Alþingi 1981.

Sameinað þing, 1. fundur.

Laugardaginn 10. okt.

Þingsetning.

Árið 1981, laugardaginn 10. okt., var hundraðasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það áttugasta og fjórða aðalþing í röðinni, en hundraðasta og nítjánda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Sigurður Sigurðarson steig í stólinn.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar sameinaðs þings.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
9. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
11. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
12. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
13. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
14. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
15. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
16. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
18. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
19. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
20. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
21. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
22. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
24. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
25. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
26. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
27. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
28. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
30. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
31. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
32. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
33. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
34. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
35. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
36. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
37. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
38. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
39. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
40. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv.
41. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
42. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
43. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
44. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
45. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
46. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
47. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
48. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
49. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
50. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. e.
51. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
52. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
53. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
54. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
55. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
56. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
57. Tómas Árnason, 1. þm. Austurl.
58. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
59. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.
60. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Forseti Íslands setur þingið.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir): Hinn 14. sept. s. l. var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til fundar laugardaginn 10. okt. 1981.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 14. sept. 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkv. bréfi því, sem ég hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Það er ávallt merkur atburður í þjóðarsögunni, þegar Alþingi Íslendinga er sett. Sú athöfn hefur fyrir löngu fengið á sig hefðbundið snið látleysis, í samræmi við eðli okkar Íslendinga sem ekki er um það gefið að flíka tilfinningum okkar um of á hátíðarstundum.

Alþingi hefur um langan aldur búið við þá gæfu, að virðing fyrir málum, sem þar eru til umræðu, á sér djúpan hljómgrunn í hugum þegnanna. Menn láta sig í þessu landi meira skipta orð og athafnir lýðræðiskjörinna þingmanna sinna en títt er um almenning í öðrum löndum, enda flýgur orðið hratt á Íslandi og nær vegna fámennis okkar eyrum svo til allra sem í landinu búa. Þjóðmálaumræða er hér og víðtækari en annars staðar tíðkast og gagnrýni hins almenna borgara varðandi ákvarðanir fyrir þjóðarbúið oft harðskeyttari en efni standa til. Við það tapar hún iðulega gildi sínu og slævir fremur en að hvetja. Stóryrði eru ekki alltaf sterkasta vopnið. Menn gleyma oftar en ella að þakka það sem vel er gert og sýnist þeim eitthvað fara miður fría þeir sjálfa sig ábyrgð og falla í þá gryfju að kenna öðrum um. Skal þó á það minnt að við erum öll samábyrg við rekstur þessa þjóðfélags, hver í sínu starfi, — öll siðferðilega bundin af hagsmunum heildarinnar fremur en okkar eigin, sem kunna að vera tengdir líðandi degi. Framtíðin er alltaf á næsta leiti við hvert augnablik sem líður og til hennar verðum við fyrst og síðast að líta með enn gæfuríkara líf fyrir alla í huga.

Mörg ámælisorð hafa fallið úr dómarasæti undanfarið um forfeður okkar Sturlungana, sem áttu landið fyrir 700 árum, og óeiningu þeirra innbyrðis verið líkt við ósætti okkar Íslendinga nútímans. Satt er að margt má læra af sögunni. En við megum ekki láta það blekkja okkur né gleyma því, að hver öld býr við sinn sannleika og við söguskoðun verður einatt að taka tillit til þeirrra hugmynda um heiminn, sem ríktu hverju sinni. Við vitum nú meira um heiminn allan en þessi þjóð á jaðri heimsmenningarinnar hefur nokkru sinni áður vitað. Án þess að flíka eigin hagsmunum, er það og verður aðalsmerki okkar að vera sameinuð og sjálfstæð í hugsun og gjörðum, til fyrirmyndar öðrum þjóðum, sem veita þjóð okkar athygli. Engum Íslendingi vil ég ætla að kunna ekki fótum sínum forráð þegar þjóðfrelsi og þjóðarheill er í húfi í heiminum eins og hann er byggður upp á okkar tímum. Engin lifandi vera á annað betra en líf sitt að leggja til þjóðarbúi. Engin lifandi vera fær heldur neins notið nema eiga sér samferðarmenn, — og lánsömust er hún þegar samfylgdin fer fram í einhug, öllum til farsældar og heilla. Það kýs enginn að vera einn og vinalaus, hvorki í nánasta umhverfi sínu né í heiminum. — Hitt er svo annað mál. að við erum ekki svo deig að við séum einatt sammála um alla hluti, og við fáum aldrei fullþakkað lýðræðið, að þurfa ekki að lúta skoðanakúgun. Frjáls skoðanaskipti eru lyftistöng hugsunar hverju sinni. Affarasælast hlýtur það þó að vera að gera samkomulag um ósamkomulag og búa þannig við heimspeki séra Jóns Prímusar.

Í heiminum ríkir skálmöld, þar sem það er mikill munaður að vera Íslendingur, mega ganga frjáls og óttalaus um landið sitt án þess að vera varinn vopnuðum vörðum eða uggandi um að eiga þau örlög fyrir höndum að verða veginn úr launsátri.

Við upphaf 104. löggjafarþings Íslendinga er þess jafnframt minnst, að 100 ár eru liðin frá því að virðulegt Alþingishús okkar var reist. Það var gert af miklum stórhug og með ótrúlegum hraða — stórhýsið reis af grunni á aðeins tveimur árum. Erlenda sérfræðinga og steinsmiði þurfti að sjálfsögðu að kalla til starfa, en Íslendingar munu hafa átt drjúgan þátt í að svo einarðlega var unnið. Þeim var í fyrstu greitt lægra kaup en útlendingunum, en síðan fengu þeir að vinna í ákvæðisvinnu. Þá gengu þeir svo hraustlega til verks að þeir fengu rúmlega tvöfalt kaup á við starfsfélaga sína, en leiðst ekki slík ósvinna nema í skamman tíma. Húsið var reist með bjarta framtíðarhugsjón að leiðarljósi, — hugsjón, sem engan þó óraði fyrir að næði á einni öld svo háleitu marki sem raun ber vitni. Frá þeim tíma að þeir steinar voru tilhöggnir, sem mynda veggi þessa húss, hafa orðið meiri framfarir fyrir orð þeirra manna, sem látið hafa í ljós hugmyndir sínar og hugsjónir innan þessara veggja, en dæmi eru til annars staðar. Þegar húsið var reist var hér bændaþjóðfélag, sem aldrei hefði getað dreymt um þá velmegun, sem við búum við, með sívaxandi lífsgæðum. Við tileinkum okkur aukna þekkingu jafnt og þétt, og á vísinda- og tæknisviði eru Íslendingar síst eftirbátar annarra þjóða. Það er mér oft ofarlega í huga, þegar ég er innt eftir hver þessi þjóð er, að hér eru hlutfallslega fleiri skapandi hugir að verki en aðrar þjóðir hafa af að státa, fleiri sem láta sig mál þjóðarinnar skipta og sigla ekki um lífsins farveg í sinnuleysi með þá skoðun, að það sé hvort eð er einhver annar sem taki það að sér að sjá um að gera það sem framkvæma þarf hverju sinni. Þar fagna ég eðli og andans gjöfum þjóðar minnar best, því þegar til kastanna kemur bera allir velferð hennar fyrir brjósti.

Ég óska þess, að Íslendingar megi sem lengst fara með friði, gladsinna og sáttir við sjálfa sig og með vinarþel hins frjálsa þegns lýðræðisins að fararnesti. Megi frelsishugsjónin ávallt ríkja í þessu húsi og þeir, sem í því starfa, bera gæfu til að taka heillaríkar ákvarðanir um allan aldur.

Að svo mæltu bið ég þingheim að minnast fósturjarðar vorrar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsrh., Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ *Þingmenn tóku undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.*]

Samkv. 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta sameinaðs Alþingis hefur farið fram, og bið ég aldursforseta dr. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., að ganga til forsetastóls.

Minnst látinna fyrrv. alþingismanna.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Ég býð hv. alþm. og starfsfólk Alþihgis velkomið til starfa.

Tveir fyrrv. alþingismenn hafa dáið frá því að síðasta þingi var slitið. Erlendur Þorsteinsson fyrrv. skrifstofustjóri andaðist 10. júlí, 75 ára að aldri. Magnús Kjartansson fyrrv. ritstjóri og ráðh. andaðist 28. júlí, 62. ára.

Erlendur Þorsteinsson var fæddur á Búðum í Fáskrúðsfirði 12. júní 1906. Foreldrar hans voru hjónin Þorsteinn sjómaður þar og síðar vélstjóri á Akureyri og Siglufirði Sigurðsson og Helga Erlendsdóttir. Hann lauk gagnfræðaprófi á Akureyri 1925 og stundaði síðan framhaldsnám þar fram á árið 1927. Þá hvarf hann frá námi og gerðist skrifari bæjarfógetaembættisins á Siglufirði og ári síðar fulltrúi bæjarfógeta. Árið 1936 var hann ráðinn skrifstofustjóri síldarútvegsnefndar og þremur árum síðar framkvæmdastjóri hennar. 1958 varð hann skrifstofustjóri Brunabótafélags Íslands og gegndi því starfi til sjötugsaldurs.

Erlendur Þorsteinsson aðhylltist ungur stefnu jafnaðarmanna í þjóðmálum. Hann átti sæti af þeirra hálfu í bæjarstjórn Siglufjarðar 1938—1947 og var forseti bæjarstjórnar fyrsta kjörtímabilið. Hann var skipaður í nýbyggingarráð 1944, var í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins 1947—1952 og í síldarútvegsnefnd og stjórn Tunnuverksmiðja ríkisins 1947—1970, og formaður beggja 1958—1969. Á Alþingi átti hann sæti sem landskjörinn þm. 1938—1942 og sat auk þess sem varaþm. 1938 og 1949—1950, tók sæti á 9 þingum alls.

Erlendur Þorsteinsson átti heimili og vettvang starfa sinna á Siglufirði á miklum athafnatímum í því bæjarfélagi. Þar gegndi hann forustustörfum við vinnslu og sölu síldar. Hann öðlaðist mikla reynslu á því sviði og tók margsinnis þátt í viðskiptasamningum Íslendinga við aðrar þjóðir. Samstarfsmenn hans bera honum það vitni, að hann hafi verið réttsýnn í stjórnarstörfum og vinsæll í samstarfi.

Magnús Kjartansson var fæddur á Stokkseyri 25. febrúar 1919, sonur hjónanna Kjartans Ólafssonar og Sigrúnar Guðmundsdóttur. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1938, var síðan við verkfræðinám í Kaupmannahöfn 1938—1940, en hvarf þá að námi í norrænum og íslenskum fræðum. Hann var ritstjóri Þjóðviljans 1947—1971. Á Alþingi tók hann sæti varamanns á árunum 1950—1952 og 1965, var kosinn alþm. Reykvíkinga 1967 og átti sæti á þingi til vors 1978, alls á 17 þingum. Hann var heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og iðnaðarráðherra 1971—1974. Í menntamálaráði átti hann sæti 1946—1953 og 1956—1963, var þingkjörinn fulltrúi í Norðurlandaráði 1967—1971 og 1974—1978 og í orkuráði 1975—1979.

Magnús Kjartansson var hátt á þrítugsaldri þegar hann hvarf frá námi að ritstjórn og þátttöku í stjórnmálabaráttu. Hann var snjall í ræðu og riti, baráttuglaður, harðskeyttur og markviss. Hann var mikilvirkur alþingismaður og ráðherra. Í ríkisstj. voru honum falin ráðuneyti sem voru í mótun sem sjálfstæðar stjórnardeildir. Hann beitti sér af dugnaði fyrir nýmælum í iðnaðar- og orkumálum, en þó einkum í heilbrigðis- og tryggingamálum. Þá átti hann þó við að stríða sjúkleika sem þyngdist síðar og neyddi hann að lokum til að draga sig í hlé frá stjórnmálastörfum. Síðustu starfskrafta sína á opinberum vettvangi helgaði hann einkum réttindamálum öryrkja. Samherjar Magnúsar dáðu hann og andstæðingar hans í stjórnmálum kunnu að meta mikla hæfileika hans.

Ég bið þingheim að minnast Erlendar Þorsteinssonar og Magnúsar Kjartanssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Varamaður tekur þingsæti.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Til skrifarastarfa vil ég kveðja hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson, og hv. 5. þm, Reykn., Jóhann Einvarðsson.

Eftirfarandi bréf hefur borist:

„Mér hefur tjáð Halldór Ásgrímsson alþm., að hann þurfi að dveljast erlendis næstu tvær vikur í opinberum erindagerðum og geti af þeim sökum ekki sinnt þingstörfum. Jafnframt tjáði hann mér að hann óskaði eftir í samræmi við 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri, 1. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, tæki sæti á Alþingi í fjarveru sinni.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra forseti.

Kristján Benediktsson,
starfsmaður þingflokks framsóknarmanna."

Guðmundur Gíslason hefur tekið sæti varaþingmanns á Alþingi fyrr á þessu kjörtímabili. Kjörbréf hans hefur verið samþykkt og býð ég hann velkominn.

Kosning forseta.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Samkvæmt 3. gr. þingskapa skal þessu næst kjósa forseta sameinaðs Alþingis og bið ég starfsmenn þingsins að útbýta seðlum.

Kosningu hlaut

Jón Helgason, 3. þm. Suðurl., með 54 atkv. — Auðir seðlar voru 6.

Aldursforseti (Gunnar Thoroddsen forsrh.): Jón Helgason er rétt kjörinn forseti sameinaðs Alþingis. Ég óska honum heilla og bið hann að taka við störfum.

Alþingishús í 100 ár.

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. alþm. það traust, sem mér hefur verið sýnt, og vænti þess, að samvinna okkar megi verða sem best á því þingi sem nú er að hefja störf.

Eins og fram hefur komið, þá eru á þessu ári 100 ár liðin síðan Alþingi var fyrsta sinn sett í þessu húsi og vil ég minnast þess með nokkrum orðum.

Bygging Alþingishússins átti nokkurn aðdraganda enda þótt framkvæmdir við bygginguna stæðu ótrúlega skamman tíma.

Það var Sveinn Skúlason, þáv. þm. Norður-Þingeyinga, sem flutti á Alþingi 1865 og aftur 1867 till. um þjóðhátíð 1874 og sýnilegt minningarmark um hinn fyrsta landnámsmann, Ingólf Arnarson, og fjársöfnun í því skyni. Tillagan var afgreidd á þingi 1867 með þeirri breytingu sem nefnd, er Sveinn Skúlason átti sæti í, gerði tillögu um, að minningarmarkið yrði hús af steini handa Alþingi. Jafnframt skyldi hver alþm. gangast fyrir árlegri fjársöfnun í kjördæmi sínu til að standa straum af kostnaði við bygginguna. Nokkurt fé safnaðist næstu árin, en það nægði þó ekki til að hrinda verkinu af stað.

En á þriðja löggjafarþinginu, árið 1879, samþykkti Alþingi að skora á stjórnina, að á fjárhagstímabilinu 1880—1881 sé byggt hús handa Alþingi og söfnum landsins, að sett sé nefnd af 5 þingmönnum, þremur úr Nd. og tveimur úr Ed., er stjórnin leiti álita hjá á milli þinga um tilhögun og byggingu hússins.

Í fjárlögum fyrir árin 1880 og 1881, sem þá voru samþykkt, var að frumkvæði fjárlaganefndar neðri deildar allt að 100 þús. kr. fjárveiting í þessu skyni. Heildargjöld fjárlaga þessi ár voru áætluð um 800 þús. kr. samtals.

Hilmari Finsen landshöfðingja var falin framkvæmd þingsályktunarinnar, en hann hafði einmitt skrifað forseta neðri deildar bréf í upphafi þingsins 1879 og

vakið athygli á þörfinni fyrir Alþingishús og þá þegar unnið nokkuð að athugun málsins.

En þingmannanefndin varð ekki eingöngu til að leita álita hjá, heldur virðist hún hafa verið athafnasöm og þá ekki síst Tryggvi Gunnarsson sem dvaldist í Kaupmannahöfn veturinn 1879—1880 og vann þá að undirbúningi húsbyggingarinnar með útvegun efnis og ráðningu byggingarmeistara og annarra starfsmanna. Svo vel var að verki staðið að Alþingi var sett og haldið í hinu nýja húsi nær fullbyggðu þegar það kom næst til fundar, 1. júlí 1881. En þá var lögbundið að þing skyldi hefjast fyrsta virkan dag í júlí.

Stórhugur þings og þjóðar við byggingu Alþingishússins fyrir einni öld hlýtur að vekja athygli okkar og aðdáun í dag. Þing var þá aðeins haldið annað hvert ár og stóð tæpa tvo mánuði hvert sinn, þannig að nýtingartíminn var ekki langur ef sá mælikvarði okkar tíma er notaður. Á sama tíma og sulturinn vofði yfir miklum hluta heimila í landinu, þá leggur fólk fram úr léttum sjóði til að þjóðin eignist virðulegt Alþingishús. Og Alþingi ákveður að verja áttunda hluta tekna á fjárlögum í þessu skyni enda þótt segja mætti að þjóðina vantaði þá allt til alls.

Það hefur verið mat þeirra mætu manna, sem þá voru kjörnir til setu á Alþingi og voru að vinna að því að leggja grunninn að efnahagslegu og stjórnarfarslegu sjálfstæði þjóðarinnar, að þetta væri ekki of dýru verði keypt til að styrkja stöðu Alþingis og þá um leið þjóðarinnar allrar.

Alþingishúsið var reist hjá bæjarstæði fyrsta landnámsmannsins og þannig tengd saman fortíð og framtíð. Þetta framtak sýnir trú þeirra, sem að því stóðu, á bjartari framtíð þjóðarinnar og þátt Alþingis í að skapa hana. Og vissulega varð þeim að trú sinni þótt hart blési stundum á móti.

Í ræðu, sem Hilmar Finsen landshöfðingi flutti við setningu Alþingis 1. júlí 1881, sagði hann m. a.:

„Hinn 9. júnímánaðar f. á. var hyrningarsteinninn lagður, og var í hann múrað silfursspjald og á það voru grafin, auk skýrslu um hin helstu sögulegu atriði hússins, þessi orð Drottins vors: „Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“ Undir umsjón hins ötula og duglega yfirsmiðs, konduktors Balds, var nú vinnunni haldið áfram allt sumarið, og var þakið lagt á húsið áður en hörkufrostið bannaði alla vinnu utanhúss, en þegar að því kom var unnið innanhúss allan vetrartímann, og jafnvel þótt harðindin hafi tafið mikið fyrir og haft mikla og marga örðugleika í för með sér, er samt sem áður húsið nú fullgjört til hins ákveðna tíma og stendur það nú sem hið skrautlegasta og öruggasta hús, er nokkurn tíma hafi verið reist á Íslandi, landi og lýð til sóma og niðjum vorum til minnis um það, að á fyrsta kosningartíma stjórnarfrelsisins hafi Alþingi Íslendinga í samverknaði við stjórnina haft vilja og dug til að framkvæma eins fagurt og stórkostlegt verk.“

Sannarlega sýnir bygging Alþingishússins vilja og dug þeirra, sem að því stóðu, er okkur niðjum þeirra til minnis um það og hefur verið landi og lýð til sóma, eins og landfógeti orðaði. Og þjóðin sýndi í verki vilja sinn og áhuga fyrir byggingunni, m. a. með því að fólk úr Reykjavík og nálægum héruðum fjölmennti til að vera viðstatt er hornsteinn Alþingishússins var lagður. Því var ljóst að það var verið að leggja hyrningarstein að öðru og meira en venjulegu húsi.

Eins og fram kemur í þingsályktuninni frá 1879, var ákveðið að Alþingishúsið yrði einnig fyrir söfn landsins, þ. e. Landsbókasafnið, sem þá nefndist Stiftbókasafn og ætlaður var staður á neðstu hæðinni, og Forngripasafnið, sem fékk herbergi í austurenda efstu hæðar, en í vesturenda hennar var herbergi með húsbúnaði Jóns Sigurðssonar. Þegar söfnin fluttust í burtu var Háskólinn hér til húsa allt til ársins 1940. Auk löggjafarstarfsins, sem hér hefur farið fram og tengst öllum sviðum þjóðlífsins, hefur Alþingishúsið því á þennan hátt orðið til að varðveita menningu fortíðarinnar og byggja upp menntun framtíðarinnar.

Enn fremur var hér til húsa frá 1940 skrifstofa ríkisstjóra- og síðar forsetaembættisins, en síðan skrifstofa forseta Íslands var flutt úr húsinu 1973 hefur Alþingi haft allt húsið til afnota.

Þrátt fyrir mikla framsýni við byggingu Alþingishússins er orðið óhjákvæmilegt að bætt verði við húsnæði Alþingis með nýjum byggingum hér í grenndinni. Vegna þeirra gjörbreytinga, sem orðið hafa á starfsháttum Alþingis á liðinni öld og á þeirri vinnu sem af þingmönnum og starfsliði Alþingis er krafist, þá verðum við nú að hafa vilja og dug til framkvæmda á því sviði og með þeirri reisn sem við teljum við hæfi.

En góð aðstaða og glæsileg húsakynni nægja ekki ein til að tryggja árangursríkt starf. Í lok ræðu sinnar við þingsetninguna 1881 segir Hilmar Finsen:

„En — háttvirtu alþingismenn. Við vitum það allir, að sérhvert mannaverk er ófullkomið og valt, ef eigi vor himneskur faðir blessar og varðveitir það. Því viljum vér vígja þetta nýja Alþingishús með þeirri innilegri bæn til hins algóða guðs, að hann haldi verndarhendi sinni yfir konungi vorum og ættjörðu, yfir þjóð vorri og fulltrúum hennar, að hann blessi og varðveiti þetta hús og láti ævinlega sannleikann ríkja í því, svo að fulltrúar þjóðarinnar, þjóðin sjálf og landið verði frjálst í réttum og sönnum skilningi þess orðs, því þá getum vér átt það víst, að framförum og hagsæld ættjarðar vorrar sé borgið um aldur og ævi.“

Á þeim hundrað árum, sem liðin eru síðan þessi orð voru mælt, hefur íslenska þjóðin náð þeim markmiðum sem þá var mest barist fyrir. Þjóðin hefur öðlast sjálfstæði, hungri og kulda úr híbýlum bægt frá og framfarir að öðru leyti orðið miklu meiri en nokkurn gat þá dreymt um. Þetta hefur unnist með sameiginlegri baráttu Alþingis og þjóðarinnar allrar.

Það er grundvallaratriði, að þjóðin öll standi vörð um Alþingi, þennan hyrningarstein lýðræðis í landinu og sjálfstæðis þjóðarinnar. En mest ábyrgð er vitanlega lögð á herðar þeim, sem þjóðin kýs hverju sinni úr sínum hópi til starfa á Alþingi, að þeir reyni í hverju því máli, sem hér er fjallað um, að finna þá leið, er þjóðinni megi til ávinnings verða, og þjóðin finni og treysti því, að þannig sé hér að málum staðið, svo að komið verði í veg fyrir tortryggni og misskilning á þeim mikilvægu störfum sem hér eru unnin.

Þegar nú er að baki eitt hundrað ára starf í þessu húsi, þá er efst í huga óskin um að störf Alþingis stuðli ætíð sem best að gæfu og gengi þjóðarinnar.

Fundi frestað.

Mánudaginn 12. okt., kl. 2 miðdegis, var fundi fram haldið.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 12. 10. 1981.

Samkvæmt beiðni Lárusar Jónssonar, 3, þm. Norðurl. e., sem er farinn til útlanda í opinberum erindum, leyfi ég mér skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, Vigfús Jónsson bóndi, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.

Þorv. Garðar Kristjánsson."

Vigfús Jónsson hefur áður átt sæti sem varamaður á þessu kjörtímabili og hefur kjörbréf hans því verið samþykkt.

Kosning varaforseta og skrifara.

Forseti lét fara fram kosningu 1. varaforseta. Kosningu hlaut

Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., með 48 atkv. — Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm., 1 atkv., Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl., 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn.

Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., með 53 atkv. — Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., hlaut 1 atkv., en 4 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar. Fram komu tveir listar. Á A-lista var JE, en á B-lista FrS. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., og
Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.

Efri deild, 1. fundur.

Manudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl.
2. Egill Jónsson, 11. landsk. þm.
3. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl.
4. Eyjólfur Konráð Jónsson, 5. landsk. þm.
5. Geir Gunnarsson, 4. þm. Reykn.
6. Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e.
7. Guðmundur Karlsson, 9. landsk. þm.
8. Gunnar Thoroddsen, 8. þm. Reykv.
9. Helgi Seljan, 2. þm. Austurl.
10. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl.
11. Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm.
12. Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn.
13. Lárus Jónsson, 3. þm. Norðurl. e.
14. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykjv.
15. Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv.
16. Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm.
17. Stefán Guðmundsson, 3. þm. Norðurl. v.
18. Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e.
19. Tómas Árnason, 1. þm. Austrl.
20. Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf.

Kosning forseta og skrifara.

Aldursforseti kvaddi Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og Egil Jónsson, 11. landsk. þm., til að gegna skrifarastörfum.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl. með 18 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. þdm. það traust, sem mér hefur verið sýnt, vona, að mér auðnist að verða þess trausts verðugur, og vænti góðrar samvinnu við hv. þdm.

Hinn kjörni forseti lét fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosningu hlaut

Þorv. Garðar Kristjánsson, 4. þm. Vestf., með 18 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., með 18 atkv. — 2 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var DA, á B-lista EgJ. — Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Davíð Aðalsteinsson, 3. þm. Vesturl., og
Egill Jónsson, 11. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið.

7 sæti hlaut Kjartan Jóhannsson.
8. — — Guðmundur Bjarnason.
9. — — Geir Gunnarsson.
10. — — Þorv. Garðar Kristjánsson.
11. — — Salome Þorkelsdóttir.
12. — — Guðmundur Karlsson.
13. — — Eyjólfur Konráð Jónsson.
14. — — Karl Steinar Guðnason.
15. — — Eiður Guðnason.
16. — — Ólafur Ragnar Grímsson.
17. — — Jón Helgason.
18. — — Stefán Guðmundsson.
19. — — Lárus Jónsson.
20. — — Stefán Jónsson.

Neðri deild, 1. fundur.

Mánudaginn 12. okt., að loknum fundi í sameinuðu þingi.

Aldursforseti, Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., setti fundinn.

Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv.
2. Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl.
3. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e.
4. Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv.
5. Birgir Ísl. Gunnarsson, 6. þm. Reykv.
6. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
7. Friðjón Þórðarson, 2. þm. Vesturl.
8. Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv.
9. Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl.
10. Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv.
11. Guðmundur J. Guðmundsson, 7. þm. Reykv.
12. Guðmundur G. Þórarinsson, 12. þm. Reykv.
13. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm.
14. Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl.
15. Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.
16. Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl.
17. Ingólfur Guðnason, 5. þm. Norðurl. v.
18. Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e.
19. Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn.
20. Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm.
21. Jósef H. Þorgeirsson, 2. landsk. þm.
22. Karvel Pálmason, 6. landsk. þm.
23. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl.
24. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
25. Matthías Á. Mathiesen, 1. þm. Reykn.
26. Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn.
27. Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf.
28. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
29. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
30. Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm.
31. Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v.
32. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf.
33. Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl.
34. Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e.
35. Steingrímur Hermannsson, 2. þm. Vestf.
36. Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl.
37. Svavar Gestsson, 2. þm. Reykv.
38. Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl.
39. Vilmundur Gylfason, 9. þm. Reykv.
40. Þórarinn Sigurjónsson, 1. þm. Suðurl.

Kosning forseta og skrifara.

Gengið var til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., með 35 atkv. — Einn seðill var auður.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka traust mér sýnt og vænti góðrar samvinnu.

Fyrri varaforseti var kosinn

Alexander Stefánsson, 1. þm. Vesturl., með 27 atkv. — Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., hlaut 1 atkv., en 6 seðlar voru auðir.

Annar varaforseti var kosinn

Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., með 32 atkv., — Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e., hlaut 1 atkv., en 3 seðlar voru auðir.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var ÓÞÞ, á B-lista HBl. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Ólafur Þ. Þórðarson, 5. þm. Vestf., og
Halldór Blöndal, 7. landsk. þm.

Sætaskipun.

Hlutað var um sæti deildarmanna skv. þingsköpum og fór sætahlutunin á þessa leið:

11. sæti hlaut Ingólfur Guðnason.
12. — — Pétur Sigurðsson.
13. — — Guðmundur G. Þórarinsson.
14. — — Geir Hallgrímsson.
15. — — Steinþór Gestsson.
16. — — Páll Pétursson.
17. — — Guðrún Helgadóttir.
18. — — Birgir Ísl. Gunnarsson.
19. — — Jóhann Einvarðsson.
20. — — Benedikt Gröndal.
21. — — Garðar Sigurðsson.
22. — — Matthías Á. Mathiesen.
23. — — Árni Gunnarsson.
24. — — Magnús H. Magnússon.
25. — — Jóhanna Sigurðardóttir.
26. — — Halldór Ásgrímsson.
27. — — Matthías Bjarnason.
28. — — Stefán Valgeirsson.
29. — — Vilmundur Gylfason.
30. — — Karvel Pálmason.
31. — — Albert Guðmundsson.
32. — — Eggert Haukdal.
33. — — Alexander Stefánsson.
34. — — Jósef H. Þorgeirsson.
35. — — Guðmundur J. Guðmundsson.
36. — — Ólafur G. Einarsson.
37. — — Friðrik Sophusson.
38. — — Þórarinn Sigurjónsson.
39. — — Sighvatur Björgvinsson.
40. — — Skúli Alexandersson.

Sameinað þing, 2. fundur.

Þriðjudaginn 13. okt., kl. 2 miðdegis.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals hverju sinni og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárveitinganefnd.

Þórarinn Sigurjónsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Karvel Pálmason (C),

Alexander Stefánsson (A),
Egill Jónsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Eggert Haukdal (B),

2. Utanríkismálanefnd.

Aðalmenn:

Halldór Ásgrímsson (A),
Geir Hallgrímsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Benedikt Gröndal (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

Varamenn:

Guðmundur Bjarnason (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Karl Steinar Guðnason (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

3. Atvinnumálanefnd.

Halldór Ásgrímsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Sverrir Hermannsson (B).

4. Allsherjarnefnd.

Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp. Eins og öllum þingheimi er kunnugt er alvarlegt ástand í sambandi við rekstur sjávarútvegsins. Síldveiðiflotinn liggur í höfn vegna deilna um síldarverð, það eru deilur út af loðnuverði, almennt fiskverð liggur ekki fyrir og alvarleg staða fiskvinnslu í landinu. Það er því ósk mín og þingflokks Sjálfstfl. til hæstv. forseta, að þessi mál verði tekin til umr. í Sþ. á morgun, og þá jafnframt óskað eftir því, að hæstv. sjútvrh. skýri frá stöðu þessara mála þannig að Alþingi fylgist með því sem verið er að gera og hvers er að vænta. Ég tel það skyldu þingsins að fylgjast með, og þingmenn eiga að hafa tækifæri umfram aðra í þeim efnum, en ekki að lesa fréttir í blöðum hverju sinni.

Ég ætla ekki á þessu stigi að ræða þetta mál efnislega, eins og ég sagði hæstv. forseta, en endurtek þessa ósk okkar um að fundur verði haldinn í Sþ. á morgun og að hæstv. sjútvrh. sjái sér þá fært að gefa skýrslu um stöðu þessara mála.

Efri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 13. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa hverju sinni. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.

Davíð Aðalsteinsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Lárus Jónsson (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Gunnar Thoroddsen (B).

2. Samgöngunefnd.

Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B,
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.

Jón Helgason (A),
Egill Jónsson (B),
Helgi Seljan (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Eiður Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.

Stefán Guðmundsson (A),
Guðmundur Karlsson (B),
Geir Gunnarsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Egill Jónsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.

Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Kjartan Jóhannsson (C),
Egill Jónsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Guðmundur Bjarnason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Davíð Aðalsteinsson (A),
Gunnar Thoroddsen (B),
Helgi Seljan (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Jón Helgason (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Lárus Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Jón Helgason (A),
Þorv. Garðar Kristjánsson (B),
Ólafur Ragnar Grímsson (A),
Salome Þorkelsdóttir (B),
Davíð Aðalsteinsson (A),
Karl Steinar Guðnason (C),
Gunnar Thoroddsen (B).

9. Allsherjarnefnd.
Stefán Guðmundsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (B),
Stefán Jónsson (A),
Egill Jónsson (B),
Jón Helgason (A),
Eiður Guðnason (C),
Salome Þorkelsdóttir (B).

Neðri deild, 2. fundur.

Þriðjudaginn 13. okt., að loknum fundi í Sþ.

Kosning í fastanefndir skv. 15. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningar fóru því fram án atkvgr. og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhags- og viðskiptanefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Á. Mathiesen (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Albert Guðmundsson (B),
Sighvatur Björgvinsson (C),
Ingólfur Guðnason (A),
Matthías Bjarnason (B).

2. Samgöngunefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Friðjón Þórðarson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Steinþór Gestsson (B),
Árni Gunnarsson (C),
Alexander Stefánsson (A),
Halldór Blöndal (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Stefán Valgeirsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Eggert Haukdal (B),
Árni Gunnarsson (C),
Þórarinn Sigurjónsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Halldór Ásgrímsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Karvel Pálmason (C),
Páll Pétursson (A),
Halldór Blöndal (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Páll Pétursson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Skúli Alexandersson (A),
Pálmi Jónsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Birgir Ísl. Gunnarsson (B).

6. Félagsmálanefnd.
Alexander Stefánsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Guðmundur J. Guðmundsson (A),
Eggert Haukdal (B),
Jóhanna Sigurðardóttir (C),
Jóhann Einvarðsson (A),
Steinþór Gestsson (B).

7. Heilbrigðis- og trygginganefnd.
Jóhann Einvarðsson (A),
Matthías Bjarnason (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Pétur Sigurðsson (B),
Magnús H. Magnússon (C),
Guðmundur G. Þórarinsson (A),
Pálmi Jónsson (B).

8. Menntamálanefnd.
Ingólfur Guðnason (A),
Ólafur G. Einarsson (B),
Guðrún Helgadóttir (A),
Halldór Blöndal (B),
Vilmundur Gylfason (C),
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Friðjón Þórðarson (B).

9. Allsherjarnefnd.
Ólafur Þ. Þórðarson (A),
Jósef H. Þorgeirsson (B),
Garðar Sigurðsson (A),
Friðrik Sophusson (B),
Vilmundur Gylfason (C),

Ingólfur Guðnason (A),
Eggert Haukdal (B).

Efri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Jarðboranir ríkisins, frv. (þskj. 5). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., á þskj. 5, er flutt af mér ásamt Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur. Hér er um að ræða frv. sem var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Þetta frv. fjallar um einn þátt í skipulagi orkumálanna, aðdragandi þessa frv. ber vott um slíkt.

Skipulag orkumálanna hefur verið, eins og öllum er kunnugt, mjög á dagskrá nú um árabil, án þess að nokkuð afgerandi hafi gerst í þeim málum. Árið 1977, nánar tiltekið í janúar það ár, var skipuð af þáv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., sérstök nefnd til þess að gera tillögur um heildarskipulag orkumála. Þessi nefnd skilaði áliti í október 1978. Meginverk þessarar nefndar var að semja frv. til orkulaga, og í því frv. var gert ráð fyrir breytingum á skipulagi og verkefni Orkustofnunar. Þar var lagt til að hnitmiða verksvið Orkustofnunar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerðum um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum. Af þessu leiddi að gerð var tillaga um breytingu á verkefnum Orkustofnunar að því leyti, að teknar yrðu undan Orkustofnun Jarðboranir ríkisins sem hafa heyrt rekstrarlega undir Orkustofnun um árabil. Með tilliti til þessa þótti rétt að ákvæði um Jarðboranir ríkisins væri ekki lengur í almennum orkulögum, heldur yrðu sett sérlög um Jarðboranir ríkisins, og frv. það, sem hér er lagt fram, er byggt á þessu sjónarmiði. Samkvæmt frv. eru Jarðboranir ríkisins teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar.

Orkustofnun er ekki falið að annast rekstur Jarðborana ríkisins eins og verið hefur, heldur skal fyrirtækið lúta sérstökum framkvæmdastjóra sem ráðh. skipar.

Samkvæmt þessu er svo kveðið á í 1. gr. frv., að ríkið starfræki fyrirtæki, er nefnist Jarðboranir ríkisins, og að fyrirtækið skuli rekið sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi. Þá kveður frv. á um hlutverk Jarðborana ríkisins, sem skal vera að eiga og reka jarðbora til notkunar við rannsóknir á orkulindum landsins og vinnslu orku úr jörðu. Jafnframt er tekið fram að Jarðborunum ríkisins sé heimilt að bora í öðru skyni eftir því sem við verður komið.

Ég sagði áðan að Jarðboranir ríkisins hefðu rekstrarlega heyrt undir Orkustofnun, og þó að hér sé gert ráð fyrir skipulagslegum aðskilnaði Jarðborana ríkisins og Orkustofnunar, þá er staðreynd að það hljóta að verða náin tengsl milli Orkustofnunar og Jarðborana ríkisins. Því er svo mælt fyrir í frv. þessu að vegna náinna starfstengsla jarðborana og rannsókna til undirbúnings borun, meðan á henni stendur og að henni lokinni skuli dagleg starfsemi Jarðborana ríkisins fara fram í nánum tengslum við Orkustofnun.

Í þessu frv. eru enn fremur ný ákvæði um starfshætti Jarðborana ríkisins. Tekið er fram að Jarðboranir ríkisins framkvæmi boranir samkvæmt beiðni Orkustofnunar eða annarra aðila sem þess óska, enda komi full greiðsla fyrir. Enn fremur er tekið fram að gerður skuli verksamningur fyrir hvert verkefni sem Jarðboranir ríkisins taka að sér. Skal gjaldskrá fyrir þjónustu þá, sem Jarðboranir ríkisins inna af hendi, ákveðin með hliðsjón af því, að tekjur af borunum standi undir rekstrarkostnaði og fjármagnskostnaði fyrirtækisins miðað við eðlilegan afskriftatíma.

Frv. gerir enn fremur ráð fyrir að ráðh. skipi framkvæmdastjóra Jarðborana ríkisins og aðra fasta starfsmenn fyrirtækisins að fengnum tillögum framkvæmdastjóra.

Þetta, sem ég hef nú greint frá, eru í stuttu máli höfuðatriði þess frv. sem hér liggur fyrir. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara hér að ræða sérstaklega um mikilvægi Jarðborana ríkisins, öllum hv. þm. er það mál ljóst. Ekki þarf að taka fram hvað það er mikilvægt að afla jarðvarma til húshitunar þó að mikið hafi áunnist í þeim efnum á síðustu árum, og ekki þarf heldur að taka fram hve það er mikilvægt að hagnýta jarðvarma í þágu atvinnurekstrar og iðnaðar. Þetta hvort tveggja eru stór verkefni, aðkallandi verkefni og ein af þýðingarmestu verkefnum sem við er að fást. Með tilliti til þessa er sjálfsagt að vanda sem best skipulag og allan aðbúnað Jarðborana ríkisins til þess að þar skorti ekkert á að þar geti nást góður árangur á því mikilvæga sviði sem Jarðboranir fást við.

Ég vil taka það fram, að frv. þetta er árangur af starfsemi nefndar þeirrar í skipulagsmálum sem ég nefndi áður, ásamt frv. til orkulaga á þskj. 4 sem við sömu flm. og flytjum þetta frv. höfum nú þegar lagt fram. Þegar það mál kemur til umr. þykir mér eðlilegt að ræða þessi mál ítarlegar og frá almennara sjónarmiði því að þessi frv. eru hvort öðru háð. Í frv. til orkulaga er gert ráð fyrir, eins og ég áður sagði, að taka Jarðboranir ríkisins undan rekstrarstjórn Orkustofnunar, og frv. það, sem við hér ræðum um, fjallar um það, með hverjum hætti það verði gert. Ég minni og á það, eins og ég sagði í upphafi, að þetta frv. er endurflutt og var rætt á síðasta þingi í þessari hv. deild svo og frv. til orkulaga sem var ítarlega rætt þá.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 15 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þetta frv. var flutt hér á síðustu dögum þingsins í fyrra og var þá rætt hér við 1. umr. Umræðunni lauk og málinu var vísað til nefndar, en hins vegar varð ekki nein lokaafgreiðsla á málinu. Ég flyt málið nú í sama formi og áður, frv. er samhljóða því sem ég lagði það fyrir á síðasta þingi.

Um aðdragandann að þessu frv. get ég rifjað það upp, að hann er nú orðinn býsna langur. Ég minni á að í þessu frv. má heita að séu í öllum höfuðatriðum sömu ákvæði og voru í frv. sem flutt voru á þingunum 1978—1979 og 1979—1980, á þeim árum sem Ragnar Arnalds var menntmrh. og Vilmundur Gylfason. Hitt er annað mál,

að það hefur verið breytt nokkuð 3. gr. sem varðar það hverjir standi að rekstri og greiði rekstrarkostnað Sinfóníuhljómsveitarinnar. Um það var talsverður ágreiningur á sinni tíð, hverjir standa skyldu að þessu, og þess vegna taldi ég nauðsynlegt að láta endurskoða 3. gr., fá það á hreint hvaða sveitarfélög vildu standa að rekstrinum og hvaða aðilar aðrir. Niðurstaðan varð sú, að þeir aðilar, sem taldir eru upp í 3. gr. nú, eru aðilar að þessum rekstri og vilja vera það. Aftur á móti eru nokkur sveitarfélög hér í grennd við Reykjavík sem reynt var að fá til rekstraraðildar, en höfnuðu því algerlega. Að þessu leyti er hér verið að flytja frv. sem hefur að efni til og allri meginstefnu verið sýnt á mörgum þingum áður.

Sinfóníuhljómsveitin er að verða mjög gömul stofnun. Hún er yfir 30 ára gömul, stofnuð 1950, og sá aðili, sem lengst hefur verið viðriðinn rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, er Ríkisútvarpið. Jafnframt hefur Reykjavíkurborg frá upphafi verið rekstraraðili. Ríkissjóður sem slíkur kemur ekki inn í þessa mynd fyrr en nokkrum árum eftir stofnunina þannig að Sinfóníuhljómsveitin hefur aldrei verið eiginlegt ríkisfyrirtæki, heldur sameignar- eða samrekstrarfyrirtæki ríkissjóðs, Ríkisútvarps og borgarsjóðs Reykjavíkur. Það er sá grundvöllur sem hefur verið undir rekstri þessarar Sinfóníuhljómsveitar í meira en 30 ár.

Margir hafa auðvitað talið að það væri mikill ágalli á þessu skipulagi að það hefði engan fastan lagagrundvöll. Þess vegna hafa menntmrh. undanfarin mörg ár leitast við að fá Alþingi til að samþykkja lög um Sinfóníuhljómsveitina, lögfesta sem sagt þær reglur sem hún starfar eftir. Og þar er nú komið að ég flyt eitt af þessum frv. og er óhætt að segja að það er í alveg sama anda og verið hefur á undanförnum þingum, eins og fyrirrennarar mínir á menntmrh.-stóli hafa lagt málið fyrir.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum um þetta. Mönnum er yfirleitt vel kunnugt um efni þessa frv., um tilgang þess og um þörf þess. Ég held því að það sé óþarfi að eyða mjög mörgum orðum til að rökstyðja það. Sinfóníuhljómsveitin hefur, eins og ég segi, starfað í 30 ár. Hún starfar enn með miklum blóma. Hún hefur að mörgu leyti sótt sig nú upp á síðkastið, og óhætt er að segja að einmitt nú þessa dagana starfar Sinfóníuhljómsveitin af miklum þrótti og myndarskap. Sinfóníuhljómsveitin fór ágæta ferð til Austurríkis á s. l. sumri, og ég hygg að það sé óhætt að fullyrða að hún gerði þar góða ferð og sýndi að hljómsveitin stendur vel fyrir sínu. Þess vegna held ég að nú sé tími til kominn að við hér í Alþingi mönnum okkur upp og lögfestum reglur um starfsemi þessarar hljómsveitar sem svo lengi hefur starfað, er staðreynd í okkar þjóðfélagi og músiklífi og ég held að flestir hljóti að viðurkenna að full þörf sé fyrir og eigi fullan rétt á sér.

Ég skal svo ekki, herra forseti, hafa um þetta fleiri orð. Þegar þessari umr. er lokið vænti ég þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Víst er ástæða til að fagna því, að lagt skuli fram enn einu sinni frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem markar henni starfsgrundvöll og vettvang. En öðruvísi mér áður brá. Á undanförnum þingum hefur þetta frv. venjulega komið fram svona tveimur vikum fyrir þinglok, gerðist síðast á þinginu í fyrra, og hæstv. menntmrh. ætlaðist þá til að það yrði afgreitt á skömmum tíma, athugunarlítið að því er virtist. En batnandi manni er best að lifa og nú leggur hæstv. ráðh. frv. fram í þingbyrjun og leggur greinilega mikið kapp á að málið komi til umr. sem allra fyrst.

Ég gerði á s. l. vori nokkrar athugasemdir við þetta frv. og vil gjarnan minna á þær hér að nýju.

Það er þá í fyrsta lagi hvernig ráð er fyrir gert að rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar verði fjármagnaður. Hér segir, með leyfi forseta, í 3. gr.: „Ríkissjóður 56%, Ríkisútvarp 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%."

Ég tel þessa fjáröflun og þessa fjármögnun á starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar að ýmsu leyti óeðlilega. Ég tel að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eigi að leggja sitt af mörkum til þessa rekstrar, og í öðru lagi, sem er höfuðatriði þessa máls, er fullkomlega óeðlilegt, eins og fjárhag Ríkisútvarpsins er nú háttað, að það standi undir fjórðungi af rekstarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur hneppt Ríkisútvarpið í fjárhagslega spennitreyju og fjárhagslegar viðjar, og þessi greiðsla er þeirri stofnun gersamlega um megn. Þegar hefur þurft á þessu ári að draga saman dagskrá, beita margvíslegum sparnaði til þess að rýra og megra dagskrána, þá er þetta óeðlilegt. Og ég legg áherslu á það sem skoðun mína, að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, leiti annarra leiða til fjármögnunar á rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar heldur en þeirra að láta RÍkisútvarpið, sem berst í bökkum fjárhagslega, greiða þessi 25%.

Þetta er höfuðatriði gagnrýni minnar á þessu frv. Ég minnist þess, að hæstv. menntmrh. kallaði þessa gagnrýni í fyrra nagg, hann á sjálfsagt eftir að gera það hér aftur. En það verður að hafa það. Mér finnst þetta vera töluvert veigamikið atriði í þessu máli eins og fjárhag Ríkisútvarpsins er háttað og eins og hæstv. mennmrh. hefur talið æskilegt að búa að rekstri þessarar stofnunar nú þegar hún er hálfrar aldar gömul.

Það voru önnur atriði sem ég spurði hæstv. menntmrh. um í fyrra í sambandi við þetta frv., en fékk engin svör. Ég spurði hvernig skilja bæri ákvæði 2. gr., niðurlagsorðin: „Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er." Með hvaða hætti er hugsað að þetta verði framkvæmt? Með hvaða hætti á að framkvæma þetta?

Sömuleiðis þykir mér að markið sé ekki ýkjahátt sett í síðustu mgr. 3. gr. þar sem segir — með leyfi forseta: „stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar", þ. e. a. s. tekjum af sjálfstæðu tónleikahaldi. Þarna held ég að mætti setja markið hærra.

Í þriðja lagi benti ég á atriði í 6.gr. frv. og raunar tók hæstv. ráðh. undir það á sínum tíma. Ég sé ekki nauðsyn þess, að Sinfóníuhljómsveitin þurfi sérstaka lagaheimild til að fá til flutnings verk hjá tónskáldum. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli, og ég minnist þess, að hæstv. ráðh. tók vel í að hugað yrði að þessu og þetta fellt niður, en það hefur ekki verið gert.

Þetta eru, herra forseti, þær athugasemdir, sem ég hef við þetta frv. að gera á þessu stigi máls.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það var lítill tími til þess að athuga þetta frv. á síðasta þingi á síðustu dögum þingsins. En ég verð nú að gera þá játningu hér, að það hefur verið lítill tími hjá mér til að athuga þetta frv. sem komi fram í gær, þannig að ég ætla ekki núna að fara að

ræða frv. efnislega. Ég vildi þó að gefnu tilefni standa hér upp, og af því að ég stend hér í ræðustól vil ég ekki láta hjá líða að lýsa þeirri skoðun minni, hversu þýðingarmikil sú starfsemi er og merkileg sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur haldið uppi.

Hæstv. ráðh. sagði að Sinfóníuhljómsveitin hefði starfað með miklum þrótti, eins og hann orðaði það, í 30 ár. Ég tek undir þessi orð. Þó eru engin sérstök lög um Sinfóníuhljómsveitina, en hún er búin að starfa af miklum þrótti. Þetta vekur spurninguna um það, hvort það sé endilega nauðsynlegt að setja lög. Ef venja eða hefð hefur reynst mjög vel þarf það ekki að vera gefið að nauðsynlegt sé að setja lög. Þessi orð má samt ekki skilja þannig að ég sé á móti því að setja lög, ég er alls ekki að mæla gegn því. Forsvarsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar telja nauðsynlegt að gera slíkt, og ég vil ekki mótmæla því.

En ég kvaddi mér hér hljóðs til þess að gera athugasemd við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði varðandi framlag Ríkisútvarpsins til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég er ekki sannfærður um að það sé rétt að létta af Ríkisútvarpinu þeim byrðum sem það hefur borið með *stuðningi sínum og fjárframlögum til Sinfóníuhljómsveitarinnar* á undanförnum áratugum. Ég held að það sé rétt að það komi hér fram, að það er ekki síst að þakka Ríkisútvarpinu að þessari starfsemi hefur verið haldið uppi með miklum þrótti á undanförnum áratugum. Getur verið að það hafi verið óhagstætt fyrir Ríkisútvarpið? Ég veit það og vil rifja það hér upp, að á þeim stundum, þegar framtíð Sinfóníuhljómsveitarinnar hefur kannske verið vafasömust, hefur Ríkisútvarpið gengið fram fyrir skjöldu — ekki til þess að minnka framlag sitt til Sinfóníuhljómsveitarinnar, heldur hefur Ríkisútvarpið lagt áherslu á að þessari starfsemi yrði haldið uppi þó að Ríkisútvarpið yrði að leggja fram fjármuni. Hvers vegna er það?

Áður en Sinfóníuhljómsveitin var stofnun taldi Ríkisútvarpið sér nauðsynlegt og skylt að halda uppi sérstakri hljómsveit, svokallaðri útvarpshljómsveit. Menn töldu að menningarstofnun eins og Ríkisútvarpið yrði að eiga völ á flutningi slíkrar tónlistar sem hljómsveit gerði mögulega. Og það er á grundvelli þessa sjónarmiðs sem Ríkisútvarpið frá fyrstu tíð hefur lagt sitt af mörkum til þess að reka Sinfóníuhljómsveit Íslands. Og ég þykist muna það, að þegar slíkt sjónarmið kom upp áður, að Ríkisútvarpið ætti ekki að taka á sig slíkar byrðar vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, þá var það mál athugað alveg sérstaklega, hvort fjárhagslega væri hagkvæmara fyrir Ríkisútvarpið að greiða ekkert til Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem þýddi að Sinfóníuhljómsveitin yrði lögð niður, en Ríkisútvarpið yrði þá að koma sér upp hljómsveit, ekki heilli sinfóníuhljómsveit, en þó hljómsveit af þeirri stærð að talið var að það yrði ekki ódýrara fyrir Ríkisútvarpið.

Ég hygg því að málið liggi ekki þannig fyrir að Ríkisútvarpið eigi að draga úr framlagi sínu til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég geri ráð fyrir að það sé enn *forsenda fyrir því, að Sinfóníuhljómsveitinni sé haldið* uppi, að Ríkisútvapið sé sterkur aðili að rekstri hennar, og að það sé betri fjárhagslegur kostur fyrir Ríkisútvarpið heldur en ef hljómsveitin yrði lögð niður og Ríkisútvarpið þyrfti að koma sér upp eigin hljómsveit.

Það er alveg rétt sem síðasti ræðumaður sagði, að nú eru miklir fjárhagserfiðleikar hjá Ríkisútvarpinu. En við eigum ekki að móta framtíðarstefnu í slíku höfuðmenningarmáli sem Sinfóníuhljómsveit Íslands er með hliðsjón af tímabundnum fjárhagserfiðleikum Ríkisútvarpsins. Við eigum að snúast gegn þeim vanda með öðrum hætti.

Ég vildi, herra forseti, að þetta kæmi fram nú við 1. umr. málsins.

Umr. frestað.

Neðri deild, 3. fundur.

Miðvikudaginn 14. okt., kl. 2 miðdegis.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 2). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Í dag er 14. okt. Ég vil minna á að myndlistarmenn hafa gert þennan dag að sérstökum baráttudegi sínum. Þeir vilja með því berjast fyrir réttindum sínum og viðurkenningu þjóðfélagsins á störfum myndlistarmanna. Ég vil í tilefni af þessum degi flytja myndlistarmönnum hamingjuóskir og þakkir fyrir framlag þeirra til menningarauka í þjóðfélaginu, umhverfisfegrunar og bætts smekks fólksins í landinu.

Tilbrigði listarinnar eru mörg og listtjáning kemur fram á ýmsa vegu: í tali og tónum, leiktjáningu og dansi og margs konar annarri list, þ. á m. myndlist. Ég segi ekki að myndlistin sé í sjálfu sér æðri öllum listgreinum en hitt er víst, að myndlist og mótunarlist, sjónlistir setja hvað mestan svip á mannlegt umhverfi allra listgreina þannig að menn lifa með myndlistinni langt umfram það sem gerist um aðrar listgreinar. Þetta er á engan hátt nýlunda í lífi manna. Þetta er ekkert nútímafyrirbæri. Myndlistin er að kalla jafngömul mannkyninu, líklega elsta listform mannsins. Og það er athyglisvert við myndlistina hversu langlíf hún er, þ. e. hversu myndlistarverk fá notið sín og geta staðið fyrir sínu öld af öld, árþúsundir eftir árþúsundir. Þetta sannar, svo að varla verður um deilt, að mannkyninu er myndlistin næstum að segja í blóð borin. Hún liggur í eðli mannsins, má segja.

Myndlistargáfan, formskynið er hvort tveggja í senn frumstæð náttúruhvöt mannsins og vitni um hugvit hans og þroska og sköpunarmátt. Allir menn eru að einhverju leyti gæddir þessari gáfu, a. m. k. þeim hæfileika að njóta þess sem fagurt er og vel gert og listrænt þó að ekki verði þeir taldir til listamanna.

Listamenn eru þeir sem hafa sjálfa náðargáfuna að búa til listræn verk sem menn vilja sjá og menn vilja hafa í kringum sig. Myndlistarmenn inna af hendi mikilvæg störf í þjóðfélaginu. Hlutverk þeirra er m. a. að fegra mannlegt umhverfi, og það geta myndlistarmenn gert á margvíslegan hátt, á miklu fleiri vegu en fólk gerir sér *alltaf grein fyrir.*

Sannleikurinn er sá, að hversdagslegustu hlutir eiga form sitt, útlit sitt eftir hugviti listamanna. Það getur átt við um íbúðarhús og innanstokksmuni, bíla og báta, fatnað og nauðsynleg áhöld fyrir daglegt amstur manna. Listamaðurinn er því gagnlegur þjóðfélaginu í þeirri merkingu sem praktískir menn leggja í orðið gagnlegur.

Myndlistarmaðurinn ræður yfir gáfum og þekkingu sem þjóðfélagið hefur brýna þörf fyrir, og ef svo er, þá er ekkert sjálfsagðara en að þjóðfélagið geri sitt til þess að nýta þessar gáfur og þekkingu og leitist jafnframt við að koma til móts við þarfir listamannsins fyrir skapandi vinnu og fyrir réttlátt gjald fyrir vinnu hans.

Ég hlýt annars að undirstrika það sem flestum Íslendingum er efst í huga, að frumskylda þjóðfélagsins gagnvart listamanninum er að tryggja honum frelsi, tryggja honum tjáningarfrelsi. Það er þess háttar grundvallarforsenda sem óþarfi er að ræða nánar við þetta tækifæri. Um það held ég að flestir, ef ekki allir séu sammála. En þar næst kemur skyldan til þess að sjá listamanninum fyrir starfi við sitt hæfi.

Það frv. sem hér liggur fyrir, er viðleitni í þá átt að sjá myndlistarmönnum fyrir starfi, sem hæfir þeim, og að tryggja jafnframt listræna fegrun opinberra mannvirkja, gera þau ánægjulegri og verðmeiri. Þetta tvennt er höfuðtilgangur þessa frv.

Herra forseti. Eins og segir í 1. gr. þessa frv. er ætlunin að stofna sjóð sem hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum. Nafn sjóðsins skuli vera Listskreytingasjóður ríkisins. Gert er ráð fyrir að þessi sjóður hafi sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn.

Í 2. gr. er mælt fyrir um það, hverjar tekjur sjóðsins skuli vera. Það er þá í fyrsta lagi árlegt framlag ríkisins, og það er að sjálfsögðu aðaltekjustofn þessa sjóðs sem þarna er fyrirhugaður. Segir í greininni að framlagið skuli nema 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur einn að eða með öðrum. Einnig er gert ráð fyrir að sjóðurinn hafi vaxtatekjur og í þriðja lagi, aðrar tekjur. Eins og augljóst má vera er höfuðatriðið í sambandi við tekjur sjóðsins árlegt framlag ríkissjóðs sem mundi vera 1% álag á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta til bygginga sem ríkissjóður stendur einn að eða með öðrum. Þetta er auðvitað aðalatriðið. En e. t. v. gæti sjóðurinn einnig haft vaxtatekjur, og ég hygg að eðlilegt sé að gera ráð fyrir, að sjóðurinn geti einnig haft aðrar tekjur en þetta beina ríkissjóðsframlag.

Einnig er gert ráð fyrir því í þessu frv., í 3. gr., að framlag ríkissjóðs skuli vera sérliður í fjárlögum og að hann ákvarðist að höfðu samráði við byggingadeild menntmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. Þetta er gert með tilliti til þess, að byggingadeild menntmrn. fer að öllu jöfnu með mjög stóran hluta byggingarmála á vegum ríkissjóðs í A-hlutanum og að sjálfsöðu fjallar fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn. einnig mjög um þau efni. Ég hygg að það sé hyggilegt að hafa samráð við þessar tvær stofnanir áður en Alþingi ákveður hvert framlagið skuli vera. Þetta er að sjálfsögðu reikningstala, samlagningartala, en eigi að síður verður að byggja hana á eðlilegri útreikningsaðferð.

Þetta eru í rauninni höfuðatriði þessa máls, að stofna skuli þennan sjóð og að tekjurnar skuli vera sem hér segir, þarna sé um að ræða sérlið á fjárlögum og að sjóðurinn starfi sjálfstætt, hafi sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn.

Nú er það svo að vissulega er engin nýlunda að mönnum komi til hugar að verja fé til fegrunar opinberum byggingum. Það er engin nýlunda, og reyndar má segja að sé í lögum og hafi um skeið verið í lögum ákvæði um þau efni. Þá minni ég fyrst og fremst á grunnskólalögin, 27. gr. grunnskólalaganna, og einnig á 10. gr. laga um skólakostnað. En ég hlýt að segja það sem er, að það hefur reynst ákaflega örðugt að framkvæma þetta áhugamál um listskreytingu á grundvelli þeirra lagagreina sem hér um ræðir. Það hefur komið í ljós í framkvæmdinni, að það reynist mjög erfitt. Í báðum tilfellum má segja að sveitarstjórnirnar séu frumkvæðisaðilar í þessu efni. En það hefur í reyndinni orðið svo að sveitarstjórnirnar hafa ekki sýnt þessu máli neinn verulegan áhuga, þannig að miklu minna hefur orðið úr því, að fé væri varið samkv. þessum greinum til listskreytinga, heldur en vænta hefði mátt. Þetta frv., sem ég legg hér fram sem ríkisstjórnarfrumvarp, er m. a. byggt á reynslu undanfarandi ára af því að framkvæma þau lagaákvæði sem nú eru í gildi um þessi efni. Ég legg nokkuð mikla áherslu á þetta atriði: hversu erfiðlega hefur gengið að framkvæma þennan lagabókstaf.

Hitt er þó augljóst, að þessi ákvæði í grunnskólalögum og skólakostnaðarlögum benda til þess, að lengi hefur verið á Alþingi fullur skilningur á að þetta mál gangi fram og að ríkissjóður, hið opinbera, kosti listskreytingu opinberra bygginga. Ég geri mér því mjög góðar vonir um að þetta mál eigi hljómgrunn meðal alþm., þ. á m. þetta atriði sem ég er að benda á, að framkvæmd þessara mála verði lagfærð, verði endurskoðuð, eins og hér er gerð tillaga um, með tilliti til þeirrar reynslu sem við höfum haft af því að framkvæma þær lagagreinar sem hér um ræðir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa öllu fleiri orð um þetta. Þetta mál var kynnt hér í fyrra á þinginu þó að það væri mjög síðla þings að vísu og því litlar umr. um það, en það hlaut eigi að síður kynningu hér í þinginu og kynningu annars staðar á opinberum vettvangi þannig að menn eru trúlega kunnugir því í öllum höfuðatriðum. En ég legg mikið upp úr því, að nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, vinni vel að framgangi þessa máls. Að sjálfsögðu legg ég þetta mál ekki fram þannig að ekki komi til greina að breyta þar út af í einhverju sem í frv. stendur, það er fjarri því. Af minni hálfu er það ekkert metnaðarmál að allt verði með þeim ummerkjum sem í frv. er, heldur fyrst og fremst að sjálft málefnið nái fram að ganga og hægt verði á auðveldan og skynsamlegan hátt að framkvæma þá stefnu, sem ég hygg að eigi mikinn hljómgrunn hér á Alþingi, að verulegu fé sé varið til listskreytinga opinberra bygginga.

Þess má auðvitað geta og það kemur fram í athugasemdum sem fylgja frv. og fskj., að annars staðar á Norðurlöndum gilda reglur um listskreytingar opinberra bygginga. Það er að vísu ljóst af lestri þessarar skýrslu, að reglurnar eru mismunandi eftir löndum, og ekki hefur verið kostur að kópera að öllu leyti einhverjar tilteknar reglur sem um þetta gilda annars staðar á Norðurlöndum, heldur valdi ég þá leið að finna aðferð sem hentað gæti okkur hér á landi. Þetta bið ég hv. nefnd, sem kemur til með að athuga þetta, að skoða einnig, hvernig þetta er framkvæmt annars staðar, m. a. til þess að fá sannfæringu fyrir því, að hér er um málefni að ræða sem hvarvetna hefur hljómgrunn og er talið til eðlilegrar starfsemi ríkisins.

Herra forseti. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég legg til að þegar þessari umr. er lokið gangi málið til hv. menntmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Á tveimur

síðustu löggjafarþingum höfum við þrír þm., ég, hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, og hv. 3. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, flutt frv. til laga um listskreytingar opinberra bygginga þar sem gert er ráð fyrir að skylt sé að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð er nemi 1—2% af byggingarkostnaði mannvirkis. Síðan var skilgreint nánar í frv. hvað væri átt við með opinberum byggingum í þessum skilningi.

Þessi frv. hafa verið til meðferðar hjá menntmn. þessarar hv. deildar, og á síðasta þingi mun hafa verið allmikið unnið að þessu frv., sem við þremenningar fluttum, og m. a. leitað umsagna ýmissa aðila og þær liggja þegar fyrir. Við hljótum því að fagna því, að hæstv. menntmrh. skuli nú hafa tekið frumkvæði í þessu máli með því að bera fram frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins, en það frv. stefnir að sama marki og við vildum stefna að með okkar frv. þó að með nokkuð öðrum hætti sé.

Aðalmunur þessara tveggja frv. er sá, að hér er lagt til að stofnaður sé sérstakur sjóður, Listskreytingasjóður ríkisins. Sú leið kann að vera eðlileg. Hún er þó ekki einhlít eða sjálfsögð. Sjálfum finnst mér að allt of mikið sé að því gert hér á hv. Alþingi að stofna sjóði um hvers konar verkefni sem vinna þarf að. Slíkir sjóðir skipta orðið tugum. Hver slíkur sjóður er raunverulega lítil stofnun í sjálfu sér með sérstakri stjórn og einhverri aukaskriffinnsku í kringum sig og aukakostnaði. Ég vil þó ekki hafna þeirri leið algjörlega, en tel að sú nefnd, sem um þetta kemur til með að fjalla hér í deildinni, hv. menntmn., reyni að íhuga hvort þetta sé sú rétta leið sem þarna er lögð til.

Það er annað líka sem hræðir mig svolítið í þessu sambandi, og það er sú regla sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp þegar um er að ræða lögbundin framlög til ýmissa sjóða sem stofnaðir hafa verið til þess að styrkja þörf málefni. En það er sú regla að flytja hér á hv. Alþingi frv. um, að þrátt fyrir ákvæði laga um að leggja skuli svo og svo mikið fjármagn til viðkomandi sjóðs, þá skuli skerða það framlag að þessu sinni. Þetta þekkjum við þm. og þannig hefur þetta verið núna á síðustu tveimur þingum. Ég tel því að það sé öruggara að búa þannig um hnútana, eins og gert er í því frv. sem við þremenningar fluttum, að skylt sé að verja til hverrar byggingar ákveðinni prósenttölu — við getum rætt nánar um hvað hún eigi að vera — af byggingarkostnaði mannvirkis, — það sé öruggara til þess að ná því markmiði sem við allir, sem um þessi mál fjöllum og höfum áhuga á, viljum stefna að, en það er að fegra umhverfið í kringum okkur, tryggja að í öllum opinberum byggingum sem víðast um landið verði listamönnum fengin verkefni til þess að gera umhverfið mannlegra. Öll vitum við að slík listaverk verða ómetanlegur þáttur í umhverfinu og skapa fegurra og betra mannlíf.

Ég vil líka benda á að ekki er í þessu frv., sem hæstv. menntamrh. hefur hér kynnt, ákvæði um skyldu til þess að leggja fram fjármagn til þeirra opinberu bygginga sem þetta frv. fjallar um, heldur er það nánast lagt í vald sjóðsstjórnar sem vafalaust verður skipuð hinum mætustu mönnum. En ég vek athygli á að í 9. gr. frv. stendur að verja megi til listskreytinga bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins. Þetta hlýtur að sjálfsögðu að fara eftir því fjármagni sem verður í sjóðnum hverju sinni. Þarna gæti sú hætta verið fyrir hendi, að kröftunum yrði beint um of að ákveðnum byggingum og meira fjármagn veitt til þeirra, en aðrar byggingar látnar sitja á hakanum. En það, sem við vildum stefna að með okkar frv., var að þetta dreifðist sem mest. Opinberar byggingar eru þær stofnanir þar sem flestir landsmenn ganga um garð og geta því átt þess kost að njóta slíkra listaverka.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta frekar. Ég fagna því, að þetta mál skuli enn komið á hreyfingu með þessum hætti. Við þremenningar höfum lagt fram okkar frv. að nýju og það kemur væntanlega á dagskrá þessarar hv. deildar mjög fljótlega og fer þá til hv. menntmn. þannig að bæði þessi frv. verði þar til athugunar og þá sé hægt að skoða þau og taka tillit til þeirra sjónarmiða og skoðana sem í þeim báðum felast.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að hæstv. menntmrh. skuli endurflytja nú frv. sitt um Listskreytingasjóð ríkisins. Á hinn bóginn mun það tefja fyrir afgreiðslu málsins að sú nefnd, sem Alþingi fól ríkisstj. að skipa á s. l. vori til að kanna starfskilyrði myndlistarmanna, hefur enn ekki verið skipuð. Hef ég raunar flutt um það fsp. á sérstöku þskj. og skal þess vegna ekki ræða það mál nánar hér. En ég vil vekja athygli á því, að sú till. er miklu víðtækari og tekur yfir meira svið en það frv. sem hér er lagt fram, og erfitt er að hugsa sér hvernig sömu menn og lögðu þá ályktun fram geta nú tekið sérstakan þátt út úr að óathuguðu máli.

Ég sem sagt harma að þessi nefnd skuli ekki hafa verið skipuð og þá óhjákvæmilegu töf sem málið í heild hlýtur að verða fyrir af þeim sökum. Ég geri mér á hinn bóginn vonir um að í menntmn. náist samstaða um að setja fram ákveðnar till. fyrir fjárlagaafgreiðslu þannig að hægt verði að gera ráð fyrir fjármagni til listskreytingar í fjárlögum næsta árs og síðan verði sami háttur hafður á um þetta mál og um Framkvæmdasjóð aldraðra, að nánari útfærsla á hugmyndunum bíði þess tíma að nauðsynlegur undirbúningur og athuganir hafi farið fram.

Eins og hv. 6. þm. Reykv. drap á áðan eru mörg álitamál í þessum efnum og mikil spurning hvort frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins sé fullnægjandi, hvort ekki þurfi að fara þar miklu ítarlegar út í ýmsa þætti, eins og t. d. um það, hvort ekki sé ástæða til, að slíkur sjóður, ef af honum yrði, sinnti þjóðlegri listskreytingu í ríkum mæli. Ég vil nefna í því sambandi að það hafa einkum verið einstaklingar sem hafa sýnt lofsvert framtak í þeim efnum, og minni ég þar sérstaklega á Ragnar í Smára sem hefur lyft grettistaki varðandi þau atriði.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Við munum að sjálfsögðu fjalla um þetta frv. í menntmn. og ræða ítarlega með hvaða hætti starfsgrundvelli fyrir myndlistarmenn verði best fyrir komið. Ég harma hins vegar að ekki skuli hafa verið farið að vilja Alþingis um skipun nefndar til að kanna starfskilyrði myndlistarmanna. Ég harma þá töf sem óhjákvæmilega er af þeim sökum.

Ég vil svo rétt segja það til gamans, að á myndlistarþingi í vor, þar sem ég var staddur, mætti ráðuneytisstjóri menntmrn. fyrir hönd menntmrh. Hann fór þar mörgum orðum um hið lofsverða framtak sem núv. hæstv. menntmrh. hefur sýnt í þessum málum, og skal ég ekki lasta það. En það vakti athygli mína á hinn bóginn, að ráðuneytisstjóranum þótti það ekki heyra til tíðinda né fréttaefnis á þessari ráðstefnu að Alþingi skyldi hafa

samþykkt sérstaka ályktun um málið. Það þótti mér eftirtektarvert, og veit ég ekki hvort hann var þar einn í ráðum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Það er í fyrsta lagi út af síðustu orðunum, að starfsmenn mínir í ráðuneytinu hafa leyfi til að undrast þegar þeim sýnist án þess að spyrja mig um leyfi.

Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa rætt þetta mál. Ég veit að báðir þeir hv. þm., sem þetta ræddu, eru miklir áhugamenn um þessi mál og hafa sýnt það á undanförnum árum, og ég vænti mér vissulega góðs samstarfs við þá um framgang þessa málefnis. Og eins og ég sagði flyt ég þetta frv. engan vegin þannig að ég telji ekki að þar megi ýmsu breyta. Aðalatriðið er að Alþingi verði á eitt sátt um það, hvernig þessum málum skuli fyrir komið. Og ég legg enn áherslu á það, að þau ákvæði, sem eru nú í skólalöggjöfinni um þetta, eru ákaflega ófullkomin og erfitt að vinna eftir þeim.

En það, sem ég vildi sérstaklega minnast á, er ábending hv. þv. Halldórs Blöndals um það, að ekki sé enn búið að skipa nefndina sem átti að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna. Ég get upplýst hv. þm. um það, að ég hef gert margar tilraunir til þess að fá tilnefningar frá tilnefningaraðilum í þessu sambandi, en þær tilnefningar hafa ekki borist mér enn þá. Hef ég þó haft nokkurn eftirrekstur í því bæði fyrr og síðar, eftir að þetta mál var samþykkt hér á þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 3. fundur.

Miðvikudaginn 14. okt., að loknum deildafundum.

Aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, þáltill. (þskj. 9). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 11). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Smærri hlutafélög, þáltill. (þskj. 12). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 21). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 22). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og slþjóð er kunnugt og Alþingi öllu ríkir mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum hér á landi. Þetta gildir alveg sérstaklega að því er varðar stöðu sjávarútvegsins. Síldveiðar hafa stöðvast, svo sem kunnugt er, og þó að hæstv. ráðh. láti hafa það eftir sér í viðtölum í blöðunum að lausn sé í sjónmáli, þá eru útvegsmenn og sjómenn og kaupendur ekki sömu skoðunar og segja að málin séu í sjálfheldu. Um stöðu þessara mála fáum við ákaflega litlar upplýsingar. Engum liggur það nær en hv. Alþingi að fá að vita hver sé staða þessara mála. Verður þessi stöðvun löng? Með hvaða hætti er hugmyndin að leysa þá deilu sem þarna er uppi?

Í annan stað er það svo að almennt fiskverð hefði átt að ákveða fyrir hálfum mánuði, en það bólar ekki á neinni ákvörðun. Ekki heldur í þessu máli hafa menn fengið neina vitneskju um það, hver staðan sé eða hvert horfi eða með hvaða hætti sé hugmyndin að greiða úr þessum vanda. Það blasir líka við, að loðnuverð þarf að ákveða, og af þeim upplýsingum, sem menn hafa, að mestu leyti á skotspónum, er vægast sagt ískyggilegt ástand í þessari grein. Það verður ekki séð að neinar ákvarðanir hafi verið teknar til að greiða úr þessum vanda. Útlitið er eins og ekki bara síldveiðarnar séu að stöðvast, heldur getur rekið til hins sama í öðrum greinum sjávarútvegsins, þar er allt í hnút. Auðvitað verður að leysa þetta mál. Við eigum allt okkar undir því og það verður vitaskuld leyst. En hvað á sá dráttur að verða lengi? Hversu lengi eiga menn að búa við óvissu í þessum efnum? Hversu lengi eiga sjómenn, útvegsmenn, fólk, sem vinnur við fiskverkun, að búa við það að vita ekki hver niðurstaðan verður eða hvenær úr þessu verður leyst eða með hverjum hætti? Alþingi á auðvitað kröfu á því að fá að vita hvenær og hvernig verði á þessum málum tekið. Ég verð að segja það, að hingað til hefur hæstv. sjútvrh. og aðrir ráðh. í ríkisstj., þ. á m. hæstv. forsrh., í rauninni engu svarað um það, hvernig fram úr þessu eigi að ráða. Það er langt síðan verðlagsráðsmenn, þeir sem eru í yfirnefnd Verðlagsráðsins, vísuðu ákvörðun um almennt fiskverð í raun og sannleika til ríkisstj. Svörin, sem borist hafa, eru þau, að það sé verið að ræða málin, það sé verið að fjalla um málin, en það hafi engin ákvörðun verið tekin, það sé engin sérstök stefna uppi.

Loðnumálin hafa í raun og sannleika lítið sem ekkert verið rædd og er þó ekki síður ástæða til þess að fjalla um þau og heyra viðhorf hæstv. sjútvrh. í þeim efnum svo ískyggilegar sem horfurnar eru. Ef við tökum fyrst það mál sem varðar síldina, þar sem nú hefur komið til stöðvunar, þá hefur ýmislegt athyglisvert komið fram í því máli. Ég vil nefna það fyrst, að það var sett reglugerð um að breyta síldarmatinu. Það hlýtur að vera svo að hæstv. sjútvrh. hafi sett þessa reglugerð. En ég spyr: Hvers

vegna var hún sett? Hver bað um þessa reglugerð? Ég spyr vegna þess að ég kannast við þetta mál. Það komu fram óskir á sínum tíma úr kerfinu, ekki frá þeim sem vinna í greininni, um að setja þessa reglugerð. Maður hefði getað haldið að síldarmatið væri m. a. til þess að vernda verkendur síldarinnar. Þess vegna þótti mér liggja beint við að spyrja verkendur síldarinnar, — ekki síst þar sem sjómenn og útvegsmenn voru ekki áfram um þessa reglugerðarsetningu, svo að ekki sé sterkar til orða tekið, — spyrja verkendur: Viljið þið fá þessa reglugerð? Teljið þið nauðsyn á þessari reglugerð? Viljið þið beita ykkur fyrir því, að þessi reglugerð verði sett? — Vitið þið hvert svarið var? Svarið var nei. Þeir vildu það ekki. Þeir töldu ekki þörf á því. Ég spyr: Hvers vegna tekur ráðh. það upp hjá sjálfum sér að setja reglugerð af þessu tagi öðruvísi en það hafi verið fyrir ósk frá síldarverkendum, frá síldarkaupendum? Ég spyr hæstv. ráðh.: Kom fram ósk frá þessum aðilum um að setja þessa reglugerð sem veldur nú vandræðum m. a.?

Það er fyllsta ástæða til þess að fá skýr svör við því, hvort þarna hafi kerfið með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar híft sjálft sig upp á hárinu og sett reglugerð sem enginn vildi fá og engin þörf var fyrir, en hefur skapað vandræði.

Nú er það nýjast í þessu síldarmáli, að sjútvrh. lætur hafa eftir sér að það sé partur af ákvörðuninni að það hafi átt sér stað einhver mistök hjá Fiskifélaginu. Hvaða mistök eru það, spyr ég, sem áttu sér stað hjá Fiskifélaginu? Ég hef litið á þær töflur sem upp voru settar af hálfu Fiskifélagsins og hafa verið hafðar til viðmiðunar, ekki bara núna, heldur undanfarin ár. Þær eru settar upp með nákvæmlega sama hætti eins og áður. Mistökin liggja þá ekki hjá Fiskifélaginu. Mistökin liggja í því, að menn hafa ekki kunnað að lesa úr þeim töflum sem hafa þó verið hafðar þarna til viðmiðunar. Ef þetta á að vera skálkaskjól, ef þetta á að vera afsökun í þessu dæmi, þá er rétt að menn hafi það í huga, að samningarnir um síldarverð voru gerðir með atkvæðum kaupenda. Og hvað segja kaupendur núna? Þó þarna hafi verið lesið öðruvísi úr töflum en áður og þeir hafi jafnvel gert það skiptir það ekki máli. Þeir segja: Við getum ekki hækkað verð okkar á þeim grundvelli. — Ég spyr ráðh.: Hvernig stendur á því, að þau mistök gerast að rangt er lesið úr töflum? Hafði ekki ráðh. kynnt sér þessar töflur? Vissi hann ekki með hvaða hætti þær voru settar upp? Kunni hann ekki að lesa þessar töflur?

Spurningin er í þessu máli: Hvað ætlar ráðh. að gera? Megum við búast við því að hafa flotann í höfn lengi framvegis? Verður reglugerðin afnumin sem líklegast hefur verið sett í fljótræði? Þetta eru spurningar sem við verðum að fá svör við. Þjóðin á heimtingu á því að fá að vita hvert stefnir í þessum efnum og hvaða ráðagerðir eru uppi.

Það er athyglisvert í sambandi við umræður um almennt fiskverð, að hæstv. ráðherrar, hvort heldur er sjútvrh. eða hæstv. forsrh., tala mikið um að það sé hagnaður á skreiðarverkun og og saltfiski, að vísu sé tap á frystingunni. En svo segja menn: Þetta gerir að meðaltali 2.9% í hagnað. — Hvernig er þetta meðaltal upp á 2.9% í hagnað fundið? Jú, það er ársmeðaltal. Hvaða máli skiptir það í sambandi við verðákvörðun núna hvert ársmeðaltalið er? Er það ekki meðaltalið, er það ekki afkoman í heild hjá greininni á því verðlagstímabili, sem í hönd er að fara, sem skiptir máli? Halda menn t. d. að saltfiskverkun sé hlutfallslega jafnmikil á því verðlagstímabili, sem fer í hönd, eins og yfir árið í heild? Ég vona að engum detti það í hug, svo mikil fjarstæða sem það er. Halda menn í raun og sannleika að það verði veruleg saltfiskverkun á því verðlagstímabili sem fer í hönd, og hvernig saltfiskur verður það? Þegar menn taka meðaltöl af þessu tagi og hafa þau til viðmiðunar, þá geta menn gert stórkostlegar skekkjur. Sannleikurinn er líka vitaskuld sá, að það er fullt af frystihúsum sem eru með ákaflega litla eða jafnvel enga saltfiskverkun. Ekki batnar hagur þeirra þó að það sé einhver hagnaður af saltfiskverkun. Varla er hugmyndin að það eigi að salta í frystigeymslunum. Og hvers konar fiskur er það, hvar lendi hann í gæðum, sem saltaður er núna?

Ég rek þetta vegna þess að það er marghamrað á því, að meðaltalið úr þessum þremur greinum sé plústala. En þá er miðað við ársmeðaltal. Það er ekki verið að horfa á stöðuna eins og hún er núna. Eða halda menn að sjóðirnir séu svo gildir að það skipti ekki máli þó að greinin í heild verði rekin með tapi á forsendum meðaltals sem alls ekki á við á því verðlagstímabili sem nú fer í hönd. Ég held að það sé eins gott að menn viðurkenni að það vandamál, sem menn standa frammi fyrir, er varðandi frystinguna og því verður ekki fleytt á saltfiski og skreið svo að neinu nemi á því verðlagstímabili sem fer í hönd. Þar er tap í frystingunni upp á 2.4% samkv. tölum sem hæstv. ráðherrar hafa farið með. Og þó að menn tali um að oft hafi heyrst harmakvein úr þessu horni, þá er það nú svo að hæstv. ráðherrar hafa staðfest þessar tölur með því að gera þær að viðmiðun. Ef fiskverð hækkar um 9% hækkar þetta tap væntanlega mjög verulega, í kringum 7% skulum við segja. Þetta gerist við þær aðstæður að það er 5.6% tap á útgerðinni í heild. Ég ætla ekki að fara út í það, hversu misjafnlega ýmsar tegundir fiskiskipa standa, en það er augljóst af þeim tölum, sem birtast varðandi afkomu útgerðarinnar, að þörf er á tekjuauka vegna útgerðarinnar, og vitaskuld eiga sjómenn kröfu á að laun þeirra hækki ámóta og hjá öðru launafólki. Er þá ekki gefið að fiskverðið hljóti að hækka? Er þá ekki gefið að þegar það gerist muni frystingin lenda í hrikalegum vanda, hrikalegu tapi?

Hæstv. ráðherrar lýsa því yfir hver um annan þveran, að gengið sé fast, því verði ekki breytt. Hvað er það þá sem stjórnin hefur í huga? Á einu sinni enn að ávísa á tóma sjóði. Og hvað þýðir slík ávísun? Sú ávísun þýðir einungis frestun á gengisbreytingu, nema menn hafi trú á að markaðsverð muni nú fara mjög hækkandi. Eru einhverjar horfur á því, hæstv. sjútvrh., að markaðsverð muni fara mjög hækkandi? Eru horfur á því að því er frystinguna varðar? Ég hef ekki þær fregnir. Það væri gott að heyra það frá hæstv. sjútvrh. ef svo væri. Hefur verð á skreið farið hækkandi? Ekki aldeilis. Það hefur lækkað stórlega og er hægt að birta tölur um það. Eru þá horfur á að saltfiskur muni búa við betra verð en að undanförnu? Ég hef ekki spurnir af því. Ég nefni hér saltfisk og skreið vegna þess að það hefur verið með í umræðunum þó að það skipti ekki meginmáli varðandi það verðlagstímabil sem í hönd fer.

Ef ekki eru horfur á þessu, hæstv. sjútvrh., hvað er þá sú ákvörðun að ávísa á tóma sjóði? Er hún nokkuð annað en frestun á gengislækkun, og er ekki eins gott að segja það hreint út? Og spurningin er: Hver er þá ávinningurinn af því, ef sú á að vera aðferðin að fresta gengisbreytingu? Hefur hæstv. sjútvrh. trú á því, að það sé sérlega

gagnlegt í íslensku efnahagslífi að ávísa á tóma sjóði til þess að fresta gengislækkun? Eða er það svo að hæstv. sjútvrh. verði að þóknast duttlungum annarra sem með honum sitja í ríkisstj., sitja í sjálfheldu, en sé að hjálpa til að búa til þá ákvörðun, að genginu verði haldið stöðugu núna í nokkra daga eða vikur eða hvað það nú er, en verði svo að lækka það þeim mun meira seinna? Eða kann ráðh. einhver önnur ráð? Ég man ekki eftir því, að hæstv. sjútvrh. hafi nefnt annað í þessu sambandi en dráttarvexti, að dráttarvextir væru óheyrilega háir. Ber að skilja hæstv. ráðh. svo að stefnan sé sú að reka þessa undirstöðugrein með svo hrikalegu tapi og í slíku fjármagnssvelti að hún eigi að ganga fyrir dráttarvöxtum, að það eigi að vera varanlegt ástand um sinn að engir geti þar staðið í skilum með það sem þeir eiga að borga, heldur eigi að reka greinina á dráttarvöxtum? Og ef þetta er tilfellið, hverjar eru þá horfurnar á því, að greinin geti borgað til baka það, sem hugsanlega kynni að verða vísað á í tómum sjóðum, eða lán sem kynnu að verða veitt? Ég segi: lán sem verða veitt, vegna þess að í þeim brbl., sem sett voru í sumar varðandi þessi efni, er eins konar vísbending um að nú skuli farið að reka Verðjöfnunarsjóðinn með allt öðrum hætti en stefnan hefur verið og til var stofnað og hugsunin í lögunum um Verðjöfnunarsjóð er, nefnilega með því að hann verði eins konar lánasjóður og fari að taka lán hér og þar. Og þá er spurningin: Hvernig á þá að borga þessi lán? Hvernig á að standa undir þeim lánum sem eru tekin með þessum hætti? Ef ekki er fyrirsjáanleg mikil hækkun á útflutningsafurðum, á þá greiðsla lánsins að gerast í gegnum einhverjar gengisbreytingar seinna? Eða er hugmyndin sú, að veð fyrir þessum lánum verði tekið hjá fyrirtækjunum í greininni? Og hvernig eiga þá fyrirtækin í greininni að standa undir þeim greiðslum, sem hér um ræðir, ef stefnan að öðru leyti er sú og útlitið þannig að það eina, sem hæstv. sjúvrh. dettur í hug, er að lækka dráttarvexti vegna þess að það eigi að reka greinina í algerum vanskilum. Varla verður þá aðstaðan sérlega góð til þess að greiða af þessum lánum. Ég held að það þurfi ekki að rifja það upp fyrir hv. alþm. að Verðjöfnunarsjóður frystiiðnaðarins er ekki bara tómur, heldur er gatið, sem hæstv. ríkisstj. lamdi í sjóðinn við upphaf þessa árs og var upphafið að stefnumörkuninni í efnahagamálum, enn ófyllt þannig að þar er viðbótarvanda við að fást.

Það var að vísu svo að með brbl. í sambandi við seinustu gengisfellingu var gert ráð fyrir að minnka þetta gat svolítið, höggva svolítið í þessa skuld, með gengismun sem myndaðist við þá gengisfellingu. En hver er staðan núna, hæstv. sjútvrh.? Staðan núna er sú, að gengi dollarans er lægra núna í íslenskum krónum heldur en fyrir þá gengisbreytingu sem þá var gerð. Gengismunurinn er ekki til. Það er neikvæður gengismunur. Dæmið snýr öfugt. Er þá hugmyndin að ætla þeirri grein, sem er á hausnum, að borga þennan gengismun einhvern veginn úr eigin vösum þegar hann er ekki lengur til? Ég spyr hæstv. ráðh.: Lætur hann sér detta í hug að það sé hægt að fara fram með þessum hætti, að taka upp gengismun þegar hann er ekki til, hann er horfinn. Þróun dollarans hefur verið með þeim hætti að gengi hans er lægra núna en fyrir þá gengisbreytingu sem þarna var um að ræða.

Þær horfur, sem eru varðandi loðnuveiðarnar, eru vægast sagt ískyggilegar. Það þarf ekki nema lauslegan samanburð á tilkostnaði og afurðaverði til þess að komast að raun um að loðnuútgerðin og loðnuvinnslan, miðað við þessar staðreyndir, eru í raun og sannleika reknar með um 40% tapi. Ætli tekjurnar af afurðunum gætu ekki mælst svo sem 730 ef við lítum á kostnað sem er yfir 1000. Bæði útgerðin og vinnslan eru í tapi og heildartapið á hvoru tveggja mun vera af þessari stærð, um 40% af því verði sem fæst fyrir afurðirnar. Þetta eru hrikalegar staðreyndir, en þetta hefur allt of lítið verið rætt.

Getum við þá stuðst við Verðjöfnunarsjóðinn í þessu tilviki? Nei, það getum við ekki. Honum hefur verið að fullu eytt eins og öllum öðrum sjóðum í tíð þessarar ríkisstj. Það er ekki nóg með að honum hafi verið að fullu eytt, heldur hefur honum ekki tekist að standa við þær skuldbindingar sem hann var búinn að taka á sig. Það var ekki yfirlýst stefna að búa til gat, en sjóðurinn hefur ekki bolmagn til þess að standa við þær greiðslur sem gert var ráð þegar ákvörðun var tekin um loðnuverð á sínum tíma. Á þennan stað er því ekkert að sækja, og í því góðæri, sem við höfum haft í ytri aðstæðum: í markaðsmálum, í gengisþróun, stórhækkandi verði dollarans, hefur ekkert verið tekið til hliðar, öllu hefur verið eytt. Það eru meira að segja göt hér og þar, skuldir. Þetta er niðurstaðan af efnahagsstjórninni.

Það má þá spyrja: Verður stefna ríkisstj. að veita lán í þennan sjóð þegar sú nýja stefna er nú uppi, að Verðjöfnunarsjóðinn skuli reka á lánsfé eins og farið er nú að reka ríkið í sívaxandi mæli? Eða verður einhver ríkisábyrgð í þessu tilviki? Eða verður tekið veð í eignum í greininni? Ef svo er, ef meiningin er að ávísa á tóman sjóð, taka lán með einum eða öðrum hætti sem brýtur þvert á markmið Verðjöfnunarsjóðsins, hverning á þá að borga þetta til baka? Sér ráðh. fyrir sér að verð á afurðum muni hækka um yfir 40% á næstu misserum? Það þarf að hækka yfir 40% til þess að það verði þarna afgangur í greininni til þess að borga af þessu láni. Ég fæ hvergi séð það í gögnum eða af því, sem ég fylgist með, að horfurnar séu slíkar. Eða ætlar ráðh. að beita sér fyrir stórkostlegri lækkun á loðnuverðinu? Er hann að hugsa um kannske 20—30% lækkun á loðnuverðinu? Hver verður staða sjómannanna, sem þessar veiðar hafa stundað, þegar það gerist á sama tíma að loðnumagnið er skorið niður og ef síðan á að bæta því við að lækka loðnuverið um tugi prósenta? Hvaða upphæð skyldi það vera sem vantar, spyr ég hæstv. ráðh., til þess að endar nái saman í þessu dæmi? Mér sýnist í fljótu bragði að hér sé um að ræða 50—70 millj. kr. til þess að endar nái saman bara á þessari haustvertíð. Hver eru þau ráð sem hæstv. sjútvrh. hefur til að jafna þennan mun? Hver eru þau ráð sem hann hefur til þess að borga lán ef á að reka þetta á láni? Og hver verða veðin fyrir því láni ef það yrði tekið? Verður það veð í eignum manna í greininni, eignum í útgerð, í loðnuskipum eða í verksmiðjum — eða verður veðið eins og stundum áður í skattpeningum almennings í landinu? Er stefnan kannske líka í þessu máli að redda bara til sem allra, allra skemmst tíma, kannske fram yfir landsfund eða eitthvað slíkt? Er það kannske meginmarkmiðið hér, einhverjar dagsetningar sem sitja fastar í kollinum á ákveðnum stjórnmálamönnum? Er það það sem allt stendur á? Er það kannske svo að hæstv. sjútvrh. viti hvernig hann á að leysa þetta mál, en hann fær það ekki fyrir meðráðh. sínum?

Ég hef veitt því athygli á undanförnum fáeinum dögum og vikum, að þegar efnahagsmál og málefni útgerðargreina og sjávarútvegsins í heild ber á góma, þá

kveinka þeir sér, hæstv. ráðherrar, yfir því, að gengisþróunin sé svo óhagstæð. En það eru bara nokkrar vikur síðan þeir voru að hrósa sér af stefnu sinni í gengismálum. Hvernig ætla menn að láta þetta dæmi ganga upp? Og liggur ekki á borðinu að sú þróun, sem hefur orðið í gengismálum fyrir tilverknað annarra, hefur verið stórkostleg búbót fyrir íslenska þjóðarbúið? Stefna ríkisstj. í þessum málum hefur í raun og sannleika verið sú að einblína á að láta Reagan forseta Bandaríkjanna hjálpa til við að koma verðbólgunni niður, en gera ekkert sjálf.

Ég get ekki komist hjá því, herra forseti, að minnast aðeins á annað mál í þessu sambandi, í sambandi við sjávarútvegsmálin. Hversu stóran þátt skyldi það eiga í þessu máli hver stærð skipastólsins er? Hversu auðveldara væri þetta mál ekki viðureignar ef ekki hefði verið sett af stað bylgja af innflutningi fiskiskipa? Hversu miklu auðveldara hefði þá ekki verið að láta þetta dæmi ganga upp? Hefði þá ekki tilkostnaðurinn verið þeim mun minni? Datt hæstv. ráðh. þetta aldrei í hug þegar hann setti bylgjuna af stað? Datt honum aldrei í hug að sú stefna, sem hann hefði í skipastólsmálum, mundi koma í bakið á honum síðar? Hversu stór hluti í þessum vanda er það, að skipastóllinn hefur sífellt verið að stækka og skömmtunina verður að auka? Hversu miklu meira mætti ekki láta koma í hvern hlut ef skipastóllinn væri við hæfi miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna?

Þau vandamál, sem við stöndum frammi fyrir, eru mikil. Það er hlutverk hæstv. sjútvrh. að ráða fram úr þessum fiskverðsmálum í heild. Er hæstv. ráðh. ráðþrota í þessum efnum eða hefur hann ekki vilja — eða er það afgangurinn af ríkisstj. sem hefur ekki vilja ef ráðh. veit hvað hann vill? Ég spyr, hvort menn hafi ekki viljann, vegna þess að boðað var: Vilji er allt sem þarf. — Og það á auðvitað við í þessu máli ekki síst.

Auðvitað verður leyst úr þessu. Íslenskt efnahagslíf stenst ekki nema þessi hjól snúist. En hvenær og hverning? Hvað á skaðinn að fá að verða mikill? Ætlar hæstv. ráðh. að beita sér fyrir káklausnum, sem fresta vandanum, bara til þess að þóknast meðráðherrum sínum, en ekki af því að hann viti ekki betur? Telur ráðh. að slíkar aðferðir séu skynsamlegar? Hefur hann ekki kraft og styrk til þess að fá samstarfsaðila sína í ríkisstj. til að standa að almennilegum úrlausnum? Þetta verður þjóðin að fá að vita. Hver er stefnan? Hve lengi á að láta danka? Hve lengi eiga sjómenn, útvegsmenn og fiskverkunarfólk að búa við þessa óvissu? Spurningin er: Hvenær verður fram úr þessu ráðið, hverning verður það gert, hver er stefnan? Er stefnan bara að fresta?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er sjálfsagt að verða við beiðni hv. 1. þm. Vestf. um að gefa Alþingi skýrslu um stöðu þessara mála í sjávarútvegi. Ég verð hins vegar að biðja hv. þm. að meta það, að margt í þessum málum er nú á mjög viðkvæmu viðræðustigi milli seljenda og kaupenda og þar eru hlutir í gangi sem mér er vart unnt að skýra frá, enda á annarra vegum þó að það sé gert í samráði við okkur. En ég mun gera þetta eins ítarlega og ég tel nokkurn kost. En ég vil nefna það jafnframt, að ég hef óskað eftir fundi með sjávarútvegsnefndum Alþingis og vænti þess, að hann verði á morgun kl. 4, og þá mun ég dreifa þeim gögnum sem fyrir liggja um þetta mál. Ég vona að í því, sem ég segi hér, fái ég einnig svarað því sem er málefnalegt í ræðu og fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda áðan, hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Ég mun hins vegar leiða hjá mér stóru orðin hans. Ég vil bara segja það, að það er dálítið undarlegt að hlusta á þennan hv. þm. tala hér af slíkri kokhreysti nú. Ég sat í ríkisstj. með honum á annað ár, og það verð ég að segja, að ég hef ekki í annan tíma heyrt eða séð meiri vandræði í sambandi við sjávarútveginn. En ég leiði þessi stóru orð hjá mér og það er best að leyfa hv. kjósendum Alþfl. að dæma. Mér sýnist að þeir séu á góðri leið hvort eð er að gera það.

Í sambandi við fiskverðið vil ég fyrst minnast á nokkrar undirstöðuupplýsingar og tek þá fyrst botnfiskveiðar og vinnslu. Ég vil nefna það, að við ákvörðunina á fiskverði í júní s. l. var talið að frystingin væri þá rekin með halla sem næmi 2.5%. Þetta var mat Þjóðhagsstofnunar, vil ég taka fram, en fiskvinnslumenn töldu að hallinn væri nokkru meiri. Hins vegar, eins og margoft hefur komið fram, taldi Þjóðhagsstofnun að hagnaður af skreið og saltfisk væri mjög verulegur. Ég sé ekki ástæðu til að fara með þær tölur hér, en hann er mjög verulegur og taldi Þjóðhagsstofnun að heildarafkoma vinnslunnar væri vel fyrir ofan núllið. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram, að það er alls ekki unnt að leggja algerlega til grundvallar slíkar heildarafkomutölur því að þetta er ákaflega breytilegt á milli landssvæða og húsa. Það er mjög breytilegt hvað saltfiskur er mikill og skreið, og reyndar er aðstaða til slíkrar verkunar ákaflega mismunandi um landið. Þess vegna hefur vitanlega slík heildarafkoma aldrei verið lögð fullkomlega til grundvallar, en hins vegar tek ég tillit til hennar og tel reyndar að það hafi verið óumdeilt að á hana yrði litið.

Frá því að þessi niðurstaða varð í júní hefur það hins vegar gerst, að afkoma frystingarinnar hefur stórlega versnað og er metið af Þjóðhagsstofnun að tap á frystingu sé nú mínus 6.7%. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnun að svipaður hagnaður og áður var sé enn af skreið og saltfiski og að afkoma vinnslunnar í heild sé enn þá nokkuð fyrir ofan núllið. Menn hafa að sjálfsögðu athugað mjög vandlega hverning stendur á þessari miklu breytingu hjá frystingunni þrátt fyrir hækkað verð á flökum á Bandaríkjamarkaði. Svörin við þessu eru ekki einhlít, það er margt sem þessu ræður. Skal ég nefna þar nokkur atriði.

Í fyrsta lagi hefur orðið verðfall á blokkinni á Bandaríkjamarkaði um kringum 8—10%, mismunandi eftir fisktegundum. Í öðru lagi hefur orðið veruleg röskun og breyting á gjaldeyrismörkuðum. Það hefur orðið, eins og hv. þm. þekkja, mikið verðfall á gjaldeyri Evrópulanda, en dollarinn hefur hækkað. Og staðreyndin er sú, að fyrstingin hefur í lok síðasta árs og byrjun þessa árs gert mjög ítarlega tilraun til þess að auka sína framleiðslu, sérstaklega í Bretlandi. Þegar birgðasöfnun varð á síðasta ári vegna tregðu í sölu á Bandaríkjamarkaði var lögð á það áhersla af hygg ég öllum aðilum, sem að því máli komu, að leitað yrði eftir aukinni sölu í Bretlandi, og við þessu brást frystingin að mínu mati á kröftugan hátt. Þessi sala jókst verulega. Hins vegar verður að segja eins og er, að breyting til baka varð hægari en menn höfðu gjarnan viljað á þessu ári þegar sú röskun varð í gjaldeyrismálum sem ég nefndi áðan.

Þjóðhagsstofnun metur að óhagstæð framleiðslusamsetning frystingarinnar þýði um 4% lakari afkomu hennar. Ef þetta er rétt er komin þarna sú verri afkoma sem nú er orðin miðað við það sem var í júní. Hins vegar vil ég taka það skýrt fram, að allir eru sammála um að

það er aldrei hægt að gera þær kröfur, að svona vinnsla geti hagað seglum algerlega eftir vindi og hlaupið frá einni vinnslu í aðra eftir því hvað gerist á gjaldeyrismörkuðum heimsins. Þetta kemur þarna aðeins fram sem skýring á verri afkomu. Jafnframt hefur því nokkuð verið haldið fram, að skortur á vinnuafli í sumar hafi valdið því, að ekki hafi verið unnt að nýta aflann eins og vera bæri í flök. Þetta hefur nú verið kannað nokkuð og er áreiðanlega nokkuð rétt. Það hefur verið minna af reyndum starfsmönnum í vinnslunni í sumar og orðið að nýta starfslið sem hefur ekki eins mikla reynslu og ekki eins mikil afköst og þá ekki ætíð hægt að koma miklu hráefni frá í það sem verðmætast er, en krefst mestrar vinnu. Ég get aðeins getið þess hér í þessu sambandi, að á fundi, sem haldinn var á Ísafirði nýlega, upplýsti Eyjólfur Ísfeld — og það var birt í blöðum — að aukin framleiðsla á Bretlandsmarkað í SH-húsum væri um 10% á fyrstu 8 mánuðum þessa árs og þar af reyndar á Vestfjörðum 60% aukning á milli ára, sem er náttúrlega gífurlega mikið. Skýringin á því með Vestfirðinga mun fyrst og fremst liggja í því, að mjög mikil framleiðsla á Bretlandsmarkað var á fyrsta hluta ársins, en menn gerðu sér ekki eins glögga grein fyrir því og síðar varð, að pundið félli svo mjög með tilliti til dollarans. Slík er því afkoma frystingarinnar þegar nú er sest niður til að ákveða fiskverð, og ég vil svo minna hv. þm. á það, sem vitanlega er öllum ljóst, að Verðlagsráði ber að ákveða fiskverð eftir ákveðnum leiðum sem þar eru farnar og ég vil fullvissa hv. fyrirspyrjanda að það hefur engu verið breytt um meðferð í Verðlagsráði í þessu máli frá því að hann sat í þessum stól eða hv. þm. Matthías Bjarnason. Það hefur verið unnið á nákvæmlega sama máta. Þar hafa vitanlega í samráði við ráðh. og á stöðugum fundum með þessum aðilum, þegar í vandræði er komið, verið lagðar fram upplýsingar Þjóðhagsstofnunar, þær skoðaðar af báðum aðilum eins og frekast er unnt og um þær upplýsingar fjallað. Á þessu hefur ekki verið nokkur minnsta breyting. Ég hef rætt það við forstöðumann Þjóðhagsstofnunar og fengið hjá honum þær upplýsingar sem sannfæra mig um að þar er ekki nokkur breyting á. Í Verðlagsráði hefur það gerst að seljendur hafa lagt fram tillögur um 9% fiskverðshækkun, en kaupendur hafa ekki lagt fram neina tillögu og hafa borið því við, að svo mikil breyting hafi orðið á grundvelli frystingar af þessum ástæðum, sem ég rakti áðan, og afkoma hennar svo slök að þau mál þurfi að athuga miklu betur en gert hefur verið.

Sú athugun hefur farið fram og viðræður hafa að sjálfsögðu verið tíðar við þessa menn og síðast í gær átti ég ásamt forsrh. fund með fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Áður en ég kem að því sem þarna má gera vil ég hins vegar nefna það, að ítarleg skoðun hefur farið fram í sumar sérstaklega á afkomu þess hluta togaraflotans sem verst stendur, og munu það vera um 20—25 skip. Var valin sú leið að athuga afkomu þeirra togara sem skráðir eru 1977 og síðan. Í ljós kemur, þegar þetta er athugað, að gífurleg aukning hefur orðið á fjármagnskostnaði þessara skipa, og það virðist ljóst, að það er fjármagnskostnaðurinn sem ríður baggamuninn hér. Á því er ekki nokkur vafi. Það er alveg ljóst að þeir, sem eiga ekki um 50% eigið fjármagn í slíkum tækjum, fá ekki við reksturinn ráðið. Að vísu kemur fleira til. Það er gífurlegur aflamunur, meira að segja á þessum skipum frá 6500 lestum á ári niður í 2700—2800 lestir, þar sem ekki verða verulegar tafir frá veiðum vegna bilana. Vitanlega er það vonlaust dæmi þegar á slíkt er litið. En engu að síður er mjög áberandi hvað fjármagnskostnaður rýkur upp úr öllu valdi og eru mörg tilfelli þar sem vaxtakostnaðurinn einn, eins og tekist hefur að aðgreina hann, er í kringum 25—30 og jafnvel yfir 30%. Ég vona að menn geti allir sæst á það, að slíkt er útilokað. Og hvað er þá til ráðs að taka?

Ég vek athygli á því, að við gengisbreytingar árum saman hefur tíðkast að fjármagn hefur verið fært yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa og áhrif gengisfellingar á þessi skip hafa verið greidd niður þannig að t. d. 10% gengisfelling hefur orðið 6% gagnvart þessum skipum, sem er náttúrlega ákaflega mikilvægt þar sem lánin eru gengistryggð. Og þó að mikilvægt sé að koma hér á skuldbreytingu, eins og verið er að gera og t. d. Fiskveiðasjóður og Byggðasjóður eru komnir langleiðina með mjög verulega umtalsverða skuldbreytingu, þá nægir það ekki til, og þótt haldið verði áfram að breyta þeim vanskilaskuldum í skil, eins og verið er að gera þokast jafnt og þétt í rétta átt, þá er það mín sannfæring að þarna þurfi að koma í raun og veru til viðbótar, eins og áður var, niðurgreiðsla á þessum skuldum, þ. e. í gegnum Stofnfjársjóð fiskiskipa þurfi að koma, eins og áður var, nokkur lagfæring á stofnkostnaði. En fyrst og fremst nefni ég þetta vegna þess að það er mjög áberandi að fjármagnskostnaður, ekki bara veiðanna, heldur líka vinnslunnar og atvinnufyrirtækjanna í heild er orðinn gífurlegur. Það er að mati Seðlabankans búið að ná nokkurn veginn því sem stefnt er að með Ólafslögum: fullri verðtryggingu inn- og útlána. Hér eru hins vegar notaðir dráttarvextir sem eru miklu hærri að sjálfsögðu, 54% á ári, ákaflega mikið notaðir. Skuldheimtumenn eru mjög fljótir að beita dráttarvöxtum og miklu meira en áður tíðkaðist. Sannfæring mín er sú, að dráttarvaxtanotkun sé í algeru óhófi. Vitanlega eiga að vera dráttarvextir, en spurningin er hvort dráttarvextir eigi að vera það háir að menn beinlínis leiti ekki annarra leiða til að heimta inn sínar skuldir og láti þær standa á dráttarvöxtum með þeirri miklu aukningu og miklu tilfærslu sem þá verður á flutningi fjármagns til banka, til lánastofnana, til sjóða og yfirleitt til þeirra sem fjármagnið eiga. Ég get getið þess hér til upplýsingar af því að það hefur m. a. verið minnst á það hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og ég sé það í blöðum í dag, að endurmatsaukning á gjaldeyrisstöðu Seðlabankans var árið 1977 um 650 millj. kr., 1978 3.5 milljarðar, 1979 8.5 milljarðar, en 1980 er það komið upp í 27 milljarða. Ég skal ekkert dæma um þetta. Það bættust við á síðasta ári 18 milljarðar. Þetta er vitanlega komið frá útflutningsatvinnuvegunum að einhverju leyti, auk þess sem gjaldeyriseign bankans er að sjálfsögðu tryggð erlendis o. s. frv. En þarna er ekki um tvöföldum milli ára að ræða, þarna er um eitthvað nálægt þreföldun milli ára að ræða í sumum tilfellum. Ég met þetta svo að þarna sé um verulegar tilfærslur frá atvinnuvegunum til fjármálastofnananna að ræða. Þess vegna hef ég beitt mér fyrir því, gerði það reyndar þegar í fyrra, að viðræður yrðu við Seðlabankann um þessi mál, og ég minni á það, að í fyrra náðist samkomulag við Seðlabankann um að endurgreiða 3.6 milljarða af gengishagnaði bankans og það var gert. Þessar viðræður hafa einnig verið nú, m. a. með þeim afleiðingum að Seðlabankinn hefur fallist á að endurmeta afurðalánin, sem veitt voru í dollurum, en þar sem gjaldeyri var skilað í

Evrópugjaldeyri, og hefur fallist á að leiðrétta það frá áramótum. Sú leiðrétting nemur um 34—35 millj. kr. Þá tala ég að sjálfsögðu í nýkrónum, en tölurnar á undan voru í gömlum krónum. Af því er metið að um það bil 24 millj. kr. renni til frystingarinnar vegna mikillar framleiðslu hennar á Evrópumarkað, Bretland, eins og ég gat um áðan. Þetta er nálægt 1% af framleiðsluverðmæti frystingarinnar. Auk þes hafa átt sér stað viðræður við Seðlabankann um það, hvernig megi greiða þá skuld sem er í frystideild. Ég vil í því sambandi vekja athygli á því, að fyrr hefur verið stofnað til skuldar þar, á árinu 1976 og reyndar 1977—1978. Í brbl., sem gefin voru út fyrst í jan. 1978 og síðan í sept., ef ég man rétt, 1978, er ákvæði sem segir að af gengishagnaði skuli tekið til þess að greiða þá skuld sem safnast hafði í þessum deildum, þ. e. að endurgreiða ríkissjóði það sem hann hafði orðið að greiða í þessu sambandi.

Ég sagði áðan að nú standi yfir viðræður við Seðlabankann um að ráðstafa einhverju af gengisuppfærslunni frá gengisfellingunni 26. ágúst til að greiða þessa skuld og til að greiða til baka til annarra vinnslugreina líka eitthvað af gengishagnaði bankans. Ég leyfi mér að fullyrða að samstarf muni nást við bankastjórana um þetta mál og þannig leysist þessi skuld og greiddar verði þessar 25 millj. sem hér er um að ræða. Þetta á hins vegar að sjálfsögðu eftir að fara fyrir bankaráð og reyndar víðar. Um þetta þarf að setja lög, eins og gert var með brbl. 1978. En ég leyfi mér að fullyrða að þetta muni leysast.

Hér var áðan spurt að því, hvort forsendur væru ekki brostnar fyrir því að taka í Verðjöfnunarsjóð 2.286% af gengisfellingunni síðustu. Ég er því sammála því að dollarinn hefur sigið og er kominn niður fyrir það sem hann var 26. ágúst s. l. Hann sveiflast nú einhvers staðar í kringum 7.52—7.53 aura, en var áður 7.90. Nákvæmlega upp gefið er hann 26. ágúst 7,903, en var 12. okt. 7,525, en hefur svo breyst eitthvað smávegis síðan. Ég er því sammála um að forsendur fyrir þessu eru brostnar, og ég mun því leggja til við ríkisstj. að notuð verði heimild í brbl. til að undanþiggja frystinguna því að greiða þennan þátt. Hins vegar hefur um þessi mál verið fjallað gagnvart saltfiski og skreið og er ekki talin ástæða til að undanþiggja þær greinar. Þvert á móti er talin rík ástæða til þess að þær safni nokkru í þennan sjóð sem ég heyrði að hv. fyrirspyrjandi bar mjög fyrir brjósti, og ég er honum út af fyrir sig alveg sammála. En af því að um þennan sjóð er talað vil ég upplýsa það, að samtals er inneign í Verðjöfnunarsjóði 46 millj. kr. og að sjálfsögðu hækkar hún um þessar 25 millj. Ef meira af þessum gengismun Seðlabankans verður greitt í sjóðinn, sem ég geri fastlega ráð fyrir, mun staða hans batna mjög verulega á næstu vikum. Ég get jafnframt upplýst, ef menn hafa áhuga á því, að innistæðan í humardeildinni er u. þ. b. 14 millj. kr., rækjur 5 millj., saltfiskur 21 millj., saltsíld 1.5 millj. og fiskimjöl 2.5 millj. kr.

Ég vil loks geta þess í sambandi við botnfiskverðlagninguna eða fiskverðið, að í framhaldi af fundum, sem stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna átti með forsrh. og mér í gær, mun málið verða rætt í ríkisstj. í fyrramálið og ræddar þar nýjar ábendingar sem fram komu hjá þessum aðilum, ef það getur orðið til að leysa málið. Ég vil í þessu sambandi loks geta þess, að það er vitanlega alveg ljóst, og ég tek undir það, að ekki verður búið við þessa stöðu hjá frystingunni. Og ríkisstj. er fullkomlega sammála um það. Ég vil hins vegar segja að það er heldur skammgóður vermir að fella eingöngu gengið til að lagfæra slíka stöðu. Með alla hluti gengis- og vísutölubundna, eins og við vitum, er þetta komið inn í verðbólguna samstundis, má segja, og nú er svo komið að 1% gengisfelling þýðir 1% hækkun vísitölu.

Hv. fyrirspyrjandi talaði töluvert um óraunhæfa gengisskráningu. Það má vel vera og það er Seðlabankans að fjalla um það. Seðlabankinn kannaði það um miðjan ágúst og gerði þá tillögu til ríkisstj. sem farið var eftir. Það er Seðlabankans að hafa frumkvæði í þeim málum, en vinna það í samráði við ríkisstj. Mér sýnist alveg ljóst að það verðfall, sem orðið hefur á dollara síðan þá, breyti forsendum, og ég geri fastlega ráð fyrir því, þó að ég hafi ekki fjallað sérstaklega um það, að Seðlabankinn skoði málin í því ljósi. Frá áramótum hefur gengi krónunnar fallið u. þ. b. um 20% miðað við dollara og einhvers staðar í kringum 9% miðað við meðalgengi. Ég viðurkenni að það er stíft haldið á þeim málum, og ég viðurkenni einnig að með því móti hefur þeim greinum útflutningsatvinnuveganna, sem ekki hafa náð hækkun á annan máta, verið settur ærið þröngur kostur. Ríkisstj. er hins vegar að sjálfsögðu á einu máli um það, um það er ekki nokkur ágreiningur, að rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins og reyndar iðnaðar líka verður að vera tryggur og það verða að haldast í hendur öruggur rekstrargrundvöllur og hjöðnun verðbólgunnar sem er vitanlega sú meinsemd sem alvarlegust er.

Ég ætla þá næst að koma að síldarverðinu. Ég vil lýsa undrun minni á ýmsu sem hv. þm. sagði um það mál, eins og t. d. um þá reglugerð sem var gefin út um ferskfiskmat. Eitt af fyrri bréfum, get ég sagt, sem komu á mitt borð, var bréf frá vinnslunni eða saltendum þar sem var lögð mikil áhersla á að fá þetta mat. Þeir töluðu við mig persónulega og báru sig mjög undan því, að fyrri beiðnum um þetta mál hefði ekki verið sinnt þrátt fyrir að í lögum um ferskfiskmat segi, að Ferskfiskmatið skuli meta ferskan fisk sem á land komi, og töldu þeir að þeir hefðu lög að mæla þegar þeir óskuðu eftir slíku mati. Ég skal svo sannarlega láta athuga hvort slíkar beiðnir hafi ekki komið inn áður. Þeir fullyrtu við mig að þeir hefðu komið með slíkar beiðnir áður, og skal ég þá upplýsa hv. þm. um það. Þetta er því gert að beiðni þeirra og reglugerðin sett í samráði við þá og sérstaklega síldarútvegsnefnd. Hún var sett þótt mönnum væri fyllilega ljóst að hún mundi valda deilum við seljendur. En ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að allt, sem ætla má að leiði til þess að bæta gæði okkar framleiðslu, mun ég gera, og vitanlega þarf að gera það þannig að samstaða geti orðið um það. Um þessa reglugerð vil ég segja það jafnframt, að síðustu tvo daga hefur framkvæmd hennar verið mjög ítarlega skoðuð og ljóst er að í upphafi þeirrar framkvæmdar hefur verið gengið miklu harðar fram í þessu mati en virðist rökrétt. Það hefur verið metin í úrgangsflokk síld sem vissulega má nota til söltunar, við skulum segja haussköddud síld. Þótt annað kjálkabarðið vanti eða eitthvað slíkt má vitanlega salta þá síld, og ég gæti talið upp fleiri slíka höfuðgalla á síldinni sem ég veit ekki hvort þm. hafa út af fyrir sig áhuga á. Á þetta hefur verið fullkomlega fallist af saltendum, að þarna væri um allt of harðan framgang að ræða, og rætt hefur verið við Ferskfiskmatið og samkomulag hefur náðst við saltendur og við sjómenn, að vísu með þeim fyrirvara að annað takist líka, um að viss breyting verði gerð á framkvæmd þessar-

ar reglugerðar þannig að það verði ekki metin til úrtaks síld sem nýta má í fullboðlega framleiðslu. Jafnframt hef ég ákveðið að skipa nefnd til að athuga framkvæmd þessa mats enn betur fyrir næstu vertíð þannig að menn læri af þessari reynslu og reyni að koma sér niður á eðlilegan framgangsmáta.

Það, sem þarna hefur náttúrlega fyrst og fremst valdið vandræðum gagnvart sjómönnum, er það mat sem framkvæmt var á fyrstu dögum þessara framkvæmda, og ég vil segja að séu miklu frekar mannleg mistök, getum við sagt, mismunandi á milli manna. Hins vegar var strax gengið í að samræma þetta á milli matsmanna og þá breyttist matið mjög svo á síðari stigum.

Hins vegar er það að segja um síldveiðarnar, að þar hefur orðið lækkun í dollurum eins og menn vita, — lækkun sem er um það bil 6%. Auk þess hafa ekki náðst neinir samningar við Svía. Fyrst og fremst er þetta sala til Rússlands og samtals er þessi sala einhvers staðar í kringum 22—23 þús. lestir af síld. Ég vil lýsa því strax, að ég hef verulegar áhyggjur af því hvert sækir með síldveiðarnar. Það er ljóst að verið er að stórauka síldveiðar í Norðursjónum. Kanadamenn hafa tekið upp söluhætti sem ég held að séu ekki sérstaklega álitlegir. Þeir selja síld nú orðið beint yfir borðstokkinn, eins og sagt er, til Sovétríkjanna, og allt veldur þetta því, að það verð, sem við höfum fengið fyrir síldina áður fyrr, er í mjög mikilli hættu. Á því er ekki nokkur vafi.

Ákvörðun um síldarverð var tekin í yfirnefnd Verðlagsráðs, eins og lög gera ráð fyrir, eftir allmikla fundi. Eftir að síldarsaltendur höfðu endurskoðað nokkuð sínar tillögur, hækkað 1. flokkinn nokkuð, var samið og mátti þá segja að nokkurt meðaltal væri fundið. Í þeim ákvörðunum, sem þá voru teknar, var talið að skiptaverðið hækkaði um 18.5%, en hins vegar söltunin rekin með halla sem næmi frá 8—11% eftir flokkum. Hins vegar vil ég segja það, að það er ákaflega eðlilegt að síldarsjómönnum líki slík ákvörðun illa, og kemur þar fram megingallinn á okkar kerfi. Gengið hafði verið frá samningum um laun í vinnslu áður á mörgum síldarsöltunarstöðvum og launahækkunin er um 50% frá árinu áður. Það er mjög eðlilegt og ég get ekki annað en tekið undir það með sjómönnum, að það er óviðunandi að verðfallið skuli þannig allt lenda á þeim og þeir fá aðeins 18.5% hækkun, en eiginkonurnar, sem vinna í landi við söltun og aðrir, sem þar vinna, fá 50%. Þarna er ekki um aukinn afla að ræða sem bæti tekjur sjómanna.

Ég get tekið undir það með hv. þm., þó að ég ætli ekki að fara að tala hér um skipakaup, ég vil tala um það við hann síðar, minnist kannske á það örfáum orðum í lokin, — en ég tek undir það með honum, að það er ákaflega æskilegt að fækka bátum á síldveiðum. Ég hef skoðað það allt saman eins og ég hef getað. Við þetta glímdi hv. þm. þegar hann var í ráðherrastól, og hann veit mætavel við hvaða erfiðleika þar er að etja. Hverja á að hafa útundan? Hvaða báta í kjördæmi hv. þm. á að láta vera heima og hverjum á að leyfa að sigla og veiða? Þó að megi segja að þetta sé uppbót á þorskveiðarnar hjá þessum mönnum, þá er það mjög mikilvæg uppbót á þorskveiðarnar. Í ár var þetta enn þá skoðað og rætt við LÍÚ mjög ítarlega um leiðir í þessu sambandi. Það tókst ekki, en ég tel að ekki síst með tilliti til þess, sem framundan er á síldarmörkuðum, sé mjög nauðsynlegt að finna leið til að fækka bátum á síldveiðum. En þetta er náttúrlega meginástæða fyrir óánægju sjómanna sem var til þess, að þeir sigldu í land, eins og þeir hafa gert reyndar áður og a. m. k. hv. 1. þm. Vestf. kannast við. Frá því að það gerðist má segja að hafi verið stöðugir fundir um þessi mál, bæði með sjómönnum og með saltendum.

Hv. þm. lýsti furðu sinni á því, að ráðh. skyldi ekki hafa lesið skýrslu Fiskifélagsins lauslega. Vitanlega hef ég lesið skýrslu Fiskifélagsins. Og hann lýsti furðu sinni á því og vildi ekki trúa því, að einhver breyting hefði orðið á flokkun Fiskifélagsins á síld. Þá verð ég bara að segja að þá hefur hann ekki lesið skýrsluna nægilega vel. Þessar skýrslur Fiskifélagsins eru lagðar til grundvallar í mati Þjóðhagsstofnunar, og ég er sannfærður um að þeir ágætu menn, sem hjá Þjóðhagsstofnun eru, hafa sannarlega lesið þær skýrslur. En staðreyndin er sú, að í ljós kemur þegar þetta er nú athugað að Fiskifélagið hefur í ár slegið saman 1. og 2. flokki og út úr því kemur það, að síðasta ár er metið að 86% af síld fari í 1. flokk. Þetta vefengdu sjómenn og við athugun á því kom í ljós að sjómenn höfðu rétt fyrir sér. Þessi skipting er einhvers staðar í kringum 45% í 1. flokk og 40% í 2. flokk. Þetta breytir þannig þessu verði að í staðinn fyrir að koma út með 18.5% hækkun á skiptaverði á milli ára verða það 16.5%. Hv. þm. getur kennt ráðh. eða hverjum sem er um þetta, en þetta er staðreynd málsins. Svona var það unnið í tölvum Fiskifélagsins, og ég hef ekki fengið skýringar frá Fiskifélaginu á því, hvers vegna þetta var gert, vegna fjarveru manna þar sem eru ekki við í dag. En ég taldi sjálfsagt og fól forstjóra Þjóðhagsstofnunar að endurskoða reikninga sína um afkomu þessara greina með tilliti til þessara nýju upplýsinga, og þær breytast eins og ég hef sagt.

Af þeim fundum, sem nú hafa verið haldnir og fóru fram bæði á milli saltenda og fulltrúa sjómanna og einnig í minni viðurvist og hafa í dag verið haldnir hjá mér, er nú komið það, að sjómenn hafa verulega dregið úr fyrri kröfu og sagt að þeir fari fram á að fá hækkun á skiptaverði svipaða og hækkun hefur orðið á markaðsverði erlendis, sem er í kringum 28.4—30%. Þetta fer dálítið eftir flokkum og fleiru þess háttar. Ég verð að segja það, að mér finnst þessi krafa orðin mjög sanngjörn og raunar varla hægt að ætlast til þess, að sjómenn taki á sig meiri skell en þeir verða þannig fyrir. Og ég hef beitt mér fyrir því, að um þetta náist samkomulag. Ég tel allar líkur til að svo geti orðið. Vinnslan hefur viðurkennt að þetta sé ekki ósanngjörn krafa, og saltendur hafa lagt sig fram við að finna leið til að mæta þessu. Hins vegar blasir það að sjálfsögðu við, að ákvörðun Verðlagsráðs liggur fyrir yfirnefnd og það er erfitt að breyta henni. Á morgun mun verða fundur í Verðlagsráði því að sjálfsögðu verður Verðlagsráð að koma inn í þetta mál. Spurningin er hvort rangar forsendur, sem lagðar voru til grundvallar fyrri ákvörðun, geta nægt til þess, að Verðlagsráð megi taka þetta mál upp að nýju. Það væri út af fyrir sig mjög fróðlegt að heyra skoðun t. d. hv. fyrrv. sjútvrh. á því. Þetta er ákaflega viðkvæmt mál, og ég vil segja fyrir mitt leyti að það kemur ekki til greina, eins og ég hef sagt, að rifta ákvörðun Verðlagsráðs með lögum. Hins vegar ef Verðlagsráð er sammála um, að þarna hafi orðið mistök, og fer fram á að mega endurskoða það, þá finnst mér það allt annað mál. Ég vona því að lausn fáist á síldarmálinu mjög fljótlega.

Um loðnudæmið vil ég taka undir með hv. þm. að það er hrikalegt dæmi. Það er rétt að það vantar að mati Þjóðhagsstofnunar um 36% upp á að vinnslan fái uppi

borinn vinnslukostnað ef það verð, sem var ákveðið til bráðabirgða í ágúst og gilti fram til loka sept., á að gilda áfram, 450 kr. á tonnið. Þarna hafa gerst miklu alvarlegri hlutir en með síldina. Það hefur beinlínis orðið verulegt verðfall í dollurum á próteineiningu sem hefur lækkað úr 8.50 dollurum, sem var um tíma, niður í 7 dollara, og annað hefur gerst þar sem hefur komið mönnum á óvart. Ef menn líta á verðlagsþróun á mjöli í gegnum árin, þá er staðreynd að mjölið hefur hækkað öll árin að hausti til og stundum mjög mikið. Þess vegna töldu aðilar við verðákvörðun í ágúst rétt að taka bráðabirgðaákvörðun og endurskoða málið í október. Nú hefur hins vegar engin verðhækkun komið fram. Þvert á móti hefur lýsi enn þá fallið og dæmið verður þess vegna miklu verra. Með þeirri verðákvörðun, sem ákveðin var til bráðabirgða, hefði halli vinnslunnar orðið 11.1%, en er nú með óbreyttu verði kominn upp í 36%. Ég skal fúslega viðurkenna að ég sé ekki lausn á þessu dæmi í bráð. Það er verið að vinna að ýmsu en þetta er gífurlegur munur. Hv. þm., að því er mér heyrðist, mælti mikið með gengisfellingu. Er hann að mæla með því, að þessi munur verði brúaður með gengisfellingu? Ég vildi mjög gjarnan fá svar við þeirri spurningu. Mér fannst það liggja í orðum hv. þm. Ég get ekki mælt með því.

Ég treysti mér ekki á þessu stigi til að fara ítarlega út í þetta loðnumál. Ég mun hins vegar ræða það á fundum sjútvn. á morgun. Ég geri það ekki hér vegna þess að ég er með ýmislegt frá þessum aðilum sem þeir hafa ekki sjálfir kosið að birta á þessu stigi. Málið er komið á borð mitt núna. Það eru að byrja viðræður um það. Ég átti fyrsta fund í morgun með mjölframleiðendum. Ég hef vitanlega rætt við sjómenn og rætt við útgerðarmenn um þetta mál, en það verður að segja eins og er, að það hefur kannske verið meira til hliðar við síldina sem hefur verið fyrst og fremst til umræðu hjá okkur nú, en þó verið rætt og bryddað þar á ýmsum hugmyndum á báða bóga sem gætu dregið úr þessum mun. En ég vil segja strax að það hefur engin hugmynd komið fram hvorki frá mér né öðrum, sem gæti brúað þennan mun. Að vísu kom fram sú spurning, hvort ríkissjóður vildi ábyrgjast þennan mun og þar með líklega greiða hann. Þetta kom í blöðum. Þetta var rætt. Hv. þm. talaði um 70 millj. mun, en það hefur verið talað um 60 millj., það munar ekki miklu. Ég treysti mér ekki til að mæla með því, að ríkissjóður greiði slíkt. Ég veit ekki hvaðan þeir peningar ættu að koma, enda er ljóst að þá geta fleiri gengið í skrokk á ríkissjóði, t. d. iðnaðurinn í landinu sem býr við vissa erfiðleika, en miklu minni en þarna eru með loðnuna. Vitanlega verður að rétta grundvöll þessara atvinnuvega og að því er ítarlega unnið. Ég veit að það tekur ekki langan tíma að grípa til þeirra aðgerða sem eru nauðsynlegar, en þar verður ekki unnt að miða við eina grein sem stendur langtum, langtum lakar en aðrar. Þar verður að koma til önnur lausn sem geti þá fleytt henni yfir vonandi tímabundið ástand. En það mál er ákaflega erfitt eins og ég sagði.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að ræða mikið um skipastólinn. Ég er mjög ósammála hv. þm. um þau mál. Ég er með tölur sem sýna að samþykkt nýsmíði á skipum í hans ráðherratíð fór margfalt fram úr því sem úrelt var og tekið úr notkun. Ég hef verið að reyna að miða við að endurnýjun fari þarna fram. Ég held að menn geti heldur aldrei tekið tonnatöluna af þorski eða tonnatöluna af einhverjum afla og deilt í með tonnatölu báta og sagt: Sjáið, þeir geta veitt miklu meira. — Þetta er breytilegt eftir landshlutum, þetta er breytilegt eftir árstíðum. T. d. get ég upplýst að það var sett af stað í sumar vinna að því að miðla afla, og tók Landssamband ísl. útgerðarmanna það að sér í samráði við okkur í sjútvrn. og viðskrn. Þegar óskir voru um siglingar var hringt um allt land til að spyrja hvort menn gætu tekið við afla, og þá voru svörin alls staðar nei. Ég held að það hafi tekist að losna við einn togarafarm, og mig minnir að 2—3 staðir hafi svarað: Við getum tekið 50 lestir. — Það siglir enginn togari með fullfermi inn og landar 50 lestum og svo út aftur. Hins vegar kemur í ljós að þegar menn fara að hringja og biðja um afla, þá er hann ekki til, þá er ekki afgangsafli. Ég verð að segja það, að eftir marga fundi, sem ég átti með mætum og duglegum aflamönnum hér á Suðvesturlandi á síðustu vertíð, og viðræður við þá þótti mér það athyglisvert, sem þeir sögðu um slíkar hugmyndir. Þeir sögðu: Þó að þú fækkir bátum á vertíðinni komum við ekki með meira í land, það er alveg ljóst. Við erum of hlaðnir störfum eins og er. Alveg sérstaklega þegar verið er að auka kröfur um meðferð aflans, betri gæði, þá getum við ekki gert það. Og það er náttúrlega svo að við verðum að sinna veiðunum þegar fiskurinn gefur sig. — Það er alveg ljóst, að bátaflotinn er of stór á öðrum tímum, en hann er ekki of stór ef við ætlum að veiða eins mikið hér við Suðvesturland og við höfum gert s. l. tvö ár. Og ég er undrandi ef hv. þm. vill draga verulega úr því.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég óskaði eftir því á fundi í Sþ. í gær við hæstv. forseta að þessi mál yrðu tekin til umr. í Sþ. í dag, og jafnframt óskaði ég eftir því, að hæstv. sjútvrh. skýrði frá stöðu þessara mála þannig að Alþingi fengi tækifæri til að fylgjast með því sem þar er verið að gera. Þessar umr. hafa nú farið nokkuð á annan veg, því að 2. þm. Reykn. var svo brátt að hann mun ekki hafa fallist á þessa málsmeðferð. Ég hefði talið allra hluta vegna eðlilegt að hæstv. sjútvrh. skýrði málin, eins og ég fór fram á í gær, en ég kærði mig ekki um að taka hér til máls fyrr en ráðh. væri búinn að tala þar sem það er í fullu samræmi við það sem ég óskaði eftir fyrir hönd míns flokks í gær.

Áður en við förum að ræða ítarlega þettta efni finnst mér rétt að rifja upp stefnu núv. hæstv. ríkisstj. sem hún kunngerði í sínum stjórnarsáttmála, en þar segir í kaflanum um sjávarútveg:

„Í sjávarútvegsmálum verði lögð höfuðáhersla á eftirfarandi atriði:

1) Fiskveiðar og fiskvinnsla verði samræmd eftir því sem tök eru á, þannig að hagnýting fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja verði sem best. Í þeim efnum verði komið á samstarfi þeirra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta, um löndun afla og dreifingu milli staða með það markmið í huga að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinnuöryggi þess fólks, sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar.

2) Lögð verði áhersla á að auka nýtingu hráefnis og draga úr kostnaði, jafnt við veiðar og vinnslu. Gerð verði áætlun um framleiðniaukningu í fiskiðnaði og sérstök áhersla lögð á, að fiskverkunarfyrirtæki nái almennt því marki í hagkvæmum rekstri, sem nú þekkist best. Ráðstafanir verði gerðar til þess að beina fjármagni til þessa verkefnis.

3) Aukin verði hagnýting þeirra fiskstofna, sem nú eru lítið nýttir, samhliða því að fjölbreytni í fiskverkun og hagnýtingu sjávarfangs verði aukin.

4) Fiskveiðistefnan verið ákveðin þannig að hagsmunaaðilum sé ljóst með góðum fyrirvara, hvaða reglur eigi að gilda um nýtingu fiskimiðanna, og framkvæmd stefnunnar verði endurskoðuð með það í huga að tryggja sem víðtækust samráð."

Svo mörg eru þau orð sem núv. hæstv. ríkisstj. lagði til grundvallar í sjávarútvegsmálum, og nú getur hver og einn spurt sjálfan sig og aðra hvernig til hefur tekist með þau ágætu loforð sem þarna eru gefin. Ég held að þegar við lítum yfir farinn veg þetta tímabil, sem núv. ríkisstj. hefur starfað, standi ekki steinn yfir steini í þessari stefnumörkun í sjávarútvegsmálum.

Hæstv. forsrh. hélt stefnuræðu ríkisstj. 23. okt. 1980, og þar segir hann:

„Útgerðin hefur átt í verulegum rekstrarerfiðleikum síðustu mánuði, og stafar það fyrst og fremst af hækkun á olíu og öðrum útgerðarkostnaði. Með ákvörðun um fiskverð 1. okt. er bráttóafkoma útgerðar orðin jákvæð að mati Þjóðhagsstofnunar. Skreiðar- og saltfiskverkun hefur staðið vel og virðist ástæða til að ætla að svo verði einnig á næsta ári. Gerðir hafa verið viðunandi samningar um sölu á saltsíld. Frystingin hefur átt í verulegum erfiðleikum. Í lok síðasta árs var verðhækkunum innanlands og stöðnun fiskverðs á Bandaríkjamarkaði ekki mætt með nauðsynlegri aðlögun gengis. En með ýmsum aðgerðum stjórnvalda, miklu gengissigi undanfarnar vikur, minnkandi birgðum og hagkvæmari framleiðslusamsetningu telur Þjóðhagsstofnun að rekstrargrundvöllur frystingarinnar sé að vera jákvæður."

Og enn segir í stefnuræðunni: „Ríkisstj. hefur gert ráðstafanir til þess að bæta frystihúsunum upp á einn eða annan hátt, einkum með aðlögun gengis, bæði tekjutap og útgjaldahækkanir sem orðið hafa síðan stjórnin var mynduð. Hagur frystiiðnaðarins hefur því ekki versnað á þessu 8 mánaða tímabili. En til viðbótar þeim erfiðleikum, sem orðið hafa síðan í febr. og leyst hefur verið úr, kemur sá vandi frystihúsanna sem skapaðist á tímabilinu okt. 1979 og febr. 1980." — M. ö. o. er það viðurkennt, að til þess að endar nái saman hefur þurft að beita gengissigi. Þessi ræða er flutt 23. okt., en eftir þann tíma verður mikið gengissig og allt til áramóta.

Í sept. 1978, þegar vinstri stjórnin var mynduð, var dollarinn í 260.40 kr. Í febr. 1980 er dollarinn kominn í 400.70 kr. en um áramótin eða eftir tæplega 11 mánaða valdatíma núv. hæstv. ríkisstj. er verð á dollarnum komið í 614.70 kr. M. ö. o. er viðurkennt að það þurfi að mæta erfiðleikum útflutningsatvinnuveganna og sér í lagi frystiiðnaðarins með stórfelldum gengislækkunum. Það er talað um í stefnuræðunni í fyrra að gengissigi hafi verið beitt og hagur frystingarinnar standi því þá með nokkuð góðum hætti, þegar dollarinn er í ca. 439.20 kr, en þrátt fyrir þetta fer dollarinn, eins og ég sagði áðan, í 614.70 kr. til áramóta. Það er því ekkert hikað við að beita gengislækkunum þennan tíma, — ekki af því, að ég ætla, að þessir menn telji eitthvert sáluhjálparatriði fyrir íslenskt þjóðfélag að lækka gengi krónunnar, heldur hinu, að gengisbreytingunni er beitt af illri nauðsyn vegna þess að verðbólgan er það mikil innanlands að það verður að lækka gengi dollarans og gengi íslensks gjaldmiðils til þess að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi.

Það er þetta sem gerðist þá. En svo er tekin saman ný stefna um áramót, sem að vísu gekk nokkuð erfiðlega að berja saman, en var þó birt að kvöldi þess dags, og segir í þeirri stefnumörkun, sem sagt efnahagsáætlun ríkisstj., að viðræður verði hafnar við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um framkvæmd samræmdrar stefnu í kjaramálum, atvinnumálum og efnahagsmálum til næstu tveggja ára. Hvað líður þeirri stefnu? Hvar er þessi samræmda stefna? Það veit enginn um hana.

Í öðru lagi segir þarna: „Útgerð og fiskvinnslu verður gert kleift að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í lengri lán." — Blessaður sjútvrh. segir að þetta gangi bara vel. Hvernig var með olíuskuldirnar? Hverjir áttu vextirnir að vera af þeim? Um 60% á ári. Menn voru ekkert glaðir og það hefur ekkert gengið með að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í lengri lán. Hæstv. ráðh. veit mætavel að það eru milljarðar gkr. í vanskilum hjá sjávarútvegi í opinberum sjóðum og bönkum landsins.

Í efnahagsáætluninni segir enn fremur: „Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skal útvegað fjármagn til þess að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar, ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs. — Það vita allir hvernig Verðjöfnunarsjóðurinn stendur núna. Hæstv. ráðh. las upp hvað væri til í ýmsum deildum sjóðsins, en hann nefndi ekki stærstu deildina, frystideildina. Þar er ekkert til, ekki króna, og minna en ekki neitt. Hann nefndi ekki heldur loðnuafurðirnar. Það er búið að éta það upp á óskynsamlegan hátt, eins og ég skal koma síðar inn á. Þarna segir líka: „Á hliðstæðan hátt verður útvegað fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar." — Það er kapítuli út af fyrir sig sem tækifæri gefst síðar að tala um.

„Ríkisstj. mun stuðla að innkaupum í stórum stíl og stefna að því í áföngum og veita greiðslufrest á tollum. Þannig verði einnig dregið úr óhóflegum geymslukostnaði innfluttrar vöru og rýrnun umfram það sem erlendis gerist.

Vaxtakerfið verði endurskoðað í heild með einföldun fyrir augum og dregið verði úr þörf fyrir vaxtamismun með hækkun á þjónustugjöldum banka og sparisjóða."

Vaxtakerfið hefur þá verið einfaldað! Þeir segja að ríkisstj. hafi lækkað vextina og það er rétt. Þeir hafa lækkað vexti af víxlum. En það var hætt svo að segja að lána víxla eftir að vextirnir voru lækkaðir, nema til mjög skamms tíma. Þetta er auðvitað fullkomin blekking. Það skiptir ekki máli þegar menn taka lán hvað heita vextir og hvað heita verðbætur. Það er kostnaðurinn við lántökuna sem skiptir máli og það er það sem menn, sem lánin taka, verða að standa undir.

Þá segir enn fremur í þessari efnahagsáætlun: „Tollheimta af tækjum til atvinnureksturs verði endurskoðuð með það fyrir augum að auka möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum." — Á síðasta þingi var ákveðið að lækka skatta af tækjum til fiskiðnaðar, og mér er sagt að þrátt fyrir ákveðna viljayfirlýsingu og samþykkt frv. frá Alþingi í þessum efnum um heimild til ráðh. neiti fjmrh. að verða við því og daufheyrist við vilja Alþingis, það verði tekið upp síðar og með öðrum hætti.

Og svo kemur hér: „Samhliða þessum aðgerðum verði mörkuð atvinnustefna, sem tryggi stöðugleika í hagkerfinu, aukna framleiðni og framleiðslu og hagkvæmni í fjárfestingu." — Felst hagkvæmnin í fjárfestingunni í því

að svelta fyrirtækin með þeim hætti að þau eru við það að lokast hvert á eftir öðru? Er það leiðin til að auka framleiðni? Þetta leyfi ég mér að spyrja um. Áður en ég lýk við efnahagsáætlun hæstv. ríkisstj. vil ég koma inn á síðasta atriðið: „Af hálfu ríkisins verði stöðugleika gætt með skipulegri áætlanagerð um opinbera fjárfestingu eftir landshlutum í því tilefni að forða að komi til ofþenslu eða atvinnuleysis og verði þar bæði tekið mið af áætlunum um fjárfestingu einkaaðila og sveitarfélaga sem og ríkisins.

Meðal meginþátta slíkrar atvinnustefnu verði samræming veiða og vinnslu í sjávarútvegi, athugun á fjölda fiskvinnslufyrirtækja í einstökun byggðarlögum og samvinna milli þeirra, svo og áætlun um endurnýjun fiskiskipastólsins.“ — Allt hefur þetta farið á annan veg, eins og allir vita.

Þetta eru sem sagt höfuðyfirlýsingar núv. hæstv. ríkisstj. í sjávarútvegsmálum sem ég hef gert að umræðuefni.

Nú skulum við líta á hvernig málin standa. Síldarflotinn er inni vegna deilna um verð. Hæstv. ráðh. kom inn á það. Hann lét í ljós að það væri gaman að fá að heyra álit fyrrv. sjútvrh. á því, hvort taka ætti upp þetta mál aftur í Verðlagsráði. Ég tel fyrir mitt leyti mjög hættulegt fordæmi að taka upp aftur í Verðlagsráði mál sem Verðlagsráð hefur fjallað um. Það kemur að vísu til greina ef allir eru ásáttir um að gera leiðréttingu vegna rangra upplýsinga. En hitt kæmi að mínum dómi miklu frekar til greina, að kaupendur samþykktu þessa leiðréttingu sem sjálfsagðan hlut. Lagabreyting um Verðlagsráð í þessum efnum kemur að mínum dómi ekki til greina. Ég tel það fráleitt.

En við skulum líta á þessa verðlagningu, við skulum líta á stöðuna í sölu á sjávarafla, bæði síld, loðnu og almennum fiskafurðum. Við vitum að við búum í landi þar sem er alveg örugglega 50% verðbólga, hvað sem spekingar reikna út í sambandi við vísitöluvöru, ef hún er ekki mun meiri. Við getum því ekki sett mark á tekjur útflutningsatvinnuveganna og útflutningsfyrirtækjanna og sagt: Við ætlum að hafa gengið svona og þessu verður ekki breytt. M. ö. o.: við ætlum að ákveða fyrirtækjunum í landinu hvaða tekjur þau eiga að hafa, jafnvel heilt ár fram í tímann, en á sama tíma verður hækkun á kaupi og öllu verðlagi í landinu. Við skulum því líta á þróun þessara mála, verðbótahækkun launa. Hún var 1. des. 1980 9.52%, 1. mars 1981 5.95%, 1. júní 1981 8.10%, 1. sept. 8.92% og vafalaust verður hún ekki minni 1. des. Hvernig getur ábyrg ríkisstj. leyft sér að segja að gengið skuli verða sett fast, tekjur atvinnufyrirtækjanna eigi að vera þær sömu að óbreyttum markaðsaðstæðum á sama tíma og kostnaðarhækkunin innanlands er með þessum hætti? Ég öfunda ekki Steingrím Hermannsson að vera sjútvrh. í ríkisstj. með þessa stefnu eða réttara sagt þetta stefnuleysi. Á honum hvílir sem sjútvrh. fyrst og fremst sú skylda að framleiðslan á sviði sjávarútvegs haldi áfram. En hún getur ekki gengið, hún getur ekki haldið áfram. Og nú spyrja menn: Vilt þú gengislækkun? — Gengislækkun er ekki neitt úrræði. Gengislækkun er ekki nein „patentlausn“ á vandanum. Gengislækkun er ekkert annað en afleiðing kostnaðarhækkana sem eiga sér stað í landinu. Peningaseðlarnir, m. a. s. nýkrónur, — það er ekkert verðmæti í þeim. Þetta eru bara pappírsávísanir. Verðmætið á bak við þessar pappírsávísanir er framleiðsla þjóðarinnar og þegar stórhækkar — 40, 50, 60% — að framleiða vöru eru þessar ávísanir, sem við erum með á milli handanna, falskar. Þessa einföldu staðreynd verðum við að viðurkenna. En menn segja: Við viljum ekki viðurkenna þessa staðreynd — eins og núv. hæstv. ríkisstj. gerði á árinu 1980, en sneri við á gamlársdag þess árs. Það verður að finna aðrar leiðir sem duga fyrir framleiðslutækin í landinu þannig að framleiðsluverðmæti þjóðarinnar haldi áfram að verða til, því að grundvöllur alls annars, sem við lifum á og byggjum afkomu okkar á, eru útflutningsatvinnuvegirnir og framleiðslan. Það þýðir lítið að marka stefnu um að auka framleiðslu í þjóðfélaginu og gera svo ráðstafanir í þveröfuga átt, sem draga úr framleiðslu, með jafnheimskulegum aðgerðum og þessum.

Meðalgengi íslensku krónunnar var í maílok lækkað, að vísu í fyrsta sinn frá áramótum, og þá nam sú gengislækkun 3.85% og hafði í för með sér 4% meðalhækkun á verði erlends gjaldeyris. Meðalgengi krónunnar var síðan haldið óbreyttu að heita má í júní og júlí og fram til 25. ágúst þegar gengið var lækkað um 4.76% sem fól í sér 5% verðhækkun erlends gjaldeyris. Gengi Bandaríkjadollars hækkaði enn í júlí og ágúst, en það var nokkuð breytilegt eins og allir vita. Dollarinn lækkaði síðan heldur í s. l. mánuði, og þar sem meðalgengi krónunnar hefur verið haldið stöðugu, aðeins verið lækkað, eins og ég sagði, tvisvar sinnum frá áramótum, sem samsvarar um 9.2% verðhækkun erlends gjaldeyris að meðaltali, þá hefur gengisþróun dollarans valdið því, að verð á dollarnum hefur hækkað að mun í íslenskum krónum, en verð Evrópumynta ýmist hækkað óverulega eða jafnvel lækkað, þangað til nú upp á síðkastið að tekið hefur mjög að hallast þar sem dollarinn hefur fallið mjög í verði. Ef við miðum við stöðu dollarans frá áramótum til septemberloka hefur breytingin orðið hækkun um 24.8%. En við skulum taka breytingu íslensku krónunnar gagnvart sterlingspundi. Sterlingspundið hefur lækkað um 6.3%. Hvernig getur nokkur sá sem framleiðir afurðir og selur á sterlingssvæðið í sterlingspundum þolað 50—60% kostnaðarhækkun innanlands, en á að fá 6.3% minna, þegar hann selur vöruna, en í ársbyrjun? Hann hlýtur að fara beint á höfuðið. — Sama má segja um yfirleitt allan annan Evrópugjaldeyri. Sænska krónan hefur lækkað líka um 2.3%, þýska markið hefur að vísu hækkað, en aðeins um 5.5% á sama tíma. Er því augljóst að gengislækkun eða gengisbreyting er aðeins afleiðing af því sem áður hefur skeð. Hún er ekkert úrræði til bjargar, heldur er hún aðeins staðreynd sem er orðin og menn verða að horfast í augu við.

Hæstv. ráðh. sagði að þessi mál væru í höndum Seðlabankans. Það er ekki nema hálfur sannleikur. Seðlabankinn breytir ekki skráðu gengi krónunnar nema í fullu samráði og samstarfi við ríkisstj. á hverjum tíma. Ríkisstj. er sá aðili sem í raun ræður gengisbreytingunni.

Það er því auðséð á öllu að þeir miklu erfiðleikar, sem nú steðja að í sjávarútvegi, eru til komnir vegna rangrar stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Hún játar staðreyndir á s. l. ári eða til áramóta, en á þessu ári, eða í 9½ mánuð á morgun, hefur hún barið hausnum við steininn og neitað að skilja sjálfa sig, skilja þjóðina og atvinnureksturinn. Hversu lengi 10 menn í ríkisstj. geta barið hausnum við steininn veit ég ekki, en eitt veit ég, að atvinnulífið getur ekki haldið áfram á því að 10 menn berja hausnum við steininn.

Það er sjáanlegt á öllu að það eru vaxandi markaðs-

erfiðleikar. Þá verður ríkisstj. ekki kennt um. Það væri mjög ósanngjarnt. Það eru erfiðleikar á því fyrir þjóð, sem lifir í jafnmikilli verðbólgu og þessi þjóð lifir við, að selja vörur. Við skulum taka kröfur Svía í sambandi við kaup á saltsíld. Krefjast þeir ekki 28.5% lækkunar frá verðinu í fyrra? Þeir líta á sinn gjaldmiðil eingöngu, en ekki á styrkingu dollarsins. Ég hef lesið í grein eftir einn af framámönnum í frystiiðnaðinum að hann segir alveg óhikað að Sovétmenn muni krefjast þess að verðið verði lækkað sem nemur styrkingu dollarsins. Þetta er nýlega komið frá þeim manni í blaðagrein. Þetta er það sem við verðum við að búa. Aðrar þjóðir búa við miklu minni verðbólgu og því eru erfiðleikar fyrir okkur að halda þarna í horfinu.

Sú eina grein, tiltölulega lítil grein, sem þó hefur vaxið mjög vegna ytri skilyrða, er skreiðarverkun og skreiðarsala sem byggist svo að segja eingöngu á viðskiptum við Nígeríu. Þar er þegar farið að lækka, enda hefur það verð verið ævintýralega hátt þó að við höfum auðvitað glaðst yfir því. En þar lækkar verðið vegna þess að efnahagsstefna þeirrar þjóðar hefur orðið fyrir alvarlegu áfalli. Fjárlagaárið þar er, að mig minnir, 1. apríl til jafnlengdar næsta árs. Þar var byggt á mikilli aukningu á olíuframleiðslu og olíusölu, hún hefur dregist svo saman að sennilega nær hún ekki nema 1/4 af því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum þess lands, og sömuleiðis hefur verðlækkun orðið á olíunni. Þetta er land sem seldi og framleiddi einhverja bestu olíu sem nokkurt land framleiðir, en hefur orðið að sætta sig við lækkun úr 40 dollurum fyrir tunnuna niður í 36 dollara. Þarna hrynur beinlínis efnahagsstefna og efnahagsáform, en það hlýtur að hafa í för með sér alvarlega lækkun á þeim vörum sem þessi þjóð flytur inn. Þar verðum við fyrir alvarlegum skakkaföllum.

Það er líka eðlilegt að taka nokkuð til meðferðar Verðjöfnunarsjóðinn, eins og ég sagði áðan. Þá er ekki um að kenna heimsmálunum eða efnahagsmálum annarra þjóða. Hvaða vit var í því í fyrra, við jafnhagstæð skilyrði og voru á sölu á loðnumjöli og lýsi, að leggja ekki meira í Verðjöfnunarsjóðinn þá, heldur láta verksmiðjurnar hafa svo góða afkomu að þær kepptu um loðnuafurðirnar með því að yfirborga þær í stórum stíl? Vegna þess, að verksmiðjurnar höfðu mikið eftir, sem átti að leggja í þeirra deild í Verðjöfnunarsjóðnum, en var ekki gert, tókst þetta. Yfirborganir hafa í för með sér verðbólgu. Það þarf ekki hagfræðinga til að vita það. Það er meira peningamagn sem fer í veltuna en nauðsynlegt er. Það átti að geyma í Verðjöfnunarsjóðnum umframfjármagn, sem fyrirtækið þurfti ekki á að halda, og koma í veg fyrir þetta, en það var ekki gert. Hver er svo afleiðingin núna? Þessi deild er tóm. Það er ekkert eftir í henni, og eins og ráðh. gat réttilega um er verðfall á loðnuafurðum, tilfinnanlegt verðfall, og fram undan er sjáanleg stórfelld lækkun á sama tíma og útgerð og vinnsla verður að búa við 50—60% kostnaðarhækkun við framleiðsluna. Það er ekki bjart fram undan í þessum efnum. Ríkisstj. ræður ekkert við verðlækkunina á erlendum mörkuðum, en hún gat ráðið við Verðjöfnunarsjóðinn.

Ég segi líka: Hvaða vit var í því í byrjun þessa árs að ákveða svo lágt viðmiðunarverð í Verðjöfnunarsjóð á saltfiski við jafnhagstæð skilyrði og voru í byrjun ársins að saltfisksframleiðslan greiðir ekkert í Verðjöfnunarsjóðinn — hvorki inn né út? Hann kemur út á núlli.

Þarna nefni ég tvö dæmi sem eru sök stjórnvalda. Þau hafa aukið vandann, — aukið þann vanda sem þau gátu komið í veg fyrir með skynsamlegum aðgerðum. Hitt ætla ég ekki að ráðast á ríkisstj. fyrir, í sambandi við frystideildina. Ég mátti stríða í fjögur ár við svipaðan vanda. 1974, allt árið 1975 og fram eftir ári 1976 var staðan í frystiiðnaðinum þannig að það var lækkun lengi á höfuðmörkuðum frystiiðnaðarins og það var ekki hægt að byggja deildina upp. Það hefur ekkert breyst og því er ekki sanngjarnt að ráðast á sjútvrh. eða ríkisstj. fyrir það. En hinar deildirnar, sem ég nefndi, er vítavert gáleysi að hafa vanrækt svo sem raun ber vitni.

Lítum á þau plögg sem liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þau, en staða sjávarútvegsins í heild er hin hörmulegasta þó að út yfir taki þegar minnst er á frystingu. Ég tel að það eigi aldrei, þó að það hafi verið gert á s. l. ári, að færa til á milli deilda. Það á hver deild í Verðjöfnunarsjóðnum að eiga sitt, en hver deild, sem á ekki neitt, á þó þann sjóð tóman. Ég tel að það eigi ekki að færa á milli deilda, enda er þá verið að bregðast því hlutverki sem Verðjöfnunarsjóðurinn hefur lögum samkvæmt.

Ég tel að ríkisstj. geti ekki talað eins og hún hefur talað að undanförnu. Hæstv. forsrh. kom fyrir nokkru fram í sjónvarpi og sagði að fiskverðsákvörðun væri í höndum yfirnefndar Verðlagsráðs, m. ö. o. að ríkisstj. komi þetta ekkert við. Þetta er alger misskilningur, m. a. s. grundvallarmisskilningur, því að um leið og Verðlagsráðið nær ekki samningum sín á milli og málinu er vísað til yfirnefndar á ríkisvaldið fulltrúa í yfirnefndinni sem er oddamaður yfirnefndar, og um leið og verðlagsmál er komið til yfirnefndar er það komið í hendur ríkisstj. Ég þekkti það í fjögur ár, að í hvert skipti sem mál kom til yfirnefndar var það meira eða minna í mínum höndum fyrir hönd ríkisstj. Það er alveg eins enn í dag í höndum núv. hæstv. sjútvrh. En hann er bara ekki einn um málið. Það er ríkisstjórn á bak við hann sem ber auðvitað ábyrgðina svo að það er alls ekki hægt að tala eins og menn leyfa sér að tala í þessum efnum. Þessi mál eru í þessum höndum. Ég er ekki að segja að þau séu í góðum höndum, síður en svo, en þau eru þarna og það gengur hvorki né rekur. En það getur ekki gengið þannig. Það er ekki hægt að halda svona áfram. Það er ekki hægt að loka augunum fyrir því, að hér er alvarlegur kostnaðarauki við framleiðsluna, og það er ekki hægt að hækka hvað sem er á vegum ríkisins eða vegum einhverra aðila hér innanlands, en láta sig engu varða þróunina gangvart þeim sem eru að flytja afurðirnar til útlanda.

Ég tók eftir því, að hæstv. sjútvrh. sagði að hann teldi að menn þyrftu að eiga allt að 50% í eigin tækjum til að ráða við reksturinn. Ég skal ekkert segja um hvort þetta er rétt. Vafalaust er þetta nærri sanni. En ég spyr: Hvernig eiga þeir þá að reka fyrirtækin sem eiga ekkert í þeim eða kannske 1—2%? Ég held að þeir verði að taka meistara Þórberg til fyrrirmyndar þegar hann sagði að ef hann ætti að vera lengur í Voss í Noregi mundi hann hengja sig bæði kvölds og morgna. Þannig er nú ástandið.

Hér hefur verið rifjað upp hvernig ástandið er í hinum ýmsu greinum sjávarútvegsins og í raun og veru alls útflutningsiðnaðarins. Sjávarútvegurinn er rekinn með halla. Hann stendur því mjög höllum fæti og það er vá fyrir dyrum og áhyggjur víða. En ættum við ekki að líta aðeins í leiðinni á bankakerfið, líta á Seðlabankann.

Eigið fé Seðlabankans var 1977 3 milljarðar 8 millj. kr. Það var 1978 6 milljarðar 820 millj. Það var 1979 — þá var Alþb. komið í stjórn — 14 milljarðar 252 millj. Og árið 1980 — þá var Alþb. orðið allsráðandi í þessari ríkisstj. — fór eigið fé Seðlabankans upp í 37.9 milljarða. Þeir vita því hvernig þeir framkvæmda stefnuna um að hemja gróða bankana, eins og þeir hafa talað um frá því að flokkurinn varð til. Framsókn og þeir hinir hafa ekki roð við Alþb. þegar það heimtar gróðann inn í Seðlabankann, og meira að segja blessaður viðskrh. ræður ekkert við þetta því að Svavar er harður í horn að taka og segir: Það er ég sem ræð ferðinni en ekki þú, Tómas.

Nú er ég að vissu leyti sammála Alþb. í því, að bankar eiga að græða, því að banki sem tapar hlýtur að fara lóðbeint á hausinn. Banki, sem bætir ekki eigin stöðu sína í samræmi við verðbólgu, hlýtur að fara niður á við. Þarna ber því ekki mikið á milli okkar og Alþb. um bankagróðann. En svo kemur bara annað til viðbótar og þar ber á milli okkar og Alþb. Alþb. vill að Seðlabankinn hafi 17 milljarða og 915 millj. — ég er auðvitað að tala um gömlu myntina eins og menn eflaust átta sig á — umfram verðbólgustigið. Alþb. vill því ganga lengra á sama tíma og útflutningsatvinnuvegirnir eru reknir með halla og útgerðin og samningar eru lausir í landinu.

Kaupmáttur launa hefur rýrnað. Þá er auðvitað erfiðara að ná endum saman í sambandi við launa- og kjaramál. Því verður Alþb. að fara að ráðum okkar sjálfstæðirmanna og minnka hagnað bankanna a. m. k. umfram verðbólgustigið, en ekki ganga lengra. Það verður til þess að rétta hag útflutningsatvinnuveganna og rétta hag fólksins í landinu sem þessi flokkur sagðist einu sinni vera að berjast fyrir, en hefur alveg gleymt því núna á seinni árum. (**ÓRG:** Það er bara valdaspursmálið milli okkar.) Þetta breytist við það að núv. formaður þingflokksins tók við. Þá fyrst byrjaði þessi auðsöfnun bankanna. Og auðvitað er nýi formaður flokksins líka við þetta riðinn. Sá gamli var dálítið íhaldssamari, blessaður, og hafði hann þó ekki alltaf á sér orð fyrir að vera mjög íhaldssamur. (**Gripið fram í:** Núna er hann kominn í banka.) Já, það fór svo. Hann fór í banka, blessaður, og sá banki hefur aldrei grætt meira. Það verða sumir menn skynsamari með aldrinum, en öðrum hrakar aftur eins og gerist og gengur. Það eru ekki allir eins.

Mér finnst nú rétt að minnast aðeins á breytingar fiskverðs og kauptaxta frá 1974 til 1981 samkv. útreikningi Þjóðhagsstofnunar. 1974 er fiskverðið sett í 100 og kauptaxtar allra launþega, en 1975, 1976 og 1977 verður sú ánægjulega breyting að tekjur sjómanna hækka meira en aðrir kauptaxtar, og þá var leiðrétt það sem hafði brugðist þó nokkuð mörg ár á undan. Þannig er viðmiðun allra kauptaxta á móti fiskverði 1975 127, en í fiskverði 133, 1976 159, en 177 í fiskverði, 1977 232, en 246 í fiskverði. En 1978 breytist þetta. Þá fer hækkun kauptaxtanna í 360, en fiskverðið í 331. Þá fer aftur fiskverð miðað við kauptaxta niður fyrir 100 eða í 92 vegna þess að fiskverð breyttist ekki í árslok 1978. Síðan hefur hallað á ógæfuhliðina fyrir sjómenn, því að þessi viðmiðun, sem fór upp í 111 1976, er í septemberlok komin niður í 81.5. Þannig hefur þróunin orðið. Og er þá að furða þó að sjómenn og sjómannasamtökin segi núna við hæstv. ríkisstj.: Hingað og ekki lengra? — Ég taldi á sínum tíma að það hefði þurft að rétta hér við. Sjómenn höfðu farið halloka í launum miðað við aðra, en núna hefur sigið verulega á ógæfuhliðina fyrir sjómannastéttina. Þess vegna er ekkert óeðlilegt að það kraumi nú víða undir hvað snertir sjómenn vegna afkomu þeirra.

Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Telur hann nú ekki nauðsynlegt að allan hagnað umfram verðbólgustig hjá Seðlabankanum fái útflutningsatvinnuvegirnir? Þá er bara að ganga í það. Seðlabankinn hefur ekkert vald hér í þjóðfélaginu til að ganga þvert á það sem ríkisstj. og Alþingi fyrirskipa. Þar getum við aðeins rétt sjávarútveginn af, þó að það sé ekki nema að litlu leyti, og það eigum við að gera. Þar vil ég fyrir mitt leyti leggja hæstv. sjútvrh. lið. En það má ekki bíða með þetta von úr viti. Við verðum að hafa hér hraðar hendur því að þessar atvinnugreinar verða að geta gengið.

Ég hefði gjarnan viljað ræða þessi mál miklu ítarlegar en ég hef gert. Ég hef fyrst og fremst reynt að ræða þetta málefnalega og þá stöðu sem sjávarútvegurinn er í, þá miklu erfiðleika sem víða steðja að á mörkuðum. En bölvaldur alls er verðbólgan, kostnaðaraukinn hér heima, og það er það sem við deilum um. Annars vegar telja menn sig vera búna að koma verðbólgunni niður í 40% og nota þá einhverjar ákveðnar vörutegundir sem mælistiku, en láta svo aftur margar aðrar vörutegundir og lífsnauðsynjar sitja á hakanum og taka þær ekki með. Við vitum að verðbólgan er miklu meiri. Þess vegna eru bölið og erfiðleikarnir miklu meiri en menn vilja vera láta.

Að allra síðustu vil ég sérstaklega ráðleggja formanni þingflokks Framsfl., næst þegar fjölmiðlar spyrja hann um hvað sé fram undan í verkefnum þings og þjóðar, að muna eftir það er til sjávarútvegur á Íslandi, atvinnugrein sem meira byggist á afkoma þjóðarinnar en á nokkru öðru. Í viðtali nýlega lét hann eins og sjávarútvegur væri ekki til, hvað þá að það væru nokkrir erfiðleikar í þeirri atvinnugrein.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í ræðu hv. 2. þm. Reykn. komu fram fullyrðingar og stóryrði um atvinnuástandið hér á landi sem eru í sjálfu sér ekki nýjar af nálinni. Þetta hefur kveðið við svo að segja allan tímann frá því að núv. ríkisstj. var mynduð, að hér væri allt að fara í kaldakol, allir atvinnuvegir að stöðvast, ríkisstj. að rífa rekstrargrundvöll undan atvinnuvegunum, hún gerði það ekki óvart, heldur beinlínis vísvitandi, það væri hennar stefna að setja atvinnuvegina í landinu á hausinn. Þessi málflutningur hefur reyndar dæmt sig sjálfur. Staðreyndin er sú, að ríkisstj. hlýtur auðvitað að leggja á það áherslu að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna þannig að allt þjóðlíf megi dafna svo sem best verður á kosið. Og ég held að segja megi að þann tíma, sem þessi ríkisstj. hefur setið, hafi atvinnulífið í landinu í rauninni verið allblómlegt meginhluta tímans. Full atvinna hefur verið t. d. á þessu ári á flestöllum stöðum í landinu. Hér hefur því verið um að ræða hrakspár stjórnarandstöðunnar. Að vísu hefur stjórnarandstaðan gert sér hugmyndir um það, að ríkisstj. gæti ekki komið sér saman um eitt eða neitt vegna þess að þar væru menn ósammála um hlutina. Auðvitað kemur það fyrir að menn eru ósammála þar um eitt og annað. En meginatriðið er það, að ríkisstj. hefur jafnan tekið á þessum verkefnum þannig, að atvinnuöryggi hefur verið nokkurn veginn tryggt í landinu þann tíma sem hún hefur setið. Hv. 2. þm. Reykn., sem er nú því miður fjarverandi, en flokksbræður hans einhverjir

sitja hér, hafði það við orð að hér væri um að ræða mjög alvarlegt ástand í atvinnumálum, ískyggilegt ástand í atvinnumálum, allt væri í hút og þar fram eftir götunum. Satt að segja kippti ég mér ekki upp við þessi ummæli. En það er dálítið kostulegt að menn skuli þing eftir þing nenna að hafa uppi texta af þessu tagi þegar dómur reynslunnar liggur í raun og veru fyrir um það, að þessar fullyrðingar stjórnarandstöðunnar um atvinnuástandið í landinu hafa reynst vera markleysa vegna þess að ríkisstj. hefur tekið á atvinnumálum í því skyni að treysta stöðu atvinnuveganna eins og mögulegt er. Auðvitað er ljóst að þegar um það er að ræða, að ríkisstj. er að glíma við að ná verðbólgu í landinu úr 70—80%, eins og spáð var, niður í 40%, þá reynir víða á. Það reynir alls staðar á. Það reynir á atvinnuvegina alla. Það reynir á launafólkið í landinu. Og það reynir á fleiri aðila. Þannig hlýtur það að vera. Mér þætti fróðlegt að vita hvernig menn ætla sér að komast í gegnum þennan verðbólguvanda öðruvísi en það verði látið taka á einhvers staðar, einhvers staðar reyni á, vegna þess að spurningin um baráttuna gegn verðbólgunni er auðvitað ekki síst sú, hver eigi að borga kostnaðinn við að ná þjóðinni út úr þeim verðbólguvanda sem allir viðurkenna að við höfum búið við í bráðum 10 ár, frá því að hin mikla verðbólguholskefla skall hér yfir upp úr olíukreppunni fyrri á síðasta áratug.

Auðvitað er ljóst, og um það eru væntanlega allir sammála, að við eigum að vera vel á verði í atvinnumálum. Við eigum að gæta þess, að hér komi ekki til atvinnuleysis, og við eigum að tryggja það, að afkoman hjá atvinnuvegunum sé þannig að þeir geti staðið við eðlilegar skuldbindingar sínar. Við sjáum öll, hv. alþm. svo og þjóðin öll, hvernig þessu er háttað í grannlöndum okkar þar sem um er að ræða geigvænlegt atvinnuleysi. Milljónir og aftur milljónir manna ganga atvinnulausar. Dæmi eru til þess, að þrjár kynslóðir hafi ekki fengið atvinnu, og í stórum fjölskyldum eru menn atvinnulausir árum eða jafnvel áratugum saman. Ég velt því stundum fyrir mér, hvaða orð stjórnarandstaðan hér mundi nota um atvinnuástandið á Íslandi ef það væri með svipuðum hætti og í grannlöndum okkar, t. d. Danmörku, þar sem sósíaldemókratar ráða ríkjum og hafa gert um langt skeið. Þar er um að ræða hrikalegasta atvinnuvandamál á Norðurlöndum. Þar stija í fyrirrúmi samherjar hv. 2. þm. Reykn. og annarra Alþfl.-manna, sósíaldemókratar, og staðan er þar eins og raun ber vitni.

Ríkisstj. sú, sem nú situr í landinu, hefur gert það sem hún hefur getað til þess að halda uppi fullri atvinnu. Hún hefur reynt að vera á varðbergi í þeim efnum, og hún gerir sér alveg ljóst — og það gera væntanlega hv. þm. allir sér vel ljóst — að auðvitað getur til þess komið, þegar gripið er til aðgerða til að tryggja fulla atvinnu í landinu, að á sama tíma þurfi að slaka á örðum ákveðnum markmiðum í efnahagamálum. Mín skoðun er a. m. k. sú, hvað sem öllum öðrum líður, að full atvinna sé forgangsatriði, sé algert forgangsatriði í efnahagsstjórn þjóðfélagsins. Og sem betur fer hefur skapast um þetta forgangsatriði allgóð samstaða. Þó er ekki því að neita, að þær hagfræðikenningar hafa stundum heyrst, að nauðsynlegt sé að koma hér á því sem kallað er hæfilegt atvinnuleysi, til þess að menn haldi aftur af sínum kaupkröfum, og annað eftir því. Slíkar kenningar hafa heyrst. Þær hafa jafnvel heyrst frá tiltölulega ábyrgum forustumönnum í stórum stjórnmálaflokkum. En sem betur fer þora mjög fáir að kveða upp úr með þann ófögnuð hér nú orðið.

Mér fannst það mjög sláandi í ræðu hv. 2. þm. Reykn., að hann kom í raun og veru ekki með neinar ábendingar um úrræði í vandamálum atvinnuveganna. Ég heyrði ekki nokkurn hlut sem hann nefndi í þeim efnum. Hann spurði og spurði sjútvrh., eins og eðlilegt er, en að hann kæmi sjálfur fram með einhverjar ábendingar um það, hvernig hann vildi hafa hlutina, því fór víðs fjarri. Þó fannst mér hann sjá eitt ráð — og aðeins eitt. Það er gamla ráðið sem hefur verið gripið til hér fyrst af öllu á undanförnum árum og áratugum með þeim afleiðingum sem við þekkjum, þ. e. gengisfelling. Hv. 2. þm. Reykn. virtist ekki sjá neinn annan möguleika í þeim vandamálum sem nú er við að etja í okkar atvinnulífi. Það er ákaflega fróðlegt að þessi afstaða skuli koma fram frá þm. Alþfl. sem boðaði fyrir kosningarnar 1978 svokallaða gerbreytta efnahagsstefnu, en hefur átt erfitt með á undanförnum árum að skýra í hverju sú gerbreyting var fólgin.

En hvernig hefur atvinnuástandið verið? Ég hef hér fyrir framan mig skýrslu frá vinnumáladeild félmrn. fyrir septembermánuð 1981. Ég ætla að lesa inngangskafla þessarar skýrslu. Þar segir:

„Fyrstu 9 mánuði ársins voru skráðir atvinnuleysisdagar á öllu landinu samtals 76 305, en það svarar til þess, að 391 maður hafi að meðaltali verið skráður atvinnulaus á þessu tímabili. Skráð atvinnuleysi þessa 9 mánuði svarar til 0.36% af heildarmannafla, sem er sama hlutfall og meðaltal síðustu 5 ára á sama tímabili. Að venju voru flestir skráðir atvinnulausir í janúarmánuði, 870 manns á landinu öllu, en í ágústmánuði var talan lægst. Þá var hún komin niður í 180, en hækkaði á ný í sept. í 224. Fjöldi skráðra atvinnuleysisdaga nú er nálega sá sami og fyrstu 9 mánuði ársins 1979, en þá reyndust þeir 76 551 talsins. Á sama tímabili 1980 skráðust hins vegar 62 794 atvinnuleysisdagar eða 13 757 færri en nú, enda atvinnuástand óvenjugott fyrri hluta ársins 1980 og reyndar árið í heild með betri árum hvað atvinnu snertir."

Ég vil í þessu sambandi rifja það sérstaklega upp, hvernig umræðum var háttað af hálfu stjórnarandstöðunnar um atvinnumál hér á Alþingi árið 1980. Svo segir í þessari skýrslu:

„Eins og áður er getið koma þessir fyrstu 9 mánuðir ársins svipað út að meðaltali og nokkur undanfarin ár þegar á heildina er litið. Á þetta jafnframt við um flesta landshluta aðra en Norðurland eystra. Þar reyndust skráðir atvinnuleysisdagar fyrstu 9 mánuði þessa árs 24 056, en voru 13 719 á sama tímabili í fyrra og 16 092 árið 1979. Sérstaklega var fyrri hlemingur ársins erfiður á Norðurlandi eystra, en ástandið lagaðist verulega á þriðja ársfjórðungi og má í lok hans teljast svipað og undanfarin ár. Annars staðar á landinu hefur atvinnuástand verið svipað og áður. Á nokkrum stöðum hefur verið skortur á vinnuafli og munu hafa verið veitt atvinnuleyfi til 700 útlendinga á þessu 9 mánaða tímabili, þar af um 200 í fiskvinnslu."

Lýk ég þar með tilvitnun í þessa skýrslu. Ég held að hún sé nægilegur vitnisburður um það, hvernig atvinnuástand hafi verið hér á landi það sem af er árinu. Og ég er þess fullviss, að ríkisstj. mun leggja á það verulega áherslu að tryggja hér atvinnuöryggi áfram. Atvinnuöryggið hlýtur að vera forgangsverkefni allra ríkisstjórna.

Hv. 1. þm. Vestf. gat þess, að Alþb. hefði verið mjög ötult við að stuðla að stóraukinni gróðamyndun banka, taldi að þar kvæði nokkuð við annan róm en áður í páfadóm og hérna væri um að ræða merkilega nýbreytni af hálfu Alþb. Síðasta heila árið sem hv. 1. þm. Vestf. var ráðh., árið 1977, var eigið fé Seðlabankans, sem hv. þm. fór um mjög vinsamlegum orðum hér áðan, 3 milljarðar kr. Síðan gerist það, að auðvitað hefur efnahagsstefna hv. þm. og hans flokks veruleg áhrif á stöðu bankanna árið 1978. Þó að vinstri stjórnin tæki þarna rösklega til hendinni frá 1. sept. 1978 fór ekki hjá því, að við ættum við að glíma ýmsar afleiðingar af pólitískum ákvörðunum hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar meðan hann var ráðh. (**MB:** Vill ekki ráðh. nefna þá erfiðleika?) Ég gæti farið yfir það, jú, jú, það er velkomið, hv. þm. En ég ætla bara að geta þess, hvernig þetta var með Seðlabankann, vegna þess að á hann var minnst áðan af hv. 1. þm. Vestf. Hann hafði í eigin fé í lok ársins 1978 6.8 milljarða. Það jókst sem sagt um talsvert meira en 100% á síðasta árinu sem hann sat við stjórnvölinn. Það er því ekki nýlunda að mönnum þyki vænt um Seðlabankann, ef það er það sem ræður þessum stærðum.

Árið 1979 eða í lok ársins 1978 hafði verið skipt hér um stjórn, eins og ég gat um áðan. Hvað gerist þá? Enn þá heldur þessi eign Seðlabankans áfram að vaxa og 31. des. 1980 er eigið fé Seðlabankans komið upp í 37.9 milljarða kr. Á árinu 1980 er talið að heildarhagnaður ríkisbankanna einna hafi verið í kringum 30 milljarðar gamlir, þegar endurmatsreikningur Seðlabankans er tekinn með. Þarna hefur átt sér stað veruleg fjársöfnun í þjóðfélaginu, veruleg upphleðsla á fjármagni.

Ég er algerlega sammála hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um það, að á þessum málum þarf að taka. Ég held að við þurfum að gera okkur það alveg ljóst, að ef á að tryggja hér sæmilega efnahagslega stöðu þjóðarbúsins getur svona lagað ekki gengið áfram. Það sjálfvirka upphleðslukerfi á fjármagni, sem virðist vera um að ræða í Seðlabankanum, er ekki hægt að skrifa frekar á reikning Alþb. en hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar. Hér er um að ræða fyrirkomulag sem var ákveðið með lögum fyrir 20 árum eða svo og hefur haldið áfram að hlaða upp á sig og aldrei meira en nú á þessum síðustu árum verðbólgunnar — aldrei meira en nú frá 1973—1974. Þarna virðast menn hafa komið sér upp fyrirkomulagi sem tryggir þá í raun og veru fyrir öllum áföllum og ákvörðunum stjórnvalda í efnahagsmálum oft og tíðum. Ég hef komist þannig að orði stundum í umræðum um verðbólgumál, að í rauninni séu tveir aðilar sem hafi sloppið við að leggja svo að segja nokkuð fram í sambandi við baráttuna gegn verðbólgu. Þar eru bankarnir fremstir. Þeir hafa grætt stórfé á undanförnum árum, verulega fjármuni. Núna hefur það gerst á liðnu ári, að innlánsaukning í bankana er 1 milljarður nýrra kr. umfram verðbólgu, 100 milljarðar gkr. eru raunveruleg innlánsaukning í bankana. Halda menn að þetta komi ekki einhvers staðar við í okkar efnahagslífi? Ég fyrir mitt leyti er alveg sannfærður um að þetta er ein ástæðan til þess, að við vissa erfiðleika er að etja í atvinnulífi okkar eins og sakir standa.

Það var fróðlegt t. d. í þessu sambandi að skoða stöðuna hjá ýmsum frystihúsum nú undanfarna daga. Ég hef farið yfir reikninga nikkurra frystihúsa, einstakra húsa, en ekki bara þessar meðaltalstölur Þjóðhagsstofnunar sem stöðugt eru framleiddar í miklum mæli. Þessir reikningar einstakra húsa sýna að þau eru ekki með verulegt rekstrarfé úr bönkunum. Þau eru með afurðalánin, þau eru með viðbótarlánin og önnur slík lögbundin lán, en að þessi hús séu með rekstrarfé úr bönkunum er mjög sjaldgæft. Hverjum skulda þessi frystihús? Þau skulda lífeyrissjóðum, bæjarfélögum, olíufélögum og slíkum aðilum. En að bankarnir hafi komið þarna til aðstoðar til viðbótar við hið sjálfvirka afurðalánakerfi, það er leitun á því. Þessir aðilar virðast vera með allt sitt á þurru. Og ég fagna því alveg sérstaklega, að Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf., skuli með þeim hætti sem hann gerði hér áðan, taka undir stefnu Alþb. í bankamálum.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hæstv. félmrh., að það er algert forgangsatriði að halda fullri atvinnu í landinu. En mér er spurn hvort það hafi í raun og veru tekist á þessu líðandi ári. Ég er ekki sannfærður um það. Það er ekki hægt að hugsa sér ömurlegra ástand en það sem við höfum því miður átt við að búa í æðimörg ár í sjávarútvegi: að þurfa að búa við tímabundið atvinnuleysi. Ég get ekki hugsað mér sem stjórnandi fyrirtækis neitt ömurlegra en að standa frammi fyrir því að vera með kannske öflug atvinnutæki og fá ekki tækifæri til þess að reka þau. Ég get ekki hugsað mér neitt ömurlegra en að vita það fólk, sem hjá manni á að starfa, vinnufúsar hendur, hafa ekki verkefni. En því miður held ég að það hafi skeð æðivíða núna, einmitt á líðandi ári, að atvinna hefur ekki verið næg í sjávarplássunum í kringum landið, og ég er hræddur um að atvinna hafi æðivíða dregist saman og sé miklum mun minni en áður var og þess gæti svo mjög að tæplega sé unnið meira en dagvinna. Áður byggði verkafólkið, má segja: því miður, allt of mikið á yfirvinnu og næturvinnu. Þetta er ástand sem verður til þess að ég geri ráð fyrir að margur alþýðumaðurinn og margt alþýðuheimilið megi standa frammi fyrir því, að tekjur heimilisins dragist jafnvel saman um 20—30% frá s. l. ári.

Ég held að það geti varla verið mikil gleði á því heimili eða ánægja með frammistöðu ríkisstj.

Menn hafa lýst því hér yfir að það sé gott ástand í atvinnumálum Íslendinga. En ég held að það sé nú varla hægt að taka undir það um sjavarútveginn. Það verður sannarlega ekki ofsögum sagt af vanda íslensks sjávarútvegs. Hann hefur líklega aldrei verið meiri. Það er sama hvar borið er niður, alls staðar blasa dæmin við: Síldarflotinn er í höfn, loðnuflotinn að / búast til heimsiglingar, frystihúsin eru sum þegar stöðvuð og önnur um það bil að stöðvast vegna rekstrarerfiðleika. Útlit er fyrir, að síldarsöltun verði rekin með verulegu tapi, og spurning hve síldarframleiðsla verður yfirleitt mikil hér í haust ef ekki verður á veruleg breyting. Það verður ekki heldur séð í dag hvenær verðákvörðun verður tekin.

Í frystingu er rekstrarafkoman mjög slæm, eins og komið hefur reyndar fram á fundi frystihúsamanna að undanförnu með ráðamönnum. Meðaltöl sýna 7—10% tap, sem hlýtur að þýða að einstök hús, sem erfiðast eiga, séu rekin með 20—30% halla. Það var gerð úttekt á sex frystihúsum 15. ágúst og þá, miðað við tímabilið frá 1. jan. til 15. ágúst, skila þau þessara húsa, sem eru alveg hrein frystihús, framlegð upp á 14%. Ég held að hver einasti maður hljóti að viðurkenna að við það ástand sem er — frystihúsin þurfa jafnvel að greiða um 70% gengis-

mun og vexti af afurðalánum — veitir ekki af að framlegð sé 24—25%. Á sama tíma voru reiknuð út þrjú stór blönduð hús hér á Suðvesturlandi. Þetta eru hús sem framleiða bæði frystiafurðir, saltfisk og skreið. Þar var framlegðin 19.7% Hún þyrfti að vera 24—25%. Við getum viðurkennt að þarna er ákaflega mikill mismunur á milli þó það sé ekki óeðlilegt. Orsakir þessa mikla taps eru fyrst og fremst vaxandi verðbólga og fast gengi. Þó að flakaverð hafi hækkað á s. l. vori hafa aðrar framleiðsluvörur, sem vega þungt í afkomunni, ýmist staðið í stað eða lækkað í verði. Og þessi flakahækkun vegur ekkert upp á móti 40—50% verðbólguhækkun með þar af leiðandi kostnaðarhækkunum.

Menn vilja gjarnan blanda saman stöðu og afkomu frystingar, saltfisks og skreiðarverkunar og fá út með því meðalafkomu fiskvinnslu og nota sem viðmiðunartölu, og meðalafkoman á að vera á núlli. Ég held að slíkt sé ákaflega óraunhæft. Það er nú einu sinni svo, að mörgum þeim fyrirtækjum, sem þannig eru upp byggð, verður ekki breytt á stuttum tíma og til þess þarf gífurlegt fé og gífurlegar fjárfestingar. Við vitum t. d. að á Vestfjörðum og jafnvel víða á Norðurlandi hafa menn tekið þá stefnu að byggja húsin upp sem verksmiðjur og tengja þau og hafa verulega stefnt að því að samræma þar veiðar og vinnslu og að þessi fyrirtæki verði eingöngu frystihús. Þetta er lífæð byggðarlaganna sem þarna eru. Þessir menn geta ekki yfir vetrartímann stundað skreiðarverkun vegna þess að snjór og ófærð varna þeim þess algerlega. Þeir geta ekki byggt á slíkri verkun. Sama er um saltfisksverkun. Þessir menn hafa ekki búið sig til þess að geta verið í verulegum mæli í saltfisksverkuninni. Það má segja að fólkið í þessum byggðarlögum byggi afkomu sína og tilveru algerlega á þessum frystihúsum og ef þeir, sem stjórna þessu, sveifluðu framleiðslunni á milli framleiðslugreinanna yrði um algert atvinnuleysi að ræða í viðkomandi byggðarlögum.

Frystiiðnaðurinn hefur grundvallarþýðingu fyrir heildartekjur þjóðfélagsins, svo að ekki sé bent á gildi frystihúsanna fyrir byggðarlögin um land allt. Ef frystihúsið stöðvast hættir hjarta byggðarlagsins að slá. Tugir þúsunda manna eiga allt sitt undir því, að frystihúsin búi við sæmileg rekstrarskilyrði — ekki bara verkafólk eða sjómenn, heldur og þúsundir manna sem veita þessum atvinnurekstri þjónustu sína.

Þá er það alrangt að taka inn í tekjuviðmiðun frystingar þótt sæmilega ári hjá saltfiski og skreið. Það er vegna nauðsynjar þess, að frysting starfi alltaf á réttum grundvelli, og hins, að það er því miður staðreynd að miklar sveiflur hafa oft orðið og eiga vafalaust eftir að verða á saltfisks- og skreiðarmörkuðum. Það gæti orðið reiðarslag fyrir þjóðarbú okkar ef frysting væri rekin með verulegu tapi þegar veruleg áföll verða á mörkuðum hinna framleiðslugreinanna. Það er ekki víst að við stæðum undir slíkum áföllum. Það er því grundvallarkrafa að frystingin búi við viðunandi rekstrarskilyrði og að gengið sé jafnan rétt skráð.

Krafan um að gengið sé jafnan rétt skráð kemur ekki einungis frá þeim sem fást við fiskvinnslu og útgerð eða útflutning sjávarafurða, heldur einnig frá þeim sem byggja afkomu sína á útflutningsiðnaðinum. Nægir að benda á yfirlýsingar forráðamanna Félags ísl. iðnrekenda þar sem þeir láta fram koma að mikið vanti á að gengið sé rétt skráð á þessu ári. Staðreynd er að á síðustu þremur árum hefur mjög sigið á ógæfuhliðina hjá útflutningsatvinnuvegum þjóðarinnar. Öllum er ljóst hve erfitt hefur reynst að mæta stöðugum og reglulegum hækkunum hráefnis, vinnulauna og annarra rekstrarútgjalda sem hækka í takt við verðbólguna. En nokkurt gengissig hefur orðið á þessum árum, og við þær breytingar myndast álitlegur gengismunarsjóður hjá Seðlabanka Íslands. Vil ég leyfa mér að taka undir það sem komið hefur fram bæði hjá Matthíasi Bjarnasyni og félmrh., að þarna er um að ræða verulega og óeðlilega fjármunatilfærslu frá framleiðsluatvinnuvegunum yfir til bankakerfisins, til Seðlabanka Íslands, og við þurfum að gera kröfu til þess að hæstv. viðskrh. upplýsi hv. Alþingi um núverandi stöðu þessa sjóðs.

Ég hef reynt að kynna mér stöðu þessa sjóðs eftir föngum. Samkv. því sýnist það vera, að staða sjóðsins sé á milli 60 og 70 milljarða gkr. eða 670 og 700 millj. nýkr. Eftir því sem mér sýnist hefur þessi sjóðsmyndun fyrst og fremst átt sér stað í tíð vinstri stjórnanna frá árinu 1978 og einkum vaxið og blómgast á síðasta og þessu ári. Við verðum að viðurkenna að þessi tilfærsla fármuna er að verulegu leyti skýring á vanda útflutningsgreinanna og sérstaklega þá frystingarinnar. Mér virðist að athuguðu máli að vöxtur sjóðsins umfram verðbólguþróunina geti verið um 17—18 milljarðar gkr. Þetta fé hefur að óþörfu verið tekið af útflutningsatvinnuvegunum og ber því að skila aftur. Það er á engan hátt ósanngjörn eða óeðlileg krafa, að endurmatsreikningnum svokallaða eða gengismunarsjóðnum verði að verulegu leyti skilað aftur framleiðslunni. Mun láta nærri að miðað við framleiðsluverðmæti frystihúsanna í ár þýði þetta um 8—10%, sem er það tap sem um er að ræða miðað við meðaltal.

Gjarnan er okkur, sem stöndum að framleiðsluatvinnuvegunum, núið því um nasir, að gengissig og gengisfellingar séu í okkar þágu gerðar. En menn skulu minnast þess, að við ráðum ekki verðbólguþróun á Íslandi og við höfum lítil áhrif á þróun markaðsmála úti í hinum stóra heimi. Og það eru ekki okkar ákvarðanir að fjarmunir eru af okkur teknir í stórum stíl og fluttir yfir í opinbera geirann, svo sem að framan er greint.

Sýnt var fram á að ef opinberir aðilar skuluðu aftur því fé, sem af útflutningsframleiðslunni hefur verið tekið, mundi staða frystingar vera a. m. k. viðunandi og ekki þyrfti að koma til gengisfelligar þess vegna. Sú leiðrétting hefði engin verðbólguáhrif í íslensku efnahagslífi. En því miður mundi allur vandi ekki þann veg leystur því að eins og öllum er kunnugt ríkir fullkomin óvissa um fiskverðsákvörðun og þróun í launa- og kjaramálum á almennum vinnumarkaði. Þá eru ýmsar blikur á lofti víða á fiskmörkuðum okkar. En svo er alltaf, að eins dauði er annars brauð og þegar einn tapar hlýtur annar að græða að sama skapi því að fjarmagnið gufar ekki upp í efnahagslífinu.

Það er athyglisvert, að á sama tíma og útflutningsatvinnuvegirnir eiga í miklum og að því er virðist óviðráðanlegum erfiðleikum græða ríkisbankarnir á tá og fingri og afkoma ríkissjóðs er talin vera góð. Hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds heldur af því tilefni sérstakan blaðamannafund. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar, að samkvæmt gögnum, sem ég hef undir höndum, græddu ríkisbankarnir 30 milljarða gamla á árinu 1980 eða, eins og Matthías skýrði frá áðan, 17.9 milljarða umfram verðbólgustig.

Þá vil ég benda á það, að fullkomin ástæða sýnist til að

athuga viðskipti Fiskveiðasjóðs við útgerðina. Það er torvelt að lesa úr reikningum sjóðsins. Í reikninga Fiskveiðasjóðs vantar að færa útistandandi vexti og dráttarvexti og vísitölulán upp á verðlag ársins 1980. Þá vantar að hluta að færa upp gengistryggð lán. Þarna gætu verið á floti tugir milljarða gamalla króna og er full ástæða til að hæstv. ráðh. upplýsi Alþingi um stöðu sjóðsins í árslok 1980 eins og hún raunverulega var. Ég yrði ekki hissa þó að margan útgerðarmanninn, sem greiðir nú háa dráttarvexti til sjóðsins, ræki í rogastans við að sjá og heyra útkomuna.

Ég bið almenning í landinu, sjómanninn, sem fær ekki fiskverðshækkun, verkamanninn og verkakonuna, sem fá ekki eðlilega launahækkun, útvegsmanninn, sem berst í bökkum, og aðra þá, sem bera ábyrgð í atvinnurekstri, að taka eftir því, að það er undir fjármálastjórn Alþb.-manna og núv. ríkisstj. sem tugir milljarða króna eru fluttir frá framleiðsluatvinnuvegunum til opinbera geirans til að ráðskast með. Þessum vinnubrögðum hljótum við að mótmæla fyrir alla þá, sem eiga afkomu sína undir gengi og afkomu framleiðsluatvinnugreinanna, og krefjast þess, að þetta verði leiðrétt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal verða stuttorður. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hér. Í þeim kom m. a. fram að ástandið í frystingunni er enn þá verra en ráða má af þeim tölum sem hæstv. ráðherrar hafa þó látið hafa eftir sér um það efni hingað til. En þó að ég áliti að svo væri, þá taldi ég ekki rétt að hafa um þetta mál aðrar tölur en þær sem komið höfðu fram af hálfu hæstv. ráðherra og talsmanna ríkisstj. á opinberum vettvangi áður. Hitt verður þó að segjast, að þótt málin hafi uplýstst nokkuð að því er stöðuna varðar, þá eru menn litlu nær um hver stefnan verður við úrlausn þessara mála. Ég fann hvergi í ræðunni svör við því, hvernig eða hvenær yrði úr þessu leyst.

Frýjunarorð og útúrsnúninga hæstv. sjútvrh. — og væntanlega hæstv. félmrh. líka því að hann tók hér til máls meðan ég var í burtu, en hefur væntanlega snúið út úr, eins og hans er von og vísa, varðandi ræðu mína — læt ég mér í léttu rúmi liggja. Það hjálpar ekki til við að leysa málin, upplýsir þau á engan hátt. Þó get ég ekki látið hjá líða að mótmæla einu atriði. Það var talað í þá veru að ég hefði verið að heimta gengisfellingu. Þetta er rangt. Ég spurði hæstv. sjútvrh. hvort þær aðgerðir, sem hann hefði í huga, hvort sú stefna, sem ríkisstj. ætlaði að fylgja í þessu máli, þær aðgerðir, sem hún ætlaði að grípa til, ættu að þýða frestun á gengisfellingu, ávísun á framtíðina sem yrði síðan leyst út með gengisfellingu síðar. Þessu atriði svaraði hæstv. sjútvrh. ekki beint, en ég verð þó að vekja athygli á því, að hann afneitaði þessu ekki.

Ég vil svo endurtaka þakkir mínar fyrir þessa umræðu. Það hafa verið fluttar hér ýmsar ágætar ræður og margt komið fram til að upplýsa þessi mál, þó að ekki hafi verið svarað öllum þeim spurningum sem fram voru bornar, spurningum sem brenna á allra vörum og skapa mikla óvissu í þjóðfélaginu. En ákvörðun verðum við að fá, og ég skora á hæstv. sjútvrh. að beita sér af afli fyrir því, að úrlausn fáist í þessu máli og þessu óvissuástandi linni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mjög, en vil aðeins koma inn á örfá atriði sem hv. 1. þm. Vestf. minntist á, í fyrsta lagi um stjórnarsáttmálann, og það sem þar er sagt um sjávarútveginn. Ég held að eitthvað hafi farið fram hjá hv. þm. af því sem gert hefur verið ef dæma má af orðum hans áðan. Í fyrsta lið er talað um fiskveiðar og fiskvinnslu og lögð áhersla á að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinuöryggi þess fólks sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar. Nú var það svo í fyrra að fiskvinnsla stöðvaðist á nokkrum stöðum, m. a. af aflaleysi yfir sumarmánuðina. Með tilvísun til þessarar greinar skipaði ég menn frá sjútvrn., félmrn. og Byggðasjóði til að kanna hvort ástæða væri til að gera undanþágu frá þeirri meginreglu að flytja ekki inn fiskiskip nema önnur væru tekin úr notkun í staðinn. Þessi nefnd skilaði áliti og taldi m. a. af þessari ástæðu rétt að leyfa innflutning á Djúpavog, til Vestmannaeyja, — sem reyndar var leyst í gegnum Fiskveiðasjóð — í Garðinn og á Akranes án þess að skip væri tekið úr notkun í staðinn. Á þetta var fallist og talið að það tryggði hráefni til þeirra fyrirtækja sem þarna var um að ræða.

Ég skal hins vegar fyrstur manna taka undir það, að koma þarf á betri samræmingu veiða og vinnslu. Um það hefur mikið verið fjallað. Mín skoðun hefur verið svipuð og minna fyrirrennara — að því er mér hefur virst — á því, að þarna þurfi mjög að treysta á þá sem í atvinnugreininni starfa, en ekki gefa út í sjútvrn. boð og bönn í þessu sambandi. Og ég vek athygli á því, að báðir þessir hv. fyrrv. sjútvrh. sátu í nefnd sem starfaði í fyrra og fjallaði einmitt um þau mál. (Gripið fram í.) Nei, það var nefnd sem fjallaði um fiskveiðistefnu og breytingar á henni. Niðurstaðan þar varð sú, að allir urðu sammála um að ekki væri rétt á þessu stigi að breyta í veigamiklum atriðum þeirri fiskveiðistefnu sem fylgt hefur verið, heldur reyna að lagfæra hana.

Það er misskilningur hjá hv. þm. að menn hafi ekki fengið að vita um fiskveiðistefnuna í tíma. Það er rangt, því að í sambandi við botnfiskveiðar var fiskveiðistefnan fyrir þetta ár gefin út 17. des, minnir mig. Það hefur aldrei verið gert svo tímanlega áður. Og það var eftir að þessi nefnd hafði setið að störfum og eftir að um málin hafði verið fjallað bæði á Fiskiþingi og hjá öðrum hagsmunaaðilum. Frá þeirri fiskveiðistefnu hefur ekkert verið vikið nema aðeins stytt páskastöðum á vertíðinni hér suðvestanlands vegna ógæfta og annarra vandræða framan af vetrinum. Útgerðarmenn og sjómenn hafa því sannarlega vitað tímanlega og fyrr en áður hefur verið hver þessi stefna yrði.

Annar liður fjallar um framleiðni. Ég get upplýst það hér, að þeim peningum, sem ráðuneytið hefur til ráðstöfunar, hefur öllum verið ráðstafað í þessu skyni. M. a. var 15 fyrirtækjum veittur 1.5 millj. kr. styrkur hverju til þess að ráða sjálf til sín ráðgjafa til að leggja fram tillögur um hvernig hagræða megi betur framleiðslu í þessum fyrirtækjum. Þetta starf er í gangi. Ég get einnig upplýst það, að á vegum sjútvn. var gerð mjög ítarlega athugun á því, hvernig mætti hagræða betur en verið hefur starfsemi verksmiðja á Reykjanesi sem hafa átt í verulegum vandræðum af mengunarástæðum o. fl. Út úr því starfi kom að mínu mati mjög athyglisverð skýrsla sem var send þeirri nefnd sem hefur verið skipuð og fjallar um atvinnumál á Reykjanesi. Ég hef heyrt að fiskvinnslumenn á þessu svæði telja að þar sé um mjög áhugaverðar hugmyndir að ræða.

Þriðji liður fjallar um að aukin verði hagnýting þeirra fiskistofna sem eru vannýttir. Í ár var veitt meira fjár-

magn en nokkru sinni áður til þess að gera tilraun til að nýta kolmunna, sem er sá fiskstofn sem er vannýttur hér, og útgerðaraðilum boðið upp á styrk til að standa straum af olíukokstnaði þannig að þeir gætu farið nokkurn veginn skaðlausir út úr þeim veiðum. Þetta byrjaði sæmilega vel og allmörg skip stunduðu þessar veiðar á Færeyjamiðum. En það verður að segjast eins og er, að mörg þeirra drógu sig til baka, þegar kolmunninn nálgaðist landið, og töldu hann illviðráðanlegan. Aðeins örfá skip stunduðu þessar veiðar áfram, og enn sem áður, því miður, er langt frá því, að við höfum náð tökum á veiðum kolmunna. Það harma ég. Það kemur fljótlega að því, að koklmunnakvóti verður ákveðinn fyrir hin yúmsu lönd á Norður-Atlantshafinu, og þá óttast ég að með þessu framhaldi verði okkar hlutur heldur lítill.

Fjórða liðnum hef ég svarað, um fiskveiðistefnuna, að tilkynna hana snemma. Það var gert.

Um skuldbreytinguna talaði hv. þm., og ég get tekið undir það, að hún hefur gengið hægar en ég vildi. En staðreyndin er sú, að henni hefur þó miðað jafnt og þétt áfram hjá Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði. Byggðasjóður byrjar á þessu nokkru síðar, og eftir síðustu fréttum, sem ég hef fengið, er þessu að verða lokið hjá þeim sjóðum.

Um olíuskuldirnar er það að segja, að útgerðarmenn sjálfir og olíufélögin óskuðu ekki eftir þeirri skuldabreytingu þegar til kom. Hins vegar get ég upplýst að til mín hafa nú komið útgerðarmenn — og reyndar fulltrúi eins olíufélags — og vilja taka upp málið að nýju. Málið er þeim opið. Þeir geta breytt vanskilaskuldum, sem eru með 54% vöxtum, í verðtryggð lán með 1.5% vöxtum, og ég fæ ekki annað séð en það séu allsæmileg kjör. Þarna hefur dálítið staðið á því, hvort olíufélögin vildu ábyrgjast eða skrifa upp á þau skuldabréf sem þannig yrðu gefin út. Bankarnir hafa talið það eðlilegt. Ég tel það sjálfur eðlilegt því að það er að sjálfsögðu með lánum olíufélaganna, sem til þessara skulda er stofnað, og því eðlilegt að þau skrifi upp á slík skuldabréf. Þetta mál er nú að ósk eins olíufélags og útgerðarmanna komið á hreyfingu aftur.

Um tollalækkunina vil ég segja það, að það er misskilningur hjá hv. þm. að ekki hafi verið notað heimildarákvæði í lögum frá því í fyrra um söluskattsniðurfellingu á rafeindavogum. Það er búið og gert. Fjmrh. hefur gert það og það er komið til framkvæmda. Nokkur tollalækkun varð í fyrra á fjórum flokkum hjá fiskvinnslunni. Ég hef rætt þessi mál ítrekað við fjmrh. og óskað eftir því, að nefnd, sem á hans vegum starfar að endurskoðun á tollskránni, taki sérstaklega einmitt til athugunar slíka fjárfestingarvöru sem hv. þm. minntist á. Ég er honum hjartanlega sammála um að vitanlega á að fella niður eða a. m. k. lækka mjög innflutningsgjöld af þeim tækjum og vörum sem til framleiðniaukningar geta orðið. Það hefur miðað smávegis í því, en ég tek undir það, að það mætti vera meira.

Ég upplýsti sjálfur áðan í minni ræðu um gífurlegan vöxt á endurmatsreikningi Seðlabankans, sem ég tel vera óeðlilega mikinn. Um þetta hafa orðið hér miklar umræður. Ég get upplýst það, að ég hef aflað allítarlegra upplýsinga frá Seðlabankanum um framkvæmd afurðalána, hvaða fjármagni er ráðstafað til þess o. s. frv., sem allt skýrir þá mynd töluvert. Ég geri ráð fyrir því og mun leggja til við ríkisstj. að sérstök athugun verði þegar gerð á því, hver er eðlilegur vöxtur bankakerfisins. Ég get vel fallist á það sem hv. þm. sagði, að það sé svipað og verðbólgustigið. Ég hef talið það vera mjög eðlilega viðmiðun í þessu sambandi. Og ég gerði reyndar einnig grein fyrir því áðan, að viðræður eru í gangi við Seðlabankann og hafa þegar leitt til þess, að Seðlabankinn hefur fallist á að endurgreiða 34 millj. kr. vegna leiðréttingar á afurðalánum. Líklega mun upphæðin verða um 41 millj. kr. til endurgreiðslu á þeirri gengisuppfærslu sem í hlut Seðlabankans kom við gengisfellinguna 26. ágúst s. l. Þessi athugun er í fullum gangi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af svari hæstv. ráðh. Hann svaraði aðallega minni athugasemdum sem fram komu, en vék sér frá því sem er stærst og mest aðkallandi.

Það er gott út af fyrir sig að það hefur verið gerð mjög vönduð skýrsla um mengunarvandamál. En mengun heldur áfram þó að skýrslan sé til. Það eru margar skýrslurnar og ég tala nú ekki um öll ljósritin sem eru framleidd. Ég minnist þess, að tveir þm. fluttu till. um það, tveir af þm. Alþb., að gera stórátak í mengunarmálum. Þessi till. var flutt þegar starfsstjórn Alþfl. var, en síðan gufaði hún upp því að annar þessara þm. fór í ríkisstj. En það, sem hefur gerst, er að það er engu fjármagni varið, ekki sem hægt er að segja að sé fjármagn, til þessa mikla vandamáls. Það er auðvitað sjálfsagt að halda áfram að búa til skýrslur fram yfir árið 2000. Það geta allir verið ánægðir með.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði aldrei verið varið meira fjármagni í veiðar og vinnslu kolmunna. Það var varið miklu fjármagni 1977 miðað við verðlag þess tíma. En útkoman úr þessu er sú, að það verður engin aukning á veiðum eða vinnslu. Ég er ekki að kenna hæstv. ráðh. um það.

En það er með skuldbreytingarnar. Þar er ég ekki hæstv. ráðh. sammála. Hvað eru skuldbreytingar? Skuldbreytingar, sem nauðsynlegt er að gera, eru að lækka verulega útgjöld á fyrirtækjum sem þurfa skuldbreytinga við. Það er töluvert um skuldbreytingar til þriggja ára, en það eru háar upphæðir á fyrirtækjum að breyta lausaskuldum og vanskilaskuldum í þriggja ára lán með milli 50 og 60% vöxtum. Það er sama og pissa í skóinn sinn því að eftir verða alveg sömu erfiðleikarnir. Það er gott ef einn útgerðarmaður er farinn að tala aftur við olíufélagið sitt um að breyta vanskilalánum með 54% ársvöxtum í verðtryggt lán. En ég held að það sé engin trygging fyrir því á meðan staðan er ekki bætt, þó að 54% vaxta láni sé breytt í verðtryggt lán, að það verði ekki eftir sem áður fljótlega í vanskilum. Það verður að vera einhver ákveðin stefna og breyta þessum lánum til langs tíma þannig að greiðslustaða fyrirtækjanna sé ekki með þeim hætti að allt komist á sömu stundinni í bullandi erfiðleika og vanskil.

Mér þykir vænt um að heyra að söluskattsniðurfellingin á tölvuvogum sé komin til framkvæmda, en ég vissi að í allt sumar var tregða á því í fjmrn. Þetta hefur nýlega skeð og þá fagna ég því. (Gripið fram í.) Hvort sem það var í gær eða fyrradag hef ég ekki fengið af því fréttir. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þetta og ég fagna því, af því að ég var mikill baráttumaður þessa máls og meðflm. þess á s. l. ári og lenti í mikilli rimmu við fjmrh. sem var ekkert glaður yfir samþykkt þessa frv.

En það, sem skiptir höfuðmáli nú og ég gerði að umræðuefni í minni fyrri ræðu, eru í fyrsta lagi erfiðleikarnir

á að koma fiskverði á, erfiðleikarnir að ná sæmilegu samkomulagi. Það er vegna þess að það er ekki grundvöllur fyrir rekstrinum. Þess vegna er þetta erfitt. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. félmrh. að koma hér og tylla sér á tá og hafa þó nokkuð hátt um að allt sé í besta lagi, atvinnuástandið sé þýðilegt. Guðmundur Karlsson gerði því góð skil. Ég hef litlu við að bæta. Mér er kunnugt um að í einu kauptúni hafa tekjur fólks lækkað yfir 25% á þessu ári vegna þess að aukavinnan og næturvinnan hafa lagst að mestu leyti niður. Það munar um minna fyrir fólk í 50 eða 60% verðbólgu. Ég vona að það sé fremur í undantekningartilfellum svo gífurlega mikill samdráttur.

En það sem ég sagði, er að ríkisstj., sem núna situr, játaði staðreyndum á árinu 1980 um að breyta gengi krónunnar, — ekki af því að hún vildi endilega gengislækkun, heldur sá hún það og skildi allt fram á gamlársdag 1980 að útflutningsatvinnuvegirnir yrðu að ganga. Þess vegna var gengi krónunnar breytt vegna kostnaðarhækkana innanlands. Breyting á gengi krónunnar er ekki nein lausn á vanda. Það er eingöngu verið að játa þá staðreynd, að það þurfi að halda atvinnulífinu gangandi. Það er þetta sama sem útflutningsiðnaðurinn á núna við að stríða, alveg jafnt þeir, sem eru með einkareksturinn, og þeir, sem eru með samvinnureksturinn. Þeir standa frammi fyrir nákvæmlega sama vandamálinu. Það er þetta sem ég tel að verði ekki hjá komist að taka ákvörðun um.

Ég er enginn talsmaður gengisfellingar, síður en svo. Ég er aftur á móti það raunsær að ég vil játa staðreyndir. Ég öfunda ekki Steingrím Hermannsson af því að sitja í þessari ríkisstj. og eiga að bera fyrst og fremst ábyrgðina á því að greinar sjávarútvegsins haldi áfram sinni starfrækslu, en standa svo frammi fyrir níu meðráðh. sem segja: Við erum staðráðnir í því, þrátt fyrir 50—60% kostnaðarhækkun á framleiðslu, að það skuli ekki verða hreyft við gengi íslensku krónunnar. — Þetta er útilokað. Það er alveg sama hvort okkur líkar það betur eða verr að breyta gengi krónunnar, við verðum að gera það. Það er ekki skemmtilegt hlutverk fyrir sjútvrh. að eiga að berjast við slíka tréhesta sem ekki skilja jafneinfalda hluti og þessa.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er aðeins örstutt leiðrétting, af því að ég tel að hv. þm. hafi misskilið það sem ég sagði áðan um þá skýrslu sem var gerð um verksmiðjur á þessu svæði hér suðvestanlands.

Það er alls ekki eingöngu um mengunarmálin að ræða. Ég nefndi það aðeins að verksmiðjur hér ættu í erfiðleikum af ýmsum ástæðum, m. a. vegna megnunarmála. En þetta er ítarleg vinna og fullkomin kostnaðaráætlun um sameiningu þessara verksmiðja í eina verksmiðju og þannig að jarðvarmi verði notaður í sambandi við vinnsluna í ríkum mæli. Þarna er um mjög athyglisverða nýjung að ræða sem er í meðferð núna hjá aðilum á svæðinu því að sjálfsögðu verður slík verksmiðja ekki byggð nema þessir aðilar vilji það. Ríkið færi ekki að byggja slíka verksmiðju. En ég vil leyfa mér að fullyrða að ef samstaða næst um þetta og þessir aðilar sjálfir telja að hér sé um markverða nýjung að ræða, þá muni ekki skorta lánsfé til að hrinda þessu í framkvæmd.

Ég get tekið undir það, og reyndar gerði ég það í minni upphaflegu ræðu, að það þarf meira en skuldbreytingu, það þarf eiginfjáraukningu. Ég skýrði frá því hverju væri mjög ábótavant. Ég teldi t. d. að það væri mjög verðugt verkefni fyrir Byggðasjóð, sem er með tiltölulega hagkvæmt fjármagn, að veita eigendum lán til eiginfjáraukningar. Ég held að það væri mjög athugandi þannig að þeir, sem geti tekið slíkt og lagt það inn, geri það. Ég veit að það kunna að vera vandkvæði á því, en það er eigið fé sem þarf að lagfæra.

Ég skil orð hv. þm. svo, að hann sé mér sammála í því, að grynnka þurfi á þessum skuldum. Ég get sagt það, að þar eru vissir þættir núna í athugun sem ég vona að ég geti fljótlega skýrt frá.

Sameinað þing, 4. fundur.

Fimmtudaginn 15. okt., kl. 2 miðdegis.

Nýting bújarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 31). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjarskiptalög, þáltill. (þskj. 8). — Fyrri umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 8 að flytja till. til þál. um endurskoðun fjarskiptalaga. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa n. til að endurskoða lög um fjarskipti, nr. 30 frá 27. júní 1941, og leggja frv. til nýrra fjarskiptalaga fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Ég hefði nú fremur kosið að hæstv. samgrh., sem hefur með þennan málaflokk að gera, væri viðstaddur þessa umr., en hann er ekki hér í þingsalnum.

Ástæðan fyrir því, að þessi þáltill. er flutt, er fyrst og fremst sú, að núgildandi lög um fjarskipti eru 40 ára gömul. Þau eru stríðstímalög, samin á stríðstímum og bera þess vissulega nokkur merki. Það er afar ríkt í þessari löggjöf að vernda öryggi ríkisins í hvívetna og þá einkum á ófriðartímum. Auðvitað ber ekki að draga úr því, að öryggi ríkisins skuli verndað í hvívetna. Hins vegar hneigist maður til að halda við lestur þessara laga nú 40 árum eftir að þau voru samin að þau gangi í sumum tilvikum nokkuð langt.

Þessi lög veita íslenska ríkinu einkarétt til allra hluta er varða fjarskipti og fjarskiptatæki. Í 2. gr. laganna segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkið hefur einkarétt á:

1. Að stofna og reka á Íslandi og í íslenskri landhelgi og lofthelgi hvers konar fjarskipti með rafstraum eða raföldum, þar á meðal ljósöldum, er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra slíkra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó eða land eða á annan hátt.

2. Að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta eða setja upp hvers konar fjarskiptavirki (tæki, taugar, búnað og því um líkt) eða hluta þeirra, sem notaðir eru til þess, er í 1. tölul.

segir, á Íslandi eða í íslenskum skipum, flugvélum eða öðrum farartækjum, hvort heldur er til viðtöku, sendingar eða flutnings.

3. Að gefa út nafnaskrá um fjarskiptastöðvar og notendur fjarskiptavirkja."

Svo sem hér kemur glögglega fram er einkaréttur ríkisins á þessu sviði mjög víðtækur, nánast altækur, ef svo mætti til orða taka. En í 3. gr. fjarskiptalaganna eru mjög víðtækar heimildir til ráðherra um að veita að því er virðist nær ótakmarkaðar undanþágur að vild frá þessu einkaréttarákvæði, sem ríkinu er hér falið. Í 3. gr. fjarskiptalaga segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra sá, sem fer með fjarskiptamál ríkisins, getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að stofna og reka fjarskiptavirki eða að flytja til landsins, selja, leigja eða dreifa út á annan hátt, smíða, gera við, breyta og setja upp fjarskiptavirki eða hluta þeirra, sem í 2. gr. getur. Leyfið skal veitt um ákveðinn tíma með þeim skilyrðum og kvöðum, sem ástæða þykir til í hvert skipti. Enn fremur getur ráðh. með reglugerð veitt almennt leyfi til tiltekinna minni háttar framkvæmda, sem ekki er hætta á að valdi truflunum á rekstri fjarskiptavirkja ríkisins."

Þarna eru sem sagt ráðh. veittar býsna rúmar undanþágur frá 2. gr. laganna. Þess má geta í þessu sambandi, að til skamms tíma hafa öll ákvæði í þessum efnum verið afar ströng. Það var ekki fyrr en á þessu ári að núv. hæstv. samgrh. — og það má segja honum til hróss, — verst að hann skuli ekki vera hér staddur til að heyra þegar stjórnarandstaðan hælir honum, — hann gaf út reglugerð sem rýmkaði verulega um innflutning á símtækjum og að nokkru um þá furðulegu einokunaraðstöðu á sumum sviðum sem Póstur og sími hefur haft. Fram til þess, er sú reglugerð var út gefin, mun það t. d. hafa verið svo að menn gátu ekki sett upp það sem nú mun vera kallað dyravitar, rautt, grænt og gult ljós, eins og bankastjórar og fleiri hafa fyrir utan dyr hjá sér, — menn máttu ekki setja upp slíkan búnað nema hafa til þess leyfi póst- og símamálastjórnarinnar. Þetta er auðvitað fáránlegt. Hið sama gilti raunar til skamms tíma um venjulega dyrasíma sem hafa verið í fjölbýlishúsum. Þarna hefur verið allt of langt gengið. Þess er auðvitað að geta líka, að þessi fjarskiptalöggjöf, sem við búum við, tekur fyrst og fremst mið af þeirri tækni og þeim tækjum sem mönnum voru tiltæk fyrir 40 árum.

Það er eitt atriði sem ástæða er til að vekja sérstaka athygli hv. alþm. á. Það segir í 2. gr. laganna: „er ná til sendingar, flutnings og móttöku skeyta, tals, tóna, mynda eða annarra merkja, hvort heldur er eftir vírum, gegnum loft, sjó" o. s. frv. Móttaka mynda eftir vírum. Á henni hefur ríkið einkaleyfi samkv. þessum lögum. Nú ætla ég ekki að gera þá svokölluðu myndbanda- eða myndvarpabyltingu, sem hér hefur átt sér stað, að sérstöku umræðuefni. Ég hef lagt fram fsp. um það efni sem væntanlega kemur til umr. þegar hæstv. menntmrh. verður viðstaddur, en ég held að það sé alveg augljóst af þessum lögum, sem ég hef nú vitnað til, að sú starfsemi, sem fer fram á vegum ýmissa fyrirtækja, samrýmist ekki þessum fjarskiptalögum. Og ef svo er komið að löggjöf er almennt ekki hlýtt, þá er auðvitað tvennt til: annars vegar að gera ráðstafanir til þess að lögunum sé hlýtt eða hins vegar að breyta lögunum. Og ég held að því er þetta sérstaka mál varðar sé ekkert um það að tala að fara að gera einhverjar ráðstafanir í þeim efnum til að banna þá starfsemi sem þegar er komin af stað og brýtur í bága við þessi fjarskiptalög. Ég held að það sé tómt mál um að tala, og ég hef raunar engan áhuga á slíku banni og tel að það sé ekki framkvæmanlegt, sé rangt og óæskilegt og ætti ekki einu sinni að vera til umræðu.

Þá er hinn valkosturinn einn eftir og hann er að breyta lögunum. Það held ég að sé afar brýnt að því er þetta sérstaka mál varðar. En væntanlega gefst tækifæri til að ræða það hér frekar og þær mörgu hliðar þess, bæði að því er varðar höfundarrétt og ýmislegt annað, vernd barna og ungmenna, sem ástæða er til að Alþingi láti til sín taka og furðulegt er að núverandi stjórnvöld skuli á engan hátt hafa látið til sín taka. Svo sem áður hefur fram komið í máli mínu er þessi löggjöf 40 ára gömul, og úrelt löggjöf má ekki standa í vegi þess, að almenningur fái notið þeirra framfara sem ný og bætt fjarskiptatækni hefur í för með sér og margvíslegar framfarir henni tengdar á þessum sviðum. Ég er þeirrar skoðunar, að núgildandi fjarskiptalög geri það með ýmsum hætti. T. d. er gersamlega ókleift fyrir aðila hér á landi að koma upp nokkurs konar iðnaði er hefði það verkefni t. d. að búa til ýmiss konar hjálparsímtæki eða hluti til nota við fjarskiptaþjónustu. Framfarir í rafeindaiðnaði hafa verið geysilega miklar og segja mér kunnugir menn ekki mikið mál eða erfitt að koma á fót smáiðnaði í þessari grein. Það er ekki hægt vegna þess að Póstur og sími hefur einkaleyfi til allra þessara hluta.

Nú er það svo að það er ekki aðeins hér sem þetta er með þessum hætti. Það er víðar sem svona háttar. Og Póstur og sími er hér ekki aðeins framleiðsluaðili á þessu sviði, heldur er hann líka sá aðili sem dæmir um það, hvort vörur frá öðrum framleiðendum séu nægilega góðar til þess að þær megi setja hér á markað. Þetta held ég að sé óeðlilegt. Í Bandaríkjunum, þar sem ríkir töluvert frelsi á þessu sviði, en samt auðvitað ákveðnar reglur stjórnvalda, gerðist það, að stærsta símafyrirtækið í því landi, APT er það kallað, er jafnframt framleiðandi og rekur mikinn hluta símakerfisins. Það er jafnframt framleiðandi ýmiss konar símtækja. Það setti svo strangar gæðakröfur um tæki frá keppinautum sínum til þess að útiloka þá að eigin tæki þess stóðust ekki einu sinni það gæðapróf, og varð þá að stokka upp á nýtt. Bretar, sem eru þekktir fyrir ýmislegt annað en vera mjög nýjungagjarnir í sínu stjórnkerfi og eru fastheldnir á forna siði og því um líkt, hafa nýlega klofið upp það sem áður hét GPO-póstur og sími skipt því í tvennt, annars vegar fjarskiptastofnun og hins vegar póststofnun. Samfara því hefur verið aflétt þeim einokunarhömlum sem áður voru í gildi um ýmislegt á þessu sviði, einfaldlega vegna þess að nútímatækni gerði það að verkum að ekki var stætt á þessum einokunarkröfum lengur. Bretar hafa líka farið þá leið að láta sjálfstæða stofnun utan fjarskiptastofnunar ríkisins og Póststofnunarinnar meta þau tæki sem þar eru á boðstólum.

Þessi tillaga fjallar um það eitt, að skipuð verði nefnd til þess að endurskoða fjarskiptalögin og frv. þar um lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi. Ég tel að sú nefnd eigi að meginmarkmiði að hafa það að leiðarljósi, að þessi lög verði endurskoðuð mjög í frjálsræðisátt vegna þess að kröfur tímans eru um aukið frjálsræði í þessum efnum og við verðum að gera fólki kleift að nota og nýta þá tækni sem er á boðstólum. Við höfum dregist mörg ár aftur úr á símasviðinu um ýmsa hluti þar, en það stendur vonandi til bóta eftir að reglugerð um breytingu í þeim efnum var

gefin út á þessu ári.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að þegar þessari umr. lýkur verði henni frestað og að þessu máli verði vísað til allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er fleirum en flm. en flm. þessarar þáltill. ljóst að það þarf að endurskoða fjarskiptalög. Vegna þess að hæstv. samgrh. er ekki staddur í salnum sé ég ástæðu til að upplýsa það, að verið er að skipa nefnd til að endurskoða fjarskiptalögin. Samgrh. óskaði eftir tilnefningu frá stjórnarflokkunum á mönnum í þessa nefnd í fyrra vor, og ég veit ekki betur en hún sé að taka til starfa. Mér er kunnugt um að formaður þessarar nefndar verður fyrrv. samgrh., Halldór E. Sigurðsson. Mér er enn fremur kunnugt um að frá Alþb. tekur sæti í nefndinni hv. þm. Helgi Seljan. Jón Skúlason er í þessari nefnd. Um fleiri nefndarmenn veit ég ekki á þessari stundu.

En ég vil bara vekja athygli á því að málið er í gangi, og ég vona, að þessi nefnd skili áliti innan ekki mjög langs tíma. Ég held að hér sé hreyft þörfu máli. En það er sem sagt komið í gang, og ég held að við þurfum ný fjarskiptalög, um það þurfum við ekki að deila.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir þær upplýsingar sem hann veitti hér. Hins vegar hefur þessi nefndarskipun farið eitthvað hljótt og ég minnist þess ekki að hafa heyrt sagt frá henni í blöðum eða annars staðar. Ég átti samtal við póst- og símamálastjóra um þessi mál fyrir fáeinum dögum og hann minntist ekki á þessa nefndarskipun. Hins vegar verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst það óeðlileg vinnubrögð þegar skipuð er nefnd til að endurskoða löggjöf sem vissulega varðar alla þjóðina, varðar alla Íslendinga, að þá skuli það vera eitthvert sérmál stjórnarflokkanna. Það eru ekki lýðræðisleg vinnubrögð að gefa stjórnarandstöðunni ekki tækifæri til að starfa í nefnd á borð við þessa. Satt best að segja þykir mér miður að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér viðstaddur til að greina frá þessu, og ég lýsi enn furðu minni á þessum vinnubrögðum. Ég held að það hljóti að vera miklu vænlegra málinu til framgangs og hljóti að tryggja betri samstöðu um mál af þessu tagi ef fulltrúar allra stjórnmálaflokka eiga þar aðild. Það tryggir líka enn þá betur að fleiri sjónarmið heyrist við endurskoðun þessarar mikilvægu löggjafar. Satt best að segja skil ég ekki hvaða ástæða er til að fara með þetta sem eitthvert hálfgert pukursmál.

ATKVGR.

Till. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að koma fyrirvaralítið með fsp. til hæstv. fjmrh., en það er gert með samþykki hæstv. ráðh.

Dagblöðin hafa undanfarið skrifað um vandamál sem sköpuðust í Tollvörugeymslunni í Reykjavík nýlega við það að sá eini tollvörður sem þar hefur starfað við stærstu tollstöð landsins undanfarin 6 ár, var fluttur úr starfi sínu við fyrirtækið án þess að annar tollvörður eða aðrir kæmu þar til starfa í hans stað. Ég vil taka það fram, að ég er hæstv. fjmrh. þakklátur fyrir hvernig hann hefur tekið á þessu máli, og eins og hv. þm. geta lesið í blöðunum í dag er sjálft vandamálið leyst á mjög viðunandi hátt fyrir Tollvörugeymsluna og alla aðila. Ég vil undirstrika að í öll þau 20 ár, sem Tollvörugeymslan hefur starfa og haft mjög náið samband að sjálfsögðu við tollgæslustjóra og tollstjóraembættið, hefur þar verið gott og skuggalaust samstarf. En út af þessu virðist nú ætla að bregða og ég vil vitna — með leyfi hæstv. forseta — í viðtal í dagblaðinu Tímanum 13. okt. s. l., en þar segir Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri eftirfarandi — og ég les þá aðeins það sem ég vil undirstrika í greininni, en ekki alla greinina, — en hann segir þar:

„Þeir hjá tollvörugeymslunni geta haft lokað eins lengi og þeim sýnist eða lagt niður fyrirtækið án þess að það komi á nokkurn hátt við tollgæsluna.“

Þetta eru ummæli tollgæslustjóra, og ég vil taka það fram, að að mínu mati og ég hugsa fleiri talar hér sá maður sem fer með stjórn tollgæslunnar í landinu á vegum fjmrh. og verður því ekki hjá því komist að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvort þessi fullyrðing tollgæslustjóra sé töluð í hans umboði og í samræmi við skoðanir hans sem æðsta yfirmanns tollgæslunnar í landinu. Ef ekki, þá vil ég undirstrika að mér finnst rétt að gera þær kröfur til hæstv. ráðh. að hann geri grein fyrir því, hvort hann hafi gert ráðstafanir til að þessi embættismaður dragi ummæli sín til baka og gæti þess í framtíðinni að gefa ekki yfirlýsingar sem þessa nema í samráði við fjmrh. eða rn. hans sem embætti tollgæslustjóra heyrir undir.

Ég ætla ekki að sinni að gera fleiri fsp. Þær voru upphaflega tvær sem ég ætlaði að gera, en vegna upplýsinga, sem hæstv. ráðh. hefur nú gefið mér, ætla ég aðeins að biðja hann um að sjá til þess, að eftirfarandi ummæli tollstjóra verði með í þeirri opinberu rannsókn sem mér skilst að tollstjórinn í Reykjavík hafi óskað eftir vegna ummæla þess tollþjóns sem lét af störfum og ég ætla — með leyfi hæstv. forseta — að vitna hér í, úr því að það er þegar búið að biðja um opinbera rannsókn. Í lok viðtals, — það er langt viðtal sem ég ætla ekki að lesa upp, — en í lok viðtals við Tímann miðvikudaginn 14. okt. s. l. segir þessi umræddi tollvörður:

„Ég var í ónáð hjá tollstjóranum, bæði vegna félagsstarfa og að mínu mati fyrir að taka smygl sem ekki mátti taka.“

Tollstjórinn í Reykjavík hefur þegar, að mér skilst, beðið um opinbera rannsókn á þessum ummælum, og ég ætla að fara hér fram á að hæstv. fjmrh. láti á sama tíma kanna þau ummæli tollstjóra, Björns Hermannssonar, sem hann lætur hafa eftir sér í Tímanum í dag og snerta launagreiðslur til þess tollvarðar sem hefur verið s. l. 6 ár í Tollvörugeymslunni, einn af fulltrúum tollgæslunnar, en þau eru — með leyfi hæstv. forseta — á þessa leið og eru með fyrirsögn sem þm. geta séð að segir ekki lítið: „Páði laun sem honum voru með öllu óheimil.“ Þetta er fyrirsögnin. Greinin gefur til kynna eins og fyrirsögnin að viðkomandi tollþjónn hafi þegið peninga frá Tollvörugeymslunni í heimildarleysi, að Tollvörugeymslan hafi verið að múta manninum eða gera eitthvað slíkt. Ég óska eftir því við hæstv. ráðh., að hann láti þessi ummæli tollstjóra verða með í þeirri opinberu rannsókn sem fram á að fara á ummælum Matthíasar Andréssonar tollþjóns.

Ég vil með nokkrum orðum skýra það sem tollstjóri á

hér við. Nú er það svo að opinberir starfsmenn vinna yfirleitt skemmri vinnutíma en almennt gerist í fyrirtækjum á vinnumarkaðinum. Tollvörugeymslan er því opin fleiri tíma á dag en tollgæslan, en Tollvörugeymslan er óstarfhæf ef tollgæsla er ekki á staðnum. Fyrir þann mismun á tíma opinberra starfsmanna og almenna vinnumarkaðarins fékk þessi maður að sjálfsögðu greidd laun. En ég skal viðurkenna að tollstjóri fékk ekki 20%, sem getið er um, af þessari eftirvinnugreiðslu til viðkomandi aðila. Hér á sér því miður stað deila sem Tollvörugeymslan á enga aðild að. Við ráðum ekki starfsmenn og ráðum ekki yfir starfsfólki Tollvörugeymslunnar, en við erum með visst þjónustuhlutverk sem Tollvörugeymslan hefur gegnt á þann hátt þau 20 ár, sem hún hefur starfað, að tollgæslan hefur séð ástæðu til þess að fækka tollvörðum niður í það að hún telur ekki þörf á neinum tollverði til eftirlits með vöruflutningum, hvorki inn né út. En við í Tollvörugeymslunni viljum ekki axla þá ábyrgð sem tollgæslan ætlar þarna að koma alfarið yfir á herðar Tollvörugeymslunnar með því að að hafa engan til þess að fylgjast með því sem inn fer. Tollgæslan er til þess sett laggirnar upphaflega og það er hennar frumskylda að hafa eftirlit með þeim vörum og innflutningi almennt sem berst til landsins hvort sem það er gegnum tollvörugeymslu eða annað.

Herra forseti. Þetta er mitt mál. Ég óska eftir að hæstv. ráðh. svari hvort tollgæslustjóri tali í hans umboði þegar hann gefur í skyn með embættishroka á versta stigi að stærsta tollstöð landsins sé gersamlega óþörf og þjóðinni óviðkomandi þrátt fyrir þann gríðarlega mikla sparnað, sem hún skapar á gjaldeyri þjóðarinnar, og einstætt öryggi, sem hún veitir með því að vörur eru til í landinu á lager, sem var ekki áður, — að hún sé gersamlega óþarft fyrirtæki. Ég trúi því ekki, að hæstv. fjmrh. sé þarna sammála tollgæslustjóra, sínum æðsta embættismanni á þessu sviði. En ef hann er það ekki, þó óska ég eftir að hæstv. ráðh. sem æðsti embættismaður tollstjóraembættisins, hvort sem það er tollgæslan eða tollstjóraembættið, láti þennan embættismann sinn opinberlega taka til baka þessi ummæli sín.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds:) Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonar hafa verið uppi nokkrar deilur og ágreiningur um tollvörslu í Tollvörugeymslunni. Þessi ágreiningur rekur sig nokkur ár aftur í tímann og hefur vissulega gengið á ýmsu í þessu sambandi þó að fyrst syði alvarlega upp úr nú fyrir fáum dögum. Afleiðingin varð sú, að starfsemi Tollvörugeymslunnar stöðvaðist um nokkurra daga skeið, en eins og fram kom hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni er deila þessi leyst nú. Ég vænti þess, að það sé endanleg lausn málsins, og veit ekki til að það sé neitt það vandamál, sem snýr að framtíðinni, sem leysa þurfi þarna úr þar sem fullt samkomulag er um þær reglur og vinnubrögð sem viðhöfð verða í framtíðinni og þá fyrst og fremst varðandi niðurfellingu, lækkun eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda vegna vöntunar í vörusendingum og vegna skemmda, eyðileggingar eða rýrnunar á vörum, sem settar eru í tollvörugeymsluna, og um tollvörslu á þessum stað. Hitt er ljóst, að það eru ýmis atriði sem snúa að fortíðinni sem eru óleyst. Þar ber hæst ýmsar yfirlýsingar sem fram hafa komið í blöðum frá deildinni og þeim, sem viðriðnir hafa verið þessi átök, og þar er oft og tíðum um að ræða mjög alvarlegar ásakanir sem eðlilegt er að kannað sé nánar hvort einhver fótur er fyrir.

Ég tel að meginatriði málsins sé það, að deilan er leyst til frambúðar, og menn megi ekki gera aðalatriði úr fortíðinni þó að vissulega sé þar um ýmsar alvaralegar fullyrðingar að ræða.

Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Reykv. hefur Matthías Andrésson tollvörður fyrir nokkrum dögum fullyrt í dagblaðinu Tímanum að hann hafi lent í ónáð fyrir það að taka smygl sem ekki mátti taka, það stóð í viðtali við hann í þessu blaði. Matthías hefur ekki gefið okkur neina skýrslu um málsatvik eða atburði sem ummæli hans beinast að, en hins vegar hefur tollstjórinn í Reykjavík ákveðið að krefjast opinberrar rannsóknar á þessum ummælum. Mér sýnist að við hljótum að láta við svo búið standa og bíða eftir því, að sú rannsókn eigi sér stað og hafi farið fram áður en neitt frekar er um það mál sagt.

Í öðru lagi vitnaði hv. þm. til ummæla tollgæslustjóra, Kristins Ólafssonar, sem hann hafi viðhaft í einu dagblaðanna, þar sem hann hefði komist að orði eitthvað á þá leið, að það væri ekki mál tollgæslunnar hvort Tollvörugeymslan væri opin eða lokuð. Ég vil taka það fram, að þau ummæli, sem fallið hafa af hálfu starfsmanna og embættismanna tollstjóraembættsins og tollgæslunnar, hafa ekki fallið í neinu samráði við mig og eru ekki komin frá mér. Ég held að viðkomandi embættismenn verði að sjálfsögðu bara að standa fyrir þeim ummælum sem þeir hafa látið frá sér fara. En þetta virðist ekki í sjálfu sér vera neitt stórmál. Það segir sig sjálft að tollgæslan og yfirstjórn tollamála í landinu hljóta að hafa yfirumsjón með því, hvernig tollvörslu er háttað, hvort heldur eru í Tollvörugeymslunni eða annars staðar. Svo eru það auðvitað aðrir sem meta það og vega, hvort viðunandi starfsskilyrði séu, m. a. hjá Tollvörugeymslunni. Það hefur sem sagt hver sitt starfssvið, og ef ummæli tollgæslustjóra eru skilin á þennan veg sýnist mér e. t. v. ekki ástæða til að gera of mikið úr því að hann hafi farið út fyrir verksvið sitt.

Í þriðja lagi er vitnað til ummæla Björns Hermannssonar tollstjóra í Tímanum 15. okt. s. l. um það, að viðkomandi tollvörður, sem hafði fullyrt að hann hefði fallið í ónáð af áður tilgreindum ástæðum, hafi þegið laun fram hjá tollstjóra og tollgæslunni, beint frá Tollvörugeymslunni. Það er rétt að skýra hér aðeins betur hvernig þessu máli er varið. Tollvörugeymslan hefur greitt tollgæslunni laun þessa starfsmanns með fullu samkomulagi beggja aðila að sjálfsögðu. En síðan mun það hafa verið svo að Tollvörugeymslan hefur greitt þessum starfsmanni aukalega fyrir yfirvinnu og þær greiðslur munu ekki hafa gengið í gegnum tollstjóraembættið. Ég verð að segja alveg eins og er, að mér finnst eðlilegt að greiðslur til starfsmanns, sem starfar hjá Tollvörugeymslunni, gangi með formlegum hætti allar í gegnum tollstjóraembættið. Ég held, að annað sé ekki viðeigandi eða við hæfi, enda er um að ræða opinberan starfsmann og hann hlýtur að þiggja laun sín fyrir það starf, sem hann innir þarna af hendi, formlega frá ríkinu, enda er hann á launataxta opinberra starfsmanna. Ég sé ekkert til fyrirstöðu að þessu sé hagað með þeim hætti. En mér sýnist að þarna sé e. t. v. ekki um mjög stórt mál að ræða út af fyrir sig, nema þessar greiðslur munu ekki hafa átt sér stað með samþykki tollstjórans. Ég tel auðvitað að varðandi tollvörslu í Tollvörugeymslunni hljóti að verða að vera fullt samkomulag um störf þess manns, sem þar starfar, og þær launagreiðslur, sem hann fær. Allir aðilar

verða auðvitað að vera ásáttir um hvernig á þessum málum skuli haldið.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en vek á því athygli, að málið er leyst til frambúðar. Nokkur atriði, sem snúa að fortíðinni, eru hins vegar enn óuppgerð, en ég held að við ættum ekki að tefja tíma þingsins með mjög löngum umr. um mál sem fyrst og fremst tilheyrir liðinni tíð.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Albert Guðmundssyni, 3. þm. Reykv., fyrir að hefja máls hér á Alþingi á þeirri deilu sem staðið hefur síðustu daga um Tollvörugeymsluna og fleiri atriði sem snerta samskipti yfirmanna tollgæslunnar í landinu við undirmenn sína. Það er rétt, sem komið hefur fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni og hæstv. ráðh., að það sem snýr að opnun Tollvörugeymslunnar er leyst. En það er langt frá því að það mál, sem snýr að samskiptum yfirmanna tollgæslunnar í landinu við sína undirmenn, sé leyst.

Ég hef fylgst um nokkurra ára skeið með framgöngu yfirmanna tollgæslunnar gagnvart Matthíasi Andréssyni tollverði, og ég vil lýsa því yfir hér, að ég tel ekki síður ástæðu til að rannsaka ákvarðanir og framgöngu yfirmanna tollgæslunnar í þessum málum heldur en þau ummæli sem hér hefur verið vitnað til í blöðum, vegna þess að það eru margvíslegar ástæður til þess að ætla að það eina, sem þessi tollvörður, Matthías Andrésson, hafi til saka unnið, sé að vera of áhugasamur fyrir smekk yfirmanna sinna um að leita að tollsvikum og koma upp um afbrot í innflutningi til landsins eða tollsvik. Og þau ummæli, sem koma fram hjá Birni Hermannssyni tollstjóra í Tímanum í dag, sýna mér fyllilega og sanna að það hljóta að vera einhver önnur sjónarmið, sem ráða ummælum hans og aðgerðum gagnvart þessum tiltekna starfsmanni, heldur en deilan um Tollvörugeymsluna. Það kemur fram í blaðaviðtali við Björn Hermannsson tollstjóra í Tímanum í dag, að hann hafi óskað eftir því uppi í ráðuneyti, að Matthíasi Andréssyni yrði vikið úr stafi — og fyrir hvað? Jú, fyrir það eitt, að þetta fyrirtæki, Tollvörugeymslan, þurfti að hafa opið lengur til þess að geta sinnt atvinnurekstrinum í landinu heldur en reglur um opnun opinberra fyrirtækja gerðu ráð fyrir. Vegna þess, að tollstjóraembættið neitaði að greiða venjulegar launagreiðslur þeim starfsmanni, sem þurfti til þess að geta haldið starfseminni í gangi með þessum hætti, og yfirmenn Tollvörugeymslunnar gripu til þess ráðs að leggja þarna fram greiðslur með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, þá er það talið af tollstjóra brottrekstrarsök. Ég spyr hv. alþm.: Er það eðlilegur háttur málsins að telja svo mikilvægt þetta litla atriði, með hvaða hætti greiðslurnar fara fram? Þetta voru engar leynigreiðslur. Þetta voru greiðslur sem voru taldar fram og allir vissu um, engar leynigreiðslur. Þetta er auðvitað ekki brottrekstrarsök, heldur er ástæðan sú, að yfirmenn tollgæslunnar hafa í áraraðir verið á eftir þessum manni. Og ég tel það alvarlegt mál þegar yfirmenn tollgæslunnar í landinu gera sér sérstakt far um það að hindra í starfi, lækka í starfi og síðan flæma úr starfi ágætan starfsmann sem virðist hafa það eitt til saka unnið að vera áhugasamari en margir starfsbræður hans um að upplýsa svindl, ólöglegan innflutning eða tollsvik. Fyrst yfirmenn tollgæslunnar hafa krafist opinberrar rannsóknar á ákveðnum ummælum vil ég héðan úr þessum stól óska eftir því, að þeir verði jafnreiðubúnir til þess, verði þess óskað, að allur þessi málarekstur í gegnum liðin ár verði tekinn til opinberrar skoðunar vegna þess að það er löng saga og við sem hér erum á Alþingi kosnir til þess að tryggja það, að þegnar landsins sinni störfum sínum rétt og vel og þeir, sem falinn er opinber trúnaður í landinu, geri það rétt og vel. Við eigum kröfu til þess, að þeim grun, sem atburðarás síðustu ára varðandi þessar deilur gefur óneitanlega tilefni til að fram komi, sé eytt.

Ég er ekkert hissa á þeim ummælum sem komu fram hjá tollstjóra og tollgæslustjóra í blöðum í gær og í dag. Þau eru í stíl við annað sem þessir ágætu embættismenn hafa látið frá sér fara í þessum málum á undanförnum árum.

Það hefur staðið hér í landinu töluverð deila um það, hún hefur að vísu ekki farið mjög hátt, en töluverð deila um það, með hvaða hætti tollgæslan í landinu ætti að vera. Það hafa verið settar fram tillögur frá yfirmönnum tollgæslunnar sem hafa verið umdeilanlegar. Það hafa verið einstakir starfsmenn, bæði sá sem hér um ræðir og aðrir, sem hafa viljað fara aðrar leiðir, sem hafa viljað beita grimmari aðferðum við tollleit heldur en yfirmenn þeirra hafa viljað samþykkja. Það er nauðsynlegt að allt þetta mál verði tekið til skoðunar.

Það er vissulega rétt sem hæstv. fjmrh. sagði, að það mál, sem snertir opnun Tollvörugeymslunnar sjálfrar, er væntanlega leyst. En hið eldra mál er að mínum dómi miklu alvarlega en deilan um opnun Tollvörugeymslunnar sjálfrar. Það er deilan um það, hvort það sé rétt, sem við teljum margir eftir að hafa kynnt okkur þetta mál á undanförnum árum, að yfirmenn tollgæslunnar geri sér far um að draga úr starfskröftum og síðan jafnvel leita eftir tilefnum að flæma úr starfi þá tollverði sem eru of áhugasamir um að koma upp um svik.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þau svör sem hann gaf mér við mínum málflutningi og óskum, en eru þó ekki að öllu fullnægjandi. Ég vil undirstrika nokkur atriði til að valda ekki misskilningi og að hv. þm. hafi myndina rétta.

Þessar deilur, sem hafa verið í Tollvörugeymslunni — ég vil undirstrika það, eru ekki deilur Tollvörugeymslunnar við tollgæsluna eða nokkurn annan. Þetta eru deilur milli tollgæslunnar og starfsmanns eða starfsmanna hennar sem hafa kostað Tollvörugeymsluna mikið erfiði og tekjutap, má segja, á margan hátt og líka einstaklinga sem við fyrirtækið skipta. Það er ekki tjón sem skiptir nokkrum þúsundum, heldur milljónum, ef ekki hundruðum milljóna, vegna þess að talning þess tollvarðar, sem tollgæslan hafði þó sem sinn umboðsmann á staðnum, var ekki marktæk og allt það tjón, sem kom í ljós við opnun umbúða, var ekki tekið til greina vegna þess að tollskýrslur fengust ekki viðurkenndar. Þá á ég við að þær voru ekki teknar til greina af tryggingafélögunum. Hjá stærsta eiganda og notanda Tollvörugeymslunnar, Sambandi ísl. samvinnufélaga, er tjónið hvað mest. Deilan sem slík er því ekki deila Tollvörugeymslunnar við neinn, heldur deila innan embættis, og ég fagna því, að hún skuli vera endanlega leyst þannig að fyrirtækið, sem er stærsta tollstöðin í landinu, er áfram starfhæft.

Við tollvörugeymslumenn erum ekki að festa okkur í neinu því sem snertir fortíðina. Það út af fyrir sig væri stórmál. En það eru embættismenn hins opinbera sem

dag eftir dag láta hafa eftir sér ummæli í blöðunum sem við getum ekki setið undir, að fyrirtækið sé svo lítið áríðandi þrátt fyrir allt að það skipti engu máli hvort það er opið eða lokað. Þarna eru nýir viðskiptahættir sem teknir voru upp á sínum tíma, og ég held að þjóðfélagið geti ekki án þess verið. Það er farið að eiga svo stóran þátt í hinu daglega viðskiptalífi þessarar þjóðar að hér er ekki um neitt smámál að ræða. Ef þm. halda það, þá er það bara af því að þeir vita ekkert um hvað við erum að tala eða hvað Tollvörugeymslan er eða hvaða þjónustuhlutverki hún gegnir við þjóðfélagið í heild. Það eru þessar fullyrðingar fram og til baka, sem ganga nú dag eftir dag, sem ég óska eftir að æðsti yfirmaður þessara manna stöðvi eða að öðrum kosti láti þá sanna. Það er gefið í skyn að Matthías tollvörður hafi þegið þarna einhverjar greiðslur sem eru óeðlilegar. Það á því að koma í ljós.

Ég vil undirstrika það hér, og þá í framhaldi og að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, að umræddur tollvörður, Matthías, hefur í alla staði gegnt hlutverki sínu sem tollvörður í þessari stærstu tollstöð landsins lýtalaust. Við höfum ekkert yfir honum að kvarta sem samstarfsmanni og má segja okkar yfirmanni á staðnum því að við getum ekki gert neitt sem tollvörugeymsla án þess að tollgæslan leyfi.

Það gleður mig að ummæli tollgæslustjóra og tollstjóra eru ekki studd af hæstv. ráðh. Ummælin eru ekki viðhöfð í samráði við ráðh. og embættismennirnir verða sjálfir að standa við sín ummæli. Þetta er út af fyrir sig ágætt. Ráðh. frábiður sér alla ábyrgð á því sem þeir segja í þessu tilfelli. En ég óskaði eftir því, að hann gengi lengra en segja hér á þingi að hann væri ekki ábyrgur fyrir þessum ummælum, hann fyrirskipaði þeim að draga þau til baka. En þarna kemur fram sá embættismannahroki sem þjóðfélagið allt fyrirlítur og á að hætta. Þessir menn eru þjónar fólksins, en ekki yfirmenn, og það er rétt, sem kom fram hér hjá hv. síðasta ræðumanni, að þannig á málið að vera. En þeir haga sér eins og yfirmenn. Þetta eru launþegar hjá fólkinu, launþegar hjá þjóðinni, hvaða titil sem þeir bera innan starfsgreinarinnar. Það hlýtur þá að vera mál almennings hvernig opinberir aðilar koma fram við þá sem við þá þurfa að skipta, og það er ekkert smámál.

Ég vil líka geta þess, að Tollvörugeymslan greiðir tollvörðum og tollþjónum sem starfa í Tollvörugeymslunni og til þess er lagður ákveðinn skattur á vöruafgreiðslur. Auðvitað væri eðlilegt að laun og annar kostnaður við tollgæsluna og tollþjónustuna væru greidd í þessari tollstöð á sama hátt og alls staðar annars staðar, af tolltekjum ríkisins. Skipafélögin greiða ekki mér vitanlega tollgæsluna hjá þeim og er ég þó stjórnarformaður eins skipafélags. Það gerir tollþjónustan sjálf. Þessir aðilar vinna hjá tollstjóraembættinu og vinnuveitandinn á að greiða laun þeirra. En í Tollvörugeymslunni er það hún sjálf sem er ekki aðeins ábyrg fyrir því að greiða þeim laun, en samkv. lögum eða reglugerð — ég man ekki hvort er — er Tollvörugeymslunni gert að skyldu að útvega tollgæslunni eða tollstjóraembættinu allt það sem þeim dettur í hug að biðja um og þurfa að eigin mati að nota til síns starfs. Það er alveg fráleitt. Auðvitað á tollstjóraembættið að útvega sínum mönnum öll þau tæki og allt það, sem þeir þurfa til að gegna sínum störfum, og greiða þeim laun af tolltekjunum. Ég hefði gaman af því ef hæstv. fjmrh. vildi einhvern tíma innan skamms — ekki núna, ég geri ekki þá kröfu — gefa upplýsingar um það, hvað þær tolltekjur eru miklar sem Tollvörugeymslan innheimtir fyrir ríkissjóð, og bera það saman við hvað tollstjóraembættið sjálft innheimtir. Við skulum sjá á hvorn hallar.

Ég undirstrika það, að sú lausn, sem er fengin á því máli sem varð til þess að Tollvörugeymslan varð óstarfhæf í nokkra daga, hún er góð og enginn á meira og betra þakklæti skilið en hæstv. ráðh. Hann gekk í það strax að leysa málið til frambúðar. Og ég verð að segja það alveg eins og er, að á stjórnarfundi í Tollvörugeymslunni var málið rætt þannig, þó að lausn væri í sjónmáli, að miðað við framkomu embættismanna og þá sérstaklega þessara embættismanna við fólk almennt mættum við búast við einhverjum hefndarráðstöfunum. Ef úr því verður lofa ég hv. Alþingi því, að frá því skal ég skýra ef starfsemi Tollvörugeymslunnar gengur eitthvað öðruvísi hér eftir en hingað til því að Tollvörugeymslan sjálf á hér enga sök.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakklæti til hv. 3. þm. Reykv. fyrir að færa þetta mál hér inn í sali hv. Alþingis. Það er ljóst, að fram hafa komið í blöðum ýmsar hæpnar, svo að vægt sé til orða tekið, yfirlýsingar frá ýmsum opinberum embættismönnum, og það er jafnframt ljóst, að fyrirtæki það, sem hv. 3. þm. Reykv. á aðild að, kemur ekki þessu máli beinlínis við, verður hins vegar leiksoppur innri baráttu í viðkomandi opinberum stofnunum.

Það hefði vissulega verið ástæða til að ræða hér um tollamál, tollgæslu, tollkrítarmál og slíkt, og ég leyfi mér af þessu tilefni að minna á ummæli sem komu fram hér á s. l. þingi um að sett hefði verið nefnd til að kynna sér og skila áliti um tollkrítarmál. Sú nefnd átti að skila áliti í júní s. l. Mér hefur verið sagt að stjórnarþm. — aðeins stjórnarþm. — hafi fengið frv.-drög til skoðunar. Það er samt sem áður einkennilegt, að í nýframlögðu fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir að þetta frv. verði lagt fram á þessu þingi, nema þá að það tæki gildi um áramótin 1982—1983, því að í tekjuáætlun frv. er hvergi að finna áætlun þess efnis, að tollkrítarfrv. eigi að verða að lögum. Þetta er annað mál, sem ég vil þó minna á í þessu sambandi, því starfsemi þess fyrirtækis, sem hér hefur borið á góma, og þetta nýja frv., sem nú er í höndum stjórnarþm., eiga auðvitað ýmislegt sammerkt.

En það, sem mig langar til þess að minnast sérstaklega á, er sú ræða sem hv. 11. þm. Reykv. flutti áðan. Í henni kom fram mjög alvarlegur áburður í garð opinberra embættismanna, bæði tollgæslustjóra og tollstjóra, og þar var því beinlínis haldið fram, að til þess að menn kæmust áfram í þessum tveimur stsemknum yrðu menn að svíkjast um í starfi. Og það mátti skilja orð hv. ræðumanns á þá leið, að ef menn væru duglegri en aðrir við að upplýsa svik og smygl, þá ættu menn á hættu að vera reknir úr starfi. Þetta er auðvitað ekki aðeins áburður á tollstjóra og tollgæslustjóra, heldur á alla starfsmenn þessa embættis, því að auðvitað verður að skilja þessi ummæli svo að þeir, sem fá uppreisn og upphefð hjá slíkum stofnunum, hljóti að vera stórsvindlarar og smyglarar. Ekki skal ég leggja dóm á það, hvort rétt sé, það þekki ég ekki eins náið og hv. 11. þm. Reykv. virðist þekkja það mál. En ég vil að það komi hér skýrt fram, að hv. 11. þm. Reykv., sem virðist vera gerkunnugur þessu máli, er formaður í þingflokki Alþb. þar sem hæstv.

fjmrh., æðsti yfirmaður þessara tveggja embættismanna, situr. Ég spyr þess vegna hæstv. ráðh.: Er hann sammála því sem formaður þingflokks Alþb. kom hér með og flutti í þingræðu? Er hann sammála þessum alvarlega áburði? Ef svo er, hvað ætlar hann til bragðs að taka? Ætlar hann að láta fara fram opinbera rannsókn í þessu máli? Ætlar hann að fylgja þessu máli eftir? Ætlar hann að koma til leiðar að glæpum af þessari tegund, sem hv. 11. þm. Reykv. bar þessum embættismönnum á brýn, fækki eða þeim verði hætt? Hvað ætlar æðsti yfirmaður þessara tveggja embættismanna að gera? Ef hann er hins vegar ekki sammála formanni þingflokks Alþb., þá ber hæstv. fjmrh. að koma hér í ræðustól sem yfirmaður þessara tveggja manna og bera blak af þeim og segja hv. 11. þm. Reykv. frá skoðun sinni á málinu. Hæstv. ráðh. getur ekki þagað í þessari stöðu.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta mál, enda veit ég ekki nægilega mikið um það til þess að halda um það langa ræðu. Ég vil þó fagna þeim orðum fjmrh., að þetta mál sé leyst til frambúðar, og ég vil gjarnan taka undir þau orð hans, að fortíðin ætti að skipta minna máli í því sambandi og um hana ættu ekki að fara ítarlegar umr. fram hér á Alþingi meðan menn hafa ekki málsatvik í höndum, þekkja tæplega stöðuna og rannsókn á eftir að fara fram.

Ég vil þó segja það, að mér þykir óeðlilegt að opinberir starfsmenn, tollverðir, þiggi laun frá þeim sem þeir eiga að hafa eftirlit með. Slíkt getur alltaf orðið tilefni ýmissa vangaveltna.

En það, sem kallar mig upp í þennan ræðustól nú, eru orð hv. 11. þm. Reykv. þar sem hann lét að því liggja áðan, að yfirmenn í tollgæslunni héldu undirmönnum sínum niðri eða legðu þá jafnvel í einelti vegna þess að þeir væru of duglegir við að uppræta smygl. Hér er náttúrlega um gífurlega alvarlega ásökun að ræða, og ég fæ ekki séð að það sé nokkur einasta leið fyrir alþm. að sitja undir þessum orðum án þess að þeim sé fundinn einhver staður. Hvað er spilling í einu þjóðfélagi ef það er ekki spilling ef yfirmenn tollgæslunnar bókstaflega standa — eftir þessum orðum — eins og varðhundar um smygl í landinu og banna undirmönnum sínum að uppræta smygl? Ef ég hef skilið þessa ræðu rétt, þá er hér verið að láta að því liggja.

Ég vil strax taka það fram, að ég trúi því ekki að þannig sé málum farið. En þessi orð og þessar aðdróttanir eru svo alvarlegar hér á Alþingi Íslendinga að það er alveg útilokað annað en að fjmrh. taki þessi orð til athugunar, ekki hvað síst þegar það er formaður þingflokks hans sem viðhefur þau hér í sölum Alþingis. Hér er bókstaflega vegið að öllu embættismannakerfi Íslendinga. Ef svona er komið í tollgæslunni, hvar erum við þá staddir með okkar ríkisrekstur? Þetta er svo alvarlegt mál að það hlýtur að vera krafa allra alþm., að fjmrh. athugi þessi ummæli og þeim verði fundinn staður, ella verði þau dregin til baka.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef litlu við það að bæta sem ég sagði áðan. Ég lét það koma þá fram, að öll þau ummæli, sem vitnað var til í upphafsræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar, verða að sjálfsögðu tekin til nánari athugunar. Meira að segja liggur ljóst fyrir að krafist verður opinberrar rannsóknar vegna einna af þessum ummælum, þ. e. þeirra sem geta flokkast undir refsiverðar athafnir eða refsiverð svigurmæli eftir atvikum á hvorn veg sem rannsókn endar. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það hér, að það er meginregla íslensks réttarfars að hver maður sé ábyrgur orða sinna. **(Gripið fram í:** Líka Ólafur Ragnar?) Hér hafa komið fram kröfur um það, að embættismenn íslenska ríkisins megi ekkert segja, ekkert láta frá sér fara nema þeir hafi uppáskrift ráðh. til þess og formlegt leyfi frá honum, og ef þeim skyldi verða á að segja eitthvað það sem kannske flokkast undir persónulegar skoðanir þeirra, en er ekki í fullu samræmi við skoðanir ráðh., þá eigi hann að knýja viðkomandi embættismann til þess að taka ummæli sín aftur opinberlega. Ég er hræddur um að mörgum mundi finnast þröngt fyrir dyrum í lýðveldi okkar ef slík vinnubrögð væru upp tekin, og þess vegna frábið ég mér þær ábendingar sem komu áðan fram frá hv. þm. Reykv. Friðrik Sophussyni. Ég held að það sé alveg ljóst, að viðkomandi embættismenn og raunar allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, verði að sjálfsögðu að standa ábyrgir fyrir orðum sínum sjálfir. En að svo miklu leyti sem ástæða er til fyrir fjmrn. að kanna nánar efni þessara ummæla verður það að sjálfsögðu gert.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég sé mig neyddan til að koma hér aftur í ræðustól til þess að spyrja aðeins einnar spurningar og hún er þessi: Ber að skoða þetta svar hæstv. fjmrh. sem svo, að hann sé sammála því sem kom fram í ræðu hv. 11. þm.Reykv., sem er formaður í þingflokki Alþb., eða er hann ósammála því? Um það var spurt. Það var eina spurningin, sem hæstv. fjmrh. fékk, og ég vil fá að heyra hér og nú hver hans afstaða er í þessu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég sagði það í minni fyrri ræðu, að ég hefði haft tækifæri til þess á undanförnum árum að fylgjast með máli Matthíasar Andréssonar innan tollgæslunnar. Ég hef gert það vegna þess, að það gildir sjálfsagt hið sama um mig og marga aðra alþm., að til okkar leita ýmsir einstaklingar og aðilar í þjóðfélaginu sem telja sig þurfa og eiga meiri rétt en þeir hafa fengið í reynd og telja að verið sé að brjóta á þeim. Það vill svo til, að ég hef fylgst með þessu máli — ekki bara síðustu dagana og síðustu vikurnar, heldur frá fyrstu dögum þess að ég var kosinn á Alþingi Íslendinga. Og málið hefur haldið áfram stig af stigi síðan. Sá eini lærdómur, sem ég get dregið af þeim kynnum sem ég hef af þessu máli, er að yfirmenn tollgæslunnar, eins og ég sagði áðan, geri sér sérstakt far um það að hindra í starfi, lækka í virðingarstiga starfskerfisins, jafnvel launastiga, þá einstaklinga sem greinir á við þá, yfirmennina, um hvaða aðferðum og hve mikilli hörku eigi að beita við þetta eftirlit. Þegar ég nú í dag les þá yfirlýsingu í Tímanum frá tollstjóra, að hann hafi krafist brottvikningar þessa tiltekna tollvarðar úr starfi eingöngu á grundvelli þessa fyrirkomulags um yfirvinnugreiðslur, sem allir hafa vitað um og allir hljóta að vera sammála um að eru eðlilegar, — á því eina formsatriði hafi hann krafist brottvikningar úr starfi, þá er það fyrir mér lokapunktur í langri sögu sem ég er búinn að fylgjast með hér á undanförnum árum. Það gefur tilefni til þess, eins og ég sagði áðan, að þeir aðilar — ég endurtek það hér: að þeir aðilar, sem hafa krafist opinberrar rannsóknar í málinu, verði væntanlega sammála um að allt samskiptamál yfirmanna tollgæslunnar við þennan tiltekna tollvörð

verði tekið til skoðunar, allar hliðar þess máls. Ég fullyrti ekkert um samskipti við aðra tollverði, það þekki ég ekki, það skal ég ekkert um segja. Ég sagði hins vegar og segi það aftur, að ef þessi saga eins og hún birtist mér er lýsandi dæmi um þá starfshætti, sem þarna eru, þá er mikið að. Ef það hins vegar kemur í ljós, að þarna hefur verið um hreint persónubundið dæmi að ræða, þá eiga yfirmenn tollgæslunnar eftir að skýra hvers vegna þeir hafa komið svona fram við þessa tilteknu persónu, þá er það mál óútskýrt.

Ég vil þess vegna að gefnu því tilefni, sem hér hefur komið fram, endurtaka það sem ég sagði áðan, að vegna þess sem gerst hefur jafnt og þétt, ekki allan tímann, heldur jafnt og þétt á síðustu árum og nú síðast sérstaklega með tilliti til þeirra yfirlýsinga og upplýsinga, sem hafa komð fram frá yfirmönnum tollgæslunnar sjálfum í blöðum, er nauðsynlegt að þetta mál verði allt saman athugað. Ég vænti þess, að þær yfirlýsingar, sem fjmrh. kom fram með hér, séu sömu ættar og ég hef verið að setja hér fram hvað það snertir að nauðsynlegt sé að þetta mál sé allt saman athugað.

Ég hef rætt þetta mál á undanförnum árum við ýmsa stjórnendur þessa kerfis, bæði í tíð fjmrh. og í tíð fyrrv. fjmrh. Ég ætla ekki að rekja þá sögu hér, þeir gera það sjálfir á þeim tíma þegar þeim þykir henta, ef þeim þykir henta svo. En við skulum gera okkur grein fyrir því, hv. alþm., að í þessu landi er mikið um stóra karla sem þykjast hafa vald til þess að ráðskast með undirmenn sína og almenning í landinu, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson réttilega gagnrýndi hér áðan. Og það er skylda okkar hér að standa vörð um það, að sérhverjir starfsmenn, sérhverjir einstaklingar í þessu landi fái að njóta fyllsta réttlætis og engir svokallaðir toppar í þessu embættiskerfi eða einhverju öðru kerfi í krafti embættis síns, í krafti valds síns og í krafti þeirrar leyndar, sem oft og tíðum hvílir um það sem gerist innan þessara stofnana, beiti undirmenn sína eða almenna borgara í þessu landi misrétti.

Mér er ljóst að þau orð, sem ég lét falla hér áðan, hv. þm. Friðrik Sophusson og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, eru alvarleg. Það er vissulega rétt. En líka er alvarleg sú yfirlýsing sem kemur fram hjá tollstjóra í dag, að hann hafi krafist brottrekstrar þess starfsmanns sem hér er verið að tala um, því að hvað er alvarlegra gagnvart einum opinberum embættismanni heldur en að krefjast þess að hann verði rekinn, eins og hv. tollstjóri hefur nú upplýst að hann hafi gert kröfu um. Hann beitir valdi embættis síns á forsíðu Tímans í dag til að flytja almenningi í landinu þá brottrekstrarkröfu. Ég tel rétt til þess að standa vörð um þennan einstakling, þennan starfsmann tollgæslunnar sem hér hefur verið rætt um, Matthías Andrésson, að nota ræðustól Alþingis í dag til þess að sýna þm. og þjóðinni að það eru fleiri hliðar á þessu máli og að mínum dómi eiga yfirmenn tollgæslunnar eftir að svara mörgum stórum og alvarlegum spurningum um framgöngu sína í máli þessa tollvarðar á undanförnum árum.

Ég vænti þess og ég endurtek það að lokum, herra forseti, um þá kröfu um opinbera rannsókn, sem hefur komið fram hjá þessum yfirmönnum, að þeir verði sammála um að hún verði líka látin ná til þess að rekja þetta mál allt saman frá upphafi til enda. Ef það reynist þá koma í ljós að sá lærdómur, sem ég hef dregið af kynnum mínum af þessari sögu, er rangur, þá er ég fyllilega reiðubúinn til þess að taka tillit til þess og taka mið af því. Hitt tel ég hins vegar nauðsynlegt, að yfirmenn kerfisins séu ekki síður teknir til rannsóknar en sá undirmaður sem þeir bera þungum sökum á forsíðu Tímans í dag, því að lýðræðið á Íslandi er ekki bara lýðræði fyrir yfirmennina eða lýðræði fyrir toppana í kerfinu. Lýðræðið á Íslandi er fyrst og síðast lýðræði fyrir almenna borgara, hvern og einn sem hefur ekkert annað sér til varnar en þann almenna rétt og þær almennu siðareglur sem eiga að tíðkast í því samfélagi sem við viljum hafa í heiðri. Þess vegna hef ég notað þennan ræðustól í dag til að kalla toppana til ábyrgðar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna spurninga hv. þm. Friðriks Sophussonar verð ég að bæta hér við örfáum orðum.

Það liggur fyrir að þetta mál er ákaflega flókið og margslungið og rekur sig mörg ár aftur í tímann. Það liggur líka fyrir að til stendur að fram fari rannsókn á þessu máli. Og þá spyr ég: Finnst mönnum við hæfi að ég sem yfirmaður tollgæslu fari að kveða upp fyrir fram dóma í þessu máli? Auðvitað ekki. Auðvitað væri það mjög óeðlilegt og óviðurkvæmilegt.

Það er rétt að yfirmenn tollgæslunnar hafa talið eðlilegra að viðkomandi starfsmaður hætti hjá tollgæslunni. Niðurstaðan hefur hins vegar orðið sú hjá rn., að viðkomandi starfsmaður var fluttur til. Hann fékk annan starfsvettvang og er nú tollvörður í Hafnarfirði. Á hinn bóginn get ég alveg hiklaust sagt það og vona að það sé skoðun allflestra þm., að ekki er eðlilegt að opinber starfsmaður fái laun frá einkafyrirtæki sem hann er settur til að gæta. Að því leyti tel ég að það hafi verið formlega rangt fyrirkomulag, að greiðslur til þessa starfsmanns gengju ekki alfarið í gegnum tollgæsluna og tollstjóra. Þetta atriði held ég að sé svo augljóst að ekki þurfi um að deila. En þannig getur þetta verið, að erfitt er að fullyrða að einn valdi þá tveir deila, og ég tel að málið í heild þurfi það ítarlega rannsókna við að fráleitt væri að kveða upp dóma í því að svo stöddu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða um einstakar persónur í þessu máli, en hins vegar er hér komið inn á svið sem ég tel að sé mjög mikils virði að Alþingi fari að fjalla um af mikilli alvöru. Það er hið svokallaða embættismannavald og hvernig almenningi í þessu landi gengur að reka erindi sín gagnvart því valdi sem við köllum embættismannavaldið stundum og köllum á öðrum tímum kerfið.

Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, og eftir því sem hinar opinberu stofnanir hafa stækkað hér á landi og völd þeirra jafnframt aukist, því erfiðara hefur það verið fyrir einstaklinginn í þjóðfélaginu að reka erindi sín í þessum stofnunum og við þessar stofnanir. Ég er jafnframt staðfastlega sannfærður um það, að Alþingi hefur að mörgu leyti brugðist eftirlitshlutverki sínu gagnvart þeim stofnunum sem það hefur vald yfir óumdeilanlega. Þetta eftirlitshlutverk á auðvitað að rækja miklu betur en Alþingi hefur gert, bæði gagnvart þeim mönnum, sem fara með forustu hjá opinberum stofnunum, og hvernig þeir nýta það fjármagn sem Alþingi ákveður þeim á hverjum tíma. Hér held ég að sé á ferðinni geysilega stórt og viðamikið mál sem þingið þurfi nauðsynlega að fara að taka á. Auk þess held ég að þessi umr. hljóti að vekja þær hugsanir hjá alþm., að það sé orðið fyllilega tíma-

bært og meira en komið að því, að stofnað verði embætti umboðsmanns Alþingis.

Það vill svo til að ég þekki dálítið til þess máls sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi áðan. Og ég er sannfærður um að hver einasti þm. þekkir til mála af svipuðu tagi, þar sem einstaklingar reyna að leita réttar síns gagnvart kerfinu, en það gengur ekki, einfaldlega vegna þess að það eru ekki til menn til þess að fjalla um mál þessara einstaklinga og til þess að ryðja þeim braut inn í kerfið í gegnum embættismannavaldið. Það vill svo til að ýmsir forustumenn opinberra stofnana reka þær eins og einkafyrirtæki. Það gengur auðvitað ekki, því að eins og kom fram áðan eru embættismenn starfsmenn ríkisins og þjónar fólksins í landinu. Þeir eru ekki yfirmenn þessa fólks. Og ég er sannfærður um að það er orðið bæði tímabært og nauðsynlegt að Alþingi Íslendinga fjalli af mikilli alvöru um það, hvers konar „apparat" hið opinbera kerfi er orðið og hvernig það þjónar einstaklingnum í þjóðfélaginu, hvernig það sinnir hans þörfum og hans málum yfirleitt. Þetta held ég að væri verðugt verkefni. Og ég vil að því leyti taka undir orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að sá valdahroki, sem oft kemur fram hjá opinberum embættismönnum, er óþolandi. Ég er líka sannfærður um að langflestir þm. geta tekið undir það með mér, að þeir sjálfir eiga oft á tíðum sem fulltrúar löggjafavaldsins í erfiðleikum með að fá kerfisskrímslið til þess að taka við sér. Þetta gengur auðvitað ekki. Skilningurinn á hlutverki embættismanna í samfélaginu verður að breytast, ekki hjá almenningi, heldur hjá þeim sjálfum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð sem ég vil fyrst og fremst beina til hv. þm. Friðriks Sophussonar. Þessi gáfaði og vígreifi ungi þm., sem ég hef gjarnan oft dáð fyrir skarpleik í hugsun og árvekni í þingmannsstarfi sínu, ekki síst hér í hv. Sþ., ræddi um það sem einsdæmi að tilraun væri gerð til þess að víkja opinberum starfsmönnum úr starfi fyrir dugnað og árvekni í starfi. Ég vil aðeins minna hv. þm. á, og hygg, þó ég vilji ekki bregða honum um æsku, að langminni hans stafi nokkuð af þeim fæðingarágalla, — að skipherra hjá Landhelgisgæslunni var á sínum tíma óvefengjanlega vikið úr starfi fyrir að taka fleiri togara í landhelgi heldur en valdamiklum aðilum gott þótti. Og af því að hv. þm. leyfði sér að nota hástigsnafnorð um þann verknað að skjóta vörum undan tolli og nefna það glæp í ræðu sinni, þá vildi ég einnig minna hann á það, að þremur vikum eftir að hin sögufræga faktúra fannst í tunnunni var flokkur hans, sem hann hyggst nú gerast varaformaður í, búinn að gera aðaleiganda tunnunnar að fjmrh.

Sameinað þing, 5. fundur.

Mánudaginn 19. okt., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Guðmundur Bjarnason, 5. þm. Norðurl. e., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég mun verða fjarverandi næstu vikur sem einn af fulltrúum Íslands á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York óska ég þess skv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis, að 1. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Níels Á. Lund, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Níels Á. Lund hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs hans þá farið fram, og býð ég hann velkominn til starfa.

Mér hefur borist annað bréf:

„Ingvar Gíslason, 1. þm. Norðurl. e., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki setið þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Hákon Hákonarson, formaður Sveinafélags járniðnaðarmanna á Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hákon Hákonarson hefur einnig átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs hans þá farið fram, og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Suðurlandskjördæmi, Baldur Óskarsson, starfsmaður Alþb. í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Baldurs Óskarssonar til athugunar og verður fundi frestað á meðan. — [Fundarhlé.].

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf Baldurs Óskarssonar, 1. varaþingmanns Alþb. í Suðurlandskjördæmi, en Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., hefur samkv. því, sem hér var lýst frá forsetastóli áðan, lýst forföllum.

Nefndin leggur til að kosning Baldurs verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Forseti (Jón Helgason): Baldur Óskarsson hefur ekki átt sæti á Alþingi fyrr og þarf því að undirrita eiðstaf.

Baldur Óskarsson undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Baldur Óskarsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 19. okt., að loknum fundi í Sþ.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 30). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um lyfjadreifingu sem var reyndar lagt hér fram á Alþingi s. l. vor, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Frv. er óbreytt frá því að það var flutt. Í 1. gr. þess var því slegið föstu, að heilbr.- og trmrn. fari með yfirstjórn lyfjadreifingar samkv. þessum ákvæðum og í rn. starfi deildarstjóri, lyfjamálastjóri, sem annist framkvæmd lyfjamála innan rn. fyrir hönd ráðherra.

Í II. kafla frv. er fjallað um lyfjabúðir, stofnun þeirra, svo og veitingu lyfsöluleyfa. Þar segir í 2. gr.: „Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu vera í héruðum, samkv. nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðh. setur með hliðsjón af skiptingu landsins í læknishéruð."

Í frv. um lyfjadreifingu, sem lagt var fyrir Alþingi á haustþinginu 1979, var gert ráð fyrir að lögin kvæðu þegar í stað á um hvernig skiptingu landsins í lyfjaumdæmi yrði háttað. Við endurskoðun málsins á vegum núv. ríkisstj. var ákveðið að fella þessi ákvæði niður úr frv. og talið eðlilegra að þetta yrði ákveðið í reglugerð þar sem tekið yrði mið af heilsugæsluumdæmunum og því, hvernig málum er háttað í samstarfi á milli þeirra.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um lyfsöluleyfi, hverjir megi fá lyfsöluleyfi og hvernig þau eru veitt. Í 1. mgr. eru ákvæði um það, að þau megi veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands. Ég vil varðandi þetta atriði geta þess, að Háskóli Íslands hefur farið þess á leit við ríkisstj. að flutt verði sérstakt frv. um að Háskóli Íslands hafi heimild til að reka lyfjaverslun. Háskólinn hefur hug á að festa kaup á ákveðinni lyfjaverslun hér og reka þá starfsemi sem þar fer fram. Og það er nauðsynlegt, vegna þess hvernig háttar til, að sérstakt frv. verði flutt um þetta mál, þannig að það fái afgreiðslu fljótlega. Mun ég leggja fram lítið

frv., um heimild fyrir Háskólann til að reka lyfjaverslun, núna alveg á næstunni. En það breytir ekki því, að slík ákvæði þyrftu allt að einu að vera í þessum bálkum hér ef að lögum verða.

III. kafli frv. fjallar um rekstur lyfjabúða og réttindi og skyldur lyfsala og þeirra sem hafa með höndum lyfsöluleyfi. Í þeim kafla eru út af fyrir sig ekki mörg nýmæli.

Í IV. kafla eru ákvæði um starfsmenn lyfjabúða. Þar segir m. a. að um nám, próf og starfsréttindi lyfjatækna, svo og annars afgreiðslu- og aðstoðarfólks í lyfjabúðum og öðrum stofnunum sem afgreiða, framleiða eða selja lyf í heildsölu, skuli sett ákvæði í reglugerð. En ramminn er mótaður hér í þessum IV. kafla frv.

Í V. kafla eru ákvæði um afgreiðslu lyfja.

Í VI. kafla er fjallað um undirstofnanir lyfjabúða. Er þar átt við lyfjaútibú og lyfjaforða.

Í VII. kafla er rætt um innflutning og heildsölu lyfja. Þar er 39. gr. frv., sem hefur valdið nokkrum deilum, en þar segir:

„Starfandi læknar, lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða og starfsmenn sjúkrahúsapóteka mega ekki vera umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Sama gildir um eignaraðild þessara aðila að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða."

Í ákvæði 3 til bráðabirgða segir:

„Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa átta ára frest til að aðlaga sig þeim."

Ástæðan fyrir þessu ákvæði 39. gr. er fyrst og fremst su, að talið er óeðlilegt að starfandi læknar, lyfsalar eða aðrir starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar, þar með talin apótek, séu á sama tíma umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Um þessa afstöðu hefur verið tiltölulega góð samstaða og á henni byggist 39. gr. frv.

Í VIII. kafla frv. eru ákvæði um Lyfjaverslun ríkisins. Í þeim kafla eru nokkur nýmæli, sérstaklega þau, að gert er ráð fyrir að heilbr.- og trmrn. fari með yfirstjórn Lyfjaverslunar ríkisins, en til þess hefur Lyfjaverslunin verið undir stjórn fjmrn.

Í IX. kafla eru ítarleg ákvæði um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og má segja að það séu í rauninni ein helstu nýmæli þessa frv.

X. kafli fjallar um dreifingu dýralyfja. Á honum hafa orðið nokkrar breytingar frá því sem var þegar frv. var lagt fram haustið 1979. Kaflinn er hins vegar óbreyttur frá því sem var þegar frv. var lagt fyrir Alþingi s. l. vor.

Frv. þetta var unnið á vegum núv. ríkisstj. af samstarfsnefnd sem í áttu sæti alþm. Guðmundur G. Þórarinsson og Helgi Seljan og Pálmi Jónsson ráðh. Þessi samstarfsnefnd yfirfór frv. eins og það lá fyrir þinginu haustið 1979 og gerði á því nokkrar breytingar, sem einkum er að finna í II., VIII. og X. kafla frv. Samstarfsnefndarmenn eru sammála frv. eins og og það er nú, en hafa allir áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma við bráðabirgðaákvæði 3 með frv. Það bráðabirgðaákvæði nefndi ég sérstaklega áðan.

Ég vil vekja athygli á því, að með þessum till. í frv. er stefnt að því að lyfjasala fari úr höndum lækna, en eins og kunnugt er hafa læknar að verulegu leyti annast lyfsölu sums staðar í dreifbýli. Hér er þó ekki tekið jafn djúpt í árinni og í till. þeirrar nefndar sem undirbjó frv. upphaflega. Hún lagði til að lyfjasala færi alfarið úr höndum lækna. Hins vegar lítum við þannig á, að lyfjasala í höndum lækna hljóti að vera hreint neyðarúrræði, hún megi ekki vera regla né heldur forsenda fyrir því, að menn fáist til að gegna læknisþjónustu í dreifðum byggðum, eins og víða hefur verið.

Ég vil einnig vekja sérstaka athygli á ákvæðum frv. um Lyfjaverslun ríkisins, en með ákvæðum frv. er reynt að tryggja stöðu hennar sem innkaupa- og dreifingaraðila fyrir sjúkrahús ríkisins og sveitarfélaga, auk dvalarheimila aldraðra. Ákvæði þessa frv. eiga að tryggja að Lyfjaversluninni verði ekki settur stóllinn fyrir dyrnar með innkaup erlendis frá, og þar með er talið að hagsmunum hennar eigi að vera betur borgið en fyrr.

Ég vil að síðustu, herra forseti, minna á að árið 1973 var lagt fram á Alþingi frv. um Lyfjastofnun ríkisins sem miðaði að því að ríkið tæki að sér að öllu leyti innflutning og heildsölu lyfja. Það náðist ekki pólitísk samstaða um slíkt fyrirkomulag, en hér er stigið skref í þá átt að tryggja betur en verið hefur tengsl lyfjadreifingarinnar við heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er mín skoðun og míns flokks, Alþb., að eðlilegt væri að lyfjaverslun og lyfjadreifing væri alfarið í höndum opinberra aðila. Um það hefur ekki tekist samstaða í núv. ríkisstj. Samstaða tókst hins vegar um það frv. sem hér liggur fyrir og ég hef nú gert grein fyrir í mjög stuttu máli. Ég flutti nokkra framsöguræðu með frv. þessu þegar það var lagt fram í maímánuði s. l. Þá gerði forveri minn í stól heilbrmrh. ítarlega grein fyrir þessu frv. haustið 1979. Ég tel því ekki ástæðu til, herra forseti, að orðlengja frekar um frv. þetta en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. Og ég vil fara fram á það við hv. n., að hún hafi samstarf, eftir því sem unnt er, við heilbr.- og trn. Nd. svo að þannig verði að málum staðið að frv., sem nú er lagt fram í þriðja sinn, verði loks að lögum á því þingi sem nú er rétt hafið.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er um þýðingarmikið mál að tefla, þar sem er frv. til l. um lyfjadreifingu. Ég hef ekki hugsað mér nú við þessa umr. að fara að ræða það mál efnislega, en mér þykir ástæða til að gera fyrirspurn til hæstv. heilbrmrh. varðandi málsmeðferð. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. var þetta mál flutt á síðasta þingi. Það hlaut ekki afgreiðslu þá, en var komið til nefndar. Ein er sú stétt manna sem þetta mál varðar mjög. Það eru lyfjafræðingar. Þegar málið var komið fram og var í höndum þingsins á síðasta þingi skrifaði Lyfjafræðingafélag Íslands þingmönnum bréf í maímánuði varðandi málið, þar sem tekið var fram, að félagið hefði ýmislegt við frv. að athuga, og lagðar voru fram sérstakar tillögur til breytinga. Með tilliti til þess, hve mál þetta er í heild þýðingarmikið og hve miklu það varðar lyfjafræðingana sjálfa, og með tilliti til þess, að þeir hafa gert ákveðnar tillögur um breytingar á frv., þá er spurning mín til hæstv. ráðh. á þessa leið: Hafa tillögur lyfjafræðinga verið teknar til sérstakrar athugunar frá síðasta þingi? Var það gert áður en gengið var frá því frv. sem hér er lagt fram nú?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Svar við spurningu hv. 4. þm. Vestf. er nei. Þessar tillögur hafa ekki verið teknar inn í frv. eins og það liggur hér fyrir. Frv. er flutt alveg óbreytt frá því sem það var lagt fyrir þingið í vor. Ég taldi eðlilegra að koma málinu þannig á ný til hv. Alþingis til þess að það gæti fjallað um málið á þeim grundvelli sem ríkisstj. hafði undirbúið það. Síðan er að sjálfsögðu nauðsynlegt að hv. þingnefnd

taki tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma m. a. í tillögum Lyfjafræðingafélagsins. Ég vil minna á það í þessu sambandi, að það eru auðvitað fleiri félög sem hafa látið heyra í sér um þessi mál, þ. á m. Apótekarafélagið. Ég tel eðlilegt að hv. þingnefnd leiti umsagna þessara aðila og taki tillit til tillagna þeirra eftir því sem frekast er kostur.

Ég minni hins vegar á það, að þeir aðilar, sem náttúrlega langmestu máli skiptir að myndi sér skoðun á þessu, eru Alþingi sem löggjafi og Alþingi sem fjárveitingavald. Á árinu 1982 er ráðgert að lyfjakostnaður út úr Tryggingastofnun ríkisins verði 158 millj. 900 þús. kr. eða 15.8 milljarðar gkr. Á þessu ári er gert ráð fyrir að Tryggingastofnunin eða sjúkratryggingadeild hennar verji í þessu skyni 82 millj. kr. Hér er því um að ræða mjög verulega hækkun í fjárlagafrv. næsta árs, og ég held að Alþingi þurfi að líta á málin frá þeirri hlið, að það beri ábyrgð á fjárreiðum ríkisins einnig að þessu leyti til. Ég vil enn fremur minna á það, að þessi tala um lyfjakostnað ríkisins tekur bara til lyfjasölu utan sjúkrahúsa. Lyfjakostnaður að öðru leyti er færður á rekstrargjöld sjúkrahúsa, daggjaldaspítala, og er því inni í daggjöldum annars vegar og útgjaldatölu ríkisspítalanna hins vegar.

Ég tel að Alþingi þurfi að líta á þetta og Alþingi þurfi einnig að hafa í huga sjónarmið neytenda og öryggi þeirra. Meginatriðið er auðvitað það frá sjónarmiði heilbrmrn., að tryggt sé að Lyfjaverslunin lúti þeim almennu grundvallarreglum sem gilda lögum samkvæmt um heilbrigðisþjónustuna í landinu. Það er auðvitað meginatriði, þannig að ekki sé verið að tefla í þeim efnum fram neinum annarlegum hagsmunum sem eiga ekkert skylt við heilsuvernd eða heilbrigðisþjónustu.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu sammála hæstv. heilbrmrh. um að sú löggjöf, sem við ræðum hér um, þarf að þjóna almannahagsmunum. Auðvitað kemur ekki annað til greina. Ég hef ekki heldur heyrt neinn halda öðru fram. En það mætti hugsa sér að löggjöfin gæti svo best þjónað almannahagsmunum að tekið væri tillit til tillagna þeirrar stéttar sem vinnur þau störf sem hér er um að ræða.

Hæstv. ráðh. sagði að ekki hefðu verið teknar inn í þetta frv. tillögur Lyfjafræðingafélags Íslands. Ég var ekki að spyrja um það, því að eins og ráðh. tók fram — hann hafði líka sagt það í sinni fyrri ræðu — hefði það ekki verið gert, ég vissi það. Það, sem ég spurði um, var það, hvort teknar hefðu verið til sérstakrar athugunar tillögur þær, sem Lyfjafræðingafélag Íslands hefur lagt fram, og hvort það hefði verið metið á grundvelli þeirrar athugunar, hvort rétt væri að taka tillit til þeirra eða ekki.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 19). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 19 höfum við hv. 3. þm. Norðurl. v., hv. 11 landsk. þm. og hv. 5. þm. Vesturl. leyft okkur að flytja frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt, með síðari breytingum, þ. e. að við 1. tölul. 7. gr. laganna, sem varðar undanþágur frá söluskatti, bætist nýr málsliður er orðist svo: „Heimild þessi nái einnig til barnaheimila, leikskóla, félags- og safnaðarheimila og atvinnuhúsnæðis.“

Þetta frv. er endurflutt frá síðasta þingi og er þess eðlis að grg. skýrir það að fullu.

Flm. er það ljóst, að allar undanþágur frá söluskatti eru viðkvæmar og vandmeðfarnar. Hér er í raun ekki um nýja undanþágu að ræða. Undanþága hefur verið frá upphafi varðandi vinnu við byggingar á byggingarstað. Alllangan tíma tók að yfirfæra þessa undanþágu á hliðstæða vinnu við verksmiðjuframleidd hús, en þegar það var gert var það eingöngu varðandi íbúðarhús, enda var meginframleiðsla einingaverksmiðjanna íbúðarhúsabyggingar. Nú hafa verksmiðjurnar í auknum mæli snúið sér að öðrum viðfangsefnum, svo sem þeim sem tilgreind eru í frvgr. Að sjálfsögðu á þessi undanþága að gilda um alla hliðstæða vinnu hjá verksmiðjunum og í byggingariðnaði yfirleitt. Hér er í raun eingöngu um það að ræða, að allir sitji við sama borð, og því um sanngirnis- og réttlætismál að tefla. Flm. vilja þó aðeins tilgreina hér þá viðbótarþætti í framleiðslu verksmiðjanna, sem eru mest áberandi, og þá þætti sem hið opinbera kemur inn í með einhverjum hætti, að öðru leyti en snertir atvinnuhúsnæði, en menn telja rétt að láta það fylgja með, enda um leið ákveðinn stuðningur við innlendan iðnað almennt. Það hlýtur að teljast sjálfsagt að útfæra undanþáguna hvað alla þessa þætti snertir, enda er óeðlilegt að kaupendur þurfi að gjalda þess, að aðrar reglur gildi um verksmiðjuframleiddar byggingar en aðrar byggingar.

Flm. ræddu þetta mál við hæstv. fjmrh. áður en það var flutt í fyrra. Hann lýsti þá stuðningi við málið. Við væntum þess því, að þingnefnd afgreiði þetta litla mál fljótt og vel.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 4). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr, er flutt af mér ásamt Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Guðmundi Karlssyni, Lárusi Jónssyni og Salome Þorkelsdóttur. Þetta frv. til orkulaga var flutt á síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Frv. er núna endurflutt óbreytt, nema ákvæði um gildistíma. Með tilliti til þessa, að þetta mál er kunnugt hér í deildinni og ég veit að hv. dm. leggja sér á minni það sem ég ræði um þessi mál, og ég ræddi þau mjög ítarlega í framsögu fyrir frv. á síðasta þingi, þá mun ég leitast við að endurtaka sem minnst, en þykir þó við hæfi í svo stóru máli sem þessu að hafa nokkra framsögu. Ég segi í jafnstóru máli og þessu, því að þetta mál varðar skipulag orkumálanna og það eru þau mál sem hafa verið ákaflega mikið á dagskrá á undanförnum árum, eins og mönnum er kunnugt.

Þetta frv. á sinn aðdraganda með tilliti til þeirrar miklu umræðu sem hefur verið um þessi mál. Það bar við í janúar 1977 að þáv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, skipaði nefnd til þess að endurskoða orkulög og gera tillögur um

heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Þessi nefnd skilaði tillögum sínum í okt. 1978. Þrátt fyrir þetta kom ekki fram frv. til nýrra orkulaga, eins og þessi skipulagsnefnd orkumála hafði lagt til. Það komu til valda nýjar ríkisstjórnir og þær létu þetta undir höfuð leggjast. Þess vegna var það, að á síðasta Alþingi lögðum við sjálfstæðismenn sem erum flm. að þessu frumvarpi, frv. fram til þess að freista þess að málið næði fram að ganga — það mál sem grundvöllur var lagður að með starfi skipulagsnefndar orkumála, þeirrar sem ég nefndi áðan.

Þessi nefnd, sem ég vitna til, var að öllu leyti sammála um það frv. sem hér er lagt fram, nema einn kafla sem varðar raforkuvinnsluna. Um þann kafla náðist ekki samkomulag. Aðalágreiningsefnið var það, að annars vegar voru þeir sem lögðu áherslu á að það væri aðeins eitt orkufyrirtæki sem hefði heimild til að virkja og reka virkjanir stærri en 5 mw., hins vegar voru þeir sem töldu að þetta ætti að vera frjálst fleirum og ekki að banna neinum aðila í landinu að virkja sem hefði vilja til þess og getu. Hins vegar var gert ráð fyrir að komið yrði upp sérstökum stjórnunaraðila orkufyrirtækjanna og Landsvirkjun hefði þar mest að segja.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, byggist á þessari skoðun. Í þessu frv. er um að ræða nýmæli sem varða rannsóknir á orkulindum landsins, eðli þeirra og skilyrðum til hagnýtingar þeirra, nýmæli í skipulagi orkuvinnslunnar og dreifingu orkunnar og nýmæli er varða hlutverk og skipulag Orkustofnunar og orkuráðs.

Það hefur verið hlutverk Orkustofnunar að annast þann þátt orkumálanna sem við kemur rannsóknum og skyldum viðfangsefnum. Verður að telja grundvallaratriði í framkvæmd orkumálanna, að þau verkefni, sem Orkustofnun er falið að sjá um, fari vel úr hendi. Hér er því mest um vert að Orkustofnun hafi sem best tök á að gegna sínu mikilvæga hlutverki. Þær tillögur, sem varða Orkustofnun, miða því í meginatriðum að því að 1) styrkja stjórn stofnunarinnar; 2) hnitmiða verksvið stofnunarinnar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf um stefnumótun í orkumálum; 3) að efla áhrifavald stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna.

Með tilliti til þessa er lagt til í frv. þessu að Orkustofnun sé fengin þingkjörin stjórn á þann veg, að orkuráði sé ætlað það verkefni auk þess að hafa með höndum stjórn Orkusjóðs svo sem nú er gert ráð fyrir. Þá gerir frv. ráð fyrir, að sú starfsemi, sem nú heyrir undir Orkustofnun í einu eða öðru formi, en varðar ekki meginhlutverk stofnunarinnar, verði fengið öðrum aðilum í hendur. Hins vegar er Orkustofnun fengið í hendur veigamikið verkefni við gerð orkumálaáætlunar, sem lagt er til að lögð sé fyrir Alþingi og gegna á mikilvægu hlutverki við stefnumótun í orkumálum.

Tillögur frv., sem varða orkuvinnslu og orkudreifingu, hafa það meginmarkmið, að komið verði við sem mestri hagkvæmni í framkvæmdum og rekstri í orkubúskap þjóðarinnar. Tilgangurinn með því er að stuðla að sem bestri hagnýtingu orkulinda landsins svo að fullnægt verði orkuþörf með innlendum orkugjöfum og við sem lægstu og jöfnustu orkuverði um allt land. Varðar mestu að skipulag raforkuvinnslunnar sé miðað að þessum markmiðum.

Frv. gerir ráð fyrir að meginraforkuvinnslan verði á hendi eins fyrirtækis, þar sem er Landsvirkjun. Jafnframt er svo ráð fyrir gert, að sjálfstæð orkufyrirtæki í hinum einstöku landshlutum geti einnig annast orkuvinnslu eftir því sem efni standa til.

Heildarstjórn raforkuvinnslunnar er komið á fót í formi samvinnu sem fyrirtækjunum, er hafa á hendi orkuvinnslu, er gert að hafa. Samvinna þessi lýtur að skipulegri yfirstjórn er varðar byggingu orkuvera og samrekstur þeirra. Reglur um þetta efni mótast mjög af þeirri sérstöðu Landsvirkjunar að bera ægishjálm yfir öll orkuvinnslufyrirtæki landsins. Er og staða Landsvirkjunar mjög efld frá því sem verið hefur, eins og ég vék að áður, en það er með því að Landsvirkjun er ætlað að gegna aðalhlutverki í yfirstjórn raforkuvinnslunnar, svo sem fram kemur í þeim reglum sem í frv. þessu er að finna um: 1) skipan Samvirkjunarráðs, 2) eignaraðild að stofnlínum og 3) samrekstur orkuveranna.

Samkv. frv. er reiknað með að fyrirtæki sveitarfélaga eða sameignarfélög ríkisins og viðkomandi sveitarfélaga hafi á hendi raforkudreifingu og rekstur hitaveitna hvert í sínu umdæmi. Er þá gert ráð fyrir að þessi landshlutafyrirtæki geti einnig annast raforkuvinnslu.

Í frv. er ekki að finna ákvæði um skipulag eða form landshlutafyrirtækja né heldur um að þau skuli sett á fót. Leiðir það af eðli málsins. Þátttaka sveitarfélaga í landshlutafyrirtækjum þýðir að þau verða ekki stofnuð nema að vilja þeirra. Enn fremur hljóta viðkomandi sveitarfélög að hafa um það að segja hvernig fer um eignaraðild, hlutverk, stjórnun og almenna uppbyggingu hvers landshlutafyrirtækis. Slík fyrirtæki geta því orðið með mismunandi móti eftir aðstæðum og viðhorfum í hinum einstöku landshlutum. Þess vegna er ekki unnt að setja almenn ákvæði í lög sem kveða á um þessi efni. Það ber og að hafa í huga, að hvert landshlutafyrirtæki um sig hlýtur að vera stofnað með sérlögum.

Það er gert ráð fyrir í þessu frv. að Rafmagnsveitur ríkisins verði lagðar niður jafnóðum og aðstæður leyfa. Leiðir þetta af því, að rétt þykir, svo sem ég hef áður vikið að, að landshlutafyrirtæki hafi á hendi raforkudreifinguna. Verður þá ekki ástæða til að halda áfram rekstri Rafmagnsveitna ríkisins til orkuvinnslu þar sem önnur orkufyrirtæki með aðild ríkisins verði fær um slíkt. Með tilliti til þessa er ríkisstj. veitt heimild til að láta af hendi eignir Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja í landinu með þeim skilmálum sem um semst. Framkvæmd þessa fer fyrst og fremst eftir því, hvort landshlutafyrirtækjum eða sveitarfélögum verði gert kleift að taka við eignum Rafmagnsveitna ríkisins í viðkomandi landshluta. Starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins getur hvergi orðið lögð niður nema þar sem tryggt er að fyrir hendi sé annar aðili fær um að halda uppi þeirri þjónustu sem um er að ræða. Þess vegna verður þetta fyrirtæki ekki lagt niður í einum áfanga, heldur smám saman eftir því sem aðstæður leyfa.

Í þessu frv. er ákvæði um ráðstöfun og afhendingu á þeim 132 kw. stofnlínum sem ríkið hefur látið byggja. Hér er átt við hina svonefndu Byggðalínu. Lagt er til að þessar stofnlínur verði í eigu Landsvirkjunar. Þá er og gert ráð fyrir að skilmálar um afhendingu þessara eigna verði við það miðaðir, að unnt sé að selja raforku frá stofnlínukerfinu samkv. einni gjaldskrá. Þetta er með tilliti til þess, að stefnt verði að því að koma á jöfnun orkuverðs um land allt.

Þó að uppistaða sumra kafla í þessu frv., sem hér er lagt fram, sé úr orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967, er þar um veigamiklar breytingar að ræða. Þannig er I. kafli

frv., sem kveður á um stefnumótun, algert nýmæli. Veigamiklar breytingar eru og í II., III. og IV kafla frv. sem fjalla um orkuráð og orkumálastjóra, Orkustofnun og Orkusjóð. Þá er um nýsmíði að ræða þar sem er V. kafli frv., sem kveður á um orkuveitur. Þó er þar ekki um veigamiklar efnisbreytingar að ræða, en í þessum kafla frv. eru samræmd og felld saman ákvæði um héraðsveitur og hitaveitur, sem er að finna í IV. og V. kafla gildandi laga. Í VI. kafla frv. er um að ræða nýmæli sem varða skipulag orkuvinnslunnar. Það eru þau nýmæli sem ég vék að í inngangsorðum mínum og greindi frá að ágreiningur hefði verið um í skipulagsnefnd orkumála sem vann upphaflega að gerð þessa frv. Þá er í VII. kafla frv. nýmæli um skipulag orkudreifingar. Almennu ákvæðin í VIII. kafla frv. eru aftur á móti hliðstæð og samsvarandi ákvæði í gildandi lögum.

Í þessu frv. er ekki að finna þá kafla í gildandi lögum sem fjalla um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, jarðhitavirkja og eftirlit með þeim. Samkv. frv. þessu er lagt til að orkulög, nr. 58 frá 29. apríl 1967, falli úr gildi, þó ekki III. og VII. kafli laganna sem um þessi efni fjalla. Það þykir betur fara á að hafa sérlög um þessi efni en ákvæði um þau í almennum orkulögum.

Í þessu frv. er ekki að finna ákvæði um Rafmagnsveitur ríkisins nema sem varða afhendingu á orkuverum og dreifikerfi fyrirtækisins. Með því að gert er ráð fyrir að starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins verði lögð niður, eftir því sem aðstæður leyfa, þykir ekki ástæða til að breyta gildandi lögum um það fyrirtæki. Samkv. frv. þessu heldur því IX. kafli orkulaga frá 1967, um Rafmagnsveitur ríkisins, gildi sínu.

Þá er í frv. þessu ekki heldur að finna ákvæði sem varða Jarðboranir ríkisins og samsvara VIII. kafla núgildandi orkulaga. Gert var ráð fyrir að Jarðboranir ríkisins yrðu teknar undir rekstrarstjórn Orkustofnunar, og samhliða þessu frv. hefur því verið flutt sérstakt frv. um Jarðboranir ríkisins sem felur í sér þær breytingar sem af þessu leiðir. Þykir betur fara á að hafa sérlög um Jarðboranir ríkisins en að kveða á um það fyrirtæki í almennum orkulögum. Í síðustu viku mælti ég í þessari hv. deild fyrir frv. um Jarðboranir ríkisins og vil því ekki hér fjölyrða frekar um þetta mál.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég mundi í þetta sinn leitast við að stytta nokkuð mál mitt með tilliti til þess, hvað mál þetta væri kunnugt hv. dm. En mér þykir rétt, áður en ég lýk máli mínu, að draga saman í nokkrum atriðum helstu nýmæli og breytingar sem í frv. felast:

1. Langtímaáætlun skal gerð um orkubúskap þjóðarinnar til 10 ára hið minnsta og skal leggja árlega fyrir Alþingi skýrslu um framvindu áætlunarinnar.

2. Eigendur raforkuvera skulu koma á fót samvirkjunarráði er fari með heildarstjórn raforkuvinnslunnar.

3. Gert er ráð fyrir að Landsvirkjun hafi á hendi orkuvinnslu þar sem landshlutafyrirtæki koma ekki til greina, en landshlutafyrirtæki geti hvert á sínu veitusvæði reist og rekið orkuver.

4. Heimilt verði að afhenda raforkuver og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins til annarra orkufyrirtækja.

5. Heimilt verði að fela Landsvirkjun eignarráð á þeim stofnlínum sem ríkið hefur þegar látið byggja, þ. e. Norðurlínu, Austurlínu og Vesturlínu.

6. Gjaldskrá fyrir raforkusölu verði hin sama á öllum útsölustöðum stofnlínukerfisins.

7. Orkuráð skal skipað sjö mönnum í stað fimm sem verið hafa og sjö varamönnum sem engir hafa verið.

8. Orkuráð skal hafa á hendi stjórn Orkustofnunar auk Orkusjóðs.

9. Jarðboranir ríkisins eru teknar undan rekstrarstjórn Orkustofnunar.

10. Orkustofnun er leyst undan því hlutverki að annast hagnýtar jarðfræðilegar kannanir, m. a. vegna neysluvatnsleitar.

11. Tækninefnd Orkustofnunar er lögð niður.

12. Orkustofnun er falið sérstaklega að vinna að orkusparnaði.

13. Orkustofnun er falið sérstaklega að uppfræða almenning um orkumál.

14. Orkusjóður verði efldur eftir því sem með þarf til að tryggja framkvæmd orkumálaáætlunar.

15. Orkusjóði er fengin almenn heimild til að veita orkuveitum lán til hitaveituframkvæmda.

16. Orkusjóði er heimilað að veita einstaklingum lán til hitaveituframkvæmda.

17. Orkuráð tekur ákvarðanir um lánveitingar úr Orkusjóði í stað tillögugerðar til ráðherra.

18. Rýmkaðar eru heimildir til að reisa raforkuver án leyfis stjórnvalda.

Ég hef hér talið upp meginbreytingar og nýmæli sem í frv. þessu felast. Ýmislegt fleira mætti til nefna er mætti heimfæra undir nýmæli og breytingar, en það er yfirleitt um minni háttar atriði og ég sé ekki ástæðu til að rekja það sérstaklega að þessu sinni.

Ég sagði áðan að frv. þetta væri endurflutt. Það var flutt á síðasta þingi og fékk allítarlega meðferð í hv. iðnn. Ed. Nm. voru undntekningarlaust mjög jákvæðir í afstöðunni til þessa frv., en að sjálfsögðu létu menn sér koma til hugar að sumu mætti breyta, án þess þó að fram kæmu ákveðnar tillögur um slíkt. Ég vil taka það skýrt fram, að þó að ég sé 1. flm. þessa frv. og hafi átt sæti í þeirri skipulagsnefnd orkumála sem vann það starf sem frv. er byggt á, þá finnst mér alveg sjálfsagt að athuga allt sem til bóta gæti leitt og breyta mætti í frv. En frv. fjallar um mál sem er ákaflega veigamikið og ákaflega þýðingarmikið og það eru ýmsir aðilar sem vilja tjá sig um málið. Það kom í ljós þegar á síðasta þingi. Þá bárust umsagnir frá Sambandi ísl. rafveitna, Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Orkubúi Vestfjarða, Sambandi ísl. hitaveitna og Rafveitu Sauðárkróks, svo að það helsta sé nefnt. Allir þessir aðilar voru jákvæðir gagnvart frv., töldu feng að því, að það væri flutt, og bentu á ýmislegt sem væri til bóta frá gildandi lögum. Jafnframt voru sumir þessara aðila með hugmyndir um breytingar á tilteknum atriðum sem að mínu viti komu vel til greina, án þess að ég sé hér að kveða neitt upp úr um endanlega afstöðu mína til þeirra tillagna. En afstaða mín og ég má segja allra okkar flm. — og ég tel líka að ég megi segja hv. iðnn. — afstaða allra þessara aðila er sú, að hér sé um að ræða hið veigamesta mál sem þurfi að fá afgreiðslu eftir vandaða og góða meðferð.

Ég vil vænta þess, að okkur takist að afgreiða þetta mikla mál á þessu þingi. Í trausti þess leyfi ég mér, herra forseti, að gera það að till. minni, að frv. verði vísað til hv. iðnn. að lokinni þessari umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Svo sem hv. 1. flm. þessa frv. tók fram var fjallað um fram komið frv.

sem flutt var á liðnu þingi. Iðnn. Ed. hélt allnokkra fundi um frv. á liðnum vetri. Það er rétt, að nm. hv. iðnn. voru á einu máli um ýmsa þætti þessa frv.

Eins og hv. flm. tók fram er þetta frv. í samræmi við álit skipulagsnefndar orkumála sem þáv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen skipaði í jan. 1977 og skilaði áliti til hæstv. iðnrh. sem síðar varð, Hjörleifs Guttormssonar, í okt. 1978. Þó er það þannig, að örfáar breytingar hafa verið gerðar á frv. frá því nefndin skilaði af sér, þó að ég ætli ekki að fara út í þær. Hins vegar, eins og vikið hefur verið að, varð ágreiningur um orkuvinnslukaflann.

Eins og fram hefur komið og hv. þm. er vafalaust kunnugt um gerðu tillögur meiri hl. þeirrar nefndar, sem ég hef getið um, ráð fyrir að það væri einn aðili í þessu landi sem sæi um virkjunarmál að meginhluta, sæi um öflun orkunnar og sæi jafnframt um háspennta orkudreifingu. Samkv. tillögum minni hl., og þær tillögur eru einmitt í þessu frv. sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur nú mælt fyrir, er raunar gert ráð fyrir að það geti verið um að ræða fjölmarga aðila sem annist orkuöflun og háspennta orkudreifingu.

Ég hef ekki hugsað mér að fara langt út í þessa umræðu á þessu stigi. Hún er nokkuð kunn meðal þm. Þetta frv. var, eins og margoft hefur verið sagt, flutt á liðnu þingi og öll sú umfjöllun er vafalaust í fersku minni þm. Ég geri fastlega ráð fyrir að við munum nú, ekki síður en á liðnum vetri, taka þetta til vandaðrar umfjöllunar. Það er nú svo, að það er nauðsynlegt að setja ný orkulög og það þurfum við að gera, um það eru allir sammála. Hins vegar vitum við að það hefur staðið styrr og er raunar enn um það, með hvaða hætti skipulag orkuöflunarinnar og dreifingar jafnframt muni verða. Þessi mál hafa verið í deiglunni, ef ég má svo að orði komast, nokkur undanfarin ár, og ég hygg að þau séu það enn. Ég lít svo á, að meðan menn geta ekki komið sér saman um skipulag orkuöflunar og orkudreifingar sé ekki tilhlýðilegt að flýta sér of hratt í setningu heildarorkulaga. Svo mikilvæga tel ég persónulega þennan kafla sem fjallað er um.

Um orkumálin er það að segja, að þau eru ein af meginundirstöðum í þjóðarbúskap okkar. Það er ekki sæmandi annað en hv. Alþingi komist þarna að niðurstöðu og allir þeir aðilar sem málið varðar.

Ég geri ráð fyrir að meðhöndlun þessa máls verði ekki með ólíkum hætti og á liðnum vetri.

Hv. flm. gat um að frv. hefið verið sent til umsagnar fjölda aðila. Það er rétt. Umsagnir voru af ýmsum toga. Flestar voru þær jákvæðar. Hins vegar var gripið á ýmsu sem mönnum þótti betur mega fara og athuga þyrfti nánar varðandi þetta frv.

En að lokum þetta: Orkubúskapur okkar hlýtur alltaf að verða til endurskoðunar í raun og sannleika. Við verðum að setja ákveðnar reglur, ákveðna grunnpunkta sem við ætlum okkur að fara eftir. En viðhorf til þessara mála geta breyst á mjög skömmum tíma. Og ég segi aftur: Þessir hlutir, sem og fjölmargir aðrir, hljóta alltaf að verða til endurskoðunar. Við þurfum e. t. v. árlega, í lengsta lagi á örfárra ára fresti, að meta stöðu okkar, gagnvart þessum málum upp á nýtt. Sem formaður iðnn. á liðnu ári átti ég þátt í þessari umfjöllun. Ég veit ekki hvernig fer með það á þessu þingi, en sæti á ég í iðnn. og ég mun leggja mitt lóð á vogarskálina til að frv. fái ítarlega umfjöllun.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir hans góðu undirtektir undir þetta mál, sem mér komu að vísu ekki á óvart, vegna þess að hann, sem var formaður hv. iðnn., lét ekki eftir liggja sinn hlut til þess að málið fengi á síðasta þingi sem besta umfjöllun þar, eftir því sem við varð komið, og ég veit að hlutur hans mun ekki liggja eftir nú.

Hann kom inn á ágreininginn sem er um orkuvinnsluna. Ég ætla ekki að fara að ræða það, en við þurfum að vara okkur líka á því að gera ekki of mikið úr þeim ágreiningi. Þegar við skoðum það mál í hnotskurn var ágreiningurinn um það, að sumir vildu að enginn mætti virkja stærra en 5 mw. virkjun nema eitt fyrirtæki, Landsvirkjun. Aðrir vildu að þetta væri opið fyrir þá sem hefðu vilja og getu. Það þýddi ekki það, eins og hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að við hefðum gert ráð fyrir að fjölmargir aðrir aðilar færu nú að virkja og reka virkjanir. Ég held að aldrei hafi verið gert ráð fyrir því. En síðan þessi ágreiningur varð, sem varð þess valdandi að það var ekki alger samstaða í skipulagsnefnd orkumála frá 1977, virðist mér að þróunin sé að verða sú, að það ætti að verða grundvöllur fyrir samstöðu í þessu máli. Reynslan hefur orðið sú, að það hefur ekki verið hægt að binda sig við þau takmörk að heimila aðeins einum aðila að virkja stærra en 5 mw. Slíkar takmarkanir geta ekki staðist. Þær verða brotnar niður af nauðsyn. Reynslan er sú líka hjá okkur í dag. Síðan þessi ágreiningur olli því, að skipulagsnefnd orkumála náði ekki samstöku, hafa verið samþykkt lög á Alþingi um nýjar virkjanir sem eru stærri en 5 mw. Hitaveitu Suðurnesja hefur verið heimilað að virkja allt að 10 mw., sjóefnaverksmiðju hefur verið heimilað að virkja o. s. frv. Ég held líka að þegar nánar er að gætt, ef mætti orða það svo, segir heilbrigð skynsemi að það sé ekkert vit í því að banna einhverjum aðila, sem hefur vilja og getu til þess, að virkja. Svo þýðingarmikil eru þessi mál að hví skyldum við ekki hagnýta alla þá krafta, sem tiltækir kunna að vera í þessu mikilvæga verkefni: að hagnýta orkulindir landsins? En það kann að vera að þetta sé ekki sérstaklega raunhæft, að það verði mikið um þessi fyrirtæki. Það kemur ekki til stuðnings við landshlutafyrirtæki, sem snúa sér að þessum verkefnum, nema þau séu stofnuð. Þau hafa ekki verið stofnuð og þau verða ekki stofnuð nema viðkomandi sveitarfélög séu fús til þess og vilji slíkt.

Ég vildi nú aðeins, án þess að ég ætli hér að fara að innleiða neinar almennar umr. um þetta, vekja athygli á þessu að gefnu tilefni. Þegar hv. 3. þm. Vesturl. var að tala um þennan ágreining, sem ég vék einnig að, vildi ég undirstrika þetta sem ég sagði. Og við skulum ekki heldur gera of mikið úr þessum ágreiningi.

En skipulagsmál orkumálanna eru ákaflega þýðingarmikil. Hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að vegna þess að þau *væru þýðingarmikil ættum við ekki að flýta okkur of* hratt. Ég veit hvað hann á við. Hann á við að við eigum að vanda mjög þessa endurskoðun. Ég er honum sammála um það. En við erum búnir að standa í mörg ár í þessari endurskoðun og það er kominn tími, að mínu viti, vegna mikilsvægis málsins til að ljúka þessu máli sem allra fyrst. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt: Ég vonast til þess að okkur takist það á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 4. fundur.

Mánudaginn 19. okt., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 15). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í því frv., sem hér er til umr., eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt: Í fyrsta lagi, að Kjararannsóknarnefnd verði gert kleift að hafa áhrif á hvort og þá með hvaða hætti óskað væri ítarlegri upplýsinga um launagreiðslur og vinnutíma á launaseðlum en nú er gert. Í öðru lagi felur frv. í sér að Kjararannsóknarnefnd svo og Jafnréttisráð fái aðgang að upplýsingum um kjaramál úr skattframtölum.

Hér er um einfaldar breytingar að ræða á þeim ákvæðum tekjskattslaganna sem nú kveða á um þetta efni. Í 1. gr. frv. er breytingin fólgin í síðustu fjórum orðum greinarinnar frá því sem nú er, en það er að ríkisskattstjóri ákveði í samráði við Kjararannsóknarnefnd hverra upplýsinga er óskað á launaseðlum, en það ákvörðunarvald hefur hingað til samkv. ákvæðum 92. gr. laga um tekju- og eignarskatt verði eingöngu á hendi ríkisskattstjóra.

Breytingin í 2. gr. frv. frá þeim ákvæðum, er nú gilda samkv. 115. gr. um tekju- og eignarskatt, er eingöngu sú, að Kjararannsóknarnefnd og Jafnréttisráð fái aðgang að upplýsingum úr skattframtölum, en samkv. núgildandi ákvæði eru það Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun, auk skattyfirvalda, sem aðgang hafa að þeim upplýsingum.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv. væri löggjafarvaldinu með samþykkt þeirrar lagabreytingar, sem hér er lagt til að gera, fyrst og fremst auðveldað að fara að vilja Alþingis sem fram kom þegar Alþingi vorið 1980 samþykkti þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Þáltill. miðaði að því að láta framkvæma ítarlegar kannanir á launakjörum og tekjuskiptingu í þjóðfélaginu sem mætti verða grunnur að sanngjarnari tekjuskiptingu og hagkvæmara launafyrirkomulagi. Var tillagan útfærð í 15 liðum og skyldu kannanir miða að því að upplýsa ýmsa þætti kjaramála. Ljóst var að upplýsingaöflun sumra þeirra þátta gat tekið langan tíma, en aðra var hægt að vinna á tiltölulega skömmum tíma án mikils tilkostnaðar. Bent var á í till. að þær upplýsingar og kannanir, sem þáltill. gerði ráð fyrir, þyrftu að vera stöðugt í gangi og endurbæta eins og tilefni gæfist til hverju sinni. Var bent á að eðlilegt væri að Kjararannsóknarnefnd í tengslum við Þjóðhagsstofnun ynni það verk.

Segja má að verkaskipting þeirra stofnana, sem fengist hafa við kjararannsóknir hér á landi, sé nokkuð skýr. Þjóðhagsstofnun hefur því meginhlutverki að gegna á sviði kjararannsókna að gera grein fyrir heildarstærðum tekna, verðlags, skatta o. fl., en þetta verkefni fellur augljóslega í hennar hlut sem ráðgefandi stofnunar á sviði efnahagsmála. Hagstofa Íslands hefur augljóslega miklu hlutverki að gegna á sviði kjararannsókna með því að stofnunin hefur á hendi framkvæmd á útreikningi verðvísitölu. Og meginviðfangsefni Kjararannsóknarnefndar er að afla sem víðtækastra upplýsinga um raunveruleg launakjör og vinnutíma verkafólks og hefur því nefndin miklu hlutverki að gegna fyrir aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöld.

Það er ljóst að verði þetta frv. samþykkt skapast möguleikar til að fara mjög fljótvirka og hagkvæma leið til að ná því markmiði sem þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum gerði ráð fyrir, þ. e. að fá fram úttekt á raunverulegri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Einnig má benda á þá viljayfirlýsingu, sem fram kom með samþykkt rökstuddrar dagskrár á síðasta Alþingi, en með leyfi forseta segir svo í þessari rökstuddu dagskrá:

„Í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Enn má benda á að með samþykkt þeirrar lagabreytingar, sem hér er gert ráð fyrir, væri Alþingi að auðvelda að hægt væri að fá fram þær kannanir sem vilji kom fram um hjá hv. alþm. þegar þessi mál voru á dagskrá s. l. vetur.

Benda má á tölur, sem unnar voru úr skattframtölum 1979 og renna mjög stoðum undir nauðsyn þess að skapa Kjararannsóknarnefnd og Jafnréttisráði möguleika á að fá frekari upplýsingar úr skattframtölum en nú er unnt. Þær upplýsingar komu fram, að aðeins 3% kvenna, sem höfðu einhverjar launatekjur árið 1979, fóru yfir meðallaun það árið, sem þá voru 53 þús. kr. árslaun. Jafnréttisráð er sá aðili sem lögum samkv. á að fylgjast með að konum og körlum séu greidd jafnhá laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Eðlilegt og réttmætt verður því að telja að Jafnréttisráð hafi aðgang að sem gleggstum og aðgengilegustum upplýsingum um kjaramál. Það auðveldar ráðinu að sinna hlutverki sínu.

Í lögum um tekjuskatt og eignarskatt er skattyfirvöldum, eins og áður kom fram, gert skylt að veita Hagstofu Íslands og Þjóðhagsstofnun skýrslur í því formi, er þessir aðilar ákveða, um framtaldar tekjur og eignir er varða skýrslugerð þeirra. Kjararannsóknarnefnd gegnir ekki síður en þessir aðilar mikilvægu hlutverki á sviði kjararannsókna hérlendis og ber því nauðsyn til að veita Kjararannsóknarnefnd einnig aðgang að upplýsingaöflun úr skattframtölum.

Eins og uppbyggingu Kjararannsóknarnefndar er háttað byggir nefndin ekki upplýsingaöflun sína á lagalegri stoð um skyldu atvinnurekenda til að veita nefndinni nauðsynlegar upplýsingar til að kjararannsóknir þeirra komi að fullkomnum notum. En eins og allir vita er nefndin frjáls samstarfsvettvangur þeirra samtaka sem að henni standa, þ. e. Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Starfsemi þessi er að því leyti sérstæð, að hérlendis hafa bæði samtök launþega og vinnuveitenda hönd í bagga með henni, en víða erlendis, t. a. m. á hinum Norðurlöndunum, fer þessi starfsemi einhliða fram á vegum samtaka vinnuveitenda.

Kjararannsóknarnefnd framkvæmir úrtakskannanir sínar ársfjórðungslega og nær úrtakið nú til allra landshluta. Aflað er einstaklingsbundinna upplýsinga um

aldur, kyn, stéttarfélag, atvinnugrein, laun fyrir dagvinnu, eftir- og næturvinnu, bónus, greiðslu fyrir vaktavinnu og ákvæðisvinnu og greiðslu í veikinda- og slysatilvikum. Úrtaksupplýsingarnar eru reglulega flokkaðar með margvíslegum hætti eftir kynjum, grófri aldursskiptingu, eftir landshlutum, atvinnugreinum, stéttarfélögum og störfum. Megininntak úrvinnslunnar er að upplýsa meðaltímakaup og einstaka þætti þess. Meginmunur á þeim upplýsingum, sem Kjararannsóknarnefnd vinnur, og á þeim upplýsingum úr skattframtölum, sem Þjóðhagsstofnun og Hagstofan vinna, er að upplýsingar Kjararannsóknarnefndar taka ekki til mánaðar- eða árslauna.

Með þeim breytingum, sem gerðar voru á skattalögum og framtölum og til framkvæmda komu á s. l. ári, opnuðust nýir möguleikar til úrvinnslu launaupplýsinga á skattframtölum. Í grg. með þessu frv. er lýst, hvernig upplýsingar úr skattframtölum hafa áður verið nýttar af Hagstofu og Þjóðhagsstofnun, og verður ekki nánar farið út í það í þessari framsögu.

Ljóst er að með breyttum skattframtölum verður unnt að fá mun ítarlegri upplýsingar en áður um laun og aðrar tekjur. Möguleikar eiga t. d. að vera á því að fá upplýsingar um launatekjur fólks sundurliðaðar eftir stéttarfélagsaðild, aldri, kyni, búsetu o. fl. Fengi Kjararannsóknarnefnd að hafa hönd í bagga með því, hvaða upplýsinga væri óskað á launaseðlum og launaskýrslum, opnuðust einnig mjög þýðingarmiklir möguleikar til að fá fram skiptingu á heildartekjum sundurliðuðum eftir dagvinnugreiðslum, eftir- og næturvinnu og öðrum greiðslum. Þar með opnuðust möguleikar til að fá fram hvaða þáttur launakjara sé mest ákvarðandi um launakjör hverrar starfsstéttar um sig, svo sem dagvinnutaxtar, yfirvinnutaxtar, afkastahvetjandi launataxtar og aðrar greiðslur eða kjaraþættir. Allar þessar upplýsingar gætu orðið mjög þýðingarmiklar fyrir hið opinbera ekki síður en fyrir aðila vinnumarkaðarins að því leyti sem þær upplýstu samsetningu launatekna og vinnumagn í einstökum greinum atvinnulífsins, en við alla kjarasamningagerð er notagildi þeirra upplýsinga, sem þar fengjust, mjög þýðingarmikið.

Það vita allir, að þeir launataxtar, sem eru deiluefni í hverri samningagerð, segja ekki nema hálfa sögu um raunverulega greidd laun einstakra starfsstétta eða hvernig tekjuskiptingin er í raun í landinu. Því skortir mikið á allar staðreyndir og þekkingu um raunverulega þróun kjaramála og tekjuskiptingu undanfarinna ára, en þekkingu á þeim er algjör forsenda fyrir því, að efnahags- og kjaramálum verði stjórnað af sanngirni með einhverjum árangri og án alvarlegra árekstra. Það, sem kannske er þó hvað alvarlegast, er að tekjulægstu hóparnir í þjóðfélaginu virðast ávallt uppskera skarðastan hlut eftir hverja samningagerð, og er það ekki hvað síst því að kenna hvað lítið er vitað um raunverulega tekjuskiptingu í landinu. Það er því trú mín, að hv. alþm. hljóti að sjá notagildi þeirra upplýsinga, sem fengjust með samþykkt þessa frv., og þá möguleika, sem þær upplýsingar sköpuðu til að byggja upp réttláta tekjuskiptingu í þessu þjóðfélagi. Það er grundvöllur þess, að við getum byggt upp sanngjarna efnahags- og kjaramálastefnu í framtíðinni.

Herra forseti. Ég sé ekki sérstaka ástæðu til að hafa þessa framsöguræðu lengri, enda liggur mál þetta mjög ljóst fyrir. Ég óska eftir að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 10. landsk. þm. gerði að tilllögu sinni að vísa máli þessu til félmn., en mál af þessu tagi hafa yfirleitt öll átt heima í fjh.- og viðskn. Hefur hv. þm. við það að athuga að ég breyti þessari tillögu — eða heldur þm. fast við tillögu sína?

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Já, ég gerði hér tillögu um að þessu frv. yrði vísað til félmn. Þetta er mál sem snertir aðila vinnumarkaðarins, og það er félmrh. og félmn. t. d. sem fara mikið með málefni aðila vinnumarkaðarins. Ég tel að þetta frv. eigi ekki síður þar heima en í t. d. fjh. — og viðskn., þangað sem yfirleitt hafa farið breytingar á tekjuskattslögunum. Ég vil minna á að þetta frv. snertir ekki neinar breytingar sem hafa í för með sér neinn kostnað til eða frá. Ég tel, að það eigi alveg eins heima í hv. félmn., og geri þess vegna tillögu um það.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ofurlítið óvenjulegt að lagt sé til að frv., sem snertir skattalög, skuli vísað til nefndar sem hefur ekki um slík mál fjallað. Skattalög eru mjög flókin mál og þeir menn, sem sæti eiga í fjh.- og viðskn., hafa mikla reynslu á því sviði eftir margvíslega löggjöf á undanförnum árum. Ég vil því eindregið leggja til að þeir fái þetta mál til meðferðar. Þetta frv. snertir ýmis grundvallaratriði varðandi upplýsingaöflun og annað í skattamálum. Ég held að þm. verði að reyna að miða sína tillögugerð við það að málin fái sem besta skoðun í þinginu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég tel mjög eðlilega þá tillögu flm., að þetta mál fari til félmn. Það er nú svo, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að skattalög eru mjög flókin. Að því er þær breytingar varðar, sem hér um ræðir, þá eru þær ekki flóknar og þarf enga skattalagasérfræðinga til að sjá hvað þarna er að gerast. Þetta er angi af hinni félagslegu hlið. Það hefur skort upplýsingar um þessi mál til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir vissum þáttum kjaralegs eðlis. Það er því eðlilegt að mínu viti að þetta mál fari til félmn. fremur en það fari til fjh.- og viðskn.

Till. um að vísa frv. til félmn. felld með 19:6 atkv.
Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 18). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 18 um breytingu á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Þetta frv. er raunar óbreytt eins og það var flutt hér fyrir réttu ári og einasta hafa verið gerðar minni háttar breytingar á grg. með því.

Það, sem hér er um að ræða, er að lagt er til að þessum nærfellt 40 ára gömlu lögum sé breytt í þá veru að það er tekið upp orðið „starfsgreinafélag“, sem mjög var notað á þingum Alþýðusambands Íslands fyrir 20 árum þegar

tillögur í þessa veru voru þar til umræðu. Hér er lagt til að þegar vinnustaðir eru yfir ákveðinni stærð, og hér er miðað við 25 eða fleiri fastráðna launamenn, fari samningar um kaup og kjör þannig fram, að það sé myndað félag á vinnustaðnum og það semji síðan beint við sína vinnuveitendur.

Þetta er í raun og veru einasta breytingin sem lögð er til. Á hinn bóginn er auðvitað ekkert sem segir að smærri vinnustaðir geti ekki farið eins að ef þeir svo kjósa. Raunar eru sérstök ákvæði þar um og eins hitt, að fleiri en einn vinnustaður, skyldir eða óskyldir, geta auðvitað bundist höndum saman um það og gert bandalög til samninga, en slík bandalög voru einmitt uppistaðan í þeim tillögum sem samþykktar voru á nokkrum þingum Alþýðusambands Íslands í kringum 1960. Það má því segja að eini munurinn á þessum tillögum um lagaform, eins og þær hér eru kynntar, og þeim tillögum, sem svo mikla umfjöllun fengu á þingum Alþýðusambands Íslands á þeim árum sem nefnd hafa verið, sé sá, að heimildin hér er víðari. Það er hins vegar ekkert sem segir að framkvæmdin mundi ekki vera alveg eins og þá var lagt til, allt eftir því hvað starfsfólk á einstökum vinnustað kýs í þessum efnum. Má raunar segja, og á það var bent í umr. fyrir réttu ári og allnokkrum umr. sem fóru fram hér á Alþingi og víðar raunar þegar þessar hugmyndir komu fram, að orðið „starfsgreinafélag" kunni að vera nokkuð misvísandi þegar það er notað eins og það er notað hér, um starfsfólk sem vinnur á sama vinnustað, óháð því hvaða starf það innir af hendi. En þessu orði er haldið og fyrir því er gerð allrækileg grein í grg. vegna þess að Alþýðusambandið notaði það í sínum 20 ára gömlu tillögum.

Í raun og veru er kannske veigamesta spurningin, sem rís í sambandi við frv. af þessu tagi, hvort það sé yfir höfuð Alþingis að setja lög um hvernig háttað skuli samningum um kaup og kjör. Þau sjónarmið hafa heyrst, einkum hjá forkólfum í verkalýðshreyfingunni, að þessi efni eigi að vera frjáls og Alþingi eigi engin slík afskipti að hafa og þar með eigin slík lög að setja. En þá er því til að svara, að sá rammi, sem er utan um samninga um kaup og kjör á Íslandi, er lagarammi. Um þetta voru sett lög á árinu 1938 og það meira að segja lög sem í þá tíð voru mjög umdeild. Þessi saga er allnákvæmlega rakin hér í grg., að þá voru það fyrst og fremst þeir sem höfðu forustu í Alþfl. sem slík lög vildu setja og töldu að það tryggði hagsmuni verkalýðsstéttarinnar betur. En það voru einkum menn, sem þá voru í kommúnistaflokki, sem var við það að verða sósíalistaflokkur, og málgagn þeirra, Þjóðviljinn, sem börðust gegn þessum lögum á þeim forsendum að lög sett á Alþingi um það, hvernig háttað væri samningum um kaup og kjör, væru alltaf og ævinlega af hinu illa.

Þó að ekki sé þörf á því að rifja þær umræður frekar upp, en í því skyni skal aðeins vísað til grg., er hitt ljóst, að þessi grundvöllur var ákveðinn með lagasetningu á sínum tíma og það eru lög í landinu sem heimila eitt og annað, en reisa á hinn bóginn skorður við einu og öðru. Til að mynda er eitt, sem lögin frá 1938 reisa skorður við, það, að vinnustaðurinn sem slíkur, starfsfólkið á vinnustaðnum, geti samið um kaup og kjör þó svo hver einasti starfsmaður svo kjósi. Dæmi um þetta eru stóriðjuverin tvö, t. a. m. Straumsvík. Það, sem ég þykist hafa ráðið af fundum sem ég sótti einmitt um þetta mál, er að fyrirkomulagið, sem frv. mælir um, sé vel séð og þyki tryggja hag fólks betur. Vegna þess, hvernig lögin frá 1938 eru úr garði gerð, þó þetta sé svona í raun, er þó eiginlega farið framhjá þessu með formlegum hætti. Það heitir svo, að um samningana sjái fulltrúar — ég held einna 16 félaga í þessum efnum. Eins mun farið á Grundartanga, þar er í raun samið samkv. þessu kerfi, en formlega með fjölmörgum verkalýðsfélögum til þess að ekki sé gengið á skjön við lögin eins og þau standa.

Á þetta er minnst aðeins til að undirstrika rækilega að það eru til lög í landinu — lög sem áreiðanlega voru mikil réttarbót á sinni tíð og lög sem heimila sumt, en lög sem reisa skorður, sem banna annað, svo að af sjálfu leiðir að í raun og veru er ekki hægt að koma slíku fyrirkomulagi á. Jafnvel þó að við hefðum einhver tæki til að kanna, að fyrir því væri dúndrandi vilji launafólks í landinu, er það ekki hægt öðruvísi en að breyta lögum. Ég er þeirrar skoðunar, að umræður eða deilur um hvort frumkvæði um breytingar af þessu tagi, ef gerðar eru, komi frá Alþingi eða komi frá — segjum: þingi Alþýðusambands Íslands eða einhverju svipuðu þingi séu í raun deila um keisarans skegg og það skipti hinn almenna launamann nákvæmlega engu máli hvar slíkar breytingar eru gerðar. Það, sem skiptir máli er: Vill hann, þ. e. hinn almenni launamaður, að slíkar breytingar séu gerðar? Telur hann að slíkt þjóni hagsmunum sínum? Ef hann telur svo og ef við hefðum tæki til þess að kanna slíkt skiptir það auðvitað nákvæmlega engu máli og er aðeins umræðuvettvangur nánast fyrir fræðimenn, hvort það er Alþingi eða t. d. stéttarþing sem hefur frumkvæði að breytingunum sem slíkum.

Í raun og veru er sú breyting, sem hér er verið að leggja til, sáraeinföld. Á það er lögð rækileg áhersla í grg., að talan 25, sem hér er miðað við, styðst út af fyrir sig ekki við beina fræðilega könnun. Eitt af því, sem sú nefnd, sem þetta mál fær til umr., þyrfti að kanna rækilega og þá með upplýsingum sem munu liggja fyrir eða hægt er að nálgast með lítilli fyrirhöfn hjá Kjararannsóknarnefnd, er hvað þetta tæki í raun til margra vinnustaða. Við getum haft slíkt á tilfinningunni, en slík fræðileg könnun liggur ekki fyrir, og síðan má spyrja: Er þetta rétt tala? Ætti hún að vera lægri? Ætti hún að vera hærri? Og eins er hitt: Ef að lögum verður má hugsa sér framkvæmd á frv. sem þessu slíka að það yrði látið taka gildi í áföngum. Fyrst í stað næði það til stærstu vinnustaða og þar sem miðað væri við hærri tölu launafólks, en færi síðan lækkandi stig af stigi á einhverju árabili.

Aftast í grg., sem þessu frv. fylgir, eru tínd til nokkur rök sem eiga að skjóta stoðum undir röksemdir fyrir þeirri breytingu sem hér er verið að leggja til. Þá er ekki síst að þeir, sem mikla þekkingu og mikil afskipti hafa haft af samningamálum, eru sammála um það, og fyrir því eru hér færðar tilvitnanir, að svona kerfi leiði innan fyrirtækja til meiri launajafnaðar en hefur tekist að ná fram með hinum fjölmörgu félögum, hreinlega af þeirri ástæðu, að þegar fólk semur saman innan fyrirtækis gleyma menn ekki sínum minnstu bræðrum í launalegum skilningi, eins og menn hafa því miður haft tilhneiginu til í því samningakerfi sem hér hefur ríkt. Svo má fastlega gera ráð fyrir því, að ef fólk, sem ynni í fyrirtækjunum sjálfum, semdi saman um kaup og kjör, þá óháð því hvort það er að þvo gangana, afgreiða í mötuneytinu, vinna á skrifstofunum eða hvaða önnur störf sem fólk leysir af hendi, þá væri auðveldara að vekja áhuga fólks á rekstri sjálfs fyrirtækisins og þar með koma á raunverulegu

atvinnulýðræði eins og það getur best gerst. Þetta tvennt, launajafnaðarstefna og atvinnulýðræði, er af hinu góða. Ég hygg að fullyrða megi að báðir þessir þættir, sem sá sem hér stendur telur vera af hinu góða, ættu auðveldara uppdráttar, það yrði auðveldara að koma slíku í gagnið við það fyrirkomulag sem hér er verið að lýsa.

Í sumar og um nokkurt skeið hefur farið fram umræða um hvort lýðræði í verkalýðshreyfingunni sé svo gott sem það gæti verið. Sem dæmi hafa verið nefnd verkalýðsfélög og þá stór verkalýðsfélög t. d. hér á suðvesturhorninu. Það hefur verið sagt að þar fari fram kjör með listum þar sem menn þurfi að leggja fram stuðningsmannalista, trúnaðarmannalista og lista til óskyldra embætta. Dæmi hefur t. d. verið tekið af Verslunarmannafélagi Reykjavíkur þar sem eru á ellefta þúsund félagsmenn, en það er auðvitað stórt og voldugt félag, starfssvæði þess náð raunar nokkuð út fyrir Reykjavík, en það hefur verið tekið dæmi af því, að í slíku félagi þarf hátt á þriðja hundrað manns til þess að ná fram löglegu framboði. Það hefur einnig verið sagt og ég hygg með nokkrum rétti, að þetta fyrirkomulag hafi búið til forustusveit í verkalýðshreyfingunni sem í raun og veru eigi hagsmuni að verja, t. d. aðsetur á skrifstofum, þokkaleg launakjör og annað slíkt, eins og gengur í mannheimum, sem á í raun og veru ekkert skylt hins vegar við launafólkið sjálft, fólkið í félögunum og hagsmuni þess. Því er á þetta minnst hér, að ég hygg að það sé ekki úr vegi að álykta sem svo, að að hluta til sé það þetta fólk, þetta forustufólk sem situr í gullvarinni stöðu, sem er hins vegar ákaflega íhaldssamt á öll skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar af þeirri einföldu og kannske mannlegu ástæðu, að það telur að með öllum breytingum sé stöðu sinni ógnað. Ég óttast að sú sé ein af ástæðunum fyrir því, að tómlega er tekið hugmyndum, sem mér t. d. finnst vera nokkuð sjálfsagðar hugmyndir, um að vinnustaðurinn, a. m. k. stærri vinnustaðir, verði í vaxandi mæli samningseiningar þegar samið er um kaup og kjör. Mér þykir sem svo, af því að hafa t. d. setið allmarga fundi þar sem þetta hefur verið kynnt, að almennt launafólk mundi taka slíkum breytingum nokkuð vel, en hins vegar njóti hugmyndir af þessu tagi allmiklu minni stuðnings í forystu launþegafélaganna.

Ég varpa því fram, hvort verið geti að í raun og veru sé forustufólk í launþegahreyfingunni íhaldssamt á efni eins og þau sem hér er mælt fyrir, það séu ekki hagsmunir launafólksins eða hreyfingarinnar í heild sinni sem þar skipti máli, heldur hagsmunir sem Guðmundur J. Guðmundsson, raunar í ívitnaðri klausu í þessari grg., kallar smákóngapólitík. Ég hugsa að oft hafi verið mælt vitlausari orð. Ef svo er, ef hægt er að leiða að því gild rök, jafnvel svo að ekki verði á móti mælt, að í launþegahreyfingunni sitji forustusveit og að hluti af henni sé íhaldssamur á skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar, kannske fyrst og fremst og frekar af persónulegum hagsmunaástæðum en köldu mati á því, hvað komi launamanninum best, hygg ég að þó ekki væri nema af þeirri ástæðu einni sé ekki aðeins rétt, heldur skylt af Alþingi að grípa inn í og það hafi til þess í raun og veru fullan rétt, því að spyrja má: Hverjir kjósa alþm.? Eigum við ekki að ætla að það sé að langstærstum hluta launafólk vegna þess að það er stærsti hópurinn í þjóðfélaginu? Einnig af þeirri ástæðu fæ ég ekki séð að Alþingi hafi ekki rétt til þess að breyta lögum eins og þeim sem hér er verið að leggja til að breyta.

En kjarni málsins er þessi: Í þessu frv. til laga eru lagðar til í raun og veru breytingar á lögum sem í gildi hafa verið síðan 1938. Það er því ekki verið að leggja til lagaleiðina á öðru sviði en því sem lagaleiðin hefur verið farin um áratugaskeið. Það má færa að því rök, að í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur er beinlínis, eins og segir í fyrirsögn laganna, gert ráð fyrir stéttarfélögum, m. ö. o.: að maður, sem tilheyrir starfsstétt, sé þá í félagi. Það þýðir að rafvirkjar séu sér í félagi, verkamenn séu sér í félagi, skrifstofufólk sé sér í félagi o. s. frv. Meginhugsunin í þeim breytingum, sem hér er verið að leggja til, er að stéttarfélög í þessum skilningi séu orðin úrelt og a. m. k. svo komið að í stærri félögum stuðli það beinlínis að stéttamismun og óbreyttu ástandi sem ekki sé eftirsóknarvert. Það má taka um þetta svo mörg dæmi að ég sé enga ástæðu til þess, í fyrirtæki eftir fyrirtæki, að t. d. það fólk, sem afgreiðir í mötuneytum, sé sér í félagi og búi við mun bágari kjör en aðrir þeir sem í fyrirtækinu vinna, en þetta er alþekkt í mörgum fyrirtækjum, þar væri miklu heilbrigðara og eðlilegra að slíkt fólk væri í félagi vinnustaðarins. Þetta tel ég vera jafnréttisrök sem að þessari hugmynd hníga.

Ég vek svo að lokum athygli á því, að gert er ráð fyrir að lögin taki gildi um næstu áramót. Þau eru óbreytt frá því sem var í fyrra. Gildistímanum má auðvitað breyta og jafnvel svo að slíkar lagabreytingar taki gildi í áföngum, sem ég tel að oft geti verið skynsamleg leið.

Ég vil svo segja að lokum að það hefur stundum verið sagt, og var sagt oft í ítarlegum umræðum sem um þetta frv. urðu fyrir réttu ári, að hér væri ekki um nákvæmlega sömu tillögur að ræða og reifaðar voru á þingi Alþýðusambands Íslands fyrir 20 árum og í nefnd sem þær tillögur samdi og í áttu sæti Eðvarð Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Sigurðsson, Tryggvi Helgason, Snorri Jónsson og Óskar Hallgrímsson. Þetta er alveg rétt. En munurinn er hins vegar ekki eins mikill og menn hafa viljað láta í veðri vaka. Það, sem þeir gerðu ráð fyrir, voru starfsgreinafélög og bandalög slíkra félaga. Í þessu frv. er gert ráð fyrir nákvæmlega því sama, nema það er ekki gert ráð fyrir að félögum sé skylt að mynda þessi bandalög. Ef starfsmenn, segjum í blaðaheiminum, ef starfsmenn á Morgunblaðinu, sem að vísu er nokkuð stórt fyrirtæki í starfsmönnum talið, vildu hafa sitt félag og vildu semja sérstaklega, þá væru allir í félaginu, prentararnir, blaðamennirnir, skrifstofufólkið, ræstingarfólkið og aðrir þeir sem við fyrirtækið vinna, og ef þeir telja sínum hagsmunum best borgið með því að þeir semji sem félag beint við vinnuveitendur, þá tel ég að slíkan rétt eigi ekki að taka af þeim. Ef hins vegar er samkomulag um það að öll blöðin í Reykjavík og öll útgáfustarfsemi með öðrum hætti myndi breitt bandalag margra vinnustaða, þá yrði sú leið farin. Það er í ákvörðunarvaldi hvers vinnustaðar fyrir sig hvort hann fer þessa leið eða einhverja aðra, svo að útkoman gæti m. ö. o. verið nákvæmlega sú sem rædd var á Alþýðusambandsþingum í kringum 1960, en hins vegar hefði fólk á einstökum vinnustað leyfi til að semja sér, ef það telur að hagsmunum sínum sé svo best borgið. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu, að þetta frv. gengur að vísu töluvert lengra í þeim skilningi, að það veitir fólki á vinnustöðunum rétt til að taka ákvarðanir eitt og sér, ef það svo kýs, en það er ekkert í þessu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að fara þá leið vinnustaðabandalaga sem ASÍ lagði til á sínum tíma.

Vegna þess að ég minntist hér á starfsmannafélag Morgunblaðsins var mér sagt, og ég held að ég fari áreiðanlega rétt með það, að starfsmenn þess blaðs hafi á sínum tíma kannað möguleika á því að stofna slíkt félag, bara lagalega, og niðurstaðan orðið sú, sem þeir auðvitað vissu fyrir, að það væri ekki hægt vegna ákvæða í lögunum eins og þau standa. Vegna þess að um þetta er talað og spurt hver eigi að beita úrskurðarvaldi, stéttarfélagsþingið eða Alþingi, þó ekki væri nema af þeirri einu ástæðu að menn geta ekki stofnað þau félög sem þeir vilja stofna, þá mundi það réttlæta afskipti Alþingis. Ég nefni svo enn sem dæmi, að hér hefur á allmörgum þingum, og raunar alllangt síðan það var samið, legið fyrir lagafrv., sem þau þing sem ég hef setið hefur verið flutt af hv. þm. Pétri Sigurðssyni, um hlutfallskosningar í verkalýðsfélögum. Það tel ég fyrir mitt leyti vera sjálfsagt réttlætismál. En þá verður uppi þessi sami ágreiningur: Er það réttur Alþingis eða á Alþingi yfirleitt að skipta sér af slíkum efnum? Mitt svar við þeirri meginspurningu er einfaldlega já. Það getur ekki aðeins verið og er ekki aðeins réttur, heldur getur það beinlínis verið skylda Alþingis að skipta sér af slíkum — ég tala nú ekki um ef þær grunsemdir eru uppi að verkalýðsforusta gangi ekki erinda umbjóðenda sinna af hagsmunaástæðum, en það tel ég því miður að sé mikill kjarni þessa máls.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það kemur mér nú nokkuð á óvart að enginn af þeim forustumönnum verkalýðsfélaga, sem sæti eiga á hinu háa Alþingi, skuli taka til máls um þetta mál. Mér kom ekki annað til hugar en einhver þeirra mundi kveðja sér hljóðs og sé nú raunar að einn hefur gert það, hv. þm. Pétur Sigurðsson. *Ég ætlaði mér ekki að taka þátt í þessari umr., a. m. k.* ekki fyrr en ég heyrði á þeim hvað þeir hefðu til málanna að leggja.

Ég held að það hljóti nú að vera svo, að þessir menn eigi að hafa skoðun á máli af þessu tagi þegar svo horfir eftir ítrekaðar tilraunir þeirra til þess að ná fram einhverri kaupmáttaraukningu fyrir hönd umbjóðenda sinna að kaupmáttur taxtakaups verkafólksins, lægst launaða fólksins í landinu, er nú í þessum mánuði allverulega minni en kaupmáttur þessa sama fólks var á því heita vori þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var felld. Í júní 1978 var kaupmáttur taxtakaups verkafólks samkv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar 118.8 stig. Núna í októbermánuði er kaupmáttur kauptaxta þessa sama fólks 106.8 stig eða 12 stigum lægri en hann var það ágæta vor þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og íhaldsflokkanna tveggja féll. Ég hefði talið ástæðu til að ýmsir af þeim, sem hér eiga sæti og telja sig jafnframt í forustusveitum verkalýðshreyfingarinnar, létu í ljós einhverja skoðun í máli af þessu tagi, sem beinlínis er flutt vegna þess að með því er verið að ítreka þá skoðun forustumanna Alþýðusambandsins sjálfs, að skipulag verkalýðshreyfingarinnar eigi hér nokkra sök á.

Í annan stað þótti mér enn þá umhugsunarverðara fyrir forustusveit verkalýðsflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar, sem hér á sæti, þegar svo er komið að Alþýðusamband Íslands virðist af þessum ástæðum og öðrum stefna í upplausn. Elsta og virðulegasta stéttarfélagið á Íslandi, frumherji allra íslenskra stéttarfélaga, Hið íslenska prentarafélag, hefur sagt sig úr lögum við heildarsamtök launafólksins í landinu. Það hefðu einhvern tíma þótt mikil tíðindi á þeim bæ og þótt mikið umhugsunarefni fyrir verkalýðsflokka og áhugamenn um verkalýðsmál, að svo skuli nú vera komið málum að elsta og virðulegasta stéttarfélag í landinu, frumherji verkalýðsbaráttunnar á Íslandi, skuli hafa sagt sig úr Alþýðusambandi Íslands. Skyldu menn þá ekki vilja fara að huga eitthvað að skipulagsmálum þessara fjöldasamtaka, þegar mál horfa einnig svo við að flestöll sambönd faglærðs fólks innan ASÍ hafa tekið þá ákvörðun um að vera ekki með í þeim kjarasamningum sem nú fara í hönd? Auk bókagerðarmanna hefur Rafiðnaðarsamband Íslands tekið ákvörðun um að verða ekki með. Byggingarmenn hafa tekið ákvörðun um að þeir fari nú sjálfir með alla samninga um sín kaup- og kjaramál að slepptum þeim umræðum sem fram kunna að fara á milli Alþýðusambandsins og ríkisstj. um jólapakka og vísitölumál. Að því er mér skilst hafa félagsmenn í járniðnaðarmannasambandinu tekið sömu ákvörðun eða eru um það bil að taka sömu ákvörðun. Skyldi þetta ekki valda áhugamönnum um verkalýðsmál neinum áhyggjum eða neinni umhugsun, að Alþýðusamband Íslands skuli með þessum hætti e. t. v. ekki beinlínis stefna í upplausn, en alla vega stefna til miklu meiri sundrungar en átt hefur sér stað á umliðnum árum? Ég hefði haldið það.

Herra forseti. Forustumenn Alþýðusambands Íslands *og aðrir áhugamenn um framgang verkalýðsmála* í landinu og bætt kjör launafólksins hafa lengi verið þeirrar skoðunar, að þá væri verkalýðshreyfingin sterkust í kjarasamningamálum þegar hún stæði sameinuð gagnvart vinnuveitendum. Einmitt vegna þess var sú ákvörðun tekin af forustu Alþýðusambandsins á sínum tíma að stefna öllum forsvarsmönnum verkalýðsfélaga *víðs vegar af landinu til kjarasamninga hér í Reykjavík*, til hinna stóru samflota svokallaðra, því þannig töldu þeir að verkalýðshreyfingin stæði sterkust. Reynslan liggur nú á borðinu því eftir ítrekaðar tilraunir hefur svo farið, að niðurstaða og árangur kjarasamninga fyrir verkafólk er aðeins sá, að kaupmáttur kauptaxta þess er nú mun lakari en hann var þegar íhaldsstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var felld af verkalýðsflokkum 1978 og ýmsir af helstu frumkvöðlum í verkalýðsbaráttu hafa sagt skilið við leiðsögn Alþýðusambandsforustunnar, bæði í félagsmálum og eins í samningamálum nú. Þetta er niðurstaðan af hinum stóru samflotum. Hún hefur orðið þessi. Verkalýðshreyfingin hefur ekki náð árangri fyrir umbjóðendur sína, þrátt fyrir stjórnaraðild Alþb., heldur en náðist í stjórnartíð Framsfl. og Sjálfstfl.

Hver er skýringin á þessu? Skýringin á þessu liggur m. a. í því, að þessi svokölluðu heildarsamflot verkalýðshreyfingarinnar í kjarasamningagerð gátu aldrei skilað neinum umtalsverðum árangri af því einu að skipulagsmálum verkalýðshreyfingarinnar hefur verið þannig fyrir komið, að hún ræður ekki við sjálft meginatriðið í því að geta framkvæmt hið svokallaða samflot. *Þegar hún kemur saman sem ein heild getur hún ekki* markað sér ákveðna stefnu í kjaramálum, tekið afstöðu til þess, hver skuli vera lægstu laun í kröfugerð hennar, hver skuli vera hæstu laun og hvaða laun skuli greidd þar á milli. Auðvitað er það lykilatriði í allri kröfugerð verkalýðshreyfingar, ætli hún að koma fram sameinuð á einum vettvangi, að geta gert upp við sig hver launabilin í þjóðfélaginu eigi að vera. Hver á að vera krafa, þegar hreyfingin kemur ein fram, um lægstu laun og hver á krafa hennar að vera um hæstu laun og hvernig ætlar hún

að raða umbjóðendum sínum í launaflokka þar á milli? Þetta hefur Alþýðusamband Íslands aldrei getað. Og þetta eru engin tíðindi vegna þess að árið 1958, þegar þing Alþýðusambands Íslands skipaði hina umræddu mþn. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason vitnaði til áðan, þá var forustumönnum Alþýðusambands Íslands ljóst að skipulagi Alþýðusambandsins væri þannig háttað, að það mundi aldrei ráða við þetta meginviðfangsefni allrar verkalýðshreyfingar: að móta samábyrga launastefnu, eins og þeir kölluðu það árið 1958. M. ö. o.: eins og skipulagi Alþýðsambandsins væri nú háttað réð Alþýðusamband Íslands ekki við að ganga frá kröfugerð um hver skuli vera lægstu laun, hver hæstu laun og hvaða laun skuli greidd þar á milli.

Þetta var meginástæðan fyrir því — eins og ég veit að ýmsir hv. þm. sem hér eru muna eftir sem það þing sátu, Alþýðusambandsþingið 1958, — þetta var meginástæðan fyrir því, að ýmsir af helstu forustumönnum Alþýðusambandsins þá börðust fyrir skipulagsbreytingu á vegum samtakanna. Þeir sögðu að til þess að verkalýðshreyfingin gæti komið fram sem ein heild í kjarasamningagerð yrði hún að ráða við það vandasama viðfangsefni að móta sér heildarstefnu í kjaramálum, að taka afstöðu til þess, hver eigi að vera launahlutföllin í þjóðfélaginu. Þeir sögðu einnig að eins og skipulagi verkalýðshreyfingarinnar er háttað — mig minnir að þá hafi aðeins verið til eitt landssamband, Landssamband vörubifreiðastjóra, hin komu síðar, ef ég man rétt, — en eins og skipulaginu er háttað, sögðu þessir menn, þá er útilokað að Alþýðusamband Íslands geti tekið þessa erfiðu ákvörðun, geti nokkurn tíma markað í kröfugerð sinni hver vera skuli launahlutföllin í þjóðfélaginu. Þess vegna er nauðsynlegt að breyta skipulagi verkalýðshreyfingarinnar þannig, að í staðinn fyrir að það sé — eins og þá var og enn er — grundvallað á láréttri skipulagsmynd, þar sem á einum og sama vinnustað eru starfsmenn í mörgum félögum sem síðan mynda með sér félagasambönd, en hafa engin samskipti sín á milli, þá skuli horfið frá þeirri skipulagsmynd og yfir í svokallað lóðrétt skipulag, þar sem vinnustaðurinn er grunneiningin og allir þeir, sem á vinnustaðnum starfa, eru í einu og sama stéttarfélagi. Þetta þýddi auðvitað að í staðinn fyrir, að stéttarfélagið — samkv. þáverandi og núverandi skipulagi — þurfi aðeins að taka ákvörðun í kröfugerð sinni um hvaða launakröfur það ætli að gera fyrir ákveðna starfsmenn á vinnustaðnum, þyrfti það að taka ákvörðun um hvaða kröfur það ætlaði að gera fyrir þann, sem teldist lægst settur á vinnustaðnum, og þann, sem teldist hæst settur á vinnustaðnum, og alla, sem lægju þar á milli. M. ö. o.: með slíkri skipulagsbreytingu yrði verkalýðshreyfingin bókstaflega neydd — hvort sem hún vildi eða vildi ekki — til að taka afstöðu til þess lykilsspursmáls, hver eigi að hennar áliti að vera launahlutföllin í þjóðfélaginu. En það er, eins og ég sagði, grundvöllurinn fyrir því, að verkalýðshreyfingin geti komið fram sem einn aðili við heildarkjarasamningagerð. Þetta vissu forsvarsmenn Alþýðusambandsins árið 1958, þegar þeir skipuðu umrædda mþn., og þetta vissi þing Alþýðusambandsins árið 1960, þegar samþykkt var þar álit mþn. sem hv. þm. Vilmundur Gylfason ræddi um áðan, en sú samþykkt um skipulagsbreytingar á vegum Alþýðusambandsins hefur verið ítrekuð, að mig minnir, á tveimur þingum síðan.

Það ætti því engum að koma á óvart hvernig stendur á því, að heildarsamflotin við launakjarasamningagerð hafa farið út um þúfur. Og það ætti ekki heldur að koma neinum á óvart, hvernig stendur á því að lægst launaða fólkið í Alþýðusambandinu hefur átt svo erfitt uppdráttar við slíka kjarasamningagerð. Ástæðan er einfaldlega sú, sem menn sáu þegar árið 1958, að skipulagi Alþýðusambandsins er þannig háttað að það getur ekki gengið til slíkra samninga vegna þess að eins og skipulagsmálum er fyrir komið ræður það ekki við að gera upp við sig hver vera skuli launahlutföllin í þjóðfélaginu. Verkamannasambandið hefur á því sína skoðun, rafiðnaðarmenn hafa á því sína skoðun, bókagerðarmenn hafa á því sína skoðun o. s. frv., o. s. frv., en Alþýðusambandið sem heild hefur enga skoðun á því. Þess vegna hafa kjarasamningarnir þróast þannig í hvert skipti sem heildarsamningagerð hefur verið reynd að yfirleitt hefur niðurstaðan orðið sú, að fyrst hefur láglaunafélögum verið att fram, oft í erfiðum kjaraátökum, síðan hafa þau samið og verið látið í veðri vaka að nú væru samningar búnir af hálfu Alþýðusambands Íslands. En þá hafa öll sérgreinafélögin komið á eftir til að gera upp svokallaðar sérkröfur sínar, sem hefur þýtt að þegar upp er staðið hafa hálaunafélögin kannske fengið þrefalda kauphækkun á við lægst launuðu félögin.

Ástæðan fyrir þessu er einfaldlega hið gamla, ranga og úrelta skipulag Alþýðusambandsins, sem gerir það að verkum að Alþýðusambandið hefur aldrei getað og aldrei þurft í rauninni að gera upp við sig það erfiða vandamál í allri verkalýðsbaráttu, hvernig launahlutföllin eigi að vera í þjóðfélaginu. Það er alveg laukrétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og það er alls ekki nein ný skoðun eða kenning hans, herra forseti, heldur var það kenning forustumanna Alþýðusambandsins 1958, að skipulag Alþýðusambandsins eins og það er úr garði gert í dag og eins og það var úr garði gert 1960, þegar breytingar á því voru samþykktar, það kemur í veg fyrir að lægst launaða fólkið í þjóðfélaginu fái þær kjarabætur sem alltaf er verið að tala um, líka í verkalýðshreyfingunni, að meiningin sé að það fái. Þess vegna kom mér það mjög á óvart, hæstv. forseti, að þeir áhugamenn um verkalýðsmál, sem hér eru, skyldu ekki kveðja sér hljóðs hér áðan áður en forseti tilkynnti að tekið yrði fyrir næsta mál á dagskrá. En væntanlega bæta þeir úr því.

Þetta held ég að sé megintilgangurinn með flutningi frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar að benda á. Ástæðan fyrir því, að hin svokallaða láglaunapólitík, sem menn hafa oft verið að tala um, t. d. til þess að lægst launaða fólkið fái kauphækkanir umfram aðra, þær tilraunir hafa aldrei tekist, er m. a. skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Ef menn ætla að láta láglaunfólkið ná meiri árangri við kjarasamningagerð en það hefur gert, þá verða menn að breyta þessu skipulagi. Þetta er annað meginatriðið í tillögugerð hv. þm.

Hitt meginatriðið í tillögugerð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar er svo að sú skipulagsbreyting, sem gera eigi, þurfi að vera í grundvallaratriðum eins og mþn. frá 1958 gerði að till. sinni, þ. e. að gera vinnustaðinn að grunneiningu í skipulagi verkalýðshreyfingarinnar þannig að verkalýðshreyfingin og hvert verkalýðsfélag um sig þurfi í kröfugerð sinni að taka afstöðu til hvert eigi að vera launahlutfallið á hverjum vinnustað, hver eigi að vera munur á milli launa hæst launaða mannsins og lægst launaða mannsins, en ekki eins og núna, að allir, raunverulega næstum því hver maður á hverri vinnustöð um

sig berjist einn og óháður, hugsi fyrst og fremst um framgang eigin kaupkrafna.

Ég lít svo á að önnur útfærsluatriði í frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar skipti í rauninni minna máli. Þetta eru lykilatriði í tillögugerð hans, og ég tel að hann hljóti að vera fús til þess að fallast á breytingar á framsetningu og breytingar á aðferðum sem hann leggur til í frv., enda er það laukrétt hjá honum, að tillögugerð hans í frv. er nokkuð önnur heldur en samþykktir Alþýðusambands Íslands voru um einstök framkvæmdaatriði og þá fyrst og fremst um það, að hv. þm. leggur meiri áherslu á sjálfstæði vinnustaðafélaganna sjálfra heldur en samþykktir ASÍ-þings gerðu ráð fyrir. Samþykktir ASÍ-þings gerðu ráð fyrir að meiri áhersla yrði lögð á sambönd vinnustöðvafélaganna sem samningsaðlila heldur en vinnustaðafélögin sjálf. Þetta er meginágreiningurinn á milli tillagna hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og samþykkta Alþýðusambands Íslands, að hann leggur meiri áherslu á vinnustaðafélögin sem samningsaðila heldur en Alþýðusambandið gerði.

En það hafa ýmis fleiri vandamál varðandi skipulagsmál aðila vinnumarkaðarins risið upp en voru fyrirsjáanleg árið 1958, þegar umrædd mþn. var sett, og árið 1960, þegar samþykkt ASÍ var gerð um till. mþn., m. a. hin miklu vandamál sem virðast geta orðið á landamærum stærstu samtaka launþega, BSRB og Alþýðusambands Íslands, en þau voru m. a. mjög til umr. á Alþingi í fyrra.

Nokkur dæmi eru þess, að menn, sem vinna sama starf hlið við hlið á sama vinnustað, sæti ólíkum kjörum, bæði í beinum kaupgreiðslum og í lífeyrismálum og öðru slíku, m. a. vinnuöryggi, eftir því hvort þeir eru félagsmenn í félagi innan Alþýðusambands Íslands eða félagi innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Tveir menn á sama vinnustað geta verið sinn í hvoru félaginu, unnið sömu störfin, en borið mismunandi launakjör úr býtum. Þetta er auðvitað ekki hægt. Það nær ekki nokkurri einustu átt, að kjör manns, sem vinnur við hlið annars manna, skuli geta verið lakari einfaldlega vegna þess í hvaða félagi hann hefur valið sér stað.

Þá hefur það einnig gerst í þessu sambandi, að vegna ólíkra samningstíma þessara aðila, annars vegar Alþýðusambandsins og hins vegar BSRB, getur t. d. hluta úr árinu verið hagkvæmt fyrir starfsmann að vera félagi innan ASÍ, því að laun hans eru þá hagstæðari samkv. launasamningum ASÍ, en svo annan hluta ársins — vegna þess að þá eru komnir nýir samningar í gildi hjá BSRB — þá sé hagstæðara fyrir viðkomandi starfsmann að skipta um félagsaðild og fara yfir í félag innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Nokkur dæmi eru þess að slíkir tilflutningar hafi átt sér stað vegna mismunandi gildistíma samninga, — að starfsfólk hafi farið milli félaganna með þessum hætti, verið hluta ársins félagsmenn innan félaga ASÍ og hluta ársins félagsmenn félaga innan BSRB vegna mismunar á launakjörum sem þessir aðilar hafa samið um fyrir sömu störf.

Þá hefur það líka í þriðja lagi gerst, að af sömu ástæðu hafi blasað við að stór og öflug launþegafélög hafi átt á hættu að leggjast niður svo til á einni nóttu, vegna þess að félagsmönnum viðkomandi launþegafélaga hafi boðist betri kjör ef þeir segðu sig úr félaginu og gengju í félag innan annars heildarsamtakahóps. Dæmi um félag, sem hefur átt í vök að verjast hvað þetta varðar, er t. d. félagið Sókn. Á þessum vandamálum þarf auðvitað að taka með einhverjum hætti, ekki með því að skikka fólk til að vera í tilteknu félagi, hvað sem líður vilja þess og áhuga, heldur með því að tryggja að ekki skipti máli hvort maður, sem á vinnustað vinnur, sé innan ASÍ eða BSRB, hann hafi ávallt sömu laun fyrir sömu störf. Það voru talin mannréttindi hér í eina tíð og eru talin enn, að menn taki sömu laun fyrir sömu störf án tillits til kynferðis. Það eiga einnig að teljast mannréttindi, að menn taki sömu laun fyrir sömu störf án tillits til þess, í hvaða stéttarfélagi þeir eru eða eftir hvaða samningum þeir vinni. En þau mannréttindi eru ekki fyrir hendi á Íslandi í dag. (**GJG:** Og vantar mikið á.) Og vantar mikið á, segir hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Að vísu er ekki tekið á þessu máli sérstaklega í frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Það þyrfti að gera. Auk þess þyrfti að sjálfsögðu að sjá svo um að skipulagsmál hins aðila vinnumarkaðarins, þ. e. vinnuseljandans, atvinnuveitendanna, væru með sama hætti og skipulagsmál vinnuseljendanna, launþeganna, þannig að launþegar fengju ávallt réttan viðsemjanda við kjarasamningagerð.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um þetta mál, enda hefur það verið rækilega gert oftar og áður. En ég vil aðeins ítreka að það liggur fyrir, að ein af skýringunum á því, hversu launakjör manna, sem vinna sömu störf hlið við hlið, eru misjöfn oft á tíðum, er úrelt skipulag aðila vinnumarkaðarins. Það liggur einnig fyrir, að ástæðan fyrir því, að hin svokallaða láglaunapólitík hefur ekki skilað árangri, er úrelt skipulag launþegahreyfingarinnar. Það þarf ekki að hafa mín orð fyrir því, þar get ég vitnað í álitsgerðir forustumannanna sjálfra frá þingunum 1958 og 1960. Og það liggur líka fyrir, að þessi skortur á því, að Alþýðusambandið framfylgi þeim skipulagsbreytingum sem það hefur sjálft samþykkt, hefur m. a. valdið því, að alþýðusamtökin sem heildarsamtök launafólks standa nú veikari en þau hafa oft áður staðið, eftir að þau hafa gert ítrekaðar tilraunir til þess að mynda heildarsamflot í kjarasamningagerð, — tilraunir sem hafa farið út um þúfur m. a. vegna ágalla á skipulagsmálum Alþýðusambandsins. Það sér auðvitað hver maður í hendi sér, að það eitt, að Alþýðusambandið skuli ítrekað hafa reynt að koma fram sem einn aðili, en orðið að gefast upp við það, hlýtur að skilja alþýðusamtökin í landinu eftir sem veikari aðila en þau voru áður en sú tilraun var gerð.

Viðsemjandinn, Vinnuveitendasambandið, hefur hins vegar orðið sterkara með hverri slíkri raun. Það hefur haft hag af því, að þessar tilraunir Alþýðusambands Íslands til að marka heildarstefnu í samningamálum hafa ekki skilað árangri. Og það þori ég að fullyrða af mínum kynnum af verkalýðsmálum á Vestfjörðum, að staða verkalýðshreyfingarinnar þar til þess að fara fram á sérsamninga við atvinnurekendur er miklu lakari núna vegna hins aukna miðstjórnarvalds Vinnuveitendasambands Íslands sem orðið hefur fyrir tilstilli þessarar heildarsamflotapólitíkur sem rekin hefur verið með misjöfnum árangri, heldur en áður var. Miðstjórnarvald Vinnuveitendasambandsins hefur nefnilega stöðugt orðið sterkara á sama tíma og miðstjórnarvald Alþýðusambands Íslands hefur orðið veikara vegna þess hve á hefur bjátað í heildarsamflotum Alþýðusambandsins undanfarin ár. Og það er orðið miklu erfiðara, veit ég, fyrir Vestfirðingana eftir þær misheppnuðu tilraunir að ná núna sambandi við vestfirska vinnuveitendur til kjarasamningagerðar heldur en var áður en

þessi misheppnaða pólitík um heildarsamflot í launasamningum var reynd. Þetta er kannske brýnust ástæða og brýnast umhugsunarefni fyrir þá sem vilja hag verkafólks og verkalýðshreyfingar sem mestan, að gera sér ljóst að vanefndir á því að hrinda samþykktum skipulagsbreytingum á Alþýðusambandi Íslands í framkvæmd skuli hafa orðið til þess að veikja verkalýðshreyfinguna með þeim hætti, á sama tíma og Vinnuveitendasambandið hefur styrkst með ári hverju.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm., sem var að ljúka máli sínu, Sighvatur Björgvinsson, var nokkuð undrandi yfir því, að ekki skyldu hlaupa hér í ræðustól strax að loknu máli flm. þess frv., sem hér er til umr., þeir menn sem eru stundum kallaðir verkalýðsrekendur eða eiga sæti í stjórnum verkalýðsfélaga. Ég býst við að við, sem flokkumst undir það samheiti, höfum hins vegar allir verið mjög forvitnir um það, hver flokksbræðra hv. flm. mundi fyrstur standa hér upp og tæta í sundur þetta frv. hans, í framhaldi af því sem verið hefur gert bæði gagnvart því og öðrum málum sem hann hefur haft með að gera á undanförnum mánuðum. Ég skal ekkki fara frekar út í það. Hins vegar vil ég aðeins ræða þetta efnislega.

Ég hef oft haft grun um það, að þegar hv. flm. talar um Verslunarmannafélag Reykjavíkur á þann veg sem hann gerir — og ég harma að hann skuli gera í sambandi við þetta mál, þá noti hann Verslunarmannafélagið á sama hátt og stórveldin notuðu Albaníu á sínum tíma, að í raun sé hann ekki að skamma stjórnendur Verslunarmannafélags Reykjavíkur, heldur sé hann að skamma eigin flokksbræður sem sæti eiga í stjórn og ráða ákveðnum verkalýðsfélögum og hafa nokkuð oft verið kenndir við palisanderklæddar skrifstofur sínar og annan umbúnað sem þeir hafa búið um sig með þar. Að sjálfsögðu ber að gagnrýna það sem miður fer hjá þessum stjórnendum eins og öðrum stjórnendum. Undir það skal ég fúslega taka. En að láta þau orð falla, að fólkið á skrifstofunni hjá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eigi ekkert orðið skylt með fólkinu sem í félaginu er, því mótmæli ég harðlega og bendi á það, að þar eins og í flestum verkalýðsfélögum — þangað til nú upp á síðkastið í Dagsbrún að þeir eru farnir að ráða sér háskólaborgara til starfa — þá koma þessir sömu starfsmenn beint úr þeim atvinnugreinum sem viðkomandi félag semur um. Ég held að allflestir þeirra, sem starfa hjá og eru nú orðið nokkuð mikill fjöldi í jafnstóru félagi og Verslunarmannafélag Reykjavíkur er, — ég held að allt það starfsfólk sé komið beint úr röðum þeirra, sem aðild eiga að félaginu, og nauðaþekki til allra starfa, sem þetta fólk vinnur, og til þeirra kjara, sem þetta fólk býr við.

Ég vildi láta þetta koma fram í byrjun. En ég vil fyrst og fremst þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta frv. og um leið að opna umr. um þessi mál hér á Alþingi. Það er auðvitað hárrétt sem hann segir, að hér er um yfir 40 ára gamla löggjöf að ræða sem var sett hér á Alþingi á sinni tíð og átti langan aðdraganda. Það má lesa nokkuð um þann aðdraganda í ítarlegri grg. flm., þótt mér þyki kannske nokkuð vanta á þegar hann ræðir um tildrög þess, að sú nefnd var skipuð sem samdi þessa löggjöf. Nefndin var skipuð Alþfl.-mönnum og framsóknarmönnum. Það voru komnar fram margar kröfur um setningu slíkrar löggjafar hér á landi þá. Þeir, sem hvað þyngstir voru þar á metum, voru vinnuveitendur annars vegar. Hins vegar voru sjálfstæðismenn sem sæti áttu á þingi og sá hópur sem stóð á bak við suma þeirra og var orðinn hávær. En það voru þeir launþegar, sem töldust hvorki til krata né kommúnista, sem gerðu kröfu um að þeir fengju að njóta sama lýðræðislega réttar og Alþfl. hafði þá tekið sér í verkalýðshreyfingunni. En þá var Alþfl. og Alþýðusamband Íslands eitt, eins og hér og víðar kemur réttilega fram.

Það, sem gert var hér á Alþingi af yngri sjálfstæðismönnum sem þá komu á þing, var að koma með tillögur, m. a. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í fyrirtækjum. Bjarni Snæbjörnsson læknir háði baráttu á Alþingi vegna þeirra launþega sem töldust sjálfstæðismenn, o. fl., o. fl. Allt er þetta saga sem á vissulega að liggja frammi fyrir okkur þm. í dag. Það er gert hér mjög ítarlega og eins og flm. er einum lagið að gera. En þetta hefur líka legið hér frammi, kannske séð með öðrum gleraugum en afgleraugum hv. flm. sem eru og hafa löngum þótt góð. Alla vega hafa þau verið svo góð að sést hefur út fyrir umgjörð þeirra, sem ekki verður sagt um suma sem gleraugu nota.

Það mál, sem hér er til umr., er auðvitað eitt af þýðingarmestu málum verkalýðshreyfingarinnar. Það, sem hér hefur verið sagt um aðdragandann, bæði á Alþýðusambandsþingum og reyndar það sem á eftir fór, er ekki nema hálfsögð saga. Þótt þá væri eins og endranær um pólitísk átök að ræða innan þeirra ágætu samtaka, þá var vissulega horft líka á hin félagslegu sjónarmið og vandamál sem hlytu að koma upp í sambandi við skipulagsbreytinguna sem samþykkt var að stefnt skyldi að á þinginu 1958 og endurtekið 1960 og að mig minnir 1962 líka, og reyndar var það líka gert við lagabreytingarnar seint á sjöunda áratugnum, en þá hafði lengi starfað mþn., sem ég einmitt átti sæti í innan Alþýðusambandsins, sem m. a. mótaði þau lög sem nú eru í gildi fyrir Alþýðusambandið.

Í sambandi við vinnustaðafélögin kom upp m. a. þetta mikla vandamál, að það er í raun úti um land aðeins eitt staðarfélag starfandi á staðnum sem hefur allar greinar innan sinna vébanda. Þótt þar séu eitt, tvö eða þrjú sæmilega stór fyrirtæki, kannske tvö stór fyrirtæki, þá þótti ekki rétt að skipta upp þessu eina verkalýðsfélagi sem var ekki aðeins baráttuaðili fyrir kaupi og kjörum viðkomandi aðila á staðnum. Þetta var líka fyrsti og sterkasti aðili sem fékkst við öll félagsmál á staðnum, sem starfaði að menningarmálum á staðnum og var beinlínis „primus motor" í félagslífi í viðkomandi byggðarlagi. Ég minnist þess, að í þessari umr. verkaði þetta mjög sterkt. Var rétt að kljúfa þetta í sundur og hvernig átti að tengja það saman aftur, — ef farið hefði verið inn á vinnustaðafélagafyrirkomulagið? Ég tek það fram, þótt ég segi þetta, að ég hef verið þeirrar skoðunar lengi, að þetta fyrirkomulag ætti að taka upp á hinum stærri vinnustöðum, ekki síst í sérgreindum stórverksmiðjum, í ákveðnum iðnaði. Og þetta er í raun komið nokkuð á veg þótt það sé ekki bundið í lögum enn þá. En til þess að þetta sé hægt að gera formlega þarf að sjálfsögðu að breyta þessum lögum. Það er meginmálið. Það þarf að breyta lögunum eða opna þau á þann veg, að verkalýðshreyfingin eða hluti hennar geti farið þá leið, sem hér er verið að ræða um, eða aðra sem hún telur skynsamlega.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að vinnulöggjöfin verkar sem hemill á félagafrelsið í landinu. En skoðum aðeins nánar: Af hverju var þessi hemill settur á? Hann var settur á til þess að vernda verkalýðinn fyrir

klofningi innan sinna raða, að ekki væru búin til sprengifélög eins og dæmi hafa þekkst um, sem kannske — annaðhvort vegna pólitískra skoðana, sem langoftast var, eða af einhverjum öðrum ástæðum — undirbyðu þá sem færu með réttinn líka eða teldu sig eiga að hafa hann. Þetta var til verndar þeim. Það var ekki bara til þess að draga úr rétti þeirra. Við skulum hafa þetta líka í huga — alla vega þarf að skoða það mjög nákvæmlega — ef heimilað verður að stofna fjölda verkalýðsfélaga t. d. á svæði eins og Reykjavíkursvæðinu sem taka öll þau störf að berjast fyrir hagsmunum sinna félaga. Um leið og það yrði leyft heldur auðvitað samanburðarpólitíkin áfram sem ég tel vera eitt það versta sem íslensk verkalýðshreyfing býr við í dag. Ég fæ ekki séð, þegar við horfum á hvernig okkar þjóðfélag er, hvernig við eigum að geta samræmt kröfur þessara aðila frekar en við getum í dag á milli einstakra verkalýðsfélaga. Ef við eigum — eins og skynsamar þjóðir reyna að stefna að að gera og okkur ber að gera og við í orðum viðurkennum að við eigum að gera, — ef við eigum að miða við þá framleiðni sem verður til í fyrsta lagi innan viðkomandi atvinnugreinar, fyrirtækja og svo þjóðfélagsins, þá verður auðvitað enn þá verra að samræma þá sjálfsögðu reglu sem ég vildi að fylgt yrði, að þær atvinnugreinar, sem betur mega sín í ár og betur gengur, geti miðlað til annarra um leið, en sitja ekki aðeins að sínu og láta ekkert fara frá sér.

Ég held að þetta sé eitt þeirra atriða sem við verðum að hafa í huga þegar við förum að hreyfa við þessu. Auðvitað er hægt að ná því, sem stefnt er að hjá hv. flm., á annan hátt, með nútímalegri aðferðum. Það væri hægt að ná þessu hugsanlega — og skal ég þó ekki fullyrða að *það séu ekki vankantar á því líka og get ég nefnt dæmi* um það, — en það mætti gera þetta með fullkomnu kerfisbundnu starfsmati á milli aðila. Ef t. d. heildarsamtök, sem hér eru starfandi í landinu, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandið og Farmanna- og fiskimannasambandið, færu með kerfisbundið starfsmat lóðrétt hjá sér, upp úr og niður úr, og síðan fyndist lárétt viðmiðun milli allra sambandanna, það er bara einn aðili, þá er auðvitað komin samræming á milli allra þessara aðila sem við þyrftum ekki að leita frekar eftir. En hvenær þessir aðilar færu að tala saman á þennan veg, það er aftur önnur saga.

Ég minnist þess, að meðan ég enn þá tók þátt í samningum fyrir hönd míns stéttarfélags, sem ég á enn sæti í eftir 35 ára veru þar og 20 ár í stjórn, þá komum við einu sinni þeirri kröfu okkar fram, að tekið skyldi upp kerfisbundið starfsmat milli yfir- og undirmanna á farskipum, *sem eiga aðild að tveimur samböndum. Annars vegar* voru undirmennirnir þá eins og nú í Sjómannafélagi Reykjavíkur, hins vegar voru yfirmennirnir í nokkuð mörgum félögum innan Farmanna- og fiskimannasambandsins. Þegar búið var að leggja gífurlega mikla vinnu og fjármuni í að vinna þetta kerfisbundna starfsmat og meta störfin frá léttadreng og upp í skipstjóra, hvert hlutfallið ætti að vera á milli, án þess að krónur væru nefndar, þá fór eitt ónefnt stéttarfélag að setja þetta upp í krónum og sá að það mundi ekki verða í jafngóðri aðstöðu og áður gagnvart sínum meðbræðrum og félögum á skipinu. Og þá var auðvitað ekki hægt að standa í þessu lengur. Réttlætiskenndin náði ekki lengra en þetta.

Mér virðist oft og tíðum, þegar talað er um þýðingu þessa máls í sambandi við kjör og laun hér í landinu, fara fram hjá mönnum það sem er kannske meginmálið, og það er að verkalýðshreyfingin er hápólitísk hreyfing. M. a. eru hér heilir stjórnmálaflokkar, sem eiga fjölda fulltrúa á Alþingi, sem telja sig vera verkalýðsflokka. Þeir byggja tilveru sína á því, að verkalýðshreyfingin sé pólitísk. Lögin frá 1938 voru auðvitað fyrst og fremst ekkert annað en tilraun til að tryggja og auka lýðræði meðal allra launþega á landinu, að færa út þann rétt, sem pólitískur flokkur hafði þá. Ég er ekki að gagnrýna að svo skyldi vera fram eftir árum, vegna þess að ef forustumenn Alþfl. í þá tíð, sem verkalýðshreyfingin varð til, hefðu ekki verið til staðar þá værum við örugglega ekki jafnlangt komnir og við erum í dag á þeirri braut sem við erum í launþegamálum hér á landi. En það breytir því ekki, að við getum ekki stöðvast við það og sagt: Þú átt að vera í þessum flokki og engum öðrum. Þetta er stóra vandamálið með skipulagið í dag og með kosningu í stjórnir félaganna. Það er þess vegna sem ég hef ekki getað fallist á þau rök, sem ég held að hafi í sambandi við umr. þessa máls komið m. a. frá hv. flm. þessa frv., Vilmundi Gylfasyni, þess efnis, að það ætti að vera sjálfsagt að kjósa einn og einn inn í stjórnirnar eða þá að þar gæti bara komið saman níu manna stjórn, níu einstaklingar sem allt í einu tækju við stóru verkalýðsfélagi sem hefði mikla starfsemi undir höndum, gilda sjóði og mikið starf, og þeir ættu svo að fara að reyna að slípa sig saman og ná samstöðu um að reka þetta verkalýðsfélag það ár sem þeir væru í stjórninni.

Ég hef hins vegar talið sjálfsagt að það ætti að höggva upp listakosninguna eins og hún er í dag, en gera það á þann hátt, að sæti minni hlutans, gagnrýnandans, væri tryggt í þessum stjórnum. Það væri ekki einhliða stjórnun, einhliða pólitísk stjórnun innan verkalýðshreyfingarinnar, heldur hefðu pólitískir andstæðingar eða félagslegir gagnrýnendur — við skulum sleppa því að tala um pólitík og fara að tala um félagslega gagnrýnendur á stefnu og störf viðkomandi stjórnar — þá hefðu þeir rétt til þess að fá inn, í hlutfalli við þann fjölda sem þeirra lista kysi, menn í stjórnina og til áhrifa þar. Ég held að þó það væri ekki annað en þetta, þá væri það af hinu góða ef slíkt spor væri stigið. En það þarf líka að breyta þessum umræddu lögum til þess, og á það hefur flm. bent. Ég tel því að hvernig sem á málið sjálft er litið sé umr. um þessi mál tímabær hér á hv. Alþingi, og þess vegna m. a. stóð ég upp til þess að segja örfá orð strax við 1. umr. málsins.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð mín öllu lengri nú við þessa umr. Það var vissulega eftirtektarvert sem kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þegar hann *minntist á þann kaupmátt sem verkalýðshreyfingin* eða þjóðin býr við í dag og hún bjó við í lok stjórnartíðar Sjálfstfl. og Framsfl. 1978, þó ég sé hins vegar ekki sammála honum um að skipulag verkalýðshreyfingarinnar eigi þarna sök á. Ég held að það séu aðrir þættir sem þar komi inn í. En það breytir því ekki, að þetta er mjög nálægt sanni, að kaupmátturinn hafi rýrnað á þennan veg. Ég held þó að kaupmáttarrýrnunin sé miklu, miklu meiri, enda hafa sjaldan verið gerðar ítarlegri eða frekari aðgerðir til þess að falsa þær tölur, sem lagðar eru til grundvallar kaupmáttarútreikinngi, heldur en nú í seinni tíð, í tíð núv. hæstv. ríkisstj., að ég tali nú ekki um nýkrónuvitleysuna alla sem hefur orðið til þess, að endanlega mun íslensk þjóð hafa misst trú sína á íslensku krónunni. Hún hefur þegar rýrnað í gildi úr krónu niður í 70 aura á aðeins tæpu ári og mun eftir tvö ár

til viðbótar verða komin niður í 50 aura. Það er mikið stökk sem hæstv. ríkisstj. hefur tekist að stökkva á ekki lengri tíma, og er þó ekki öll sagan sögð af þeim langstökkvurum öllum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það kemur væntanlega engum á óvart að umr. um mál sem þetta séu fluttar inn á Alþingi. Þetta mál hefur verið mikið rætt úti í þjóðfélaginu, innan verkalýðshreyfingarinnar vænti ég, á undanförnum mánuðum. Það er af hinu góða og ástæðulaust, að ég tel, að vera að agnúast út í menn fyrir að taka upp umr. um mál sem þessi. Það er að mínu viti alveg ljóst, að það eru ýmsir veigamiklir vankantar á skipulagi Alþýðusambandsins og skipulagi verkalýðshreyfingarinnar og verkalýðsfélaganna sem þarf auðvitað með einhverjum hætti að reyna að sníða af.

Það er svo eitt að setja fram mál og annað hvernig um þau er fjallað. Það er ekki síður atriði, ef menn vilja fá breytingu til hins betra á vissum agnúum og vissum þáttum sem þarf að breyta, að þeir hinir sömu fjalli um málin á þann hátt að þeir geri tilraun til þess að vinna þeim fylgi, en ekki á þann veg að magna upp andstöðu við þau. Það tel ég að sé galli á þeirri umr. sem hefur átt sér stað á undanförnum mánuðum um þetta mál, að um það hefur verið fjallað og það hefur verið fram sett á þann veg, að það hefur frekar fengið neikvæðar viðtökur, jafnvel þeir hlutar af málinu sem vissulega eiga fullan rétt á sér og þar sem breytinga er þörf vegna þess hvernig meðferðin hefur verið.

En þetta á að ræða og þetta á aðvitað að ræða fyrir opnum tjöldum. Þetta er það mikið mál og það er margt sem er að. Meginspurningin í þessu er auðvitað sú: Vilja menn að það sé sett löggjöf um þetta mál? Það er meginspurningin og þeirri spurningu verða menn að svara. Á henni verða menn að hafa skoðun.

Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi að reyna allt áður en löggjöf er sett. Það má að vísu segja að það er liðinn alllangur tími frá því að verkalýðshreyfingin sjálf tók afstöðu til þessara breytinga, sem hún gerði 1960, og raunverulega hefur lítið sem ekkert verið aðhafst í því máli af völdum hreyfingarinnar sem heildar.

Það er hins vegar rétt, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði hér áðan, að það er hægt að benda á nokkur dæmi þess, að einstök félög hafi farið inn á þessa braut, að vísu ekki með neina stoð í lögum til þess, en hafa þó farið þessa braut. Það þarf að opna lögin til þess að félögin geti farið þessa leið, en ekki að skikka þau til þess. Það er tvennt ólíkt. Með lögunum, eins og þau eru í dag, er raunverulega bannað að gera þetta. En það er tvennt ólíkt að opna lögin til þess að hafa frjálst val um leiðina eða hvort það er einvörðungu skikkað til að fara þessa einu leið. A. m. k. blasir málið þannig við mér. Ég er á móti því — nema þá í síðustu lög, þegar allta annað hafi verið reynt — að skikka hreyfinguna til að fara inn á þessa braut. Og ég er viss um það — hv. þm. Vilmundur Gylfason er það gáfaður maður — ég er viss um það, að skoði hann þessa hlið málsins og hefði hann starfað innan hreyfingarinnar þó ekki væri nema um nokkur ár og fengið þannig eigin reynslu af starfsháttum og því sem þar fer fram innan dyra, þá væri hann mér sammála um þetta, að það er æskilegra að hreyfingin sjálf fáist til þess að velja sér þá braut sem hún telur réttasta. Geri hún það hins vegar ekki, þá getur komið að því að löggjafinn þurfi að grípa inn í. En ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki komið að því enn.

Ég segi fyrir mitt leyti, að þegar þessar umr. voru um skipulagsbreytingar Alþýðusambandsins á sínum tíma og eins og þær voru fram settar, þá bar ég þann ótta í brjósti að með þeirri breytingu, ég tala nú ekki um ef farið yrði inn á þá breytingu sem gert er ráð fyrir í þessu frv., — þá bar ég þann ótta í brjósti, að uppskipting á hinum smærri félögum yrði til hins verra. Þar tek ég að sjálfsögðu mið af þeirri reynslu sem ég tel mér næsta. Það mega menn kalla smákóngaveldi eða hvað sem þeir vilja. En ég tel að það yrði ekki til hins betra fyrir þessar veikari einingar, eins og skipulagið er nú, að skipta þessu upp. A. m. k. þyrfti að finna einhvern farveg fyrir þessi smærri félög til þess að styrkja þeirra stöðu fremur en að veikja hana.

En það eru þó nokkur dæmi þess, að stéttarfélög hafa farið inn á þá braut að semja fyrir ákveðna vinnustaði, alla á sama vinnustaðnum, þó að það séu skipt störf. Og það er þegar — a. m. k. veit ég dæmi þess á mínum heimaslóðum — farið að gera meira að því að halda hina svokölluðu vinnustaðafundi, fá fram viðhorf vinnustaðarins í heild og taka mið af því í samningagerð, þannig að vísir er kominn að þessu innan hreyfingarinnar sjálfrar nú þegar þó að vissulega hefði mátt gera meira í þeim efnum.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði áðan að það skipti ekki máli hvaðan breytingin kæmi. Að vísu bætti hann við: ef fólkið vill það. En eru menn alltaf sammála um hvað fólkið vill? Það mætti með nákvæmlega sama hætti segja — og þá jafnvel spyrja hv. þm., flm. þessa frv.: Skiptir það þá nokkru meginmáli, hvort miklu meira af samningsatriðum, sem nú eru, sé skipað með lögum? Ég er ekki í neinum vafa um að það er hægt að finna talsvert margt fólk sem teldi að hinum ýmsu ákvæðum í samningunum núna mætti alveg eins skipa með lögum. Og á þá að fara eftir því? Ég er persónulega andvígur slíku. Ég hygg að um það yrðu mjög skiptar skoðanir, hvað væri vilji fólksins í þeim efnum og hvað ekki.

Án þess að ég ætli hér að fara að taka einstaka þætti þessa máls til umr., heldur fara um þetta nokkuð almennum orðum, vil ég þó segja að í sambandi við 4. gr. frv. — þar sem lagt er til að þar sem 25 launþegar eða fleiri starfa fastráðnir hjá sama atvinnurekanda skuli starfsgreinafélög eða sambönd starfsgreinafélaga vera lögformlegur samningsaðili um kaup og kjör og gegna að öðru leyti því hlutverki sem stéttarfélögunum er fengið í lögum eða kjarasamingum, — að ætti þetta að vera svona t. d. á mínu félagssvæði, þá gæti a. m. k. einn, líklega tveir vinnustaðir stofnað slíkt séttarfélag. Hvað þá með hina, alla sem eru þá þar fyrir utan? Ég segi: alla, þó að þetta sé lítið samfélag, en hvað með hina alla sem eru þar fyrir utan? Það þýddi að mínu viti, ef ég skil þetta rétt, að þarna yrðu a. m. k. þrjú verkalýðsfélög í reynd í 1200 manna byggðarlagi. 300 manna félag er þar núna með öllum sem í því eiga rétt á að vera og vilja vera. Ég tel að slík breyting yrði til hins verra og yrði á kostnað framgangs launamála og annarra þeirra mála sem þetta félag eins og öll önnur verkalýðsfélög í landinu hefur á stefnuskrá sinni. (Gripið fram í.) Vegna þess að smækkun eininga er að mínu viti til þess fallin í þessu tilfelli að gera það veikara. Það er ósköp einföld skýring.

Við þekkjum mörg dæmi þess — og væntanlega hv. flm. líka, hvort sem hann viðurkennir það nú eða ekki, að tiltölulega fámenn, lítil stéttarfélög eru vanmegnug rek-

öld víða um landið og geta ekki sinnt því sem þau þurfa að sinna, hvað þá ef við gerðum breytingar í þá átt sem hér er lagt til, að fækka þessum aðilum enn, minnka einingarnar, en fjölga þeim. En eins og ég segi, ég er fyrst og fremst að tala um þessa hlið málsins. Ég er ekkert að halda því fram, að þetta gæti ekki gengið þokkalega í þessum stærri félögum þar sem fjölmennið er, en ég tek að sjálfsögðu mið af því sem ég þekki hvað best.

Það skortir lýðræði í hreyfingunni, segja menn, og vissulega má þar um bæta frá því ástandi sem nú er. En þeir hinir sömu, sem telja mikinn skort á lýðræði í verkalýðshreyfingunni núna, mér finnst að það skjóti skökku við að þeir krefjist löggjafar um málefni hreyfingarinnar. Mér finnst það vera þversögn. Þeir sem vilja að fólkið fái meiri réttindi, meira lýðræði innan hreyfingarinnar núna, þeir krefjast jafnframt að löggjafinn segi til um hvernig þær breytingar eigi að vera og hvernig fólkið eigi að haga sér með þeim breytingum. Þetta er í mínum huga þverbrestur í málflutningnum. En öll þessi mál er að sjálfsögðu nauðsynlegt að ræða, og það er af hinu góða ef menn taka upp almenna umr. um málið á þeim grundvelli að menn vilja gagnrýna núverandi kerfi til þess að breyta því til hins betra. Og það er auðvitað meginmálið, hvað sem líður einstökum smákóngum eða verkalýðsrekendum sem hræðast stöðu sína ef breytingar verða. Það verður að hafa sinn gang. Þeir, sem verða hræddir og stöðu þeirra er hætt, verða þá að spjara sig þeim mun betur ætli þeir að halda henni. Það á ekki að taka mið af því sem einstakur foringi í hreyfingunni segir. Það á að taka mið af því sem hinn almenni félagsmaður vill. Og hvaðan hafa komið samþykktir úr einstökum verkalýðsfélögum um stuðning við þessa breytingu? Hinn almenni félagsmaður getur borið upp tillögur á fundi í sínu stéttarfélagi, það þarf ekki nema einn til þess, og sé mikið fylgi við viðkomandi mál, þá er ekki neinn vafi á að till. yrði samþykkt um stuðning við slíka breytingu. Ég veit ekki um eitt einasta stéttarfélag í landinu sem hefur komið með umsögn á þann veg, að það sé stuðningur við frv. (**HBl:** En er nú ekki Alþfl. kominn úr takt við hinn almenna launamann í landinu?) Við erum ekki hér að tala um Alþfl. Ef hv. skrifari hefði mátt vera að því að sitja hér undir umr., þá hefði hann átt að vita að við erum að ræða um verkalýðshreyfinguna, en ekki Alþfl. Við erum að ræða um breytingu á lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, en ekki Alþfl. En það er eins og oftar áður með hv. skrifara, að hann þarf mörgu að sinna utan þingsala og verður að virða honum það til vorkunnar.

Þetta er auðvitað meginmálið. Ef það er almennt í stéttarfélögunum mikill vilji hjá hinum almenna manni, eins og margur tekur sér oftast í munn, hjá almúgafólkinu í félögunum, ekki smákóngaveldinu, til svona breytinga, þá ætti það að koma í ljós í gegnum félögin sjálf á fundum. Það hefur mér vitanlega ekki gerst. Þess vegna dreg ég mjög í efa fullyrðingar manna um að það sé almennur vilji hins almenna félagsmanns í hreyfingunni að breyta þessu í þessa átt. Ég dreg það í efa þar til ég sé það þá frekar á pappírnum eða í tillöguformi frá hinum almenna manni. En ég tek undir það með hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að hv. flm. má eiga þakkir fyrir að koma umr. af stað um þetta mál. Og mér er nokkuð sama þó að einhverjir verkalýðsforingjar verði hræddir við umr. um þetta mál. Það þarf að ræða.

Ég skal ekki, herra forseti, taka meira af tímanum. Mér skilst að fundartími hv. deildar sé raunverulega liðinn, en væntanlega gefst tækifæri til áframhaldandi umr. um málið, því að þetta er kannske með stærri málum sem þarf að leysa úr til þess að vel fari. Ég get tekið undir það, að núverandi skipulag verkalýðshreyfingarinnar er ábyggilega að einhverju leyti þrándur í götu þess að hægt sé að gera betur við þá sem allir hafa tekið upp í sig um að ætti að gera betur við, þ. e. láglaunafólkið, og hefur ekki tekist enn. Breytt skipulag í þá átt að rétta hlut þess fólks sem hefur borið hvað skarðastan hlut frá borði í þeim efnum, á að taka upp. Mér sýnist að frv. eins og þetta færi okkur ekki fram á veg til þess, en eigi að síður má flm. hafa þökk fyrir að hreyfa málinu og taka það til umr.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 6. fundur.

Þriðjudaginn 20. okt., kl. 2 miðdegis.

Afbrigði um útvarpsumræður.

Forseti (Jón Helgason): Ákveðið hefur verið að stefnuræða forsrh. og umr. um hana fari fram n. k. fimmtudag. Fram hafa komið tilmæli frá þingflokki Sjálfstfl. um að hann fái 20 mínútna ræðutíma í fyrri umferð. Forsrh. hefur farið fram á að fá 10 mínútur í seinni umferð. Að höfðu samráði við þingflokka verður leitað afbrigða frá þingsköpum um það, að umr. verði hagað þannig að orðið verði við þessum tilmælum.

Umræðan verður þá þannig, að fyrstur talar forsrh. í 30 mínútur, síðan fulltrúar þingflokkanna 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða og einnig forsrh.

Verður þá leitað afbrigða.

ATKVGR.

Afbrigði um útvarpsumræður samþ. með 43 shlj. atkv.

Veðbókarvottorð í Reykjavík, fsp. (þskj. 33). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 33 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh. um veðbókarvottorð í Reykjavík:

„Hverju sætir það, að hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík þarf einstaklingur að koma tvisvar — tvo daga í röð — til að fá veðbókarvottorð afgreitt?"

Ástæða er til þessarar fsp. Í sjálfu sér flokkast þetta varla undir stærri mál, en engu að síður munu afgreiddd um 100 veðbókarvottorð á dag hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík. Sá háttur mun hafður á, — en þeir, sem slík plögg þurfa, geta haft til þess alls konar ástæður — að þeir þurfa að koma hinn fyrri dag til að leggja inn pöntun fyrir slíku vottorði og greiðslu fyrir, en þurfa síðan að koma daginn eftir til að sækja vottorðið. Þessar skrifstofur eru aðeins opnar frá kl. 10 til kl. 3. Það segir sig sjálft að þetta er á venjulegum vinnutíma og

hlýtur að vera algerlega óþörf fyrirhöfn. Ég fæ ekki betur séð en mjög auðveldlega væri hægt að koma þessu þannig fyrir að fólk, sem þarf á slíkum plöggum að halda, hringi til embættisins og panti í gegnum síma það tiltekna plagg, sem á þarf að halda, og komi síðan á gefnum degi, sennilega daginn eftir, og greiði fyrir það og sæki plagg sitt. Ég held að það sé fáránlegt að ímynda sér að slíkt væri misnotað. Nú er það svo að þessi plögg eru handskrifuð og afgreidd með mjög gamaldags hætti, en mér er kunnugt um að starfsfólk þarna vinnur vel. Það er iðulega að vinna fram að eða fram yfir kvöldmat við að undirbúa þessa pappíra. Engu að síður sýnist mér það vera í fyrsta lagi alveg ástæðulaust og í raun og veru alveg ástæðulaust tillitsleysi við einstaklinginn að vera að láta hann sendast yfir heila eða hálfa borgina tvisvar þegar auðveldlega má koma því fyrir einu sinni.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem þessi fsp. er borin fram til hæstv. dómsmrh. og í þeirri von að þetta megi lagfæra með lítilli fyrirhöfn alveg að kostnaðarlausu og þegnarnir í þjóðfélaginu fái góða þjónustu með sem minnstri fyrirhöfn. Það og það eitt ætti að vera hlutverk ríkisvaldsins.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hv. þm. hefur gert grein fyrir fsp. sinni á þskj. 33 um útgáfu veðbókarvottorða í Reykjavík, svohljóðandi:

„Hverju sætir það, að hjá borgarfógetaembættinu í Reykjavík þarf einstaklingur að koma tvisvar — tvo daga í röð — *til þess að fá veðbókarvottorð afgreitt?*"

Þar sem fsp. beinist að afgreiðslu mála við borgarfógetaembættið hef ég fengið greinargerð vegna þessa frá yfirborgarfógeta, Jóni Skaftasyni. Hljóðar bréfið svo, með leyfi forseta:

„Dómsmálaráðuneytið, Arnarhvoli.

Til svars fsp. Vilmundar Gylfasonar alþm. um veðbókarvottorð á þskj. 33 vil ég taka eftirfarandi fram:

Verkefni í þinglestursdeild borgarfógetaembættisins eru gífurlega mikil. Mörg hundruð viðskiptamanna koma þangað á hverjum degi. Sem dæmi vil ég aðeins nefna að á s. l. ári var tala þinglesinna og aflýstra skjala 45 857 og tala veðbókarvottorða 26 904. Veðbókarvottorð eru enn þá handrituð og gerð sumra þeirra er fjarri því að vera auðveld eða fljótunnin. Alveg er útilokað að afgreiða þau um leið og viðskiptamaður pantar þau. Því er það meginregla, að viðskiptamaður pantar skriflega veðbókarvottorð á tölusettan pöntunarseðil og nær í það á næsta degi.

Frá þessari meginreglu er sú undantekning, að veðbókarvottorð vegna bifreiða eru afgreidd um leið þar sem þau eru tiltölulega einföld. Tala þeirra mun sennilega nálgast það að vera þriðjungur af heildartölu veðbókarvottorða. Enn fremur geta fastir viðskiptavinir embættisins, svo sem bankar, lögfræðingar og fasteignasalar, pantað veðbókarvottorð sín símleiðis og greitt þau um leið og þau eru sótt. Allir eiga þess að sjálfsögðu líka kost að panta veðbókarvottorð með bréfi og senda greiðslu um leið. Þurfa þeir þá ekki að koma tvo daga í röð til þess að fá þau afgreidd.

Á s. l. ári neyddist ég hins vegar til þess að taka fyrir það, að hver og einn gæti pantað veðbókarvottorð símleiðis. Aðalástæðan fyrir því var sú, að mjög mörg vottorð, sem þannig voru pöntuð, voru aldrei sótt og að sjálfsögðu aldrei greidd. Er mér í fersku minni að á fyrri hluta s. l. árs var 1450 veðbókarvottorðum hent í einu sem orðin voru þriggja mánaða gömul og eldri. Ég get hvorki gagnvart sjálfum mér né öðrum varið það, að starfsfólk standi í því í yfirvinnu að skrifa út veðbókarvottorð sem síðan er hent af því að þau eru ekki sótt.

Starfsfólk þinglestursdeildar reynir að hraða afgreiðslu veðbókarvottorða eins og hægt er og veita viðskiptavinum embættisins sem besta þjónustu. Miðað við allar aðstæður tel ég þá framkvæmd, sem í gildi er, þá bestu. Hins vegar vona ég að sá tími styttist sem enn þá er í það að starfsemi þinglestursdeildar verði tölvuvædd.

Með bréfi frá 12. okt. s. l. sendi ég dómsmrn. skýrslu starfshóps borgarfógetaembættisins og Skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar um tölvukerfi sem hentaði þeirri starfsemi sem fram fer í þinglestursdeildinni. Lögum samkvæmt er það á valdi dómsmrn. að ákveða að tölvutækni skuli viðhöfð þar. Verði af slíku og takist vel um framkvæmdina vona ég að beiðni um veðbókarvottorð verði afgreidd um leið og hún er fram sett.

Virðingarfyllst.
Jón Skaftason."

Þetta var bréf yfirborgarfógeta og er eigi þörf á að bæta við svör hans.

Eins og fram kom í bréfi yfirborgarfógeta hefur hann nú alveg nýverið sent rn. skýrslu um tölvukerfi sem hentað gæti þeirri starfsemi sem fram fer í þinglýsingardeild og þar á meðal við útgáfu veðbókarvottorða. Þessi skýrsla *er nú til athugunar í rn.*

Þá er þess að geta, að á næstunni mun borgarfógetaembættið fá aðgang að tölvuskrám Bifreiðaeftirlitsins. Einfaldast þá framkvæmd þinglýsinga vegna veðsetningar bifreiða, þar sem eigi verður þá þörf á að leggja fram staðfestingu lögreglustjóra eða bifreiðaeftirlits á eignarhaldi bifreiðar við þinglýsingu. Jafnframt skapast möguleiki á að koma upplýsingum um veðsetningar ökutækja í tölvuskrána og dregur þá úr þörf á útgáfu veðbókarvottorða við umskráningu bifreiða.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör, sem hann gaf við þessari spurningu, og tek undir það með honum, að í starfsemi eins og þessari, þar sem svo mikið er um hvers konar vottorð sem einstaklingar þurfa á að halda, bæði að því er varðar húsnæði þeirra, bifreiðar og annað slíkt, er auðvitað afar brýnt að beitt sé tölvutækni til að flýta fyrir allri vinnslu. En hins vegar þykja mér satt að segja þau svör, sem hann las frá borgarfógetanum í Reykjavík, vera afar léttvæg.

Þess er getið, að bankar og fasteignasalar, held ég a. m. k. að hafi verið talið upp, geti pantað veðbókarvottorð símleiðis og þurfi ekki að bera þessa fyrirhöfn, en hins vegar megi allur almenningur það ekki. Honum er ekki treystandi. Þetta, þó að í smáum stíl sé, þykir mér enn eitt dæmið um hið dæmalausa virðingarleysi sem ríkisvaldið iðulega gerir sig bert að gagnvart einstaklingum. Jafnvel þó að svo hafi verið á einhverjum gefnum tíma að 1450 pappírar hafi ekki verið sóttir, — og ég veit ekki nákvæmlega eða náði því ekki, ég held að það hafi ekki verið sagt á hve löngum tíma það var, — þá sýnist það vera sem dropi í hafið þegar þess er gætt að það eru á annað hundrað umsóknir á dag hjá þessu tiltekna embætti. Hvers á allur sá mikli fjöldi að gjalda, langoftast fólk í vinnu? Þá hugi menn bara að vinnustundunum sem

tapast við það að vera að fara yfir hálfa eða heila borgina eftir þessum lítilvæga pappír sem menn samt þurfa á að halda. Þetta er því miður svar af því tagi, þó að hér eigi miklir heiðursmenn í hlut, bæði ráðh. og yfirborgarfógetinn í Reykjavík, að það er dæmi um valdhroka að geta ekki létt þessari fyrirhöfn af fólki og leyft því að hringja eftir þessum pappírum og sækja þá daginn eftir. Það er þá hægt að rukka hina, sem um þessa pappíra sækja, en þurfa svo af einhverjum ástæðum ekki á þeim að halda og sækja þá væntanlega ekki af þeim ástæðum, hafa þá í reikning og láta þá greiða. Einhvern tíma þurfa þeir á þessum pappírum að halda.

Svör yfirborgarfógetans í Reykjavík, sem hæstv. ráðh. gerir að sínum, eru ákaflega léttvæg. Og enn á ný kemur fram þetta virðingarleysi gagnvart fólki. Reykjavík er enginn smábær lengur. Hún er orðin stórborg. Hér er um miklar vegalengdir að fara. Þetta veldur fjölmörgum einstaklingum óþarfaamstri og virðist vera handhægt að breyta þessu, aðeins að menn geti hringt í þetta embætti og pantað þennan pappír og greitt hann þegar hann er sóttur. Ef menn sækja hann ekki verða þeir væntanlega í reikningi hjá embættinu, svo að það kemur fyrr eða seinna að því að þeir borga fyrir þennan pappír sinn.

Íslenska ríkið stendur ekki og fellur með þessu máli, mér er það mætavel ljóst, en engu að síður eru það mál af þessu tagi sem gera fólk bæði reitt og leitt gagnvart ríkisvaldinu. Það er alger óþarfi að hafa þetta með þessum hætti og ég vil beina þeirri áskorun til dómsmrh. — ég hygg að það þyrfti ekki nema eitt símtal frá honum til þess að kippa þessu í liðinn og gera þessu embætti að koma fram við fólk af reisn og virðuleika, en ekki eins og gert er í þessum efnum. Það er ástæðulaust af ríkisvaldinu að vera að egna fólk á móti sér með þessum hætti þegar að fyrirhafnar- og kostnaðarlausu er hægt að gera miklu betur við almenning í landinu.

Ég endurtek því áskorun mína til hæstv. ráðh., að þetta, sem virðist nú vera algert smámál, er það þó ekki fyrir hinn, sem þarf að fara yfir hálfa borgina tvo daga í röð. Vonast ég til að þessu verði kippt í liðinn og ráðh. láti embættismanninn segja sér fyrir um hvað sé hægt og hvað sé ekki hægt. Þetta er hægt og hægt með lítilli fyrirhöfn. Úr því að þetta er hægt fyrir banka og fasteignasala, eins hér var lesið, er þetta líka hægt fyrir almenning hér í borginni.

Ég segi því enn og aftur að þetta er hægt að laga. Þetta er lítið mál, en getur varðað miklu.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda vil ég aðeins taka það fram, að ég held að það sé hvorki um að kenna virðingarleysi né valdhroka þó að þessi háttur sé hafður á um afgreiðslu veðbókarvottorða við borgarfógetaembættið í Reykjavík. Auk þess stendur þetta til bóta. En það má geta nærri að það er nokkur munur á því þegar um fasta viðskiptavini embættisins er að ræða. Það er þó alltaf nokkurn veginn öruggt að þeir koma og sækja vottorðin, en þau leggjast ekki upp í hrúgur vegna þeirra sem panta þau símleiðis og hirða síðan ekki um að sækja þau. Það er sjálfsagt, eins og í öðrum efnum, að taka þessi orð til greina, enda sagði ég að það væru uppi athuganir á því að bæta hér um betur.

Ég vil að lokum geta þess, að borgarfógetaembættið hefur nú alla aðstöðu til að þjóna viðskiptavinum sínum vel. Það er komið í stórt og gott húsnæði til margra ára á öruggan stað. En þegar ég tók við ráðherraembætti átti að fara að bera borgarfógeta út á götu. Það var svo að því saumað, sjálfu borgarfógetaembættinu í Reykjavík, að það var húsnæðislaust og lá við að það yrði borið út. Varð að hafa hröð handtök á því að koma því undir þak og útbúa bærilega aðstöðu til að það gæti gegnt hlutverki sínu.

Sameinað þing, 7. fundur.

Þriðjudaginn 20. okt., að loknum 6. fundi.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 32). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afstaða símnotenda til jöfnunar símkostnaðar, þáltill. (þskj. 35). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Rannsókn minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi, þáltill. (þskj. 36). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Smærri hlutafélög, þáltill. (þskj. 12). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni að flytja till. til þál. um smærri hlutafélög, en ályktunin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa setningu sérlaga um smærri hlutafélög."

Eins og kunnugt er eru um það bil 3 1/2 ár liðin síðan ný lög um hlutafélög voru sett hér á hinu háa Alþingi. Margir þeirra, sem um lögin hafa fjallað í ræðu og riti, telja setningu þeirra hafa markað mikið framfaraspor í íslenskri félaga- og atvinnulöggjöf. Ýmsum kann því að koma á óvart sú þátill., sem hér liggur fyrir, og telja óþarft að hefja umræður um hlutafélagalögin svo skömmu eftir setningu þeirra. Til þess liggja þó veigamiklar ástæður að mati okkar flm.

Raddir hafa heyrst um að meiri hluti íslenskra hlutafélaga sé smá félög, bæði hvað varðar fjölda hluthafa og upphæð hlutafjár. Jafnframt er því haldið fram, að hömlur á hlutabréfaviðskiptum séu mjög algengar í þessum félögum og að hluthafar í einstökum félögum eða meiri hluti þeirra sé oft tengdur fjölskylduböndum, m. ö. o. sagt að félögin séu það sem kalla má — e. t. v. á vondu máli — „lokuð félög". Í framhaldi af þessum fullyrðingum um stærð og lokun félaganna er sagt að hlutafélagalögin taki fyrst og fremst mið af stórum hlutafélögum, þar sem litlar hömlur eru lagðar á viðskipti hluthafa með hlutabréf, og þau séu þess vegna óheppileg fyrir hin smærri félög sem starfrækt eru hér á landi.

Í aths. við frv. til l. um ný hlutafélög, sem síðar varð að lögum nr. 32/1978, um hlutafélög, er greint frá því, að þær athuganir, sem hafa verið gerðar, sýni að í meiri hluta íslenskra hlutafélaga sé hlutafé mjög lítið og hlut-hafar raunar örfáir. Í aths. er einnig staðhæft að almenningur hafi ekki lagt fé sitt í hlutafélög, þ. e. kaupi ekki hlutabréf, og að hömlur á meðferð hlutabréfa séu algengar hjá félögum.

Í grg., sem fylgir þessari þáltill., er greint frá athugun sem gerð var hjá hlutafélagaskrá viðskrn. í byrjun þessa árs, en hlutafélagaskráin annast skráningu allra íslenskra hlutafélaga. Með athugun þessari var annars vegar ætlunin að grennslast fyrir um stærð íslenskra hlutafélaga með tilliti til upphæðar hlutafjár og fjölda hluthafa og hins vegar að kanna lokun félaganna. Náði athugunin til allra hlutafélaga sem voru stofnuð og skráð hjá hlutafélagaskrá árið 1980. Athugun þessi leiddi í ljós að mikill meiri hluti þeirra félaga, sem hún tók til, eru smá í sniðum. Bæði er að hluthafar eru fáir og hlutafé er mjög lítið. Enda þótt athugunin næði aðeins til félaga sem voru að hefja starfsemi er ýmislegt sem bendir til þess, að þeim sé ætlað að verða fremur smá. Má í því sambandi nefna að útboð á hlutafé fór sárasjaldan fram, en hlutafé er nær undantekningarlaust boðið út þegar ætlunin er að stofna almenningshlutafélög. Í langflestum félaganna var hlutafé háð eins miklum viðskiptahömlum og hlutafélagalögin leyfa, og mörg félaganna voru í eigu einnar og sömu fjölskyldu hvert um sig.

Þá er einnig eftirtektarvert að rúmur þriðjungur félaganna, sem athugunin náði til, virtist hafa verið stofnaður í þágu tveggja einstaklinga, en hlutafélagalögin krefjast þess, að hluthafar séu minnst fimm. Áttu þessir tveir venjulega 67—98% hlutafjár, en hinir hluthafarnir, sem undantekningarlítið voru í fjölskyldutengslum við þá fyrrnefndu, skiptu með sér afganginum. Má ætla að þátttaka hinna síðarnefndu hafi aðeins verið til málamynda, til þess gerð að fullnægja skilyrði hlutafélagalaganna um minnst 5 hluthafa.

Þegar þessar athuganir, sem ég hef nú getið um, eru skoðaðar í heild sinni má ætla að þær gefi sæmilega mynd af stærð íslenskra hlutafélaga og jafnframt því, að þau eru, eins og áður var getið um og ég nefndi að kalla megi á vondu máli, „lokuð félög".

Ýmis ákvæði hlutafélagalaganna virðast ekki taka mið af þeim staðreyndum sem felast í niðurstöðum þessara athugana. Þessi ákvæði eiga að vísu vel við þegar stór félög eiga í hlut, og hið sama má reyndar segja um lögin í heild sinni. En þegar ákvæði eru látin ná til smærri félaganna verka þau íþyngjandi án þess að séð verði að þau stuðli að vernd hluthafa í þessum félögum, viðsemjenda þeirra eða opinberra hagsmuna. Hér er ekki um sérkenni á íslenskum hlutafélagalögum að ræða, heldur vanda sem er vel þekktur hjá flestum ríkjum Vestur-Evrópu. Mörg þessara ríkja hafa hins vegar leyst þetta mál með því að tvískipta hlutafélagalöggjöfinni. Hafa þá verið sett sérstök lög um stærri og opnari félögin og önnur um hin smærri og lokaðri. Á Norðurlöndum hafa Danir einir farið þessa leið, en Svíar munu nú hafa í hyggju að fylgja fordæmi þeirra.

Til skýringar þeirri staðhæfingu, að ýmis ákvæði laganna séu íþyngjandi fyrir smærri félög, skal ég nefna örfá dæmi.

Í fyrsta lagi gera lögin stjórnkerfi hlutafélaga þungt í vöfum. Hluthafafundir fara með æðsta ákvörðunarvald í félögunum, en þriggja manna félagsstjórnir fara með málefni þeirra á milli funda. Einnig er félagsstjórnum skylt að ráða framkvæmdastjóra ef hlutafé er 30 þús. nýkr. eða hærra. Þessari reglu þyrfti að breyta þegar smærri félög eiga í hlut. Til greina kæmi að heimila þessum félögum að hafa eins manns stjórn og mundi þá stjórnarmaðurinn einnig geta gegnt störfum framkvæmdastjóra. Þessi tilhögun gæti horft til einföldunar og einnig í sumum tilfellum til sparnaðar jafnframt. Því er hins vegar ekki að leyna, að breyting af þessu tagi getur aukið hættu á misferli þess er gegnir störfum stjórnarmanns, enda skortir hann aðhald viðlíka við það og fjölskyldustjórn leiðir til. Þessari hættu má þó bægja frá með því að veita hluthöfum aukinn rétt frá því, sem nú gildir samkv. hlutafélagalögum, til að krefja stjórnarmann upplýsinga um málefni félags. Mætti t. d. veita hluthöfum rétt til að krefjast upplýsinga utan hluthafafunda, sem mundi án efa veita stjórnarmanni mikið aðhald.

Í öðru lagi virðist krafa laganna um skyldu félaga til þess að gefa út hlutabréf vera óþörf þegar um smærri og lokuð félög er að ræða. Útgáfa hlutabréfa hefur fyrst og fremst gildi í stórum félögum með fjölda hluthafa þar sem litlar hömlur eru lagðar á viðskipti með hluti. Þau hafa því takmarkað gildi fyrir meiri hluta íslenskra hlutafélaga. Virðist hentugra að því er varðar smærri og lokuðu félögin að setja það í vald félagsstjórnar hvort gefin séu út sérstök vottorð um hlutafjáreign til nafngreindra hluthafa. Þessi vottorð lúta ekki viðskiptabréfsreglum líkt og hlutabréf.

Í þriðja lagi má slaka á ákvæðum laganna, er gilda um stofnun hlutafélaga, þegar um smærri félög er að ræða. Ákvæðin eru í raun og sannleika of mikið við það miðuð að almennt útboð á hlutabréfum fari fram við stofnun félags. Staðreyndin er hins vegar sú, að oftast er það þröngur hópur sem stendur að stofnuninni, annaðhvort kunningjar eða fjölskylda, sem kærir sig ekkert um að einhver utanaðkomandi eigi kost á því að gerast hluthafi. Þegar félagið er lokað á þennan hátt ber ekki nauðsyn til þess að haldinn sé stofnfundur eða lögð fram öll þau gögn er nú er skylt að leggja fram samkv. hlutafélagalögum.

Í fjórða lagi má nefna ákvæði hlutafélagalaganna um varasjóð. Hlutafélögum er skylt að leggja í varasjóð minnst 1/10 hluta þess árságóða sem fer ekki til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagður í aðra lögbundna sjóði, uns varasjóðurinn nemur 1/10 hluta hlutafjárins. Þegar því marki er náð skulu framlög vera minnst 1/5 hluti þar til sjóðurinn nemur 1/4 hluta hlutafjárins. Skylda til að leggja í varasjóð er einkum hugsuð sem tryggingarráðstöfun og sem slík hefur hún fyrst gildi þegar hlutafé er umtalsvert. Í smærri hlutafélögum skapar þessi skylda hins vegar ekki tryggingu sem hefur eitthvað að segja. Af þessari ástæðu mætti fella þessa skyldu niður hjá smærri hlutafélögum.

Í fimmta lagi virðist krafa hlutafélagalaganna um, að hluthafar skuli fæstir vera fimm, vera óþarflega ströng þegar um smærri félög er að ræða. Að baki þessari kröfu býr sú hugsun að hluthafarnir veiti hver öðrum aðhald sem aftur á móti dragi úr líkum á ýmiss konar misferli innan félags er stefnt geti hagsmunum viðsemjenda þess í hættu. Þess er hins vegar að gæta, að samkv. hlutafélagalögum er það á valdi hluthafa að ákveða skiptingu hlutafjár. Þannig mælir ekkert gegn því í raun í félagi

með fimm hluthafa að einn þeirra eigi 96% hlutafjár, en hinir fjórir 1% hver.

Í athuguninni, sem ég minntist á áðan og tekur til hlutafélaga, sem eru stofnuð og skráð 1980, kemur fram að í rúmum þriðjungi félaganna eiga tveir hluthafar meginhluta hlutafjár eða 67—98%. Þegar litið er til þess, hve þetta hlutfall er hátt, má búast við því að þessi skipting hlutafjár sé nokkuð algeng í íslenskum hlutafélögum. Það mælir eindregið með því að slakað sé á kröfunni um lágmarksfjölda hluthafa, þegar um smærri félög er að ræða, og heimila starfsemi félaga í hlutafélagaformi enda þótt hluthafar séu aðeins tveir til þrír. Það verður ekki stutt gildum rökum að minni hætta sé á misferli í félögum þar sem einn til tveir hluthafar eiga meginhluta hlutafjár, en þátttaka annarra, sem oft og tíðum eru úr fjölskyldum aðalhluthafanna, byggir á því að fullnægja formskilyrðum hlutafélagalaga. Einnig ber að hafa í huga að það, sem skiptir viðsemjendur sennilega meira máli en fjöldi hluthafa, er upphæð hlutafjár og verðmæti annarra félagseigna.

Þessi dæmi, sem ég hef nú nefnt, hljóta að skýra að nokkru leyti þá vankanta sem að mínum dómi eru á ákvæðum hlutafélagalaganna og snerta smærri og lokuð félög sérstaklega.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns, að setning gildandi hlutafélagalaga hefði markað stór framfaraspor. Sú lagasmíð er á margan hátt mjög vönduð. Mín skoðun er þó sú, að gefa þurfi í ríkari mæli gaum sérstöðu hinna smærri hlutafélaga. Breytingar á hlutafélagalögunum í þá átt að þjóna betur minni hlutafélögum gætu að vísu gert þau ruglingsleg fyrir leikmenn og myndað réttaróvissu. Sú till. til þál., sem ég hef nú mælt fyrir, gerir ráð fyrir að hafinn verði undirbúningur að setningu sérlaga er henti betur smærri félögum.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði vísað til nefndar að loknum þessum hluta umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og flm. þessarar þáltill. réttilega gat um eru ný hlutafélagalög nú að koma til framkvæmda hér á landi. Það er nú fyrst sem á nýju lögin, nr. 32 frá 1978, reynir í framkvæmdinni. Mér er ekki kunnugt um að neinir þeir annmarkar hafi komið fram á þeirri merku löggjöf sem geri nauðsynlegt að gera á henni breytingar nú þegar né heldur að setja sérlög um ákveðna tegund hlutafélaga. Auðvitað má flytja öll þau rök, sem hv. þm. hér flutti, og hafði sýnilega undirbúið með ágætum sína ræðu, en ég hygg að gagnrök séu við flestu því sem hann hér sagði.

Ég efast um að á seinni árum hafi önnur löggjöf verið betur undirbúin en einmitt hlutafélagalögin frá 1978. Í fyrsta lagi var aðdragandi að setningu þeirra laga mjög langur. Það var starfað í norrænum samstarfsnefndum um langt áraskeið. Fulltrúar Íslendinga mættu þar og höfðu upplýsingar um allt það sem gerðist þegar Norðurlandaþjóðir reyndu að samræma löggjöf sína, sem þó hefur ekki tekist til fullnustu. Í öðru lagi hefur nú, um a. m. k. eins til tveggja áratuga skeið, mjög mikið verið skrifað um hlutafélagalöggjöf og félagalöggjöf almennt hér á Íslandi og menn hafa þess vegna haft góðan tíma til að hugsa málið.

Þegar frv. að þessari löggjöf var fram lagt hafði norræn löggjöf og Evrópulöggjöf verið að talsverðu leyti samræmd bandarískri löggjöf. Það voru ýmis ákvæði í frv., þegar það var fram lagt, tekin úr bandarískri löggjöf. Í umr. í fjh.- og viðskn, og á fundum þar, sem voru geysimargir, náðist algjör samstaða allra nefndarmanna í nefndum beggja deilda um milli 60 og 70 brtt. sem samþykktar voru. Ég hygg að ég geti fullyrt — og tala þar af nokkurri þekkingu, að þessi löggjöf sé ein merkasta hlutafélagalöggjöf í víðri veröld, þar sem einmitt er um að ræða samræmingu á réttarreglum, sem skapast hafa um langt skeið í Evrópuríkjum annars vegar og í Norður-Ameríkuríkjum hins vegar, og leitast við að taka hið besta úr hverju réttarkerfinu um sig. Auðvitað dettur mér ekki í hug að það hafi tekist til fulls, og það koma áreiðanlega upp einhverjir annmarkar á nýju hlutafélagalöggjöfinni þegar farið verður að framkvæma hana, sem nú er verið að byrja á, eins og ég sagði áðan. Félögin hafa verið að breyta samþykktum sínum til samræmis við löggjöfina og ný félög eru auðvitað stofnuð á grundvelli hennar. En ég endurtek, að ég veit ekki til þess, að neinir annmarkar hafi enn komið fram sem geri nauðsynlegt að gera neinar veigameiri breytingar á löggjöfinni.

Það er áreiðanlega rétt, sem flm. sagði áðan, að ekki bara kynni að valda ruglingi, heldur mundi valda ruglingi ef verið er að hafa tvenns lags löggjöf um hlutafélög. Mér er kunnugt um að þetta er gert í nokkrum ríkjum og þá kannske ekki síst vegna þess að menn hafa hreyft þeirri hugsun, að það gæti verið eðlilegt að einn maður mætti stofna hlutafélag. Það mundi í fyrsta lagi stangast á við allan málsmekk okkar Íslendinga að tala um fyrirtæki eins manns sem félag. En látum það vera. Það kynni að vera rétt að heimila einum manni að stofna til atvinnurekstrar með takmarkaðri ábyrgð. Það gæti haft þjóðfélagslega þýðingu að einhver maður, sem hefði yfir verulegum fjármunum að ráða, vildi verja kannske helmingi þeirra til áhættusams fyrirtækis, en treysti sér ekki til þess að verja aleigu sinni eða hætta aleigu sinni til slíks rekstrar. Það má hugsa sér að setja slíkt í lög. Það mætti vera í mjög einföldu formi og má styðjast við almennu löggjöfina. Í öllu falli mundi ég leggja til að nefndin skoðaði rækilega hvort ekki ætti þá að breyta orðalagi þessarar þáltill. þannig að hugað yrði að því, hvort einhvern sérstakan kafla mætti setja inn í nýju hlutafélagalöggjöfina um smærri hlutafélög, en ekki að um sérlög yrði að ræða, eins og þáltill. gerir ráð fyrir.

Annars er nýja hlutafélagalöggjöfin svo rúm að það er enginn vandi fyrir hvern þann, sem vill hafa einfaldari reglur en þar eru upp taldar, að víkja frá þeim í ýmsu efni, því að þær eru mjög margar frávíkjanlegar. Þess vegna væri hægt að hafa mjög einfaldar samþykktir í þessum litlu félögum sem rúmuðust algjörlega innan ramma hlutafélagalöggjafarinnar. Það er enginn vafi á því, að lögfræðingar og aðrir kunnáttumenn munu nú á næstu mánuðum og misserum einmitt setja upp slíkar einfaldar samþykktir fyrir hin minni hlutafélög til þess að menn þurfi ekki að kynna sér ítarlega alla þætti þessarar miklu löggjafar. Það er galli á þessari löggjöf, eins og mörgum lögum öðrum í seinni tíð, að hún er of löng. Það er árátta að segja meira í lögum en nokkur nauðsyn er á, og þó að þessi löggjöf sé ekki með því versta í því efni er hún heldur löng og er kannske erfitt fyrir leikmenn að kynna sér hvert einstakt atriði slíkra laga. Þess er heldur engin þörf því að í samþykktum lítilla félaga getur þetta verið miklu einfaldara. Það er vikið frá ýmsum ákvæðum og aðeins meginákvæði tilgreind. Síðan kynni, ef til meiri háttar átaka kæmi í slíku félagi eða árekstra, að þurfa að

leita til lögfróðra manna til að greina frá því, hvað sé ófrávíkjanlegt og hvað ekki.

Ég sé sem sagt enga ástæðu til að hlaupa nú til og fara að setja sérlög um lítil hlutafélög. Ég held að það væri til tjóns að fara að hræra í þessu núna svo skömmu eftir setningu laganna. Ef á annað borð verður samþykkt eitthvað í þessa áttina væri eðlilegra að álykta sem svo, að athugað yrði hvort einhver sérstök ákvæði — þau gætu áreiðanlega verið mjög einföld í sniðum — mætti setja inn í nýju hlutafélagalöggjöfina til skýringar, ef það er eitthvað sem vefst fyrir mönnum um hvað megi og hvað þurfi að vera í samþykktum lítilla hlutafélaga.

Hitt er annað mál, að hér var samþykkt á s. l. vori till. um að endurskoðuð yrðu samvinnufélagalögin. Það var fyrr á árum, þegar félagaréttur var að ryðja sér til rúms í íslensku atvinnulífi, að nokkuð fylgdist að setning hlutafélagalaga og samvinnufélagalaga þegar menn voru að byggja hér upp atvinnulíf með því sem þá var talið nútímalegir hættir. Ég held að meiri þörf væri á að hraða setningu þeirrar löggjafar og einmitt að reyna að samræma hana sem allra mest hlutafélagalögunum, því að vissulega eru þau félagaform, heilbrigð samvinnufélög og heilbrigð almenningshlutafélög, allskyld. Það er meiri þörf á að samræma löggjöf en að fara að sundra lögum sem nýlega hafa verið sett.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir að taka þátt í þessari umr. Ég veit, að hann er mjög kunnugur hlutafélagalöggjöfinni, og met það mikils, að hann taki þátt í umr. Hins vegar er ég ekki á alveg sama máli og hann. Þó skal játað að e. t. v. væri ekkert við það að athuga þótt að lokinni athugun yrðu settir kaflar inn í núgildandi hlutafélagalög sem hentuðu í ríkari mæli smærri hlutafélögum. Hins vegar er það mín skoðun, að slíkt mundi frekar geta valdið réttaróvissu heldur en ef um væri að ræða setningu sérlaga. Ég hef þá skoðun. En það er eins og með öll mannanna verk, að auðvitað þurfa þau endurskoðunar við.

Ég tók það fram í minni framsögu, að þau lög, sem samþykkt voru á Alþingi 1978, eru mjög vönduð. Það skal viðurkennt, að auðvitað er reynslutími þessara laga ekki langur, rúm þrjú ár, og það er ekki langur reynslutími. Sú till. til þál., sem ég var að mæla fyrir, gerir ráð fyrir undirbúningi. Nú efast ég ekki um það, að ef þessi till. verður samþykkt mun þetta fá umfjöllun í þjóðfélaginu. Við vitum ekki um niðurstöðu þeirrar umfjöllunar, en till. er fyrst og fremst ýtt úr vör í þeim tilgangi að fá um þetta umr. — og vonandi jákvæða niðurstöðu, að dómi okkar flm.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. En ég vil að síðustu segja það, að auðvitað þurfum við að kappkosta að hafa alla lagasetningu að því er þetta varðar þannig úr garði gerða að formið laði menn til atvinnustarfsemi. Það er fyrsta og síðasta boðorð sem við eigum að hafa að leiðarljósi í löggjöf sem þessari.

Herra forseti. Ég bað um að þessari till. yrði vísað til nefndar. Ég nefndi ekki nafn nefndarinnar, líklega er það allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orlofsbúðir fyrir almenning, þáltill. (þskj. 13). — Fyrri umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á hátíðum og tyllidögum er oft það orðalag viðhaft, að Ísland sé eign Íslendinga. Það er ekki síst gert þegar svo háttar til að menn eru t. d. hér á Alþingi Íslendinga að biðja um fé úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til þess að kosta hinar og þessar framkvæmdir í landinu. Þegar þarf að borga, þá eiga Íslendingar Ísland. Þegar hins vegar kemur að því, að menn ætla að nytja þessa eign sína, þá rísa upp fámennir hópar manna sem segja: Landið er okkar eign. Hinn landlausi almenningur má borga, en ekki nota það land sem hann borgar fyrir.

Við Alþfl.-menn höfum nú um margra ára skeið bent á þennan tvískinnungsháttt sem fram kemur í máli manna m. a. hér á Alþingi. Það er bara á hátíðum og tyllidögum sem íslenska þjóðin á landið sem hún byggir. Dagsdaglega telja nokkrir tugir eða hundruð eða kannske örfáar þúsundir manna sig eiga þetta land með öllum gögnum þess og gæðum, hvort sem um er að ræða veiðiréttindi, virkjunarréttindi fallvatna eða djúphita mörg hundruð metra niðri í jörðinni. Þá er það ekki lengur þjóðin sem á landið.

Engu að síður er það nú svo að stærsti jarðeigandi á Íslandi er íslenska þjóðin. Íslenska ríkið á sennilega fleiri bújarðir á þessu landi en nokkur annar aðili. Þessar bújarðir eru samkv. lögum í vörslu jarðadeildar landbrn. og hefur hún alla umsjá umræddra jarða. Sumar þessar jarðir eru leigðar út til búskapar. Er að sjálfsöðgu ekkert við því að segja því það eru eðlilegustu not þessara jarðeigna. Hins vegar er það opinbert leyndarmál, að margar af þessum jörðum — sem eru nokkuð kostamiklar og hafa m. a. upp á veiðiréttindi og önnur réttindi að bjóða sem eftirsóknarverð eru talin — eru leigðar út til einstaklinga og hópa manna fyrir harla lítið fé. Hins vegar vitum við a. m. k. fæstir alþm., ef nokkrir, hversu miklar jarðeignir eru hér í húfi, hvaða eignir hér sé um að tefla fyrir utan jarðeignirnar — þá á ég að sjálfsögðu við virkjunarrétt, veiðirétt og annað slíkt, hverjir hafa þessar eignir á leigu og hvað þeir gjalda fyrir.

Stærsti jarðeigandi Íslands má segja að ekki viti aura sinna tal í þessu sambandi. Stærsti jarðeigandi Íslands, sem er íslenska ríkið og á að vera í umsjá okkar alþm., hefur engar upplýsingar um hvorki hvað ríkið á af jarðeignum né heldur hvernig þessar eignir eru nytjaðar og hvaða leigur eru greiddar af þeim sem hafa þetta jarðnæði á leigu. Þetta eru upplýsingar sem alls ekki liggja fyrir, þráfaldar athuganir á því að fá upplýsingar þar um hafa engan árangur borið. Ég hef þó gert tilraun til þess að fá einhverjar upplýsingar um þetta með fsp. sem ég hef beint til hæstv. fjmrh., því ef einhver maður á Íslandi á að vita þetta, þá er það sá maður sem er fjárgæslumaður íslensks almennings, hæstv. fjmrh., sem á að fara með eignir ríkisins og vita um tekjur ríkis og ríkisstofnana. Vænti ég þess, að hæstv. fjmrh., sem er röskur maður, geri sitt til þess að afla upplýsinga um þetta. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að stærsti jarðeigandi á Íslandi, sem er íslenskur almenningur sjálfur, skuli engar upplýsingar hafa um jarðnæði það og hlunnindi sem eru í almannaeign, né heldur hverjir nota þessar jarðir og hlunnindi, þar á meðal veiðirétt á ýmsum kostamestu veiðijörðum landsins, né heldur hvað þeir greiða fyrir

þetta. Þessar upplýsingar verða að sjálfsögðu að liggja frammi. Þessar upplýsingar eiga ekki að vera feimnismál.

Till. þessi til þál. á þskj. 13, sem flutt er af okkur nokkrum þm. Alþfl., er liður í þeirri baráttu Alþfl.-manna, sem hefur verið háð um nokkurra ára skeið, því miður ekki með nægilegum árangir, að íslenska þjóðin — sem alltaf er látin borga ef einhverju þarf að kosta til, hvort heldur það er landgræðsla eða eitthvað annað — hún fái í staðinn einhvern aðgang og afnotarétt, þó ekki væri nema af landi sem enginn annar getur eignað sér en þessi sama þjóð. Í stað þess að flytja þetta mál í einu þingmáli, eins og við höfum gert oft á undanförnum þingum, höfum við þm. Alþfl. þess í stað tekið þann kostinn að brjóta þetta stóra og mikla mál upp í mörg einstök þingmál og flytja það hvert fyrir sig og láta á reyna, hvaða þættir í þessari stefnu okkar, að íslenska þjóðin fái aðgang að eigin landi, hljóti náð fyrir augum alþm. Þessi þáltill. er einn þátturinn í þeim málatilbúnaði.

Till. þessi til þál. á þskj. 13 hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera till. um hvernig nota skuli jarðeignir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins undir skipulögð orlofsbúða- og útivistarsvæði fyrir almenning.

Nefndin skal gera tillögur um landnýtingu í þessu skyni í þágu einstakling, félaga og samtaka, sem áhuga hafa á að koma sér upp orlofsdvalar- og útivistaraðstöðu til eigin nota. Nefndin skal einnig gera tillögur um hvaða reglur skuli settar í því sambandi, hvaða leigugjöld skuli greidd og hvaða jarðeignir ríkissjóðs og stofnana ríkisins komi til greina að nýta í þessu skyni.

Nefndin skal ljúka störfum á árinu 1982 og skila forsetum Alþingis skýrslu um niðurstöður sínar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði."

Þannig hljóðar till., herra forseti, sem við flytjum á umræddu þskj. nr. 13.

Ég tel ekki þörf á að fara mörgum orðum um efni þessarar tillögu. Hér er ekki lagt til að taka neitt frá neinum. Hér er ekki lagt til að íslenskur almenningur sælist til neins þess lands eða landsréttinda sem aðrir eiga. Hér er ekki gerð till. um að taka frá einstaklingi, samtökum eða öðrum, sem eignar- og afnotarétt hafa á íslensku landi, svo mikið sem einn fermetra. Hér er ekki heldur gerð tillaga um að taka úr ábúð ríkisjarðir, sem leigðar hafa verið út til búskapar fyrir bændur, né heldur að skerða á nokkurn hátt búskaparnot af ríkisjörðum sem hafa verið leigðar út í því skyni. Hér er aðeins gerð tillaga um það varðandi þær ríkisjarðir, sem íslenska ríkið á og jarðadeild landbrn. fer með umsjón með í nafni íslensks almennings, þær jarðir sem eru ekki notaðar til búskapar eða nýttar í slíku skyni, að athugað verði hvort ekki sé unnt að nýta eitthvað af þessu jarðnæði fyrir eigendurna sjálfa, þann íslenska almenning sem m. a. með skattfé sínu hefur á umliðnum árum keypt þessar jarðeignir, en þær eru nú í umsjá landbrn.

Nú vitum við að það hefur stöðugt færst í vöxt á undanförnum árum að fólk, sérstaklega úr þéttbýli, hafi leitað til sumar- og orlofsdvalar út úr þéttbýlinu á vit náttúru landsins. Sumum býðst kannske þriðja, fjórða hvert ár að fá inni um skamma hríð í orlofshúsum stéttarfélaga fyrir ákveðið gjald, sem er misjafnt eftir því hvaða stéttarfélagi menn tilheyra. Allflestir eiga þess hins vegar ekki kost, utan nokkrir menn í þéttbýli sem hafa haft efni á því vegna sérstakra aðstæðna sinna umfram aðra að kaupa sér við ærnu verði jarðir eða jarðarskika, oft af bændunum sem notað hafa þessar jarðir til búskapar, til þess síðan að setja upp útibú frá einbýlishúsum sjálfra sín í þéttbýlinu. Meginhlutinn af íslenskum almenningi hefur engan rétt, ekki einu sinni til afnota af jarðnæði sem íslenskur almenningur á, en enginn annar nytjar. Nokkrir bændur hafa hins vegar tekið upp á því og er það vel — að leigja hluta landa sinna undir slíka starfsemi. Flestar upplýsingar, sem ég hef um það, eru þó á þá leið, að venjulegur launþegi hefur tæpast efni á því að gjalda þá leigu sem krafist er, né heldur er sú þjónusta í boði svo nálægt ýmsum þéttbýlisstöðum að það séu líkur á að íslenskur almenningur geti nýtt þá þjónustu sem þar er boðin og er að auki mjög takmörkuð.

Nú er rætt um að framlengja svokallaða þjóðargjöf til landgræðslu, m. ö. o. að afgreiða af skattpeningum hins landlausa almennings í þessu landi greiðslur til enn frekari framkvæmda við uppgræðslu á landinu okkar. Við það tækifæri verðum við sjálfsagt minnt á að við eigum landið öll. Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að menn leggi nokkuð á sig allir saman til þess að græða upp landið og reyna að bæta þau spjöll sem gengnar kynslóðir hafa unnið á því landi en þá finnst mér ekkert óeðlilegt að á sama tíma taki ríkisvaldið og Alþingi sig til og geri könnun á því, með hvaða hætti íslenskt launafólk geti fengið aðgang að og möguleika á að nýta jarðnæði í eigu íslenska ríkisins, sem enginn annar notar, bæði til útivistar, ef slíkt landsvæði er til sem hentar til útivistar, og eins til að byggja á orlofsbúðir eða sumardvalarheimili eða annað af því tagi, án þess að þurfa að greiða há gjöld fyrir.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þessa þáltill. Ég vek aðeins athygli á því enn og aftur, að það er ekki gerð tillaga um að taka neitt frá neinum. Það er ekki gerð tillaga um að skerða afnotarétt nokkurs manns sem nú hefur þessi lönd á leigu til búskaparnota. Það er aðeins verið að gera till. um að Alþingi láti athuga hvort eitthvað af þessu jarðnæði í eigu íslensks almennings, sem ekki er notað í annarra þágu, verði notað í þágu hins landlausa almennings í landinu.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þessari till. verði vel tekið því hún skerðir ekki hagsmuni nokkurs manns, ekki nokkurs bónda, ekki nokkurs sveitarfélags, enda er það ekki tilgangurinn. Ég vænti þess, að hv. Alþingi geti því afgreitt þetta mál, þar sem varla er hægt að segja að þetta skerði einu sinni hagsmuni þeirra manna sem andvígastir hafa verið þeirri stefnu Alþfl. að íslenskur almenningur fengi afnotarétt af eigin landi.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ekki ætla ég að blanda mér í þann hluta framsögu hv. 1. flm. þessarar till. sem laut að landnýtingu og eign á þjóðarauðlindum og almennum eignarrétti á landi. Mér skildist á hv. 1. flm. að þetta væri smáupphitun hvað það mál varðaði, þ. e. aðaltillögu Alþfl. um þjóðareign á landinu, sem ég hef oft áður rætt hér á Alþingi og skal glaður eiga orðræður við aðra þm. áfram, þar með talda þá Alþfl.-menn, þegar að þeirri till. kemur sem hér hefur verið rækilega kynnt. Ekki skal ég draga úr umr. um það mál almennt, hver þjóðareign á landinu skuli vera. Ég ætla ekki heldur að ræða um óeðlilega leigu á ríkisjörðum sem hér var ýjað að. Ég veit hreinlega ekki um hana. Ég þekki hana ekki

úr mínu nágrenni og vil þess vegna ekki fara með neinar fullyrðingar um það sem ég hef ekki nokkra vissu um að sé rétt. Ég hlýt hins vegar að draga í efa — eða vona það a. m. k. — að slík óeðlileg leiga á ríkisjörðum til fjársterkra aðila til að leika sér með sé sem allra minnst, ef þá nokkur. Till. þessi um orlofsbúðir fyrir almenning á jarðeignum í eigu ríkissjóðs er hins vegar allrar athygli verð, og ég styð eindregið að athugað verði með hvaða hætti og að hvaða leyti henni verði hrundið í framkvæmd.

Þessi till. er að nokkru hliðstæð till. sem við nokkrir þm. Alþb. höfum flutt þrívegis áður og varðar hugsanlega nýtingu ríkisjarða í þágu aldraðra, till. sem er endurflutt enn einu sinni og nú látin taka til bújarða almennt, þó að enn sé lögð aðaláhersla á ríkisjarðirnar. Ég tek undir það, að full ástæða er til að kanna nýtingu ríkisjarða almennt og einkum þeirra sem geta verið ágætar til ýmissa annarra nota frekar en búrekstrar. Ég veit t. d. um nokkrar slíkar jarðir sem sakir lendrýmis og landgæða eru mjög hæpnar til búrekstrar í þeim mæli sem nú er almennt reiknað með, en gætu mjög vel hentað til annarra afnota. Þá á ég ekki við jarðir í þágu fjársterkra aðila sem hafa lítinn áhuga á þessum jörðum af því að þær eru nánast það sem kölluð eru kot. Inn í þetta gætu vissulega komið nýjar búgreinar. Þó yrði það ævinlega í litlum mæli, að ég hygg.

Ég býst við að það sé rétt, að ríkisjarðir séu misvel setnar, svo sem er um bújarðir almennt. Þó er vitanlegt að í ríkisjarðir — á það legg ég áherslu af því ég veit um dæmi þess — hafa sótt ýmsir þeir sem lítt hafa nálægt búskap komið og ættu ekki að gera það í raun, þó erfitt sé um slíkt að dæma. Hið lága afgjald ríkisjarðanna freistar margra sem í vandræðum eru og mér eru kunn mörg dæmi þess, að í ríkisjarðir hafa sótt menn sem ætla sér t. d. að byrja nýtt og betra líf og halda að einmitt í búskap geti þeir höndlað hamingjuhnossið, þó að harkalegur veruleikinn hafi afsannað það hjá allt of mörgum. Ég veit um mörg miður falleg dæmi slíkrar ráðstöfunar á ríkisjörðum sem m. a. hefur valdið því, að þær hafa um of lent í vanrækslu og jafnvel niðurníðslu, þó að þau dæmi séu hverfandi miðað við þann fjölda sem situr þessar jarðir með prýði og bætir þær á margan veg í ræktun og byggingu. Sem betur fer þekki ég um það miklu fleiri og hin ágætustu dæmi. En allt kallar þetta á nána athugun á því, hvernig best og hagkvæmast megi nýta þessar jarðeignir ríkisins. Og í öllu talinu um þetta landleysi almennings í þéttbýlinu er sjálfsagt að kanna að hve miklu leyti hið opinbera geti komið þar að liði með svipaðri tilhögun og þessi till. gerir ráð fyrir, svo og sú till., sem hér er á dagskrá einnig og áður hefur verið um fjallað, varðandi dvalarheimili fyrir aldraða fólk. Ég held því, þó að sumt í framsögu hv. 1. flm. hafi verið á þann veg að ég geti ekki undir það tekið, að athugun þessa máls sé tímabær. Og ég vil mæla með þeirri athugun.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að taka hér til máls og lýsa yfir að ég get vel fallist á þá þáltill. sem hér liggur fyrir til umr., um orlofsbúðir fyrir almenning. Ég get þó ekki látið hjá líða að gera þá athugasemd við framsöguræðu 1. flm., að mér finnst það ótrúlegt sem fram kom í hans framsögu, að ekki skuli vera möguleiki að fá upplýsingar um fjölda ríkisjarða í landinu. Hann beindi þessu sérstaklega til núverandi fjmrh. Þá kemur upp í hugann að þessi hv. þm. hefur sjálfur verið fjmrh. allgóðan tíma. Það hefði því verið æskilegt framtak af hans hálfu sem ráðherra að kafa niður í þetta mál þannig að alveg óyggjandi væri eftir veru hans í fjármálaráðherraembætti, að ekki væri útilokað að fá upplýsingar um ríkisjarðir í landinu. Mér finnst það mjög ósennilegt, að slík vitneskja sé ekki tiltæk, og vil einmitt nota þetta tækifæri til að beina því til viðkomandi aðila, að þarna hlýtur að vera verðugt verkefni fyrir ötula menn að afla skýrra upplýsinga um hvað er skráð ríkiseign að þessu leyti. Þær upplýsingar hljóta að vera fyrir hendi.

Tilgangur þessarar till. er fyrst og fremst að reyna að auka eða skipuleggja aðgang fólks að útivistarsvæðum og orlofsbúðum. Það er að mínu mati ágætt verkefni. Minna má á það í leiðinni, að sem betur fer hafa launþegasamtökin á Íslandi gengið mjög myndarlega fram á þessu sviði á undanförnum árum. Það eykst nú frá ári til árs að hin ýmsu launþegafélög og samtök byggi orlofsbúðir og geri með því félagsfólki sínu fært að njóta þeirra réttinda að umgangast landið á auðveldari hátt en ella hefði verið. Því er einnig svo farið víða, að einmitt launþegahreyfingin hefur fengið aðgang að landi ríkisins til að reisa slíkar orlofsbúðir og koma upp þessari aðstöðu og er það vel. Það hefur þegar komið til framkvæmda í anda þeirrar till. sem hér liggur fyrir.

Mér finnst eðlilegt að minna á þetta í leiðinni þegar fullyrt er, eins og skilja mátti á framsöguræðu hv. 1. flm., að lítið hefði verið gert í þessum efnum hér á landi. Einnig finnst mér ástæða til að minna á það, að víða um land eru þjóðgarðar orðnir staðreynd. Í fjárlögum nú og á undanförnum árum hefur verið veitt talsvert fjármagn til þess að skapa aðstöðu í þessum þjóðgörðum. Að þessum þjóðgörðum hefur öll þjóðin aðgang til að njóta þeirrar náttúrufegurðar og þeirrar aðstöðu sem þar er að finna, og það er einnig mjög til framfara.

Ég vildi aðeins minna á þetta um leið og ég tel ástæðu til að taka undir að þessi mál verði tekin til athugunar, því að hér er af mörgu að taka. Við eigum sem betur fer stórt og víðáttumikið land, sem er víða óbyggt, en býr yfir miklum náttúrugæðum og nátturufegurð sem æskilegt er, ef skynsamlega er á haldið, að þjóðin fái sem greiðastan aðgang að.

Ég vil ekkert vera að sérmerkja neinn almenning í þessu landi. Við erum öll á sama báti og við eigum öll að hafa þennan rétt, í hvaða stéttarfélagi eða í hvaða aðstöðu sem við erum hverju sinni. Ég til taka undir aðalefni þessarar till., þ. e. að láta gera úttekt á því, hvernig það ríkisland eða þær ríkisjarðir, sem ekki eru notaðar og ekki eru í byggð, megi nýta betur í þessu skyni.

Flm.(Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins færa þeim þm., sem hér hafa tekið til máls, þakkir fyrir þann stuðning sem þeir hafa lýst við þetta mál. Það er ánægjuefni að við skulum vera, menn úr þremur flokkum sem hér hafa tekið til máls, sammála um þetta atriði, þó svo að við séum ekki sammála um ýmislegt annað í þeim málflutningi og þeirri stefnu sem minn flokkur hefur haft uppi í þessu máli.

Varðandi upplýsingar um ríkisjarðir eða jarðeignir í eigu ríkisins og tekjur af þeim vil ég aðeins taka það fram, að ég held að það séu tvö ár eða þrjú — sennilega þrjú ár síðan þm. lagði fram fsp. um þessi mál hér á hinu háa Alþingi. Sá þm. var Gunnlaugur Stefánsson sem þá sat á þingi fyrir Alþfl. Hann fékk aldrei svar við þessari

fsp. Ég var að vísu ekki ráðh. mjög lengi, aðeins í fimm mánuði. Engu að síður óskaði ég á þeim tíma eftir að fá upplýst sem fjmrh. hvaða jarðeignir hér væri um að tefla og hvaða leigugjöld væru greidd fyrir þær jarðeignir, sem leigur væru greiddar af, og hverjir hefðu þær á leigu. Mér auðnaðist ekki heldur að fá svar við þessari spurningu minni. Hins vegar er mér kunnugt um að nú stendur yfir af hálfu landbrn. samantekt á skrá yfir hverjar þessar jarðeignir eru, hverjir hafi þær á leigu og hvað greitt sé fyrir leiguna. Ég tel sjálfsagt að fjmrn. fái upplýsingar um þetta eins og aðrar ríkiseignir og ríkistekjur. Þess vegna hef ég beint þessari fsp. minni til hæstv. fjmrh. og vonast satt að segja til þess, að unnt verði að fá einhver svör við henni á þessum vetri, sem mér tókst ekki fyrir tveimur árum og öðrum þm. Alþfl. tókst ekki heldur fyrir þremur árum.

Það er auðvitað mál sem þarf að taka til sérstakrar athugunar, að það er ekki æskilegt að jarðeignir og fasteignir ríkissjóðs skuli vera í umsjá fjölmargra ráðuneyta og stofnana ríkisins þannig að enginn aðili í ríkiskerfinu viti raunverulega hverjar þessar fasteignir og jarðeignir séu, hverjir hafi þær á leigu og hvaða leigugjöld séu greidd fyrir. Þarna á ég ekki aðeins við, síður en svo, bújarðir sem eru leigðar bændum. Þarna á ég einnig við ýmis hlunnindi, sem leigð eru einstaklingum, og ýmsar húseignir ríkissjóðs sem leigðar eru hinum og þessum án þess að nokkrar samræmdar reglur séu settar um afgjöld fyrir þessar eignir.

Þó svo að mér hafi ekki auðnast — á þeim skamma tíma sem ég hafði aðstöðu til að fylgja slíkri spurningu eftir — að fá upplýst hverjar væru jarðeignir ríkissjóðs, hverjir hefðu þær á leigu og hvaða leigugjöld þeir greiddu, þá vannst mér þó tími til þess að hafa nokkuð sannar fregnir af því, að varðandi þær jarðeignir og hlunnindi, sem um væri að tala, væri leigu e. t. v. ekki sem best fyrir komið. En ég vil taka sérstaklega fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að þar á ég ekki við þær jarðir ríkissjóðs og stofnana ríkisins og hlunnindi sem hafa verið leigð bændum til búskapar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég held að síðasti ræðumaður hafi nú tekið nokkuð djúpt í árinni að segja að enginn viti um eignir ríkisins eða hvað er borgað í leigugjöld fyrir þær. Ég man ekki betur en að t. d. í sambandi við bújarðir sé ákveðið í lögum hvert gjaldið skuli vera, það skuli vera 3% af fasteignamati. Og ég þekki það vel til jarðeignadeildarinnar að ég fullyrði að þar séu hlutirnir a. m. k. nú í góðu lagi og hægt sé að fá upplýsingar um þetta þar.

Það eru viss vandkvæði á því að setja skrá upp í þjóðfélagi þar sem miklar breytingar verða eiginlega frá mánuði til mánaðar. Þá eru þessar tölur alltaf út af fyrir sig að breytast. Það væri mikið verk að setja þetta upp og svara því hvernig þetta breytist og hefur breyst, en að þetta liggi ekki fyrir er algjör misskilningur. Þetta er hægt að vinna og þetta er verið að vinna, eins og raunar kom fram í máli ræðumanns áðan.

Ég skal aftur á móti ekkert segja um hvernig þessi hlunnindi eru metin og hvernig greiðsla er fyrir þau, hvort þar er farið samkv. þessari reglu. Það hef ég ekki kynnt mér. En það hlýtur að vera auðvelt að fá upplýsingar um slíkt. Þær hljóta að liggja á lausu. Og það er fráleitt að halda því fram, að það viti enginn og það liggi ekki fyrir hvað ríkið á af jörðum. Það þarf ekki að halda svona fjarstæðu fram.

En í sambandi við þetta mál, þá var rætt um það mikið þegar jarðalögin voru sett á sínum tíma, hvernig ætti að ráðstafa landinu. Það var skoðun þeirra sem fjölluðu um þessi mál þá, að það væri eðlilegt að reyna að gera það á skipulegan hátt og taka t. d. heil landssvæði í eigu ríkisins undir slík orlofshús, en ekki að brytja niður jarðir í þeim tilgangi. Ég held að ég muni það rétt, þó að nokkur ár séu liðin síðan fjallað var um jarðalögin, að tekið sé fram í þeim að fólkvangar og jarðir, sem eigi að fara undir sumarbústaði eða orlofshús, skuli undanskilin þessum lögum. Hins vegar er það eitt af því, sem jarðanefndirnar eiga að gera, að bremsa það af að jörðum sé skipt í þessu skyni því að sums staðar a. m. k á landinu er það orðið svo, að jarðirnar verða lítils virði til búrekstrar vegna þess að það er búið að taka mikið undan fyrir sumarbústaði. Það þurfa að gilda einhverjar reglur sem farið er eftir í þessu efni.

Ég held að það sé alveg réttmætt að vekja athygli á því, að kannað sé hvaða ríkisjarðir það séu sem séu best fallnar til þessara hluta. Þær eru áreiðanlega æðimargar. Ég man eftir því, að það voru vissar jarðir, sem voru sérstaklega tilgreindar á þessum tíma, sem best væru fallnar til þess arna, lélegar jarðir til búrekstrar, en ágætar aftur í þessu skyni.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta meira. Ég held að það sé engin ástæða til að halda því fram, að það séu einhverjir vondir menn sem standi á móti því að fólk í þéttbýli geti fengið lönd fyrir sumarbústaði. Ég held að hér vanti bara fyrst og fremst frumkvæði um að gera þessa athugun. Ég skil ekki í því, að það finnist ekki jarðir sem ríkið geti látið til þeirra hluta ef eftir því er gengið. En það er ekki nóg að gaspra um það hér. Það þarf að gera eitthvað í málinu.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að það þarf að gera eitthvað í málinu. Til þess er þessi till. flutt, að eitthvað sé í málinu gert. Með samþykkt hennar yrði þegar í stað hafist handa. Ég þakka honum fyrir þann skilning sem kom fram í máli hans á því.

Aðeins örfá orð. Það er rétt hjá hv. þm., eins og ég raunar tók fram í ræðu minni, að nú er verið á vegum jarðadeildar landbrn. að taka saman þær upplýsingar sem m. a. hefur verið þörf á að alþm. hefðu með höndum. Til þess að auðvelda mönnum að sjá hversu erfitt hefur oft verið að fá þessar upplýsingar vil ég gjarnan segja litla sögu.

Fyrir fjórum árum átti ég sæti í Þingvallanefnd. Þingvellir eru eina landspildan á þessu landi sem er undir beinni stjórn Alþingis Íslendinga. Eru þrír þm. kjörnir af Sþ. til þess að fara með stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum sem lýtur sérstökum lögum. Í Þingvallanefnd, sem ég sat í, var formaður enginn minni maður en þáv. forseti Sþ., *Gils Guðmundsson*. Ásamt mér átti sæti í nefndinni með hæstv. forseta Sþ. formaður stærsta stjórnmálaflokksins á Íslandi, Geir Hallgrímsson. Við vorum þrír í þessari nefnd. Allir vita að í gildi eru sérstök lög um Þingvelli og þjóðgarðssvæðið sem m. a. banna byggingu sumarbústaða við Þingvallavatn innan þjóðgarðsins. Innan þjóðgarðsins á Þingvöllum eru tvær ríkisjarðir. Okkur í Þingvallanefnd bárust fréttir af því, að búið væri að gefa út byggingarbréf fyrir þessar jarðir. Samkv. lögunum um þjóðgarð á Þingvöllum bar að leita umsagnar Þingvalla-

nefndar áður en leigusamningur væri gerður eða endurnýjaður um þessar jarðir. Það var ekki gert. Það tók okkur á þriðja misseri að fá að sjá þau nýju byggingarbréf sem út höfðu verið gefin. Voru mörg bréf skrifuð með beiðni þar um og margar ferðir farnar upp í landbrn. til að forvitnast um það, og ekki aðeins af okkur, heldur af þáv. þjóðgarðsverði, Eiríki J. Eiríkssyni. Þegar við loksins höfðum fengið byggingarbréfin í hendurnar hafði bygging, að mig minnir, tveggja sumarbústaða verið hafin í óleyfi Þingvallanefndar.

Þetta er aðeins eitt lítið dæmi um hversu erfitt getur reynst að fá upplýsingar, jafnvel fyrir forseta Sþ. og sérstaka nefnd sem af þessu þingi hefur verið kjörin til þess að fara með stjórn á helgasta landsvæði okkar Íslendinga, sjálfum Þingvöllum.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það kom fram í máli 1. flm. þessarar þáltill. rétt áðan, að það þyrfti einhver að hafa um það frumkvæði að hverfa að því ráði að koma upp útivistarsvæðum og sumarbústaðahverfum á jörðum sem eru í opinberri eign. Þar er nú því miður, að þó að þessi þáltill. yrði samþykkt er ekki fyrstu ákvarðanir til slíks að rekja til hennar því að það hefur þegar gerst. Hér hefur verið bent á það, að í jarðalögunum, sem nú eru í gildi, eru ákvæði um að það megi taka slíkar jarðir til útilífsnota. Segir í 11. gr. að þar sem jarðanefndir geri tillögu um land til útilífs fyrir almenning skuli, eftir því sem aðstæður leyfa, nota land í opinberri eigu. Enn fremur er gert ráð fyrir því í 31. gr., að Jarðasjóði ríkisins sé heimilt að kaupa jarðir sem heppilegar teljast til almennra útilífsnota.

Ég sagði að þessum ákvæðum hefði þegar verið beitt og það starf hefði verið hafið. Mér er kunnugt um að það voru höfð makaskipti á einni gamalli prestssetursjörð við sveitarfélag þar sem presturinn kærði sig ekki um að hafa jafnmikið land til ráðstöfunar og nota og hann hefði haft með þeirri jörð sem hann hafði rétt til að búa á. Þegar þau makaskipti fóru fram tók ríkissjóður frá land á bújörðinni, sem talið var að bújörðin mætti vera án, og áform voru um að setja þar upp skipulagt sumarbústaðahverfi. Þó að þeir bústaðir séu ekki risnir enn er þegar, veit ég, áformað að með næsta vori verði þetta land girt af í þessu skyni.

En það skiptir að sjálfsögðu ekki höfuðmáli hver á frumkvæðið. Það hefði verið allt að meinalausu þó að sú till., sem hér er rædd, hefði orðið til að hrinda slíku máli sem þessu af stað. Ég tel eðlilegt og ég tel sjálfsagt að reyna að samræma sem mest not landsins fyrir þarfir þjóðfélagsins og þegna þess. Ég tel að það sé rétt að nefnd skoði þessa till., því að hún yrði þá áreiðanlega einn liður í þeirri viðleitni, þó að hún sé ekki fyrsta sporið sem yrði stigið í þessa átt.

Ég verð nú að segja það, að vegna kunnugleika míns af Þingvallanefndarstörfum og Þingvallanefnd átta ég mig ekki greinilega á því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði um þau mál áðan. Því miður eru lögin um þjóðgarðinn á Þingvöllum ákaflega ónákvæm, enda gömul, líklega sett 1928 eða svo. Ég held að það hafi ekki komið til alvarlegra árekstra um ráðstöfun bújarða vegna þeirrar ónákvæmni sem er í lögunum, enda hafa þeir bændur, sem búa á þeim jörðum sem falla undir umfjöllun Þingvallanefndar að einhverju leyti, haft í langan tíma byggingarbréf með fyrirvara um hvað þeir mættu gera og hvernig mætti ráðstafa landi jarðanna. Ég held að það sé eldgömul saga, það sé löngu liðinn tími, að það hafi verið byggðir sumarbústaðir á Þingvallasvæðinu sem Þingvallanefnd hafði ekki haft afskipti af. Það er ekki ný saga. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða það. En það er ekkert aðalatriði í þessu efni.

Ég held að því miður séu menn ekki búnir að setja sig algerlega í stellingar með það, hvernig eigi að ráðstafa þessu opinbera landi til útilífsnota. Það getur verið heilmikið efni fyrir þn. að finna leiðir til þess að það geti farið vel úr hendi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kem nú e. t. v. fyrst og femst í ræðustól vegna niðurlagsins á ágætri ræðu hv. síðasta ræðumanns, þar sem ég hef ástæðu til þess að andmæla hv. þm. Steinþóri Gestssyni. Það hvarflar ekki að mér að ímynda mér það einu sinni að hann fari viljandi með rangt mál eða vilji draga fjöður yfir sannindi í þessu máli. Hitt er mér ljóst, og trúi ég þar eigin augum, að haldið hefur verið áfram að úthluta lóðum undir sumarbústaði á ríkisjörðum við Þingvallavatn og girða þar af ákveðin svæði. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, það er álit mitt, að þar sé gengið á almannarétt því að yfir þessar girðingar er þegnunum ekki ætlað að klöngrast til þess að ná rétti sínum til þessa lands.

Till. þessi til þál., sem flutt er hér af þm. Alþfl., er að minni hyggju virðingarverð og af hinu góða. Ég hefði gjarnan viljað að þeir hv. Alþfl.-menn, sem standa að þessari till., hefðu gefið þm. annarra flokka kost á því að verða meðflm. að henni. Ég geri enga kröfu um að þeir gefi hv. þm. Vilmundi Gylfasyni kost á því, en till. er þess eðlis að ég hefði talið eðlilegt að gerð hefði verið tilraun til að ná samstöðu á milli þm. úr hinum ýmsu flokkum, vegna þess að hér er verið að fjalla um almannarétt til landsins og þó innan þess ramma sem lýtur að jarðeignum ríkisins.

Ég hef hugsað um það mikið síðustu 3—4 árin, með hvaða hætti Alþingi geti sótt í hendur annarra aðila fyrir hönd þjóðarinnar almannarétt sem smám saman hefur verið dreginn úr höndum fólksins á löngu árabili, á öldum. Þetta hefur verið að eiga sér stað smám saman allar götur aftur til Jónsbókar. Megninbreytingin verður þó á því tímabili þegar búseturöskunin verður í landinu og fólkið flyst á mölina. Fram að þeim tíma var málum svo háttað, enda sjá menn þess merki í löggjöfinni, að þar var um gagnkvæman rétt að ræða. Fram að þeim tíma voru svo til allir landsmenn ýmist jarðeigendur eða áhangandi jarðeigendum á annan hátt lögum samkv. Þarna var um að ræða gagnkvæman rétt. Síðan þessi búseturöskun átti sér stað og fólkið fluttist á mölina hefur almannarétturinn orðið eftir í höndum þeirra sem jarðnæði áttu eða fóru með jarðnæði hins opinbera, kirkjujarðir og ríkisjarðir, í umboði eigenda. Var svo komið í þann mund sem Jóhannes skáld úr Kötlum fluttist á mölina, að hann gerði grein fyrir því í ágætu kvæði, af því gerði hann það nú, að Fjallkonan ætti ekki eftir ferþumlung lands handa honum.

Hér er um að ræða ákaflega alvarlegt mál, — og við skulum ekki nefna bændastéttina í sambandi við þetta, — ekki síður fyrir þá, sem jarðnæði eiga þinglýst sér til handa, en fyrir jarðnæðisleysingjana á mölinni. Ef ekki næst sátt um þetta mál, sem úfar margir rísa af nú þegar og hefur þeim farið fjölgandi á liðnum árum, — ef ekki næst skynsamleg sátt, ef ekki tekst að setja skynsamlega löggjöf um þessi atriði, þá eiga jarðeigendur, og þ. á m.

okkar ágætu bændur, sem ég vil ekki þrengja að á nokkurn hátt, á hættu að neytt verði atkvæðaafls fyrr eða síðar til að hrófla við þessum málum, kannske langt umfram það sem æskilegt er. Því er það, þó að ég hafi látið það dragast úr hömlu, að ég hef nú tekið þá ákvörðun að reyna að stuðla að því samstarfi við þm. annarra flokka að fjallað verði um till. til þál. fremur en lagafrv. á þá lund, að því verði beint til ríkisstj. að láta setja hér löggjöf um almannarétt, fyrst og fremst til landsins og nytja þess.

Ég verð að viðurkenna að þó að ég hafi litið hornauga til lóðaúthlutunar og girðingaframkvæmda á landareignum ríkisins í kringum Þingvallavatn hef ég ekki getað kynnt mér þessi mál nógu vel til að kveða þar mjög sterkt að orði. En svo mikið er víst, að við höfum fullkomna ástæðu til að beina þeirri ósk til réttra yfirvalda, að einmitt á því svæði verði farið af ákaflega mikilli varúð og samviskusemi með almannaréttinn og að ekki séu girtir af reitir sem helgaðir verði einhverjum einstökum þegnum landsins á þann hátt að aðrir megi ekki um þá ganga.

Ég vil svo aðeins í lokin vísa til ágætra greina og viðtala við dr. Pétur Jónasson líffræðing um lífríki Þingvallavatns og nauðsynlegar ráðstafanir til að verja það fyrir mengun, m. a. af sumarbúsetu á bökkum vatnsins og í kringum það.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég mætti að sjálfsögðu vera ánægður með að vera óbeint valdur að því, að hv. þm. Stefán Jónsson flutti jafngóða og yfirgripsmikla ræðu og hann gerði núna. En í raun og veru get ég ekki talið að hann hafi svarað neinu af því sem fólst í mínu máli. Hann virðist hafa fengið þá hugmynd, að það sé enn staðið að því að láta af hendi byggðalönd við Þingvallavatn og girða þau af hvert fyrir sig. Þetta er hinn mesti misskilningur.

Þeim löndum, sem eru afgirt innan Þingvallasvæðisins og innan þjóðgarðsins, var öllum úthlutað fyrir nærri 50 árum. Þeir bústaðir, sem hafa verið leigðir út í síðari tíð, eru allir í opnum löndum og ekki afgirtir sérstaklega hver fyrir sig. Það, sem ég var að ræða í máli mínu áðan, var að ég taldi að ekki væru byggðir núna sumarbústaðir í Þingvallalandinu án vitundar Þingvallanefndar og bændurnir hefðu þar ekki frumkvæði að, eins og mér virtist koma fram í máli flm. þessarar till. Ég tel að það eigi ekki við rök að styðjast. Samþykkt hefur verið gerð um það, að í raun verði hætt að úthluta byggingarlóðum á Þingvallasvæðinu.

Á sínum tíma gerði Þingvallanefnd þá samþykkt að ákveða byggingar með skipulögðum hætti upp undir Gjábakka. Það var horfið frá þeirri ráðstöfun, en þeim mönnum, sem þá höfðu rétt til að byggja á því svæði, var gefinn kostur á að fá lóðir fyrir sumarbústaði sína í Kárastaðalandi þar sem þeir ekki sáust frá veginum, og þeir eru ekki niður undir vatni. Þarna hafa verið byggðir og eru í byggingu líklega núna einir tveir sumarbústaðir, en þeir eru ekki þar án vitundar Þingvallanefndar og þeir eru ekki byggðir vegna leyfis ábúendanna á þeim jörðum sem þarna er um að ræða.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Þegar þáltill. á þskj. 13 er til umr. ætla ég ekki að taka þátt í umr. um Þingvelli eða það sem þar er að gerast, heldur leiða hugann að öðru. Þessi þáltill. er ósköp meinleysisleg að sjá, en kynni að vera leikur í skák. Við vitum að það er deilt töluvert mikið hér á landi um eignarrétt, ýmiss konar eignarréttt á löndum m. a. Það hafa verið umræður og deilur á þessu landi um rétt almennings til að ganga um land annarra manna. Mér virðist að hér séum við komin að stærra deilumáli en ætla mætti e. t. v. með því að lesa þessa till. til þál., enda boðaði frsm. að þetta væri liður í stærra máli. Segir í niðurlagi grg., með leyfi forseta:

„Á þinginu í vetur munu þingmenn Alþfl. flytja þessa stefnu með nýjum hætti — þ. e. í stað þess að flytja hana í formi þáltill. um almenna stefnumörkun munu þeir flytja mörg sjálfstæð þingmál er lúta að hverjum einstökum þætti þess máls að tryggja þjóðarheildinni afnota- og umgengnisrétt yfir eigin landi," segir þar.

Þessi sami flokkur hefur, ef ég man rétt, talið að almenningur ætti að hafa umgengnisrétt yfir allt land. Þetta verðum við að hafa í huga. Ef við setjum þessa byrjun á þskj. 13 upp sem byrjun á tafli gætum við hugsað okkur að frv. til l. á þskj. 14, þar sem sami flm. er að, sé annar leikur í taflinu, einhver biðleikur. Við vitum ekki um áframhald skákarinnar, en við vitum að allar skákir er reynt að tefla til vinnings. Það er að sjálfsögðu ekki maklegt af mér að gera flm. till. upp hugsanir. Ég verð að halda mig við það sem í till. stendur að sjálfsögðu, en ég get ekki varist því að álykta sem svo, að hér séu fyrstu leikir í tafli, eins og boðað er í niðurlagi grg. Ég bendi því mönnum á að skoða stöðuna strax og fylgjast með leiknum. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga þótt nefnd manna sé skipuð til að athuga eitthvert mál, tel það raunar sjálfsagt. En vegna þess að þessi mál hafa verið til umr., þ. e. lítt skorðaður umgengnisréttur manna um land annarra manna, og við vitum að það er deilumál, þá kynnum við kannske að þurfa að leiða hugann að því hvort þetta er ekki þáttur í þeirri umfjöllun.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ár aldraðra, þáltill. (þskj. 20). — Fyrri umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem við þm. Sjálfstfl. flytjum, varðar það, að Alþingi álykti að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra. Í sjálfu sér kemur það engum okkar á óvart þótt slík till. sé lögð hér fram því að á liðnum árum hefur orðið mikil umræða um mál aldraðra. Það má segja að með þeirri miklu umræðu, sem hefur orðið á yfirstandandi ári og verður væntanlega, auk aðgerða og framkvæmda, á næsta ári, sé um að ræða uppskeru hjá þeim mönnum sem hafa beitt sér árum saman fyrir framgangi umbóta á þessu sviði.

Ég hef áður minnst á það opinberlega í blaðagrein, að líklega eigi enginn einn Íslendingur frekar lof skilið fyrir árvekni sína á þessu sviði en Gísli Sigurbjörnsson forstjóri á Elliheimilinu Grund, og þykir mér rétt að draga hans nafn sérstaklega fram í þessu sambandi hér svo að það sé skráð í þingsögu okkar.

Við verðum að horfast í augu við það, Íslendingar, að við erum á eftir sumum nágrannaþjóðum okkar á einstökum sviðum í sambandi við þjónustu við aldraða og allan aðbúnað. Það má hins vegar líka segja að við séum á þýðingarmiklu sviði á undan þeim og stöndum þeim framar. Þar á ég við, þótt mörgum þyki á skorta hér heima, atvinnu sem er miklu almennari hjá öldruðu fólki

hér á landi en í nágrannalöndum okkar, enda máske skiljanlegt þegar horft er til þess mikla atvinnuleysis sem þar ríkir hjá öllum stéttum þjóðfélagsins. Hér hefur vissulega verið ýmislegt gert til að útvega gömlu fólki vinnu við sitt hæfi, auk þess sem mikil vinnuaflseftirspurn hefur að sjálfsögðu kallað á það til almennra starfa við atvinnuvegi okkar eins og heilsa þess hefur leyft.

Ég tel að þó að við höfum í sumu verið á eftir þeirri þróun sem hefur átt sér stað í nágrannalöndum okkar sé það af því góða, þótt sumum megi virðast undarlegt. Ég á þar við að mér sýnist að oft og tíðum hafi verið farið þar fram af miklu kappi í sumum félagsmálum, en oft með minni forsjá. Ég held einmitt að við Íslendingar getum nú á næstu misserum, þegar við förum að leggja enn meiri þunga á störf á þessum sviðum, lært mikið af þessu. Ég held að þær nágrannaþjóðir okkar, sem einmitt hafa tekið þá afstöðu, séu á þeirri braut sem ég persónulega mundi helst vilja að við Íslendingar gætum komist á og þannig losnað við að falla í sumar þær gryfjur sem hinir kappsömu hafa fallið í á liðnum árum.

Ég sé ekki ástæðu til að þreyta hv. þdm. með því að rekja sögu öldrunarmála hér á Íslandi, enda má segja að hún nái allt til fyrstu búsetu hér á landi. Í sjálfu sér þurfa Íslendingar ekki að skammast sín í neinu í samanburði við aðrar þjóðir fram eftir öllum öldum. En því miður, eins og á mörgum öðrum sviðum, varð okkur á að fara nokkuð aftur úr því sem gerðist hjá öðrum og því má segja að skipulögð öldrunarþjónusta sé ekki nema um 6—7 áratuga gömul hér á landi í þeirri nútímalegu mynd sem við þekkjum hana. Það er nokkurt umhugsunarefni, að einmitt á árinu 1982, á ári aldraðra hér á Íslandi, ef till. þessi verður samþykkt, verður stofnun eins og Elliheimilið Grund 60 ára gömul og á þessu sama ári verður Ás í Hveragerði, sem stofnað var til af Grund og þeim sem þar voru að verki, 30 ára, og á þessu sama ári verður Hrafnista í Reykjavík 25 ára. Þrjár stærstu stofnanir á þessu sviði hér á landi, sem hafa kannske mótað meira í öldrunarmálum en margan grunar, eiga allar merkisafmæli á þessu ári. Það eitt sér væri full ástæða til þess að minna sérstaklega á á Alþingi.

Sú mikla umræða, sem ég vitnaði til, hefur átt sér stað ekki aðeins hér á Alþingi, heldur líka utan Alþingis. Ég minni á að árið 1980 var samþykkt tillaga sem ég flutti með fjölda formanna og forustumanna úr verkalýðshreyfingunni á þingi Alþýðusambandsins það ár, hún var samþykkt shlj. Að vísu hafði önnur till. svipaðs eðlis verið samþykkt fjórum árum áður, en Alþýðusamband Íslands eða miðstjórnin hafði ekkert gert við þá till. í fjögur ár. Skömmu eftir að þessi till. var samþ. 1980 skipaði Alþýðusambandið mþn. til að vinna að þessum málum, og sýnir það nokkuð þá þróun sem hefur orðið innan þessara þýðingarmestu samtaka hér á landi.

Það eru sérlög gildandi um öldrunarþjónustu og sérhannað húsnæði aldraðra, en um húsnæði aldraðra er að sjálfsögðu getið nú í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það eru lög um dvalarheimili frá 1972. Fyrir frumkvæði Magnúsar H. Magnússonar heilbr.- og trmrh. í stjórn Alþfl., jólastjórninni svokölluðu, var nefnd manna að störfum sem samdi frv. um vistunar- og þjónustustörf fyrir aldraða. Það frv., sem var tilbúið skömmmu áður en sú stjórn fór frá völdum, fann ekki náð fyrir augum þeirrar ríkisstj. sem þá tók við, og var ráðuneytisstjóra heilbrmrn. falið að semja nýtt frv. sem ekki heldur fann náð fyrir augum hæstv. heilbrrh. Lagði hann eftir samvinnu við samstarfsfólk sitt fram frv. sem hér var til umr. á síðasta þingi, um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Um það frv. urðu miklar umr. og því var að lokum vísað til ríkisstj. aftur, en þó var hluti þess frv. tekinn út úr og samþykktur sem sérstök lög: lög um Framkvæmdasjóð aldraðra.

Nú hefur núv. hæstv. heilbrmrh. skipað nýja nefnd til að hefja enn eina smíði frv. á þessu sviði og eiga þar sæti bæði aðilar frá Alþingi og frá ýmsum félagasamtökum, sem láta sig þessi mál skipta, og enn fremur stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem þeir skipuðu í sameiningu, hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrmrh.

Hér á Alþingi voru á s. l. vetri fleiri mál til umræðu sem varða aldrað fólk. Flutt var hér frv. um sérhannað húsnæði aldraðra. Flutt var frv. um breytingu á lögum um lögheimili sem einmitt fjallaði um þennan þátt, en því miður var gerð breyting á því í Ed., sem eyðilagði tilgang þess, af ástæðum sem ég veit ekki enn hverjar hafa verið. Þá má líka minna á mjög ítarlega og víðfeðma þáltill. frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og fleiri sem einnig var vísað til ríkisstj.

Öll þessi umræða hér á landi og margt annað, erlendar ráðstefnur sem Íslendingar hafa sótt, ráðstefnur sem hafa verið haldnar hér heima og stofnun nýrra félaga sem þegar eru komin á fót og fjalla um þessi málefni, — allt þetta hefur auðvitað kallað á þá ákvörðun að tímabært væri að hvetja þjóðina til sérstaks átaks á sviði öldrunarmála. Þegar ákveðið var samkv. samþykkt Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna frá 4. des. 1978 að undirbúa heimsráðstefnu um ellimál á árinu 1982 þótti okkur flm. og reyndar fleiri, sem utanþings standa, orðið tímabært að flytja till. hér á Alþingi þess efnis, að Alþingi ályktí að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra og jafnframt að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og hún eigi samvinnu við stjórnskipaða nefnd, sem ég hef þegar minnst á, sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Í ályktunartill. segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Skal nefndin vinna að því að meta þörf brýnna átaka og úrbóta auk framtíðarverkefna, bæði staðlægra og á landsmælikvarða, og vinna að fjáröflun og framkvæmdum á þessu sviði.

Stefnt verði að því að ljúka sem flestum verkefnum á ári aldraðra og lagður grundvöllur að þeim sem lengri tíma taka.

Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem vinna að hagsmunamálum aldraðra, og þeirra klúbba og félaga, sem alltaf eru reiðubúin til að leggja mannúðar- og menningarmálum lið.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd skipa undirnefndir til starfa innan landshluta, kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga.“

Samþykkt sú, sem ég vitnaði til, frá Sameinuðu þjóðunum var ítrekuð með ályktun í des. 1980 og þá ætlunin að á þessari ráðstefnu yrði hleypt af stokkunum alþjóðlegri áætlun sem miðaðist við að tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi aldraðs fólks svo og að skapa tækifæri til framlaga í þessum efnum af hálfu einstakra þjóða. Enn fremur samþykkti þing Sameinuðu þjóðanna ályktun sem hafði verið borin fram af efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna, þar sem þess er óskað m. a. að ritarinn undirbúi alþjóðlega framkvæmdaáætlun í samráði við aðildarþjóðir Sameinuðu þjóðanna.

Eins og segir í grg. lagði aðalritari Sameinuðu þjóðanna til í dagskrá sinni fyrir alþjóðaráðstefnu um öldrunarmál, að öldrunarmálin skyldu hugleidd í nánum tengslum við þróun efnahags- og félagsmála í heiminum, svo að menn geti gert sér grein fyrir, hve margþætt þau eru, og átti sig á að öldrunarmálin eru vandamál hvers samfélags í heild. Með þetta í huga taldi aðalritari ráðlegt að skipa skyldum málum á alþjóðaráðstefnunni í tvo aðalflokka: mannúðarmál og þróunarmál. Hann lagði hins vegar áherslu á, og það hafa þeir gert sem um þetta mál hafa fjallað í viðkomandi heimalöndum, að þessir tveir málaflokkar væru háðir hvor öðrum og nátengdir innbyrðis. Mannúðarsjónarmiðin hafa áhrif á ýmsa valkosti á sviði þróunar og verða jafnframt fyrir áhrifum af þeim.

Um einstök viðfangsefni innan þessara tveggja aðalmálaflokka er svo fjallað nánar í þessari umræddu dagkrá sem ég hef getið um, og þau eru frekar skilgreind. Þannig eru mannúðarmálin skilgreind sem þau mál sem fjalla um sérstakar þarfir einstaklinga þegar aldurinn færist yfir þá. Þar verður athyglinni einkum beint að heilsufari, húsakosti og umhverfi, félagslegri velferð, tekjum, tryggingum, menntun og fjölskyldumálum, eins og þessi atriði snerta þarfir hinna öldruðu. Þróunarmálin eru þau mál sem fjalla um vandamál tengd „öldrun hópa" innan samfélagsheildarinnar. Verður þar einkum fjallað um hækkandi aldur þjóða og áhrifin af breyttri aldursflokkaskiptingu á félagslega og efnahagslega þróun og þá einkum í dreifbýli. Þá verður og fjallað um hlutverk aldraðra í þróunarrásinni þar sem þeir eru bæði orsakavaldar og þiggjendur.

Í samræmi við það, sem ég hef getið um hér í sambandi við frv. ríkisstj., sem vísað var til hennar aftur að mestu leyti, og eins þáltill. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, þá hef ég og aðrir flm. þessarar þáltill. talið eðlilegt að við þá nefnd, sem situr að störfum á vegum heilbrmrn. eða heilbrmrh., væri haft fullt samstarf, þótt Alþingi kysi þá nefnd sem hér er lagt til að kjósa, og það verði unnið að þeim málum, sem á er bent í einum lið ályktunartillögu Sameinuðu þjóðanna, og jafnframt að þeim málum sem snerta viðkomandi þjóðlönd og þá í þessu tilfelli okkur Íslendinga sérstaklega.

Það, sem er lagt til með þessari till., er þegar hafist handa í okkar nágrannalöndum, á hinum Norðurlöndunum. Þar hafa þegar tekið frumkvæði ýmis frjáls félagasamtök sem eru þar mjög sterk, bæði sterk í sínum heimalöndum og eins á vettvangi Norðurlandanna allra og eins reyndar á vettvangi Evrópusamvinnu. Þessi samtök eiga eftir að láta mjög að sér kveða í sambandi við ráðstefnuna og þau mál sem verða tekin þar til meðferðar. Mín hugsun er sú í sambandi við flutning þessarar till., að okkur takist með þessu að laða til starfa enn fleiri aðila en að þessum málum vinna nú; fáum eitthvað af þeim mikla fjölda sem alltaf er boðinn og búinn að hjálpa til þegar eitthvað bjátar á eða eitthvert verk þarf að vinna. Við höfum mörg dæmi um þetta frá liðnum árum — þeim árum sem hafa verið helguð ýmsum málefnum. Við höfum sérstaklega og getum haft sérstaklega í huga framtak ýmissa félagasamtaka með opinberum aðilum og undir þeirra stjórn og í samráði við þá, þótt stundum hafi nokkuð á það skort á því ári sem er að líða, ári fatlaðra.

Ég bendi á í lok grg. að nú er verið að stofna samtök í Reykjavík. Á morgun verður haldinn stofnfundur Öldrunarráðs Íslands sem er sambærilegt við samtök sem starfa í nágrannalöndum okkar og hafa þar orðið öflug. Í þeim samtökum eru ekki aðeins áhugamenn, heldur og aldraðir menn sjálfir. Það hefur nefnilega oft og tíðum vantað rödd aldraðra sjálfa í umræður hjá mönnum sem fjalla um af góðum hug, vil ég segja og hafa fjallað um hvað eigi að gera fyrir aldraða, hvernig eigi að búa að þeim. Ég held einmitt að í slíkum félagsskap, þar sem sterkari aðilar eru til hjálpar og leiðbeiningar og til þess að taka mál þeirra upp, geti almenningur, þing og sveitarstjórnir fengið að heyra raddir þeirra frekar en ella. Í grg. bendi ég á að ég telji sjálfsagt að slíkir aðilar verði kallaðir til. Með flutningi þessarar till. og samþykkt hennar verða hæg heimatökin fyrir þingflokka að kalla til slíkt áhugafólk og fulltrúa aldraðra sjálfra úr þeirra félögum til að móta það sem gera þarf. Við leggjum jafnframt til að undirnefndir verði skipaðar sem snúi sér að staðbundnum verkefnum, sem bæði er verið að vinna að og æskilegt væri að komast sem lengst með í allra nánustu framtíð. Við, sem flytjum þessa þáltill., höfum trú á að samþykkt hennar og aðgerðir í samræmi við hana geti orðið til að koma af stað slíkri hreyfingu um allt land. Það er víða vel að verki staðið og margt gott hefur þar verið gert á undanförnum árum. En ég hef þá trú, að með slíkri samstöðu og samvinnu aðila frjálsra félagasamtaka með opinberum aðilum getum við stigið stór og merk spor fram á við í þessum málum. Ég held einmitt að það sé kominn rétti tíminn til að fara þá leið nú.

Herra forseti. Það hefur verið ákveðið að tvær umr. skuli verða um þessa þáltill., og ég legg til að þegar þessari umr. verður lokið verði málinu vísað til hv. allshn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa yfir fullum stuðningi við þáltill. á þskj. 20, um ár aldraðra. Þingflokkur Framsfl. mun styðja þessa till., enda er hér um mál að ræða sem er í fullu samræmi við stefnu og starf flokksins í þessum málum. Flokkurinn hefur tilnefnt starfshóp til að fjalla sérstaklega um málefni aldraðra, safna upplýsingum og gera tillögur um úrbætur. Því viljum við þm. flokksins flytja, styðja og fylgja fram umbótum sem til framfara geta orðið í málefnum aldraðra.

Þegar frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða var til umr. hér á hv. Alþingi á síðasta þingi gerði ég grein fyrir afstöðu þingflokksins til þess frv. Þingflokkurinn lagðist gegn samþykkt frv. eins og það var lagt fram af ríkisstj., en lagði til að það yrði umsamið og endurbætt, ekki síst með tilliti til félagslega þáttarins sem er mikilvægur í þessu máli sem og vistunar- og hjúkrunaraðstaða fyrir aldraða. Það var í fullu samræmi við þessa afstöðu sem ríkisstj. tók málið upp að nýju. Eins og fram kom hjá hv. frsm. þessarar þáltill. er nú fullskipuð nefnd sem vinnur að samningu frv. til l. um þessi mál á breiðari grundvelli en áður var.

Þörfin fyrir að taka þessi mál föstum tökum er vonandi flestum ráðandi öflum hér á landi ljós orðin, eins og raunar hefur þegar komið fram. Hér á landi eru afskipti af þessum málum tiltölulega nýtilkomin, eins og hv. frsm. tók réttilega fram. Framtak eigenda Elliheimilins Grundar, DAS og fleiri félagasamtaka er lofsvert og ég held að allir hljóti að vera sammála um að þar er um frumkvæði að ræða sem þjóðinni ber að þakka og efla á í framtíðinni. En það er mín skoðun, að samstillt átak þjóðarinnar þurfi til að koma. Það þarf að gera ýmsar

úrbætur í málefnum aldraðra fljótt, en aðrar aðgerðir þurfa vandaðan undirbúning, eins og raunar hefur komið fram í sölum þingsins fyrr.

Mér finnst ástæða til að minna á það hér, að mörg sveitarfélög í landinu hafa farið myndarlega af stað í sambandi við undirbúning þessara mála, þ. e. með byggingu íbúða fyrir aldraða, sem eru mjög vaxandi þáttur í starfsemi margra sveitarfélaga, en einnig með því að undirbúa byggingu vistheimila. Þetta er m. a. gert með tilliti til þess, að menn eru smátt og smátt að átta sig á þeirri staðreynd, að það er miklu gæfulegra að stuðla að því að aldrað fólk fái möguleika til að dvelja í heimabyggð meðan kraftar leyfa. Ég tel að það sé mjög mikilvægt atriði í heilbrigðislöggjöf okkar ef hægt er að stuðla að því á skynsamlegan hátt, að hjúkrunarheimili verði sem víðast byggð í tengslum við heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Sem betur fer er nokkuð unnið að þessum málum núna og á næstu árum, ef rétt er á haldið, er útlit fyrir nokkurn árangur á þessu sviði.

Ég tel ástæðu til að geta þess einnig hér, að Samband ísl. sveitarfélaga hefur tekið virkan þátt í undirbúningi að stofnun Öldrunarráðs Íslands sem hv. flm. sagði frá áðan. Stofnun þessa öldrunarráðs mun fara fram á morgun, að því er ég tók rétt eftir. Vissulega er eftirtektarverð sú stefna sem þeir aðilar, sem að því hafa unnið, setja fram. Markmiðið er að bæta lífsaðstöðu aldraðra. Ég tel að hér sé um mjög mikilvæga aðgerð að ræða til að sameina til átaka í landinu fjölmarga aðila sem vilja vinna að úrlausn öldrunarmála, ekki aðeins með aðgerðum ríkisstjórnar eða Alþingis, heldur á vegum frjálsra félagasamtaka og ýmissa áhugahópa um velferð aldraðra. Þetta er mjög mikilvægt og ég fagna því mjög að þetta skuli vera komið á það stig að Öldrunarráð Íslands verður vonandi að veruleika á næstu dögum.

Það er enginn vafi á að samþykkt Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um að undirbúa heimsráðstefnu um ellimál á árinu 1982 og gera alþjóðlega áætlun, sem miðist við að tryggja efnahagslegt og félagslegt öryggi aldraðs fólks, mun hafa mikilvæg áhrif til framfara í þessum málum. Það er því sjálfsagt að við á Íslandi gerum árið 1982 að sérstöku framkvæmdaári í málefnum aldraðra.

Á þessu ári, 1981, hafa málefni fatlaðra verið í brennidepli. Það er vissulega ástæða til að fullyrða að árangur verður verulegur af samstilltu átaki á þessu ári í málefnum fatlaðra hér á landi, þ. e. ný löggjöf. Ekki síst hefur sú umræða og kynning, sem fram hefur farið, opnað augu stjórnvalda og raunar alls almennings í landi okkar fyrir málefnum fatlaðs fólks og þörfinni til úrbóta, og vonandi verður því haldið áfram.

Það væri hægt að tala hér lengi um þennan þátt í umræðum um svona málefni, en ég mun ekki gera það hér. Ég vil aðeins endurtaka það, að ég tel að þessi till. sé lofsverð og tímabær, og lýsi yfir fullum stuðningi við hana. Ég vænti þess, að við verðum svo gæfusöm að þjóðarsamstaða takist um stefnumótun og framkvæmdir í málefnum aldraðra. Er samþykkt þessarar tillögu að mínu mati gott framlag til þess að svo geti orðið.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil taka undir þau meginsjónarmið sem fram koma í þessari till. Þau eru öll þörf og rétt að gefa þeim verulegan gaum. Það er enda að vonum að þau séu vel ígrunduð, þar sem 1. flm. þessarar till. hefur flestum öðrum betur bæði hugsað um það, hvernig leysa mætti málefni aldraðra, og ég fullyrði einnig að fáir hafi betur unnið að því að koma þeim stefnumálum í framkvæmd sem einmitt er hér vikið að.

Það er þó svo, að þrátt fyrir átak margra, bæði sveitarfélaga, hins opinbera, ýmiss konar félagasamtaka og einstakra aðila er ótalmargt ógert í þessum efnum og verkefnin ærin sem vinna þarf. Það má segja að aldrei sé of oft minnt á það, hve þessi verkefni eru í raun og veru mikil og hversu hrikaleg margvísleg vandamál þessa aldraða fólks eru. Skiptir þá engu máli hvort talað er um heilsugæslumál þeirra, félagsleg mál — þar sem er kannske stærsti vandinn — eða önnur þau mál sem snerta þeirra vanda alveg sérstaklega umfram aðra þjóðfélagsþegna. Vissulega eru við Framkvæmdasjóð aldraðra, sem stofnaður var með lögum á þessu ári, bundnar miklar vonir um framfarir í þessum efnum. Hið sama má segja um þá aðstoð sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur veitt til byggingar dvalarheimila aldraðra. Engu að síður er ljóst að margt fleira og meira þarf að gera til að koma þessum málum í það horf sem við gjarnan vildum.

Ég stóð hér upp í fyrsta lagi til þess að lýsa yfir fullum stuðningi við meginmál þeirrar till. sem hér er um að ræða, en einnig vegna þess að ég er ekki alveg viss um nauðsyn þessarar sérstöku nefndar, sem ynni samhliða þeirri nefnd sem þegar hefur verið skipuð í þessum málum, og vitna þar í grg. sem fylgir þessari till., með leyfi hæstv. forseta, þar sem segir að heilbr.- og trmrh. hafi skipað nefnd um málefni aldraðra, án tilnefningar, sem tók til starfa í byrjun september. Í skipunarbréfi segir svo m. a.:

„Nefndin fær annars vegar það hlutverk að annast undirbúning alþjóðaárs aldraðra 1982 í samræmi við ályktun þings Sameinuðu þjóðanna 11. des. 1980 og hins vegar að gera till. til ráðh. um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, sbr. þál. hér að lútandi, sem vísað var til ríkisstj. frá sameinuðu Alþingi í maí s. l." — og er vitnað til þskj. þar að lútandi.

Mér hefur sem sagt flogið það í hug, hvort í raun og veru mætti ekki færa út verksvið þessarar nefndar þannig að það tæki til allra þeirra þátta sem hér er lagt til. Ég segi það m. a. vegna þess að ég hef um það óljósan grun, að hv. 1. flm. þessarar till. sé einmitt í þessari nefnd — eða er ekki svo? Ég held því að það væri fullt eins mikil ástæða til að færa út verksvið þessarar nefndar, sem þegar hefur verið skipuð, til þess að annast alla þá þætti sem hér er á minnt. Það ætti ekki að vera henni ofverk.

Ég skal svo aðeins ítreka það, að við vonum að ár aldraðra verði svipað og önnur þau ár sem hafa verið tileinkuð ákveðnum málefnum, að það ár skili verulegum árangri, það verði gert sérstakt átak á árinu, en fyrst og fremst verði það í raun og veru upphaf sóknar í þessum málum í heild, ekki bara eitt ár, heldur um alla framtíð.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm., sem hafa talað í þessu máli, fyrir undirtektir þeirra við það. Vil ég sérstaklega þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir að skýra okkur frá því, að málið hefði efnislega verið rætt í þingflokki Framsfl. og þm. hans heitið stuðningi sínum við það.

Varðandi það, sem kom fram nú síðast í orðum hv. þm. Helga Seljans, vil ég aðeins endurtaka þau orð mín sem

voru lýsing á því, hver aðdragandi væri að vinnu þeirrar nefndar sem hæstv. heilbrmrh. hefur skipað til þess að vinna að frv.-gerð varðandi heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Það er búið að semja þrjú frv. Það fyrsta sem samið var — og er ég nú að endurtaka nokkuð frá því áðan, en ég sé fulla ástæðu til þess vegna þessara orða hv. þm., — það fyrsta vannst þáv. hæstv. ráðh. Magnúsi H. Magnússyni ekki tími til að flytja, en það var lagt tilbúið fyrir þann heilbrmrh. sem þá tók við, hæstv. ráðh. Svavar Gestsson. Hann gat ekki notað það, lét ráðuneytisstjóra sinn semja nýtt frv., sem hann var ekki heldur ánægður með, og kallaði til pólitíska stuðningsmenn, sem að mínu viti hefðu mátt veljast öðruvísi úr þeim sömu röðum en gert var. Það frv. var síðan lagt fyrir hv. Alþingi á s. l. vetri. Endalok þess urðu þau, að tekinn var út úr þeim ákveðinn þáttur og þau lög samþykkt sem í gildi eru um Framkvæmdasjóð aldraðra. Samkv. þeim lögum eiga þau að falla úr gildi um n. k. áramót. Auk þess kom í ljós við könnun þeirra laga, að það var ekki nokkur vegur að úthluta einni einustu krónu samkv. þeim til þeirra framkvæmda sem átti einmitt að vinna að, þ. e. að ráða bug á því neyðarástandi sem ríkir bæði á Reykjavíkursvæðinu og reyndar líka á Eyjafjarðarsvæðinu í dag. Því þarf að breyta þeim lögum. Persónulega er ég á móti nefsköttum, en ég lýsti því yfir við hæstv. ráðh. á síðasta þingi þegar hann ræddi við mig um þetta mál, að ég mundi fylgja nefskatti, sem væri tímabundinn, til þess að ráðast að vandamáli eins og þessu sem við erum að glíma við. Og ég mun ljá atkv. mitt til þess að svo verði enn um eins árs skeið, eins og ég hygg að hann muni leggja til.

En vegna þess að hv. þm. taldi það ekki ofverkið okkar þótt við bættum á okkur því sem ég hef verið að ipmra á í sambandi við víðtækt framtak allra landsmanna, þá vil ég aðeins segja honum frá því, að fram til þessa — þó að við höfum haldið fundi vikulega, og einn stendur yfir núna og varð ég að afsaka mig, enda munu þeir geta haldið vinnu áfram án mín, — þá erum við rétt að byrja að lesa yfir þau frumvörp, sem þegar eru til staðar, til þess að reyna að draga út úr þeim samkomulagsatriði sem við getum þá sniðið eftir nýtt frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu. Til viðbótar er eftir að fara í gegnum allt sem varðar húsnæðismál frá þó nokkrum stöðum. Bæði hafa verið lögð fram frumvörp og eins eru í gildandi lögum ákvæði um húsnæði aldraðra. Síðan kemur inn fjármagnsmálið. Þá koma inn tryggingamálin, sem eru stór og mikill bálkur sem þessi nefnd verður að fjalla um líka. Ég tel því að ef við eigum að reyna að ná þessu máli fram hér á Alþingi á yfirstandandi þingi veiti þessu fólki ekkert af að sitja við þetta verkefni og því beri Alþingi að hafa forgöngu um að við náum fram landssamstöðu allra aðila, ekki bara pólitískra fulltrúa, heldur hlutlausra félagasamtaka, til þess að vinna þessum málum lið. Það er það sem ég á við sérstaklega með flutningi þessarar tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Nýting bújarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 31). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Það fer vel á því, að eftir að búið er að ræða hér um mál aldraðra annars vegar og hins vegar um nýtingu bújarða eða ríkisjarða alveg sérstaklega í þágu orlofsheimila, þá sé mælt fyrir þessari till. hér. Sá er aðeins munurinn, að þessi till. er ekki ný, hún er víst orðin ríflega þriggja ára gömul og kynni kannske einhver að segja að það væri farið að slá í hana. En ég vona þó að svo sé ekki. Hún er flutt hér nokkurn veginn óbreytt af okkur hv. þm. Stefáni Jónssyni og hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Tillgr. er þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta fara fram könnun á þeim möguleika að nýta bújarðir (ríkisjarðir sérstaklega) í nánd þéttbýlisstaða með góða heilsugæsluaðstöðu sem dvalarheimili fyrir aldraða.

Dvalarheimilin yrðu byggð upp sem smáar einingar, þar sem búand fólk, sem flytja þarf af bújörðum sínum vegna aldurs eða heilsubrests, gæti haft smábúskap, sameiginlega eða út af fyrir sig undir ákveðinni yfirstjórn og með nauðsynlegri aðstoð og aðhlynningu. Reynt yrði að tengja slík heimili svo sem kostur væri við smáiðnað í sveitum einnig."

Við flm. viljum enn freista þess að leita fulltingis Alþingis varðandi mál þetta. Ég tel að það yrði í raun beint innlegg í þá umræðu um málefni aldraðra sem nú er ofarlega á baugi og mun verða enn meira áberandi á ári aldraðra, næsta ári. Hún snertir úrlausn sem ég veit að hefur gefist vel hjá Norðmönnum þó að hún sé þar ekki mjög útbreidd. Till. er komin beint frá fólki sem þurfti á sínum tíma að þola snögga lífsvenjubreytingu, of snögga og sára að þess dómi, og vildi fá athugun á einhverju millistigi, svo sem hér er ráð fyrir gert.

Mér finnst því enn að þetta eigi að kanna og reyna til hlítar hvort könnun leiði hið jákvæða í ljós. Meginhugsun felst í því, að fólk, sem ekki hefur lengur orku til áframhaldandi búrekstrar í því formi sem einyrkjabúskapurinn er, þurfi ekki að fara rakleitt á dvalarheimili í þéttbýli, oft án möguleika til þess að nýta þá krafta sem enn eru eftir til starfa og iðju einhvers konar. Slíkt heimili sem þessi till. gerir ráð fyrir hefur tvo aðalkosti. Lífsvenjubreytingin, umhverfisbreytingin er minni og starfsorka nýtist til þeirrar iðju sem fólkið helst kýs og hefur starfað að um dagana.

Heimilið yrði byggt upp sem smáeining 6—8 aðila sem þangað kæmu með hluta bústofns síns, sem æðioft er sárt að láta frá sér í einu vetfangi, og hefðu aðstöðu á heimilinu til að annast þar t. d. fáeinar kindur. Þær jarðir, sem heppilegar kynnu að reynast, gætu haft hvort tveggja, húsakost til íbúðar að hluta og nægt útihúsarými. Tilkostnaður gæti því, þegar allt kæmi til alls, orðið svipaður og jafnvel minni en við venjuleg dvalarheimili sem reisa þarf. Er hér sérstaklega miðað við það, að ríkið ætti þegar viðkomandi jarðir. Þess vegna er á þær jarðir lögð sérstök áhersla.

Hér yrði ekki um að ræða neitt sem héti hjúkrunarheimili að sjálfsögðu, en starfsliðið réðist að nokkru eða mestu leyti af því, hve mikla aðstoð þyrfti að veita heimilismönnum við heyöflun, gegningar og fleira. Hún yrði þó aldrei mjög mikil, miðað við heilsufar og starfsmöguleika þess fólks sem ég hef hér einkum í huga. En heildaryfirstjórn og viss heimilisaðstoð yrði eflaust til að koma. Nándin við þéttbýli með góða heilsugæsluaðstöðu er sjálfsagt öryggisatriði, og það er víða orðið, sem betur fer, að heilsugæsluaðstaða sé býsna fullkomin.

Við flm. tengjum þessa heimilisvinnu einnig við smáiðnað tengdan landbúnaði, sem sjálfsagt er að hafa inni í myndinni. Við erum enn á þeirri skoðun, að í framtíðinni

muni heimili af þessu tagi rísa og hafa þá tvo meginkosti sem að var vikið í upphafi. Nýting starfsorku aldraðra er mikið vandamál, vandamál þeirra fyrst og fremst, en samfélagsins um leið. Hér er til móts við það vandamál komið og ég hygg, ef við hugsum málið grannt, að þessi lausn gæti fært mörgum ómælda ánægju og lífsfyllingu á efri árum. Til þess er mikið vinnandi að svo geti orðið. Ég vil því biðja hv. nefnd að gaumgæfa þetta mál vel og finna því einhvern þann farveg sem gæti horft til framtíðarlausnar á hluta þess vanda sem aldraðir búa illu heilli óneitanlega við í dag.

Að lokinni þessari umr. vil ég leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði vísað til hv. allshn.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá till. sem hv. 2. þm. Austurl. flytur hér ásamt tveimur öðrum þm. á þskj. 31. Ég tel hér vera á ferðinni athyglisvert mál sem leysa ber. Það er mikil nauðsyn að eldra fólk geti átt þess kost að því sé búin aðstaða í nágrenni heilsugæslustöðva, þar sem hægt er að veita því þá aðstoð og þjónustu sem oft er nauðsynleg þegar árunum fjölgar og starfsorkan minnkar. Og með hliðsjón af því, að margt eldra fólk sem sæmilega heilsu hefur er mjög fýsandi þess að geta lagt eitthvað af mörkum í atvinnulífinu, verður að teljast æskilegt að kannaður sé sá möguleiki sem till. gerir ráð fyrir.

Hér er því að mínum dómi nauðsynlegt mál á ferðinni sem koma þarf í framkvæmd sem fyrst.

Umr. (atkgr.) frestað.

Efri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Alþingi, 20. okt. 1981.

Þar sem ég er á förum í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson,
5. þm. Reykv.

Til forseta Ed."

Haraldur Ólafsson hefur áður átt sæti á Alþingi og kjörbréf hans verið rannsakað og býð ég hann velkominn til þings þegar hann birtist hér í hv. deild. Hann hefur enn þá ekki sést hér, en hann er sem sagt væntanlegur og boðinn velkominn í okkar hóp.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 28). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég spyr: Hvernig má það vera, að sumir íbúar þessa lands þurfi að greiða stórfé, gjarnan 1750 kr. og e. t. v. allt upp í 7000 kr., til þess að komast í sjúkrahús þegar þeir eru ekki ferðafærir, meðan aðrir, stór hluti íbúa þessa lands, geta komist í sjúkrahús nokkurn veginn ókeypis? E. t. v. trúa menn því ekki að þetta sé svona. En gildandi lög í landinu eru með þeim hætti, að svona er það. Það fer eftir búsetu manna líka, hvern kostnað þeir hafa af því að fá vitjun samlagslæknis. Sumir íbúar þessa lands þurfa að borga allt að 300 kr. fyrir að fá vitjun samlagslæknis meðan við mörg hin, sem búum hér t. d. á höfuðborgarsvæðinu, fáum þetta fyrir fáeinar krónur. Ekki getur þetta talist réttlæti, ekki getur þetta verið í samræmi við þá stefnu, sem mörkuð hefur verið og boðuð og kennd við byggð landsins og nefnd byggðastefna, að mismuna fólki með þessum hætti eftir því hvar það býr í landinu.

Hér er um gífurlegt óréttlæti að ræða og það í málaflokki sem maður hefði haldið að menn væru á þessum tíma allir sammála um hver grundvallarstefnan ætti að vera í, nefnilega heilbrigðismálum. Grundvallarstefnan á auðvitað að vera sú, að allir hafi jafnan rétt til heilbrigðisþjónustu. Þeir heilbrigðu eiga að standa undir kostnaði hinna sjúku, hinir verr setu eiga ekki að gjalda þess þegar sjúkleiki herjar á þá, og það á enginn að komast í vandræði vegna greiðslu á læknishjálp. Greiðsla almannatrygginga vegna hjúkrunarkostnaðar og læknishjálpar er ekki úthlutun á ölmusu, heldur réttlætið eitt. Allir eiga að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til þess, hvar þeir búa eða hver efnahagur þeirra er. Og það á enginn að þurfa að kvíða því vegna efnahags síns að hann geti ekki notið bestu þjónustu sem völ er á. Því fer fjarri að þessum markmiðum, svo sjálfsögð sem þau hljóta að teljast, hafi verið náð í okkar landi. Almannalöggjöfin ber ýmis merki þess, að tilgangur þeirra laga hafi gleymst. Þó veit enginn okkar hvenær röðin kemur að honum sjálfum. Það ætti hver og einn að líta í eigin barm í þeim efnum. En eitt er það misræmis- og óréttlætisatriði í þessum efnum sem við verðum að skoða sérstaklega og hér er gert að umtalsefni, nefnilega að sumum Íslendingum er íþyngt óheyrilega með gjaldtöku fyrir heilbrigðisþjónustu fyrir þá sök eina að þeir búa ekki á réttum stöðum á landinu. Fyrir þessar sakir geta efnahagsleg viðhorf ráðið því, að þeir fari varhluta af þeirri heilbrigðisþjónustu sem aðrir landsmenn njóta.

Það frv., sem ég mæli hér fyrir, fjallar um einn þátt þessara mála. Með samþykkt þess yrði dregið úr því misrétti sem nú ríkir. Samkvæmt gildandi reglum um sjúkravitjanir getur kostnaður óferðafærs sjúklings í dreifbýli af vitjun samlagslæknis numið t. d. 300 kr. miðað við rúmlega 100 km akstur hvora leið. Ef við lítum á sjúkraflug milli Norðurlands og Vestfjarða annars vegar og Reykjavíkur hins vegar, þá mun það kosta 4000—7000 kr. Samkv. gildandi reglum greiðir sjúklingurinn í flestum tilvikum 1/4 hluta þess eða allt að 1750 kr. (175 þús. gkr). Það er lagt á þennan óferðafæra sjúkling. Þess munu m. a. s. dæmi, að sjúklingar hafi orðið að greiða allan kostnaðinn, allt að 7000 kr. (700 þús. gkr.) eins og ég mun víkja að síðar. Ef þessar fjárhæðir eru bornar saman við t. d. ellilífeyrisgreiðslur sést glöggt hve tilfinnanleg og óréttlát útgjöld af þessu tagi eru.

Varðandi óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til samlagssjúklings gilda ákvæði h-liðar 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkv. því greiðir sjúklingur þennan kostnað að hálfu, ef læknir notar eigin farartæki, en ella að 1/4 hluta, ef hann ferðast í öðrum bíl

eða með öðru farartæki, enda sé þá um að ræða meiri vegalengd en 10 km á landi eða nota verði skip eða flugvél til ferðarinnar. Að því er varðar akstur mun gjaldtakan verða svipuð að krónutölu hvort heldur læknir notar eigin farartæki eða ekki. Gjald fyrir akstur eigin farartækis mun nú nema 2.75 kr. á km. Sjúklingur, sem býr 50 km frá aðsetri samlagslæknis, eins og víða er hér á landi, hlýtur því að greiða 138 kr. í ferðakostnað fyrir lækninn. Sjúklingur, sem býr í 100 km fjarlægð, verður að borga 275 kr. Ef við lítum á önnur farartæki er það vitanlega svo, að flutningur með snjóbíl getur kostað nokkur þús. kr. Ef við tökum snjóbílsferð sem kostar 3000 kr. — sem ég held að sé ekki fjarri lagi og líklega í lægri kantinum að því er varðar ýmsar þær ferðir sem farnar eru á snjóbílum í þessum tilgangi í afskekktum héruðum landsins, — þá yrði hluti sjúklingsins í því 750 kr. Þessir peningar eru innheimtir af sjúklingunum.

Með því frv., sem hér er flutt er gert ráð fyrir að sjúklingur þurfi ekki að bera kostnað af þessu tagi, — kostnað sem stafar einungis af því, hversu fjarri sjúklingnum samlagslæknirinn er búsettur. Það stríðir vitaskuld gegn eðlilegu jafnrétti að þeir, sem búa við erfiðastar aðstæður til að njóta læknisþjónustu allajafna, skuli gjaldteknir umfram aðra þegar þeir verða að fá læknisvitjun í heimahús, af því að þeir eru ekki ferðafærir af sjúkdómssökum. Með samþykkt þeirrar brtt., sem ég mæli hér fyrir varðandi þetta atriði yrði þetta misrétti afnumið.

Um hinn þátt brtt., varðandi greiðslu á sjúkraflutningum, gilda ákvæði i-liðar í 43. gr. laga um almannatryggingar. Samkv. því, sem þar segir, greiðir sjúklingur 1/4 hluta af flutningskostnaði í sjúkrahús, þegar það á við að hann geti ekki notað venjulegar farþegaflutningsleiðir. Þetta á einkum við um sjúkraflug og flutning með snjóbíl. Að því er varðar flutning milli sjúkrahúsa er sagt að fara skuli eftir því sem kveðið kunni að verða á um í lögum um heilbrigðisþjónustu. Svo segir í 43. gr., i-lið almannatryggingalaga. Í lögum um heilbrigðisþjónustu eru hins vegar engin ákvæði um þetta efni svo að þetta ákvæði um flutning milli sjúkrahúsa er marklaust með öllu. Um slíkan flutning gilda engin lagaákvæði. Af þessum sökum var leitað samkomulags um það sjúkrahúsa í milli, að sjúkrahús, sem sendir sjúkling, skyldi greiða flutningskostnaðinn. En sannleikurinn er sá, að sjúkrahúsin í Reykjavík hafa tregðast við að greiða slíkan kostnað af heimsendingu sjúklinga. Þess eru því dæmi, að sjúklingar hafa orðið að greiða hann að fullu sjálfir.

Þessar reglur, sem ég hef hér rakið, fela greinilega í sér margs konar misræmi og óréttlæti. Ég skal rekja nokkur dæmi. Sjúklingur, sem fyrst er lagður inn á sjúkrahús á Egilsstöðum og síðan fluttur til Reykjavíkur, ber engan kostnað af flutningunum. En sjúklingur á Djúpavogi, sem eins stendur á um, verður hins vegar að greiða fjórðung kostnaðarins af því að það er ekkert sjúkrahús á Djúpavogi. Svona er misréttið. Sjúklingur utan af landi, sem þarf sjúkraflugvél af því að hann heilsu sinnar vegna getur ekki notað venjulegar farþegaflutningsleiðir, má allt eins búast við því að verða að bera allan kostnað af sjúkrafluginu samkv. gildandi lagaákvæðum — eða skorti á gildandi lagaákvæðum. En Reykvíkingur, sem eins stæði á um en hefði lent á sjúkrahúsi úti á landi, gæti vænst þess að þurfa ekki að bera neinn kostnað af þessum sökum. Svona er réttlætið í lögunum, herrar mínir.

Í þessu sambandi get ég ekki stillt mig um að minna á að sjúkraflug af þessu tagi kostar 4000—7000 kr. í mörgum tilvikum. Ferðir um fjallvegi með snjóbíl geta orðið ámóta dýrar og sjúkraflugið. Sömleiðis geta flutningar með venjulegum sjúkrabíl um langar vegalengdir orðið mjög dýrar, t. d. frá Vík í Mýrdal eða Borgarnesi til Reykjavíkur. Þar gilda líka þessi ákvæði eða það ákvæðisleysi sem nú er í almannatryggingalögum.

Stundum er þörf á fylgdarmanni þegar sjúklingur er fluttur með þessum hætti. Varðandi fargjald hans, þegar hans er þörf, gilda þau ákvæði að sjúklingur verður að greiða 1/4 af fargjaldi hans þótt um áætlunarflug sé að ræða. Samkv. þessu frv. yrðu sett lagaákvæði um það, að flutningskostnaður milli sjúkrahúsa væri greiddur af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema í þeim innanbæjarferðum sem sjúklingur getur heilsu sinnar vegna notað venjulegar samgönguleiðir. Jafnframt gilti það sama við heimsendingu sjúklings með sérstökum sjúkraflutningi. Um þetta hvort tveggja eru nú engin lagaákvæði. Frv. gerir ráð fyrir að bæta úr því. Frv. gerir líka ráð fyrir að þá yrði sjúkraflutningur í sjúkrahús greiddur að fullu af almannatryggingum í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung slíks flutningskostnaðar. Loks yrði tiltekið að fargjald nauðsynlegs fylgdarmanns yrði sjúklingi að kostnaðarlausu í stað þess að nú greiðir sjúklingur fjórðung slíks fylgdargjalds. Enn fremur gerir þetta lagafrv. ráð fyrir að fella niður gjaldtökur af sjúklingi vegna flutnings innanbæjar og af fyrstu 10 km flutningsleiðar, enda setur frv. það, sem ég mæli hér fyrir, fram þá meginreglu, að sjúklingur greiði ekki kostnað af sjúkraflutningum. Það má þó taka fram, að jafnvel þótt síðastnefnda ákvæðið héldist væri stórt skref stigið í réttlætisátt með þeim öðrum þáttum sem í frv. felast.

Flm. telja að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags að fá ekki notið bestu sjúkraþjónustu sem völ er á í landinu. Allir eiga að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar, án tillits til efnahags og búsetu, og að því verður að stefna af fremsta megni. Þessi markmið, svo sjálfsögð sem þau eru, verða að teljast fjarri því að verða uppfyllt í þessu landi. Það misrétti, sem ég hef gert hér að umtalsefni, er svo yfirgnæfandi, að við flm. frv. teljum sjálfsagt að það verði þegar leiðrétt. Því flytjum við þetta frv. Við fluttum það áður á síðasta þingi, en það varð þá ekki útrætt. En með því að hér er um mikið sanngirnismál að ræða og varðar reyndar byggðina í landinu og jafnrétti íbúanna, þá höfum endurflutt þetta mál og leggjum þunga áherslu á að það fái afgreiðslu á þessu þingi.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði lagafrv. þessu vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

Helgi Seljan: Herra forseti. Hér er á ferðinni hið þarfasta mál og mjög brýnt að það sé tekið til rækilegrar athugunar. Sannleikurinn er sá, að okkur blöskrar stundum, hve miklir fjármunir fara til heilbrigðis- og tryggingamála, þegar verið er að gera samanburð á einstökum þáttum fjárlaga. Samt er það nú svo, að sumir þættirnir í tryggingamálum okkar mættu mun betur fara, enda er staðreyndin sú, að öll þau mál eru nú í allsherjar endurskoðun. Þrátt fyrir þá endurskoðun, sem nær til alls lagabálksins sem er mjög viðamikill, þyrfti n., sem hér að vinnur, að taka sérstaklega út úr brýnustu og réttlátustu breytingarnar, og sannarlega er hér inn á eina slíka komið. Ég vil um leið lýsa yfir því, að ég held að full þörf

væri að kanna ýmsa þætti í tryggingamálum okkar, þar sem um aðhald og sparnað gæti einnig verið að ræða, þótt það snerti eflaust miklu frekar heilsugæslu- og sjúkrahúsaþáttinn. En ekki meira um það.

Varðandi ferðir fólks utan af landi á fund sérfræðinga og greiðslur almannatrygginga í tengslum við það var hér á ferð frv. frá hv. þm. Stefáni Jónssyni nokkur þing áður en í framkvæmd komst sæmilega réttlát skipan þeirra mála. Ég ætla að vona að það mál, sem hér er á ferðinni, bíði ekki jafnlengi góðrar leiðréttingar.

Við hv. 1. flm. höfum eflaust upplýsingar að hluta til frá sama aðila, eða ég reikna með því, þ. e. frá Guðmundi Sigurðssyni héraðslækni á Egilsstöðum, sem hefur alveg sérstaklega hugleitt þessi mál, enda brennur þetta mál kannske á honum meira en öðrum sem héraðslækni í Austurlandshéraði. Hann hefur oft rætt þetta mál við mig. Ég hef kannað það og komið því á framfæri og jafnan fengið þau svör, að það félli inn í heildarendurskoðun hvernig með skyldi fara.

Aðstæður eystra eru þannig, að óvíða annars staðar kallar ástandið eins knýjandi á lagfæringu. Þetta gildir bæði um hina löngu flugleið til Reykjavíkur, þegar sjúkraflug er að ræða, og eins það hve okkar fjórðungssjúkrahús er í raun út úr í Neskaupstað.

Ég sá á dögunum greiðslu sjúklings fyrir ferð frá einum suðurfjarða Austfjarða til Neskaupstaðar með sjúkrabifreið og ég undraðist upphæðina. Ég get ekki neitað því, að það hvarflaði að mér hvort þeir, sem sjúkrabifreiðina rækju, settu upp svona svimháan reikning til að sjá til þess að sjúkrasamlagið slyppi ekki „billega" út úr þessu, vegna þess að það greiðir að 3/4. Þegar aðstandendur umrædds sjúklings kvörtuðu undan greiðslu svo hárrar upphæðar, sem var þó ekki nema 1/4, en var hvorki meira né minna en 1 000 kr., þá var þegar slegið af um það bil helmingi þeirrar upphæðar. Vakti það líka athygli mína. Nú finnst mér að hér eigi að gilda ákveðinn taxti eftir vegalengd, tíma og öðru. Ég hélt að þetta væru alveg ákveðnar reglur. Vafalaust getur einhver mér fróðari hér inni upplýst það. En a. m. k. er full ástæða til þess að gefa því enn frekari gaum, hvort hér sé um nægilega samræmingu að ræða, bæði milli þeirra ýmsu aðila, sem fljúga sjúkraflug, og eins þeirra, sem starfrækja sjúkrabifreiðarnar.

Ég ætla ekki að rekja þetta mál neitt frekar, það var gert mjög rækilega í máli 1. flm. Hann rakti um það ógnvekjandi dæmi, hve þessi kostnaður gæti orðið tilfinnanlegur, og ég get bætt því við, að menn hafa sannarlega hikað við að taka sjúkrabifreið til slíkra bráðnauðsynlegra nota eða að fara í sjúkraflug, t. d. austan af landi, oft með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er sem sagt allt rétt sem í grg. segir um það, hve ógnvekjandi kostnaður einstaklingsins getur verið þrátt fyrir — og ég legg áherslu á það — þrátt fyrir þann hluta sem tryggingarnar greiða, þrátt fyrir þá 3/4 sem tryggingarnar greiða í þessu efni. Um þetta þarf í raun og veru ekki fleiri orð.

Þetta mál kemur til þeirrar nefndar sem ég á sæti í, og ég mun beita mér fyrir því þar, að því er ég get, að það fái rækilega athugun og þá alveg sérstaklega hvað það varðar, hvar endurskoðunarnefnd tryggingalaganna er á vegi stödd varðandi þennan þátt, og hvort þar er skjótra tillagna að vænta til úrbóta, nú þegar á þessu þingi. Annars verður að taka á þessu máli af þingnefndum og Alþingi með því jákvæða hugarfari sem ég veit að þetta frv. mætir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka til máls um þingmál það sem hér um ræðir og form. Alþfl. o. fl. hafa lagt fram. Ég get tekið heils hugar undir með hv. þm. Helga Seljan þar sem hann ber lof á framtak flm. þessa frv.

Ég átti sæti í endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna, þeirri sem þáv. heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, skipaði og ég starfaði í þeirri nefnd sumarið 1979, svo lengi sem hún starfaði. Einmitt þetta atriði sem varðar sjúkraflutningana, kostnaðarhluta einstaklinga af sjúkraflugi og sókn til lækna, var meðal þeirra mála sem endurskoðunarnefndin hafði skráð hjá sér og ætlunin var af hálfu nefndarinnar að flytja till. um breytingu í réttlætisátt.

Mér er ekki kunnugt hvort sú endurskoðunarnefnd *almannatryggingalaganna sem nú hefur verið skipuð, er* komin þar áleiðis í störfum sínum að hafa tekið þetta mál til sérstakrar athugunar. En hitt er mér kunnugt um að öll gögn, sem safnað hafði verið af hinni fyrri endurskoðunarnefndinni, liggja frammi til reiðu fyrir þá endurskoðunarnefnd sem nú situr að störfum. Ég vænti þess, að rekið verði eftir því að endurskoðunarnefndin, sem nú starfar, skili áliti um einstakar greinar tryggingalaganna og að ekki verði eftir því beðið, að lagt verði fram heildarfrumvarp að nýjum lögum um almannatryggingar á Íslandi, heldur brugðið á það ráð að grípa á þeim málum þar sem þörfin er brýnust fyrir leiðréttingar.

Ég tel að nauðsynlegt sé að auka nokkru við þetta ágæta frv., sem hér er um að ræða, til úrbóta á einstökum atriðum, hliðstæðum við þau sem hv. frsm. gerði prýðilega grein fyrir í framsöguræðu sinni, svo sem ákvæðum um úrbætur til handa „ambulance"-sjúklingum úti á landi, sem eiga um langan veg að sækja nokkuð reglulega til sérfræðinga eða sérstakrar „ambulance"-þjónustu á sjúkrahúsum, þar sem ákvæði í núgildandi lögum kveður á um að einungis skuli greitt fargjald með áætlunarbíl til þess að sækja slíka þjónustu. Tökum sem dæmi um það, hversu óralangt er liðið síðan kveðið var á um slíkt í lögum, að á fjölmörgum þeirra leiða, þar sem þá gengu áætlunarbílar, ganga nú engir áætlunarbílar. Einnig er vert að vekja athygli á því, að af landfræðilegum ástæðum geta ekki gengið áætlunarbílar frá heimili sumra þessara sjúklinga til sjúkrahúsa þar sem slíkrar þjónustu er að vænta, „ambulance"-þjónustu. Mikið skortir á það t. d. að *áætlunarbíll stansi í hæfilegri fjarlægð frá* húshlaði þeirra Grímseyinga og Hríseyinga, og eigum við þá óupptaldar Breiðafjarðareyjar. Svo slæmt er þetta, að þegar „ambulance"-sjúklingur í Bárðardal, sem þarf að sækja vikulega inn til Akureyrar, óskar fjárhagslegs stuðnings — hann verður ýmist að aka eigin bíl þegar fært er eða leigja sér snjóbíl þegar ófært er venjulegum bílum ellegar þá leita á náðir granna síns um flutning, ef hann á sjálfur ekki ökutæki og getur ekki ekið, — þegar hann leitar fjárhagslegs stuðnings samkv. lögum, þá fær hann greitt það sem kostað hefði fargjald með áætlunarbíl, ef áætlunarbíll hefði gengið samkv. kílómetrataxta sem kveður á um það, með hvaða hætti greiða skuli slík gjöld.

Hvað sem því líður, hvort sem við fáum núna ríkisstjórnarfrv. um þetta atriði í almannatryggingalögin eða ekki, þá tel ég feng að þessu frv. Raunar tel ég ákaflega

þýðingarmikið fyrir hv. alþm. að flutt séu og rædd mál af þessu tagi, sem lúta að jafnrétti landsmanna gagnvart lögunum og lúta að þeim ágöllum á löggjöf sem hamla framkvæmd slíks réttlætis. Ég tel slíkar umr. ákaflega þýðingarmiklar fyrir hv. alþm., að þeir kynni sér ítarlega og geri sér ljósa grein fyrir því, hvernig ástatt er um rétt umbjóðenda þeirra á þessum sviðum.

Það er ljóst mál, að við höfum frá upphafi rekið almannatryggingar í þessu strjálbýla landi, þar sem tiltölulega fátt fólk verður að deila með sér þungum byrðum á sviði heilsugæslu, heilbrigðismála og trygginga, — við höfum frá upphafi rekið almannatryggingarnar svo sem spönn fyrir ofan örbirgðarmörkin. Við höfum allan þennan tíma orðið að taka mið af því, hversu lítið fé við höfum undir höndum. En því fer víðs fjarri að allar bráðnauðsynlegar breytingar á tryggingalöggjöfinni og framkvæmd hennar þurfi að kosta of fjár. Við stöndum andspænis þörf fyrir breytingar á tryggingalöggjöfinni sem kosta tiltölulega lítið fé. Í öðru lagi stöndum við andspænis brýnni þörf, mjög brýnni þörf fyrir breytingar sem kosta ekki of fjár, kosta nokkuð, kalla á aukna skattheimtu, en kosta ekki of fjár. Síðan í þriðja lagi blasir við okkur þörf fyrir breytingar á tryggingalöggjöfinni sem kosta mjög mikið fé. Það mun sennilega verða allmörg ár enn þá svo um fjárhag þessarar þjóðar, að við tökum nokkurt tillit til þess arna þegar við röðum þessum verkefnum, þessum nauðsynlegu breytingum í forgangsröð. Og við megum umfram allа muni ekki láta hjá líða að breyta lagaákvæðum og reglugerðum þar sem bætt framkvæmd almannatryggingalaganna á þessu sviði getur komið í veg fyrir framhald á stórkostlegu óréttlæti fyrir þegnana.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hér er til umræðu frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar. Eins og fram hefur komið var þetta frv. lagt fram á liðnu þingi og í sannleika sagt var því ekki sýndur nægur sómi á því þingi, það skal viðurkennt. Hins vegar vil ég lýsa því yfir hér og nú, að ég lít svo á að þetta sé mjög gott mál, og það er full ástæða til að athuga það rækilega í nefnd.

Hv. 1. flm. hefur rækilega greint frá því í skýru máli, hver aðstöðumunur fólks er gífurlegur vegna ferðalaga samlagslæknis og jafnframt vegna flutninga sjúkra í dreifbýli. Getið er um það í grg. með þessu frv., að flm. hafi verið bent á hugsanlega reglu varðandi flutninga á sjúkum, þ. e. að almannatryggingar greiði flutningskostnað að því marki sem hann er umfram fargjald með áætlunarferð milli viðkomandi staða, þó aldrei minna en 3/4 hluta flutningskostnaðar. Ég hygg að þessi regla, sem hér er nefnd, hafi komið til umræðu á heilbrigðisþingi 1980. Á því heilbrigðisþingi urðu mjög verulegar umræður einmitt um sjúkraflutninga. Lýstu menn þar áhyggjum sínum vegna þess skipulagsleysis sem ríkti í framkvæmd sjúkraflutninga í sumum læknishéruðum landsins. Raunar er það svo, að tæpast verður séð að núgildandi lög geri ráð fyrir aðila sem er ábyrgur fyrir sjúkraflutningum eða skipulagi þeirra. Eins og kunnugt er eru sjúkrabifreiðar ýmist í eigu sveitarfélaga, sýslufélaga eða félagasamtaka. Þess skal þó getið, að margir hafa sinnt þessum málum af myndarskap og ber þar að sjálfsögðu hæst Rauða krossinn. En ég hef heyrt því fleygt, að til væru læknishéruð sem eru algjörlega án sjúkrabifreiðar, og er slíkt auðvitað óhæfa. Ég vil segja það aftur, að þessi mál þurfa rækilegrar athugunar við ekki síður en þau atriði sem frv. gerir ráð fyrir, þ. e. skipulag sjúkraflutninga.

En að því er varðar sérstaklega þetta frv. sem hér er til umfjöllunar vil ég taka fram að ég er hjartanlega sammála því sjónarmiði sem liggur þar að baki, þ. e. að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags að fá ekki notið bestu sjúkraþjónustu sem völ er á í landinu. Auðvitað eiga allir að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til efnahags og búsetu. Nóg er samt þótt fólk gjaldi ekki búsetu sinnar í þessu tilviki. Það er einlæg von mín að tekist geti víðtækt og gott samkomulag um þessa þætti sem raktir hafa verið af hv. flm. og ég hef tíundað.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það þarf ekki að hafa mörg orð um hve brýnt það mál er sem hér er nú á dagskrá. Ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram, að það er nauðsynlegt að taka þessa þætti tryggingamála til endurskoðunar með hagkvæmni í huga og beinlínis leiðréttingu, eins og hér hefur berlega komið í ljós í umræðum manna.

Ég vil þakka hv. flm. fyrir að leggja þetta frv. fram og vænti þess, að það verði til að leiðrétta augsýnilegt misrétti sem ríkir í þessum efnum. Þar sem ég er í nefnd þeirri sem fær þetta frv. til umfjöllunar sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál hér og nú, en ítreka þakkir mínar til flm. og vænti þess, að málið fái farsæla afgreiðslu frá þinginu.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Ég vil segja í upphafi, að ég er ekki nógu vel undir það búinn að taka til máls í þeirri umr., sem hér fer fram, að því marki sem ég vildi gera, þar sem ég sit hér í forföllum og er nýkominn inn á hv. Alþingi. Þó sé ég mig knúinn til þess að lýsa yfir samþykki mínu við það frv., sem hér liggur fyrir, og vil fagna framkomu þess og góðum rökstuðningi hv. flm. þess, Kjartans Jóhannssonar.

Þau eru mörg óréttismálin úti á landsbyggðinni og þetta er eitt af þeim stærstu. Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast á sögu sem ég heyrði fyrir nokkrum dögum og lýsir þessu máli ákaflega vel. Og kannske er það ekki síst hún sem rekur mig upp í pontu hér á hv. Alþingi. Einn ágætur atorkumaður varð fyrir því óláni, að hann hrapaði af vörubíl og meiddist mikið langt frá sjúkrahúsi. Hann missti meðvitund og var kallað á sjúkrabíl. Á leiðinni raknar hann úr meðvitundarleysinu og bað þá strax um að stöðva sjúkrabílinn og lét konu sína síðan aka sér á sjúkrahúsið, vegna þess að hann taldi sig ekki vera mann til að borga sjúkrabílinn. Þessi saga lýsir nokkuð vel þörfinni á framkomnu frv. og leiðréttingu þeirra mála sem það gerir ráð fyrir.

En eins og ég sagði áðan er ég ekki undir það búinn að tala um þetta mál sem skyldi og vert væri að gera. Ég get þó ekki látið hjá líða að lýsa yfir stuðningi mínum við svo veigamikið mál sem þetta, sem snertir hvað mest landsbyggðina og þá sem í dreifðustu byggðunum búa. Margir búa þar ekki einungis við læknisleysi, heldur stórkostlegan kostnað við að komast til læknis.

Ég vil fagna framkomnu frv. og endurtek að ég styð það og óska því velfarnaðar í nefnd.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka þann ágæta stuðning sem hér hefur komið fram við þetta mikla réttlætismál. Eins og kom fram í

framsöguræðu minni tel ég að hér sé um svo brýnt réttlætismál að ræða að það þoli ekki bið. Ég veit að það eru mörg önnur atriði í almannatryggingalöggjöfinni, eins og kom fram í ræðu hæstv. forseta, sem er reyndar hv. 2. þm. Austurl. þegar hann er í ræðustól, og t. d. í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., — það eru sem sagt mörg önnur atriði sem menn gjarnan vildu leiðrétta. En við höfum valið eitt tiltekið, afmarkað mál sem við teljum vera mjög brýnt að leiðrétta og við sjáum ekki vankanta á að þingið taki í sínar hendur og leiðrétti nú, jafnvel þótt almenn endurskoðun almannatryggingalaganna sé í gangi, eins og reyndar virðist alltaf vera raunin.

Það hefur oft orðið svo, þegar bornar hafa verið fram till. og frv. um lagabreytingar varðandi almannatryggingalögin, að vísað hefur verið til þess, að heildarathugun væri í gangi. En ég legg áherslu á að það getur á engan hátt tafið þessa heildarathugun þótt þau afmörkuðu atriði, sem hér er flutt lagafrv. um, séu nú leiðrétt. Ef út úr athugun starfandi nefndar í þessum efnum kemur einhver önnur niðurstaða einhvern tíma verður hún auðvitað tekin til meðferðar. En mér finnst að það eigi ekki að bíða eftir því eða láta það á nokkurn hátt tefja fyrir því að þetta mál verði afgreitt núna.

Auðvitað hefði okkur flm. þótt áhugavert að taka líka fyrir ýmis önnur atriði í almannatryggingalöggjöfinni. Hv. 4. þm. Norðourl. e., Stefán Jónsson, gerði t. d. að umræðuefni málefni „ambulance"-sjúklinga. Við vitum að þar er líka um að ræða réttlætisatriði — eða ég ætti kannske frekar að segja: mikið óréttlæti. En framkvæmd á því atriði er í hugum sumra meira tortryggnismál varðandi misnotkun heldur en getur nokkurn tíma verið um það sem hér er verið að flytja frv. um, vegna þess að þetta frv. fjallar eingöngu um þá sjúklinga sem eru gjörsamlega óferðafærir, körfusjúklinga, og verða þess vegna að fá lækni heim til sín eða verða að komast í sjúkrahús.

Vegna þess, að það er svo mikið óréttlæti sem birtist í gildandi lögum, og vegna hins, að okkur finnst að það sé ekki með nokkru móti hægt að verja þetta óréttlæti og að þetta er afmarkað mál sem Alþingi getur tekið til meðferðar alveg án tillits til þess, hvernig stendur á um endurskoðun almannatryggingalaganna að öðru leyti, — það er þess vegna sem við flytjum þetta frv. í þeim búningi sem við gerum nú. Reglur um hvernig reikna skuli fargjald fyrir flugvélar og bifreiðar geta stofnanir ríkisins sett. Það þarf ekki að hindra okkur í því að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál frekar. Þetta frv. hefur fengið mjög góðar undirtektir og af undirtektum þeirra manna, sem sæti eiga í heilbr.- og trn., þykist ég þess fullviss, að málið muni nú fá góða afgreiðslu. Ef önnur atriði eru í lögunum sem menn gjarnan vilja ræða eða flytja lagafrv. um, þá skulum við gera það, en við skulum ekki láta það tefja fyrir framgangi þessa réttlætismáls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 5. fundur.

Miðvikudaginn 21. okt., kl. 2 miðdegis.

Héraðsútvarp, frv. (þskj. 10). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um héraðsútvarp sem ég flyt á þskj. 10 ásamt Árna Gunnarssyni.

Það er alkunna að á síðustu árum hafa orðið stórstígar framfarir í útvarpstækni hvers konar og er hún nú öll einfaldari, ódýrari og viðráðanlegri af fleirum en áður var. Af þessum sökum hafa risið upp kröfur um mun meira og fjölbreyttara útvarp en áður var svo og um staðbundið útvarp og sérhæft á ýmsa lund. Flestar þjóðir hafa á einhvern hátt komið til móts við þessar kröfur og þessa breyttu tækni, en í þeim löndum, þar sem stjórnvöld hafa ekki tekið tillit til þessara aðstæðna og þessara óska, hefur undantekningarlítið risið upp ólöglegt einkaútvarp. Má geta þess t. d., að í Frakklandi munu slíkar ólöglegar útvarpsstöðvar vera milli 50 og 100 og á Ítalíu skipta þær mörgum hundruðum.

Algengast hefur verið að mæta þessum nýju aðstæðum með einhvers konar héraðsútvarpi, þ. e. staðbundnum smástöðvum. Þröngt er um útvarpsstöðvar á langbylgju — sem Ríkisútvarpið notar fyrir aðalstöð sína — og líklega vonlaust að Íslendingar gætu fengið að nota fleiri stöðvar á þeirri bylgju. Hið sama gildir að nokkru leyti, en þó miklu minna um miðbylgju. Hins vegar er mjög rúmt um örbylgju, FM-útvarp, vegna þess að þær stöðvar eru ekki langdrægar og geta því verið mun fleiri.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að rjúfa einokun Ríkisútvarpsins, sem gilt hefur síðan 1930, og leyfa héraðsútvörp og nota þá eingöngu FM- eða örbylgjur.

Hér á landi hafa verið allháværar óskir um fjölbreyttara og frjálsara útvarp. Mönnum hefur þótt einhæft að hafa aðeins eina dagskrá Ríkisútvarpsins, fyrir utan stöð varnarliðsins sem heyrist víða á Faxaflóasvæðinu. Nú mun vera ógjörningur að uppfylla allar helstu óskir manna um útvarp með aðeins einni dagskrá og er það viðurkennt af reynslu í mörgum nágrannalöndum okkar. Ætla má, eftir því sem þar hefur gerst, að til þess þurfi a. m. k. þrjár stöðvar eða þrjár dagskrár: eina aðallega fyrir talað mál, aðra fyrir dægurtónlist og hina þriðju fyrir aðra tónlist, æðri tónlist, og ýmislegt þyngra menningarefni.

Með þessu frv. höfum við flm. gert fyrstu tilraun til að setja niður í lagaform ráðstafanir sem stuðluðu að því að koma til móts við óskir um fjölbreyttara útvarp hér á Íslandi og þar með að binda endi á einokunaraðstöðu Ríkisútvarpsins. Það breytir ekki þeirri staðreynd, að við teljum að hér þurfi að starfa ríkisútvarp sem stofnun. Það eigum við raunar til og það hefur unnið mjög gott og veigamikið starf allt síðan það var sett á fót 1930. Mörg sérstök verkefni falla í skaut ríkisútvarps þrátt fyrir að fleiri stöðvar fái að starfa, og tel ég að ekki sé nauðsynlegt að tíunda ástæður fyrir því. Þá leiðir það af sjálfu sér að langbylgja getur dregið um svo til allt landið, en örbylgjur eða FM-stöðvar ná hver um sig aðeins um tiltölulega lítið svæði í kringum stöðina. Enda þótt Ríkisútvarpið sé nú að koma upp keðju af FM-stöðvum, sem eru samtengdar um allt land, breytir það ekki þeirri

staðreynd, að ráðlegt er að taka upp fjölbreytni með staðbundnum stöðvum og hagnýta þannig staðbundna krafta sem e. t. v. njóta sín ekki að fullu í einu útvarpi með eina útvarpsdagskrá.

Ég tel rétt á þessu stigi, áður en ég ræði einstakar greinar frv., að geta þess, að við höfum hér notað orðið „útvarp". Það mun vart leyna sér að við erum fyrst og fremst að hugsa um hljóðvarp, en samkv. útvarpslögunum nær orðið „útvarp" bæði yfir hljóðvarp og sjónvarp. *Hins vegar hefur hljóðvarpsorðið ekki feststt í almennri* notkun og kann að vera að við endurskoðun, sem í vændum er, verði gerðar á því breytingar. En ef svo færi að þetta frv. yrði gert að lögum eins og það stendur er orðið „útvarp" notað og þá mundi það þýða að lögin gætu gilt eins um sjónvarpsstöðvar og hljóðvarpsstöðvar að öðru óbreyttu.

Í 1. gr. gerum við ráð fyrir að slíkar útvarpsstöðvar verði sjálfseignarstofnanir. Þar með útilokum við að þær geti orðið einkaeign eða eign fámennra hópa eða félaga. Við teljum rétt að sjálfseignarstofnun verði formið, eða eitthvað sem jafngilti því ef menn hafa betri hugmyndir fyrir þessa tegund af rekstri, *og leiðir það af hinu* almenna þjónustueðli sem slík fyrirtæki mundu hafa.

Þá er gert ráð fyrir að útvarpa eingöngu á örbylgjum, eins og ég sagði fyrr, og yrði Landssími Íslands að veita leyfi fyrir bylgjulengdum. Er það vegna þess að bylgjulengdir eru takmarkaðar og sé ekki höfð föst stjórn á notkun þeirra getur hæglega komið til árekstra og menn geta án þess að vita hver af öðrum tekið upp útvarp á svo til sömu bylgjum og truflað hverjir aðra. Hjá því verður ekki komist að Landssími Íslands veiti leyfi fyrir bylgjulengdum og beri þannig ábyrgð á að bylgjulengdir séu hagnýttar á sem skynsamlegastan hátt.

Þá er í 1. gr. það ákvæði, að *héraðsútvarp skuli háð* öllum þeim ákvæðum útvarpslaga frá 1971 sem við geta átt. Þetta orðalag er algengt í lögum og hygg ég að í framkvæmd yrði ekki erfitt að greina hvað úr útvarpslögunum geti átt við. Ég get nefnt sem dæmi að óhlutdrægnisákvæðið, sem hefur staðið óbreytt í útvarpslögum síðan 1930 og er í gildandi lögum, mundi að sjálfsögðu eiga við allt útvarp, hver sem rekur það.

Í 2. gr. er getið um efnisval þeirra héraðsstöðva sem frv. fjallar um. Það er gert ráð fyrir að höfuðefni þeirra verði staðbundnar fréttir og auglýsingar. Leiðir það af því, að þessar útvarpsstofnanir hafa til afnota FM-stöðvar sem ná aðeins yfir tiltekið svæði. Er því hugmyndin að þær verið staðbundnar við einhverja ákveðna landshluta þar sem aðstæður leyfa og til einnar, tveggja eða þriggja samtengdra stöðva gæti heyrst.

Þá kemur fram í 2. gr. að gert er ráð fyrir að þessar stöðvar geti tekið auglýsingar, en erfitt verður að sjálfsögðu að ætla þeim tekjur sem gætu staðið undir gjöldum, og verður þá ekki komist hjá því að þessar stöðvar fengju að taka auglýsingar enda þótt það mundi skapa nokkra samkeppni við Ríkisútvarpið. Yrði þá að athuga í sambandi við fjárhag Ríkisútvarpsins hvernig það dæmi kæmi út.

Það er von mín að staðbundnar stöðvar mundu kalla fram allmikið af staðbundnum auglýsingum sem ekki eru núna fyrir hendi, þannig að ekki yrði um að ræða beinan frádrátt frá þeim auglýsingum sem Ríkisútvarpið hefur, en auglýsingar í hljóðvarpi og sjónvarpi munu nu gefa Ríkisútvarpinu rúmlega helminginn af tekjum þess.

Þá er gert ráð fyrir því í 2. gr., að héraðsútvarp geti verið helgað sérstöku efnisvali, enda brjóti það ekki í bága við útvarpslög. Hugmyndin að baki þessu ákvæði er að hægt væri að setja upp útvarpsstöðvar sem væru t. d. helgaðar því að leika dægurtónlist að langmestu leyti eða helgaðar því að leika klassíska tónlist að mestu leyti. Slíkar stöðvar eru fjölmargar til í öðrum löndum. Enda þótt útvarpslögin eigi að gilda eftir því sem við getur átt mundu slíkar stöðvar ekki vera skyldugar til að hafa efni blandað, eins og segir í 3. gr. útvarpslaga. Ekki er á færi *annarra en stórra og voldugra stofnana, eins og* Ríkisútvarpið er, að flytja svo fjölbreytt efni.

Gert er ráð fyrir að þessar héraðsútvarpsstöðvar muni varla útvarpa eigin efni nema fáa klukkutíma, kannske 2—3 klukkutíma á dag, en þá er ætlunin að þær gætu enduvarpað dagskrá Ríkisútvarpsins ef þeim sýnist svo. Á sama hátt er þarna ákvæði um að Ríkisútvarpið hafi rétt til þess að fá efni frá héraðsútvarpsstöðvum ef það óskar eftir að endurvarpa efni sem frá þeim er komið, en Ríkisútvarpið yrði þá að borga fyrir það svo að höfundar og flytjendur fengju eðlilegar greiðslur.

Gert er ráð fyrir að héraðsútvarpstöðvar geti verið *fleiri en ein á hverju svæði*. Ég er sannfærður um að ef sett yrðu lög eitthvað svipuð því, sem hér er á ferðinni í frumvarpsformi, mundu áður en langur tími líður verða þrjár til fjórar útvarpsstöðvar hér í Reykjavík.

Í 3. gr. kemur fram að við höfum hugsað okkur á þessu stigi og leggjum til í þessu frv. að stjórnir sveitarfélaga verði ákvörðunaraðilar um þær stöðvar sem leyfðar verða innan starfssvæðis þeirra, innan sveitarfélaganna. Með þessu gerum við tilraun til að koma á nokkurri valddreifingu. Með stærri þjóðum eru til einhvers konar ráð eða stjórnir fyrir allt landið sem mundu hafa það verkefni að veita slíkum stöðvum leyfi. En þar sem ekki er um neitt slíkt ráð að ræða, — ég tel varla hægt að fela útvarpsráði, sem er bundið við Ríkisútvarpið, slíkt vald, — höfum við ekki viljað leggja til að sett yrði upp sérstök nefnd eða ráð með þetta verkefni eitt á þessu stigi, heldur höfum ætlað annars vegar héraðsstjórnum, stjórnum sveitarfélaga, að leyfa starfsemi sjálfseignarstofnana, sem vilja reka stöðvar, og þar að auki yrði Landssíminn að veita leyfi fyrir ákveðinni bylgjulengd. Af þessu leiðir að við gerum ráð fyrir að héraðsútvarpsstöðvar verði varla til nema með því að ýmis samtök og ýmsir aðilar í viðkomandi sveitarfélögum sameini krafta sína og það mundi þá gert undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

Gert er ráð fyrir að hver sjálfseignarstofnun til héraðsútvarps hafi héraðsútvarpsráð sem skipað verði sjö mönnum og kjósi stjórn viðkomandi sveitarfélags sex þeirra, en einn þeirra sé kominn frá útvarpsráði.

Það kemur fram á nokkrum stöðum í frv. að reiknað er með vissum tengslum á milli þessara smástöðva og Ríkisútvarpsins, — ekki þannig að Ríkisútvarpið hafi neitt yfir þeim að segja eða geti fyrirskipað þeim neitt, heldur öllu frekar veitt þeim ýmiss konar aðstoð. Hugmyndin er að úr þessu verði eitt samfellt útvarpskerfi í landinu sem lúti vissum grundvallarreglum, en ekki að á þessu sviði verði algjört stjórnleysi þar sem hver og einn, sem hefur til þess fjármagn, geti rokið til og sett upp útvarpsstöðvar.

Í 4. gr. er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir skuli á þriggja ára fresti endurnýja ákvarðanir sínar um héraðsútvarp. Verið getur að ekki hafi tekist nógu vel til og að sveitarstjórn vilji annaðhvort hætta við tilraun eða gera verulegar breytingar, en jafnframt mundi þetta þýða að þeir,

sem eiga sæti í héraðsútvarpsráðum, yrðu kosnir á þriggja ára fresti.

Enn er í 4. gr. það ákvæði, að berist rökstuddar kvartanir um hlutdrægni héraðsútvarps sé menntmrh. falið að veita viðkomandi aðilum áminningu, en berist ítrekaðar kvartanir og rökstuddar um það sex mánuðum síðar, að gróf hlutdrægni haldi áfram, geti ráðh. svipt viðkomandi stofnun útvarpsleyfi. Ég skal viðurkenna að það er ekki með öllu eðlilegt að pólitískur ráðh. hafi þetta vald og eigi að meta hvort hlutdrægnisreglur hafi verið brotnar eða ekki. En hér er sömu sögu að segja: Við höfum ekki viljað setja sérstaka nefnd eða sérstakt ráð sem ætti að fjalla um það að fylgjast með því, hvort um hlutdrægnisbrot héraðsútvarpsstöðva sé að ræða eða ekki, og þess vegna höfum við valið ráðh., þótt æskilegt væri að finna annan aðila, og erum við opnir fyrir tillögum þar að lútandi.

Gert er ráð fyrir að héraðsútvarpsráð ráði framkvæmdastjóra. Ég vil taka fram að það er eðlismunur á héraðsútvarpsráði og á sjálfu útvarpsráði Ríkisútvarpsins, vegna þess að útvarpsráð er að mestu leyti dagskrárnefnd, en héraðsútvarpsráð eiga að vera bæði dagskrárstjórn og almenn stjórn yfir viðkomandi stofnun.

Varðandi tekjur héraðsútvarps eru nefndir til tveir tekjuliðir: Í fyrsta lagi auglýsingatekjur. Í öðru lagi verður til 10% skattur á sökuskattsstofn myndbandstækja, myndbanda, segulbandstækja og segulbanda. Ég geri ráð fyrir að ýmsir hafi rennt hýru auga til hugsanlegrar sérstakrar skattlagningar á þessi tæki, og við höfum þarna gripið gæsina á meðan hún gafst, hvort sem mönnum líkar það verr eða betur.

Það má segja að ekki þurfi lagaákvæði um að héraðsútvarp geti auglýst eftir framlögum. Það getur auglýst eftir eins konar áskrifendum, — mönnum sem af fúsum vilja leggja fram einhverjar smáupphæðir og teljast þar með stuðningsmenn eða áskrifendur. Gætu af því orðið nokkrar tekjur ekki síður en hjá blöðum.

Að lokum er gert ráð fyrir að útvarpsstjóri efni árlega til fundar með formönnum og framkvæmdastjórum héraðsútvarpsstofnana og Ríkisútvarpsins þar sem fjallað skal um sameiginleg hagsmunamál og greitt úr hagsmunalegum árekstrum. Gert er ráð fyrir að Ríkisútvarpið veiti héraðsútvarpi hvers konar aðstoð sem það á kost á.

Ég vil að lokum ítreka að við höfum gert fyrstu tilraun til að setja í frumvarpsform ákvæði um héraðsútvarp. Ég vil ekki nota orðin frjálst útvarp því algjörlega frjálst er það ekki gefið, en það mundi þó veita ærið mikið frjálsræði í samanburði við það sem ríkt hefur. Þar sem þetta er fyrsta tilraun til að semja frv. um þetta efni erum við að sjálfsögðu opnir fyrir hugmyndum, ef þm. eða aðrir hafa betri hugmyndir um einhver einstök atriði en hér hafa verið settar fram.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til hv menntmn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að fagna fram komnu frv. þeirra hv. þm. Benedikt Gröndals og Árna Gunnarssonar. Ég tel að hér sé hreyft máli sem nauðsynlegt sé að tekið verði föstum tökum hér á Alþingi á næstu misserum. Ég vil þó greina frá því, að þetta er ekki í fyrsta skipti að sjálfsögðu sem lagt er til á hv. Alþingi að opna útvarpslögin, annaðhvort með nýjum lagabálki, eins og hér er gert, eða með breytingum á núverandi útvarpslögum.

Það var Guðmundur H. Garðarsson alþm. sem lagði fram á sínum tíma, fyrir nokkrum árum, ítarlegt frv. til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið, þar sem gert var ráð fyrir að einokunarréttur útvarpsins yrðu aflagður og einstaklingar, sveitarfélög og stofnanir fengju tækifæri til þess, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum um tæknikunnáttu og dagskrárkunnáttu, að reka útvarpsstöðvar hér á landi. Því miður urðu undirtektir hér á þinginu litlar og eins þegar sami maður, Guðmundur H. Garðarsson, endurflutti frv. nokkru síðar, þá sem varamaður hér á Alþingi. Komst málið þá ekki til nefndar og varð því ekki útrætt. Ég vil enn fremur minna á að Ellert B. Schram flutti till. á sínum tíma um staðbundnar útvarpsstöðvar.

Ég lít á það frv., sem hér er til umr., sem framhald af þeirri umræðu sem hefur orðið á undanförnum árum um frjálsara útvarp sem við Íslendingar megum við una með þeirri útvarpslöggjöf sem hér er farið eftir.

Á undanförnum árum hafa verið háværar kröfur um endurbætur, eins og réttilega kom fram í máli hv. 1. flm. Öllum er kunnugt um að hér er starfandi öflugur félagsskapur sem hefur það á stefnuskrá sinni að kynna hugmyndir og afla upplýsinga um frjálsara útvarp, en Ísland er eitt þeirra fáu ríkja þar sem ríkið hefur einokun og aðeins er um eina útvarpsstöð að ræða.

Þá vil ég minna á að nýlega skipaði hæstv. menntmrh. nefnd til að yfirfara útvarpslöggjöfina. Í þeirri nefnd á hv. 1. flm. sæti ásamt Ellert B. Schram, Markúsi Á. Einarssyni og fleiri ágætum mönnum sem hafa látið sig varða útvarpsmálefni.

Hv. flm. er einn af aðalhöfundum útvarpslöggjafarinnar, og ég býst við að flutningur þessa þingmáls hér á þinginu sé fyrst og fremst gerður í því skyni að kynna þessa hugmynd, fá um þetta umr. á þinginu á þessu stigi og fá þingnefnd virka í þessum störfum þannig að sú nefnd, sem starfar að endurskoðun útvarpslöggjafarinnar, fái til aðstoðar þingmenn sem hafa skoðun á þessu máli. Ég tel þetta vera eðlilega leið hjá hv. flm. og fagna því, að hann gefur okkur tækifæri til að fjalla um hugmyndir sínar um það efni sem þetta sérstaka frv. greinir frá.

Ég ætla ekki að ræða hér um einstakar greinar í þessu frv. Sjálfur hefði ég kosið að hér væri gengið lengra. Það er þó ein grein sem ég tel vera varhugaverða. Það var sú grein sem hv. 1. flm. ræddi sérstaklega um og varðar fjáröflunina. Ég er því meðmæltur að auglýsingatekjur gangi til slíkra útvarpsstöðva, og ég er að öðru jöfnu samþykkur þeim hugmyndum sem koma fram í frv., en vil vara við því að 10% séu lögð á söluskattsstofn myndbandstækja, alla vega á meðan þau mál eru enn óútkljáð. Eins og allir vita hefur nefnd verið skipuð til að ráða fram úr þeim málum, en hér á landi eru tugþúsundir manna sem geta horft á myndbandaefni án þess að það gerist með atbeina sjónvarpsins sjálfs.

Ástæðan fyrir því, að ég kom hér upp sérstaklega, en ég hef áður talað í málum, sem snerta útvarpið, hér á hv. Alþingi er sú, að á s. l. ári, í febr. 1980, skilaði nefnd á vegum norska Hægri flokksins tillögum sem ég veit að hv. flm. kannast við, og sú nefnd starfaði undir forustu Lars Roars Langsets, sem er nú menntmrh. Noregs. Það er ákaflega áhyglisvert að lesa þessa skýrslu með tilliti til þess hver framvinda mála getur orðið í Noregi á næstunni, þegar minnihlutastjórn norska Hægri flokksins hefur náð þar völdum. Í þessari skýrslu, sem er

ákaflega vel unnin, kemur fram það sjónarmið Hægri flokksins í Noregi, að þeir vilja opna útvarpsreksturinn meira en þar hefur verið gert, en útvarp var í höndum einkaaðila í upphafi í Noregi, eins og reyndar hér á landi, þ. e. á árunum 1925—1933. Þá hóf ríkið afskipti af útvarpsrekstri og reyndar meira en það: Það náði einokunartökum á útvarpsrekstri. Það var auðvitað á forsendum sem eðlilegar voru á þeim tíma, að aðeins ríkið hefði fjármagn til útvarpsrekstrar og ekki væri nóg af útvarpsbylgjum. En það eru einmitt þau rök sem nú leiða til þess, að opna má útvarpsreksturinn, eins og hv. flm. lýsti greinilega í framsöguræðu. Tæknin er auðvitað önnur nú og nú er nóg af útvarpsbylgjum með tilkomu FM-útvarpsins. Það var þess vegna bein tillaga þeirrar nefndar, sem var fyrir Hægri flokkinn í Noregi, að nú skyldi aflétta einokun norska útvarpsins, NKR, og rekstur rásar nr. 2 í sjónvarpinu skyldi falin samtökum óháðum ríkinu. Þá er lagt til að þeir, sem óski þess að fá að útvarpa með vissum tæknilegum og dagskrárlegum skilyrðum um staðbundnar stöðvar, fái leyfi til þess, og á ýmsan hátt er þar gengið í svipaða átt og gert er í því frv. sem hér liggur fyrir. Í skýrslu norska Hægri flokksins er síðan rakið mjög nákvæmlega hver séu helstu rök með og gegn afnámi einokunar ríkisútvarpsins. Ég bendi á þessa skýrslu sem handhægt gagn fyrir þá nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. Loks er í skýrslunni sagt frá hvernig þessum málum er varið hjá fjölda þjóða: í Svíþjóð, Hollandi, Bretlandi, Finnlandi, Danmörku, Frakklandi, Bandaríkjunum, Vestur-Þýskalandi, Sviss Austurríki, Ítalíu, Belgíu og Kanada, eða hjá flestum vestrænum menningarþjóðum. Þar kemur í ljós nánast undantekningarlaust að útvarpsrekstur er mun frjálsari en hér á landi, að vísu misjafnlega frjáls, ef nota má það lýsingarorð í þessu sambandi. En það er alveg ljóst að einokun Ríkisútvarpsins á útsendingum og dagskrárgerð eins og hér tíðkast er gersamlega úrelt fyrirbrigði.

Ég þarf ekki á þessu stigi málsins að hafa þessi orð fleiri. Ég get komið viðkomandi gögnum, sem ég hef sagt hér frá, til þeirrar hv. nefndar sem fær þetta mál til meðferðar. Ég lít svo á að sú nefnd eigi að vinna sitt starf á grundvelli þess frv. sem hér hefur verið lagt fram sérstaklega, jafnvel þótt starfandi sé útvarpsnefnd, þ. e. nefnd til að gera tillögur um endurbætur á útvarpslögunum. En auðvitað hljóta þau atriði, sem eru nefnd í þessu frv., að fara til þeirrar nefndar sem menntmrh. hefur sett á laggirnar.

Enn fremur vil ég mælast til þess, að sá félagsskapur, sem kenndur er við frjálsan útvarpsrekstur, fái tækifæri til að koma á fund nefndarinnar og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum, því að þar hefur verið unnið ágætt starf og hingað hafa verið fengnir erlendir menn sem eru gerkunnugir útvarpsrekstri hjá óháðum útvarpsstöðum erlendis, þ. á m. IBA í Bretlandi.

Herra forseti. Ég fagna því að nú hafa fulltrúar í Alþfl. tekið undir þá kröfu að opna möguleika til útvarpsrekstrar í höndum annarra aðila en ríkisins. Ég er sannfærður um að fjölmargir alþm. taka undir þessi sjónarmið. Ég minni á að Sjálfstfl. lýsti því yfir á síðasta landsfundi, að hann væri því samþykkur að gefa útvarpsrekstur mun frjálsari en nú er. Ég vænti þess, að hér höfum við fengið samfylgdarmenn í þessum efnum. Ég hlakka jafnframt til þess að heyra fulltrúa annarra flokka koma hér upp og lýsa svipuðum viðhorfum. Ekki á ég von á öðru en Framsfl., eins frjálslyndur og hann er og frjálslynda fulltrúa hann hefur hér á þingi, komi hér og hans fulltrúar og lýsi yfir stuðningi við þetta mál og vilji jafnvel ganga enn lengra.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil, eins og næsti hv. ræðumaður á undan mér, fagna því að þetta frv. skuli hafa verið lagt hér fram. Ég tel að sérhvert spor eins og það sem hér er lagt til að stigið verði, sem verður til þess að afnema einokun Ríkisútvarpsins eins og hún hefur verið síðan 1930, sé spor í rétta átt. Auðvitað var ofurskiljanlegt með hverjum hætti útvarpið var sett hér upp 1930 og fram eftir árum. Hins vegar hafa á síðustu árum gerbreyst aðstæður og m. a. í þá veru að útvarp er orðið langsamlega ódýrasta fjölmiðlunarleiðin. Þegar þess eins er gætt, að hlutföll í þessum efnum hafa snúist við á ekki löngum tíma, hljóta líka að gerbreytast öll sjónarmið.

Hins vegar vil ég segja það, eins og raunar næsti ræðumaður á undan mér, að ég tel að það frv., sem hv. þm. Benedikt Gröndal hefur hér mælt fyrir, gangi í ýmsum efnum ekki nógu langt. Hins vegar má vera að frv., sem svona er útbúið, eigi möguleika hér á hinu háa Alþingi. En mér þykja ekki vera í þessu miðstýringarþankar, sem ég tel að séu óþarfir, og að skynsamlegra væri, ef mögulegt væri af pólitískum ástæðum, að fara hreinlega þá leið að stofnun í miðjunni, Ríkisútvarpið eða önnur stofnun, dreifði leyfum til útsendingar á FM-bylgjum til sveitarstjórna, en þær hefðu það síðan alfarið í höndum sér, hverjum þær framseldu valdið, hvort það væri til félaga, einstaklinga eða með hverjum hætti það væri gert, og gengi þetta þann veg fyrir sig að borgarstjórnin í Reykjavík fengi ákveðið mörg leyfi, bæjarstjórnin á Ísafirði ákveðið mörg leyfi o. s. frv. og bæjarstjórnirnar eða borgarstjórnin hefðu það alfarið á sinni hendi hvernig þessi mál skipuðust áfram. Ég er ekki heldur viss um að það sé heppilegt, eins og t. a. m. segir í 2. gr. frv., að héraðsútvarp eigi að einbeita sér að efninu sem framleitt er í viðkomandi héraði eða snertir það sérstaklega. Ég efast um að eftir slíkum skilyrðum yrði nokkurn tíma farið. Því má ekki útvarp í héruðum, í Breiðholti eða hvar sem er vera með annað efni en það sem er staðbundið? Það er einnig talað um staðbundnar fréttir og auglýsingar. Því má ekki Útvarp Ísafjörður segja fréttir frá Póllandi að vild ef á Ísafirði er áhugi á slíku? Eins segir hér að ekki megi flytja það efni á sama tíma og fréttir eða auglýsingar eru fluttar í Ríkisútvarpinu. Það eru miðstýringarþankar af þessu tagi sem ég tel vera bæði óþarfa og ástæðulausa. En ég legg ástæðu á að kannske eru þau tilteknu sjónarmið, sem ráða, viðkvæmnin fyrir hinu eiginlega Ríkisútvarpi, hún sé enn svo mikil að svona frv. eigi ekki möguleika öðruvísi en vera svona úr garði gert.

Stundum hefur gætt í umræðum um að veita meira frelsi í útvarpsrekstri tiltekinnar viðkvæmni hjá þeim sem starfa við Ríkisútvarpið, hið eiginlega Ríkisútvarp. Slíka viðkvæmni tel ég vera algerlega ástæðulausa. Vitaskuld mun Ríkisútvarpið eftir sem áður vera langsamlega sterkast, ekki bara sem útvarp, heldur sterkasti fjölmiðillinn í landinu. Það ræður fyrir mestum tekjum, það hefur lengsta dagskrá og auðvitað eru ár og dagar þangað til nokkurt svæðabundið útvarp kemur til með að geta ógnað stofnun sem á sér svo langa sögu og á svo mikið undir sér sem Ríkisútvarpið. Engu að síður er meginhugsunin í þessu frv. að veita leyfi til bundinna

svæða til útvarpsrekstrar. Vil ég mjög taka undir það með flm., að það sé hin skynsamlega leið að fara almennt. En sjálfur kysi ég að þær breytingar yrðu gerðar á þessu frv., að mörg þau skilyrði, sem hér eru sett, yrðu numin burt. Ég er ekki viss um, eins og segir í 3. gr., að það eigi að vera lögbundið að setja upp sérstakt héraðsútvarpsráð. Mér finnst satt að segja reynsla af útvarpsráðinu nú allra síðustu árin ekki vera á þann veg að það sé alls kostar til eftirbreytni. M. ö. o.: atriði eins og þetta ættu sveitarstjórnir að hafa með höndum eða sá aðili sem sveitarstjórnirnar framvísa útvarpsleyfinu til til einhvers ákveðins tíma, t. d. tveggja ára eða svo.

Flm. gat einnig um það í framsöguræðu sinni, að það orkaði tvímælis að menntmrh. ætti að hafa afskipti af slíku útvarpi. Undir það vil ég mjög taka. Það orkar mjög tvímælis.

Herra forseti. Kjarni málsins í þessu frv. er valddreifing útvarps og leyfi til útvarpsrekstrar. Það er auðvitað aðalatriði málsins. Næði frv. fram að ganga í þessari mynd, að ég ekki tali um að eitthvað af þeim takmörkunum og eitthvað af þeim miðstýringarþönkum, sem enn skarta í þessu frv., yrði tekið burtu, þá yrði það auðvitað meiri háttar framför, að ég ekki segi bylting í íslenskri fjölmiðlun. Það kann að vera að hinn stóri kostur við þetta frv., að það sé með þeim hætti úr garði gert, að meiri hl. Alþingis geti sætt sig við það í þessari gerð eða eitthvað þvílíkri gerð. Þá yrði auðvitað mikill sigur unninn. Framkoma þessa frv. er mikið fagnaðarefni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hv. þm. Benedikt Gröndal flytur hér frv. um héraðsútvarp. Hv. þm. Friðrik Sophusson benti réttilega á að það væri ekki nýtt að flytja frumvörp um útvarpsstöðvar sem störfuðu í samkeppni við Ríkisútvarpið. En það verð ég að segja, að mér sýnist að þetta sé miklu betra frv. en þeir fyrirrennarar þess sem hv. þm. Friðrik Sophusson var að vitna til. Ég tel að það sé ástæða til að athuga þetta frv. mjög gaumgæfilega og það fái vandlega skoðun í nefnd.

Menn hafa hér verið að tala um einokun ríkisins á útvarpsrekstri og talið hana sumir hverjir af hinu illa. Mér leiðist þessi rógur og last um útvarp og sjónvarp. Ég held að þarna sé yfirleitt dugandi fólk að störfum og leggi mikið af mörkum til dagskrárgerðar og fréttaöflunar. Bæri fremur að þakka þessu fólki fyrir vel unnin störf við oft og tíðum erfiðar aðstæður en að vera sí og æ að tala niðrandi um verk þess. Jafnframt vil ég ekki heyra neitt ljótt um útvarpsráð því að ég held að það sé skynsamlegt fyrirkomulag að hafa viðlíka stjórn á þessari stofnun.

Það má alltaf velta vöngum yfir því, hvort fjölmiðill eins og Ríkisútvarpið — sjónvarpið veiti fullnægjandi þjónustu. Ég vil meina að það, sem einum getur þótt fullnægjandi þjónusta, t. d. mér, kann að vera ófullnægjandi fyrir einhverja aðra. En ég vil meina að þessir fjölmiðlar veiti furðugóða þjónustu og alls ekki úrelta þjónustu, eins og var verið að tala um hér í umr. Auðvitað sníður þröngur fjárhagur stakkinn, og auðvitað hefði þetta fólk löngun til að gera enn betur ef því væri fjárhagslega gert það kleift. En svo verður að búa sem á bæ er títt, og það er margt sem þarf að gera í þessu þjóðfélagi.

Það þarf náttúrlega að gá að peningamálum svona stofnunar eins og annars staðar. Auglýsingamarkaður okkar er ekki stór og e. t. v. er hann ekki til skipta.

Ég vil ekki fara að stofna til héraðaútvarpa ef þau yrðu með einhverjum hætti til að draga úr starfsemi Ríkisútvarpsins, með einhverjum hætti til að rýra tekjur þess eða gera því örðugra fyrir. Ég er sammála því, að héraðsútvarp þurfi auðvitað að hafa auglýsingatekjur. Það kann að vera að menn komist að sömu niðurstöðu og flm., að markaðurinn sé stærri, staðbundinn markaður mundi koma þarna til greina í héraðaútvarpi svo ekki drægi frá Ríkisútvarpinu. Þá er þetta í lagi. Ég er jafnframt ekkert mótfallinn þeirri hugmynd að leggja skatt á sölu myndbandatækja, myndbanda, segulbandstækja og segulbanda, eins og segir í 6. gr. Ég held að uppbygging þess myndbandafargans, sem tröllríður nú þjóðinni, sanni að fólk virðist ekki horfa í eyrinn í þessu tilfelli. Þarna er alveg vafalaust upplagður skattstofn, annaðhvort til héraðsútvarps eða einhverra annarra hluta, því að útþensla þess arna hefði náttúrlega ekki orðið með þeim hætti sem raun hefur orðið á á þessu ári ef þetta væri ekki óeðlilega ódýrt. Mér sýnist, án þess að ég vilji ræða þetta myndbandamál frekar á þessu stigi, að þar þurfi nú að taka til hendinni.

Ég gæti fallist á að okkur vantaði ýmislegt fleira og ýmislegt fremur en útvarpsstöðvar, og sjálfsagt væri hægt að telja upp margt af því taginu. En þetta frv. er betra að mínum dómi en hliðstæð frumvörp, sem ég hef áður séð, og menningarlegra að allri gerð, enda við því að búast þar sem 1. flm. er hv. þm. Benedikt Gröndal sem gerþekkir málefni útvarpsins og ber til þeirrar stofnunar góðvilja, en ekki óvild, eins og mér virðist því miður kenna iðulega í ræðum einstaka þm. Þess vegna held ég að þetta frv. sé allrar athygli vert og sé sjálfsagt að skoða það vandlega.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 18). — Frh. 1. umr.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Það frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeildur, sem hér er til umr., er að mínum dómi mjög varhugavert vegna þess að það gerir ráð fyrir að löggjafinn hlutist til um innri skipulagsmál verkalýðssamtakanna án þess að fyrir liggi nokkur ósk um það frá félagsmönnum verkalýðshreyfingarinnar, auk þess sem vitað er að þessi íhlutun Alþingis er andstæð vilja allra þeirra samtaka verkalýðshreyfingarinnar sem um málið hafa fjallað.

Nú veit ég að flm., hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, gengur gott eitt til með þessu frv. sínu. En ég held að Alþingi ætti að hugsa sig um tvisvar áður en það fer á þennan hátt að neyða löggjöf upp á félagshreyfingar á landinu.

Hv. þm. Karvel Pálmason, sem talaði í málinu á mánudaginn var, í mörgum tilvikum af meiri hógværð og yfirvegun en hans er vani, komst einnig að þessari niðurstöðu. Hv. þm. Karvel Pálmason taldi að vísu gott að vekja upp umr. á Alþingi um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar, en taldi jafnframt að hv. þm. Vilmundur Gylfason og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefðu

talað með þeim hætti um málið að það stórspillti fyrir þeirri hugsun sem í frv. felst. Taldi Karvel að ef flm. hefði starfað í verkalýðshreyfingunni, þótt ekki væri nema skamma hríð, hefði hann vitkast og aldrei flutt frv. af þessu tagi.

Í þessum orðum hv. þm. Karvels Pálmasonar felst auðvitað sú viðurkenning á hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að hann átti sig um síðir á eðli og störfum þeirra félagshreyfinga, sem hann starfar í, ef hann kynnist þeim innan frá. Það má því ætla að hv. þm. Karvel Pálmason taki á ýmsan hátt undir lýsingar hv. þm. Vilmundar Gylfasonar á forustu Alþfl. og lýðræðinu innan hans og starfinu á þeim bæ. Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur síðustu mánuðina verið önnum kafinn við að mata landsmenn á ástandinu í Alþfl.

Það virðist þó sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hafi þurft lengri tíma en landsmenn almennt til að átta sig á hæfni formanns Alþfl. og þm. hans til að stjórna landinu, því að hv. þm. Vilmundur Gylfason bað til guðs í sumar að aldrei kæmi formaður Alþfl. eða aðrir leiðtogar flokksins nálægt landsstjórninni. Ég tel líka að mikill léttir hafi orðið meðal flestra landsmanna þegar kratarnir hypjuðu sig úr ríkisstj. á sínum tíma. En þessar lýsingar á lýðræðinu í Alþfl. eru lærdómsríkar og einnig hvernig tekið er undir það með hvaða hætti núv. formaður Alþfl. bolaði þeim fráfarandi í burtu undir yfirskini vináttunnar.

Í grein, sem hv. flm., Vilmundur Gylfason, skrifar í Morgunblaðið laugardaginn 17. okt. s. l., þar sem fjallað er um frv. sem nú er til umr., er heldur ófögur lýsing á starfsháttum þingflokks Alþfl., en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hygg hins vegar að það sé einsdæmi í „lýðræðislegum" stjórnmálaflokki, að formaður flokksins hafi ekki annað merkilegra við tíma sinn að gera en að svæla þingmenn í flokki sínum út af frv., sem einn af þm. flokksins flytur, og er raunar orðið ársgamalt. — Þessir forustumenn virðast ekki hafa þrek til neins, nema ef vera skyldi að berjast við sína eigin menn." (**Gripið fram í:** Stendur þetta virkilega þarna?) Það gerir það, já. Og svo heldur áfram:

„En af hverju gerist þetta? Af hverju eru þessir menn að gera Alþfl. að farsa? Af hverju?"

Og síðar í þessari sömu grein segir: „Allt á sér þetta sömu rætur. *Fámennur hópur flokkseigenda hefur aldrei* þolað þau öfl í flokknum, sem hafa efni á því á að sækja kjörfylgi, hugmyndir og annað það, sem til þarf í pólitík, eitthvað annað. Kjartan Jóhannsson hefur, kannske óvart, gengið erinda þessa fólks. Flokkur, sem verið hafði steindauður frá því á flokksþingi s. l. haust, vaknaði skyndilega til lífsins til þess að reyna að rústa einn af þm. sínum. Þá, allt í einu, tók líkið kipp. En af hverju? Vegna þess að það var búin að grafa um sig árum saman spenna á milli fólksins, sem fannst flokknum hafa verið stolið frá sér, og hinna, sem áttu að hafa stolið honum. Þeirra erinda gekk Kjartan Jóhannsson í sumar, þegar hann hóf sína umdeilanlegu auglýsingaherferð, og þeirra erinda hringir hann í þm. Alþfl. og svælir hann út af frv., sem hann hefur ætlað að gerast flm. að. Forusta Alþfl. er í heilögu stríði inn á við. Hana varðar ekkert um aðra þætti þjóðmála.

Mín niðurstaða er einfaldlega þessi: Forusta flokks, sem lítur einfaldlega á sig sem forustu nokkurra flokkseigenda, sem vaknar þá fyrst til lífsins, þegar barið skal niður innan flokks, en sefur þess á milli rótt, er auðvitað engin forusta. Menn geta kallað þetta persónulegar árásir ef þeir vilja. En þetta eru ekki persónulegar árásir. Þetta er kalt pólitískt mat. Þessir menn eru að reyna að breyta Alþfl. í pólitíska sjálfsmorðssveit."

Það væri fróðlegt að fá að heyra hér frá formanni þingflokks Alþfl. hvaða manni í þingflokknum var bannað að vera meðflm. að þessu frv.

Ég tel sem sagt og segi: Væri nú ekki nær fyrir hv. þm. Vilmund Gylfason að láta verkalýðshreyfinguna um sín innri skipulagsmál í friði, en flytja þess í stað á Alþingi lög um lýðræðið í Alþfl. og innra skipulag hans, sem er samkv. lýsingum flm. allt í hinu mesta skralli, því að hv. flm. þessa frv. er þó alltént félagsmaður Alþfl. og á sæti í þingflokki hans. Kannske yrði einhver von til þess með löggjöf frá Alþingi að Alþfl. yrði einhvern tíma starfshæfur og foringjum hans einhvern tíma treystandi fyrir landsstjórninni.

En miðað við lýsingu á lýðræðinu og ástandinu í Alþfl. frá eigin forustumönnum hans hafa síðustu vikurnar — og það er ómaklegt — dunið á forustumönnum verkalýðsfélaganna ásakanir þar sem þeim er beinlínis borið á brýn að svíkja hagsmuni félagsmanna sinna í eiginhagsmunaskyni. Í ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar í þessum stól á mánudaginn var kom fram sú skoðun, að það sé skylda Alþingis að skipta sér af innri málum verkalýðshreyfingarinnar, svo sem hvort í hreyfingunni skuli viðhafa hlutfallskosningar eða ekki, vegna grunsemda um, „að verkalýðsforustan gangi ekki erinda umbjóðenda sinna af hagsmunaástæðum", og það sé einmitt af þessu að nauðsynlegt sé að flytja þetta frv.

En er þetta ekki fullmikið sagt? Ég segi, að margt hefur verið fullyrt um forustumenn verkalýðsfélaganna á liðnum árum, meira að segja að þeir fari í verkföll ánægjunnar einnar vegna. Ekki þekki ég þá foringja. Ég hef *haft af því náin kynni í rösk 15 ár, að foringjar Alþýðu*sambandsins og verkalýðsfélaganna beita ekki verkfallsvopninu nema í brýnustu þörf. (**HBl:** En útflutningsbanninu?) Það er meiri ábyrgðarhluti en svo að stöðva atvinnulífið og leggja niður vinnu að menn leiki sér að því. Hitt er aftur á móti til skoðunar, að ýmsir hópar hálaunamanna hafa á síðustu misserum notað heldur ógeðfelldar aðferðir til að knýja fram kjarabætur í krafti sérstöðu sinnar, og nægir í því sambandi að minna á læknadeiluna nú í vor. Engum verkalýðsforingja dytti í hug að haga sér með þeim hætti og aðgerðir læknanna gætu því miður orðið til að vanhelga verkfallsréttinn fyrir almennu verkafólki.

Það er mjög gróf ásökun, svo að ekki sé meira sagt, að menn á borð við Eðvarð Sigurðsson og Magnús L. Sveinsson, en þeir eru formenn í Verkamannafélaginu Dagsbrún og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, þeim verkalýðsfélögum sem hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur helst gagnrýnt fyrir lýðræðisskort, gangi ekki erinda umbjóðenda sinna til þess að halda góðum launum og glæstum skrifstofnum. Ég held að það verði ekki heldur sagt um Þórunni Valdimarsdóttur, formann Verkakvennafélagsins Framsóknar. En það er ákaflega athyglisvert, að gagnrýni Alþfl.- foringjanna og málgagna þeirra undanfarið hefur aldrei beinst að verkalýðsfélögum þar sem kratarnir sjálfir hafa forustuna. Hv. þm. Pétur Sigurðsson gaf í skyn hér í umr. á mánudaginn að auðvitað meinti hv. flm., Vilmundur Gylfason, forustusveit kratanna í verkalýðshreyfingunni þegar hann væri

að tala um forustumenn VR, en ekki veit ég hvort það er rétt.

Á mánudaginn tók þó alveg steininn úr þegar formaður þingflokks Alþfl., hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, flutti ræðu sína. Hann ræddi nánast ekkert um það frv. sem hér liggur fyrir, enda kom ekki fram í ræðu þm. hvort hann er meðmæltur því eða ekki. Sennilega hefur hann í ræðu sinni verið að reyna að spilla fyrir frv., ég býst frekar við því, enda tekið þátt í því að banna þm. Alþfl. að flytja það. En hann fjallaði síðan um stöðu Alþýðusambandsins og verkalýðshreyfingarinnar af furðulegri vanþekkingu. Hann sagði m. a. í ræðu sinni, að svo virtist sem Alþýðusamband Íslands væri að stefna í algera upplausn. Þetta finnst mér ákaflega skrýtin fullyrðing hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Ég hef fylgst nokkuð náið með Alþýðusambandi Íslands á undanförnum árum. Ég tók sæti í miðstjórn þess árið 1966 og sat þar í 10 ár og ég get alveg fullyrt að á þessum tíma hefur Alþýðusamband Íslands verið að styrkja sig stórlega sem þjónustustofnun verkalýðshreyfingarinnar í landinu og þar ber mjög margt til.

Ég vil þá í fyrsta lagi nefna alveg sérstaklega að það hefur komið sér upp hagdeild sem er ákaflega þýðingarmikil stofnun fyrir verkalýðsfélögin og verkalýðshreyfinguna alla. Það hefur á þessum tíma sett á fót Menningar- og fræðslusamband alþýðu sem er mjög merkileg stofnun og hefur rutt brautina fyrir mjög merkilegu starfi innan verkalýðssamtakanna. Það hefur sett á fót félagsmálaskóla sem hv. þm. Karl Steinar Guðnason hefur um lengri tíma veitt forstöðu og einmitt þessa dagana að halda námskeið vestur á fjörðum, vestur í Vatnsfirði. Og það hefur einmitt á undanförnum árum leitast við að auka mjög útbreiðslu og fræðslu meðal allra félagsmanna verkalýðshreyfingarinnar. Núverandi forseti Alþýðusambandsins hefur verið mjög ötull í erindrekstri fyrir Alþýðusambandið. Þannig er auðvitað fjarstæða að fara að halda því hér fram, að Alþýðusamband Íslands sé núna í einhverri upplausn og það hafi gerst á nokkrum undanförnum árum. Þessu er algerlega öfugt farið. Alþýðusamband Íslands — ég fullyrði það — hefur ekki í mjög langan tíma, a. m. k. ekki meðan ég hef þekkt til, gegnt stöðu sinni sem þjónustustofnun verkalýðsfélaganna eins vel og það gerir núna. Á þessum tíma hafa landssamböndin einnig verið að styrkja sig ákaflega mikið í sessi og þau eru félögum sínum ákaflega mikill stuðningur, bæði í kjarabaráttu og öðrum hagsmunamálum.

Það var fjölmargt annað, sem kom fram í málflutningi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem sýnir að hann er ekki vel að sér um þróun verkalýðssamtakanna. Hann sagði t. a. m. að flestöll sambönd faglærðs fólks innan ASÍ hefðu nú tekið þá ákvörðun að vera ekki með í þeim kjarasamningum sem nú fara í hönd. Hvaðan hefur þm. þetta, með leyfi? Hvar liggur sú niðurstaða fyrir? Hann nefndi að vísu til Rafiðnaðarsamband Íslands, en það er ekkert nýtt. Rafiðnaðarsamband Íslands hefur ekki á undanförnum árum verið með í samfloti Alþýðusambandsins, þannig að það er ekkert nýtt. Ég sé ekki betur en að á fundi þeim, sem Alþýðusambandið gekkst fyrir í gær, þeim 73 manna nefndarfundi sem er einmitt að gera kjarakröfur fyrir Alþýðusambandið, hafi komið fram sú skoðun, að menn ættu einmitt að standa saman í þessum samningum um nokkur grundvallarmál.

Það hefur aldrei verið neitt sérstakt kappsmál Alþýðusambandsins að það eitt ætti að fara með samningamálin. Við skulum átta okkur á því, að Alþýðusambandið hjá okkur er þannig uppbyggt að það hefur ekki mjög sterkt miðstjórnarvald, öfugt við t. d. alþýðusambönd í nálægum löndum. Hér eru það hin einstöku verkalýðsfélög sem fara með samningsréttinn. Það eru þau ein sem geta gert samkomulag og þau geta hvenær sem þeim sýnist farið algerlega með samninga á eigin vegum.

Það hefur verið sjónarmið forustumanna Alþýðusambandsins, að það ætti að beita þeim aðferðum í kjarasamningum sem best dygðu hverju sinni. Niðurstaðan hefur orðið sú, að til stóru samflotanna hefur verið stofnað, m. a. til þess að styrkja hin smærri og veikari verkalýðsfélög vítt og breitt um landið. Það hefur nefnilega komið í ljós að hin litlu verkalýðsfélög úti um landið eiga mörg hver mjög erfitt með að annast þessa samningagerð ein og sér. Ég er mjög hræddur um það, alveg eins og kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni í hans ágætu ræðu á mánudaginn, að ef við færum með valdboði að skipta upp smærri félögum úti á landi mundu þau eiga enn þá erfiðara með að rækja þetta hlutverk sitt.

Samflot er ekkert kappsmál Alþýðusambands Íslands, en það hefur sýnt sig að þegar stóru samflotin hafa tekist hvað best hefur góður árangur náðst. Mér er vel kunnugt um að enginn var eins ákafur talsmaður stóru samflotanna og Björn Jónsson þegar hann var forseti Alþýðusambands Íslands, vegna þess m. a. að hann gerði sér ljóst að ef verkalýðshreyfingin stæði saman á þennan hátt, eins og gerist í stóru samflotunum, að Alþýðusambandið fer með meginkröfur, sérsamböndin semja um sérkröfur, væri mun auðveldara að ná árangri á hinu félagslega sviði.

Í stóru samflotunum hafa einmitt stórir sigrar verið unnir á hinu félagslega sviði. Ég nefni t. d. þegar samið var um lífeyrissjóðina 1970. Það var ákaflega merkilegt. Í slíku samfloti var síðast samið hér um fæðingarorlof í sérstökum félagsmálapakka. Hinir almennu lífeyrissjóðir hafa reynst þeim stoð og stytta og sem betur fer hefur nú tekist að tryggja — við skulum segja: verkamönnum, sem hafa 20 ára rétt í lífeyrissjóði eða 20 ára starfsreynslu, búnir að vera í lífeyrissjóði í 10 ár, — það er búið að tryggja þeim í ellinni hærri tekjur en þeir hafa fyrir dagvinnu í verkamannavinnu. Þetta er ákaflega mikilvægt félagslegt atriði.

Sighvatur Björgvinsson ræddi mjög oft í sinni ræðu um að það væru þessi stóru samflot sem hefðu átt stærstan þátt í því að kaupmáttur tímakaups vekafólks væri nú með þeim hætti sem við búum við í dag. Ég verð að segja að það er ákaflega hæpið af mönnum eins og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að fara að kenna samflotum eða forustumönnum verkalýðshreyfingar um það að kaupmáttur tímakaups verkafólks er ekki meiri en hann nú er, því að einmitt þessi þm. hefur hvað eftir annað lagt til að kaup verkafólks í landinu lækki. Hann var einn ákafasti talsmaður Ólafslaganna sem gerðu það að verkum að vísitala var með þeim hætti að kaupmáttur verkafólks fór dvínandi, og hann vildi fara út úr vinstri stjórninni haustið 1978, þegar Alþb. neitaði að standa að frekari kauplækkunum, eins og Alþfl. gerði þá kröfur um. Margt fleira kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem sýndi að hann er ekki vel að sér um þróun verkalýðssamtakanna.

Það er mjög athyglisvert, að þeir kratar skuli aldrei

ræða um skipulagsmál atvinnurekendasamtakanna og enginn í Alþfl. virðist hafa áhyggjur af því, hvernig ákvarðanir eru teknar þar á bæ, og ekki eru flutt um það frumvörp hér á Alþingi. Við vitum vel að Vinnuveitendasamband Íslands er nú ekki að hugsa mjög um að Vinnuveitendasamband Íslands er nú ekki að hugsa mjög um að lýðræðið sé í hávegum haft þegar þar er verið að taka ákvarðanir. Það hefur einmitt hvað eftir annað bannað sínum félagsmönnum að semja sérstaklega. Væri nú ekki réttara að flytja hér á Alþingi frv. um að snúa sér frekar að þeim aðilum en verkalýðshreyfingunni?

Hvernig hafa svo t. d. Alþfl.- menn brugðist við þegar einstakir atvinnurekendur hafa reynt að brjótast undan valdi heildarsamtakanna? Hvað gerðist t. d. 1961 þegar Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Eyfirðinga sömdu við verkalýðshreyfinguna? Þá kom viðreisnarstjórnin til með alveg sérstakar hefndaraðgerðir á þá atvinnurekendur sem leyfðu sér að brjótast út úr samfloti atvinnurekenda og gera góða samninga við verkafólkið. (**HBl:** Var það núv. forsrh. sem gerði það?) Ég var að tala um að það hefði verið viðreisnarstjórnin og þar sátu kratarnir. (**Gripið fram í:** Einir?) Nei, það voru ýmsir fleiri þar á bæ, m. a. menn sem telja sig nú til leiftursóknarafla íhaldsins. (**Gripið fram í:** Í hvaða flokki varst þú árið 1961?) Ég var ekki genginn í neinn stjórnmálaflokk, *Sighvatur Björgvinsson, árið 1961.*

En við skulum líka átta okkur á því, hvernig atkvæðisrétturinn er í atvinnurekendasamtökunum. Þar er það fjármagnið í hlutafélögunum sem fer með atkvæðisréttinn. En atkv. eru þar líka greidd eftir því hvað menn framleiða mikið af fiski. Það er þessi þorskhausaréttur atvinnurekendanna sem við ættum frekar að beina spjótum okkar að en vera að blása upp að það sé skortur á lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar.

Ég vil sömuleiðis benda hér á það, að atvinnurekendasamtökin hafa í sinni þjónustu mjög harðar áróðursstofnanir sem hafa nær ekkert annað hlutverk en það eitt að reka áróður fyrir sínar greinar, en gegna ekki neinu öðru hlutverki, og þessar áróðursstofnanir atvinnurekenda eru í mörgum tilfellum kostaðar af ríkisvaldinu. Ef við berum þetta ástand innan atvinnurekendasamtakanna saman við lýðræðið í verkalýðshreyfingunni er auðvitað mjög mikill munur þar á. Ég er ekki að halda því fram, að það þurfi ekki að bæta lýðræðið innan verkalýðshreyfingarinnar. Auðvitað þarf að efla lýðræðið þar og þó sérstaklega að mínum dómi stéttarvitund fólksins og almenna þátttöku í öllu starfi stéttarfélaganna. En það gerist ekki með valdboði ofan frá, allra síst frá mönnum sem hafa afrekað það helst að eigin sögn að rústa eigin flokk.

Áttum okkur t. a. m. aðeins á því hvernig kröfugerð verkalýðssamtakanna í komandi kjarasamningum fer fram. Hún á sér mjög langan aðdraganda og að því starfi koma fjölmargir aðilar. Það er þannig að haldnir eru félagsfundir í verkalýðsfélögunum sem eru algerlega opnir. Þangað kemur fólkið og hefur aðstöðu til að koma fram með sínar kröfur. Trúnaðarmenn félaganna á vinnustöðum leggja einnig fram við stjórnir og trúnaðarmannaráð sínar hugmyndir um kröfur. Einstök verkalýðsfélög halda oft og tíðum sérstaka fundi þar sem kröfugerðin er rædd. Síðna koma saman fundir og ráðstefnur sérsambandanna, Alþýðusamband Íslands boðar til ráðstefnu um kjaramál þar sem kröfur eru ræddar og fram settar. (**HBl:** Og í hóf stillt.) Síðan velja þessar ráðstefnur nefndir til þess að vinna að útfærslu einstakra þátta. *Allt slíkt er síðan borið undir verkalýðsfélögin* áður en heildarlokakröfur eru lagðar fram. Ef það hins vegar kemur í ljós, að menn vilja ekki standa saman, þá semja annaðhvort hin einstöku landssambönd eða einstök félög eða einstök héruð fyrir sig. Þessar ákvarðanir eru því allar teknar á *mjög lýðræðislegan hátt. Hitt er* aftur annað mál, og ég er sammála flm. þessa frv. um það, að auðvitað væri æskilegt, að miklu fleiri tækju þátt í þessu starfi, og auðvitað væri æskilegt, að miklu fleiri félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar kæmu á fundi félaganna þegar endanlega er gengið frá kröfunum af hálfu félaganna — ég tala nú ekki um þegar samningarnir eru svo bornir upp á félagsfundum.

Ég held líka að það væri vissulega þörf á því að auka lýðræði í atvinnulífinu. Ég held að þm. Alþb. og Alþfl. ættu t. a. m. að taka höndum saman um að semja sérstakt frv. um atvinnulýðræði og efnahagslýðræði. Ég verð að segja það eins og er, að það eru ákaflega merkilegar hugmyndir t. a. m. sem koma fram í kosningaprógrammi sænskra sósíaldemókrata um þessar mundir, sem gerir ráð fyrir að séreignasjóðir verkalýðssamtakanna eignist smátt og smátt fyrirtækin. Ég er nefnilega sannfærður um að fullkomnu lýðræði í atvinnulífinu verður ekki komið á fyrr en fólkið sjálft á og stjórnar fyrirtækjunum. Að því þurfum við að stefna.

Varðandi þá hugsun, sem fram kemur í þessu frv., verð ég að segja að ég er sammála því, að vinnustaðurinn eigi að verða grunneining í verkalýðssamtökunum þar sem það getur hentað. Ég held að það hljóti að ýmsu leyti að vera rétt skipulag. Það hefur reyndar sýnt sig, þar sem reynt hefur verið á liðnum árum að færa þetta í þetta form á stóru vinnustöðunum, þar sem mörg verkalýðsfélög taka sig saman og semja sameiginlega fyrir sína menn, að það hefur gefið góða raun og sérstaklega í þá veru að launamunur innan fyrirtækjanna hefur minnkað, og það hefur skapað að mörgu leyti aukna virkni félagsmanna á þessum vinnustöðum. Þetta hefur gerst smátt og smátt í stóru fyrirtækjunum, þar sem þetta getur helst hentað, og ég held að þetta haldi áfram að þróast.

Þau fyrirtæki, sem svo háttar um, eru t. d. álverið, þar sem 10 félög standa að kjarasamningum. Þróunin hefur orðið sú á undanförnum árum, að þegar byrjað var með þetta fyrirkomulag var launamunur þar á milli efsta og neðsta manns yfir 100%, en er nú um 42%. Þetta hefur verið gert við önnur fyrirtæki, t. d. við Landsvirkjun vegna virkjunarframkvæmdanna, þar sem a. m. k. 8 verkalýðsfélög standa að sameiginlegum samningum. Við ríkisverksmiðjurnar er gerður sameiginlegur samningur og það eru 14 félög sem að honum standa, 6 félög við járnblendiverksmiðjuna o. s. frv. Þetta held ég að muni þróast áfram. En ég er á móti því, eins og ég sagði í byrjun, að löggjafinn sé að setja sérstök lög um stéttarfélög og vinnudeilur og vera með þeim hætti með íhlutun í innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar þegar hún hefur alls ekki eftir því óskað og vitað er að það er í andstöðu við hreyfinguna sjálfa. Ég tel enga þörf á því.

Ég held að bæði forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar og ýmsum almennum félagsmönnum hennar sé vel ljóst að það er nauðsynlegt að þróa skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar til réttrar áttar, það er nauðsynlegt að vekja stéttarvitund fólksins. En það er að mínu viti ástæðulaust fyrir löggjafann að vera að sletta sér fram í þessi mál eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hákon Hákonarson: Herra forseti. Mig langar að segja hér nokkur orð í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir hinu háa Alþingi. Ég vil byrja á að þakka flm. út af fyrir sig fyrir að hreyfa þessu máli og hefja um það umr. Hitt er annað mál, að ég tel að miðað við frv. í þeirri mynd sem það liggur fyrir í dag, og þær viðtökur sem það hefur fengið í verkalýðshreyfingunni, hafi verið færðar nú þegar nokkrar sönnur á að þar þurfi verulega miklu að breyta ef verkalýðshreyfingin á annað borð á að fást til að fallast á að þar sé um brúklega hluti að ræða. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt í þessari umr. að fara örlítið í það, lið fyrir lið, hvernig verkalýðshreyfingin starfar í dag og hvaða skipulag hún býr við í aðalatriðum.

Það er fyrst til að nefna, að Alþýðusamband Íslands er eins konar rammi yfir hinn frjálsa vinnumarkað þar sem menn geta af fúsum og frjálsum vilja óskað eftir aðild eða hafnað eftir atvikum. Fyrr á árum var til fyrirkomulag sem raunar eimir eftir af enn, hin svokölluðu svæðasambönd. Það þekkja allir. Allir hafa heyrt á þau minnst. Það kann hins vegar að velkjast nokkuð fyrir ýmsum í þjóðfélaginu hvernig á því stendur, að síðan er til eitt sambandsfyrirkomulagið enn, hin svokölluðu sérgreinasambönd. Allt á þetta sínar eðlilegu skýringar, og ekki sé ég að þarna sé neitt athugavert á ferðinni. Hins vegar er nauðsynlegt fyrir menn að hafa í huga að ástæðurnar fyrir því, að hin svokölluðu sérgreinasambönd voru sett í gang, voru þær í aðalatriðum, að eins og svæðasamböndin störfuðu tóku þau yfir ákveðinn landshluta og höfðu innan sinna vébanda allar starfsgreinar. Á sínum tíma, þegar tekin var ákvörðun um að hverfa frá þessu skipulagi, — ég fullyrði að tekin hefur verið ákvörðun um að hverfa frá þessu skipulagi og taka upp hið svokallaða landssambandafyrirkomulag, — þá var það vegna þess einmitt að mönnum þótti þetta fyrirkomulag ekki henta. Menn töldu m. ö. o. á sínum tíma eðlilegra að starfshópar, starfsstéttir mynduðu með sér samband og réðu sínum málum á þeim vettvangi sameiginlega yfir allt landið. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi verið rétt ákvörðun og þessa ákvörðun beri að styðja og efla svo sem kostur er.

Ég þekki nokkuð náið, eftir að hafa starfað hjá Alþýðusambandi Norðurlands um nokkurra ára skeið, hvernig þetta er í reynd. Ég skal að vísu viðurkenna að á þessu kann að vera nokkur blæbrigðamunur eftir því hvar á landinu menn eru staddir og um hvaða svæðasamband er verið að fjalla. Í Alþýðusambandi Norðurlands háttar t. d. þannig til um samsetningu, að þar eru mörg nokkuð stór stéttarfélög. Þar eru almenn verkalýðsfélög, þar eru stór verslunarmannafélög, þar eru stór samtök iðnaðarmanna. Öll þessi stærri félög, leyfi ég mér að fullyrða, hafa ákveðið aðild að sínum viðkomandi landssamböndum. Það kemur því þannig út í mínum huga, að ef svæðasamböndin sem slík ættu að gegna sínu hlutverki til hins ýtrasta þýddi ekki fyrir okkur að vera með hitt sambandafyrirkomulagið í gangi líka. Þetta gengur sennilega upp hjá þeim á Vestfjörðunum og þetta gengur sennilega upp hjá þeim á Austfjörðunum að nokkru leyti líka, þar sem hins vegar samsetningin er þannig, að þar er nánast eingöngu — ég segi: nánast eingöngu, auðvitað eru undantekningar, en að stórum meiri hluta alla vega eru það hin almennu verkalýðsfélög sem eru ráðandi og ríkjandi á hverjum stað. Því er tiltölulega einfalt fyrir Alþýðusamband Vesturlands og Alþýðusamband Austurlands að sjá um stóran hluta af kjarasamningagerð fyrir sín aðildarfélög. Ég hef trú á því, að hv. flm. þessa frv. hafi verið undir áhrifum af einhverju svona fyrirkomulagi þegar hann flutti þetta frv. sitt og setti það saman, sérstaklega þar sem kveðið er á um svokölluð starfsgreinafélög. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir menn að minnast þess, þegar verið er að fjalla um þetta fyrirkomulag eða flytja um það tillögur á hinu háa Alþingi, og gera sér grein fyrir því, að markmiðið með lagasetningu og markmiðið með umfjöllun um alla hluti hlýtur að vera það nr. 1 að einfalda störfin, gera þau markvissari, gera þau aðgengilegri fyrir hinn almenna félagsmann og gera þau meira aðlaðandi þannig að sem flestir geti komið og tekið þátt í hinu þróttmikla og oft og tíðum mjög svo þarfa starfi sem verkalýðshreyfingin er að fást við.

Ég óttast að yrði frv. samþykkt í þeirri mynd sem það liggur hér fyrir í dag, þá mundi skipulagsleysi og nánast kannske glundroði í mörgum tilvikum koma upp í þessari umfjöllun. Þá sætum við uppi með svæðasambönd, þá sætum við uppi með landssambönd, við sætum áfram eftir með Alþýðusambandið að sjálfsögðu og við sætum síðan uppi með landssambönd þessara félaga — stéttarfélagasambönd kallar hv. flm. þetta — til viðbótar því sem við höfum í dag. Ég leyfi mér að fullyrða að þetta mundi ekki á nokkurn handa máta auðvelda okkur, sem í verkalýðshreyfingunni höfum starfað um nokkurt árabil og þekkjum þetta orðið af nokkurri reynslu, — ég hef ekki nokkra trú á að þetta mundi á nokkurn handa máta auðvelda okkur þau störf sem við erum að reyna að vinna fyrir okkar fólk og gerum okkar besta. Að sjálfsögðu hafna ég því alfarið hér og annars staðar, að einhverjir annarlegir hagsmunir séu ráðandi hjá starfsfólki stéttarfélaganna í landinu og þar sé um eitthvað að ræða sem séu hagsmunir einstaklinga nr. 1 og hagsmunir fjöldans, sem við vinnum hjá, nr. 2, 3 eða 4. Ég vísa slíkum ummælum algerlega á bug.

Hitt er svo aftur annað mál og undir það má mjög vel taka, að auðvitað má fjalla um þessa hluti fyrir opnum tjöldum og það á að gera. Margt er hægt að bæta hjá okkur og allar ábendingar um það eru vel þegnar og sjálfsagðar. Hitt er annað mál, að ég tel nokkuð djúpt í árinni tekið þegar fram kemur í umr. um þetta frv. hér á hinu háa Alþingi fyrir einum degi eða tveimur, að skipulagsleysi og rótleysi sé orðið slíkt í Alþýðusambandinu að þar ríki nánast upplausn. Ég vil þó taka það fram, að í jafnfjölmennum samtökum og alþýðusamtökin eru í landinu er ekki óeðlilegt að menn skiptist nokkuð í hópa og þar eigi sér stað nokkuð ákveðin skoðanaskipti, og mér finnst ekki óeðlilegt þó að á stundum geti verið nokkuð stormasamt á heimilinu. Mér er ekki grunlaust um að ýmsir hafi verið að fást við það að stjórna fámennari einingum en alþýðusamtökunum í landinu án þess að það hafi haft það yfirbragð, að það væri nánast ekkert mál að stjórna þeim.

Það, sem ég skal láta verða mín lokaorð hér að þessu sinni, herra forseti, er að ég tel að eins og þetta frv. liggur fyrir í dag nái það ekki tilætluðum tilgangi, sem er og hlýtur að vera að auðvelda störf í verkalýðshreyfingunni, gera þau markvissari, gera þau það meira aðlaðandi að við getum vænst þess og treyst því, að fleiri og fleiri komi til starfa með okkur. Hins vegar tel ég að það hafi ekkert siðferðisbrot verið framið þó að hv. flm. kæmi með þetta mál hér inn á Alþingi. En eins og það liggur fyrir í dag

treysti ég mér ekki til að mæla með því, að Alþingi samþykki frv., þvert á móti vísi því frá eða felli við atkvgr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á síðasta fundi í þessari hv. deild, þegar frv. þetta var til umr., hafði forseti risið á fætur úr stól sínum og bjóst til þess að slíta umr. og vísa málinu til nefndar strax að lokinni ræðu frsm. vegna þess að enginn annar hafði kvatt sér hljóðs. Áður en forseta gafst ráðrúm til að slíta umr. og láta atkv. ganga og umr. lokið, a. m. k. á þessu stigi málsins, kvaddi ég mér hljóðs til þess að spyrja um hvort enginn af þeim verkalýðsforustumönnum, sem hér eiga sæti í deildinni, teldi ástæðu til að fjalla um skipulagsmál alþýðusamtakanna einmitt nú á þessum tímamótum, þegar — eins og ég leyfði mér að fullyrða — ýmislegt virðist benda til þess, að sú samstaða, sem hefur verið á vegum Alþýðusambandsins, sé að riðlast. Sá ánægjulegi atburður hefur gerst, að flestir, nær því allir forustumenn í alþýðusamtökunum sem jafnframt eru þm. í þessari hv. deild, hafa tekið til máls í framhaldi af þessum hvatningarorðum mínum. Og mér er nær að halda um þann eina, sem eftir á að biðja um orðið, að það muni vera skammt í að hann geri það.

Það er fagnaðarefni að fram skuli fara umr. um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar og um launa- og kjaramálin einmitt hér á Alþingi við þær aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu. Er það eitt út af fyrir sig fagnaðarefni, hvernig svo sem Alþingi afgreiðir þau mál, hvort sem Alþingi telur tímabært að gera það nú eða hvort rétt sé að gera það með öðrum hætti en hv. flm. frv., Vilmundur Gylfason, leggur til.

Hv. þm. Baldur Óskarsson sagði áðan að hann reisti afstöðu sína til þessara skipulagsmála á 15 ára viðkynningu við störf verkalýðshreyfingarinnar. Ég verð nú að segja, herra forseti, að ég reisi mína afstöðu og byggi mína þekkingu á samtölum við forustumenn í verkalýðshreyfingunni sem höfðu tekið þar við forustustörfum löngu áður en hv. þm. gekk í Möðruvallahreyfinguna. Afstaða sú, sem við höfum mótað okkur, þm. Alþfl. og Alþfl., til skipulagsmála hreyfingarinnar, byggist því ekki á neinum 15 ára tengslum eins og hjá hv. þm. Baldri Óskarssyni. Hún byggist á reynslu og þekkingu manna sem voru í forustusveit verkalýðshreyfingarinnar löngu áður en hv. þm. Baldur Óskarsson var þangað kjörinn og löngu áður en hv. þm. taldi rétt að flytja sig hreppaflutningi á milli flokka.

Hv. þm. fór nokkrum orðum um læknadeiluna og þá samninga sem þar voru gerðir. Ég vil aðeins minna hv. alþm. á það, að til þess að gera kjarasamning þarf tvo aðila. Það nægir ekki, þegar slíkir samningar eru gerðir, að þeir, sem vinnu sína selja, skrifi undir samninginn. Læknarnir í þessu tilviki þurftu einnig viðsemjanda. Hver var viðsemjandi læknanna í þessari deilu? Það var, eftir því sem mér er best kunnugt, hæstv. fjmrh., fyrrv. formaður Alþb. og einn helsti pólitíski leiðtogi þess. Það væri e. t. v. fróðlegt að fá upplýst — og verður sjálfsagt gerð tilraun til — hvað hæstv. fjmrh. taldi hæfa að læknar fengju mikla launahækkun við þá samninga sem hann gerði við þá. Mér er sagt, að ég hef ekki fullar upplýsingar um það, að að meðaltali hafi launagreiðslur til lækna eftir þessa kjarasamninga hækkað um eitthvað milli 20 og 25%. Hins vegar hefur aldrei fengist upplýst hvernig þeim samningamálum hafi lyktað, og væri rétt af alþm. og áhugamönnum um verkalýðsmál — ekki síst áhugamönnum um samningamál sem standa nú í því að gera kröfur m. a. á hendur ríkisvaldinu um launahækkanir fyrir lægst launaða fólkið í landinu — að ganga úr skugga um hvað hæstv. fjmrh. taldi rétt að gera samninga um miklar launahækkanir við hæst launuðu stéttirnar í landinu.

Hv. þm. Baldur Óskarsson sagði mig hafa fullyrt að Alþýðusamband Íslands væri nú í upplausn. Það vill nú svo vel til hér á Alþingi, eins og hv. þm. væntanlega veit þótt um varaþm. sé að ræða, að allar ræður manna eru teknar upp á segulbönd og síðan fá menn þær í hendur vélritaðar og þær eru síðan birtar í þingtíðindum. Ég var alveg nýlega að lesa yfir ræðu sem ég flutti hér fyrir röskum sólarhring. Þar er ekki orð um, að ég hafi tekið til orða eins og hv. þm. sagði, né heldur eitt orð um að ég hafi kennt forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar um að láglaunafólkið hafi ekki fengið meiri kjarabætur en því hefur auðnast að fá. Ekkert af þessu er fyrirfinnanlegt í minni ræðu. Þetta er allt saman hreinn skáldskapur af hálfu hv. þm. Hann er ekki vanur því, hv. þm., að hægt sé að staðreyna málflutning manna með því að leggja fram á segulbandi það sem þeir hafa sagt, nema hv. þm. sé e. t. v. einn af þeim sem telja ekki treystandi því sem inn á segulband er talað. Ég tók einnig sérstaklega fram í minni ræðu, að um leið og menn skoðuðu skipulag launþegasamtakanna — ekki bara Alþýðusambandsins heldur launþegasamtakanna í heild, — m. a. þau vandamál sem skapast hafa á mörkum Alþýðusambands Íslands annars vegar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja hins vegar þar sem fólk í sömu störfum getur búið við mjög ólík kjör, og sama máli gegnir um vandamál á mörkum t. d. BSRB-félaganna og BHM-félaganna, t. d. varðandi kennara í grunnskólum, það getur skipt miklu máli fyrir launkjör þessara aðila hvoru sambandinu þeir gerast aðilar að, — þá þurfi að sjálfsögðu, um leið og þessi mál eru athuguð, að kynna sér skipulagsmál atvinnurekenda þannig að réttur viðsemjandi finnist ávallt, hvort sem í hlut á atvinnurekandi eða launþegi. Hv. þm. hefur því til skiptis gert mér upp orð, sem ég hef ekki sagt, og látið hjá líða að minnast á atriði sem ég ræddi.

Hitt er hins vegar alveg rétt, að Alþýðusamband Íslands hefur styrkst mjög að fræðingum. Ég held að Alþýðusamband Íslands sé eina launþegasambandið á Norðurlöndum sem nú lýtur forustu forseta og varaforseta hvar af annar var til skamms tíma í Bandalagi háskólamanna og hinn hefur allar tekjur sínar af eigin atvinnurekstri. Það er orðið nokkuð skrýtið ástandið á hinum íslenska vinnumarkaði. Ef maður lítur á fjóra helstu forustumenn aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambandsmegin og Alþýðusambandsmegin, þá hefur aðeins einn af þeim tekjur af eigin atvinnurekstri og það er varaforseti Alþýðusambandsins. Ég er hræddur um að þeim verkalýðsforingjum, sem við Alþlfl.-menn reisum okkar þekkingu á — og eins og ég sagði voru orðnir forustumenn í verkalýðshreyfingunni áður en hv. þm. varð aðili að Möðruvallahreyfingunni, — þeim þyki þetta ekki æskilegasta eða eðlilegasta ástandið, án þess þó að ég sé með nokkrum hætti að dæma um mannkosti þessara ágætu forustumanna sem eiga hlut að máli. A. m. k. vil ég aðeins leyfa mér að minnast á orð sem einn af merkustu forvígismönnum alþýðusamtakanna á Norðurlöndum lét falla við þetta tækifæri um

sérfræðingana: Þá kaupum við í alþýðusamböndum Norðurlanda okkur til ráðuneytis.

Ég vil aðeins í þessu sambandi víkja að því, ástæða væri til að hafa nokkrar áhyggjur af framþróun Alþýðusambandsins. Vegna þess, hversu erfiðlega hefur gengið að hrinda í framkvæmd skipulagstillögum sem Alþýðusambandið samþykkti fyrir um það bil 20 árum, lét ég í ljós ótta um að það kynni að vera að Alþýðusambandið stefndi nú til meiri sundrungar en oftast áður. Því mótmælir hv. þm. Baldur Óskarsson og segir svo ekki vera. En ég vil aðeins leyfa mér að benda á nokkrar staðreyndir í því máli.

Elsta og virðulegasta stéttarfélag á Íslandi, frumkvöðull íslenskrar verkalýðsbaráttu, er Hið íslenska prentarafélag. Það hefur nú sagt skilið við heildarsamtök launafólks, Alþýðusamband Íslands. Vekur þetta menn ekki til neinnar umhugsunar né heldur veldur mönnum áhyggjum? Þá liggur það einnig fyrir, sem að vísu er ekki nýmæli, að Rafiðnaðarsamband Íslands hefur tekið þá ákvörðun að fylgja ekki Alþýðusambandinu í komandi kjarasamningagerð. Er þetta ekki líka skrift á vegginn? Hv. þm. Baldur Óskarsson lét svo ummælt — eða svo virtist a. m. k. mega ráða af hans máli þó að það kæmi ekki ljóslega fram — að öll önnur landssambönd hinna faglærðu mundu ætla að taka þátt í samflotinu. Það er ekki rétt. Það er bara yfirborðið, það eru bara fyrirsagnirnar í Þjóðviljanum, hv. þm., vegna þess að reyndin er allt önnur. Í samþykkt Sambands byggingarmanna, sem kynnt var 72 manna nefndarfundinum í gær, segir orðrétt að „sambandið hyggist sjálft fara með alla aðra samninga en hvað varðar kaupgjaldsvísitöluna". Er þetta yfirlýsing um samflot? Nei, þvert á móti. Þetta staðfestir það sem ég sagði í ræðu minni fyrir einum sólarhring, að ég hefði grun um að þessi faglærðu sambönd ætluðu aðeins að taka þátt í heildarsamflotinu — með hálfgerðum svo-sem-hætti — að því er varðaði vísitölumálin og hugsanlega félagsmálapakka. Sú afstaða, sem Samband byggingamanna kynnti á 72 manna nefndarfundinum í gær staðfestir þetta, að sambandið fari með samninga að öðru leyti en hvað varðar kaupgjaldsvísitöluna sem Alþýðusamband Íslands fari með. Þetta er kallað samflot í fyrirsögnum Þjóðviljans. Þetta kalla ég ekki að ætla að eiga samstöðu með Alþýðusambandinu, síður en svo. Þarna er verið að boða það, að Samband byggingamanna til viðbótar við samband rafiðnaðarmanna og samtök bókagerðarmanna ætli að semja eitt og sjálfstætt. Og þau eru fleiri samböndin sem tilkynntu sömu afstöðu. Það gerði Málm- og skipasmíðasamband Íslands einnig á 72 manna nefndarfundinum í gær. Segir orðrétt í þeirri samþykkt:

„Jafnframt er óhjákvæmilegt að málmiðnaðarmenn og skipasmiðir leiti eftir beinum viðræðum við viðsemjendur sambandsfélaga Málm- og skipasmíðasambands Íslands um margvísleg hagsmuna- og kjaramál sem ekki verða leyst á öðrum vettvangi."

Eftir standa þá aðeins landssambönd hinna ófaglærðu stétta, félög fátæka fólksins í landinu. Þau ein standa eftir þegar landssambönd allra faglærðu félaganna, allra hálaunahópanna innan Alþýðusambands Íslands eru búin að tilkynna um sérstöðu. Eftir standa þá aðeins iðnverkamenn, ófaglærðir verkamenn og verkakonur og verslunarmenn. Þeim á að beita fyrir vagninn. Hinir ætla að hafa einhvers konar sendiherra, ambassadora í þeim viðræðum til þess eins að missa ekki einu sinni einn mola sem kann að falla á borð láglaunafólksins. En allir þessir aðilar, allir þessir hálaunahópar innan Alþýðusambands Íslands boða þetta: Nú semjum við einir um okkar mál og á þeim fundum höfum við enga sendiherra, enga ambassadora frá verkamönnunum og verkakonunum, frá iðnverkafólkinu né heldur frá verslunarmönnum. Þar verður samið á bak við byrgða glugga og lokaðar dyr.

Hafa verkalýðssinnar virkilega engar áhyggjur af þeirri þróun sem hér hefur raunverulega orðið og hins vegar Þjóðviljinn og þeir Alþb.-menn eru að reyna að draga fjöður yfir? Sjá þessir menn virkilega ekki hvað er að gerast í þessum málum þegar svo er orðið að Alþýðusamband Íslands og þeir samningar, sem það á að gera, eiga aldrei í hugum þessara manna annað að vera en láglaunasamningar, sérstakir, þar sem gætt verður þess, að hálaunahóparnir geti hirt a. m. k. alla þá mola sem hrjóta til láglaunafólksins í landinu. Síðan ætla þeir að koma á eftir, eins og hefur komið fram í þessum kröfugerðum, og hefja alvörusamninga fyrir sig. Þá verður enginn ambassador, hvorki hv. þm. Baldur Óskarsson né hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, þar neins staðar nálægur til að fylgjast með því hvað gert er.

Og Verkamannasambandið, samband lægst launaða fólksins í landinu, það stendur ekki heldur heilt í þessari samningalotu sem þannig á að fara fram. Það eru fjölmargir innan þess láglaunasambands sem vita nákvæmlega hvað hér á að gera. Það eru fjölmargir verkamenn og verkakonur sem hafa gert sér ljóst hvernig ætlunin er að halda á þessum málum undir yfirskini samflots. Það eru ekki bara Vestfirðingarnir einir, sem þar eiga hlut að máli, eins og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, komst að raun um á nýloknu þingi Verkamannasambandsins.

Ég vara menn mjög við því að láta íslenskan almenning standa í þeirri trú, að nú séu fram undan heildarsamningar um einhver 4—5%, eins og ríkisstj. boðar, nú séu fram undan einhverjir heildarsamningar um slíka kröfugerð þar sem allir launþegar muni ganga saman að samningaborði. Það er ekki ætlunin eins og málin eru sett upp. Það má vel vera að slíkir samningar verði gerðir fyrir láglaunafólkið í landinu. En það er ljóst af þeim kröfum sem hér hafa verið tilkynntar, að það er ekki ætlunin að ganga til slíkra samninga fyrir önnur sambönd í Alþýðusambandi Íslands. Og ég vara forustumenn Alþýðusambands Íslands og láglaunafélaganna við því að leggja út á þann hála ís. Þó þeir vilji gera margt fyrir sína flokka, þó þeir vilji gera ráðherrum sínum greiða, þá vara ég þá við því að ganga til slíks samkomulags ef þeir vita ekki fyrir fram og hafa tryggt að hálaunahóparnir komi ekki í kjölfarið og geri nýja „læknasamninga" við hæstv. fjmrh., sem nú er fjarstaddur illu heilli.

Sjálfsagt mun það koma fram hjá þeim ríkisstjórnarmönnum í umr. sem fram fara nú á næstunni, e. t. v. í umr. annað kvöld um stefnuræðu forsrh., að ríkisstj. telji þjóðfélagið ekki þola að gera „læknasamninga" fyrir láglaunafólkið. Þá mun sjálfsagt hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson taka undir með þeim, að íslenskt þjóðfélag þoli enga „læknasamninga" við láglaunafólkið. En skyldi þessi kröfugerð, sem hér hefur verið vikið að, hjá sambandi faglærða fólksins innan Alþýðusambands Íslands ekki vera fyrirboði þess, að það eigi nú að gera „læknasamninga" við aðra en lækna, — ekki láglaunafólkið, ekki verkafólkið, ekki verkakonurnar, heldur við þau sambönd sem að yfirvarpi ætla að vera samferða hv.

þm. Guðmundi J. Guðmundssyni í samningagerðinni, en ætla fyrst að taka til við alvörukjarasamningana þegar Guðmundur J. Guðmundsson og félagar hans í forsvari láglaunafélaganna hafa lokið sér af? (**Forseti:** Nú er fundartíma senn lokið. Á ræðumaður mikið eftir af ræðu sinni?) Já, hann á talsvert eftir enn. (**Forseti:** Þá verð ég að biðja hann svo vel að gera að fresta frekari flutningi hennar.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 7. fundur.

Fimmtudaginn 22. okt., kl. 8 síðdegis.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Útvarpsumræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund og fulltrúar þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða og einnig stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl.

Röðin verður þessi í báðum umferðum: Forsrh., Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl. og Alþb. Af hálfu Sjálfstfl. talar Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Pétur Sigurðsson, 1. landsk. þm., í þeirri síðari. Af hálfu Framsfl. talar Steingrímur Hermannsson sjútvrh. í fyrri umferð, en Tómas Árnason viðskrh. í þeirri síðari. Af hálfu Alþfl. tala Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., og Karvel Pálmason, 6. landsk. þm., í fyrri umferð, en Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf., í þeirri síðari. Af hálfu Alþb. tala Svavar Gestsson félmrh. og Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm., í fyrri umferð, en Stefán Jónsson, 4. þm. Norðurl. e., í þeirri síðari. Af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. í Sjálfstfl. tala í síðari umferð Friðjón Þórðarson dómsmrh. og Pálmi Jónsson landbrh.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hlustendur góðir. Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum byggir á þeirri meginforsendu, að árangurs sé því aðeins að vænta að tekið sé á öllum þáttum efnahagsmála í senn og jafnvægis leitað á öllum sviðum. Þetta grundvallaratriði er sett fram í stjórnarsáttmála ríkisstj., en þar segir:

„Ríkisstj. mun berjast gegn verðbólgunni með aðhaldsaðgerðum, er varða verðlag, gengi, peningamál, fjárfestingu og ríkisfjármál."

Þessi viðleitni til heildarsýnar og jafnvægis hefur ríkisstj. að leiðarljósi. Á þessu byggist efnahagsáætlun ríkisstj. frá síðustu áramótum, en þar er höfuðmarkmiðum lýst svo:

„Í fyrsta lagi að efla atvinnulífið og tryggja öllum landsmönnum næga atvinnu.

Í öðru lagi að draga svo úr hraða verðbólgunnar, að hún lækki í um 40% á árinu 1981.

Í þriðja lagi að tryggja kaupmátt launafólks."

Eftir þessari áætlun hefur verið unnið með góðum árangri.

Tekist hefur að tryggja landsmönnum næga atvinnu á meðan grannþjóðir stynja undir böli atvinnuleysis. Atvinnuástand hefur í heild verið gott þrátt fyrir einstök staðbundin vandamál og erfiðleika í sumum greinum atvinnulífs.

Tekist hefur að draga svo úr hraða verðbólgunnar, að hún verður um eða innan við 40% í ár, eins og að var stefnt, í stað 60% verðbólgu tveggja undangenginna ára.

Tekist hefur að vernda kaupmátt þannig að hann er nú ívið meiri en orðið hefði án efnahagsaðgerðanna um áramót. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur vaxið á þessu ári.

Við Íslendingar höfum því náð umtalsverðum árangri í efnahags- og atvinnumálum á yfirstandandi ári. Þessi árangur er athyglisverður þegar litið er til hins arvarlega efnahagsástands víðast hvar í heiminum. Í flestum nágrannalöndum okkar einkennist ástand efnahagsmála af jafnvægisleysi og meiri vandamálum á því sviði en oftast áður á síðustu áratugum. Nágrannaþjóðirnar flestar búa við meira atvinnuleysi en þekkst hefur frá því í heimskreppunni fyrir hálfri öld. Verðbólgan er að vísu minni í þessum löndum en á Íslandi, en víðast hvar er mikill halli í utanríkisviðskiptum og ríkisfjármálum, þjóðarframleiðslan hefur ekki aukist, jafnvel minnkað, kaupmáttur almennings rýrnað eða staðið í stað. Ekki fer hjá því að efnahagserfiðleikar annarra þjóða hafi áhrif á þjóðarbúskap Íslendinga og setji rekstri hans skorður, en okkur hefur tekist að sigla fram hjá þessum skerjum stóráfallalaust og halda betra jafnvægi á flestum sviðum efnahagsmála en grannþjóðum okkar yfirleitt.

Ríkisstj. mun á næsta ári fylgja í grundvallaratriðum sömu stefnu í efnahagsmálum og nú í ár. Áfram verður stefnt að fullri atvinnu, hjaðnandi verðbólgu, verndun kaupmáttar. Þessu hyggst ríkisstj. ná fram með því að beita aðhaldi í fjárfestingu, gengismálum, peningamálum, ríkisfjármálum og verðlagsmálum.

Þó að mikilvægur árangur hafi náðst í ár er verðbólgan enn þá mikil meinsemd í efnahagslífinu. Ekki má lina þau tök sem verðbólgan hefur verið tekin á þessu ári. Verðbólgan minnkaði í ár um þriðjung, mælt frá upphafi til loka árs, úr tæpum 60 í um 40%. Á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma verðbólgunni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Með þeim árangri, sem náðst hefur á þessu ári, og þeim skrefum, sem fyrirhuguð eru á næsta ári, skapast möguleikar til þess að ná betra jafnvægi og meiri stöðugleika en verið hefur um langt árabil.

Það er trú ríkisstj., að unnt sé að ná þessu marki án þess að fórna öðrum meginmarkmiðum í efnahagsmálum, þ. e. fullri atvinnu og óskertum kaupmætti. Hér skiptir sköpum að aðilar vinnumarkaðarins semji svo um kaup og kjör að markmiðum um fulla atvinnu og hjaðnandi verðbólgu verði ekki teflt í tvísýnu. Hér þarf að koma til samstillt átak aðila vinnumarkaðar og ríkisvalds.

Halli í ríkisfjármálum og skuldasöfnun í Seðlabanka er ein af meginástæðum þess óstöðugleika og verðþenslu sem einkennt hefur íslenskt efnahagslíf um langt árabil. Á síðasta ári hafði ríkissjóður bæði rekstrarafgang og greiðsluafgang í fyrsta sinn um langt skeið. Allt bendir til þess að afkoma ríkissjóðs í ár verði góð. Þannig hefur í ár og í fyrra ekki einungis tekist að halda jöfnuði í rekstri ríkissjóðs, heldur hefur einnig reynst unnt að greiða stórar fjárhæðir til Seðlabanka til lækkunar á þeim skuldum sem safnast höfðu við hallarekstur ríkissjóðs á

fyrri árum. Ráðgert er að á þessu ári takist að koma skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann niður í fjárhæð sem nemur rúmlega 1.5% af þjóðarframleiðslu, en það þýðir að þessi skuld hafi minnkað um meira en helming að raungildi á tveimur árum.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er enn stefnt að afgangi í ríkisrekstrinum. 120 millj. kr. eru ætlaðar til greiðslu á þessum gömlu yfirdráttarskuldum við Seðlabankann.

Þessi árangur í ríkisfjármálum hefur náðst með því að beita aðhaldi í rekstri stofnana og fyrirtækja ríkisins. Á næsta ári verður áfram haldið á sömu braut.

Nokkur skattalækkun varð í ár samkv. efnahagsáætlun ríkisstj. um síðustu áramót. Hlutfall útgjalda ríkisins í þjóðarframleiðslunni gefur gleggsta mynd af heildarskattlagningu. Þetta hlutfall varð hæst 30.4% um miðjan áttunda áratug, var rúm 29% tvö síðustu árin áður en núv. ríkisstj. tók til starfa, varð 28.5% í fyrra, verður væntanlega um 28.2% í ár og um 28% á næsta ári.

Undanfarinn áratug hefur sú háskalega þróun átt sér stað í peningamálum, að sparifjármyndun landsmanna hefur minnkað ár frá ári. Þetta hefur stuðlað að jafnvægisleysi á fjármagnsmarkaði og í utanríkisviðskiptum. Þessi þróun hefur nú snúist við. Sparifé landsmanna hefur tekið að vaxa á ný og hefur aukist ört á þessu ári.

Hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu var fyrir þremur árum komið niður í 21.5%. Það hækkaði í fyrra upp í 23.8 og í ár í 26.5%. Horfur eru á að þessi hagstæða þróun haldi áfram á árinu 1982 og í hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu hækki þá í um 29% og yrði þá hærra en verið hefur síðustu 8 ár. Þannig hefur fjármagnsmarkaðurinn komist í betra jafnvægi í ár en verið hefur um langt árabil. Þetta er flestu öðru þýðingarmeira fyrir atvinnulífið og fyrir stöðugleika í efnahagsmálum.

Tekist hefur að verðtryggja flestar tegundir inn- og útlána á þessu ári, þrátt fyrir að vextir hafi tvívegis verið lækkaðir á árinu. Vextir og verðbólga hafa þannig náðst saman með hjöðnun verðbólgu, en ekki með vaxtahækkunum. Almenningur getur nú lagt fé sitt fyrir án ótta við rýrnun þess af völdum verðbólgunnar. Þetta hefur dregið úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem verið hefur hér landlægur um langt árabil.

Hluti peningamálastefnu ríkisstj. hefur verið að hafa strangt taumhald á útlánum banka. Á síðasta ári var gripið til sérstakra ráðstafana til þess að hefta þróun útlána sem var mjög óhagstæð framan af árinu. Þessar ráðstafanir báru góðan ávöxt. Það kom hins vegar í ljós snemma á þessu ári að þörf var á viðbótarráðstöfunum. Til þess að styrkja enn frekar peningamálastjórn beitti ríkisstj. sér fyrir í lok aprílmánaðar í ár að upp væri tekin sveigjanleg binding innlánsstofnana hjá Seðlabankanum.

Stefna ríkisstj. á næsta ári mun áfram beinast að því að þróun peningamála styðji þá viðleitni að draga verulega úr verðbólgu.

Með efnahagsáætlun ríkisstj. um áramót urðu umskipti í gengismálum. Horfið var frá gengissigi, þ. e. hægfara en mjög tíðri lækkun krónunnar. Þess í stað var ákveðið að stefna að stöðugu gengi og miðað við meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Um nálega 5 mánaða skeið tókst að halda gengi íslensku krónunnar óbreyttu gagnvart meðalgengi helstu viðskiptalanda okkar. Í lok maí var gengi krónunnar lækkað um tæplega 4%. Í ágústlok var gengið að nýju lækkað og þá um tæplega 5%.

Vegna þessarar stefnubreytingar í gengismálum hefur gengi íslensku krónunnar ekki verið jafnstöðugt um langt árabil. Á hinn bóginn hefur gengi gjaldmiðla helstu viðskiptaþjóða okkar breyst mjög innbyrðis á þessu ári. Þetta hefur valdið nokkrum erfiðleikum í ýmsum atvinnugreinum, en hefur um leið verið búhnykkur fyrir aðrar atvinnugreinar. Þessi misjafna gengisþróun erlendra gjaldmiðla er algjörlega af erlendum toga.

Ríkisstj. stefnir áfram að stöðugu gengi ísl. krónunnar. Þegar litið er til langs tíma verður að miða gengisskráningu við að jafnvægi haldist í viðskiptum við önnur lönd og að tryggður sé rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og þeirra atvinnugreina sem eiga í samkeppni við innflutning. Ríkisstj. mun miða stefnu sína við þetta grundvallarsjónarmið, en jafnframt gæta ítrustu aðhaldssemi í gengismálum.

Á þessu ári hefur dregið úr halla á utanríkisviðskiptum Íslendinga. Horfur eru á að hallinn á viðskiptum landsmanna við útlönd verði á þessu ári aðeins um ½% af þjóðarframleiðslu. Í fyrra var þetta hlutfall um 2.4% af þjóðarframleiðslu. Allt frá því að olíuverð tók að hækka snemma á síðasta áratug hafa flest vestræn ríki búið við halla á viðskiptum við útlönd. Svo er enn. Íslendingum hefur tekist að ná hér betra jafnvægi.

Mörg undanfarin ár hefur heildarfjárfesting landsmanna verið umfram getu þjóðarbúsins. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. var sett fram það markmið að heildarfjárfesting nemi um fjórðungi af þjóðarframleiðslu. Þessu markmiði hefur verið náð á þessu ári. Fjárfesting er talin verða í ár rúm 25% af þjóðarframleiðslu. Á næsta ári er gert ráð fyrir að heildarfjárfesting verði um 24% af þjóðarframleiðslunni. Með þessu er stefnt að því að færa fjármagnsmyndun nær heildarsparnaði þjóðarinnar og draga úr viðskiptahalla.

Með auknum sparnaði landsmanna aukast möguleikar á að fjármagna fjárfestingu með innlendu sparifé fremur en erlendum lántökum. Þróun peningamála á þessu ári gefur tilefni til bjartsýni á þessu sviði.

Atvinnuástand hefur verið gott á þessu ári þegar á heildina er litið. Tekist hefur að tryggja þeim fjölda manna, sem á vinnumarkaðinn koma á hverju ári, næga atvinnu. Um langt skeið hefur töluverður fjöldi fólks flust á ári hverju til útlanda. Á síðustu misserum hefur þessi brottflutningur fólks verið minni en oft áður. Þetta er þó enn nokkurt áhyggjuefni sem ríkisstj. hefur í huga við mótun stefnu sinnar í atvinnumálum.

Um leið og reynt er að tryggja jafna atvinnu og næga verður að gæta þess eins vel og kostur er að koma í veg fyrir ofþenslu. Á næsta ári verður sú viðleitni efld og reynt að stuðla að aukinni hagkvæmni í fjárfestingu hins opinbera. Forsenda nægrar og öruggrar atvinnu fyrir vaxandi fjölda fólks er traust og þróttmikið atvinnulíf. Staða atvinnuveganna verður best styrkt með því að auka framleiðslu og draga með því úr innlendum kostnaði.

Hjöðnun verðbólgu er afar mikilvæg fyrir atvinnulífið í landinu, forsenda tryggari afkomu og aukinnar framleiðni, skilyrði fyrir vexti atvinnulífs og þjóðartekna í framtíðinni. Miklu skiptir að unnt verði að tryggja þann árangur sem þegar hefur náðst í verðlagsmálum, peningamálum, ríkisfjármálum og viðskiptum við útlönd. Það er sá grunnur sem hagvöxtur næstu ára byggir á.

Um leið og áfram verður beitt aðhaldsaðgerðum á

öllum sviðum efnahagsmála hefur ríkisstj. undirbúið sókn í atvinnumálum til aukningar framleiðslutekna þjóðarinnar. Þannig eru nú áformuð stærri skref í virkjun vatnsafls en áður hafa verið stigin. Virkjun þessarar miklu auðlindar Íslendinga er undirstaða þeirrar sóknar í atvinnumálum sem nú er undirbúin. Ríkisstj. hefur þegar aflað heimildar Alþingis til þess að reisa og reka fjórar virkjanir, auk stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar og ráðstafana til að tryggja betur en nú er rekstur orkuveranna á Þjórsársvæði og að auka orku þeirra.

En það verður aldrei nægilega undirstrikað, að þessi sókn í atvinnumálum mun því aðeins skila Íslendingum bættum lífskjörum að unnt verði að ná og viðhalda jafnvægi og stöðugleika í þjóðarbúskapnum. Hér sem annars staðar verður að hafa heildarsýn og stilla saman þau markmið sem að er keppt.

Í efnahagsáætlun ríkisstj. frá áramótum var ákveðið að fylgja aðhaldssamri stefnu í verðlagsmálum á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þessi ákvörðun var nauðsynlegur þáttur í þeirri heildarstefnu sem mótuð var í efnahagsmálum á þeim tíma. Að liðnum fyrstu fjórum mánuðum ársins var tekin upp sveigjanlegri stefna í verðlagsmálum. Ríkisstj. hefur sett ársfjórðungsleg markmið um verðhækkanir sem er ætlað að vera almenn stefnuviðmiðun fyrir meðferð verðlagsmála. Það er hins vegar ljóst, að ef ákvarðanir verðlagsyfirvalda eru meira og minna bundnar við fyrir fram ákveðin mörk um langt tímabil, jafnvel þó að sé að ræða sveigjanlega meginreglu, þá er hætta á að misvægi skapist í efnahagslífinu vegna þess að atvinnustarfsemi í sífelldri þróun þarfnast misjafnlega mikilla verðbreytinga. Sveigjanleg stefna í verðlagsmálum er því forsenda heilbrigðrar þróunar atvinnulífs ef horft er til lengri tíma.

Ríkisstj. stefnir að því, að þegar betra jafnvægi hefur náðst í þjóðarbúskapnum verði verðlagskerfið gert sveigjanlegra. Í þessu skyni er nú unnið að endurskoðun á verðlagsstefnunni í ljósi efnahagsþróunar á þessu ári og með tilliti til horfa á næstu misserum. Ríkisstj. hefur til athugunar ýmis atriði sem hníga í átt til aukins frjálsræðis í viðskiptum og verðlagsmálum.

Fyrir þetta löggjafarþing verður lagt frv. til laga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum eða tollkrít. Þetta hefur verið baráttumál verslunarinnar um langt árabil, og er að því stefnt að nýtt skipulag þessara mála taki gildi á næsta ári. Þetta og fleiri atriði, sem til athugunar eru, mun stuðla að lægra innflutningsverði þegar fram í sækir.

Þorskafli Íslendinga verður meiri á þessu ári en í fyrra. Annar botnfiskafli verður að líkindum einnig nokkru meiri nú í ár. Hins vegar hefur loðnuafli það sem af er þessu ári verið til mikilla muna minni en á sama tíma í fyrra. Heildarverðmæti þess afla, sem á land kemur, verður að líkindum um 2% meira en í fyrra.

Allan síðasta áratug hefur útgerðin að mati Þjóðhagsstofnunar verið rekin með umtalsverðum halla. Í ár hefur afkoma útgerðarinnar í heild verið skárri en undangengin 10 ár. Horfur eru á að vinnsla sjávarafurða verði heldur meiri í ár en í fyrra.

Afkoma hinna ýmsu greina fiskverslunar er mjög misjöfn. Verkun saltfiska og skreiðar er rekin með verulegum hagnaði. Afkoma frystingar er lakari. Veiðar og vinnsla á loðnu eiga nú við mikla erfiðleika að etja vegna mikils verðfalls á loðnuafurðum á erlendum mörkuðum. Þegar litið er á allar greinar í heild er afkoma fiskvinnslunnar jákvæð.

Á þessu ári hefur verið fylgt í höfuðatriðum sömu fiskveiðistefnu og áður, en sú ákvörðun var tekin að undangengnum ítarlegum viðræðum við alla hagsmunaaðila svo og umfjöllun í nefnd sem m. a. var skipuð öllum þeim mönnum sem gegnt hafa embætti sjútvrh. á síðasta áratug.

Ljóst er að með einhverjum hætti verður að tryggja betri samræmingu veiða og vinnslu en náðst hefur með þessari fiskveiðistefnu. Einnig verður að auka gæði framleiðslunnar. Ýmsar leiðir, sem stefna í þessa átt, eru nú í athugun hjá sjútvrn.

Í iðnaðarmálum er unnið að allmörgum veigamiklum verkefnum. Höfuðmarkmið þessarar vinnu eru þrjú: Að bæta starfsskilyrði almenns iðnaðar og auka framleiðni hans: að efla samkeppnisfæran nýiðnað er byggi á heimamarkaði og útflutningi: að leggja grundvöll að orkufrekum iðnaði sem byggi á íslensku forræði og skynsamlegri hagnýtingu orkulinda. Þessar aðgerðir eru liður í stefnumörkun um iðnþróun til langs tíma sem ríkisstj. fjallar nú um, og verður flutt till. til þál. um iðnaðarstefnu á þessu þingi.

Við margháttuð vandamál hefur verið að etja í útflutnings- og samkeppnisiðnaði að undanförnu, m. a. vegna misvægis í gengisþróun erlendis. Unnið hefur verið að ýmsum lagfæringum á stöðu þessa iðnaðar.

Ríkisstj. vinnur nú að athugun á leiðum til að jafna starfsskilyrði iðnaðar. Auk þess er nú unnið að ýmsum aðgerðum til eflingar iðnaði. Má þar nefna ráðgjöf og starfsmenntun í þágu iðnaðar, ráðstafanir til eflingar iðnaðar á landsbyggðinni, aukið framlag til Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, áætlun um innlenda endurnýjun bátaflotans og almenna áherslu á rannsóknar- og þróunarstörf í þágu atvinnulífsins.

Í orkumálum eru í undirbúningi meiri framkvæmdir en áður hafa þekkst. Undanfarin ár hefur höfuðáhersla verið lögð á að auka hlutdeild innlendrar orku í heildarorkunotkun landsmanna. Þetta hefur einkum verið gert með miklum framkvæmdum við hitaveitur. Meginviðfangsefni í raforkuframkvæmdum á næstunni verða: Að ljúka virkjunarframkvæmdum við Hrauneyjafoss, en þær ganga nú samkv. áætlun og mun fyrsta vél virkjunarinnar verða tekin í rekstur næstu daga og önnur síðar í vetur; að auka vatnsöflun til núverandi orkuvera og tryggja rekstur þeirra með umfangsmiklum framkvæmdum á Þjórsársvæðinu; að halda áfram undirbúningi og hefja framkvæmdir við næstu stórvirkjanir fyrir landskerfið.

Ríkisstj. hefur þegar aflað sér heimildar Alþingis til fjögurra nýrra vatnsaflsvirkjana. Þessar virkjanir eru allar komnar á verkhönnunarstig.

Einnig á að ljúka hringtengingu byggðalína og auka flutningsgetu og öryggi raforkukerfisins. Suðausturlína verður tekin í notkun í vóv. n. k. og stefnt er að því að loka hringnum með lagningu Suðurlínu á næstu árum.

Orkustefnunefnd ríkisstj. vinnur nú að athugun og undirbúningi ýmissa framkvæmda á sviði orkufreks iðnaðar. Ýmis stórbrotin verkefni fyrir íslenskan iðnað munu tengjast hagnýtingu orkulindanna. Á því sviði verður stefnt að því að treysta innlenda forustu og frumkvæði.

Á síðasta ári var gripið til samdráttaraðgerða í mörgum framleiðslumálum landbúnaðarins sem miðuðu að því að laga framleiðslumagnið að markaðsaðstæðum. Framleiðsla mjólkur hefur nú verið löguð að þörfum

innlenda markaðarins og má tæpast dragast meira saman. Stefnt er að því að framleiðsla sauðfjárafurða byggist áfram að hluta til á útflutningi, eftir því sem markaðsaðstæður leyfa.

Samdrætti búvöruframleiðslunnar hafa fylgt ýmsir erfiðleikar fyrir bændur og hefur ríkisstj. mætt þeim á ýmsan hátt, m. a. með útvegun fjármagns umfram lögboðnar útflutningsbætur. Ekki er gert ráð fyrir að sérstök fyrirgreiðsla af þessu tagi verði viðvarandi.

S. l. tvö ár hefur verið unnið að eflingu annarra búgreina, einkum fiskræktar, garðræktar og ylræktar, ásamt aukinni nýtingu hlunninda og annarra landgæða. Áfram verður haldið á þeirri braut.

Tillaga um nýja landgræðsluáætlun verður lögð fyrir Alþingi í vetur.

Ríkisstj. hefur nú til athugunar tillögur sem miða að lausn þeirra vandamála sem óvenjuleg harðindi hafa valdið í landbúnaði á þessu ári.

Stórhuga stefna hefur verið mörkuð í vegamálum. Þegar í fyrra var hafið nýtt átak til að auka lagningu bundins slitlags á þjóðvegakerfið. Í vor var síðan samþykkt á Alþingi ný vegáætlun sem gerir ráð fyrir stórauknu fjármagni til uppbyggingar vegakerfisins. Framlög til vegamála hafa í samræmi við þetta verið aukin verulega að raungildi.

Fram til ársins í fyrra var mest lagt bundið slitlag á 40 km á ári og stundum miklu minna. Í fyrra var þetta aukið í 90 km. Í ár er gert ráð fyrir að lokið verði við 150 km bundins slitlags. Á næsta ári verður þetta enn aukið. Þannig verður sá hluti þjóðvegakerfisins, sem lagður er bundnu slitlagi, talsvert meira en tvöfaldaður á skömmum tíma.

Samþykkt hefur verið langtímaáætlun í vegamálum sem gerir ráð fyrir enn auknum fjárframlögum til þessara mála. Lokið verður við að leggja bundið slitlag á 3 þús. km af þjóðvegakerfi landsmanna á röskum áratug.

Ríkisstj. hefur ákveðið að gera stórátak í öryggismálum innanlandsflugs.

Miklir erfiðleikar hafa verið á síðustu misserum í millilandaflugi Flugleiða. Eftir þá aðstoð, sem ríkisstj. veitti Flugleiðum á síðasta ári, horfir heldur bjartar um framtíð þessa flugrekstrar.

Að frumkvæði ríkisstj. hefur verið unnið að því að færa viðhald á flugflota Flugleiða til Íslands. Nokkuð hefur áunnist í þessum efnum og verður áfram unnið að þeim.

Í stjórnarsáttmálanum eru rakin nokkur fyrirheit um umbætur, framkvæmdir og nýmæli á sviði mennta- og menningarmála. Að þessu hefur verið unnið og fyrir þetta löggjafarþing verða lögð nokkur frumvörp til laga um þessi mál. Má þar nefna framhaldsskóla og skólakostnað, Lánasjóð ísl. námsmanna, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listskreytingasjóð.

Á þessu ári hefur verið unnið af kappi að byggingu þjóðarbókhlöðu, en um það var gefið sérstakt fyrirheit í stjórnarsáttmála. Byggingin er vel á veg komin og verður unnið að henni á næsta ári.

Þá má nefna að starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna hefur verið efld verulega á starfstíma ríkisstjórnarinnar.

Í félags- og heilbrigðismálum er áfram unnið að framkvæmd þeirrar stefnu sem er mörkuð í stjórnarsáttmálanum. Þá eru í undirbúningi ýmis málefni sem koma munu til kasta Alþingis. Þar má nefna frv. til l. um umhverfismál.

Á ári fatlaðra hafa margir málaflokkar verið til meðferðar á vegum sérstakrar stjórnskipaðarar nefndar, Framkvæmdanefndar alþjóðaárs fatlaðra. Þá er til meðferðar í ríkisstj. frv. til laga um málefni fatlaðra.

Árið 1982 er sérstakt ár aldraða samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir stórátaki í þeim efnum á næsta ári.

Í samræmi við löggjöf frá síðasta ári um húsnæðismál hefur ríkisstj. beitt sér fyrir miklu átaki í byggingu verkamannabústaða. Hundruð nýrra íbúða verða byggð á ári hverju í samræmi við þessi lög. Þetta mun draga verulega úr þeim húsnæðisvanda sem víða er fyrir hendi, bæði fyrir þá, sem beint njóta fyrirgreiðslu af þessu tagi, og einnig fyrir aðra, því þetta mun létta á hinum almenna markaði án þess að dregið verði úr fyrirgreiðslu til almenna húsnæðislánakerfisins.

Útlánageta byggingarsjóða ríkisins mun vaxa hröðum skrefum eða um 20% að raunvirði á milli þessa árs og næsta. Mest er þessi aukning í útlánagetu Byggingarsjóðs verkamanna, en einnig verður raunveruleg aukning í getu Byggingarsjóðs ríkisins til þess að annast þau verkefni sem honum eru falin eftir þessa breytingu.

Ofneysla vímuefna hefur um langt skeið verið vaxandi í íslensku þjóðfélagi. Þetta mikla vandamál snertir flestar íslenskar fjölskyldur á einn eða annan hátt. Þjóðin öll verður hér að snúast til varnar. Ríkisstj. mun hafa forgöngu um átak á þessu sviði.

Á vettvangi dómsmála hefur verið unnið að umbótum á löggjöf sem stuðlar að hraðari meðferð dómsmála, m. a. með því að einfalda meðferð minni háttar mála. Unnið verður áfram að því að gera meðferð dómsmála greiðari og auðvelda mönnum að ná rétti sínum.

Í utanríkismálum verður fylgt óbreyttri stefnu.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er sérstaklega kveðið á um að ríkisstj. muni beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayensvæðinu og fullnægja vernd fiskistofnanna þar. Þetta hefur nú tekist með tveim samningum við Norðmenn og verður sá síðari undirritaður um þessar mundir.

Samkvæmt ákvæði í stjórnarsáttmála hefur verið lögð sérstök áhersla á að taka virkan þátt í samstarfi Norðurlandaþjóða og efla norræna samvinnu á allan hátt.

Það, sem einkennt hefur þjóðarbúskap Íslendinga á þessu ári öðru fremur, er að betra jafnvægi og meiri stöðugleika hefur gætt í efnahagslífinu en verið hefur um langt árabil. Verðbólgan hefur hjaðnað verulega. Þetta hefur tekist án þess að færa fórnir atvinnuleysis og rýrnandi lífskjara eins og aðrar þjóðir hafa fært í þessari sömu baráttu. Ríkisfjármál og peningamál eru í betra jafnvægi en verið hefur á síðari árum. Viðunandi jafnvægi hefur náðst í viðskiptum við útlönd. Gengi hins íslenska gjaldmiðils hefur haldist stöðugra en verið hefur um langt skeið. Þjóðarframleiðslan hefur aukist meira en gert var ráð fyrir. — Þetta hefur tekist á einhverjum mestu umhleypingatímum í alþjóðaefnahagsmálum.

Á næsta ári munu erfiðleikar í efnahagsmálum heimsins og þau slæmu viðskiptakjör, sem við höfum búið við á seinustu misserum, sníða vexti framleiðslu og tekna þjóðarinnar þröngan stakk. Viðskiptakjör Íslendinga eru nú 12—14% lakari en þau voru á árinu 1978. Ekki eru horfur á að viðskiptakjör batni á næsta ári. Raunar bendir ýmislegt til þess, að sá litli bati á viðskiptakjörum, sem fram kom á þessu ári, muni að miklu leyti hverfa á því næsta. Við Íslendingar getum því

ekki vonast eftir aðstoð af erlendum toga við lausn okkar efnahagsmála. Þess í stað verðum við enn um sinn að miða stefnuna við ókyrran sjó í alþjóðaefnahagsmálum.

Við þessar aðstæður getum við ekki búist við verulegri aukningu þjóðarframleiðslu eða þjóðartekna á næsta ári. Þó er gert ráð fyrir að á næsta ári vaxi útflutningsframleiðsla okkar um 4% og þjóðarframleiðsla um 1%. Þjóðartekjur munu vaxa minna vegna versnandi viðskiptakjara.

Með auknum stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum erum við að leggja grunninn að sókn til bættra lífskjara. Þennan grunn verðum við að treysta enn. Því verðum við á næsta ári að sýna áfram gætni og festu í efnahags- og kjaramálum til þess að þessi árangur ónýtist ekki. Því betur sem við treystum þennan grunn, því fyrr mun atvinnulíf okkar blómgast og lífskjör batna.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Víst væri það ánægjulegt ef taka mætti allt gilt sem síðasti ræðumaður sagði: Allt í lagi, slétt og fellt, tæpast skýhnoðrar við sjóndeildarhringinn. — Það er ekki amalegt að geta varpað þannig öllum áhyggjum af sér. En því miður, stefnuræða forsrh. einkenndist af sjálfshóli, sjálfsánægju og sjálfsblekkingu.

Hælst var um að full atvinna væri tryggð. En atvinnuleysi, hvað sem öðrum löndum líður, hefur ekki þekkst hér á landi í hálfan annan áratug, síðan gjaldeyristekjur okkar minnkuðu um nær helming, og stóð þá stutt, þótt brottflutningur úr landi teljist óneitanlega að hluta til dulbúið atvinnuleysi. Frammistaða ríkisstj. í atvinnumálum er því ekkert afrek.

Síðasti ræðumaður minntist ekkert á það, að allur síldarflotinn var bundinn í höfn meira en viku nú á hávertíðinni, að tvívegis lá við stöðvun loðnuflotans, að bolfiskverð, sem gilda á frá 1. okt. til áramóta, hefur ekki verið ákveðið enn. — Og hvernig var síldar- og loðnuverðið ákveðið og hvaða ráðagerðir eru um almenna fiskverðsákvörðun?

Þegar fiskverð á erlendum mörkuðum er í hámarki tæmist sjóður hverrar fiskvinnslugreinar á fætur annarri í verðjöfnunarsjóði og til stórfelldra skulda er stofnað: Milljón nýrra kr. í síldina, 46 millj. kr. lántaka í loðnudeildina, 24 millj. vantar í frystideildina frá því fyrr á árinu. Frysting er rekin með 6.7% tapi nú fyrir fiskverðshækkun sem verður um 9% ef sjómenn eiga að fá sömu hækkun og launþegar í landi eftir að hafa þolað skerðingu við loðnu- og síldarverðsákvörðun. Uppvíst er að samkeppnisiðnaður er rekinn með 8—10% halla.

Menn kunna að yppta öxlum og láta sér fátt um finnast, eins og ráðherrarnir, er helstu útflutningsgreinar okkar eru reknar með slíkum halla. En slíkar staðreyndir bera ekki vitni um atvinnuöryggi, heldur hættu á atvinnuleysi og fullkomið kæruleysi stjórnvalda. Þótt stjórnvöld virðist heyrnarlaus og skilningssljó leggja menn við hlustirnar þegar fréttir berast um stöðvun togara og frystihúsa á Raufarhöfn, Keflavík og víðar. Fyrirmyndarfrystihús á Suðureyri er selt, rekstri Skjaldar á Patreksfirði hætt, rekstri SÍS á Akureyri lokað um miðjan dag til að aðvara fólkið um yfirvofandi uppsagnir og rekstur fjölmargra saumastofa og iðnaðarfyrirtækja víða um land hefur þegar stöðvast. 27 frystihús eru í sérstakri athugun vegna hættu á stöðvun og rekstur 19 togara skrásettra 1977—1980 sýnist vonlaus að óbreyttum skilyrðum. Slíkar fréttir sýna að atvinnufyrirtækin standa á brauðfótum og eru rekin með tapi vegna þess fyrst og fremst hvaða skilyrði þeim eru búin af hálfu stjórnvalda. Fólkið, sem býr við þetta öryggisleysi, veit hvað klukkan slær þótt stjórnvöld geri sér þess ekki grein.

Forsrh. var áðan að hrósa sér af stöðugu gengi íslensku krónunnar. Í stefnuræðu sinni í fyrra áfelldist hann forvera sína í ríkisstj. með þessum orðum: „Í lok síðasta árs" þ. e. 1979 — „var verðhækkunum innan lands og stöðnun fiskverðs á Bandaríkjamarkaði ekki mætt með nauðsynlegri aðlögun gengis" — og hrósar sér síðan af að hafa, m. a. með miklu gengissigi undanfarnar vikur, kippt hlutunum í lag. Þetta var í fyrra.

Nú hrósar ríkisstj. sér af stöðugu gengi, en boðar um leið nýja gengisfellingu ef miða á gengisskráningu við „að rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnugreina, sem eiga í samkeppni við innflutning, verði tryggður", eins og við heyrðum forsrh. segja áðan. Það er vissulega með eindæmum að forsrh. skuli með góðum fyrirvara boða gengisfellingu og gefa spákaupmennsku byr undir báða vængi.

Það er raunar ekkert leyndarmál að af hálfu ríkisstj. eru ákvörðunaraðilar að síldar- og loðnuverði fengnir til að sætta sig við verðákvörðun, sem felur í sér hallarekstur, með því fyrirheiti að gengið verði fellt áður en framleiðslan fer úr landi í nóv. og des. Og það sama er reynt við almenna fiskverðsákvörðun. Sem dæmi má nefna að loðnumjölsframleiðendur telja hallann vera 14% í rekstri til viðbótar 42 millj. kr. lántöku sem ríkissjóður skuldbindur sig til að greiða eftir tvö ár ef mjölverð í dollurum hefur ekki hækkað þá um 30%. Jafnvel ráðh. hafa í flimtingum að gengið verði fellt fljótlega í nóv. eða des., eftir landsfund Sjálfstfl. Önnur ástæða til þess að draga gengisfellinguna á langinn er að áhrifa hennar gætir ekki við útreikning kaupgjaldsvísitölu 1. des. n. k. og um áramótin til að velta verðhækkunum fram yfir þau.

Þá erum við komin að sýndarmennsku ríkisstj. í baráttu gegn verðbólgu. Eftir nákvæmlega engan árangur á fyrsta starfsári, í fyrra, hreykja menn sér af að koma verðbólgunni úr 60% í 40% frá byrjun til loka þessa árs. Í þeim efnum getur ríkisstj. fyrst og fremst þakkað Reagan Bandaríkjaforseta hækkun á gengi dollarsins sem fróðir menn telja að dregið hafi úr verðhækkunum hér er nemi 10—15%. Að öðru leyti getur ríkisstj. aðeins hrósað sér af 7% kaupskerðingu 1. mars s. l., sem ég heyrði nú ekki að forsrh. minntist á, falsi á vísitölu með tilfærslum á niðurgreiðslum og verðhækkunum fyrir og eftir útreikningsdag vísitölu og frestunum á óhjákvæmilegum verðhækkunarþörfum opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja.

Sautján ára gömul úrelt framfærsluvísitala er ekki góður mælikvarði á verðbólguvöxtinn. Í fyrra sagði forsrh. að ný vísitala yrði tilbúin um síðustu áramót. Nú er ekki minnst á hana lengur. Sú gamla vísitala þjónar víst betur í blekkingarleiknum. En við höfum annan mælikvarða á verðbólguvöxtinn. Í grg. fjárlagafrv. segir að útgjöld ríkisins hafi aukist yfir 60% fyrstu 9 mánuði þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Ætli heimilin í landinu hefðu ekki þurft á svipaðri hækkun að halda og fjmrh. Peningabudda fólksins er besti mælikvarðinn á verðbólguna. Ég hygg það samdóma álit manna, að eftir myntbreytinguna endist 100 nýkr. seðill eða 10 þús gkr. ekki lengur en 5000 kr. seðill áður. Í stað þess að myntbreytingin gat verið öflugt tæki í baráttu gegn verðbólgu,

ef stjórnvöld hefðu þekkt sinn vitjunartíma og gert viðeigandi ráðstafanir, hefur myntbreytingin því miður jafnvel reynst skálkaskjól áframhaldandi verðbólguvexti.

Í stjórnarsáttmála er markmiðið að koma verðbólgunni niður á sama stig og í viðskiptalöndum þegar á árinu 1982. Í stefnuræðu í fyrra var sagt: í lok ársins 1982. Í stefnuræðu nú: svo fljótt sem kostur er. Vitað er að ætlunin var að segja í stefnuræðu: að koma verðbólgu niður í 25%, — en Alþb.-ráðh. strikuðu það út, enda verður verðbólgan meira en tvöfalt það ef ekkert er að gert. Ríkisstj. er komin á undanhald í verðbólgumálum og trúir ekki lengur á eigin markmið og árangur eigin aðgerða.

Ríkisstj. hrósar sér af jafnvægi í ríkisfjármálum og peningamálum þegar slíku jafnvægi er ekki til að dreifa. Það er lítill vandi að hrósa sér af greiðsluafgangi hjá ríkissjóði þegar skattaálögur eru auknar og útgjöldum er velt yfir í lánsfjáraætlun. Það er ekki nóg að hrósa sér af því, að skuld við Seðlabankann lækki í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, ef ríkissjóður eykur erlendar lántökur um hærri upphæð. Gísli Blöndal fyrrv. hagsýslustjóri hefur bent á í grein í Fjármálatíðindum að rétt mynd af afkomu ríkissjóðs og þensluáhrifum ríkisfjármála fáist ekki nema taka slíkar lántökur með í reikninginn. Ef greiðslustaða samkv. fjárlagafrv. 1982 er leiðrétt á þessum forsendum sýnist við fljótlega athugun verða nær 300 millj. kr. greiðsluhalli á ríkissjóði á næsta ári í stað greiðsluafgangs. Það eru fyrst og fremst erlendar lántökur ríkissjóðs sem snúa dæminu við, en þær eiga víst að aukast um 90% á næsta ári.

Innlánsaukning í lánastofnunum á einnig rætur sínar að rekja m. a. til innflutnings erlends fjármagns. Það stoðar lítið að binda innlánsfé bankanna til að draga úr þenslu og verðbólgu innanlands ef jafnóðum er flutt inn erlent fjármagn, ef opinberum fyrirtækjum eins og Landsvirkjun, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur og fleiri fyrirtækjum er bannað að hækka taxta sína og bent á að taka milljarða gkr. að láni erlendis sem viðskiptamenn þeirra verða auðvitað að greiða fyrr en seinna að viðbættum vöxtum um leið og þjónustu þessara fyrirtækja er stefnt í voða. Með þessu er e. t. v. hægt að draga úr vexti verðbólgu í bili, en það hefnir sín fljótt með þeirri afleiðingu að verðhækkanir og verðbólguvöxtur verður enn meiri fljótlega.

Fyrir stuttu heimilaði ríkisstj. Framkvæmdasjóði að taka erlent lán til að greiða úr fjárþörf og hallarekstri atvinnufyrirtækja víðs vegar um land. Ætli það auki ekki peningaþensluna og verki þannig eins og olía á verðbólgubálið? Sjálfsblekkingin er svo alger að fé er bundið hjá innlendum lánastofnunum og viðskiptavinum vísað á erlendar lánastofnanir. Það er að vissu marki verið að flytja bankastarfsemina út úr landinu eins og gerst hefur í heildversluninni áður vegna óraunhæfra verslunarhafta. Þó er innlend bankastarfsemi og innlend verslun forsenda sjálfstæðis okkar. Með þessari stjórnarstefnu er verið að flytja okkur öld aftur í tímann. Ríkisstj. lifir í raun á aukningu erlendra lána, og greiðslubyrði afborgana og vaxta á næsta ári verður meiri en þessi greiðslubyrði hefur nokkru sinni verið áður, eða um 18%, í stað þess að ríkisstj. hét því í stjórnarsáttmála að fara ekki fram úr 15% greiðslubyrði í afborgunum og vaxtagreiðslum erlendra lána.

Forsrh. sagði að vextir hefðu tvívegis verið lækkaðir á þessu ári. En sannleikurinn er sá, að víxilvextir eru prósentustigi hærri en þegar núv. stjórn tók við. Og þar sem vextir af vaxtaaukalánum hafa lækkað hafa vextir af skuldabréfum hækkað, en verðtryggð lán hafa aukist og eru yfirgnæfandi hluti lánamarkaðarins, hins almenna hluta.

Alþb. lofaði vaxtalækkun, en fjármagnskostnaður hefur aldrei hækkað meira en á valdatíma þess.

Alþb. lofaði að tryggja kaupmátt launa en frá því að það komst til valda í sept. 1978 og til nóv. n. k. rýrnar kaupmáttur kauptaxta um 9% þótt þjóðartekjur á mann séu þær sömu og 20—30% kauphækkun þyrfti í raun til að efna loforðið um „samningana í gildi". Ef launþegasamtökin gerðu jafnvirði 100 þús. kr. mánaðarlauna að kröfu sinni í dag, eins og þau gerðu á ASÍ-þingi 1976, þyrftu mánaðarlaun nú að vera 6632 kr. Það þýðir kröfu um 37% hækkun á grunnkaupi í dagvinnu. Samkv. þessu eru bæði minni hluti og meiri hluti Verkamannasambandsins með hóflega kröfugerð miðað við það sem formaður þess, Guðmundur J. Guðmundsson, og núverandi forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson, kröfðust 1976.

En hver er stefna Alþb. í kaupgjaldsmálum? Ég spyr fulltrúa þess í umr. hér í kvöld og raunar alla ráðh.: Standa þeir með meiri hluta eða minni hluta Verkamannasambandsins? Telja þeir kröfugerð ASÍ og BSRB sanngjarna?

Skiptar skoðanir um kröfugerðina innan Verkamannasambandsins sýna annars vegar hráskinnsleik kommúnista í kjaramálum og hins vegar að fínu Alþb.- ráðherrarnir eru nú í verulegri hættu að missa völd sín innan verkalýðshreyfingarinnar. Reynslan sýnir að Alþb.- ráðherrar eru tilbúnir að beita launþegum fyrir vagn sinn og fórna hagsmunum þeirra, ef því er að skipta, til að kaupa sér völd og ráðherrastóla að því marki að þeir geti haldið áfram að blekkja launþega, rýra kjör þeirra og misnota valdaaðstöðu sína í verkalýðshreyfingunni. En launþegar sýna nú þess merki, að ráðherrar Alþb. hafi ekki ráð þeirra í hendi sér, og þá fara Alþb.- ráðh. að ókyrrast, jafnvel í ráðherrastólum.

Samstarfsmenn Alþb. í ríkisstj. hafa verið þeim ótrúlega leiðitamir og andvaralausir. Alþb. er markvisst að gera einstaklinga, fjölskyldur, heimili, atvinnufyrirtæki og sveitarfélög háð náðarbrauði úr hendi valdhafanna. Einum er „reddað" í dag, öðrum á morgun, enn aðrir detta upp fyrir að vilja valdhafanna. Í bili er stungið upp í SÍS til að hafa framsóknarmenn góða. Og þótt Sambandshraðfyrstihúsið stöðvist í Keflavík er SÍS lánað 100% í hraðfrystihús á Patreksfirði og gert kleift að kaupa annað á Suðureyri og steypustöð á Ísafirði þar sem kaupfélagið hefur rambað á barmi gjaldþrots. Þótt SÍS-verksmiðjum á Akureyri liggi við stöðvun kaupir KEA hvert fyrirtækið á fætur öðru. En þetta er framsóknarmönnum skammgóður vermir því að til lengdar lifa samvinnufélögin ekki ef atvinnufyrirtækjum almennt eru búin þau skilyrði sem núv. ríkisstj. telur sér sæma.

Samstarfsmenn kommúnista í ríkisstj. voru þeim einnig svo leiðitamir og fíknir í valdastólana að þeir skrifuðu undir leynisamning og veittu kommúnistum neitunarvald í öllum meiri háttar málum. Alþb. ber það nú fyrir sig til að þvælast fyrir og stöðva svo sjálfsagðar framkvæmdir sem byggingu eldsneytisgeyma og flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Geta má nærri að engin skilyrði eru til þess, meðan núv. ríkisstj. situr, að við Íslendingar tökum virkari þátt í

ákvörðunum er varða öryggi og varnir okkar sjálfra, eins og nauðsyn ber til á viðsjárverðum tímum, enda er lítið fjallað um þessi mikilvægu utanríkis- og öryggismál í stefnuræðu forsrh. Þau eru feimnismál í núv. ríkisstj.

Ríkisstj. hefur notið góðæris, viðskiptakjör farið heldur batnandi og fiskafli verið í hámarki. Frá útfærslu efnahagslögsögunnar í 200 sjómílur hefur þorskafli tvöfaldast. En þótt við höfum haft úr meiri verðmætum að vinna er hagvöxtur nú að stöðvast. Ekki er búist við að fiskstofnar umhverfis landið þoli öllu meiri veiði, og þótt unnt sé að auka framleiðni með bættum tækjabúnaði, eins og tölvuvæðingu, verðum við að sækja í vaxandi mæli einnig á önnur atvinnumið en fiskimiðin umhverfis landið. Auk gróðurs jarðar verðum við að nýta orkulindir okkar, virkja fossa og hitann í iðrum jarðar. En ríkisstj. hefur enga ákvörðun tekið í þeim efnum. Í meira en þrjú ár hefur iðnrh. verið að hugsa, en ekkert gert. Eina afrek ráðh. var að reyna að tefja Hrauneyjafossvirkjun um eitt ár, og blasti alvarleg rafmagnsskömmtun við í vetur ef þau áform hefðu tekist.

En þótt nauðsynlegt sé að nýta orkulindir okkar til að auka hagvöxt verðum við að koma orkunni í verð, nýta hana. Það er ekki þörf á nýrri virkjun, jafnvel allan þennan áratug, ef enginn er kaupandi orkunnar, ef orkufrekur iðnaður kemst ekki í gagnið. Þótt sagt sé að iðnrh. hafi 43 starfshópa í kringum sig er eins og þeir flækist hver fyrir öðrum og rugli ráðh. og ríkisstj. í ríminu svo að engin ákvörðun er tekin um orkufrekan iðnað. Síðustu þrjú árin hafa farið til lítils í þessum efnum. Afleiðingin er sú, að nú þegar Hrauneyjafossvirkjun er komin í gagnið renna 8 millj. dollara eða yfir 60 millj. nýkr. í hafið á hverju ári næstu árin vegna þess að enginn kaupandi er að orkunni.

Það er ástæða til að spyrja hver stefna ríkisstj. í orkumálum og stóriðjumálum sé. Gerir ríkisstj. sér grein fyrir því, að sá alvarlegi dráttur, sem hefur orðið á ákvörðun í virkjunarmálum, veldur því, að sérþekking sú, sem safnast hefur saman við virkjunarframkvæmdir í Þjórsá í hálfan annan áratug, er að tvístrast og dreifast og þar með getum við misst þessa sérþekkingu niður?

Okkur Íslendingum er brýn nauðsyn að marka stórhuga atvinnumálastefnu er byggist á orkuframkvæmdum og iðnaði, jafnframt stefnumótun í sjávarútvegi og landbúnaði, verslun og samgöngum.

Við leysum ekki vandamál stöðnunar og verðbólgu með úrræðum sósíalista, auknum ríkisumsvifum, skattaálögum, höftum, boðum og bönnum. Leið sósíalista er fullreynd í Póllandi og austan tjalds. Við Íslendingar kjósum ekki slíka hörmung yfir okkur. Við verðum aftur á móti að draga úr ríkisumsvifum og skattheimtu, nýta frumkvæði, framtak og hugvit einstaklinganna og búa atvinnuvegunum almenn skilyrði til að bæta lífskjör í landinu og félagslegt öryggi allra landsins barna. Við vinnum okkur þá fyrst út úr vanda verðbólgu og skertra lífskjara ef við höfum skilning á því að hvetja menn til aukinnar verðmætasköpunar en letja ekki. — Ég þakka þeim sem á hlýddu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Heldur þótti mér lítilfjörleg viðleitni Geirs Hallgrímssonar áðan til að gera lítið úr þeim árangri sem náðst hefur í hjöðnun verðbólgu. Ef ég man rétt setti Geir Hallgrímsson sér það markmið 1974, í þeirri ríkisstj. sem við hann var kennd, að koma verðbólgunni niður í 15%, en hún varð 50%. Staðreyndin er sú sem almennt mun viðurkennt að ríkisstj. mun nú takast að ná því markmiði, sem hún setti sér fyrir áramótin, að koma verðbólgunni niður í 40% á þessu ári. Þetta er ekki lítill árangur þegar þess er minnst, að verðbólgan á síðasta ári var um 60% og stefndi reyndar langtum hærra í lok ársins. Mikilvægast er þó e. t. v. að þetta hefur tekist án þess að stofna til atvinnuleysis og skerðing kaupmáttar er minni en orðið hefði með óheftri verðbólgu. Þetta hefur tekist án leiftursóknar, eða kannske réttara sagt vegna þess að leiftursókninni var hafnað.

Þetta er mikilvægur áfangi í niðurtalningu verðbólgunnar. Hins vegar kemur að sjálfsögðu ekki til greina að láta hér staðar numið. Stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir að verðbólga verði í lok ársins 1982 orðin svipuð og í nágrannalöndum okkar. Augljóst er að það mun ekki nást á þessu ári né næsta, enda hófst niðurtalning verðbólgunnar síðar en að var stefnt. Eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun telur ríkisstj. að æskilegt markmið gæti verið svipuð hlutfallsleg lækkun verðbólgu á árinu 1982 og náðst hefur á þessu ári, eða um þriðjungslækkun.

Þá sýnist mér alls ekki vonlaust að verðbólgan geti í lok kjörtímabilsins orðið svipuð og í okkar helstu viðskiptalöndum, og að því mun verða stefnt. Slíkur árangur næst þó ekki nema með samstilltu átaki á fjölmörgum sviðum. Nauðsynlegt verður áframhaldandi aðhald í verðlagsmálum, peningamálum, gengismálum, ríkisfjármálum, fjárfestingar- og launamálum, svo að nokkrir veigamestu þættirnir séu nefndir. Hér mun ég aðeins gera fáein mikilvæg atriði að umræðuefni.

Ég hygg að flestum muni vera ljóst að gengisfellingar eru skammgóður vermir og líklega fátt meiri verðbólguvaldur. Með alla hluti verðtryggða eða gengistryggða veldur gengisfelling um það bil jafnmikilli verðbólgu og gengið breytist. Hins vegar er full atvinna eitt meginmarkmið ríkisstj. Til þess verður rekstrargrundvöllur atvinnuveganna að vera traustur. Áður en gripið er til gengisfellingar í því skyni að leiðrétta grundvöllinn er því nauðsynlegt að kanna allar leiðir til að draga úr rekstrarkostnaði. Við athugun kemur í ljós að enginn liður hefur hækkað eins mikið og fjármagnskostnaðurinn, en um það tel ég rétt að fara nokkrum orðum.

Á þessu ári hefur náðst sá mikilvægi áfangi að verðtryggja að fullu bæði innlán og útlán. Þessu hefur fylgt mjög mikil aukning á sparifjármyndun sem er að sjálfsögðu mjög mikilvæg. Það bætir verulega stöðu lánastofnana og getu þeirra til að sinna þörfum atvinnuvega og einstaklinga fyrir lánsfé. Einnig ætti það að gera kleift að fjármagna meira af framkvæmdum í landinu með innlendu lánsfé en verið hefur. Jafnframt vil ég leggja áherslu á að nauðsynlegt er að lánastofnanir fái styrkt eiginfjárstöðu sína og gjaldeyrisforði þjóðarinnar verði aukinn frá því sem áður var. Hins vegar tel ég vafasamt að afkoma lánastofnana þurfi að vera mikið umfram það sem í þessu felst, á sama tíma og útflutningsatvinnuvegunum er skorinn það þröngur stakkur að mikilvægustu greinarnar eru reknar með tapi. Þarna verður samræming að vera á milli, eins og á milli annarra þátta í verðbólguslagnum.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna að ég tel dráttarvexti bæði of háa og mjög misnotaða. Það er

ákaflega arðsamt að hafa skuldir á dráttarvöxtum hjá fyrirtækjum sem allir vita að verða ekki látin fara á hausinn, eins og sagt er. Ég get ekki varist þeirri hugsun, að til þess leiks sé stundum stofnað af vilja hjá lánadrottnum. Ég tel jafnframt mjög eðlilegt að góð afkoma banka og lánastofnana sé notuð til þess að lækka fjármagnskostnað, t. d. afurðalánavexti útflutningsatvinnuveganna. Þannig yrði dregið nokkuð úr þörfinni fyrir gengisfellingu. Í þeim slag munar um hvert prósentustig.

Launamálin verða mjög til umræðu næstu vikurnar. Í þjóðhagsáætlun kemur fram að þjóðartekjur á hvern mann hafa ekki aukist að neinu ráði í ár og engri aukningu er spáð á árinu 1982. Þessa spá hef ég engan heyrt vefengja. Við þessar aðstæður fæ ég ekki séð svigrúm fyrir neinar umtalsverðar grunnkaupshækkanir. Slíkt hlýtur að leiða til meiri kostnaðar innanlands og gengisfellinga sem eyða óðar hverjum þeim ávinningi sem menn telja sig hafa af grunnkaupshækkunum. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að ýmsar umbætur þarf að gera á launakerfinu. Ljóst er að menn geta illa lifað af lægstu launum án mjög mikillar yfirvinnu. Á slíkum sviðum þarf að ná einhverjum leiðréttingum fram. Hins vegar hygg ég að vonlaust sé að losna við yfirvinnu á tveimur árum, eins og stundum er talað um. Það verður að gerast með framleiðniaukningu atvinnuveganna og gerist ekki nema á allmörgum árum. Það væri hins vegar verðugt markmið.

Við Íslendingar eigum einnig að leggja áfram áherslu á launajöfnuð. Ég get alls ekki tekið undir kröfu þeirra, sem í hærri launum eru, um grunnkaupshækkanir. Ég leyfi mér að halda því fram, að lífskjör mikils hluta Íslendinga séu góð. Það sýnir mikil neysla, t. d. kaup á dýrum hlutum eins og videotækjum, sólarlandaferðum og fjölmargt fleira. Til þess að góður áfangi náist einnig á næsta ári í niðurtalningu verðbólgunnar er nauðsynlegt að marka launamálastefnu sem samræmist þeirri hjöðnun verðbólgu sem menn setja sér. Ef menn vilja að sá áfangi verði umtalsverður fæ ég ekki séð að svigrúm sé fyrir almennar grunnkaupshækkanir, enda slíkt fals eitt. Hins vegar er eðlilegt að stefna að nokkurri aukningu kaupmáttar, t. d. með skattalækkunum, fyrst og fremst á lægri laun.

Einn er sá þátturinn í verðbólgumálum okkar sem ég tel nauðsynlegt að minnast á. Hann snýr að íslenskum sjómönnum og útflutningsatvinnuvegum. Við höfum komið á vísitölukerfi sem er ætlað að mæla nánast allt. Með því kerfi hækka laun langflestra þeirra, sem í landi starfa, sjálfkrafa ársfjórðungslega. Tekjur bænda eru einnig hækkaðar svipað. Þeirra launahækkun er sótt í hækkun á verði landbúnaðarafurða á innanlandsmarkaði. Í sjávarútvegi er þessu allt annan veg háttað. Laun sjómanna eru ekki vísitölutryggð og atvinnuveitendur þeirra, útgerðin, verða í gegnum fiskvinnsluna að sækja sínar tekjur á erlendan markað sem við höfum lítið sem ekkert vald yfir. Sjómenn hafa að vísu margir ágætar tekjur sem betur fer. Hins vegar er það staðreynd, að í mörgum tilfellum hafa þeir borið skarðan hlut frá borði í vísitölukapphlaupinu. Svo var t. d. í nýloknum samningum um síld- og loðnuveiðar og vinnslu. Útgerðarmenn og sjómenn fengu um 28—30% hækkun á milli ára á sama tíma og aðrir landsmenn hafa yfirleitt fengið um eða yfir 50% hækkun. Sjómenn tóku þannig á sig verulegan hluta af því verðfalli sem orðið hefur á þessum afurðum á erlendum mörkuðum — það gera útgerðarmenn og vinnslan reyndar líka — á sama tíma og þeir, sem bræða loðnuna eða leggja niður síldina, fá fulla launahækkun. Í þessum tilfellum er ekki heldur um aflaaukningu að ræða sem bætt gæti tekjutapið. Hvað halda menn að slíkt geti gengið lengi? Vitanlega ættu landsmenn allir að bera verðfall af afurðum okkar erlendis. Sumir virðast þvert á móti halda að vísitöluleikinn og verðbólguna megi stöðva þegar að sjávarútveginum kemur.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um ástand og horfur í sjávarútvegi og samöngumálum.

Þrátt fyrir allar hrakspár fyrri ára hygg ég að flestir séu nú sammála um að þorskstofninn sé alls ekki í hættu, reyndar úr allri hættu og í góðum vexti. Ég er a. m. k. ekki hræddur við u. þ. b. 450 þús. lesta afla eins og getur orðið nú í ár. Hins vegar tel ég óvarlegt að reikna með aukningu á næsta ári, m. a. vegna óvissu um afkomu seiðanna frá því í vor. Það sama má segja um flesta aðra fiskstofna. Þó er nauðsynlegt að loðnustofninn fái tækifæri til að vaxa verulega.

Á s. l. ári hreyfði ég ýmsum róttækum hugmyndum um gerbreytta fiskveiðistefnu. Ég fékk mér til ráðuneytis nefnd sem í sátu m. a. þrír fyrrv. sjútvrh. Niðurstaða varð sú, að ekki væri rétt að ráðast í svo róttækar breytingar, heldur byggja á stefnu undanfarinna ára með lagfæringum. Þessi varð einnig niðurstaða hagsmunaaðila þegar um málið var fjallað. Ég ákvað því að byggja á fyrri stefnu, enda hafði ég ætíð lýst yfir að ég mundi ekki ráðast í róttækar breytingar nema víðtæk samstaða næðist. Stefnan í þorskveiðum fyrir yfirstandandi ár var birt í des. á s. l. ári og hefur það aldrei verið gert svo tímanlega áður. Ýmsar mikilvægar lagfæringar voru gerðar á stjórn þorskveiða. Í framkvæmd hefur þó ekki reynst þörf á að breyta nánast einum einasta staf.

Ýmsar lagfæringar þarf þó enn að gera á stjórnun veiða. Ég tel t. d. að skrapdagakerfið þurfi að endurskoða og samræma veiðar og vinnslu betur en gert hefur verið, ekki síst með aukin gæði í huga. Slíkar hugmyndir eru í athugun í sjútvrn. og verða á næstunni ræddar við hagsmunaaðila. Afkoma vinnslunnar er mjög mismunandi. Skreiðar- og saltfiskverkun stendur allvel en frystingin illa, jafnvel svo að ekki verður lengur við það búið. Ég vil að vísu leggja á það áherslu, að gera verður þær kröfur til atvinnuvegarins að gætt sé ítrustu hagsýni. Í því sambandi vil ég enn nefna samræmingu á veiðum og vinnslu og hagkvæmustu samsetningu framleiðslunnar, en á hvoru tveggja hefur orðið misbrestur. Þetta breytir þó ekki þeirri staðreynd, að grundvöllinn verður að lagfæra. Í því skyni eru athyglisverðar hugmyndir nú í athugun.

Um skipastólinn hefur mikið verið rætt og því miður ekki allt af mikilli skynsemi, sýnist mér. T. d. er furðulegt að hlusta á þá niðurstöðu sérfræðinga, að minnka þurfi fiskveiðiflotann um a. m. k. 1/3, jafnvel sigla honum út og sökkva honum, að því er mér skilst. Ég get fallist á að flotinn virðist fullstór þegar á heildina er litið. Málið er hins vegar ekki svo einfalt. T. d. leyfi ég mér að efast um að sá afli, sem færður er að landi á vetrarvertíð hér sunnanlands, náist með minni flota. Þetta er breytilegt eftir árstímum og einnig eftir landshlutum. Það er jafnframt staðreynd að tímabært er að endurnýja stóran hluta af bátaflotanum. Um 110 bátar eru orðnir yfir 30 ára gamlir. Að sjálfsögðu ber að leggja áherslu á að þetta

verði gert í innlendum skipasmíðastöðvum. Þá er hins vegar óhjákvæmilegt að verð fyrir skip smíðuð hér á landi sé ekki að ráði hærra en greiða þarf erlendis. Mikinn verðmun er ekki hægt að leggja á íslenska útgerð sem síðan þarf að keppa við niðurgreiddar fiskveiðar annarra þjóða.

Skipasmíðar innanlands eru iðnaðarvandamál og verður að leysa á þeim vettvangi. Í því skyni er nú unnið að áætlun um raðsmíði fiskiskipa með ýmiss konar fjárhagsfyrirgreiðslu, sem ég vil vona að geri íslenskum skipasmíðastöðvum kleift að keppa við erlenda smíði. Ég tel jafnframt skynsamlegt að halda flotanumm innan þeirra marka sem stærð hans er nú, og mun ég leggja áherslu á það. Ég vil geta þess, að á vegum sjútvrn. og Landssambands ísl. útvegsmanna hefur í sumar verið gerð ítarleg tilraun með miðlun afla á milli vinnslustöðva og geri ég mér vonir um að það leiði til nokkurs árangurs.

Um samgöngumálin verð ég að vera stuttorður. Mér þykir þó ástæða til að vekja athygli á verulegri aukningu í framkvæmdum á sviði vegamála. Eins og kom fram í ræðu hæstv. forsrh. er það ekki síst þegar um bundið slitlag er að ræða. Þar var ekki lagt áður meira á einu ári en 40 km, en 150 km nú í ár, og mér sýnist ljóst að við náum því markmiði, sem við höfum sett okkur, að auka bundið slitlag úr 360 km fyrir tveimur árum í um 3000 að 10 árum liðnum. Þetta er mikil breyting og má segja að nálgist byltingu.

Á þessu ári verður varið um 2.1% þjóðartekna til vegamála, en að meðaltali undanfarin 10 ár hefur sú tala verið um 1.88%. Með samþykkt Alþingis s. l. vor um langtímaáætlanir í vegamálum er jafnframt gert ráð fyrir að auka þessa tölu upp í 2.4% þjóðartekna að lágmarki á ári. Þetta er töluvert hærri upphæð en áður hefur verið varið á einu ári til vegamála. Þessu ber að fagna. Vafalaust er fjárfesting í betri vegum ein sú arðsamasta sem við eigum kost á.

Á síðasta þingi var samþykkt frv. sem ég flutti um að koma sjálfvirkum síma til allra landsmanna á næstu fimm árum. Framkvæmdir hófust þegar í sumar og mun verða lokið eins og ráðgert er samkv. áætlun sem nú liggur fyrir.

Í flugmálum geri ég mér fastlega vonir um að framkvæmdir verði auknar allverulega á næsta ári. Þörfin er gífurleg, ekki síst í öryggisþáttum flugsins sem ekki má draga.

Áframhaldandi aðstoð hins opinbera við Flugleiðir hefur verið mjög til umræðu undanfarnar vikur eins og var um sama leyti s. l. ár. Þróunin á Norður-Atlantshafinu hefur að mínu mati sýnt að sú ákvörðun var rétt, sem tekin var, að veita aðstoð til þess að halda mætti því flugi áfram. Með því var komið í veg fyrir, að nokkur hundruð manns misstu atvinnuna, og svigrúm skapað til að skoða betur framtíðarhorfur á þessari leið og aðlagast breyttum aðstæðum. Nú telja flestir allt benda til þess, að framtíð Norður-Atlantshafsflugsins sé nokkru bjartari en áður var talið. Erlendir sérfræðingar telja jafnframt að Flugleiðir geti að nýju haslað sér öruggan völl í því flugi, enda sé snúist við breyttum aðstæðum af þrótti með nýjum vélum og bættri þjónustu. Spurningin er hvort sá lífsneisti sé enn þá til hjá forráðamönnum félagsins sem nauðsynlegur er til þess að þetta megi takast. Þeirri spurningu læt ég ósvarað. Hins vegar verður því ekki neitað, að því miður hefur þjónustu Flugleiða hrakað mjög með gömlum og úreltum vélum, mistökum í bókun og fleira sem óþolandi er. Ég get ekki heldur neitað því, að mér þykir orkunni um of beint að því að knésetja þá aðila sem þeir telja sína keppinauta, og þeir eru orðnir margir í mjög og e. t. v. óeðlilega fjölþættri starfsemi félagsins. Þeirri orku þyrfti að beina að því að bæta eigin rekstur.

Í þessu sambandi er mjög um það fjallað, hvort stuðla eigi áfram að þeirri einokunaraðstöðu sem Flugleiðir hafa undanfarin ár haft á áætlunarflugi til og frá landinu. Umræðan minnir nokkuð á það þegar aðrir en Eimskip voru að leyfa sér að sigla með vörur og farþega. Ég er á móti einokun. Hæfileg samkeppni dregur fram atorku einstaklingsins. Það hefur einmitt gerst með aukinni samkeppni í fluginu erlendis en hefur farið fram hjá okkur, sérstaklega í millilandafluginu. Ég sé enga hættu fólgna í því fyrir Flugleiðir, að annað flugfélag fái að fljúga á afmarkað svæði. Þvert á móti er það von mín og trú, að slíkt hreinsi einokunarstimpilinn af félaginu og herði það til dáða.

Ég tel sjálfsagt að viðhald þeirra flugvéla, sem heimahöfn hafa hér á landi, sé innanlands. Um það má vitanlega setja skilyrði. Um slíkt og fjölmargt fleira, sem gæti roðið til hagsbóta fyrir flugfélögin og þjóðarbúið, verður að skapast samstarf. Það ætti að vera auðvelt, ef vilji er fyrir hendi, í stað þess að slást um hvert fótmál.

Meira framkvæmdafé þjóðarinnar hefur verið varið til orkumála en á nokkru öðru sviði. Þetta er eðlilegt og er í samræmi við stjórnarsáttmálann. Nú er að nást sá mikilvægi áfangi að koma heitu vatni til upphitunar á alla þá staði þar sem það er talið tæknilega unnt og hagkvæmt. Í raforkumálum eru verkefnin gífurleg fram undan. Þar eigum við miklar auðlindir sem nýta verður til þess að draga úr notkun innfluttrar orku og byggja upp margs konar iðnað sem eykur þjóðartekjurnar og gerir okkur kleift að mæta óskum launþega um hærri laun og betri afkomu.

Við framsóknarmenn leggjum á það mikla áherslu, að þjóðin verði orðin sjálfri sér nóg um framleiðslu á orku fyrir næstu aldamót, jafna orkureikninginn eins og talað er um. Til þess þarf stórhuga orkunýtingarstefna að liggja fyrir nú í vetur.

Góðir hlustendur. Ég hef stiklað á stóru. Mér hefur ekki unnist tími til að fjalla um landbúnaðarmálin og fleira sem mikilvægt er fyrir þessa þjóð. Reyndar hef ég fyrst og fremst fjallað um efnahagsmálin. Það er ekki að ástæðulausu. Ef ekki tekst að ráða niðurlögum verðbólgunnar óttast ég að mikið af því, sem vel hefur verið gert, reynist unnið fyrir gýg. Viðureignin við verðbólguna er því enn meginverkefnið. Þjóðin verður að sameinast um svipaðan áfanga í niðurtalningu verðbólgunnar á næsta ári og náðst hefur á þessu. Við verðum að samræma alla þætti efnahagsmála slíku markmiði. Vel má vera að við verðum að leggja ýmis áhuga- og jafnvel kappsmál til hliðar um sinn til þess að tryggja viðunandi árangur. Að þessu markmiði í efnahagsmálum munum við framsóknarmenn vinna og að þessu mun sú ríkisstj. vinna sem nú situr. — Góða nótt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í upphafi þessa árs var gerð myntbreyting. Margir bundu við hana miklar vonir. Við Alþfl.-menn töluðum fyrir henni sem einum lið í heildarendurskipulagningu efnahagslífsins. Þegar fyrirsjáanlegt var að ekkert slíkt mundi

fylgja vöruðum við hins vegar við því, að hún yrði framkvæmd ein og sér eins og raunin varð.

Vonirnar, sem bundnar voru við myntbreytinguna, eru nú brostnar. Ríkisstj. hefur einungis haft áhgua á vísitöluvörunum. Margt annað, einkum smáhlutir, hækkaði í verði við myntbreytinguna sjálfa. Ríkisstj. gerði ekkert til að líta eftir þeim málum. Ég veit að flestir hlustenda kunna dæmi um þetta. Ég skal því bara nefna eitt, um smáhlut sem kostaði 18 kr. fyrir myntskiptin, en kostaði 2 kr. eftir breytinguna. Hann hefði átt að kosta 18 aura. Í gömlum krónum fór þessi smáhlutur úr 18 kr. í 200 kr. Þessar hækkanir finnum við í buddunni hvað sem vísitalan segir.

Margir bundu vonir við þessa ríkisstj. þegar hún hóf feril sinn. Þær vonir hafa líka brostið. Þessi ríkisstj. hefur reynst alveg sérstök íhaldsstjórn. Þetta er sérlega athyglisvert af því að Alþb. telur sig ráða öllu í ríkisstj. og er ákaflega ánægt með hlutskipti sitt. Þessi ríkisstj. er dæmigerð íhaldsstjórn sem engu vill breyta, sem minnst og helst ekkert vill gera og lætur sér nægja að vera ánægð með sjálfa sig. Þannig eru íhaldsstjórnir. Með þessu hefur Alþb. sannað með áþreifanlegum og eftirminnilegum hætti að það er íhaldsflokkur. Gasprið um róttækni er bara til að sýnast.

Við hlustuðum áðan á áferðarsnotra lýsingu hæstv. forsrh. á því, hve ástand mála væri gott á landi hér að hans mati. Þetta var glansmynd. En ráðherrarnir tala lítið um þann búhnykk sem þjóðarbúinu hefur hlotnast á þessu ári fyrir tilstilli Bandaríkjaforsetans Reagans. Sannleikurinn er sá, að stórfelld hækkun Bandaríkjadollars miðað við Evrópumyntir er einstök búbót fyrir þjóðarbúið. Þar á ofan hækkuðu útflutningsafurðir okkar í verði. Það er hörmulegt til þess að vita, að þessi einstaklega góðu ytri skilyrði, þessi sannkallaða himnasending skuli ekki hafa nýst okkur til að ná hér upp stórkostlegum árangri í efnahagsmálum.

Á bak við þá glansmynd, sem ríkisstj. dregur upp í talna- og prósentuleik sínum, býr kaldur raunveruleikinn. Ríkisstjórnina varðar ekki um fólkið í landinu, hún heldur bara áfram talnaleiknum og glansmyndagerðinni. En ég skal nefna dæmi um raunveruleikann.

Maður vinnur við flöskuþvott hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Hann hefur í dagvinnulaun 4914 kr. á mánuði. Hann segir að þau skrimti hjónin af því að konan vinnur líka og þannig komist samanlagðar tekjur þeirra að frádregnum sköttum í 6500 kr. á mánuði. Starfsbróðir hans á sams konar kaupi er ókvæntur. Hann segist bjargast á því að búa í fríu húsnæði. — Ég er ógift og bý hjá móður minni, segir iðnverkakona í sælgætisgerð í blaðaviðtali nýlega, en samt er aldrei afgangur. Skyldi nokkurn undra það, því að mánaðarlaun hennar eftir 33 ára starf í sama fyrirtæki eru 4984 kr. Þetta eru staðreyndir úr íslensku þjóðfélagi.

Seinustu misserin höfum við öðlast sérstaka búbót. Samt er það svo að þúsundir manna búa við þessi lágu laun. Í Iðju eru t. d. 3000 félagsmenn. Stærsti hluti þeirra er í 8. og 9. launaflokki. Konan í sælgætisgerðinni, sem ég gat um áðan, með 4984 kr. í mánaðarlaun, er einmitt í 9. launaflokki.

Ég skal nefna annað dæmi um raunveruleikann á bak við glansmynd ríkisstj. Ung hjón með þrjú börn réðust í að eignast íbúð. Þau vinna bæði utan heimilisins. Þau verða að skjótast úr vinnunni til að fá ný lán fyrir hverja afborgun af eldri lánum. Seinast þegar ég sá veðbókarvottorð þeirra voru þau komin í 10. veðrétt.

Þetta er ekkert einsdæmi. Ekkert af þessu fólki er braskarar eða kerfisspilarar. Þetta er venjulegt launafólk á Íslandi. Það á ekki annarra kosta völ. Húsnæðismálalánin eru um 20% af íbúðarverðinu. Lífeyrissjóðslán bætast við hjá sumum. Oftast verður fólk að mæta 40—60% af íbúðaverðinu og stundum yfir 70% með skammtímalánum og með óheyrilegu vinnuálagi. Þetta kerfi brýtur niður heimili, fjölskyldulíf og lífsþrótt margs ungs fólks.

Ég ætla að nefna enn eitt dæmi um raunveruleikann á bak við glansmynd ríkisstj. Móðir iðnverkakonu hafði legið á sjúkrahúsi fárveik, gat ekki matast og hafði súrefnisgjöf. Hún hresstist svo að úr þessu rættist, en varð áfram rúmliggjandi, enda á tíræðisaldri. Þá kom boðskapurinn frá sjúkrahúsinu, ekki fyrir illmennsku sakir, sjúkrahúsið átti fárra kosta völ, en boðskapurinn var þessi: Nú tekur þú móður þína heim til þín. — Varðar okkur ekki um að þá varð iðnverkakonan að hætta í vinnu sinni, og á hverju áttu þær að lifa, mæðgurnar?

Hæstv. forsrh., hæstv. ríkisstj. Við viljum ekki svona þjóðfélag. Það er sama hvað þið málið glansmyndina fínum dráttum. Við viljum ekki þann raunveruleika sem birtist í því, að þúsundir fólks hafi einungis 4500—5000 kr. í mánaðarlaun. Við viljum ekki að ungt fólk þurfi að slíta sér út og sendast í sífellu milli bankastjóra til þess að geta komið sér fyrir. Við viljum ekki að fólk sé hrakið úr vinnu sinni af því að það er ekki pláss fyrir aldraða móður eða aldraðan föður á hjúkrunarheimilum.

Við skulum láta vera að greiða niður kindakjöt ofan í útlendinga. Við skulum láta vera að festa fé í stækkun skipastólsins. Þessa fjármuni á að nota í annað.

Við viljum atvinnustefnu sem skapar ný arðbær atvinnutækifæri í orkufrekum iðnaði. Í yfir 20 mánuði hefur ríkisstj. ekki getað tekið ákvörðun um virkjanir og stóriðju. Sérhver dráttur þýðir að við töpum tilsvarandi framleiðsluverðmætum. Sérhver dráttur er tap í beinhörðum peningum fyrir hvert og eitt okkar.

Um allt þetta: nýja stefnu í sjávarútvegi, í landbúnaði, í orkufrekum iðnaði, í virkjunarmálum — höfum við Alþfl.-menn flutt tillögur hér á Alþingi. Við höfum beitt okkur fyrir úrbótum í málefnum aldraðra og lagt fram tillögur um lánamál húsbyggjenda og íbúðarkaupenda. Við teljum að nota eigi árangur raunvaxta- og verðtryggingarstefnunnar, sem birtist í auknum sparnaði, til þess að auka langtímalán til íbúðarkaupa og bygginga.

Kjör hinna verst settu verður að bæta. Launataxta hinna lægst launuðu verður að hækka sérstaklega. Ef það hrekkur ekki verður samfélagið að koma til móts við þetta fólk með skattalækkunum og afkomutryggingu eins og við Alþlfl.-menn höfum flutt tillögur um hér á Alþingi við umfjöllun skattalaga.

Lítum á fáein atriði til viðbótar:

Ríkisstj. talar mikið um gott atvinnuástand. Ég skal nefna dæmi úr raunveruleikanum. Í fyrradag bættust 40 á skrá atvinnulausra í Keflavík. Og í gær sagði síðan Hraðfrystihús Keflavíkur upp öllu starfsfólki sínu.

Ríkisstj. hrósar sér af rekstrarafgangi á fjárlögum. Fjmrh. viðurkennir þó í blaðagrein nýlega að þessi tala fáist með bókhaldskúnstum, tilflutningi milli A- og B-hluta fjárlaga.

Ríkisstj. hrósar sér af árangri í verðbólgumálum og fer með talnaflóð um kaupmátt. Ég spyr þig, hlustandi góður: Endast peningarnir í buddunni þinni betur nú en

áður? Það má telja mönnum trú um ýmislegt með tölum. Vísitölu má falsa, en buddan er hinn sanni mælikvarði. Við skulum ekki láta reiknikúnstirnar dæma. Dæmið sjálf út frá buddunni ykkar, þar er sannleikurinn. Ég spyr: Endast peningarnir betur?

Ég skal ekki draga úr því að það séu erfiðir tímar fram undan. Okkur Alþfl.-mönnum hefur líka alltaf verið ljóst að það kostar átak og þrautseigju að komast úr núverandi verðbólgufari. Núv. ríkisstj. hefur þó aukið enn á þá erfiðleika sem bíða okkar síðar. Þrátt fyrir góðæri hefur öllum sjóðum verið eytt. Þrátt fyrir góðæri er erlendum skuldum hlaðið upp í ógnvekjandi mæli. Á slíku hafa þjóðir glatað sjálfstæði sínu. Og í gær skrifaði ríkisstj. upp á 42 millj. kr. víxil sem fellur á skattgreiðendur haustið 1983.

Það er auðvelt að ávísa á framtíðina, en það er ekki að stjórna. Hið sanna hlutverk raunverulegra stjórnmála er að byggja upp fyrir framtíðina og nýta þá kosti, sem landið býr yfir, til að treysta lífsöryggi og lífskjör. Um slíka stefnumótun verður þjóðin að sameinast. Slíkri stefnumörkun berjumst við Alþfl.- menn fyrir. — Góðar stundir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er svo að heyra á ræðum hæstv. ráðh. hér í kvöld að þeim hafi tekist með glæsibrag að stýra þjóðarskútunni styrkri hendi á svo sléttan sjó að allt sé nú slétt og fellt. Á svo til öllum sviðum virðast í þeirra augum vera augljós batamerki, ef ekki fullkomin lækning átt sér stað á þeim meinum sem þjóðarlíkamann hafa hrjáð. Ég spyr ykkur, góðir hlustendur, hvort þetta sé svo í raunveruleikanum. Hafið þið orðið aðnjótandi þessa mikla lækningamáttar sem hæstv. ríkisstj. telur sig hafa komið í framkvæmd á þeim meinsemdum sem hrjáð hafa efnahagslífið æðilengi? Ég held að svo sé ekki.

Það er kannske skiljanlegt að hæstv. ráðh. sé í mun að láta líta svo út á yfirborðinu að allt sé fínt og fágað. En hversu lengi dugar það? Ég held að undiraldan í íslensku efnahagslífi sé þung og vandamálin, sem slegið er á frest að leysa, svo mörg að fyrr en seinna komi að því, að uppvíst verður að ríkisstj. hafi hagað sér með þeim hætti að flóðgáttir erfiðleika opnist. Það er augljóst öllum, sem augu og eyru hafa opin, að á mörgum sviðum þjóðlífsins eru veður öll válynd og naprir haust- og vetrarvindar koma til með að næða enn harkalegar um hæstv. ríkisstj. eftir því sem á líður og munu svipta af hulu hins slétta og fellda sem nú er látið í veðri vaka að sé raunveruleikinn.

Um þessar mundir eru launþegasamtökin að búa sig undir að rétta sinn hlut. Velflestir samningar eru nú lausir og allt bendir til harkalegra átaka á vinnumarkaðinum. Boðskapur ríkisstj. til láglaunafólks er sá, að nú skipti það sköpum að samið verði um það litlar kjarabætur að stöðu ríkisstj. verði ekki teflt í tvísýnu. Enginn furðar sig á því þó að svona boðskapur komi frá þeim sjálfstæðis- og framsóknarmönnum. En finnst engum það skrýtið eða athyglisvert að heyra slíkan boðskap berast frá vinum verkalýðsins að eigin sögn, þ. e. Alþb.? Jú, líklega finnst mörgum það skrýtið. Menn rekur minni til að hafa heyrt öðruvísi boðskap úr þeim herbúðum áður. Eða hver man ekki gífuryrði þeirra félaga, núv. hæstv. félmrh. Svavars Gestssonar og hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, veturinn 1978, í tíð íhaldsstjórnar Geirs Hallgrímssonar og Ólafs Jóhannessonar? Þá hljómaði ofar öllu úr munni Guðmundar, Svavars & Co.: Samningana í gildi. Kaupránið því aðeins afnumið að Alþb. verði sterkara. — Og Alþb. varð sterkara, svo sterkt að það hefur verið í ríkisstj. allar götur frá 1978. Og hvernig hafa kjaramál launafólks þróast frá því í mars 1978 þegar forustumenn Alþb. með þá Svavar og Guðmund J. í fararbroddi framkvæmdu útflutningsbann og ólögleg verkföll vegna þess hvað kaupmátturinn var keyrður niður?

Í mars 1978, eftir febrúarlögin alræmdu, var kaupmáttur kauptaxta verkamanna 110.9 stig og verkakvenna 116.2 stig. Eftir stjórnaraðild Alþb. hátt í þriðja ár er kaupmáttur kauptaxta verkamanna 106.8 stig á móti 110.9 hjá Geir og hjá verkakonum 110.2 á móti 116.2 hjá Geir. Kaupmáttur hefur sem sagt rýrnað verulega frá 1978 þrátt fyrir Alþb. — eða kannske vegna þess að Alþb. hefur verið í stjórn. Og heyra menn ekki núna óminn út yfir landsbyggðina úr börkum þeirra Svavars og Guðmundar: Burt með ríkisstj. Útflutningsbann og ólögleg verkföll til að koma ríkisstj. frá vegna þeirrar kaupránsstefnu sem Alþb. hefur beitt sér fyrir undanfarið? — Nei, slíkir ómar heyrast ekki nú. Ríkisstj. boðar áframhaldandi kjaraskerðingu og ætlar að halda áfram að gera Geir og íhaldið gott í þeim efnum.

Ef litið er á kaupmátt ráðstöfunartekna kemur í ljós að hann er a. m. k. 6—11% lægri nú en stefnt var að með sólstöðusamningunum 1977. Hvern hefði nú órað fyrir því með þær staðreyndir á borðinu, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi rýrnað um 6—11% frá 1977, að þá leggi framvarðarsveit Alþb. í verkalýðshreyfingunni til að kaup láglaunafólks hækki um 4% nú 1. nóv.? Þetta gerðist eigi að síður á þingi Verkamannasambandsins um s. l. helgi. Hvað finnst ykkur, góðir tilheyrendur? Er þetta það sem þið óskuðuð eftir eða bjuggust við? Ég spyr þær þúsundir láglaunafólks sem býr við það þröngan kost að mánaðartekjur eru á bilinu 4—5 þús. kr.: Látið þið bjóða ykkur þetta? Og þetta gerist á sama tíma og ríkistj. sjálf telur að þjóðarbúið standi vel. Hvað gerðist þá ef hallaði undan fæti? Við hverju mættuð þið þá búast, láglaunafólk?

Slík framkoma gagnvart láglaunafólki er hreint hneyskli, ég tala nú ekki um þegar haft er í huga að ríkisstj. með sjálfan fjmrh. Alþb., Ragnar Arnalds, í fararbroddi skrifaði undir samninga við lækna á s. l. sumri sem taldir eru innihalda kjarabætur læknum til handa sem nema á bilinu 19—40%. Ekki hefur heyrst að hæstv. fjmrh. hafi neitt klígjað við því að gera svo vel við blessaða læknana í kjarabótum að svari til þess að þar teljist nú 15 mánuðir í árinu. En ykkur, sem búið við 4—5 þús. kr. mánaðarlaun, á að skammta 4% hækkun. Þetta staðfesti hæstv. sjútvrh. áðan þegar hann sagði: Ekkert svigrúm fyrir neinar umtalsverðar kauphækkanir. — Ég spyr hæstv. félmrh., sem kemur til með að tala hér á eftir: Er hann sammála hæstv. sjútvrh. um þetta?

Nei, það er ekkert samræmi í þessu. Sé það meining stjórnvalda að halda áfram á þessari braut verða allir, hvar í flokki sem er, að afstýra því. Það verður að knýja fram kjarabætur fyrst og fremst þeim til handa sem minnst hafa. Gerist það ekki í gegnum samninga verður löggjafinn að koma þar til. Ég heiti á allt launafólk að varða veginn til leiðréttingar frá því ranglæti sem nú ríkir á mörgum sviðum. T. d. verður ekki undan því vikist að leiðrétta þann gífurlega mun, sem er á milli framfærslukostnaðar eftir því hvar fólk er búsett. Það verður að gerast t. d. með jöfnun orkuverðs.

Sjómenn hafa nú staðið í miklu stríði við stjórnvöld, en hafa sigrað. En enn eiga líklega sjómenn eftir enn frekara stríð í komandi samningum, t. d. vegna, olíugjaldsins. Ég spyr því hæstv. sjútvrh. eða aðra ráðh.: Ætlar ríkisstj. enn að svíkja gefin fyrirheit og það í þriðja skiptið sjómönnum til handa um að afnema olíugjaldið eins og lofað var?

Að síðustu, herra forseti: Í stefnuræðu hæstv. forsrh. segir, að það skipti sköpum að aðilar vinnumarkaðarins semji svo um kaup og kjör á næsta ári að markmiðinu um fulla atvinnu og hjaðnandi verðbólgu verði ekki teflt í tvísýnu. Í ljósi þessa spyr ég þá ráðh. sem hér tala á eftir: Innan hvaða marka þurfa kaup- og kjarasamningar að vera svo að ekki sé teflt í tvísýnu að mati ríkisstj.? Eru það samningar lækna sem hafðir eru í huga og þjóðarbúið talið þola? Það voru samningar sem ríkisstj. sjálf stóð að. Eða ætlar ríkisstj. láglaunafólki að fá aðeins brot af þeim kjarabótum sem hálaunahópar í skjóli ríkisstj. hafa fengið? Það verður eftir því tekið, hvort svar fæst og þá hvaða svar.

Góðir tilheyrendur. Launafólk. Verið þess minnug að í því góðæri, sem nú er talið vera, er kaupmætti láglaunafólks haldið niðri. Við hverju megið þið þá búast, ef hallar undan fæti í þjóðabúskapnum? — Góða nótt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Góðir tilheyrendur. Hv. þm. Karvel Pálmason, sem talaði hér síðast, nefndi það að sjálfsögðu ekki í ræðu sinni, að sú kjaraskerðing, sem við hefur verið að glíma undanfarin misseri, á rætur sínar að rekja til kauplækkunarkröfu Alþfl. í svokallaðri vinstri stjórn sem sat hér 1978—1979. Skerðingin, sem svokölluð Ólafslög höfðu í för með sér á kaupi, varð samtals í kringum 15%. Það er þessi vandi, það eru þesi kjör sem launamenn á Íslandi núna takast á við. Hafa menn gleymt því, hafa launamenn í landinu gleymt því, að Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., gerði kröfur um það ítrekað, hvað eftir annað, í tíð páv. ríkisstj. og í stjórnarmyndunarviðræðunum 1979—1980, að hið lága kaup í landinu yrði að lækka enn þá frekar en þá var orðið? Kjartan Jóhannsson og Alþfl. gengu fremst fram í því að heimta lækkun þess lága kaups sem hann var að tala um áðan. Þessu hafa launamenn í landinu ekki gleymt. Launamenn í landinu hafa ekki heldur gleymt því að Alþfl. hljóp frá fjölmörgum félagslegum verkefnum í páv. ríkisstj. haustið 1979, m. a. í húsnæðismálum og á fleiri sviðum. Afstaða Alþfl. var þá og er enn pólitískur harmleikur.

Formaður Sjálfstfl. flutti hér í kvöld sömu ræðuna og alltaf við útvarpsumr. frá því að núv. ríkisstj. var mynduð. Honum er vorkunn. Hann verður auðvitað að reyna að sannfæra sjálfan sig um að ríkisstj. sé ómöguleg, en illa gengur honum að sannfæra aðra. Ræða hans gekk eins og áður út á það, að ríkisstj. væri að sigla allt í kaf í atvinnu- og efnahagsmálum. Hann minntist ekki á það, að á meðan skoðanasystir hans ræður fyrir leifturs ókninni í Bretlandi eru 12% verkfærra manna atvinnulausir. Á Íslandi er talan 0.2% á sama tíma, og verulegur skortur er á vinnuafli víðs vegar á landinu. Um 700 útlendingar hafa fengið atvinnuleyfi hér á þessu ári, þar af um 200 í fiskvinnu.

Formaður Alþfl. gerir lítið úr félagslegum aðgerðum ríkisstj. Efnislega er í raun enginn munur á ræðuhöldum hans og íhaldsins. Það kemur ekki á óvart. Hitt sætir tíðindum, að Alþfl. skuli nú snúast jafnöndverður gegn félagslegum aðgerðum og íhaldið. Alþfl. reyndi þó forðum að leggja áherslu á félagslegar umbætur, en sú tíð virðist liðin.

En athyglisverðast var það, að formenn stjórnarandstöðuflokkanna höfðu ekkert til málanna að leggja annað en svartagallsraus og hrakspár. Þeir höfðu engar tillögur fram að færa, engar ábendingar um það, hvernig ætti að tryggja kaupmátt launanna, engar ábendingar um það, hvernig ætti að ná verðbólgunni niður, enda má segja að ráð slíkra manna séu gagnslítil. Reynslan af flokkum þeirra er ekki svo góð að ráðgjöf þeirra sé trúverðug eftir það sem á undan er gengið.

Það er reyndar skoðun flestallra landsmanna, að eina ríkisstj., sem kostur sé á við núverandi aðstæður, sé sú ríkisstj. sem nú situr, — stjórnarandstöðuflokkarnir geti ekki einu sinni haft stjórn á eigin innanhússvandræðum, þess vegna sé ekki til þeirra að leita um úrræði andspænis erfiðum verkefnum. Þessir flokkar eru nákvæmlega jafnúrræðalausir og eftir síðustu kosningar þegar þeir dæmdu sjálfa sig úr leik til þáttöku í stjórnarsamstarfi, annar með sífelldum sprengjuhótunum, hinn með kröfunni um leiftursókn gegn lífskjörum.

Engin orð áttu flokksformennirnir, þeir félagar Kjartan og Geir, að heldur til verkalýðshreyfingarinnar í landinu í þeirri baráttu sem er að hefjast á þeim vígstöðvum. Og þeir gleymdu því, þessir menn, í ræðum sínum að geta þess, að kröfugerð Alþýðusambands Íslands, sem afgreidd var fyrr í þessari viku, var samþykkt með samhljóða atkv. í hinni stóru og víðtæku samninganefnd alþýðusamtakanna. En kannske var þetta ekki gleymska. Kannske vildu formennirnir ekki muna eftir staðreyndum sem kollvarpa hrakspám þeirra og tilraunum þeirra til að grafa undan trú þjóðarinnar á getu hennar sjálfrar til að ráða fram úr erfiðum verkefnum. Áróður þeirra um að allt sé hér í kaldakoli er í raun áróður fyrir landflótta og uppgjöf.

Samkomulag núv. stjórnaraðila byggist á því grundvallaratriði að verja ávinning verkalýðshreyfingarinnar frá síðustu áratugum, beinist að því að treysta efnahagslegar og atvinnulegar forsendur sjálfstæðis þjóðarinnar og því að skapa möguleika á að tryggja og bæta lífskjörin til langframa. Samkomulag stjórnaraðilanna miðar einig að því, að unnið verði að því með markvissum hætti að draga úr verðbólgunni, vitandi það tvennt, að vaxandi verðbólga getur stofnað efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar í hættu og kemur verst við þá sem lægst hafa launin og minnstar tekjurnar.

Ríkisstj. einsetti sér að finna þá pólitísku leið sem færust er til þess að treysta lífskjörin um leið og dregur úr verðbólgu. Þetta hefur tekist vel á yfirstandandi ári. Þannig er verðbólgan nú talin um 40% í stað 70—80% eins og spáð var að óbreyttu. Þannig er kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann heldur betri en á s. l. ári og jafnhár því sem hann hefur hæstur verið áður.

Ég tel, góðir tilheyrendur, að traust almennings á ríkisstj. stafi af því, að hún hefur staðið við yfirlýsingar sínar í efnahagsmálum. Það er ólíkt því sem menn hafa kynnst áður, t. d. frá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, sem lýsti yfir í árslok 1974 og aftur í árslok 1975 að verðbólgan árið eftir ætti að vera komin niður í 15%. Útkoman varð margfalt hærri tala. Það er traust og heilindi sem máli skipta í stjórnmálum á þeim tíma sem við lifum nú á, traust samráð og samvinna milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingar, því að engin ríkisstj. í þessu landi getur starf-

að og náð árangri gegn verkalýðssamtökunum. Slíkur er styrkur verkalýðssamtakanna. Það hafa þeir stjórnmálaleiðtogar fengið að reyna sem gerðu tilraunir til þess að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur. Á slíkum stundum hefur verkalýðshreyfingin á Íslandi sýnt baráttuhæfni, sveigjanleika, festu og raunsæi. Þetta kom vel fram í skæruverkföllunum 1942, og þetta kom vel fram í útskipunarbanninu 1978. Þegar baráttan er hörð veltur á mestu að meta allar aðstæður rétt. Þá þarf að haga vali á aðferðum og leiðum þannig að árangurinn verði sem allra bestur, ekki aðeins í bráð, heldur í lengd. Raunsæi hefur jafnan einkennt íslensku verkalýðshreyfinguna og svo þarf enn að verða.

Leiftursóknaröflin snúast nú gegn ríkisstj. og reyna allt sem þau geta til þess að lítillækka verkalýðshreyfinguna í landinu og forustumenn hennar. Tilgangur þeirra er hins vegar allt of augljós. Hann er sá að brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur, stuðla að kollsteypu gengislækkana, vaxandi verðbólgu og jafnvel atvinnuleysi og undirbúa jarðveg fyrir íhaldsstjórn. Þessi ljóti leikur er endurtekning frá árunum 1958 og 1974, þegar vinstri stjórnunum var komið frá, en síðan settust afturhaldsöflin að völdum með milliflokkunum, fyrst Alþfl., síðan Framsfl. Ég skora á launamenn að rifja nú upp fyrir sér hvernig þessar íhalds- og miðflokkastjórnir skipulögðu kjararán, atvinnuleysi og landflótta. Verum minnug þess, að ekki eru allir viðhlæjendur vinir. Þeir eru margir svikulir og geta áður en varir ráðist aftan að hagsmunum launafólks. Menn verða að minnast þess, hvernig fór um baráttuhæfni verkalýðssamtakanna eftir að ríkisstjórnir íhaldsins og miðflokkanna voru myndaðar 1958 og 1974.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur nú sett fram kröfur sínar. Hún vill ná samningi til tveggja ára með minnkandi verðbólgu og stígandi kaupmætti.

Alþb. telur óhjákvæmilegt að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja og bæta kaupmátt launa til langframa með margvíslegum aðgerðum. Alþb. mun leggja allt kapp á að tryggja þessa stefnu jafnframt því sem áfram verði unnið að því að koma verðbólgunni niður. Við teljum að eina færa leiðin til þess nú sé samráð milli núv. ríkisstj. og verkalýðshreyfingar. Enginn annar kostur er á dagskrá eins og sakir standa. Nú þarf að sameinast um leið, sem í senn treystir lífskjörin og stuðlar að minni verðbólgu. Þar leggjum við áhrerslu á þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi leggjum við á það áherslu, að það eigi sér stað í landinu aukin framleiðsla og framleiðni á grundvelli íslenskrar atvinnustefnu.

Í öðru lagi leggjum við á það áhrerslu, að gert verði skipulegt átak til sparnaðar í hagkerfinu, bæði í millilíðum og í opinberum búskap ríkis og sveitarfélaga.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að menn geri sér það vel ljóst að því aðeins verða kjör láglaunafólks og miðlungstekjumanna bætt að þeir, sem best eru settir, gefi eftir af sinni aðstöðu. Það er útilokað að allir fái allt, og þeir eru margir sem hafa miklar tekjur og mikla fjármuni hér á landi. Það þarf að gera ráðstafanir til þess m. a. í gegnum skattakerfið að flytja fé frá þessum aðilum til þeirra sem minna hafa handa á milli.

Á grundvelli þessara þriggja stefnuatriða, sem ég hef hér nefnt: aukinnar framleiðslu, sparnaðar, jafnréttissjónarmiða og breyttrar tekjuskiptingar — á að vera unnt að skapa forsendur fyrir trygga, varanlega og jafna aukningu kaupmáttar á þeim tíma, sem um verður samið í næstu kjarasamningum, og jafnframt minnkandi verðbólgu. Hér hefur verið bent á færa leið til að ná árangri. Á þessum forsendum þarf að skapa viðtæka þjóðarsamstöðu um úrlausn þeirra verkefna sem nú liggja fyrir. Fyrir þeirri stefnu þarf ríkisstj. að beita sér. Alþb. er reiðubúið að leggja fram sína krafta sem fyrr. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Góðir landsmenn. Margt hefur verið betur gert í tíð núv. ríkisstj. en oft áður. Vil ég þar minna á umtalsverðar breytingar á félagsmála- og heilbrigðislöggjöf. Sem dæmi þar um má nefna lög um fæðingarorlof, lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, lög um aukinn rétt sjómanna til ellilífeyris, lög um Framkvæmdasjóð aldraðra, breytingar á lögum um örorkustyrk, lög um atvinnuleysistryggingar, fjölmargar umbætur á afgreiðslu öryrkjabifreiða og aðbúnaði fatlaðs fólks, en öll þessi mál náðu fram að ganga á síðasta þingi. Verið er að vinna að leiðréttingu á álagningu á öryrkjabifreiðar sem innflutningsgjöld hafa verið felld af, en þetta benti ég m. a. á í þingræðu s. l. vetur. Framlög til dagvistarmála hafa verið aukin, og unnið er að fjölmörgum mikilsverðum málum í þessum málaflokkum. Alþb. hefur ævinlega haft forustu í þessum málum og svo er einnig nú.

Í tíð núv. fjmrh. hefur tekist að halda jafnvægi í rekstri ríkissjóðs og útlit er fyrir góða afkomu hans á þessu ári. Fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun liggja nú þegar hér á borðum hv. þm. í fyrsta skipti samtímis, og eru slík vinnubrögð vissulega til fyrirmyndar. Í iðnaðar- og orkumálum hefur verið mörkuð meginstefna, en mikilvægt er að þar sé ekki rasað um ráð fram. Mikil orka er óbeisluð, en það er vandasamt að nýta þessa orku á þann hátt sem verða má landsmönnum til sem mestrar frasældar. Ágangur erlendra auðhringa alls staðar þar sem orku er að finna í orkuhungruðum heimi er hætta sem Íslendingar þurfa sífellt að hafa í huga, og upplýstranir iðnrn. um samningsrof og svik Alusuisse ættu að verða mönnum þörf lexía. Það yrði Íslendingum til lítils sóma ef þeir stæðu ekki sem einn maður gegn erlendum auðhring sem á blygðunarlausan hátt hefur orðið ber að því að ganga á rétt okkar Íslendinga með svikum og fölsunum í trausti þess að smáþjóð sem við sæi ekki við flóknu bókhaldi heimskapitalismans.

Fram undan eru kjarasamningar sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af. Það er létt verk að reikna út að kaupmáttur ráðstöfunartekna á þessu ári hafi verið hærri en nokkru sinni fyrr. Sannleikurinn er sá, að gífurlegt launamisrétti viðgengst í landinu. Fjöldi manna og þá ekki síst kvenna hefur laun sem eru langt undir þessari meðaltalstölu. Það eru hinir hálaunuðu sem hækka þessa tölu. Upplestur hv. þm. Kjartans Jóhannssonar áðan úr Nýju landi er auðvitað sannleikanum samkvæmur. Allt of stór hópur launþega hefur laun sem nægja ekki fyrir brýnustu nauðþurftum, og þar við bætist að raunvextir á lánum til húsnæðiskaupa koma hart niður á þessu fólki nú. Þúsundir láglaunakvenna hafa engin tök á að auka tekjur sínar með eftir- og næturvinnu vegna heimilisstarfa, og í þjónustu hins opinbera vinna konur hin raunverulegu störf fyrir smánarlaun, en karlmennirnir hirða háu launin. Það er fyrir löngu kominn tími til að gera könnun á launaröðun hjá ríkisstofnunum. Hæstv. forsrh. sagði áðan að nú legði almenningur glaður fé sitt í banka landsins í öruggri vissu um ávöxtun. En þessi almenning-

ur hefur ekkert fé til að ávaxta, það gera einhverjir aðrir.

Hér hafa að undanförnu orðið háværar umræður um innri gerð verkalýðshreyfingarinnar sem hv. þm. Vilmundur Gylfason vill skipa með lagaboði. Ekkert væri fráleitara en að hefta frelsi verkalýðsfélaganna til að stjórna málum sínum sjálf. En þessar umr. gefa okkur þm. tækifæri til þess að beina máli okkar til þeirra héðan úr þingsölum.

Skoðun mín er sú, að ekki verði hjá því komist að taka upp nýja launastefnu í komandi kjarasamningum. Það er fyrir löngu orðið óþolandi, að í hvert skipti, sem lægst launaða fólkið í landinu fær launahækkun, verði allir aðrir að fylgja á eftir og fá þessa launahækkun margfalda. Það er ekki heldur sæmandi að gera beinlínis ráð fyrir eftir- og næturvinnu, bónuskerfum og uppmælingu til þess að fólk geti lifað af launum sínum. Menn eiga að geta lifað af 40 stunda vinnuviku. Verkalýðshreyfingin verður að fara að horfast í augu við það heldur fyrr en síðar, að þessi launakerfi eru ódráttur í hennar eigin landhelgi og hamla gegn allri skynsamlegri umræðu um launamál í landinu. Svo gegnsýrt er launafólk orðið sjálft af sjálfgefinni vinnuþrælkun að framkvæmd laga um lágmarkshvíldartíma er mótmælt. Víst vildu menn lögin, en ekki hvíldina. Heldur vildu þeir fá hvíldartímann greiddan. Vegna yfirborgana af öllu tagi treystir enginn raunverulegum launatöxtum. Laun hinna láglaunuðu þurfa að hækka miklu meira en þeirra sem hærri laun hafa. En auðvitað erum við órafjarri því að tala hér í alvöru um að þjóðararðurinn skiptist raunverulega réttlátlega. Við lifum í kapitalisku þjóðfélagi, þetta er kapítalísk ríkisstj. vitaskuld. En Alþb. er sósíaliskur flokkur og leggur áherslu á samneyslu á gæðum landsins. Leiðrétting launa hinna verst settu nú er líka samneysla.

Hæstv. forsrh. gat um lækkandi verðbólgu, raunar undir kaflanum um verðlag. Hann gat þess hins vegar ekki, að þrátt fyrir verðstöðvun á mörgum sviðum fer verðlag sífellt hækkandi. Augljóst er að gjaldmiðilsbreytingin hefur haft umtalsverð áhrif til hækkunar verðlags, einkum á smávörum, eins og réttilega kom fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Sem lítið dæmi má upplýsa hv. þm. um að karamellustykki, ekki veit ég hvort þeir nota þá vöru, — sem kostaði 20 kr. í fyrra kostar nú 1 kr. eða 100 kr. gamlar. Eldspýtnabúnt, sem í fyrra kostaði 600 kr., kostar nú 11 kr. eða gamlar 1100. Þannig mætti lengi telja og væri sannarlega ástæða fyrir verðlagsyfirvöld að líta nánar á verðlag smávöru af öllu tagi.

Þrátt fyrir allt þetta er ég fullviss um að ríkisstj. hefur stigið skref í áttina að stöðugra efnahagskerfi. Engin von er til þess að taumlaus einkaneysla og óhóf forréttindahópa allt frá stríðslokum verði leiðrétt á skömmum tíma, slíkt væri barnaskapur. En þessi litla þjóð verður að horfast í augu við að án átaks við lækkun verðbólgu, minni einkaneyslu og meiri samneyslu er framtíð hennar í voða. Og ég trúi því ekki, að Íslendingar séu orðnir svo heillum horfnir að þeir meti ekki meira að lifa í þjóðfélagi, þar sem allir hafa möguleika á mannsæmandi tilveru, heldur en að raka hver frá öðrum svo að hinir ríku verði ríkari og hinir fátæku fátækari. Við höfum dæmin fyrir okkur í samskiptum hinna efnuðu þjóða og hinna fátæku, í samskiptum okkar við umheiminn. Íslendingar framleiða þá vöru sem dýrmætust er í heiminum í dag, sem er fæða handa hungruðum heimi. En einungis hinir ríku geta keypt þessa fæðu. Hinir svelta áfram. Þetta er sorgleg staðreynd sem enginn hugsandi maður getur látið fram hjá sér fara. Íslenskt verkafólk framleiðir fyrsta flokks matvöru sem við verðum að þröngva upp á hinar ríku þjóðir eftir þeirra markaðsleiðum, oft með mútum undir borðið.

Samneysla er ekki bara orð, heldur meiri nauðsyn en nokkru sinni fyrr, jafnt innan þjóða sem þjóða í millum. Það er einmitt skortur á þessari samneyslu og jöfnuði meðal manna og þjóða sem hefur rekið heimsbyggðina út í þá örvæntingu sem vitfirringslegt vígbúnaðarkapphlaup stóveldanna er.

Forsrh. gerði utanríkismálum lítil skil í ræðu sinni. Hv. þm. Geir Hallgrímsson nefndi þau „feimnismál" þingsins. Fyrir mér eru þau ekkert feimnismál. Ein meginástæðan fyrir því, að Alþb. tekur á sig þá ábyrgð að sitja í núv. ríkisstj. og öðrum áður, er einmitt það vald sem sú þátttaka veitir okkur yfir alrangri stefnu í utanríkismálum. Við höfum getað hindrað stórfellda eflingu herstöðva NATO á Íslandi þó að við höfum ekki vald til að koma herstöðinni burt. Það er hv. alþm. stjórnarandstöðunnar til lítils sóma að stunda markvisst útúrsnúninga þegar herstöðvarmálin eru rædd. Flugstöðvarmálið og olíugeymarnir í Helguvík eru nærtækt dæmi.

Vitanlega hefur Alþb. ekkert á móti því, að flugstöðin í Keflavík sé endurbætt, hún er raunar til háborinnar skammar. En við erum ekki tilbúin að byggja í kjallaranum geymslu fyrir sprengjuflugvélar með kjarnaoddi eða aðra aðstöðu fyrir drápsmaskínur erlendra stórvelda. Okkur hefur tekist að hindra þetta hingað til. Með stjórnarþátttöku okkar hefur okkur tekist í fyrsta sinn að fá að sjá framkvæmdaáætlanir Bandaríkjamanna í okkar landi í stað þess að svindlað sé inn á okkur með blekkingum vopnabúnaði sem enginn Íslendingur vill hafa í landi sínu. Það hefur margoft gerst, sjálfsagt meira fyrir fáfræði sakir en illvilja eða ábyrgðarleysis ráðamanna.

Helguvíkurmálið er af sama toga. Vitanlega viljum við Alþb.-menn leysa mengunarmál Suðurnesjamanna. En við viljum hafa á því auga, hvort inn á okkur sé platað mikilvægri herskipahöfn handa NATO í leiðinni.

Það, sem vekur sífellt undrun mína, er afstaða framsóknarmanna í þessum málum. Sannleikurinn er sá, að við Alþb.-menn höfum orðið að standa á tánum á forustumönnum Framsfl. til að hindra síauknar framkvæmdir og umsvif bandaríska hersins í landinu. Ég vil spyrja framsóknarmenn í fullri alvöru: Er það vilji kjósenda Framsfl. að bandarískri herinn efli virkni sína á Íslandi til þjónkunar vígbúnaðarkapphlaupi stóveldanna? Ég trúi ekki, að svo sé, og raunar veit, að þetta er ekki áhugamál allra hv. þm. flokksins, enda segja samþykktir flokksins sína sögu. Ég held að utanríkismál ríkisstj. séu helst feimnismál að þessu leyti og þess vegna sé forðast að ræða þau hér í þinginu.

Öllum Íslendingum stafar hætta af veru herstöðvarinnar í Keflavík. Það er ótvírætt eitt brýnasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar að segja skilið við tengsl Íslands og kjarnorkuvopnakerfis Bandaríkjanna.

Herra forseti. Mér er ljóst, að tími minn er útrunninn, og mun því stytta mál mitt. — Það er e. t. v. von mannkyns á heljarþröm, að hinar nýju friðarhreyfingar, baráttan fyrir kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum, þátttaka kirkjunnar í baráttunni fyrir friði, barátta allra hugsandi manna verði til þess að koma vitinu fyrir stjórnmálamenn sem leitt hafa heimsbyggðina í þessar ógöngur. Allir Íslendingar ættu að taka höndum sama

um baráttuna fyrir friði í samvinnu við þessar hreyfingar. Öll önnur mál hér í hinu háa Alþingi eru hégóminn einn.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er oft haft á orði, að ríkisstj. hafi átt óvenjumiklu fylgi að fagna þegar hún hóf göngu sína 8. febr. 1980. Þá hafði samningaþóf milli þingflokka staðið yfir um tveggja mánaða skeið án nokkurs árangurs að afloknum þingkosningum. Myndun núv. ríkisstj. reyndist vera eini möguleikinn sem þá var fyrir hendi til þingræðisstjórnar með stuðningi meiri hl. Alþingis.

Frá öndverðu hefur ríkisstj. lagt kapp á að leysa þau mörgu vandamál, sem hún tók í arf, svo og önnur brýn viðfangsefni sem jafnan kalla að frá degi til dags. Sjálfsagt eru skoðanir manna skiptar um hvernig til hefur tekist, eins og ævinlega verður. En beri menn saman áform þau og markmið, sem greint er frá í stjórnarsáttmálanum, og árangur þann, er náðst hefur, hljóta þeir að sjá að nokkuð hefur áunnist.

Það var öllum hugsandi mönnum ljóst þegar í upphafi, að baráttan við ört vaxandi óðaverðbólgu hlaut að vera hörð, en jafnframt óumflýjanleg. Það var deginum ljósara, að fullnaðarsigur í því höfuðmáli ynnist ekki í einni orrustu, heldur yrði að skipta þeirri glímu í nokkrar lotur þar til viðunandi takmarki yrði náð.

Nú bendir allt til þess, að settu marki um hjöðnum verðbólgu á þessu ári í 40% takist að ná ef ekkert óvænt kemur fyrir. Mér er það vissulega gleðiefni. En óðar en líður verður ríkisstj. að marka annan raunhæfan áfanga, ný verðlagsmarkmið í sömu átt á næsta ári, því að enn er löng leið fyrir höndum að því verðbólgustigi sem mælist í helstu viðskiptalöndum Íslendinga.

Því hefur aldrei verið andmælt, þvert á móti oft á það bent, að þessi átök hlytu að hafa í för með sér óþægindi fyrir einstaklingana og álögur á þjóðina alla meðan þau stæðu yfir. En til nokkurs er að vinna því að verðbólgan er áhrifaríkasta kjaraskerðingaraðferð sem til er, eins og lærður maður hefur nýlega sagt. Hún bitnar harðast á þeim sem minnst mega sín. Lækkun verðbólgu er í sjálfu sér kjarabót. Af völdum verðbólgu hafa einstaklingarnir og þjóðarbúið allt hlotið þungar búsifjar á liðnum áratug og stórtjón. Það er því mál til komið að eitthvað fari að rofa til í þeim efnum svo að landsmenn geti um frjálst höfuð strokið og treyst öryggi sitt og efnahag til frambúðar.

Stjórnarandstæðingar margir viðurkenna að vísu að ríkisstj. hafi nokkrum árangri náð í efnahagsmálum, en þeir segja: Það byggist á óhóflegri skattheimtu í botnlausa ríkishít. Tekna hefur verið aflað til að standa undir vaxandi gjöldum, bæta þeir við. — Að sjálfsögðu er ákaflega mikilvægt, að gæta aðhalds í ríkisbúskapnum og leggja áherslu á jafnvægi í ríkisfjármálunum, en viðureign við óðaverðbólgu hlýtur alltaf að minna fremur á darraðardans, en dans á rósum. Á hinn bóginn verður auðvitað að taka mið af því, að hófs sé gætt í allri skattheimtu svo sem unnt er við ríkjandi aðstæður. Hafa verður hugfast að meginverkefni ríkisstj. er að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf svo að það geti haldið áfram án tafa og áfalla og veitt fólki næga og örugga atvinnu. Það verður að segjast eins og er, að aðalatvinnuvegir okkar standa ekki á nægjanlega traustum grunni, enda hefur sjaldnast svo verið í sögu þjóðarinnar.

Sjávarútvegurinn hefur alla tíð barist í bökkum þó að hann hafi lengst af verið okkar aðaltekjulind og auðsuppspretta. Aflabrögð eru misjöfn og útgerðarkostnaður, einkum hinna stærstu og fullkomnustu fiskiskipa, hefur verið gífurlega mikill. Svipað má segja um fiskvinnsluna. Hver man þá tíð að allar veigamestu greinar hennar hafi gengið nógu vel allar í senn? Þar hafa sannarlega skipst á skin og skúrir. Og hraðfrystihúsin, sem eru undirstaða og burðarás atvinnulífsins við sjávarsíðuna allt í kringum landið, oft og iðulega hafa forsvarsmenn þeirra orðið að horfa kvíðafullir til næsta dags, jafnvel árum saman, þó að fæstir telji kaup fiskvinnslufólksins of hátt. Svona hefur þetta verið þó að sæmilega hafi árað. Það þekkja menn af reynslunni.

Af sama sjónarhóli mætti fjalla um aðra atvinnuvegi landsmanna, svo sem landbúnað, iðju og iðnað og ýmsar þjónustugreinar.

Stjórnendur landsins, hverjir sem þeir eru, hljóta að leggja höfuðkapp á að hinar veigamestu atvinnugreinar landsmanna geti blómgast og borið sig sæmilega svo að þær fái haldið uppi batnandi lífskjörum og farsæld alls almennings í landinu.

Einni röksemd er öðru hverju skotið á loft til marks um illt og rangsnúið stjórnarfar í landinu. Það er hinn svonefndi fólksflótti til annarra landa. En sannleikurinn er sá, að það fyrirbrigði er einkenni velferðarríkis fremur en örbirgðar í sögu okkar, ef frá eru taldir margir þeir sem fluttu frá Íslandi til Vesturheims fyrir 100 árum eða svo á flótta frá harðæri og bjargarskorti. En þá var líka öldin önnur hér á landi.

Í þessu sambandi má líka minna á sögu frá löngu liðnum tíma. Hinn kunni áróðursmaður, Eiríkur rauði, fann Grænland og gaf því nafn og kvað menn mundi fýsa þangað að fara ef landið ætti nafn gott. Honum varð að von sinni. Sumarið 985 lögðu 25 skip af stað til Grænlands af Borgarfirði og Breiðafirði, en 14 komust út, sum þeirra sneru aftur, en sum týndust. Þetta var þó á þeim árum þegar Ísland var viði vaxið milli fjalls og fjöru, landkostir góðir og gnótt allra fanga, að því er merkustu menn íslenskrar sögu greina frá.

Sannleikurinn er sá, að Íslendingar hafa frá fyrstu tíð verið haldnir útþrá og ævintýralöngun. En heimþrá er einnig rík í fari þeirra, sem betur fer, og þeir viðurkenna margir með Einari Benediktssyni, að „sé eyjunni borin sú fjöður, sem flaug, skal hún fljúga endur til móðurstranda".

Í aldargömlu Alþingishúsi standa þm. nú einu sinni enn á vegamótum í upphafi þings. Horft er um öxl og dómar látnir falla um liðna atburði og áform, en jafnframt reynt að skyggnast örlítið fram á veginn og marka stefnuna. Á borðum þm. má sjá fjárlagafrv., fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 svo og þjóðhagsáætlun fyrir komandi ár. Margvíslegan fróðleik er þar að finna og mörg verkefni bíða fram undan. Þar er vissulega vikið að ýmsum mikilvægum málum sem snerta kjördæmi mitt, Vesturlandskjördæmi, og íbúa þess, hag þeirra og heill. Þar er fjallað um ýmis viðfangsefni, sem unnið er að í ráðuneyti dóms- og kirkjumála, svo og málefni, sem snerta samstarf Norðurlandaþjóðanna. Um öll þessi efni mætti ræða langt mál, enda daglega um þau fjallað meira og minna. Loks má af frumvörpum þessum og heimildum fræðast um býsna margt sem snertir hag og heill alþjóðar og alls landsins, um sóknarhug þjóðarinnar fram á við til bjartara og betra lífs, um stórverkefni á sviði iðnaðar og orkumála, samgöngumála og hvers kon-

ar umbóta í byggðum landsins. Sumum finnst þó sóknin of hæg, aðrir segja að boginn sé spenntur til hins ýtrasta. Meginmáli skiptir að sú ríkisstj., sem heldur um stýrisvöllinn nú um sinn, verður að setja þjóðarhag öllu ofar og koma skútunni út úr ölduróti verðbólgu og brims á kyrrari sjó. Til þess að vel megi takast er gott að heita á liðsinni og skilning manna um land allt, á traust þess fjölmenna hóps sem fagnaði stjórninni í byrjun og enn er reiðubúinn að veita henni stuðning til allra góðra verka í þágu lands og þjóðar. — Lifið heil.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á ræður stjórnarandstæðinga hér í kvöld mætti ætla að stjórnarandstaðan telji það hlutverk sitt að draga kjark úr þjóðinni með svartnættishjali í stað þess að benda á jákvæðar leiðir til úrbóta á ýmsum vandamálum þjóðfélagsins.

Kjartan Jóhannsson talaði að vísu um að við hefðum hlotið búhnykk vegna gengishækkunar dollarans. Þessi búhnykkur var þó ekki meiri en svo, að viðskiptakjör þjóðarinnar eru nú 11—12% lakari en 1978.

Karvel Pálmason talaði um kaupmátt kauptaxta. En kaupmáttur ráðstöfunartekna er nú með því hæsta sem verið hefur eða nálega eins og var 1979.

Hver vinnufús hönd hefur að kalla haft verk að vinna meðan hlutfall atvinnulausra í sumum nágrannalöndum okkar er allt að 30—40 sinnum hærra en hér á landi. Gjaldeyrisstaða og viðskiptajöfnuður við útlönd hefur farið fremur batnandi og jöfnuður hefur verið á ríkisfjármálum. Breytt hefur verið um stefnu í gengismálum og gengi krónunnar stöðugra en um langt skeið. Það er rangt, sem Geir Hallgrímsson sagði, að forsrh. hafi gefið í skyn gengislækkun eða gengisbreytingu á næstu mánuðum. Verðbólga er nú talin munu lækka um þriðjung á þessu ári. Innlendur sparnaður hefur mjög aukist og umskipti orðið í stöðu peningamála hjá innlánsstofnunum. Staða atvinnuveganna er á hinn bóginn of veik og afkoma einstakra fyrirtækja misjöfn. Það er í sjálfu sér ekki ný saga í okkar landi.

Geir Hallgrímsson talaði um 19 togara sem þyrftu sérstakrar athugunar við. Hann talaði ekki um það, að útgerðin er talin hafa verið rekin með halla í heilan áratug og að þessi halli er talinn minni á þessu ári heldur en allan þennan tíma, eða í sept. s. l. um 3.2%, en hallinn var t. d. 12—14% öll árin 1974—1976.

Verðbólgan hefur um árabil átt drýgstan þátt í að grafa undan afkomuöryggi atvinnuveganna, og margar ríkisstjórnir hafa átt í stöðugri baráttu við að verja rekstrargrundvöll þeirra þótt misjafnlega hafi til tekist. Þessi barátta sendur enn og er auðvitað háð í ljósi þess, að atvinnuvegirnir mynda undirstöður þjóðfélagsins og allrar byggingar þess. Lækkun verðbólgu og aukin sparifjármyndun eru áhrifaríkustu leiðirnar til að tryggja framtíðarheill atvinnuveganna, en á þessu sviðum hefur verulega áunnist á þessu ári.

Meðal þeirra leiða, sem til greina koma nú til að létta stöðu atvinnuveganna, tel ég vera að slaka á vöxtum, einkum dráttarvöxtum og refsivöxtum, og eru þau mál öll ásamt ýmsum fleiri til athugunar.

Engum skal til hugar koma að það gangi án átaka og erfiðleika að ná verðbólgunni niður um 20% á einu ári og síðan áfram í samræmi við fyrirætlanir ríkisstj. En þær aukaverkanir, sem gert hafa vart við sig hjá okkur, eru smávægilegar hjá því sem gerst hefur annars staðar þar sem harðari ráðstöfunum hefur verið beitt, svo sem í Bretlandi, og kostað hafa fyrirtækjadauða og gífurlegt atvinnuleysi.

Á síðasta ári varð afkoma landbúnaðarins hagstæð. Á aðalfundi Stéttarsambands bænda skýrði fráfarandi formaður þess frá því, að samkv. úrtaki úr búreikningum skorti aðeins rúm 2% til þess að bændur hefðu náð þeim tekjum sem þeim voru ætlaðar samkv. verðlagsgrundvelli. Þessi mismunur hafði ekki verið svo lítill alla hans formannstíð eða í 18 ár. Rétt er að rifja upp að oft hafi áður vantað 15—20%. Skil við lánastofnanir landbúnaðarins höfðu einnig verið betri á árinu 1980 en oftast áður. Góðærið 1980 átti auðvitað sinn mikla þátt í þessari niðurstöðu. En það þykir e. t. v. athyglisvert, að svo hagstæð útkoma skyldi nást einmitt á því ári sem teknar voru upp allharðar aðgerðir til þess að hafa hemil á vissum framleiðslugreinum með kjarnfóðurgjaldi. Tæplega er nokkur von til þess, að sambærileg niðurstaða náist á þessu ári, sem hefur verið meðal hinna erfiðustu hvaða árferði og veðurfar snertir. Ríkisstj. hefur nú til athugunar bráðabirgðatillögur fóðurbirgðanefndar sem ekki liggur enn fyrir hvað kosta mikið fé. Ég hef einnig ákveðið að láta fram fara athugun á tjóni kartöflubænda við Eyjafjörð sem misstu verulegan hluta af uppskeru sinni undir fönn.

Á síðasta verðlagsári vantaði enn miklar fjárhæðir, eða 45 millj. kr., svo að útflutningsuppbætur dygðu til að mæta halla af útflutningi búvara. Í lánsfjáráætlun, sem ríkisstj. hefur nú lagt fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að útvega 20 millj. kr. til að mæta hluta af þessum halla. Ákveðið hefur verið að verja af kjarnfóðurgjaldi 12 millj. kr. í þessu skyni. Má því búast við að vanti á fullnaðaruppgjör ársins 13 millj. kr.

Á þessu ári hefur verið ráðstafað um 7 millj. kr. til nýrra tekjuöflunarleiða í sveitum og hagræðingar í landbúnaði umfram það fjármagn sem áður hefur runnið til þessara hluta. Ljóst er að ötullega þarf að halda áfram á þessari braut, m. a. til að mæta þeim samdrætti sem óhjákvæmilegur var í mjólkurframleiðslunni. Okkur er mikil nauðsyn að halda framleiðslu hinna hefðbundnu búgreina sem næst því marki sem hún nú er. Verði enn samdráttur sem nokkru nemur er afkoma bændastéttarinnar og byggðin í sveitum landsins í hættu.

Ýmis mikilvæg viðfangsefni hafa verið og eru í gangi á sviði landbúnaðarmála. Ég læt mér nægja að nefna einn atburð sem mér finnst öðrum ánægjulegri, en það er setning Bændaskólans á Hólum á þessu hausti. Eftir tveggja ára hlé í starfi er skólinn nú fullsetinn nemendum. Nýtt og áhugasamt starfslið hefur ráðist að skólanum og framkvæmdir hafa verið miklar. Ég vona að heill fylgi starfi á því höfuðbóli.

Á þessu ári hefur orðið meiri friður um landbúnaðarmál en um alllangt sekið. Bændastéttin hefur hlotið aukna virðingu af því að taka á eigin vandamálum og leysa þau svo sem gert hefur verið, þótt deila megi um einstök framkvæmdaatriði. Aðgerðir stjórnvalda og skarpari túlkun á þýðingu landbúnaðarins fyrir þjóðarheildina hafa einnig aukið skilning í garð bænda. Við eigum mikið undir því komið að rækta aukinn skilning milli framleiðenda og neytenda, milli undirstöðugreina og þjónustu, milli atvinnuvega og vinnuafls. Hagsmunir, sem í fljótu bragði virðast ólíkir, fara oft í stórum dráttum saman þegar betur er að gáð. Því læt ég þá ósk í ljós að skilningur í þjóðfélaginu megi fara vaxandi, stétta-

átök verða hófleg og niðurstöður hagsmunadeilna með þeim hætti, að færsæld fylgi í framtíðinni. — Góða nótt.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi hér áðan um fjölmörg mál sem hún taldi öll hin þýðingarmestu og var að sjálfsögðu öll að þakka Alþb. Hún minntist þó ekki á það málið sem setti ríkisstj. sjálfa í hættu og kostaði för hæstv. forsrh. til Danmerkur til þess að ráða fram úr því að hún ætlaði að segja af sér ella. Á þetta mál minntist hún ekki. Hún minntist ekki heldur á afvopnun sem ríkisstj. hefur tekist að framkvæma hér á landi, en það er að afvopna íslensku landhelgisgæsluna. Ég held að það verði verðugt verkefni fyrir hæstv. ríkisstj. að koma vopnum á hana aftur.

Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast hér við hæstv. ráðh. út af því sem þeir hafa sagt í þessari umr. Ég vil þó minna hæstv. félmrh. á, þegar hann talar um skoðanasystur Geirs í Bretlandi, að hann á nokkra skoðanabræður í Póllandi sem eru þar við völd. Þeir halda verkafólki í járngreipum ófrelsins og þeir hafa herlið sér til stuðnings: *Sovétherlið grátt fyrir járnum á landamærum* Póllands til þess að hindra frjálsa verkalýðshreyfingu í að ná mannsæmandi kjörum.

Þá vil ég leiðrétta eitt sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh. Það er ekki rétt hjá honum, að Sameinuðu þjóðirnar hafi ákveðið að árið 1982 verði helgað málefnum aldraðra. Hins vegar efna Sameinuðu þjóðirnar til heimsráðstefnu um þessi mál árið 1982. Hins vegar vil ég líka upplýsa varaformann Sjálfstfl. um það, að hér á Alþingi hef ég ásamt öllum öðrum þm. Sjálfstfl. flutt þáltill. þess efnis, að þetta ár verði helgað málefnum aldraðra um leið og við að sjálfsögðu tökum þátt í ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Því hefur verið lýst yfir hér á Alþingi, að þingflokkur Framsfl. fylgi málinu, og ætti það að eiga greiða leið gegnum þingið nema annarleg sjónarmið verði uppi.

Allir ættu að þekkja það ráð, að elda má kæfa með því að loka öllum gáttum og gæta þess, að súrefni komist ekki að svo að upp úr logi á ný. Í baráttu sinni við verðbólgueldinn segist hæstv. forsrh. hafa lokað hurðum og gluggum, og til að sýna yfirburðaþekkingu sína draga þeir ráðh. einnig gluggatjöldin fyrir. En hjá ráðherrum eru margar rifur og gáttir opnaðar á víxl og hvergi fellur hurð að stöfum. Undir niðri kraumar verðbólgueldurinn sem getur þá og þegar orðið að báli sem enginn ræður við nema með miklum fórnum alls þorra almennings.

Leiktjöld blekkinga og sýndarmennsku hylja ekki þá staðreynd, að á hverju byggðu bóli, þar sem atvinnufyrirtæki er til staðar, berst það í bökkum. Atvinnulífið er rekið með skammtímalánum og bráðabirgðaráðstöfunum sem oftar en ekki eru tekin af launum starfsmanna eða illa stæðum þjónustufyrirtækjum sem eiga líf sitt undir því, að hjól atvinnulífsins fái snúist á viðkomandi stöðum. Það er engin hrakspá, heldur hörmuleg staðreynd, að atvinnufyrirtæki víðs vegar um land liggja við stöðvun. Það vantar fé til greiðslu launa, til greiðslu útgerðarkostnaðar og fjármagnskostnaðar. Þá vantar stórar fjárfúlgur til tæknivæðingar svo að hægt verði að mæta eðlilegum kröfum launþega um nokkra bót á þeirri kaupránsstefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt, og einnig til að draga úr löngum vinnutíma starfshópa sem sérstaklega starfa við útflutningsatvinnuvegina.

Vissulega ber að fagna því, að tekist hefur að halda fullri atvinnu hér á landi með fáum undantekningum. En er þetta hrósvert fyrir þá ríkisstj. sem hefur verið við völd í um 20 mánuði þegar þess er gætt, að allgott atvinnuástand hefur ríkt á Íslandi um áratugaskeið? Er þetta hrósvert þegar áður greindar staðreyndir atvinnulífsins blasa við og verðbólga getur hæglega rokið í 60—70% á næsta ári? Svari hver fyrir sig.

Gervifiskverð er búið til með ábyrgð ríkissjóð á lánum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins sem nú er að verða einn stærsti skammtímaskuldari landsins. Síldarverðið er búið til með því að ríkisstj. ábyrgist lán. Sami háttur er hafður á um lækkandi loðnuverð, auk niðurfellingar útflutningsgjalda af afurðum þessara veiða sem rýra mun getu fjölmargra aðila sem hagsmuna eiga þar að gæta, þ. á m. Aflatryggingasjóðs, nema tekið verði nýtt erlent lán til að mæta þeim skakkaföllum. Ekki er annað að sjá en sama leið verði farin við ákvörðun fiskverðs.

Enn ein gengisbreytingin á stuttum valdatíma ríkisstj. gefur í raun þegar átt sér stað, en er falin bak við gluggatjöld þess hrófatildurs, sem kallast efnahagsstefna, þar sem verðbólgueldurinn kraumar undir. Á fjórða ár hafa æðstu stjórnvöld þessa lands stundað alvarlegri tölufölsun en dæmi finnast áður til svo að kauprán viðkomandi ríkisstjórna yrði dulið. Ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar átti að fara frá af því að hún sagði þjóðinni sannleikann — óþægilegan sannleika að vísu. Þá var verkalýðshreyfingin notuð löglega og ólöglega til aðgerða sem stefndu aðeins að því pólitíska markmiði að koma þeirri stjórn frá og Alþb. í æðstu valdastóla. Nú boða sömu menn það sem þeir sjálfir kalla kjaramildi.

Á þessu tímabili hefur tekist án teljandi mótmæla verkalýðshreyfingarinnar og stundum með samráði að breyta kaup- og kjarasamningum ítrekað með valdboði. Allt hefur stefnt í sömu átt: að ræna af launþegum og rýra kaupmátt launa og kalla svo niðurstöðuna sigur í baráttunni við verðbólguna. Þetta er m. a. gert með fölsun verðbótavísitölunnar. Þegar kemur að útreikningi hennar, er verðhækkunum stundum frestað eða haft til staðar lánsfjármagn til að greiða niður þau matvæli sem þyngst vega í grundvellinum og allt of þungt miðað við neysluvenjur í dag. Svo finnast þess dæmi, að verð hækki aftur eftir að verðbætur hafa verið ákveðnar. Af því, sem í dag telst til nauðsynja í lífi almennings, svo sem bifreiðanotkun og ferðalögum svo að dæmi séu tekin, er hins vegar reynt að ná til baka í ríkishítina með stöðugum hækkunum gjalda og skatta. Allt, sem þá þætti varðar, er langt umfram verðbólguviðmiðun.

Þrátt fyrir aðvaranir og tillögur þar um fékkst ríkisstj. ekki til að fresta krónubreytingunni þar til raunverulegar aðgerðir yrðu gerðar sem styddu þessa breytingu. Niðurstaðan hefur orðið sú, að krónubreytingin hefur orðið tilefni stærri þjófnaðar af almenningi en margan grunar, og hafa hv. þm. komið inn á þetta mál í umr. hér í kvöld. Hér mun ríkisstj. varða veginn með því að nota þetta tækifæri til margföldunar þeirrar gjaldheimtu sem fyrir var og lítið sem ekkert verkar inn í vísitöluna. Sú kaupmáttarskerðing, sem almenningur hefur orðið fyrir vegna 10—100-földunar á verði ýmiss varnings, er nauðsynlegt rannsóknarefni þeirra sem vilja fá rétta mynd af stöðu kaupmáttar í dag. Einn helsti hagspekingur Framsóknar hefur sýnt fram á í Tímanum að með 40% meðaltalsverðbólgu á ári, frá því að krónubreytingin tók gildi og út árið 1983, árið sem kjörtímabili ríkisstj. lýkur, verður auragildi nýju krónunnar komið niður í 36 aura.

Það væri ósanngjarnt að geta ekki um þá félagsmálapakka sem fram hafa náðst í samningum á liðnum misserum. Þeir hafa nokkrir mikla þýðingu og um sumt marka þeir framtíðarspor, enda verið í undirbúningi allt frá lokum samninga 1977. Sú spurning hefur þó verið á margra vörum, hvort setja eigi alla félagslega framþróun þjóðfélagsins undir pólitíska mælistiku til þess að ná samningum um kaup og kjör. Fleiri en ég telja að svo eigi ekki að vera. En þessir félagsmálapakkar eru því miður aðeins takmörkuð lausn. Allir urðu að leggja til þeirra með skerðingu launa eða bóta, en ótrúlega margir hafa haft lítinn hag af. Að sjálfsögðu veita launþegar því athygli, að þeir hópar, sem mest hafa fengið út úr þessum viðskiptum, eru pólitískir samherjar ráðh. Þeir nota árangur þessara viðskipta til að tryggja sjálfa sig í sessi í sínum samtökum, en ganga síðan erinda pólitískra húsbænda til að sveigja félagsmenn sína til hlýðni og beygja undir vilja ríkisstj. Eru húsnæðismálin gott dæmi um það.

Ríkisstj. hefur svipt Byggingarsjóð ríkisins megintekjustofni sínum, sem er fólginn í því fjármagni sem launaskattur gefur af sér. Þessi sjóður hefur verið undirstaða hinna miklu framfara í húsakosti þjóðarinnar síðustu áratugina, en nú er framtíð hans í algerri óvissu þótt ráðherrar boði enn frekari ráðstöfun á sparifé verkalýðsins sem geymt er í lífeyrissjóðum hans. Í borgarstjórn Reykjavíkur flytur kardínáli félagsmálapáfans íbúum borgarinnar þann boðskap, sem Þjóðviljinn síðan endurtekur, að vel komi til greina að taka leigunámi hluta af íbúðum þeirra sem búa í of stóru húsnæði.

Engir hafa lagt jafnmikið í kostnaðarpott stjórnarpakkanna sem sjómenn, engin stétt fengið jafnlítið til baka. Og nú er svo komið að sjómenn, sem afla langstærsta hlutans af gjaldeyrisþörf þjóðarinnar, verða einir allra stétta að taka á sig tekjutap af endurteknum gengisfellingum ríkisstj. Aðrir fá þetta bætt. Þetta verða þeir að bera auk þeirra byrða sem lagðar eru á aðra landsmenn. Skjalfest er að við valdatöku vinstri stjórnar 1978, eða um leið og Matthías Bjarnason yfirgaf sjútvrn., var byrjað að ræna af sjómönnum og síðan hefur ítrekað verið vegið í þann knérunn. Þrátt fyrir mjög aukinn afla hefur hlutfall launa sjómanna á móti öðrum launþegum stórlega skekkst vegna aukins vinnuálags sem þessu hefur verið samfara.

Á þessu tímabili hefur einnig fiskverð, miðað við kauptaxta launþega í landi, lækkað um 20%. Nýjasta verðákvörðunin er gott dæmi um þetta og gengur hún þó enn lengra. Í grundvelli síldarverðs er nú reiknað með 55% launahækkun allra annarra en sjómanna. Þeir fá aðeins 33% hækkun fyrir sama tímabil. Við ákvörðun loðnuverðs er launaþáttur vinnslukostnaðar hjá verksmiðjum metinn á tæp 54%, en sjómaðurinn fær 28%. Á sama tíma og sjútvrh. lemur fram slíka lausn, lýsir hann því yfir í veisluglaumi og reyndar hér í kvöld einnig, að verðbólgustríðið vinnist ekki með því að lemja á sjómönnum.

Í einu dagblaðanna í dag er viðtal við einn þm. stjórnarinnar. Þar segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Annars þarf að fara að stjórna þessu landi með einhverju viti. Vitlausar fjárfestingar, bruðl og óhagsýni á fjölmörgum sviðum hefur tröllriðið þessu þjóðfélagi okkar. Það þarf að fara að skoða ríkisgeirann og þann mikla fjölda sem hefur verið dælt í störf hjá hinu opinbera. Öll spillingin í þjóðfélagi okkar, allt dugleysið er falið á bak við hið svokallaða velferðarþjóðfélag. Við verðum að taka okkur tak og auðvitað á ríkisstj. að ganga á undan með góðu fordæmi. En það hefur aldeilis á vantað. Það þarf t. d. að stokka upp í fjölmörgum ríkisfyrirtækjum, en það vantar kjarkinn."

Ef hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands, sem mælti þessi orð og enn er stuðningsmaður ríkisstj., hefði á verkamannasambandsþingi sett þessi orð sín fram sem aðalkröfu í væntanlegum samningum mundi margklofin verkalýðshreyfing ná allsherjarsamstöðu um að krefja ríkisstj. um að leita nýrra leiða, sýna sjálf gott fordæmi og taka í sig kjark til að stjórna eða segja af sér ella. — Góða nótt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Að gefnu tilefni vil ég taka fram, að við framsókanrmenn og langflestir Islendingar treysta Ólafi Jóhannessyni öðrum mönnum betur fyrir meðferð utanríkismála þjóðarinnar.

Stjórnarandstæðingar hafa eytt svo til öllum ræðutíma sínum í að reyna að rífa niður aðgerðir ríkisstj. og skamma hana. Minna hefur farið fyrir úrræðum og tillögum um lausn mála. Ég ætla að þjóðin hafi tekið eftir þessum málflutningi. Á meðan ríkisstj. endurmetur stöðuna og markar stefnu sína liggur stjórnarandstaðan í innbyrðis áflogum og flokkadráttum. Stjórnarandstaðan vill í engu viðurkenna staðreyndir um bata í efnahagsmálum á ýmsum sviðum.

En hvað er fyrst og fremst jákvætt í efnahagsmálum þjóðarinnar á þessu ári? Ég vil nefna nokkur atriði.

Atvinnulíf landsmanna hefur verið í fullum gangi, næg atvinna og vinnufriður allt árið, þrátt fyrir staðbundin vandamál og vissa erfiðleika í sumum greinum. Áætlað er að þjóðartekjur á mann aukist um 1%. Tekjur landsmanna hafa verið miklar og kaupmáttur ráðstöfunartekna verður um 1% meiri á mann en var í fyrra og hefur ekki verið hærri a. m. k. s. l. 6 ár.

Spurningin er hvort svigrúm sé fyrir heildarlaunahækkanir í þjóðfélaginu á næsta ári sem ekki brenna upp í einni svipan á báli verðbólgunnar. Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 bendir til að þjóðartekjur aukist aðeins um ½%. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa versnað um 12—14% síðan 1978. Þola atvinnufyrirtækin meiri innlendan tilkostnað? Ég held ekki. Atvinnulífið stendur höllum fæti í ýmsum greinum vegna verðbólgunnar. Nægir þar að minna á erfiðleika iðnaðarins, t. d. á Akureyri og víðar, svo og erfiðleika margra sjávarútvegsfyrirtækja. Hætt er við að slíkur rekstur dragist saman og atvinna minnki ef innlendur tilkostnaður hækkar.

Á áratugnum 1960—1970 var meðaltal innlána í innlánsstofnunum um 40% af árlegri þjóðarframleiðslu. Þetta hlutfall lækkaði úr 40% niður í 21.5% árið 1978. Það var þá ljóst að sparnaður í hagkerfinu væri að detta niður og þjóðin á hraðleið með að eyðileggja bankakerfið. Með setningu Ólafslaga urðu þáttaskil í þessum málum. Árið 1980 óx þetta hlutfall upp í 23.8%, á þessu ári verður hlutfallið að líkindum 26.5% og árið 1982 er spáð hlutfallinu 29%.

Seðlabankinn telur að í ágústmánuði hafi því marki verið náð, að raunvextir væru jákvæðir í öllum flokkum bundinna innlána. Hér er því um sýnilegan bata að ræða í peningamálum sem vekur vonir um eðlilegri þróun efnahagsmála. Þróun gengismála hefur verið hagstæð þótt

hækkun Bandaríkjadollars hafi valdið verulegum erfiðleikum þeirra atvinnugreina sem búa við útflutning gegn greiðslu í öðrum gjaldmiðli en dollar.

Um s. l. áramót var horfið frá gengissigi krónunnar, en ákveðið að stefna að sem stöðugustu gengi og miða við meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Gengi íslensku krónunnar hefur ekki verið jafnstöðugt um langa hríð og á þessu ári. Með hliðsjón af kostnaðarhækkunum við rekstur útflutningsatvinnuveganna álít ég þó að teflt hafi verið á tæpasta vað með skráningu krónunnar. Gengið verður að miða við að tryggja jafnvægi í utanríkisviðskiptum svo og viðunandi rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og þeirra atvinnugreina sem keppa við innflutning.

Ef litið er á gjaldeyrisstöðuna batnaði hún um 500 millj. kr. á þessu ári, 50 milljarða gkr. Í fyrra var viðskiptajöfnuður óhagstæður um 2.4% af þjóðarframleiðslu, en því er nú spáð, að þetta hlutfall verði aðeins 0.5% á þessu ári. Þessi útkoma er miklu betri hjá okkur Íslendingum en flestum nágrannaþjóðum. Á næsta ári er spáð viðskiptajöfnuði í algjöru jafnvægi og ber að fagna því.

Í verðlagsmálum hefur mikils aðhalds verið gætt, enda nauðsynlegur þáttur í efnahagsstefnunni til hjöðnunar verðbólgu. Eftir myntbreytinguna fól ég Verðlagsstofnun að fylgjast sérstaklega með verðlagi vegna hennar. Ég hef á þessu ári undirbúið að færa verðlagskerfið í frjálsræðisátt, sem felur í sér hvatningu til hagstæðari innkaupa til landsins.

Seðlabankinn telur að í ágústmánuði hafi verðbólgustigið verið 40.2%. Það er einnig ástæða til að ætla að verðbólga hækki ekki meira en um 40% frá upphafi til loka ársins.

Með afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979 var lagður grundvöllur að traustari fjárhag ríkisins. Bendir allt til þess, að afkoma ríkissjóðs verði í jafnvægi á þessu ári. Útgjöld af þjóðarframleiðslu verða 28.2%, en voru 30.4 um miðjan seinasta áratug. Þetta gefur glögga mynd af þróun heildarskattlagningar seinustu ára.

Stefnan í fjárfestingarmálum er á réttri leið. Heildarfjárfesting á þessu ári verður rúm 25% af þjóðartekjum, en hefur lækkað og stefnir í tæp 24% á næsta ári. Með þessu er stefnt að samræmingu fjárfestingar og sparnaðar þjóðarbúsins og því að draga úr viðskiptahalla.

Af þessu stutta yfirliti liggur ljóst fyrir að verulegur árangur hefur náðst í efnahagsmálunum á yfirstandandi ári. Hagkerfið hefur verið að styrkjast í ýmsum efnum. Þetta þýðir vissulega ekki að allur vandi sé leystur, öðru nær. Þrátt fyrir verulegan árangur í baráttunni við verðbólguna er enn þá allt of mikil verðbólga á Íslandi. Verðbólgan í Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku er yfirleitt í kringum 10%. Á sama tíma er hún 40% hjá okkur. Fjármálamenn og stjórnmálamenn hafa miklar áhyggjur af 10% verðbólgu og eru sannfærðir um að slík verðbólga valdi stöðnun og samdrætti í atvinnulífi og kaupmætti launa.

Um þessar mundir eru barátta gegn verðbólgu aðalmál ríkisstjórnar í hverju einasta iðnvæddu ríki. Aðferðirnar, sem beitt er gegn henni, eru þó mjög misjafnar. Verðbólga hægir á hagvexti og veldur atvinnuleysi þegar til lengdar lætur. Samkeppnisstaða útflutningsatvinnuveganna og alls innlends iðnaðar versnar til muna. Verðbólgan kemur þyngst niður á eignalitlu fólki og lágtekjumönnum og alveg sérstaklega unga fólkinu sem er að hefja búskap. Meiri verðbólga veltir vandanum yfir á herðar þess fólks sem síst getur mætt henni. Þetta ætti sannarlega að stugga við okkur Íslendingum. Verðbólgan hefur m. a. valdið því, að sparnaðurinn í íslenska hagkerfinu hefur minnkað um helming á 10 árum. Með Ólafslögum var lagður grunnur að auknum sparnaði og hann mun fara vaxandi.

En hvernig höfum við farið að því að halda uppi fullri atvinnu og mikilli uppbyggingu með svona litlum sparnaði? Við höfum gert það með því að auka erlendar lántökur. Það er sá þáttur hagkerfisins sem við í Framsfl. höfum hvað mestar áhyggjur af eins og sakir standa. Verðtrygging inn- og útlána leggst með ofurþunga á atvinnulífið og húsbyggjendur. Sú tíð er horfin að hægt sé að gera út með halla og jafna síðan hallann með sölum og kaupum fiskiskipa. Verðbólgan er hætt að byggja fyrir menn húsin. Menn verða nú að borga þau lán sem þeir taka. En sparnaðurinn fer vaxandi. Það þýðir aftur á móti að unnt verður að fjármagna uppbygginguna með innlendu fjármagni og draga úr erlendum lántökum. En hvaða val eigum við þá? Jú, við getum fallið frá verðtryggingu inn- og útlána. Það þýðir hins vegar minni sparnað og meiri erlendar lántökur þar til allt okkar lánstraust er þorrið og við sitjum uppi með gífurlega greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum. Hvað verður þá um sjálfstæði þjóðarinnar?

Hin leiðin er rétta leiðin og raunar eina leiðin út úr vandanum. Það er að skapa víðtæka samstöðu um áframhaldandi niðurtalningu verðbólgunnar. Þá lækka vextirnir, auðveldara verður að reka atvinnulífið og þróa það og húsbyggjendur geta þá staðið undir lánum. Ef verðbólga lækkar t. d. úr 40% í 25% á næsta ári lækkar vaxtakostnaður um 15%, enn fremur minnka erlendar lántökur og sjálfstæði þjóðarinnar styrkist.

Ég vara alvarlega við því, ef nú á að reisa nýja verðbólguöldu ofan á það sem fyrir er. Það er hættulegt fyrir þjóðina. Slík stefna torveldar uppbyggingu og framfarir og lækkar rauntekjur manna.

Íslendingar lifa við tiltölulega góð lífskjör og hafa öll skilyrði til að bæta þau. Það er óumdeilt, að verbólga hefur lækkað verulega á þessu ári. Það væri sorglegt ef gullið tækifæri til nýrrar sóknar gegn verðbólgunni færi forgörðum vegna skammsýni og kröfuhörku sem ekki er hægt að verða við nema með aukinni verðbólgu og upplausn í efnahagslífinu.

Á fyrsta starfsári núv. ríkisstj. var aðeins veitt viðnám gegn verðbólgu, m. a. vegna mjög versnandi viðskiptakjara árin 1979 og 1980. Ef ekkert hefði verið gert í efnahagsmálum um seinustu áramót hefði verðbólga vaxið upp í 70—80% á þessu ári, en vegna efnahagsráðstafana ríkisstj. og hagstæðra ytri skilyrða hefur verðbólga lækkað um þriðjung frá í fyrra. Í stað 70—80% verðbólgu búum við nú við um 40% verðbólgu.

Aðgerðir ríkisstj. hafa einkum verið fólgnar í niðurtalningu verðlags á vörum og þjónustu, verðbótum launa, sköttum á lágtekjur, vöxtum og aðhaldi í ákvörðunum um fiskverð og landbúnaðarvöruverð og gengismálum. Þá hefur og verið gætt aðhalds í peningamálum, ríkisfjármálum og fjárfestingu. Þetta eru fyrstu skrefin á erfiðri göngu. Það er eðlilegt, að það hrikti nokkuð í, og ljóst, að leiðin að settu marki er torsótt. Nú þarf að halda áfram að undirbúa ráðstafanir fyrir næstu árin. Þegar hefur verið lagt fram á Alþingi fjárlagafrv., fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og þjóðhagsáætlun, en Ólafslög gera

ráð fyrir þessari málsmeðferð. Þessi gögn hafa að geyma stöðu hagkerfisins og horfur fram undan. Allir þeir, sem taka þýðingarmiklar ákvarðanir sem varða framvindu efnahagsmála, verða að kynna sér þessi gögn og taka tillit til staðreynda efnahagslífsins. Annað er óráð og leiðir til ófarnaðar.

Í þjóðhagsáætlun segir að á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstj. telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári. Árangri í baráttunni við verðbólguna verður að ná með samstilltu átaki í þjóðfélaginu og aðhaldssamri og sterkri efnahagsstjórn, án þess að til atvinnuleysis komi eða gengið verði á kaupmátt ráðstöfunartekna.

Framsfl. telur mjög nauðsynlegt að þessi markmið ríkisstj. gangi fram, enda eru fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun byggð upp á þessum verðlagsgrunni. En hlutfallslega svipaður árangur í verðhólgumálum á næsta ári og náðst hefur á þessu ári verður eftir atvikum að teljast viðunandi.

Að lokum verður að leggja ríka áherslu á að sem flestir leggist á eitt um að samræma aðgerðir að þessu marki. — Góða nótt.

Sighvatur Björgvinsson: Gott kvöld góðir hlustendur. Hæstv. forsrh. hefur flutt okkur boðskap sinn. Að hans sögn er nú allt með felldu. Atvinnuástandið er gott, gjaldmiðillinn traustur, kaupmátturinn verndaður. Hvergi ber á skugga, allt slétt og fellt. Hví skyldi þjóðin þá gera sér áhyggjur þegar ekkert er að óttast.? — Þetta er boðskapur hins sléttmála forsrh. okkar. Undir boðskapinn taka samráðh. hans í ríkisstj. hver af öðrum. Í stjórnarráðinu er allt með felldu. Ráðh. líður vel.

Atvinnuástandið er gott, segir hæstv. forsrh. Á liðnum vetri voru milli 100 og 200 manns skráðir atvinnulausir á Akureyri alla vetrarmánuðina. Ekki hafa forsrh. og ríkisstj. búið til nein ný atvinnutækifæri fyrir þetta fólk þegar nýr vetur gengur nú í garð. Skyldi það engan kvíðboga bera? Og hvað segir verkalýðshreyfingin? Helmingur fulltrúa á nýloknu þingi Verkamannasambands Íslands krafðist þess, að yfirvinnugreiðslum yrði breytt og beitt til hækkunar á dagvinnulaunum. Hvers vegna? Vegna þess að láglaunafólkið þarf að horfast í augu við atvinnusamdrátt og býr sig undir að þurfa að lifa á dagvinnulaununum einum. Er þessi afstaða í samræmi við sléttmæli forsrh.?

Atvinnulífið stendur traustum fótum, segir hæstv. ráðh. Sjútvrh. heimilar innflutning á hverju nýju skipinu á eftir öðru. Hvað halda menn að þessi nýja togskip þurfi að afla til að útgerð þeirra beri sig? 16 535 tonn á ári. Mestu aflaskipstjórar geta gert sér vonir um röskan helming þess. Hvaðan á mismunurinn að koma? Hver á að borga tapið? Hver borgar tapið af síldveiðum? Það er borgað með erlendri lántöku. Hver borgar tapið af loðnuveiðum? Það er líka borgað með erlendri lántöku. Hver borgar tapið í orkuiðnaði? Það er borgað með erlendum lánum. Er þetta öflugt atvinnulíf? Hvenær kemur að skuldadögunum, hæstv. forsrh.?

Hinn sléttmáli forsrh, vor segir einnig að gjaldmiðillinn á Íslandi sé traustur. Finnst fólki að krónupeningurinn nýi sé ígildi 100 kr. seðils fyrir einu ári? Hefur launafólk sömu tilfinningu þegar það handfjatlar 500 kr. seðil í dag og það hafði fyrir einu ári þegar það handlék tíu 5000 kr. seðla?

Myntbreytingin er mesta svindl í efnahagsmálum sem nokkur ríkisstj. á Íslandi hefur leikið. Ríkisstj. taldi fólki trú um að með henni væri verið að brjóta í blað. Margir trúðu því, að loksins gætu menn farið að bera virðingu fyrir íslensku krónunni. En hvað segir fólk nú? Nýja krónan hefur á 10 mánuðum hrapað um 30 aura í verðgildi. Hvað er orðið af stöðugleikanum? Hvað er orðið af virðingunni? Og verðbólgan, hún er á niðurleið, segir forsrh.

Hvaða áhrif hefur myntbreytingarsvindlið haft á verðlagið í landinu? Hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði nokkrar sögur af því áðan. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir tók undir með formanni Alþfl. og rakti fleiri dæmi þar um. Hversu mýmörg dæmi veit almenningur á Íslandi ekki um að myntbreytingarsvindl ríkisstj. hefur bókstaflega verið notað til að stórhækka vöruverð og þá ekki bara á smávarningi, heldur á dýrum varningi líka. En sú hækkun hefur engin áhrif á opinberar verðbólgumælingar forsrh. Hún hefur bara áhrif á fjárhag launamannsins. Hafa menn veitt athygli í öllum þeim kvörtunum, sem borist hafa að undanförnu frá hinum og þessum atvinnufyrirtækjum, að það er nú einn sem ekki kvartar? Hver er sá? Það er verslunin í landinu. Það heyrist lítið af kvörtunum frá verslunarstéttinni þessa dagana.

Fyrst allt er svona slétt og fellt, eins og forsrh. segir, er þá ekki allt í lagi með afkomu launafólksins?

Formaður Alþb., Svavar Gestsson, hélt ræðu áðan og kenndi Alþfl. um að kaupmáttur taxtakaups verkafólks er nú lægri en hann var þegar Alþb. og Alþfl. felldu sameiginlega ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Alþfl. hefur ekki setið í ríkisstj. í þessu landi í tvö ár. Hefði verið farið að tillögum Alþfl. fyrir tveimur og hálfu ári væri í dag meiri kaupmáttur og minni verðbólga en raun ber vitni. Nú í dag vinnur venjulegur hafnarverkamaður ekki 5—6 vikur kauplaust fyrir ríkisstj., heldur í 3 mánuði, miðað við það kaup sem hann ætti að hafa fengið samkv. samningunum frá 1977.

Leiftursóknaröflin gera nú atlögu að ríkisstj., sagði formaður Alþb. Leiftursóknaröflin eru í forustu í ríkisstj. Það var hæstv. forsrh. sem ásamt Geir Hallgrímssyni kynnti fyrstur manna leiftursóknartillögurnar, og það var aðstoðarmaður hans í forsrn. sem samdi þær.

Hvað segir launafólkið sjálft? Í viðtali við Helgarpóstinn s. l. föstudag segist ekkja, sem unnið hefur 11 ár í eldhúsi á Borgarspítalanum, fá 5 139 kr. í laun á mánuði. Ég á ekki bíl, segir hún. Ég fer aldrei út að skemmta mér. Þetta er ekkert annað en vinna og um helgar er maður heima. — Fullorðinn starfsmaður í vöruhúsi hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga segir í viðtali við sama blað: Ég ber úr býtum 5 551 kr. á mánuði fyrir starf mitt. Maður verður að neita sér um ýmislegt, segir hann, svo sem bíó, leikhús og skemmtanir. Það er ekki einu sinni hægt að kaupa sér bækur og blöð þótt ég feginn vildi. — 33 ára gömul iðnverkakona segir í viðtali við sama blað um s. l. helgi að hún hafi af mögrum launum sínum lagt í það stórvirki að ná sér í þak yfir höfuðið. Hún segist hvorki hafa efni á að nota tóbak né vín. Á skemmtanir fer hún aldrei, aldrei á böll, tekur alla eftir- og helgidagavinnu sem býðst og skúringar að auki. Veit formaður Alþb. ekki lengur að þetta fólk er til? Hann gerði í sumar leynisamning við lækna. Hann veitti þeim 19—40% kauphækkun. Er fjmrh. Alþb. reiðubúinn að

gera læknasamninga við þetta fátæka fólk.

Herra forseti. Alþb. gekk til myndunar núv. ríkisstj. í hálfkæringi, gráglettið yfir því að geta gert Sjálfstfl. grikk. En til hvers hefur sá grikkur leitt? Alþb. hefur hans vegna rofið samstarfið við Alþfl.-menn í verkalýðshreyfingunni sem haldist hafði þar þótt sitthvað gengi oft á milli þessara flokka á hinum pólitíska vettvangi. Sjálfstæðismaður, sem hefur tekjur af eigin atvinnurekstri, atvinnurekandi, trónar nú á varaforsetastóli í Alþýðusambandi Íslands fyrir tilverknað Alþb., og Alþb. hefur fengið íhaldinu oddaaðstöðu í verkalýðshreyfingunni í hverju verkalýðsfélaginu á fætur öðru, nú síðast í Verkamannasambandi Íslands. Alþb. hefur afhent þremur og hálfum íhaldsþingmanni forustu í ríkisstj. og völd eins og væru þeir heill stjórnmálaflokkur. Alþb. og Þjóðviljinn hafa sig alla í frammi um að hampa þessum þremur og hálfa íhaldsþm., uns nú er svo komið að líklegast er talið að þeir hafi í huga sjálfstæða flokksstofnun. Hvert verður fyrsta takmark slíks nýs íhaldsflokks undir forustu Gunnars Thoroddsens og Alberts Guðmundssonar? Að vinna Reykjavíkurborg úr höndum vinstri manna? Hvert verður næsta viðfangsefni slíks flokks? Að ná í næstu þingkosningum undirtökum í stjórnmálalífi landsins með Sjálfstfl. svo íhaldið geti gerst allsráðandi í þessu landi, annaðhvort í hreinni meirihlutastjórn íhaldsflokkanna eða sem forustuafl bæði í stjórn og í stjórnarandstöðu og auk þess með þau lykilvöld í verkalýðshreyfingunni sem Alþb. hefur afhent íhaldinu.

Þetta, góðir hlustendur, er verðið sem Alþb. hefur greitt fyrir ráðherrastólana sína þrjá. Þetta er niðurstaðan af herbragði hinnar nýju kynslóðar forustumanna í Alþb., manna eins og Ólafs Ragnars Grímssonar, Baldurs Óskarssonar og Hjörleifs Guttormssonar, sem ólust upp í Framsfl. og eiga þar rætur sínar, en ekki í þeim jarðvegi sem fyrri leiðtogar flokksins, eins og Lúðvík Jósepsson, eru sprottnir úr.

Ævintýrapólitík Ólafs Ragnars Grímssonar, valdahroki Svavars Gestssonar og undirlægjuháttur Guðmundar J. Guðmundssonar mala nú undir íhaldið og skapa því þá valdaaðstöðu á Íslandi sem það hefur aldrei áður haft. Þetta veit hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og þetta kann hann allra manna best að notfæra sér. Hann hefur fengið upp í hendurnar möguleika til að ná með þessum hætti hreinum meiri hl. íhaldsaflanna á næstu mánuðum. Hvaða máli skiptir það hann og þau öfl, sem hann er í forsvari fyrir, hvort heldur það gerist fyrir tilverknað eins eða tveggja Sjálfstæðisflokka.

Herra forseti. Þetta er niðurstaðan af ævintýrapólitík hinnar nýju forustu Alþb. Sjáið þið þetta ekki, Alþb.-menn, sem mál mitt heyrið — eða er hinn sléttmáli forsrh. búinn að stinga ykkur sama svefnþorninu og hann hefur stungið foringja ykkar? Væri þá ekki ráð að reyna að vakna?

Ég þakka þeim sem hlýddu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Jú, jú, Alþfl., sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hefur ekki setið í ríkisstj. á Íslandi í tvö ár. Það eru rétt um það bil tvö ár síðan Alþfl. myndaði einn saman ríkisstj. með stuðningi óklofins Sjálfstfl. eftir að hafa hlaupist burt úr vinstri stjórninni vegna þess að Alþb. stóð gegn kröfu hans um launalækkun. Sannindi hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um fjarveru Alþfl. frá ríkisstj. eru á borð við annað, enda þarf ekki um að efast þegar Sighvatur vitnar í Kjartan máli sínu til stuðnings.

Sighvatur Björgvinsson átti sjálfur sæti í þessari ríkisstj. Hann var fjmrh. Hér var fyrir skemmstu sögð sú saga, að Alþfl.-maður nokkur komst í prófarkir af símaskránni og hringdi í ónefndan samflokksmann og spurði: Er það tilfellið að þú hafir sjálfur sett fyrrv. fjmrh. fyrir framan nafnið þitt? Já, kvað flokksbróðirinn hafa svarað. Ég vildi bara vara þig við, sagði hinn, það er nefnilega þannig að fólk hlær að svo mörgu.

Við höfum á þessu kvöldi hlýtt á rökstudda gagnrýni hinnar samhentu stjórnarandstöðu á stefnuræðu forsrh. og á stefnu ríkisstj. Að vísu veiti ég því athygli, að flestir þessara gagnrýnenda eru nú horfnir úr fundarsalnum, munu sennilega vera komnir út í bæ að hælbíta hver annan, eins og er helst iðja þeirra utan sala þessa virðulega húss.

Það er sami söngurinn og var fyrir ári. Árangur ríkisstj. í verðbólgumálunum segja þeir að sé blekking, verðbólgan sé falin. Þeir sögðu þetta líka um áramótin síðustu og virðast nú ekki taka tillit til þess, að þrátt fyrir allt stefnir í það að verðbólgan verði ekki nema 40% um næstu áramót í stað 70—80% eins og horfði fyrir aðgerðir ríkisstj.

Þeir segja að gengið sé fallið og gengið sé falsað. Þeir sögðu þetta líka um síðustu áramót. En það hefur tekist að halda genginu stöðugu þrátt fyrir allt og leggja grundvöll að verulegum úrbótum í verðlagsmálum fyrir bragðið.

Þeir tala einnig um slæma stöðu atvinnuveganna. Ekki var fögur lýsing þeirra á stöðu atvinnuveganna um síðustu áramót. Þá var allt að stöðvun komið. Staðreyndin við lok þessa árs er sú, að atvinnulíf hefur e. t. v aldrei staðið með meiri blóma á Íslandi en einmitt á þessu ári.

Fjárlagafrv., sem nú er lagt fram, er marklaust plagg að dómi þessara sömu manna. Um síðustu áramót héldu þeir því líka fram, að fjárlagafrv. ríkisstj. væri marklaust plagg, fyrirsjáanlegur halli væri á fjárlögunum. Raunin varð allt önnur í fyrra. Þeir spá halla á fjárlögum þessa árs. Raunin verður einnig allt önnur á þessu ári. Útkoman verður hagstæð. Alþfl.-menn halda því fram, að ástæðan sé sú að embættismenn falsi ríkisreikningana að fyrirmælum forsrh. Þessu hefur formaður Alþfl. haldið berlega fram. Þess er skemmst að minnast, að forystumenn þessa sama flokks héldu því fram, að þáv. dómsmrh. stæði privat og persónulega fyrir spírasmygli til landsins. Nú gefa þeir þá skýringu á pólitískri siðvillu hver annars, að hinn og þessi í þeirra flokki sé ekki með öllum mjalla. Ég trúi nú því, að þeir séu með öllum mjalla, en mjallinn sé bara ekki meiri en þetta.

Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., sem hér stóð í ræðustól fyrr í kvöld, dró í efa að núv. ríkisstj. hefði þrek til þess að koma fram málum. Stjórnarandstæðingar hafa í umr. á þessu kvöldi hampað mjög því sem þeir nefna kjararýrnun á stjórnartímabili þessarar ríkisstj. Mér kom í hug, þegar Kjartan Jóhannsson sagði okkur sannleikann um verðbólgu í þessu landi og kaupmátt launa, það sem Caligúla, dálítið vafasamur keisari Rómaveldis, sagði um sannleikann. Hann sagði: Sannleikurinn er til. Hann hefur bara ekki fundist enn þá. Það var sá maður sem gerði hrossið sitt að ræðismanni í Róm. Nú kemur Kjartan Jóhannsson til okkar og segir: Sannleikurinn er til. Hann er í buddunni. — Það er maðurinn sem gerði

sjálfan sig að formanni Alþfl.

Þessir sömu menn veittust að iðnrh. Alþb. sérstaklega fyrir seinagang í afgreiðslu virkjunarmála, að Alþb. stæði í vegi fyrir ákvörðunum um stórvirkjanir og nýtingu raforku. Þó er það mála sannast, að Alþb. er ekkert að vanbúnaði að taka ákvarðanir um virkjunarframkvæmdir nú þegar. Því fer líka víðs fjarri, að skortur á ákvörðunum ógni á nokkurn hátt með skorti á raforku á landi hér. Fyrir utan Hrauneyjafossvirkjun, sem kemur í gagnið innan nokkurra daga, er nú í gangi framkvæmdir á Landsvirkjunarsvæðinu í Þjórsárdal þar sem Kvíslaveiturnar eru sem munu nægja til þess að við fáum 750—800 gwst. af raforku sem munu nægja okkur fram yfir árið 1990, fram til ársins 1993, ef ekki kemur til orkufrekur iðnaður á þessum sama tíma. Í mjög svo tæka tíð fyrir það ártal verða nýjar stórvirkjanir orðnar arðbærar á landi hér. Framkvæmd orku- og iðnaðarstefnu Alþb. er hafin og voru þó ærnar annirnar fyrir Hjörleif Guttormsson, þegar hann settist á ráðherrastól í iðnrn. að fást við vandamál sem áttu rætur að rekja til þeirra tíma er þar sátu þeir menn sem nú gagnrýna núv. ríkisstj. fyrir aðgerðir í orku- og iðnaðarmálum.

Ég hélt sannast sagna, þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson minntist á hafið í sambandi við iðnaðarframkvæmdir á Íslandi, að hann ætlaði kannske að minnast á hækkun í hafi, en ekki dollara sem rynnu í hafið án þess að hafa viðkomu í vösum Alusuisse. Fyrsta og brýnasta verkefni iðnrh. Alþb., er hann kom í iðnrn., var einmitt að glíma við auðhringinn Alusuisse sem þeir sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn gerðu við samninginn furðulega fyrir næstum því 10 árum. Það kom nefnilega í ljós að samningurinn var þess eðlis og framkvæmd hans hafði verið fylgt þann veg eftir, að auðhringurinn hefur haft af okkur meiri fjármuni síðustu sjö árin með prettum og bellibrögðum en hann hefur greitt fyrir heildarkaup sín á raforku af okkur á þessum sama tíma.

Það getur tæpast verið tilviljun, að það skuli vera sömu aðilarnir sem nú saka Alþb. um að spilla samstarfi við Alusuisse með því að heimta efndir á samningi og endurgreiðslu á alsviknu miklu fé, — að það skuli vera sömu aðilarnir, sem sakfella Alþb. fyrir þetta, sem á sínum tíma sakfelldu Alþb. fyrir að spilla samstarfi við vestræna lýðræðisþjóðir með því að beita sér fyrir útfærslu landhelginnar í 50 sjómílur. Það má hver sem er lá iðnrh. Alþb. þótt hann leiti nú annarra leiða til undirbúnings orkufreks iðnaðar á Íslandi heldur en felast í handsöluðum sjálfdæmum þeirra Bildernbergsbræðra við alþjóðlegu auðhringana.

Alþb. gekk til myndunar ríkisstj. ásamt Framsfl. og varaformanni Sjálfstfl. og þm., sem honum fylgdu, með þeim fyrirvara og með það fyrirheit, að við mundum beita því afli, sem við hefðum, til þess að koma í veg fyrir að haldið yrði áfram á þeirri íhaldsbraut að reyna að leysa vandamál efnahagslífsins á kostnað launþega. Við tókum þátt í myndun þessarar ríkisstj. fyrst og fremst til þess að tryggja lausn afmarkaðra efnahagsvandamála á þann veg að verkalýðshreyfingin mætti við una. Sjálfir höfðum við ekki kallað þetta vinstri stjórn. Það gera aðrir sem álíta okkur Alþb.-menn svo sterka að aðild Alþb. að hverri ríkisstj. nægi til þess að tryggja vinstri stefnu.

Nú heyrum við stjórnarandstöðuna tala um kjaraskerðingu á valdatíma þessarar ríkisstj. Á borð þm. var í gær dreift skýrslu frá Þjóðhagsstofnun þar sem frá því greinir, að kaupmáttur rauntekna er þó öllu skárri í ár en hann var í fyrra, eða 164 á móti 162, og hann jafnast á við það sem hann var mestur árið 1979. Þetta geta hv. þm. lesið á bls. 20 í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

En Alþb. ræður því miður ekki öllu í þessari ríkisstj. Því gerum við Alþb.-menn okkur gleggsta grein fyrir. Við þurfum ekki að bera okkur upp undan samstarfinu í ríkisstj. eigi að síður. Við gerðum okkur ekki vonir um neitt miklu betra en það sem varð. Í meginatriðum höfum við náð settum áföngum, og við munum halda áfram að vinna af sömu elju að lausn þeirra verkefna sem við tókum að okkur að kljást við á þessu kjörtímabili. Fram undan eru þó býsna stór viðfangsefni og þá nærtækast að nefna það að tryggja að þær kjarabætur, sem verkalýðshreyfingunni kann að auðnast að knýja fram í næstu samningalotu, — tryggja þessar kjarabætur fyrir gengisfellingarpostulum, hvar í flokki sem þeir kunna að standa.

Við munum standa trúlega að stjórnarsamstarfinu svo lengi sem samstarfsmenn okkar vinna með okkur af heilum hug að framkvæmd þess samkomulags, sem þeir gerðu við okkur í upphafi stjórnarsamstarfsins, um stefnuna, og það er von mín og hyggja, að ríkisstj. muni sitja að völdum til loka kjörtímabilsins. En þegar sú stund rennur upp mun Alþb. biðja kjósendur um miklu meiri styrk en það nú hefur til aukinna áhrifa á efnahagsmál þjóðarinnar, kjaramál alþýðu, þjóðfrelsis- og menningarmál.

Ég tala síðastur ræðumanna hér í kvöld og því ekki aldeilis við hæfi að ég ljúki máli mínu með þeim athugasemdum um málflutning stjórnarandstæðinga sem mér er skapi næst og vert væri. Ég þakka þeim hlustendum, sem hafa haft þrek til að hlusta á þessar umr. á enda, og býð góða nótt.

Efri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 42). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, 42. mál, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., er frv. til staðfestingar á brbl. sem út voru gefin 28. ágúst s. l.

Til þess að greiða fyrir örðugri ákvörðun fiskverðs, sem gilti frá 1. jan. þessa árs til 31. maí, samþykkti ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til þess að gera frystideild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins kleift að standa við greiðsluskuldbindingar vegna viðmiðunarverðs 5% yfir markaðsverði. Í þessari samþykkt fólst þó ekki skuldbinding af hálfu ríkissjóðs um að leggja fram óafturkræft framlag í þessu skyni. Á sama hátt ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til þess að gera frystideild Verðjöfnunarsjóðs kleift að standa við greiðsluskuldbindingar vegna sumar- og haustvertíðar.

Til þess að gera Verðjöfnunarsjóði unnt að standa við skuldbindingar sínar voru sett brbl. í tengslum við gengisbreytingu krónunnar 26. ágúst. Í þessum lögum var kveðið svo á að gengismun, 2.286%, skuli draga frá gjaldeyrisskilum vegna framleiðslu sjávarafurða fyrir 1. sept. 1981 sem afgreidd eru á nýju gengi krónunnar. Þessi gengismunur rann óskiptur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Þá var Verðjöfnunarsjóði veitt heimild til lántöku til þess að standa við skuldbindingar sínar, en fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs var veitt samkv. lögunum heimild til veitingar slíkra ábyrgða fyrir lánum að hámarki 70% af innistæðu sjóðsins.

15. okt. ákvað ríkisstj. með vísun til brbl. að innheimta ekki gengismun af framleiðslu frystra fiskafurða nema af hörpudiski og humar. Jafnframt ákvað ríkisstj. að endurgreiða framleiðendum framangreindra fiskafurða það fé sem þá þegar hafði verið innheimt samkv. 1. gr. brbl.

Nú standa sakir þannig að frystideild Verðjöfnunarsjóðs skortir 26 millj. kr. til þess að standa við skuldbindingar sínar. Til þess að treysta stöðu sjóðsins flytur ríkisstj. nú brtt. á þskj. 46 við þetta frv. um staðfestingu brbl. Brtt. felur í sér að við frv. bætist ný grein um endurgreiðslu Seðlabanka Íslands á gengisuppfærslu afurðalána og rekstrarlána sem bankinn hefur endurkeypt. Kveðið er á um að 26 millj. kr. af þessari upphæð, sem nemur samtals um 36.7 millj. kr., skuli renna til frystideildar sjóðsins, en afgangur skuli skiptast hlutfallslega milli annarra deilda.

Á síðustu árum hafa ríkisstjórnir nokkrum sinnum gripið til hliðstæðra ráðstafana til að rétta hag Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Hafa ríkisstjórnir ýmist lagt fram fé úr ríkissjóði til styrktar einstökum deildum eða, eins og nú er gert, notað gengismun vegna gengisbreytingar til aðstoðar sjóðnum.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og frsm. gat um er hér um staðfestingu brbl. að ræða og þau eru frá 28. ágúst 1981. Þá var, eins og frsm. raunar gat um, ákveðið af ríkisstj. að fella gengi krónunnar nokkuð og átti það að vera til þess að bjarga fiskiðnaðinum og sérstaklega frystiiðnaði. Því var ákveðið í 1. gr. þessara laga að 2.286% af gengismun rynnu til frystideildar Verðjöfnunarsjóðs til að gera honum kleift að standa undir skuldbindingum sínum, eins og hæstv. forsrh. greindi hér frá. Hann gat þess einnig beint og óbeint að síðan hefði komið í ljós að þetta hefði ekki nægt. Það vita raunar allir að út í sandinn er runnið og því er nú lögð á borð þm. brtt. Hún er í sjálfu sér kannske ekki merkilegri en frv. sjálft og brbl., en hins vegar hafa þm. ekki haft tækifæri til þess að sjá þá brtt. fyrr en nú. Hún er raunar ljós. Það á nú annaðhvort beint eða óbeint með lántökum — að vísu er kallað að það eigi að nota gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum til þess — að setja á ný fé í Verðjöfnunarsjóðinn, en eins og frsm. gat um var þetta allt saman, sem upphaflega var víst lagt í sjóðinn, endurgreitt framleiðendunum. Þetta entist sem sagt í nokkrar vikur eða var talið endast í nokkrar vikur, en var síðan endurgreitt.

Þetta er svo sem ekkert nýtt. Þetta er ein af fálmtillögum og fálmúrræðum hæstv. ríkisstj. Hún vill aldrei gera sér grein fyrir vanda atvinnuveganna, fyrir vandamálunum eins og þau liggja fyrir, heldur reynir stanslausar skottulækningar sem auðvitað misheppnast allar. Það verður auðvitað jafnt með þessar 26 millj. nýjar sem nú er talað um að muni geta bætt hag sjávarútvegsins.

Við vitum að mörg frystihús eru þegar stöðvuð. T. d. er Hraðfrystihús Keflavíkur stöðvað og tveir togarar þar með. Skjöldur á Patreksfirði hefur verið stöðvaður í nokkurn tíma. Ég get gjarnan greint frá því hér, vegna þess að hérna nær það kannske eyrum hæstv. ráðh., að við þm. Norðurl. v. vorum að heimsækja sveitarstjórnir og atvinnufyrirtæki þar nú um helgina og ástand t. d. í Skagafirði í öllum fiskvinnslustöðvunum þar og hjá Útgerðarfélagi Skagfirðinga er með slíkum — ja, ég vil segja: hörmungum að manni hrýs hugur við. Tapið er svo stórfellt að öllu lengur verður ekki nokkur lifandi leið að halda þessum fyrirtækjum gangandi. Ég skal ekki rekja hér þessar tölur, þær eiga áreiðanlega eftir að sjá dagsins ljós, en þær eru gífurlega háar, beint tap á síðustu tveim árum og þó keyrir um þverbak nú.

Það verður auðvitað að gera bráðabirgðaráðstafanir til að halda þessum fyrirtækjum gangandi, eins og formaður Alþfl. sagði, fram yfir landsfund Sjálfstfl. þannig að hægt sé þá að gera einhverjar ráðstafanir sem ekki er talið tímabært að gera nákvæmlega þessa daga. En það er alveg ljóst að hér er enn ein fálmtillagan í farvatninu, þessi brtt.

Mér þætti mjög vænt um ef hæstv. sjútvrh. skýrði þetta mál fyrir okkur hér í hv. Ed. nú á eftir, vandamál sjávarútvegsins, í heillegri mynd en spegilmynd hæstv. forsrh. er. Ég á ekki von á að forsrh. skýri málin neitt ofan í kjölinn fremur en hann er vanur, sá góði maður. En ég á von á að hæstv. sjútvrh. sé orðinn uggandi um hag þessarar meginatvinnugreinar landsmanna, sjávarútvegsins, sem allt okkar líf byggist nú á, og hann virði þessa deild Alþingis svo mikils að hann muni hér á eftir gera okkur nokkra grein fyrir þeim vandamálum, sem sjávarútvegurinn á nú við að etja, og með hvaða hætti ríkisstj. hyggst reyna að leysa vanda sjávarútvegsins til einhverrar frambúðar. Það er alveg ljóst að þó að nú verði settir tals-

verðir fjármunir frá Byggðasjóði, með láni frá Seðlabanka eða erlendu láni, til þess að bjarga sjávarútveginum næstu vikurnar er það í rauninni engin björgun og engin bót. Það er aðeins stutt frestun á vandanum. Tapið mun sjálfsagt aukast þær vikur sem verið er að eyða þessum peningum, og þá er komið að því að gera verði raunhæfar ráðstafanir.

Það eru sem sagt tilmæli mín til hæstv. sjútvrh. að hann geri okkur hér og nú í stuttu eða löngu máli grein fyrir því, hvernig málin standa í heild, en ekki að það sé einungis fjallað um þetta litla frv. — skulum við segja — og þessa allstóru brtt. sem nú er hér útbýtt. — Raunar eiga þm. heimtingu á því að fá á henni nokkrar skýringar, því að hún er nú fyrst á borðum manna og enginn hafði um hana hugmynd fyrr en um það leyti sem fundur var settur.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. ætlast ekki til að þessari umr. í þd. ljúki svo að hann skýri ekki a. m. k. brtt., hvað í henni felst og hver vandinn er, því að ekkert var að græða á ræðu hæstv. forsrh.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skuli vera byrjaður að flytja þá sömu ræðu sem hann hefur flutt hér síðan núv. ríkisstj. var mynduð. Hann hefur boðað það hér nánast í hverjum mánuði síðan ríkisstj. var mynduð, að það væri allt í kaldakoli, það væri allt á hausnum og önnur eins óstjórn hefði aldrei verið hér í landinu. Það er ósköp skiljanlegt að hv. þm. gangi erfiðlega að átta sig á veruleikanum. En ég vona að á þessu þingi hugleiði hann það að safna efni í aðra ræðu en þá sem hann er búinn að flytja síðan núv. ríkisstj. var mynduð.

Hins vegar var það ekki erindi mitt hingað upp í stólinn að flytja fram þessa frómu ósk um fjölbreyttari ræðuhöld af hálfu hv. þm., því að hann er fjölhæfur og greindur maður og getur örugglega flutt aðrar ræður en þá sem hann er búinn að flytja hér alloft, heldur var erindi mitt hingað að spyrja hv. þm. hvort það bæri að skilja þessa ræðu hans nú sem kröfu um gengisfellingu. Hv. þm. vill telja sig ábyrgan aðila í efnahagsmálum en fór eins og köttur í kringum þann heita graut hér í ræðustólnum. Mér finnst nauðsynlegt að hann fái tækifæri til að svara því skýrt og skorinort, hvort hann er að flytja hér ósk og kröfu um gengisfellingu. Er það stefna Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu að nú eigi að fella gengið? Það væri mjög æskilegt að það kæmi mjög skýrt og greinilega fram, hvort þetta er stefna og krafa Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal verða við ósk hv. 5. landsk. þm. og fara nokkrum orðum um erfiðleika í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Ég verð hins vegar að taka undir það, sem kom fram hjá síðasta hv. þm., að mér þykir orðbragðið dálítið furðulegt.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt að ég ræði almennt um mál eins og stöðu fiskvinnslunnar. Hins vegar gerði forsrh. grein fyrir því frv., sem hér er lagt fram, eins og þurfti. Ég vil þó minna á að utan dagskrár í Sþ. urðu ítarlegar umr. einmitt um þetta mál. Ég skal því reyna að stytta mitt mál. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. hafi verið þar.

Því er ekki að neita, að sumar greinar fiskvinnslunnar standa mjög erfiðlega. Sérstaklega er það frystingin og að vísu síldar- og loðnuvinnsla. Það tvennt síðast nefnda ætla ég ekki að ræða að ráði nú. Það hefur verið mjög til umræðu. Af alveg sérstökum ástæðum er staða þessara greina mjög erfið, þ. e. vegna mikils verðfalls á heimsmarkaði á bæði loðnuafurðum og síldarafurðum, en þó alveg sérstaklega loðnuafurðum. Stafar það að hluta af þeirri röskun sem orðið hefur á milli ýmissa gjaldmiðla. En þau mál eru leyst og mun ég ekki ræða það hér nú.

Hins vegar er samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar einnig mjög mikill munur á afkomu annars vegar saltfisksverkunar og skreiðarverkunar og hins vegar frystingar. Saltfisks- og skreiðarverkun telur Þjóðhagsstofnun að sé rekin með góðum hagnaði eftir því sem gengur hjá okkur. Ég sé nú ekki ástæðu til að nefna prósentutölur, en þetta er um og yfir 10%. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnun að frystingin sé rekin með mínus 6.7%. Það er að sjálfsögðu ákaflega alvarlegt. Þetta stafar af ýmsum ástæðum. Þetta stafar m. a. af þeirri ástæðu, að verulegt verðfall hefur orðið á blokk framleiddri fyrir Bandaríkjamarkað, einhvers staðar í kringum 8% að meðaltali, breytilegt eftir tegundum.

Sömuleiðis hefur að sjálfsögðu, miðað við þá röskun sem orðið hefur á milli gjaldmiðla, orðið mjög mikið verðfall á framleiðslu frystihúsanna fyrir Evrópumarkað. Í fyrra var lögð á það mikil áhersla að auka framleiðslu á Evrópumarkað, ekki síst á Bretland, og ég held að segja megi að frystingin hafi brugðist nokkuð vel við því. Sú framleiðsla var aukin verulega. Hins vegar virðist hafa gengið hægar að breyta því aftur, sem kannske er ekki óeðlilegt. Mikið er framleitt áður en flutt er út þannig að miklar birgðir hjá frystingunni á Bretlandsmarkað höfðu safnast saman í upphafi þessa árs áður en mönnum varð fyllilega ljóst að svo mikil röskun yrði á milli dollarans og pundsins sem raun ber vitni.

Ég ætla að nefna í þessu sambandi dæmi. Framleiðsla Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna mun hafa orðið 10% meiri á 8 fyrstu mánuðum þessa árs á Bretlandsmarkað en í fyrra á sama tíma. Að mati Þjóðhagsstofnunar nemur þessi samsetning framleiðslunnar um 4% í afkomu frystihúsanna, hvorki meira né minna.

Nú er náttúrlega aldrei hægt að gera þá kröfu, að framleiðslan sé eins og réttast er á hverju augnabliki með tilliti til hagkvæmni, og ég hef nefnt ástæður fyrir því, að tekið hefur lengri tíma en æskilegt væri að breyta framleiðslusamsetningunni. Engu að síður verð ég að lýsa þeirri skoðun minni, að þarna þarf að gæta betur að. Ég hygg að treysta verði sölusamtökunum, sem eru öflug á þessu sviði að sjálfsögðu, til að hafa um það forustu. Þetta er ein af meginástæðunum fyrir mjög slakri afkomu frystingarinnar.

Um aðrar greinar sjávarútvegsins er það að segja, að útgerð báta er talin vera nokkuð góð. Vertíðin var góð. Útgerð minni togara er talin vera með tæplega 3% halla. Er það út af fyrir sig miklu minna en verið hefur flest ár síðasta áratug. T. d. var hún á árunum 1974, 1975, 1976 yfirleitt rekin með 10% halla. Engu að síður er það umhugsunarvert út af fyrir sig að útgerð smærri togaranna er með halla. Það veldur miklu í því sambandi að afkoma smærri togaranna er ákaflega mismunandi. Það sýnir sig að þeir togarar í þessum hópi, sem eru eldri og með góða eiginfjárhagsstöðu hafa langtum betri afkomu en þeir togarar sem eru yngri, sérstaklega þeir sem eru skráðir eftir 1976—1977. Hjá slíkum togurum er fjármagnskostnaðurinn orðinn gífurlegur og hefur vaxið svo

mjög á milli ára að verulegum áhyggjum hlýtur að valda. Skýringin á þessu er e. t. v. fyrst og fremst sú, að á fyrri árum tíðkaðist sú millifærsla, ef við getum kallað það svo, við nánast hverja gengisfellingu, að verulegur gengishagnaður var tekinn frá vinnslunni, færður yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa og notaður til að greiða niður stofnkostnað fiskiskipa. Gengisfelling um 10% kom því yfirleitt aðeins fram sem 6% gagnvart fiskiskipunum að þessu leyti.

Svo að ég noti orð hv. þm., þarna hefur kannske verið um eitthvert kák að ræða, eða hvað hann kallaði það, eða einhverja bráðabirgðabjörgun. Ég er nú ekki þeirrar skoðunar. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi verið réttlætanlegt vegna þess að gengisfellingar lenda með miklum þunga á skipunum sem eru með allt sitt í erlendum lánum. Þannig var sem sagt framkvæmd aftur og aftur mjög mikil millifærsla.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég tel að aldrei verði rekstrargrundvöllur hinna nýrri skipa bættur svo að viðunandi sé nema einhver slík millifærsla komi til. Í okkar verðbólgu og í okkar gengissigi eða gengisþrepum eða fellingum eða hvað við viljum kalla það lendir slíkt með gífurlegum þunga á þessum skipum sem eru með allt sitt lánsfé í erlendum gjaldeyri og því miður mörg hver með ákaflega lítið eigið fé. Út af fyrir sig má bæta því við, að þau fáu skip, sem nýlega hafa verið keypt og eru með mikið eigið fjármagn koma allt öðruvísi út úr þessari fjármagnsþróun, standa miklu, miklu betur, þó að hins vegar megi segja að eigendur fái ekki mikinn arð af eigin fé nema í eignaaukningu.

Ég vil bæta því við, að ég er með í athugun ákveðnar hugmyndir um færslu fjármagns í Stofnfjársjóð sem gæti orðið til þess að bæta eiginfjárstöðu þessara skipa. Er það nú til meðferðar bæði hjá ríkisstj., hjá Fiskveiðasjóði og hagsmunaaðilum. Vona ég að árangurinn komi fljótlega í ljós.

Ég veit ekki hvort ég þarf að hafa mál mitt um stöðu sjávarútvegsins miklu lengra því um þetta voru fluttar margar og ítarlegar ræður í Sþ. fyrir tiltölulega fáum dögum. En ég vil þó segja það að lokum, að að sjálfsögðu verður ekki við það unað að frystingin sé rekin með miklu tapi til langframa. Það fær ekki staðist.

Því er ekki að neita, að undanfarna mánuði, eins og mér er tjáð að ætið hafi verið gert, hefur verið litið á afkomu vinnslunnar í heild þegar ráðstafanir hafa verið ákveðnar eða a. m. k. ætið tekið mjög mikið tillit til hennar. Hins vegar hefur mismunur á afkomu einstakra greina, þ. e. saltfisks og skreiðar annars vegar og frystingar hins vegar, sjaldan eða aldrei verið eins mikill og hann er nú. Verður erfiðara að byggja ráðstafanir á afkomu heildarinnar af því að hagnaðurinn, sem einstök hús hafa af saltfisksverkun og skreiðarverkun, er mjög breytilegur um landið. Víða fyrir norðan er t. d. ákaflega lítil saltfisksverkun og hús þar njóta þess vegna ekki þeirrar hagkvæmni sem er í saltfisks- og skreiðarverkun. Þetta þarf ég ekki að skýra fyrir hv. þm. Ég held að honum hljóti að vera þetta ljóst.

Þetta hefur orðið til þess að afkoma fiskvinnslufyrirtækja sem slíkra hefur breyst ákaflega mikið um landið. Fiskvinnslufyrirtæki suðvestanlands, sem eru með mikla saltfiskverkun og skreiðarverkun, hafa mörg hver nokkuð góða afkomu. Fiskvinnslufyrirtæki, sem eru með nánast enga saltfisksverkun og litla skreiðarverkun, eru aftur á móti með mjög lélega afkomu. Þá vaknar spurningin: Hvernig á að lagfæra afkomu slíkra einstakra greina? Vissulega er þessi grein mjög mikilvæg, og því var spurning hv. síðasta ræðumanns eðlileg. Vill hv. þm. lagfæra hana með gengisfellingu einni saman? Gengi hefur vitanlega verið breytt á árinu, eins og hlýtur að vera þegar verðbólga er mikil. En á að mæta svona erfiðleikum einstakra greina með gengisfellingu einni saman? Gengisfelling til að mæta t. d. loðnuerfiðleikunum hefði ekki verið nein smásmíði, líklega í kringum 30%, og ég held að engum hafi dottið í hug að mæta þeim vanda með gengisfellingu.

Ég hef talið skynsamlegt að leita allra annarra leiða til að bæta afkomu frystingarinnar áður en gripið er til þess að breyta gengi, og ég vona að menn geti verið sammála um það. Vissulega er það rétt, að það, sem er verið að gera með þessu frv. og brtt., eru liðir í þá átt.

Hæstv. forsrh. minntist á það áðan að iðulega hefði gengishagnaður verið færður yfir í verðjöfnunardeildir. Ég get nefnt nýjustu dæmin. 30. des. 1976 lagði ríkissjóður 90 millj. kr. í deild fyrir lýsi og mjöl. 29. júní 1977 voru lagðar rúmlega 83 millj. kr. til freðfiskdeildar. Þetta var hvort tveggja vegna framleiðslu á árinu 1976. Þarna var m. ö. o. ekki gripið til gengisfellingar, a. m. k. ekki að fullu, til að mæta erfiðleikum þessara greina. Menn kusu leiðir sem hv. þm. kallar hér einhvers konar kák — eða hvaða orð hann notaði. Menn kusu að reyna að mæta erfiðleikum einstakra greina með slíkri færslu. Síðan var gengið fellt 6. febr. 1978 um 13%. Þá var ákveðið, í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 2 frá 9. febr. 1978, að þessar greiðslur, sem höfðu komið úr ríkissjóði eða ríkissjóður hafði útvegað, skyldu endurgreiddar af gengismun sem myndaðist vegna gengisfellingarinnar. Sú endurgreiðsla nam með vöxtum 226.7 millj. kr. Þá var sem sagt farið í millifærslur, gengishagnaður tekinn frá öðrum greinum og færður yfir í lýsi og mjöl og freðfiskdeild. Síðan var gengið fellt 1. sept. 1978 um 15%. Þá var einnig vitað um mikla greiðsluerfiðleika freðfiskdeildar Verðjöfnunarsjóðs vegna framleiðsluáranna 1977—1978. Erfiðleikum freðfiskframleiðslunnar hafði ekki verið mætt með gengisfellingum að fullu a. m. k., og þá var ákveðið með brbl. frá 5. sept. það ár, um ráðstafanir vegna þeirrar gengisbreytingar, að ríkissjóði skyldi endurgreitt það fé sem ríkissjóður hafði veitt ábyrgð fyrir gagnvart frystideild Verðjöfnunarsjóðs. Að vísu kom aldrei til þess að ríkissjóður þyrfti að greiða það fé, því að þessi gengishagnaður kom það fljótt inn að hann rann beint inn í Verðjöfnunarsjóð. Þarna hef ég nefnt tvö mjög nýleg dæmi þar sem um slíka tilfærslu er að ræða og gengismunur er tekinn af atvinnuveginum — ég bið menn að taka eftir því — og færður inn í tvær deildir Verðjöfnunarsjóðs. Í þessu tilfelli, sem hér er um að ræða og brbl. eru um, er að þessu leyti líkt á komið. Sem sagt er um tilfærslu að ræða vegna staðbundinna erfiðleika.

Í fyrsta lagi gera brbl. ráð fyrir að taka gengishagnað atvinnuvegarins, að sjálfsögðu ekki alla gengisuppfærsluna því nú eru lán gengisbundin og ekki um að ræða að taka þau 52%, sem renna til Seðlabankans, og láta renna í verðjöfnunardeildir viðkomandi greina. Þetta var gert ekki síst með það í huga að saltfisksverkun og skreiðarverkun standa mjög vel og því að allra mati talið rétt að láta hagnað þessara greina renna í verðjöfnunardeildir þeirra til að styrkja Verðjöfnunarsjóð. Þegar voru ákveðnar ýmsar undantekningar þar sem greinarn-

ar standa mjög illa, eins og t. d. rækjufrysting o. fl. Hins vegar var ekki ákveðið að undanþiggja freðfiskdeildina á því stigi málsins þó að greinin stæði illa vegna þess að þá voru í gangi viðræður við Seðlabankann um ráðstöfun á gengisuppfærslu hans. Síðan náðist samkomulag við bankastjórn Seðlabankans um að taka einnig gengisuppfærslu Seðlabankans og færa þá nokkuð á milli. Um það fjallar sú brtt. sem hér hefur verið lögð fram.

Samtals, eins og kom fram hjá hæstv. forsrh., nemur gengisuppfærsla Seðlabankans af sjávarútvegi um 36.7 millj. kr. Af því munu 26 millj. fara í freðfiskdeildina og þá til að greiða að fullu þá skuld sem þar er orðin. Það er hliðstætt við það sem gert var 1978, nema nú er þessi hagnaður tekinn af Seðlabankanum, en ekki af atvinnuveginum. Um leið var ákveðið að undanþiggja freðfiskvinnsluna því að greiða í þessa deild, enda staða hennar slík að það er að öllu leyti eðlilegt. Jafnframt er orðin sú breyting á dollaranum að hann hefur sigið. Forsendur fyrir því að láta freðfiskframleiðsluna greiða í sína deild má segja að hafi breyst. Ég fæ ekki annað séð en að þetta sé alveg rökrétt framhald af því sem ákveðið var í sambandi við gengisfellinguna að öðru leyti en því, að æskilegt var að láta þessa hluti fylgjast að. En það var ekki unnt vegna ýmissa útreikninga og viðræðna sem urðu að fara fram um gengisuppfærslu Seðlabankans.

Ég get getið þess til viðbótar, að gengisuppfærsla vegna iðnaðar nemur um 4.7 milljörðum kr. og vegna landbúnaðar 60 þús. Ég hygg að bankastjórar Seðlabankans hafi gert ráð fyrir að leggja til við bankaráð að sú gengisuppfærsla verði einnig greidd til baka þannig að þá sé ekki um neina millifærslu að ræða frá iðnaði til sjávarútvegs, heldur um að ræða millifærslu frá saltfiski og skreið til frystingar, en eins og ég segi hefur verið þannig millifært ítrekað á undanförnum árum.

Að sjálfsögðu er þetta ekki nóg til að bæta afkomu frystingarinnar eins og þarf og er ýmislegt fleira í athugun. Ég vil þó geta þess, að Seðlabankinn hefur þegar samþykkt að breyta afurðalánum í dollurum hjá þeim, sem skilað hafa inn öðrum gjaldeyri, í afurðalán í þeim gjaldeyri sem inn er skilað. Þarna er um að ræða eitthvað um 33 millj. kr. sem Seðlabankinn greiðir með þessu móti, og af því mun frystingin í heild njóta um 23—24 millj. Þetta er að sjálfsögðu einnig töluvert mikils virði.

Í umr. í Sþ. var nokkuð rætt um stöðu Seðlabankans og stöðu bankakerfisins. Þar lýstu ýmsir, m. a. hv. 1. þm. Vestf., þeirri skoðun sinni, að ekki væri eðlilegt að staða bankanna batnaði um meira en sem næmi, eins og hann orðaði það, verðbólgu á milli ára eða gjaldeyrisstaða um gengisbreytingu á milli ára. Ég get vel fallist á að þetta sé eðlileg viðmiðun. Staðreyndin er sú, að gjaldeyrisstaðan hefur sem betur fer mjög batnað á undanförnum árum. Hún er nú orðin um 2.15% af þjóðartekjum og hefur ekki nema þrisvar áður frá 1960 orðið meiri en það. Þetta er mjög jákvætt. Einnig hefur eiginfjárstaða Seðlabankans batnað mjög verulega. Hún hefur ekki verið svo góð, ef ég man rétt, allt frá árinu 1972.

Bankakerfið þarf vitanlega að vera sterkt. M. a. þarf það að vera sterkt til að geta veitt útflutningsatvinnuvegunum, vil ég sérstaklega segja, hagkvæm lánakjör. Væri fróðlegt að heyra skoðun hv. þm. á því, hvort hann telur réttlætanlegt að veita útflutningsatvinnuvegunum t. d. hagkvæmari kjör á afurðalánum en almennt gerist. Þarna getum við sagt að sé um vissa tilfærslu að ræða frá þeim, sem borga hærri vexti og búa við lakari kjör, til þeirra sem njóta þá betri kjara. Ég vildi gjarnan heyra hvað hv. þm. segir um það. Allt slíkt, sem við getum gert til að draga úr kostnaði atvinnuveganna, dregur vitanlega úr þörfinni fyrir gengisbreytingu í okkar verðbólgu, og finnst mér það mjög vera til athugunar.

Ég vona að ég hafi skýrt stöðu vinnslu og veiða og farið nokkrum viðbótarorðum einnig um þá brtt. sem hv. þm. fór fram á að skýrð yrði. Ef hann hefur einhverjar frekari spurningar skal ég reyna að leysa úr þeim.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir ítarlega ræðu sem hann flutti. Eins og ég gerði ráð fyrir reyndi hann að setja málin skýrt og skilmerkilega fram eins og hann sér þau, og var þar margt sem vissulega var til upplýsingar. Við hér í deildinni erum honum að sjálfsögðu þakklát fyrir. En því miður held ég að raunveruleikinn sé dálítið annar en sá sem hæstv. ráðh. sér fyrir sér, og marka ég það ekki síst af þeirri ferð sem ég greindi frá hér áðan og við fórum allir þm. Norðurl. v. í okkar kjördæmi um síðustu helgi.

Það fer ekkert á milli mála að þar eru fyrirtæki í sjávarútvegi öll mjög að ganga á eigur sínar. Þeim er að vísu haldið gangandi og í opinberum reikningum eru verðbreytingafærslur svokallaðar þannig að reikningarnir koma kannske ekki út með ýkjamiklum halla og ekki heldur þau bráðabirgðauppgjör sem nú hafa verið gerð, ýmist til 8 eða 9 mánaða, á þessu ári. En þegar raunveruleikinn er skoðaður eru verðbreytingafærslurnar auðvitað ekki nokkur eignaaukning í þessari atvinnugrein. Fyrirtækin eru þar öll rekin með gífurlegum halla. Það er að vísu svo, að þau hafa gengið enn þá. Við erum með sjávarútvegsfyrirtæki, sem betur fer, um landið víðast, þó sum hafi þegar stöðvast. En hvernig ganga þau? Þannig að þau skerða eignir sínar, rýra eignir sínar kannske um 10, kannske um 20, kannske um 25% á ári hverju. T. d. er halli Útgerðarfélags Skagfirðinga þannig að ég sé ekki betur en svona hálfur togari a. m. k. tapist hreinlega á hverju ári. Þessar tölur verða lagðar á borðið. Þetta eru staðreyndirnar. Þetta er raunveruleikinn.

Það eru einginn 3% halli á minni togurunum, nema þá þessar verðbreytingafærslur séu teknar sem tekjur. Það hlýtur að vera gert í þessum reikningum. Þetta er fásinna. Þetta er algerlega út í bláinn. Þessi fyrirtæki eru rekin með óskaplegum halla. Hagur þessara fyrirtækja var yfirleitt góður, mjög góður, árið 1977. Hann hafði batnað 1976, 1977 og fram á árið 1978. Það var að vísu stundum reikningslegur halli, það er alveg rétt. Lengst af var hægt að sýna fram á reikningslegan halla hjá útgerðinni. En þegar afskriftir voru reiknaðar í gamla daga, þegar vextir voru kannske helmingur af verðbólgustiginu, var hægt að græða þó að menn sýndu reikningslegan halla. Menn græddu á því að eiga skip og reka. Menn græddu á því að setja peninga í grjót. En það er ekki lengur þannig nú vegna þess að núna eru lán fullverðtryggð eða gengistryggð. Um raunverulegan halla er því að ræða.

Staðreyndin er sú, sem ég veit að t. d. hv. þm. Stefán Guðmundsson getur staðfest, að þessi fyrirtæki eru að ganga á eigur sínar og það í mjög stórum stíl og aldrei meira en á árinu í ár. Það byrjar verulega að halla undan fæti á árinu 1979, síðan jókst það 1980 og keyrir nú um þverbak. Þessi fyrirtæki mundu með þessu sama áframhaldi öll vera orðin gjaldþrota eftir 2—3 ár, kannske fyrr,

ættu ekki einn einasta eyri. Það er alveg ljóst alls staðar þar sem ég þekki til. Þess vegna er það, hæstv. sjútvrh., að þær upplýsingar, sem hér hafa verið gefnar, standast því miður ekki, hvorki í þínu kjördæmi né mínu. Það vita allir menn að þessir reikningar standast ekki. Tapið er miklu meira. Ég sagði að 10—20% af eignum fyrirtækisins gufuðu upp á hverju ári, og ég stend við það, alls staðar þar sem ég þekki til.

Niðurstaða þess að halda áfram þessum skottulækningum eða hvað við eigum að kalla það verður auðvitað aðeins ein, þ. e. að fyrirtæki einstaklinganna og félaga þeirra, kannske er um almenningshlutafélög að ræða þar sem fólkið í þessum byggðarlögum, nær því hver einasti maður, hefur lagt verulegt fé af mörkum, verða öll úr sögunni með sama áframhaldi. Hvað tekur þá við? Ekki lifum við án útgerðar. Það tekur við það sem aðalráðamenn í ríkisstj. vilja: þjóðnýting. Það verður auðvitað að reka togaraflotann og frystihúsin. Þarna er auðvitað mjög skynsamlega að unnið af hálfu Alþb.-manna. Þeir vilja að öll fyrirtækin fari á hausinn, hvort heldur þau eru í eigu einstaklinga eða félaga þeirra, hvort sem það eru almenningshlutafélög, samvinnufélög eða annað. Þetta er yfirlýst stefna. (**ÓRG:** Þetta er alrangt hjá hv. þm.) Þetta er sósíalismi. Ert þú ekki sósíalisti? (**ÓRG:** Jú, jú.) Þetta er yfirlýst stefna sósíalista um allan heim. Það er ekkert við því að segja. Mennirnir mega hafa þessa stefnu, en við, sem höfum allt aðra skoðun. — (Gripið fram í.) Það er nú búið að sýna sig allrækilega víða um veröld. Kannske er hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson enginn sósíalisti. Kannske veit hann ekkert hvar hann er í pólitík. En ég veit hvað sósíalismi er, það vita allir aðrir en hann, og hvernig hann er í framkvæmd. Við höfum séð það í allmarga áratugi. —En við skulum ekki fara lengara út í þá sálma. Við skulum horfa okkur nær.

Fram hjá því verður ekki genigð, að verið er að skerða hag atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi, svo til hvers einasta. Það eru undantekningar, ég veit það, þar sem sérstaklega stendur á. En þá erum við líka að reka kannske algerlega afskrifuð skip og fá engan gróða. Þeir ættu að græða verulega, þeir menn sem hafa þega brotist í því að borga niður sín framleiðslutæki. Því miður eru þetta nú staðreyndirnar.

Hæstv. ráðh. talaði um að það yrði færsla fjármagns í Stofnfjársjóð. Jú, það er verið að færa fjárframlög á milli sjóða *sýknt og heilagt. Þetta er auðvitað engin lækning.* Þá er fé tekið úr einhverjum öðrum sjóði. Þessar millifærslur gagna kannske einhvern tíma. Það er a. m. k. *hægt að dylja raunveruleikann með* þessum millifærslum. Menn þekktu millifærsluleiðina hér fyrr á árum. Hún var reynd um alllangt skeið og nýjar skattlagningar til að færa fé frá borgurunum til atvinnufyrirtækjanna, þangað til ekki var hægt að ganga þessa braut lengur. Þetta er nákvæmlega eins nú. Hún verður ekki gengin lengur. Það er búið að ofgera þannig að allir eru farnir að sjá í gegnum svikavefinn og fyrirtækin eru að fara á hausinn. Allt kerfið ruglar verðmyndunina með þeim hætti og alla aðstöðu í atvinnufyrirtækjunum. Þar sem framleiðslan er óhagstæðust er mestu speðað til þess að hún verði enn óhagstæðari og framleiðsluafköst þjóðfélagsins í heild verði stöðugt minni. Þetta vita t. d. menn eins og hæstv. viðskrh., þó að hann fái ekki rönd við reist og láti kommúnista ráða ferðinni.

Það var mjög ánægjulegt að heyra hæstv. ráðh. lýsa því yfir, að ekki yrði við það unað að frystingin verði rekin með svo miklum halla til frambúðar. Auðvitað verður hún ekki rekin með svona miklum halla til frambúðar. Það gerir hæstv. sjútvrh. sér auðvitað ljóst. Þess vegna er mjög gott að við skulum fá þá yfirlýsingu, ekki bara við hér í deildinni, heldur þjóðin öll, af hans munni hér, að við það verði ekki unað. Ég vona að hann standi við þau orð. En frystingin er kannske ekki verr stödd en útgerðin. Það er alger blekking, eins og ég sagði áðan, að minni togararnir séu aðeins reknir með 3% halla. Það er miklu, miklu meiri halli. Ég vona að hv. þm. Stefán Guðmundsson geti staðfest það. Hann þekkir togaraútgerð betur en aðrir sem hér eru inni nú.

Hæstv. ráðh. sagði að gengismunurinn væri tekinn af atvinnuveginum sjálfum og settur í Verðjöfnunarsjóð. Þetta er alveg rétt. Það er verið að færa hann á milli. Það er verið að taka peninga sem ekki eru raunar til því að þeirra hefur ekki verið aflað. Þeir hafa verið fengnir að láni „hist og her". Hæstv. ráðh. veit ósköp vel, eins og við öll, að það eru til dæmi um að sjávarútvegsfyrirtæki, m. a. s. í hans kjördæmi, séu fjármögnuð svo til 100% af þjóðinni. Ríkið á þessi fyrirtæki þegar. Opinberir sjóðir eiga þessi fyrirtæki. Þess vegna er hægt um heimatökin þegar kommúnistar láta höggið ríða endanlega. Það þarf ekki annað en ganga inn í fyrirtækin og byrja að reka þau. Það er alveg rétt, ríkið á fyrirtæki á Vestfjörðum. Það hefur fjármagnað það nálægt 100%. Svo tapar það áfram og þá verður fjármagnið orðið 110 eða 120 eða 130%. Þá er auðvitað ósköp auðvelt og einfalt að þjóðnýta fyrirtækin.

En það er aftur í sambandi við skuldbreytingarnar. Ef ég man rétt ætlaði hæstv. sjútvrh. að beita sér fyrir því fyrir um það bil ári, að um verulegar skuldbreytingar yrði að ræða við útgerð og fiskvinnslu. Örfá fyrirtæki hafa fengið slíka fyrirgreiðslu, hvort sem það hefur nú verið nægilegt og hvort sem það hefur hjálpað þeim eða ekki. Oftast er það svo hjá þessum opinberu sjóðum að það er aðeins bjargað til bráðabirgða, sérstaklega þar sem er uppálagt að ekki sé látið fjármagn til þess að bæta rekstrinn, heldur bara *til þess að fleyta óhagstæðum rekstri* áfram, aldrei að taka skrefið fullt og koma fyrirtækinu á réttan kjöl, þannig að það geti kannske verið með 10—20% *hagstæðari rekstur'en ella, kannske með* tiltölulega litlum vélakosti. Því er hafnað. Það er venjan um sjóðina, og þess vegna rýrna lífskjörin á Íslandi fyrst og fremst, vegna ofstjórnarinnar og óstjórnarinnar sem alltaf fylgir í kjölfar ofstjórnar. Þar er vandinn, sem mannkynssagan öll getur sannað okkur, og þannig er þetta nú á Íslandi í því ofstjórnarbrjálæði sem hér ríkir.

En þá er komið að rúsínunni í pylsuendanum, sjálfum Ólafi Ragnari Grímssyni, hv. þm., sem spurði hvort ég eða Sjálfstfl. mundi vilja fella gengið. (**ÓRG:** Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu.) Já, já, Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Það er nú Sjálfstfl. aðallega. Það fer lítið fyrir hinum, sem betur fer, nú orðið. — Ég get svarað þessu ósköp einfaldlega: Nei. Ég er á því að Sjálfstfl. vilji alls ekki fella gengið umfram það sem orðið er. Hins vegar hljóta auðvitað allir menn að viðurkenna að gengið er fallið. Ég skal ekki nefna hver prósentan er. Það veit hver einasti maður að gengið er kolfallið. Það er hægt að svindla og blekkja á hverjum tíma, en það er verið að fella gengið á hverjum einasta degi, — ef ekki vísvitandi, þá a. m. k. eins og strúturinn með hausinn í sandinum. En þá verður að fara að draga þennan haus upp úr sandinum einhvern tíma. Nú veit hver einasti maður, aðrir en ráðh. kannske

og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., að gengi íslensku krónunnar er kolfallið og fellur á hverjum degi, og það getur auðvitað engin ríkisstj. til langframa starfað við þær aðstæður. Hún getur starfað í nokkra mánuði, kannske í eitt eða tvö ár, meðan verið er að eyða eignum fyrirtækjanna, haft millifærslurnar það miklar að öruggt sé að Útgerðarfélag Skagfirðinga tapi hálfum togara á ári eða rúmlega það, að hraðfrystihúsin í Skagafirði tapi 200 millj. á ári eða kannske rúmlega það. Um allt land er það auðvitað nákvæmlega eins. Það er hægt að halda þessu gangandi einhvern svolítinn tíma með blekkingunum og með því að stela náðarfé í þennan og hinn um leið. En gengi íslensku krónunnar er fallið. Við viljum ekki fella það frekar. Við viljum segja: Hingað og ekki lengra. — Og við óskum þess, að að því komi fyrr en síðar að það verði farið að stjórna þessu landi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég gat ekki betur heyrt en hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson afneitaði gengisfellingu, en vildi hins vegar að gengið félli. (**EKJ:** Nei, nei, alls ekki meira en orðið er.) Ég skal ekki auka löngu máli í þetta sinn í þær umr. sem eru orðnar býsna almennar, um efnahagsmál, en það eru þó nokkur atriði sem stjórnarandstæðingar verða að viðurkenna í sambandi við efnahagsmál, hvort sem þeim líkar betur eða verr, nokkur jákvæð atriði í sambandi við efnahagsmál sem ekki þarf að deila um.

Það þarf t. d. ekki að deila um það, að þjóðarframleiðslan á Íslandi hefur ekki minnkað. Það þarf ekki að deila um það, hvað sem menn deila um atvinnulífið að öðru leyti og atvinnuvegina og stöðu þeirra. (**LJ:** Hvað vex aflinn mikið á ári, hæstv. ráðh.?) Það þarf ekki að deila um það, að innlán í innlánsstofnanir í landinu hafa aukist verulega á þessu ári. (**Gripið fram í:** Hverjum er það að þakka?) Það er m. a. að þakka því, að ég og hv. þm. og fleiri góðir menn stóðu að því að setja góð lög á árinu 1979 sem hafa haft þessi áhrif. (**Eg J:** En erlendu lántökurnar, ráðh.?) Vill ekki hv. þm. bíða, ég er á leiðinni með þetta allt saman. — Um þetta þarf ekki að deila. Við höfum misst sparnaðinn niður á seinasta áratug úr 40% af þjóðarframleiðslu niður í 21.5 og innlán í innlánsstofnanir hafa síðan 1979 verið að vaxa úr 21.5 upp í 26,5% á þessu ári, svo að þetta er staðreynd sem við verðum að viðurkenna, hvort sem við erum í stjórn eða í stjórnarandstöðu, og þetta er jákvætt í efnahagsmálum hvað sem öðru líður. Og því er spáð, að innlán í innlánsstofnanir muni aukast upp í 29% á næsta ári.

Þá er einnig ástæða til þess að vekja athygli á nokkrum tímamótum sem hafa orðið í peningamálum á þessu sumri. Seðlabankinn lýsti því yfir, að í ágústmánuði hefði verið um raunvexti að ræða í öllum flokkum bundinna innlána. Þetta geta menn lesið um í ritum, sem Seðlabankinn gefur út, þannig að það er ekki áróður af hálfu ríkisstj. að halda þessu fram. Þetta er jákvætt atriði í efnahagsmálum. Hins vegar hefur þetta sínar erfiðu hliðar, þar sem er atvinnulífið sem þarf að greiða háa vexti, það er alveg rétt.

Ef við lítum á gjaldeyrisstöðuna, þá hefur hún batnað um 500 millj. kr. eða 50 milljarða gkr. á einu ári og raunar á minna en einu ári. Þetta er auðvitað jákvætt atriði í efnahagsmálunum sem ekki þarf að deila um. Viðskiptajöfnuðurinn hefur batnað úr því að vera 2.5% neikvæður af þjóðarframleiðslu á síðasta ári í það að vera neikvæður um 0.5% á þessu ári, að því er spáð er, og til viðbótar er því spáð, að hann muni verða í jafnvægi á næsta ári. Þetta eru allt saman jákvæðar hliðar í sambandi við efnahagsmálin.

Þá er það verðbólgan. Menn hafa löngum deilt um það, hvað verðbólgan sé mikil, og hafa verið haldnar margar ræður um það á hverjum tíma hvert verðbólgustigið væri. Það þarf ekki að deila um það, hver verðbólgan var í ágústmánuði, að ég ætla, því að það var ekki aðeins ríkisstj. sem hélt því fram, að verðbólgustigið væri þá um 40%, heldur hélt sjálfur Seðlabankinn þessu sama fram með þeim aðferðum sem hann notar til þess að reikna út verðbólgustigið. Seðlabankinn gaf út þá yfirlýsingu í sept., að verðbólgustigið í ágústmánuði hefði verið 40.2%, og reiknaði eftir þeim aðferðum sem hann hefur notað undanfarna áratugi.

Að lokum vil ég svo benda á fjárfestinguna sem slíka. Það má segja að rétt sé stefnt, miðað við hina miklu verðbólgu sem við búum við og höfum búið við, að því leyti til að fjárfesting er minnkandi miðað við þjóðarframleiðslu. Hún var milli 26 og 27% á seinasta ári, en verður á þessu ári líklega í kringum 25% og á næsta ári að öllum líkindum tæplega 24%. Þetta eru allt saman staðreyndir sem menn þurfa í raun og veru ekki að deila um, hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. (**LJ:** Þetta er þúsund ára ríkið.) Það þarf ekkert þúsund ára ríki, þetta eru staðreyndir sem ég veit að hv. þm. í stjórnarandstöðunni munu ekki vefengja. Ef þeir vilja vefengja þessar staðreyndir verða þeir að gera það með rökum, benda á rök því til stuðnings.

Hv. þm. Egill Jónsson talaði um enlendu lánin. Það er alveg rétt hjá honum, að erlendu lánin eru mikil og hafa verið mikil. Greiðslubyrði erlendra lána hefur vaxið, það er rétt og það er sjálfsagt að viðurkenna að það er eitt af okkar vandamálum. Hins vegar eru ákveðnar ástæður fyrir þessu, ýmsar. Ég vil nefna tvær. Í fyrsta lagi að við höfum á undanförnum allra seinustu árum tekið mikið af erlendum lánum til þess að fjárfesta í orkuframkvæmdum. Má nefna t. d. hitaveitufram kvæmdir sem hafa verið stórvirkar, eins og kunnugt er, og árangur hefur orðið gífurlega mikill. Það má nefna það sem nokkurn mælikvarða í því efni, að þegar olíustyrkur var settur á árið 1974, eftir fyrri olíukreppuna, voru greiddir út nærri 95 þús. olíustyrkir í landinu. Þessi tala er komin niður undir 30 þús., og það er vegna þess fyrst og fremst hversu miðað hefur framkvæmdum við uppbyggingu hitaveitna í landinu. Enn fremur hefur rafmagn verið tekið til þessara nota að nokkru leyti eins og kunnugt er. Enginn mótmælir því, að það sé rétt stefna að taka erlend lán til þessarar uppbyggingar. Því mótmælir enginn. Það þarf að greiða vexti af þessum lánum, það er rétt, og það þarf að borga þau til baka.

Annað atriði, sem skiptir verulegu máli í sambandi við greiðslubyrði erlendra lána, er að á s. l. tveimur árum, ekki síst á s. l. ári, hækkuðu vextir á alþjóðamörkuðum mjög verulega. Þetta hefur haft þau áhrif að greiðslubyrði vaxta og afborgana af erlendum lánum hefur vaxið. Og það er ástæða til að hafa áhyggjur af þessu. Við hörmum það ekkert síður í ríkisstj. heldur en þeir í stjórnarandstöðunni og í sjálfu sér engin ástæða til að draga fjöður yfir það. En það, sem er kannske alvarlegast í þessu og ég kom inn á í ræðu minni í útvarpsumr. um stefnuræðu forsrh., er það, að á sama tíma sem fjárfestingin gengur heldur saman hlutfallslega hjá okkur

erum við að auka erlendar lántökur. Þetta er íhugunarefni og stafar auðvitað fyrst og fremst af því, að það er ekki nægilega mikill sparnaður í landinu. Þó að hann hafi vaxið talsvert verulega og sé á uppleið er hann ekki nægilega mikill. Þess vegna held ég að það sé alveg rétt stefna sem sett er sem meginstefnumark í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj., að það þurfi að stuðla að því að auka sparnaðinn í landinu til þess að hægt sé að fjámagna nauðsynlegar framkvæmdir með innlendu lánsfé í vaxandi mæli.

Að lokum vil ég minnast nokkrum orðum á það málefni sem hér er til umr., þ. e. stöðu atvinnuveganna.

Staða atvinnuveganna er verulega misjöfn, jafnvel í greinum eins og sjávarútvegi, eins og hæstv. sjútvrh. kom inn á í ræðu sinni áðan. Það er rétt, að staða frystingarinnar er erfið. Staða útgerðarinnar er í sumum greinum einnig erfið, sérstaklega þó togaraútgerðar. (**Gripið fram í:** En iðnaðar?) Ég tala bara um eitt í einu, hv. þm., ég kem að iðnaðinum á eftir. Hins vegar verða menn að gæta að því, að það hafa orðið miklar breytingar í okkar efnahagskerfi og atvinnulífi með raunvaxtastefnunni. Ég held að hægt sé að sýna fram á það með réttum rökum, að raunveruleg afkoma útgerðarinnar er sennilega betri, þegar á heildina er litið, en hún var fyrir svona 10 árum. Eigi að síður er hagur útgerðarinnar verri. Það stafar af því, að áður fyrr, meðan hægt var að taka lán með lágum vöxtum, fleyttu útgerðir sér áfram með því að selja skip sín og kaupa ný. Þetta er ekki hægt lengur og það eykur á erfiðleika útgerðarinnar. Þess vegna þarf að styrkja undirstöðuna. Ég get vel tekið undir það, að það eru vissir erfiðleikar sem ríkisstj. hefur verið að fást við á undanförnum vikum í sambandi við ýmsar greinar sjávarútvegsins sem þarf að lagfæra. Ég get tekið undir það. Og það má gagnrýna það. En ríkisstj. vinnur að þessum málum. Nú er hæstv. sjútvrh. að vinna að því að koma á fiskverði.

Menn ræða síðan um stefnuna. Ríkisstj. er að undirbúa sínar ákvarðanir í þessum efnum. Sumar eru þegar teknar, aðrar verða teknar á næstunni. Og þá kemur spurningin um stefnuna. Ríkisstj. hefur viljað gæta aðhalds í gengismálum. Hún vill gæta aðhalds í gengismálum, en það er talsvert erfitt á sama tíma sem innlendur tilkostnaður hækkar. Það er rétt. Ríkisstj. hefur sett fram sína stefnu í þjóðhagsáætlun, í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og einnig í fjárlagafrv. og í stefnuræðu hæstv. forsrh. En stjórnarandstaðan hefur í raun og veru ekki sett fram neina stefnu. Hver eru úrræði hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar í þessu máli? Ég tel það gott og gilt að ríkisstj. sé gagnrýnd fyrir ýmsa hluti. Það er sjálfsagt. Til þess er stjórnarandstaðan. En það er ekki hægt að taka mark á slíkri gagnrýni nema settar séu fram tillögur um lausn þeirra mála sem verið er að gagnrýna að séu ekki leyst. (Gripið fram í.) Það er mergurinn málsins, — það bólaði ekkert á þeim í ræðum hv. þm. hér áðan, — og það er krafa, sem við stuðningsmenn ríkisstj. gerum til stjórnarandstöðunnar, að hún setji fram tillögur um lausn mála. Við þolum það að ríkisstj. sé gagnrýnd fyrir sín verk, það er sjálfsagt, en við gerum kröfu til að stjórnarandstaðan leggi fram till. um hvernig á að leysa vandamál í vissum geinum sjávarútvegsins og útflutningsiðnaðarins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hælir sér af því hér hvað eftir annað í ræðustólnum, að hann sé mikill raunsæismaður og líti á raunveruleikann eins og hann er. Hitt er síðan merkilegt, að í beinu framhaldi af þessum yfirlýsingum fer hv. þm. að lýsa afstöðu Alþb. til atvinnuveganna í landinu og til sjávarútvegsins sérstaklega. Það vill svo einkennilega til eða hitt þó heldur, að þessar lýsingar hv. þm. eru svo fjarri öllum raunveruleika sem mest má. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma hér í hv. deild til að rekja þær fjarstæður sem hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur farið hér með, en nefna aðeins nokkur dæmi í þeirri von að hv. þm. — næst þegar hann flytur þessa sömu ræðu sem hann er búinn að flytja hér frá því í ársbyrjun 1980 — leiðrétti a. m. k. þennan þátt.

Það er og hefur verið meginstefna Alþb. að uppbygging atvinnulífsins í landinu sé öflug, sérstaklega í sjávarútvegi og fiskiðnaði. Ég vil í þessu sambandi og þessu til staðfestingar minna hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson á það, að þegar viðreisnarstjórnin — sem er ein sú stjórn sem hv. þm. hefur tekið hvað mestu ástfóstri við — fór frá, þá var útgerðin í landinu í rúst, þá var frystiiðnaðurinn í landinu í rúst. Það er fyrst og fremst verk Alþb. að byggja upp innlendan togaraútveg, m. a. með félagslegu framtaki víða um land. (Gripið fram í.) Alþb., já, að byggja upp togaraútgerð 1971—1974. Ég sagði m. a. fyrir tilstuðlan Alþb., en það er alveg rétt og skal koma hér skýrt fram, svo að hv. þm. Stefán Guðmundsson verði ánægður, að Framsfl. átti þar vissan hlut að máli. En forustuna fyrir þeirri uppbyggingu hafði sjútvrh. Alþb., Lúðvík Jósepsson, og þessi uppbygging útgerðar um allt land markaði þáttaskil fyrir byggðarlög í landinu, á Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi, Vestfjörðum og víðar. Síðan var unnin á vegum þessarar ríkisstj. einnig sérstök áætlun, sem hv. þm. Tómas Árnason — þá sem stjórnandi í Framkvæmdastofnun — átti mikinn hlut að, um uppbyggingu frystihúsanna í landinu. Það er þessi uppbygging innlendra atvinnuvega sem leysti stóriðjustefnu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar af hólmi, þá erlendu stóriðjustefnu sem hann hefur fyrst og fremst verið talsmaður fyrir. Það hefur verið stefna Alþb. að stuðla að því að þessi fyrirtæki gætu náð þeim styrk sem þarf til þess að Íslendingar geti sjálfir haft forræði fyrir atvinnuvegum sínum.

Hins vegar er eitt land hér í nágrenni okkar þar sem fyrirtæki fara á hausinn, þar sem sú lýsing, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að gefa hér, á fyllilega við, þar sem einkafyrirtækin fara á hausinn í hverri viku, nánast á hverjum degi, jafnvel ein verksmiðja á dag. Og hvaða land skyldi það nú vera þar sem atvinnuvegirnir eru að hrynja á þennan hátt? (**EgJ:** Pólland.) Þar sem einkafyrirtækin eru að gefast upp? Nei, það er ekki Pólland, hv. þm. Egill Jónsson. Það er Bretland undir stjórn Margrétar Thatcher sem framfylgir sömu stefnu og hv. þm. Egil! Jónsson bauð sig fram fyrir í síðustu kosningum og fylgir enn hér á Alþingi Íslendinga. Það er landið þar sem leiftursóknarstefna þeirra félaga hv. þm. Egils Jónssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar er í framkvæmd. Það er eina landið í Evrópu þar sem fyrirtækin eru að fara á hausinn, jafnvel í svo ríkum mæli að það er verksmiðja á dag. (Gripið fram í.) Nei, það var einmitt það sem ég ætlaði að koma að. Þið hafið nefnilega stefnu. Og það er stefna Margrétar Thatcher, það er leiftursóknarstefnan sem hefur þær afleiðingar að atvinnufyrirtækin, einkafyrirtæki sem og önnur fyrirtæki, fara á hausinn. Ég legg til að hv. þm. Eyjólfur

Konráð Jónsson kynni sér hve mörg þau einkafyrirtæki eru sem hafa farið á hausinn síðan leiftursóknarstefnunni var hrundið í framkvæmd í Bretlandi. Þau nema ekki bara tugum, þau nema ekki bara hundruðum, þau nema þúsundum, þau fyrirtæki sem hafa farið á hausinn á þeim tíma. Svo óska ég eftir því, að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson komi hér upp einnig síðar, þegar hann er búinn að kynna sér málið eins og raunsæjum þm. sæmir, og nefni þau fyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi og fiskvinnslu, sem hafa farið á hausinn þegar Alþb. hefur farið með stjórn í þessu landi. Þá getum við gert samanburð á atvinnuvegastefnu Alþb. annars vegar og atvinnuvegastefnu leiftursóknarinnar hins vegar.

Ég skal að gefnu tilefni lýsa því yfir, að það hefur átt sér stað ákveðin breyting gagnvart einkarekstrinum hér í landinu á síðustu vikum og sú breyting hefur farið mjög fyrir brjóstið á Morgunblaðinu og öðrum þeim sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson er nátengdur. Það er sú breyting að samvinnuhreyfingin í landinu — ekki ríkið, heldur samvinnuhreyfingin í landinu hefur tekið að sér að reka nokkur fyrirtæki á Vestfjörðum sem áður voru í einkaeign. Það er ekki ríkisrekstur, það er engin aukning á ríkisrekstri. Það er hins vegar aukning á félagslegu framtaki fólksins sjálfs í þessum byggðarlögum. Við Alþb.-menn erum fylgjandi því, að samvinnuhreyfingin taki að sér í auknum mæli að annast atvinnufyrirtæki fólksins í hinum dreifðu byggðum. Og við erum einnig fylgjandi því, að önnur félagssamtök fólksins sjálfs, sveitarfélög, jafnvel verkalýðshreyfingin komi inn í þann rekstur eða mynduð verða félagssamtök fjölmargra einstaklinga í byggðarlögum, eins og gert hefur verið t. d. í Skagafirði, og stofnað til margþætts félagslegs rekstrar fólksins sjálfs um þau atvinnufyrirtæki. Það er í grófum dráttum sú atvinnustefna gagnvart landsbyggðinni og sjávarútveginum sem við viljum setja okkur.

Við höfum ekki hér á Alþingi á undanförnum árum flutt till. um ríkisútgerð í sjávarútvegi. Það hafa aftur á móti þm. Framsfl. gert. Sá flokkur, sem hér á Alþingi hefur flutt till. um ríkisútgerð í togaraflotanum, er Framsfl., en ekki Alþb. Það var að vísu ágætt frv. og við hefðum sjálfsagt stutt það, en því hefur hins vegar ekki verið fylgt fram af þeirri festu sem kannske væri æskilegt. Það er nauðsynlegt að menn hafi staðreyndirnar á hreinu þegar menn fara að fella slíka sleggjudóma sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gerði hér áðan. (**Gripið fram í:** Eruð þið komnir til hægri við Framsókn?) Það skal ég ekkert um segja. Ég er aðeins að nefna þá staðreynd, að sá eini flokkur, sem gert hefur till. á Alþingi um ríkisútgerð togara hér á landi á undanförnum árum, er Framsfl. Það er staðreynd. Svo geta menn dregið þá ályktun af því sem þeir vilja. Við höfum hins vegar lagt áherslu á að byggt verði upp félagslegt framtak fólksins sjálfs í byggðarlögunum, í útgerð og fiskverkun, og nefnum þá sem dæmi útgerðarfélög sveitarstjórnanna, samvinnuútgerðarfélög eða blönduð útgerðarfélög af því tagi sem t. d. má finna í Skagafirði.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að verja löngu máli í þann þvætting sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutti inn í þessar umr., kannske til að breiða yfir þá staðreynd hvað hefur orðið um atvinnulífið í því landi þar sem hans eigin stefna hefur verið framkvæmd. Stjórnarandstöðuarmur Sjálfstfl. gekk til síðustu þingkosninga með leiftursókn og stefnumarkanir Thatcher á oddinum. Ég hef ekki orðið var við það, að einn einasti talsmaður Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafi afneitað þeirri stefnu. Hins vegar hafa sjálfstæðismenn í ríkisstj. lýst því yfir, nú síðast frambjóðandi í formannssæti í flokknum, hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson, að þetta sé ekki þeirra stefna. En það hefur enginn þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu enn sem komið er afneitað leiftursóknarstefnunni. Meðan svo er, þá er hún áfram stefna Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Við getum horft á framkvæmd þeirrar stefnu í okkar helsta nágrannalandi, Bretlandseyjum, og framkvæmdin er að það er verksmiðja á dag sem er lokað. Það eru 3 millj. manna sem nú eru atvinnulausir, það eru þúsundir smáatvinnurekenda sem hafa farið á höfuðið, og stærstu fyrirtæki landsins, m. a. í einkaeign, ramba nú á barmi gjaldþrots. Ég held því að rétt sé að hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson — ef hann hefur áhyggjur af því, hvers konar stefna leiði til gjaldþrots atvinnuveganna — beiti sér fyrir því, að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hafi kjark til að afneita leiftursóknarstefnunni, sem hann hefur ekki gert enn, þvert á móti endurtekið hana hvað eftir annað frá síðustu kosningum.

Ég sagði áðan, herra forseti, að umr. um það frv., sem hér liggur fyrir, gæfu ekki tilefni til að fara lengra út í þessi mál. En þær furðulegu yfirlýsingar, sem hér komu fram frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, gefa hins vegar tilefni til þess að láta þetta hér í ljós. Ég skora á hv. þm. að bera saman þau ár, 1956—1958, 1971—1974 og nú frá 1978 til þessa dags, sem Alþb. hefur verið í ríkisstj., bera þau ár í sjávarútvegi og fiskvinnslu á Íslandi saman við viðreisnarárin og ræða síðan í fullri hreinskilni hvort stjórnarmynstrið hefur orðið til meiri farsældar fyrir uppbyggingu sjávarútvegs og útgerðar á Íslandi.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson viðurkenndi hér áðan að gengisfellingarstefnan er stefna Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Hann kallaði hér hástöfum yfir þingsalinn: Gengið er fallið, gengið er fallið. Það er bara eftir að skrá að það sé fallið. — Hér kom einmitt fram ágreiningur hv. þm. og sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu við okkur hina. Við teljum ekki að gengið sé neitt fallið. Þvert á móti, við teljum að hin trausta gengisstefna, sem hér hefur verið, sé ein meginforsendan fyrir árangrinum sem náðst hefur við stjórn efnahagsmálanna. Það er m. a. fyrir tilstuðlan Alþb. sem þessari aðhaldsstefnu í gengismálum hefur verið fylgt. Okkur tókst ekki að fá þessa aðhaldsstefnu fram þegar við vorum með Alþfl. í ríkisstjórn. Alþfl. var gengisfellingarflokkur og er enn. Og það er ljóst að sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu eru líka gengisfellingarmenn. Stjórnarandstaðan á Íslandi á það eitt sameiginlegt að vera gengisfellingarstjórnarandstaða og sjá það helst til svokallaðrar lausnar á vanda efnahagslífsins að fella gengið. Gengið hefur ekki verið fellt umfram þá áætlun sem sett var í upphafi árs og fól í sér að verðbólgan yrði 40% á þessu ári.

Hvað sagði formaður Alþfl. þegar efnahagsráðstafanirnar voru kynntar? Hann sagði að sú gengisáætlun, sem ríkisstj. var þá með, væri fölsk. Hvað hefur komið á daginn? Hún hefur reynst hárrétt. En það er formaður Alþfl. sem hefur reynst hafa rangt fyrir sér. Hvað sögðu talsmenn Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu? Þeir sögðu að það væri verið að kyrkja atvinnuvegina með þessari efnahagsáætlun og atvinnulífið mundi ekki ganga, það mundi allt saman stranda eftir fáeinar vikur.

Hvað hefur komið í ljós? Það hefur komið í ljós að hér hefur verið blómlegasta atvinnulíf sem verið hefur í áraraðir. Allar þær yfirlýsingar, sem þeir félagar, hv. þm. Kjartan Jóhannsson og Geir Hallgrímsson, sendu frá sér eftir áramótin um efnahagsaðgerðir ríkisstj., hafa reynst rangar. En allar yfirlýsingar, sem ríkisstj. gaf við upphaf ársins um árangur sem mundi nást af þessum efnahagsaðgerðum, hafa reynst réttar, hver ein og einasta.

Óskandi væri að þessir hv. herramenn tækju sér smátíma til að fletta upp eigin yfirlýsingum frá fyrstu vikum þessa árs og bera þær saman við þann raunveruleika sem orðið hefur síðan. Það er athyglisvert að þetta kall, þetta gengisfellingarkall skuli hafa komið hér frá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni. Gengisfellingarkallið er greinilega stefna Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu. Auðvitað varð hv. þm. að klæða það aðeins í orðanna búning, en hann hafði hins vegar hreinskilni til þess að láta það koma hér fram, að það er hans meginstefna og félaga hans í stjórnarandstöðunni.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, lýsa mig sammála þeirri afstöðu sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. fyrr í þessum umr., að eðlilegt sé að miða við verðbólguþróun milli ára þegar skoðuð er hagnaðarviðmiðun bankakerfisins og þá Seðlabankans sérstaklega. Og það er ánægjulegt að til skuli þó vera a. m. k. einn maður í stjórnarandstöðuarmi Sjálfstfl., hv. þm. Matthías Bjarnason, sem skuli vera sammála því sem hæstv. sjútvrh. hefur sett hér fram og hefur verið stefna okkar Alþb.-manna um langa hríð. Ef aðrir þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu gætu nú lært af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, hvað sé eðlileg gróðaviðmiðun bankakefisins og Seðlabankans, og tekið höndum saman við sjútvrh. og okkur Alþb.-menn, þá ætti að vera góður grundvöllur til þess að ná hér skynsamlegri lendingu í þeim ákvörðunum í sjávarútvegs- og efnahagsmálum sem þarf að taka á næstunni. Það er þess vegna from ósk mín til hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, að áður en hann endurtekur gengisfellingarkall sitt hér í þingsölum gefi hann sér tóm til að ræða við hv. þm. Matthías Bjarnason, sem greinilega hefur áttað sig á því, að það kunni að vera til aðrar leiðir til lausnar efnahagsvanda Íslendinga en gengisfellingarleiðin, enda er líklega Matthías Bjarnason sá þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu sem fjærst hefur staðið þeirri leiftursóknarstefnu sem búin var til af hópi manna í kringum núv. formann Sjálfstfl., Geir Hallgrímsson.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli hv. deildar og hv. síðasta ræðumanns á því, að það frv., sem hér er til umr., fjallar um ofureinfalt mál, gengisfellingu sem ríkisstj. stendur að. Hvort sem þetta er gengisfelling samkvæmt áætlun, eins og hann sagði, sem er miklu betri gengisfelling en aðrar gengisfellingar, að mér skildist, sbr. kvæði Steins Steinars um undanhald samkvæmt áætlun, þá er þarna um gengisfellingu að ræða, tæknilegt afbrigði sem er nánast staðfesting á því, að ríkisstj. felldi íslensku krónuna. Að þessu leyti er þetta frv. gamalkunnugt hér í sölum hv. Alþingis, því miður allt of gamalkunnugt og það hvort sem Alþb. er í ríkisstj. eða utan. Gengisfellingarásökun hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar á stjórnarandstöðuna er því alger markleysa. Hann var að tala hér fyrir eigin gengisfellingarfrv.

Ég ætlaði mér ekki að taka til máls við þessa umr., en hún hefur farið vítt og breitt og hæstv. viðskrh. gaf mér tilefni til að segja hér örfá orð. Það rifjaðist nefnilega upp fyrir mér að hæstv. ráðh. fer með flesta þá málaþætti sem nú eru þess eðlis, þeim er stjórnað þannig, verðlagsmálum, gengismálum og lánamálum atvinnuveganna, að jafnvel Samband ísl. samvinnufélaga kvartar hástöfum. Ég er alveg viss um það, að forráðamenn þess fyrirtækis, sem er nú stærst atvinnufyrirtækja í landinu, — ég held að hæstv. ráðh. geti orðið sammála um það, — hafa áreiðanlega gengið á hans fund og spurt: Hvert í ósköpunum eruð þið að stefna? Þið segið við okkur: Innlendur kostnaður á að hækka sjálfkrafa og fjármagnskostnaður á að hækka með lagaboði. En á sama tíma megum við ekki selja okkar vörur á sannanlegu verði, hvorki á innlendum né erlendum markaði. Og það er hæstv. ráðh. sem er ábyrgur fyrir þessari stefnu.

Ég skal nefna hæstv. ráðh. ákveðið dæmi. Það er ekki af Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það er af öðru iðnfyrirtæki þar sem margir tugir manns hafa atvinnu. Aðföng þessa fyrirtækis og innlendur kostnaður hefur hækkað í tíð núv. ríkisstj. frá því í janúar um rúm 100%, 101% til þess að vera nákvæmur, en tekjur þessa fyrirtækis, sem er útflutningsfyrirtæki, hafa hækkað um 64.4% á sama tíma. Því segi ég það, hæstv. ráðh., að hagur þessa fyrirtækis hefði þurft að vera góður fyrir ef það fer ekki beina leið á hausinn með þessu áframhaldi.

Ég er alveg viss um að hæstv. ráðh. gerir sér í rauninni grein fyrir þessu. En það er alveg hárrétt hjá formanni þingflokks Alþb., Ólafi Ragnari Grímssyni, að Alþb. hefur náð sinni stefnu fram í þessari ríkisstj. Hann sagði það í þinglok að Alþb. hefði náð fram stefnu í þessari ríkisstj. sem væri miklu líkari eigin afstöðu heldur en í vinstri stjórn, sem sagt, hæstv. núv. ríkisstj. framfylgi í efnahags- og atvinnumálum stefnu sem við skulum vona að sé til vinstri við vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar. Má ég ekki álykta sem svo, hv. formaður þingflokks Alþb., að þið teljið ykkur lengst til vinstri af öllum flokkum á Íslandi og ef ykkar stefna hefur náð fram að ganga betur í þessari ríkisstj. en hinni síðustu vinstri stjórn, þá sé þessi ríkisstj. að framkvæma stefnu til vinstri við vinstri stjórnina? (**ÓRG:** En ef vinstri stjórnin var ekki vinstri stjórn?) Ja, þá er þessi stjórn vinstri stjórn alla vega. Hún er að framkvæma stefnu til vinstri við þá stjórn sem kannske gat ekki kallað sig vinstri stjórn. En þessi getur það vafalaust. (Gripið fram í.) Þarna er nefnilega hundurinn grafinn. Hæstv. viðskrh., sem hefur þessa þætti í hendi sér, á að stjórna samkvæmt stjórnskipun íslenska lýðveldisins lánamálum, gengismálum og verðlagsmálum, hann stjórnar þeim eftir forskrift Alþb.

Ég vil svo aðeins fara nokkrum orðum um það sem hæstv. ráðh. sagði hér. Hann sagði: Við verðum að líta á björtu hliðarnar. Það er alveg rétt hjá honum. Ég skal koma strax að einni bjartari hlið sem hann minntist á. Það er aukning innlána, aukning sparifjáreignar landsmanna. Ég er alveg sammála hæstv. ríkisstj. í þeim efnum og ég hef lýst því yfir áður, að ég tel að þetta sé rétt stefna út af fyrir sig. En hún verður að vera í samhengi við annað. Þeir, sem eiga að taka á sig meiri fjármagnskostnað, þ. e. atvinnuvegirnir, verða að geta borið hann. Það er ekki hægt að segja: Þið verðið að bera meiri fjármagnskostnað — og á sama tíma: Þið fáið ekki að selja vöruna nema á lægra verði en hún sannanlega kostar, hvorki á innanlandsmarkaði né erlendis. — En ég er að því leyti alveg sammála hæstv. ráðh., að þarna hefur birt til, það er meiri sparnaður í hagkerfinu en áður.

Vonandi er þarna ekki um að ræða tilflutning á sparnaði heldur raunverulega aukningu. Ég fagna því að Alþb. er farið að aðhyllast þessa skoðun, að það beri að hafa raunvexti í hagkerfinu, vegna þess að við vitum að það var eitt mesta baráttumál Alþb., þegar Lúðvík Jósepsson var formaður þess, að menn gengju ekki lengra í því að hafa háa vexti en svo, að atvinnuvegirnir gætu staðið undir þeim. Að þessu leyti lagði hann áherslu á það sem ég held að verði að segja við hæstv. ríkisstj. nú: Þarna eruð þið enn á rangri braut. Þið verðið að gera ykkur grein fyrir því, að atvinnuvegirnir verða að hafa tekjur til þess að geta borið meiri fjármagnskostnað.

Hæstv. ráðh. talaði um að þjóðartekjur hefðu ekki minnkað á Íslandi. Þakka skyldi hæstv. ríkisstj. þótt þjóðartekjur minnki ekki á sama tíma sem við tökum núna t. d. í ár sennilega 150 þús. tonnum meira af þorski á miðunum hérna í kringum landið heldur en 1978. Þá var þorskafli Íslendinga 318 þús. tonn, ef ég man rétt, en núna verður hann sennilega 460 þús. tonn. Á þessum tíma höfum við raunar hjakkað í sama farinu í þjóðarframleiðslu að magni til á mann, og það er meiri spurning í mínum huga hvernig það stjórnarfar sé sem ekki skilar meiri árangri en þetta af slíkri aflaaukningu, af slíkum búhnykk sem hækkun Bandaríkjadollars er núna og hv. formaður þingflokks Alþb. minntist líka á að hefði orðið til þess að bjarga ríkisstj. með sína efnahagsáætlun í ár. Hvernig er það stjórnarfar sem ekki skilar betri árangri þegar ausið er svo mjög af gnægtabrunni hafsins og hina og þessa búhnykki rekur á okkar fjörur?

Gjaldeyrisstaðan hefur batnað, segir hæstv. ráðh. Það er alveg rétt. Gjaldeyrisstaðan hefur batnað af tvennum orsökum: Vegna þess að dregið hefur úr framkvæmdum í landinu í orkumálum og stóriðjumálum. Samt sem áður aukast erlendar lántökur. En það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., þarna er ljós punktur, gjaldeyrisstaðan er betri en hún var og viðskiptajöfnuðurinn heldur að batna. Ég samfagna hæstv. ráðh. með þetta og hæstv. ríkisstj. En skýringin er ósköp einföld, þessi: Það er dregið úr fjárfestingum á þessum mikilvægu sviðum og það er ausið, eins og ég sagði áðan, slíkum afla upp úr hafinu að við náum betri jöfnuði á viðskiptareikningi okkar við útlönd en áður.

Um verðbólguna vil ég segja það, að mér finnst satt að segja heldur fátt sem hæstv. ríkisstj. hefur að hæla sér af á því sviði. Verðbólgan var á þriggja mánaða fresti milli 9 og 10% þegar ríkisstj. tók við og hún er það núna á þriggja mánaða fresti. Hún hefur að vísu farið upp og niður eins og jó-jó í tíð núv. ríkisstj. Ríkisstj. hefur tekist að halda verðbólgunni núna á svipuðu róli og hún var í fyrra um sama leyti, áður en kom til kjarasamninga. Kjarasamningar tókust í fyrra eftir lengra þóf en dæmi eru til um og ekki var fyrr þornað blekið á undirskrift þeirra kjarasamninga en ríkisstj. var búin að kippa þeim til baka með 7% skerðingunni 1. mars. Að þessu leyti hefur ríkisstj. náttúrlega náð árangri, það er alveg rétt. Hún náði árangri, en með aðferðum sem hún dæmdi svo hart hjá annarri ríkisstj. að hún samþykkti kjörorðið: „Samningana í gildi", þ. e. þeir flokkar sem þá voru í stjórnarandstöðu. En þeir gera núna kröfu um að ná þeim samningum sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar átti að láta menn hafa 1978. Nú eiga þeir að nást eftir tvö ár héðan í frá. Það er náttúrlega ágætt að menn skuli gera svona miklu minni kröfu til sjálfs sín en hv. þm. Geirs Hallgrímssonar sem bar hér nokkuð á góma í ræðu hv. formanns þingflokks Alþb.

Ég veit ekki hvort ég á að fara hér nánar út í þetta með verðbólguna. Við vitum það allir, að sú tala, sem við erum að tala um í dag, er pappírstala. Fiskverð er óleyst bæði núna og um áramót. Það dæmi er óleyst, hvernig á að ná endum saman hjá atvinnuvegunum. Það verður að gera með einhverjum hætti. Það dæmi er óleyst, hvernig á að semja á almennum vinnumarkaði. Og mér þætti líklegt að ekki stæði lengi sá draumur að verðbólgan sé í svipuðu fari og hún var þegar ríkisstj. tók við, eins og hún er núna á þriggja mánaða fresti, þ. e. á milli 9 og 10% á pappírnum, fyrir utan allt vísitölukarpið sem hæstv. ríkisstj. hefur gert sig seka um, en ég hirti ekki um að tíunda hér.

Ég tek undir það með hv. þm. Eyjólfi Konráði Jónssyni, þegar svo er ástatt, að tekjur útflutningsfyrirtækja hafa hækkað um 65% eða tæplega það á sama tíma sem innlendur kostnaður hækkar um 100%, er gengi íslensku krónunnar auðvitað fallið. Það eru alveg hreinar línur. Hvort það er einhver lækning að fella gengið núna, það er allt önnur saga. Ég er reiðubúinn að tala sérstaklega um það mál. En ef það kostar 100% meira núna að afla gjaldeyris sem fyrirtæki fá ekki nema 65% í íslenskum krónum fyrir í hækkunum, þá er gengið fallið miðað við það sem það var þegar ríkisstj. tók við. Það er svo allt önnur saga, til hvaða ráðstafana á að grípa eins og sakir standa.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vildi líkja okkur við Margréti Thatcher. Það er kannske ekki leiðum að líkjast, en mér datt í hug að það væri ekkert ólíkt því ef ég segði að hv. þm. bæri ábyrgð á þeirri stefnu sem keyrt hefur Pólverja fram á heljarþröm. (Gripið fram í.) Hv. þm. segist vera sósíalisti og Pólverjar segjast vera sósíalistar. Þeir segjast aðhyllast kenningar sósíalismans til þess að stjórna sínum efnahagsmálum. Það er svipuð alhæfing ef ég segði þetta. Ég ætla ekki að gera það. En mér fannst það dálítið merkilegt þegar forseti Alþýðusambands Íslands kemur hingað heim og segir við Íslendinga: Það er tvennt sem Pólverjar eru hræddir við og þó sýnu hræddari við annað: herafla Sovétríkjanna og hungurvofuna — eftir áratuga tilraunastarfsemi með sósíalisma.

Ef Ólafur Ragnar Grímsson vill ræða við mig um íslensk efnahagsmál á sama hátt og hann gerði hérna áðan, þá er mér ekkert að vanbúnaði að draga jafnaðarmerki á milli stefnu Alþb. og stefnu sósíalista í Póllandi eins og hann gerði við stefnu okkar sjálfstæðismanna og Margrétar Thatcher. Það er allt önnur þjóðfélagsgerð í Bretlandi. Og þó að við höfum ákveðin grundvallaratriði sem við miðum við í okkar efnahagspólitík, þá er þar um allt annað að ræða en það sem við höfum verið að tala um að þurfi að gera hér á Íslandi. Það held ég að við getum orðið sæmilega sáttir um, við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Ég á sæti í þeirri hv. nefnd sem fær þetta tæknilega gengisfellingarfrv. hæstv. ríkisstj. til umfjöllunar, svo að ég held ég láti staðar numið.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Hér hafa fleiri en einn og fleiri en tveir ræðumanna skorað á mig að gera grein fyrir einu og öðru. (Gripið fram í.) Jú, jú, ég skal gera þetta í mjög stuttu máli.

Að því er varðar það, hvort ég teldi hagkvæmara að

lækka afurðalán sjávarútvegsins — sem ég hreinlega gleymdi áðan, það var spurning frá sjútvrh. — þá tel ég það ekki vera neina lækningu. Það er millifærsluleið, uppbótaleið sem er verið að fara inn á ef sjávarútvegurinn greiðir ekki raunvexti fyrir sitt fjármagn.

Svo vill raunar til, að það mun hafa verið ég sem fyrst stakk upp á því í blaðagrein á sumrinu 1978 að teknir yrðu upp *gengistryggðir reikningar*, sem *Íslendingar* vildu leggja inn á fjármuni sína, og sjávarútvegurinn fengi það fé til þess að fjármagna framleiðslu sína. Þessi hugmynd er komin frá mér, hvort sem hún er góð eða ill, fyrri liður þessarar till. Annar liður var tekinn upp af stjórn Ólafs Jóhannessonar um áramótin 1978—1979 — víst fljótlega eftir að hans stjórn var mynduð — þ. e. að gengistryggja afurðalán sjávarútvegsins. Hins vegar voru þá ekki opnaðir neinir *gengisreikningar* sem *Íslendingar* gætu lagt sitt fé inn á. Síðar hafa svo komið verðtryggðu reikningarnir.

Þetta var auðvitað liður í allsherjaraðgerðum í efnahagsmálum. Þetta er einn af þrettán liðum sem ég lagði til, og að skýra þá stefnu í heild, eins og hæstv. viðskrh. óskaði eftir, er kannske til of mikils ætlast í örstuttri athugasemd. En þær hugmyndir mínar setti ég raunar fram í blaðagreinum oftar en einu sinni. Ef hæstv. ráðh. nennti að lesa þá grein, hún birtist í Morgunblaðinu 7. okt. 1979, þar sem þetta var í heild sett fram, og breyta eftir því, sem þar er sagt, í einu og öllu, þá mætti, held ég, mjög fljótlega bjarga þessum málum við.

Að því er blessaða leiftursóknina varðar, þá hafði ég ekki á hana beint önnur áhrif en þau sem ég skal greina. Ég var þá norður í landi í mínu kjördæmi, en kom hins vegar í bæinn til að ganga endanlega frá þessu plaggi. Og af því að hv. þm. Pálmi Jónsson, hæstv. landbrh., var hér nefndur, þá sátum við hlið við hlið og greiddum báðir atkv. með leiftursókninni. Og hæstv. núv. forsrh. kynnti hana sérstaklega. Þess vegna kemur það nú úr hörðustu átt ef þessir menn ætla að fara að afneita eigin hugarfóstri. En ég hafði þau áhrif á leiftursóknina, plaggið sem fyrir lá, að ég fékk strikaðar út tvær málsgreinar. Önnur var um það, að ríkissjóð yrði ætíð að reka með greiðsluafgangi þegar verðbólgutímar væru. Ég tel það sem sagt alrangt. Það er stefna Margrétar Thatcher sem þar var á ferðinni. Hin var sú að taka alræðisvaldið af Seðlabankanum, hafa meira frjálsræði í peningamálum. Það var líka aðferð Margrétar Thatcher, Ólafs Jóhannessonar, Ólafs Ragnars Grímssonar og Tómasar Árnasonar að koma frjálsræði á. (Gripið fram í.) Margrét Thatcher fór alveg eins að og Ólafur Jóhannesson. Hún byrjar á því að hækka söluskatt úr 8% í 15% í Bretlandi — hélt að það mundi vera ráð til að skera verðbólgu niður — og hækka orkuskatt upp úr öllu valdi þegar olíuverðið hækkaði. Hún fór nákvæmlega eins að og Ólafur Jóhannesson og kommarnir. Ég hef aldrei aðhyllst stefnu Margrétar Thatcher, hún er kolvitlaus, ekki Margrét, held ég, heldur stefnan, enda munu helstu hagfræðingar vera farnir að sjá að þetta er tóm vitleysa allt saman. Ríkisvaldið hefur nefnilega tekið allt of mikið af borgurunum í hinum vestræna heimi og það verður að fara að skila því til baka. Og það er það sem Reagan er að reyna að gera núna í Bandaríkjunum.

Eins og ég sagði áðan eru helstu hagfræðingar nú að gera sér grein fyrir því, að þetta sé alvitlaus stefna og það verði aldrei ráðið við verðbólgu með þeim hætti. Það á sem sagt að gera allt þveröfugt við það sem hæstv. ríkisstj. á Íslandi gerir nú í efnahags-, atvinnu- og peningamálum. Ef allt væri gert þveröfugt, þá held ég að allt mundi læknast mjög fljótlega. Það má hafa þetta nokkurn veginn sem vegvísi: að gera alltaf þveröfugt við það sem þeir eru að reyna. Í staðinn fyrir að íþyngja mönnum með sköttum sýknt og heilagt á að lækka þá, ekki síst óbeinu skattana, þ. e. lækka söluskatta, tímabundið *vörugjald og aðra skatta í áföngum þannig að fólk viti* að vöruverð muni lækka fremur en hækka — eða a. m. k. draga úr hækkununum. Og raunar hafa verið gerðir á þessu mjög ítarlegir útreikningar, sem hafa reyndar verið ræddir opinberlega á viðskiptaþingi t. d. og fara að verða aðgengilegir mönnum, og ég held að menn muni sannfærast um, þegar þeir kynna sér þessi mál, að rangt er stefnt, og breyti þar til.

Sjálfstfl. markaði sína stefnu, þótt í litlu væri, á s. l. vetri í umr. og afgreiðslu á nýárs- eða gamlárskvöldslögunum, þegar við vildum lækka nokkuð söluskatta og aðra skatta til þess að byrja að fikra okkur niður. Það mátti kalla það niðurtalningu og það var raunhæf niðurtalning. Hefðu okkar brtt. þá verið samþykktar hefði verðbólgan, ef ég man rétt, orðið 5% minni 1. júní sem síðan hefði haft margfeldnisáhrif niður á við, alveg eins og hækkanirnar hafa margfeldnisáhrif upp á við. Þá væri verðbólgan ábyggilega komin niður fyrir 40% þótt hún sé vafalaust ekki minni en 50%, kannske 60% núna ef rétt væri reiknað.

Ég vil aðeins nefna það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði um stóriðjustefnu að það væri hægt að komast hjá henni vegna snilldarbragða Alþb., þetta væri mín stefna. Ég er auðvitað mjög montinn af því, ef það er mín stefna sem nú er að sigra því að nú þorir enginn flokkur lengur að berjast á móti stóriðjustefnunni. (**ÓRG:** Erlendri stóriðjustefnu.) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagðist vilja styðja það að atvinnufyrirtækin yrðu í höndum samvinnufélaga, sveitarfélaga og verkalýðsfélaga. Félagslegur rekstur, sagði hann, hann hefði ekki lagt til eða hans flokkur að það yrði ríkisrekstur, enda ágætt frv. hjá Framsókn sem þeir hefðu sjálfsagt stutt, eins og hann komst að orði. Ég veit að þeir eru kannske klókir, kommarnir, þegar þeir eru að koma sósíalismanum á. Þeir eru það í öllum löndum. Þeir eru kallaðir nöfnum eins og hv. þm. hér nefndi. En athyglisverðast við allar þessar umr. er samt það sem fram kom *hjá honum, að þeir Alþb.-menn hefðu haft miklu meiri* áhrif í núv. ríkisstj. en fyrri vinstri stjórnum og þetta væri sem sagt langversta vinstri stjórnin. Það vissi ég fyrir. Þetta er langversta vinstri stjórnin.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð nú að segja það, að hér hafa orðið miklar umr. Ég fagna því máli, sem hér er á dagskrá, og vona vissulega að það komi að gagni. En ég verð að segja að ég varð fyrir vonbrigðum með hv. þm. Eyjólf Konráð og er honum ekki sammála um það sem hann sagði í þessum ræðustól, að það væri og yrði engin bót að fá þau lán sem Byggðasjóður kæmi væntanlega til með að veita. (**EKJ:** Það var misskilningur, ekki frambúðarlausn.) Já, það er kjarni málsins. (**EKJ:** Það er frekar að það dugi í nokkrar vikur.) Nei, þú sagðir það ekki. Ég skrifaði þetta hjá mér vegna þess að við höfum verið samflota núna undanfarna daga, eins og kom fram í ræðu hans, og þess vegna áttaði ég mig ekki alveg á því, hvað hefur komið fyrir hann eftir að ég skildi við hann. (**EKJ:** Annaðhvort hef ég mismælt

mig eða þú misskilið mig. Auðvitað er hægt að bjarga þessu í nokkrar vikur með lánum.) Já, það er málið. Og það er einmitt það sem er verið að reyna að gera. Það er kjarni málsins.

Nú er unnið að því á vegum sjútvrn. að finna sæmilega færa leið út úr þessum vanda. Ég vona að verið sé að reyna að finna þá leið sem treystir allbærilega undirstöður þessarar atvinnugreinar. Því segi ég það enn og aftur, að það er alveg fráleitt að segja að þessi bráðabirgðaráðstöfun — sem er vissulega ekkert annað en bráðabirgðaráðstöfun, það skal ég taka fram — komi ekki að gagni.

Menn verða að átta sig á því, og mér finnst það hafa komið einkennilega lítið fram í þessum umr. hér og mjög sjaldan sem það kemur fram í umr. manna um þau vandamál sem í þessari atvinnugrein eru, mér finnst menn hlaupa alveg yfir það sem mér finnst vera kannske meginkjarni þessa máls, það kom sáralítið fram í umr. um sjávarútvegsmál sem fram fóru á vegum Rannsóknarráðs ríkisins nú fyrir nokkrum dögum, að þessi atvinnugrein, sjávarútvegurinn, hefur verið að ganga í gegnum visst þróunar- og erfiðleikaskeið. Þetta er að mínu mati kjarni málsins. Þessi grein — þar á ég bæði við útgerðina og fiskvinnsluna — það hefur verið ætlast til þess, að hún kæmist í gegnum þetta skeið án aðstoðar. Og það hafa vissulega þeir menn orðið að gera sem í þessu hafa staðið. Þeir hafa barist í þessu og þannig hefur það gengið. Þetta er vitaskuld kjarni málsins. Ég er hræddur um að víða hefði verið búið að heyrast hljóð úr horni um aðstoð. En menn verða vitaskuld að horfa á þetta allt saman og hafa fullan skilning á mikilvægi þessarar undirstöðuatvinnugreinar. Hún verður að njóta fullkomins skilnings þeirra sem með þessi mál fara.

Það er líka staðreynd, að útgerð og fiskvinnslu hefur tekist illa að halda sínum hlut af þjóðarkökunni. Átökin við verðbólguna skipta hér vitaskuld einnig mjög miklu máli, og sá árangur, sem sannanlega hefur náðst, hefur vissulega kostað fórnir. Víða hefur hrikt verulega í þessari undirstöðuatvinnugrein. Það er ekki heldur minnst á raunvaxtastefnuna. Hverjum dettur þó annað í hug en að viðurkenna að þar sé ein orsök vandans? Á þetta verða menn líka að horfa.

Um þetta meðaltal allt sem nú er talað um, hvort sem það er 3% eða eitthvað annað, verð ég að segja það, að því miður gefur það kolranga mynd af vandanum.

Það hefur verið rætt hér nokkuð um vanda bæði útgerðar og vinnslu við Skagafjörð. Ég ætla ekki að fara inn á það mál hér þó að málið sé mér vissulega skylt. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði, að ég held að það sé ekki nema aðeins spegilmynd af málunum eins og þau eru í dag. Það þýðir ekkert annað en að viðurkenna þann vanda sem þarna er við að fást.

Menn segja að frystingin sé rekin með 6.7% halla. Ég ætla ekkert að dæma um það. Það er meðaltal enn og aftur sem hér er um að tala. Hér kemur ýmislegt til og kemur þá einmitt inn á það sem ég gat um í upphafi máls míns, sem er stjórnun þessara mála, veiða og vinnslu, og það þróunartímabil, sem ég kalla svo, sem við höfum verið að ganga í gegnum. En hér veldur trúlega mestu um — ég held að hæstv. sjútvrh. hafi minnst á það — verðfall á Bandaríkjamarkaði og einnig hitt, að við vitum að mikið var um það s. l. sumar að ekki var hægt að vinna fisk í þær pakkningar, sem heppilegastar voru á þeim tímum, vegna þess hversu mikið hráefni barst að landi. Þetta verða menn að viðurkenna. Einnig greip hér inn í oft og tíðum mjög óhagkvæm samsetning aflans sjálfs. Þetta held ég að sé kjarni þessarar umr. Það eru raunverulega þessi vandamál sem við stöndum hér fyrst og fremst frammi fyrir. Við eigum orðið okkar 200 mílna landhelgi og við ráðum því sjálfir, hvernig við nýtum hana.

Ég ætla nú ekki að svara hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, enda er hann ekki hér í salnum, þar sem hann sagði, að Alþb. hefði beitt sér fyrir uppbyggingu togaraflotans. Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um það mál hér, ég geymi mér það, mér gefst örugglega tími til þess síðar í vetur að ræða það mál. En aðeins þetta: Staðreyndin í því máli er sú, að það var fólkið sjálft sem átti allt frumkvæðið í þeim málum. Hins vegar er því ekki að neita, að þar gengu menn á eftir margir hverjir.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Hér hafa menn sem svo oft áður hlaupist undan því að ræða vandann og fjallað um allt aðra hluti og nánast óskylda. Hér er alls ekki reynt að kryfja vandann til mergjar og komast að kjarna málsins. En vitaskuld verður að reyna að greina sjúkdóminn áður en menn skrifa lyfseðilinn. Ég vona að það sé einmitt það sem sjútvrh. er nú að gera í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 6. fundur.

Mánudaginn 26. okt., kl. 2 miðdegis.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 43). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, um brunavarnir og brunamál, er undirbúið af nefnd sem var skipuð 26. mars 1980. Verkefni nefndarinnar voru í fyrsta lagi að endurskoða gildandi reglugerð um brunavarnir og brunamál, nr. 269 frá 8. júní 1978, í öðru lagi að gera úttekt á stöðu og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins, eins og háttar til í dag, og í þriðja lagi að gera till. um æskilegar breytingar á starfssviði og starfsemi stofnunarinnar í framtíðinni, m. a. með hliðsjón af væntanlegri gildistöku frv. til laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. sérstaklega 4. mgr. 73. gr. frv., en frv. þetta var þá til meðferðar á Alþingi.

Í nefndina voru skipaðir Edgar Guðmundsson verkfræðingur, Gísli Kr. Lórenzson varaslökkviliðsstjóri á Akureyri, Héðinn Emilsson deildarstjóri, Magnús Skúlason arkitekt og Guðmundur Magnússon verkfræðingur, sem var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndinni var samkv. skipunarbréfi ráðh. gert að skila tillögum sínum innan sex mánaða frá dagsetningu skipunarbréfs.

Í nefndinni komu fljótlega fram raddir um að nauðsyn bæri til að endurskoða vissa þætti gildandi laga um brunavarnir og brunamál og í öðru lagi að sá starfstími, sem nefndinni væri skammtaður í skipunarbréfi, væri of skammur til að ljúka þeim umfangsmiklu verkefnum sem þar voru talin.

Eftir að félmrh. hafði verið skýrt frá þessum sjónarmiðum í nefndinni skrifaði ég henni bréf 24. júní 1980 þar sem sagði:

„Í framhaldi skipunarbréfs, dags. 26. mars 1980, og viðtals vill félmrh. koma eftirfarandi atriðum á framfæri við nefndina:

1) Æskilegt er að athugun á þriðja þættinum í verkefni nefndarinnar verði lokið fyrir 20. sept.

2) Eðlilegt er að nefndin geri — jafnframt þeim verkefnum sem nefnd eru í bréfi 26. mars — athugun á lögum um brunamál og tillögur um breytingar á þeim ef nauðsynlegt kann að reynast."

Í framhaldi af þessu setti nefndin síðan saman mjög ítarlegt álit um brunavarnir og brunamál, m. a. um þátt brunamála í þjóðarbúskap Íslendinga og fjölmargt fleira. Þar komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar um stöðu þessara mála. Ég ætla að lesa upp úr nál. stuttan kafla þar sem segir frá kostnaði við brunavarnir og brunamál í okkar þjóðfélagi. Þar segir:

„Fyrir árið 1979 lágu fyrir eftirtaldar tölur í gömlum krónum: Brunavarnir sveitarfélaga reyndust samkv. upplýsingum Hagstofu Íslands og Sambands ísl. sveitarfélaga hafa kostað 1000—1100 millj. kr. og voru greinilega víða nokkuð óskýrar línur um hvað með var talið. T. d. var sjaldnast meðtalinn nokkur kostnaður við vatnsveitur (brunahana o. fl.) og sums staðar skorti upplýsingar. Var því talið rétt að bæta við þessa tölu og áætla hana varlega um 1250 millj. kr., þar með talin Brunamálastofnun ríkisins um 40 millj. kr. Brunatryggingaiðgjöld og önnur iðgjöld skattskyld til Brunamálastofnunar voru samtals 3550 millj. kr. Út frá þessum tölum voru aðrir liðir áætlaðir á fyrrgreindan hátt.

Niðurstaða nefndarinnar varð að á árinu 1979 hefði kostnaður Íslendinga vegna brunamála verið um 7000 millj. kr. á meðalverðlagi ársins 1979. Er þetta um 0.8% af vergum þjóðartekjum sama árs. Kostnaður við Brunamálastofnun ríkisins var um 0.6% af þessari heildarupphæð.

Reiknað út frá upplýsingum Tryggingaeftirlitsins um tryggð brunatjón áætlast bein tjón af eldsvoðum hér á landi í prósentum af vergum þjóðartekjum á árunum 1976—1979 sem hér segir: Árið 1976 0.25%, árið 1977 0.2%, árið 1978 0.13%, árið 1979 0.25%. Til samanburðar skal getið af tiltækum tölum frá öðrum löndum að á árunum 1970—1975 var sama hlutfall að meðaltali frá 12 löndum í Vestur-Evrópu 0.28%."

Í nál. var farið yfir alla helstu þætti brunamála, m. a. almennt skipulag brunavarna í landinu. Ætla ég ekki að fara nánar út í nál., en tel þó ástæðu til að geta þess, að þessi þáttur, svo mikilvægur sem hann er í okkar þjóðlífi, er að verulegum hluta til unninn af sjálfboðaliðum. Hygg ég að það sé nánast einsdæmi um jafnþýðingarmikið atriði í okkar félagslega öryggiskerfi. Það eru núna um 1000 menn eða meira skráðir til þessara sjálfboðastarfa á landinu öllu, yfir 1000 menn. Auk þess eru fast að 200 manns á launum í fullu starfi eða hlutastarfi sem brunaverðir og eldvarnaeftirlitsmenn hjá slökkviliðum í stærri bæjum landsins, meiri hlutinn í Reykjavík og á Reykjavíkurflugvelli. Með tilliti til þessa er aðvitað ljóst að eitt það þýðingarmest í löggjöf um brunavarnir og brunamál er að tryggja að menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna séu eins vel skilgreindar í lögum og frekast er kostur og m. a. verði sett skýr ákvæði í reglugerð um þessi mál.

Það frv. um brunavarnir og brunamál, sem hér er lagt fyrir á þskj. 43, felur í sér eftirfarandi meginbreytingar:

1. Nánar verði kveðið á um hlutverk Brunamálastofnunar varðandi kynningu og fræðslu svo og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

2. Öll sveitarfélög verði skylduð til að halda uppi brunavörnum nema ráðh. veiti sérstaka undanþágu.

3. Brunamálanefndir sveitarfélaga verði afnumdar sem ákvörðunaraðili um meðferð brota á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál en vald og skyldur slökkviliðsstjóra aukin í þessum efnum með bakhjarli í betur skilgreindri lagaskyldu Brunamálastofnunar ríkisins.

4. Tekjustofnar Brunamálastofnunar verði styrktir með hækkun brunavarnagjalds og breyttum reglum um álagningu þess.

Í grg. er rækilega gerð grein fyrir þeim þáttum í frv. þessu sem fela í sér helstar breytingar. Þar er um að ræða í fyrsta lagi þá breytingu á 2. gr. gildandi laga að brunatryggingafélögin í landinu tilnefni tvo menn í stjórn Brunamálastofnunarinnar í stað Sambands ísl. tryggingafélaga. Í grg. segir:

„Réttara þótti að aðild að stjórn stofnunarinnar væri bundin við þau félög ein, sem annast brunatryggingar, fremur en Samband ísl. tryggingafélaga, sem hefur innan sinna vébanda tryggingafélög sem ekki annast slíkar tryggingar. Þá er sú viðbót gerð í 2. gr. frv. varðandi kröfur um menntun brunamálastjóra, að arkitektar verði hlutgengir til starfans jafnhliða verkfræðingum og tæknifræðingum."

Í frv. eru í rauninni ekki gerðar aðrar tillögur um breytingu á stjórn stofnunarinnar en ég hef þegar rakið. Ég vil láta það sjónarmið mitt koma hér fram, að ég tel eðlilegt að sú þingnefnd, sem um málið mun fjalla, ræði möguleika á því að fækka nokkuð í stjórn stofnunarinnar til þess að gera hana virkari en hún er núna. Stjórn stofnunarinnar er fjölmenn miðað við stærð hennar. Þetta er sex manna stjón sem skipuð er til fjögurra ára í senn. Ég tel að þarna þyrfti að reyna að koma hlutum öðruvísi fyrir og jafnvel að athuga það, og ég beini því til nefndarinnar, að hún fækki jafnvel nokkuð í stjórn þessarar stofnunar.

Önnur breyting, sem ég ætla að gera hér aðeins grein fyrir, snertir 4. gr. frv. Þar koma fram tvær meginbreytingartillögur nefndarinnar: í fyrsta lagi, að öll sveitarfélög verði skyldug til að halda uppi brunavörnum nema ráðh. veiti sérstaka undanþágu, og í öðru lagi, að ákvæði um brunamálanefndir sveitarfélaga verði felld úr lögunum.

Í grg. með frv. er komist svo að orði um þennan þátt: „Brunavarnir eru m. a. í því fólgnar, að hlutaðeigandi sveitarfélag hafi slökkvilið sem fullnægi þeim kröfum um öryggi sem unnt er að krefjast miðað við aðstæður." Þetta er tilvitnun í 5. gr. gildandi laga. „Samkv. þessari lagaskyldu er nú 51 slökkvilið starfandi á vegum sveitarfélaganna, þar af á fáeinum stöðum sameiginlegt fyrir samliggjandi staði. Auk þess hefur slökkviliðum verið komið á fót í flestum sveitarfélögum þar sem eru minni þéttbýlisstaðir og einnig á nokkrum stöðum þar sem eru heimavistarskólar á framhaldsstigi, svo og í allmörgum hreinum dreifbýlishreppum. Á nokkrum svæðum landsins, þar sem svo hentar með tilliti til samgangna og fjarlægða, hafa sveitarfélög sameinast í brunavarnafélög um brunavarnir og slökkviliðsstarf. Er venjulega um að

ræða nokkra dreifbýlishreppa ásamt miðstöð í stórum þéttbýlisstað með kjarna sameiginlegs slökkviliðs og stundum einnig minni háttar útibú með slökkvibúnaði í hinum einstöku byggðum.

Auk þessa hefur verið komið á fót sérstökum slökkviliðum hjá stórum fyrirtækjum, t. d. Ísal og Áburðarverksmiðju ríkisins. Sýnir öll þessi þróun að nauðsyn hefur þótt vera á skipulögðum brunavörnum langt út fyrir ramma gildandi laga. Einnig ber að hafa í huga að sums staðar hefur myndast þéttbýli án fastrar búsetu, t. d. orlofs- og sumarhúsahverfi, þar sem veruleg þörf er á skipulögðum brunavörnum.

Af þessum sökum er lagt til að sú breyting verði gerð á lögum um brunavarnir og brunamál, að öllum sveitarfélögum verði skylt að halda uppi brunavörnum. Sérstakar aðstæður, t. d. í dreifbýlishreppum, gætu þó gefið tilefni til undanþágu sem veitt yrði af ráðh."

Ég vil þá víkja að 26. gr. frv., en hún fjallar um aðgerðir yfirvalda í héraði gagnvart brotum á lögum um brunavarnir og tilheyrandi reglugerð. Í gildandi lögum fjallar 29. gr. um sama efni. Þar er kveðið á um að slökkviliðsstjóri skuli leggja slík mál fyrir brunamálanefnd sveitarfélags sem ákveður hvort senda skuli málið til dómara. Einnig er það kveðið á um vald brunamálanefnda til að ákveða dagsektir og/eða stöðvun rekstrar fyrirtækja.

Reynsla af þætti sveitarstjórna — eða brunamálanefnda kosinna af þeim — sem ákvörðunaraðila í þeim efnum sem hér um ræðir er því miður ekki alltaf jákvæð. Þess eru allmörg og í stökum tilvikum mjög afdrifarík dæmi, að mál, er varða brot á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál, hafa stöðvast hjá þessum aðilum þar eð þeir hafi hikað við aðgerðir, t. d. gagnvart mikilvægum atvinnufyrirtækjum í litlum byggðarlögum. Í frv. er þess vegna lagt til að lögskipað vald brunamálanefnda í þessu efni sé afnumið, en staða slökkviliðsstjóra með Brunamálastofnun ríkisins að bakhjarli sé styrkt og jafnframt skýrar kveðið á um skyldur þessara aðila til að kæra brot sem hér um ræðir. Með þessu er reynt að hindra að áhrifavald einstakra atvinnufyrirtækja í heimabyggð eða opinberra aðila, þar sem sjálf sveitarstjórnin getur jafnvel átt í hlut, geti orðið til að stefna öryggi gagnvart eldhættu og brunatjóni í tvísýnu.

Herra forseti. Ég hef nú rakið helstu efnisatriði þessa frv. og tel ekki ástæðu til að fara mörgum frekari orðum um það. Ég vil þó að sjálfsögðu geta þess nokkru nánar, að í frv. er gert ráð fyrir því að styrkja nokkuð tekjustofna Brunamálastofnunar ríkisins. Stafar það af því, að tekjustofnar hennar hafa í rauninni rýrnað á undanförnum árum vegna lækkana á iðgjöldum brunatrygginga fasteigna og líka vegna verðbólguáhrifa. Er þess vegna lagt til í frv. þessu að tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, greiði stofnuninni 1.5% af brúttó-iðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á fasteignum og lausafé.

Í nefndinni og af hálfu brunamálastjóra hafa komið fram tillögur um að hækka þetta gjald enn frekar. Ég hef ekki treyst mér til þess að gera till. um það og hef því flutt tillögu nefndarinnar hingað óbreytta. En ég óska eftir að hv. nefnd, sem um málið fjallar, taki tekjustofnana til sérstakrar athugunar.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tel að það frv., sem hér er til umr., stefni að allt of miklu bákni, að allt of miklum tvíverknaði í þjóðfélaginu og þar af leiðandi allt of miklum tilkostnaði. Ég tel að brunavarnirnar eigi að vera deild í nýstofnuðu vinnustaðaeftirliti ríkisins.

Mér finnst ótækt að láta marga eftirlitsmenn vera að skoða sömu hlutina á sama stað. Það er oft hægt að leysa ákveðin vandamál á mismunandi hátt þó að báðar lausnirnar séu góðar.

Við getum hugsað okkur að eftirlitsmenn frá vinnustaðaeftirlitinu komi og segi að það eigi að leysa málið svona, svo komi eftirlitsmenn frá Brunamálastofnun og segi að það eigi að leysa málið hinsegin. Hvor tveggja lausnin er í sjálfu sér fullnægjandi, en þær geta stangast á, og hvorri á þá yfirmaður vinnustaðarins að fara eftir? Lögum samkv. verður hann að fara eftir báðum þó að þær stangist algjörlega á og þó að þær eigi hvor um sig að leysa sama vandamálið.

Við megum ekki gleyma því, að eftirlit með öryggi á vinnustöðum og brunavarnaeftirlit er mjög samtvinnað, því að eldvarnir eru vitaskuld mjög ríkur þáttur í öryggi á vinnustöðum. Ég tel að eftirlitsmenn vinnustaðaeftirlitsins eigi jafnframt að vera eftirlitsmenn með brunavörnum og að brunavarnaeftirlitsmenn eigi jafnframt að vera eftirlitsmenn með öryggi á vinnustöðum. Ef eftirlitsmennirnir, hvorir fyrir sig, þurfa viðbótarmenntun, þá ætti að vera auðvelt að leysa það.

Í frv. stendur í 3. gr. c að Brunamálastofnun eigi að yfirfara alla uppdrætti að nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á öllum — eða svo til öllum mannvirkjum öðrum en íbúðarhúsnæði. Hér er verið að stofna til feiknalegs skriffinnskubákns. Slökkviliðsstjórar eiga í dag sæti í byggingarnefndum, þar sem teikningarnar eru skoðaðar og staðfestar, og þeir geta gert sínar athugasemdir við teikningarnar með tilliti til eldvarna og gera það. Að láta aðra stofnun fara yfir þetta allt saman aftur er allt of mikill tvíverknaður og verður allt of dýrt. Slökkviliðsstjórar eiga aðvitað að geta vísað ákveðnum teikningum til frekari skoðunar, ef þeir telja þörf á, en að senda allar teikningar til skoðunar aftur, það finnst mér leiða til þess, að allt of mikið bákn muni upp af þessu rísa.

Í frv. er gert ráð fyrir verulegri hækkun brunavarnagjaldsins, eins og hæstv. ráðh. kom inn á í sinni framsögu, og er það út af fyrir sig skiljanlegt vegna þess að brunatryggingariðgjöld, en brunavarnagjaldið er ákveðinn hluti af þeim, hafa á síðustu 10—12 árum lækkað að raungildi um 50% eða nálægt því. Auk þess hafa þau lækkað vegna þess að hús eru í vaxandi mæli tengd við hitaveitur. Lækkunin er því mjög veruleg og þess vegna skil ég óskir um hækkun.

Mér finnst alltaf hvimleitt þegar verið er að skylda sveitarfélögin til að gera þetta og gera hitt og skylda þau til þess að taka að sér þennan og hinn kostnaðinn og þegar svo jafnframt, eins og í þessu tilviki, er verið að taka af þeim alla möguleika á að hafa áhrif á þetta með því að gera brunavarnanefndir sveitarfélaganna áhrifalausar. Mér finnst alveg furðulegt að gera þetta allt saman án samráðs við samtök sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég er auðvitað samþykkur frv. að því leytinu til, að ég tel mikla nauðsyn aukinna brunavarna og stóraukinnar fræðslu. Ég er sammála því, að stóraukin fræðsla verði á þessu sviði. En ég tel að þetta allt saman

sé hægt að gera á mun ódýrari hátt en frv. gerir ráð fyrir. Og ég tel, eins og ég sagði áðan, að brunavarnirnar eigi að vera deild í vinnustaðaeftirliti ríkisins. Það verður mun hagkvæmara og við losnum þá við óþarfa tvíverknað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Við 1. umr. um þetta mál er ekki ástæða til að fara mörgum orðum um frv. Ég vil aðeins fagna því, að það er fram komið, og tel að í þessu frv. sé margt til bóta frá því sem er í gildandi lögum.

Ég fagna því sérstaklega, að sú ákvörðun er tekin með framlagningu þessa frv. að Brunamálastofnun ríkisins starfi áfram sem sjálfstæð stofnun en verði ekki deild í vinnueftirlitinu, eins og hugmyndir munu hafa verið uppi um. Ég tel að stofnunin hafi á undanförnum árum sannað tilverurétt sinn og ástæða sé til að halda henni áfram sem sjálfstæðri stofnun.

Í athugasemdunum eru talin upp helstu atriðin sem gert er ráð fyrir að breyta frá gildandi lögum og hæstv. ráðh. taldi hér upp í fjórum liðum. Ég sé ekki ástæðu til að ítreka það. Ég er sammála um þau atriði, sem þar eru nefnd, og tel að það sé allt saman til bóta.

Ég ætla ekki að fara hér út í athugasemdir við einstakar greinar. Ég hef almennan fyrirvara um flutning brtt. eða fylgi við bær brtt. sem kunna að koma fram.

Ég tel ástæðu til að benda sérstaklega á 24. gr., sem hæstv. ráðh. gerði hér líka að nokkru að umtalsefni og fjallar um brunavarnagjald og fleira, eða hinn eiginlega tekjustofn Brunamálastofnunarinnar. Þarna er gert ráð fyrir hækkun á framlagi tryggingafélaganna úr 1.25% í 1.5%. Það kann að vera vafi á því, hvort um sé að ræða nokkra raunverulega hækkun vegna lækkunar iðgjalda sem átt hefur sér stað, þó að breyting á fasteignamati kunni þar að vega eitthvað á móti. En þetta er kannske ástæða til að athuga frekar. Ég vil þó taka fram að ég er ekki í hópi þeirra sem vilja þenja þessa stofnun út, og ég vil líka láta þess getið, vegna heimilda sem eru í 24. gr. og eru reyndar í gildandi lögum um aðra gjaldtöku en frá tryggingafélögunum, að ég teldi æskilegast að tekjustofnar Brunamálastofnunarinnar kæmu eingöngu frá tryggingafélögunum en ekki yrði þörf á því að setja sérstaka gjaldskrá. Um þetta hefur verið rætt í stjórn stofnunarinnar en ekki náðst þar samstaða og ekki heldur við Samband ísl. sveitarfélaga.

Hæstv. ráðh. minntist hér aðeins á stjórn stofnunarinnar og að honum þætti hún kannske of fjölmenn. Ég get að mörgu leyti tekið undir þetta sjónarmið. Það sitja sex í stjórninni núna. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því, að það sé endilega rétt að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn og Reykjavíkurborg annan. Ég held að það sé út af fyrir sig nægilegt að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa. Reykjavíkurborg er aðili að Sambandi ísl. sveitarfélaga og áhrifaaðili þar af eðlilegum ástæðum. Ég hef heldur enga sannfæringu fyrir því, að það sé nauðsynlegt að tryggingafélögin tilnefni endilega tvo. Það mætti alveg eins hugsa sér að þar nægði einn. Með þessu móti mætti fækka um tvo í stjórninni. Það er auðvitað ekki eðlilegt að stjórn einnar stofnunar sé fjölmennari en starfsliðið þó að það út af fyrir sig þurfi kannske ekki að benda á neitt óeðlilegt. En einhvern veginn kann ég ekki við það.

Þetta eru hugmyndir sem ég set fram og mér finnst ástæða til að hv. félmn. athugi sérstaklega, hvort þarna sé hægt að fækka og þá hugsanlega með þessum hætti.

Fyrst ég er farinn að minnast á þetta mál með stjórnina, þá vil ég líka benda á annað atriði sem breyting er gerð á í 2. gr. Það er þess efnis, að nú er gert ráð fyrir að eingöngu þau tryggingafélög, sem annast brunatryggingar, tilnefni í stjórnina, í stað þess sem nú er, að það er Samband ísl. tryggingafélaga. Ég er ekki alveg viss um að þarna sé farið inn á rétta braut, vegna þess að ég skil það svo að áfram muni greiða gjaldið þau tryggingafélög sem starfa í landinu og hafa ekki brunatryggingar fasteigna með höndum. Ég get nefnt þar Hagtryggingu h.f. Mér sýnist því ástæða til að athuga það sérstaklega.

Herra forseti. Það var ekki fleira sem ég vildi segja við þessa 1. umr., en ég fagna því að þetta frv. er fram komið.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir áhuga á þessu máli og sumpart jákvæðar undirtektir. Ég vil aðeins víkja að þeim athugasemdum sem fram hafa komið.

Þegar ég setti þessa nefnd í verk, sem ég gerði grein fyrir áðan, bað ég um sérstakt álit á því máli sem hv. þm. Magnús H. Magnússon nefndi, þ. e. um hvort það væri hugsanlegt að tengja þessa stofnun við Vinnueftirlit ríkisins. Nefndin skilaði mér nokkuð ítarlegri grg. um þetta mál. Þar er farið yfir svokölluð stjórnunarleg rök í þessum efnum og efnahagsleg rök. Niðurstaða nefndarinnar er sú, að það sé óeðlilegt að setja þessa stofnun undir Vinnueftirlit ríkisins þar sem því sé ætlað að starfa á allt öðru sviði en Brunamálastofnun ríkisins á að gera.

Í þessu sérstaka áliti segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Þau verkefni, sem Brunamálastofnun ríkisins er ætlað að sinna samkv. núgildandi lögum um brunavarnir og brunamál, snerta öryggi alls almennings í landinu og varnir gegn tjóni á eignum og mannvirkjum af hvers konar tagi, bæði í eigu einstaklinga og opinberra aðila. Þessi verkefni, svo sem almennar brunavarnir og slökkvistarf, hafa af þessum ástæðum heyrt undir almannavaldið, þ. e. sveitarfélög og ríkisvald. Vinnueftirliti ríkisins er hins vegar ætlað það hlutverk „að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi og að tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál" o. s. frv., sbr. 1. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum." Eftir sömu lögum verður stjórn Vinnueftirlits ríkisins að mestu skipuð aðilum vinnumarkaðarins eðli málsins samkvæmt." — Eins og hv. þm. er kunnugt er hún nánast eingöngu skipuð fulltrúum aðila vinnumarkaðarins, fyrir utan formann stjórnar Vinnueftirlitsins sem er skipaður af félmrh. án tilnefningar.

„Brunamálanefnd telur því augljóst," segir hér í nál., „að Vinnueftirliti ríkisins sé ætlað að starfa á mun þrengra sviði en Brunamálastofnun gerir samkv. gildandi lögum og að ekki komi til álita að þeir almennu öryggis- og björgunarþættir, sem Brunamálastofnunin hefur með höndum, verði alfarið settir undir stjórn aðila vinnumarkaðarins. Á hinn bóginn telur nefndin augljóst að mikilvægir þættir eru sameiginlegir í starfi Brunamálastofnunar og Vinnueftirlitsins. Þar er um að ræða allt er varðar öryggi gegn eldsvoða á vinnustöðum, svo sem fræðslu um brunahættu og slökkvistarf, eldvarnareftirlit og annað fyrirbyggjandi starf. Æskilegt er einnig að varsla gagna og skrifstofuhald verði sameiginlegt, en til að svo megi verða þurfa þessar tvær stofnanir að vera

undir sama þaki. Um þessa og aðra augljósa þætti þarf að skapa náið samstarf svo að sameiginlegir starfskraftar nýtist sem best og fjármunir sparist í rekstrinum."

Síðan er það niðurstaða nefndarinnar að því er varðar efnahagsleg rök, að þau séu í rauninni ekki til staðar vegna þess að þau verkefni, sem Brunamálastofnunin sinni, séu það mikilvæg að þau hljóti að verða unnin hvort eð er og það sé ekki unnt þar af leiðandi að spara fjármuni til þeirra.

Síðan segir nefndin að lokum í sínu áliti:

„Af þessum sökum telur nefndin ekki koma til greina að Vinnueftirlit ríkisins, í því formi og undir slíkri stjórn sem gildandi lög gera ráð fyrir, hafi yfirstjórn brunamála þjóðarinnar alfarið með höndum."

Þessi niðurstaða er mjög afdráttarlaus, eins og ég hef hér gert grein fyrir, og ég held að það sé alveg ljóst að mjög hæpið sé að setja Brunamálastofnunina undir Vinnueftirlitið. Hitt er svo aftur allt annað mál og sjálfsagt að stuðla þarna að samstarfi á milli aðila.

Hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússon, nefndi auk þess tvö önnur efnisatriði í frv. þessu. Það er þá fyrst c-liður 3. gr., að það væri hlutverk Brunamálastofnunarinnar að yfirfara uppdrætti að nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum töldum í b-lið þar á undan til þess að ganga úr skugga um að lögum og reglugerðum, sem að brunamálum lúta, sé fullnægt. Þessi ákvæði eru óbreytt frá gildandi lögum, Brunamálastofnunin á samkv. gildandi lögum að sinna þessu verki. Hér er að vísu um orðalagsbreytingu að ræða, en ég held að þar sé ekki um efnisbreytingu að ræða. Ég held að það sé alveg öruggt að svo sé ekki. Brunamálastofnunin á að sinna þessu verki samkv. gildandi lögum. Hana hefur að *vísu skort til þess mannafla og fjármuni á undanförnum* árum, en ég sé ekki hvaða önnur stofnun eða annar aðili í þjóðfélaginu er betur til þess fallinn að yfirfara uppdrætti að nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjum í sambandi við brunavarnaeftirlit og eldvarnir. Ég held því að þetta sé best komið hjá Brunamálastofnuninni.

Í sambandi við sveitarfélögin, sem hv. þm. nefndi áðan, er ekki alveg rétt að það sé verið að kasta sveitarfélögunum út. Sveitarfélögunum er í raun og veru ætluð alveg afdráttarlaus lagaskylda í þessum efnum, og þó að brunamálanefndirnar, eins og þær hafa verið, séu lagðar niður eiga slökkviliðsstjórar að hafa betri möguleika á að úrskurða um hugsanleg brot á lögum og reglugerðum í þessu efni. Brunamálanefndirnar hafa átt mjög erfitt í þessum efnum. Þær hafa ekki getað sinnt sinni lagaskyldu eins og nauðsynlegt er af mörgum ástæðum, m. a. vegna þess að í þeim eru að sjálfsögðu oft aðilar sem eru í tengslum við t. d. stærri atvinnufyrirtæki á stöðunum o. s. frv. Þannig eru auðvitað ýmis rök sem eru á móti því, að úrskurðarvald af þessum toga sé í höndum nefnda eins og brunamálanefndirnar hafa verið. Þess vegna er sú breyting lögð til sem hér var gerð grein fyrir. Ég held að hún sé mjög til bóta, og ég mótmæli því alfarið að það sé verið að lítilsvirða sveitarfélögin hér á nokkurn hátt. Það var a. m. k. ekki ætlunin. En ef eitthvað kemur fram af ábendingum til bóta í þessu efni og öðrum varðandi þetta frv. við meðferð málsins á Alþingi verður að sjálfsögðu að hlusta á það og taka tillit til slíks og allar aths. ber að skoða með tilliti til þess.

Varðandi aths. frá hv. þm. Ólafi G. Einarssyni er þess að geta, að í 24. gr. er gert ráð fyrir að brunatryggingariðgjaldið sé 1.5% af brúttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé. Þetta gjald kemur þar af leiðandi væntanlega ekki á önnur tryggingafélög en þau sem hafa brunatryggingar og því eðlilegt að mínu mati að takmarka aðild að stjórn stofnunarinnar við þau tryggingafélög sem örugglega eru með brunatryggingar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til félmn. með 26 shlj. atkv.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 18). — Frh. 1. umr.

Sighvatur Björgvinsson [frh.]: Herra forseti. Á síðasta fundi þessarar deildar var fundartíma lokið áður en mér auðnaðist að ljúka ræðu minni, en ég tók til máls til þess m. a. að svara ýmsum ásökunum sem komið höfðu fram í minn garð og okkar Alþfl.-manna í máli hv. þm. Baldurs Óskarsson. Kom m. a. fram í þessari ræðu minni að ég taldi að það væri rangt, sem haldið hefði verið fram af þeim Alþb.-mönnum og gert ítrekað að umræðuefni í blaði þeirra, Þjóðviljanum, að náðst hefði eitthvert allsherjarsamkomulag hjá launþegahópunum um samstöðu í komandi kjarasamningum. Ég skýrði m. a. frá því, að daginn áður, 20. okt. s. l., hefðu á 72 manna nefndarfundi Alþýðusambands Íslands verið kynntar niðurstöður Sambands byggingarmanna og Málm- og skipasmíðasambands Íslands þess efnis, að þessi sambönd lýstu því yfir að þau hugsuðu sér ekki að eiga samleið með öðrum launþegahópum í komandi kjarasamningum nema að mjög takmörkuðu leyti. Samband byggingarmanna *tók fram í stefnumörkun sinni*, sem sambandið kynnti á 72 manna nefndarfundinum, að það hygðist fara með samninga sína að öllu öðru leyti sjálft en aðeins hvað varðaði kaupgjaldsvísitöluna, sem Alþýðusamband Íslands ætti að fara með. M. ö. o.: Samband byggingarmanna kynnti 72 manna nefnd Alþýðusambands Íslands þá eindregnu afstöðu sína að nú ætluðu byggingarmenn að semja einir um öll sín kjaramál, sem máli skiptu, að öðru leyti en í einu atriði, þ. e. kaupgjaldsvísitölunni, sem Alþýðusambandið færi með.

Þegar þessi tillaga Sambands byggingarmanna var til umfjöllunar fyrst man ég eftir því, — ég hafði nú ekki, herra forseti, tíma til að gá að því, en það er lítill vandi að ganga úr skugga um það, — að dagblaðið Þjóðviljinn skýrði frá umfjöllun um málið undir fyrirsögn eitthvað á þá lund, að Samband byggingarmanna legði mikla áherslu á heildarsamflotið í verkalýðshreyfingunni og mundi taka þátt í slíku. Nú hefur hins vegar komið í ljós að það var þveröfug ákvörðun sem þá var í undirbúningi og hefur nú verið tekin. Samband byggingarmanna var alls ekki að undirbúa neina ákvörðun um að standa með láglaunafólkinu innan Alþýðusambands Íslands í sambandi við kröfugerð og samningagerð, heldur þvert á móti. Sambandið var að undirbúa þá ákvörðun sína að standa eitt að kröfu- og kjarasamningagerð um öll önnur atriði en kaupgjaldsvísitöluna.

Nokkuð hefur frést um einstök kröfugerðaratriði Sambands byggingarmanna. Þau voru einnig kynnt á 72 manna nefndarfundinum. Ég hef þá kröfugerð fyrir framan mig hér. Ég er ekki til þess fær að gefa neitt mat á því, hvað kröfugerð Sambands byggingarmanna þýðir, hvað þeir fara fram á miklar launahækkanir, en það þori

ég að fullyrða að er margfalt á við þá launahækkunarkröfu sem m. a. kom fram hjá báðum hlutum í Verkamannasambandi Íslands þegar Verkamannasambandið þingaði um sína kröfugerð fyrir nokkrum dögum. Það má út af fyrir sig deila um hvort í kröfugerð Sambands byggingarmanna felst 40 eða 80% launahækkunarkrafa, en um það verður ekki deilt, að sú krafa hlýtur að skrifast með a. m. k., eins og þarna er gert, tveimur tölustöfum og er margföld á við kröfu láglaunafólksins.

En herra forseti, Samband byggingarmanna var ekki eitt um að tilkynna á 72 manna nefndarfundinum að það hygðist standa eitt og ekki taka þátt í heildarsamfloti með Alþýðusambandi Íslands að öðru leyti en um einstök atriði, og þau kannske óraunveruleg, í sameiginlegri kröfugerð Alþýðusambandsins. 20. okt. s. l. kynntu fulltrúar Málm- og skipasmiðasambands Íslands fyrir 72 manna nefnd Alþýðusambands Íslands þá afstöðu sína, að þeir teldu óhjákvæmilegt að málmiðnaðarmenn og skipasmiðir leituðu eftir beinum viðræðum við viðsemjendur sambandsfélaga Málm- og skipasmiðasambands Íslands um margvísleg hagsmuna- og kjaramál, sem, eins og segir í ályktuninni, „ekki verða leyst á öðrum vettvangi". Þeim kemur ekki einu sinni til hugar, forstöðumönnum Málm- og skipasmiðasambands Íslands, að gera tilraun til þess að vera í samfloti með verkalýðshreyfingunni. Þeir segja að þessi mál, sem þeir ætli sér að semja um, sérstök kjaramál sín, verði ekki leyst á þeim vettvangi.

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það, eins og ég áður gat um, að bókagerðarmenn, sem lúta forustu elsta og virðulegasta stéttarfélags á Íslandi, hafa ekki aðeins ákveðið að vera ekki lengur í samfloti með Alþýðusambandsforustunni, heldur hafa sagt skilið við Alþýðusamband Íslands og sagt sig úr lögum við Alþýðusambandið. Ekki verða þeir því með í samflotinu. Rafiðnaðarmenn hafa tekið sömu afstöðu. Rafiðnaðarmenn verða ekki heldur með í samflotinu. Samband byggingarmanna hefur tilkynnt Alþýðusambandinu að það muni senda nánast áheyrnarfulltrúa, eins konar ambassador eða sendiherra, í væntanlega samningagerð Alþýðusambands Íslands, en ætli sér þar aðeins að hafa afskipti af kaupgjaldsvísitölumálum og fylgjast með því að verða nú ekki af þeim molum sem kunni að hrjóta á borð lágtekjufólksins. Öll önnur kjaraatriði ætlar Samband byggingarmanna að semja um eitt og sér. Blöðin skýra frá því, að kröfugerð byggingarmanna sé á bilinu 60—80%. Þetta er þriðja fagsamband faglærðs fólks innan Alþýðusambands Íslands sem ætlar ekki að vera í samflotinu. Fjórða fagsambandið, Málm- og skipasmiðasamband Íslands, tilkynnir sömu niðurstöðu. Það ætlar ekki heldur að vera með. Það ætlar að hafa fulltrúa innan dyra við heildarsamningagerð Alþýðusambandsins til að fylgjast með því að það fari ekkert fram hjá málm- og skipasmiðum af því sem þar kann að verða gert, en um kröfugerðina ætlar það að hafa sérstöðu, og samningamálin, sem skipta málm- og skipasmiði einhverju sérstöku máli, um kaup og kjör ætla þeir að annast sjálfir. Ég hef ekki nákvæmar upplýsingar í höndunum um hvað járniðnaðarmenn hyggjast fyrir frekar en ég hef gert grein fyrir hér í máli mínu. Eftir stendur sem sé aðeins að láglaunafólkið í Alþýðusambandinu, verslunarmennirnir, verkamennirnir, verkakonurnar og Iðjufólkið, stendur nú eitt. Samflotið, sem alltaf er verið að prédika, er aðeins með þátttöku þess og með óverulegri þátttöku nokkurra annarra félaga faglærðs fólks, sem þó lýsa því yfir, ef þau eru ekki þegar búin að segja sig úr lögum við Alþýðusambandið, að þau ætli að semja ein og sér um sín mál. Og ég bið menn að íhuga það, að þó svo þessi sambönd hálaunafólksins ætli sér að hafa sendifulltrúa við, þegar láglaunafólkið ástundar sína kjarasamningagerð, verka þau „stjórnmálasamskipti" ekki á hina hliðina. Iðjufélögin, Verkamannasambandsfélögin og Verslunarmannafélögin fá enga áheyrnarfulltrúa að hafa við kjarasamningagerð bókagerðarmanna, byggingarmanna, Málm- og skipasmiðasambandsins né Rafiðnaðarsambands Íslands. Stjórnmálasamskiptin innan verkalýðshreyfingarinnar eru þarna öll á eina hlið. Sambönd hærra launuðu hópanna í Alþýðusambandinu ætla sér að sjá til þess að hafa greiðan aðgang að samningagerðum láglaunafólksins svo að ekkert, sem þar kann að vera samið um, fari fram hjá þeim. En láglaunafólkið oghv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og hans félagar fá hvergi nálægt að koma þegar þeir hafa lokið sínum samningagerðum og byggingarmenn, bókagerðarmenn, rafiðnaðarmenn og málm- og skipasmiðir hefja alvörusamningagerðina fyrir sig.

Herra forseti. Ég þori að fullyrða, að þrátt fyrir að þessar upplýsingar, sem ég hef verið að gefa hér, liggja nú fyrir mun Þjóðviljinn og þeir Alþb.-menn halda áfram að hamra á því, sérstaklega gagnvart láglaunafólkinu, að nú eigi að vera um heildarsamstöðu að ræða í kjarasamningagerðinni, nú sé heildarsamflot fyrir dyrum. Þeir munu örugglega halda áfram að hamra á þessu, Alþb. og Þjóðviljinn, eins og hefur verið gert gegn betri vitund fram að þessu.

En hvað þýðir þessi pólitík fyrir láglaunafólkið? Hún kann að gagnast íhalds- og Alþb.-forustunni í Alþýðusambandinu til að fela það að hún ræður ekki lengur við það verkefni sitt að láta Alþýðusamband Íslands ganga fram í einni órofa fylkingu. Hún kann að fela þá staðreynd fyrir láglaunafólkinu. Til þess eru þessar fullyrðingar settar fram. En hvað þýða þessar röngu fullyrðingar fyrir láglaunahópana? Þær þýða að með þessu er vitandi vits verið að reyna að telja láglaunafólkinu trú um að horfurnar séu ekki þær sem þær eru, að fyrst eigi að láta láglaunafólkið ganga frá sínum kjarasamningum á grundvelli þeirrar hóflegu kröfugerðar, sem Verkamannasamband Íslands gerði að fyrirlagi forustumanna þar, og láta láglaunafólkið standa í þeirri meiningu, að slík samningagerð verði knúin fram í heildarsamfloti þannig að hærra launuðu hóparnir fái þá ekki meira. En þegar þeirri kröfugerð er lokið og þeirri samningagerð er lokið ætla hærra launuðu samböndin í Alþýðusambandinu að koma í kjölfarið og gera „læknasamninga", eins og læknar gerðu við hæstv. fjmrh.

Herra forseti. Ég vænti þess, að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannasambands Íslands og einn skeleggasti talsmaður láglaunafólks í þjóðfélaginu, komi hér upp á eftir, og ég leyfi mér að spyrja þann hv. þm. algerlega áreitnislaust: Sér hv. þm. ekki í hendi sér þá hættu sem láglaunafólkið er í — þá hættu sem blasir við láglaunafólki með þeirri stöðu sem upp er komin í samningamálunum? Hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því, að það er ekki unnt að halda því lengur fram að stefnt sé að heildarsamfloti í kjarasamningagerðunum þegar liggur á borðinu hver afstaða hálaunahópanna í Alþýðusambandinu er. Og hv. þm. hlýtur að vita að það er mikill ábyrgðarhluti fyrir hann og

félaga hans að taka þátt í þeirri pólitík Þjóðviljans og flokksforustunnar í Alþb. að reyna að telja láglaunafólkinu trú um að málin séu öðruvísi í pottinn búin en þau eru. Það er stórhættuleg iðja. Hann hlýtur að hafa orðið var við það, hv. þm., hvernig aðstæðurnar eru orðnar í sambandi hans, Verkamannasambandi Íslands, vegna þess að hvað sem hver segir hefur láglaunafólkið fengið sannleikann á tilfinninguna. Það veit, þó að það sé reynt að leyna sannleikanum fyrir því, hver hann er. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hlýtur að hafa orðið þessa var á síðasta þingi Verkamannasambands Íslands. Þar var ekki um neinar pólitískar atlögur að ræða. Sú hreyfing, sem kom fram á þingi Verkamannasambands Íslands, átti ekki upptök sín í neinum stjórnmálaflokki, neinni flokksforustu. Það var hrein grasrótarhreyfing sem þar reis upp. Það var hreyfing sem átti upptök sín á vinnustöðunum meðal láglaunafólksins. Og hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hlýtur manna helst, maður sem hefur jafnmikla reynslu af verkalýðsmálum og hann, að gera sér grein fyrir því, hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir hann og hans samtök ef hann lætur hina pólitísku forustu Alþb. leiða sig lengra út á þá braut en þegar er orðið að ætla að telja láglaunafólkinu í landinu trú um að það séu í aðsigi einhverjir heildarsamningar allra launþegahópanna um hóflegar kjarabætur. Svo er aldeilis ekki, miðað við þær ákvarðanir sem þessir hópar, sem ég kynnti áðan, hafa þegar tekið.

Ég get verið fyllilega sammála hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og þeim félögum hans í Verkamannasambandi Íslands, sem stóðu að mótun kröfugerðar um hóflega stefnu í kjaramálum, að sú afstaða er rétt. Verkalýðshreyfingin hlýtur að hafa lært að raunveruleg kaupmáttaraukning skiptir meira mála en einhver krónutöluhækkun kaupgjalds, sem þegar í stað er tekin aftur af ríkisstj., eins og gert var á s. l. hausti. Ég er sammála hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, þó að ég sé í stjórnarandstöðu, að sú stefna, sem Verkamannasambandsþingið markaði, er skynsamleg stefna, raunhæf stefna. En hann hlýtur líka að vera mér sammála um það, að þó svo að Verkamannasamband Íslands marki slíka skynsamlega stefnu í launamálum hafa hinir hóparnir í Alþýðusambandi Íslands ekki gert það. Þeir ætla sér það ekki og hafa ekki gert kröfur um slíkt. Þeir ætla sér að koma í kjölfar samninga láglaunafólksins og fara fram á margfaldar kauphækkanir í sína þágu. Sjálfsagt fá þeir því framgengt vegna þess að þeir geta bent á fordæmið. Þeir geta bent á það fordæmi sem ríkisstj. og hinir pólitísku foringjar Alþb. gáfu með „læknasamningunum", þegar þeir töldu rétt að gera samninga við helstu hálaunastétt þjóðfélagsins um kauphækkanir einhvers staðar á bilinu 19—40%.

Herra forseti. Ég varð mjög áþreifanlega var við það á ferðum mínum í sumar, að fjölmargir launþegar í láglaunahópunum þóttust vita að þróunin mundi verða þessi, hvað svo sem Alþb. og Þjóðviljinn segðu. Ég varð t. d. mjög var við það vestur á fjörðum að þetta var mjög eindregin skoðun verkafólks þar og þá ekki Alþfl.-manna frekar en annarra. Forustumenn verkalýðsfélaganna á Vestfjörðum voru almennt þeirrar skoðunar, að málin mundu taka þá stefnu sem þau hafa núna tekið, að þetta samfylkingartal í Alþb. og Þjóðviljanum mundi reynast falsið eitt og flættskapurinn einfaldlega vegna þess að sambönd hærra launaða fólksins innan Alþýðusambands Íslands væru ekki á þeim buxunum að taka þá afstöðu.

Ég vek athygli á því, herra forseti, að flestöll sambönd hálaunamanna í Alþýðusambandinu lúta forustu yfirlýstra Alþb.-manna. Það sýnir enn frekar tvískinnunginn í málflutningnum, að hin pólitíska forusta Alþb. skuli vera að halda fram alveg fram á síðasta dag að fyrir dyrum standi einhver samfylkingarpólitík í launamálum þegar miðstjórnarmenn og yfirlýstir flokksmenn sama flokks, sem veita hærra launuðu samböndunum forustu, eru að undirbúa sérstöðu. Ég fann greinilega á ferðum mínum í sumar að þetta var mat verkafólksins í mínu kjördæmi og forustumanna þar að mundi gerast — líka þeirra forustumanna í verkalýðshreyfingunni á Vestfjörðum sem tilheyra Alþb., en þeir eru til þó að þeir séu ekki óskaplega margir.

Það er nú komið í ljós að þessir menn höfðu rétt fyrir sér. Það hefur nú komið í ljós að eftir allt umtalið, eftir allt japl, jaml og fuður í sumar stendur láglaunafólkið eitt. Það stendur eitt. Verkamannasambandið, Iðja og verslunarmenn standa nú ein í Alþýðusambandinu og berjast fyrir samstöðu. Önnur sambönd, að undanteknu Sjómannasambandi Íslands, hafa þegar tekið afstöðu gegn þeirri línu. Það hlýtur að valda mönnum a. m. k. einhverri umhugsun, jafnvel þeim hv. þm. Alþb. og á ég þá ekki við hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson, sem meta flokkshollustuna meira en trúnaðinn við umbjóðendur sína í verkalýðshreyfingunni. Ég tek það enn og aftur fram, að með þeim orðum er síður en svo stefnt að hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, vegna þess að hann þekkir mætavel sinn vitjunartíma í þeim málum.

Herra forseti. Varðandi frv. það, sem hér er til umr., hef ég bent á að tilurð þess hér og tilkoma og flutningur þess á s. l. þingi varð m. a. til þess að vekja umræður á ný um skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar — umræður sem var hleypt af stað á liðnum vetri og hafa stöðugt færst í vöxt með hverjum mánuði síðan. Þó ekkert annað kæmi til en sú umræða væri vakin er málið þarft. Í annan stað hef ég bent á það einnig, að meginatriði þessa frv. séu tvö. Þau skipta meginmáli.

Það er í fyrsta lagi bent á og það er engin ný staðreynd, að skipulagið í verkalýðshreyfingunni kemur í veg fyrir að barátta ýmissa verkalýðssinna fyrir samstöðu í kjarasamningagerð og mótun heildarlaunastefnu á vegum Alþýðusambandsins náist fram. Þetta er engin ný kenning hjá flm. frv. Þetta er afstaða sem lá fyrir á þingi Alþýðusambands Íslands þegar árið 1958. Það er annað af meginatriðum frv. að benda á að ástæðan fyrir því, að ekki hefur tekist sem skyldi að marka heildarlaunastefnu á vegum verkalýðshreyfingarinnar og fá fram sérstakar kjarabætur fyrir láglaunafólkið, er m. a. skipulag verkalýðshreyfingarinnar. Hitt er það að leggja til að með nýju skipulagi í verkalýðshreyfingunni verði lögð áhersla á vinnustaðinn sem grunneiningu og — ef ég mætti taka mér í munn orð þess manns sem við sækjum til vitneskju um slíkt — skipulagsmyndin yrði frekar lóðrétt en lárétt. Það er annað meginatriði frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Ég sé ekkert athugavert við að lýsa yfir samþykki mínu við þessi tvö meginatriði, enda hefur ekki minni aðili en sjálft þing Alþýðusambands Íslands gert það þrívegis.

Um önnur atriði í frv. hv. þm. má deila. Þar eru ýmis framkvæmdaatriði sem eiga að ná þessari stefnu fram. Um það má deila, og þau gera það m. a. að verkum, að ég er ekki flm. að frv. með hv. þm. Einnig má deila um það,

eins og menn gera hér, hvort sé tímabært, hvort rétt sé að Alþingi skipi slíkum málum með lögum, og einnig, þó að menn séu samþykkir því, hvenær sé rétt að gera það eða hvort eigi að láta reyna frekar á að Alþýðusamband Íslands og önnur launþegasambönd nái fram samþykktum sínum áður en slíkt er gert. Við megum ekki gleyma því, að hér er ekki lagt til að neyða einhverju skipulagi upp á Alþýðusambands Íslands sem það er andvígt. Hér er aðeins lagt til að framkvæmd sé skipulagsbreyting sem Alþýðusamband Íslands samþykkti fyrir 20 árum og hefur ítrekað samþykki sitt við, en hefur ekki enn komið til framkvæmda.

Ég vildi, herra forseti, að þetta lægi alveg ljóst fyrir af minni hálfu, jafnframt því sem það hefur aldrei verið mín skoðun og er ekki að það sé einhverjum forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar að kenna að fólk búi við lág laun í þessu þjóðfélagi. Það er ekki hægt að kenna forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar um slíkt. Það er hægt að kenna m. a. skipulagi verkalýðshreyfingarinnar um það en alls ekki forustumönnum hennar. Mér er mætavel kunnugt hvernig þessir menn leggja sig fram um að ná kjarabótum fyrir félagsmenn sína og hvernig þessir menn leggja sig margir hverjir sérstaklega fram um að fá félagsmenn að taka þátt í stefnumótun og starfi við kjarasamningagerð og í almennu félagsstarfi verkalýðsfélaganna. Það er því ekki sanngjarnt að saka þá um að bera persónulega ábyrgð á deyfð í verkalýðshreyfingunni né heldur að bera persónulega ábyrgð á því, að launakjör skuli ekki vera betri en þau eru. En þessir forustumenn, eins og aðrir aðilar í Alþýðusambandinu sem málum ráða, bera að sjálfsögðu nokkra ábyrgð á því að hafa ekki komið fram þeim skipulagsbreytingum á Alþýðusambandinu sem m. a. hefðu stuðlað að því, að láglaunafólkið hefði átt auðveldara með að ná fram kröfum sínum en raun ber vitni.

Herra forseti. Það voru einnig ýmis önnur atriði sem ég benti á í ræðu minni síðast að þyrfti sérstaklega að huga að. Ég benti m. a. á að ef menn ætla að gera einhverjar umtalsverðar breytingar á skipulagi vinnumarkaðarins er ekki nóg, eins og hv. þm. Baldur Óskarsson tók raunar fram í sinni ræðu, að snúa sér aðeins að einhverjum tilteknum geira í launþegahreyfingunni. Það eru mörg önnur launþegasambönd til í landinu en Alþýðusamband Íslands. Ef menn ætla að kortleggja vinnumarkaðinn upp á nýtt þýðir auðvitað ekki að snúa sér að Alþýðusambandinu einu, en líta ekki á skipulagsmál launþegahreyfingarinnar í heild. Það þýðir ekki heldur að líta aðeins á skipulagsmál launþegasamtakanna. Það verður auðvitað líka að sjá svo til, að skipulag vinnukaupendanna, atvinnurekandanna, stangist a. m. k. ekki á við skipulag verkalýðshreyfingarinnar.

Það er ekki tekið sérstaklega á þessum málum í frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Það þýðir að fjölmörg vandkvæði í skipulagsmálum launþegasamtakanna verða ekki leyst jafnvel þó að Alþingi samþykki það frv., t. d. *vandamál sem verða víða á mörkum heildarsamtaka* launafólks, eins og á mörkum ASÍ og BSRB, þar sem fólk getur búið við misjöfn kjör og misjafnt vinnuöryggi þó að það vinni hlið við hlið á sama vinnustaðnum sama starfið, ef það er meðlimir sitt í hvoru félagi. Á því máli er ekki tekið í frv. Vilmundar Gylfasonar. Auðvitað þarf að tryggja að skipulag verkalýðshreyfingarinnar sé ekki þannig að það bókstaflega geri það að verkum að menn búi við misjöfn kjör fyrir að vinna sömu störf eftir því í hvaða félögum þeir eru. Sama vandamál er líka á mörkum BSRB og BHM t. d. varðandi kennara í grunnskólum. Það getur skipt máli fyrir mann, sem kennir í grunnskóla og getur verið í báðum samböndunum, í hvoru hann er. Það getur skipt mjög verulegu máli í kaupi og kjörum. Þeir sem hafa áhuga á að launajafnrétti sé í þjóðfélaginu, þeir sem hafa áhuga á að sömu laun séu greidd fyrir sömu störf, þeir sem hafa áhuga á að launin ráðist af framlagi mannsins í þágu þjóðfélagsins, en ekki af því í hvaða félagi hann skipar sér í sveit, verða auðvitað einnig að taka á þessu vandamáli. Það er ekki heldur gert í frv. Vilmundar Gylfasonar.

Meginatriðin í frv. hafa í fyrsta lagi orðið til þess að vekja umr. um málið, í öðru lagi er tekin afstaða með þeim skipulagsgrunneiningum sem þar er gert og í þriðja lagi bent á að skipulag verkalýðshreyfingarinnar hefur orðið láglaunafólkinu sérstaklega fjötur um fót. Þetta er allt saman rétt hjá hv. þm. Þetta er meginkjarninn í málflutningi hans. Undir þann meginkjarna get ég vissulega tekið þótt ég sé ekki sammála hv. þm. um ýmis önnur efnisatriði í frv. hans. Ég held þó að slíkt skipti hv. þingmann miklu minna máli í sjálfu sér en þau atriði sem ég hef hér rætt um, og ég trúi því, að hann mundi vera fús til þess að breyta þeim efnisatriðum ef farið yrði þess á leit við hv. þm.

Herra forseti. Ég ætla ekki að halda miklu lengur áfram, en ég vildi gjarnan segja nokkur orð að lokum.

Ég held að þrátt fyrir allt ættum við að gæta þess, sem tilheyrum flokkum hér á Íslandi sem vilja verkalýðshreyfingunni vel, að í flestöllum störfum okkar, bæði á Alþingi og utan þess, þó að okkur kunni að greina á um leiðir, þarf okkur ekki að greina á um markmið. Við skulum reyna að líta svo á að flestöll afskipti, sem við reynum að hafa af þeim málum, séu jákvæð, a. m. k. ekki í því skyni gerð að torvelda verkalýðshreyfingunni baráttu hennar eða að minnka hlut launamannanna í þjóðfélaginu. Við skulum líka gera okkur grein fyrir því, hvaða afleiðingar það hefur haft að leiða íhaldsöflin til slíkra lykilvalda í þjóðfélaginu sem þau nú hafa náð. Hvað þýðir það fyrir framtíð verkalýðssinna og vinstri manna á Íslandi að íhaldið, leiftursóknaröflin hans Svavars Gestssonar, hæstv. ráðh., hefur verið gert að oddvita ríkisstj., að stærsta afli í stjórnarandstöðu og að oddaafli í verkalýðshreyfingunni? Raunverulegir vinstri menn hljóta að fara að hugsa alvarlega um þessi mál, vegna þess að ef svo heldur fram sem horfir fæ ég a. m. k. ekki annað séð en hætta sé á að íhaldsöflin í þjóðfélaginu nái hér slíkum undirtökum að það muni taka verkalýðshreyfinguna og vinstri menn mörg ár, jafnvel áratugi, að bæta fyrir þau afglöp sem unnin hafa verið í þessu sambandi á umliðnum fáum misserum. Ég held, þrátt fyrir allt og þrátt fyrir að okkur finnist oft gaman að deila, Alþfl.-mönnum og Alþb.-mönnum, og höfum um margt að deila, að við ættum af og til í þeim deilum að gefa okkur ráðrúm til að hugsa eilítið eitthvað í þessa veru til að reyna að átta okkur á hvað við ætlum að gera og hvernig við ætlum að halda á málum. Staðreyndin er orðin sú, að einn ávöxtur þessara deilna okkar er einhver mestu undirtök íhaldsins í íslensku verkalýðs- og stjórnmálalífi sem sagan hefur nokkru sinni þekkt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar ég heyrði niðurlagsorð hv. síðasta ræðumanns varð mér hugsað að

betur væri að satt væri. Því miður er ekki enn búið að koma ýmsum af leiðtogum Alþb. og Alþfl. frá kjötkötlum verkalýðshreyfingarinnar, en ef horft er til baka til síðustu missera verður ekki langt í það, og væri sársaukalaust af minni hálfu þó að einstaka framsóknarmaður fylgdi þar með í kaupið. Sannleikurin er nefnilega sá, að á þessum síðustu mánuðum og misserum hefur launafólk orðið fyrir ósegjanlegum vonbrigðum.

Við munum eftir því, að þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar tók við völdum á árinu 1974 voru jafnvel menn eins og Lúðvík Jósepsson búnir að gera sér grein fyrir því, að ríkisstj., sem þá sat, gæti ekki setið áfram við völd án þess að kaupið yrði skert verulega. Þó munum við, að kjarasamningarnir, sem gerðir voru á öndverðu ári 1974, voru gerðir eftir leiðsögn Alþb.-ráðherranna þá, og við munum líka, að ekki leið á löngu áður en sú ríkisstj., sem þar sat með Alþb.-ráðherrana í broddi fylkingar, ákvað einhliða og án samráðs við Alþýðusamband Íslands að skerða launin, rifta nýgerðum kjarasamningum með þeim afleiðingum að formaður Alþýðusambandsins, sem þá lá á sjúkrahúsi, hrökklaðist úr ríkisstj. og var raunar rekinn úr henni.

Þau misseri, sem þá fóru í hönd, voru mörgum erfið. Verkalýðshreyfingin viðurkenndi með orðtaki sínu: varnarbarátta, að atvinnuvegirnir væru í þvílíkum öldudal, að viðskiptakjörin hefðu versnað svo mjög að ekki væri við því að búast að unnt yrði að bæta kjörin aftur á næstu misserum.

Síðan leið fram til ársins 1977. Fram eftir því ári fóru fram kjarasamningar við þau sérstöku skilyrði að það hafði skyndilega orðið eitthvað afgangs í þjóðfélaginu og það voru efnahagslegar forsendur fyrir því að auka kaupmáttinn í landinu án þess að ný efnahagsholskefla þyrfti að ríða yfir þjóðina. Þeta var á vordögum 1977. Mér er það sérstaklega minnistætt frá þessum tíma að bæði fulltrúar Alþb. og Alþfl. höfðu það mjög við orð að rétt væri að umsamdar kauphækkanir yrðu ekki eingöngu frá þeim tíma sem skrifað var undir samningana, heldur skyldu samningarnir vera afturvirkir og ná aftur til þess dags sem hinir gömlu samningar runnu út. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þeirrar samningahrinu, sem varð á síðasta ári, og líka í ljósi þess núna, að bæði formaður Verkamannasambands Íslands, Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 7. þm. Reykv., og formaður Alþýðusambandsins hafa bundist samtökum um að draga samningana sem mest á langinn af því að þeir vita sem er að fyrir því eru engar efnahagslegar forsendur að hægt sé að bæta launakjörin í landinu. Ef við rifjum upp, að á vordögum 1977 var samið um 28% grunnkaupshækkun, ef við rifjum upp að samkv. þeim samningum voru grunnkaupshækkanirnar á einu og hálfu ári ríflega 40%, komumst við ekki hjá því að hugsa að annaðhvort hefur verkalýðshreyfingin lært mikið af sinni kröfuhörku þá eða þá að væntumþykja verkalýðsforingjanna á launþegunum er önnur og minni þegar þeir eru sjálfir við völd en þegar þeirra pólitísku andstæðingar velgja valdastólana.

Á árinu 1977 hafði tekist að koma verðbólgunni niður í 26 eða 27%. Það var mikill áfangi. En því miður kom brátt í ljós að verkalýðsleiðtogar Alþfl. og Alþb. og sumir af verkalýðsleiðtogum Framsfl. kunnu ekki að meta það og skildu ekki þýðingu þess, að við hefðum árangur sem erfiði í baráttunni við verðbólguna. Því fór sem fór. Það má í rauninni segja að hámarki hafi misbeiting kommúnista á verkalýðshreyfingunni náð þegar formaður Verkamannasambands Íslands setti ólöglegt útflutningsbann á með þeim afleiðingum m. a. að ýmis fyrirtæki, svo sem hin ríkisrekna Siglósíld, hafa enn ekki náð sér eftir það tjón sem þá var unnið. Jafnvel þótt hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds hafi fram hjá fjárlögum og í heimildarleysi veitt fé til Siglósíldar eru erfiðleikarnir enn ekki úti hjá þeirri verksmiðju. Þessir erfiðleikar, eins og ég sagði, eiga rót sína að rekja til þeirra skemmdarverka sem unnin voru með útflutningsbanninu.

Við, sem vorum á þessum árum í stjórnmálabaráttu og vorum jafnframt í trúnaðarstörfum innan verkalýðshreyfingarinnar, munum vel eftir því, hversu miklar vonir launþegar bundu við vígorðið: „samningana í gildi", við orðin: „kosningar eru kjarabarátta". Ég man enn eftir þeirri svipmynd úr sjónvarpinu þegar formaður Verkamannasambandsins, Guðmundur J. Guðmundsson, hallaði sér fram á skerminn í átt til Davíðs Schevings Thorsteinssonar og spurði hann að því, hvort hann treysti sér til þess að lifa af launum verkamanns sem ekkert hefði utan sín laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Þessi maður hefur ekki oft tekið sér þessi orð í munn eftir að hann var kosinn á Alþingi og hafði tvöfalt afl á við það sem hann áður hafði til að sýna að með þessum orðum var hann ekki aðeins að vekja úlfúð, vekja upp hatur og illar hugsanir, var hann ekki aðeins að skara eld að sinni köku, heldur væri hann líka að lýsa umhyggju sinni í raun fyrir verkamanninum, að hann vildi leggja alla sína krafta fram til þess að lægstu laun mættu batna, að hinn óbreytti maður gæti haft það betra í þjóðfélaginu en áður. Við munum eftir því frá síðasta Alþingi þegar hv. þm. brá sér til Snæfellsness til að þurfa ekki að taka þátt í viðkvæmri atkvgr. Ég þori ekki að halda því fram, að hann hafi þar verið að skjóta jólagæsina, ég man ekki um það, en hitt veit ég, að hann hafði þar einhverjum erindum að gegna sem honum var meira í mun að reka en lyfta hönd sinni hér á Alþingi fyrir launafólk — þeirri hönd sem úrslitum hefði ráðið í því máli ef hann hefði haldið henni uppi.

Launafólk varð fyrir vonbrigðum. Allt árið 1979, allt árið 1980, alveg fram að þeim tíma sem ég nú segir þessi orð, var launafólkið að bíða eftir nýjum samningum. Það leið ekki einn dagur eða tveir, það leið ekki ein vika eða tvær vikur, einn mánuður eða tveir mánuðir, — það liðu tvö misseri áður en þessir nýju samningar voru undirritaðir. Við munum það líka, að það var ríkisstj. sem reið á vaðið með samningunum við opinbera starfsmenn. Í þeirri samningsgerð fólst fyrirheit frá ríkisstj. til þeirra manna, sem hún hafði á launum, um að hún teldi þjóðfélagið og atvinnuvegina, skattborgarana, geta risið undir þessum launum sínum starfsmönnum til handa. Ætli ríkisstj. hafi lagt sig mjög fram um að standa við samningana? Ætli þeir menn, sem hæst töluðu um kaupránið 1978, eins og hæstv. fjmrh., hafi lagt metnað sinn í að undirskriftin skyldi standa jafnlengi og samningahrinan stóð? Nei, það var síður en svo. Það var ekki fyrr búið að semja á hinum almenna vinnumarkaði en þau ummæli heyrðust frá einstökum ráðh. að verkalýðshreyfingin hefði sýnt ábyrgðarleysi og að ekki hefði verið til þess ætlast að svo mikið kæmi í hlut hins almenna verkamanns, verkamannsins á eyrinni, hafnarverkamannsins, Dagsbrúnarverkamannsins. Af þeim sökum sagði ríkisstj. í áramótaspjalli sínu að nauðsynlegt væri að skerða kjörin að nýju, rifa kjarasamningana áður

en blekið var þornað, gera ársstarf samningamanna verkalýðshreyfingarinnar að engu.

Þegar þessir atburðir gerðust sat í þessari deild stjórnarmaður Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Nú skyldi maður ætla að þessi umbjóðandi opinberra starfsmanna mundi rifja upp og tala um það við ráðh. að þeir hefðu illa brugðist, að þeir ættu að standa við sín orð. En hún mátti ekki vera að því. Hún var annað að hugsa. Gervasoni hafði sloppið út landinu og athygli hennar var öll hjá Gervasoni, í gervimennskunni. Þessi gervifulltrúi launþega hér á Alþingi hafði lítinn sóma af, en eftir þessu var tekið. Síðan má segja að þetta orð, Gervasoni, sé farið að hafa sérstaka merkingu. Flökkustrákur frá Frakklandi var nær því að bregða ríkisstj. verkalýðshreyfingarinnar en kjaraskerðingin sjálf, en að nýgerðir kjarasamningar voru eyðilagðir án þess að neitt hefði í sjálfu sér gerst — samningar sem Alþýðusambandsþing var nýbúið að fagna og hafði með ályktunum sínum sagt að væru raunhæfir samningar og væri hægt að standa á. Miðað við Gervasoni var þetta lítið mál.

Einstaka maður úr launþegastétt hefur að vísu spurt mig hverjir hafi borgað alla samningsgerðina 1980. Hver borgaði brúsann? Getur það virkilega verið rétt, að eftirlitslaust og án skýringa geti tilteknir menn hér í þjóðfélaginu tekið eina krónu af hverjum 100 úr vasa hvers einasta launþega á landinu og varið þeim að eigin geðþótta án ábyrgðar, án eftirlits? Má það vera svo, að engin skoðun hafi farið fram á því innan verkalýðshreyfingarinnar í hverju vitleysan lá 1980, hvað verkalýðshreyfingin gerði skakkt? Verkalýðshreyfingin samdi um 10% kauphækkun í októberlok. Hún samdi um það við ríkisstj. á gamlársdag að þessi 10% skyldu ekki verða greidd út hinn 1. mars, heldur skyldu þau verða tekin af launþegum aftur með valdboði. Þessir samningar hafa að mati ríkisstj. sjálfrar og raunar forseta Alþýðusambands Íslands líka valdið því, að verðbólgan skaust upp í 60%. Við munum eftir því, að það var létt verk og löðurmannlegt að telja trúnaðarmenn launþega á að engin leið yrði að koma verðbólgunni aftur í hið sama farið nema verkalýðshreyfingin skilaði aftur öllu því sem samið var um 1980.

Nú hljótum við að spyrja: Af hverju var þetta langa samningabóf? Til hvers var tíminn notaður? Af hverju er hægt að halda Alþýðusambandsþing og fagna nýgerðum kjarasamningum þótt allir, sem á því þingi sitja, viti að þessir kjarasamningar verði innan nokkurra vikna dregnir til baka og þar séu lögð á þau ráð að verkalýðshreyfingin skuli láta það gott heita? Er það ekki ábyrgðarleysi að valda með þessum hætti nýrri kollsteypu í íslensku efnahagslífi? Er það ekki ábyrgðarleysi að vera á háum launum hjá verkalýðshreyfingunni, vekja hjá launþegum talvonir um betri tíð, en vera á sama tíma í baktjaldamakki við misvitra stjórnmálamenn um að allt skuli þetta aftur tekið og burt tekið og það sé í lagi að þetta sé dregið til baka af því að svo hittist á að félmrh. er í sama stjórnmálaflokki og formaður Verkamannasambandsins og formaður Alþýðusambandsins? Það er náttúrlega ekki traustvekjandi, að á sama tíma og venjulegt fólk heldur naumast húsum sínum, hefur ekki ráð á að hefja byggingar, á í erfiðleikum með að kosta börn sín í skóla, veit ekki hvort atvinnan stendur í vetur, skuli einhverjir verkalýðsleiðtogar koma upp hér á Alþingi og segja að verkalýðshreyfingin eða forustumenn hennar hafi ekki samþykkt eitt eða annað og þess vegna þurfi það að vera af því vonda.

Auðvitað dylst það engum manni, að margir af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar eru ekki vanda sínum vaxnir né þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Þeir hafa ekki tök á viðfangsefninu. Þeir ráða ekki við það. Þess vegna er nauðsynlegt að skera verkalýðshreyfinguna upp þvera og endilanga, rýmka um atkvæðisréttinn, opna möguleika á hlutfallskjöri, veita hverjum einasta manni, sem er skattlagður með ofríki, leyfi og vald til að hafa áhrif á hverjir fara með völdin og hverjir ráða hans launa- og kjaramálum. Það er ekkert lítið sem á þessu veltur. Það er ekki eins og verkalýðsforingjarnir séu í einhverjum mömmuleik og það séu bara súkkulaðidúkkur eða drullukökur sem þeir eru að möndla með. Það er þjóðarkakan sjálf. Það er afkoma heimilanna. Það getur í sumum tilvikum verið spurningin um hvort menn eignist þak yfir höfuðið, hvort menn haldi íbúð sinni, hvort þeir yfirleitt lifi hamingjusamlegu lífi. Svo koma menn hér upp ýmsir og segja með einhverju yfirlæti að verkalýðsforingjarnir hafi meira vit á því en aðrir, hvernig þessi ráð skuli lögð, eftir að verkalýðsforingjarnir hafa gjörsamlega brugðist.

Hverjar eru annars skýringar þeirra og hvar er að finna skýringar þeirra á því, að allir kjarasamningar að heita má undanfarin ár hafa orðið launþegum til bölvunar? Hvar er úttektin á samningunum 1974? Hvar er úttektin á samningunum 1977? Af hverju treystir verkalýðshreyfingin sér ekki til þess að krefjast í fyrstu kröfugerð þeirra kjara handa sínu fólki umsvifalaust sem hún taldi að væri lágmarkskrafa fyrir þremur árum eða fjórum? Hefur þjóðfélagið þá versnað svona síðan 1978? Hefur því verið stjórnað svona illa? Er búið að koma okkur á kaldan klaka síðan? Er ekki hægt að gera mannsæmandi kröfur fyrir íslenskt láglaunafólk nema Geir Hallgrímsson sé forsrh.? Hvað veldur þessu? Af hverju er hrokinn horfinn? Af hverju eru verkalýðsleiðtogarnir í rauninni allra hógværustu menn sem maður hittir núna, þó þeir séu jafnvel kallaðir „jaki". Jaki minnir á sterkan. Guðmundur minnir á Jón. (**GJG:** Þetta er ákaflega djúphugsuð ræða hjá þm.) Mér þykir vænt um að heyra að það skuli þó fjögur orð um kjaramál hafa komið upp úr formanni Verkamannasambandsins hér á þinginu. Það er meira en var á síðasta þingi.

Það verður ekki gerð nein úttekt í verkalýðshreyfingunni sjálfri á kjarabaráttunni síðasta áratuginn. Hún mun ekki reyna sjálf að átta sig á þeim mistökum, sem hún hefur gert, meðan henni er stjórnað af þeim mönnum, sem nú eru þar við völd, vegna þess að valdastreita þeirra hefur annan tilgang en þann að þjóna sem best launþegum. Hún hefur pólitískt ívaf. Það er rauður þráður sem gengur þar í gegn. Við munum t. d. vel þegar núv. hæstv. félmrh. var að þakka verkalýðsleiðtogum Alþb. fyrir að hafa komið sér í ráðherrastól í ræðunni í okt. eða nóv. 1978. Við munum eftir þeirri ræðu. Það voru mörg stór orð sögð af þeim manni, enda hafa fáir menn núlifandi tekið sér oftar í munn orðið „Alþingi götunnar" en hann, þó ég á hinn bóginn minnist þess líka, eftir að hann varð ráðh., að hann gæti illa sætt sig við að aðrir menn hefðu eitthvað um málin að segja. Upphafning hans varð líka skyndilega svo það er kannske skiljanlegt.

En nú á sem sagt að fara að semja. Ég veit ekki hvort ég geri það út af fyrir sig að umræðuefni í bili. Það er ýmislegt annað sem hægt er að tala um.

Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan um starfshætti verkalýðsfélaganna og spurninguna um hvernig aftur sé hægt að vinna traust og trú hjá hinum almenna launþega á því að með vekalýðsbaráttu og þeirra félagssamtökum sé hægt að vinna skynsamlega jafnt og þétt og ákveðið að bættum kjörum. Sú valdauppbygging, sem nú er í verkalýðshreyfingunni, er búin að dæma sig úr leik. Hún hefur reynst illa og þess vegna er ekki um annað að ræða en leggja hana til hliðar. Eins og ævinlega þegar við veltum fyrir okkur af hverju eitthvað gengur illa verður niðurstaðan sú, að jafnræðið er ekki nógu mikið, frelsið er ekki nógu afgerandi.

Það er hægt að taka stutt dæmi. Í verkalýðsfélagi greiða, skulum við segja, 4000 manns atkvæði. Það eru tveir listar í kjöri. Hvor listi um sig fær 2000 atkvæði. Þá ræður hlutkesti öllum mönnum í stjórn og trúnaðarráði. Sá, sem tapar í hlutkestinu, fær ekki einn einasta mann. Þó er þar ekki um meiri hl. og minni hl. að ræða. Það eru jafnmargir menn báðum megin. Samt á einn krónupeningur að ráða því, að öll stjórn þessa verkalýðsfélags, allt trúnaðarráðið, skuli vera af öðrum listanum. Er þetta réttlæti? Trúir einhver maður á, að með reglum af þessu tagi sé hægt að halda uppi jákvæðu starfi sem krefst trausts og aðhalds? Auðvitað trúir því enginn maður. En hitt skilja menn, af því að það er mannlegt, að menn, sem eru búnir að búa um sig í ákveðnum sætum og ákveðnum stólum og hafa góð kjör og kunna kannske ekki annað, þó þeir kunni ekki einu sinni þetta, skuli vera á móti öllum þeim nýjungum, öllu því aukna frjálsræði sem kann að setja einokunarvald þeirra sjálfra í hættu. Á bak við íhaldssemina í sambandi við valdauppbyggingu verkalýðshreyfingarinnar er nefnilega ekkert annað en eigingirni verkalýðsleiðtoganna sjálfra. Þeir eru búnir að hreiðra um sig í þessum sætum. Sumir þessara manna eru fulltrúar stjórnmálaflokka sem telja sig eiga einkarétt á verkalýðshreyfingunni, hafa fundið upp „patentið," og af því að þeir hafa fundið upp „patentið", hafi aðrir menn ekkert um það að segja. Þó fara þeir ofna í vasa manna, eins og sinna flokksbræðra, og segja við þá: Þú átt að borga keisaranum skatt. Þú skalt greiða beint 1% af launum þínum fyrir utan allt annað, í rekstrarfé handa mér og mínum líkum, en þú skalt ekki hafa tök á því að fá fulltrúa fyrir þig í stjórnina. — Þetta er mergurinn málsins.

Þetta er ekkert lítið fé. Hvað ætli það séu margir tugir milljóna sem renna með þessum hætti í gegnum verkalýðshreyfinguna? Það væri gaman að vita það. Hvað er 1% af öllum launagreiðslum á landinu mikið? Það er ekki undarlegt, þegar maður fer um og þegar maður kemur í sumar verkalýðsskrifstofur, að sjá hvað þar er myndarlega og rausnarlega búið. Mér er raunar sagt að það sé nokkuð annað blær hjá íslensku verkalýðsleiðtogunum við Svartahafið en þótt einstaka þm. reyni að létta sér upp í sólarlandaferðum. Það er nokkur önnur reisnin þarna við Svartahafið, betur að mönnum búið, enda sækja þeir í að komast þangað aftur. Sumir hafa farið oft í þann andlega heilsubrunn og eiga mikla samkennd með þessu fólki.

Ég minnist þess, að þegar ég sat þetta eina Alþýðusambandsþing sem ég sat var mættur þar fulltrúi frá sovésku verkalýðshreyfingunni, allra myndarlegasta og föngulegasta kona, og sat þarna fast og hlustaði með eftirtekt á okkur tala. Ég vissi raunar ekki hvaða erindi hún átti hingað. Ég skildi það aldrei, af því að verkalýðshreyfingin, eins og við skiljum hana, er ekki til í hennar landi, og ekki hef ég orðið var við það síðar eða af því frétt, að hún hafi tekið sér Guðmund Jaka eða Jón Snorra Þorleifsson eða aðra sér til fyrirmyndar. Það má annars vel vera, ég veit nú lítið um það. Kannske það sé komið eitthvert verkamannafélagið Dagsbrún þarna við Svartahafið? Það má vera, og þeir taki þar í nefið líka og noti rauða vasaklúta. Ekki veit ég það. En hitt veit ég, að það er nánast móðgun við íslenska verkalýðshreyfingu þegar á þing hennar er boðið fólki sem er fulltrúar afla sem ekkert eiga skylt við frjáls verkalýðssamtök.

Ég mun síðar á þessu þingi fara nánar út í starfshætti verkalýðshreyfingarinnar. En auðvitað er eitt stærsta málið núna, að koma nýjum mönnum í helstu valdastöður verkalýðshreyfingarinnar. Reynslan sýnir okkur að þessir menn, sem nú ráða þar og hafa ráðið, eru ekki vandanum vaxnir. Þótt kaupið hafi hækkað og hækki um 50—60% í krónum talið á hverju einasta ári versna lífskjörin, við getum keypt fyrir það minna og minna. Verkalýðshreyfingin og þessir verkalýðsleiðtogar tala mikið um kaupgjaldsvísitölu, en reynslan af þessu ári kennir okkur að þeir létu breyta lögunum þannig varðandi viðskiptakjörin að þeir létu þann lið kaupgjaldsvísitölunnar hætta að mæla um leið og viðskiptakjörin bötnuðu. Ekki veit ég hvort formaður Verkamannasambands Íslands hefur reiknað út hversu mikið kaupið hefði hækkað 1. sept. s. l. ef við útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar hefði ekki verið hreyft með hans atkvæði á síðasta þingi. Hvað var ranglega tekið mikið af okkur þá? (**GJG:** Hvaða mál er á dagskrá?) Hvað ætli það hafi verið mikið? Það hefur ekki verið nein smáupphæð. Svo spyr aumingja formaður Verkamannasambandsins hvaða mál sé á dagskrá? Það var á dagskrá í þessari andrá hversu mikið verkalýðshreyfingin samdi af sér 1. sept. Hvað hefðu launþegar fengið mikla kauphækkun ef gamli útreikningurinn hefði áfram verið í gildi? Það skal ég ábyrgjast að Guðmundur J. Guðmundsson hefur ekki minnstu hugmynd um. Hann hefur aldrei leitt hugann að því, aldrei athugað það, frekar en aðrir þeir menn sem eru honum tengdastir innan verkalýðshreyfingarinnar.

Það er svo eftir öðru, að enn einu sinni hefur verið höggvið í þann knérunn þar sem sjómenn eru og tekin frá þeim kauphækkun sem þeir í raun áttu.

Það sýnir svo hvernig ástandið er orðið, að Verkamannasamband Íslands klofnaði nánast í tvennt í kröfugerðinni og þeir menn, sem komu frá aðalfundi Verkamannasambandsins, voru ekki glaðir menn né vígdjarfir. Þeir fundu að það vantaði einhverja sannfæringu í þeirra báráttu.

Að síðustu er rétt að benda á að alvarlegasti þátturinn í sambandi við launakjörin hér á landi er náttúrlega hið mikla misvægi sem gildir eftir störfum, hve mishá launin eru jafnvel í sömu stétt. Það er náttúrlega alvarlegast í þessu öllu saman og bein afleiðing af félagsmálapökkum og pólitískri íhlutan í kjarasamninga.

Ég varpaði því fram á síðasta Alþingi, þegar kaupið var skert með ólöglegum hætti 1. mars s. l. eða a. m. k. hæpnum hætti, hvort verkalýðshreyfingin myndi treysta sér til að setja aftur fram kröfu um grunnkaupshækkanir. Ég sagði að reynslan af samningunum í fyrra sýndi að slíkt væri mjög hæpinn ávinningur fyrir launafólk, enda væri verkalýðsforustan ekki í stakk búin til að halda utan um þann ávinning sem hún kynni að ná í nýjum kjara-

samningum, eins og brbl. og kjaraskerðingin eða kaupránið 1. mars í fyrra sýndi. Mér finnst margt benda til þess, að þessi verði raunin á. Menn eru farnir að gera sér það ljóst, að þrátt fyrir mikið góðæri eru ekki efni til þess að kaupmátturinn batni um hríð, því miður. Þess vegna held ég að niðurstaðan verði sú, að nýir samningar muni dragast á langinn og þegar þeir loksins sjái dagsins ljós muni þeir ekki skipta miklu máli. En meðan allt þetta gerist minnkar traustið á verkalýðshreyfingunni, dregst saman og krafan um ný vinnubrögð, önnur vinnubrögð, aðra starfshætti, verður æ sterkari hjá öllum launþegum hér á landi.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki tamið mér það hér í þessari hv. deild að gera athugasemdir við störf forseta og vil ekki gera. Hins vegar verð ég að lýsa undrun minni á því, að þegar hér kemur stórt og veigamikið frv., sem skiptir verulega sköpum í félagsmálastarfi vekalýðsfélaga, þá skuli koma hér hv. alþingismenn eða alþingismaður og halda 45 mínútna ræðu um efni sem bókstaflega kemur þessu lagafrv. ekki nokkurn skapaðan hlut við. Ég virði umburðarlyndi forseta og vil á engan hátt átelja það. Mér hefur yfirleitt virst forsetastörf bæði hjá aðalforseta og varaforseta vera réttsýn og réttlát. En ég lýsi undrun minni á því, að þessi hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu og má tala eins lengi og hann vill um almenn stjórnmál, skuli hindra umr. um mál, sem hér er á dagskrá, með almennum stjórnmálaumræðum, persónulegum athugsemdum út og suður, en forðist dagskrármálið. Þetta er að misnota traust forseta og er hreinlega brot á þingsköpum. Hins vegar geri ég mér ekki vonir um að lagfæringar verði á framkomu þessa hv. þm.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil minna á það, að flokksbróðir þess manns, sem hér talaði, hóf almennar umr. Í öðru lagi vil ég minna á það. að starfshættir verkalýðshreyfingarinnar eru miklu stærra mál en svo að því verði haldið innan ramma þess frv. sem hér er fjallað um. Það er kjarni málsins.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar um þá umr. sem hér hefur farið fram. Einn hv. þm. hefur notað 45 mínútur af ræðutíma, dýrmætum vinnutíma Alþingis til þess að fjalla um þetta mál frá þeirri hlið sem raunverulega hefur ekki komið nálægt því frv. sem hér er til umr. Og ég leyfi mér að segja það, að í ræðu hans hafi verið minnst á frv. einu sinni eða tvisvar.

Ég vil í þessu sambandi segja þá skoðun mína hreint út, að það er orðið allt of algengt hér á hinu háa Alþingi að þingmenn tali jafnvel svo klukkutímum skiptir — og eyði dýrmætum vinnutíma þingsins — langt fyrir utan þau mál sem til umr. eru. Það eru örfáir þingmenn sem leyfa sér að taka og nota stóran hluta af þingtímanum á þennan hátt. Ég vil eindregið hvetja til þess, að forsetar þingsins fari að taka þessi mál til gaumgæfilegrar athugunar, hvernig nýta megi betur þingtímann. Hér sitja þingmenn, þeir sem vilja sinna þeirri skyldu að sitja í þinginu og vera hér á fundum, og þurfa svo að hlusta á umr. af þessu tagi sem koma hvergi nálægt þeim málum sem til umr. eru.

Forseti (Alexander Stefánsson): Út af þessum umr. um þingsköp vil ég segja það hér, að ég mun að sjálfsögðu koma þessum ábendingum til forsetafundar. Hér hafa um þetta mál, 18. dagskrármálið, 18. mál þingsins, talað átta eða níu hv. þm. og eftir því sem ég hef tekið eftir hefur ræðutíminn verið alllangur, þó hv. þm. hafi ekki farið umfram ákvæði þingskapa að þessu leyti til. Að vísu má segja að ræður hafi verið utan við sjálft afmarkað efni frv., en þetta er þó mál sem er viðamikið, eins og hefur komið fram í ræðum hv. þm., og þeir hafa sjálfir hver á fætur öðrum fagnað því, að umr. um þessi mál fengist tekin upp hér á Alþingi. Ég felli engan úrskurð um þetta hér en mun koma þessum ábendingum á framfæri við rétta aðila. — Málið er tekið af dagskrá.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 9. fundur.

Þriðjudaginn 27. okt., kl. 2 miðdegis.

Stefna í áfengismálum, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram fsp. til hæstv. forsrh. um opinbera stefnu í áfengismálum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvað hefur ríkisstj. gert til að hrinda í framkvæmd þál., sem samþykkt var á Alþingi 7. maí 1981, um mörkun opinberrar stefnu í áfengismálum?"

Í þessari þál. ályktar Alþingi að skora á ríkisstj. að láta nú þegar undirbúa tillögur að stefnu hins opinbera í áfengismálum sem byggist á þeim grundvallaratriðum að draga úr heildarneyslu vínanda, að stórauka skipulagðar rannsóknir, fræðslu og umræður um áfengismál, að auka stuðning við áhugamannasamtök um áfengismál, að skilgreina eðlilega meðferð áfengissjúklinga og kveða á um flokkun velferðarstofnana og að leggja ríkisvaldinu, sem verslar með áfengi, þær skyldur á herðar að vinna gegn ofneyslu áfengis með fyrirbyggjandi starfi, t. d. fræðslustarfsemi, svo og að liðsinna þeim er eiga við áfengisvandamál að stríða. Gert var ráð fyrir að tillögur þessar og greinargerð skyldu sendar Alþingi í sérstakri skýrslu ásamt till. ríkisstj. um aðgerðir á sviði löggjafar og stjórnsýslu.

Með þessari fsp. er lýst eftir aðgerðum ríkisstj.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Mér er ánægja að svara fsp. hv. þm.

Ríkisstj. hefur tekið til umfjöllunar á fundum sínum það mikla vandamál sem felst í ofneyslu áfengis og annarra vímuefna. Til þess að fá sem gleggstar upplýsingar um stöðu þessara mála og um það, hvað aðhafst er á þessu sviði, bæði af hálfu opinberra aðila og áhugasamtaka, hafa fundir verið haldnir í forsrn. í sumar og haust. Til þeirra var boðið fulltrúum fjölmargra samtaka sem að þessum málum vinna, og að undanförnu hafa fundir verið með ráðherrum þeirra ráðuneyta sem þessi mál heyra sérstaklega undir, ásamt embættismönnum frá þeim rn.

Áður en ráðist verður í nýmæli og nýskipan á þessu sviði þótti rétt að láta fram fara ítarlega athugun á því

starfi, sem þegar er unnið, og að gera úttekt á sem flestum hliðum þessa margslungna vandamáls. Á vegum dómsmrn., heilbrmrn. og menntmrn. er unnið að slíkri úttekt sem er undanfari þess að marka heildarstefnu í þessum málum. Á vegum forsrn. er unnið að samræmingu á viðbrögðum stjórnvalda við þessu fjölþætta vandamáli.

Í glímu við það vandamál, sem hér um ræðir, þarf margt fleira að koma til en að veita aukið fé úr ríkissjóði Ríkisstj. vill í fyrsta lagi kanna ítarlega hvernig best verði varið þeim fjármunum sem þegar eru veittir til þessara mála, en þeir nema tugum millj. kr. á ári, og um leið að kanna allar leiðir til árangursríkari baráttu á þessu sviði. Ríkisstj. hefur fullan hug á að hafa forgöngu um átak í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svar hans og þann áhuga sem hann hefur sýnt þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að hraða sem mest aðgerðum ríkisstj. og stjórnvalda á þessu sviði því að vandinn fer síður en svo minnkandi, heldur hníga öll rök til þess, að hann fari fremur vaxandi en hitt. Ég vænti þess fastlega, að ríkisstj. sjái sér fært að hraða þessu verki eins og unnt er, þannig að stefnumótun verði komin fram helst á því þingi, sem nú situr, eða fyrir lok þess.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að vekja máls á þessu máli hér. Ég vil skýra frá því, að við höfum haft þetta mál til athugunar sérstaklega í heilbr.- og trmrn. Þær ákvarðanir, sem við höfum tekið til þess að skapa betri forsendur fyrir þá heildarstefnumótun sem hér er spurt um, eru einkum tvær: Í fyrsta lagi að gera úttekt á starfi þeirra stofnana, sem þegar eru til á vegum löggjafans og félagasamtaka og starfa að áfengismálum, og reyna að meta árangur af starfi þessara samtaka og stofnana á undanförnum árum. Í annan stað að gera úttekt á starfsemi og árangri þeirra meðferðarheimila sem eru til í landinu fyrir áfengissjúklinga, sem eru allmörg bæði á vegum ríkisins og á vegum félagasamtaka.

Að hinu leytinu höfum við tekið ákvörðun um að kanna sérstaklega, hvaða áhrif afskipti og meðferð fíkniefnadómstólsins svokallaða hefur haft á þá einstaklinga sem þar hafa átt við ákveðin vandamál að stríða og lent í fangelsi af þeim sökum, og að kanna hvernig þessu fólki hefur vegnað úti í þjóðlífinu eftir að dómur hefur fjallað um mál þess. Ákvörðun um þessa könnun er m. a. tekin í tengslum við fund félags- og heilbrmrh. Norðurlandanna sem verður haldinn í janúarmánuði n. k., þar sem á þessum málum verður tekið í heild.

Mér fannst rétt, herra forseti, í tilefni af þessari fsp. hv. þm. Árna Gunnarssonar að greina frá þessum atriðum.

Afkoma iðnfyrirtækja í eigu ríkisins, fsp. (þskj. 25). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja fsp. til hæstv. iðnrh. á þskj. 25 um afkomu iðnfyrirtækja í eigu ríkisins. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver er áætluð rekstrarafkoma neðangreindra fyrirtækja á árinu 1981, sem eru að hluta eða öllu leyti í eigu ríkissjóðs og opinberra aðila:

1. Járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.
2. Álafoss hf.
3. Kísiliðjunnar við Mývatn.
4. Sementsverksmiðju ríkisins.
5. Sigló síldar.
6. Norðurstjörnunnar í Hafnarfirði?

Ef taprekstur er fyrirsjáanlegur hjá þessum fyrirtækjum, hvernig verður hann fjármagnaður?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. er ofureinföld. Eins og hv. þm. vita hefur atvinnumál borið hátt í umr. að undanförnu, ekki síst stöðu iðnaðarins í landinu, sem flestir mæna til sem þeirrar atvinnugreinar sem þurfi á næstu árum og áratugum að vera burðarás í íslensku atvinnulífi meir en áður við hliðina á okkar undirstöðuatvinnugreinum: sjávarútvegi og landbúnaði. Fréttir hafa borist um bága afkomu þessara fyrirtækja. Það er auðvitað ljóst að þar koma til ýmsar ástæður. Ein sú veigamesta er að sjálfsögðu atvinnustefna ríkisstj. En auk þess hafa þar komið til ýmis önnur atriði. Ég ætla ekki að fara nánar út í þessa sálma. Það verður fróðlegt fyrir þingheim og þjóðina að fá yfirlit yfir þetta, hvernig horfir um rekstur þessara fyrirtækja, sem eru í eigu ríkisins, og ætti að gefa nokkra spegilmynd af stöðu annarra atvinnufyrirtækja í landinu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vísa til þeirrar fsp. sem hv. fyrirspyrjandi las í upphafi máls síns. Rn. hefur leitað til framkvæmdastjóra viðkomandi fyrirtækja eftir upplýsingum um áætlaða stöðu þeirra. Raunar eru ekki nema fjögur af þeim sex fyrirtækjum, sem tiltekin eru í fsp., undir iðnrn., þar eð fyrirtæki Álafoss hf. og Norðurstjarnan í Hafnarfirði eru í umsjá Framkvæmdasjóðs þótt ríkið eigi þar auðvitað hlut að máli.

Í svari Jóns Sigurðssonar framkvæmdastjóra Íslenska járnblendifélagsins segir:

„Lokaafkoma Járnblendifélagsins 1981 er enn óljós vegna nokkurrar óvissu um sölur á síðasta ársfjórðungi. Þess er þó að vænta, að tapið verði í námunda við 45 millj. kr. Afskriftir af því eru nálega 40 millj. kr., en afborganir hafa einungis verið 12 millj. kr. Því er greiðsluafkoma fyrirtækisins ekki eins slæm og rekstrarafkoman. Af því leyti sem greiðsluvandræði hafa orðið hjá fyrirtækinu eru þau á árinu 1981 leyst með hluthafalánum í samræmi við upphaflega fjármögnunaráætlun fyrirtækisins. Þess skal loks getið, að við uppgjör fyrirtækisins í árslok munu verðbreytingafærslur þurrka út hið bókhaldslega tap í íslenskum krónum mælt, þar eð innlend verðbreyting peningalegra eigna hefur orðið mun meiri en gengisbreyting langtímaskulda."

Þetta er tilvitnun í svar Jóns Sigurðssonar framkvæmdastjóra, en þess má geta til viðbótar, að fyrirtækið hefur hagnýtt sér þau hluthafalán sem gert er ráð fyrir í lögum um fyrirtækið.

Í svari Péturs Eiríkssonar framkvæmdastjóra Álafoss hf. kemur fram eftirfarandi:

„Miklar og óvæntar efnahagssveiflur gera allar áætlanir óöruggar. Stjórnendur fyrirtækja á Íslandi vita ekki hvaða laun þeim ber að greiða starfsfólki sínu í næsta mánuði, hvað þá þar næsta. Þeir vita heldur ekki hvaða verð þeim verður gert að greiða fyrir hráefnið. Teknamegin eru innanlandstekjur háðar samþykktum verð-

lagsstjóra og útflutningstekjur gengisskráningu. Að síðustu bætast svo við nýjar reglur um uppgjör fyrirtækja í kjölfar nýrra skattalaga sem gera dæmið enn þyngra.

Með tilvísum til ofanritaðs er eingöngu unnt að gefa hugmynd um afkomu fyrirtækisins með því að áætla allar forsendur, bæði tekna- og gjaldamegin, óbreytt frá því sem nú er og til ársloka. Miðað við þessar forsendur má reikna með 2—3 millj. kr. tapi á rekstri fyrirtækisins í ár. Þessi halli yrði fjármagnaður með því að skerða eigið fé fyrirtækisins."

Þetta var tilvitnun í svar Péturs Eiríkssonar framkvæmdastjóra Álafoss við fsp. frá rn, um afkomuhorfur Álafoss hf.

Í svari Hákonar Björnssonar framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar hf. er áætlað að nettótap ársins verði 7 880 474 kr. Enn fremur segir orðrétt í svari Kísiliðjunnar:

„Taprekstur fyrirtækisins hefur verið fjármagnaður þannig:

a) Með frestum á greiðslum til lánardrottna vegna kaupa á vörum og þjónustu.
b) Með því að draga úr birgðahaldi eins og frekast er unnt.
c) Með frestun á greiðslu afborgana og vaxta af láni hjá Johns Manville Corporation.
d) Með láni úr lánsfjáröflun ríkissjóðs með milligöngu iðnrn. og Ríkisábyrgðasjóðs, 5 millj. 905 þús. kr.
e) Með bráðabirgðaláni úr ríkissjóði, 800 þús. kr.
f) Með yfirdráttarláni hjá Landsbanka Íslands.

Eins og rn. er kunnugt um standa nú yfir viðræður á milli iðnrn., fjmrn., Johns Manville Corporation og stjórnar Kísiliðjunnar hf. um hvernig hægt verði að mæta þeirri fjárvöntun, sem fram kann að koma á næstu mánuðum, svo og hvernig treysta megi rekstrargrundvöll fyrirtækisins svo að það fari að skila arði aftur eftir rekstrarerfiðleika tveggja síðustu ára."

Þetta var svar frá Hákoni Björnssyni framkvæmdastjóra Kísiliðjunnar hf.

Í svari Gylfa Þórðarsonar framkvæmdastjóra Sementsverksmiðju ríkisins segir:

„Vegna fsp. á Alþingi frá Lárusi Jónssyni alþm. vill Sementsverksmiðja ríkisins upplýsa, að við núverandi aðstæður er rekstrarhalli verksmiðjunnar á þessu ári áætlaður um 8—9 millj. kr., en mestur hluti hans er til kominn fyrri hluta ársins, enda voru verðlagsmál þá mjög óhagstæð fyrir verksmiðjuna, eins og kunnugt er. Sementsverksmiðjan hefur þegar með heimild ríkisstj. tekið erlent lán, jafnvirði 10 millj. kr., til að mæta greiðsluhalla sem myndast hefur frá hausti 1980."

Þetta var úr svari framkvæmdastjóra Sementsverksmiðju ríkisins.

Í svari Pálma Vilhelmssonar, framkvæmdastjóra Siglósíldar segir:

„Verulegur taprekstur er fyrirsjáanlegur vegna skuldasöfnunar undanfarin ár, rekstrarstöðvunar vegna erfiðleika á sölu til Sovétríkjanna svo og versnandi stöðu rúblu gagnvart Bandaríkjadollar sem leiddi til um 6% verðlækkunar miðað við dollar á síðasta sölusamningi. Erfitt er á þessu stigi að áætla endanlegt rekstrartap á árinu vegna óvissu um framleiðslu tvo síðustu mánuði ársins, en gróflega áætlað mun heildartapið verða á bilinu 1.2—1.7 millj. kr."

Þetta var úr svari Pálma Vilhelmssonar framkvæmdastjóra Siglósíldar, en fyrirsjáanlegum taprekstri þessa fyrirtækis hefur verið mætt með framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárl. á yfirstandandi ári svo og lántöku samkv. lánsfjáráætlun.

Í svari Karls Bjarnasonar framkvæmdastjóra Norðurstjörnunnar hf. segir:

„Norðurstjarnan hf. er hlutafélag í eigu um það bil tíu hluthafa, þar á meðal ríkissjóðs og Framkvæmdasjóðs Íslands. Hluthöfum hefur ekki verið gerð grein fyrir rekstrarafkomu á þessu ári, enda eru nú í gildi nýjar reglur um uppgjör fyrirtækja þar sem tekið er tillit til verðlagsbreytinga. Erfitt er því að segja til um afkomu fyrirtækisins í ár, en hins vegar mun ljóst vera, ef litið er til eldri reikningsskilaaðferða, að nokkur halli hefur verið á rekstrinum í ár og gengur út yfir eigið fé fyrirtækisins."

Þetta var orðrétt tilvitnun í svar Karls Bjarnasonar framkvæmdastjóra Norðurstjörnunnar hf.

Í svörum þeim, sem hér hafa verið rekin, kemur fram að öll fyrirtækin gera ráð fyrir rekstrarhalla, en mismunandi miklum, á þessu ári. Ástæður þess eru ekki raktar í einstökum atriðum. Sjálfsagt eru þær mismunandi hjá fyrirtækjunum, en óhagstæð gengisþróun fyrir iðnfyrirtæki, sem flytja út á Evrópumarkað í verulegum mæli eða meiri hluta, á mikinn þátt í erfiðleikum þessara iðnfyrirtækja margra hverra og ýmissa fleiri, sem kunnugt er, og er kennske Kísiliðjan dæmigerð um fyrirtæki sem hafa alveg verið háð þeirri óhagstæðu gengisþróun milli gjaldmiðla, miðað við hagsmuni þeirra sem flytja út á Evrópumarkað. Einnig er vitað um sölutregðu og lágt söluverð kísiljárns, sem er höfuðástæða bágrar afkomu járnblendiverksmiðjunnar nú eins og reyndar á undanförnum árum.

Fyrir nokkrum árum varð Kísiliðjan fyrir miklum áföllum vegna jarðhræringa við Mývatn. Hún þurfti þá að taka lán, m. a. til að gera nýja hráefnisþró. Lán þetta var tekið í dollurum, en aðalsölumarkaðurinn er, eins og ég gat um, í Evrópu og hefur þróunin á milli gjaldmiðla haft mjög slæm áhrif á afkomuna, einnig gagnvart þessu dollaraláni. Við jarðhræringarnar við Mývatn eyðilögðust aðalgufuholurnar í Bjarnarflagi, sem Kísiliðjan fékk sína orku frá, og tók nokkurn tíma að bora nýjar. Gat fyrirtækið ekki framleitt með fullum afköstum, sem að sjálfsögðu hafði áhrif á afkomu þess, en þar að auki tapaðist markaður sem stefnt er að að vinna upp á næstu árum.

Ástæðan fyrir slæmri afkomu Siglósíldar er m. a. einhæfni framleiðslu hjá fyrirtækinu, en framleiðslan er seld á Rússlandsmarkað og hefur gengið mjög erfiðlega að fá þar fram þær hækkanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja jákvæða afkomu fyrirtækisins, eins og hv. fyrirspyrjanda mun vel kunnugt um þar sem hann kom lengi vel nálægt þeim málum í sambandi við sölu á niðurlögðum afurðum. Einnig urðu verulegir erfiðleikar hjá fyrirtækinu vegna truflana á þessum markaði, sérstaklega á árinu 1979, vegna gæðavandamála, sem ekki voru af völdum þessa fyrirtækis, en bitnuðu talsvert á afkomu þess.

Eins og hér hefur komið fram eru það framkvæmdastjórar viðkomandi fyrirtækja sem veitt hafa upplýsingar um afkomu þeirra. Er þar yfirleitt um lauslegar áætlanir að ræða þannig að ekki verður neitt fullyrt um endanlega afkomu á árinu fyrr en ársreikningar liggja fyrir. Ýmis þessara fyrirtækja eiga við verulegan vanda að glíma. Slíks gætir raunar hjá ýmsum fleiri fyrirtækjum nú eins

og oft áður. Iðnrn. vinnur að athugun á vissum þáttum í málefnum þessara fyrirtækja, en ég ætla ekki að fara út í þá sálma frekar og tel mig hafa svarað þessari fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Þau voru að því marki, sem unnt er á þessu stigi, glögg og greinargóð þó að um áætlanir sé að ræða, eins og hann tók fram.

Það kemur fram í svari hæstv. ráðh. að það er taprekstur á öllum þessum sex ríkisfyrirtækjum, mismunandi stórum og í mismunandi starfsgreinum, og sá taprekstur er mjög verulegur á sumum fyrirtækjanna. Það var raunar vitað fyrir fram að svarið yrði nokkuð á þessa lund, *því að eins og ég sagði áðan, þegar ég mælti* fyrir þessari fsp., er hér um nokkurs konar spegilmynd að ræða af því ástandi sem er í atvinnumálum um þessar mundir.

Það er athyglisvert að fram kom í Ed. Alþingis í gær hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem nú gengur úr salnum, en ætlaði að vera kyrr aðeins, að efnahags- og atvinnustefna núv. ríkisstj. — hann sagði það þar — væri í miklu meira samræmi við stefnu Alþb. en var í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar. Þetta er niðurstaðan, hv. þm., að það er taprekstur á öllum þessum sex atvinnufyrirtækjum í eigu ríkisins og hann er fjármagnaður ýmist með framlögum úr ríkissjóði eða með lántökum eða með því að ganga á eigið fé fyrirtækjanna. Þetta er nú atvinnumálastefna í lagi!

Ég endurtek þakklæti mitt til hæstv. iðnrh. Ég held að þingheimur og þjóðin hafi gagn af því að fá þessar upplýsingar, sem eru óvefengjanlegar og eru einungis spegilmynd af því sem er að gerast á öðrum sviðum í atvinnumálum þjóðarinnar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mjög í þær umr. sem hér hafa farið fram. En hv. þm. Lárus Jónsson vék að umr. sem fram fór í Ed. í gær. Í þeirri umr. boðuðu fulltrúar Sjálfstfl., sérstaklega Eyjólfur Konráð Jónsson, að afleiðingin af stefnu Alþb. í efnahags- og atvinnumálum væri sú, að ríkisfyrirtæki væru efld stórkostlega, en einkafyrirtæki væru hins vegar látin sitja á hakanum. Nú kemur hv. þm. Lárus Jónsson og boðar það hér, að afleiðingin af þessari stefnu sé að ríkisfyrirtækin séu að fara á hausinn. Ég vil beina þeirri frómu ósk til þessara tveggja þm. Sjálfstfl., að næst þegar þeir hefja máls á þessu atriði reyni þeir að koma sér saman um sameiginlega línu í þessu máli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þetta voru dálítið einkennileg ummæli hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Ég talaði reyndar ekkert um ríkisfyrirtæki í Ed. í gær.

Það er að vísu alveg ljóst að ríkisfyrirtækin eru öll rekin með halla. Þó þeim sé hyglað, þó þau séu skattfrjáls og þó að allt sé fyrir þau gert umfram einkafyrirtæki eru þau samt með halla. Einkafyrirtækin eru auðvitað miklu betur rekin, en þau eru samt með gífurlegum halla, eins og sýnt var fram á í umr. í gær. Þau ganga á eigur sínar jafnt og þétt.

Ég sagði að þetta væri eftir stefnu Alþb., eins og hv. þm. Ólafur Ragnar reyndar upplýsti, að þessi stjórn væri miklu meiri vinstri stjórn en stjórn Ólafs Jóhannessonar. Það er alveg rétt. Þetta er versta vinstri stjórn sem við nokkurn tíma höfum haft! Ákveðin öfl í stjórninni leiða aðra til þess að ganga á hag fyrirtækjanna þannig að þau eru nú mánuð eftir mánuð að eyða eignum sínum, ganga á eignir sínar. Það getur verið að með millifærslum í sjávarútvegi verði hægt að halda þessu gangandi nokkrar vikur í viðbót, en fyrirtækin eru að tapa milljónum á milljónir ofan.

Ég greindi sérstaklega frá því, hvernig ástandið væri í mínu kjördæmi, þar sem fyrirtækin eru að ganga á eigur sínar þannig að ef áfram héldi sem horfði í 1—2 ár í viðbót væru þau gersamlega orðin gjaldþrota. Þetta er myndin sem við blasir um land allt. Þessu er öllu saman fleytt með millifærslum og smávægilegum dúsum til að halda fyrirtækjunum gangandi frá degi til dags, en sjá til þess að þau geti ekki bætt reksturinn og séu þess vegna stanslaust að færa eigur sínar yfir til ríkisvaldsins og auðvitað að vilja sósíalista.

Þeir vilja þjóðnýta atvinnutækin. Þeir fara ekki dult með það. Þeir hafa auðvitað gert það alls staðar. Til þess starfa þeir, til þess eru þeir í skipulögðum fylkingum um heim allan að þjóðnýta atvinnutækin og koma á sósíalisma. Það vitum við auðvitað öll að er vilji þeirra og þess vegna eðlilegt að þessir menn í ríkisstj. séu glaðir. En mig furðar á því að sumir aðrir ráðh. skuli vera glaðir.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla að halda áfram þeirri viðleitni minni að aðstoða hv. þm. Eyjólf Konráð Jónsson við að átta sig á veruleikanum. Við höfðum það sem verkefni í fyrra í Ed. og miðaði nokkuð í áttina og þurfum nauðsynlega að halda því áfram í vetur.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson boðaði í Ed. í gær og nú hér í dag að einkafyrirtækin í landinu og jafnvel ríkisfyrirtækin líka séu svo illa stödd að þau séu bókstaflega öll að fara á hausinn. Ég ætla að taka hér eitt dæmi. Það er dæmi sem Morgunblaðið hefur valið fyrir okkur.

Fyrir nokkrum mánuðum gaf Morgunblaðið út sérstakt aukablað helgað einu fyrirtæki á Íslandi. Í þessu aukablaði kom fram sú afstaða Morgunblaðsins, að þetta fyrirtæki væri burðarásinn í einkaframtaki á Íslandi. Þetta fyrirtæki er hér í Reykjavík. Þetta fyrirtæki er Ísbjörninn. Þetta fyrirtæki er svo vel statt að það hefur ákveðið að kaupa togara til landsins án þess að fá eina einustu krónu að láni hjá þeim innlendum aðilum sem fjármagna kaup á togurum hér í landinu. Þetta einkafyrirtæki, sem Morgunblaðið helgaði sérstakt aukablað, er svo vel statt að þessa dagana hefur það ákveðið að kaupa heilan togara til landsins án þess að fá eina einustu krónu að láni. Ef það er að standa sig illa veit ég ekki hvað þau orð merkja.

Það er hins vegar alveg rétt hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að staða slíkra einkafyrirtækja kann að vera umhugsunarefni fyrir okkur Alþb.-menn. En að einkafyrirtækin hér í landinu séu að fara á hausinn er slík fjarstæða að ekki tekur nokkru tali, eins og nýjustu togarakaup þessa sérstaka heiðursfyrirtækis Morgunblaðsins sanna glæsilega.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi lýsa ánægju minni með þá sterku stöðu atvinnuveganna í landinu sem fram kemur hjá hv. formanni þingflokks Alþb. að sé nú á þessari stundu. Ég vil leyfa mér að benda á að allar ráðagerðir hæstv. ríkisstj. og tal um að það sé nauðsynlegt að færa stórfé í þjóðarbúskapnum til þessara sömu atvinnugreina, eins og í sjávarútvegi, m. a.

úr gjaldeyrisvarasjóði landsmanna, er þá gjörsamlega þarflaust og út í hött. Ég vil fagna því, að staða íslenskra atvinnuvega skuli vera svo styrk sem hv. þm. segir. Þá ætti væntanlega ekki að vera mikill vandi fyrir hæstv. ríkisstj. og þá, sem með völdin fara á landi hér, að leyfa launþegunum að njóta í formi kauphækkana einhvers af þeirri góðu stöðu íslenskra atvinnuvega.

Ég vænti þess, að hæstv. forsrh., sjútvrh. og aðrir ráðh. í ríkisstj. haldi ekki lengi áfram svartnættissöng sínum um nauðsyn þess að færa stórfé í eigu annarra þjóðfélagsþegna til atvinnugreina í sjávarútvegi og iðnaði fyrst afkoman er svona góð.

Fyrirspyrjandi (Lárus Jónsson): Herra forseti. Aðeins örstutt aths. Það er ekki efni til þess í fsp.-tíma að efna til almennra atvinnumálaumræðna. Mér skilst að þær hafi orðið hér í Sþ. á undanförnum dögum svo að það er að bera í bakkafullan lækinn að hefja slíkar umr. núna, enda ætlaði ég ekki að gera það með þessari fsp.

Ég vil aðeins ítreka að það, sem kom hér fram um afkomu ríkisfyrirtækja, var ekki frá mér, heldur frá hæstv. iðnrh. Ég hélt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson treysti upplýsingum sem kæmu frá hæstv. iðnrh. Hann gaf yfirlit um afkomu þessara fyrirtækja og hún er eins og þar kom í ljós. Ég hélt því fram, að afkoma ýmissa einkafyrirtækja væri líka slæm, en það getur vel verið að hún sé eins góð og hv. þm. vill vera láta í sumum fyrirtækjum. Við skulum vona það. En það sýnir þá líka að kannske er einhver munur á í hvaða formi fyrirtækin eru rekin.

Húsnæðismál, fsp. (þskj. 25) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. til hæstv. félmrh. um húsnæðismál.

Húsnæðismál ber oft á góma hér í sölum Alþingis og það er eðlilegt. Húsnæðismálin eru ein þýðingarmestu mál á hverjum tíma og ekki síður nú en oft áður. Við skulum hafa í huga það ástand sem hefur verið að skapast á undanförnum vikum og mánuðum og felst í því, að vofa húsnæðisleysisins hefur sýnt sig meir nú en um alllangt skeið áður. Athygli hlýtur því að beinast að því, hvort ekki sé þörf á aðgerðum í húsnæðismálunum og jafnvel frekar nú en oft áður. Þá beinist hugurinn að því, sem hefur gerst á undanförnum misserum, og þeirri löggjöf, sem sett var um húsnæðismál árið 1980 og okkur er í fersku minni.

Spurningin er: Hver hefur orðið árangur — ég vil nú segja árangursleysi frekar — af þessari löggjöf? Hver er reynslan af þessari löggjöf? Það er ekki að ófyrirsynju að spurt sé um það, vegna þess að þegar þessi löggjöf var sett vegnaði ekki vel í þessu efni. Og hvers vegna var það? Það var vegna þess að það var ekki vel búið að Byggingarsjóði ríkisins sem hefur verið grundvöllurinn að lánveitingum til húsnæðisbygginga á undanförnum áratugum. Raunar var Byggingarsjóður ríkisins sviptur megintekjustofni sínum, sem var launaskatturinn. Stjórnarandstaðan varaði við þessu og taldi að fyrirsjáanlegt væri að þessar aðgerðir mundu leiða til vandræða í húsnæðismálunum, samdráttar í útlánum Byggingarsjóðs ríkisins og byggingarframkvæmdum í landinu og þar með valda húsnæðisskorti þegar fram í sækti. Nú hefur þetta þegar skeð. Það er allt komið fram sem við sögðum, sem vöruðum við þeirri stefnu sem var mörkuð með þessari löggjöf.

Spurningin er: Vill ríkisstj. eitthvað læra af þessari reynslu? Með tilliti til þess er fyrsta spurningin, sem ég hef leyft mér að bera fram til félmrh., almenns efnis, hvort ríkisstj. vilji gera Byggingarsjóði ríkisins kleift að fullnægja eftirspurn eftir íbúðalánum með þeim lánskjörum, að því er varðar lánsupphæð, lánstíma og vexti, að staðið verði undir af almennum launatekjum. Þetta er fyrsta spurningin. Það er spurning um hvert ríkisstj. er að stefna í þessum málum. Á að víkja frá þeirri stefnu, sem hefur verið leitast við að fylgja á undanförnum áratugum, að búa svo að þessum málum að hinn almenni launþegi geti komið yfir sig þaki?

Herra forseti Þessari spurningu fylgja nokkrar spurningar um tiltekin efni og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti svör við þessu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson hefur borið fram fsp. á þskj. 25 *um húsnæðismál í 8 töluliðum.*

Fyrst er almenn spurning, hvort ríkisstj. vilji gera Byggingarsjóði ríkisins kleift að fullnægja eftirspurn eftir íbúðalánum með þeim lánskjörum að því er varðar lánsupphæð, lánstíma og vexti, að staðið verði undir af almennum launatekjum.

Núv. ríkisstj. markaði stefnu sína í húsnæðismálum með setningu laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins og félagslegar íbúðabyggingar. Með þeim lögum er fjármagn til byggingarsjóðanna, lánsfjármagn og fjárframlög, aukið mjög verulega, bæði framlög samkv. fjárl. og lánsfé samkv. lánsfjáráætlun. Raunaukning útlánagetu byggingarsjóðanna á þessu ári er um 8%, og samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sem liggur fyrir þinginu, er um aukningu að ræða upp á 18%. Sérstök áhersla er í hinum nýju lögum lög á að auka fjármagn til byggingar verkamannabústaða og leiguíbúða sveitafélaga með því að efla Byggingarsjóð verkamanna, og eru honum tryggðir stórauknir tekjustofnar. Með þeim hætti er reynt að sinna fyrst vanda þeirra sem enga íbúð eiga og lakar eru settir í húsnæðismálum.

Lánakjör sjóðanna eru við það miðuð að auðvelda launafólki að standa undir lánum til íbúðabygginga. Byggingarsjóður ríkisins veitir lán til 26 ára með 2% vöxtum og Byggingarsjóður verkamanna veitir lán til 42 ára með 0.5% vöxtum. Öll útlán sjóðanna eru verðtryggð samkv. lánskjaravísitölu eins og hún er á hverjum tíma. Lánin hækka ársfjórðungslega. Lánsréttur ákvarðast af fokheldisstigi og koma lánin til útborgunar í þremur hlutum. Á fjórða ársfjórðungi 1981 nema lán til tveggja til fjögurra manna fjölskyldna 141 þús. kr., en þessi fjölskyldustærð vegur um 60—70% í lánveitingunum alls. Þetta lán er afborgunarlaust fyrsta árið, aðeins greiddir vextir og vísitöluálag. Síðan eru þetta jafngreiðslulán, annuitetslán, í 25 ár. Lántakandi, sem er með 72 þús. kr. í árslaun eða 6 þús. kr. á mánuði, greiðir um 4.4% af árslaunum sínum í vexti og vísitöluálag fyrsta árið af ofangreindu láni, miðað við núgildandi kjör. Næstu 25 ár greiðir hann um 10.3% á ári af þeim árslaunum sem hér eru nefnd og eru vafalaust í lægra kanti.

Ríkisstj. mun láta gera sérstaka athugun á lánsfyrirkomulagi á næsta ári. Það, sem ég hef einkum rætt þar við Húsnæðisstofnunina, er tvennt:

Það er í fyrsta lagi að kannað verði hvað það kostar að stytta mjög tímann sem líður á milli útborgunar lánshluta nýbyggingarlána. Þessi tími er alllangur núna. Lánin rýrna í verðbólgunni og þess vegna er nauðsynlegt að stytta þennan tíma. Við höfum farið fram á könnun á því, hvað það kostar mikla fjármuni að stytta þann tíma sem nú er á milli útborgunar lánshluta.

Í annan stað hef ég farið fram á athugun á því, hvað það kostar að veita nokkru hærri lán til þeirra sem eru að byggja í fyrsta sinn. Ég ítreka að hér er fyrst og fremst um að ræða spurninguna um hvað hlutirnir kosta og hvaðan fjármunir koma til þess að standa undir viðkomandi kerfum.

Það hefur ekki komið fram hér á Alþingi nein ábyrg tillaga, frá því að þessi nýju lög væru sett, um hvernig ætti að bæta úr þessum málum, þ. e. auka fjármagn til húsnæðislánasjóðanna. Það hafa komið fram yfirborðstillögur frá stjórnarandstöðunni, sem gera í rauninni ráð fyrir að teknir séu svo og svo margir milljarðar kr. og fluttir yfir til húsnæðislánakerfisins, án þess að gera grein fyrir því, hvað á í staðinn að brúa bilið hjá ríkissjóði eða hvað á að skera niður í staðinn. Þegar menn flytja slíkar tillögur þurfa þeir auðvitað að venja sig á að gera nákvæma grein fyrir hvað þeir vilja skera niður í staðinn af útgjöldum ríkissjóðs. Fyrr eru slíkar tillögur markleysa.

Í annan stað spyr hv. þm.: Hvað eru almenn íbúðarlán Byggingarsjóðs ríkisins nú há í hlutfalli við byggingarkostnað?

Við þennan samanburð undanfarin ár hefur verið miðað við byggingarkostnað íbúðar í vísitöluhúsinu á miðju ári hvers árs. Þessi íbúð er 96 m² brúttó með sameign og hún er miðuð við 10 íbúða fjölbýlishús. Ekki hefur verið tekið tillit til þess, hvenær lánin koma til útborgunar, en fyrsti hluti er til afgreiðslu um 3—4 mánuðum frá fokheldisdegi. Síðan eru um 6 mánuðir á milli lánshluta. Á miðju þessu ári var þetta hlutfall vísitöluíbúðarinnar 33% fyrir meðalfjölskylduna, en var í fyrra samkv. eldri lögum 31%. Hins vegar er þetta hlutfall miklum mun hærra fyrir stærri fjölskyldur. Fjölskyldur með sex einstaklinga og fleiri eiga nú rétt á láni sem nemur 193 þús. kr. eða 19.3 millj. gkr.

Lán til nýbyggingar samkv. nýju lögunum er hins vegar ákveðið hlutfall af verði svokallaðra staðalíbúða. Þessar íbúðir eru vandaðar að allri gerð og þær eru hannaðar í svokölluðum parhúsum, en ekki í stórum fjölbýlishúsum eða allstórum, eins og svokallaðar vísitöluíbúðir. Hér er um að ræða fjórar gerðir staðalíbúða: fyrir einhleyping, 2—4 manna fjölskyldu, 5—6 manna fjölskyldu og 7 manna fjölskyldu og stærri. Lánin nema um 17.4% af verði staðalíbúðanna án tillits til útborgunartíma lánshlutanna.

Í þriðja lagi er spurt: Hve margar óafgreiddar lánsumsóknir hjá Byggingarsjóði ríkisins liggja fyrir og hvernig skiptast þær á milli lánaflokka?

Undanfarin ár hafa alltaf verið afgreidd frumlán til þeirra, sem gera fokhelt, frá 1. okt. til 30. sept. Það sama verður gert nú. Þeir, sem gerðu fokhelt fyrir 1. júlí s. l., hafa þegar fengið sín frumlán. Þeir, sem gerðu fokhelt í júlí s. l., fá sín frumlán 5. nóv. n. k., og þeir, sem gerðu fokhelt í ágúst og sept. s. l., fá sín frumlán 5. des. n. k.

Húsnæðismálstjórn hefur ekki enn tekið ákvörðun um hvenær veitt verða G-lán, þ. e. lán til kaupa á eldri íbúðum, til þeirra sem lögðu inn umsóknir frá 1. apríl s. l. til 30. júní s. l., um 23 millj. kr. til um 490 íbúða. Undanfarin ár hefur lánveiting til þeirra, sem leggja inn umsóknir á 2. ársfjórðungi, verið í des. Hins vegar hafa þeir, sem leggja inn umsóknir eftir 1. júlí fengið sín lán eftir áramót.

Nokkur sveitarfélög og félagasamtök bíða eftir lánum til íbúðaheimila fyrir aldraða og dagvistarheimila fyrir börn, en í áætlun húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir 10 millj. kr. eða 1 milljarði gömlum í þennan útlánaflokk. Nú þegar hefur 3 millj. nýjum verið ráðstafað í þessu skyni.

Þeir aðilar, sem sóttu um lán fyrir 1. júlí s. l. til meiri háttar endurbóta og til orkusparandi breytinga á húsnæði, fá lán sín afgreidd 15. nóv. n. k. Eftir 1. júlí s. l. hafa fáar umsóknir um þessi lán borist stofnuninni.

Þeir, sem sótt hafa um lán til meiri háttar viðbygginga og gert þær fokheldar fyrir 1.okt. s. l., fá lán sín afgreidd á árinu.

Þau sveitarfélög, sem sótt hafa um lán til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis vegna fokheldra íbúða fyrir 1. okt. s. l., fá sín lán afgreidd á árinu.

Í áætlun húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir 14 millj. kr. í framkvæmdalán til byggingarsamvinnufélaga og byggingameistara. Þessu fjármagni hefur þegar verið ráðstafað.

Í fjórða lagi er spurt: Hvernig er staða Byggingarsjóðs ríkisins nú miðað við fjárhagsáætlun sjóðsins fyrir árið 1981?

Áætlun húsnæðismálastjórnar fyrir árið 1981 er frá 17. febr. s. l. Þar er gert ráð fyrir 307 millj. kr. í útlán á þessu ári á vegum Byggingarsjóðs ríkisins Þessi áætlun var samþykkt 11. mars s. l. af félmrh. með fyrirvara, þar sem lánsfjáráætlun hafði gert ráð fyrir um 300 millj. kr. í útlán árið 1981. Flest bendir til að þessi útlánaáætlun, sem þarna var gerð, standist í meginatriðum. Það er tvennt sem hefur sett strik í reikninginn:

1. Skyldusparnaðurinn hefur ekki skilað þeim tekjum sem áætlað hafði verið. Við gerum okkur vonir um að frá og með næstu áramótum, þegar innheimta skyldusparnaðar verður komin í svokallað póstgírókerfi, skili hún sér betur en verið hefur til þessa og betri möguleikar verði á að halda utan um skyldusparnað en áður, líka vegna þess að hér er tvímælalaust um að ræða langheppilegasta sparnaðarformið sem ungt fólk á völ á í landinu.

Annar þáttur, sem hefur ekki skilað sér sem skyldi, eru lífeyrissjóðirnir. Kem ég að því í sambandi við tölulið 5. Samkv. lánsfjáráætlun ársins 1981 eiga lífeyrissjóðirnir að kaupa skuldabréf af Byggingarsjóði ríkisins fyrir 152.9 millj. kr. og af Byggingarsjóði verkamanna fyrir 14 millj. kr. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka, herra forseti. — Fyrstu 9 mánuði ársins keyptu þeir aðeins af Byggingarsjóði fyrir tæpar 87.3 millj. kr. eða um 52% af áætluðu heildarkaupverði. Þessi kaup námu aðeins 16.2 millj. kr. í júlí og sept. s. l.

Hér eru uppi þrjár spurningar í viðbót og ætla ég að fara hratt yfir þær. Það er fyrst spurt: Hvað er áætlað um ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 og skiptingu þess milli útlánaflokka?

Svar: Áætlað ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982 er samkv. fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun 374 millj. kr. Ekki liggja fyrir endanlegar tillögur um skiptingu þess milli lánaflokka, en samkv. lögum nr. 51/1980 er gert ráð fyrir að húsnæðismálastjórn geri tillögur um þá skiptingu við endanlega gerð fjárhagsáætlunar fyrir sjóðinn.

Í sjöunda lagi er spurt hvaða fyrirætlanir ríkisstj. hafi varðandi sveitarfélögin og Byggingarsjóð verkamanna.

Svar: Engar áætlanir eru uppi um bein afskipti ríkisstj. að þessu leytinu til af fjármálum sveitarfélaganna. Varðandi framlög sveitarfélaga til Byggingarsjóðs verkamanna skal bent á að samkv. nýju lögunum var það lækkað úr 25—35% í 9% af byggingarkostnaði verkamannabústaða. Ekki virðist því ástæða til að óttast að slíkt verði sveitarfélögunum of erfitt. Auk þess eru nú í fyrsta sinn lánuð úr Byggingarsjóði verkamanna 80% af endursöluverði eldri íbúða í verkamannabústöðum. Þó sveitarfélögin þurfi að leggja fram 10% af þeim lánum léttir það sveitarfélögunum mjög það verkefni að hjálpa efnalitlu fólki að leysa sín húsnæðismál.

Í áttunda lagi er spurt um óafgreiddar umsóknir hjá Byggingarsjóði verkamanna og áætlanir 1982.

Engar fullgildar umsóknir liggja nú óafgreiddar hjá Byggingarsjóði verkamanna. Lánssamningar hafa þegar verið gerðir vegna byggingar 244 verkamannabústaða og leiguíbúða. Vitað er að í undirbúningi eru á mjög mismunandi stigum um 580 íbúðir, þar af 116 í leiguíbúðum sveitarfélaga. Í grg. með fjárlagafrv. fyrir 1982 er gert ráð fyrir að Byggingarsjóður verkamanna veiti 80% lán til byggingar 100 leiguíbúða sveitarfélaga, 80% til 110 endursöluíbúða og loks að veitt verði 300 full lán, 90% lán, til nýrra verkamannabústaða. Samtals 268.3 millj kr.

Herra forseti. Tíminn leyfir ekki að ég fari út í nánari umr. um þessi mál að sinni. Ég hef því miður ekki tíma til þess núna að svara aths. þeim sem hv. þm. lét frá sér fara, en voru utan við fsp. þær sem lagðar voru fram hér á sérstöku blaði, en við getum sjálfsagt átt saman um það fróðlegar viðræður síðar ef tími leyfir.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. sagði að fjárframlög til byggingarsjóðanna hefðu aukist verulega. Þetta er rangt. Þau hafa verið skert mjög verulega og mun ég sýna fram á það.

Það hljóta allir að vera sammála um að nú er nauðsynlegt að hækka mjög verulega lánshlutfall Byggingarsjóðs ríkisins til húsbyggjenda og húskaupenda, sérstaklega þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta skipti. M. a. veldur því full trygging lána. Veðtrygging lána eykur mjög á vanda þessa fólks og þess vegna er enn þá meiri nauðsyn en nokkurn tíma áður að hækka þetta hlutfall. En ef á að vera unnt að gera það núna eða á næstu árum verður að hækka markaða tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins eða ígildi þeirra. Það má undir engum kringumstæðum lækka þá. En hvað gerir ríkisstj.? Hvað hefur hún gert? Hefur hún hækkað framlög frá því sem markaðir tekjustofnar gerðu ráð fyrir? Aldeilis ekki. Á árinu 1980 skerti hún markaða tekjustofna kerfisins í heild um 5%. Árið 1981 sketi hún markaða tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins um hvorki meira né minna en 75% um leið og hlutverk sjóðsins var stórlega aukið. Þetta er nú allt framlag ríkisstj.

Ríkisstj. segist hafa hækkað mjög verulega framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna. Með orðaleikfimi má komast að þeirri niðurstöðu. Hæstv. ríkisstj. skar alveg á framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna, en stal þess í stað helmingnum af stærsta markaða tekjustofni Byggingarsjóðs ríkisins, þ. e. launaskattinum. Tekjur Byggingarsjóðs ríkisins voru færðar yfir til Byggingarsjóðs verkamanna, en jafnhliða var skorið alveg á allt framlag frá ríkissjóði til Byggingarsjóðs verkamanna.

Á næsta ári verður skerðing markaðra tekjustofna enn þá meiri, þó að hæstv. félmrh. hafi haldið allt öðru fram. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir 33% hækkun framlags ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins. Í þjóðhagsáætlun, sem lögð var fram í s. l. viku, er reiknað með að hækkun byggingarkostnaðar verði 50% frá meðaltali ársins 1981 til meðaltals ársins 1982. M. ö. o.: það verður veruleg skerðing, 17% skerðing, á raungildi framlagsins.

Herra forseti. Ég skal reyna að ljúka máli mínu fljótlega. M. ö. o.: skerðing markaðra tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins verður hvorki meira né minna en 82% samfara mikilli aukningu verkefna og heildarskerðing sjóðanna beggja verður 38%. Þetta er, eins og ég sagði, framlag hæstv. ríkisstj.

Á móti reiknar hæstv. ríkisstj. með því að auka lántökur til sjóðanna. Það getur gengið 1—2 ár, varla miklu lengur. Það gengur ekki að taka lán með 3.25% vöxtum til 15 ára og lána út aftur með 2% vöxtum til 26 ára. Sjóðirnir hljóta að komast í algert greiðsluþrot og það fyrr en síðar, og vaxandi meiri hluti af framlagi ríkissjóðs fer í að borga vaxtamismun.

Það stendur í framkvæmda- og lánsfjáráætlun ríkisstj. að hækkun útlána Byggingarsjóðs ríkisins verði 24.6% á sama tíma og byggingarkostnaður vex um 50%. Heildarútlán Byggingarsjóðs ríkisins verða því að raungildi 17.5% lægri en byggingarkostnaður verður í ár. Heildarhækkun beggja kerfanna verður 7%, ekki 18% eins og hæstv. félmrh. heldur fram, og er það orðaleikfimi fjárlagafrv. um 33% hækkun milli ára sem kemur inn í það dæmi. Með aðgerðum hæstv. ríkisstj. er ekki verið að stuðla að auknum útlánum, heldur er verið að stuðla að lækkun þeirra. Það er verið að stuðla að styrkingu kerfisins. Það er verið að stuðla að því að eyðileggja Byggingarsjóð ríkisins, ekki bara á þessum árum, heldur um alllanga framtíð.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að víkja að orðum hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar áðan um „vofu húsnæðisleysisins“ sem vofi yfir fólki, en hann vitnaði þar í nýafstaðna umr. um þau mál, og leiðrétta nokkrar misfærslur í málflutningi þar sem aðallega hefur verið fjallað um húsnæðisástandið í Reykjavík.

Á tímabili í haust var það blásið upp í blöðum bæjarins að hundruð manna, einhvers staðar sá ég töluna 1600 fjölskyldur væru á götunni í Reykjavík. Nú brást borgarstjórn á þann veg við því, að gerð var skyndikönnun á fjölda þess fólks sem væri á götunni eða ætti í miklum húsnæðiserfiðleikum. Sú könnun liggur nú fyrir. Munu 200 aðilar hafa snúið sér til borgarverkfræðingsembættisins. Þar af eru 75 sem segja má að séu í húsnæðisvandræðum. Ég hygg að það sé hvorki meira né minna en verið hefur í Reykjavík alla tíð, vil ég segja, og miklu verra var það auðvitað á árum áður. Þessir 75 aðilar eru þeir sömu og hafa verið á biðlista hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, og þegar er búið að leysa vanda nokkurra þeirra fjölskyldna.

Það er ósköp eðlilegt að Reykjavík standi frammi fyrir nokkrum húsnæðisvanda þar sem ekki hafa verið byggðar í Reykjavík leiguíbúðir síðan 1973. En nú er verið að leggja drög að 170 leiguíbúðum í Reykjavík og verið er

að festa kaup á 20 tilbúnum íbúðum.

Ég vil að þetta komi fram svo að hv. þm. viti staðreyndir þessa máls, en trúi ekki hverju því sem kann að standa í dagblöðum bæjarins.

Varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins vil ég segja þetta: Það er brýn nauðsyn, og ég vil beina því til hæstv. félmrh., að flýtt verði gerð reglugerðar um lán til dagvistarstofnana. Það er beðið eftir þeirri reglugerð og hefur verið til baga að hún skuli ekki þegar vera sett. Þá held ég að alveg nauðsynlegt sé að eyða í það fé að stofna stöðu eins til tveggja eftirlitsmanna. Það eru að því mikil brögð, sem við þekkjum mætavel hjá Félagsmálstofnun Reykjavíkurborgar, að íbúðir, sem hafa verið seldar og á að selja aftur, hafa staðið auðar allt of lengi. Margt af því fólki, sem við höfum verið í sem mestum vandræðum með hjá Reykjavíkurborg, er einmitt fólk sem er að bíða eftir að fá slíkar íbúðir.

Annað er það sem einnig þarf að hafa eftirlit með og öllum er fullkunnugt um að viðgengst, en það er að þessar íbúðir, sem samfélagið hefur veitt verulega fyrirgreiðslu til byggingar á, eru leigðar út á venjulegum leigumarkaði fyrir okurfé. Það er auðvitað algerlega óviðunandi að það viðgangist.

Ég vildi aðeins koma þessum orðum að og leiðrétta þær fullyrðingar sem hafðar hafa verið í frammi um húsnæðisvandann í Reykjavík.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það kom mér til að biðja um orðið um húsnæðismál, að ég vil undirstrika, eins og hæstv. félmrh. gerði áðan, nauðsyn þess að taka til vandlegrar athugunar húsnæðislöggjöfina að því er varðar vissa þætti og sérstaklega það sem hann talaði um í sambandi við að stytta tíma milli útborgunar lánshluta. Ég veit að það er ákaflega þýðingarmikið mál, þó að það raski ekki í raun og veru því fjármagni sem um er að ræða. Þetta er fyrirkomulagsatriði sem ég veit að kemur sér mjög vel fyrir húsbyggjendur.

Þá er ekki síður hitt atriðið, á hvern hátt er hægt að veita hærra lán til frumbýlinga. Það var eitt af þeim málum sem mikið voru til umræðu þegar lögin um húsnæðismál voru sett 1980, á hvern hátt væri hægt að leysa þetta brýna verkefni. Mér finnst mjög ánægjulegt að heyra að húsnæðismálastjórn er að vinna að hugmyndum um á hvern hátt þetta væri hægt áður en lengra er gengið.

Ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram í sambandi við húsnæðismál almennt. Húsnæðismálin ber okkur skylda til að leysa á viðunandi hátt því að þau eru mjög mikið vandamál í okkar þjóðfélagi, eins og raunar kom fram í máli hæstv. ráðh.

Þá get ég ekki látið hjá líða að minna á að einn þáttur húsnæðismála er kaupskylda sveitarfélaga í sambandi við félagslegar íbúðir. Eins og þetta er framkvæmt samkv. reglugerð Húsnæðisstofnunar kemur það mjög illa við sveitarfélögin að því er varðar íbúðir á félagslegum grundvelli sem byggðar eru fyrir gildistöku nýju laganna. Samkvæmt nýjum matsreglum getur munað allt frá 8—15 millj. gkr. í sambandi við kaupskyldu þessa, miðað við söluíbúðir og leiguíbúðir, vegna þess að matsgerðin í sambandi við þau lán, sem hvíla á íbúðum verkamannabústaða, er meðhöndluð eftir reglum sem eru í ósamræmi við nýju lögin. Þetta þarf að athuga og verður sennilega ekki breytt nema með lagabreytingum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf. Sumt af því var ágætt að fá hér og voru raunverulegar upplýsingar, en önnur ummæli hans höfðu ekki það upplýsingagildi sem hefði verið vert. Hann fann t. d. að því, að ég hefði viðhaft nokkur orð um húsnæðisástandið til þess að færa ástæður fyrir aðalspurningu minni til hans, fyrstu spurningunni sem ég gerði grein fyrir. Mér fannst ýmislegt í máli ráðh. vera á þá leið, að það væri full ástæða að undirstrika hvað er aðalatriðið í þessum málum, en ekki minni háttar atriði, eins og sum atriði eða upplýsingar sem hann var að gefa áðan.

Þegar við tölum um húsnæðisástand skulum við gera okkur grein fyrir hver húsnæðisþörfin er. Og hver er húsnæðisþörfin? Samkv. spá Framkvæmdastofnunar ríkisins árið 1977 var áætlað að byggja þyrfti um 2400 íbúðir á ári til ársins 1985 til þess, eins og þar segir, „að anna eftirspurninni". En hvernig standa þessi mál? Hvernig gengur okkur að anna eftirspurninni? Samkv. upplýsingum frá húsnæðismálastjórn standa málin þannig, að lán frá Byggingarsjóði ríkisins voru á undanförnum árum á fokheldar íbúðir á tímabilinu frá 1. okt. til 30. sept. þannig: Á fyrsta tímabilinu, sem ég er hér með, frá 1978—1979, voru íbúðirnar, sem lánað var út á, 1685, á næsta ári 1665 og í ár er reiknað með 1200. Á næsta ári er reiknað með enn þá lægri tölu, það sé einungis lánað til 1175 fokheldra íbúða. Hvað segja þessar skelfilegu tölur? Þær segja að það hlýtur að stefna í mikið húsnæðisleysi, hvort sem það kemur að fullu fram meðan þeir sitja í ríkisstj. sem bera ábyrgð á þessu ástandi. Ég veit að hæstv. ráðh. segir að það verði auknar byggingar hjá Byggingarsjóði verkamanna. Það er alveg rétt. En það gerir ekki annað en mæta þeirri fækkun íbúða sem annars væru byggðar á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Það er yfirleitt ekki um neina aukningu að ræða.

Hæstv. ráðh. talaði um að verðgildi lánsfjár til íbúðalána hefði aukist á þessu ári um 8% og ykist á næsta ári um 18%. Þetta eru algerar pappírstölur. Hvers vegna? Vegna þess að það er búið að svipta Byggingarsjóð ríkisins aðaltekjustofninum, þeim mikilvægasta, launaskattinum, en í staðinn kemur óviss tekjustofn eins og kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Byggingarsjóðs. Það var gert ráð fyrir að á þessu ári keyptu lífeyrissjóðirnir fyrir 152 millj., en þegar 9 mánuðir voru búnir af þessu ári hafði verið keypt fyrir 57% af þeirri upphæð. Nú er gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir leggi til meira á næsta ári eða 212 millj. kr. Það er í algerri óvissu. Þær tölur, sem við höfum, gefa því ekki til kynna hve herfilegt það ástand getur orðið á næstunni.

Hæstv. ráðh. sagði að það væri ábyrgðarleysi, — hann var að tala þá um launaskattinn, — að við sjálfstæðismenn hefðum borið fram tillögur um að launaskatturinn færi í Byggingarsjóð ríkisins. Það er ábyrgðarlaust athæfi! En það er ekki ábyrgðarlaust athæfi, hæstv. ráðh., að bera fram tillögur um að þessi byggingarsjóður sé sviptur launaskattinum, sem upphaflega var lagður á með samkomulagi við launasamtökin í landinu til að efla íbúðabyggingar í landinu. Nei, það er ekki ábyrgðarlaust!

Hæstv. ráðh. var að guma af hvernig búið er að Byggingarsjóði verkamanna. Hvernig er búið að Byggingarsjóði verkamanna? Samkv. lögum á hann að fá framlag frá ríkissjóði sem nemur 30% af ráðstöfunarfé hans. Hann hafði 50% áður. En hvernig á að fjármagna annað? Hvernig á að fjármagna 50% af því fjármagni

sem Byggingarsjóður verkamanna þarf á að halda? Hann á að taka lán til 15 ára með 3.5% vöxtum og lána þá peninga út til 42 ára með 0.5% vöxtum. Haldið þið að Byggingarsjóður verkamanna verði byggður upp til frambúðar með þessum hætti?

Hv. 8. landsk. þm. vill halda því fram, að það sé allt í góðu lagi í húsnæðismálunum hér í Reykjavík vegna þess að það sé verið að byggja 170 leiguíbúðir og það sé verið að kaupa — hugsið þið ykkur — 20 íbúðir sem eiga að vera leiguíbúðir. Þetta er ekki svaravert, og ég hef ekki heldur tíma til þess. En það er húsnæðisvandi og mikil eftirspurn eftir húsnæði um allt land og það er eitt af því þýðingarmesta, ekki einungis í Reykjavík, heldur í hinum dreifðu byggðum, að gert sé átak í því að auka til muna byggingu íbúðarhúsnæðis.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér hefur ýmislegt komið fram sem ástæða væri til að ræða lengi dags. Ég vil fyrst leggja áherslu á eitt meginatriði, sem menn þurfa að skilja, líka hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sem hefur mikinn áhuga á húsnæðismálum, og hann hefur vafalaust einhvern tíma velt því fyrir sér. Það er þetta:

Vandi húsbyggjenda og þeirra, sem leigja og kaupa íbúðir, stafar af því, að vaxandi hluti fjármagns er verðtryggður að fullu. Hér eru í raun greiddir svokallaðir raunvextir af öllum fjárskuldbindingum. Þetta fjárhagslega og efnahagslega atriði ræður úrslitum um stöðu húsbyggjenda á hinum almenna íbúðamarkaði. Þetta ræður líka úrslitum um stöðu atvinnuveganna eins og hún er um þessar mundir, og þetta grundvallaratriði verða menn að hafa í huga. Ríkisstj. hefur með sínu nýja húsnæðislánakerfi gert ráðstafanir sem vafalaust hafa í för með sér, bæði í bráð en þó sérstaklega í lengd, að þessi verðtryggingarstefna fjárskuldbindinga á ekki að koma eins hastarlega við launamenn og lágtekjufólk og ella hefði verið. Félagsleg stefna ríkisstj. í húsnæðismálum var þess vegna óhjákvæmilegt svar við þeirri ákvörðun stjórnvalda að verðtryggja allar fjárskuldbindingar, auk margra annarra raka fyrir því að auka og efla hið félagslega íbúðabyggingakerfi.

Hv. þm. talar um samdrátt í íbúðabyggingum í ár. Í gögnum, sem hefur verið dreift á borð þm., er rætt um 5% samdrátt í þeim efnum. Það liggur þó ekki endanlega fyrir hver sú tala er á þessu ári. Það verður að sjálfsögðu ekki fyrr en byggingarfulltrúarnir hafa gert upp sínar skýrslur. En meginatriðið, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vill gleyma, vill ekki sjá og vill ekki skilja vegna þess að ég veit að hann getur skilið það og getur séð það, það er að tekin hefur verið ákvörðun um stórfellda eflingu hins félagslega íbúðabyggingakerfis upp á hundruð íbúða á ári. Halda menn að það segi ekki til sín í umsóknum um önnur húsnæðislán eða þenslu á húsnæðismarkaðinum að öðru leyti? Nú liggur fyrir, eins og ég gat um í mínu svari, að í undirbúningi eru á mismunandi stigum innan hins félagslega íbúðabyggingakerfis í landinu 580 íbúðir. Halda menn að það muni ekkert um þetta? Júnísamkomulagið, sem gert var á milli ríkisstj. og verkalýðshreyfingarinnar fyrir 10—20 árum, 1963 eða 1964, hefur lengi verið lofað og prísað og það að verðleikum. Þetta júnísamkomulag fól í sér 1250 íbúðir og tók 10—15 ár að koma því frá og var talað um það sem afrek. Hér liggur fyrir að búið er að lögfesta fyrirkomulag sem tryggir að á ári hverju á að vera unnt að reisa miklu fleiri félagslegar íbúðir en nokkru sinni hafa áður verið reistar hér í landinu. Ætla menn þá bara að slá striki yfir það og öskra á ríkisstj. fyrir það, eins og hv. 5. þm. Suðurl. gerði áðan? Mér þótti satt að segja sárt að heyra það af hans munni.

Hann talar um að ríkisstj. hafi ekki bara skorið niður lánin eða minnkað þau, heldur stolið tekjustofni Byggingarsjóðs ríkisins. Það voru hans óbreyttu orð. Hæstv. ríkisstj., með öllum þeim titlum að framan og á eftir sem notaðir eru samkv. þingsköpum, hefur stolið peningum sem áttu að fara í Byggingarsjóð ríkisins! Hvílíkur málflutningur! Ég segi það alveg eins og er, að ég hef tæplega skap í mér til að taka eins á þessum málflutningi og kannske væru efni til. Þessir fjármunir hafa farið í Byggingarsjóð verkamanna. Þegar Alþfl. sprengdi sig út úr ríkisstj. haustið 1979 lét hann eftir sig húsnæðismálafrv. þar sem Byggingarsjóður verkamanna var skilinn eftir svo að segja tekjustofnalaus. Þetta var sú frammistaða sem þeir eru að guma af, en um þetta ætla ég ekki að skattyrðast núna. Málflutningur af þessu tagi, að ríkisstj. hafi stolið þessum fjármunum, eins og það var orðað hér, er engum þm. sæmandi, síst hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni.

Varðandi önnur atriði, sem hér hafa komið fram, ætla ég ekki að vera langorður. En ég vil þó aðeins svara fsp. frá hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur, í sambandi við reglugerð um lán til dagvistarstofnana. Að henni er unnið. Í sambandi við eftirlitsmenn með því, að íbúðir í félagslega íbúðabyggingakerfinu séu ekki leigðar út í stórum stíl, eins og mun hafa verið gert, er þess að geta, að slíkt eftirlit hefur verið undirbúið og það hefur verið í gangi í allt sumar. En ég minni á að ákvörðun um slíkt eftirlit er að sjálfsögðu í höndum stjórnar verkamannabústaðanna á hverjum stað, þar með er talin stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Byggingarsjóður ríkisins hafði 2% af 3.5% launaskatti. Þetta hefur verið tekið af, en Byggingarsjóður verkamanna fengið 1%, þ. e. helminginn af þessum tekjustofni. Þetta kalla ég að stela af Byggingarsjóði ríkisins og fá Byggingarsjóði verkamanna, og vona ég að menn hljóti að geta verið sammála um það. Það er tekið af öðrum sjóðnum, sem á þó að sjá um verulegan hluta af öllum byggingum í landinu.

Það er út af fyrir sig ágætt að leysa vanda þeirra, sem komast undir ákvæði um verkamannabústaði og félagslegar íbúðir, — leysa þann vanda sem verður af verðtryggðum lánum, eins og hæstv. félmrh. talaði um. Það er út af fyrir sig gott og blessað og fleiri hafa lagt það til. En það leysir ekki vanda þeirra 70% af þjóðinni sem þá þurfa að byggja eða kaupa eftir öðrum leiðum. Þetta kerfi leysir aðeins vanda 30%. Á að skilja alla hina eftir úti í kuldanum? Á að skilja þá eftir úti í kuldanum sem hafa kannske 1000 kr. meiri laun eða kannske bara 100 kr. meiri laun á ári en má hafa til að fá lán samkv. reglum Byggingarsjóðs verkamanna?

Hæstv. félmrh. sagði að till. Alþfl. á sínum tíma hafi skilið Byggingarsjóð verkamanna eftir úti í kuldanum. Hið rétta í því máli er að það var talið af öllum sérfræðingum að ekki væri rétt að vera í húsnæðislánakerfinu, í þeim lögum, með skattlagningu, heldur ætti það að fara inn í skattalög. Í allri umfjöllun um það mál, í grg., í drögum að reglugerðum og í samþykktum

hæstv. félmrh. sjálfs var tryggt, — það var með samþykki allra þeirra flokka sem stóðu að þeirri ríkisstj., — að ekki bara tekjustofnarnir væru óskiptir, heldur skyldu framlög ríkissjóðs vaxa allt upp í 30% á næstu 10 árum. Það var samþykkt meira að segja af núv. hæstv. félmrh.

Ég endurtek að það er afskaplega gott að leysa vel vanda 30% þjóðarinnar, en það leysir ekki vanda hinna 70%. Við megum ekki skilja þau eftir úti í kuldanum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég verð að gera eina aths. við það sem hæstv. ráðh. sagði því að hann fór ekki rétt með.

Hann sagði, þegar ég var að leggja áherslu á og gefa upplýsingar um hvað lítið væri byggt og vantaði mikið á að væri fullnægt byggingarþörfinni, að ég hefði litið fram hjá verkamannabústöðunum. Þetta er ekki rétt. Ég nefndi verkamannabústaðina. En þegar við teljum saman það, sem á að byggja í ár með lánum frá Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna, fáum við um 1600 íbúðir. Það eru 2/3 af þeirri íbúðaþörf sem Framkvæmdastofnun ríkisins telur að sé fyrir hendi, 2400 íbúðum. Það vantar 1/3. Þetta staðfestir þá fullyrðingu mína, að það hlýtur að draga að stórkostlegu húsnæðisleysi ef ekki verður breytt um stefnu.

Það voru mjög fróðlegar upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf, að ástæðan fyrir félagslegu byggingunum og eflingu Byggingarsjóðs verkamanna væri að lánin væru verðtryggð. Mér skilst þá að gagnálykta megi út frá þessu, að þeir hefðu ekkert verið að hugsa um félagslegar byggingar ef svo hefði ekki verið. En ég vil upplýsa hæstv. ráðh. um að það er ekki alveg nýtt að þessi lán séu verðtryggð. Þau voru verðtryggð 1960 um nokkur ár, að vísu ekki öll lánin, en helmingur lánanna, en þó svo væri tókst að auka lánsfjármagn til íbúðalána. Það tókst að gera þau hagstæðari. Þau voru um 1970 komin upp í það að vera um 40% af byggingarkostnaðinum. En nú er hæstv. ráðh. að guma af því að geta nefnt í þessu sambandi töluna 33%. Meðan menn hugsa ekki hærra í þessum efnum en þetta eigum við ekki von á neinum framförum í þessum málum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þessi stutta umr. hér um húsnæðismál hefur verið mjög fróðleg. Húsnæðismálin hafa oft verið umræðuefni í íslenskum stjórnmálum, en sú umr. hefur fyrst og fremst mótast af framkvæmd stefnunnar á hverjum tíma. Djúpstæður pólitískur ágreiningur um hvaða stefnu ætti að fylgja í húsnæðismálum hefur ekki verið fyrir hendi í mörg ár. Menn hafa deilt um hvort væri nægjanlegt fjármagn eða hvort fjármagnið væri nægilega vel nýtt, en það hefur ekki komið upp fyrr en nú djúpstæður pólitískur ágreiningur um stefnu í húsnæðismálum. Sá pólitíski ágreiningur speglast m. a. í þeirri stuttu umr. sem hér hefur farið fram í dag.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur markað sér mjög ákveðna stefnu í húsnæðismálum. Sú stefna byggir á því að leggja höfuðáherslu á hið svokallaða félagslega húsnæðismálakerfi, „félagslegar húsnæðisbyggingar", eins og það heitir á þeirra máli. Þetta kerfi er þannig upp byggt, að það eru tiltölulega fáir sem þess geta notið, eins og fram kom hjá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni. Það fólk á vissulega allt gott skilið í húsnæðismálum og er nauðsynlegt að hlúð sé að því á allan hátt. En hitt fólkið, hinn almenni borgari, er sett út á klakann í húsnæðismálum. Það unga fólk, sem vill byggja sjálft eða fellur ekki undir húsnæðiskerfi hinna félagslegu framkvæmda af einhverjum ástæðum, er sett út á klakann af hæstv. núv. ríkisstj. Í þessu speglast sá djúpstæði pólitíski ágreiningur sem núna, í fyrsta sinn um langan tíma í íslenskum stjórnmálum, er kominn upp.

Það er fróðlegt að sjá hverjir það eru sem nú framkvæma þessa stefnu í húsnæðismálum, hverjir bera ábyrgð á henni. Það er að sjálfsögðu Alþb. sem hefur þá stefnu í húsnæðismálum, eins og reyndar í öðrum málum, að hér skuli allt komast undir hinn sósíalíska klafa, hvort sem það eru húsnæðismál, atvinnumál eða hvað annað. Það er hart til þess að vita að það skuli vera undir þessari ríkisstjórn að slíkt skuli gerast.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á bls. 11 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1982 er tafla neðst á síðunni um hlutfall fjárfestingarlána af framkvæmdakostnaði. Þar kemur fram að íbúðaeigendur hafa á árinu 1980 átt kost á 60% að láni, árið 1981 66.4%, árið 1982 70.8%, og er þetta hærra hlutfall en nokkru sinni fyrr. Er þar um að ræða opinber lán og lífeyrissjóðalán eins og þau eru metin af Seðlabanka Íslands. Þessar tölur tala skýrara máli en upphlaup hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar. (**ÞK:** Við erum ekki að tala um það sama.) Já, þm. reynir stundum að tala um annað en það sem hann á að tala um þegar það er honum óhagstætt. Ég kannast við það. (Gripið fram í.)

Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, gat þess, að hér hefði ekki verið um að ræða djúpstæðan ágreining í húsnæðismálum á undanförnum árum. Þetta er rangt. Það hefur verið verulegur ágreiningur í húsnæðismálum á undanförnum árum. Borgarstjórnaríhaldið gamla hér í Reykjavík, sem núna siglir upp til forustu á nýjan leik og þykist ætla að vinna borgina með leiftursókn undir forustu Davíðs Oddssonar, — þetta gamla borgarstjórnaríhald, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson var í fyrirsvari fyrir lengi, var alltaf á móti félagslegum aðgerðum í húsnæðismálum, felldi tillögur um leiguíbúðir aftur og aftur í borgarstjórn Reykjavíkur og borgarráði árum og áratugum saman. Við erum auðvitað að súpa seyðið af þessum vanda.

Núverandi borgarstjórnarmeirihluti hefur tekið myndarlega á þessum málum með góðum stuðningi núv. ríkisstj., og vonandi endist honum aldur lengi enn til að taka á þessum málum með þeim hætti sem gert hefur verið þannig að Reykvíkingar þurfi ekki aftur að búa við það sleifarlag sem ríkti í félagslegum íbúðarbyggingum í Reykjavík undir forustu borgarstjórnarmeirihluta íhaldsins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður. — Hæstv. félmrh. taldi að heildarlán til íbúðabygginga hefðu farið vaxandi — það má vel vera — og vísaði í lífeyrissjóðslán um það. En nú er það bara svo að það eiga ekki allir rétt á lífeyrissjóðslánum. Sumir eiga rétt á tveimur, önnur hjón eiga engan rétt. Langskólafólk á engan rétt, alls engan. Það eiga ekki allir heldur aðgang að bankakerfinu. Með því að vísa meira og meira á lífeyrissjóðskerfið og meira og meira á bankana er því verið að mismuna fólki herfilega, vegna þess að það eru ekki allir sem eiga aðgang að þessum kerfum. Og ég vil benda á það, að þar að auki er búið að

þrautpína lífeyrissjóðina svo — og það á að auka það enn — að þeir eru að draga saman efndir. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins er búinn að taka fyrir öll þau loforð og allar þær reglur sem hann var búinn að setja. Það er búið, engar hækkanir. Þau loforð, sem menn voru búnir að fá skrifleg fyrir nokkrum mánuðum, eru dregin til baka í dag.

Ellilífeyrir sjómanna, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. 16. maí s. l. voru samþykkt hér á Alþingi lög um breytingu á lögum um almannatryggingar sem fólu það í sér, að hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslensk skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð.

Frá því að þetta gerðist eru liðnir röskir fimm mánuðir og síðast þegar ég vissi til hafði ekki verið sett reglugerð að þessu lútandi. Ég hef því leyft mér að bera fram á þskj. 34 ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni svohljóðandi fsp. til hæstv. ráðh.:

„1. Hefur ráðh. í hyggju að setja reglugerð, svo sem lög gera ráð fyrir, um framkvæmd þess ákvæðis í 7. mgr. 11. gr. laga um almannatryggingar sem fjallar um aukin ellilífeyrisréttindi sjómanna?

2. Ef svo er, hvenær má vænta þeirrar reglugerðar?"

Þegar þetta mál var til umr. voru um það skiptar skoðanir að hve miklu leyti þetta gæti komið til góða þeim sem hér kynnu að eiga hlut að máli. Ýmsir voru þeirrar skoðunar, að þetta mundi ná til tiltölulega fárra einstaklinga í sjómannastétt. Einnig var á það bent, að ákvæði laganna, eins og frá þeim var gengið, gætu orðið til þess að torvelda þó nokkrum hópi sjómanna, sem gætu undir þetta fallið, að koma þarna til greina. Mér er kunnugt um það, að um þetta er mikið spurt. Sjómenn mæna vonaraugum til þess, að þarna sé í augsýn leiðréttting á stöðu þeirra að því er varðar þessi mál. Marga fleiri en mig er farið að lengja eftir reglugerð af hálfu hæstv. ráðh. og því er um þetta spurt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Með samþykkt laga um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 30 frá 26. maí 1981, var gerð sú breyting á gildandi lögum, að sjómenn, sem stundað hafa sjómennsku í 25 ár eða lengur og náð hafa 60 ára aldri, eigi rétt til töku ellilífeyris. Samkv. lögunum er ráð fyrir því gert, að starfsár sjómanns skuli í þessu sambandi miðast við að hann hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Í lagagreininni er enn fremur gert ráð fyrir að nánar verði kveðið á um þessi atriði í reglugerð.

Þegar frv. til l. var samið á sínum tíma í samráði við sjómannasamtökin, í tengslum við gerð síðustu kjarasamninga, var þegar vitað og rætt milli aðila að það gæti orðið erfiðleikum bundið fyrir sjómenn að sanna starfstíma sinn á sjó á grundvelli lögskráningar síðustu 25 ár, þar sem lögskráning sjómanna hefur verið gloppótt víða og er jafnvel enn, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Var því ljóst að fljótlega yrði að koma til móts við þarfir sjómanna í þessu sambandi með setningu reglugerðar. Það yrði að finna lausn vandans og gera sjómönnum kleift að sanna sjósókn sína með öðrum hætti en lögskráningu þegar lögskráningarreglur hafa verið brotnar.

Til þess að gera sér ljóst eðli og umfang þessa vandamáls ákvað rn. að bíða með setningu reglugerðar þar til nokkur reynsla væri komin á lögin og vísbending fengin um það, að hve miklu leyti sjómenn gætu sannað sjósókn sína skjallega. Reynslan hefur sýnt að lögskráning utan Reykjavíkur hefur verið mjög laus í reipunum á undanförnum árum og áratugum, svo að ekki sé sterkar til orða tekið. Frá heilum landssvæðum fjölmennra verstöðva eru ófullkomin gögn og víða með öllu glötuð vegna bruna og ófullnægjandi geymslu og því útilokað fyrir hlutaðeigandi sjómenn að sanna veru sína í skipsrúmi eða lengd skráningartíma. Skilyrðið um lögskráningu á íslenskum skipum þýðir einnig að þeir sjómenn, sem stundað hafa alla sína sjómennsku á opnum bátum eða þilfarsbátum undir 12 brúttólestum, hafa aldrei verið skráðir, þar sem það er ekki lagaskylda.

Að fenginni reynslu, sem komið hefur fram síðustu mánuði, er nú talinn tími til þess kominn að setja umrædda reglugerð. Verður þar reynt að leysa þetta vandamál sjómanna og tryggja að hin annars sanngjarna lagasetning um lífeyri sjómanna nái tilgangi sínum og menn njóti þeirra réttinda sem þar eru boðin. Undanfarnar vikur hefur rn. unnið að samningu reglugerðar um þessi mál í samvinnu við sjómannasamtökin, þ. e. Sjómannasamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands. Í þeim drögum, sem nú liggja fyrir, er eftir sem áður gert ráð fyrir að aðalsönnun verði lögskráning sjómanna á íslensk skip og réttar njóti menn eftir 180 daga starf að meðaltali í 25 ár. Hins vegar er gert ráð fyrir í þeim drögum, sem nú liggja fyrir, að tryggingaráði sé heimilt eftir atvikum að meta sjóferðabækur eða önnur skrifleg sönnunargögn um starfstíma sjómanns ef lögskráning hefur eigi farið fram lögum samkvæmt eða gögn um hana eru glötuð. Þá er gert ráð fyrir því, að tryggingaráði verði heimilt að meta til sönnunar um starfstíma sjómanns vitnisburð valinkunnra manna um starfstíma hans. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú var stunduð sem sönnunin á að ná til.

Að lokum er gert ráð fyrir því í þeim reglugerðardrögum sem nú liggja fyrir, að þegar þannig stendur á að sjómaður hafi stunda sjómennsku í 25 ár eða lengur á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brúttólestum og þar af leiðandi ekki borið skylda til lögskráningar, þá sé tryggingaráði heimilt að úrskurða honum ellilífeyri einnig frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi.

Það skal tekið fram, að samkvæmt framangreindum drögum, sem nú liggja fyrir, er fyrst og fremst um það að ræða, að tryggingaráð hafi heimild til þess að meta til sönnunar önnur atriði en lögskráningu. Rökin eru fyrst og fremst þau, að það sé engan veginn sanngjarnt að láta sjómenn gjalda þess, að hin lögbundna skjallega sönnun sem lögskráningin er sé annaðhvort glötuð eða hafi aldrei farið fram.

Mér þótti rétt, herra forseti, í tilefni af þessari fsp. að gera ykkur, hv. þm., grein fyrir því, hvernig við erum að reyna að nálgast málið í heilbr.- og trmrn. og hvaða forsendur það eru sem við reynum að byggja þetta á. Ég veit að hv. alþm. átta sig á að það er engan veginn einfalt

verk að koma þessari reglugerð saman. Reglugerðardrögin, sem við höfum núna unnið, eru til umsagnar og meðferðar hjá sjómannasamtökunum og öðrum umsagnaraðilum, tryggingaráði einnig að sjálfsögðu, og ég vænti þess, að unnt verði að setja þessa reglugerð á næstu vikum. Aðalatriðið í okkar huga er auðvitað það, að þessi reglugerð verði ótvíræð þannig að hún skapi ekki nýjan vanda, nýja þröskulda eða hindranir í þá veru að menn geti ekki nýtt sér þann rétt sem vilji löggjafans stóð til með setningu þeirra laga sem vitnað er til í fsp. hv. þm. Karvels Pálmasonar.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil fyrst þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Það er full ástæða til þess, því að við höfum sannarlega orðið varir við það á undangengnum mánuðum, eftir að þessi lagasetning átti sér stað hér á Alþingi, að sjómenn hafa mjög spurt um þetta. Þeir hafa komist í mikil vandræði út af því, hvernig þeir ættu að ná rétti sínum. Ég fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að nú verði leitað annarra ráða en þeirra sem við vorum með í lagasetningunni í vor og ég hélt satt að segja þá í einfeldni minni að væru fullnægjandi, vegna þess sérstaklega að um málið hefur verið haft fullt samband við sjómannasamtökin. Þau ættu í raun og veru, eða forustumenn þeirra, að vita gleggst um hvað til þyrfti að koma svo að menn næðu þarna rétti sínum. Ég hef t. d. sannreynt það núna á næstum öllum útgerðarstöðum á Austurlandi, að þar er fáum — ef nokkrum — mögulegt að ná þessum rétti sínum samkv. reglum um lögskráningu. Síðan koma þeir mennirnir sem ekki eiga síst rétt á þessu. Það eru trillusjómennirnir sem eru alveg sér á báti og þarf líka sannarlega að huga að.

Ég fagna því, að sem fyrst komi sem réttlátust reglugerð hér um og tryggingaráði verði heimilt að meta það, hvort til greina eigi að taka beiðni sjómanna. Ég held að við verðum í þessu tilfelli að treysta því, sem hæstv. ráðh. kom inn á, að vitnisburður valinkunnra manna verði í mörgum tilfellum látinn ráða, vegna þess að ég hugsa að engin önnur ráð séu fyrir suma sjómenn til að ná rétti sínum en að leita til valinkunnra manna, hvernig sem tryggingaráð metur þá svo.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Eins og raunar mátti við búast kom fram í máli hans það sem ýmsir höfðu áhyggjur af við lagasetninguna, að það kynni að verða mjög örðugt að setja þetta mál þannig upp að þeir, sem raunverulega var ætlast til að nytu þessa, næðu rétti sínum. Það hefur komið í ljós. Það er auðvitað spurning hvort ekki þarf raunverulega að gera þá breytingu á löggjöfinni að opna hana í þeim tilgangi að allir nái þeim rétti sem þeir eiga, þó að þau gögn, sem löggjöfin gerir núna ráð fyrir, séu ekki fyrir hendi. Vel má vera að þetta sé hægt með reglugerðinni, og kannske rétt að láta á það reyna. En ekki kæmi mér á óvart þó að þyrfti beinlínis að breyta löggjöfinni til þess að hún næði tilætluðum árangri.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Helgi Seljan sagði áðan, ég hef komist að svipaðri niðurstöðu, að ef einvörðungu lagabókstafurinn ætti að gilda í þessu máli yrðu þeir tiltölulega fáir sem nytu þessa, — tiltölulega fáir á Vestfjörðum t. d. En með þeim hugmyndum, sem nú eru komnar á blað, að því er hæstv. ráðh. segir og þakkað skal fyrir, þá má vel vera að hægt sé að ná til flestra þessara aðila. T. d. hefðu engir trillusjómenn fallið undir þetta ef lagabókstafurinn hefði átt að gilda.

Ég ítreka þakkir mínar til hæstv. ráðh. Ég vænti þess, að ekki líði langur tími þangað til reglugerðin sér dagsins ljós svo að hægt verði að framkvæma löggjöfina. Þá fyrst sjáum við líka í reynd hvernig hefur til tekist og hvort það eru einhverjir, kannske margir, sem enn verða út undan enda þótt rýmkað hafi verið með reglugerð.

Frumvarp um umhverfismál, fsp. (þskj. 39). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 39 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„Hvað líður störfum nefndar sem félmrh. skipaði í júlí s. l. til að semja frv. til l. um umhverfismál?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. minni er sú, að á s. l. vori lagði ég ásamt fimm öðrum þm. Sjálfstfl. í Ed. fram frv. til l. um umhverfismál. Í grg. kom fram að frv. hafði áður verið flutt á vorþingi 1978 af ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Núv. hæstv. forsrh., sem þá var félmrh., mælti þá fyrir frv. Ekki fékk frv. þá afgreiðslu, enda skammt til þingloka þegar það var lagt fram. Frv. það, sem við lögðum fram á síðasta þingi, hlaut sömu örlög, dagaði uppi í nefnd, enda skammt til þingloka og málið viðamikið.

Þegar ég mælti fyrir frv. gat ég þess, að það yrði endurflutt nú í haust ef það dagaði uppi svo sem raun varð á. Í júlí s. l. las ég fréttatilkynningu í dagblöðum þess efnis, að hæstv. félmrh. hefði skipað nefnd til að semja fyrir ríkisstj. frv. til l. um umhverfismál og skyldi þetta sama frv. haft til hliðsjónar. Með tilliti til þess, að unnið er að undirbúningi þessa máls, leikur mér nú hugur á að vita hve langt er komið störfum nefndarinnar og hvort vænta megi þess, að frv. til l. um umhverfismál verði lagt fram á þessu þingi af hæstv. ríkisstj.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. 13. júlí s. l. skipaði ég nefnd til að semja frv. til l. um umhverfismál sem m. a. ætti að fela í sér að helstu málaflokkar þeirra falli undir eitt rn. Nefndinni var falið að taka sérstakt tillit til frv. um sama efni er þáv. félmrh., Gunnar Thoroddsen, lagði fram á 99. löggjafarþinginu 1977—78 á þskj. 620. Enn fremur skyldi nefndin hafa hliðsjón af lögum, sem síðan hafa verið sett, og nýjum viðhorfum sem fram hafa komið að undanförnu.

Í nefndina voru skipaðir Árni Reynisson, sem var formaður hennar, Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðh. og Gunnar G. Schram prófessor.

Nefndin komst upphaflega að þeirri niðurstöðu, að eldra frv., sem samið var af mþn. og flutt á Alþingi vorið 1978, væri um flest í fullu gildi. Hlutverk nefndarinnar yrði því að endurskoða frv. og gera á því nauðsynlegar breytingar og æskilegar viðbætur í ljósi nýrrar löggjafar og viðhorfa. Frv. var vel tekið á sínum tíma og einnig hlaut það jákvæðar undirtektir þm. í hv. Ed. s. l. vor.

Sú nefnd, sem ég skipaði 13. júlí, hefur lokið störfum. Hún hefur lagt fyrir frv. til l. af sinni hálfu. Það málefni er nú til meðferðar í ríkisstj. og verður væntanlega flutt hér inn á hv. Alþingi núna á næstunni, væntanlega fyrir áramót.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans. Það er ljóst að hér hefur verið gengið rösklega til verks, og þess er þá að vænta að frv. til l. um umhverfismál eigi eftir að fá farsæla afgreiðslu á þessu þingi.

Sameinað þing, 10. fundur.

Þriðjudaginn 27. okt., að loknum 9. fundi.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 49). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umfjöllun þingnefnda um reglugerðir, þáltill. (þskj. 51). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Smærri hlutafélög, þáltill. (þskj. 12). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orlofsbúðir fyrir almenning, þáltill. (þskj. 13). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Ár aldraðra, þáltill. (þskj. 20). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Nýting bújarða í þágu aldraðra, þáltill. (þskj. 31). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 22). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Steinþóri Gestssyni, Sverri Hermannssyni og Þorv. Garðari Kristjánssyni flutt till. til þál. um skipulegt átak í fiskræktarmálum. Till. er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði áætlun um skipulegt átak í fiskræktarmálum með það fyrir augum að nýta sem best ár og vötn svo og að nýta ferskt vatn, heitt og kalt, til fiskeldis.

Í þessu sambandi verði áhersla lögð á:

1) Að efla rannsóknir og tilraunir í veiðimálum, svo að unnt sé að fá sem haldbesta vitneskju um þau skilyrði sem fyrir hendi eru í landinu til fiskræktar.

2) Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum, m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi.

3) Komið verði á samræmingu í fjárveitingu til fiskræktarmála og Fiskræktarsjóður verði efldur svo að hann verði fær um að styrkja framkvæmdir við fiskrækt og fiskeldi í stórauknum mæli."

Svo sem kunnugt er hefur farið fram mikil umræða hér á landi um þá starfsemi sem till. fjallar um. Hefur verið m. a. á það bent í ályktunum frá Búnaðarþingi og fleiri samtökum, að nauðsyn beri til að koma á nákvæmara skipulagi og skilgreina nánar þau markmið sem álitið er að hagkvæmast sé að stefna að í þessum efnum. Auk þess hefur fléttast inn í þessa umr. viðhorf manna til byggðamála og byggðajafnvægis. Hefur myndarlegt átak og skipulegt í þessum efnum jafnan verið haft á orði þegar fjallað hefur verið um aukin verkefni í sveitum landsins. Er það sannarlega ekki að ófyrirsynju því að í landinu búa miklir möguleikar að því er þessa starfsemi varðar. Hér eru um 250 ár og um 800 stöðuvötn stærri og smærri sem vatnafiskur gengur í í misjöfnum mæli. Það er mat þeirra manna, sem þekkingu hafa á, að þessir landkostir séu með engum hætti fullnýttir.

Mikilvæg reynsla hefur fengist í því starfi sem lýtur að uppbyggingu og ræktun á sviði veiðimála. Má þar til sanns vegar færa að á milli áratuganna 1960 og 1970 og aftur frá 1970 til 1980 hefur laxarækt aukist um 80% fyrir áhrif þessarar starfsemi. Þetta skýrir það betur en nokkuð annað, hve hér eru mikilvæg verkefni fram undan og nauðsynlegt að taka þau fyrir með skipulegu átaki. Mikilvægasta löggjöfin, sem leggur grundvöll að þessari starfsemi, er lax- og silungsveiðilöggjöfin sem þetta merka starf hefur byggst á á síðari árum. Ber þar helst að nefna starfsemi fiskræktar- og veiðifélaga. Þau eru nú hér á landi 146 sem sjá um fiskrækt og ráðstöfun veiði hvert á sínu svæði.

Veiðifélög mörg hver hafa staðið vel að sínum málum og skilað góðu starfi. Þau hafa stofnað með sér öflugt landssamband, Landssamband veiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum félaganna. Þá eru enn fremur starfandi tugir stangveiðifélaga sem hafa á leigu ár og vötn til stangveiði og vinna ásamt veiðifélögunum að fiskrækt. Stangveiðifélögin hafa einnig með sér samband, Landssamband stangveiðifélaga, sem vinnur að sameiginlegum málum þeirra. Þá eru starfandi í landinu 12 fiskeldisstöðvar auk nokkurra hafbeitarstöðva. Þessi starfsemi hefur átt í fjárhagsörðugleikum, m. a. vegna skorts á lánsfé til uppbyggingar. Starfsemi fiskeldisstöðvanna er afar mikilvægur þáttur í fiskræktarmálum þar sem til þeirra verður að sækja seiði til fiskræktar og hafbeitar.

Þáttur hins opinbera kemur m. a. fram í starfi Veiðimálastofnunar. Þar hefur einkum verið unnið að uppbyggingu veiðimála með leiðbeiningum, athugun á ám

og vötnum, rannsóknum á vatnafiskum, bæði laxi og silungi, og með eldi þeirra fiska í tilraunastöðinni í Kollafirði svo og með hafbeit. Þetta starf hefur leitt af sér margháttaðan fróðleik, upplýsingar og athyglisverðar niðurstöður, enda þótt starfsemin hafi jafnan búið við þröngan kost.

Í veiðimálum er þegar fyrir hendi mikil þekking og reynsla til að grundvalla nýtt og víðtækt átak á, m. a. með það að markmiði að auka fjölbreytni í atvinnu sveitafólks. Til þess að svo verði þarf með auknum leiðbeiningum að koma þeirri þekkingu, sem nú er fyrir hendi, til þeirra sem hafa ekki enn nýtt sér möguleika sem kunna að vera víða um land, jafnframt því sem nýrrar þekkingar er aflað með auknum rannsóknum og tilraunum. Enn fremur sé þess gætt, að öll þessi mikilvæga starfsemi í fiskræktarmálum njóti nauðsynlegs framlags til uppbyggingar og rekstrar.

Hér er fjallað um mikilvægt mál og reynir nú á hvort á vettvangi hinnar almennu umræðu fylgi hugur máli um gagnrýni þess að byggja upp öflugt og víðtækt starf til eflingar fiskræktarmálum.

Þetta mál var flutt hér á síðasta Alþingi og varð þá síðbúið. Hins vegar fékk það góðar undirtektir bæði hér við umr. í Sþ. og eins við umfjöllun í atvmn. Sþ. Vænti ég að svo muni enn reynast.

Ég geri það svo að till. minni, herra forseti, nú í lokin að málinu verði vísað til atvmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa eindregnum stuðningi við þá þáltill. sem hv. þm. Egill Jónsson hefur gert hér grein fyrir. Það er ekki nógsamlega gert hér á þingi að flytja mál af þessu tagi sem stuðla að aukinni fiskrækt í landinu og skipulegu átaki í fiskræktar- og veiðimálum. Það er nú einu sinni svo, að þeir brautryðjendur, sem hafa um margra ára og jafnvel áratuga skeið reynt að koma einhverju lagi á þennan málaflokk hér á Íslandi, hafa fengið heldur dræmar undirtektir stjórnvalda oft og tíðum og ekki síður peninga- og lánstofnana sem þeir hafa þurft að leita til. Sannleikurinn er sá, að svo litlar undirtektir hafa þessir brautryðjendur fengið að nágrannaþjóðir okkar, t. d. Norðmenn og Kandamenn, eru algjörlega að skjóta okkur ref fyrir rass á þessu sviði, komnir langt fram úr okkur og jafnvel frændur okkar í Færeyjum eru að fara fram úr okkur í fiskræktarmálum, einkum þó í því tilliti, að þeir njóta mun meiri stuðnings og meiri skilnings á því starfi sem þeir vilja vinna. Það hefur t. d. gerst í sumar, að framleiðsla Norðmanna á laxi, sem þeir hafa flutt á markað í Evrópu, er orðin svo mikil, að fyrri hluta sumars varð verðfall á laxi. T. d. gekk treglega að selja lax frá Íslandi á tímabili. Ekki veit ég hvernig sú staða er nú en framleiðsla Norðmanna var orðin þetta mikil. Kanadamenn hafa einnig verið að flytja Kyrrahafslax með flugvélum á Evrópumarkað og tekið þar stóran hluta af þeim markaði sem við t. d. notuðum áður, enda þótt Kyrrahafslaxinn sé ekki talinn eins góður matarfiskur og Atlantshafslaxinn.

Mál af þessum og svipuðum toga spunnin hafa komið hér fram á Alþingi alloft og hafa yfirleitt fengið góðar undirtektir en síðan varla söguna meir. Nú er í endurskoðun löggjöf um lax- og silungsveiði og væntanlega verður þar tekið tillit til þess breytta viðhorfs sem komið hefur fram hér á landi til þessara mála, m. a. í þá veru að unnt verði að efla stórlega Fiskræktarsjóð. Við Alþfl.-menn höfum raunar gert till. um það við afgreiðslu fjárlaga tvö ár í röð að hann yrði stórkostlega efldur að fjármagni svo að hann gæti staðið undir því verkefni sem hann var stofnaður til.

Ég vil enn fremur benda á að þetta mál er að hluta til tengt málaflokki sem afgreitt var frv. um á síðasta þingi, þ. e. frv. um ræktun og eldi sjávarfiska, sem er ekkert síður stórt mál. Mér finnst að menn ættu að hugleiða það, þegar fjallað verður um þetta skipulega átak, að taka inn í þá mynd eldi sjávarfiska sem að mínu áliti mun verða eitt af stórkostlegu framtíðarverkefnum varðandi sjávarútveg hér á landi.

Ég lagði leið mína í þennan ræðustól til að lýsa eindregnum stuðningi mínum og míns flokks við þessa till. og mun gera allt sem í mínu valdi stendur til þess að hún geti fengið góðan og skjótan framgang. Allar till. af þessu tagi eru af hinu góða, vegna þess að hér er hreyft málum sem varða mjög framtíð þessa lands og nýjar atvinnugreinar, þó að segja megi að um stund a. m. k. horfi erfiðlega um það, hvernig takast megi að greiða fram úr þeim mikla vanda sem t. d. fiskeldisstöðvar í landinu standa núna frammi fyrir. Þær hafa t. d. ekki getað selt seiði sín og hafa átt almennt við rekstrarörðugleika að etja.

Herra forseti.. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta. Ég hef margoft í ræðum hér á þingi lýst eindregnum stuðningi við og reynt raunar að hafa einhverja forustu um málefni af þessu tagi. Það sæti því síst á mér að gera annað en styðja rösklega við bakið á þessu máli. Og ég vænti þess, sem ég hef oft sagt áður, að menn átti sig á því, að hér er ekki eingöngu á ferðinni áhugamál einstaklinga sem vilja stofna til hlutafélaga og græða milljónir — sem sumir halda að liggi í þessum rekstri, en það er auðvitað fjarri öllu lagi — heldur er hér um að ræða nýja búgrein, t. d. fyrir bændur. Ég held að það hafi verið á þingi Stéttarsambands bænda, annaðhvort síðast eða næstsíðast, sem samþykkt var ályktun í þessa átt. Menn virtust hafa fengið aukinn áhuga á því að gera fiskrækt að eins konar aukabúgrein eða fiskbúskap, og það er hluti af því máli sem hér er til umr.

Að endingu þetta: Ég styð eindregið þessa þáltill.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég tel, að hér sé hreyft mikilvægu máli, og vil lýsa stuðningi mínum við það. Ég álít að mikil framtíð sé fólgin í fiskrækt á Íslandi. Við eigum verulega auðlegð í fiskivötnum okkar og fiskræktarmöguleikum. Þess vegna er nauðsynlegt að hafa þessi mál öll í athugun og reyna að stuðla sem mest og best að viðgangi þessarar búgreinar. Það vill svo til, að ég á sæti í nefnd sem einmitt nú um þessar mundir er að endurskoða lax- og silungsveiðilöggjöfina. Sú endurskoðun er nú komin nokkuð á veg en þetta er mikið og vandasamt starf. Þessi veiðimál eru viðkvæm og nokkuð torleyst. Eitt af þeim atriðum, sem við veltum fyrir okkur, er einmitt komið inn á í þessari þáltill. hv. þm. Egils Jónssonar, þ. e. eflingu Fiskræktarsjóðs. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þennan sjóð þarf mjög að efla til þess að hann geti gegnt hlutverki sínu, og hugmyndir um hvernig það verði gert eru vel þegnar af nefndinni. Ég vonast eftir því, að við getum lokið störfum innan ekki mjög langs tíma og á starfi okkar verði hægt að byggja gagnleg lög. Við reynum að ná sem allra víðtækastri samstöðu, höfum það að leiðarljósi, og ég vona að okkur takist að ná árangri í þeirri viðleitni.

Þetta er það sem veit að okkur Íslendingum sjálfum. En það er engan veginn fullvíst að það standi í okkar valdi að ráða fullkomlega við þróun þessara mála. Ég leyfi mér að minna á till. til þál. á þskj. 36, um rannsókn á orsökum minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi. Flm. þeirrar till. er hv. þm. Guðmundur Gíslason. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka orsakir minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi eftir 1978. Leitað verði samstarfs við Færeyinga og aðrar þjóðir um rannsókn þessa."

Í grg. eru vangaveltur um hvernig á þeirri þróun kunni að standa, að mjög hefur dregið úr laxagengd í ár á Austurlandi. Við höfum orðið varir við ótta manna um að laxveiðar í hafinu umhverfis Færeyjar geti e. t. v. átt einhvern þátt í áðurnefndri öfugþróun. Það er undirstaða undir laxveiðilögum á Íslandi — bæði þeim, sem nú eru í gildi, og ég vona að það verði eins eftir þá endurskoðun sem við erum að vinna að — eins og segir í lögunum: „Eigi má veiða lax í sjó." Ég held að sé einboðið að halda því við okkar aðstæður. En jafnframt þarf að gæta þess, að sá lax, sem ræktaður er af Íslendingum, sé ekki veiddur af öðrum.

Ég held að það sé mikið verk að vinna í þessum laxræktarmálum. Það er hárrétt, sem fram hefur komið fyrr í þessari umr., að þetta er töluverð búgrein. Ég held að hún eigi fyrst og fremst að þróast sem aukabúgrein í höndum einstakra bænda eða samtaka bænda fremur en sem þáttur í fjáraflaplönum stórathafnamanna. Jafnframt þurfum við að gæta þess að hleypa ekki erlendu fjármagni of langt í þessari búgrein. Nú þegar hefur stór hópur bænda í því kjördæmi, sem ég þekki best til, verulegar tekjur af þessari aukabúgrein og hún er til styrktar þeirra búskap. En mikið verk er óunnið og þess vegna er öll hvatning um myndarlegt átak í þessum málum af hinu góða. Ég er þakklátur flm. fyrir að flytja þessa tillögu.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Með till. þessari er hreyft mikilvægu máli, eflingu fiskræktar hér á landi. Fiskrækt og veiðimál eru meðal mikilvægustu greina í hlunnindatekjum og hlunnindaeign okkar Íslendinga. Um langan aldur hefur þjóðin sótt matbjörg til hlunninda, og öllum er kunnugt að þegar landið var numið voru hér fiskar í öllum ám og gnægð fisks einnig við ströndina.

Ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu sem síðan hefur gerst en fiskrækt á síðari tímum byggist auðvitað á þeirri nauðsyn að auka þau hlunnindi og bæta þau lífsgæði sem land okkar hefur veitt frá öndverðu. Ég lít svo til, að á mörgum síðari árum hafi mikið verið gert í fiskræktarmálum á Íslandi, enda þótt þar hefði vissulega mátt betur standa að verki og veita til þess meira fjármagn. Ég hlýt að minna á í þessu sambandi bæði verulega þýðingarmikið starf fiskeldisstöðvarinnar í Kollafirði, sem öðrum þræði hefur verið rekin sem tilraunastöð og er í eigu ríkisins, einnig þrotlaust starf margra veiðifélaga í fiskræktarmálum og áhugamanna um þessi efni sem vissulega hefur allt að mínum dómi borið verulegan árangur.

Í þessari till. er einkum bent á þrjár leiðir sem nauðsynlegt sé að fara til þess að efla fiskrækt og afrakstur af fiskrækt hér á landi. Það er í fyrsta lagi að efla rannsóknir og tilraunir, í öðru lagi að auka leiðbeiningar og í þriðja lagi að koma á samræmingu í fjárveitingum til fiskræktarmála og efla Fiskræktarsjóð.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að geta þess, að á síðasta ári og þessu ári hefur verið gert verulegt átak af opinberri hálfu til þess að efla fiskræktarmál í landinu. Okkur er kunnugt að Fiskræktarsjóður hefur haft það hlutverk að styðja framkvæmdir sem stuðla að aukinni fiskrækt. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að Fiskræktarsjóður hefur verið vanmegna að sinna þessu hlutverki þrátt fyrir það að fjárveitingar til hans hafa farið hækkandi, að ég hygg nokkurn veginn til jafns við framlög til ýmissa annarra framkvæmdaþátta á fjárlögum íslenska ríkisins. Til þess að sýna fram á, hvaða fjármagni hann hefur úr að spila, má geta þess, að á fjárlögum yfirstandandi árs er framlag til Fiskræktarsjóðs úr ríkissjóði 225 þús. kr. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að hækka þessa fjárveitingu um 90 þús. kr., í 315 þús. kr. Þetta er ekki mikið fé. Ég vil taka undir það, sem hefur þegar komið fram, og vænti þess, að við þá endurskoðun lax- og silungsveiðilöggjafarinnar, sem stendur yfir, verði fundnar leiðir til að auka tekjur Fiskræktarsjóðs svo að hann megi eflast verulega. En ég á ekki von á að breytingar verði á lagaákvæðum um Fiskræktarsjóð meðan endurskoðun lax- og silungsveiðilaganna stendur yfir. Sérstakt átak til þess að efla hann hlýtur því að bíða þess, að sú löggjöf verði tekin fyrir hér á Alþingi að lokinni þeirri endurskoðun sem stjórnskipuð nefnd vinnur að undir forustu hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar.

Með breytingum á jarðræktarlögum frá 1979 var ákveðið að verja fjármagni, sem sparast við þær breytingar, til þess að styrkja tekjuöflunarleiðir í sveitum og efla nýjar búgreinar. Að þessu hefur síðan verið unnið. Á síðasta ári var verulegu fjármagni varið til fiskræktarmála af því fé sem ráðstafað er samkv. lögum nr. 43 frá 1979, um breytingu á jarðræktarlögum, og á þessu ári hefur enn verið varið verulega miklu fjármagni til þessara mála, til þess að efla fiskrækt í landinu. Á þessu ári hefur verið samþykkt að verja af þessu fjármagni 1882 þús. kr. til fiskræktar- og veiðimála. Þegar litið er til þess fjármagns, sem varið er til Fiskræktarsjóðs og hefur verið að smáhækka í gegnum tíðina, sést að hér er um fjármagn að ræða sem munar verulega um, enda vænti ég þess, að við þær aðgerðir, sem unnið hefur verið að í fiskræktarmálum bæði á síðasta ári og á þessu ári megi segja að nokkur stakkaskipti hafi orðið til eflingar þessum þýðingarmiklu málum. Það er því ekki að öllu leyti rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að fiskræktarmálin og brautryðjendur á sviði fiskræktarmála hefðu fengið dræmar undirtektir. Á því hefur orðið veruleg breyting nú a. m. k. í tvö ár.

Til viðbótar vil ég minna á það, að á þessu ári hefur verið stofnað útibú frá Veiðimálastofnun á Austurlandi. Veitt var til þess fjármagn á fjárlögum og a. m. k. starfaði þar maður um tíma til að sinna þessu verki. Fullar heimildir liggja fyrir um að í því starfi sé maður allt árið. Unnið hefur verið að því að útvega húsnæði fyrir starfsemina á Egilsstöðum. Vænti ég að það mál sé til þess fallið að efla fiskrækt verulega í þeim landshluta þar sem fiskrækt hefur kannske verið einna skemst á veg komin á landinu til þessa. Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir sams konar starfsemi á Norðurlandi. Á þessu sviði er því um veruleg umskipti að ræða nú á tveimur árum með því að setja upp útibú, sem fyrst og fremst eru leiðbeiningastöðvar fyrir þessa starfsemi í tveimur landshlutum sem fjærst liggja Kollafjarðarstöðinni og

aðalstöðvum Veiðimálastofnunar. Útibúin munu veita leiðbeiningar í þessum málum og verða til þess að auka þekkingu og efla áhuga á slíkri starfsemi í viðkomandi landshlutum. Með þessum hætti er m. a. svarað því sem fram kemur í 2. tölul. till., þar sem rætt er um að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum m. a. með því að fjölga fiskifræðingum sem staðsettir verði úti á landi. Þessi starfsemi er sem sagt í fullum gangi.

Ég skal ekki fjalla meira um fjárveitingar til þessara mála. Ég vonast til þess, að framhald geti orðið á því að fé renni til þeirra samkvæmt þeim breyttu jarðræktarlögum, nr. 43 frá 1979, sem ég greindi frá áðan, á grundvelli þeirra laga geti áfram runnið fé til þessara mála sem verulega muni um. Þar er hins vegar um tímabundin lagaákvæði að ræða, fimm ára tímabil, og er þess vegna mikil þörf á, ef ekki yrði framhald á fjárframlögum eftir þeirri leið, að huga vandlega að því í sambandi við endurskoðun laganna að Fiskræktarsjóður geti gegnt því hlutverki sem honum er í rauninni ætlað.

Ég hlýt einnig að minna á það, að á allra síðustu árum hafa verið stofnaðar fiskeldisstöðvar á landinu. Ég met mikils áhuga einstaklinga og samtaka þeirra, sem leggja fjármagn til þeirra mála, en ég hlýt sérstaklega að minna á að á síðasta ári tók til starfa fiskeldisstöð á Hólum í Hjaltadal, þar sem um er að ræða 40% eignaraðild ríkisins, en um 60% eignaraðild heimaaðila, þ. e. veiðifélaganna á Norðurlandi vestra. Þessi stöð hefur m. a. því þýðingarmikla hlutverki að gegna að veita fræðslu þeim ungmennum sem stunda nám í Bændaskólanum á Hólum. Með þeim hætti erum við að færa nám í þessum greinum, í fiskrækt og fiskeldisfræðum, inn í landið. Hingað til hafa þeir, sem leitað hafa náms á þessu sviði, orðið að sækja það að mestu leyti til útlanda. Ég tel mjög mikilvægt að þessi fiskeldisstöð skuli rísa í tengslum við Bændaskólann. Það á væntanlega eftir að verða til þess að auka enn þekkingu á þessum málum og þess er full þörf. Við Íslendingar eigum í þessari búgrein væntanlega mikla möguleika og eigum vonandi eftir að sækja í fiskræktina mjög auknar tekjur fyrir þjóð okkar þannig að áfram verði hlunnindaafrakstur og fiskeldisafurðir veigamikill stofn lífsbjargar í landinu.

Hér var að því vikið, að nokkuð óskyggilega horfði í sambandi við sjávarveiði á laxi, einkum sjávarveiði Færeyinga. Það er rétt, að við Íslendingar höfum af þessu miklar áhyggjur. Það er mjög óskyggilegt hversu laxveiði og laxagengd hefur þorrið á þessu ári, raunar nokkuð á hinu síðasta, í mörgum ám á landinu, einkanlega á tilteknum landssvæðum, svo sem Austur- og Norðausturlandi, enn fremur á Borgarfjarðarsvæðinu. Þessa virðist ekki gæta eins á sumum öðrum svæðum. T. d. var yfirleitt tiltölulega góð veiði í laxveiðiánum í Húnavatnssýslum báðum.

Vegna stóraukinna laxveiða Færeyinga á úthafinu voru þau mál tekin upp undir lok síðasta árs við Færeyinga þegar þeir sendu menn hingað til að semja um framhald fiskveiðiheimilda sinna innan íslenskrar fiskveiðilögsögu. Niðurstaða þeirra viðræðna varð ekki önnur en sú á því stigi, að Íslendingar hefðu fullan rétt til þess að líta eftir og kanna merkingar á laxi sem Færeyingar veiða. Að könnun á þessum merkingum hefur síðan verið nokkuð unnið en þær gefa — enn sem komið er a. m. k. — óljósar upplýsingar um hversu veigamikil hlutdeild íslenska laxastofnsins er í afla Færeyinga.

Síðsumars nú á þessu ári skipaði ég nefnd til að kanna leiðir til þess að rannsaka hversu mikil hlutdeild íslenskra laxfiska væri í sjávarveiði Færeyinga og annarri þeirri laxveiði sem fram fer á úthafinu í kringum okkur. Þessi nefnd er að starfi og starfar af miklum áhuga. Ég vil einnig minna á það, að Veiðimálastofnunin hefur með þessi mál að gera og vinnur að þeim m. a. á þann veg að við tökum þátt í alþjóðasamstarfi um það, á hvern hátt komið verði við könnun á þessum málum. Standa fyrir dyrum nýir fundir þar sem þær þjóðir, sem hér eiga mest hlut að máli, Íslendingar, Norðmenn, Danir eða Færeyingar, Bretar og Írar, svo að nokkuð sé nefnt, koma saman til að fjalla um þessi mál og hyggjast ná saman um skiptingu kostnaðar við rannsókn á hlutdeild hinna einstöku laxastofna frá einstökum löndum í veiði á laxi á úthafinu. Ég tel mjög mikilvægt að við Íslendingar tökum þátt í þessu samstarfi. Við eigum mikið í húfi í sambandi við þessi mál, og ég á von á því, að við látum ekki okkar hlut eftir liggja, en til þess þarf auðvitað nokkurt fjármagn.

Ég skal ekki hafa um þessi efni fleiri orð. Úthafsveiðar á laxi valda okkur miklum áhyggjum. Við munum reyna að leita þeirra leiða sem við sjáum færar til þess að athuga hversu mikinn þátt þær kunna að eiga í því að draga úr okkar laxveiðum. Vonandi finnast leiðir til þess að skera þar úr svo að það liggi þá ljóst fyrir.

Ég tel að hér sé um mjög þýðingarmikið mál að ræða, eins og ég gat um í upphafi, og ég vil ítreka að að þessum málum er nú unnið af miklum áhuga. Það hefur verið unnið að allveigamiklum framkvæmdum hér á landi í sambandi við fiskræktarmál. Það er unnið að stofnun útibúa sem eiga að þjóna aukinni leiðbeiningarstarfsemi, aukinni fræðslu. Það er verið að flytja möguleika til menntunar á þessum sviðum inn í landið og á síðustu tveimur árum hefur verið varið af hálfu ríkisins stórauknu fjármagni til þessara mála.

Frekari aðgerða í sambandi við þessi mál eða nýrra leiða kann að þurfa að leita og á þær leiðir verður væntanlega bent í tillögum þeirrar nefndar sem nú vinnur að endurskoðun lax- og silungsveiðilöggjafarinnar. Hvort nauðsynlegt er að setja sérstaka áætlun um þessi mál öll, eins og gert er ráð fyrir í till., skal ég ekki meta á þessu stigi. En sé það talið til bóta að bestu manna yfirsýn, sem um þessi mál fjalla, skal ekki standa á mér að stuðla að því að svo verði gert.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér er vissulega um stórt mál að ræða sem eðlilegt er að nokkur tími sé tekinn til að ræða um hér á hinu háa Alþingi.

Eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. hefur verið unnið að þessum málum með meiri þunga, sérstaklega nú á síðustu árum, heldur en áður var. Hins vegar vantar inn í þetta svör við ýmsum spurningum. Það vantar frekari tilraunir. Og ef það reyndist nú svo, eins og margir eru hræddir um, að Færeyingar taki töluvert til sín af íslenskum laxi og e. t. v. fleiri þjóðir, þá hlýtur það að breyta viðhorfum okkar í sambandi við fiskræktarmál. Það gæti orðið þannig, ef við komumst ekki að samkomulagi við Færeyinga og aðra sem kunna að veiða lax í sjó, að sú leið, sem hefur verið farin fram að þessu, sé að verulegu leyti lokuð. Þá er spurningin: Hvernig eigum við þá að standa að þessum málum?

Það hafa verið gerðar tilraunir, kannske ekki nógu markvissar, í sambandi við fiskeldi bæði í ám og sérstaklega í sjó eða sjávarlónum. Þar sem er meiri hiti en í

venjulegu vatni er víst árangurinn ágætur, að mér er tjáð, t. d. í Lóni í Kelduhverfi, þó ég sé því ekki nægilega kunnugur hvernig þetta hefur komið út á síðasta misseri. En þeir, sem þekkja best þessi mál, telja að mjög erfitt sé eða kannske útilokað að stunda fiskeldi í sjávarlónum þar sem er bara venjulegt hitastig á vatninu.

Mér er tjáð að t. d. í Noregi geti ein gráða til eða frá ráðið úrslitum um árangur í þessu efni. Ýmsir ungir menn héðan eru að læra þetta í Noregi og reyna að tileinka sér þá þekkingu sem Norðmenn búa yfir í þessum málum. Þeir hafa óskað eftir að fá héðan upplýsingar t. d. um hitamælingar í sjó í kringum landið. Í þessum skólum hefur verið athugað hvernig þetta kæmi út. Sumir vilja fullyrða að hér séu ekki skilyrði fyrir norðan og austan og jafnvel ekki nema hér við Suðvesturlandið til að ala lax t. d. í þessum búrum sem þeir nota, áhættan sé allt of mikil sem menn taki í því efni. Þá hefur mönnum dottið í hug hvort hægt væri að hafa þessi búr á ákveðnu dýpi til þess að verða síður fyrir áföllum í sambandi við hitabreytingar. Það vantar tilraunir í þessu efni og mörgu öðru og spurningin er hvað við eigum að fara hratt fyrr en við fáum svör við þessum spurningum.

Á öðrum stöðum, þar sem heitt vatn er fyrir hendi og skilyrði til að dæla sjó í eldisstöðvar og setja heitt vatn saman við, telja menn að séu verulegir möguleikar, ef kostnaðurinn verður þá ekki of mikill.

Menn halda því fram, sem eru nú að læra úti í Noregi, að við getum ekki búist við að selja þangað meira af seiðum, það sé liðin tíð. Það má þess vegna gera ráð fyrir að þessi atvinnuvegur hljóti að byggjast í framtíðinni á því, að við ræktum fiskinn í söluhæfa stærð með einhverjum hætti. Hvernig við svo leysum það á hinum ýmsu stöðum er annað mál. Ég hef því takmarkaða trú á að bændur geti almennt haft þetta sem aukabúgrein, nema þá þar sem heitt vatn er fyrir hendi. Hins vegar væri hugsanlegt að margir slægju sér saman og notuðu þessa möguleika þar sem þeir eru. En þá er komið að öðru atriði, sem hér hefur komið fram, að Norðmenn og ýmsir aðrir eru komnir svo langt í þessu fiskeldi að það er orðið þröngt á markaðinum, a. m. k. í okkar næstu viðskiptalöndum. En auðvitað þarf að kanna það betur.

Það eru fleiri leiðir í þessum málum en að efla Fiskræktarsjóð. Það hefur verið rætt töluvert, t. d. í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, að með tilkomu þess fjármagns, sem hæstv. landbrh. gat um í sinni ræðu áðan, mætti reyna, ef bændur á lögbýlum ættu í hlut, að lána eitthvað út á slíkar stöðvar þegar komin er nóg reynsla fyrir því, að það sé ekki of áhættusamur búskapur, eða á þeim stöðum þar sem skilyrði eru fyrir hendi með heitt vatn.

Ég tel ýmislegt benda til þess, þó að ég geti ekki fullyrt mikið um það, að þarna sé um mikla möguleika að ræða. En við þurfum að læra á þessa starfsemi miðað við það tíðarfar og þau skilyrði sem eru í landinu. Því miður held ég að við séum ekki komin nógu langt á þessu sviði. Við skulum vona að þeir ungu menn, sem eru að læra, sumir komnir heim og hafa verið að læra erlendis, færi okkur nær því marki að geta aukið þetta. En ég legg áherslu á að við förum samt ekki ógætilega í þessum efnum. Við þurfum að auka rannsóknirnar, láta það ganga fyrir og byggja á þeirri reynslu sem þannig fæst í þessum málum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Örfáar setningar vegna orða hæstv. landbrh. Hann sagði að það væri ekki alls kostar rétt hjá mér, að brautryðjendur í fiskræktarmálum hefðu hlotið dræmar undirtektir á undanförnum árum. Ég skal fallast á það þegar í stað, að hæstv. landbrh. hefur haldið betur á þessum málum en að ég held flestir forverar hans í því starfi. Hins vegar skulum við ekki draga neina dul á það, að þessi mál hafa hvergi nærri fengið þær undirtektir sem verðugt væri. Mig langar í þessu sambandi til að beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., þegar hann nefnir töluna 1 millj. og rösklega 800 þús, nýkr. eða ríflega 180 millj. gkr., sem vegna jarðræktarlaga hefðu farið til fiskræktar á þessu ári, hve stór hluti af þeirri fjárhæð hafi farið til Hóla í Hjaltadal. Mér er ekki grunlaust um að umtalsverður hluti þeirrar fjárhæðar hafi farið þangað. Og þá væri fróðlegt að vita hve mikill hluti hafi farið til annarra aðila sem við þessi mál fást.

Ekki er ég að amast við fiskeldisstöðinni að Hólum í Hjaltadal og er raunar sannfærður um að hún á eftir að gegna veigamiklu hlutverki, ef rétt verður að málum staðið, ef þar verða menn við nám sem taka það nám alvarlega og leitast við að læra fiskeldi a. m. k. eitthvað í þá veru sem gerist við góða skóla erlendis.

Mig langar aðeins að láta þá skoðun mína í ljós, að þegar verið er að tala um fiskeldi mega menn ekki beina sjónum sínum eingöngu að eldisstöðvum, vegna þess að í landinu er mikill fjöldi vatna sem fiskeldi er tiltölulega auðvelt í. M. a. hefur bleikja reynst mjög góður eldisfiskur í ýmsum góðum og hreinum vötum þar sem æti er fyrir hendi. Ég vil m. a. benda á það, sem Þingvallabændur hafa gert með murtuna, og fleira af því tagi sem hægt er að gera án mjög verulegs tilkostnaðar.

Ég ætla ekki að munnhöggvast við hæstv. landbrh. um rauhir brautryðjenda í fiskræktarmálum á umdanförnum árum hér á Íslandi. Sú saga er allt of vel kunn og um það hef ég fjallað dálítið hér á þessu ágæta þingi. Ég vil þó í því sambandi minna á það, að hér á landi hefur verið til um rösklega tveggja áratuga skeið eini alheilbrigði stofninn af regnbogasilungi sem líklega er til í veröldinni. Þessi stofn hefur því miður samkv. ákvörðun embættismanna og stjórnvalda verið bundinn við einn stað á landinu. Hann hefur ekki fengið þaðan að fara þar til nú fyrir skömmu. Nú er verið að rækta þennan fisk í Vestmannaeyjum, og allar líkur benda til að góður matfiskur komi á markað næsta vor og þá muni menn sjá hvaða gildi það hefur haft fyrir þjóðina, að þessi stofn var varðveittur eins heilbrigður í þessu landi og raun ber vitni um. Ég er sannfærður um, að mönnum mun verða fljótlega ljóst, eftir að þessi fiskur kemur hér á markað, að í þessum stofni er á ferðinni umtalsverður möguleiki til fiskræktar, enda vex þessi fiskur hraðar en annar fiskur af svipuðum toga og er þess vegna talinn í flestum löndum einn arðbærasti nytjafiskur af þessu tagi sem til er.

Ég vil aðeins skjóta því að hæstv. landbrh., að í þessum fiskræktar- og fiskeldismálum teldi ég mjög mikils virði að við hefðum góða samvinnu við nágranna okkar bæði í Færeyjum og á Grænlandi. Á Grænlandi er að aukast mjög áhugi manna á þessu sviði, og tel ég ákaflega æskilegt að unnt verði að rétta þeim hjálparhönd ef eftir því er leitað.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég á nú ekki mikið erindi hingað í ræðustól að þessu sinni, helst þó til þess að þakka góðar undirtektir undir þetta mál, sem ég reyndar

átti von á miðað við það sem áður hefur komið fram þegar þetta eða skyld mál hefur borið á góma hér á hinu háa Alþingi.

Eini semingurinn, sem hefur komið fram í þessum umr., er frá hæstv. landbrh. Ræða hans gekk mjög út á það að leiða að því rök, að það hefði verið brotið í blað í þessum málum, þá helst fyrir hans atbeina síðan hann varð ráðh. Það er að sjálfsögðu ekki nein ástæða til að fara að deila um það hér, síður en svo. Hins vegar má minna á það, ekki síst þegar talað er um að stórt sé nú tekið fyrir í þessum málum, m. a. með þeim framkvæmdum sem hafa átt sér stað við Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, að á sínum tíma var uppbygging fiskeldisstöðvarinnar í Kollafirði gífurlega merkilegt átak. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, að sá landbrh., sem vann að því, hafi ekki séð fyrir að þar þyrfti ekki meira til að koma ef ætti að ná verulegum árangri í þessum málum.

Það má kannske minna á það í þessu sambandi varðandi annað útibúið eða ráðunautinn sem hefur verið settur niður á Egilsstöðum, að sú skipan er alls ekki komin í eðlilegt horf enn þá. Það var gert samkv. till. sem var samþykkt hér á Alþingi. Frumkvæðið er því héðan komið og ég vænti þess, að svo muni einnig verða með samþykkt þessarar þáltill., þar komi hvatning til að taka fastar á þessum málum.

Ég ætla ekki heldur að fara að ræða hér um hagræðingarféð sem svo hefur verið kallað og fengist hefur með breytingum á jarðræktarlögunum frá árinu 1979. Menn eiga eftir að fjalla um það og það verður væntanlega skýrt hér á Alþingi, að við það hefur alls ekki verið staðið. Því hefur alls ekki verið fylgt eftir með þær fjárveitingar sem lögin fjalla um. Og það er nú svo, að það má ekki tvívegis eða oftar vera að tala um gildi þess fjár, eins og reyndar hefur verið skýrt hér af öðrum ræðumanni. Ég ætla ekki að fjalla meira um það að þessu sinni. Það gefst tími til þess síðar og þá ekki síst í sambandi við þann hluta sem hefur gengið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Þar hefur sannarlega helst verið farið eftir sögunni um nýju fötin keisarans, þar sem Stofnlánadeildinni hefur verið réttur ákveðinn hluti af þessu hagræðingarfjármagni sem opinbert fjárframlag, en aftur á móti hefur samkv. fjárlögum og vegna ákvarðana stjórnvalda verið skorið af lögboðnum fjárveitingum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þetta fannst mér eðlilegt að kæmi fram við þessa umr. og þá sérstaklega vegna þess tóns sem gætti í orðum hæstv. landbrh. Ég gat tæpast skilið hann öðruvísi en svo, að hann teldi að þessum málum væri svo vel komið að ekki þyrfti þar um að bæta. En eins og allir hafa væntanlega tekið eftir hafa aðrir ræðumenn tekið undir þetta mál og talið það gagnlegt og endurtek ég þakklæti mitt fyrir það.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. spurðist fyrir um það, hversu mikið af því fé, sem varið hefur verið til fiskræktar- og veiðimála samkv. 3. gr. laga nr. 43/1979, hefði runnið til Hólalax h f. Af þessum 1 millj. 882 þús. kr. hefur verið varið til Hólalax h f. 900 þús. eða tæplega helmingi og er það lánsfé. Um 597 þús. kr. af þessu fé hefur verið veitt sem framlög en 1285 þús. kr. sem lánsfé, þar af 900 þús. kr. sem lánsfé til Hólalax h f. Hólalax hefur auðvitað fengið lánsfé víðar að, auk hlutafjár sem lagt hefur verið fram bæði af ríkinu, 40%, og af veiðifélögum á Norðurlandi vestra, 60%, en ekki er ástæða til að rekja það frekar.

Ég hygg að með þessu sé svarað spurningu hv. þm. Ég tek undir það sem fram kom í hans máli, að við þurfum að leitast við, að hafa samstarf við aðrar þjóðir um þessi mál, þ. á m. Grænlendinga, og hafa viðræður farið fram á milli fulltrúa þjóðanna um þau efni.

Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Ég endurtek að hér hefur verið hreyft þýðingarmiklu máli sem ég hef hvergi dregið úr. Ég fagna því, ef Alþingi vill gera betur í þessum málum en gert hefur verið síðustu tvö árin. Ég vona að við eigum svo mikla möguleika í þessari grein hér á landi, fiskræktarmálunum og veiðimálunum í heild, að það fjármagn, sem til þeirra er látið renna, skili sér í auknum tekjum til þjóðfélagsins.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig eins og aðrir ræðumenn fagnað fram kominni till. til þál. Vissulega er allt rétt sem þar greinir. En við skulum samt minnast þess, að árum saman hafa þessi mál verið rædd á Alþingi með svipuðum hætti og nú, og ég held að ég geti fullyrt að aðstaða þeirra, sem hafa verið að fást við fiskrækt, hafi verið skárri fyrir svo sem áratug en hún er í dag. Við skulum ekki deila um það, hvort þessi sérstaka fjárveiting til Hólalax, sem er hið merkasta fyrirtæki, og til nokkurra annarra aðila hafi breytt einhverju þar um. Ég held að það hafi lítil breyting orðið og að aðstaða manna til að stunda þennan atvinnuveg sé nú mun verri en hún var fyrir áratug. Þegar Fiskræktarsjóður var stofnaður var dálítið gagn að honum, hann varð til nokkurrar hjálpar. En síðan hefur sigið á ógæfuhliðina. Það eru því miður staðreyndir málsins.

Það tókst að vísu vorið 1979 að fá samþykkt í Ed. með öllum atkvæðum þar frv. til breytinga á lögum um lax- og silungsveiði, að aukið skyldi fjárframlag til Fiskræktarsjóðs. Það mál dagaði hins vegar uppi í Nd. af einhverjum algjörlega óskiljanlegum ástæðum því að mönnum hafði skilist að samkomulag væri um að það skyldi ná fram að ganga. Og á síðasta þingi var margsinnis reynt að ná samstöðu um að auka eitthvað fjárveitingar til Fiskræktarsjóðs en það var alls staðar fyrirstaða. Það mátti alls ekki orða það, að neinir peningar kæmu í þetta. Hins vegar var sjálfsagt að tala nógu mikið um það. Það er eins og það sé í öfugu hlutfalli: raunhæfar aðgerðir og allt umtalið. En við skulum vona að þessu tímabili sé að ljúka og menn fari að gera sér grein fyrir því, að hér er um stórkostlegt tækifæri að ræða fyrir Íslendinga. Á því leikur ekki nokkur minnsti vafi.

En ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er fyrst og fremst ræða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar sem sýnilega hefur sett sig meira inn í þessi mál en tíðast er hér á landi. Allt, sem hann sagði um málið, var að mínu mati rétt og hið besta innlegg í umr. Hann spurði sérstaklega að því, hvernig nú mundu ganga tilraunir í lónum í Kelduhverfi, þar sem fyrsta alvarlega tilraunin hér á landi er gerð til að ala lax í sjó, kvíaeldi annars vegar og hafbeit hins vegar. Ég get glatt menn með því, að þær tilraunir ganga framar öllum vonum. Lax, sem þar var settur fyrir 16 mánuðum í kvíar, 50—100 g. smáfiskar, er nú að meðalþyngd eitthvað yfir 2 kg og allar líkur til að sá fiskur geti orðið 6—8 punda fiskur nú upp úr áramótum. En allt skýrist þetta von bráðar. Þarna er ekki um neitt verulegt magn að ræða, þetta er tilraunastarfsemi, en það tókst að fá aðgang að allri tækniþekkingu stærstu fisk-

eldistöðvar í Noregi við þessar tilraunir og sérfræðingar þeirrar stöðvar hafa verið hér á Íslandi meira og minna frá s. l. áramótum og fram á þennan dag, og svo vill til að rekstrarstjóri þessa fyrirtækis var einmitt að koma til landsins núna við annan mann til að ganga frá útbúnaði í lónunum fyrir veturinn.

En ég held að nauðsynlegt sé að menn geri sér grein fyrir því, að það, sem ýmsir einstaklingar og raunar ríkið líka hafa verið að bjástra við, er rétt aðeins byrjunin. Við erum óraveg á eftir Norðmönnum í þessu efni. Það mundi sjálfsagt taka okkur 10 ár að ná þeim ef við hefðum ekki gert samninga við þá um að fá aðgang að þeirra þekkingu og þeirra þjálfaða starfsliði.

Fiskrækt í ám og vötnum er auðvitað alveg sjálfsögð og margrædd. En það er sjóeldið fyrst og fremst sem mun geta gefið okkur verulegan afrakstur, á því er enginn vafi. Eins og ég sagði áðan vex lax þegar hann kemst í salt vatn, ekki síst þar sem aðstæður eru þannig að jarðvarma er hægt að nota. Sem betur fer er það mjög víða, norðanlands kannske ekki mjög víða, en þó er þetta ljóst í lónunum. Það virðist vera ljóst líka í Ólafsfjarðarvatni. Ýmis tækifæri önnur eru um allt land. Hér sunnanlands, t. d. á Reykjanesi, er sjálfsögðu nánast ótakmarkaður jarðvarmi og hann er hægt að nota til að koma upp sjóeldisstöðvum á landi. Raunar hefur verið gerð mjög ítarleg athugun og verkfræðilegir og viðskiptalegir útreikningar á einni stöð þar sem mundi framleiða 1—2 þús. tonn af laxi og hagnýta um 200 mw. af jarðvarma. Sú stöð mundi skapa útflutningsverðmæti sem svaraði til útflutningsverðmætis af afla 6—8 skuttogara, en kannske ekki kosta í uppsetningu miklu meira en einn eða tveir. Þetta eru kannske draumórar enn þá, en eins og ég sagði fæst úr því skorið á næstu mánuðum eða á næsta ári hvort þessi tækifæri eru fyrir hendi eða ekki. Auðvitað er eðlilegast að einstaklingar reyni þá að sameinast um að koma upp slíkum stöðvum.

Það er að segja um sjóeldi í kvíum, að það er ekki mjög mikið magn sem þarf af smáfiski til þess. Hann margfaldast á örskömmum tíma eins og ég var að skýra frá. Hins vegar er hafbeitin enn þá nærri því ókönnuð þó að virðingarverðar séu þær tilraunir sem gerðar hafa verið í Kollafirði, Lárósi og víðar. En til að ná árangri í hafbeit er talið að þurfi mjög mikið magn af seiðum, það þurfi að sleppa mjög miklu magni og halda mjög miklu magni af fiski einnig í endurheimtustöðinni, því að nú er talið fullvíst að það sé lyktin, sem laxinn leitar á, og það sé einmitt lykt af öðrum fiski, fisklyktin úr ánni, sem gildi, og þess vegna verði að reka hafbeitarstöðvar í nokkuð stórum stíl. En þar með er ekki sagt að þetta geti ekki orðið veigamikil aukabúgrein vegna þess að það þarf að framleiða seiðin. Framleiðsla á 100—200 þús. gönguseiðum gæti verið mjög góð aukabúgrein t. d. fyrir 2—3 bændur sem slægju sig saman. Þannig getur þetta stutt hvað annað.

Það hefur verið skýrt frá því í blöðum, að ameríska fyrirtæki, sem stundar hafbeit, geti hugsað sér að sleppa jafnvel 10 millj. gönguseiðum hér við land ef samningar næðust um það. Það þýðir að við mundum tuttugfalda seiðaframleiðslu eða þar um bil. Afköst íslenskra eldisstöðva þyrftu að 10—20-faldast bara til þess að sjá einni slíkri stöð fyrir sleppiseiðum, hvort sem hún væri reist í samvinnu við erlenda menn eða við Íslendingar gerðum það einir og tækjum alla áhættuna einir. Ein stór hafbeitarstöð mundi þýða það, að hægt væri að byggja — við skulum segja: 30—40—50 litlar stöðvar víðs vegar í sveitum landsins til að framleiða seiði fyrir þessa stöð, þó að vafalaust mundi slík stöð hafa stóra stöð við hliðina og framleiða sjálf einhvern hluta þess magns sem hún þyrfti af seiðum.

Það hafa þótt draumórar þegar menn hafa verið að ræða um þá möguleika sem hér eru. En ef það t. d. reyndist svo um þessa stöð á Reykjanesi, sem þegar hefur verið reiknuð út og skipulögð frá grunni og allar verkfræðiteikningar og allt liggur fyrir, að hún yrði reist og árangurinn yrði sá sem útlit er fyrir, þá er enginn minnsti vandi að hafa slíkar stöðvar á Reykjanesi einu kannske 10 talsins. Og út um allt land eru slík tækifæri.

En það, sem gaf mér tilefni til að koma hér í ræðustól, voru ummæli Stefáns Valgeirssonar og hugleiðingar hans um það, hvernig tilraunastarfsemin þarna norður frá í kjördæmi hans hefði gengið á síðustu mánuðum. Ég get upplýst að hún gengur framar öllum vonum og ef ekki verða stóráföll hygg ég að nú sé verið að brjóta ísinn í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Afstaða símnotenda til jöfnunar símkostnaðar, þáltill. (þskj. 35). — Ein umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. og Sjálfstfl. að leggja fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skora á samgrh. að láta fara fram nú þegar könnun á afstöðu símnotenda til þess, hvor leiðin verði farin til að jafna símkostnað landsmanna: 1) skrefatalning innanbæjarsímtala eða 2) hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa (þó ekki á kostnað langlínunotenda).

Spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublaðinu verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með símreikningum."

Ég skal ekki verða til þess að tefja hér umr. um þetta mál með langri framsögu þó að full ástæða væri til að rekja hér nokkuð nákvæmlega ýmislegt sem fram hefur komið frá því að páv. samgrh. Ragnar Arnalds tók ákvörðun um kaup á skrefatalningartæki 1979.

Eins og nýlega hefur komið fram í fréttum er fyrirhugað að skrefatalningin komi til framkvæmda 1. nóv. n. k., eftir aðeins örfáa daga, og ég legg mikla áherslu á að till. þessi komist nú til nefndar og fái þar fljóta afgreiðslu.

Þeir, sem fylgjandi eru fyrirhugaðri skrefatalningu, hafa lítið viljað hlusta á að til væri önnur leið en skrefatalningarleiðin til að jafna símkostnað landsmanna. Allur aðdragandi og framkvæmd þessa máls bendir einnig ótvírætt til þess, að ekki hafi verið vilji, hvorki hjá Póst- og símamálastofnun né samgrh., að fara aðrar leiðir eða kanna aðra valkosti til að jafna símkostnað landsmanna. Á það hefur þó margsinnis verið bent af þeim sem andmælt hafa skrefatalningunni, að nauðsynlegt væri að kanna aðra valkosti, og t. d. bent á hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa í því sambandi. Þessa leið hafa samgrh. eða Póst- og símamálastofnun ekki viljað viðurkenna fyrr en í ágúst s. l. Í blaðagrein 25. ágúst s. l. viðurkenna póst- og símamálastjóri og yfirverkfræðingur Pósts og síma að ná megi saman jöfnuði með hækkun umframtaxtanna. Því er í raun komin upp ný staða í

málinu sem ber að skoða áður en skrefatalningin kemst í framkvæmd.

Póst- og símamálastofnunin hefur reiknað út og viðurkennt opinberlega að hækkun á umframskrefunum þurfi að vera 35%. Miðað við símnotkun 1979 mundi símreikningur meðalnotanda á Reykjavíkursvæðinu hækka um 6.5%, en lækka utan svæðisins um 9.4% hvor leiðin sem farin yrði, þ. e. skrefatalningin eða hækkun gjaldskrártaxta umframskrefa. Ljóst er þó að útreikningar varðandi skrefatalningu eru byggðir á einni ágiskun um að umframskrefum fjölgi um 35%, en ef yrði hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa er um að ræða fasta hækkun sem frekar er vitað hvað gefur. Ýmislegt hefur og verið óljóst um framkvæmd skrefatalningarinnar.

Það er full ástæða til að benda á það hér, að þm. Reykvíkinga hafa margítrekað frá því s. l. vor reynt að fá fram upplýsingar hjá hæstv. samgrh. um ýmis framkvæmdaatriði fyrirhugaðrar skrefatalningar, en lítið hefur verið um svör hjá hæstv. ráðh. við óskum þm. Reykvíkinga. Ég sé ástæðu til að rekja hér nokkuð gang þessara mála.

S. l. vetur héldu þm. Reykvíkinga fund um skrefatalningarmálið. Niðurstaða þess fundar varð að skipuð var fjögurra manna nefnd sem í áttu sæti auk mín hv. þm. Friðrik Sophusson, Ólafur Ragnar Grímsson og Guðmundur G. Þórarinsson. Nefndinni var falið að reyna að afla upplýsinga um ýmis framkvæmdaatriði og valkosti sem óljós voru í þessu máli. Í framhaldi af því skrifaði nefndin samgrh. bréf 12. mars s. l. þar sem ýmissa upplýsinga var óskað varðandi framkvæmd skrefatalningarinnar, svo sem hvað lægi fyrir um áætlaða útgjaldaaukningu fyrir símnotendur á höfuðborgarsvæðinu og í hvaða formi ætti að skila tekjuaukningunni aftur til jöfnunar á símkostnaði, hvort skrefagjaldinu yrði breytt, hver skrefalengdin yrði, hvaða valkostir hafa verið kannaðir í því sambandi og hvaða valkostir væru fyrir hendi til að koma í veg fyrir að útgjaldaaukningin vegna skrefatalningarinnar kæmi niður á elli- og örorkulífeyrisþegum. Var í því sambandi sérstaklega um það spurt, hvort sú leið, sem farin yrði, mundi ná til allra elli- og örorkulífeyrisþega. Í svari ráðuneytisins við þessu bréfi var vægast sagt að mjög litlu leyti hægt að finna svör við þessum spurningum, utan þess að vísað var í bréf Póst- og símamálastofnunar þar sem fram komu nokkrar tæknilegar upplýsingar sem snertu örfá atriði þess sem um var spurt.

30. mars s. l. var því sent bréf að nýju, undirritað af öllum þm. Reykvíkinga, þar sem ítrekaðar voru spurningar og sú krafa sett fram að fullt samráð yrði haft við þm. Reykvíkinga um alla framkvæmd, auk þess sem allir þeir kostir, sem fyrir hendi væru, lægju ljóst fyrir og þeir yrðu kynntir þm. Reykvíkinga áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.

Það er skemmst frá því að segja, að samráð við þm. Reykvíkinga hefur ekkert verið. Það getur varla talist samráð af hendi samgrh. eða ráðuneytisins að framsenda aðeins þm. alls ófullnægjandi upplýsingar frá póst- og símamálastofnun án nokkurs álits eða afstöðu hæstv. samgrh. sjálfs til þess sem um var spurt af þm. Reykvíkinga.

Þriðja bréfið var svo sent ráðh. 29. maí s. l., þar sem enn og aftur voru ítrekaðar áður fram komnar óskir og sérstaklega óskað eftir afstöðu og tillögum frá hæstv. samgrh. sjálfum, en árangurslaust. Ekkert svar hefur borist frá hæstv. samgrh.

Hér er um að ræða breytingu sem hefur í för með sér verulega aukinn kostnað fyrir símnotendur höfuðborgarsvæðisins. Það verður að teljast lágmarkskrafa að ráðh. láti svo lítið að veita þm. Reykvíkinga skýr og afdráttarlaus svör í þessu máli. Hæstv. ráðh. ætti að skilja að eðlilegt og sanngjarnt er að þm. Reykvíkinga sé gert kleift að hafa áhrif á hvernig þessum málum verði fyrir komið þegar þeir hafa sérstaklega óskað eftir því.

Nú, nokkrum dögum áður en skrefatalningin á að skella á, liggur því ekki fyrir að neitt samráð hafi verið haft við þm. Reykvíkinga í þessu máli eða þeim hafi verið kynntir valkostir sem fyrir hendi væru í þessu máli. Það er eðlilegt framhald þessa máls nú, þegar fyrir liggur viðurkenning frá Póst- og símamálastofnun um að hvor leiðin sem farin yrði, skrefatalningin eða hækkun á gjaldskrártaxta umframskrefa, gæfi sömu tekjuaukningu til jöfnunar á símkostnaði landsmanna, — þá er eðlilegt að símnotendur fái að segja álit sitt á hvor leiðin verði farin.

Kjarninn í þeirri þál., sem samþykkt var 1974 og mikið hefur verið vitnað til að réttlæti fyrirhugaða skrefatalningu, er að símkostnaður landsmanna verði jafnaður. Þar segir ekkert um að það verði gert með skrefatalningu frekar en eftir öðrum leiðum.

Með leyfi hæstv. forseta hljóðar ályktunin á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæði beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda. Sérstaklega ber að stefna að því að símgjöld innan eins svæðisnúmers eða landshluta verði hin sömu um land allt."

Ekki er í þessari þál. eitt orð um að það skuli gert með skrefatalningu. Þetta er þó sú ályktun sem mest hefur verið stuðst við og vitnað í af þeim sem tala fyrir skrefatalningunni.

Í ákvæðum laga um stjórn og starfrækslu Póst- og símamála frá 1977 er ekki heldur minnst á skrefatalningu til að jafna símkostnað landsmanna. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðisnúmers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á."

Því var auðvitað lítið sem gaf heimild til þess að samgrh. árið 1979 veitti Póst- og símamálastofnuninni heimild til að taka tilboðum um kaup á skrefatalningartækjum og það án nokkurs fyrirvara um samþykki Alþingis fyrir fjárveitingu. Þetta er dæmi um það, hvernig staðið hefur verið að þessu máli af hálfu framkvæmdavaldsins.

Það er ekki ofsögum sagt, að ýmislegt hefur verið á reiki um framkvæmd fyrirhugaðrar skrefatalningar þó ýmislegt hafi skýrst að undanförnu. Í umr. á Alþingi 1979 kemur m. a. fram í svari þáv. samgrh., Ragnars Arnalds, við fsp. á Alþingi, að fyrst um sinn verði skrefatalningin á höfuðborgarsvæðinu, en síðar um landið allt í áföngum. Ljóst er nú að tímamælingin á ekki einungis að ná til innanbæjarsímtala á Reykjavíkursvæðinu, heldur til símtala í öllum bæjum og byggðakjörnum landsins er hafa sjálfvirkan síma. Tekur skrefagjaldið strax til um 90 sjálfvirkra símstöðva um allt land

eða um 96% símanúmera. Einnig hefur það verið upplýst nú, að skrefatalningin miðist við 6 mínútur, en í upphafi var talað um 3 mínútur, og einnig að mælingin eigi sér ekki stað um kvöld, nætur og hluta helgarinnar. Að vísu verð ég að hafa þann fyrirvara á, að eftir að þessi þáltill. kom fram sá ég í einu dagblaðinu að nú stæði til að hafa ekki mælingu yfir helgar. En þetta er eins og annað. Það hefur margt verið á reiki í þessu og virðist vera að breytast dag frá degi. Nýverið hefur verið upplýst að ekki á aðeins að lengja langlínuskref í 2. og 4. gjaldflokki, heldur er nú fyrirhugað að lengja langlínuskref í 2., 3. og 4. gjaldflokki.

Varðandi 6 mínútna skrefalengdina, sem talað er um, hefur verið bent á það, t. d. af Þorvarði Jónssyni yfirverkfræðingi hjá Póst- og símamálastofnun, að töluverðar líkur séu á því, að á fyrstu 6 mínútunum geti reiknast tvær skrefalengdir þannig að fyrir símtal, þó það standi innan við 6 mínútur, þurfi að greiða sem samsvarar tveimur skrefalengdum. Er hér aðeins um að ræða einn af mörgum ókostum sem fylgja fyrirhugaðri skrefatalningu.

Bent hefur verið á einnig, að ekki sé ástæðulaust að skrefatalningin komi illa niður á elli- og örorkulífeyrisþegum. Þm. Reykvíkinga hafa margítrekað þá fsp. til hæstv. samgrh., hvaða valkostir væru fyrir hendi til að koma í veg fyrir að útgjaldaaukningin vegna skrefatalningarinnar kæmi niður með fullum þunga á elli- og örorkulífeyrisþegum. Í svari við fsp. um þetta mál í Morgunblaðinu í sumar upplýsti ráðh. að málið væri í athugun. Þó kom fram í svari hans að það, sem gert yrði í því máli, mundi ná til þeirra sem nú hafa frítt fastagjald af síma, til elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa óskerta tekjutryggingu. Það er þó ljóst að miklu stærri hópur er af ýmsum ástæðum bundinn heima og kemst ekkert frá og er því mjög brýnt að það fólk geti leitað með ýmis erindi sín í síma, auk þess sem sími bætir mjög úr félagslegri einangrun margra. Það vita og allir að ekki þarf háar tekjur til að tekjutryggingin skerðist. Það er því gífurlega stór hópur þeirra sem bundnir eru heima vegna elli og sjúkdóma og ljóst er að litlar sem engar tekjur hafa, en ekkert virðist eiga að gera fyrir til að létta af þeirri útgjaldaaukningu sem af talningunni verður. Svo mikið sem þó hefur verið rokkað til með þetta mál má þó vera að hæstv. samgrh. hafi breytt einhverju er þetta varðar frá því í júní í sumar, en a. m. k. er mér ekki kunnugt um það.

Sú grg., sem þessari till. fylgir, er mjög ítarleg og því get ég stytt mál mitt. Það grundvallaratriði vil ég þó undirstrika, að jöfnun símkostnaðar landsmanna, sem er megintilgangur skrefatalningarinnar, má ná fram á annan hátt, með því að hækka gjaldskrártaxta umframskrefa. Þar sem áætlað er af Póst- og símamálastofnuninni að tekjuaukningin verði sú sama hvor leiðin sem farin verður, þá verður að ætla að þeim, sem tekjuaukningarinnar eiga að njóta, hljóti að standa á sama hvor leiðin verður farin, svo fremi að sama jöfnun eigi sér stað.

Einnig hlýtur að vega þungt í öllu þessu máli sá hvimleiði ókostur, sem skrefatalningin hefur í för með sér, að á vissan hátt skerðir hún málfrelsi símnotenda. Hjá því er hægt að komast ef valin er sú leið að hækka gjaldskrártaxta umframskrefa. Hana er hægt að fara ef vilji er fyrir hendi, jafnvel þó að skrefatalningarbúnaðurinn hafi verið keyptur og uppsetning langt komin. Það er ekki síst sá þáttur sem ég bið hv. þm. að hafa í huga þegar þeir taka afstöðu til þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir, að með skrefatalningunni er á óeðlilegan hátt verið að skerða málfrelsi símnotenda.

Efni þessarar þáltill. liggur ljóst fyrir. Það er að símnotendur fái að hafa áhrif á hvor leiðin verður farin, að þeir fái að segja hug sinn í þessu máli, sem skiptir þá miklu, og tel ég rétt að framkvæmdavaldið framfylgi afstöðu meiri hluta landsmanna í þessu efni.

Herra forseti. Ég sagði í upphafi míns máls að ég legði áherslu á að sú nefnd, sem fær till. til meðferðar, hraði afgreiðslu þessa máls. Einnig verður að ætla að samgrh. fresti fyrirhugaðri skrefatalningu a. m. k. þangað til till. þessi hefur fengið afgreiðslu hér á hv. Alþingi og afstaða hv. alþm. liggur fyrir í þessu máli. Verði till. þessi samþykkt liggur í hlutarins eðli að skrefatalningunni verður frestað og ekki tekin ákvörðun í þessu máli fyrr en afstaða símnotenda liggur fyrir.

Ég hafði ætlað mér að beina þeirri spurningu til hæstv. samgrh., hvort hann hygðist ekki örugglega fresta því að láta skrefatalninguna koma til framkvæmda þar til fyrir lægi afstaða þingheims til þessarar þáltill. — og yrði hún samþykkt að fresta í framhaldi af því ákvarðanatöku í þessu efni þar til könnun meðal símnotenda liggur fyrir. En hæstv. ráðh. sá sér ekki fært að vera við þessa umr. og vissi þó að hún mundi eiga sér stað hér. Ég taldi rétt að þessi umr. færi fram til þess að málið kæmist sem fyrst til nefndar, en eins og upplýst hefur verið er fyrirhugað að skrefatalningin komi til framkvæmda um næstu helgi. Ég vil ekki trúa öðru en hæstv. ráðh. fresti því að láta hana koma til framkvæmda þar til vilji Alþingis liggur fyrir. Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. ráðh. að hann verði við þeirri ósk.

Ég vil að lokum, herra forseti, lesa hér bréf sem mér barst í dag frá Neytendasamtökunum. Það er dags. í dag, 27/10:

„Neytendasamtökin lýsa yfir stuðningi við fram komna tillögu 12 þm. tveggja stjórnmálaflokka á Alþingi um skoðanakönnun meðal neytenda vegna skrefatalningar Pósts og síma. Samtökin hafa ítrekað lýst yfir andstöðu sinni við fram komnar hugmyndir um skrefatalningu og telja að ná megi yfirlýstum markmiðum með skrefatalningunni með einföldum breytingum á gjaldskrám. Neytendasamtökin telja það gagnlegt að þau megi taka þátt í undirbúningi og úrvinnslu skoðanakönnunarinnar, eins og gert er ráð fyrir í umræddri tillögu þm." Undir þetta bréf skrifar Jónas Bjarnason.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr., og treysti því, að hún fái skjóta meðferð í nefnd.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þetta þykir mér vera slæm till. og ég er ósamþykkur henni. Ég varð reyndar raunamæddur þegar ég fór að lesa hana vegna þess að mér finnst hún lýsa ótrúlegri þröngsýni. Þess vegna er þetta raunalegt og því raunalegra sem þetta er ekkert einkamál hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Ef athugaður er listi flm. kemur í ljós að þetta er ekkert smálið. Það er virðulegur hópur sem þarna er. Þarna er formaður Sjálfstfl. og mörg formannsefni í Sjálfstfl. og varaformannsefni, sumir komnir í framboð nú þegar og aðrir rétt ókomnir. Báðir armar Alþfl. eiga þarna fulltrúa. Bæði formaður flokksins, fyrrv. formaður og fyrrv. varaformannskandídat eru þarna á sama þskj. Þetta hlýtur því að skoðast vilji fjöldahreyfingar innan

Alþfl. Þeir vilja bregða fæti fyrir framkvæmd þess réttlætismáls sem skrefatalningin er. Skrefatalningin jafnar, þó í litlu sé, lífsaðstöðu þegnanna í landinu.

Þetta er byggt á þáltill. sem samþ. var 1974. Það er langur meðgöngutími við að hrinda máli í framkvæmd og það er búið að hugsa töluvert á þeim tíma, spái ég. Samkv. því, sem prentað er hér í grg., hljóðar till., sem samþ. var 28. mars 1974, svo, með leyfi forseta, eða hefst svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig, að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans og dreifbýli og höfuðborgarsvæði beri hlutfallslega sömu byrði hinna sameiginlegu heildarsímaútgjalda."

Þetta finnst mér vera verðugt markmið og eðlilegt að stefna að. Nú eru menn komnir að þeirri niðurstöðu, að þetta verði helst gert með skrefatalningu. Ég hef ekki fengið sannfæringu fyrir því að önnur aðferð sé skárri.

Rökin fyrir skrefatalningunni eru líka prentuð í hinni ítarlegu grg. sem fylgir þessari till. Póst- og símamálastofnun og þeir, sem standa að framgangi þessa máls, telja að það sé réttlátt að greiða fyrir notkun samkv. notkunartíma. Í öðru lagi telja þeir að skrefatalningin leiði til meiri jafnaðar gjalda á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins en samkv. núgildandi kerfi. Ég ítreka að þetta leiðir ekki til fulls jafnaðar, en til meiri jafnaðar en næst samkv. núgildandi kerfi. Skrefatalningin leiðir til réttlátari gjaldtöku fyrir tal og flutning á myndum, gögnum fyrir tölvur og þess háttar (telex viewdata o. fl.). Í fjórða lagi bætir skrefatalningin nýtingu símakerfisins með því að stytta og fækka einkasímtölum virka daga og fjölga og lengja þau á kvöldin eftir kl. 19 og um helgar. Á þennan hátt dreifist álag símstöðvanna á lengri tíma.

Allt þykir mér þetta harla gott og viðkunnanlegt að vinna að.

Hér segir, í rökstuðningi andmælanda þessarar skrefatalningar, að skrefatalningin svipti Íslendinga því frelsi, sem þeir hafa nú til að tala óhindrað við fólk í nágrenni sínu í samræmi við hinar margvíslegu þarfir sem það er best dómbært um sjálft, og skerði málfrelsi allra á óeðlilegan hátt þar eð ná má sömu jöfnun símkostnaðar með hefðbundnum gjaldskrárbreytingaleiðum. — Svo mörg eru nú þau orð.

Hluti Íslendinga, það virðist nefnilega hafa gleymst flm. þessar till. og það er það sem ég er raunamæddur yfir, nýtur bara ekki þess réttar að geta talað óhindrað við fólk í nágrenni sínu í samræmi við hinar margvíslegu þarfir. Að vísu er ekki tekinn rétturinn af neinum, sem nú þegar hefur hann, til að tala við fólk í nágrenni sínu, og það skerðir ekki málfrelsi. Það er að vísu lagður svolítill skattur á símtöl. Að mínum dómi koma menn töluverðu frá sér á 6 mínútum, t. d. ef menn eru jafnskörulegir í framsetningu og hv. frsm. Hún flutti hér langt mál á 6 mínútum og innihaldsríkt. Þess vegna held ég að hægt sé að leysa venjuleg erindi á þeim tíma. En það er hópur fólks í landinu sem getur, jafnvel þótt það hafi sjálfvirkan síma, ekki náð til nema sárafárra númera öðruvísi en komast inn á talningu. Þeir, sem eru hér á þessu 91-svæði, hafa því yfirburðaaðstöðu og rétt sem er langt fram yfir það sem aðrir landsmenn hafa til að nota þetta samgöngutæki sem er í eigu ríkisins.

Allir borgarar þessa lands hafa ekki einu sinni tækifæri til að tala í sjálfvirkan síma. Það var verið að fá mér í hendur í dag skýrslu um ástand og áætlanir um lagningu sjálfvirks síma í Norðurlandskjördæmi vestra og víðar á landinu. Ég er með fyrir framan mig blað um hvernig þau mál standa í mínu kjördæmi. Þar er um það bil helmingur af sveitahreppunum tengdur sjálfvirka kerfinu. Hinir eru ekki tengdir sjálfvirka kerfinu og eru með handvirka afgreiðslu sem vitaskuld er miklu dýrari og algerlega ófullnægjandi. Í einhverju blaði sá ég einmitt í dag grein eftir mann fyrir norðan þar sem hann var að kalla símaástandið sem hann býr við Watergate-kerfi. Það er hlustað á allt sem hann segir. Út af fyrir sig er það kannske ekki það versta. Öryggisleysið um að ná sambandi og stuttur afgreiðslutími eru mjög til baga þó að jafnvel mikið hafi verið á allra síðustu árum unnið að úrbótum með afgreiðslutímann.

Ég vil ekki stuðla að því, að þetta misrétti viðgangist áfram í þjóðfélaginu. Ég vil vinna að því samkv. lögum, sem hér voru samþykkt í fyrravor, að öll heimili landsins eigi kost á að tengjast sjálfvirka símakerfinu og sama gjald eða sem næst sama gjald verði fyrir sömu þjónustu hvar sem er á landinu.

Ég er t. d. alveg hissa á hugmyndinni um spurningarform og könnunareyðublöð. Hér segir um þessa hugmynd flm.: „Spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublaðinu verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með símreikningum." (**Gripið fram í:** Það má gefa skýringar.) Ja, það þarf langt skýringablað með þessu, hv. varaformaður. Þetta verða skrýtnar spurningar. Og hvernig haldið þið að svörin verði? Ég gæti ímyndað mér að hópur af símnotendum svaraði því til, að hann vildi frían síma. Ef svona væri sent út með skattseðlinum, spurt um hvort menn vildu sama tekjuskatt árið eftir eða lægri eða kannske hærri, þá væru menn yfirleitt á því, spái ég, að þeir vildu lágan skatt eða engan.

Það er sem sagt fleira nýstárlegt við þetta en að svo margir foringjar í stjórnarandstöðunni og verðandi foringjar standa að þessu máli. Eitt er nú t. d. málfarið á grg. Mig rak í rogastans þegar ég skoðaði grg., því að mér sýnist að 1. flm. hafi alveg breytt um stíl, bæði hvað varðar málfar og framsetningu. Það fór fyrir mér eins og Ísak gamla í Biblíunni þegar honum datt í hug að þó að hendurnar væru Esaús væri röddin Jakobs.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till. Hún er nokkuð síðbúin miðað við það sem við vitum að tilstendur í þessum efnum. Engu að síður er rétt að fara um þetta mál almennt nokkrum orðum, þó það hafi verið gert rækilega af hv. síðasta ræðumanni.

Ég held að við séum öll sammála um það — eða ég vona það a. m. k. — hér innan veggja, að jöfnun símgjalda um land allt sé nauðsyn, að menn þurfi ekki að gjalda búsetu sinnar varðandi þessa sjálfsögðu þjónustu. Það er hins vegar kannske spurning um á hvern hátt sé hægt að ná þessum jöfnuði. Sú leið, sem nú hefur verið valin til þess að þoka þar frekar í áttina, er leið sem ég heyrði fyrst í umræðum milli okkar byggðanefndarmanna á sínum tíma og póst- og símamálastjóra, sem sagði það þá, fyrir 7 eða 8 árum, að vænlegasta leið, sem hann vissi til þess, væri svokölluð skrefatalning sem nú á að fara að framkvæma.

Ég veit að þegar verið er að vinna að jöfnunarmálum yfirleitt er það svo, að þeir, sem fleyta rjómann á hverjum tíma, vilja vitanlega ekki þurfa að greiða neitt til að

jafna fyrir öðrum. Það er ekkert nýtt. Þá er ég ekki að tala um flm. þessarar till., heldur okkur almennt. Það gildir sjálfsagt alveg sama ef við nytum nú einhverra sérstakra forréttinda úti á landsbyggðinni. Þá væri sjálfsagt viss tregða hjá okkur að jafna út við þá Reykvíkinga, eins og við finnum á Reykvíkingum allajafna að þeir bregðast við allillilega í hvert skipti sem reiknað er með því að jöfnuði verði náð í einhverjum efnum að einhverju leyti á þeirra kostnað. Þetta gildir reyndar um fleiri atriði, og þarf ekki að fara lengra en í kjaramálabaráttuna til að finna hliðstæð dæmi um það. Og kannske gætum við sjálf litið þar í eigin barm.

Jöfnun símgjalda hefur verið lengi mjög erfitt baráttumál fyrir þm. landsbyggðarinnar. Við höfum þokað þessu áfram smátt og smátt við hverja gjaldskrárbreytingu nú að undanförnu, en svo sorglega lítið að þegar ég sé sambærilega reikninga fólks hér á höfuðborgarsvæðinu og fólks úti á landi, þá sé ég best hvað okkur hefur þokað skammt áleiðis í þessum efnum ég tala nú ekki um ef um væri að ræða fólk úti á landsbyggðinni sem þarf að eiga einhver viðskipti við stofnanir á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held að það sé ómaksins vert og meira en það að reyna þá leið sem nú hefur verið ákveðin til að þoka þessu máli í frekari jöfnunarátt. Sú till., sem vitnað var til áðan og samþykkt var á sínum tíma, fól ekki í sér neitt sem heitir skrefatalning, satt er það. En í umr. um þessi mál kom þetta fram og í viðræðum okkar við póst- og símamálastjóra kom það þá þegar fram, að hér væri um að ræða einhverja vænlegustu leiðina, ef ekki þá einu til að ná þessu máli lengra áleiðis. Ég vil ekki trúa því, að þessi leið, sem yfirvöld Pósts og síma bentu þá á og síðan hefur verið unnið að, hafi verið fundin upp af einhverri mannvonsku í garð Reykvíkinga, eins og stundum hefur heyrst, og þá kannske alveg sérstaklega í garð aldraðra eða öryrkja. Ekki trúi ég því. Ég held nefnilega að mergurinn málsins í sambandi við okkar símaþjónustu sé sá sem kemur fram í grg. með þessari till. og hv. síðasti ræðumaður rakti sem 1. lið í rökum þeirra sem mæla með notkun tímamælingar, að það sé réttlátt að greiða notkun samkv. notkunartímanum. Ég held að þetta sé kannske mergurinn málsins. Þetta er verið að gera með þessu móti, að hluta til þó aðeins, og þetta hlýtur að vera réttlátt í því efni.

Ágallarnir hafa verið tíundaðir svo rækilega að við gætum helst haldið að við værum með þessari skrefatalningu, þeir sem hafa fylgt henni að máli, að drýgja glæp. Ég dreg enga dul á að ég hef fylgt henni frá fyrstu tíð, eftir að mér var bent á að þar væri um vænlegustu leiðina að ræða til jöfnunar símkostnaðar um landið allt. Ágallarnir hafa verið tíundaðir svo rækilega að ég hef stundum haldið að ég stæði uppi með allhrikalegan glæp á samviskunni, alveg sérstaklega gagnvart gamla fólkinu og nú síðast gagnvart málfrelsinu í landinu og þá sjálfsagt lýðræðinu um leið.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að við eigum hins vegar að huga vel að elli- og örorkulífeyrisþegum í þessu efni. Það eigum við bara að gera með öðrum hætti. Þá á ekki að nota í þessu máli sem einhverja tylliástæðu til þess að menn séu á móti því, en ég verð að telja að flm. þessarar till. séu á móti því að jafna þennan kostnað milli allra landsmanna sem allra fyrst og sem allra best.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Fyrst út af orðum Helga Seljans. Hann talaði um það, að í umr. um þetta mál, þegar það var á dagskrá 1974 og síðar, að mér skildist, hafi komið fram í máli manna að skrefatalningin væri leið til að jafna símakostnað landsmanna. Ég held að hann fari ekki þarna með rétt mál. Eftir því sem ég hef kynnt mér umr. um þetta. Þá var það aðeins Einn sem minntist á þetta. Það var Halldór E. Sigurðsson sem minntist á að skrefatalningin gæti verið ein leið í því máli að jafna símkostnað landsmanna. Ég held að ég gæti fullyrt að enginn hafi tekið undir það. A. m. k. sá ég það ekki í þeim umr. sem ég fór yfir um þetta mál.

Það er í sjálfu sér lítið svaravert af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Páls Pétursson. Hann talar um að með þessari till. sé verið að bregða fæti fyrir framkvæmd þess réttlætismáls sem skrefatalningin er, eins og hann orðaði það. Auðvitað er þetta fjarstæða, nema hv. þm. sé svo sannfærður um að það verði niðurstaðan úr þessari könnun, ef samþykkt verður að viðhafa hana, að meiri hl. vilji fara aðra leið. Þá væri kannske hægt að segja að við værum að bregða fæti fyrir þetta, ef hann er svo sannfærður um að þetta sé rétta leiðin. En þetta er auðvitað alrangt og sýnir það best að hann hefur ekki lesið vel þessa till. Með þessari till. er ekki verið að draga úr eða andmæla því, að jöfnun skuli vera sem mest í símkostnaði landsmanna. Eins og kemur fram í till. er einungis verið að fara þá leið að lofa símnotendum að segja afstöðu sína í þessu máli þegar fram hefur komið, ég vil undirstrika það, að hægt er að fara aðra leið til að ná sömu jöfnun.

Hv. þm. segir að þeir, sem með framkvæmdina hafa haft að gera, séu komnir að þeirri niðurstöðu að þetta verði helst gert með skrefatalningunni. Ég vil minna hv. þm. á að þeir hafa líka nýlega komist að annarri niðurstöðu. Þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu og viðurkennt það opinberlega, að hægt er að fara aðra leið í þessu máli en skrefatalninguna. Það, sem við förum fram á, flm. þessarar till., er eingöngu að fyrst það er viðurkennt að ná megi inn sömu tekjuaukningu til þess að jafna símakostnað landsmanna fái símnotendur að segja skoðun sína í þessu máli. Þetta er ósköp einfalt. Þó að þessi skrefatalning frestist um einn eða tvo mánuði tel ég það ekki skipta öllu því að það er réttlætismál líka að beðið sé eftir því, að símnotendur segi afstöðu sína í þessu máli. Það á ekki að þurfa að taka langan tíma.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Það er vegna fram kominnar þáltill. sem mig langar til að segja hér nokkur orð.

Ég vil þá fyrst lýsa því, að ég er algerlega sammála því sem kemur fram í grg. þeirrar till. sem lá fyrir Alþingi um að fela ríkisstj. að haga endurskoðun gjaldskrár Landssímans þannig að sem fyrst verði náð sem mestum jöfnuði með landsmönnum í kostnaði við notkun símans o. s. frv., en ég er hins vegar ósammála þeirri þáltill. sem hér liggur frammi og er einnig svolítið undrandi á þeim rökum sem eru sett fram í grg.

Þá er fyrst að nefna t. d. að þar er alveg sérstaklega tekið fram að bændur þurfi að fara að greiða sérstaklega fyrir símtöl við næstu nágranna sína eftir tímamælingu strax við tilkomu skrefagjaldsins. Ég veit ekki annað en bændur hafi borgað sitt gjald hingað til þó að þeir hafi getað talað við sína næstu nágranna. Að vísu er spurning um hvar þeirra næstu nágrannar eru. Í annan stað hef ég ekki ástæðu til að halda að bændur hafi nokkurn tíma

skorast undan því, að borga símgjöld og því sé óþarfi að taka það sérstaklega fram í grg.

Annað vil ég segja og taka undir orð hv. þm. Helga Seljans þar sem hann vitnar í að pyngjan sé besti mælikvarðinn á þetta mál. Ég tel mig vera dómbæran um þetta þar sem ég hef búið bæði utan þéttbýlis og innan. Þar er pyngjan örugglega nákvæmasti mælikvarðinn, að mér hefur fundist, burt séð frá öllum öðrum rökum.

Síðan er talað hér um þá sem hafa talað óhindrað við fólk í nágrenni sínu í samræmi við hinar margvíslegu þarfir, talað við næstu nágranna sína. Það er nefnilega spurning hverjir eru næstu nágrannar. Nefnum t. d. Keflavík, Garð og Sandgerði. Þarna er mismunandi gjald. Það er kostnaðarsamara fyrir mig að búa í Keflavík og eiga kunningja í Garðinum eða Sandgerði og tala við þá en að búa t. d. í Hafnarfirði og tala við Garðabæ, við Kópavog, yfir Reykjavík og út á Seltjarnarnes eða yfir í Mosfellssveit. Það er nefnilega spurning um hvar kunningjarnir búa.

Þá vil ég setja spurningarmerki við það í grg. sem er reiknað út frá prósentutölum. Þá er miðað við þá notkun símans sem nú er. En ég leyfi mér að fullyrða að með þeirri skrefatalningu, sem er fyrirhugað að komi á, breytist notkun símans verulega og þar með þau prósentuhlutföll sem reiknað er út frá þarna.

Að síðustu er eitt sem er mér óskiljanlegt í þessari þáltill. Það er þetta, að spurningarform og upplýsingar á könnunareyðublöðum verði unnin í samráði við Neytendasamtökin og send út með símreikningum væntanlega þannig að þeir, sem eru með símanúmer, geti svarað fyrir sig. Þá kemur spurningin: Hverjir eru símaeigendurnir? Hverjir eiga að svara fyrir opinberar byggingar? Hverjir eiga að svara fyrir allar opinberar stofnanir, sem eru náttúrlega mun fleiri á þéttbýlissvæðinu hér í Reykjavík en úti um land? Hverjir eiga að svara fyrir þær? Og fleira er í sambandi við það að senda út eyðublöð þessi með símreikningum. Ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki eins auðveld aðferð og hér liggur fyrir, vegna þess að símreikningar þurfa oft úti á landi að bíða lengi á símstöðvum og þar er annað kerfi á innheimtu en er hér, að því er ég tel mig best þekkja. En það er sérstaklega þetta með spurningarformið. Hverjir eiga t. d. að svara fyrir þær stofnanir sem eru með síma? Ég hefði gaman af að heyra það.

Ég er algerlega ósammála þessari till. og tel hana ekki nógsamlega vandaða til að flytja hana á hv. Alþingi.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, að mig undrar það furðulega ofstæki, sem fram gengur t. d. hjá hv. þm. Páli Péturssyni að því er þessa þáltill. varðar, og mig undrar hvaðan honum kemur sú viska, að með þessari till. sé verið að bregða fæti fyrir framkvæmd þessa réttlætismáls, eins og hann orðar þetta. Maðurinn hefur ekki leyfi til að tala svona vegna þess að í framsöguræðu hv. frsm. og í grg., sem till. fylgir, er bókstaflega ekkert sem vísar til þess að verið sé að bregða fæti fyrir þetta réttlætismál, eins og hann kemst að orði.

Það, sem hér er um að ræða, er einfaldlega það, að að mati vísustu manna, sem til þekkja er um að ræða tvær leiðir til að ná þessu markmið, en þær leiðir eru að öðru leyti einnig mjög misjafnar. Þarna er, eins og segir í till. sjálfri, annars vegar um að ræða hreina skrefatalningu innanbæjarsímtala og hins vegar hækkun á gjaldskrá umframskrefa að undanskildum kostnaði fyrir langlínunotendur. Í grg. kemur það skýrlega fram, að um hinn síðari valkost liggur fyrir hvað hann muni gefa af sér. Það er margsinnis tekið fram hvaða galla skrefatalningin hefur, einkum fyrir aldrað fólk, það fólk sem notar löng símtöl. Það þarf ekki mörgum orðum að fara um það, á hvaða fólki slík aðferð kemur til með að bitna. Hins vegar er ekki lagt til að hverfa frá þeim jöfnunarhugmyndum sem hér er um að ræða, heldur aðeins að gefa símnotendum kost á því að velja hvora leiðina þeir kjósa að fara. Það eru um það alveg hreinar og klárar hugmyndir með hverjum hætti á um þetta að spyrja.

Það, sem hv. síðasti ræðumaður sagði þegar hann var að gera því skóna að þetta mál væri eitthvað erfitt í framkvæmd, m. a. vegna opinberra stofnana, er auðvitað alveg út í hött. Þær eru ekki nema örfá prósent af símnotendum. Svör, sem skipta máli, eru svör hinna almennu símnotenda í þessum efnum. **(Gripið fram í:** Hverjir eiga að svara fyrir opinberar stofnanir?) Út af fyrir sig skiptir það engu máli. Þeir notendur eru svo fáir. Það eru hinir almennu símnotendur sem taka á tillit til. Það er enginn vandi að skilja á milli í svörum hver sé vilji hinna almennu símnotenda? Staðreynd er auðvitað að feikilega hátt hlutfall af þeim býr hér á stór-Reykjavíkursvæðinu, en það fólk á sér rétt líka. Jöfnuður er flókið hugtak sem hægt er að nálgast frá mörgum sjónarhornum, og vitaskuld er það takmark í sjálfu sér að fólk hvar sem er á landinu búi við sem allra mestan jöfnuð. Ég hygg að enginn maður í þessari virðulegu stofnun mótmæli því sem almennum sannindum og sem almennum markmiðum. Hins vegar getur orkað tvímælis hvaða leiðir á að fara í jöfnunarskyni.

Það er hægt að taka annað dæmi. Á svæðum á landsbyggðinni, þar sem eru þúsund íbúar eða þaðan af færri, kostar lítið eða ekkert að komast til vinnu sinnar. Hér á stór-Reykjavíkursvæðinu kostar of fjár í bensínkostnaði að komast til vinnu sinnar. Það eru 13 km. úr Breiðholtinu niður í miðja Reykjavík. Dytti mönnum samt í hug að setja upp jöfnunarsjóð þeirra, sem þurfa að komast til vinnu sinnar, og jafna þessum kostnaði í gegnum sjóðakerfi? Þó að ég sé þm. Reykv. teldi ég slíka jöfnun ekki vera skynsamlega og verða til þess að bruðlið og eyðslan yrði meiri en það sem áynnist.

Það er líka dýrt að búa á þessu svæði, það hefur kosti og það hefur galla í hreinum efnahagslegum skilningi. Við verðum að fara að skilja að málflutningurinn má ekki bara vera á einn veg að því er þessi efni varðar.

Það er alveg rétt, að fólk á landsbyggðinni hefur borið meiri kostnað af notkun síma og menn eiga að vera af vilja gerðir til að leiðrétta það. Hins vegar má það ekki verða þannig að það bitni t. a. m. á öldruðum og öryrkjum sem hér á þessu svæði búa því að það er enginn jöfnuður. Það er beinlínis ójöfnuður sem slíkt getur falið í sér.

Hér er um að ræða hógværa og skynsamlega till. Það er vitað að það eru tvær leiðir. Og það eru uppi hugmyndir um það, sem hér eru færð rök fyrir, að seinni leiðin sem nefnd er hér í till., sé skynsamlegri og réttlátari. Hér er lagt til að símnotendur sjálfir séu spurðir, og þeir eru fullfærir um að svara hvora leiðina þeir kjósa að fara. Auk þess er hér að finna lýðræðislega aðferð sem ég er sannfærður um að gæti verið til eftirbreytni í fleiri málum. Að gera því skóna, að fólk mundi kjósa yfir sig lægri skatta eða helst enga skatta, það er náttúrlega að

ætla fólk vitlausara en það er, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið að því er þessi rök hv. þm. Páls Pétursson varðar. Hann lét hér t. a. m. falla orð um grg. þessa frv. sem eru svo ósæmileg að meira að segja fyrir neðan virðingu þessa hv. þm. hlýtur að teljast.

Kjarni málsins er sá, að það er spurning um hvaða tæknilega lausn á að nota að því er þetta varðar. Það er ekki spurning um það markmið, að símakostnað skuli jafna. En við höfum auðvitað áhyggjur af því, sem á þessum svæðum búum, á hverjum skrefatalningin kemur til með að bitna. Hún kemur til með að bitna á þeim sem síst skyldi, og það er það sem er kjarni málsins.

Þessi till. er satt að segja þannig fram komin og þannig var fyrir henni mælt, að hún gaf ekki tilefni til þeirrar ræðu sem hv. þm. Páll Pétursson flutti áðan. Ég sem einn af flm. vil undirstrika það. Hér er um till. að ræða um að símnotendum verði gert kleift að velja á milli tveggja tæknilegra valkosta. Ég hygg að alls vegna, líka vegna þess að í upphaflegu stefnunni, sem mörkuð var, var aldrei minnst á skrefatalningu, eins og hér hefur komið fram hjá mörgum ræðumönnum, sé skynsamlegt að fara þá leið sem hér er lögð til.

Jöfnuður er takmark í sjálfu sér, það skal vera alveg ljóst, og menn, hvar sem þeir búa á landinu, eiga að vera sammála um það almenna takmark. En ræða af því tagi sem hv. þm. Páll Pétursson flutti er út af fyrir sig ekki beiðni um jöfnuð því að allur málflutningurinn var svo einsýnn. Það eru fullkomlega tvær hliðar á þessum málum. Stundum er dýrt að vera hér og stundum ódýrt, og það sama gildir um Norðurland vestra eða hvað annað svæði á landinu. Um þessi mál verðum við að fjalla frá sjónarhóli heildarinnar, en ekki með þeirri einsýni sem kom fram hjá þessum hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Söluskattur er tvímælalaust einn mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs. Láta mun nærri að sölugjald að viðbættu orkujöfnunargjaldi, sem lagt er á sama stofn, skili um 35% af tekjum ríkissjóðs. Það er því feikilega mikilvægt að söluskattur skili sér með eðlilegum hætti í ríkissjóð og þar verði ekki mikil afföll. Auðvitað er aldrei hægt að koma í veg fyrir að einhver afföll verði, en beita verður öllum ráðum til að tryggja að þau verði sem allra minnst.

Skömmu eftir að ég tók við störfum sem ég gegni í fjmrn. skipaði ég nefnd sem falið var það hlutverk að gera till. um bætta og herta innheimtu söluskatts. Þessari nefnd var falið að endurskoða ákvæði um dráttarvexti og viðurlög við skattundandrætti og kanna öll önnur atriði sem horft gætu til að auðvelda eftirlit með söluskattsskilum. Nefnd þessi skilaði áliti síðla á s. l. vetri og gerði m. a. tillögur til breytinga á ákvæðum söluskattslaga og söluskattsreglugerðar. Vegna þess, hve skammt var þá eftir af þingtíma, reyndist ekki tiltækilegt að leggja þetta frv. fram á því þingi. En nú er það lagt fram sem eitt fyrsta mál þingsins og það er sannarlega von mín að það fái skjóta afgreiðslu hér á þingi.

Eitt af meginviðfangsefnum þessarar nefndar var að kanna hvort rétt væri að gera strangari kröfur til skráningar viðskipta í smásöluverslun. Um langt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að skylda söluskattsskylda smásöluaðila til að hafa sjóðvélar, sem svo eru kallaðar, en áður hétu því einfalda nafni peningakassar, — skylda aðila til að hafa slíkar vélar sem hefðu innri strimil er skráði öll staðgreiðsluviðskipti viðkomandi aðila. Þegar á árinu 1974 var ráðh. veitt lagaheimild til að kveða á um slíka kassaskyldu. Staðreyndin er hins vegar sú, að menn hafa ekki verið á eitt sáttir um hvaða gagn væri að slíkum kössum eða hvernig ætti að nota þá til söluskattseftirlits. Hefur því heimildinni ekki verið beitt til þessa. Nefndinni var falið að kanna þessa hlið málsins sem rækilegast. Það varð niðurstaða nefndarinnar, að full ástæða væri til að gera ríkari kröfur en nú er til skráningar smásöluviðskipta. Hins vegar taldi nefndin tæplega réttlætanlegt að skylda alla aðila í smásöluverslun til að nota sjóðvélar eða peningakassa af þessari gerð, án tillits til aðstæðna hjá hverjum og einum. Því gerði nefndin að till. sinni að söluskattsreglugerð yrði breytt á þann hátt að nær allir þeir aðilar, sem undanþegnir eru skyldu til útgáfu númeraðra reikninga, skyldu skrá hverja innborgun jafnóðum og hún fer fram, annaðhvort á strimil í lokaðri sjóðvél eða á sérstaka fyrir fram tölusetta staðgreiðslusölulista.

Ef tillögum þessarar nefndar verður fylgt er því um að ræða þrenns konar skráningu á smásöluviðskiptum. Í fyrsta lagi kunna menn að vera skyldugir til, eins og nú gildir í stórum stíl, að gefa út númeraða reikninga fyrir hverja innborgun eða hver viðskipti. Eins og kunnugt er eru fjöldamargir aðilar sem sú skylda hvílir á. Um þá, sem eftir eru, gildir þá annað tveggja, að menn verða að kaupa sér þessa sérstöku tegund peningakassa eða sjóðvél, lokaða sjóðvél eins og hún er kölluð á fagmáli, ellegar að skrá hverja sölu í höndunum á fyrir fram tölusetta staðgreiðslusölulista. Þetta eru þær þrjár meginaðferðir sem allir smásöluaðilar verða þá skyldugir til að viðhafa. Má segja að þetta hljóti að stuðla beint og óbeint að því, að sem flestir fái sér lokaða stimilpeningakassa af þessu tagi, enda þótt það sé ekki gert að skyldu. Hér er um mjög dýra kassa að ræða og því kannske ekki réttlætanlegt að menn, sem eru með lítil viðskipti, séu eindregið skyldaðir til að fá sér slíka kassa. En þeir verða þá í staðinn að handrita viðskiptin á þessa sérstöku staðgreiðslusölulista, svo fremi að þeir séu ekki beinlínis skyldugir til að gefa út númeraða reikninga, en það gildir auðvitað um fjöldamarga aðila eins og ég hef þegar sagt.

Í 7. gr. þessa frv. er lagt til að ráðh. sé heimilt að gefa út reglugerð um staðgreiðslusöluviðskipti. Vissulega eru til reglugerðarákvæði um þetta efni nú. En gert er ráð fyrir að greinin verði orðuð þannig að alveg sé ótvírætt að heimilt sé að kveða á um skyldu til slíkrar skráningar í reglugerð. Ef frv. það, sem hér er til umr., verður að lögum mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir útgáfu slíkrar reglugerðar hið allra fyrsta. Ég tel því að þessi hlið málsins sé mikilvægasta efnisatriði frv. og mikilvægasta breytingin sem gerð verður á söluskattslögum, þó að ég skuli fúslega viðurkenna að í grg. með frv. kemur þetta ekki skýrt fram. Það er mjög lítil grein gerð fyrir þessum þætti málsins í grg. og síður en svo að lesa megi það út úr

henni að þetta sé aðalatriði málsins, að tekin séu upp ný vinnubrögð í sambandi við skráningu á staðgreiðsluviðskiptum. Grg. fjallar hins vegar um aðra þá þætti í söluskattslögum sem gerð er till. um að breyta. Ég mun nú víkja að þeim, en ítreka það og bendi mönnum á að hinn þáttur málsins er í raun sá mikilvægasti og mundi fela í sér mesta breytingu frá því sem nú er.

Viðamestu breytingarnar að öðru leyti, sem felast í þessu frv., eru tengdar viðurlögum við brotum á söluskattslögum og á söluskattsreglugerð. Núgildandi viðurlög eru í eðli sínu tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sjálfvirk viðurlög án sakar við drætti á söluskattsskilum og skýrslugjöf. Þessi viðurlög eru nokkurs konar sambland af almennum dráttarvöxtum og refsikenndum viðurlögum. Þetta kerfi er talið hafa reynst allvel og eru ekki gerðar tillögur til róttækra breytinga á því. Í 2. gr. frv. er þó að finna minni háttar orðalagsbreytingar á þeim ákvæðum laganna sem um þetta fjalla. Hins vegar er um að ræða ákvæði um eiginlegar refsingar sem ákveðnar skulu af ríkisskattanefnd eða dómstólum. Þessum ákvæðum, sem er að finna í 25. og 26. gr. núgildandi laga, er að dómi þeirrar nefndar, sem þetta mál hefur kannað, verulega áfátt. Eru því í 4. og 5. gr. frv. gerðar tillögur til róttækra breytinga á þeim. Þar er m. a. lagt til að sektarmörk við brotum á bókhaldsákvæðum söluskattslaga og reglugerða verði hækkuð mjög verulega, eða úr 100 þús. gkr. í 50 þús. nýkr., og sjá menn þá með einföldum reikningi að þarna er um að ræða fimmtugfalda hækkun á refsiviðurlögum. Slík breyting horfir mjög til þess að gera söluskattseftirlit skilvirkara. En staðreyndin er sú, að það gat jafnvel borgað sig fyrir menn að standa ekki skil á söluskatti á réttum tíma vegna þess hve refsiviðurlög voru léttvæg miðað við þá vexti sem tíðkast í þjóðfélaginu. Það gat verið betra að taka á sig viðurlögin og standa ekki skil á skattinum fyrr en einhvern tíma löngu síðar.

Í þessari brtt. er það gert ótvírætt, að heimilt sé að beita fésektum eða refsivist við brotum á lögunum, óháð því hvort álagi verður við komið, og að dráttur söluskattsskila milli mánaða innan ársins geti varðað refsingu auk álags. Allt stefnir þetta í þá átt að hvetja menn til að halda ekki eftir söluskatti, eins og óneitanlega virðast hafa verið nokkur brögð að og að menn hafi sloppið með það án eðlilegra viðurlaga. Þá er lagt til að ýmsar aðrar breytingar verði gerðar á viðurlagaákvæðunum og þau færð til samræmis við ákvæði XII. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Í 6. gr. frv. er lagt til að skattstjórum verði árlega gert að semja og leggja fram söluskattsskrá fyrir hvert sveitarfélag í umdæmi sínu. Skýra lagaheimild hefur skort til slíkrar framlagningar til þessa, en ætla má að slík skrá gæti haft viss varnaðaráhrif og gæti leitt til betri skila á söluskatti. Er þá einkum haft í huga að besti eftirlitsaðili í sambandi við lögbrot af þessu tagi er að sjálfsögðu allur almenningur sem hefur áhuga á að réttlæti ríki í þessum málum. Ef almenningur á aðgang að söluskattsskrá getur hann oft gefið skattyfirvöldum ábendingar þegar eitthvað er þar grunsamlegt að sjá sem skattyfirvöld hafa kannske ekki sjálf komið auga á. Auk þess skapar þetta möguleika fyrir fyrirtæki til að bera sig saman og ætti frekar að stuðla að því, að fullu réttlæti sé framfylgt í innheimtu söluskatts.

Í 1. gr. frv. er lagt til að lögfest verði þau ákvæði sem nú eru í reglugerð um skil á söluskatti og söluskattsskýrslum. Ekki er lagt til að efnislegar breytingar verði gerðar á núverandi skilafyrirkomulagi, en telja verður að mun eðlilegra sé að svo mikilvæg ákvæði séu beinlínis í lögunum sjálfum.

Ég vil láta þess getið, hverjir sátu í nefnd þeirri sem undirbjó nál. og lagafrv. Það voru Árni Kolbeinsson deildarstjóri í fjmrn., Garðar Sigurðsson alþm., Garðar Valdimarsson skattrannsóknarstjóri, Geir Geirsson, Jón Hallsson og Jónas Gunnarsson. Árni Kolbeinsson var skipaður formaður nefndarinnar. Frá 7. júlí 1980 var Skúli Alexandersson skipaður í nefndina í stað Garðars Sigurðssonar sem baðst undan störfum í henni.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en vænti þess, að það fái góðar viðtökur og fljóta afgreiðslu hér á Alþingi. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég held að óhætt sé að taka undir það með hæstv. ráðh., að það sé af hinu góða að bæta innheimtu söluskatts í ríkissjóð og setja um það reglur sem verði til þess, að sú skattheimta skili sér á endanum þangað sem lög segja fyrir um að hún skuli gera. Að því leyti er sjálfsagt og eðlilegt að standa að lagasetningu sem getur hnigið í þá átt.

Ég reyndi að kynna mér og ræddi við ráðuneytismenn í fjmrn. um þær nýju reglur sem felast í þessu frv. Því miður reyndust þeir aðilar í rn., sem höfðu lagt þarna hönd á plóginn, ekki viðlátnir, en ég fékk um þetta þær upplýsingar sem fyrir hendi voru í rn. Þar kom einmitt fram eins og hjá hæstv. ráðh., að það væri kannske ekki um miklar byltingar að ræða með þessu frv. í sjálfu sér, heldur væri hér verið að breyta þeim lögum og reglugerðum, sem fyrir eru, í það horf sem hæfir nútímanum. Þó held ég að þetta þurfi að skoða betur þegar farið verður ofan í þetta frv. í nefnd, því að mér sýnast ýmis ákvæði þarna, viðurlög og ákvæði, vera mörg nokkuð harkaleg, t. d. að gera mönnum, sem hafa brotið af sér að þessu leyti, að sæta allt að 6 ára fangavist, að mér skilst. Þetta er náttúrlega þung refsing, sérstaklega þegar þess er gætt hvernig atvik geta verið í sambandi við skil á söluskatti.

Þá vil ég aðeins koma að einu atriði í þessu sambandi og það er að söluskattsskyldur aðili, sem selur vöru sína eða þjónustu, er skyldugur að gera upp heildarveltu viðkomandi mánaðar án tillits til þess, hvort hann fær greitt fyrir vöru sína eða þjónustu fyrr en allmiklu síðar. Hann á að skila af því söluskatti. Með þessu er í rauninni ekki verið að leggja söluskatt á viðkomandi aðila, heldur er verið að leggja skatt á viðkomandi atvinnurekstur. Þarna er ekki um að ræða að viðkomandi aðili sé innheimtumaður fyrir ríkissjóð, heldur er í raun verið að leggja skatt á viðkomandi fyrirtæki þar sem menn verða að skila 23.5% í ríkissjóð af sölu sem þeir hafa ekki fengið greidda.

Það er spurning í mínum huga, þegar verið er að þyngja mjög viðurlög við vanskilum á slíkum skatti, hvort ekki þarf að setja einhver ákvæði um það, að gilt geti ákveðnar undanþágur í þeim efnum ef um er að ræða að menn gefi allsæmilegan greiðslufrest og fái ekki greidda vöru eða þjónustu fyrr en alllöngu eftir að þeir eiga að vera búnir að skila söluskatti af sölunni, — hvort ekki þurfi þá að ívilna mönnum að því leyti til. Annars er í rauninni ekki verið að leggja á söluskatt og að skylda þessa aðila til að innheimta hann, heldur í raun verið að

leggja beinan skatt á viðkomandi atvinnurekstur ef þannig er að þessari innheimtu staðið.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort komið hafi til tals í þessu sambandi að hægt væri að gefa upp veltu til söluskattsskila þannig að skilið væri á milli staðgreiðslu og lánsviðskipta, a. m. k. lánsviðskipta sem eru til lengri tíma en mönnum er gert að skila skattinum inn.

Í öðru lagi hefur stundum verið rætt um það af þeim aðilum sem gert er að innheimta söluskatt fyrir ríkissjóð, að þeim bæri einhver umbun fyrir að innheimta slíka fjármuni. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. er hér um feiknalega miklar fjárhæðir að ræða. Það getur, eins og ég hef hér rakið, komið verulega niður á mönnum að þurfa að standa skil á þessum skatti 15—25 dögum eftir að viðkomandi sala hefur átt sér stað, hvernig sem á stendur með greiðslu á henni. Ég vildi spyrja hæstv. ráðh. hvort það mál hafi eitthvað borið á góma í sambandi við þetta. Það er gamalt baráttumál þeirra, sem hafa innheimt þessar fúlgur fyrir ríkissjóð, að fá einhvers konar þóknun frá ríkisvaldinu fyrir að innheimta þessar gífurlegu fjárhæðir og skila þeim í ríkissjóðinn.

Þá vil ég leggja á það áherslu, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að e. t. v. er meginatriði þessarar lagasetningar að ný vinnubrögð verði tekin upp um skráningu á staðgreiðsluviðskiptum. Mér skildist á hæstv. ráðh. að verði frv. samþykkt óbreytt muni hann umsvifalaust setja reglugerð um að ný vinnubrögð verði tekin upp á þessu sviði. Þá er spurningin þessi: Hefur farið fram athugun hjá rn. á hvað það kosti viðkomandi innheimtuaðila, þá sem eiga að innheimta og skila söluskattinum, að koma upp hjá sér sjóðvélum, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, sérstökum sjóðvélum sem yrðu þá þannig úr garði gerðar að rn. teldi þær þær þjóna sínum tilgangi? Það hlýtur að hafa einhvern kostnað í för með sér, og spurningin er þá: Hvað er þarna um miklar fjárhæðir að ræða og hver á að greiða þann kostnað?

Af því að hæstv. ráðh. tekur sjálfsagt aftur til máls og svarar einhverju af þessum spurningum mínum vil ég að lokum gjarnan inna hann eftir því, hvað líði ákvæðum stjórnarsáttmálans um að staðgreiðslukerfi skatta verði tekið upp innan tveggja ára frá því að ríkisstj. var mynduð, og önnur spurning sem snertir þetta alveg sérstaklega, hvort enn séu athuganir í gangi á því að taka upp virðisaukaskatt sem atvinnurekendur hafa mjög haft á orði að sé eðlilegri skattheimta að mörgu leyti, söluskattsformið sé fjötur um fót í samkeppninni og virðisaukaskattkerfið snöggtum skárra. Eru athuganir á þessu í gangi hjá ríkisstj. eða hafa menn alveg gefið það upp á bátinn?

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég hafði punktað hér hjá mér tvær fsp. varðandi þetta frv. Hv. 3. þm. Norðurl. e. kom inn á það nákvæmlega sama og ég ætlaði að spyrja um, en það var einmitt það fyrirkomulag sem nú er á innheimtu söluskatts, að aðilum er gert að standa skil á óinnheimtum söluskatti, þ. e. af heildarveltu án tillits til þess, hvort söluskatturinn er í raun inn kominn. — Það er staðreynd, að söluskattur er í hugum flestra skattur sem verið er að innheimta beinlínis fyrir ríkissjóð, og með tilliti til þess eru þetta sennilega einu aðilarnir í þjóðfélaginu sem njóta ekki innheimtulauna af störfum sínum fyrir ríkissjóð. Varðandi þessa sjóðvél, eða hvað þar var kallað, kom þetta einmitt upp í huga minn. Þarna er verið að tala um aðferð til að auðvelda þessa innheimtu fyrir ríkissjóð. Er þá ekki eðlilegt að það sé ríkissjóður sem kosti þessi áhöld fyrir söluaðilana til að gera þeim auðveldara að innheimta fyrir ríkið?

Ég vil aðeins árétta þessar tvær spurningar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, fór nokkrum orðum um þetta frv. Get ég ekki annað sagt en að fram hafi komið jákvæð afstaða af hans hálfu til frv. og fagna ég því. En hann bar upp nokkrar spurningar og einnig komu fram spurningar í máli hv. þm. Salome Þorkelsdóttur. Ég vil nú víkja að þeim nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi var bent á þann vanda, að vörur væru oft seldar með greiðslufresti og þá lentu kaupmenn í vandræðum með að standa skil á söluskatti, einkum þeim sem ekki væri búið að greiða. Það er einföld, almenn regla hjá ríkissjóði, að hann veitir alls ekki greiðslufrest á söluskatti. Frá því eru ekki undantekningar gerðar. Og ég held að það verði ekki heldur hægt að gera undantekningar í þessum tilvikum. Að svo miklu leyti sem um greiðslufrest er að ræða getur reyndar kaupmaður ekki veitt greiðslufrest á öðru en andvirði vörunnar. Hann verður þá að láta kaupandann greiða a. m. k. söluskattinn og getur þá staðið skil á honum. Treysti hann sér til þess að lána líka hlut ríkissjóðs í verði vörunnar er það auðvitað algerlega á hans ábyrgð. Ég býst við að flestir skilji að það væri æðiflókið og vandasamt fyrir ríkissjóð að sætta sig við það, að hinir ýmsu innheimtuaðilar söluskattsins geti veitt gjaldfrest á skattinum og þannig haft veruleg áhrif á það frá einum tíma til annars, hverjar tekjur ríkissjóður hefur af söluskattinum, hvenær hann kemur til skila. Ég held að reglan geti ekki verið önnur en sú sem nú er, einföld og hrein og bein, að það sé algerlega á ábyrgð vikomandi kaupmanns. Ef hann afhendir vöruna án staðgreiðslu, með greiðslufresti, þá er það hans mál hvort hann treystir sér til að lána líka þann hluta af verði vörunnar sem á að falla í hlut ríkissjóðs, þ. e. söluskattinn. Ég býst við að almennt sé reglan sú. Ég sé því ekki neina sérstaka lausn á þeim vanda.

Hv. þm. Lárus Jónsson vakti athygli á því, að í frv. væri gert ráð fyrir að væru brot ítrekuð eða sakir miklar að öðru leyti, þá mætti auk sekta beita varðhaldi eða fangelsi allt að 6 árum. Mér heyrðist á honum að þetta þætti honum nokkuð þung viðurlög. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þetta eru óbreytt ákvæði núgildandi söluskattslaga. Þessi setning er alveg óbreytt tekin upp úr núgildandi söluskattslögum, 25. gr. Það, sem gert er í þessu frv., er að sameina 25. og 26. gr. og samræma ákvæði þeirra, og það mun vera í núverandi 26. gr., ekki 25. gr. eins og ég sagði áðan, sem þetta ákvæði er: Ef um ítrekað brot eða miklar sakir er að ræða má auk sektar koma varðhald eða fangelsi allt að 6 árum. Það er engin breyting hvað þetta atriði snertir.

Hv. þm. vakti athygli á því, að smásöluaðilum væri lögð sú skylda á herðar í mörgum tilvikum að koma sér upp sjóðvélum sem væntanlega væru dýrar. Aukinn kostnaður væri því lagður á þessa aðila. Það er alveg rétt, lögin fela það í sér að miklu fleiri aðilar en nú er munu fá sér þessar vélar og auðvitað mun það hafa nokkurn kostnað í för með sér fyrir þá. Ég vil hins vegar benda á að mjög margir smásöluaðilar eiga vélar af þessu tagi. Slíkar vélar eru mjög algengar í notkun nú. Það, sem verið er að gera með þessum lagabreytingum, er að stuðla að því að enn fleiri fái sér þessi tæki.

Það má líka velta því fyrir sér, hvort tæki af þessu tagi séu ekki í raun og veru óhjákvæmileg og nauðsynleg í öllum verslunarrekstri. Og þau koma auðvitað fleirum að gagni en ríkissjóði einum. Þau koma auðvitað viðkomandi kaupmanni að gagni, bæta hans bókhald og eru sjálfsagt bráðnauðsynleg tæki í nútímaviðskiptum. Ég tel hins vegar að ekki væri nein fjarstæða að ríkið veitti þeim, sem þurfa að kaupa slíkar vélar og þurfa sérstaklega á þeim að halda, einhverja lánsfyrirgreiðslu til að auðvelda þeim það. Ég vil alls ekki útiloka að sú yrði niðurstaðan ef sérstaklega yrði farið fram á það. Ég held að ég geti hins vegar fullyrt að á þetta atriði er ekki minnst í áliti nefndarinnar sem undirbjó frv. Ég vil sem sagt taka það fram, að ef það er mat manna að erfitt muni reynast fyrir kaupmenn að fjárfesta í svona vélum, þá geti vel komið til greina að veita sérstaka lánsfyrirgreiðslu í því sambandi. Eins og ég hef sagt, þetta eru vélar sem allur venjulegur atvinnurekstur þarf að hafa og þess vegna er ekki verið að gera hér neinar óraunhæfar eða óeðlilegar kröfur. Ef menn hins vegar treysta sér ekki til að kaupa svona vélar er ekki lögð skylda á þá að gera það. Þeir verða þá að handfæra viðskiptin, eins og áður hefur komið fram.

Spurt var að því, hvort ekki hefði verið hugsað til þess við undirbúning þessa máls að veita kaupmönnum einhverja þóknun fyrir þá innheimtu í þágu ríkissjóðs sem þeir inna af hendi, á það bent, að innheimtan væri að sjálfsögðu nokkurt starf, sem kaupmenn og starfslið þeirra yrðu að inna af hendi, og spurt hvort ekki væri eðlilegt að þeir fengju greiðslu fyrir þessi störf. Ég vil taka það fram í þessu sambandi, að ég tel alveg ótvírætt að kaupmenn fái í dag greiðslu fyrir þessi störf. Þá greiðslu fá þeir með þeim hætti, að þeir fá að hafa söluskattinn í veltunni í rúman mánuð. Það getur í vissum tilvikum verið lengri tími en að jafnaði má segja að söluskattur sé í veltunni hjá kaupmönnum í rúman mánuð. Með þeim háu vöxtum, sem eru á rekstrarfé nú á dögum, er þetta ekki nein smáþóknun fyrir þessi störf. Það er sem sagt tólfti hlutinn af innheimtu söluskattsins sem er stöðugt í veltunni hjá kaupmönnum, og þeir þurfa ekki að greiða vexti af þessari upphæð. Ég hef litið svo á að þetta væri mjög eðlileg og hæfileg innheimtuþóknun og þyrfti ekki að bæta þar neinu við.

Hv. þm. spurði að því, hvort von væri á að flutt yrði frv. um virðisaukaskatt hér í þinginu. Ég vil taka það fram, að *slík lagasetning er ekki í undirbúningi af hálfu ríkisstj.*, a. m. k. ekki eins og sakir standa. Ég hef talið að mikilvægara væri að öðrum breytingum á skattkerfinu yrði komið fram áður en röðin kæmi að virðisaukaskattinum. Það eru takmörk fyrir því, hvað hægt er að standa í stórfelldum róttækum breytingum á skattkerfinu á sama tíma og við erum rétt um það bil að ná fullu jafnvægi aftur eftir að gengið hafa yfir stórfelldar breytingar á tekjuskattslögum. Og nú erum við að búa okkur undir staðgreiðslukerfi skatta. Mér sýnist að það muni verða alveg nægilegt viðfangsefni fyrir skattakerfið á næstu mánuðum að undirbúa staðgreiðsluna þó að virðisaukaskattinum sé ekki bætt þar ofan á.

Staðgreiðslukerfi skatta er á stefnuskrá ríkisstj. — Ég vænti þess, að frv. um það efni verði lagt fram hér í þinginu innan skamms.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ástæðan fyrir því, að ég spurði um virðisaukaskattinn — og það skiptir máli í sambandi við þetta mál, er einfaldlega sú, að eins og kunnugt er þykir skilvirkara að innheimta virðisaukaskatt en söluskatt. Það segir sig sjálft vegna þess að eðli skattsins er þannig að einn fær hann frádreginn og þarf þá að gefa hann upp. Því er innbyggt eftirlitskerfi fólgið í þeim skatti og hefði að sjálfsögðu verið minni ástæða til að fara að setja breyttar reglur um innheimtu á söluskatti ef þetta hefði verið í vændum. En eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. mun svo ekki vera, a. m. k. ekki í náinni framtíð.

Hæstv. ráðh. talaði um að sú refsing, sem ég minntist á áðan, 6 ára fangavist, væri í lögum um söluskatt, ef um ítrekuð og gróf brot væri að ræða. Ég vissi það að sjálfsögðu og átti ekki við það, heldur það sem segir í grg., að þessum sem öðrum viðurlögum í frv. sé ætlað að beita með öðrum hætti eftir en áður. Hér segir:

„Samkv. tillögum nefndarinnar eru ákvæði 25. og 26. gr. gildandi söluskattslaga sameinuð í eitt samræmt ákvæði. Eftir ákvæðinu er þá að áliti nefndarinnar enn betur tryggt en í núgildandi lögum að heimilt sé að beita refsingum, fésektum og refsivist við ýmsum brotum á lögunum, óháð því hvort álagi verður við komið. Hefur nefndin þar sérstaklega haft í huga að ótvírætt verði að dráttur söluskattsskila milli mánaða innan ársins geti varðað slíkum refsingum auk venjulegs álags. Þá eru huglæg skilyrði refsiábyrgðar færð til samræmis við samsvarandi ákvæði tekjuskattslaga“ o. s. frv.

Í þessu felst, ef ég skil þetta rétt, að ætlunin er að beita þeim viðurlögum, sem áður voru í lögum, með öðrum hætti eftir að þetta frv. yrði orðið að lögum.

Ég fagna því, að hæstv. ráðh. hefur alla vega skilning á því, að ef hann setur ákvæði í reglugerð um þessa nýskipan á staðgreiðsluviðskiptum — að skylda menn til þess að hafa, ef ég hef skilið hann rétt, sérstaklega gerðar sjóðvélar sem verður þá að fá staðfest af skattyfirvöldum að þau samþykki — þá hefur þetta náttúrlega í för með sér allverulegan kostnað fyrir þá aðila sem eru að innheimta söluskattinn. Og ég held að það komi mjög mikið á móti því, að menn geti haft söluskattinn í sumum tilvikum kannske í mánuð í veltunni, ef þeir lána, eins og ég rakti áðan, andvirði vöru eða þjónustu til lengri tíma en sem nemur fresti til að skila söluskattinum. Það er algengt að um slík viðskipti sé að ræða, og ég veit um mörg dæmi þess, að fyrirtæki hafa þurft að greiða söluskatt af kröfu sem þau hafa aldrei fengið, ekki bara kröfu sem hefur ekki verið greidd fyrr en einum, tveimur eða þremur mánuðum eftir að söluskatti átti að vera skilað, heldur sem þau bara tapa algerlega. Fyrirtækin hafa þurft að greiða ríkinu söluskatt af slíkum kröfum. Ég held að það sé ríkissjóði í hag, dæmið sem hæstv. ráðh. var að rekja hér, og jafnvel þótt menn megi hafa hluta af söluskattinum í veltunni einhvern stuttan tíma tapi menn verulegum fjárhæðum á þessum viðskiptum við ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 7. fundur.

Miðvikudaginn 28. okt., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Brátt er nú liðinn einn mánuður frá því að fiskverð átti að taka gildi. Þriðjungur gildistíma almenns fiskverðs, sem átti að liggja fyrir 1. okt. s. l., er því liðinn. Í heilan mánuð hafa íslenskir sjómenn róið í hreinni óvissu og ekki aðeins nú, heldur er þetta að verða föst regla. Þetta er að sjálfsögðu ekki viðunandi ástand vegna þess að hið almenna fiskverð ákveður, eins og allir vita, almenn launakjör sjómannastéttarinnar. Það er ekki viðunandi, að menn þurfi á þriggja mánaða fresti að vinna vikum saman án þess að vita hvað þeir hafa í kaup. Eðlilega hafa sjómenn orðið mjög óánægðir með þetta ástand.

Ég vil leyfa mér að skýra frá því, að á fundi stýrimanna- og skipstjórafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði, sem haldinn var í gær, var samþykkt að ísfirskir skipstjórar og stýrimenn muni ekki halda til róðra eftir áramót ef fiskverð liggi þá ekki fyrir á réttum tíma. Sjálfsagt munu fleiri sjómenn og skipstjórnarmenn taka sömu afstöðu og skipstjórarnir á vestfirsku skipunum hafa þarna tekið.

Í Morgunblaðinu í morgun er skýrt frá því, að hæstv. sjútvrh. hafi fengið oddamanni það verkefni að fá fram 5% fiskverðshækkun fyrir sjómenn skömmu eftir að allt annað launafólk í landinu hefur fengið tæplega 9% launahækkun. Í því blaði er jafnframt skýrt frá því, að hæstv. sjútvrh. hafi heitið fiskkaupendum 5% gengisfellingu í kjölfarið ef þeir féllust á að samþykkja þessa niðurstöðu oddamanns. Yrði það þá í þriðja skiptið á þessu ári sem hæstv. ríkisstj. fellir gengið og er meðalgengi erlendra gjaldmiðla þó orðið 43% hærra á tímabilinu jan.-sept. í ár en það var á sama tímabili í fyrra. Svo mikil gengisfellingarríkisstj. situr nú við völd í landinu þó að hún láti annað í veðri vaka.

Ég vil aðeins af þessu gefna tilefni spyrjast fyrir um það hjá hæstv. sjútvrh., hvort þær fregnir, sem Morgunblaðið flytur í morgun af þessum málum, eigi við rök að styðjast.

Herra forseti. Ég vil enn fremur vekja athygli í örstuttu máli á því, hversu alvarlegar horfur eru nú í sjávarútvegi. Hæstv. sjútvrh. hefur heimilað flutning til landsins á hverju nýju fiskiskipinu á fætur öðru þrátt fyrir hávær mótmæli sjómanna og skipstjórnarmanna, því að hvert slíkt nýtt skip rýrir stórkostlega afkomuhorfur þeirra sem fyrir eru. Þá liggur fyrir að hætta er á að síldveiði stöðvist innan eins eða tveggja sólarhringa. Og í morgun fengum við uggvænlegar fréttir af stærð loðnustofnsins sem — ef marka má blaðafréttir — er nú svo til horfinn. Það mun að sjálfsögðu ekki aðeins hafa áhrif á loðnuveiðarnar heldur á almenna fiskgengd við Ísland á komandi vetrarmánuðum. Ég leyfi mér því að fullyrða, hæstv. forseti, að afkomu sjómanna sé nú stefnt í hrein óefni.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ítreka spurningu mína við hæstv. sjútvrh.: Er það rétt hermt hjá Morgunblaðinu í morgun, að oddamanni hafi verið falið af honum og ríkisstj. að ná samkomulagi um 5% fiskverðshækkun skömmu eftir að almennt launafólk hefur fengið 9% launahækkun og í því sambandi hafi sjútvrh. gefið fiskkaupendum vilyrði um að í kjöl-

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og ég skýrði hv. fyrirspyrjanda frá í gærkvöld, þegar hann hafði samband við mig, geri ég ráð fyrir að fiskverð fáist nú í vikunni. Ég geri mér satt að segja vonir um að sá fundur, sem er að hefjast nú, verði síðasti fundur um ákvörðun botnfiskverðs. Ég sagði honum það líka að ég teldi ekki eðlilegt eða reyndar til að greiða fyrir framgangi málsins að menn færu að deila hér um ýmis atriði sem eru til umr. á milli aðila að yfirnefnd. Að sjálfsögðu er það yfirnefnd sem ákveður þetta fiskverð og raunar enginn annar. Það er hún sem verður að komast að meirihlutaniðurstöðu.

Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það hefur dregist of lengi að ná samkomulagi um fiskverð. Ég vil hins vegar fullvissa hann um að það er ekki sök ríkisstj., a. m. k. ekki hennar einnar, langt frá því, því að aðilar að yfirnefnd hafa — reyndar fleiri en einn — beðið um frest við ákvörðun á fiskverði núna og hefur oddamaður orðið við því. Það er heldur ekkert einsdæmi að dregist hafi að ákveða fiskverð fram yfir tilskilinn tíma. Engu að síður tek ég undir það með hv. þm., að vitanlega væri stórum æskilegra að unnt væri að ákvarða fiskverð um þau mánaðamót sem að er stefnt hverju sinni. Þyrfti sá háttur að komast á.

Út af fréttum Morgunblaðsins vil ég segja hv. þm. að það er alrangt að lofað hafi verið gengisfellingu. Það er ekki fótur fyrir því. Hitt er alveg ljóst og vita allir, að það er verið að leita ýmissa leiða til að bæta afkomu vinnslunnar. T. d. samþykkti bankaráð Seðlabankans í gær að endurgreiða gengisuppfærslu bankans frá gengisfellingunni 26. ágúst og fyrir þinginu liggur brtt. við brbl. sem mundi heimila bankanum að greiða þá skuld sem er í frystideild Verðjöfnunarsjóðs. Ég vek einnig athygli á því, að bankaráð Seðlabankans samþykkti fyrr að breyta afurðalánum, sem eru í dollurum, í þann gjaldmiðil sem er skilað. Þar er um að ræða verulega endurgreiðslu til útflutningsatvinnuveganna, um það bil 23—24 millj. til frystingarinnar. Einnig vil ég vekja athygli á því sem hér var rætt fyrir nokkru, að Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna lagði fram tillögur og ábendingar um enn frekari lækkun á fjármagnskostnaði — við skulum segja útflutningsatvinnuveganna eða atvinnuveganna almennt. Allt hefur þetta verið rætt við Seðlabankann og er í athugun.

Ég hef áður lýst þeirri sannfæringu minni, að enn megi draga úr fjármagnskostnaði útflutningsatvinnuveganna svo að ekki þurfi að mæta erfiðleikum þeirra í verðbólgunni að öllu leyti með gengisbreytingu. Ég hygg að hv. þm. skilji það mætavel, að í 40% verðbólgu verður ætið að breyta gengi annað slagið. Það er einlæg von mín, að ekki þurfi að gera það á næstunni. En rekstrargrundvöll atvinnuveganna verður að tryggja og því er verið að kanna allar leiðir til þess.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. sjútvrh., að ákvörðun fiskverðs gengur oft seint. Oft eru liðnir nokkrir dagar og jafnvel vikur af næsta verðtímabili áður en fiskverðsákvörðun liggur fyrir. Nú má segja að það sé meira en þriðjungur liðinn af tímanum því að fiskveiðar eru eiginlega engar síðasta hálfa mánuðinn af árinu. Það er að verða föst óregla að ákvarða fiskverð mánuði seinna en á að gera. Og þá spyrja menn: Hver er ástæðan fyrir því að þetta er að farið muni fylgja a. m. k. 5% lækkun á gengi?

verða eins og raun ber vitni? Ástæðan er sú sem allir vita, að kostnaðurinn við öflun og vinnslu framleiðslunnar vex margfalt meira en tekjurnar sem hún hefur á erlendum mörkuðum. Þetta er ástæðan.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við var dollarinn í 400.70 kr., en þegar vinstri stjórnin tók við í sept. 1978 var gengið á dollaranum 260.40 kr. Um s. l. áramót var dollarinn kominn í 614.70 kr. M. ö. o.: frá því að ríkisstj., sem nú situr, tók við hafði orðið gengisfelling um rúmlega 50%. Í árslok sögðu talsmenn ríkisstj. að þessar gengisfellingar hefðu verið óhjákvæmilegar vegna kostnaðarhækkana innanlands til þess að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi. Nú liggur það alveg ljóst fyrir, að kostnaðarhækkun við framleiðslu er 50—60% á þessu ári eða jafnvel meiri í sumum greinum. Útflutningstekjurnar hafa ekki hækkað nema sem nemur gengisbreytingu tvisvar sinnum á árinu um 9%.

Hæstv. sjútvrh. hefur ekki við að lýsa því yfir, hvað sér finnist gengislækkanir vera mikið óyndisúrræði. Það hefur aldrei í þessu landi verið gripið til gengisbreytingar fyrr en gengisbreyting hefur orðið og verið búin að vera um langan tíma. Ástæðan fyrir því, að sjútvrh. getur yfirleitt ekki komið saman fiskverði fyrr en í ótíma, er þessi staða, að það er rangt atvinnuhlutfall á milli kostnaðar innanalands og tekna í þessari atvinnugrein. Þetta er það sem liggur ljóst fyrir. Það þarf enginn að óska eftir gengislækkun. Gengislækkun er þegar orðin og hún er bölvaldur. Og forsenda þess, að gengislækkun verður, er hin innlenda verðbólga. Þar er að leita ástæðunnar fyrir þessu ástandi. Og það er auðvitað hrein ósvífni hjá ríkisstj. að koma hér fram fyrir skömmu og flytja stefnuræðu þar sem brugðið er upp glansmynd af öllu í þjóðfélaginu og litið er fram hjá öllum þeim miklu erfiðleikum sem þar eru. Atvinnureksturinn er víðast hvar að stöðvast. En á aðeins að taka þá út úr, sem eru stöðvaðir, og moka í þá hundruðum millj. gkr. og láta hina veslast upp? Á ekki að gera nokkurn skapaðan hlut fyrr en allir eru komnir á hausinn, fyrr en búið er að löggilda alla aumingja? Þetta er stefna þessarar ríkisstj. í atvinnumálum. Það má enginn eiga neitt. Það skal taka allt af honum. Ekki er það betra í sambandi við sjómenn. Það er gengið á rétt sjómanna hvað eftir annað og við ákvörðun loðnuverðs falla forsvarsmenn sjómanna m. a. s. frá þeirri kröfu, að sjómenn eigi að fá hliðstæðar hækkanir og aðrir.

Ég er alveg sammála hæstv. sjútvrh. um að það er ekki möguleiki til grunnkaupshækkana nú í landinu. En það er möguleiki til þess að auka kaupmátt launa og það verður ekki gert með því að sprikla eins og þessi ríkisstj. gerir í auknum umsvifum ríkisrekstrarins á kostnað atvinnustéttanna í landinu og launafólks. (**GJG:** Vill hv. þm. endurtaka þetta með grunnkaupið?) Er móttakarinn á formanni Verkamannasambandsins ekki í lagi? Ef hann er ekki í lagi, þá skal ég endurtaka það, en ef hann er í lagi, þá hlýtur hann að hafa heyrt og skilið hvað ég var að segja.

Alþb. segir að ríkisvaldinu beri á hverjum tíma að tryggja að þau kjör og hlunnindi bjóðist sjómönnum sem ávallt geri starf þeirra verulega eftirsóknarvert. Það tekur þátt í öllum takmörkunum á hendur sjómönnum og sættir sig við þær, og sjútvrh. á í harðri baráttu við forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar, Alþb.-menn í ríkisstj., sem vilja ekki hækka fiskverð til sjómanna neitt. Þeir eru mestu dragbítar þar eins og allir vita. Þegar þeir ráða má traðka á launþegum. En svo þegar þeir eru utan stjórnar, þá er um að gera að nota hvert tækifæri til þess að splundra og eyðileggja allt samkomulag á vinnumarkaðinum og eyðileggja framleiðsluhætti þjóðfélagsins. Þetta er flokkur sem er þess virði að vera kallaður til ábyrgðar. Þetta er flokkur sem nokkrir sjálfstæðismenn og framsóknarmenn hafa leitt til vegs og virðingar í þjóðfélaginu til að koma þessum ásetningi sínum fram. Hafi þeir skömm fyrir.

Það liggur alveg ljóst fyrir, hæstv. sjútvrh., að gengisfelling er orðin. Það liggur bara ljóst fyrir enn þá, að núv. ríkisstj. þorir ekki að játa staðreyndir. Ráðh. leggja kollhúfur þessa síðustu daga og vikur og ástæðan er, segja samstarfsmenn sjálfstæðismanna í ríkisstj., landsfundur Sjálfstfl. Það er verið að bíða fram yfir hann. Atvinnulífið má stöðvast og einkaframtakið, það má tröllríða því alveg þessa dagana, en að þeir finni til meðvitundar, þessir þrír, það verður enginn maður var við. (Gripið fram í.) Komist til meðvitundar, þeir eru algerlega meðvitundarlausir og hafa verið það lengi.

Ég segi fyrir mitt leyti að sjútvrh., sem getur ekki viku eftir viku fengið því ráðið í sinni ríkisstj. að fiskverð sé ákveðið, hlýtur að taka ákvörðun um það, hvort hann á að sitja innan um slíka samstarfsmenn eða hvort hann ætlar að segja: Verið þið sælir, þið skuluð láta annan taka við til þess að liggja á undirstöðuatvinnuvegi landsmanna.

Til viðbótar fsp. Sighvats Björgvinssonar, hv. 3. þm. Vestf., langar mig að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort ætlunin sé að banna eða takmarka loðnuveiðar frekar en gert hefur verið og hvort það standi til að svipta skip þeim kvóta sem þau eiga óveiddan af loðnu. Við vitum að það hefur ekki orðið neitt verðfall á loðnuafurðum, eins og látið er í veðri vaka. Það hefur ekki orðið. Það, sem hefur gerst, er að gengið hefur raskast. Tilkostnaðurinn innanlands vex, en þær þjóðir, sem kaupa af okkur í Evrópu og kaupa í dollurum, reikna auðvitað út frá eigin mynt. Þar hefur verðfallið orðið vegna þess hve gengið er rangt núna. Það er höfuðástæðan fyrir því, hvernig komið er. Hins vegar má segja að það hefur ekki orðið verðhækkun í þessum löndum, ekki til jafns við þá verðhækkun sem hér á sér stað.

Ég vona að hæstv. sjútvrh. taki nú loks á honum stóra sínum við þá hina í ríkisstj. og sýni þeim fram á það, að ekki sé hægt hvað eftir annað að ganga á rétt sjómanna og útgerðar og fiskvinnslu í landinu. Það gengur út yfir aðrar greinar þjóðfélagsins ef svo heldur áfram sem hefur gerst að undanförnu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tel að fram hafi komið hjá hæstv. sjútvrh. því sem næst afdráttarlaus yfirlýsing um það, að gengisbreyting muni ekki fylgja í kjölfar ákvörðunar fiskverðs. Er út af fyrir sig gott að hæstv. ráðh. skuli taka alfarið af skarið um það. Hæstv. ríkisstj. hefur á þessu ári þegar fellt gengið tvívegis. Eins og ég sagði í máli mínu áðan upplýsir Þjóðhagsstofnun þm. um að meðalgengi erlends gjaldeyris sé á tímabilinu jan.-sept. 43% hærra en það var á sama tíma í fyrra. Meðalgengi erlends gjaldmiðils hefur á einu ári hækkað um 43%. Slík hefur gengisfellingarárátttan verið hjá hæstv. ríkisstj. Ég fagna því, að það skuli koma fram yfirlýsing frá hæstv. sjútvrh. um að þess sé ekki að vænta, að þriðja gengisfelling á 10 mánuðum dynji yfir okkur alveg á næstunni.

Hæstv. ráðh. virðist m. ö. o. vera sammála formanni þingflokks Alþb., sem sagði úr þessum ræðustól í gær að það væri engin ástæða til að hafa áhyggjur af afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi, þau stæðu sig svo vel að þau gætu hvorki meira né minna en flutt inn dýra togara og fiskiskip án þess að þurfa á lánsfjárfyrirgreiðslu að halda. Hæstv. sjútvrh. virðist vera sammála formanni þingflokks Alþb. að þessu leyti. Ég fagna því út af fyrir sig að það skuli nú liggja ljóst fyrir, að gengisbreyting verður ekki gerð í kjölfar þeirrar fiskverðsákvörðunar sem tekin verður.

Hitt vil ég taka fram, að það er ekki viðunandi fyrir launastétt í landinu eins og sjómenn að þurfa á þriggja mánaða fresti að starfa um margra vikna skeið án þess að hafa hugmynd um hvaða kaup þeir beri úr býtum. Þetta þurfa sjómenn að gera og hafa þurft að gera á þriggja mánaða fresti nú um nokkuð langt skeið. Nú eru þeir búnir að vinna í heilan mánuð án þess að hafa hugmynd um hvað þeim er ætlað að bera úr býtum, vegna þess að fiskverð liggur ekki enn fyrir. Eins og ég sagði hafa skipstjórar á norðanverðum Vestfjörðum tekið þá ákvörðun að láta ekki bjóða sér slíkt frekar og munu ekki halda til róðra ef fiskverð liggur ekki fyrir á réttum tíma um n. k. áramót.

Hæstv. sjútvrh. svaraði því engu hvort það séu réttar fréttir hjá Morgunblaðinu, sem það er með í morgun, að hann hafi falið oddamanni í yfirnefnd fiskverðs að beita sér fyrir aðeins 5% fiskverðshækkun á sama tíma og allir aðrir launþegar hafa fengið 9% launabætur frá og með 1. sept. eða rétt tæplega 9%. Ég vil í þessu sambandi biðja menn að íhuga orð formanns Sjómannasambands Íslands, sem hann hefur við Dagblaðið í dag. Dagblaðið birtir viðtal við formanninn á baksíðu sinni. Þar varar hann mjög alvarlega við því, ef það er tilgangur ríkisstj. að ákveða nú að sjómenn fái aðeins hálfa þá launahækkun sem aðrar stéttir hafa fengið. Formaður Sjómannasambandsins lýsir því yfir, að séu þessar fréttir réttar megi búast við að sjómenn taki til sinna ráða.

Ég vil einnig vara mjög við þeim atvinnuhorfum sem nú eru fram undan fyrir sjómannastéttina. Síldveiðar eru að stöðvast. Það hafa komið mjög uggvænlegar fréttir varðandi loðnuna. Þær fréttir munu ekki aðeins hafa áhrif á loðnuveiðina sjálfa, eins og kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni áðan, heldur einnig á fiskigöngur við Ísland í vetur. Eins og menn vita hefur þorskfiskurinn elt loðnuna og lifir á henni, svo að menn geta rétt ímyndað sér hvað getur gerst við strendur landsins ef loðnan er nú horfin eða um það bil að hverfa. Ég vil vara menn við því ástandi, sem hér er að skapast, og harma mjög að hæstv. sjútvrh. skuli ekki geta gefið frekari svör um þau verkefni sem hann hefur falið oddamanni í yfirnefnd um fiskverð að annast. Harma ég það enn frekar þegar hæstv. ráðh. lýsir því yfir hér, að hann eigi von á að þessi ákvörðun verði tilkynnt hér í dag. Út af fyrir sig ætti hæstv. ráðh. því ekkert að vera að vanbúnaði að geta skýrt frá því, hvaða erindi hann hefur fengið oddamanni sínum í yfirnefndinni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni, sem hér hefur komið fram hjá hv. þm., varðandi þá ákvörðun sem nú hefur verið beðið eftir langtímum saman, ákvörðunina um fiskverð. En ég vil ganga enn lengra og ítreka og aftur ítreka þá spurningu sem hv. fyrirspyrjandi utan dagskrár, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, var að enda við að beina til hæstv. sjútvrh. Hún er þessi: Er hann að beita sér fyrir að samkomulag takist um fiskverð með fiskkaupendum og oddamanni sem venjulega hefur farið að vilja ríkisstj. innan þessarar yfirnefndar? Er hann að beita sér fyrir því, að sjómenn eigi aðeins að fá 5% fiskverðshækkun?

Það er ekki mjög langt síðan ég hlustaði á hæstv. ráðh., að vísu var þar mikill glasaglaumur, hvar hann sagði þau orð, og reyndar hefur hann endurtekið þau, að ekki væri hægt að ráða við verðbólguna með því að lemja á sjómönnum. Þetta voru hans óbreyttu orð, sem hann sagði þá og hefur endurtekið með litlum breytingum eftir það. Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Það liggur fyrir og því hefur ekki verið mótmælt, að frá því að sú vinstri stjórn, sem nú situr að völdum og hefur setið með litlum breytingum frá 1978, tók við hefur hlutfallið á milli launataxta verkamanna og sjómanna rýrnað um 20% sjómönnum í óhag. Þegar við höfum þetta í huga og það á að halda áfram að vega í þennan sama knérunn er von að við spyrjum, og það er eðlilegt að fleiri sjómannafélög fylgi í kjölfar þeirra Vestfirðinganna, sem hafa lýst þessu yfir: Við munum ekki hefja róðra um áramótin öðruvísi en að fiskverð liggi þá fyrir.

En það er enn eitt, sem er kannske miklu alvarlegra, að í nýframlögðum kröfum Alþýðusambands Íslands hefur komið fram að langstærsta og sterkasta sambandið innan Alþýðusambandsins, Verkamannasamband Íslands, hefur lagt að því drög að samningsréttur verði tekinn af öðrum aðilum í þessu landi, öðrum samböndum, þar á meðal Sjómannasambandinu. Hvernig fer ef sjómannafélögin ætla að sækja eitthvað af þeim 20%, sem þeirra hlutur hefur rýrnað um miðað við verkamann, og fara fram úr þeirri meðaltalshækkun sem verkamenn gera kröfu til? Hótunin liggur fyrir, að verkamenn muni þá segja upp aftur og mótmæla með öllum ráðum að nokkur fari fram úr þeim. Þetta gildir að sjálfsögðu samkv. orðanna hljóðan jafnt um sjómenn sem aðra. Mér finnst að þetta ætti líka að koma hér fram, og væri ekkert að því að hv. þm., ef hann væri hér við, form. Verkamannasambandsins, segði okkur eitthvað um hvort þetta sé virkilega það sem að sé stefnt.

Það er alveg hárrétt, sem kom hér fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni áðan, að í raun og veru hefur engin verðlækkun orðið á loðnuafurðum. Það hefur hins vegar orðið nokkur verðlækkun vegna þeirrar gengistilfærslu sem hefur orðið. Þegar upp er staðið er myndin sú, að ríkisstjórn Íslands hefur tekið það góða út úr hækkun dollars í stjórnartíð Reagans, en ríkisstj. hefur hins vegar ekki haft þrek í sér til þess að horfast í augu við vandamálin sem hafa skapast á mörkuðum Vestur-Evrópu.

Ég veit að það verður fylgst mjög náið með þessu nú hjá íslenskri sjómannastétt, hjá hagsmunasamtökum sjómanna, þó að fulltrúi þeirra einn hafi hlaupið á sig í sambandi við ákvörðun um loðnuverð. Eins og þegar er farið að berast frá flotanum til hans og annarra forustumanna í sjómannasamtökunum mun verða horft mjög gaumgæfilega eftir því og hlustað á hvað fram fer næstu daga í sambandi við ákvörðun fiskverðs, og ég er viss um að það verða fleiri sem munu fylgja í kjölfar þeirra á Ísafirði sem gerðu sína samþykkt í gær eða fyrradag um að hefja ekki róðra um næstu áramót öðruvísi en fiskverð liggi þá fyrir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti.

Vegna spurningar hv. 1. þm. Vestf. um loðnumælingar nú vil ég upplýsa eftirfarandi:

Það er rétt, að niðurstöður af rannsókn fiskifræðinga nú í október eru ákaflega alvarlegar. Niðurstaða þeirra er sú af mælingum, að loðnustofninn, sem þeir mældu, sé um 144 þús. lestir, en þeir mældu í fyrra á sama tíma hátt í 700 þús. lestir, eða 677 þús. lestir. Ef þetta er rétt boðar það náttúrlega ekkert annað en hrun loðnustofnsins. Hins vegar koma þessar niðurstöður mjög illa saman við spá þeirra frá því í vor. Loðnuveiðar í ár voru að öllu leyti byggðar á tillögum þeirra í vor, m. a. sá kvóti sem ákveðinn var fyrir íslensk veiðiskip. Sömuleiðis ber þessu illa saman við upplýsingar sem fengust af Jan Mayen-miðunum og birtar voru í norskum blöðum, — niðurstöður norsks rannsóknarskips sem þar skoðaði loðnustofninn í júlí og ágústmánuði og taldi hann vera allstóran. Þess ber jafnframt að geta í þessu sambandi, að þessar mælingar fara fram við ísröndina og að þarna er nýr ís yfir töluvert miklu svæði. Fiskifræðingar hafa sjálfir sagt að vel megi vera að loðnan sé undir ísnum. Ég vil geta þess, að ég átti í gær fund með einum 10 loðnuskipstjórum, en svo vildi til að þeir voru staddir hér í bænum, mjög fróðlegan fund, og þeir hafa vakið athygli á því, að iðulega hefur við slíkar aðstæður lítil sem engin loðna mælst, en hún síðar komið fram, jafnvel vikum seinna. Svo var t. d. 1979 þegar mjög var leitað að loðnu á nálægt öllu svæðinu af allt að 50 loðnubátum og fannst engin fyrr en töluvert seinna að hún kom undan ísnum norðvestur af Vestfjörðum. Ég vil því alls ekki útiloka að svo geti farið enn.

Ég vil jafnframt geta þess, að stjórn Hafrannsóknastofnunar og ráðgjafarnefnd voru á fundum í morgun um þetta mál. Ég hef ekki fengið tillögur stofnunarinnar. Mér þykir því ekki rétt að segja fyrir fram hver niðurstaðan af þessu verður. En ég vil taka undir það með hv. þm., að það er gífurlegum erfiðleikum háð á þessari stundu að stöðva loðnuveiðar því að sumir bátar hafa nánast lokið við að veiða upp í sinn kvóta og aðrir varla hafið veiðarnar. Afli er góður núna og samkv. því ættu þessir bátar að þurrka upp þessi 140 þús. tonn á 7—8 dögum. Ég held að það trúi því ekki nokkur maður að það geti gerst. En þessi mál verða ákveðin í nánu samráði við Hafrannsóknastofnun og við loðnuveiðimenn og L. Í. Ú., og mun það að sjálfsögðu verða gert á næstu dögum.

Við annað, sem hér hefur komið fram, hef ég litlu að bæta, en get látið nægja það sem ég sagði áðan. Þó þykir mér rétt, út af því sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði um kaup og kjör sjómanna, að endurtaka það sem ég hef sagt áður, að ég tel að það kerfi, sem við búum við, hafi runnið sitt skeið, a. m. k. sé það ákaflega erfitt í framkvæmd á verðbólgutímum eins og við eigum við að stríða. Eins veit ég að hv. þm. er ljóst eins og mér og öðrum, að sjómenn búa þar við annað greiðslufyrirkomulag en menn í landi. Þeir búa við hlutaskipti. Ég veit að honum er eins vel kunnugt um það og mér, að samanburður á fiskverði og kauptaxta í landi er ekki einhlítur. Reyndar veit hann einnig að Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram við hverja fiskverðsákvörðun samanburð á annars vegar tekjum sjómanna og kauptöxtum í landi. Þessi mál hafa verið til umræðu oft og verið umdeild. M. a. hefur verið um það deilt, hvort vinnuálag hjá sjómönnum hafi aukist verulega með hærri tekjum þeirra eða hvort þessar auknu tekju megi rekja til bættra tækja, meiri afkasta skipa o. s. frv. Þess vegna hef ég ákveðið að setja á fót starfshóp sem kanni hvað vinnuálag er mikið hjá sjómönnum við ýmiss konar veiðar og hvernig það hefur breyst á undanförnum árum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fá úr þessu skorið.

Ég vil vekja athygli á því, að Verðlagsráði er samkv. lögum ætlað að ákveða verðlag, eins og þar segir, m. a. á grundvelli markaða og afkomu greinarinnar. Ég hygg að nokkurn veginn orðrétt sé þannig að kveðið í lögunum. Þetta hafa menn sætt sig við, en verr og verr á síðari árum. Krafa sjómanna hefur orðið ríkari um að þeir fái sömu hundraðshlutahækkun og verður í landi. Fyrir mitt leyti skil ég það mætavel. Þá vaknar hins vegar spurningin um hvort menn vilji hverfa frá hlutafyrirkomulaginu og að launafyrirkomulagi því, sem er í landi, eða hvort menn vilji komast niður á einhvern grundvöll til að meta tekjur hinna ýmsu stétta. Vitanlega eru tekjur á sama vinnutíma það sem gildir. Inn í þetta kemur framleiðni fiskveiða í mjög ríkum mæli. Því miður liggja ekki fyrir um framleiðni fiskveiða nægilega öruggar upplýsingar til að unnt sé að byggja þennan samanburð einhlítt á tekjum. En ég hygg að það efist þó enginn um að framleiðni í fiskveiðum hefur aukist alveg gífurlega á s. l. árum.

Hv. þm. sagði að fiskverð hefði hækkað um 20% minna en kauptaxtar í landi. Hann mun þá eiga við frá 1974. Þetta er rétt, en hins vegar hafa tekjur sjómanna að áætlun Þjóðhagsstofnunar aukist um 20% meira frá 1974 en tekjur iðnaðarmanna og 12% meira en tekjur verkamanna. Þetta eru allt saman gamalkunn sannindi, sem menn hafa misjafnlega mikið fyrir satt að vísu og eru umdeild. Þar verður tvímælalaust úr að skera.

Menn hafa einnig minnst hér lítillega á útgerðina, þó ekki mikið. Ég vil upplýsa það hér, sem ég hef lauslega nefnt í umr. í Ed. nýlega, að til að bæta nokkuð afkomu eða réttara sagt stöðu þess hluta flotans, sem verst stendur, og það er fyrst og fremst hluti af smærri togurunum og þeir stærri sem mestan fjármagnskostnað hafa og hafa ekki notið þeirrar millifærslu sem átti sér stað við gengisfellingu eftir gengisfellingu á undanförnum árum, að fjármagn er flutt yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa og notað þar til að greiða niður erlendar skuldir, þá mun ég beita mér fyrir því, að ríkisframlag til fiskveiðasjóðs verði lagt í Stofnfjársjóð fiskiskipa í þessum tilgangi og þá ráðstafað eftir þeim reglum sem áður giltu. Ég vil geta þess hér, að þetta hefur verið rætt í stjórn Fiskveiðasjóðs og fengið þar mjög jákvæðar undirtektir, enda er það sannfæring mín, að eitthvað slíkt sé nauðsynlegt ef þessi nýrri skip eiga ekki fljótlega að lenda hjá Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði eða öðrum skuldheimtumönnum.

Ég skal ekki ræða hér um loðnuverðið út af fyrir sig. Það er rétt, að í íslenskum krónum er hækkun á loðnuverði. Hins vegar lækkaði mjölverðið á próteineininguna úr um það bil 9 dollurum niður í 7 dollara, en það er vitanlega miklu meiri lækkun í dollurum en t. d. á síldinni, sem lækkaði um um það bil 6%. Dæmið í sambandi við loðnuna var því miklu verra en í sambandi við síldina. Það vantaði um þriðjung upp á að verksmiðjurnar fengju mætt vinnslukostnaði með um 450 kr. hráefnisverði. Mér þykja satt að segja furðuleg þau ummæli, sem komu fram hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að fulltrúum sjómanna hafi orðið þarna á mistök. Ég verð að viðurkenna að ég sé ekki aðra leið í þessu en að báðir aðilar reyni að mætast og leysa slík erfið dæmi. Mér

finnst satt að segja að það sé sjómönnum mjög til hróss, vinnslunni reyndar líka, en ekki síður sjómönnum, sem samþykktu það, að samþykkja verðlækkun á hráefninu í þessari erfiðu stöðu. Það er alveg sama hvað menn segja hér um gengisfellingar. Ég hef engan mann heyrt leggja til að gengið yrði fellt til að mæta slíkum erfiðleikum loðnubræðslnanna eða vinnslunnar. Það hefur aldrei verið nefnt, enda hefði gengisfallið orðið svo gífurlegt að jafnvel hatrömmustu gengisfellingarpostular taka sér ekki slíkar tölur í munn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna orða hæstv. sjútvrh. þess efnis, að það væri erfitt að stöðva loðnuveiðar nú þrátt fyrir hinar svakalegu upplýsingar — ég vil orða það svo — fiskifræðinga um að loðnustofninn kunni að vera kominn niður í 150 þús. tonn.

Ég verð að segja það sem mína skoðun, að deilur um loðnuverð eru hjóm eitt miðað við hversu alvarlegar fréttir hér eru á ferðinni. Mín skoðun er sú, að þær upplýsingar, sem nú hafa borist frá fiskifræðingum, hljóti að vera af því tagi að það sé rökrétt ákvörðun í framhaldi af þeim upplýsingum að loðnuveiðar verði stöðvaðar þegar í stað, a. m. k. á meðan verið er að skera úr um hvort þessar upplýsingar eru réttar eða ekki.

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á þessu. Mér er ljóst að það standa mörg spjót á hæstv. sjútvrh. þessa dagana af ýmsum tilefnum og vegna ýmissa mála. En þetta mál finnst mér alvarlegra en nokkuð annað sem hér hefur borist inn í þingsali í langan tíma. Menn verða að gjöra svo vel að gera sér það ljóst, að loðnan er undirstöðufæðutegund þorskfisksins í hafinu. Ef við erum að veiða upp þennan stofn eru svo alvarleg tíðindi á ferðinni að við því verður að bregðast af fyllstu hörku.

Ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. taki þett mál eins föstum tökum og honum er framast unnt. Ég vil minna á það, að menn töluðu hér á sínum tíma, þegar síldarstofninn var að hverfa úr hafinu, á svipaðan hátt og nú er gert. Menn trúðu ekki upplýsingum fiskifræðinga og tóku stundum meira mark á skipstjórum síldveiðibáta. Hvernig fór? Annar stofninn af tveimur var veiddur upp. Ég vil af þessari ástæðu eindregið mælast til þess, að hæstv. sjútvrh. taki þetta mál eins föstum tökum og hægt er.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal í einu og öllu taka undir orð hv. síðasta ræðumanns. Ég hef hins vegar ekki talið rétt að taka þátt í umr. um þetta gífurlega vandamál sem er hrollvekja hér í dag, vegna þess að mér er kunnugt um að ekki liggur enn þá fyrir hjá hæstv. ráðh. afstaða þeirra hagsmunaaðila sem hafa komið við sögu með mótun sinna skoðana, t. d. í morgun, og á ég þar bæði við ráðgjafarnefnd, sem stendur að baki hluta stjórnar Hafrannsóknastofnunar, og reyndar stjórn Hafrannsóknastofnunar sjálfrar, sem er nýkomin af fundi. Ég efast um að ráðh. hafi borist vitneskja um viðbrögð þeirra aðila enn þá, þannig að ég sé ekki ástæðu til að ræða það nú, en vil heils hugar taka undir þau orð sem hv. þm. *Árni Gunnarsson sagði, því að þar er hrollvekja* á ferðinni ef satt reynist og rétt er.

Vegna þeirra orða, sem hæstv. ráðh. viðhafði um tekjur sjómanna og aflaaukningu og framleiðslu o. fl., o. fl., vil ég benda hv. þd. á að það er nú komið á annað ár síðan hæstv. ráðh. varð vel kunnugt um að það eru framkvæmd lögbrot á hverjum einasta degi um borð í togurunum vegna aukins vinnutíma fram yfir það sem lög segja. Þetta veit hæstv. dómsmrh. líka og hann vissi það þá. Þeir hafa ekkert hafst að í þessu efni frekar en þeir hafi snúist gegn öðrum lögbrotum sem blasa við ráðherrum frá degi til dags. Það er alveg sama hvort það er í sambandi við vídeótæknina eða eitthvað annað. Þeir bara horfa á þetta og brosa.

Það er alveg rétt, og ég tek heils hugar undir það með ráðh. vegna þess að ég þekki nokkuð til þeirra hluta, eins og hann náttúrlega manna best gerir, að ekki er hægt að tala um tekjur manna öðruvísi en taka til greina hver er sá vinnutími fólks sem liggur að baki þessum tekjum. En það liggur fyrir á togurunum, að þótt orðið hafi tekjuaukning hjá þeim hefur aflaaukningin orðið meiri í prósentum og vinnutíminn hefur líka stóraukist þar. Þótt seint sé í rassinn gripið hjá hæstv. ráðh. fagna ég því, að hann skuli ætla sér nú að láta fara fram alvarlega rannsókn á því, hvað þessi stétt manna hefur aukið vinnutíma sinn mikið. Krafa þjóðfélagsins alls er að stytta vinnutímann, eiga frí bæði kvöld og helgar, en það eru ekki nema örfáar stéttir í þjóðfélaginu sem verða að leggja á sig lengri vinnutíma meðan aðrir eru komnir niður á allt annan grundvöll og gera allt aðrar kröfur vegna þess að þeir geta það. Ákveðnar stéttir í þjóðfélaginu geta ekki sagt nei, en verða að vinna til að bjarga þeim verðmætum sem þjóðin lifir á. M. a. þess vegna hef ég hreyft þessu máli á annan hátt í hv. Sþ., með þáltill. sem ég hef þar flutt ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal.

Það er alveg rétt, að framleiðnin hefur aukist gífurlega á togurunum vegna þeirrar tæknibyltingar sem þar hefur orðið. En það þarf enginn að láta sér detta í hug að það sé hægt að auka framleiðni í neinni atvinnugrein neins staðar eða á neinu skipi þannig að vinnuaflið verði þar afskipt. Það þekkist ekki árið 1981 neins staðar í heiminum. Vinnuaflið verður að fá sitt út úr þessari auknu framleiðni vegna þess að vinnuaflið leggur til svo og svo mikið til þess að framleiðnin aukist. Þegar verið er að tala um miklar tekjur sjómanna held ég að fólk verði að hafa í huga hve miklu þeir verða að fórna til þess að hinum miklu tekjum sé náð. Hæstv. ráðh. er meira en vel kunnugt um hver vinnutíminn er. Ég man ekki betur en að í sambandi við Vestfjarðadeilu, sem er ekki mjög langt undan í fortíðinni, hafi honum verið tjáð og hann hafi vitað að þá voru vökulögin brotin, þ. e. lög um vinnutíma sjómanna á togurum.

Ég skal svo ekki fara að etja frekar orðum út af ákvörðunum um það loðnuverð sem gildir, vegna þess að komið hefur hér alveg réttilega fram, að það er auðvitað hreinn hégómi hjá hinu sem blasir við ef rétt reynist það sem fiskifræðingar segja nú.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er auðvitað hárrétt, sem hér hefur komið fram hjá ég held flestum, að sjómannastéttin í landinu hefur borið skarðan hlut frá borði varðandi verðákvarðanir og augljóst að það getur varla verið langt í að sú stétt láti meira í sér heyra og að þar fylgi á eftir aðgerðir sem stjórnvöld hljóta að koma til *með að skilja. Ég held að hæstv. ríkisstj. þurfi ekki að* búast við því, að sjómenn taki á sig aftur byrðar álíka því sem loðnusjómenn tóku á sig við verðákvörðun á loðnu nýverið. En það er eitt atriði í viðbót sem ég vildi skjóta inn í þær umr. sem hér fara fram varðandi fiskverðsákvörðun.

Nú eru aðeins tveir mánuðir í það að aftur eigi að ákveða fiskverð, þ. e. um áramót, og þá hlýtur að koma inn í þá fiskverðsákvörðun hvernig verður farið með hið margumtalaða olíugjald sem núv. hæstv. sjútvrh. er a. m. k. tvívegis búinn að lofa að fella niður, en hefur ekki gert. M. a. s. hefur hann hækkað það stórlega frá þeim tíma sem hann lofaði að leggja það niður. Ég held að það sé alveg augljóst mál, að verði olíugjaldið ekki fellt niður við fiskverðsákvörðun um áramót liggi flotinn í höfn. Ég held að það sé gott, ekki bara fyrir hæstv. sjútvrh., heldur og ríkisstj. í heild að gera sér grein fyrir þessu. Sjómenn líða það ekki lengur að marggefin fyrirheit þeim til handa varðandi niðurfellingu olíugjaldsins verði svikin. Auðvitað varðar þetta fiskverðsákvörðun, og ég vil spyrja hæstv. ráðh. um það. Það mun hafa verið í gangi lengi nefnd sem átti að kanna leiðir til að fella niður olíugjaldið. Hvað líður störfum slíkrar nefndar? Er þess að vænta að hún verði búin að skila af sér um áramót, eða er hún kannske búin að skila af sér? Verður hún búin að skila af sér fyrir áramót, þannig að menn geti skoðað fiskverðsákvörðun í ljósi þess?

Vestfirskum sjómönnum var lofað því af hæstv. sjútvrh. í þeirri deilu, sem uppi var á sínum tíma við þá, að olíugjaldið yrði fellt niður. Hæstv. ráðh. lofaði að beita sér fyrir því, að olíugjaldið yrði fellt niður, en kom síðan þvert á það loforð með því að stórhækka það frá því sem það var. Það er ekki nema eðlilegt að sjómenn séu orðnir langþreyttir á því að fá slíkt í bakið hvað eftir annað. Ég man ekki betur en því hafi líka verið lofað af hæstv. ráðh. í þeirri deilu, að það yrði sett á fót nefnd til að athuga um vinnutíma hjá sjómönnum. Þá er spurningin: Hvað er slíkt nefndarstarf langt á veg komið, eða er það sá starfshópur sem hæstv. ráðh. er nú að tilkynna að hann hafi sett af stað nýverið eða ætli að setja af stað til að kanna þessi mál?

Það er aðeins tæp vika síðan hæstv. forsrh. og aðrir hæstv. ráðh. lýstu úr þessum ræðustól sem afskaplega mikilli glansmynd stöðu þjóðarbúsins og afrekum hæstv. ríkisstj. í sambandi við efnahags- og atvinnumál. Mér sýnist að sú glansmynd sé nú þegar orðin mött, af orðum þeirra sjálfra að heyra. Það skyldi ekki vera að næstu dagar eða vikur færðu landslýð frekar heim sanninn um að það er ekki allt eins slétt og fellt í þjóðarbúskapnum og hæstv. ríkisstj. vill vera að láta. Þar eiga eftir að koma í ljós æðimargar kynjamyndir, miðað við það sem hæstv. ráðh. hafa látið í skína.

Ég ítreka fyrirspurn mína til hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég tel að það sé nátengt ákvörðun um fiskverð á næstunni: Hvað liggur fyrir í sambandi við að olíugjaldið verði afnumið eins og búið er að lofa?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því að þurfa að fara yfir þetta einu sinni enn, en til mín hefur verið beint spurningu sem ég skal svara.

Hv. þm. hefur endurtekið það héðan úr ræðustól aftur og aftur að ég hafi lofað því að olíugjaldið yrði fellt niður. Ég hef lesið fyrir hv. þm. og reyndar fyrir þingheim bréf það sem frá mér fór í sambandi við deilu þeirra á Vestfjörðum. Þar kom skýrt fram, að ég hef ekki lofað því, að olíugjald verði fellt niður.

Hins vegar vil ég taka það skýrt fram við hv. þm., og ég veit að hann veit það í hjarta sínu, að ef olíugjaldið er fellt niður nú og ekkert kemur í staðinn stöðvast togaraflotinn. Það er alveg ljóst mál. Togararnir fara núna með frá 20 upp í 35% af aflaverðmæti sínu í olíukostnað. Þeir fá ekki staðist það án þess að fá eitthvað upp í þennan gífurlega kostnað, sem hefur hækkað svo mikið á undanförnum árum. Þess vegna hef ég lagt á það mjög mikla áherslu, að sú nefnd, sem fyrirrennari minn skipaði, skili áliti. Það hefur gengið hægara en ég hafði vonað.

Málið er ákaflega viðkvæmt. Fyrir þeirri nefnd liggja nú ákveðnar tillögur formanns, Bolla Bollasonar, sem hann hefur lagt fram í nefndinni og eru þar til umræðu, um breytingu sem felur í sér að afnema olíugjaldið, en mæta hins vegar olíukostnaði á annan máta, en tryggja sjómönnum að þeir beri svipað úr býtum og þeir gera nú. Hvort nefndin lýkur störfum sínum fyrir áramótin skal ég ekkert um segja. Því miður hafa þau gengið hægar en ég hefði óskað.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að það sé nauðsynlegt að taka á þessum olíumálum, og mín skoðun er óbreytt, að olíugjaldið, sem er greitt í hlutfalli við aflamagn, sé óeðlilegt, það eigi að greiða olíukostnað í hlutfalli við olíunotkun. Mín skoðun er að þessu leyti algjörlega óbreytt.

Þetta var sú meginspurning sem hv. þm. beindi til mín. En svo bætti hann því við, að ég hefði jafnframt lofað að athuga um vinnutíma sjómanna. Ég bauðst í sama tilviki og áður getur til að láta athuga vinnutíma sjómanna. En mér var svarað að það mundi vera óþarft því það yrði gert innan samtakanna sjálfra. Nú hefur það hins vegar ekki verið gert og þess vegna hef ég ákveðið að beita mér fyrir skipun slíks starfshóps sem ég nefndi áðan til að athuga það mál.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er leitt til þess að vita ef hæstv. ráðh. er farinn að gleyma því sem hann lofaði fyrir rúmu ári. Það var ekkert innifalið í því loforði, sem hæstv. ráðh. gaf vestfirskum sjómönnum, um að olíugjaldinu yrði breytt, heldur að olíugjaldið yrði afnumið. Meira að segja mun vera hægt að finna einhvers staðar í fórum Sjómannafélags Ísfirðinga skeyti frá hæstv. ráðh. í þessum dúr. Ég held að hæstv. ráðh. ætti að fara að hressa upp á minnið ef hann ætlar að fara að bera til baka þessi loforð hér á Alþingi. Hæstv. ráðh. lofaði því sem einum hluta af lausn deilunnar að hann skyldi beita sér fyrir að olíugjaldið yrði afnumið. Auðvitað er það breyting frá því að hafa það jafnhátt og hann hefur haft það, ef á að skilja orð hæstv. ráðh. á þann veg.

Það ætti hæstv. ráðh. að muna og skilja, að það er liðin tíð að sjómannasamtökin láti draga sig þannig á asnaeyrunum mánuð eftir mánuð og ár eftir ár, að gefin séu loforð og fyrirheit sem öll eru síðan svikin. Hæstv. ráðh. á ábyggilega eftir að komast að þeim sannindum, að slíkt verður ekki liðið öllu lengur.

Sameinað þing, 11. fundur.

Mánudaginn 2. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„30. október 1981.

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hefur ritað mér á þessa leið:

„Vegna sérstakra anna get ég ekki sótt þingfundi á næstunni. Því leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður L-listans í Suðurlandskjördæmi, Jón Þorgilsson, sveitarstjóri á Hellu, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hér liggur enn fremur fyrir símskeyti, svohljóðandi:

„Vegna annarra starfa get ég ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Eggerts Haukdals, 6. þm. Suðurl., í byrjun nóvembermánaðar 1981.

Siggeir Björnsson,
1. varamaður L-lista."

Svo er hér enn fremur kjörbréf undirritað af Kristjáni Torfasyni með skírskotun til bókunar í gerðabók yfirkjörstjórnar Suðurlandskjördæmis.

Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Jóns Þorgilssonar til athugunar. Verður gert fundarhlé á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur komið saman til fundar og tekið fyrir kjörbréf Jóns Þorgilssonar, sem er 2. varamaður á L-lista á Suðurlandi. Fyrir liggur símskeyti frá Siggeiri Björnssyni, 1. varamanni L-listans um það, að hann komist ekki til þings vegna anna.

Kjörbréfanefnd hefur rannsakað þau gögn, sem henni hafa borist, og mælir með því, að kjörbréfið verði samþykkt og kosningin talin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 41 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Jón Þorgilsson, 6. þm. Suðurl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Jón Þorgilsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Efri deild, 8. fundur.

Mánudaginn 2. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Útvarpslög, frv. (þskj. 7). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 7 að flytja frv. til l. um breyt. á útvarpslögum, nr. 19 frá 5. apríl 1971. Breytingin, sem lagt er til í frv. að gerð verði á útvarpslögum, er sú, að inn í 2. gr. laganna bætist ein setning. Á eftir 1. málslið 1. mgr. 2. gr. komi: „Ríkisútvarpið útvarpar og sjónvarpar dagskrá hvern dag árið um kring." Þá mundi 1. mgr. 2. gr. útvarpslaganna hljóða svo, með leyfi forseta:

„Ríkisútvarpið hefur einkarétt á útvarpi, þ. e. útsendingu til viðtöku almennings á tali, tónum, myndum eða öðru því efni, hvort sem er þráðlaust, með þræði eða á annan hátt. Ríkisútvarpið útvarpar og sjónvarpar dagskrá hvern dag árið um kring. Í þessu skyni reisir Ríkisútvarpið sendistöðvar og endurvarpsstöðvar eftir þörfum."

Mér þykir það miður að vísu, að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa tíma til að vera hér á þingfundi í dag til að hlýða á umr. um Ríkisútvarpið. Það er langt síðan frv. var lagt fram og ég hef dregið að mæla fyrir því, vegna þess að hæstv. menntmrh. hefur ekki setið hér á þingi a. m. k. undanfarnar 2—3 vikur og hlýtur það að eiga sér sínar skýringar.

Meginefni frv. er að taka af tvímæli um það, að Ríkisútvarpið skuli útvarpa og sjónvarpa dagskrá hvern dag árið um kring. Í fyrra voru 50 ár liðin frá því að Ríkisútvarpið tók til starfa. Á þeirri hálfu öld hefur dagskrá útvarpsins jafnt og þétt verið að lengjast, eftir því sem vaxandi kröfur hafa verið gerðar til útvarpsins um lengri og lengri dagskrá. Nú er það svo, að það er útvarpað í Ríkisútvarpinu frá kl. 7 að morgni og fram undir og stundum fram yfir miðnætti, 17—18 klukkustundir á dag, og enn eru uppi vaxandi kröfur um að útsendingartími Ríkisútvarpsins verði lengdur, m. a. með næturútvarpi eða annarri dagskrá beinlínis, annarri dagskrárrás.

Sjónvarpsdeild Ríkisútvarpsins hafði á þessu hausti, hinn 30. sept. s. l., starfað í rétt 15 ár. Andstætt því, sem er um Ríkisútvarpið eða hljóðvarpið, hefur dagskrá sjónvarpsins nánast ekkert lengst frá því stuttu eftir að sjónvarp tók til starfa. Dagskrá sjónvarpsins hefur að magni til verið nánast óbreytt í 14 ár. Það er sjónvarpað 20—25 klst. á viku. Á þessu ári gerðist það svo í fyrsta skipti í sögu sjónvarpsins, að vegna fjárhagsörðugleika varð að stytta dagskrána frá því sem verið hafði.

Hæstv. núv. ríkisstj. hefur ekki séð sóma sinn í því að búa þannig að þessari mestu menningarstofnun þjóðarinnar að hún geti haldið uppi óbreyttri dagskrá, hvað þá lagt meira í dagskrána, lengt hana eða bætt. Ríkisútvarpið hefur ekki átt velvild að fagna hjá núv. ríkisstj., svo sem sér glögg merki í þeirri skerðingu sem dagskráin hefur orðið fyrir.

Frá upphafi sjónvarps hér á landi hefur það verið svo, að útsendingar hafa ekki verið á fimmtudögum og ekki í júlímánuði. Hvað veldur? Skýring þess að ekki var sent út alla sjö daga vikunnar mun m. a. hafa verið sú, að þegar sjónvarpið tók til starfa var það sumpart með lánsbúnaði, með gömlum tækjum sem þurftu töluvert viðhald. Það var því talið brýnt og nauðsynlegt, að einn dagur í viku gæfist fámennu starfsliði til þess að sinna

viðhaldi tækjabúnaðarins. Þá var það og, að menn töldu eðlilegt að einn dagur í viku yrði sjónvarpslaus, m. a. til þess að koma í veg fyrir að þessi nýi fjölmiðill gengi of nærri almennri félagsstarfsemi í landinu. Þessi röksemd um fimmtudaginn á nú ekki lengur við. Auðvitað hefur félagslíf aðlagað sig þessum nýja fjölmiðli og ég hygg að það sé ekkert algengara að fundir í félögum séu haldnir á fimmtudögum nú en öðrum dögum. Vissulega var það svo í upphafi sjónvarps en það er nú breytt.

Ekki verður heldur séð að þeirri ákvörðun, sem upphaflega var tekin um að hafa ekki sjónvarp í júlímánuði, hafi verið ætlað að standa til frambúðar. Sú ákvörðun átti sér fyrst og fremst þá einföldu orsök, að í upphafi var starfslið sjónvarpsins fámennt. Og það sem meira var, það voru ákaflega fáir hér á landi sem kunnu til verka við sjónvarpstækni. Þess vegna var nauðsynlegt að loka stofnuninni meðan sumarleyfi starfsmanna stóð yfir allra fyrstu árin. Þessi röksemd á engan veginn við lengur. Nú er til nóg af tæknimenntuðu fólki í landinu sem kann til starfa við sjónvarp. Þess vegna væri auðvelt að hafa starfsemi sjónvarpsins í gangi allan ársins hring eins og auðvitað er eðlilegt. Þetta er m. a. fréttamiðill og það ekki sá áhrifaminnsti í landinu og verður auðvitað að gera þá kröfu, almenningur á þá kröfu á hendur þessari stofnun, að þar séu fluttar fréttir alla daga.

Það þarf ekki að rekja hér hverri gagnrýni það hefur sætt þegar stóratburðir hafa gerst í júlímánuði og sjónvarpið verið lokað. Nægir þar að minna aðeins á eitt. Þegar menn stigu fyrst fæti á yfirborð tunglsins og milljónir manna um víða veröld, tugmilljónir, fylgdust með því ýmist í beinni útsendingu eða eftir á, þá var íslenska sjónvarpið lokað. Auðvitað gengur það ekki í nútímaþjóðfélagi, að jafnáhrifaríkur fjölmiðill og mikilsvert menningartæki og sjónvarp getur verið sé lokað í heilan mánuð yfir sumarið. Og nú er raunar svo komið vegna fjárhagsörðugleika stofnunarinnar, að það er ekki aðeins mánuður sem lokað er, heldur eru það milli fimm og sex vikur — og þá sennilega nær því að vera sex vikur heldur en fimm. Þetta nær auðvitað engri átt.

Þá er mér og kunnugt um það, sem er kannske ekki þungt á metunum í þessu sambandi en vegur þó óneitanlega nokkuð, að meðal starfsmanna sjónvarpsins hefur um langt árabil ríkt megn óánægja með það fyrirkomulag að þurfa — einir allra, eftir því sem mér er best kunnugt — að una því að taka alltaf frí á sama tíma. Hvort sem þeim líkar það betur eða verr og hvernig svo sem háttar með sumarfrí maka, þá verða menn að una því að taka sér frí á þessum fasta tíma. Þetta hefur, eftir því sem ég veit best, mælst illa fyrir en engum skilningi mætt hjá stjórnvöldum þegar talað hefur verið um lagfæringu á því.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, hv. þingmönnum er það auðvitað svo vel kunnugt, að undanfarin ár hafa verið mjög vaxandi og æ hærri raddir um að fella niður þessa sumarlokun sjónvarps. Auðvitað má segja sem svo, að fullfrískt fólk geti mætavel verið án sjónvarps yfir hásumarið. Þegar dagur er hér lengstur og veður allajafna best til útivistar fallið er fullfrísku fólki það engin vorkunn — og sumum þykir það raunar ágætt — að vera laus við sjónvarp svolítinn tíma. En þeir eru þó áreiðanlega fleiri og það tryggustu viðskiptavinir Ríkisútvarpsins, þeir sem mest horfa á sjónvarpið, sem óska þess, að sumarlokunin verði niður felld. Þar er auðvitað fyrst og fremst um þá að ræða sem ýmissa hluta vegna eru bundnir heima hjá sér, þá sem eru sjúkir, þá sem eru fatlaðir, þá sem búa afskekkt eða eru bundnir heima vegna veikra skyldmenna eða einhvers þess háttar. Þetta fólk, sem ég hygg að sé býsna stór hópur, hefur látið til sín heyra í mjög vaxandi mæli. Ég held að óhjákvæmilegt sé að taka tillit til þessara radda. Það er tiltölulega einfalt mál og mundi mælast, að ég hygg, vel fyrir að gera þessa breytingu á útvarpslögunum, sem tæki af öll tvímæli um að Ríkisútvarpinu skuli skylt að útvarpa og sjónvarpa alla daga ársins.

Ég vona að hv. þm. taki þessu frv. vel og að það eigi greiða leið í gegnum þingið.

Eitt atriði til viðbótar væri vissulega ástæða til að minnast á og fjölyrða um, en þar sem hæstv. menntmrh. er ekki viðstaddur, mun ég ekki víkja að því mörgum orðum. Á ég þar við þá myndbandavæðingu sem hér hefur átt sér stað og á sér stað, þar sem meginhluti efnisins, sem sýnt er, er — ég vil segja: ótínt rusl og afsiðandi ómenningarefni, ef þannig má taka til orða, nánast hreint rusl. Það er umhugsunarefni að notkun þessa efnis færist svo í vöxt sem raun ber vitni. Og vissulega er ástæða til að hafa áhyggjur af því t. d., þegar borgarráð Reykjavíkur veitir með samþykkt atbeina sinn til lögbrota, sem beinast gegn Ríkisútvarpinu, án þess að nokkur maður hreyfi hönd né fót, legg né lið til að spyrna gegn því. Það segir enginn neitt. Hæstv. menntmrh. segir ekki orð, hans háa ráðuneyti segir ekki eitt einasta orð og Ríkisútvarpið segir ekki eitt einasta orð. Þegar svona er komið, lög eru fótum troðin og rétt kjörnar stjórnsýslustofnanir höfuðborgarinnar veita atbeina sinn til lögbrota og enginn segir neitt, þá er vissulega ástæða til að staldra við og hugsa: Hvert erum við að stefna? Enn ítreka ég það, að miður er að hæstv. menntmrh. skuli ekki geta verið viðstaddur hér í þinginu.

Það, sem gerir enn brýnna að Ríkisútvarpið auki sína starfsemi, lengi sína dagskrá og fjölgi útsendingardögum er auðvitað að hafa áhrif í þá átt að fólk eigi alla daga og ævinlega kost á þokkalega góðri sjónvarpsdagskrá. Það er auðvitað ekki hægt að segja að dagskrá Ríkisútvarpsins, sjónvarps sé góð alla daga. En hún er þó örugglega í nær öllum tilvikum langtum betri en það sem mönnum stendur til boða hjá hinum sjálfskipuðu dagskrárstjórum myndbandakerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til hv. menntmn., og ítreka að ég vona að það eigi greiða leið í gegnum þessa hv. deild.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. flm. vonaðist til að menn tækju þessu frv. vel. Ég vil strax segja það, að ég hef enga tilhneigingu til að taka þessu frv. fjandsamlega. En ég sé ástæðu til að fara þegar í stað nokkrum orðum um það.

Fyrst er það formsástæða. Ég vek athygli á því, að í útvarpslögum eru ekki nein ákvæði um lengd dagskrár og hafa aldrei verið. Ég tel hæpið að binda slíkt í löggjöf. Ef menn vilja að Alþingi tjái sig um þetta efni finnst mér að betur færi á því að það væri í þáltill., en við létum lögin óhreyfð. En þetta er formsatriði og má kannske segja að það sé algjört aukaatriði. Aðalatriðið er hvað þetta frv. fer efnislega fram á, og það er að lengja dagskrá sjónvarpsins — nánar tiltekið að sjónvarpað verði á fimmtudögum jafnt sem öðrum dögum og að sjónvarpað verði í júlí eins og öðrum mánuðum ársins.

Hv. flm. rakti nokkuð hverjar ástæður hefðu verið

fyrir því fyrirkomulagi sem verið hefur. Mér þykir ástæða til að víkja sérstaklega að því. Það vill svo til að ég var í stjórnskipaðri nefnd sem vann að undirbúningi að stofnun sjónvarpsins og þetta atriði var að sjálfsögðu mjög til umræðu í þeirri nefnd, hvort bregða ætti á það ráð sem gert var, að sjónvarpa ekki alla mánuði ársins og ekki alla daga vikunnar. Ég kannast ekki við að það hafi verið ákvarðandi ástæða fyrir því sem gert var, eins og hv. flm. virðist leggja áherslu á og tekur fyrst fram, að í upphafi sjónvarps hafi þeir verið býsna margir, sem horfðu á alla dagskrána alla daga sem sent var út, og menn hafi óttast að stofnun sjónvarpsins mundi hafa lamandi áhrif á félagsstarfsemi og fundahöld. Ég held að þetta hafi ekki verið ákvarðandi í þessu efni. Annað mál er það, að þegar búið var að ákveða þessa skipan var gjarnan bent á það, að þetta kæmi sér ekki illa vegna félagsstarfsemi í landinu. Það var frekar að minnst væri á það sem afsökun fyrir því sem var verið að gera.

Ég minnist ekki heldur þess, sem er hin ástæðan sem hv. flm. talaði um, að nauðsynlegt hafi verið að takmarka útsendingar sjónvarps á þann veg sem gert var vegna þess að ekki hafi verið nægir tæknimenn, eins og hann orðaði það, til þess að sinna eftirliti og viðhaldi á tækjum. Hér var í upphafi og áður en þessi starfsemi hófst hjá okkur ekki nema mjög takmarkaður hópur tæknimanna. Eitt af því sem þurfti að gera — og ráðstafanir voru gerðar til — var að þjálfa menn í þessum málum. Það var hægt að þjálfa nógu marga menn til þess að hægt væri að útvarpa sjö daga vikunnar eins og sex, en það var ekki gert. Það kom sér vel, vegna þess að búið var að koma þessari skipan á, að hafa ekki sjónvarp hvern dag vikunnar. Þá var hægt að nota þá daga til viðhalds og eftirlits með tækjum. En þetta var ekki frumástæðan. Hver var hún? Mér finnst að það þurfi að koma hér miklu greinilegar fram en verið hefur.

Höfuðástæðan var sú, að það þótti nauðsynlegt að stilla rekstrarkostnaði í hóf. Það var höfuðástæðan. Nauðsynlegt þótti að gera það. Og það var gert með því að takmarka starfslið sjónvarpsins svo sem raun bar vitni um. Það var gert mögulegt með því að sjónvarpa ekki á fimmtudögum og ekki í júlímánuði. Þetta þykir mér rétt að komi hér fram, að það var þá — og er það ekki einnig nú? — töluvert atriði hverjir fjárhagsmöguleikar væru.

Ég get verið sammála hv. flm. um ýmislegt sem hann sagði um þýðingu þess að sjónvarpa alla daga og alla mánuði ársins. Þó eru tvær hliðar á því máli. Það eru ekki allir sem una þessu illa, og stundum hefur heyrst að sumir erlendis öfundi okkur af þeirri sérstöðu sem við höfum. Það kom líka fram hjá hv. flm. að sumir hefðu ekkert á móti því að hafa ekki sjónvarp í júlímánuði. En það er rétt sem hv. flm. sagði, að Ríkisútvarpið hefur vissum skyldum að gegna við fólkið í landinu og þá ekki síst það fólk sem er sjúkt, aldrað, öryrkjar o. s. frv. En það vill svo til að Ríkisútvarpið gæti gert það með öðrum hætti. Það var ætlunin í upphafi — en ég hygg að það hafi í framkvæmd fljótlega runnið út í sandinn — að gera dagskrá hljóðvarpsins betri og fyllri á þeim dögum og í þeim mánuðum sem ekki var sjónvarpað. Að því gæti orðið nokkur bót.

Ég sagði áðan að höfuðatriðið í þessu máli væri fjárhagur Ríkisútvarpsins. Það vill nú svo til að hann er með lakasta móti um þessar mundir. Það hefur hv. flm. ekki síst bent á og verið með tillögur í þá átt að bæta þar úr og það hef ég tekið mjög undir. Spurningin er nú hvort það, sem helst þarf að leggja áherslu á að gera til hagsbóta fyrir Ríkisútvarpið, sé ekki einmitt á þessu sviði.

Ef á að gera það sem lagt er til í þessu frv., þá væri e. t. v. ekki úr vegi að reyna að gera sér grein fyrir hvað það mundi kosta. Hv. flm. kom ekkert inn á þá hlið. Lenging útsendingar sjónvarps er býsna flókið mál og í rauninni erfitt að tilgreina nákvæmlega kostnað við slíka breytingu. Það mundi þurfa að breyta verulega vaktakerfi og líklega þyrfti að fjölga starfsfólki í ýmsum deildum.

Ég hef í höndunum upplýsingar frá fjármáladeild Ríkisútvarpsins sem ég fékk í hendur nú í dag, varðandi þetta efni. Þar segir að útreikningar, sem lagðir hafi verið fyrir útvarpsráð í febr. s. l., séu lagðir til grundvallar áætlun um kostnað við útsendingu sjónvarpsefnis í júlímánuði annars vegar og hins vegar ef útsending yrði tekin upp á fimmtudögum. Í þessari áætlun er gerður fyrirvari vegna óvissra þátta, en miðað við verðlag í upphafi þessa árs eru niðurstöður þessarar áætlunar þær, að kostnaður við útsendingu sjónvarps í júlímánuði sé 1 millj. 626 þús. kr. og kostnaður við útsendingu á fimmtudögum 3 millj. 235 þús. kr. Þetta er, miðað við verðlag í upphafi árs, tæpar 5 millj. eða tæpur hálfur milljarður gamalla króna.

Mér þykir rétt að benda á þetta. Þetta kallar okkur til umhugsunar um það, hvort til athugunar kæmi, ef við hefðum þetta fjármagn, að verja því öðruvísi, að verja því til að bæta dagskrá sjónvarpsins. Ekki er vanþörf á því.

Hv. flm. vék að því, að það hefði verið dregið úr dagskrá sjónvarpsins. Væri nú ekki verðugt viðfangsefni til að byrja með að reyna að koma þessu í það horf sem það var áður en dregið var úr dagskrá sjónvarpsins, áður en við förum að fjölga útsendingardögum og senda út alla mánuði ársins? Það er rík ástæða til að bæta verulega dagskrá sjónvarpsins og auka stórlega menningarlegt gildi þeirrar dagskrár.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða á þessu stigi málsins frekar um þetta. Málið kemur í nefnd þar sem ég á sæti. Ég sagði í upphafi máls míns að ég hefði enga tilhneigingu til að vera með fjandskap út í þetta frv. Þarna er hreyft máli sem er sjálfsagt að ræða og taka til athugunar, og ég vænti þess, að við komumst við þá athugun að þeirri niðurstöðu sem sé raunhæfust og henti best Ríkisútvarpinu, sjónvarpinu í þeirri stöðu sem nú er í þessu máli.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér sögu hljóðvarps og sjónvarps, mér er hún ekki eins kunn og hv. flm. þessa frv. og hv. síðasta ræðumanni. Ég vil heldur fara örfáum orðum um þá stöðu sem nú er.

Ég get tekið undir með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að mér er umhugaðra um efnisval sjónvarps og hljóðvarps en tímalengd útsendingar. Þetta frv. gerir ráð fyrir að það sé útvarpað og sjónvarpað dagskrá hvern dag árið um kring. Hv. síðasti ræðumaður vék að kostnaðarhlið þessa máls. Ég vil taka undir það. Auðvitað þyrfti að athuga hana miklu nánar en gert hefur verið, tíunda hvern kostnað þetta frv. hefði í för með sér.

Ég vil skjóta því hér inn, að betra væri ef hæstv. menntmrh. hefði verið viðstaddur þessa umr., svo mjög sem er tilhlýðilegt að ræða hin margvíslegu málefni Ríkisútvarpsins. En hvað um það, auðvitað er hægt að ræða hin ýmsu mál þótt hæstv. ráðherrar séu ekki við.

Það er ekki höfuðnauðsyn, en í þessu tilfelli hefði það verið æskilegra.

Ég talaði um að það væri mín skoðun, að efnisval í fjölmiðlum, sjónvarpi og hljóðvarpi, væri meira um vert en tímalengd útsendingar. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar stofnanir hafa verið í allmiklum fjárhagsörðugleikum. Nú er mér sagt, því miður hef ég ekki um það tölur, að fjárhagur hafi farið batnandi. Einmitt vegna þessara ummæla, sem heyrst hafa, hefði verið æskilegt að hæstv. menntmrh., sem vonandi mun taka þátt í þessari umr. síðar, veitti deildinni innsýn í núverandi fjárhagsstöðu bæði sjónvarps og hljóðvarps. Vænti ég að hann geri það.

Ég er ekki sannfærður um að það sé leiðin að lögleiða lengd útsendingar, hvorki að því er varðar dagafjölda eða útsendingar hvern dag. Ég hef ekki sannfæringu fyrir því. Nú veit ég að hv. þm. Eiður Guðnason er gjörkunnugur málefnum útvarps og sjónvarps. Það er mér fyllilega ljóst. Vafalaust er ýmislegt í rekstri þessara stofnana og umfjöllun sem hann hefur ekki haft tíma til að koma til skila hér eins og vert væri. En þegar ég horfi á þessa hluti úr fjarlægð sýnist mér eðlilegra að huga frekar að efnisvali en dagskrárlengd.

Það er mín skoðun jafnframt, að sjónvarp — fyrst og fremst sjónvarp — þyrfti að nýta í miklu ríkari mæli til kennslu en gert er í dag. Nú er ég farinn að tala fyrir lengri dagskrá sjónvarpsins. Ég held að mjög skorti á að þessum þætti sé sinnt. Ef um væri að ræða að lengja dagskrá sjónvarpsins vegna kennslu, þá yrði það að mínum dómi fyrst og fremst að gerast yfir vetrarmánuðina. Slíka kennslu mætti viðhafa í sjónvarpi, hvort sem það félli inn í hið almenna skólakerfi eða til endurmenntunar eða hvers konar uppfræðslu sem vera skal. Það er mín skoðun, að þessum þætti hafi verið mjög lítið sinnt á vegum sjónvarpsins allar götur frá upphafi þess.

Ég ætla ekki að fara orðum hér um gildi hljóðvarps og sjónvarps í íslensku þjóðfélagi. Það hlutverk er óumdeilt. Auðvitað þarf að reka slíkar stofnanir með allnokkrum myndarskap. En það er ekki þar með sagt að ástæða sé til þess að ausa í þær fé, ómældu fé, enda er enginn að tala um það. Meginatriðið er að mínum dómi að í rekstri slíkra stofnana sé hæfilegur sveigjanleiki, að hljóðvarp og sjónvarp sveigist að eðli og kröfum þjóðfélagsins á hverjum tíma. Hlutverk þess og skyldur eru ríkar á sviði uppfræðslu. Þar eru miklir möguleikar sem nýta þarf betur en gert hefur verið til þessa.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég vil taka fram í upphafi að ég ætla ekki að fara að rekja hér sögu útvarps og sjónvarps. Hér er nú í deildinni allmikil sérþekking á því sviði, ef grannt væri skoðað, og ekki víst að allir muni alla hluti eins. En ég ætla strax að víkja að því sem ég tel meginatriði málsins í sambandi við það frv. sem hér liggur fyrir.

Í fyrsta lagi er ég sammála hv. 4. þm. Vestf., að ég sé ekki beina ástæðu til lagasetningar í þessu tilfelli. Ég held að þetta sé mál sem stjórn sjónvarpsins, yfirstjórn útvarpsins, útvarpsráð og ráðuneyti, geti leitt til lykta. Ég man ekki betur en þegar sjónvarpið var að hefja starfsemi sína — þá var ég reyndar nýkominn að Ríkisútvarpinu, var m. a. um skeið ritari útvarpsráðs og fylgdist þar eiginlega óviljandi talsvert með undirbúningi og umræðum um málið í upphafi, — ég held að það hafi ráðið einfaldar samþykktir og samkomulag um útsendingartímann.

Ég get ekki stillt mig um að fara yfir söguna. Ég held að það sé óumdeilanlegt, að tækjakostur og þjálfun tæknimanna hafi átt talsverðan þátt í því, að ekki var farið strax út í sjónvarpssendingar alla daga vikunnar, þó að fjárhagsatriði hafi náttúrlega skipt mjög miklu máli. En ég man vel að þetta atriði var mikið rætt á sínum tíma, enda voru aðstæður allar með þeim hætti og tækjabúnaður, — að vísu voru ýmsir snillingar sem fóru af gamla „gufuradíóinu" yfir í sjónvarpið, og þarf ekki að nefna nein nöfn þar, menn sem virtust læra á þetta og þekkja þetta á augabragði, — en staðreyndin er sú, að það þurfti allmikilla viðgerða við í fyrstu þannig að það veitti ekkert af þessum lausu dögum.

En það, sem ég hef aldrei getað fellt mig við í starfsemi sjónvarpsins, er lokunin í júlímánuði. Ég held að þar hafi verið tekin röng stefna frá upphafi. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið í rúmlega 15 ár, að útvarpa ætti allt árið um kring. Hins vegar er ég ekki jafnsannfærður um að útvarpa eigi alla daga vikunnar. Það er nefnilega talsvert mikill munur á þessu. Með því að loka í heilan mánuð og jafnvel upp í sex vikur eins og gerðist á þessu ári, að vísu vegna fjárhagsástæðna, en það er önnur saga, er raunverulega verið að lýsa yfir að sjónvarpið sé ekki alvörufréttastofnun. Það er verið að lýsa því yfir, að sjónvarpið sé raunverulega einhvers konar viðbót, einhvers konar myndbandaskemmtitæki, sem eigi að grípa til á kvöldin, en ekki alvarlegur frétta- og fræðslumiðill. Þetta tel ég meginatriði. Ég minnist þess sumarið 1969, þegar fóru að gerast þeir atburðir sem hvað mesta athygli hafa vakið a. m. k. á síðari helmingi aldarinnar, þ. e. tunglförin 20. júlí, að þá varð að opna sjónvarpið til þess að geta sýnt frá þessum merkilega atburði. Slíkir atburðir eru alltaf að gerast og geta alltaf gerst, og fréttamiðill, sem er ekki í sambandi, sem bókstaflega fer í sumarfrí á hverju einasta ári, er ekki tekinn alvarlega. Ég tel hins vegar að það geti vel komið til greina að ekki sé útvarpað alla daga vikunnar. Kannske væri alveg nóg að útvarpa 4—5 daga vikunnar. En ég vil taka undir þá skoðun, sem fram hefur komið, að efnið eða efnistökin séu meira virði en magnið. Það er vel hugsanlegt, og ég vil reyndar varpa því hér fram, að ég tel að dagskrá sjónvarpsins núna sé meira en nógu löng. Hins vegar tel ég eðlilegt að hún dreifist um allt árið. Ég er algjörlega sammála því, að júlímánuður verði sjónvarpsmánuður eins og aðrir mánuðir ársins, en ég tel ekki þörf á því, núna a. m. k., að breyta þessu með fimmtudaginn. Og ég tel ekki að lagafrv. þurfi hér að koma til. Ég er sammála því, sem hv. 4. þm. Vestf. sagði, að réttara hefði verið og kannske fullnægjandi að koma með þáltill. um þetta efni. En það geri ég ekki að neinu aðalatriði.

Hitt atriðið er að sjálfsögðu fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins. Þar er um stórmál að ræða sem þingið og sjórnin verða að taka föstum tökum. Það er gjörsamlega óverjandi að þessi stofnun, hvort sem hún er mikil eða lítil menningarstofnun, sé látin koðna niður. Og það er algjörlega óverjandi að Ríkisútvarpinu sé haldið í fjársvelti þannig að ekki sé unnt að sinna lágmarkskröfum um fræðslu- og fréttaefni. Ríkisútvarpið, hljóð- og sjónvarp eru líklega þeir fréttamiðlar sem almenningur í þessu landinu á greiðastan aðgang að. Það eru þeir miðlar sem koma fyrstir og fljótast með fréttirnar og eiga að vera áreiðanlegustu fjölmiðlarnir, eiga að vera áreiðan-

legustu fréttamiðlar landsins. Ég held að það verði að stuðla að því eftir megni, að þeim takist að vera slíkur miðill.

Ég tel að fjárhag Ríkisútvarpsins verði að koma í gott horf og leyfa því að byggja upp sitt menningarstarf, en ekki að lenda í undarlegri og ég vildi næstum því segja óhugnanlegri baráttu við þann draug sem myndbandavæðingin er. Ég tek eindregið undir með hv. 5. þm. Vesturl., að það er furðulegt að verða vitni að því á þessum vikum, að hver einasti aðili, sem málið snertir, skuli þegja og ekki lyfta fingri þó lögbrot séu framin, að borgarstjórnin og bæjarstjórnir skuli aðstoða og beinlínis ýta undir þessi lögbrot. Þá eigum við frekar að breyta lögunum. Af hverju er ekki gengið fram fyrir skjöldu í því efni? Af hverju í ósköpunum eigum við að horfa upp á það, að lög séu einskisvirt? Eiga þau bara að vera í gildi og síðan hver og einn að ganga yfir þau eins og honum sýnist og allir bara að klappa saman lófunum af ánægju? Ef þetta er frelsi, þá vil ég biðja um einokun ríkisfjölmiðla.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég kem nú hér í ræðustól og mæli ekki fyrir munn þingflokks Alþb. þar sem ekki hefur verið fjallað um þetta frv. þar, heldur að sjálfsögðu frá eigin brjósti og samkv. bestu samvisku, svo sem þingmanni hlýðir og heyrir.

Ég er andvígur þessu frv. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að okkur beri nú að ráðstafa þeim fjármunum, sem fyrir hendi eru, og afla þeirra, sem á skortir, til þess að gera sjónvarpið sæmilegt með núverandi útsendingartíma, en stytta dagskrá þess ella, ef við náum ekki í þá fjármuni að því marki að starfsmenn sjónvarpsins geti með því fé, sem þeir hafa undir höndum, gert dagskrá þess mjög vel úr garði.

Mér er kunnugt um það, að ekki er þann veg búið að starfsmönnum stofnunarinnar, hvorki um fjármuni né vinnutíma — og við skulum bæta við hvað laun snertir, að hægt sé að ætlast til að þeir við núverandi aðstæður geti gert dagskrá sjónvarpsins — með þeim mikla hluta erlends efnis sem þar flýtur — vel úr garði. Það er ekki bara að Ríkisútvarpið sendi út í sjónvarpi jafnmikinn hluta og raun ber vitni um á leiknu erlendu máli í stað þess að leggja í þann kostnað sem til þyrfti, ef þetta ætti að vera sæmilega rekið innlent sjónvarp, að textasetja útvarpsefnið á íslensku, þ. e. fá innlent tal yfirleitt með því, sem kostar geysilegt fé , — það er ekki aðeins þetta, heldur er hinn áprentaði texti, sem myndunum fylgir, oft og tíðum bókstaflega fyrir neðan allar hellur. Ég gæti nefnt eftir minni fjölmörg dæmi um andkannalegar og rangar þýðingar. Þessi dæmi koma ekki málinu við raunverulega sem við stöndum að hér, heldur hitt, að ég er alveg viss um — að hér er ekki um viljaskort að ræða af hálfu starfsmanna stofnunarinnar, ekki vanþekkingu heldur, en fyrst og fremst um skort á vinnuafli og tíma.

Svo koma persónuleg viðhorf mín sem ég hef enga ástæðu til þess að ætla að meiri hluti Íslendinga sé sammála. Ég hef þó rökstuddan grun um að þeir séu býsna margir, sem virðist léttir að því, eins og hv. þm. Þorv. Garðar sagði frá, að fá frí um mitt blessað sólríka sumarið frá sjónvarpi. Það má segja sem svo að mönnum sé það frjálst og hafi verið lengi að skrúfa fyrir sjónvarpið sitt og fara burt frá því, það er alveg rétt. En við söknum þess félagsskapar sem við áður áttum í nærveru annarra góðra manna sem búa einnig við þetta tæki. Það sama gildir um þennan eina sjónvarpsfrídag í viku. Mín vegna mættu þeir vera fleiri, ef við bættum þá um betur í staðinn, legðum af mörkum það fé sem þarf til þess að sjónvarpsdagskráin gæti þá verið þeim mun betri. Að einu skulum við gá. Þegar ég er að tala um hugsanlega styttingu sjónvarpsdagskrár er ég líka að tala um vinnu fólks, sem við höfum ráðið til starfa, og kjör þess. Það þurfum við að hafa í huga þegar um mál sem þetta er fjallað.

Ég hefði sennilega látið hjá líða að koma hér upp í ræðustól til að andmæla frv. því sem hv. þm. Eiður Guðnason mælti hér fyrir, ef ekki hefði verið um niðurlagið að ræða sem ég hlýt að taka undir mjög eindregið með svipuðu formi og hv. þm. Haraldur Ólafsson, en bæta þó einu við sem í vitund minni varðar mjög miklu. Hér er um að ræða að það á sér stað stórþjófnaður á almannavitorði, þjófnaður á höfundarétti, og auk þess arði af starfi tæknistarfsmanna og listamanna sem unnu að gerð sjónvarpsdagskrár sem stolið hefur verið og síðan er verið að dreifa um landið. Ég get ekki legið bæjarstjórnum og þá ekki heldur borgarstjórn Reykjavíkur mjög á hálsi fyrir að rísa ekki upp til aðgerða í slíku máli þegar rétthafinn og réttargæsluaðilinn, sem er yfirstjórn Ríkisútvarpsins, þar með talin hin æðsta yfirstjórn Ríkisútvarpsins, lætur ekki aðeins hjá líða að mótmæla og hefja eðlilegar aðgerðir í þessu máli, heldur lætur sér sæma í opinberum viðtölum, þ. á m. í sjónvarpi, að gefa mjög eindregið í skyn að við þetta hljóti yfirstjón Ríkisútvarpsins að sætta sig. Við hverju er þá að búast af bæjarstjórnum, bæjar- og borgarverkfræðingum eða öðrum slíkum?

Ég bar fram till. í þingmáli um málefni Ríkisútvarpsins fyrir tveimur árum — einmitt til viðauka við þingmál sem hv. þm. Eiður Guðnason flutti — á þá lund, að taka bæri upp að nýju einkarétt Ríkisútvarpsins á innflutningi á útvarpsviðtækjum og sjónvarpstækjum. Vitaskuld láðist mér að bæta við myndsegulbandstækjum og myndsegulbandsspólum.

Nú er svo komið að við hljótum að leita nokkurra ráða til þess að hefta þá þróun sem nú á sér stað, ekki fyrst og fremst raunar til þess að vernda einkarétt Ríkisútvarpsins til útsendinga á útvarpsefni og sjónvarpsefni á landi hér, heldur til þess í fyrsta lagi að hafa hemil á innflutningi og dreifingu á mismunandi sjónvarpsefni — þar sem ég held að hv. þm. Eiður Guðnason hafi síst ýkt mjög grófa lýsingu sína á því sem hér á sér stað — og einnig til þess að vernda höfundarétt og arðbæran einkarétt þeirra starfsmanna sem unnið hafa að gerð sjónvarpsefnis sem stolið hefur verið og nú er í dreifingu með þessum hætti.

Ég hef ekki hugsað það mál til hlítar og verð reyndar að viðurkenna það, að ég hef ekki til að bera lögfræðilega þekkingu prívat og persónulega út af fyrir mig til þess að átta mig gjörla á því, með hvaða hætti slíkt verður gert. En ég vildi gjarnan í samstarfi við góðgjarna og vitra þingmenn, sem jafnvel finnast í öðrum flokkum, standa að flutningi þáltill. eða lagafrv., ef við fáum tæknilega aðstoð, sem til þarf, á þá lund, að eftirliti verði komið á og eðlilegum hemli með einum eða öðrum hætti. Þá vildi ég helst að það yrði í formi einkaréttar til Ríkisútvarpsins á innflutningi fyrst og fremst á myndsegulbandsspólum með vernduðu efni og jafnvel einnig á myndsegulbandstækjum ef vera mætti að við gætum þá kannske bætt eitthvað efnahag og fjárhagslega stöðu sjónvarpsins

með eðlilegu gjaldi af slíkum innflutningi, þar sem fyrst og fremst yrði þá kappkostað að koma réttmætum arði til lögmætra eigenda að höfundarétti og gjaldhlutfalli í þessu efni.

Herra forseti. Ég hef nú gerst svo djarfur öðru sinni þegar á þessu þinghausti að greina frá því, að ég ætli að flytja þingmál. Ég held að ég verði að gefa fyrirheit um, að það muni ekki dragast langt fram í næstu viku.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna nokkurra atriða, sem fram komu í ræðum hv. þm., sem hér hafa talað í þessu máli.

Ég verð að segja það strax, að mér þykir sem íhaldssemin eigi hér nokkuð djúpar rætur, í hvaða flokki sem menn eru. Menn virðast ekki neitt tiltakanlega nýjungagjarnir í þessum efnum, hvað þá að menn vilji bróta upp á því að auka þá þjónustu sem þessi stofnun veitir. Og verð ég að segja það strax alveg eins og er, að ég get ekki séð að styttri sjónvarpsdagskrá þurfi af sjálfu sér að þýða betri sjónvarpsdagskrá né heldur er sjálfgefið að lengri sjónvarpsdagskrá þýði lakari sjónvarpsdagskrá — engan veginn. Þarna eru engin bein tengsl á milli. Sömuleiðis tala menn um það, að ef fjármagn, sem þessi lenging kostaði, væri til umráða til þess að veita til annars, þá yrði allt mjög miklu betra.

Staðreynd málsins er sú, að gæði sjónvarpsefnis eru ekki í neinu hlutfalli við verð. Ég skal bara nefna tvö afar nýleg dæmi. Myndin um Snorra Sturluson kostaði held ég, 2.8 millj. kr. samkv. þeim tölum sem Ríkisútvarpið hefur birt. Menn greinir á um hversu gott það efni var. Mér fannst það ekki tiltakanlega gott. Í gærkvöld var í sjónvarpi sýndur þáttur af Austurlandi sem mér fannst vera góður þáttur og gott sjónvarpsefni, þar sem Ómar Ragnarsson stiklaði á stóru. Sá þáttur hefur verið hundódýr í framleiðslu. Það fannst mér vera gott efni. Þetta tvennt, kostnaður og gæði, fer því alls ekki saman. Sumir „Poppþættir" svokallaðir, sem sjónvarpið hefur framleitt, hafa verið feiknalega dýrir í gerð. Þar hafa gæðin að mínu mati ekki verið að sama skapi, en kannske að mati einhverra annarra. En um smekk þýðir kannske lítið að ræða, svo sem þar stendur.

Ég sé ekki heldur hvað þm. geta í raun haft á móti því, að í Útvarpslögum sé almenn yfirlýsing sem kveði á um skyldur stofnunarinnar til þess að flytja landsmönnum dagskrá alla daga. Ég sé alls ekkert á móti því, að slíkt sé ákveðið í löggjöf. Mér finnst raunar vera afar eðlilegt að í útvarpslögum séu tekin af tvímæli um með hverjum hætti þjónusta þessarar stofnunar við landsfólkið skuli vera.

Auðvitað leiðir það af sjálfu sér, að ef sjónvarpað verður á fimmtudögum og í júlímánuði er samfara því nokkur kostnaðarauki. Núverandi afnotagjöld sjónvarps eru miðuð við sjónvarp 6 daga vikunnar 11 mánuði ársins. Auðvitað leiðir það af sjálfu sér, að afnotagjöld mundu hækka sem þessu nemur. Og hver óskapa upphæð skyldi það nú vera sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson nefndi hér áðan? Það mundi vera um 22 kr. á hvert mannsbarn í landinu, gróft reiknað, ef þetta yrði gert, dagskrá sjónvarps yrði send út á fimmtudögum og allan júlímánuð, þ. e. a. s. alla daga ársins. Það mundi vera nálægt því að vera 22 kr. á hvert mannsbarn í landinu. Margt er gagnrýnt í sambandi við sjónvarp, en aldrei minnist ég þess að hafa heyrt kvartað undan því að afnotagjöldin væru of há, enda er það mála sannast, að stofnunin hefur ekki fengið að hækka sín afnotagjöld svo sem eðlilegt er.

Háttvirtur þm. Davíð Aðalsteinsson talaði um það áðan, að kannske væri ástæðulaust að ausa fé í svona stofnanir. Þannig held ég að hafi verið tekið til orða. Ríkisútvarpið fær ekki eina einustu krónu úr ríkissjóði. Það borgar þvert á móti sórfé til ríkissjóðs þar sem Ríkisútvarpinu — einum allra fjölmiðla í landinu — er gert að greiða söluskatt af auglýsingum. Ef söluskatturinn af auglýsingum væri afnuminn þyrftum við ekki að vera að tala um fjárhagsvandræði Ríkisútvarpsins hér og nú. En hæstv. ríkisstj. virðist ekkert á þeim buxunum að afnema þennan skatt sem Ríkisútvarpinu einu allra fjölmiðla er gert að greiða. Þvert á móti segir hæstv. fjmrh. þegar hann kemur fram í sjónvarpi: Þeir geta hækkað auglýsingarnar. Það er von að hann segi þetta, vegna þess að hver hækkun auglýsinganna þýðir auknar tekju fyrir ríkissjóð. Þetta er kannske mesta ranglætið sem Ríkisútvarpið á við að stríða núna.

Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson talaði um að sjónvarpið væri vannýtt sem kennslutæki. Það er sjálfsagt eitthvað til í því. En hitt verða menn að hafa í huga, að með tilkomu myndsegulbandanna gegnir sjónvarpið ekki neinu sérstöku hlutverki t. d. í sambandi við kennslu í skólum landsins. Ef ætti að nota sjónvarpið til þess í skólum landsins þýðir það samhæfingu á öllum stundaskrám, og það er ekkert auðvelt mál. Nú munu ýmsir skólar þegar hafa myndsegulbönd og sjálfsagt verður þess mjög skammt að bíða að allir skólar hafi slík tæki og það mörg. Og það eru þau tæki sem munu verða mjög mikilsverð kennslutæki. Sjónvarpið er hins vegar ekki kennari og getur aldrei orðið kennari. Það er hjálpartæki kennara. Það er hins vegar rétt, að í sambandi við endurmenntun og fullorðinsfræðslu ætti að nýta sjónvarpið meira. Nægir að minna á að nú eru í gerð og verða væntanlega sýndir áður en langt um líður þættir um dönskukennslu sem gerðir hafa verið á vegum Dana aðallega. Þar mætti nýta möguleika sjónvarpsins langtum betur.

Eitt atriði, sem hv. þm. Stefán Jónsson vék að áðan í sínu máli, var kannske smáatriði, en mér finnst þó ástæða til að gera það að umtalsefni. Þar var vikið að því, að textarnir, hinir íslensku textar við myndir á erlendu máli í sjónvarpi væru fyrir neðan allar hellur. Þarna er ég hv. þm. alls ekki sammála. Ég fullyrði að það er nær undantekning að sjá ritvillur í þessum textum. Þýðingarvillur slæðast inn stöku sinnum og er það ekki furðulegt, þegar þess er gætt, hversu mikið magn hér er um að ræða. Ég skal aðeins geta þess, hafi menn farið í kvikmyndahús þar sem sýndar eru erlendar kvikmyndir með íslenskum texta, þá sjá menn þar ekki aðeins þýðingarvillur, oft herfilegar og langtum verri og meinlegri heldur en ég hef nokkurn tíma séð í sjónvarpi, nánast bull, heldur liggur stundum við að stafvillur séu í þriðja hverjum texta. Þar ber sjónvarpið af eins og gull af eiri. Ég fullyrði alveg hiklaust, hafandi haft af þeim málum nokkur kynni, að miðað við þá tækni, sem nú er beitt í sjónvarpinu við þetta, sem er vissulega gömul og úrelt, þá er ástand þessara mála tiltölulega gott. Hins vegar er fyrir löngu komin ný tækni við þessa textagerð sem sjónvarpið ætti að hafa tekið upp fyrir löngu og gerir öll þessi mál miklu auðveldari og einfaldari. En það hefur einhverra hluta vegna ekki fundið náð fyrir augum þeirra sem ráða fjárfestingu á tæknisviði sjónvarpsins. Þau tæki, sem við

þetta eru notuð núna, eru mörg óralangt á eftir tímanum og löngu úrelt.

Varðandi það, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði áðan, að það væri býsna flókið mál að lengja útsendingu sjónvarps, þá er það ekkert flókið mál. Auðvitað er fólk að vinna í sjónvarpi fimmtudaga sem aðra daga. Það er ekkert frí þar. Og ég ítreka það, að ég hygg að ein af meginröksemdunum fyrir sjónvarpslausa fimmtudeginum í upphafi hafi verið að mönnum varð að gefast ráðrúm, eins og hv. þm. Haraldur Ólafsson minntist á áðan, til að sinna tækjunum. Ég starfaði þarna í upphafi sjónvarpsins og er mæta vel kunnugt hvernig ásigkomulag þeirra tækja var sem þá var verið að nota. *Það var yfirleitt eingöngu snilli tæknimannanna, sem þar unnu, að þakka að það voru útsendingar, þegar var verið að gera við tækin, oft alveg fram á síðustu mínútu áður en útsending átti að hefjast.* Það var eingöngu fyrir þeirra dugnað og snilli, og ég held að þetta hafi átt verulegan þátt í þessari ákvörðun. En ég skal ekki fara út í langar deilur um það.

Mér þykir miður, eins og ég sagði í upphafi, að íhaldssemin skuli vera svona geysilega rík hér í mönnum. Ég held að þessi krafa, þessi ósk um að sjónvarpað verði allan ársins hring, þannig — eins og hv. þm. Haraldur Ólafsson sagði alveg réttilega — að sjónvarpið verði tekið alvarlega sem fjölmiðill og fréttamiðill, en loki ekki og fari í frí í 4—6 vikur á hverju ári, það er auðvitað fyrir neðan allar hellur, og eins að sjónvarp verði á fimmtudögum, — ég held að þessi krafa eigi mjög ríkan hljómgrunn *meðal almennings. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu,* að í útvarpslögum komi skýrt og skorinort fram vilji Alþingis, sé það vilji Alþingis á annað borð, að sjónvarpað skuli alla daga ársins.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir efni þessa frv. Ég held að okkur sé að vissu leyti nauðsyn að sjónvarpið útvarpi alla daga ársins.

Ég er einn af þeim mönnum sem hafa orðið svo ógæfusamir eða gæfusamir að lenda í svokallaðri myndbandvæðingu. Þegar sjónvarpi lýkur seinnipart vikunnar og á fimmtudögum t. d. þarf ég ekki annað en að skipta um rás og horfa á myndband.

Það kom fram hjá flm. og reyndar fleirum, að það efni, sem væri á myndböndunum, væri ótínt rusl og afsiðandi efni. Að fenginni reynslu, sem er ekki löng, vil ég ekki endilega taka undir þetta. Það er úti í Vestmannaeyjum sem ég hef lent í þessu. Þarna hafa eigendur 32 húsa, að mig minnir, tekið sig saman og myndvætt þetta hverfi. Mér sýnist að efnið, sem þarna er flutt, sé engu síðra en það sem er í íslenska sjónvarpinu. Það eru ágætar kvikmyndir sem við eigum kost á að horfa á, t. d. á fimmtudögum. Það eru íþróttaþættir. Á föstudagskvöldum, þegar sjónvarpi lýkur, getum við í flestum tilvikum valið um hvort við viljum eða viljum ekki horfa á ágæta kvikmynd. Oft eru það mjög frægar og góðar kvikmyndir sem sýndar eru. Alveg sama er á laugardagskvöldum. Ef *við kærum okkur um að horfa lengur getum við það.* Ég sé ekkert á móti þessu. Í þessu kerfi er flutt barnaefni á laugardögum um miðjan dag eða seinni part dagsins og eins um miðjan dag á sunnudögum. Ungur sonur minn hefur haft mikinn áhuga á að horfa á þetta. Ég sé ekki að þær teiknimyndir, sem þarna eru sýndar, séu neitt meira afsiðandi en þær myndir sem fluttar eru í íslenska sjónvarpinu vikulega. Sumar eru alls ekki óhollar og hafa ágæt áhrif. Ég hef lagt mig eftir því að fylgjast með þessu, og ég hef ekki séð ástæðu til að banna að hann horfi á það.

Annað er það, að ég held að ef íslenska sjónvarpið fer ekki þessa braut muni það þýða að áhugamannahópar taki sig saman og gefi vissum hóp þjóðarinnar kost á að ná til dagskráa sem sendar eru austan um haf, annaðhvort frá Skandinavíu eða jafnvel frá Bretlandi. Ég held t. d. að við á Suðurlandi eigum ekki ákaflega erfitt með að ná bæði t. d. BBC og eins jafnvel efni frá Noregi. Mér er sagt að t. d. í Vestmannaeyjum séu aðstæður þannig að menn, sem búa austarlega á eynni, þurfi jafnvel ekki annað en snúa nokkuð til sjónvarpsloftnetum sínum til þess að geta móttekið á vissum tímum efni frá Noregi. Mér skilst að það sé ekki ákaflega miklum vandkvæðum bundið og þurfi ekki að kosta mikið innan fárra ára að taka á móti efni frá Bretlandi. Þess vegna held ég að það væri betur komið að Íslendingar sjálfir legðu út í þetta. Ég held að þeir peningar, sem fólk eyðir í þetta og eru jafnvel greiddir nú í þjóðfélaginu fyrir aðgang að sjónvarpsefni, séu miklum mun meiri en eytt væri ef íslenska sjónvarpið tæki að sér þetta hlutverk. Og ég held að væri mjög vel ef svo skipaðist, að íslenska sjónvarpið og Íslendingar sjálfir réðu því, hvað gengi út yfir þjóðina af sjónvarpsefni og að menn gætu þá fjallað nokkuð um það, t. d. í útvarpsráði, heldur en að þarna gerðist hver sinn ráðamaður um það, á móti hverju hann tæki og það yrðu eingöngu áhugamannahópar sem ákvæðu að hvaða efni menn ættu aðgang. Það hlýtur að verða innan stutts tíma.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er e. t. v. ekki veigamikið sem ég þarf að svara, en mér þykir þó hlýða að gera örfáar athugasemdir.

Hv. 5. þm. Vesturl. var að býsnast mikið út af íhaldssemi hér í deildinni. Hann mun þá hafa átt við mig, hv. 3. þm. Vesturl., hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Reykv. Þetta er breið og fríð fylking. Víst getum við í þessu máli státað af íhaldssemi, en það geta fleiri en þeir sem tilheyra aðstoðaríhaldinu. (Gripið fram í.) Ég hygg að þetta þurfi *ekki miklar skýringar. Ég segi það ekki Alþfl. til lasts* þegar ég nefni hann aðstoðaríhald. Það verða menn að skilja.

Hér hefur borist aftur í tal hver væri ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið sjónvarpað á fimmtudögum og ekki í júlímánuði. Það er ekki höfuðatriði að ræða sérstaklega um það, þó að ég kæmi inn á það að gefnu tilefni.

Menn vilja sumir halda sig við það, að ekki hafi verið hægt, að því er virðist, að fá tækjabúnað og þjálfa menn, eins og það væri einhver skortur á slíkum gæðum á markaðinum. Það er ekki svo. Það var hægt að fá nóg af tækjum og þjálfa menn eftir vild, aðeins ef peningar hefðu verið til þess. Læt ég svo útrætt um það.

Hv. 5. þm. Vesturl. sagði að þessi lenging á dagskránni kostaði ekki nema um 22 kr. á hvert mannsbarn. Ég hef ekki reiknað þetta út og rengi ekki þennan útreikning hv. þm. En þetta segir ekkert um það sem við erum hér að ræða um — ég vil ekki segja deila. Við erum að ræða um lausn á vandamáli. Ef sömu upphæð væri varið til að bæta dagskrána væru þetta ekki nema 22 kr. á hvert mannsbarn. Við erum að ræða um með hverjum hætti þessu fjármagni verði best varið. Ég er sammála mörgu sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði um aðbúnaðinn að Ríkisútvarpinu og ætla ekki að endurtaka það.

Það var sagt að ekki væri hægt að taka alvarlega fréttamiðla sem tækju sér frí. Ég skil þetta ekki alveg. Við höfum haft þetta ástand síðan sjónvarpið var stofnað. Mér finnst að sjónvarpið sé tekið enn í dag svo alvarlega sem fréttamiðill að í hugum flestra gangi sjónvarpið fyrir, menn horfi á sjónvarpið frekar en hlusta á fréttirnar í hljóðvarpinu. Ég held að menn horfi jafnmikið á sjónvarp eftir að það tekur til starfa eftir sumarleyfi og þeir gerðu áður. Ég sé enga breytingu á því. En auðvitað sé ég eins og allir aðrir muninn á því, að það sé sjónvarpað alla mánuði ársins eða bara ellefu mánuði. Það er auðvitað munur á því.

Hv. þm. Vesturl. vildi gera heldur lítið úr því sem ég sagði, að það væri flókið mál að gera sér grein fyrir hver kostnaðurinn væri af þessu frv. Ég tók svo til orða vegna þess að ég hafði í höndum bréf frá fjármáladeild Ríkisútvarpsins, undirritað af Herði Vilhjálmssyni fjármálastjóra Ríkisútvarpsins, og að gefnu tilefni ætla ég að leyfa mér að lesa nokkrar setningar úr þessu bréfi til áréttingar þessu sjónarmiði, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Lenging á útsendingu sjónvarps er býsna flókið mál og erfitt að tilgreina nákvæmlega kostnað við slíka breytingu. Vaktakerfi yrði að breyta verulega og líklega þyrfti að fjölga starfsfólki í ýmsum deildum. Útreikningar, sem lagðir voru fyrir útvarpsráð í febr. s. l., eru hér lagðir til grundvallar áætluðum kostnaði við útsendingu sjónvarpsefnis í júlímánuði og hins vegar ef útsending yrði tekin upp á fimmtudögum (fyrirvari gerður vegna óvissuþátta í þessari áætlun)."

Ég leyfi mér að taka nokkurt tillit til þessara orða sem ég hef lesið. Auðvitað er ekkert óyfirstíganlegt í þessu máli. Og þetta er ekkert aðalatriði. Aðalatriðið er: Eigum við að verja þeim fjármunum, sem þarf til lengingar á útsendingu sjónvarpsins, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, í því skyni — eða er þeim betur varið í öðru skyni í þágu sjónvarpsins, til að bæta dagskrána, auka menningargildi hennar? Þetta er aðalatriði.

Ég sagði áðan að ég hefði ekki staðið upp til að vera fjandsamlegur gagnvart þessu frv. Mér finnst að það, sem ég hef hér sagt, hafi verið vinsamlegar ábendingar. Ég óskaði eftir því eða bar fram þá von, að þetta mál fengi vandlega athugun í nefnd sem ég á sæti í, þ. e. menntmn. þessarar deildar. Læt ég svo útrætt um þetta.

Það væri ástæða til að ræða hér um þær upplýsingar sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gaf. Það var margt skynsamlegt sem hann sagði um þetta mál sem hér er til umr., enda tók hann fram að það væri ekki sagt á ábyrgð Alþb. Hins vegar sagði hann það ekki varðandi þá ákvörðun sína, sem hann tilkynnti hér, að í næstu viku, skildist mér, mundi hann bera fram frv. um nýja viðtækjaeinkasölu. Það væri fróðlegt að vita hvort Alþb. hefur samþykkt það. Ég sé að um leið og ég minntist á þetta vék hv. formaður þingflokks Alþb. úr sæti sínu og úr þessum sal svo að hann verður ekki til andsvara að þessu sinni.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er að gefnu tilefni að ég kveð mér hljóðs um þingsköp, og það er varðandi þá dagskrá sem hér liggur fyrir. Fyrsta mál á dagskrá, Sinfóníuhljómsveit Íslands, hefur verið á dagskránni allar götur frá því 14. okt. eða á 3. fundi Ed., að undanteknum einum fundi, sem var 7. fundur. Það eru tilmæli mín til þeirra sem semja dagskrána, að því sé þann veg fyrir komið að ekki séu sett á dagskrá þau mál sem fyrir fram er vitað að muni ekki verða tekin fyrir, eins og í þessu tilfelli, þar sem hér hefur komið fram að hæstv. menntmrh. hefur fjarvistarleyfi. Þar með hlýtur að hafa legið ljóst fyrir allan þennan tíma að frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands yrði ekki tekið til umræðu á meðan hann er fjarverandi. Að mínu viti er hagkvæmara fyrir þm. að vita nokkurn veginn hvaða mál verða tekin fyrir hverju sinni. Að sjálfsögðu hlýtur tíminn að ráða nokkru, en alla vega þau mál, sem fyrir fram er vitað að verða ekki tekin fyrir verði ekki sett á dagskrána.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. 4. landsk. þm. vil ég taka það fram, að það er aðeins þetta eina mál sem lá fyrir að ekki væri hægt að ræða á síðustu fundum, enda var það tekið s. l. miðvikudag út af dagskráni að ósk minni. Þetta mál er aftur komið á dagskrá nú af þeirri einföldu ástæðu, að mér hafði verið tjáð að hæstv. menntmrh. tæki sæti á Alþingi í dag, en svo varð ekki. Vona ég að það sé rétt, sem ég hef nú heyrt, að hann muni taka sæti hér á morgun og þetta frv. verði fyrsta mál á dagskrá n. k. miðvikudag.

Neðri deild, 8. fundur

Mánudaginn 2. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Stéttarfélög og vinnudeilur, frv. (þskj. 18). — Frh. 1. umr.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Það sem knýr mig til að taka nú til máls er að síðast þegar þetta frv. var til umr., vék hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sér sérstaklega að mér og gerði ýmsar aths. við það mál sem ég hafði áður flutt varðandi frumvarpið. Það, sem mér þótti sérstaklega athyglisvert við ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, var að þótt hann hafi talað allra manna lengst í málinu, þá hefur ekki enn komið fram hjá honum hver er í raun og veru afstaða hans til frv. Hann svaraði ekki heldur þeirri spurningu, sem ég lagði fyrir hann, hvaða manni í þingflokki Alþfl. hann hefði bannað að vera meðflm. að þessu frv. (**SighB:** Ég hef engum bannað það.) Það hefur komið fram í grein í Morgunblaðinu, sem hv. alþm. Vilmundur Gylfason skrifaði, að forusta Alþfl. hafi bannað einum úr þingflokki Alþfl. að vera meðflm. að þessu frv. Ég dreg ekki í efa að þetta eru réttar upplýsingar hjá Vilmundi Gylfasyni. Hann gefur í skyn í þessari tilvitnuðu grein í Morgunblaðinu að formaður Alþfl. og formaður þingflokksins hafi svælt, eins og hann orðar það, einn þm. Alþfl. út af þessu frv. (**SighB:** Það er ekki heldur rétt.) Það er þá eftir því leitað, að hv. þm. Vilmundur Gylfason, sem er heimildarmaður minn í þessu máli, upplýsi þingheim um það sanna. Ef þetta er rangt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni er auðvitað nauðsynlegt að það komi í ljós.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sneri sér alveg sérstaklega til mín af dálitlum þjósti og sagði sem svo, að ég væri greinilega ekki þingvanur. Ég ætti, áður en ég færi

að vitna í sitt mál, að lesa útskrift af ræðum, því að hann hefði hvergi á það minnst í ræðu sinni, að Alþýðusamband Íslands virtist vera að stefna í upplausn, eins og ég hélt fram. Það kann kannske að koma ýmsum hér í hv. deild. á óvart, að ekki aðeins lagði ég það á mig að hlusta á hv. þm. Sighvat Björgvinsson tala sitt langa mál, heldur las ég líka ræðuna samviskusamlega alla yfir. Og þar stendur, með leyfi forseta, setning svo hljóðandi:

„Í annan stað þótti mér enn þá meira umhugsunarvert fyrir forustusveit verkalýðsflokkanna og verkalýðshreyfingarinnar, sem hér eiga sæti, þegar svo er komið að svo virðist vera sem Alþýðusamband Íslands sé af þessum ástæðum og öðrum að stefna í upplausn."

Þetta sagði hv. þm., formaður þingflokks Alþfl., og ég er satt að segja mjög undrandi á því, að forustusveit Alþfl. skuli í allt sumar og enn í dag vera að ráðast á Alþýðusambandið og forustumenn þess með svona orðbragði. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur líka látið í veðri vaka í allt sumar — ekki bara í blaðaskrifum, heldur t. d. tvívegis eða þrívegis hér á Alþingi — að það séu undarlegir menn sem nú sitji í forsetastóli og varaforsetastóli Alþýðusambands Íslands, því að annar sé háskólagenginn og hinn stóratvinnurekandi. Ég veit eiginlega ekki af hverju svona málflutningur heyrist af vörum hv. þm. Alþfl. Ég skil ekki af hverju t. d. hv. þm. Vilmundur Gylfason er að gefa það í skyn hvað eftir annað, að forustumenn Alþýðusambandsins og verkalýðsfélaganna gegni ekki hagsmunum umbjóðenda sinna af þeim ástæðum að þeir sækist svo mjög eftir fallegum stólum á skrifstofum og góðri aðstöðu þar.

Ég skil aftur á móti vel að hv. skrifari þessarar deildar, Halldór Blöndal, veitist harkalega að forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Hann sagði í ræðu fyrr í þessari umr. að það þyrfti auðvitað að steypa öllum núverandi forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Það munar ekki um það. Sennilega á hv. þm. Pétur Sigurðsson, ritari Sjómannafélagsins, að fylgja með í þeirri kollsteypu. Það er eðlilegt að þeir, sem tilheyra leiftursóknararmi Sjálfstfl., telji sig þurfa að steypa öllum verkalýðsforingjum landsmanna af stóli. En ég skil ekki af hverju hv. þm. Alþfl. eru núna, á þeim tíma þegar forustumenn Alþýðusambandsins eru að leggja upp í harða kjarasamninga við atvinnurekendur, að veitast sérstaklega að þessum mönnum æ ofan í æ.

Ætli það sé eitthvað verra fyrir Alþýðusambandið að forseti þess hefur aflað sér menntunar? Er hann eitthvað verri maður fyrir það? Eða er líklegt að hann eigi einmitt vegna þess auðveldara með að nota þau rök sem kannske duga þegar til kjarasamninga kemur? Ég er alveg sannfærður um að forseti Alþýðusambandsins, Ásmundur Stefánsson, er kosinn vegna þess að fólkið treystir honum til að sinna þessu þýðingarmikla starfi, enda hefur hann sannað það á undanförnum árum, m. a. í hverjum kjarasamningunum á fætur öðrum, að hann hefur reynst Alþýðusambandinu og verkafólki á Íslandi stoð og stytta. Mér er alveg óhætt að fullyrða það, vegna þess að ég hef af því náin kynni, að einmitt fyrir forustu hans hafa náðst þrátt fyrir allt þeir kjarasamningar sem við höfum komið í höfn.

Það er heldur ómerkilegt af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að vera sí og æ að klifa á því, að Björn Þórhallsson, varaforseti Alþýðusambandsins, sé einhver stóratvinnurekandi. Það er mála sannast að Björn Þórhallsson gekk strax í Verslunarmannafélag Reykjavíkur 1957 þegar hann kom út úr skóla, og hann hefur unnið þeim samtökum mjög vel allar götur síðan. Björn Þórhallsson hefur nú síðustu árin unnið fyrir sér ásamt konu sinni með því að gera skattframtöl og annast bókhald fyrir nokkur fyrirtæki ásamt því að vera launaður starfsmaður Landssambands ísl. verslunarmanna. En að hann sé einhver stóratvinnurekandi er auðvitað algerlega fráleitt að halda fram. Og það er ómaklegt af þeim Alþfl.-mönnum að vera að veitast að forsetunum með þessum hætti, ekki síst þegar þeir standa í erfiðum verkum.

Og ég spyr: Ætli það sé eitthvað verra að hv. þm. Karl Steinar Guðnason, sem er formaður verkalýðs- og sjómannafélagsins í Keflavík, hafi kennarapróf? Ætli hann sé eitthvað verri maður fyrir það? Eða ætli það hafi verið eitthvað verra fyrir verkalýðshreyfinguna og verkalýðsfélagið Baldur á Ísafirði, að Hannibal Valdimarsson var skólastjóri þar um skeið? Ég er satt að segja undrandi á því, að forustumenn Alþfl. skuli tala eins og þeir hafa gert í þessari umr., að það séu hálfgerðir glæpamenn, sem stjórna verkalýðsfélögunum — og ekki nóg með það, heldur að Alþýðusamband Íslands sé í upplausn. Ég þóttist hafa rökstutt það mjög vel í ræðu minni fyrr í umr., að Alþýðusamband Íslands hefur aldrei verið eins vel í stakk búið að sinna sínu þjónustuhlutverki fyrir verkalýðsfélögin og það einmitt er í dag. Það hefur verið að styrkja sig ár frá ári með því að setja á fót hagdeild, koma á fót Menningar- og fræðslusambandi alþýðu og svo mætti lengi telja.

En hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í sinni ræðu um sérfræðinga: Við bara kaupum þá — og vitnar þá í einhvern danskan sósíaldemókrata í verkalýðshreyfingunni. (**SighB:** Forseta danska alþýðusambandsins.) Forseta alþýðusambandsins danska. Það getur vel verið að forseti alþýðusambandsins í Danmörku og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., telji nauðsynlegt fyrir sínar stofnanir að kaupa vitið. Ég er aftur á móti sannfærður um það, að það er ekki verra að hafa í forustusveit í félagasamtökum menn sem hafa aflað sér menntunar.

Eins og ég rakti hér um daginn, þá er það ekkert kappsmál fyrir Alþýðusamband Íslands, hvorki núna né fyrr, að það verði endilega um aldur og ævi og í öllum samningum eitt allsherjarsamflot verkalýðsfélaga. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson talaði hér næstum eingöngu um þetta samflot. Verkalýðsfélögin og Alþýðusambandið meta það hverju sinni hvernig þau telja best að standa að kjarasamningum. Reynslan hefur verið sú á undanförnum árum, að menn hafa talið heppilegra að fylkja liðinu saman, sérstaklega vegna þess að menn hafa verið að koma fram mjög þýðingarmiklum félagslegum úrbótum í fyrsta lagi, og á síðasta ári var ein meginástæðan fyrir þessu samfloti sú, að verið var að gera hér sérstakan kjarasamning. Verkalýðshreyfingin var að gera tilraun til þess, sem tókst, að koma öllum starfsheitum innan sinna vébanda í einn kjarnasamning. En hv. þm. Sighvatur Björgvinsson býsnast mikið yfir því, að nú sé þetta allt í upplausn, ýmis fagsambönd ætli að semja sér o. s. frv. En sannleikurinn er sá, að ég sé ekki betur en það verði staðið að kjarasamningum nú með mjög svipuðum hætti og gert hefur verið á liðnum árum.

Ég ætla að reyna að verða við óskum hæstv. forseta og tala ekki mjög lengi. Ég vil aðeins segja það varðandi frv. sem hér er til umr., að ég vil ítreka það sjónarmið mitt, sem ég gerði mjög ítarlega grein fyrir síðast þegar ég

talaði, að ég tel ekki heppilegt að samþykkja frv. þess eðlis að með því er hlutast til um innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar, sérstaklega með það í huga, að það hefur ekki nokkur maður í verkalýðshreyfingunni óskað eftir því við Alþingi og allar þær stofnanir og þau samtök innan verkalýðshreyfingarinnar, sem um málið hafa fjallað, hafa lagst gegn frv. Ef við lítum aðeins nánar á það, þá eru í því ákvæði sem t. a. m. banna ekki einum manni á vinnustað, einum einasta manni, að gera úr sjálfum sér sérstakt stéttarfélag sem gæti þá farið í verkfall ef hann svo vildi. Hann gæti þá líka kosið sjálfan sig á þing stéttarfélaganna, og svo mætti lengi telja. Ég er ekki viss um að það hafi mikið gildi fyrir okkur að vera að brjóta verkalýðssamtökin niður í enn þá smærri einingar en við nú búum við. Hitt vil ég svo ítreka, sem ég sagði hér um daginn, að skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar eiga eftir að þróast með eðlilegum hætti. Ég tel að þau skref, sem hafa verið stigin hjá ÍSAL og hjá ríkisverksmiðjunum, hafi sýnt að breitt samstarf verkalýðsfélaga á vinnustað er af hinu góða. Ég hygg að verkalýðsfélögin muni, þar sem þetta á við, halda áfram að beita sér fyrir fyrirkomulagi af þessu tagi. En ég er algerlega andvígur því að löggjafinn sé með þeim hætti, sem hér er lagt til, með íhlutun um innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar.

Ég hef lokið máli mínu.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Áður en ég fer að ræða efnislega þá till., sem hér er á dagskrá, verð ég satt að segja að undrast það, hvernig umræður hafa verið í sambandi við þessa till. Menn hafa tekið þetta upp sem almennar pólitískar umr. og oft á tíðum reynt að forðast sem mest það efni sem á dagskrá er. Ég harma alveg sérstaklega aðra af ræðum hv. 3. þm. Vestf., þar sem hann veittist úr ræðustól þessarar hv. deildar að varaforseta Alþýðusambandsins, brigslar honum um að hann sé atvinnurekandi, og annað álíka hefur fylgt í kjölfarið. Ég held að það hafi verið á þessu hausti að ég las ágæta grein eftir þennan sama þm., — þetta er siðvæðingargrein sem kom í Morgunblaðinu, — þar sem hann fjallar um nauðsyn þess að forðast persónulegar svívirðingar í pólitískum umr. og er með ýmsar góðar siðvæðingarreglur í þeim efnum. En vart er nú liðinn mánuður þegar hann hefur gleymt þessari messu sinni í Morgunblaðinu og veitist hér að fjarstöddum varaforseta Alþýðusambandsins með ósmekklegum og ósæmilegum brigslyrðum, sem ég harma þótt pólitískur andstæðingur okkar hv. 3. þm. Vestf. beggja eigi hér hlut að máli. Nóg um það.

Frv. til l. á þskj. 18, sem hér er til umr., er að mínu mati dæmalaust plagg. Þó skal viðurkennt að grg. hv. þm. er að ýmsu leyti vel unnin og að mörgu leyti sögulega athyglisverð og sýnir að hv. þm. kann oft vel til verka þó sú hæfni vilji nýtast misjafnlega.

Fyrsta atriðið, sem ég er algerlega mótfallinn, er að innri málum verkalýðshreyfingarinnar á ekki að skipa með lögum. Það er rangt hjá hv. flm. að frv. sé aðeins breyting á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur. Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur kveða ekki á um innri skipulagsmál verkalýðshreyfingarinnar. Lögin um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 kveða á um leikreglur í vinnudeilum, hvernig verkföll skuli boðuð, ákvæði um sáttastörf, valdsvið sáttasemjara o. s. frv. Það er mín persónulega bjargfasta skoðun, — og þar er ég nú ekki í slæmum félagsskap, þar eru skoðanabræður mínir allir sósíaldemókratískir flokkar á Norðurlöndum, — að verkalýðshreyfingin verði sjálf að leysa sín skipulagsmál. Ég held að þó að hv. þm. Vilmundur Gylfason leiti um öll Norðurlönd og reyndar víðar um Evrópu finni hann hvergi fordæmi að sósíaldemókratískur flokkur beri fram slíkar tillögur sem hér liggja fyrir.

Hv. þm. mótmælir þessu e. t. v. á þeim forsendum, að hann líti á sjálfan sig sem sérstakan sósíalískan flokk. Þetta hafa menn fengið að heyra frá miðju sumri og alveg fram á haustnætur. Þetta er heimilisböl Alþfl. sem ég leiði hest minn frá að leggja dóm á. Það er nú svo komið á landi hér að heimilisböl og flokkserjur stjórnarandstöðuflokkanna innbyrðis eru helsti sirkusinn í landspólitíkinni.

Flm. gagnrýnir mjög skipulag ASÍ og er þar persónulega haldinn einhverjum Messíasarkomplexum. Þetta skipulag má að sjálfsögðu gagnrýna. En það er í öllum megindráttum eins og skipulagið á danskri verkalýðshreyfingu. Þar með er ekki sagt að því megi ekki breyta. Ég hef aldrei heyrt að neinn danskur þm. sósíaldemókrata legði til að öllu skipulagi dönsku verkalýðshreyfingarinnar væri umturnað með lögum frá danska þjóðþinginu. Það er Glistrup einn í því landi sem leggur það til. Það er líka rétt að minna á að ýmis ákvæði um boðun verkfalla og fleira eru ekki í dönskum lögum, heldur er þar byggt á samningi milli aðila vinnumarkaðarins frá því um síðustu aldamót sem báðir aðilar hafa haldið.

Þm. gerist býsna djarftækur í rökstuðningi sínum þegar hann telur lagafrv. sitt styðjast við álit milliþinganefndar ASÍ sem samþykkt var á ASÍ-þingum sem stefnuskráratriði 1958 og 1960. Í tillögum hv. 9. þm. Reykv. er lagt til að hver vinnustaður, sem hafi 25 launþega eða fleiri, skuli stofna starfsgreinafélag og heimilt sé, ef samkomulag er um það, að stofna slík félög þó færri séu á vinnustað. Þetta skal framkvæma með lögum sem taki gildi um næstu áramót. M. ö. o.: um næstu áramót skal þorri íslenskra verkalýðsfélaga leystur upp með lögum og með lögum skulu upp rísa frá næstu áramótum önnur verkalýðsfélög, og þetta skal gert til að koma skipulagi á verkalýðsfélögin.

Hvernig yrði þetta í reynd? Eigum við að bera niður við Reykjavíkurhöfn þar sem hv. þm. telur sig eiga bæði fylgi og vera býsna kunnugur? Hjá hverju skipafélagi hjá Reykjavíkurhöfn risi upp starfsgreinafélag á vinnustað. Það verða a. m. k. 5—7 verkalýðsfélög við Reykjavíkurhöfn, jafnvel mun fleiri, ef t. d. pakkhúsmenn og skipaafgreiðslumenn væru í sérfélögum. Í byggingariðnaði og hjá verktökum risu upp sérstök vinnustaðafélög með fullum samningsrétti. Hvernig mundi þetta verka ef atvinnuleysi gengi í garð og undirboð færu að berast? Hvað yrði um samstöðuna? Hvað yrði um samhjálpina? Mundi þetta styrkja aðstöðu verkalýðsfélaga?

Athugum nú landsbyggðina. Hvert eigum við að fara? Eigum við að fara til Sauðárkróks? Þar yrði eitt verkalýðsfélag fyrir sambandsfrystihúsin. Þar yrði annað verkalýðsfélag fyrir frystihús Sölumiðstöðvarinnar. Hvað yrði um þá sem ynnu annars staðar? Hv. þm. Karvel Pálmason gerði reyndar þessa fsp.: Hvað yrði um þá sem ynnu annars staðar en á tveimur yfirgnæfandi stærstu vinnustöðunum? Þeir gætu stofnað sín verkalýðsfélög. Á þessum gróna og indæla stað, Sauðárkrók,

gætu verið komin 10—20 verkalýðsfélög og allt til að bæta skipulagið! Dagsbrún gæti skipst upp í tugi, jafnvel hundrað verkalýðsfélög. Uppáhaldsverkalýðsfélag hv. þm., Verslunarmannafélag Reykjavíkur, mundi ekki skiptast í tugi, heldur sennilega nokkur hundruð verkalýðsfélaga.

Dettur nú nokkrum heilvita manni í hug að slíkt skipulag yrði til að styrkja verkalýðshreyfinguna eða kæmi til með að bæta hag þeirra lægst launuðu eða koma betra skipulagi á vinnumarkaðinn? Sér ekki hver maður að þetta býður upp á algera upplausn og glundroða og mundi auk þess styrkja aðstöðu atvinnurekenda? Hvergi í frv. er lagt til að skipulagi atvinnurekenda sé breytt. Þeir kæmu til með að halda áfram sem ein heild, a. m. k. þar sem þeim væri það þóknanlegt. Hefur hv. þm. ekki lesið of margar greinar í breskum íhaldsblöðum, þar sem birtast daglega heiftúðugar árásir á breska verkalýðshreifingu, en hins vegar lítið um gagnrýni á breska atvinnurekendur?

Tillögur mþn. Alþýðusambandsins gengu hins vegar út á það, að vinnustaðurinn skyldi vera undirstaða skipulags og hliðstæðir vinnustaðir, t. d. Reykjavíkurhöfn, skyldu vera í sama félagi og sama starfsgreinasambandi, og frystihús í sama byggðarlagi svo að fleiri dæmi séu tekin, skyldu vera í sama félagi og það væri bundið að þau væru öll í sama starfsgreinasambandinu. Það var algert skilyrði að sömu atvinnugreinar og hliðstæðar atvinnugreinar væru í sama starfsgreinasambandi. Tillögur þm. eru því ekki tillögur mþn. ASÍ, heldur beinlínis andstæða þeirra.

Ég tek það fram, að ég tel tillögur ASÍ frá 1958 og 1960 að ýmsu leyti úreltar. En það breytir engu. Þessi starfsgreinasambönd mundu síðan mynda uppistöðuna í Alþýðusambandinu. Ég efast ekki um, og það er reyndar vitað, að einstakir vinnustaðir hafa mjög sterka verkfallsaðstöðu, aðrir vinnustaðir hafa veika verkfallsaðstöðu. Dettur nú hv. flm. í hug að þeir, sem hafi veikustu verkfallsaðstöðuna, eða við skulum snúa því við og segja: þeir, sem hafi sterkustu verkfallsaðstöðuna, séu þeir sem lægst hafa launin? Mér er nær að halda að það sé oft og tíðum alveg það gagnstæða. Hugsun ASÍ var ekki sú að þeir, sem hefðu sterkustu verkfallsaðstöðuna, gætu brunað fram hjá öðrum og þá ekki síst þeim vinnustöðum sem hefðu veika verkfallsaðstöðu, en brýnustu þörfina fyrir kjarabætur. Ég hélt að stefna sósíaldemókrata í öllum löndum væri sömu laun fyrir sömu vinnu og að styrkja samhjálpina og samstöðuna, en ekki farið eftir því, hvaða verkfallsaðstöðu hver og einn einstakur vinnustaður hefði. Skyldan með þátttöku í starfsgreinasambandi með aðild að ASÍ átti að tryggja, eftir því sem unnt væri, þessa samhjálp og samstöðu, þennan þátt sem sósíaldemókratískir flokkar um allan heim leggja ríka áherslu á. En hv. þm. leggur til að á vinnumarkaðinum ríki lögmál markaðarins, lögmál frumskógarins. Það er uppistaðan í tillögum sósíaldemókratans Vilmundar Gylfasonar.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt um tillögur hv. þm. Ég get rætt þær betur við seinni umr. En mér þykir rét að skýra þróunina innan ASÍ.

Frá 1960 hafa verkalýðsfélög mjög víða sameinast í stærri einingar. Má þar nefna Eyjafjarðarsvæðið sem nú er allt sameinað í einu sterku verkalýðsfélagi, þar sem áður voru 5—6 félög og sum þeirra vart með lífsmarki. Fjöldi verkamanna- og verkakvennafélaga hafa sameinast í eitt félag, enda víða á landinu, eins og t. d. í frystihúsum, að bæði kynin vinna á sama vinnustað og við sömu störf. Einn þátturinn í því er sá, að á þessum vinnustöðum ríkt mun meira launajafnrétti en t. d. tíðkast hjá því opinbera. Það er fróðlegt að segja frá því og það eru góð tíðindi, að meðallaun kvenna í frystihúsum, meðallaun fyrir unna klst., eru hærri en meðallaun karla. Gætu skrifstofur ríkisins stært sig af þessu? Gætu bankar á Íslandi stært sig af þessu, sem vaða þarna fram fyrir skjöldu í misrétti í launum milli kynja? Þarna hefur á mörgum stöðum tekist ákaflega góð samstaða. Á öðrum stöðum, eins og hér í Reykjavík, vinna félög eins og Verkakvennafélagið Framsókn og Verkamannafélagið Dagsbrún ákaflega vel saman hvað sem líður öllum pólitískum ágreiningi milli einstakra stjórnenda. En ég legg áherslu á að þetta er ekki hægt að gera með valdboði, hvorki frá Alþingi né ASÍ. Þetta verður að koma frá félögunum sjálfum, félagsmönnunum sjálfum. Það er ekki til farsældar að leggja niður með valdboði rótgróin, gömul félög. Verkafólkið verður sjálft að átta sig á nýjum tímum og breyttum atvinnuháttum.

Annað atriði vildi ég benda á. Árið 1960 og um það leyti voru félögin komin í ákveðna hættu á ýmsum sviðum. T. d. voru á ýmsum kaupskipum allt að 12 stéttarfélög og fræðilegur möguleiki var að verkföll gætu staðið allt árið, sinn hvern mánuðinn hjá hverju félagi. Lagabreytingar voðu yfir, og því var margyfirlýst hér á Alþingi, að lagabreytingar þyrfti til að hindra þetta. Nú minnist enginn á slíkt. Þessu hafa verkalýðsfélögin sjálf breytt og komið sér saman um það, og nú eru öll lög óþörf því að það hefur í öllum meginatriðum tekist að samræma uppsagnarfrest og samningstíma þessara félaga. Sama hefur tekist í ríkisverksmiðjum, álverksmiðjunni, virkjunarframkvæmdum hjá Landsvirkjun. Það hefur tekist að gera sameiginlega samninga á fjölda þessara staða. Sjálfsagt gæti starfsfólk á einhverjum þessara staða klofið sig frá verkalýðsfélögunum, stofnað eigið verkalýðsfélag og sem slíkt haft hagnað af fyrir sig, en það mundi veikja verkalýðssamtökin í heild. Án starfsgreinasambands mundi það e. t. v. hagnast sjálft í bili, en veikja samhjálpina og samstöðuna.

Stefnuyfirlýsingin frá 1958 er að gera vinnustaðina að grunneiningu, en ekki vinnustaðina að sjálfstæðu verkalýðsfélagi. Þessi stefnuyfirlýsing hefur líka komið í veg fyrir meiri ringulreið og sniðið af ýmsa vankanta, eins og ég hef nefnt hér dæmi um. Hitt má segja með réttu, að það megi gagnrýna verkalýðsfélög fyrir að hafa ekki unnið af meira krafti að breytingum á skipulagi sínu. Þó hafa býsna margar breytingar verið gerðar. En það var ekki grundvöllur 1960, þrátt fyrir þingsamþykkt ASÍ, að knýja fram þessar breytingar vegna mjög sterkrar andstöðu innan félaganna sjálfra. Ég vil minna á að enn eru þessar hugmyndir uppi, og ég vil — með leyfi hæstv. forseta — lesa hér samþykkt síðasta ASÍ-þings um skipulagsmál. Þetta var þing sem haldið var í nóvemberlok 1980. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„34. þing ASÍ telur það ástand sem nú ríkir í skipulagsmálum verkalýðssamtakanna, bæði hvað snertir innra skipulag ASÍ og gagnvart öðrum launþegasamtökum, með öllu óviðunandi. „— Og ég geri hér innskot: Vissulega var það rétt sem hv. 3. þm. Vestf. sagði um ágreining milli launþegasamtakanna undir hvert félag hver hópur eigi að falla. Ég held þá áfram lestri samþykktar um skipulagsmál: „Þingið ítrekar enn á ný þá

meginstefnu, að grundvöllur skipulags sambandsins skuli vera vinnustaðurinn og landssambönd sem taki yfir helstu starfsgreinar. Þingið felur skipulagsnefnd í samráði við miðstjórn að hafa forgöngu um viðræður milli núverandi landssambanda innan ASÍ um nauðsynlegar aðgerðir sem leiði til þess, að landssambönd verði í reynd starfsgreinasambönd. Þessum viðræðum skal lokið fyrir reglulegan sambandsstjórnarfund ASÍ 1982 og leggi skipulagsmálanefnd fyrir þann fund greinargerð um niðurstöður sínar. Leiði störf nefndarinnar í ljós, að nauðsyn beri að hennar mati til breytinga á gildandi samþykkt um skipulagsmál, skal nefndin jafnframt gera tillögur um breytingar til sambandsstjórnar sem kynni þær aðildarsamtökum og leggi síðan fyrir 35. þing ASÍ 1984. Enn fremur felur þingið skipulagsmálanefnd í samráði við landssambönd, félög með beinni aðild og miðstjórn að hafa forgöngu um viðræður um skipulagsmál við önnur launþegasamtök og hlutaðeigandi viðsemjendur með það markmið í huga að allir launþegar á samningssviði aðildarsamtaka ASÍ séu félagsmenn í aðildarfélögum þess. Niðurstöður af þessum viðræðum skulu liggja fyrir eigi síðar en á sambandsstjórnarfundi 1982."

Svo mörg voru þau orð. Ég skal spara tíma og lesa ekki hér umsögn frá ASÍ um frv. hv. þm. sem lagt var hér fram í fyrravetur, þar sem því er mjög eindregið mótmælt samhljóða af öllum miðstjórnarmönnum Alþýðusambandsins.

Að sjálfsögðu fer þetta mál til nefndar og að sjálfsögðu verður leitað umsagnar verkalýðshreyfingarinnar, og þar munu margir eiga kost á að láta til sín taka og ljós sitt skína. En undirtektir undir frv. hv. þm. hafa látið á sér standa og ég er smeykur um að hann sé einfari í þessum tillögum sínum. Er ekki heillavænlégra að láta ASÍ sjálft leysa sín innri skipulagsvandamál, eins og síðasta Alþýðusambandsþing leggur áherslu á að gert verði, heldur en hlaupa eftir tillögum eins misviturs sósíaldemókrata sem gengur með þá Messíasarkomplexa að hann sé heill stjórnmálaflokkur?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er óhjákvæmilegt að forseti rifji upp 38. gr. þingskapa, þar sem segir:

„Ef umræður dragast úr hófi fram, getur forseti úrskurðað, að ræðutími hvers þm. skuli ekki fara fram úr ákveðinni tímalengd, og einnig getur forseti stungið upp á, að umræðum sé hætt."

Nú er forseti þessarar hv. deildar maður málfrelsis umfram allt, enda hefur hann ekki í hyggju að skera niður ræðutíma, enda mun á það ráð brugðið, að verði umr. um þetta mál ekki lokið fyrir kl. 4 í dag, á venjulegum þingfundatíma, mun boðað til kvöldfundar kl. 9 í kvöld. Hér eru mörg mál á dagskrá, sem hv. þm. og flm. þeirra liggja á hjarta, og þótt málið sé mikilsvert er með öllu ótækt að það verði þæft lengur en nú hefur verið tilkynnt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. kom víða við í jómfrúrræðu sinni fyrir hálfum mánuði eða þar um bil. Mestur hluti ræðunnar var reyndar ekki um dagskrármálið, ekki um skipulag verkalýðshreyfingarinnar, heldur meintan innanflokksvanda Alþfl. M. a. las hann langan kafla úr Morgunblaðsgrein, sem ég hefði haldið að flestir hv. þm., sem áhuga hefðu á málinu, væru búnir að lesa. Mér finnst því hv. þm. hafa farið illa með jómfrúrræðu sína og eiga sök á þeim miklu umr. um alla heima og geima sem hafa farið fram undir dagskrárliðnum.

Tilefni þess, að ég kveð mér hér hljóðs, er þó reyndar ekki þetta, heldur hitt, að hv. þm. margendurtók það, og það hafa margir Alþb.-menn gert í tíma og ótíma, að Alþfl. hafi í ríkisstj. árið 1979 og í stjórnarmyndunarviðræðunum seinast á því ári krafist almennra kauplækkana. Það er rétt, að Alþfl. taldi þá vegna mjög ört versnandi viðskiptakjara að nauðsynlegt væri, ef ná ætti viðunandi árangri í baráttunni við verðbólguna, að draga nokkuð úr þeim hraða sem verðbótavísitalan mældi á kauphækkanir til launþega.

Hitt vil ég undirstrika, en á það minnast hv. þm. Alþb. aldrei, að í öllum tillögum Alþfl. var gert ráð fyrir að fólki með lægri laun yrði hlíft við kjaraskerðingu og reyndar að reynt yrði að bæta nokkuð hlut þeirra frá því sem var. En þegar Alþb. beitti sér fyrir beinni 7% kauplækkun s. l. gamlársdag, svona sem nýársgjöf til launþega, gleymdist alveg að taka tillit til láglaunafólksins. Þá voru laun allra lækkuð, líka þeirra lægst launuðu.

Það er munurinn á stefnu Alþfl. annars vegar og Alþb. hins vegar í þessum efnum, að Alþfl. vill hlífa þeim tekjulægstu þegar þjóðarbúskapurinn verður fyrir þungum áföllum og þar með launþegar þegar á heildina er litið, hvað svo sem allir samningar segja til um, og vill að þeir tekjulægstu fái fyrstir og fái mestar kauphækkanir þegar betur árar. Alþb. vill aftur á móti að jafnt gangi yfir alla, vill að kjaraskerðingar, við skulum segja: óumflýjanlegar, komi jafnt niður á þeim tekjulægstu og þeim tekjuhæstu og kauphækkanir, þegar um þær er að ræða, komi jafnt til þeirra tekjuhæstu sem þeirra tekjulægstu. Það er þeirra jafnaðarhugsjón.

Ég vil svo bæta því við, að Alþfl.-menn hafa aldrei látið sér detta það öfugmæli í hug að kalla beina kauplækkun til allra launþega leið til að tryggja kaupmátt launa. Ef það er svona einfalt að tryggja kaupmáttinn er ekki mikill vandi að lifa: bara að lögbjóða kauplækkun, þá er kaupmátturinn tryggður.

Um dagskrármálið, herra forseti, vil ég segja það, að ég er sammála ýmsu í frv., m. a. því höfuðatriði þess, að vinnustaðurinn skuli vera grunneining í skipulagi verkalýðshreyfingarinnar, enda hefur það fyrirkomulag gefist vel, t. d. í álverinu og á Grundartanga. Aftur á móti tel ég að launþegahreyfingin eigi sjálf að koma þessu skipulagi á án fyrirmæla í lögum, og að því leyti er ég sammála hv. 7. þm. Reykv., a. m. k. eigi að reyna það til þrautar áður en slík lög verða sett.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Þegar hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, segir að lög um stéttarfélög og vinnudeilur, sem eru frá 1938 að stofni og meginefni til, kveði ekki á um innra skipulag verkalýðshreyfingarinnar, hefur hann einfaldlega rangt fyrir sér. Lögin frá 1938 kveða þvert á móti á um innra skipulag verkalýðshreyfingarinnar og það er kjarni málsins.

Þegar hann á hinn bóginn tekur dæmi frá Svíþjóð og Danmörku er mismunurinn sá, að þar eru engin lög um þetta efni, eins og hann sagði raunar réttilega, en hér voru sett lög 1938. Í 2. gr. þessara laga segir að félagssvæði stéttarfélaga megi aldrei vera minna en eitt sveitarfélag. Það þýðir það, að ef trésmiðir á Akureyri af einhverjum ástæðum vildu mynda tvö félög mega þeir

það ekki. Ef verkamenn í Reykjavík vildu mynda, tvö, þrjú eða fimm félög mega þeir það ekki. Á þetta hefur reynt vegna þess, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, að starfsfólk í fyrirtækjum, sem ég nafngreindi, og má vera að slíkt hafi gerst í fleiri fyrirtækjum, hefur leitað til lögfræðinga sinna og þetta fólk hefur spurt: Megum við, verkamaðurinn, lektorinn, skrifstofumaðurinn, ganga saman í félag? Lagamaðurinn segir nei. Vegna þess, hvernig 2. gr. nefndra laga frá 1938 er saman sett, má þetta ekki.

Nú er ég raunar þeirrar skoðunar, að þegar lögin voru sett 1938 hafi þessi miðstýring alls ekki vakað fyrir þeim sem lögin settu. Menn hugsuðu öðruvísi á þeim tíma, fyrir rúmum 40 árum. Engu að síður, þegar hv. þm. segir að lögin frá 1938 kveði ekki á um innra skipulag, þá er einfaldlega rangt með farið. Framkvæmd laganna tekur þvert á móti af mjög mikil tvímæli. Munurinn á okkur annars vegar og nefndum löndum, Danmörku og Svíþjóð, hins vegar er sá, að þar gilda engin lög. Verkalýðshreyfingunni þar er í sjálfsvald sett að breyta skipulagi sínu á þennan veg eða annan. En hér getum við það ekki vegna þess að lagabókstafurinn kemur í veg fyrir það, eins og fjölmargir launþegar hafa fengið að reyna. Á þessu, hv. þm., verðum við að gera greinarmun.

Það, sem við verðum að gera upp við okkur, er í fyrsta lagi þessi spurning: Getur verið að skipulag verkalýðshreyfingarinnar hafi beinlínis þvælst fyrir batnandi kjörum, einkum láglaunafólks? Ég vil svara þeirri spurningu fyrir mitt leyti og svara henni játandi, skipulag verkalýðshreyfingarinnar hafi beinlínis þvælst fyrir.

Þá er næsta spurning: Viljum við þá breyta skipulaginu? Ég fyrir mitt leyti svara því játandi. Ég held að það sé skynsamlegt að breyta skipulaginu. Því hefur raunar sjálft þing Alþýðusambands Íslands einnig svarað játandi, þótt fyrir allnokkrum tíma sé, og því hefur reyndar einnig hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson svarað játandi í löngu viðtali frá 1976 sem við hann er tekið í tímaritinu Rétti og vitnað er til í grg.

Þriðja spurning og eðlileg spurning er þá: Er þetta vinnustaðafyrirkomulag, að vinnustaðurinn sé hið eðlilega fyrirkomulag, rétta skipulagið? Þessari spurningu verðum við að svara. Við komumst ekki hjá því að svara henni, eins og hv. þm. reyndi hér í ræðustól áðan.

En kjarni málsins er þessi: Ef við svörum því játandi, að vinnustaðafélögin séu hin rétta skipulagseining, verðum við að breyta lögunum. Við getum ekki komið því skipulagi á öðruvísi en að breyta lögum. Danir gætu það án þess að breyta lögum og Svíar gætu það án þess að breyta lögum, en við gætum það ekki vegna laganna frá 1938. Þetta sáu vísir menn, þá flokksbræður hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, þegar á árinu 1938, því að blaðið Þjóðviljinn og þm. Kommúnistaflokksins og raunar einn þm. Alþfl., Héðinn Valdimarsson, mótmæltu þessum lögum af nákvæmlega sömu ástæðum og hv. þm. mótmælir þessu núna, að það sé ekki Alþingis að skipta sér af þessum málum. Það er út af fyrir sig sjónarmið og virðingarvert sjónarmið. En þeir sögðu meira. Þeir sögðu: Þetta getur bundið um ófyrirsjáanlega framtíð og bundið niður það sem við sjáum ekki fyrir nú. Nákvæmlega það hefur gerst. Ég er viss um að það vakti ekki fyrir mönnum að banna með lögum vinnustaðafélög, vegna þess að menn hugsuðu ekki eftir þeim línum þá. En reyndin hefur orðið sú, að með lögunum frá 1938 eru vinnustaðafélög bönnuð hér með lögum. Það er kjarni málsins. Það, sem verið er að leggja til hér, og sú breyting, sem verið er að reyna að ryðja braut, er að heimila þau, en þau eru bönnuð. Þennan skýra greinarmun verðum við bókstaflega að gera. Ég dreg enga dul á að ég hef hv. þm. og raunar fleiri í hans stöðu grunaða um græsku. Ég á bágt með að trúa þeirri feikilegu íhaldssemi, þeirri hræðslu við breytingar, sem fram gengur af munni hans þegar hann talar gegn þessari hugmynd, því að hann gerir ekki upp við sig hvort hann vill vinnustaðafélög eða ekki. Ég held að það sé vantraust á fólkið. Fólk kann miklu betur með sín mál að fara en hv. þm. lýsir hér.

Hv. þm. Karvel Pálmason tók dæmi úr sínu sveitarfélagi sem eðlilegt er og hann þekkir gerst til, nefnilega Bolungarvík. Hann lýsir því, að þar er á fjórða hundrað manns í einu verkalýðsfélagi. Hann segir, sem ég hygg rétt vera, að þar mundu tvö eða þrjú fyrirtæki ganga undir þessa reglu, þau hafa 25 eða fleiri fastráðna starfsmenn. Nú er sem segir að fólkið í þessum fyrirtækjum kysi að nýta sér þetta. Eftir sem áður gæti það framvísað sínum samningsrétti til félagsins, sem fyrir er á staðnum, og látið það eftir sem áður fara með sín samningsmál. Hins vegar væri brautin rudd og leiðin opnuð fyrir þetta fólk til að taka samningsréttinn í sínar hendur ef það svo kýs. Og hver á að meta það, ef ekki launafólkið í fyrirtækjunum sjálft, hvort það vill taka samningsréttinn sjálft, hvort það telur sínum hagsmunum betur borgið þannig eða hvort það lætur verkalýðsfélagið, sem fyrir er, eftir sem áður fara með samningsréttinn? Það er því auðvitað frjálst samkv. þeim tillögum sem hér er um að ræða.

En eitt er alveg ljóst og það er kjarni málsins: Hér á Íslandi gerum við þetta með lögum og þessum lögum er svo fyrir komið, að það er bundið við stærð sveitarfélags. Í því eru fólgnar hömlur. Við sem löggjafarstofnun verðum, m. a. vegna framkomu þessa frv., að taka afstöðu til þess: Er þetta æskilegt fyrirkomulag eða er vinnustaðurinn hið æskilega fyrirkomulag? Ef meiri hl. hér er þeirrar skoðunar verður að breyta lögunum. Hitt kann vel að vera, að í þessu lagafrv. sé þetta of stíft sett fram. Ef hægt væri að finna framsetningu sem léti hugmyndinni betur, þannig að hér væri lögð á það skýrari áhersla að um heimildir væri að ræða, og ef betra samkomulag næðist um slíka framsetningu stöndum við á hinn bóginn frammi fyrir öðrum vanda: Hvað ef lítill minni hluti á vinnustað neitar að sætta sig við slíkt fyrirkomulag? Hvað t. d. ef allir starfsmenn, sem vinna við flug, vilja þetta fyrirkomulag, að undanskildum flugmönnum? Slíkt gæti vel komið upp, því að augljóst er að kjarninn í þessu frv. og í öllum þessum hugmyndum eru hugmyndir sem eiga að styðja við bakið á láglaunafólki, eiga að gera láglaunapólitíkina rökréttari og þannig að hún gefi meira af sér. Ég þykist sjá fyrir að þeir, sem séu andvígir þessu, séu litlir hópar, en hátt launaðir. Vandinn er sá, að ef hér væri einungis um heimildarákvæði að ræða er ekki séð fyrir hvernig slíkt kæmi út í raun. Ef hins vegar er hægt að finna annað form á þessu, þannig að það væri ljósara að um heimild án þess að beinlínis væri um skyldu að ræða, þá væri slíkt auðvitað af því góða. Við getum ekki endalaust velt hér vöngum, eins og hv. síðasti ræðumaður gerði, og í raun og veru komist endalaust hjá því að taka afstöðu til þessa: Eru þessi láréttu félög æskileg eða eru vinnustaðafélögin æskilegri? Það er það sem er kjarni málsins.

Annar kjarni málsins er sá: Á Alþingi yfir höfuð að skipta sér af slíku? Því er raunar þegar svarað, vegna þess að til eru lög sem eru hamlandi. Þetta ræðst ekki í frjálsum samningum eða frjálsum gerðum fólks eins og annars staðar í Skandinavíu, vegna þess að fyrir 40 árum voru hér sett lög. Þessi spurning brýst því auðvitað víða fram. Hv. þm. Pétur Sigurðsson og þm. á undan honum hafa ár eftir ár flutt frumvörp um hlutfallskosningar í verkalýðsfélögum. Hann hefur væntanlega velt því fyrir sér eins og aðrir: Er það siðferðilega rétt eða siðferðilega rangt að á Alþingi séu flutt frumvörp af þessu tagi? Ég hef sem alþm. hér lýst yfir stuðningi við slík frv. hans vegna þess að ég tel að margt í verkalýðshreyfingunni, og einkum í stærri félögum, sé mjög ólýðræðislegt. Ég hef þar með tekið afstöðu til þess, að það sé réttlætanlegt að gera slíkar breytingar á Alþingi ef engin hreyfing hefur verið á slíku áratugum saman, eins og gildir um verkalýðshreyfinguna. Það sama gildir um þetta. Þetta er hugmynd sem rædd hefur verið nærfellt fyrir aldarfjórðung og þá hafði stuðning verkalýðshreyfingarinnar, en síðan hefur bókstaflega ekkert gerst. Ég verð að segja það sem alþm., að ég tel það raunar beinlínis vera skylt, ef maður er þeirrar grundvallarskoðunar að skipulag sem verkalýðshreyfingin var með fyrir aldarfjórðungi, og núna var það áréttað í yfirlýsingu frá Alþýðusambandsþingi sem hv. þm. las, að það skipulag standi beinlínis í vegi fyrir framförum þá getur það ekki verið vafamál að Alþingi hafi leyfi til að skipta sér af slíku.

Þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um það og það eitt að ryðja þeirri hugmynd braut, að vinnustaðurinn verði grundvallareining þegar samið er um kaup og kjör, að verkamaðurinn, að iðnaðarmaðurinn, að skrifstofumaðurinn, að faglærði maðurinn séu saman í félagi og það sé eðlilegra en þeir séu sundraðir í mörgum félögum samkv. eldgamalli skilgreiningu á atvinnustétt, eldgömlum stéttarskilningi. Ég er enginn bókstafsmaður á að þetta sé endilega rétta formið á þessu, það er enginn kjarni málsins. Kjarni málsins er að gera upp við sig þá grundvallarspurningu: Á vinnustaðurinn að vera þessi grundvallareining eða eru gömlu stéttarfélögin það sem á að skipta mönnum í hópa? Það er kjarni málsins og þeirri spurningu eiga menn auðvitað að svara fyrst og fremst.

Hér er mikið vitnað í verkalýðshreyfinguna og sagt að verkalýðshreyfingin hafi þessa skoðun og hafi hina skoðunina. Eflaust er það svo. En engu að síður ættum við að spyrja öðru hverju: Hvað er verkalýðshreyfingin? Að minni hyggju er verkalýðshreyfingin fyrst og fremst það fólk sem í henni er. Hér lýsti hv. þm. Baldur Óskarsson því áðan, að einhverjir þm. hefðu verið að tala um — hann notaði orðin: hálfgerða glæpamenn sem í verkalýðshreyfingunni væru í forustu. Ég kannast ekki við þetta orðalag og skil ekki hvaðan það er komið. En því hefur verið lýst, að lýðræði í verkalýðshreyfingunni kunni að vera mjög áfátt, að það sé kosið til trúnaðarstarfa, til þinga sem ályktuðu í nafni verkalýðshreyfingarinnar eftir gamaldags fundakerfi með flóknu þrepalýðræði, þar sem menn kjósa þrep af þrepi, og þegar upp væri staðið kynni að vera óravegur frá skoðunum verkafólksins og til þess sem ályktað er, til þeirrar niðurstöðu sem að er komist. Þetta er engin ásökun um glæpamennsku, enda væri slíkt fjarri mér og áreiðanlega öðrum þeim sem hér hafa talað, en þarna eru spurningar settar fram um hvort lýðræði kunni þarna að vera orðið mjög áfátt. Einnig af þeirri ástæðu, vegna grunsemda um að svo sé, er þetta frv. lagt fram til umr. og afgreiðslu hér og til kynningar annars staðar og víðar í þjóðfélaginu.

Kjarni málsins og það, sem vakir fyrir flm., er enn og aftur að freista þess að ryðja þeirri hugmynd braut, að á vinnustöðum myndi menn bæði hagkvæmari félög og það sé skynsamlegri leið þegar samið er um kaup og kjör. Að öðru leyti er ekki í þessu frv. með neinum hætti snert við því, hvernig launafólk skipuleggur samtök sín. Vinnustaðir geta myndað með sér bandalög, 2 eða 10 eða 100, og falið sameiginlegri sveit manna að fara með samningsréttinn fyrir sig. Á þetta ber að leggja grundvallaráherslu. Þar er alfarið á færi launafólksins, hvernig það skipuleggur sig að öðru leyti. Það er ekki snert við neinu, hvorki í samtökum launafólks né í samtökum vinnuveitenda, öðru en því, að vinnustaður yfir ákveðinni stærð verði grundvallareining. Allt hitt er látið hinum frjálsa manni, hinum frjálsu félagasamtökum eftir.

Mér hefur stundum fundist að það gæti tviskinnungs, í gagnrýni Guðmundar J. Guðmundssonar, sem ég hef tilhneigingu til að taka alvarlegar en flokksbróður hans sem á undan honum talaði, og að hann sé að gagnrýna að í þessu frv. sé verið að skipta sér af fleiru en af sér er skipt, þó að það sé ekki snert við neinu öðru en því sem verður að snerta við til þess að ná fram þeirri hugmynd að vinnustaðurinn sé grundvallareining. Til þess verður að breyta lögum. Það er munurinn á okkur annars vegar og Danmörku og Svíþjóð hins vegar. Það eru lögin frá 1938 sem hans flokksmenn vissulega börðust gegn á sínum tíma, og þess vegna er eytt svo löngu máli í þetta í grg.

Hvað mundi vinnast ef vinnustaðir yfir ákveðinni stærð mynduðu félag? Ég legg á það enn og aftur þunga áherslu, að talan 25 þarf ekki að vera sú rétta, kannske 100 og kannske á að nálgast það í áföngum. Allt það er vitaskuld til umræðu. En hvað mundi ávinnast? Er það rétt þjóðfélagsskipan að verkamenn séu saman í félagi og engir aðrir? Er það ekki bara draugur aftan úr forneskju, skiljanlegt á kreppuárunum og árunum þar á eftir? Af hverju á að negla verkamenn saman í félag þar sem enginn annar má vera? Af hverju að rígbinda með þessum hætti eftir stéttum? Af hverju eiga ekki verkamaðurinn, faglærði maðurinn, rafvirkinn og skrifstofumaðurinn að vera saman? Af hverju að vera að ala á þessari stéttasundrung og þessum stéttadraug? (Gripið fram í.) Ég er hér að tala fyrir þjóðfélagsskoðunum og það er nánast spurning um tíma hvenær þjóðfélagið þróast í þessa veru. Ég er alls ekki viss um að það sé heilbrigt eða fólki til góðs, hvorki kjaralega né félagslega, að bása það eftir stéttum eins og gert er með þvingandi lögum frá 1938. Það er þetta líka sem mér finnst vera kjarni málsins.

Annar kjarni málsins er sá, að reynslan, bæði erlendis frá og hér, þar sem þetta fyrirkomulag hefur verið reynt, er sú, að það leiðir til kjarajöfnunar, að félög, sem svona eru uppbyggð, semja um jafnari kjör milli þess hæsta og þess lægsta í hreinum launalegum skilningi. Þetta játar raunar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson í ívitnuðu viðtali eða samræðuþætti í Rétti. Hann segir þegar hann er spurður: Af hverju hefur ekki vinnustaðafyrirkomulagið komist á? — þá segir hann: „Kannske er líka einhver smákóngapólitík í þessu.“ Það skyldi nú ekki vera? Það skyldi nú ekki vera að svo væri að ég sé m. a. s. að glíma við smákónginn hér? Og hann bætir við: „En það eru fyrst og fremst þeir, sem eru hæst launaðir, sem eru

harðast á móti því. Þeir þola ekki lýðræðið. Þeir vita að þeir ófaglærðu eru fleiri." Af þessu hefur ekki sú stefna Alþýðusambandsins, og þá tala ég um hina almennu stefnu, að vinnustaðurinn myndi félögin eða félögin spretti upp á vinnustöðunum sjálfum, náð fram að ganga.

Þetta sagði verkalýðsforinginn í viðtali við Rétt árið 1976. Hann talar um smákóngapólitík. Ég vil taka undir það. Hann talar um að þeir, sem hæst séu launaðir, séu á móti þessu. Það er líka það sem ég hef orðið var við á vinnustöðum og víðar. Af hverju flytur hann þá ræðu eins og hann flutti áðan? Af hverju brýst fram þessi ótrúlega félagslega íhaldssemi, þessi hræðsla við að breyta? Ég hef sagt það, og stundum í litríku máli, að það sé smákóngapólitíkin sem því valdi. Ég nota önnur orð um það stundum, að það séu hagsmunir, að það sé skrifstofufiknin, fínu skrifstofurnar. Það eru mín orð um það sem hv. þm. kallar smákóngapólitík. Ég sé ekki betur en við séum alveg sammála um af hverju verkalýðsforustan eða hluti af henni hefur snúist svona hart gegn þessu. Hann kallar það smákóngapólitík, en ég hef lýst því með öðrum orðum. Mér finnst því að eftir að hafa hlustað á ræðu mína ætti Guðmundur J. Guðmundsson að skipta um skoðun á þessu máli og taka upp skoðanirnar sem hann sannarlega hafði árið 1976 í umræðum um þetta.

Hér hefur verið ráðist að ummælum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og þeim ummælum að það sé upplausn hjá Alþýðusambandi Íslands. Er það ekki staðreynd, sem sérhver maður í samfélaginu veit, að Alþýðusambandi Íslands hefur ekki tekist að halda uppi því sem þeir hafa sjálfir kallað „samræmda launastefnu". Ég hélt að það þyrfti ekki Sighvat Björgvinsson eða nokkurn mann annan hér í þingsölum til að greina frá þessu, svo alkunn sannindi sem þetta eru, að svo erfiðlega hefur þetta gengið að við borð hefur legið klofningur á milli annars vegar þeirra sem mynda Verkamannasamband Íslands, og hinna sem mynda uppistöðuna í Alþýðusambandi Íslands. Heildarsamtökum Alþýðusambands Íslands hefur ekki tekist að mynda samræmda launastefnu sem allir aðilar hafi getað sætt sig við, og því hefur farið sem farið hefur. Þetta eru svo alkunn sannindi að allir vita þau. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson kinkar kolli. Þetta vita allir. Ég sé ekki að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi verið að segja annað en það sem er alkunn sannindi.

Ég vil endurtaka það hér, raunar í þriðja skiptið, að tilgangurinn með þessu frv. er sá og sá einn að ryðja þeirri hugmynd braut, sem fjölmargir hafa talað fyrir, að vinnustaðurinn verði grundvallareining og að stéttir, starfsmenntun eða faglegt val skipti mönnum ekki í hópa, heldur hitt, á hvaða vinnustað þeir vinna. Ég endurtek það eina ferðina enn, að ef menn eru sammála þessu almenna markmiði þarf til lagabreytingu vegna þess, hvenig þessi mál hafa þróast hér hjá okkur. Að þetta sé nákvæmlega rétta leiðin, ekki sé hægt að fara aðra og kannske mýkri leið, vil ég ekkert fullyrða um. Ég vona að gagnleg niðurstaða kunni að koma út úr slíku í nefnd. En ég vil enn og aftur leiðrétta og mótmæla þeim skilningi hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, að lögin frá 1938 hafi ekki kveðið á um þetta skipulag. Þetta er rangt. Þetta er sannarlega rangt. Það eru í þessu miklar hamlanir, sem að minni hyggju hafa reynst vera eins konar varnarvirki fyrir ákaflega mikla og stundum ótrúlega félagslega íhaldssemi í verkalýðshreyfingunni. Er hægt að vitna í fjölmarga starfsmenn sem hafa reynt lagalega möguleika á stofnun þeirra félaga sem hér er verið að tala fyrir, en þeim hefur verið bent á lögin frá 1938. Þarna er að finna allan mismuninn á milli t. d. landa á Norðurlöndum og þess sem við hér erum að tala um. Til þess að ryðja slíkum hugmyndum braut, með hverjum hætti sem það yrði gert, þarf lagabreytingu. Það er kjarni málsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég má til með, að gefnu tilefni áður, að biðja hv. þm. um að grandskoða það, áður en þeir flytja tillögur sínar, hvar viðkomandi mál eftir venju á heima. Enginn vafi er á að þetta mál hlýtur að eiga heima í félmn., og fyrir því er það, að forseti leggur þetta til, því að hv. flm. lagði enga nefnd til þegar hann flutti sína framsögu með þessu máli. Því veitti ég athygli, enda skrifa ég það alltaf við um leið og till. er flutt. Ég hef þess vegna tekið að mér að flytja tillögu um nefnd og hún er þessi. Ég er 1. flm. að þessari vísun til nefndar.

Frv. vísað til félmn. með 23 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 14). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 14 lýtur að þeirri einu breytingu á jarðalögum, nr. 65 frá 31. maí 1976, að eignaumsýsla þeirra jarða í eigu ríkissjóðs, sem keyptar hafa verið af Jarðasjóði ríkisins, verði flutt frá jarðadeild landbrn. til fjmrn. sem veitir fasteignum og ýmsum fasteignaréttindum hins opinbera umsýslu.

Út af fyrir sig þarf ekki að hafa langt mál um þessa till. Hugmyndin með henni er sú, að öll eignaumsýsla ríkisins sé á einni og sömu hendinni. Það er ekki eðlilegt og ekki ákjósanlegt að margir aðilar í ríkiskerfinu fari með eignaumsýslu á bújörðum og fasteignum og allra síst þegar fyrir liggur að ekki eru í gildi neinar samræmdar reglur um, hvernig með slíkar ríkiseigur skuli fara, né heldur eru tiltækar neinar upplýsingar í fjmrn., sem á að fara með alla eignaumsýslu hins opinbera, um það, hvaða afgjöld eru greidd af slíku jarðnæði né heldur hverjar fasteignir og jarðeignir ríkisins eru.

Frv. gerir sem sé ekki ráð fyrir neinni annarri breytingu á jarðalögum en þeirri einni, að eignaumsýslan með ríkisjörðum flytjist í fjmrn. Er það í samræmi við þá tillögu mína, sem ég hef lýst úr ræðustól áður, að einn og sami aðili í ríkiskerfinu eigi að fara með alla eignaumsýslu ríkissjóðs svo að hægt sé: 1) að skýra frá því, ef eftir því verður leitað, hvaða fasteignir og jarðeignir hið opinbera eigi — svar hefur ekki fengist við því enn þó oft hafi verið um það spurt — og 2) það liggi einnig fyrir, og þá að sjálfsögðu í því rn. sem fer með alla eigna- og fjárumsýslu ríkisins, hvaða tekjur hið opinbera hafi af þessu jarðnæði. Það má að sjálfsögðu deila um hvort réttara sé að fara heldur þá leiðina að einhver einn aðili í ríkiskerfinu, hvort sem það er fjmrn. eða aðrir, setji samræmdar reglur um hvernig með ríkiseignir skuli fara, bæði á bújörðum, jarðnæði og fasteignum, og síðan sé þeim, sem hafi umsýsluna með hendi, þó að þeir séu fleiri

aðilar en einn, ætlað að fara eftir þeim reglum. Það er einnig hugmynd sem kemur vel til álita að athuga að mínu viti, einkum og sér í lagi ef það er eitthvert viðkvæmt atriði hvað sá aðili heiti sem með eignaumsýsluna fer. En það nær auðvitað ekki nokkurri átt, og þá á ég ekki bara við bújarðir, heldur almennar fasteignir ríkisins og ríkisstofnana sem leigðar eru m. a. út til ýmissa opinberra starfsmanna, að engar samræmdar reglur séu til um hvernig með slíkar eignir eigi að fara, hvaða leigugjalda eigi að krefjast fyrir slíkar eignir, og þá er ég ekki að tala um bújarðirnar, heldur um fasteignir, svo sem íbúðarhúsnæði, sem ríkið á víðs vegar um land, né heldur að það séu ekki tiltækar hjá neinum aðila neinar upplýsingar um hvaða fasteignir hið opinbera á né heldur hvaða tekjur hið opinbera hefur af fasteignum sínum.

Herra forseti. Þetta er hvorki stórt né flókið mál og því ástæðulaust að hafa fleiri orð um það í framsögu nema sérstök ástæða gefist til. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og væntanlega hv. allshn. Er það ekki sú nefnd sem frv. þetta ætti að fá til meðferðar? Mér sýnist það.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að hér er í sjálfu sér ekki um stórt mál að ræða eða flókið. Hér er flutt frv. til l. um breytingu á jarðalögum, um það að flytja meðferð jarðeigna ríkisins frá landbrn. yfir til fjmrn. Út af fyrir sig getur vel komið til greina að ástæða sé til þess að gera breytingar á meðferð hinna ýmsu málaþátta stjórnkerfisins á milli rn. eða gera breytingu á því, hvaða rn. fer með einstaka málaþætti. En ef hv. þm. ætlar að gera það, þá væri eðlilegra að flytja um það frv. til l. um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands frá 1969.

Ég get sagt það, að auðvitað eru ýmis atriði sem orka tvímælis og kynni að vera ástæða til að endurskoða í þeim lögum. Það frv. sem hér er á ferðinni og fjallar aðeins um þennan þátt málsins, þ. e. að færa jarðeignir ríkisins yfir til fjmrn., sýnist mér á hinn bóginn ekki munu leiða til bóta. Ef það væri meiningin að færa allar fasteignir ríkisins í hendur fjmrn. næði það auðvitað einnig yfir jarðeignir. Hér er hins vegar ekki gerð till. um það að flytja meðferð annarra fasteigna ríkisins yfir til fjmrn., eins og t. a. m. fasteigna á vegum Vita- og hafnamálastofnunarinnar, svo að nokkuð sé nefnt. Það má nefna fyrirtæki eins og sementsverksmiðjuna, lönd og lóðir sem eru í umsjá einstakra fyrirtækja sem heyra undir önnur rn. stjórnarráðsins en fjmrn. Út af fyrir sig má segja að það gæti skoðast sem stefna að efla mjög fjmrn. og hafa eitt stórt fjmrn. í ótal deildum og rýra önnur rn. að sama skapi að verkefnum. Ég dreg hins vegar mjög í efa að það verði í öllum tilvikum til bóta.

Sá þáttur mála sem hér er um fjallað, jarðeignir ríkisins, er vitaskuld í eðli sínu landbúnaðarmál. Meðferð þessara mála er tengd öðrum lögum sem heyra undir landbrn., bæði jarðalögum og ábúðarlögum, svo og ýmissi annarri löggjöf sem varðar landbúnaðarmál og er í höndum landbrn. að fjalla um. Enn fremur tengjast meðferð þessara mála fjölmörg önnur svið landbúnaðarmála, svo sem í tengslum við lánamál, leiðbeiningaþjónustu o. fl., o. fl. sem ekki er þörf á að telja upp.

Ég get lýst því hér, að ég er andvígur þessu frv., og sé ekki ástæðu til að rökstyðja það mörgum orðum umfram það sem hér hefur verið sagt. Ég sé ekki efni til þess, að þessi breyting sé gerð.

Í framsöguræðu sinni sagði hv. þm. að það væri engar upplýsingar að hafa um jarðir í ríkiseign og það væru engar samræmdar reglur til um leigu á þessum fasteignum. Nú er það svo, að hér er um viðamikið mál að tefla að gera skrá yfir þessar eignir og tekjur af þeim. Slík skrá hefur þó verið gerð. Hún er til frá 1978 og liggur fyrir í landbrn. og var á þeim tíma, að ég hygg, send Alþingi sem svar við fsp. frá fyrrv. hv. þm. Nú er verið að endurvinna þessi gögn öll þannig að innan tíðar ættu að liggja fyrir upplýsingar um meðferð þessara eigna ríkisins, hverjir hafa þær á leigu og hverjar leigutekjur eru.

Út af fyrir sig er rétt að það mætti samræma betur en gert er leigu fyrir eignir ríkisins, þ. á m. jarðir. Það er þó vissum vandkvæðum háð. Eg get þó sagt hv. þm. það, að þetta hefur verið samræmt að verulegu leyti á undanförnum árum. Nú er það yfirleitt regla, að lóðir eru leigðar fyrir sem svarar 1% af fasteignamati og bújarðir fyrir sem svarar 3% af fasteignamati. Þetta gildir þó ekki þar sem til eru eldri ábúðarsamningar. Þeir ábúðarsamningar eru smám saman að falla úr gildi þannig að þá er unnt að endurnýja í samræmi við nýjar reglur. Það er hægt að segja það, að rétt væri að taka upp þá reglu að leiga á jarðeignum væri sama prósenta af fasteignamati hvað sem líður eldri samningum. En það þyrfti þá að rifta eldri samningum með lagaboði ef ekki væri samkomulag. Ég tel að það sé vafasöm aðferð og það hefur ekki verið gert í öðrum málaflokkum að taka af slíka samninga með lögum. Ég tel að það sé heppilegt að fara varlega í þær sakir.

Ég tel að það sé ekki alls kostar rétt, sem hér hefur verið sagt, að hvorki séu fyrir hendi upplýsingar um meðferð þessara mála af hálfu landbrn., né heldur hitt, að ekki hafi verið samræmdir að nokkru leigumálar fyrir þessar eignir ríkisins.

Ég skal svo ekki fjalla um þetta efni í lengra máli, tel þess ekki þörf. Ég vil aðeins ítreka þá skoðun mína, að samþykkt þessa frv. væri lítt til bóta, og ég er því andvígur frv.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er í sjálfu sér um það eitt að færa jarðeignadeildina í heilu lagi frá landbrn. og í fjmrn. Engin önnur breyting á þessum málum er lögð til. Eftir sem áður á landbrh. að fara með yfirstjórn þessara mála, þ. e. jarðalaganna, og væntanlega, ef um einhverjar sérstakar ráðleggingar væri að ræða eða hvað sem væri, mundi jarðeignadeildin jafnt eftir sem áður verða að leita til landbrn. Hér er ekki um að ræða að verið sé að samræma eitthvað, vegna þess að það er ekki lagt til að aðrar eignir, sem ríkið á, fari undir þessa deild. Það er ekkert um það.

Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. eru það auðvitað margs konar eignir sem til greina koma. Hann minntist ekki á það, að t. d. kirkjumálaráðuneytið hefur yfirumsjón yfir jörðum kirkjunnar, öllum þeim eignum sem kirkjurnar eiga. Hér er ekki um neina hagræðingu að ræða. Frv. er að öllu leyti flutt af misskilningi. Það eru engin rök fyrir flutningi þessa frv. Það hefðu verið rök ef átt hefði að sameina þessar eignir undir einni stjórn. En það er engin breyting önnur en þessi, að deildin fer í einu lagi milli hæða og annað ekki.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þetta frv. af þeim ástæðum sem ég hef hér greint frá. Það er alger

misskilningur að ekki sé hægt að fá upplýsingar um þau málefni sem jarðeignadeildin fer með, enda mundi engin breyting verða á henni að því leyti.

Ég ætla ekki að ræða þetta frekar. Ég ræddi þetta svolítið í sambandi við umr. um annað svipað atriði sem snertir einmitt þetta mál. Ég vil aðeins segja það að lokum, að jarðalögin hafa alltaf tilheyrt landbn. — þetta er landbúnaðarmál — en ekki allshn., og ég vil skjóta því til hæstv. forseta, að auðvitað er þetta mál, hefur verið og ætti að vera eðli sínu samkvæmt tilheyrandi landbn., en ekki öðrum nefndum.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það er auðvitað alltaf viðkvæmt mál þegar gerð er till. um að flytja einhvern ákveðinn málaflokk eða umsjá hans til á milli stjórndeilda. Ástæðan fyrir því, að ekki er gert í þessu frv. ráð fyrir að flytja aðrar fasteignir á milli landbrn. og fjmrn. en jarðeignir ríkissjóðs, er mjög einföld. Í jarðalögunum er ekki ákvæði um annað, og þegar menn bera fram frv. til breytinga á jarðalögum geta menn auðvitað ekki ætlast til þess, að það frv. nái yfir önnur og óskyld atriði sem ekki er fjallað um í jarðalögum. Það hlýtur að vera mönnum augljóst. Það er ekki hægt með breytingu á jarðalögum t. d. að ákveða að allar kirkjujarðir skuli færast yfir til fjmrn. Það er ekki heldur með því að flytja frv. til breytinga á jarðalögum hægt að ákveða að ýmsar húseignir, sem eru í umsjá ýmissa ríkisstofnana annarra en fjmrn. og í bæjum og þorpum víðs vegar um land, skuli fara í umsjá fjmrn. eða annarra aðila í ríkiskerfinu. Ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, er einfaldlega sú, að það rn. sem hefur með höndum eignaumsýslu yfir stærsta hluta þessara fasteigna, er einmitt landbrn. Ég legg áherslu á að ég geri ekki till. um neina breytingu á afskiptum landbrh. og landbrn. af bújörðum þessum aðra en þá eina, að eignaumsýslan, hin takmarkaða eignaumsýsla á þessum fasteignum, verði í umsjá fjmrn. sem á að sjá um alla eignaumsýslu fyrir hið opinbera. Að öllu öðru leyti er gert ráð fyrir því, að umsýsla landbrh. og landbrn. yfir þessum bújörðum ríkisins verði sú sama og hún er. Landbrn. mun því í öllum tilvikum, þó svo að þetta frv. verði samþykkt, hafa síðasta orðið um alla nýtingu á þessum bújörðum. Þar yrði engu breytt.

Varðandi upplýsingarnar um þær jarðeignir í eigu ríkisins, sem jarðadeild landbrn. fer með, þá fagna ég því, sem kom fram hjá hæstv. landbrh., að nú er verið að semja skrá um þessar eignir sem hæstv. ráðh. segir að sé endurskoðuð skrá sem samin hafi verið árið 1978. Það er rétt hjá hæstv. landbrh., að árið 1978 spurðist einn þm. Alþfl., Gunnlaugur Stefánsson, fyrir um það, hvaða jarðeignir væri hér um að tefla, hverjir hefðu þær á leigu og hvað þeir greiddu fyrir þessar jarðeignir. Það má vel vera að undirbúið hafi verið svar við þessari fsp. í rn., en það kom aldrei fram á Alþingi. Ég hef leitað sérstaklega að því í skjalasafni, hvort lögð hafi verið fram slík skýrsla eða svar við þessari fsp. Það var ekki gert. Hins vegar má vel vera, mér er ókunnugt um það, að svarið hafi verið undirbúið. Það er ekki meira en um það bil ein vika síðan ég átti viðræður við einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, sem er líka þm. í þessari deild, og hann upplýsti mig um að þeir yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hefðu þráfaldlega á undanförnum mánuðum óskað eftir einmitt þessum upplýsingum og hefði gengið mjög erfiðlega að fá skýr svör. Þessi skoðunarmaður ríkisreiknings, sem er þm. í þessari deild, sagði mér einnig að þeir hefðu tekið saman höndum um það, yfir skoðunarmennirnir, að hætta ekki fyrr en öll svörin lægju á borðinu. En ég fagna því sem sé mjög, að hæstv. landbrh. er að láta ganga frá þessu, því að ég hef sjálfur persónulega reynslu af því, að það hefur verið mjög erfitt að fá upplýsingar um þessi mál í landbrn.

Ég vil aðeins ítreka það sem hefur komið fram hjá mér áður, að það er aðeins eitt landssvæði sem er í sérstakri umsjá Alþingis. Það eru Þingvellir. Sú ákvörðun var tekin af umsjármönnum þessa þjóðgarðs fyrir nokkuð mörgum árum að veita ekki heimildir til byggingar sumarbústaða í þjóðgarðinum eða við Þingvallavatn, á því svæði sem umsjá Þingvallanefndar náði til. Um er að ræða tvær ríkisjarðir sem eiga þarna lönd að, Brúsastaði og Kárastaði. Okkur í Þingvallanefnd bárust fregnir af því, að búið væri að gera nýtt byggingarbréf fyrir aðra þessa jörð þar sem ábúanda væri heimilt að leigja út frá sér lönd undir sumarbústaði. Slíkt hefði verið algert brot á þeim reglum sem Þingvallanefnd var áður búin að setja. Við gerðum ítrekaðar tilraunir til að fá að sjá þetta byggingarbréf fyrir jarðnæði, sem ekki mátti byggja nema að höfðu samráði við Þingvallanefnd. Það tók okkur Þingvallanefndarmenn — og þá var formaður Þingvallanefndar sjálfur hæstv. forseti Sþ., Gils Guðmundsson — marga mánuði að fá að sjá þetta bréf.

Það er líka rétt hjá hæstv. landbrh., að það er til lítils að ætla að setja aðeins hluta af fasteignum ríkissjóðs undir sömu stjórn. Auðvitað verða aðrar fasteignir að fylgja þar á eftir. Ég get einnig tekið undir það með hæstv. ráðh., að ég býst við að reglur, sem settar hafa verið í rn. hans um leigur á ríkisjörðum til búskaparnytja, séu fyllilega samræmdar og hafi fylgt samræmdri stefnu á undanförnum árum. Ég er sannfærður um það. En sama máli gegnir ekki með ýmsar aðrar fasteignir ríkissjóðs. Hið opinbera, ríki og sveitarfélög, eru smátt og smátt að verða stærstu fasteignareigendur og eigendur íbúðarhúsnæðis í flestöllum sjávarþorpum og kaupstöðum hringinn í kringum landið. Það eru fjölmargar ríkisstofnanir sem formlega teljast eiga þar íbúðarhúsnæði, bæði einbýlishús og blokkaríbúðir, þótt allt þetta íbúðarhúsnæði sé keypt fyrir fé úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar. Ég leyfi mér að fullyrða að það eru engar reglur til um hvernig þessu húsnæði er ráðstafað. Einn aðili setur reglu um að þetta leigugjald skuli tekið hjá sér. Annar aðili í sama ríkiskerfi setur svo allt aðrar reglur. Það er ekkert samræmi þar á milli. Einnig geta menn verið að afgreiða og fallast á alls konar „norm", sem í gildi skulu vera um gerð slíks íbúðarhúsnæðis, svo sem hvernig húsnæði eigi að vera úr garði gert til þess að það sé boðlegt læknum eða hjúkrunarfólki. Gilda þar allt aðrar reglur en t. d. þegar verið er að afla húss til nota fyrir kennara eða annað starfsfólk ríkisins.

Auðvitað nær það ekki nokkurri átt, og það er mergurinn málsins, að ekki séu einhvers staðar í ríkiskerfinu handbærar á einum stað allar upplýsingar um hvaða fasteignir — og þá er ég ekki bara að tala um jarðeignir, heldur einnig húseignir í bæjum og þéttbýli, — hvaða fasteignir ríkissjóður á, og það sé enginn einn aðili í ríkiskerfinu sem ætlað er að fylgjast með því, hvernig þessar eignir séu nýttar, né heldur sé neinn aðili í ríkiskerfinu, sem á að bera ábyrgð á því að setja samræmdar reglur um nýtingu þeirra, né heldur hafi til þessa tekist að fá upplýsingar um hverjir nýta t. d. jarðnæði ríkissjóðs,

hvað þeir greiða fyrir og hvort hugsanlegt sé, eins og um hefur verið talað, að ýmislegt af mikilsverðum hlunnindum, sem eiga að fylgja ríkisjörðum, svo sem veiðiréttur og annað, sé látið fyrir kannske lítið fé til sérstakra vildarmanna ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja sem hafi þar aðgang að almannaeign umfram aðra þjóðfélagsþegna án þess að þurfa að greiða fyrir nema brot af því verði sem þeir mundu vera krafðir um ef annar aðili ætti þar í hlut.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta. Það er rétt hjá hæstv. landbrh., að þetta frv. tekur aðeins á hluta þess vandamáls sem verið er að ræða um. En ástæðan fyrir því, að það tekur ekki til víðara sviðs, er einfaldlega sú, að það er ekki hægt með frv. til 1. um breytingu á jarðalögum að gera tillögur um breytingar á öðru en því sem jarðalögin ná yfir. Og jarðalögin ná í þessu sambandi ekki yfir annað en eignaumsýslu með bújörðum ríkissjóðs sem Jarðasjóður hefur keypt. Ef menn ætla að fylgja þessari stefnu, sem ég vil endilega að verði fylgt eftir, — ef menn ætla að fylgja henni eftir með því að aðrar fasteignir ríkissjóðs séu sömuleiðis settar undir eignaumsýslu fjmrn. eða einhvers eins aðila í ríkiskerfinu, þá verður að sjálfsögðu að gera það með breytingum á öðrum lögum og reglugerðum.

Herra forseti. Það er ekkert mál í mínum huga að það þurfi endilega að setja þetta allt saman í umsjá sama aðila, hvort sem það heitir fjmrn., landbrn. eða hvaða nafn menn vilja gefa því. Mergurinn málsins er að settar séu reglur af hálfu ríkissjóðs um það, hvernir eigi að nota þær jarðeignir og þær fasteignir, sem keyptar hafa verið fyrir opinbert fé, og jafnframt að tiltækar séu á einum stað í ríkiskerfinu upplýsingar um það, hverjar þessar fasteignir séu og hvernig þær séu nýttar.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er smávægileg aths. við ræðu hv. flm. þessa frv. Ég benti hv. þm. á að eðlilegra hefði verið að flytja frv. til 1. um breyt. á lögum um Stjórnarráð Íslands. Þá hefði verið hægt að taka alla þá málaflokka, sem hv. þm. hefði í hyggju að færa til milli einstakra ráðuneyta, inn í sama frv. Eftir að lögunum um Stjórnarráð Íslands hefði þá verið breytt af Alþingi, ef Alþingi hefði fallist á tillögur hv. þm., segir sig sjálft að þær breytingar hefðu orðið hvað sem liði því er stendur í jarðalögum. Látum það vera.

Hv. þm. minntist á að hann hefði fyrr í umr. fjallað um það, að gefið hefði verið út byggingarbréf fyrir jörð innan þjóðgarðsins á Þingvöllum án vitundar Þingvallanefndar. Ég frétti af ummælum hv. þm., þó að ég væri ekki viðstaddur þá umr., og tók með mér það byggingarbréf sem hér um ræðir, útbúið 13. júlí 1979. Þetta byggingarbréf hefur aldrei öðlast gildi vegna þess að það er háð þeim fyrirvara, sem glögglega kemur fram í bréfinu, að það hljóti samþykki Þingvallanefndar. Það samþykki hefur ekki fengist og byggingarbréfið þess vegna ekki öðlast gildi. Það er því meira en vafasamt að segja hér á Alþingi að landbrn. hafi gefið út byggingarbréf án vitundar Þingvallanefndar sem réttilega á að hafa umsjá með jarðeignum innan þjóðgarðssvæðisins. Ekki meira um það.

Þetta vildi ég gjarnan láta hér koma fram. En ég geri ráð fyrir að þetta mál verði tekið upp og nýtt byggingarbréf verði búið út og að nýju leitað samþykkis eða staðfestingar Þingvallanefndar til þess að fá úr því skorið, hvort jarðnæðið, sem hér um ræðir, geti ekki komist í formlega ábúð.

Varðandi aðra þætti þess máls kom m. a. fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar um meðferð mála innan þjóðgarðssvæðisins, að landbrn. hefði leyft þar byggingu sumarbústaða. Það er einnig rangt. Því hefur verið lýst yfir af hálfu landbrn. og það löngu fyrir mína tíð í því rn., að rn. mundi greiða fyrir því, að þetta fengist gert, en að sjálfsögðu væri það allt háð samþykki Þingvallanefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þetta er í þriðja skipti sem tillaga er gerð um að vísa máli til nefndar sem augljóst virðist að það eigi ekki heima í. Menn geta ekki kosið máli nefnd eftir skipan nefndanna, heldur eftir eðli málsins, og fyrir því er það, herra forseti, að ég legg til að þessu máli verði vísað til landbn., svo augljóst sem virðist að það eigi þar heima.

Flm (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þetta er ekkert atriði í mínum huga. Ég spurði hæstv. forseta að því í lok framsöguræðu minnar, hvort það væri ekki eðlilegast að þetta mál færi til allshn. Ef hæstv. forseti hefði gert einhverjar aths. við það hefði ég að sjálfsögðu breytt tillögu minni. Ég skal fúslega fallast á að umrætt frv. verði vistað í landbn., en eina nefndin, sem ég get ekki hugsað mér að fallast á að málið verði vistað í, er skipulagsnefnd Sjálfstfl.

Forseti (Alexander Stefánsson): Það er svo komið í þessu máli, að þó að tillaga væri um allshn. er kominn fram einhugur um að vísa málinu til landbn. Ekkert hef ég á móti því. Ég bar þetta mál undir skrifstofustjóra Alþingis og hann taldi að í lagi væri að fara að tillögu flm., en réttara er auðvitað að vísa því til landbn.

Frv. vísað til landbn. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 12. fundur.

Þriðjudaginn 3. nóv., kl. 2 miðdegis.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 54). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Ávana- og fíkniefni, þáltill. (þskj. 57). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Starfsmat fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbankanna, þáltill. (þskj. 68). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Íþróttamannvirki á Laugarvatni, þáltill. (þskj. 70). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 1). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í upphafi 1. umr. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 vil ég fara nokkrum orðum um meginmarkmið ríkisstj. sem hafa verður í huga þegar rætt er um fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Í sem fæstum orðum sagt lúta þessi markmið að því að reka þjóðarbúskapinn á heilbrigðan hátt og án teljandi viðskiptahalla: að tryggja afkomu atvinnuveganna og fulla atvinnu um land allt; að draga verulega úr verðbólgu; að reka ríkissjóð hallalaust; að halda uppi viðunandi kaupmætti ráðstöfunartekna almennings; að efla íslenska menningu og auka félagslegt réttlæti í landi okkar.

Þetta eru mikilvæg markmið, en ekki skal því neitað að þegar þeim er lýst í örfáum orðum, eins og hér er gert, er hætt við að þau hljómi innantóm nema ítarlegri grein sé fyrir þeim gerð. Þess vegna vil ég ræða hér í upphafi um þessi sex markmið í ljósi fenginnar reynslu af bráðum tveggja ára starfi núv. ríkisstj.

Fyrsta meginmarkmiðið, sem ég nefndi, er heilbrigður og hallalaus rekstur þjóðarbúsins. Vissulega er æskilegast að fullur jöfnuður sé á viðskiptum landsins við önnur ríki. En á þeim tímum, þegar fjárfesting þjóðarinnar í mannvirkjum og nýjum atvinnutækjum nemur fjórðungi af þjóðarframleiðslu, er erfitt að ná jöfnuði að fullu, og minna má á að gífurlegar olíuverðshækkanir hafa valdið stórfelldum halla á viðskiptajöfnuði flestra nálægra þjóða. Áætlaður viðskiptahalli íslenska þjóðarbúsins er hins vegar aðeins 0.5% á þessu ári, en á seinustu tíu árum hefur veiðskiptahallinn átta sinnum verið 5—20 sinnum meiri en nú.

Viðskiptahalli, sem nemur aðein 0,5% af þjóðarframleislu, táknar með öðrum orðum sagt, að nær öll fjárfesting landsmann á þessu ári í nýju og glæsilegu orkumannvirki við Hrauneyjafoss, í nýjum hitaveitum víðs vegar um land, í stórfelldum framkvæmdum við Suðausturlínu og í margvíslegum fjárfestingum, t. d. skipa- og flugvélakaupum, sem munu koma okkur til góða um langt skeið, sumar jafnvel í marga tugi ára, — að nær öll þessi fjárfesting er borguð á borðið af þjóðarbúinu þegar nánar er að gáð.

Menn spyrja vafalaust í þessu sambandi hvað eigi þá að segja um miklar erlendar lántökur þjóðarbúsins á þessu ári. Þær eru talsvert miklar, það er rétt. Erlendar lántökur umfram afborganir á þessu ári nema rúmlega 1000 millj. kr. En um hitt er minna rætt, að á sama tíma er áætlað að gjaldeyrirsstaða landsmanna muni batna um 400 millj. kr. Menn kunna að spyrja í framhaldi af þessu hvort ekki væri rétt að draga úr erlendum lántökum úr því að ekki er bein gjaldeyrisleg þörf á svo miklu fjármagni erlendis frá. Gjaldeyrisstaðan héldist þá óbreytt, en innflutningur erlends fjármagns yrði að sama skapi minni, sem aftur á móti myndi draga úr þenslu og peningaveltu og stuðla að minnkandi verðbólgu.

Svar mitt við þessari spurningu er tvímælalaust jákvætt. Æskilegast er að draga úr erlendum lántökum að því marki að gjaldeyrisstaðan haldist óbreytt. En þetta verður ekki gert með því að skera niður framkvæmdir, eins og sumum dettur kannske fyrst í hug. Eina ráðið, sem tiltækt er, er að efla skipulagðan innlendan sparnað í þágu lánsfjáráætlunar, annaðhvort úr bankakerfinu, frá lífeyrissjóðunum eða frá skattgreiðendum og neytendum. Aukin innlánsbinding bankakerfis í þágu lánsfjáráætlunar, aukið lánsframboð lífeyrissjóða til fjárfestingarsjóða og sérstök fjáröflun til að standa undir fjármagnskostnaði byggðalína, — allt eru þetta leiðir að þessu sama marki: að draga úr erlendum lántökum og efla innlendan sparnað. En hitt er víst, að engin þessara leiða er vinsæl og öll viðleitni í þessa átt mun kalla á hávær mótmæli frá ýmsum aðilum.

Þessi mál verða til nánari athugunar næstu vikur og endanlegar ákvarðanir hafa ekki verið teknar. En ég ítreka þá athyglisverðu staðreynd, sem skiptir hér mestu máli, að halli á viðskiptajöfnuði er bersýnilega langtum minni en nemur tölum um erlendar lántökur eða um 100 millj. kr. á þessu ári, sem svarar til 0.5% þjóðarframleiðslu eins og áður er sagt. Á þessu sviði er því árangur okkar betri en flestra nálægra þjóða sem nú eru margar staddar í djúpum kreppudal.

Þessi samanburður við nálæg ríki leiðir hugann að ástandi atvinnumála hér á landi og í nálægum löndum. Þar er sannarlega ólíku saman að jafna. Hins vegar er nú meira rætt um versnandi afkomu fyrirtækja.

Ekki skal því haldið fram að ágætt atvinnuástand hér á landi sanni hitt, að afkoma í atvinnurekstri sé almennt viðunandi. Akoma fyrirtækja er mjög misjöfn eins og oftast áður. Óvæntar sveiflur í gengi nokkurra gjaldmiðla ógna afkomu vissra framleiðslugreina. Sívaxandi fjármagnskostnaður og skortur á rekstrarfé þrengir iskyggilega að fyrirtækjum sem veik voru fyrir. Hörð barátta ríkisstj. fyrir minnkandi verðbólgu hefur einnig leitt óhjákvæmilega til þess, að sums staðar hriktir í. En rétt er að minna á að ríkisstj. hefur gert fjölmargar ráðstafanir undanfarin misseri til að auðvelda atvinnurekstrinum að brjótast gegnum aðsteðjandi erfiðleika og hún mun áfram sjá til þess að atvinnurekstur í landinu gangi með eðlilegum hætti.

Erfiðleikar í atvinnurekstri leiða oft til uppstokkunar í rekstri, aukinnar hagræðingar og betri stjórnunar og var oft ekki vanþörf á. Áhyggjulaus atvinnurekstur er vondur rekstur. En hitt er að sjálfsögður meginatriði: að tryggja fulla atvinnu í landinu. Í nær öllum nálægum ríkjum austan hafs og vestan er gífurlegt atvinnuleysi ríkjandi: 10% í Danmörku, 8% í Bandaríkjunum, 11% í Bretlandi. Víða er atvinnuleysið meira en í kreppunni miklu á fjórða áratugnum. En hér hefur tekist að tryggja fulla atvinnu með fáum undantekningum, og þegar á heildina er litið er atvinnustig hér á landi með því besta sem verið hefur.

Vissulega hefur þessi athyglisverði árangur, sem náðst hefur á tímum kreppu í efnahagslífi flestra annarra þjóða, kostað það, að ekki er hér allt eins og við hefðum viljað í efnahagslífi landsmanna. Verðbólga er enn mjög

mikil. Við höfum forðast lamandi leiftursókn gegn lífskjörum og framförum en þess í stað leitast við af feta okkur út úr vítahring verðbólgunnar hægum en öruggum skrefum.

Þrátt fyrir allt hefur verðbólgustiðið farið verulega lækkandi. Á árinu 1979 voru verðhækkanir um 61% frá upphafi til loka árs og 59% á árinu 1980, en verða sennilega um 40% á því ári sem er að líða. Þessu marki verður þó fyrst í árslok. Auðvitað er það rétt, sem stjórnarandstaðan bendir á, að verðbólgan 1. júní s. l. var tæp 51% miðað við seinustu 12 mánuði og liðlega 49% 1. sept. s. l. En eins og áður er sagt er það fyrst í árslok sem 12 mánaða breytingin er komin niður í 40%. Að sjálfsögðu kemur ekki heldur á óvart að aukning tekna og útgjalda ríkissjóðs sé meiri en nemur verðbólguvexti á sama tíma, en tekjur og gjöld ríkisins jukust um 60—61% fyrstu 9 mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Rekstur ríkisins fylgir fleiri lögmálum en verðlagsbreytingum. Má þar nefna fólksfjölgun, aukningu ráðstöfunartekna, veltuhraða fjármagnsins, verulega magnaukningu í útgjöldum tryggingakerfisins og ýmsar fleiri ástæður sem ekki tengjast hreyfingu framfærsluvísitölu.

Í þessu sambandi er rétt að víkja örfáum orðum að einkennilegum umræðum sem orðið hafa að undanförnu um reiknitölu fjárlagafrv., en eins og kunnugt er er hún miðuð við 33% meðalhækkun verðlags og launa milli áranna 1980 og 1981. Reiknitala fjárlagafrv. hefur aldrei verið sett fram hvorki sem verðbólgumarkmið né verðbólguspá, enda var það þannig til skamms tíma, að í fjárlagafrv. var alls ekki áætlað fyrir verðbólgu komandi árs. Á seinustu árum hefur þetta þó verið gert en alltaf af varkárni. Það hefur því ekki gerst um mjög langt skeið, að tekjur og gjöld ríkisreiknings hafi verið í samræmi við fjárlagatölur. Á árunum 1971 til 1980 voru gjöldin 11.5 — 39.5% hærri en fjárlagatölur, oftast nærri 20% hærri, en næst fjárlagatölum komust útgjöldin á seinasta fjárlagaári, árinu 1980, þegar þau urðu 10.4% hærri en fjárlagatölur. Vonandi verður þessi munur enn minni á komandi fjárlagaári, en ekki er raunsætt að gera ráð fyrir öðru en hann verði einhver.

Það er ekki mjög traustvekjandi þegar ein aðalgagnrýni stjórnarandstöðunnar á fyrirliggandi fjárlagafrv. byggist á því, að í athugasemdum með frv. er beinlínis viðurkennt að verðbólga kunni að verða meiri en frv. gerir ráð fyrir. Það er rétt eins og verið sé að fordæma hreinskilni og heimta meira óraunsæi.

Sannleikurinn er sá, að þegar vinnan við fjárlagafrv. hefst í sumarbyrjun er lengra í næsta ár en svo að nokkur von sé til þess, að unnt sé að spá nákvæmlega um verðbólgu á komandi fjárlagaári, a. m. k. meðan verðbólgan er 30—50%. Eins mun flestum ljóst að betra er að hafa reiknitölu fjárlaga fremur of lága en of háa miðað við tekju- og útgjaldakerfi ríkissjóðs. Spá um verðbólgu á komandi ári er fyrst raunhæft að gera á haustmánuðum, og hætt er við að sú spá verði ekki traust að þessu sinni fyrr en nýir kjarasamningar liggja fyrir.

Því verður ekki í móti mælt, að ríkissjóður var rekinn hallalaust árið 1980 í fyrsta skipti um árabil, og raunar með umtalsverðum tekjuafgangi, eða sem nam 3.7% af útgjöldum ársins samkv. framlögðum ríkisreikningi. Flest bendir til þess, að rekstur ríkissjóðs sé áfram í viðunandi jafnvægi. Nokkur tekjuafgangur hjá ríkissjóði er eðlilegur og nauðsynlegur með hliðsjón af því, að álagðir en óinnheimtir skattar skila sér aldrei að fullu. Arin 1975—1979 var rekstrarhallinn að meðaltali 3.1%, seinasta árið, 1979, 0.4%, og verður að segjast eins og er að þeim mun skuggalegri hefur afkoman verið þegar verulegur halli taldist á ríkisreikningi að meðtöldum óinnheimtum tekjum.

Viðbrögð manna við ágætri afkomu ríkissjóðs hafa verið misjöfn. Flestir hafa fagnað því, að náðst hefur jafnvægi eftir margra ára skuldasöfnun ríkissjóðs. En til eru þeir sem telja pólitískt hyggilegast að afgreiða málið með því að segja bókhaldið sé falsað. Þetta er óneitanlega afar einföld lausn, einfalt svar, en gæti reynst heldur varhugavert fyrir íslenskt þingræði og þjóðmálaumræður á Íslandi ef mark væri á því tekið. Hvert er aðhald þings og þjóðar að gerðum ríkisstj. og fjmrh. ef slíkum fullyrðingum er almennt trúað? Það hvílir því þung ábyrgð á þeim sem þessu halda fram, þung skylda að sanna fullyrðingar sínar.

Löggjöf um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga frá árinu 1966 var einmitt sett til að koma í veg fyrir villandi færslu ríkisreiknings og tryggja raunhæfa og sambærilega uppsetningu fjárlaga frá ári til árs. Í þessum lögum, sem eru í 82 greinum, eru ítarleg fyrirmæli um bókfærslu ríkisútgjalda. Ríkisreikningur er saminn af ríkisbókhaldi undir stjórn ríkisbókara samkv. fyrirmælum þessara laga.

Það er mikill misskilningur, að unnt sé að greiða rekstrarútgjöld með lánum eða lántökum og leyna þannig útgjöldum eða falsa afkomu ríkissjóðs. Engu breytir hvort útgjöld ríkissjóðs eru greidd með framlagi eða láni, því að í báðum tilvikum eru þau færð til útgjalda, hvort heldur í fjárlagafrv., fjárlögum eða ríkisreikningi.

Rekstrarafkoma ríkissjóðs fer eftir mismun tekna og gjalda sem undantekningarlaust verður að færa eins og lög fyrirskipa. Ekki er annað vitað en það hafi verið gert lögum samkvæmt og ber sérhverjum alþm., sem fullyrðir annað, tvímælalaus skylda til að reyna að sanna mál sitt með einhverjum rökum. Því hefur verið haldið fram, að rekstrarhalli ríkissjóðs sé leyndur og felist í flutningi útgjalda yfir í lánsfjáráætlun. Með því hlýtur að vera átt við að fyrirtæki ríkissjóðs séu færð í stórum stíl úr A-hluta í B-hluta og þannig sé útgjöldum létt af ríkissjóði. Ef litið er á fjárlög fyrir árin 1980, 1981 og 1982 er ljóst að fullyrðing þessi er fjarri öllu lagi. Nokkur dæmi eru að vísu um tilflutning fyrirtækja frá A-hluta til B-hluta, en hin eru vafalaust fleiri og stærri sem felast í flutningi fyrirtækja frá B- til A-hluta.

Stefnt hefur verið að því, að allur kostnaður við undirbúning nýrra raforkuvera verði greiddur af tekjum þessara orkuvera. Kostnaður þessi er því allur skráður í B-hluta. Sama gildir um orkuverið við Kröflu sem nú fyrst er farið að skila verulegri orku. Fjármagnskostnaður við Kröflu var því fluttur úr A-hluta í B-hluta. Rétt er þó að hafa í huga að öll árin, sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sat að völdum, öll árin, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen var fjmrh., voru fjármagnsútgjöld Kröflu færð í B-hluta, eins og nú er aftur gert, og var þó virkjunin algerlega tekjulaus á þeim tíma.

Fjármagnskostnaður við stofnlínur milli landshluta, svokallaðar byggðalínur, hefur alltaf verið færður í B-hluta og svo er enn. En nú er þó í fyrsta sinn stefnt að föstum tekjustofni til að standa undir afborgunum og vöxtum af þessum línum.

Á hinn bóginn fer ekki milli mála að stórfelld útgjöld

hafa verið færð úr B-hluta í A-hluta í tilvikum þar sem segja má með rökum að viðkomandi aðilar standi ekki undir lántökum. Dæmi þessa eru fjárfestingar á vegum Rafmagnsveitna ríkisins, liðirnir dreifikerfi í sveitum og sveitarafvæðing, svo og framkvæmdir Flugmálastjórnar sem áður voru fjármagnaðar að hluta til með lánum í B-hluta en hafa verið fluttar í A-hluta.

Enginn vafi er á því, að þessar breytingar milli A- og B-hluta sýna réttari og raunhæfari mynd af rekstri ríkissjóðs en áður var. En þær eru um leið óhagstæðar fyrir bókhald ríkissjóðs þegar á heildina er litið, og miklu fremur er um að ræða að verið sé að flytja halla úr B-hlutanum og inn í A-hluta fjárlaga.

Á sama tíma hefur greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart Seðlabanka batnað, eins og best sést á því, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur lækkað seinustu árin, var 5.2% af þjóðarframleiðslu 1975 en stefnir í hlutfall sem er innan við 2% í lok þessa árs.

Vissulega er rétt að hafa í huga að skuldin við Seðlabankann er ekki eina skuld ríkissjóðs. Nú eins og alltaf áður tekur ríkissjóður lán hjá öðrum aðilum til verklegra framkvæmda, en reynt hefur verið að tryggja að afborganir lána væru hverju sinni hærri en tekin lán ríkissjóðs. Þannig var þetta ekki áður því á seinasta áratug tók ríkissjóður árlega stórfelld lán til viðbótar við vaxandi skuldasöfnun í Seðlabanka. Greiðsluafkoma ríkissjóðs hefur því einnig batnað verulega um leið og rekstrarafkoman hefur batnað.

Fimmta meginmarkmiðið, sem ég nefndi, voru lífskjörin, kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings. Augljóst er að kaupmáttur lægri launa er of lítill. Á hitt ber að líta, að ráðstöfunartekjur á mann hafa heldur farið vaxandi á þessu ári og eru nú með því hæsta sem þær hafa verið samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar, eða um 161 miðað við 100 árið 1970. 146 var kaupmátturinn árið 1974 og 149 árið 1977 en er sem sagt nú 161. Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga að viðskiptakjör þjóðarinnar, skiptahlutfallið í viðskiptum landsmanna við önnur lönd versnaði gífurlega á árunum 1978—1980 og er enn lægra en oftast áður á seinustu 10 árum. Viðskiptakjörin urðu aðeins tvisvar á seinustu árum lakari en þau eru nú, þ. e. árin 1975 og 1980.

Satt að segja er stórmerkilegt að það skuli hafa tekist seinustu tvö árin að halda uppi einum hæsta kaupmætti ráðstöfunartekna sem nokkurn tíma hefur verið hér á landi, á þeim tíma þegar viðskiptakjör eru með því lakasta sem verið hefur seinasta áratuginn.

Í þessu sambandi er sérstaklega athyglisvert að kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu hefur haldist á bilinu 247 til 259 miðað við 100 árið 1970 og er áætlaður á þessu ári 255. Kaupmáttur ellilífeyris hefur því hækkað um 155% á einum áratug og um 21% á seinustu fimm árum, en kaupmáttartalan var 211 árið 1976, miðað við 100 árið 1970.

Sjötta markmiðið, sem ég nefndi, efling íslenskrar menningar og markviss skref á átt til aukins félagslegs réttlætis, verður að sjálfsögðu ekki metið á mælistiku tölfræðinnar. Hitt er ánægjuleg staðreynd, að á tímum vaxandi kaupmáttar ráðstöfunartekna og mikils aðhalds í rekstri ríkissjóðs hefur einnig orðið hagstæð þróun á þessu sviði. Nægir að nefna sem dæmi fæðingarorlof fyrir allar mæður, sem kom til framkvæmda á þessu ári, og hlutfallslega aukin framlög til lista- og menningarstarfsemi, eins og nánar verður vikið að síðar.

Annað réttlætismál, sem varð að veruleika á þessu ári, var lækkun beinna skatta á lágum tekjum og miðlungstekjum með afnámi 1½% sjúkratryggingagjalds af tekjum ársins 1980 upp að 6½ millj. gkr. Skattalækkun þessi nýttist þó að fullu fyrir skattgreiðendur með tekjur allt að 12 millj. kr. Jafnhliða þessu hækkaði tekjutrygging öryrkja og aldraða um 7% umfram almennar launahækkanir. Fjöldamörg önnur félagsleg réttindamál mætti nefna en þess gerist ekki þörf í þessum sal.

Við skulum nú víkja nánar að efnahagsframvindu þessa árs og horfum fram undan og ræða fyrst um viðskiptakjörin.

Efnahagsmálaumræðan á síðustu vikum og mánuðum hefur að ýmsu leyti einkennst af stöðu útflutningsatvinnuveganna. Miklar sviptingar í gengisþróun á þessu ári hafa haft margvísleg áhrif á efnahagslífið. Hækkun á gengi dollarans gagnvart Evrópumyntum og verðhækkun í dollurum á nokkrum mikilvægum sjávarafurðum hefur verið hagstæð fyrir hluta útflutningsatvinnuveganna, sérstaklega frystiútflutninginn. Breytingar á útflutningsverði eru hins vegar mjög mismunandi og þrátt fyrir hækkun í dollurum á saltfiski, mjöli og lýsi fyrri hluta ársins hefur verðið farið lækkandi á síðustu mánuðum. Á þessu ári hefur einnig orðið mikil lækkun á verði áls, kísilgúrs og kísiljárns svo og á verði ýmissa iðnaðarvara.

Innflutningsverð breyttist lítið fyrstu mánuði ársins en fór síðan ört hækkandi. Olíuverð á Rotterdam-markaði hefur lengst af á þessu ári verið tiltölulega lágt miðað við heimsmarkaðsverð á hráolíu. Verðið er hins vegar í dollurum og vegna gengishækkunar dollarans hækkar olíuverð í krónum að líkindum meira en annað innflutningsverð.

Þó svo gengishreyfing dollarans hafi verið þjóðarbúinu hagstæð framan af árinu 1981 er mikil óvissa um þróun gengismála. Hin háa gengisskráning dollarans mun óhjákvæmilega hafa áhrif á verð afurða sem skráð er eða samið er um í dollurum á mörkuðum utan Bandaríkjanna. Nú þegar er farið að gæta samdráttar í eftirspurn á ýmsum útflutningsafurðum. Þótt gengisbreytingar ráði miklu um viðskiptakjör kemur þó fleira til. Verð á útflutningi á erlendum mörkuðum skiptir hér verulegu máli. Ekki er nú reiknað með að markaðsverð á frystiafurðum í Bandaríkjunum fari hækkandi á árinu 1982 frá því sem nú er.

Því er spáð, að verð á áli og kísiljárni fari heldur upp á við, enda þótt slíkt sé að verulegu leyti háð efnahagsþróun í heiminum og þar með eftirspurn eftir þessum málmum.

Af öllum sólarmerkjum að dæma virðist sem hagstæð gengisáhrif dollarans á viðskiptakjör séu nú í hámarki. Að svo stöddu er gengið út frá því, að gengi helstu mynta haldist óbreytt innbyrðis eins og það er nú. Aftur á móti er óvarlegt, eins og málin horfa nú við, að búast við viðskiptakjarabata á næsta ári, og í þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að viðskiptakjör verði 1—2% lakari en þau eru áætluð á þessu ári.

Vík ég nú að utanríkisviðskiptum.

Horfur eru á að þorskfiskafli 1981 verði um 450 þús. tonn, samanborið við 426 þús. tonn árið 1980. Annar botnfiskafli er einnig talinn verða nokkru meiri en í fyrra. Óvissa ríkir um loðnuaflann. En sé miðað við að loðnuaflinn á haustvertíð verði svipaður og 1980 og að fullu

verði veitt upp í síldarkvóta má ætla að sjávarafurðaframleiðslan verði um 2½% meiri en á árinu 1980.

Fyrstu mánuði ársins í ár var dregið verulega úr framleiðslu á áli og kísiljárni vegna raforkuskorts. Framleiðslan á árinu verður því töluvert minni en nemur fullum afköstum verksmiðjanna. Lægð í efnahagslífi Evrópuríkja hefur einnig valdið samdrætti í eftirspurn eftir þessum málmum svo og verðlækkun. Nokkrar birgðir hafa því safnast upp í landinu.

Þróun vöruinnflutnings hefur verið nokkuð sveiflukennd á þessu ári. Innflutningur var fremur lítill tvo fyrstu mánuði ársins og óx svo hröðum skrefum fram til júnímánaðar. Eftir það hefur dregið úr aukningunni og er þess að vænta, að framhald verði á því næstu mánuði. Fyrir árið allt er nú gert ráð fyrir að vöruinnflutningur í heild aukist um ½% að raungildi. Innflutningur skipa og flugvéla og til stóriðjuvera verður minni en í fyrra, en horfur eru hins vegar taldar á 1% aukningu almenns vöruinnflutnings. Er olíuinnflutningur talinn dragast saman um 9% að raungildi, en spáð er nær 4% aukningu annars almenns vöruinnflutnings.

Niðurstaða spár um útflutning og innflutning benda til þess, að vöruútflutningur aukist um 3,5% og að útflutningsverð á föstu gengi hækki um 10%. Hér er að sjálfsögðu verið að tala um árið í ár. Aftur á móti er talið að heildarinnflutningur aukist um ½% og að innflutningsverð hækki um 8%. Viðskiptakjörin verða því 1½—2% betri 1981 en á árinu 1980.

Í Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að vöruútflutningur aukist á því ári um rúmlega 3% og að vöruinnflutningur aukist einnig en þó minna. Aukning á útflutningi skýrist af auknum útflutningi á áli og kísiljárni sem þó er að sjálfsögðu töluverð óvissa um. Bæði kemur til birgðasöfnun á þessu ári og einnig að á árinu 1982 fá verksmiðjurnar nægilegt rafmagn til þess að geta starfað með fullum afköstum. Hins vegar gætir nokkurrar óvissu um markaðsaðstæður fyrir framleiðsluna. Almennt séð eru horfur á að vöruviðskiptin við útlönd verði fremur hagstæð á komandi ári. Aftur á móti má reikna með halla á þjónustujöfnuði eins og horfur eru á að verði á þessu ári. Þegar á allt er litið er þess að vænta, að utanríkisviðskipti verði í jafnvægi á næsta ári og viðskiptahalli óverulegur eða enginn.

Varðandi atvinnumál verður ekki annað sagt en að atvinnuástand hafi verið gott á þessu ári. Tekist hefur að halda uppi fullri atvinnu þótt tiltekin byggðarlög hafi óneitanlega átt í tímabundnum erfiðleikum. Í reynd hefur umframeftirspurn eftir vinnuafli verið meira vandamál hér á landi en skortur á atvinnu á undanförnum árum, einkum á vissum tímum ársins og í ákveðnum atvinnugreinum. Til að bregðast við þessum vanda er nauðsynlegt að skipuleggja framkvæmdir betur en áður og lengra fram í tímann þannig að unnt verði að laga þær að atvinnuástandi hverju sinni. Til þess að þetta markmið náist þarf samstillt átak allra aðila sem að atvinnumálum standa, opinberra aðila, samtaka einstakra atvinnugreina o. fl.

Kaupmáttur launa er nú tvímælalaust meiri en hann hefði orðið án efnahagsráðstafana um áramót og horfur voru á í árslok 1980. Þetta hefur sem sagt orðið þrátt fyrir takmörkun verðbóta á laun 1. mars s. l. Hjöðnun verðbólgu hefur átt stærstan þátt í því að treysta kaupmátt launa auk óskertrar verðbótavísitölu frá 1. júní, hagstæðrar gengisþróunar og aukins kaupmáttar ráðstöfunartekna í formi skattalækkana, eins og áður var vikið að.

Á árinu öllu verður kaupmáttur kauptaxta allra launþega líklega um 1% minni en á árinu 1980. Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann verður hins vegar um 1% meiri en á síðasta ári. Fyrir dyrum standa nú kjarasamningar við flesta launþega í landinu. Ríkisstj. mun áfram leitast við að tryggja kaupmátt og bæta og jafna lífskjör í landinu. Miklu máli skiptir að í komandi kjarasamningum verði þannig á málum haldið að kaupmáttaraukning verði tryggð án þess að það leiði til þess, að verðbólga fari aftur á skrið upp á við.

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir nokkrum samdrætti fjármunamyndunar og að því stefnt, að heildarfjárfesting yrði um 26% af þjóðarframleiðslu. Eins og nú horfir virðist fjármunamyndunin á þessu ári sem hlutfall af þjóðarframleiðslu ætla að verða heldur minni en gert var ráð fyrir í áætluninni eða rúm 25%.

Á næstu árum er stefnt að stórátaki í orkuöflun og iðnaðaruppbyggingu. Á árinu 1982 verður fyrst og fremst um undirbúningsframkvæmdir að ræða, en stórum verkáföngum í orkuframkvæmdum er þó að ljúka, einkum við Hrauneyjafoss. M. a af þessum sökum eru horfur á að fjárfesting verði lægra hlutfall af þjóðarframleiðslu 1982 en verið hefur undanfarin ár eða rétt innan við fjórðung.

Þótt flestar hagstærðir efnahagskerfisins hafi í grófum dráttum breyst í takt við almenna verðlagsþróun í landinu verður varla sagt það sama um þróun peningamála.

Á tólf mánuðum til ágústloka jókst peningamagn og sparifé um nær 86% þegar með eru taldir áfallnir vextir innlána. Aukning útlána frá innlánsstofnunum var um 64% á sama tímabili. Í lok ágúst var lausafjárstaða innlánsstofnana jákvæð um 186 millj. kr., en neikvæð um 138 millj. kr., fyrir ári, og hafði því batnað um hvorki meira né minna en 324 millj. kr. á einu ári. Hér eru tímamót í stöðu bankakerfisins og aukningin meiri en nokkur dæmi eru til á einu ári.

Gjardeyrisstaða bankanna hefur einnig batnað verulega á síðustu 12 mánuðum. Allt bendir til þess, að útlánaaukning innlánsstofnana á árinu verði meiri en nemur verðlags- og tekjubreytingum frá 1980—1981, enda hefur útlánageta bankanna aukist samfara auknum innlánum. Til ýmissa aðhaldsráðstafana hefur þó verið gripið til að draga úr aukningu útlána viðskiptabankanna. Í lok aprílmánaðar s. l. beitti ríkisstj. sér fyrir lagasetningu um sveigjanlega bindiskyldu innlánsstofnana hjá Seðlabankanum (lög nr. 12/1981). Með beitingu þessara lagákvæða getur Seðlabankinn dregið úr útlánagetu innlánsstofnana ef ástæða þykir til. Í júnímánuði nýtti Seðlabankinn sér heimild þessara laga með því að binda 2% heildarinnlána á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Bindihlutfallið hefur verið breytilegt innan ársins, en sem dæmi má nefna að í byrjun ágúst voru 230 millj. kr. bundnar í Seðlabanka með þessum hætti. Í öðru lagi voru vextir af óumsömdum yfirdrætti innlánsstofnana á viðskiptareikningum við Seðlabanka hækkaðir úr 4.75% í 5% á mánuði, sem svarar til nær 80% vaxta á ári. Þá hefur viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum verið gefinn kostur á skammtíma (15 daga) víxillánum frá Seðlabanka upp að vissum mörkum til þess að mæta venjulegum sveiflum í lausafjárstöðu.

Verðtrygging útlána og sparifjár á að sjálfsögðu mikinn þátt í stóraukinni veltu bankakerfisins. Nú má segja að allt sparifé, sem bundið er til lengri tíma en 3 mánaða, beri jákvæða vexti. Gert er ráð fyrir að hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu hækki í 26.5% á þessu ári úr 23.8% 1980. Horfur eru á að þessi hagstæða þróun haldi áfram á árinu 1982 og hlutfall innlána af þjóðarframleiðslu hækki í 29% og yrði þá hærra en verið hefur síðustu 8 ár. Hitt er annað mál, að á sama tíma og velta bankakerfisins hefur aukist og innlánsstofnanir hafa hagnast og styrkst hefur fjármagnskostnaður atvinnuveganna aukist ískyggilega og getur því orðið þörf á að endurskoða vissa þætti þessara mála, einkum vaxtakjör af afurðalánum.

Meginþræðir þjóðarbúskaparins koma saman í niðurstöðum um þjóðarútgjöld og þjóðarframleiðslu.

Samkvæmt fyrirliggjandi spám fyrir árið 1981 eru taldar líkur á að þjóðarframleiðslan vaxi um nálægt 1%. Viðskiptakjör hafa farið batnandi á þessu ári og horfur eru á að þau reynist 1½—2% betri en í fyrra. Viðskiptakjarabatinn eykur vöxt þjóðartekna umfram vöxt þjóðarframleiðslu um nær 1% þannig að þjóðartekjur eru taldar aukast um nær 2%. Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 bendir til þess, að þjóðarframleiðsla vaxi um nálægt 1%, en vegna versnandi viðskiptakjara verður aukning þjóðartekna minni eða um ½%. Þjóðartekjur á mann dragast samkv. þessu lítils háttar saman.

Horfur eru á að þjóðarútgjöld vaxi ívið minna en þjóðarframleiðslan bæði á árinu 1981 og 1982. Þessi hæga aukning þjóðarútgjalda er veigamikill þáttur í því að draga úr viðskiptahalla.

Samdráttur þjóðarútgjalda kemur fyrst og fremst fram í samdrætti fjárfestingar. M. a. dregur nú vafalaust jafnt og þétt úr lítt arðbærri steinsteypu- og verðbólgufjárfestingu, sem svo hefur verið kölluð. Útlit er fyrir að fjárfesting dragist saman um 4% á árinu 1981, og samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1982 dregst fjárfesting enn frekar saman eða sem nemur 6%. Hagtölur benda til þess, að viðskiptahallinn á árinu 1981 geti numið, eins og nefndi áðan, um 100 millj. kr. eða 0.5% af vergri þjóðarframleiðslu, en sambærilegt hlutfall 1980 var um 2.4%.

Áætlanir benda til þess, að fullt jafnvægi náist á viðskiptajöfnuði á næsta ári en þó því aðeins að samanlögð samneysla, einkaneysla og fjárfesting fari ekki fram úr því sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil þá þessu næst víkja að afkomu ríkissjóðs á því ári, sem nú er að líða.

Árið 1980 og það sem af er árinu 1981 hefur afkoma ríkissjóðs verið til muna betri en árin þar á undan eins og ég hef áður stuttlega vikið að.

Ef litið er á tímabilið janúar til apríl varð halli á ríkissjóði samtals 145 millj. kr. Í maímánuði varð aftur á móti afgangur sem nam 89 millj. kr. Mánuðina júní og júlí varð síðan aftur halli um 39 millj. kr., en ágúst og september koma út með afgang sem nam 34 millj. kr.

Níu fyrstu mánuði ársins er því halli á ríkissjóði sem nemur 61 millj. kr. eða sem samsvarar 1.5% af tekjum ríkissjóðs, sem er hlutfallslega mjög lág tala miðað við fyrri ár, en 1979 var hallinn aftur á móti 5.7% af tekjum á þessum sama tíma. Á árinu 1980 var hliðstætt hlutfall 0.9%, en þá ber að hafa í huga að fjárlög voru fyrst afgreidd undir páska og hefur það viss áhrif á útgjaldaþróun hjá ríkissjóði yfir árið. Heildarútgjöld ríkissjóðs fyrstu níu mánuði ársins 1981 nema samtals 4111 millj. kr. og tekjur eru á sama tímabili 4050 millj. kr.

Markvisst hefur verið stefnt að því að halda niðri árstíðabundnum yfirdrætti í Seðlabankanum og hefur í því efni náðst verulegur árangur á síðustu árum.

Fjárlög ársins 1981 gera ráð fyrir að tekjur umfram gjöld verið 57 millj. kr. og greiðsluafgangur nemi 28 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að afborganir til Seðlabankans verði 100 millj. kr.

Enn er of snemmt að segja til um með vissu hver verður endanleg afkoma ríkissjóðs á þessu ári. Áætlanir, sem gerðar hafa verið, benda þó til þess, að í fjármálum ríkissjóðs náist þau markmið sem sett voru í fjárlögum.

Samkv. 1. gr. fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er mismunur heildartekna og heildarútgjalda um 151 millj. kr. Heildartekjur nema alls 7799 millj. kr. samkv. frv. Beinir skattar, þ. e. tekjuskattur og eignarskattur, eru þar af áætlaðir 1356 millj. kr. eða 17.4%. Óbeinir skattar eru áætlaðir 6327 millj. kr. eða 81% af tekjum ríkissjóðs. Aðrar tekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 117 millj. kr. eða 1.6% af heildartekjum. Heildarskattbyrði vegna skattheimtu ríkissjóðs er samkv. þessu um 28.1% af áætlaðri vergri þjóðarframleiðslu en var 28.2% í fjárlagafrv. 1981.

Tekjuáætlun svo og gjaldahlið þess frv., sem hér er til umr., er reist á fyrrnefndri reiknitölu frv., þ. e. við það er miðað, að kauplag og verðlag hækki að meðaltali um 33% milli áranna 1981 og 1982. Miðað er við að tímabundnir skattar, sem lögum samkv. ættu að falla niður um næstu áramót, verði framlengdir, þó ekki sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex sem fellur niður í lok febr. 1982. Hafa þá verið tekin inn áhrif tollalækkana frá árinu 1981.

Heildargjöld ríkissjóðs eru alls 7648 millj. kr. Af þessari fjárhæð renna um 3014 millj. kr. til samneyslu, 1226 millj. kr. til framkvæmda og til framkvæmdasjóða og um 3440 millj. kr. til neyslu- og rekstrartilfærslna.

Í 1. gr. frv. kemur fram að heildarlánsfjáröflun nemur 1185 millj. kr. Þar af renna um 748 millj. kr. til B-hluta fyrirtækja og sjóða, en 317 millj. kr. eru lántaka vegna A-hluta frv. Af heildarlántökum eru um 520 millj. kr. innlend uppspretta lánsfjár, en um 665 millj. kr. eru fyrirhugaðar erlendar lántökur.

Lánagreiðslur A-hluta frv. umfram lántökur nema alls um 79 millj. kr. Innifalið í útstreymi á lánahreyfingum, sem er alls 397 millj. kr., er afborgun lána til Seðlabanka Íslands að fjárhæð 120 millj. kr.

Í frv. er að því stefnt að endurgreiðslur lána í A-hluta ríkissjóðs nemi 79 millj. kr. umfram lántökur. Afborganir af lánum eru áætlaðar 320 millj. kr. og vaxtagreiðslur 264 millj. kr., eða alls 584 millj. kr., og eru þá ótaldir vextir og afborganir B-hluta fyrirtækja.

Frv., eins og það nú liggur fyrir, er með um 57 millj. kr. greiðsluafgangi. Hér á eftir verður fjallað um helstu niðurstöður tekju- og gjaldahliðar frv. svo og lánahreyfingar. Ég vík þá að tekjuáætlun ríkissjóðs 1982.

Tekjuáætlun ríkissjóðs í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er að venju reist í fyrsta lagi á endurskoðaðri áætlun um tekjur ríkissjóðs á yfirstandandi ári, í öðru lagi á ákveðnum þjóðhags- og verðlagsforsendum og í þriðja lagi á ákveðnum forsendum um einstaka tekjuliði. Ég hef hér á undan fjallað um almennar forsendur frv.

Áætlanir um helstu stofna óbeinna skatta eru miðaðar við að velta aukist um 1.0% að raungildi frá fyrra ári. Í

áætlun um aðflutningsgjöld er gert ráð fyrir 2.5% aukningu almenns vöruinnflutnings og að innflutningsverð hækki um 7% í erlendri mynt en um 33% í krónum. Tekið hefur verið tillit til lækkunar gjalda á nokkrum tegundum eldhústækja og lækkunar á innflutningsgjaldi af sparneytnum bifreiðum svo og niðurfellingar á tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex sem ég nefndi áðan. Að öðru leyti er ekki um meiri háttar breytingar á innflutningsgjöldum að ræða og verður nánar vikið að þeim síðar. Innheimtar tekjur ríkissjóðs á árinu 1982 eru áætlaðar samtals 7799 millj. kr., samanborið við 5619 millj. kr. í áætlun fyrir árið 1981. Samkv. þessu aukast tekjur um 2180 millj. kr. eða 38.8% frá áætlaðri niðurstöðu í ár, en frá fjárlögum nemur aukningin rösklega 41%.

Í frv. er talið að innheimta teklu- og eignarskatts nemi 1982 um 1356 millj. kr., samanborið við 978 millj. kr. í fjárlögum 1981 og 908 millj. kr. í endurskoðaðri tekjuáætlun 1981.

Hvað varðar skattvísitölu, sem ákvarðar breytingar frádráttarliða, skattstiga, persónuafsláttar og barnabóta, er gert ráð fyrir að hún verði ákveðin 150 stig og er það í fullu samræmi við áætlaða tekjuhækkun milli áranna 1980 og 1981.

Meginforsendur fyrir áætlun frv. um tekjuskatt einstaklinga á árinu 1982 er sú, að skattbyrði haldist óbreytt sem hlutfall af tekjum tekjuárs milli áranna 1980 og 1981. Auk þess er reiknað með að framteljendum fjölgi um 1%.

Áætlanir um álagningu eignarskatta á árinu 1982 eru reistar á þeirri meginforsendu, að fasteignamat hækki um sem næst 45% frá des. 1980 til jafnlengdar 1981 og að verðhækkun annarra eigna sé svipuð.

Verulegar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt eru ekki áformaðar á árinu 1982, en fyrirhugað er að frv. um staðgreiðslu skatta verði fljótlega lagt fram á Alþingi. Verði staðgreiðslufrv. að lögum nú fyrir áramót og gangi allur undirbúningur vel er hugsanlegt að hefja innheimtu skatta samkv. staðgreiðslukerfi í ársbyrjun 1983. Til þess að svo verði þyrfti Alþingi að samþykkja sérstök lög næsta haust, þ. e. haustið 1982, um upphaf staðgreiðslu og skattahlutföll miðað við áætlað verðbólgustig þegar kerfið kemur til framkvæmda.

Almennar tolltekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 667 millj. kr. á árinu 1981 og er það rúmlega 30 millj. kr. hærri upphæð en í fjárlagaáætlun. Reiknað er með svipuðu tollhlutfalli í almennum innflutningi og á árinu 1980 eða rétt tæplega 8%. Tollhlutfall í bifreiðainnflutningi er hins vegar talið aukast nokkuð frá fyrra ári vegna hlutfallslega meiri innflutnings á fólksbifreiðum en öðrum bifreiðum.

Með reglugerð nr. 453/1981 var ákveðin 30% lækkun á innflutningsgjaldi sparneytinna bifreiða frá 1. ágúst 1981. Áætlað tekjutap ríkissjóðs af innflutningsgjaldi vegna þessarar lækkunar er 2—3 millj. á árinu 1981 og 20—25 millj. á árinu 1982. Með hliðsjón af þessu er innflutningsgjald af bifreiðlum áætlað um 125 millj. í þessu frv.

Heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum á árinu 1982 eru áætlaðar rúmlega 900 millj. og er það um 35% hækkun frá áætlun 1981. Hlutfall tolltekna af heildartekjum ríkissjóðs verður svipað og það var í áætlun þessa árs, þó ívið lægra, og hefur það hlutfall lækkað úr 14% árið 1979 í 11.5% samkv. þessu frv. Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum hafa því lækkað verulega á síðustu árum. Hið sama er uppi á teningnum þegar horft er á tölur um tolltekjur af bifreiðum og raunar hafa tolltekjur af bensíninnflutningi heldur lækkað frá árinu 1979.

Hvað önnur innflutningsgjööld varðar er helsta hreyfing vegna niðurfellingar tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex, eins og áður hefur komið fram. Tekjur af þessu gjaldi eru því einungis áætlaðar tæplega 3 millj. á næsta ári en eru áætlaðar um 13 millj. á þessu ári.

Alls eru heildargjöld af innflutningi áætluð 1339 millj. kr. á árinu 1982, sem er 36% hækkun frá líðandi ári. Samkv. þessum áætlunum yrðu innflutningsgjöld rúmlega 17% af heildartekjum ríkissjóðs 1982 eða heldur lægra hlutfall en 1981, en hins vegar talsvert lægra en árið 1980 þegar hlutfallið var tæplega 19%.

Í fjárlögum ársins 1981 voru heildartekjur af seldri vöru og þjónustu áætlaðar um 2719 millj. kr., en nú eru horfur á að þær nemi um 5% umfram fjárlagatöluna. Hækkunina má einkum rekja til breyttra verð- og veltuforsendna. Áætlun um söluskatt fyrir árið 1982 gerir ráð fyrir að innheimtur skattur verði 36% hærri en á þessu ári. Þetta eru um 33% af heildartekjuum ríkissjóðs, en til viðbótar kemur orkujöfnunargjald sem rennur óskipt í ríkissjóð. Samtals nemur gjald á söluskattsstofn 2978 millj. kr., þar af til ríkissjóðs 2775 millj. kr., og eru það 35.5% af heildartekjum.

Þá vík ég næst að gjaldaáætlun ríkissjóðs í fjárlagafrv. fyrir árið 1982.

Heildarútgjöld á rekstrarreikningi í frv. eru áætluð 7648 millj. kr., og er það um 40% hækkun frá fjárlögum fyrir árið 1981.

Eins og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1981 er launaliður einstakra stofnana tilgreindur miðað við kauplag í upphafi fjárlagaárs. Þessi upphæð nemur 1902 millj. kr. og er 40% hærri en sambærileg upphæð í fjárlögum 1981. Enn fremur er áætluð hækkun á árinu 1982 í samræmi við forsendur frv. um kaupgjald og verðlag. Vegin meðalhækkun ársins 1982 er 12.75% og nemur 270 millj. kr.

Hækkun verðbótavísitölu á árinu 1981 nemur 36% og er þá áætluð 9% hækkun 1. des. n. k., en sennilega verður hækkunin ívið minni. Samkv. því er umframhækkun launa 4%. Ekki verður hér gerð nákvæm grein fyrir umframhækkuninni sem er 4%. Lauslegt mat bendir til þess, að magnaukning nemi um 1.3%. Til viðbótar koma óbein áhrif kjarasamninga, nýir samningar við nokkrar starfsstéttir og launaskrið.

Önnur rekstrargjöld nema samtals 499 millj. kr. eða 42.6% hærri upphæð en í fjárlögum 1981.

Eins og komið hefur fram er miðað við 33% verðlagshækkun frá meðaltali ársins 1981 til meðaltals 1982. Við gerð fjárlaga 1981 var sambærileg hækkun áætluð 42%, en nú er hins vegar ljóst að sú hækkun verður um 50%. Tillit hefur verið tekið til þessa mismunar í þessu frv. og vanáætlun ársins 1981 bætt við hina almennu verðlagsforsendu nú. Eðlileg hækkun þessa liðar er því metin um 40%, en það felur í sér nær óbreytt útgjöld á föstu verðlagi eða óbreytt magn.

Framlög til viðhalds nema samtals 233 millj. kr., og er það rösklega 50% hækkun frá fjárlagatölu 1981. Það, sem veldur mestu um hækkun umfram almenna verðlagsforsendu, er hækkun á viðhaldi vega um 56.4% og er það í samræmi við vegáætlun og stefnu Alþingis um að

auka framlög til vegagerðar. Annað viðhald hækkar um 35.6% og er á hliðstæðan hátt og áður leitast við að bæta úr brýnni viðhaldsþörf og áhersla lögð á að eignum hraki ekki.

Verklegar framkvæmdir eru áætlaðar 737 millj. kr. Þetta er magnaukning um 1—1½% frá þessu ári. Sú magnaukning er aðallega vegna vegamála og í samræmi við vegáætlun, þar sem byggt er á því, að 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu verði varið til vegamála.

Framlög til fjárfestingarlánasjóða nema 438 millj. kr., og eru þessi framlög ákveðin lægri en lög gera ráð fyrir. Þó er þeirri reglu fylgt nú að framlög til sjóða hækki ekki minna en 33% frá fjárlögum 1981 og ekki meira en 40%.

Telja verður að verðtrygging útlána sjóðanna hafi verulega styrkt stöðu þeirra og því ekki jafnbrýn þörf og áður að sjá þeim fyrir óafturkræfum framlögum úr ríkissjóði. Af þessum sökum verður nú enn leitað heimildar til þessarar skerðingar í frv. að lánsfjárlögum, eins og verið hefur undanfarin þrjú ár.

Ég vík nú að útgjöldum ráðuneyta og nefni helst þá útgjaldaþætti þar sem útgjöld breytast að raungildi frá árinu 1981.

Fjárveiting til starfsemi menntmrn. hækkar um rúmar 340.7 millj. kr., og verður hún samtals að fjárhæð 1133 millj. kr.

Framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna verður 117 millj. kr., sem er hækkun um 44.7% frá fjárlögum ársins 1981. Þar að auki verður aflað 50 millj. kr. lántökuheimildar handa sjóðnum. Gert er ráð fyrir að útlánageta sjóðsins verði alls um 144.9 millj. kr. og styrkveitingar verði o.8 millj. kr. Útlán sjóðsins miðast við það, að mætt verði 90% umframfjárþörf námsmanna, en fjárútvegun til styrkveitinga miðast við að unnt verði að greiða ferðastyrki námsmanna að haustlagi, sem er nýbreytni. Þetta felur að sjálfsögðu í sér aukin útgjöld meðan verið er að koma þessari tilhögun á.

Framlög til stórra framkvæmdaflokka eru að öllu jöfnu hækkuð um 28% frá fjárlögum 1981 samkv. meginforsendum frv.

Framlög til byggingar dagvistarheimila eru aftur á móti hækkuð meira en meginforsendur frv. gera ráð fyrir. Þannig verður fjárveiting til dagvistarheimila 15 millj. kr., sem er hækkun um 36.3% frá fjárlögum 1981, og sama gildir um framlög til flugvallaframkvæmda, sem hækka um 36%.

Stefna þessarar ríkisstj. er að efla listastarfsemi í landinu og hafa því ríkisframlög til lista- og menningarmála verið aukin mjög á undanförnum tveimur árum. Þessari stefnu er fram haldið í þessu frv. og eru framlög til lista áætluð 14.5 millj. kr., en það er um 67% hækkun frá fjárlögum 1981.

Í upphafi árs 1979 kynnti Rannsóknaráð ríkisins langtímaáætlun um rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna. Í skýrslunni kemur fram að Íslendingar verja mun minna fjármagni til rannsókna- og þróunarstarfsemi en þær þjóðir sem eru á svipuðu hagþróunarstigi og við Íslendingar. Af vergum þjóðartekjum verja Íslendingar 0.4—0.5% til rannsókna, en aðrar þjóðir 1—2.5%.

Í 25. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., segir:

„Til stuðnings áætlanagerðar um atvinnuvegina skal efla rannsóknastarfsemi í þeirra þágu með hliðsjón af langtímaáætlun Rannsóknaráðs ríkisins um það efni, eins og hún verður staðfest af stjórnvöldum."

Nú í sumar kynnti undirnefnd fjvn. Alþingis sér starfsemi einstakra rannsóknastofnana, sérstaklega með tilliti til verkefna stofnananna og fjármála þeirra. Niðurstaða undirnefndar fjvn. var á þá leið, að fjölga bæri stöðuheimildum hjá nokkrum rannsóknastofnunum auk breytinga á öðrum rekstrarliðum. Tillögum nefndarinnar hefur verið fylgt í frv. Samkv. tillögu nefndarinnar var þannig fjölgað um 16.5 stöðugildi samtals, en það ber þó að hafa í huga, að sértekjur viðkomandi stofnana hækka yfirleitt á móti þeim útgjaldaauka sem áðurnefnd stöðufjölgun hefur í för með sér.

Undir safnliðnum Ýmislegt í menntmrn. er fjárlagaliður sem hefur misritast, og vil ég nota þetta tækifæri til að koma leiðréttingu á framfæri. Er það liðurinn Safnastofnun Austurlands sem byggður er á skriflegu samkomulagi ráðuneyta vegna yfirtöku landbrn. á eign safnsins, Skriðuklaustri í Fljótsdal, en framlagið á að vera 400 þús. kr.

Framlag vegna útgjalda á vegum utanrrn. verður 77.5 millj. kr., sem er hækkun um 20.7 millj. kr. frá fjárlögum 1981. Hæst ber hækkun á framlögum sem falla undir málaflokkinn „Aðstoð Íslands við þróunarlöndin", en fjárveiting til þess málaflokks tvöfaldast að krónutölu, hækkar um 103.4%, og verður framlagið tæplega 19 millj. kr. Framlag til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, en stofnun þessi heyrir undir áðurnefndan málaflokk, hækkar þannig um 110.4% og verður rúmlega 10 millj. kr., en Alþingi hefur nýlega samþykkt lög um stofnunina. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna hækkar um tæplega 560% og verður 3.6 millj. kr. Má því segja að hér sé um stóraukið átak að ræða, eins og hækkun fjárveitinga til þessa málaflokks ber rækilega vitni um.

Í 6. gr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að heimild fáist til allt að 10 millj. kr. lántöku vegna flugstöðvar í Keflavík. Samkv. stjórnarsáttmála ríkisstj. skal fara með flugstöðvarmál sem hér segir:

„Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar."

Ljóst er af þessu, að eigi verður ákveðið að ráðast í framkvæmdir við flugstöðina nema allir ráðherrar samþykki, og hefur utanrrh. lagt áherslu á þá túlkun í ræðum á Alþingi. Jafnframt því að taka ákvörðun um áðurgreinda lánsfjárheimild vegna flugstöðvarinnar hefur ríkisstj. ákveðið að fela þriggja manna nefnd allra stjórnaraðilanna að taka flugstöðvarmálið til athugunar, m. a. hönnun byggingarinnar og hugsanlega áfangaskiptingu. Mun nefndin gera tillögur til ríkisstj. um það, hvernig áðurnefnd lántaka yrði nýtt.

Fjárveiting til verkefna á sviði landbrn. hækkar um 102 millj. kr. og verður framlagið 338 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að bætt verði við 8 stöðugildum á fjárlagaliðnum forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum. Fjárveiting er því til 30 stöðugilda allt árið 1982 að viðbættum 6 stöðugildum frá 1. júlí 1982 að telja. Verða stöðugildi þannig orðin 36 talsins í árslok 1982.

Liðurinn „lántökukostnaður vegna laga nr. 9/1980" hækkar um 17.7 millj. kr., og verður framlag þannig 19.7 millj. kr. Fjárveiting þessi er til að greiða afborganir og vexti af láni sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tók samkv. fyrrgreindum lögum, en hluti af láni þessu fellur á ríkissjóð.

Núna í haust hófst að nýju skólahald við Bændaskólann á Hólum. Fjárlög 1981 gerðu því einungis ráð fyrir fjárveitingu til skólans vegna kennslu sem samsvari öðru skólamisserinu. Þetta frv. gerir hins vegar ráð fyrir skólahaldi við skólann allt árið 1982 og eru fjárveitingar miðaðar við það. Þá er að auki gert ráð fyrir stórátaki í uppbyggingu staðarins. Þannig hækkar fjárveiting vegna viðhalds og gjaldfærðs stofnkostnaðar um samtals 3.9 millj. kr. og verður fjárveiting rúmlega 4.9 millj. kr.

Framlög til verkefna sem falla undir starfsemi á sviði sjútvrn. hækka um 36.4 millj. kr., og verður fjárveiting til málaflokka rn. samtals að fjárhæð 121.4 millj. kr.

Gert er ráð fyrir að stofnað verði nýtt útibú við Hafrannsóknastofnun og hefur þessu viðbótarútibúi verið valinn staður í Ólafsvík. Kostnaður ríkissjóðs vegna þessarar útibússtofnunar er að fjárhæð 217 þús. kr. Af öðrum nýmælum við Harannsóknastofnun má geta þess, að gert er ráð fyrir 6 lausráðnum rannsóknarmannsstöðum á viðfangsefninu Tímabundin verkefni. Stöður þessar eru þannig færðar á einn sérstakan lið, og er gert ráð fyrir að fjvn. Alþingis geri tillögu um til hvaða rannsókna stöður þessar verði nýttar á árinu 1982. Úthald rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar er ráðgert það sama og í fjárlögum 1981, þ. e. að hvert skip verði gert út sem svarar 9 mánuðum á árinu 1982.

Þá má geta þess, að gert er ráð fyrir eflingu á starfsemi útibúa Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Hefur þannig verið gert ráð fyrir fjölgun um hálft stöugildi við hvert útibúanna á Ísafirði, Neskaupstað og Akureyri.

Hækkun útgjalda á málefnaflokkum félmrn. nemur samtals 73.8 millj. kr., og verður fjárveiting til rn. samtals að fjárhæð 272.2 millj. kr.

Fyrirhugað er stórátak í byggingu félagslegra íbúðabygginga. Þannig verður fjárveiting til Byggingarsjóðs verkamanna 111.3 millj. kr., sem er hækkun um 48.4% frá fjárlögum 1981. Auk þess er gert ráð fyrir verulegri aukningu á lánsfjáröflun til sjóðsins. Hefur útlánageta sjóðsins þannig nærfellt þrefaldast frá yfirstandandi ári og er hún þannig áætluð 268 millj. kr. árið 1982. Gert er ráð fyrir að útlánaáætlun sjóðsins verði þannig: Í fyrsta lagi að veitt verði 80% lán til byggingar 100 leiguíbúða sveitarfélaga, í öðru lagi að veitt verði 80% lán til 110 endursöluíbúða, í þriðja lagi hafa verið samþykkt 207 lán til nýbygginga verkamannabústaða á árinu 1981, en hinn 1. ágúst 1981 voru í undirbúningi á ýmsum byggingarstigum samtals 472 íbúðir. Ekki er enn þá fullljóst hversu hratt þessum framkvæmdum kemur til með að miða á árinu 1982, en frv. gerir ráð fyrir að veitt verði 300 full lán á vegum sjóðsins.

Framlag ríkissjóðs til vatnsveituframkvæmda á vegum sveitarfélaga hækkar verulega frá fjárlögum 1981. Þannig verður framlag ríkissjóðs 3.2 millj. kr., en var 1.7 millj. kr. í fjárlögum 1981, og er þetta hækkun um 88.2%. Hér er því um að ræða stórátak til að létta undir með sveitarfélögum í vatnsveituframkvæmdum á þeirra vegum.

Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum var sett á fót sérstök stofnun sem hlaut nafnið Vinnueftirlit ríkisins. Í fjárlögum fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir að stöðuheimildir við stofnunina yrðu 18 talsins og voru fjárveitingar miðaðar við það. Nú hefur þegar fengist töluverð reynsla af starfsemi stofnunarinnar og hefur því verið ákveðið að fjölga grunnheimildum um tvær stöður. Jafnframt gerir frv. ráð fyrir verulegri aukningu á rekstrargjöldum við stofnunina, og hækka þau um 120% frá fjárlögum ársins 1981.

Fjárveiting til Bjargráðasjóðs Íslands hækkar um 101.6% frá fjárlögum 1981 og verður framlagið samtals að fjárhæð 4.9 millj. kr. Fjárveiting þessi er annars vegar vegna lögbundins framlags ríkissjóðs að fjárhæð 3.4 millj. kr. og hins vegar sérstakt framlag að fjárhæð 1.5 millj. kr., sem er til að létta undir greiðslubyrði sjóðsins af svokölluðum harðærislánum sem sjóðurinn tók árið 1980.

Til heilbrigðis- og tryggingarmála fara samtals um 2 778 millj. kr. Þetta er langstærsti útgjaldaþáttur frv. og um 36% af heildarútgjöldum ríkissjóðs.

Útgjöld Tryggingarstofnunar ríkisins vegna lífeyris-, sjúkra- og slysatrygginga nema alls 2 071 millj. kr. Í fjárlögum nemur sambærileg fjárhæð 1 332 millj. kr. Útgjöldin hækka því alls um 739 millj. kr. eða tæp 56%. Hækkun þessa liðar er verulega umfram verðlagsbreytingar og á það sér ýmsar skýringar. Fyrst er til að nefna, að í nóvember 1980 hækkuðu almennar bætur lífeyristrygginga og tekjutrygging í kjölfar kjarasamninga þá um haustið. Fyrir þessari útgjaldahækkun var ekki áætlað í fjárlögum 1981, enda var svo litið á að útgjöld, sem af kjarasamningum stafa, skili sér að nokkru aftur í auknum tekjum ríkissjóðs af veltusköttum. Þá má nefna að fæðingarorlof kom fyrst til útgjalda undir lífeyristryggingum 1981 og voru þá áætlaðar til verkefnisins 36 millj. kr. Sýnt er að útgjöld ársins í ár verða verulega hærri vegna þessa verkefnis, og ákvarðast fjárhæð næsta árs að nokkru af þessu.

Því er ekki að leyna, að útgjöld sjúkratrygginga aukast ótrúlega hröðum skrefum. Stafar þetta m. a. af aukinni starfsemi á sjúkrahúsum og hækkun daggjalda. Gallinn er þó sá, að erfitt hefur reynst að áætla rekstrarkostnað þessara sjúkrahúsa. Þegar það endurtekur sig ár eftir ár að útgjöld til daggjaldastofnana fara langt fram úr fjárlögum og árlegum verðlagsbreytingum er óhjákvæmilegt að spyrnt sé við fótum.

Á vegum heilbr.- og trmrh. er verið að undirbúa frv. sem felur í sér heimild til breytinga á rekstrarframlögum til sjúkrahúsa, sem felur í sér að heimild verði veitt til þess að daggjaldasjúkrahús verði tekin inn á bein fjárlög. Einnig er full ástæða til að endurskoða stjórnunarform þessara stofnana, og hef ég þá í huga að ríkissjóður greiðir í mörgum tilfellum á bilinu 90—93% af heildarrekstrarútgjöldum þeirra. Þrátt fyrir þetta eru sjúkrahúsin stjórnunarlega rekin á ábyrgð sveitarfélaganna. Ekki er fullt samræmi í þessu.

Þá vil ég sérstaklega nefna Framkvæmdasjóð aldraðra, en framlag til sjóðsin nemur 24.5 millj. kr. Sjóðurinn, sem stofnaður var með lögum nr. 49/1981, á að stuðla að byggingu húsnæðis og dvalarstofnana fyrir aldraða, og er sú upphæð, sem sjóðnum er áætluð til ráðstöfunar á árinu 1982, u. þ. b. þrefalt hærri en varið er til samsvarandi verkefna á þessu ári. Er vel við hæfi að gert sé sérstakt átak í þessum málum á næsta ári sem er alþjóðaár aldraðra.

Um framlög til trygginga- og heilbrigðismála umfram það, sem þegar er getið, tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða. Veigamesti liður þeirra útgjalda er starfsemi ríkisspítalanna, en á rekstri þeirra er ekki fyrirhuguð teljandi breyting frá því sem nú er.

Fjárveiting til verkefna fjmrn. verður rétt um 700

millj. kr., sem er hækkun um 115 millj. kr.

Tekinn er upp nýr fjárlagaliður á vegum rn. Er það liðurinn Húsnæðisbreytingar vegna fatlaðra, og er fjárveiting til þessa verkefnis að fjárhæð 1 millj. kr. Fjárveiting þessi er ætluð til að auðvelda fötluðu fólki aðkomu og umferð um opinber fyrirtæki og stofnanir.

Þá er gert ráð fyrir fjárveitingu að upphæð 1.5 millj. kr. til viðgerðar og lagfæringar á húseigninni Laugavegi 166, sem er svokallað Víðishús. Framkvæmdir á nefndri húseign eru nú þegar farnar af stað og er fyrsti áfangi verksins fólginn í að setja nýtt þak á húsið. Jafnframt vinnur fjmrn. að athugun á því, hvaða ríkisstofnanir koma til með að fá inni í húsinu. Verið er að vinna að því að Landmælingar Íslands verði þar til húsa, og yrði það verulega hagkvæmt fyrir rekstur þeirrar stofnunar.

Útgjöld til málaflokka samgrn. hækka um 230 millj. kr. og verða um 780 millj. kr.

Hæst ber framlög til vegamála, en þau nema samtals 566 millj. kr., sem er hækkun um 46% frá fjárlögum 1981. Markaðar tekjur til vegagerðar, þ. e. bensíngjald, gúmmígjald og bifreiðaskattur, nema samtals 351 millj. kr. Þá er fyrirhuguð lántaka að upphæð 200 millj. kr. Fjárveiting úr ríkissjóði verður þannig 15.5 millj. kr. Heildarframlag til vegamála jafngildir þannig 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu. Stefna Alþingis gerir ráð fyrir að auka hlut vegamála af vegri þjóðarframleiðslu um 0.1% frá því sem nú er. Þegar útgjöld til vegamála verða aukin sem þessu hlutfalli nemur verður jafnframt að gera ráð fyrir að Alþingi samþykki samsvarandi tekjuaukningu á móti.

Gert er ráð fyrir nokkurri magnaukningu á framkvæmdum til flugmála, eins og áður var vikið að. Þannig hækkar stofnkostnaður hjá Flugmálastjórn um 8.2 millj. kr. og verður 31.1 millj. kr. Í frv. er yfirleitt gert ráð fyrir að framlög til einstakra framkvæmdaflokka hækki um 28%, frá þessu eru örfáar undantekningar. Eins og áður segir hækkar fjárveiting til framkvæmda í flugmálum um 36%.

Fjárveiting til viðskrn. verður 507 millj. kr., sem er hækkun um tæpar 100 millj. kr.

Hæst ber liðurinn Niðurgreiðslur á vöruverði, en áformaðar niðurgreiðslur verða 466 millj. kr. Áætlað niðurgreiðslustig í des. n. k. kostar á einu ári um 376 millj. kr., og eru þá eftir 65 millj. kr. til að mæta auknum niðurgreiðslum á árinu 1982.

Í fjárlögum fyrir árið 1981 er olíustyrkur til húshitunar 50 millj. kr., og var gert ráð fyrir að meðalfjöldi styrkja væri um 32 000 á ársfjórðungi. Árið 1982 er hins vegar gert ráð fyrir að styrkjum fækki nokkuð frá því, sem er á þessu ári, og verði styrkirnir 27 000 talsins á hverjum ársfjórðungi, en fjárveiting nemur 30 millj. kr.

Við áætlun vaxtakostnaðar er byggt á forsendum frv. um hækkun viðkomandi vísitalna að því er tekur til verðtryggðra lána og gengis, auk þess sem nettóbreyting á skuldastöðu ríkissjóðs hefur að sjálfsögðu áhrif á áætlunartöluna. Heildarvaxtakostnaður á árinu 1982 er áætlaður 264 millj. kr., og er það hækkun um 38.2% frá fjárlögum 1981.

Vaxtagreiðslur til Seðlabanka Íslands eru áætlaðar 104 millj. kr., og er það hækkun um rösklega 6 millj. frá áætlun fjárlaga 1981. Vextir af lánum ríkissjóðs hjá öðrum en Seðlabanka eru áætlaðir 160 millj. og hafa hækkað um 67 millj. kr.

Á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar og ríkisendurskoðunar er unnið að margs háttar hagsýsluverkefnum. Á vegum hinnar fyrrnefndu hefur starfsemin m. a. beinst að skipulags- og rekstrarhagræðingu, auk þess sem tölvumál einstakra stofnana og stærri heilda taka aukið rými. Í ár hefur m. a. verið unnið að endurskipulagningu á fjármálastjórn Ríkisútvarpsins. Að beiðni dómsmrn. er unnið að úttekt á starfsemi Vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Þau atriði, sem þar verða m. a. könnuð, eru stjórnun, skipulag og fjármál. Þessi úttekt kom beint og óbeint í kjölfar athugunar á vinnutilhögun á Kvíabryggju sem fram fór á árinu 1980.

Á árunum 1980 og 1981 hefur farið fram athugun á starfsemi Landmælinga Íslands. Nær sú athugun til stjórnar, fjármála og þess að leysa húsnæðismál stofnunarinnar. Starfsemi Landmælinga hefur um nokkurt bil verið í ófullnægjandi húsnæði.

Af öðrum verkefnum má nefna, að í samvinnu við skólastjóra Hvanneyrarskóla hafa rekstrarmál þess skóla verið til athugunar, m. a. með tilliti til viðfangsefnaskiptingar á starfsemi stofnunarinnar í fjárlögum. Þessu verkefni er því sem næst lokið. Í mörgum tilfellum virðist í senn æskilegt og nauðsynlegt að starfsemi stofnana, sem hafa margvíslega starfsemi á sinni könnu, sé skipt upp í hæfileg viðfangsefni.

Af öðrum hagræðingarverkefnum, sem unnið er á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar má nefna endurskoðun á starfsemi Fasteignamats ríkisins. Þessu verkefni lýkur væntanlega fyrri part árs 1982.

Af öðrum verkefnum má nefna úttekt á málum Rannsóknarlögreglu ríkisins og Námsgagnastofnunar.

Fyrir tveimur árum var talið nauðsynlegt að tölvumál ríkisstofnana og fyrirtækja yrðu sveigð í ákveðnari farveg en þau höfðu þróast í til þess tíma. Til fjáralaga- og hagsýslustofnunar var ráðinn starfsmaður með sérþekkingu á þessu sviði. Verkefnin, sem að tölvumálum snúa, eru æðimörg og sum hver yfirgripsmikil. Má þar sérstaklega nefna tölvuverkefni hjá Tollstjóraembættinu í Reykjavík. Starfsmenn á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar, ríkisendurskoðunar og tollstjóraembættisins vinna nú að tölvuvæðingu embættisins, og standa vonir til þess að hraða megi allri afgreiðslu hjá embættinu, auk þess sem öll meðferð upplýsinga varðandi innflutning og tollamál verður greiðari.

Að öðrum verkefnum á sviði tölvumála má nefna athugun á fjárhagsbókhaldi og áætlanagerð nokkurra stofnana og fyrirtæka. Einnig hefur færst í vöxt að stofnanir, sem þurfa að geyma miklar upplýsingar, nýti tölvutæknina. Í þessu sambandi er unnið að athugun á tölvuvinnslu fyrir rannsóknarbókasöfn, Siglingamálastofnun o. fl. aðila.

Á vegum ríkisendurskoðunar hafa farið fram athuganir á starfsemi og stjórnun nokkurra ríkisstofnana. Má í því sambandi nefna skýrslu um Orkustofnun, Sinfóníuhljómsveit og Þjóðleikhús. Ríkisendurskoðun hefur einnig dregið saman upplýsingar um þróun ríkisframlaga og útgjalda til nokkura sérsviða í ríkisrekstrinum. Lagðar hafa verið fram ítarlegar skýrslur um fjármál og starfsmannamál skattstofa og löggæslu í landinu á árunum 1976—79.

Að lokum við ég víkja að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982.

Lögð hefur verið á það áhersla, að samhliða gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1982 væri gengið frá lánsfjáráætlun fyrir það ár. Bæði þessi þskj. voru lögð fram á fyrstu

dögum þingsins, og vænti ég þess, að nú gefist Alþingi betra tóm til að fjalla um lánsfjáráætlunina en stundum áður.

Þessi breytta tímasetning verður til þess að gera má ráð fyrir að áætlunin kunni að taka einhverjum breytingum fyrir endanlega afgreiðslu í ljósi breyttra aðstæðna á haustmánuðum, enda ekki ólíklegt að einhverjar af meginforsendum Þjóðhagsáætlunar, er máli skipta fyrir lánsfjáráætlun og fjárlög, taki breytingum fyrir árslok.

Á árinu 1982 er fjármunamyndunin í heild talin dragast saman um 6.0% frá yfirstandandi ári og verða nær 24% af þjóðarframleiðslu. Samdrátturinn verður fyrst og fremst í fjárfestingu atvinnuveganna og einnig í orkuframkvæmdum á vegum hins opinbera. Íbúðabyggingar og byggingarframkvæmdir hins opinbera, aðrar en orkuframkvæmdir, eru taldar verða áþekkar og í ár. Þrátt fyrir aðhald í fjárfestingu er ekki talin hætta á atvinnuleysi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

Stærsta viðfangsefnið í lánsfjármálum landsmanna á næstu árum er að auka innlendan sparnað og lánsfjáröflun. Þjóðin hefur á liðnum árum orðið að treysta á erlendar lántökur við eflingu skipastólsins, byggingu orkuvera og raunar til hvers konar meiri háttar atvinnu- og orkuframkvæmda. Erlendar skuldir þjóðarbúsins eru miklar og ljóst er að þær eiga enn eftir að aukast verði fjár til framkvæmda ekki leitað innanlands í ríkara mæli en verið hefur.

Verðbólguþróun undanfarinna ára hefur tvímælalaust skert eiginfjárstöðu banka og fjárfestingarlánasjóða. Nú hefur þessi öfugþróun snúist við og er þess að vænta að innlendur lánsfjármarkaður styrkist enn frekar en orðið hefur á þessu ári.

Í yfirliti um opinbera öflun lánsfjár í lánsfjáráætlun kemur fram að þar er að því stefnt að auka innlendar lántökur um 46% frá lánsfjáráætlun yfirstandandi árs, en erlendar lántökur um tæp 35%. Innlend lánsfjáröflun opinberra aðila nam í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 um 39% heildarlánsfjárþarfar, en sambærilegt hlutfall 1982 er um 41%.

Nokkurn tíma tekur að afla reynslu um hvaða aðilar innlendir geta lagt fram lánsfé til sameiginlegra þarfa umfram eigin útlán svo og að finna og þróa þær fjáröflunarleiðir sem best henta. Fram til þessa hefur einkum verið treyst á samninga við bankastofnanir og lífeyrissjóði innan ramma almennrar lagaskyldu.

Með hliðsjón af verðlags- og tekjuþróun er stefnt að útgáfu og sölu spariskírteina fyrir alls 150 millj. kr. Nokkur óvissa ríkir um sölu þessara bréfa, enda hafa sparifjáreigendur nú um önnur sparnaðarform að velja.

Um áætlun fjármagns frá lífeyrissjóðum gegnir öðru máli. Hin geysimikla aukning lánveitinga á vegum Byggingarsjóðs verkamanna til íbúðabygginga á félagslegum grundvelli gerir óhjákvæmilegt að leita fast eftir aukinni innlendri fjármögnun til þeirra. Hafa má hliðsjón af því, að hátt lánshlutfall sjóðsins mun létta á lánsþörf frá lífeyrissjóðunum beint til félaga sinna. Er því áformað að leita eftir hækkun lánshlutfalls lífeyrissjóðanna til opinberra þarfa úr 40% ráðstöfunarfjár, svo sem nú er lögskylt, upp í 45%. En vafalaust verður það ekki vinsæl beiðni og er það annað mál. Af þessu fé munu Framkvæmdasjóður og ríkissjóður halda hlutfalli sínu óskertu frá áætlun um 1981, en mestöll aukningin mun koma í hlut Byggingarsjóðs verkamanna. Alls er lánsfé frá lífeyrissjóðunum áætlað 531 millj. kr., þar af 476 millj. kr. til fjárfestingarlánasjóða og 55 millj. kr. til ríkissjóðs, og er þetta ríflega helmingur innlendrar lánsfjáröflunar samkv. áætluninni.

Aðrir innlendir liðir eru lán Atvinnuleysistryggingasjóðs, 52 millj. kr., sem samkv. venju gengur til Byggingarsjóðs ríkisins, og skyldusparnaður ungmenna, er rennur til sama sjóðs. Hann er nú talinn nettó 23 millj. kr. Þessi sparnaður ætti að geta gefið mun meira af sér, og er unnið að því að kynna betur hin nýju ákvæði um verðtryggingu hans og skattfríðindi.

Til þess að vega upp á móti þeim feiknalega kostnaði, sem er vegna fjármagnsútgjalda af byggðalínuframkvæmdum fyrri ára, er nú stefnt að því, eins og áður var nefnt, að á árinu 1982 verði lagt á sérstakt stofnlínugjald, alls 40 millj. kr. Með öllu er óeðlilegt að raforkuiðnaðurinn í landinu standi ekki undir þeim fjármagnskostnaði sem fjárfestingum er samfara.

Á árinu 1981 er áætlað að notkun erlendra lána til eins árs og lengri tíma muni nema 1 735 millj. kr. Er þetta um 270 millj. kr. aukning frá spá lánsfjáráætlunar, og stafar aukningin að mestu leyti af meiri skipakaupum en áætlað var, ásamt hækkunaráhrifum gengis og verðlags umfram forsendur lánsfjáráætlunar. Að teknu tilliti til afborgana af erlendum lánum nemur nettó-lántaka erlendis um 1 035 millj. kr. Að hluta hefur þetta fé runnið til að bæta gjaldeyrisstöðu landsmanna, eins og ég vék að í upphafi míns máls, og lætur nærri að 100 millj. kr. gangi til þess að jafna halla á viðskiptajöfnuði og 400 millj. kr. til þess að bæta gjaldeyrisstöðuna.

Heildarlántökur erlendis eru alls áætlaðar 2 070 millj. kr. Afborganir af löngum lánum eru áætlaðar 980 millj. kr. og hrein aukning skulda því 1 090 millj. kr. Það er um 9% af áætluðum útflutningstekjum borið saman við 12% hlutfall á árinu 1981, og 4% af áætlaðri þjóðarframleiðsu ársins 1982, borið saman við 5.1% á árinu 1981.

Því verður ekki neitað að erlendar skuldir og erlendar lántökur hafa þokast upp á við á liðnum árum. Lætur nærri að erlendar skuldir nemi 36% af þjóðarframleiðslu í árslok 1981. Greiðslubyrði vegna afborgana og vaxta af erlendum lánum hefur á undanförnum árum legið á bilinu 12.8—14.1%. Á árinu 1981 kann þetta hlutfall að hækka nokkuð, einkum vegna óvenjuhárra vaxta erlendis um þessar mundir.

Ég hef í þessari umfjöllun drepið á þau atriði í lánsfjáráætlun sem ég tel hæst rísa. Það er ekki sjáanleg ástæða til að fjalla hér um skiptingu ráðstöfunarfjárins milli atvinnugreina og sjóða, og nægir í því sambandi að vísa til fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar.

Herra forseti. Framsöguræða mín er þegar orðin nokkuð löng. En fjárlagafrv. er að sjálfsögðu langstærsta mál þingsins og svo gífurlega margþætt að í raun og veru eru umr. um það ákaflega stuttar í samanburði við umr. um önnur hlutfallslega smærri mál. Þá á ég við að oft eru býsna langar umræður undir öðrum dagskrárliðum hér í þinginu um mál sem afgreidd eru í einni línu í fjárlagafrv. og kannske aldrei minnst á í fjárlagaumræðum.

Ég vil þakka starfsmönnum fjárlaga- og hagsýslustofnunar fyrir frábærlega vel unnin störf fyrr og síðar og þá sérstaklega fráfarandi hagsýslustjóra, Gísla Blöndal, og þeim, sem nú gegnir þeim störfum, Magnúsi Péturssyni, sem áður hafði verið hægri hönd fyrri hagsýslustjóra. Störf manna í fjárlaga- og hagsýslustofnun eru erfið störf og oft vanþökkuð.

Þeir einir, sem nærri koma, skynja til fulls hvílíkt útþensluafl og innibúandi sprengikraftur er fólginn í stofnunum ríkisins, sem auðvitað hljóta stöðugt að bera sig saman við fjölmennar stofnanir nálægra þjóða sem gegna hliðstæðu hlutverki. Enginn láir forstöðumönnum ríkisstofnana að eiga sjálfsagðan metnað fyrir hönd þess tiltölulega litla stjórnunartækis sem þeir stýra. En það þarf sannarlega mikið aðhald og öflugan vilja til jákvæðrar gagnrýni ef ekki á að ofhlaða skútuna til ófarnaðar fyrir efnahagslífið og skelfingar fyrir skattgreiðendur.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni þessari umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það kemur æ betur í ljós, eftir því sem núverandi ríkisstj. situr lengur að völdum, hversu Alþb. tókst að tryggja áhrif sín þegar við myndun ríkisstj. Það er sama hvar skyggnst er um í þjóðfélaginu. Þrengt hefur verið að einstaklingum, þrengt hefur verið að atvinnulífinu. Alls staðar blasa við erfiðleikar og ekkert það aðhafst af hálfu stjórnvalda sem styrkt getur og eflt atvinnulífið í landinu, nema síður sé, samfelldar bráðabirgðaráðstafanir í efnahagsmálum og opinber feluleikur á sviði ríkisfjármála og peningamála til þess eins að staðan sýnist betri en hún raunverulega er, dæmigerð vinnubrögð Alþb.-manna. Þegar svo fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun 1982 eru lögð fyrir Alþingi er öllum markmiðum sleppt en falleg reikningstala notuð. Því er ljóst að fjárlagafrv. eins og það liggur nú fyrir sýnist marklaust. Fjmrh. Alþb. telur sér það hagkvæmara til þess að hann geti notað ríkissjóð eins og honum og Alþb. sýnist.

Núverandi valdhafar vilja láta líta svo út að staða efnahagsmála sé um þessar mundir í góðu jafnvægi, ríkisstj. hafi tekist að ná settum markmiðum, tekist hafi að sigla fram hjá skerjum erfiðleika stórafallalaust, meira að segja sé betra jafnvægi hér á landi á flestum sviðum efnahagsmála en hjá grannþjóðum okkar. Er þá ekki full ástæða til þess fyrir landsmenn alla að vera þakklátir ríkisstj. fyrir góð störf hennar og árangur á sviði efnahagsmála, sem hún segist hafa náð eftir erfiða baráttu við verðbólgudrauginn og fylgifiska hans? Getur þjóðin þá ekki litið björtum augum til framtíðarinnar? Eru nú ekki skilyrði fyrir blómlegu atvinnulífi landsmanna og grundvöllur fyrir bættum kjörum heimilanna í landinu?

Sá bjarmi af árangursríku starfi sínu, sem hæstv. forsrh. virðist sjá þegar hann gægist út um glugga stjórnarráðsins, er samt sem áður ekki í neinu samræmi við þau vandamál sem að steðja, vandamál sem launþegarnir í landi þessu hafa við að glíma til þess að endar nái saman hjá þeim, ekki heldur í neinu samræmi við þau vandamál sem við er að glíma við rekstur atvinnuveganna í landinu, ekki heldur í neinu samræmi þegar samanburður er gerður á stöðu efnahagsmála hér á landi og í nágrannalöndum okkar.

En hvaða atriði eru það svo sem stjórnvöld eru að guma af og vilja telja landsmönnum trú um að skilað hafi svo góðum árangri á því hálfa öðru ári sem núv. ríkisstj. hefur setið að völdum? Í fyrsta lagi segjast stjórnarherrarnir hafa tryggt öllum landsmönnum fulla atvinnu. Full atvinna hefur verið hér á landi síðasta áratug sem betur fer. Því getur núv. ríkisstj. ekki þakkað sér neinn árangur á þessu sviði. En hvaða blikur eru hins vegar á lofti um þessar mundir í atvinnumálum landsmanna? Er tryggt að allar íslenskar hendur í þessu landi hafi vinnu næstu mánuði? Er nokkuð að óttast? Meginforsendur þess, að nóg atvinna sé í landinu, er að atvinnurekstrinn geti starfað og honum séu búin eðlileg vaxtarskilyrði. Er staða atvinnurekstrar þannig í dag, að menn þurfi ekki að óttast að til stöðvunar geti komið? Hafa stjórnvöld búið atvinnuvegunum þau skilyrði sem nauðsynleg eru til blómlegs atvinnulífs?

Ef litið er á þær upplýsingar, sem fyrir liggja um stöðu atvinnuveganna, kemur í ljós allt annað en það sem ríkisstj. hefur viljað vera láta. Samkeppnisiðnaðurinn er rekinn með verulegum halla, fiskveiðar eru reknar eftir síðustu fiskverðsákvörðun með 2—10% halla, hraðfrystiiðnaðurinn er rekinn með allt að 6—7% halla. Þannig er staða þessara mála og hafa sjómenn þó ekki fengið nema helming þeirrar launahækkunar sem aðrir launþegar í landinu fengu nú síðast. Þetta hörmungarástand í sjávarútvegi landsmanna blasir við á sama tíma og markaðsverð og aflabrögð eru í hámarki og verðgildi Bandaríkjadollars hefur verið hagstæðara en nokkru sinni fyrr.

Í öðru lagi segir ríkisstj. að henni hafi tekist að draga úr verðbólgunni frá því sem hún hefur verið síðustu tvö árin, eða úr 60% í 40% talið frá upphafi þessa árs til loka. En hæstv. forsrh. er þekktur fyrir að fá sjálfan sig og ýmsa aðra til þess að setja á svið sjónarspil sem þeir ætlast til að almenningur leggi trúnað á. Hér hefur það verið gert. Staðreyndir málsins eru því miður allt aðrar en stjórnvöld vilja vera láta. Hækkun verðbólgunnar frá árinu 1980 til 1981 verður um 50%, eins og fram hefur komið hjá Þjóðhagsstofnun, enda þótt með talnaleik verði vísitalan frá upphafi árs til loka ekki talin nema 40%. Hækkun á almennu verðlagi, þrátt fyrir ranga gengisskráningu, hefur orðið miklu meiri en sú útreikningsaðferð, sem notuð er, gefur til kynna, enda spilað á þá útreikningsaðferð á þriggja mánaða fresti, nú síðast rétt fyrir seinustu mánaðamót með auknum niðurgreiðslum á landbúnaðarvörum til þess að fá vísitöluútreikninginn 1. des. til að passa inn í dæmið. Hækkun verðlags vegna sjálfrar myntbreytingarinnar hefur orðið umtalsverð. Því miður virðist myntbreytingin hafa haft þveröfug áhrif við það sem að var stefnt. Það er ekki hægt að merkja að meira traust sé borið til gjaldmiðils okkar nú en áður, því miður, enda hafa stjórnvöld ekkert gert til þess að svo gæti orðið, heldur þvert á móti. Ríkisstj. hefur gengið á undan með lagasetningu og notar ekki smæstu einingar gjaldmiðils síns í sambandi við útgreiðslu gjalda ríkissjóðs.

Eitt gleggsta dæmið um það, hvað verðbólguútreikningar ríkisstj. gefa í raun ranga mynd af hinni raunverulegu þróun verðlagsins í landinu, er sá þáttur í útgjöldum þjóðarbúsins sem ríkisstj. sjálf fer með, ríkisútgjöldin. Hækkun þeirra hefur ekki verið í neinu samræmi við þá hækkun sem stjórnvöld segja að hafi orðið í landinu. Fyrstu níu mánuði þessa árs eru ríkisútgjöldin um 60% hærri en á sama tíma í fyrra þegar verðlagshækkanir í landinu eru sagðar vera 30%. Því miður hefur ríkisstj. ekki tekist að draga úr verðbólgunni svo að nokkru nemi, þrátt fyrir að gengislækkun dollarans hafi dregið úr verðhækkun, sem talið er að nemi 10—15%, og þrátt fyrir að ríkisstj. skerti laun með lögum um 7% 1. mars s. l.

Í þriðja lagi segist ríkisstj. hafa tryggt kaupátt launa. Þjóhagsstofnunin segir að kaupmáttur ráðstöfunartekna

verði svipaður á mann í ár og á síðasta ári, hins vegar verði kaupmáttur kauptaxta 2% minni í ár en í fyrra. Hvað segja verkalýðsforingjarnir sjálfir um kaupmátt launþega um þessar mundir þegar gengið er til kjarasamninga? Þeir segja að kaupmátturinn þurfi að aukast um allt að 11% til þess að ná kaupmætti kjarasamninganna 1977. Þá sögðu menn: samningana í gildi, en hafa nú lítið látið í sér heyra. Og þetta er útkoman sem þeir sjálfir segja frá. Þetta eru ekki reikningar sem aðrir menn hafa gert. Þetta eru reikningar frá þeim mönnum sem stóðu á árinu 1978 og hrópuðu, eins og ég sagði áðan: samningana í gildi. Því miður hefur ríkisstj. ekki á þessum vettvangi fremur en öðrum sviðum efnahagslífs náð árangri.

Í fjórða lagi segist ríkisstj. hafa náð betri árangri en nágrannaþjóðir okkar í efnahagsmálum og gteað siglt áfram fram hjá skerjum áfallalítið. Ekki sýnist ástæða til að guma mjög af því meðan verðbólgan hér á landi er 4—5 sinnum meiri en hjá næstu nágrönnum okkar og nálgast ekkert það mark sem ríkisstj. setti sér í stjórnarsáttmálanum, að um áramótin 1981—1982 yrði hún svipuð og hjá okkar næstu nágrönnum. Það er hins vegar rétt, að við höfum ekki þurft að horfast í augu við atvinnuleysi eins og hefur verið í kringum okkur. Það var ekkert nýtt, en því miður virðast allar horfur á að ekki sé þar bjart fram undan.

Það, sem núv. ríkisstj. gumar hvað mest af þegar hún tíundar afrek sín, er að tekist hafi á árinu 1980 að ná jöfnuði í ríkifjármálum og skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hafi lækkað. Þegar þessi skrautfjöður ríkisstjórnar herranna er skoðuð kemur í ljós að skuld ríkissjóðs hefur í krónum talið hækkað og rekstrarhalli var hjá ríkissjóði á greiðslugrunni. En hvaða ráðum hefur ríkisstj. beitt til þess að reyna að ná þeim jöfnuði í ríkisfjármálum sem hún gumar nú mög af? Hafa rekstrargjöld ríkissjóðs verið dregin saman til þess að spara? Hafa ríkisumsvifin verið minnkuð? Svarið er nei. Ríkisstj. hefur hins vegar viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum, sem munu hafa numið um 700 millj. kr. á árinu 1980, erlendar lántökur hafa verið auknar verulega og tilfærslur gerðar í fjárlögum.

En hvað er það svo sem líta ber á þegar meta skal hvernig ríkisstj. hefur tekist framkvæmd þeirra heimilda sem felast í fjárlögum ársins 1980? Í októberhefti af Hagtölum mánaðarins, sem Seðlabanki Íslands gefur út, er fjallað sérstaklega um ríkisfjármálin. Það vekur athygli þeirra sem þessa grein lesa, hvernig stangast á upphaf þeirrar greinar og þær töflur sem þar eru birtar. Þar er gerður samanburður fjárlaga og útkomu ríkisfjármála á greiðslugrunni. Slíkur samanburður er tvímælalaust hinn rétti, ef meta skal hvernig ríkisstj. hefur framkvæmt þær heimildir sem Alþingi veitir í fjárlögum. Fjárlög ársins 1980 gerðu ráð fyrir að innheimtar tekjur umfram greidd gjöld yrðu að fjárhæð 29 millj. kr. Útkoman varð hins vegar halli að fjárhæð 85 millj. kr. Gert var ráð fyrir á fjárlögum að skuldir á viðskiptamannareikningum lækkuðu um 8 millj. Hins vegar varð skuldaaukning á viðskiptamannareikningnum um 75 millj. kr. Greiðslujöfnuður átti því að verða 96 millj., þar af 81 millj. kr. við Seðlabankann. Greiðslujöfnuðurinn varð 62 millj. og við Seðlabankann 45 millj., sem er tæpur helmingur þess sem að var stefnt. Miðað við þessar tölur verður tæplega sagt að menn hafi náð settum markmiðum.

En þessari grein í Hagtölum mánaðarins og þeirri fréttatilkynningu, sem fjmrh. eða fjmrn. gaf út þegar fjárlagafrv. var lagt hér fram, er ætlað að gera grein fyrir að ríkissjóður hafi skilað greiðsluafgangi á síðustu tveimur árum og náð að grynna talsvert á skuldum sínum í Seðlabankanum. Nú er staðreyndin sú, eins og ég sagði áðan, að tölulega hefur skuld ríkissjóðs við Seðlabankann hækkað á árinu 1980. En í fréttatilkynningu fjmrn. er bent á að hlutfallslega af vergri þjóðarframleiðslu hafi skuldirnar lækkað. Þetta er vitaskuld alveg rétt. Kannske er það hugsun hæstv. fjmrh. að hafa verðbólguna nógu mikla, þá lækki skuldirnar við Seðlabankann hlutfallslega af þjóðarframleiðslu og þannig sé hægt að fá út hagstæða tölu. Málið er ekki svona einfalt. Í útvarpsumr. um daginn vék hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, að því, að þegar rætt væri um skuldir ríkissjóðs við eina lánastofnun án þess að taka til meðferðar skuldir ríkissjóðs við aðrar lánastofnanir kæmi að sjálfsögðu ekki út hin rétta mynd. Í þessu hefti af Hagtölum mánaðarins má sjá hver þróunin hefur verið frá árinu 1977, síðasta heilu ári sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var við völd. Borið saman við árið 1980 kemur í ljós hver skuldaaukning ríkissjóðs raunverulega er.

Árið 1977 er skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 149 millj. kr. Í lok þess árs eru erlendar skuldir ríkissjóðs samkv. þessu hefti 794 millj., samtals 943 millj. kr. Ef við tökum hlutfallið af þjóðarframleiðslu er hér um að ræða 24.7%. Árið 1980 er skuldin við Seðlabankann 315 millj. kr., erlendar skuldir 3459, samtals 3774 millj. kr. eða 28.4% af þjóðarframleiðslu. Frá árinu 1977 til 1980 er því um að ræða aukningu á skuldum ríkissjóðs um 3.7% af þjóðarframleiðslunni, og ef við reiknum það út af þjóðarframleiðslu þessa árs erum að ræða aukningu skulda upp á 492 millj. kr. Það er þessi blekking, sem hér er verið að beita, sem menn eru ekki reiðubúnir að fallast á þegar verið er að tala um ríkisfjámálin og það jafnvægi sem náðst hefur á árinu 1980. Skuldaaukningin hefur orðið mikil. Hún hefur hins vegar orðið í krónum talið í erlendum skuldum. Meira að segja, eins og ég vék að áðan, hefur aukning orðið á skuldum ríkissjóðs við Seðlabankann. En sem hlutfall af þjóðarframleiðslu í sameiginlegum skuldum ríkissjóðs við Seðlabanka og erlendis er um að ræða hvorki meira né minna en tæpar 500 millj. kr.

Þegar forsendur fjárlagafrv. svo og lánsfjáráætlunarinnar eru skoðaðar verður mönnum ljóst hversu óraunhæft frv. til fjárlaga hefur verið lagt fram á hinu háa Alþingi svo og lánsfjáráætlun. Hins vegar er skylt að vekja athygli á því að lánsfjáráætlun hefur nú verið lögð fram fyrr en áður og er því til umr. um leið og 1. umr. fjárlagafrv. fer fram. Hér væri um framför að ræða ef það, sem liggur til grundvallar þessum skjölum, væru raunhæfar tölur. Í aths. við frv. vekja höfundar þess sérstaka athygli á því, að frv. sem slíkt sé nánast marklaust plagg. Með því viðurkennir sjálf ríkisstj. algert skipbrot sitt við að horfast í augu við staðreyndir í fjármálum þjóðarinnar og viðurkennir jafnframt dugleysi sitt til að nýta ríkisfjármálin til stefnumörkunar og beita ríkisfjármálunum gegn verðbólgunni. Við gátum hlustað í upphafi ræðu fjmrh. á ýmsar afsakanir hans í sambandi við þetta, en engar þeirra eru með þeim hætti að hægt sé að taka á þeim mark.

Í aths. við frv. segir berum orðum að svonefnd reikni-

tala fjárlagafrv. sé ekki hugsuð sem spá verðlagsþróunar fyrir komandi ár og að líklegt sé að reiknitalan sé lægri en ætla megi að verðhækkanirnar muni verða á næstu árum. Það efast enginn um að rétt sé til getið hér miðað við reynsluna á þessu ári. Reiknitala fjárlagafrv. fyrir árið 1981 var 42%, en niðurstaðan um þróun mála á milli áranna 1980 og 1981 mun verða 50%.

Þar sem ljóst er að framlagt frv. til fjárlaga er langt frá raunveruleikanum sýnist mér koma til greina að ríkisstj. verði að gera Alþingi grein fyrir umframgreiðslum, þegar líða tekur á árið, og leita heimildar Alþingis til greiðslu umframgjalda á komandi fjárlögum áður en Alþingi er slitið. Slík regla er viðhöfð víða þar sem menn treysta sér ekki til að gera áætlanir fram í tímann. Þá kemur ríkisstj. á miðju ári eða fyrir mitt ár með endurskoðun og leitar heimildar til umframgjalda eins og dæmið sýnist þá vera.

Í þessu frv. er ljóst að núv. ríkisstj. fyrirhugar að halda áfram á braut vinstri stjórnar í skattheimtu. Ætla má að á árinu 1982 nemi vinstristjórnarskattarnir samkv. fjárlagafrv., sem lagðir verða á landsmenn, einum milljarði kr. Þá kemur fram í lánsfjáráætluninni fyrir 1982 að enn er ætlunin að auka erlendar lántökur. Nú skulu þær meira en tvöfaldaðar frá því í fyrra. Sé miðað við erlendar lántökur frá 1977 hafa þær tífaldast í krónutölu frá 1977 til 1982. Þær voru 69 millj. kr. 1977 en gert er ráð fyrir 696 millj. kr. á næsta ári.

Vinstristjórnarálögurnar viljum við sjálfstæðismenn afnema og mæta þeirri tekjurskerðingu ríkissjóðs með því að draga úr þátttöku ríkissjóðs í verðmyndunarkerfinu, að frekari samdráttur verði í framlögum til stofnlánasjóða, beitt hagræðingu og þjónustufyrirtæki flutt frá ríkinu sem eru betur komin hjá einstaklingum og samtökum þeirra.

Í aths. við tekjuhlið frv. er greint frá hækkun eignarskatta á árinu 1981. Eignarskattur einstaklinga hafði hækkað milli áranna 1980 og 1981 um 74%. Þá er enn fremur getið um að tekjuskattar einstaklinga hækki um rúmlega 61% frá frumálagningu 1980, og það er ætlað að halda þessari hækkun áfram í fjárlagafrv. 1982. Má ætla að hækkun þessara tveggja skattstofna umfram tekjuhækkun milli ára sé um 70 millj. kr., eða um 1000 kr. á hverja þriggja manna fjölskyldu í landinu. Hér er enn ein leið sem núv. ríkisstj. notar til þess að auka skattheimtuna á landsmenn.

Þá er sú skattheimtuaðferð, sem núv. ríkisstj. hefur notað í ríkum mæli til þess að jafna í ríkisfjármálunum og kemur til með að leggjast með miklum þunga á alla landsmenn á komandi árum, en það er sú mikla erlenda lántaka sem ríkissjóður er látinn standa fyrir. Nema erlendar lántökur um 6.5% af heildarútgjöldum A- og B-hluta fjárlagafrv. fyrir árið 1982. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1977 námu erlendar lántökur mældar á sama hátt um 3.5%. Greiðslubyrði erlendra lána af útflutningstekjum fer stöðugt hækkandi. Á árinu 1977 nam hlutfallið 13.7%, í ár er ætlað að greiðslubyrðin nemi milli 16 og 17% og á næsta ári er gert ráð fyrir hækkun, eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan, þannig að greiðslubyrði ársins 1982 mun nema 17—18% af útflutningstekjum. Heildarskuldir þjóðarinnar vegna erlendrar lántöku sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu var í árslok 1977 31.6%, en er ætlað að verði 37% í árslok 1982.

Af þessum tölum, sem ég hef vikið að, má sjá hver þróunin hefur verið á síðustu árum. Mig furðar þegar menn koma fram og guma af góðri stjórn þegar þessar staðreyndir blasa við.

Eitt þeirra meginstefnumiða, sem sjálfstæðismenn hafa barist fyrir, er að halda ríkisumsvifum í lágmarki, gæta þess að sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga um sjálfsaflafé sé sem allra minnst skertur. Umsvif ríkisins mæld sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu hafa aukist á vinstristjórnarárunum. Á árinu 1977 námu ríkisumsvifin 27%, árið 1978 28.6%, 1979 29.5% og 1980 er hlutfallið talið vera 28.6%, 1981 28.2% og síðan er sagt að á árinu 1982 verði hlutfallið rúmlega 28%. Ef sama hlutfall hefði verið á ríkisútgjöldum 1980 og það var 1977 hefðu þau orðið um 200 millj. kr. lægri eða um 2700 kr. á hverja þriggja manna fjölskyldu í landinu. Þegar hér er talað um ríkisumsvif er miðað við fjárlög. Þessar tölur eru í raun og veru alls ekki sambærilegar með tilliti til þeirra erlendu lána sem tekin hafa verið í miklum mæli á s. l. þremur árum. Ef þær tölur eru lagðar við geta menn gert sér grein fyrir því, að hlutfall ríkisumsvifa af þjóðarframleiðslu er miklu hærra en hér hefur verið bent á.

Við þm. Sjálfstfl., sem erum í stjórnarandstöðu, hefðum ekki trúað því fyrr en á reyndi að hæstv. forsrh. stæði fyrir slíkri skattheimtu. Það eru allir minnugir málflutnings hans fyrir kosningarnar 1979, að ég minnist ekki á skrif hans um fjármál ríkisins, með hvaða hætti hann teldi að fara ætti að. Ef það er borið saman við efndirnar hefur hann farið í gersamlega öfuga átt, miðað við allt það sem hann sagði 1979.

En það, sem er verst við þessa auknu skattheimtu, er að hún gengur ekki til uppbyggingar í landinu, heldur fyrst og fremst til þess að mæta auknum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 eru hlutföll fjárfestinga um 6%, en voru á árinu 1977 um 8%. Hér er um mikinn samdrátt að ræða. Í þessu frv. er tekin sú ákvörðun að flytja fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar úr A-hluta fjárlaga í B-hluta. Nema þessi útgjöld á árinu 1982 71.5 millj. kr., sem er um 1% af heildarútgjöldum A-hluta. Að sjálfsögðu er hér um eitt sjónarspilið enn að ræða til að fá út tölur sem að dómi ráðherranna sýna betri mynd en efni standa til. En það er hollt fyrir ráðh. að minnast þess og gera sér grein fyrir því, að það eru skattborgarar þessa lands sem ekki munu komast hjá því að greiða þessi gjöld, hvort sem þau eru færð í A-hluta eða B-hluta, hvort sem reiknimeistarar ríkisstj. geta með slíkri tilfærslu fært hlutdeild ríkisumsvifanna í lægri prósentu en ætti að vera.

Sú stefna, sem ríkisstj. fylgir í gjaldskrármálum opinberra stofnana, er með slíkum eindæmum að furðu sætir. Það er auðvitað enn ein leiðin til að reyna að sýna betri mynd af öllu saman. Það er auðvitað einn þátturinn í hinum opinbera feluleik í peningamálum sem ríkisstj. hefur beitt. Auðvitað ber að gæta fyllsta aðhalds og hófs í hækkunum gjaldskrár opinberrar þjónustu. En menn verða að hafa í huga að ekki má þrengja svo að þessum aðilum að ekki sé hægt að viðhalda þar eðlilegri starfsemi. Gjaldskrárákvarðanir mega ekki vera á þann veg, að stjórnendur þessara opinberu fyrirtækja hætti í reynd að stjórna þeim vegna óraunhæfrar verðlagningar — nema ríkisstj. ætlist til þess, að áfram verði haldið að fjármagna rekstur þeirra með erlendum lántökum.

Vegna þessarar stefnu ríkisstj. er nauðsynlegt að í fjárlögum verði ákvarðaðar gjaldskrár þessara B-hluta stofnana, sem fjármagna tekjur sínar með þjónustu-

gjaldi, og heimildin þar með fengin. Að öðrum kosti verður áfram haldið þeirri óraunhæfu ákvarðanatöku sem átt hefur sér stað hjá vinstri stjórnum varðandi þessi mál aðeins til þess að útkoman í reikningsdæminu verði þeim hagstæðari.

Í ræðu sinni áðan vék hæstv. fjmrh. að því, að einhverjir hefðu orðað að bókhaldið væri falsað. Ég held að það hafi engin haldið því fram að bókhaldið væri falsað. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að um tölufölsun er að ræða þegar dæmin eru sett fram eins og gert hefur verið. Það liggur ljóst fyrir, að þegar ríkissjóður er keyrður svo hart í auknum útgjöldum sem raun ber vitni og ekki er hægt að skattpína meira eða menn treysta sér a. m. k. ekki til þess að gera það í bili, þá er hlaupið til og erlendar lántökur auknar til þess eins að koma út með jöfnuði, að menn segja, í ríkisfjármálunum. Hér er um opinberan feluleik í ríkisfjármálum að ræða. Hér er um að ræða feluleik sem ekki á að líða og landsmenn verða að gera sér grein fyrir að getur ekki gengið. Það er sama hvort um er að ræða lántöku frá Seðlabanka eða erlendis frá, það eru skattborgararnir sem verða að greiða. Það eru ekki ráðherrarnir sem slíkir.

Ég hef hér vakið athygli á atriðum í þessu frv. sem sýna mér a. m. k. að þetta frv. er marklaust. Ef stjórnarliðar hyggjast afgreiða fjárlög fyrir komandi ár án þess að gera verulegar breytingar á þessu frv. til þess að það verði miklu raunhæfara er verið að stíga stórt skref aftur á bak varðandi sjálfstæði Alþingis um ákvörðun útgjalda ríkissjóðs.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sú ríkisstj., sem nú situr, hefur eins og aðrar ríkisstjórnir ákveðnar lagaskyldur gagnvart Alþingi. Meðal þeirra lagaskyldna, sem hver og ein ríkisstj. hefur, er að leggja fyrir Alþingi frv. til fjárlaga ásamt þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem eiga að fylgja frv. til fjárl. lögum samkvæmt. Sú hæstv. ríkisstj., sem nú situr, hefur þrisvar sinnum gert tilraun til að fullnægja þessari lagaskyldu sem á henni hvílir. Það er í fyrsta skipti nú sem hæstv. ríkisstj. hefur tekist að ganga frá þessari lagaskyldu sinni á þeim tíma sem henni er ætlað að gera það.

Vissulega hafði hæstv. ríkisstj. afsökun í fyrsta skipti sem hún átti að leggja fram frv. til fjárl., þá afsökun að hún tók ekki við störfum fyrr en í febrúarmánuði og átti því ekki hægt um vik að gegna þeirri lagaskyldu sinni að leggja fyrir Alþingi frv. til fjárlaga ásamt fskj. þegar í upphafi þings. Hins vegar hafði hæstv. ríkisstj. enga afsökun á s. l. hausti, þegar henni bar að leggja fram frv. til fjárlaga ásamt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og þjóðhagsáætlun, aðra en þá, að þegar henni bar að leggja þessi gögn sín fram á s. l. hausti hefði hæstv. ríkisstj. enn ekki orðið sammála um hvað hún ætlaði að leggja fyrir þingið. Hún gat aðeins komið frá sér fjárlagafrv. ófullburða, en fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gat ríkisstj. ekki látið frá sér fara fyrr en eftir áramótin. En allt er þegar þrennt er. Nú hefur hæstv. ríkisstj. loksins gegnt þeirri lagaskyldu sinni að leggja fram frv. til fjárl. ásamt þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á þeim tíma sem henni ber lagaskylda til að leggja þessi gögn fyrir Alþingi. Er út af fyrir sig ánægjuefni til þess að vita, að í þriðju tilrauninni tókst hæstv. ríkisstj. að gegna skyldum sínum við Alþingi.

Hitt er svo aftur á móti önnur saga, hvort sú tillögugerð, sem felst í frv. til fjárlaga og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, sé í alvöru gerð. Því miður er hæpið að svo sé. Á s. l. ári gat hæstv. ríkisstj. ekki komið neinni stefnumótun frá sér vegna þess að hun var ekki sammála um hver sú stefnumótun ætti að verða. Nú hefur hæstv. ríkisstj. hins vegar orðið sammála um að leggja fyrir Alþingi fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem ekki fela neina stefnumótun í sér. Ég veit því ekki hvort ástæða er til að óska hæstv. ríkisstj. til hamingju með að geta lagt slík plögg fyrir þingið. Hún hefur m. ö. o. ekki einu sinni reynt það, sem hún reyndi þó í fyrra, að gera ráð fyrir einhverri stefnumörkun í þessum tillöguflutningi sínum.

Áður en ég kem að forsendum þeim sem eiga að vera fyrir þessu fjárlagafrv., en ríkisstj. hefur ekki mótað, vil ég fara örfáum orðum um þá meginstefnu sem hæstv. ríkisstj. segist hafa haft við gerð þessa fjárlagafrv.

Í aths. við frv. á bls. 169 segir að eitt af meginmarkmiðum ríkisstj. sé að halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa. Miðað við kaupmáttarstigið 100 1977 er kaupmáttur kauptaxta verkamanna nú í okt. 106.8 stig samkv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar. Þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var felld í júnímánuði árið 1978 var kaupmáttur kauptaxta verkafólks á sama mælikvarða 118.8 stig og í septembermánuði það ár, þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum, var kaupmáttur kauptaxta verkafólks 118.9 stig, hafði ívið aukist frá því að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var felld. Nú í okt. er kaupmáttur kauptaxta verkafólks, eins og ég sagði áðan, 106.8 stig eða 12 stigum lægri en kaupmátturinn var á því heita vori þegar íhaldsstjórn Geirs Hallgrímssonar var felld. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Telur hann að þetta sé viðunandi kaupmáttur sem þarna lýsir sér? Er flokkur hans ánægður með það og telur hann það vera viðunandi kaupmátt kauptaxta verkafólks í landinu að hann skuli vera 12 stigum neðar en hann var, þegar ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar var felld, og rösklega 12 stigum neðar en hann var þegar Alþb. komst fyrst til valda á þessu landi á því valdaskeiði sem enn er ekki lokið? Ég mundi ekki telja slíkan kaupmátt viðunandi, en hæstv. fjmrh. lýsir yfir í aths. með lagafrv. sínu að svo sé.

Hvað segir þá hæstv. fjmrh. um þá launastefnu sem í frv. er fólgin? Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að sett sé sérstök fjárhæð til hliðar í frv. til fjárl. til að greiða launafólki í þjónustu ríkisins verðlagsbætur á laun á næsta ári. Í þeim áætlunum er ekki gert ráð fyrir að neinar grunnkaupshækkanir verði á árinu 1982, m. ö. o. að það kaupmáttarstig, sem nú er, 106.8 stig, haldist óbreytt allt árið 1982 vegna þess hversu viðunandi það sé. Ef marka má þessar forsendur fjárlagafrv. gerir hæstv. fjmrh. einnig ráð fyrir því varðandi þessa áætlun sína um vísitölubætur á laun á næsta ári, að launþegar fái ekki fullar vísitölubætur á fyrsta vísitölutímabili nýs árs, því að öðruvísi gengur þessi áætlun ekki upp. Hæstv. fjmrh. og ríkisstj. gera sem sé ráð fyrir því í forsendum fjárlagafrv., að kaupmátturinn rýrni enn á næsta ári frá því sem hann er, en leyfðu sér samt að fullyrða í aths. við lagafrv. að ein meginviðmiðun ríkisstj. sé að halda viðunandi kaupmætti almennra launa. M. ö. o.: það, sem hæstv. fjmrh. telur vera viðunandi kaupmátt á árinu 1982, er samkv. forsendum fjárlagafrv. minni kaupmáttur en sá sem íslenskir launþegar búa nú við.

Annað meginstefnuatriði hæstv. ríkisstj. segir hæstv. fjmrh. vera að tryggja viðunandi afkomu atvinnuvega og

fulla atvinnu. Finnst hæstv. fjmrh. líklegt að svo sé? Telur hann afkomu atvinnuveganna vera viðunandi? Telur hann afkomu iðnaðarins t. d. vera viðunandi? Hvað segja forustumenn Framsfl. um það? Það er ekki langur vegur frá þeim til þeirra forráðamanna sem Samband ísl. samvinnufélaga hefur valið til að stýra iðnfyrirtækjum sínum. Er það álit þessara forráðamanna að afkoma iðnrekstrarins í landinu sé viðunandi um þessar mundir?

Hvernig er afkoman hjá útgerðinni? Er hún viðunandi? Þeir nýju skuttogarar, sem nú eru að streyma til landsins eftir leyfum frá hæstv. sjútvrh. Steingrími Hermannssyni, þurfa að afla meira en 16 500 tonn á ári til þess að rekstur þeirra sé í jafnvægi. Mestu aflaskipstjórar geta gert sér vonir um ca. helming af þeim afla. Afgangurinn kemur út sem hreint tap. Er það viðunandi afkoma þessa aðalatvinnuvegar landsmanna?

Hvað um afkomuna í loðnuveiðunum? Hún er tryggð með erlendri lántöku. Hvað um síldveiðarnar? Þær hafa verið stundaðar á grundvelli erlendra lána. Hvað um orkuiðnaðinn sem Íslendingar segjast á hátíðum og tyllidögum byggja framtíðarafkomuvonir sínar á? Einnig sá iðnaður er rekinn með erlendum lántökum. Og það er meira að segja gert ráð fyrir því í þessu fjárlagafrv., að þessar stofnanir, bæði verksmiðjur ríkisins og orkufyrirtæki ríkisins, standi undir almennum rekstrarkostnaði á næsta ári með erlendum lántökum. Er það viðunandi afkoma í atvinnuvegunum?

Hvað um hina fullu atvinnu sem hæstv. ríkisstj. er að tala um? Um þessar undir eru 150 manns á atvinnuleysisskrá í Keflavík. Er það viðunandi atvinnuástand? Alla vetrarmánuðina á s. l. vetri voru stöðugt á atvinnuleysisskrá norður á Akureyri milli 100 og 200 manns, og ekkert hefur verið gert til að tryggja að þetta fólk fái atvinnu við sitt hæfi í vetur þegar þrengja fer að byggingariðnaðinum á Akureyri og allar líkur eru á að þetta fólk fari aftur á atvinnuleysisskrá. Er þetta viðunandi atvinnuástand? Ég þekki dæmi þess úr mínu eigin kjördæmi, af tveimur stöðum þar, Bíldudal og Patreksfirði, að fólk hefur þungar áhyggjur af atvinnuástandi á þeim stöðum og má engu muna að þar verði um mjög alvarlegt ástand að ræða. Telur hæstv. ríkisstj. að þetta sé viðunandi atvinnuástand? Í hvaða veröld lifa þessir menn? Það mætti ætla stundum af ræðum hæstv. forsrh. að hann lesi ekki einu sinni blöðin. En hvað um hina ráðh.? Hvað um þá menn sem eiga að bera ábyrgð á því að leggja grundvöllinn að fjárhagslegri afkomu íslenska ríkisins á næsta ári? Lesa þeir ekki heldur blöð? Hlusta þeir ekki heldur á útvarp? Horfa þeir ekki heldur á fréttir í íslenska sjónvarpinu?

Herra forseti. Þegar fjárlagafrv. er gert er það ein meginspurningin, sem ríkisstj. verður að taka afstöðu til, ein meginforsendan, sem ríkisstj. verður að reisa fjárlagagerð sína á, að hún verður að gera upp við sig hvaða stefnu hún ætli að reyna að hafa í verðlags- og launamálum á því ári sem hún gerir fjárlagafrv. fyrir. Fjárlagafrv., sem ekki tekur mið af slíkri stefnu, er út í hött vegna þess að það væri alveg eins hægt að skila auðum síðum og að prenta einhverjar tölur í tillögum að fjárlögum þar sem engin viðleitni til stefnumótunar væri mörkuð af hálfu ríkisstj. um a. m. k. að hverju hún vildi stefna í sambandi við verðlags- og launamál á því ári sem í hönd fer. Það er líka alkunna, að það er einmitt um þessar meginforsendur fjárlagagerðar sem átökin hafa hvað oftast orðið hörðust á milli flokka í samsteypuríkisstjórnum og þá ekki síst við Alþb., því að Alþb. hefur jafnan átt mjög erfitt með að gera upp við sig að hverju Alþb. vildi stefna í launa- og verðlagsmálum. Þetta var m. a. ástæðan fyrir því, að hæstv. ríkisstj. kom sér aldrei niður á tillögugerð í efnahagsmálum allt s. l. haust. Hún gat aldrei komið sér saman um að hvaða verðlags- og launaforsendum hún fyrir sitt leyti ætlaði að reyna að stefna. Auðvitað liggur ljóst fyrir að ríkisstj. ræður slíku ekki ein. Ríkisstj. ræður ekki verðlagi á erlendum mörkuðum. Ríkisstj. getur ekkert við það ráðið þó að olíuverð taki t. d. snögga og óvænta verðsveiflu upp á við. Ríkisstj. getur heldur ekkert við það ráðið hvaða launasamningar kunna að verða gerðir á vinnumarkaðinum. En ríkisstj. á Íslandi verður sjálf að hafa einhvern vilja í þessum efnum. Hún verður sjálf að hafa eitthvað til að stefna að, eitthvað til að berjast fyrir, eitthvað til að ræða um við þá aðila sem hún þarf að semja við um verðlags- og launamál. Ríkisstj., sem ekki hefur neina slíka stefnu, er auðvitað hreint rekald því að hún hefur ekkert markmið að stefna að. Það hefur ávallt verið erfitt í öllum ríkisstjórnum, sem Alþb. hefur átt sæti í, að fá Alþb. til að taka einhverja afstöðu í þessum málum, taka einhverja afstöðu í verðlagsmálum, taka einhverja afstöðu í launamálum.

Hvað gerir ríkisstj. í þessu fjárlagafrv. sínu þegar hún leggur það fram á Alþingi? Hún tilkynnir Alþingi að fjárlagafrv. sé lagt fram án þess að þessi stefna sé mótuð. Alþingi fær ekkert að vita um hver sé stefna ríkisstj. í verðlagsmálum á næsta ári, hvaða verðlagsmálapólitík hæstv. ríkisstj. ætli að reyna að keppa að né heldur hver sé vilji hæstv. ríkisstj. í launamálum á næsta ári, sem hún óhjákvæmilega hlýtur að verða spurð um alveg á næstunni. Þess í stað finnur hæstv. fjmrh. upp aðferð sem er einsdæmi í allri þingsögunni og hefur aldrei fyrr sést við fjárlagagerð. Í staðinn fyrir að leggja fram einhverja forsendu í launa- og verðlagsmálum á næsta ári býr hann til nýyrðið „reiknitala". Hann segir: Ríkisstj. hefur enga stefnu í verðlagsmálum til þess að miða fjárlagagerð sína við. — Hins vegar eru fjárlögin búin þannig til að það er notuð einhver reiknitala sem er 33%. Af hverju 33%. Af hverju ekki eins 25% eða 40% eða 100%? Það fæst ekkert svar við því. Í vali reiknitölunnar er engin stefna mótuð, það er tekið skýrt og skorinort fram í grg. frv. að svo sé ekki. Og þá spyr ég: Hvaðan er þessi reiknitala fengin? Hver hefur valið hana? Hvernig var hún fundin og hvað þýðir hún? Þýðir hún það, að ríkisstj. hafi e. t. v. allt aðra stefnu í verðlags- og launamálum en kemur fram í frv.? Ef svo er, hvaða stefna er það þá og hvenær skyldi hún eiga fram að koma ef ekki við fjárlagagerð? Eða þýðir þetta nýyrði: „reiknitala", að ríkisstj. hafi enga stefnu í því máli, ekkert markmið í verðlags- og launamálum? Hvers virði eru þá tillögur að fjárlagagerð sem settar eru fram án þess að hæstv. ríkisstj. a. m. k. reyni að marka sér einhverja stefnu í þessum málaflokki?

Það er óneitanlega gaman að sjá hvernig ríkisstj. veltir þessum vanda fyrir sér eins og heitri kartöflu á milli handanna. Fjárlagafrv. kom fram á Alþingi fyrst af þessum þremur þskj.: fjárlagafrv., þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Á bls. 169 segir um þessa dularfullu reiknitölu:

„Það skal tekið fram, að reiknitala fjárlagafrv. er ekki hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár?"

Hvernig er hún hugsuð þá, ef hún er ekki hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár? Hvað er þá þessi reikni-

tala? Hvaðan er hún fengin? Er þetta kannske talan sem Sölvi Helgason notaði til að reikna kálf í kú? Einhver ástæða hlýtur að vera fyrir því, að hæstv. ríkisstj. velur töluna 33 frekar en 35, 34, 32, 29, 50 eða 100. En hæstv. ríkisstj. tekur strengilega fram að það megi alls ekki líta svo á að þessi reiknitala, sem ég veit ekki hvað er, sé hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár því að svo sé alls ekki. Síðan heldur hæstv. fjmrh. áfram í aths. sínum og segir:

„Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári."

Þar á stefnan að koma. Þjóðhagsáætlun var ekki komin þegar fjárlagafrv. var lagt fram, en kom nokkrum dögum seinna. Og hvað skyldi nú segja um verðbólguhorfurnar og stefnu ríkisstj. í þessum málum í því ágæta þskj. sem boðað var í aths. með fjárlagafrv. að mundi flytja þingi og þjóð stefnu í þessum málum. Þar segir ekki neitt. Þar hefur hæstv. ríkisstj. ekkert að segja um þetta og engar tillögur að gera. Þvert á móti segir hæstv. ríkisstj. í þjóðhagsáætlun sinni, á bls. 20, ef ég man rétt, að margt af þessu sé mjög óráðið. Það lá að: margt af því væri óráðið og því erfitt að setja fram spá um þessa þróun. M. ö. o: hæstv. ríkisstj. býr til fjárlagafrv. án þess að hafa markað sér nokkra stefnu í verðlags- og launamálum, sem er grundvallaratriði allrar fjárlagagerðar. Þess í stað finnur hún einhvers staðar úti í himinblámann einhverja tölu, sem vill svo til að er talan 33, og setur hana inn í tölvurnar og segir við tölvumeistarana: Nú skuluð þið reikna út frá þessari tölu, en það má enginn taka hana alvarlega. Þetta er bara reiknitala. — En í Alþingi segir hæstv. ríkisstj.: Bíðið bara andartak, því að þegar þjóðhagsáætlun kemur fram skulum við setja fram stefnuna. Síðan kemur þjóðhagsáætlunin fram. Hvað segir ríkisstj. þá? Nei, því miður, þetta er gersamlega ómögulegt að gera, segir hæstv. ríkisstj. Ætli hæstv. fjmrh. tilkynni þá ekki í svarræðu sinni hér á eftir að þess sé að vænta, að þessarar stefnu, sem ekki var hægt að marka við gerð fjárlagafrv., ekki var hægt að marka við gerð þjóðhagsáætlunar, hennar sé að vænta við 2. umr. fjárlaga eða kannske í ræðu hæstv. forsrh. í sjónvarpinu á gamlárskvöld. Þar kom stefnan loksins fram á s. l. hausti og skyldi það nú ekki vera, að hún kæmi líka fram í gamlársboðskapnum núna?

Það eru einkun og sér í lagi tvö atriði, sem hæstv. ríkisstj. hrósar sér af í aths. sínum með þessu fjárlagafrv. Það er í fyrsta lagi hinn stóraukni sparnaður, frjálsi sparnaður, sem orðið hefur í landinu og skapaði ríkisstj. mikla möguleika, ef hún hefði kært sig um, til þess að snúa frá erlendum lántökum yfir í hóflegar lántökur á innanlandsmarkaði. Það er annað atriðið, sem hæstv. ríkisstj. hrósar sér fyrir. Hitt er verðbólguþróunin, sem hæstv. ríkisstj. segir að stefni í það að verða 40% frá upphafi til loka ársins.

Hvernig skyldi nú standa á því, að þær gleðilegu fréttir hafa gerst, að sparnaður í landinu hefur farið ört vaxandi? Skyldu ekki allir vera sammála um það, að skýringin á því sé verðtryggingarstefnan sem blessunarlega hefur nú fengið að vera nokkurn veginn í friði í landinu í rösk þrjú ár? Skyldu það ekki vera meginskýringin? Jú, ég efast um að nokkur mótmæli því. Hver var það sem fékk þá verðtryggingarstefnu samþykkta, barðist fyrir henni og fékk hana samþykkta í harðri andstöðu m. a. við flokk hæstv. fjmrh.? Það var ekki Gunnar Thoroddsen. Það var ekki Framsfl. Nei það var Alþfl. Og mikið fengum við Alþfl.-menn að finna fyrir því hjá Alþb. og formanni Framsfl., að við skyldum hafa neytt þá til fylgis við þessa þjóðhættulegu stefnu. Hvað sagði ekki formaður Framsfl. í sjónvarpi fyrir nokkrum mánuðum, þegar hann var að tala um að hann hefði látið glepjast til fylgis við verðtryggingarstefnu Alþfl. sem aldrei skyldi verið hafa? Nú er þetta orðin ein helsta rós ríkisstj. Hún hrósar sér af að geta nú uppskorið það sem Alþfl. sáði til þegar hann fékk verðtryggingarstefnuna samþykkta. Hæstv. ríkisstj. þakkar sér það, að sparnaðurinn skuli hafa farið í vöxt, eins og gerst hefur, að menn skuli hættir að stela af sparifé gamla fólksins og unglinganna. Hæstv. ríkisstj. telur það sér til tekna. En það var ekki henni til tekna, vegna þess að það liðu varla svo vísitölutímabil á Alþingi í fyrra og hittiðfyrra að ráðh. í hæstv. ríkisstj. kæmu ekki hér upp í ræðustólinn hver á fætur öðrum til að lýsa yfir hvílík þjóðarnauðsyn væri að afnema þessa verðtryggingarstefnu sem Alþfl. hefði — eins og þeir sögðu þá — illu heilli borið ábyrgð á að leiða í lög í þessu landi.

Hins vegar hefur hæstv. ríkisstj. gjörsamlega vanrækt annað atriði, sem var meginatriði í till. okkar Alþfl.-manna um verðtryggingarmálin, og það er að breyta útlánakjörunum þannig að létta greiðslubyrði af því fólki, t. d. því sem stendur í húsbyggingum, sem á erfitt um vik vegna þessarar stefnu. Það hefur ríkisstj. algerlega vanrækt að gera. Hún vill gjarnan halda þannig á málunum, hæstv. ríkisstj., að þakka sér árangurinn af verðtryggingarstefnunni sem hefur lýst sér í stórauknum sparnaði, en kenna okkur um dekkri hliðarnar sem felast m. a. í mikilli greiðslubyrði þeirra sem skulda, en mætavel ætti að vera hægt að laga með því einfaldlega að dreifa greiðslubyrðinni yfir lengra tímabil en gert hefur verið.

Svo er það verðbólguþróunin sem hæstv. ríkisstj. segir að fari ekki fram úr 40% frá upphafi til loka árs. Með einni símhringingu upp í Þjóðhagsstofnun er hægt að ganga úr skugga um hvernig verðhækkunarferillinn hefur raunverulega verið á 12 mánaða tímabili, allt s. l. ár, frá jan. 1980 til jan. 1981, frá febr. 1980 til febr. 1981 o. s. frv. Hvernig skyldi sá verðhækkunarferill hafa verið? Hann er þannig að verðhækkanir á 12 mánaða tímabili allt þetta ár hafa verið um og yfir 50%. Og verðhækkanir á 12 mánaða tímabili, nóv. 1980 til nóv. 1981, verða líka um 50%. Síðan gerist það, þegar kemur að síðasta mánuði ársins og menn flytja sig frá viðmiðuninni nóv. 1980 til nóv. 1981 yfir í des. 1980 til des. 1981, að þá snarfellur þessi vog verðhækkana niður í um það bil 40%, ef ríkisstj. tekst að halda hjólunum gangandi fram til ársloka án þess að grípa til aðgerða sem munu óhjákvæmilega hraða snúningi verðbólguhjólsins á ný. Hvers vegna kemur þetta út? Hvers vegna verður sú mikla breyting á svo til einni nóttu, frá viðmiðuninni nóv. 1980 til nóv. 1981 yfir í desemberviðmiðun, des. 1980 til des. 1981, að verðhækkunarvogin snarlækkar úr yfir 50 niður í um það bil 40? Skýringin á því er mjög einföld. Eins og menn muna eftir tók ríkisstj. þá ákvörðun í desembermánuði s. l. — og tilkynnti það frammi fyrir þjóðinni í sjónvarpsræðu forsrh. að kvöldi gamlársdags — að ausa út í þeim mánuði gríðarlegum verðhækkunum þannig að verðhækkanir á árinu 1980 tóku stórkostlegt stökk frá nóv. til des. sama ár. Þá var ausið út verðhækkunum á einni nóttu svo að miklu munaði. Einfaldlega þess vegna gerist það, að þegar verðbólguviðmiðunin er

flutt yfir mánaðamótin nóv.-des. virðist eins og verðbólguhraðinn snarminnki. En það er ekki í raun. Hraðinn á verðbólgunni er nú sá sami og hann hefur oftast verið, einhvers staðar á bilinu 9—11% á þriggja mánaða tímabili. Vel að merkja því aðeins að ríkisstj. takist að halda hjólum atvinnulífsins í gangi fram til áramóta án þess að þurfa að grípa til ráðstafana sem mundu mjög hvata verðbólguhjólinu, svo sem gengisbreytingar eða einhverra slíkra ráðstafana sem sumir telja að óhjákvæmilegar kunni að reynast á næstu vikum þó að ríkisstj. sjálf hafi gefið yfirlýsingar um að svo verði ekki.

Herra forseti. Það hefur komið fram hér hjá hæstv. fjmrh. að hann er óskaplega hörundssár yfir því, að menn hafa leyft sér að benda á að til þess að sýna hagkvæma útkomu úr rekstri ríkissjóðs á pappírnum hafi hann gripið til millifærslna á milli A- og B-hluta fjárlaga sem ekki eigi sér fordæmi, t. d. við síðustu fjárlagagerð. Ég skal fúslega nefna nokkur dæmi um það og fara yfir þau með hæstv. fjmrh. til að sýna honum þetta. En áður en ég geri það ætla ég aðeins að benda á örfá atriði til viðbótar um þann veika grunn sem fjárlagafrv. hvílir á.

Það er gömul kennig, að ekki skipti máli þó svo að tekjur og gjöld í fjárlagafrv. séu vanáætluð vegna þess að það sé þumalfingursregla, sem megi nokkurn veginn fylgja, að ef verðbólga reynist meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., þá standist það nokkurn veginn á endum að tekjur og gjöld vaxi álíka mikið þannig að ekki komi til hallabúskapar hjá ríkissjóði. Til að þessi þumalfingursregla standist verður tvennt að vera alveg öruggt: 1. Öll framkvæmdalög verða að vera bundin við þá krónutölu sem fram er tekin í frv. Þau mega ekki hækka með verðþróun. 2. Allir viðhaldsliðir fjárlaga verða að vera fastir í krónutölu. Ef frá þessu er vikið, ef framkvæmdalögin eru hækkuð frá áætlun fjárlaga, standast ekki fjárlagaforsendur við verðlagsþróun og ef viðhaldsliðir eru hækkaðir til samræmis, þá fer allt úr böndunum. Og nú langar mig til þess að spyrja: Ef þessi svokallaða reiknitala, 33% verðlagsþróun á næsta ári, mun við betri athugun ekki reynast stefna ríkisstj., heldur að verðlagsþróunin muni verða öllu líkari því sem hún er í dag, eitthvað í kringum 50%, telja menn þá líklegt að hægt sé að halda framkvæmdalögum í óbreyttum fjárhæðum, miðað við 33% verðbólguvöxt, ef verðbólgan yrði í rauninni 50%? Ég er hræddur um að hæstv. fjmrh. muni reynast það ekki bara erfitt, heldur ókleift. Hvernig yrði því þá mætt? Því yrði ekki mætt með öðrum hætti en annaðhvort aukinni erlendri lántöku ellegar aukinni skattheimtu. Með sama hætti er gersamlega útilokað að takist að halda viðhaldsliðum óbreyttum í krónutölu ef spá fjárlagafrv. stenst ekki, þessi lága verðlagsspá, en verðhækkanirnar yrðu eitthvað svipaðar og þær eru í dag. Aðeins þetta eina atriði sýnir hversu veikur grundvöllurinn er undir fjárlagafrv.

En látum þetta nú lönd og leið. Tökum annað dæmi.

Það hefur eitt gerst til viðbótar þessu sem hefur breytt þeirri gömlu þumalfingursreglu, að ekki skipti máli, þótt áætlanir um verðþróun í fjárlagafrv. standist ekki, vegna þess að það komi í sama stað niður fyrir tekjur og gjöld. Það sem hefur breytt þessu er verðtryggingarþátturinn í lánum ríkissjóðs, þ. e. hve vaxtagreiðslur af lánum ríkisins eru orðnar gríðarlega mikill þáttur í útgjöldum ríkissjóðs. Reynsla síðustu 2—3 ára bendir til þess, að ef verðlagsforsendur fjárlaga standast ekki og reynast eitthvað hærri en fjárlagafrv. er reist á, þá fara vaxtagjöldin öll úr böndunum og útgjöld ríkisins vaxa af þeim sökum miklu meira en tekjurnar. M. ö. o.: ef þessi spá, 33% reiknitalan, reynist röng munu vaxtaútgjöldin, sem af þeirri verðþróun stafa, setja ríkissjóð yfir um eins og frá málum er gengið í þessu fjárlagafrv.

Þá langar mig í þriðja lagi að benda á það, sem einnig sýnir fram á á hve veikum grunni þetta fjárlagafrv. er reist, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að standa að lánsfjáröflun á hinum innlenda lánamarkaði. Það er gert ráð fyrir að auka skyldukaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum ríkisins, Byggingarsjóðs og annarra opinberra sjóða, úr 40% í 45%. Hæstv. fjmrh. sagðist vonast til að þeirri málaleitan yrði tekið vel af lífeyrissjóðunum. Þar er ekki um neina málaleitan að ræða. Fjárlagafrv. er þannig frá gengið að búið er að ráðstafa þeim peningum. Peningunum er ráðstafað í frv. M. ö. o.: verði málaleituninni ekki sinnt verður lögþvingunin, sem ríkisstj. beitir lífeyrissjóðina í dag, aukin. En hver er reynslan? Reynsla Byggingarsjóðs ríkisins er sú, að mér er tjáð, að það hafi aldrei verið erfiðara að fá lífeyrissjóði til að kaupa skuldabréf þar heldur en í ár. Hvernig er fjárhagsstaða lífeyrissjóðanna í landinu? Hæstv. fjmrh. ætti að fara nærri um það, vegna þess að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur, eins og hæstv. ráðh. veit, kippt að sér höndum um lánveitingar vegna þess að fjárhagsstaða hans er slík að hann getur ekki staðið við þau fyrirheit um lánveitingar til félagsmanna sinna sem hann hafði gefið. Finnst mönnum líklegt að þetta séu rök fyrir því, að hægt verði að auka skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna af ríkissjóði og opinberum sjóðum eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir?

Í annan stað gerir hæstv. ríkisstj. ráð fyrir því, að á sama tíma og hún skyldar banka og sparisjóði til að kaupa skuldabréf af ríkissjóði og leggja þannig fram fé til rekstrar ríkissjóðs geti hún, eins og segir í aths. með fjárlagafrv., gengið þannig frá málum, að öllum framkvæmdaaðilum, sem áður hafa fengið framkvæmdalán til húsbygginga hjá Byggingarsjóði ríkisins, verði þar synjað um lán, en þeir leiti á náðir viðskiptabanka og sparisjóða. Hæstv. ríkisstj. bókstaflega tekur fram í grg. með frv. þessu að gert sé ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins hætti að veita framkvæmdaaðilum, sveitarfélögum og öðrum þeim aðilum, sem standa í húsbyggingum, framkvæmdalán úr Byggingarsjóði ríkisins, eins og þessir aðilar hafa áður haft, en þeim verði þess í stað vísað á bankana.

Í þriðja lagi verður ekki betur séð af orðum hæstv. ríkisstj. en hún ætlist einnig til þess, að þessir sömu bankar og sparisjóðir taki fé sitt og verji því í millifærslu til sjávarútvegsins til þess að hægt sé að halda útgerðinni gangandi fram að áramótum.

Það á sem sé að ráðstafa þessu sama fjármagni til þriggja aðila. Í fyrsta lagi eiga bankarnir að ráðstafa þessu eigin fé sínu til þess að kaupa skuldabréf af ríkissjóði og skaffa ríkissjóði þannig fé. Í öðru lagi eiga þeir að taka við þeim aðilum frá Byggingarsjóði ríkisins, sem þar hafa hingað til fengið framkvæmdalán, og sinna skyldum Byggingarsjóðs ríkisins við þá. Og í þriðja lagi eiga þeir af þessum sömu peningum að ráðstafa hundruðum millj. í millifærslur yfir til sjávarútvegsins. Verður ekki annað sagt en þarna sé a. m. k. tvínotuð hver króna. Þetta er enn eitt dæmið um á hve veikum grunni þetta fjárlagafrv. er byggt.

En ég ætlaði mér til gamans að fara með hæstv. fjmrh. yfir nokkur atriði í þessu fjárlagafrv. sem sýna hvílíkum bellibrögðum er nú beitt við frágang á rekstrarreikningi og greiðsluyfirliti ríkissjóðs, til þess að styðja frekar þau ummæli sem áður hafa komið fram, — ekki um það, að fjárlagafrv. sé með einhverjum hætti falsað, síður en svo. Hér er ekki um neinar falsanir að ræða eða bókhaldssvik, heldur bellibrögð af því tagi, að fjárveitingum úr ríkissjóði er breytt yfir í erlendar lántökur og fluttar úr A-hluta yfir í B-hluta til þess að á pappírnum sé hægt að sýna hagkvæmari niðurstöðu úr rekstrarreikningi ríkissjóðs er rétt er.

Við skulum taka þrjú dæmi, láta það nægja í bili.

Ef við flettum upp á töfluverkefni hæstv. fjmrh. á bls. 182 í fjárlagafrv. þessu, þá sjáum við í B-hluta fjárlagafrv., sem nær yfir stofnanir ríkisins sem hafa sjálfstæðan og sérskilinn fjárhag, að þar kemur tala um Kröfluvirkjun þar sem gert er ráð fyrir að framkvæmdir vegna Kröfluvirkjunar séu 63 millj. kr. og fjármagnsútgjöld 71 millj. kr. eða samanlagt 134.5 millj. kr., eitthvað þar um bil. Í grg. með frv. er sagt að tilgangurinn sé að taka allar þessar fjárhæðir að láni, bæði fjármagnsútgjöldin og framkvæmdirnar. Ekkert af þessu er nýtt. En í fjárlagafrv. liðins árs og liðinna ára hjá hæstv. fjmrh. var þessum lánveitingum skipt á A- og B-hluta þannig að fjármagnsútgjöldin voru færð á A-hluta en aðeins framkvæmdaútgjöldin á B-hluta. Nú hefur þessu bókhaldi verið breytt. Hvaða áhrif hefur það? Við skulum að gamni okkar setja þetta fjárlagafrv. að þessu leytinu til upp eins og fjárlagafrv. var sett upp á s. l. ári og fjárlagafrv. áranna þar á undan voru einnig sett upp. Þá hefði staðið á bls. 1: Greiðsluyfirlit ríkissjóðs, rekstrarreikningur, fært undir útgjöld, gjaldahlið: Fjármagnsútgjöld vegna Kröfluvirkjunar að upphæð 71 millj. kr. Það hefði hækkað gjöld á rekstrarreikningi um 71 millj. kr. og lækkað rekstrarafgang ríkissjóðs um næstum því hálfa þá upphæð sem þar er færð. Á móti hefði komið inn, undir tekin lán í A-hluta, sama upphæð í lánahreyfingum. Tekin lán hefðu þá hækkað úr 318 millj. kr. í 399.6 millj. kr. M. ö. o.: í staðinn fyrir það, eins og reynt er að sýna fram á hér hjá hæstv. fjmrh., að greidd lán ríkissjóðs séu hærri en tekin lán ríkissjóðs, hefði dæmið snúist við. Dæmið hefði snúist við. Hæstv. fjmrh. hefði tekið meiri erlend lán en hann hefði greitt. Tekin lán umfram greidd lán hefðu orðið 79 millj. kr. Allur greiðsluafgangurinn, sem hæstv. fjmrh. hrósar sér fyrir, á greiðsluyfirliti ríkissjóðs, hefði verið fenginn með erlendum lántökum. Þetta hefðu sem sé verið dæmigerð Matthíasar Á. Mathiesen-fjárlög, þar sem greiðsluafgangur væri fenginn með meiri lántöku en nemur afborgunum af lánum.

Í staðinn fyrir að færa fjármagnsútgjöld Kröflu með sama hætti og þau voru færð í fjárlögum og fjárlagafrv. í fyrra og árið þar áður, hefur hæstv. fjmrh. breytt bókhaldsaðferðum sínum og fært öll fjármagnsútgjöld Kröfluvirkjunar út úr A-hluta fjárlaga, út úr hinu takmarkaða ríkisbókhaldi og yfir í B-hlutann. Þetta breytir í sjálfu sér ekki miklu. Þetta breytir engu um lántökuna í heild. Þetta breytir því einu, að hæstv. ráðh. getur sýnt fram á rekstrarjöfnuð upp á 151 millj. kr. á greiðsluyfirliti ríkissjóðs, sem hefði verið rekstrarjöfnuður um nákvæmlega helmingi minni fjárhæð ef hann hefði haldið óbreyttri bókhaldsreglu frá því í fyrra. Eins og greiðsluyfirlitið er sett upp er hæstv. fjmrh. auðsjáanlega að reyna með einhverjum hætti að burðast við að geta sýnt einhverja tölu um það, að hann borgi meiri erlend lán en hann tekur. En það er ekki aldeilis svo, því að ef hann hefði ekki gert þessa bókhaldsbreytingu, ef hann hefði haldið sig við sömu færslur og gerðar voru í fyrra, hittiðfyrra og árið þar áður, þá hefði dæmið verið alveg þveröfugt. Þá hefði hæstv. ráðh. tekið meiri lán en hann greiðir, tekið tæplega 80 millj.kr. meiri lán en hann greiðir, og allur greiðsluafgangur ríkissjóðs væri fenginn með erlendum lántökum. Ég sé að þetta kemur hæstv. fjmrh. ekkert á óvart. Honum er alveg ljóst hvað hér er verið að gera.

En skyldi þetta nú vera eina dæmið? Nei, þetta er ekki eina dæmið. Við skulum fletta hér saman upp á bls. 235. Ég sé að hæstv. fjmrh. þarf ekki að fletta, hann veit hvað þetta er. Hvað skyldi nú standa á bls. 235? Ég kann það ekki utan að þó að hæstv. fjmrh. geri það, svo að ég verð að fletta upp á því. Þar stendur: Um Orkusjóð, við 371, 5. línu að ofan:

„Framlag til lánagreiðslna lækkar um 4.5 millj. kr. og verður 17 millj. kr. Skýring þess, að framlagið lækkar, er sú, að lánagreiðslur vegna virkjunarrannsókna falla nú niður sem sérstök fjárveiting. Þess í stað er gert ráð fyrir að virkjunarrannsóknir annist sjálfar fjárútvegun til að standa undir greiðslu vaxta og afborgana.“

Hvernig skyldi það vera gert? Jú, það er gert með erlendum lántökum.

Í fyrra var framlag úr ríkissjóði í þessu sambandi 21.5 millj. Sú tala var færð á rekstrarreikning sem útgjöld ríkissjóðs og lækkaði rekstrarafkomu ríkissjóðs. Hvað gerir ráðh. nú til þess að reyna að sýna fram á hagstæða tölu? Jú, jú, hann lækkar framlagið úr ríkissjóði í þessu sambandi og lækkar þar með útgjöldin á rekstrarreikningnum, en tekur bara lán fyrir mismuninum og færir þau yfir á B-hlutann, þannig að fram kemur í færslunum, eins og þær eru gerðar hjá hæstv. fjmrh. á greiðsluyfirlitinu, að framlögin hafi verið lækkuð til lánagreiðslnanna, vegna þess að hluta af þeim hefur verið breytt yfir í lántöku samkv. B-hluta og er ein af skýringunum á því, að lántökur til B-hluta aukast um meira en 90%. Það er enginn vandi að leika sér svona með tölur til þess einfaldlega að sýna á pappírnum einhverja hagstæðari rekstrarútkomu ríkissjóðs heldur en hún raunverulega er, með því einfaldlega að breyta framlögum úr ríkissjóði, eins og hæstv. fjmrh. gerir, yfir í lántökur, þannig að þær færist ekki lengur sem rekstrarútgjöld ríkissjóðs, heldur sem lántökur í B-hluta.

Á þessari sömu bls. er annað dæmi, þriðja dæmið sem er enn þá meira lýsandi um hvað hæstv. ráðh. er að gera. Það er þarna neðst á síðunni. Þar stendur:

„Fjárveiting til sveitarafvæðingar lækkar um 2.3 millj. kr. og verður framlagið 2.7 millj. kr. En auk þess er gert ráð fyrir lántöku í B-hluta Orkusjóðs að fjárhæð 4.5 millj. kr. þannig að ráðstöfunarfé til rafvæðingar í sveitum nemur samtals 7.2 millj. kr.“

Þetta er nákvæmlega sama sem hér er gert. Hér er lækkuð fjárveiting úr ríkissjóði frá því í fyrra í beinum krónum til sveitarafvæðingar. Tilgangurinn er ekki að draga úr sveitarafvæðingunni. Nei, tilgangurinn er að geta fært hluta af útgjöldunum, sem voru færð á rekstrarreikning ríkissjóðs í fyrra, yfir í lántöku í B-hluta svo að þau komi ekki í ljós sem útgjöld hins takmarkaða ríkissjóðs eins og hann er færður í A-hluta fjárlagafrv. Og hvers vegna er þetta skollaleikur? Það skal ég skýra með mjög einföldu dæmi.

Segja má að það sé út af fyrir sig í lagi að breyta framlagi til lánagreiðslna í Orkusjóði úr ríkisframlagi í lán, m. a. vegna virkjunarrannsókna, sem þýðir einfaldlega það, að verið er að taka þá ákvörðun varðandi virkjunarrannsóknirnar að láta væntanlegar virkjanir greiða þær upp. Má segja að það sé út af fyrir sig verjandi að flytja þetta frá fjárveitingu úr ríkissjóði yfir í skuldasöfnun á virkjunarrannsóknir í B-hluta, vegna þess að til þess sé ætlast einhvern tíma í framtíðinni, að þegar þessar virkjunarrannsóknir hafi skilað árangri og virkjanirnar eru risnar, þá taki virkjanirnar við þessum lánum og borgi þau upp. En hver á að borga sveitarafvæðinguna? Hver á að borga lánin sem Orkusjóður hefur milligöngu um að afla fyrir sveitarafvæðingu? Ég veit ekki til þess, að þeir, sem sveitarafvæðingarinnar njóta, bændur í sveitum landsins sem eru að fá styrkt dreifikerfi til sín, greiði svo mikið sem eina krónu af þessu. (**Gripið fram í:** Heimtaugagjöldin.) Aðeins heimtaugagjöld, já. Ég veit ekki til þess, að nokkur aðili geti greitt þetta lán vegna sveitarafvæðingar annar en ríkissjóður. Hvað á það þá að þýða að vera að færa þetta yfir í B-hluta stofnun, lántöku sem allir vita að er lántaka ríkissjóðs og ríkissjóður mun greiða í framtíðinni? Þetta er ekkert annað en bellibrögð til þess að sýna fram á hagstæðari rekstarafkomu ríkissjóðs en hún raunverulega verður. Það er engin vörn hjá hæstv. fjmrh. að ætla sér að færa lántöku vegna sveitarafvæðingar yfir í B-hluta fyrirtæki á fjárlögum vegna þess að sveitarafvæðingin verður aldrei greidd af öðrum en ríkissjóði sjálfum. Það er enginn aðili, sem hæstv. fjmrh. getur bent á, sem ætti að taka að sér að greiða þetta lán. Fyrrv. formaður orkuráðs, Þorv. Garðar Kristjánsson, kinkar ákaft kolli, honum er þetta jafnljóst og mér.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi, herra forseti, um hvernig hæstv. fjmrh. falsar ekki ríkisbókhaldið, hins vegar leikur þann leik til þess að geta sýnt hagstæðari afkomu ríkissjóðs í A-hluta að breyta ákveðnum framlögum úr ríkissjóði í lántökur, sem koma fram í B-hlutanum, og stendur svo uppi og sýnir Alþingi hagstæða afkomu sem í raun og veru er alveg þveröfug mynd ef allt væri fært upp eins og í fjárlagafrv. í fyrra. Ef gengið væri frá þessu fjárlagafrv. eins og fjárlagafrv. í fyrra mundi vera rekstrarhalli á ríkissjóði og allur greiðsluafgangurinn skýrðist einfaldlega af erlendum lántökum. — Það eru fleiri sem brosa í kampinn en fyrrv. formaður orkuráðs. Ég sé að fyrrv. fjmrh. glottir líka.

Þar var ýmislegt fleira en þetta, sem ég hefði áhuga á að spyrja hæstv. fjmrh. um. Ég býst ekki við að hann svari þessi neinu. Þeir gleðilegu atburðir hafa gerst, að þó svo ekki hafi gefist tími til að marka neina stefnu um forsendur fjárlagafrv. á milli þess að frv. var lagt fram og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fram, þá hefur hæstv. ríkisstj. að því er virðist tekið ýmsar ákvarðanir sem væri gaman að fá að vita hvað stæði á bak við, vegna þess að fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun stemma ekki saman. Það er allverulegur munur á tölum þeim, sem okkur eru tilkynntar í fjárlagafrv. og hins vegar því, sem tilkynnt er í fjárlaga- og lánsfjáráætlun, þó aðeins nokkrir dagar hafi liðið á milli þess að þessi tvö skjöl komu út.

Ef við flettum enn blöðum í þessari skemmtilegu bók hæstv. ráðh., á bls. 182, þá er þar tafla mikil um lánsfjárþörf ríkissjóðs samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1982, eins og gert er ráð fyrir að þessi fjáröflun sé í fjárlagafrv. Á bls. 25 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er sama tafla en nú bara stemmir ekki saman. Það hefur eitthvað gerst í millitíðinni, hæstv. fjmrh., sem væri gaman að fá að vita hvaða ástæður lægju á bak við. (Gripið fram í.) Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. viti það, ég geri ráð fyrir að þetta séu ekki prentvillur. Hér stendur t. d. í fjárlagafrv. að lánsfjárþörf ríkissjóðs vegna þjóðarbókhlöðu sé 5.5 millj., en í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að þessi lánsfjárþörf sé 7.5 millj. Það hefur eitthvað hækkað þarna um 2 millj. í millitíðinni og ég hefði ánægju af að fá að vita hver ástæðan er. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því.

Í annan stað hefur sá gleðilegi atburður einnig gerst, að ákvörðun hefur væntanlega verið tekin — ég býst við því að svo sé — um talsverðar framkvæmdir í byggðalínum, vegna þess að fjármagnsútgjöld vegna byggðalína hafa hækkað á þeim fáu dögum, sem eru á milli þess að fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun kom fyrir auglit okkar þm., úr 40 millj. 493 þús. í fjárlagafrv. í 100 millj. 493 þús. í lánsfjáráætlun. Það er engin smáprentvilla ef prentvilla skyldi vera. (**Gripið fram í:** Á Suðurlínuna.) Væntanlega er þetta til Suðurlínu og verður þá sú skýring gefin á.

Á bls. 14 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun birtist önnur mjög athyglisverð staðreynd. Þar stendur: „Þá er þess að geta, að fyrirhugað er að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum, alls 40 millj. kr.“ Hvað þýðir þetta, hæstv. fjmrh.? Þýðir þetta að til standi að hækka raforkuverð í landinu um 40 millj. kr.? Hvenær skyldi það eiga að gerast og hvaða áhrif hefur það á reiknitöluna hjá hæstv. ráðh.? Skyldi vera að reiknitalan þyrfti kannske að vera 33.5 eða 33¼, eða skiptir það kannske ekki nokkru máli? Ég vildi gjarnan að þessu gefna tilefni spyrjast fyrir um fyrirætlanir ríkisstj. um þessi efni, því hér er gert ráð fyrir að raforkunotendur í landinu borgi og þá væntanlega þeir raforkunotendur sem fá rafmagn sitt af byggðalínum. Hverjir eru þeir? Það eru raforkunotendur á Austfjörðum, á Norðurlandi og Vestfjörðum. Eiga þeir að fara að borga leigugjald fyrir línurnar, 40 millj. kr. á næsta ári? (**Fjmrh.:** Þú verður látinn borga líka.) Sjálfsagt verð ég látinn gera það, hæstv. fjmrh., enda hefur ekki staðið á því hjá hæstv. ríkisstj. að láta menn borga. Hins vegar hef ég forvitni á að fá að vita, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að framkvæma þetta, og ekki síður hitt, að hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir því í tekjuöflunarspá sinni á bls. 7 í fjárlagafrv., að lagt verði á og innheimt gjald til Framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð 13.5 millj. sem enginn veit hvernig á að afla. Það eina, sem ég get séð af þessari uppsetningu í frv., er að ráð sé gert fyrir að leggja á 1% tekjuskattsviðauka. Þetta er sambærileg tala, sem þarna er um að ræða, við það að tekjuskattur yrði hækkaður um 1 prósentustig eða að sjúkratryggingagjaldið gamla yrði innleitt á ný. Það stendur ekkert í fjárlagafrv. um hvernig á að afla þessara tekna, en það er búið að ráðstafa þeim í frv. Ég spyr: Er þarna verið að innleiða á ný gamla sjúkratryggingagjaldið, sem afnumið var í fyrra, undir öðru heiti? Er hér um að ræða 1% hækkun á tekjuskatti? Er hér um að ræða ígildi gamla sjúkratryggingagjaldsins? Ekkert kemur fram um það í fjárlagafrv.

Ég vildi gjarnan að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur því að ég hef ákveðnar spurningar að beina til hans. — Þá er einnig mjög mikið misræmi í lánsfjárþörf ríkissjóðs samkv. margumræddri töflu á bls. 182 í fjárlagafrv. og sömu töflu í lánsfjáráætlun hvað varðar Sementsverksmiðju ríkisins. Lánsfjárþörfin til Sementsverk-

smiðjunnar hefur vaxið á þessum fáu sólarhringum, sem liðu frá því að fjárlagafrv. var prentað þangað til lánsfjáráætlunin var prentuð, úr 10 millj. kr. í 18 millj. kr. Ég spyr: Hvernig stendur á því, að lánsfjárþörfin vegna Sementsverksmiðjunnar hefur vaxið svo gífurlega á þessum fáu sólarhringum? Og ég bæti við spurningu mína: Er ástæðan sú, að hæstv. ráðh. ætli Sementsverksmiðju ríkisins að taka erlend lán til þess að standa undir rekstrarhalla? Ég spyr að því gefna tilefni, að í lánsfjáráætluninni kemur fram að gert sé ráð fyrir að lánið sé tekið til stofnkostnaðar og rekstrar. Á nú þessi ríkisverksmiðja, til viðbótar við öll önnur opinberu og hálfopinberu fyrirtækin sem þeim örlögum hafa mátt sæta, líka að bætast í röð þeirra fyrirtækja sem greiða rekstrarhalla sinn með því að stofna til erlendrar lánatöku sem börnin okkar eiga síðan að borga.

Í þriðja lagi kemur allt í einu fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni lánsfjárþörf til nýs verkefnis hjá ríkinu sem ekki er einu sinni getið um í fjárlagafrv. og virðist hafa uppgötvast á þessum fáu sólarhringum. Hvað er það? Jú, það er vegna flugumferðarstjórnar á Keflavíkurflugvelli sem ekki var gert ráð fyrir að þyrfti neinar lántökur til í fjárlagafrv., en þarf 800 þús. í lánsfjáráætlun. Ég spyr: Hvað er um að ræða? Mér finnst satt að segja ekki gott að svona breytingar skuli gerðar áður en hæstv. ráðh. flytur framsöguræðu sína og hann skuli ekki skýra þingheimi frá ástæðum þeirra betur en gert hefur verið.

Ég leyfi mér enn að spyrja. Í greiðsluyfirliti ríkissjóðs, lánahreyfingum út, kemur fram að gert sé ráð fyrir að taka lán til þess að greiða hlutafjárframlög ríkissjóðs að upphæð 43 millj. 680 þús. til einhverra ótiltekinna aðila. Hvaða hlutafjárframlög eru þetta? Eru þetta væntanleg hlutafjárframlög til saltverksmiðju? Er þarna um að ræða hugsanleg hlutafjárframlög til annars jarðefnaiðnaðar? Hvað stendur þarna á bak við? Það eru engin svör gefin við því í grg. frv. Ég ítreka spurningu mína: Hvaða hlutafjárframlög eru það sem hæstv. ráðh. er hér að tala um?

Þá er mjög athyglisvert að gera sér grein fyrir því, og sýnir eitt dæmið enn um þann veika grunn sem þetta fjárlagafrv. er byggt á, að gert er ráð fyrir að verðhækkanir í erlendum gjaldmiðli á næsta ári verði 7%. Miðað við að vísitala erlendra verðbreytinga á næsta ári verði 107, eins og gert er ráð fyrir í frv. á móti 100 í ár, og fjárlagavísitalan eða hækkun fjárlaga verði 33%, þá má gengisbreyting, til þess að fjárlagafrv. standist, ekki fara yfir 24% á næsta ári. Fari gengisbreyting á íslensku krónunni fram úr 24% á næsta ári er fjárlagafrv. hrunið. Hver hefur gengisbreytingin verið á s. l. 12 mánuðum? Að sögn Þjóðhagsstofnunar hefur meðalhækkun erlends gjaldmiðils á tímabilinu jan.—sept. í ár orðið 43% miðað við sama tíma í fyrra. Og hæstv. ríkisstj. gefur út fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir því, til þess að frv. standist, að gengisbreytingar á næsta ári megi ekki vera meiri en um það bil helmingur þess sem var á þessu ári. Finnst mönnum að það séu líklegar horfur? Og enn frekar er e. t. v. gaman að huga að því, að til þess að þetta fari ekki allt um koll hjá hæstv. ríkisstj. má ekki hreyfa vind í verðlagsmálum á næsta ári svo að vaxtagjöld hæstv. ríkisstj. hrynji ekki.

Mig langar að vekja athygli manna á því, að á öftustu síðu grg. hæstv. ráðh. með fjárlagafrv. er sundurliðuð áætlun yfir vaxtagjöld ríkissjóðs. Þar vil ég biðja menn að taka sérstaklega eftir því, að ekki er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði í vexti af yfirdrætti á hlaupareikningi sínum við Seðlabanka Íslands á næsta ári meira en 7.5 millj. Tilsvarandi áætlun fyrir árið í ár er 6.1 millj., og eftir því sem mér er tjáð stenst rétt á endum að það dugi. Hæstv. ráðh. gerir ráð fyrir að vaxtagjöldin vegna yfirdráttarskuldarinnar á hlaupareikningnum við Seðlabanka Íslands hækki aðeins um 23% á næsta ári eða 10% undir reiknitölunni. Hvaða heilvita maður getur látið sér detta það í hug, að vaxtagjöld á hlaupareikningi ríkissjóðs við Seðlabanka Íslands nái ekki reiknitölu fjárlagafrv.? Ef ráðh. bara fylgdi reiknitölunni á milli ára ætti þessi fjárhæð að vera a. m. k. 6 millj. hærri en hún er, og þá færi lítið að standa eftir af rekstrarafganginum hjá hæstv. fjmrh., þegar búið er að taka tillit til þessa. Vita menn hvað mundi gerast í vaxtamálum ríkissjóðs ef verðbólgan yrði 50%, en ekki 33% Þá mundu vaxtagjöld ríkissjóðs aukast um yfir 100 millj. kr. Hvað stæði þá eftir af þessum ímyndaða rekstrarafgangi hæstv. fjmrh. sem raunar enginn er?

Þá er athyglisvert að virða fyrir sér áætlun hæstv. ríkisstj. um skattbyrði beinna skatta sem kemur fram á bls. 177. Þar er talað mikið um að nú sé ætlast til að skattbyrðin verði ekki meiri á næsta ári en hún varð í ár. Það er ekki aldeilis rétt. Í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir að launatekjur heimilanna hækki nema um 33% frá árinu í ár til næsta árs. En á bls. 177 kemur fram hvað hæstv. ríkisstj. ætlar sér að taka í tekjuskatt af þessum sömu heimilum. Hún ætlar að hækka bróttóálagninguna úr 975 millj. í ár í 1482 millj. á næsta ári. Hún ætlar að draga frá þessum tölum barnabætur og persónuafslátt sem nam 297 millj. í ár og á að nema 452 millj. á næsta ári. Þetta þýðir 52% hækkun á tekjusköttum heimilanna á sama tíma og tekjurnar eiga bara að aukast um 33%. Hvernig leyfa menn sér að halda því fram, að þetta sé ekki aukning á skattbyrðinni? Hvernig leyfa menn sér að halda því fram? Það þarf enga reiknikúnst til að sjá þetta. Á bls. 177 í töflunni kemur fram hvað frv. gerir ráð fyrir að taka í tekjuskatt af íslenskum heimilum á næsta ári og hvað gert var ráð fyrir að taka í ár. Það er gert ráð fyrir að taka í tekjuskatt á næsta ári 52% meira fé en tekið var í ár á sama tíma og laun eiga samkv. áætlun sömu ríkisstj. aðeins að hækka um 33%. Hvernig geta menn kallað það óbreytta skattbyrði ef tekjuskattar af launþegafjölskyldum hækka um 52% en tekjurnar hjá þessum sömu fjölskyldum aðeins um 33%?

Það er víðar sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér að taka skerfinn sinn af fólkinu í landinu. Á bls. 180 í fjárlagafrv. koma einnig fram áform ríkisstj. um aðra skattheimtu af fólkinu í landinu. Frv. gerir ráð fyrir að tekjur þessa fólks á næsta ári aukist ekki meira en um 33%. Eignarskattarnir eiga að hækka um 48.5%. Er það óbreytt skattbyrði? Innflutningsgjöldin eiga að hækka um 35.7% þegar tekjurnar hækka um 33. Er það óbreytt skattbyrði? Skattar af framleiðslu eiga að hækka um 36.5% þegar tekjurnar hækka um 33. Er það óbreytt skattbyrði? Skattar af seldri vöru og þjónustu eiga að hækka um 37% þegar tekjurnar hækka um 33. Er það óbreytt skattbyrði? Aðrir óbeinir skattar eiga að hækka um 36.5% þegar tekjurnar hækka um 33. Er það óbreytt skattbyrði? Ýmsar tekjur ríkissjóðs eiga að hækka um 45.9% þegar tekjur fólksins í landinu hækka um 33%. Er það ekki aukin skattbyrði? Þannig stangast hvað á annað í fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. Það, sem er sagt á

bls. 5, er tekið aftur á bls. 10 og snúið í andhverfu sína á bls. 15.

Herra forseti. Ég tel að ég sé búinn að fjalla í meira en nógu löngu máli um almenna stefnu hæstv. ríkisstj. og fjmrh. í þessu frv. til fjárlaga. En ég vildi aðeins í lokin minnast á örfá atriði í tillögugerð frv. sjálfs.

Ég vil fyrst leyfa mér að vekja athygli manna á því, að á bls. 171 í grg. fjárlagafrv. stendur orðrétt: „Sölugjald ásamt orkujöfnunargjaldi er orðið langstærsti tekjustofn ríkissjóðs." Hæstv. ríkisstj. segir hér með að orkujöfnunargjaldið, sem lagt var á með allsherjarsamþykki allra þm. á Alþingi til þess að leysa ákveðinn vanda sem fólk átti við að búa vegna mjög misjafnrar aðstöðu í húshitunarmálum, þetta orkujöfnunargjald sé búið að taka og gera að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð. Og það stemmir líka við áform ríkisstj. um tekjuöflun og ráðstöfun þess gjalds, vegna þess að hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að hafa 190 millj. kr. í tekjur af orkujöfnunargjaldinu en nota aðeins 30 millj. kr. af þeim tekjum til þess að jafna orkuverðið í landinu. Afgangurinn, 160 millj. kr., á að renna í ríkishítina. M. ö. o.: það er verið að leika hér sama leikinn og í Vestmannaeyjagosinu á sinni tíð. Þá var samþykkt hér á Alþingi með atkv. allra þm. að leggja á sérstakt viðbótarsöluskattsstig til að liðsinna fólkinu í Vestmannaeyjum sem orðið hafði fyrir búsifjum. En það var ekki liðinn langur tími þar til þáv. fjmrh. hirti allt þetta gjald í ríkissjóð. Sama ljóta leikinn er nú verið að leika gagnvart því fólki sem á um sárt að binda vegna mikils kostnaðar við upphitun á húsum sínum og orkunotkun umfram aðra landsmenn. Fullt samkomulag náðist um það hér á þingi meðal allra þingflokka að afla fjár með sérstökum hætti til þess að styðja þetta fólk. Nú er búið að taka þann tekjustofn og hæstv. ríkisstj. hrósar sér af því, að hann ásamt sölugjaldinu sé orðinn langstærsti almenni tekjustofn ríkissjóðs.

Það er líka vert að veita því athygli, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. skammtar ýmsum fyrirtækjum ríkisins og ýmsum sjóðum ríkisins úr hnefa það fé sem þau eiga að framfleyta sér á, hvernig hæstv. ríkisstj. afgreiðir sjálfa sig. Hvernig afgreiða ráðherrar í ríkisstj. Gunnars Thoroddsens sjálfa sig? Skyldu þeir afgreiða sjálfa sig með svipuðum hætti og þeir afgreiða aðra. Við skulum aðeins líta á það.

Framlag til ríkisstj. sjálfrar vex frá árinu í ár um 97%. Það þætti ekki ónýt hækkun ef það væri Byggingarsjóður ríkisins eða Sementsverksmiðjan. Þar er ekki verið að taka erlendu lánin. Framlagið til ríkisstj. sjálfrar er hækkað um 97% á milli ára. Hvaða skýring er gefin? Jú, sú skýring er gefin, að þetta sé vegna allra aðstoðarráðherranna, það sé búið að flytja þá frá aðalskrifstofu viðkomandi ráðuneyta og yfir í æðstu stjórn ríkisins, yfir á ríkisstj. sjálfa. Skyldu þá ekki fjárveitingarnar til ráðherraskrifstofanna lækka að sama skapi, fyrst búið er að taka alla aðstoðarráðherrana þar út og flytja þá í umsjá æðstu stjórnar ríkisins, ríkisstj. sjálfrar? Við skulum gá hvað fjárlögin segja okkur um það.

Forsrn., yfirstjórn, útgjöldin þar vaxa um 90%. Ekki sér á að mikið hafi sparast þar þó að Jón Ormur Halldórsson hafi verið fluttur til í bókhaldi ríkissjóðs. Hvað með menntmrn.? Útgjöldin til skrifstofu menntmrh. vaxa um 42.7% á sama tíma og aðrir í ríkiskerfinu verða að sætta sig við 20—33%. Hver er ástæðan? Í fyrsta lagi aukið starfslið og í öðru lagi sú, að almenn rekstrarútgjöld menntmrh. vaxa um 44.9% á sama tíma og almenna línan hjá hæstv. ráðh. er 33%. Og hver er skýringin á því, að útgjöldin á skrifstofu menntmrh. jukust svo mjög? Jú, skýringin er sú, eins og segir í fskj. með fjárlagafrv., að farið hafi verið eftir niðurstöðum ríkisreiknings, hinni raunhæfu tölu, en ekki einhverjum áætluðum tölum. En þegar er komið að öðrum en ráðh. er ekki farið eftir niðurstöðum ríkisreiknings. Það var ekki gert um löggæsluna. Það var ekki gert um sjóðina. Það var ekki gert um stofnanir ríkisins. Nei, það var bara gert á aðalskrifstofum ráðh. Og menntmrh. var síður en svo einn þarna ásamt forsrh.

Útgjöldin á skrifstofu landbrh. næstum því tvöfaldast á milli ára. Þar er líka stofnuð ný staða og þar eru önnur rekstrarútgjöld líka hækkuð langt umfram almenna verðhækkun í fjárlögum vegna þess að tekið er tillit til óska landbrh. um að menn noti nú ríkisreikninginn frá því í fyrra sem viðmiðun, en ekki fjárlögin eins og þau þá voru afgreidd. Þá eru komnir þrír.

Hvað með sjútvrh.? Jú, þar er ráðinn nýr fulltrúi og þar eru önnur rekstrarútgjöld aukin langt umfram almennar rekstrarútgjaldahækkanir í fjárlagafrv. af sömu ástæðum. Beiðni sjútvrh. um, að menn notuðu nú ríkisreikninginn, en ekki fjárlögin síðan í fyrra, sem viðmiðun, var einnig tekin til greina.

Þá er komið að félmrh. Útgjöldin vegna aðalskrifstofu félmrh. vaxa um 50.9%. Af hverju? Jú, fjölgun starfsliðs og það er farið eftir ríkisreikningnum í fyrra um önnur rekstrargjöld, rekstrargjöld skrifstofu ráðh. aukin langt umfram það sem gengur og gerist hjá öðrum stofnunum ríkisins. Sami ráðh., hæstv. félmrh., hefur einnig skrifstofu í heilbr.- og trmrn. Þar er einnig ráðinn nýr starfsmaður og þar verður tæplega 50% launakostnaðarútgjaldaaukning.

Hæstv. fjmrh. réð sér nýjan fulltrúa og er sjálfsagt ekkert við því að segja. Gert er ráð fyrir tilsvarandi launahækkun til hans. En hann lætur við það sitja að hafa sömu tölu um almenn rekstrarútgjöld og aukningu þeirra á sinni skrifstofu og hann gerir öðrum ríkisstofnunum að sæta. Hann lætur a. m. k. ekki stjórnast af því sjálfur sem hann samþykkir fyrir hina ráðh., að áætla gjöld vegna aðalskrifstofu þeirra eftir niðurstöðum ríkisreiknings, en ekki fjárlaga. Ber vissulega að meta það við hæstv. fjmrh.

En hæstv. samgrh. kemur í kjölfarið og ræður sér tvo nýja starfsmenn.

Og iðnrh. getur að sjálfsögðu ekki verið minni maður og ræður sér líka tvo, enda þarf heldur betur að halda á penna í því rn. að því er manni skilst.

Hæstv. viðskrh. fær óvenjulega hækkun, 60% á almennum útgjöldum á sinni aðalskrifstofu og launakostnaðarhækkun um 65.2%, þó svo að stofnanir þær, sem undir hæstv. ráðh. heyra, verði að sætta sig við aðeins helminginn af því.

Það er mjög athyglisvert að sjá hvernig ráðh. hafa tekið höndum saman um að láta aðrar reglur gilda um mannaráðningar og rekstrarútgjöld á eigin skrifstofum heldur en gilda um alla aðra aðila í ríkiskerfinu. Og fyrst hann er nú kominn hér í allri sinni dýrð, hæstv. dómsmrh., þá þætti mér gaman að spyrja þann hæstv. ráðh. hvernig standi á því, að hann skuli ekki hafa — eins og með aðalskrifstofuna sína — óskað eftir að varðandi liðinn dómsmál og lögreglumál styddust menn við niðurstöðu ríkisreiknings eins og gagnvart aðalskrifstofunni hjá hæstv. ráðh.

Ríkisreikningur fyrir árið 1980 sýnir að kostnaður við

dómsmál og lögreglumál það ár, árið 1980, nam 205 millj. kr. miðað við myntbreytinguna sem gerð var um síðustu áramót. Fjárlög ársins á eftir, ársins 1981, gerðu ráð fyrir útgjöldum í þessu skyni upp á 204 millj. kr., eða einni millj. kr. minna en ríkisreikningurinn hafði leitt í ljós fyrir árið áður, og var þó verðbólga í landinu yfir 60%. (Gripið fram í.) Þetta er víst rétt. Og fjárlagafrv. fyrir árið 1982 gerir ráð fyrir, að útgjöld til liðarins dómsmál og löggæslumál verði aðeins 284 millj. kr. Þegar ríkisreikningurinn sýndi 205 millj. kr. fyrir tveimur árum. Þetta er hækkun um 39% frá raunhæfum tölum til áætlunartalna á tveimur árum. Ég spyr hæstv. dómsmrh.: Hvernig treystir hann sér til þess að reka dómsmál og löggæslumál í landinu fyrir 39% minna fé á árinu 1982 heldur en ríkisreikningurinn fyrir árið 1980 sýndi, þegar hæstv. ráðh. treystir sér ekki einu sinni til þess að reka aðalskrifstofu sína á milli ára óðruvísi en tekið sé tillit til raunverulegs ríkisreiknings og niðurstöðu hans á liðnu ári? Ætlar hæstv. dómsmrh. að reka liðinn dómsmál og löggæslumál með þessu fé? Ætlar hann að standa við það sem fjárlögin skammta honum í þessu sambandi? Hvað ætlar hann að segja mörgum lögreglumönnum upp til þess að svo megi verða? Eða er ekkert að marka það sem þarna stendur — ekki neitt?

Þá er líka einkar athyglisvert að sjá hvernig hæstv. fjmrh., sem telur sig vera mikinn félagshyggjumann, skammtar úr hnefa þegar þarf að stýfa af ríkisframlögum til hinna ýmsu sjóða. Ég vek athygli manna á því, að hæstv. fjmrh. gefur engar upplýsingar um það núna — og er það í fyrsta sinn sem svo er gert — hvað hann ætli að skera hin lögbundnu framlög til sjóðanna mikið niður. Það hefur hingað til ávallt verið sett eitthvert mark, 10 eða 15%. Nú gerir hann það ekki. Nú tekur hann aðeins fram hvað hækkunin á milli ára megi vera mikil.

Ég spyr hæstv. ráðh.: Hvað þýðir þetta með sömu viðmiðun og í fyrra, hvað þýðir þetta mikinn niðurskurð á lögbundnum framlögum til fjárfestingarlánasjóðanna? Og hvernig skammtar hann þetta? Jú, hann gerir ráð fyrir að framlög ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar landbúnaðarins, þar sem vandinn er m. a. offramleiðsla á landbúnaðarvörum, hækki um 40%, en til Framkvæmdasjóðs öryrkja og til Byggingarsjóðs ríkisins verði hækkunin bara 33%. 40% skal Stofnlánadeild landbúnaðarins fá, þó að bændur stynji undir birgðum offramleiðslu og þarna sé um að ræða einhverja óarðbærustu fjárfestingu sem um getur, en öryrkjarnir eiga að sætta sig við 33% hækkun á milli ára. Það er fyrrv. formaður hins mikla félagshyggjuflokks, Alþb., sem þarna talar. Og það er einnig athyglisvert að sjá hvaða hlutskipti hæstv. ráðh. ætlar almennum húsbyggjendum í landinu, ekki síst miðað við þær fjálglegu ræður sem hann og formaður flokks hans hafa oft flutt um vandamál þeirra.

Gert er ráð fyrir því að Byggingarsjóður ríkisins hafi 373 millj. kr. á næsta ári til að moða úr. Þar af er honum aðeins ætlað í framlögum úr ríkissjóði 57.2 millj. kr. Afganginn á Byggingarsjóður ríkisins að taka til láns, ýmist með skyldusparnaði eða hjá lífeyrissjóðunum. Hann á að taka þessa fjármuni til láns með 2% hærri vöxtum en lántakendur Byggingarsjóðs ríkisins greiða til hans. Byggingarsjóði ríkisins er ætlað að taka 246 millj. kr. að láni á næsta ári með 2% hærri vöxtum en nemur þeim vöxtum sem hann fær greidda frá þeim aðilum sem lán taka hjá honum. Þetta veldur Byggingarsjóði ríkisins vaxtatapi upp á 50 millj. kr. Hver á að bera það? Hversu margir húsbyggjendur skyldu þurfa að bíða mánuð eftir mánuð án þess að fá lán vegna þess að Byggingarsjóður ríkisins þarf að taka af sínu takmarkaða fé til að borga þetta vaxtatap? Hæstv. ríkisstj. segir í þjóðhagsáætlun sinni að á þessu ári muni byggingarkostnaður hækka um 50%. En hún gerir ekki ráð fyrir að útlánageta Byggingarsjóðs ríkisins vaxi um nema 24%. Þegar kostnaðarhækkanir í húsbyggingarstarfsemi verða 50% á að mæta því með lánveitingum sem aukast um 24%. Hvað þýðir það fyrir hinn almenna húsbyggjanda í landinu sem ekki hefur aðgang að lánveitingum Byggingarsjóðs verkamanna? Og hvað þýðir það fyrir byggingariðnaðinn, m. a. hér á höfuðborgarsvæðinu, sem á nú í vök að verjast?

Þá er eitt atriði sem mig langaði til þess að vekja sérstaka athygli á. Það er mál sem ég hef oft gert að umræðuefni úr þessum ræðustól. Gert er ráð fyrir því í fjárlagafrv., að ríkissjóður greiði í uppbætur með útfluttum landbúnaðarafurðum 160 millj. kr. 16 gamla milljarða þurfa íslenskir skattborgarar að snara út með kindakjöti ofan í norska og færeyska neytendur. Síðan segir í fjárlagafrv.: „Þar með er náð að fullu 10% markinu, sem þessar útflutningsbætur mest mega vera.“ En það er ekki satt. Ætlast er til að lagt sé meira í þessu sambandi á íslenska skattborgara heldur en lög leyfa.

Árið 1978 vantaði 300 millj. kr. umfram það sem lög leyfðu í útflutningsbætur. Það var greitt með sérstakri fjárveitingu úr ríkissjóði. Árið 1979 vantaði 1000 millj. meira en lög leyfðu. Það var greitt með fjárveitingu úr ríkissjóði. Árið 1980 vantaði 3000 millj. kr. meira í útflutningsbætur en lög leyfðu. Hvað var þá gert? Þá var þetta fé tekið að láni í erlendum gjaldeyri og Framkvæmdasjóður látinn hafa milligöngu um lánsfjárútvegunina, en Framleiðsluráð landbúnaðarins skrifaður lántaki. Árið 1981 voru með sama hætti teknar 1700 millj. kr. í erlendu láni í þessu skyni, Framkvæmdasjóður látinn útvega erlenda lánið og Framleiðsluráð landbúnaðarins skrifað fyrir því.

Nú er komið að skuldadögunum. Hver borgar þetta lán? Er það Framleiðsluráð landbúnaðarins? Nei, það borgar ekki lánið þó að það sé skrifað fyrir því. Það hefur enga peninga til að borga þetta lán með og hefur aldrei haft. Því hefur aldrei verið ætlað að borga þetta. Hver borgar það þá? Breiðu bökin í þjóðfélaginu. Verkafólkið, sem nú er með 12% minni kaupmátt fyrir kauptaxta sína heldur en það hafði þegar Geir Hallgrímsson og ríkisstj. hans voru felld, það er látið borga afborganirnar og vextina af þessum lánum sem tekin voru og skrifuð á Framleiðsluráð landbúnaðarins í fyrra og hittiðfyrra og eru nú að gjaldfalla. Hvað nemur þessi fjárhæð miklu núna samkv. fjárlagafrv. til viðbótar við þá 16 milljarða gkr. sem á að taka af þessu fólki í ár til að borga með kindakjöti ofan í Norðmenn og Færeyinga? Hún nemur um 2 milljörðum gkr. í viðbót, afborgunin af þessum lánum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins var skrifað fyrir í fyrra og hittiðfyrra vegna þess að lög leyfðu ekki að íslenskir skattborgarar legðu meira fram en þá milljarða sem þá voru lagðir fram.

Nú er komið að skuldadögunum og reikningurinn er sendur beint heim á íslensku heimilin. Það er ekki Framleiðsluráð, sem greiðir þetta. Þess vegna eru það ekki aðeins 16 milljarðar, sem verkafólk og aðrir launþegar á Íslandi þurfa í dag að greiða með kindakjöti

ofan í færeyska og norska neytendur. Þeir þurfa að greiða auk þess vexti og afborganir af erlendum lánum, sem tekin voru í þessu skyni í fyrra og hittiðfyrra og nema 2 milljörðum gkr. í viðbót. Og enn er sagan ekki sögð, vegna þess að í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. er gert ráð fyrir að taka enn á þessu ári 2 milljarða gkr. í viðbót að láni erlendis í þessu skyni.

Við erum að fara á vit Norðmanna, Færeyinga og erlendra þjóða og láta lána okkur í beinhörðum gjaldeyri peninga til þess að greiða með íslenskum matvælum ofan í þetta sama fólk, vegna þess að íslensk lög leyfa ekki að íslenskir skattborgarar greiði meira á þessu ári í þessu skyni en 16 milljarða kr. Og þá er snúið sér til sömu þjóða sem fá þessa matvöru gefins frá okkur og þær beðnar um að lána okkur fé til þess að greiða niður matvöruna ofan í þegna þessara þjóða. Og hverjir eiga að borga þetta? Börn okkar og barnabörn. Börn okkar og barnabörn eiga að borga þær fjárhæðir í afborgunum og vöxtum af þessum erlendu lánum sem gjaldfalla ekki á okkar tíð. Er þetta nokkurt vit lengur? Er nokkurt vit að í ár skulum við borga 20 milljarða gkr., 4 milljörðum gkr. meira en íslensk lög leyfa mest, ofan í færeyska og norska neytendur sem eru svo vinsamlegir að þeim þóknast að láta gefa sér íslenskar framleiðsluvörur? Og hvaða vit er í því að fjmrh. leyfi sér að láta skrifa aðila úti í bæ eins og Framleiðsluráð landbúnaðarins fyrir slíkri lántöku, — aðila sem ekki er, ekki hefur verið og mun aldrei verða borgunarmaður fyrir þessu fé? Hvað á það að þýða að leyfa sér að sniðganga þannig íslensk lög svo að hægt sé að leggja á bök íslensks launafólks meiri fjárhæðir en íslensk lög leyfa til þess að greiða með íslenskum offramleiddum matvælum ofan í erlenda neytendur? Og hvernig getur hæstv. fjmrh. sem fyrrv. formaður Alþb. leyft sér að leggja þessar byrðar á herðar íslenskra launþega á sama tíma og láglaunafólkið í landinu getur varla litið upp úr vinnu til þess eins að hafa í sig og á? Hvernig getur Alþb. réttlætt það fyrir lágtekjufólki á Íslandi, sem ber milli 5 og 6 þús. kr. úr býtum á mánuði og þarf að vinna ekki aðeins alla yfirvinnu sem býðst á vinnustað, heldur ganga í skúringar úti í bæ til þess að hafa í sig og á, fólki sem varla hefur getað farið í bíó, á skemmtun, keypt sér blað, átt bíl né haft almenn útgjöld eins og okkur alþm. þykir vera sjálfsögð mannréttindi fyrir okkar, — hvernig getur Alþb. leyft sér að sniðganga með þessum hætti íslensk lög, leggja á einu ári 20 milljarða kr. á bak þessa fóks og annarra launþega með offramleiddum íslenskum matvælum ofan í Færeyinga og Norðmenn?

Það væri í lagi ef hæstv. fjmrh. hefði við læknasamningana sem hæstv. ráðh. gerði svo frægt varð í sumar og skilaði læknum 19—40% launahækkun, samið við þá um að þeir tækju á sig að greiða afborganirnar af þessum erlendu lánum sem notuð eru til þess að niðurgreiða ofan í útlendinga íslensk matvæli sem íslenskt verkafólk hefur varla efni á því að kaupa nema til hátíðarbrigða. Það væri í lagi ef ráðh. hefði samið um það við íslenska lækna, að þeir tækju þetta að sér. En hvernig leyfir hæstv. ráðh. sér að sniðganga íslensk lög til þess að geta komið þeirri byrði á bak fátækasta fólksins í landinu meðal annarra?

Svo er það ein spurning til hæstv. ráðh. að lokum. Á bls. 210 segir um Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal, hæstv. ráðh. ræddi um hér áðan, orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Viðhald hækkar um 2 millj. 735 þús. kr. og verður 2 millj. 990 þús. kr., sem áætlað er að verja þannig, að 2.5 millj. fara til að endurgreiða viðhaldskostnað sem stofnað var til á árinu 1981."

Hvar er leyfi hæstv. fjmrh. fyrir því að stofna til þessarar skuldar? Hver hefur stofnað til þessara framkvæmda í leyfisleysi? Er það hæstv. landbrh. eða eru það einhverjir aðrir aðilar? Og hvar eru leyfi þeirra til að stofna til slíkrar skuldar sem nú er ætlunin að endurgreiða með því að hækka viðhaldsfé Bændaskólans á Hólum um 2.7 millj. upp í 2.9 millj. kr. Getur það viðgengist, að einstakir aðilar og einstakar stofnanir í ríkiskerfinu geti leyft sér án heimildar fjárveitingarvaldsins að stofna til útgjalda og skuldbindinga á hendur Alþingi og ríkisstj. til framkvæmda sem Alþingi og ríkisstj. hafa ekki samþykkt? Ég óska eftir því að lokum, herra forseti, að hæstv. fjmrh. svari þessari spurningu minni: Hvar var heimildin til þess að skuldbinda ríkissjóð fyrir þessari fjárhæð?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það sem mér fannst athyglisvert við ræður stjórnarandstæðinga, herra forseti, var í fyrsta lagi það, að talsmaður Sjálfstfl. sagði að þetta væri vont fjárlagafrv. (**Gripið fram í:** Er það ekki alveg hárrétt?) Talsmaður Alþfl. sagði á hinn bóginn að þetta væri dæmigert Matthíasar Á. Mathiesen-fjárlagafrv. Ekki gengur nú stjórnarandstaðan í takt að því er varðar álit á fjárlagafrv.

Hæstv. fjmrh. hefur gert ítarlega grein **fyrir** fjárlagafrv. og einstökum þáttum þess. Ég vil í **upphafi** máls míns gera grein fyrir þeirri almennu stefnu sem felst í fjárlagafrv. og snertir efnahagsmálin.

Meginmarkmið ríkisstj. kemur fram í upphafi aths. í frv. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginmarkmiðið er að draga úr verðbólgu, jafnhliða því sem áhersla er lögð á að halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa, tryggja afkomu atvinnuveganna og fulla atvinnu um allt land."

Fyrsta atriðið er að mínu mati meginatriðið, þ. e. að draga úr verðbólgunni. En vandinn er meiri þegar að því kemur að svara því, hvernig eigi að gera það. Á yfirstandandi ári hefur það gerst, að verulegur árangur hefur náðst í baráttunni við verðbólguna. Ef ekki hefðu verið gerðar neinar efnahagsráðstafanir um s. l. áramót, þá töldu a. m. k. stjórnarandstæðingar að verðbólgan á þessu ári mundi verða 70—80% og sumir aðilar spáðu meiri verðbólgu.

Nú deila menn um hvað verðbólgan sé mikil. Ég vil benda á það, að Seðlabankinn hefur sagt sína skoðun um það, hvað verðbólgustigið hafi verið hátt í ágústmánuði s. l., að það hefði verið 40.2%. Var það þá reiknað með þeim aðferðum, sem Seðlabankinn hefur notað í því sambandi undanfarna áratugi, er óhætt að fullyrða.

En í hverju hafa þær aðgerðir verið fólgnar sem hafa haft þessi jákvæðu áhrif á þróun verðbólgunnar? Fyrst og fremst í niðurtalningu verðbólgu og aðhaldi í peningamálum, ríkisfjármálum og fjárfestingu. Niðurtalningin hefur verið fólgin í ákveðnum áfangaákvörðunum um verðlag á vöru og þjónustu, niðurtalningu verðbóta á laun, lækkun skatta á lágtekjum, lækkun aðflutningsgjalda, lækkun vaxta og aðhaldi í ákvörðunum um fiskverð, landbúnaðarvöruverð og í gengismálum. Stjórnarandstaðan hefur deilt á ríkisstj. fyrir að hún sé að safna upp vanda, hún hafi t. d. í verðlagsmálum haldið allt of þétt um verðlagið og það hafi komið niður t. d. á

rekstri opinberra fyrirtækja á þann veg, að það hafi safnast þar upp vandi. Það er rétt, að beitt hefur verið stífu aðhaldi í verðlagsmálum á þessu ári. Ég er þó þeirrar skoðunar, að gætt hafi verið að því, að hægt væri að reka fyrirtæki með eðlilegum hætti. Gagnrýni á verðlagningu á opinberri þjónustu kom m. a. fram í umr. hér áður. Voru nefnd alveg sérstaklega í því sambandi Hitaveita Reykjavíkur og Landsvirkjun og sagt að ríkisstj. hafi legið á verðlagstöxtum þessara fyrirtækja. Ég vil þess vegna upplýsa það, að á árinu 1980 hækkaði gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur um 72.9% og á yfirstandandi ári mun hún hækka um 36%. Samtals er hækkunin á tveimur árum um 135%. Ég hef ekki trú á að safnast hafi upp vandi af þessum ástæðum hjá Hitaveitu Reykjavíkur á árunum 1980 og 1981, enda er augljóst að svo hefur ekki verið.

Ef við athugum hvaða meðferð Landsvirkjun hefur hlotið í þessu sambandi, þá hækkaði gjaldskrá Landsvirkjunar á árinu 1980 um 90.7% og á þessu ári verður hækkunin 66%, eða samtals hækkun á tveimur árum um 193%. Ég held að það verði ekki með neinu móti hægt að halda því fram með fullum rökum, miðað við þær verðlagshækkanir sem hafa orðið að öðru leyti á þessum tveimur árum, að safnast hafi upp vandi vegna þess að legið hafi verið á verðlagsákvörðunum þessara tveggja stofnana sem oft og tíðum eru tilgreindar í þessu sambandi.

Þrátt fyrir árangur í verðbólgumálum þarf að tryggja mun betur en nú er rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Ríkisstj. vinnur markvisst að því máli. Þessari stefnu niðurtalningar á að halda áfram, þ. e. að draga úr kostnaði við framleiðslu og beita almennu aðhaldi í efnahagsmálunum.

Það, sem þyrfti að gera, er m. a. að telja niður eftirtalda þætti: Í fyrsta lagi að setja ákveðin verðlagsmörk sem eru í aðalatriðum við það miðuð að draga hlutfallslega jafnmikið úr verðbólgu á næsta ári og á þessu ári. Í öðru lagi með lækkun skatta á atvinnuvegunum, með lækkun launaskatts og aðstöðugjalds, svo að dæmi séu nefnd, og e. t. v. fleiri skatta. Þetta og fleira þarf að gera til að tryggja fulla atvinnu í landinu. Þá verði áfram lögð áhersla á byggðastefnu og jöfnun lífskjara án tillits til búsetu manna. Í þriðja lagi með niðurtalningu verðbóta á laun án þess að ganga á kaupmátt ráðstöfunartekna og spyrna með því gegn vixlhækkun kaupgjalds og verðlags til þess m. a. að auka kaupmátt lægri launa. Það er staðreynd, að láglaunamenn fara meir halloka en aðrir í viðskiptum við verðbólguna. Þegar af þeirri ástæðu er það í hag láglaunamönnum og efnalitlu fólki að berja verðbólguna niður. Þá álít ég einnig að rétt sé að athuga möguleika á skattalækkunum. Í fjórða lagi með lækkun vaxta. Í fimmta lagi með aðhaldi um ákvörðun fiskverðs og landbúnaðarvöruverðs. Og í sjötta lagi með aðhaldsstefnu í gengismálum, en þess verður þó að gæta, að gengisskráningu sé hagað á þann veg að tryggja eðlilegan rekstur útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar og samkeppnisiðnaðar. Að lokum verður að gæta aðhalds í ríkisfjármálum, peningamálum og fjárfestingu.

Þetta er í meginatriðum sú leið sem æskilegt væri að fylgja á næsta ári, en að sjálfsögðu verður að útfæra hana miklu nánar en ég hef gert hér í örfáum orðum.

Ríkisstj. hefur lagt fram hér á Alþingi auk fjárlagafrv. bæði þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Í öllum þessum gögnum koma fram margvíslegar staðreyndir um ástand í efnahagsmálum. Þar er að finna upplýsingar um þjóðarframleiðslu, þar eru áætlanir um horfur í viðskiptakjörum þjóðarinnar út á við og ýmsar fleiri upplýsingar um stöðu hagkerfisins sem verður að hafa hliðsjón af þegar heildarákvarðanir eru teknar, t. d. um kaup og kjör.

Það er ákaflega áríðandi að áfram fari fram samráð milli ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins um kjaramálin og afkomu atvinnuveganna. Þeim mun meiri sem þessi samráð eru, þeim mun meiri líkur eru á að allir þeir aðilar, sem máli skipta, átti sig á bláköldum staðreyndum efnahagslífsins sem verður að taka tillit til við ákvarðanir í efnahagsmálum. Ef menn loka augunum fyrir þeim staðreyndum er ekki von að vel fari. Nú er verið að ganga frá meðferð þessara samningsmála milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins í samræmi við ákvæði Ólafslaga.

Kjaramálin eru auðvitað mjög gildur þáttur efnahagsmála þar sem talið er að laun nemi a. m. k. 70—75% af þjóðarframleiðslunni. Raunhæf stefna í kjaramálum verður að byggjast á möguleikum fyrirtækja til að greiða hærri laun, þjóðarframleiðslu, viðskiptakjörum þjóðarinnar og öðrum þeim atriðum sem máli skipta. Það getur oft verið gagnlegt fyrir okkur að líta til annarra landa um meðferð mála og stefnumörkun, ekki síst Norðurlandanna, og athuga hvernig þær þjóðir hafa leyst sín efnahagsvandamál þegar svipað hefur staðið á hjá þeim eins og stendur á hjá okkur um þessar mundir.

Á árunum 1967 og 1968 var mjög mikil verðbólga í Finnlandi og samkeppnisstaða útflutningsatvinnuveganna því slæm. Þá var alveg ljóst að nauðsyn bæri til að lækka finnska markið mjög verulega eða yfir 30%. Öllum ábyrgum aðilum í þjóðfélaginu var ljóst að ef slík gengisfelling yrði að veruleika, með þeim víxlverkunaráhrifum á verðlag og laun sem af henni leiddi, mundu efnahagsmál Finna gjörsamlega fara úr böndum. Eftir langar og mjög ítarlegar viðræður milli ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins var á árinu 1968 gert samkomulag sem var samþykkt í þinginu og fól m. a. í sér afnám vísitölubindingar á laun. Voru allir aðilar sammála þeirri ákvörðun, en verkalýðssambandið hafði þann fyrirvara á, að þetta væri til reynslu. Í kjölfarið tókst að koma í veg fyrir kollsteypu í efnahagsmálum og verðbólgan minnkaði verulega á næstu árum á eftir. Viðmælendur í Finnlandi voru sammála um, að afnám vísitölubindingarinnar hefði verið til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi aðila, og töldu að rauntekjur hefðu aukist meira næstu árin á eftir en ella hefði orðið.

Í Finnlandi er kjarasamningum háttað svipað og er í Svíþjóð. Launaviðmiðun er endurskoðuð í ljósi verðlagsþróunar, en ekki sjálfvirk tenging á milli launa og verðlags. Tekið er tillit til stöðu atvinnuveganna og þjóðarbúsins og möguleika á kaupmáttaraukningu án aukinnar verðbólgu. Í Noregi er laun ekki vísitölubundin. Og í Danmörku hefur um langan tíma gilt skert verðbótakerfi. Virðast Danir stefna í þá átt að hverfa frá sjálfvirku verðbótakerfi, enda hafa þeir slæma reynslu af því. Þannig er launamálum hagað á Norðurlöndum og gætum við e. t. v. eitthvað lært af þeirra reynslu þó að aðstæður séu ekki að öllu leyti þær sömu hér og þar.

Eitt er þó alveg víst, að gífurleg hætta er á ferðum ef nú verður reist ný verðbólgualda í landinu. Hvernig fara t. d. atvinnuvegirnir og húsbyggjendur að því að standa undir hærri verðbótum lána en nú eru?

Það er deginum ljósara, að nánast engin skilyrði eru í

okkar hagkerfi eins og sakir standa til að hækka laun þegar á heildina er litið, e. t. v. lítillega í einstökum greinum og lægstu laun ef slíkt gengur ekki í gegnum allt launakerfið.

Ég held að enginn, sem þekkir t. d. til rekstrargrundvallar sjávarútvegs og iðnaðar, láti sér koma til hugar að mögulegt sé að hækka rauntekjur í þessum atvinnugreinum svo að neinu nemi. Þjóðhagsspá fyrir árið 1982 gerir ráð fyrir að þjóðartekjur aukist um ½%. Viðskiptakjör þjóðarinnar hafa versnað um 15% á 3 árum. Þetta þýðir í almennum orðum tekjurýrnun fyrir þjóðina vegna utanaðkomandi ástæðna sem enginn ræður við.

Á næsta ári er spáð 1—2% rýrnandi viðskiptakjörum.

Ekki verður hægt að ætlast til að Íslendingar taki á sig gífurlega olíukreppu eins og ekkert hafi gerst. Það, sem mestu máli skiptir nú, er að verja kaupmátt ráðstöfunarteknanna í stað þess að gera óraunhæfar kröfur sem ekki er hægt að uppfylla nema með meiri verðbólgu og upplausn í efnahagslífinu. Það er mjög hætt við að aukin verðbólga við núverandi aðstæður mundi valda vaxandi rekstrarerfiðleikum atvinnulífsins og samdrætti sem hæglega gæti valdið atvinnuleysi, en atvinnuöryggi er þýðingarmeira flestu öðru í kjaramálum. Það er kaupmáttarstefnan sem skiptir öllu máli, en ekki krónutölustefnan.

Þegar fjárlagafrv. var til meðferðar í ríkisstj. gerði ég grein fyrir því, að Framsfl. vildi athuga nokkru nánar skattamál atvinnuveganna. Sérstaklega nefndi ég þar til skatta eins og launaskatt, aðstöðugjald og e. t. v. fleiri skatta — og alveg sérstaklega skattstofn söluskatts á vörur, en það mál er sérstakt byggðamál og varðar hreinlega jafnrétti á þá leið, að menn greiði ekki hærri söluskatt af vörum þótt þeir búi úti á landi.

Enn fremur vísa ég til ræðu minnar við fjárlagaumræðuna á s. l. vetri varðandi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Auðvitað dettur engum í hug að leggja til skattalækkun, hvort sem er á atvinnulíf eða skattborgara, án þess að það skapi tekjuvandamál fyrir ríkissjóð. Það er augljóst mál og þarf ekki að ræða. Það er ekki nóg að heimta skattalækkun án þess að gera sér fulla grein fyrir því — og gera öðrum grein fyrir því — að annaðhvort verða aðrar tekjur að koma í staðinn eða það verður að skera niður útgjöld á fjárlögum að sama skapi.

Það leiðir hreinlega af inngöngu okkar í EFTA og fríverslunarsamningnum við Efnahagsbandalag Evrópu, að við verðum að taka rekstrarskilyrði íslenska iðnaðarins sérstaklega til rækilegrar endurskoðunar. Við höfum fengið langan aðlögunarfrest í þessum efnum þó að hann hafi e. t. v. ekki verið nægilega langur, og nú verður að taka til hendinni í þessum málum. Því verður ekki frestað nema með alvarlegum afleiðingum og samdrætti útflutningsatvinnuveganna. Þetta er kjarnaatriði sem stjórnmálamenn verða að gefa gaum að.

Menn hafa talsvert misjafna afstöðu til atvinnuveganna og hvernig eigi að byggja þá upp og þróa. Ég álít að fara þurfi saman hófleg stjórn og stuðningur að ofan og góður jarðvegur fyrir atvinnulífið. Ef jarðvegurinn er ekki góður þrífst þar ekkert, hvorki atvinnurekstur né annað. Atvinnureksturinn í landinu festir ekki rætur í sjórnarráðinu, heldur í hagstæðum jarðvegi úti á meðal fólksins í hinum ýmsu héruðum landsins. Hins vegar má og á að hlúa að avinnuvegunum úr stjórnarráðinu. En fyrst og seinast verður að skapa atvinnulífinu vaxtarskilyrði. Atvinnuvegirnir bera miklar byrðar. Ég endurtek að nauðsyn beri til að endurskoða álögur á atvinnulífið.

Starfsskilyrðanefnd hefur unnið að þessum málum og hefur þegar skilað bráðabirgðaskýrslu sem verið er að vinna úr. Við verðum að hafa það fast í huga, að með inngöngu í EFTA og samningum við Efnahagsbandalag Evrópu hefur skapast nýtt viðhorf í mörgum atvinnugreinum, sérstaklega þó í iðnaðinum. Við lifum ekki lengur í lokuðu hagkerfi, heldur erum þátttakendur í stærri viðskiptaheild sem býður vissulega upp á mikil tækifæri, en þó leynast þar vissar hættur sem ber að varast. Það fer ekkert á milli mála, að við höfum haft mikið hagræði af þátttöku okkar í EFTA og af samkomulaginu við Efnahagsbandalag Evrópu. Heilbrigður grundvöllur og hagstæð rekstrarskilyrði eru sú eina aðferð sem tryggir atvinnulífinu vaxtarmöguleika í hinum nýja frjálsa viðskiptaheimi og hefur þegar skilað gífurlega miklum árangri eins og kunnugt er.

Það hefur verið bent á hve sparnaður þjóðarinnar minnkaði hættulega mikið á seinasta áratug eða sem svaraði innlögum í innlánsstofnanir úr 40% niður í 21.5% af þjóðarframleiðslu árið 1978. Með setningu Ólafslaga varð hér á grundvallarbreyting þegar upp var tekin stefna verðtryggingar inn- og útlána í bankakerfinu. Af gefnu tilefni verð ég nú að undirstrika það, að það eru ákvæði í Ólafslögum sem hafa þarna gjörbreytt því ástandi sem áður var. Það verður ekki frá hæstv. utanrrh. tekið, að það eru Ólafslög sem hér eru grundvöllurinn. Það var með setningu Ólafslaga sem hér varð breyting í þessum efnum — grundvallarbreyting, þegar tekin var upp stefna verðtryggingar inn- og útlána í bankakerfinu. **(SighB:** Það var stefna Alþfl.) Já, Alþfl. átti sinn góða þátt í því að samþykkja Ólafslög, en þau eru nú við hann kennd og verður sjálfsagt svo um langa framtíð.

Í ágústmánuði s. l. verða svo þau þáttaskil, að raunvextir voru jákvæðir í öllum flokkum bundinna innlána. Innlög í innlánsstofnanir stefna nú í tæp 30% af þjóðarframleiðslunni á næsta ári. En verðtrygging útlána leggst með ofurþunga á atvinnulífið, sérstaklega þau fyrirtæki sem eiga lítið eigið fé í rekstrinum. Af þessum ástæðum verður að gæta þess enn betur en áður, að rekstrargrundvöllur eðlilega rekinna fyrirtækja sé traustur, og jafnframt að tryggja viðunandi rekstur veikra fyrirtæka sem eru hornsteinn atvinnu og búsetu sums staðar á landinu.

Að sjálfsögðu ber að leggja áherslu á að sem flest fyrirtæki beri sig og stjórnendur þeirra beri ábyrgð á rekstrinum. Það er án efa eitt af þýðingarmestu málum næstu vikna og mánaða að tryggja rekstrargrundvöll útflutningsframleiðslunnar og samkeppnisiðnaðarins. En eitt er öruggt, og það er að vaxandi verbólga torveldar allar aðgerðir til að treysta afkomu atvinnuveganna sem er forsenda batnandi lífskjara og aukins kaupmáttar launa, að ég tali nú ekki um atvinnuöryggi.

Þótt miðað hafi í rétta átt í baráttunni við verðbólguna er hún enn allt of mikil hér á Íslandi eða um 40% frá upphafi til loka þessa árs borið saman við um 10% verðbólgu í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Ég held það megi fullyrða að verðbólga frá upphafi til loka árs verði ekki meiri en 40% eða í kringum 40%. Það má hins vegar deila fram og aftur um hvernig á að mæla hana, og skal ég ekki að þessu sinni ræða það frekar.

Auðvitað er þessi verðbólga hjá okkur hreinn háskaleikur. En menn jafnvel yppta öxlum margir hverjir, eins og ekkert sé, og reyna að telja sjálfum sér og öðrum trú um að þetta sé allt í stakasta lagi, atvinnulíf og þjóðlíf geti gengið þrátt fyrir þetta. Við höfum getað þraukað þessa óðaverðbólgu um nokkur ár og eigum það m. a. að þakka miklum afla, allt of löngum vinnutíma, vaxandi erlendum lántökum og ýmsu fleira að sjálfsögðu. Þegar aflinn hættir að vaxa, erlendar lántökur eru komnar í botn og þjóðin öll þreytt á þrældómi vakna menn sjálfsagt upp við vondan draum.

Í fjárlagafrv. er miðað við 33% hækkun verðlags og launa milli áranna 1981 og 1982, en í athugasemdum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári."

Í þjóðhagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982 segir hins vegar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstj. telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári, en tölulegt markmið verður ákveðið, þegar betri upplýsingar liggja fyrir um þróun ýmissa þátta efnahagsmála, sem enn eru óljósir."

Það er t. d. ekki alveg ljóst enn þá hver verðbólgan verður á þessu ári. Ég ætla að hún verði í kringum 40% frá upphafi til loka árs. Ég skal ekki slá neinu föstu um verðbólgustigið í lok ársins. Úr því sker auðvitað reynslan.

Í stefnuræðu forsrh. kom fram nákvæmlega sama efnisatriði, að á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni niður og ná hlutfallslega svipuðum árangri og í ár. Þetta er í raun og veru sú stefna sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara og lagt fram hér á hv. Alþingi í verðbólgumálum.

Árangri í baráttunni við verðbólguna verður að ná með samstilltu átaki í þjóðfélaginu og aðhaldssamri og sterkri efnahagsstjórn án þess að til atvinnuleysis komi eða gengið verði á kaupmátt ráðstöfunartekna. Þetta eru þau kjarnaatriði sem snerta almenna stefnu ríkisstj. í verðbólgumálum á næsta ári. Framsfl. telur ákaflega mikils vert, að allir þeir aðilar í þjóðfélaginu, sem taka ákvarðanir er varða framvindu efnahagsmála, stilli saman strengina að þessu markmiði í verðbólgumálum.

Það er augljóst, að ef þessu marki á að ná verður að telja niður hina ýmsu verðlagsþætti, eins og ég gat um fyrr í minni ræðu, í samræmi við þessi markmið. Til þess að ná þessu markmiði í baráttunni við verðbólguna mætti ætla að verðhækkunarferill á þessu og næsta ári þyrfti að vera eitthvað á þá leið, að verðlag hækkaði í mars um 8% og svo smám saman sennilega niður í 5% seint á næsta ári. Það er eitthvað nálægt því sem verðhækkunarferillinn þyrfti að vera á næsta ári til að ná því markmiði sem ríkisstj. hefur sett fram í þjóðhagsspá og stefnuræðu hæstv. forsrh. Það þarf ekki að gera því skóna, að til þess að ná þessum markmiðum verður að nást talsvert víðtækt samkomulag í þjóðfélaginu. Styrjöld á vinnumarkaðinum raskar öllum áformum af þessu tagi og stefnir auk þess afkomu og jafnvel framtíð þjóðarinnar í talsvert verulegan vanda.

Um fjárhag ríkissjóðs er það að segja, að skuld við Seðlabankann hefur sífellt verið að minnka og minnkar enn á næsta ári í samræmi við þau ákvæði fjárlagafrv. að endurgreiða 120 millj. kr. til Seðlabankans. Á hinn bóginn hafa heildarlántökur í B-hluta fjárlaga farið vaxandi og þarf að gefa þeim þætti fjárlagagerðarinnar glöggar gætur í framtíðinni. Þarna kemur ýmislegt til, svo sem byggðalínur og Kröfluvirkjun, en þessu hvoru tveggja þarf að finna fjárhagslegan grundvöll í framtíðinni. Auðvitað verður að stefna að því, að orkuneytendur standi undir þessum framkvæmdum. Þá hafa og verið tekin lán til margvíslegra framkvæmda sem flestar hverjar skila fljótlega arði.

Stjórnarandstæðingar deila á ríkisstj. fyrir háa skatta. Þeir vilja lækka skatta. Ég var að enda við að segja að við í Framsfl. vildum lækka skatta á atvinnulífinu og athuga með skattalækkun. En menn verða að gera sér grein fyrir að þá verður að skera eitthvað niður á fjárlögunum eða afla nýrra tekna með öðrum hætti. Þetta eru kjarnaatriði sem verður að fylgja í sambandi við skattalækkun, og við gerum okkur fyllilega ljóst að þessi mál þarf að athuga rækilega.

Í húsnæðismálum nema framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna 111.3 millj. kr. Framsfl. er þeirrar skoðunar, að stefna beri að því að sem allra flestir landsmenn geti eignast eigin íbúð. Ein af leiðunum að því marki er að auka fyrirgreiðslu til samvinnubyggingarfélaga, og leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á að svo verði gert.

Þá er í ráði að gera stórátak í vistunarmálum aldraðra. Gert er ráð fyrir 11 millj. kr. ríkisframlagi, en auk þess er stefnt að því að tryggja Framkvæmdasjóði aldraðra tekjustofn er nemur 13.5 millj. kr. á næsta ári. Ráðstöfunarfé til byggingar sjúkra- og dvalarheimila fyrir aldraða yrði þá 24.5 millj. kr. á árinu 1982.

Samgrh. hefur lagt hið mesta kapp á að auka framkvæmdir í vegamálum. Framlög til vegamála hækka verulega í frv. Gert er ráð fyrir að verja til vegamála 566 millj. kr. í samræmi við vegáætlun og er það 46% hækkun frá fjárlögum ársins 1981. Í vegáætlun er á því byggt, að til vegamála verði varið 2.1% af vergri þjóðarframleiðslu í samræmi við þál. sem Steingrímur Hermannsson samgrh. beitti sér fyrir og var samþykkt á seinasta Alþingi. Þetta hlutfall var hækkað um 0.1% við meðferð málsins á Alþingi.

Í sjálfu fjárlagafrv. er nú miðað við samþykkta vegáætlun fyrir árið 1982, en gera verður ráð fyrir því, ef útgjöld til vegamála verða aukin, að Alþingi samþykki samsvarandi tekjuaukningu til vegagerðarinnar. Framsfl. er reiðubúinn að standa að slíkri tekjuaukningu til þessa mjög svo þýðingarmikla verkefnis.

Það er ástæða til að vekja athygli á stórauknu vegaviðhaldi, en vegaviðhald hækkar um 56.4%, en annað viðhald um aðeins 35.6% Að sjálfsögðu er vegaviðhald inni á vegáætlun.

Í 6. gr. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að heimild fáist til allt að 10 millj. kr. lántöku vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Framsfl. hefur lengi verið þeirrar skoðunar, að mjög þýðingarmikið væri að haga svo skipan mála á Keflavíkurflugvelli að hægt væri að aðskilja eins og unnt er varnarliðið og starfsemi þess frá venjulegri starfsemi og umferð Íslendinga. Stórt skref í þessa átt er einmitt að byggja nýja flugstöð sem fyrst og fremst þjóni áætlunarflugi og öðru flugi til og frá Íslandi. Allt herflug verði hins vegar annars staðar. Það er þess

vegna ánægjuefni að nú skuli eiga að hrinda þessu máli af stað með því að taka inn heimildarákvæði í fjárlagafrv. í þessu skyni.

Niðurstöðutölur gjalda og tekna fjárlagafrv. sýna rekstrarafgang að fjárhæð 151 millj. kr. á árinu 1982, en í fjárlögum þessa árs var rekstrarafgangur 57 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir neikvæðum jöfnuði á lánahreyfingum að fjárhæð 79 millj. kr., og nettó- útstreymi á viðskiptareikningum er áætlað 15 millj. Þannig verður greiðsluafgangur að fjárhæð 58 millj. kr., en var um 30 millj. kr. lægri á fjárlögum 1981.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta fjárlagafrv. sé raunhæft og ábyrgt fjárlagafrv. þótt ástæða sé til að gefa gaum að vaxandi skuldasöfnun miðað við heildartölur fjárlaganna.

Um gjaldahlið frv. mætti flytja langa ræðu, en ég vísa til þess sem hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í því efni. Það er ljóst að heildarútgjöld samkv. þessu fjárlagafrv. nema um 28.1% af áætlaðri þjóðarframleiðslu árið 1982, en í fjárlagafrv. 1981 var þetta hlutfall aðeins hærra eða sem svarar 28.2%. Ekki verður þetta hlutfall að teljast hátt ef miðað er við mörg önnur ár. T. d. er þetta hlutfall langt fyrir neðan það sem Alþfl. taldi að þyrfti að miða við skömmu áður en hann hvarf úr ríkisstj. Þá var samkomulag á milli Alþfl. og Framsfl. um að þetta þyrfti að vera undir 30%, ef ég man rétt. Ég er hérna með þetta samkomulag, sem var gert á árinu 1979 og þeir skrifa undir hv. þm. Kjartan Jóhannsson, Steingrímur Hermannsson og Ragnar Arnalds. Þar segir:

„Alþfl. og Framsfl. leggja til að heildartekjur og útgjöld ríkisins fari ekki yfir 30% af vergri þjóðarframleiðslu 1980. Fulltrúi Alþb. telur að vegna óvissu í atvinnumálum og hættu á atvinnuleysi sé ekki tímabært að taka ákvörðun um heildarhlutfall fjárfestingar á árinu 1980 eða heildarútgjöld ríkisins."

Nú er þetta hlutfall ekki aðeins undir 30%, heldur er það rétt liðlega 28%. (**HBl:** Enda engin óvissa í atvinnumálum.) Ég tala nú ekki um það sem skeði hér á miðjum seinasta áratug, þegar heildarútgjöld ríkisins fóru yfir 30%, allt upp í 30.4% árið 1975, en þá hafði Sjálfstfl. með fjármálin að gera.

Það er alltaf nokkur vandi að velja úr einstök atriði fjárlagafrv. við 1. umr. um það. Til viðbótar við þau atriði, sem ég hef þegar drepið á, vil ég nefna örfá.

Ríkissjóður mun á næsta ári leggja fram hlutafjárframlög sem nema rúmlega 43.5 millj. kr.

Ég beitti mér fyrir stuðningi við Útvegsbanka Íslands, þar sem staða hans var með þeim hætti að veruleg hætta var á að hún kæmi niður á viðskiptavinum bankans. Stuðningurinn var fólginn í því, að ríkissjóður greiði vexti og afborganir af skuld bankans við Seðlabanka Íslands, að fjárhæð 7 millj. 500 þús. á ári í 12 ár. Seðlabankinn gaf Útvegsbankanum eftir tæplega 11 millj. kr. vanskilaskuld og tók auk þess að sér að greiða verulega fjárhæð í vöxtum vegna skulda við Seðlabankann. Beinn stuðningur við Útvegsbankann hefur því numið samtals nálægt 8—9 milljörðum kr. Allir, sem hafa skoðað mál Útvegsbanka Íslands á undanförnum árum, eru sammála um það, þ. á m. bankamálanefndin sem skilaði af sér 1973, að sennilega hafi bankinn aldrei frá stofnun hans átt nægilega mikið eigið fé til að geta rækt hlutverk sitt með eðlilegum hætti.

Þá er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir aðstoð við Flugleiðir hf. ef þörf krefur. Flugleiðamálið er stórmál. Fyrir forgöngu samgrh. og ríkisstj. var því afstýrt að starfsemi Flugleiða drægist verulega saman. Beinar tekjur ríkissjóðs vegna starfsemi Flugleiða nema 1.1 — 1.8 millj. dollara á ári. Það er auðvitað haft í huga þegar ríkissjóður tekur á sig skuldbindingar í sambandi við rekstur þessa stóra og myndarlega félags. Samkomulag er milli samgrh. og fjmrh. um að flytja sérstakt frv. um þetta mál síðar á þinginu.

Mikil framlög og lántaka eru fyrirhuguð vegna bygginga þjóðarbókhlöðu og ákveðið að gera húsið fokhelt og klæða veggi 2.-4. hæðar. Er þetta mikið menningarmál fyrir bóka- og bókmenntaþjóð eins og Íslendinga.

Þá er gert ráð fyrir að verja verulegu fjármagni til byggingar byggðalína og til Krófluvirkjunar. Lánsfjárútvegun til framkvæmda við byggðalínur 1982 er alls áformuð 40 millj. 493 þús. kr. Eftir er að tímasetja framkvæmdir við Suðurlínu milli Sigöldu og Hafnar í Hornafirði og ákveða að hve miklu leyti útvega þarf fé til þeirra framkvæmda á næsta ári. Umræddu fjármagni verður varið til áframhaldandi framkvæmda við þá byggðalínuáfanga sem þegar hafa verið ákveðnir. Í töfluviðauka fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er sýnd skipting lánsfjárins í helstu verkefni. Þannig er textinn í athugasemdum við B-hluta fjárlagafrv. Síðan þetta gerðist hefur verið ákveðið að byggja stóran áfanga Suðurlínu á næsta ári, sem kostar um 6 milljarða kr., og þar er fundinn hluti af þeirri breytingu og því misræmi sem er á fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson kom inn á í sinni ræðu.

Þá er enn fremur áformað um framkvæmdir við Krófluvirkjun, að boraðar verði þrjár vinnsluholur á virkjunarsvæðinu. Þessar framkvæmdir munu líklega kosta 6.3 milljarða gkr. og eru að sjálfsögðu dýrar. Ég er þeirrar skoðunar, að athuga þurfi þetta mál vel við í meðferð fjárlaga og lánsfjáráætlunar hér á Alþingi.

Þá er einnig gert ráð fyrir 63 millj. kr. lántöku vegna framkvæmda við Kröflu. Ég skal ekki leggja neinn dóm á hvort nauðsynlegt er að ráðast í báðar þessar framkvæmdir á næsta ári. A. m. k. er nauðsynlegt vegna öryggis Austurlands í orkumálum að hefja framkvæmdir við Suðurlínu til þess að hægt verði að taka hana í notkun veturinn 1983—1984. Hvort nauðsyn ber til að ráðast í þessar framkvæmdir við Kröflu skal ég ekki fullyrða um, en eins og ég sagði áður þarf að athuga það vel við meðferð þessara mála hér á hv. Alþingi.

Samkv. fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verði á næsta ári 119.9 millj., tæpir 12 milljarðar gkr., eða 1.6% af heildarútgjöldum A-hluta fjárlaga. Það hefur slaknað nokkuð á þessu frá því sem er í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins, þar sem gert er ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggðasjóðs verði árlega 2% og það sé fengið með framlögum ríkisins, lánum og tekjum sjálfs sjóðsins. Miðað við þau risavöxnu verkefni Byggðasjóðs, sem eru fram undan, þyrfti að stefna að því að auka ráðstöfunarfé hans.

Það eru nokkrir útgjaldaliðir í fjárlagafrv. sem eru áberandi hæstir, svo sem tryggingamál. Framlög til almannatrygginga eru áætluð samtals 2071 millj. kr. eða yfir 200 milljarðar gkr. Ég er sannfærður um að hægt er að spara mikil útgjöld í tryggingamálum með lagabreytingum og framkvæmd mála í þá átt að greiða tryggingabætur fyrst og fremst til þeirra sem þurfa þess með. Það er stórmál að endurskoðun fari fram á tryggingakerfinu í

þessa stefnu. Þetta hefur oft verið rætt áður af ýmsum — ég hef minnst á þetta í umr. um fjárlagafrv. oft áður, en það er í raun og veru engin hæfa hversu margir fá stórar fjárhæðir frá Tryggingastofnun ríkisins án þess að þurfa þess með. Tryggingafræðingar hafa séð á þessu ýmis tormerki — ég veit það, en það hlýtur að vera hægt að gera einhverjar breytingar á þessum málum í þessa stefnu.

Til heilbrigðismála er varið rúmum 618 millj. kr. Ég hef áður gert að umræðuefni við fjárlagaumr. að hægt ætti að vera að spara umtalsverðar fjárhæðir með því að efla útivist og íþróttaiðkun þjóðarinnar meira en nú er gert, þó að hún sé verulega mikil meðal ungu kynslóðarinnar.

Á mörgum undanförnum árum hefur verið unnið verulegt starf við úttekt ýmissa þátta ríkisbúskaparins og svo er enn. Þetta starf þarf samt að efla til að auka allt aðhald og sparnað í ríkisrekstrinum. Þetta starf þarf að vera markvisst því að veruleg tregða, svo að ekki sé meira sagt, er á því innan ríkisgeirans að draga saman. Það þekkja allir hv. alþm. af margra ára reynslu.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir næsta ár og skal ég ekki bæta þar nema litlu við. Ég vil undirstrika tvö atriði í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina:

Í fyrsta lagi er meginstefnan sú, að fjárfesting verði á næsta ári sem svarar 24% af þjóðarframleiðslu. Þetta er nokkru lægra en var þegar við hv. þm. Sighvatur Björgvinsson áttum saman aðild að ríkisstj. Kannske við hefðum betur aldrei farið úr ríkisstj. Nú er þetta allt að koma fram sem þið lögðuð áherslu á á sínum tíma ásamt okkur. Þetta hefur farið lækkandi, og það er í raun og veru ekkert nema gott um það að segja vegna þess að hlutfallsleg lækkun fjárfestingar linar dálítið þá eftirspurn og þá þenslu sem óhjákvæmilega er í efnahagskerfi okkar.

Í öðru lagi vil ég minna á það sem segir í inngangi að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að stærsta viðfangsefnið í lánsfjármálum Íslendinga á næstu árum sé að auka innlendan sparnað og innlenda lánsfjáröflun. Það er engin spurning að þetta er rétt. Auðvitað hefur langvarandi mikil verðbólga haft þau áhrif, að við höfum misst niður sparnaðinn, eins og ég kom að áðan, og er ástæða til að halda áfram í þá átt að auka sparnaðinn. Hann var við eðlilegar aðstæður 40%. Hann stefnir nú í 30% úr 20 rúmum. Þetta horfir í rétta átt. Auðvitað er nauðsynlegt fyrir þjóðina og fyrir hagkerfið, fyrir atvinnulífið, að hafa traust bankakerfi. Það er alveg nauðsynlegt af mörgum ástæðum. Hitt er svo annað mál, hvort bankakerfið er orðið nægilega sterkt og í stakk búið til að leggja af mörkum meira til lánsfjáráætlunarinnar en gert er ráð fyrir í henni. Það er gert ráð fyrir að 7% af innlánsaukningu bankakerfisins verði notuð til framkvæmda samkv. lánsfjáráætlun, 70 millj. renni til Framkvæmdasjóðs og 88 millj. til ríkissjóðs.

Greiðslubyrði lána er mjög mikil. Hún verður á þessu ári líklega milli 16 og 17%, en fyrir því eru ákveðnar ástæður að hún hefur hækkað. Í fyrsta lagi hafa vextir hækkað gífurlega á hinum alþjóðlega lánamarkaði. Í öðru lagi hafa verið tekin lán og það fé lagt til framkvæmda, eins og t. d. framlög til járnblendiverksmiðjunnar sem hafa verið verulega há. Í þriðja lagi er að nefna lántökur til margra nauðsynlegra framkvæmda sem í raun og veru allir eru meira og minna sammála um að sé sjálfsagt að taka. Allt þetta hefur þau áhrif, að greiðslubyrðin verður mikil vegna þess að sparnaðurinn í þjóðfélaginu innanlands er ekki nægilega mikill. Það er þess vegna þýðingarmikið að undirstrika að stærsta viðfangsefni í lánsfjármálum þjóðarinnar á næstu árum sé að auka innlendan sparnað og lánsfjáröflun.

Varðandi þau málefni, sem falla undir mitt rn., legg ég áherslu á eflingu Verðlagsskrifstofunnar, en framlög til hennar hækka verulega, enda hefur Verðlagsskrifstofan stóraukið verðlagskynningu sem hefur vakið mikla athygli. Þá hefur Verðlagsstofnun stóraukið samstarf við Neytendasamtökin og framlag vegna þeirra hefur hækkað verulega. En ég er eindregið talsmaður frjáls félagsmálastarfs neytenda með stuðningi ríkisvaldsins.

Ríkisbúskapurinn er mjög stór þáttur í efnahagsmálum okkar. 28% af þjóðarframleiðslunni eru ríkistekjur. Það veltur því á miklu að stefnan í ríkisfjármálum sé skynsamleg og að fjárlagafrv. og fjárlög séu afgreidd af Alþingi þannig að það sé traustur grundvöllur undir þeirri afgreiðslu. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég hef sagt áður, að hér sé um að ræða ábyrgt fjárlagafrv., ekkert síður ábyrgt en oft hefur verið áður, en bendi á að lántökur eru miklar af ástæðum sem ég hef gert grein fyrir, og þarf að stefna að því að við getum fjármagnað meira af eigin framkvæmdum innanlands.

Herra forseti. Það eru að vísu mörg atriði fjárlaga sem freistandi væri að ræða auk þeirra sem ég hef hér drepið á, en ég held að ég láti þetta nægja að sinni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vek athygli þeirra þm., sem eftir eru við þessa umr., þessa löngu og ströngu umr., og þeirra fjölmiðlamanna, sem hér kunna að vera viðstaddir, að hæstv. viðskrh., sem var að ljúka máli sínu, flutti upp undir klukkustíma ræðu til að finna að veigamiklum atriðum í frv. ríkisstj. til fjárlaga fyrir næsta ár — veigamiklum meginatriðum.

Það var mjög athyglisvert, að upp er tekin sú gamla verklagsregla í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar á sínum tíma að einstakir þingflokkar eru farnir að hafa fyrirvara um hina og þessa þætti fjárl., mjög mikilvæga þætti, eftir því sem fram kom í máli hæstv. viðskrh. Hann sagði að Framsfl. hefði fyrirvara um ýmsar fyrirætlanir ríkisstj. um að halda áfram skattheimtu á ýmsum sviðum, eins og t. d. að því er varðaði launaskatt. Hann sagðist vera meðmæltur lækkun launaskatts, og hann sagðist vera meðmæltur því að afnema sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Fleira sagði hæstv. ráðh. í þessum dúr. Það er í rauninni djúpstæður ágreiningur, ef ég fæ rétt séð, um þessi atriði.

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Ég efast ekki um að rétt sé að hæstv. viðskrh. hafi haft þessa fyrirvara fyrir hönd Framsfl. í ríkisstj., en ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. hvort það hafi getað viljað til að einhverjir aðrir í ríkisstj. hafi haft fyrirvara um þessa vinstristjórnarskatta. Mér leikur mjög mikil forvitni á að vita það, og ég gæti best trúað að hæstv. ráðh. gæti rennt grun í af hverju.

Hæstv. viðskrh. talaði hér mjög skynsamlega á marga lund. Hann kom inn á marga þætti sem mér var mjög að skapi. Hann sagði m. a., sem ég er honum algerlega sammála um, að atvinnuvegirnir skjóta ekki rótum í stjórnarráðinu. En hæstv. ráðh. hefur þau aðalatriði, sem vandamál atvinnuveganna stafa af, núna í hendi sér. Hann hefur þrjú meginatriði atvinnuveganna í hendi sér. Hann hefur fjármagnskostnaðinn. Hann er ráðh.

bankamála og viðskiptamála. Fjármagnskostnaðurinn er að sliga atvinnuvegina, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það hafa ekki verið gerðar ráðstafanir til þess, að atvinnuvegirnir gætu staðið undir auknum fjármagnskostnaði sem stafar af verðtryggingunni. Verðtryggingin er góð út af fyrir sig fyrir sparifjáreigendur. En þeir, sem þurfa að borga hana, þurfa að geta staðið undir henni. Þá er hæstv. ráðh. með tvö atriði sem varða atvinnuvegina. Hann segir við þann sem framleiðir innlenda vöru: Þú mátt bara selja á þessu verði, góði — þó að það sé sannanlegt mál að kostnaður þessa fyrirtækis hafi hækkað, sérstaklega vegna fjármagnskostnaðar, langt umfram það sem viðurkennt er af verðlagsyfirvöldum. Hæstv. ráðh. hefur verðlagsmálin í sinni hendi. Hæstv. ráðh. hefur líka gengismálin í sinni hendi, þannig að hann skammtar líka útflutningsatvinnuvegunum tekjur. Hæstv. ráðh. ætti að athuga betur sinn jurtagarð áður en hann fer að gagnrýna hæstv. fjmrh. eins og hann gerði hér að ýmsu leyti vel. Ég er honum sammála, en mér finnst að hæstv. ráðh. geti litið sér nær að sumu leyti hvað varðar það sem ég minnti hér á.

Ég skal drepa hér á eitt atriði í sambandi við hans ræðu hvað varðar verðlagsmál; verðlagningu á þjónustu Hitaveitu Reykjavíkur. Ég er ekki mjög kunnugur því í smáatriðum, hvernig farið hefur með niðurskurð á beiðnum Hitaveitu Reykjavíkur um eðlilegar gjaldskrárbreytingar, en eftir því sem ég fæ best séð er fyrst og fremst aldrei litið á þörf þessa fyrirtækis, frekar en ýmissa annarra fyrirtækja, til þess að efla eiginfjárstöðu sína og til þess að fyrirtækið geti af eigin aflafé staðið í fjárfestingum að einhverjum hluta þannig að fyrirtækið, svo öflugt og gott sem þetta fyrirtæki er, geti af sjálfs sín aflafé staðið undir framkvæmdum og þurfi ekki að taka erlend lán að öllu leyti til þeirra.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða sérstaklega ræðu hæstv. viðskrh. Ég vona að hæstv. fjmrh. taki hana til gaumgæfilegrar athugunar og svari þeirri fsp. sem ég kom hér fram með.

Þetta frv. hæstv. fjmrh. er þriðja frv. hans síðan hann varð fjmrh. Einkenni þessa frv. eru í grundvallaratriðum þau sömu og hinna frv. sem hæstv. ráðh. hefur lagt fram: Þensla ríkisútgjalda heldur áfram þrátt fyrir reikningskúnstir sem hæstv. ráðh. var að reyna að hafa í frammi. Stefnu fyrri vinstri stjórnar er haldið í skattamálum. Skattahækkunarstefnunni er haldið áfram. Hæstv. ráðh. viðurkenndi að í frv. er gert ráð fyrir að leggja nýjan skatt á orkusölu í landinu. Það er gert ráð fyrir að heimta annan skattstofn áfram, að vísu var hann heimtur í ár, en hann hafði ekki verið notaður til að bæta stöðu ríkissjóðs, þ. e. skatt í Framkvæmdasjóð aldraða. En í grundvallaratriðum er skattahækkunarstefnu vinstri stjórnarinnar haldið áfram.

Það, sem er kannske alvarlegast við þetta fjárlagafrv. — hæstv. viðskrh. viðurkenndi það og fór nokkrum orðum um, það er stóraukin lántaka, einkum erlendra lána, til þess að reka ríkissjóð og ríkisstarfsemina. Erlend lán hækka samkv. þessu frv. um 146% frá því í fyrra á því ári sem orkuframkvæmdir dragast saman að magni til um 15%. Þarna er verið að fara út á braut sem er kannske ekki neitt nýmæli. Því miður hefur þróunin verið sú undanfarin ár, einkum í tíð núv. ríkisstj., að lántökur hafa stóraukist, bæði til almennra þarfa ríkissjóðs og framkvæmda. En hér kastar tólfunum, að milli ára hækkar taka erlendra lána um 146% þegar um magnsamdrátt er að ræða í orkuframkvæmdum sem eru langfjárfrekastar eins og menn vita.

Haldið er áfram niðurskurði á framlögum úr ríkissjóði af skatttekjum til framkvæmdasjóða, en það svigrúm, sem það gefur, er ekki notað til að lækka skatta, heldur til að auka umsvifalaust ríkisútgjöldin á öðrum sviðum. Allt er þetta gert til að auka ríkisumsvifin og miðstýringu í þjóðfélaginu. Frv. felur því í sér grundvallarstefnu Alþb. í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Það er spegilmynd af ástandinu í atvinnumálum. T. d. er það dæmigert, að á þeim fáu dögum, sem liðnir eru síðan frv. var lagt fram þangað til lánsfjáráætlun var lögð fram, er gert ráð fyrir að auka lántökur til Sementsverksmiðju ríkisins um háa fjárhæð, verulega fjárhæð, til að standa undir hallarekstri Sementsverksmiðju ríkisins. Í umr. um daginn komu einnig fram upplýsingar frá iðnrh. um ein sex eða sjö iðnfyrirtæki í eigu ríkisins sem öll eru rekin með tapi og með slíkum lántökum.

Það er kannske einna athyglisverðast við þetta frv., þegar frá er skilin þessi gegndarlausa erlenda lántaka, að í því flest alger uppgjöf ríkisstj. á því að meta hvað er fram undan í efnahagsmálum þjóðarinnar. Á það er ekkert mat lagt. Í aths. frv. segir: Reiknitala fjárlagafrv. varðandi hugsanlega hækkun. — Hvers vegna í ósköpunum, hæstv. fjmrh., fann ekki einhver embættismaður upp eitthvað skárra orðalag en þetta? Jafnvel þó að það væri ekki ætlunin að þessi reiknitala væri nein spá finnst mér alveg kasta tólfunum þegar sagt er í frv. til fjárlaga að reiknitala fjárlagafrv. sé varðandi hugsanlega hækkun á verðlagi á því ári sem fjárlög eiga að gilda. Þar segir: „Reiknitala fjárlagafrv. varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982", eins og fram hefur komið hérna í umr.

Hæstv. ráðh. reynda að afsaka þessa algeru uppgjöf ríkisstj. á að reyna að gera sér grein fyrir hvað er í vændum í íslenskum efnahagsmálum með því að segja að það hefði aldrei verið spáð um verðlagsþróun næsta árs með fjárlagafrv. Hæstv. ráðh. lagði fram á síðasta þingi frv. til fjárl. Í aths. þess segir, með leyfi forseta: Meginforsendur þessa frv. eru eftirfarandi: Forsenda nr. 4 er svona: „að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42% sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið". — Í þessu frv., síðasta frv. sem fjmrh. lagði fyrir hv. Alþingi, gerði hæstv. ráðh. hreint fyrir sínum dyrum og kom fram með ákveðna verðlagsforsenduspá, enda var þá um það að ræða að ríkisstj. reyndi þó að gera sér grein fyrir hvað væri fram undan í efnahagsmálum.

Ég benti áðan á þær auknu lántökur, sem hefði verið ráðist í undanfarið, og hver þróun hefði orðið í þessum efnum. Ég gerði nokkra athugun á þessu, hvað ríkisútgjöldin, heildarráðstöfunarfé ríkissjóðs, hefðu verið mikil á undanförnum árum, hvað tekjur ríkissjóðs hefðu verið miklar og lántökur. Þá kemur í ljós að lántökur eru í prósentum af ráðstöfunarfé ríkisins í heild, tekjum og lántökum, aðeins 6.9% árið 1978. Nú er þetta hlutfall, lántökur til viðbótar skatttekjum ríkissjóðs, 13.5% af því sem ríkið ráðstafar á árinu 1982. Heildarráðstöfun ríkissjóðs á fjármagni, bæði því, sem það hefur í tekjur, og því, sem það tekur til láns, verður ekki 28% af þjóðarframleiðslu, hæstv. ráðh., heldur 33% af þjóðarframleiðslu á þessu ári. Meginskýringin er stóraukning erlendar lántökur til þarfa ríkissjóðs. Erlend lán eru 7.7% af ráðstöfunarfé ríkissjóðs á þessu ári, en voru

aðeins 2.5% 1979 og eitthvað um 3% 1978. Það er þessi mælikvarði sem er rétti mælikvarðinn á ríkisumsvifin í landinu, ekki síst þegar um það er að ræða að á mörgum sviðum eru framlög af skatttekjum skorin niður og til þess gripið að afla fjár með lántökum til að standa undir bæði greiðslum afborgana og vaxta, alls konar rekstrarútgjöldum og framkvæmdum.

Auðvitað kemur þessi stefna í ríkisfjármálum engum á óvart. Eins og ég sagði áðan er hér um ómengaða stefnu Alþb. í ríkisfjármálum og efnahagsmálum að ræða. Ég hef áður vitnað í það, að formaður þingflokks Alþb. hefur ekkert legið á því, að Alþb. hafi getað komi ár sinni vel fyrir borð í þessari ríkisstj. Þannig sagði Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., eftir þinglok í vor: „ Efnahagsstefna ríkisstj. ber mjög svipmót þeirrar afstöðu sem Alþb. hefur haft síðan 1978." Þetta sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson í viðtali við Þjóðviljann. Og hann sagði einnig, að það hefði verið tekið meira tillit til efnahagsstefnu flokks hans, Alþb., í þessari ríkisstj. en hinni fyrri. Í Ed. sagði hann um daginn úr sæti sínu, að vinstri stjórnin, sem þeir hafa kallað svo, hv. þm., hefði ekki verið nein vinstri stjórn. Hann átti þá að sjálfsögðu við: miðað við þá ríkisstj. sem nú situr. Þess vegna kom það mér skemmtilega á óvart að hæstv. viðskrh. skyldi gera bæði beinar og óbeinar aths. við fjárlagafrv. Ég ítreka enn, að mér er forvitni á að vita hvort fleiri ráðherrar hafa gert slíkt hið sama.

Herra forseti. Ég á sæti í fjvn. og þetta frv. kemur til kasta nefndarinnar. Ég mun því stytta mál mitt. Ég tel höfuðatriði í þessu frv. vera það, að til viðbótar þeim miklu skattahækkunum, sem haldið er áfram og haldið er áfram að auka að hluta, er sérstaklega um það að ræða að farið er út í gífurlega aukna lántöku til að auka enn á ríkisumsvifin í landinu á sama tíma sem verulegur samdráttur fjárfestingar er á nær öllum sviðum samkv. upplýsingum hæstv. ríkisstj. sjálfrar. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fjárfesting atvinnuveganna dragist saman um 9.1% og að fjárfesting í íbúðarhúsnæði standi í stað eftir að hún hefur minnkað um 2.1% 1979, 5% í fyrra og 5% í ár. Eftir að samdráttur hefur orðið í íbúðarhúsabyggingum um á annan tug prósenta að magni til á þessum árum er gert ráð fyrir að fjárfesting þar standi í stað á næsta ári og að orkuframkvæmdir minnki um 15.4%. Á þessu ári er gert ráð fyrir að stórauka lántökur til hins opinbera og alveg sérstaklega erlendar lántökur. Í framhaldi af hinu mikla skattahækkunarflóði, sem verið hefur, er gripið til þess ráðs til að auka ríkisumsvifin.

Ég skal láta máli mínu lokið með þessu um vinnubrögðin að þessu frv. Ég ætla ekki að fara út í einstök atriði, en aðeins segja þetta um hvernig farið er að um Framkvæmdasjóð aldraðra í þessu frv.: Þar er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi þessum sjóði til 11 millj. kr. á árinu, en af liðnum til byggingar sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva er ekki ætluð nein hækkun þar á móti. Sá liður hefði átt að fá samkv. forsendum frv. um 13.5 millj. kr. hækkun, en fær aðeins 3 millj. Í rauninni er framlag ríkisins til Framkvæmdasjóðs aldraðra því ekki neitt. Ef þetta fé hefði verið notað af sjúkrahúsaliðnum hefði Framkvæmdasjóður aldraðra ekki þurft að vera til að þessu leyti. Hann fær sem sagt aðeins það fé, sem skorið er niður á öðrum lið. Þannig tekur önnur höndin af hinni í þessu frv. Þetta er aðeins örlítið dæmi um þann flumbrugang sem þarna er á ferðinni.

Herra forseti. Ég ítreka svo spurningu mína til hæstv. fjmrh. um fyrirvara annarra ráðh. við afgreiðslu þessa frv. í hæstv. ríkisstj.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. 1. umr. um fjárlagafrv. er rétt að ljúka og tíminn úti og ekki aðstaða til að fara að halda langa svarræðu, enda má segja að fátt nýtt hafi í raun og veru komið fram í þeim athugasemdum sem gerðar hafa verið við fjárlagafrv. í dag. Ég stend fyrst og fremst upp til að svara nokkrum fsp., sem fram hafa verið bornar. Kannske er einfaldast, svo maður gleymi henni ekki, að svara fyrst spurningunni sem seinast var borin upp, þ. e. hverjir hafi verið fyrirvarar einstakra ráðh. við afgreiðslu fjárlagafrv. í ríkisstj.

Ég vil upplýsa hv. þm. Lárus Jónsson um það, að allir ráðh. þessarar ríkisstj. höfðu sinn fyrirvara við afgreiðslu málsins. Sá fyrirvari var ósköp einfaldlega sá, að þeir héldu sínum sérskoðunum þrátt fyrir efni frv. og að þeir væru e. t. v. ekki ásáttir um niðurstöðu mála í frv. að öllu leyti. En frv. er afgreitt einróma af ríkisstj. á þann máta sem það birtist hér og að sjálfsögðu burt séð frá því að einstakir ráðh. hafi fyrirvara um sínar sérskoðanir og hefðu allir kosið að eitt og annað í frv. væri með öðrum hætti en það er. Þetta er vafalaust ekki frábrugðið því sem áður hefur verið í ríkisstj., og vafalaust hefur aldrei komið fram fjárlagafrv., sem allir ráðh. ríkisstjórnar hafa verið fullkomlega ánægðir með, og verður vafalaust aldrei.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson bar fram fsp. um svokallað stofnlínugjald sem minnst er á í grg. með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Um það er ekki í raun og veru margt fleira að segja en það sem ég gerði grein fyrir áðan, annað en það, sem ég held að hafi komið fram, að gert er ráð fyrir að þetta gjald skili 40 millj. kr. og að það verði greitt af raforkunotendum. Þetta held ég að hafi komið alveg skýrt fram í ræðu minni áðan, en um þetta var samt spurt. Kannske var spurningin þá fyrst og fremst um það, hvort gjaldið mundi leggjast á alla raforkunotendur eða hvort það mundi eingöngu leggjast á viðskiptamenn Orkubús Vestfjarða og Rafmagnsveitna ríkisins. Ef spurningin hefur verið þessi vil ég svara henni eindregið neitandi. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina neitt annað en kostnaður við stofnlínur umhverfis landið verði greiddur jafnt af öllum orkunotendum í landinu. Það er ekki heldur hægt að segja að einn landshluti fremur en annar njóti góðs af þessum stofnlínum. Allir landshlutar njóta góðs af þeim. Það verður vafalaust innan tíðar farið að flytja rafmagn í stórum stíl inn á Faxaflóasvæðið og inn á það svæði, sem nú afmarkast af svokölluðu Landsvirkjunarsvæði, frá orkuverum sem verða í öðrum landshlutum. Það er hins vegar rétt, að fyrst í stað komu þessar stofnlínur því fólki til góða sem býr fjarri Faxaflóasvæðinu, en eins og ég var að taka fram er enginn vafi á að dæmið mun snúast við. Er ekki eðlilegt neitt annað en þessi kostnaður verði greiddur sameiginlega af öllum landsmönnum.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurði að því, hvers vegna væri munur á lánsfjáráætluninni og fjárlagafrv. og hvort það gæti verið að stórar ákvarðanir hefðu verið teknar á örfáum dögum sem liðu milli þess að fjárlagafrv. var lagt fram og lánsfjáráætlunin var lögð fram. Vissulega voru nokkrar ákvarðanir teknar milli afgreiðslu fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar. Það voru allt atriði sem hafði verið frestað við afgreiðslu fjárlagafrv. Hitt er að sjálfsögðu fjarri lagi, að dagarnir hafi verið svo fáir sem

hv. þm. var að gera skóna. Fjárlagafrv. var endanlega afgreitt í byrjun septembermánaðar. Eftir það var engu breytt í frv. og það búið til prentunar. Þannig verður þetta að vera því það er mikil vinna að koma því saman og koma því í gegnum prentun. Lánsfjáráætlunin var aftur á móti afgreidd í byrjun októbermánaðar. Það leið einn mánuður þarna á milli.

Það voru nokkur atriði sem voru ekki fullfrágengin og tekin var lokaafstaða til við afgreiðslu lánsfjáráætlunar:

Það var í fyrsta lagi, eins og hv. þm. vakti athygli á, ákveðinn kostnaður við þjóðarbókhlöðuna sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um hvort yrði reiddur af hendi. Það er spurning um sérstaka klæðningu sem á að hylja þetta mannvirki, og var í athugun hvort hægt væri að komast hjá þeim mikla kostnaði sem því fylgir að klæða þjóðarbókhlöðuna með þeim hætti sem ráð er fyrir gert. Lokaniðurstaðan varð sú, að úr því sem komið væri yrði þessu ekki breytt, og því varð að hækka lánsfjárútvegun í þessu skyni þannig að framkvæmdin stöðvaðist ekki í miðjum klíðum á næsta ári.

Í öðru lagi var tekin lokákvörðun um að hefjast handa um byggingu Suðurlínu á næsta ári, og við það hækkar kostnaður við byggðalínur um 60 millj. Þar á móti kemur svo aftur að fjármagnskostnaður við byggðalínur, sem áður hafði verið tekinn inn, lækkaði sem nam þeim 40 millj. sem ég var að nefna áðan.

Það er rétt, að lántaka til Sementsverksmiðjunnar hækkar frá því sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. Þar er gert ráð fyrir 10 millj. kr. lántöku til að auka rekstrarfé fyrirtækisins. Nú er aftur á móti gert ráð fyrir að bæta 8 millj. við vegna stofnkostnaðar við verksmiðjuna. Þessi stofnkostnaður er fyrst og fremst fólginn í því, að verksmiðjan mun nota kol í staðinn fyrir olíu. Þetta er sem sagt ákveðinn stofnkostnaður sem talinn er óhjákvæmilegur og mun skila arði á skömmum tíma. Þannig er mesti misskilningur að þarna sé viðbótarrekstrarfjáröflun, heldur er þarna um að ræða annars vegar 10 millj. til að auka rekstrarfé fyrirtækisins og hins vegar 8 millj. í stofnkostnað.

Auk þess var lítið mál á ferðinni á milli afgreiðslu fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar, breyting á eldhúsi í gömlu flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli til að geta framleitt þar í auknum mæli mat í flugvélar. Þessi kostnaður er tekinn inn í lánsfjáráætlunina.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson spurðist fyrir um hlutafjár- og eiginfjárframlög í fjárlagafrv. Þarna er um að ræða allmörg hlutafjár- og eiginfjárframlög, samtals að upphæð 40.5 millj. kr. Hér er um að ræða bæði hugsanleg framlög til sjóefnavinnslu, til stálbræðslu, til steinullarverksmiðju, allt samkv. sérstökum heimildum í lögum, og auk þess framlög til útgerðarfyrirtækisins Þormóðs ramma í Siglufirði og niðursuðuverksmiðjunnar Norðurstjörnunnar í Hafnafirði, en um bæði þessi hlutfjárframlög er till. um heimildarákvæði í 6. gr. frv. Þá eru hluta- og eiginfjárframlög til Landsvirkjunar, til Útvegsbankans og til Alþjóðaframfarastofnunarinnar. Fleiri hlutafjárframlög geta komið þarna til greina, og vil ég sérstaklega nefna hlutfjárframlag sem nefnt er á bls. 185 í frv., en það er hlutfjárframlag í grænfóðurverksmiðju.

Hv. þm. spurði um viðhald í Hólaskóla í Hjaltadal og hvernig stæði á athugasemd, sem er í frv. um viðhaldskostnað sem greiddur verði af fjárveitingu næsta árs, og jafnframt hvar væri að fá heimild til þessara útgjalda. Það er rétt að í fjárlögum ársins 1981 er ekki kveðið á um þennan kostnað við Hólaskóla sem lagt hefur verið í. Staðreyndin er hins vegar sú, að þegar kennsla átti að hefjast í haust var útilokað að kennsla gæti hafist af heilbrigðisástæðum vegna þess hvernig húsið var og hvaða annmarkar voru á því. Þess vegna leitaði landbrn. eftir fyrirgreiðslu fjmrn. til að gera húsið upp. Þessi framkvæmd hefur bæði verið fjármögnuð með aukafjárveitingu á þessu ári að upphæð 800 þús. kr. og einnig hefur Búnaðarbankinn á Sauðárkróki lánað verktökum, sem verið hafa í vinnu á Hólum í Hjaltadal, til að vinna talsvert meira en nemur þessari aukafjárveitingu. Það er sá kostnaður sem gert er ráð fyrir að greiða á næsta ári. Ég hygg að það séu æðimörg dæmi þess á liðnum árum, að þegar sérstaklega hefur staðið á hafi verið tekin lán með þessum hætti, en að sjálfsögðu mundu verktakar ekki hafa fengist til að taka slík lán nema vegna þess að fjmrn. lýsti yfir að það mundi beita sér fyrir því, að þessi fjárveiting yrði tekin inn í fjárlög næsta árs. Að sjálfsögðu er lánið veitt af hálfu Búnaðarbankans á Sauðárkróki í trausti þess. Það eru áreiðanlega æðimörg fordæmi þessa þegar sérstaklega hefur staðið á og ekki ástæða til að fjölyrða frekar um það.

Ég verð að segja annars um málflutning hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að hann var ærið sérkennilegur á köflum og væri þar af mörgu að taka ef tími væri til. T. d. talaði hv. þm. mjög lengi um útflutningsbætur, eins og hann hefði nánast ekki fyrr heyrt getið um þvílíkan ósóma að greiða kjöt og smjör niður í útlendinga, það væri fáheyrt með öllu. En þetta hefur víst tíðkast æðilengi og verið skiptar skoðanir um það án þess að slík ræðuhöld væru uppi höfð á Alþingi.

Það er hins vegar rétt, að seinustu þrjú árin hefur Framleiðsluráð haft heimild til að taka lán til viðbótar við útflutningsbætur á fjárlögum, en þar er ekki um neina lögleysu að ræða, eins og hv. þm. leyfir sér að kalla það, heldur samkv. heimildum í lögum. Þarna er í raun og veru um að ræða vanda sem kemur upp á árunum 1979, 1980, 1981 og 1982, og það er verið að dreifa vandanum á nokkur ár. Þessar lántökur hafa yfirleitt verið miðaðar við 5 ára tímabil. Hv. þm. var hins vegar alveg upp í skýjunum þegar hann var að býsnast yfir þeim hrikalegu lánum sem þarna væru á ferðinni og talaði um hverjir ættu að borga þau. Hverjir eiga að borga þetta? spurði hv. þm. Það eru börnin okkar og það eru barnabörnin okkar. — Ég á tvö börn, en engin barnabörn, en ég verð að segja að jafnvel þó að ég eignist barnabörn geri ég ekki ráð fyrir að þau þroskist svo ört að það sé nokkur von til þess að þau taki þátt í að greiða þetta lán innan 5 ára. Auðvitað er þetta hin mesta fjarstæða.

Um verðbólguna má margt segja, en það er kannske sýnishorn af málflutningi hv. þm., að þegar hann talar um hver hækkun framfærsluvísitölu sé verður hann að segja: Hún er milli 9 og 11%. Það er alveg útilokað fyrir hv. þm. að nálgast neitt sannleikann eða staðreyndir málsins þegar hann er að ræða um hver sé hækkun framfærsluvísitölu á hverju þriggja mánaða tímabili. Hann veit að 1. júní hækkaði framfærsluvísitala um liðlega 8, — ekki milli 9 og 10, ekki milli 9 og 11, — og 1. sept. hækkaði framfærsluvísitala um 8.9. Það er þó dálítið lægra en hann nefndi. 1. des. — eða 1. nóv. — er gert ráð fyrir að hækkunir verði innan við 9%. Þannig er auðvitað fjarstæða að tala í þessu tilviki um 9—11%. Ég býst við að meðalhækkunin á þessu tímabili hafi verið einhvers

staðar nálægt 8.5—8.6%.

Þegar við svo veltum því fyrir okkur, hver er verðbólguhraðinn á þessu augnabliki, er það rétt, að ef við miðum við 12 mánaða tímabil er í augnablikinu um að ræða tölu sem er í kringum 48—49%. Hann vildi að vísu hafa það yfir 50, sem er sama ónákvæmnin og að öðru leyti einkenndi hans málflutning, en látum það vera. Það er rétt hjá honum, að þetta fer ekki niður í 40% fyrr en í árslok. En ef við lítum hins vegar á þann verðbólguhraða sem ég var að tala um, 8.7 eða 8.8% á hverju þriggja mánaða skeiði, hvað mundi það vera ef það væri reiknað heilt ár? Það getur hv. þm. gert. Ef við t. d. tökum töluna 8.8% fáum við nákvæmlega 40% verðbólgu, 40% verðbólguhraða. Þær hækkanir, sem hafa átt sér stað í tvö skipti og eiga sér stað væntanlega eftir næstu vísitölumælingu, eru mjög nærri því að gera verðbólguhraðann 40%.

Hitt var þó öllu lakara, þegar hv. þm. fór að tala um tilflutning á fyrirtækjum og kostnaði fyrirtækja úr A-hluta í B-hluta og B-hluta í A-hluta. Það var eins og hv. þm. hefði verið með vax í eyrunum þegar ég fjallaði mjög ítarlega um þetta mál í framsöguræðu minni. Hann tók ekkert tillit til þeirra röksemda, sem ég hafði þar fært fram, og gerði yfirleitt ekki minnstu tilraun til að svara þeim ábendingum sem þar komu fram. Ég nefndi í dag tvö dæmi um fyritæki sem hefðu verið flutt úr A-hluta í B-hluta, en svo aftur þrjú dæmi um fyrirtæki sem hefðu verið flutt úr B í A, en hv. þm. hagræddi þessu auðvitað eins og hentaði honum best með því að ræða um aðra hlið málsins og alls ekki hina sem ekki var hagstæð hans málstað. Lítum á þessi mál enn einu sinni. Það er hárrétt hjá hv. þm. að Krafla hefur núna verið flutt í B-hluta. Hún er raunar eina áberandi dæmið um slíkan tilflutning. Eins og ég benti á áður voru Kröfluvirkjun og útgjöld hennar vegna öll í B-hluta á árunum 1974—1978. Þegar verður algjör stöðvun á framkvæmdum við Kröflu, það er ekkert gert þar, þar er ákaflega lítil orkuframleiðsla, er ákveðið í nokkur ár að taka virkjunina inn í A-hluta. En nú, þegar útlit er fyrir að orkuöflun aukist þar verulega og engin ástæða er til að ætla annað en virkjunin standi undir þeim kostnaði sem búið er að leggja í hennar vegna, er hún flutt aftur í B-hluta og á að standa undir þessum útgjöldum.

Ég heyrði ekki betur en að hv. þm. segði það í raun og veru alveg blákalt áðan að það væri í raun og veru eðlilegt að t. d. virkjunarkostnaður væri færður á viðkomandi virkjanir og þær væru látnar standa undir þeim kostnaði. Þegar við lítum á virkjunarkostnaðinn, sem hann nefndi hérna líka, er nefnilega afar eftirtektarvert að öll árin 1980, 1981 og 1982 hefur virkjunarkostnaður verið í B-hluta, en það var greinilegt að hv. þm. gerði sér ekki grein fyrir því. Hann vitnaði að vísu í grg. frv., þar sem bent er á að ákveðinn liður hjá Orkusjóði lækki vegna þess að sá kostnaður lendir nú í B-hluta. Skýringin á því er sú, að virkjunarrannsóknir voru árið 1980 í B-hluta, árið 1981 eru þær að mestu leyti í B-hluta, en afborganir af ákveðnum lánum runnu gegnum A-hlutann í fyrra, eina árið sem það hefur gerst. Þessu er aftur breytt núna þannig að þetta er sameinað allt undir einn fjárlagalið sem heitir Virkjunarrannsóknir. Það er talið rökréttast að meðhöndla þetta allt á einn veg. Það, sem um er að ræða nú, er að þetta er allt á einum stað í B-hluta og viðkomandi virkjanir, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, verða látnar standa sjálfar undir virkjunarkostnaði sem hv. þm. raunar taldi eðlilegt, að því er mér heyrðist. Þarna skeikaði hv. þm. nokkuð þar sem hann áttaði sig ekki á því, að þessi kostnaður hefur undanfarin ár verið að miklum meiri hluta í B-hlutanum.

Ekki batnaði málið þegar kom að sveitarafvæðingunni sem hv. þm. nefndi áðan og átti að vera sérstakt dæmi um að það væri verið að flytja úr B-hlutanum í A-hlutann. Hann áttaði sig nefnilega ekki á því, að sveitarafvæðingin er í A-hlutanum að talsverðu leyti. Hún er að vísu bæði í B-hluta og A-hluta. Það er framlag í gegnum ríkissjóð upp á 2.7 millj. (**SighB:** 2.7?) Já, 2.7. (**SighB:** Var áður 5.) Var áður 5. (**SighB:** Það lækkaði um 2.3.) Já, en hvernig var það þar áður í B-hluta og hvernig var það í frv. Sighvats Björgvinssonar sem hann flutti sjálfur árið 1980? Maður skyldi halda, úr því að hann er að hneykslast stórkostlega á því nú að hluti af þessum kostnaði skuli vera færður í B-hluta, að hann hefði sjálfur gætt þess að hafa þetta í A-hlutanum þegar hann réð fjárlagafrv. árið 1980 og lagði það fram hér fyrir hönd sinnar stjórnar. En það þarf ekki annað en að fletta upp í frv. hans sjálfs til að sjá að þar er þessi kostnaður færður í B-hluta. Mér finnst að hann hafi fyrir fram stungið algerlega upp í sjálfan sig hvað þetta atriði snertir. Það er alveg rétt, að ekki er eðlilegt að hafa þennan kostnað í B-hluta eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði alfarið árið 1980. Þess vegna tek ég á árinu 1982 þennan kostnað að hluta til inn í A-hlutann og að hluta held ég honum áfram í B-hluta. Ég er sem sagt raunverulega að færa þarna kostnað inn í A-hluta miðað við það sem áður var. Þetta dæmi, sem hv. þm. nefnir, er einmitt dæmi um hið þveröfuga, að það er verið að taka meiri útgjöld á ríkissjóð, útgjöld sem voru í tíð Matthíasar Á. Mathíesens og í tíð Sighvats Björgvinsssonar færð í B-hlutann og tekin lán fyrir.

Enn eitt dæmi get ég nefnt. Það er styrking dreifikerfis í sveitum. Hvernig var þessi liður, styrking dreifikerfis í sveitum, færður þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sendi frá sér fjárlagafrv.? Hann var færður í B-hluta. Hvernig var þetta í tíð Matthíasar Á Mathiesens? Jú, líka í B-hluta. Hann var raunar í B-hluta líka í mínu fyrsta fjárlagafrv., en í fyrra er þessi kostnaður í fyrsta sinn færður í A-hluta, 17 millj. í núverandi mynt og 21 millj. á þessu ári. Þarna er um að ræða stóran kostnaðarlið á þessu ári, upp á 21 millj., sem hafði í mjög mörg ár verið í B-hlutanum. Með nákvæmlega sömu rökum og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var með áðan, að þarna er um að ræða kostnað sem ekki er hægt að segja að bændastétt landsins standi undir, er eðlilegt að taka þetta inn í ríkissjóðsdæmið og borga þetta úr ríkissjóði. Það er gert, en var ekki gert áður.

Við skulum nefna enn eitt dæmi sem hv. þm. nefndi ekki. Það er flugmálastjórn. Flugmálastjórn var B-hluta stofnun, tók lán t. d. til malbikunarframkvæmda og sérstaklega til kaupa á ýmiss konar öryggisútbúnaði og hafði gert það í mörg ár aftur í tímann. Þessi kostnaður var allur í B-hluta. Hann er núna færður í A-hluta. Þannig tekur ríkissjóður á sig kostnað sem áður var tekið lán fyrir í B-hlutanum.

Ég nefndi í ræðu minni að þarna væri fyrst og fremst eitt stórt dæmi, Krafla, og hún væri færð yfir í B-hlutann með ákveðnum rökum, en dæmin um hið gagnstæða væru miklu fleiri, að það væri verið að flytja kostnaðinn aftur yfir í A-hlutann. Ég vona að þessi orð mín hafi enn frekar staðfest það sem ég sagði í framsöguræðu, að að þessu leyti er auðvitað um miklu rökréttara frv. að ræða

en var á fyrri árum.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., enda verður nægur tími til þess við 2. og 3. umr. málsins.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal vera örstuttorður.

Hæstv. ráðh. svaraði spruningu minni eiginlega út í hött. Hann sagði að það væri sjaldan sem allir ráðh. í ríkisstj. væru alveg ánægðir með fjárlagafrv. þegar það væri afgreitt í ríkisstj. Mér var það nokkuð ljóst. Þetta var auðvitað ekkert svar hjá hæstv. ráðh. Ég benti á að hæstv. viðskrh. hefði sagt að framsóknarráðherrarnir hefður haft fyrivara um ákveðin atriði, um samþykki á að halda áfram skatti á skrifstofuhúsnæði og verslunarhúsnæði og að þeir féllust á launaskatt eins og hann væri í frv. Það eru þessi ákveðnu atriði sem ég spyr hæstv. fjmrh. hvort fleiri ráðh. hafi gert fyrirvara um. Það á ekki að taka langan tíma að svara svona einfaldri fyrirspurn. Hún er um þessi ákveðnu atriði.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að benda á eitt atriði sem sýnir fram á hvort það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að tilfærslan á fjármagnsútgjöldum Kröfluvirkjunar yfir í B-hluta sé í framhaldi þess að tekin hafi verið ákvörðun um að virkjunin fari sjálf að standa undir fjármagnsútgjöldum af rekstri sínum. Í B-hluta, þar sem Krafla er færð í fjárlagafrv., er hvorki gert ráð fyrir að komi fram rekstrarútgjöld né rekstrartekjur. Eins og hæstv. fjmrh. veit er rekstur Kröfluvirkjunar í höndum Rafmagnsveitna ríkisins. Í B-hlutanum, þar sem Kröfluvirkjun er færð með fjármagnsútgjöld og stofnkostnaðarútgjöld, er því ekki gert ráð fyrir neinum rekstrartekjum né rekstrargjöldum. Það er því alls ekki að sjá af þessu að farið sé að taka þá ákvörðun að Krafla eigi með einhverjum hæti að fara að standa undir þessu sjálf, heldur er beinlínis stefnt að því að áfram verði haldið þeim sið, sem haldist hefur um nokkurt skeið, þegar séð var að Krafla mundi á engan hátt geta staðið undir sér, að þetta sé greitt úr ríkissjóði með lántökum.

Ég vildi vekja athygli á þessu: Ef ákvörðun hefði verið tekin um að Kröfluvirkjun ætti að fara að bera fjármagnskostnaðinn myndi að sjálfsögðu hafa komið fram í B-hlutanum að færð væru þar rekstrargjöld og tekjur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm., að rekstur Kröfluvirkjunar er ekki sérgreindur í frv. Ég vil ekkert um það fullyrða að hve miklu leyti Krafla borgar á næsta ári fjármagnsútgjöld sín. Það mun vafalaust verða eitthvað þó að það sé ekki tilgreint. Það hefur enn ekki verið áætlað, en verður kannske gert fyrir 3. umr. frv. Eins og hv. þm. veit vafalaust um er það svo, að B-hluta stofnanir eru yfirleitt teknar til nánari athugunar fyrir 3. umr. í ljósi þess rekstrar sem á þeim hefur verið á liðnu ári. Það gildir um allar B-hluta stofnanirnar, að það eru yfirleitt nokkuð gamlar rekstraráætlanir settar inn í frv. þegar það er lagt fram. Þess vegna er það rétt, að um tekjur af rekstri Kröfluvirkjunar hafa ekki verið settar fram tölur eða áætlanir á næsta ári. Þegar frv. var sett saman lágu ekki fyrir nægilega góðar upplýsingar um það atriði.

Þetta skiptir kannske ekki öllu máli. Það, sem skiptir máli, er að á næstu árum, ég vil ekki endilega segja á næsta ári, en á næstu árum er gert ráð fyrir að tekjur Kröflu af raforkusölu muni fara það vaxandi að hægt sé að gera ráð fyrir að virkjunin borgi þennan kostnað í vaxandi mæli. Við vitum t. d. að Hrauneyjafossvirkjun borgar ekki nema lítinn hluta af fjármagnskostnaði við Hrauneyjafoss á fyrsta ári sínu, vafalaust ekki nema mjög lítinn hluta, og þá verður að velta því áfram með lántökum, eins og ævinlega er gert í slíkum tilvikum. Það er sem sagt tekin ákvörðun um að Krafla eigi á næstu árum að standa á eigin fótum og þess vegna er talið eðlilegt að færa þetta inn í B-hlutann, enda þótt það sé alveg rétt ábending hjá hv. þm. að ekki sé búið að taka inn í B-hlutann nákvæma greinargerð fyrir rekstri virkjunarinnar á næstu árum. Það hefur ekki heldur verið slík grg. í seinustu fjárlagafrv., en ég vænti þess, að hægt verði að ganga frá því atriði áður en frv. verður að lögum.

Varðandi hitt atriðið, fyrirvarann sem enn er þráspurt um, sagði ég ósköp einfaldlega að allir ráðh. hafa að sjálfsögðu fyrirvara um að þeir mundu vilja hafa eitt og annað með öðrum hætti. Einstakir menn hafa líka þann fyrirvara, að þeir áskilji sér rétt til að athugað verði, meðan frv. er til meðferðar á Alþingi, hvort ástæða sé t. d. til að hækka fjárveitingu til þessa liðar eða hins. Ég minnist þess, að allmargir liðir voru þannig afgreiddir í ríkisstj. að menn áskildu sér rétt til að taka málið upp til nánari athugunar meðan frv. væri til meðferðar í fjvn. En ég tel að það sé engin ástæða til þess fyrir mig að fara að gefa hér einhverja skýrslu um þá fyrirvara sem einstakir ráðh. kunna að hafa haft. Ég held að það sé best að viðkomandi ráðh. svari því sjálfir hvaða fyrirvara þeir vilja kannast við og hverja ekki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var afskaplega einföld spurning sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh. Ég vakti athygli hæstv. forseta og þingheims á að hæstv. viðskrh. talaði hér fyrir hönd Framsfl. og sagði skýrt og greinilega í þingsölum að ráðherrar Framsfl. hefðu fyrivara um ákveðin mál, um tvo sérstaka skatta. Og ég spyr hæstv. ráðh. einfaldrar spurningar: Hafa einhverjir aðrir ráðh. fyrirvara um þessa skatta? Ef hæstv. ráðh. svarar ekki þessu, eftir að hæstv. viðskrh. hefur sagt að framsóknarmenn hafi fyrirvara um þessa tvo þætti fjárlaganna, skil ég það svo að aðrir hafi það ekki.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Miðað við Pólitískt ástand í landinu mundi ég frekar kalla það eldingarvara en fyrirvara sem þeir framsóknarmenn voru að lýsa áðan. Það væri kannske ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort flokksbræður hans í ríkisstj., þeir tveir ráðh. sem gegna ráðherrastöðum í iðnrn. og félmrn., hafi ekki slíka eldingarvara líka.

Ég vil enn fremur benda hæstv. ráðh. á hvað lítið er nú orðið að marka hvernig ríkisreikningurinn er settur upp og áætlun fjárlaga. Undir liðnum Landbúnaðarmál. ýmis starfsemi, er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði lántökukostnað að fjárhæð 2 milljarðar gkr. vegna lántöku sem aldrei hefur komið fram, hvorki á A-hluta né B-hluta fjárlaganna. (**Fjmrh.:** En í lögum?) En í lögum? Það skiptir engu máli. Þarna er um að ræða að þarna er lántaka, sem búið er að taka þrjú ár í röð og annar aðili en ríkissjóður er skrifaður fyrir, í þessu tilviki Framleiðsluráð lanbúnaðarins. Það gæti alveg eins verið Jón Jónsson úti í bæ. Þarna er að sjálfsögðu ekki spurning um hver sé skrifaður fyrir láninu, heldur hver greiði það.

Auðvitað á að skrifa lánið hjá þeim aðila sem ætlast er til að greiði afborganir og vexti. Þetta tiltekna lán hefur aldrei komið inn, hvorki í A-hluta né B-hluta, þegar það var tekið, heldur komið fram í lánsjáráætlun sem lántaka fyrir þriðja aðila úti í bæ, en það er ríkissjóður sem greiðir afborganirnar og vextina. Síðan er þessu haldið áfram í lánsfjáráætlun núna. Þá er gert ráð fyrir að það sér tekið enn nýtt lán upp á 2 gamla milljarða fyrir þennan aðila úti í bæ sem þegar hefur í höndunum tvö lán sem hann getur ekki greitt af, heldur ríkissjóður. Þarna sjá menn hvernig er hægt að leika sér með að skrifa einhvern Jón Jónsson úti í bæ fyrir lánum sem ríkissjóður ætlar sér að greiða þannig að aldrei komi fram að þau séu tekin af greiðandanum. Það er þetta sem ég leyfði mér að benda á áðan. Hæstv. ráðh. leikur í þessu frv. þann leik. Ef hann ætlar að bera saman, eins og hann gerir, fjárlagafrv., sem hann leggur fram nú, við fjárlögin, sem afgreidd voru í fyrra, og skýra fyrir þingheimi að breytingin hafi orðið svona og svona, þá má hann auðvitað ekki breyta um uppsetningu á milli samanburðanna. Þá verður hann annaðhvort að setja inn í A-hlutann sambærilegar færslur við þær sem voru í A-hlutanum í fyrra ellegar þá að taka út úr A-hlutanum í fyrra þær færslur sem hann tekur út af A-hlutanum nú. Þetta er kannske ekki stórvægilegt atriði. Þetta sýnir bara að það er hægt að færa svona hluti til innan fjárlaganna þannig að samanburður á milli ára gefi ekki rétta mynd.

Ég vil svo ekki lengja þetta mál frekar. En ég ætlaði raunar að segja það í framsöguræðu minni áðan, en gleymdi því og get þá alveg eins látið þess getið núna, að ég er ekkert feiminn við að lýsa því yfir og viðurkenna að hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, hefur á margan hátt staðið sig mjög vel í starfi og að ég held miklu betur en menn áttu von á eftir þá reynslu sem má segja að hæstv. ráðh. hafi fengið í embætti menntmrh., þar sem hann var allra manna aðgangsharðastur. Ég vil líka segja það, að ég öfunda hann ekki af að þurfa að standa í því erfiða hlutverki, sem hann stendur í, og þá síst að þurfa að gegna því hlutverki í ríkisstj. Það hlýtur oft að vera erfitt fyrir hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds að reyna að koma samráðh. sínum og flokksbræðrum í ríkisstj. í skilning um hvaða tökum þurfi að beita ríkisfjármálin, skilning sem hans flokkur hafði ekki til að bera, hvorki flokkurinn sem heild né einstakir þm. í þeim flokki, fyrr en þá að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds tók við því embætti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. vék hér að enn nýju atriði, þ. e. lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, og vildi reyna að nota það sem dæmi um að fjárlög væru sett upp með ýmsum hætti. Hv. þm. veit að allur þorri þm. samþykkti vorið 1980 að heimila ríkissjóði að ábyrgjast lán sem Framleiðsluráð landbúnaðarins tæki. Þessi lög voru samþykkt af öllum þorra þingmanna, en þó ekki þm. Alþfl. Þetta lán var í raun og veru tekið af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en á ábyrgð tveggja aðila, þ. e. annars vegar á ábyrgð Byggðasjóðs og hins vegar á ábyrgð ríkissjóðs. Síðan var gert ráð fyrir að ríkissjóður byrjaði að greiða sinn part í þessu á fjárlagaárinu 1982 og þá er þessi greiðsla ríkissjóðs færð í A-hluta sem kostnaður ríkissjóðs, í A-hluta og hvergi annars staðar. Ég sé því ekki annað en að þetta sé fullkomlega rökrétt og eðlilegt og komi í raun og veru ekkert því við sem við vorum að ræða áðan um A-hluta og B-hluta. Þetta er að sjálfsögðu bókfært jafnóðum og það gjaldfellur í A-hlutann og er, eins og hann réttilega nefndi, rúmlega 2 milljarðar gkr. á næsta ári.

Svo vil ég að lokum þakka hv. þm. fyrir traustsyfirlýsinguna og fögur orð í minn garð og vil á móti óska honum alls hins besta í vandasömu hlutverki.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 4. nóv., kl. 2. miðdegis.

Lyfjalög, frv. (þskj. 62). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til 1. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978. Frumvarpið gerir ráð fyrir að breytt verði ákvæðum laga um lyfsölusjóð.

Samkvæmt lögum nr. 49/1978 var gert ráð fyrir að innheimta ætti í lyfsölusjóð 1% gjald af cif-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna og leggja það í þennan sjóð. Þessi lagaákvæði hafa aldrei verið framkvæmd vegna þess að fjmrn. og tollyfirvöld hafa talið að hér væri um að ræða í rauninni alveg óframkvæmanlegt lagaákvæði þar sem flokkun lyfjaefna sé afar óljós og gjaldtaka af innflutningi því mjög erfið í framkvæmd. Af hálfu fjmrn. hefur einnig verið bent á, að miðað við óbreyttar álagningarheimildir við innflutning og dreifingu lyfja og óbreytta þátttöku ríkissjóðs í lyfjakostnaði almennt geti núgildandi leið til fjármögnunar á kostnað lyfsölusjóðs kostað ríkið í raun allt að 50% meira en það sem rynni til lyfsölusjóðs. Þess vegna væri nær að leggja sjóðnum til fé samkv. ákvörðun Alþingis á fjárlögum hverju sinni. Í fjárlögum yfirstandandi árs var þetta gert. Lyfsölusjóði var ætlað fé á fjárlögum ársins 1981 og í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að leggja til lyfsölusjóðs 160 þús. kr. Frumvarpið gerir sem sé ráð fyrir því sem meginatriði, að hér verði ekki um þennan fasta markaða tekjustofn að ræða, enda hafi í rauninni reynst ógerlegt að framkvæma það lagaákvæði og þess vegna verði hér um ákvörðun Alþingis að ræða hverju sinni samkv. fjárlögum.

Þá er lagt til í þessu frv. að lyfsalar taki þátt í uppbyggingu lyfsölusjóðs með gjaldi sem verði jafnhátt eftirlitsgjaldi lyfjabúða, þ. e. um 100 þús. kr. á ári samkv. áætlun fyrir árið 1982.

Í 1. gr. þessa frv. er ákveði um að skipunartími stjórnar lyfsölusjóðs verði tímabundinn, en það er ekki samkv. núgildandi lyfjalögum tímabundið hve lengi stjórn lyfsölusjóðs situr.

Í 2. gr. er ákvæði um að stjórn lyfsölusjóðs skuli gera tillögur til heilbr.- og trmrh. um úthlutun úr sjóði þessum. Þýðir brtt. þessi einfaldlega það, að ákvarðanir um úthlutun úr lyfsölusjóði þyrftu að ganga til staðfestingar heilbr.- og trmrh. áður en þær yrðu endanlega afgreiddar. Slíkt er venja um flesta þá sjóði sem við erum með í stjórnkerfi okkar.

Ég legg áherslu á að þetta frv. er í raun og veru flutt til þess að fullnægja forsendum fjárlaga ársins 1981 og fjárlagafrv. ársins 1982.

Herra forseti. Hér er á dagskrá einnig frv. til l. um

breyt. á lyfsölulögum, nr. 30/1963. Er heimilt að ég mæli fyrir því jafnframt nú þegar? (**Forseti:** Ég óska heldur eftir því að hæstv. ráðh. komi aftur upp í stólinn ef honum er það ekki á móti skapi.) Þá skal ég gjarnan koma hingað aftur. En ég legg til að frv. um breyt. á lyfjalögum verði vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 63). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tala fyrir frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30/1963. Þetta frv. felur í sér að Háskóla Íslands verði heimilt að reka lyfjaverslun.

Nú vill svo til að löggjafinn hefur í raun og veru þegar tekið vissa afstöðu í þessu máli með breyt. á háskólalögum árið 1978. Þegar Háskóli Íslands fór fram á að fá að reka lyfjabúð á grundvelli þeirra laga taldi ég mér ekki fært að veita Háskólanum það lyfsöluleyfi þar sem ákvæði í lyfsölulögum heimiluðu slíkt ekki. Það liggur hér fyrir hv. deild frv. til laga um lyfjadreifingu, þar sem gert er ráð fyrir að Háskóli Íslands fái leyfi til að reka lyfjaverslun. Það er viðamikið mál og tekur tíma að afgreiða það. Þess vegna ákvað ég að taka þetta frv. um breyt. á lyfsölulögum að því er varðar Háskóla Íslands út úr þannig að Alþingi gæti tekið afstöðu til þess sérstaklega.

Ég leyfi mér að fara fram á það við hv. deild, vegna þess hvernig á stendur í samningum Háskóla Íslands við eigendur eða forráðamenn Reykjavíkur Apóteks, að þetta litla frv., sem hér er lagt fram, verði afgreitt fyrir jól.

Það var 22. júlí s. l. sem rektor Háskóla Íslands átti viðræður við heilbr.- og trmrn. um útgáfu lyfsöluleyfis á nafn Háskóla Íslands. Þá fór ég fram á grg. um þau atriði sem Háskólinn telur að knýi á um útgáfu lyfsöluleyfisins og um lagaheimild að dómi Háskólans. Háskólinn sendi mér grg. dagsetta 5. ágúst 1981. Þar kemur m. a. fram eftirfarandi:

„Árum saman var vandkvæðum bundið að vista stúdenta til námsdvalar í lyfjabúð vegna tregðu sumra lyfsala að veita þeim viðtöku. Þessi vandi er nú leystur í bili, en verður leystur til frambúðar þegar ákvörðun verður tekin um kaup Reykjavíkur Apóteks til námsdvalar fyrir stúdenta.

Háskólaráð samþykkti nýlega að hefja kennslu til kandidatsprófs í lyfjafræði lyfsala. Undirbúningur þess máls krefst að vitað sé með vissu hvernig hægt verður að nota Reykjavíkur Apótek til starfsþjálfunar fyrir stúdenta."

Tilvitnun lýkur í bréf Háskóla Íslands eða háskólarektors, dags. 5. ágúst 1981, og ætla ég ekki að lesa upp úr því frekar.

Til viðbótar þeim röksemdum, sem hér hafa verið nefndar, vil ég einnig nefna hina þriðju, sem sé þá, að með því að Háskólinn reki lyfjaverslun má ætla að heilbrigðisyfirvöld hafi betri aðgang að því að kynna sér á hverjum tíma rekstrarforsendur lyfjaverslunarinnar í landinu en verið hefur.

Frumvarpið er í raun og veru aðeins tvær efnisgreinar sem skýra sig sjálfar og ég tel ekki ástæðu til að fara nánar út í. Ég vænti þess, að hv. Alþingi geri sér ljóst hversu mikilvægt er fyrir Háskóla Íslands að fá þessa heimild, og fer fram á að hv. deildir Alþingis afgreiði málið helst fyrir n. k. áramót.

Ég legg til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 12 shlj. atkv.

Útvarpslög, frv. (þskj. 7). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ástæðan fyrir því, að ég hef óskað eftir að taka til máls utan dagskrár, er sú, að undanfarna daga hefur ekki átt sér stað kennsla í öldungadeild Fjölbrautaskóla Suðurnesja, reyndar er svo komið einnig á Akranesi, og er það mjög bagalegt fyrir þá nemendur sem þar eru vegna þess að nú er langt komið á önn og fyrirséð er að ef svo heldur áfram sem verið hefur verði nemendur fyrir miklu tjóni, missi mjög úr tíma, og það sem verra er, horfur eru á að ef ekki leysist úr þeim deilumálum, sem eiga sér stað milli kennara og fjmrn. um launagreiðslur, verði varla unnt að halda uppi öldungadeild á Suðurnesjum og annars staðar á landinu, en mér skilst að fleiri öldungadeildir séu þannig komnar að kennarar vilji ekki kenna þar fyrir þau laun sem þeim eru boðin.

Mér er tjáð að þegar Fjölbrautaskóli Suðurnesja tók til starfa hafi verið viðurkennt af hendi launadeildar fjmrn. með bréfi, sem var dags. 13. mars 1979, að kennarar við öldungardeildarskóla þar, þ. e. Fjölbrautaskólann á Suðurnesjum, fengju sömu launagreiðslur og eru í Menntaskólanum við Hamrahlíð, en þær launagreiðslur eru þannig, að kennarar við öldungadeild fá 1.6% af mánaðarlaunum á tíma. Var svo um nokurn tíma, en síðan mun rn. hafa einhliða sagt upp þessu samkomulagi og í framhaldi af því lækkað laun þessara manna niður í 1.2%. Þetta hefur eðlilegt vakið mikla gremju hjá kennurum, þar sem þeir vita að áfram er greitt samkv. fyrra samkomulagi í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þeir vilja ekki una þessu og hafa reyndar stöðvað vinnu, gerðu það í gær og fyrradag og einhvern daginn þar áður. Þeir hafa óskað eftir viðræðum við launadeildina eða fulltrúa fjmrn., en þeir fengu það hrokafulla svar, að launadeildin gæti ekki talað við þá fyrr en 12. nóv. n. k., sem þeir töldu allsendis óviðunandi því ástæðulaust væri að sætta sig við launalækkun.

Því er ekki að neita, að nemendur í öldungadeildinni hafa haft af þessu þungar áhyggjur. Fyrir nokkrum dög-

um sendu þeir út bréf þar sem þeir gerðu grein fyrir sinni hlið málsins. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„a) Náist ekki samkomulag með deiluaðilum ónýtist nám og vinna nemenda á haustönn 1981.

b) Ríkissjóður greiðir kennsluna einungis að 1/3, sveitarfélög á Suðurnesjum greiða 1/3 og nemendur 1/3. Á þessari önn hafa nemendur í öldungadeild greitt námsgjöld sín. Óeðlilegt er að fulltrúar ríkisvaldsins semji einir við kennarasamtökin um launakjör. Fulltrúar sveitarfélaga og nemenda ættu að eiga fulltrúa í samninganefndinni.

c) Óraunhæft er að krefjast þess, að allir nemendur, sem nám stunda í öldungadeild, stefni að stúdentsprófi vegna þess að

1) unnt á að vera að stefna að námslokum á tveggja ára námsbrautum,

2) margir sækja nám í öldungadeild til endurmenntunar fyrir vinnumarkaðinn,

3) menntun er markmið í sjálfu sér og kemur þjóðfélaginu til góða.

d) Óraunhæft er að jafnmarga nemendur þurfi í hvern áfanga á landsbyggðinni og í Reykjavík vegna mismunandi íbúatölu."

Ráðuneytið mun hafa borið því við, að það yrði að vera ákveðinn fjöldi nemenda á þessum stöðum til þess að þessi laun yrðu greidd. Svo mun vera í Hamrahlíð, að það skiptir ekki máli hvort það eru margir eða fáir í önn eða á námsbraut. Þessi laun eru greidd.

Þetta var það sem nemendafélagið sendi frá sér, en nemendurnir segja í framhaldi af þessu:

„Vegna þess ástands, sem ríkir í öldungadeildum fjölbrautaskólanna, viljum við í Fjölbrautaskóla Suðurnesja taka fram eftirfarandi:

Við teljum að verið sé að skerða verulega möguleika fullorðinna á aukinni menntun verði ekki hægt að starfrækja öldungadeildina áfram. Við viljum mótmæla því, að öldungadeildir úti á landsbyggðinni svari ekki kostnaði og þar með að fólki sé mismunað eftir búsetu hvað varðar menntunarmöguleika. Við teljum að þær aðgerðir, sem leiða til þess að kennarar sjá sér ekki fært að halda áfram kennslu, séu vítaverðar. Við styðjum kennara Fjölbrautaskóla Suðurnesja af alhug í fyrirhuguðu verkfalli verði ekki hjá svo róttækum aðgerðum komist."

Þetta lýsir vissulega áhyggjum þess fólks sem þarna er að afla sér fullorðinsfræðslu. En það, sem lýtur að fjmrn., er hvernig verður unnið úr þessu máli, hvort hægt verður að leysa það og hvort ekki er eðlilegt — og ég álít að það sé eðlilegt — að það séu sömu launakjör úti á landsbyggðinni og eru hér í Reykjavík. Ég skil ekki hvernig stendur á því, að rn. tekur sér fyrir hendur að lækka laun kennara einhliða. Eftir því sem ég best veit um samskipti aðila vinumarkaðarins er það ríkjandi hefð að síðast gildir samningar gilda þar til aðrir eru gerðir, en ekki farið svo að sem þarna á sér stað. Ég undrast líka hvernig stendur á því, að ríkið beitir sér alfarið fyrir þessu. Nú er það svo, að það greiðir aðeins 1/3 af kennslulaunum, en sveitarfélög og nemendur greiða 2/3 og hafa ekkert verið spurð um hvernig ráðskast er með þetta.

Ég vona að það náist samkomulag um þetta. Ég legg áherslu á, að ég tel óeðlilegt að svona sé farið að, og skora á fjmrh. að beita sér fyrir því, að kennarar, sem kenna við öldungadeildir annars staðar en í Reykjavík, þ. e. í Hamrahlíð, njóti sömu réttinda og sömu launakjara og aðrir.

Þetta á sér ekki aðeins stað varðandi fjölbrautaskólana. Þetta á sér einnig stað varðandi t. d. Iðnskólann hér í Reykjavík. Þar eru greidd hærri laun en greidd eru kennurum sem kenna suður í Keflavík við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Er skemmst að minnast þess, að það þurfti að leita til tveggja kennara frá Iðnskólanum í Reykjavík eftir starfi, en þeir hættu strax störfum er þeir sáu að það var greitt minna fyrir sömu vinnu þar en í Iðnskólanum í Reykjavík.

Ég vil spyrja fjmrh. að því, hvar þetta mál sé á vegi statt, hvernig standi á því, að rn. tekur sér einhliða fyrir hendur að lækka launin við kennarana, og hvort ekki sé eðlilegt að það séu fleiri en rn. sem hafi með það að gera hvernig farið er með þessar launagreiðslur.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, 3. landsk. þm., Karli Steinari Guðnasyni, að átök um launamál vegna kennslu í öldungadeildum fjölbrautaskóla og menntaskóla hafa orðið seinustu vikur og mánuði og afleiðingin hefur orðið sú, að truflun hefur orðið á starfsemi nokkurra skóla. Það er líka rétt hjá hv. þm., að þetta er afar bagalegt fyrir nemendur sem missa af þessari ástæðu úr tíma og verða fyrir stórfelldum óþægindum vegna þessa. En það er nú svo, að sjaldan veldur einn þá tveir deila. Ég er ansi hræddur um að ég neyðist til að gera nokkrar athugasemdir við þá lýsingu sem hv. þm. gaf á þessari deilu, því að sú lýsing var nokkuð einhliða og málum nokkuð blandað í allri atvikalýsingu.

Uppruni þessa máls er sá, að þegar öldungadeild var sett upp við Menntaskólann við Hamrahlíð var talið óhjákvæmilegt að greiða sérstaka launauppbót vegna kennslu við hana. Launauppbótin var fyrst og fremst rökstudd með þrenns konar rökum: Í fyrsta lagi væri þarna um að ræða allfjölmennar bekkjardeildir, oft mjög fjölmennar, langtum fjölmennari en í venjulegu skólastarfi. Í öðru lagi væri yfirferð yfir námsefni töluvert miklu hraðari en gengur og gerist í almennum fjölbrauta- og menntaskólum, jafnvel í mjög mörgum tilvikum tvöfaldur námshraði. Í þriðja lagi færi kennslustarfið fram á mjög óþægilegum vinnutíma, þ. e. að kvöldinu. Vegna þessa fengu kennarar við öldungadeildina 60% hærri laun fyrir hvern unninn vinnutíma.

Þegar svo öldungadeildir eru teknar upp við marga aðra skóla verður fljótlega ljóst að aðstæður eru ekki með nákvæmlega sama hætti við hinar nýju öldungadeildir sem teknar eru upp. Í mjög mörgum tilvikum er alls ekki um að ræða sérlega fjölmennar deildir, jafnvel mjög fámennar deildir, allt niður í fimm eða sjö manns, sem er auðvitað allt önnur aðstaða en upphaflega var fyrir hendi, þegar það gátu kannske verið 30, 40 manns í bekk. Í öðru lagi var í vissum tilvikum um að ræða námsefni sem var þess eðlis, að ekki var hægt að halda uppi tvöföldum hraða. Það eru t. d. takmörk fyrir því, hvað hægt er að kenna vélritun með miklum hraða, svo að nefnt sé eitt dæmi, og það eru ólíkar aðstæður miðað við að verið sé að kenna ensku eða stærðfræði þar sem kennarinn þarf að búa sig meira og lengur undir ef kennslu- og námshraði er sérstaklega mikill. Af þessum ástæðum þótti einsýnt að taka yrði samninga við öldungadeildarkennara til endurskoðunar og þá taka tillit til aðstæðna hverju sinni. Menn sáu ekki ástæðu til þess að það væri verið að greiða þetta mikla álag, 60% hærri

laun, ef ekki væri um neinar sérstakar aðstæður að ræða. Vissulega er í öllum tilvikum um að ræða óþægilegan vinnutíma og sjálfsagt að taka tillit til þess, en alls ekki alltaf um að ræða fjölmennar deildir eða tvöfaldan hraða.

Gildandi samningar við öldungadeildarkennara féllu úr gildi þegar samningum ríkisstarfsmanna við ríkið var sagt upp á árinu 1979. Síðan hafa engir nýir samningar verið gerðir. Það hefur ekki tekist að semja um þetta mál að nýju. Það var skilið eftir í stóru samningunum á s. l. ári þar sem þessi atriði eins og mörg önnur atriði voru ekki fullfrágengin, og síðan hefur gengið illa að ná samkomulagi um þetta mál þrátt fyrir mjög margar tilraunir til að ná endum saman. M. a. voru samningaviðræður í fullum gangi á s. l. vori og fram á sumar. Þá stóðu menn upp frá fundi um þetta mál í þeirri trú að fullt samkomulag hefði tekist milli fulltrúa kennara annars vegar og ríkisins hins vegar, en svo þegar á reyndi voru kennarar ekki reiðubúnir að staðfesta þau drög að samkomulagi, sem þá höfðu legið fyrir, og höfðu þá svo margar athugasemdir við þau drög að gera að ekki var hægt að líta svo á að neitt samkomulag væri fyrir hendi.

Þegar kennsla hófst að nýju í haust var farið að gera ítrekaðar tilraunir til að ná endum saman í þessum efnum. Það fóru fram talsvert miklar samningatilraunir um málið nú fyrir skemmstu. Þá lauk fundi um þetta mál á þann hátt, að menn stóðu upp, bæði fulltrúar kennara og fulltrúar fjmrn., í þeirri trú að samningar hefðu tekist. Var ekki annað vitað en að full samstaða væri um að ganga nú frá málinu, en enn fór eins og í fyrra sinnið, að kennarar felldu þau samkomulagsdrög sem fyrir lágu. Það er því alls ekki hægt að halda því fram að fjmrn. hafi farið fram í þessu máli af einhverjum einstæðum hrokagikkshætti. Það hefur mjög ítrekað gert tilraunir til að semja um þetta mál, en því miður hafa samningar ekki tekist.

Ég hef heyrt þessar röksemdir áður, að það sé ekki annað en sjálfsagt mál að öldungadeildarkennarar við fjölbrautarskóla utan Reykjavíkur njóti sömu kjara og þeir sem kenna við öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð. Það er eins og menn ímyndi sér að það hafi staðið til að hafa tvenns konar kjör í þessum efnum. Það var ekki hægt að skilja hv. þm. áðan öðruvísi en að hann tryði þessu og honum hefði verið sagt að það hefði staðið til að hafa tvenns konar kjör. En ég vil upplýsa það hér, að það hefur aldrei staðið til af hálfu fjmrn. Það hefur aðeins staðið til að gera einn samning um þetta mál og láta það sama gilda um alla kennara við allar öldungadeildir, hvort heldur er í Reykjavík eða annars staðar.

Það er líka misskilningur, sem kom fram hjá hv. þm., að það hafi staðið til að borga kennurum við öldungadeildir á Suðurnesjum 20% álag á meðan kennarar í Hamrahlíðarskólanum, sem starfa við öldungadeildir, fá 60% álag. Það var að sjálfsögðu ætlunin að þeir kennarar við öldungadeildir á Suðurnesjum, sem kenna við þessar sérstöku aðstæður sem ég nefndi áðan, þ. e. að um er að ræða fjölmennar deildir, tvöfaldan hraða og óþægilegan vinnutíma, fengju nákvæmlega sama álag og þeir menn aðrir fá sem hafa kennt við öldungadeildir, m. a. við öldungadeildina í Hamrahlíð. Þessi lága prósentutala, sem á tímabili var talað um, átti einungis við þann örlitla hóp sem svona stendur ekki á fyrir.

Hv. þm. spurði hvort ekki væri hægt að líta svo á að greiða ætti samkv. gildandi kjarasamningum þar til nýtt samkomulag hefði tekist. Í þessu sambandi er rétt að vekja á því athygli, að þeir samningar, sem voru gerðir á sínum tíma við öldungadeildir, voru að efni til miðaðir við þá starfsemi, sem fram fór í Menntaskólanum við Hamrahlíð, og að formi til náðu þeir einungis til þess skóla og með síðari breytingum einnig til öldungadeildar við Menntaskólann á Akureyri, enda forsendur þar svipaðar og í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þessir samningar eru að áliti launadeildar fjmrn. aldrei í gildi um öldungadeildarkennslu í öðrum skólum, sumpart vegna þess að kennslan er ekki í samræmi við forsendur samningsins og í sumum skólanna, t. d. Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Fjölbrautaskóla Akraness, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Fjölbrautaskóla Sauðárkróks, hófst starfsemi öldungadeildanna eftir að samningunum hafði verið sagt upp. Samningar þessir hafa því aldrei verið í gildi í öðrum skólum en Menntaskólanum við Hamrahlíð og Menntaskólanum á Akureyri. Í yfirstandandi deilu er því ekki um að ræða að greitt verði eftir þessum samningum, sem fallnir eru úr gildi, nema í þeim tveimur skólum sem þeir giltu um. Þetta hefur verið gert í Menntaskólanum við Hamrahlíð og verður gert í Menntaskólanum á Akureyri. Í öðrum skólum eru einu samningarnir, ef á að líta á hvaða samningar eru í gildi, hinir almennu sérkjarasamningar við kennarafélögin. Þeir gera ráð fyrir að þessi kennsla sé greidd með nákvæmlega sama hætti og önnur kennsla, ekki með neinu sérstöku álagi.

Ég vil svo endurtaka það sem ég hef þegar sagt, að samningatilraunir hafa verið gerðar endurtekið á liðnum vikum og mánuðum til að ná endum saman í þessari deilu. Það virðist ákaflega lítið hafa á vantað til þess að endar næðu saman í þessari deilu, en þó hefur vantað herslumuninn. Forustumenn kennarasamtakanna og fulltrúar fjmrn. voru sammála um það í seinustu viku að gera yrði í þessari viku enn frekari tilraunir til að ná endum saman í þessari deilu. Í þessari viku er fyrirhugað að efna til fundar um málið. Þess var farið á leit við kennarasamtökin og kennarana í öldungadeildunum að þeir frestuðu öllum aðgerðum sínum þar til samningaumræður hefðu farið fram. Það hefur gerst í öllum skólunum nema tveimur, þ. e. á Suðurnesjum og á Akranesi, þar sem mér skilst að kennsla hafi fallið niður. Þetta er auðvitað ákaflega bagalegt. En ég endurtek það sem ég sagði hér í upphafi, að sjaldan veldur einn þá tveir deila, og ég held að rök fjmrn. fyrir því, að ekki sé í öllum tilvikum eðlilegt að greiða þessa kennslu með 60% álagi, séu nokkuð gild.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það var vissulega rík ástæða til að vekja máls á þessu vandamáli utan dagskrár í þessari hv. deild í dag þar sem kennsla liggur nú niðri við öldungadeildir á tveimur stöðum, annars vegar á Suðurnesjum og hins vegar á Akranesi.

Það hefur komið mætavel í ljós á undanförnum árum, hversu brýn þörf er fyrir þá starfsemi sem hér er um að ræða. Aðsókn að öldungadeildunum hefur verið meiri en menn óraði fyrir í fyrstu. Þarna hefur fjölmörgum gefist tækifæri til endurmenntunar, til að halda áfram því námi sem þeir einhvern tíma og einhverra hluta vegna urðu frá að hverfa.

Eins og fram hefur komið hér greiða nemendur sjálfir þriðjung af þessari kennslu, sveitarfélag þriðjung og

fjmrn. þriðjung. Ég legg á það þunga áherslu, að ég tel fjmrn. skylt að greiða fyrir framgangi þessa máls, lausn á þessari deilu, í ríkari mæli en gert hefur verið.

Það kom fram áðan í máli hv. 3. landsk. þm., Karls Steinars Guðnasonar, að næst væri ætlaður fundur í þessu máli 12. nóv., launadeildin hefði ekki haft tíma til að ræða þetta mál fyrr. Það verður auðvitað að gerast fyrr vegna þess, að eins og fram hefur komið hér, að mjög hröð yfirferð er í þessum deildum, helmingi hraðari en í venjulegu námi í framhaldsskólunum í langflestum tilvikum. Það er auðvitað það fyrst og fremst, sem gerir að verkum að kennarar hafa talið sig þurfa að fá fyrir þetta nokkru hærri laun en venjulega kennslu, svo og það, að þessi kennsla á sér stað á þeim vinnutíma sem venja er í þessu þjóðfélagi að greiða hærri laun fyrir, þ. e. á kvöldin. Hæstv. fjmrh. nefndi að það væri erfitt að kenna vélritun með tvöfalt hraðari yfirferð en í venjulegum skólum og er það sjálfsagt rétt. En það er undantekningin. Hitt gildir um langflestar þeirra námsgreina sem kenndar eru í öldungadeildunum.

Ég hygg, eftir þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér um gang þessa máls og um deiluna, að ef farið hefði verið eftir Hamrahlíðarsamningunum við alla skólana hefði aldrei komið til þessarar deilu. Þess vegna sé ég ekki annað en það eigi að reyna að þvinga kennara utan Reykjavíkur til að taka lægri laun fyrir sína vinnu við öldungadeildirnar en kennarar við Hamrahlíðarskólann fá. Slíkt er auðvitað óviðunandi. Þótt hæstv. fjmrh. segði áðan að það væri alls ekki meiningin fæ ég ekki annað séð, vegna þess að ef Hamrahlíðarsamningarnir hefðu verið látnir gilda í Keflavík og á Akranesi hygg ég að þar hefði aldrei komið til neinnar deilu.

Ég vil sem sagt hvetja til þess, að hæstv. fjmrh. beiti sér fyrir því, að þessi deila verði leyst hið allra fyrsta þannig að það fólk, sem stundar nám í öldungadeildunum, verði ekki fyrir töfum. Þetta er fólk sem flest vinnur fulla vinnu með þessu námi, bætir þessu námi ofan á venjulegan vinnudag. Það er e. t. v. enn þá brýnna fyrir þetta fólk, að kennsla haldist ótrufluð, en venjulega nemendur í framhaldsskólunum og fjölbrautaskólunum sem hafa það helst fyrir stafni þessa dagana að mótmæla því, að mætingarskylda skuli vera ákveðin, á þeim forsendum að vilja fá hana lækkaða þannig að þeir þurfi, að manni skilst, ekki að mæta í skólann nema rúmlega annan hvern dag. Gagnvart því fólki sem stundar nám í öldungadeildunum horfir þetta allt öðruvísi við og þar tel ég að fjmrn. hafi brýnar skyldur og verði að leysa þessa deilu hið allra fyrsta.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessi mál almennt á því þrönga sviði sem nú er verið að ræða þau hér, þ. e. hvað snertir launa- og kjaramál kennara og deilur við ráðuneyti um þau. Vissulega er ástæða til að vænta þess, að þær deilur leysist sem fyrst þannig að það fólk, sem þarna á hlut að máli, verði ekki fyrir frekari óþægindum en þegar er orðið af þessari deilu. En ég vildi aðeins koma hér upp til að vekja athygli á því, að þetta mál er þess eðlis, að það sýnir okkur enn einu sinni hve brýn nauðsyn er orðin að lögfesta sem allra fyrst ný lög um framhaldsskóla og taka þar inn í bæði endurmenntunarþáttinn og fullorðinsfræðsluþáttinn. Eftir að slík heildarlöggjöf hefði komist á varðandi kennsluskipun, varðandi kostnaðarskiptingu, varðandi fjármögnun í heild og í raun hver þau atriði sem snerta kennslu af þessu tagi, fyrirkomulag hennar, mundum við ekki standa andspænis neinum þeim vandamálum, sem við erum með í þessu einangraða tilfelli, þó að vitanlega kæmu launa- og kjaramál almennt inn í þau mál eins og í öllum tilfellum. Ég held þess vegna að það sé full ástæða til þess, einmitt í tengslum við þetta mál og þær deilur sem þar hafa orðið, að leggja enn einu sinni áherslu á hvað mikil nauðsyn er orðin á að við fáum ný framhaldsskólalög og inn í þau lög verði tekin, að svo miklu leyti sem unnt er, fullorðinsfræðsluþátturinn og endurmenntunarþátturinn.

Ég veit að það er verið að vinna að þessu máli á þann hátt að báðir þessir þættir komi þar inn í, og ég held að mál af þessu tagi muni e. t. v. aldrei leysast til fulls eða til frambúðar nema sú löggjöf komist á og það sem fyrst. Það hlýtur þá að leiða af sjálfu sér, að öll mismunun, sem hér hefur verið talað um, eftir því hvar skóli er, hvers eðlis hann er og annað því um líkt, hlyti eðlilega að hverfa úr sögunni og það skipulag, sem þá kæmist á varðandi fullorðinsfræðsluna t. d., sem hér er sérstaklega verið að tala um, hlyti þá yfir alla að ganga, sem sinntu þessum nauðsynlegu þáttum í okkar fræðslukerfi, eftir eðli og umfangi þess starfs sem fram færi á hverjum stað og í hverjum skóla.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að mér fannst málflutningur hv. þm. Eiðs Guðnasonar nokkuð yfirborðskenndur, og ég stend einkum upp vegna þess sem hann sagði. Ég tel mig ekki hafa neitt minni áhuga á framgangi öldungadeilda en hann og tel mig hafa sýnt það í verki, bæði sem menntmrh. og sem fjmrh. Ég held að það hafi ekki orðið í annan tíma jafnmikill vöxtur í þessari starfsemi og einmitt á seinustu þremur árum. En auðvitað verður að hafa ákveðnar skynsamlegar reglur um hvernig á að launa þessi verk.

Ég vil vekja athygli á því, að í þessu máli er ekki deilt um aðalregluna. Það er alls ekkert deilt um að það eigi að greiða þessi störf með sérstöku álagi. Það er ekki deilt um 80—90% af þeim tilvikum sem hér er um að ræða, um kennslu í öldungadeildum. Það er deilt um undantekningarnar. Það er í raun og veru deilt um launakjör tiltölulega mjög lítils hóps, þess hóps sem ekki er hægt að segja með neinum rétti að aðstæður séu óvenjulegar hjá eða sérstakar, t. d. mikill fjöldi í bekkjardeildum eða mikil námsyfirferð. Þegar hvorugt þetta er til staðar hlýtur sú spurning að vakna, hvort ástæða sé til að halda svona háu álagi. Þetta gildir aðeins í undantekningartilvikum. Við höfum talið óhjákvæmilegt að taka launagreiðslur fyrir þessi störf til algjörrar endurskoðunar þannig að það sama gildi ekki um alla, þeir séu sérstaklega vel launaðir sem kenna við þessar sérstöku erfiðu aðstæður, og það eru langflestir sem starfa í þessum öldungadeildum, en hinir, þar sem það á ekki við, séu með eitthvað lægri hlutfallstölu.

Menn hafa verið að nefna 20, 30, 40, 50% álag í staðinn fyrir 60 og það væri sérstök matsnefnd sem skæri úr um það, eftir því hvað við á í hverju tilviki. En þegar öldungadeildarkennararnir hafa komið saman á fundi og hafa fjallað um þau drög að samkomulagi, sem hvað eftir annað hafa orðið til, hafa þeir sagt: Við viljum fá Hamrahlíðarsamningana og ekkert annað. Við erum ekki til viðtals um neitt annað. — Þeir vilja fá 60% á laun allra kennara og enga undantekningu af einu eða neinu

tagi. Þannig hefur málið staðið. Fulltrúar þessara manna hafa verið til viðtals um það á samningafundum núna um hálfs árs skeið að gera þarna nokkurn mismun á og finna reglur sem gætu hentað í því sambandi, en þegar svo þessar reglur hafa verið lagðar fyrir kennarafundina segja þeir: Við viljum þetta álag til allra, annars gerum við verkfall.

Þegar hv. þm. segir hér: Ég legg á það áherslu að fjmrn. leggi sig enn betur fram til að ná þessum samningum, þá er hann bara að segja að við eigum að gefast upp í þessu deilumáli, við eigum að beygja okkur fyrir kröfunni 100% og ekki halda sjónarmiðum okkar til streitu. Það er sjónarmið út af fyrir sig, en ég hef ekki það sjónarmið. (**Gripið fram í:** Það voru kröfur launamanna.) Ég er hræddur um að margt yrði einkennilegt í þessu þjóðfélagi ef yfirleitt væri gengið að kröfum manna 100%.

Ég tek svo að lokum undir þau orð, sem féllu í ræðu hæstv. forseta deildarinnar, að auðvitað er það stóra málið í þessu sambandi að lög verði sett um framhaldsskóla og kveðið verði á í lögum um þessi mál, eins og til hefur staðið og hefur verið í drögum að framhaldsskólafrv. sem var lagt fram m. a. af mér sem menntmrh. fyrir tveimur árum, þar sem voru í fyrsta sinn settar fram tillögur um öldungadeildir við framhaldsskólana og hvernig kostnaður við þær skyldi greiddur.

Það er rétt, sem hefur komið fram í þessari umr., að ríkið borgar bara 1/3 af þessum launum. Hins vegar er auðvitað ljóst að samningslega séð getur ekki annar verið samningsaðili af hálfu launagreiðanda en ríkið vegna þess að kennararnir eru ráðnir við ríkisstofnanir. Það er venjulega einn samningsaðili þegar fleiri aðilar eiga aðild að stofnun, t. d. ríki og bær. Annaðhvort eru þá sveitarfélögin samningsaðilinn eða ríkið. Það er yfirleitt ekki hægt að hafa þar neitt samkrull. Í þessu tilviki er um ríkisskóla að ræða, þannig að ég held að sé alveg rökrétt og eðlilegt í sjálfu sér að ríkið sé þarna samningsaðili.

Það er hins vegar eftirtektarvert í þessu sambandi, að þarna er ekki verið að deila um neinar upphæðir. Þetta er ekki neitt fjárhagsmál. Þetta er fyrst og fremst stefnumál og þegar deilt er í þessu máli er ríkið auðvitað ekki aðeins að verja hagsmuni sína, sem eru tiltölulega smáir í þessu sambandi, heldur er það líka að verja hagsmuni mótaðilanna sem greiða 1/3 af þessum kostnaði.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef í sakleysi mínu verið að halda því fram við nemendur og kennara þarna suður frá, að það gæti ekki verið, að fjmrh. vissi af þessu, og það gæti ekki verið, að hann hugsaði í þessum farvegi. Nú virðist komið í ljós að ég hef haft á röngu að standa.

Ef það er ekki ljóst vil ég segja frá því, að tvöfaldur námshraði er í öllum greinum hjá öldungardeildum, jafnvel getur það verið í vélritun, þó að það sé undantekningartilvik sem ráðh. tilgreindi áðan, því að kennarar þurfa að anna þessu á helmingi styttri tíma en ella, — ég tala nú ekki um aðrar greinar, eins og sögu og tungumál og annað, — en þeir fá ekki annað greitt en 20% álag, þ. e. 1.2% af mánaðarlaunum í stað 1.6%.

Hann talaði um að það væri ekki til neitt samkomulag, það hefði aldrei verið til samkomulag eða samningur. Það má vera að ekki hafi verið til samningur, en það var gert samkomulag við aðila. Þegar öldungadeildin á Suðurnesjum var leyfð barst bréf frá ráðuneytinu, sem er dagsett 13. mars 1979, þar sem ráðuneytið heimilar starfrækslu deildarinnar og að launagreiðslur verði í samræmi við það er gildi hjá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Eftir þessu hefur verið farið þar til ráðuneytið hefur nú einhliða tekið að sér að ákvarða þessi kjör. Einhverjir fundir hafa átt sér stað, en svo þegar ráðuneytinu varð ljóst, að það væri erfitt að ná samkomulagi, sýndi það þann hroka að neita viðræðum fyrr en 12. nóv. Það varð breyting á því í framhaldi af þessari vinnustöðvun og ég vona að það séu komnar viðræður aftur.

Það er nauðsynlegt að leysa þetta mál vegna þess að þolendurnir eru nemendurnir og þeir mega ekki við því að missa af þessu námi. Það yrði mikill skaði ef ekki verður hægt að ná samkomulagi um þessi mál.

Ég hallast nú að því, að það sé eðlilegt að eins sé greitt í fjölbrautaskólum, þ. e. á Suðurnesjum, Ísafirði, Sauðárkróki og Akranesi, og gert er í Hamrahlíð. Ég vil geta þess, að meðalhópur í öldungadeildinni í Hamrahlíð er 20, en í Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum er 17.2. Í mörgum hópunum í Hamrahlíð hljóta því að vera afar fáir. Kennarar þar fá samt greitt 1.6, en hinir ekki. Það er kjarni málsins og verður til þess að menn ókyrrast.

Reyndar var fleira sem olli þessari ókyrrð. Það var líka það, að launagreiðslur bárust seint og bárust stundum ekki og reikningar týndust í ráðuneytinu og hvað eina. Ráðuneytið hefur að vísu beðist afsökunar á þessu og lofað bót og betrun. Ég vil ekki alfarið kenna fjmrn. um þetta, heldur á menntmrn. þarna hlut að máli líka. Það virðist vera sem þessi mál þurfi ætíð að renna um tvo farvegi og hlýtur það að vera mjög bagalegt.

Ég ítreka að það verður að finna lausn á þessu og það verður að hefja viðræður á ný, sem reyndar hefur verið lofað. Ég minntist á það áðan, að þetta á sér ekki stað aðeins varðandi fjölbrautaskólana, heldur líka Iðnskólann í Reykjavík. Ef kennarar þaðan koma til að kenna sömu fög í Fjölbrautaskóla Suðurnesja er þeim greitt eftir lægri taxta. Það er ekki heldur viðunandi.

Ég vil að lokum taka undir það, sem hv. þm. Helgi Seljan gat um áðan, að það þyrfti að koma framhaldsskólalögunum í gegn. Þessi mál öll hljóta að vera í mikilli óvissu á meðan svo er ekki gert.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Að gefnu tilefni vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að ekki kemur annað til greina en að það gildi sömu samningar um kennara við Hamrahlíðarskólann og kennara við öldungadeildir annarra skóla. Ef þannig stendur á í vetur að fámenni er í einstökum bekkjardeildum eða ekki er um tvöfaldan hraða að ræða í einhverjum undantekningartilvikum í Hamrahlíðarskólanum, sem mér skilst að sé lítið um, verður að sjálfsögðu ekki greitt 60% álag þar. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir að hinir fyrri samningar gildi gagnvart Hamrahlíðarskólanum út þessa önn. En það verður að sjálfsögðu látið eitt yfir alla ganga hvað þetta atriði snertir. Málið er ósköp einfaldlega þannig, að fjmrn. hefur talið, að aðstæður hafi breyst það verulega að óhjákvæmilegt sé að endurskoða samninga um launakjör öldungadeildarkennara, og er alls ekki reiðubúið að endurnýja þá óbreytta meðan kennararnir hafa aftur á móti gert ítrekaðar tilraunir til að knýja það í gegn, að samningarnir séu samþykktir algerlega óbreyttir. Um þetta stendur deilan.

Ég átti viðræður við forustumenn Hins íslenska kennarafélags um miðja seinustu viku. Þá varð niðurstaðan að viðræður héldu áfram í þessari viku. Ég veit ekki hvaðan dagsetningin 12. nóv. er komin. Það var a. m. k. ekki minnst á hana í viðræðum mínum við formann kennarasamtakanna, Jón Hnefil Aðalsteinsson, og forustumann kennarasambandsins, Guðmund Árnason. Í okkar samtali um miðja seinustu viku var frá því gengið og ekki um neitt annað talað en að viðræður mundu hefjast af fullum krafti núna eftir helgina. Þessi dagsetning hefur kannske einhvers staðar flogið fyrir. Ég veit það ekki. Hún er ekki frá okkur komin.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Þetta eru orðnar alllíflegar umr. En ég vildi aðeins segja frá því, og vonandi er það rétt hermt, að hringt var í mig ofan af Akranesi og mér tjáð að það væri alls ekki útlokað að kennsla hæfist í öldungadeidinni þar í dag. Við skulum vona að þetta sé rétt eftir haft. Það léttir auðvitað áhyggjum af okkur, alla vega vegna Akraness.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það er þessi dagsetning, 12. nóv. Hún er komin beint frá fulltrúum fjmrh. Þeir neituðu að ræða við kennara fyrr en þá og því varð þessi vinnustöðvun. Það er og svo, að kennarar í Fjölbrautaskóla Suðurnesja ætluðu að freista þess að ná samkomulagi um að fresta aðgerðum, líkt og þeir á Akranesi munu hafa samþykkt. Ég vona einnig að svo verði. En það er alveg fyrirsjáanlegt, að ef ekki næst samkomulag, ef á að streitast svona við að veita landsbyggðarskólum jafnrétti á við aðra, þá munu öldungadeildirnar bíða mikið tjón af. Reyndar óttast ég að næsta önn geti ekki hafist.

Olíuleitarmál og hafsbotnsrannsóknir, frv. (þskj. 6.). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði var flutt á síðasta þingi og er endurflutt nú. Það fékk góðar undirtektir hjá hv. deildarmönnum, m. a. hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh., en var flutt seint á þingi í fyrra og varð ekki útrætt.

Megintilgangur frv. er að fella olíuleit og hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að ákveðnu skipulagi, efla rannsóknir á þessu sviði og undirbúa hugsanlega olíuleit og olíuvinnslu á íslensku yfirráðasvæði. Frv. gerir ráð fyrir að Alþingi hafi aukin áhrif á gang þessara mikilvægu mála og að kosin verði sjö manna þingkjörin nefnd sem annist þau víðtæku verkefni á sviði hagnýtra hafsbotnsrannsókna og olíuleitar sem í frv. eru tilgreind. Hér er um hliðstætt form að ræða og á kosningu orkuráðs og kosningu stóriðjunefndar sem við nokkrir þm. Sjálfst.fl. höfum flutt frv. um á Alþingi bæði í fyrra og nú.

Íslendingar hafa í raun eignast mikil yfirráðasvæði á hafsbotni utan og innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Því miður eru grundvallarrannsóknir og hagnýtar rannsóknir á hafsbotni þessa svæðis mjög skammt komnar. Þetta hefur þegar valdið erfiðleikum í viðræðum um yfirráðarétt okkar á hafsbotninum utan 200 mílna lögsögunnar. Í viðræðum við Norðmenn um hafsbotninn milli Íslands og Jan Mayen, þar sem til voru kvaddir sérfræðingar frá nokkrum löndum, voru Íslendingar þeir einu sem ekki gátu lagt fram niðurstöður rannsókna á þessu umdeilda svæði máli sínu til stuðnings þótt þeir gerðu kröfur til yfirráða á þessum stöðum. Sama máli gegnir um hagsmuni Íslendinga á svæðinu milli Íslands og Bretlandseyja, þ. e. svonefndu Hatton-Rockall-svæði.

Ljóst er að tími er kominn til að efla og auka rannsóknir á jarðlögum hafsbotnsins innan og utan íslenskrar efnahagslögsögu. Á árinu 1978 veitti þáv. iðnrh. bandarísku fyrirtækinu Western Geophysical Co. of America leyfi til mælinga setlaga norðan Íslands. Leyfið var bundið ýmsum skilyrðum um eftirlit og afhendingu rannsóknargagna. Um þessar rannsóknir ásamt fleirum gaf iðnrh. Alþingi skýrslu hinn 10. jan. 1980 og fylgir sú skýrsla frv. sem fskj. Fyrir nokkrum dögum lagði svo hæstv. núv. iðnrh. fram hér á Alþingi skýrslu um það sem gerst hefur á þessum sviðum síðar.

Þá hefur jarðfræðingurinn Karl Gunnarsson tekið saman skýrslu á vegum Orkustofnunar um vitneskju og stöðu þekkingar á hafsbotninum umhverfis Ísland og fylgir hluti hennar einnig sem fskj. með þessu frv.

Allar þessar skýrslur sýna, svo ekki verður um villst, að brýn nauðsyn er að efla þessar rannsóknir og taka í alvöru á þeim möguleika að olía og önnur hagnýt efni kunna að finnast á íslensku landgrunni. Engum blöðum er um það að fletta, að niðurstöður rannsókna, þar sem setlög hafa fundist á svæði úti fyrir Eyjafirði og Skjálfanda, hafa varpað nýju ljósi á þekkingu sérfræðinga á jarðfræði hafsbotnsins umhverfis Ísland. Þó er ekki hægt á grundvelli þessara athugana einvörðungu að fullyrða um tilvist olíu á þessum slóðum, en líkurnar hafa stóraukist fyrir því, að um slíkt geti verið að ræða.

Brýna nauðsyn ber til að halda þessum rannsóknum áfram. Líkast til þarf að setja út nýjar mælilínur á þessum svæðum og gera frekari setlagakönnun á þar til búnum skipum eða flugvélum áður en hafist verði handa um boranir. Þess má geta, að 100 km mælilína, sem talin er lágmarksverkefni ef skip er fengið til sílkra mælinga, er talin kosta rúmlega 700 þús. dollara eða 400—500 millj. gamalla króna. Á Eyjafjarðar — Skjálfandasvæðinu er talið nauðsynlegt að gera mælingar á línu sem er tæplega 500 km, þannig að hér er ekki verið að tala um stórfelldar fjárhæðir.

Á þessu Eyjafjarðar — Skjálfandasvæði, þar sem setlög hafa fundist, er Flatey á Skjálfanda. Þegar nægilegum yfirborðsmælingum er lokið er mjög auðvelt að fá nauðsynlega vitneskju um jarðlög á þessu svæði og ganga úr skugga um tilvist olíu með tilraunaborun í Flatey. Slík borun hefur mikla kosti fram yfir borun á palli í hafsbotninum. Borun á landi er margfalt ódýrari og mengunarhætta er hverfandi miðað við borun á sjó. Að þessum rannsóknum á því að vinda bráðan bug næstu árin.

Íslendingar verða mjög háðir olíuinnflutningi á næstu árum þrátt fyrir auðlindir vatns- og hitaorku í landinu. Orkuspárnefnd hefur lagt fram grg. um að olíunotkunin minnki nokkuð fram til aldamóta vegna hagnýtingar innlendra orkugjafa og sparnaðarráðstafana, en samt sem áður er innflutningsþörfin talin vera 558 þús. tonn um aldamót í samanburði við 570 þús. tonn 1980. Þetta er miðað við ýtrasta sparnað og að allir kostir á hagnýtingu vatns- og varmaorku hafi verið nýttir. Reynslan sýnir hvað það kostar að vera eins háður innflutningi

olíuvara og verið hefur. Það hlýtur því að vera algjör nauðsyn að ganga úr skugga um hugsanlega olíuvinnslu umhverfis Ísland, einkum ef svo vildi til að unnt væri að vinna olíu með fast land undir fótum, eins og í Flatey á Skjálfanda, þar sem mengunarhætta í sjó er nánast engin.

Þótt hér hafi verið lögð áhersla á olíuleit fjallar frv. um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir almennt. Einsýnt virðist að allar hagnýtar hafsbotnsrannsóknir séu á könnu sama aðila í stjórnkerfinu. Verkefnin á þessu sviði eru gífurleg, eins og ég hef bent á að framan, og er það eitt út af fyrir sig nægur rökstuðningur fyrir því skipulagi og eflingu þeirra rannsókna sem frv. gerir ráð fyrir.

Eins og ég sagði áðan var frv. þetta flutt í fyrra. Hæstv. iðnrh. hefur skipað nefnd til að fjalla um þessi mál og sú nefnd hefur þegar unnið merkilegt undirbúningsstarf í því skyni að koma þeim verkefnum áfram sem frv. fjallar um. Hæstv. ráðh. birti Alþingi á mánudaginn var skýrslu nefndarinnar um störf hennar, ýmsar upplýsingar um stöðu olíuleitar og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði. Ég sé sérstaklega ástæðu til að þakka hæstv. *ráðh. og nefndinni þessa skýrslu og þann* áhuga sem hún lýsir á þessum málum.

Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — vitna orðrétt í örstuttan kafla skýrslunnar. Þar segir:

„Áform til þriggja ára:

Næsti áfangi setlagarannsókna á yfirráðasvæði Íslendinga er hér lagður fram í formi þriggja ára áætlunar. Lögð verður áhersla á könnun þeirra svæða þar sem helst er að vænta að veruleg setlög finnist samkv. núverandi þekkingu. Hér er um að ræða tvö meginsvæði undan mið-Norðurlandi og á syðsta hluta Jan Mayen-hryggjar. Líklega verður nyrðri hluti Jan Mayen-hryggjar kannaður í samvinnu við Norðmenn.

Markmið rannsóknaráfangans er að fá heildaryfirlit um útbreiðslu og innri lagaskipan setlaga á fyrrgreindum svæðum og afmarka þannig vænlega staði til frekari rannsókna og olíuleitar. Á áætlun fyrsta árs, 1982, er framkvæmd flugsegulmælingar yfir landgrunni Norðurlands ásamt borun grunnra hola í Flatey á Skjálfanda. Meginhluti rannsókna áranna 1983 og 1984 verður endurkastsmælingar undan Norðurlandi og á suðurhluta Jan Mayen-hryggjar ásamt nokkrum flugsegulmælingum. Þá er einnig áformuð djúpborun í Flatey á árinu 1984, að því tilskildu að fyrri rannsóknir réttlæti það verk."

Ég vildi aðeins drepa á þetta atriði úr skýrslunni, sem mér þykir hin merkilegasta eins og ég sagði áðan. Nefndin hefur gert kostnaðaráætlanir fyrir þessar rannsóknir á árinu 1982, og kemur fram í skýrslunni að frumrannsóknir á þessum sviðum mundu kosta 2.5 millj. nýkr. En ég vek athygli á því, að því miður er engin tillaga um framlag í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 frá hæstv. ríkisstj. til að standa straum af kostnaði við slíkar grundvallarathuganir. Ég er þeirrar skoðunar, að það mál þurfi að taka upp fyrir áramót við afgreiðslu fjárlaga, og ég vænti þess, að þetta frv. geti orðið samferða þeim tillögum í gegnum Alþingi, því hér er, eins og ég sagði áðan, verið að fara þess á leit, að þessari skipan, sem hæstv. ráðh. hefur í raun beitt sér fyrir, verði komið í fastara form og hafi ákveðinn lagaramma.

Ég vil að lokum þakka þann áhuga sem skýrslan sýnir að hæstv. ráðh. hefur á þessum málum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil af tilefni flutnings þessa frv. til laga um skipan olíuleitarmála og hagnýtra hafsbotnsrannsókna á íslensku yfirráðasvæði, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. er fyrri flm. að, segja nokkur orð.

Hliðstætt frv. var lagt fram hér í hv. deild í fyrra og fyrir því mælt í marsmánuði. Á þeim tíma var ég staddur á ráðstefnu erlendis þannig að mér gafst ekki kostur á að taka þátt í umr. um málið og koma á framfæri upplýsingum um það starf sem í gangi var á þeim tíma innan iðnrn. og á þess vegum í þessu efni. Þegar ég fór yfir umr. í hv. deild frá þessum tíma nú um daginn sá ég að ekki höfðu komið fram neinar upplýsingar í þeirri umr. um skipan þeirrar nefndar sem hv. frummælandi hefur hér vitnað til og iðnrn. setti á fót 4. sept. 1980.

Verkefni þessarar nefndar var og er að vinna að athugunum í sambandi við setlög og þá jafnframt vísindalega möguleika á kolvetnum á íslenska landgrunninu í samræmi við það sem segir í stjórnarsáttmálanum um þessi efni, en þar stendur:

„Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra *olíulinda á íslenska landgrunninu undir forustu íslenskra* stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða."

Í þessari nefnd eiga sæti átta aðilar, sem til voru kvaddir, og með skipun nefndarinnar tryggð tengsl við ýmsa aðila sem eðlilegt er að komi að þessu máli, þ. á m. Rannsóknaráð, utanrrn., Orkustofnun og Náttúruverndarráð. Þessi nefnd hefur starfað ötullega síðan. Hún skilaði fyrstu tillögum, að mig minnir, í nóvembermánuði 1980, sem iðnrn. kom á framfæri við hv. fjvn. með ósk um að hún tæki málið upp til athugunar með tilliti til fjárveitinga í samræmi við þær tillögur sem þessi nefnd hafði lagt fram. Hv. 1. flm., sem sæti á í fjvn., hafði að sjálfsögðu vitneskju um þetta mál og undirbúning þess úr þeim gögnum sem fram voru lögð á þeim tíma.

Það fór svo, að ekki fékkst nema takmörkuð fjárveiting fyrir yfirstandandi ár samkv. fjárlögum, en þó bar þessi umsókn nokkurn árangur þar eð veittar voru 20 millj. gkr. til setlagarannsókna. Það fjármagn hefur verið hagnýtt á þessu ári til ákveðinna athugana svo og til að standa straum af starfi þessarar nefndar.

Ég mun víkja nokkrum orðum að því sem hefur verið unnið fyrir þessa fjárveitingu, en vil þó áður víkja aðeins að efni frv. og lýsa viðhorfi mínu til þess.

Ég get ekki tekið undir það sjónarmið, að það sé skynsamlegt á þessu stigi mála að fara að lögfesta skipun sérstakrar olíuleitarnefndar með kosningu í slíka nefnd hér á Alþingi. Ég met þó mikils áhuga hv. 1. flm. að þessu frv. á málefninu sem slíku, en tel að það sé ekki ráðlegt af löggjafanum að fara að grípa með þeim hætti inn í svið framkvæmdavaldsins sem gert er ráð fyrir með tillögunum sem fram koma í þessu frv.

Það hefur legið fyrir, að ég hygg frá því á árinu 1978 og raunar áður en sú ríkisstj. tók við völdum sem ég átti sæti í sem iðnrh., 1978—1979, að olíuleitarmálefni heyrðu undir iðnrn. og jafnframt að Orkustofnun yrði falin viss forusta í þeim málum fyrir ráðuneytisins hönd til þess að fylgjast með gagnasöfnun og varðveita gögn og koma upp sérfræðilegu miði, eftir því sem fjárveitingar leyfðu og ástæða þætti til að sinna þessum málum. Ég tel að sú skipan mála hafi verið eðlileg og rétt ráðin. Í framhaldi af þessu hefur skapast vísir að olíumáladeild — eða það má kalla það kannske hafsbotnsrannsóknadeild — innan

Orkustofnunar. Á árinu 1979, að mig minnir, fékkst sérstök aukafjárveiting til að ráða sérfróðan mann til starfa innan Orkustofnunar til að sinna þessum málum sérstaklega. Þar er um að ræða Karl Gunnarsson jarðfræðing. Hann hefur starfað við Orkustofnun áfram og vinnur að þessum málum sérstaklega og tók saman mjög gott yfirlit, sem gefið var út í skýrsluformi, um þekkingu okkar á íslenska landgrunninu og hugsanlegar líkur á að þar megi finna auðæfi, m. a. í formi kolvetna. Þar var um ákveðið brautryðjandastarf að ræða og mjög þýðingarmikið að fá það fram, en hins vegar aðeins fyrsti þáttur á langri vegferð til þess að við öflum okkur nauðsynlegrar vitneskju um þennan stóra hluta af Íslandi sem liggur undir yfirborði sjávar og kann að reynast þjóðinni notadrjúg eign, — ekki bara sjórinn sem yfir því er, heldur þau auðæfi sem á hafsbotni eða undir hafsbotni kunna að leynast.

Ég held að það sé skynsamlegt að viðhalda þeirri skipan, sem upp hefur verið tekin, að málefni þessi heyri undir iðnrn. og Orkustofnun sérstaklega og hún verði efld til forustu í þessum málum. Ráðuneytinu þótti hins vegar henta að setja nefnd til að vinna að tillögugerð um þessi efni, og í skipunarbréfi, sem um er getið í þeirri skýrslu eða nefndaráliti sem hér var nefnt og var útbýtt á Alþingi fyrir fáum dögum, dagsett 25. júní s. l. af hálfu nefndarinnar, er getið um helstu verkefni hennar, svo sem að gera tillögur um skipulag og framkvæmd olíuleitar með hliðsjón af líklegum áföngum fram að hugsanlegu vinnslustigi, að gera tillögur um kannanir á setlögum innan íslensks yfirráðasvæðis sem kynnu að innihalda kolvetni, olíu eða gas, að annast samningaviðræður fyrir hönd ráðuneytisins við aðila sem rétt þætti að tækju þátt í könnun varðandi olíuleit, að semja drög að reglum um hagnýtar hafrannsóknir á auðlindum landgrunns í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 41 frá 1979, að láta fara fram könnun á hugsanlegum umhverfisáhrifum olíuvinnslu ef til kæmi hér við land og safna upplýsingum um reynslu af olíuvinnslu og olíuslysum erlendis. Nefndin hefur unnið á grundvelli þessa skipunarbréfs og í því áliti hennar, sem hefur verið dreift á hv. Alþingi, er að finna rammaáætlun fyrir tímabilið 1982—1984 og alveg sérstaklega tillögur um framkvæmdir og hugsanlegar fjárveitingar, að áliti nefndarinnar, til aðgerða á árinu 1982.

Það er hins vegar ekki ætlun ráðuneytisins, að þessi olíuleitarnefnd þróist upp í að verða eins konar stofnun, heldur að meðferð þessara mála, varsla á upplýsingum og úrvinnsla úr gagnasöfnun, fari fram á Orkustofnun og þangað verði ráðnir þeir kraftar sem nauðsynlegt þykir til að vinna að þessum málum. Í því frv., sem hér er til umr., er að vísu gert ráð fyrir að Orkustofnun komi að þessu máli, eins og það er orðað í 5. gr.: „Í Orkustofnun skal setja á laggirnar deild, sem annast framkvæmdastjórn fyrir olíuleitarnefnd. Deildarstjóri er jafnframt framkvæmdastjóri nefndarinnar, og ræður hann sér starfslið."

Það, sem greinir á milli í mínum sjónarmiðum og hv. flm. þessar frv., er það, að þeir vilja gera þessa olíuleitarnefnd að eins konar stofnun. Það tel ég alls ekki skynsamlegt. Ég tel ekki heldur skynsamlegt að Alþingi fari að kjósa slíka nefnd og grípa með þeim hætti inn á svið sem eðlilegt er að framkvæmdavaldið fjalli um og sjái um.

Í grg. með þessu frv. er vitnað til tillagna sem hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu fluttu, eins og hér segir, fyrr á þessu þingi, en mun nú eiga að vera á síðasta þingi, um kosningu svokallaðrar stóriðjunefndar, sem átti að vinna að athugunum á stóriðjumálum, og er um margt svipað hlutverk og þessari olíuleitarnefnd er ætlað, þ. e. að fjalla um þau mál og ráða sér lið til starfa. Ég tel það ekki skynsamlegan hátt af hálfu löggjafans að ætla að taka þannig á einstökum þáttum, sem undir framkvæmdavaldið heyra, og það verða til þess að rugla reytunum á óheppilegan hátt ef að því ráði yrði horfið. Hitt er jafnsjálfsagt og eðlilegt, að Alþingi taki afstöðu til meiri háttar tillagna og stefnumótunar í málum sem þessum og fái greiðan aðgang að upplýsingum um þau efni. Bæði ég og hæstv. forveri minn í ráðherrastól, Bragi Sigurjónsson, höfum komið slíkum upplýsingum á framfæri við Alþingi þannig að það vissi hvað um væri að ræða.

Eins og fram kemur í 4. gr. í þessu frv. er greinilegt að þessari olíuleitarnefnd er af hálfu flm. ætlað að vera eins konar stofnun. Þar er talað um í 2. lið, að hún hafi frumkvæði að öllum málum, er varða hagnýtar hafsbotnsrannsóknir og olíuleit, og umsjón með framkvæmd olíuleitarmála, og í 3. lið að afla, vinna úr og annast vörslu allra tiltækra gagna um jarðfræðilegar og jarðeðlisfræðilegar upplýsingar um íslenskt umráðasvæði sem geta haft þýðingu fyrir olíuleitarstarfsemi. Í 7. lið er þessi nefnd kölluð ráð sem hafi samráð við samtök allra aðila sem olíuleitar- og olíuvinnslumál varða á einhvern hátt, en í 8. lið kemur nú þessi stofnanahugmynd fram með skýrustum hætti. Þar segir að hlutverk nefndarinnar sé að annast samstarf og samskipti við hliðstæðar erlendar stofnanir fyrir hönd iðnrn. Ég held að það sé ekki skynsamleg hugsun, sem þarna liggur að baki, og við eigum að vinna að þessum málum þannig að móta hér skynsamlegar tillögur um skipan rannsókna á hafsbotnssvæðum okkar og að efla deild innan Orkustofnunar til að sinna hagnýtum verkefnum að þessu leyti, sérfræðilegum verkefnum, og annast gagnavörlsu og úrvinnslu gagna.

Þessi mál eru sem sagt á rekspöl, en ég hefði vissulega kosið að fengist hefðu meiri fjárveitingar samkv. fjárlagafrv. en þar kemur fram. Í fjárlagafrv. eru ætlaðar aðeins 300 þús. kr. til setlagarannsókna, en tillögur nefndarinnar og rn., sem framsendar hafa verið hv. fjvn., nema rösklega 2.5 millj. kr. til að vinna að þeim málum sem nefndin telur skynsamlegt að ráðast í á komandi ári og ég teldi æskilegt að ráðist yrði í til að þoka þessum málum fram.

Það varð niðurstaða um þetta efni í ríkisstj. á milli mín og hæstv. fjmrh., að þetta mál yrði sent fjvn. til umræðu og úrlausnar. Ég vænti þess, að nefndin sjái sér fært að bæta við þær fjárveitingar sem frv. gerir ráð fyrir, en hitt er jafnljóst, að til verður að koma vilji af hálfu ríkisstj. til þess að svo megi verða, jafnhliða stuðningi nefndarinnar.

Ég vil aðeins geta til viðbótar um það sem fram kemur í nál. sem hér liggur fyrir. Þar kemur það sérstaklega fram af hálfu nefndarinnar þar sem segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin vill forðast þá þróun að verða eins konar stofnun er hafi á sinni könnu rekstur rannsóknarverkefna. Eðlilegra er, þegar verkefni hafa verið skilgreind nægilega vel og stefna valin, að þeim sé komið fyrir hjá viðkomandi ríkisstofnunum og geri nefndum hagnýtar hafbotnsrannsóknir tillögur til ráðuneytisins þar að lútandi. Nefndin yrði þá frekar umræðuvettvang-

ur og hvati að nýjum verkefnum heldur en framkvæmdaaðili."

Ég tel mig hafa skýrt mín sjónarmið varðandi æskilega tilhögun þessara mála, en vildi aðeins að lokum geta um þau helstu verkefni sem að hefur verið unnið á þessu ári fyrir þá fjárveitingu sem veitt var samkv. fjárlögum til setlagarannsókna.

Þær athuganir, sem fé hrökk til fyrir, beindust að könnunum á Skjálfandasvæðinu. Þar komu við sögu jarðfræðingurinn Lovísa Birgisdóttir, sem vann að athugunum við Flatey á Skjálfanda og í nágrenni Húsavíkur og er að vinna að skýrslugerð um þær athuganir, og Karl Gunnarsson jarðeðlisfræðingur hjá Orkustofnun. Hann vann að segulmælingum og þyngdarmælingum í Flatey sérstaklega og í grennd til að kanna, hvernig kantur þeirrar setlagadældar, sem talið er að þarna sé að finna, líti út milli lands og eyjar, og til að reyna að fá úr því skorið, hvort líkur séu á að þessi setlög séu undir sjálfri Flatey. En sem kunnugt er er yfirborð Flateyjar hraun og ekki vissa fyrir því, hvort þar undir sé hraunlagastafli og þarna sé um gosstöð að ræða eða hraun sem runnið hafi yfir setlög. Karl Gunnarsson hefur tjáð mér að athuganir hans bendi til þess, að þarna sé aðeins um tiltölulega þunna hraunlagasyrpu að ræða og að líkur séu á að setlögin, sem einna þykkust eru úti fyrir mynni Eyjafjarðar, en ná austur á Skjálfandasvæði, séu einnig undir Flatey. Þannig hafa athuganir á liðnu sumri gefið vísbendingu um að skynsamlegt sé að bora í Flatey til að kanna nánar undirstöðu eyjarinnar og þau setlög sem þar er að finna.

Það þarf ekki að rökstyðja hvers vegna skynsamlegt sýnist að velja Flatey sem borpall, ef svo má segja. Það er sjálfgefið þar sem ekki er annars staðar fast land að finna yfir þessu setlagasvæði sem komið hefur fram við mælingar á sjó og við viðnámsmælingar sem fram fóru fyrir nokkrum árum. Það er hins vegar verulegt fyrirtæki ef þarna á að bora djúpa rannsóknarholu. Ef fara ætti niður í 3—4 km dýpt kostar það a. m. k. 10 millj. kr., auk kostnaðar við að koma bor út í eyjuna, en borun undir 1 km grunnrar holu þarna til að fá skorið úr um efstu jarðlögin kostar mun minna. Það eru tillögur þar að lútandi sem nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir hefur gert.

Í þeirri grg., sem vitnað er til, og áliti nefndarinnar er að finna sundurliðaðar tillögur um æskilegar framkvæmdir sem unnt væri að ráðast í á næsta ári, annars vegar á vegum Orkustofnunar að upphæð 1530 þús. kr. og hins vegar sem iðnrn. gengist fyrir, eða nefndin fyrir þess hönd, að upphæð 1025 þús. kr. eða rösklega 1 millj. kr.

Að lokum vil ég svo geta þess, að alveg nýlega hafa komið fram þau sjónarmið, að í stað þess að gera hljóðbylgjumælingar frá skipum til könnunar á setlögum sé unnt að afla verðmætra upplýsinga, sem kosta mun minna fjármagn, með flugsegulmælingum úr lofti og fá þannig gróft yfirlit yfir útbreiðslu setlaga á landgrunni okkar. Það eru slíkar athuganir sem felast m. a. í tillögum nefndarinnar um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir að ráðist verði í og kaup á tækjum í því skyni. Slík tæki mundu ekki aðeins notast til slíkra athugana, heldur gætu einnig gagnað í sambandi við athuganir á landi, þ. á m. í sambandi við jarðhitaleit og jarðhitakönnun.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég tek undir það, sem fram kom í máli hv. 1. flm., að full ástæða er til að vinna skipulega og markvisst að athugunum á íslenskum hafsvæðum og hafsbotni, og ég vanmet engan veginn þann vilja sem fram kemur hjá honum með flutningi þessa frv. þó að ég telji eðlilegra að halda þeirri skipan, sem komið hefur verið á, og vinna áfram með þeim hætti, en jafnframt að Alþingi fái upplýsingar um þróun mála nokkuð reglubundið og kynntar verði fyrir þinginu stefnumótandi tillögur í þessum efnum.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann gaf hv. deild um þessi mikilvægu mál.

Ég vil taka það skýrt fram að það, sem vakir fyrir okkur flm. þessa máls, er ekki að koma á fót nýju bákni eða nýrri stofnun. Ég held að það hljóti að vera misskilningur hjá hæstv. ráðh. að við Eyjólfur Konráð Jónsson séum meiri stofnanasmiðir en hæstv. ráðh. Ég er reiðubúinn til að standa að brtt. við þetta frv. til að koma því skýrt fram, að hér sé ekki um slíkan málatilbúnað að ræða.

Ég vek athygli á því, sem hæstv. ráðh. minntist ekki á, að eins og sakir standa nú — og ég hef ekki heyrt á því gagnrýni, kýs Alþingi stjórnir og ráð, t. d. orkuráð. Á sínum tíma var t. d. skipuð svonefnd stóriðjunefnd á vegum ráðuneytisins. Hún varð aldrei stofnun. En þó að sú formbreyting verði, að Alþingi kjósi þessa nefnd í stað þess að hæstv. ráðh. skipaði hana, og hún vinni sín verk eins og hæstv. ráðh. hefur hér skýrt frá, þá þurfi ekki í þeirri formbreytingu að felast nein ný stofnanamyndun.

Ég held að þarna sé um minni háttar skoðanamun að ræða. Ég tel sjálfsagt að skoða breytingar sem geti hnigið í þá átt, að það verði tekin af tvímæli um að ekki sé gert ráð fyrir að þetta verði að nýju stofnanabákni.

Hins vegar er það svo, eins og hæstv. ráðh. gat um þegar hann las upp hvert hlutverk þessarar nefndar ætti að vera, sem er í rauninni svipað því hlutverki sem sú nefnd, sem hann hefur skipað, hefur, að þarna sést að um mjög viðamikið og flókið mál er að ræða. Þess vegna finnst mér alls ekki fráleitt að Alþingi komi þarna til með ákveðið frumkvæði — líka vegna þess að sum af þessum atriðum, sem varða rannsóknir á hafsbotninum og hugsanlega vinnslu jarðefna af hafsbotni og úr hafsbotninum, t. d. olíu, eru viðkvæm pólitísk mál oft og tíðum og þá er ekkert því til fyrirstöðu að samráð séu höfð um það með því að kjósa hlutfallskosningu á Alþingi nefnd sem sérstaklega fjalli um það.

Ég vil ítreka þessa skoðun mína og jafnframt lýsa því, að hæstv. ráðh. hefur sýnt ákveðið frumkvæði og vilja í þessum efnum. En það sýnir kannske að ekki veitir af fulltingi Alþingis. Fjárveiting til þessara mála hefur verið afar klén, svo ekki sé meira sagt, og fengust ekki inn í frv. hæstv. ríkisstj. nema 300 þús. kr. á þessu ári. Ekki verður gert mikið fyrir það.

Að lokum vona ég að við hæstv. ráðh. getum snúið bökum saman um að fá einhverjar örlitlar brtt. samþykktar á frv. ríkisstj. til fjárlaga í þessu skyni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 9. fundur.

Miðvikudaginn 4. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þórbergur Þórðarson skrifar á einum stað og segir frá því, að hann hafi étið sig út á guð og gaddinn. Þar kom að húsbóndinn kom að máli við hann og mælti þessi orð: „Þetta getur ekki gengið svona lengur." Þá hafði Þórbergur um alllanga hríð reynt að gera sig ósýnilegan í húsakynnunum í Bergshúsi, hann hafði stiklað upp og ofan stigann svo að ekki yrði eftir honum tekið og reynt að gera sem minnst úr sér. Rétt áður hafði hann bjargast við það að Gísli Sveinsson útvegaði honum bankalán. Hann kallaði það bankavorið mikla. En húsbóndinn kom samt að máli við hann og sagði þessi örlagaríku orð, sem hann taldi einhverja harkalegustu viðvörun sem hann hefði orðið fyrir um lífsdaga sína, hvað þá á örbirgðardögum hans eins og þeir voru þá. Það er komið að því, að yfirboðari og húsbóndi hæstv. ríkisstj. taki sig til og segi við hæstv. ríkisstj.: Þetta getur ekki gengið svona lengur. — Þjóðin sjálf þarf að reyna að opna augu hæstv. ríkisstj. fyrir því ástandi sem nú blasir við og fer dagversnandi í atvinnumálum þjóðarinnar.

Við höfum hlýtt á það að undanförnu, að hæstv. forsrh. hefur lýst viðhorfunum í stefnuræðu sinni. Ég var þar við sem hann varði í líf og blóð stefnu ríkisstj. og málaði ástandið í þeim litum sem eru allt annars eðlis en þeir sem raunverulega ættu að blasa við. Við heyrum umr. um fjármál, fjárlagaumr., og allt er þetta á sömu bókina lært. Hæstv. ríkisstj. reynir að gera sig ósýnilega, reynir að halda áfram að slá ryki í augu þjóðarinnar, heldur áfram að vefa þann blekkingavef sem hún hefur ofið frá upphafi ferils síns, enda til hennar stofnað með undirferli. Það er hart að verða að segja það, en ég játa það hreinskilnislega, að ég hef fundið til þess í hvert einasta skipti sem hæstv. ríkisstj., einstakir hæstv. ráðh. hafa tekið til máls um vandamál okkar, þá hef ég ekki getað betur séð en þeir hafi farið langt til hliðar við staðreyndir og sannleika mála. Í öllum yfirlýsingum, sem út hafa gengið frá forsrn. til að mynda, hef ég ekki getað betur séð en að allt væri vafið inn í blekkingavef. Og ég verð að segja það, að það vekur mér ótta þegar ég heyri og sé hæstv. forsrh. halda því fram, að hér sé allt blúndulagt, allt sé í besta gengi, allt horfi til rétts vegar, að ríkisstj. hafi náð stórkostlegum árangri í atferli sínu, að framkvæmd stefnu ríkisstj. horfi til þess að nú eigum við betri tíma í vændum fram undan. Ég get ekki sagt annað, ég verð að játa það hreinskilnislega, að það vekur mér ótta. Ég hélt að sá blekkingavefur, sem ofinn er, væri ofinn af ráðnum hug og menn vissu betur. En sannfæringin, sem fylgir þessu tali og maður hefur orðið vitni að nú hina síðustu daga sem aldrei fyrr, hún vekur manni ótta um að þeim hafi tekist að blekkja sjálfa sig, að þeir haldi þetta sem þeir reyna að telja mönnum trú um, að þeir séu orðnir sannfærðir um að með þessum hætti sé málum okkar komið.

Eitt hólsefnið er m. a. það, að hér sé ekkert atvinnuleysi. Víst er það svo, að meginmál og höfuðkeppikefli hlýtur það að vera á hverjum tíma að full atvinna haldist. Ekkert er verra en að atvinnuleysi bresti á — ekkert er verra og hörmulegra. Og vissulega hefur full atvinna verið að kalla má, með fáum árstíðabundnum, svæðisbundnum undantekningum.

En hvað blasir við núna? Ég er ekki í aðstöðu til þess að nefna einstök dæmi, nema örfá sem hvort sem er hafa verið í fjölmiðlum og fyrirsvarsmenn fyrirtækja upplýst sjálfviljugir. En hvað er það t. a. m. sem brostið er á? Hvað er það t. d. sem hefur komið á daginn í Keflavík? Hvað skyldi það merkja þegar fyrirtæki eins og Hraðfrystihús Keflavíkur stöðvast? Þar njóta 150 manns vinnu. Hvað þýðir það? Er ofætlað að það fólk hafi á framfæri sínu 500—600 manns? Þetta er á þeim stað einum.

Bildudalur upplýsir hvernig komið er þar og ég veit að er satt. Fiskvinnslan er þar allur burðarásinn, öll lífæðin. 350 manna þorp á allt sitt undir að þau atvinnuhjól snúist.

Hvernig er komið á Patreksfirði, þar sem annað af tveimur fiskiðjuverum hefur stöðvast og togari verið seldur burt til Suðurnesja? Hvað skyldi vera þar í boði? Hvað segja Skagfirðingar þar sem þrjú fiskiðjuver eru starfandi? Hver er þeirra vitnisburður? Ekkert af þeim hefur efni á að kaupa fisk af togurunum — eða eigum við heldur að segja að togarafélagið hafi ekki efni á að selja þeim fisk? Hvort heldur kjósa menn, nema hvort tveggja sé? Skipin sigla til útlanda með aflann. Og þær tölur, sem þarna eru á ferðinni, fjárhagsvandinn er með ólíkindum stór og miklu stærri en menn hafði órað fyrir jafnvel fyrir örskammri hríð.

Þó töldu menn sig sjá það fyrir, að miðað við þau vaxtakjör, sem útvegur, útgerð og fiskvinnsla, býr við, hlyti til þessa að draga. Og fyrir því var það líka að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkti á fundi sínum 1. apríl 1980 áskorun til hæstv. ríkisstj. um að úttekt færi fram á stöðu útgerðarinnar. Það er nýkomin skýrsla um þá stöðu, að vísu ekki nema úrtak 19 togara af nýrri gerð. Ég hef enga heimild til að vitna í þá skýrslu, en ég skora á hæstv. sjútvrh. að upplýsa allan þingheim um hvað hún inniheldur því að það er hrollvekja frá upphafi til enda. Ég minnist þess, að þegar vaxtamál voru til umr. hér á hinu háa Alþingi á sinni tíð lagði ég leið mína tvisvar í þennan ræðustól til þess að varpa fram þeirri fsp., með hvaða hætti útgerð og fiskvinnsla í landinu ættu að rísa undir þeim vaxtakjörum. Ég fullyrti að ég væri svo kunnugur þeim atvinnugreinum að það væri fyrirsjáanlegt, að þau gætu ekki með neinu móti risið undir þeim vaxtakjörum, sem menn voru þá að vinna að að sett yrðu á í þessu þjóðfélagi. Ég fékk auðvitað engin svör. Það var bara maður og maður, eins og hv. núv. 9. þm. Reykv., sem skrapp í stólinn til þess að benda á þennan útgerðarmann og segja frá því, að hann hlyti að tala svona vegna þess að hann vildi halda áfram að hafa með höndum sparifé almennings fyrir ekki neitt til þess að græða á því, braska með það. Önnur svör gáfust ekki. Og þetta var auðvitað túlkað á þann veg, að ég væri andstæður því sem menn kalla raunvexti, að sparifjáreigendur ættu að fá nægjanlega vexti af fé sínu til þess að það brynni ekki upp í óðaverðbólgunni.

Ég fer eindregið fram á það, að hæstv. sjútvrh. leggi þessa skýrslu, sem fyrir liggur um stöðu 19 togara hinna nýrri, fram á hinu háa Alþingi svo að menn fái að líta á það dæmi. Og ég fer eindregið fram á það við hæstv. ríkisstj., að hún upplýsi það sem þegar er vitað um stöðu fiskiðnaðar í landinu og sjávarútvegs. Það eru fleiri þættir sem koma við sögu í þessu máli en einvörðungu

þessi fyrirtæki. Það eru miklu fleiri þættir sem nú blasir við að þurfi að ræða í samhengi við það, svo sem að allir samningar á vinnumarkaðinum eru lausir. Ég veit ekki hvort það er hrósvert þegar menn setja sig nú í þær stellingar að hæla verkalýðnum fyrir að hann setji fram hógværar kaupkröfur og kjarakröfur miðað við stöðu atvinnuveganna. Ég get ekki kallað það hrósvert, því að þeir eru í engum færum um það að óbreyttu að rísa undir einu eða neinu sem má verða til kauphækkunar eða kjarabóta fyrir verkalýðinn í landinu, þó svo við vitum að staðreynd er að kaupmáttur hefur farið rýrnandi.

Það er óhjákvæmilegt að hið háa Alþingi ræði þessi mál af hreinskilni. Ég nenni ekki að standa hér lengi uppi til þess að skamma hæstv. ríkisstj. vegna þessara mála. Okkur liggur miklu meira á en svo, að við megum verja tíma okkar í það. En við verðum að fá staðreyndirnar á borðið og við verðum að hætta að tala um þetta eins og ekkert sé að, ella munum við ekki taka á þessum vandamálum. Og mér er nær að halda að háskinn sé svo mikill að nú veiti stjórnarliðinu ekki af að reyna að fá stjórnarandstöðuna til fylgis við sig, að taka höndum saman um að snúast gegn þessum háskalega vanda.

Ég beini því til hæstv. ríkisstj., að stjórnarandstöðunni verði gefinn kostur á því að leggja þessum málum lið til lausnar. Við megum engan tíma missa. Hringinn í kringum landið eru fyrirtæki við það að stöðvast, og ef almenn stöðvun brestur á verður enn þá flóknara og erfiðara að setja atvinnuhjólin af stað á nýjan leik. Ástandið er ekki að mínum dómi með öðrum hætti nú en ég reyni að lýsa því. Umfram allt verðum við að horfast í augu við staðreyndir, það er okkur alger lífsnauðsyn, en ekki að hið háa Alþingi þurfi að sitja undir því, að sjálfir stjórnarherrarnir haldi áfram að vefa blekkingarvef sinn um að hér sé allt blómberanlegt, að ég tali nú ekki um það, að ekkert sé aðhafst í því að skjóta framtíðarstoðum undir atvinnureksturinn í landinu, eins og hæstv. iðnrh., hinn lýðræðissinnaði sósíalisti, hefur látið undir höfuð leggjast, því að það er víðar pottur brotinn heldur en í fiskiðnaði, sjávarútvegi og útgerðarmálum.

Iðnaðurinn í landinu, svo að maður nefni ullariðnaðinn, berst í bökkum. Ég get upplýst það, að fyrirtækið Álafoss — það hefur víst komið hér til umr. nú á dögunum, ég var því miður ekki við þá umr. — tapaði 11.8 millj. á fyrstu sex mánuðum þessa árs — það hét fyrir síðustu áramót 1180 millj., 1 milljarður 180 millj. kr. — og fram til 1. sept. hefur þetta fyrirtæki tapað 1 millj. 524 þús. kr., sem áður hét meira en 1.5 milljarðar kr. Og m. a. hefur dregið úr tapinu vegna þess, að öllum saumastofum og prjónastofum í landinu hefur verið gert að lækka vinnu sína um 10%, þrátt fyrir að þessi iðnaður væri rekinn með tapi áður en til þeirra ráða var gripið.

Það eru fleiri þættir sem þyrfti að ræða sérstaklega, eins og t. a. m. það ástand sem nú blasir við hinum mikla loðnuflota, hinum dýru skipum sem við höfum keypt og byggt á umliðnum árum. En það er gersamlega þýðingarlaust að ætla að til neinna bjargráða verði gripið ef á að halda áfram, eins og gert hefur verið stanslaust frá stofnun þessarar ríkisstj., að halda því að mönnum og þjóðinni allri, að hér séu menn að ná tökum á viðfangsefninu. Hvað ætli þeir segi um það á Raufarhöfn norður, hjá fyrirtækinu Jökli — og það er eina lífæðin þeirra þar? Hún liggur öll úti í sjó. Menn hafa verið að fást við að koma atvinnuhjólunum í gang þar aftur. Hvernig tókst til með það? Ráðherranefnd fjögurra ráðh. í samráði við viðskiptabanka og Framkvæmdastofnunina gerði tilraun. Viðskiptabankinn fékk því vissulega ráðið, að það var aðeins stigið hálft skrefið. Á að halda áfram slíkum vinnubrögðum? Hljóta ekki allar máttarstoðir þjóðfélagsins, viðskiptabankar, sjóðir og aðrir, sem tök hafa á að sameina kraftana til að vinna bug á þessu, að reyna að hindra þennan ófarnað, að hann nái fram að ganga? En það verður auðvitað ekki gert með því að halda stanslaust stórræður um að hér sé allt á besta vegi statt, að hér sé verðbólgan minnkandi þrátt fyrir skuldasöfnunina innanlands og utan.

Það er beinn og ber háski á ferðinni og ég endurtek það, að ég legg til að vegna þessa bráða háska bjóði stjórnarandstaðan nú fram krafta sína til að aðstoða við að ráða á þessu bót, að við reynum allir saman á hinu háa Alþingi að sameina kraftana úr því svo er komið sem raun ber vitni.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um að heyra umhyggju hv. þm. Sverris Hermannssonar fyrir atvinnuvegum landsins. Kannske gæti hann beint einhverjum af þessum fsp. til kommissars Sverris Hermannssonar. Ég vil einnig gjarnan þiggja alla þá aðstoð og samstarf, sem býðst við bæði þingmanninn Sverri Hermannsson og kommissar Sverri Hermannsson sem og aðra stjórnarandstæðinga, við að lagfæra alvarlegt ástand sem sannarlega er hjá atvinnugreinum landsins. Við getum sagt að það séu hjöðnunarverkir í þeirri viðleitni að ná verðbólgunni niður.

Að vísu er það ekkert nýtt, að atvinnuvegirnir hafi á þessum verðbólgutímum okkar átt við gífurlega erfiðleika að stríða. Ég get t. d. aðeins gripið niður hjá frystingunni. Hún var samkv. tölum þjóðhagsstofnunar talin vera með 6.1% halla árið 1974, 1% halla 1975 o. s. frv. Þó er þetta dæmi langtum meira sláandi hjá útgerðinni sem hefur iðulega árum saman verið rekin með gífurlega miklum halla, t. d. minni togarar, hreinn hagnaður í hlutfalli af tekjum mínus 16.3% 1973, mínus 6.0% 1974, mínus 11.2 1975, mínus 13.9 1976 o. s. frv. En þetta breytir ekki því, að slíkur rekstrargrundvöllur er óþolandi til lengdar. Vitanlega hafa stjórnvöld, þegar þannig hefur árað, iðulega gripið til sérstakra ráðstafana til að lagfæra rekstrargrundvöllinn, m. a. þegar um útgerðina hefur verið að ræða með tilfærslu við gengisbreytingar yfir í stofnfjársjóð, og þá hafa erlend lán, sem á slíkum skipum hafa hvílt, verið lækkuð. Ég endurtek hins vegar að þetta breytir ekki þeirri staðreynd, að við svona ástand verður ekki búið til langframa.

Ég vildi gjarnan tvískipta þessu umræðuefni, ræða fyrst dálítið almennt um rekstrargrundvöllinn, en síðan um þau sérstöku vandamál sem við blasa og hv. þm. kom nokkuð inn á.

Í upphafi ársins 1980, í febrúar, þegar þessi ríkisstj. tók við, gengu fulltrúar frystihúsanna á fund forsrh., á minn fund og fleiri ráðh. og gerðu grein fyrir því, að frystingin væri rekin með 9—10% halla að þeirra mati. Þeir töldu að kostnaðarhækkunum undanfarinna mánaða hefðu ekki verið mætt eins og nauðsynlegt hefði verið. Kostnaðarhækkanir hefðu verið, ef ég man rétt, um 15%. Hins vegar hefði gengisaðlögun að þessum kostnaði aðeins verið um 5%, og töldu þeir það vera meginskýringu á þeim mikla halla sem þá var orðinn. Við athugun kom í ljós að þetta var á rökum reist, og á árinu 1980 var gripið bæði til ýmissa — við skulum segja:

minni háttar ráðstafana til að lagfæra þessa rekstrarstöðu, og sömuleiðis var gengi aðlagað þessari kostnaðarhækkun mjög svo, þ. e. gengisbreyting eða gengissig var 52% á árinu 1980. Af minni háttar ráðstöfunum vil ég nefna hækkun afurðalána í 85% vegna mikillar og langrar birgðastöðu, niðurfellingu aðflutningsgjalda af nokkrum mikilvægum þáttum fiskvinnslunnar og síðast en ekki síst — en kannske er það stærsti þátturinn í þessum minni háttar aðgerðum — voru 3.6 milljarðar endurgreiddir af gengisuppfærslu og afkomu Seðlabankans til útflutningsatvinnuveganna.

Í fleira var jafnframt ráðist, m. a. að skuldbreyta vanskilum útgerðarinnar hjá Fiskveiðasjóði, Byggðasjóði og olíufélögunum. Ég get upplýst nú að þessi skuldbreyting hjá Fiskveiðasjóði nemur 65 millj. 310 þús. kr. í dag — ég tala hér í nýkr. að sjálfsögðu — og 62 umsóknir um slíka skuldbreytingu hafa verið afgreiddar. Þetta skiptist þannig, að þilfarsskip undir 100 rúmlestum eru með 18 slík lán upp á 2.6 millj., togarar með 16 lán upp á 37.2 millj., loðnuskip með fjögur lán upp á 3.6 millj., þilfarsskip yfir 100 rúmlestir með sex lán upp á tæpar 2 millj. Síðan eru 18 fasteignalán upp á tæpar 20 millj. Ég vil bæta því við, að um 37 aðilar eru enn í athugun. Það er vegna þess að á ýmsum gögnum stendur og sumar af þeim umsóknum munu ekki falla undir þau skilyrði sem sett eru. Mér er jafnframt kunnugt um það, að hjá Byggðasjóði hefur svipuð skuldbreyting átt sér stað, og fagna ég því. Hins vegar hefur ekki orðið af skuldbreytingu á olíuskuldum, fyrst og fremst af þeirri ástæðu, að þegar það var boðið óskuðu útgerðarmenn ekki eftir því. Olíufélögin voru líka ákaflega treg til að ábyrgjast skuldabréf sem í því sambandi yrðu gefin út og keypt af bönkunum. Ég get hins vegar upplýst að útgerðarmenn hafa nú farið þess á leit við mig, að málið verði tekið upp að nýju. Ég hef rætt það bæði við viðskiptabankana og olíufélög og mun mjög fljótlega kalla þessa aðila saman til að skoða málið að nýju.

Þetta eru atriði sem ákveðin voru á síðasta ári og ég vil leyfa mér að fullyrða að það — ásamt með þeirri gengisaðlögun sem ég nefndi áðan — hafi orðið til þess að staðan um síðustu áramót var orðin nokkuð þolanleg. En þar á ég að sjálfsögðu við meðalstöðu þessara atvinnuvega eins og reiknað er af Þjóðhagsstofnun og er út af fyrir sig umræðuefni. Hitt er staðreynd, að þessi rekstrargrundvöllur hefur mjög raskast og spillst, ef ég má kalla það svo, á þessu ári, og mér finnst ástæða til að hugleiða hvers vegna svo hefur farið. Eftir þá fiskverðsákvörðun, sem nýlega var tekin áætlar Þjóðhagsstofnun að afkoma greinanna sé eins og hér segir — þetta er áætlun sem ég fékk í hendurnar í dag:

Þjóðhagsstofnun gerir ráð fyrir að miðað við áætlaða aflaaukningu árið 1981 séu bátar með 0.9% hagnað, minni togarar í núllinu, stærri togarar með mínus 9.1%, en samtals — þegar útgerðin er tekin sem heild — sé afkoman mínus 0.7%.

Satt að segja, þegar þetta er borið saman við afkomutölur útgerðarinnar í gegnum árin sem ég nefndi örfáar áðan, er þetta heldur með því betra. Hitt vil ég taka fram, að þessar afkomutölur eru umdeilanlegar, t. d. áætlun um aflaaukningu, og ef lagður er til grundvallar óbreyttur afli frá síðasta ári verður afkoman töluvert lakari: í heild mínus 3.1%, minni togarar mínus 4.2%, stærri togarar mínus 12,6%. Einnig er ljóst að afkoma útgerðarinnar er mjög breytileg og allt önnur og lakari fyrir skipin sem nýrri eru og eru með langmestan fjármagnskostnað.

Það er rétt sem hv. þm. sagði, að sjútvrn. setti í vor í gang sérstaka athugun á afkomu hluta togaraflotans. Það var gert í nánu samstarfi við Landssamband ísl. útvegsmanna, Framkvæmdastofnun og Fiskveiðasjóð og var ráðinn til þess sérstakur maður. Ég skal ekkert um það deila, hvort þetta hafi verið eðlilegt verkefni sjútvrn. Ég hefði vel getað fallist á að þetta væri verkefni Framkvæmdastofnunar. Henni ber að gera úttekt og áætlanir um afkomu atvinnuveganna. En um þetta var út af fyrir sig ekkert deilt og ég féllst á þá skoðun hv. þm. Sverris Hermannssonar, þegar hann gekk á minn fund, að sjútvrn. gengist fyrir þessari úttekt.

Ég vil leyfa mér að halda því fram, að þetta verk hafi verið vel unnið, til þess vandað og unnið á þann máta, að skoðaðir voru reikningar hvers einstaks fyrirtækis. Þrjú fyrirtæki féllu út af því að það var ekki hægt að nota reikninga þeirra. Því miður virðist brenna við enn hjá íslenskum fyrirtækjum að reikningshald er slíkt að það satt að segja vekur furðu að fyrirtækin skuli standa í rekstri sem þessum, það sem hlýtur að vera ákaflega mikilvægt að hafa glöggar upplýsingar úr bókhaldi nánast frá degi til dags um hvernig reksturinn gengur. Þegar slík fyrirtæki höfðu verið lögð til hliðar urðu togararnir 19 sem úrtakið nær til. Það eru togarar sem skráðir eru eftir 1977 og eru valdir þannig vegna þess að þeir eru nýrri hluti flotans og með meiri fjármagnskostand en aðrir og hafa ekki notið þeirrar mikilvægu fyrirgreiðslu, sem fólst í yfirfærslu fjármagns í stofnfjársjóð skipa við gengisfellingar og ég nefndi áðan. Hv. þm. fór fram á að þessi skýrsla yrði lögð fram hér á Alþingi. Ég tel mér það ekki heimilt því að reikningar einstakra togara hafa verið fengnir sem trúnaðarmál. Ég hef hins vegar heimilað að þessari skýrslu yrði dreift til stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins, og ég hef heitið sjávarútvegsnefndum Alþingis að þær muni fá þessa skýrslu — og ég vil leyfa mér að vona að þm. sætti sig við það — en henni verði ekki dreift opinberlega hér á borð. Reyndar tel ég að ég sé að ganga þar töluvert lengra jafnvel en mér er heimilt með slíkt trúnaðarskjal.

Úr þessari skýrslu má að sjálfsögðu ýmislegt ræða. Hér eru samanteknar upplýsingar um meðalafkomu þessara skipa. Ég vil geta þess í fyrsta lagi, að í skýrslunni er gerður samanburður á rekstrarafkomu þessara 19 togara og þeirra 68 skipa sem áætlun Þjóðhagsstofnunar nær til. Það kann að vekja nokkra furðu þegar litið er á slæma afkomu þessara 19 togara, að í raun og veru ber þar ekki ýkjamikið á milli. Það er að vísu svo, að miðað við úttekt Þjóðhagsstofnunar — að sjálfsögðu fyrir fiskverðshækkunina síðustu og miðað við 21. sept. 1981 í 68 skipa úrtaki — er talið að tap á minni togurunum sé mínus 6.8%. En í þessu úrtaki 19 skipa er talið að tapið sé mínus 29%.

Ég sagði að þarna bæri raunar ekki ýkjamikið á milli. Vitanlega er þetta stór munur. En þegar ég segi það á ég við að einstakir liðir þessarar áætlunar falla nokkuð vel saman. Í ljós kemur að þessi 19 skip eru með meiri tekjur að meðaltali heldur en úrtak Þjóðhagsstofnunar, samtals með 15 millj. 633 þús. tekjur, úrtak Þjóðhagsstofnunar rúmlega 14 millj. Þetta er eðlilegt því að hér er um nýrri og fullkomnari skip að ræða í mörgum tilfellum og því iðulega meiri afla. Fjöldinn er hins vegar mun meiri í áætlun Þjóðhagsstofnunar en í úrtakinu. Ég ætla ekki að

lesa hvern einasta lið, því að satt að segja er hér mjög mikil nálægð, ef ég má orða það svo, eða mjög líkir liðir, eins og aflahluti, launatengd gjöld, veiðarfæri, olíur — olíukostnaður aðeins meiri, 3.9 millj. á móti 3.1, sem er ekki óeðlilegt út af fyrir sig — mörg þessi skip eru af stærri gerðinni af minni togurunum. En langsamlega mesti munurinn kemur fram á liðnum vextir. Vextir eru hjá Þjóðhagsstofnun áætlaðir 1 millj. 383 þús., en vextir í þessu 19 skipa úrtaki eru taldir vera 3 millj. 311 þús. Þarna er langsamlega stærsti munurinn sem veldur því, að tap hjá Þjóðhagsstofnun er í krónum talið 956 þús. en í þessu 19 skipa úrtaki 3 millj. 271 þús. Þessi munur liggur fyrst og fremst í fjármagnskostnaðinum. Það er einnig gegnumgangandi í þessari skýrslu, að fjármagnskostnaðurinn er yfirgnæfandi. Fjármagnskostnaðurinn er í einu tilfelli að vísu mjög lágur, aðeins um 3% — eða vaxtakostnaður réttara sagt, en er í mörgum tilfellum upp í 30 og jafnvel 40% — svo að ég tali ekki um alveg sérstök tilfelli sem mér sýnast varla vera marktæk, þar sem vaxtakostnaður er jafnvel yfir þetta. Í sumum tilfellum er um að ræða að skip hefur verið mikið frá veiðum vegna bilana og aflaverðmætið þess vegna orðið lítið. Hér ræði ég um hundraðshluta af aflaverðmætinu.

Í niðurstöðum þessarar skýrslu segir svo: „Fjárvöntun nemur um 16% af heildartekjum meðalskips í úrtakinu.“ Til fróðleiks er rétt að upplýsa það, að til þess að meðalskip í úrtakinu sé rekið hallalaust þyrfti fiskverð að hækka um 33.3% miðað við aflaforsendur rekstraráætlunarinnar. Á sama hátt þyrfti aflamagn að vaxa í 5500 tonn á ári úr 4162 tonnum til þess að hallalausum rekstri yrði náð. Ég vil geta þess, að í úrtakinu kemur fram gífurlegur munur á afla þessara skipa. Skipið með lægstan afla er með 2717 lestir af óslægðum fiski — það skip var reyndar aðeins 176 daga við veiðar — en önnur skip, sem eru við veiðar eðlilegan tíma, eru mörg hver með afla sem er þó af svipaðri stærðargráðu, þ. e. um 3000 lestir og upp í 4000 lestir. Sem dæmi get ég reyndar nefnt eitt skip, sem er á veiðum 307 daga og er aðeins með 2845 lesta afla, og annað skip 297 daga með 3579 lesta afla. Aflahæsta skipið er hins vegar með 329 úthaldsdaga og 6456 lesta afla. Það kemur út með hagnað í þessu úrtaki. Það er eina skipið sem skilar hagnaði í þessu úrtaki. Reyndar mun þar vera um mjög sérstakar aðstæður að ræða, og ég get getið þess, að annað skip með mjög svipaðan afla skilar þó ekki hagnaði, enda mun eiginfjárstaða í því fyrirtæki vera miklu lakari en hjá þessu sem ég nefndi.

Ég læt þetta nægja úr þessari skýrslu. En eins og ég sagði hef ég heitið því að afhenda nm. í sjútvn. skýrsluna og mun gera það mjög fljótlega.

Það má reyndar segja, að þetta vandamál 19 skipanna — það eru 16 þeirra sem eru í verulegum vanda — tilheyri ekki beinlínis þessum almennu umræðum um rekstrargrundvöllinn, sem ég vildi gera að sérstöku viðfangsefni, heldur því sem ég kem að síðar um sérvandamál. Þannig lít ég á þessi skip. Ég vil þó geta þess nú þegar, að ég hef verið að kanna leiðir til að bæta rekstrargrundvöll þessara skipa. Mér sýnist að ekki verði hjá því komist að lækka fjármagnskostnaðinn. Þess vegna hef ég lagt til við stjórn Fiskveiðasjóðs að ríkisframlagið, sem mun verða 25—26 millj. kr., verði lagt í Stofnfjársjóð fiskiskipa og ráðstafað þar eftir ákveðnum reglum, sem settar verði í samráði við stjórn sjóðsins og Landssamband ísl. útvegsmanna, til þess að lækka erlendar skuldir á þessum skipum. Það er tilgangslaust að skuldbreyta slíkri lánastöðu í ný erlend lán. Ég lít svo á að þessi skip eigi þarna nokkurn rétt þegar tekið er tillit til þess, að svipaður háttur var á hafður oftar en einu sinni og oftar en tvisvar við gengisfellingar. Fjármagn var þá flutt yfir í Stofnfjársjóð fiskiskipa og notað til að greiða niður erlendar skuldir. Ég get upplýst hér að stjórn Fiskveiðastjóðs hefur fjallað um málið og fallist á þetta og leggur til að þetta verði gert. Mun ég flytja till. í sambandi við lánsfjárlög um að þetta verði heimilað.

Þetta var um stöðu útgerðarinnar í dag, kannske með nokkrum útúrdúr vegna þessarar sérstöku athugunar á togurunum. Vil ég þá geta um stöðu annarra greina.

Samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar, þeirri meðaltalsáætlun sem Þjóðhagsstofnun vinnur, er staða vinnslunnar eftir 5% fiskverðshækkun eins og hér segir:

Frystingin er með mínus 9,1%, söltunin er með töluverðan hagnað, — ég verð að segja eins og er, að mér finnst alltaf dálítið varasamt að vera að nefna slíkar tölur, en skal þó gera það, — hún er talin vera með um 10% hagnað, herslan með 6.6, en samtals um núllið eða mínus 0.7%. En ég vil taka það fram, um leið og ég nefni þessa tölu, að í þessum afkomutölum, t. d. söltunar, gætir þess náttúrlega fyrst og fremst hvað afkoman er góð á vertíðinni. Þess vegna eru slíkar meðaltalstölur satt að segja ákaflega varasamar í allri meðferð. Afkoma söltunar annars staðar þar sem jafnvel verður að nota togarafisk sem er 10% dýrari, ef ekki fæst bátafiskur sem er eins hagkvæmur til söltunar og vertíðarfiskurinn hér suðvestanlands, er að sjálfsögðu töluvert lakari. Það sama má segja um hersluna. T. d. að sumarlagi nær herslan hvergi nærri þessari arðsemi. Hér er um ársgrundvöll að ræða, miðað við að vísu það fiskverð sem er orðið í dag, þau laun sem eru orðin í dag, þann kostnað sem er orðinn í dag á ýmsum liðum. En góð afkoma fyrr á árinu lagfærir þessar tölur þegar á heildina er litið, og því vil ég vara við að svona tölur séu notaðar án skýringar.

Þarna hefur hallað undan fæti. Á því er ekki nokkur vafi. Mér sýnist frystingin vera að meðaltali komin niður í svipað og hún var í ársbyrjun 1980. Eðlilegt er að menn spyrji hvað veldur. Svarið liggur að vísu í augum uppi. Kostnaðarhækkanir hér innanlands frá áramótum hafa numið í kringum 30%. Fjármagnskostnaður hefur alveg sérstaklega aukist. Þegar ég segi 30% reikna ég með að hann verði um 40% á ársgrundvelli, en 30% á fyrstu 9 mánuðum ársins. Fjármagnskostnaður hefur alveg sérstaklega aukist mikið. Það sýna m. a. þær tölur sem ég nefndi áðan um togaraútgerðina.

Fjármagnskostnaður er að vísu í meðaltalsreikningum Þjóðhagsstofnunar aðeins áætlaður um 7%. Ég óttast að þar sé um vanáætlun að ræða, og reyndar telur frystingin að þar vanti eitthvað upp á, þótt mjög séu nú áætlanir samtaka frystiiðnaðarins og Þjóðhagsstofnunar farnar að nálgast. Ég er a. m. k. viss um það, að fjármagnskostnaði er mjög ójafnt skipt á milli fyrirtækja í greininni og þau eru mörg fyrirtækin sem hafa illa þolað tæpan rekstrargrundvöll og þess vegna safnað skuldum og stórlega aukið fjármagnskostnað. Sérstaklega held ég að dráttarvaxtabyrði hafi aukist miklu meira en gert er ráð fyrir í þessum útreikningum — ég segi: held ég, vegna þess að það verður að segjast eins og er, að þrátt fyrir töluverða vinnu Þjóðhagsstofnunar og manna á vegum rn. við að reyna að greina á milli dráttarvaxta og almenns vaxtakostnaðar gengur það ákaflega illa. Bókhald

fyrirtækja er ekki svo gott að unnt sé að greina þar á milli með öruggri vissu.

Á sama tíma hafa að vísu gerst hlutir sem eru jákvæðir. T. d. hefur hækkun á þorskflökum á Bandaríkjamarkaði orðið um 14% í byrjun ársins. Hins vegar hefur þorskblokkin þar fallið um nálægt 10% og alveg sérstaklega hefur gengisröskun á milli dollarans og Evrópugjaldeyris valdið vinnslunni verulegum búsifjum. Í þessu sambandi vekur að sjálfsögðu athygli sú skoðun Þjóðhagsstofnunar, að framleiðslusamsetning frystingarinnar sé það óhagstæð miðað við breskan markað að nemi 4% í afkomu. Það er ekki lítil tala. Þarna er að sjálfsögðu um það að ræða, að haldið hefur verið áfram að framleiða á Bretlandsmarkað þrátt fyrir fall pundsins, en þess ekki gætt nægilega fljótt að breyta framleiðslunni yfir í flök á Bandaríkjamarkað. Ég viðurkenni og vil reyndar leggja áherslu á að þetta hefur ekki að öllu leyti verið á valdi fyrirtækjanna. Þessu hafa ýmsar aðstæður ráðið að töluverðu leyti. Í fyrsta lagi tekur ætíð nokkurn tíma að breyta, og mikið af þessari framleiðslu á rætur sínar að rekja til fyrsta hluta ársins, þegar mönnum var ekki orðin ljós sú verulega röskun sem orðið hefur á gjaldeyrismörkuðum. Í öðru lagi hefur afli iðulega verið svo mikill, að menn hafa ekki talið sér fært — m. a. vegna skorts á vinnuafli — að koma þeim afla í gegnum framleiðsluna án þess að ráðstafa töluverðu í þá framleiðslu sem krefst ekki eins mikils vinnuafls. Engu að síður verður að segja eins og er, að þarna hefur orðið á brotalöm sem í framtíðinni þarf sannarlega að gæta að og ég treysti öflugum samtökum frystiiðnaðarins betur en öðrum til að passa upp á.

Það er einnig alveg ljóst, að mjög hefur verið haldið aftur af aðlögun gengis að kostnaðarhækkunum innanlands, enda hefur það verið einn þáttur í viðleitni ríkisstj. að ná verðbólgunni niður, og reyndar viðurkennt t. d. af fulltrúum frystiiðnaðarins á fundi með okkur forsrh. og víðar að gengisfelling er neyðarkostur, einnig fyrir þessar greinar, ekki síst þegar allt er orðið gengis- eða verðtryggt, ekki aðeins launin, heldur einnig fjármagnskostnaðurinn og reyndar allur annar kostnaður sem á þessar vinnslugreinar fellur. Gengisfelling er því ákaflega fljót að renna út í sandinn. En breyting gengis með tilliti til dollarans er frá áramótum orðin 22%. Krónan hefur verið lækkuð um 22%. Hins vegar mun þessi breyting miðað við meðalgjaldeyri, vera í kringum 9—10%, ég hef það ekki nákvæmt. Það hafa orðið ýmsar breytingar á gjaldmiðlum. M. a. hefur þýska markið hækkað mjög mikið og reyndar aðrir gjaldmiðlar einnig, þannig að þar hefur orðið töluverð breyting innbyrðis sem ekki er hægt að gera sér í fljótu bragði grein fyrir hvaða áhrif hefur.

Nú spyrja menn að sjálfsögðu hvað beri að gera til þess að lagfæra þennan grundvöll. Ég vil segja það í fyrsta lagi, að það á að lækka fjármagnskostnaðinn alveg tvímælalaust. Í öðru lagi á að lækka ýmis gjöld á útflutningsatvinnuvegunum, m. a. skatta og launatengd gjöld. Það á að taka á þeim málum af mikilli festu og alvöru. Og í þriðja lagi er alveg ljóst að nái þessar aðgerðir ekki að treysta grundvöll atvinnuveganna verður að laga gengi að þeim kostnaðarhækkunum sem eru þarna umfram.

Ég vil fara nokkrum orðum frekar um fjármagnskostnaðinn. Ég ætla að byrja á því að nefna lítið dæmi sem ég heyrði um í gær og á reyndar að fá sundurliðað, en var ekki búinn að fá það fyrir þennan fund. Útgerðarfyrirtæki eitt hefur greitt á 8 mánuðum þessa árs um það bil 450 þús., ekki í vexti og alls konar slíkan fjármagnskostnað, heldur í gjöld til bankanna fyrir lánin sem þar hafa verið afgreidd. Þarna er um að ræða stimpilgjöld, þarna er um að ræða áhættuþóknun til Ríkisábyrgðasjóðs, þarna er um að ræða framlengingargjald hjá banka upp á 86 þús. kr. Samtals nema þessi gjöld og fleiri slík, sem bankarnir og sjóðirnir hafa tekið, um 45 millj. gkr. Ég spyr: Er þetta ekki okur, ef slíkt orð má nota hér? Er virkilega þörf á þessu? Er þörf á því við framlengingu á erlendu láni, sem ég hefði talið að væri sæmilega tryggt í nýlegum togara, að taka 86 þús. kr., 8.6 millj. gkr., fyrir framlengingu á slíku láni? Ég segi hiklaust að slíkt verði að taka til endurskoðunar.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt upplýsa að stimpilkostnaður hækkaði verulega við lög sem samþykkt voru hér á hinu háa Alþingi 1976, þau nálægt því tvöfölduðust þá. Ég hef upp á síðkastið aflað mér ítarlegra upplýsinga um framkvæmd þessa. Um hana eru satt að segja skiptar skoðanir. Bankarnir hafa tekið upp þann háttinn að krefjast til tryggingar á afurðalánum skuldabréfa, sem samkv. lögum bera 1% kostnað við þinglesningu, og þetta þarf að endurtaka æðioft. Hins vegar var áður aðeins krafist víxla sem tryggingar. Þarna kann að vera að unnt sé að leiðrétta með því að fara aftur yfir í víxla. Það mundi lækka stimpilkostnaðinn niður í 0.55%. Hins vegar sýnist mér koma mjög glöggt fram í grg. með frv. þessu, sem varð að lögum 1976, að það hafi ekki verið tilgangur löggjafans með þessum lögum að stimpilgjöld af afurðalánum hækkuðu og ekki þurfi reyndar að breyta þessum lögum mikið til þess að það sé ljóst. Þetta mál er í athugun á vegum sjútvrn., fjmrn. og banka og verður náttúrlega að leiðrétta auk annarra kostnaðarliða sem ég nefndi, eins og þóknana til bankanna.

Ég vil einnig leyfa mér að fullyrða að staða bankanna hafi mjög batnað. Hún þurfti að batna, og vitanlega er ákaflega mikilvægt í okkar þjóðfélagi að staða bankanna sé sterk. Lánsfjárþörfin er mikil og ekki hefur verið unnt að fullnægja lánsfjárþörf atvinnuveganna eða einstaklinga eins og æskilegt hefði verið. Einnig er nauðsynlegt að gjaldeyrisforði þjóðarinnar sé hæfilega mikill. Á þessu hefur sem betur fer orðið veruleg bót á undanförnum árum. Eiginfjárstaða Seðlabankans, tekið úr gögnum Seðlabankans sjálfs, er í árslok 1980 orðin 36 milljarðar 450 þús. kr. Eiginfjárstaða Seðlabankans í árslok 1979 var 13 milljarðar 281 þús. Þetta er að sjálfsögðu í krónum þessara ára, þ. e. gkr. Þar áður var eiginfjárstaða 1978 6 milljarðar 242 millj. Og 1977, var eiginfjárstaðan 2 milljarðar 672 millj. Á milli ára hefur eiginfjárstaða töluvert meira en tvöfaldast, reyndar miklu nær því að þrefaldast þessi ár. Og eiginfjárstaða Seðlabankans er samkv. tölum hans sjálfs nú 2.15% af þjóðarframleiðslunni. Gjaldeyrisstaðan hefur einnig mjög batnað og er nú orðin 5.33% af þjóðarframleiðslu og hefur ekki verið betri síðan 1973, og eiginfjárstaðan hefur aðeins verið betri í þrjú ár: 1960, 1968 og 1972.

Ég sagði áðan að því bæri mjög að fagna, að staða bankanna hefur styrkst. En ég varpa fram þeirri spurningu hvort hún sé ekki orðin nægilega sterk nú og hvort ekki megi ráðstafa hagnaði bankanna umfram verðtryggingu eiginfjárstöðu til þess að bæta rekstrarafkomu atvinnuveganna. Svar mitt er tvímælalaust já. Það ber að gera þetta. Ég teldi það mjög skaplegt markmið að segja sem svo: Við skulum verðbæta eiginfjár-

stöðuna eins og hún er orðin, við skulum bæta gjaldeyrisstöðuna um þá breytingu sem verður á gengi, en við skulum ráðstafa því, sem eftir er, til þess að bæta rekstrarstöðu atvinnuveganna með lækkun á vöxtum og jafnvel gengisuppfærslu sem þeir búa við í dag. Mér sýnist engin goðgá að halda, þegar ég lít á færslur yfir á endurmatsreikning Seðlabankans í ár, að þarna megi ná umtalsverðum bata. Ég ætla ekki að nefna ákveðna hundraðstölu, en þessi mál eru nú í mjög ítarlegri meðferð og í fullu samráði við Seðlabankann verið að athuga hvað þarna megi gera. Það þarf engin lög til þess að seðlabankastjórn sé heimilt að bjóða þau kjör sem bankinn leyfir. Ég get upplýst það, sem mér var sýnt í morgun, að við tíðkast að seðlabankar greiða stóran hlut af hagnaði sínum í ríkissjóð. Sænski seðlabankinn greiddi á síðasta ári 650 milljarða sænskra kr. í sænska ríkissjóðinn. Þarna er kannske skýring á því, hvers vegna þessar þjóðir geta veitt atvinnuvegunum alls konar stuðning. Þarna er kannske skýring á því, hvers vegna Norðmenn styrkja sjávarútveg sinn með 1.2 milljörðum. Þarna er kannske skýring á því, hvers vegna Norðmenn, Bretar og fleiri gréiða niður vexti hjá útflutningsatvinnuvegunum. T. d. bjóða Bretar nú 80% lán með 7.5% vöxtum við útflutning á tækjum. Það er gert með ríkisábyrgð, í því tilfelli sem ég þekki, úr Lloyds-banka í Bretlandi. Ég vil því leggja á það áherslu, að gera þarf alvarlega athugun á því, hvort ekki sé hægt að lækka fjármagnskostnaðinn. Ég tel, að það sé hægt að gera, og vísa til þeirrar afkomu bankanna sem ég hef nú lauslega rakið.

Mér þykir einnig rétt að nefna ýmislegt sem gert hefur verið til að lækka fjármagnskostnað. Ég nefndi áðan að samkomulag náðist við Seðlabankann á síðasta ári um að endurgreiða 3.6 milljarða af gengishagnaði bankans af afurðalánum, þ. e. vaxta- og gengishagnaði bankans. Þetta voru sem sagt í nýkr. 36 millj. Þá hefur náðst samkomulag um það við Seðlabankann, að hann leiðrétti afurðalán, sem voru í dollurum, þegar gjaldeyri var hins vegar skilað í öðrum myntum. Sú leiðréttíng nemur 33 millj. kr. og ég get getið þess, að um 23—24 millj. munu renna til frystiiðnaðarins. Að sjálfsögðu er þessu skilað í hlutfalli við þau afurðalán og þann gjaldeyri sem útflutningsatvinnuvegirnir skiluðu. Þá hefur stjórn Seðlabankans einnig samþykkt þá tillögu, sem ég bar fram í ríkisstj. og síðan við Seðlabankann ásamt viðskrh., að Seðlabankinn endurgreiddi gengisuppfærslu þá sem í hans hlut kom við gengisfellinguna 25. ágúst s. l. Þetta nemur 41 millj.kr. og af því renna 60 þús. til landbúnaðarins, 4.7 millj. til iðnaðarins, en rúmlega 36 millj. til fiskvinnslunnar. Jafnframt liggur fyrir Alþingi brtt. við brbl. sem heimila Seðlabankanum að ráðstafa nokkru af því, sem til fiskvinnslunnar á að renna, yfir til frystingarinnar þannig að þangað rynnu 26 millj., en 10 millj. í saltfisk og skreið fyrst og fremst. Þarna er um færslu frá saltfiski og skreið að ræða. Má segja að þetta sé mjög hliðstætt við ákvarðanir sem teknar voru með brbl. í ársbyrjun og árslok 1978, þegar gengishagnaður — að vísu atvinnuveganna — var tekinn og honum ráðstafað til að greiða skuld frystideildar Verðjöfnunarsjóðs og loðnuafurðadeildar.

Ég hef einnig getið um skuldbreytingar Fiskveiðasjóðs og ég hef getið um þá tilfærslu sem ég mun beita mér fyrir að verði yfir í. stofnfjárdeild Fiskveiðasjóðs. Ég hef einnig nefnt skuldbreytingu hjá Byggðasjóði, og ég hef einnig nefnt að í gangi er að taka að nýju upp slíka skuldbreytingu í gegnum olíufélögin. Þá get ég upplýst að með reglugerð, sem gefin var út 2. þ. m., er ákveðið að þeim lánum hjá Fiskveiðasjóði til fiskiskipa sem 42% voru bundin byggingarvísitölu og 27% bundin byggingarvísitölu verði breytt í þau lán sem tekin voru upp síðar og bundin eru við meðalgjaldeyri samkv. reikningum Fiskveiðasjóðs. Þessi skip, fyrst og fremst 4 eða 5 togarar sem byggðir voru innanlands, hafa búið við mjög óhagstæð lánskjör hjá Fiskveiðasjóði. Ég hefði reyndar talið, að þetta hefði átt að gerast fyrr, og beindi því til Fiskveiðasjóðs fyrir nokkru, en gerði það síðan mjög ákveðið eftir að skýrsla sú lá fyrir sem ég ræddi áðan, um afkomu togaranna, og Fiskveiðasjóður brást strax vel við því. Þessi breyting er nú í gangi og er mikilvæg fyrir þessi skip.

Ég hef einnig lagt til að dráttarvextir verði endurskoðaðir. Ég tel að þeir eigi að lækka. Það er í athugun. Ég hef einnig lagt til að afurðalánavextir verði lækkaðir. Það tengist að sjálfsögðu því, hvort afkoma bankanna er slík að unnt sé að ráðstafa fjármagni í því skyni. Það er líka í athugun.

Ég nefndi áðan að við þurfum að athuga hvort ekki megi lækka opinber gjöld, t. d. mætti endurskoða launaskatt. Ég vil hins vegar taka það fram, að við verðum þá að sjálfsögðu hér á hinu háa Alþingi að horfast í augu við niðurskurð á einhverjum lið, nema menn vilji stofna stöðu ríkissjóðs í halla. Ég held að það eigi að forðast og því yrðu menn að athuga um niðurskurð ef slík opinber gjöld eru felld niður en það tel ég vera eðlilega og reyndar sjálfsagða athugun í þessu dæmi.

Ég vil svo segja það að lokum, að vitanlega er fast gengi ekkert sáluhjálparatriði í þessu máli, þvert á móti. Vitanlega verður að athuga gengið og tryggja grundvöll atvinnuveganna með lagfæringu á því, ef ekki næst sú staða atvinnuveganna sem leitað er eftir að bæta að öðrum leiðum. Seðlabankinn er að sjálfsögðu með þau mál í stöðugri athugun og gerir tillögur um slíkt þegar hann sér ástæðu til.

Mér sýnist vera sjálfsagt markmið að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna upp fyrir núllið fyrir næstu áramót. Það verða ætíð einhverjar sveiflur á rekstrargrundvelli atvinnuveganna og við getum aldrei afstýrt falli niður fyrir núllið annað slagið. En það er von mín að þær athuganir, sem nú eru í gangi, geri okkur kleift að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna upp fyrir núllið um næstu áramót. Þá vil ég sérstaklega taka fram að ég á við frystinguna ekki síst sem slíka.

Til mín hefur ekki verið beint spurningum um stöðu útflutningsiðnaðarins. Því miður óttast ég að staða hans sé jafnvel lakari en staða frystingarinnar, en um það ætla ég ekki að ræða. Ég held að þar verði að grípa til sérstakra viðbótaraðgerða. Þó vil ég geta þess hér, að í öllum þeim aðgerðum, sem ég hef nefnt í fjármagnsmálum og lækkun fjármagnskostnaðar, hef ég ætíð lagt á það áherslu, að slíkar aðgerðir hljóti að ná til allra útflutningsgreinanna og ekki um að ræða millifærslu á milli iðnaðar og sjávarútvegs eða öfugt. Ég vil einnig geta þess, að í framhaldi af mjög mikilli vinnu, sem ríkisstj. hefur látið gera, úttekt eða samanburði á starfsgrundvelli útflutningsatvinnuveganna, er komið í gang starf sem miðar að því að jafna þennan starfsgrundvöll. Það er mikið verk og allflókið, mun taka einhvern tíma, en því verður hraðað eins og frekast er kostur.

Ég kem þá að því sem ég vil kalla sérstök vandamál. Sérstök vandamál í sjávarútvegi eru síldveiðar og

vinnsla og loðnuveiðar og vinnsla. Á þessum afurðum hafa ekki orðið þær hækkanir erlendis sem nauðsynlegar eru til að tryggja afkomu veiða sjómanna og vinnslu eins og æskilegt hefði verið. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þessa þætti, m. a. vegna þess að um þau mál hefur áður verið rætt hér á hinu háa Alþingi. Ég vil þó segja það hér, að mér þótti mjög lofsvert hvernig hagsmunaaðilar þar leituðust við að mætast á miðri leið. Og ég vil leggja á það ríka áherslu, að vandamál loðnuveiða og vinnslu verða aldrei bætt með gengisfellingu. Þar er um miklu, miklu stærri vanda að ræða en svo, og hef ég engan ábyrgan aðila heyrt leggja slíkt til.

Hins vegar eru svo erfiðleikar einstakra fyrirtækja. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm., að þar er um mikið alvörumál að ræða. Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu verið þessi staða fullkomlega ljós. M. a. þess vegna samþykkti ríkisstj. síðast fimmtudaginn 1. okt. till. sem ég lagði fram og er svohljóðandi:

„Ríkisstj. samþykkir að veita Framkvæmdasjóði heimild til lántöku sem ráðstafað verði í samráði við ríkisstj. til að aðstoða þau fyrirtæki í fiskiðnaði sem eiga við sérstaka rekstrarerfiðleika að etja. Jafnframt verði þegar hafin athugun á rekstrarerfiðleikum slíkra fyrirtækja og á leiðum til úrbóta. Hámark lánsupphæðar verður ákveðið síðar."

Menn spyrja e. t. v.: Hvers vegna var ríkisstj. að beina þessu vandamáli til Framkvæmdastofnunar? Ég átti sæti í stjórn Framkvæmdastofnunar í mörg ár eins og að sjálfsögðu margir aðrir hv. þm. sem hér eru inni. Ég held að mönnum sé það öllum ljóst, að þegar Framkvæmdastofnun var sett á fót 1971 eftir mjög mikla erfiðleika í atvinnuvegum okkar eftir þá röskun sem varð á árunum 1967—1968, þá var Framkvæmdastofnun ekki síst ætlað að vera eins konar öflugur Bjargráðasjóður. Framkvæmdastofnun er samkv. lögum ætlað að tryggja jafnvægi í byggð landsins eða búsetu, eins og orðað er í lögum þeirrar stofnunar, og það eru engin takmörk um það sett, hvað Framkvæmdastofnun eða stjórn hennar getur ákveðið að gera til að tryggja slíka búsetu.

Ég minnist þess einnig mjög vel, að öll þau ár sem ég sat í stjórn Framkvæmdastofnunar voru þar á borðum nánast við hvern einasta stjórnarfund slík erfiðleikamál. Ég get nefnt t. d. erfiðleika á Skagaströnd en þau mál voru lengi þar til meðferðar. Ég get nefnt málefni varðandi Bíldudal, Drangsnes, Raufarhöfn, Þórshöfn, Búlandstind, Eyrarbakka, Stokkseyri, Þorlákshöfn. En ég man aldrei eftir svona miklu fjaðrafoki eða svona miklum bréfaskriftum á milli ríkisstj. og Framkvæmdastofnunar þegar þessi mál voru til umr. Ég man vel að „kommisararnir" blessaðir og aðrir starfsmenn Framkvæmdstofnunar voru þá á þönum fram og aftur við að leysa þessi mál, og það tókst oft allvel, t. d. á Skagaströnd þar sem nú er rekið öflugt frystihús og útgerð. Það tókst víða mjög vel. Ég gæti nefnt ýmsa staði, en ætla ekki að lengja fundinn með því. Það var í fjöldamörgum tilfellum að Framkvæmdastofnunin leysti nánast þegjandi og hljóðalaust slík vandamál. Þess vegna var ákaflega eðlilegt að ríkisstj. beindi þeim tilmælum til Framkvæmdastofnunar, að hún tæki þessi vandamál nú fyrir. Ég hefði reyndar talið að það væri varla þörf á því, og mér sýnist að sú tillaga, sem samþ. var, veiti satt að segja Framkvæmdastofnun ákaflega mikið svigrúm til að taka á þessum málum. Það er engin hámarksupphæð sett á lántöku. Framkvæmdastofnun er beðin að gera tillögur til ríkisstj. um það. Þarna er einnig lögð áhersla á að Framkvæmdastofnun beiti sér fyrir athugun á rekstrarerfiðleikum fyrirtækjanna og leiðum til úrbóta. Þetta hefur árum saman verið verkefni Framkvæmdastofnunar og hún hefur unnið á þessu sviði hið ágætasta verk. Hún hefur á að skipa sérfræðingum sem geta sinnt slíkum störfum.

Þessi tillaga var samþykkt, eins og ég sagði, 1. okt. s. l. Það var daginn fyrir fund í stjórn Framkvæmdastofnunar, og ég veit ekki annað en hún hafi borist inn í Framkvæmdastofnun sama dag. Fundurinn var 2. okt. Fimmtudaginn 22. okt. var að ósk framkvæmdastjóra, Sverris Hermannssonar, boðað til fundar með fjmrh.og mér og allri stjórn Framkvæmdastofnunar um framkvæmd þessa máls — þremur vikum seinna. Þá var búið að segja upp öllum hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur, eftir að forráðamenn þess fyrirtækis — sem var vel kunnugt um þessa tillögu — höfðu gengið — segja þeir mér — fjórum sinnum inn í Framkvæmdastofnun á fund stjórnenda þar og spurt: Hvað ætlar stofnunin að gera tillögur um? Á þessum fundi skýrðum við þetta mál eins og skýringar væri þörf, og ég held að þær skýringar hafi verið teknar góðar og gildar. Allir voru sammála um að koma yrði í veg fyrir stöðvun fyrirtækjanna. Strax daginn eftir voru útvegaðar 10 millj. í Seðlabanka til aðstoðar í þessu sambandi. Samþykkt var líka að þegar yrði sett á fót nefnd til að athuga rekstrarerfiðleikana og gera tillögur til úrbóta. Síðan mun hafa verið fjallað um þetta mál á fundi í Framkvæmdastofnun nokkrum dögum síðar og bréf hafa borist til forsrh. nú fyrir tveimur dögum eða svo. Það verður tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi á morgun. Þar er boltanum kastað til baka og ríkisstj. beðin um að skipa slíka nefnd og reyndar óskað eftir að sjútvrn. skipi formann. Ég hef út af fyrir sig ekki á móti því. Hins vegar tel ég að það sé að öllu leyti eðlilegra að formennskan sé í Framkvæmdastofnun því að þar verður málið vitanlega að vinnast. Við erum ekki enn þá búnir að fá neinar vísbendingar um það frá Framkvæmdastofnun, hvað hún telur upphæðina háa sem þörf er á. Ég hef hins vegar sett fram í ríkisstj. að ég áætla, eftir þeim upplýsingum sem ég hef, að ekki veiti af 200 millj. kr. í því skyni að breyta vanskilum fyrirtækja í skil. Ég tel að til viðbótar við það þurfi lánsfé, t. d. lánsfé úr Byggðasjóði, með hagstæðum kjörum til þess að gera eigendum kleift að auka eigið fé í þessum fyrirtækjum. Það er t. d. mjög greinilegt hjá þeim togurum sem teknir voru til athugunar, að skortur á eigin fé er mjög almennur.

Ég vil einnig beina því til hv. þm. sem sitja í stjórn Framkvæmdastofnunar, hvort ekki sé ástæða til að gera svipað og stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að minni tillögu að gera, og nota eitthvað af því fjármagni, sem Alþingi veitir til Framkvæmdastofnunar, til að lækka skuldir ýmissa þessara fyrirtækja við Byggðasjóð. Mér er ljóst að það dregur vitanlega úr útlánagetu Framkvæmdasjóðs alveg eins og Fiskveiðasjóðs. En ég lít svo á að mikilvægara sé í dag að tryggja rekstrargrundvöll þessara fyrirtækja og hjálpa þeim, sem eru í sérstökum erfiðleikum, heldur en að stofna til nýrra framkvæmda.

Herra forseti. Fjölmargt fleira mætti að sjálfsögðu um þetta mál segja. Ég skal þó ekki lengja ræðu mína en vil að lokum taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi eða frsm. sagði, að það á að hætta að tala og fara að vinna. Það á að hætta að skrifa bréf fram og aftur og fara að vinna. Og ég verð að segja það, að af fyrri kynnum mínum af Fram-

kvæmdastofnun treysti ég henni mjög vel til að vinna þetta verk fljótt og ötullega. Hún hefur starfskröftum á að skipa til að vinna þetta verk. Og ég vil taka það fram, að allt það, sem sjútvrn. getur lagt til þeirra mála, er að sjálfsögðu opið. Menn geta fengið aðgang að starfskröftum og öðru sem þar er að finna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það má þó þakka fyrir það, að svo virðist sem sú skoðun, sem kom fram hjá 4. þm. Austurl., Sverri Hermannssyni, að öllum ráðh. hafi tekist að blekkja sjálfa sig, eigi ekki alveg við rök að styðjast, því að nú loks kemur það þó fram hjá hæstv. sjútvrh., að ekki er allt sem sýnist og sá blekkingahjúpur, sem hæstv. ríkisstj. hefur sveipað um sig og sínar gerðir og stöðu atvinnuveganna að undanförnu, er ekki annað en hjóm.

Við erum búnir að fá hér nokkra lýsingu á þeim vanda sem blasir við fyrirtækjum í sjávarútvegi og útgerðinni. Vissulega vil ég þakka það, að hæstv. ráðh. hefur tekið til umhugsunar þessi vandamál og nefnir ýmsar leiðir sem hann er að reyna að fara og ræðir um að farnar verði, þótt ég hins vegar telji að þær séu hvergi nærri nægjanlegar. Er því ekki að ófyrirsynju að Framsfl. hélt kvöld- og næturfundi í gær til þess að ræða um gengisaðlögun íslensku krónunnar. Og þá skilur maður vel það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan, að fast gengi væri ekki sáluhjálparatriði fyrir hann.

Þm. eru búnir að fá viðurkenningu á því, að jafnvel þótt hér séu taldir upp margir liðir um það sem megi verða til þess að laga ástandið hjá okkar aðalútflutningsatvinnuvegum, þá sé það ekki nóg, enda vantar afskaplega mikið hér á. Það vantar á, að ekki er hægt að borga nógu hátt fiskverð, sem er eitt meginmálið ekki aðeins fyrir útgerðina sjálfa, heldur fyrir þá sem starfa um borð. Því verður enn óskiljanlegri sú leið sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur valið, að ráðast að áhöfnum skipanna, að fiskimönnum þjóðarinnar til þess að reyna að stöðva verðbólguna hjá þeim, þrátt fyrir þá skoðun hæstv. sjútvrh., að það ætti ekki að lemja á sjómönnum einum til þess að stöðva verðbólguna. Ríkisstj. hefur hins vegar farið þá leið. Um leið og sjómenn sneru í hana bakinu hafa þeir verið slegnir í hnakkann og sparkað í þá um leið.

En það liggur fyrir í dag, að það er ekki aðeins að sjómenn sigli í land og hóti því að fara ekki á sjó aftur um næstu áramót nema búið verði að ákveða fiskverð og búið að bæta þeim nokkuð upp af því sem hefur verið stolið af þeim á undanförnum árum, heldur er fjöldinn allur af þegnum þjóðfélagsins kominn á sömu skoðun. Jafnvel unglingar, nemendur í skólum streyma til borgarinnar og taka þátt í verkföllum hér á torgum höfuðborgarinnar með nemendum í höfuðborginni. Kennarar í skólum fara í verkfall. Ég veit ekki hvað verður næst. Það er því miður ekkert sem bendir til að hæstvirtir ráðherrar fari í verkfall. Þeir mættu gjarnan fara í langt verkfall.

Svo er komið líka að hér er starfandi sjóður við hliðina á ríkissjóði Íslands, lánasjóður ráðherranna sem er notaður óspart. Það eru tekin erlend lán. Hæstv. viðskrh. viðurkenndi í útvarpsumr. að það, sem hefði áunnist í baráttunni við verðbólguna til þessa, væru erlendu lánin. Því miður hafa þau ekki öll verið notuð þannig að maður sjái í fljótu bragði að það sé vegur til að lækka verðbólgu hvernig þau hafa verið notuð. Stærsti liðurinn þar er náttúrlega sá, að bætt hefur verið við fiskiskipaflotann svo óspart að engu tali tekur, þvert ofan í mótmæli þeirra sem þar vinna, þvert ofan í þá staðreynd, að það er ekki nægur afli til fyrir allan þennan flota. Og þeir, sem keypt hafa og ætlað að kaupa þessi skip, hafa ekki haft ráð á því, hafa t. d. ekki getað skilað þeim 20% sem þeir eiga sjálfir að skila sem kaupendur. Þá hafa hæstv. ráðherrar bara boðið þeim erlent lán fyrir sínum hlut, sem sagt 100% erlend lán til þess að kaupa fleiri skip, til þess að höggva í takmarkaða fiskstofna. Ef rétt er líka að tekin séu erlend lán til að kaupa íslensk skip á milli staða á Íslandi, þá er auðvitað ekki von að vel fari. Hér er á ferðinni slík vitleysa að það tekur engu tali.

Það hefur komið fram hér hjá hæstv. ráðh. um stöðu togaranna — þeirra 19 sem hann minntist á og eru auðvitað fleiri, en alla vega þessir 19 sem eru smíðaðir á allra síðustu árum — að það er auðvitað enginn rekstrargrundvöllur fyrir þessi skip. Það mun hafa komið fram í umr. ekki alls fyrir löngu, að til þess að þessi skip gætu staðið undir sér þyrftu þau að veiða um 16—17 þús. tonn á ári og helst af góðfiski. Okkar toppaflaskip skila milli 6 og 7 þús. tonnum. Hins vegar fór hæstv. ráðh. hér með veiðitölur frá góðum, nýjum skipum sem fara niður undir 2—3 þús. tonn þrátt fyrir úthald í yfir 300 daga.

Það er ljóst að hér er miklu meira að baki en svo að hægt sé að lagfæra vanda útgerðarinnar með því að létta nokkuð á þeim okurálögum sem ríkisstj. hefur tekið upp í sambandi við ekki aðeins stimpilgjöld, heldur yfirleitt öll gjöld sem ríkisstj. hefur getað ráðið við. Ódrengilegt væri af mér að halda því fram, að þetta hafi byrjað í tíð þeirrar hæstv. ríkisstj. sem nú situr. Þessi þróun hófst haustið 1978. Stórþjófnaðurinn af fiskimönnum hófst í tíð þeirrar vinstri stjórnar sem þá tók við völdum og í raun situr enn með litlum breytingum og færslum til bóta.

Það er að sjálfsögðu af hinu góða, að landsfundur Sjálfstfl. skuli vera að baki og hæstv. ráðherrar skuli nú geta komið fram fyrir alþjóð og skýrt frá þeim vandamálum sem blasa við þjóðinni, blasa við atvinnuvegunum, blasa við útgerðinni.

Ég minntist á það að gefnu tilefni um daginn — og hæstv. sjútvrh. reyndi að snúa út úr því í ræðu sinni eða vildi ekki skilja það — að það hefði orðið nokkur öfugþróun í sambandi við fiskverð frá því að núv. vinstristjórnarsamsteypa, sem ég kalla, tók við völdum 1978. Hann vildi hér úr ræðustól láta að því liggja, að þessi þróun hefði átt sér stað síðan 1974. Þetta er auðvitað alrangt. Sú staðreynd liggur fyrir, og hún liggur fyrir hjá öllum sjómönnum og útgerðarmönnum um leið, að í ráðherratíð Matthíasar Bjarnasonar tókst að lyfta upp hlutfallinu fyrir fiskimenn og útgerðarmenn — þá á ég við fiskverðið á móti almennum kauptöxtum í landi — og það hélst meðan hann var í stól sjútvrh. En strax haustið eftir að hann fór frá byrjaði stuldurinn. Það var lofað ýmsum félagsmálapökkum sem allt aðrir aðilar sömdu um og hentuðu þeim, en komu ekki að notum fyrir íslenska sjómenn. Það var ekki fyrr en farið var að lemja á ráðherrum með gaddasvipu um það að standa við eitthvað af þeim loforðum sem þeir höfðu gefið, að nokkuð af því kom. En það er enn þá mikið eftir og ekki að undra þó að íslenskir sjómenn kalli nú eftir því, að þessi loforð verði uppfyllt. Tek ég þó skýrt fram að það, sem hefur náðst á þessu tímabili fyrir sjómenn, er þýðingarmikið og vissulega til þess að hrósa og þeir mega þakka fyrir að hafa loksins náð því. En það kemur hvergi

á móti þeim milljörðum kr. sem teknir voru af þeim til þess að standa undir kostnaði við slík viðskipti hjá öðrum aðilum.

Það var jákvætt hlutfall fyrir sjómenn á milli kauptaxta annarra launþega og sjómanna alveg fram á árið 1977. Síðan fór að halla undan þegar kom fram á 1978, og nú er svo komið að ef kauptaxti er miðaður við 100 er fiskverðið komið niður undir 80, en segja má að þegar best lét hafi hlutfallið þarna á milli verið öfugt. Það er því alrangt hjá hæstv. ráðh. þegar hann vill halda því fram, að þessi þróun hafi átt sér stað allt frá 1974.

Hæstv. ráðh. ræddi einnig um það þá, og það er rétt að það komi enn skýrar fram hér, að vissulega hafa sjómenn haft góðar tekjur á þessum árum, m. a. vegna tækniväðingar skipanna og veiðarfæranna, — og vegna friðunar landhelginnar fyrst og fremst, vil ég halda fram. En það er auðvitað ekki sanngjarnt að hlutur þeirra sé lækkaður, fiskverð til þeirra, um leið og vinnutími þeirra stóreykst, og skal ég aldrei þreytast á því að innprenta mönnum þetta. Þetta er nákvæmlega sama og launþegahreyfingin öll á Íslandi og reyndar víðs vegar um heim bendir á, að hún á að fá hlutdeild í aukinni framleiðni, að ég nú ekki tali um þegar framleiðni verður vegna aukinnar vinnu.

Mér þætti skrýtið ef hæstv. ráðherrar færu að beita þessari röksemd í næstu samningum við verkalýðinn sem vinnur undir afkastahvetjandi kerfum, ef þeir færu að benda viðkomandi — við skulum hugsa okkur fiskvinnslufólki — á að það ynni svo mikið, það legði svo mikið á sig og þénaði svo vel að það mætti vel lækka kauptaxtana hjá því. En það er í raun það sem hæstv. ráðh. fundu út að mætti gera við íslenska sjómenn.

Hæstv. ráðh. minntist hér á sjóði og talaði réttilega um að það drægi úr lánagetu Fiskveiðasjóðs og Framkvæmdasjóðs, og þykir engum mikið þótt svo sé. Annað eins hafa þeir þurft að láta úti. Mér þykir gott meðan ekki kemur fram kvörtun um það, að þeir séu að komast í þrot, bæði Lloyds Bank og Barkleys Bank í Englandi og aðrir þeir bankar sem hæstv. viðskrh. getur náð til. Það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar, að erlendar lánastofnanir fari að taka í taumana með þau miklu lán sem hingað eru afgreidd.

Vegna þess að hæstv. sjútvrh. minntist á þessa tvo sjóði væri vissulega ástæða fyrir okkur hér í hv. þd. að fá nokkrar upplýsingar um það, hver sé staða þessara sjóða. Það kom fram í umr. um daginn, að í reikninga Fiskveiðasjóðs vantar bæði að færa útistandandi vexti og dráttarvexti og vísitölulán upp á verðlagi ársins 1980. Þá vantar að hluta að færa upp gengistryggð lán. Þarna gætu verið á floti tugir milljarða gkr. Sá hv. m., sem þessi orð mælti, hv. þm. Guðmundur Karlsson, óskaði eftir að hæstv. ráðh. gæfi Alþingi upplýsingar um stöðu þessa sjóðs. Ég tek undir þessa kröfu, og ég veit að hér eru fleiri hv. þm. sem munu taka undir hana jafnframt og þykjast eiga nokkra kröfu á að fá þær. Ég veit að það þýðir ekki að spyrja hæstv. ráðh. hver staða Framkvæmdasjóðs sé. Hann vísar bara á „kommissarinn" sem á að leysa málin. Það er von að það sé vaxandi trú á mönnum. Þegar við höfum 16 ráðherra, þá bara vísa þeir á „kommissar" Sverri Hermannsson, hann eigi að leysa málin, hann eigi að hætta að skrifa bréf, hann eigi að ráða fram úr þessu vandamáli ríkisstj. Af hverju fer ekki ríkisstj. inn í Framkvæmdastofnun og lætur Sverri setjast í ráðherrastólana alla? Hann mundi alveg geta gert það. (Gripið fram í.) Hann mundi halda á þessum hv. þm., sem var að kalla fram í, og mundi ekki muna um það.

Ég skal ekki eyða miklum tíma frá þinginu í þessa umr. vegna þess að ég veit að hér eru hv. þm. sem vilja komast að með nokkrar spurningar til hæstv. ráðh. Væri þó full ástæða til að ræða við hæstv. ráðh. frekar um framleiðnimál í atvinnuvegunum, þá kannske sérstaklega í annarri útgerð en við höfum talað hér um, t. d. um farskipin, þótt það heyri ekki beint undir hann. En það hefur oft verið þannig, að hann er einn af fáum ráðh. sem skilur eitthvað í þeim málum. Er út af fyrir sig gott ef hann gæti eitthvað útskýrt fyrir hinum hvað lægi á bak við þetta hugtak. Við skulum t. d. hafa það í huga, að það hefur orðið gífurleg framleiðniaukning hjá farskipaflotanum. Ég leyfi mér að fullyrða að farskipaflotinn hafi skilað ótrúlega miklum gróða á undanförnum árum. En þar er sömu söguna að segja: Þessi mikla framleiðni hefur ekki aðeins náðst fyrir nýjan tæknibúnað og tækniväðingu skipanna og annars konar skip en áður voru notuð, hún hefur líka náðst vegna tækniframfara í höfnum, bæði hér heima og erlendis. Hér heima hefur þetta haft í för með sér gífurlegt vinnuálag þeirra verkamanna, sem við þetta vinna, og manna um borð í skipunum sömuleiðis sem verða að leggja nótt við dag dögum saman í höfnum erlendis. Báðir þessir aðilar telja hins vegar að þeir hafi ekki fengið þann hlut út úr þessari framleiðniaukningu útgerðarfélaganna sem þeim ber, og þetta verður kannske eitt af því sem hvað mest verður barist um í næstu samningum, enda veit ég ekki til þess, að neins staðar séu til marktækar framleiðnimælingar hjá fyrirtækjum yfirleitt, hvorki þessum né öðrum. Það má hins vegar segja að þær finnist kannske í fiskiðnaðinum, en annars staðar ekki.

Hæstv. ráðh. kom nokkuð inn á hin sérstöku vandamál sem við búum við í sambandi við loðnuveiðarnar og síldveiðarnar. Það urðu nokkrar umr. um loðnuverð og loðnustofninn hér fyrir nokkrum dögum og ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það sem þar kom fram. Ég vil þó aðeins benda á það og vona að þær fullyrðingar sjómanna sjálfra eða skipstjóranna á loðnuskipunum, þeirra skoðanir og álit sé rétt, að það sé meiri loðna í sjónum en kom fram í mælingum rannsóknarskipsins. Og ég tek það fram, að það var ekki skoðun fiskifræðinganna að stofninn væri orðinn þetta lítill. Hins vegar vöruðu þeir við og sögðu að þessar mælingar bentu til að hann væri ekki stærri en þetta. En þegar við förum að skoða þetta mál betur mætti athuga það, að um þetta skip, sem við höfum getað sent til þessara rannsókna, er nú þannig ástatt, að það er vanbúið sem skip og vanbúið að rannsóknartækjum miðað við það skip sem Norðmenn senda t. d. hingað til sameiginlegra rannsókna með þessu skipi okkar. Og það er andskoti hart — ég bið forseta forláts á orðbragðinu — en það er hart að hugsa til þess, að ár eftir ár hefur einn af þremur aðilum, sjútvrn., hagsýsla ríkisins eða fjvn., skorið niður óskir Hafrannsóknarstofnunar um að kaupa tæki sem getur haft það í för með sér að rannsóknaskip okkar geti togað með miklu, miklu meira öryggi í verri sjó og veðri heldur en þau hafa getað gert hingað til. Það hefur ekki verið fínt heiti á þessum tækjum. Það er kallað á máli þeirra fiskifræðinga „togbody" og er þannig notað, að það er hægt að sökkva því niður á ákveðið dýpi, misjafnlega mikið dýpi eftir því hvað þeir vilja láta það fara langt niður til bergmálsmælinga, og alla vega er það látið svo

langt niður að það sé laust við ölduhreyfingu sjávar. En að við skulum ekki geta leyft okkur að kaupa svona tæki, jafnvel þó það kosti töluverða upphæð, skulum við segja, að okkur sé ekki fært að leggja í þetta, en hafa svo yfir okkur hættuna á að við séum kannske að eyða loðnustofninum eða að við getum ekki fundið loðnuna þannig að við getum bent okkar skipum á að taka það magn, sem hægt er að taka, á sem hagkvæmustum tíma, það er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Þetta er auðvitað eitt af mörgum dæmum um það, að ekki hefur verið litið til þessa atvinnuvegar sem skyldi. Ég veit ekki hvernig hefur reitt af þeirri þáltill. sem við fluttum nokkrir þm. úr öllum flokkum á síðasta þingi um tilraunatank fyrir veiðarfæri, en það hefur auðvitað gífurlega mikla þýðingu fyrir okkar útveg og um leið okkar vísindamenn að hafa slíkan tank til að vinna við hér á landi. Ég veit ekki hvað það mál er komið langt, en vonandi sér sjútvrh., sem ég veit að skilur þörfina á slíkum búnaði, um að slíkt verði gert auk þess sem ég hef hér drepið á.

Ég vil undirstrika það til viðbótar því sem hæstv. ráðh. taldi hér upp, að auðvitað er ljóst að þegar verðbólgan er jafnmikil og hún er hér innanlands og tekið er til sín af öllum stéttum þjóðfélagsins áður en kemur til skipta til útgerðar og áhafna skipa, þá er ekki von að vel fari. Þess hefur ekki verið gætt af ríkisstj. að byggja upp okkar verðjöfnunarsjóði. Þeim hefur verið eytt og þessir sjóðir eru núna orðnir stærstu skammtímaskuldarar landsins og eru notaðir eins og aðrir sjóðir, sem ríkisstj. kemst yfir, sem budda í vasa til þess að ráða fram úr stundarerfiðleikum. Á þessu verður auðvitað að verða breyting. Þetta eru nauðsynleg stjórnunartæki fyrir útflutningsatvinnuvegi okkar, fyrir fiskveiðarnar og fyrir útgerðina, og þá ber að sjálfsögðu að efla.

Það er enginn vafi að rangt fiskverð, sem stafar m. a. af því, að gengið hefur ekki verið látið aðlaga sig því verði sem þyrfti og þess vegna ekki það verð fengist fyrir afurðir okkar á Evrópumörkuðum sem þyrfti að vera, um leið og sá ágóði sem hefur orðið af skráningunni vestra hefur ekki komið til góða þessum sömu aðilum, þetta er eitt atriðið í vanda sjávarútvegsins, en óðaverðbólgan hér heima er örugglega eitt það þyngsta. Það er auðvitað alveg sama hvað hæstv. ríkisstj. reynir að fela það mál með tölum og fallegum orðum, við vitum að svo er. 17 ára gamall grundvöllur vísitölu, sem notaður er til þess að reikna út kaupmátt, er auðvitað ekki sú viðmiðun sem ætti að nota í dag. Það væri sannarlega æskilegt, að þeir, sem vald hafa til þess, t. d. verkalýðshreyfingin, létu koma fram þá kröfu frá sér, að kaupmátturinn í dag miðað við 8 stunda vinnudag verkamanns væri reiknaður út frá þeim grundvelli sem þegar hefur verið fundinn þótt ekki sé búið að semja um hann, en hlaupið væri einu sinni fram hjá þessum 17 ára gamla sem er notaður ítrekað í fölsunarskyni til þess að telja hag allra betri en hann í raun er.

Ég vil ljúka máli mínu með þeim orðum, herra forseti, að þakka hæstv. sjúvrh. fyrir tiltölulega hreinskilin svör og jafnframt það, að hann er þó með ákveðnar hugmyndir um lausn á sumum vandamálum útgerðarinnar, sem ég því miður hef ekki trú á að muni nægja, en munu að sjálfsögðu hjálpa til.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara ítarlega út í þá umr. sem hér hefur farið fram í dag, þó að það væri full ástæða til þess miðað við margt af því sem hér hefur verið sagt. Hæstv. sjútvrh. hefur gert grein fyrir þeim aðgerðum sem ríkisstj. leggur áherslu á á þessu sviði og vinnur að og hefur unnið að, þannig að hrakspár stjórnarandstæðinga hafa ekki náð að koma fram þarna fremur en annars staðar. Það var hins vegar ansi fróðlegt að heyra ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar, „kommissars" í Framkvæmdastofnun ríkisins, og þó vantaði í hana kafla sem hefði getað borið yfirskriftina: Viðræður þm. Austurlands Sverris Hermannssonar við framkvæmdastjóra og „kommissar" Framkvæmdastofnunar ríkisins. Hann greindi ekki frá þeim viðræðum né heldur niðurstöðum þeirra, en það hefði verið ákaflega fróðlegt að heyra.

Ég kvaddi mér hér hljóðs út af einu atriði í málflutningi hv. þm. Péturs Sigurðssonar sem kom víða við. M. a. lét hann að því liggja, að núv. ríkisstj. væri gagngert að sitja á svokölluðum nýjum vísitölugrundvelli til að falsa vísitöluna. Hér er auðvitað um að ræða grófar missagnir, ranghermi, af hálfu hv. þm. og það er þeim mun alvarlegra sem hann veit betur.

Seint á árinu 1978 fór fram ný neyslukönnun hér vegna nýs vísitölugrundvallar framfærslukostnaðar. Þessi könnun var síðan reiknuð út á árinu 1980 aðallega og fram eftir þessu ári. Það var ekki fyrr en á fyrri hluta þessa árs að niðurstaða í þessum efnum lá fyrir að því er útreikning varðar. Ég hygg að það sé rétt munað hjá mér, að ég hafi fyrst séð plögg um þennan útreikning í ágúst eða sept. á þessu ári, 1981. Þá fyrst var þessari frumvinnu lokið af hálfu Hagstofu Íslands. Og hver er það svo sem fjallar um þetta mál? Það er kauplagsnefnd. Kauplagsnefnd er skipuð fulltrúa Alþýðusambands Íslands og fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, auk formanns. Kauplagsnefnd hefur í rauninni mjög sérstæða stöðu miðað við aðrar nefndir í okkar opinbera stjórnkerfi. Það er fyrst og fremst verkefni aðila kauplagsnefndar að fjalla um þann nýja vísitölugrundvöll sem þarna liggur fyrir, — ekki hvað er í honum, vegna þess að það gengur fram af könnuninni, heldur hvenær og hvernig þessi nýi vísitölugrundvöllur hugsanlega tengist við kaup og kjör í landinu. Það er aftur á móti samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins hvenær þessi vísitölugrundvöllur kemur inn. Þetta er mál sem ríkisstj. hefur ekki haft með að gera með öðrum hætti en þeim, að auðvitað hlýtur ríkisstj. eins og aðrir að hafa áhuga á að sá vísitölugrundvöllur, sem við er miðað, sé sem réttastur og gefi sem besta mynd af neyslu manna í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Það er hins vegar ekki þar með sagt að það eigi endilega að mæla vísitölubætur til láglaunafólks eftir þeim meðaltalsgrundvelli sem út úr slíkri könnun kemur. Ég vil t. d. nefna matvörur í þessu sambandi. Þær vega þungt í núverandi vísitölugrundvelli. Þær eru mun léttari í hinum nýja vísitölugrundvelli. Verðhækkanir á matvörum yrðu því lakar bættar samkv. nýja vísitölugrundvellinum en þeim gamla. Þetta er mál sem þarf að hafa auga á og auðvitað verður að fjalla um það í tengslum við hvenær og hvernig þessi nýi vísitölugrundvöllur verður tengdur. En það er auðvitað af og frá að ríkisstj. sé að sitja á þessum grundvelli til að falsa lífskjör launafólks í landinu eða til að draga úr því, að launafólk fái réttmætar verðbætur á sín laun fyrir þá verðbólgu sem hér gengur yfir á hverjum tíma.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að gera nokkra aths. við þingsköp. Mér er kunnugt um að ráðh., sem fjalla um málaflokka sem eru til umræðu, eins og nú hæstv. sjútvrh., geta eðlilega komist að, en annað mál er að aðrir ráðherrar hafi heimild til að skjóta sér inn á mælendaskrá, eins og hér hefur gerst með hæstv. ráðh. Svavar Gestsson. (**Félmrh.:** Ég bað ekki um það. Það var ákvörðun forseta.) Það var ákvörðun forseta. Það er gott að heyra. Þessu mótmæli ég harðlega, þessu skipulagi á fundarhaldi.

Ég vil byrja á því að lýsa því yfir, að ég tel þá umr., sem hér er hafin um rekstrarafkomu atvinnuveganna og útlit og horfur í þeim efnum, mjög tímabæra. Ég verð að segja það hæstv. sjútvrh. til hróss, að hann flutti býsna hreinskilna ræðu sem ég mun koma að eilítið síðar, en hún er í þvílíku hrópandi ósamræmi við þá skrautklæðaræðu sem m. a. hæstv. forsrh. hefur flutt, og vil ég þá minna t. d. á stefnuræðu hans fyrir skömmu, að engu lagi er líkt. Hæstv. forsrh. hefur lýst ástandinu þannig, að það væri bókstaflega ekkert að, hér drypi smjör af hverju strái. Hæstv. sjútvrh. er þó maður til að játa og viðurkenna að vandamálin eru hvarvetna. Þau eru ekki bara í sjávarútvegi og þau eru ekki bara í fiskiðnaði, — þau eru miklu meira í iðnaði, almennum iðnaði, eins og hann sagði sjálfur, en hann kvaðst ekki vita hve mikill sá vandi væri. Ég vil biðja þingheim að taka vandlega eftir því, hve mikið ósamræmi er á milli orða hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. þegar þeir fjalla um ástand efnahagsmála á Íslandi. Það er eftirtektarvert og kannske það eftirtektarverðasta, sem fram hefur komið í þessari umr., að þar er munurinn geysilegur.

Þau Pótemkíntjöld, sem hæstv. forsrh. og ýmsir aðrir ráðh. hafa verið að dunda við að reisa undanfarnar vikur og mánuði, mega sín lítils við þeim staðreyndum sem nú blasa við. Það væri kannske rétt að minna á nokkrar tölur sem hæstv. sjútvrh. nefndi: mínus 0.7% í útgerðinni, undir núllinu, og frystingin mínus 9.1%. Þó að eitthvað sé skárra bæði í söltun og herslunni hefur það ekkert að segja á móti frystingunni. Þá vil ég bera fram þá spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort það hafi verið kannað hvernig ástand er á mörkuðum okkar fyrir saltfisk og skreið. Hvernig er staðan þar? Hvernig er staðan á Spáni? Hvernig er staðan í Nígeríu? Við hverju megum við búast í þeim löndum varðandi sölu á þessum varningi?

Ég vil líka minnast á að það kemur oft fram í ræðum hæstv. ráðh. að rekstrarörðugleikar atvinnuveganna stafi fyrst og fremst af vaxtabyrðinni, af verðtryggingarákvæðunum. En ég vil um leið spyrja þessa hæstv. ráðh. að því, hvar núv. ríkisstj. væri stödd ef verðtrygging inn- og útlána væri ekki í gildi. Ef sú stefna, sem Alþfl. barðist fyrir í sambandi við verðtryggingu fjármuna í íslensku þjóðfélagi, væri ekki í gildi, hvar væri núv. ríkisstj. stödd? Hvar væri það fjármagn sem hún hefur verið að grípa til og vill grípa til og er til í bönkunum? Það væri ekki til. Og hvar væri þessi hæstv. ríkisstj. stödd ef verðlag á Bandaríkjamarkaði hefði ekki verið jafnhátt að undanförnu og raun ber vitni? Þá er ég hræddur um að atvinnureksturinn, miðað við óbreytta stefnu núv. hæstv. ríkisstj., væri stöðvaður að fullu og öllu í mjög mörgum tilvikum.

Erindi mitt hingað í þetta skipti var að rekja það sem gæti verið í hnotskurn ástandið í samfélagi okkar. Það eru sameiginlegir fundir sem þm. Norðurl. e. héldu í sínu kjördæmi á nýliðnu hausti. Þau fundarhöld voru eins og ganga í gegnum dimman kynjaskóg, þar sem hver forstöðumaðurinn á fætur öðrum kom á fund þm. og lýsti fjárhagsvanda síns fyrirtækis. Ég vil nefna nokkur.

Togararekstur á Ólafsfirði og Raufarhöfn: Á Raufarhöfn í kaldakoli, á Ólafsfirði mjög erfiður hjá sumum togurum, sérstaklega þeim nýrri. Atvinnuástand á Kópaskeri: Erfitt. SÍS-verksmiðjurnar á Akureyri: Þá sögu þekkja allir. Sá vandi hefur ekki verið leystur. Þar standa menn frammi fyrir því enn í dag að þurfa að segja upp stórum hópi starfsfólks. Forstöðumaður þessara verksmiðja var í útvarpsþætti í gærmorgun og lýsti á mjög skynsamlegan og ljósan hátt hver væri ástæðan fyrir erfiðleikunum í rekstri SÍS-verksmiðjanna. Hún var einfaldlega sú, að innlendur tilkostnaður hafði hækkað upp úr öllu valdi. Verðið fyrir varninginn var langt fyrir neðan innlendan tilkostnað. Í þriðja lagi: Nær allar saumastofur í kjördæminu lokaðar, hafa lagt endanlega upp laupana ef ekki verður eitthvað gert til að bæta þeirra hag. Í fjórða eða fimmta lagi: Botnlaus halli á rekstri kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn. Engar líkur á úrbótum.

Þetta var sú mynd sem við okkur þm. blasti eftir ferðalag okkar. Og svo eru menn að draga í efa í raun og veru og með ýmsum talnaleikjum að ástandið í atvinnurekstrinum hér á landi sé erfitt. Ég verð að segja það fyrir mig, að tölur t. d. þeirrar virðulegu stofnunar, Þjóðhagsstofnunar, eru farnar að fara dálítið fyrir brjóstið á mér einfaldlega vegna þess að ég kannast ekki við þær niðurstöður, sem sú stofnun fær með sínum talnaleikjum, ef ég ber þær saman við atvinnulífið í heild og við stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu. Tölur um kaupmáttaraukningu o. fl. koma ekki heim og saman við buddu einstaklingsins í þjóðfélaginu og hvað í henni er. Þetta eru talandi ljósar staðreyndir um að hér stefnir í hreint óefni. Verðbólgutölur upp á 40% geta í skýrslum Þjóðhagsstofnunar verið réttar með því að hagræða tölum á einhvern þann hátt sem hagfræðingar telja heppilegt hverju sinni. En talið þið við fólkið sem verður að láta enda ná saman við rekstur heimila sinna. Það er ekki sammála um þessar tölur. Laun þess ganga ekki upp til að reka heimilið. Hvað sem hver segir eru laun stórs hóps í þjóðfélaginu svo lág að þrátt fyrir hreinan og kláran þrældóm hjóna og jafnvel barna ná endar ekki saman.

Ég vil endurtaka þá spurningu, sem ég lagði fyrir hæstv. sjútvrh., hvar núv. ríkisstj. væri stödd í sínum peningamálum ef ekki hefði komið til verðtrygging fjárskuldbindinga í íslensku þjóðfélagi. Hæstv. sjútvrh. sagði nánast orðrétt, annaðhvort úr þessum stól eða í sjónvarpsviðtali fyrir nokkrum mánuðum, að hann hefði glapist til þess að fylgja stefnu Alþfl. í verðtryggingamálum. (**Sjútvrh.:** Hávaxtastefnu Alþfl.) Hávaxtastefnu. Ef hæstv. ráðh. vill koma hér upp á eftir og gera greinarmun á verðtryggingu og hávaxtastefnu vildi ég gjarnan heyra skilgreiningu hans á þessum tveimur atriðum. Hvort sem hann hefur glapist til þess að fylgja þessari stefnu eða ekki er það engu að síður staðreynd, viðurkennd af öllum mönnum sem vit hafa á, að sú aukning sparifjármyndunar í bönkum landsins, sem orðið hefur á undanförnum mánuðum og misserum, er grundvöllur þess að hægt hefur verið að halda þó þeim dampi á þjóðarskútunni sem nú er haldið uppi. Þessu neitar ekki nokkur maður.

Ég tel að það, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði áðan, sé fyllilega tímabært, að nú verði stjórn og stjórn-

arandstaða að taka höndum saman til að leysa þann gífurlega vanda í atvinnumálum þjóðarinnar sem við blasir. Það er ekki andskotalaust að láta reka á reiðanum eins og gert hefur verið og leysa vandamálin frá degi til dags. Það leiðir í hreint óefni.

Ég vil svo endurtaka það, herra forseti, sem ég sagði við upphaf ræðu minnar, og gera það að rauða þræðinum og kjarna þess sem ég er hér að segja, að menn veiti því eftirtekt hve gífurlegur munur var á þeim ræðum, sem hæstv. forsrh. hefur flutt um efnahagsástandið, um atvinnuþróunina og atvinnuástandið almennt í landinu, og ræðu hæstv. sjútvrh. sem hann flutti áðan. Munurinn er svo mikill að það getur ekki verið nokkur leið að þessir tveir menn tali sama tungumál. Hæstv. viðskrh. Tómas Árnason hefur einnig talað í mjög svipuðum dúr og hæstv. sjútvrh. og er þar með kominn fullkomlega á öndverðan meið við hæstv. forsrh. — Þetta vil ég að mönnum verði ljóst eftir þær umr. sem hér hafa farið fram í dag. — [Fundarhlé.]

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hv. þdm. sýna umr. um atvinnumál þjóðarinnar ekki mikinn áhuga, það eru mættir um 8 þm. af 40 í deildinni. Ég hefði haldið að við slíkar aðstæður sem hér eru nú hefðu þm. áhuga á að ræða þessi mál, og þeir, sem ekki hafa áhuga á að ræða þau, gætu þá a. m. k. hlýtt á. Ég hefði líka búist við því, þar sem 10 menn eru í ríkisstj., að það væru hér meira en 10% af ráðherrunum. Sem sagt, það er sjútvrh. einn sem mætir til fundar í þd. Hæstv. forsrh., sem ég hefði talið að ætti töluvert erindi í þessar umr., sést ekki enn þá. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta þessarar virðulegu deildar, að óskað væri eftir að ráðh. í ríkisstj. tækju þátt í þessum umr. og hlýddu hér á mál manna. (**Forseti:** Það er verið að gera tilraun til að finna ráðh. í húsinu.) Svo er líka gaman að reyna að finna einhvern Alþb.-mann, því að hér er enginn, og þetta er nú forustuflokkur í ríkisstj. að hann telur sjálfur. Ég held að ég láti það bíða ef þessir menn eru að taka saman uppi í stjórnarráði og eru að hætta, — það hefði ekki gert mikið til þó að þeir hefðu gert það eitthvað fyrr.

Mér finnst rétt að ég hefji mál mitt um þetta á þann veg, að þjóðin á kröfu til þess, að kjörnir þm. reyni að segja þjóðinni umbúðalaust sannleikann og láti þjóðina vita hvernig þeir líti á ástandið. Ég held að það sé engin ástæða fyrir þá, sem ráða eða telja sig ráða á hverjum tíma, að draga upp alranga mynd af ástandinu, einhvers konar glansmynd, eins og því miður ber mikið á. Það er heldur ekki ástæða til þess fyrir stjórnarandstöðu á hverjum tíma að reyna að mála hlutina dekkri litum en í raun og veru er þörf á. Við eigum að líta á þessi mál frá því sjónarhorni og af þeirri þekkingu sem við höfum og segja þjóðinni frá því umbúðalaust, hvernig málum er háttað.

Mér finnst hörmulegt til þess að vita, að þegar hæstv. forsrh. flutti áramótaræðu sína að kvöldi gamlársdags, þá sagði hann m. a.: „Að undanförnu hefur ríkisstj. reynt að búa þannig um hnútana, að útflutningsatvinnuvegir geti lifað og dafnað við stöðugt gengi. Nú í árslok hefur það gerst í fyrsta sinn um alllangt skeið, að allar greinar fiskvinnslunnar hafa jákvæða afkomu. Frystiiðnaðurinn, sem átt hefur á þessu ári" — sem sagt árinu 1980 — „í alvarlegum erfiðleikum, hefur nú að mati Þjóðhagsstofnunar 3.5% í afgang." Og hann bætti við: „En ákvörðun fiskverðs er fram undan."

M. ö. o.: á gamlárskvöld var afkoma útflutningsatvinnuveganna jákvæð og hafði 3.5% í afgang, en fiskverðsákvörðun lá ekki fyrir. Nú segir hæstv. sjútvrh. að það þurfi að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna upp fyrir núllið fyrir næstu áramót. M. ö. o. viðurkennir hann — sem er satt og rétt hjá honum — að atvinnuvegirnir séu reknir með halla. En við erum nýlega búnir að hlusta á stefnuræðu hæstv. forsrh., sem hann flutti 22. okt., þar sem hann heldur áfram að tala um hvað ástandið sé gott í þjóðfélaginu, í atvinnumálum, í efnahagsmálum og peningamálum almennt. Þar er haldið áfram að viðhalda þeirri glansmynd sem var borin á borð fyrir þjóðina á gamlárskvöld. Hann segir í stefnuræðu sinni: „Gengi íslensku krónunnar hefur ekki verið jafnstöðugt um langt árabil. Á hinn bóginn hefur gengi gjaldmiðla helstu viðskiptaþjóða okkar breyst mjög innbyrðis á þessu ári. Þetta hefur valdið nokkrum erfiðleikum í ýmsum atvinnugreinum, en hefur um leið verið búhnykkur fyrir aðrar atvinnugreinar. Þessi misjafna gengisþróun erlendra gjaldmiðla er algerlega af erlendum toga" — m. ö. o. kemur okkur ekkert við, bókstaflega ekki neitt. Það er allt í lagi. Og hann segir: „Ríkisstj. stefnir áfram að stöðugu gengi íslensku krónunnar." Berið þetta nú saman við ræðu hæstv. sjútvrh. áðan. Hann var þó ólíkt nær raunveruleikanum. Hann talaði ekki um að gengið væri stöðugt og að hægt væri að standa á stöðugu gengi. Hann fór að vísu nokkra hringi, hann er fimleikamaður góður. Í ræðu hans voru góðir punktar og nokkur tilþrif, en svo komu aftur afleitir kaflar á milli, þar sem hann dró úr því sem hann áður hafði sagt, og oftast nær gerði hann það mjög átakanlega ef hann hafði eitthvað skynsamlegt lagt til málanna. Þess vegna var ræða hans í heild engan veginn nógu góð vegna þessara sífelldu leikfimiæfinga sem hann gerir oft töluvert af að stunda.

Hvernig lýsti núv. ríkisstj. ástandinu í atvinnumálum eða í sjávarútvegi 22. okt.? Ég held að það megi leita lengi að öðrum eins snillingi, sem lýsir í tveimur örstuttum setningum afkomu sjávarútvegsins eins og hæstv. forsrh. gerði í stefnuræðunni 22. okt. Hann segir orðrétt: „Verkun saltfisks og skreiðar er rekin með verulegum hagnaði." Svo kemur önnur setning: „Afkoma frystingar er lakari."

Ég held að það hefðu fáir klárað sig af því að draga upp glansmynd af ástandinu í atvinnumálum, í höfuðatvinnuvegi landsmanna í færri orðum en hæstv. forsrh. gerði í þessari stefnuræðu. En hann er ekki einn um þessa stefnuræðu. Þetta er stefnuræða ríkisstj., þessara 10 ráðh. Það eru þeir um leið sem eru að lýsa yfir hvað allt sé gott og fágað — og þar með sjútvrh. En núna er 4. nóv. og þá er komið annað hljóð hjá karli.

Hvað sagði þessi sama ríkisstj. 31. des.? Þá sagði hún að útgerð og fiskvinnslu yrði gert kleift að breyta skammtímalánum og lausaskuldum í lengri lán. Nú segir sjútvrh. að „kommissar" Hermannsson sé ekki búinn að þessu, þeir komi ekkert nálægt þessu, hann eigi að gera þetta.

Í öðru lagi segir þessi sama ríkisstj. á gamlársdag: „Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skal útvegað fjármagn til þess að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar, ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs" — sem var ákveðin um áramót. Hvernig hefur það tekist? Verðjöfnunarsjóðurinn er tómur. (**Gripið fram í:** Hann hefur þá verið það fyrr.) Nei það voru ýmsar deildir hans sem

voru vel fjáðar, en frystideildin var tóm og er búin að vera það í mörg ár, frá tímum fyrri vinstri stjórnarinnar vegna þess að hún kippti grundvellinum undan frystingunni á árunum 1972—1973. Ég gæti kennt formanni Verkamannasambandsins ýmislegt, ef ég tæki hann í tíma, svo að hann yrði miklu betri og meiri maður á eftir.

Hér er sagt: „Vaxtakerfið verði endurskoðað í heild með einföldun fyrir augum og dregið verði úr þörfum fyrir vaxtamismun með hækkun á þjónustugjöldum banka og sparisjóða.“ Svo kemur blessaður hæstv. sjútvrh. hér áðan og segir að þessi þjónustugjöld séu orðin alveg óbærileg og hann vinni nú að því, að þessu verði breytt. Þetta var ákvörðun hans sjálfs og þeirra 9 hinna á gamlársdag, að hækka þjónustugjöld banka og sparisjóða, og þeir hafa dyggilega farið eftir því síðan. En nú segir hann: Við verðum að draga úr þessu öllu, enda er kominn nóvember og við erum að athuga þetta og við erum að athuga hitt.

Forsrh. er mjög oft búinn að tala um það, hvað hann legði mikla áherslu á að þessi ríkisstj. hefði lækkað vextina. (Gripið fram í.) Ríkisstj. lækkaði víxilvextina, en bankarnir hættu að lána víxla. Og hann segir í stefnuræðunni: „Tekist hefur að verðtryggja flestar tegundir inn- og útlána á þessu ári, þrátt fyrir það að vextir hafi tvívegis verið lækkaðir á árinu. Vextir og verðbólga hafa þannig náð saman með hjöðnun verðbólgu, en ekki með vaxtahækkunum. Almenningur getur nú lagt fé sitt fyrir án ótta við rýrnun þess af völdum verðbólgu.“ Vextirnir lækka, segir hann, og almenningur stóreykur innlög sín í banka og sparisjóði. Hvernig getur þetta átt sér stað? Eru vextir og verðtrygging lána ekki nákvæmlega það sama? Ef maður tekur lán segir maður ekki: Ég borga ekki nema 2% vexti, en 50—60% verðtryggingu eða aukaþóknun til bankanna. — Við tökum allan kostnaðinn við lántökuna. Það er alveg sama hvað það er kallað, hvað af þessu er sérstök þóknun til bankanna, verðtrygging eða vextir. Það er þessi heildarkostnaður sem um er að ræða, og þegar við lítum á hann hefur hann hækkað en ekki lækkað. Og hvað eru svo þessir menn alltaf að ráðast á kratana fyrir hávaxtastefnu þeirra? Ég sé ekki annað en þeir séu búnir að hlaupa fram úr krötunum, þeir hafi ekkert við þeim í hávaxtastefnu sinni. Kratarnir eru lafmóðir á eftir þeim og komast aldrei með tærnar þar sem þeir hafa hælana í hávaxtastefnunni. Þetta er alveg óþarfi að vera að reyna — það sér hver meðalhálfviti í gegnum svo einfalda hluti sem þessa.

Við skulum svo líta á hvernig ríkisstj. stendur sig í því að fjármagna atvinnulánasjóðina. Hér var afgreidd snemma á þessu ári lánsfjáráætlun ríkisstj. og m. a. ákveðið fjármagn til atvinnulánasjóðanna. Hvernig stendur það dæmi nú, 4. nóv.? Það vantar enn þá um 8000 millj. gkr. til þess að fjármagna atvinnulánasjóðina. Svona er vel staðið í stöðu sinni. Svo draga þessir menn bara poka fyrir andlitið og segja að allt sé í lagi. Svo leggja þeir nú fram till. að nýrri lánsfjáráætlun og þar er ákveðið að hækka kaupskyldu lífeyrissjóðanna á skuldabréfum opinberra sjóða og fjárfestingarsjóða úr 40 í 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna. Stjórnir lífeyrissjóðanna hafa mótmælt þessu. Fyrri ríkisstj. hafa reynt að leita samkomulags við lífeyrissjóðina í þessum efnum en ekki hækkað skylduna með þessum hætti: Lífeyrissjóðirnir benda á það, að með þessu verði frjáls ráðstöfunarréttur fólksins í lífeyrissjóðunum á fjármagni sjóðanna enn þá skertur og lánin til sjóðsfélaga skerðist sem nemur um 8.3%. Það er ekki lítil skerðing. Einhvern tíma hefði Verkamannasambandið látið frá sér heyra meðan það var lifandi. En það er ekki að búast við að dauðir fuglar fljúgi.

Samband lífeyrissjóða bendir á að yfir 90% af lánveitingum lífeyrissjóðanna renni til kaupa eða viðhalds á húsnæði. Fjármagn til íbúðaframkvæmda eykst því ekkert við þessa ráðstöfun, heldur er eingöngu um tilfærslu að ræða frá frjálsri ráðstöfun sjóðsfélaga á fjármagni sjóðanna til aukinnar miðstýringar. Þetta er hægt þegar öreigastjórn er við völd á Íslandi. Þá er ekki verið að spyrja verkalýðssamtökin eða launþegasamtökin. Nei, þá skal auka þessa skyldu með þessum hætti. Hefði ekki verið sæmra fyrir ríkisstj. að standa sig betur og fjármagna atvinnulánasjóðina á þessu ári með frjálsum samningum við lífeyrissjóðina? Nei, það var ekki gert, með þessum árangri sem ég sagði áðan. Það vantar um 8000 gamlar millj. enn, þótt komið sé fram í næstsíðasta mánuð þessa árs.

Það er sagt að það sé alveg nóg fjármagn í bönkunum, þeir geti lánað. Á sama tíma þarf alltaf að vera að skerða útlán bankanna. Þeir hafa þá sífellt minnna til þess að lána. Á þeim hvílir auðvitað sú skylda að fjármagna atvinnuvegina til þess að atvinnulífið geti snúist með eðlilegum hætti. Við vitum að í bankakerfinu eru bráðabirgðainnstæður lífeyrissjóða sem þráast við að lána atvinnulánasjóðunum. Ekki veit ég hvað það eru háar upphæðir, en sjóðsstjórnirnar vilja hafa það fjármagn þann veg að þær geti sótt það með engum fyrirvara ef á þarf að halda. Þetta vita þessir menn, og það hefði átt að vinna að því að „konvertera“ lánum, vinna að því að skapa atvinnuvegunum rekstrargrundvöll. Og að öllu þessu er unnið, þó að sagt hafi verið að þetta hafi allt legið fyrir á gamlársdag, en sjútvrh. viðurkennir nú í sinni ræðu í dag hvernig þetta ástand er.

Ég spyr: Er það réttlæti við fiskverðsákvörðun að láta sjómenn og útvegsmenn eina fá minni hækkun en allir aðrir hafa fengið í þjóðfélaginu? Mér er það alveg ljóst — ég vil ekki vera ósanngjarn við hæstv. ríkisstj. — að þegar þarf að gera ráðstafanir verða þær einhvers staðar að koma við. En þá verða þær að koma nokkurn veginn jafnt við alla og þá sérstaklega þá sem mest mega sín. Ég tel aftur á móti ranglátt að sjómenn og útvegsmenn eigi að fá minni hækkun á sínum tekjum en allir aðrir. Fyrst fáum við allir 9% hækkun frá 1. sept., en síðan er í lok október ákveðin 5% hækkun á fiskverði. Þarna er verið að ganga á rétt þessarar einu stéttar. Sagt er að öreigaflokkurinn í ríkisstj. hafi ekki viljað hækka neitt við hana. (**Gripið fram í:** Hver er öreigaflokkurinn?) Alþb., þegar það er í stjórnarandstöðu.

En hvernig á svo að vinna að þessum málum fyrir atvinnuvegina? Jú, það á að taka einn og einn út úr, eins og hefur verið gert, og einhverjir ákveðnir sjóðir eiga að lána. Það er verið að taka út aðila eins og Hraðfrystihús Keflavíkur. Það er verið að nefna hér nokkur önnur fyrirtæki. Ég spyr hæstv. sjútvrh.: Hvaða inntökuskilyrði eru sett fyrir því, að fyrirtækin séu tekin í svokallaðan bráðabanaklúbb atvinnuveganna? Það hljóta að vera einhverjar reglur um inntökuskilyrði á meðan eiginfjármagn allra annarra brennur á báli verðbólgunnar.

Ég er algerlega á móti því að taka þetta með þessum hætti. Það verður að gera hér sameiginlegar heildarráðstafanir. Það er ekki hægt í öðru orðinu að draga úr framlögum til Byggðasjóðs og segja svo: Þessi sjóður á

að lána öllum allt. Sjútvrh. sagði: Við Ragnar Arnalds erum búnir að fá 10 millj. að láni í Seðlabankanum fyrir ykkur þarna í Byggðasjóði og „kommissar" Sverrir Hermannsson hefur ekki enn þá lokið við að ausa þessu út. Og sjútvrh. sagði: Mér er ljóst að hér verður að koma mun hærri upphæð. En ég spyr: Hver á að borga þetta aftur þegar meginhlutinn af þessu fjármagni fer til fyrirtækja sem aldrei koma til með að borga það aftur? Þá verður sagt eftir eitt eða tvö ár: Það voru meiri fíflin, þessir menn í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þeir taka lán með óskaplega óhagstæðum kjörum, verðtryggð lán, lána þetta hinum og þessum sem ekkert geta borgað. Þeir eru búnir að setja Byggðasjóð á hausinn og gersamlega að eyða því fjármagni sem þar var til. Þetta verður það sem þeir menn fá. Þessi sjóður er engan veginn þess umkominn að taka stór lán og lána með þessum hætti.

En það skal ég segja hæstv. sjútvrh. út af því sem hann sagði um nýjustu togarana, að það væri eðlilegt að Fiskveiðasjóður afskrifaði hluta af lánunum, að ekki mun standa á mér í stjórn Framkvæmdastofnunar — og þar með í stjórn Byggðasjóðs — að afskrifa að okkar leyti hluta í þessum skipum, enda hefur það verið margrætt. Ég held að mér sé óhætt að fullyrða að allir stjórnarmenn eru á þessu, hann þarf engar áhyggjur að hafa af því, það verður vafalaust gert. Hinu þætti mér gott að skýrt væri frá, á hvern hátt Fiskveiðasjóður ætlar að afskrifa hluta þessara lána, hvað mikið af hverju láni og hvað heildarupphæðin, sem sjóðsstjórnin hefur ákveðið að afskrifa, er hár hundraðshluti af þeim lánum, sem hvíla á þessum skipum, upphæðin sem þessi afskrift kemur til með að ná til.

Það var komið inn á það hér áðan, að halli atvinnuveganna hafi verið mikill á árinu 1974. En hvað gerðist þá? Þá varð verðfall á flestum erlendum mörkuðum. Þessi hallarekstur stóð allt árið 1975 og fyrstu mánuði ársins 1976. Það var ekki við að búast öðru en atvinnureksturinn væri á þessu tímabili í miklum vanda. Nú er því ekki til að dreifa, eins og við vitum. Það hefur ekki orðið neitt verðfall á neinum afurðum, eins og af er látið. Þjóðir, sem kaupa af okkur, Evrópuþjóðirnar, sem kaupa af okkur í dollurum, miða auðvitað við sína eigin mynt. Breytingin hefur ekki orðið ýkjamikil að öðru leyti en því, að það hafa ekki orðið hækkanir til jafns við verðbólguna í okkar landi. Það er það sem skapar erfiðleikana.

Ég sá í Þjóðviljanum, eftir að ég ræddi hér um daginn um sjávarútvegsmál í hv. þd., að blaðamaðurinn segir að ég hafi heimtað gengislækkun. Það er alger misskilningur. Það gerði ég aldrei og geri ekki enn þá.

Ríkisstj. segir að hún hafi gert ráðstafanir, sem hafi styrkt stöðu atvinnuveganna þannig að ekki þurfi að beita gengissigi, eins og þeir sögðu um áramót. Sjútvrh. viðurkennir réttilega að staða sjávarútvegs — og ég tala nú ekki um útflutningsiðnaðar — er með þeim hætti, að tilkostnaður við framleiðsluna er miklu meiri en þessar atvinnugreinar þola. Hvers vegna er staða þeirra með þeim hætti? Á meðan ekki eru gerðar aðrar ráðstafanir er auðvitað fyrirsjáanlegt að gengislækkun er orðin. Hún er búin að vera borðleggjandi nú um þó nokkurn tíma. Gengislækkun er engin björgun, hefur aldrei verið og verður ekki. En þegar hún hefur átt sér stað verður hún óumflýjanleg til þess að hjól atvinnuveganna geti snúist, hvort sem við viljum gengislækkun eða ekki. Menn þurfa bara að hafa þrek og heiðarleika til að viðurkenna það sem hefur misfarist, að atvinnuvegirnir geta ekki gengið lengur með þessum hætti. Og þá er ekki um neitt annað að ræða, fyrst önnur úrræði eru ekki til, en að játa staðreyndir.

Það er alger misskilningur að ætla sér að fela sig á bak við Seðlabankann í þessum efnum. Seðlabankinn ber aldrei tillögur sínar á torg fyrir fjölmiðla eða aðra þjóðfélagsþegna um það, að hann telji gengislækkun óumflýjanlega. Seðlabankinn ræðir við ríkisstj. um hvernig ástand og horfur eru í gjaldeyrismálum og hjá atvinnuvegunum. Hann heldur sínum skoðunum alveg innan sinnar stofnunar, en skýrir ríkisstj. frá þeim á hverjum tíma. Seðlabankinn gerir ekki till. um breytt gengi nema ríkisstj. á hverjum tíma hafi samþykkt að breyta gengi krónunnar. Þetta vitum við og þýðir ekki að segja — hvorki einum né öðrum — annað. Þetta er satt og rétt. Við vitum að í ríkisstj. eru annars vegar menn sem neita að játa staðreyndir, menn sem vilja mjög gjarnan að atvinnulífið og sérstaklega einkareksturinn gangi sér til húðar og eigur þeirra, sem hafa staðið undir einkarekstrinum árum og áratugum saman, brenni upp á þeim rekstrargrundvelli sem nú er. Það þykir þessum piltum mörgum hverjum gott. Menn vita við hverja ég á þegar ég segi þetta. Ég á við kommúnista.

Hins vegar eru svo menn í ríksstj. sem gera sér ljóst hvernig málum er komið. Ég mundi ekki deginum lengur sitja í stól sjútvrh. í ríkisstj. sem mánuðum saman neitar að játa staðreyndir, sem stingur hausnum í sandinn eins og strúturinn og sér ekki hvað er að gerast í kringum sig. Með slíkum mönnum er ekki hægt að vinna. Það skilja allir. Og ég held að það sé ekki svo gaman að vera ráðh. að menn geti vikum og mánuðum saman haldið þessum leik áfram. Svo koma þessir menn, eins og hæstv. félmrh. bæði um daginn og oftar, og segja: Það er nóg atvinna í þessu landi, það er mikið hér af erlendu vinnuafli. — Hann talar aftur minna um hve mikið er af vinnuafli Íslendinga erlendis. Látum það nú vera. Þetta er rétt að vissu marki, en bara að vissu marki.

Sú breyting, sem orðin er á vinnutilhögun víða, hefur dregið úr atvinnutekjum fólks. Ég veit um heil byggðarlög þar sem tekjur einstaklinganna, tekjur verkamanna og sjómanna, hafa ekki hækkað að krónutölu á milli áranna 1980 og 1981 vegna þess að það hefur dregið svo mikið úr bæði nætur- og eftirvinnu. Og það er annað sem hefur skeð og hefur líka gífurleg áhrif, að með breyttri verkun, með því að minnka framleiðsluna í frystingu, fara meira í skreiðarverkun og lítillega í saltfisksverkun, hefur dregið úr bónustekjum þessa fólks. Þetta hefur dregið verulega úr þessari atvinnu, ekki eingöngu í þessu eina kauptúni sem ég er með í huga, heldur mjög víða annars staðar. En þetta er misjafnt eftir því hvar er á landinu, eins og allir vita.

Á Austfjörðum er mikil spenna víðast hvar núna í atvinnumálum. Á Vestfjörðum og Norðurlandi hefur þetta farið versnandi. Reykjavíkursvæðið er engan veginn nógu gott. Suðvesturlandið hefur aftur verið lánsamt á þessu ári.

Ef við lítum yfir afkomu útgerðar, þá er alveg rétt að bátaútgerðin hefur haft nokkuð góða afkomu á þessu ári, þ. e. allur eldri flotinn sem er ekki með miklar skuldir. En hvenær ætti útgerð að hafa góða afkomu ef það er ekki þegar afli er mikill, eins og hann hefur víðast hvar verið á þessu ári? Svo komum við aftur að dýrari skipunum, þessum fáu dýru bátum. Þar er afkoman auðvitað

allt önnur og sömuleiðis hjá togurunum. Þar hefur afkoman hríðversnað. Nýju togararnir eru reknir með svo gífurlegum halla að það fær enginn við það ráðið. Mér er alveg ljóst, að ekki þessi ríkisstj. og engin önnur ríkisstj. getur skapað atvinnuvegunum þann grundvöll að dýrustu skipin fái rekstrargrundvöll svo að þau geti borið sig. Því er um að gera að byggja rekstrargrundvöllinn á meðaltalinu, fá hann upp fyrir núllið, eins og sjútvrh. sagði að væri nú stefnt að fyrir áramótin. En forsrh. var aftur með 3.5% í hagnað á gamlársdag og búið að treysta grundvöllinn undir atvinnulífinu. — Þetta er nauðsynlegt að gera. En jafnhliða þessu þýðir ekki að fara fram á það við opinbera sjóði, að þeir láni til skipabygginga. Það er enginn grundvöllur til að fá þau lán aftur borguð. Þess vegna verður að greiða beint ef halda á uppi þessum mikilvæga iðnaði. Þá verður að greiða strax til lækkunar beint frá samfélaginu vegna þessara skipabygginga. Annað er algerlega útilokað eins og hver maður veit og skilur.

Hæstv. sjútvrh. nefndi hér áðan skýrsluna um 19 togara úrtakið, sem send var til okkar stjórnarmanna í Framkvæmdastofnun. Ég er honum alveg sammála um að það á ekki að senda þessa skýrslu þannig að hún verði opinbert plagg. Það getur verið hættulegt fyrir þessi atvinnufyrirtæki að lenda þannig á milli tannanna á öllum. Þeir, sem hafa áhuga á að túlka það með mismunandi hætti, gætu skaðað enn meira þessi fyrirtæki. En hitt held ég að hæstv. ráðh. ætti að athuga, hvort ekki væri rétt að senda þm. þetta sem trúnaðarmál. Það er þingmanna að fara með það þannig að þm. geri sér grein fyrir því, hvað hér er um gífurlegar upphæðir að ræða.

Ég held að ég brjóti engan trúnað þó að ég segi að togari, sem er nú í smíðum og afhentur verður í lok fyrsta ársfjórðungs næsta árs eða jafnvel fyrr, þurfi til þess að geta staðið við sínar skuldbindingar, greiðslu vaxta og afborgana, að fiska um 16500 tonn. Og hverjum dettur það í hug? Við vitum að það er glórulaust. Nú segja margir: Er ekki hægt nú eins og áður að treysta á það, að blessuð verðbólgan komi til hjálpar? — Það hafa á öllum tímum verið smíðuð eða keypt til landsins dýr skip og þau hafa náð sér á strik eftir nokkur ár, þegar verðbólgan hefur komið til hjálpar. En á þessu hefur auðvitað orðið geigvænleg breyting á síðari árum. Eftir að verðtrygging var tekin upp minnka ekki skuldirnar, heldur vaxa þær með verðbólgunni. Samhliða þessu hafa þessi nýju skip allt aðra stöðu en áður var. Þá fengust á þessi skip miklir aflamenn sem fiskuðu jafnvel betur en flestir aðrir. En nú er beitt og hefur verið beitt á undanförnum árum, eins og við vitum, og verður vafalaust beitt um mörg ókomin ár aflatakmörkunum í stórum stíl. Það er þess vegna útilokað, að þessi skip geti nokkurn tíma verið rekin án halla nema þau verði greidd niður. Þetta er sú geigvænlega breyting sem orðið hefur á síðari árum. Við skulum ekki vera að gera okkur mikla rellu út af því, við vitum að það er ekki hægt annað en verðtryggja á einhvern hátt og á verulegan hátt skuldir manna. Það verður til þess að auka sífellt á beiðni manna um lán úr opinberum sjóðum ef þeir fá lán og sjá að verðbólgan getur borgað lánin fyrir þá og þeir orðið ríkari sem fá slík lán úr opinberum sjóðum á kostnað hinna.

Ég er mjög á móti því, að Byggðasjóður verði gerður að allsherjar kreppulánasjóði, og tel það langt fyrir utan hans hlutverk, því að í 28. gr. laga um Byggðasjóð segir: „Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði.“ Þessum sjóði hefur aldrei verið ætlað annað hlutverk en að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda í tilteknum byggðarlögum sem verst eru sett á hverjum tíma. Þegar ástandið er orðið þannig í stærsta atvinnuvegi þjóðarinnar, að hann er almennt kominn sem komið er, þá getur þessi litli sjóður engan veginn staðið við þessar skuldbindingar.

Ég er lítið hrifinn af þeirri ákvörðun ríkisstj. að formaður þeirrar nefndar, sem á að vinna að þessum málum, eigi að koma frá Framkvæmdastofnun. Ég held að formaður nefndarinnar hefði átt að vera frá sjútvrn. eða forsrn. til þess að hafa meiri stjórn á öðrum fulltrúum sem skipaðir verða í þessa nefnd. Ég er mjög hræddur um að bankarnir noti sér það og segi: Ríkisvaldið hefur falið ykkur að hafa þetta með höndum. Það er ykkar að taka á ykkur að leysa þessi mál. Við getum ekkert gert sjálfir. Þetta verður ekki gert nema til komi stórfelld aðstoð Seðlabankans og nauðsynleg samvinna viðskiptabankanna í landinu og þátttaka þeirra til björgunar atvinnuvegunum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri, en segja við hæstv. sjútvrh. að ég met það þó við hann, að hann skuli sitja hér og hlusta á þessar umr. og taka þátt í þeim. Ég bið hann að skila hjartans kveðju til hinna 9 ráðherranna eða 8, því að einn er hér í dyrunum núna, og harma það að þeir gefi sér ekki tíma til að taka þátt í jafnalvarlegum umr. og þessum. Ég tel að ástandið í þessum efnum sé orðið svo alvarlegt, eins og hæstv. sjútvrh. hefur viðurkennt, að það sé sannarlega þörf fyrir fleiri aðila en ríkisstj. og stjórnarliðið, það er ekkert síður þörf fyrir okkur hina, sem erum í stjórnarandstöðu, að vinna hér að af heilum hug við að koma þessum málum í betra horf. Til þess erum við kjörnir af þjóðinni að vinna saman að því að treysta undirstöðuatvinnuveg landsmanna, sjávarútveginn, og útflutningsiðnaðinn. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að það er ekki hægt að setja fram einhverja glansmynd, að allt sé í lagi, þegar það er ekki fyrir hendi. Við verðum að vera raunsæir og líta á málin í réttu ljósi, sjá hvað er að. Það er fyrsta skilyrðið, til þess að hægt sé að laga það sem aflaga fer, að viðurkenna það sem hefur miður farið. En það skortir mikið á hjá sumum mönnum í hæstv. ríkisstj.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég kannast ekki við að talsmenn Framsfl. hafi leynt þingið eða þjóðina hvernig staðan er hjá hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum. Ég held þvert á móti að við höfum rætt það hvar sem er. Meira að segja hefur verið að því fundið, að við værum að kvarta jafnvel að ástæðulitlu í sambandi við stöðu sumra fyrirtækja.

Ég ætla ekki að tala hér langt mál, en ég sé mig samt knúinn til þess að taka þátt í þeim umr. sem hér hafa farið fram. Það er rétt hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að við, sem erum hér, hvort sem við styðjum stjórnina eða ekki, eigum í sameiningu að reyna að leysa þau vandamál sem að þjóðinni steðja hverju sinni. En við eigum ekki heldur, hvort sem það eru stjórnarliðar eða stjórnarandstaðan, að reyna að villa um fyrir þjóðinni um það, hvaða ástæður liggja fyrir því, að þessi mál eru svona í dag og hvernig þessi þróun hefur verið.

Það getur ekki verið að það sé hulið fyrir mönnum að sú sigling er ekki vandalaus sem stjórnin er að reyna að sigla, þ. e. að ná verðbólgunni niður. Það hlaut að hrikta einhvers staðar í ef árangur átti að nást. Því miður held ég, eða a. m. k. hef ég þá tilfinningu, að sumir vilji ekki líta á þetta, taki ekki mið af því ástandi sem er og því sem er verið að reyna að gera. Þegar við ákváðum að verðtryggja bæði innlán og útlán, þá gerðu a. m. k. sumir sér ljóst að atvinnureksturinn mundi ekki geta gengið ef við næðum ekki verðbólgunni niður fyrir einhver ákveðin mörk. Okkur hefur því miður ekki tekist enn að ná verðbólgunni niður fyrir þau mörk sem ég a. m. k. tel að atvinnureksturinn geti búið við. Ég held að þar sé orsakanna að leita að verulegu leyti, til þess hvernig ástandið er. En því miður, ég hef ekki heyrt mikil úrræði hjá stjórnarandstöðunni til að ná verðbólgunni niður.

En það eru ýmsar ástæður fyrir því, hvernig fyrirtækin standa. Eins og hæstv. sjútvrh. sagði í sinni ræðu í dag var ákveðið að reyna að breyta ýmsum skuldum fyrirtækjanna, fyrst og fremst við sjóðina, og það hefur verið gert. Svo eru önnur fyrirtæki sem skulduðu þar ekki en skulduðu annars staðar. Það hefur því miður ekki enn þá fengist fé til þess að breyta því. Ég hef ekki séð nokkurn mun á því, hvort Fiskveiðasjóður eða Byggðasjóður taki erlend lán til að breyta skuldum þessara fyrirtækja eða hvort fyrirtækin fengju leyfi til þess að taka sjálf lán til að koma sínum málum í sæmilegt horf. Ég hef orðið fyrir vonbrigðum með hvernig hefur verið tekið á einu slíku máli, og ég vil að það komi hér fram. Ég hef meira að segja orðið fyrir miklum vonbrigðum með hvernig hefur verið tekið á því máli. Þar á ég við Raufarhöfn. Og ég hef líka orðið fyrir vonbrigðum með hvernig hefur verið tekið á málum ullariðnaðarins. Menn eru að tala hér um verksmiðjur í iðnaði í heilu lagi, t. d. á Akureyri. Það er þannig með skinnaiðnaðinn, að hann er réttu megin við strikið þegar þeir eru búnir að fá greiðslu úr gengismunarsjóði. En í ullariðnaðinum er tapreksturinn 12.2% af veltu og fjármagnskostnaðurinn 17.4% af veltu. Halda menn að það komi ekkert við þessi fyrirtæki þegar fjármagnskostnaðurinn er orðinn svona?

Mér skildist að hv. þm. Árni Gunnarsson væri að tala um mikla peninga í bönkunum. Hvar eru þeir? Ég veit ekki betur en allir bankar nema kannske einn hafi verið skuldugir við Seðlabankann um síðustu mánaðamót. Þannig var staðan. Það var minnsti bankinn, að ég hygg, sem var þar réttu megin við strikið. Það eru ekki neinir fjármunir, það skulu menn vita. Ég er ekki viss um það heldur, að Alþfl. verði mikið þakkað það af unga fólkinu í landinu, ef hann ætlar að þakka sér hávaxtastefnuna, vegna þess hvert misréttið er orðið í þjóðfélaginu í sambandi við þá sem hafa verið að byggja nú á undanförnum árum og áður. Það er mesta misrétti, sem hefur komið upp í þessu þjóðfélagi og á því verður að taka.

Ég hefði viljað leggja fyrir hæstv. forsrh. tvær eða þrjár spurningar ef hann hefði verið hér. (**HBl:** Hann er oftast fjarri þegar menn vilja spyrja.) Ég hefði t. d. viljað spyrja um það, hverjir væru nú að fjalla um málefni Raufarhafnar. Ég gerði mér vonir um að það mál yrði leyst á þann veg, að atvinnulífið gæti gengið þar snurðulítið. Framkvæmdastofnunin og Landsbankinn fóru ofan í mál þeirra Raufarhafnarmanna og komust að þeirri niðurstöðu, að þeirra fjárhagsstaða, þeirra eignarstaða væri þannig að þeir gætu vel tekið erlent lán til þess að borga fólkinu og öðrum sem þeir skulduðu. En þetta fékkst ekki, því miður. Við gerðum okkur vonir um að það yrði þá gert þannig, að togarinn færi að fiska og hægt yrði að bjarga þar rekstrinum og þar héldist full atvinna. Því var bjargað þannig að togarinn komst út. En hann getur ekki komið aftur í höfn vegna þess að hann getur ekki borgað olíu, og verður að sigla. Svona vinnubrögð ganga ekki. Mér er sárt um þessa ríkisstj., en ég segi það hér og nú: svona vinnubrögð ganga ekki.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta miklu meira, en ég hefði viljað vita í hvaða höndum þetta málefni væri nú. Er það í höndum einhverrar ráðherranefndar, einhvers ráðh. — eða hvar er það? Nú er skipið búið að sigla og selja einu sinni. (**GJG:** Er þm. kjördæmisins að spyrja að því?) Ég er að spyrja að því vegna þess að þeir fóru beint til ríkisstj. með sín mál og ég vissi ekki annað en að sett væri í það ráðherranefnd. (**Gripið fram í:** Það þýðir nú ekki.) Ég vildi vita hvernig að því hefur verði unnið. Ég hef ekki fengið svör við því. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ekki samtal.) Ég hef ekki stól uppi í rn. Það getur vel verið að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hafi það, en ég hef það ekki. (**HBl:** Ertu ekki með hlaupastól uppi í ráðuneyti?) Ég hefði kannske sendimann ef hv. þm. Halldór Blöndal vildi hlaupa fyrir mig. — Nei, það þarf að taka á þessum málum. Það er ekki nóg að segja: Það er þessum að kenna eða hinum. Það verður að taka á þessum málum. Við verðum að sjá til þess. Þar sem þannig hagar til að atvinnulífið byggist alveg á sjávarafla, eins og er á Raufarhöfn og víðar, má sá grunnur ekki bresta. Og eins og ég sagði áðan, eignarstaða þessa fyrirtækis er metin þannig að það geti fengið þetta og þá sé ég engan mun á því, hvort Framkvæmdastofnunin, Landsbankinn eða aðrir taka erlend lán eða hvort það er Framkvæmdastofnunin, sem breytir skuldum — eða Fiskveiðasjóður — og tekur til þess erlent lán.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, hv. 2. þm. Norðurl. e., nema hvað mér er ósárt um ríkisstj. og hef satt að segja ekki orðið fyrir vonbrigðum með það, hvernig til hefur tekist, því að illa var staðið að henni í upphafi. Þess var raunar síst að vænta, að hún mundi standa við orð sín með verkum sínum. Ég sagði það raunar fyrir fram, þegar forustumenn Raufarhafnarhrepps báðu þm. sína að ganga á fund ríkisstj., að þau svör, sem við mundum þar fá, mundu öll verða bljúg og ísmeygileg, en hins vegar yrði þess ekki að vænta, að fyrirtækinu yrði komið á rekstrargrundvöll, einfaldlega vegna þess að til þess stæði enginn vilji hjá þessari hæstv. ríkisstj. að koma fótunum aftur undir atvinnuvegina.

Það er m. ö. o. verið að reyna að reka íslenskt þjóðfélag án þess að grundvöllur sé fyrir útflutningsframleiðslu. Það vitum við öll að er ekki hægt. Það er ekki hægt að reka íslenskt þjóðfélag þannig, að sjávarútvegurinn sé rekinn með bullandi tapi, það vita allir. Og þessi Klondæk-gróði, sem á sínum tíma fékkst út á saltfiskinn af því að þeir samningar voru gerðir í dollurum, er búinn að vera. Saltfisksverkunin er í dag í raun og veru rekin með tapi. Þetta vita allir menn. Og það er sorti fram undan líka vegna þess, að hæstv. ráðh., jafnvel sá reikningsglöggi sjútvrh., virðast ekki skilja þá einföldu staðreynd, að eftir að hávaxtastefnan var tekin upp, eftir að verðtryggðu lánin komu til sögunnar og eftir að rekstrarlánin eru í erlendri mynt er ekki lengur um það að ræða að framleiðsluatvinnuvegirnir geti mætt halla-

rekstri með lántökum. Sú tíð er einfaldlega liðin.

Þegar þess vegna hæstv. sjútvrh. er að horfa í einhverjar töflur, einhverja pappíra úr einhverri af pappírsverksmiðjum ríkisstj. og sér þar svart á hvítu að þessi eða hinn atvinnuvegurinn hafi verið rekinn með tapi svo og svo mörg ár einhvern tíma í fyrndinni, þá er hann einungis að blekkja sjálfan sig. Meðan lánin voru óverðtryggð var um það að ræða að hægt væri að bjarga atvinnuvegunum með lántökum og gengisfellingum, en sú tíð er einfaldlega liðin. Þetta vita allir menn. Og það var mikil lífsreynsla raunar þegar við þm. vorum að tala við ýmsa menn í okkar kjördæmi fyrir norðan og einn af atvinnurekendunum þar tók stuðningsmenn ríkisstj. í kennslustund í þeim fræðum, hvernig verðtryggðu lánin verka, hvernig stefnan í gjaldeyrismálunum hefur verkað og hvað sé raunverulega að gerast í atvinnulífinu. Þó að kæmi til okkar maður eftir mann, sem allir hefðu þá sögu að segja að fyrirtæki þeirra væri rekið með halla, að búið væri að loka fyrirtæki þeirra, að ekki hefði verið einu sinni í það ráðist að opna fyrirtækin, að engin pöntun hefði borist, þá örlaði ekki á skilningi á því, í hverju vandi íslensks þjóðfélags væri fólginn. Og sá maður, sem talaði hér á undan, viðhafði enn þau orð, að erfiðleikar Jökuls á Raufarhöfn væru þeir, að fyrirtækið skuldaði á vitlausum stöðum. Hið sama hefur fjmrh. sagt. Hvenær á það að vera óheillamerki fyrir eitthvert fyrirtæki, að það hafi bolmagn til þess að standa í skilum með sín fjárfestingarlán? Hvernig eignaðist fyrirtækið Jökull sínar eignir ef aldrei hefði orðið afgangur í raun? Það ætti að fara ofan í það dæmi. Og þá sjá menn að í dag eru engin skilyrði fyrir því, að slík eignamyndun geti orðið á ný.

Þegar þess vegna verið er að fara fram á það við ríkisstj., að hún veiti heimild fyrir því að erlent lán verði tekið til þess að koma frystihúsinu aftur á stað, þá er verið að fara fram á það við ríkisstj. að éta upp það eigið fé sem þó er til í þessu fyrirtæki. Að óbreyttri stefnu í málefnum sjávarútvegsins er engin von til þess, að þetta fyrirtæki geti staðið í skilum. Það verður þess vegna áfram gengið á eignirnar. Það mun síðan enda með því að þetta fyrirtæki verði gert upp, selt á nauðungaruppboði. Sjóðirnir tapa sínu, skattarnir verða auknir til þess að greiða fyrir erlendar skuldbindingar, sem eru baktryggðar með ríkisábyrgðum, og svona heldur þetta áfram. Svo er verið að reyna að telja fólkinu trú um að ef ríkið ábyrgist eitthvað, ef Byggðasjóður ábyrgist eitthvað, þá þurfi enginn að greiða það, það muni ekki bitna á neinum þegar til lengdar lætur.

En hver ber að lokum ábyrgðina á þessum hallarekstri? Hver ber að lokum ábyrgðina á því, ef nú er fleygt inn í Byggðasjóð umsókn eftir umsókn frá fyrirtækjum hringinn í kringum landið sem öll fara fram á að fá erlend lán til að standa undir hallarekstri, af því að ríkisstj. er hrædd við að fella gengið eða gera nauðsynlegar ráðstafanir af því að landsfundur Sjálfstfl. er fram undan? Hver ber ábyrgðina á þessu? Hver ætlar að borga þennan halla? Ætla ráðherrarnir að gera það? Hafa þeir burði til þess, nógu breitt bak? Auðvitað eru þetta víxlar til framtíðarinnar. Og það er alveg óvíst að hæstv. fjmrh. finni ný lán sem gjaldfalla ekki fyrr en kannske 2100. Það kemur á það fólk, sem nú er á lífi flestallt, að endurgreiða þetta. Það kemur á verkamanninn, verkakonuna, öll sú umframeyðsla sem nú á sér stað og við höfum ekki fengið um orð af viti út úr þessum umr. Hann talaði um það að vísu, hæstv. sjútvrh., að of lítið eigið fé væri í ýmsum fyrirtækjum. Af hverju er of lítið eigið fé í fyrirtækjum? Vegna þess að rekstrargrundvöllurinn er ekki fyrir hendi og vegna þess að ef eitthvað verður afgangs er það tekið upp í skatta.

Ég hef hlustað á það bæði hjá þm. Norðurl. e. á Raufarhöfn og í báðum stjórnarflokkunum, bæði hjá Alþb. og Framsfl, — það er enginn úr Sjálfstfl. stuðningsmaður þessarar ríkisstj. til allrar hamingju hér á þingi, — ég hef heyrt það hjá þeim báðum, að eigið fé Jökuls hf. á Raufarhöfn sé of lítið. En þeir eru ekki til viðtals um að breyta skattalögunum til þess að hið nauma fjármagn fyrirtækjanna geti aukist, það má ekki. Það má ekki safna á góðu árunum. En hvernig ætlar hann þá að fara að, hæstv. sjútvrh.? Það kom líka fram áðan. Hann ætlar að búa til sérstakan lánaflokk hjá Byggðasjóði sem á að stofna með skattlagningu á fólkið í landinu, og síðan á stjórn Byggðasjóðs að úthluta þessum fínu lánum handa þeim fyrirtækjum sem eru þóknanleg einhverjum mönnum sem útdeila fénu í glerhúsi inn við Rauðarárstíg. Þeir eiga að úthluta fénu. Það er kjarni málsins, þessi sérstaki lánaflokkur ráðh. En það má ekki slaka á tekjuskattsheimtunni, það má ekki skapa rekstrargrundvöll fyrir fyrirtækin.

Það er satt að segja til lítils að tala um þetta hér. Ég held hins vegar að síðar á þinginu sé rétt að láta reyna á það, hvort vilji standi til þess hjá stuðningsmönnum ríkisstj. að fyrirtæki hafi tök á því með eðlilegum hætti, þar sem öll sitja við sama borð, að auka eigið fé. Til þess eru tvær leiðir: Annars vegar að skapa fyrirtækjunum rekstrargrundvöll. Og mér skilst að á gamlársdag standi vonir til þess, eins og í fyrra, að forsrh. geti aftur sagt að í dag séu öll fyrirtæki sjávarútvegsins rekin með svo og svo miklum gróða. Það var á gamlársdag, kannske á nýársdag líka, en hvorki á undan né eftir, ekki allan desembermánuð og ekki allan janúar, en þennan eina dag. Eða þá að menn, sem vilja leggja fram fé til atvinnurekstrarins, eigið sparifé, fái sérstaka skattaívilnun, ef verkafólkið á Raufarhöfn vill styrkja sitt fyrirtæki með sinni vinnu, þá geti það lagt fram vinnu sína, eignast hlutafé skattfrjálst, þurfti ekki að greiða af því tekjuskatt. Það væri leið þar og miklu víðar um landið, þar sem fyrirtækin berjast í bökkum: á Sauðárkróki, Patreksfirði, Keflavík og víðar. En hitt er óþolandi stefna, að mismuna fyrirtækjum og þegnum — eins og nú er gert raunar — meira en orðið er.

Ég vil svo segja það að lokum, að ég fagna því að hæstv. sjútvrh. skuli hafa beitt sér fyrir að leiðrétta lánskjör á nokkrum skipum í Fiskveiðasjóði. Ég vil þakka honum sérstkalega fyrir það og vona að fljótt verði brugðið við beiðni hans þar um og að þessi leiðrétting verði látin ná til baka og gamalt misrétti leiðrétt. Það væri afskaplega mikils virði og gæti kannske rétt af þau fyrirtæki sem þar er um að ræða.

Svo bara þetta: Eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. sagði áðan er ullariðnaðurinn rekinn með svo miklu tapi að við sjáum allir að það getur ekki gengið áfram. Þessi grundvallaratvinnurekstur stendur svo höllum fæti, að því er jafnvel stefnt í tvísýnu að Samband ísl. samvinnufélaga geti hjálparlaust staðið undir honum öllu lengur. Ég man þó ekki betur en það hafi verið sérstakur boðskapur hæstv. landbrh. á fyrsta Búnaðarþingi sem hann sat, að sá iðnaður, sem byggðist á landbúnaðarafurðum, skyldi njóta sérstaks forgangs hjá ríkisstj. Síðan hann sagði þessi orð hefur mokkaiðnaðurinn nær lagst niður í

landinu. Slíkar skinnasaumastofur standa lokaðar víðs vegar um landið. Og ullariðnaðurinn er að fara sömu leiðina. Þetta er náttúrlega hörmulegt og í rauninni tilefni til þess að taka þau mál til jafnrækilegrar umræðu og sjávarútvegurinn hefur verið tekinn núna. Búast má við að svona fari ef ekki verður skjótlega brugðið við og önnur stefna tekin upp í þeim málum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þessar umr. hafa að vísu orðið gagnlegar. Hæstv. sjútvrh. fór yfir mikið svið í svari sínu eða umræðu um málið. Hann tók svo til orða að í fyrirtækjunum væru hjöðnunarverkir, í atvinnuvegunum væru hjöðnunarverkir. Undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar, okkar eini sanni stóriðnaður, fiskiðnaðurinn, þjáist af óðatæringu og það eru beinverkir gjaldþrota sem á hann sækja nú.

Eins og fram hefur komið í máli manna benti hæstv. sjútvrh. á ýmsar leiðir. Þeir í hæstv. ríkisstj. ganga með einhverjar ráðstafanir og hann stiklaði fram og aftur um sviðið eins og kálffull kýr. En mér er nær að halda að þegar þessi ríkisstjórnarkálfur verður í heiminn kominn muni hann ekki gera í blóðið sitt, og ábrystirnar, sem á eftir fylgja, munu ekki verða til skiptanna.

Það var svo að heyra í lokin á hæstv. sjútvrh., að það þyrfti ekki annað til en að „kommissar" Hermannsson færi að vinna, hætti bréfaskriftum til hæstv. ríkisstj. og tæki nú til höndum og færi að vinna, sjálfsagt við að afgreiða fjármuni til fyrirtækjanna. Sannleikurinn er sá, að eins og nú standa sakir nægir ekki viljinn einn. Það vill þannig til. Það þarf ögn af peningum einnig.

Seðlabankinn hefur fallist á að veita Byggðasjóði bráðabirgðafyrirgreiðslu, yfirdrátt á hlaupareikningi í 3—6 mánuði. Ég vona að ég brjóti ekki trúnað þó að ég bendi á að sú fyrirgreiðsla nægir kannske til þess að snúa af stað atvinnuhjólunum hjá Hraðfrystihúsi Keflavíkur og frystihúsunum í Skagafirði, en ekki meir, ekki meir. Einhvern daginn stöðvast Bíldudalur, einhvern daginn stöðvast Ólafsvík. Það er stöðvun á Raufarhöfn, skipið verður að sigla. Hver er vandinn? Ég get að sjálfsögðu ekki nefnt einstök fyrirtæki. En ég hef hér skýrslu í höndum og það eru sex fyrirtæki og hreint veltufé þeirra neikvætt er hinn 30. júní í ár 72 millj. Þetta hét fyrir gjaldmiðilsbreytingu 7.2 milljarðar kr., hjá sex fyrirtækjum. Ég hef hér upplýsingar um 21 fyrirtæki og samtals er hreint veltufé þeirra neikvætt um 110 millj. kr. Það er meira en nemur öllu ráðstöfunarfé Byggðasjóðs á þessu ári. Þetta er 21 fyrirtæki í fiskiðnaði. Og hvað um hina 19 togara sem á hefur verið minnst? Það er að vísu undantekning, en til er þó það togskip sem hefur tapað á annað hundrað prósent. Meðaltalið er, eins og fram kom, hygg ég, hjá hæstv. ráðh., 30% tap sem hlutfall af tekjum. Síðan er látið í það skína, að hér sé óvenjulegt fjaðrafok á ferðinni, menn eigi aðeins að koma sér inn í glerhöllina, sem hv. 7. landsk. minntist á, og fara að vinna. Og ég heyrði ekki betur en hv. 2. þm. Norðurl. e. ætti ráð undir rifjum. Það var að taka erlend lán til að endurlána þessum fyrirtækjum sem eiga í þessum kröggum.

Ég verð að segja það sem mína skoðun, að ég álít það baneitraða leið að safna meiri erlendum skuldum en komið er. (**Gripið fram í:** Á þá að loka fyrirtækjunum?) Það er sannfæring mín, að eina ráðið, sem við getum beitt, sé að spara á öðrum sviðum, skera niður eða draga saman. Það er engin leið önnur. Við ættum ekki annað eftir en að sækja út fyrir landsteinana peninga til þess að reka fyrirtækin af því að menn skrá gengið eins og dæmin sanna enda þótt það sé löngu, löngu kolfallið. Svo þegar maður bendir á þessar staðreyndir er því haldið fram, að menn séu að biðja um gengisfall. Skráning er bara mannasetning. En hvað er gengi? Hvernig er komið fyrir okkur þegar enginn af útflutningsatvinnuvegunum fær nægjanlega mikið fé fyrir afurðir sínar erlendis frá? Hvað skeður þá? Og hvað er þetta annað en millifærsla, nýtt fjölgengi, að tala um að láta Seðlabankann skila einhverjum gengishagnaði til fyrirtækjanna? Hæstv. sjútvrh. áætlaði að 200 millj. kr. þyrfti til, auk fjár úr Byggðasjóði. 200 millj. kr., það er tvöfalt það ráðstöfunarfé — fyrir utan hina sérstöku fjárveitingu til nýbyggingar skipa — sem Byggðasjóður hefur yfir að ráða á þessu ári. Hvar á að taka þetta fé? Um það er spurt. Að vísu er mikið verk óunnið að gera sér grein fyrir hinni raunverulegu stöðu fyrirtækjanna, en það er lagt upp í þá för þegar, og á meðan þarf að hindra að fyrirtæki í sjávarútvegi og fiskiðnaði stöðvist og atvinnuleysi bresti á. Það er það sem er fullkomin hætta á nú. Til þess þurfum við fjármuni til bráðabirgða, mikla fjármuni. En ég legg áherslu á að ekki kemur til greina að menn hugsi til þess, hvað þá meir, að sækja þá fjármuni út fyrir landssteinana.

Hinn lýðræðissinnaði sósíalisti, hæstv. vinnumálaráðh. Svavar Gestsson, talaði um að hrakspár stjórnarandstöðunnar ættu sér enga stoð frekar en endranær. Ég fór ekki með neina hrakspá. Ég fór með örfáar staðreyndir sem við blasa, og það er annað mál. Ég er ekki spámannlega vaxinn, en ef svo heldur fram sem horfir þykist ég geta spáð því, að hæstv. félmrh., hinn lýðræðissinnaði sósíalisti, eins og hæstv. forsrh. nefnir hann, muni ekki lengi velgja ráðherrastólinn. En það er ekki hrakspá þegar ég spái slíku. Það horfir til rétts vegar. Og hann talaði í líkingamáli, að það hefði verið gaman að heyra samræður Sverris Hermannssonar við „kommissar" Hermannsson. Ég held að það sé létt að skilja þetta líkingarmál. Hann mun e. t. v. hafa ætlast til þess, að ég bryti trúnað og segði allt frá einstökum atvikum og fyrirtækjum, sem ég stöðu minnar vegna sit uppi með vitneskju um. Það má ekki til þess ætlast.

En það er fleira sem þyrfti um að ræða en fiskiðnað og sjávarútveg. Ég vil þó vegna ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. aðeins víkja að Raufarhafnarmálinu. Það er rétt sem hann sagði að það var skipuð fjögurra manna ráðherranefnd til þess að leysa það mál. Í henni átti sæti hæstv. dómsmrh. og hinn lýðræðissinnaði sósíalisti, hæstv. félmrh., og svo voru tveir frá SÍS, tveir SÍS-sósíalistar — og maður skyldi halda að þeir kynnu ráð til að reka frystihús. Þeir kunna ráð til að kaupa frystihús núna og reka það. Þeir vita hvar fjármunirnir eru til þess.

Það var haldinn fundur. Það er væntanlega ekkert leyndarmál, að það var haldinn fundur með fulltrúa Landsbankans, viðskiptabanka fyrirtækisins, og „kommissar" Hermannssyni og niðurstaðan hjá þessum hæstv. ráðh. varð að fela Landsbankanum að leysa bráðan vanda fyrirtækisins til þess að atvinnuhjólin þar mættu fara að snúast. Og „kommissar" Hermannsson lofaðist til að fara þess á leit við stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, að hún samþykkti að ganga í bankaábyrgð fyrir bráðabirgðaláni. Viðskiptabankinn, sem allra aðila gleggst veit um stöðu fyrirtækja, úrskurðaði hvað til þyrfti, og það stóð ekki á stjórn Framkvæmdastofnunar

ríkisins að ganga í þessa bakábyrgð. — Þetta er öll sagan. Þetta var árangurinn af þessari ráðherranefnd. Það er kannske búið að skipa nýja, um það skal ég ekki dæma. En það er augljóst mál, að þarna hefur ekki til tekist eins og þyrfti.

Ég minntist á að það er miklu fleira, sem þyrfti að ræða á hinu háa Alþingi, heldur en aðeins fiskiðnaður og sjávarútvegur. Raunar hefur verið drepið á fleiri atriði, eins og hv. 2. þm. Norðurl. e. gerði þegar hann minntist á ullariðnaðinn. Það var gert hér fyrr í dag.

Það er talið upp á að nú sé svo komið að halli í iðnaði sé ekki undir 10% af tekjum og allt að helmingi meiri í þeim greinum sem verst eru settar. Til hvers ætla menn að það leiði? Það er hægt að leiða hér hv. stjórnarsinna sem vitni. Hér er einn hv. 12. þm. Reykv. hygg ég að hann sé. Hann á hér grein, sjálfsagt í Dagblaðinu, enda er það vettvangur sem framsóknarmönnum hæfir. Hann segir hér — og nú verð ég að fá sérstakt leyfi hæstv. forseta til þess að lesa það sem á eftir fer, hann má ekki láta sér bregða, — hann segir um húsgagnaiðnaðinn og það er í ramma, feitletrað: „Húsgagnaiðnaðinum er að blæða út meðan nokkrir ríkisstarfsmenn hugsa málið í nefnd. Hvern andskotann eru mennirnir að meina?"

Það má heita sama hvar borið er niður. Þessi hörmulega staðreynd blasir við okkur, að atvinnufyrirtækjunum, hinum þýðingarmestu og raunar atvinnufyrirtækjunum í heild, er að blæða út. Það eru engir hjöðnunarverkir. Þeir eru fársjúkir. Það, sem við getum búist við nú, er allsherjarstöðvun hringinn í kringum landið og það versta kemur fyrir okkur af öllu hugsanlegu: atvinnuleysi. Ég hygg að menn séu sammála um það. Og fyrir því er það að mér er svo mikið niðri fyrir, að ég hlýt að skora á allan þingheim að leggja sitt af mörkum. Við höfum þurft að ræða þessi mál ítarlega hér og við getum tekið tíma til að ræða þau eitthvað áfram. En menn þurfa að láta hendur standa fram úr ermum. Og honum er alveg óhætt að trúa því og treysta, hæstv. sjútvrh., að það skal ekki standa á „kommissar" Hermannssyni til verkanna ef hann fær að ná vopnum sínum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Til mín hefur ekki verið beint mörgum spurningum, en nokkrum, og skal ég reyna að svara þeim.

Hv. þm. Árni Gunnarsson, sem ég sé reyndar ekki í salnum, vildi fá að vita hvort ég hefði kynnt mér hvernig markaðir fyrir saltfisk og skreið standa. Að sjálfsögðu hef ég gert það og ekki síður viðskrh. Við höfum átt viðræður við þá aðila sem með þau markaðsmál fara. Með skreiðina hefur orðið nokkur breyting. Nígeríustjórn hefur ákveðið nýjan innflutningsaðila, sem aðsetur hefur í London, sem millilið fyrir skreiðarinnflutning. Verð á skreið hefur lækkað niður í 287 dollara tonnið, en hins vegar gera menn sér vonir um að sá markaður sé sæmilega traustur á því verði sem er. Það þarf hins vegar ekki að taka það fram hér, að óvissuástand hefur oft verið í Nígeríu. Þar eru vissir efnahagserfiðleikar í ár og nú vegna lækkunar á olíuverði. Því má vel vera að sú spá, sem ég lýsi hér, standist ekki, en við skulum vona þó að svo verði. Þeir, sem flytja út skreið, binda vonir við að svo geti orðið á þessu verði og með því fyrirkomulagi sem nú hefur verið ákveðið.

Það er rétt að verðið hefur lækkað á saltfiskmörkuðum. Á Spáni reyndist nauðsynlegt að gefa nokkurn afslátt frá fyrra verði vegna hækkunar dollarans. Svo hefur ekki orðið enn í Portúgal, en líkur til að sá markaður muni fylgja Spánarmarkaði að þessu leyti. Hins vegar hefur mér virst að útflytjendur séu bjartsýnir um áframhaldandi eftirspurn á þessum mörkuðum, en á verði sem þá aðlagast þeirri röskun sem orðið hefur á gjaldeyrismörkuðum heimsins. Þetta held ég að hafi raunar alltaf legið fyrir. Það hlaut að koma að því. En ég hygg að segja megi að afkoma saltfisks og skreiðar sé sæmilega björt fram undan engu að síður.

Hv. þm. ræddi nokkuð um afkomu fyrirtækja á Norðausturlandi. Það gerði reyndar hv. þm. Stefán Valgeirsson líka. Mér er ljóst að þar eru fyrirtæki í erfiðri aðstöðu. Sérstaklega var nefnd Kísiliðjan. Þó að það sé ekki í mínum verkahring vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að málefni Kísiliðjunnar verður að taka sérstökum tökum. Kísiliðjan varð fyrir mjög miklum skakkaföllum í náttúruhamförum sem alls ekki er hægt að gera ráð fyrir að það fyrirtæki rísi undir án sérstakrar aðstoðar, enda eðlilegt að hjálpa þegar slíkt kemur fyrir. En ég vil einnig nota tækifærið til að vekja athygli á því, að uppi hafa verið háværar raddir hjá náttúruverndarmönnum að ekki megi stækka námusvæði Kísiliðjunnar þegar það er þrotið sem nú er lagt undir. Þetta er mál sem þarf að fá leyst úr. Ef svo fer er ekki rétt að leggja mikið fjármagn í endurnýjun Kísiliðjunnar því að þá lokast hún af þessari ástæðu. Ég er mjög fylgjandi náttúruvernd, en ég held að við þurfum þó að gæta vissrar hógværðar í þeim kröfum sem við gerum þar. Ég nefni þetta og tel ekki að ástæðulausu að þm. kjördæmisins létu það mál til sín taka.

Hann nefndi einnig erfiðleikana með útgerð á Ólafsfirði. Ég hef upplýst að breyta á lánum fyrirtækja í útgerð úr byggingavísitölutryggðum lánum Fiskveiðasjóðs í það sem nú tíðkast. Þetta á m. a. við togara á Ólafsfirði sem búa við þessi óhagkvæmari lán. En vegna fsp. sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal vil ég segja það, að því miður hefur Fiskveiðasjóður ekki fallist á að láta þetta ná aftur fyrir sig. Í bréfi því, sem ég ritaði Fiskveiðasjóði, fór ég fram á að þessi lán yrðu leiðrétt og leiðrétt aftur í tímann. Fiskveiðasjóður hefur ekki treyst sér til að verða við því síðara. Ég bíð eftir skýringu Fiskveiðasjóðs á því. Hins vegar hef ég þegar gefið út reglugerð sem opnar nýjan lánaflokk hjá Fiskveiðasjóði og heimilar honum að breyta frá og með 2. nóv. þessum lánum í það lánaform sem nú er hjá Fiskveiðasjóði.

Hér höfum við dálítið rætt um hávaxtastefnuna annars vegar og lánskjaravísitölu eða verðtryggingarstefnu hins vegar. Ég sé töluverðan mun á þessu, satt að segja. Ég skildi ætíð hávaxtastefnuna þannig, að vextir ættu að ná raunvaxtaupphæð og þegar vextir gjaldféllu ættu þeir allir að greiðast. Það er a. m. k. ekki byggð inn í það kerfi nein trygging fyrir því, að bankarnir endurláni verulegan hluta af þessum vöxtum. Á þessu sé ég mikinn mun. Inn í verðtryggingarkerfi lána er hins vegar byggt það, að verulegur hluti — það er mismunandi eftir því hvað lánin eru löng eins og menn vita — af verðtryggingarþættinum er endurlánaður og gerir að sjálfsögðu greiðslu slíkra lána auðveldari fyrir bragðið. Menn fá það þá endurlánað þar til tekjur viðkomandi hafa væntanlega vaxið, einnig í hlutfalli við verðtryggingu. Ég sé satt að segja mjög mikinn mun á þessu.

Hv. þm. Matthías Bjarnason kom víða við. Ég held að hann sé engu minni leikfimimaður en ég ef dæma má af orðum hans og skemmtilegheitum í ræðu áðan. Ég vil vekja athygli á að ég hef ekki leynt því ástandi sem er. Ég

vek athygli á ræðu sem ég hef flutt hér áður og má fletta upp í því sambandi. Ég vil hins vegar jafnframt vekja athygli á að ríkisstj. hefur náð mjög góðum árangri á ýmsum sviðum, t. d. í verðlagsmálum — eða verðbólgumálum réttara sagt. Ég er sannfærður um að ástand atvinnuveganna, m. a. þeirra fyrirtækja sem við erum að ræða um nú, væri ólíkt verra þó ef verðbólgan væri hér 60% — ég tala ekki um 74 eða 85% eins og sumir spáðu fyrir síðustu áramót. Það er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að málsvarar ríkisstj. veki athygli á þeim árangri sem hefur náðst á þessu sviði og fjölmörgum öðrum. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. forsrh. hafi út af fyrir sig leynt því hvernig ástandið er í sjávarútvegi. Hann hefur hins vegar fjallað um þann árangur sem ríkisstj. hefur náð á fjölmörgum öðrum sviðum.

Hv. þm. sagði að Verðjöfnunarsjóður væri galtómur. Það er ekki alveg rétt. Í Verðjöfnunarsjóði voru alveg nýlega 77 millj. kr., þegar skuld í frystideild er greidd. Þetta er að aukast þessa dagana allverulega með yfirfærslu frá gengisuppfærslu Seðlabankans og sömuleiðis því sem lagt er í sjóðinn með brbl. sem gilda frá 1. sept. og varða saltfisk og skreið. Ég hygg að inneign í sjóðnum nálgist óðum 100 millj. Ég viðurkenni að þessi upphæð mætti gjarnan vera hærri og sjálfsagt að þær greinar, sem ekki þurfa á þeirri lagfæringu að halda sem tvímælalaust verður að gerast á næstunni fyrir frystinguna, leggi fé í sínar deildir í Verðjöfnunarsjóði. Ég mun beita mér fyrir því.

Hv. þm. taldi að misræmi væri í því, sem áður hefur verið sagt um þjónustugjöld bankanna, og því, sem ég upplýsti áðan, um einstök tilfelli. Það má vel vera. Ég hef aldrei talið mig minni mann þó að ég viðurkenni að mér var ekki ljóst að svona væri innheimt, eins og ég sé nú. Það er sjálfsagt að bankarnir taki gjöld fyrir sína þjónustu, en að bankinn þurfi að taka 8.6 gamla milljarða fyrir að framlengja erlendu lánin eða Ríkisábyrgðasjóður áhættugjald upp á milljónir fæ ég ekki séð að rúmist innan þess sem við getum kallað eðlilegar greiðslur til banka og sjóða fyrir þjónustu. Það má þá heita hverju nafni sem hv. þm. vill kalla það. Ég tel að þetta þurfi að athuga vandlega.

Hv. þm. sagði að við tölum um skuldbreytingar og fleira. Reyndar kom það fram í ræðu hv. þm. Sverris Hermannssonar að það væri meira um hlutina talað en framkvæmt. Ég viðurkenni að sumt hefur gengið hægar en ég hef óskað. Ég vil þó vekja athygli á því sem ég sagði í minni upphaflegu ræðu, að það er búið að skuldbreyta 62 millj. kr. hjá Fiskveiðasjóði. Það er töluverð upphæð, því verður alls ekki neitað. Nú liggja fyrir umsóknir frá 37 aðilum til viðbótar. Ég tel einnig það nokkurn árangur. Mér hefur verið tjáð að atvinnugreinin hafi talið mikilvægt að fá endurgreidda í fyrra 3.6 milljarða af vöxtum og gengisuppfærslu Seðlabankans. Mér hefur einnig verið tjáð að það sé mjög mikilvægt að Seðlabankinn hefur samþykkt að leiðrétta afurðalánin og nemur sú upphæð, eins og ég hef áður sagt, 33—34 millj. kr. Því hefur einnig verið fagnað í mín eyru að tekist hefur að fá stjórn Seðlabankans til að samþykkja að greiða þá gengisuppfærslu sem í hlut bankans kom 25. ágúst s. l. Nemur sú upphæð rúmlega 41 millj. kr. Ég tel því að þetta sé metið meira hjá atvinnuveginum sjálfum en kemur fram í ræðu hv. stjórnarandstæðinga hér.

Það breytir ekki því, og það hef ég sagt og lagt áherslu á, að meira þarf til til þess að grundvöllurinn komist réttu megin við núllið. Ég nefndi áðan ýmislegt sem er í athugun í því sambandi, m. a. breytingu á dráttarvöxtum, lækkun afurðalánavaxta o. s. frv., og þá með tilliti til þess, hvort afkoma bankanna leyfi það. Hins vegar verð ég að segja að það er ekki rétt að rasa um ráð fram í þeim efnum. Við viljum ekki taka gjaldeyrisvarasjóðinn og selja hann. Við viljum, að gjaldeyrisvarasjóður þjóðarinnar sé traustur, og við viljum einnig, að eiginfjárstaða bankanna sé þannig að þeir séu traustir og geti staðið undir nauðsynlegum rekstrarfjárlánum til atvinnuveganna. Ég skal hins vegar ekki endurtaka það sem ég sagði áðan, að mín skoðun er sú, að þarna sé orðinn svo mikill bati í peningamálum að unnt sé að veita góðri afkomu bankanna í annað en að styrkja eiginfjárstöðu þeirra, þar sé hægt að ná umtalsverðri lækkun fjármagnskostnaðar umfram það sem nú er.

Mér þykir vænt um að heyra að hv. þm. er tilbúinn að afskrifa skuldir í Byggðasjóði, jafnvel þótt það skerði útlánagetu hans. Ég hef alltaf þekkt hv. þm. Matthías Bjarnason að því að vera „praktískan", eins og sagt er í þeim efnum, og ég vona að hann fylgi því máli eftir í stjórn Byggðasjóðs. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég tel að ýmsu leyti réttara og mikilvægara að tryggja rekstur þeirra fyrirtækja og atvinnutækja, sem fyrir eru í landinu, en að lána til nýrra, eins og nú stendur. Ekki á það síst við fiskveiðiflotann þótt ýmis fiskiskip séu í farvatninu, búin að vera nokkurn tíma og verður að sjálfsögðu ekki hlaupið frá.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Halldór Blöndal sagði, að nú er liðin tíð að menn geti eignast dýra hluti með ódýru lánsfé, en það gerðu menn áður fyrr, oft með mjög lítið eigið fé. Menn keyptu dýr tæki á 90% lánum og eru dæmi um — er það ekki? — yfir 100% lán til stóru togaranna forðum. (**SvH:** Nei.) Það var sagt að það væru 104%. (**SvH:** Það voru ýkjur úr einhverjum krötum.) Jæja. Hv. þm. leiðréttir mig. En það voru æðihá lán og þau voru mörg góð. Núna eru menn að reyna að gera þetta sama með jafnvel ekki 10% af eigin fjármagni til að kaupa skip. Það gengur ekki upp núna. Um það er ég hv. þm. alveg sammála. Það getur vel verið að gegnum skattalög megi gera mönnum þetta auðveldara, en ég vil þó leyfa mér að fullyrða að dæmið gangi aldrei upp með 10% eigið fé í kaupum á skuttogara eða dýrum bátum. Ég held að það gangi aldrei upp vegna þess að ódýru lánin eru ekki lengur til. Ég er jafnframt þeirrar skoðunar, að gagnvart þeim atvinnutækjum, sem keypt hafa verið mörg fyrir lítið eigið fé og ekki notið þeirra ódýru lána, sem áður voru, eða þeirrar niðurgreiðslu og millifærslu, sem fólst í færslu fjármagns yfir í stofnfjárdeildina, verði bókstaflega að grípa til annarra ráðstafana, það verði að aðstoða þessa aðila. Við verðum að leggja það til hliðar hvort þeir hafi gert rétt eða rangt í því að ráðast í slík kaup. Atvinnuástand á fjölmörgum stöðum byggist á því, að þeir geti rekið þessi skip, og verður að aðstoða þessi útgerðarfélög til þess að svo megi verða.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson taldi þá lýsingu mína, að hér væri að nokkru leyti um hjöðnunarverki að ræða, á misskilningi byggða, en ég held satt að segja ekki. M. a. vísa ég til þess sem ég var að segja. Við erum að koma ýmsu í annan farveg en áður var, m. a. peningamálum og lánamálum. Menn hafa sumir hverjir ekki áttað sig á þessu. Ég held að það megi orða það svo. Ég get ekki kallað það annað en hjöðnunarverki á meðan menn eru að átta sig á því, að málum er nú nokkuð á annan veg

skipað, m. a. og kannske sérstaklega í viðleitninni til að ná verðbólgunni niður. Það er tvímælalaust mikilvægasta verkefnið í öllum þessum slag, einnig fyrir atvinnuvegina, að ná verðbólgunni niður.

Ég get tekið undir það með hv. þm., að það er engin lausn út af fyrir sig að taka erlend lán og breyta vanskilum í erlend lán. Vitanlega á að freista þess að fá innlend lán í slíku skyni. Mér er tjáð af ekki ómerkari aðila en seðlabankastjóra að það muni vera um 700 millj. kr. í umferð hjá þjóðinni umfram það sem æskilegt væri. Ég skal ekki meta það, ég hef ekki aðstöðu til þess. En ef þetta er rétt á að vera nokkurt svigrúm til innlendrar lántöku. Fullverðtryggð innlend lántaka er heldur engin kostakjör, en það kann vel að vera að þetta sé nauðsynlegt einhvern tíma á meðan verið er að laga rekstrargrundvöll þessara atvinnufyrirtækja.

Hv. þm. sagði að Bíldudalur mundi stöðvast mjög fljótlega. Það er alveg rétt, en ég er hér með afrit af bréfi til Byggðasjóðs, dags. 18. ágúst 1981, fyrir meira en tveimur og hálfum mánuði, þar sem málið er lagt mjög skilmerkilega fyrir í greinargerð, sem hér fylgir, og farið fram á að Byggðasjóður láti málið til sín taka, veiti vissa lánafyrirgreiðslu til að bæta greiðslustöðu fyrirtækis o. s. frv. Þetta mál hlýtur að hafa verið tekið fyrir. Ég efast ekki um það. Hv. þm. er kunnur fyrir að vera athafnamaður mikill og fær til vinnu, svo að ég noti hans orð: að menn fari að vinna. Hann er vinnumaður góður. — Ég efast ekki um að þetta mál hafi verið tekið fyrir. Þetta er eitt af erfiðleikamálum. Þetta mál er því erfiðara að í tengslum við þetta fyrirtæki er ný útgerð. Einn af þessum togurum eru í miklum erfiðleikum og þetta fyrirtæki hefur engan afla annan en frá þessum togara. Þetta er því í mjög nánu samhengi. Þetta fyrirtæki hefur ekki heldur aðstöðu til að salta ódýrari fisk, bátafisk. Reyndar verð ég að segja að þetta fyrirtæki hefur sjálft lagt í þann sjálfsagða kostnað að fá til sín sérfróðan mann sem hefur unnið með þessu fyrirtæki gegnum árin, m. a. á vegum Byggðasjóðs, til að fara ofan í rekstrarafkomu frystihússins. Það vekur satt að segja furðu mína hvað framleiðni þessa fyrirtækis er góð og miklu betri en hjá flestum öðrum. En þetta er nýlegt fyrirtæki, sem Byggðasjóður af myndarskap reisti við, og hefur ekkert á bak við sig til að standa undir skakkaföllum, — hefur bókstaflega ekkert á bak við sig, engan varasjóð til slíks. Ég vil alveg eindregið vara við því ef svona fyrirtæki er nú látið stöðvast einu sinni enn. Ég bið hv. „kommissar" Sverri Hermannsson að skoða nú þetta mál vandlega og láta okkur vita hvað þarf að gera til að koma í veg fyrir slíkt, því að Byggðasjóður hefur allar upplýsingar um þetta fyrirtæki, miklu betri en nokkur annar.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Sverri Hermannssyni, að menn fari nú að vinna, og ég hef alltaf treyst honum til að vinna. Ég hef reyndar — ég get látið það koma fram hér — lengi verið þeirrar skoðunar, þrátt fyrir góð afköst hv. þm., að verkefni „kommissars" Framkvæmdastofnunar sé heils dags verk og meira en eins manns, því að verkefnin eru mörg. Ég held því að hv. þm. þurfi að leggja saman nótt og dag og ég treysti honum til þess og tek hans áskorun. Ég mun taka þátt í því — og við — eins og frekast er unnt. En mín skoðun er enn þá sú, að vegna uppbyggingar Framkvæmdastofnunar sé eðlilegt að hún hafi þarna vissa forustu. Það skal ekki standa á sjútvrn. að veita þá aðstoð sem það getur og þörf kanna að þykja á. Ég vona því að sá ótti, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf., sé ástæðulaus. Samstarf þessara aðila hlýtur að geta tryggt að við fáum þá fyrirgreiðslu sem þörf er á.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil ítreka spurningu hv. 1. þm. Vestf. til hæstv. sjútvrh. Hún er þess efnis, hvort vonir stæðu til þess að þm. gætu fengið sem trúnaðarmál þá skýrslu um vanda sjávarútvegsins, sem hér hefur verið vitnað til, svo þeir geti gert sér grein fyrir þeim erfiðleikum sem þessi undirstöðuatvinnuvegur á við að stríða.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Ég mun, eins og ég hef lofað, afhenda nm. í sjútvn. skýrsluna, og þeim er frjálst að ræða hana við sína samþingmenn. Ég vona að hv. þm. geti látið sér það nægja.

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 1). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Símaþjónusta opinberra stjórnsýslustofnana, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var samþykkt þál. er ég var 1. flm. að, um könnun á ókeypis símaþjónustu opinberra stofnana eða svonefndum „frínúmerum". Hún var að vísu samþykkt nokkuð breytt frá því sem hún var þegar ég lagði hana fram hér á þingi. Engu að síður var hún samþykkt. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. samgrh., hvað líði framgangi þessarar till. eða athugun á þessu máli í heild. Ég hafði upphaflega ætlað að þessi till. gæti komið til móts við þær kröfur fólksins í dreifbýlinu, að símakostnaður þess yrði minni, og hafði þá reiknað með að unnt yrði að koma upp því kerfi hjá opinberum stofnunum margvíslegum hér, einkum á höfuðborgarsvæðinu, að þangað yrði unnt að hringja án þess að það kostaði nokkurn hlut fyrir þann er hringdi. Tilnefndar voru nokkrar stofnanir. Reiknaði ég með að á þennan hátt yrði hægt að jafna símakostnað þeirra er í dreifbýli og þéttbýli búa. Því spyr ég: Hvað hefur verið gert í framhald af samþykkt þál. um að kannaðir verði möguleikar á ókeypis símaþjónustu („frínúmerum") opinberra stjórnsýslustofnana? Þessari spurningu er beint til hæstv. samgrh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í 11. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36 frá 1977, er svohljóðandi ákvæði: „Ráðh. er heimilt að ákveða að sama gjald skuli krafið fyrir símtal við helstu stjórnsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík hvaðan sem talað er af landinu." Þess vegna hafði ég óskað eftir því, áður en umrædd þáltill. var samþykkt, að Póstur og sími gerði tillögu til mín um það, hvernig þessu mætti ná. Þá tillögu fékk ég frá Pósti og síma 26. ágúst s. l. og hef ég síðan lagt hana fyrir ríkisstj. Í tillögunni er komist svo að orði: „Að ósk ráðuneytisins hefur póst- og símamálastjóri haft þetta mál til athugunar að undanförnu. Í

hjálögðu bréfi, dagsettu 26. f. m., gerir póst- og símamálastjóri grein fyrir athugunum sínum." Niðurstaða hans er sú, að ódýrasta og hagkvæmasta leiðin sé að taka upp númeraröðina 07 á undan því sem hringt er, þ. e. svo ég skýri það betur, fyrst 07, síðan svæðanúmerið og síðan númer viðkomandi stofnunar. Við þetta væri hægt að haga gjaldtöku þannig að sá sem hringir greiði innanbæjartaxta, þ. e. þá yrði sami kostnaður hvaðan sem hringt er af landinu í þær stofnanir sem eru með þessu formerki, 07.

Í bréfi sínu segir póst- og símamálastjóri að með þessari aðferð gefist símnotendum í dreifbýli kostur á að hringja á sama gjaldi til allt að 10 tiltekinna stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Samkv. kostnaðaráætlun, sem birt er í téðu bréfi póst- og símamálastjóra og gerð er vegna fimm ríkisfyrirtækja, sem öll tengjast símstöðvum í Landssímahúsinu í Reykjavík, — þessar stofnanir eru Alþingi, Stjórnarráð Íslands, Framkvæmdastofnun ríkisins, Húsnæðisstofnun ríkisins og Tryggingastofnun ríkisins — með samanlögðum fjölda innkominna lína 30, er heildarkostnaðurinn við þetta áætlaður 1 millj. 208 þús. kr. Ég vil taka það fram, að þessar fimm stofnanir voru aðeins valdar til að sýna dæmi um hvað það kostar að koma þessu kerfi á. Innifalið í þessari upphæð er stækkun deildar í símstöðinni, eins og nánar er svo skýrt í bréfi póst- og símamálastjóra.

Ég hef lagt til í ríkisstj. að þetta kerfi verði tekið upp við Stjórnarráð Íslands og þeim tilmælum verði í öðru lagi beint til þeirra ríkisstofnana, sem mest viðskipti hafa við dreifbýlið, að þau taki einnig upp slíkt kerfi, í þriðja lagi að hver stofnun beri sinn kostnað og í fjórða lagi að fé verði veitt til greiðslu á sameiginlegum kostnaði. Ef hann er tekinn út úr þessari upphæð er hann 877 þús. kr. Þessi tillaga liggur fyrir hjá ríkisstj. og er þar til meðferðar.

Ég hef jafnframt aflað mér upplýsinga um símakostnað t. d. Stjórnarráðsins og Alþingis. Kemur í ljós að símakostnaður Stjórnarráðsins á árinu 1980 var alls 166 409 285 gkr., en símakostnaður Alþingis var 64 860 237 gkr.

Ég veit að mönnum er að sjálfsögðu ljóst að við þessa breytingu fellur samkv. tillögunni ekki aðeins á viðkomandi stofnun kostnaður við þær breytingar sem þarf að gera í skiptiborðum og ég hef jafnframt fengið sundurliðaðar fyrir þessar stofnanir, heldur verður afnotagjald hjá þessum stofnunum að sjálfsögðu hærra, og þarf vitanlega að reyna að gera sér nokkra grein fyrir því. Það mun hins vegar vera ákaflega erfitt, ef ekki útlokað, að fá þeim símakostnaði, sem ég nefndi áðan, skipt á utanbæjarsímtöl og innanbæjarsímtöl. Það eru engar upplýsingar um það. Ég vil jafnframt taka það fram, að til eru ýmsar aðrar leiðir, t. d. að símtölum er beinlínis snúið við og algjörlega talin hjá viðkomandi stofnun hvaðan sem hringt er af landinu. Þetta eru miklu kostnaðarsamari leið. Reyndar felst í lagagreininni, sem ég vísaði í áðan, að kostnaðurinn verði sá sami hvaðan sem hringt er af landinu. Það næst með þessari leið. Hins vegar má segja að hér sé sá annmarki á, að aðeins 10 stofnanir — kerfisins vegna eins og það er nú — geta fallið undir þennan lið, undir þessa aðferð. Til að ná fleiri stofnunum inn þyrfti að taka inn fleiri núll fyrir framan tölustafinn, sem síðan er hringt í, en það kostar miklu viðameiri og kostnaðarsamari breytingar á því kerfi sem nú er búið við. Ég hef því talið þetta vera skynsamlegt fyrsta skref. Vænti ég þess, að málið verði fljótlega tekið til framhaldsmeðferðar í ríkisstj.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í þessari umr. um ókeypis símþjónustu opinberra stjórnsýslustofnana, sem teljast verður liður í því að jafna símkostnað landsmanna, vil ég nota tækifærið og lýsa furðu minni á vinnubrögðum ráðh. og mótmæli því harðlega, hvernighann hefur haldið á því máli að jafna símkostnað landsmanna. Það hlýtur að vera fátítt og heyra til hreinna undantekninga, að þegar mál er til umfjöllunar á Alþingi sem að efni til felur í sér ákveðna viljayfirlýsingu Alþingis til framkvæmdavaldsins, þá rjúki ráðh. til og hrindi umdeildu máli í framkvæmd áður en afstaða þm. til málsins liggur fyrir. Hér er um að ræða till. sem felur í sér að könnun fari fram meðal símnotenda á afstöðu þeirra til tveggja mismunandi valkosta til að jafna símkostnað landsmanna.

Kjarni þessa máls er að Alþingi samþykkti 1974 að símkostnaður landsmanna yrði jafnaður. Þar sagði ekkert til um það, hvort það yrði gert með skrefatalningu eða eftir öðrum leiðum. Þó að ýmsum aðilum hafi verið margbent á að ná mætti jöfnun eftir öðrum leiðum en skrefatalningunni, svo sem með gjaldskrárhækkun umframskrefa, hefur framkvæmdavaldið aldrei viljað viðurkenna að til væri önnur leið til að jafna símkostnað landsmanna en skrefatalningin. En nú nýlega hefur Póst- og símamálastofnun viðurkennt að ná megi sömu jöfnun með gjaldskrárhækkun umframskrefa, og það er einmitt þess vegna sem ástæða er til að taka málið upp á nýjan leik á Alþingi. Og það er hreinlega út í hött að bera fyrir sig eða láta að því liggja, að með þeirri till., sem liggur fyrir Alþingi, sé verið að reyna að koma í veg fyrir jöfnun símkostnaðar eða að könnunin sé svo flókin að hún sé ekki framkvæmanleg.

Viðurkennt er að tveir mismunandi valkostir gefi sömu tekjuaukningu. Þess vegna vilja flm. till. að símnotendur fái að segja álit sitt á hvor leiðin verði farin. Engu að síður rýkur ráðh. til og hrindir málinu í framkvæmd áður en Alþingi hefur látið í ljós vilja sinn í málinu. Og því furðulegri er afstaða og vinnubrögð ráðh. í þessu máli þegar fyrir liggja einnig frá Neytendasamtökunum og Bandalagi kvenna, sem hafa um 20 þús. félagsmenn, eindregnar óskir og tilmæli til ráðh. um að þessi könnun fari fram og framkvæmd og ákvörðun skrefatalningarinnar sé frestað á meðan. Þetta eru vinnubrögð sem ég vildi ekki láta hjá líða í þessari umr. að átelja harðlega.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil eingöngu færa hæstv. samgrh. þakkir mínar fyrir að hafa ýtt rösklega á eftir þessu máli, þessari þál. sem hér var samþykkt á síðasta þingi. Ég get vel tekið undir það með honum, að ef tækist að koma þó ekki væri nema 10 stofnunum í samband við þetta kerfi, þannig að það kostaði dreifbýlismanninn jafnmikið að hringa í Tryggingastofnun eða í Stjórnarráð eða í Alþingi og það kostar þéttbýlismanninn, þá er talsverðu réttlæti náð fram. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta mál sé allt af hinu góða, og vænti þess, að unnt verði í mjög náinni framtíð að tengja fleiri stofnanir við kerfi af þessu tagi, vegna þess að undan fáu er eins mikið kvartað úti á landsbyggðinni — það þekkja hv. landsbyggðarþm. — og því, þegar einstaklingar þurfa að ná í opinberar stofnanir hér í Reykja-

vík og þeir menn, sem þeir þurfa að ná í, eru ekki við og þeir eru látnir bíða í síma langtímum saman án árangurs. Þetta er því algjört réttlætismál. Ég þakka ráðh. fyrir þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið hjá honum og væntanlega allri ríkisstj. þegar þar að kemur.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. þm., að ég vona að þetta mál fái skjótan framgang og þarna sé stigið annað skref til að jafna þennan kostnað.

Ég ætla ekki að fara að svara hér þrumuræðu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Ég held satt að segja að hún hafi ruglast á þeim málum sem eru til umr. Við erum ekki að tala um skrefatalninguna núna, heldur um að jafna aðstöðu manna þannig að þeir borgi það sama fyrir símtöl við opinberar stofnanir. Ég er tilbúinn að ræða um skrefagjaldið við annað tækifæri.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Gagnstætt því, sem haldið var fram áðan af hæstv. samgrh., eru þau mál, sem hér hefur verið fjallað um af þeim ræðumönnum sem tekið hafa til máls, af sömu rót. Rótin er sú, að á sínum tíma samþykkti hv. Alþingi í þáltill., sem samþykkt var 1974, að jafna skyldi símkostnað landsmanna. Það er hægt að fara ýmsar leiðir í þeim efnum. Ein leiðin er sú sem hv. fyrirspyrjandi spurðist fyrir um, „frínúmerin". Sú leið er nefnd í lögum — ég legg áherslu á það — hún er nefnd í lögum um þessi mál. Og það er nú fyrst sem hæstv. ríkisstj. vinnur að því máli, sem auðvitað er stórkostlegt hagsmunamál, sérstaklega fólksins sem er utan þess símsvæðis sem Alþingi starfar á.

Hitt málið, sem minnst var á, er jafnframt mál sem snertir það, hvernig jafna skuli símkostnað, og er af nákvæmlega sömu rót. Það er furðulegt að hæstv. ráðh. skuli, eftir það sem á undan hefur gengið og án samráðs við þm. Reykv. — ég held því fram að ekki hafi verið um nein samráð þar að ræða þrátt fyrir að um það væri beðið — hafa látið skrefatalninguna ná fram að ganga um s. l. mánaðamót, enda þótt hægt væri að fara aðrar leiðir. Hæstv. ráðh. hefur haldið því fram aftur og aftur, að þetta sé eina leiðin sem hægt sé að fara, en það er rangt. Póst- og símamálastjóri hefur viðurkennt að hægt sé að fara aðra leið, t. d. að hækka umframgjöldin og nota þá peninga, sem þannig fást, til að lækka langlínusamtölin, en út á það gengur þetta mál.

Ég tel þess vegna að það sé út í bláinn þegar hæstv. ráðh. kemur hér í ræðustól og segist vilja tala um skrefatalningarmálin við annað tækifæri. Hann hefur komið skrefatalningunni á. Hæstv. ráðh. vill ekki bera það undir neytendur Pósts og síma, hvora leiðina á að fara, af einhverjum einkennilegum ástæðum. Mér finnst fyllilega vera ástæða til þess hér í upphafi nóvembermánaðar, að hann geri hreint fyrir sínum dyrum, jafnvel þótt ekki sé verið að ræða um nákvæmlega sama mál.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það væri þarft að fram kæmi við þessar umr. hvort tímamælt skrefagjald er m. a. á hinum Norðurlöndunum eða ekki. Hitt er fróðlegt og nauðsynlegt fyrir þjóðina og sjálfstæðismenn, hvar sem þeir eru á Íslandi, að fá á hreint hvort hér talaði áðan aðeins þm. Reykv. eða varaformaður Sjálfstfl.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér talar bæði varaformaður Sjálfstfl. og þm. Reykv., en ég veit ekki hvort ég get skýrt það út fyrir hv. síðasta ræðumanni að hægt sé að hafa þann mann í einni og sömu persónunni.

Ég skal segja þessum ágæta þm., að ég lýsti því í minni ræðu áðan, að það væri sjálfsagt að jafna símtölin, Alþingi hefði samþykkt það nú þegar. En það virðist ekki komast inn í harða skelina á þessum þm. né heldur flokksbróður hans sem situr hér í ráðherrastól, að það eru til fleiri en ein leið til að ná þessu sama marki. Þessir menn eru gjörsamlega blindir. Það er það sem reynt hefur verið að benda á hér. Ég held að ýmsir Vestfirðingar muni verða hissa þegar hv. þm. kemur heim í hérað og lýsir því yfir, að hann skilji ekki mælt mál sem hér er talað á Alþingi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir undarlegt ef hv. þm. telur að við útræðum hér um skrefamálið í fyrirspurnartíma. Það þykir mér skrýtið, eins mikill hávaði og hefur verið í honum og fleirum um það mál. Ég hef aldrei nokkurn tíma sagt að ekki væri unnt að leysa málið eftir öðrum leiðum. En ég tel skrefatalningu réttlátasta og besta fyrir þéttbýlisbúa líka og skal rekja það hér við annað tækifæri.

Hins vegar mætti hv. þm. gera sér grein fyrir því, hvernig þróun þessa máls hefur verið. Það var enginn annar en samgrh. Ingólfur Jónsson sem byrjaði á þessu máli í maímánuði 1971. Þá ræddi Ingólfur Jónsson um það — ég hef það skjalfest frá póst- og símamálastjóra, hvernig væri unnt að jafna símakostnað milli dreifbýlis og þéttbýlis, og gaf honum fyrirmæli um að gera till. um hvernig mætti mæla slíkan símakostnað. Það er síðan í júlí 1971 að samgrh. samþykkir till. stofnunarinnar, sem tók gildi frá 1. ágúst, um verulega lækkun taxta á átta tilteknum langlínuleiðum. Síðan heldur þetta áfram stig af stigi án þess að ég sé að rekja það hér.

Samgrh. Halldór E. Sigurðsson ítrekar þessi fyrirmæli um að leita leiða til að jafna símakostnað og alveg sérstaklega með því að mæla lengd símtala. Hér liggur fyrir þáltill. 1974 og er samþykkt. Þá er leitað eftir áliti póst- og símamálastjóra. Þessi mál eru rædd hér þá. Ég get flett upp fyrir hv. þm. því sem ég sagði þá í ræðu um þessi mál og hann hefur ekki séð. Þá kemur greinilega fram sú till., að þetta skuli gert með skrefamælingu. Till. er samþykkt að þessum upplýsingum fyrirliggjandi. Síðan er það samgrh. Ragnars Arnalds, hygg ég, sem rekur smiðshöggið næst á undan mér á þetta mál með því að ákveða að tækin skuli keypt og veitt skuli fé í þessu skyni, ákveðin fjárveiting. Ég hef framkvæmt það sem — að því er mér sýnist — þrír samgrh. á undan mér hafa lagt drög að.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil þakka varaformanni Sjálfstfl. fyrir hreinskilin svör, en vænti þess, að sumarfríaforstjóri í Hnífsdal njóti veðurblíðunnar þar vestra í sumar og kynnist heilbrigðum viðhorfum og verði fróðari þegar hann mætir til þings að hausti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var aðeins út af ummælum hæstv. ráðh. Við munum vel hvernig stendur á háum símgjöldum úti á landsbyggðinni. Það er ekki síst því um að kenna, að fyrsta vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar setti söluskatt á síma, sem ekki var áður, og því hefur ekki fengist hrundið. Það er einn af vinstristjórnarsköttunum að greiddur er söluskattur af síma. Ein-

faldasta ráðið til að lækka símkostnaðinn er auðvitað að aflétta þessum söluskatti, eða hitt, sem líka kemur til greina, að fella niður innflutningsgjöld af þeim vörum sem þarf til að símvæða landið og bitna auðvitað þyngst á landsbyggðinni og koma í veg fyrir að hægt sé að símvæða landið eins hratt og ella. Þetta er kjarni málsins.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Tilgangurinn með því að ég kem hér í ræðustól í þriðja skipti, er að reyna að fá fram svör hæstv. símamálaráðherra. Mig langar þess vegna til að spyrja hann afskaplega einfaldrar spurningar sem ég veit að hann getur svarað jafnvel úr sínum ráðherrastól, og hún er þessi: Mun hæstv. símamálaráðherra beita sér fyrir því, þrátt fyrir það að nú hafi þegar verið tekin upp skrefatalningaraðferðin, að neytendur — þ. e. símnotendur, þeir sem greiða gjöld til Pósts og síma — fái tækifæri til að segja til um það, hvora leiðina eigi að fara, þá sem ráðh. telur sjálfur vera réttlátasta eða hugsanlega þá sem símnotendur vildu frekar fara? (**Sjútvrh.:** Ég mun bíða eftir ákvörðun Alþingis í því máli, hún liggur ekki fyrir.) Þá skil ég ráðherra svo að hann bíði eftir ákvörðun Alþingis. Geri hann það, þá vænti ég þess fastlega, að þegar hún liggur fyrir muni þessi könnun fara fram og ráh. sætta sig við þá niðurstöðu sem þar fæst.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var út af þessum síðustu orðaskiptum. Við vitum að forsrh. ásamt ríkisstj. er verkstjóri í raun hér á Alþingi. Ég vænti þess, að hæstv. símamálaráðh. láti reyna á það svo fljótt sem verða má, og þegar á þessu ári, að Alþingi taki þetta mál til afgreiðslu þannig að ljóst megi verða hvaða háttur verði hafður á til frambúðar í þessum málum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég vil ekki skorast undan ábyrgð á svokölluðu skrefagjaldi þó að það sé ekki beint til umr., en inn í þessar umr. hefur það blandast. *Mér finnst það hafa talsvert marga kosti umfram aðrar jöfnunarleiðir.* Allir virðast vera sammála um að jafna beri símakostnað og ég er mjög ánægður með það.

Í fyrsta lagi er greitt eftir notkun og yfirleitt er það talinn góður viðskiptamáti. Í öðru lagi verða eðlilegar greiðslur fyrir tölvunotkun, þ. e. tölvur sem eru tengdar klukkutíma eftir klukkutíma við móðurtölvur. Í þriðja lagi dregur það úr álagi á kerfið þannig að það nýtist betur og verður sjaldan óvirkt vegna ofálags. Í fjórða lagi dregur það úr þeim óþægindum sem menn verða fyrir þegar þeir eru að reyna að hringja og alltaf er stanslaust á tali, og þá eru kannske börn og unglingar að tala klukkutímum saman. Í fimmta lagi, og það er rétt að það komi fram, kemur vísitöluleikurinn inn í þetta allt saman, vegna þess að vísitalan er reiknuð út frá skrefinu í Reykjavík, afnotagjaldi í Reykjavík. Það er því í og með verið að reyna að fara fram hjá vísitöluhækkunum þegar reynt er að gera þetta svona.

Þá vil ég taka það fram, að þetta er ekki sama eðlis og yfirleitt önnur jöfnun, séð frá byggðasjónarmiði. Þegar verið er að tala um byggðamál er venjulega verið að jafna þannig að þéttbýlið tekur á sig kostnað og dregur úr kostnaði að sama skapi í dreifbýlinu. Hér er þetta öfugt. Dreifbýlið hefur borgað fram að þessu og borgar enn miklu, miklu meira en því ber. Það eru miklu hærri gjöld á dreifbýlinu en nokkrir kostnaðarreikningar segja til um. Þetta hefur því verið öfug byggðastefna. En vísitalan hefur komið í veg fyrir að þetta væri leiðrétt eins og menn hafa viljað gera. Þetta hefur viljað gleymast.

Í öðru lagi vil ég drepa á skattlagningu símagjalda, eða símans. Það hefur verið komið inn á það hér. Síminn borgar 85% aðflutningsgjöld af öllum sínum vörum og mestallur kostnaður t. d. við sjálfvirkar stöðvar er aðflutt efni. Svo þegar verið er að borga þennan kosntað aftur, þegar neytendur eru að borga hann, þá er aftur tekinn 23.5% söluskattur. Skatturinn er tvíborgaður þannig að ég er næstum því viss um að af hverri krónu, sem við borgum í símgjöld, fer meira en helmingurinn í ríkissjóð.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það er hálf-ömurlegt að hlusta á þm. Reykv. vera sífellt að gera upphlaup hér á Alþingi í sambandi við jöfnun símkostnaðar í landinu. Ég helt satt að segja að í gegnum árin væri búið að sýna og sanna svo rækilega, hvers konar óréttlæti íbúar landsbyggðarinnar búa við í þessum efnum, að ekki þyrfti að fara að ræða um það hér á hv. Alþingi þó verið væri að reyna að lagfæra þetta með þeim skynsamlegustu aðferðum sem yfirvöld eða tæknimenn þessara mála hafa yfir að ráða. Þess vegna finnst mér furðulegt að menn skuli koma hér og belgja sig út um það að verið sé að skapa óréttlæti með því að jafna út þennan mismun. (**HBl:** Hver hefur sagt það?) Mér finnst það alveg furðulegt. Ég gæti talað langt mál við hv. 10. þm. Reykv. um þetta efni við annað tækifæri. En ég ætla bara að segja það, að ég hef í fórum mínum skýrslur frá Landssíma Íslands sem sýna og sanna í tölum hver þessi mismunur er, og ég ætla við tækifæri, þegar till. hv. 10. landsk. þm. kemur hér til umr., að koma með þau gögn hér á borðið. Ég ætla að segja það í leiðinni, að fyrsta skrefið, sem stigið er til þess að útrýma að nokkru þessu óréttlæti í landinu, það er sú símvæðing á sjálfvirkum síma sem nú fer fram og á að fara fram og búið er að samþykkja lög um. Einmitt í þeim lögum kemur fram það sem hv. 7. landsk. þm. var að tala um áðan. Það er gert ráð fyrir að fella niður öll aðflutningsgjöld og söluskatt í sambandi við þetta verkefni og það er vel. En umfram allt skulum við tala um þessi mál þannig að ekki sé verið að reyna að skapa ófrið eins og hér er verið að efna til af nokkrum þm. Reykv.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég fæ ekki orða bundist vegna síðustu ræðu hv. 1. þm. Vesturl. Hann kemur hér upp og leyfir sér að halda því fram, að þingmenn Reykv., þ. á m. 10. þm. Reykv. sem hér hefur talað, séu að leggjast gegn jöfnun símkostnaðar í landinu. Það eru rakalaus ósannindi sem hv. þm. fer hér með. Við höfum hins vegar margir þm. Reykv. fundið að því, með hvaða aðferð þetta er gert. *Við höfum bent á að það eru* fleiri en ein aðferð til að ná þessu sama markmiði, en sú aðferð, sem valin er, er ósanngjarnasta aðferðin sem hægt er að finna. Þessi aðferð er ósanngjörn vegna þess að hún kemur niður á fólki sem síst skyldi. Hún kemur niður á einmana fólki sem þarf mikið á síma að halda, ekki aðeins að kvöld- og næturlagi, eins og því er nú ætlað að nota símann, heldur einnig að degi til. Það er það sem við þm. Reykv. erum að finna að. Ég er alveg viss um það, að hv. 1. þm. Vesturl. mun finna fyrir því í sínu kjördæmi einnig, þar sem þessu verður beitt, að þetta verður ekki vinsæl ráðstöfun þar heldur. Ég vil sérstaklega mótmæla því sem hann heldur hér fram, að við séum andvígir jöfnun símkostnaðar í landinu. Við

höfun aldrei sagt það. Við andmælum aðferðinni sem er ósanngjörn og óréttlát.

Sjálfvirkur sími, fsp. (þskj. 39). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 39 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„Hvað líður áætlun um lagningu sjálfvirks síma samkv. 1. gr. laga nr. 32 26. maí 1981."

Samkvæmt 1. gr. umræddra laga skal póst- og símamálastjóri gera áætlun um framkvæmdaröð og fjárhagsáætlun varðandi lagningu sjálfvirks síma í sveitir landsins á næstu fimm árum, í samræmi við þá lagasetningu sem hv. 1. þm. Vesturl. kom hér einmitt inn á áðan og ég skal ekki rekja frekar, en var fyrst og fremst í þá átt að flýta fyrir og gera mögulega hraða símvæðingu úti á landsbyggðinni.

Fsp. þessi er borin fram vegna fjölda spurninga úr hinum ýmsu sveitum, þar sem menn hafa enn þá ekki sjálfvirkan síma, hvenær röðin muni koma að þeim. Það er ljóst, að því fyrr sem það liggur fyrir, hvernig framkvæmdaröð er áætluð, því betra, þó að auðvitað verði ekki allir ánægðir með það — ekki þeir sem eru aftarlega eða aftastir á áætlunartímabilinu. En við skulum þá vona að hinir bæti það upp með sinni ánægju.

Ég vil aðeins koma því að, að mér þykir nokkuð sjálfsagt að þm. viðkomandi kjördæma fái nokkurt ráðrúm til að athuga áætlunina þegar hún kemur fram, ef vera kynni að þeir vildu þar nokkrar tilfærslur. M. a. þess vegna er þessi fsp. nú flutt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Með lögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, nr. 32/1981, var ákveðið að koma sjálfvirkun síma á næstu fimm árum til allra notenda í landinu sem ekki hafa hann nú. Eftir að lögin voru samþykkt varð reyndar samkomulag um það í ríkisstj. og við hæstv. fjmrh., að lög þessi yrðu látin ná til framkvæmda á árinu 1981. Við getum því sagt að þannig hafi framkvæmdinni verið dreift á sex ár. Lögin áttu að öðrum kosti ekki að taka gildi fyrr en í lok þessa árs og þá átti að liggja fyrir áætlun. Í þessum lögum var jafnframt ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af stofnkostnaði þessum.

Ég fól póst- og símamálastjórninni þegar að gera áætlun um að lokið yrði að koma sjálfvirkum síma um land allt og til allra notenda á þeim árum sem lögin gera ráð fyrir, þ. e. fyrir árslok 1986. Ég gaf póst- og símamálastjórninni þrjú atriði í veganesti: Í fyrsta lagi yrði þessu dreift dálítið á hin ýmsu kjördæmi þannig að sanngjarnt gæti talist. Í öðru lagi yrði framkvæmdum hagað þannig að sem hagkvæmast væri fyrir Póst og síma og ekki þyrfti að flytja vinnuflokka frá litlu verki yfir í annað lítið verk, heldur unnin samfelld verk eins og frekast væri hægt. Í þriðja lagi yrði tekið tillit til þess, hvernig háttað væri í dag, þ. e. hve langt væri komið lagningu sjálfvirks síma í einstökum kjördæmum og sveitarfélögum nú þegar þessi framkvæmd hefst.

Póst- og símamálstjóri afhenti mér síðan áætlun þessa í byrjun október. Hef ég látið dreifa henni hér á hinu háa Alþingi sem svari við þessari fsp. Það var gert fyrir a. m. k. viku, ef ekki tveimur, ég gerði þá ráð fyrir að svara fsp. Ég ætla því ekki að fara að lesa þessa áætlun, ég veit að allir hv. þm. hafa hana.

Ég hef ekkert á móti því, að einhverjar tilfærslur verði á milli framkvæmda, á milli svæða, en ég legg á það áherslu að það verði þá gert í samráði við Póst og síma, þannig að vel verði athugað að það falli inn í hagkvæmustu framkvæmdaröð. Ég get jafnframt upplýst það, að í sumum tilfellum reyndist ekki unnt að hraða ákveðnu verki vegna þess að viðkomandi stöð í þéttbýliskjarna var ekki nægilega vel útbúin til að taka við sjálfvirkum síma strax. Það eru sum svæði þar sem framkvæmd er reyndar töluvert langt á leið komin en stendur á síku. Það kunna að vera ýmis slík atriði sem valdið hafa því, að eitt svæði hefur orðið síðbúnara en annað.

Herra forseti. Ég vil að lokum segja að ég held að það gæti verið viðkvæmt að fara að hreyfa mikið á milli kjördæma. Eg veit þó að ég þarf ekki að benda hv. þm. á það.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég vil sérstaklega þakka hve hratt hefur verið unnið að þessari áætlanagerð og að hún liggur nú fyrir. En ég ítreka það, að áður en ráðh. staðfestir áætlunina væri áreiðanlega til bóta varðandi framkvæmdir innan hvers kjördæmis — trúlega er ekki um meira að ræða í því efni — að fulltrúar eða þm. hvers kjördæmis litu nokkuð á framkvæmdaröðina og gætu þá, ef þeim sýndist svo, í samráði við póst- og símamálastjórn hnikað þar einhverju til ef þeim þætti sérstök ástæða vera til þess.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil nota tækifærið og beina því til þm. að þeir skoði þessa áætlun og hafi sjálfir samband við póst- og símamálstjórnina um breytingar sem þeir kunna að vilja gera.

Sneiðmyndatæki, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fyrirspurn til heilbr.- og trmrh. um tölvustýrð sneiðmyndatæki.

Um það bil fyrir einu ári bar ég fram brtt. við fjárlagafrv. fyrir árið 1981 um að veitt yrði framlag til kaupa á svokölluðu tölvustýrðu sneiðmyndatæki fyrir Landspítalann og spítalanum yrði afhent þetta sem gjöf í tilefni af 50 ára afmæli spítalans sem var 20. des. 1980.

Þetta mál fékk mjög góðar undirtektir þegar í stað, ekki síst af hálfu heilbr.- og trmrh. Hann tilkynnti á hátíðarsamkomu eða í veislu, ég hygg frekar í tveimur en einni veislu í sambandi við þetta afmæli, að ríkisstj. hefði ákveðið að gangast fyrir því að Landspítalanum yrði gefið tölvustýrt sneiðmyndatæki í tilefni afmælisins. Enginn ágreiningur var um þetta mál á Alþingi og málið fékk farsælar lyktir þannig að veitt var framlag í þessu skyni á fjárlögum ársins í ár.

Nú hef ég leyft mér að spyrja hvað líði framkvæmd á gjafaloforði ríkisstj. um sneiðmyndatæki þetta. Það er af því tilefni, að þegar ég lagði fram þessa fsp. hafði ég ekkert heyrt um hvað þessu máli liði. Ég hrökk við, ekki vegna þess að það væru í sjálfu sér slæm tíðindi, heldur voru það í eðli sínu góð tíðindi, en samt hrökk ég við þegar ég heyrði að slíkt tæki væri komið til Borgarspítalans í Reykjavík, vegna þess að ég hugði að það yrði hafður slíkur hraði á þessu máli af hálfu heilbrmrh. og

ríkisstj. að sneiðmyndatækið yrði komið um þetta leyti til Landspítalans. Ég hef þess vegna leyft mér að spyrja af þessu tilefni: Hvenær var gengið frá kaupsamningi við seljanda sneiðmyndatækisins og hvenær verður sneiðmyndatækið afhent Landspítalanum?

Mér finnst ástæða til að spyrja um þetta, en ég spyr um fleira: Vill ríkisstj. greiða fyrir kaupum sjúkrahúsa á tölvustýrðum sneiðmyndatækjum með því að afnema gjöld til ríkisins af tækjum þessum? Það geri ég af tilefni þeirra góðu frétta sem ég vék að hér áður, að Borgarspítalinn hefur fengið tölvustýrt sneiðmyndatæki. Það er upplýst að um leið og Landspítalinn fær gefins sitt sneiðmyndatæki, að vísu í tilefni af merkilegu afmæli, þarf Borgarspítalinn að greiða há gjöld til ríkisins af því tæki sem hann fær. Með tilliti til þess, hve þessi tölvustýrðu sneiðmyndatæki eru þýðingarmikil og þess er að vænta að ekki einungis Borgarspítalinn, heldur fleiri sjúkrahús þurfi þegar stundir líða fram á þessum tækjum að halda, hef ég leyft mér að spyrja hvort ríkisstj. vilji greiða fyrir tæknilegum framförum á þessu sviði, varðandi heilsugæslu og sjúkrahús landsins, með því að afnema gjöld ríkisins af þessum tækjum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Varðandi fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar vil ég fyrst taka það fram, að hér var auðvitað ekki um það að ræða að ríkisstj. væri að gefa Landspítalanum í sjálfu sér eitt eða neitt. Það var Alþingi sem tók ákvörðun um að veita fé til þessa verkefnis á Landspítalanum eins og Alþingi gerir venjulega þegar um er að ræða tækjakaup fyrir ríkisspítalana. Þessi ákvörðun var að vísu tekin af hálfu ríkisstj. í tengslum við afmæli Landspítalans. En mér finnst í raun og veru ekki eðlilegt að setja þetta þannig upp að hér hafi verið um að ræða eitthvert sérstakt gjafaloforð af hálfu ríkisstj., heldur var hér tekin ákvörðun um fjárveitingu til kaupa á þessu tiltekna tæki.

Ég ætla ekki að fara að karpa við hv. þm. um hver hafi haft forustu í þessu máli. Hann leggur á það mikla áherslu að hann hafi lagt fram till. á Alþingi um að skora á ríkisstj. að gera þetta. Hann má auðvitað segja það eins oft og hann langar til í þessum efnum. En auðvitað er heiðurinn, ef einhver er, Alþingis sem tók ákvörðun í málinu í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981.

Varðandi það tölvustýrða sneiðmyndatæki sem kom til Borgarspítalans vil ég láta það koma hér fram, að það mál var aldrei borið undir heilbr.- og trmrn. áður en sú ákvörðun var tekin. Ég get látið það koma fram hér sem mína skoðun, að ég tel að slíkt séu ekki eðlileg vinnubrögð. Ég dreg mjög í efa að fleiri sjúkrahús þurfi á töluvstýrðum sneiðmyndatækjum að halda í landinu, a. m. k. ef um væri að ræða tæki sem eru jafnfullkomin og það sem Landspítalinn er nú að kaupa og kostar um 12.7 millj. nýkr. Ég held að áhersla í heilbrigðismálum hljóti að vera a. m. k. annars staðar áður en farið verður að búa önnur og mörg fleiri sjúkrahús í landinu tölvustýrðum sneiðmyndatækjum. Ég tel t. d. að það væri ástæða til að leggja áherslu á aðra þætti þar áður, eins og við höfum reyndar reynt að gera í stefnumótun í heilbrigðismálum, og mætti telja upp ótalmörg verkefni. Þetta tæki, sem var ákveðið að kaupa til Landspítalans, var og er brýn nauðsyn til að festa Landspítalann í sessi sem forustuafl í heilbrigðismálum hér, sem vísindamiðstöð heilbrigðismálanna í landinu, og með tilliti til þess tók Alþingi þessa ákvörðun.

Það hefur ekki staðið á því, að ríkisstj hafi staðið við sitt í þessum málum. Það liggur fyrir að stjórnarnefnd ríkisspítalanna hafði ein með það að gera, hvenær þetta tæki væri ákveðið af hennar hálfu. Ríkisstj. hafði ekki afskipti af því og tafir hafa engar orðið af hálfu ríkisstj. í þessu máli. Samningur um kaup á tölvustýrðu sneiðmyndatæki af gerðinni General Electric CCT 8800 var undirritaður 3. okt. 1981. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um staðfestingu stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Samdægurs gekk Innkaupastofnun ríkisins frá pro forma pöntun á tækinu með sama fyrirvara. Stjórnarnefnd ríkisspítalanna óskaði þá eftir að framleiðandi tækisins, þ. e. General Electric, staðfesti öll ákvæði samningsins. Innkaupastofnun ríkisins var beðin um að afla þeirrar staðfestingar. Sú staðfesting af hálfu General Electric lá fyrir fyrst nú í dag. Innkaupastofnunin mun síðan ganga frá endanlegum samningum af sinni hálfu á næstunni, væntanlega strax á morgun.

Samkv. samningi á að afgreiða hluta búnaðar, þ. e. krabbameinsskráningarhlutann, strax og Landspítalinn getur tekið við honum. Aðalbúnaðurinn kemur hins vegar til landsins í mars 1982. Afhendingartíminn er miðaður við að lokið verði þjálfun þeirra tæknimanna Landspítalans sem sjá eiga um tækniþjónustuna svo að þeir geti tekið þátt í uppsetningarvinnunni. Hluti þjálfunarinnar fer fram í Bandaríkjunum og hefst 25. jan. og stendur í sex vikur.

Fob-verð tölvusneiðmyndatækisins er 5.8 millj.kr. Kostnaður, þ. e. flutningsgjöld, tryggingar, tollur og söluskattur, er talinn vera 4.8 millj. kr. þar ofan á. Samtals er kostnaður við tölvustýrt sneiðmyndatæki 10.6 millj. kr. Geislaplönunarkerfi, sem einnig er keypt, kostar 1.1 millj. kr. að fob-verði. Kostnaður er talinn um 1 millj. kr. Heildarkostnaður þar 2.1 millj. kr. Kostnaður við tölvusneiðmyndatæki og geislaplönunarkerfi er því samanlagt 12.7 millj kr.

Í þessum útreikningi á kostnaði er miðað við venjuleg gjöld af slíkum tækjum. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um það af hálfu ríkisstj., að þessi gjöld verði felld niður, en um þau mál verður að sjálfsögðu fjallað. Ég undirstrika að í þeim efnum er margt að athuga, m. a. að hve miklu leyti unnt væri að yfirfæra slíka niðurfellingarheimild á tollum yfir á önnur tæki. Það allt þarf að kanna mjög rækilega áður en ákvörðun í þeim efnum er tekin.

Ég endurtek að sú ákvörðun, sem tekin var af hálfu borgaryfirvalda um kaup á tölvusneiðmyndatæki fyrir Borgarspítalann í Reykjavík, var tekin án samráðs við heilbr.- og trmrn.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þó að ég hafi ýmislegt að athuga við það sem hann sagði.

Mér finnst einkennilegt að þetta mál skyldi fara svona fyrir brjóstið á hæstv. ráðh. Það lýsti sér í ummælum hans um, ég væri að hæla mér í sambandi við þetta mál, og svo líka því sem hann sagði, að þarna hefði ekki verið um gjafaloforð að ræða.

Ég aðeins vék að þeirri staðreynd, að ég hefði borið fram brtt. við fjárlagafrv. um þetta mál. Ég vék líka að því, að hæstv. ráðh. tilkynnti það og lét birta í fjölmiðlum og tilkynnti það a. m. k. í tveim afmælisveislum Landspítalans, að hér væri um að ræða gjöf til spítalans í tilefni af afmælinu. Ég sé ekkert niðrandi við þetta. Hvers

vegna sér hæstv. ráðh. það? Ég lét falla viðurkenningarorð um hæstv. ráðh. úr þessum stól fyrir um það bil ári út af þessu máli og þakkaði honum fyrir framgöngu hans í því.

Við þurfum ekki að deila um slík aukaatriði sem þessi. Þetta liggur ljóst fyrir. En ég fékk ekki neina viðhlítandi skýringu á því, hvers vegna það hefði dregist svo að gera ráðstafanir til að afhenda þessa gjöf. Þá hef ég það í huga, að Landspítalinn hefur verið að óska eftir og sækjast eftir að fá þetta tæki allt frá því árið 1976. Ég hefði haldið að það þyrfti ekki heilt ár til að gera kaupsamning um þetta tæki, sem hér er upplýst að hafi verið gerður 3. okt. 1981, en ég fagna því að þessi kaupsamningur hefur verið gerður. Ég tók þó ekki eftir að hæstv. ráðh. svaraði því, hvenær gert væri ráð fyrir að þessi gjöf yrði afhent.

Hins vegar lét hæstv. ráðh. orð falla á þann veg, að það væru ekki eðlileg vinnubrögð að Borgarspítalinn hefði fengið tölvustýrt sneiðmyndatæki, vegna þess, að mér skildist, að Borgarspítalinn hefði ekki haft samráð um það við hæstv. ráðh. Ég verð að segja, að skárri er það nú formfestan í þessum málum ef stofnun eins og Borgarspítalanum í Reykjavík er ekki heimilt að gera ráðstafanir til að afla sér þessarar nýju tækni á þann veg sem spítalinn hefur gert án þess, að því er virðist, að sækja um það til hæstv. ráðh. Hæstv. ráðh. hefði hér átt að nota tækifærið til lýsa ánægju sinni yfir þeirri þróun og yfir þeirri staðreynd, að Borgarspítalinn hefur fengið þetta tæki.

Ég spurði í tilefni af kaupum Borgarspítalans á þessu tæki hvort ríkisstj. vildi beita sér fyrir því að fella niður opinber gjöld af þessum tækjum ef svo kynni að fara að það væru fleiri sjúkrahús — og auðvitað hlýtur það að verða í framtíðinni — sem vilja fá þessi tæki og hagnýta sér þær tækniframfarir sem þeim fylgja. Það hljóta að vera fleiri sjúkrahús en Borgarspítalinn. Hvers vegna spyr ég um þetta? Vegna þess að þessi opinberu gjöld eru yfirþyrmandi. Tæki Borgarspítalans kostaði 1.5 millj. á cif-verði, en gjöld ríkisins eru 1.2 millj. af þessu tæki eða 77% af cif-verði. Hér er um að ræða toll, vörugjald og söluskatt. Mér er tjáð að það finnist ekki dæmi þess í nálægum löndum eða þar sem við þekkjum til, að það séu hrein opinber gjöld hliðstæð þessum tekin af slíkum tækjum. Þannig er annars staðar búið að þessum málum.

Spurning mín, sem ég ítreka enn, er þessi: Ætlar ríkisstj. ekkert að gera til að aflétta þessu fyrirkomulagi sem nú er, aflétta gjöldum af tölvustýrðum sneiðmyndatækjum?

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði gjarnan viljað bæta við spurningu hv. fyrirspyrjanda sem hann var að láta fara frá sér nú er hann gekk úr ræðustól, breyta henni og spyrja hæstv. ráðh. hvort hann hafi nokkuð hugsað sér að fella niður öll gjöld af ekki aðeins þessum búnaði, heldur og öðrum búnaði til spítala, sjúkrahúsa, elliheimila og annarra slíkra stofnana, meðfram vegna þess að það eru margir hér á landi sem vilja koma á móti og hjálpa til við að kaupa þetta, en þessum aðilum hreinlega blöskrar þegar þeir horfa upp á að þeir eru í sveita síns andlits að safna fjármunum sem svo fara allt að 72% í ríkissjóðshítina. Ég held að þarna væri verk að vinna fyrir hæstv. heilbrmrh.

Vegna þeirra orða, sem hann lét fara frá sér þegar hann hafði svarað fsp., að Borgarspítalinn hefði ekki haft samráð við heilbrmrn. um kaupin á sínu sneiðmyndatæki, langar mig til að spyrja hæstv. ráðh.: Hafði hann samband við heilbrigðisráð Reykjavíkur áður en ákveðið var að gefa þessa gjöf sem Landspítalanum var gefin og sumir álíta að hafi verið gripið til á síðustu stundu vegna þessa merka afmælis Landspítalans? Ég spyr vegna þess að í heilbrigðisráði var búið að eyða miklum tíma, halda fjölda funda mánuðum saman til að ná samstöðu á milli þessara tveggja spítala um kaup á einu tæki. En þá er allt í einu skorið úr og ekkert tillit tekið til ráðlegginga sérfræðinga um hvar þetta tæki ætti að staðsetja eða hvernig ætti að nota það þannig að allir gætu nýtt það. Við hefðum vel getað nýtt sameiginlega eitt tæki. Allt í einu sker hæstv. heilbrmrh. úr um það, að tækið skuli vera á Landspítalanum. Hann hefur kannske haft í huga að þar er húsnæði til undir þetta tæki. Mér er tjáð að ekki alls fyrir löngu hafi byggingarnefnd Reykjavíkurborgar fundið út að það væri allt í einu komin stór bygging á lóð Landspítalans sem hún vissi ekki um. Hún hafði ekki hugmynd um að búið var að reisa þar nýtt hús. Það getur vel verið að þetta hús sé ein af afmælisgjöfum hæstv. ráðh. til Landspítalans.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég lít svo á að það verði eitt af meiri háttar vandamálum sem við stöndum frammi fyrir á næstu árum, hvernig við verjum best fjármagni til heilbrigðismála. Svo standa menn hér upp og lýsa undrun sinni yfir því, að ráðh. skuli vera óánægður með að það skuli ekki vera haft samband við hann áður en dýr tæki eru keypt til landsins. Hver er það, sem á að hafa yfirstjórn á þessum málum, og hver er það, sem á að samræma að fjármagni sé varið sem best í þágu sjúklinga þessa lands, ef það er ekki heilbrmrh.? Ég vil gjarnan spyrja hæstv. heilbrmrh. og lýsa um leið því yfir, að ég er mjög sammála því sem hann sagði: Er það virkilega tilfellið að hér séu stofnanir og jafnvel læknar sem panti tæki sem ríkissjóður eigi að greiða, án þess að ríkissjóður hafi hugmynd um? Hvernig í ósköpunum ætla menn að koma á góðri skipan þessara mála ef svo á að vera? Svo leyfa hv. alþm. sér að standa upp og hneykslast á ummælum ráðh. í þessu sambandi.

Varðandi þessa umr. um opinber gjöld, og ríkissjóðshít, þá sé ég ekki mikinn mun á því, hvort ríkissjóður borgar opinber gjöld til sjálfs sín eða hvort þau eru felld niður. En það má vel vera að á þessu sé hinn mesti munur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Varðandi spurninguna um hvort ríkisstj. ætli að fella niður gjöld af búnaði eins og þessum er því til að svara, að ríkisstj. hefur enga ákvörðun tekið um slíkt, eins og ég gat um áðan. Eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl. er auðvitað í þessu tilviki um það að ræða að ríkið kaupir tækið með eða án gjalda, og í raun og veru kemur það út á eitt frá sjónarmiði ríkisins að því er þetta einstaka tæki varðar. Hins vegar er spurningin, sem hv. 1. landsk. þm. nefndi áðan, hvaða áhrif þetta hefði í sambandi við öll tækjakaup til heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Það er miklu stærri ákvörðun og af því að þetta gæti haft áhrif á tækjakaup heilbrigðisþjónustunnar almennt hafa menn hikað við að fella niður gjöld af þessu eina og sérstaka tæki.

Ég vil hins vegar láta það koma hér fram, að iðulega gerist það að öll opinber gjöld eru felld niður af tækjum sem keypt eru fyrir söfnunarfé á vegum ýmiss konar

samtaka.

Síðan talaði hv. 1. landsk. þm. um að ráðh. hefði tekið þarna ákvörðun, höggvið á hnútinn og ekkert tillit tekið til sjónarmiða sérfræðinga í þessum efnum. Hvað höfðu sérfræðingar til málanna að leggja í þessum efnum og hvað voru þeir búnir að þvæla þessu máli lengi á milli handanna? Hv. þm. veit það jafnvel og ég, að það var í mörg ár ekki unnt að ná neinni samstöðu um það milli spítalanna í Reykjavík, hvar þetta tæki ætti að vera niður komið. Og það er ekkert nýtt. Það er nefnilega einn meginvandi heilbrigðisþjónustunnar, að það gengur illa að laða menn til samstarfs um hvernig fjármunirnir séu nýttir og hvernig þeir geti komið sjúklingum sem best að notum. Þess vegna voru það ákaflega mikil tíðindi á s. l. ári þegar yfirlæknar spítalanna þriggja í Reykjavík lýstu yfir að þeir væru tilbúnir að stuðla að faglegu samstarfi þessara þriggja stofnana, Landakotsspítalans, Borgarspítalans og Landspítalans, en það hefur satt að segja gengið ákaflega hægt að þoka því máli áleiðis.

Ég ræddi að sjálfsögðu við sérfræðinga áður en ákvörðun var tekin um þetta tölvustýrða sneiðmyndatæki, og ég gerði forustumönnum Borgarspítalans og Landspítalans grein fyrir því, að ég teldi að mér væri skylt að taka ákvörðun um hvar þessi tæki ættu að vera. Ég gerði þeim grein fyrir því, áður en þessi ákvörðun var tilkynnt, og jafnframt að þetta væri gert vegna þess að þeir hefðu ekki í mörg ár getað komið sér saman. Þessi ákvörðun var tekin af heilbr.- og trmrn. og mér á sínum tíma. Ég held að það hafi verið óhjákvæmileg skylda mín að taka þá ákvörðun.

Hv. 3. þm. Austurl. vék hér að miklu stærra máli, sem er yfirleitt notkun fjármuna í heilbrigðisþjónustunni og þá alveg sérstaklega á svokölluðum daggjaldaspítölum. Reykjavíkurborg eða eigendur Borgarspítalans halda því fram, að því er þetta tölvusneiðmyndatæki varðar, að þeir hafi þarna verið að taka ákvörðun um að verja þeim peningum sem þeir hvort eð er láta ganga til Borgarspítalans. Það er það sjónarmið sem þeir hafa uppi í þessu máli og nota sem rök fyrir afstöðu sinni. En ég endurtek það sem ég sagði áðan, að mér fannst ekki eðlilegt að Reykjavíkurborg tæki ákvörðun eins og þessa án þess að bera það upp við heilbrmrn., vegna þess að samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu á heilbrmrh. ekki einasta að bera ábyrgð á því, hvaða ný starfsemi fer í gang á spítölum, heldur á hann jafnvel líka að taka ákvarðanir um hvaða breytingar eigi sér stað á spítölum og í starfsemi þeirra.

Ég vænti þess, að ég hafi svarað þeim fsp. sem hér hafa verið bornar fram. En ég verð að segja að mér finnst að í þessu máli verði menn einfaldlega að átta sig á því, að kostnaður við heilbrigðisþjónustuna í landinu er orðinn mjög verulegur. Ég er ekki viss um að Alþingi sé tilbúið að hækka mjög verulega skatta á landsmönnum til að standa undir enn auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu okkar. Alþingi verður að gera það upp við sig og auðvitað dugir ekki að segja sem svo: Allir spítalar eða fleiri spítalar þurfa tölvustýrð sneiðmyndatæki. — Ég segi: Við höfum ekki efni á því eins og er. Það er óskynsamlegt að láta fleiri spítala hafa tölvustýrð sneiðmyndatæki. Ég treysti mér til að standa við það hvar sem er. Ég tel að áherslurnar í heilbrigðismálum okkar hljóti að vera annars staðar, því að þetta tæki, sem við höfum nú keypt til Landspítalans, gæti sennilega þjónað þjóð sem er með í kringum 1 millj. íbúa. Ég held að við verðum að horfa á þetta. Það eiga auðvitað ekki bara þeir þm. að gera sem eru í stjórnarliðinu, heldur líka í stjórnarandstöðunni.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal fúslega taka undir síðustu orð hæstv. ráðh. og vera honum innan handar um að spara í heilbrigðiskerfi okkar. Ekki veitir af. Ég vil líka taka undir það, að að sjálfsögðu ber honum að skera á hnút þegar hnútur kemur til hans.

Ég varpaði fram spurningu vegna heilbrigðisráðanna. Í 7. gr. heilbrigðislaganna segir að þau skuli fara með stjórn heilbrigðismála í héraði í umboði heilbrmrn. og landlæknis. En þessi ráð eiga jafnframt að gera tillögur og áætlanir um framgang og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði.

Það er alveg hárrétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að ekki hefur langtímum saman, skulum við segja, tekist að ná samkomulagi um það milli þessara tveggja spítala hvar ætti að staðsetja sneiðmyndatæki. Allir voru sammála um að það þyrfti á því að halda. Þeir, sem voru skynsamir, sáu fram á að það væri hægt að nota eitt tæki fyrir báða. En ég hefði talið að ráðh. hefði, áður en hann ákvað að færa það Landspítalanum, átt að segja heilbrigðisráði Reykjavíkurborgar og sérfræðingum beggja spítalanna: Nú standið þið frammi fyrir því að koma ykkur saman um hvar það á að vera. — Við skulum hafa í huga að á Borgarspítalanum í Reykjavík er aðalslysavarðstofa landsins, ekki aðeins Reykjavíkur og nágrennis, heldur alls landsins. Það eru höfuðmeiðslin sem koma þangað fyrst og fremst. Þeir báðu fyrst og fremst um að fá sneiðmyndatæki sem gæti tekið við, þegar slík slys bæri að, og rannsakað höfuðmeiðslin. Sannleikurinn er sá, að þegar við horfum á það fé, sem fer í þann Whole-body scanner sem keyptur er, er það svo mikið fé að aðeins vextir af því hefðu getað séð fyrir flugferðum fyrir þó nokkuð marga sjúklinga til Noregs, eins og áður var gert. Við höfum kannske getað komist af með eitt höfuðtæki — ég skal fara að ljúka máli mínu — um stundarsakir. Þótt ég taki heils hugar undir, að auðvitað ber okkur að kaupa allt það besta og helsta sem til er á þessum sviðum, tek ég undir með ráðh. að það verður að vera einhver skynsemi í því.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Öll þessi umr. í dag varðandi tækjakaup til spítalanna hlýtur að vekja menn enn á ný til umhugsunar um nauðsyn þess, að komið verði á skynsamlegri verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna. Hún hlýtur að vekja menn til verulegrar umhugsunar um uppbyggingu sjúkrahúsakerfisins í landinu. Þegar ég tala um verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna er ég ekki bara að tala um verkaskiptingu milli þessara þriggja stóru spítala sem við höfum hér í Reykjavík, heldur verkaskiptingu í sjúkrahúsakerfinu um allt land. Hér er um gífurlega fjármuni að ræða, eins og margir ræðumenn hafa komið inn á, og mikið nauðsynjamál að tekið sé fyrir. Ég ætla ekki að fara inn á það hér í stuttum ræðutíma, en ég vil hvetja heilbrmrh. til að flýta slíkri samræmingu og slíkri verkaskiptingu svo sem verða má vegna þeirra miklu fjármuna, sem í veði eru, og vegna þess, hversu mikil nauðsyn er að koma hið fyrsta á sem allra bestri nýtingu þeirra fjármuna.

Varðandi aftur á móti innheimtu ríkissjóðs á tollum af heilbrigðistækjum verð ég að segja það, að mér þykja

það heldur lítið skynsamleg vinnubrögð að ríkissjóður innheimti tolla af tækjum sem hann greiðir sjálfur. Í rauninni finnst mér það bera vott um að kerfið sé farið að lifa eigin lífi. Ég hygg að í reynd séu allir sammála um að lítil skynsemi sé í því. Hins vegar á það ekki við um öll heilbrigðistæki að ríkissjóður greiði þau eingöngu, og þarna koma fleiri mál inn í.

Ég hef gert það að umræðuefni við fjmrh. undanfarna daga, hvort ekki séu tök á að breyta þessu, hvaða flækjur kynnu að skapast af því. Hann hefur tjáð mér að það sé sérstök nefnd að vinna að þessum tollamálum og hún sé sérstaklega að athuga þann þátt, hvort unnt sé að fella niður tolla af heilbrigðistækjum. En það er ekki einfalt mál og menn eru ekki búnir að sjá til fulls hvað það hefur í för með sér, ekki hvað síst vegna þess að skilgreiningin á heilbrigðistækjum er ekki alltaf mjög einföld.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Þessar umr. hafa orðið víðtækari en mér fannst ég gefa tilefni til. Hins vegar er ekkert óeðlilegt að menn tali í umr. sem þessum um að það sé mörgu ábótavant í skipulagi heilbrigðismála. Við þurfum að endurskipuleggja ýmislegt og við þurfum að gæta þess, að öll fjármálastjórn fari vel úr hendi. Ég get tekið undir þetta allt saman. En ég held að í sambandi við það mál, sem ég hef hreyft hér, verði menn að gera sér grein fyrir að það er alveg sérstakt mál sem hér er um að ræða. Það lýsir sér í því, að þetta tölvustýrða sneiðmyndatæki er talið valda algerri byltingu í læknisfræði og sjúkdómsgreiningu. Þetta verða menn að skilja. Ef menn skilja þetta ekki geta þeir staðið hér upp með vandlætingu, eins og hv. 3. þm. Austurl., og býsnast yfir því, að verið sé að ræða þessi mál í þeim anda sem ég hef rætt þau.

Það kemur ekki til greina að öll sjúkrahús fari að kaupa þessi tæki. Ég er sammála hæstv. ráðh. um það. Ég held því fram, að það sé engin hætta á að sjúkrahús vítt og breitt um landið fari að kaupa slíkt tæki þó að það séu engin opinber gjöld af þeim til ríkissjóðs. Það þarf enginn að óttast slíkt. Hæstv. ráðh. ætti því að athuga það, og ég óska eftir að hann svari því, hvort hann vilji beita sér fyrir því að greiða til baka þau opinberu gjöld sem Borgarspítalanum hefur verið gert að greiða af þessu tæki.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er algerlega sammála hæstv. heilbr.- og trmrh. um að það átti og það á að kaupa eitt fullkomið sneiðmyndatæki fyrir landið. Það er yfirleitt talið nægilegt úti í löndum að eitt sé fyrir hverja millj. íbúa. Ég er líka sammála því, sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., að það er mjög æskilegt að fljótlega eftir það komi „head scanner" á Borgarspítalann vegna slysa. Taugaskurðlækningar eru að fara á Landspítalann, ef þær eru ekki komnar þangað núna, og þess vegna leysir það tæki yfirleitt það sem mest liggur á að leysa en slysin verða ekki leyst með því tæki. Ég held því að mjög æskilegt sé að fljótlega eftir þetta eina tæki komi „head scanner" á Borgarspítalann, en það er auðvitað tiltölulega ódýrt tæki miðað við það sem núna er verið að kaupa fyrir Landspítalann.

Ég vil svo mjög taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni um verkefnaskiptingu milli sjúkrahúsanna innbyrðis. Það er brýnt mál og geysilega miklir peningar eru þar í húfi. Það er hægt að gerð mikið þar. Það er búið að vinna mikla undirbúningsvinnu þannig að það er hægt að taka ákvarðanir fljótlega, en það eru margir kóngar í því kerfi sem þarf að keyra yfir, ef svo má segja. En ég legg áherslu á að þetta er geysilega þýðingarmikið verkefni í heilbrigðiskerfinu til þess að gera það markvissara og draga úr þeim kostnaði sem ella er um að ræða.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við það mál sem hér er til umr.

Það er alveg ljóst, að gert hafa verið mistök í sambandi við kaup á sneiðmyndatækinu, en það þýðir ekki að tala um það sem orðið er.

Ég vil benda á eitt lítið atriði í sambandi við þetta sem skiptir í raun og veru meginmáli. Það er ekki aðeins tækið, sem hér er verið að fjalla um, heldur starfslið sem þarf til að reka þessi tæki svo að öruggt sé bæði fyrir sjúklingana og raunar kerfið í heild. Þar held ég að við komum að kjarna málsins. Við þurfum að eiga sérstaklega sérfræðinga í meðferð þessara tækja og sérmenntað hjúkrunarlið.

Það kom í hug mér áðan, þegar ég var að hlusta á þessar umr., að á fundi í fjvn. í morgun var stjórnarnefnd ríkisspítalanna. Þessi stjórnarnefnd, sem hefur unnið gífurlega mikið verk á undanförnum árum og reynt að samræma rekstur ríkisspítalanna, kom á fund fjvn. með kröfur um margar millj. kr. sem vantar upp á að hægt sé að reka spítalana á næsta ári til viðbótar því sem er í fjárlagafrv. Þeir gerðu grein fyrir þessu á ýmsan hátt. Ég er hræddur um að það væri þörf lexía fyrir hv. alþm. að kynna sér betur hvað hér er um að ræða. Stjórnarnefndin er sett upp við vegg, sett í þann vanda að taka til meðferðar ýmsan rekstur í spítalakerfinu sem horfir til framfara, en það gleymist oft að til þess þarf peninga. Við, sem sitjum á Alþingi, hljótum að verða að átta okkur á að þegar verið er að ræða um meiri tækni í heilbrigðiskerfinu, sem er dýrasta kerfið sem við búum við á Íslandi, þarf að taka mið af því fjármagni sem við höfum yfir að ráða. Þá er nauðsynin enn þá meiri en nokkrun tíma áður að samræma þennan rekstur og ekki síst að koma á faglegu samstarfi þeirra sem eiga að stjórna þessum rekstri.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram vegna ummæla hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, að samkv. lögum um heilbrigðisþjónustu, sem sett voru 1973 og seinna endurskoðuð 1978, á að setja reglugerð um verkaskiptingu sjúkrahúsa. Þessi reglugerð hefur ekki verið sett, en það hefur verið unnið að henni núna í tæplega eitt ár. Ég geri mér vonir um að samstarfsnefnd um heilbrigðismál, sem hefur starfað í framhaldi af heilbrigðisþingi, muni fljótlega fyrir sitt leyti geta gengið frá tillögum að reglugerð um verkaskiptingu sjúkrahúsanna í landinu. Ég tel að þessi reglugerð um verkaskiptingu sjúkrahúsa sé ákaflega þýðingarmikið spor í þá átt að tryggja að þjónusta sjúkrahúsanna í landinu sé sem eðlilegust og best.

Varðandi Borgarspítalann og niðurfellingu tolla af því tæki, sem Borgarspítalinn keypti og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson spurði um áðan í eins konar framhaldsfyrirspurn af sinni hálfu, er því til að svara, að engin ákvörðun hefur verið tekin um að fella niður tolla af þessu tæki og ekki hefur heldur borist erindi um það. Það verður að skoða í samhengi við annað áður en ákvarðanir verða teknar í þeim efnum. Ég tel að mér sé ekki fært

og það væri ekki rétt að gefa neinar yfirlýsingar á þessu stigi um það mál.

Hv. 1. landsk. þm. sagði að það hefði átt að óska eftir því við forráðamenn spítalanna, að þeir kæmu sér saman, ella mundi ráðh. fella sinn úrskurð í málinu. Það var einmitt það sem var gert. Það var óskað eftir að þeir kæmu sér saman, en það tókst ekki. Þess vegna varð rn. að fella sinn úrskurð í málinu um það, hvar þetta tæki ætti að vera. Þegar deilt var um, hvar tækið ætti að vera, var aldrei einvörðungu verið að tala um tæki sem tekur aðeins höfuðmyndir, heldur tæki sem tekur myndir af líkamanum öllum, svokallaðan Whole-body scanner. Það var það tæki sem deilt var um á hvorum staðnum ætti að vera. Ég tel út af fyrir sig að það sé ekkert óeðlilegt við að einhvern tíma í framtíðinni — ég veit ekki í hvað langri framtíð — væri komið fyrir höfuðtækjum víðar en á einum stað. En ég taldi óeðlilegt að þessum stóru og dýru tækjum yrði komið fyrir á fleiri en einum spítala til að byrja með. Á því byggist sú ákvörðun sem heilbrmrn. tók.

Af því að það er nú orðin talsverð samkeppni um hljóð hér í ræðustólnum ætla ég ekki að bæta hér miklu við. Ég vil þó aðeins segja það frekar út af fsp. hv. þm. Þorv. Garðars, að ég aflaði mér upplýsinga um það frá manni í stjórnarnefnd ríkisspítalanna eftir að þessar umr. hófust, að það var talið mjög skynsamlegt að tryggja bakábyrgð framleiðandans á þessum tækjum áður en frá samningum var gengið. Það er það ör tækniþróun í þessum efnum — geysilega ör tækniþróun er í öllum lækningatækjum og sérstaklega þessum tölvustýrðu tækjum — að það þótti skynsamlegt að fá bakábyrgð framleiðandans. Menn telja að sú töf, sem hefur orðið af þessum ástæðum einum, hafi frekar orðið til góðs en hitt í þá veru að tryggja að þessi tæki veiti bestu þjónustu sem hægt er að gera kröfur um.

Sameinað þing, 14. fundur.

Fimmtudaginn 5. nóv., að loknum 13. fundi.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1982 (þskj. 45).

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er nú lögð fram í kjölfar þjóðhagsáætlunar og frv. til fjárlaga. Markmið fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er að reyna að tryggja að heildarumsvif í fjárfestingu og þróun peninga- og lánamála samrýmist efnahagslegum markmiðum. Þess vegna er mikilvægt að samtímis sé unnið að allri þessari áætlunargerð, þjóðhagsáætlun, fjárlagafrv. og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, í því skyni að gætt verði heildarsamræmis við mótun efnahagsstefnu. Áður hefur nokkur misbrestur verið hér á, þar sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hefur að jafnaði verið síðbúnari en önnur áætlunargerð og jafnvel ekki afgreidd fyrr en nokkuð hefur verið liðið á gildisárið. Að þessu sinni hefur lánsfjáráætlun hins vegar verið lögð fram um svipað leyti og þjóðhagsáætlun og fjárlagafrv. Með þessu hafa forsendur almennrar hagstjórnar verið bættar að mun.

Þessi tímasetning hefur jafnframt í för með sér að umr. um alla meginþætti efnahagsstefnunnar fer fram á sama tíma. Það auðveldar heildaryfirsýn yfir flókin og viðamikinn málaflokk eins og efnahagsmálin eru. Þegar hefur verið fjallað talsvert um efnahagsatriði lánsfjáráætlunar í stefnuræðu 22. okt. og í fjárlagaræðu hæstv. fjmrh. í fyrradag. Því er þarflaust að endurtaka þá umr. Hér verður látið nægja að gera grein fyrir efnisskipun og viðfangsefnum áætlunarinnar í stórum dráttum.

Í inngangi lánsfjáráætlunar er gerð grein fyrir undirbúningi og þeim meginsjónarmiðum sem liggja til grundvallar áætluninni. Í II. kafla er fjallað um þjóðhagsleg markmið og þjóðhagshorfur, gerð í stuttu máli grein fyrir helstu markmiðum og viðfangsefnum í efnahagsmálum. Þessi kafli yrði því í raun samandregin lýsing á þeim viðfangsefnum, sem lýst er í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 sem þegar hefur verið lögð fram.

Í III. kafla er gerð grein fyrir heildarfjárfestingu og skiptingu hennar og stærstu málaflokka. Þróun fjárfestingar á þessu ári og horfum á því næsta er þar lýst í meginatriðum. Séstaklega er fjallað um fjárfestingu atvinnuveganna, íbúðabygginga og opinberra framkvæmda. Enn fremur er þar að finna lýsingu á atvinnuhorfum með hliðsjón af áformum um framkvæmdir á næstu árum.

Í IV. kafla er gerð grein fyrir fjármögnun fjárfestingar eftir leiðum lánsfjármarkaðarins og tengd saman þau áform sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun felur í sér um þá tvo meginþætti sem hún dregur nafn af. Einkum er lánsfjármögnun gerð að umtalsefni. Um aðra fjármögnun er minna rætt, m. a. vegna erfiðleika á að draga upp heildarmynd af allri fjármögnun, sérstaklega af eigin fé, enda ekki fyrir hendi marktækt yfirlit um liðinn tíma til samanburðar. Kaflinn fjallar bæði um opinbera öflun lánsfjár og ráðstöfun þess á lánsfjáráætlun og jafnframt almennt um lánsfé til fjármunamyndunar.

Nánari grg. fyrir opinberum framkvæmdum á lánsfjáráætlun eru viðfangsefni V. kaflans. Í þessu skyni er yfirlit yfir einstakar framkvæmdir opinberra aðila sem ráðgert er að afla lánsfjár til samkv. þessari áætlun.

Um fjárfestingarlánasjóði er fjallað í VI. kafla. Lánsfjáráætlun nær til 16 slíkra sjóða. Þar af eru 13 sem lánsfjár er aflað til samkv. þessari áætlun. Hér er um sömu sjóði að ræða og í lánsfjáráætlun fyrri ára. Fjárfestingarlánasjóðum er í áætluninni skipt í tvo aðalfloka: íbúðalánasjóði og atvinnuvegasjóði.

Í VII. kafla er gerð grein fyrir áætlun um þróun helstu stærða peningamála á árinu 1982. Þessi áætlun um peningamál er reist á þeim markmiðum, að verðbólga fari lækkandi og jöfnuður verði á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd.

Lokakaflinn, VIII kafli, fjallar um erlend lán og greiðslujöfnuð. Í töfluviðauka er síðan að finna nánari talnalega útfærslu á því efni sem tekið er fyrir í áætluninni.

Það er ekki ástæða að þessu sinni til að fjalla ítarlegar um efnisatriði í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Það hefur þegar verið gert varðandi flesta þætti hennar og frekari tækifæri gefast á næstunni. Læt ég því þessi orð nægja.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. forsrh., að mikilvægt er að hv. Alþingi hafi þjóðhagsáætlun og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun til hliðsjónar þegar rætt er um frv. til fjárlaga og þegar undirbúin er fjárlagagerð á Alþingi og lánsfjárlaga. Að

þessu leyti hefur verið bætt um vinnubrögð frá því sem áður hefur verið nú um sinn, vegna þess að í fyrra voru fjárfestingar- og lánsfjárlög á ferðinni löngu eftir áramót, eins og menn muna, og voru þau vinnubrögð, sem viðhöfð voru þá, mjög gagnrýnd.

En það er heldur andkannalegt að hæsv. forsrh. sé að mæla fyrir þessu máli í Sþ. þar sem við vitum að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er í raun fskj. með frv. til lánsfjárlaga sem rætt er í deildum. Ég hef áður bent á það, að þarna sé mjög mikið ósamræmi. Vil ég beina því til hæstv. forseta þingsins og deildarforseta, hvort ekki sé rétt að endurskoða þessi vinnubrögð í þingi og þá helst að hafa lánsfjárlagagerðina í Sþ., eins og tíðkast um fjárlagagerð, þannig að fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé formlega afgreidd í Sþ. á sama hátt og fjárlög.

Fyrir nokkru fór fram 1. umr. fjárlaga fyrir árið 1982. Þá lýsti hæstv. viðskrh. því hér, að þm. Framsfl. og ráðh. hefðu haft ákveðna fyrirvara í sambandi við frv. til fjárlaga þegar það var afgreitt í ríkisstj. Orðrétt sagði hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Þegar fjárlagafrv. var til meðferðar í ríkisstj. gerði ég grein fyrir því, að Framsfl. vildi athuga nokkru nánar skattamál atvinnuveganna. Sérstaklega nefndi ég þar til skatta eins og launaskatt, aðstöðugjald og e. t. v. fleiri skatta og alveg sérstaklega skattstofn söluskatts á vörur, en það mál er sérstaklegt byggðamál og varðar hreinlega jafnrétti á þá leið, að menn greiði ekki hærri söluskatt af vörum þótt þeir búi úti á landi." — Enn fremur sagði hæstv. viðskrh.: „Vísa ég til ræðu minnar við fjárlagaumr. á s. l. vetri varðandi skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði."

Nú vil ég, af því að tækifæri gefst, spyrja hæstv. forsrh. — hann var ekki viðstaddur fjárlagaumr. — hvort fleiri ráðh. hafi haft slíkan fyrirvara um afgreiðslu fjárlagafrv. en hæstv. ráðh. Framsfl. og hvort slíkir fyrirvarar séu líka um afgreiðslu hæstv. ríkisstj. á frv. til lánsfjárlaga sem tengist því máli sem hér er til umr.

Í þessari áætlun er gert ráð fyrir 33% verðlagsbreytingu milli áranna 1981 og 1982. — Ég vil nú mælast til þess, að hæstv. ráðh. yrði viðstaddur. Ég ætlaði að beina til hans nokkrum spurningum öðrum. — Í þessari skýrslu kemur fram að það er byggt á þeirri forsendu í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, að verðlagsbreyting milli ára 1981 og 1982 verði 33%, verðlag hækki milli þessara ára um 33%. Hæstv. fjmrh. sagði um þessa forsendu í fjárlagaræðu sinni að gert væri ráð fyrir þessu í fjárlagafrv. og um hreina reiknitölu væri hér að ræða.

Hæstv. viðskrh. hélt ræðu við sömu umr. og varði löngu máli í að undirstrika og rökstyðja að hæstv. ríkisstj. teldi þarna um stefnumark að ræða, það væri stefna hæstv. ríkisstj. að verðlag á milli áranna 1981 og 1982 hækkaði ekki meira en um 33%. Um þetta sagði hæstv. ráðh. orðrétt í sinni ræðu: „Í fjárlagafrv. er miðað við 33% hækkun verðlags og launa milli áranna 1981 og 1982." Í athugasemdum segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári." En í þjóðhagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982 segir hins vegar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við það meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður í svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstj. telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári, en tölulegt markmið verður ákveðið þegar betri upplýsingar liggja fyrir um þróun ýmissa þátta efnahagsmála, sem enn eru óljósir. Það er t. d. ekki alveg ljóst enn þá, hver verðbólgan verður á þessu ári," sagði hæstv. viðskrh. „Ég ætla að hún verði í kringum 40% frá upphafi til loka árs. Ég skal ekki slá neinu föstu um verðbólgustigið í lok ársins, úr því sker auðvitað reynslan." En síðan segir hæstv. ráðh.: „Í stefnuræðu forsrh. kom fram nákvæmlega sama efnisatriði, að á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni niður og ná hlutfallslega svipuðum árangri og í ár." Þetta er í raun og veru sú stefna sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara og lagt fram hér á hinu háa Alþingi í verðbólgumálum.

Annar hæstv. ráðh., sem talaði við þessar umr., sagði að þessi forsenda væri hrein reiknitala, hinn hélt því fram, að stefna ríkisstj. væri í raun þessi. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh., hvorn þennan ráðh. sé að marka, hvor þeirra tali fyrir hönd hæstv. ríkisstj. að þessu leyti. Það er mjög mikilvægt fyrir þingheim að vita hvort menn eru að tala hér um hreina reiknitölu, sem í rauninni sé sáralítið mark á takandi, eða hvort hér sé um það að ræða að ríkisstj. líti svo á að hún geti með einhverjum hætti náð verðbólgunni niður í þetta mark. Þetta mark þýðir það, að verðbólgustigið yrði frá ársbyrjun til ársloka 25% á næsta ári.

Nú vita menn að verðbólgustigið hefur verið nokkurn veginn 9—10% á þriggja mánaða fresti undanfarið, en þetta mundi þýða að það færi niður í 5% verðbólgustig á þriggja mánaða fresti seinni hluta árs.

Nú vita menn að það er ekki búið að ákveða fiskverð um áramót. Það er ekki búið að aðlaga gengi þörfum atvinnuveganna. Það er ósamið á vinnumarkaðinum og kröfur þar eru allt upp í nokkurn tug prósenta. Þess vegna er ekki óeðlilegt að hæstv. ríkisstj. gerði hreinna fyrir sínum dyrum um það, hvernig hún hugsar sér að ná þessu marki, ef það er rétt skilið hjá mér, sem hæstv. viðskrh. tók glöggt fram frá hans bæjardyrum séð, að stefna ríkisstj. væri að ná verðbólgunni niður í þetta mark á næsta ári. En aðalatriðið er nú fyrir þingheim að fá upplýsingar um hvort beri að líta á þessar forsendur, eins og hæstv. fjmrh. sagði, sem hreina reiknitölu eða hér sé um gott og göfugt stefnumið ríkisstj. að ræða.

Í þessari skýrslu um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 er haldið áfram á þeirri braut sem hefur verið mörkuð undanfarin ár, þ. e. að ýta sífellt fleiri viðfangsefnum í ríkisfjármálum út fyrir fjárlög inn í lánsfjáráætlun. Hér er stigið mjög stórt skref í þessa átt, því að þetta plagg hér inniheldur skuldbindingar fyrir ríkissjóð, lántökur fyrir ríkissjóð, sem eru 13.5% af því sem ríkissjóður hefur til ráðstöfunar á árinu 1982. Ef lánsfjárlög verða afgreidd í hátt við þessa skýrslu verður lántaka ríkissjóðs til A- og B-hluta 13.5% af heildarráðstöfunarfé ríkissjóðs. Þetta hlutfall var 6.9% 1978 og 1979, þannig að í raun hafa lántökur ríkissjóðs tvöfaldast miðað við heildarráðstöfunarfé ríkisgeirans á þessu tímabili ef þetta verður að lögum. Og í þessu plaggi er gert ráð fyrir gífurlega mikilli erlendri lántöku, 146% hækkun á erlendum lánum til A- og B-hluta ríkissjóðs.

En þar með er ekki öll sagan sögð. Í þessu plaggi kemur fram að það er stefnt að því, að ríkissjóður seilist æ dýpra í lífeyrissjóði landsmanna og gefi út miklu meiri ríkisskuldabréf, þ. e. spariskírteini, heldur en gert hefur verið áður. Spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs er áætluð

aukast um 66% í þessu plaggi og verðbréfakaup ríkissjóðs úr lífeyrissjóðunum um 60.8%, á sama tíma sem verðforsendur þessarar áætlunar eru 33%, eins og ég gat um áðan og erlend lán, — þar kastar tólfunum, — erlend lán til A- og B-hluta ríkissjóðs eiga að aukast samkv. þessu plaggi um 146%.

Það gefst nánara tækifæri til að ræða þessi alvarlegu mál, og þau eru í raun alvarlegri þegar við höfum það í huga, að á þessu ári er gert ráð fyrir að stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmdir dragist saman um 43% og hitaveituframkvæmdir dragist saman um 31%, á sama tíma sem erlendar lántökur til ráðstöfunar til A- og B-hluta eru hækkaðar svo mjög sem raun ber vitni.

Það gefst síðar tækifæri til að ræða þessi mál. Að sjálfsögðu veldur þetta stóraukinni greiðslubyrði þjóðarbúsins í erlendum lánum. Talið er að greiðslubyrði af útflutningstekjum þegar þessi lán hafa verið tekin, sem hér er gert ráð fyrir, fari upp í 17—18% en þetta hlutfall var 13% 1978.

Að lokum vil ég í viðbót við þessar tvær spurningar, sem ég hef lagt fyrir hæstv. forsrh., þ. e. hvor hafi rétt fyrir sér, hæstv. fjmrh., að 33% forsenda þessarar skýrslu sé hrein reiknitala, eða stefna ríkisstj. eins og hæstv. viðskrh. gerði ráð fyrir, og eins hvort hæstv. ráðh. hafa fyrirvara um þessa skýrslu, eins og hæstv. ráðh. Framsfl. um afgreiðslu fjárlagafrv. Fram kemur í þessu frv., að gert sé ráð fyrir 40 millj. kr. nýju gjaldi á raforkunotendur í landinu. Hér segir: „Þá er þess að geta, að fyrirhugað er að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum, alls 40 millj. kr.“ Ég vil því spyrja hæstv. ráðh., hvort samstaða sé um að leggja þetta gjald á, hvernig á því standi að ekki er gert ráð fyrir þessu gjaldi í tekjuáætlun fjárlaga þar sem það á heima. Það á að sjálfsögðu ekki heima í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, heldur í fjárlögum, þegar um nýja skattheimtu er að ræða. Er samstaða í hæstv. ríkisstj. um að leggja á þennan nýja skatt sem nemur 4 gömlum milljörðum?

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hjá hæstv. ríkisstj. er það markmið hennar, sem hún stefnir enn að án þess að nokkurn bilbug sé þar á að finna, að verðbólga frá upphafi til loka þessa árs fari ekki fram yfir 40%. Ef við það markmið á að standa hefur það í för með sér að frekari breytingar á gengi krónunnar má ekki gera á þeim fáu vikum sem eftir lifa af þessu ári.

Þá hefur það einnig komið fram, að í reiknitölu fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 33% meðalverðlagshækkun frá árinu 1981 til ársins 1982. Í forsendum frv. er reiknað með um 7% almennri verðhækkun á erlendum mörkuðum.

Ef menn lesa þetta tvennt saman bendir það til að ekki sé svigrúm á næsta ári fyrir meira en 24% verðhækkun á erlendum gjaldeyri, en aðeins á árinu í ár hefur meðalverðhækkun erlends gjaldeyris orðið 43%. M. ö. o. ríkisstj. hefur lýst því yfir, að hún mun ekki gera frekari breytingar á gengi íslensku krónunnar þær vikur sem eftir lifa af þessu ári. Það er ekki lengra en um það bil ein vika síðan hæstv. sjútvrh. upplýsti okkur um það hér á Alþingi eftir fsp. frá mér að gengisbreyting væri ekki á döfinni. Sömu yfirlýsingu gaf hæstv. forsrh. á nýloknum landsfundi Sjálfstfl., ef marka má blaðafregnir frá þeim fundi. Þá liggur enn fyrir að hæstv. ríkisstj. hefur í fjárlagafrv. sínu gert ráð fyrir að hækkun erlends gjaldmiðils á næsta ári verði aðeins helmingur þess sem hún hefur orðið á þessu ári. Nú bregður hins vegar svo við, að tvö af eftirmiðdagsblöðunum hér í Reykjavík, Vísir og Dagblaðið, skýra frá því í dag, að Seðlabanka Íslands hafi verið falin einhver undirbúningsvinna, sem blöðin kalla, að reiknuð sé út nú á vegum Seðlabankans eitthvað sem kallað er vísitala gengisaðlögunar. M. ö. o. gefa blöð þessi í skyn að Seðlabanka Íslands hafi verið falinn undirbúningur sé að breytingu íslensku krónunnar, sem væri í fyrsta lagi algjörlega þvert á það sem hæstv. forsrh. hefur marglýst yfir hér á Alþingi og formaður Framsfl. einnig, sem væri brot á yfirlýsingum ríkisstj. um verðlagsmarkmiðin á þessu ári og mundu kippa fótunum þá þegar undan fjárlagafrv. því og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem við ræðum nú.

Vegna þessara blaðafregna kemst ég ekki hjá því að kalla enn á ný eftir yfirlýsingu frá hæstv. forsrh. í þessu máli. Ég spyr hæstv. ráðh. og vænti þess, að hæstv. ráðh. svari því undanbragðalaust, hvort það standi ekki örugglega enn sem hæstv. ríkisstj. hefur marglýst yfir, að hún muni ekki gera frekari breytingar á gengi íslensku krónunnar þær fáu vikur, sem eftir lifa af árinu, en þegar hafa verið gerðar. Ég reikna með því, miðað við blaðafregnir og ummæli formanns Framsfl. hér í ræðustól í gær, að ýmsir telji nauðsynlegt að hæstv. forsrh. gefi afdráttarlaust svör hér og nú við þessari spurningu. (**Forsrh.:** Má ég heyra fsp.?) Fyrirspurnin er: Má ekki treysta þeim orðum hæstv. ráðh. og þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. hefur þráfaldlega gefið, að staðið verði við fyrirheit ríkisstj. um að verðbólga fari ekki fram úr 40% frá upphafi til loka þessa árs, þannig m. a. að frekari breytingar á gengi íslensku krónunnar verði ekki gerðar til ársloka? (**Forsrh.:** Hafa ráðh. lýst því yfir?) Já. (**Forsrh.:** Hvenær?) Hæstv. sjútvrh. lýsti því m. a. yfir í umr. utan dagskrár um verðákvörðun á fiski nú nýverið. Þá spurðist ég sérstaklega fyrir um það, hvort líklegt væri að gengisbreyting fylgdi í kjölfarið, og hæstv. ráðh. sagði að svo væri ekki. Og eins og ég gat um áðan man ég ekki betur en ég hafi lesið það í málgagni hæstv. forsrh., Morgunblaðinu, að það hefði það eftir honum frá ræðu á landsfundi þeirra sjálfstæðismanna og flokksbræðra hans, — ég veit ekki hvort heldur það var í Sigtúni eða við hin hátíðlegu vígsluathöfn sem hæstv. ráðh. lét þau orð falla, — að gengisbreyting yrði ekki gerð.

Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. forsrh., að það er ástæðulaust að halda hér langar tölur um þessa fjárfestingar- og lánsfjáráætlun því það var fjallað allverulega um hana þegar fjárlögin voru til 1. umr. nú fyrir örfáum dögum. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að vekja athygli á því, að í margumræddum lögum, sem kennd eru við Ólaf Jóhannesson, lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. frá 10. apríl 1979, er hæstv. ríkisstj. lögð ákveðin skylda á herðar gagnvart Alþingi. Í 2. gr. þessara laga um stjórn efnahagsmála og fleira segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir hvert reglulegt Alþingi skal, þegar það er saman komið, leggja til kynningar skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir það ár, sem í hönd fer. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða á því ári, sem er að líða, og horfum á hinu næsta.“

Hér ætla ég að láta staðar numið í tilvitnum örlitla stund og taka það fram, að hæstv. forsrh. hefur gegnt þeirri skyldu sinni að leggja fyrir Alþingi skýrslu um þjóðhagsáætlun fyrir komandi ár og í skýrslunni er einnig

gerð grein fyrir framvindu mikilvægustu þjóðhagsstærða og horfum á næsta ári. — En síðan heldur áfram í þessari 2. gr. laganna um stjórn efnahagsmála — með leyfi hæstv. forseta:

„Þá skal í skýrslunni greina frá þeim markmiðum, sem ríkisstj. setur sér um hagþróun á næsta ári, og helstu efnahagsráðstöfunum, sem hún hyggst beita til þess að þau náist.“ Er þá tilvitnun lokið.

Herra forseti. Ég finn ekki í þessari skýrslu neina grein gerða fyrir þeim markmiðum sem hæstv. ríkisstj. setur sér um hagþróun á næsta ári, heldur þvert á móti. Í grg. með fjárlagafrv. er sagt, að ekki megi túlka reiknitölu fjárlagafrv. sem verðbólguspá fyrir komandi ár, hins vegar muni áætlanir ríkisstj. um það verða settar fram í þjóðhagsáætlun. Þau markmið finn ég hins vegar hvergi í þjóðhagsáætluninni, og því leyfi ég mér að spyrja hæstv. forsrh.: Hvar eru þau finnanleg, þessi markmið sem Ólafslög segja að ríkisstj. eigi að leggja fram í þjóðhagsáætlun sinni? Og til viðbótar: Hvar er að finna í því plaggi frásögn um þær helstu efnahagsráðstafanir sem hæstv. ríkisstj. hyggst gera til þess að ná þeim markmiðum fram? Ég finn hana ekki heldur í áætluninni. Vænti ég þess, að hæstv. forsrh. veiti mér þessar upplýsingar, því eins og ég hef áður sagt finn ég þær því miður ekki í þjóðhagsáætlun hæstv. ráðh.

Herra forseti. Ég vakti einnig athygli á því við 1. umr. um fjárlög sem fór fram hér fyrir nokkrum dögum, að á þeim stutta tíma, sem leið frá því að fjárlagafrv. var lagt fram á Alþingi og þar til fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var lögð fram á Alþingi hafði ríkisstj. tekið ákvörðun um að breyta ýmsum atriðum mjög verulega í fyrirrætlunum þeim sem hún skýrði Alþingi frá um lánsfjárþörf opinberra aðila.

Ég vek enn athygli á því, að eins og frá fjárlögunum er gengið í frv. hæstv. fjmrh. og var sérstaklega vakin athygli á af honum í viðtali við dagblaðið Þjóðviljann þegar fjárlagafrv. var lagt fram, þá er greiðsluyfirlit ríkissjóðs í fjárlagafrv. þannig upp sett að þar gerir hæstv. ráðh. ráð fyrir að greiða meira af lánum ríkissjóðs en nemur þeim nýjum lánum sem tekin eru. Ef hins vegar er skoðuð sú lánsfjáráætlun, sem nokkrum dögum síðar var lögð fram, og þó að engin önnur breyting sé gerð á uppsetningu greiðsluyfirlits ríkissjóðs en þar kemur fram, þá er horfið frá þessu markmiði ríkisstj. Eins og nú standa sakir gerir hæstv. ríkisstj., áætlun um að taka til ríkissjóðs meiri lán en hún gerir ráð því að ríkissjóður greiði.

Þá vek ég einnig athygli á því að í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. var ekki gert ráð fyrir að lántökur til B-hluta á fjárlögum, til stofnana ríkisins, ykjust nema um 90%. Á þeim fáu dögum, sem liðu frá því að fjárlagafrv. var lagt fyrir Alþingi og þangað til lánsfjáráætlun var lögð fyrir Alþingi hafði jafnvel þessi tala, sem ýmsum fannst meira en nógu há, breyst allverulega og lántökurnar hækkað samanlagt fyrir A- og B-hluta um rösk 160%, eins og hv. þm. Lárus Jónsson gat um áðan. Það var kannske jafngott að það liðu ekki nema þessir fáu dagar á milli þess, að fyrra plaggið, fjárlagafrv., kom fram og þar til það síðara, lánsfjáráætlunin, var prentuð og lögð fram á Alþingi.

Þá vek ég einnig athygli á því, sem fram kemur í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, hve áætlanir hæstv. ríkisstj. á fyrri lánsfjáráætlun, sem lögð var fram og afgreidd á s. l. vori, hafa reynst rangar. Ég leyfi mér í þessu sambandi að nefna aðeins tvö atriði.

Í fyrsta lagi var mikið um það rætt í fyrra og hrósað sér mikið af því, að nú hygðist ríkisstj. og þá sérstaklega félmrh. gera stórátak í húsnæðismálum almennings á Íslandi, og var gerð áætlun í því sambandi. Sú áætlun hefur ekki staðist betur en svo, að á s. l. ári minnkuðu húsabyggingar á Íslandi allverulega frá árinu þar áður, eins og fram kemur í lánsfjáráætluninni fyrir 1982. Og þegar almennir húsbyggjendur þurfa að vega saman annars vegar hækkun, sem orðið hefur á byggingarkostnaði á þessu ári og hæstv. ríkisstj. segir sjálf að verði um 50%, og hins vegar það fjármagn, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að skammta Byggingarsjóði ríkisins, sem vex aðeins um 24%, þá uggir mig að margir húsbyggjendur, sem eiga nú í kröggum og þurfa að sækja til Byggingarsjóðs ríkisins um fjárhagsfyrirgreiðslu, muni lenda í vandræðum.

Þá er annað dæmi sem mig langar til að vekja athygli á, hversu illa áætlanir hæstv. ríkisstj. hafi staðið, þó svo að hún hafi átt því láni að fagna, ef lán skyldi kalla, að þurfa aðeins að miða lánsfjáráætlun sína í fyrra við um það bil 8 mánuði í stað 12 mánaða eins og venjan er. Í áætluninni í fyrra var mikið um það rætt, að nú ætti að marka mjög ákveðna stefnu í fiskveiðimálum og m. a. draga mjög verulega úr fjárfestingu í fiskiskipum vegna þess, eins og hæstv. sjútvrh. þá sagði, að það næði ekki nokkurri átt að halda áfram þeirri stefnu, sem hann þó allra manna helst ber ábyrgð á, að flytja inn sýknt og heilagt fiskiskip til viðbótar við þann fiskiskipaflota sem fyrir er, þegar sá innflutningar yrði aðeins til þess að rýra kjör sjómanna og útgerðarmanna á þeim skipum sem fyrir eru.

Hæstv. ríkisstj. gerði því áætlun um að draga úr fjárfestingu í fiskiskipum á árinu 1981 um 10%. En hvað segir hæstv. forsrh. okkur nú um hvernig sú áætlun stóðst? Reyndin varð nefnilega allt önnur en áætlunin gaf tilefni til. Fjárfestingar í fiskiskipum drógust ekki saman á yfirstandandi ári um 10%, heldur þvert á móti jukust þær um 10%. Þannig reyndist áætlunin hjá hæstv. ríkisstj. standa. Svona tókst hæstv. ríkisstj. að standa í ístaðinu.

Þá vil ég einnig vekja athygli hæstv. forsrh. á því, hvort honum, hæstv. ráðh., finnist ekki harla ólíklegt og í nokkuð mikið lagt að gera ráð fyrir að viðskiptabankar og sparisjóðir, sem eiga að fjármagna ríkissjóð og opinbera fjárfestingarlánasjóði með skyldukaupum á skuldabréfum þessara aðila, að mig minnir viðskiptabankar 4% frá ríkissjóði og 3% frá opinberum sjóðum, en sparisjóðir 6% frá ríkissjóði, — hvort ekki sé líklegt að það sé nokkuð of í lagt að ætlast til að þessar sömu lánastofnanir taki jafnframt við öllum framkvæmdaaðilum í húsnæðismálum í landinu sem Byggingarsjóður ríkisins hefur fram til þessa veitt framkvæmdalán til þess að auðvelda íbúðarhúsabyggingar fyrir almenning.

Nú segir í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og fjárlögum að þetta eigi að stöðva, það eigi að vísa framkvæmdaaðilum, sem byggja íbúðarhúsnæði fyrir almenning, frá Byggingarsjóði ríkisins — þar eigi þeir enga lánsfjárfyrirgreiðslu að fá á næsta ári — og til bankanna. Bankarnir eiga m. ö. o. að taka á sig þessa byrði af Byggingarsjóði ríkisins. Telur hæstv. forsrh. að það sé líklegt, að á sama tíma og þetta á að gerast, bankarnir eigi að fjármagna ríkissjóð með skyldukaupum skuldabréfa, bankarnir eigi að fjármagna framkvæmdaaðila í bygg-

ingariðnaði, sem Byggingarsjóður ríkisins hefur áður gert, — að þá gangi eftir þau áform hæstv. ríkisstj. að ganga enn til sömu aðila og gera upptækt hjá þeim fjármagn til þess að verja í millifærslur til sjávarútvegsins og hugsanlega iðnaðarins einnig. Mér er nokkur forvitni á að vita hvaða skoðun t. d. hv. þm. Albert Guðmundsson hefur á möguleikum bankanna til að binda allt fjármagn sitt með þessum hætti. Og hvað telur hv. þm. Albert Guðmundsson að sé þá eftir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum þessa lands til þess að sjá atvinnufyrirtækjum fyrir almennu rekstrarfé og jafnframt einstaklingum, fólkinu í landinu, sem verður t. d. að horfast í augu við að byggingarkostnaður hækkar um 50% þegar útlánageta Byggingarsjóðs ríkisins eykst aðeins um 24%? Hvert á þá þetta fólk að leita? Er líklegt að það geti borið niður hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum þegar ríkisvaldið situr þar fyrir, hirðir stóran hluta af fjármagni þessara stofnana fyrst í ríkissjóð, vísar síðan á þessar sömu stofnanir öllum framkvæmdaaðilum í húsnæðismálum, sem áður hafa fengið fjárhagsfyrirgreiðslu hjá Byggingarsjóði, og ætlar svo að taka þær upphæðir, sem þá kunna að vera eftir, ef einhverjar eru, til þess að millifæra yfir í sjávarútveg og hugsanlega yfir í iðnað.

Ég leyfi mér einnig að vekja athygli hæstv. forsrh. á því, að um helming allrar innlendrar lánsfjáröflunar, eins og gert er ráð fyrir að hún sé í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, á að taka úr lífeyrissjóðum landsmanna. Það á að hækka skyldukaup lífeyrissjóðanna úr því að þeir verji 40% af ráðstöfunarfé sínu til þess að kaupa verðtryggð skuldabréf frá ríkissjóði og opinberum sjóðum, upp í að þeir verji 45% af handbæru fé sínu í þessu skyni. Og það sem meira er: Það er ekki aðeins ætlast til þess, að um þetta sé rætt við lífeyrissjóðina og vilji þeirra kannaður, heldur er búið að ráðstafa þessu fé öllu í lánsfjáráætlun og í fjárlögum. Það er búið að eyða því fé öllu sem hæstv. fjmrh. ræðir um að hann ætli að hefja viðræður við lífeyrissjóðina um hvort þeir treysti sér til að kaupa. Ég spyr hæstv. forsrh. þess vegna: Mun hann með atkvæði sínu og áhrifum í ríkisstj. stuðla að því, að lífeyrissjóðir fólksins í landinu verði þvingaðir með lögum til þess að láta af heldi 45% af ráðstöfunarfé sínu ef ekki nást um það frjálsir samningar við lífeyrissjóðina? Ætlar hæstv. forsrh. sér ekki að þvinga slíka niðurstöðu fram með lögum, hvaða breytingar hyggst hann þá gera á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. ef samkomulag næst ekki um þetta við lífeyrissjóðina?

Má ég aðeins vekja athygli hæstv. forsrh. á þeirri staðreynd, að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hefur þurft að tilkynna fólkinu sem greiðir iðgjöld til sjóðsins og á þar réttindi, að sjóðurinn geti ekki sinnt þeim umsóknum sem fyrir liggja um lánveitingar frá sjóðfélögum eins og sjóðurinn hafði þó tilkynnt að hann mundi geta gert. Sjóðurinn hefur orðið að draga til baka vilyrði um lánveitingar til ríkisstarfsmanna sem eiga lánarétt í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Þykir hæstv. forsrh. líklegt að lausnin á þeim vanda sé að setja lög til að þvinga þennan lífeyrissjóð til að auka skyldukaup sín hjá ríkinu og stofnunum þess úr 40% af ráðstöfunarfé sjóðsins upp í 45% af ráðstöfunarfé? Hvað á þá að verða um það fólk sem borgað hefur iðgjöld til þessa lífeyrissjóðs, sem lagt hefur fram gildar umsóknir til sjóðins um lán til húsnæðiskaupa eða til íbúðarhúsbygginga, sem veit að það á rétt til þess að fá slíka fyrirgreiðslu, en verður að víkja fyrir hæstv. forsrh. og félögum hans í ríkisstj. sem setja lög á sjóðinn og segja að það skipti engu máli þó að fólk, sem í þennan sjóð hefur borgað, hafi unnið sér lánaréttindi, þeir ætli að koma þar á undan, þeir ætli að öðlast þar forgang umfram þetta fólk? Hvar á þetta fólk þá að bera niður, hæstv. forsrh.?

Þá vil ég enn spyrja hæstv. ráðh. Á bls. 9 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun eru setningar sem mér er ekki ljóst hvað þýða. Setningarnar hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta: „Sem erlend lán fjárfestingarlánasjóða eru hér aðeins sýnd þau sem taka skal að opinberu frumkvæði til þarfa Framkvæmdasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, en ekki lán til innlendrar skipasmíði og vegna innfluttra fiskiskipa, sem veitt eru einkaaðilum fyrir milligöngu viðskiptabanka, enda þótt Fiskveiðasjóður ábyrgist þau og yfirtaki með tímanum. — Lánsfjáröflun hins opinbera í þeim skilningi, sem hér um ræðir, verður 2599 millj. kr.“ o. s. frv. eins og þar segir.

Ég verð nú að segja eins og er, hæstv. forseti, að ég fæ ekki skilið hvað hér er við átt. Er hér um að ræða að aðeins sé verið, eins og má ætla af þessum setningum, að sýna í lánsfjáráætlun hluta af þeim erlendu lánum sem fjárfestingarlánasjóðum er ætlað að taka? Er hér um að ræða einhverja breytingu á uppsetningu hvað þetta varðar frá því sem áður er? Það mætti ætla eins og frá þessu er sagt. Ég óska þess að sjálfsögðu að svo sé ekki, en vil fá skýringu hjá hæstv. forsrh. á þessum setningum.

Að lokum vil ég aðeins vekja athygli hv. þm. og hæstv. ráðh. á því, að á bls. 17 er tafla um fjárfestingarlánasjóði, útlán þeirra og fjármögnun á árunum 1981 og 1982. Þar er m. a. tafla um fjármögnun fjárfestingarlánasjóðanna, og ég vek athygli manna sérstaklega á því þar sem hæstv. ríkisstj. segir, bæði í fjárfestingaráætluninni og í grg. fjárlagafrv., að aukinn sparnaður innanlands geri það að verkum, að unnt sé nú að skera niður framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða meira en áður hefur verið gert vegna þess að sjóðirnir geti bætt sér það upp með meiri eigin tekjum. Ég vek athygli á því, að taflan á bls. 17 í lánsfjáráætluninni leiðir þveröfug sannindi í ljós. Hún leiðir það í ljós, að á árinu 1981 hafa fjárfestingarlánasjóðirnir orðið að bæta sér upp þennan missi með aukinni erlendri lántöku. Ber þar allt að sama brunni. Einnig þessir lánasjóðir verða að sækja fé sitt í erlenda banka til þess að geta sinnt þeim skyldum sem hæstv. ríkisstj. leggur þeim á herðar. Þær upplýsingar, sem þar koma fram, stangast á við þær upplýsingar, sem hæstv. ríkisstj. gefur Alþingi annars staðar í þessari skýrslu og hún réttlætir sem ástæðu þess, að óhætt sé að skera niður framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóðanna meira en gert hefur verið.

Að lokum, herra forseti, langar mig til að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvort hann geti upplýst okkur þm. um hvaða opinberar stofnanir það séu í landinu sem verða að standa undir almennum rekstrarútgjöldum sínum með erlendum lánum, hversu há þessi lán séu orðin hjá hverri og einni stofnun og hvernig hæstv. ríkisstj. geri ráð fyrir að þessar stofnanir geti endurgreitt þessi erlendu lán sem þeim er ætlað að taka til þess eins að geta greitt almenn rekstrarútgjöld og rekstrarkostnað við starfsemi sína.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að segja hér mörg orð við umr. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 þar sem ég ræddi þessi mál allítarlega við 1. umr. um fjárlög og hef þar litlu

við að bæta. Auk þess var ég tepptur á fundi hér frammi við upphaf þessarar umr. og hef því ekki getað fylgst með henni frá byrjun. En skömmu eftir að ég gekk í salinn heyrði ég fjarstæður nokkrar sem mér fannst óhjákvæmilegt að svara hér, enda ekki tækifæri til á sínum tíma að ræða þær við afgreiðslu fjárlaga. Er af mörgu að taka því hér hefur margt furðulegt komið fram.

Ég vil t. d. leyfa mér að fullyrða og segja það hreinskilnislega, að áreiðanlega hefur engum ráðh. dottið í hug, hvorki fyrr né síðar, að lýsa yfir að gengi krónunnar yrði ekki hreyft framar. Auðvitað hefur enginn lýst því yfir og það er ekkert annað en skröksaga að slík yfirlýsing hafi verið gefin hér af einum eða neinum ráðh. En nóg um það.

Ég ætlaði að minnast á erlendu lánin sem voru gerð að umtalsefni áðan. Ég sé að í Morgunblaðinu er slegið upp sem rosatíðindum að lán til A- og B-hluta fjárlaga, erlend lán, vaxi um 134%, þetta sé í raun og veru sú eina tala í sambandi við erlend lán sem standi upp úr og eigi að vekja athygli fólksins. Þarna er auðvitað um nokkra sjónhverfingu að ræða, sem er bráðnauðsynlegt að bæði þm. og allur almenningur átti sig á. Hvernig stendur á því, að hægt er að finna í þessu plaggi þessa háu prósentutölu, sem vissulega er hér að finna, 134%, en á sér mjög augljósar og eðlilegar skýringar? Skýringin er ósköp einfaldlega sú, að fram að þessu hafa erlend lán til orkuframkvæmda, til byggingar raforkumannvirkja, verið tekin af fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs, Landsvirkjun og Laxárvirkjun. En í þeirri lánsfjáráætlun, sem nú liggur fyrir, er það ríkið sjálft sem tekur þessi lán og endurlánar þau væntanlegum virkjunaraðila sem ekki hafa verið enn teknar ákvarðanir um. Af þessari ástæðu, er ákaflega lítil hækkun á prósentutölu erlendra lána hjá fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs. Þau voru á árinu 1981 505 millj., en verða á árinu 1982 509 millj., sem sagt nær óbreytt upphæð. Aftur á móti hækka að sjálfsögðu A- og B-hluti fjárlaga þeim mun meira.

Ef þessar tvær tölur eru lagðar saman, þ .e. A- og B-hluti fjárlaga og fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, en þetta má sjá á bls. 20 í lánsfjáráætlun, þá sjá menn að á árinu 1981 er heildarupphæðin í erlendum lántökum 803 millj., en verður á næsta ári 1205. Hækkunin er 50%. Þá er komin prósentutala sem er sambærileg frá ári til árs. Hin talan er auðvitað algjörlega út í bláinn, því ekki er verið að bera saman sambærilega hluti.

Ég vil bæta því við, að erlendu lántökurnar eru vissulega miklar og eiga sér ýmsar skýringar, m. a. að verið er að fara út í stórfelldan undirbúning nýrra virkjana á fleiri en einum stað á landinu og til þess þarf að afla töluvert mikils fjár. Ég veit ekki betur en að allir hv. þm. séu sammála um að út í þessar virkjunarframkvæmdir skuli farið og að sjálfsögðu verði ekki aflað fjár til þess öðruvísi en að taka til þess erlend lán. Fleira kemur hér til, eins og t. d. að ákveðið hefur verið að gera stórfellt átak í sambandi við lagningu sjálfvirks síma. Það er samkv. lögum frá Alþingi sem allir hv. alþm. hafa staðið að, og auðvitað verður að útvega fé í þessu skyni. Prósentutalan fer upp í 50% þarna á milli ára þegar um er að ræða A- og B-hluta fjárlaga og fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs. En að tala um 134% í þessu sambandi er auðvitað hrein fjarstæða og sjónhverfingar sem ekki eiga að eiga sér stað hér á hv. Alþingi.

Ég vek líka athygli á því, að ef menn líta á heildardæmið, þ. e. erlendar lántökur á árinu 1982, eins og sjá má á bls. 20 í lánsfjáráætlun, þá er hækkunin milli ára, þegar á heildina er litið, þegar litið er á allar erlendu lántökurnar, ekki nema 19%. Erlendar lántökur nema tæpum 1735 millj. á árinu 1981, en verða 2070 millj. á árinu 1982, hækkun 19%. Það er ekki mikil hækkun milli ára þegar reiknitala fjárlaga og lánsfjáráætlunar er miðuð við 33%, það sjá allir. Allt þetta tal um hina gífurlegu hækkun á erlendum lántökum byggist því á sjónhverfingum og engu öðru.

Ég vil svo í öðru lagi svara fsp. sem að vísu var beint til forsrh. Mér er ljóst að menn geta villst á orðalagi og vil taka ábyrgð á orðalaginu á bls. 9 þar sem segir: „Sem erlend lán fjárfestingarlánasjóða eru hér aðeins sýnd þau sem taka skal að opinberu frumkvæði til þarfa Framkvæmdasjóðs og Iðnþróunarsjóðs, en ekki lán til innlendrar skipasmíði og vegna innfluttra fiskiskipa, sem veitt eru einkaaðilum fyrir milligöngu viðskiptabanka, enda þótt Fiskveiðasjóður ábyrgist þau og yfirtaki með tímanum.“ Ég tek fulla ábyrgð á þessu orðalagi og vil gefa á því skýringu og svara því hér í leiðinni. Þetta er nákvæmlega eins og það hefur alltaf verið. Það er enginn munur nú frá því sem verið hefur, að í lánsfjáráætlun eru eingöngu tiltekin lán sem hið opinbera tekur og lánar beint til Iðnþróunarsjóðs og til Fiskveiðasjóðs, en þessar lántökur, sem hér er verið að nefna, koma fram á bls. 20, neðarlega í upptalningunni, undir liðunum: fiskiskip, önnur skip, endurbætur á skipum, innlend skipasmíði, endurbætur unnar innanlands. — Það eru sem sagt fimm liðir sem þessar lántökur geta fallið undir, en þar sem þarna er að forminu til um að ræða lántökur á vegum einkaaðila, en ekki lántökur á vegum opinberra stofnfjársjóða, eru þær neðar í upptalningunni. Það er að þessu sem málsgr. á bls. 9 lýtur.

Ég vænti þess, að þetta gefi fullnægjandi skýringu og sé fullnægjandi svar við athugasemd fyrirspyrjanda.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. var hneykslaður á sjónhverfingum sem menn hefðu í frammi í þessari umr., og auðvitað eiga þær ekki rétt á sér. En ekki er það sjónhverfing hvernig mál eru að skipast með erlenda skuldasöfnun okkar. Það eru blákaldar staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir, og ef ekki verður brugðið á annað ráð í þeim efnum fer í verra. En þó var honum enn meir ofhasað á lyginni úr stjórnarandstöðunni, að það væru einhverjir ráðh. sem lýst hefðu yfir að engin gengisbreyting yrði. Þetta hefur verið bæði og. Það gekk staflaust um landið fyrir örskömmu, að á fundum við ákvörðun um síldarverð hefði hæstv. sjútvrh. lýst yfir að það yrði gengisbreyting hið allra fyrsta, og það voru nefnd 9%. Ég vona að þessi sagá sé ekki sönn, því auðvitað eiga ráðh. ekki að lýsa neinu slíku og þvílíku yfir. En ég var þar sem hæstv. forsrh. kvað afar fast að orði um stöðugt gengi nú og um einhverja hríð fram á við. Þar var ég og þar voru 949 til viðbótar, því 950 höfðu verið þar alls, án þess að ég ætli að fara að rifja það orðrétt upp.

Ég ætla að hafa uppi skammar signingar yfir fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni nú, ég hef aðeins haft nasasjón af henni, en það eru tvö atriði í því sambandi sem ég vil aðeins gera að umtalsefni.

Ég minnist þess um langt árabil, að allhörð umræða fór fram á hinu háa Alþingi vegna þess sem kallað hefur verið kaupskylda lífeyrissjóða, kaupskylda á skulda-

bréfum Byggingarsjóðs og Framkvæmdasjóðs. Auðvitað of í lagt að kalla þetta kaupskyldu, því þetta hefur aldrei verið fest í lög. Þá minnist ég þess, að fyrirsvarsmenn eins og Eðvarð Sigurðsson úr verkalýðshreyfingunni, úr Alþb., og forráðamenn lífeyrissjóða verkalýðsins mótmæltu þessari aðferð harkalega.

Nú vil ég taka það fram, að ég er eindreginn fylgismaður þessarar aðferðar, að lífeyrissjóðirnir láti verulegt fé af hendi rakna til fjárfestingar hjá hinu opinbera. Um það má auðvitað deila hversu hátt hlutfall þetta á að vera. Menn hafa nú um hríð miðað við 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna og þykir ýmsum ærið. Þó veit ég til þess, og ég hygg að ég fari með rétt mál, að í Svíþjóð t. a. m. eru lögbundin 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það eigi að lögbinda þetta og til er ég að ljá atkv. mitt við lögbindingu eins og 40%. En nú bregður hæstv. ríkisstj. á það ráð að hækka þetta hlutfall upp í 45%, félagar Eðvarðs Sigurðssonar, t. a. m. hæstv. fjmrh. Ef þann veg hefi nú árað að gengið hefði vel með sölu skuldabréfa þessara sjóða, Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs, í ár samkv. þeirri lánsfjáráætlun sem nú er í framkvæmd, þá hefði svo sem út af fyrir sig mátt skilja þetta vegna þess óseðjandi hungurs sem hið opinbera stöðugt þjáist af og ríkissjóðshítin. En þann veg er nú málum ekki háttað, öðru nær.

Það hefur aldrei gengið erfiðlegar að selja þessi bréf til lífeyrissjóðanna og stefnir í það og það þarf ekki að vera neitt leyndarmál, að á mun skorta í aðallánasjóð atvinnuvegasjóðanna, Framkvæmdasjóð, 70—80 millj. kr. Þetta hét fyrir myntbreytingu 7—8 milljarðar, ef menn skilja það betur. Útlitið er afar dökkt, að það náist að selja skuldabréf sem þessari fjárhæð nemur til lífeyrissjóðanna. Þeir hafa nú nýja og miklu betri möguleika en áður á ávöxtun síns fjár, og þeir vilja af skiljanlegum ástæðum hafa tök á að geta gripið til þess til lánveitinga, til félaga sinna, t. a. m., til húsbygginga eða til annarra þarfa. Ef þessu heldur fram sem horfir er ekkert ráð annað til en að lögbinda þessa skyldu.

Þó að standi aðeins betur um skuldabréfakaup af Byggingarsjóði ríkisins er það langt frá því að vera með þeim hætti sem boðlegt er. Ég vil nú spyrja hæstv. forsrh. — eða ég ætti kannske öllu heldur að beina fsp. minum til fjmrh. og það er best að ég geri það: Hvaða ráðstafanir hyggst hann gera til þess að fullnægt verði því sem kalla verður lagaskyldu samkv. lánsfjárlögum sem nú gilda, fullnægt verði kaupskyldu lífeyrissjóðanna á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs Íslands? Þetta er alveg nauðsynlegt að menn upplýsi, til hvaða ráðstafana eigi að grípa. Ef svo reynist, að þetta næst ekki fram samkv. þeim lánsfjárlögum sem við búum við, er til lítils að ætla sér enn stærri hlut á nýju ári eftir þessari leið.

Þetta var fyrra efni máls míns. Hið síðara er að hér var einn harðsnúinn stuðningsmaður hæstv. ríkisstj. í ræðustól í gær sem hélt því fram að vanda atvinnuveganna, vanda fiskiðnaðar og sjávarútvegs, ætti að leysa með erlendri lántöku. Hann hélt því mjög ákveðið fram og nefndi t. a. m. að það hefði átt að leysa vanda Jökuls á Raufarhöfn með erlendri lántöku fyrirtækisins. Nú nefndi hæstv. sjútvrh. það í gær í umr. utan dagskrár, að hann hygði að vandi þessa atvinnuvegar, fiskiðnaðar svo og sjávarútvegs, mundi kannske nema 200 millj. kr., auk fjár úr Byggðasjóði, eins og hann nefndi. Hv. 2. þm. Norðurl. e. kunni það ráð til handa fyrirtæki sem skortir 5 millj., að það fengi að taka þetta fé rakleiðis að láni erlendis. Ég nefndi þetta baneitraða leið og ég nefni það baneitraða leið ef hæstv. ríkisstj. ætlar að vísa Framkvæmdasjóði á erlendar lántökur til þess að sjóðurinn geti gegnt skyldum sínum við atvinnuvegasjóðina. Ég kalla það baneitraða leið af því sem svo stendur sem raun ber vitni um erlenda skuldasöfnun okkar.

Hæstv. sjútvrh. hefur nefnt töluna 200 millj. — sem fyrir tæpu ári hétu 20 milljarðar, að sá væri fjárhagsvandinn sem fljótlega þyrfti að leysa hjá fiskiðnaði og sjávarútvegi. Hvar hyggst hæstv. ríkisstj. leita þess fjár? Ég benti á í gær að ég sæi engin sköpuð ráð önnur en að skera niður hjá hinu opinbera. En stjórnarþingmaður vísar til erlendrar lántöku. Fjárhæðin er geysimikil og vandinn er brýnn, og það er einmitt í sambandi við setningu lánsfjárlaga og umr. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir 1982 sem þetta mál hlýtur mjög að komast í brennidepil.

Ég endurtek varnaðarorð mín við því að stefna að úrlausn þessara vandamála með erlendri lántöku. Þar höfum við þegar seilst um of og allt of langt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. beindi til mín spurningu úr þessum virðulega ræðustól, ekki til mín sem alþm., heldur bankaráðsformanns eins af aðalviðskiptabönkum undirstöuatvinnuvega þjóðarinnar. Spurningin hljóðaði eitthvað á þessa leið, ég veit ekki hvort ég skrifaði hana orðrétt: Ætla bankarnir að fjármagna atvinnuvegina? Og hann tiltók held ég tvær eða þrjár undirstöðuatvinnugreinar þjóðarinnar. Ég get svarað þessu með einu litlu neii. En ég vil færa með nokkrum orðum rök fyrir því, að sú fjármögnunarleið við atvinnuvegi og þá sérstaklega undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sem hingað til hefur verið notuð, er að mergsjúga bankakerfið að því marki, að viðskiptabankarnir hafa ekki svigrúm til að gegna eðlilegu hlutverki sínu. Þá á ég við þá viðskiptabanka sem ég þekki best til, en Útvegsbankann fyrst og fremst.

Ég ætla að undirstrika það sem allir hv. þm. hljóta að vita, að það hvílir bindiskylda á bönkunum. Hún er 35% af öllu innlánsfé bankanna. Því til viðbótar fara oft meira en 30, jafnvel 35% í afurðalán sem eru tekin án þess að bankinn veiti leyfi. Þau eru sjálftæk. Því til viðbótar kemur krafa um að fjármagna hina ýmsu fjárfestingarsjóði. Hvernig í ósköpunum getur nokkur maður ætlast til þess, að með því, sem afgangs er þá, standi bankakerfið undir þeim þörfum hins almenna borgara, viðskiptalífsins og undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar? Það er gjörsamlega útilokað.

Þegar talað er um okur í bankakerfinu, eins og fram kom hér í ræðu hjá einhverjum hv. þm. í gær, þá er það okur hjá Seðlbanka Íslands og það þarf að stöðva. Ég sé ekki nokkra ástæðu til þess, að viðskiptabanki — eins og t. d. sá sem hv. Alþingi hefur kosið mig til að veita forstöðu — sé miliiliður í því að færa peninga þaðan, sem þeir eru til, í Seðlabanka Íslands. Ég segi það vegna þess að það hafa ekki, a. m. k. ekki síðan ég gerðist bankaráðsformaður, verið settar neinar hömlur á það eða hámarksupphæðir sem viðskiptabankar geta yfirdregið í Seðlabanka Íslands.

Næsta skref hlýtur að vera, og það er eins gott að ég upplýsi hv. Alþingi um það í dag, að á næsta bankaráðsfundi Útvegsbanka Íslands mun ég leggja til að bankastjórunum verði ekki heimilt að veita eitt einasta sjálf-

virkt lán hér eftir, ekki verði heimilt að nota þá peninga sem bankinn á ekki, aðeins vera milliliður milli Seðlabanka Íslands og þeirra, sem þurfa á peningunum að halda, og borga fyrir það yfir 40% vexti. Seðlabankinn virðist eiga nóga peninga. Það eru engar hömlur á því, hvað viðskiptabankarnir mega yfirdraga þar svo lengi sem þeir borga yfir 40% vexti, vegna þess að ég er að tala um mismuninn á því fé, sem viðskiptabönkunum er gert að skyldu að eiga inni í Seðlabankanum á lágum vöxtum, og því sama fé, sem þeim er lánað og umfram það á okurvöxtum. Ég sé enga ástæðu til að vera þar milliliður. Viðskiptavinirnir geta farið beint þangað sem peningarnir eru til. Þeir eru í Seðlabankanum. Ég get upplýst það líka, að bankaráð Útvegsbankans hefur þegar tekið þessa ákvörðun. Við höfum þegar tilkynnt ríkisstj. það með bréfi fyrir nokkrum mánuðum. En nú er komið að framkvæmd og ég legg til að sú framkvæmd taki gildi þegar í stað eftir næsta bankaráðsfund.

En það sem er spurning í mínum huga er þetta: Hvernig stendur á því, að Seðlabankanum líðst að taka gengismun frá þeim sem eiga kröfur sem greiddar eru gegnum hann? Hvernig stendur á því, að Seðlabankinn afhendir ekki 100% það gengi sem eigandi að erlendum kröfum á rétt á, þegar gengisbreyting verður frá því að krafan er skrifuð og send til innheimtu og þangað til hún er greidd? Af hverju líðst Seðlabankanum að taka af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar þennan mismun? Það er ekki tekið af neinum öðrum sem fær þjónustu hér á landi greidda í erlendum gjaldeyri. Ef ég eða einhver annar fær senda þóknun fyrir störf sem eru unnin hér fyrir erlenda aðila sem umboðsaðili, þá er greitt á því gengi sem er þann daginn sem peningarnir berast. En undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar fá ekki nema hluta af því. Seðlabankinn safnar mismuninum í sjóð. Til hvers? Til þess eins að geyma peningana og telja okkur trú um að það sé öryggi þjóðarinnar fyrir bestu að taka peninga í geymslu og nota þá ekki, sem þýðir ekkert annað en að það þarf að lækka gengið svo að undirstöðuatvinnuvegirnir fái það sem þeir þurfa til rekstrarins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef gefið hér upplýsingar og ég hef gefið svo miklar upplýsingar vegna þess að ríkisstjórn og Seðlabanki standa frammi fyrir þeirri staðreynd, að svo lengi sem Alþingi trúir mér fyrir Útvegsbanka Íslands, þá borga ég ekki 40% fyrir það eitt að vera milliliður milli þeirra, sem þurfa á peningunum að halda, og þeirra, sem eiga þá. Því svara ég spurningunni neitandi. Svo lengi sem ég get haft áhrif á það mun viðskiptabanki sá sem mér er trúað fyrir ekki taka þátt í að fjármagna atvinnuvegina með slíku lánsfé.

Umr. frestað.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 22). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afstaða símnotenda til jöfnunar símkostnaðar, þáltill. (þskj. 35). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Íþróttamannvirki á Laugarvatni, þáltill. (þskj. 70). — Ein umr.

Flm. (Baldur Óskarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál., sem hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá um að nú þegar verði hafist handa við byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja á Laugarvatni, sem samþykkt voru af menntmrn. 9. júní 1980, til að tryggja starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands og annarra skóla á Laugarvatni og um leið framtíð Laugarvatns sem mennta- og menningarseturs."

Kveikjan að því, að þessi þáltill. er hér flutt, er sú, að ég fór fyrir viku austur á Laugarvatn á sérstakan baráttufund sem þar var boðað til af öllum nemendum skólanna á Laugarvatni og kennurum skólanna og fjölda fólks úr byggðarlaginu. Þetta var baráttufundur fyrir því, að þegar yrði hafist handa við byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja á Laugarvatni. Þarna var verið að mótmæla því, að ekki skuli í fjárlagafrv.veitt veruleg upphæð til þessara mannvirkja. Þetta var mjög ánægjulegur fundur og þarna skapaðist mikil og góð samstaða allra á staðnum, bæði nemenda og kennara og fólksins í kring. Ég er alveg sannfærður um að þessi mikla og góða samstaða og sá baráttuandi, sem á þessum fundi ríkti, mun áreiðanlega verða til að bjarga þessu máli í höfn, því það var öllum ljóst, sem á þessum fundi voru, og það er áreiðanlega flestum alþm. einnig ljóst, að ef ekki verður hafist handa við þetta mannvirki nú þegar er málið í stórhættu og um leið framtíð Laugarvatns sem skóla- og menntaseturs.

Ég fagna því mjög, að þessari baráttu, sem þarna hófst, skuli nú hafa verið fylgt eftir með eftirminnilegum hætti. Hingað til Reykjavíkur koma nemendur og kennarar skólanna á Laugarvatni og ýmsir staðarmenn til að láta í sér heyra bæði ráðuneyti menntamála og fjármála og hv. Alþingi. Sú ferð þeirra að austan er til þess að undirstrika viljann í þessu máli og undirstrika þá alvöru sem býr hjá nemendum skólanna austanfjalls. Hafi þeir heiður fyrir og þökk, því þarna eru þeir ekki fyrst og fremst að vinna fyrir sjálfa sig, heldur fyrir framtíðina.

Á þessum fundi, sem ég var að vísa til áðan, flutti skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands, Árni Guðmundsson, mjög ítarlega og merka ræðu þar sem hann rakti sögu Íþróttakennaraskólans og gerði grein fyrir því, hvernig að skólanum væri nú búið. Ég ætla í því, sem ég segi hér, að styðjast að verulegu leyti við það sem kom fram þar í máli hans, en vil segja að aðstaða Íþróttakennaraskólans og hinna skólanna á Laugarvatni til íþróttakennslu er auðvitað fyrir neðan allar hellur og til skammar. Það er svo komið að ekki er hægt að veita nemendum Laugarvatnsskólanna nema helming af lögboðinni íþróttakennslu.

Íþróttaskóli Björns Jakobssonar hóf starf á Laugarvatni haustið 1932. Ég þarf að vísu ekki að vera að rekja hér ítarlega sögu Laugarvatnsskólanna, ég held að öllum hv. alþm. og landsmönnum flestum sé hún svo

kunn, en ég vil stikla á nokkrum atriðum varðandi íþróttakennaraskólann sérstaklega. — Íþróttakennaraskóli Björns Jakobssonar tók sem sagt til starfa á Laugarvatni haustið 1932. Skóli þessi varð ríkisskóli 1. jan. 1943. Íslenska ríkið tók þá við rekstri hans og kostaði uppbyggingu hans alla. Árið 1946 var tekið í notkun núverandi íþróttahús á Laugarvatni með íþróttasal sem er 12 × 24 metrar. Íþróttahús þetta þótti á sínum tíma mikil höll, enda stærst slíkra húsa á Íslandi þá. Sumum þótti nóg um þessa stærð, en fleiri lofuðu þó framtakið og töldu Laugvetninga og landsmenn alla vel að slíku húsi komna. Nú er þetta hús auðvitað orðið allt of lítið. Húsi þessu fylgdu bað og búningsherbergi sem eru þannig að menn verða að fara í sérstaka fjölbragðaglímu hver við annan til þess að komast í bað í þessu húsi. Íþróttahús þetta er séreign Íþróttakennaraskóla Íslands. Á Laugarvatni er svo sundlaug, sem byggð var 1929, og hún er 8 × 12.5 metrar að stærð. Að stofni til er þessi sundlaug notuð enn í dag, að vísu færð í núverandi horf 1944 og viðgerð svo árið 1965. Á þeim fundi á Laugarvatni, sem ég er oft búinn að vitna til, lét skólastjóri héraðsskólans þau orð falla að menn gætu ekki áttað sig á því, hvort mundi fyrr hrynja þakið á þessari sundlaug eða þá gaflarnir færu út og þar með vatnið úr lauginni. Þetta ástand er auðvitað alveg til skammar.

Þetta eru þau mannvirki sem notast er við bæði af Íþróttakennaraskóla Íslands og öllum skólunum þarna. En á Laugarvatni eru fimm skólar, þ. e. héraðsskólinn, menntaskólinn, barnaskólinn og húsmæðrakennaraskólinn fyrir utan Íþróttakennaraskólann. Nemendur þessara skóla eru alls tæplega 400.

Það segir sig sjálft að á þessu verður að verða veruleg breyting. Það hefur mönnum lengi verið ljóst því að þessi íþróttamannvirki, íþróttahúsið og sundlaugin, svara að sjálfsögðu ekki lengur kröfum tímans og fullnægja ekki kennsluþörfinni, eins og ég var áðan að segja.

Barátta fyrir nýju íþróttahúsi og nýrri sundlaug hófst fyrir löngu, strax árið 1965 var þetta á döfinni. Eftir að smíði heimavistarhúss Íþróttakennaraskóla Íslands lauk 1968 komst veruleg hreyfing á málið. Það, sem menn hafa verið að tala um að byggja við Íþróttakennaraskólann, er í fyrsta lagi íþróttahús, í öðru lagi sundlaug, kennslustofuhúsnæði og svo kennaraíbúðir. Áætlaður kostnaður þessara mannvirkja allra var í nóvembermánuði 1980 áætlaður 1982 millj. kr.

Það hefur kostað verulegt stríð fyrir forráðamenn Íþróttakennaraskólans og skólanna á Laugarvatni að fá einhverju áorkað í þessu máli. Þeir eru búnir að fara margar göngur hingað suður til yfirvalda til að reyna að hrinda þessu helsta hagsmunamáli skólanna fram. En því miður hafa þeir mætt verulegri tregðu hjá yfirvöldum. Það er nefnilega þannig, að ýmsir menn, ekki síst þeir sem fara með stjórn menntamála á Íslandi, telja mjög vafasamt að setja Íþróttakennaraskóla Íslands niður að Laugarvatni. Það eru ýmsir sem telja að þessi skóli væri betur kominn hér í Reykjavík í tengslum við Kennaraháskóla Íslands.

Ég verð að segja það, að ef það skref verður stigið er það býsna mikið í mótsögn við þá stefnu sem ýmsir hafa haft á oddi, að það væri nær að dreifa stofnunum um landið en að færa þær hingað til Reykjavíkur. Það er alveg ástæðulaust fyrir okkur að vera að flytja þær, sem starfa með góðum árangri úti um landið, hingað til Reykjavíkur. Það er að sjálfsögðu hægt að koma á nánu samstarfi Íþróttakennaraskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands þó að önnur stofnunin sé austur á Laugarvatni og hin hér í Reykjavík. Þetta er ekki sú ógurlega vegalengd. Þegar sá tími rennur upp, að komið verður bundið slitlag alla leið upp að Laugarvatni, ætti þetta ekki að vera mikið vandamál. Að vísu bólar afskaplega lítið á þeirri vegagerð, en það er önnur saga.

Undirbúningsvinna að byggingu íþróttahúss þarna á Laugarvatni hefur verið í gangi undanfarin ár, og með vitorði menntmrn. 9. júní 1980 samþykkti menntmrh. teikningar 1. áfanga íþróttahúss. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir hafði þá sitt hvað við þessar teikningar að athuga og reyndar málið allt. Það ánægjulega gerðist svo, að á fjárlögum ársins 1978 voru veittar á Alþingi 10 millj. gkr. til þessara íþróttamannvirkja sem höfðu verið í undirbúningi, árið 1980 voru veittar á fjárlögum 50 millj. gkr. í þessu sama skyni og á fjárlögum 1981 voru 100 millj. gkr. til þessara mannvirkja.

Menn stóðu í þeirri góðu trú, að með þessu hefði Alþingi í raun og veru lýst vilja sínum og markað ákveðna stefnu í málinu. En svo gerist það undarlega, að á fjárlögum þessa árs eru aðeins 250 þús. kr. til þessa íþróttamannvirkis, sem er auðvitað allt of lítið til að geta hafið framkvæmdir og er í raun sama upphæð og skólinn fór fram á til tækjakaupa.

Ef ég lýsi aðeins í stórum dráttum hvaða byggingar þarna er verið að ræða um, þá er það í fyrsta lagi íþróttasalur sem er áætlaður 27 × 45 m að flatarmáli með 7 m lofthæð, sex búningsherbergjum og þremur baðherbergjum, lyftingasal og aðstöðu fyrir húsvörð og annað starfsfólk. Íþróttasalurinn er hugsaður þannig að skipta megi honum í þrjár einingar með tjöldum þar sem hver eining yrði 15 × 27 m. Í um 3 m hæð frá gólfi er gert ráð fyrir svölum meðfram öllum veggjum, sem nýta má sem hlaupabraut og nota jafnframt því sem aðrar íþróttir eru iðkaðar á gólfi hússins. Að því er mjög mikið hagræði. Gert er ráð fyrir sætum fyrir áhorfendur á framdregnum bekkjum. Yrði gólfflötur íþróttahússins þá 22 × 45.

Í öðru lagi er svo gert ráð fyrir sundlaug sem er 12 × 25 m.

22. maí 1981 var haldinn fundur í samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir. Fundinn sátu auk nefndarmanna Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins og Árni Guðmundsson skólastjóri. Á fundinum samþykkti nefndin byggingu íþróttahúss á Laugarvatni, þó á þann hátt að aðeins yrðu steyptir upp $^2/_3$ hlutar íþróttahússins að sinni, en grunnur og botnplata fyrir allt húsið.

Árni skólastjóri lýsti andstöðu sinni við þessi málalok og taldi þetta skerða nýtingu hússins verulega. T. d. kæmi hlaupabrautin ekki að gagni, einni einingu yrði færra og minni gólfflötur til allra stærri knattleikja og frjálsra íþrótta. Efaðist hann um hagkvæmni slíkrar skerðingar með tilliti til heildarkostnaðar, benti á bráðabirgðagafl, gólfefni með merkingum þyrfti að endurnýja við stækkun. Þessu væri auðvitað hægt að breyta að vilja Alþingis og reisa allt húsið í einu lagi.

Málið hefur svo dregist á langinn, þótt skipulagsyfirvöld heima fyrir svo og skólanefnd héraðsskólans, eigandi lóðarinnar, hafi þegar samþykkt staðsetningu hússins.

Teikningar, hönnunargögn og útboðslýsing voru svo lögð inn til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins, en þetta útboð hefur enn ekki farið fram, en nauðsynlegt er að það gerist strax, jafnframt því sem á

fjárlögum verði tryggt nægilegt fjármagn til þessara framkvæmda.

Ég gæti auðvitað talað um þetta langt mál, en ég sé ekki neina ástæðu til þess. Kjarni málsins er augljós. Ég get þó aðeins bætt því við, að árið 1978 fór menntmrn. fram á, að nemendum Íþróttakennaraskóla Íslands yrði fjölgað í 50, án þess að nokkrar ráðstafanir væru gerðar til að auka rými íþróttakennslunnar. Þetta varð til þess að skerða enn þá frekar íþróttakennslu við hina skólana, að ekki sé talað um aðstöðu til frjálsra æfinga, og er þó unnið í íþróttahúsinu frá því kl. 8 á morgnana og langt fram á nótt.

Kjarni málsins er þetta: Alþingi þarf að hrista af sér slenið, ákveða í eitt skipti fyrir öll að á Laugarvatni skuli Íþróttakennaraskóli Íslands vera og þar skuli rísa myndarlegt íþróttamannvirki sem ekki sé aðeins notað fyrir Íþróttakennaraskólann, heldur alla hina skólana líka, notað af fólkinu í hreppunum í kring, notað fyrir Ungmennasambandið Skarphéðin og notað fyrir æsku Íslands. Það er auðvitað nauðsynlegt að slíkt íþróttamannvirki sé til á góðum stað þar sem hægt er að vera með sumarnámskeið af ýmsu tagi, hægt að bjóða upp á námsaðstöðu fyrir afreksmenn okkar sem þurfa að æfa og þjálfa og stilla saman kraftana, hvort heldur um er að ræða landskeppni eða annan leik. Laugarvatn er tilvalinn staður til þess.

Ýmsir hafa haldið því fram, að framtíð Laugarvatns sé líka óljós vegna þess að miklar breytingar hafa verið að gerast í fræðslumálum okkar á þann hátt, að grunnskólarnir hafa tekið að kenna meira en áður var. Nú er 9. bekkur í mörgum skólum og fjölbrautaskólar hafa risið. Í Suðurlandskjördæmi er um að ræða skóla á Selfossi, sem auðvitað þarf að efla og styrkja, og framhaldsskóla í Vestmannaeyjum af sama toga.

En það hefur sýnt sig, að þrátt fyrir þetta er mjög mikil nauðsyn á að skólastarf haldi áfram á Laugarvatni með sama hætti og undanfarið. Það hefur verið nægjanleg aðsókn þar að öllum skólum, og ég er sannfærður um að ef aðstaða kæmi þar til íþróttaiðkana, eins og við erum hér að ræða um, þá mundi aðsóknin eflast enn og draga að sér fleira fólk á staðinn.

Ég vonast til þess að hér á Alþingi eins og fyrir austan takist breið samstaða um að hrinda þessu þjóðþrifamáli í framkvæmd og það sem fyrst. Ég teldi það alþm. til gildis að taka myndarlega undir þessa till., og ég skora sömuleiðis á þá að leggja myndarlega til þessa mannvirkis á fjárlögum. Þessi þáltill. er sérstaklega flutt til að vekja athygli Alþingis og þjóðarinnar á þessu og til þess að fá sem fyrst ákveðna og eindregna viljayfirlýsingu Alþingis í málinu. Ég á satt að segja von á því, að margir alþm. beri svo hlýjan hug til Laugarvatns að þeir treysti sér til að styðja till. af þessu tagi. Ég trúi ekki öðru en það muni gerast.

Það er alveg áreiðanlegt, að þeir, sem eru hér á pöllunum í dag, og aðrir, sem hafa hafið baráttu fyrir þessu máli alveg sérstaklega að gefnu tilefni, munu fylgjast vel með því, hvernig viðtökur þetta mál fær hér á Alþingi. Ég er sannfærður um að þeir munu ekki hafa neinar hótanir í frammi í því sambandi, heldur muni þeir fylgjast með málinu af hógværð en jafnframt festu, til þess að sýna í verki þann vilja sem að baki þeim aðgerðum býr sem þeir hafa efnt til bæði nú í dag og fyrir viku austur á Laugarvatni. Ég á satt að segja von á því, að einhugur verði um þessa þáltill. og að hún verði afgreidd fljótt og vel. Ég mælist til þess við þm., að þannig verði að verki staðið.

Ég held að með því, að þessi langþráða mannvirki rísi á Laugarvatni, séum við í fyrsta lagi að treysta og tryggja starfsemi Íþróttakennaraskóla Íslands, við séum að vinna þarft verk fyrir skólana og héraðið og við séum að vinna þarft verk fyrir æsku Íslands og íþróttamenn landsins sem við erum stolt af mörgum hverjum og viljum búa í haginn fyrir. Þessi mannvirki verða notuð af nemendum, héraðsbúum og íþróttamönnum um allt land allan ársins hring. Ég er alveg sannfærður um að þegar þau hafa risið austur á Laugarvatni munu margir vilja Lilju kveðið hafa.

Ég skora á alla alþm. að sameinast um þetta þjóðþrifamál.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mér þykir rétt að segja nokkur orð í sambandi við flutning þessarar þáltill. Ég hlýddi á ræðu hv. flm. af nokkurri athygli. Í ræðu hans kom vissulega margt það fram sem vert er að menn leggi sér á minnið þegar rætt er um Laugarvatnsstað, og skal ég ekki hafa mörg orð um það. Ég held að söguleg rakning þessa máls af hálfu flm. hafi verið rétt og á þann hátt sem auðvitað flestir þekkja. Og ýmis áhersluatriði, sem komu fram í máli hans, eru þess eðlis að ég get fyllilega tekið undir þau. Þó kemst ég ekki hjá því að segja hér nokkur orð í sambandi við flutning þessarar þátill., varðandi þann málflutning sem hv. flm. hafði í frammi.

Ég vil minna á það, og það er mjög brýnt að menn leggi það á minnið, að um Íþróttakennaraskóla Íslands gilda lög sem samþykkt voru á þingi 1972. Mér eru þau ákaflega vel kunnug vegna þess að ég átti þó nokkurn þátt í að semja þessi lög og vinna að því að þau yrðu það sem þau eru, lögin um Íþróttakennaraskólann. Ég vil minna á það, að í 14. gr. þeirra laga stendur skýrum orðum að skólinn hafi aðsetur á Laugarvatni, sem þýðir auðvitað ekki annað en að það er lagaskylda, það er lögboðið að Íþróttakennaraskóli Íslands skuli eiga heima á Laugarvatni. Þar er þessi skóli, þar hefur hann ætíð verið og þar mun hann verða svo lengi sem ég sé fram í tímann. Það er engin breyting fyrirhuguð á þeirri stefnu að skólinn sé á Laugarvatni og starfi þar. Þvert á móti hefur það verið stefna fyrirrennara minna sem setið hafa á ráðherrastóli og það er stefna mín og núv. ríkisstj., að Íþróttaskólinn verði á Laugarvatni og verði byggður þar upp til frambúðar. Það er nauðsynlegt að þetta komi skýrt fram, vegna þess að þó ég ætli ekki að fara að gagnrýna allt sem hv. flm. sagði, þá var hægt að misskilja sumt í ræðu hans þannig, að það var nauðsynlegt að leiðrétta og skýra hvað hér er raunverulega um að ræða. Íþróttakennaraskóli Íslands á heima á Laugarvatni og það eru engar breytingar fyrirhugaðar á þeirri stefnu.

Það, sem ég vil setja sérstaklega út á í ræðu hv. þm. sem hér talaði fyrir málinu, er það — ég hygg að það komi að einhverju leyti fram í grg. fyrir till. — að menn í menntmrn., starfsmenn í menntmrn. trúi ég eða stjórnendur menntamála, eins og hann orðar það í grg., séu á einhvern hátt andvígir skólastaðnum á Laugarvatni. Ég veit ekki til þess, að í menntmrn. sé nokkur maður sem látið hafi í ljós andstöðu gegn því að skólinn sé á Laugarvatni og verði þar í framtíðinni. Ég vil þess vegna biðja hv. flm. að vera svo vinsamlegur í minn garð að upplýsa mig um það, hvaða menn það eru, starfsmenn í

ráðuneytinu eða yfirmenn menntamála, sem hafa látið í ljós slíka skoðun. Mér er þetta algjörlega ókunnugt og tel að þarna sé farið með rangt mál. Þetta tel ég mjög alvarlegt og vil finna að þessu við hv. þm., þó að ég ætli ekki að gera lítið úr áhuga hans á að Íþróttakennaraskólinn á Laugarvatni vaxi og eflist og fái nægilegt fjármagn til að byggja upp sína starfsemi á þeim stað þar sem lög ætla honum aðsetur nú og í framtíðinni.

Hvað varðar mig sjálfan, þá vil ég taka það fram, að það er mjög skýr og ákveðin stefna mín að Íþróttakennaraskólinn verði á Laugarvatni nú eins og áður hefur verið. Ég er orðinn svo gamall í hettunni að ég vann að undirbúningi þeirra laga sem nú gilda um skólann, frá 1972. Minnist ég vissulega margs konar umræðna um skólann á þeirri tíð, fyrir u. þ. b. 10 árum. Skal ég fúslega viðurkenna að upp komu raddir án þess að ég viti til að það hafi verið stórir hópar manna, — vissulega komu upp raddir í þá veru, að æskilegt væri að skólinn flyttist til Reykjavíkur og tengdist beinlínis og væri næstum að segja samvaxinn Kennaraháskólanum í Reykjavík. Þessi skoðun kom fram fyrir 10 árum eða svo, og það má vel vera að til séu menn í landinu sem hafa þessa skoðun. Enn ég vil taka það skýrt fram, og ég vona að hv. flm. taki tillit til þeirra orða minna, að ég þekki engan mann í menntmrn. sem hefur þessa skoðun og enginn maður, sem áhrif hefur í þeirri stofnun, beitir áhrifum sínum í þá átt eða lætur slíkt álit í ljós. Þetta þykir mér mjög nauðsynlegt að komi fram vegna þeirra orða sem hér féllu hjá hv. flm. og reyndar má finna stað í grg. fyrir tillögunni.

En svo ég reki þetta mál nánar, þá skal ég ekki gera það langt aftur í tímann. Það gerði flm. hér þannig að menn átta sig á því sögulega séð. Það, sem hefur gerst nýlega í þessum málum, en á sér að sjálfsögðu langan aðdraganda, er að ég sem menntmrh. staðfesti teikningar að byggingu íþróttahússins á Laugarvatni í júnímánuði 1980. Þar með var búið að marka formlega þá stefnu sem ég vona að ég fái tækifæri til að framkvæma og þeir sem á eftir mér verða í ráðherrastóli, sem sjálfsagt getur orðið fyrr en — ja, ekki kannske fyrr en varir, en a. m. k. sit ég þar ekki alla tíð, það er alveg ljóst. (Gripið fram í.) Ég þori ekki að nefna það. En ég hef reyndar hugsað mér að sitja hér enn þá í tvö ár.

En svo ég haldi áfram með þetta, þá markaði ég þessa stefnu formlega mjög skýrt með minni undirskrift í júnímánuði 1980, og það var tekið tillit til þess. Ríkisstj. stendur vissulega á bak við þessa stefnumörkun. Hitt er annað mál og það hlýt ég að segja hér, að þrátt fyrir tillögugerð mína til fjmrh. um ríflegar fjárveitingar til byggingar íþróttahússins bæði fyrir fjárlagaárið sem nú er að líða, 1981, og fyrir næsta fjárlagaár, hefur fjmrh. ekki tekið þannig undir að ég hafi getað sætt mig við það, hvað þá að ég sé ánægður með það. Þetta er staðreynd, og ég hygg að það sé ekkert nýtt, að ýmsir ráðh. hafi ekki á hverri tíð komið öllum sínum fjárlagaóskum fram. En ég vil undirstrika það, að stefnan í þessu máli er mörkuð. Og þó að fjmrh. hafi því miður ekki ævinlega tekið nægilega vel undir þessar óskir mínar, þá er ég ekki í nokkrum vafa um að hann stendur að þeirri stefnumörkun að íþróttahúsið á Laugarvatni rísi. Mér dettur ekki í hug að halda annað.

Ég vil geta þess, að við fjárlagagerðina á þessu sumri lagði ég til að til byggingarinnar yrði varið 5.2 millj. kr. til þess að hægt væri að halda áfram myndarlegum framkvæmdum á árinu 1982. Því miður treysti fjmrh. sér ekki til að verða við þessum tilmælum, og þess vegna lagði hann fram fjárlagafrv. án þess að þar væri viðunandi upphæð til skólans. Það er verkefni Alþingis nú sem oft áður að meta þessa gerð fjmrh. og kanna hvort ekki séu möguleikar á því að hækka þá tölu sem er í fjárlagafrv. Ég geri mér auðvitað vonir um það allt til síðasta dags, að undir þetta verði tekið af fjvn. Ég mun leggja mikla áherslu á það við fjvn., að þetta verði gert, og ég get líka lýst yfir því, að bæði flokksmenn mínir í fjvn. og þingflokkur minn mun gera sitt til þess að sú fjárveiting, sem veitt verður til byggingar íþróttahússins á Laugarvatni, verði ríflег á næsta ári.

Í raun og veru hef ég ekki miklu við þetta að bæta að öðru leyti en því að skýra gang málsins eins og hann er nú. Ég hef viljað leggja áherslu á það, að stefnan í þessu máli er mörkuð af minni hálfu og að ég tel að þessi stefna hafi fullan skilning áhrifamanna í menntamálum og þá ekki síst manna í íþróttahreyfingunni. Ég efast þess vegna í sjálfu sér ekki um það, að íþróttahúsið á Laugarvatni eigi eftir að rísa fyrr en síðar, jafnvel þó að á þessum dögum syrti örlítið í álinn og við höfum ekki borðliggjandi peningaupphæðir í höndunum. Ég held að yfirleitt sé svo mikil samstaða um þetta mál, um þá stefnu að Íþróttakennaraskólann þurfi að efla, og þá sérstaklega nú eins og sakir standa að byggja íþróttahús og sundlaug og ýmsa slíka aðstöðu á Laugarvatni, að ég óttast ekki að þetta mál eigi ekki eftir að ganga fram. Ég held þess vegna að hv. flm. þurfi ekki að hafa jafnmiklar áhyggjur af þessu máli og fram virtist koma í máli hans og eins og fram kemur í því, að hann telur sig knúinn til að flytja hér sérstaka þáltill. um þetta mál, sem reyndar er til meðferðar í Alþingi. Verður það að teljast að ýmsu leyti óvenjuleg aðferð, þó að ég ætli ekki að fjölyrða um það eða hafa uppi sérstaka gagnrýni þar um.

Það, sem ég vil sem sagt leggja höfuðáherslu á, er þetta, að stefnan er mörkuð í þessum málum og það er engin breyting fyrirhuguð um það, hvar Íþróttakennaraskóli Íslands mun starfa. Það er á Laugarvatni, og það er liður í því að efla staðinn á Laugarvatni og reyndar liður í því að efla skólann sjálfan. Ég hygg að það sé hollt og til bóta fyrir skólann og nemendur hans að vera á Laugarvatni. Þess vegna getur ekki orðið af minni hálfu um neina breytingu þar að ræða. Og ég þekki engan málsmetandi mann eða áhrifamann sem leggur sig fram um að breyta þeirri stefnu.

Gaman væri reyndar að tala meira um Laugarvatnsstað og ástandið þar. Það er hverju orði sannara, að þar er að mörgu að hyggja. Á Laugarvatni starfa margir skólar. Laugarvatn hefur verið að byggjast upp sem skólastaður nú undanfarin 52—54 ár. Þessi staður hefur risið af miklum myndarskap og er með allra myndarlegustu skólastöðum á landinu.. Og ég tek undir það með hv. flm., að það má ekki verða nein breyting á því að Laugarvatn haldi þessari stöðu sinni sem myndarlegur skólastaður, og ég held reyndar að ekki sé um það að ræða. Ég tek undir það með flm., að yfirleitt er það svo með skólana þar, að þeir eru vel sóttir og þeir eru góðir skólar. Það er að vísu nokkur afturkippur í húsmæðraskólanum á Laugarvatni, því miður, reyndar verulegur afturkippur og ekki nægileg skólasókn, en það er líka undantekning frá reglu. Ég ber engan kvíðboga fyrir því, að Laugarvatn eigi eftir að setja eitthvað niður sem myndarlegan skólastað. Það held ég ekki. Ég held að það haldi áfram að vera það, og ég veit reyndar að svo mun

verða. Ég þekki m. a. það til skólastjóranna og kennaraliðsins í öllum skólanum á staðnum að ég veit að þar er unnið af áhuga og dugnaði af öllum aðilum, og ég efa ekki að svo mun verða í framtíðinni. En ég skal líka taka undir það, að ef efla á þennan stað og sjá til þess, að hann geti haldið sínu, eins og hann nú er, þá er mjög mikilvægt atriði að Íþróttakennaraskólinn sé þar áfram, að hann verði efldur og gengið verði í að koma upp þeim mannvirkjum sem brýnust eru fyrir þá stofnun.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál, herra forseti. Ég vænti að orð mín hafi skýrt eitt og annað af því sem mér fannst vera misskilið í máli hv. flm. áðan.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er nú einu sinni svo, að íþróttamálin er einn þeirra málaflokka sem mjög verða ávallt út undan hér á Alþingi. Þegar imprað er á íþróttamálum þegja menn gjarnan þunnu hljóði. En það horfir kannske eitthvað öðruvísi við þegar gestir eru komnir í hús og fylgjast með umr.

Ég virði það raunverulega við hv. flm. þessarar till., að hann skyldi sækja þann fund á Laugarvatni sem hann hefur vitnað til. Líklega hafa aðrir þm. í kjördæminu ekki gert það. En það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir ef hann er nú fyrst að uppgötva vanda Laugarvatns. Ég vænti þess, að hann hafi fylgst með þeim málum sem þar hafa verið að þróast undanfarin tvö ár, eins og ég hef raunar gert og þrástagast á við ýmsa málsmetandi menn hér í þingi að þyrfti að fara að bæta úr. Ég hef ekki efnt til hópferða eða neins slíks í sambandi við þennan málflutning minn, heldur reynt að vinna honum fylgi á bak við tjöldin.

Ég er líka þeirrar skoðunar, að hv. flm. hefði átt að vinna að þessu máli innan síns flokks. Þar er grundvöllurinn til þess. Mér finnst þessi málatilbúnaður eilítið undarlegur allur. Í fyrsta lagi ætla ég að benda á það, að nokkur mistök hafa orðið við gerð þessarar till. Hún er ekki þingleg í alla staði vegna þess einfaldlega, að samkv. henni á Alþingi að álykta að fela ríkisstj. o. s. frv. Alþingi er fjárveitingavaldið, en ekki ríkisstj. Þetta hefði því þurft að orða öðruvísi.

Þá tel ég að með flutningi þessarar till. hafi hv. flm. fyrst og fremst beint geiri sínum að eigin flokksbræðrum, hæstv. fjmrh. og hv. formanni fjvn. og kannske hv. formanni þingflokks Alþb. (Gripið fram í.) Ef hv. flm. þáltill. er með þessu að gagnrýna þm. Alþb. í Suðurlandskjördæmi, sem hann situr nú á þingi fyrir, finnst mér ekki rétt að málum staðið og tel að það hefði mátt fara þá venjulegu leið að leggja fram till. og síðan hefði hv. þm. Garðar Sigurðsson tekið við henni. (**GJG:** Er hann ekki að gagnrýna þá alla?) Vel má vera að hann sé að gagnrýna allt Alþingi og fjárveitingavaldið, hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. En ég vil líka benda á það, að það hefði verið í alla staði eðlilegra og ábyrgara og vænlegra málinu til framgangs að þm. kjördæmisins allir saman hefðu skrifað upp á þessa till., a. m. k. einn þm. úr hverjum flokki.

Þá ætla ég að nefna eitt atriði í viðbót vegna þessa óvenjulega málatilbúnaðar. Það eru fréttir Ríkisútvarpsins af málinu. Sagt var frá þessari þáltill. í fréttum í gærkvöld og í morgun og væntanlegri heimsókn hinna ágætu nemenda frá Laugarvatni hingað í þingið. Þetta eru einhverjir óvenjulegustu starfshættir útvarpsins sem ég hef nokkrun tíma vitað um, og starfaði ég þó á fréttastofu útvarps í 11 ár. (Gripið fram í.) Ef hæstv. forseti vildi þagga niður í þessum hv. þm. og formanni þingflokks Alþb., þætti mér vænt um það. Hann hefur munninn nógu oft opinn hér í þinginu. — Ég tel að slíkur fréttaflutningur af einni einstakri þáltill., sem er boðuð á þennan hátt í fréttum Ríkisútvarpsins, heyri til algerra undantekninga.

Ég ætla ekki að tala meira um málatilbúnaðinn, heldur um till. Ég er efni hennar sammála og það er kjarni málsins. Kjarninn er ekki sá, hvernig menn búa til málið, leggja það fram og gera úr því einhverja sýningu, heldur er það efni till. sem um er að ræða. Og ég endurtek það, að í þessari till. felst auðvitað botnlaus gagnrýni á fjmrh., en hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir að hann hafi lagt fram till. um 5.2 millj. kr. framlag til þessa skóla en fjmrh. hafi hafnað þeirri till., ekki tekið hana til greina. Það er þetta sem er hið alvarlega í málinu. Þetta er ríkisstjórnarmál fyrst og fremst. Ríkisstj. kemur sér ekki saman um þennan mikilvæga málaflokk.

Íþróttamál hafa því miður hér á landi sem víðar ekki flokkast undir menningarmál. Þykir mér það mjög miður. Ég vil m. a. benda á það, að staðið hefur í stappi innan Norðurlandaráðs að fá íþróttamál viðurkennd sem menningarmál og flokkuð undir menningarfjárlög Norðurlandaráðs. Ég vil einnig benda á það, að það er ekki bara Laugarvatn sem fer illa út úr fjárlögum ársins 1982, heldur er það íþróttahreyfingin í heild. Ég veit að vísu ekki hversu margir íþróttamenn eru í kringum þá aðila sem samþykkja tölur af því tagi sem er að finna í fjárlögum þessa árs, en mig langar að nefna nokkur dæmi. Ljótast er dæmið um skólann á Laugarvatni. Þar er liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður 75% lægri en hann var á fjárlögum þessa árs, og það er upphæðin sem hefði átt að fara í skólahúsið. Heildarframlögin til Íþróttakennaraskólans eru mínus 16.6 frá fjárlögum þessa árs til 1982. Þetta er virðingin sem núverandi ráðamenn bera fyrir þessari mikilvægu kennslustofnun, Íþróttakennaraskóla Íslands.

Ég vil líka benda á það, að hækkun framlaga til Íþróttasjóðs er ekki nema 28.9% á meðan verðlagsbreytingar eru á bilinu 40—50%. Þetta er virðing núv. stjórnarflokka fyrir íþróttamálum, þeim málaflokki sem langflestir hér á landi stunda og hafa áhuga á. Til ýmissa íþróttamála, svo sem ÍSÍ og íþróttamála af öllu tagi, íþróttamála fatlaðra, Ólympíunefndar, sumarnámskeiða, Skáksambandsins og fleiri slíkra mála, eru framlög yfirleitt rétt um 33% hærri en í gildandi fjárlögum, eða ná þeirri tölu sem hæstv. fjmrh. talar um sem grunntölu í fjárlagafrv., en komast hvergi nærri þeim verðlagshækkunum sem orðið hafa, enda stendur íþróttahreyfingin núna uppi slypp og snauð. Það var nýverið haldinn fundur með forustumönnum íþróttamála hér á landi og þeir voru sammála um að íþróttahreyfingin væri að verða gjaldþrota. Og svo halda menn að hægt sé að efna til einhverrar sýningar og breyta þessu máli með því að láta hrópa húrra eða eitthvað slíkt fyrir framtaki eins manns. Ég get tekið undir það, að þetta framtak hefur þó haft þau áhrif að þessi mál hafa verið rædd hér á þingi. En málatilbúnaður af þessu tagi er ekki mér að skapi.

Ég vil hins vegar taka undir þá kröfu sem ég og fleiri hafa haft uppi í langan tíma, að betur verði gert við þennan skóla, því að mér er vel kunnugt um hvernig ástandið er þar og þarf ekki að tíunda það hér. En á meðan skilningssljó eða skilningslaus stjórnvöld halda á þessum málaflokki er ekki von á góðu. Yfir það verður

ekki strikað með einu pennastriki eða einni þáltill. Það dæmi gengur ekki upp. Ég vænti þess fastlega, að hæstv. menntmrh. beiti sér fyrir því, að lagfæring verði fundin á þessu máli. Ég treysti honum til þess, en hann þarf fulltingi m. a. hv. flm. till. til að snúa ofan af hæstv. fjmrh. og fá hann til að skilja þetta mál. Og hann þarf til þess stuðning fleiri manna. Ég vænti þess, að sá stuðningur komi fram í ræðum þeirra manna sem tala hér á eftir. (**GJG:** Það þarf alls staðar að reka áróður.) Það er gott. Ég vænti þess, að ef svo færi nú að ekki gengi að fá þessa fjármuni á fjárlögum þá gæti kannske einhver af sjóðum Dagsbrúnar í Reykjavík lagt til eitthvert fjármagn, þó ekki væri nema til að reisa 2—3 veggi í þessum skóla. En sem sagt, ég er á móti þeim málatilbúnaði sem hér hefur farið fram, en efnislega tek ég undir þá kröfu flm. till. að í þessu máli verði eitthvað gert.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég get af heilum huga tekið undir síðustu orð hv. þm. Árna Gunnarssonar, þar sem hann vænti þess, að þeir, sem á eftir töluðu, tækju vel undir efni málsins sem hér er til umr. Ég vil einnig geta þess, að ég er algerlega á sömu skoðun og flm. þessarar till. þegar hann skorar í sínum lokaorðum á alþm. að sameinast um að auka fjármagnið sem til þessara hluta þarf og á að ganga á árinu 1982. Og ég veit að menn væna ekki þm. Suðurlands um að þeir hafi ekki gert sitt til þess að fá sem ríflegastar fjárveitingar til Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni þó að íþróttahúsið sé ekki komið upp úr jörðinni enn þá.

Þegar ég hlustaði á ræðu flm., hv. þm. Baldurs Óskarssonar, verð ég að segja það, að mér þótti efnismeðferð málsins öll óvenjuleg og þáltill., sem hann hefur borið hér fram, er vægast sagt ekki þingleg. Lítum á orðalagið á till. eins og hún er sett fram: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um að nú þegar verði hafist handa við byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja á Laugarvatni.“ Hvað merkir þetta ef við þýðum það á venjulegt mál? Það hljóðar þannig, að Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að Alþingi samþykki fjárveitingar til þessa mannvirkis. Alþingi skorar á ríkisstj. að ríkisstjórnin skori á Alþingi. Ég verð að segja það, að mér finnst ekki þm. sæmandi að koma fram með svona till. til samþykktar og umr. hér í þinginu. Og ég hefði ekki tekið til máls um þessa till. ef það væri ekki eingöngu fyrir mikilvægi málsins að mér finnst nauðsynlegt að það komi fram — og það komi sem víðast fram, að menn hafa áhuga á að þessar byggingar rísi. Efni málsins er það, sem hér er búið að ræða sérstaklega af hv. þm. Árna Gunnarssyni, að leggja á það áherslu að fjárveitingar verði auknar til Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni.

Rætt var um það áðan, að hv. þm. Baldur Óskarsson ætti þakkir skildar fyrir að hafa mætt á fundi austur á Laugarvatni, svokölluðum baráttufundi um þessi mál. Ég held að erfitt verði að áfellast okkur þm. Sjálfstfl. fyrir að hafa ekki farið á þann fund sem okkur var ekki boðaður sérstaklega og var haldinn á þeim degi þegar við vorum að byrja okkar landsfund, svo að útilokað var að við gætum sótt hann. En sem betur fer er til töluvert af fréttamönnum og m. a. hefur Þjóðviljinn birt frétt frá þessum fundi í dag. Vil ég — með leyfi forseta — fara með stuttan kafla úr þeirri frétt:

„Mjög fjölmennur baráttufundur fyrir byggingu íþróttamannvirkja á Laugarvatni var haldinn í Menntaskólanum að Laugarvatni 29. okt. s. l. Fundinn sóttu ekki færri en 400 manns, flestir nemendur og kennarar skólanna auk margra annarra íbúa Laugardalshrepps og fleiri. Hátíðarsalur ML var troðfullur og komið fyrir hátölurum. Nefnd skipuð fulltrúum nemenda allra skólanna hafði undirbúið fundinn og boðað til hans í samráði við skólastjórana.“

Eins og sjá má er fólkinu mikið í hug á Laugarvatni og ég tek ekki til þess. Það er búið að lýsa þeim þrengingum sem það er í í sambandi við íþróttakennslu á staðnum, og það er því lífsspursmál fyrir skólana þar að fá úrbætur í þessu efni. En það er fyrst og fremst lífsspursmál fyrir Íþróttakennaraskóla Íslands að hann fái upp þessa byggingu. Það er veigamesta atriðið í þessu og það sem við verðum að leggja höfuðáherslu á.

Fréttin heldur áfram á þessa leið og tek ég ekki úr henni nema eina málsgrein til viðbótar:

„Baldur Óskarsson, sem situr nú á Alþingi sem varamaður fyrir Suðurlandskjördæmi, sat fundinn og tók til máls. Hann lýsti eindregnum stuðningi við baráttumál fundarins og hét að vinna að framgangi þess á Alþingi með öllum tiltækum ráðum. Einnig er vitað um eindreginn stuðning allra annarra þm. Suðurlandskjördæmis og raunar miklu fleiri. Kvaðst þingmaðurinn mundu hafa samráð við þá.“

Ég ætla nú ekki að fara að segja neitt ljótt um hv. þm., en þetta loforð við fundinn hefur hann ekki efnt. Hann hefur ekki orðað það við mig eða mér vitanlega neinn annan þm. Suðurl. að hann hefði í hyggju að flytja till. um þetta efni. Og ég harma það að hann gerði það ekki, því að ef hann hefði gert það hefðum við e. t. v. getað komið vitinu fyrir hann þannig að þessi till., sem hann flutti, væri ekki þess eðlis, að við megum þakka fyrir að hún verkar ekki í neikvæða átt, gagnstætt við það sem við óskum eftir sjálfir.

Ég ætla ekki að ræða langt mál um þessi efni, en ég vil segja það, að þegar fjárlögin fyrir árið 1981 voru til umfjöllunar á Alþingi var í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að til byggingar íþróttahússins á Laugarvatni færu 35 millj. kr. Það var sá hugur sem hæstv. fjmrh. hafði til þess mannvirkis á því ári, að ætla 35 millj. í bygginguna. Í meðförum fjvn. og Alþingis var þessari tölu breytt. Hún var nær þrefölduð og var sett upp í 100 millj. kr. Og ég verð að segja það, að þó svo það ólán fylgi okkur að þessu sinni, að fjmrh. virðist ekki hafa áhuga eða trú á þessari framkvæmd og hafi nú lagt til 25 millj., ef við miðum við gamla aura áfram, lagt til 25 millj. til þessara verka, þá hef ég þá trú að hv. Alþingi og fjvn. fari eitthvað svipaðar leiðir og á síðasta ári og breyti þessari tölu verulega, þannig að ekkert fari á milli mála hvað Alþingi vill í því efni.

Herra forseti. Ég ætla mér ekki að tala miklu lengra mál um þessi efni. Ég vil aðeins harma að svona hefur tekist til með málatilbúnað. Þar er engum um að kenna öðrum en hv. flm. þessarar till. Ég vil fastlega vona að þetta óviturlega frumhlaup hv. þm. verði ekki til þess, að hv. alþm. taki neikvæða afstöðu til þessa mikilvæga máls sem svo klaufalega er lagt fyrir hv. Alþingi. Skólinn þarf á skilningi og stuðningi að halda. Hann þarf á því að halda að sem flestir alþm. taki höndum saman um það, að stöðugt framhald geti orðið á uppbyggingu skólans þangað til hann er kominn í það horf sem áætlanir eru nú um. Ég verð að segja það að vísu, að hv. þm. Baldur Óskarsson er ungur maður og óreyndur hér á Alþingi. Þessi byrjun hans í málatilbúnaði er slæm, hún er vond,

af því að hún er hættuleg. Ég vil gefa honum það heilræði, að þótt hann hafi e. t. v. áhuga á að gera opinberlega veg flokksbróður síns, hæstv. fjmrh., sem minnstan, þá má hann ekki stofna góðum málum í tvísýnu með slíku asnasparki sem þessi till. bendir til að verði.

Magnús H. Magnússosn: Herra forseti. Ég verð að segja eins og hv. 2. þm. Suðurl., að á þann fund, sem um er að ræða, var ég ekki boðaður.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1979, um haustið 1978, samþykkti Alþingi sérstaka brtt. við framlagt fjárlagafrv. sem gekk út á það að veita 10 millj. kr. til undirbúnings og byrjunarframkvæmda við þann skóla sem hér er verið að tala um, þ. e. íþróttahús og sundlaug. Vilji Alþingis kom greinilega í ljós strax haustið 1978. Hann var ítrekaður við afgreiðslu fjárlaga 1980, en þá voru 50 millj. gamlar veittar til verksins, og enn við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981, en þá voru 100 millj. gkr. veittar í sama skyni.

Nú aftur á móti ætlar hæstv. fjmrh., — reyndar hefur hæstv. menntmrh. líka legið undir gagnrýni fyrir þetta, en eins og fram hefur komið í máli hans er ekki við hann að sakast, — hæstv. fjmrh. ætlar að hundsa margyfirlýstan vilja Alþingis og svo gott sem fella þessa framkvæmd út af fjárlögum. Þetta hefði aldrei gerst ef skólinn hefði verið á Norðurlandi, ég tala nú ekki um ef það væri á Norðurlandi vestra. Þá hefði engum dottið í hug að þetta væri í hættu. Þangað fara peningarnir án mikillar fyrirhafnar héðan frá Alþingi. En með þessu er hæstv. fjmrh. ekki aðeins, eins og hér hefur komið fram, að stefna tilveru Íþróttakennaraskólans í bráða hættu, heldur öllum skólunum á staðnum. Ég þekki nokkuð vel til þessara mála eða tel mig a. m. k. þekkja vel til þeirra, m. a. vegna þess að tvö af börnum mínum hafa numið við Menntaskólann á Laugarvatni.

Í dag eru alls staðar gerðar miklar kröfur til fullnægjandi íþróttaaðstöðu í skólum og vaxandi kröfur. Sem betur fer er víða unnið að því að lagfæra þetta. En á Laugarvatni standa málin allt öðruvísi. Eins og hér hefur komið fram er aðstaðan þar mjög léleg. Mannvirkin eru gömul og léleg og þar að auki úr sér gengin. Ég skora því á hv. fjvn. og hið háa Alþingi að kippa þessu í lag við endanlega samþykkt fjárlaga fyrir næsta ár með myndarlegu framlagi til verksins.

Við megum ekki heldur gleyma þýðingu góðrar íþróttaaðstöðu á þessum stað fyrir allan þann mikla fjölda ferðamanna, sem þangað kemur að sumri til, og alla þá mörgu þéttbýlismenn sem þarna eru í sumarbústöðum. Við megum ekki heldur gleyma því, að þarna er mjög tilvalin aðstaða fyrir íþróttahópa alls konar ef þetta hús fær að rísa.

Eins og fram hefur komið er sú þáltill., sem hér hefur verið lögð fram, í fyrsta lagi óþörf vegna þess að Alþingi hefur a. m. k. þrisvar og reyndar oftar undirstrikað þann vilja sinn að þetta hús verði byggt, og þar að auki á þessi till. heima sem brtt. við fjárlög. Ég er hér með brtt. við fjárlög þar sem tekin er upp till. hæstv. menntmrh. upp á 5.2 millj., og er það í samræmi við þá áfangaskiptingu sem hugmyndir eru um, og vegna þess að hv. 4. þm. Suðurl., Baldur Óskarsson, hreyfði þessu máli hér nú býð ég honum að vera 1. flm. að þessari till. Við þm. Suðurl. munum áreiðanlega standa með honum í því.

Einnig má benda á það, eins og reyndar kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl., að ef áhugi fyrir framgangi málsins er mikill — og reyndar veit ég að hann er það hjá hv. þm. Baldri Óskarssyni, þá hefði hann auðvitað fengið þm. úr öllum flokkum til að vera með sér á þessari þáltill., sem að vísu er að formi til gölluð, en því hefði mátt kippa í lag. Aftur á móti hefur hv. þm. tekist mjög vel upp við að gera þetta þýðingarmikla mál að áróðursmáli fyrir sjálfan sig. Það hefur honum tekist vel. Honum hefur meira að segja tekist, eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., að fá Ríkisútvarpið til þess að taka þetta mál upp í hverjum einasta fréttatíma í gær og alla fréttatíma í dag, eins og um stórkostlegan heimsviðburð væri að ræða, að hv. þm. ætlaði að flytja þetta mál hér á hinu háa Alþingi, og það löngu áður en þm. vissu að málið yrði tekið á dagskrá, svo að einhvers staðar er aðstaðan misnotuð. En þetta er sem sagt að mínu áliti mjög vel af sér vikið áróðurslega séð. Þar hefur honum tekist vel upp. Þetta hefði Garðari vini mínum Sigurðssyni aldrei dottið í hug. Hann hefði aldrei látið sér detta í hug að vinna svona að málinu. Hann hefði unnið að málinu í kyrrþey, fengið okkur alla með sér og áreiðanlega náð jafngóðum árangri, ef ekki betri, fyrir málið. En hvað um það, málið er miklu alvarlegra en svo að það eigi að nota í persónulegum áróðurstilgangi. Ég og auðvitað allir aðrir þm. Suðurl. og ég vona reyndar flestir þm. aðrir munum styðja þetta mál mjög eindregið við afgreiðslu fjárlaga. Við viljum stuðla að því, að margyfirlýstur vilji Alþingis fái að ná fram, hvað sem líður skoðunum hæstv. fjmrh. Ég endurtek tilmæli til hv. 4. þm. Suðurl. Hér er tillaga tilbúin til umfjöllunar.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Á þskj. 70 flytur hv. 4. þm. Suðurl. þáltill. um íþróttamannvirki á Laugarvatni og framtíð Laugarvatns sem menntaseturs. Hér er hreyft stóru og mikilvægu máli sem þarf að ná fram að ganga. En þm. hefði átt að kynna sér málið ofurlítið betur áður en hann leggur svona till. fram sem gerir ekki ráð fyrir neinu umfram það sem búið er að gera í þessu máli áður. Að vísu er hann að tala hér um að tryggðir séu nægir peningar til byggingarframkvæmda. Til að vinna að því hefði hann átt hæg heimatökin að tala við flokksbróður sinn, fjmrh. og aðra sína flokksbræður — eða treystir hann þeim ekki? Allir þm. Framsfl. standa einhuga að þessu máli og vilja hvetja til þess, að það nái sem fyrst fram að ganga. Hér er því að mínum dómi um hreina sýndarmennsku að ræða til að auglýsa sjálfan sig, ana áfram aðeins með sína hagsmuni í huga, en ekki annarra. Með svona málflutningi gæti hann hæglega spillt fyrir málinu, en ekki greitt fyrir því.

Hv. þm. talar um að fela ríkisstj. að sjá svo um, að nú þegar verði hafist handa um byggingu fyrirhugaðra íþróttamannvirkja á Laugarvatni. — Það er algerlega einstakt í þingsögunni að svona séu tillögur orðaðar. Hv. þm. veit þó að nú þegar er búið að samþykkja stað og teikningar að þeim íþróttamannvirkjum sem fyrirhugað er að gera á næstunni, og er því unnt að hefja byggingarframkvæmdir þess vegna. Hvað er það þá sem hindrar að hafnar séu byggingarframkvæmdir? Fjárveiting til byggingarframkvæmdanna er til, eins og segir í grg. með till., 160 gamlar millj., þó að ég geri ráð fyrir að eitthvað hafi verið notað af þeim í hönnun og undirbúning. Það má segja að á þessu ári var þó samþykkt fjárveiting, 100 millj. gkr., til að hefja byggingarframkvæmdirnar. Það sem stendur á er að útboðsgögn eru ekki tilbúin, en verða það innan tíðar. Þar að auki er skammdegið ekki heppilegasti tíminn til að hefja svona framkvæmdir þar sem

400 nemendur dveljast við nám. Hefur því verið ákveðið að bjóða verkið út sem fyrst og að byggingarframkvæmdir hefjist þegar daginn fer að lengja fyrri hluta næsta árs. Það er líka búið að kanna undirstöður og undirbúa staðinn. Verður þá grafið fyrir allri byggingunni og undirstöður steyptar að allri byggingunni og síðan 2/3 hlutar hennar gerðir fokheldir á árinu 1982. Ég veit að í fjvn. er vilji fyrir því, að hægt sé að ná þessum áfanga, og vænti ég þess, að Alþingi láti ekki á sér standa þar sem það hefur áður samþykkt fjárveitingu til byggingarframkvæmdanna.

Ég vil mótmæla því harðlega, sem hv. flm. segir, að yfirvöld fræðslumála í landinu hafi sýnt mikla tregðu við uppbyggingu á nýjum íþróttamannvirkjum á Laugarvatni. Þetta er hrein firra hjá hv. 4. þm. Suðurl. og verður að skrifast á ókunnugleika hans. Menntmrh. hefur jafnan lagt á það mikið kapp að fá fjármagn til nýbygginga og endurbóta á íþróttaaðstöðu á Laugarvatni. Hefur ár eftir ár verið sótt um aukið fjármagn til þess og annarra framkvæmda þar, en árangurinn orði misjafn sem út úr því hefur komið. Nei, ég held að það hafi ekki staðið á yfirvöldum fræðslumála að sækja um fjármagn til uppbyggingar íþróttamannvirkja á Laugarvatni, eins og hæstv. menntmrh. sagði áðan. Það þekki ég líka frá starfi mínu á Alþingi.

Að því er viðvíkur því atriði, sem fram kemur hjá hv. þm., að einhverjir af stjórnendum íþróttamála í landinu séu ekki sammála um að Íþróttakennaraskóli Íslands sé staðsettur á Laugarvatni, þá er sjálfsagt rétt hjá honum að svo sé. En ég hélt að hv. þm. Baldur Óskarsson vissi að það eru fá mál, sem við fjöllum um í okkar landi, sem allir eru sammála um. Aðalatriðið er að ákvörðun hefur verið tekin um það af þeim aðilum, sem með þessi mál fara og hafa ákvörðunarvaldið, að skólinn skuli vera á Laugarvatni og að byggingarframkvæmdir á íþróttamannvirkjum skuli hefjast nú upp úr áramótum, eins og ég hef áður tekið fram.

Ég vil svo, eins og oft áður, undirstrika að á Laugarvatni verður og á að vera í framtíðinni öflugt skólasetur þó að einhverju þurfi að breyta í samræmi við breytta tíma. Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. menntmrh., hafði forgöngu um það, þegar hann var menntmrh. að samræma og samstilla skólastarfið á Laugarvatni eftir því sem tök voru á og hélt um það mál marga fundi og ráðstefnur með stjórnendum skólanna á Laugarvatni og mörgum fleiri. Út úr því kom það m. a., að hægt var að fjölga nemendum í Íþróttakennaraskóla Íslands um nálega 50%. Var það gert 1977 og hefur svo verið síðan.

Ég vil svo þakka þann mikla áhuga sem Laugvetningar sýna í verki með fundarhaldi, komu sinni til Reykjavíkur og áskorunum um aukið fjármagn til íþróttamannvirkja á Laugarvatni. Dregur það ekki úr því hugboði mínu, að á Laugarvatni, þeim fallega menningarstað, verði öflugt og farsælt skólalíf á komandi árum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Hér hafa fallið mörg stór orð í garð flm. og annarra sem ég ætla ekki að taka undir. Fram er komin brtt., skulum við segja, við þá till. sem hér er flutt af Baldri Óskarssyni á þskj. 70. Sú brtt. gerir ráð fyrir að sú upphæð, sem Framsfl., að mér skildist, hafði samþykkt á sínum flokksfundi, 5.2 millj., skyldi verða á fjárlögum. Hæstv. menntmrh. lagði til að 5.2 millj. yrðu á fjárlögum, en það var fellt af fjmrh. ef ég skildi rétt, við fjárlagagerðina í ríkisstj. Nú er komin fram till. um það hér aftur og þýðir að sú till., sem hér liggur fyrir á þskj. 70, hefur borið verulegan árangur. Hugmyndasmiðurinn að þeirri till. hefur boðið flm. þáltill. á þskj. 70 að vera 1. flm. Það þýðir að allir þeir, sem hafa talað hér, hafa lýst stuðningi við málið og vilja byggja upp íþróttaaðstöðu á Laugarvatni hið fyrsta. Hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir að allur Framsfl. sé þessu sammála. Það þýðir að allir hinir í ríkisstj. eru líklega á móti. Með Framsóknarflokkinn, 1. flm. úr meiri hluta stjórnarliða og alla hina til viðbótar, sem hafa lýst fylgi við hana, hlýtur þetta mál að vera leyst. Það hlýtur að vera kominn hér meiri hl. á hv. Alþingi fyrir því framlagi sem menntmrh. taldi sig þurfa til þess að 1. áfangi framkvæmda gæti hafist þegar í stað. Og þá erum við komnir að till. Flm. er búinn að fá sína till. samþykkta ef Alþingi og þm. standa við þau orð sem þeir hafa látið falla hér.

Ég fór ekki á baráttufund fyrir austan, en ég fór á fund fyrir austan. Ég fór í fyrrasumar á fund skólastjóra, Árna Guðmundssonar, heimsótti hann að vísu ekki til þess að ræða þessi mál, heldur var ég þarna að heimsækja barnabörn mín sem voru þar á vegum íþróttafélags héðan úr Reykjavík í eins konar æfingabúðum. Ég verð að segja að allt það starf er til fyrirmyndar, en gæti að sjálfsögðu orðið miklu betra ef við byggðum upp íþróttaaðstöðuna eins og hún á að vera. Að sjálfsögðu á Íþróttakennaraskóli Íslands að vera fyrirmyndaríþróttamannvirki af fullkomnustu gerð fyrir allar íþróttagreinar. — Ég heimsótti sem sagt skólastjóra Íþróttakennaraskólans og hans myndarlega heimili og hann sýndi mér framtíðarhugmyndirnar um uppbyggingu Íþróttakennaraskólans. Ég verð að segja að mér leist afskaplega vel á það sem ég las af þeim blöðum. Þá skoðaði ég þau mannvirki sem eru á staðnum. Að sjálfsögðu sannfærðist ég um réttmæti þeirra framkvæmda sem fyrirhugaðar eru á Laugarvatni. En það var eitt sem hreif mig mest og miklu meira en allar þessar framtíðardraumsýnir á blöðum. Það var sá hugsjónaeldur sem brann í æðum skólastjórans, sá áhugi sem hann hafði á því að ná árangri. Ná árangri hvar? Í glímunni við okkur hér, við skilningsleysi þm. Þessi hugsjónaeldur brennur í æðum Árna Guðmundssonar, því að honum er annt um velferð staðarins, og í æðum annarra þeirra sem ég ekki hitti, en veit að eru forustumenn á staðnum. Við megum ekki láta hann brenna út. Við megum ekki láta þessa aðila lifa sitt æviskeið á sama hátt og marga góða forustumenn íþróttamanna, og ég þekki af eigin reynslu, vegna þess að ég var líka ungur einu sinni og líka íþróttamaður, að þeir áttu sér hugsjónir og drauma sem mér datt ekki í hug í þá daga að ég mundi sjá rætast. En sumt af þeim hefur ræst. Aðrir urðu að deyja án þess að hafa séð árangur ævistarfs síns.

En hvert er svo hlutverk Íþróttakennaraskólans? Hvað er Íþróttakennaraskóli Íslands? Hans hlutverk er að undirbúa þá sem gera það að ævistarfi að mennta æskufólk bæði andlega og líkamlega, undirbúa það til starfa í þjóðfélaginu. Þetta er menntastofnun sem á að undirbúa æsku þessarar þjóðar fyrir framtíðarverkefni hennar. Ég verð að segja alveg eins og er, að það má ekkert stöðva hina fyrirhuguðu uppbyggingu á íþróttamannvirkjum fyrir Íþróttakennaraskólann. Það má ekki tefja þau. Ég veit hvernig það var, ég veit hvernig það hefur þróast og ég veit hvernig það nú er að vera íþróttamaður og vera forustumaður íþróttahreyfingar.

Ég hef verið það. Ég hef bæði verið í íþróttakennarafélögum sem nemandi þessara uppbyggjenda, sem íþróttamaður og líka sem leiðtogi stærstu íþrótta- og æskulýðssamtaka landsins, en það er Knattspyrnusamband Íslands sem nýtur í verulegum mæli þess sem íþróttamannvirkin á Laugarvatni hafa að bjóða.

Framlög Alþingis til menntunar leiðbeinenda skóla- og íþróttaæsku þjóðarinnar eru góð fjárfesting. Það er fjárfesting í íslensku þjóðinni sjálfri. Því vona ég að við hættum öllu tali fram og til baka á þeirri braut sem rætt hefur verið um þessa þáltill., hvort hún hafi verið lögð fram með formgalla eða ekki. Hún hefur gert sitt gagn. Hún hefur dregið athygli að vandamáli. Það er komin fram tillaga sem leiðréttir þá kannske eitthvað sem er óvenjulegt í framlagningu vegna þingskapa, og málið er þá komið í réttan farveg, hefur verið leiðrétt af öðrum þm. sama kjördæmis sem býður flm. þessarar þáltill. á þskj. 70 að flytja þá till. sem 1. flm. Ég tel það drengskaparbragð, og ég er ekki í nokkrum vafa um að hv. þm. Baldur Óskarsson tekur því boði vel. Þá er málið afgreitt og komið í höfn. Ég vil ekki láta hugsjónafólk á staðnum undir forustu Árna Guðmundssonar skólastjóra snúast í kringum okkur þm., kringum fjvn.-menn, okkur sem hver og einn getur með atkv. sínu greitt götu þessa máls. Ég lýsi yfir fullum stuðningi mínum við þá till. sem væntanlega kemur fram við lokagerð fjárlaga, eins og hér hefur verið kynnt af hv. 5. þm. Suðurl.

Mér þykir leitt að þurfa, áður en ég lýk máli mínu, að verða ósammála hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég sé engin merki þess, að íþróttahreyfingin sé að verða gjaldþrota. Ég veit þó um gríðarlega mikla fjárhagsörðugleika einstakra sérsambanda og þá sérstaklega þeirra sem hafa þær kvaðir í sínu starfi að taka verulegan þátt í samskiptum við erlendar þjóðir fyrir Íslands hönd. Að sjálfsögðu þarf að hlaupa undir bagga með þeim að verulegu leyti. Þau hafa ekki aðeins skyldur gagnvart æskunni, sem tekur þátt í keppni, heldur líka gagnvart þjóðinni vegna þess fólks sem tekur þátt í samskiptum við aðrar þjóðir.

Þá vil ég líka benda á það, að eins og hv. þm. veit verður stundum að vinna rólega á bak við tjöldin. Það þýðir ekki að íþróttamál hafi ekki hljómgrunn hér á Alþingi, heldur starfa aðrir þm. þar hljóðlegar en hann. Einmitt á þann hátt tókst samt að hafa fjárveitingu til Íþróttasambands Íslands og annarra sérsambanda verulega hærri á s. l. ári en hún hefur verið nokkru sinni áður. Og ég vil, þrátt fyrir að ég er ekki flokksbróðir fjmrh., þakka honum alveg sérstaklega fyrir framlag hans og undirtektir við íþróttahreyfinguna á s. l. ári og þá auðvitað stjórnarliðinu því að ekki hefur hann einn komið því í gegn. Með því er ég að ítreka efni bréfs sem forseti Íþróttasambands Íslands skrifaði að lokinni fjárveitingu.

Ég ætla ekki að hafa mál mitt lengra. Ég tel að með því að draga athygli að þessu vandamáli hafi fundist lausn sem mér skilst að þingheimur geti sætt sig við. Og eftir þeim orðum, sem hér hafa fallið, bæði frá hæstv. ráðh. fyrir hönd flokks hans í heild og frá einstökum þm. úr hinum ýmsu stjórnmálaflokkum, kæmi mér á óvart ef þessar 5.2 millj. verða ekki samþykktar á komandi fjárlögum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég er hvorki íþróttafrömuður né annað því um líkt, en ég er þó alla vega gamall Laugvetningur.

Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir til umr., er að mínu mati um margt furðuleg, svo að ekki sé meira sagt. Í fyrsta lagi mætti ályktа svo, að hv. flm. vissi fullvel að til að hefja framkvæmdir við byggingu íþróttamannvirkja á Laugarvatni þarf fjármagn. Ef hann treystir ekki fjvn. til að leggja fram raunhæfa formlega tillögu um fjárveitingu til framkvæmda sem koma að gagni á Laugarvatni umfram það sem hæstv. fjmrh. hefur lagt til í fjárlagafrv., þá tel ég að hann hefði átt að leggja fram í byrjun þingveru sinnar brtt. við fjárlagafrv. hæstv. fjmrh. um fjárveitingu til þeirra framkvæmda. Annað er að mínu mati yfirklór og sýndarmennska. En e. t. v. má ályktа að hv. þm. sé að hlífa hæstv. fjmrh. Það skyldi þó aldrei vera.

Í öðru lagi tel ég að þessi tillöguflutningur hv. þm. sé skortur á háttvísi og raunar vanhugsað framtak miðað við að vinna málefninu gagn. Var t. d. ekki eðlilegt að bjóða þm. Suðurl. að vera með í aðgerðum til að ná árangri í uppbyggingu staðarins? Hefur hann leitað eftir slíku? Það hefur komið fram hér að svo er ekki. Hefur hann þá leitað t. d. formlega eftir stuðningi við málið í fjvn. og hjá formanni fjvn. og meðal ýmissa þm. úr öðrum flokkum sem áhuga hafa á velferð og uppbyggingu Laugarvatns sem mennta- og menningarseturs? Ég fullyrði að allt annað en slíkur tillöguflutningur hefði verið árangursríkara fyrir framgang þessa máls.

Ég tel að það sé alveg augljóst mál að hér á hv. Alþingi er vilji fyrir uppbyggingu Laugarvatnsskólans og sérstaklega uppbyggingu íþróttamannvirkja á staðnum. Það hefur komið hér fram, að í mínum þingflokki er þetta mál baráttumál og hefur verið það árum saman. Það má líka minna á og fullyrða að uppbygging Laugarvatns sem menntaseturs er nátengd Framsfl. frá fyrstu tíð. Um það þarf ekki að ræða.

Ég vil segja að okkur, sem höfum stundað nám á Laugarvatni, gömlum Laugvetningum, er fullljóst að bygging íþróttamannvirkja á staðnum er brýnasta nauðsyn og hefur dregist allt of lengi til tjóns fyrir menningarlíf og íþróttalíf og raunar alla íþróttastarfsemi í landinu. Ég nefni sem dæmi að íþróttahús og íþróttaaðstaða hafa sem betur fer risið upp víða um landið og íþróttastarfsemi aukist með ári hverju, þó að vissulega sé hægt að tala um að margt sé enn ógert. En skortur á sérmenntuðum íþróttakennurum er alvarlegt vandamál víðs vegar um landið. Íþróttakennara er ekki hægt að fá. Hvers vegna? Svarið er augljóst. Aðstaðan til menntunar íþróttakennara í Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni er svo hörmuleg sem raun ber vitni. Það er aðalástæðan, fyrir utan aðstöðuleysið sem aðrar menntastofnanir staðarins búa við, sem er einnig hörmuleg staðreynd.

Við fjárlagagerð 1980 og 1981 var tekist á um þetta mál og stefnan mörkuð á Alþingi með samþykkt fjárlaga. Við samþykkt fjárl. 1981 flutti öll fjvn. brtt. við fjárlagafrv. fjmrh. á þskj. 326, þar sem nefndin lagði til að liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður hækkaði úr 35 millj. kr. í 100 millj. Auk þess var samþykkt brtt. frá fjvn. um hækkun til viðhalds. Þessar till. samþykkti Alþingi einróma og þar með að framkvæmdir við byggingu íþróttamannvirkja á Laugarvatni yrðu hafnar á þessu ári. Ég vil undirstrika að fjvn. hefur á þessu ári ekki haft frekari afskipti af málinu til þessa. Mér og öðrum þm. kom að sjálfsögðu algerlega á óvart að fjmrh. gerir ekki ráð fyrir verulegum fjárveitingum til framkvæmda á árinu 1982. Ég efast ekki um að samstaða verður um það í fjvn. að leiðrétta þessi mistök, sem ég vil nefna þetta, í

fjárlagafrv. Það munum við gera við afgreiðslu fjárl. Fyrir því tel ég vera mikinn meiri hl. Ég efast ekki um að hv. þm. muni sameinast um að leiðrétta þetta mál þannig að það fái eðlilegan framgang. Þessi vanhugsaða þáltill., sem hér liggur fyrir, breytir þar engu um. Ég er ekki þar með að segja að hv. þm. Baldur Óskarsson hafi nokkuð að segja sem geti orðið til tjóns í þessu máli, vegna þess að ég met hann ekki þannig að hann geti haft þau áhrif. Það hefði þó að mínu mati verið skynsamlegra fyrir hv. þm. að ráðgast t. d. við hv. formann fjvn., ég tala nú ekki um fjmrh., áður en hann hófst handa. Hefur hann e. t. v. ekki haft aðgang að þessum mönnum? Maður verður að spyrja sjálfan sig að því.

Herra forseti. Það væri hægt að tala hér lengi um málefni Laugvetninga en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. En ég vil sérstaklega fagna samstilltum áhuga og framkvæmdavilja allra aðila sem standa að Laugarvatnsskólunum. Það hefur greinilega komið fram hér á Alþingi í dag og í fjölmiðlum í fréttum af fundum á Laugarvatni. Þessu vil ég fagna. Ég skal ekkert segja um hver árangur þessarar ferðar Laugvetninga verður. En eitt er víst, að við hljótum að sameinast um að byggja upp myndarlegt íþróttamannvirki á Laugarvatni og tryggja stöðu þessa menntaseturs í framtíðinni. Það hljótum við allir að vera sammála um. Ég sem gamall Laugvetningur segi að það er mitt metnaðarmál.

Níels Á. Lund: Herra forseti. Gamalt máltæki segir: Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Svo er að mínum dómi farið með þá þáltill. sem hér er til umr. Hafi markmið með flutningi hennar verið að vekja athygli hv. Alþingis á aðstöðuleysi Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni hefur það tekist og það er vel. Áhugi heimamanna og þeirra nemenda, sem við þetta aðstöðuleysi búa, er augljós og eðlilegur þar sem um svo þýðingarmikið mál er fjallað hér. Hitt er annað mál, að hafi markmiðið með þessari þáltill. verið að flýta framgangi málsins eða greiða götu þess í gegnum hið margumtalaða kerfi læt ég í ljós efa. Ég óttast jafnvel að með því að vísa málinu til nefndar komi til enn einn flöskuhálsinn sem málið þarf að fara í gegnum, kærkominn þeim aðilum, ef einhverjir eru, sem vilja frekari uppbyggingu Laugarvatnsstaðar feiga.

Vissulega kemur það manni spánskt fyrir sjónir, að flm. þessarar till., hv. þm. Baldur Óskarsson, skuli ekki líta nær sér áður en hann flytur þetta mál í hv. Alþingi. Menn spyrja: Á hverju hefur fyrst og fremst staðið? Hvað kemur til að málið er tekið fyrir nú á þennan hátt? Jú, eflaust það, að í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er ekki varið fjármagni til fyrirhugaðra framkvæmda svo að teljandi sé. Hverjum ætli það sé að kenna, ef þar er einhverjum einum aðila um að kenna, sem ég leyfi mér að efast um? Hver er það sem hefur með fjármál landsins að gera? Hver er það sem undirbýr fjárlög og ræður mestu um hvaða liðir eru skornir niður eða þurrkaðir út? Sá aðili er auðvitað hæstv. fjmrh. Ég hef talið að ef hugur hefði fylgt máli hjá hv. flm., Baldri Óskarssyni, hefðu orð hans átt greiðari aðgang að hæstv. fjmrh. á öðrum stöðum en hér á hv. Alþingi.

Eitt er víst, að þingflokkur framsóknarmanna stendur einhuga að uppbyggingu á Laugarvatni og hefur ætíð gert. Raunhæfast hefði verið að flytja brtt. við fjárlögin og hafa hana ríkulega. Ég tel þessu máli hefi verið vel borgið á raunhæfan hátt ef aðrar leiðir hefðu verið farnar en sú sem hér er valin. Að láta málið í nefnd, sem skilar áliti á næsta ári e. t. v., verður frekar til að tefja en til að flýta framgangi þess. En það er í þessu máli sem mörgu öðru, að menn eru e. t. v. sammála um markmið, en ekki leiðir. Það verður hver og einn að meta.

Sem íþróttakennari og gamall nemandi og velunnari Laugarvatns tek ég heils hugar undir flestallt það sem kom fram í máli hv. flm. um aðstöðuleysi Íþróttakennaraskólans og þá jafnframt hinna skólanna þar. Í því sambandi get ég ekki stillt mig um að taka einnig undir orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar þar sem hann fjallaði um þessi mál á líkan hátt.

Það hefur alltaf verið skoðun mín, ég hef aldrei farið dult með hana, að á Laugarvatni sé starfsemi Íþróttakennaraskólans best borgið sé honum sköpuð sú aðstaða, sem hann þarf til að sinna því mikilvæga hlutverki sem honum er ætlað, og sé honum sé sómi sýndur, sem honum ber sem Íþróttakennaraskóla Íslands. Það er ekkert launungarmál, að uppbygging á Laugarvatni hefur mætt andstöðu hjá einstökum aðilum. Ég er og hef aldrei verið í vafa um rétta staðsetningu skólans að Laugarvatni. Gæti ég fært mörg rök að því. Það hef ég gert á mörgum fundum og á mörgum stöðum, m. a. fjölmennum fundi íþróttakennara sem haldinn var á Hótel Esju 1972, þar sem fjallað var um þá grein laganna um Íþróttakennaraskólann sem fjallaði um staðsetningu hans á Laugarvatni.

Máltækið segir einnig, að á misjöfnu þrífist börnin best. Vel má vera að sú lélega aðstaða, sem nemendur Íþróttakennaraskóla Íslands hafa búið við undanfarin ár og áratugi, hafi orðið til þess, að frá skólanum hafi komið duglegir kennarar sem hafi staðið sig vel í starfi sínu á stöðum þar sem er bágborin aðstaða til íþróttaiðkana. Hinu má ekki gleyma, að undanfarin ár hafa risið víðs vegar um land fullkomin, stór og glæsileg íþróttahús sem allir fagna og ekki síst þeir sem þeirra fá notið. Það skýtur því nokkuð skökku við það aðstöðuleysi til íþróttakennslu og íþróttaiðkana sem Íþróttakennaraskóli Íslands býr við. Við svo búið má ekki lengur sitja. Það ætti að vera stolt okkar allra Íslendinga að eiga glæsilegan íþróttakennaraskóla, fullbúinn tækjum og öðrum búnaði, með fyrirmyndaraðstöðu. Þar á að mínum dómi að vera miðstöðu íþróttaiðkana, bæði á vetrum fyrir nemendur sem að sumri til þjálfunar íþróttahópa og keppnislið.

Íslenskir íþróttamenn hafa margoft sannað getu sína, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, og vakið verðskuldaða athygli. Þeir hafa átt stóran þátt í góðri landkynningu sem fámenn þjóð í miðju Atlantshafi er nauðsyn. Að okkar íþróttamönnum er á margan hátt vel búið, en einn liður í að bæta aðstöðu þeirra er að byggja upp íþróttaaðstöðu á Laugárvatni.

Í framhaldi af því, að hæstv. menntmrh. lýsti yfir að þingflokkur Framsfl. styddi einróma uppbyggingu Laugarvatns með ríkulegri fjárveitingu, spyr ég hv. formann þingflokks Alþb., Ólaf Ragnar Grímsson, — formaður þingflokks Alþb. og ráðh. þess flokks virðast ekki hafa haft tíma til að sitja yfir þessari umr. þar sem fjallað er um málefni Laugarvatns, og það eru fáir úr þingflokki Alþb. hér í þingsölum. (**Gripið fram í:** Það vegur þungt hérna einn.) Það vegur nokkuð þungt einn, rétt er það. Þá vænti ég þess, að hann geti á sama hátt og hæstv. menntmrh. lýst yfir að hann muni fá þingflokk Alþb. til að standa einróma með uppbyggingu á

Laugarvatni og með ríkulegri fjárveitingum í fjárlagafrv. því sem nú liggur fyrir.

Herra forseti. Það er von mín að þetta mál, sem hér er rætt, megi eiga farsælan endi og sú þáltill., sem hér er til umr., muni ekki verða, eins og stóð á einu spjaldi sem ágætir nemendur báru í dag, stífla í kerfinu. Það er von mín, að það verði samþykkt ríkuleg fjárveiting á fjárl. 1982 til íþróttamannvirkja á Laugarvatni. Ég hef von um að svo megi takast, ef marka má orð hv. þm. sem hér hafa talað. Það yrði vegleg gjöf til Íþróttakennaraskóla Íslands á fimmtugsafmæli hans.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Undir þessari umr. fæ ég ekki orða bundist. Þessi till. er léleg. Það hefur reyndar komið fyrir áður, síðan ég tók sæti á Alþingi, að fluttar hafa verið lélegar tillögur hér á þingi, en þetta er í fyrsta skipti sem ég finn mig knúinn til að blanda mér í þá umr. og gera efni till. og orðalag sérstaklega að umræðuefni. Þessi till. er léleg till. að efni til, þessi till. er léleg að innihaldi og hún er léleg og ljót vegna þeirra undirmála sem henni fylgja.

Í þessu máli verða menn að gera sér grein fyrir hvað hér er um að ræða. Þeir, sem sitja á þessu þingi, vita allir að þeir samviskusömu eljumenn, sem fyrir Suðurland sitja á þingi, Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Gestsson, Magnús H. Magnússon, Jón Helgason og Garðar Sigurðsson, hafa árum saman unnið að því að koma málum Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni fram. Þeir hafa hvað eftir annað barist fyrir þessu máli, og þeir hafa komið því fram. Það er nefnilega búið að samþykkja að hefja þarna framkvæmdir. Það er búið að samþykkja að veita fé til þessara framkvæmda. En hvað skeður þá? Jú, einmitt á því augnabliki stígur fram hv. varaþm. og reynir að stela senunni. Það er það sem verið er að reyna að gera með þessari till. fyrst og fremst. Og það er ekkert smávegis sem gengur á í kringum það. Það er búið að undirbúa það mál heilmikið. Þegar þm. Suðurl. hafa unnið að þessu máli hér í nefndum og þingsölum og málið er komið á rekspöl stendur hv. þm. Baldur Óskarsson upp og hneigir sig á sviðinu — og það er ekki bara það, heldur er búið að undirbúa málið með fréttaflutningi í útvarpi, öllum fréttum síðan manninum datt í hug að flytja till., og jafnvel útvega fólk til að klappa að ræðunni lokinni. Ég vil segja að þetta er ljótur leikur og svona vinna menn ekki, vegna þess að hér á þessu háa Alþingi Íslendinga þarf að semja um mörg mál.

Það þarf að koma málum fram. Þið verðið að gera ykkur grein fyrir því, að þó að engin þjóð í heiminum hafi lifað meiri framfarir og meiri lífskjarabót eftir stríð en Íslendingar er mikið ógert. Það er mikið ógert í okkar stóra landi og við erum hér fá og höfum ekki endalaust fjármagn til slíkra framkvæmda. Það þarf að hugsa það vel og það þarf að deila þessu fé niður. Með sinni eljusemi og dugnaði hafa þm. Suðurlands unnið sigur í því að fá Alþingi til að samþykkja fjárveitingar til þessara framkvæmda. Ekkert er mikilvægara í stjórnmálum þessarar þjóðar en að menn geti treyst hver öðrum, að menn geti unnið saman að málum án þess að einhverjir á ákveðnu vinnslustigi mála hlaupi með mál í fjölmiðla eingöngu til að auglýsa sjálfa sig. Þá er málum illa komið og hætt komið. Ég vil segja að þetta er lélegt áróðursbragð og þetta eru skítleg vinnubrögð. (Gripið fram í.) Þetta voru mikil meðmæli frá formanni Verkamannasambandsins. Það er auðheyrt að honum líður ekki vel núna.

Þó að ég hafi ekki verið lengi á þingi hef ég oft fyllst — ja, ég vil segja: baráttuhug þegar nýir þm. hafa stigið hér í salinn, djarfhuga, sóknhuga, — nýir þm. sem vilja berjast fyrir framförum þessarar þjóðar, vormenn, sem sjá fram í tímann og vilja flytja hér stórmál. En í staðinn fáum við annað slagið haustmenn, sem fyrst og fremst eru með sínum málflutningi — það vita allir sem hér eru inni — að reyna að stíga skref fram í sviðsljósið, fram fyrir þá, sem unnið hafa að máli, og reyna að standa á herðum þeirra. Það hörmulega við þetta mál er að það skuli vera jómfrúartillaga viðkomandi þm., að þessi farandverkamaður á sviði stjórnmálanna skyldi ekki hafa fundið sér eitthvert betra mál til þess að berjast fyrir en einmitt þetta. Og hafi þessi till. átt að vera einhver sigurtillaga í þessu máli hefur illa farið. Þessi till. er lélegt herbragð. Það þarf ekki annað en lesa þessa till. til að sjá það.

Hvað er það sem á að gera samkv. þessari till.? Alþingi á að fela ríkisstj. að sjá til þess, að hafist verði handa við byggingu þeirra mannvirkja sem þegar er búið að ákveða að fara af stað með. Ég verð að segja það, að úr því að menn fóru af stað með þetta mál hefði nú verið nær að það væri einhver stórhugur í því. Hvernig stendur á því, að maðurinn kom ekki með áætlun um að uppbyggingu allra þessara miklu íþróttamannvirkja þarna yrði lokið á ákveðnum tíma, að þetta yrði tímasett, að menn sæju fyrir endann á þessu og Alþingi samþykkti ákveðna áætlun um það? Ef flm. hefði viljað vinna málinu framgang, hefði hann átt að flytja um það tillögu að Alþingi ályktaði í þá átt, að nægilegu fé yrði varið til þessara framkvæmda til þess að unnt væri að koma þeim fram á ákveðnum tíma? En það var ekki. Stórhugurinn var ekki meiri en þetta sem þarna kemur fram. Það er meira að segja svo, að í þessum áætlunum var íþróttahúsið skorið niður, sem er stærsti gallinn sem ég sé á allri framkvæmdinni, þó að síðar megi stækka það. Nei, flm. hafði ekki einu sinni manndóm í sér til þess í þessari ljótu till. sinni að skora á Alþingi að ákveða að húsið yrði byggt í fullri stærð.

Ég verð að segja að þessi till. er engin till. Þessi till. er léleg till. Ég skora á þá þm., sem hugleiða þetta mál, að reyna að gæta þess, að þessi tillöguflutningur verði ekki til að stórskaða þetta mál, vegna þess að öll herferðin í kringum þetta er þess eðlis. Þeir, sem fylgjast með, verða að gera sér grein fyrir því, að niðurdeiling þeirra fjármuna, sem íslenska þjóðin hefur hverju sinni, er erfið og hún er ekki alltaf vinsæl. Mér líst ekki á að hver einasti aðili í þessu þjóðfélagi, sem vill fá einhverja framkvæmd, stormi með jafnvel mörg hundruð manns hérna niður í þing til þess að ýta á. Hvar halda menn að það endi og hvar standa þm. með það? Ég óttast að þessi málatilbúnaður hv. þm. Baldurs Óskarssonar geti beinlínis skaðað málið þannig að þm. teldu að einmitt vegna þessa væri ástæða til að bíða með málið, vegna þess að það mætti ekki hvetja hvern einasta aðila, sem telur að hann þurfi að fá úrlausn í þessu þjóðfélagi, til þess að storma hingað með allt sitt lið til að reyna að hafa áhrif á framgang síns máls. Svona er ekki unnt að vinna að málum.

Það er alveg ljóst, að það, sem hér er að gerast, er fyrst og fremst ljótur leikur. Það er búið að marka stefnuna í þessu máli. Það er búið að veita fé til þessa máls. Það má vel vera að menn séu óánægðir með að þessi framkvæmd skyldi ekki hafin í ákveðnum mánuði á þessu ári. Það hefur því miður gerst í kerfi okkar, að við höfum ekki

komið framkvæmdum af stað þegar við höfum viljað. En fjármagnið er til. Sá þm., sem þetta flytur, er flokksbróðir fjmrh. sem hefur látið skera niður svo að segja allar tillögur sem menntmrh. hefur lagt fram um fjárveitingar til íþróttamála og menntamála. Sá þm., sem þessa till. flytur, er flokksbróðir formanns fjvn. sem hefur þessi mál fremur í hendi sér en nokkur annar. Þm. hafði þess vegna alla möguleika á því að vita hvernig þetta mál stóð. Hann hafði alla möguleika á því að afla sér allra upplýsinga um málið. En þrátt fyrir gefin loforð á fundum fyrir austan um að hafa samvinnu við þá menn, sem eru árum saman búnir að berjast fyrir því að koma málinu fram, stóðst hann ekki freistinguna að laumast með það inn og reyna að láta líta út fyrir að nú væri Baldur Óskarsson, þessi mikli íþróttafrömuður, kominn og búinn að bjarga málefnum Laugarvatns. Sjá menn ekki hvers konar leikur þetta er?

Ég vil segja það, að ég hafði vonað að ég ætti ekki eftir að horfa á svona vinnubrögð á Alþingi. Ég verð að segja alveg eins og er, að það er illt að hafa samverkamenn sem þannig vinna, og ég ætla að leyfa mér að segja það, sem sagt er í fornsögunum, að illt er að eiga þræl að einkavin.

Ég vona að það frumhlaup, sem hér hefur átt sér stað, sú sýndarmennska, sem hér hefur komið fram, tilraun til að stela senunni á síðasta augnabliki og standa á herðum þeirra manna sem hafa unnið þetta verk þannig að nemendur skólans munu sjá þarna glæsilegt hús rísa, — ég vona að þessi tilraun opni augu manna fyrir því, að svona er ekki unnt að vinna. Ég vonast til þess, að í framtíðarvinnubrögðum hér í þinginu leggi menn fyrst og fremst áherslu á þá eiginleika sem byggjast á drenglyndi, sem byggjast á því að vera traustir samverkamenn og reyna að standa saman við að koma málum fram. Þannig er málum íslensku þjóðarinnar best borgið. En vinnubrögð af þessu tagi eru alltaf til óheilla.

Baldur Óskarsson: Herra forseti. Það mætti ýmislegt segja um þessa síðustu ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar. Hann er þekktur að ýmsu öðru en vera framgjarn og auglýsa sjálfan sig og hefur þess vegna efni á að setja ofan í við menn af mínu tagi, eins og hann lýsti mér áðan. En ég sé enga ástæðu til að fara að kappræða hér um hvaða innri mann ég hef að geyma eða hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson. Það skiptir auðvitað meginmáli, að sá tillöguflutningur, sem ég hef haft hér uppi varðandi íþróttamannvirki á Laugarvatni, hefur hreyft við þinginu með eftirminnilegum hætti, og ég sé ekki betur en þetta mál sé á góðri leið með að komast í endanlega höfn.

Halda menn að ótti þeirra fyrir austan um að þetta muni endalaust dragast hafi verið alveg ástæðulaus? Dettur mönnum í hug að ég sé sá karl að hafa æst upp einhvern lýð á Laugarvatni, búið til voðalegar herferðir og sýningar í því skyni að auglýsa sjálfan mig í sambandi við þetta mál? Nei, ég get fullvissað hv. þm. um að skólastjórar Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni og annarra skóla þar, kennarar og nemendur og staðarfólk hafði áhyggjur af þessu máli. Þess vegna efndi það sjálft og að eigin frumkvæði til baráttufundar sem betur hefði verið sóttur af fleiri þm. en mér.

Ég ætla ekki að efast um það eitt augnablik að þm. Suðurl., sem á undanförnum árum hafa verið að vinna að þessu máli, hafi lagt sig alla fram og verið heils hugar í málinu. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er sá, að fólkið fyrir austan hélt að málið væri strandað, og þá var farið þess á leit við mig á sérstökum fundi, sem ég sótti á Laugarvatni og ég er oft búinn að vitna til, að ég eins og aðrir þm. kjördæmisins og aðrir velunnarar Laugarvatns hreyfði þessu máli á Alþingi og alls staðar þar sem væri aðstaða til þess. Og ég sinnti því kalli. Svo geta þeir komið hér allir í einni syrpu, þm. Suðurl. og aðrir, og haldið langar skammaræður um það, hvern mann ég hafi að geyma, ég sé að troða niður skóinn af samþm. mínum o. s. frv. Mér er alveg nákvæmlega sama um það. Það skiptir mig engu máli þó að þeir haldi slíkar ræður, vegna þess að ég var að sinna kalli umbjóðenda minna og ég tel að ég sé með mínu litla lóði á vogarskálina að gera Íþróttakennaraskólanum á Laugarvatni gagn.

Ég er varaþm. og sit hér aðeins í nokkra daga. Þetta er víst síðasti dagurinn sem ég sit á þingi. Ef ég átti að sinna kallinu og koma þessu máli hér á framfæri, sem ekki veitti af, — hvers vegna var ekki búið að því fyrr? — Þá varð ég að gera það með þeim hætti sem ég gerði.

Þegar ég kom austan frá Laugarvatni á föstudagsmorguninn voru þm. Suðurl. á tvist og bast. Hv. þm. Steinþór Gestsson og aðrir þm. Sjálfstfl. voru á landsfundi, Jón Helgason austur í Seglbúðum og svo mætti lengi telja. Mér var tjáð af skrifstofustjóra Alþingis að ef ég skilaði ekki þessari till. um hádegið á föstudag fengi ég hana alls ekki rædda í þessari viku. Ég taldi mér skylt að reyna að gera það, og ég ákvað að flytja hana einn þó að ég hefði auðvitað kosið að fleiri hefðu verið flm. En það er ekki aðalatriði máls hve margir menn flytja þáltill. Aðalatriði máls er hvernig tillögunni er tekið. Eru menn sammála innihaldinu og ætla menn að fara eftir því og vinna að því sem í till. segir? Að vísu segir hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson að þetta sé ljót till., innihaldið sé ljótt, efnið ljótt, frágangurinn ljótur og allt ljótt í sambandi við þetta mál. En hvernig er þetta innihald? Innihaldið er einungis það, að Alþingi fer fram á það við ríkisstj. að nú þegar verði hafist handa við byggingar íþróttamannvirkja sem samþ. voru af menntmrn. í fyrra. Menntmrn. samþ. ekki í fyrra hálft hús, Guðmundur G. Þórarinsson. Það samþ. heilt hús. Það er mannvirkið sem á að rísa og hefði átt að vera risið fyrir löngu.

Það er til skammar að það skuli hafa verið búið að Íþróttakennaraskóla Íslands í öll þessi ár með þeim hætti sem við þekkjum. Hafið þið ekki hlustað á Árna Guðmundsson skólastjóra í fjölmiðlum þegar hann hefur verið að lýsa aðstöðunni og lýsa píslargöngu sinni hingað suður hvað eftir annað til að reyna að koma málinu fram? Því miður hefur Alþingi tekið seint og illa við sér, þó nú sé farið af stað, og yfirvöld menntamála hafa líka gert það.

Ég er mjög þakklátur fyrir þá ræðu, sem hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason hélt áðan, og þann anda, sem þar kom fram, og þau tíðindi, að Framsfl. ætlar í heilu lagi að standa að því, að á fjárlögum ársins 1982 standi: Til Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni 5.2 millj. kr. (**Gripið fram í:** Hvað gerir Alþb.?) Ég veit ekki til að þingflokkur Alþb. hafi komið saman til fundar til að álykta um málið. Auðvitað hefur hann áhuga. (**Gripið fram í:** Hvar er fjmrh.?) Ég veit því miður ekki, þó ég sé framkvæmdastjóri Alþb., hvar ráðh. heldur sig hverju sinni.

Varðandi það, að menn eru að tala um slæmt form á málum, vil ég láta hv. Alþingi vita af því, að ég spurði

hæstv. fjmrh. hvort hann hefði nokkuð á móti því, að ég flytti þáltill. af þessu tagi, sömuleiðis Geir Gunnarsson formann fjvn. og ýmsa áhugamenn um málefni Laugarvatns hér á Alþingi. Ég held að ég hafi gert gagn með því, vegna þess að þar hefur komið róti á málið. Það er hins vegar fyrir neðan allar hellur að vera að tala hér um þá Laugvetninga, sem hingað koma til að fylgja áhugamáli sínu eftir, í einhverjum óæðri tón og kalla þá sýningarfólk, þetta séu eins og einhverjir gripir, séu bara til sýnis, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson talaði um áðan mörgum orðum. Þetta fólk er hingað komið til að lýsa áhuga sínum og það er ekkert athugavert við það, Guðmundur G. Þórarinsson. Það hafa allir leyfi til að koma í þetta hús. Er það nokkuð verra að þjóðin fylgist með því sem hér fer fram? Er það nokkuð verra fyrir hv. þm. að fá að vita hvað fólkið í landinu vill? Það hefur áhugamál. Ég sé ekki nokkurn skapaðan hlut að því.

Hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason, bað mig að nefna menn í menntmrn. sem væru andsnúnir því, að Íþróttakennaraskólinn sé þarna fyrir austan. Ég get nefnt þá menn. Ég kýs heldur og vona að ráðh. fallist á það, að ég geri það við hann prívat og persónulega. Menn í menntmrn. hafa sagt þetta í mín eyru. Þegar þm. Suðurl. og aðrir hafa verið að berjast fyrir því að koma á almennilegu íþróttamannvirkjum þarna fyrir austan hafa ýmsir, bæði úr íþróttahreyfingunni og líka menn í menntmrn. og aðrir, sagt: Íþróttakennaraskólinn á að rísa í Reykjavík. Framtíð Laugarvatns er ekki ljós. Það er vitleysa að vera að eyða miklu fjármagni í mannvirki þarna austur frá. — Þetta veit Árni Guðmundsson skólastjóri Íþróttakennaraskólans mætavel, og þetta vita vonandi allir sem hafa verið að vinna að þessu máli á undanförnum árum.

Svo halda menn að ég geti með einu símtali eða ég veit ekki hverju fengið 400 manns austur á Laugarvatni til að koma hingað — til að hylla mig sérstaklega væntanlega. Hvers konar bull er þetta! Eða ég sé að hringja í fréttastofu útvarpsins að segja fréttamönnum fyrir hvaða fréttir þeir eigi að flytja. Ég hafði ekki hugmynd um þessar fréttir. Ég veit ekki hvaðan þær eru komnar, en ég hygg að þær hljóti að vera komnar austan frá Laugarvatni. Mér þykir það ákaflega trúlegt.

Það má vel vera að ég sé með þessum tillöguflutningi að gera eitthvert asnaspark, klaufaspark og allt það sem hv. þm. Steinþór Gestsson nefndi í sinni tölu. Það verður þá að hafa það.

Ég er ákaflega ánægður með þau orð sem hv. þm. Albert Guðmundsson viðhafði í þessari umr. Ég held að það sé einmitt kjarni málsins. Ég held að þessar aðgerðir, Laugvetninga fyrst og fremst, hafi skapað þann vilja nú allt í einu hér á Alþingi að menn séu tilbúnir að samþ. þegar í stað að Laugarvatnsskóli fái á fjárlögum 5.2 millj. kr. á næsta ári. Það er þá til einhvers barist, ég verð að segja það. Ég hef verið að sinna kalli fólksins vegna þess að það kall er rétt. Og mér er alveg sama hvað ég er kallaður hér í þingsölunum. Það skiptir mig engu máli. Ef ég get lagt mitt litla lóð á vogarskálina í þessu máli, í máli sem ég tel vera rétt og horfa til heilla fyrir fólkið og fyrir þjóðina og landið, þá er það það sem skiptir máli.

Ég vil alveg sérstaklega þakka fyrir þær undirtektir sem þetta mál hefur fengið. Ég verð að taka undir það með hv. þm. Níels Á. Lund, að auðvitað hefði verið æskilegt að fjmrh. hefði verið hér sjálfur að hlusta á umr. og taka þátt í henni. Vonandi kemur hann hér í kvöld og getur þá kannske tekið til máls. En vegna þess að það hefur töluvert verið að honum veist langar mig að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé ekki rétt að ráðuneyti hans komi til fjmrn. með heildarupphæð til skólabygginga. Er það rangt? (**Menntamrh.:** Þetta er alveg ákveðin tillaga. Ég get greint frá því strax núna, að það var ákveðin tillaga sem fyrir lá frá mér um 5.2 millj.) Er rangt hjá mér að þegar verið er að gera fjárlög séu ákveðnar heildarupphæðir til mála, en fjmrn. skipti síðan slíkum upphæðum? (Gripið fram í.) Þá hef ég á röngu að standa. Ég hélt að þannig væri unnið, en það leiðréttist þá hér með.

Ég vil ekki vera að lengja þessa umr. miklu meira. Það er ástæðulaust vegna þess að mér sýnist að allir séu á einu mál: Framsfl. í einu lagi, allur samanlagður þingflokkurinn reiðubúinn að leggja til að á fjárlögum 1982 verði varið 5.2 millj. til byggingar íþróttamannvirkja á Laugarvatni, Alþfl. í einu lagi, Albert Guðmundsson og sjálfsagt ýmsir fleiri. Þá verð ég að segja að það er til einhvers barist.

Ég þakka alþm. þessar góðu undirtektir, og ég þakka Laugvetningum fyrir komuna hingað. Ég vil þveröfugt við það sem Guðmundur G. Þórarinsson gerði áðan þegar hann var með ónot út í það fólk sem hér kom. Ég þakka því komuna. Það eruð þið sem hafið unnið þetta mál. Það eruð þið sem hafið gert það að verkum með baráttuaðgerðum ykkar að þetta mál er sennilega í höfn.

Við skulum vonast til þess, að allir, líka hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, — allir alþm. megi hafa af málinu nokkurn sóma þegar upp verður staðið. Það er auðvitað hneyksli hvernig að Íþróttakennaraskólanum er búið. Það er hneyksli að lögboðin íþróttakennsla skuli ekki fara fram við skólana á Laugarvatni. Það verður að ráða á því skjóta bót. Ég vonast til, eins og ég gerði í upphafsræðu minni, að þm. snúi allir bökum saman í þessu máli. En að vera að hengja hatt sinn á það, hvernig þessi till. er flutt eða hvernig hún er orðuð, og gera úr því eitthvert stórkostlegt mál, það finnst mér satt að segja aumur málflutningur. Kjarni málsins er að íþróttamannvirkin á Laugarvatni eiga að rísa. Um það skulu alþm. standa saman.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður og þaðan af síður skal ég vera mjög hávær þótt ég vissulega hefði haft áhuga á og ánægju að ræða hér um málefni Íþróttakennaraskóla Íslands að Laugarvatni og hlutverk hans.

Hann segir okkur út af fyrir sig nokkuð margt, sá stóri hópur æskufólks sem hér hefur verið í dag og vill með veru sinni hér sýna hug sinn til skólans og Laugarvatns. Ég vil taka það skýrt og greinilega fram, að sannarlega fagna ég komu þessa fólks hingað í dag.

Tilefni þessara umr. er sú þáltill. sem hér er flutt á þskj. 70 um íþróttamannvirki á Laugarvatni og framtíð Laugarvatns sem menntaseturs. Í greinargerð segir flm. m. a.:

„Þess hefur einnig orðið vart, að ýmsir stjórnendur menntamála í landinu hafa látið uppi efasemdir um réttmæti þess, að Íþróttakennaraskóli Íslands verði áfram á Laugarvatni og framtíð staðarins sem skólaseturs sé óviss. Af þeirri ástæðu sé rétt að draga þetta mál og taka það allt til endurskoðunar.

Við svo búið má ekki standa. Alþingi verður nú þegar að lýsa yfir afdráttarlausum vilja sínum í þessu máli.“

Fyrstu fjárveitingar til byggingar nýs íþróttahúss og sundlaugar á Laugarvatni voru á fjárlögum 1979, síðan 1980 og 1981. Hér var mörkuð stefna af þeim er þá sátu á Alþingi. Mitt mat er að þeir hafi ekki breytt um skoðun hvað varðar Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni.

Ég sé ástæðu til þess vegna þeirra umr., sem hér hafa verið, að þakka alveg sérstaklega Vilhjálmi Hjálmarssyni, fyrrv. menntmrh., og Ingvari Gíslasyni, núv. menntmrh., fyrir skilning þeirra beggja á málefnum Íþróttakennaraskóla Íslands. Þeir hafa vissulega með aðstoð góðra manna rutt hindrun úr vegi.

Menn álitu að leiðin væri orðin sæmilega greið. En því miður — og ég segi aftur: því miður leyndist ljón á veginum með takmarkaðan áhuga á þessu sviði þjóðmála. Það ljón er þó ekki ósigrandi sem betur fer. Strax og þess varð vart, hvaða skaða það hafði hér valdið á góðu máli, urðu menn ákveðnari en áður að halda áfram að ryðja hindrunum úr vegi og tryggja sem best veg þessara skóla.

Það er meginmál, að stefnunni hvað varðar uppbyggingu Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni hefur ekki verið breytt. Sem betur fer búum við við það þjóðfélagsskipulag, að hér ræður ekki einhver ein ákveðin persóna. Þetta mál og önnur slík á að afgreiða á Alþingi. Ég er viss um að það mun verða staðfest hér í lýðræðislegum atkvæðagreiðslum við afgreiðslu fjárlaga og stefnan í þessu máli, sem þegar er mörkuð, mun sigra. Þá eru ný íþróttamannvirki á Laugarvatni vissulega í sjónmáli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Staða og rekstrarmöguleikar félagsheimila, þáltill. (þskj. 60).

Flm. (Níels Á. Lund): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þremur öðrum þm. Framsfl. að leggja fram svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. skipun þriggja manna nefndar til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi skipaður af menntmrh. og skal hann vera formaður nefndarinnar og auk hans einn tilnefndur af félagsheimilasjóði og einn tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Nefndin ljúki störfum og skili áliti til menntmrh. áður en löggjafarþing kemur saman haustið 1982.

Nefndinni skal sérstaklega falið að kanna:

a) hvernig efla megi félagsheimilasjóð þannig að hann geti betur staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkv. lögum;

b) með hvað hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimila, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða sem rekstur heimilanna varða."

Nú eru í notkun á landinu 173 félagsheimili í 134 bæjar- og sveitarfélögum, sem svarar því að rúmlega 59% bæjar- og sveitarfélaga njóti félagsheimila. Þá eru auk ofangreindra 12 félagsheimili í undirbúningi.

Svo sem alþjóð veit eru þessi félagsheimili að mörgu leyti mjög mismunandi. Má þar nefna aldur, stærð, starfsemi, legu o. fl. Elstu húsin, sem enn eru notuð, eru gömlu góðtemplara- og ungmennafélagshúsin sem byggð voru af hugsjón og dugnaði fyrir mörgum áratugum. Svo sem nærri má geta er aðstaða öll þar bágborin í samanburði við þær kröfur sem við gerum til félagsheimila nú. Stærð félagsheimilanna er mismunandi, sem ræðst að verulegu leyti af íbúafjölda héraðsins og þeirri starfsemi sem félagsheimilinu er ætluð. Sum þessara félagsheimila eru í þéttbýli og í stöðugri notkun hvern dag. Í tengslum við þau er oft og tíðum hótelrekstur, kvikmyndasýningar o. fl. Önnur eru á fámennari stöðum og oft að verulegu leyti notuð í tengslum við skóla, bæði sem kennslustofur og íþróttahús, og sem félagsaðstaða.

Í langflestum nýrri félagsheimilanna er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir þau félagasamtök sem að þeim standa, svo sem kvenfélög, verkalýðsfélög, búnaðarfélög, sjómannafélög, íþrótta- og ungmennafélög, skáta og fleiri sem of langt yrði upp að telja.

Sammerkt er öllum félagsheimilum að þau hafa verið og eru fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leysa úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu. Að þeim langflestum standa áhugamannafélög sem leggja fram til þeirra allt sitt fjármagn. Með tilkomu félagsheimila í héruðin hefur skapast aðstaða til hvers konar menningarlífs sem telja verður eina af forsendum nútíma lífshátta.

Hvað nefndarskipuninni, sem um getur í ályktuninni, viðvíkur er rétt að benda á að þar sem hér er um að ræða fleiri en einn þátt hvað varðar rekstur og stöðu félagsheimilanna þykir rétt að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um málið í heild og gera tillögur til úrbóta.

Nefndinni er ætlað að ljúka störfum og hafa skilað áliti áður en löggjafarþing kemur saman að hausti 1982, þannig að till. nefndarinnar ættu að geta komið til kasta Alþingis þegar á næsta ári. Óþarft þykir að hafa nefndina stóra, en ætlast er til að í hana veljist menn sem þekkja til málsins og geta hafið störf strax.

Eðlilegt er að menntmrh. skipi formann nefndarinnar þar sem félagsheimili og félagsheimilasjóður heyra undir hann. Einnig þykir rétt að í nefndinni eigi sæti einn fulltrúi félagsheimilasjóðs þar sem verulegur hluti af starfi nefndarinnar hlýtur að tengjast sjóðnum og fulltrúi sjóðsins er vel kunnugur stöðu og málefnum félagsheimilanna um allt land.

Þar sem félagsheimili landsins hafa ekki með sér nein samtök er lagt til að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn fulltrúa í nefndina fyrir hönd félagsheimilanna.

Nefndinni er einkum falið að kanna eftirtalda meginþætti sem verulega snerta félagsheimilin og rekstur þeirra:

a) Félagsheimilasjóður hefur allt frá stofnun hans verið sveitarstjórnum og félagasamtökum mikil hvatning til að byggja yfir félagsstarf og samkomuhald fólksins í landinu. Framlög úr sjóðnum hafa þó oft borist styrkþegum seinna en þeir höfðu leyft sér að vænta.

Árið 1978 var gerð áætlun hjá sjóðnum til fjögurra ára. Var þá reiknað með óbreyttum tekjumöguleikum sjóðsins. Leyft var að fara af stað með 23 félagsheimili í trausti þess að tekjur sjóðsins yrðu óskertar.

Skerðing sjóðsins með ákvæðum í lánsfjárlögum fyrir árið 1980 og síðar hefur valdið alvarlegri röskun á öllum fyrri áætlunum sjóðsstjórnar og frekari drætti á framlögum til framkvæmda við félagsheimili. Almennt er litið svo á, að bygging félagsheimila skuli styrkt sem nemur 40% af byggingarkostnaði. Skuldahalinn við félagsheimilin lengist sífellt og staða hans fer síversnandi ef ekkert verður að gert.

b) Í júní s. l. úrskurðaði ríkisskattanefnd að félags-

heimilið Festi í Grindavík skyldi greiða tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjald vegna starfsemi sinnar á árinu 1980. Félagsheimilið Tjarnarborg, Ólafsfirði, hefur nýlega fengið samsvarandi kröfur frá skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra, og svo er um fleiri félagsheimili. Rekstur félagsheimilanna hefur verið fjárhagslega erfiður og verða því nýjar álögur, eins og um getur hér að framan, mikið reiðarslag fyrir rekstrarstjórnir félagsheimilanna. Þótt hér sé aðeins um fá félagsheimili að ræða, sem vitað er um, þykir sýnt hvert stefnir. Túlkun þeirra laga, sem fjalla um þessi atriði, er mismunandi og er ljóst að lögin kveða ekki nægilega skýrt á um skattskyldu og skattfrelsi félagsheimilanna.

Með sífelldum olíuvershækkunum undanfarin ár hefur staða þeirra félagsheimila, sem hituð eru upp með olíu, farið síversnandi. Félagsheimilin njóta ekki olíustyrks og er upphitunarkostnaður þeirra félagsheimila, sem þurfa að nota olíu til þeirra hluta, verulegur baggi á þeim. Ljóst er að verulegur munur hlýtur að vera á rekstrarkostnaði þeirra félagsheimila annars vegar, sem eru hituð upp með olíu eða rafmagni, og þeirra sem búa við hitaveitu. Félagsheimili borga nú hitun samkv. taxta D-1 eða 37.60 kr. á kwst., sem er rúmlega helmingi hærri taxti en til hitunar íbúðarhúsnæðis. Rætt hefur verið um það hjá stjórn Rafmagnsveitna ríkisins að einfalda gjaldskrá RARIK, sem e. t. v. mundi lækka rafmagnsverð til félagsheimila, en enn hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Því er nefndinni sérstaklega falið að kanna þennan þátt og gera till. til úrbóta.

Eflaust eru enn fleiri atriði sem nefndin þyrfti að kanna og gera till. um og koma í ljós við vinnu hennar, þótt hér séu aðeins nefndir þættir sem verulega er áríðandi að gera úrbætur á,

Það er von flm., að með þessari nefndarskipan og þeim till., sem nefndin gerir, verði unnt að bæta svo stöðu félagsheimilanna að þau geti áfram gegnt því veigamikla hlutverki sem þau hafa gert um allt land undanfarna áratugi.

Herra forseti. Að lokinni umr. legg ég til að ályktuninni verði vísað til menntmn. Ég hef lokið máli mínu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þar sem ég er einn af meðflm. þessarar till. er ekki ástæða til að ég sé að lengja hér umr. Ég vil þó aðeins koma hér inn á tvö atriði, tvo þætti í þessu máli sem skipta miklu. Þau eru í fyrsta lagi staða félagsheimilasjóðs, sem er ákaflega veik. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt hefur það viðgengist nokkur undanfarandi ár að framlög til félagsheimilasjóðs eru skert í fjárlögum, sem vissulega stríðir á móti landslögum í þessu efni eins og er um marga aðra slíka sjóði. Þetta kemur mjög illa við þennan sjóð sem er tiltölulega lítill, því að það framlag, sem hann fær samkv. lögum, hefur rýrnað á undarförnum árum vegna þess að önnur verkefni hafa fengið framlög af þessum tekjustofni. Þetta er vissulega áhyggjuefni, ekki síst með tilliti til þess, að víða um land er enn verið að hefja byggingu félagsheimila þar sem engin slík eru fyrir eða svo ófullkomin að ekki samrýmist þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar, og eins með breyttum íbúafjölda. Þess vegna er mjög aðkallandi að félagsheimilasjóður verði efldur þannig að hann geti staðið undir því hlutverki sem honum er ætlað í sambandi við uppbyggingu félagsheimila. Þessi till. er að öðru leyti víðtæk. Það er gert ráð fyrir að gera úttekt á þessum málum og þar er mjög aðkallandi.

Hinn þátturinn, sem ég vildi aðeins koma inn á, er í sambandi við það fyrirbæri sem skotið hefur upp kollinum síðustu tvö, þrjú árin, að skattayfirvöld hafa séð ástæðu til að fara að skattleggja félagsheimili. Til þessa virðist þetta hafa verið fyrst og fremst gert í tilraunaskyni af hendi skattayfirvalda. Nokkurs konar prófmál hafa verið sett af stað til þess að reyna á skattalögin að því er varðar skattfrelsi félaga. En miðað við skattaálagningu þess árs, sem nú er að líða, hefur þetta því miður verið fært út þannig að í flestum kjördæmum landsins er nú hafin skattlagning á félagsheimili að því er varðar tekju- og eignarskatt, sem að mínu mati er ekki í samræmi við það sem skattalög gera ráð fyrir.

Þetta þarf þess vegna að leiðrétta. Þrátt fyrir úrskurð ríkisskattanefndar í sambandi við þessi mál eru þau þess eðlis, að ekki er hægt að una við þessa túlkun á skattalögunum. Ég geri varla ráð fyrir að margir hv. þm., sem samþykktu nýjustu skattalagabreytingar, hafi gert ráð fyrir að í þeim fælist möguleiki til að skattleggja félagsheimili í landinu á þennan hátt.

Ef við lítum á 4. gr. skattalaga, þar sem taldir eru upp aðilar undanþegnir skattskyldu, eru í 3. lið sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á. Nú er það þannig að í flestum tilfellum eru sveitarfélögin eigendur þessara félagsheimila, í sumum tilfellum allt að helmingi, í öðrum tilfellum 80—90% — og í sumum tilfellum 100%. Í slíkum tilfellum er þetta augljóst. Í 5. lið stendur: Þeir lögaðilar sem nefndir eru í 2. gr. laganna, — þeir eru taldir upp hér, — og eiga hér heimili og verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkv. samþykktum sínum. Og svo í 6. lið eru félög og sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr. laganna, sem ekki reka atvinnu.

Í eldri skattalögum var talið nægjanlega tryggt að þetta næði ekki til að skattleggja félagsheimilin, hvort sem um væri að ræða eign sveitarfélaga eða annarra félagasamtaka. Fyrst skattayfirvöld í landinu eru að reyna að teygja sig inn á þetta svið, — þó að það hafi ekki verið í meira mæli en þegar er komið fram, en hefur þó aukist á þessu ári að umfangi, — þá tel ég nauðsynlegt að við hér á Alþingi skýrum lögin þannig að þau taki af allan vafa um að skattayfirvöld séu ekki að gamna sér við að senda bréf og tilkynningar um skattheimtu sem á ekki við lög að styðjast, eða a. m. k. löggjöfin gerði ekki ráð fyrir. Ég hef þess vegna í hyggju að beita mér fyrir því, að gerð verði breyting á 4. gr. skattalaga sem taki af allan vafa um þetta atriði að því er varðar félagsheimili sem byggð eru samkvæmt lögum um félagsheimili og með þeim breytingum sem síðan hafa verið gerðar á þeim lögum.

Þetta vildi ég láta koma fram hér. Þó að það snerti ekki beint till. sjálfa gerir tillgr. ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem geri úttekt á stöðu félagsheimila, en óneitanlega er þetta einn stór þáttur í þeim málum. Ég tel að hér sé um mál að ræða sem Alþingi þarf að kveða ákveðið á um, svo að þeir, sem eru að basla við að reka félagsheimili úti um byggðir landsins, þurfi ekki að fá þessa hrollvekju í ofanálag. Nóg er samt um erfiðleika við að standa undir þessum rekstri sem allur er fyrst og fremst í menningarlegu skyni og sumpart sjálfboðavinna, þó að svona skattaelting bætist ekki við. Þess vegna mun ég beita mér fyrir lagfæringu. En ég vona að þessi till. fái hljómgrunn hér á Alþingi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 15. fundur.

Mánudaginn 9. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Steinþór Gestsson): Eftirfarandi bréf hefur borist:

„Hjörleifur Guttormsson, 5. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Sveinn Jónsson verkfræðingur hefur áður setið á Alþingi á þessu kjörtímabili. Þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Í öðru lagi hefur borist eftirfarandi bréf:

„Ritari þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Geirs Hallgrímssonar, 1. þm. Reykv., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagjörðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, frú Ragnhildur Helgadóttir, taki á meðan sæti hans á Alþingi."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Ragnhildur Helgadóttir hefur áður setið á þingi á þessu kjörtímabili. Þarf því eigi að rannsaka kjörbréf hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Í þriðja lagi hefur borist svofellt bréf:

„Formaður þingflokks Alþfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkv. beiðni Karls Steinars Guðnasonar, 3. landsk. þm., sem vegna utanfarar til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landsk. þm. Alþfl., Finnur Torfi Stefánsson lögmaður, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjaveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Fyrir liggur kjörbréf fyrir Finn Torfa Stefánsson, útgefið af landskjörstjórn. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að athuga kjörbréfið. Á meðan hún er að störfum verður gefið fundarhlé í 8 mínútur. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Finns Torfa Stefánssonar lögmanns, en hann hlaut 1. varauppbótarþingsæti Alþfl.

Kjörbréfanefnd gerir engar athugasemdir við kjörbréfið og mælir með að kosning verði tekin gild og kjörbréfið samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

Forseti (Steinþór Gestsson): Finnur Torfi Stefánsson hefur áður setið á Alþingi og þarf því ekki að undirrita eiðstaf. Ég býð hann velkominn til starfa.

Efri deild, 10. fundur.

Mánudaginn 9. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Samkvæmt beiðni Davíðs Aðalsteinssonar, 3. þm. Vesturl., sem vegna utanfarar til að sitja þing Sameinuðu þjóðanna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vesturlandskjördæmi, Jón Sveinsson lögfræðingur, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Jóhann Einvarðsson,
ritari þingflokks Framsfl."

Jón Sveinsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hans. Býð ég hann velkominn til starfa.

Aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum.

Frv., ef samþykkt verður, heimilar ríkisstj. að staðfesta breytingu á Norðurlandasamningi frá 1972 um aðstoð í skattamálum. Samkv. 2. gr. frv. fengi breytingin lagagildi hér á landi þegar hún hefur öðlast gildi. Samningurinn frá 1972 var staðfestur samkv. heimild í lögum nr. 111/1972 og hefur hann lagagildi hér á landi. Árið 1976 var gerð breyting á samningnum, sem staðfest var samkv. lögum nr. 8/1977. Hefur sú breyting einnig öðlast lagagildi.

Breytingin, sem hér um ræðir, var undirrituð í júní s. l. Er hún birt sem fskj. með frv. og fjallar annars vegar um upplýsingaskyldu varðandi fasteignir og hins vegar um ráðstafanir til tryggingar greiðslu á skattkröfum. Gert er ráð fyrir að breyting þessi auðveldi innheimtu skatta og skattaeftirlit.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 82). — 1. umr.

Flm. (Böðvar Bragason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961. Mér finnst nauðsynlegt, til þess að gera sér grein fyrir forsendum þessa frv.-flutnings, að fara örfáum orðum um þær stofnanir sem þetta frv. fjallar aðallega um, þ. e. hreppana eða sveitarstjórnirnar í landinu. Sennilega eru hrepparnir elsta stjórnarform landsins í opinberri sýslu, sem enn er í gildi, en þeir eru að stofni til frá því á þjóðveldisöld, eins og hv. þm. er öllum kunnugt.

Hreppanna er fyrst getið í lögum þjóðveldisins, Grágás. Þar eru skilgreind þau verkefni sem þeir höfðu með höndum, sem voru fyrst og fremst framfærsluverkefni, en framfærslan hefur alla tíð verið, má segja, meginverkefni hreppanna. Hrepparnir voru í byrjun mjög lýðræðislegt stjórnarform. Haldnir voru hreppsfundir eða þing, þrjú á ári. Þar kusu hreppsbúar sér forustumenn, sem upphaflega voru þrír og hétu sóknarmenn. Að vísu var ekki um almennan kosningarrétt að ræða, heldur voru það þingfararkaupsbændur sem kusu þessa hreppsleiðtoga. Allt um það var þetta merkilegt fyrirkomulag á þeim tíma og þykir kannske enn.

Þær breytingar, sem verða næst á hreppsmálunum, eru að sóknarmennirnir fá nýtt heiti. Þeir fá heitið hreppstjórar. Er fyrst getið um þá í erindisbréfi frá 1245, en þá er hreppstjórum uppálagt að skipta hval sem rekið hafði í Hornafirði. Það er því ljóst að í lok þjóðveldisaldarinnar — eða fyrir þann tíma — eru hrepparnir orðnir stjórnarfarsleg heild í landinu. Þeir hafa sérstök þing eða samkomur og hrepparnir hafa sérstaka dómstóla sem skera úr málum innan hvers hrepps. Auk þessa kusu hrepparnir sér starfsmenn, eins og áður segir, árlega. Þetta er mjög athyglisvert þegar til þess er litið, hvernig fór með framkvæmdavaldið sjálft eða ríkisvaldið, ef það var nokkuð á þeim tíma.

Ég hef nú lítillega minnst á upphaf hreppanna. Þeir starfa síðan allar aldir áfram og má segja að form þeirra hafi verið nokkuð með sama hætti fram eftir öldum. Verkefnin voru, eins og ég sagði áðan, fyrst og fremst framfærslan, en að sjálfsögðu líka hagsmunamál sameiginleg íbúum hreppanna, svo sem fjallskil og önnur verkefni sem lögðust til.

Það fer snemma að bera á því, eftir að landið kemst undir konung, að umboðsmenn hans hafa tilhneigingu til að ýta mörgum verkefnum yfir á hreppstjórana. Sú þróun, ásamt því almenna hallærisástandi sem var í landinu á þessum öldum, hefur sjálfsagt orðið til þess, að velgengni sveitarfélaganna eða hreppanna í þá veru, að íbúarnir hefðu eitthvað að segja um innri málefni sín, lagðist af. Má segja að um árið 1700 væri það aflagt, að hreppsbúar kysu sér hreppstjóra. Eftir það var farið að líta á ríkisvaldið eða umboðsmenn konungs sem hin einu sönnu og réttu yfirvöld í landinu og í reynd búið að svipta landsmenn öllum ákvörðunarrétti um sveitarstjórnarmál.

Árið 1809 er þetta verk svo fullkomnað með því að gefin er út tilskipun um hreppstjóra og þeir gerðir að ríkisstarfsmönnum. Þar með var því slegið föstu fyrir fullt og allt, að sveitarstjórn, í þeirri mynd sem við skiljum hana, var aflögð í landinu og komst ekki á aftur fyrr en árið 1872. Ástæðan fyrir því hefur eflaust verið sú, að samhliða umræðum um sjálfstæði þjóðarinnar vaknaði auðvitað umræða um sjálfstæði manna í innri málum. Það er vel trúlegt að þetta hafi fylgst að og má lesa um það í ræðum þeirra manna sem þá létu sig mestu varða málefni þjóðarinnar og sjálfstæði. Árið 1872 fáum við sveitarstjórnarlöggjöf, sem að miklu leyti er enn í gildi þó að á henni hafi verið gerðar margar breytingar. Þá er tekin upp sú skipan sem enn ríkir, að fyrst eru hreppar, síðan koma millistig og loks ríkisvaldið.

Þessi skipan hefur haldist lítið breytt. Nú er svo komið, þó segja megi að hún hafi dugað vel, að tímarnir eru breyttir og því kannske ástæða til að huga að nýskipan þessara mála. Við verðum að athuga hvernig hagaði til í landinu þegar sveitarstjórnir voru endurreistar 1872. Það var ekki sérlega beysið. Þjóðfélagið hafði þá um nærri 1000 ára skeið verið því sem næst óbreytt. Venjulegt bændaþjóðfélag. Og það, sem er kannske athyglisverðast í þessu sambandi, er að mannfjöldi í landinu er því sem næst hinn sami við upphaf þessa tímabils og við lok þess, því að um 1860 eru landsmenn rétt um 60 þúsund.

Það er ósköp skiljanlegt að þegar þessi nýskipan mála var tekin upp vildi ríkisvaldið hafa hönd í bagga með sveitarstjórnunum. Það tel ég að hafi verið gert með því að hafa milliliði úti í héruðunum til þess að annast eftirlit með sveitarstjórnunum. Það var í formi svokallaðra sýslunefnda og amtsráða, en þau voru aflögð síðar.

Allt frá þessum tíma hefur staðið nokkur styr um skipan sveitarstjórnarmála, og það hefur sérlega á síðustu 20—30 árum færst mjög í vöxt að nefndir væru settar til að endurskoða þessi mál, jafnframt því sem sveitarstjórnarmenn sjálfir hafa haldið fjölmargar ráðstefnur um þessi málefni og borið fram óskir um breytingar. Ekki hefur skort á að ríkisvaldið og samtök sveitarstjórna hafi fjallað um þetta mál. Það er búið að gera það mjög ítarlega í mörgum nefndarálitum, á mörgum stöðum og af mörgum mönnum. Það, sem vantar, er að þessu sé fylgt eftir með því að framkvæma eitthvað af þeim óskum sem fram hafa verið bornar.

Nú síðast lauk störfum nokkuð merkileg nefnd sem vann í fjögur ár að verkefnu sínu. Það var svokölluð verkefnaskiptanefnd. Hún gaf út nefndarálit í þrem bindum. Skyldu menn því halda að þarna hefði verið grundvöllur til að byggja á einhverjar leiðréttingar og bæta þá sveitarstjórnarlöggjöf, sem við höfum búið við. A. m. k. tel ég að störf nefndarinnar séu svo merkileg, að full ástæða sé til að víkja hér að örfáum meginatriðum í niðurstöðum hennar.

Það, sem nefndin segir um stjórnsýslukerfið, er í meginatriðum þetta:

Hún leggur til að í landinu verði einungis tveir lögformlegir valdhafar í stjórnsýslu: ríkisvald og sveitarfélög, og að réttarstaða allra sveitarfélaganna verði hin sama. Þetta er gömul krafa sem búið er að klifa á í mörg ár og ég held að menn séu orðnir sammála um að eigi rétt á sér, en það hefur ekkert verið gert til þess að ýta henni fram. Lagafrumvörp um breytingar á þessum málum hafa því miður verið heldur fáséð. Þarna er í fyrsta lagi drepið á þetta, og ég held að nefndin hafi verið sammála um þetta atriði.

Í öðru lagi tekur nefndin á svokölluðu sameiningarmáli, en um það hefur staðið styr mjög lengi. Það hafa verið uppi öfl í landinu sem telja að sveitarfélögin séu allt of mörg og allt of smá og þess vegna sé þýðingarlaust að ræða í alvöru um verkefnaskiptinguna fyrr en búið sé að koma því máli fram. Tvær fylkingar hafa staðið gráar fyrir járnum í þessu máli og því þokar ekki nokkurn skapan hlut. Nefndin lagði til að enn um sinn yrði reynt að auka samvinnu sveitarfélaganna í von um að það bæri svipaðan árangur og lögfesting sameiningar.

Í þriðja lagi lýsir nefndin yfir varðandi sýslurnar og afskipti ríkisvaldsins af málefnum þeirra, að líta beri á opinbera stjórnun og verkefni sýslna sem tvískipt og aðskilin málefni, þ. e. að hrein skipti verði milli málefna ríkisins og sveitarstjórna.

Síðan er um það rætt, reyndar eftir að sameining sveitarfélaga hafi átt sér stað, að þeim verði falin þau verkefni sem sýslunefndirnar hafa nú, en sýslunefndir skuli hins vegar starfa áfram sem samstarfsvettvangur.

Þessi nefnd sagði afar lítið um landshlutasamtökin, nánast ekkert annað en að þau skyldu starfa áfram með sama sniði og þau gera núna. Kaflinn um þau var heldur stuttur.

Ég tel að í öllum meginatriðum verði að telja að tillögur þessarar nefndar miði í rétta átt. Tillögurnar eru víðtækar og ljóst er að eigi að koma þeim öllum fram þurfi sennilega til að að koma heildarendurskoðun á sveitarstjórnarlögum, en slík heildarendurskoðun hefur þann eiginleika að hún mun sennilega taka nokkur ár og draga enn frekar að nokkur leiðrétting fáist á sjálfsögðustu málum.

Það er aftur ljóst, það er a. m. k. mér ljóst, að með því, sem ég kalla veigalitlar breytingar á núgildandi sveitarstjórnarlögum, má ná fram nokkrum aðalatriðum sem komið hafa fram í óskum sveitarstjórnarmanna um breytingar. Það má ná þessu fram án stórmála. Það er einmitt tilgangurinn með þessu frv. að vekja athygli á þeirri staðreynd. Með þessu frv. er lagt til að sveitarfélögin verði jafnrétthá og að jafnframt verði samvinna aukin á héraðagrundvelli, en slíkt mun síðar, þegar fram í sækir, leysa þann vanda sem mörgum virðist sameiningarmálið vera í núna.

Enn fremur er lagt til að sveitarstjórnirnar skuli framvegis heyra beint undir félmrn. og verði allt eftirlit sýslunefnda með þeim afnumið. Það er nauðsynleg aðgerð ef jafnrétti á að nást milli sveitarfélaganna. Einnig er lagt til að þá sé skorið á hin beinu afskipti sýslumanna fyrir hönd ríkisvaldsins af málefnum sveitarfélaganna með því að þeir hverfi úr sýslunefndum. Það eru hundrað ár síðan þetta var talið nauðsynlegt, og allir vita að tímarnir hafa breyst. Ég held að enginn mæli því í mót að breytingar séu réttlætismál.

Sýslunefndirnar hafa aftur á móti þjónað sínu hlutverki vel. Það eru fáir sem mæla því í mót. En þær eru hundrað ára gamlar. Flestar þeirra hafa í tímanna rás svarað sameiginlegum kröfum héraðanna um aðgerðir á hinum margvíslegu sviðum. En á síðustu áratugum hefur komið til nýtt afl í héruðunum. Þar er um að ræða samvinnu sveitarstjórnarmannanna sjálfra, án þátttöku sýslunefndanna, og ein aðalástæðan fyrir þeirri þróun er sú, að allt aðrir aðilar hafa setið í sýslunefndum en sveitarstjórnum. Þetta er kjarnaatriði í þeirri umræðu sem átt hefur sér stað. Það er um að ræða tvo aðila sem hafa gengið í sama sjóðinn, sjóð sveitarfélagsins. Hverjum dytti í hug að hafa tvær ríkisstjórnir í þessu landi sem gengju í ríkissjóð? Það er álíka öfgakennt.

Í frv. er lagt til að sú breyting verði gerð, að í sýslunefndum sitji eingöngu fulltrúar úr hópi sveitarstjórnarmanna. Þar með verða sýslunefndir samstarfsvettvangur sveitarstjórnarmannanna sjálfra án beinna afskipta ríkisvaldsins, og þar getur því m. a. þróast sá frjálsi samvinnugrundvöllur sem gæti gefið sömu niðurstöðu og lögboðin sameining sveitarfélaganna.

Eftir þessa breytingu mundu sýslunefndirnar, þ. e. sveitarstjórnarmennirnir sjálfir, fara með þau verkefni sem þeim yrðu enn falin með lögum, en þar ber hæst vegamálin. Það er ljóst að þar verða sveitarfélögin að vinna saman, þ. e. sveitarstjórnarmennirnir sjálfir, því að annar kostur er einungis sá, að ríkisvaldið taki í sínar hendur eða Vegagerð ríkisins fyrir þess hönd alla ákvörðun um t. d. sýsluvegagerð. Það er ekki eðlilegt að sveitarstjórnarmenn í landinu hafi lítið sem ekkert að segja um vegamálin í sínum héruðum. Þetta er algjörlega óviðunandi ástand og reyndar fáránlegt, en með þessari breytingu, að setja sveitarstjórnarmennina sjálfa inn í sýslunefndirnar, er málið leyst í einu vetfangi og þá er kominn vettvangur fyrir frjálst samstarf sveitarstjórnarmannanna sjálfra og frjáls samstarfsvettvangur sem þeim hefur verið afar nauðsynlegur, en þeir hafa ekki haft innanhéraðs. Þeir hafa haft vettvang á fundum landshlutasamtakanna, en landshlutasamtökin eru í eðli sínu svo víðfeðm samtök að innan þeirra verður ekki haft uppi samstarf í þröngum skilningi, þ. e. héraðaskilningi eða samstarf nokkurra hreppa. Landshlutasamtökin fást hins vegar við hin stærri verkefni, sem snerta landshlutann allan, og eru meira vettvangur skoðanaskipta en vettvangur eiginlegra framkvæmda.

Einnig er í þessu frv. lagt til að félmrh. geti, að fengnum tillögum heimamanna, breytt mörkum kaupstaða og sýslna. Það er alveg ljóst að aðgerðir á því sviði blasa við eða nauðsyn aðgerða í nokkrum héruðum. Ég held að með lagabreytingu í þessa veru yrði sú framkvæmd auðveldari.

Að lokum hafa höfundarnir sett þá rúsínu í pylsuendann að fundi sveitarstjórna skuli halda í heyranda hljóði. Ég held að það þurfi ekki að rökstyðja þetta frekar, en það er kannske best að ljúka þessu með því að lesa síðustu setninguna: „Þær kröfur, sem nú eru gerðar um lýðræðisleg vinnubrögð, hafa fyrir löngu gert þá skipan mála nauðsynlega."

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3). — Frh. 1. umr.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þegar umr. var frestað um þetta frv. til laga, um Sinfóníuhljómsveit Íslands var ég á mælendaskrá. Það eru víst að verða fjórar vikur síðan. Nú er tækifæri gefið til að taka þráðinn upp að nýju og ber að þakka það.

Erindi mitt í ræðustól var og er fyrst og fremst að fagna því, að frv. kemur nú fram í þingbyrjun, en ekki í þinglok,

eins og gerðist á síðasta þingi, sem bendir til þess, að nú sé alvara á ferðum og nú eigi að koma þessu frv. gegnum þingið.

Frv. komst þó aðeins á dagskrá s. l. vor í menntmn. Ed., en umfjöllun þar einkenndist aðallega af tímaleysi, enda komið að þinglokum. Þá kom það fram í n., að ekki hafði verið mjög náið samráð við forráðamenn Ríkisútvarpsins eða framkvæmdastjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar við gerð frv., en vonandi hafa þessir aðilar haft nægan tíma til að kynna sér frv. og eru undir það búnir að gefa umsagnir þegar það kemur til menntmn. hv. Ed.

Hv. 5. þm. Vesturl. taldi í umr. á sínum tíma fjármögnun óeðlilega eins og hún er sett fram í frv., sbr. 3. gr., og skildist mér að hann vildi lögbinda öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem rekstraraðila. Ég er á öndverðri skoðun í þessu efni. Ég tel að hljómsveitin eigi að vera alfarið rekin af ríkissjóði, enda er það markmið að fækka verkefnum, þar sem saman er blandað fjármálum ríkis og sveitarfélaga, og gera sem mest hrein skil á milli. Ég tel að rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands sé dæmigert verkefni sem eigi að vera á hendi ríkisins, sé á annað borð um opinberan aðila að ræða. Þannig verði það best tryggt að hún verði í raun eign þjóðarinnar allrar án forgangsþjónustu við einstök sveitarfélög sem óhjákvæmilega gæti komið upp með beinni lögbundinni aðild þeirra. Þátttaka fleiri sveitarfélaga ætti að mínum dómi að vera samningsatriði á frjálsum grundvelli, eins og reyndar er gert ráð fyrir í 3. gr. frv., og spurning er hvort þannig ætti ekki að vera yfirleitt um þá rekstraraðila aðra sem gert er ráð fyrir í þessu frv.

Varðandi yfirstjórn hljómsveitarinnar, þá finnst mér hún bera nokkurn keim af mörgum silkihúfum. Þá er spurning hvort ekki hefði mátt einfalda hana. Þarna er gert ráð fyrir tveimur stjórnum, sjö manns í annarri og fimm í hinni, ásamt framkvæmdastjóra. Þó er rétt að taka það fram, að þetta er til bóta frá því sem áður var að því leyti, að nú er gert ráð fyrir að rekstraraðilar eigi fulltrúa í stjórn, en það hefur ekki verið fram að þessu nema að hluta.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um einstök atriði frv. Tækifæri mun gefast til þess þegar það kemur til menntmn. Við höfum fengið nokkurt veganesti þegar farið verður að fjalla um þetta frv. Það er skýrsla stjórnsýsluendurskoðunar og aths. við þá skýrslu frá Félagi ísl. hljómlistarmanna. Það er sjálfsagt að skoða vel þau atriði sem þar er lögð áhersla á. En meginatriðið er að það takist að setja hljómsveitinni slíka löggjöf að hún gegni því menningarhlutverki, sem henni er ætlað, og standi undir því nafni að vera Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Ég vil endurtaka það, að ég fagna því að frv. er nú komið fram, og ég trúi ekki öðru en hv. Alþingi taki nú á sig rögg og komi þessu máli í gegnum þingið.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er flutt í annað sinn, svo að hv. þdm. ætti að vera ljóst í öllum atriðum hvað í því felst — eða hvað? Það kemur fram í frv., að eftir samþykkt þess skuli minnst 65 fastráðnir vera í Sinfóníuhljómsveitinni og fleiri ef verkefni krefjast og veitt er til þess fjármagn. Lágmarkstalan skal vera 65. Það er væntanlega fjölgun, en hvergi kemur fram í frv. eða grg. þess né í ræðum til þessa hver sú fjölgun er, hvað þá að hv. alþm. séu veittar upplýsingar um hver heildarfjölgun stöðugilda við þessa starfsemi yrði ef frv. yrði að lögum. Hins vegar segir í grg. með frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar tekjurnar eru tryggðar á þann veg sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, ætti fjárhagsóvissan að hverfa".

Í hverju er sá hókus pókus fólginn að losna við alla fjárhagsóvissu? Jú, útgjaldaþátturinn er lögfestur og ríkisstofnun og tveimur sveitarfélögum gert að borga þann hluta útgjaldanna sem á vantar til þess að aðgangseyrir þeirra, sem sækja hljómleika, dugi. Þessi hluti, sem aðgangseyririnn hefur ekki staðið undir, hefur verið um 91% útgjaldanna og verður að líkindum enn hærri prósenta útgjalda eftir að hljómsveitin verður stækkuð svo sem gert er ráð fyrir í frv. Þetta einfalda ráð, auknar greiðslur úr ríkissjóði, er flestum tiltækt. Ýmsir gerast bjargvættir góðra málefna hér á hv. Alþingi, flytja frv. um lausn flestra hugsanlegra vandamála með auknum greiðslum úr ríkissjóði, einfalt, frumlegt og snjallt, og meðan frv. með þessari lausn eru í prentun gefst hinum sömu tækifæri til að skrifa blaðagreinar eða flytja ræður um þá ósvífni að skattar skuli ekki lækkaðir.

Um þetta ætla ég ekki að hafa mörg orð, en varðandi það stjfrv., sem hér liggur fyrir, væri varla til of mikils mælst, þegar það kemur fram öðru sinni, þó að upplýst verði annaðhvort í hv. þd. eða í n. hvern kostnað það hefur í för með sér fyrir ríkissjóð að samþykkja frv. óbreytt umfram þau útgjöld sem ríkissjóður hefur nú af Sinfóníuhljómsveitinni.

Ég tek það fram, að í orðum mínum felst ekki endilega að ég sé andvígur því, að frv. verði samþykkt. Mjög oft eiga aukin framlög úr ríkissjóði til slíkra málefna, sem hér er um að ræða, og annarra málefna að sjálfsögðu rétt á sér. Menn verða einungis að gera sér grein fyrir því, hvað hlutirnir kosta í hverju tilfelli, og hafa í huga að því fé, sem til þess fer, verður ekki varið til annars. Því miður þýðir það að samþykkja eitt oftast að öðru sé hafnað. Þegar slíkar samþykktir hafa verið gerðar ættu menn a. m. k. að láta líða nokkra daga þar til kallað er eftir skattalækkun.

Þegar ég er hér að finna að því, að af þessu frv. eða grg. verður ekki séð hver aukin útgjöld mundu fylgja samþykkt þess, er ég ekki að deila sérstaklega á hæstv. menntmrh., sem flytur þetta frv., frekar en aðra hæstv. ráðh., sem flytja hvert frv. eftir annað, öll þessu sama marki brennd. Ég spyr aðeins af þessu sérstaka tilefni: Hvenær er þess að vænta að til framkvæmda komi ákvæði 13. gr. laga, sem stundum eru kölluð Ólafslög og samþykkt voru fyrir 2½ ári, en þar segir m. a. að mat skuli lagt á kostnaðarauka sem frumvörp kunna að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð og slíkt mat skuli liggja fyrir áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefndar á tilteknum tíma?

Þessu frv. verður væntanlega vísað til hv. menntmn., og ég vænti þess, að hún fái upplýsingar um hver yrði kostnaðarauki fyrir ríkissjóð af samþykkt þess, og jafnframt að sú upplýsingastarfsemi hæstv. menntmrh. verði öðrum hæstv. ráðh. til eftirbreytni framvegis, eins og þar stendur.

Finnur Torfi Stefánsson: Forseti. Ég ætla að leyfa mér að leggja örfá orð í belg við umr. um þetta mál.

Ég vil þakka menntmrh. fyrir að hafa lagt þetta frv. svo snemma fram og vona að takast megi að fá það samþykkt á þessu þingi.

Ég veit ekki hvort þm. er almennt kunnugt um hvílíkur

vöxtur hefur verið í tónlistarlífi, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og á landinu yfirleitt, undanfarin tiltölulega fá ár. Mörg hundruð manns fara á tónleika hverja einustu helgi. Þetta er ekki alltaf sama fólkið. Það er mjög fjölbreytilegt. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þessi tónlistarstarfsemi er ekki aðeins þeim til ánægju, sem beinlínis eru tengdir henni, heldur hefur hún mikil og jákvæð áhrif langt út í þjóðfélagið. Fjöldi þeirra, t. d. unglinga og barna, sem nú eru að læra tónlist, er mikill og allt þjóðfélagið mun njóta góðs af því um ókomna tíma.

Það er augljós forsenda þess, að við getum búið við menningarstarf og tónlist, að til sé í landinu sinfóníuhljómsveit. Hlutverk hennar er bæði að flytja merkustu verk þessarar listgreinar og ekki síður hitt, að það þurfa að vera til atvinnumenn í þessari listgrein til að kenna og til að breiða út þessa list. Ég fagna því þess vegna að þetta mál skuli komið svo snemma fram og hægt sé að gera sér raunverulegar vonir um að það verði samþykkt á þessu þingi.

Menn hafa af eðlilegum ástæðum velt fyrir sér kostnaðarhlið málsins. Auðvitað er skylt og rétt að gera það. En auðvitað hlýtur það að fara nokkuð eftir viðhorfum og skoðunum hvers og eins í hvað ríkissjóður á að leggja fé. Ég er þeirrar skoðunar, að ríkissjóður eigi að leggja fé í sinfóníuhljómsveit, því fé sé vel varið. Ég hefði jafnvel viljað ganga lengra en gert er ráð fyrir í þessu frv. og segja sem svo, að ríkið eigi að borga allan kostnaðinn eitt. Ég væri fús til að styðja það. Þetta er mín skoðun. Hún ræðst af því að ég met það svo, að því fé, sem rennur *í Sinfóníuhljómsveitina, sé betur varið en ýmsu öðru sem* menn taka ákvörðun um á Alþingi og ríkið hefur með einum og öðrum hætti ráðstöfunarvald á. Ég held að mjög víða sé farið verr með miklu meira fé en hér eru lögð drög til. Viðhorf mitt er að við eigum ekki að láta kostnaðinn hindra okkur.

Hitt get ég tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að það er auðvitað rétt, heilbrigt og eðlilegt að fyrir liggi eitthvert mat á því, hver þessi kostnaður verður. Undir það get ég tekið. Það er heilbrigt og gott fyrir okkur að átta okkur á því, hvaða kostnaður það er sem við erum að tala um. En ég ítreka að því fé sem við komum til með að láta í þetta fyrirtæki, tel ég vel varið.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég þakka almennt góðar undirtektir undir málið sem slíkt, og þó að fram hafi komið aths. við það tel ég að þær séu flestar af því tagi að ekkert óeðlilegt sé að þær séu ræddar, nema síður sé, enda er yfirleitt svo um mál að þau eru þannig fram borin og þannig í eðli sínu að það er varla við því að búast að allt sé fullkomið þegar þau eru hér rædd við 1. umr. Ætlunin er að þetta mál gangi eins og önnur í gegnum þessa þd. og Nd. síðar með því nefndarstarfi sem því fylgir. Ég vona að í því starfi verði hægt að bæta úr annmörkum sem kunna að vera á einstökum þáttum þessa máls, en jafnframt vil ég lýsa yfir, að ég vona að frv. fái greiðan gang í gegnum þingið. Hér er um býsna brýnt mál að ræða, eins og oft hefur verið tekið fram, að Sinfóníuhljómsveitin fái lagalegan grundvöll eins og hún er upp byggð og eins og að henni er staðið.

Sú aths., sem hér hefur komið fram og segja má að sé hvað veigamest, er það sem hv. 4. þm. Reykn. nefndi, að eðlilegra hefði verið að leggja fram ásamt þessu frv. skýra kostnaðaráætlun um rekstur hljómsveitarinnar og þá þann aukakostnað sem kynni að verða af rekstri hennar, miðað við að þetta frv. verði að lögum. Ég skal fúslega viðurkenna að þessi greinargerð liggur ekki fyrir og ég er ekki við því búinn nú að svara því nákvæmlega, hvernig þetta mundi fara. Ég vil hvorki játa né neita í því efni að þetta kunni að hafa kostnaðarauka í för með sér, en hitt skal ég taka fúslega til greina, að beita mér fyrir að slík kostnaðaráætlun verði gerð á næstunni og hún verði lögð fyrir menntmn. þegar málið kemur þar til sérstakrar meðferðar.

Hér hefur líka verið minnst á það, bæði af hv. 4. landsk. þm. og 3. landsk. þm., að þeim fyndist eðlilegra að Sinfóníuhljómsveitin væri algert ríkisfyrirtæki. Þetta er út af fyrir sig ekki fráleit hugmynd, en ég vil þó benda á að eins og 3. gr. er gerð hefur tekist samkomulag fjögurra aðila, fyrst og fremst þriggja aðila sem leggja fram mjög mikið fjármagn, fjögurra aðila þó sem standa að þessu. Ég held að því beri fremur að fagna en hitt, að slíkt samkomulag hefur orðið um rekstur hljómsveitarinnar, að ríkissjóður stendur þarna að verulegum hluta undir rekstrinum, án þess þó að bera þar alla ábyrgð, og að Ríkisútvarp og borgarsjóður Reykjavíkur eru þarna með mjög stóran hlut ásamt því sem bæjarsjóður Seltjarnarness sýnir mjög virðingarverða viðleitni í þá átt að taka þátt í þessum rekstri. Ég skal ekki gera lítið úr því, að sú skoðun eigi fyllsta rétt á sér að Sinfóníuhljómsveit Íslands sé hreint ríkisfyrirtæki. Samt sem áður held ég að við ættum ekki að eyða miklum tíma í að ræða það nú, heldur reyna að sameinast um að lögfesta það samkomulag sem orðið hefur milli þeirra aðila, sem getur í 3. gr., og búið er að vinna verulegt undirbúningsstarf undir að gæti orðið að veruleika.

Eins og menn þekkja, og áform eru hér í hv. deild um það efni, hefur Sinfóníuhljómsveitin frá upphafi verið fyrirtæki sem Ríkisútvarp og borgarsjóður hafa staðið að lengst allra aðila. Ríkissjóður kemur ekki inn í þetta mál sem rekstraraðili fyrr en nokkru seinna, ég man ekki nákvæmlega hvaða ár, sennilega 4—5 árum síðar, en hljómsveitin var stofnuð 1950. Það er því fjarri því, að hljómsveitin hafi nokkurn tíma verið algert ríkisfyrirtæki.

Um yfirstjórnina, að hún sé viðamikil eins og kom fram hjá hv. 4. landsk. þm., má kannske segja að svo sé, en þó vil ég benda á að þessi yfirstjórn er ekki viðameiri en svo, að þarna er um almenna stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar að ræða og þar sem rekstraraðilarnir eiga fyrst og fremst fulltrúa. Síðan er framkvæmdastjóri, sem nauðsynlega verður að vera til að reka hljómsveitina. Starfslið hljómsveitarinnar á skrifstofu er ekki mikið. Það er framkvæmdastjórinn ásamt einum skrifstofumanni sem þar starfar. Verkefnavalsnefnd er talin nauðsynleg í slíkri starfsemi. Hefur niðurstaðan orðið að hafa þennan hátt á eftir að þetta mál hefur verið mjög gaumgæfilega rætt mörg undanfarin ár.

Eins og ég hef áður greint frá er þetta frv., eins og það liggur fyrir, að meginstefnu og að öllu meginefni alls ekki nýtt. Þetta hefur verið að mótast undanfarin 4—5 ár. Frv. hefur verið borið fram þing eftir þing allt frá því 1976, hygg ég, en ekki náð fram að ganga af ýmsum ástæðum, og síðast þegar það kom fram, þ. e. 1979—1980, urðu deilurnar fyrst og fremst um hverjir skyldu vera rekstraraðilar samkv. 3. gr. Þá hafði það komist inn í 3. gr. að nánast öll sveitarfélögin á Reykjavíkursvæðinu tækju þátt í rekstrinum. Gegn þessu voru sterk mótmæli. Ég beitti mér síðan fyrir því, að nánar

viðræður fóru fram við öll þessi sveitarfélög sem hér eru, og niðurstaðan varð sú sem hér stendur í 3. gr., að það eru aðeins borgarsjóður Reykjavíkur og bæjarsjóður Seltjarnarness af sveitarfélögunum sem taka þátt í þessu af fúsum vilja ásamt ríkissjóði og Ríkisútvarpi.

Í rauninni er einn höfuðtilgangurinn að löggilda það samkomulag sem fyrir liggur milli rekstraraðilanna sem um getur í 3. gr.

Eitt er það atriði sem hér hefur áður borið á góma og hv. þm. Eiður Guðnason hefur spurt mig um og gerði í umr. áður en henni var frestað. Það varðar þá setningu sem stendur í 2. mgr. 2. gr., hvernig tengja beri starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu. Þetta er auðvitað býsna mikið mál og sjálfsagt ekki öllum ljóst hvernig þetta má verða. Þó er það svo, að ég held að ef menn lesa þetta og hugsa svolítið um þessa setningu átti þeir sig á því, hvað hér er á ferðinni.

Það er fyrst og fremst hugsað með þessu að koma á beinum tengslum milli hljómsveitarinnar og almennra skóla í landinu. Það er sem sagt meiningin með þessu orðalagi að reyna að beita sér fyrir því, að hlutverk sinfóníuhljómsveitarinnar verði aukið frá því sem nú er í tónmenningu þjóðarinnar. Það er hægt að hugsa sér ýmiss konar útfærslu á þessu stefnumarkandi ákvæði. Reyndar hefur á undanförnum árum verið leitast við að vinna í þessum anda, þó að það muni ekki hafa staðið neins staðar áður í reglugerðum eða lagabókstaf. En sem sagt: Það er ætlunin með þessu ákvæði að reyna að tengja starf hljómsveitarinnar skólunum sem allra mest. Þetta mundi m. a. gerast með því, að tónlistarkennarar í almennum skólum yrðu látnir fylgjast með verkefnavali hljómsveitarinnar og síðan yrði stuðlað að því, að tónlistarkennararnir noti þau verkefni, sem á döfinni eru, í sambandi við kennslu sína og tengi þannig kennsluna og nemendurna við það starf, sem fram fer hjá hljómsveitinni hverju sinni, og skapi þannig eins konar vináttutengsl á milli.

Þá er einnig hægt að hugsa sér þetta þannig að það verði skipulagðar ferðir nemenda á æfingar hjá hljómsveitinni og einnig að Sinfóníuhljómsveitin skipuleggi sjálf heimsóknir í skólana og hitti nemendur í skólunum og gefi þeim kost á að kynnast starfinu og þeim tónlistarflutningi sem í Sinfóníuhljómsveitinni fer fram. Það er einmitt þetta atriði sem þegar hefur verið nokkuð framkvæmt í samstarfi Sinfóníuhljómsveitarinnar og skólanna og hefur gefið mjög góða raun. Það hefur verið reynt að framkvæma þetta þannig að það félli inn í venjulegar starfsskyldur hljóðfæraleikaranna. Þetta hefur engan aukakostnað haft í för með sér og ég veit ekki annað en þetta hafi gefið góða raun og að allir aðilar hafi verið ánægðir með þetta.

Það stendur þarna að þetta skuli gera svo sem kostur er. Í því er náttúrlega fólgið að menn verða að fikra sig eitthvað áfram með þetta og ætla sér ekki um of í þessu efni. Ég held eigi að síður að þetta sé merkilegt stefnumarkandi atriði og geti haft þýðingu við það að tengja hljómsveitarstarfið skólunum og efla þannig tónlistarsmekk nemendanna og tónlistarþekkingu þeirra og þannig smám saman auka tónlistarsmekk fólksins í landinu eftir því sem við verður komið.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég endurtek það, að ég er þakklátur fyrir þær undirtektir, sem orðið hafa almennt í sambandi við þetta mál, og vænti þess, að það séu engir þeir alvarlegir meinbugir á þessu máli að það megi ekki fá eðlilega fyrirgreiðslu hér í hv. deild og í nefnd sem um það fjallar. Ég legg það enn til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til menntmn. og 2. umr.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn eru það hinar fornu taugar til Ríkisútvarpsins sem teyma mig hér í ræðustólinn þegar rætt er um mál sem varðar viðgang þess í grundvallaratriðum. Ég er þeirrar skoðunar, að við þurfum að gefa Sinfóníuhljómsveit Íslands fótfestu í lagastoð. Það vill svo til, að ég hef álengdar fengið að fylgjast með sköpun þessarar hljómsveitar, einnig vegna tengsla minna við Ríkisútvarpið á þeim tíma þegar hljómsveitin var fyrir náð þess að slíta barnsskónum.

Ég geri mér grein fyrir því, að framgangur íslenskrar tónmenntar er undir því kominn að við sjáum til þess, að góðir tónlistarmenn geti starfað á landi hér á skipulegan hátt. En ég er því miður þeirrar skoðunar, að frv. það, er hér um ræðir — og tek fram að hér er ég ekki að álasa hæstv. menntmrh. Ingvari Gíslasyni, því svo sem hann sagði hefur þetta frv. gerjast mjög lengi og hugsunin á bak við það, — ég er því miður þeirrar skoðunar, að frv., sem hér liggur fyrir, sé smíðað úr býsna mörgum meinbugum.

Það nær ekki nokkurri átt að ætlast til þess, að Ríkisútvarpið — þó svo gerðir hafi verið undarlegir samningar um árabil — standi straum af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það nær ekki nokkurri átt, fyrst og fremst vegna þess að þeir, sem afnotagjöldin greiða, hafa mjög misjafna aðstöðu til að njóta þess sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur farið með, — óskaplega misjafna aðstöðu til þess í fyrsta lagi að sækja hljómleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Og gáið að því, hv. þm., að til þess að njóta nokkurs verulega góðs af Sinfóníuhljómsveitinni þurfa menn að geta sótt hljómleika. Fyrir íbúa Norðurlands eystra er mjög miklum annmörkum háð að njóta þess sem Sinfóníuhljómsveitin hefur fram að færa, fyrst og fremst vegna þess — ef við ræðum málið frá því sjónarmiði að eðlilegt sé að lögfesta samning Ríkisútvarpsins um aðild að Sinfóníuhljómsveitinni — að Ríkisútvarpið heyrist mjög illa í Norðurlandskjördæmi eystra, sums staðar alls ekki á þeim tíma þegar mest er um hljómleikaflutning í Ríkisútvarpinu, a. m. k. ekki eftir að skyggja tekur og þá gerist hljótt í skammdeginu.

Ég vil staðhæfa það, að í Norður-Þingeyjarsýslu — og ég vil nú bæta við: í Norður-Múlasýslu líka því að ég er þar kunnugur, — þar heyrist alls ekki hvort Sinfóníuhljómsveit Íslands spilar vel eða illa á vetrarmánuðunum. Það heyrist miklu betur hvernig Stokkhólmssinfónían, sem útvarpað er um Luleåstöðina á langbylgju núna, — hvernig hún spilar.

Það alvarlega við þetta, ef við ætlum okkur að leggja hluta af kostnaðarbyrðinni á Ríkisútvarpið í þessum tengslum, er sú hugsun sem hefur verið ráðandi um áratugi af hálfu valdhafa þessa lands og yfirstjórnar stofnunarinnar og var einu sinni sett þannig fram í léttum tón í orðastað fyrrv. útvarpsstjóra, að það hefði í sjálfu sér aldrei verið stefna Ríkisútvarpsins að heyrast út um hvippinn og hvappinn. Í tilefni af afmæli Ríkisútvarpsins nú fyrir skemmstu gerði hæstv. menntmrh. kunnugt, að ákveðið hefði verið að leggja 100 millj. gkr. í það að koma upp stereóútvarpi á Íslandi. Hverjir skyldu njóta stereóútvarps á Íslandi? Hvar skyldu þeir vera búsettir?

Ég geri ekki ráð fyrir að íbúar Norðurlands eystra

eða Austfjarða hafi hugmynd um hvað það fyrirbæri er: stereó. Svo er Thomas A. Edison fyrir að þakka og eftirkomendum hans, sem unnu af snilld og mikilli elju að því að fullkomna grammófóninn, að íbúar á þessu svæði eiga kost á því, þeir sem það vilja, að hlusta á bestu sinfóníuhljómsveitir veraldar. Sé tækjabúnaður réttur njóta þeir þeirrar tónlistar eins og þeir sem sitja í besta sæti í besta hljómleikasal hjá bestu sinfóníuhljómsveit veraldar. Þar eiga menn kost á góðri músík.

Nú ætlast ég ekki til þess að bætt sé inn neinum ákvæðum í lagafrv. það, sem hér er um fjallað, á þá lund, að Sinfóníuhljómsveitinni sé auk þess ætlað að spila vel. Því fer víðs fjarri. Hitt staðhæfi ég, að við tryggjum ekki góðan hljómlistarflutning með því einu að setja þessi lög, samþykkja þetta frv. Það gerum við ekki. Ég staðhæfi einnig að það sé mjög ósanngjarnt að hlustendur Ríkisútvarpsins, þeir sem afnotagjöld greiða af því, standi allir jafnt undir rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, bæti því við, að það er ákaflega ósanngjarnt að skattgreiðendur á Íslandi geri það jafnt af þeim sökum að Sinfóníuhljómsveitin kemur ekki að sams konar gagni fyrir þessa einstaklinga. Það þarf búsetu í grennd við hljómsveitina til þess að um jafnrétti sé að ræða til að hlusta á hljómlistarflutning hennar, góðan eða vondan eftir ástæðum. Það er alveg borin von, að Sinfóníuhljómsveitin sendi tónlistarmenn norður í grunnskólann á Þórshöfn til þess að spila þar með nemendunum og kenna þeim, kannske ekki einu sinni til Grímseyjar. — (Gripið fram í.) Í skólana þar samkv. 2. gr. þessa frv. Ef að því yrði er ég hræddur um að það mundi verða að greiða verulegan kostnaðarauka af 2. gr. sem hæstv. menntmrh. staðhæfði áðan að ekki mundi stafa neinn kostnaður af.

Ég hef ítrekað það sem ég sagði í upphafi, að ég geri mér grein fyrir því, að til þess að stuðla að áframhaldandi þroska íslenskrar tónmenntar verðum við að sjá til þess að hér sé hægt að reka sinfóníuhljómsveit, það verðum við að gera, ekki vegna þess að ég sé þeirrar skoðunar, að Sinfóníuhljónsveit Íslands hafi átt mjög ríkan þátt í að göfga tónlistarsmekk þjóðarinnar. Ég held að ef við ættum að gefa einhverri stofnun góða einkunn fyrir það, þá yrði það Ríkisútvarpið. Aftur á móti, ef við ætlum að stuðla að þroska og viðgangi íslenskrar tónmenntar, ef við ætlum að stuðla að því, að Íslendingar semji hljómsveitarverk, svo sem sumir snillinganna hafa gert fram að þessu, ef við ætlum að ýta undir þjóðlega íslenska tónmennt, þá verðum við að sjá til þess, að hér geti starfað sinfóníuhljómsveit. En við skulum skipta kostnaðinum, sem af því leiðir, með skynsamlegri hætti en hér er ráð fyrir gert. Ég er efalaus um það, að sanngjarnir menn fallast á að eðlilegt sé að þeir beri hitann og þungann af þeim rekstri sem eiga kost á því að sækja tónleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni.

Hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, sem er genginn úr salnum rétt í þessu, staðhæfir það sem ég hef heyrt fleiri músíkalska menn staðhæfa, að það sé mjög mikill fjöldi manna sem sæki hljómleika hjá Sinfóníuhljómsveitinni hér í Reykjavík og það sé ekki alltaf sama fólkið. Ég hefði beðið um plögg upp á þetta, ég hefði beðið héraðsdómslögmanninn um vottorð upp á þetta ef hann hefði verið viðstaddur. En ég veit að af þessu svæði hér við Faxaflóann koma flestir áheyrendur Sinfóníuhljómsveitarinnar og mér finnst þá eðlilegt að það verði fyrst og fremst Reykvíkingar, Seltirningar og svo náttúrlega blessað fólkið í Mosfellssveitinni sem taki á sig megin-þunga þeirrar byrðar.

Í lokin ítreka ég þetta: Ég held að við verðum að sjá Sinfóníuhljómsveitinni farborða, en á annan hátt en hér er ráð fyrir gert.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það eru orðnar allnokkrar vikur síðan þessi umr. hófst hér í deildinni. Þá gerði ég við þetta frv. nokkrar athugasemdir sem ég hafði einnig gert á s. l. vori þegar frv. kom hér til umr. á allra síðustu dögum þingsins.

Það er ekki deilt um nauðsyn þess að setja lög um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og miklu síður deilt um nauðsyn þeirrar ágætu stofnunar, Sinfóníuhljómsveitarinnar. Um það snýst málið alls ekki. Hins vegar er um það deilt, með hverjum hætti skuli fjármagna rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég vil fagna því hversu margir þm. hafa komið í þennan ræðustól og lýst stuðningi við það sjónarmið sem ég túlkaði hér þegar umr. þessa máls hófst, þ. e. að ríkissjóður beri kostnaðinn af rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar óskiptan. Það fyrirkomulag, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, að ríkissjóður greiði 56%, Ríkisútvarp 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%, það er vandræðafyrirkomulag sem er gallað ekki á einn veg heldur á marga vegu. Ég fagna því, að meðal þm. í þessari hv. deild skuli vera skilningur á því, að þessu beri að breyta, m. a. létta þessum fjárhagsbagga af Ríkisútvarpinu sem sífellt er haldið í viðjum fjárhagsþrenginga og spennitreyju féleysis.

Ég held að menntmn. þessarar hv. deildar, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, hljóti að taka til mjög gaumgæfilegrar íhugunar að flytja brtt. við frv., því að það breytast fleiri greinar en þessi ein, 3. gr., ef kostnaðurinn verður alfarið færður yfir á ríkissjóð, eins og auðvitað er langeðlilegast. Ég held að hv. menntmn. hljóti að taka það mjög til athugunar að flytja brtt. við frv. í þessa veru. Verði sú hins vegar ekki raunin, að menntmn. treysti sér til að flytja slíkar brtt., þá mun ég beita mér fyrir því við 2. umr. frv. í þessari hv. deild, að fram komi brtt. þess efnis, að rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands verði alfarið greiddur af ríkinu, vegna þess að mér heyrist það sjónarmið eiga verulegan hljómgrunn meðal þm. í þessari hv. deild.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hef fáu við það að bæta sem ég hef sagt, nema að hvetja hv. þm. enn til að taka málið til nánari athugunar. Þær athugasemdir, sem fram hafa komið, eru svipaðar þeim sem áður hafa heyrst. Spurningin, sem menn velta fyrir sér, er hverjir skuli bera rekstrarkostnaðinn af Sinfóníuhljómsveitinni. Í raun og veru hefur lítið nýtt komið fram í því efni. Að vísu hefur heyrst hér að langsamlega eðlilegast væri að ríkið tæki algerlega á sig að reka Sinfóníuhljómsveitina. Þetta er sjónarmið sem á fullan rétt á sér, en ég tel þó hyggilegra að hv. þm. kanni það vel og rækilega, ef menn á annað borð vilja að lagareglur gildi um Sinfóníuhljómsveitina, hvort nú sé heppilegasti tíminn til að taka þetta mál upp af mikilli ákefð.

Tveir hv. þdm. hafa sérstaklega haft í huga Ríkisútvarpið í þessu sambandi og talið hina mestu óhæfu að Ríkisútvarpið stæði að hljómsveitarrekstrinum. Ég get nú ekki fallist á að þetta sé nein óhæfa. Ég veit að þeir hv. þm., sem þessu sjónarmiði hafa einkum haldið fram hér, þekkja vel til rekstrar Sinfóníuhljómsveitarinnar og

upphafs hennar fyrir meira en 30 árum. Menn vita vel að það var fyrst og fremst fyrir frumkvæði Ríkisútvarpsins og ágæta framgöngu borgarstjórans í Reykjavík þáv., núv. hæstv. forsrh., og fleiri góðra manna að Sinfóníuhljómsveitin var sett á laggirnar. Þeir aðilar, sem lengst hafa haldið uppi sinfóníuhljómsveitarrekstrinum, eru borgarsjóður Reykjavíkur og Ríkisútvarpið. Það er því talsvert mikil umturnun á þessum grundvelli, sem ég vil segja að hafi náð næstum að segja sögulegri hefð, ef svo á að fara að borgarsjóður Reykjavíkur dragi sig algerlega út úr þessum rekstri og Ríkisútvarpið komi þar hvergi nærri. Hér yrði um að ræða gerbyltingu á rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar og í raun og veru alveg nýja stefnu sem ég held að tiltölulega fáir hér í hv. Alþingi mundu, þegar á reynir, verða tilbúnir að taka undir. Ég skal ekkert hafa á móti því, að menn hreyfi þessum sjónarmiðum sínum á öllum stigum meðferðar þessa máls, en ég vara samt við því að þrýsta mjög fast á um þetta efni og telja að sú skorðun, sem þeir halda fram, sé hin eina rétta.

Það gæti nefnilega svo farið, að þeim, sem halda þessu stífast fram, — á sama tíma sem þeir láta í ljós áhuga sinn á að Sinfóníuhljómsveitin starfi, hafi rekstrargrundvöll og búi við lagareglur, — þeim tækist að gera þetta mál að engu, engin lög yrðu sett um Sinfóníuhljómsveitina og allt yrði í sama farinu og verið hefur, jafnvel þótt allir þeir, sem um þetta hafa fjallað árum saman, viti hver nauðsyn er á því, að sett verði lög og fastar reglur um starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, og þeir aðilar, sem að henni standa, viti hver staðan er og hvaða rétt og skyldur menn hafa í því efni.

Þó að menn hafi fullan rétt til að koma fram með athugasemdir, þá tel ég það ekki heppilegustu málsmeðferðina að ræða málið á þessum nótum til lengdar. Ég held að það samkomulag, sem orðið hefur milli þessara fjögurra aðila og um getur í 3. gr., sé þess háttar, að það sé rétt að lögfesta það. Koma tímar og koma ráð. E. t. v. verður á þessu breyting og allir verða sammála um að eðlilegast væri að gera þetta að algeru ríkisfyrirtæki. Þá það. En ég er ekki við því búinn að styðja slíkt, og ég vænti þess, að hv. þd. taki málið fyrir eins og það liggur fyrir, geri sér grein fyrir, hvernig málið raunverulega stendur, og geri ekkert það sem verða má framgangi þess til óþurftar. Ég held nefnilega að það sé ekki praktískt að vinna þannig að því nú að losa Ríkisútvarpið út úr málinu. Ég held að það sé mjög ópraktískt og óhyggilegt að vinna þannig, ef menn á annað borð vilja lög um Sinfóníuhljómsveitina, ef menn á annað borð vilja að Sinfóníuhljómsveitin fái eðlilegan rekstrargrundvöll og tryggingu fyrir því, að hún geti starfað, sem flestir hér lýsa yfir að nauðsynlegt sé.

Um það, hvort Ríkisútvarpið beri svo mjög skarðan hlut af aðild sinni að Sinfóníuhljómsveitinni, geta satt að segja orðið nokkuð skiptar skoðanir og fer sennilega eftir því, hvernig það mál er gert upp. Ég held að menn megi ekki gleyma því, að Ríkisútvarpið eignast flutningsrétt á verkum Sinfóníuhljómsveitarinnar og hefur haft af því mjög mikil not, ekki aðeins með því að útvarpa alloft beint frá Sinfóníutónleikunum, heldur verður til margs konar efni sem geymist í fórum útvarpsins og hægt er að grípa til og nota við hvers kyns dagskrárgerð. Mjög mikið af því efni, sem Sinfóníuhljómsveitin hefur skilið eftir sig, er til í fórum útvarpsins og notað kannske daglega með ýmsum hætti og í ýmsum dagskrárþáttum. Ég treysti mér reyndar ekki til þess nú að gera þetta mál upp reikningslega, hvernig reikningar standa þar. Ég hygg þó að til séu útreikningar og hugmyndir manna um það, hvernig reikningsskil standa í viðskiptum útvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar, og ég hygg að þar komi talsvert mikið til frádráttar því sem Ríkisútvarpið leggur beint fram til rekstrarins. Þetta vil ég að komi fram og menn athugi.

En það skulu verða mín síðustu orð nú að vænta þess, að þetta mál verði áfram rætt í hv. deild og í þeirri þingnefnd sem það fær til athugunar. Það skal ekkert skorta á að nefndin fái þær upplýsingar sem fyrir hendi eru í því efni og sjálfsagt er að leggja fram, eins og það hvort ekki sé hægt að gera kostnaðaráætlun eitthvað fram í tímann eða fyrir næsta ár sem segi til um það, hver kostnaður verður við rekstur hljómsveitarinnar með þessu nýja fyrirkomulagi og hvort þar er um einhverja verulega aukningu að ræða af ríkisfé.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 10 fundur.

Mánudaginn 9. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs hér utan dagskrár til þess að gera að umræðurefni, vekja athygli á og helst að fá svör við frá hæstv. menntmrh. hverju sæti það ófremdarástand sem ríkt hefur í sjónvarpsmálum á Vestfjörðum undanfarnar vikur. Það má segja að nokkuð margar undanfarnar vikur hafi varla nokkurt útsendingarkvöld liðið svo, að ekki væri meiri og minni truflanir á útsendingu sjónvarps á Vestfjörðum. Kannske er það einhver besta og skilmerkilegasta lýsing á ástandinu, sem höfð var eftir einum eldri borgara á Vestfjörðum, að fimmtudagskvöldin væru einu kvöldin sem sjónvarpið væri eðlilegt.

Nú er það auðvitað svo, að bilanir geta átt sér stað og oftast ekkert við því að segja. En það fer ekki hjá því, að þegar útsending er undirorpin samfelldum truflunum og bilunum svo langan tíma sem hér um ræðir, þá hlýtur eitthvað meira en lítið að vera að í kerfinu.

Við Vestfirðingar erum að vísu ýmsu vanir að því er varðar útsendingar sjónvarps — og raunar útsendingar útvarps líka, en okkur finnst nú vera farið að keyra um þverbak þegar slíkt ófremdarástand hefur varað í 4 ef ekki 5 vikur. Yfir þessu hefur verið talsvert mikið kvartað á Vestfjörðum, en mér vitanlega hafa litlar sem engar lagfæringar fengist. Síðast í gærkvöld varð meiri og minni truflun á útsendingu sjónvarps. Og svipað má segja um útvarpið, að oft fellur t. d. FM-bylgjan út langtímum saman, er hreinlega úti meira og minna. Einhver skýring hlýtur að vera á slíku ástandi.

Þetta hvort tveggja er það sem ég vildi hér hreyfa og fá svör menntmrh. við. Mig langar til að spyrja hann að því,

hver sé ástæðan fyrir svo langvarandi bilunum í útsendingu sjónvarps og útvarps og hvort búast megi við að þetta ástand vari áfram — eða mega Vestfirðingar eiga von á að breyting verði til hins betra og þá hvenær? Og í lokin langar mig til að bera það undir hæstv. ráðh., hvort ekki væri ástæða til, þegar svo langvarandi bilun á sér stað á fjölmiðli, að fella hreinlega niður afnotagjöld þann tíma sem slíkt ástand varir. Mér persónulega finnst það sanngirniskrafa af hálfu þeirra notenda, sem hér eiga hlut að máli, að tekið sé tillit til þess þegar um svona langan tíma er að ræða.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er skiljanlegt að Vestfirðingar uni því illa ef miklar truflanir eru á útsendingum sjónvarps og útvarps. Hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, ræddi þetta mál við mig fyrir allmörgum dögum og við komum okkur saman um að ræða það hér í þinginu, því að þetta er stórmál, það viðurkenni ég.

Ég hef ekki átt annars kost en að leita til deildarverkfræðings hjá póst- og símamálastjórninni sem fer með þessi mál, og hann hefur skrifað mér minnisblað varðandi þetta sérstaka efni. Hef ég reyndar ekki önnur svör að gefa á þessu stigi en fram koma í þessari grg. Haralds Sigurðssonar deildarverkfræðings hjá Póst- og símamálastofnun. Þetta minnisblað — eða greinargerð — er stílað til mín og ég ætla að leyfa mér að lesa það:

„Eins og yður er kunnugt, þá byggist sjónvarpskerfi útvarpsins til Vestfjarða á endurvarpi frá sendistöðinni í Borgarlandi við Stykkishólm. Endurvarpsstöðvar sjónvarps á Patreksfirði, Sveinseyri, Bíldudal og á Sandafelli við Dýrafjörð fá merki sitt beint frá Borgarlandi, en endurvarpsstöðvar í Önundarfirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Súðavík og á Arnarnesi við Skutulsfjörð fá merki sitt um stöð að Bæjum á Snæfjallaströnd. Sérhver truflun í Borgarlandi leiðir því til truflana á öllum Vestfjörðum, en truflanir á Bæjum leiða auk þess til truflana á nyrðri hluta Vestfjarða. Framangreint gildir einnig fyrir FM-dreifikerfi útvarps, en það nær þó enn þá eingöngu til Ísafjarðardjúps. Áætlað er að koma FM-endurvarpi til Súgandafjarðar, Önundarfjarðar, Patreksfjarðar og Tálknafjarðar snemma á árinu 1982.

Frá því að útsendingar sjónvarps hófust eftir sumarleyfi hafa orðið óvenjumiklar truflanir á sjónvarpi og FM, sérstaklega á nyrðri hluta Vestfjarða. Orsakir hafa verið margþættar bilanir. Ber þá fyrsta að nefna rafmagnsbilanir, en þær hafa orðið í Borgarlandi dagana 16. ágúst og 19. sept. og í samfellt þrjá sólarhringa að Bæjum á Snæfjallaströnd, dagana 27.—30. okt. Þar var reyndar hægt að senda út með 1/5 hluta afls, en myndgæði rýrnuðu verulega á öllu svæðinu og sumir misstu alveg móttöku við þessa afllækkun.

Næst skal þá getið truflana á örbylgjusambandi því sem flytur dagskrá til sendisins í Borgarlandi. Þær hafa verið nokkuð tíðar eða alls um 10 sinnum á umræddu tímabili. Þessar bilanir hafa lýst sér í titringi myndar og hljóðtruflunum og tímabundnu stuttu rofi á mynd. Loks er um bilanir á sendi- og loftnetabúnaði stöðvarinnar að ræða. Hvað er þá til úrbóta?“ spyr Haraldur Sigurðsson, verkfræðingur.

„1. Á Snæfellsnesi er nú verið að leggja nýja háspennulínu. Reyndar er hún gerð fyrir utanvert nesið, en þó mun með tilkomu hennar vera hægt að vænta aukins rekstraröryggis í Borgarlandi. Sjónvarpsstöðin í Borgarlandi er reyndar ein hinna stærri sjónvarpsstöðva sem ekki hefur vararafstöð. Var sú ákvörðun tekin vegna þess varaafls, sem talið var í dísilrafstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins í Stykkishólmi.

Að Bæjum á Snæfjallaströnd eru horfur ekki eins góðar. Þar um slóðir eru nú reknar þrjár smárafveitur sem hafa stórt veitusvæði og ótryggar raflínur. Vegna víðáttu svæðisins er hætt við að straumrof geti orðið langvarandi, eins og raun ber vitni um.

2. Tæknimenn Pósts og síma vænta þess, að s. l. sunnudag“ — ég vil taka fram, að þetta bréf er skrifað 2. þ. m. — „hafi tekist að koma í veg fyrir tíðar bilanir á örbylgju, en þær voru þess eðlis að vera jafnan horfnar þegar á vettvang var komið. Bilanir þesar reyndust stafa frá stöðinni á Gyrðisholti á Mýrum og varð þeirra einnig vart á Norður- og Austurlandi, þó í minna mæli væri en á Vestfjörðum.

3. Í senda- og loftnetamálum er það helst að frétta, að nú er lokið uppsetningu nýs 10 kw. sendis í Borgarlandi. Leysir hann af hólmi 14 ára gamlan sendi. Vænta má þess, að hinn nýi sendir verði ekki eins viðkvæmur fyrir spennutruflunum og sá sem nú hefur verið tekinn úr daglegri notkun. Eldri sendirinn mun standa áfram sem varasendir. Á áætlun næsta árs er að stækka og endurnýja stöðina á Bæjum á Snæfjallaströnd í 50 kw. og endurnýja stöðina á Sandafelli við Dýrafjörð. Jafnframt þessu er unnið að viðhaldi og vissri endurnýjun loftneta.“

Undir þetta ritar Haraldur Sigurðsson.

Ég vænti þess, að hv. fyrirspyrjandi geti sætt sig við þá grg. sem komin er frá Landssímanum varðandi þetta mál. Hins er rétt að geta, að ég tel sjálfsagt að fylgjast vel með málinu og mun gera mitt til þess, að ekkert lát verði á því að reynt verði að bæta úr þessu ófremdarástandi, að svo miklu leyti sem það er í verkahring ráðuneytis míns og þeirra stofnana sem undir það heyra. En að hluta til er þetta vandamál rafmagnstruflanir frá ýmsum rafmagnsveitum, og ég hygg að það kunni að verða erfiðara vandamál fyrir mig að leysa úr því, ef þar er um að ræða verulega ástæðu fyrir þessum vanda Vestfirðinga.

Varðandi það hugleiðingarefni hv. fyrirspyrjanda, hvort rétt væri að leysa útvarpsnotendur á Vestfjörðum undan því að greiða afnotagjald, þá vona ég að ekki þurfi að koma til þess. En e. t. v. er það sanngjarnt ef svo skyldi nú fara, að þeir sjái ekki útvarp og sjónvarp. En ég vona að svo slæmt verði ástandið ekki og að Vestfirðingar hafi þolinmæði til að bíða þess, að úr þessu verði bætt. Vissulega er fullur vilji á því af hálfu útvarpsins, að úr þessu verði bætt, innan þeirra marka og þeirrar getu sem útvarpið hefur í þessu efni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem snertir ekki aðeins Vestfirði, heldur einnig Vesturland. Við þm. Vesturl. höfum ekki viljað koma með þetta mál inn í sali Alþingis, heldur höfum við reynt að vinna að því í samráði við þá aðila sem um málið fjalla, fyrst og fremst tæknimenn Pósts og síma. Höfum við verið í stöðugu sambandi við þá að undanförnu vegna þessa máls.

Þetta ástand er búið að vera lengi viðloðandi bæði á Snæfellsnesi og á Vestfjörðum. Eins og hér hefur komið fram verða Vestfirðingar að fá sitt sjónvarpsefni í gegnum Stykkishólm. Þess vegna hefur verið mjög aðkallandi að fá nýjan sjónvarpssendi við Stykkishólm. Nú var verið

að setja hann upp og við vonum sannarlega að það leysi að hluta þetta mikla vandamál. Þó er það ekki að öllu leyti, og ég vil beina því til hæstv. menntmrh., að einnig er mjög áríðandi að nýr sendir verði settur á Vallnaholt, því sá sendir, sem þar er, má heita ónýtur. Síðast í gærkvöld varð ég var við það í minni heimabyggð, að alls konar truflanir komu á sjónvarpsskermana. Það er óskemmtilegt fyrir sjónvarpsnotendur að geta ekki horft á sjónvarp án þess að verða sífellt fyrir slíkum truflunum.

Ég legg á það mikla áherslu, að fylgst verði með þessum málum, vegna þess að þó kannske sé búið að leysa þetta núna í augnablikinu, þá er þetta meira mál. Ég hef það eftir tæknimönnum Pósts og síma, að hér þarf meira til. Sá rafmagnsspennir, sem er við Stykkishólm og stjórnar þessu í raun og veru öllu saman, er allt of lítill. Hann er yfirhlaðinn. Þess vegna slær hann út oftar en menn reikna með, vegna álags á rafmagninu á öllu svæðinu. Þetta er sífellt vandamál bæði að því er varðar tæknibúnað Pósts og síma og einnig vegna þess að aðalrafmagnsspennirinn á svæðinu er of lítill.

Ég taldi rétt að minna á þetta hér um leið og ég læt í ljós von um að úrbætur fáist.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf, þó að mér sýnist á þeim að tæknimenn Pósts og síma vaði talsvert í villu ef þeir telja að truflunum á útsendingu sjónvarps á Vestfjörðum hafi lokið fyrir viku. Þessar truflanir áttu sér áfram stað alla s. l. viku og síðast í gærkvöld. Það er mér kunnugt um því að ég horfði á sjónvarp vestur á fjörðum einmitt í gærkvöld. Málið er því ekki leyst, síður en svo. En ég heyri það á umsögn deildarverkfræðings Landssímans, að starfsmenn þess fyrirtækis hafa væntanlega gert sér grein fyrir því, að hér er stórkostlegt vandamál á ferðinni.

Út af því, sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði, að þeir Vestlendingar hefðu ekki viljað koma með þetta mál inn í þingsali, þá er það auðvitað þeirra mál hvað þeir telja svo mikilsvert að þeir komi með það hér inn á Alþingi. (Gripið fram í.) Já, líklega er það ástæðan, en annað gæti manni dottið í hug. Ég hef einnig gert skriflega fyrirspurn um þetta til póst- og símamálastjóra fyrir u. þ. b. hálfum mánuði og ekkert svar fengið. Mér var farið að leiðast eftir því, að ég fengi svar beint úr kerfinu, og þess vegna var ástæða til að taka málið upp hér.

Það er ljóst, eftir því sem hv. þm. Alexander Stefánsson segir, og hann hefur það beint úr kerfinu, að það þarf meira til að þessi mál komist í lag heldur en það sem nú er talið vera búið að gera. Og auðvitað er það krafa, ekki bara Vestfirðinga, sjálfsagt á þetta víðar við, að undinn sé bráður bugur að því að kippa málum í lag.

Ég fagna staðfestingu á því, sem hér kom fram í máli hæstv. ráðh., að búið er að setja upp nýjan sendi í Stykkishólmi. Sá sendir hefur verið mikill gallagripur lengi. Vonandi verður nýi sendirinn til þess að bæta eitthvað það ástand sem verið hefur, en hann virðist þó ekki duga. Ég geri ekki kröfu til þess, að hæstv. menntmrh. eða Póstur og sími sjái fyrir því að rafmagn bili ekki. Aðrir aðilar verða að sjá um að það sé í lagi. Það er mér alveg ljóst. Og ég er ekki að ásaka hæstv. menntmrh. eða tæknimenn eða forsvarsmenn Pósts og síma um bilanir vegna þess. En það er í miklu, miklu fleiri tilfellum, að ég tel, sem bilanir hafa átt sér stað og truflanir á útsendingum, vegna þess að kerfið sjálft hefur ekki verið í lagi. Engar rafmagnstruflanir hafa þar átt hlut að máli.

Ég get sagt hæstv. menntmrh. það, að þolinmæði Vestfirðinga er þrotin í þessu máli. Haldi þetta áfram lengur er enginn vafi á því, að upp kemur sterk krafa um að Vestfirðingar verði ekki látnir að borga afnotagjöld af þessum fjölmiðli á sama tíma og þeir geta ekki notað hann svo vikum eða jafnvel mánuðum skiptir. Ég tel að það sé sanngirniskrafa og ég heyrði að hæstv. menntmrh. tók undir það með mér áðan. Ég vænti þess, að ég eigi bandamann í því máli þar sem hæstv. ráðh. er, ef þessu linnir ekki nú þegar.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

Þetta frv. er gamalkunnugt hér á Alþingi. Þessi skattur hefur verið lagður á undanfarin ár, í fyrsta sinn á árinu 1979. Skatturinn hefur ávallt verið lagður á samkv. sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn. Í ár, árið 1981, er skatturinn lagður á samkv. lögum nr. 17/1981. Tekjur af skattinum eru áætlaðar 22 millj. kr.

Í fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að áframhald verði á þessari skattlagningu og af þeim sökum er frv. flutt, en það er efnislega samhljóða gildandi lögum. Í tekjuáætlun fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að álagning skattsins nemi um 35.5 millj. kr., en innheimta muni skila 32.1 millj. kr., að meðtalinni innheimtu af eftirstöðvum fyrri ára.

Herra forseti. Ég sé ekki neina ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., sem er efnislega samhljóða lögum sem hafa verið í gildi undanfarin ár, en legg til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og hæstv. fjmrh. gat um áðan er verið að framlengja hér skatt. Það er verið að framlengja einn af vinstristjórnarsköttunum, sem lagðir voru á af ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sem tók við völdum í sept 1978. Þá var talið að það þyrfti að leggja á nokkra skatta til að ná fram þeirri stefnu í efnahagsmálum sem sú ríkisstj. setti sér. Síðan hefur hins vegar verið fallið frá nýbyggingarskatti.

Þær umr., sem fram hafa farið þegar endurnýjun á þessum skatti hefur átt sér stað, gáfu tilefni til að halda að ekki yrði um framlengingu að ræða að þessu sinni. Ég ætla að á Alþingi sé ekki meiri hl. fyrir þessum skatti, a. m. k. eftir þeim umr. sem hér hafa farið fram. Það er ljóst mál að sjálfstæðismenn í stjórnarandstöðu hafa greitt atkv. gegn þessum skatti. Það er ljóst mál að þeir sjálfstæðismenn, sem í ríkisstj. sitja, hafa lýst yfir að þeir væru á móti vinstristjórnarsköttunum. Síðan hafa farið fram hér umr. þar sem forustumenn Framsfl. hafa lýst yfir að þeir væru andvígir þessum skatti, og þeir gerðu ráð fyrir því í sambandi við endurnýjum á s. l. ári, að ekki kæmi til að þessi skattur yrði endurnýjaður. Ég vil leyfa mér að vísa til umr. sem fóru fram hér á Alþingi í fyrra, en þá sagði hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson, hinn 23. okt. í Sþ., eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í því sambandi" — þetta er um endurskoðun á skattalögum — „leggjum við framsóknarmenn áherslu á

niðurfellingu nýbyggingargjalds, eins og ráð er fyrir gert og fullt samkomulag um. Við teljum einnig skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vafasaman nú þar sem dregið hefur úr þenslu á því sviði" — það var að vísu þeirra mat — „og upphaflegum markmiðum með honum því náð. Við teljum nauðsynlegt að endurskoða álagningu eignarskatts, einkum einstaklinga." — Og hann heldur áfram: „Um þetta hefur allt verið rætt á ríkisstj. og menn þar sammála um slíka endurskoðun, enda er hún komin í gang, og vænti ég þess, að árangur sjáist fljótlega."

Þessi árangur sást að vísu ekki í fyrra, þ. e. niðurfelling á þessum skatti, og hann virðist ekki sjást nú þegar ríkisstj. flytur þetta frv. enn á ný.

En hæstv. sjútvrh. var ekki sá eini sem ræddi um þetta mál á vegum Framsfl., heldur einnig hæstv. viðskrh. Tómas Árnason, þar sem hann sagði: „Við umr. um skattamál hér á hv. Alþingi á s. l. vetri lét ég þau orð falla að ég fylgdi því að framlengja skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þessu ári, en væri þeirrar skoðunar, að þetta mál þyrfti að taka til endurskoðunar á yfirstandandi þingi. Slík skattlagning kemur þungt niður á bæði samvinnuverslun og annarri verslun, sérstaklega þó í strjálbýlinu, og þar hefur verslunin barist í bökkum á undanförnum árum."

Það er varla hægt að segja að hagur þessa atvinnuvegar hafi batnað frá því að hæstv. viðskrh. mælti þessi orð. En það, sem gerði gæfumuninn í þessum málum á s. l. þingi og sýnist enn ætla að ráða úrslitum er skoðun þeirra hv. Alþb.-ráðh. og Alþb.-manna, enda kom fram í fyrra í ræðu hæstv. fél.- og trmrh. hver skoðun hans væri á málinu. Hún var sú, að þessi skattur skyldi á lagður, síst af öllu væri hann tilbúinn að létta byrðum af atvinnuvegunum í landinu.

Við stöndum frammi fyrir því, að slíkan skatt eigi að leggja á skrifstofu- og verslunarhúsnæði eftir að búið er að hækka eignarskatta hjá félögum. Þetta er varla til að bæta um fyrir þessum atvinnuvegi eins og á stendur hjá honum. Nú vill svo til að það er enginn af þeim hæstv. ráðh., sem sæti eiga í deildinni, viðstaddur. Hins vegar sé ég hæstv. viðskrh. er hér á ferðinni. Má varpa fram til hans spurningu um hvort Framsfl. eða framsóknarmenn hafi skipt um skoðun í þessu máli eða hvort þeir séu reiðubúnir að taka höndum saman við sjálfstæðismenn í hv. fjh.- og viðskn.? (**Viðskrh.:** Ég vísa til ræðu minnar frá því í fyrra.) Og stendur ráðh. við hana? (**Viðskrh.:** Það er eftir að vita.) Já, það er eftir að vita. Það hvarflaði að mér að ráðh. mundi vísa til ræðunnar, en þegar hann væri svo spurður að því, hvort hann stæði við hana, kæmi: Það er eftir að vita. Það hefur komið fyrir þennan ágæta ráðh. að þegar hann hefur þurft að standa við sitt hafi varamaðurinn komið inn á þing svo að ekki reyndi á hann sjálfan í þeim málum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta. Ég vildi þó vekja athygli á þessu. Ég vonast til þess að með vísan til þess, sem ráðh. sagði á sínum tíma, verði framsóknarmenn í hv. fjh.- og viðskn. reiðubúnir að standa með okkur sjálfstæðismönnum þar í því að leggja til að þetta frv. verði fellt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Að því gefna tilefni, sem hér er orðið þar sem hæstv. fjmrh. fylgir úr hlaði frv. til þess að framlengja gjöld á tiltekinn atvinnurekstur, á sama tíma og við lesum í blöðum að *ríkisstj. sé að ráðgera m. a. einhverjar skattalagfæringar* fyrir þessa sömu atvinnuvegi, tel ég ástæðu til að spyrja hæstv. fjmrh. hvort einhverjar slíkar ráðagerðir séu í aðsigi hjá hæstv. ríkisstj. og hvort þá væri ekki ráð fyrir hæstv. ráðh. að óska eftir því við fjh.- og viðskn. hv. deildar, að hún fari sér hægt í afgreiðslu þessa máls þangað til fyrir liggi hvaða skattabreytingar hæstv. ríkisstj. er að ráðgera, ef þá nokkrar.

Í annan stað hef ég sérstaka ástæðu til að beina fsp. til eins þm. sem hér ætti að vera, hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og vildi gjarnan fara þess á leit við forseta, þó að það sé ekki vanalegt að beina fsp. til þm., að hann *gerði ráðstafanir til að kanna hvort hv. þm. væri í húsinu.* (**Forseti:** Gerið svo vel að athuga hvort hv. 3. þm. Austurl. er staddur í húsinu.) — (Gripið fram í.) Já, fyrst svo er get ég því miður ekki komið fyrirspurninni á framfæri, en e. t. v. getur þá hæstv. fjmrh. svarað því eða hæstv. viðskrh., ef hann er í húsinu, sem ég vænti að hann sé. Hann var hér fyrir stundu. Ef hæstv. forseti vildi athuga hvort viðskrh. væri einhvers staðar nærstaddur.

Hæstv. viðskrh. gengur í salinn og þá ætla ég að beina til hans fsp. sem ég hafði hugsað mér að beina til flokksbróður hæstv. ráðh., sem auk þess að vera alþm. er formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands. Hæstv. bankamálaráðh. getur væntanlega komið í stað flokksbróður síns og svarað þeirri fsp. Fsp. er svohljóðandi:

Nú nýverið skýrði hv. þm. Albert Guðmundsson, sem jafnframt er formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands, frá því, að bankaráðið mundi gera samþykkt þar sem það tæki þá ákvörðun að hætta því sem hv. þm. kallaði „sjálfvirka afgreiðslu afurðalána", hætta m. ö. o. að veita atvinnuvegum rekstrarlán sem bankinn þyrfti að taka að *láni hjá Seðlabanka Íslands og borga fyrir refsivexti* sem væru verulega hærri en þeir vextir sem bankinn fengi hjá þeim viðskiptavinum sínum sem slíkrar lánafyrirgreiðslu nytu. Formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands tilkynnti tveimur dögum síðar í dagblöðunum að bankaráðið *mundi þá grípa til viðeigandi ráðstafana. Ég óska eftir að* fá upplýst undir þessari umr. frá hæstv. viðskrh., hvort honum sé kunnugt um afstöðu annarra viðskiptabanka í þessu máli í fyrsta lagi og í öðru lagi hvaða viðbrögð það eru sem formaður bankaráðs Seðlabanka Íslands var þarna að boða.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þessari fsp. er fljótsvarað af minni hálfu. Það hefur ekkert verið rætt við mig um þessi mál, hvorki af hálfu bankastjórnar Seðlabankans né formanns bankaráðs Seðlabankans né af formanni bankaráðs Útvegsbankans. Ég hef því í raun og veru ekkert um málið að segja á þessu stigi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég harma þessi svör ráðh., vegna þess að þau stangast á við þær upplýsingar sem ég gaf úr þessum ræðustól fyrir helgina um sama efni. Ég vil endurtaka að bankaráð Útvegsbankans hefur gert ákveðna samþykkt í þessu máli og ekki aðeins skrifað ríkisstj. bréf og tilkynnt henni væntanlegar ráðstafanir, heldur hef ég einnig talað persónulega bæði við hæstv. viðsk.- og bankamálaráðh. og hæstv. forsrh. nú nýlega, nokkrum dögum áður en ég fór í ræðustól fyrir helgina og svaraði hv. 3. þm. Vestf.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég kannast ekki við að hafa fengið sent bréf frá Útvegsbankanum.

Það hefur ekki komið til mín enn þá, en það er kannske ekki að marka það vegna þess að ég hef verið lasinn í nokkra daga. Ég kannast ekki við að það hafi borist til mín bréf né heldur að það hafi verið rætt við mig og haft samráð við mig um afgreiðslu þessa máls. En ég er reiðubúinn að ræða málið við hverja þá aðila, sem hafa áhuga á því og gera grein fyrir mínum skoðunum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mér finnst mjög alvarlegt mál þegar einn af þremur viðskiptabönkum ríkisins tekur þá ákvörðun að hætta lánafyrirgreiðslu við atvinnuvegina sem honum er ætlað að sinna. Mér er þvert um geð að trúa því, að bankaráð þessa banka og formaður bankaráðs taki slíka ákvörðun án þess að hafa gert hæstv. ríkisstj. viðvart. Því trúi ég ekki.

Í öðru lagi er mér næst að halda, að þó svo bankaráð Útvegsbanka Íslands hafi tilkynnt þessa afstöðu sína séu fleiri meðal banka og sparisjóða sem hljóta að hugsa einhverjar áþekkar hugsanir og fram komu hjá formanni bankaráðsins um að það sé ekki æskilegt fyrir bankastarfsemi í landinu að standa í því að taka lán á miklu hærri vöxtum en bankarnir veita.

Ég harma það mjög, að hæstv. bankamálaráðh. og aðrir þeir ráðh., sem hér eru viðstaddir, hafa ekkert að segja í þessu máli og engar skoðanir fram að færa og vilja raunverulega ekkert um málið vita.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil að gefnu tilefni taka fram, að forseti er staddur í 1. dagskrármálinu, sem er skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, og vænti þess, að hv. þdm. haldi sig við það.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég má til með að gera smáathugasemd við þær umr. sem hér hafa farið fram, þar sem svo vill til að ég á sæti í bankaráði þess banka sem hér er talað um. Ég held að það sé verið að rugla saman vissum atriðum sem er ekki heppilegt að séu fjölmiðlamatur á þessu stigi málsins. Það, sem bankaráð Útvegsbankans hefur tekið ákvörðun um, gerðist fyrr á þessu ári. Það var í sambandi við þau vandamál sem blöstu við bankanum. Þar sem ekki var búið að fá staðfestingu á þeirri fyrirgreiðslu, sem ætlast var til af ríkisstj. og Seðlabankanum í sambandi við samþykkt Alþingis, var samþykkt að bankinn gæti ekki veitt viðbótarlán umfram venjuleg lán, ofan á útgerðarlán og ofan á afurðalán, nema gera grein fyrir því fyrst við Seðlabanka Íslands og ríkisstj. að bankinn hefði ekki yfir slíku fjármagni að ráða, nema því aðeins að hann fengi til þess sérstaka fyrirgreiðslu. Bankaráð taldi nauðsynlegt að gera yfirstjórn bankamála ljóst að bankinn hefði ekki þetta fjármagn og þess vegna mundi hann verða að fá viðbótaraðstoð ef ætti að veita þessi sérstöku viðbótarlán umfram það sem aðrir bankar gera.

Þetta tel ég rétt að komi hér fram til að fyrirbyggja misskilning. Um annað hefur ekki verið gerð samþykkt í bankaráði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar, að miklar umr. utan dagskrár væru ekki heppilegar, en ég tel þó það mál, sem ég vil nú impra á hér á fjölum Alþingis, svo mikilvægt að ekki sé hægt að þegja yfir því. Ég hef raunar reynt að komast að utan dagskrár frá því á mánudag í s. l. viku, en það hefur orðið að samkomulagi, vegna þess hvernig stóð á dagskrá í síðustu viku, að það yrði látið bíða þar til í dag.

Ástæða þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár, er vopnaflutningar með flugvélum skrásettum á Íslandi svo og hvers konar flutningar til Líbýu og innan Líbýu með íslenskum flugvélum. Fyrir nokkru var frá því skýrt, að tvær flugvélar í eigu Flugleiða, vélar af gerðinni DC-8, sem leigðar voru Overseas National Airlines, sem síðan mun hafa endurleigt þær, hafa um nokkurt skeið flutt vopn til Saudi-Arabíu. Samkvæmt íslenskum loftferðalögum er íslenskum flugvélum óheimilt að flytja hergögn nema með sérstöku leyfi samgrh. Ég hef fengið staðfest, að fyrir hverja einustu ferð til Saudi-Arabíu hafi verið sótt um leyfi og það veitt. Fyrir skömmu fóru íslenskar flugvélar í eigu Arnarflugs sjö ferðir frá Frakklandi til Líbýu. Þær fluttu m. a. mikið magn af varningi sem merktur var „explosives". Í einni ferð var alíslensk áhöfn, en ella yfirleitt erlendir menn. Áhafnir hafa fengið bónus eða áhættuþóknun, 300 dollara hver maður á klukkustund. Í farmskjölum kemur fram að flutt voru skotfæri, sem merkt voru æfingaskot, og efni, sem sprengihætta stafaði af.

Fulltrúar íslenska loftferðaeftirlitsins hafa kannað þetta mál, rætt við flugmenn og flugvélstjóra og fengið farmskjöl, þótt talsvert af þeim sé enn þá ókomið. Þeirra niðurstaða mun vera sú, að íslensk lög hafi ekki verið brotin og varningurinn hafi fallið innan ramma reglugerðar Alþjóðasambands flugfélaga, IATA. Þeir geta hins vegar ekki staðfest að vopn hafi ekki verið flutt þar eð þeim gafst ekki kostur á að skoða innihald þeirra kassa sem fluttir voru. Þeir geta aðeins stuðst við farmskjöl.

Það er orðið mjög tímabært að íslenska samgrn. ákveði hvað flokkast undir hergögn og hvað ekki samkv. 92. gr. loftferðalaganna. Flugvélar frá Arnarflugi flytja um þessar mundir kjöt frá Írlandi til Líbýu og íslenskar flugvélar eru staðsettar í Líbýu til flutninga þar innanlands.

Á það skal minnt, að fyrir nokkru urðu mikil blaðaskrif vegna flutninga Cargolux-flugfélagsins í Lúxemborg, sem Íslendingar eiga hlut í, á varningi til Írans. M. a. var fullyrt að vélar félagsins hefðu flutt hjólbarða á orrustuflugvélar. Mál þessi hafa borist á borð íslenska utanrrn. og fulltrúar frá íslenskum flugfélögum kallaðir þangað til fundar. Erlend stjórnvöld hafa sent frá sér orðsendingu þar sem þau gera grein fyrir áhyggjum sínum vegna hvers konar stuðnings við stjórn Líbýu. Þessum áhyggjum hefur verið komið á framfæri við íslenska utanrrn. Fleiri þjóðir hafa vaxandi áhyggjur af umsvifum Líbýumanna.

Herra forseti. Ég vek athygli á þessu máli vegna þess að ég tel ekki við hæfi að íslenskar flugvélar skuli notaðar til þessara verkefna sem flugfélög margra annarra þjóða líta ekki við. Það er svo mál út af fyrir sig, að Íslendingar skuli beint og óbeint veita Líbýustjórn aðstoð og þar með einni helstu uppeldisstöð hryðjuverkamanna í heiminum.

Ég vænti þess, að hæstv. samgrh. geti gefið einhverjar nánari skýringar á þessum málum sem geta haft alvarleg áhrif á íslensk flugmál og rýrt álit íslenskra flugfélaga á erlendum vettvangi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í raun og veru get ég ekki bætt miklu við það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég verð að vísa til þess minnisblaðs sem ég hef fengið í hendur frá flugmálastjórn um þetta mál. Skal ég lesa það, með leyfi forseta. Í minnisblaði þessu segir:

„Að loknum fundi í samgrn., sem haldinn var að beiðni Gunnars Þorvaldssonar framkvæmdastjóra Arnarflugs þann 21. okt. s. l., þar sem rætt var um kæru Ragnars Karlssonar á hendur Arnarflugi fyrir meinta vopnaflutninga frá Frakklandi til Líbýu, var það skilgreint sem hlutverk Loftferðaeftirlitsins að kanna slík mál og Loftferðaeftirlitinu falið að gera það í þessu tilviki af samgrn. og einnig hvort F-27 flugvélar Flugleiða í Líbýu væru notaðar til slíks flugs."

Þetta er inngangur minnisblaðsins. Ég vil geta þess, að umrædd kæra barst samgrn. þannig að Ragnar Karlsson sendi hana formanni flugráðs, Leifi Magnússyni, sem sendi hana samgrn. Var málið þá þegar tekið til meðferðar með því að ræða við forstjóra Arnarflugs sem óskaði eftir fundi. Þetta tók mjög skamman tíma. — Síðan heldur áfram, með leyfi forseta:

„Loftferðaeftirlitið hóf þegar í stað rannsókn sína og ræddi m. a. við eftirtalda aðila: Karl Karlsson flugstjóra Flugleiða, *Trípólí, Valdimar Richter flugvirkja* Flugleiða, Trípólí, Ragnar Karlsson flugvirkja, Flugleiðum, og flugráðsmann, Gunnar Þorvaldsson framkvæmdastjóra Arnarflugs, Goða Sveinsson stöðvarstjóra, Arnarflugi, Trípólí, Ævar Guðmundsson flugvélstjóra, Arnarflugi, Trípólí, Stefán Bjarnason flugvélstjóra, Arnarflugi, Trípólí, Björn Vigni Jónsson flugvélstjóra Arnarflugi, Trípólí, Paul Monden flugstjóra, Arnarflugi, Trípólí, Rafn Jónsson fréttamann, stöðvarstjóra, Arnarflugi, Trípólí, Þórarin Hjálmarsson aðstoðarstöðvarstjóra, Arnarflugi, Trípólí. Fengin voru þau farmgögn sem Arnarflug og starfsmenn félagsins höfðu undir höndum. Arnarflug (Goði Sveinsson) er að vinna að því að fá ljósrit af öllum farmgögnum úr þeim sjö flugum frá Frakklandi til Líbýu sem um er að ræða. Bráðabirgðaniðurstöður eru þessar:

1. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess, að neitt hafi annað verið flutt en fram kemur á farmgögnum.
2. Í þeim farmgögnum, sem náðst hefur í nú þegar, kemur fram, að flutt hafa verið m. a. eftirfarandi gögn og efni:
   a) Hættuleg efni, þ. m. t. corrosive materials.
   b) Eldfim efni, þ. m. t. chemical products for photography.
   c) Efni er stafar af sprengihætta, þ. m. t. explosive cartridges.
   d) Æfingaskot.
3. Þá farma, sem um getur í grein 2, má flytja í flugvélum samkv. IATA regulations.
4. Leyfi frá frönskum loftferðayfirvöldum lá fyrir um flutninga á hættulegum efnum.
5. Ekkert er komið fram sem bendir til þess, að F-27 flugvélar Flugleiða í Líbýu hafi flutt hættuleg efni."

Síðan fylgir með þessu ljósrit af þessum gögnum öllum, sem hv. fyrirspyrjandi getur fengið aðgang að, en ég fer að sjálfsögðu ekki að lengja svar mitt með að lesa þau upp, enda eru þau allviðamikil.

Eins og ég sagði í upphafi var brugðist strax við þessu og málið rannsakað. Enn sem komið er hefur ekkert komið í ljós sem er þess eðlis, að félagið hafi átt að leita heimildar samgrn. Þessi mál hafa þannig verið afgreidd, að því mér er sagt, í samgrn. til þessa, að stuðst hefur verið við IATA-reglur um flutning á slíku efni og litið svo á, að heimildar samgrn. væri þörf þegar um flutninga væri að ræða sem ekki samræmdust kröfum eða reglum IATA. Svo er, samkv. því sem ég las upp áðan, ekki í þessu tilfelli.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að vélar Flugleiða hafa flutt töluvert magn af vopnum til Saudi-Arabíu. Þessar vélar hafa verið í leigu til Saudi-Arabíu og Flugleiðir hafa sótt um leyfi fyrir þessar vélar, enda var þar um farma að ræða sem ekki samræmdust reglum IATA.

Hv. þm. er eflaust í minni deila sem varð út af flutningum Cargolux. Þar var um að ræða vél sem skráð var hér á landi og flutti farma frá Frakklandi. Því hefur að vísu verið mótmælt af Cargolux, að þar hafi verið um vopn að ræða. Sú skýring, sem rn. fékk er það grennslaðist eftir þessu máli hjá Cargolux, var einmitt sú, að því hafi ekki borið skylda til að sækja um leyfi þar sem hér hafi ekki verið um vopn að ræða. Í slíkum tilfellum lít ég á það sem ákaflega mikilvægt að viðkomandi lögleg stjórnvöld staðfesti flutningana og skjölin séu útgefin af þeim.

Það er að vísu ákaflega erfitt fyrir okkur hér á Íslandi að *ganga úr skugga um hvort eitthvað kunni annað* að leynast í slíkum farmi. Ég hygg að við verðum að treysta mjög á lögleg stjórnvöld í þeim löndum sem farmurinn á uppruna sinn í, eins og í þessu tilfelli Frakklandi. Að sjálfsögðu eru vopnaflutningar ákaflega viðamiklir flutningar flugvéla um heim allan. Ég hef þess vegna m. a. látið kanna hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum þjóðum. Ég hef að vísu fengið þau svör sem nægja til að endurskoða þær reglur sem við höfum, en þörf er talin á slíkri endurskoðun. Þó hef ég fengið vitneskju um að t. d. í Bretlandi er gefin út ákveðin reglugerð sem *heimilar flutning á vopnum frá ákveðnum löndum til* ákveðinna landa. Í slíkum tilfellum er ekki þörf á að sækja um leyfi til breskra yfirvalda á flutningi á vopnum. Mér er tjáð að þetta sé reyndar heil bók þar sem slík leyfi eru m. ö. o. veitt almennt og fyrir fram.

Ég get tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda að ekki er ánægjulegt ef íslensk flugfélög taka þátt í að flytja vopn sem síðan lenda í höndum hryðjuverkamanna með öllum þeim ljótu afleiðingum sem það hefur. Hitt er svo annað mál, að það verður líklega erfitt að girða fyrir að vopn, sem eru flutt — ja, eigum við að segja til hinna bestu landa, *lendi í höndum hryðjuverkamanna*. Ég held að það verði seint gert. Sú spurning vaknar þá, hvort algerlega eigi að banna íslenskum flugvélum að flytja vopn. Þetta hygg ég að sé ákaflega erfitt í framkvæmd, ef slíkar vélar á annað borð á að leigja erlendum aðilum til flutninga. Vopnaflutningur er, að því er mér er tjáð, mjög stór hluti af hinum alþjóðlegu flutningum. Það gæti orðið nokkuð erfitt að leigja vélar ef slíkt væri að öllu leyti bannað.

Um aðstoð við þjóðir, sem þjálfa hryðjuverkamenn, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, skal ég ekki ræða mikið. Hvað felst í þessu? Við getum kannske sagt að aðstoð felist í nánast öllum flutningum til þessara

þjóða eða jafnvel leigu á vélum eins og F-27 vélunum með flugmönnum og flugvirkjum, þó að ekki sé þar um beina vopnaflutninga að ræða.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þetta. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að þessi mál eru hvimleið og væri æskilegt að halda mætti íslenskum vélum alveg utan þeirra, en ég óttast að það kunni að vera ýmsum erfiðleikum háð.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu óframkvæmanlegt fyrir Íslendinga eins og aðra að haga utanríkisviðskiptum sínum eftir því, hvernig stjórnarfar er í þeim löndum sem skipt er við. Ef taka ætti upp slíka stefnu er hætt við að við mundum þurfa að strika út af lista hugsanlegra viðskiptavina okkar meiri hlutann af þeim 160 þjóðum sem eru frjálsar í heiminum. Þó kemur það öðru hverju fyrir, að þjóðir komast vegna opinberrar stefnu, sem framkvæmd er, í þá stöðu að þær hljóta mjög almenna fordæmingu og jafnvel að gerðar eru sambykktir hjá Sameinuðu þjóðunum um viðskiptabann.

Þetta kom fyrir í Suður-Afríku. Hér á Íslandi hefur verið uppi öðru hverju allmikil gagnrýni á það, að þrátt fyrir Apartheid-stefnuna og þrátt fyrir samþykktir Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar haldið uppi æðimiklum viðskiptum á okkar mælikvarða við það land.

Annað land, sem hefur komið sér út úr húsi vegna stjórnarhátta, vegna árása á nágrannaþjóðir, vegna þess að þar hafa verið þjálfaðir hermdarverkamenn og síðan sendir til illvirkja víða um heim, er Líbýa. Það hefur að vísu ekki verið gerð nein samþykkt, sem mér er kunnugt um, hjá Sameinuðu þjóðunum um viðskipti við Líbýu. En ég geri ráð fyrir að ég þurfi ekki að lýsa því fyrir hv. þingheimi, hvaða orð Líbýumenn hafa á sér í þessu efni.

Mér þykir það hvimleitt, að á sama tíma sem Líbýa hefur komist í þessa stöðu og er að mörgu leyti óalandi og óferjandi í félagsskap siðaðra og friðelskandi þjóða, bæði meðal Múhameðstrúarmanna og annarra, skuli fregnir bera með sér að viðskipti Íslendinga við þessa þjóð virðast sífellt vera að aukast. Þar á ég við bæði viðskipti á sviði flugsins og á sviði siglinga því að sagt er frá skipaferðum frá höfnum á Ítalíu til Líbýu.

Það getur verið stundargróði af því að grípa upp viðskipti sem augljóst er að aðrir eru tregir til að taka. Það er ekki tilviljun að einmitt viðskipti við Líbýumenn á þessum sviðum eru tiltölulega auðfengin og það er borgað vel fyrir þau. Ég vil beina því til hæstv. ráðh. hvort hann hafi ekki aðstöðu til þess, af því að þessi mál eru á sviði samgangna, að kynna sér hvort ekki er hægt að beita áhrifum í þá átt, að Íslendingar dragi úr eða hætti með öllu þessum viðskiptum við Líbýu. Það er alvarleg hætta á því, að við förum svo með mannorð okkar, ef við gínum við hverju tækifæri sem gefst af þessu tagi, að það geri okkur meira tjón á öðrum sviðum en stundargróðanum nemur. Ég skora eindregið á hæstv. ráðh. að kanna hvort ekki er unnt að beita þunga ríkisvaldsins og áhrifum þess á viðkomandi samgöngufyrirtæki til að hindra, að viðskipti Íslendinga við Líbýu verði á næstunni jafnmikil og þau hafa verið, og reyna helst að afnema þau með öllu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans við orðum mínum áðan, en ég vil bæta því við það sem hann sagði hér, að ekkert hefði komið í ljós sem sýndi að þessir aðilar þyrftu að sækja um leyfi til hins íslenska samgrn., að í þeim flutningum, sem hér um ræðir, eru allir aðilar sammála um að farmskjöl séu ekki algild staðfesting á því hvað flutt sé.

Svo vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að samgrn. beiti sér fyrir því vegna 92. gr. loftferðalaganna að skilgreint verði hvað eru vopn og hvað eru ekki vopn í flutningum íslenskra flugvéla, því að æfingaskot til hins háa Gaddafis í Líbýu tel ég að kunni að vera eitthvað annað en æfingaskot.

Ég er líka sannfærður um að það er álitshnekkir fyrir íslensk flugfélög og íslenska aðila að flytja varning til Líbýu. Þetta er fremur sóðalegt athæfi og á ekki að tíðkast. Þess vegna vil ég ítreka það sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði, að æskilegast væri að þessir flutningar yrðu stöðvaðir með öllu.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu að bæta við það sem ég sagði áðan. Ég vildi gjarnan geta stöðvað alla vopnaflutninga. Vel má vera að þeir séu verstir til Líbýu, en þeir eru ekki heldur góðir til Saudi-Arabíu — eða er það? Það er nefnilega dálítið erfitt að setjast í dómarasætið stundum. Okkur er að vísu sagt að Líbýustjórn þjálfi hryðjuverkamenn. Hér kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. að við héldum uppi viðskiptum t. d. við Suður-Afríku, sem þó ætti ekki að vera samkv. samþykkt Sameinuðu þjóðanna.

Ég skal gjarnan athuga þessi mál og ræða þau við flugfélögin. Er þá ekki einnig æskilegt að afturkalla leyfi til leigu á F-27 vélum sem eru notaðar í Líbýu? Framferði Líbýumanna er mjög fordæmt, t. d. af Bandaríkjamönnum. Eftir því sem ég veit best þiggja þeir þó olíu þaðan, kaupa hana í stórum stíl. Þetta er nokkur tvískinnungsháttur, því miður. Það væri ákaflega æskilegt að við gætum haldið okkur hreinum. Við verðum að reyna það. En ég vil taka undir það sem hv. 4. þm. Reykv. sagði: Það er stundum dálítið erfitt að ganga þá braut þó æskileg sé.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Árna Gunnarssyni fyrir að vekja máls á þessu hér. Ég held að það væri ekki seinna vænna að hæstv. samgrh. kannaði ítarlega hvað íslenskar flugvélar og íslensk mannlíf eru lánuð í til þess að ala á vígbúnaðarkapphlaupi í heiminum. Við höfum nú síðustu daga horft með skelfingu á það, að sovéskir kjarnorkukafbátar eru í skerjagarði úti í Svíþjóð. Menn hafa eðlilega af þessu þungar áhyggjur. Hins vegar er sorglegt til þess að vita, að slíkur atburður skuli verða til þess að menn standi sigri hrósandi í dagblöðum á Íslandi. Þarna sjáið þið, segja þeir. Þessi atburður er notaður til þess að níðast á friðarhreyfingunni í heiminum og því fólki sem vill hafa frið við aðrar þjóðir.

Það virðist hins vegar ekki hvarfla að neinum, hvorki hér á hinu háa Alþingi né annars staðar, að við kynnum að hafa slík tól hér allt í kringum okkur. Ég hlýt að spyrja — ég veit ekki hvort hæstv. utanrrh. er staddur hér inni — hvort hann sé alveg viss um að ekki kynnu að vera óboðnir gestir hér í hafinu í kringum okkur, hvort sem væri frá Sovétríkjunum eða frá Bandaríkjunum. Ég geri ekki mikinn mun á því hvaðan þeir væru, ég hygg að hættan af þeim væri hin sama.

Ég held að sú umr., sem hér hefur farið fram, ætti að verða til þess, að menn færu að tala saman í alvöru um þær skelfingar, sem verið er að fremja í heiminum, og hætta að bítast um hvort þessi er verri en hinn. Ég held

að allur þingheimur viti t. d. að Líbýumenn eiga ekki upp á pallborðið meðal þeirra þjóða sem telja sig þokkalega siðaðar. En það er kannske ekki aðalatriðið.

Mér finnst ekki heldur að menn eigi að ræða hér um hvort við eigum viðskiptahagsmuna að gæta við hina eða þessa. Auðvitað getur hvert þjóðland sýnt þann manndóm að flytja ekki vopn á milli þjóða. Ef íslensk flugfélög eru svo illa farin að þau þurfi á þess háttar flutningum að halda, þá held ég að það ætti a. m. k. að takmarka flugleyfi rétt í svipinn og fækka flugvélum.

Ég vil líka spyrja hvort samgrh. sé ljóst að starfsfólkið, sem sett er upp í þessar flugvélar, hafi í raun og veru fulla hugmynd og rétta vitneskju um þann farm sem verið er að flytja. Ég vil jafnvel spyrja hvort flugstjórarnir hafi það. Ég held að það sé ákaflega auðvelt að skrifa hvað sem er utan á þann flutning sem verið er að setja inn í íslenskar flugvélar, og kannske er það mönnum heldur til hróss að sjá ekki við því þó að þar sé eitthvað annað af því tagi sem merkt er sprengiefni, eins og fram hefur komið.

Ég held að samgrh. beri skylda til — og hann hefur áreiðanlega sent menn utan af minna tilefni en að úr skugga sé gengið um hvort þetta er rétt. Ég tek undir þær efasemdir, sem hér hafa verið settar fram, að verið sé að flytja til Líbýu einhver efni, sem kölluð eru sprengiefni án þess að þau séu sannanlega ætluð til hernaðarþarfa. Ég held að það sé mjög þarflegt að ræða þessi mál á þessum grundvelli, en ekki á þeim venjulega pex-grundvelli, hvort sprengiefni kemur þaðan eða héðan. Það er jafnhættulegt hvaðan sem það kemur. Ég vil enn og aftur skora á samgrh. að gefa Alþingi miklu betri og gleggri skýrslu um þetta mál heldur fyrr en seinna.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það sótti á mig sú hugsun undir ræðuflutningi, hvort veröldin væri við hæfi Íslendinga. Það er nefnilega stóralvarlegt mál ef við komumst nú að því allt í einu hér, að við séum svo miklu betri en sú veröld sem er í kringum okkur að hún sé alfarið ekki við okkar hæfi. Kínverjar komust einu sinni að þessari niðurstöðu og hlóðu eitthvert frægasta mannvirki sem búið hefur verið til og stendur enn. Mér er sagt að það sjáist utan úr geimnum meira að segja. Sósíaldemókratar í Svíþjóð framleiða vopn og selja um allan heim. Hafa þeir aldrei sagt sósíaldemókrötum á Íslandi frá því?

Ef menn hafa lesið það góða leikrit Kappar og vopn hafa þeir e. t. v. komist að því, að einn af hermönnunum komst að þeirri niðurstöðu, að það væri meira virði fyrir hann að hafa súkkulaði heldur en kúlur í patrónunum, því að það yki líkur á að hann slyppi lífs ef það væri súkkulaði. Hvað er það sem má flytja til þjóðar sem stendur í stríði? Er það bara vopn? Er ekki maturinn fyrir herinn jafnmikils virði? Vitum við nema sá fiskur, sem við erum að selja til Sovétríkjanna, hafi verið étinn um borð í kafbátnum sem strandaði í skerjagarðinum? Eða er hann fóður fyrir þá sem eru að berjast í Afganistan? Hvar endar þetta? Það þarf að senda fjölda manns út fyrir landsteinana til að athuga þessi mál. Ég er ekki viss um að það yrðu margir eftir hér á skerinu, ef við þyrftum að kanna þetta allt til fullnustu.

Ég held að fram hafi komið í upphafi máls Benedikts Gröndals, hv. 4. þm. Reykv., það sem máli skiptir. Auðvitað getum við ekki hagað utanríkisviðskiptum eftir því, hvort þjóðir haldi upp stjórnarstefnu sem okkur geðjast að eða ekki. Ég fyrir mína parta mundi ekki hika við að leggja það til, ef ég teldi að við gætum það, að við hættum viðskiptum við mjög margar þjóðir. Við getum það bara einfaldlega ekki, hversu góða sem við teljum okkur vera. Ég held að við ættum að halda okkur við alþjóðlegar samþykktir varðandi flutninga, en láta okkur ekki detta í hug að ætla að vera eitthvert sýningarfyrirbrigði í góðmennsku hér uppi á Íslandi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef fylgst af athygli með þessum umr. sem mér finnst vissulega mjög gagnlegar og tímabærar. Það var þó aðeins eitt atriði, sem fram kom í ræðu hv. 8. landsk. þm., sem varð þess valdandi að ég bað hér um orðið. Hv. þm. komst svo óheppilega að orði, að hinn rússneski kafbátur, sem strandaði í sænskri landhelgi búinn kjarnorkuvopnum, hefði orðið til þess að menn hér á Íslandi hefðu hælst um og sagt: Þarna sjáið þið, þetta er gagnið sem friðarhreyfingin gerir. — Ég hnaut um það, að án frekari skýringa var minnst á friðarhreyfinguna hér í þessu sambandi. Mér finnst rétt, úr því að það atriði bar sérstaklega á góma, að minna á að rétt um sama leyti kom það upp, að KGB kostaði friðarhreyfingarstarfsemi í Danmörku. Það er það atriði sem ásamt þessu varpaði ljósi á þá yfirgengilegu skinhelgi sem viðgengst í starfsemi þessarar svokölluðu friðarhreyfingar.

Ég vildi í þessu sambandi sérstaklega minna hv. þm. og aðra hv. þm. á leiðara í blaði, sem stundum lætur sér tíðrætt um þessi mál, en það var Þjóðviljinn sjálfan 7. nóv., þann dag sem þeim er mjög kær allajafna. Þar var sérstaklega tekið fram að friðarhreyfing, sem byggði á hinum sovéska friði, væri verri en engin friðarhreyfing. Ég vildi óska að þessi ummæli væru þess eðlis, að allir þm., sem styddu þann flokk sem stendur á bak við þetta dagblað, gætu undir þetta tekið og hættu þar með ýmsum skinhelgiráðstöfunum í sambandi við svokallaðar friðarhreyfingar.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Aðeins örstutt aths., einkum vegna orða síðasta ræðumanns, hv. 1. þm. Reykv. Fyrir hönd kollega míns í Danmörku, sem ég man ekki einu sinni hvað heitir og veit ekkert um, sem nú hefur verið handtekinn og bornar á brýn njósnir og annað það sem hv. þm. sagði, t. d. að hafa þegið fé til danskrar friðarhreyfingar, vil ég benda lögfræðingnum á, af því að við erum stödd hér á Alþingi Íslendinga, að þetta mál er ekki sannað. Enginn er sekur fyrr en hann hefur verið sekur fundinn. Við skulum bíða eftir því, hvort þetta reynist rétt vera. Þá mun ég að sjálfsögðu fordæma það en fyrr ekki.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hér hafa farið fram um vopnasölu og flutninga íslensku flugfélaganna með vopn, þeirra umr. sem hafa beinst inn á nýjar brautir, inn á friðarhreyfingar á Vesturlöndum, og einkum og sér í lagi vegna þess að hér var vitnað til Þjóðviljans í þessu sambandi, þá held ég að rétt sé að fram komi hér á hv. Alþingi hvað það er sem stendur í þessum ágæta leiðara Þjóðviljans frá 7. nóv., á byltingarafmælinu síðasta. Ég vil — með leyfi forseta — fá að lesa smákafla úr þessum leiðara. (**Forseti:** Það verður örstutt.) Hann verður stuttur. Í fyrsta lagi er hér klausa svona orðuð:

„Sennilega á Sovétstjórnin aðeins heimsmet á einu

sviði og það er í hræsni og yfirdrepsskap, og máske þó enn frekar í því að kunna lítt að færa hræsnina í trúverðugan búning. (**Gripið fram í:** Hvar stendur það?) Rússneskir valdhafar hafa lengi þóst vera meiri friðarvinir en flestir aðrir og jafnvel talið sig eiga einkarétt á friðnum. Þeir hafa boðað frið í Asíu á sama tíma og her þeirra hefur nú í nær tvö ár vaðið um fjöll og dali í smáríkinu Afganistan blóðugur upp að öxlum við að slátra því fólki sem landið byggir. Þeir hafa talað um Eystrasaltið sem friðarhaf og nauðsyn þess að Norðurlönd væru áfram án kjarnorkuvopna, en meðan þeir gala hæst um þetta sigla þessir strandkapteinar eigin kjarnorkukafbát upp í fjöru á Eystrasaltsströnd Svíþjóðar. Því miður höfum við dæmi um það úr eldri sögu og yngri, að valdhafar nái að koma sér upp svo háþróaðri tvöfeldni, að þeir glati öllu því sem heitir að kunna að skammast sín."

Og síðar í leiðaranum segir: „Sú friðarhreyfing, sem telur sig eiga samstöðu með sovéska „heimsfriðnum", er verri en engin friðarhreyfing."

Leiðaranum lýkur á þessum orðum: „Baráttan fyrir friði verður ekki háð undir þeirra merkjum og ekki heldur undir þeim fána hræsninnar, sem nú blaktir yfir Kreml á 64. afmælisdegi rússnesku öreigabyltingarinnar."

Þetta voru síðustu orð í leiðara Þjóðviljans sem skrifaður er af varaformanni Alþb., Kjartani Ólafssyni ritstjóra Þjóðviljans.

Hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ef sannaðist sekt kollega hennar í Danmörku um að hafa þegið rússneskt fé til þess að standa undir kostnaði við rekstur á svokallaðri „friðarhreyfingu" í Danmörku, þá liti hún öðrum augum á málið heldur en hún gerir í dag varðandi þá friðarhreyfingu. Þessi leiðari, sem hér um ræðir, fjallar um heimsfriðarráð, sem er stýrt frá Sovétríkjunum og ég býst við að ýmsir núv. Alþb.-menn kannist við, hafi heyrt talað um og kannske komist í nánari snertingu við á mörgum undanfarandi árum. Nú hefur Þjóðviljinn gefið línuna og sagt: Heimsfriðarráðið er hræsni og yfirdrepsskapur. — Ef það sannast, eins og síðasti ræðumaður benti á, að Rússar standi jafnframt að baki friðarhreyfingunni, munu þeir þá snúa baki við sínum fyrri yfirlýsingum og viðurkenna að það er út í bláinn, algerlega út í bláinn að Norðurlönd lýsi því einhliða yfir að vera kjarnorkulaust svæði, á meðan við hliðina á þessum löndum er stórveldi sem hikar ekki við að taka upp kartöflur innan landhelgi á rússneskum kafbátum?

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 72). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 72 flyt ég frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Hluti af þessu frv. er kunnur hér í þingsölum. Það hefur verið flutt ár eftir ár. Hér hefur ár eftir ár verið lagt til að fella niður útflutningsgjald af tunnum og hjálparefni til saltsíldargerðar. Hér er sú breyting hins vegar á gerð, að lagt er til í l. gr. þessa frv. að inn í útflutningslögin verði tekin heimild fyrir sjútvrh. til að fella niður þetta gjald eða m. ö. o. að það þurfi ekki að koma fyrir hið háa Alþingi ár hvert.

Ég veit að hv. alþm. þekkja rökin fyrir niðurfellingu útflutningsgjaldsins af síldarafurðum. Við saltsíldarverkun eru tunnurnar innfluttar fyrst og fremst og ákaflega stór liður í kostnaði við þá vinnslu. Menn hafa verið sammála um að ekki væri eðlilegt að leggja síðan útflutningsgjöld á það verðmæti, þ. e. á tunnurnar, né á hjálparefni sem notuð eru í þessu sambandi. Sérstök rök hafa hvað eftir annað verið færð fram fyrir því að fella niður útflutningsgjald af ediksaltaðri síld. Sú síld hefur verið flutt til Þýskalands, þ. e. Efnahagsbandalagsins. Þar hafa tollar jafnt og þétt hækkað og mönnum verið ljóst að ekki yrði af slíkum útflutningi nema þessari tollahækkun væri mætt með því að fella niður einhver gjöld hér innanlands. Þetta var t. d. samþykkt á síðasta Alþingi.

Ég get upplýst, að þrátt fyrir niðurfellingu útflutningsgjalds af ediksaltaðri síld, sem hér er lagt til, eru mjög litlar eða engar líkur til þess, að af útflutningi verði til Vestur-Þýskalands. Það stafar af því, að þar hækka tollar nú enn og allt bendir til að þeir verði orðnir 20% af slíkum innflutningi, hækki úr um 8%, sem þeir voru áður, upp í 20%. Má þá ljóst vera að jafnvel niðurfelling útflutningsgjalds nægir ekki til þess, að af slíkum innflutningi gæti orðið. Engu að síður þykir rétt að halda þessari venju, sem skapast hefur, og leggja til að það gjald verði fellt niður.

Síðan er í frv. þessu ákvæði til bráðabirgða. Þar er fjallað um niðurfellingu að hluta á útflutningsgjaldi af loðnuafurðum. Lagt er til að útflutningsgjaldið verði 3.575% í stað 5.5%. Jafnframt er lagt til í frv. í hvað þetta gjald skuli greiða, felld er niður greiðslan í almenna deild Aflatryggingasjóðs og einnig í verðjöfnunardeild Aflatryggingasjóðs. Almenna deildin stendur mjög vel og verðjöfnunardeildin sæmilega.

Þetta er liður í samkomulagi, sem gert var um loðnuverð, og er flutt með fullu samkomulagi við sjómenn og útgerðarmenn sem gjarnan hafa litið á útflutningsgjaldið sem sitt, enda er því ráðstafað til ýmissa þarfa útgerðarinnar. Mér þykir því rétt í þessu sambandi að rekja hvernig samkomulag náðist um loðnuverðið.

Loðnuverð hafði verið ákveðið til bráðabirgða s. l. haust 450 kr. tonnið. Það gilti til loka september. Menn gerðu sér jafnframt vonir um að loðnumjöl og afurðir mundu hækka með haustinu, eins og venja hefur verið. Svo varð því miður ekki. Loðnumjöl féll enn og hafði þá fallið úr 9 dollurum hver próteineining niður í 7 dollara. Það er 22% verðfall í dollurum. Lýsi hafði sömuleiðis fallið í verði. Þegar loðnuverð var tekið upp aftur í byrjun október varð því ljóst að vinnslan gæti með engu móti greitt þetta verð, 450 kr. á tonnið. Að mati Þjóðhagsstofnunar vantaði þá 246 kr. upp á eða um 35—36% að vinnslukostnaði væri mætt. Samkomulag náðist síðan við sjómenn og með hjásetu vinnslunnar um að þessu yrði mætt þannig að skiptaverð lækkaði í 425 kr., en það er 29 kr. brúttólækkun því gjöld eru lögð á loðnuverðið sem þar dragast einnig frá. Þá varð samkomulag um að fella niður útflutningsgjald, eins og gert er ráð fyrir því frv. sem ég mæli nú fyrir, og nemur það 16 kr. Loks var ákveðið að Verðjöfnunarsjóður tæki lán með ríkisábyrgð samkv. heimild í þeim brbl. sem sett voru 1. sept. s. l. Þetta lán yrði samtals, miðað við það aflamagn sem hefur verið áætlað fram til áramóta, 42 millj. kr. og nemur 105 kr. á hvert tonn. Eftir sem áður stendur þó tap vinnslunnar upp á 96 kr., sem er um 11—12% vinnslukostnaðar.

Þá er lagt til í ákvæði til bráðabirgða að sjútvrh. verði

heimilað að ákveða að ekki skuli innheimt gjald samkv. 2. gr. af allt að 1600 tonnum af þurrkuðum saltfiski af saltfisksframleiðslu ársins 1981. Ráðh. getur og ákveðið að gjaldið verði endurgreitt.

Eins og hv. þm. mun kunnugt var þurrfiskmarkaður mikilvægur fyrir okkur Íslendinga, sérstaklega í Brasilíu á fyrri árum. Því miður höfum við nánast algjörlega fallið út af þeim markaði. Forustumenn Sölusambands ísl. fiskframleiðenda fóru þess á leit við sjútvrn., að aðstoð yrði veitt í einu formi eða öðru til að vinna mætti nokkurn blautfisk í þurrfisk og gera tilraun til að ná að nýju fótfestu á Brasilíumarkaði. Þeir áætla að vinna 2000—3000 tonn af blautfiski, sem gæti þá orðið að hámarki 1600 tonn af þurrfiski. Þarna er um mjög mikilvægt mál að ræða og tvímælalaust nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að skoða allar leiðir til að ná að nýju eðlilegri hlutdeild í þessum markaði.

Til þess að gera saltfiskframleiðendum þetta kleift er m. a. það frv. flutt, sem hér er, eða það ákvæði, sem ég nú lýsti, um niðurfellingu á 5.5% útflutningsgjaldi. Ef framleidd verða 1600 tonn af þurrfiski nemur það samtals um 1.9 millj. kr., sem er um 1% af heildartekjum af útflutningsgjaldi sjávarafurða.

Þá er að lokum lagt til í ákvæði til bráðabirgða að ráðh. verði heimilt að ákveða að ekki skuli innheimta gjald samkv. 2. gr. af skreið, sem unnin er úr kolmunna sem veiddur er á árunum 1981—1982, og að endurgreiða það gjald sem þegar hefur verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna.

Töluverð tilraun hefur verð gerð til að vinna kolmunna til manneldis, gert bæði með flökun og líka með skreiðarverkun, m. a. með því að nýta jarðvarma til þurrkunar á kolmunna. Ég get t. d. nefnt að auk þess að vinna úr þeim kolmunna, sem fengist hefur innanlands, keypti Þörungaverksmiðjan hf. á Reykhólum 500 tonn af kolmunna erlendis frá til að gera þessa tilraun með þurrkun. Þetta var nauðsynlegt vegna þess að verksmiðjan gat ekki fengið flakaðan kolmunna þegar hentaði til vinnslunnar og innflutningur því leyfður í tilraunaskyni.

Ýmislegt bendir til þess, að þurrkun á kolmunna með jarðvarma geti orðið arðbær atvinnugrein ef kolmunninn fæst. En hitt er jafnframt ljóst, að tilraunin, sem gerð var í fyrra og í ár, er mjög kostnaðarsöm fyrir framleiðendur. Jafnvel þótt sjútvrn. hafi styrkt þessa tilraun með því fjármagni, sem það hefur til ráðstöfunar í slíka aðstoð, fer því víðs fjarri að þessir aðilar hafi fengið greiddan sinn kostnað. Þess vegna þykir rétt að fara fram á slíka heimild fyrir framleiðsluárin 1981—1982, enda vafasamt að leggja eigi útflutningsgjald á tilraun sem hér er um að ræða. Hér er um mjög litla upphæð að ræða.

Um kolmunnann almennt vil ég nefna það, að sjútvrn. ráðstafaði því, sem það hafði í slíku skyni á s. l. ári, til þurrkunar á kolmunna og reyndar þurrkunar með jarðvarma á fiski. Í ár var hins vegar því fjármagni öllu, sem ráðuneytið hafði til slíkrar tilraunastarfsemi, ráðstafað til veiðanna. Ég er ekki búinn að fá endanlegar niðurstöður af þeirri tilraun, en þó bendir því miður allt til þess að þær hafi ekki orðið arðbærar. Kolmunnaveiðar gengu illa, sérstaklega eftir að kolmunninn kom inn fyrir íslenska fiskveiðilögsögu. Ég fæ ekki séð að eftir þessa tilraun séum við miklu nær en áður því nauðsynlega markmiði að nýta kolmunnann. Kolmunninn er eina fisktegundin sem ekki er fullnýtt, og mjög er langt frá því, að við höfum náð að nýta kolmunnann að því magni sem menn telja eðlilegt fyrir okkur. Við höfum aflað 10—20, í mesta lagi 30 þús. lesta af kolmunna, en eðlilegur afli væri í kringum 200 þús. lestir. Um það skal ég ekki ræða frekar en vil að lokinni þessari framsögu leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég á sæti í þeirri nefnd, sem málið fer væntanlega til, og get kynnt mér það frekar þar. En vissulega er hér um stórt og mikið mál að ræða og sá vandi, sem við blasti í sambandi við loðnuveiðarnar, er hér meðhöndlaður á nokkuð óvenjulegan hátt. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi fara um nokkrum orðum.

Þegar hæstv. sjútvrh. gerði sjútvn. beggja deilda grein fyrir þessu máli um miðjan okt. s. l. upplýsti hann að miðað við að felld yrðu niður útflutningsgjöld á loðnunni mundi vanta um 40 millj. til viðbótar til að ná endum saman varðandi loðnumálin, ef ég man rétt. Eins og hæstv. ráðh. sagði hér var gert ráð fyrir í samkomulagi að taka lán til að brúa þetta bil. Hæstv. ráðh. sagði að það hefði verið í fullu samkomulagi við sjómenn. Kannske má orða það svo. Ýmis mótmæli hafa þó komið fram vegna þessarar ráðstöfunar, sem ég ætla ekki hér að gera að umræðuefni. Alla vega mun fulltrúi sjómanna, sem þarna átti hlut að máli, hafa fallist á þetta, ef ég veit rétt.

Mín spurning í sambandi við þetta er þessi: Er hér um að ræða væntanlega 40 millj. kr. lántöku til að brúa þetta bil, og hvernig verður með endurgreiðslu á slíkri lántöku? Hvað er hún til langs tíma? Ég sé ekki að gerð sé nein grein fyrir því. Það segir að vísu, með leyfi forseta, í athugasemdum með frv.:

„Jafnframt urðu fulltrúar veiða og vinnslu sammála um, að við þessar óvenjulegu aðstæður yrði að afla fjár í Verðjöfnunarsjóð með lántöku, en endurgreiðsla lánsins yrði þó bundin tiltekinni þróun markaðsverðs" — hvaða tiltekinni þróun? — „þannig að hagur veiða og vinnslu yrði viðunandi, áður en til greiðslu lánsins kæmi."

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Hvað er verið að gera hér? Liggur fyrir í fyrsta lagi upphæð lánsins? Í öðru lagi: Hvaða kjör eru á þessari lántöku og á hvaða tíma á hún að greiðast, eða er ekki búið að ganga frá því máli?

Þetta vildi ég að kæmi strax inn í umræður við 1. umr. málsins. Vissulega kemur þetta til athugunar þegar málið kemur til nefndar, en ég tel rétt að þetta komi inn í umræður strax á fyrsta stigi.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Gert er ráð fyrir að lánsupphæðin verði allt að 42 millj. kr. Það fer að vísu eftir því hvað aflamagnið verður mikið. Jafnframt, eins og fram kemur í athugasemdum, er gert ráð fyrir að það verði ekki endurgreitt af Verðjöfnunarsjóði nema staða hans batni svo, þ. e. loðnudeildarinnar, að hún geti greitt þetta lán. Það þýðir vitanlega að afurðir hækki það mikið að menn komi sér saman um að unnt sé að láta vissa upphæð renna í sjóðinn.

Gert var ráð fyrir að lánið yrði til tveggja ára. Ég hef ekki upplýsingar um það, með hvaða kjörum þetta lán muni verða, en ég tel mjög líklegt að það verði með gengistryggingu og þeim vöxtum sem slíkum lánum fylgja, m. a. vegna þess að lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins gera ráð fyrir að inneign í sjóðnum skuli vera þannig tryggð, þ. e. gengistryggð, og með þeim vöxtum sem gjaldeyrisvarasjóðnum fylgja. Þetta tel ég

eðlilegt vegna þess að Verðjöfnunarsjóðurinn á töluverða upphæð, líklega um 80 millj., í Seðlabankanum. Það er innistæða hans. Lög heimila að því fjármagni sé ráðstafað enda liggi ríkisábyrgð fyrir og það sé gengistryggt eins og þessi lög gera ráð fyrir. Nærtækast er því að deildin taki lán af þessari innistæðu. Þá verður vitanlega að fullnægja þeim ákvæðum sem verðjöfnunarsjóðslögin gera ráð fyrir um ávöxtun þessa fjármagns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til sjútvn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 16. fundur.

Þriðjudaginn 10. nóv., kl. 2 miðdegis.

Bifreiðaeftirlit, fsp. (þskj. 25). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 25 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„Er tilagna að vænta frá dómsmrh. um breytta skipan bifreiðaeftirlits hér á landi, með tilliti til tillagna frá stjórnskipaðri nefnd er fram voru lagðar í okt. 1979?"

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að það var þáv. dómsmrh., Steingrímur Hermannsson, sem skipaði nefnd — eða starfshóp eins og hann kallar hér — til þess að gera tillögur um skipan bifreiðaeftirlits hér á landi í næstu framtíð. Í þessari nefnd áttu m. a. sæti forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins, fulltrúi fjvn., fulltrúi fjárlaga- og hagsýslustofnunar, Þórir Jónsson fulltrúi Bílgreinasambandsins og aðstoðarmaður dómsmrh. Eiríkur Tómasson, sem var jafnframt skipaður formaður starfshópsins.

Skemmst er frá því að segja, að þessi starfshópur skilaði niðurstöðum, ítarlegum tillögum, 25. okt. 1979 og gerði þar margháttaðar brtt. við núverandi fyrirkomulag bifreiðaeftirlits og bifreiðaskoðunar. Það er sammerkt með þessu till. að þær horfa allar í þá átt að spara kostnað við þessa starfsemi og gera þetta allt einfaldara og léttara í vöfum en verið hefur fram til þessa. Hér er um hagræðingarmál að ræða, ekki aðeins fyrir ríkið heldur og fyrir þá einstaklinga sem eiga erindi við þessa ríkisstofnun, sem eru býsna margir.

Því er þessi fsp. hér fram borin, að það er fróðlegt að fá að vita hvort dómsmrh. hyggst fara að tillögum þessarar nefndar eða hvort þær eiga áfram að rykfalla einhvers staðar í hillu.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hinn 8. maí 1979 skipaði þáv. dómsmrh. starfshóp til þess m. a. að gera till. um skipan bifreiðaeftirlits hér á landi í næstu framtíð. Í starfshópnum áttu sæti Eiður Guðnason alþm., Guðni Karlsson forstöðumaður Bifreiðaeftirlits ríkisins, Jón E. Böðvarsson skrifstofustjóri í fjárlaga- og hagsýslustofnun, Þórir Jónsson forstjóri og Eiríkur Tómasson aðstoðarmaður ráðh., sem var formaður nefndarinnar.

Starfshópurinn skilaði skýrslu um verkefni sitt 25. okt. 1979. Í skýrslunni er gerð grein fyrir hlutverki Bifreiðaeftirlitsins og starfsemi. Meginverkefni þess er samkv. umferðarlögum skoðun og eftirlit með ökutækjum. Auk þess eru bifreiðaeftirlitsmenn prófdómendur við almenn bifreiðastjórapróf. Í tengslum við Bifreiðaeftirlitið eru haldin námskeið fyrir atvinnubifreiðastjóra, meiraprófsnámskeið og próf fyrir ökumenn stórra fólksbifreiða og ökukennara. Þá hefur Bifreiðaeftirlitið eftirlit með ísetningu ökumæla vegna innheimtu þungaskatts af dísilbifreiðum og álestur af þeim. Loks heldur Bifreiðaeftirlitið skrá yfir allar bifreiðar í landinu og sér í aðalatriðum um skráningu bifreiða og annarra ökutækja, þótt lögreglustjórar séu skráningaraðilar að lögum. Fjallaði starfshópurinn um þessa verkþætti alla en niðurstöður hans voru þessar helstar:

1. Hópurinn lagði til að áfram yrði haldið reglubundinni árlegri skoðun bifreiða. Lagði meiri hlutinn til að Bifreiðaeftirlitið eitt framkvæmi þessa skoðun á 4. og 8. ári hverrar bifreiðar og síðan, en að öðru leyti fari þessi skoðun fram annaðhvort hjá Bifreiðaeftirlitinu eða á löggiltu bifreiðaverkstæði. Minni hlutinn, forstöðumaður Bifreiðaeftirlitsins, taldi hins vegar rétt að halda í aðalatriðum núverandi kerfi um árlega skoðun á vegum Bifreiðaeftirlitsins. Jafnframt var hópurinn sammála um að leggja bæri aukna áherslu á skyndiskoðun bifreiða úti í umferðinni og í því sambandi þyrfti að huga að samvinnu bifreiðaeftirlitsmanna og lögreglu. Þá taldi hópurinn nauðsynlegt að komið yrði á fullkominni skoðunarstöð fyrir Bifreiðaeftirlitið í Reykjavík og sköpuð inniaðstaða á stærstu stöðum úti á landi.

2. Hópurinn taldi æskilegt að tekið yrði upp nýtt fyrirkomulag á skráningu bifreiða, tekið upp fast númerakerfi fyrir allt landið, en umskráningum vegna flutnings milli umdæma hætt svo og skoðun í tengslum við það. Jafnframt yrði breytt reglum um þinglýsingu.

3. Lagt var til að tekin yrðu upp til einföldunar svonefnd krossapróf í stað munnlegra prófa í fræðilegum hluta ökuprófs.

4. Breytt verði fyrirkomulagi á innheimtu skoðunargjalds og gjalds fyrir ökumannatryggingu.

Tillögur þær, sem starfshópurinn skilaði, hafa að sjálfsögðu verið til skoðunar í rn.

Eins og fram hefur komið varð starfshópurinn ekki sammála um breytingar á fyrirkomulagi bifreiðaskoðunarinnar, sem er einn veigamesti þáttur í tillögum hópsins og umsvifamest verkefna Bifreiðaeftirlitsins. Bifreiðaskoðunin er veigamikill þáttur í umferðaröryggi og erlendis, t. d. í Danmörku, þar sem árleg bifreiðaskoðun hefur ekki verið tíðkuð, er unnið að athugun á því, hvernig koma megi á tíðari skoðun. Er augljóst að hér má ekki rasa um ráð fram og stofna umferðaröryggi í hættu. Rn. hefur ekki treyst sér til að taka upp tillögur starfshópsins um breytt fyrirkomulag bifreiðaskoðunar. Hins vegar telur það koma til athugunar að fækka nokkuð skoðun nýrra og nýlegra bifreiða, þó ekki atvinnubifreiða, svo og skoðun bifreiða við umskráningu. Tillögur um þetta efni verða undirbúnar í samráði við umferðarlaganefnd, sem nú vinnur að heildarendurskoðun umferðarlaga og reglugerða samkv. þeim lögum.

Þá er þess að vænta, að lagðar verði fram að nýju í lagafrv. tillögur um einföldum bifreiðaskráningarkerfisins, byggðar á þeim hugmyndum sem áður hafa legið fyrir Alþingi en ekki hlutu náð fyrir augum þm., þ. e. um fast númerakerfi fyrir allt landið. Loks mun

verða gerður reki að því að ljúka vinnu við endurskoðun reglna um bifreiðastjóraprófin með það í huga, að tekin verið þar upp svokölluð krossapróf til einföldunar.

Eins og áður segir vinnur umferðarlaganefnd að heildarendurskoðun umferðarlaga og reglugerða. Þótt einhver dráttur kunni að verða á því, að sú nefnd skili heildartillögum, mun ég leggja á það áherslu, að þessi atriði verði tekin til sérstakrar meðferðar nú á næstunni svo að nýmæli þau, sem kalla á lagabreytingar, geti komið til meðferðar yfirstandandi Alþingis eða komið til framkvæmda á þessum vetri.

Atriði þau, sem hér hafa verið nefnd, ættu að geta leitt til samdráttar í starfsemi Bifreiðaeftirlitsins án þess að umferðaröryggi verði stefnt í hættu. Hins vegar er að öðru leyti brýnt að bæta aðstöðu Bifreiðaeftirlitsins til skoðunar og koma upp skoðunaraðstöðu innanhúss, hvort sem einhverjum hluta bifreiðaskoðunar verður beint til bifreiðaverkstæða eða ekki.

Fyrir nokkrum árum var bætt verulega aðstaða Bifreiðaeftirlitsins í Reykjavík, að því er varðar skrifstofuþáttinn, er tekið var á leigu húsnæði fyrir Bifreiðaeftirlitið á Ártúnshöfða. Hefur þar fengist þokkaleg aðstaða og nýmæli tekin í notkun, svo sem að bifreiðaskráin hefur verið færð í tölvu. Eru nýjar upplýsingar nú færðar jafnóðum í tölvuna frá Bifreiðaeftirlitinu í Reykjavík. Hins vegar berast upplýsingar utan af landi enn bréflega og er skráin því ekki jafnan rétt að því leyti. Er nú unnið að því að tengja starfsstöðvar Bifreiðaeftirlitsins á Akureyri, í Hafnarfirði og Keflavík við tölvuna og verður þá unnt að færa í tölvuna allar breytingar sem framkvæmdar eru á þessum starfsstöðvum. Einnig mun borgarfógetaembættið í Reykjavík tengjast bifreiðaskránni nú á næstunni og einfaldast þá þinglýsing veðbanda og umskráningar. Með aðstoð tölvunnar skapast og sá möguleiki að skipuleggja skoðun, þ. e. að bifreiðaeigendur geti pantað sér tíma fyrir fram, og að fylgjast betur með því en áður hvort bifreið hefur verið færð til skoðunar. En þótt skrifstofuaðstaðan hafi batnað hjá Bifreiðaeftirlitinu hefur enn ekki tekist að bæta skoðunaraðstöðuna og fer hún enn fram utan dyra. Er mjög brýnt að úr þessu verði bætt hið fyrsta. Sótt hefur verið um heimild fyrir viðbótarhúsnæði í þessu skyni og að stofnuninni verði veitt nægilegt fjármagn til að bæta starfsaðstöðuna.

Rétt er að hafa það í huga, að Bifreiðaeftirlitið er ekki baggi á ríkisrekstrinum, þar sem tekjur ríkisins vegna þeirra verka sem tengjst starfsemi Bifreiðaeftirlitsins, þ. e. skoðunargjöld, skráningargjöld og prófgjöld bifreiðastjóra, skila í ríkissjóð verulega hærri fjárhæð er nemur kostnaði við Bifreiðaeftirlitið, og hefur svo verið undanfarin ár.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans við þessari fsp. minni og fagna því, að tillagna skuli að vænta og það vonandi fyrr en síðar, um nokkur þeirra atriða sem þessi nefnd gerði tillögur um á sínum tíma og horfa til hagræðingar.

Hæstv. dómsmrh. tók það fram, að Bifreiðaeftirlit ríkisins væri ekki baggi á ríkissjóði. Það má e. t. v. reikningslega komast að þeirri niðurstöðu. Hins vegar ef unnt er að hagræða þeim rekstri og spara verulegar fjárhæðir, 13 mannár var það talið í skýrslu starfshópsins, þá ber auðvitað að fylgja slíkum ráðleggingum hvar sem er í rekstri ríkisins.

Eitt eða tvennt var það í máli hæstv. ráðh. sem ástæða er til að gera aths. við.

Það fólst engan veginn í tillögum þessarar nefndar að slaka bæri á þeim öryggiskröfum sem gerðar eru varðandi skoðun bifreiða. Í niðurstöðum starfshópsins sagði m. a.: „Starfshópurinn telur, að ekki beri að slaka á reglubundinni skoðun bifreiða og annarra ökutækja, og gerir ráð fyrir að þær verði eftir sem áður skoðaðar einu sinni á ári. Hins vegar var gerð tillaga um að þessi skoðun þyrfti ekki endilega að eiga sér stað hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins, hún gæti átt sér stað á venjulegum bifreiðaverkstæðum um leið og menn kæmu með bifreiðar sínar þangan til eftirlits eða viðgerðar. Slíkt mundi hafa mikið hagræði í för með sér og horfa til sparnaðar sömuleiðis." Eftir sem áður var gert ráð fyrir að Bifreiðaeftirlit ríkisins framkvæmdi ítarlega skoðun á hverri bifreið á fjórða ári sem og á áttunda ári og upp frá því árlega.

Ég held að það sé ástæðulaust að hafa öllu fleiri orð um þetta. Þær till., sem gerðar voru um breytingu á númerakerfi, hefur áður borið á góma hér á hinu háa Alþingi, en ekki hlotið náð hér, svo einfalt og sjálfsagt sem það mál er og hefur verulegan sparnað í för með sér í sambandi við skráningu bifreiða. Það er vonandi að till. frá dómsmrn. um breyttar reglur í þessum efnum sjái sem fyrst dagsins ljós hér á hinu háa Alþingi.

Böðvar Bragason: Herra forseti. Ég tel rétt að segja nokkur orð um það mál sem hér er til meðferðar, því að mér er þetta mál nokkuð kunnugt úr starfi mínu og einnig hef ég haft á því nokkurn áhuga.

Rætt er um að sú nefnd, sem skilaði áliti 1979, hafi lagt til reglubundna skoðun áfram, en að vísu ekki nema á fjögurra ára fresti, annars færi þessi skoðun fram á bifreiðaverkstæðum. Ég tel þetta út af fyrir sig gott að því leyti, að það er minnst á að fela megi bifreiðaverkstæðum þessa skoðun. Ég tel að það sé rétt að fara inn á þá braut, en þó þannig að eftirlitið sjálft annist áfram skoðun og þá kannske sérstaklega á eldri bifreiðum.

En e. t. v. er mér það efst í huga varðandi skoðun bifreiða, að það sé ekki nóg að þær séu skoðaðar árlega, heldur verði að leggja áherslu á það, að þær séu skoðaðar fyrirvaralaust í umferðinni. Ég er viss um að eins og ástandi bifreiða er yfirleitt háttað — og það er því miður víða lélegt — sé áhrifaríkara, að bifreiðaeigendur og ökumenn megi búast við því að þurfa að hlíta skoðun á bifreiðum sínum fyrirvaralítið, en að þeir séu skyldaðir til þess að koma einu sinni á ári með þær í skoðun.

Ég vildi koma þessu atriði að vegna þess að þetta þarf ekki að þýða aukningu mannafla. Það er hægt að láta bifreiðaeftirlitsmenn annast þetta verk á landsbyggðinni og það er einnig hægt að ítreka það við löggæslumenn landsins, að þeir hafi þetta í huga á ferðum sínum við eftirlit og löggæslustörf.

Ég nefndi bifreiðaeftirlitið á landsbyggðinni. Það er að vísu ágætt og hefur komið fram, að Bifreiðaeftirlitið virðist standa undir sér kostnaðarlega séð. En við megum ekki einblína á það. Bifreiðaeftirlitið er þeirrar náttúru, eins og margar aðrar stofnanir ríkisvaldsins, að það á að veita þjónustu. Og því miður er það svo, að það þarf að auka hana víða. Ég vil því koma þeirri ósk á framfæri, að þetta verði tekið með í athugun þess hóps sem nú athugar þetta á vegum rn.

Að lokum þetta: Það þarf að huga að fleiru en bifreiðunum. Það eru mörg ökutæki eða verktæki notuð á vegunum sem ekki síður þurfa skoðunar við en bifreiðar, en

enn þá eru þau mál í miklum ólestri.

Flugsamgöngur við Vestfirði, fsp. (þskj. 34). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pámason): Herra forseti. 29. maí 1980 var samþykkt hér á hv. Alþingi svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela samgrh. að láta athuga nú þegar með hvaða hætti tryggja megi sem bestar og öruggastar flugsamgöngur við Vestfirði.

Athugun þessi skal fyrst og fremst beinast að eftirfarandi:

1. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Ísafjarðarflugvelli.
2. Endurbótum og lengingu á flugbrautinni við Holt í Önundarfirði og flugbrautinni í Bolungarvík með það í huga að þær gegni því hlutverki að vera varavellir fyrir Ísafjarðarflug.
3. Öryggisbúnaði og lýsingu á Þingeyrarflugvelli.
4. Lýsingu og öryggistækjum vegna aðflugs og lendingar á Patreksfjarðarflugvelli.

Athugun þessari skal hraðað svo sem frekast er kostur."

Í ljósi þessarar samþykktar hef ég leyft mér að leggja fram á þskj. 34 svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Er lokið athugun þeirri á úrbótum í flugsamgöngum við Vestfirði, sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980?

2. Ef svo er, hverjar eru niðurstöður hennar?"

Það þarf ekki að fara öllu fleiri orðum um það, hversu nauðsynlegt það er Vestfirðingum að að þessum málum sé unnið og það vel, vegna þess að þeir hafa búið og búa enn við þá sérstöðu að 7—9 mánuði á ári verða þeir svo til eingöngu að treysta á flugsamgöngur við aðra landshluta. Það er því knýjandi nauðsyn að fá úr því skorið, með hvaða hætti hægt er að tryggja betur þennan samgönguþátt, og síðan í áframhaldi af slíkri könnun að fá til þess fjármagn að hrinda framkvæmdum af stað til þess sem nauðsynlega þarf að vinna.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er mjög brýnt að bæta flugsamgöngur við Vestfirði. Enginn landshluti er meira einangraður að öðru leyti frá öðrum hluta landsins en Vestfirðir, t. d. hvað varðar vetrarsamgöngur á landi, og í raun og veru er einnig flugið stopult vegna aðstæðna þar, eins og fjölmargir hér inni þekkja. Þess vegna hefur jafnt og þétt verið unnið að því að bæta þessar flugsamgöngur.

Ég skipaði nefnd í samgöngumál Vestfjarða 25. sept. 1980 að ósk Fjórðungssambands Vestfirðinga og fól þeirri nefnd m. a. að taka umræddá þáltill. til meðferðar. Nefndin hefur ekki lokið störfum, en hins vegar hefur hún rætt einmitt þessi mál töluvert. Án þess að ég geti nú skýrt frá niðurstöðum nefndarinnar að þessu leyti vil ég þó upplýsa að svo virðist sem nefndin sé sammála um að leggja til að Þingeyrarflugvöllur verði varaflugvöllur fyrir F-27 flugvélar, en flugvöllurinn á Holti verði lengdur úr 800 metrum í 1000 metra og nýttur þá sem varaflugvöllur fyrir minni flugvélar. Hins vegar er á það bent, og er reyndar óþarfi fyrir þá sem þekkja, að þetta er ákaflega mikið háð því hvernig samgöngur á landi verða síðan á milli Ísafjarðar og flugvallanna vestan eða sunnan Ísafjarðar þ. e. flugvallarins á Holti og Þingeyrarflugvallar, og kemur þar að því sérverkefni, sem er á dagskrá á Vestfjörðum, að bæta samgöngurnar yfir Breiðdalsheiðina og fyrir Dýrafjörðinn.

Þá virðist nefndin vilja leggja áherslu á að bæta nokkra sjúkraflugvelli, m. a. í Bolungarvík og einnig í Ögri. Sjúkraflugvöll vantar á Barðaströndina. Þá er lögð áhersla á það í þessum fundargerðum nefndarinnar, að flugleiðsöguþjónusta við Vestfirði verði bætt með því að koma upp fjölstefnuvita. Ekki hefur verið rætt enn þá um nákvæma staðsetningu, en Þverfjall nefnt. Jafnframt hefur verið talað um nauðsyn þess að koma sem fyrst upp radíó- og markvita við Gjögur.

Eins og þetta ber með sér er um ýmislegt að ræða, reyndar fleira en beinlínis fólst í fyrrnefndri þáltill.

Ég hef jafnframt beðið flugráð og flugmálastjórn að vinna áætlun fyrir árin 1982—1985, þ. e. framkvæmdaáætlun, og það var gert og ítarlega um hana fjallað s. l. vetur. Þar er lagt til grundvallar að bæta öryggismál flugsins, ekki bara við Vestfirði, heldur við landið allt. Þessi áætlun, sem nær til allra þeirra þátta, sem hv. þm. nefndi, og ýmissa fleiri í flugsamgöngum við Vestfirði, er nú til endurskoðunar á grundvelli þeirrar upphæðar sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 36% aukningu til flugmála á milli ára, en hins vegar er í öðrum framkvæmdaliðum grunntalan 28%. nema í vegamálum, þar sem að sjálfsögðu er stuðst við þá vegáætlun sem hér var samþykkt í fyrra.

Flugmálin fá sem sagt sérstaka meðferð. Ég held að menn hljóti að fagna því. Þetta var ákveðið í ríkisstj. með tilliti til þess, að oft hefur verið talið að öryggisþáttur flugsins væri ekki nægilega góður og þyrfti úr að bæta. Þetta er þó nokkru minni hækkun en við gerðum ráð fyrir í þessari fjögurra ára áætlun. Því er nú verið að endurskoða þessa áætlun með tilliti til þess sem gera má ráð fyrir næsta ár. Ég vil jafnframt geta þess, að ég stefni að því að slík áætlun verði sýnd hér á Alþingi fyrir næstu árin. Eins og nú er komið tel ég mikilvægt að sú áætlun sé samræmd því sem fram kemur í fjárl. Þannig verður að þessum málum unnið. Síðan verður lögð fram áætlun fyrir næstu fjögur ár. Ég hygg að menn geti verið sammála um að þannig verður að vinna að þessu máli.

Um einstaka þætti, sem hv. þm. benti á, vil ég segja: Nú er verið að koma upp lýsingu á Ísafjarðarflugvöll, komin lýsing á Patreksfjarðarflugvöll. Í þeirri áætlun, sem flugmálastjórn hefur lagt fram, er gert ráð fyrir að lýsing komi á Þingeyrarflugvöll 1984. Það stafar af því, að aðrir flugvellir þarna eru af öryggisástæðum taldir það varasamir að þeir verði að koma á undan. Fyrst og fremst er um að ræða flugvöllinn á Suðureyri, sem er að mati flugmálastjórnar við neðri mörk þess sem verður að gera kröfu til. Að mati flugmálastjórnar verður að leggja mikið fjármagn í að bæta hann á næsta ári. Það er því tekið sem eins konar forgangsverkefni eftir að flugvallargerð í Arnarfirðinum er lokið. Þar er einnig flugvöllur sem var langt undir lágmarksmörkum. Þann flugvöll er verið að lengja. Það verður mjög kostnaðarsamt verk. Lýsing eins og ég nefndi er hins vegar komin á Patreksfjörð. Þannig eru allir þeir þættir, sem hv. þm. hefur nefnt í sinni þáltill., komnir inn á framkvæmdaáætlun og sumum er þegar lokið, eins og þetta sem ég hef nefnt.

Ég vil hins vegar geta þess, að sem betur fer hafa orðið verulegar framfarir í öryggismálum flugsins á Vestfjörð-

um, t. d. með uppsetningu miðlínusendis í Djúpinu, sem gjörbreytir aðflugi að Ísafjarðarflugvelli og er kannske meira virði en ýmislegt annað sem hefur verið nefnt. Menn gera sér kannske ekki fyllilega grein fyrir því. Einnig er unnið að uppsetningu markvita, t. d. á Gjögri og við Patreksfjörð og reyndar Göltinn, sem eru allir mjög mikilvægir í þessu sambandi. Í þessari athugun og áætlunargerð hefur vitanlega verið tekið margt fleira en minnst er á í umræddri þáltill.

Ég vil svo að lokum taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er ákaflega mikilvægt að koma öryggismálum flugsins um land allt í betra lag en nú er. Ég vil jafnframt lýsa þeirri skoðun minni, að Vestfirðirnir búa þar við erfiðar aðstæður frá náttúrunnar hendi. Þess vegna hefur verið lögð áhersla á að hraða framkvæmdum þar.

Samkv. upplýsingum frá flugmálastjórn hefur fjárveiting til flugmála á Vestfjörðum aukist þannig á undanförnum árum: Árið 1979 var varið til fjárfestingar í flugmálum samkv. fjárl. 8 millj. nýkr., þar af til Vestfjarða 1 millj. 59 þús. Árið 1980 var heildarfjárfesting í flugmálum samkv. fjárl. 14.5 millj., en til Vestfjarða 2 millj. 553 þús. og þá var aukning á milli ára til Vestfjarða, frá 1979 til 1980, 141%. Á árinu 1981 er heildarfjárfesting til flugmála 22 millj. 850 þús., til Vestfjarða 5 millj. 28 þús., þannig að aukning á milli ára frá 1980 til 1981 er 97% til Vestfjarða. Það hefur því verið brugðist vel við því að bæta ástand flugsins til Vestfjarða, eins og þessar tölur bera með sér.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Mér sýnist á þeim að nokkuð hafi áunnist og þokast, þó að víðs fjarri sé að það sé búið að taka allt til greina eða skoðunar sem þáltill. gerði ráð fyrir, eins og t. d. sjúkraflugvöllinn í Bolungarvík sem nýjustu fréttir herma að flugráð hafi strikað út af næstu áætlun sinni til nokkurra ára. Vonandi tekst að koma þeim lið inn aftur þrátt fyrir þessar ákvarðanir flugráðs, en eins og mál standa mun a. m. k. vera stór mínus hjá flugráði við þá framkvæmd, að ég best veit. Flugráðsmenn, sem hér eru inni, leiðrétta það ef rangt er með farið. Ég verð hins vegar að harma nokkuð að þetta skuli ekki ganga betur. Mér sýnist að það geti liðið 1—2 þing enn og þá verði að bera upp fsp. áður en þessum ákvörðunum er lokið. Nú er komið langt á annað ár síðan þáltill. var samþykkt og þó ekki lokið meira en raun ber vitni.

Ég fagna því að sjálfsögðu sem áunnist hefur, og ég fagna því, að sú nefnd, sem hæstv. ráðh. skipaði, tók einnig þennan þátt. Ég tek undir það, að allt er þetta samverkandi í samgöngumálum. Það er ekki bara flugið, það þarf fleira að koma til.

Hæstv. ráðh. sagði hér, eins og auðvitað hefur komið fram oft áður, að enginn landshluti þurfi eins mikið á flugsamgöngunum að byggja og Vestfirðir. Hæstv. ráðh. fór hér með tölur sem hann taldi sýna að Vestfirðir hefðu fengið aukinn hlut í fjárveitingum til flugmála á undanförnum árum. Fjárveitingar eru eitt og framkvæmdir annað. Það skýtur nefnilega hálfskökku við þegar skoðaðar eru t. d. fjárlagatillögurnar til flugmálaframkvæmda á Vestfjörðum fyrir árið 1981 og svo hins vegar hvað embættismennirnir í kerfinu hjá hæstv. ráðh. hafa viljað láta gera í framkvæmdum, burt séð frá því hvað fjárveitingavaldið hafði ákveðið í sínum tillögum. Það kemur nefnilega í ljós við skoðun að það kjördæmi, sem mest á eftir af fjárveitingum í flugmálum, er Vestfjarðakjördæmi. Hvers átti Vestfjarðakjördæmi að gjalda þetta ár? Átti það bara að fá fjárveitingarnar á pappírnum? Áttu embættismennirnir í kerfinu síðan að strika þær út og láta þær í annað? Það segir lítið þó að hæstv. ráðh. fari hér með tölur um fjárveitingar yfirstandandi árs og undangenginna ára þegar embættismönnum í kerfinu líðst að haga aðgerðum sínum eftir geðþóttaákvörðunum án tillits til þess, hvað fjárveitingavaldið hefur ákveðið. Þetta þarf m. a. að koma í veg fyrir af hálfu fjárveitingavaldsins, að embættismönnunum líðist að ráðsmennskast með fjárveitingar að eigin geðþótta, þveröfugt við það sem fjárveitingavaldið hefur ákvarðað.

Um þetta eru ótalmörg dæmi og væri ástæða til að ræða það frekar. — Ég heyri að hæstv. forseti er farinn að berja í bjöllu og ég skal ekki níðast á honum, en ég ítreka að ég vænti þess, að hæstv. samgrh., verði hann í samgrh.-stól að ári, sjái til þess, a. m. k. meðan hann er þm. Vestfjarðakjördæmis, að þar verði ekki mest af ónotuðu fjárveitingafé til framkvæmda í flugmálum, eins og mér sýnist að sé í ár.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég held að þetta sé óþarfastormur hjá hv. fyrirspyrjanda sem hann magnaði hér upp. Ég verð að vekja athygli á því, að í þáltill. er eingöngu talað um athugun á vissum þáttum í almennu upphafi hennar. Hins vegar er verið að fjalla um það miklu víðtækar, með hvaða hætti verði tryggðar sem bestar og öruggastar flugsamgöngur. Vitanlega hefur fjölmargt fleira verið skoðað en segir í þessari takmörkuðu till., eins og ég vakti athygli á áðan. Vilja menn ganga fram hjá t. d. framkvæmd eins og á Suðureyri þar sem að mati flugfróðra manna er öryggi talið fyrir neðan lágmarkskröfur? Ég hef talið skylt að hlusta á slíkt þegar frá sérfróðum mönnum um öryggismál kemur. Niðurröðun framkvæmda hefur verið ákveðin með sérfróðum mönnum.

Ég vek athygli á því gamalkunna, að Róm var ekki byggð á einni nóttu og þeir eru fáir sem stökkva í fullum herklæðum út í veröldina, nema þá kannske helst hv. fyrirspyrjandi. Vitanlega tekur nokkurn tíma að vinna að þessum málum.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan: Ég fagna því hvað vel hefur verið tekið í að ráða bót á öryggismálum Vestfjarða. Að því hefur verið unnið af töluverðum krafti. Vitanlega mætti það vera meira, en það er staðreynd, að meiru hefur verið ráðstafað til þeirra mála á Vestfjörðum en annars staðar um landið í hlutfalli. Ég hef talið það vera eðlilegt og verjanlegt með tilliti til þess öryggisástands og ástands í samgöngumálum sem þar ríkir.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda um að flugráðsmenn, sem hér væru inni, leiðréttu hann ef hann færi með rangt mál í sambandi við það sem hann sagði um Bolungarvík áðan, nefndi að flugráð hefði strikað út fjárframlag til Bolungarvíkur, til sjúkraflugvallar, þá vil ég upplýsa að það hefur aldrei verið gert í flugráði. Sjúkraflugvellir eru vanalega fæðir undir einni tölu fyrir hvert kjördæmi og þar af leiðandi hefur aldrei komið fyrir flugráð að strika þar einn eða neinn flugvöll út. Það hefur aftur verið fjvn. og

þar er hv. fyrirspyrjandi starfandi. Flugráð tók aftur á móti Bolungarvík upp á síðasta fundi sínum, hefur í hyggju að gera ákveðnar tillögur um að veitt verði sérstakt fjármagn til flugvallar í Bolungarvík. Þess vegna er það, sem flugráð hefur gert í sambandi við Bolungarvík, frekar á hinn veginn: að leggja heldur til að fjármagn verði aukið á þann stað en að sú stofnun hafi í einu eða neinu strikað út framlög til framkvæmda þar.

Fyrst ég er kominn hér upp og það hefur verið gert lítið úr því sem gert hefur verið á Vestfjörðum á undanförnum árum, sem sjálfsagt hefði mátt vera miklu meira en gert hefur verið, þá held ég að rétt sé að upplýsa það, að t. d. á Gjögri, þeim afskekkta stað, hefur verið í sumar unnið mun meira en fyrir þá fjárhæð sem flugráð og fjvn. og Alþingi samþykktu. Það getur vel verið að það sé ástæða til að dæma starfsmenn flugmálastjórnar mjög hart fyrir að það hafi verið gert, en ég tek ekki undir þann dóm. Einnig vil ég upplýsa það, að einmitt í sambandi við Gjögur er ákveðið að á næsta ári verði sett þar upp lýsing. Sú tillaga kom ekki frá neinum hv. þm. Vestf., hún kom frá flugráðsmönnum. Ég held að það sé alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að eyða ræðutíma sínum hér á Alþingi í að lýsa yfir að störf flugráðs séu eitthvað í þá átt að skera niður framkvæmdir á Vestfjörðum.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er nauðsynlegt að leiðrétta það sem kom fram hjá hæstv. ráðh. og hv. þm. sem situr í flugráði. Ég spyr enn: Er það rangt að mínus hafi verið settur við framkvæmdir við flugvöll í Bolungarvík á næstu fjögurra ára áætlun flugráðs á síðasta fundi? Svari hver sem svara vill og getur. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) Er það rangt? Ég hef þau plögg undir höndum og skal sýna hv. þm. þau á eftir.

Varðandi Gjögur: Ég hef ekki fordæmt það. Eftir stendur, sem ég sagði hér áðan, að af fjárveitingum til Vestfjarða til framkvæmda í flugmálum á árinu 1981 eru 600 þús. — 60 gamlar millj. — ónotuð. Það er full þörf fyrir það framkvæmdafé í þessum fjórðungi og ástæða til að nota það.

Aðeins varðandi Suðureyri. Ég tek undir að á Suðureyri er einn af þeim flugvöllum sem eru hvað lakast settir. Þar var fjárveiting á fjárlögum ársins 1981, en ekkert gert. Af hverju ekki? Ekki var gert snitti þar í framkvæmdum í ár þó að hæstv. ráðh. básúni það hér að þetta sé verst setti og hættulegasti flugvöllurinn. Fjárveitingin var ekki notuð. Það er rétt að tíma tekur að vinna, en það þarf að vinna skipulega og það þarf að vinna fyrir þá fjármuni sem fyrir hendi eru hverju sinni. Þessir fjármunir eru til reiðu, m. a. með hliðsjón af því sem starfsmenn flugmálastjórnar og flugráðs lögðu til og töldu að hægt væri að gera en síðan reyndist á sumum stöðum bara hrein vitleysa vegna mistaka í áætlunum frá sjálfum starfsmönnum flugmálastjórnar og flugráðs, sbr. Bíldudalsdæmið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af því, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda um Suðureyrarflugvöll, vil ég geta þess, að sá flugvöllur var tekinn til sérstakrar athugunar frá öryggissjónarmiði. Niðurstaðan varð sú og í fullu samráði við heimamenn, að mjög stórt átak yrði gert þar á næsta ári og það fjármagn, sem veitt var nú, yrði sameinað því, sem fæst á næsta ári, í miklu stærra og heillegra átak. Um það hefur því verið fullt samkomulag með þeim sem fjalla um öryggismál: flugráði, heimamönnum og samgrn.

Ráðstafanir vegna myntbreytingar, fsp. (þskj. 52, tölul. II). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 52 hef ég leyft mér að beina svohljóðandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

„1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir, að myntbreytingin um s. l. áramót valdi sérstökum verðhækkunum, einkum á smærri vöru og minni háttar þjónustu, umfram aðrar verðhækkanir?

2. Hvernig hefur Verðlagseftirlitinu verið beitt til aðhalds og eftirlits?

3. Eru til frá Verðlagseftirliti samanburðarskýrslur varðandi ýmsar smærri vörur fyrir og eftir myntbreytingu, og ef svo er, hvað hafa þær þá leitt í ljós?

4. Hefur rn. leitað til Neytendasamtakanna varðandi mál þetta, og ef svo er, hvað hefur þá verið gert af hálfu samtakanna?“

Fyrir nokkru reit ég greinarkorn í Dagblaðið þar sem bæði var rætt um áhrif myntbreytinga og gengisbreytinga á verðlagningu og hugsanlega misnotkun varðandi almennt vöruverð í tengslum við hvort tveggja. Ég rakti þar ýmis dæmi, sem trúverðugt fólk hefur sagt mér, um óeðlilegar hækkanir ýmiss konar smávöru og jafnvel minni háttar þjónustu, sem ég taldi nauðsynlegt að kanna frekar. Ég sparaði mér allar fullyrðingar um þetta mál og mun gera nú einnig, enda er það ekki við hæfi þó bein dæmi væri unnt að taka, sem illskýranleg virðast, um verðhækkanir vöru eftir myntbreytingu.

Mér þótti tilhlýðilegt í framhaldi af þessari litlu grein að kanna með fsp. hverjar ráðstafanir hefðu verið gerðar af þeim, sem eftirlits og aðhalds eiga að gæta, til að fyrirbyggja óeðlilegar verðhækkanir í tengslum við myntbreytinguna. Um það fjalla fsp. En frá því að þær komu fram hefur málið komist inn í sali Alþingis og á öldur ljósvakans einnig, út til þjóðarinnar allrar, þar sem fullyrðingar hafa verið mun stórtækari en ég fór með í Dagblaðsgreininni um ákveðna misnotkun í tengslum við myntbreytinguna. Á eftir því fylgdu svo viðtöl fjölmiðla við verðlagsstjóra þar sem hann m. a. sagði að allar meginvörur, sem snertu afkomu manna, hefðu ekki hækkað óeðlilega. Það er rétt að það komi fram, að því hefur aldrei verið haldið fram. En margt smátt gerir eitt stórt ef mikil brögð eru að misnotkun, svo sem fjölmargir halda óspart fram, og full ástæða er til að komast sem næst hinu sanna.

Það fer ekki milli mála að hundraðföldun verðgildis, hundraðföld breyting á verði allra vörutegunda, getur ruglað skýrustu menn og sú breyting getur einnig gefið óprúttnum aðilum ákjósanlegt tækifæri til að rugla menn enn frekar í ríminu. Það er sagt að verðbólga undangenginna fjölda ára hafi slævt verðskyn almennings. Hvað þá um slíka stökkbreytingu?

Ég vænti sem skýrastra svara hæstv. ráðh., því að hollast er í þessu sem öðru að hafa það sem sannara reynist.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. hef ég snúið mér til Verðlagsstofnunar og beðið hana um upplýsingar, en eins og kunnugt er, þá er framkvæmd á lögum um verðlag, samkeppnis-

hömlur og óréttmæta verslunarhætti í höndum verðlagsráðs, samkeppnisnefndar og Verðlagsstofnunar. Við Verðlagsstofnun starfar, eins og kunnugt er, sérstök deild, neytendamáladeild, sem annast framkvæmd á V. kafla þessara laga. Ég vil strax taka það fram, að ég ræddi þessi mál ítrekað við verðlagsstjóra snemma á þessu ári vegna þess að mér bárust upplýsingar um að það væru einhver brögð að því að smærri hlutir væru seldir við óeðlilega háu verði.

Spurningar hv. þm. eru á þessa leið:

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að koma í veg fyrir, að myntbreytingin um s. l. áramót valdi sérstökum verðhækkunum, einkum á smærri vörum og minni háttar þjónustu, umfram aðrar verðhækkanir?

Eins og ég sagði áður leitaði ég að sjálfsögðu til Verðlagsstofnunar um svör við þessum spurningum, þannig að svörin eru nánast svör Verðlagsstofnunar.

Í brbl. um viðnám gegn verðbólgu, sem sett voru 31. des. s. l., var kveðið á um hert aðhald í verðlagsmálum, m. a. vegna myntbreytingarinnar. Á því tímabili, sem lögin voru í gildi, eða fram til 30. apríl s. l., var enn þá fylgt mjög aðhaldssamri stefnu og verðhækkunum haldið í lágmarki. Í framhaldi af brbl. voru 30. apríl s. l. sett lög um verðlagsaðhald o. fl. og er gildistími þeirra laga til n. k. áramóta. Í lögunum um verðlagsaðhald er kveðið á um að verðlagsákvarðanir skuli miðast við ársfjórðungsleg meginmarkmið, sem ríkisstj. setur á hverjum tíma. Það er skoðun Verðlagsstofnunar, að vel hafi tekist að framfylgja markmiðum ríkisstj. í verðlagsmálum á þessu ári og virðist fyrirsjáanlegt að almennar verðhækkanir frá upphafi til loka ársins verði innan þess ramma sem ríkisstj. upphaflega setti sér, myntbreytingin hafi því ekki haft í för með sér sérstakar verðhækkanir umfram aðrar verðhækkanir, sem mælanleg áhrif hafa á heildarútgjöld heimilanna, en nokkur slík dæmi er hins vegar að finna í smærri vörum, og kem ég nánar að því í svari við spurningu 3 hér á eftir.

2. spurning: Hvernig hefur Verðlagseftirlitinu verið beitt til aðhalds og eftirlits?

Verðlagseftirlitið hefur einkum beinst að þeim vöru- og þjónustuliðum sem hvað þyngst vega í framfærslukostnaði almennings. Það hefur verið stefna verðlagsyfirvalda um langt skeið að beina þeim takmarkaða starfskrafti, sem þau hafa yfir að ráða, inn á þá braut aðallega, í stað þess að dreifa honum á öll svið verðlagsmála. Sem dæmi um þá flokka, sem mest áhersla hefur verið lögð á, má nefna matvörur, hreinlætisvörur, fatnað, búsáhöld, bifreiðar, bensín, heimilistæki, heitt vatn, rafmagn, síma, fargjöld ýmiss konar, afnotagjöld hljóðvarps o. fl. Hækkanir, sem orðið hafa á árinu á þessum liðum, eiga sér eðlilegar skýringar og eru innan þess ramma sem kostnaðarhækkanir hafa gefið tilefni til. Eftirlit með öðrum greinum hefur að mestu verið fólgið í innköllun og athugun á verðlistum, en bein afskipti af verðmynduninni hafa verið lítil.

3. spurning: Eru til frá Verðlagseftirliti samanburðarskýrslur varðandi ýmsar smærri vörur fyrir og eftir myntbreytingu, og ef svo er, hvað hafa þær þá leitt í ljós?

Eins og fram kemur í svari við 2. spurningu hefur Verðlagseftirlitinu fyrst og fremst verið beint að þýðingarmestu þáttum í útgjöldum heimila. En jafnframt hefur verið fylgst með þróun verðlags á ýmsum smærri vörum, sem ekki eru bundnar hreinum verðlagsákvæðum. Eins og ég sagði áður hef ég ítrekað rætt þessi mál sérstaklega við Verðlagsstofnunina. Því er ekki að leyna að í sumum tilvikum hafa þessar smærri vörur hækkað meira á árinu en verðlag almennt, en þó hefur verið mun minna um slíkt en gefið hefur verið til kynna í opinberri umræðu um þetta mál að undanförnu, segir Verðlagsstofnun. Ábendingar, sem verðlagsyfirvöld hafa fengið um verðlagshækkanir, hafa í flestum tilvikum átt sér eðlilegar skýringar.

Margt bendir til þess, að þær verðhækkanir á smávörum, sem verið hafa umfram almennar kostnaðarhækkanir á þessu ári, megi rekja til myntbreytingarinnar og hafi seljendur, m. a. til hagræðis, freistast til að láta verð standa á heilum tölum. Hins vegar virðist of snemmt á þessu stigi að leggja mat á hver verðþróun þessara vara verður í samanburði við almennar verðlagshækkanir þegar til lengri tíma er litið. Búast má við að verðlag það, sem hér um ræðir, muni gilda lengur en ella og eru reyndar nú þegar fyrirliggjandi upplýsingar sem styðja þá skoðun. Verðlagsyfirvöld hafa ekki til þessa talið ástæðu til að grípa að marki inn í verðmyndun þessara vara, en munu fylgjast náið með þróun mála og gera viðeigandi ráðstafanir verði vandamálið stærra en það er nú. Stefnan verður hins vegar áfram sú að leggja megináherslu á eftirlit með þeim vöru- og þjónustuliðum er verulega skipta máli í útgjöldum hins almenna neytanda.

Eins og kemur fram í þessum svörum mínum er alveg ljóst að það hafa verið nefnd dæmi um verðlagshækkanir á smáhlutum sem eru úr hófi og Verðlagsstofnun segist ekki hafa gripið inn í að marki, en þó hefur hún fylgst með þessum málum og gripið inn í að vissu marki. Hins vegar leggur Verðlagsstofnun áherslu á að of snemmt sé að meta hvaða áhrif þetta muni hafa á verðlagsþróun þegar til lengri tíma er litið.

4. og seinasta spurningin er á þessa leið: Hefur rn. leitað til Neytendasamtakanna um þetta mál, og ef svo er, hvað hefur verið gert af hálfu samtakanna?

Eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan er þetta mál ekki þannig vaxið að ástæða hafi verið til að taka það sérstaklega upp við Neytendasamtökin, enda er Verðlagsstofnun betur í stakk búin en þau til að fylgjast með verðlagsbreytingum. Að gefnu tilefni skal tekið fram, að á undanförnum 2—3 árum hefur samstarf Verðlagsstofnunar og Neytendasamtakanna aukist verulega, m. a. á sviði verðlagskannana. Rn. telur, að samstarf þessara aðila hafi haft jákvæð áhrif á verðskyn neytenda og örvað samkeppni á milli verslana, og bindur vonir við að þetta samstarf geti þróast enn frekar í framtíðinni. Rn. hefur jafnframt stuðlað að því, að afstaða stjórnvalda til Neytendasamtakanna hefur gjörbreyst að undanförnu. Hefur það m. a. komið fram í auknum fjárveitingum til þeirra. Þannig gerir fjárlagafrv. fyrir næsta ár ráð fyrir tvöföldun á fjárframlagi til Neytendasamtakanna.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans við spurningum mínum. Ég skal taka undir það fúslega með hæstv. ráðh., að aðalverkefni Verðlagseftirlitsins og verðlagsyfirvalda sé að fylgjast með hinum mikilvægustu vörum og þeim vörum sem þyngst vega í neyslu heimilanna. Vissulega er það rétt. En í tilfelli eins og þessu var kannske enn meiri ástæða til að fylgjast með ýmsu því smærra sem getur þegar öll kurl koma til grafar vegið býsna þungt í pyngju manna ef ekki er nægilega vel að því gáð.

Það kom fram í máli hæstv. ráðh., í svari sem hann las upp frá verðlagsyfirvöldum, að bein afskipti hafi verið lítil af annarri vöru, þ. e. ýmiss konar smærri vöru sem ég spurði sérstaklega um, og raunar viðurkennt í svari verðlagsyfirvalda að þau vissu um nokkur dæmi um smærri vörur þar sem hækkanir hefðu orðið óeðlilega miklar, en þau hefðu ekki gripið inn í. Ég harma að svo skuli ekki hafa verið gert og gef lítið fyrir að skýringar séu að verslunareigendur hafi verið að hagræða einhverju hjá sér í sambandi við vöruverð, eins og kom fram í svarinu frá verðlagsyfirvöldum. Ég hélt einmitt að hlutverk Verðlagseftirlitsins væri að sjá um að menn hagræddu ekki slíku sér í vil á óeðlilegan hátt, eins og þarna mátti glögglega greina.

Varðandi Neytendasamtökin er það rétt, að e. t. v. hefðu Neytendasamtökin átt að vera fyrri til, vera frumkvæðisaðili í þessum efnum, og rn. ekki beinlínis að leita til þeirra. Ég fagna því, hins vegar að Verðlagseftirlitið hefur tekið upp samstarf við Neytendasamtökin.

En það er alveg ljóst af þeim svörum, sem þarna hafa komið fram, að um það eru býsna mörg dæmi að myntbreytingin hafi verið notuð til óeðlilegrar verðlagningar. Ég vil nú beina því til hæstv. ráðh., að hann fylgi þessu máli enn betur eftir en hann hefur gert, þó að hann hafi beðið Verðlagseftirlitið sérstaklega að gæta að þessu máli, og sjái svo um að hin svokallaða hagræðing verslunareigenda, sem kom fram í svari verðlagsyfirvalda, verði ekki nýtt meira en góðu hófi gegnir. Vissulega kemur þetta býsna hart við menn ef mörg dæmi eru um það, eins og reyndar var viðurkennt í svari ráðh.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja þetta mál hér nú, svo sem ég vil og þakka þeim hv. þm. öðrum, sem fyrr hafa vakið athygli á þessu sérstaka máli við umr. hér á þingi, og þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem ég er efalaus um að gefin hafa verið að bestu vitund.

Hæstv. ráðh. sagði að Verðlagseftirlitið væri betur í stakk búið til þess að fylgjast með verðbreytingunum en Neytendasamtökin, hafði þó fyrr í ræðu sinni getið þess, hversu fáliðað Verðlagseftirlit ríkisins er og raunar hörmulega í stakk búið til þess að fylgjast með verðbreytingum og framkvæmd laga þar að lútandi.

Ég get ekki nefnt tölur eða vitnað í rökstuddar skýrslur um þau áhrif sem myntbreytingin hafði á verðlagningu á landi hér. En ég hef mjög rökstudda ástæðu til þess að ætla að í skjóli myntbreytingarinnar hafi verðlag verið hækkað langt umfram það sem við höfum vitað dæmi um áður á landi hér.

Ég ber fyrir mig í þessu áliti mínu m. a. frásagnir kaupmanna, ágætra, ærukærra manna í kaupmannastétt, sem ég þekki mjög vel og hef ekki staðið að ósannsögli fyrr, þar sem þeir hafa nefnt mér dæmi um það, með hvaða hætti smávarningurinn, sem hæstv. ráðh. viðurkenndi að væri undir þetta seldur, hefur verið verðlagður mjög svo óeðlilega og langt upp fyrir það sem áður hefur verið kallað okur hér á landi. Ég er þeirrar skoðunar, að ef á þessu máli væri tekið af nokkurri alvöru mundum við finna mörg refsiverð dæmi á þessu sviði. Og ég hlýt að kveða þannig að orði, að ef ætlast er til að fólkið í landinu okkar taki alvarlega svardaga um einlægan vilja til þess að berjast gegn verðbólgu og halda niðri vöruverði, þá beri réttum yfirvöldum að taka mjög fast á þessu máli og krefjast málshöfðunar, þar sem efni eru til, og koma fram refsingum, þar sem um alvarleg brot hefur verið að ræða, þó þau lúti eingöngu að svívirðilegu okri á svonefndum smávarningi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hjá þm. við umr. um þetta mál batt landsfólkið miklar vonir við þessa myntbreytingu, enda var látið í veðri vaka að hér væri um mikinn atburð að ræða. Við Alþfl.-menn lögðum fram tillögur við stjórnarmyndunarviðræðurnar haustið 1979 um ákveðnar aðgerðir í efnahagsmálunum sem yrðu að koma á undan myntbreytingunni til þess að hún næði einhverjum árangri. Þær tillögur náðu ekki samþykki og engar slíkar aðgerðir voru gerðar. Þess vegna hefur myntbreytingin farið út um þúfur og orðið eitthvert mesta svindl í efnahagsmálum sem nokkur ríkisstj. hefur nokkurn tíma gert sig seka um, m. a. vegna þess að fólk, sem upphaflega batt vonir við þessar aðgerðir, hefur nú tapað þeirri von.

Það er ekki rétt, hæstv. forseti, að myntbreytingin hafi eingöngu verið notuð sem afsökun til þess að hækka mjög verulega verðlag svokallaðrar smávöru. Ég hef sjálfur reynslu fyrir því sem húsbyggjandi, að byggingarvörur hækkuðu mjög í verði eftir þessi áramót þegar myntbreytingin var gerð, og það voru engar smávörur sem þar var um að tefla. En það hefur nú komið í ljós, herra forseti, að hæstv. ríkisstj. hugsar eingöngu um vísitöluvörurnar. Henni er alveg sama um allar verðhækkanir sem verða í þessu landi, svo fremi að þær verðhækkanir mælist ekki í vísitölu.

Ég vil taka undir fordæmingu hv. síðasta ræðumanns á þessum aðgerðum hæstv. ríkisstj., og ég vil taka undir þau orð hans, sem hann raunar lét ósögð, en lágu undir í ölhu hans máli, að þetta myntbreytingarfargan um áramótin síðustu er eitthvert mesta efnahagssvindl sem nokkur ríkisstj. hefur látið frá sér fara.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. stóð að lagabreytingu 1978 þegar samþykkt voru lög á Alþingi um frjálsa verðlagningu, þar sem frjálst verðlag var aðalatriði laganna, annað undantekningar. Framkvæmd var frestað haustið 1978 af þáv. viðskrh. Svavari Gestssyni. Árið 1979 voru sett lög, svokölluð Ólafslög, sem staðfestu þessa frestun. Í stjórnarsáttmála hæstv. núv. ríkisstj. er greint frá því, að verðbólga hér á landi eigi að vera jafnmikil á næsta ári og í helstu nágranna- og viðskiptalöndum þar sem verðlag er frjálst til þess að halda niðri verðlagi. Ráðh. hefur jafnframt sagt hér í ræðu á hv. Alþingi, við 1. umr. fjárl., að niðurtalningin eigi að halda áfram. Þetta er ekki brandari, heldur kom fram í ræðu hæstv. ráðh. Nú spyr ég hæstv. ráðh.: Hvenær má búast við að þau lög, sem hann stóð að því að samþykkja á hv. Alþingi, lög nr. 56 frá 1978, komist í fullt gildi? Hvenær má búast við að niðurtalningin verði búin að skila þeim árangri að hæstv. ráðh. telji að hægt sé að nota eðlileg verðlagslög og aðhald almennings til þess að halda verðlagi niðri, í stað þess að setja allt sitt traust á stofnanir sem með engum hætti geta komið í veg fyrir verðhækkanir, því að allir vita að á Íslandi er verðstöðvun og stöðugar verðhækkanir eitt og hið sama.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil aðeins árétta fyrra svar mitt eða undirstrika örfá atriði.

Það er þá í fyrsta lagi þetta, að Verðlagsstofnunin — sem er að vísu alllstór stofnun, en hefur mörgum verk-

efnum að sinna — ég hygg að það sé rétt hjá verðlagsstjóra, sem kom fram í svari mínu hér áður, að stofnunin hafi ekki svo miklu starfsliði á að skipa að hún geti annað eftirliti eins og æskilegast væri og verði þess vegna að velja nokkuð úr. Og þá er auðvitað eðlilegt að stofnunin velji úr að fylgjast með þeim vörum sem varða mestu um framfærslu heimilanna, eins og það var orðað í svari verðlagsstjóra.

Ég tek undir það sem hefur komið fram hér í ræðum manna, að það má áreiðanlega nefna dæmi um misnotkun í þessum efnum. Verðlagsstjóra var kunnugt um það, enda segir hann í sínu svari, að Verðlagsstofnun hafi gripið inn í þetta að vissu marki, og segir í framhaldi af því: „Verðlagsyfirvöld hafa ekki til þessa talið ástæðu til að grípa að marki inn í verðmyndun þessara vara, en munu fylgjast náið með þróun mála og gera viðeigandi ráðstafanir verði vandamálið stærra en það er nú."

Það er alveg sýnilegt, að Verðlagsstofnun telur vandamálið ekki vera eins stórt og ýmsir aðrir vilja vera láta. Skal ég ekki leggja neinn fullnaðardóm á það. En það er áreiðanlegt, að þetta hefur verið til, enda er það löngum svo að menn teygja sig í þessum efnum sumir hverjir eins langt og þeir frekast geta og sumir lengra. Þarf ekki að hafa um það langt mál.

En varðandi myntbreytinguna sem slíka, þá man ég ekki betur en Alþfl. stæði að samþykkt um myntbreytinguna þegar við vorum saman í ríkisstj. Mig minnir það vera. Hitt er annað mál, að Alþfl. var ekki í ríkisstj., þegar myntbreytingin var framkvæmd, og hefði e. t. v. viljað haga málum á annan veg en gert var. Það er annað mál.

Varðandi almenna stefnu í verðlagsmálum hef ég margsinnis látið koma fram þá skoðun, að heilbrigð samkeppni milli samvinnuverslunar og einkaverslunar og innbyrðis milli þessara aðila sé langlíklegasta leiðin til að stuðla að lágu vöruverði. En ég álít að til viðbótar þurfi að koma virkt verðlagseftirlit, öflugt verðlgseftirlit og virk neytendasamtök. Ég játa að í verðbólgu, sem er 40% og þaðan af hærri, nýtur samkeppni sín náttúrlega engan veginn eins og hún mundi gera ef verðlag væri stöðugra. Og ég verð að segja það, að með tilliti til þess dreg ég mjög í efa að hyggilegt væri að setja á fullt frelsi í þessum málum fyrr en tekist hefur að berja verðbólguna talsvert verulega niður frá því sem nú er. Það kann að virðast í þessu viss mótsögn, en þó ekki, vegna þess að ég hef í raun og veru ekki heyrt menn halda fram þeirri skoðun, að samkeppni á þessum vettvangi njóti sín til fulls ef mikil verðbólga er í landinu, að ég ekki tali um eins og hefur verið hjá okkur á undanförnum árum, 40—60%.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er rétt, að við Alþfl.-menn stóðum með Alþb. og Framsfl. að afgreiðslu laga um myntbreytingu, enda gerðum við þá ráð fyrir, ásamt sumum samstarfsmönnum okkar í þáv. ríkisstj., að sú myntbreyting kæmi í kjölfarið á efnahagsráðstöfunum sem þáv. ríkisstj. væri búin að gera. Það náðist hins vegar ekki fram og því lögðum við sjálfir fram í stjórnarmyndunarviðræðunum haustið 1979 tillögur um aðgerðir, sem við töldum óhjákvæmilegar, ef myntbreytingin ætti að ná tilætluðum árangri, og jafnframt um aðgerðir sem ættu að fylgja í kjölfarið. Ekkert af þessum tillögum okkar var samþykkt, eins og alþjóð veit, og ekki heldur náðist samkomulag í hæstv. ríkisstj. um neinar aðgerðir í efnahagsmálum fyrr en eftir þau áramót sem myntbreytingin var gerð. Ættu menn að minnast þess, sem hlustuðu á áramótaræðu hæstv. forsrh. í sjónvarpinu á gamlárskvöld, þegar hann í fyrsta skipti lýsti yfir einhverri stefnu af hálfu ríkisstj. Þegar við Alþfl.-menn sáum fram á að engar aðgerðir yrðu gerðar í efnahagsmálum til þess að tryggja hina nýju mynt, þá lögðum við til að myntbreytingunni yrði frestað. Á það var hins vegar ekki fallist. Nú skulum við, hæstv. viðskrh., láta reynsluna dæma.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég mun nú ekki lengja mál mitt öðru sinni, en taldi mig til knúinn — eftir að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafði komið öðru sinni hingað í ræðustól — til þess að kveða dálítið skýrar að orði um meiningu mína, þannig að ég eigi ekki í því höfuð mitt í keltu hans, að hann útleggi niðurlag ræðu minnar eins og hann gerði áðan. Þegar til slíks kemur mun ég útvega mér annan túlk.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat þess í stuttu máli áðan, með hvaða hætti Alþfl. hefði skilist við vinstri stjórnina eftir eitt ár eða 12 mánuði. Liggur því beint við að rifja upp í þessu sambandi, fyrst hv. þm. talaði um reginhneykslí í stjórnarstefnu varðandi myntbreytinguna, að í 12 ár sat Alþfl. kyrr í stjórnarsamstarfi við Sjálfstfl. Í 12 ár þjónuðu þeir Alþfl.-menn undir braskaralýðinn í landinu og framkvæmdu hvert reginhneykslið á fætur öðru, standandi í þessum ræðustól, krjúpandi á knjábeð fyrir framan íhaldið, sitjandi í þingsætum sínum, upp í loft og á grúfu þjónuðu þeir undir þá.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 17. fundur.

Þriðjudaginn 10. nóv., að loknum 16. fundi.

Staða og rekstrarmöguleikar félagsheimila, þáltill. (þskj. 60). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Íþróttamannvirki á Laugarvatni, þáltill. (þskj. 70). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þáltill. (þskj. 79). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Friðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 88). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umræður utan dagskrár.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna þeirra uggvænlegu frétta sem nýlega hafa borist frá Svíþjóð og Danmörku. Sömu daga og sovéskur kafbátur með kjarnorkuvopn finnst í landhelgi hins hlutlausa ríkis Svíþjóðar verður það uppvíst í Danmörku, að *Sovétríkin veita fé til starfsemi danskra aðila* er kveðast vinna að friði og afvopnun. Öll erum við Íslendingar friðelskandi fólk og viljum frelsi og öryggi okkar lands. Okkur hefur greint á um aðferðir.

Flest okkar aðhyllast þá stefnu íslenska ríkisins, sem er fólgin í þátttöku í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsþjóðanna, en aðrir telja landi okkar best borgið með því að það sé óvarið. Ýmsir aðhyllast af þessum sökum og taka þátt í starfsemi hreyfinga sem fyrst og fremst kenna sig við frið, en virðast því miður oft og tíðum vinna að öðru markmiði en látið er í veðri vaka.

Í utanríkismálaályktun, sem einróma var samþykkt á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstfl. hefur ávallt haft það að markmiði, að Íslendingar fái að lifa á Íslandi án afskipta eða yfirgangs annarra. Með þetta að leiðarljósi hefur Ísland tekið afstöðu í átökum austurs og vesturs og skipað sér í flokk frjálsra þjóða. Þessari afstöðu fylgir ábyrgð. Sjálfstfl. skorast ekki undan þessari ábyrgð, heldur vill að undir henni sé staðið með því að sameina Íslendinga enn betur en hingað til andspænis þeirri hættu er leiðir af auknum hernaðarumsvifum á Atlantshafi."

Síðar segir í ályktuninni, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk varnarstefna felst í því að Íslendingar geri sínar eigin tillögur um varnirnar, meti varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Efla þarf almannavarnir og auka skilning á nauðsyn þeirra. Jafnframt þarf að huga að örygginu inn á við og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að erlend ríki eða útsendarar þeirra, útlendir eða innlendir, grafi ekki undan öryggi ríkisins og sjálfstæði þjóðarinnar innan frá."

Fréttirnar frá Danmörku og Svíþjóð vekja óneitanlega ugg um það, að eitthvað viðlíka kunni að geta gerst hér á landi. Þar með hefði fjöldi grandalauss fólks leiðst út í það að þjóna allt öðrum hagsmunum en það ætlaði. Því miður er fátt fremur til þess fallið að grafa undan friði og öryggi í Evrópu en krafan um einhliða afvopnun. Það má nærri geta hve mikils óvarið, vopnlaust svæði væri virt af því ríki sem siglir kafbáti búnum kjarnavopnum upp á land í hlutlausu ríki, sem þó hefur öflugar varnir eins og Svíþjóð. Augljóst virðist að það væri einskis virt.

Enn ljósari verður tilgangur Sovétríkjanna með friðar- og vopnleysistali sínu þegar haft er í huga að jafnskjótt og kjarnorkuvopnabáturinnn var kominn heim til sín klingdi í Moskvufréttum krafan um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Var þeirri frétt samviskusamlega komið til skila í íslenska Ríkisútvarpinu strax í gær svo að við færum ekki í grafgötur um hinn einlæga friðarvilja á bak við kjarnorkubátsheimsóknina til Svíþjóðar. Með þessu hefur hinum friðsömu Norðurlandabúum verið freklega misboðið. Í slíkum yfirlýsingum Sovétríkjanna rétt eftir atburðinn í Karlskrona felst enn á ný sá tilgangur að hræða Evrópu til afvopnunar. Það er aðferð Sovétríkjanna til að halda eigin yfirburðum í vopnabúnaði, sem vissulega eru ótvíræðir hér í Evrópu að mati virtustu sérfræðinga á þessu sviði.

Augljóst er að öld sovéskrar heimsveldisstefnu er ekki liðin og óskastaða hennar er að sem flest Evrópulönd séu utan Atlantshafsbandalagsins og vanbúin að vopnum, enda halda helstu vinir Sovétríkjanna hér á landi uppi stanslausum hernaðaráróðri sem miðar að varnarleysi hér á landi sem annars staðar í Evrópu. Lars Verner, formaður vinstri sósíalista í Svíþjóð, sá hinn sami og *Þjóðviljinn vitnar til í dag, segir í grein sem birtist í* októberblaði Frétta frá Sovétríkjunum, er hann talar um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, með leyfi hæstv. forseta:

„Slíkt svæði mundi stuðla að stöðugra ástandi á Norðurlöndunum, slökun spennu og auðvelda afvopnun. Það hefði í för með sér jákvæð áhrif fyrir Evrópu í heild og opnaði leið" — ég undirstrika þessi seinustu orð, hæstv. foresti — ‚og opnaði leið fyrir Danmörku, Ísland og Noreg til útgöngu úr NATO." — Það er megintilgangurinn.

Ritið, sem ég las úr, er raunar gefið út á vegum Sovétríkjanna og að því er ég tel í andstöðu við anda gildandi laga á Íslandi sem eiga að sporna við blaðaútgáfu erlendra ríkja hér. Í fréttum, sem fram komu um njósnamálið í friðarhreyfingunni í Danmörku, var gerð grein fyrir nokkrum samtökum sem ættu aðild að dönsku friðarnefndinni, en fram hefur komið að þau eru m. a., með leyfi hæstv. forseta: Fulltrúar hins demókratíska bandalags danskra kvenna, danskra ungkommúnista, samtaka prentara, heimsfriðarráðsins, vináttufélags Danmerkur og Sovétríkjanna og vináttufélags Danmerkur og Austur-Þýskalands. Það er rétt að draga það fram, að flest þessi samtök eiga systursamtök hér á landi og móðursamtök íslensku friðarnefndarinnar er alþjóðaheimsfriðarhreyfingarráðið sem hefur aðsetur í Moskvu.

Í íslensku friðarnefndinni eru um 100 aðilar og í stjórn þess eru tveir starfsmenn blaðsins Frétta frá Sovétríkjunum, málgangs Ráðstjórnarríkjanna á Íslandi, en þau eru Haukur Már Haraldsson, formaður friðarnefndinnarinnar, sem er umbrotsmaður þessa blaðs, blaðafulltrúi Alþýðusambands Íslands og áhrifamaður í Alþb., og svo ritstjóri sama blaðs, María Þorsteinsdóttir, sem einnig hefur lengi verið forustukona í Menningar- og friðarsamtökum kvenna og er einnig áhrifamaður í Alþb.

Það eru augljós tengsl með vissum hætti, ég veit ekki hversu miklum eða hversu alvarlegum, milli þessara íslensku friðarsamtaka og Sovétríkjanna. M. a. segir Ívar Jónsson, formaður vináttufélagsins MÍR, í enn einu tölublaði af Fréttum frá Sovétríkjunum, — þetta eintak frá því í sumar, — formaður MÍR segir með leyfi hæstv. forseta:

„*Við í vináttufélaginu MÍR höfum átt mjög góð og* víðtæk tengsl við Sovétríkin ásamt með íslensku friðarnefndinni og Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna. Við munum halda áfram að vinna að eflingu íslensk-sovéskra samskipta, og ég álít að starf okkar muni stuðla að því að varðveita friðinn í Norður-Evrópu."

Þetta voru hans orð, herra forseti. Ég veit ekki hvort margir geta tekið undir þetta álit formannsins, en ég álít a. m. k. að þeim, sem það gera, fari nú mjög fækkandi.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt. Enn er það ljóst, að Alþb. hefur átt ýmis samskipti við bróður- eða systursamtök sín, ef ég má orða það svo — það er e. t. v. ekki leyfilegt að orða það svo — en við kommúnistaflokk Sovétríkjanna — eða á hvers vegum fór hæstv. félmr. nýlega í heimsókn til Sovétríkjanna? Og hvernig stóð á því, að daginn eftir að málgagn Alþb. fór hörðum orðum um Sovétríkin vegna athæfis þeirra í Svíþjóð flutti forveri Svavars Gestssonar í formennsku í Alþb. aðalræðuna í byltingarfagnaði MÍR nú á sunnudaginn? (**Gripið fram í:** Fór ekki hv. 1. þm. Reykv. til Sovétríkjanna?) Ekki sá sem hér stendur sem 1. þm. Reykv. (**StJ:** Sá sem þá var forsrh.) Vel má það vera, en vafalaust hefur hv. 1. þm. Reykv. ekki farið í boði kommúnistasamtaka Sovétríkjanna sem slíkra.

Herra forseti. Fréttirnar frá Danmörku og frá Svíþjóð raunar líka hljóta að vekja okkur til umhugsunar um hvað friðarhreyfingar svokallaðar og aðrir áþekkir aðilar séu að sýsla hér á landi. Þetta atriði skiptir máli fyrir öryggi landsins, og það er eðlileg ósk almenns borgara á Íslandi, að fram komi hugmyndir hæstv. utanrrh. — og þá gjarnan ríkisstj. — um hversu snúast beri við því sem athuga þyrfti e. t. v. í þessu sambandi. Þess ber líka að minnast, að Ísland er í Norður-Atlantshafsbandalaginu. Við höfum tekið þá ákvörðun að leitast við að treysta öryggi okkar með þeirri aðild og við njótum vegna hennar varna í landinu og tökum á okkur skyldur á móti. Það er eðlilegt hlutverk utanrrn. að fylgjast með því, hvað önnur ríki gera sem miðar að því að veikja stöðu okkar að þessu leyti.

Ég vil vegna þeirra tilefna og sjónarmiða, sem ég hef rakið hér í þessum fáu orðum mínum, spyrja hæstv. utanrrh., hvort hann telji að fréttirnar frá Danmörku og Svíþjóð veiti tilefni til að kanna nú hvernig viðleitni Sovétmanna til að grafa undan Atlantshafsbandalaginu innan frá kemur fram gagnvart Íslandi eða hvort það hafi þegar verið kannað með fullnægjandi hætti. Jafnframt væri eðlilegt að beina þeirri spurningu — kannske ekki sérstaklega til hæstv. utanrrh., enda hafði ég ekki um annað rætt við hann en þessa sérstöku spurningu, en e. t. v. mætti láta sér detta í hug að ríkisstj. hefði vissa þörf fyrir að endurskoða afstöðu sína til þess trausts sem Alþb. virðist njóta innan ríkisstj.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Sú spurning, sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín, er þess eðlis að það er dálítið erfitt að svara henni. Það voru talsvert miklar hugleiðingar, og þess vegna er hætt við að mín svör verði með sama marki brennd og verði nokkrar hugleiðingar af því tilefni sem hún greindi frá í sinni ræðu.

Það er í sjálfu sér mjög eðlilegt að þessum málum sé hreyft hér á Alþingi Íslendinga. Vissulega eru það alvarleg tíðindi, sem gerst hafa, og alvarlegir atburðir báðir þeir sem hún minntist á: sú njósnastarfsemi, sem talin er hafa átt sér stað í Danmörku, og landganga kafbátsins í Gæsafirði við Karlskrona. Það er ákaflega eðlilegt að menn velti því fyrir sér, hvernig við séum undir það búnir að mæta slíkum atburðum ef þeir gætu gerst hér.

Nú tek ég það fram varðandi þá njósnastarfsemi sem talin er hafa átt sér stað í Danmörku, að ég hef þar aðeins við fréttir að styðjast, og það sem ég ætla að segja um það miðast við þær, án þess að ég leggi á þessu stigi nokkurn dóm á það, hvort þær séu réttar eða rangar. En eftir fréttum að dæma hefur þarna átt sér stað mjög varhugaverð starfsemi, njósnastarfsemi sem nauðsynlegt er að vera á verði gegn, af því að sú njósnastarfsemi er þess eðlis, að hún getur hæglega átt sér stað í hvaða landi sem er eða a. m. k. tilraunir til hennar. Vafalaust gæti slík njósnastarfsemi átt sér stað hér, hér gæti verið gerð tilraun til slíkra njósna. Við erum þannig settir að við höfum hvorki leyniþjónustu né sérstaka öryggislögreglu. Þær stofnanir eru nokkuð dýru verði keyptar, og ég efast satt að segja um að Íslendingar væri hrifnir af að setja slíkar á fót. En sem betur fer eru slíkar njósnir a. m. k. fátíðar hér svo vitað sé. Það er að vísu ekki fyrir það að synja, að hér hafi verið gerðar tilraunir áður fyrr til þess að njósna, og njósnir hafa átt sér stað, bæði þess háttar njósnir sem hér er talað um, njósnir í þágu erlends ríkis, skulum við segja, og enn fremur vitum við það úr okkar sögu, að njósnir hafa átt sér stað hér innanlands, — ég vil nú ekki segja að mönnum, sem hér sitja, séu þær í fersku minni, en margir kannast við það þegar njósnað var um íslensku varðskipin.

Ég býst við að það verði því miður að segja, að við séum ekki sérstaklega vel í stakk búnir til að mæta hér atburðum á borð við þá sem sagðir eru hafa gerst í Danmörku. Eins og ég sagði er hér ekkert sérstakt starfslið, hvorki öryggislögregla né leyniþjónusta, sem fæst við að athuga það eða fylgjast með eða gæta sérstaklega öryggishagsmuna íslenska ríkisins. Það er að vísu svo, að útlendingaeftirlit og lögreglustjórar og almenn lögregla fylgjast með ferðum og athöfnum útlendinga eins og unnt er og í samræmi við landslög, þ. á m. í samræmi við lög um eftirlit með útlendingum og í samræmi við almenn hegningarlög, því að eins og menn vita liggur mjög þung refsing við því í íslenskum almennum hegningarlögum ef upp kemst um njósnastarfsemi.

Þessi starfsemi útlendingaeftirlits og almennrar lögreglu er sjálfsagt að sumu leyti auðveldari hér en í flestum öðrum löndum vegna fámennis þjóðarinnar, þótt sú staðreynd veiti að sjálfsögðu enga tryggingu. Og eins og ég drap á áðan vitum við að tilraunir hafa áður verið gerðar til njósnastarfsemi hér. Njósnastarfsemi hefur þannig átt sér stað, þó að nokkuð langt sé um liðið frá því að slíkt sannaðist. Hvort þetta gerist í dag vitum við ekki, en það er hægt að segja að það liggja ekki fyrir neinar sannanir um slíkt. Í þessum málum eins og í mörgum öðrum verðum við ekki síst að treysta á árvekni borgaranna og löghlýðni þeirra. Hafi þeir rökstuddan grun um ólöglega starfsemi útlendinga eða innlendra manna, sem væru að starfi í þágu útlends ríkis, ber þeim að sjálfsögðu að gera lögreglu viðvart tafarlaust.

Þeir atburðir, sem hafa átt sér stað í Danmörku, hafa ekki orðið tilefni til þess enn, að gerðar hafi verið sérstakar ráðstafanir vegna þeirra hér, og þau mál hefur ekki borið á góma í ríkisstj. En ég tel alveg sjálfsagt að fylgjast vel með í þessum efnum og fá alveg órækar upplýsingar um það, hvernig þessu er háttað í Danmörku. Þær upplýsingar gætu vel gefið tilefni til þess, að hér þyrfti og ætti að gera sérstakar ráðstafanir. En þessi málefni eru að sjálfsögðu fyrst og fremst í höndum hæstv. dómsmrh. og dómsmrn. En utanrrn. ber auðvitað að fylgjast með og fá upplýsingar um hvernig þessu er í raun háttað. Sömuleiðis tel ég sjálfsagt, að gefnu þessu tilefni, að ráðuneytið reyni að fylgjast með því, hverjar reglur gilda og hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar og eru gerð-

ar í nágrannalöndum okkar af þessu tilefni. Ég efast ekki um að þetta tilefni verði til þess, að menn athugi þessi mál mjög rækilega þar og það er sjálfsagt að fylgjast með því. Hitt er svo frekar í verkahring hæstv. dómsmrh., að svara því, hverjar ráðstafanir kynni hér að vera hægt að gera af þessu tilefni. Það getur sjálfsagt verið erfitt að setja beinlínis fyrirbyggjandi reglur um það sem ættu að geta komið í veg fyrir að tilraun til slíks væri gerð. Það held ég að verði erfitt. Hitt getur vel verið, að það þurfi að huga betur að því að haga starfsemi þeirra aðila, sem hafa þetta með höndum, á þá lund að sem mestar líkur séu fyrir því að upp komist um brot ef framin verða. En um þennan þátt skal ég ekki fara fleiri orðum. Ég tel mjög eðlilegt að menn hugleiði þessi mál hér og þeim sé hreyft hér á Alþingi, því að vitaskuld er hér um mjög alvarlegt málefni að ræða.

Hitt atriðið, sem hv. 1. þm. Reykv. drap á, var strand hins rússneska kafbáts í skerjagarðinum við Gæsafjörð nálægt Karlskrona í Svíþjóð. Þar er maður nokkru betur settur en varðandi njósnastarfsemina í Danmörku, vegna þess að þar er við staðreyndir að styðjast og fréttatilkynningu þá sem sænska ríkisstj. gaf út að loknum atburðum. Þar lýsir sænska stjórnin yfir að hún telji hér vera um mjög alvarlegt og gróft brot að tefla sem ekki verði afsakað með því, að um hafi verið að ræða galla í siglingatækjum eða mistök í skipstjórn. Þetta brot er auðvitað þeim mun alvarlegra sem þarna var um bannsvæði að tefla. Á það er minnt í fréttatilkynningu sænsku ríkisstj. Og þó er það allra alvarlegast sem kom fram — og sænska ríkisstj. telur að hafa verði fyrir satt þar sem því hefur ekki verið mótmælt af sovétstjórninni — að kjarnavopn hafi verið innanborðs í kafbátnum. Það var ekki talið fyrst í stað því að þetta er gamall kafbátur.

Það hittist svo á að ég var í Svíþjóð einmitt þegar kafbáturinn fannst, — af tilviljun, má segja, en það er nú önnur saga, því að það var eiginlega gengið fram á hann af fiskimönnum, má ég segja. Það er atriði sem um hefur verið rætt í Svíþjóð og verður sjálfsagt um rætt, hvernig gat á því staðið að kafbátur komst þarna í gegnum skerjagarð inn á bannsvæði og æfingasvæði, upp í landsteina án þess að varnarkerfi yrði vart við. (**Gripið fram í:** Það hefur verið með bilaðan kompás.) Bilaðan kompás? (**Gripið fram í:** Já, bilaðan kompás.) Já, þá er nefnilega ráðgátan þessi: Hvernig í lifandi ósköpunum komst hann svona langt inn í skerjagarðinn með bilaðan kompás? Menn hafa ekki getað leyst þá gátu enn þá.

En kafbáturinn er nú farinn frá Svíþjóð og ég skal ekki segja meira um það tilfelli. Það er ljóst af þeirri fréttatilkynningu, sem ríkisstjórn Svíþjóðar hefur gefið út um þetta, að hún setur fram sín sterkustu mótmæli gegn því broti sem þarna hefur átt sér stað á sænsku yfirráðasvæði og á sænsku bannsvæði.

En það, sem náttúrlega kemur upp í hugann og hv. fyrirspyrjandi vék að, er þetta: Hvernig erum við þá staddir gagnvart slíku? Gæti þetta gerst hér, að kafbátur siglði upp í landsteina og strandaði þar? Út af því vil ég segja það sem ég hef reyndar oft áður sagt bæði á þessum stað og annars staðar, að varnarstöðin á Keflavíkurflugvelli er fyrst og fremst eftirlitsstöð. Hlutverk hennar er að fylgjast með kafbátaferðum og flugvélaferðum, og það gerir hún, fylgist með umferð í lofti, á sjó og neðansjávar umhverfis Ísland. Þetta eftirlit er framkvæmt með fullkomnustu tækjum sem til eru á Vesturlöndum í dag. Þær upplýsingar hef ég frá þeim sem til þekkja og eiga um það að vita. Ég get að sjálfsögðu ekki frá eigin brjósti sagt neitt um það. En þó að þessu sé þannig háttað, að þetta eftirlit sé mjög virkt og nákvæmt, er ekki þar með sagt að það sé full vissa fengin fyrir því, að atburður eins og sá, sem átti sér stað í Svíþjóð, sé útilokaður einhvers staðar hér við land. Ég skal alveg láta ósagt um það og ekkert fullyrða. Ég álít þó að líkurnar fyrir því séu ekki miklar.

Eins og hv. þm. er í fersku minni var hér rætt um það s. l. vor, ef ég man rétt, að endurskoða þyrfti lög eða tilskipun frá 1939 um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja o. s. frv. um íslenskt forráðasvæði. Þessar reglur frá 1939 eru orðnar nokkuð gamlar. Samþykkt var hér á Alþingi þál. sem fól dómsmrn. og utanrrn. að láta endurskoða þessi lög. Að þeirri endurskoðun er unnið og það er full þörf á því, vegna þess að reglur, sem gilda um för herskipa, þ. á m. kafbáta, um íslenska landhelgi — um opið haf þarf ekki að ræða í þessu sambandi — eru hvergi nærri viðhlítandi að mínum dómi.

Það er að vísu sagt, að þegar kafbátar fari um íslenska landhelgi eigi þeir að vera ofansjávar. Hugsanlegt er að það bregðist, jafnvel þó að innan landhelgi sé. En ef þeir eru ofansjávar er þeim heimil eftir þessum lögum viðstöðulaus sigling um landhelgina. Og sama gildir um herskip. Varðandi rétt þessara tækja til að koma í hafnir eru ákvæði þessarar gömlu tilskipunar líka heldur ófullkomin, leggja í raun og veru aðeins tilkynningarskyldu á aðilana. Þessi lög þarf að endurskoða, þeim þarf að breyta og gera reglurnar ótvíræðari um þetta efni. Og það hefði vitaskuld þurft að gera og var líka ákveðið að gera án tillits til þess atburðar sem átti sér stað í Svíþjóð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í hugleiðingar í þessu sambandi um kjarnorkulaus svæði eða um friðarhreyfingar. Það getur komið síðar ef tilefni gefst frekar til þess.

Forseti (Steinþór Gestsson): Ég verð að geta þess, að komið hafa fram tilmæli um að þessum fundi lyki kortér yfir fjögur vegna áríðandi fundar í Framkvæmdastofnun ríkisins. Ég mun verða við því, fresta umr. og taka hana upp síðar.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Víst veit ég að Framkvæmdastofnun ríkisins skiptir miklu máli. En ég verð að segja það, að mér finnst æðihart aðgöngu ef störfum Alþingis er frestað vegna starfa Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þetta vildi ég láta fram koma strax. Ef hæstv. forseti sér sér alls ekki fært að halda áfram þingstörfum vegna starfa Framkvæmdastofnunar ríkisins vildi ég biðja hann að beita sínum persónulegu áhrifum til þess, að störfum Framkvæmdastofnunar ríkisins verði frestað að þessu leyti svo að Alþingi geti lokið því sem það er að ræða um.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er að vísu alveg rétt, að að sjálfsögðu gengur hið háa Alþingi fyrir. En ekki vissu menn fyrir viku, þegar rætt var um nauðsyn þess að koma á stjórnarfundi í Framkvæmdastofnuninni vegna stórháskalegra mála sem þarf að ráða fram úr, að það stæði þann veg á hinu háa Alþingi að svo mikilvæg umr. færi þar fram. (**Gripið fram í:** Utan dagskrár.) Í störfum sínum hefur stjórn Framkvæmdastofnunar orðið að víkja fyrir hinu háa Alþingi í allt haust. Það voru

fastir stjórnarfundir á þriðjudögum frá kl. 9—12 í Framkvæmdastofnuninni, en af því að fjvn. og störf hennar voru talin enn þá mikilvægari var vikið út frá þeim fundartíma og þessi óvenjulegi fundartími valinn og beðið um athugun á því, hvort þannig mundi á standa í störfum hins háa Alþingis, t. a. m. ef þar væri eitthvert fyrirspurnarusl á dagskrá, að hægt væri að hliðra til störfum þannig að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins næði vopnum sínum, sem er nú hin brýnasta nauðsyn að hún nái.

Forseti (Steinþór Gestsson): Ég vil geta þess, að þegar farið var fram á það við mig að hefja umr. utan dagskrár gat ég þess, að fundartími væri skammur, því að ég hefði fallist á að slíta fundi kl. fjögur eða rúmlega fjögur. — Ég held áfram fundinum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. flutti hér nokkra ræðu áðan og fór með mjög alvarlegar dylgjur og ásakanir í garð míns flokks, Alþb. Ég tel að það sé í raun og veru ósæmandi að slíta þessari umr. án þess að kostur gefist á að svara fyrir þær árásir sem hv. þm. hér flutti.

Ég vil segja það og leggja á það áherslu af minni hálfu og óska eftir því, við hæstv. forseta, að þessari umr. verði fram haldið á næsta fundi Sþ. Þá eru væntanlega einnig á dagskrá fyrirspurnir til hæstv. utanrrh., bornar fram af formanni þingflokks Alþb., hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Ég óska sem sagt eftir því við hæstv. forseta, að tryggt verði að þessari umr. verði fram haldið þegar á næsta *fundi sameinaðs þings.*

Forseti (Steinþór Gestsson): Hæstv. ráðh. hefur ugglaust ekki tekið eftir því sem forseti sagði áðan, að hann mundi fresta þessari umr. og henni yrði haldið áfram síðar að sjálfsögðu.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að mótmæla því algjörlega, að Alþingi verði að *taka tillit til funda hjá opinberri stofnun,* þó opinber stofnun sé og mikilvæg, utan Alþingis. Það er algjörlega óverjandi. Hvar ættum við þá að staðnæmast? Það eru þm. í bankaráðum. Geta þeir þá farið að boða fund og leggja til að fundum Alþingis sé frestað á meðan? Þetta er óheyrilegt. Þetta er óhæfa. Ég mótmæli því algjörlega.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég mætti kannske benda hæstv. utanrrh. á að reglulegur fundur í Alþingi stendur til kl. 4 að degi til. Það var ekki farið fram á annað en ef svo stæði á eftir reglulegan fund í Alþingi gæfist kostur á að halda þennan fund í stjórn *Framkvæmdastofnunar ríkisins af því sem fjölda at*vinnufyrirtækja í landinu heldur við stöðvun. — Ekki nema undir þessum skilmálum: eftir reglulegan fund ef þess væri kostur. Engan veginn og aldrei var um það rætt að það sæti fyrir störfum Alþingis, enda aldrei komið til greina og engum dottið í hug.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ekki skal ég draga úr þýðingu Framkvæmdastofnunar ríkisins og mikilvægi hennar, en ég vil taka undir það, sem hæstv. utanrrh. sagði um þessa málsmeðferð, að mér finnst það algjör óhæfa að fresta fundum Alþingis vegna þess að það sé búið að ákveða áður fund í einhverri ríkisstofnun, þó að hún sé þýðingarmikil. Ég held að það væri þess vegna ráð að menn frestuðu snarlega stjórnarfundi í Framkvæmdastofnun ríkisins og þessi fundur héldi áfram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að þm. gangi almennt út frá því sem gefnu að á þriðjudögum standi fundir í Sþ. fram undir kl. 6 a. m. k. og jafnvel á kvöldin einnig. Ef beiðnir eru um það frá einhverjum hóp þingmanna eða þingmanni eða hæstv. ráðh., að út af þessu sé brugðið, er vaninn að haft sé samráð um það við þingflokkana og þeim tjáð, hvað til standi, og leitað eftir því við þá, hvort þeir og þm. almennt hafi eitthvað á móti því að slíkt samkomulag sé gert. Ég vil aðeins taka fram að slíkt hefur ekki verið gert í þetta skipti.

Ég tek mjög undir það sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, *að það er óeðlilegt að fundi sé frestað með þessum hætti.* E. t. v. er þetta aðeins vísbending um að það er ekki æskilegt að alþm. sitji í stjórnum jafnveigamikilla stofnana og hér um ræðir.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil í fyrstu vekja athygli hv. alþm. á þeim vinnubrögðum sem nú hafa verið allsráðandi hér um skeið, sem eru umr. utan dagskrár næstum hvern einasta dag. Svo er komið að þm. ættu fremur að huga að því að morgni, hvaða mál séu utan dagskrár, en hver dagskráin sé, ef þeir vilja undirbúa málflutning sinn. Þm. bíða vikum saman eftir að flytja framlögð mál, en hvers kyns mál utan dagskrár hafa forgang. Hljóta hv. þm. að velta því fyrir sér, hvort framlögð mál ráðh. séu svo lítils verð að forsetar telji að þau megi verða eftir í þinglok.

Hér hefur hv. 1. þm. Reykv. hafið umr. um utanríkismál daginn eftir að hún tók sæti hér á þinginu. Er svo sem ekki nema gott um það að segja ef ekki væri til þess að ráðast á friðarhreyfingar í heiminum. Aðdáun mína á hún þó óskipta fyrir að lesa Sovétfréttir. Líklega er hún eini hv. þm. sem gerir það.

En smám saman lærist þm. að spyrja hvað sé utan dagskrár, og nú skal hv. 1. þm. Reykv. sannarlega fá sína ræðu. (**Gripið fram í:** Er þetta um þingsköp?) Nei, raunar ekki. Utanríkismál Íslendinga verða reyndar aldrei of oft rædd hér á hinu háa Alþingi og afvopnunarmálin eru raunar þeirra merkust.

Íslendingar hafa um áratuga skeið látið sig hafa það að vera — má ég biðja um hljóð í salnum á meðan ég les þingheimi ræðu mína — að vera einn mikilsverðasti hlekkurinn í vígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna á Norður-Atlantshafi, þó að sérhver Íslendingur lifi í þeirri trú að við séum friðelskandi þjóð og andvíg öllum vopnabúnaði. Þátttaka Íslendinga í NATO og vera bandarísks *setuliðs á íslensku landi er sorgarsaga sem óþarft er að* rekja hér, enda orðin til fyrir tilverknað hins háa Alþingis sjálfs þrátt fyrir harða baráttu fjölda Íslendinga gegn þeim ákvörðunum. Þó að illa hafi gengið að gera íslenskum almenningi skiljanlegt mikilvægi herstöðvarinnar fyrir erlend stórveldi, og þá einkum vegna áratugalangra fréttafalsana útbreiddasta dagblaðs landsins, Morgunblaðsins, um að herstöðin væri hér til verndar Íslendingum, er nú svo komið að flestum er sú rangtúlkun þó ljós.

Mönnum hefur loks skilist að NATO-ríkin muni ekki

skirrast við að nota Ísland sem hreiður fyrir kjarnorkuvopn hvenær sem þeim sýnist svo, til árásar á önnur stórveldi komi til átaka, með þeim afleiðingum sem hver maður getur gert sér í hugarlund. Bandaríkjamönnum hefur ekki orðið skotaskuld úr því fyrr að útrýma stórum hluta íbúa smáríkja sé hagsmunum þeirra ógnað. Nægir þar að nefna styrjöldina í Víetnam.

Hæstv. utanrrh. talaði áðan um að herstöðin í Keflavík og væntanlega á Stokksnesi væru eftirlitsstöðvar. Ég hlýt að spyrja hæstv. utanrrh. hvers vegna í óksöpunum hin Norðurlöndin hafi ekki komið sér upp slíkum eftirlitsstöðvum.

Í Noregi hefur mönnum smám saman orðið ljósara hvers konar brjálæði vígbúnaðarkapphlaup stórveldanna er. Áform Bandaríkjastjórnar um að tengja Noreg að enn frekara leyti við kjarnorkuvopnakerfi sitt á Norður-Atlantshafi með birgðastöðvum fyrir bandarískar íhlutunarsveitir og flugvöllum fyrir kjarnorkusprengjuvélar hafa skotið mönnum þar í landi skelk í bringu og orðið eitt mesta hitamál innan norska Verkamannaflokksins. Hópur manna undir stjórn hins kunna norska stjórnmálafræðings Jens Evensens hóf umræður um þessi mál upp yfir hversdagslega flokkspólitík og vakti athygli á nauðsyn þess, að Norðurlöndin yrðu lýst kjarnorkuvopnalaust svæði. Verkalýðsleiðtogar í Noregi fylktu sér undir þennan fána, og hefur hinn svokallaði Evensens-hópur gefið út merka bók sem kalla má á íslensku „Kjarnavopn og öryggisleysisstefna". Er þar vakin athygli á að baráttan gegn kjarnorkuvopnum og fyrir afvopnun sé mikilvægasta mál stjórnmálamanna í heiminum og geti þar verið um líf mannkynsins að tefla.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er þó eldri en þetta. Henni var fyrst haldið á loft af Kekkonen Finnlandsforseta. En það var ekki fyrr en NATO fór að ræða nauðsyn þess að setja niður Pershing II eldflaugar víða um Evrópu að menn tóku að ugga að sér. Það háði hugmyndum Kekkonens að menn tortryggðu samband Finna við Sovétríkin, og jafnframt bættist við óttinn við SS-20 eldflaugar Sovétmanna, sem þeir beindu í auknum mæli til Evrópu. Ljóst var einnig að menn hlytu að gera kröfu til að herstöðvar á Kólaskaganum yrði að leggja niður.

Í bókina „Kjarnorkuvopn og öryggisleysisstefna" ritar auk Evensens fólk á borð við Ölvu Myrdal, Einar Gerhardsen og fjölda virtra sósíaldemókrata á Norðurlöndum. Öll umræða um þessi mál hefur tekið stakkaskiptum með þessari bók.

Á friðarráðstefnu á Álandseyjum s. l. sumar fluttu fyrirlestra Johan Galtung prófessor við háskóla Sameinuðu þjóðanna í Genf, Jytte Hilden þm. sósíaldemókrata í Danmörku, Eva Nordlund dósent við Osló-ar-háskóla og einn af leiðtogum friðargöngunnar s. l. sumar, Harald Ofstad prófessor í heimspeki við Oslóarháskóla, Maj-Britt Theorin þm. jafnaðarmanna í Svíþjóð, Göran von Bondsdorf prófessor í stjórnmálafræðum frá Finnlandi og Ilka Pyhetela aðalritari félags Sameinuðu þjóðanna í Finnlandi. Ráðstefna þessi var í raun haldin að frumkvæði lítils hóps áhugamanna um friðarmál, en svo fór að þangað flykktust margir virtustu stjórnmálamenn og vísindamenn Norðurlanda. Öllu þessu fólki er ljós alvara þessa mikla máls.

Íslendingar tóku þátt í lokasamþykkt 10. aukafundar Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, um afvopnunarmál, 23. maí—30. júní 1978. Lokasamþykktin var gerð samhljóða og íslenska ríkið skyldi þar með kynna sérstaklega niðurstöðu fundarins. Ætli margir Íslendingar viti að í 33. gr. samþykktarinnar standa þessi orð, með leyfi forseta: „Ákvarðanir um stofnun kjarnorkuvopnalausra svæða með samningum eða reglum, sem af frjálsum vilja takast með ríkjum á viðkomandi svæði, og eftirlit með þessum samningum til þess að tryggja að svæðin séu í raun án kjarnorkuvopna." — Virðing fyrir þessum svæðum er mikilvægt framtak í afvopnunarmálum. Í 58.—64. gr. er fjallað um kjarnorkuvopnalaus svæði. Í 61. gr. er því slegið föstu, að hvetja beri til þess, að unnið sé að því að stofna slík svæði með það lokamarkmið fyrir augum að heimurinn verði án kjarnorkuvopna.

Ekkert er mikilvægara okkur Íslendingum nú en að sameinast um kröfu Norðurlandabúa um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og afnám kjarnorkuvopna. Stórveldin munu hvert um sig reyna að hafa áhrif í þá veru að jafnvægi óttans verði að viðhalda. Enn einu sinni hefur sannast hversu mikið mark er á yfirlýsingum stórveldanna takandi. Sovétmenn hafa kallað Eystrasaltið haf friðarins. Á þessu friðarins hafi villist hrörlegur kafbátur upp í sænska skerjagarðinn með kjarnorkuvopn innanborðs. Vitanlega eru Svíar felmtri slegnir og raunar næstu nágrannar þeirra líka. Þessi atburður ætti, ef Íslendingar ætla ekki að halda áfram að vera börn í utanríkismálum sínum, að vekja þá spurningu á allra vörum, hvort yfirlýsingar Bandaríkjanna um, að enginn kjarnorkuvopn séu á, yfir eða kringum íslenskt land, séu viðlíka marktækar? Ég hlýt fyrir mitt leyti að draga það mjög í efa.

Menn hafa talað hér um njósnir og hvernig bregðast skuli við njósnum. Hvað halda menn að sendiráð Bandaríkjanna og útsendarar NATO séu að gera hér í tugatali? Hvað halda menn að sovéska sendiráðið sé að reyna að gera þegar það er að bjóða heim hinum og þessum íslenskum stjórnmálamönnum og flaðra upp um þá? Hvers vegna fá ekki íslenskir menn að fara til Bandaríkjanna óáreittir og fá vegabréf þó að þeir séu ekki hlynntir NATO?

Menn tala hér um fjárstuðning við friðarhreyfingar. Mér vitanlega er engin friðarhreyfing hér í landi orðin til á borð við ýmsar þær sem nú hafa verið stofnaðar erlendis. Ekki hef ég hugmynd um hvort Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna hafa einhvern tíma fengið peninga frá útlöndum. Aldrei hef ég þó orðið vör við það og hef verið félagi í þessum samtökum mjög lengi. En ég man ekki betur en að fyrir nokkrum árum viðurkenndu íslenskir jafnaðarmenn að þeir hefði þegið peninga frá „kollegum" sínum í Svíþjóð. Ég hef ekki heyrt hingað til að draga eigi þá fyrir lög og dóm fyrir það.

Síðan hafa menn farið að tala hér um opinberar heimsóknir og ætlað að fara að nudda mönnum upp úr því að hafa farið á vegum opinberra aðila í Sovétríkjunum í heimsókn. Það liggur við að mig langi til að biðja þá menn að rétta upp höndina sem það hafa gert. Ég hygg að þeir séu æðimargir. Því miður hefur ræðumanni aldrei verið boðið það. Annars geri ég fastlega ráð fyrir að ég hefði þegið það góða boð. Við höfum enn þá ekki slitið stjórnmálasambandi við Sovétríkin og ég hygg að það standi í ýmsum hér þar sem Sovétmenn eru, svo vitað sé, einu mennirnir sem enn þá fást til að borða þann skelfilega mat sem heitir grálúða. Ég hygg að menn vilji gjarnan selja þeim hana áfram.

Nei, hræsnin hér ríður ekki við einteyming. Ég veit ekki betur en hv. þm. og fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík hafi farið, að ég held tvisvar í opinbera heimsókn til Sovétríkjanna. Borgarfulltrúinn Davíð Oddsson og borgarfulltrúinn Björgvin Guðmundsson fóru þangað s. l. sumar og létu vel af.

Þessi umr. á ekki að fara fram á þessu stigi. Alþingi Íslendinga ætti sem allra fyrst að lýsa því afdráttarlaust yfir, að það sé gegn vilja ríkisstjórnarinnar að Ísland verði nokkru sinni notað í þágu nokkurs stórveldis til eyðileggingar og mannvíga. Nútíma hernaðartækni gerir allar yfirlýsingar um vernd landsmanna hlægilegar. Hv. 1. þm. Reykv. er sennilega einasti þm. í veröldinni sem enn þá talar á þessum nótum um svo alvarlegt mál.

Íslandi stendur ógn af veru herstöðvarinnar í Keflavík og á Stokksnesi, — ógn sem menn beinlínis veigra sér við að hugsa um. En við hér á hinu háa Alþingi erum til þess kjörin að hugsa um framtíð lands og þjóðar og getum ekki skotið okkur undan því. Sá dagur verður að rísa, að Íslendingar gangi úr NATO og vísi bandarískum herstöðvum burt af landinu og lýsi yfir hlutleysi þjóðarinnar um alla framtíð. Fáfræðihjal um þessi mál á Alþingi Íslendinga er vanvirða við þjóðina.

Efri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 58). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982. Eins og kunnugt er hefur verið lögð fram lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 ásamt fjárlagafrv. fyrir sama ár og hefur verið mælt fyrir fjárl. og lánsfjáráætlun við 1. umr. fjárlaga og einnig hefur verið sérstök umr. um lánsfjáráætlunina í Sþ. Frv. þetta er fylgifiskur lánsfjáráætlunar og er til þess samið að afla lagaheimildar vegna þeirra ákvarðana sem tengjast lántöku í fjárlagafrv. og í lánsfjáráætlun. Þessar heimildir eru til Framkvæmdasjóðs Íslands, til fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og til sveitarfélaga til erlendrar lántöku. Í frv. eru einnig breytingar á lögum *fjárfestingarsjóða og ákvæði um hámarksframlög til* nokkurra verkefna í samræmi við markaða stefnu í fjárlagafrv. fyrir árið 1982.

Eins og kunnugt er breyta fjárlög ekki lögum. Ef í fjárl. er kveðið á um lægri fjárhæðir til tiltekinni verkefna en lög kveða á um verður að sjálfsögðu að breyta viðkomandi lögum. Þetta hefur verið gert nú í nokkur ár um leið og lánsfjárlög hafa verið afgreidd, þannig að formlega liggi fyrir lagaleg heimild til að takmara greiðslur samkv. fjárl. til tiltekinna verkefna. En vissulega hlýtur að vera eðlilegast að þessum lagaákvæðum sé senn hvað líður, breytt til frambúðar þannig að ekki sé um að ræða lagabreytingar af þessu tagi á hverju ári.

Eins og kunnugt er skilaði nefndin tillögum til ríkisstj. fyrir tveimur árum um framlög ríkisins til fjárfestingarlánasjóða og gerði þar ráð fyrir verulegum niðurskurði til flestra sjóðanna. Þessum tillögum hefur síðan verið fylgt í meginatriðum þótt nokkrar undantekningar séu þar á. En eins og ég segi, það virðist eðilegast að gengið sé frá þessum lagaákvæðum í eitt skipti fyrir öll. Að þessu sinni er þó leitað eftir heimild til að takmarka framlögin á næsta ári, árinu 1982, en vonandi verður það í seinasta sinn sem fara þarf þessa leið. Hins vegar vil ég taka það fram, að til þess að hægt sé að breyta öllum þessum lögum um framlög til sjóða þarf að sjálfsögðu helst að vera samkomulag allra flokka um það efni. Þessi lög eru til orðin í tíð margra ríkisstjórna, og það var vissulega mjög ánægjulegt skref sem stigið var með nál. þar sem gert var ráð fyrir takmörkun á þessum framlögum. Það skal vissulega tekið fram, að allir nefndarmennirnir skrifuðu undir nál. með fyrirvara á sínum tíma og höfðu allir sínar sérathugasemdir í því sambandi, en þó var augljóst mál að flokkarnir allir virtust vilja fylgja þeirri meginstefnu að takmarka framlögin, og ég held að þegar nú þessi skerðing hefur verið samþykkt í þrennum fjárlögum, í raun og veru í fernum fjárlögum, þá sé nú tími til kominn að fara að ganga frá þessum málum með skýrum hætti í viðkomandi lögum.

Að síðustu ber að nefna að leitað er viðbótarlántöku vegna ársins 1981, og er nánari grein gerð fyrir þessari viðbótarlántöku í aths. við 28. gr. frv. Þar er í fyrsta lagi á það bent, að nokkur umframkostnaður hafi orðið við lagningu Suðausturlínu og þurfi að afla heimildar til lántöku til að ljúka þeirri framkvæmd, en henni lýkur á þessu ári. Er bráðnauðsynlegt að línan geti skilað orku þegar á þessu hausti.

Orkubú Vestfjarða hefur átt í miklum erfiðleikum síðan það var sett á laggirnar og þó sérstaklega nú á *seinni árum, m. a. vegna þess hvað* Vesturlína varð sein til að skila þeim Vestfirðingum orku. Virðist óhjákvæmilegt að afla nokkurs rekstrarfjár til að Orkubú Vestfjarða verði rekið með eðlilegum hætti. Eins og kunnugt er varð að framleiða verulega mikla raforku á s. l. ári með dísilvélum og raforkan varð því dýrari en gert hafði verið ráð fyrir. Á það ekki aðeins við um Orkubúið, heldur einnig Rafmagnsveitur ríkisins og margar aðrar rafveitur, m. a. Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Sá halli, sem varð á rekstri hjá þessum fyrirtækjum, hefur nú að mestu verið gerður upp, en þó hefur reynst erfiðast að gera upp þennnan halla hjá Orkubúi Vestfjarða þar sem þar er um minnsta rekstrareiningu að ræða og skuldin hlutfallslega mikil sem þar safnaðist upp. En ég vænti þess, að frá þeim skuldamálum verði gengið í byrjun næsta árs og að greiðsla á þessum skuldahala komi frá verðjöfnunargjaldi raforku.

Við samningu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 voru fjármál ýmissa hitaveitna og rafmagnsveitna sérstaklega athuguð. Þá var talið unnt að framlengja ýmis lán og breyta lánskjörum þannig að eigi þyrfti að afla sérstakra lagaheimilda til að greiða úr fjárhagsvandanum. Komið hefur hins vegar í ljós, að þessi leið var aðeins fær að takmörkuðu leyti þar sem ýmsar skuldir þessara veitna voru við aðra endurlánareikninga ríkissjóðs og fjárhæð, sem er 8 millj. kr., er því ætluð í lán til þessara veitna. En hér er ekki um að ræða aukningu á lántökum veitna, heldur skuldbreytingar. Fleiri tæknilegar breytingar af þessu tagi eru í frv. sem eru í raun og veru ekki nýjar lántökur, heldur þarf að afla skýrari lagaheimilda til tæknilegra breytinga á skuldum. Má þar nefna erfðahlut Listasafns Íslands úr dánarbúi Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar, en þar var um stórgjöf að ræða sem tekur nokkurn tíma að koma í peninga þannig að hægt verði að ráðstafa þeim til þeirra hluta sem þeim er

ætlað. Getur því verið um bráðabirgðalántöku að ræða í því sambandi.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða að öðru leyti um þetta frv. sem er, eins og ég sagði áðan fylgifiskur fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það gleður mig jafnan þegar ég get tekið undir með hæstv. fjmrh., og ég vil gjarnan gera það nú. Ég tel að tími sé til þess kominn, ef menn hugsa sér að halda áfram á þeirri braut að skerða framlög ríkissjóðs til fjárfestingarlánasjóða og ýmissa framkvæmda, að breyta þeim lögum, sem um þetta fjalla heldur er að flytja ár eftir ár frv. sem þetta um slíka skerðingu. Ég bendi á það, að skerðing þessara sjóða hefur farið árvaxandi og með þessu er verið að skerða framkvæmdafé af skatttekjum hverju sinni. Það er verið að skerða framlög ríkissjóðs af skatttekjum, en nota þá peninga til þess að þenja út ríkisútgjöldin á öðrum sviðum, — ekki til þess að spara, heldur til þess að þenja út ríkisútgjöldin á öðrum sviðum. Þegar þannig er að málum staðið er auðvitað ekki nein heil brú í því að bera saman milli ára útgjöld til þarfa ríkisins í A- og B-hluta fjárlaga, þegar stórar fjárhæðir eru færðar út fyrir þetta kerfi og sjóðirnir síðan látnir taka lán á móti. En nóg um það. Ég held að það sé alveg rétt hjá hæstv. ráðh., ef menn hugsa sér að halda áfram á þessari braut, sem ég sé í raun ekki neitt athugavert við, annað en að nota þá peninga til útgjalda ríkissjóðs á öðrum sviðum, að þá ætti að breyta þessum lögum þannig að það væri einhver ákveðin heildarstefn í þessu, en ekki að flytja slíkt frv. ár eftir ár sem hér er flutt um skerðingu, þar sem í rauninni eru numin úr gildi gildandi lög að því er þetta varðar á hverju ári.

Sú lánsfjáráætlun, sem þessu frv. er ætlað að staðfesta, er að mörgu leyti athyglisverð. Hún gerir ráð fyrir að ríkissjóður stórauki útgáfu spariskírteina, auki útgáfu spariskírteina um 66.6%. Hún gerir ráð fyrir að ríkissjóður og opinberir sjóður stórauki kaup sín á skuldabréfum lífeyrissjóða og að tekin verði með lögum 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna í þarfir hins opinbera. Um það urðu snarpar umr. á Alþingi á sínum tíma þegar ætlunin var að lögfesta að 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna yrði tekið til þessara sömu þarfa, og þá sagði hógvær maður, hv. fyrrv. þm. Eðvarð Sigurðsson, að verið væri að lögþvinga lífeyrissjóðina með valdi sem væri öndvert vinnandi fólki í landinu. Nú er sem sagt núv. hæstv. ríkisstj. að hugsa sér að seilast dýpra með lögþvingunum að þessu leyti og auka lögþvingaðar lántökur sínar hjá lífeyrissjóðunum um rúm 60%. Þó kastar tólfunum að því er varðar lánsfjáröflun þeirrar lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar sem fylgir þessu frv. Þar er gert ráð fyrir að auka erlendar lántökur um 146%, eins og ég hef áður bent á áður.

Hæstv. ráðh. hefur gagnrýnt þessa tölu mína og talið mig fara þar með blekkingar og ég veit ekki hvað. Hins vegar varð hann nú að viðurkenna að þessi tala er alveg hárrétt. Það er gert ráð fyrir að auka erlendar lántökur til A- og B-hluta fjárlaga með þessu frv. um 146% frá því í fyrra. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að í þessari lántöku í ár er 60 millj. kr. lántaka til fyrirhugaðrar stórvirkjunar og fjáröflun til stórvirkjana hefur ekki verið á A- og B-hluta fjárlaga áður. Engu að síður, þó að þessi tala sé dregin frá, er hæstv. ráðh. að fara fram á heimildir til þess að hækka erlendar lántökur til A- og B-hluta yfir 100% frá lánsfjáráætlun í fyrra. Ég sé að hæstv. ráðh. hristir höfuðið. Það er því miður á rökum byggt sem ég segi, að með þessu frv. er fyrirhugað að auka lántökur, þótt þessi umrædda upphæð sé tekin út úr, yfir 100% til A- og B-hluta.

Eitt er athyglisvert við þetta frv. og þá lánsfjáráætlun sem það styðst við. Það er sú forsenda sem þessi lánsfjáráætlun hvílir á, 33% hækkun á verðlagi milli áranna 1981 og 1982. Þar er um sömu forsendu að ræða og í fjárlagafrv. og er þar kölluð hugsanleg reiknitala, en ekki markmið eða ekki mat ríkisstj. á því, hvað muni gerast á næsta ári.

Nú er auðvitað miklu alvarlegra mál að byggja fjárfestingar- og lánsfjáráætlun á slíkri hugsanlegri reiknitölu heldur en fjárlög, vegna þess að þá hlýtur að gerast annað tveggja, ef þessi hugsanlega reiknitala bregst og verðlagshækkanir verða miklu meiri, — þá hlýtur að gerast annað tveggja, þegar um fjárfestingar er að ræða, að það verður að skera stórkostlega niður fjárveitingar eða stórauka lántökur. Því miður verð ég að segja alveg eins og er, að það eru litlar horfur á að verðlag hækki ekki meira en um 25% frá ársbyrjun til ársloka 1982, en það þyrfti að vera ef þessi forsenda, sem fjárlög og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hvíla á, ætti að standast. Ef verðlag hækkar meira frá ársbyrjun til ársloka 1982 en 25% verður að vera annað tveggja: skera stórkostlega niður frá þeirri áætlun, sem gert er ráð fyrir um fjárfestingu, eða auka lántökur. Og eins og ég sagði eru því miður litlar horfur á að verðlag hækki ekki meira en um 25% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

Í þessu sambandi vil ég gjarnan spyrja hæstv. viðskrh., sem talaði þannig við 1. umr. fjárlaga að þetta væri ekki hugsanleg reiknitala í hans huga, 33% verðlagshækkun milli áranna 1981 og 1982, heldur teldi hann a. m. k. vera markmið ríkisstj. í niðurtalningu verðbólgunnar að þessi árangur næðist á næsta ári. Ég þarf ekki að vitna beint í orð hæstv. ráðh. þar sem hann er hér og getur staðfest hvort þetta er rétt skilið. En mér finnst mjög mikilvægt alveg sérstaklega um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að fá úr því skorið, hvort reiknitala frv., 33% verðbreytingar milli áranna, er hugsanleg reiknitölu, eins og hæstv. fjmrh. vill vera láta, eða markmið ríkisstj. Það breytir öllu, vegna þess að ef svo er og ríkisstj. hefur eitthvað uppi í erminni til þess að tryggja að sú framþróun verði í verðlagsmálum á næsta ári, þá er hér að sjálfsögðu um að ræða miklu traustari áætlunargerð en ella.

Í sambandi við þetta frv., sem eins og ég sagði áðan er frv. til staðfestingar á fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, er rétt að vekja athygli á því enn einu sinni, að í mörg ár og alveg sérstaklega í tíð núv. ríkisstj. hafa lántökur til umsvifa ríkissjóðs verið stórauknar. Árið 1978 voru lántökur af heildarráðstöfunarfé ríkisgeirans á því ári rétt innan við 7%, — lántökur í hlutfalli við heildarráðstöfunarfé ríkissjóðs á þeim tíma. En nú er þetta hlutfall komið upp í 13.5%. Við þessari þróun hef ég varað undanfarin ár. Þetta er afleiðing af þeirri stefnu hæstv. ríkisstj. að halda sífellt áfram að þenja út ríkisgeirann, ef ekki með sköttum, ef ekki með niðurskurði á framkvæmdalögum, þá með lántöku. Allt þetta hefur hún í raun notað til þess að þenja út ríkisgeirann þó. Þó kastar tólfunum í ár þegar upphæðin, sem hæstv. ríkisstj. tekur að láni, er orðin 13.5% af því ráðstöfunarfé sem hún fær af skatttekjum og öllu ráðstöfunarfénu. (**Viðskrh.:** Hvar

vill þm. skera niður?) Hæstv. ráðh. talaði langt mál um það við 1. umr. fjárlaga, að hér væri komið út á vafasama braut með lántökur ríkissjóðs. (Gripið fram í.) Það var gott að hæstv. ráðh. minnti mig á það. Ég ætlaði einmitt að upplýsa hv. dm., sem ekki voru við umræðuna, um að hæstv. ráðh. talaði þar að mörgu leyti mjög skynsamlega að mínu mati og benti á að hér væri komið út á meira en vafasama braut, enda skal ég koma inn á það í örfáum orðum hvað lántökur, erlendar lántökur sérstaklega, stefna í mikið óefni hjá okkur.

Á þessu ári er gert ráð fyrir að raforkuframkvæmdir í landinu dragist saman að magni til um 43.5%, og það er gert ráð fyrir að hitaveituframkvæmdir dragist saman um 31.5%. Þetta stendur allt í þessu plaggi hæstv. ríkisstj. Samt sem áður er erlend lántaka verulega miklu meiri en hún varð á síðasta ári og heldur áfram að aukast gífurlega fjórða árið í röð. Frá því um áramót 1977—1978 höfðu löng erlend lán aukist til ársins í ár um u. þ. b. 450 millj. Bandaríkjadollara eða 77% í erlendri mynt, og á þessu ári heldur þessi þróun áfram þannig að samkv. lánsfjáráætluninni er hrein aukning rúmur milljarður nýkr. og verður skuld þjóðarbúsins samkv. þessari áætlun 8375 millj. nýkr. eða 8.4 milljarðar gkr. í löngum erlendum lánum. Það eru 37% af þjóðarframleiðslu og þetta hlutfall hefur aldrei verið hærra. Gert er ráð fyrir að greiðslubyrði í prósentum af útflutningstekjum fari upp í 17—18% á árinu 1982, en þetta hlutfall var, ef ég man rétt, um 12—13% fyrir nokkrum árum. Það lætur sem sagt nærri að um fimmti hver fiskur, sem við drögum á land, fari í afborganir af erlendum lánum, og það er uggvænleg þróun, að á sama tíma sem slíkur samdráttur sem ég lýsti áðan verður í okkar orkuframkvæmdum skuli þetta gerast.

Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að um þetta mál var rætt verulega í tengslum við fjárlagaumr. fyrir nokkru í Sþ. Það er því kannske óþarfi að fjölyrða mikið um það. En ég vil endurtaka spurningu mína til hæstv. viðskrh., sem ég tel mjög mikilvæga, hvort hann telur þá forsendu, sem þessi áætlunargerð hvílir á, 33% verðbreytingar milli áranna 1981 og 1982, hreina reiknitölu eða markmið ríkisstj.

Þá er annað atriði sem ég vil spyrja hann eða hæstv. fjmrh. um, hvort samstaða sé um það í ríkisstj. sem stendur á bls. 14 í grg. með þessu máli, þ. e. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Þá er þess að geta, að fyrirhugað er að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum.“ Er samstaða um það í hæstv. ríkisstj. að leggja þetta gjald á, og hvers vegna var þá ekki gert ráð fyrir því í tekjuáætlun fjárl. þar sem þarna er að sjálfsögðu um skattlagningu að ræða sem á ekki heima í lánsfjárlögum. Er samstaða um hvernig menn hugsa sér að leggja þennan nýja skatt á? Og þá að síðustu, þar sem hæstv. viðskrh. svarar þessu vafalaust, spyr ég, hvort hann og hæstv. ráðh. Framsfl. hafi einhverja fyrirvara við frv. til lánsfjárlaga eins og þeir höfðu við fjárlagafrv.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það eru aðeins tvær greinar þessa frv. sem ég vil víkja hér að, þ. e. 18. gr., sem snertir framlög til Erfðafjársjóðs, og hins vegar 20. gr., sem snertir framlög til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra.

Hæstv. fjmrh. kom inn á það í máli sínu áðan réttilega, að nefnd hefði verið starfandi frá öllum stjórnmálaflokkum sem átti að endurskoða uppbyggingu sjóðakerfisins í landinu og framlög ríkisins til sjóðanna alveg sérstaklega. Ég átti sæti í þessari nefnd. Aðrir nm. voru Halldór E. Sigurðsson fyrrv. fjmrh. og tveir aðrir fyrrv. fjmrh. hv. þm. Matthías Á. Mathiesen og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Það er rétt, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að um ýmis atriði höfðum við nokkra fyrirvara. Fyrirvarar mínir voru alvg sérstaklega varðandi þessa tvo þætti, annars vegar Erfðafjársjóðinn og hins vegar Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, og ég lýsti reyndar yfir að ég væri algerlega ósammála því sem kom fram í nál. og nm. í meiri hl. virtust vera ásáttir um hvernig staðið yrði að þeim málum áfram.

Sjóðirnir eru yfirleitt þannig upp byggðir nú að þeir eru með fulla verðtryggingu á sínum lánum og byggja sig þess vegna upp af eigin fjármagni smám saman. Þar af leiðir að auðvitað voru allir nm. sammála um að það væri ekki þörf á framlögum ríkisins til þeirrra í jafnríkum mæli og verið hefði. Þessir tveir sjóðir hafa hins vegar algera sérstöðu í þessum efnum. Annar sjóðurinn, þ. e. Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, veitir eingöngu styrki til framkvæmda og Erfðafjársjóður gegnum Endurhæfingarráð veitir styrki að $^2/_3$ og lán að $^1/_3$ og þau lán eru með mjög lágum vöxtum. Þessir sjóðir báðir hafa því algera sérstöðu varðandi þetta.

Ég held að við þurfum líka að huga sérstaklega að þessum tveim sjóðum nú af þeirri ástæðu að nú er ár fatlaðra, og við getum líka hugað að þessum sjóðum vegna þess að á næstunni hyggst hæstv. ríkisstj. leggja fram frv. til l. um heildarlöggjöf varðandi öll málefni fatlaðra þar sem gert er ráð fyrir mjög auknum verkefnum á öllum sviðum í málefnum hinna fötluðu, og þá skiptir auðvitað mjög miklu að tekjustofnar til þeirra framkvæmda, til þessa rekstrar og annarra þeirra hluta, sem þar er til ætlast, verði sem best tryggðir.

Ég vil nú við þessa umr. beina því til hv. nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, alveg sérstaklega að hún athugi framlögin til þessara tveggja sjóða. Ég geri þetta m. a. vegna þess, að ég sé að í tekjuhliðinni varðandi erfðafjárskattinn eða Erfðafjársjóðinn er reiknað með innheimtu erfðafjárskatts upp á 11.9 millj. Satt að segja verð ég að telja það mjög ótrúlega tölu og vil gjarnan að hún verði athuguð vegna þess að þar er um 70% hækkun að ræða milli ára, og ég held, miðað við innheimtu það sem af er þessu ári, að ekkert bendi til, að þessi tekjutala sé raunhæf, og þess vegna sé rétt að kanna það mjög vel. En það stingur þá auðvitað í augu og er ástæðulaust að vera með þessa tekjutölu svo háa þegar aftur Erfðafjársjóður fær í sinn hlut 9 millj. og skerðingin af innheimtum tekjum af erfðafjárskatti er þá orðin 2.9 millj. á pappírnum þó að þær kunni að verða ekki nema 1 millj. eða kannske ekki neitt miðað við innheimtu næsta árs.

Ég vil biðja hv. nefnd um að athuga sérstaklega hver tekjuhlið þessa sjóðs er, til þess að það verði komist sem næst hinu rétta, og ef þarna er um rétta tölu að ræða í tekjuhliðinni eða ekki mjög ranga — skulum við segja, hún er örugglega eitthvað röng, þá að athuga stöðu Erfðafjársjóðs með tilliti til þess. Þetta á auðvitað einnig við varðandi fjvn.

Varðandi Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra er það rétt, að þar er reiknað með hækkunartölu 33% milli ára, og kann að vera að vel megi við það una. Ég vil hins vegar að hv. nefnd athugi það mjög vel, að með

þeirri tölu, sem þar er, þ. e. 33% hækkuninni, sé að fullu staðið við það sem lögin segja um verðtryggingu milli ára. Það kann vel að vera að það sé rétt, ég er ekki alveg öruggur á því, og ég legg þunga áherslu á að við þau verðtryggingarákvæði, sem felast í lögunum um Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, sé staðið, og það kann að vera gert með þessum 33%.

Ég vildi víkja að þessu hér vegna þess að við fáum innan skamms til meðferðar í þinginu án efa frv. frá hæstv. ríkisstj. um heildarlöggjöf fyrir fatlaða, en sú löggjöf leggur okkur á herðar miklu meiri skyldur en áður hefur verið, góðu heilli í þágu fatlaðra. Þá þurfum við að gæta þess, að við verðum ekki við afgreiðslu núna á fjárl. og lánsfjárlögum í of miklu ósamræmi við það sem við ætlum svo að fara að samþykkja nú eftir áramótin varðandi heildarlöggjöf í þessu máli.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil byrja með að taka undir þau orð hv. þm. Helga Seljans, að vafalaust þarf að athuga svolítið betur tekjur af erfðafjárskatti og framlög til Erfðafjársjóðs. Þar er ekki fullt samræmi í milli, miðað við það sem var í fjárlögum seinasta árs, og munurinn meiri en góðu hófi gegnir. Ég tek undir það með honum, að það þarf að athuga nánar.

Ég stend hérna aðallega upp vegna ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárusar Jónssonar, til að mótmæla þar ákveðnum atriðum sem ég verð að mótmæla þó að ég verði að vísu að viðurkenna að tími minn er nokkuð knappur þar sem ég var búinn að lofa að mæla fyrir máli í hv. Nd. innan skamms, en þar endurtók hann ýmsar fullyrðingar sem hann hafði áður verið með og verður auðvitað að reyna að mótmæla hvenær sem tækifæri gefst. Þar er hins vegar um svo ómerkilegt karp að ræða vil ég leyfa mér að segja — að það liggur við að mér finnist það hálfgerð tímaeyðsla að vera að eyða orðum að slíku.

Það er tvennt sem hv. þm. Sjálfstfl. eru stöðugt með og gengur upp af þeim í hvert skipti sem þeir taka til máls hér um fjármál. Það er eitthvað sem þeir kalla vaxandi útþenslu ríkisumsvifa annars vegar og hins vegar vaxandi erlendar lántökur.

Við skulum fyrst líta á erlendu lántökurnar. Hvað vaxa erlendar lántökur þjóðarbúsins samkv. lánsfjáráætlun ef á allan listann er litið? Þær vaxa milli ára um tæp 20%. Það er sannleikur málsins. En hér er miðað við verðlagsforsendur 33% milli ára þannig aðaukning erlendrar lántöku milli ára er talsvert miklu minni en breytingar verða á milli ára.

Hv. þm. getur að vísu fundið eina tölu sem var í fyrra 297 og hækkaði í ár upp í 695, og þar fær hann út þessa rosalegu stóru prósentutölu sem han vitnar í sí og æ. En ég hef bent á það við fjárlagaumr. sjálfa, að það þýðir ekki að taka einstakar tölur út úr og bera þær saman frá ári til árs, ef ekki er tekið tillit til annarra talna náskyldra. Það verður auðvitað, þegar talað er um t. d. erlendar lántökur ríkisins og ríkisaðila, að taka öll ríkisfyrirtæki og sameignarfélög ríkis og sveitarfélaga, og ef við t. d. tökum þau saman, þ. e. ríkisfyrirtæki, ríkissjóð og fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, þá munu menn sjá, ef menn leggja saman tölurnar frá því í ár og svo aftur tölurnar sem settar eru fram fyrir árið 1982, að þar er hækkunin 32% milli ára eða rétt um það bil verðlagshækkunin. Þetta er sannleikur málsins. Auðvitað er þarna um vissan tilflutning að ræða milli liða eins og alltaf vill vera, þannig að einn liðurinn hækkar kannske töluvert mikið miðað við annan, sem stendur í stað, og þriðji liðurinn jafnvel lækkar mjög verulega. En ef um samanburð er að ræða verður að taka með allar tölurnar. Ég kallaði það blekkingu að nefna bara eina tölu, sem hækkar um 134%, og þegja yfir öllum hinum staðreyndunum. Ég ítreka það hér, að það er argasta blekking sem er ekki nokkrum hv. þm. sæmandi.

Ég vil vekja á því athygli, að ef litið er á lántökur ríkissjóðs, heildarlántökur vegna A- og B-hluta og vegna fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga, þá er þar um að ræða lántökur upp á 1345 millj. kr. En hvaða lántökur eru þetta? Hvaða lán eru þetta? Á bls. 20 í lánsfjáráætlun geta menn séð hvaða upphæðir er þarna um að ræða, og með því að líta á töfluna á bls 25 í lánsfjáráætlun geta menn séð nánar um hvaða framkvæmdir er þarna að ræða.

Ef tekin eru saman öll lán til raforkuframkvæmda á árinu 1982 og til hitaveituframkvæmda, þá sjáum við að upphæðin er samtals 1133 millj. Ef við gerum ekki ráð fyrir neinum lánum til orkuframkvæmda og þá yfirleitt engum orkuframkvæmdum öðrum en þeim sem eru fjármagnaðar af eigin fé fyrirtækja, þá er erlenda lántakan í heild ekki nema um 200 millj. kr., sem ekki getur talist stór upphæð í sjálfu sér. Sem sagt, erlendu lántökurnar eru allar tengdar meira eða minna raforkuframkvæmdum og öðrum orkuframkvæmdum. Eins og menn sjá eru 1133 af 1345 millj. sem lúta að orkumálum.

Þá er spurningin þessi: Er það till. Sjálfstfl., er það till. hv. þm. Lárusar Jónssonar, að ekkert verði aðhafst í orkumálum á næstu árum? Hvernig samræmist það till. sem hv. þm. flytur í Sþ. ásamt mörgum öðrum þm. Sjálfstfl., þar sem gert er ráð fyrir að hraða stórkostlega byggingu orkumannvirkja í landinu og hraða uppbyggingu stóriðju í landinu. Þm. er greinilega að ætlast til þess af okkur, sem stöndum að þessu fjárlagafrv. og þessari lánsfjáráætlun, að orkuframkvæmdir í landinu séu stórkostlega skornar niður. Hann kvartar yfir því hér dag eftir dag, að erlendar lántökur séu allt of miklar. En hann veit auðvitað sjálfur að meiri hlutinn af þessum erlendu lántökum eru til orkuframkvæmda og vegna orkumála. Einn daginn er hann að heimta að orkuframkvæmdir í landinu séu skornar stórkostlega niður og hinn daginn er hann að heimta að þær séu tvöfaldaðar. Þetta er samræmið í málflutningnum. (**LJ:** Ráðh. talar eins og ólesinn skólastrákur um eigið mál. Vill ekki hæstv. ráðh. lesa það sem stendur neðst á bls. 18?) Með ánægju. (**LJ:** Það er um löng erlend lán o. s. frv.) Með ánægju.

„Áætlað er að löng erlend lán muni í árslok 1981 nema 7285 millj. kr. á meðalgengi ársins eða nálægt 36% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Að meðtalinni aukningu árið 1982 er áætlað að hlutfallið verði rúmlega 37%," (**LJ:** Já, 36% á þessu ári og 37 á næsta.) Já. (**LJ:** Er það ekki aukning erlendra lána?) Ég hef gert hér grein fyrir því, að lántökurnar sjálfar eru hlutfallslega töluvert lægri á næsta ári en þær voru á þessu ári. (Gripið fram í). Já, augnablik, þær eru 20%, lántökurnar, en það eru lántökurnar annars vegar og svo afborganir og vextir hins vegar. Það er ekki alveg nákvæmlega það sama. Lántökurnar minnka, en það er hins vegar rétt, að vaxtagreiðslurnar vegna lána frá fyrri árum vaxa verulega — og hvers vegna? M. a. vegna þess að vextir af erlendum lánum, t. d. í Bandaríkjunum, eru upp undir það tvöfalt hærri en þeir voru í fyrra. Það er bara allt annað. Ég verð að spyrja

hv. þm., hvort hann hafi lesið sína lexíu, ef hann ætlar að fara að rugla algerlega saman annars vegar vöxtum og afborgunum af lánum, sem tekin hafa verið á undanförnum árum, afborganabyrðinni og vaxtabyrðinni af þessum lánum annars vegar, sem vex m. a. vegna vaxtahækkana úti í heimi, og svo hins vegar lántökunum á næsta ári sem verða greinilega hlutfallslega lægri en þær eru á þessu ári. Þetta er tvennt ólíkt og má ekki rugla því saman. Það gera ekki aðrir en þeir sem hafa ekki kynnt sér málið.

Ég vil líka vekja athygli hv. þm., sem eru stöðugt að prédika um að ríkissjóður sé að taka erlend lán, á því að staðreyndin er að ríkissjóður tekur engin erlend lán til eigin þarfa. Í A-hluta eru engin erlend lán tekin í ríkissjóð. Það eru aftur á móti sjálfstæðar ríkisstofnanir á vegum ríkissjóðs og fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs sem taka erlendu lánin. Ríkissjóður sjálfur tekur engin erlend lán, þó að menn séu hér að prédika dag eftir dag að svo sé og hafi uppi alls kyns firrur um hluti sem þeir hafa greinilega ekki hugmynd um. Ríkissjóður tekur engin erlend lán. Öll lán, sem ríkissjóður tekur, eru af innlendum toga sprottin, ýmist fengin frá lífeyrissjóðum, frá bankakerfi eða með sölu á spariskírteinum. Allt þetta kemur glögglega fram í þessari lánsfjáráætlun og þarf ekki að endurtaka það frekar.

Hv. þm. er nú horfinn úr salnum svo að það þýðir ekki að skamma hann öllu lengur, en ég vil bara bæta því við öðrum þm. til fróðleiks, að þegar menn eru hér að tala um útþenslu ríkisumsvifa, þá ættu menn að athuga hvernig þróun útgjalda er miðað við þjóðarframleiðslu? Hefur þróun útgjalda miðað við þjóðarframleiðslu farið vaxandi? Það er alls ekki rétt að hún hafi farið vaxandi. Árin 1977 og 1978 var þessi prósentutala hærri en hún er í ár. Hún er rétt um 28.1%, en hún hefur stundum verið hærri. Hún var hærri í tíð Matthíasar Á. Mathiesens heldur en hún er núna. Hún fór eitt árið upp í 29.2%. Staðreyndin er því sú, að ríkisumsvifin, ef þau eru metin sem útgjöld ríkissjóðs í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, þá eru þau lítilega lægri en þau urðu hæst í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. (**Viðskrh.:** Þau voru gott betur til hægri hjá Matthíasi, 31%, ef ég man rétt.) Það fer eftir því hvernig dæmið er reiknað. Þjóðhagsstofnun reiknaði útgjöld miðað við þjóðarframleiðslu á svolítið annan veg um árabil heldur en hún gerði svo aftur á síðara stigi. Það fer eftir því hvor reikningsaðferðin er notuð. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að miðað við fyrri reikningsaðferð hjá Þjóðhagsstofnun var þessi tala komin upp í 31%. En mér er nær að halda að miðað við síðari tíma reikningsaðferð sé þessi tala einhvers staðar rétt undir 30%, en það er örugglega töluvert miklu hærri prósenttala en er nú. (Gripið fram í.) Já, það er rétt, þá er best að gera það. Staðreyndin er auðvitað sú, að þegar hv. þm. er með sína vanalegu tuggu um að ríkisumsvif séu verulega vaxandi, þá er hann að mæla þar gegn betri samvisku. Hann veit að í þessu fjárlagafrv. er alls ekki gert ráð fyrir auknum umsvifum ríkisins, heldur status quo, óbreyttu ástandi, nokkurn veginn nákvæmlega sömu prósenttölu í hlutfalli af þjóðarframleiðslu og verið hefur. Hann veit vafalaust líka að í fjmrh.-tíð Matthíasar Á. Mathiesens fór þessi ríkisumsvifaprósenta hærra en hún er nú, hún fór upp fyrir 29%, alveg upp undir 30%. Ef eitthvað er hefur tekist að beita því aðhaldi sem til þurfti til að halda þessari prósentu í því sem hún er, í kringum 28%. 28.1 og 28.2 eru þær prósenttölur sem þessi tala sveiflast aðallega í kringum. Reyndin hefur orðið sú, að í fjárlagafrv. hefur talan verið 28.1 eða 28.2 eða 28.3, en þegar ríkisreikningur hefur legið fyrir hefur prósenttalan verið heldur lægri, og það er auðvitað verðbólgan sem hefur valdið því. Þjóðarframleiðslan hefur aukist í hlutfalli við verðbólgu, en ýmsar tölur fjárlaga breytast ekki, m. a. fjárfestingarliðir, og þess vegna hefur talan orðið heldur lægri og þá venjulega verið um 27%.

Herra forseti. Það mætti margt segja um málflutning hv. þm. Lárusar Jónssonar, fjöldamargt, en ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Ég satt að segja stóð nú ekki aðallega upp til að skamma hv. þm. eða til að koma honum í skilning um hvaða réttar tölur eiga hér við. Hann þekkir allar þessar tölur. Hann veit þetta allt og það er engin þörf á að segja honum þetta þó að hann vilji hafa annað uppi. En ég er að segja þetta hv. þm. og öðrum, sem á mál mitt hlýða, vegna þess að þessi áróður þm. Sjálfstfl. er svo yfirgengilegur að það er alltaf von á því, að einhverjir trúi svona ýkjusögum sem birtar eru í blöðum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert grein fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982, og skal ég ekki ítreka það sem hann sagði í því sambandi. Ég vildi þó vekja athygli á því, að fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin fyrir árið 1982 og frv. til lánsfjárlaga byggja á þeirri meginstefnu, að fjárfestingin í landinu á næsta ári verði um 24% af þjóðarframleiðslu. Þetta er allnokkru lægri hlutfallstala en verið hefur undanfarin ár. Ég held að ég fari rétt með það, að þessi tala hafi náð upp undir 30% eða jafnvel yfir 30% þegar mest var. Ég hef ekki athugað sérstaklega hvernig þessar hlutfallstölur voru á árunum 1974—1978, þegar Sjálfstfl. hafði forustu í ríkisstj., en mér er nær að halda að sum árin hafi þessi tala verið snöggtum hærri, þá hafi verið meiri fjárfesting, meiri framkvæmdir, meiri kostnaður miðað við þjóðarframleiðslu. Mér er nær að halda að svo hafi verið. En þetta er meginstefnan og ég held að þetta sé skynsamleg stefna. Það er auðvitað fjöldamargt í þjóðfélaginu sem þarf að byggja upp, en eigi að síður verðum við að reyna að ætla okkur nokkurt hóf í þeim efnum, og ég held að það sé skynsamleg stefna af hálfu ríkisstj. að stefna á 24% markið á næsta ári.

Ég man eftir því þegar mest brakaði í hér á stjórnarárum ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar og Alþfl. lagði mikla áherslu á að lækka þetta hlutfall. Þá voru menn að tala um 25% eða jafnvel 25—26%, ef ég man það rétt. Nú eru menn komnir niður í 24% sem grundvallarstefnumið á næsta ári, og held ég að það verði með engu móti talin óábyrg stefna í fjárfestingarmálum.

Það er svo annað mál, hvernig á að afla fjár til þessara framkvæmda. En þar er einnig sett fram markmið eða stefnumark af hálfu ríkisstj. í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni þar sem segir: „Stærsta viðfangsefnið í lánsfjármálum Íslendinga á næstu árum er að auka innlendan sparnað og lánsfjáröflun.“ Sjálfstæðismenn verða að gera svo vel að athuga það, að þegar þeir yfirgáfu stjórnarstólana 1978 höfðu innlán í bankakerfinu minnkað úr 40% af þjóðarframleiðslu niður í 20.5%. (**ÞK:** Hvað skeði þegar Framsókn fór úr ráðherrastólunum 1978?) Það hafði minnkað niður í 20.5%, að vísu ekki frá 1974, heldur frá 1970—1971 þegar Sjálfstfl. yfirgaf stjórnarstólana. (**EgJ:** En þegar Framsókn fór frá?) Við fórum aldrei, við sáum að það þurfti eitthvað að lagfæra þetta,

svo að við héldum áfram, og skal ég nú greina frá hvernig gengið var í þau mál.

Það urðu umskipti í þessum málum með Ólafslögum. Ég held nefnilega að Ólafslög sé miklu merkilegri grundvallarlög en sjálfstæðismenn vilja vera láta, það muni koma æ betur í ljós eftir því sem tímar líða. En með Ólafslögum var sett á verðtrygging inn- og útlána, sem kunnugt er, 1979, og þá urðu þáttaskil í þessum málum. Á árinu 1980 minnir mig að þetta hlutfall hafi vaxið úr 20.5% upp í 23.8%, á þessu ári verður það sennilega 26.5% og á næsta ári 29% eftir því sem spáð er, þannig að hér horfir einmitt í þá stefnu að auka sparnaðinn í þjóðfélaginu, sparnað í bankakerfinu, sem hægt er að nota til þess að taka minna af erlendum lánum til framkvæmda heldur en ella þyrfti að gera. Þetta hefur lagast talsvert að þessu leyti til síðan sjálfstæðismenn yfirgáfu stólana, og verður erfitt fyrir sjálfstæðismenn að hrekja þessar staðreyndir að ég ætla.

Það er auðvitað langsamlega alvarlegast í þessum málum, aukinni erlendri skuldasöfnun, — ég fer ekki í neinar grafgötur með það, það er út af fyrir sig alvarlegt mál þegar fjárfestingarhlutfallið lækkar, — að á sama tíma lækkar greiðslubyrði erlendra lána hjá okkur og erlendar skuldir vaxa. Það er út af fyrir sig alvarlegt mál. Ég er ekki þar með að segja að það sé ekki forsvaranlegt og skynsamlegt að gera það. En það er eigi að síður alvarlegt mál og þarf að gefa því glöggar gætur. Auðvitað er það verðbólgan sem fyrst og seinast verkar svona á okkar hagkerfi. En ekki verður hægt að segja að t. d. aðalmálgagn Sjálfstfl. hafi uppi mikla tilburði til að krefjast þess, að verðbólgan lækki. Það segir það í leiðurum. En það segir svo á útsíðum sínum og alls staðar löðrandi í blaðinu, að það eigi að krefjast hærri launa, kaupmátturinn sé alltaf að minnka, það verði að krefjast hærri launa. Það ögrar þrýstihópunum. Það krefst meiri framkvæmda og ýtir undir þenslu í þjóðfélaginu á öllum sviðum í áróðrinum. En hins vegar er þess krafist í leiðurunum, að verðbólgan verði minnkuð. Ég geri ráð fyrir að sjálfstæðismenn almennt meini það, að þeir vilji lækka verðbólguna. Það ætla ég. En ég verð að segja það, að mér blöskrar alveg þessi málflutningur Morgunblaðsins, blöskrar hann og finnst hann yfirgengilegur, þrátt fyrir að það sé sjálfsagt skoðun Morgunblaðsmanna að með því að auka á verðbólguna nú séu meiri líkur á því að það megi hrekja ríkisstj. frá völdum. Það má segja í því efni, að sannarlega skal mikið til mikils vinna, þ. e. að hafa tiltölulega litlar áhyggjur af því, að verðbólgan vaxi, ef hægt er að koma stjórninni frá og taka síðan við völdum.

Hv. þm. Lárus Jónsson minntist nokkuð á það, að ég hefði gert að umræðuefni við 1. umr. fjárl. stefnu ríkisstj. í verðbólgumálum. Það vildi svo vel til, þegar hann var að gera þetta að umræðuefni, að ég var einmitt að lesa yfir þessa ræðu, þannig að ég hef hana hérna og gæti lesið nokkrar línur úr henni, til þess að það fari ekkert á milli mála og það sé þá bókað bæði í Sþ. og í Ed. hvað ég sagði. Ég ætla að gera það, með leyfi hæstv. forseta:

„Í fjárlagafrv. er miðað við 33% hækkun verðlags og launa milli árana 1981 og 1982, en í aths. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 verða settar fram horfur um verðbólgu á komandi ári". Í þjóðhagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982 segir hins vegar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni enn verulega niður í samræmi við þá meginmarkmið að koma henni svo fljótt sem kostur er niður á svipað stig og er í helstu viðskiptalöndum okkar. Ríkisstj. telur æskilegt að ná hlutfallslega svipuðum árangri á árinu 1982 og á þessu ári, en tölulegt markmið verður ákveðið þegar betri upplýsingar liggja fyrir um þróun ýmissa þátta efnahagsmála sem enn eru óljósir." Það er t. d. ekki alveg ljóst enn þá, hver verðbólgan verður á þessu ári. Ég ætla að hún verði í kringum 40% frá upphafi til loka árs. Ég skal ekki slá neinu föstu um verðbólgustigið í lok ársins, úr því sker auðvitað reynslan."

Þetta er orðrétt það sem ég sagði um þessi efni (**LJ:** Vill ekki hæstv. ráðh. lesa 2—3 setningar í viðbót?) Það er alveg sjálfsagt að ég haldi áfram að lesa svolítið lengra í ræðunni fyrst þm. líkar vel að hlusta, en í framhaldinu segir:

„Í stefnuræðu forsrh. kom fram nákvæmlega sama efnisatriði, að á komandi ári mun ríkisstj. leggja höfuðáherslu á að þrýsta verðbólgunni niður og ná hlutfallslega svipuðum árangri og í ár. Þetta er í raun og veru sú stefna sem ríkisstj. hefur látið frá sér fara og lagt fram hér á hv. Alþingi í verðbólgumálum.

Árangri í baráttunni við verðbólguna verður að ná með samstilltu átaki í þjóðfélaginu og aðhaldssamri og sterkri efnahagsstjórn án þess að til atvinnuleysis komi eða gengið verði á kaupmátt ráðstöfunartekna. Þetta eru þau kjarnaatriði sem snerta almenna stefnu ríkisstj. í verðbólgumálum á næsta ári."

Ég held að ég láti nú lestri mínum lokið. Þetta, sem ég hef hér lesið, var það sem ég sagði við 1. umr. fjárl. og skal ég ekki hafa fleiri orð um það, það talar sjálft sínu máli.

Hv. þm. Lárus Jónsson spurði enn fremur um það, hvort Framsfl. hefði haft fyrirvara þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlunin var lögð fram. Ég get svarað því hreinlega að Framsfl. hafði ekki almennan fyrirvara í þessu efni, en hins vegar áskildi hann sér rétt til þess að einstök atriði yrðu athuguð sérstaklega við meðferð málsins í þinginu. Eins og kunnugt er var lánsfjáráætlun nú lögð fram miklu fyrr, mörgum mánuðum fyrr en venja hefur verið á undanförnum árum, og þess vegna er ekki óeðlilegt að hún fái nú vandlegri meðferð hér í þinginu.

Ég gerði að umræðuefni við 1. umr. um fjárlagafrv. að það gæti komið til grein að fresta vissum stórum framkvæmdum. Talaði ég þar ekki fyrir hönd Framsfl., heldur sem þm., og ég tiltók sérstaklega t. d. Kröfluvirkjun. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að kanna hvort þörf sé á að bora þrjár holur við Kröfluvirkjun á næsta ári, miðað við það hvað tiltækt verður af rafmagni í landinu á næstu árum. Hins vegar er í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun gert ráð fyrir að svo verði gert. Ég álít að það sé eitt af þeim málum sem þurfi að skoða, svo að ég nefni hér dæmi.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. fyrir þessu frv. til lánsfjárlaga, er það að sjálfsögðu flutt í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun svo og ákvæði í fjárlagafrv. Ég hef ekki hugsað mér að leggja sérstakar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. né skamma hann sérstaklega, þannig að ég held að ég geti mjög auðveldlega sagt þau fáu orð, sem ég ætla að segja hér um þetta frv., þó að hann sé fjarstaddur. En mig langar til að gera hér örstutt-

ar aths. við tvær til þrjár greinar í frv. og vil byrja á því að taka undir með hv. 2. þm. Austurl., hæstv. forseta þessarar deildar, varðandi 18. og 20. gr. um málefni Erfðafjársjóðs og Framkvæmdasjóðs þroskaheftra. Við vitum að á þessu ári fatlaðra er í mörg horn að líta varðandi málefni þessa fólks sem minna má sín í þjóðfélaginu, og við verðum að sjálfsögðu að hafa það í huga þegar við fjöllum um það fjármagn sem veita á til framkvæmda fyrir þessa aðila.

Annað, sem mig langaði til að fara örfáum orðum um, er í fyrsta lagi 15. gr. sem fjallar um Húsnæðisstofnun ríkisins og sérstaklega Byggingarsjóð ríkisins. Við vitum öll um þær breytingar sem orðið hafa í lánamálum þjóðarinnar á undanförnum misserum, það verðtryggingakerfi sem tekið hefur verið upp á lánsfé, og við vitum að það hefur hækkað allan fjármagnskostnað og veldur húsbyggjendum að sjálfsögðu miklum erfiðleikum. Þetta hefur það í för með sér, að sérstaklega á við erfiðleika að stríða það unga fólk og þeir allir sem eru að byggja eða kaupa húsnæði í fyrsta sinn, og ég held að ekki verði komist hjá því að líta sérstakleg til með þessum hópi fólks í þjóðfélaginu.

Það er okkur vel ljóst, sem ferðumst um landið og skoðum þessi mál, ræðum við fólk, að það eru víða miklir erfiðleikar. Þó að nokkuð vel hafi verið séð fyrir hluta af málefnum Húsnæðisstofnunar ríkisins, þ. e. Byggingarsjóðs verkamanna, er ljóst að þarna er orðið verulegt bil á möguleikum fólks til að komast yfir eigið húsnæði, annars vegar þess fólks, sem á möguleika á að byggja samkv. kerfi Byggingarsjóðs verkamanna eða félagslegra íbúða, og hins vegar þeirra einstaklinga, sem ekki eiga kost á húsnæði samkv. því kerfi og byggja samkv. hinu almenna kerfi Byggingarsjóðs ríkisins. Ég held að það beri að leggja áherslu á að aðstoða það fólk sem er að byggja í fyrsta skipti eða kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti og við vitum að á nú í erfiðleikum.

Önnur grein, sem mig langar til að fara örfáum orðum um, er 19. gr., sem fjallar um málefni Bjargráðasjóðs. Ég vil minna á það, að á þessu hausti gekk vetur snemma í garð, a. m. k. í sumum landshlutum, og ýmsir hafa orðið fyrir áföllum af þeim sökum. Það vill svo til að sumir þeir aðilar eru þeir sömu sem fóru verst út úr harðæri árið 1979 og fengu þá aðstoð frá Bjargráðasjóði. Þá var gripið til sérstakra aðgerða til þess að gera Bjargráðasjóði kleift að lána þeim aðilum upphæð, sem mig minnir að hafi verið til 5 ára, og nú er komið að því, að þeir þurfa að fara að standa skil á afborgunum af þeim lánum, og þess vegna alveg ljóst að þeir lenda nú í miklum vandræðum, einmitt margir sömu aðilar. Ekki er ólíklegt að síðar í vetur þurfi að koma til aðgerða Alþingis eða ríkisvalds til þess að bæta úr fyrir einmitt þessum aðilum, og þess vegna finnst mér rétt að nefna það hér og nú strax, að mér þykir ekki ólíklegt, að það þurfi að líta einmitt sérstaklega á málefni Bjargráðasjóðs.

Ýmislegt fleira mætti sjálfsagt minna á. En það er nú einu sinni svo, að þegar á að reyna að gæta aðhalds og við erum að reyna að hafa eitthvern hemil á verðbólgubálinu, þá þýðir auðvitað ekki að hrópa alltaf á aukin útgjöld. Við verðum að hafa styrk og kjark til þess að standa við þá stefnu sem við erum að reyna að marka í fjárlagafrv. og í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, og ég ætla þess vegna ekki að gera fleiri aths. við þetta frv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að því miður gerði hæstv. fjmrh. sig sekan um að tala hér eins og ólesinn skólastrákur um eigið mál, eins og ég sagði úr sæti mínu áðan. Hæstv. viðskrh. svaraði raunar þessum makalausa málflutningi hæstv. fjmrh., því að hann sagði að það væri alvarlegt mál að erlendar lántökur ykjust á sama tíma sem gert væri ráð fyrir minni fjárfestingu en í fyrra. Það var kjarni minnar gagnrýni. Ég sagði það, það má lesa það, og ég vil biðja hæstv. fjmrh. að lesa töflu á bls. 22 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þar kemur fram að hitaveituframkvæmdir dragast saman um 31% að magni til og orkuframkvæmdir og stóriðjuframkvæmdir um 43.5%. Þetta er skýringin á því, að gert er ráð fyrir minni fjárfestingu samkv. þessari áætlun á árinu 1982 heldur en í ár. Samt sem áður er um verulega auknar erlendar lántökur að ræða, og þetta sagði hæstv. viðskrh. að væri alvarlegt mál. Ég er honum sammála. Þetta var kjarni minnar gagnrýni.

Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er ekki meginskýringin á því, að heildarskuldabyrði erlendra lána verður hærra hlutfall af þjóðarframleiðslu á árinu 1982 en áður, að greiðslubyrði af erlendum lánum verður meiri, — hún var 13% 1968, ef ég man rétt, eða eitthvað í kringum það, en verður 17—18%, — það er ekki meginskýringin að vextir hafi hækkað svo mjög eins og hann sagði. Meginskýringin er sú, að erlendar lántökur hafa verið gífurlegar á undanförnum árum, og nú skal ég lesa upp hvernig þetta hefur gengið fyrir sig í A- og B-hluta fjárlaga síðan hæstv. ráðh. tók við ráðherradómi.

Árið 1978 voru erlendar lántökur til A- og B-hluta 48.6 millj. nýkr., árið 1979 56, árið 1980 213 millj. nýkr., árið 1981 283 og samkv. þessari áætlun, sem hér liggur fyrir, verða þær 695 millj. nýkr. í ár.

Ef við drögum frá þá tölu sem hæstv. ráðh. vill endilega draga frá í ár, þ. e. lántöku til nýrrar stórvirkjunar, er samt um að ræða 635 millj. nýkr. sem ætlunin er að taka af erlendum lánum til A- og B-hluta ríkissjóðs. Þetta er tíföldun í krónum talið síðan hæstv. ráðh. tók við ráðherradómi. Svo talar hæstv. ráðh. hér digurbarkalega og segir, að ríkissjóður taki ekki nein erlend lán. (**Fjmrh:** Ekki ríkissjóður í A-hluta.) Þetta eru tölur sem hæstv. ráðh. getur flett upp í fjárl. frá því 1978 og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Lántökur voru þessar: 1978 48 millj. nýkr., eru núna 695. Ef við drögum 60 frá því kemur 635 út. Það er 125% hækkun frá því í fyrra, en tíföldun frá því að hæstv. ráðh. tók við ráðherradómi. Svo illa hefur okkar efnahagsmálum ekki verið stjórnað að verðlag hafi tífaldast á aðeins þremur árum.

Ég vil taka undir það með hæstv. viðskrh., að hér er um stóralvarlega hluti að ræða, og það var það sem var kjarni minnar gagnrýni. Og ég vil benda hæstv. viðskrh. á það, að meginskýringin á því, að gert er ráð fyrir minni fjárfestingu á næsta ári heldur en á árinu í ár, er sú, að orku- og hitaveituframkvæmdir og stóriðjuframkvæmdir dragast eins hrikalega saman og ég nefndi áður. En á sama tíma heldur þessi þróun áfram í erlendum lántökum. Hæstv. fjmrh. las hér upp sjálfur að minni ósk, að áætlað er að löng erlend lán muni í árslok 1981 nema 7 milljörðum 285 millj. kr. á meðalgengi ársins eða nálægt 36% af vergri þjóðarframleiðslu ársins. Að meðtalinni aukningu á árinu 1982 er áætlað að hlutfallið verði rúmlega 37%. Meginskýringin á þessu, hæstv. ráðh., er ekki sú, að vextir séu hærri, enda sé ég ekki muninn á því, hvort um það er að ræða eða ekki, vegna þess að það er

einmitt hætta af þeim sökum að vextir hækki gífurlega eða að afli bresti eða einhver slík áföll hendi. Það er meginvandinn vegna greiðslubyrði þjóðarbúsins. Ef við getum gert ráð fyrir að allt sé í lagi, þá er þetta kannske ekki mikil skuldabyrði. Og ef við gerum ráð fyrir að við séum að framkvæma fyrir þetta fé eitthvað sem sé til þess að laga okkar stöðu, auka tekjur þjóðarbúsins, auka möguleika þess til að standa undir erlendum lánum, þá er um allt annað að ræða. En það er þessi hætta, að t. d. vextir rjúki upp og greiðslubyrðin aukist af þeim sökum eða að afli bresti og okkar útflutningstekjur minnki og möguleikar okkar til þess að standa undir slíkum lántökum minnki, — það er einmitt þessi hætta sem er kjarni málsins þegar verið er að ræða um greiðslubyrði erlendra lána.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta. En hæstv. ráðh. talaði um að það stæði upp úr okkur sjálfstæðismönnum eilíflega að það væri verið að auka ríkisumsvifin. Hæstv. ráðh hefur reiknað það af sinni alkunnu reikningslist, að þau séu ekki nema um 28% af þjóðarframleiðslu í ár eins og í fyrra. En í frv. hæstv. ráðh. stendur að rekstrarliðir ríkissjóðs hækki um 44.5% á sama tíma sem gert er ráð fyrir að verðlag hækki um 33% og framkvæmdaframlög ríkissjóðs hækki ekki nema um 32%, af því að hæstv. ráðh. er alltaf að taka af framkvæmdaframlögum ríkissjóðs, verja því fé í að þenja út ríkisútgjöldin, en taka svo lán til fjárfestingarsjóða utan við kerfið, utan við A- og B-hlutann. Þetta er það sem hæstv. ráðh. er að gera. Hann er að leika hér reikningskúnstir, en ekki ég.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að bæta við það sem hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur sagt. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. er órótt undir þessum umr. Hann sagði áðan að það væri hætta á að einhverjir færu að trúa fullyrðingum sjálfstæðismanna, sem komu fram í málflutningi hv. 3. þm. Norðurl. e. Ég skil þennan ótta hæstv. ráðh., að málflutningur sjálfstæðismanna geti haft áhrif á hans flokksmenn og hann vilji standa á verði og kannske hann vilji einnig standa á verði fyrir einhverja villuráfandi framsóknarmenn sem hann telur að liggi flatir fyrir sannleiksgildi málflutnings okkar sjálfstæðismanna. Þetta skil ég. En hitt var það sem ég skil síður, að rauði þráðurinn í því, sem hann var að segja, var ekki sá, að hann væri á móti aðhaldsstefnu Sjálfstfl. í ríkisfjármálum. Nei, það var ekki það. Það var að hann framkvæmdi þessa stefnu betur en Sjálfstfl. Á venjulegu máli þeirra Alþb.-manna þýðir þetta sama sem hann segði að hann væri betra íhald en íhaldið í Sjálfstfl.

Ég held að það þurfi ekki að halda hér ræðu til að vara við því, að menn leggi trúnað á þetta. Þó að hann telji að hann hafi eitthvert íhald til að bera, þá er það alltaf gerviíhald borið saman við aðalíhaldið.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um það, að þetta sé hálfgert vandræðafrv. að því leyti að vera að bera fram frv. þar sem lagt er til að skornar séu niður tekjur ýmissa fjárfestingarsjóða. Ég er sammála hæstv. ráðh. um þetta og skil afsökunartóninn í hans ræðu þegar hann lagði málið fyrir. Hins vegar fæ ég ekki skilið hvers vegna ráðh. gerir þetta ár eftir ár, að fara þessa leið frekar en þá að bera fram frv. til þess að breyta ákvæðum um tekjuöflun hinna einstöku fjárfestingarsjóða sem hér koma við sögu.

Hæstv. forseti. Ég hefði haldið að hæstv. fjmrh. hefði gott af því að hlýða á það sem hér fer fram. (**Forseti:** Ég frestaði umr. áðan einmitt til þess.) Já, ég veit að hæstv. forseti er sammála mér um það. (**Forseti:** Ég sé, að hann er hér á milli deilda, og mun reyna að gera ráðstafanir til að ná honum inn í þessa hv. deild, því að ég þykist vita að hann eigi miklu meira erindi hér en í neðra.) Já, það vona ég að sýni sig. En einhverja tilhneigingu hefur hann til þess að fara í neðra. Kannske ég segi nokkur orð á meðan sem ekki snúa beint að hæstv. ráðh., því að ég vildi segja nokkur viðurkenningarorð um það sem hefur verið sagt í þessum umr. af hv. 2. þm. Austurl. og hv. 5. þm. Norðurl. e. Ég sagði viðurkenningarorð, það er kannske réttara að segja: lýsa yfir samþykki mínu við þau viðhorf sem komu fram í máli beggja þessara hv. þm. þegar þeir voru að ræða um 18. gr. frv. um Erfðafjársjóð, 19. gr. frv. um Bjargráðasjóð og 20. gr. frv. um lög nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta. Ég vil taka undir það sem þessir hv. þm. sögðu um mikilvægi þeirrar starfsemi sem þessir sjóðir eiga að standa undir eða styrkja. Ekki síst vil ég taka undir það sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um 15. gr. frv., þá grein sem varðar Byggingarsjóð ríkisins. Ég tek undir allt sem hann sagði um mikilvægi þessa fjárfestingarsjós og um þær blikur sem eru á lofti um starfsemi sjóðsins og byggingarmálin almennt, eins og mér virtist liggja í orðum hans. En því miður get ég ekki tekið undir annað, vegna þess að hv. þm. sagði ekkert annað. Hann sagði ekkert um hvað hann meinti, hvort hann væri samþykkur því, sem stendur í þessari grein, eða hvort hann vildi breyta einhverju. Það var ekkert sagt um það. — En það er varðandi það mál sem mig fýsir að segja nokkur orð við hæstv. ráðh., og vil ég nú enn leita eftir því, hvort hægt muni að fá hæstv. fjmrh. hingað inn. (**Forseti:** Ég mun verða við því að leita eftir því að hæstv. ráðh. komi hér, því að að öðrum kosti hlýt ég að fresta þessari umr., hún verður ekki hér áfram án hans.) Ég þakka hæstv. forseta, það er greinilega rétt að umr. verður ekki án hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Ég vil þá fara fram á það við hv. ræðumann, hvort við eigum að fresta umr. núna um stund, í 10 mínútur eða svo, eða hvort við eigum að fresta þessari umr. alveg, því að annaðhvort verðum við að viðhafa.) Ég legg þessi mál í hönd hæstv. forseta. (**Forseti:** Þá mun ég freista þess að ná hæstv. fjmrh. — Hann er þegar kominn. Það vekur ánægju hv. ræðumanns og einnig mína.) Já, það er líklegt, því að það er alltaf fagnaðarefni þegar menn koma úr neðra og geta losað sig úr því sem þar er.

Ég var að víkja að 15. gr. frv., hæstv. fjmrh. Ég hafði áður sagt að ég væri sammála hæstv. fjmrh. um það, að ekki færi vel á því að bera fram frv. eins og það sem við hér ræðum, þar sem lagt er til að skerða tekjur margra fjárfestingarsjóða, heldur sé rétt, eins og hæstv. ráðh. sagði sjálfur, að bera fram sérfrv. um breytingar á lögum um hvern fjárfestingarsjóð um sig, fara þá leið. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig, og ég er honum samþykkur í því, að það sé miklu eðlilegra og skýrara. Við vitum þá betur, um hvað við erum að fjalla, heldur en á þann veg sem málið er nú lagt fyrir. Þá vitum við hvað við erum að gera, hvað er lagt til, hvað skerðingin nemur miklu í einstökum tilfellum. Það er að sjálfsögðu höfuðatriðið. Mér þykir nú nokkuð skorta á að við getum gert okkur grein fyrir hvað 15. gr. frv. þýðir og hvað er verið að skerða.

Samkv. greininni segir að þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 14/1965, um launaskatt, sbr. lög nr. 65/1977, skuli

framlög til sjóðsins ekki vera meiri en segir í greininni. Þessi ákvæði fjalla um launaskattinn, um það, að til Byggingarsjóðs skuli afla 2% af launaskatti, sem mér virðist að nemi rúmlega 220 millj. kr. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. Á að skilja þetta ákvæði þannig, að það eigi að skerða þessa upphæð úr 220 millj. og við göngum út frá því að annars verði hún 220 millj.?

En það er sagt fleira. Það er vitnað í þessari grein einnig til 2. og 3. tölul. 9. gr. laga nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Hvað er að finna í þessum töluliðum? Þar er að finna ákvæði um að til Byggingarsjóðs ríkisins skuli ganga svokölluð byggingarsjóðsgjöld, þ. e. álag á tekju- og eignarskatt og álag á aðflutningsgjöld. Þegar við erum að tala um skerðingu á þessu þykir mér að það varði nokkru að vita hvað er reiknað með, ef skerðingin fer ekki fram, að tekjur af þessum liðum nemi miklu, svo að við getum gert okkur grein fyrir hvað er verið að skerða mikið mögulegar tekjur Byggingarsjóðsins.

Það er vitnað í tvo töluliði í 9. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980. Þetta er annar tölul. sem ég hef þegar vikið að. Hinn er um bein framlög úr ríkissjóði til Byggingarsjóðs ríkisins. Hefur það einhverja þýðingu í þessum lögum að vísa til þessa töluliðar, og hvaða þýðingu hefur það?

Þetta eru spurningar sem ég vænti að hæstv. ráðh. svari. Það er eins með mig og hv. 5. þm. Norðurl. e., að mér er mikið niðri fyrir út af húsnæðismálunum og stöðunni í þeim.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Vegna spurninga hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, 4. þm. Vestf., um Húsnæðisstofnun vil ég minna á það, að við breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins var numið úr lögum að tiltekinn hluti launaskatts skyldi ganga til Byggingarsjóðs ríkisins. Eitt sinn var það 2%. Nú hefur það verið numið úr lögum. Aftur á móti var sett inn í þessi sömu lög ákvæði um það, að til Byggingarsjóðs verkamanna skyldi ganga 1% af launum, í formi launaskatts. En 1% af launum mun nema á árinu 1982 111 millj. kr.

Nú kynnu menn að segja sem svo, að það væri einfaldast að hafa alls ekki 15. og 16. gr. í frv. Það er ekki neitt ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun sem skuldbindur okkur til að greiða ákveðna upphæð til Húsnæðisstofnunar. Það er alls ekki. Á hinn bóginn er ekki gert ráð fyrir því í lögum, að greidd sé til Byggingarsjóðs verkamanna önnur og meiri upphæð en einmitt sú sem hér er nefnd, 111 millj. Hins vegar ber þess að gæta, að enn eru í lögum ákvæði um launaskatt frá árinu 1965 og frá árinu 1977 og þar eru þessi ákvæði um að greiða skuli tiltekinn hluta af launaskatti til Húsnæðisstofnunar. Með tilliti til þessa er rétt að hafa ákvæði af þessu tagi til að taka af allan vafa. Þetta var sem sagt í tvennum lögum, hefur verið numið alveg úr öðrum lögunum, en það þurfti að taka af öll tvímæli varðandi hin lögin. Hvort sú tilvísun sem er hér, þar sem er beinlínis vísað til 9. gr. laga um Húsnæðisstofnun, er þörf eða ekki skal ég ekki fullyrða, en ég hygg að hún eigi við vegna tilvísunarinnar í launaskattslögin.

Það, sem hefur gerst, er að í staðinn fyrir 2% gjald til Húsnæðisstofnunar, sem mundi nema 222 millj. eins og hv. þm. nefndi, er hér um að ræða annars vegar fast framlag í krónutölu, 57 millj., hins vegar fast framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, 111 millj. Það verður auðvitað að leggja þetta tvennt saman og þá fáum við út 168 millj. 514 þús. í staðinn fyrir þessar 222 millj. sem 2% hefðu gefið. Það verður auðvitað að skoða 15. og 16. gr. í samhengi því að segja má að það hafi verið tekið 1% frá Húsnæðisstofnun ríkisins og flutt yfir til Byggingarsjóðs verkamanna. Til viðbótar er svo það, sem eftir var af framlaginu til Byggingarsjóðsins, nokkuð skert, auðvitað með hliðsjón af því, að nú eru öll lán Byggingarsjóðsins verðtryggð og það fjármagn, sem hann hefur lánað út og er að lána út, skilar sér til baka, og þá eru auðvitað viss takmörk fyrir því, hvað eðlilegt er að leggja mikið til sjóðsins af skattfé ríkissjóðs.

Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að elta ólar við það sem fram kom í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar og auðvitað ætti alls ekki að segja meira til að tefja ekki umr. Ég get samt ekki á mér setið að bæta þar við nokkrum orðum.

Þá vil ég fyrst segja það við hv. þm., að auðvitað erum við allir hér inni innilega sammála um að erlendar lántökur og erlendar skuldir þjóðarinnar eru alvarlegt mál. Auðvitað mundum við allir óska eftir því að þessar skuldir væru minni og þessar lántökur hefðu verið minni á liðnum árum. Það þarf ekki að flokka menn í tvo hópa í þeim efnum, að sumir telji þetta alvarlegt mál og aðrir hafi engar áhyggjur. Auðvitað höfum við allir vissar áhyggjur af þessu. En spurningin er hvort við ætlum að takmarka við okkur erlendar lántökur og skera þar með niður stórkostlega þær orkuframkvæmdir, sem við erum með í gangi, eða halda þeim áfram af þeim krafti sem þó er nú. Það þýðir ekkert að hafa uppi þá tvöfeldni sem hv. þm. er hér með sí og æ, þar sem hann annars vegar er að fárast yfir nýjum erlendum lántökum og hins vegar að heimta miklu, miklu meiri erlendar lántökur í formi aukinna orkuframkvæmda og aukinnar uppbyggingar iðjuvera í landinu. Það er þetta sem ég er að benda á. Ég er ekki aðeins að benda á tvöfeldnina í þessum málflutningi hvað þetta snertir, heldur líka mjög villandi meðferð talna þar sem hann tekur þá tölu í listanum yfir erlendar lántökur, sem honum finnst að sé hagstæðust í málflutningi og sleppir öllum hinum. Auðvitað er ekki hægt að leiðrétta þennan lista, sem ég nefndi áðan um lántökur fyrir A- og B- hluta, miðað við það, sem var í fyrra, með því einu að strika út eina tölu eins og hv. þm. nefndi áðan — mig minnir að það væri 60 millj. Auðvitað er þar um miklu stærri upphæðir að ræða. Ég nefni upphæðir sem ég man í fljótu bragði. Það er t. d. liðurinn Virkjunarrannsóknir, sem er sérstaklega ætlaður fyrir Fljótsdalsvirkjun, sem hann nefndi áðan, ef hún verður nr. 2 í röðinni, meðan aftur á móti liðurinn, sem er í frv.: Nýjar virkjanir, er þá til þeirrar virkjunar sem verður nr. 1 í röðinni. (**LJ:** Virkjunarrannsóknir hafa annaðhvort verið í A-hluta eða lánsfjáráætlun.) Virkjunarrannsóknir hafa yfirleitt alltaf verið annaðhvort hjá fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs, þ. e. alls ekki hjá ríkissjóði, eða þær hafa verið í B-hluta. Það er aðeins í undantekningartilviki sem það gerðist í fyrra eða hittiðfyrra, að við tókum vissa afborgun af virkjunarrannsókaláni, sem var tekið fyrir nokkrum árum, inn í A-hluta. Að öðru leyti hefur það alltaf verið í B-hluta og á þar auðvitað heima vegna þess að þetta á að skuldfærast á þá virkjun sem byggð verður. (**LJ:** Ég átti við það. Ég átti við B-hlutann.) Já, þetta á að skuldfærast þá. En lengst af hafa auðvitað virkjunarrrannsóknir alls ekki

verið í B-hlutanum, þær hafa auðvitað verið hjá Landsvirkjun sem hefur staðið fyrir öllum meiri háttar virkjunum sem hér hafa verið reistar að undanförnu.

Það eru ekki aðeins þessar upphæðir, heldur verður þá líka að lækka fjármagnskostnað byggðalínanna vegna þess að við höfum gert ráð fyrir að afla tekna til þess að greiða fjármagnskostnað byggðalína og hann er alls ekki dreginn frá í þessum lista. Hann er dreginn frá á öðrum stað, þar sem heitir Innlend lánsfjáráætlun, og kemur auðvitað þar til frádráttar. Þannig mætti telja fleira. Það er auðvitað fyrst og fremst B-hlutinn sem hækkar mjög verulega. Ástæðan fyrir því, að hann er að hækka núna þessi árin, er sú, að framkvæmdir við byggðalínur hafa stóraukist á seinni árum í fyrsta lagi og í öðru lagi að fjármagnskostnaður byggðalínanna kemur á okkur með miklum þunga, og hann er satt að segja þessi árin að koma á okkur með allóhugnanlegum þunga. Það eru framkvæmdirnar frá árunum 1975—1979 sem eru núna að dembast yfir okkur af fullum þunga. Þessar framkvæmdir voru gerðar í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og þá var ekki nokkur minnsta tilraun gerð til þess að afla tekna til að standa undir þessum kostnaði. Þá var þessu bara fleytt áfram með lánum. Það má þó heita aðeins ábyrgari fjármálapólitík sem við erum að reyna að viðhafa nú, að við ætlum að afla tekna til að standa undir fjármagnskostnaði við þessar byggðalínur og frekari framkvæmdir á því sviði og afhenda þær tekjur þeim aðila sem tekur við byggðalínunum, sem ég vænti að verði hin nýja Íslandsvirkjun eða stækkuð Landsvirkjun.

Ég vek á því athygli að á 1. síðu í lánsfjáráætluninni er sérstök áhersla lögð á þörfina á aukinni innlendri lánsfjáröflun til að draga úr erlendum lántökum. Þar er mjög varað við að haldið sé lengi áfram á þeirri braut að hlaða upp erlendum lánum í þeim mæli sem gert hefur verið á undanförnum árum. Það eru ekki bara framkvæmdir seinustu ára sem valda þessu, heldur eru það auðvitað engu að síður þau ár þegar viðskiptahallinn hefur verið hvað mestur. Við skulum athuga það, þegar við tölum um erlend lán og menn eru að tala um að við tökum svo og svo mikil erlend lán á næsta ári, að það er ekki samkv. þjóðhagsáætlun spáð viðskiptahalla á næsta ári. Það þýðir það í reynd, ef það gengur fram, að við tökum að vísu veruleg erlend lán til framkvæmda, en við söfnum upp álíka miklum gjaldeyrisforða og því nemur. Öðruvísi gæti ekki viðskiptajöfnuður staðið á núlli. Og það er þetta sem hefur gerst t. d. nú á þessu ári, að við erum með erlendar lántökur umfram afborganir af erlendum lánum upp á 1000 millj. kr. En við erum líka á þessu ári með verulega aukinn gjaldeyrissjóð, svo nemur 400—500 millj.

Þegar við skoðum erlendu lántökurnar verðum við auðvitað að skoða hvað kemur þar á móti, að við erum að stórauka okkar gjaldeyrissjóð á sama tíma. Auðvitað er talið um erlendar lántökur ákaflega villandi, og í raun og veru er aðalmálið að þjóðarbúið sé ekki rekið með viðskiptahalla. Það er stóra skuldasöfnunin á árunum 1974—1975, þegar viðskiptahallinn fór upp undir 10% af þjóðarframleiðslu, sem veldur þessari miklu skuld okkar út á við og átti mestan þátt í að ýta henni verulega upp á við. En þegar við rekum þjóðarbúið eins og við gerum þó núna, að við erum nokkurn veginn viðskiptahallalausir, erum í raun og veru að borga nokkurn veginn allar þær framkvæmdir sem eru fjármagnaðar með erlendum lánum, erum í raun og veru að borga þær á borðið með framleiðslu ársins, — það skakkar ekki þar nema litlum 0.5% þegar hallinn á viðskiptajöfnuði er ekki nema 0.5%, — þá er í raun og veru ekki mikil ástæða til að óttast framhaldið. Hins vegar erum við með miklar skuldabyrðar á herðunum og þá sérstaklega frá þeim árum þegar viðskiptahallinn var sem mestur og tekin voru mikil erlend lán til að jafna hann.

Ég vil svo bæta því við, af því að ég gleymdi því í minni fyrri ræðu áðan, að ég hef hvergi talað um hugsanlega reiknitölu. Ég hef talað um reiknitölu fjárlaga og reiknitölu lánsfjáráætlunar, en hvergi hugsanlega reiknitölu. Það er orðatiltæki sem hv. þm. verður að skrifa hjá sjálfum sér. Það er talað um reiknitölu fjárlaga og á það lögð áhersla. (**LJ:** Var það ekki hugsanleg hækkun verðlags?) Já, og áhersla lögð á að reiknitalan sé miðuð við hugsanlega hækkun verðlags. Staðreyndin er sú, að við höfum aldrei getað spáð því með eins árs fyrirvara, hver yrði verðbólga á komandi ári. Menn eru að tala um að það sé hálfgerð óvirðing við fjárlagafrv. að tala um að reiknitalan sé ekki verðlagsspá. En hvernig var með fjárlagafrv. Matthíasar Á. Mathiesens, fyrirrennara míns, í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar? Hvernig var með verðlagsspána í t. d. seinasta fjárlagafrv. sem hann lagði fram árið 1978? Er eitthvað minnst á það, hver verðlagsspáin sé þar? Ekki einu einasta orði. Það er ekki hægt að finna þar einu sinni neina reiknitölu, hvað þá meir. Það er bara gert ráð fyrir að um það bil sem fjárlög séu afgreidd falli niður allar vísitölugreiðslur á laun og síðan verði engar vísitölugreiðslur næsta árið og þar með ekki reiknað með ýkjamikilli verðbólgu það árið. Og hvað verðbólguspá snertir er ekki minnst á það í því frv. einu einasta orði. Sama máli gegnir um frv. Sighvats Björgvinssonar, sem hann leggur fram 1979. Þar er hvorki minnst á verðlagsspá né reiknitölu eða neitt því um líkt. Svo koma menn hér upp hver af öðrum og belgja sig út um það, að það sé stórkostlegur galli á þessu frv., að í grg. þess sé viðurkennt að það sé ekki alveg gefið mál að reiknitala fjárlaga sé nákvæm mynd af verðbólgu næsta árs. Það hefur satt að segja ekki gerst lengi að fjárlög væru í sömu mynt og ríkisreikningurinn, þ. e. raunveruleg útgjöld. Munurinn hefur alltaf verið mjög verulegur. Í fjmrh.-tíð Matthíasar Á. Mathiesens var þessi munur venjulega í kringum 20%, þannig að útgjöld og tekjur voru um 20% meiri en fjárlagatölurnar sýndu, ósköp einfaldlega vegna þess að páv. ráðh. reiknaði ekki með ýkjamikilli verðbólgu á komandi ári í sínu fjárlagafrv. Það var lengst af alls ekki reiknað með neinni verðbólgu. Það var lengst af þannig við alla fjárlagagerð. Þetta er hins vegar alveg nýtilkomið, að farið er að gera sér einhverja grein fyrir verðbólgu á komandi fjárlagaári og setja þar fram einhverja tölu, en að menn séu að setja fram endanlega verðlagsspá sem skuli standa og allt sé nánast fallið um sjálft sig ef þessi verðlagsspá standist ekki, það er málflutningur sem hefur ekki heyrst hér í þingsölum fyrr en líklega í fyrsta sinn í fyrra, og svo núna kveður hann við í enn ríkara mæli en nokkru sinni fyrr.

Nei, það er vissulega rétt, að sú verðlagsforsenda og launaforsenda, sem við gefum okkur um verðlagsbreytingu milli áranna 1981 og 1982, 33%, er mjög óviss. Við höfum enga tryggingu fyrir því, að hún standist. Við getum ekkert um það fullyrt fyrr en t. d. að loknum væntanlegum kjarasamningum, hver verður raunveruleg verðbólga milli ára. En þetta er eins og það hefur alltaf verið og við teljum nú orðið hyggilegt að reikna þarna

með ákveðinni þróun, sem sé eitthvað nálægt markinu, og þá veljum við tölu sem við teljum að sé frekar varkárt metin. En eins og ég hef þegar tekið fram, lengstum var það þannig, að það var alls ekki reiknað með neinni verðbólgu. Ef flett er upp í fjárlagafrumvörpum fyrirrennara minna er yfirleitt ekki hægt að sjá, að þar sé um neina ákveðna verðlagsspá að ræða, hvað þá reiknitölu eða hugsanlega reiknitölu, eins og hv. þm. vill láta það heita.

Umr. frestað.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 86 flyt ég frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Ég lagði þetta frv. fram á síðasta þingi, en það hlaut þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt. Við endurflutning nú eru flm. auk mín hv. þm. Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson og Eiður Guðnason, en öll eigum við sæti í allshn. Ed. sem fjallaði um fyrra frv.

Frv. þetta tekur mið af reynslu og breyttum þjóðháttum sem varða almennar kosningar í landinu. Það varðar námsfólk búsett á Norðurlöndum, kjörskrárkærur, kjördag og kosningu utan kjörstaða. Við endurflutning frv. nú hefur verið tekið tillit til aths., sem fram komu í meðferð allshn. Ed., og gerðar viðeigandi breytingar, en þær eru varðandi 1. og 2. gr.

Í 1. gr. er, þegar frv. var flutt á síðasta þingi, einnig gert ráð fyrir að aðrir Íslendingar, sem um stundarsakir dveljast erlendis vegna starfa sinna, skuli færðir á kjörskrá með sama hætti og námsmenn, en þessu atriði er nú sleppt þar sem það mun vera flóknara mál að leysa og því réttara að það verði þáttur í allsherjarendurskoðun kosningaréttarákvæðanna.

Varðandi 2. gr. var í fyrra frv. gert ráð fyrir að stytta kærufrest til sveitarstjórna úr þremur vikum í 10 daga, en nú er gert ráð fyrir styttingu í tvær vikur. Að mati þeirra, sem best þekkja til þessara mála, var talið vafasamt að ganga lengra í styttingu kærufrestsins en tvær vikur. Því er það lagt til nú, og fáist þessi breyting væri það til bóta.

Um 3. gr. held ég að sé ekki ástæða til að fjölyrða sérstaklega. Hún skýrir sig nokkuð sjálf.

Um 4. gr., varðandi breytingu á kjördegi frá sunnudegi til laugardags, þá er þess nú freistað að breyta um kjördag. Frv. um þetta atriði mun áður hafa verið flutt á Alþingi, fyrir nokkrum árum, en náði þá ekki fram að ganga. Laugardagurinn er orðinn almennur frídagur hjá flestum og áhugi manna á að fylgjast með talningu atkv. í fjölmiðlum veldur því, að vaxandi hluti landsmanna vakir nóttina sem atkv. eru talin, og þess vegna er æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

5. gr. er ætlað að fækka ógildum og vafaatkv. þannig að útbúnir verði sérstakir stimplar. Það yrði þá útbúinn stimpill fyrir hvern listabókstaf með upphleyptum bókstaf og einnig með blindraletri. Ég held að mér sé óhætt að segja að flm. telji þetta atriði eitt það veigamesta í frv. Þetta er réttlætismál sem væri sómi fyrir Alþingi að afgreiða nú á ári fatlaðra. Það gæti orðið til þess að gera mönnum kleift að kjósa hjálparlaust sem annars yrðu að leita aðstoðar og trúa öðrum fyrir atkv. sínu.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta frv. á þessu stigi málsins. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 11. fundur.

Miðvikudaginn 11. nóv., kl. 2 miðdegis.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 76). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, felur í meginatriðum í sér framlengingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra, nr. 49/1981, þar sem gert var ráð fyrir að lagður yrði á sérstakur skattur til þessa framkvæmdasjóðs. Var hann lagður á til eins árs í senn samkv. lögunum.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir breytingu á lögunum til þess að kveða afdráttarlausar á um það, að stofnanir — vegna byggingar hjúkrunarheimila og sjúkradeilda sem sveitarfélög, félagasamtök eða einstaklingar standa fyrir — geti einnig átt rétt á stuðningi úr framkvæmdasjóðnum.

Í frv. er gert ráð fyrir að gjaldið til Framkvæmdasjóðs aldraðra á næsta ári verði 200 kr. Á þessu ári er gjaldið 100 kr. Samkv. fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að gjald þetta gefi í Framkvæmdasjóðs aldraðra 13.5 millj. kr. Með þeirri hækkun, sem hér er gerð tillaga um frá forsendum fjárlagafrv., mundi talan hækka um 4.5 millj. kr. og verða um 18 millj.kr. Er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að ríkið leggi fram beint í sjóð þennan 11 millj. kr. og alls verði þar til ráðstöfunar 24.5 millj. kr. En ef þetta frv. verður að lögum yrðu til ráðstöfunar þar í kringum 29 millj. kr. á árinu 1982. Í fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að veita milli 8 og 9 millj. kr. í framkvæmdir sem samkv. þessum lögum mundu verða kostaðar framvegis af Framkvæmdasjóði aldraðra. Menn sjá því að hér er um að ræða geysilega aukningu á framlögum í þessu skyni, og stafar það sérstaklega af því að þörfin er mjög brýn og knýjandi. Ég vil nú gera nokkra grein fyrir því, hver þessi þörf er.

Við höfum haft starfandi undanfarna mánuði sérstaka öldrunarþjónustunefnd við landlæknisembættið. Í henni eiga sæti Guðjón Magnússon aðstoðarlandlæknir, Þór Halldórsson yfirlæknir, Skúli Johnsen borgarlæknir, Ársæll Jónsson settur yfirlæknir, Sigurveig Sigurðardóttir félagsráðgjafi og Þórhannes Axelsson félagsfræðingur.

Nefndin hefur nýlega skilað mér bráðabirgðaskýrslu um þörfina fyrir pláss fyrir aldraða hér á Reykjavíkursvæðinu. Eins og kunnugt er var mjög rætt hér á Alþingi á s. l. vetri um neyðarástand í málefnum aldraðra í Reykjavík. Taldi ég því óhjákvæmilegt að gerð yrði sérstök könnun á þörfinni fyrir öldrunarrými í höfuðborginni. Á s. l. vetri var því haldið fram af borgarlækninum í Reykjavík, að 350 rými fyrir aldraða vantaði

til viðbótar því sem fyrir væri. Niðurstaða könnunarinnar er hins vegar eins og hér segir: Samkvæmt sjúklingatalningu, sem framkvæmd var á öllum spítölum í Reykjavík á s. l. vetri, eru á öldrunar- og hjúkrunardeildum spítalanna í Reykjavík og elliheimilanna 449 manns 70 ára og eldri. Á almennum sjúkradeildum, þ. e. ekki á sérstökum öldrunar- og hjúkrunardeildum, heldur á almennum sjúkradeildum, eru 103 svokallaðir langlegusjúklingar 70 ára og eldri. Samtals er því um að ræða rými fyrir 552 langlegusjúklinga í Reykjavík. Á vegum heimahjúkrunar hér í Reykjavík var veitt á þessu ári, þegar talningin fór fram, þjónusta við 78 aldraða sem þurftu á hjúkrunarvistun að halda. Á vegum Heimilishjálpar Reykjavíkurborgar er síðan um að ræða 49 einstaklinga. Samkvæmt biðlistum og þeim skýrslum, sem teknar hafa verið af heimilislæknum í borginni, er um að ræða 30 einstaklinga í viðbót, þannig að rýmisþörf í Reykjavík, samkv. þeirri ítarlegu könnun sem gerð hefur verið, er fyrir 709 einstaklinga. Þegar þessar tölur eru skoðaðar kemur í rauninni í ljós að rými vantar í Reykjavík núna — umfram það fólk sem dvelst á almennum sjúkradeildum, öldrunarþjónustudeildum og hjúkrunardeildum — fyrir 157 manns. Ef við teljum þá með sem eru á sjúkradeildunum, fólk sem ætti þá að fara af þeim og inn á öldrunardeildir, yrði talan hins vegar 260. Hér er ég eingöngu að tala um þá sem eru 70 ára og eldri. En auðvitað háttar þannig til, að þó nokkur hópur fólks þarf á langtímavistun að halda þó ekki hafi náð svo háum aldri. Ef við lítum á þá tölu er hún hér í Reykjavík 182 — á móti 157 ef við erum aðeins að tala um 70 ára og eldri.

Þá er því við að bæta, að um land allt er einnig mjög veruleg þörf fyrir hjúkrunarvistun aldraðra. Ég hygg þó að ástandið sé eins og sakir standa einna alvarlegast hér í Reykjavík. Það, sem á döfinni er hins vegar í Reykjavík til að bæta úr í þessum efnum, er þetta:

Í fyrsta lagi er í byggingu svokölluð B-álma Borgarspítalans þar sem verða 170 rými fyrir langlegusjúklinga þegar hún er fullbyggð.

Í öðru lagi er um að ræða 44 rými á hjúkrunarheimilinu við Snorrabraut í Reykjavík.

Og í þriðja lagi verða á þessu ári tekin í notkun 19 rými fyrir aldraða á Hvítabandinu.

Ef þessi hjúkrunarrými koma öll inn á næstu árum er niðurstaðan þessi að mati öldrunarþjónustunefndar landlæknisembættisins, eins og segir orðrétt í skýrslu nefndarinnar:

„Þessi hjúkrunarrými ættu að fullnægja þjónustuþörf fyrir aldraða fram undir lok ársins 1984 og er þá miðað við að sama hlutfall af hjúkrunarsjúklingum vistist á almennum sjúkradeildum og í dag. Ef aftur er gert ráð fyrir því að aldraðir verði í minna mæli á almennum sjúkradeildum en nú er, þá verður þetta pláss auðvitað miklu fyrr fullnýtt, eða þá í lok ársins eða á miðju ári 1983.

Samkvæmt þeim áætlunum, sem nú eru uppi, er gert ráð fyrir því, að á næsta ári komi hér inn í Reykjavík 44 pláss í hjúkrunarheimilinu við Snorrabraut og ein eða tvær hæðir í B-álmu Borgarspítalans, en á hverri hæð eru 29 rými. Ef sá framkvæmdahraði helst sem gert hefur verið ráð fyrir við B-álmu Borgarspítalans, þá á að vera unnt að halda þannig á málum að þær byggingar, sem þarna eru í undirbúningi, leysi úr þessum brýnasta vanda á árinu 1984, að því er varðar stofnanir fyrir aldraða."

Nú vil ég leggja á það áherslu sem mitt sjónarmið í þessum efnum, að það er ekki rétt stefna að leggja einvörðungu áherslu á stofnanir fyrir aldraða, heldur ber að leggja á það áherslu að þeir geti sem lengst og við sem eðlilegastar kringumstæður verið annars staðar, hjá sínum nánustu eða á sínum heimilum. Á grundvelli þessarar stefnu er núna unnið í heilbr.- og trmrn. að frv. um félags- og heilbrigðisþjónustu við aldraða í framhaldi af umræðum sem um það mál fóru fram á síðasta þingi. Sú sama nefnd og vinnur að því frv. vinnur nú einnig að því að gert verði sérstakt átak á Íslandi árið 1982 í málefnum aldraðra.

Eins og ég gat um í upphafi er mjög mikil þörf fyrir rými fyrir aldrað fólk hér á landi á næstu árum og áratugum. Það er mjög nauðsynlegt að við höldum á þeim efnum af miklum myndarskap og kostum þar til verulegum fjármunum. Þeim árgöngum, sem hér um ræðir, fer fjölgandi á næstu árum og áratugum. Ég vil t. d. geta þess, að árið 1980 voru taldir um 15 560 einstaklingar 70 ára og eldri á Íslandi, en þeir verða á árinu 1990 orðnir 18 370. Af þessu sést að um geysilega aukningu er að ræða í þessum aldurshópum. Það er niðurstaða þjónustunefndar landlæknisembættisins, sem ég greindi frá áðan, að 27.8% þeirra, sem eru 85 ára og eldri, þurfi á hjúkrunarvistun að halda. Hér er því um að ræða geysilega stórt verkefni sem þjóðinni er skylt að takast á við.

Ég vil aðeins leyfa mér, herra forseti, að fara yfir það í stuttu máli hvað á döfinni er í málefnum aldraðra sérstaklega í okkar landi um þessar mundir. Þá byggi ég eingöngu á þeim gögnum sem nú eru komin inn til stjórnar Framkvæmdasjóðs aldraðra.

Ef við tökum fyrst Reykjavík, sem ég hef þegar gert grein fyrir, er um að ræða framkvæmdir við B-álmuna og Snorrabrautarheimilið, og í undirbúningi eru einnig 36 íbúðir fyrir aldraða í hjúkrunarheimilinu við Snorrabraut. Enn fremur er á hönnunarstigi heimili fyrir aldraða í Seljahverfi í Breiðholti þar sem mun verða um að ræða hjúkrunarrými fyrir um 30 manns og 40 manns í íbúðum, ef ég man rétt.

Á Vesturlandi eru á döfinni íbúðir fyrir aldraða á Akranesi, í Ólafsvík, Grundarfirði og Búðardal. Það er verið að byggja við dvalarheimili fyrir aldraða í Borgarnesi og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Ólafsvík er á umræðustigi.

Á Vestfjörðum er verið að vinna að framkvæmdum við íbúðir fyrir aldraða, t. d. bæði á Ísafirði og í Bolungarvík.

Á Norðurlandi vestra eru í undirbúningi á ýmsum stigum íbúðir fyrir aldraða á Hofsósi, í Varmahlíð og á Sauðárkróki. Það eru einnig hugmyndir um dvalarheimilispláss á Sauðárkróki og hjúkrunarpláss fyrir aldraða þar sömuleiðis.

Á Norðurlandi eystra eru í byggingu íbúðir fyrir aldraða á Ólafsfirði og Húsavík. Á Akureyri er í undirbúningi hjúkrunarrými fyrir 20 aldraða í Systraseli og framkvæmdir eru á undirbúningsstigi í Hlíð á Akureyri.

Á Austurlandi er einnig mjög mikil hreyfing á þessum málum. Á Vopnafirði eru íbúðir fyrir aldraða í undirbúningi, enn fremur á Egilsstöðum, í Neskaupstað, á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði. Á Höfn í Hornafirði og á Vopnafirði er rætt um hjúkrunarrými fyrir aldraða og á Eskifirði hafa þau mál einnig verið í athugun.

Á Suðurlandi eru íbúðir fyrir aldraða á ýmsum stigum undirbúnings eða byggingar á eftirtöldum stöðum:

Kirkjubæjarklaustri, Vík í Mýrdal, Hvolsvelli, Hrunamannahreppi, Biskupstungum og Selfossi. Auk þess eru hugmyndir uppi um hjúkrunarrými fyrir aldraða bæði á Hellu og á Selfossi.

Þá kem ég að Reykjaneskjördæmi. Þar eru í undirbúningi íbúðir fyrir aldraða á Seltjarnarnesi, rætt er um stækkun dvalarheimilis aldraðra í Garðvangi í Garði og í gangi eru hinar miklu framkvæmdir DAS í Hafnarfirði og við hjúkrunarheimilið í Kópavogi, þar sem verður um að ræða 38 hjúkrunarrými fyrir aldraða, en á Hrafnistu um það bil 79 pláss.

Samkvæmt talningu, sem gerð var 1. janúar 1981, er tala rúma á hjúkrunar- og endurhæfingardeildum og dvalarheimilum aldraðra á Íslandi samtals um 1579.

Eins og þið hafið máske áttað ykkur á af því yfirliti, sem ég las upp hér áðan um það sem á döfinni er um land allt, er gert ráð fyrir stórfelldum framkvæmdum á þessum sviðum á næstu árum og áratugum. Þær framkvæmdir eru brýnar og óhjákvæmilegar. Þess vegna er það frv. flutt sem ég mæli hér fyrir, um að hækka framlag til Framkvæmdasjóðs aldraðra þannig að í þeim efnum verði gert myndarlegt átak á næsta ári.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Ég vil aðeins koma því á framfæri við hv. nefnd, áður en ég fer hér úr stólnum, að ég tel að nauðsynlegt sé að setja inn í frv. ákvæði þess efnis, að heimilt verði að fella þetta gjald niður af því fólki sem dvelst á stofnunum fyrir aldraða. Slíkt ákvæði er ekki í lögunum eins og er, en það hefur komið fram að eftir því hefur verið óskað í nokkrum tilvikum. Fyrir því hefur ekki verið lagaheimild, en ég held að nauðsynlegt sé að setja það ákvæði nú inn í frv. þegar það verður til meðferðar hér á hv. Alþingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hygg að allir séu sammála um þá brýnu þörf sem er fyrir byggingu dvalarheimila aldraðra, um það þurfi ekki að deila. Á síðasta ári féllst heilbr.- og trn. á að sérstakt gjald yrði lagt á hvern skattþegn, á því tekjuári 100 kr. Þá var litið á það sem bráðabirgðaákvörðun sem ætti að gilda þetta eina ár. Ég studdi þessa till. ásamt fjölmörgum öðrum þm., og innan nefndarinnar studdi ég hana eingöngu vegna þess að hér væri um bráðabirgðaákvörðun að ræða til að fá tekjur til þessa verkefnis, en nýtt frv. ætti að liggja fyrir að loknu starfi þeirrar nefndar sem hæstv. ráðh. skýrði frá. Ég tel ákaflega hæpið að fallast á að tvöfalda þetta gjald á hvern skattþegn í landinu, hækka það í 200 kr., þó að hér sé um brýnt verkefni að ræða. Hins vegar tel ég að ríkið verði að sinna þessum verkefnum af sameiginlegum tekjum sínum eins og það hefur gert.

En það er annað sem ég hrekk nokkuð við að sjá í þessu frv. um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð aldraðra. Það er í sambandi við hlutverk sjóðsins, orðalag 5. gr. núgildandi laga. Hér segir m. a. að hlutverk sjóðsins sé að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, í byggingum sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a og b. Er verið með þessu að létta af ríkinu útgjöldum og færa yfir á verkefni sjóðs sem þessa, sem á að standa undir að verulegu leyti með nefskatti? Ég fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við þetta. Annars á ég sæti í þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, og þar má ræða þetta frekar.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðh.: Hefur verið úthlutað af tekjum þessa árs til Framkvæmdasjóðsins af þessum nefskatti? Hvernig hefur sú úthlutun verið framkvæmd, hverjir eru það sem hafa fengið þessi framlög og þá hvaða upphæð til hvers um sig? Mér leikur forvitni á að vita um þetta áður en málið fer til meðferðar í nefnd.

Ég tek það fram aftur, að ég tel að þetta verkefni eigi fyllsta rétt á sér og að auka þurfi framkvæmdahraða. En ég tel það varhugaverða stefnu — þó að fallist væri á það í algerri tímaþröng að leggja á bráðabirgðaskatt — að tvöfalda hann nú. Þetta er alveg gagnstætt stefnu ríkisstj. sem hefur staðið á bremsunum allt árið, — hún linaðist aðeins á þeim núna síðustu daga, enda eru mennirnir orðnir þreyttir í fótunum, — að fara fram á það við þingið að tvöfalda þessa skattbyrði sem var fallist á, eins og ég sagði, í algerri tímaþröng og með þeim hætti að þetta átti að gilda aðeins þetta ár. Ég tel að eins og var um þessi mál rætt hér á síðasta þingi, í maímánuði á þessu ári þegar lögin voru samþykkt, þá hafi verið reiknað með að þessi tekjuöflun yrði endurskoðuð. Það var látið í veðri vaka af öllum að hér væri um bráðabirgðaákvörðun að ræða.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég ítreka og undirstrika stuðning minn við það málefni sem Framkvæmdasjóður aldraðra á að styðja. Ég saknaði þess í máli hæstv. félmrh., en ég vona að hann leggi fljótlega fram endurskoðað frv. sitt frá síðasta Alþingi um vistunarmál aldraðra, ekki bara endurskoðað, heldur mikið endurskoðað, og að það nái þá til heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu fyrir aldraða, en ekki bara til vistunarmálanna. Ég vona líka að þar verði tekið fullt tillit til brtt. minna og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur frá síðasta Alþingi.

Ég taldi á síðasta þingi og tel enn að réttara væri að innheimta þetta gjald sem viðbót við tekjuskatt, sem ákveðinn hundraðshluta af tekjuskatti, heldur en fastan nefskatt á alla. Það væri miklu sanngjarnara, menn borguðu þá eftir efnum og ástæðum. Auk þess bendi ég á það, að eftir að staðgreiðslukerfi skatta verður komið á, væntanlega í byrjun ársins 1983, er innheimta nefskatta mjög erfið, en mjög auðvelt aftur á móti að innheimta viðbót við tekjuskatt. Ég er sammála um tekjuþörfina og styð því frv. hæstv. ráðh. þó að ég telji að skattinn hefði frekar átt að leggja á með öðrum hætti.

Ég vara mjög eindregið við því, eins og kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, ef einhver tilhneiging verður til þess að nota þetta fé til að greiða framkvæmdir sveitarfélaga og framkvæmdir ríkisins sem hefðu verið greiddar hvort eð er. Ég tel að þessi sjóður eigi alfarið og einvörðungu að notast til viðbótar við það sem annars hefði verið greitt. Verkefni Framkvæmdasjóðs aldraðra verða sem sagt að vera hrein viðbót við það sem annars hefði verið gert í þessu máli.

Ég ítreka stuðning minn og ég vona að hæstv. félmrh. leggi sem allra fyrst fram frv. um heilbrigðis- og félagsmálaþjónustu fyrir aldraða.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hef hér eina spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh. Í grg. með þessu frv. segir að hinn 24. júlí hafi ráðh. skipað nefnd sem fékk það hlutverk „að gera tillögur til ráðh. um skipulag heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, fyrst og fremst með

hliðsjón af félagslegum og heilsufarslegum þörfum og sjónarmiðum". Ég saknaði þess í máli ráðh., að hann gerði þingheimi ekki grein fyrir því, hvað liði störfum þessarar nefndar. Nú eru nær fjórir mánuðir liðnir síðan hún var sett á fót. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. ráðh., hvenær við megum vænta þess, að þetta frv. verði lagt fyrir þingið, vegna þess að það væri auðvitað æskilegt að geta fjallað um þessi mál bæði samtímis. Eins leikur mér forvitni á að vita hverjir eiga sæti í þessari nefnd.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er að sjálfsögðu enginn ágreiningur um það, að tekna þarf að afla til þess að ráða bót á því geysilega vandamáli sem við blasir varðandi aðbúnað allan að öldruðum í landinu. Um það greinir menn ekki á, að nauðsyn er að afla tekna til slíks. En um hitt getur menn greint á, hvaða leiðir á að fara.

Ef ég man rétt var það frv., sem lagt var hér fram á síðasta Alþingi frá hæstv. ráðh. eða ríkisstj., það seint á ferðinni að lítill sem enginn tími gafst til að skoða aðrar leiðir til tekjuöflunarmöguleika en þar var lagt til, þ. e. flatan skatt á einstaklinga.

Ég teldi persónulega mjög æskilegt að breyta um skattlagningaraðferðina í þessum efnum. Það vekur að sjálfsögðu talsverða athygli mína, að það skuli vera hæstv. heilbrmrh., fulltrúi lýðræðissinnaðra sósíalista, eins og hæstv. forseti hér orðaði það einhvern tíma, ef ég man rétt, sem leggur til að þeir, sem verst eru settir, og þeir, sem best eru settir, skuli borga jafnmikið. Það er í mínum huga afskaplega ógeðfelld skattlagning, miðað við þá lífshugsjón sem ég starfa eftir. En okkur hæstv. ráðh. greinir bersýnilega á í þessum efnum. Ég hefði talið ólíkt skynsamlegra og raunhæfara að hér hefði verið um prósentuskattlagningu að ræða, annaðhvort í gegnum útsvarsálagninguna eða í gegnum tekjuskattsálagninguna, þannig að þeir, sem meira hafa úr að spila, borgi meira en hinir. En ég vil taka það sérstaklega fram, að þessi orð mín má á engan hátt skilja á þann veg, að ég sé andvígur því að skattleggja til þessa verkefnis, síður en svo. Hér getur menn greint á um leiðir til að afla þessara peninga, og um það snýst málið.

Í þeirri skattáþján, sem nú hvílir á skattborgurum þessa lands, hygg ég að það sé kannske hvað mest þörf á að líta til þeirra sem minnst hafa úr að spila, en borga eigi að síður talsvert stórar upphæðir til hins sameiginlega sjóðs, og það sé ástæðulaust að íþyngja þeim um of með svona leið til skattlagningar þegar hægt er að ná tekjunum inn á annan hátt og sanngjarnari, þannig að menn borgi frekar eftir efnum og ástæðum. Og það er kannske það sem málið snýst nú mest um.

Eins og hv. þm. Matthías Bjarnason kom inn á áðan var þetta afgreitt á síðasta Alþingi í nokkrum fljótheitum og þá gert ráð fyrir að frv. — að sjálfsögðu vandað frv., vel undirbúið í alla staði af hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. heilbrmrh. — mundi liggja fyrir þingi í haust og þá að sjálfsögðu að betur athuguðu máli hvaða leiðir væru æskilegastar til að afla þessara tekna.

Það er mín skoðun, að menn ættu nú að athuga það í raun og veru af fullkominni alvöru, hvort ekki er ástæða til að breyta um aðferð til að innheimta þessar tekjur sem allir eru sammála um að þarf að afla til framkvæmdanna. Mér þykir a. m. k. undarlegt ef hæstv. heilbrmrh. er mér ekki sammála um það, að til sé æskilegri leið til skattlagningar í þessum efnum en sú sem hér er lagt til að fara, og þá hugsum við báðir að sjálfsögðu til hinnar hrjáðu alþýðu og lágtekjufólks þessa lands og í hönd farandi erfiðrar samningsgerðar og kjarabaráttu sem allir eru sammála um að eigi fyrst og fremst að byggjast á því að rétta hlut þeirra sem verst eru settir, en ekki íþyngja.

Þessu vildi ég koma á framfæri strax við 1. umr. þessa máls og beina því til viðkomandi aðila, að menn athuguðu þetta gaumgæfilega. Ég ítreka enn að ég er alveg sammála þörfinni og nauðsyninni á að afla þessara peninga. En til ítrekunar því, sem hér hefur komið fram áður, sýnist mér að það þurfi a. m. k. ekki mikla illgirni til að lesa það út úr þessu frv., að hér geti ríkissjóður verið að losa sig við skuldbindingar, sem hann á að standa við af eigin rammleik en ætlar sér að láta þennan væntanlega sjóð borga. Það þarf auðvitað að tryggja það alveg 100%, að hæstv. ríkisstj. takist ekki í þessu tilfelli eins og mörgum öðrum að seilast til þeirra peninga, sem verið er að skattleggja almúga þessa lands fyrir til sérstakra verkefna, að hæstv. ríkisstj. takist ekki að seilast til þeirra til þess að hún hafi enn frekar og meira úr að moða í sinni skattpíningarstefnu og skatthít, eins og ótalmörg dæmi eru til um að undanförnu. Ég tek þess vegna undir það og beini því til þeirrar hv. nefndar, sem málið til meðferðar, að þetta sé einnig mjög ítarlega kannað þannig að á engan hátt sé verið að létta byrði ríkissjóðs, að hann standi við sínar skuldbindingar. Þetta á að vera umframfjármagn til þess að mæta hinni brýnu þörf sem við blasir í þessum efnum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um að ræða mál sem alla varðar. Ég vil aðeins rifja það upp, að við umr. um málið á s. l. vori stóðu hér upp margir þm. og lýstu yfir að hér væri um mál að ræða sem ekki þyldi bið. Þrátt fyrir þá staðreynd, að það frv., sem fyrst var lagt fram í sambandi við heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða, var ekki í því formi sem þm. gátu fellt sig við, var því nauðsynlegt að grípa hér inn í á skjótvirkan hátt til að reyna að leysa úr þessu máli sem fyrst. Það var gert með því að stofna Framkvæmdasjóð aldraðra á þann hátt sem hér liggur fyrir til umræðu.

Ég held að það dyljist engum eftir að hafa hlustað á framsöguræðu hæstv. félmrh., þörfin á þessu átaki er brýn. Ég vil þakka fyrir þær upplýsingar sem þar komu fram. Þær undirstrika enn frekar mikilvægi þessa máls og mikilvægi þess, að alþm. taki höndum saman um að reyna að finna á þessu þann flöt að hægt verði að leysa fljótt og vel úr þessu mikla vandamáli.

Ég get tekið undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram, að auðvitað er þetta ekki sú tekjuöflun sem æskilegast væri að viðhafa til að fjármagna þennan sjóð. En einnig kemur hér fram að það er augljóst mál, að ný heildarlöggjöf, sem allir eru sammála um að þurfi að vanda vel, slík löggjöf verður alla vega ekki komin það snemma fram að hún komi að gagni fyrir meiri framkvæmdir á árinu 1982, sem brýn nauðsyn er á eins og fram kom í máli hæstv. ráðh. Þess vegna er ekki um annað að ræða að mínu mati en að framlengja þessa skattlagningu á þann hátt sem liggur fyrir í þessu frv. En ég tek undir það, að ég tel um leið og frv. að heildarlöggjöf verður lagt fram í framhaldi þessa, eins og talað hefur verið um og ákveðið er með þeirri nefnd sem nú er að störfum, þá þarf að athuga vel hvort ekki er hægt að finna tekjuöflun fyrir þennan sjóð, Framkvæmdasjóð

aldraðra, sem hægt er að fella sig við. Og ég vil í leiðinni spyrja hæstv. félmrh. hvort ekki megi vænta þess, að nefndin, sem vinnur að þessum málum, geri ákveðnar tillögur um tekjuöflun sjóðsins í því frv. sem hún mun leggja fyrir þingið.

Ég vil einnig nefna það í sambandi við 2. gr. frv., að því er varðar tölul. 3, þar sem stendur: að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, í byggingu sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, að ég hef litið þannig á þennan lið í lögum um heilbrigðisþjónustu, að hér væri fyrst og fremst átt við hjúkrunarheimili sem byggð eru við heilsugæslustöðvar. Eins og sjálfsagt flestum þm. er kunnugt þá er ekki víða búið að byggja slík hjúkrunarheimili við heilsugæslustöðvarnar, vegna þess að í þeirri hönnun, sem liggur fyrir við flestar H-2 stöðvar, eru þessi hjúkrunarheimili jafnvel enn þá fyrirferðarmeiri eða dýrari í framkvæmd en heilsugæslustöðvarnar sjálfar.

Hins vegar hafa mörg sveitarfélög hafið undirbúning að slíkum byggingum. Þá er gert ráð fyrir að ríkið fjármagni það að 85%, en sveitarfélögin 15%. Spurningin er hvort hér er átt við að þarna verði aðgangur að Framkvæmdasjóði aldraðra til að flýta þessum byggingum eða jafnvel að fá þarna framlag fyrir sveitarfélögin til þess að fjármagna að hluta til slíka framkvæmd. Það er eðlilegt að um þetta séu skýr tilmæli svo að mönnum blandist ekki hugur um hvað við er átt.

En ég vil koma hér upp til að lýsa stuðningi við frv. eins og það liggur fyrir hér, í trausti þess að myndarlega verði að því staðið að semja heildarlöggjöf, eins og hér kemur fram í athugasemdum við frv., og heildarlög um þessi málefni verði til meðferðar á næsta ári þannig að það verði hægt að láta ný lög um þessi málefni í heild taka gildi í ársbyrjun 1983 eins og um hefur verið talað bæði í umr. í vor og núna.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er fyrst varðandi þær spurningar sem hér hafa verið bornar fram af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni varðandi úthlutun úr Framkvæmdasjóði aldraðra af tekjum þessa árs. Það er rétt, að það hefur verið úthlutað af tekjum þessa árs. Hins vegar er ég ekki með það við höndina hvernig þeirri úthlutun er háttað nákvæmlega, en ég skal sjá til þess, að upplýsingum um það verði komið á framfæri við nefndina. Ég er ekki með plöggin með mér, en þar hafa verið teknar nokkrar ákvarðanir. Hins vegar hefur fé komið heldur seint inn í þennan sjóð á þessu ári, að mér hefur fundist, og er þar um að kenna vissum uppgjörsreglum á svona sérsjóðum sem gilda í okkar stjórnkerfi, sem satt að segja er stundum ekki hægt að vera sérlega ánægður með og ég veit að hv. þm. Matthías Bjarnason þekkir eins og þeir aðrir sem hafa gegnt ráðherrastörfum.

Varðandi frv. að öðru leyti vil ég þakka þær undirtektir sem hér hafa verið. Þær hafa verið góðar og jákvæðar í heild. Ég vil þó aðeins segja það, að í 2. gr. tölul. 4 er í rauninni tekið af skarið um að einstaklingar og samtök, sem byggja fyrir aldraða, eigi að geta notið stuðnings úr þessum sjóði. Það er alveg nýtt ákvæði. Það var ekki í lögunum eins og við gengum frá þeim s. l. vor, og ég tel þetta framför. Það er verið að ýta undir frumkvæði hjá einstaklingum og félagasamtökum í þessum efnum. Ég tel það jákvætt. Mér finnst það nokkuð merkilegt að enginn skuli hafa rekið augun í það hér því að ég tel þetta í raun og veru eitt mikilsverðasta ákvæði frv.

Varðandi aftur á móti það, hvort Framkvæmdasjóðurinn greiði hlut ríkisins í byggingum á móti sveitarfélögum, er það að segja, að auðvitað væri hugsanlegt að hlutur ríkisins væri sérmerktur á fjárlögum og færi ekki í gegnum Framkvæmdasjóðinn. Mín ákvörðun var hins vegar sú, að það væri skynsamlegra að hlutur ríkisins, eins og hann hafði verið áætlaður í B-álmu Borgarspítalans, færi í gegnum Framkvæmdasjóðinn til þess að tryggt sé að sú bygging komi öldruðum fyrst og fremst og einum til nota. Það var það sjónarmið sem ég var með og mér fannst þess vegna betra að taka upphæðina, sem var til framkvæmda vegna aldraðra á fjárlögum 1981, framreikna hana og veita henni síðan í gegnum Framkvæmdasjóð aldraðra til að Framkvæmdasjóður hefði yfirsýn yfir allt svið. Það var sú hugsun sem var á bak við þetta af minni hálfu. Ef sveitarfélög vilja byggja öldrunarþjónustudeildir, hjúkrunarrými við heilsugæslustöðvar, eins og hv. þm. Alexander Stefánsson gat um, t. d. í tengslum við Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði, er ekkert óeðlilegt að hlutur ríkisins í þeirri stofnun sé greiddur í gegnum þennan sjóð. Aðalatriðið er auðvitað að þessi sjóður komi öldruðum í landinu til góða. Það er meginatriðið. Um það heyri ég að allir hv. þm. eru sammála.

Sagt var að ég hefði ekki nefnt endurskoðun frumvarpanna sem hér voru lögð fram s. l. vetur. Það er ekki rétt. Ég nefndi þau hér aðeins áðan og greindi frá því að þau væru í endurskoðun og athugun hjá þessari nefnd. Aðalatriðið þar er auðvitað að menn reyni að koma sér niður á reglur í sambandi við félags- og heilbrigðisþjónustu við aldraða, sem samkomulag getur tekist um við sveitarfélögin alveg sérstaklega, vegna þess að í þessu máli erum við á því viðkvæma landi sem heitir „kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga" og það er reynslan, svo ég taki ekki dýpra í árinni, að menn sveifla sér ekkert mjög létt yfir það land í okkar stjórnkerfi. Það vill allt taka mikinn tíma. Það er vandinn sem við er að eiga í sambandi við þetta frv., ásamt auðvitað því að búa þannig um hnútana að frv., ef að lögum verður, tryggi öldruðum viðunandi félagslega þjónustu og heilbrigðisþjónustu.

Vegna þeirra orða, sem voru sögð hér áðan, vil ég að alveg skýrt sé að það fé, sem hér er verið að gera tillögur um að fari inn í Framkvæmdasjóðinn af þessum skatti, er hrein viðbót í þessum málaflokki. Það er ekkert verið að taka af því til annarra verka. En auk þessarar viðbótar er auðvitað um að ræða framlög ríkisins, sem eru framreiknuð frá fjárlögum ársins 1981 til fjárlagafrv. árið 1982.

Það er rétt, sem hefur komið fram hjá ýmsum þm., að þetta er kannske ekki besta skattaleiðin, og auðvitað má lengi um það deila, hvaða skattaleið er best að fara. Ég stóð hins vegar frammi fyrir því sem ráðh. þessara mála, að ég taldi mér skylt að reyna að ná samkomulagi um fjármuni í þennan málaflokk. Ég var tilbúinn að fallast á þetta sjónarmið, svona nefskatt, þó að mér sé hann ekki geðfelldur ella. En mér fannst að það væri alveg nauðsynlegt að það kæmi fram, hvort Alþingi og þá hvernig væri tilbúið til að leggja eitthvað á sig í þessum efnum. Þess vegna varð þessi skattur til. Ég hef orðið var við að það eru ýmsir sem telja að þessi skattlagning sé heppileg að því leyti hvað hún er skýrt mörkuð til framkvæmdamála aldraðra, sem hér eru á ferðinni.

Auðvitað er ekki verið að tvöfalda skattbyrði, eins og einhver hv. þm. sagði áðan. Það er ekki verið að því. Það er verið að hækka hana nokkuð frá því sem var á þessu ári, en það er ekki tvöföldun á raunverulegum útgjöldum fyrir þá sem þetta greiða.

Ég vona að ég hafi komið inn á þau atriði sem þm. nefndu í sínum ræðum. Ég endurtek þakkir mínar fyrir góðar undirtektir og læt það aftur koma fram, að ég mun að sjálfsögðu láta öll gögn liggja fyrir heilbr.- og trn. deildarinnar þegar hún fjallar um málið.

Mér þætti mjög vænt um ef það væri hægt að halda þannig á málum að afgreiðsla þessa frv. lægi fyrir fyrir áramót, þannig að það verði hægt að taka afstöðu til þessa við afgreiðslu fjárlaganna líka, vilji þingsins í þessum efnum liggi fyrir áður en fjvn. og Alþingi ganga endanlega frá fjárlögunum, vegna þess að samkv. lögunum um Framkvæmdasjóð aldraðra á að gera, í samráði við fjvn. og stjórn sjóðsins, áætlun til fimm ára í senn um framkvæmdir samkv. 1. gr. laganna. Við vinnum nú að því að gera tillögur um slíka áætlun til fimm ára, og við höfðum hugsað okkur að reyna að kynna fjvn. a. m. k. drög að þessari áætlun núna fyrir áramót, þannig að það verði hægt að taka það með þegar fjárlög verða afgreidd. Þá er nauðsynlegt að Alþingi hafi tekið afstöðu áður til þessa frv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég kem hér aftur í ræðustól vegna þess að hæstv. ráðh. hefur ekki svarað þeim spurningum sem ég lagði fyrir hann.

Ég sagði ekki að hann hefði ekki nefnt hér þá nefnd sem hér væri um að ræða og væri að fjalla um þetta frv. Það kemur fram í grg. þess frv. að það er nefnd að störfum til að vinna að því frv. Ég lagði fyrir hann þá spurningu, hvenær við mættum vænta að frv. yrði lagt fram, hvort það yrði t. d. á þessu þingi, hvort það yrði fyrir jól eða eftir áramót eða yfirleitt á þessu þingi. Einnig beindi ég til hans spurningu um hverjir það væru sem skipuðu þessa nefnd. Við þessum spurningum hef ég enn ekki fengið svar.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef lagt á það áherslu við nefndina, að hún skili frv. á þessum vetri, eins og ég sagði bæði í minni fyrstu og annarri ræðu og get gjarnan endurtekið í þriðja skipti.

Í annan stað var spurt varðandi nefndarskipunina. Í nefndinni á sæti stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra, þessir: einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Öldrunarfræðafélagi Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af ráðh., sem er formaður þeirrar stjórnar, og hann er jafnframt formaður þessarar nefndar. Síðan eru í nefndinni fulltrúi tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, sem er Þórarinn Þórarinsson lögfræðingur. Tilnefndur fulltrúi þar af Alþýðusambandi Íslands er Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir. Auk þess eru tveir fulltrúar tilnefndir af ráðh. í nefndina, auk Páls Sigurðssonar, þ. e. Pétur Sigurðsson alþm. og Hrafn Sæmundsson prentari. Þetta er nefndin. Ég gerði grein fyrir henni í fréttatilkynningu sem ég sendi út til blaðanna 25. júlí s. l. og birtist í öllum blöðum, en á mjög lítið áberandi stöðum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Staðgreiðsla opinberra gjalda, frv. (þskj. 75). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Í stjórnarsáttmála ríkisstj. var það boðað, eins og kunnugt er, að stjórnin mundi beita sér fyrir upptöku staðgreiðslukerfis skatta. Í framhaldi af því var ríkisskattstjóra, Sigurbirni Þorbjörnssyni, falið að semja frv. um þetta efni og fékk hann leyfi frá störfum um skeið í því skyni. Ríkisskattstjóri lauk þessu verki í júlílok s. l. Það frv., sem hér er til umr., er að langmestu leyti í samræmi við tillögur ríkisskattstjóra.

Fyrstu drög að þessu frv. voru að sjálfsögðu miklu fyrr til umræðu, en ég tel að frv. hafi ekki verið komið í endanlegan búning fyrr en á s. l. sumri. Það er fyrst nú á haustmánuðum að við höfum sent frv. út til kynningar til nokkurra aðila og fengið um það álit þeirra.

Frv. er hér lagt fram án þess að tekið hafi verið neitt tillit til umsagnar annarra aðila um frv., enda var gert ráð fyrir að umsagnirnar yrðu til nánari athugunar í nefnd. Ég mun sjá til þess, að umsagnirnar verði sendar nefndinni svo að hægt verði að grandskoða þær og taka tillit til þeirra við meðferð málsins í fjh.- og viðskn.

Umræður um upptöku staðgreiðslukerfis opinberra gjalda hafa staðið hér á landi meira og minna frá lokum síðari heimsstyrjaldar eða í nærfellt 35 ár. Á þessum tíma hefur sérfróðum mönnum fjórum sinnum verið falið að kanna þetta málefni og hefur fjórum skýrslum um þetta mál verið skilað af þessum nefndum, síðast í maímánuði 1976. Einu sinni áður hefur verið lagt fram stjfrv. um þetta efni. Það var á 99. löggjafarþinginu 1977—1978. Það frv. dagaði þó uppi í meðförum þingsins, eins og mörgum mun enn minnisstætt. Ég sé ekki að öðru leyti ástæðu til að rekja sögu þessa máls frekar, en vísa til þess, að mun nákvæmari frásögn er að finna í framsöguræðu þáv. fjmrh., Matthíasar Á. Mathiesens, þegar hann mælti fyrir frv. um staðgreiðslu fyrir þremur árum, en þessi frásögn og sögulega grg. var samin af þáv. og núv. ríkisskattstjóra.

Á meðan þetta málefni hefur verið að velkjast fyrir mönnum hér á landi hefur staðgreiðslukerfi í einhverri mynd verið komið á í langflestum nágrannalöndum okkar. Sú þróun sýnir að hvarvetna hefur mat manna verið að kostir staðgreiðslukerfis væru slíkir, að ekki væri horfandi í það þótt slíkt kerfi kostaði eitthvað meira í framkvæmd en eftirágreiðslukerfið.

Helsti kostur staðgreiðslu opinberra gjalda er tvímælalaust að slíkt kerfi stuðlar að jafnvægi milli greiðslugetu gjaldanda og skattheimtu á tekjuárinu og stóreykur þannig öryggi almennra skattgreiðenda. Þessi kostur er enn veigameiri hér á landi en víða annars staðar vegna mikilla tekjusveiflna sem eiga sér stað á milli ára í mörgum starfsgreinum. Þá hefur staðgreiðslukerfi áhrif til aukins jafnvægis í efnahagslífinu og ætti að stuðla að jafnari og öruggari innheimtu opinberra gjalda en nú er.

Í staðgreiðslu opinberra gjalda felst að skattar þeir, sem undir kerfið falla, eru áætlaðir eða ákvarðaðir jafnharðan og skattstofninn myndast og krafist er skila á sköttum með reglulegu millibili á tekjuárinu í samræmi við þá áætlun. Sum gjöld eru þess eðlis, að ákvörðun

skattstofns og þar með skatta er engum erfiðleikum háð innan ársins. Á þetta t. d. við um svonefnd launatengd gjöld, en þar liggur í sjálfu sér fyrir hver skatturinn verður jafnharðan og launagreiðslur eiga sér stað. Staðgreiðsla á slíkum gjöldum er því einungis fólgin í því, að krafist er skila með reglubundnum hætti á skattinum jafnharðan og skattstofninn myndast. Áætlun á öðrum sköttum, eins og t. d. tekjuskatti, er mun erfiðari, en tekjuskatturinn ræðst af heildartekjum og heildarfrádrætti skattaðila á heilu ári og er því augljóst að ómögulegt er að ákveða með fullri vissu hver skatturinn verður fyrr en árinu er lokið. Varðandi ýmsa tekjuþætti er þó unnt að áætla skattinn allnákvæmlega, ef menn gefa sér vissar líklegar forsendur um framhald tekjuöflunar gjaldanda á árinu. Aðrar þjóðir hafa þróað ýmsar aðferðir til að framkvæma slíka áætlun.

Af þeim aðferðum, sem í notkun hafa verið, gefur hin svonefnda „samsöfnunarregla" nákvæmustu niðurstöðu. Slík aðferð hentar best þar sem tekjuskattar eru lagðir á sem sama hlutfall af öllum tekjum. Þar sem skatthlutfallið fer stighækkandi með vaxandi tekjum hentar kerfið hins vegar mun síður og verður geysilega flókið í framkvæmd. Af þessum ástæðum hafa menn talið óráðlegt að reyna slíkt kerfi hér á landi. Í löndum, sem búa við svipað skattkerfi og Ísland, hafa menn því notað aðrar aðferðir við áætlun staðgreiðslunnar, sem ekki eru eins nákvæmar og „samsöfnunarreglan" en eru hins vegar einfaldari í framkvæmd. Hafa þessar aðferðir verið nefndar „einföld regla" staðgreiðslu, en í raun er um tvær allólíkar útfærslur á þessari aðferð að ræða.

Annars vegar er sú leið, sem farin hefur verið í Skandinavíu, en hún er í því fólgin, að hver skattaðili fær skattkort þar sem fram kemur skattalegur frádráttur hans annars vegar, en hins vegar sú hlutfallstala sem greiða skal skal af eftirstöðvum launa við hverja útborgun. Í slíku kerfi er fólgin lítil framför frá núverandi greiðslufyrirkomulagi hér á landi, vegna þess að hundraðshluti skattafrádráttar byggist á upplýsingum um tekjur gjaldanda samkv. seinasta skattframtali og þær upplýsingar eru því allt að tveggja ára gamlar.

Hins vegar hafa Vestur-Þjóðverjar og Bandaríkjamenn notað útfærslu á hinni svonefndu „einföldu reglu" er byggir á notkun skattkorta og skatttaflna. Er sú aðferð þó háð upplýsingum um tekjur gjaldanda á liðnum árum.

Í frv. því, sem hér er til umr., er lagt til að þessi aðferð verði tekin upp hér á landi, enda hefur hún reynst sérstaklega vel í framkvæmd. Nánari upplýsingar um þessa hlið málsins, þ. e. einfaldar og margfaldar reglur staðgreiðslu er að finna í tillögum og grg. Sigurbjarnar Þorkelssonar frá því í maí 1975 og má vísa til hennar um nánari grg. fyrir þessari hlið málsins.

Í frv. er lagt til að Alþingi ákveði árlega vísitölu komandi staðgreiðsluárs og að sú ákvörðun liggi fyrir eigi síðar en 15. nóv. á því ári sem næst er á undan staðgreiðsluári. Skattbyrði staðgreiðsluárs ræðst síðan af gildandi skattstigum og staðgreiðsluvísitölunni. Á grundvelli þessa gerir ríkisskattstjóri skatttöflur fyrir launagreiðendur. Á skatttöflunum kemur fram, hve miklu launagreiðendum ber að halda eftir af launum launþega, og yrðu í skatttöflunum sérstakir dálkar fyrir hin mismunandi launagreiðslutímabil, t. d. eitt fyrir vikukaupsmenn og annað fyrir mánaðarkaupsmenn, og hinar mismunandi fjölskylduaðstæður.

Fyrir upphaf staðgreiðsluárs er gert ráð fyrir að útbúin séu skattkort fyrir alla landsmenn. Á skattkortinu kæmu fram þær upplýsingar um fjölskylduaðstæður launamanns sem nauðsynlegar eru fyrir atvinnurekendur til að heimfæra launamann undir réttan dálk í skatttöflunum við ákvörðun afdráttar skatts. Skattkort þetta ber launamanni að afhenda aðallaunagreiðanda sínum, sem ber ábyrgð á vörslu þess meðan launþeginn er í þjónustu hans.

Ýmsar aðstæður hér á landi verða til þess að auka erfiðleika við framkvæmd þessa annars einfalda kerfis. Vil ég hér benda á tvö þessara atriða og þær lausnir sem frv. gerir ráð fyrir að því er þau varðar:

Annars vegar hefur sú öra verðbólga, sem hér hefur ríkt, það í för með sér að hætta er á að skatttöflurnar úreldist innan ársins. Takist ekki að vinna bug á verðbólgunni verður því nauðsynlegt að gefa skatttöflur út oftar en einu sinni á ári, ef ná á því marki að halda óbreyttu skatthlutfalli af óbreyttum rauntekjum, enda þótt tekjur í krónutölu aukist vegna verðbólgunnar.

Í 58. gr. frv. er gert ráð fyrir að ráðh. sé heimilt að breyta vísitölu staðgreiðsluárs innan ársins til samræmis veið verulegar almennar launabreytingar. Á grundvelli hinnar breyttu vísitölu mundi ríkisskattstjóri síðan gefa út nýjar skatttöflur. Þetta eykur auðsjáanlega vinnu og kostnað við framkvæmd staðgreiðslunnar, en betri lausn á þessum vanda er ekki auðfundin.

Hitt atriðið, sem ég vil vekja athygli á, er að hinar margbrotnu frádráttarreglur íslensku tekjuskattslaganna gera það að verkum að þörf er viðbótarupplýsinga um þá sem telja sig munu njóta verulega meiri frádráttar vegna staðgreiðsluársins en nemur 10% fasta frádrættinum. Er í 12. gr. frv. lagt til að þeir launamenn, sem svo er ástatt um, geti krafist breytinga á skattkorti sínu af þessu tilefni og að skattstjóra beri að verða við kröfu um slíkar breytingar ef horfur er á að frádráttur launamanns á staðgreiðsluárinu fari 20% eða meira fram úr fasta frádrættinum.

Í 1. gr. frv. eru upp talin þau gjöld sem gert er ráð fyrir að staðgreiðsla nái til. Eru þessi gjöld annars vegar svonefnd launatengd gjöld launagreiðenda og hins vegar tekjuskattar af ákveðnum hluta skattskyldra tekna manna. Þeir skattar, sem ég nefni hér tekjuskatta, eru nánar tiltekið tekjuskattur, útsvar, kirkjugarðsgjald og sóknargjald. Eru einungis teknir með í staðgreiðslukerfi þeir skattar sem best falla að slíku kerfi, en ýmsir skattar, sem illmögulegt er að áætla fyrir fram eða skapa af öðrum ástæðum framkvæmdaörðugleika við staðgreiðslu, munu falla utan kerfisins. Þannig er hvorki gert ráð fyrir að staðgreiðsla nái til tekjuskatts félaga, eignarskatts né aðstöðugjalds. Sömuleiðis falla vissir tekjuþættir manna utan kerfisins, en þann mismun, sem mismunandi greiðslutími hinna ýmsu gjalda skapar varðandi raunvirði skattgreiðslnanna og þar með varðandi raunverulega skattbyrði, verður að leiðrétta með breytingum á skattstigum og öðrum ráðstöfunum sem ég mun víkja að hér á eftir.

Staðgreiðsla allra þeirra gjalda, er undir staðgreiðslukerfið falla, verður að vera undir stjórn eins og sama aðila af augljósum ástæðum. Er í frv. lagt til að yfirstjórn alls kerfisins verði í höndum embættis ríkisskattstjóra. Við það mundu verkefni þessa embættis aukast mjög verulega og fer ekki hjá því að því fylgi aukning á starfsliði embættisins og tækjakosti. Að öðru leyti en varðar yfirstjórn sjálfrar staðgreiðslunnar gerir frv. ekki ráð

fyrir breytingum á álagningar- og innheimtukerfi opinberra gjalda. Er þannig gengið út frá því, að skattstofur muni áfram annast álagningu staðgreiðslugjaldanna og að innheimta eftirstöðva þessara gjalda verði áfram í höndum þeirra aðila er annast innheimtuna nú, þ. e. sýslumanna og bæjarfógeta að því er ríkissjóðsgjöld varðar og sveitarstjórna að því er sveitarsjóðsgjöld varðar eða sameiginlegra gjaldheimta þessara aðila þar sem þeim hefur verið komið á fót.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að fram hafa komið hugmyndir — og verið töluvert ræddar við undirbúning þessa frv. — um að lagt verði á alla landsmenn í einni miðstöð þannig að skattstofur haldi ekki áfram álagningu gjalda eins og í þessu frv. er gert ráð fyrir. Þá væri væntanlega lagt á alla landsmenn hér í Reykjavík, enda er þetta nú farið að vera fyrst og fremst tölvuvinna, en síðan mundu skattstofur úti á landi fyrst og fremst hafa með höndum aðra þætti skattamálanna og þá geta kannske í auknum mæli einbeitt sér að tekjuskatti félaga og söluskatti. En vegna þess, að hér er um töluvert viðkvæmt mál að ræða og umdeilt og oft er nú talað um að verið sé að draga vald og umsvif frá sveitarfélögum víðs vegar um land hingað á höfuðborgarsvæðið og menn hafa viljað dreifa stofnununum um landið eins og nokkur kostur væri og vitað er að þetta atriði getur valdið deilum meðal þm., þá hef ég kosið að taka ekki þennan þátt málsins inn í frv., heldur afgreiða frv. án þess og gera ráð fyrir að álagningu verði haldið áfram með óbreyttum hætti og að frumkvæði skattstofa víðs vegar um land. En ég tek það fram, að þessi hlið málsins gæti komið til umræðu á síðara stigi og þá einkum og sér í lagi að einu ári liðnu, þegar undirbúningi að framkvæmd staðgreiðslu er lokið og Alþingi afgreiðir síðara frv. um staðgreiðslu, sem væntanlega yrði á næsta vetri ef þetta frv. væri afgreitt á þessum vetri, og ákveður þá m. a. skattstiga og ýmislegt annað sem ekki er frá gengið í þessu frv. Gæti þá Alþingi hugsanlega gengið endanlega frá því atriði sem ég nú vakti máls á.

Ég hef nú gert grein fyrir meginatriðum þess frv. sem hér er til umr. Frv. er mjög viðamikið og er í því að finna fjölmörg atriði önnur sem full ástæða er til að sæti athugun Alþ., enda þótt ég geri þau ekki sérstaklega að umtalsefni hér. Ég vil þó að lokum minnast á þau atriði sem hljóta að fylgja staðgreiðslukerfi opinberra gjalda, en ekki er fjallað um í þessu frv.

Það er augljóst mál að nauðsyn er á því að breyta allverulega skatt- og gjaldstigum þeirra skatta, er undir staðgreiðsluna falla, vegna þeirra áhrifa sem örari greiðsla þessara gjalda hefur á raunvirði skattgreiðslna í verðbólgu. Er í athugasemdum með frv. gert ráð fyrir að þessum gjaldstigum verði breytt með sérstökum lögum, eins og ég tók fram rétt í þessu, áður en staðgreiðslan kemur til framkvæmda og það væntanlega á næsta þingi eftir það þing sem afgreiðir þetta frv.

Ástæður þess, að slíkar tillögur eru ekki gerðar í þessu frv. nú þegar, eru m. a. þær, að hraði verðbólgunnar hefur grundvallarþýðingu við ákvörðun hinna nýju gjaldstiga og því er ráðlegt að bíða með ákvörðun eins lengi og mögulegt er og miða þá við þær aðstæður er ríkja í verðbólgumálum við gildistöku kerfisins. Þessa ákvörðun verður að taka skömmu áður en kerfið kemur til framkvæmda, ef menn vilja ekki eiga á hættu að breytingar á gjaldstigum og skattstigum séu meira eða minna út í hött og byggi á ótraustum áætlunum og óraunsæjum vonum um líkkandi verðbólgustig, eins og oft vill vera. Með því að fresta þessari ákvörðun er dregið úr þeirri hættu, að með upptöku staðgreiðslukerfisins sé skattbyrðinni breytt til þyngingar eða léttis án þess að það sé ætlunin vegna ónákvæmni í spádómum um verðbólguþróun á komandi tímum.

Þá þarf einnig að breyta ýmsum öðrum atriðum í lögum um þau gjöld sem undir staðgreiðslu falla, einkum í þeim köflum þessara laga er fjalla um innheimtu þeirra. Er sömuleiðis gert ráð fyrir að síðar verði lögð fyrir Alþingi sérstök frv. um þessi atriði.

Þá er þörf á sérstökum ákvæðum varðandi þann hluta tekjuskatta manna er fellur utan staðgreiðslukerfisins, t. d. með vísitölutryggingu þessara þátta tekjuskattanna.

Fleiri lagaákvæðum þarf að breyta vegna staðgreiðslunnar og má þar nefna ákvæði almannatryggingalaga og ákvæði um ýmsa lögbundna lífeyrissjóði.

Loks þarf að setja sérstök ákvæði um meðferð þeirra skatta er leggjast ættu á skattstofna er myndast á almanaksári því er næst fer á undan fyrsta staðgreiðsluári, en til þess að komast hjá tvöfaldri greiðslubyrði á fyrsta staðgreiðsluári er augljóst að fella verður niður að verulegu leyti eftirágreiðsluskatta sem myndast hafa árið á undan. Það er sem sagt spurningin um árið sem enginn skattur er greiddur af. Vegna þess, að á þessu stigi er örðugt að fullyrða með nokkurri vissu hvenær undirbúningi að framkvæmd staðgreiðslu ljúki, er í 60. gr. frv. ákvæði þess efnis, að sérstaka ákvörðun Alþingis þurfi til að frv., ef að lögum verður, komi til framkvæmda. Þetta er vissulega nýmæli í íslenskri löggjöf, en á sér þó nokkrar hliðstæður og þekkist nokkuð með grannþjóðum okkar við svipaðar aðstæður.

Ætla má að undirbúningur að framkvæmd staðgreiðslu taki a. m. k. eitt ár frá samþykkt laga um staðgreiðslu, en óhjákvæmilegt er að staðgreiðsla hefjist við upphaf almanaksárs. Samkv. því er óhugsandi að staðgreiðsla komi til framkvæmda fyrr en frá 1. jan. 1983 og þá með því skilyrði að þetta frv. verði að lögum nú fyrir jól. Takist ekki að afgreiða málið áður en Alþingi fer í jólaleyfi verður að miða við að staðgreiðsla hefjist á ársbyrjun 1984.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli nú vera komið fram. Sannleikurinn er sá, að það hefur allt of lengi dregist að Alþingi tæki afstöðu til þess hvort taka eigi upp staðgreiðslu opinberra gjalda eða ekki.

Það skattalagafrv., sem samþykkt var vorið 1978, var samið með hliðsjón af því, að staðgreiðslukerfi yrði komið á. Þannig var skattalagafrv. samþykkt sem lög. Í beinum tengslum við það frv. var svo lagt fram frv. um staðgreiðslukerfi skatta af þáv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen.

Það má segja, eins og hæstv. ráðh. gat um áðan, að aðdraganda að framlagningu þess frv. mætti rekja allt til loka stríðsins eða til 1947. Síðan þá hafa ýmsar nefndir starfað og yfirlýsingar verið gefnar af ríkisstj. um upptöku staðgreiðslukerfis.

Frv. var lagt var fram í apríl 1978, en varð ekki afgreitt, enda seint fram komið. Ríkisstj., sem tók við sumarið 1978, ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar, gerði

ekkert í þessu máli og þess vegna varð að breyta öllum innheimtukafla hinna nýju skattalaga með tilliti til þess, að við skyldum búa við óbreytt kerfi.

Nú hefur nýtt frv. verið lagt fram. Við fljótan yfirlestur og samanburð við fyrra frv., frá 1978, sýnist mér það í meginatriðum samhljóða því. Það byggir á sama kerfi og fyrirmyndir eru einkum sóttar til Vestur-Þýskalands og Bandaríkjanna, þar sem staðgreiðslukerfið hefur reynst vel. Ýmsar orðalagsbreytingar eru þó gerðar, eðlilegar sýnist mér flestar. Efnisbreytingar eru einnig gerðar, t. d. að því er tekur til staðgreiðslu þeirra, sem stunda eigin atvinnurekstur, vegna nýrra reglna um reiknuð laun.

Við þessa 1. umr. ræði ég ekki efnisatriði einstakra greina. Ég hef fyrirvara um fylgi við einstaka liði, en ég tek fram að ég er fylgjandi því, að staðgreiðslukerfi verði tekið upp.

Staðgreiðslukerfinu fylgja ótvírætt ýmsir kostir og suma nefndi hæstv. ráðh. áðan: Öryggi fyrir gjaldendur. Staðgreiðsla stuðlar að jafnvægi milli skattheimtu eða endurgreiðslu og greiðslugetu gjaldenda á teknaári. Innheimtan verður öruggari og jafnari og ætla má að það hafi jafnvægisáhrif á efnahagslífið. Álag á launagreiðendur vegna innheimtunnar ætti að verða minna. Síðast en ekki síst nefni ég það, að hagur þeirra, sem hætta verða vinnu, er miklu betur tryggður. Þar á ég við þá sem verða að hætta fyrir aldurs sakir eða af öðrum orsökum, t. d. vegna veikinda. Þeir lenda oft í hinum mesta vanda þegar greiðslugetan minnkar og skatturinn kemur eftir á. Ég þarf ekki að lýsa því. Þótt heimild sé í skattalögum til að lækka skatta þeirra, sem verða fyrir slíkum áföllum eða hætta að vinna af öðrum orsökum, fylgir slíku fyrirhöfn og ekki er alltaf leyst greiðlega úr þeirra vanda af hendi skattyfirvalda.

Ýmsir gallar hafa verið tíundaðir í sambandi við upptöku staðgreiðslukerfis sem ég hirði ekki um að rekja. Ég held að flest þau atriði, sem talin eru sem gallar, byggist á misskilningi.

Ég tek fram að þingflokkur sjálfstæðismanna hefur ekki tekið efnislega afstöðu til þessa máls, en er að sjálfsögðu fylgjandi því að frv. þetta fái ítarlega umfjöllun í þingnefnd og verði sent til umsagnar hinna ýmsu aðila sem sérstakra hagsmuna hafa að gæta — ég nefni þar Samband ísl. sveitarfélaga, samtök vinnuveitenda og verkalýðshreyfingu — og það fái síðast enn ekki síst umfjöllun í þinginu sjálfu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. er hér um mjög yfirgripsmikið og vandasamt mál að ræða. Hæstv. fjmrh. skýrði frá því áðan, að hann og ríkisstj. hefðu sent þetta frv. til skoðunar hjá ýmsum aðilum í þjóðfélaginu. Hæstv. ráðh. láðist að nefna þá, en ég veit að það er Samband ísl. sveitarfélaga og hugsanlega fleiri. Hins vegar vil ég taka það fram, að stjórnarandstæðingar, a. m. k. minn flokkur, voru ekki í þeim hóp sem fékk þetta frv. til skoðunar. Við höfum því aðeins fengið að sjá það um nokkurra daga skeið og erum að sjálfsögðu ekki við þessar aðstæður reiðubúnir að tjá skoðun okkar á öllum einstökum efnisatriðum frv. Við munum gera það eftir rækilega athugun og eftir að við höfum fengið ýmsum spurningum svarað sem vakna við lestur frv. Hins vegar vil ég taka sérstaklega fram, að Alþfl. er mjög fylgjandi samtímagreiðslu opinberra skatta. Er það raunar eitt af stefnuskráratriðum Alþfl. Hæstv. fjmrh. má því vænta þess, að þm. Alþfl. taki mjög jákvætt undir það meginatriði í frv. að komið verði á samtímagreiðslu opinberra gjalda.

Að vísu má segja að um 80—90% skattgreiðenda í landinu séu komnir á nokkurs konar staðgreiðslu með þeirri tilhögun sem verið hefur um fyrirframgreiðslu opinberra gjalda. Er þá fyrst og fremst átt við þá launþega sem hafa nokkuð jafnar tekjur frá ári til árs, en ekki sveiflukenndar tekjur. Vandamálið er hins vegar hjá þeim 10—15% skattþegna sem annars vegar hafa mjög sveiflukenndar tekjur, eins og t. d. sjómenn og ráðh. Fyrir slíka öndvegismenn getur þetta fyrirframgreiðslukerfi ekki komið í stað staðgreiðslu né heldur fyrir menn sem eru að láta af störfum fyrir aldurs sakir.

Þá er einnig annað atriði sem ekki hefur verið bent á, en ég tel rétt að benda á sem rökstuðning fyrir nauðsyn þess, að staðgreiðslu opinberra gjalda verði komið á fót. Raunar má segja að staðgreiðsla opinberra gjalda sé orðin algjör forsenda þess, að nokkur ríkisstjórn geti náð viðunandi árangri í viðnámi gegn verðbólgu. Svo tekið sé eitt mjög ljóst dæmi um þetta: Í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. kemur fram að hæstv. ríkisstj. gerir ráð fyrir að skattbyrði, þ. e. álagðir skattar á tekjur fyrra árs, aukist a. m. k. mjög lítið á næsta ári. Það er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. að mismunurinn á brúttó-álagningartölu og frádráttarliðum, sem sé nettó-álagningartala tekjuskatta, hækki um 52% á næsta ári á tekjur yfirstandandi árs, sem eru 50% hærri en þær voru á liðnu ári. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir í frv. að tekjur í landinu hækki almennt á næsta ári um nema 33%, m. ö. o.: að verðbólguhraðinn og launabreytingar samfara því fari niður í 33%. Þetta þýðir það, að þó ekki sé um skattbyrðarauknингu að ræða, þegar litið er á álagningu skatta af tekjum yfirstandandi árs, yrði um mjög aukna greiðslubyrði fólks að ræða í tekjuskatti þegar tekjurnar hækka aðeins um 33%, en skattgjöld hækka hins vegar um 50%. Þetta mundi þýða að ef ætti að ná eins verulegum árangri í viðnámi gegn verðbólgu og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. mundu ráðstöfunartekjur tekjuskattsgreiðenda lækka stórkostlega, jafnvel þó að skattvísitala fylgdi þróun tekna á milli ára. Þetta eitt út af fyrir sig sýnir okkur að sé ekki komið á fót staðgreiðslukerfi skatta er raunar næstum ógjörningur að ná mjög verulegum árangri í lækkun verðbólgu milli ára, þar sem slík lækkun verðbólgu milli ára mundi koma fram sem mjög veruleg skattbyrðarauknинg og lækkun ráðstöfunartekna hjá fjölskyldum ef ekki fylgdi í kjölfarið mjög veruleg skattalækkun. Þetta er ein meginástæðan fyrir því, að nauðsynlegt er að koma á staðgreiðslukerfi, ekki bara sem lið í baráttunni fyrir réttlátara skattakerfi, heldur er það ekki síður nauðsynleg forsenda fyrir því, að menn geti náð árangri í verðbólguslagnum án þess að ráðstöfunartekjur íslenskra launþegaheimila séu af þeim sökum mjög verulega skertar.

Hins vegar er rétt hjá hæstv. ráðh. að ýmis atriði verða menn að horfa sérstaklega á varðandi framkvæmd staðgreiðslukerfisins. Menn verða t. d. að gefa því mjög gaum, að það er ekki sama fyrir greiðendur tekjuskatta þegar skattprósenta er ákveðin, hvort um er að ræða skattprósentu, sem leggst á tekjurnar sem við öfluðum í fyrra, eða hvort um er að ræða skattprósentu, sem leggst á tekjur sem aflað er jafnharðan. Í 50% verðbólgu munar mjög verulega um það t. d. hvort lagður er á tekjuskattur, sem nemur 41% af tekjum sem aflað var í fyrra, eða hvort lagður er á samtímatekjuskattur sem nemur

41% af tekjum jafnóðum og þeirra er aflað. Það kemur ekki fram í þessu frv., það verður síðari tíma ákvörðun, hvernig þessum álagningarprósentum verður breytt, ef staðgreiðsla verður tekin upp. Ég vara mjög alvarlega við því, að menn noti það tækifæri, sem breytingin vissulega gefur, til að leggja á mun þyngri skatta eftir staðgreiðsluna en voru áður en til staðgreiðslunnar kom, jafnvel þó að látið sé í veðri vaka að sjálf álagningarprósentan sé lækkuð.

Í öðru lagi ber að skoða það sérstaklega, þegar framkvæmd staðgreiðslukerfisins er afráðin, að það getur skapað ákveðnum aðilum í þjóðfélaginu nokkur vandkvæði, t. d. þeim hópum, eins og námsmönnum og eldra fólki, sem vinna aðeins hluta úr ári. Ég fæ ekki betur séð, með því að skoða framkvæmd frv. þess sem hér liggur fyrir, en að ætla verði að þetta fólk, t. d. námsfólk, sem stundar atvinnu yfir sumarmánuði, eða eldra fólk, sem vinnur hluta úr ári, verði að greiða sömu innheimtuprósentu og aðrir tekjuskattsgreiðendur af tekjum sínum, svipað og þetta fólk hefði þær tekjur, sem það hefur, alla mánuði ársins, en fengi síðan væntanlega endurgreiðslu í árslok. Það þarf náttúrlega ekki að segja mönnum hvílíkt áfall það gæti orðið fyrir gamalt fólk og námsmenn, sem vinna hluta úr ári, að þurfa að greiða tekjuskatt jafnharðan af tekjum sínum líkt og það hefði þessar tekjur 12 mánuði á ári í stað tveggja, þriggja eða fjögurra og fá svo ekki endurgreiðslu fyrr en í árslok. Þetta framkvæmdaatriði verður að skoða sérstaklega.

Þá er í þriðja lagi nokkur hætta á alverulega auknum kostnaði og aukinni skriffinnsku við staðgreiðslukerfi, en það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að í það á ekki að horfa ef um góða framkvæmd er að ræða. Svo mikið gagn getur staðgreiðslukerfi skatta gert öllum gjaldþegnum að kostnaðaraukinn, sem hlýst af því, er smáræði samanborið við þann hag sem gjaldendur gætu af því haft ef framkvæmdin er rétt.

Í fjórða lagi megum við ekki heldur horfa fram hjá því, að sá er munur á staðgreiðslukerfi og eftirágreiðslukerfi, eins og við erum með nú, að frá staðgreiðslukerfinu verður ekki horfið. Þegar menn einu sinni hafa tekið staðgreiðslukerfið upp verður því ekki breytt aftur í eftirágreiðslukerfi. Hræddur er ég um að hæstv. fjmrh. mundi ekki vera feginn því að þurfa að starfa eitt ár með ríkissjóð án þess að hafa tekjur af tekjuskatti sem þá mundi verða. Þess vegna og einmitt þess vegna ber að vanda mjög til þess verks sem þessi breyting er.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að sniðganga alla þá vankanta sem ég hef hér lýst, en menn verða að leggja sig fram um að reyna að sjá við þeim og reyna að sníða eins mikið af þeim vanköntum og framast er unnt.

Þá vil ég einnig vekja athygli í sambandi við þetta frv. á örfáum atriðum og koma með örfáar spurningar til hæstv. fjmrh. varðandi þau. Ég fæ t. d. ekki séð af frv. annað en að gert sé ráð fyrir að þar sem ekki gildi sömu reglur um skattgreiðslur einstaklinga og félaga, — þá á ég við hvenær þær gjaldfalla, tekjuskattar einstaklinga verða staðgreiddir, en félaga ekki — þá verði skattprósentur félaga allt aðrar en skattprósentur einstaklinga þar sem annars vegar er um að ræða eftirágreidda skatta hjá félögum og hins vegar um að ræða staðgreidda skatta hjá einstaklingunum. Ég vildi gjarnan fá upplýst hjá hæstv. fjmrh. hvort það er ekki réttur skilningur.

Í öðru lagi langar mig til að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. fjmrh., sem kom raunar fram í máli mínu áðan, hvort það sé ekki einnig réttur skilningur hjá mér, að eins og frá frv. er gengið sé raunar gert ráð fyrir því, eins og kemur fram á bls. 22, að fólk, sem vinnur aðeins hluta úr ári, svo sem nemendur í skólum og gamalt fólk, þurfi að staðgreiða af þessum launum sínum tekjuskatt með svipaðri álagningarprósentu og þetta fólk hefði þessar tekjur alla mánuði ársins, en fengi síðan ekki endurgreiddan þennan tekjuskatt sinn fyrr en eftir álagningu að árinu loknu, þegar í ljós hefði komið að þetta fólk ætti vegna lágra heildartekna yfir árið engan tekjuskatt að greiða. Vil ég gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvernig hann hugsi sér að tryggja þessu fólki sanngjarna endurgreiðslu á ofteknum sköttum í 50—60% verðbólgu.

Í þriðja lagi langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. varðandi þetta: Hér er gert ráð fyrir að bregða nokkuð út af þeim vinnubrögðum sem hafa viðgengist við innheimtu tekjuskatta. Hingað til hefur það verið svo, eins og menn vita, að skattstjórar leggja þessa skatta á og senda síðan atvinnurekendum, sem hafa viðkomandi launþega í þjónustu sinni, skrá yfir álagninguna og samantekt um hvað atvinnurekendurnir eiga að halda eftir miklu af launum launþega í hverjum greiðslumánuði eða hverri greiðsluviku um sig, og síðan ganga skattyfirvöld eftir því að atvinnurekendur skili þessum greiðslum. Nú virðist mér að gerð sé tillaga um að atvinnurekendurnir gerist í senn álagningaraðili og innheimtuaðili, þannig að viðkomandi launþegar framvísi skattkortum til atvinnurekenda sem síðan fá í hendur sérstakar álagningartöflur. Álagningin, sem áður fór fram hjá skattayfirvöldum, fer fram milli launþegans og atvinnuveitandans, og síðan innheimtir atvinnurekandinn og gerir skil til ríkisstjóðs á þeirri álagningu sem þannig hefur farið fram. Nú eru atvinnurekendur þegar farnir að innheimta mjög verulega af tekjum ríkissjóðs þar sem er söluskatturinn, og þarf ekki langt mál um það að hafa að sú söluskattsinnheimta er farin að skipa mjög verulegu máli í tekjum allra atvinnufyrirtækja þar sem hér er um að ræða yfir 20% af öllu innkomnu fé. Ef til viðbótar bætist nú það, að atvinnurekandinn á ekki aðeins að innheimta einnig tekjuskatta af starfsfólki sínu samkv. álagningu, sem fram hefur farið hjá skattstjóra, heldur einnig að gerast eins konar álagningaraðili, er þá ekki hætt við því, án þess að nokkuð sé um það fullyrt, að það sé orðið sameiginlegt hagsmunamál launþegans annars vegar og innheimtuaðilans hins vegar, sem raunar eiga sameiginlega að leggja á nokkurs konar bráðabirgðaskatt, að hluti af þeim launum, sem greidd eru, komi aldrei fram við álagninguna? Er ekki meiri hætta á að þetta geti gerst samkv. þessu kerfi en því sem við höfum nú?

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara lengra út í þessa sálma. Ég vænti þess að fá svar við þessum spurningum og ýmsum fleiri sem koma upp varðandi framkvæmdaatriðin sjálf, en tek enn og aftur fram, að enda þótt ég spyrji um slík atriði ber ekki að skilja það þannig, síður en svo, að þar með sé verið að hafa eitthvað á móti meginatriði málsins, að staðgreiðslunni sé komið á. Ég og minn flokkur erum mjög eindregið fylgjandi því og viljum leggja okkur fram um að sú afgreiðsla geti orðið, en allir þm. hljóta jafnframt að vera sammála um að aðferðirnar, sem beitt verður við innheimtu gjaldanna og við álagningu staðgreiðslu opinberra gjalda verði vandaðar eftir föngum. Ég verð að segja eins og er, að eftir að hafa frétt af því, að verkalýðshreyfingin hygðist gera

kröfuna um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda að einni af fjölmörgum kröfum sínum á hendur ríkisvaldinu í komandi kjarasamningum, þá kom mér það nokkuð á óvart og það veldur því, að menn hljóta að athuga þetta mál mjög vandlega, að verkalýðshreyfingin skyldi taka þá ákvörðun eftir að hafa séð frv. þetta, eftir því sem mér skilst, að strika þá kröfugerð út vegna þess, að því er mér er sagt, að verkalýðshreyfingunni hafi ekki litist meira en svo á t. d. innheimtu- og álagningaraðferðirnar sem lagt er til í frv. að beitt verði.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að gefa hv. 3. þm. Austurl. orðið.

Það er með þetta mál eins og mörg önnur, að það hefur verið lengi í undirbúningi. Allir stjórnmálaflokkar hafa lýst yfir að þeir séu því fylgjandi, að staðgreiðslukerfi skatta verði komið á. Hins vegar hefur verið unnið að þessu máli með — ég vil ekki segja sérstæðum hætti, en þó þeim hætti sem ég hefði talið að mætti fara mun betur.

Á vorþingi 1978 var lagt fram frv. til laga um staðgreiðslukerfi skatta. Það frv. var samið af ríkisskattstjóra og hafði hlotið litla sem enga meðferð hjá öðrum aðilum. Var gert ráð fyrir að það frv. yrði að lögum á því ári og staðgreiðslukerfi skatta gæti tekið gildi í upphafi árs 1979, sem var að mínu mati algjörlega vonlaust. Síðan lá vinna við þetta mál nokkuð lengi niðri.

Það er að mínu mati hættulegt í þessu máli að ætla sér að hafa of mikinn hraða á. Hér er um vandasamt mál að ræða sem þarfnast mikilla breytinga, og þess vegna mega menn ekki ætla sér að koma þessu kerfi á mjög fljótt. Við höfum dæmi um það í öðrum löndum, t. d. í Danmörku þar sem slíku kerfi var komið á fót. Það varð þess valdandi að mjög miklir erfiðleikar urðu lengi á eftir í skattkerfinu. Þess vegna tel ég að þetta mál þurfi mikinn undirbúning.

Það gerist síðan að ríkisskattstjóri semur nýtt frv., það frv. sem hér er lagt fram, en ég tel hins vegar að tiltölulega lítil samráð hafi verið höfð við aðra aðila í þjóðfélaginu um þetta mál.

Við í þingflokki Framsfl. höfum lesið þetta frv. yfir. Við töldum rétt, að það yrði lagt fram, og viljum vinna að því, að frv. geti orðið að lögum, en erum hins vegar þeirrar skoðunar, að veruleg vinna sé eftir áður en slíkt getur orðið. Um það má að sjálfsögðu deila, hvort slík vinna eigi að fara fram áður en frv. er lagt fram eða í þinginu. Ég skal ekkert um það fullyrða, en tel hins vegar að það sé veruleg vinna eftir í þessu máli.

Ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér öll þau atriði sem ég tel að þurfi að athuga betur, en vil þó nefna nokkur.

Gert er ráð fyrir að þeir aðilar, sem telja sér hagstæðara að nota aðra reglu en 10% frádrátt, þurfi að gera grein fyrir málum sínum fyrir fram, áður en þeir fá staðgreiðslukort. Þetta þýðir í reynd að það þurfi að verða um fyrirframframtal að ræða hjá flestum þeim aðilum sem er hagstæðara að nota annan frádrátt en svokallaðan 10% frádrátt, en það eru um 30% framteljenda. Að mínu mati væri æskilegra að komast hjá slíkri skriffinnsku. Þess vegna hlýtur að koma til athugunar hvort ekki er hægt að byggja á þeim frádrætti sem menn hafa haft árið áður. Ég nefni þetta sem eitt atriði sem getur orðið veigamikið í því sambandi hvort hér verður um mjög viðamikið og dýrt kerfi að ræða.

Í öðru lagi vil ég nefna það, að vegna hinnar öru verðbólguþróunar, sem er hér á landi, og m. a. mikilla launabreytinga ársfjórðungslega mun verða nauðsynlegt, eins og frv. er upp byggt, að gefa út nýjar skatttöflur fyrir hvern launþega ársfjórðungslega. Það er ekki vitað hverjar þessar launabreytingar verða. Þess vegna hlýtur, eftir að ljóst er hvað miklar launabreytingar verða ársfjórðungslega, að þurfa að breyta skatttöflunum, nema menn treysti sér til að segja fyrir um það nokkurn veginn ári fyrir fram hverjar breytingarnar verði. Þetta mun valda nokkrum erfiðleikum. Þess vegna finnst mér að það þurfi að athuga með hvaða öðrum hætti væri hægt að koma slíku fyrir.

Í þriðja lagi vil ég nefna að gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóra séu ætluð 3% af innheimtufé til að standa undir rekstrarkostnaði. Með þessu er verið að skapa ríkisskattstjóraembættinu tekjustofn og má segja að það sé að nokkru leyti tekið undan fjárveitingavaldinu. Þetta atriði tel ég einnig að þurfi að athuga. Ég veit að sveitarfélögunum finnst þessi innheimtuprósenta vera of há, því það má segja að ríkisskattstjóraembættið hafi veitt verulega þjónustu varðandi álagningu sveitarfélaganna án þess að nokkurt gjald hafi verið tekið fyrir, en gert er ráð fyrir að þessi prósenta standi undir öllum þessum kostnaði.

Það má almennt segja um þetta frv., að það er nokkuð torlesið og mikið af tilvísunum í því og allmiklar endurtekningar. Þannig er allmikil vinna að lesa það nákvæmlega og setja sig inn í málið. Ég á því von á að við nefndarmenn í fjh.- og viðskn. þurfum alllangan tíma til að setja okkur inn í málið og gera þær breytingar sem við kunnum að telja nauðsynlegar. Ég tel í raun og veru útilokað að von sé til að ljúka máli sem þessu fyrir áramót. Ég held að það sé ekkert annað en sjálfsblekking að gera sér vonir um slíkt. Ég mundi telja mjög gott ef tækist að ljúka þessu máli á þessu þingi. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt með mál sem þetta að það sé tekið fyrir á tveimur þingum. Það má hins vegar geta þess, eins og hæstv. fjmrh. kom inn á, að gert er ráð fyrir að það taki ekki gildi nema með sérstökum lögum sem skapa þá meira svigrúm til breytinga síðar. En ég vil taka það fram, að ég veit að allir nefndarmenn í fjh.- og viðskn. gera hvað þeir geta til að flýta þessu máli. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að málið sé vel undirbúið hér í þinginu og við fáum góðan tíma til að ræða við þá aðila sem hér eiga hlut að máli, hvort sem það eru vinnuveitendur, sveitarfélög, innheimtumenn ríkisins, launþegahreyfingin eða aðrir aðilar sem þetta mál hlýtur óneitanlega að snerta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 18. fundur.

Fimmtudaginn 12. nóv., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Á fundi í Sþ. s. l. þriðjudag hóf 1. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, umr. utan dagskrár umþá alvarlegu atburði sem gerst

hafa í Danmörku og Svíþjóð undanfarið og fréttir hafa borist af og mikið verið umræddir, þ. e. að kafbátur búinn kjarnorkuvopnum strandaði uppi í landsteinum í Svíþjóð og upplýst hefur verið í Danmörku að svonefndar friðarhreyfingar þar hafa fengið fjármagn frá Sovétríkjunum til starfsemi sinnar. Þeirri umr. varð ekki lokið, en þessir allra síðustu atburðir eru vissulega tilefni til umr. hér á Alþingi. Reyndar er ég þeirrar skoðunar, að utanríkismál skipi ekki nægilegan sess í umr. á hv. Alþingi. Þau einu skipti, sem nokkurn veginn er örugglega hægt að ganga að því vísu að umr. verði hér um atanríkismál, eru þegar hæstv. utanrrh. leggur fram sína skýrslu. En æðioft fer umr. fram um hana hér að næturlagi að fáum þm. viðstöddum.

Þessir allra síðustu atburðir hafa vissulega dregið athyglina að starfsemi svonefndra friðarhreyfinga og vekja upp ýmsar spurningar um starfsemi þeirra, en þær hafa mjög verið til umræðu bæði hér á landi og víða í Evrópu að undanförnu. Það er alveg ljóst að þessar hreyfingar eru af mismunandi toga. Þær hafa oft myndast af mjög ósamstæðum hópum. Eitt er þó víst, að samtök kommúnista í Evrópu hafa víðast hvar verið mjög áberandi í þessum samtökum. En enginn vafi er þó á því, að margt fólk, sem af einlægni berst fyrir friði í heiminum, hefur tekið þátt í þessu starfi. Og hver vill ekki frið? Ég held að þeirri spurningu getum við svarað á þann veg, að allir hér á landi og sennilega allur almenningur alls staðar í Evrópu þrái ekkert heitar en að geta fengið að starfa í friði og án þess að styrjaldarhættan vofi stöðugt yfir. Það hefur verið mjög áberandi í kröfugerð friðarhreyfinganna, að lögð hefur verið áhersla á kröfu um einhliða afvopnun í Vestur-Evrópu. Mestur þungi hefur verið lagður á kröfuna um að Atlantshafsbandalagsríkin létu af áformum sínum um staðsetningu svokallaðra Pershing II eldflauga í Evrópu. Hins vegar hefur miklu minna farið fyrir kröfunni um að Rússar legðu niður SS-20 eldflaugar sínar sem settar hafa verið upp í Austur-Evrópu undanfarin ár. Þetta eru svokallaðar meðaldrægar eldflaugar sem rætt er um, og það er rétt að hugleiða í þessu sambandi lítillega hver er grundvöllur deilunnar um þessar meðaldrægu eldflaugar.

Undanfarin ár hefur þess orðið mjög vart, að Sovétríkin hafa aukið mjög kjarnorkuvopnabúnað sinn í Evrópu. Hér er fyrst og fremst um að ræða svokallaðar SS-20 eldflaugar sem geta farið 2 300 mílur. Með því að bæta við einu eldflaugarþrepi enn geta þær þó dregið 3 400 mílur. Það er því alveg ljóst, að þessum eldflaugum er ekki beint gegn Bandaríkjunum, sem Sovétríkin oft telja sinn höfuðóvin, heldur er þeim beint gegn Vestur-Evrópu. Hver þessara eldflauga ber þrjá kjarnaodda og getur hver eldflaug um sig því hæft þrjú mismunandi skotmörk. Kraftur hvers þessa kjarnaodds er miklum mun meiri en kraftur sprengjunnar sem sprengd var á Hiroshima í Japan í lok styrjaldarinnar. Sovétríkin munu nú þegar, að því er fróðustu menn telja, hafa sett upp 250 slíkar eldflaugar sem bera 750 kjarnaodda, og talið er að áður en langt um líður verði þessar eldflaugar orðnar 300 með 900 kjarnaodda. Tveimur þriðju þessara eldflauga er beint gegn Vestur-Evrópu, hinum er beint gegn skotmörkum í Kína, Japan og Kóreu. Eldflaugum Sovétríkjanna er því í dag beint að öllum meiri háttar bæjum og borgum í Vestur-Evrópu. Þetta er hrikaleg staðreynd sem reyndar hefur verið ljós nú í nokkur ár. Og það er merkilegt til þess að hugsa, að þegar það varð heyrinkunnugt fyrir a. m. k. tveimur árum síðan hvað væri að gerast, þá heyrðust engin mótmæli frá svokölluðum friðarhreyfingum, gegn þeim hrikalega vopnabúnaði sem þarna er að eiga sér stað. Og það er athyglisvert, að þessi mikli vopnabúnaður Sovétríkjanna og þessi hervæðing fer einmitt fram á þeim árum meðan Sovétmenn friðmælast hvað ákafast við Vesturveldin og hafa uppi sitt blíðasta bros.

Með þessum óhugnanlegu framkvæmdum hafa Sovétríkin náð algerum yfirburðum á þessu sviði. Það kom nýlega út skýrsla á vegum ríkisstjórnarinnar í Bonn þar sem var upplýst að nú væru Sovétríkin átta sinnum öflugri í meðaldrægum eldflaugum í Evrópu heldur en Atlantshafsbandalagið. Er þá nokkur furða þó að ráðamenn í Atlantshafsbandalaginu í Evrópu hafi talið sig þurfa að bregðast við á einhvern hátt, ekki til að verja Bandaríkin, heldur til að verja sjálfa sig í Evrópu?

Því var það, að í desember 1979 var tekin ákvörðun á vegum Atlantshafsbandalagsins sem var tvíþætt: Í fyrsta lagi að setja upp 108 svokallaðar Pershing II eldflaugar og 464 stýriflaugar. Þetta eru svokallaðar meðaldrægar eldflaugar eins og SS-20 eldflaugarnar og framkvæmdir við þær eiga að hefjast 1983. Í öðru lagi var jafnframt samþykkt að taka upp viðræður við Sovétríkin til þess að draga úr kjarnorkuvopnabúnaði í Evrópu eins og það er kallað, en það er fyrst og fremst um að ræða hinar meðaldrægu eldflaugar í Evrópu.

Ég sagði áðan að samkvæmt mati þeirrar skýrslu, sem ég vitnaði til, væri nú talið að Sovétríkin væru átta sinnum öflugri að meðaldrægum eldflaugum. Eftir að búið er að framkvæma samþykkt Atlantshafsbandalagsins frá 1979 er talið að hlutföllin í styrkleika verði 2.5 á móti 1 Sovétríkjunum í vil, en ef ekkert verði að gert muni Sovétríkin fljótlega verða tíu sinnum öflugri að þessu leyti.

Athyglisvert er að það er fyrst eftir að þessi ákvörðun er tekin hjá Atlantshafsbandalaginu að friðarhreyfingar fara verulega að láta á sér kræla. Gegndarlaus kjarnorkuvopnabúnaður Sovétríkjanna, sem beinist gegn Evrópu, þótti lítið tilefni mótmælaaðgerða meðal þessara hópa fyrir þennan tíma, desember 1979. Margir talsmenn friðarhreyfinga mótmæla því, að þeir krefjist einhliða afvopnunar, og ég skal játa að það er rétt í sumum tilfellum. Í öðrum tilfellum er krafan um afvopnun Sovétríkjanna með smáa letrinu í kröfugerð friðarhreyfinganna. Hitt er víst, að hvað sem líður orðum í þessu sambandi kemur friðarbarátta friðarhreyfinganna í Evrópu þannig út í reynd, að afleiðingarnar gætu orðið einhliða afvopnun Vesturveldanna. Þrýstingurinn er fyrst og fremst settur á stjórnvöld í Vestur-Evrópu um afvopnun. Allir vita að mótmælaaðgerðir hér í Vestur-Evrópu setja engan þrýsting á löndin austantjalds. Það er því með fullum rétti og fullum rökum sem menn túlka starfsemi friðarhreyfinganna sem kröfu um einhliða afvopnun.

Ég held það séu einar þrjár helgar síðan mótmælagöngur í Evrópu náðu hámarki. Það voru farnar göngur víða og frá þessum göngum var rækilega sagt í Ríkisútvarpinu þessa helgi. En það voru tvær stuttar fréttir í þessu sambandi sem vöktu sérstaka athygli. Í fyrsta lagi að Mitterand og flokkur hans í Frakklandi tók ekki þátt í þessum friðargöngum, heldur andmælti þeim. Þessi

sérstaki uppáhaldsstjórnmálamaður Alþb. túlkaði þessar aðgerðir sem kröfu um einhliða afvopnun. Ég heyri að hv. formaður þingfl. Alþfl. hváir við, en því verður ekki móti mælt, að hæstv. félmrh., formaður Alþb., sendi sérstakt skeyti til Mitterands og fagnaði sérstaklega sigri hans í Frakklandi, þó að þeir eigi greinilega ekki samleið í þessu máli. **(Gripið fram í:** Það var áður en þetta kom í ljós.) Í öðru lagi var þess getið í stuttri frétt, að á einum stað austan járntjalds hefði verið farin mótmælaganga. Það var í Potsdam í Austur-Þýskalandi og þar var krafan ein og aðeins ein, að Vesturveldin ættu að afvopnast einhliða, en ekki var minnst á kröfu um að Sovétríkin eða Austur-Evrópuríkin létu af SS-20 eldflaugum sínum. Þetta segir auðvitað sína sögu.

Hvað sem líður fullyrðingum forsvarsmanna friðarhreyfinganna er baráttan rekin á þann hátt, að í raun er hún krafa um einhliða afvopun Vesturveldanna. Þetta hafa margir sýnt fram á mismunandi glöggan hátt. Ég er ekki vanur að kveðja Þjóðviljann mér til vitnis, en ég ætla þó að gera það að þessu sinni og vitna í grein sem birtist þar í sumar, í helgarblaðinu 1.—2. ágúst. Þar var athyglisverð grein eftir Sólrúnu B. Jensdóttur sagnfræðing, þar sem hún svaraði spurningu sem beint var til hennar og var svohljóðandi: „Telur þú að almenn samtök séu líkleg til að forða heiminum frá kjarnorkustríði?" Þetta er nokkuð löng grein og ég get ekki vitnað í hana að öllu leyti hér eða lesið hana upp. Ég vil þó — með leyfi hæstv. forseta — lesa niðurlag greinarinnar þar sem rætt er um kjarnorkuvopn. Sólrún segir:

„Að lokum skal rætt um kjarnorkurisaveldin sjálf og svæðin þar sem þau hafa komið fyrir gereyðingarvopnum utan landamæra sinna. Það vekur undrun hve lítið hefur verið um almennar umræður um afvopnunarmál í Bandaríkjunum. En yrðu almenn samtök þar nægilega sterk gætu þau trúlega haft þau áhrif á ráðamenn, að þeir legðu sig fram um það af alefli að koma á afvopnunarviðræðum við Sovétríkin.

En almenningur í Sovétríkjunum, getur hann lagt sitt af mörkum til að knýja fram afvopnunarviðræður? Þessu verður að svara neitandi og er nú komið að mjög mikilvægu atriði sem oft vill gleymast þegar rætt er um hvort almenn samtök geti komið í veg fyrir kjarnorkustríð. Augljóst er að slík samtök á Vesturlöndum nægja ekki, sams konar samtök í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu verða að koma til. Við núverandi stjórnarfar í þessum ríkjum, þar sem þegnarnir hafa hvorki skoðana- né tjáningarfrelsi, eru þau óhugsandi. Stjórnendur geta látið eigin geðþótta ráða án nokkurs tillits til almennings. Stjórnarfarsbreytingar í lýðræðisátt í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu eru því forsenda þess, að almenn samtök fái einhverju áorkað til afvopnunar. Vekur það vonleysi, því ekkert bendir til þess, að slíkra breytinga sé að vænta á næstunni.

Almenningur á Vesturlöndum verður því að hafa það hugfast, er hann berst gegn vígbúnaði og kjarnorkuvopnum, að þar er aðeins barist fyrir eigin afvopnun meðan almenningur í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu, sem ugglaust er jafnfriðelskandi, getur ekkert gert til þess að hafa áhrif á valdhafana. Má benda á að baráttan gegn kjarnorkuvopnum, sem almenningur í Vestur-Evrópu hefur efnt til að undanförnu, beinist ekki fyrst og fremst gegn hinum nýju SS-20 eldflaugum, sem Sovétmenn hafa komið fyrir í Austur-Evrópu, heldur gegn áformum Atlantshafsbandalagsins um að endurnýja kjarnorkubúnað sinn í Vestur-Evrópu til jafnvægis.

Trúlegt er að forustumenn Sovétríkjanna fagni því að geta horft rólegir á meðan bandamenn Bandaríkjanna reyna að veikja hernaðarmátt þeirra."

Þessi skoðun hins íslenska sagnfræðings, sem birtist í Þjóðviljanum í sumar, dregur upp mjög glögga mynd af því, hvað raunverulega er að gerast með starfsemi friðarhreyfinganna. Ég hef í rauninni engu við þessa lýsingu að bæta.

Það er þess vegna engin tilviljun, að sterkasti bandamaður friðarhreyfinganna eru Sovétríkin. Það er alveg ljóst af fréttum og blaðaskrifum austantjalds, að Sovétríkin telja baráttu friðarhreyfinganna mjög til framdráttar sinni utanríkisstefnu. Margvísleg tengsl friðarhreyfinganna við Sovétríkin eru og smám saman að koma í ljós. Ég skal nefna nokkur atriði í því sambandi.

Í fyrsta lagi má nefna handtöku hins danska rithöfundar, sem hér var gerð að umtalsefni, og sterkar líkur á því, að hann hafi verið milligöngumaður um það að flytja fjármagn frá Sovétríkjunum til dönsku friðarhreyfingarinnar. Hvað sem líður aðgerðum þessa ólánssama manns er ljóst að danska ríkisstjórnin taldi sig áður hafa fengið sannanir fyrir því, að Sovétríkin fjármögnuðu dönsku friðarhreyfinguna. Sú sönnun fékkst þegar danska ríkisstj. vísaði sovéskum sendiráðsstarfsmanni úr landi fyrir nokkrum vikum. Annar sendiráðsritari sovéska sendiráðsins, Vladimir Merkulov, varð uppvís að því að vera KGB-maður, þ. e. starfsmaður sovésku leyniþjónustunnar, og fyrir að hafa borið fé á ýmis samtök vinstri manna sem tengjast dönsku friðarhreyfingunni, og honum var þar með vísað úr landi.

Í öðru lagi má benda á að miklar umræður fara fram í Noregi þessa dagana um hugsanlega fjármögnun Rússa á norsku friðarhreyfingunni.

Í þriðja lagi má benda á að fyrir nokkrum vikum flúði fyrrv. majór í leyniþjónustunni KGB, maður að nafni Stanislav Levstjenko, og fékk hæli sem pólitískur flóttamaður í Bandaríkjunum. Hann hefur skýrt frá því opinberlega, að KGB láti mikla fjármuni renna til friðarhreyfinga víðs vegar í Evrópu og vinni að öðru leyti skipulega að áróðri í Vestur-Evrópu til að örva almenning til mótmæla gegn hinum væntanlegu meðaldrægu eldflaugum sem Atlantshafsbandalagið hyggst setja upp.

Þetta eru nokkur dæmi um þau tengsl sem smám saman eru að koma í ljós milli leyniþjónustunnar KGB og friðarhreyfinganna, og vafalaust á sitthvað fleira eftir að koma í ljós í þessum dúr.

Ekki efa ég það eitt augnablik, að fjölmargt af því fólki, sem hefur tekið þátt í starfi friðarhreyfinganna, er einlægt í sinni baráttu fyrir friði og telur sig á engan hátt vera að ganga erinda Sovétríkjanna. Chamberlain trúði því ekki heldur í München, að hann væri í raun að ganga erinda Hitlers-Þýskalands þegar hann taldi sig vera að vinna að friði og var vel fagnað af friðarhreyfingum sem voru sterkar í Bretlandi á þeim tíma. Áhugi Sovétríkjanna á friðarhreyfingunum, hvatning þeirra og afskipti þeirra tala hins vegar sínu máli. Aldrei hafa Sovétríkin hert vígbúnaðarkapphlaupið jafnmikið og einmitt nú, og því miður verður það að segjast eins og er, að eins og friðarhreyfingarnar eru nú reknar má frekar kalla þær feigðarhreyfingar en friðar.

En hvaða lærdóm er unnt að draga af strandi sovéska kafbátsins í Svíþjóð? Sovétmenn hafa sjálfir kallað

Eystrasaltið haf friðarins. Þeir hafa hins vegar nú rofið þann frið og raunverulega verið undanfarin ár að rjúfa það friðarjafnvægi, sem ríkt hefur á Norðurlöndum, bæði í Eystrasalti og á Norðurlöndum sjálfum, og þá ekki síst með hinum geysimikla vígbúnaði á Kólaskaganum sem landfræðilega tilheyrir Norðurlöndum, eins og glöggt má sjá ef litið er á landakort. Með siglingu sovéska kafbátsins hafa Sovétríkin brotið alþjóðalög og alþjóðasamninga. Réttarreglur um landhelgi byggjast reyndar á gamalli hefð, en nú er þær að finna í einum þeirra fjögurra alþjóðasamninga um hafið sem gerðir voru á fyrstu hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf 1958. Í þeim samningi eru skýr ákvæði um ferðir erlendra skipa í landhelgi annarra. Þar segir m. a. að kafbátum sé aðeins heimiluð för um landhelgi strandríkis ofan sjávar, enda gefi þeir til kynna hverrar þjóðar þeir eru. Brot Sovétríkjanna er enn alvarlegra þegar haft er í huga að Svíþjóð er hlutlaust ríki, svæðið, sem kafbáturinn var á, var sérstakt bannsvæði og kafbáturinn var búinn kjarnorkuvopnum samkv. upplýsingum sænsku ríkisstjórnarinnar. Þetta atvik sýnir hversu fráleitar hugmundir manna eru um einhliða yfirlýsingu Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði. Slíkt þyrfti að vera liður í heildarsamningum um Evrópu, ekki aðeins á Norðurlöndum, heldur í Evrópu allri. Hinu geta menn svo velt fyrir sér, hvort slíkur samningur við Sovétríkin yrði meira virði í þeirra augum eða betur virtur en alþjóðasamningurinn sem gerður var í Genf 1958.

Í umr. hér s. l. þriðjudag, var hv. 8. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, talsmaður Alþb. Hún lýsti því stefnumarki Alþb., að Ísland gengi úr NATO, vísaði bandarískum herstöðvum af landi brott og lýsti yfir hlutleysi þjóðarinnar um alla framtíð. Svíar eru ekki í NATO, þeir hafa ekki erlendar herstöðvar á sínu landi en hins vegar öflugar varnir sjálfir, og Svíar hafa lýst yfir hlutleysi. Samt var sovéskur kafbátur búinn kjarnorkuvopnum kominn þar á land. Skyldi ekki eitthvað svipað geta gerst hér ef þessi stefna Alþb. um hlutleysi og varnarleysi næði fram að ganga? Hvað mundum við t. d. gera ef sovéskur kafbátur búinn kjarnorkuvopnum sigldi hér inn í Faxaflóa? Hvað gætum við gert, varnarlausir og hlutlausir? Jú, við gætum kallað til Sigurjón lögreglustjóra og Gunnar í Landhelgisgæslunni til að stugga þessum óvinum burt. Og halda menn að það mundi bera einhvern árangur? Því verður hver að svara sér sjálfur.

Nei, sannleikurinn er sá sem allir vita, að friður í Evrópu komst fyrst á eftir stofnun Atlantshafsbandalagsins. Þá bundust þjóðir Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku samtökum til varnar gegn ásælni Sovétríkjanna. Þessi samtök hafa verið okkar besta vörn gegn ófriði og varðveitt frið í þessum heimshluta í 32 ár. Hitt viðurkenna allir, að hinn gegndarlausi vígbúnaður er mikið áhyggjuefni. Allar þjóðir hljóta þess vegna að stuðla að afvopnun. Það verður hins vegar að gerast með gagnkvæmum samningum. Slökunar- og afvopnunarstefna er mjög vandmeðfarin. Slík afvopnun verður að vera til þess að tryggja frið en ekki auka líkur á ófriði, sem getur auðveldlega gerst ef jafnvægisleysi beinlínis freistar annars aðilans til að trúa því, að hægt sé að ná pólitískum markmiðum með hervaldi.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er okkur Alþb.-mönnum ánægjuefni að fá tækifæri til að fjalla um utanríkismál á hv. Alþingi jafnítarlega og hér verður gert. Við teljum að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að koma á framfæri við þjóðina og þingið ýmsum upplýsingum um þessi mál vegna þeirrar miklu umræðu sem fram hefur farið um utanríkismál á undanförnum mánuðum og Alþb.-menn hafa beitt sér mjög fyrir ásamt blaði sínu, Þjóðviljanum.

Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur verið vitnað nokkuð til Þjóðviljans. Er það vel að menn lesi hann og geymi hjá sér og lesi aftur, eins og hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði áðan og sömuleiðis nýkjörinn varaformaður Sjálfstfl., hv. þm. Friðrik Sophusson, sem las upp úr forustugrein sem Kjartan Ólafsson varaformaður Alþb. skrifaði í Þjóðviljann fyrir nokkrum dögum og er að sjálfsögðu í samræmi við meginsjónarmið Alþb. og þær flokkslegu samþykktir sem þar gilda.

Dæmin, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson nefndi áðan um tilraunir Sovétríkjanna til að hafa áhrif á skoðanir einstaklinga á Norðurlöndum, eru sláandi. Þau eru til marks um það, að stórveldin reyna alls staðar að véla menn til fylgis við málstað sinn, og þau eru til marks um þær umræður einnig, sem fram hafa farið að undanförnu, að friðarhreyfing, sem ekki er óháð hagsmunum stórveldis, er engin friðarhreyfing.

Herra forseti. Á fundi Alþingis á þriðjudaginn hóf málið hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, en hún er eins og kunnugt er þekktari fyrir ofstæki í utanríkismálum en flestir aðrir forvígismenn Sjálfstfl. og er þá langt til jafnað. Þannig var hún ein þeirra örfáu sem snerust gegn hugsanlegu stjórnarsamstarfi Sjálfstfl. við Alþb. þegar jafnvel Morgunblaðið, einkamálgagn Geirs Hallgrímssonar, beitti sér mjög fyrir slíku stjórnarsamstarfi á síðari hluta ársins 1979. Af þessum ástæðum, að ég þekkti til sjónarmiða hv. þm., komu mér ummæli hennar ekki á óvart á dögunum. En hitt var engu að síður alvarlegt, að í ræðu hennar voru flutt viðhorf, sem ekki hafa heyrst hér á Alþingi um áratugaskeið, og einnig komu fram hjá þm. mjög alvarlegar dylgjur og getsakir í garð Alþb. Það var þess vegna sem við kröfðumst þess á þingfundi s. l. þriðjudag, að þessari umr. yrði haldið áfram þegar í upphafi reglulegs fundar þingsins í dag, fimmtudag.

Ræða hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, átti að vera fsp. til utanrrh. Áður en hún kom fsp. frá sér tókst henni að koma að mjög alvarlegum rangfærslum og þess vegna tel ég nauðsynlegt að taka fram eftirfarandi:

1. Alþb. hefur aldrei haft nein flokksleg samskipti við Kommúnistaflokk Ráðstjórnarríkjanna né aðra kommúnistaflokka sem báru ábyrgð á innrásinni í Tékkóslóvakíu. Það er skoðun okkar, að til Sovétríkjanna sé enga fyrirmynd að sækja fyrir sósíalista í heiminum því lýðræði sé óaðskiljanlegur þáttur sósíalismans. Þar sem þessar forsendur skortir í Sovétríkjunum er þar ekki um raunverulegan sósíalisma að ræða að okkar mati. Alþb. hefur mjög takmörkuð flokksleg samskipti við erlenda stjórnmálaflokka. Þau samskipti eru þá helst við verkalýðsflokka á Norðurlöndunum, en um eiginleg flokkasamskipti er vart að ræða. Grundvallarstefna Alþb. í þessum efnum var ákveðin 1968 eftir innrásina í Tékkóslóvakíu og henni hefur ekki verið breytt og engin áform eru uppi á vegum flokksins um breytingar í þessum efnum.

2. Heimsfriðarráð það, sem svo er nefnt í ræðu hv. þm., á ekkert skylt við það sem nefnt hefur verið friðarhreyfing í daglegri umræðu að undanförnu. Með friðarhreyfingu er átt við þau öfl sem vilja berjast fyrir friði, öfl

sem eru óháð stórveldunum. Það er einnig fráleitt að taka afstöðu til friðarmála á Íslandi nema á íslenskum forsendum. Það er fráleitt að ætlast til þess, þótt Íslendingar séu í Atlantshafsbandalaginu, að þeir hætti að hugsa og draga ályktanir sem Íslendingar, en sú tilætlunarsemi kom fram í máli hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur í þessum ræðustól á dögunum.

3. Hv. þm. gat þess, að Sjálfstfl. hefði gert sérstaka samþykkt um utanríkismál, þar sem segir orðrétt:

„Jafnframt þarf að huga að öryggginu inn á við og gera *ráðstafanir til þess að erlend ríki grafi ekki undan öryggi* ríkisins og sjálfstæði þjóðarinnar innan frá."

Það er rétt hjá þm., að koma verður í veg fyrir að útsendarar erlendra ríkja grafi undan öryggi þjóðarinnar innan frá. En slíkt verður aðeins gert með því að komið verði í veg fyrir að nokkur maður geti hugsað sér að ganga erinda erlendra ríkja hér á landi. Það þarf að gera með því að efla með þjóðinni þjóðlega vitund, reisn og sjálfstæð viðhorf gagnvart öllum erlendum ríkjum. Það þarf að gerast þannig, að enginn leyfi sér nokkru sinni að taka við mála úr hendi stórveldis. Enda þótt hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir telji að betra sé að ganga erinda Bandaríkjamanna en Rússa er skoðun mín fyrst og fremst sú, að þjóðin þurfi öll, hver einasti Íslendingur, að vera á varðbergi andspænis stórveldunum hvar sem er og hvenær sem er og í hvaða formi sem afstaða stórveldanna kemur fram. Hvers konar þjónkun við erlend ríki ber að fordæma.

Hinu er hins vegar ekki að neita, að ályktun Sjálfstfl. minnti óhugnanlega á þá tíma þegar McCarthy réð lögum og lofum um bandaríska utanríkisstefnu, — eða hvernig ætlar Sjálfstfl. að gera „ráðstafanir" sem hindra áhrif útsendara erlendra ríkja með öðrum hætti en að leggja á það áherslu, að öll þjóðin, hver einasti Íslendingur, sé samtaka í þessum efnum? Hvaða ráðstafanir hefur Sjálfstfl. gert til að hindra þetta þegar hann hefur farið með yfirstjórn utanríkismála á Íslandi? Er Sjálfstfl. að hóta hér lögregluríki, þar sem eru njósnarar á hverjum bæ, þar sem allir njósna um alla í þágu herraþjóðarinnar? Ætlar Sjálfstfl. að tölvuskrá þá sem ekki gera eins og honum þóknast, eins og gert var í undirskriftasöfnun „Varins lands", sem er einhver umsvifamesta skráningarherferð gegn sjálfstæðum skoðunum einstaklinga sem sögur fara af á Íslandi?

4. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir dylgjaði um það, að ég hafi farið til Sovétríkjanna í opinbera heimsókn á vegum Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Það er rangt. *Ég hefði aldrei þegið boð frá þeim flokki. Ég fór í boði* ríkisstjórnar Sovétríkjanna rétt eins og Geir Hallgrímsson, sem þangað fór á sínum tíma sem forsrh. Eins og tekið var fram í Morgunblaðinu nýlega fékk Geir Hallgrímsson þar mjög höfðinglegar móttökur og hann hefur æ síðan tönnlast á því, að á Íslandi séu ekki kjarnorkuvopn samkv. þeim upplýsingum sem hann fékk hjá Kosygin. hefur Geir Hallgrímsson aftur og aftur getið þessa og mér kæmi ekki á óvart að Morgunblaðið hafi einhvern tíma haft þetta eftir honum. Allir sjá nú hve upplýsingar Sovétmanna um þessi efni eru varhugaverðar. Kannske er Geir Hallgrímsson eini maðurinn á Íslandi sem eftir atburðinn í Svíþjóð trúir því sem Rússar segja um kjarnorkuvopn.

5. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir innti ríkisstj., væntanlega þann hluta hennar sem ekki tilheyrir Alþb., eftir því, hvort ekki væri ástæða til að endurskoða afstöðu stjórnarinnar til Alþb. Ég svara ekki fyrir hina stjórnaraðilana, en þessi krafa hv. þm. er vissulega til marks um að þar á bæ ráða þau öfl enn ferðinni sem eru í viðjum kaldastríðsofstækisins, — eða hvert er *tilefni* þessarar kröfu hv. þm. til Gunnars Thoroddsens og Steingríms Hermannssonar, hæstv. ráðh.? Tilefnin eru þessi:

1. Að danskur rithöfundur hefur verið handtekinn og ásakaður fyrir erindrekstur í þágu Sóvétríkjanna.

2. Að 30 ára gamall sovéskur kafbátur hlaðinn kjarnorkuvopnum hefur siglt upp í skerjagarðinn við Svíþjóð.

Þessi eru tilefnin til kröfu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur, og er langt síðan seilst hefur verið jafnlangt til lokunnar í þessum ræðustól og er þá langt til jafnað.

Um þessa tvo viðburði vil ég enn fremur segja þetta:

Ákæran á hendur rithöfundinum er alvarleg og vonandi er það ekki til hér á landi að tilefni sé til slíkrar ákæru. Hins vegar er ljóst að hætta er á slíku þegar stærsta blað landsins og stjórnmálaflokkur þess fylgir þeirri stefnu að Íslendingar eigi að hneigja sig og beygja fyrir erlendu stórveldi. Sífelldar utanstefnur þessara aðila samkv. skipulagðri stefnuskrá Bandaríkjastjórnar til að heilaþvo íslenska sendimenn eru varasamar í þessum efnum. Í mínum huga gildir hér einu hvoru stórveldinu menn kunna að þjóna. Allir þeir, sem taka erlend viðhorf fram yfir íslensk, eru hugsanleg fórnarlömb erlendra hagsmuna stórvelda og stórfyrirtækja. Varðandi hið síðar nefnda, stórfyrirtækin, er skemmst að minnast Alusuisse-málsins frá þessu ári þar sem Morgunblaðið gekk fram fyrir skjöldu í þágu stórfyrirtækis útlendinga gegn íslenskum hagsmunum.

Í öðru lagi vil ég að fram komi varðandi sovéska kafbátinn, að í rauninni afhjúpar hann betur en allt annað hræsni Sovétríkjanna í boðskap þeirra fyrir kjarnorkuvopnalausum svæðum og friðlýsingu. Ég tel enga ástæðu til að rengja upplýsingar sænsku ríkisstjórnarinnar um kjarnorkukafbát þennan, en þessi tíðindi verða mér fyrst og síðast tilefni til að staldra við og til að hvetja landsmenn til að velta því fyrir sér, hvaða hætta er hér á ferðum. Er ekki ljóst að allt Norður-Atlantshafið virðist vera morandi í kjarnorkuknúnum kafbátum? Er ekki ljóst að Ísland er í vaxandi mæli að tengjast kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á liðnum árum? Því miður er svar við þessum spurningum báðum játandi. Er þá ekki kominn tími til þess að við snúum bökum saman í þessum efnum? Ég er sannfærður um að yfirgnæfandi meiri hluti *þjóðarinnar er uggandi vegna* þessara staðreynda. Hann er uggandi um líf þjóðarinnar í sviptingum stórveldanna. Það er ekki hræðsluáróður að benda fólki á vígbúnað stórveldanna, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og fleiri talsmenn Sjálfstfl. héldu fram. Hér hefur aðeins verið bent á blákaldar staðreyndir. Ástæðan til þess ofstækis, sem heltekur Sjálfstfl. í þessu máli nú, er fyrst og fremst sú, að hann áttar sig á að vaxandi fjöldi Íslendinga gerir sér ljóst að núverandi öryggismálastefna tryggir ekki öryggi. Hún býður hættunni heim. Hún setur Íslendinga fremst á svið stórveldaátaka um leið og ljóst er að vaxandi líkur eru á að stórveldin sjálf sleppi skaðlítil.

Forseti Bandaríkjanna talar um takmarkað kjarnorkustríð í Vestur-Evrópu. Frammi fyrir þessu stöndum við. Ég er sannfærður um að í þetta skiptið mistekst íhaldinu hér að nýta bandamann sinn í Moskvu til að þyrla upp moldviðri skilningsleysisins. Það hefur aftur og

aftur gerst á liðnum árum að íhaldið á Íslandi hefur tekið ákvörðun Sovétstjórnarinnar, þeim sem háskalegar virðast, beinlínis fagnandi til að geta höggvið að andstæðingi sínum hér heima fyrir. Tilraun hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur í fyrradag til að fá samstarfsaðila Alþb. í ríkisstj. til að víkja Alþb. til hliðar er sláandi dæmi um þessa afstöðu ákveðins hluta Sjálfstfl. Það, sem tókst ekki í síðustu Alþingiskosningum, á nú að pína fram í skjóli sovétkafbátsins í sænska skerjagarðinum. — Það er annars ekkert nýtt að ofstækisöfl láti á sér kræla og hagi sér með þessum hætti. Hvað eftir annað hafa utanríkismál verið notuð í sama skyni gegn íslenskum sósíalistum. Um það eru ótalmargar sannanir.

Herra forseti. Alþb. telur að tíðindin frá grannlöndum okkar undanfarna daga staðfesti að stefna okkar í utanríkismálum hefur verið rétt. Núverandi öryggismálastefna skapar ekki öryggi, heldur hættur. Það þarf þess vegna að leggja aukna áherslu á kjarnorkuvopnalaus svæði undir alþjóðlegu eftirliti, t. d. aðila eins og Sameinuðu þjóðanna. Það þarf að berjast fyrir friðlýsingu Norður-Atlantshafsins og Eystrasaltsins. Það á ekki að láta útsendara stórveldanna eyðileggja góðan málstað, sem nú nýtur stuðnings yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar. Við skulum vera vel á verði því að hætturnar eru hvarvetna og í þeim efnum hefur Alþingi skyldur framar öllum öðrum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt eins og fyrri hv. ræðumenn að þakka a. m. k. hv. 1. þm. Reykv. fyrir eitt, hvað sem öðru líður, og það er að hefja máls hér í hv. Sþ. á þessum síðustu yálegu tíðindum sem hingað berast til okkar austan að. Ég mun síðar í ræðu minni e. t. v. þakka hv. þm. fyrir fleira í þessu máli, álasa henni þá fyrir annað. En eitt vil ég að fram komi strax í málinu. Ég efast ekki um, að hún hafi í einlægni áhyggjur af öryggismálum þjóðar okkar þótt hana beri öðruvísi að því málefni en mig, og vík að því síðar.

Það má vera óskemmtileg tilhugsun fyrir sérstaka aðdáendur Sovétríkjanna hvað erfiðlega hefur gengið hjá þeim í „njósnabransanum" á norðurslóð síðustu áratugina. Bandarískur snillingur, svo sem hv. þm. mörgum hverjum má vera vel kunnugt, gerði marga kvikmyndaþætti fyrir sjónvarp vestan hafs um störf amerísku leyniþjónustunnar. Nú þykir mér ýmislegt benda til þess, að sjónvarpsþættirnir um Smart spæjara hafi kannske ekki fengist fluttir í sjónvarpinu í Moskvu, því að það er greinilegt að valdhafarnir þar hafa ekki áttað sig á hættunni sem felst í því að leyniþjónustan og áróðursdeildin geri hvor aðra hlægilega. Aðferðir sovésku leyniþjónustunnar eru aftur á móti ekki hlægilegar. Myndin af sovéska kafbátnum með stefnið við gaflinn á hænsnakofanum hans Gösta gamla Stenblom í Östra-Gåsviken er ekki brosleg, hún er ógnvekjandi, ekki fyrst og fremst vegna þess, hvar þessi atburður skeði, heldur vegna þess, að við höfum ástæðu til að ætla að afdrifaríkar ákvarðanir kunni að vera teknar eins og þær hafa verið teknar á grundvelli upplýsinga frá álíka snillingum og þeim sem stjórnuðu þessari njósnaferð.

Okkur mun flestum í fersku minni, þótt hæstv. utanrrh. hlífðist við því, vafalaust vegna diplómatískrar stöðu sinnar, að rifja upp söguna af því, þegar rússneskir njósnarar í vinnu í sovéska sendiráðinu í Reykjavík, snillingarnir Bondarev og Kukajenko, gerðust til þess að aka með Ragnar Gunnarssyni í skjóli náttmyrkurs upp að Hafravatni í Morris Minor-bíl til að semja við hann um að annast njósnir í herstöðinni í Keflavík og leyndust tveir íslenskir lögregluþjónar í aftursæti bifreiðarinnar. Sjálfur er ég nú miklu fremur en hæstv. utanrrh. þeirrar skoðunar, að Sovétríkin stundi njósnir við Ísland, og ég hef takmarkaða trú á að varnarliðið megni að stugga sovéskum kafbátum frá íslenskum fjörðum, minnugur þess þegar varnarliðinu tókst ekki betur til en sagan hermir réttilega að stugga frá bresku ofansjávarherskipi sem flutti fanga, sem teknir höfðu verið af áhöfnum íslenskra varðskipa, inn á Keflavíkurhöfn og setti þá þar í land undir nefjum þeirra varnarliðsmanna. Ég sé það hreint ekki fyrir mér, með hvaða hætti varnarliðið gæti komið í veg fyrir þá ógnvekjandi sögu, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson bjó hér til í þessum ræðustól áðan, að sovéskur kafbátur kæmist hérna inn í Hvalfjörð og strandaði þar. En það er ekki um vopnabúnað að né ferðir íslensku varðskipanna sem Rússarnir njósna eða hafa njósnað. Það hafa aðrir annast. Það var gert með Nimrod-þotum Atlantshafsbandalagsins. Mega alþm. minnast þess, að þegar okkur reið mest á — herrann trúr! — kom ekki varnarliði á Keflavíkurflugvelli í veg fyrir þær athafnir.

Af hálfu Bandaríkjamanna sjálfra hygg ég að ekki séu reknar umfangsmiklar njósnir hér á landi, nema þá ef vera skyldi um einstaka íslenska þegna, skoðanir þeirra og athafnir. Hver veit, ég kann ekki sönnur á því, nema í húsakynnum ameríska sendiráðsins finnist upplýsingar um hvað oft einstakir íslenskir þegnar hafi hitt aðra íslenska þegna að máli síðustu 18 mánuðina?

Að sannleikanum eða sannfróðleikanum um Smart spæjara slepptum er okkur kunnugt um að amerísku leyniþjónustunni hefur e. t. v. ekki tekist öllu betur til en þeirri sovésku í starfi sínu síðustu árin. Við kunnum að segja sögur af afrekum amerísku leyniþjónustunnar í sambandi við innrás Bandaríkjamanna í Svínaflóa á Kúbu. Við kunnum sögur af afrekum amerísku leyniþjónustunnar í Grikklandi, Tyrklandi og í Íran, — afrekum sem leiddu til þess, að Bandaríkjastjórn tók pólitískar ákvarðanir og herfræðilegar ákvarðanir sem urðu til tjóns fyrir marga. Lærdómurinn, sem brýnast er að minni vitund að draga af kafbátssögunni frá Eystrasalti, er sá, að upplýsingar frá snillingum af þessu tagi, snillingum leyniþjónustu Sovétríkjanna, KGB, og leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, kynnu að stýra fingrinum sem þrýsti á atómflaugatakkann beggja vegna Atlantshafsins ef illa fer.

Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, 1. þm. Reykv., drap á för Svavars Gestssonar félmrh. til Sovétríkjanna því til sönnunar að Alþb. stæði í grunsamlegu sambandi við Kommúnistaflokkinn í Moskvu. Þegar athygli hennar var vakin á hinum fyrri ferðum 1. þm. Reykv. til Sovétríkjanna, hæstv. fyrrv. forsrh. Geirs Hallgrímssonar, svaraði hún því til héðan úr þessum ræðustól, að þær hefðu ekki verið farnar í boði Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Heldur hv. 1. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, að það sé grundvallarmunur á ríkisstjórn Sovétríkjanna og stjórn Kommúnistaflokksins? Gerir hv. þm. sér ekki grein fyrir því, að áhrif Kommúnistaflokksins eru vægast sagt allsterk í stjórn Sovétríkjanna? Vill hv. þm. virkilega gera greinarmun á þessu tvennu? Ef hún vill gera það væri vingjarnlegt af henni að hún skilgreindi þennan mun fyrir okkur öðrum hv. þm. sem ekki höfuum til að bera nægilega þekkingu á uppbygg-

ingu stjórnarkerfis Sovétríkjanna til þess að greina þarna á milli. Hv. 1. þm. Reykv. Geir Hallgrímsson fór til Sovétríkjanna til þess að undirstrika þýðingu vinsamlegra samskipta við fólkið þarna eystra að fornu og nýju, efalítið ekki síst til að undirstrika þýðingu verslunarviðskiptanna, en einnig kann það að hafa ráðið nokkru um, að í sumu þurftum við ekki að bera þunga þykkju til þjóðanna þarna eystra. Við gátum m. a. virt það við þær, að þær beittu ekki herskipum sínum gegn okkur er við færðum landhelgina okkar út. Ekki gátum við álasað þjóðum Sovétríkjanna fyrir það, þjóðum sem Geir Hallgrímsson heimsótti af eðlilegum kurteisisástæðum. Þó ætla ég að hann hafi fremur hugað að verslunarviðskiptunum, eins og hlýðir góðum kaupmanni og manni af góðum kaupmannsættum, hugsandi til þess, að mönnum ber að virða viðskiptavini sína nokkurs og hlýða á mál þeirra, jafnvel þó að manni líki ekki alls kostar „smælið" á þeim.

Það var í þessari för Geirs Hallgrímssonar, ef mig misminnir ekki, sem hann sagði Kosygin frá því, að ekki væru kjarnorkuvopn á Íslandi, sem Kosygin þakkaði honum fyrir og síðan leiddi til þess, að Geir Hallgrímsson bar hann aftur fyrir því hér í sölum Alþingis að ekki væru kjarnorkuvopn á Íslandi. Nú má sem hægast halda áfram að vitna í — að vísu ekki Kosygin, heldur Brésnev upp á það, hvar séu kjarnorkuvopn og hvar séu ekki kjarnorkuvopn. Brésnev segir nú Svíum að geislavirknin, sem þeir mældu í sovéska kafbátnum á Eystri-Gæsavík, hafi stafað frá armbandsúrum kafbátsmanna. Það var svo sem ágætt. Kannske verður hægt að vitna í Brésnev um það, að geislavirkni, ef einhver mældist umhverfis bandarísku sprengjuflugvélarnar á Keflavíkurflugvelli, stafaði ekki af kjarnorkuvopnum, heldur af armbandsúrum flugliða? Vildu menn trúa því? Nei, það eru náttúrlega fjárans vandræði að hæstv. félmrh. Svavar Gestsson skyldi ekki hafa með sér ritstjórnarfulltrúa frá Morgunblaðinu til Moskvu í ferð sinni til að við gætum notið fræðslu hans um viðræður Svavars Geststsonar við Brésnev þarna fyrir austan.

Vitaskuld væri freistandi fyrir forsvarsmenn Alþb. að segja í eitursárum hálfkæringi, svo sem þeir hafa stundum leyft sér áður, að það væri ljótan að hv. 1. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, skyldi ekki verða kjörinn varaformaður Sjálfstfl. þannig að hin einkennilega samsetning skapgerðar í pólitískri hugsun mætti koma ljóslega fram í samvinnu við hinn hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, formann flokksins. En sá tími er löngu liðinn að málsvarar Alþb. hafi neina heimild til að varpa þess háttar hnútum að neinum þegar rætt er um öryggismál Íslands eða utanríkismál. Við hljótum að láta í ljós þakklæti fyrir að stærsti stjórnmálaflokkur landsins skyldi ekki velja þennan annars mjög svo geðþekka þm. til varaforustu í flokki sínum, beinlínis vegna þess að það er einmitt á þess háttar haugi vanþekkingar, sem hv. þm. virðist hafa safnað saman í hugskoti sínu, sem gorkúlur eitraðra fordóma vaxa. Þó fór það nú svo, að við sáum einmitt á miðjum þessum haugi gróa jurt, sem manni fannst eiginlega allt í einu spretta fyrirvaralaust af þekkilegum vörum þm., eins og þegar baldursbráin hrein og hvít á það til að gróa innan um skrýtnar plöntur, er þm. lýsti yfir þeirri trú sinni að allir íslenskir stjórnmálamenn vildu landi sínu vel. Ég held að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir trúi þessu þrátt fyrir allt. Það er lofsvert því að ég held að hún hafi nú átt bágt með að segja það, en gerði það samt. Þessu trúi ég upp á hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, að hún vilji landi sínu vel. Það er ekki bágt fyrir mig að trúa því. Ég hef haft grun um það lengi eða eins og segir í kvæðinu, að „hjartað, það var gott".

Ég er þeirrar skoðunar, að í þeirri válegu tíð, sem nú er upp runnin og rennur upp með ógnvaxandi hraða, sé tími til kominn að þm. allra flokka, sem vilja landi sínu vel, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og eins og sá sem hér stendur í ræðustól, taki sig til og ræði saman í einlægni, þótt á öndverðum meiði séu, og geri ærlega tilraun til þess að komast að niðurstöðu um það með hvaða hætti við getum séð lífi þessarar vesalings þjóðar farborða eins og hættan steðjar nú að því. Aðdragandi þeirrar umræðu má ekki verða langur og ekki verður hann sársaukalaus heldur fyrir ýmsa þá sem oftast hafa kannske og fastast kveðið að orði um þessi mál á öndverðum meiði, því að margar eru þær orðnar og fornar silkihúfurnar sem ég er hræddur um að ýmsir munu neyðast til að taka ofan ef á að setjast að viðræðuborði á þann hátt, — og ef mér leyfist að skjóta því inn í: Ég er ekki alveg ugglaus um að stöku húfa af þessu tagi kynni að sitja á höfðum Alþb.-manna. Við verðum að taka okkur til án tillits til þess, hvað hver og einn hefur áður sagt, og ræða okkar í milli í einlægni um með hvaða hætti við getum borgið þjóð okkar frá hörmungum, ef ekki gereyðingu, af völdum kjarnorkustyrjaldar. Við verðum að ræða þau á annan hátt en við höfum gert fram til þessa því voðinn knýr á dyr hjá okkur þessi misserin. Kannske getum við ályktað sem svo til að byrja með, að umræður getum við hafið í ljómanum frá baldursbránni hennar Ragnhildar Helgadóttur, trúnni á að við viljum eitt og hið sama, þ. e. öryggi og farsæld og frelsi þjóðar okkar, þó að okkur hafi greint á um aðferðir og reynt að sameinast um leið til þess arna sem við teljum nokkurn veginn færa.

Ég hef ekki eytt löngum tíma í að ræða það, sem hv. þm. er flestum ljóst, hverrar miskunnar eða hinu þó heldur smáþjóðirnar mega vænta af hálfu risaveldanna, ef til styrjaldar dregur, og þá náttúrlega helst við Íslendingar. Ályktunina dreg ég af því, hverju að okkur er stefnt í undirbúningi yfirvofandi kjarnorkustyrjaldar. Ég sleppi hér öllum himinhrópandi bollaleggingum stórveldanna um það, með hverjum hætti koma megi því t. d. til leiðar að þjóðir Sovétríkjanna lendi ekki í því öðru sinni að missa 20 millj. manna í styrjöld eða með hverjum hætti Bandaríkjamenn hyggjast koma því til leiðar með diplómatískum samningum og sérstökum vopnabúnaði að kjarnorkustyrjöld verði háð í Evrópu fyrst a. m. k., áður en til þess kæmi að styrjöldin bærist til Bandaríkjanna, ef til kjarnorkustyrjaldar kæmi á milli risaveldanna tveggja.

Eins og ég sagði áður er ég hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur þakklátur fyrir að hún skyldi hefja umr. um þetta mál hér í Sþ. Við hana og hennar líka vil ég ræða þessi mál. Ég dreg alls ekki í efa að hún vilji þjóð sinni vel. En það eru aðrir úr hópi Íslendinga sem ég frómt frá sagt kæri mig ekkert um að ræða þessi mál við. Ég vil skilgreina þetta í líkingu við það sem Jóhannes heitinn úr Kötlum gerði á einum fundi sem herstöðvaandstæðingar boðuðu til í Keflavík forðum daga.

Við fórum þangað, við Gils Guðmundsson, með Jóhannesi úr Kötlum til að flytja þar ræður um hættuna sem okkur stafaði af herstöðinni. Herstöðvaandstæðingar áttu þá formælendur fáa í Keflavík. Helstu forustumenn

lýðræðissinna, eins og þeir kölluðu sig þá, eða frjálsra og friðelskandi lýðræðisþjóða á Suðurnesjum voru Þórður Halldórsson, sem þá var póstafgreiðslumaður þarna syðra, og Jósafat Arngrímsson, umsvifamikill kaupsýslumaður síðar, sem þá hafði tekið að sér meindýraeyðingu á Keflavíkurflugvelli. Þeir smöluðu á þennan fund tugum sjálfstæðismanna. Ég er alveg viss um að ef hefði verið borin fram tillaga á þessum fundi um að auka hersetu á Íslandi hefði hún verið samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. vegna þess hve herstöðvaandstæðingar voru fáir. — Og nú er að segja frá fundinum. Hann gekk skaplega til að byrja með. Við fengum sæmilegt hljóð, við Gils Guðmundsson, en það var þegar Jóhannes úr Kötlum byrjaði að tala sem hljóðið í fundinum breyttist nokkuð og stjórnuðu aðallega framíköllum Þórður Halldórsson og Jósafat Arngrímsson og tóku að „sítera" í ljóð Jóhannesar, m. a. um bóndann í Kreml og Sovét-Ísland, þangað til Jóhannes heitinn varð að gera hlé á máli sínu og gerði nú svofellda grein fyrir stöðunni, eins og ég vildi gera núna þegar ég segi að það eru til menn, það eru til íslenskir þegnar, sem skipta sér af öryggismálum og hersetumálum, sem ég vil ekki ræða við. Jóhannes sagði:

„Það eru til sjónarmið tvenn í öryggismálum þjóðarinnar og ég virði bæði til umræðu. Það er sjónarmið mitt, sem ég er að gera grein fyrir í þessari ræðu, sem þið hafið ekki leyft mér að flytja," sagði hann, „og svo er það sjónarmið þeirra, sem telja að okkur sé búin vörn með veru ameríska hersins hérna. Ég er á móti þessu sjónarmiði, en það er virðingarvert, fólkið trúir þessu. Við þetta fólk á að tala. En svo er þriðja sjónarmiðið," sagði hann „og það er sjónarmið þeirra manna, sem óttast það, ef ameríski herinn færi frá Íslandi, að þeir misstu ekki spón, heldur rottu úr askinum sínum."

Eftir það fór svo, að þegar meindýraeyðirinn á Keflavíkurflugvelli reyndi að halda áfram framíköllum sussuðu sjálfstæðismennirnir þarna á hann til að geta hlustað á Jóhannes, og fundurinn var leiddur til lykta.

Ég ræði ekki þessi mál við þá, sem nota dvöl varnarliðsins hérna til þess að hagnast á því, og enn þá síður við þá menn, sem hugsanlega kynnu að þiggja úr lófa erlendra aðila peninga til að flytja hér málstað sem sennilega er sprottinn af öðrum toga en umhyggju fyrir velferð Íslands.

Það er einmitt þetta atriði í ræðu hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur sem ég tel að við þurfum að hugleiða mjög vel og ég er ekki viss um að við séum í stakk búnir til að svara til hlítar á þessu stigi málsins, þar sem er peninganotkun KGB í Danmörku og mál þess vesalings rithöfundar sem ekki er upplýst enn þá.

Hitt er mér alveg ljóst, að risaveldin tvö sýna purkunarleysi í notkun peninga til að fremja málstað sinn og ná áhrifum, — ekki síður í notkun peninga en smíði vopna og notkun þeirra. Eins og vikið hefur verið að hér hefur ekki staðið á því, að notaðir verði peningar frá erlendu stórveldi á Íslandi til að hafa áhrif á stjórnmál hér. Ég hlýt að viðurkenna við þessar umr. þann ugg minn, að það mundi ekkert standa á hinu stórveldinu að leggja eitthvað í framréttan lófa, þar sem hann fyndist fyrir, til að fremja sinn málstað hérna. En allt þetta, sem við höfum rætt um núna, gerir okkur erfiðara fyrir þegar við ræðum um þann möguleika, íslenskir stjórnmálamenn, að setjast niður og reyna að komast að réttri niðurstöðu um hvað raunverulega sé best fyrir land okkar og þjóð til að tryggja öryggi hér, frelsi landsins og sjálfstæði. Við verðum að gjalda varhug við því. Einnig að því þurfum við að huga. — Og aðeins í lokin: Ég tel að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hafi átt erindi hingað inn á þing að þessu sinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þau orð, sem hér hafa verið flutt, og þakka hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur fyrir að kveðja sér hljóðs strax og hún var komin hingað inn á þing. Þegar hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir átti hér sæti í Ed. fyrir síðustu kosningar voru fáar ræður sem við þm. Alþb. fögnuðum eins og hennar ræðum. Hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefur hreinskilni til þess að sýna hversdagslega hið rétta andlit sem stór hluti íhaldsins á Íslandi ber. Það er nú svo með þorrann af þingflokki Sjálfstfl., bæði þann hlutann, sem er í stjórn, og hinn, sem er í stjórnarandstöðu, að þeir bera velflestir áferðarfallegt spariandlit hér í þingsölum og almennt á umræðuvettvangi. En hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir sýnir okkur sem betur fer oftast nær, þegar hún kemur hér í þingsalina, kalt og nakið ofstækið, kalda og nakta íhaldssemina, kalda og nakta dýrkunina á hagsmunum stórveldisins. Vegna þessa vildum við Alþb.-menn og aðstandendur Þjóðviljans gjarnan hafa svona íhald í landinu, svo að við studdum framboð hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur til varaformanns í Sjálfstfl. Það var sameiginlegt skipbrot Þjóðviljans og hennar að hún skyldi ekki ná kosningu. Það er að vísu nokkur ágreiningur um þetta innan Alþb. eins og kom fram í ræðu síðasta hv. ræðumanns. En þeir þm. hjá okkur, sem studdu hv. þm. Friðrik Sophusson, eru fáir. Allur þorri flokksins taldi á hinn bóginn að hagsmunum okkar hefði verið miklu betur þjónað með því að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir hefði verið kosin varaformaður Sjálfstfl. (**LJ:** Eigið þið ekki nóg með að kjósa ykkar eigin formann?) Nei, það gengur svo vel hjá okkur að við eigum mikla orku afgangs í þeim efnum. Hluti þeirrar orku dugði t. d. til að stuðla að kjöri Geirs Hallgrímssonar sem formanns flokksins. Hann var frambjóðandi okkar í formannssæti í Sjálfstfl. og hann náði kjöri. En okkur tókst því miður ekki að fá kosinn frambjóðanda okkar í varaformannskjöri.

Það er hins vegar ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta hér. En vegna orða síðasta ræðumanns, þar sem hann lýsti yfir stuðningi við Friðrik Sophusson, taldi ég alveg nauðsynlegt að láta það koma hér fram og ítreka það, sem reyndar kom fram í leiðara Þjóðviljans sama daginn og landsfundur Sjálfstfl. var haldinn, að málgagn Alþb. og þorri Alþb.-manna óskaði þess, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir næði kjöri. Það er þess vegna misskilningur hjá hv. þm., sem kom fram í lokaorðum ræðu hennar hér, að Alþb. réði of miklu í þessu landi. Því miður ræður Alþb. ekki nógu miklu. Alþb. fékk því t. d. ekki ráðið að hv. þm. yrði kosinn varaformaður Sjálfstfl. (**ÓÞÞ:** Er þetta ekki of persónulegt, Ólafur Ragnar Grímsson?) Nei, þetta er ekki persónulegt, hv. þm. Ólafur Þórðarson. Sú reynsla, sem ég hlaut hér á mínu fyrsta þingi sýndi mér að það er nauðsynlegt fyrir stjórnmálaumræðuna í landinu að — (Gripið fram í.) Ég ætla síðar í ræðu minni að koma að veru minni í Framsfl. ef hv. þm. bara bíða rólegir eftir þeim kafla, hv. þm. Hann kemur hér síðar. (Gripið fram í.) Ég get huggað hv. þm., formann þingflokks Alþfl., með því, að meðan hann á jafnerfitt með að ná samheldni og ró í sínum

eigin þingflokki þarf hann ekki að óttast að ég komi þangað. Ég nefndi þetta hins vegar í upphafi vegna þess að það er nauðsynlegt að sá hluti Sjálfstfl., um það bil þriðjungur af landsfundi Sjálfstfl., sem styður þá kaldastríðsíhaldssmennsku, sem Ragnhildur Helgadóttir gerðist talsmaður fyrir hér fyrir nokkrum dögum, eigi fulltrúa hér í þingsölum. Hann á ekki fulltrúa að mínum dómi í hópi þeirra þm. Sjálfstfl. sem hér sitja að öllu jöfnu. Þess vegna fagna ég því, að þessi umr. skuli eiga sér stað og þau sjónarmið skuli vera rifjuð hér upp sem hv. þm. setti fram. Það vill nefnilega þannig til, þótt sumum kunni kannske að þykja það undarlegt, að það voru atriði í ræðu hv. þm. og reyndar í stjórnmálaályktun Sjálfstfl. sem ég er sammála. Það sýnir kannske best hvílíkur snillingur hæstv. forsrh. var að ná málamiðlun í þessari stjórnmálaályktun, að í henni skuli vera textar sem jafnvel ég get samþykkt. Í þessari stjórnmálaályktun Sjálfstfl., sem hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir vék að áðan, var áskorun til þjóðarinnar og stjórnvalda um — og ég vitna hér orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að erlend ríki og útsendarar þeirra, útlendir eða innlendir, grafi ekki undan öryggi ríkisins og sjálfstæði þjóðarinnar innan frá."

Þetta eru orð sem ég er sammála. Þetta eru orð sem eru í tíma töluð. Það er staðreynd að hér í landi fer fram víðtæk starfsemi stórveldanna beggja til þess að hafa áhrif á skoðanir þm., á skoðanir blaðamanna, á skoðanir almennings, á skoðanir kjörinna fulltrúa á fjölmörgum vettvangi. Stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, beita í þessu skyni hér á landi, eins og þau gera í ýmsum öðrum löndum, mjög útfærðum og þróuðum aðferðum. Það er ljóst að stórveldin bæði hafa áætlanir sem fulltrúar þeirra hér vinna eftir. Það eru gefin hér út blöð af hálfu sendiráðs Sovétríkjanna. Það er dreift bæklingum. Það eru sendar fréttatilkynningar. Það er reynt með margvíslegum öðrum hætti, samtölum við menn, sjálfsagt heimboðum og öðru slíku að hafa áhrif á einstaklingana. Allt þetta er liður í þeirri viðleitni Sovétríkjanna að reyna að hafa áhrif á skoðanamyndun, reyna að hafa áhrif á afstöðu þess fólks sem kjörið hefur verið til áhrifa hér heima fyrir.

En það eru ekki bara Sovétríkin, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, sem beita þessum aðferðum, því miður. Málið væri að mínum dómi tiltölulega létt viðureignar ef það væru bara Sovétríkin, vegna þess að Sovétríkin eru yfirleitt, eins og hér hefur verið rakið, svo klaufsk í sínum áróðri að oftast er tiltölulega auðvelt að átta sig á hvað þau eru að gera.

Bandaríkin hafa hins vegar þróað sér miklu fínna kerfi, kerfi sem ýmsir hv. þm. hafa flækst inn í. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt fyrir hv. alþm. — sérstaklega þm. hér á Íslandi, af því að Íslendingar hafa haft ríka tilhneigingu til þess að vera saklausir í veröldinni — að átta sig á þeim flókna og útfærða vef sem stórveldin, Bandaríkin og Sovétríkin, vinna eftir í þessum efnum til þess að hafa áhrif hér innanlands. Við Íslendingar erum þjóð sem hefur ekki átt mikil samskipti við erlend stórveldi. Við áttum samskipti við Dani. Það var tiltölulega væg nýlendustjórn þó að við höfum miklað hana fyrir okkur. En á allra síðustu árum hafa hellst yfir okkur háþróaðar aðferðir risaveldanna til þess að hafa hér áhrif. Vörnin, sem felst í því að hamla gegn slíkum tilraunum, er fyrst og fremst sú vörn að mínum dómi, sem hæstv. utanrrh. gerði hér að umræðuefni þegar umr. hófst, það er siðferðisstyrkur þjóðarinnar sjálfrar. Ef hann brestur, þá bresta allar varnir, hvort sem þær eru tryggðar með herveldi eða einhverju öðru. Það er siðferðisstyrkur okkar allra gagnvart ásókn stórveldanna sem er hin eina vörn sem við getum byggt á til lengdar. Það þarf sterk bein til að hafa stórveldi að vini. Stórveldi, sem er óvinur, veit maður nokkurn veginn hvar maður hefur. En það þarf sterk bein til að hafa stórveldi að vini.

Það vill svo til, herra forseti, að mér hefur borist í hendur skjal, reyndar tvö. Annað skjalið ber heitið Country Plan for Iceland eða Áætlun um Ísland. Þetta skjal er vinnuskjal bandarískra sendiráðsins á Íslandi, greinargerð bandarískra sendiráðsins á Íslandi til innanhúsnotkunar, til að senda til stjórnardeildanna í Washington, til að lýsa þeim aðferðum, sem þeir beita hér á Íslandi, og til að réttlæta að þeir fái aukna fjármuni frá Washington til að halda áfram að stunda þá starfsemi. (**Utanrrh.:** Hvernig hefur hv. þm. komist yfir þetta?) Hæstv. utanrrh. spyr að vonum hvernig ég hafi komist yfir þetta skjal. Það er von að spurt sé, vegna þess að þetta er trúnaðarvinnuskjal embættismanna í sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi og í bandarísku utanríkisþjónustunni. (**StJ:** Það varðar Ísland nokkru?) Já, já, það er skjal algerlega um Ísland. Hitt skjalið er leiðbeiningarrit fyrir starfsmenn bandarískra sendiráðsins á Íslandi.

Þessi tvö skjöl, Áætlun um Ísland eða Country Plan for Iceland og hitt skjalið, Leiðbeiningarrit fyrir starfsmenn bandarískra sendiráðsins á Íslandi, bárust mér í hendur frá einstaklingi sem ég ætla ekki að nafngreina. Það væri og hættulegt fyrir hann ef ég nafngreindi hann. Það gæti haft of alvarlegar afleiðingar fyrir starfsferil hans sem einstaklings. Ég get hins vegar fullyrt það hér, að þessi einstaklingur er þegn eins af aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins. Hann hefur gegnt trúnaðarstöðum fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Ég get því miður ekki svarað að fullu og öllu spurningu hæstv. utanrrh. Ég veit að fyrr eða síðar yrði þessum einstaklingi refsað fyrir að hafa látið þessi skjöl af hendi. Ég hef ákveðið hins vegar að lokinni þessari ræðu að afhenda fulltrúum fjölmiðlanna hér og þeim þm., sem óska ljósrit af þessu skjali svo að hver og einn geti lesið og kynnt sér það sem í því stendur. Ég ætla hins vegar ekki, a. m. k. ekki að þessu sinni, að afhenda ljósrit af Leiðbeiningarriti fyrir starfsmenn bandarískra sendiráðsins. Ég ætla að geyma það. En ég ætla að lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. (**RH:** Á hv. þm. kannske svona skjöl frá hinu stórveldinu líka?) Nei, því miður. Því miður á ég ekki svona skjöl frá hinu stórveldinu. En ég tek undir með hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur að það væri mjög æskilegt. En ég þykist þess fullviss, að svona skjöl eru líka til þar. Þótt það skjal, sem ég ætla hér að lesa upp, sé samið af embættismönnum Bandaríkjanna fyrir starfsmenn Bandaríkjanna í Washington og lýsi þeim aðferðum sem Bandaríkjamenn beita á Íslandi, þá reikna ég fyllilega með því, að sovéska sendiráðinu hér og í embættismannakerfinu í Moskvu séu hliðstæð skjöl um hliðstæðar áætlanir. Ég er hins vegar að segja frá þessu skjali hér, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir, til að styðja ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins, til þess að sýna í reynd veruleikann sem býr að baki þessum orðum, þó að fulltrúar landsfundar Sjálfstfl. hafi e. t. v. ekki haft hann í huga þegar þeir samþykktu þessa ályktun.

Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér lauslega þýðingu á ýmsu af því sem í þessu skjali stendur. Hv. þm.

geta síðan sjálfir fengið allan textann, skoðað hann og velt honum fyrir sér. Ég vona að allir þm. geri það. Þetta skjal sýnir okkur hin daglegu, hin mánaðarlegu, hin árlegu vinnubrögð stórveldanna til þess að flækja litla þjóð, flækja þingmenn lítillar þjóðar, flækja embættismenn lítillar þjóðar inn í sinn áhrifavef. Ég veit að hér í þessum sal eru ýmsir sem munu kannast við eigin persónu í þessari frásögn, sem munu kannast við það að hafa orðið þátttakendur í því plani sem kallað er Country Plan for Iceland og er gefið út fyrir árin 1978 og 1979 og öll önnur ár. Ég bið þessa ágætu menn og aðra, sem hér eru utan og innan þingsala, að líta síðan í eigin barm og hugleiða hvar í þessari áætlun þeir komu við sögu.

Ég ætla þá að hefja hér lestur á þýðingu ýmissa greina úr þessu skjali. Eins og hv. þm. sjá er það sett upp á sérstök eyðublöð bandarískra sendiráðsins og utanríkisþjónustunnar þar sem á hverri síðu er gerð grein fyrir sérstökum parti, þar sem áætluninni er skipt í ákveðna kafla, ákveðna þætti. Fjallað er í hverjum hluta um hvert sé markmiðið, hvert sé innihaldið og hverjir séu þeir íslensku einstaklingar og þær íslensku stofnanir sem á að rækta sérstaklega í þessu sambandi. Það er mjög háþróað skrifstofuveldi sem vinnur á þennan hátt sem lýsir svona nákvæmlega hvernig það fléttar litla þjóð inn í sinn áhrifavef. Hér er ekki verið að draga úr skrifræðinu. Hér er ekki verið að fela neitt. Hér er verið að kortleggja nákvæmlega hvernig á að vinna. (**EKJ:** Láttu nú koma eitthvað krassandi, maður er forvitinn.) Það kemur.

„Markmið stofnunarinnar er að auka skilning Íslendinga á Bandaríkjunum fram yfir hernaðartengslin sem eru milli landanna og styrkja það viðhorf meðal Íslendinga, að nauðsynlegt sé fyrir bandaríska herliðið að hafa án nokkurrar hindrunar eða erfiðleika aðgang að aðstöðunni í herstöðinni. Markmiðið er einnig að auka stuðning Íslendinga við bandaríska varnarliðið á Íslandi og áframhaldandi aðild Íslands að NATO jafnhliða því að auka menningarleg og efnahagsleg tengsl milli Íslands og Bandaríkjanna og efla þátttöku Íslands í Hafréttarráðstefnunni í umræðum um fleiri mál en fiskveiðilögsöguna.“ (**LJ:** Þetta er bara eins og upp úr samþykktum MÍR.) Já, hv. þm. Lárus Jónsson, þetta er eins og upp úr samþykktum MÍR. En það hafa því miður ýmsir, sem hér eru innan og utan þingsala og nálægt standa hv. þm., tekið þátt í þessum MÍR-félagsskap. Held ég nú áfram lestrinum:

„Þótt það sé markmið okkar að auka skilning á bandarískum málefnum öðrum en þeim sem snerta bandarísku herstöðina í Keflavík er einnig nauðsynlegt að efla framlag okkar til umræðu um öryggismál með samböndum við stjórnmálamenn, blaðamenn og háskólakennara, með því jað styrkja NATO-ferðalög og koma því í kring, að mikilvægir Íslendingar taki þátt í öryggismálaráðstefnum erlendis, og við fáum erlenda fyrirlesara til að tala í stofnun okkar og við Háskólann.

Skilyrði okkar til þess að koma áætlunum okkar í framkvæmd eru almennt séð hagstæð. Menningarstofnun Bandaríkjanna er virt af háskólakennurum og leiðtogum í menningarlífi, og í auknum mæli gætir einnig jákvæðra viðhorfa meðal stjórnmálamanna og blaðamanna og manna í atvinnulífinu.

Á undanförnum árum hafa ýmsir Íslendingar, þ. á m. ýmsir stuðningsmenn herstöðvarinnar, óskað eftir fjárframlögum frá Bandaríkjunum til greiðslu á ýmsum framkvæmdum á Íslandi sem umbun fyrir það að leyfa dvöl bandarískra hersins í Keflavík.“ (**EKJ:** Er þetta sneið til forsrh.? Hann er eini þm. sem hefur stutt aronskuna.) Það á margt fleira eftir að koma um Sjálfstfl. í þessu plaggi, þannig að ég bið hv. þm. að taka þessu bara rólega. Held ég áfram lestrinum.

„Við munum leggja áherslu á að auka sérstaklega framlag okkar til þeirrar umræðu sem fram fer um öryggis- og varnarmál. Stjórnmálamenn og embættismenn ráðuneytanna og þeir, sem leiðandi eru í skoðanamyndun í landinu, hafa verið fúsir til þess að taka þátt í ýmsum athöfnum og aðgerðum sem styðja markmið okkar á Íslandi.

Aðalmarkmið okkar er að efla stuðning Íslendinga við dvöl bandarískra varnarliðsins og áframhaldandi þátttöku Íslands í NATO. Við þurfum einnig að stuðla að því, að stuðningur Íslands við stefnu Bandaríkjanna í kjarnorkuvopnamálum og afvopnunarmálum sé fyrir hendi.

Til þess að ná þessum markmiðum leggjum við sérstaka áherslu á að rækta samband við íslenska stjórnmálamenn sem láta utanríkis- og öryggismál til sín taka, þ. á m. embættismenn í utanrrn. og forsrn., ritstjóra blaðanna og þá blaðamenn sem fjalla sérstaklega um erlend málefni. Til viðbótar þessum hópi leggjum við sérstaka rækt við forustumenn í æskulýðssamtökum, sérstaklega æskulýðssamtökum sem styðja vestræna samvinnu, og enn fremur kennara við lagadeild Háskóla Íslands, félagsvísindadeild Háskóla Íslands og við viðskiptadeild Háskóla Íslands.

Ferðalög, sem við höfum fjármagnað til Bandaríkjanna og á vegum NATO, hafa reynst árangursríkasta aðferðin til þess að fá Íslendinga til að átta sig á öryggis- og varnarmálum. Í þessum ferðalögum er sérstaklega mikilvægt að þátttakendur séu einnig frá öðrum NATO-löndum. Vegna fjarlægðar Íslands hefur of oft orðið að styðjast eingöngu við upplýsingar frá Bandaríkjamönnum. Hins vegar eru þátttaka og erindi frá Norðmönnum og Dönum vænlegri til þess að sannfæra Íslendinga um mikilvægi þess að hafa herstöðina í Keflavík og að Ísland sé í NATO heldur en fyrirlestrar fluttir af Bandaríkjamönnum.

Við ráðgerum að fjármagna sérstaka NATO-ferð, sem sjö íslenskir stjórnmálamenn eða blaðamenn tækju þátt í, í okt. 1978 og eina eða tvær slíkar ferðir til viðbótar á árinu 1979. Í þessum ferðum verður lögð sérstök áhersla á erindi sem starfsmenn Bandaríkjanna hjá NATO munu flytja, og farið verður í heimsókn um borð í flugvélamóðurskip og einnig um austur- og vesturhluta Berlínarborgar. Reynslan hefur kennt okkur að það hefur mjög hagstæð áhrif á Íslendinga að láta þá sofa eina nótt um borð í flugvélamóðurskipi. Slík næturgisting jafnast á við margar tylftir af greinum um hernaðarmálefni Atlantshafsbandalagsins og hernaðartækni. Það hefur reynst ein af mikilvægustu aðferðunum“ — þ. e. að láta Íslendinga sofa um borð í flugvélamóðurskipunum, — „til að vega upp á móti óhagstæðum greinum fyrir Atlantshafsbandalagið og greinum sem halda því fram að Varsjárbandalagið hafi yfirburði hernaðarlega í Evrópu. Með heimsókn til Berlínar er hægt að sýna Íslendingum hvernig náðst hefur hagstæður árangur í samskiptum herliðs við íbúa viðkomandi dvalarlands. Við munum einnig fjármagna ferðir tveggja Íslendinga til að sækja ráðstefnu í Tromsö í Noregi þar sem rætt verður sérstaklega um hermálefni á Norðurlöndunum.

Við gerum ráð fyrir að auka sérstaklega á kerfisbund-

inn hátt persónuleg samskipti og auka þá þjónustu sem við veitum í bókasafni okkar. Með slíkum persónulegum samskiptum getum við komist að því, hvaða einstaklingar eru heppilegastir til þess að þiggja boð í NATO-ferðir og til að taka þátt í ráðstefnum um öryggismál. Enn fremur gegna slík persónuleg sambönd mikilvægu hlutverki í því að koma á framfæri við blöðin og fá birt efni sem okkur er hagstætt.

Til þess að koma öllu þessu í framkvæmd þurfum við nána samvinnu við viðskipta- og hagdeild sendiráðsins í Reykjavík. Viðskipta- og hagdeild sendiráðsins er sérstaklega mikilvæg í því skyni að velja einstaklinga sem boðnir verða í einkaheimsóknir til Bandaríkjanna og velja þann hóp manna sem við bjóðum sérstaklega til að hlusta á þá sem flytja erindi á okkar vegum. Við höfum ákveðið að standa að heimsóknum manna til að flytja erindi um ýmis efni, m. a. um nýjustu aðferðir í stjórnsýslu í Bandaríkjunum, sérstaklega núllgrunns fjárlagaáætlunina og hina svonefndu sólarlagslöggjöf. Það prógram verður í sérstakri samvinnu við Stjórnunarfélag Íslands." (**FrS:** Ég kannast við það.) Já, hv. þm. Friðrik Sophusson kannast við það. Og hv. þm. muna það líka, að nokkrir þm. Sjálfstfl. — ég man nú ekki hve margir — fluttu síðan í kjölfarið á þessu tillögu hér á Alþingi um þessa sérstöku núllgrunnsáætlun og hún var tekin upp í leiftursóknarstefnu Sjálfstfl. (**FrS:** Það er nú reyndar misskilningur.) Held ég þá áfram lestrinum:

„Við munum bjóða íslenskum einstaklingi að heimsækja Bandaríkin til að ræða við bandaríska sérfræðinga um efnahagsmál. Við munum einnig athuga að fjármagna ferð Íslendinga til að sækja hagfræðiráðstefnur líkt og áður hefur verið gert. Við munum einnig kappkosta á vikulegum fimmtudagsfundum okkar með fulltrúum frá blöðunum að fjalla sérstaklega um efnahagsmálefni, eftir því sem slíkar upplýsingar verða veittar okkur frá Washington.

Við munum leggja sérstaka áherslu á, eftir því sem kostur er, að efla sambönd við íslenska hagfræðinga og menn úr atvinnulífinu og leggja einnig rækt við hópa eins og JC-hreyfinguna. Einnig munum við styðja tilraunir Íslendinga til að ná tökum á efnahagsmálum með því að efla samskipti Íslendinga við bandaríska hagfræðinga, bandaríska fjármálamenn og aðra efnahagsráðgjafa, sérstaklega á sviði núllgrunnsáætlunarinnar. Þær stofnanir og einstaklingar, sem við munum sérstaklega rækta í þessu sambandi, eru Junior Chamber-hreyfingin, Þjóðhagsstofnun, fjmrn., utanrrn., fjölmiðlarnir, viðskiptadeild Háskóla Íslands, Stjórnunarfélagið, Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga, Flugleiðir og Alþýðusamband Íslands." (**JE:** Í þessari röð?) Þetta er röðin í skýrslunni, hv. þm. Jóhann Einvarðsson. Þetta er bara bein þýðing á þeim texta sem hér stendur.

„Á sviði menningarmála eru markmið starfsemi okkar að efla sérstaklega menningarleg tengsl og háskólatengsl milli Bandaríkjanna og Íslands, sérstaklega á sviði kennslu í ensku og námsgreinum sem snerta Bandaríkin og Ísland.

Við munum leitast við að aðstoða Háskólann og aðrar stofnanir við að efla gæði enskukennslu með sérstöku tilliti til þess, að umfjöllun um bandarísk málefni sé liður í þeirri kennslu. Við munum einnig á komandi ári reyna að koma í kring upphafsviðræðum við Háskóla Íslands í því skyni að á vegum Háskólans verði stofnað til sérstakrar kennslu í bandarískum málefnum og jafnvel verði reynt að koma upp sérstakri háskólanámsbraut á því sviði.

Þeir einstaklingar og stofnanir, sem við munum sérstaklega rækta í þessu sambandi, eru embættismenn í menntmrn., í sagnfræði og enskunámsgreinum við Háskóla Íslands og Félag ísl. enskukennara, jafnhliða því að ná samböndum við þá sem skrifa í blöðin. Við viljum einnig kynna okkur möguleika á því að við fjármögnum aðgerðir sem beinast að stjórnendum safna, meðlimum í rithöfundasamtökum, kennurum í tónlistarskólum og öðrum félögum."

Síðar í þessari skýrslu, herra forseti, er rakið á hvern hátt bandaríska sendiráðið hér og starfsmenn þess muni kynna sér, hvaða bækur eru kenndar við Háskóla Íslands, og tryggja að þær erlendu bækur séu til í bókasafni Menningarstofnunarinnar, hvernig þeir áforma sérstaka kvikmyndahátíð — sem síðan var framkvæmd hér og ég veit að sumir hv. þm. muna eftir, með bandarískum verðlaunakvikmyndum — og hvaða aðferðum þeir hyggjast beita við að fá einhvern íslenskan aðila til að taka þátt í slíkri kynningu með þeim þótt kostnaðurinn verði greiddur af bandarískum aðilum.

Til viðbótar þessari almennu grg. — ég hef hér aðeins lesið stutta kafla úr þessu plaggi, hv. þm. geta lesið það í heild sinni — fylgir sérstök kostnaðaráætlun um það fjármagn sem sendiráðið sækir um til viðbótar til fjármálayfirvalda í Washington svo að hægt sé að greiða ýmsa kostnaðarliði við þessa sérstöku ræktun á Íslendingum. Skulu nefnd nokkur dæmi úr þessari fjárhagsáætlun.

„5 300 dollarar til að bjóða 1979 og 1980 íslenskum embættismanni eða hagfræðingi að heimsækja Bandaríkin og ræða iðnþróun og hagræðingu. 5 300 dollarar einnig á sömu árum til að bjóða íslenskum verkalýsleiðtoga að heimsækja Bandaríkin og kynnast viðhorfum verkalýðsleiðtoga í Bandaríkjunum og ræða við forsvarsmenn verkalýðsfélaga þar um efni sem snertir á hvern hátt verrkalýðsfélögin geta á ábyrgan hátt tekið þátt í þróun efnahagslífsins. 5300 dollarar á sömu árum til að bjóða annaðhvort þjóðleikhússtjóra eða stjórnanda Leikfélags Reykjavíkur í heimsókn til Bandaríkjanna til að kynnast bandarísku leikhúslífi. (**Gripið fram í:** Ekki veitir nú af.) 5300 dollarar á sömu árum til að bjóða blaðamanni á sviði sjórnmála að heimsækja Sovétríkin — nei, Bandaríkin." Það er von að þetta ruglist. (**FrS:** Það er tungunni tamast sem hjartanu er kærast. — Gripið fram í.) Hvað sagði hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir? (**RH:** Er það ekki áreiðanlega rétta skjalið sem hv. þm. er með?) Það er von að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir lifi lengi í voninni um að þetta sé ekki rétta skjalið. En því miður er það rétta skjalið, hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir. Því miður er þetta nákvæm lýsing á þeirri hættu sem ég hélt að landsfundur Sjálfstfl. hefði verið að vara við. Kannske finnst landsfundi Sjálfstfl. allt í lagi ef það er bara bandaríska stórveldið sem beitir svona aðferðum. En það er ekki sagt í ályktuninni. Í ályktuninni, sem ég tók hér undir, var varað við öllum slíkum aðgerðum allra slíkra erlendra stórvelda í íslensku samfélagi. Og það er það sem ég hélt að allir þm. hér inni gætu sameinast um, að svona iðja erlends stórveldis — hvort sem það eru Bandaríkin, Sovétríkin eða eitthvert annað stórveldi á Íslandi verði stöðvuð. Það var það sem ég hélt að landsfundur Sjálfstfl. hefði verið að ályktа um. En áfram úr þessu skjali.

„Einnig 5 300 dollarar á sömu árum til þess að bjóða íslenskum alþingimanni, sem yrði valinn eftir sumarkosningarnar 1978, að ferðast um Bandaríkin, en eðli og dagskrá heimsóknarinnar yrði að ákveða eftir þeim þingmanni sem valinn yrði til ferðarinnar. 5 300 dollarar á sömu árum til að bjóða ungum og efnilegum stjórnmálamanni að heimsækja Bandaríkin og kynnast sérstaklega kosningum og stjórnmálum í Bandaríkjunum. 41 600 dollarar á sömu árum til að fjármagna heimsókn fjögurra bandarískra fyrirlesara til Háskóla Íslands, þar sem þeir mundu fjalla sérstaklega um bandarískar bókmenntir, siðfræði og rannsóknir á sviði upplýsingaöflunar."

Síðan er í áætluninni lýsing á því, hvernig veita á fjármagn til að kosta ferðir fyrirlesara sem mundu fjalla um hernaðar- og öryggismál á Atlantshafi með sérstöku tilliti til mikilvægis Íslands fyrir Atlantshafsbandalagið og Bandaríkin, á grundvelli þess, að í áhorfendahópi þeirra hér á Íslandi yrðu ekki íslenskir sérfræðingar eða aðrir þeir Íslendingar sem hefði einhverja sérstaka þekkingu á viðkomandi málum. Þessar heimsóknir fyrirlesaranna yrðu í samvinnu við Samtök um vestræna samvinnu.

Enn fremur yrði veittur sérstakur styrkur til þess að fjármagna ráðstefnu sem bandarískir aðilar og Stjórnunarfélag Íslands önnuðust aðra um haustið og hina um vorið. Á þessar ráðstefnur þyrfti sendiráðið að fá tvo fyrirlesara, annan, sem hefði kunnáttu í nýjustu þróun á sviði stjórnsýslu, og hinn, sem gæti fjallað sérstaklega um stjórnun smærri fyrirtækja og svarað spurningum um frjálsa samkeppni og löggjöf gegn einokun.

Herra forseti. Þetta eru aðeins nokkrir kaflar úr þessari ítarlegu áætlun, Country Plan for Iceland 1978 og 1979. Þetta skjal veitir okkur litla innsýn í það, hvernig stórveldin vinna, veitir okkur litla innsýn í það hvernig í hverri viku, hverjum mánuði og á hverju ári hópur erlendra sendiráðsstarfsmanna — bæði bandarískra og sovéskra örugglega, því sjálfsagt vinna þeir á nákvæmlega sama hátt, en á miklu kerfisbundnari, útfærðari, nákvæmari og markvissari hátt en ég held að nokkurn hér inni hefði grunað — reynir að flétta net sitt inn í íslenskt þjóðfélag. Hér í þessum sal eru þm., ekki bara einn, ekki tveir, fleiri en þrír, fleiri en fjórir, sem hafa orðið fórnarlömb áætlana af þessu tagi, sem hafa orðið nöfnin sem sett voru síðar í dálkana um framkvæmdina á þeim atriðum sem hér er verið að lýsa. Og það getur hver þessara ágætu manna bara litið í eigin barm og hugleitt það útfærða, nákvæma, markvissa kerfi sem þeir hafa aðeins verið lítið peð í.

Við lifum í grimmum heimi þar sem stórveldin bæði og önnur erlend ríki beita markvissum aðferðum í okkar eigin þjóðfélagi til að hafa áhrif. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að gera okkur grein fyrir því, á hvern hátt þetta er unnið, svo að við getum væntanlega öll sameinast um að vera á varðbergi. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um að við stofnum ekki neinar lögreglusveitir til að verjast þessari ásókn. Við eflum skilning þjóðarinnar á því hvaða aðferðum bæði stórveldin beita. Við eflum siðferðisþrek okkar sjálfra og við sýnum hér í þessum sal og utan hans það fordæmi sem við ætlumst til að aðrir fari eftir.

En það er annað skjal sem ég ætla ekki að lesa úr hér nú nema einn lítinn kafla. Það er leiðbeiningarrit fyrir starfsmenn bandarísku sendiráðsins. Í þessu leiðbeiningarriti er farið sérstaklega yfir það, hvaða einstaklingar það eru sem þeir kalla á sínu skrifstofuhernaðarmáli „target group". Ég veit að þeir, sem kunna ensku, heyra hljóminn á hernaðarmáli, „target group". Það er erfitt að þýða það á íslensku. Íslenskan á ekki góð orð yfir slík hernaðarleg hugtök í áróðri. Ég kalla þetta miðunarhópa. (**Gripið fram í:** Það heitir markhópar.) Það má kalla það markhópa, en það er hugsun sem ég held að skiljist ekki. (**Gripið fram í:** Það er í félagsfræði.) Markhópar í félagsfræði eru annað, hv. þm. (**Gripið fram í:** Nákvæmlega þetta.) Við þekkjum ekki þetta sambland af áróðursmáli og hernaðarmáli sem hugtakið „target group" gefur til kynna. Í þessu leiðbeiningarriti fyrir starfsmenn bandarísku sendiráðsins er upptalning á þeim einstaklingum í stjórnmálum, í embættiskerfinu, í atvinnulífinu, í verkalýðshreyfingunni og annars staðar sem eru sérstaklega innan miðunarhópsins sem bandaríska sendiráðið ætlar að beina ræktun sinni að.

Ég ætla ekki að lesa úr því skjali hér, en ég lofaði hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni áðan að hann fengi að heyra einn lítinn kafla sem snertir Sjálfstfl. sérstaklega. (Gripið fram í.) Nei, ég ætla ekki að gera það, vegna þess að ég held að það sé ekki æskilegt að við förum að þróa þá umræðu með því að velta okkur nákvæmlega upp úr því, hvaða einstaklingur hafi verið innan miðunarhópsins, hvaða einstaklingur hafi farið þessa ferð eða hina, hvaða nafngreindur maður hafi gert þetta eða hitt, hverjir eru á þessum lista bandarísku sendiráðsins og hverjir ekki. Ég held að umræðan eigi ekki að vera á þann veg. Umræðan á þvert á móti að vera á þann veg að við áttum okkur á því neti, á þeim aðferðum, á þeim kerfisbundnu vinnubrögðum sem er beitt við okkur öll hér í þessum sal og hundruð manna utan hans, svo að íslensk þjóð, sem er tiltölulega saklaus í þessum málefnum, geti verið á varðbergi.

Aðeins lítið sýnishorn úr þessu leiðbeiningariti. Það er til að kynna fyrir nýjum starfsmönnum sendiráðsins þann árangur sem sendiráðið hefur náð áður við miðunarhópa sína. Þar segir orðrétt á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Það eru varla nokkur tengsl milli bandarísku sendiráðsins og verkalýðshreyfingarinnar. Þar sem verkalýðshreyfingin er yfirleitt undir stjórn Alþb. þarf varla að undrast slíkt. Samt sem áður höfum við á undanförnum árum náð nokkrum árangri, sem sést best á því, að leiðtoga Sjálfstfl. innan BSRB var boðið í sérstaka ferð um Bandaríkin og sendiráðið fjármagnaði sérstaklega hóp manna úr verkalýðsmálaráði Sjálfstfl. sem fór í stutt ferðalag um Bandaríkin."

Ég held að það sé ekki æskilegt að við í þessum sal förum að setja saman langan lista yfir þá sem falla inn í framkvæmd þessara áætlana, að við förum að velta því fyrir okkur hvort það hafi verið Pétur eða Páll, Jón eða einhver annar sem pössuðu í þennan dálkinn og hinn í framkvæmd áætlunarinnar Country Plan for Iceland. Ég held þvert á móti, eins og ég sagði áður, að við þurfum að átta okkur á því, að við erum hér að fást við útfært, flókið, fjármagnað og traust kerfi stórveldis, sem allt miðar að því að styrkja eingöngu hagsmuni Bandaríkjanna hér á Íslandi, þá hagsmuni að hafa hér herstöð, eins og kemur tæpitungulaust fram í þeim inngangi sem ég las áðan í þessu innanhússskjali bandarísku sendiráðsins og bandarísku utanríkisþjónustunnar. Þar eru þeir að tala hver við annan. Þar eru þeir ekkert að fela hver er tilgangurinn með þessu öllu saman, hvert er markmiðið

sem þeir eru að þjóna. (**Gripið fram í:** Hvar fær maður þessa bæklinga?) Eins og ég sagði, hv. þm., mun ég afhenda fulltrúum fjölmiðla og öllum þeim þm., sem áhuga hafa á, ljósrit af þessu skjali, Country Plan for Iceland. (**EKJ:** Hver nennir að stela svona þvælu?) Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson spyr hver nenni að stela svona þvælu. Þetta er ekki þvæla, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Þetta er raunverulegt vinnuskjal bandarískra sendiráðsins á Íslandi og utanríkisþjónustu Bandaríkjanna um það, hvernig þeir eigi að haga vinnubrögðum sínum á Íslandi seinni hluta ársins 1978 og árið 1979. Menn geta svo hver fyrir sig dregið ályktanir af þessu skjali. Það getur hver fyrir sig túlkað einstakar greinar, einstakar blaðsíður í þessu skjali. Skjalið sjálft er engin þvæla. Skjalið sjálft er veruleikinn, kaldur, nákvæmur, skiplagsbundinn.

Ég held þess vegna, herra forseti, að það sé nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því, að smáþjóðirnar í heiminum í dag lifa í grimmum heimi þar sem stórveldin — sérstaklega risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin — kappkosta að gæta hagsmuna sinna. Þau beita til þess fjölmörgum aðferðum, sem hér hefur að nokkru leyti verið lýst og fjölmörgum öðrum aðferðum sem sjálfsagt væri tilefni til að fjalla ítarlega um hér á Alþingi. Mannkynssagan er því miður full af dæmum um örlög smáþjóða sem hafa annaðhvort skert sjálfstæði sitt eða misst það algerlega vegna þess að leiðtogar þjóðarinnar, þeir sem skrifa í blöðin, þingmenn, embættismenn og þeir aðrir sem eru í þessum miðunarhópum, sem ég gat um áðan, hafa ekki haldið vöku sinni, hafa ekki haft þann siðferðilega styrk sem þarf til að eiga stórveldi að vini.

Það, sem hefur verið að gerast í Evrópu á undanförnum mánuðum, ein af meginrótum þeirrar hreyfingar sem hér hefur verið rædd, friðarhreyfingarinnar, er að æ fleiri þúsundir manna átta sig á þessum vanda smáþjóðanna, átta sig á vanda þeirra sem búa í ríkjum sem ekki eru flækt sjálf inn í kjarnorkuvopnakapphlaup stórveldanna, — vandanum sem snýst um þetta: Hvernig verjast smáþjóðir í þessum grimma heimi, hvernig tryggja þær öryggi sitt í veröld sem er orðin full af kjarnorkuvopnum?

Ég veit ekki hvort hv. þm. hugleiða daglega þau miklu umskipti sem orðið hafa í veröldinni á síðustu 20—30 árum. Í dag hafa tveir menn, forseti Sovétríkjanna og forseti Bandaríkjanna, vald til þess að gereyða öllu mannkyni sjö sinnum. Þeir eru að vísu báðir um sjötugt og við höfum góða reynslu af slíkum leiðtogum hér á landi. Við getum kannske þess vegna verið öruggari um það, að menn með slíka reynslu og svo langan lífsferil að baki muni ekki ýta á hnappinn. En við skulum hugleiða að í Evrópu einni eru 16 þús. kjarnorkusprengjur — í Evrópu einni, og hver þessara kjarnorkusprengja hefur margfaldan gereyðingarmátt á við Hiroshima sprengjuna. Það er staðreynd sem er ómótmælt, að 9 þús. af þessum sprengjum eru í eigu Bandaríkjanna, Breta og Frakka og 7 þús. eru í eigu Sovétríkjanna. Einn kafbátur, kjarnorkukafbátur sem siglir um höfin hér í kringum Ísland, — og þeir eru margir sem sigla um höfin hér í kringum Ísland, sovéskir kjarnorkukafbátar, bandarískir kjarnorkukafbátar og breskir kjarnorkukafbátar, — einn slíkur kjarnorkukafbátur hefur í dag getu til þess að gereyða á örfáum klukkustundum 250 borgum sem hver um sig hefði yfir milljón íbúa, — aðeins einn kafbátur. Eins og ég sagði áðan eru margir hér í höfunum í kringum okkur.

Pershing II eldflaugarnar, sem hér hafa verið gerðar að umræðuefni, eru sérstakar fyrir þá sök, að þær þurfa aðeins 4 mínútur frá því að þær leggja af stað og þangað til hver og ein þeirra er búin að drepa nokkra tugi milljóna íbúa.

Ástæðan fyrir því, að verið er að mótmæla Perching II eldflaugunum sérstaklega, er þessi staðreynd ein út af fyrir sig. Þær minnka svo þann tíma sem líður frá því að einhver tekur ákvörðun um að setja af stað hina óhugnanlegu gereyðingu og þangað til afleiðingin er orðin.

Það er ósköp skiljanlegt að við hér á Íslandi höfum ekki mikla þekkingu á þessum efnum. Við höfum ekki haft her. Við erum ekki hernaðarmenntuð þjóð. Öll þessi orð, SS-20, SS-4, SS-5, Poseidon, Polaris, Trident o. s. frv. eru nöfn sem við vitum ósköp lítið hvað að baki liggur, nema það sem við lesum í dagblöðum. Staðreyndin er samt sem áður sú, að á rúmlega 20 árum hafa risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, komið sér upp svo flóknu kerfi gereyðingarvopna, að það þarf langan tíma til að setja sig inn í eðli þess og ógn. Það er kjarnorkuvopnakerfi sem sérstaklega er tengt flugflota og þeim sprengjum sem flugvélum er ætlað að bera, það er kjarnorkuvopnakerfi sem byggt er á eldflaugum sem skotið er af jörðu niðri og í þriðja lagi kjarnorkuvopnakerfi sem tengt er kjarnorkukafbátum sem eru m. a. hér í hafinu í kringum Ísland. Síðan er í tengslum við þetta kerfi háþróuð miðurnartækni og fjarskiptatækni sem er orðin eins mikill grundvallarþáttur í þessu kerfi og sprengjan sjálf. — grundvallarþáttur sem felur í sér að sprengjuna væri varla hægt að nota án þess að þessi miðunar- og stuðningstæki væru fyrir hendi.

Okkur finnst kannske, Íslendingum, þessi umræða vera okkur fjarlæg. En hún stendur okkur nálægt. Hún stendur í raun og veru eins mikið við okkar eigin dyr og sovéski kafbáturinn í Svíþjóð sýndi Svíum að hún stendur við þeirra dyr vegna þess að í hafinu við Íslandsstrendur eru bandarískir kjarnorkukafbátar, breskir kjarnorkukafbátar og sovéskir kjarnorkukafbátar, breskir kjarnorkukafbátar og sú herstöð sem hér er gegnir lykilhlutverki í að stýra þessu kjarnorkukafbátakerfi á Norður-Atlantshafinu. Um það verður ekki deilt með nokkru móti. Það er herfræðileg staðreynd sem enginn einasti sérfræðingur mótmælir. Menn deila hins vegar um það, hvort sjálf sprengjan sé hér staðsett eða ekki. En um hin nánu tengsl og lykilhlutverk herstöðvarinnar í að reka þetta kjarnorkuvopnakafbátakerfi á Norður-Atlantshafi deilir ekki nokkur maður.

Þegar við erum að fjalla hér á Alþingi Íslendinga um þá umræðu sem hefur átt sér stað í flestöllum lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu á undanförnum mánuðum, þá er nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir því, að við erum þegar hluti af þessu kjarnorkuvopnakerfi. Það er nauðsynlegt að menn átti sig allir á þeim herfræðilegu staðreyndum sem að baki þess liggja. Síðan geta menn deilt um hvernig eigi að túlka þær staðreyndir, hvort það sé æskilegt eða óæskilegt að vera svona tengdir bandaríska kerfinu eða ekki, hvort í því felist minna öryggi eða meira. Um það allt saman getum við deilt. En staðreyndirnar í málinu skulum við ekki deila um. Við skulum þvert á móti sameinast um að gera okkur þær ljósar.

Það er fyrst á síðustu 1—2 árum, eftir almikla vinnu sem ég varð á mig að leggja við lestur erlendra fræðitímarita um þessi efni, sem ég gerði mér ljóst hve náin

staða okkar var orðin kjarnorkuvopnakerfinu á norðurslóðum. Mér er til efs að íslenskir þingmenn hafi almennt lagt á sig þá vinnu sem er óhjákvæmileg til þess að átta sig á því hvað er verið að tala um, um hvað er verið að deila. Íslenskir þingmenn t. d., sem taka þátt í samtökum Atlantshafsbandalagsins, sækja ekki fundi hermálanefndarinnar að öllu jöfnu. Þeir hafa látið hina herfræðilegu umræðu afskiptalausa, en það er sú umræða sem er kjarni málsins. Það er sú umræða sem gerir okkur kleift að meta það, hvers vegna við erum á móti SS-20, hvers vegna við erum á móti Pershing II, og hvers vegna við erum á móti stýrieldflaugunum. Hver eru tengsl stöðvarinnar hér við æ nákvæmari miðunartæki sem í kjarnorkukafbátunum eru? Hvernig stendur á því að í kringum Ísland er jafnmikill fjöldi af kjarnorkukafbátum og raun ber vitni? Hvað mundi gerast, — ég tala ekki um stríðstíma vegna þess að það er óhugnaður, — hvað mundi gerast á friðartímum ef bara einn af þessum kafbátum lenti í slysi eða óheppni sem gæti gert það að verkum að geislavirknin streymdi hér út í fiskimiðin í kringum okkur? Það gæti verið sovéskur kafbátur, það gæti verið bandarískur kafbátur, það gæti verið breskur kafbátur. Allar tegundirnar eru hér í kring. Við sjáum á því sem gerðist í Svíþjóð að það eru ekki eintómir snillingar sem stjórna þessum drápstækjum. Hvað mundi gerast ef bara einn af þessum kafbátum, sem eru hér daglega og vikulega í höfunum í kring, yrði fyrir óhappi, eins og hafa skeð í Japan, á Spáni, í Grænlandi? Við höfum dæmi um svona slys, svona óheppni. Geislavirknin mundi streyma út í hafið hér í kring. Halda menn að íslenskur fiskur yrði keyptur víða eftir það? Halda menn að okkur tækist í langan tíma að sannfæra þjóðir um að við værum með holla og heilbrigða fæðu hér í þessu landi?

Ég vil þess vegna fagna því, herra forseti, að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir skyldi vekja máls á þessari umræðu hér. Hér eru á ferðinni að mínum dómi stærstu mál okkar samtíðar. Það er í fyrsta lagi að átta sig á eðli, tæknilegu eðli, hernaðarlegu eðli og stjórnmálalegu eðli þess kerfis sem á rúmum 20 árum hefur veitt tveimur ríkjum í veröldinni mátt til þess að gereyða öllu mannkyni sjö sinnum.

Við ræðum oft hér um öryggismál á Íslandi út frá umræðugrundvelli sem fyrst og fremst er mótaður af seinni heimsstyrjöldinni. Sá tími er því miður liðinn. Veröldin í dag er miklu flóknari. Það er miklu meira verk, það er miklu meiri vinna að setja sig inn í þau deilumál sem núverandi hernaðarumræða snýst um. Íslendingar mega ekki setja sig í þá stöðu að taka bara sem góða og gilda vöru þær áróðursplötur sem fulltrúar stórveldanna spila fyrir okkur um þessi efni, hvort sem það eru fulltrúar Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna, hvort sem það eru fulltrúar manna, sem vinna eftir gulu plani, eða fulltrúar manna, sem vinna eftir einhvern veginn öðruvísi hvítu plani í sendiráði hins stórveldisins eða í höfuðstöðvum þess í Moskvu. Öll áróðursstarfsemi stórveldanna af þessu tagi miðar að því að blekkja, miðar að því að fela, miðar að því að koma í veg fyrir að lýðkjörnir fulltrúar smáu ríkjanna geti myndað sér sjálfstæða skoðun um það. Skemmtilegasta dæmið af þessu öllu saman en jafnframt það óhugnanlegasta er umræðan um SS-20 eldflaugarnar, Pershing II eldflaugarnar og stýrieldflaugarnar. Bandaríkin og bandamenn þeirra segja: Við erum að setja upp Pershing II eldflaugarnar og stýrieldflaugarnar vegna þess að Sovétríkin eru að setja upp SS-20 eldflaugarnar. Sovétríkin segja: Við erum að setja upp SS-20 eldflaugarnar vegna þess að hinir eru með áætlanir um Pershing II eldflaugarnar og stýrieldflaugarnar. Hvort tveggja er rangt. Þetta eru hvort tveggja sjálfstæðar ákvarðanir sem voru teknar á sjálfstæðan hátt, óháð því hvað hinn var að gera. Síðan er hitt bara áróðursleikur, að tengja það saman til þess að blekkja okkur öll hin.

Það er mjög mikilvægt að menn átti sig þess vegna á eðli þessara þátta hvers fyrir sig, hver er munurinn á SS-20 og Pershing II eldflaugunum og stýrieldflaugunum. Þetta er hvort tveggja liður í sjálfstæðri viðleitni stórveldanna til að styrkja kjarnorkuherafla sinn. Tengingin, áróðurstengingin, að segja að annað sé háð hinu, kemur eftir á. Það eru mörg fleiri dæmi um þetta. Ef lesið er í gegnum ræður og skrif forsvarsmanna þessara ríkja á undanförnum 10—20 árum, þá sjáum við að hvert nýtt skref hjá hvorum aðilanum um sig hefur verið rökstutt með þessum hætti, að hinn væri að gera annað og þannig koll af kolli. Það er einmitt þessi magnbreytileiki, það er einmitt þessi blekkingariðja sem hefur gert það að verkum, að hundruð þúsunda, milljónir almennra borgara í Evrópu hafa í dag áttað sig á því, að það er tími til kominn að segja nei.

Friðarhreyfingin, sem hér hefur verið talað um og margir hafa fordæmt, á ekkert skylt við þau félög sem mynduð hafa verið af hollvinum Sovétríkjanna og Sovétríkjunum sjálfum fyrir mörgum áratugum og starfað hafa allan tímann. Hún á ekkert skylt við það. Það er mikill misskilningur. Það er hættulegur misskilningur. Ég vona að menn séu ekki að gera sér leik að því að rugla þessu saman. Ef menn eru að gera sér leik að því að rugla þessu saman, þá er það ábyrgðarlaust, hættulega ábyrgðarlaust. Ef menn vita hins vegar ekki muninn, þá sýnir það best að menn hafa ekki hugmynd um hvað hefur verið að gerast hér í helstu nágrannalöndum okkar í Evrópu á allra síðustu mánuðum. Ég man t. d. eftir því, að þegar ég byrjaði að tala um þessa friðarhreyfingu s. l. sumar héldu margir að hún væri ekki til. En menn eru kannske farnir að trúa því núna þegar hátt í eina milljón almennra borgara kemur saman um eina helgi á fundum víðs vegar í Evrópu ekki bara vinstri menn, heldur frjálslyndir, hægri menn, kristilegir menn, kaþólskir menn. Það er engin fjöldahreyfing í sögu Evrópu sem á eins breiðan grundvöll og sú friðarhreyfing sem nefnd hefur verið því samheiti í umræðum hér á landi. Ég endurtek að hún á ekkert skylt við þann umræðu- og áróðursvettvang sem tengst hefur utanríkisstefnu Sovétríkjanna, — ekki neitt. (**EG:** Það hefur komið í ljós í Danmörku.) Nei, það hefur ekki komið í ljós í Danmörku, hv. þm. Eiður Guðnason. Ég vona, hv. þm., þín vegna, þjóðarinnar vegna, að menn fylgi í þessari umræðu lögmálinu um að hafa frekar það sem sannara reynist. Við erum hér að ræða um þau mál sem snerta afstöðu okkar til þess gereyðingarkerfis gagnvart öllu mannkyni sem komið hefur verið upp. Ef menn ætla að nálgast þá umræðu á einhverjum einföldum áróðursbrögðum, þá segi ég bara: Guð hjálpi þeim mönnum. Hvers konar ábyrgðarleysi er það eiginlega að leyfa sér einföldustu áróðursbrögð og blekkingar í umræðu sem er alvarlegri en nokkuð annað sem mannkynið hefur fengist við? Ég veit að þetta eru stór orð, en þau eru því miður sannleikur. Við búum í dag við kerfi sem getur á nokkr-

um mínútum drepið fleira fólk en allar styrjaldir mannkynssögunnar til samans, sem getur á nokkrum klukkustundum gereytt öllu mannkyni. Þetta eru að vísu orð, bara setningar. Það er erfitt að ímynda sér slíkan veruleika, en hann er engu að síður til. Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem sjálfstætt ríki að gera okkur grein fyrir hvað hér er verið að tala um, að átta okkur á hinu sanna og rétta í þessu efni, vegna þess m. a. að við erum aðildarríki NATO og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum í Sameinuðu þjóðunum og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum kallaðir til að taka afstöðu. Það er lágmarkskrafa að við tökum þá afstöðu á grundvelli þekkingar.

Friðarhreyfingin í Evrópu, sú sem talað hefur verið mest um, sú sem hefur verið á forsíðu Time, forsíðu Newsweek, forsíðu allra stórblaða á Vesturlöndum vikum og mánuðum saman, hún er ekki til sem nein ein hreyfing. Það er frumskilyrði að vita það til að átta sig á þessari umræðu. Friðarhreyfingin er samheiti sem bæði félagar í hreyfingunni sjálfri og blaðamenn og aðrir hafa búið til yfir mikinn fjölda hreyfinga og samtaka um alla Evrópu. Þegar menn segja: Rithöfundurinn var forustumaður í friðarhreyfingunni í Danmörku, þá eru menn einfaldlega að upplýsa að þeir hafi ekki áttað sig á þessari einföldu staðreynd. Ég skal taka eitt dæmi til að skýra það.

Hér hefur verið minnst á fundinn í Bonn. Hann sóttu 250 þús. manns. Það er fjölmennasti fundur í sögu Vestur-Þýskalands. Það var sagt í öllum fjölmiðlum að það væri friðarhreyfingin sem stæði að þessum fundi. Það var skammstöfun sem menn bjuggu til til þess að þurfa ekki að telja upp allan þann fjölda samtaka sem stóðu að þessum fundi. Hvað halda menn að það hafi verið mörg samtök? Hvað halda menn að það hafi verið mörg formleg samtök sem stóðu að þessum fundi? Þau voru ekki fimm, þau voru ekki tíu, þau voru ekki tuttugu, þau voru ekki hundrað. Það vour 830 samtök sem stóðu að þessum fundi, 830 samtök sem sameinuðust um þær kröfur og þau stefnumið sem þarna voru sett fram.

Þarna var fjórðungurinn af þingflokki jafnaðarmanna í Vestur-Þýskalandi, flokksbræður Alþfl.-manna hér, flokkur sem Alþfl. hefur átt við bræðraflokkatengsl árum saman, flokkur sem fulltrúar úr Alþfl. hafa sótt áróðursnámskeið hjá, gengið í stjórnmálaskóla hjá, náttúrlega kostað af Þjóðverjum. Þessi flokkur, fjórðungurinn af þingflokki hans, stóð að þessum fundi. Að þessum fundi stóð öll meginhreyfing lúthersku kirkjunnar í Þýskalandi, systurkirkju íslensku þjóðkirkjunnar. Að þessum fundi stóð fyrrv. borgarstjóri jafnaðarmanna í Berlín og varla verður hann sakaður um að vera þjónn Rússa. Að þessum fundi stóðu fyrrv. herforingjar og liðsforingjar Atlantshafsbandalagsins. Að þessum fundi stóðu margir sem hafa verið og eru enn eindregnir stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins, en eru hins vegar á móti þeirri kjarnorkuvopnastefnu sem þar er nú í gildi.

Í Noregi var það verklýðshreyfingin, alþýðusambandið í Noregi, sem var meginhvatinn að þeirri umræðu sem þar átti sér stað. Það eru samtök sem öll verkalýðshreyfingin á Íslandi á samskipti við. Það eru samtök sem Alþfl. á Íslandi er í flokkslegum tengslum við. Það var verkalýðshreyfingin í Noregi sem fyrst og fremst bar þessa stefnu fram. Og samtökin í Noregi: Nei til Atomvåpen, eru samvinnusamtök þeirra, sem eru á móti Atlantshafsbandalaginu og kjarnorkustefnu þess, og annarra sem eru, þótt þeir séu stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins, á móti kjarnorkuvopnastefnu þess.

Þannig getum við gengið land úr landi. Staðreyndin er sú, að að baki því, sem við köllum í daglegu tali friðarhreyfinguna, standa þúsundir af samtökum: samtök mótmælenda, formlegar kirkjudeildir, formleg kirkjuþing, biskupar, prestar og prelátar, samtök kaþólskra, samtök kvekara, öflug samtök trúardeilda og kirkjustofnana í Evrópu sem þar hafa verið afgerandi afl í þjóðmálum í áratugi. Í þessari hreyfingu er verkalýðshreyfingin, breska verkalýðshreyfingin, norska verkalýðshreyfingin og fjölmörg önnur verkalýðssamtök sem ekki nokkur maður vænir um óeðlileg sjónarmið eða óþjóðlega hollustu í sínu landi. Innan þessarar hreyfingar eru líka sérstök samtök eins og Nei til Atomvåpen í Noregi, sem hafa verið mynduð á síðustu mánuðum til þess að sameina stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins og andstæðinga Atlantshafsbandalagsins í baráttunni fyrir því að breyta kjarnorkuvígbúnaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins.

Það mætti eyða hér löngum tíma, herra forseti. Ég ætla ekki að gera það. Ég hef þegar notað of mikinn tíma fundarins hér í dag. En vanþekkingin, sem kemur fram í umræðum hér um friðarhreyfinguna, og tilhneiging manna til að einfalda nálið með saklausum áróðursbrögðum gerir það að verkum að nauðsynlegt er að menn átti sig á því, að hér erum við að ræða um einhverja fjölþættustu fjöldahreyfingu sem komið hefur fram í Evrópu frá stríðslokum. Svo standa menn upp og halda því fram að Rússar stjórni þessu öllu saman, Rússar sem geta ekki einu sinni stjórnað Póllandi, Rússar sem eru að missa Pólland út úr höndunum á sér vegna þess að fólkið sjálft neitar að hlýða þeim, Rússar sem eru í vanda staddir hér og þar úti um allan heim, geta ekki einu sinni stjórnað Afganistan þó þeir séu þar með herskara af skriðdrekum til að kúga hina afgönsku þjóð. Hvers konar oftrú er þetta á Rússum, að halda að menn, sem eru í slíkum vandræðum með sín heimalönd, geti búið til einhverja umfangsmestu fjöldahreyfingu sem hefur komið fram í sögu Evrópu, þeir geti fengið harða stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins til að ganga undir þessum merkjum, geti þeir sannfært stóran hluta af jafnaðarmannaflokkunum í Evrópu og fengið fulltrúa þeirra til að tala á fundum friðarhreyfinganna, þeir geti fengið lúthersku kirkjurnar í Hollandi og Þýskalandi til að ganga þar í fararbroddi, þeir geti komið kaþólskum samtökum og kvekarasamtökum til þess að kalla út á göturnar hundruð þúsunda manna í öllum stórborgum Evrópu á einni helgi? Það er það sem hefur gerst. Við erum lýðræðissinnuð. Við mótmælum því kerfi, sem ríkis í Sovétríkjunum, og þeim skorti á lýðræði sem þar er. En við skulum vera það miklir lýðræðissinnar að við skulum átta okkur á því, að ef fólkið sjálft tekur höndum saman, þá er það lýðræðið í sinum blóma, þá er það lýðræðið sem ég hélt að við allir værum að berjast fyrir, að fólkið sjálft fengi að láta til sín taka, taka afstöðu, fara út á göturnar og mótmæla.

Mér hefur verið sagt að hér hafi verið fundur, spjallfundur með bandarískum aðstoðarráðherra fyrir nokkru, ráðherra sem kom hér fram í sjónvarpi. Þar stóðu upp Íslendingar og sögðu: Þessi friðarhreyfing er hættuleg. Það verður að stöðva þessar friðarhreyfingar. Þetta er voðalegur hlutur, þessar friðarhreyfingar. —

Hvað sagði bandarískí ráðherrann? Hann sagði það sama og hann sagði hér í sjónvarpinu við íslenska þjóð: Ég mun ávallt verja lýðræðislegan rétt fólks til að ganga út á göturnar í landi sínu til að láta í ljós stuðning við ákveðna stefnu og mótmæla því sem það vill mótmæla. — Þetta var sannur lýðræðissinni. Þarna var maður sem skildi um hvað lýðræðið snýst. En sumir, sem hér hafa verið að tala um friðarhreyfinguna og kalla sig lýðræðissinna á helgidögum og hversdags, tala eins og þeir hafi ekki hugmynd um hver er kjarninn í lýðræðinu. Það er fólkið sjálft. Það er fólkið úti á götunum hundruðum saman, milljónum saman til þess að láta í ljósi vilja sinn.

Það er ósköp eðlilegt að mönnum gangi illa að átta sig á því, hvað þessi mikla alda fólksins hefur í för með sér. En vanþekkingin á friðarhreyfingunni snertir líka stefnumálið. Það hefur verið fullyrt hvað eftir annað, bæði hér í þessum sal og annars staðar, að friðarhreyfingin berðist fyrir einhliða afvopnun. Það er rangt. Það verður ekki nógsamlega endurtekið að það er rangt. Í þessum mikla aragrúa af samtökum eru vissulega til samtök sem hafa það á stefnuskrá sinni. Þau eru til. Það er alveg rétt. En þær fjórar kröfur, sem hafa sameinað þennan fjölda, eru annars eðlis. Það virðist af umr. hér að dæma sem menn hafi ekki áttað sig á því hver þessi stefna er, hvað það er sem sameinar allan þennan fjölda. Það eru fjórar lágmarkskröfur sem kaþólskir og mótmælendur, frjálslyndir og vinstri menn, NATO-sinnar og NATO-andstæðingar hafa sameinast um. Þessar fjórar kröfur eru sú stefna sem hin svokallaða friðarhreyfing hefur sett fram.

Það segir sig sjálft, að þegar 830 samtök standa að einum fundi í Bonn eru þau ekki sammála um allt milli himins og jarðar. Það vita allir. Menn hafa orðið sammála um ákveðinn lágmarksgrundvöll. Ég ætla að rekja þennan lágmarksgrundvöll í örfáum orðum til þess að það sé þó alla vega ljóst hér í umr., hvað er verið að tala um, og til þess að menn endurtaki ekki þær rangfærslur og firrur eða gefi sér það sem kom m. a. fram í ræðum hér fyrr í dag.

Fyrsta krafan er sú, að það verði ekki fleiri kjarnorkuvopn framleidd, hvort sem það eru SS-20, Pershing II eldflaugarnar, stýrieldflaugarnar eða hvað sem er. Það verði einfaldlega ekki fleiri kjarnorkuvopn framleidd af hvaða tagi sem er. Það sé nú þegar til gereyðingargeta til að eyða öllu mannkyni sjö sinnum. Hún sé til í kafbátum. Hún sé til í eldflaugum. Hún sé til í flugvélum. Hún sé til í þeim 16 000 kjarnorkusprengjum sem séu í Evrópu. Það þurfi ekki fleira af þessum vopnum. Fyrsta krafan er þess vegna: Engin ný kjarnorkuvopn.

Síðan gera menn sér náttúrlega skýra grein fyrir því, hvers vegna menn eru sérstaklega á móti SS-20. Ástæðan er sú, að hún eykur gereyðingargetu Sovétríkjanna í Evrópu. SS-20 þrefaldar kjarnorkusprengjumátt Sovétríkjanna gagnvart Evrópu. Menn eru á móti Pershing II eldflaugunum vegna þess að þær stytta gífurlega tímann sem líður frá skotaugnablikinu og þangað til hundruð milljóna manna hafa dáið, — aðeins örfár mínútur, 4—5 mínútur. Menn eru á móti stýrieldflaugunum vegna þess að þær auka freistinguna til að nota kjarnorkuvopnin. Þær eru þannig tæknilega búnar að þær geta dulist fyrir radarkerfum hins landsins. Menn hafa sérstakar ástæður á móti hverju vopni fyrir sig, en menn eru engu að síður á móti þeim öllum. Það er fyrsta krafan. Það er ekki einhliða afvopnun. Það er einfaldlega bann við framleiðslu fleiri kjarnorkuvopna hvar sem er. Hins vegar er það rétt, að einstaka aðilar t. d. breski verkamannaflokkurinn og frjálslyndi flokkurinn í Bretlandi hafa sett á stefnuskrá sína einhliða kjarnorkuafvopnun Breta einna. Þeir hafa sagt: Þátttaka okkar í þessu vígbúnaðarkerfi er marklaus. Hún er svo lítil, hún er svo dýr fyrir okkur í öllu því atvinnuleysi og öllum þeim vandræðum sem við eigum í heima fyrir. Við viljum ekki að Bretar taki þátt í þessu. — Menn mega ekki rugla því saman við kröfu um einhliða kjarnorkuafvopnun allra.

Í öðru lagi er krafan um tafarlausar afvopnunarviðræður risaveldanna. Þessi krafa hefur þegar skilað árangri. Sú staðreynd, að Helmut Schmidt og aðrir forustumenn NATO-ríkjanna í Evrópu knúðu Bandaríkin til þess að setjast að samningaborði við Sovétríkin um kjarnorkuvopn í Evrópu — fundir sem hefjast í lok þessa mánaðar — er fyrsti árangurinn af þessari kröfu nr. 2 sem hin svokallaða friðarhreyfing hefur sett fram. Það eru viðræður um tafarlausa afvopnun risaveldanna. Hins vegar eru margir í forustusveit þessara friðarhreyfinga sem segja sem svo: Risaveldin mega ekki vera ein um þessar viðræður. Það væri álíka eins og að láta tvo eiturlyfjasala semja sín á milli um bann við notkun eiturlyfja. Það þurfa fleiri að vera við þetta borð. Það þurfa að vera við þetta borð ríki sem hafa ekki hagsmuni af kjarnorkuvopnakerfinu. Þótt menn hafi þannig mismunandi skoðanir á þessu atriði er meginkrafan hins vegar tafarlausar afvopnunarviðræður risaveldanna.

Þriðja krafan er að hrint verði í framkvæmd ályktun Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkuvopnalaus svæði. Bent er á að í Suður-Ameríku hefur verið gerður sérstakur samningur um Suður-Ameríku sem kjarnorkuvopnalaust svæði. Það sýnir best kunnáttu manna hér á Íslandi um þessi efni að ég hef rekið mig á það í viðræðum mínum við fjölda fólks, jafnvel hér innan Alþingis, að mjög fáir vita að Suður-Ameríka, sú heimsálfa, er formlega með alþjóðlegum samningi kjarnorkuvopnalaust svæði. Það er samningur sem 22 ríki hafa undirritað og staðfest. Það er samningur sem lýsir á ótvíræðan hátt hvað felst í hinu kjarnorkuvopnalausa svæði. Það er samningur sem gerir ráð fyrir reglubundnu, alþjóðlegu eftirliti með að honum sé framfylgt. Það er samningur sem hefur ekki verið brotinn. Krafan er einfaldlega að fleiri heimsálfur en Suður-Ameríka verði með slíkum lögformlegum samningum gerð að kjarnorkuvopnalausu svæði.

Hins vegar eru svo innan hreyfinganna nokkuð mismunandi skoðanir um það, með hvaða hætti eigi að koma þeim á eða hvað eigi að felast sérstaklega í kjarnorkuvopnalausum svæðum af þessu tagi. Sumir segja, t. d. Alva Myrdal, að einstök ríki, t. d. Svíþjóð og Finnland, geti gert samning ein út af fyrir sig. Aðrir, t. d. jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum, hafa sagt að slíkur samningur eigi að vera liður í víðtækara samkomulagi þar sem hlutar Evrópu og hlutar Sovétríkjanna kæmu inn. Menn hafa ýmsar mismunandi hugmyndir um það, í hvaða áföngum og með hvaða hætti slíkt svæði eigi að myndast. Menn hafa líka nokkuð mismunandi hugmyndir um hvað eigi að felast í þessu svæði. Felst í kjarnorkuvopnalausu svæði eingöngu það að þar séu engar sprengjur? Það virðist augljóst við fyrstu sýn. En síðan spyrja menn: Felst einnig í því, að á því svæði séu engin stuðningstæki, engin hernaðartæki sem þjóna kjarnorkuvopnakerfinu eða gerðu kleift að nota kjarn-

orkuvopn með skömmum fyrirvara? Það er þessi þáttur sem er sérstaklega mikilvægur fyrir okkur hér á Íslandi, vegna þess að það er staðreynd sem við verðum að horfast í augu við, að í þeim umræðum, sem fram hafa farið á Norðurlöndum um að gera Norðurlönd að kjarnorkuvopnalausu svæði, hefur komið fram að mjög margir áhrifamenn í þeim umr. vilja ekki hafa Ísland með vegna þess að það mundi flækja málið, vegna þess að við höfum sérstakan samning við annað af meginkjarnorkuveldunum í veröldinni. Það væri nánast óhugsandi að Bandaríkin mundu fórna hagsmunum sínum af kjarnorkuvopnakerfinu hér á Íslandi. Þess vegna vilja þeir skilja Ísland út undan. (Gripið fram í.) Jú, við látum þetta bíða, það er alveg rétt.

Fjórða og síðasta atriðið á stefnuskránni er að smáu ríkin í Evrópu eigi að taka höndum saman, smáu ríkin innan Atlantshafsbandalagsins, smáu ríkin innan Varsjárbandalagsins og smáu ríkin sem eru hlutlaus í álfunni. Ef þessi ríki geti náð samkomulagi um ákveðna stefnu í öryggis- og afvopnunarmálum sé kominn pólitískur styrkur til að knýja stórveldin til að láta af sinni fyrri braut og fara inn á beinni braut friðar og afvopnunar en þau hafa reynst vera á.

Þetta eru þær fjórar meginkröfur sem mynda stefnu þess mikla og margbreytilega fjölda sem gengur undir daglega heitinu friðarhreyfingin í Evrópu. Það er í fyrsta lagi: Engin fleiri kjarnorkuvopn. Í öðru lagi: Tafarlausar raunverulegar afvopnunarviðræður. Í þriðja lagi: Stofnun kjarnorkuvopnalausra svæða. Í fjórða lagi: Samstaða smáu ríkjanna í Evrópu, bæði þeirra, sem eru í NATO, og þeirra, sem eru í Varsjárbandalaginu, og hlutlausu ríkjanna, um sameiginlega öryggisstefnu fyrir Evrópu.

Það er þessi stefna sem öflugustu verrkalýðssamtökin í Vestur-Evrópu standa núna að. Það er þessi stefna sem Alkirkjuráðið hefur lýst yfir stuðningi við. Það birtist í Morgunblaðinu grein laugardaginn 17. október, á síðunni „Á kristniboðsári": Hvað segir kirkjan um afvopnunarmálið? Ég hvet alla hv. þm. til að lesa þessa stefnuyfirlýsingu Alkirkjuráðsins. Hún flytur í stuttu máli meginröksemdir og kjarna friðarhreyfingarinnar. Ég segi við þá þm. Sjálfstfl. sem hér hafa talað gegn friðarhreyfingunni og tala sjálfsagt gegn henni áfram: Þið eruð að tala gegn þeirri meginstefnu sem evrópskar kirkjudeildir, Alkirkjuráðið og systurkirkjur íslensku þjóðkirkjunnar hafa nú uppi. Það er vissulega saga til næsta bæjar þegar forustumenn Sjálfstfl. eru komnir í harða andstöðu við meginstefnu lúthersku kirkjusambandanna í Evrópu og stefnu Alkirkjuráðsins. Það hefði einhvern tíma ekki þótt gott fordæmi fyrir þann flokk, sem hefur talið sig sérstakan boðbera kristilegs siðgæðis, kristilegs hugarfars og kristilegs uppeldis á Íslandi, að verða nú ber að því að vera kominn í beina andstöðu við þær hreyfingar sem kirkjan hefur á síðustu vikum, mánuðum og árum lagt mesta vinnu í að byggja upp. (Gripið fram í.) Hv. þm. Lárus Jónsson veit að við Alþb.-menn og aðrir, sem eru sama sinnis og við, erum reiðubúnir að vinna með hverjum sem er sem er á sömu skoðun í þeim málum sem verið er að fjalla um hverju sinni, hvort sem það er Alkirkjuráðið, hvort sem það eru lútherskar kirkjudeildir, hvort sem það er hluti Sjálfstfl. eða hver sem er.

Við skulum ekki — eins og hv. þm. Stefán Jónsson varaði réttilega við hér áðan — fara að nálgast þessa umræðu í gamla kaldastríðsstíl gömlu flokkanna, þexi, orðavalinu og ræðustílnum sem við þekkjum allir mjög vel. Þessi umræða er ný. Hún er ný fyrst og fremst vegna þess að eðli hernaðartækninnar gerir hana óhjákvæmilega nýja. Eðli hernaðartækninnar er orðið slíkt að við verðum að hugsa þessa hluti upp á nýtt. Kirkjan hefur hugsað upp á nýtt. Verkalýðshreyfingin hefur hugsað upp á nýtt. Forustumenn jafnaðarmannaflokkanna í Evrópu hafa hugsað upp á nýtt. Frjálslyndi flokkurinn í Bretlandi hefur hugsað upp á nýtt. Það eru hundruð og þúsundir stjórnmálamanna í Evrópu sem hafa hugsað upp á nýtt. Af hverju skyldum við ekki gera það hér líka? Það er ein sérstök ástæða fyrir því, herra forseti, — og ég vil gera það að mínu lokaefni — að menn í Evrópu hafa hugsað þessa hluti upp á nýtt. (Gripið fram í.) Alveg rétt, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. En það er þó fyrst og fremst vegna þess að komið hefur í ljós að á síðustu misserum, á síðustu 3—4 árum hefur smátt og smátt verið að gerast ákveðin eðlisbreyting í þessu kerfi, — eðlisbreyting sem er fólgin í því, að þau kjarnorkuvopn, sem nú er verið að smíða, þau kjarnorkuvopn, sem menn eru nú með áætlanir um, eru fyrst og fremst miðuð við að verða notuð. Eiginleikar þessara vopna fram yfir fyrri vopnin miðast fyrst og fremst við að hægt sé að nota þau. Fyrri vopnin voru á þá leið, að ef þau voru notuð skapaðist fyrst og fremst hætta á því, að stórveldin gereyddu hvort öðru. Menn voru þess vegna tiltölulega öruggir um að þess vegna kæmi ef til vill ekki til þessara átaka. En eðli nifteindasprengjunnar, eðli þeirra nýju eldflauga, sem verið er að koma fyrir í Evrópu, er hins vegar á þann veg, að það er reiknað með að nota þau.

Það er hugtakið sem við þekkjum nú öll frá deilunni í Bandaríkjunum og daglegum fréttum, hugtakið takmarkað kjarnorkustríð — sem forseti Bandaríkjanna ræðir um og missir út úr sér lýsingar á — sem utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra deila um, sem er daglegt umræðuefni í hverju einasta stórblaði í Evrópu þessar vikur og þessa dagana og allir stjórnmálaflokkar í Evrópu, sem vilja taka sig alvarlega, verða að setja á sína dagskrá. Hernaðartæknilegt eðli hinna nýju kjarnorkuvopna miðast við að geta notað þau í takmörkuðu kjarnorkustríði, — kjarnorkustríði sem fyrst og fremst væri — a. m. k. í upphafi — bundið við Evrópu.

Með forsetaúrskurði nr. 59 veitti Carter Bandaríkjaforseti heimild til þess að miða hernaðaráætlanir sínar við þetta kerfi. Það er rétt að rifja það enn upp hér í þessum þingsölum, að þáv. utanrrh. Bandaríkjanna, Muskie, tók það skýrt fram, að sú ákvörðun hefði ekki verið tekin með hans samþykki eða hans vitund. Hann vildi hafa það algjörlega á hreinu, að Carter bæri einn ábyrgð á þeirri ákvörðun. Menn eru kannske búnir að gleyma þessari yfirlýsingu þáv. utanrrh. Bandaríkjanna. Ákvörðun um að framleiða nifteindasprengjuna, ákvarðanir um nýju kjarnorkueldflaugarnar í Evrópu miðast allar við þennan sama grundvöll. Það er þessi staðreynd sem hefur gert það að verkum, að meðal þeirra manna, sem gert hafa friðarhreyfinguna í Evrópu í dag að öflugri fjöldahreyfingu, eru fyrrv. herforingjar og hershöfðingjar innan Atlantshafsbandalagsins. Menn eins og þýskir hershöfðingjar, sem hafa sagt sig úr þýska hernum, hafa sagt sig úr hernaðarkerfi Atlantshafsbandalagsins vegna þess að þeir vilja ekki bera ábyrgð á því að þurfa að nota eða taka þátt í þróun slíkra vopna.

Þess vegna, herra forseti, eru það ekki Rússar sem hafa búið til þessa fjöldahreyfingu. Þess vegna, herra

forseti, er það ekki eitthvert samsæri sem knýr milljónir íbúa Evrópu út á göturnar til að lýsa yfir stuðningi við þá stefnu sem ég hef verið að kynna í þessari ræðu. Það er einfaldlega yfirlýst stefna forráðamanna kjarnorkuveldanna sem hefur knúið fjöldann til þess að segja nei. Hins vegar, eins og ég rakti fyrr í ræðu minni, beita stórveldin alls konar aðferðum til að reyna að veikja þessa vöku fjöldans.

Í Danmörku er rithöfundi haldið uppi með boðum og hann látinn fá fé til að greiða auglýsingar. Hér á landi er beitt öðrum aðferðum við aðra hópa og aðra einstaklinga. Ég rakti fyrr í minni ræðu nákvæmlega innihald áætlunar um Ísland sem unnið er eftir af sendiráði Bandaríkjanna hér til þess að slæva þessa vöku, til þess að koma í veg fyrir að menn átti sig á sjálfstæðan hátt á eðli þessara vopna, til þess að búa til eitthvert net vináttu og kunningsskapar sem kemur í veg fyrir að menn skoði af gagnrýni og með sjálfstæðum huga þær ákvarðanir sem þeir eru knúnir til að taka.

Við þurfum þess vegna, eins og réttilega var sagt í ályktun Sjálfstfl., að standa á varðbergi gagnvart slíku neti allra stórvelda og allra erlendra ríkja. Þess vegna bið ég hv. þm. að lesa rækilega Country Plan for Iceland. Þess vegna við ég menn að hugleiða þau boð, þær ferðir, þann áróður sem að þeim hefur verið beint, frá hvaða stórveldi sem það er. Þess vegna bið ég menn um það, að við sameinumst öll um þá stefnu sem utanrrh. lýsti hér réttilega í upphafi þessarar umr., að það verði siðferðisstyrkur íslensku þjóðarinnar sjálfrar sem einn getur komið í veg fyrir að við látum af vöku okkar, að við fléttumst inn í þann mjúka vef sem ofinn er af stórveldum sem öll hafa Country Plan for Iceland.

Forseti (Steinþór Gestsson): Þrátt fyrir að þessi umr. sé nú búin að standa á fimmta klukkutíma hef ég ekki hugsað mér að takmarka ræðutíma að sinni. En ég vil óska þess, að ræðumenn, sem eiga eftir að tala, misnoti ekki svo sem síðasti ræðumaður þolinmæði forseta.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum forseta og vera ekki svo langorður sem síðasti ræðumaður.

Það er sennilega rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að það er mikil ótrú á Rússum þessa dagana. Hv. þm. taldi upp að þeir gætu ekki stjórnað Pólverjum og ekki Afgönum. Allt er það rétt. En það mætti kannske spyrja á móti hvers vegna Rússar séu að reyna að stjórna þessum þjóðum. Hvers vegna eru þeir að reyna það? Það er sannarlega komið á daginn að það er ótrú á getu Rússa þegar þeir geta ekki einu sinni stjórnað einum kafbáti öðruvísi en svo, að hann steyti á skeri í hlutlausu landi með kjarnorkuvopn innanborðs. Með þessu strandi hafa Sovétmenn afhjúpað með eftirminnilegum hætti athafnir sínar á höfunum og þ. á m. á því hafi sem þeir hafa gefið nafnið „haf friðarins".

Það var sannarlega tímabært að fá umr. hér á Alþingi um hvort utanrrh. teldi vera tilefni til að kanna hvernig viðleitni Sovétmanna til að grafa undan Atlantshafsbandalaginu innan frá kæmi fram gagnvart Íslandi, eins og hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir orðaði það í ræðu sinni á þriðjudaginn. Tilefni spurningarinnar var njósnamálið í Danmörku og tengsl Rússa við friðarhreyfinguna þar og svo strand sovéska kafbátsins við Karlskrona. Stundum hefur verið spurt af minna tilefni á hv. Alþingi.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið rætt um endurnýjun kjarnorkuvopnabirgða í Evrópu, — eðlilega hefur verið um það rætt, — og menn hafa velt fyrir sér af hverju Atlantshafsríkin eru að endurnýja þessar vopnabirgðir sínar? Á síðasta áratug, tímabili slökunarstefnu, drógu Bandaríkjamenn úr hernaðarútgjöldum sínum og minnkuðu herafla. Sovétmenn juku herafla sinn um þriðjung á sama tímabili. Kostnaður þeirra jókst um 50%. Skriðdreka hafa þeir 50 þús. talsins á móti 11 þús. skriðdrekum Bandaríkjamanna. Þeir breyttu flota sínum úr strandvarnarflota í flota sem siglir um öll heimsins höf. Meðan Atlantshafsbandalagsríkin komu engum eldflaugum fyrir settu Sovétmenn yfir 750 kjarnaodda í SS-20 flaugar sínar, sem að mestu er beint á skotmörk í Evrópu, og þeir setja upp eina nýja á viku, að því er sagt er. Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að endurnýja þarf kjarnorkuvopnabirgðir í Evrópu.

Þjóðir, sem einhvers meta sjálfstæði sitt, eru jafnframt reiðubúnar að leggja eitthvað af mörkum til þess að verja það. Þar getum við ekki leyft okkur að treysta á góðvild þeirra sem vilja tortíma sjálfstæðum þjóðum, en það er gert ef ekki er snúist til varnar. Og hvernig hafa Sovétmenn notað vopn sín? Þeir hafa notað þau til að rjúfa friðinn, en ekki til að verja hann, eins og Atlantshafsríkin gera. Við höfum um það mörg dæmi. Við höfum dæmi frá Kampútseu, Angóla, Eþíópíu og Afganistan. Þetta eru allt ný dæmi. Og við höfum dæmi frá fyrri tímum: Eystrasaltslöndin, Ungverjaland, Pólland o. fl., o. fl. Þessi lönd glötuðu sjálfstæði sínu þar sem þau réðu ekki yfir þeim ráðum sem ein duga móti þeim sem fara vilja með ófriði á hendur þeim sem minna mega sín. Vestræn ríki hafa brugðist við með þeim eina hætti sem Sovétmenn virðast skilja. Þau hafa endurnýjað vopnabirgðir sínar.

Yfirburðir eins ríkis í hernaðarlegu tilliti, það misvægi sem þannig verður, hefur í för með sér vantraust, öryggisleysi og óstöðugleika í alþjóðasamskiptum. Þess vegna verður jafnvægi að nást og það auðvitað helst með sem minnstum vígbúnaði, og samkomulag verður að takast um takmörkun vopna. Fyrir stjórnir Evrópulanda er það lamandi á friðartímum og það er hættulegt á hættutímum og nánast útilokað á átakatímum að taka ákvarðanir í þeirri stöðu sem þau eru í, þegar yfirgnæfandi afl sovéthersins ógnar þeim öllum. Það er misvægið sem stofnar friðnum í hættu nú í Evrópu, eins og það hefur alls staðar gert á öllum tímum.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, hvernig Evrópuþjóðir hafa brugðist við til að tryggja frið, koma í veg fyrir stríð. Þær hafa neyðst til að endurnýja vopn sín. Þetta er ef til vill og vonandi lykillinn að því að fá Sovétmenn að samningaborðinu.

Það hefur verið talað um Norðurlönd til þessa sem kjarnorkuvopnalaust svæði og þess hefur verið krafist að þau yrðu svo um aldur og ævi og það yrði gert með einhliða yfirlýsingu. Slíkt er uppgjöf og ekkert nema uppgjöf. Norðurlönd eru kjarnorkuvopnalaus nú og hafa ætíð verið, en einhliða yfirlýsing um að svo muni verða um aldur og ævi kemur ekki til greina. Slíkt dettur engum í hug nema þá helst útsendurum Sovétríkjanna, sem eru reiðubúnir að ganga erinda þeirra, enda sjálfsagt allur útlagður kostnaður greiddur.

Skinhelgi Sovétmanna gagnvart Norðurlöndum strandaði við Karlskrona, sagði Magnús Torfi Ólafsson í

ágætri grein sem hann skrifaði um þennan atburð, og hitti þar naglann á höfuðið með fyrirsögninni einni.

Á Eystrasalti einu eru taldir vera á sveimi 60 kafbátar Sovétríkjanna og allir búnir kjarnorkuvopnum. Það er ekki að undra þótt Sovétmenn vilji kalla þetta haf, Eystrasalt, „haf friðarins". Hvar voru friðarhreyfingarnar á síðasta áratug þegar Sovétmenn voru sem óðast að auka vígbúnað sinn? Hvar voru friðarhreyfingarnar þá? Sú friðarhreyfing, sem telur sig eiga samstöðu með sovéska heimsfriðnum, er verri en engin, segir varaformaður Alþb. í leiðara í blaði sínu á sjálfan byltingardaginn. Þangað hafa þeir þó sótt línuna allt til þessa. En það þykir sjálfsagt ekki gott nú um sinn. Og hvað með sovétagentana hér á landi? Hver greiðir kostnaðinn af gönguferðum þeirra hér, auglýsingum, útgáfustarfseminni, ferðalögum á friðarþing o. fl., o. fl.? Hvernig væri að íslensk yfirvöld athuguðu það mál? Ég vil taka undir þau orð hæstv. utanrrh., sem hann sagði hér á þriðjudaginn, að það væri eðlilegt að menn veltu því fyrir sér hér á landi hvernig við erum undir það búin að mæta hliðstæðum atburðum og þeim sem gerst hafa í Svíþjóð og Danmörku. Hæstv. ráðh. taldi að við værum ekki vel undir það búnir. Því væri sjálfsagt að fylgjast vel með og fá upplýsingar um hvernig þessu sé háttað í Danmörku. Treysta þurfi árvekni borgaranna og löghlýðni þeirra. Allt er þetta rétt. En þessar athafnir kommúnista í öðrum löndum gefa tilefni til að spyrja hvernig sé háttað árvekni þeirra sem með Alþb. sitja í ríkisstjórn hér á Íslandi.

Af þessu friðarins hafi villist hrörlegur kafbátur upp í landsteina í Svíþjóð, sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir í umr. um daginn. Þetta atvik, strand kafbátsins, verður þm. tilefni til að ítreka kröfuna um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd og að Ísland segi sig úr NATO. Vitað er, eins og hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni, að eftirlit með kafbátaferðum umhverfis Ísland er stundað frá varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli með hinum fullkomnustu tækjum, eins og hæstv. ráðh. sagði. Það er því ekki að undra þótt þeir Alþb.-menn vilji þetta eftirlit í burtu svo ekkert þurfi að trufla kafbátaferðir Sovétmanna umhverfis Ísland. Þeir þyrftu þá ekki einu sinni að afsaka sig með biluðum kompás þegar þeir renndu hér upp í landsteinana.

En það mætti kannske í þessu sambandi spyrja hvernig þeim framsóknarmönnum líkar að hafa Alþb.-mennina standandi á tánum á sér svo þeir geri engar vitleysur í utanríkismálum, eins og þeir Alþb.-menn hafa orðað það. Ég veit að vísu að hv. þm. Guðrún Helgadóttir vegur kannske ekki mikið, en það er þungt í sumum Alþb.-mönnunum pundið. Það hlýtur að vera óþægilegt að hafa þá alltaf ofan á tánum á sér þegar framsóknarmenn hreyfa sig eitthvað í sambandi við utanríkis- eða varnarmál.

Það mætti líka spyrja hvernig hæstv. forsrh. líði. Hann er að vísu ekki hér í salnum frekar en stundum áður, en boðin berast kannske til hans. Ég mætti kannske spyrja hæstv. dómsmrh., af því að ég veit að hjörtu þeirra slá oft í takt: Hvernig líður þessum hæstv. ráðh. með neitunarvald Alþb. yfir sér, sennilega í hverju því máli sem þeim sýnist, alla vega í öllum þeim málum sem varða öryggis- og varnarmál? Ég veit að vísu að forsrh. er alveg kominn á skoðun þeirra Alþb.-manna að því er varðar flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Ég hef heyrt hann segja í ræðu, — að vísu ekki hér á þingi, en hún á sjálfsagt eftir að koma, — að þar skuli ekkert gert. En hvað með önnur atriði sem varða beina öryggishagsmuni Íslands? Á Alþb. að ráða þar ferðinni líka?

Ég verð að segja það alveg eins og er, að ég hef varla geð í mér til að svara mörgu úr ræðum þeim sem þeir Alþb.-menn hafa flutt hér í dag.

Hæstv. félmrh. Svavar Gestsson sagði það ánægjuefni fyrir Alþb.-menn að fá tækifæri til að ræða ítarlega um utanríkismál. Það er okkur sjálfstæðismönnum líka ánægjuefni, þannig að ánægja okkar er gagnkvæm að þessu leyti. En það voru stórkostlegar og þó kannske öllu heldur stórkostulegar yfirlýsingar hæstv. ráðh. um að til Sovétríkjanna væri enga fyrirmynd að sækja. Heimsfriðarráðinu er afneitað. Öðruvísi mér áður brá. En spurningar ráðh. um fyrirætlanir Sjálfstfl. voru svo gjörsamlega út í hött að þær eru alls ekki svaraverðar. Í stuttu máli sýndist mér koma fram sama skinhelgin í máli ráðh. og hjá Sovétmönnum gagnvart Norðurlöndum. Öll var ræðan í raun vörn fyrir athafnir Sovétmanna og njósnanet þeirra þótt hann afneitaði með vörunum öllum tengslum við þá þjóð.

Það vantaði heldur ekki skinhelgina í ræðu hv. þm. Stefáns Jónssonar þegar hann var að þakka fyrir að hv. þm. Ragnhildur Helgaadóttir skyldi hefja þessar umr. Alveg eins og hæstv. félmrh. kepptist þm. við að afneita öllum tengslum við Sovétríkin og kommúnistaflokka yfirleitt. Þetta er nýja línan hjá Alþb. Hún er til orðin einmitt vegna þess, hversu afleitlega Sovétmönnum hefur vegnað með njósnir sínar á Norðurlöndum að undanförnu, eins og hv. þm. orðaði það.

Svo er í örvæntingu, bæði af þessum hv. þm. og öðrum Alþb.-mönnum, reynt að dreifa athyglinni frá staðreyndum með ágiskunum um njósnir Bandaríkjamanna hér á landi. Um hvað ættu þeir að vera að njósna? Herstöðvar NATO kannske? Umsvif annarra ríkja á sviði hernaðar á Íslandi? Hvað halda menn að — ég veit ekki hvað margir — 70—80 manns á snærum sendiráðs Sovétríkjanna sé að gera hér? Hvað ætli Rússarnir séu að gera?

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tekur náttúrlega undir þakkirnar líka til hv. þm. Ragnhildar Helgadóttur. Það hefur aldeilis hlaupið á snærið hjá þeim þm. Alþb. að hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir skyldi koma til þings núna þessa dagana. (Gripið fram í.) Já, ég veit að það hefur farið fyrir brjóstið á ykkur Alþb.-mönnum, því var rækilega lýst hér áðan, enda var mjög fróðlegt að heyra af vörum hv. þm. Ólafs Ragnars um frambjóðendur Alþb. á landsfundi Sjálfstfl. Við höfum vitað ósköp vel, sjálfstæðismenn, um áhrif Alþb.-manna á einstaka þm. Sjálfstfl., þá sem ganga erinda þeirra Alþb.-manna með því að sitja í ríkisstj., — ríkisstj. sem er hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni svo þóknanleg sem allir vita, — en með falli frambjóðanda þeirra Alþb.-manna á landsfundi Sjálfstfl. sýnist mér sannast að áhrif þeirra eru ekki meiri í Sjálfstfl. en þegar hefur komið í ljós, og er það vel.

Ýmsir þm. hafa flækst inn í áhrifanet stórveldanna, sagði hv. þm. Ólafur Ragnar. Og hann hampaði hér skjölum. Í fyrsta lagi var hann með ályktun um Ísland, held ég að að hann hafi þýtt það, og í öðru lagi leiðbeiningarit fyrir starfsmenn sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi. Við fengum loforð frá hv. þm. um að fá ljósrit, en að vísu ekki nema af öðru skjalinu. Við erum þakklátir fyrir það að sjálfsögðu. Mér sýnist þetta sýna að það eru stundaðar einhverjar njósnir hér á Íslandi, og

mér sýnist það jafnframt sýna að formaður þingflokks Alþb. hafi þarna einhver ítök og sýnilegan góðan aðgang að þeim sem ná í plögg sem þessi. Það væri kannske út af fyrir sig athugunarefni. Að sjálfsögðu skiljum við vel að þingflokksformaðurinn getur ekki gefið upp nafn þess sem skjalið útvegaði. Það er aldrei gert í svona málum. Við vitum það óköp vel. Ekki a. m. k. við þessar aðstæður og náttúrlega alls ekki þegar búist er við áframhaldandi útgáfu á plöggum sem þessum. Þá fara menn náttúrlega ekki að gefa upp heimildarmenn sína. Þetta skiljum við afskaplega vel og þurfti ekki að taka það fram.

En það var þetta með núllgrunnsáætlunina, sem hv. þm. lýsti hér með dramatískum hætti. Ég hélt satt að segja að sjálfur hagfræðingurinn vissi að núllgrunnsáætlunin er ekkert annað en hagfræði og hún á ekkert skylt við samskipti Bandaríkjamanna og Íslendinga — ekki nokkurn skapaðan hlut. Mér sýnist einhvern veginn eins og þm. viti ekki að núllgrunnsáætlunin er notuð í dag af fjárlaga- og hagsýslustofnuninni undir öruggri forustu flokksbróður hans, hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds. Hvað er maðurinn að gera? Er hann kominn inn í njósnanet Bandaríkjamanna, sjálfur fjmrh., með því að vera að fikta eitthvað með núllgrunnsáætlunina sem hlýtur að vera alveg stórhættuleg fyrst hennar er getið í því leyniplaggi sem þm. hefur undir höndum frá bandarísku sendiráðinu? (**Gripið fram í:** Það sýnir best að þm. er saklaus og veit ekki um núllgrunnsáætlunina ef hann heldur að hún sé notuð af fjmrh.) Ég mælist eindregið til þess við þm., að hann fái viðtal við fjmrh. sinn og athugi hvort það er ekki eitthvað til í því að hún sé notuð í hagsýslustofnuninni.

Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að við þm., sem höfum sótt þingfundi þingmannasambands Atlantshafsríkjanna, höfum ekki tekið þátt í störfum hermálanefndarinnar. Ég er hv. þm. alveg sammála um að við eigum að taka þátt í störfum þeirrar nefndar. Það mun áreiðanlega verða ráðin bót á þeirri vanrækslu sem hefur verið uppi á undanförnum árum af hálfu þeirra þm. sem þessa fundi hafa sótt. En það er ýmislegt fleira sem skortir í lífsreynslu okkar, þ. á m. verð ég að viðurkenna að ég hef aldrei sofið í flugvélamóðurskipi og ég finn sárt til þess, miðað við þá lýsingu sem við fengum hjá þm. á því, hvað það hlýtur að bæta mikið á allan hátt þó að það væri ekki nema ein nótt.

Eitt þarf ég að leiðrétta hjá þm. Hann var að tala hér um að Bandaríkjamenn hefðu verið neyddir að samningaborðinu vegna þrýstings frá friðarhreyfingunum. Þetta er ekki rétt. Ákvörðunin um viðræður um takmörkun kjarnorkuvopna er ekki tekin vegna einhverrar kröfu frá friðarhreyfingunum. Hún er tekin á fundi Atlantshafsráðsins 12. des. 1979 um leið og ákvörðunin um endurnýjun kjarnorkuvopnanna er tekin. Þetta eru staðreyndir. Þessar viðræður munu hefjast 30. þ. m. Þar kom hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ekkert nærri þótt hann hafi víða farið um lönd og sagt mönnum fyrir verkum.

Og svo þetta: Ég get ekki að því gert, að mér þykir hálf-óyndislegt þegar hv. þm. eru að nugga sér upp við kirkjuna þegar talað er um friðarhreyfinguna. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar að kommarnir á Íslandi skýldu sér sérstaklega á bak við kirkjuna.

Herra forseti. Ég mun nú ljúka máli mínu. Niðurstaða mín af atburðum síðustu vikna er þveröfug við þá sem þeir Alþb.-menn komast að. Við þurfum að vera betur á verði en nokkru sinni fyrr vegna yfirgangsstefnu Sovétmanna. Njósnir þeirra í Atlantshafsríkjunum, kjarnorkukafbátarnir um allan sjó, yfirburðir þeirra á hernaðarsviðinu almennt, — allt þetta kallar á aukna árvekni Vesturlanda gagnvart aðsteðjandi ógnunum.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. forseta fyrir að hann skuli leyfa mér að segja hér örfá orð áður en hann gefur fundarhlé þar sem ég þarf að mæta á áríðandi fundi.

Það er rétt hjá hv. 6. þm. Reykv., að það væri ástæða til að ræða utanríkismál og öryggismál þjóðarinnar almennt oftar og lengur hér á hv. þingi en gert er. Undir þetta má vel taka. Íslendingar voru lengi eins og hálffeimnir við að ræða þessi mikilvægu mál, þangað til allt í einu að þeir fengu meðferð þeirra í eigin hendur og urðu að grípa til sinna ráða. Það má því segja að hv. 1. þm. Reykv. hafi hér velt nokkuð stórum steini úr stað með því að hrinda þessum umr. á veg. Og hún hefur, hv. 1. þm Reykv., unnið meira afrek. Þeim var tíðrætt um það hér, hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 11. þm. Reykv., að hún hefði fallið við kjör á landsfundinum, en ég hygg að í þessum umr. hafi þeir báðir fallið að fótum hennar því svo löngu máli eyddu þeir í sínum ræðum í að skírskota til hennar á einn og annan veg og gera mál hennar að löngu umræðuefni að nánast fór útum víðan völl.

Tilefni þess, að hv. 1. þm. Reykv. kveður sér hljóðs utan dagskrár, er að sjálfsögðu ærið. Þarf ekki að fara mörgum orðum um hinn 30 ára kafbát, sem lenti upp í skerjagarðinn í Svíþjóð, og njósnir þær, sem hinn danski rithöfundur er grunaður um. Það er eftirtektarvert að ferðir þessa kafbáts skuli eiga sér stað einmitt á „hafi friðarins", eins og margir ræðumenn hafa bent á í þessum umr.

Við vitum að það tala margir um frið og það eru friðarhreyfingar hér og þar ofarlega á baugi. Ég efast ekki um að margir af þessum friðarpostulum meina það sem þeir segja. Þeir vilja sannarlega berjast fyrir friði á jörðu. En það eru aftur aðrir sem meina ekki jafnmikið þó að þeir hafi friðarhjal á vörum, sbr. hinn forna talshátt okkar Íslendinga: Fagurt skal mæla, en flátt hyggja. Enn aðrir friðarpostular eru vafalaust þannig gerðir að þeir hafa friðinn á vörum, en eru hið innra glefsandi vargar, eins og einhvers staðar skrifað stendur. Þannig má segja að friðarhreyfingar þær, sem hrærast í heiminum, séu af mörgum og ólíkum toga spunnar.

Það eru ýmsir hér á landi sem tala um frið. Það er því eðlilegt að menn velti nokkuð fyrir sér hvernig þessi mál horfa hérlendis miðað við það sem gerist hingað og þangað úti í heimi. Mig minnir að hv. málshefjandi beindi spurningu til hæstv. utanrrh. eitthvað á þá leið: Hvað er verið að sýsla hér á landi í þessum efnum? Hæstv. utanrrh. svaraði í góðu og greinilegu máli, eins og við munum frá liðnum þriðjudegi, og gerði grein fyrir samvinnu okkar við aðrar þjóðir. Eins og við vitum leggjum við mikla áherslu, m. a. í stjórnarsáttmálanum, á samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar, samstarf í NATO og varnarsamstarf við Bandaríkin. Allt þetta gerði hæstv. utanrrh. greinilega að umtalsefni og gaf svör við þeim spurningum sem til hans var beint.

Við Íslendingar erum auðvitað lítt vanir njósnum og gagnnjósnum þó að vel megi vera að við eigum ýmis góð efni í mjög færa njósnara. Ég er ekki frá því, því að það er

ekki heiglum hent að seilast í frumrit innst innan úr vopnabúri andstæðingsins og geta veifað þeim framan í þingheim. Það er svei mér ekki heiglum hent. En við þurfum sjálfsagt eins og aðrir, þó við séum litlir, fáir, fátækir og smáir, að hyggja nokkuð að öryggi okkar inn á við. Það verðum við að gera. Við höfum nokkuð gott samstarf við Norðurlandaþjóðirnar í ýmsum efnum. Sannleikurinn er sá, að við höfum haft náið samstarf við frændþjóðir okkar og vinaþjóðir á Norðurlöndum allt frá stríðslokum og við höfum yfirleitt átt nokkuð góða samleið í utanríkis- og öryggismálum, allar Norðurlandaþjóðirnar, þó að sumar þeirra hafi ekki valið sömu leið og við.

Við vitum að ágengni njósnara eru engin takmörk sett. Þó að þeir séu sléttir og felldir og fagrir á ytra borði læðast þeir inn og eru áleitnir sem vindurinn og brimið. Við höfum lesið margar sögur um njósnara og margar þeirra sannar, þurfum ekki að draga þær í efa. Það er nóg að minnast á eina, þgar Willy Brandt, sjálfur kanslari Vestur-Þýskalands, var allt í einu kominn með harðsoðinn njósnara upp að hlið sér sem æðsta ráðgjafa. Honum hafði tekist að smjúga upp að hlið kanslarans og verða til þess að hann varð að afsala sér völdum.

Við verðum að játa að það er fátt um varnir gegn njósnum hérlendis. Ég held að við verðum bara að segja það eins og er. Við búum við veikt ríkisvald. Við eigum enga leyniþjónustu né öryggislögreglu. Ef við hyggjum að því, hvernig við eigum að gæta öryggis og sjá fótum okkar forráð, þá verðum við kannske allt að því á saklausan hátt að skírskota til hinnar almennu löggæslu, til útlendingaeftirlitsins, til landhelgisgæslunnar og þeirra ráða annarra sem við höfum sem fámenn og fátæk þjóð til að reyna að sjá fótum okkar forráð í viðsjálum heimi að þessu leyti. Við megum auðvitað ekki gleyma því, að á öllum Íslendingum hvílir landvarnarskylda samkv. 75. gr. stjórnarskrárinnar, þó að um það efni sé oftast nær talað lágt. Ég verð þess vegna að segja að það lætur mig ekki ósnortinn þegar hv. þm. tala um að efla þurfi almannavarnir, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði, að efla þurfi og vinna að bættri landhelgisgæslu, styrkja þurfi löggæsluna almennt o. s. frv. En ég leyfi mér að benda þessum ágætu hv. alþm. á þá staðreynd að það þarf svolítið meira að fylgja þessu en orðin tóm. Það þarf að ýta á þessi málefni. Það þarf að styðja fjárveitingar til þessara mála til að gera okkur öll virkari í því eða ögn færari að verja sjálfstæði okkar og öryggi þótt í litlu sé. Við megum ekki gleyma því heldur, að þegar ég ræði um að þörf sé á að styrkja löggæsluna almennt er lögreglan ekki síður hjálparhella en refsivöndur. Þannig á góð löggæsla að vera hvar sem er.

S. l. þriðjudag kom hér til orða tilskipun nr. 44 frá 1939. Það má vel vera að við getum svolítið búið í haginn fyrir okkur að þessu leyti með því að endurskoða þessa tilskipun sem mælir fyrir um aðgang herskipa og herloftfara erlendra ríkja, er ekki eiga í ófriði, að íslensku forráðasvæði. Á síðasta Alþingi bar hv. 4. þm. Reykv., ef ég man rétt, Benedikt Gröndal, fram till. til þál. um að takmarka aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands og var þessi till. hans samþykkt. Hún er á þá leið, að Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að undirbúa setningu nýrrar reglugerðar um aðgang erlendra herskipa og herflugvéla að 12 mílna landhelgi Íslands til að takmarka svo sem framast verður unnt þann aðgang. Reglugerðin verði í samræmi við væntanlegan hafréttarsáttmála og gefin út sem fyrst eftir að hann verður undirritaður. Það má vel vera að við nálgumst svolítið það takmark að styrkja stöðu okkar í þessum efnum með því að vinna úr þessari þál. og í samræmi við anda hennar, enda þótt hún sé bundin við hafréttarsáttmálann sem enginn veit enn þá hvenær verður endanlega gengið frá. Bæði með því að fylgja fram þessari þál. og í ýmsum öðrum efnum getum við vafalaust bætt stöðu okkar, einnig með því að ráðast í þær ráðstafanir sem frekari rannsóknir, t. d. á njósnunum í Danmörku, gefa tilefni til. Ég verð þó að fallast á þá skoðun, að umfram allt er það, sem við verðum að byggja á, við sem höfum fámenna lögreglu og engan her, er hin almenna löghlýðni borgaranna og árvekni.

Ég held að það sé í raun og veru miklu meiri áhugi orðinn á utanríkis- og öryggismálum meðal landsmanna en við höfum talið. Við mælumst ekki — sem betur fer — einir við, alþm. hér í þingsölum, þegar við ræðum þessi mál. Fréttir af orðræðum okkar hér og deilum berast á öldum ljósvakans og í fréttum fjölmiðla út um landsbyggðina og þar er margt hugsað og lagt út af orðum okkar og jafnvel gripið til þeirra ráða sem nauðsynleg þykja á hverjum tíma ef við stöndum ekki vaktina nógu vel.

Það er ánægjulegt að vera vitni að því hvað eftir annað, að hæstv. utanrrh. er hælt af gervallri stjórnarandstöðunni fyrir góða og örugga meðferð á utanríkismálum. Fagna ég því sannarlega. Það hefur m. a. gert síðasti hv. ræðumaður, 3. þm. Reykn., sem talaði hér áðan. Ég þarf ekki að eyða löngum tíma í að svara hans fsp. Hann getur fengið þau svör, sem hann þarf á að halda, mjög glögg með því að lesa stjórnarsáttmálann einu sinni enn yfir, sérstaklega þann kafla sem fjallar um utanríkismál o. fl.

Hv. 8. landsk. þm. sagði m. a.: Við erum öll til þess kjörin að hugsa um framtíð lands og þjóðar. — Þetta er býsna laglega sagt og ég efast ekki um að þarna fylgi hugur máli. En ég vil aðeins endurtaka að það er ýmislegt sem getur hjálpað okkur Íslendingum í sjálfstæðis- og öryggismálabaráttu okkar, m. a. siðferðisstyrkur þjóðarinnar, sem hér hefur verið gerður að umtalsefni, og einnig hitt, sem ég nefndi áðan, að við ræðumst ekki við einir alþm. um þessi efni. Þjóðin hlustar og heldur vöku sinni og gerir okkur aðvart, ekki síst þegar um grundvallarsjálfstæðis- og öryggismál hennar er að ræða. — [Fundarhlé.]

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil mælast til þess, áður en ég hef mál mitt hér, að forseti geri enn eina tilraun til að kveðja þm. til setu í þessum virðulega sal. (**Forseti:** Sjálfsagt að verða við því.)

Herra forseti. Það er greinilegt að þm. Alþb. hefur þótt mikið liggja við í dag. Þeir röðuðu sér hér á mælendaskrá og töluðu lungann úr deginum, þar af einn þeirra, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, í eina og hálfa klukkustund og var innihald þeirrar ræðu ekki alveg í samræmi við lengdina. Nú hefur mikið þótt liggja við. Það hefur lítið af þeirra hálfu verið talað um það mál sem var megintilefni þess, að þessi umr. utan dagskrár var vakin. Um hvað hefur verið talað? Það hefur verið talað um flest annað.

Hæstv. félmrh., formaður Alþb., kom hér í ræðustól og gerði hvað hann gat til að þvo af sínum flokki stimpil allra samskipta við Sovétríkin og ríki Austur-Evrópu. Það var

hálfgerður kattarþvottur, leyfi ég mér að segja. Ólíkt hafast þeir að núv. formaður Alþb. og forveri hans í því embætti, Lúðvík Jósepsson, sem s. l. sunnudag, 8. nóv., var aðalræðumaður á fagnaði íslenska sovétvinafélagsins í Þjóðleikhúskjallaranum og hefur þar væntanlega og sjálfsagt beðist afsökunar á ýmsu af því sem flokksbræður hans undanfarna daga hafa látið eftir sér hafa í Þjóðviljanum um atburðina í Svíþjóð, — í sænska skerjagarðinum. Ólíkt hafast þeir að núv. og fyrrv. formaður þessa flokks.

Það er annars vegar athyglisvert hversu geysilega þunga áherslu núv. formaður Alþb. lagði á að þvo sovétstimpilinn af Alþb. Það er athyglisvert þegar haft er í huga hversu margir af forustumönnum þessa flokks eru menntaðir í Austur-Evrópu, ýmist í Sovétríkjunum eða Austur-Þýskalandi, fyrir tilstilli, atbeina og tilstuðlan kommúnistaflokka þessara ríkja. Það er gott og blessað þegar hæstv. heilbrmrh. Svavar Gestsson kemur í þennan ræðustól og reynir að þvo þennan stimpil af sér og sínum flokki, en það tekst ekki. Ýmislegt fleira mætti segja í sambandi við ræðu þá sem hæstv. félmrh. flutti áðan, og gefst mér væntanlega tilefni til að víkja að því síðar.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði í einn og hálfan klukkutíma áðan. Um hvað talaði hann? Hann talaði um Menningarstofnun Bandaríkjanna nær allan tímann. Undir lokin vék hann talinu að friðarhreyfingum í Evrópu. Það er greinilegt að talsmenn Alþb. hver á fætur öðrum gera það sem þeir mega — og það gerði hv. þm. Guðrún Helgadóttir hér líka s. l. þriðjudag, — til að beina athyglinni frá þeirri umræðu sem spunnist hefur eftir að Sovétríkin sendu kjarnorkuvopnaðan kafbát til Svíþjóðar, sem strandaði þar svo sem frægt er orðið, og eftir að einn af framámönnum friðarhreyfingarinnar í Danmörku hefur orðið uppvís að því að þiggja fégjafir frá Sovétríkjunum. Nú er allt gert sem unnt er til að beina athyglinni frá þessu. Það er talað um stórveldin. Nú er alltaf talað um stórveldin. Nú hentar ekki lengur að tala bara um Bandaríkin, eins og gert hefur verið til þessa. Nú er alltaf talað um stórveldin og nú er talað um „orðasprengjur" Bandaríkjamanna í Þjóðviljanum, málgagni Alþb. Orðasprengjur! Þær eru nú sem betur fer ekki mjög hættulegar. Það eru hinar, eins og sovéski kafbátur inn var með sem strandaði við strönd Svíþjóðar, sem eru hættulegar. Og hvað gerði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson svo? Jú, hann kemur hér með afar dramatískum tilburðum, beitir því sem ég vildi kalla ódýr „áróðursbrögð", svo ég noti hans eigin orð frá því áðan, og veifar skjölum. Hvaða skjöl skyldu það nú vera? Jú, hann var svo vinsamlegur að afhenda þm. eintak af þessum skjölum. Oft kemur góður þá getið er o. s. frv. Ég var að ræða um það þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veifaði skjölum nú þegar hann gekk í salinn. Hvers konar skjöl eru það og hvers konar ódýr „áróðursbrögð" eru það, svo að notuð séu hans eigin orð, sem eru iðkuð úr þessum ræðustól? Við skulum huga að því aðeins nánar.

Það skjal, sem hér er veifað, er svo merkilegt að það er ekki einu sinni merkt trúnaðarmál. Er þó vitað að mörg ríki og ekki síst stórveldin hafa það fyrir sið að merkja velflest skjöl trúnaðarmál, jafnvel þó ekki sé minnsta ástæða til þess. Það skjal, sem hv. þm. veifaði hér hvað mest, er greinargerð og rökstuðningur með fjárveitingabeiðnum. Þetta er svipað og fjvn. fær frá hreppsnefndunum á Hofsósi og Suðureyri og víðar þegar þessar sveitarstjórnir senda fjvn. sín erindi. Þetta er plaggið. Það er kannske ástæða til að víkja að ýmsu því í þessu skjali sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sá ekki ástæðu til að þýða eða geta um í ræðu sinni.

Auðvitað kemur engum á óvart að Menningarstofnun Bandaríkjanna, en frá henni mun þetta plagg vera runnið og er raunar þriggja ára gamalt, sé hér með margvíslega starfsemi. Það hafa allir vitað. Sú starfsemi fer fram fyrir opnum tjöldum. Þegar þessi stofnun er að senda rökstuðning með sínum fjárveitingabeiðnum gerir hún auðvitað ekki minna úr sinni starfsemi en efni standa til, eykur þar áreiðanlega heldur við. (**ÓRG:** Hefur þm. farið í boðsferð til Bandaríkjanna?) Þm. hefur ferðast til Bandaríkjanna, bæði á eigin vegum og í boði þarlendra stjórnvalda, og telur sig töluvert fróðari eftir þá ferð. Ég átti þess kost m. a. að ræða við „kollega" hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, háskólaprófessor, hagfræðinga og stjórnmálafræðinga. En við skulum ræða um þetta, hv. þm., með venjulegum þinglegum hætti hér. (Gripið fram í.) Ég var að segja að ég hef farið ferð í boði bandarískra stjórnvalda. Það er mér engin launung. Ég skammast mín síður en svo fyrir það og tel mig töluvert fróðari eftir þá ferð. Ég geri ráð fyrir að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem er ötull ferðamaður eins og alþjóð veit, hafi aldrei farið í boði eins eða neins til útlanda. Það væri fróðlegt að fá rifjað upp hver hefur kostað hans friðarferðir út um víða veröld. Hann skýrir kannske frá því hér í ræðustól. Það væri vissulega fróðlegt. Það væri gaman að heyra svör við því, heyra hann telja upp hverjir hafa staðið straum af hans mörgu ferðalögum víðs vegar um veröldina.

En við skulum víkja talinu að ýmsu úr þessari leyniskýrslu sem hann var búinn að boða fréttamönnum, að mér skilst, að hann mundi veifa hér í dag og að þeir skyldu vera vakandi fyrir stórfréttum úr þessum ræðustól. Við skulum sjá hvað segir hér. Það segir á bls. 7 í þessu skjali að auðvelda skuli Bandaríkjamönnum að meta menningararfleifð Íslendinga með því að styrkja samskipti safna, með því að styrkja það að söfn skiptist á sýningargripum. Þetta er eitt af því sem upp er talið hér. Og það er hægt að fletta þessu áfram: Auðvelda á Listasafni Íslands að senda málverk á sýningu til Minnesotalistasafnsins. — Þetta er náttúrlega þjóðhættuleg starfsemi, það gefur auga leið. Síðar segir á bls. 8: Menningarstofnunin óskar eftir fjárveitingum til þess að geta keypt bækur í bókasafn stofnunarinnar. — Ég skil vel að hv. þm. vilji ekki hlusta á þessa upptalningu, enda taldi hann ekki við hæfi að lesa þetta þegar hann var að veifa þessu plaggi áðan. Þetta var ekki í þeirri þýðingu sem hann las fyrir þm. Það er talað hér um að beina bókakaupum bókasafnsins í þá átt að það geti betur komið íslenskum háskólastúdentum að gagni, miðað við þá bókalista sem háskóladeildir gefa út fyrir stúdenta, þannig að þeir eigi kost á því að afla sér þessara bóka m. a. þar.

Svona mætti áfram telja. En þetta er auðvitað hreint aukaatriði í þessu máli þó svo að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi kosið að setja hér á svið eins konar áróðursleiksýningu og veifa með dramatískum tilburðum þessu skelfilega ómerkilega plaggi í rauninni, sem er ekkert annað en rökstuðningur með fjárveitingabeiðni fyrir starfsemi sem allir vita að á sér stað.

En hann talaði um að stórveldin, og þá hentaði honum að nota fleirtöluna, væru hér með margs konar starfsemi

af þessu tagi. Við skulum aðeins huga nánar að því. Ef þessi starfsemi Bandaríkjanna er svona þjóðhættuleg, sem ég hef minnst hér á nokkrum orðum og snýr einkum að ýmiss konar viðleitni á sviði menningar- og menntamála, m. a. að beita sér fyrir aðstoð við að bæta enskukennslu hér, hvað þá um starfsemi sem hv. þm. gat engum skýrslum veifað hér um og fram fer á vegum sovéska sendiráðsins hér? Við skulum aðeins huga að því.

Þá kemur kannske fyrst til að athuga hve mikinn mannafla hin erlendu sendiráð hafa til að sinna þessari starfsemi sem er auðvitað viðurkenndur hluti af starfsemi sendiráða hvar sem er og engin ný bóla. Jú, við skulum líta á bandaríska sendiráðið sem hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni varð svo tíðrætt um. Þær tölur, sem ég nefni hér, eru fengnar frá utanrrn. í morgun.

Á vegum bandarísku sendriráðsins eru hér 7 svokallaðir „diplómatar", 4 eiginkonur þeirra, 12 aðrir starfsmenn og þar af eru tveir með maka. Þetta eru sem sagt 23 manns. En hvað með sovéska sendiráðið? Það eru 88 sovéskir ríkisborgarar á vegum sendiráðsins hér á Íslandi. Þar af eru 15 skráðir „diplómatar", meira en helmingi fleiri en í nokkru öðru sendiráði. Væntanlega eru afköst þeirra eða framleiðni, ef nota má það orð í þessum efnum, helmingi meiri en nokkurs annars sendiráðs. Það eru 15 „diplómatar" og það eru 24 Sovétborgarar sem sinna öðrum störfum í sendiráðinu. Hver þau eru veit ég ekki. Það eru skráðar 35 eiginkonur sem margar hverjar starfa einnig að hluta til í sendiráðinu, og síðan eru á skrá hjá utanrrn. 14 börn og unglingar. Alls eru þetta 88 sovéskir borgarar sem hér eru á vegum sovéska sendiráðsins.

Auðvitað hlýtur sú spurning að vakna: Hverjum störfum sinnir þetta fólk? Hvers vegna þarf sovéska sendiráðið helmingi fleiri skráða „diplómata" en nokkurt annað sendiráð? Frakkar eru hér með 6 skráða „diplómata" og einn starfsmanna annan, samtals 7, Sovétríkin eru með 39 „diplómata" og aðra starfsmenn, Bandaríkjamenn með 7 „diplómata" og 12 aðra starfsmenn, Bretar með 3 „diplómata" og 2 aðra starfsmenn og Kínverjar með 7 „diplómata" og 13 aðra starfsmenn. Þetta eru athyglisverðar tölur. Satt að segja er mér alveg óskiljanlegt hvers vegna sovéska sendiráðið á Íslandi þarf allan þennan mannafla. Ég held að það ætti að vera sjálfsögð krafa okkar að fara þess á leit við hæstv. utanrrh. að hann geri ráðstafanir til þess og tilkynni Sovétríkjunum að Íslendingar óski ekki eftir að hér séu í sendiráði þeirra fleiri starfsmenn en eru í öðrum erlendum sendiráðum, t. d. hjá Kínverjum, Bandaríkjamönnum og Frökkum. Það er engin ástæða til þess að þetta eina sendiráð sé helmingi mannfleira en nokkurt annað. Fyrir þessu hljóta að liggja einhverjar skýringar, sem ekki er auðvelt að koma auga á. En ég held að þarna eigum við að gera kröfu um að verði breyting á.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fór hér mörgum orðum um vankunnáttu og fáfræði annarra þm. Það getur vel verið að hann lifi í þeirri trú að hann einn þm. fylgist með þessum málum og viti um þau, hann talar a. m. k. ákaflega oft þannig. En sú er ekki raunin. Það eru fleiri sem fylgjast með þessum málum en hann. Hins vegar þótti Alþb. svo mikið við liggja í dag að þm. þess röðuðu sér á mælendaskrá hér lungann úr deginum til að tryggja það, og til þess talaði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson í hálfan annan tíma, að á þessum megin- og aðalfundartíma þingsins kæmust ekki aðrir ræðumenn að. Þetta er auðvitað eitt af því sem þeir Alþb.-menn kalla lýðræðisleg vinnubrögð, geri ég fastlega ráð fyrir.

Það er ekki aðeins eðlilegt, heldur er það nauðsynlegt, að þessi mál séu rædd á Alþingi Íslendinga í ljósi þeirra atburða sem verið hafa að gerast að undanförnu. Þar á ég auðvitað fyrst og fremst við þann alvarlega atburð sem gerðist í Svíþjóð þegar hinn aldurhnigni kafbátur sigldi af „hafi friðarins" upp í kálgarða þeirra Svía hlaðinn kjarnorkuvopnum, á bannsvæði sænska flotans. Síðan gerðist það að einn af framámönnum svokallaðrar friðarhreyfingar í Danmörku, einnar greinar þeirrar hreyfingar, verður ber að því að hafa þegið fégjafir Sovétríkjanna. Sjálfsagt er ekki nema lítið vitað um það mál enn sem komið er. Á þar áreiðanlega fleira eftir að koma í ljós og víðar þegar þau mál verða könnuð betur. Þetta hlýtur að snerta okkur og við hljótum að þurfa að meta stöðu okkar að nýju í ljósi þessara staðreynda.

Það hefur mikið verið talað um Norðurlöndin sem kjarnorkuvopnalaust svæði að undanförnu. Norðurlöndun eru og hafa verið kjarnorkuvopnalaust svæði. Um það er ekki ágreiningur. Norðurlöndin hafa verið kjarnorkuvopnalaust svæði, nema þann tíma sem hinn sovéski kafbátur var strandaður á sænsku landi. Þá voru kjarnorkuvopn á Norðurlöndum. Þetta er athyglisverð staðreynd. Auðvitað breytir sú staðreynd hugsanagangi manna og vangaveltum um þessi mál þegar það kemur í ljós að Sovétríkin vopna 30 ára gamla kafbáta með tundurskeytum sem búin eru kjarnaoddi. Það gerbreytir þeirri mynd sem menn hafa áður gert sér af þessum málum, því að satt best að segja mun menn ekki hafa órað fyrir þessu. M. a. segir sérfræðingur um þessi mál, Peter Wallensten, sem nú er gistiprófessor við háskólann í Michigan í Bandaríkjunum, en er þekktur og óumdeildur rannsókna- og vísindamaður á sviði friðarrannsókna, sem skandinavar svo kalla:

„Þessi atburður er í beinni mótsögn við allar yfirlýsingar Sovétríkjanna fram til þessa. Það finnst enginn samsvarandi atburður sem gerst hefur í líkingu við þetta og þetta kemur til með að hafa mjög víðtækar afleiðingar." — Hann segir enn fremur í viðtali við sænska blaðið Dagens Nyheter: „Fyrsta ályktunin, sem af þessu ber að draga, er að allar hugleiðingar um kjarnorkuvopnalaust svæði verða af tæknilegum ástæðum mjög erfiðar í framkvæmd eftir þetta. Spurningarnar vakna: Eru allir kafbátar Sovétríkjanna af þessari gerð búnir kjarnorkuvopnum? Nú hefur valdajafnvægið breyst:"

Önnur spurning, sem Peter Wallensten segir að hljóti að vakna í þessu sambandi, er: Hver er tilgangur Sovétríkjanna með þessu? Hver er tilgangur Sovétríkjanna með því að sigla kjarnorkuvopnavæddum kafbáti inn á bannsvæði hlutlausrar þjóðar? Við getum velt því fyrir okkur hvað þessi kafbátur hafi verið að gera þarna.

Sú skýring, sem Sovétríkin hafa gefið á ferðum kafbátsins, er auðvitað svo barnaleg, klaufaleg og mér liggur við að segja heimskuleg að engu tali tekur, að kafbáturinn hafi villst vandsiglda leið milli skerja. Í blöðum á Norðurlöndum hefur verið látið að því liggja að hugsanlega hafi þessi kafbátur verið að koma fyrir fjarstýrðum kjarnorkusprengjum sem síðan væri unnt að sprengja þegar Sovétmönnum hentaði. Þetta er eitt af því ógnarlega sem mönnum hefur dottið í hug að þessi kafbátur væri að gera þarna. Annað, sem menn hafa leitt líkur að að kynni að hafa verið erindi kafbátsins, var að koma

fyrir hlustunartækjum á hafsbotni til þess að fylgjast með ferðum sænskra kafbáta.

Blöð á Norðurlöndunum eru yfirleitt sammála um það, að hvað sem kemur út úr þeirri leit sem Svíar gera nú neðansjávar á því svæði sem kafbáturinn fór um, — þeir eru að tínkemba það svæði, — þá verði ekki sagt frá því vegna þess að auðvitað kæra þeir sig ekkert um að Sovétmenn viti hversu mikið þeim tekst að vita um tilgang strandferða þeirra. En þessi för sovéska kafbátsins, sem íslenskir kommúnistar kjósa að gera að algeru aukaatriði í allri þessari umr., var ekki farin í góðum tilgangi. Við skulum vona að hún hafi ekki verið farin í þeim tilgangi að koma þar fyrir kjarnorkusprengjum, en hver veit um það. Um það vita Sovétmenn einir og þeir kjósa að svara engu eins og venjulega um þetta friðarins haf sem þeir svo kalla.

Við skulum ekki gleyma því, að tvískinnungurinn og hræsnin, sem einkennt hafa málflutning Alþb.-manna hér á landi um langt skeið, hafa líka einkennt málflutning Sovétríkjanna. Málflutningur Alþb.-manna í sölum Alþingis um utanríkismál hefur lengst af verið bergmál af stefnu Sovétríkjanna, og flestallt, sem þeir hafa hér sagt um þau efni, hefur verið hallt undir Sovétríkin. Það er nú á þessu ári sem breyting hefur orðið. Nú skríða þeir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og fleiri þangað sem hentast þykir. Nú eru það friðarhreyfingarnar, sem eru af mörgum rótum runnar, sem eiga að skýla þeim og þeirra raunverulega málstað. Nú hentar að fara undir pilsfald kirkjunnar og hefði einhverjum einhvern tíma þótt tíðindi.

Það er ekki nýtt að málflutningur Alþb.-manna og Alþb. sé hallur undir Sovétríkin. Það hefur gerst alla tíð. Alþb. er beinn arftaki Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins sem á sínum tíma var arftaki Kommúnistaflokks Íslands. Allar götur síðan 1930 hefur það gilt um utanríkisstefnu Kommúnistaflokksins fyrst, síðan Sameiningarflokks alþýðu — Sósíalistaflokksins og svo Alþb. að hún hefur verið bergmál af stefnu Sovétríkjanna og hún hefur verið höll undir Sovétríkin. Við skulum byrja á Kommúnistaflokknum 1930.

Það eru sömu mennirnir sem hafa stjórnað öllum þessum samtökum. Þegar Lúðvík Jósepsson, fyrrv. formaður Alþb., flytur ræðu Sovétríkjunum til lofs og dýrðar á Mír-fagnaði í Þjóðleikhúskjallaranum er það auðvitað gert í beinu framhaldi af sögulegum tengslum Kommúnistaflokksins, Sameiningarflokks alþýðu og Alþb., en sá ágæti maður hefur starfað í öllum þessum þrennum samtökum. Auðvitað er það líka staðreynd, að þeir, sem stjórnuðu Kommúnistaflokki Íslands og Sósíalistaflokknum, kjarninn þar, hafa verið kommúnistar. Þetta hefur verið sami kjarninn þótt þrisvar hafi verið breytt um nafn. 1930 voru kommúnistar með hlutleysi. Þá töldu þeir þátttöku Íslands í Þjóðabandalaginu vera svívirðu. Þá voru Sovétríkin sömu skoðunar.

1937 voru kommúnistar gegn hlutleysi. Þá vildu þeir bandalag gegn nasistum og fasistum. Sovétríkin vildu þetta. Hvað vildu íslenskir kommúnistar þá? Þeir vildu gera varnarbandalag við stórveldin og þeir vildu að Ísland gengi í Þjóðabandalagið. Blaðinu var snúið við af því að Sovétríkin sneru blaðinu við. Þetta var 1937.

1941 réðust Þjóðverjar á Rússa og þá var hlutleysi Sovétríkjanna úr sögunni. En hvað gerðist þá með íslenska kommúnista? Þá snerust þeir gegn hlutleysi. Þá mátti skjóta frá Íslandi ef það kæmi Sovétríkjunum að gagni. Þau orð verða lengi í minnum höfð og þau geta íslenskir kommúnistar og arftakar þeirra aldrei af sér skafið.

Hvað gerðist 1946, að styrjöldinni lokinni? Þá fengu Rússar áhuga á hlutleysi að nýju, — hlutleysi vissra ríkja, nota bene. Þá fá íslenskir kommúnistar áhuga á hlutleysi að nýju og vilja gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir samstarf Íslendinga við önnur lýðræðisríki.

En hvað gerðist 1956? Þá eru Sovétríkin á móti hlutleysi Ungverjalands. Hver var hengdur fyrir að vilja hlutlaust Ungverjaland? Nagy. Hvað gerðu íslenskir kommúnistar 1956? Þeir felldu hlutleysistalið. Þá var ekki talið hentugt að tala um að varnarliðið færi. Og nú situr Alþb. í fjórðu ríkisstj. sem ætlar sér að hafa varnarliðið hér áfram.

Enn hófst ný hlutleysissókn 1959 og hún stendur kannske enn til þess að reyna að ná Íslandi úr Atlantshafsbandalaginu.

Það er hverjum manni ljóst sem skoðar söguna, að utanríkisstefna íslenskra kommúnista, hvað sem þeir hafa kallað sig, hvort sem þeir hafa kallað sig Alþb., Sameiningarflokk alþýðu eða kommúnista, hefur verið endurspeglun stefnu sovétstjórnarinnar. Hún er það ekki í dag með eins áberandi hætti og verið hefur, en hún er það engu að síður í orði og verki.

Það er ýmislegt fleira sem til mætti taka í þessu sambandi. En víst er að þeir atburðir, sem nú hafa gerst, breyta allri umræðu um þessi mál á Norðurlöndunum. Umræðan er komin í annan farveg. Það er auðvitað þess vegna sem Alþb.-menn kappkosta nú að tala um stórveldin. Auðvitað er það eðlilegt. Nú á að beina athyglinni frá Sovétríkjunum. Út á það hefur öll umr. í dag gengið. Það er það sem er á bak við það sem hefur verið að gerast í þessum ræðustól í dag af hálfu Alþb. Það er verið að beina athyglinni að því sem hentara þykir. Við skulum líka koma að þeim málum á eftir. En hver getur tekið alvarlega tal Sovétríkjanna núna um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum? Allt slíkt tal er auðvitað marklausar blekkingar, hræsni og sýndarmennska.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir ræddi í ræðu sinni á þriðjudaginn um fjárstuðning við friðarhreyfingar. Það fannst mér athyglisverður kafli ræðu hennar. Hún sagði þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Menn tala hér um fjárstuðning við friðarhreyfingar. Mér vitanlega er engin friðarhreyfing hér í þessu landi orðin til á borð við ýmsar þær sem hafa verið stofnaðar erlendis. Ekki hef ég hugmynd um hvort Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna hafa einhvern tíma fengið peninga frá útlöndum. Aldrei hef ég orðið vör við það og hef ég verið félagi í þessum samtökum mjög lengi.“ — Síðan hélt hún áfram: „En ég man ekki betur en fyrir nokkrum árum viðurkenndu íslenskir jafnaðarmenn að þeir hefðu þegið peninga frá „kollegum“ sínum í Svíþjóð. Ég hef ekki heyrt hingað til að það eigi að draga þá fyrir lög og dóm fyrir það.“

Hvers vegna kýs hv. þm. að draga nafn Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna inn í þessa umr.? Það er mér nokkur furða. Hefur hún ástæðu til að ætla að þessi samtök njóti með einhverjum hætti stuðnings erlendis frá? Gæti verið að formaður þessara samtaka væri launaður starfsmaður sendiráðs Sovétríkjanna? Gæti það verið? Gæti fjárstuðningur hugsanlega verið í þeirri

mynd? Hún víkur að því, að íslenskir jafnaðarmenn hafi viðurkennt að hafa fengið fjárstuðning frá jafnaðarmönnum á Norðurlöndum. Alþjóðlegt samstarf jafnaðarmanna hefur ekki verið neitt pukursmál. Alþfl. er aðili að Alþjóðasambandi jafnaðarmanna. Alþfl. fékk nokkurn styrk frá norrænum jafnaðarmönnum. Það var aldrei neitt pukursmál. Frá því var greint opinberlega. Það varð til þess að Alþingi bannaði íslenskum aðilum að þiggja slíka aðstoð. Gott og vel. Að þeim lögum hefur Alþfl. farið. En þegar nafn samtaka eins og Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna er af þm. Alþb. dregið inn í þessa umr. með þessum hætti vakna auðvitað ýmsar spurningar. Auðvitað er margt í þessum efnum sem ástæða er til að velta fyrir sér. Það er ástæða til að efast og það er ástæða til að spyrja margra spurninga þó að svör fáist kannske ekki við þeim öllum. En hvernig er starfsemi þessara samtaka fjármögnuð? Það væri vissulega fróðlegt að fá svör við því. Það væri líka fróðlegt að vita eitt og annað um peningaumsvif þeirra sem gefa út Fréttir frá Sovétríkjunum á Íslandi. Það væri fróðlegt að fá að sjá reikninga fyrir því, hverjum er greitt, hve mikið, fyrir hvað. Það væri fróðlegt að vita eitt og annað um fjárhagsleg umsvif sovéska sendiráðsins og ýmissa fyrirtækja hér sem annast viðskipti við Austur-Evrópu. Það væri vissulega fróðlegur lestur. Hvernig skyldi t. d. standa á því, að þegar íslensk kaupskip koma til Sovétríkjanna er íslenskum skipafélögum gert að greiða hér í banka í íslenskum krónum hafnargjöld, losunar- og lestunargjöld. Þau gjöld, sem falla á íslensk kaupskip í höfnum í Sovétríkjunum, eru greidd í íslenskum krónum í íslenskum bönkum. Hvað verður um þá peninga þar á eftir er væntanlega hulið svokallaðri bankaleynd. Sjálfsagt fara þeir peningar allir úr landinu aftur. Það er áreiðanlega engin ástæða til að efast um það. En það eru vissulega margar spurningar sem vakna og það er vissulega margt sem ástæða væri til að fá nánari skýringar á.

Við höfum talað hér um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndunum. Þau orð úr munni Sovétmanna eru marklaus hér eftir sem hingað til. Þegar fulltrúar Sovétríkjanna tala um þetta er eingöngu verið að tala um Norðurlönd. En þegar við erum að tala um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, gott og vel, hvað eigum við þá við? Þá viljum við auka öryggi þeirra sem búa á þessu svæði. Hvernig getur það gerst? Það getur gerst með þeim hætti, að yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum að alþjóðalögum yrði þáttur af stærra máli sem tæki til Evrópu allrar og þá ekki þeirrar Evrópu sem Sovétríkin tala um vegna þess að sú Evrópa nær aðeins að landamærum Sovétríkjanna. Hún nær ekki austur að Úralfjöllum, eins og hinn gamli landfræðilegi skilningur á því, hvað Evrópa er, er hjá flestum. Nei, Sovétríkin undanþiggja sitt landssvæði og víghreiðrið á Kólaskaga, en hvergi í veröldinni er saman komið annað eins magn morðtóla og drápstækja og á Kólaskaga, við þröskuld Norðurlanda, við bakdyr Norðurlanda, ef svo mætti að orði komast. Þetta er ekki í myndinni. Það, sem Sovétríkin og talsmenn þeirra hér hafa verið að tala um mörg umliðin ár, hefur verið einhliða afvopnun. Enn tala margir þeirra friðarhópa í Evrópu, sem hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni varð svo tíðrætt um áðan, um einhliða afvopnun, — ekki allir, það er alveg rétt. En það er fyrst núna sem Samtök herstöðvaandstæðinga og Alþb. tala um meira en einhliða afvopnun. Fram til þessa hefur öll þeirra umræða og allt þeirra tal snúist um einhliða afvopnun. Það er núna á þessu ári, það er núna síðsumars sem þetta hefur verið að breytast vegna þess að hitt þykir ekki handhægt lengur, hentar ekki. Það er talað um stórveldin og aftur stórveldin núna vegna þess að það þykir best henta.

Ýmsir hv. þm., þ. á m. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hafa gert hér að umtalsefni aukafund Allsherjarþingsins sumarið 1978 þar sem fjallað var um afvopnunarmál. Þau hafa rætt um kjarnorkuvopnalaus svæði sem koma við sögu í ályktun þessa fundar. Þau hafa hins vegar bæði tvö látið undir höfuð leggjast að geta þess, að á þessum fundi Allsherjarþingsins lýstu Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin yfir að þau mundu ekki beita kjarnorkuvopnum gegn ríkjum sem hefðu heitið því að verða sér ekki úti um kjarnorkuvopn. Bandaríkin, Bretland og Sovétríkin lýstu því yfir á þessu aukaþingi Allsherjarþingsins, sumarið 1978, sem fjallaði um afvopnunarmál, að þau mundu ekki beita kjarnorkuvopnum gegn ríkjum sem hefðu heitið því að verða sér ekki úti um kjarnorkuvopn. Hver hefur brotið þetta samkomulag? Hvaða ríki fór með kjarnorkuvopn inn í landhelgi hlutlauss ríkis, inn í landhelgi ríkis sem hefur ekki nein kjarnorkuvopn? Það eru Sovétríkin sem hafa rofið þá samþykkt sem gerð var á aukafundi Allsherjarþingsins sumarið 1978. Þetta ættu menn að hafa í huga og þ. á m. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Eina ríkið, sem hefur brotið þá samþykkt, sem þar var gerð, og rofið þann sáttmála, sem þar var gerður, er Sovétríkin. Það er vissulega umhugsunarefni og ekki síst fyrir okkur Íslendinga.

Nýlega hefur verið birt á vegum Sameinuðu þjóðanna skýrsla sem til er orðin fyrir frumkvæði Norðurlandanna, — skýrsla um afvopnunarmál. Þessa skýrslu hafa 27 sérfræðingar á þessu sviði unnið í framhaldi af aukaþinginu um afvopnunarmál sumarið 1978. Þessi skýrsla verður væntanlega rædd á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á þessu hausti. Þar kemur ýmislegt athyglisvert fram. Auðvitað greinir okkur ekki á um að við viljum berjast gegn kjarnorkuvopnum og vígbúnaði. Um það er ekki nokkur minnsti ágreiningur. En okkur greinir á um hvar við eigum að berjast og hvernig við eigum að bera okkur til.

Þeir Alþb.-menn virðast vera þeirrar skoðunar, að Vestur-Evrópa eigi hér að ganga á undan og afvopnast, þá muni allt verða gott af sjálfu sér. Ég er á allt annarri skoðun. Einhliða afvopnun er hættuleg, ekki aðeins öryggi okkar, heldur öryggi allra lýðfrjálsra ríkja í Vestur-Evrópu. Við eigum að berjast fyrir afvopnunarmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Þar eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálarnar eins og við höfum gert. Við eigum að vera raunsæ. Við eigum að horfa á þann veruleika sem er í kringum okkur. Það getur verið gott að láta sig dreyma, en það getur líka verið hættulegt. Einn daginn kunna menn eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að vakna upp við vondan draum. Vonandi á það ekki fyrir honum né öðrum að liggja. — Okkur greinir sem sagt á um það, hvernig við eigum að bera okkur til við að ná þessu markmiði.

Í skýrslu Sameinuðu þjóðanna, sem ég var að víkja að og samin er að frumkvæði Norðurlandanna, — það var Svíi, Inga Thorson, sem var formaður þessa sérfræðingahóps, — þar kemur fram að hvernig svo sem á málið er litið, ekki aðeins út frá sjónarmiði hættunnar, óttans og ógnarinnar, þá sé það hagkvæmt fyrir öll ríki

veraldar að afvopnast. Það er efnahagslega hagkvæmt. Á það er hægt að færa beinar sönnur og um það þarf ekki að deila. Vígbúnaðurinn hefur neikvæð áhrif á hagvöxt, verðbólgu, atvinnustig, alþjóðaviðskipti og varðveislu heilnæms umhverfis, svo að nokkuð sé nefnt. Það er lögð rík áhersla á það í þessari skýrslu Sameinuðu þjóðanna, að sú fullyrðing, að afvopnun hljóti að leiða til atvinnuleysis í iðnvæddu ríkjunum, sé röng. Vissulega verða þær iðngreinar, sem fást við vígtólaframleiðslu og framleiðslu hernaðartækja, að fá aðlögunartíma. Auðvitað eru allir sammála um að afvopnun gerist ekki á einni nóttu. Hún gerist á löngum tíma. Við skulum líka hafa hugfast hversu gífurlegir fjármunir eru hér í húfi. Við skulum hafa það í huga, að í fyrra var varið 500 milljörðum dollara til vígbúnaðar í veröldinni. Þetta svarar til verðmætis um það bil 6% af allri framleiðslu í veröldinni. 6% fara til vígbúnaðar. Þetta eru óhugnanlegar tölur. Þetta er nítjánföld sú upphæð sem vestræn ríki verja til aðstoðar þróunarlöndunum, Austur-Evrópuríkin gera hins vegar ekki mikið af slíku. Ef vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram að vaxa eins og það hefur gert er líklegt að þessi upphæð verði orðin 900 milljarðar Bandaríkjadala eftir 19 ár, árið 2000. Við skulum hafa í huga að 50 millj. manna í veröldinni eru beint eða óbeint í tengslum við störf sem hafa hernaðarlegan tilgang. Í þessari tölu eru 25 millj. manna sem eru hermenn, sem eru undir vopnum í veröldinni. Það eru 10 millj. í varaliðssveitum og 4 millj. borgara sem starfa á skrifstofum í varnarmálaráðuneytum eða við starfsemi tengda þeim. Það eru 500 þús. vísindamenn og tæknimenn sem eingöngu vinna að rannsóknum á hernaðarsviði og að þróun vígtóla, og það eru a. m. k. 5 millj. manna sem hafa beina atvinnu af framleiðslu vopna og vígbúnaðar. Útgjöld til hernaðarrannsókna og tækniþróunar í herbúnaði eru talin hafa verið á árinu 1980 u. þ. b. 35 milljarðar dollara. Þetta er 1/4 þeirra upphæðar sem varið er til allra rannsókna í veröldinni. Og þessir 500 þús. vísindamenn og tæknimenn eru u. þ. b. 20% allra starfsmanna á þessu sviði í veröldinni.

Í þessari Thorson-skýrslu, sem svo er kölluð og verður til umræðu núna á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, eru settar fram ýmsar tillögur til ríkisstjórna aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Það er lögð áhersla á að ríkisstjórnir láti vinna og birta skýrslur sem sýna efnahagslegan og félagslegan kostnað sem er samfara vígbúnaðarkapphlaupinn. Þessu er ekki hvað síst beint til stærstu herveldanna. Þar að auki er lögð áhersla á að ríkisstjórnirnar láti vinna gögn til að sýna fram á hvað mætti vinna á sviði félagsmála og efnahagsmála með því að verja þessu fjármagni á annan hátt. Og það er skoðun þessarar sérfræðinganefndar að vígbúnaðarkapphlaupið eins og það er sé ekki til þess fallið að auka öryggi í veröldinni, sé þvert á móti sóun á auðlindum og sóun á fjármagni. Þá er lagt til í þessari skýrslu, að ríkisstjórnir hefji þegar í stað undirbúning þess að breyta hernaðarframleiðslunni í venjulega framleiðslu og gefi Sameinuðu þjóðunum skýrslu um árangur þeirrar viðleitni.

Nú má auðvitað spyrja sem svo: Eru tillögur í þessa átt yfirleitt raunhæfar? Þeir sérfræðingar, sem sömdu þessa skýrslu, eru yfirleitt í mikilvægum stöðum hver í sínu landi. Þeir voru tilnefndir af ríkisstjórnum landa sinna. Það er vert að leggja á það ríka áherslu, að í þessari sérfræðinganefnd áttu sæti fulltrúar bæði Bandaríkjanna og Sovétríkjanna og niðurstöður þær, sem ég hef nú vitnað til, niðurstöður þessa sérfræðingahóps, voru samhljóða.

Vissulega eigum við að berjast fyrir afvopnun, eins og ég hef áður sagt, en við eigum fyrst og fremst að gera það á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og við eigum að horfast í augu við veruleikann. Sovéski kjarnorkuvopnaði kafbáturinn, sem strandaði við strönd Svíþjóðar, er hluti þess raunveruleika sem við verðum að horfast í augu við, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þeir, sem vilja einhliða afvopnun lýðræðisríkjanna, eru beinlínis að þjóna hagsmunum og utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Það held ég að sé kjarni þessa máls.

Það er auðvitað ekki nýtt, eins og ég hef rakið í ræðu minni, að saman fari stefna Alþb., hverju nafni sem það kýs að nefna sig á hverjum áratug, hvort sem það eru kommúnistar, Sameiningarflokkur alþýðu eða Alþb., og utanríkisstefna Sovétríkjanna. Þetta höfum við reynt hér í gegnum tíðina. En það er ekki sú stefna sem við eigum að sameinast um að vinna að. Við eigum vissulega að gera það sem við getum til að stuðla að friði og afvopnun í veröldinni, en við eigum jafnframt að gera það þannig að það sé raunveruleg afvopnun, en ekki einhvers konar sýndarmennska. Við eigum ekki aðeins að gera kröfur til annars aðilans, eins og venja er til þegar þessi mál eru til umr. Við eigum að gera kröfur til þeirra beggja. Á þann eina hátt náum við því markmiði, sem við viljum keppa að, að draga úr þeirri hættu, sem er á kjarnorkustyrjöld, og því, að slíkum vopnum verði beitt. Það gerum við best með því að vinna innan þeirra alþjóðasamtaka þar sem við getum beitt okkur.

Efling atvinnulífs á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 92). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þáltill. (þskj. 79). — Ein umr.

Flm. (Jón Þorgilsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 79 svofellda tillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að leggja fyrir næsta Alþingi frv. um breyt. á lögum um tekju- og eignarskatt, þar sem tekjuskattur verði afnuminn af almennum launatekjum."

Á undanförnum árum hefur farið fram mikil umræða um tekjuskattinn, kosti hans og ókosti. Fjöldamargir fundir félaga og flokka hafa samþykkt mikinn fjölda ályktana og tillagna þar sem þess er óskað eða krafist, að tekjuskattur sé ýmist lækkaður stórlega eða afnuminn með öllu. Þessi umr. er ekki óeðlileg, þar sem tekjuskatturinn, eins og hann er nú, snertir hagsmuni svo til hvers einasta vinnandi manns í landinu og veldur að margra dómi miklu misrétti meðal fólks.

Höfuðtilgangur allrar skattheimtu er að afla fjár í sameiginlega sjóði landsmanna og færa fjármuni milli þegnanna til jöfnunar. Það síðarnefnda á alveg sérstaklega við um stighækkandi skatta eins og tekjuskatt. Tekjuskatturinn eins og aðrir skattar er vissulega leið til tekjujöfnunar. En hann er ekki það tæki til jöfnunar sem sumir kunna að halda, heldur þvert á móti. Hann er beinlínis valdur að miklu meira misrétti en hægt er að

sætta sig við. Hafi tekjuskatturinn einhvern tíma verið leið til tekjujöfnunar virðast þær forsendur ekki vera lengur fyrir hendi nema þá að litlu leyti.

Nú vill svo til í okkar þjóðfélagi að fyrir hendi eru ýmsar leiðir til jöfnunar á aðstöðu fólks, fyrst og fremst almannatryggingakerfið, ódýr eða ókeypis opinber þjónusta, t. d. í heilbrigðismálum og skólamálum, niðurgreiðsla á almennum neysluvörum, trygging lágmarkstekna, barnabætur og persónuafsláttur til greiðslu á útsvari. Það, sem hér hefur verið nefnt, eru allt miklu árangursríkari leiðir til tekjujöfnunar en sá stighækkandi tekjuskattur sem við nú búum við.

Ekki virðist óeðlilegt að spurt sé: Við hvað er átt með orðunum almennar launatekjur? Í þeirri till., sem hér er til umr., er átt við að almennar launatekjur séu sama fjárhæð og rauntekjur meiri hluta launafólks og sambærilegar tekjur hjá öðrum en launþegum. Tekjuskatturinn í núverandi mynd virðist koma þyngst niður á fólki með meðaltekjur eða ríflega það. Þetta fólk virðist eiga hvað erfiðast með að inna þessar álögur af hendi, að ekki sé nú minnst á þá sem eru að byggja yfir sig eða greiða skuldir vegna íbúðarkaupa.

Stundum heyrist raunar að fólk eigi ekki að leggja það ofurkapp sem margir hafa gert á að eignast íbúð, heppilegra sé að búa í og byggja svokallaðar félagslegar íbúðir. Félagslegar íbúðir eru góðar út af fyrir sig og jafnvel bráðnauðsynlegar að vissu marki. En það er mikið talað um skort á íbúðarhúsnæði um þessar mundir. Farsælasta og jafnframt fljótvirkasta leiðin til úrbóta í því efni er að nýta það afl og þann vilja sem í einstaklingunum býr til að eignast eigin íbúð kvaðalaust. Allir þekkja mörg dæmi um það, að fólk og alveg sérstaklega ungt fólk hefur lagt á sig mikla vinnu til tekjuöflunar í þeim tilgangi að eignast eigin íbúð og jafnvel neitað sér um flest það sem telst til svokallaðra lífsgæða til að ná settu marki. Þessu fólki hefur tekjuskatturinn oft verið fjötur um fót. Það kemur engum vörnum við. Því meira sem menn afla, því harðara sem menn leggja að sér, því gífurlegri verður skattheimtan vegna þessa háa og stighækkandi tekjuskatts.

Nú eru nýir kjarasamningar launafólks á næsta leiti. Eins og oft áður er mikið talað um nauðsyn þess að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Æðimörgum sýnist þó ekki svigrúm til mikilla kjarabóta. Helst staðnæmast menn við einn þátt öðrum fremur, þ. e. lækkun skatta. Þær eru orðnar æðimargar samþykktirnar sem búið er að gera, þar sem farið er fram á að tilteknar tekjur verði undanþegnar tekjuskatti, og fylgir þá með að í því felist verulegar kjarabætur launaþegum til handa. Eitt nýjasta dæmið í þessa átt mun vera samþykkt um að undanþiggja tekjuskatti yfirvinnu við fiskvinnslu.

Enginn vafi er á því, að stighækkandi tekjuskattur dregur úr framtaki manna og vinnuvilja. Þegar svo er komið að meira en önnur hver króna, sem aflað er, fer í opinber gjöld fara margir að hugsa sig um hvort það borgi sig að vera að vinna. Þessa hugsunarháttar verður víða vart. Þjóðfélagsgerð, sem beinlínis leiðir til hugleiðinga um það, hvort borgi sig að vinna, er ekki viðunandi, hvorki vegna þeirra einstaklinga, sem þannig hugsa, og ekki síður vegna þess að svona hugsunarháttur er skaðlegur fyrir þjóðfélagið í heild, ekki síst vegna þess að oftast er það dugmesta fólkið sem á í hlut. Af mörgum ókostum við háan og stighækkandi tekjuskatt — og hér hefur nokkurra verið getið — er þó sá ótalinn sem er verstur. Það er sá möguleiki sem allt of margir hafa til að koma sér undan þessum skattgreiðslum og raunar ákveða skatta sína sjálfir án tillits til raunverulegra tekna.

Það er alkunna að margir eru haldnir þeirri árátttu að koma sér undan því að greiða gjöld í sameiginlega sjóði. Aðstaða manna til raunverulegra framkvæmda í þessu efni er ákaflega misjöfn. Þetta þekkja allir og því ætti ekki að vera þörf á að fara þar um mörgum orðum. Því er ekki að neita, að vegna þessa aðstöðumunar m. a. hefur tekjuskatturinn oft verið nefndur launamannaskattur. Ekki er við hæfi að ganga fram hjá því, að af hálfu stjórnvalda hefur ýmislegt verið gert til að reyna að draga úr undanskotum frá tekjuskatti. En árangurinn af öllu því starfi og þeim kostnaði, sem því fylgir, hefur orðið sorglega lítill. Ég held að allar ríkisstjórnir á síðustu tveimur áratugum a. m. k. hafi haft á sinni stefnuskrá að auka aðhald með skattgreiðslum, herða skatteftirlit og þyngja refsingar fyrir brot. Þrátt fyrir öll fögur fyrirheit í þessu efni hefur lítið miðað í réttlætisátt. Ég tel því að rétt væri af þessari ástæðu einni að reyna að breyta um stefnu og koma efni þessarar till. til framkvæmda og fækka skattgreiðendum þar með verulega.

Skattheimta er aldrei vinsæl athöfn og flestir eru þeirrar skoðunar, að skatttar þeirra séu allt of háir. Óvinsælastur af öllum sköttum mun tekjuskatturinn þó vera. Ástæðan er vafalaust það misrétti sem menn telja að viðgangist og eru æðioft fundvísir á dæmi um slíkt. Af þessari ástæðu er eðlilegt að draga úr þessari skattheimtu.

Undanfarin tvö ár hafa farið fram miklar umr. um 59. gr. tekjuskattslaganna. Sýnist sitt hverjum um hversu réttmæt ákvæði hennar séu og þá ekki síður um framkvæmd hennar. Ef efni þessarar till. nær fram að ganga er skoðun mín á því sú, að ákvæði 59. gr. séu að mestu óvirk og ágreiningurinn um ákvæði hennar og framkvæmd ætti þar með að vera úr sögunni, a. m. k. að mestu leyti.

Þótt tekjuskatturinn hafi ekki þungt vægi miðað við heildartekjur ríkissjóðs er flm. ljóst að nái efni hennar fram að ganga er líklegt að einhverjir telji að það tekjutap, sem ríkissjóður verði fyrir með framkvæmd hennar, verði hann að fá bætt með öðrum hætti. Þessi till. gerir einmitt ráð fyrir þeim möguleika, þar sem áhrif af samþykkt hennar koma ekki til framkvæmda fyrr en á árinu 1983.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessari till. verði vísað til hv. allshn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa margsinnis á undanförnum árum flutt hér á Alþingi frv. til l. sem ganga út á efni þessarar till. til þál., nefnilega afnám tekjuskatts af almennum launatekjum. Því miður hafa þær hugmyndir ekki enn náð fram að ganga.

Oft hefur verið um það fjallað, hvernig það megi vera að jafnaðarmannaflokkar hafi lagt áherslu á þetta efni svo tekjujafnandi sem tekjuskatturinn hljóti að vera. Alþýðuflokkurinn íslenski er raunar alls ekki sá fyrsti af jafnaðarmannaflokkum sem lagt hafa áherslu á þetta. Sá talsmaður jafnaðarmanna í Evrópu, sem fyrstur hóf umræður um þetta, mun vera Trygve Bratteli, fyrrv. forsrh. í Noregi. Hann lagði raunar grundvöllinn að röksemdarfærslu í þessa veru, nefnilega þann að þegar þjóðfélagsgerðin öll hefði breyst eins og hefur gerst bæði hér í Skandinavíu og víðast hvar í Vestur-Evrópu á

undanförnum áratugum, þá þjónaði tekjuskatturinn alls ekki því jöfnunarhlutverki sem honum var ætlað í upphafi.

Þessar röksemdir hafa verið margraktar á undanförnum árum og hv. flm. kom raunar að þeim í sínu framsöguerindi. En kjarni málsins og ástæðan fyrir því, að jafnaðarmenn hafa lagt áherslu á þetta mál og í raun og veru snarskipt um skoðun frá því sem var fyrir 10—15 árum, er einnig sú — á þetta lagði hv. flm. einnig áherslu og mig langar til að undirstrika það enn frekar — að tekjuskatturinn hér á Íslandi er nær eingöngu launamannaskattur. Ástæður fyrir því, sem hann nefndi, eru mismunandi aðstæður manna til undanskota frá skatti, til skattsvika. Þessu hefur auðvitað verið marglýst bæði hér á hinu háa Alþingi og víðar í þjóðfélagsumræðum á undanförnum árum. En einhvern veginn hefur það verið svo, að sitjandi valdakerfi á hverjum tíma hefur verið feimið og viljalaust að kveða upp úr með aðferðir til að vinna gegn skattsvikum.

Ég er sammála hv. flm. um að það, hversu tekjuskatturinn hér á Íslandi hefur komið ójafnt niður og að hann hefur verið skattur launamanna fyrst og fremst, er mjög veigamikil, ef ekki höfuðröksemd fyrir því að stíga það spor að afnema tekjuskatt af almennum launatekjum, hvernig svo sem þær eru skilgreindar. Það er auðvitað vandasamt mál og þarf að vera víðtækara og nákvæmara en gert er ráð fyrir í þessari grg. Þetta er sagt til þess að minna á það, að á undanförnum árum hafa verið flutt — ekki till. til þál., heldur beinlínis lagafrv. sem lotið hafa að þessum efnum, en hafa ekki náð fram að ganga. Engu að síður er full ástæða til að fagna fram kominni till. til þál. og vona að þar komi að þetta mál nái fram að ganga.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vildi láta í ljós að mér finnst þetta vera góð till. til þál. Ég vil einnig, eins og hv. síðasti ræðumaður, lýsa því yfir, að okkar flokkur, Sjálfstfl., hefur á sinni stefnuskrá að tekjuskattar verði afnumdir af almennum launatekjum svo að það virðist nú vera nokkuð góður hópur hér innan Alþingis sem hefur þetta á sinni stefnuskrá. Hins vegar er ég ekki bjartsýn á að það takist að fá núv. hæstv. ríkisstj. til að setja lög eða flytja frv. um þetta efni. En ég vildi lýsa stuðningi mínum við þessa fram komnu tillögu.

Flm. (Jón Þorgilsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið undir efni þeirrar till. sem ég flutti. Þetta er ekkert frumlegt mál eins og hér kemur fram. Það er rétt, að það er margbúið að ræða þetta. Ástæðan fyrir því, að mörgum er illa við tekjuskattinn í núverandi mynd, er kannske fyrst og fremst sú, eins og ég gat um áðan, að hann hefur verið talinn fyrst og fremst launamannaskattur. Það hefur verið reynt að mæta væntanlega því meinta misrétti, sem menn hafa talið að þessi skattlagning ylli, með ákvæðum 59. gr. sem ég ætla ekki að fara að þylja hér hvernig eru. Sú lagagrein hefur verið mjög til umr. á hv. Alþingi undanfarin ár og er mjög óvinsæl af mörgum, sérstaklega framkvæmd hennar.

Ástæðan fyrir því, að ég flutti þessa till., er sú, að ég vildi nota það tækifæri sem mér gafst hér að koma þessu áhugamáli mínu á framfæri. Ég tel að við getum komið skattamálum okkar fyrir með betri hætti en að vera að leggja á tekjuskatt sem flestir eru sammála um að sé ranglátur og erfiður í framkvæmd. Ég vil gjarnan láta það koma fram, að skoðun mín á þessu máli byggist kannske ekki síst á því, að ég vann við það í fjöldamörg ár að leggja á þennan skatt og hef því kannske séð miklu fleiri dæmi um það en mér þykir gott, hvað hann er ranglátur og hefur komið misjafnt niður.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Eins og fram hefur komið vænti ég þess, að það sé hér í hv. Alþingi meiri hl. fyrir að breyta þessum rangláta skatti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það með öðrum þeim, sem hafa talað hér í dag, að sú umr., sem nú fer hér fram, er góðra gjalda verð. Hún er gagnleg fyrir margra hluta sakir. Hún hefur upplýsingagildi. Hún er skoðanaskipti á milli manna sem hafa ólíkar skoðanir á friði, friðarsókn, afvopnun og fleira er snertir utanríkismál þessarar þjóðar.

Ég skrifaði fyrir nokkrum dögum stutta grein í eitt af dagblöðunum hér í Reykjavík og sagði þar m. a., með leyfi forseta:

„Alþb. hefur frá upphafi barist gegn dvöl bandarískra varnarliðsins hér á landi og krafist úrsagnar úr Atlantshafsbandalaginu. Í samstarfsyfirlýsingu núverandi ríkisstj. segir m. a. svo á síðustu bls.: „Þar eð ríkisstjórnarflokkarnir hafa ekki samið um stefnuna í utanríkismálum, verður í þeim efnum fylgt áfram óbreyttri grundvallarstefnu og verður þar á eigi gerð breyting nema samþykki allra ríkisstjórnarflokkanna komi til. Það skal þó tekið fram, að Alþb. er andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvöl hersins í landinu. Ekki verða heimilaðar nýjar meiri háttar framkvæmdir á yfirráðasvæði varnarliðsins."

Enginn einn þáttur í starfi Alþb. á undanförnum árum hefur þjappað liðsmönnum þess eins rækilega saman og stefna flokksins í utanríkis- og varnarmálum. Það er þó ljóst, að í núverandi stjórnarsamstarfi hefur þessi stefna flokksins beðið skipbrot og andstæðingar varnarliðsins og NATO í flokknum eru mjög ósáttir við framkvæmd samstarfsyfirlýsingarinnar. Ástæðurnar eru margar en þessar helstar: (**Utanrrh.:** Hvaða stjórnarsáttmáli er þetta?) Þetta var stjórnarsáttmáli síðustu ríkisstj. (**Utanrrh.:** Núverandi.) Núverandi hæstv. ríkisstj. (**Utanrrh.:** Það var og.)

„1. Alþb. tók þátt í myndun ríkisstj. sem hefur óbreytta stefnu í utanríkismálum, þ. e. viðurkennir varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna án nokkurra áforma um breytingar og telur öryggi Íslands best tryggt með aðild að Atlantshafsbandalaginu.

2. Yfirlýsingin um að heimila ekki nýjar meiri háttar framkvæmdir á yfirráðasvæði varnarliðsins hefur reynst marklaust pappírsgagn. Frá því að stjórnin tók við hefur verið unnið að meiri háttar framkvæmdum á varnarsvæðinu fyrir milljónir króna, og enn meiri framkvæmdir eru fyrirhugaðar.

3. Alþb. er komið í hreina úlfakreppu vegna afstöðunnar til smíðar nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli svo að unnt reynist að aðgreina umsvif varnarliðsins og almennt farþegaflug. Það er erfitt fyrir „hernámsandstæðinga" í Alþb. að verja þessa afstöðu, enda öllum

heilvita mönnum mikill ami að óbreyttu ástandi.

Þeir eru því margir Alþb.-mennirnir sem telja að flokkurinn hafi svikið ein veigamestu grundvallarstefnumið flokksins. Flokksforustan með Svavar Gestsson og Ólaf Ragnar Grímsson í broddi fylkingar gerir sér þessar staðreyndir ljósar. Til að hylma yfir þær og beina athyglinni í aðra átt hefur flokkurinn tekið upp baráttu fyrir kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum og starfi friðarhreyfingarinnar. Sú barátta getur þó ekki leynt þeirri staðreynd, að Alþb. hefur kokgleypt fyrri yfirlýsingar í varnarmálum, eins og Ólafur Jóhannesson utanrrh. var búinn að spá."

Vegna þessa og þessara staðreynda hélt hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tveggja klukkustunda ræðu hér á þingi í dag. Vegna þeirra staðreynda, að Sovétmenn hafa gerst sekir um að vera í landhelgi hlutlauss lands, Svíþjóðar, með kjarnorkukafbát til njósna, hélt hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson u. þ. b. tveggja klukkustunda ræðu í dag um friðarhreyfinguna og um skýrslu, sem hann veifaði hér, eða skýrslur, sem hann taldi að væru hin mestu leyndarmál og gögn sem mundu koma illa við þá menn sem hefðu komið þeim skýrslum á framfæri. Þessa ræðu flytur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson á sama tíma og blaðið Fréttir frá Sovétríkjunum birtir eftirfarandi yfirlýsingu, með leyfi forseta:

„Þjóðir Evrópulanda! Berjist gegn staðsetningu nýrra bandarískra kjarnorkueldflauga á landsvæði Vestur-Evrópu. Friðarsinnar! Margfaldið krafta ykkar í helgri baráttu fyrir hinum æðsta rétti — réttinum til lífsins. Verið þar af leiðandi fylgjandi því, að nifteindavopn og önnur gereyðingarvopn verði bönnuð! Kjarnorkustyrjöld — nei!"

Ég held, að við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson höfum tekist á um þessi mál kannske meira en góðu hófi gegnir, m. a. vegna þess að í hjarta okkar erum við sammála. Við erum sammála eins og menn geta orðið sammála um nokkurn hlut. Við viljum frið og við viljum afvopnun. En okkur greinir á um gífurlega veigamikinn þátt og það eru þær leiðir sem fara skal til afvopnunar.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kom heim af friðarþingi á Álandseyjum fyrr á þessu ári og var þá mikið niðri fyrir. Hann lýsti því yfir, að íslenska ríkisstj. ætti tafarlaust að taka undir þær kröfur sem komið hefðu fram í hinum norrænu löndum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Hann gaf því engan gaum né gætur, sem utanrrh. Svíþjóðar var að uppgötva í dag, að Norðurlönd eru umkringd kjarnorkuvopnum. Hann talaði ekki orð um það, að á Kólaskaga er eitt mesta kjarnorkuvopnabúr veraldar — ekki bara Evrópu, heldur veraldar. Hann sagði þá ekki orð um að Sovétmenn hafa kjarnorkuvopn meðfram öllum landamærum Finnlands og Sovétríkjanna og þeir eru sannarlega með kjarnorkuvopn á Eystrasalti. Þar hafa þeir svokallaða venjulega kafbáta, 60 stykki 365 daga á ári. Þar að auki er vitað um a. m. k. 3—4 kjarnorkukafbáta sem þar eru, en kannske eru kjarnorkukafbátarnir 63—64.

Hv. þm. Ólafur Ragnar minntist ekki heldur á að einn mesti úthafsfloti veraldar, floti Sovétmanna, sem búinn er kjarnorkuvopnum, siglir nær daglega frá Kólaskaga niður með Noregsströndum og út á Atlantshaf. Hann minntist ekki heldur á að kjarnorkuknúnir kafbátar Sovétmanna eru á ferðinni milli Íslands og Grænlands nær hvern einasta dag. Ekkert af þessu nefndi hann. Hann talaði um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Nú hafa Svíar rekið sig á að yfirlýsing um hlutleysi er tiltölulega lítils virði. Ég minnist þess, að ég sat einu sinni ráðstefnu úti í Kaupmannahöfn þar sem voru tveir sænskir herforingjar sem lýstu varnareldflaugakerfi Svía. Þeir voru spurðir að því, úr því að Svíar væru hlutlaus þjóð, í hvaða átt varnareldflaugarnar stefndu. Þessu vildu þeir ekki svara. Þá sagði einn úr hópi spyrjenda: Úr því að þið eruð hlutlausir hljóta ykkar eldflaugar að beinast beint upp í loft. Þessu varð hershöfðinginn að neita og viðurkenna að eldflaugarnar, „varnareldflaugarnar", beindust í austur.

Ég hef stundum sagt við ágæta flokksbræður mína í Svíþjóð að mér þætti gæta nokkurs „dobbelmórals" í utanríkisstefnu þeirra. Svíar berjast manna harðast fyrir afvopnun, en þeir eru einhverjir mestu vopnasalar veraldar. Þeir hafa m. a. bannað sölu á leikfangavopnum, en um leið selja þeir manndrápsvopn út um allar trissur. Hlutleysi Svía byggist m. a. á því, að þeir eru í samstarfi Norðurlandaþjóða þar sem þrjár þjóðir eru aðilar að varnarbandalagi.

Herra forseti. Nú skyldi enginn taka orð mín svo að ég hafi á nokkurn hátt nokkuð á móti hinni svokölluðu friðarhreyfingu. Ég tel eingöngu að hún berjist ekki með réttum vopnum. Ég tel að hún hafi ekki lagt nægilega mikla áherslu á gagnkvæma afvopnun, á tvíhliða afvopnun og á þátt Sovétríkjanna í þessu máli. Það er nefnilega ekki hægt að fara friðargöngur inn á Rauðatorg, og þær hafa ekki verið friðsamlegar, göngurnar sem þar hafa farið fram að undanförnu.

Ég yrði manna síðastur til að mæla gegn friðarumleitunum, mæla gegn afvopnun. Ég er líklega einn af fáum mönnum á hinu háa Alþingi sem hef orðið vitni að og upplifað stríð heilan mánuð, í Víetnam 1967. Ég hef séð hörmungar stríðs og ég hef séð hvað stríð er ægilegt. Þess vegna skyldi ekki nokkur maður leyfa sér að fullyrða við mig að ég hafi ekki áhuga á friði. En ég vil að sú friðarumræða, sem á sér stað, fari fram á jafnréttisgrundvelli.

Í blaðagrein fyrir nokkrum dögum skrifaði prestur nokkur ágæta samlíkingu um hvernig þessi tvö ríki, stórveldin með kjarnorkuvopnin, höguðu sér. Hann segir, með leyfi forseta:

„Tökum dæmi til þess að lýsa þessu nánar. Tveir svarnir óvinir hittast skyndilega í herbergi með tvær hlaðnar byssur. Vegna þess að aðstæðurnar eru jafnhættulegar fyrir báða aðila samþykkja þeir að telja upp að þremur og henda síðan byssunum út um gluggann. Byrjað er að telja, en þegar talið hefur verið upp að þremur standa báðir með byssurnar í höndunum vegna þess að þeir treysta því ekki, að andstæðingurinn hendi byssunni frá sér, þrátt fyrir samkomulagið. Þeir óttast þannig að andstæðingurinn standi upp að lokum uppi með yfirburðaaðstöðu."

Hér erum við kannske komnir að mikilvægum kjarna þess máls sem við erum að tala um. Mennirnir tveir með skammbyssurnar í herberginu eru stórveldin með kjarnorkusprengjurnar, vígvélarnar, eldflaugarnar, sem treysta ekki hvort öðru. Hvorugur þorir að kasta byssunni út um gluggann. Það, sem ég hef óttast, sagt og skrifað um, er einfaldlega að það er of mikil tilætlunarsemi að krefjast þess, að annar aðilinn, í þessu tilviki Vestur-Evrópa, kasti byssunni út um gluggann.

Ég vil minna menn á að það hefur verið friður í Evrópu frá heimsstyrjöldinni síðari með þremur undantekning-

um. Hverjar eru þessar undantekningar? Þær eru Austur-Þýskaland, Ungverjaland og Tékkóslóvakía. Þessar undantekningar eru í Austur-Evrópu, en ekki Vestur-Evrópu. Svo koma menn og segja að við eigum að treysta Sovétríkjunum skilyrðislaust til þess að þau muni sjálfkrafa leggja niður vopn, fjarlægja eldflaugar sínar og kjarnorkusprengjur bara ef þeir í vestrinu geri það. Ég segi: Þetta er rangt. Það, sem friðarhreyfingin þarf að gera, er að knýja stórveldin tvö til þess að setjast niður og byrja að semja. Önnur aðferð er ekki fær. Það er ekki á valdi nokkurrar þjóðar einnar utan þessara tveggja stórvelda að finna einhverja „patentlausn" á afvopnunarvandanum.

Ég hef margminnt á það í skrifum og ræðum að einhliða afvopnun Norðurlanda, einhliða yfirlýsing um kjarnorkuvopnalaus svæði, er auðvitað fjarstæðukennd. Fullyrðingar um, að þetta komi að gagni, eru út í hött. Þegar sósíaldemókratar á Norðurlöndum hafa talað um kjarnorkuvopnalaus svæði á Norðurlöndum hafa þeir gert það og um leið sagt að það væri byrjun á miklu stærra verkefni, það væri byrjun á því verkefni að afvopna Evrópu, þá ekki Vestur-Evrópu eingöngu, heldur Austur- og Vestur-Evrópu. Eftir að umræður um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd fóru verulega af stað gerðu menn ráð fyrir að Sovétríkin mundu koma til móts við Norðurlandaþjóðirnar og lýsa yfirr m. a. að þau væru tilbúin að flytja á brott eitthvað af SS-20 eldflaugum sínum, en það gerðist ekki. Novosti-fréttastofan lýsti því þvert á móti yfir eftir Brésnev að Kólaskagi gæti aldrei fallið undir kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd.

Herra forseti. Ég verð að bæta því við, að það er ekkert undarlegt þó að Evrópubúar séu uggandi þessa dagana eftir að hafa heyrt fréttir af orðum Bandaríkjaforseta. Hann hefur flutt svo fádæma klaufalegar yfirlýsingar og ótrúlega vanhugsaðar um, að kjarnorkustríð hljóti að verða háð í Evrópu, að engu tali tekur. Þessi orð lýsa þvílíku skilningsleysi á afstöðu Evrópumanna til styrjalda að það er rétt eins og maðurinn kynni að hafa verið ríkisstjóri í Kaliforníu og aldrei komið til Evrópu.

En ég vil þá víkja, herra forseti, að sérkennilegum viðbrögðum þeirra forustumanna Alþb., sem ég nefndi hér áðan, við kafbátsstrandinu í Svíþjóð. Í helgarblaði Þjóðviljans 7. og 8. nóv. svara spurningum hæstv. félmrh. Svavar Gestsson, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds svo og hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Pétur Reimarsson. Það, sem kemur mér sérstaklega á óvart við svör þessara manna, er hvað þau eru samstillt. Það er rétt eins og þeir hafi hringt sig saman áður en þeir voru spurðir spurninganna til að geta svarað í svipuðum dúr.

Mig langar, með leyfi forseta, að fá að lesa hluta af svari hæstv. heilbrmrh. Svavars Gestssonar. Þar segir hann:

„Sú staða, sem nú virðist liggja fyrir, að Sovétmenn búi gamla kafbáta kjarnorkuvopnum, er staðfesting á því í fyrsta lagi, að smáþjóðirnar þurfa að gæta sín ef þær eiga að halda lífi í þessum darraðardansi, og í öðru lagi, að yfirlýsingum stórveldanna um friðarvilja er jafnan vart að treysta.

Að undanförnu höfum við lagt megináherslu á nauðsyn þess að efla skilning á þeim hættum, sem stríðsógninni fylgja. Þessi hætta er í nábýli við okkur þar sem er bandarískra herstöðin, og menn hafa í vaxandi mæli gert sér ljóst hver hætta getur verið samfara henni."

Þarna er hæstv. ráðh. þegar kominn að herstöðinni á Keflavíkurflugvelli, en hann fordæmir ekki gagngert Sovétríkin fyrir framferðið.

En þar kemur að einn af forustumönnum Alþb. talar hreint út, og ég held að sá maður meini það sem hann segir. Hvers vegna? Vegna þess að hann var við nám nokkuð lengi í Austur-Þýskalandi og hann þekkir herramennina þarna fyrir austan. Ég held að þessi hæstv. ráðh. sé raunverulega að átta sig á því, að þar eru ekki á ferðinni þeir menn sem hann hafði reiknað með í æsku sinni. Þessi hæstv. ráðh. segir, með leyfi forseta, — þetta er Hjörleifur Guttormsson:

„Þetta mál hefur að sjálfsögðu yfirskyggt allt annað hér erlendis síðustu tvær vikur" — hann er þá staddur í Svíþjóð — „og hlýtur að hafa víðtæk áhrif á viðhorf manna og festa í sessi tortryggni í garð Sovétríkjanna. Lakari auglýsingu en njósnir og grófustu íhlutun gegn hinni hlutlausu Svíþjóð gátu Rússar ekki fengið og er það vissulega maklegt sjálfskaparvíti. Njósnakafbátur með kjarnorkuvopn á flæðiskeri í landhelgi Svíþjóðar á sama tíma og ellihrumt öldungaveldi í forustu Sovétríkjanna raðar sér upp á grafhýsið á Rauða torginu 7. nóv., þar sem skriðdrekar skrölta fram hjá, er táknrænt fyrir niðurlægingu og eymd stórveldisins í austri sem eitt sinn kveikti vonir í hugum róttækra manna um betri tíð. Sú sýn hefur fyrir löngu snúist í andhverfu sína með grímulausu einræði, og sú efnahagskreppa, sem nú ríður húsum einnig austantjalds, bætir þar ekki úr skák," sagði Hjörleifur að lokum.

Herra forseti. Ég held að það þurfi raunverulega ekki að fara fleiri orðum um það traust sem menn bera til Sovétríkjanna í þeim umræðum sem nú fara fram um kjarnorkuvopnalausa Evrópu.

Ég hefði gjarnan viljað fara nokkrum fleiri orðum um makalausa ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Honum er eitt sérstaklega tamt og hann er mjög hæfur að því leytinu, að hann getur sett upp með litlum fyrirvara ótrúlegar sýningar, alveg makalausar sýningar, sem fáum þm. hefur tekist. Þetta skal ég virða við hv. þm. Hann talaði langt mál hér í dag. Hann talaði í tvær klukkustundir til að koma boðskap sínum á framfæri. Hver var kjarninn og hvert var aðalatriðið í ræðu hans? Það var að koma okkur í skilning um að stórveldin beittu ýmsum miður heppilegum ráðum til að hafa áhrif á óbreytta þm., blaðamenn, embættismenn, háskólakennara og fleiri. Þeir útbyggju sem sagt gögn og áætlanir um hvernig þeir skyldu eyða peningum til að draga þessa ágætu menn um borð í flugmóðurskip einhvers staðar í nágrenni Ítalíu, sem mundi hafa geysileg áhrif á þá, líklega þá í þá veru að þeir yrðu hlynntari Bandaríkjunum eftir en áður. En kjarninn í öllu hans máli var sá, að hann hefði komist yfir tvær geysilega mikilvægar skýrslur sem skiptu sköpum í þessu máli öllu saman og sýndu fram á og sönnuðu hvers konar bolabrögðum Bandaríkjamenn beittu í því skyni að hafa áhrif á hugarfar lítilsigldra Íslendinga. Hann gat þess ekki að vísu, að það væri flestum mönnum hér inni kunnugt að stórveldin beita slíkum aðferðum í ríkum mæli og væri ekkert öðru betra í þeim efnum.

Ég hefði haft gaman af því, ef hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefði séð sér fært að vera hér í sæti sínu í kvöld, að benda honum á að Íslendingar beittu ekkert ósvipuðum aðferðum þegar þeir voru að færa út landhelgi sína í 200 mílur. Þá var sett upp „slagplan", þá var sett upp áætlun og fjármagn til að fá hingað til lands blaðamenn

og koma upplýsingum á framfæri erlendis um íslenskan málstað vegna þess að við vildum fá erlenda menn á okkar band. Kemur það mönnum á óvart yfir höfuð að ríki, stórveldi, noti þessar aðferðir? Eru menn hissa á því?

En hv. þm. Ólafur Ragnar hafði komist að hinum mikla leyndardómi. Það voru skýrslurnar. Hann veifaði þeim hér og það var mjög leikrænt hvernig hann veifaði gulri skýrslu, Country Plan for Iceland 1978—1979. Það er ekki eins „dramatískt" þegar ég nú veifa þessari skýrslu. Þetta er Country Plan for Iceland 1981. Það er ekki meiri leynd yfir þessum plöggum en svo, að þau er hægt að fá með lítilli fyrirhöfn. Country Plan for Iceland 1981 er ég hér með í höndunum. Ég las þessa skýrslu heima í kvöldmatarhléi. Þetta er tiltölulega greinargóð og raunsæ skýrsla um ástand mála hér á Íslandi, sérstaklega um afstöðu Íslendinga gagnvart varnarliðinu. Ég verð að segja eins og er: Ég er steinhissa á hvað þeir menn, sem skrifa þessa skýrslu, eru raunsæir. En hér eru líka tölur um það og upplýsingar um hvað gera þurfi til að koma á framfæri skoðunum Bandaríkjanna. Það er ekkert í þessari skýrslu sem kemur mér á óvart.

Stóra bomban sprakk, ég veit ekki hvort hún sprakk einu sinni með hvelli, en hún sprakk engu að síður, og sá, sem sprengdi hana, hefur ekki fyrir því að vera hér í kvöld og þykir mér það sýnu lakara. (**Gripið fram í:** Hann hefur kannske meitt sig.) Það gæti verið að hann hefði brennt á sér fingurna.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þetta mjög langt mál, en áður en ég lýk því verð ég líklega að undirgangast það, að mér hefur orðið á í messunni, að hafa tekið upp úr öðrum stjórnarsáttmála, sem Alþb.-menn hafa skrifað upp á, en ekki núv. ríkisstjórnar. Bið ég forláts á því. En sá fyrirvari, sem er í núverandi stjórnarsáttmála, er mjög lítið breyttur og í eðli sínu sá hinn sami. Það er viðurkennd sérstaða Alþb. til NATO og varnarliðsins og talað um að ekki verði heimilaðar neinar meiri háttar framkvæmdir, ef ég man það rétt. En hæstv. utanrrh. getur auðvitað leiðrétt það á eftir ef hann vill. Þá væri og gaman að heyra frá hæstv. utanrrh., ef hann vildi nú upplýsa okkur um það, hvernig staðið hefur verið við þetta ákvæði, að ekki hafi orðið neinar meiri háttar framkvæmdir á varnarsvæðinu frá því að núv. ríkisstj. tók við. Það væri gaman að heyra um flugskýli, um breytingar á flugbrautum og fleira af því tagi.

Ég hefði viljað spjalla lengi við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson um tilraunir stórveldanna til að hafa áhrif á einstaklinga hér. Ég vil benda honum á að t. d. Vestur-Þjóðverjar bjóða þm., embættismönnum og blaðamönnum gjarnan á Kielarvikur. Þeir hafa við okkur mikið menningarsamstarf og eyða í það umtalsverðum fjárhæðum. Austur-Þjóðverjar bjóða alls konar fólki á Eystrasaltsvikur og hafa við okkur menningarsamskipti og eyða í það umtalsverðum fjárhæðum. Kínverskir sendimenn leika knattspyrnu við stráka úti á Melum. Hver áhrif hefur það að mati hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar veit ég ekki, en það kann að hafa ill áhrif. Ég hefði líka viljað venda mínu kvæði í kross varðandi þennan hv. þm. og spyrja hann hvaða tilgangi þjónaði ýmis fræðsla hans í félagsfræðideild Háskóla Íslands og ýmislegt sem stendur í kennslubókum sem þar eru notaðar, — en þarna kemur hann og ekki vonum fyrr.

Ég var, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrir nokkrum mínútum að geta skýrslunnar sem hv. þm. veifaði á leikrænan hátt í dag. Þessi er að vísu frá 1981. (Gripið fram í.) Skýrsla hv. þm. var frá 1978—1979. Ég var að benda á að m. a. Vestur-Þjóðverjar bjóða mönnum á Kielarvikur, þingmönnum, embættismönnum og blaðamönnum, og hafa mikil menningarsamskipti við okkur og búa ábyggilega til svona skýrslur. Sama gera Austur-Þjóðverjar. Það heita Eystrasaltsvikur og þar eru menningarsamskipti talsverð. Ég benti líka á að Kínverjar léku fótbolta við stráka á Melunum. Hvort það hefur svipuð áhrif og það sem hv. þm. Ólafur Ragnar nefndi hér í dag veit ég ekki. (**ÓRG:** Varla svipuð og nótt um borð í flugvélamóðurskipi.) Ég er ekki almennilega með á nótunum, hvort meira hefur staðið í skýrslunni um þessar nætur, á hvaða hátt þær höfðu svona mikil áhrif á þá menn sem höfðu farið um borð í þessi skip. Ég hef ekki farið þangað og get því ekki borið vitni um það, en kannske geta það einhverjir hér inni.

Ólafur Ragnar talaði mikið um lýðræðið. Hann sagði að það væri lýðræðislegur réttur manna í Evrópu að fara út á götur og mótmæla, fara í friðargöngur. Undir þetta tek ég með honum. Þennan rétt erum við að vernda, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Þennan rétt verndum við m. a. með því að koma í veg fyrir, að Sovétríkin og þjóðir Austur-Evrópu fái meiri völd í hernaðarlegum tilgangi eða í hernaðarlegu skyni en þau hafa. Það er m. a. þessi helgi réttur sem ég vil að þjóðir Vestur-Evrópu verji og tryggi um ókomna tíð. Ég er ekki viss um að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fengi að tala í rúmlega tvær klukkustundir ef Sovétmenn næðu þeim völdum sem þeir gjarnan vildu ná í Vestur-Evrópu.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson bar saman Suður-Ameríku og þann samning sem þar hefur verið gerður um kjarnorkuvopnalaus svæði. Það er gjörsamlega fráleitt að bera saman þann samning, sem gerður hefur verið á milli Suður-Ameríkjuríkja, og þær yfirlýsingar, sem nú er krafist að Evrópuþjóðir gefi, að það tekur engu tali. Suður-Ameríkuríki eru eins og sakir standa af landfræðilegum ástæðum ekki hernaðarlega mikilvæg. Það er m. a. þess vegna að slíkan samning um kjarnorkuvopnalaus lönd Suður-Ameríku er hægt að gera og undirrita. Þessi samanburður er því algjörlega út í hött.

Hv. þm. sagði hér í dag og hefur raunar sagt það áður, að margir áhrifamenn á Norðurlöndum vildu ekki hafa Ísland með þegar talað væri um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Hv. þm. veit auðvitað að í öllum herbókum er Ísland talið hafa allt aðra stöðu en þjóðirnar á meginlandinu. Til þess liggja svo augljósar ástæður að ekki þarf einu sinni að benda á þær.

Ég hef leyft mér að tala og skrifa nokkuð um afskipti kirkjunnar af friðarhreyfingunni og tel að hún hafi að mörgu leyti unnið þar gott starf, en þó er ég þeirrar skoðunar, að margar stofnanir kirkjunnar, m. a. þær sem hafa verið stofnaðar austan tjalds og hafa beinlínis verið stofnaðar sem andsvar við rómversk-kaþólskum áhrifum í þessum löndum, hafi nákvæmlega ekkert gert. Það er m. a. vegna þess að það eru austur-evrópsk stjórnvöld sem stjórna þessum kirkjuhreyfingum sem m. a. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur vitnað til.

En að endingu þetta, herra forseti: Þessar umr. eru gagnlegar og af hinu góða. Menn skiptast á skoðunum og átta sig á afstöðu hvors annars til málanna. Það er allt gott og gagnlegt. Okkur greinir ekkert á um það, mig og hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, að það þurfi að berjast fyrir friði í heiminum og það þurfi að berjast fyrir af-

vopnun. Í þeim efnum er ekki nokkur minnsti ágreiningur okkar á milli, en það eru aðferðirnar sem okkur greinir á um, hv. þm. Ólafur Ragnar.

Ég geri mér fulla grein fyrir að Sovétríkin mundu ekki hika eitt augnablik, ef þau teldu að varnarmáttur Vestur-Evrópu hefði rýrnað svo að þau ættu alls kostar við Vestur-Evrópu, — þá mundu þau ekki hika við að reka áfram útþenslustefnu sína. Þau hafa farið inn í Austur-Þýskaland, Ungverjaland og Tékkóslóvakíu þegar þau héldu að þau væru að missa þessi lönd út úr kommúnistablokkinni. Ég vil spyrja hv. þm.: Hvað hefur breyst á síðustu árum sem færir honum heim sanninn um að Sovétríkin muni sjálfvirkt draga úr kjarnorkuafla sínum, draga úr kjarnorkuvopnum sínum, flytja eldflaugar á brott frá landamærum Austur- og Vestur-Evrópu, ef friðarhreyfingin næði þeim árangri að fá stöku þjóðir innan Evrópu og flytja á brott eða eyðileggja kjarnorkuvopn sín? Hvað er það í stjórnmálalegri sögu Sovétríkjanna nú hin síðari ár sem hefur breyst svo að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson trúir því í raun og veru að Sovétríkin muni hika eitt augnablik við að ráðast inn í Vestur-Evrópu ef hún er ekki á varðbergi gagnvart þessum hluta heims?

Ég vil endurtaka það sem ég sagði hér áðan, að það, sem friðarhreyfingin þarf að gera, er að setja á oddinn og láta heyrast í sér um að hún krefjist þess umfram allt að stórveldin setjist niður og semji um afvopnun, en að það verði ekki gert með einhliða yfirlýsingum þjóða Vestur-Evrópu.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar nokkuð langar og ég skal reyna að lengja þær ekki að marki. Samt langar mig til þess að segja hér fáein orð.

Hér hafa verið látin falla nokkuð þung orð í garð stórvelda eða risavelda. Ég geri ráð fyrir að þau standi það af sér svo að við þurfum ekki að hafa áhyggjur þeirra vegna. En það hefur bryddað á því í þessum umr., að menn hafa látið að því liggja að heimboð og heimsóknir til þessara risavelda og kannske annarra þjóða almennt væru af hinu illa. Ég er þessu sjónarmiði andvígur. Ég held að það sé eitt hið þýðingarmesta, að menn hittist og talist við, að menn, sem hafa mismunandi skoðanir og mismunandi sjónarmið, beri saman bækurnar. Ég held að það sé alltaf fræðandi að koma til annarra landa og sjá, hvað þar gerist, og fá upplýsingar. Ég álít að slíkt eigi ekki að þurfa að vera skaðlegt, einkanlega þegar menn ganga til þessara ferða vitandi vits um að þeir þurfa ekki að kokgleypa allt sem þeim er sagt þar, vegna þess að þeir vita að þeir mæta þar alltaf einhverjum áróðri. Ég held að Íslendingar verði að hafa þann manndóm og það stolt að geta tekið á móti slíku með viðeigandi hætti. Einu sinni sagði góður Íslendingur: „Heyra má ég erkibiskups boðskap", og það held ég líka að við eigum að segja við menn af öðrum þjóðum, þó að ég vilji ekki á hinn bóginn gera framhald orða hans að mínum, þ. e.: „staðráðinn er ég í því að hafa hann að engu". Þvert á móti eigum við að vega og meta það sem við heyrum og segja álit okkar á því. Við eigum ekki að vera neitt feimnir við það eða haldnir neinni minnimáttarkennd. Ég veit það vel, að sjálfsagt lætur rödd okkar í eyrum þessara risavelda sem lítið tíst, en tíst samt og getur haft einhver áhrif.

Ég er þess vegna mjög andvígur því að menn séu að hugsa til þess að byggja upp einhvern Kínamúr utan um okkur. Við eigum að taka vel heimboðum, hvort sem er til Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna, fara þangað og skyggnast um og draga okkar lærdóma af því sem fyrir augu ber. Við vitum að okkur verður fyrst og fremst kannske sýnt það sem þykir þess eðlis, að æskilegt sé að við sjáum það, og okkur verður kannske fyrst og fremst sagt það sem þeir gera ráð fyrir að hafi áhrif í þá átt að hneigja okkur til þeirra skoðana.

Sem sagt, við skulum umgangast útlendinga sem frjálsbornir menn. Við skulum ekki fylgja neinni þjóð í utanríkismálum í blindni. Við skulum segja hverjum sem er okkar skoðun. Það er trú mín, að ekki verði minni virðing borin fyrir okkur ef við erum ekki alltaf jábræður þeirra sem við tölum við, heldur segjum okkar skoðun hreinskilnislega. Það verð ég t. d. að segja af reynslu minni af Bandaríkjamönnum, að þeir eru hreinskilnir menn. Mér liggur við að segja að stundum finnist manni þeir barnalega hreinskilnir. En ég hygg að þeir kunni að meta hreinskilni líka, ef þeim er sagt alveg hreinskilnislega hverja skoðun við höfum á málum.

Um stefnu Íslands í utanríkis- og öryggismálum hefur hér verið rætt og það er gott. Það er mikið mál og þegar allt kemur til alls eru kannske örlög þessarar þjóðar og framtíð komin undir framvindu þeirra mála öðrum málum fremur. Það er því vissulega þess virði að þeim málum sé gaumur gefinn og Alþingi Íslendinga láti sig þau mál varða og ræði þau. Stundum hefur mér jafnvel virst ríkja hér á Alþingi of mikið tómlæti um þau mál.

Auðvitað er ekki sama hvernig um málin er rætt, og kannske hættir okkur til að fara út í nokkuð mikið pex í sambandi við slík mál. En ég álít að við eigum fyrst og fremst — og það hefði átt að vera kjarni þessarar umr., fyrir utan það tilefni sem hratt henni af stað — að gera grein fyrir og gera okkur grein fyrir hver ætti að vera stefna Íslands í utanríkis- og öryggismálum. Auðvitað þarf alltaf að hafa vakandi auga í þeim efnum. Þar verður áttavitinn ekki stilltur í eitt skipti og látinn eiga sig. Það verður auðvitað að gefa gaum að vandamálum, sem uppi eru á hverjum tíma, og taka afstöðu samkv. því.

Að þessu leyti var í ræðu hæstv. heilbrmrh. komið í raun og veru að kjarna málsins, þar sem hann fjallaði um stefnuna í öryggismálum og sagðist vera henni andvígur, hún væri röng. Það er ekkert leyndarmál, að þessi er skoðun hans. Ég er alveg á öndverðum meiði í þessu efni. Ég held að við höfum í okkar utanríkis- og öryggismálum valið skynsamlegustu leiðina sem völ er á. Við verðum að athuga það, að valkostir okkar í þeim efnum eru takmarkaðir vegna legu landsins. Ég held að það sé ekki rétt og hefði ekki verið heppilegt að Ísland væri hlutlaust. Lega þess er þannig. Auk þess vitum við að hlutleysi hefur aldrei verið virt af ófriðaraðila þegar hann að eigin mati telur sér henta að brjóta það. Þess mætti nefna ótal dæmi. Þrátt fyrir það eru til hlutlaus ríki, við skulum segja eins og Svíþjóð, og það getur verið ágætt. Ég tel heppilegt að það séu til hlutlaus ríki á milli þessara tveggja bandalaga. En til þess að hlutleysi þeirra verði virt ef til átaka kæmi — það getur vel verið að það verði virt — þarf annað tveggja að vera fyrir hendi, að þau hafi sjálf svo sterkar varnir að þau geti varið sitt hlutleysi, eða þá hitt, að báðir aðilar telji það henta sínum hagsmunum að hafa einhver hlutlaus svæði á milli sín. En við erum bara ekki þannig í sveit settir. Þó okkur líki það illa þýðir ekki annað en að horfast í augu við staðreyndir í því efni. Við erum á

krossgötum.

Ef til átaka kæmi á milli stórvelda held ég því miður að við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að við mundum ekki látnir í friði. Þá er spurningin hvort við teljum ekki heppilegra að hér sé þó fyrirstaða og varnir sem hafi þau áhrif ef til vill, skulum við segja, á gagnaðilann, að hann láti vera að leggja í þá áhættu að gera árás. Í þessum efnum er vitaskuld ekkert öryggi til og enginn getur fullyrt neitt í þessum efnum. En menn verða að draga þær ályktanir, sem þeir telja skynsamlegastar, af líkum sem fyrir hendi eru. Auðvitað geta menn lagt mismunandi mat á líkur og gera það. En stefna Íslands í öryggismálum er þessi, að við erum í Atlantshafsbandalaginu og tryggjum varnir okkar með samningi við Bandaríkin. Jafnframt er það viðhorf Íslands í öryggismálum, sem ég hef, held ég, lagt áherslu á í hverri einustu ræðu sem ég hef flutt á alþjóðavettvangi, að þetta vígbúnaðarkapphlaup á milli risaveldanna mundi enda með skelfingu ef ekki verði tekið í taumana. Og það er ekki aðeins að það muni enda með skelfingu, heldur er það laukrétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason benti á, að það er nánast svívirðing að verja þeim ósköpum til vígbúnaðar sem raun ber vitni þegar milljónir manna svelta í heiminum. Slíkt fær ekki staðist, slíkt er ekki stjórn af viti á heimsmálunum. Þess vegna höfum við alltaf lagt á það áherslu að það yrði að stefna að afvopnun, gagnkvæmri afvopnun — eða kannske réttara sagt gagnkvæmri takmörkun á vígbúnaði, því að ég er ekki svo bjartsýnn að það gerist skjótt, að með öllu verði afvopnast.

Það er alveg rétt, sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að kjarninn er þessi, að það eru risaveldin sem verða að setjast niður og semja um gagnkvæma afvopnun. Annað er alveg óraunhæft vegna þess að mikill hluti af vopnabirgðum heimsins er í vopnabúrum þessara tveggja risavelda. Ef þau taka ekki þátt í þessu og semja um þetta, þá er framtak annarra, þó það væri fyrir hendi, í þessu efni haldlítið. Á þetta hefur Ísland einmitt lagt áherslu, og á þetta skulum við hver og einn leggja áherslu í þeim viðtölum sem við kunnum að eiga við menn frá öðrum hvorum þessara aðila. Þetta er það sem við viljum og það skulum við segja þeim alveg umbúðalaust. Og þess vegna bind ég vonir við viðræður þær sem hafa verið ákveðnar milli risaveldanna tveggja og hefjast 30. þ. m. Við skulum vona að þær beri árangur. Beri þær ekki árangur er dökkt fram undan, þá er alvara á ferðum. En ef þar tækist að stíga einhver skref í rétta átt þarf að endurvekja slökunarstefnuna og umfram allt að byggja upp traustvekjandi aðgerðir, því að tortryggnin, sem á milli þessara aðila ríkir, er ekki lítil undirrót að því sem er að gerast. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að Madrid-ráðstefnan beri árangur.

Í stuttu máli má segja að þeirri stefnu, sem ég hef lítillega drepið hér á, fylgjum við Íslendingar fram þar sem við getum og leggjum okkar lóð hvarvetna þar sem við getum til styrktar þessari stefnu. Um einhliða afvopnun þarf ekki að tala. Hún er auðvitað uppgjöf. Við þurfum að læra af reynslunni og sögunni. Ég held að við getum dregið okkar lærdóma af henni. Vilji menn ekki gera það gæti svo farið að menn þyrftu að endurlifa söguna. Það gæti orðið mönnum dýrkeypt. Þessari stefnu skulum við hvarvetna stuðla að. Auðvitað höfum við það jafnan í huga, að við erum aðilar í bandalagi og verðum að fullnægja og viljum fullnægja þeim skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur í því bandalagi. Það eru þess vegna engin tíðindi að ég er í þessum efnum alveg á öndverðum meiði við hæstv. félmrh. og get ekki fallist á þau ummæli sem hann lét falla, að herstöðin skapaði okkur ekki öryggi, heldur hættu. Ég held að þetta sé mesta þversögn.

Ég sagðist ekki ætla að lengja þessa umr. mikið. En ég vil aðeins leggja áherslu á þessi höfuðatriði í okkar utanríkis- og öryggisstefnu. Jafnframt vil ég lýsa því yfir að ég ætla ekki að ræða hér um kjarnorkulaus svæði né niftheindasprengju. Það liggur fyrir formleg fsp. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um þau efni og ég mun ræða þau í sambandi við hana.

Friðarhreyfingar eru auðvitað góðar ef þær eru einlægar. En það verður að segjast, að þegar t. d. friðarnefndir hafa komið hingað frá Sovétríkjunum hafa þær lagt mikla áherslu á friðargöngurnar í Vestur-Evrópu, en það verður fátt um svör ef þær eru spurðar um friðargöngur fyrir austan. Ég hygg að þær fari ekki fram. Þeir telja þess ekki þörf af því að þeir treysti sínum stjórnvöldum svo vel að það komi aldrei til mála að þeir muni hefja stríð, þeir hafi haft reynslu af stríði. Rétt er það. Það hafa fleiri haft reynslu af stríði. Það var ekki aðeins í Rússlandi sem menn féllu. Og sem betur fer muna margir síðustu heimsstyrjöld, sumir jafnvel tvær síðustu heimsstyrjaldir. Við skulum vona að það haldi aftur af mönnum og menn vilji ekki leggja út í slíkt. Ég hef þá von a. m. k. að menn hugsi sig rækilega um áður en þeir stofna til slíks.

Í sambandi við það, hvort stefnan í öryggismálum sé röng eða ekki, get ég bætt því við, sem reyndar hefur áður komið fram, að á þeim árum, sem NATO hefur starfað, hefur ekki orðið stríð í Evrópu nema fyrir austan tjald, ef þeir vilja kalla það styrjaldir sem þar hafa átt sér stað. Á þessum tíma hefur NATO ekki farið með stríð á hendur neinni þjóð og það stendur ekki til. Þetta er þó tími sem nálgast núna að vera tvöfalt lengri en leið á milli fyrri og síðari heimsstyrjaldar. Við skulum því ekki gera lítið úr árangri þessa varnarbandalags.

Hv. þm. Árni Gunnarsson villtist á stjórnarsáttmála og las stjórnarsáttmála þeirrar stjórnar sem ég stóð fyrir. Ég afsaka það náttúrlega þó mönnum sé sá stjórnarsáttmáli hugstæðari. En vegna þess að það er dálítið annað í þessum stjórnarsáttmála en var í hinum um utanríkismál, þá ætla ég nú, með leyfi hæstv. forseta, að lesa það sem stendur í þeim stjórnarsáttmála sem nú gildir. Þar segir svo:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu. Í því sambandi verði þátttaka Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og Norðurlandaráðs sérstaklega styrkt.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiðiréttindi Íslendinga á Jan Mayen svæðinu og fullnægjandi vernd fiskstofnanna þar. Jafnframt verði hafsbotnsréttindi Íslendinga á svæðinu tryggð.

Öryggismálanefndin hraði störfum sínum og gefi reglulegar áfangaskýrslur um störf sín.

Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allrar ríkisstjórnarinnar.

Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum.

Athugað verði hvort rétt sé að breyta því skipulagi að utanrrn. hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkur-

velli."

Í þessum stjórnarsáttmála stendur nefnilega ekki stafur um það, að það þurfi samþykki allrar ríkisstj. fyrir meiri háttar framkvæmdum á Keflavíkurflugvelli. Það stóð í mínum stjórnarsáttmála. (**ÓE:** Hvað með neitunarvaldið?) Það hefur engin áhrif í þessu sambandi. Það gildir ekki um þetta. Þegar þetta er borið saman við það, sem áður gilti, er alveg ljóst að það er niður fallið. Þar fyrir hafa framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli verið í svipuðu horfi eða magni og að undanförnu. Þar hefur verið um að ræða einstakar stórframkvæmdir. Þar er auðvitað hitaveitan langsamlega mest. Utanríkismálanefnd hefur séð lista yfir framkvæmdir og þær eru í sjálfu sér ekkert leyndarmál. Það er rétt að þarna stendur ekkert um að Ísland skuli vera áfram í Atlantshafsbandalaginu og að varnarsamningnum við Bandaríkin skuli haldið áfram. En það tel ég að sé samþykkt með þögninni alveg ótvírætt. Ekki meira um það.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði langt mál. Sumt mælti hann skynsamlega og ég er honum sammála um að við þurfum að halda vöku okkar í þessu efni. Það er mín stefna að ég vil ekki fyrir fram hafna eða útiloka neinar tillögur sem sjá dagsins ljós og geta hugsanlega stuðlað að þeim stefnumiðum sem við höfum: gagnkvæmri afvopnun og slökunarstefnu. Þær hugmyndir geta reynst fánýtar, en ég tel að við höfum ekki efni á að hafna neinum tillögum óskoðuðum, það er slíkur voði á ferðum og þetta er mikið alvörumál. Hins vegar fór kannske óþarflega langur tími í gulu bókina, af því hún var nokkur uppistaða í hans máli. Ég er alveg ósammála þeirri tilgátu sem kom fram áðan, að hv. þm. hefði brennt á sér fingurna þegar bomban hefði sprungið. Ég held nefnilega að hún hafi alls ekki sprungið, því að þessi skýrsla er ekkert leyndarmál, það kemur nú upp úr kafinu. Að vísu hef ég ekki séð hana áður, ég skal játa það. En mér er sagt að það geti hver og einn fengið hana afhenta í Menningarstofnuninni. Þm. geta farið þangað og séð hana. (**ÓRG:** Það vantar blöð í þá sem var afhent í dag.) Nú, þá er sjálfsagt að bera það saman. Hvað sem því líður hefur hv. þm. unnið gagnlegt starf með því að íslenska þetta og útbýta því hér á þingi til þm. og spara þeim fyrirhöfnina með því. Það er þeim til hagræðingar. Ekki meira um það. Ég held líka að ég líti ekki frekar á þessi mál, geymi það þá heldur í sambandi við þær fsp., sem hv. þm. hefur lagt fram, og komi að því þar.

Ég var ekki alveg sáttur með ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Hún var að vísu flutt af trúarhita og sannfæringarkrafti. Nú er hv. þm. ekki hér, því miður. Það er skaði. Ég ætla aðeins að segja fallegt um hana. Eins og alkunna er, þá er þessi hv. þm. ágætt skáld. Mér finnst bera á því að fram komi í hennar stjórnmálaræðum líka nokkur skáldskapur. Sumt af þeim skáldskap er ágætt, en sumt er lakara, eins og gengur. Mér er sagt t. d. að hún hafi sagt í ræðu um daginn, — kannske hefur það verið í umræðunni um stefnuræðuna, ég var ekki viðstaddur, — að hún þyrfti að stíga á tær Framsóknarráðherranna, og þá ekki hvað síst líklega mínar tær, til að halda mér í skefjum í öryggis- og varnarmálum. Þetta þykir mér góður skáldskapur. Ég vona að hún standi sem lengst í þeirri trú, að með því að tipla á tánum á mér ráði hún stefnunni í öryggismálum og geti því unað glöð við sitt og skrifað sína ágætu skáldsögu.

Aftur á móti hefur hún stundum farið með lakari skáldskap, og ég held ég verði nú að nefna þess dæmi af því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er við og getur athugað það. Í ávarpi, sem hún flutti 20. júní á útifundi á Lækjartorgi og birt er í Þjóðviljanum 25. júní þ. á., segir þessi hv. þm., með leyfi forseta: „Það var fyrst á síðasta þingi að fulltrúi Alþb. í utanrnm. þröngvaði utanrrh. til að afla ákveðinna gagna um framkvæmdir Bandaríkjanna í okkar landi." Ég er óánægður með þennan skáldskap. Ég veit ekki betur en ég hafi gert mér sérstakt far um það og sett jafnvel metnað minn í það að reyna að afla allra þeirra upplýsinga sem fulltrúi Alþb. hefur farið fram á í utanrmn. (**Gripið fram í:** Það hef ég staðfest hér í þingsölum.) Já. En það verður að fyrirgefa skáldum margt. Þetta hefur kannske hljómað vel í eyrum göngumóðra manna þarna á Lækjartorgi. Við skulum láta útrætt um það.

En það var sitthvað í ræðu hennar síðast sem mér líkaði ekki. Ég ætla aðeins að stikla á stóru, nefna tvö eða þrjú atriði.

Hv. þm. vildi ekki fallast á það, að stöðin í Keflavík væri eftirlitsstöð, og spurði þá: Hvers vegna í ósköpunum hafa ekki Norðurlöndin slíkar eftirlitsstöðvar? Þessu er því til að svara, að auðvitað hafa þau slíkar eftirlitsstöðvar. Þessu er þannig fyrir komið, að það er fylgst með kafbátum mjög nákvæmlega á öllu hafsvæðinu. Við skulum segja að kafbátur sé á hafsvæði Noregs fyrst. Þá fylgjast Norðmenn með honum um eftirlitsstöðvar hjá sér þangað til hann kemur að mörkum þar sem eftirlitsstöðin í Keflavík tekur við. Svo getur hann haldið áfram og farið út af því eftirlitssvæði og inn á eftirlitssvæði Breta og þá fylgjast þeir með honum. Þannig er samstarf þessara þjóða um þetta.

Hv. þm. sagði að Bandaríkjamenn hefðu lýst yfir að hér væru ekki kjarnavopn á landi og umhverfis landið. Ég hef lýst því yfir að það væru ekki kjarnavopn á Keflavíkurflugvelli og það hefur verið staðfest af Bandaríkjamönnum. Hins vegar hef ég aldrei nokkurn tíma látið það út úr mér, að það væru engin kjarnavopn í hafinu hér umhverfis okkur. Ég held að það sé ekkert leyndarmál, að þar séu á sveimi kafbátar bæði frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum sem hafa kjarnavopn. Það væri sannarlega æskilegt að hægt væri að ná samningum um að því skyldi aflétt. En þetta haf er stórt og það er opið haf. Það gæti því kannske orðið torsótt. Þetta vil ég sem sagt leiðrétta. Ég hef aðeins sagt þetta um Keflavíkurflugvöll, og það hafa Bandaríkjamenn staðfest, en engar yfirlýsingar hafa verið gefnar út um hafið umhverfis landið.

Þá spurði hv. þm. eitthvað á þá leið, hvort menn væru þau börn að augu þeirra hefðu ekki opnast við atburðina í Karlskrona. En mér fannst þær ályktanir, sem hún dró af þessu, vera dálítið kyndugar, að við ættum að ganga úr Atlantshafsbandalaginu, leggja niður varnarstöðina og lýsa yfir hlutleysi. Ætli það hefði haft nokkur minnstu áhrif á þennan atburð í Karlskrona? Það held ég ekki. Mér sýnist nærtækasta ályktunin, sem draga má af þessum atburði í Karlskrona, vera sú, að hlutleysi sé ekki nein vörn. Það er sú ályktun sem verður að draga af þessum atburði.

Herra forseti. Ég hef kannske syndgað upp á náðina og talað lengur en ég ætlaði, en ég vildi aðeins koma þessu á framfæri um ræðu hv. þm. Ég fagna því vitaskuld að þessar umr. fara fram, vegna þess að hér er um *þvílík* alvörumál að tefla að við tölum ekki um önnur meiri hér á Alþingi.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Á fundi Evrópuráðsins í haust hóf einn ræðumaður ræðu sína eitthvað á þann veg: „Við viljum allir frið. Það eru aðeins heimskingjar og glæpamenn sem ekki vilja frið. Spurningin er bara: Hvernig eigum við að ná friði?" Mér virðist allir þeir, sem um þessi mál fjalla, á einu máli um það, að friði verðum við að ná. En spurningin er hvernig. Sú spurning er rík í huga manna og þar eru sjálfsagt ekki allir á einu máli.

Í Evrópulöndunum hefur myndast fjöldahreyfing, friðarhreyfing, sem hefur sínar skoðanir á því, hvernig eigi að ná þessum friði. Ég vil segja það, að þessi hreyfing hlaut að verða sett á stofn meðal frjálsra þjóða, eins og ástandið er í heiminum í dag. Í heimi ógnvekjandi vígbúnaðar, þar sem heivopn kjarnorkunnar eru næg til þess að eyða öllu lífi á jörðinni mörgum sinnum, hlaut að verða sett á stofn friðarhreyfing meðal frjálsra þjóða. Í heimi, þar sem staðan í kjarnorkumálum er slík að við erum nánast á tímamótum vegna þess að vígbúnaðarkapphlaupið er að margfaldast, hlaut einmitt að verða sett á stofn slík hreyfing meðal frjálsra þjóða. Ekki hvað síst í heimi þar sem kjarnorkuvopnum er dreift víða og hættan á óhöppum, hættan á því, að jafnvel skæruliðasamtök komist yfir slíkar bombur, fer stöðugt vaxandi, hlaut slík hreyfing að verða sett á stofn. Það kann að vera að mörgum Íslendingum þyki slík hreyfing fjarlæg, en ég hygg að ef uppi væru áform um að setja hér á Íslandi upp eins og þrjátíu, fjörutíu eldflaugar með kjarnaoddum, þá yrði þessi umræða glettilega mikið nálægari Íslendingum eða álíka nálæg og hún er mörgum Evrópuþjóðum nú.

Það er sjálfsagt rétt að þeir atburðir, sem nú hafa skeð í Danmörku, hafa dregið úr trausti manna á þessari hreyfingu. En ég held samt að tortryggni manna sé óþarflega mikil, og það er mitt mat að það sé algjörlega fráleitt að ætla sér að stimpla þessa hreyfingu frjálsra manna í hinni frjálsu Evrópu sem kommúnistíska eða einhverja þjónkun við Rússa. Það er enginn vafi á því að það er mikið skot yfir markið. Ég er alveg sannfærður um að þessi friðarhreyfing á rétt á sér. Og ég er alveg sannfærður um að hún getur unnið mikið gagn. En auðvitað þarf í þeim málum eins og öllum öðrum aðgæslu. Skilji ég markmið þessara friðarhreyfinga rétt eru þær að berjast fyrir gagnkvæmri afvopnun en ekki einhliða.

Strand rússneska kafbátsins hefur auðvitað vakið nokkurt umrót í hugum manna, og það er eðlilegt. Það er áfall fyrir þær afvopnunarviðræður, sem menn eru nú að fara af stað með, og það er áfall fyrir þann málstað, sem menn hafa verið að berjast fyrir um afvopnun, vegna þess að fulltrúar Sovétríkjanna hafa haldið margar ræður um haf friðarins, Eystrasalt, en verða uppvísir að því að vera sennilega með hafið fullt af kjarnorkuvopnuðum kafbátum. Sovétmenn, sem hvað eftir annað hafa lýst yfir stuðningi við kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og vilja til að leggja sitt af mörkum til að koma slíku svæði á, þeir virða ekki hlutleysi meira en það, að þeir eru komnir með kjarnorkuvopnaðan kafbát upp í landsteina í Svíþjóð. Og auðvitað spyrja menn: Er hægt að taka nokkurt mark á orðum þessara manna? Hvaða áform hafa þeir varðandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, ef reynt er að lesa á milli línanna í tengslum við þennan atburð sem þarna er? Þetta er auðvitað freklegt brot og þeim mun alvarlegra sem þarna er um að ræða hlutlaust ríki. Þetta sýnir hvers Sovétríkin virða hlutleysið, og það hlýtur að verða okkur Vesturlandabúum mikil lexía að fylgjast með því.

En það er annað sem ekki hvað síst vekur athygli okkar í sambandi við þetta strand, og það er að þessi þrjátíu ára gamli kafbátur skuli vera með kjarnorkuvopn. Það beinir augum okkar að því, að Sovétríkin muni vera vopnuð kjarnorkuvopnum í miklu ríkara mæli en menn hefur órað fyrir áður. Það beinir augum okkar að því, að sennilega erum við umkringd kjarnorkuvopnum í miklu, miklu ríkara mæli en okkur hefur í rauninni dottið í hug.

Enn á ný hlýtur þetta að vekja menn til umhugsunar um það gríðarlega vígbúnaðarkapphlaup sem nú virðist vera í uppsiglingu. Það er erfitt að meta málstaðinn í því sambandi hjá hvorum fyrir sig. En það er alveg augljóst að risaveldin stefna í alveg ævintýralegt vígbúnaðarkapphlaup. Í Bandaríkjunum höfum við miklu, miklu betri möguleika á að fylgjast með því sem er að gerast, vegna þess að þar er tiltölulega opið þjóðfélag og þar fara fram opnar umræður um það sem stjórnvöld hyggjast gera. Við vitum minna um það sem gerist í Sovétríkjunum, en ýmsar vísbendingar sýna okkur þó að það er ekkert vafamál, að þar er geigvænlegur hraði í vígbúnaðarkapphlaupinu.

Það er stefnt að því að setja upp heil kerfi eldflauga í Evrópu, eldflauga með kjarnaoddum, — það er ekkert lítið mál — báðum megin frá, báðum megin járntjalds. Bandaríkjamenn telja sig neydda til þess að hefja smíði *nifteindasprengju vegna þeirra gífurlegu yfirburða sem* Sovétmenn hafi í skriðdrekaflota sínum í Evrópu. Og allir hafa fylgst með þeim miklu umræðum sem nú hafa orðið um hinar svokölluðu MX-eldflaugar sem Nixon hafði ákveðið að láta hefja smíði á.

Í því sambandi kemur þó einn þáttur sérstaklega fram, sem ég held að Íslendingar verði að hafa augun á. Í kosningabaráttunni lagði Reagan mikla áherslu á að glugginn væri opinn í Bandaríkjunum, opinn fyrir kjarnorkuárás frá Sovétríkjunum. Slagorð hans eða „slogan" var nánast: „The window of vulnerability". Þessum glugga verður að loka, sagði Reagan í sinni kosningabaráttu. Og markmiðið var að koma á fót þessum MX-eldflaugum sem geta flogið milli heimsálfa og hitt mark sitt með gífurlegri nákvæmni og eru að sjálfsögðu búnar mjög sterkum kjarnorkuvopnum. En vegna þess að í kjarnorkustyrjöld eru vopnin sjálf skotmörkin, vegna þess að sá, sem hefur kjarnorkuárás, verður að tryggja sér það að skjóta niður kjarnorkuvopn hins til þess að varnarárás þess síðarnefnda grandi honum ekki algjörlega, þá yrðu Bandaríkjamenn — sú áætlun er reyndar frá dögum Carters — að vera með þessar 200 MX-flaugar, sem hann ætlaði að láta smíða, í sífelldum flutningum á milli 4600 steyptra skýla þannig að Sovétmenn gætu aldrei vitað, hvar þessar eldflaugar væru, og þar af leiðandi ekki skotið þær niður, og þar af leiðandi væri unnt að skjóta þeim með mjög litlum undirbúningi á Sovétríkin ef árás hæfist.

Þessari áætlun breytti Reagan. Hann helmingaði framleiðsluna þannig að hann ætlar ekki að framleiða nema 100 MX-eldflaugar. En það sem meira er, hann ætlar að hafa þær á ákveðnum stöðum. Og þá þykir mönnum að glugginn sé opinn áfram. En hver er lausnin? Lausnin er auðvitað sú að fara með meira af þeim út í hafið, vera með meira af eldflaugum í kafbátum úti í hafinu, kafbátum sem eru á hreyfingu, þannig að við-

kvæmni þeirra fyrir árás sé minni en eldflauga sem geymdar eru á ákveðnum stöðum. Það hefur líka haft sín áhrif, að ákveðin fylki í Bandaríkjunum hafa gjörsamlega mótmælt því að taka við þessum eldflaugum öllum og öllum þeim steypubáknum sem í kringum þær eiga að vera. Lausnin er auðvitað að fara með þetta út í hafið. Og hvaða haf? Hafið hérna kringum okkur. Það eru ekki bara Rússar sem telja sér nauðsynlegt að vera með geysilega sterkan kafbátaflota vopnaðan kjarnorkuvopnum og hafa hann hérna í hafinu kringum okkur, heldur er nánast útlit fyrir að lausnin hjá Bandaríkjamönnum sé sú sama.

Norðurlöndin vilja vera kjarnorkuvopnalaus. Af hverju? Í og með vegna þess að kjarnorkuvopnin eru sjálf skotmörk og þau vita að það er minni hætta á kjarnorkuárás þar sem ekki eru kjarnorkuvopn. Kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd þýða auðvitað það, að vígbúnaðurinn í hafinu í kringum okkur verður meiri báðum megin frá. Þetta hlýtur að vekja Íslendinga til umhugsunar um það, að við erum staddir hér á eyju úti í Atlantshafi með þessa kjarnorkubúnu kafbáta alla í kringum okkur. Og það er enginn vafi á því, eins og þetta er að þróast nú, að það er einmitt þessi vígbúnaður sem á eftir að stóraukast.

Menn tala að vísu dálítið um að nokkur hætta sé á að í þessu vígbúnaðarkapphlaupi verði farið með kjarnorkuvopnaðar eldflaugar út í geiminn, að geimskutlan, sem nú er að fara sína aðra ferð, muni auðvelda mjög flutning stórra hluta út í geiminn og að Rússum verði ljóst að þeir verði að koma sér upp slíku farartæki líka. Ég vil aðeins biðja menn að staldra andartak við og velta þeim möguleika fyrir sér, að farið verði með eldflaugar með kjarnaoddum í einhverjum miklum mæli út í geiminn og þar fari deiluaðilan að miða þeim hverjir á aðra. Það er auðvitað svo skelfileg tilhugsun að ekki bara í ljósi þess, heldur alls dæmisins hljóta menn að skilja það að stofnaðar eru friðarhreyfingar. Ég held að menn hljóti að sjá að ógnunin af þessu öllu saman er geigvænleg.

En hvað eiga Íslendingar að gera? Hvað eiga Íslendingar að gera með alla þessa kafbáta í kringum sig, vopnaða eldflaugum með kjarnaoddum? Hvað eiga þeir að gera þegar Bandaríkjamenn segja heima hjá sér í sínum ríkjum: Við viljum ekki hafa þetta hjá okkur. Það er miklu betra að hafa þetta á kafbátum úti í hafi, norður við Ísland. Hvað eigum við að gera þegar við horfum upp á alla þessa rússnesku kafbáta, sem hér eru í kringum Ísland vopnaðir eldflaugum með kjarnaoddum? Þá er jafnvel að reka upp á land í Svíþjóð. Hvað eigum við að gera þegar Norðurlöndin segja: Við viljum hafa kjarnorkuvopnalaust svæði hjá okkur. Við viljum ekki eiga von á svona árás á okkur. Það verður bara að hafa þetta á kafbátum þarna út við Ísland. Hvað eiga Íslendingar að gera við því núna? Sjá menn ekki hvert þetta stefnir? Íslendingar verða auðvitað að láta til sín heyra í þessu máli. Það er alveg útilokað fyrir okkur hér úti í hafi að una slíkri þróun mála. Það er þess vegna mín skoðun að Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri Tímans, hafi hitt naglann nákvæmlega á höfuðið þegar hann sagði: Íslendingar eiga að krefjast þess að sett verði upp ráðstefna þjóðanna þar sem rædd verði afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Nú skal ég fyrstur manna viðurkenna að það er ekki líklegt að af slíkum tillöguflutningi yrði mikill árangur á stuttum tíma. Ég skal fúslega viðurkenna það, að afvopnunarviðræður hafa yfirleitt ekki borið svo mikinn árangur að við þyrftum að reikna með því að geta í einhverjum flýti friðað Atlantshafið hér í kringum okkur. Málin snúa ekki þannig. Hins vegar erum við í þeirri stöðu, að við hljótum að vekja athygli á því, að lífi þjóðarinnar er stefnt í voða með þessum vígbúnaði öllum í kringum okkur. Það má ekki líðast að vígbúnaðarstefna hinna risaveldanna taki þá stefnu að færa þetta allt yfir í hafið hér í kringum okkur. Það er alveg sama þó að við lýsum Ísland kjarnorkuvopnalaust. Í slíkri styrjöld yrði auðvitað skotið á þessa kjarnorkuvopnuðu kafbáta. Ég ætla ekki að reyna að rekja hvaða áhrif það kynni að hafa á fiskmiðin við Ísland að fá einhverjar slíkar sprengjur hér eða bara eitt óhapp í einum slíkum kafbáti, þegar þeir eru komnir kannske hundruðum saman umhverfis landið, — hvaða áhrif það kynni að hafa á lífsafkomu íslensku þjóðarinnar eða hvort yfir höfuð yrði byggilegt á þessu landi eftir slíkt.

Og þá vaknar auðvitað spurningin: Hver mun vekja athygli á þessari hættu ef Íslendingar gera það ekki? Hver á að hafa frumkvæðið að því að berjast fyrir að þessari stefnu verði breytt? Það verða Íslendingar að gera sjálfir. Íslendingar verða þess vegna að hefja sína raust á málþingi þjóðanna og lýsa yfir að þeir geti á engan hátt unað þessari þróun mála, þessi þróun mála stefni allri tilveru íslensku þjóðarinnar í hættu, hvorki meira né minna. Við eigum að krefjast þess, að haldin verði ráðstefna um afvopnun á Norður-Atlantshafi. Við eigum jafnvel að boða til hennar sjálfir. Við getum skýrt það út að það er framkvæmanlegt að friða Norður-Atlantshafið. Það er framkvæmanlegt vegna þess að auðvelt er að setja upp eftirlitsstöðvar sem fylgjast nákvæmlega með ferðum kafbáta um hafið. Eftirlitsstöðvarnar gætu vel verið undir alþjóðastjórn. Þær gætu tilkynnt allar niðurstöður reglulega til alþjóðastofnunar sem reglulega gæfi öllum upplýsingar um ferðir þessara kafbáta sem vita vildu. Íslendingar gætu að talsverðu leyti annast slíkt eftirlit sjálfir, enda eiga þeir allt í húfi.

Það kann að vera að mönnum þyki ekki líklegt að það verði hægt að fylgjast mikið með þessu. En ég fullyrði að það er ekki langt í það, að fylgjast megi mjög náið með ferðum allra kafbáta hér í kring, vegna þess að einmitt með þeirri þróun, sem nú er að verða í geimvísindum og með geimskutlunni, verður komið hér upp yfir okkur gervihnattaneti sem með innrauðri myndun mun geta fundið þessa báta nánast alla og fylgst með hvað er að gerast.

Talið er að þess sé ekki langt að bíða að slíkt gervihnattanet geti kortlagt nánast allar auðlindir jarðarinnar, slíkt gervihnattanet geti fylgst ekki bara með fiskstofnunum við Ísland, heldur göngum stofnanna, og að hægt verði að segja til hvar þorskurinn er hverju sinni, á hvaða leið hann er og hér um bil hver fjöldinn er. Þess vegna held ég að það sé ekkert gríðarlega langt í að við getum með slíkum tækjum fylgst nákvæmlega með ferðum um Atlantshafið. Þess vegna held ég að slíkt eftirlit sé raunhæft. Það er algjörlega útilokað fyrir Íslendinga að una þeirri þróun sem nú er að verða í vígbúnaði, þar sem viðkomandi þjóðir vilja í auknum mæli losna við þennan vígbúnað hjá sér og færa hann yfir í hafið hérna í kringum okkur.

Það kann að vera að einhver segi: Við erum nú ekki nema 230 þúsund manns og ekki ráðum við gangi heimsmála. Jafnvel þó við krefðumst slíkrar ráðstefnu er

ekki mikils árangurs að vænta. Kannske þýðir þetta ekki neitt. Við getum engum ógnað. En við gætum kannske sannfært einhverja, vegna þess að kjarnorkuvígbúnaðurinn, svo geigvænlegur sem hann er núna, er ekkert einkamál risaveldanna, langt frá því. Hann er mál alls mannkynsins. Hann er mál smáþjóðanna ekki síður en stórþjóðanna. Og ég er þeirrar skoðunar, að einmitt smáþjóðirnar verði að taka höndum saman og knýja risaveldin til afvopnunar. Íslendingar, sem eiga sér þá sögu að hafa sjálfir sótt frelsi sitt og sjálfstæði í hendur miklu stærri þjóða með ræðuhöldum og samningum, eiga ekki að láta fortíðina hræða sig í þessu efni. Íslendingar áttu engan Kossuth eða Garibaldi, sem óð fram með vopnum og vígbúnu liði, til þess að berjast fyrir frelsi þjóðarinnar. Þeir áttu sinn Jón Sigurðsson og sína menn sem náðu okkar frelsi með rökstuðningi, málflutningi, ræðuhöldum og samningum. Þess vegna eiga sporin aftur í tímanum ekki að hræða. Íslendingar eiga sjálfir að taka frumkvæði í þessum málum. Þeir eiga að krefjast afvopnunar á Norður-Atlantshafi og þeir eiga að gera öllum þjóðum grein fyrir þeirri gífurlegu hættu sem nú stefnir að tilveru íslensku þjóðarinnar með þeim vígbúnaði sem er í kringum okkur. Ég held að það mikið sé í húfi að ekki verði lengur beðið. Íslendingar eiga fyllilega að treysta sér í þann málflutning sem fyrir höndum er einmitt í þessu dæmi. Sagan sýnir það. Og þarna erum við vissulega að tala fyrir rödd lífsins.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af skýrslu þeirri, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sýndi hér í þingsölum í dag er það auðvitað rétt, að þegar um er að ræða samskipti við erlend ríki, að ekki sé talað um erlend stórveldi, ber mönnum auðvitað að vera á verði, ekki síst þeim sem hafa skyldur, t. d. kjörnar skyldur við land sitt. En hitt er líka staðreynd, að sjónarmið eins og þau, sem hv. þm. kynnti hér í dag, geta orðið að hreinum búra- og einangrunarsjónarmiðum.

Vitaskuld vita allir að öll lönd: Bandaríki Norður-Ameríku, einræðisríkin fyrir austan járntjald, — öll lönd kynna sín mál með ýmsum hætti. Skýrsla af þessu tagi hefði getað verið skýrsla frá íslenska utanríkisráðuneytinu um það, hvernig íslensk sendiráð hegða sér erlendis.

Nú er það einu sinni svo, að við erum auðvitað sérstaklega á verði gagnvart stórum ríkjum. Þau og þeirra sjónarmið eru í sókn. Sjónarmið smærri ríkja, smáríkja eins og við erum, eru í vörn. Ekki er það þó algilt. Hér hafa verið nefnd landhelgismál sem dæmi um hið gagnstæða. Og í öðru máli af þessu tagi vorum við í sókn, sóttum rétt okkar á hendur annars ríkis. Það var í handritamálinu á sínum tíma. Ég hygg að í íslenskri stjórnmálasögu þyki það hafa verið snjöll embættisveiting þegar Bjarni Benediktsson, þáv. utanrrh., skipaði Sigurð Nordal prófessor sendiherra í Kaupmannahöfn. Ég hygg að það hafi verið árið 1952. Og til hvers varð það gert? Væntanlega til þess að kynna íslenskan málstað í Danmörku. Og væntanlega hefur prófessor Sigurður fengið einhverja risnu, þegar hann rak sitt danska sendiráð í Kaupmannahöfn, til þess að laða til sín stjórnmálamenn danska, peningamenn og aðra slíka. Var það óþjóðholt af hinum dönsku mönnum að þiggja slíkt boð? Það hygg ég varla. Það, sem hér er verið að gera, er auðvitað ekki annað en að lýsa því sem allir vita að er tíðkanlegt í samskiptum allra ríkja.

Það má til gamans geta þess, að ég hef raunar sótt slíka þjónustustarfsemi, t. d. í menningarmiðstöð þeirra Ameríkumanna sem þeir reka vestur á Melum, m. a. kvikmyndasýningu af sjónvarpseinvíginu í forsetakosningunum 1976, verandi þá sögukennari við Menntaskólann í Reykjavík. Og ég man ekki betur en nálægt mér hafi setið prófessor í þjóðfélagsfræði við Háskóla Íslands, nefnilega hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Tel ég að hvorugum okkar hafi verið það til hins minnsta vansa.

Þetta hefur svo sem verið rakið hér og þarf ekki að hafa um það mörg orð. Það hefur komið í ljós, að skýrslur fyrir árið í ár liggja frammi um þetta. Þetta er lýsing á samvinnu milli tveggja frjálsra ríkja. Hitt er svo annað mál, að auðvitað vekur þetta ýmsar spurningar, móralskar og pólitískar. Það er auðvitað staðreynd, að í slíkum samskiptum erum við Íslendingar allt of miklir þiggjendur og allt of litlir veitendur, bæði í sambandi við námsmenn, sem erlendis eru, og annað slíkt.

En kjarni þess, sem ég vildi sagt hafa í þessari umræðu, er hins vegar sá, að það hvarflar ekki að mér að þeir talsmenn Alþb. gangi lengur erinda heimskommúnismans eins og þeir gerðu hér á árum áður. Það, sem er rangt í þeirra málflutningi, er að þeir leggja stöðugt hin tvö stórveldi að jöfnu. Það er í grundvallaratriðum og hvernig sem á er litið rangt. Munurinn er fólginn í því, að Bandaríki Norður-Ameríku eru opið þjóðfélag, hafa alla kosti hins opna þjóðfélags. Þar er lýðræði, þar eru fjölmiðlar, þar er þing sem er kosið með reglulegu millibili. Og þegar allt kemur til alls, þá er grundvallaratriðið í öllum slíkum efnum að hið opna þjóðskipulag er öryggisnet í sjálfu sér. Ég dreg enga dul á það, að ég hef sjálfur miklu meiri samúð með því þjóðskipulagi, sem þar er, heldur en því sem ríkir í einræðisríkjunum fyrir austan tjald, sem hafa ekkert af þessu, sem segja ósatt um vígbúnað sinn, sem hafa aðeins eins opinbera skoðun sem þar brýst fram í fjölmiðlum, ekkert almenningsálit, ekkert þing, ekkert leyfi til þess að mótmæla, hversu andvígur sem þú kynnir að vera ef þú hefðir tækifæri til þess.

Meginfölsunin í öllum málflutningi fulltrúa Alþb. í þessum efnum er að gera ekki þennan greinarmun. Vopn eru vissulega alltaf hættuleg. Vopn og hinn mikli vígbúnaður er andstyggilegur. En vopn eru miklu hættulegri í höndum ríkja þar sem er einræði, þar sem ekki er almenningsálit, þar sem ekki eru fjölmiðlar, heldur en þau eru í höndum hinna ríkjanna þar sem þessar aðstæður eru fyrir hendi.

Í sambandi við þær umræður, sem fram hafa farið um friðarhreyfingar í Evrópu, er það mergurinn málsins að þær eru auðvitað góðra gjalda verðar og það hefur enginn leyfi til að gera þátttakendum í þeim upp hvatir af einu eða neinu tagi. En sú hætta er fyrir hendi, að það séu þessar áherslur sem eru rangar, m. ö. o. að málflutningur þeirra getur haft áhrif fyrir vestan tjald í hinum lýðfrjálsu ríkjum, og um það þekkjum við dæmi, — áhrif sem ógerlegt er að hafa í ríkjunum fyrir austan. Bandaríkjamenn háðu vissulega viðurstyggilega styrjöld í Víetnam, en það var líka bandarískt almenningsálit, bandarískir fjölmiðlar og bandarískir stúdentar kannske ekki síst sem knúðu stjórnvöld til að hætta þeim styrjaldarrekstri. Hins vegar er útilokað að sömu forsendur verði til í Afganistan.

Það hefur enginn leyfi lengur til þess að halda því fram,

að talsmenn Alþb. gangi augljóslega eða með einhverjum hætti erinda Sovétríkjanna.

Hitt er engu að síður staðreynd, að þeir gerðu það fyrir 20 árum og þaðan af lengri tíma. En kjarni málsins er sá, að sú utanríkisstefna, sem þeir fylgja, fellur að utanríkisstefnu Sovétríkjanna, þó svo það sé ekki eiginlegur vilji þeirra.

Fyrir vestan tjald er opið þjóðskipulag. Það þjóðskipulag felur í sér vörn, meira að segja mikla vörn þegar allt kemur til alls, m. a. það, að í skýrslur eins og þær, sem hér voru lesnar í dag, er hægt að ná. Þjóðfélög fyrir austan tjald fela hins vegar ekki í sér þetta innbyggða öryggisnet sem opið þjóðfélag, almenningsálit, fjölmiðlar, þjóðþing, göngur á götum eru þrátt fyrir allt. Í allri þessari umr. verðum við að taka afstöðu til þess, að annað þjóðskipulagið er okkur þóknanlegt og hitt ekki. Svo einfalt er það. Á bak við járntjaldið, í hinu grímulausa einræði sem þar ríkir, eru framdir pólitískir glæpir af margháttuðu tagi sem væntanlega eru okkur ekki þóknanlegir.

En í sambandi við allar friðarhreyfingarnar, sem nú hafa orðið til umr. vegna þess að ekki er hægt að líta fram hjá því, hversu fjölmennar þær eru í Vestur-Evrópu, er kjarni málsins sá, að stefnumið þeirra verður að vera það, að kröfur um afvopnun beinist ekki síður í austur, frekar í austur en í vestur, vegna þess að þó að vopn séu alltaf hættuleg, þá eru þau miklum mun hættulegri í ríkjum sem ekki búa við almenningsálit, ekki við fjölmiðla, ekki við leyfi til að hafa pólitíksar skoðanir, sem búa við það kerfi að andstæðingar ríkjandi stjórnvalda eru fangelsaðir. Og þó svo að ekki sé með nokkrum rétti hægt að halda því fram, að talsmenn Alþb., a. m. k. ekki formaður þingflokksins, séu talsmenn Sovétríkjanna, þá gera þeir sig enn og aftur seka um það að leggja þetta tvenns konar þjóðskipulag að jöfnu og neita að átta sig á þeirri staðreynd, að þrátt fyrir alla þá galla, sem þjóðskipulag á Vesturlöndum vissulega hefur, eru þar virt þessi grundvallarmannréttindi, og þau eru í sjálfu sér hin mesta trygging fyrir friði, fyrir skynsamlegri notkun þeirra vígvéla, sem til eru, og fyrir því, að með skynsamlegum hætti sé úr vígbúnaði dregið. Frjálsir menn hafa möguleika til að hegða sér skynsamlega, en ófrjálsir menn ekki. Og þeir menn sem taka þátt í þessum umr. án þess að leggja þessar staðreyndir til grundvallar, eru á rangri braut. Þeir gefa sér rangar forsendur.

Öll afstaða talsmanna Alþb. í þessum efnum byggist á þessum veikleika, þennan veikleika er að finna í allri þeirra röksemdafærslu, að það er rangt í grundvallaratriðum að leggja Sovétríkin og Bandaríkin að jöfnu. Í grundvallaratriðum búa Bandaríki Norður-Ameríku þrátt fyrir allt við það stjórnaskipulag, við þá afstöðu til mannréttinda sem við teljum einnig vera hluta af okkar arfi. Þetta skipulag felur í sér tryggingu fyrir skynsamlegri hegðan, tryggingu fyrir friði. Ég segi það einnig, að ég hika hvergi við að taka afstöðu með þessu skipulagi, í grófum dráttum talað, og á móti hinu. Allur vandi þeirra Alþb.-manna er fólgin í því að neita enn að gera þessa siðferðilegu spurningu upp við sig, að annað skipulagið er rétt að því er þessa grundvallarþætti varðar, hitt er í grundvallaratriðum rangt. Á millistríðsárunum áttist líka við tvenns konar skipulag. Annað var lokað einræðisskipulag. Hitt var opið lýðræðisskipulag. Hið opna lýðræðisskipulag tók rangar ákvarðanir, svaf á verðinum, treysti um of upplýsingum sem haldið var leyndum, sem lágu ekki á lausu. Sú saga má aldrei endurtaka sig. Þarna verðum við að taka afstöðu, því að annað er rétt og hitt er rangt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þetta eru orðnar langar umr. og nokkuð liðið á kvöld. Ég mun því ekki lengja þessar umr. úr hófi fram. Þó þykir mér rétt að segja hér örfá orð og sérstaklega að þakka fyrir að þessar umr. hafa farið fram og hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur fyrir að hefja þær.

Hér hafa ýmis tíðindi gerst við þessar umr. sem spunnust út af ákveðnum atburðum sem gerðust við Svíþjóð og í Danmörku, eins og kunnugt er. Eitt af því, sem komið hefur hér fram, er að formaður Alþb. afneitaði hér í bak og fyrir gjörvallri sögu þess flokks, uppruna og tengslum við alheimskommúnismann og Sovétríkin.

Ég get tekið undir það með hv. þm. Eiði Guðnasyni, að að sjálfsögðu er hér um yfirklór að ræða. Hv. þm. Alþb. og forustumenn þess flokks eru í úlfakreppu í þessum málum og taka það til bragðs að gefast hreinlega upp og reyna að klóra yfir öll tengsl sín við alheimskommúnismann. En það sýnir best að hér fylgir ekki hugur máli, að eftir sem áður fylgir Alþb. stefnu Sovétmanna í varnar- og öryggismálum Íslands. Stefna Sovétmanna í varnar- og öryggismálum Íslands er afar einföld. Hún er varnarlaust Ísland. Og stefna Alþb. er sú hin sama: varnarlaust Ísland. Með öllum ráðum og öllum mögulegum áróðursbrögðum vinnur alþb. að þessari sömu stefnu sem Sovétmenn hafa á Íslandi. (**StJ:** Er það nú ekki fullmikið sagt?) Það er ekki fullmikið sagt, hv. þm. Stefán Jónsson. Þetta eru ykkar ær og kýr og allir sauðir í okkar varnar- og öryggismálum. Þeir eru nákvæmlega þeir sömu og herranna í Kreml.

En það, sem mér fannst enn þá athyglisverðara en þetta við yfirlýsingar formanns Alþb., var að hann játaði afdráttarlaust að ekki væri lýðræði fyrir austan tjald. Hann talaði ekki um alþýðulýðveldi í þeim prestlega tón sem hann er vanur að gera. Hann neitaði því að þar væri lýðræði. Og hæstv. ráðh. Hjörleifur Guttormsson komst svo skemmtilega að orði, vil ég segja, að hann talaði um öldungaveldi og grímulaust einræði þar í blaðagrein nýlega. Það er þess vegna mjög mikið alvörumál að þessir hv. þm. sem nú loksins játa þessa trú, skuli enn fylgja í meginatriðum utanríkisstefnu þessara manna að því er varðar varnar- og öryggismál Íslands, síns eigin lands.

Það er nefnilega kjarni málsins, sem menn hafa kannske aðeins leitt hjá sér hér, að við stöndum frammi fyrir því, að við eigum í höggi við mannflesta og öflugasta einræðisherveldi veraldarsögunnar. Lýðræðisþjóðirnar á Vesturlöndum eiga í höggi við þetta ógnarafl sem getur eytt mannkyninu margsinnis, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti hér réttilega á. En þetta er einræðisherveldi sem ekki hlustar á nein lýðræðisleg rök. Hvað hefur gerst á undanförnum árum? (**StJ:** Segðu okkur það.) Hefur þetta stórkostlega herveldi hlustað á okkur hér á Vesturlöndum þegar við höfum mótmælt því, að þeir fóru inn í Ungverjaland? Hafa þeir hlustað á okkur þegar við mótmæltum því, að þeir færu inn í Tékkóslóvakíu? Hafa þeir hlustað á okkur þegar við mótmæltum því, að þeir færu inn í Afganistan? Og hvað hefur gerst núna, á þeim tíma sem svokölluð slökunarstefna hefur ráðið í alþjóðlegum málum? Hvað hefur gerst? Hafa þessir öldungar, þeir menn sem ráða þessu grímulausa einræðisríki, hafa þeir slakað á?

Þeir hafa aukið herafla sinn um 2/3 og eru með meiri mannafla undir vopnum en Bandaríkjamenn, tvöfalt meiri mannafla. Þeir hafa aukið hernaðarútgjöld sín um 50% á þessum tíma og þeir verja núna 12.5% af þjóðarframleiðslu sinni til hernaðarútgjalda. Til samanburðar má geta þess, að þeir verja 0.03% til aðstoðar bágstöddum þjóðum. Þeir hafa stóraukið hernaðarumsvif sín á öllum sviðum: í skriðdrekum, í flota, í SS-eldflaugum, þar sem þeir beina 750 kjarnaoddum að Evrópu. Þetta gerðist allt á slökunarskeiði í alþjóðamálum þegar átti að semja um gagnkvæma afvopnun. Og nú sýna þeir hlutlausri þjóð þá kurteisi að sigla eldgömlum kafbáti með kjarnorkusprengjur á land upp. Þannig er framkoma þessa einræðisríkis gagnvart lýðræðisríkjunum. Og þá er spurningin: Hver eru vopn okkar, hver er vörn okkar í þessari ógnvekjandi stöðu, að einræðisríki, þar sem nokkrir öldungar ráða, hefur yfir slíkum ægiherafla að ráða og svífst einskis, það sýnir sagan, í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir, svífst einskis í sinni valdníðslu og því að koma sínu fram með herafla? Hver er okkar vörn? Getur það verið okkar helsta vopn, þegar slík staða er uppi, að svo ógnarlega hefur hallað á valdajafnvægi í heiminum og svo ógnarlega hafa þessir öldungar í Sovétríkjunum, í þessu einræðisríki, komið sér upp miklum yfirburðum á vissum sviðum í hernaðartækni og hernaðarvígvélum — getur verið að það sé helsta vopn okkar að ganga suður og norður Evrópu með kröfuspjöld og krefjast þess, að ekki verði búnar til fleiri kjarnorkusprengjur? Hver mundi helst hlusta á það? Ætli þeir austur frá hlusti frekar á okkur í þeim efnum heldur en þegar við kröfðumst þess, að þeir færu ekki inn í Tekkóskóvakíu eða Ungverjaland? Það er hægt að hafa áhrif á vestrænar þjóðir með slíkum lýðræðislegum vinnubrögðum. En vandi okkar og kjarni málsins er sá, að við eigum í höggi við menn sem ekkert hlusta á slíkt. Þeir pípa á það. Þeir pípa á slíkar lýðræðislegar kröfur frá almenningi, enda fá engir að komast upp með slíkan moðreyk í þeirra löndum.

Það hefur komið hér oft fram í þessari umr., að í 30 ára sögu Atlantshafsbandalagsins hafi ekki orðið styrjöld í Vestur-Evrópu. En hafa menn leitt hugann að því, hve oft hefur komið til styrjaldarátaka á öðrum svæðum í heiminum á þessum tíma? Það er hvorki meira né minna en á 150 stöðum. Á 150 stöðum hefur komið til styrjaldar- og hernaðarátaka á þeim tíma sem liðinn er síðan Atlantshafsbandalagið var sett á stofn. En í Vestur-Evrópu hefur verið friður.

Ég held, herra forseti, að kjarni málsins í þessum umr. sé sá, að því miður getum við ekki vænst þess að okkur verði ágengt, ef við höfum ekki styrk og hernaðarmátt til þess að ræða við þá öldunga sem ráða einræðisríkjunum í austri. Við þurfum að knýja þá að samningaborðinu, við þurfum að ná samningum um afvopnun, en við verðum að gera það með styrk, — við komumst því miður ekkert áleiðis með kröfuspjöldum. Í besta falli yrði það þannig, að einhverjir kynnu að hlusta á slíkar raddir á Vesturlöndum og það yrði til þess að draga úr möguleikum okkar til að ná samningum við þessa menn. Reynslan sýnir að þeir skilja það eitt þegar þeim er mætt með fullri einurð og hörku. Það er það sem við þurfum að gera.

En, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð í þessu máli þar sem ég ætlaði ekki að tala langt mál, að það þykir mér hin mesta furða, að Alþb. skuli loksins vera komið að þeirri niðurstöðu, að austan við járntjald ríki grímulaust einræði öldunga, en Alþb.-menn hvika í engu frá því að fylgja þessu grímulausa einræði í stefnu þess í varnar- og öryggismálum eigin þjóðar.

Forseti (Steinþór Gestsson): Enn eru allmargir á mælendaskrá. Í þingsköpum er svo fyrir mælt, að ef umr. dragast úr hófi fram hafi forseti rétt til að takmarka ræðutíma. Ég mun þó halda mig við að gera það ekki, en treysti því, að hv. þm. stytti mál sitt svo sem kostur er.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa staðið yfir umr. lengi dags og margt verið sagt um þær fréttir sem okkur hafa borist utan úr heimi, frá Svíþjóð og Danmörku. Hins vegar hafa menn ekki velt því fyrir sér hvort þær fréttir væru sannar eða ekki. Okkur hefur verið sagt að í sænska skerjagarðinum hafi strandað rússneskur kafbátur og það hafi verið trillueigandi sem varð þess var, að skipið var komið inn á yfirráðasvæði sænska hersins, bannsvæði. Eru þetta trúlegar staðhæfingar? Fær það staðist að hin tæknivædda Svíþjóð eigi það undir athugulum fiskimönnum á smábátum hvort kafbátar komist óséðir inn á bannsvæði hersins? Ég segi nei. Ef þetta er rétt, ef fréttin er rétt, þá er ekki mikið gefandi fyrir landvarnir Svía. Spurning hlýtur þess vegna að vakna: Hvers vegna þögðu sænsk stjórnvöld, hernaðaryfirvöld, yfir veru kafbátsins á þessu svæði? Hafa þau e. t. v. á undanförnum árum að staðaldri þagað yfir því, að rússneskir kafbátar væru í sænska skerjagarðinum. Er einhver skynsamleg skýring til á því, að Svíar velji þann kostinn að þegja. Þeir eru í nábýli við Rússa. Jú, ef við skoðum málið ögn betur, þá sjáum við að þeir hafa vissulega ástæðu til að þegja. Hver er ástæðan? Það var ekki bara það, að sovéskur kafbátur strandaði á hernaðarsvæði Svía. Heimsmynd Svía um réttmæti hlutleysisins hrundi. Hún hrundi og það var ekkert skrýtið að þeir vildu gera eitthvað til þess að koma í veg fyrir að auglýsa það í augum alheimsins.

Það liggur nefnilega alveg ljóst fyrir, að fyrst Rússar virða ekki hlutleysi Svía á friðartímum, þá þarf enginn að láta sér detta í hug að þeir muni virða hlutleysi Svía á hernaðartímum. Það er svo augljóst að það þarf ekki að rökræða það. Þess vegna blasir það við að Svíar, sem hafa boðað hlutleysisstefnu sem öryggisstefnu fyrir sig, geta ekki státað af því lengur að hlutleysi þeirra sé virt. Samskipti þeirra við Rússa, eftir að þeir eru búnir að viðurkenna að kafbáturinn sé þarna, eru einnig mjög athyglisverð. Þeim dettur ekki í hug að haga þeim samskiptum eins og þeir séu að eiga við jafningja því að þá hefði verið eðlilegast að sjálfsögðu að taka kafbátinn, fara með mennina í land og yfirheyra kapteininn í sænsku fangelsi. Það hefðu verið eðlileg viðbrögð fullvalda ríkis gagnvart slíkum yfirgangi. Það þora þeir ekki að gera.

Rússar meta stöðuna. Þeir geta tapað meiru en þeir hafa þegar tapað áróðurslega eftir að kafbáturinn hefur strandað. Engu að síður þrjóskast þeir við í lengstu lög að gefa eftir. Og skýringin er komin í ljós. Það reyndust vera kjarnorkusprengjur um borð í kafbátnum. Menn geta mótmælt, gott og vel. En það er ekki það sem skiptir máli. Það eina, sem skiptir máli, er hvaða ályktanir menn draga af þessum atburðum. Það er það eina sem raunverulega skiptir máli. Ég held að það hljóti fyrst og fremst að liggja ljóst fyrir, að í hlutleysi felst engin vörn. Það blasir við. Hvort Svíar eru það stoltir, að þeir neiti að viðurkenna þá staðreynd eða ekki, ætla ég ekki að gera

hér að umræðuefni. Það breytir yfir höfuð engu. Þeir vorum hlutlausir í heimsstyrjöldinni síðari. En sagnfræðingar eiga eftir að svara þeirri spurningu hvort það var hlutleysið sem bjargaði þeim frá því að taka þátt í heimsstyrjöldinni eða lega landsins sem gerði það ónauðsynlegt þá að þeir yrðu teknir. Mér sýnist að það liggi beint við, að það var lega landsins. Það þarf ekki lengi að horfa á landabréfið til að átta sig á því, að þó að Þjóðverjar þyrftu að taka Nogreg og Danmörku, þá var þeim ekki nauðsyn að taka Svíþjóð. Hins vegar virðist þessi heimsókn inn á bannsvæði hersins sanna það, að Rússar telja fulla þörf á því, komi til ófriðar við Vesturlönd, að taka Svíþjóð.

Ef menn vilja halda því fram, að það, sem ég hef hér sagt, sé eintóm vitleysa og Svíar hafi alls ekkert vitað um kafbátinn inni í landhelginni, inni á bannsvæðinu, fyrr en eigandi smábáts gerði þeim viðvart, þá vil ég varpa þeirri spurningu fram, hversu mikinn herafla og hversu mikinn auð þurfi þá ekki til þess að fylgjast með skipaferðum í öllu Atlantshafinu norðanverðu, eigi að gera það að hlutlausu svæði þar sem engin kjarnorkuvopn eiga að vera. Hlýtur ekki að vera þversögn í því?

Ég held að niðurstaðan hljóti að vera hverjum þeim manni ljós sem yfir höfuð vill horfa opnum augum á það sem er að gerast í þessum efnum. Það er aðeins gagnkvæm afvopnun sem er raunhæfur möguleiki eigi að draga úr kjarnorkuhættunni. Hitt finnst mér furðulegt, ef menn komast að þeirri niðurstöðu á sama tíma og það er ljóst að Svíum er ekki gagn að hlutleysinu, að það geti bjargað Íslendingum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að tala aftur í þessum umr. Ég bjóst satt að segja ekki við að röðin væri komin að mér. Ég notaði það mikinn tíma af fundi Sþ. í dag. Ég vil þó ekki láta hjá líða að lýsa ánægju minni með sumar af þeim ræðum sem fluttar hafa verið í dag.

Því miður er það þannig, að í nokkrum ræðum hefur gætt mjög þeirra gömlu kaldastríðs- og karpssjónarmiða sem ég held að standi í vegi fyrir nauðsynlegri hreinskilinni umræðu, sem Íslendingar þurfa að láta fara fram hjá sér um þessi mál. Í nokkrum öðrum ræðum hefur aðeins gætt þessara viðhorfa. Ég vil sérstaklega fagna þremur ræðum hér í kvöld. Ég fagna þeirri ræðu sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson flutti hér og mér fannst sýna mikið raunsæi, mikla víðsýni, mikla framtíðarsýn, djúpan skilning á þeim mikla vanda sem við stöndum frammi fyrir og er sá, að aðrar þjóðir, Bandaríkin, Þjóðverjar, Norðurlönd, eru að reyna að leysa sinn vanda með því að gera hann að okkar vanda. Í einföldu máli sagt: Hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni var þetta sá framtíðardraugur, framtíðarógnvættur, sem við þurfum að glíma við, að aðrar þjóðir ætli að fjarlægja kjarnorkuvopnin hjá sér með því að flytja þau í hafið í kringum Ísland. Það er rétt hjá hv. þm. að bæði forráðamenn í Bandaríkjunum, Helmut Schmidt kanslari Vestur-Þýskalands og fjölmargir stjórnmálamenn á Norðurlöndum hafa vikið að þessu atriði.

Í öðru lagi vil ég fagna ýmsu af því sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. Ég hef tekið eftir því, og mér finnst það fagnaðarefni, að á alþjóðavettvangi hefur utanrrh. kappkostað að rödd Íslands væri ávallt sú rödd sem krefðist afvopnunar, sem benti á þann rangsnúna heim þar sem við verjum milljörðum ofan á milljarða af verðmætasta gjaldeyri veraldar til að framleiða ný vígbúnaðarvopn á sama tíma og um 800 millj. manna eru á hungurstigi. Það er mjög mikilvægt að á Íslandi séu menn sem flytja þann boðskap á alþjóðavettvang að við séum í sveit þeirra þjóða sem vilja hamla gegn þessu vígbúnaðarkapphlaupi.

Ég vil einnig fagna ýmsu af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar. Ég hef átt í ritdeilum við hann í sumar og haust. Ég verð að segja að mér finnst í greinum hv. þm. Árna Gunnarssonar gæti meiri skilnings og meiri þekkingar á ýmsum þeim sjónarmiðum, sem uppi hafa verið hjá jafnaðarmannaflokkum hér í kringum okkur, en í því gamla kaldastríðsrausi sem annar hv. þm., Eiður Guðnason, flutti enn einu sinni hér inn í þingsalinn.

Við getum haldið áfram endalaust að rekja hvernig gamlir forustumenn okkar flokka tóku afstöðu. Ég get þulið hvernig Emil Jónsson studdi stríðið í Víetnam, hvernig hann og Guðmundur Í. Guðmundsson studdu herforingjastjórnina í Grikklandi, sem fangelsaði Andreas Papandreo, sem er einn af forustumönnum í Alþjóðasambandi jafnaðarmanna. Ég get rakið hvernig ýmsir forustumenn Alþfl. voru á móti lýðveldisstofnuninni. Það er hægt að nefna ótal slík dæmi. Ég sé ekki hvaða tilgangi þetta þjónar nema sem sagnfræðileg upprifjun og nauðsynlegt við og við, ekki skal ég draga úr því, en ekki sem grundvöllur að umræðum um þau alvarlegu mál sem við þurfum að taka afstöðu til. Þess vegna vona ég að hv. þm. festi sér í minni þau lokaorð, sem komu fram hjá hæstv. utanrrh. hér í kvöld, að þau mál, sem við erum hér að tala um, eru alvarlegustu málin sem við fáumst við. Það er svo margt nýtt í þessum málum, knúið á okkur af örlagaþráðum sem við ráðum ekki við, að við verðum að nálgast þessi mál með opnum huga á ferskan og nýjan hátt og fordæma fyrir fram engar tillögur sem fram koma um lausnir á þessum vanda, hvaðan sem þær koma.

Ég tel það vissulega bera vott um að það kunni að vera til umræðugrundvöllur hér innanlands, grundvöllur til alvarlegrar málefnalegrar og nauðsynlegrar umræðu um þessi málefni, að það skuli hafa komið fram í ræðum bæði fulltrúa Framsfl. og fulltrúa Alþfl. í þessum umr. málefnalegar og jafnframt stefnulegar afstöður sem er hægt að leggja til grundvallar umræðunni um þessi efni. Ég vona satt að segja að hv. þm. Sjálfstfl. leggi á sig nokkra vinnu á næstu vikum og mánuðum til þess að þeir verði líka tækir í þessar umræður. Kannske eru þeir það nú þegar. Kannske hafa þeir nú þegar til að bera þá víðsýni og þá þekkingu sem þarf til að flytja mál hér líkt og hv. þm. Árni Gunnarsson, Guðmundur G. Þórarinsson og hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson gerðu hér í kvöld.

Það vottaði aðeins fyrir þessu á stöku stað í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar og einnig endrum og sinnum inni í ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar. Ég vona að þessi strá skilnings, sem þar spruttu fram í eyðimörk kaldastríðshugsunarháttarins, fái að blómstra, því það er lífsnauðsyn fyrir íslenska þjóð að þeir, sem kjörnir hafa verið til að gæta örlaga hennar, hafi sameiginlegan grundvöll til að fjalla um þessi málefni á málefnalegan hátt. Það er svo margt sem gerist tæknilega í kringum okkur í þessum málum, stjórnmálalega og á annan hátt, að við erum knúin til að hugsa margar gamlar hugsanir upp á nýtt.

Herra forseti. Ég lofaði að flytja ekki langt mál, þó að

það væri vissulega tilefni til þess, en ég vil til viðbótar ítreka það, sem hér kom fram hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni og því miður hefur of lítið verið rætt í þessari umr., en vonandi verður meginefni okkar næst þegar við ræðum um þessi mál. Það er hafið í kringum Ísland. Það er hafið kringum Ísland sem nú þegar er orðið yfirfullt af kjarnorkukafbátum þriggja ríkja: Bandaríkjanna, Sovétríkjanna og Bretlands, og stefnt er að því að fylla það enn frekar á næstu árum af slíkum vopnum.

Helsti samstarfsmaður Reagans Bandaríkjaforseta, öldungadeildarþingmaður Laxall, hefur verið knúinn til þess að fá forsetann til að hætta við þau áform sem Reagan var með um staðsetningu kjarnorkuvopna í heimaríki þessa öldungadeildarþingmanns sem er nánasti samstarfsmaður Reagans. Fólkið í Utah í Bandaríkjunum sagði einfaldlega nei. Kjósendur þessa þingmanns sögðu einfaldlega nei. Þessi þingmaður og aðrir hafa bent Reagan Bandaríkjaforseta á þá lausn, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson réttilega vakti athygli okkar á, að það væri miklu sniðugra fyrir Bandaríkin að flytja þessi vopn í kjarnorkukafbátana á norðurslóðum.

Við byggjum líf okkar á hafinu, velferðarþjóðfélag okkar, menningu okkar, lýðræði okkar, á þeim auðlindum sem við höfum í hafinu hér í kringum okkur. Það þarf ekki endilega stríð til að eyðileggja þessar auðlindir. Það geta einfaldlega orðið hér kjarnorkuóhöpp og slys eða vangá hjá þeim kjarnorkukafbátum, sem hér eru, sem gjöreyðilegðu fiskimið okkar á örfáum klukkustundum um margra ára raðir.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson vitnaði í Jón Sigurðsson og feril hans. Ég vil nefna annað dæmi um árangur Íslendinga. Það eru landhelgismálin: 12 mílurnar, 50 mílurnar og 200 mílurnar. Þar höfum við fordæmi um alþjóðaþróun í alþjóðalögum varðandi hafið. Hvers vegna ættum við ekki líka að geta verið forustuafl og markað á sama hátt nýja löggjöf gagnvart kjarnorkuvopnunum og hafinu? Það er að mínum dómi okkar nýja landhelgismál, kjarnorkuvopnalaus landhelgi í kringum landið, og það væri mikil gæfa fyrir íslenska þjóð ef allir flokkar hér á Íslandi, hvaða afstöðu sem menn hafa til Atlantshafsbandalagsins, hvaða afstöðu sem menn hafa til herstöðvarinnar hér á landi, gætu líka í þessu nýja landhelgismáli sameinast um kröfuna um kjarnorkuvopnalausa landhelgi. Það, sem mér finnst ánægjulegt við þessar umræður hér í dag, er að ég sé votta fyrir því og hjá sumum meira en votta, kominn er í forgrunn umræðugrundvöllur til þess að við ræðum þau mál efnislega.

Það er alvg rétt, sem hæstv. utanrrh. sagði hér og aðrir þm. hafa vikið að, t. d. hv. þm. Vilmundur Gylfason, að ég er ekki talsmaður einhverrar einangrunar í alþjóðasamskiptum, þvert á móti. Ég er ekki talsmaður þess að við eigum að loka okkur af frá umræðum við erlenda aðila, þvert á móti. Ég tel að ég hafi sýnt það með störfum mínum hér og annars staðar og menn ættu ekki að láta sér detta í hug eina einustu sekúndu að það sé mín skoðun eða mín ætlan. En hitt er annað, hvort menn láta fleka sig eða tengja sig með einum eða öðrum markvissum hætti inn í hagsmuna- og áróðursnet einhvers tiltekins aðila eða menn a. m. k. átti sig á þeim vinnubrögðum sem beitt er. Þess vegna rakti ég þessa skýrslu hér í dag. Ég þori að fullyrða, jafnvel þótt ýmsir þm. hér hafi sagt að þeir hafi vitað þetta og hitt, utanrrh. hafði þó hreinskilni til að játa að ekki hefði hann vitað það, að engan okkar hefði grunað hvað þetta er gert með kerfisbundnum, markvissum og útfærðum hætti. Það litla, sem hver og einn okkar hefur sjálfsagt reynt, er hluti af markvissri og samhæfðri heild sem miðar öll að því að varðveita hagsmuni stórveldis hér á landi.

Það er alveg rétt, sem hæstv. utanrrh. segir, að við eigum ekki að loka okkur af. Við eigum að heimsækja þá sem við teljum okkur nauðsynlegt að ræða við. En við eigum að gera það á opinn og eðlilegan hátt, af fullri reisn sem Íslendingar, formlegir fulltrúar þings og ríkisstjórnar, en ekki í einhverjum einkaboðum þar sem menn eru valdir út eftir ákveðnum aðferðum, eins og ég lýsti, þar sem búið er að hlera og skoða menn í boðum vikum og mánuðum saman, eins og fram kemur í þessu skjali, til að gá hvort þeir passi í þá ræktun og hugsanamótun sem stórveldin ætla sér. Það þekkja allir heilaþvott. Allir hafa heyrt talað um hann. Menn vita hvernig hann gerist. Hann gerist smátt og smátt með því að beita ýmsum aðferðum. Reynslan hefur kennt Bandaríkjamönnum að nótt um borð í flugvélamóðurskipi er á við marga tugi af greinum um herfræðimálefni. Það stendur hérna í skýrslunni. Þannig má lengi telja. Ég rakti þetta hér til þess að menn gætu varað sig á þessu kerfi, til þess að menn áttuðu sig á því hvað væru eðlileg samskipti og hvað óeðlileg. Þarna á milli er lína, sem er aldrei fullkomlega skýr, en hún er samt sem áður til. Embættismenn erlends ríkis, sem leyfa sér að skrifa svona skýrslu um íslenska þm., íslenska blaðamenn, íslenska ritstjóra, eru auðvitað komnir langa leið eftir þeirri götu að fara að líta á okkur sem undirþjóð og sig sem herraþjóð.

Í þessari skýrslu er málfar, hugsunarháttur og áætlanir herraþjóðar sem meðhöndlar Íslendinga með aðferðum sem frekar væru notaðar af ráðamönnum í nýlendum við þá sem þeir þurfa að hafa góða. Það eru þessar aðferðir við að velja út fólkið sem hægt er að nota í hollustueiðana sem mér fannst vera óhugnanlegar í þessari lýsingu. Auðvitað er það rétt, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að innan um er svo annað, eins og tónlist, leikhús og ýmsilegt annað. Það sýnir mér hvað kerfið er orðið heilsteypt, hvað það er orðið víðtækt, hvað það nær yfir fjölmörg svið.

Auðvitað er það rétt, að ekki má draga af þessu þá ályktun að menn eigi að draga sig inn í skel. Þar er ég alveg sammála hæstv. utanrrh. En mér finnst koma til greina, eins og landsfundur Sjálfstfl. ályktaði um, að við kynnum okkur sérstaklega með hvaða hætti er hægt að varast að erlend ríki geti rekið svona kerfisbundinn áróður. Í því eru ýmsar aðferðir, sem t. d. hv. þm. Eiður Guðnason var að nefna, svo sem að takmarka fjölda starfsmanna erlendra sendiráða hér, takmarka fjármálaumsvif þessara sendiráða og ýmsar aðrar aðferðir. Það getur vel verið að við getum náð samkomulagi um að setja einhverjar slíkar reglur, eins og t. d. gilda í breska þinginu, þar sem þm. eru skyldaðir til að tilkynna formlega öll boð sem þeir hljóta frá einkaaðilum í Bretlandi, erlendum aðilum, fyrirtækjum og öðrum slíkum, og aðrir þeir, sem gegna opinberum trúnaðarstörfum, þurfa að gera almenningi grein fyrir hvernig þeirra starfsemi er háttað.

Hæstv. utanrrh. gerði hér að umræðuefni stefnuna í öryggismálum Íslands. Ég ætla ekki að fara að nota þennan stutta tíma til að fjalla um ýmislegt í þeim efnum. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi benda á í þessu sambandi. Þegar menn ræða legu landsins mega menn

ekki gleyma að ræða eðli þeirra tækja sem hér hefur verið komið fyrir. Það eru einmitt að mínum dómi þessi tæki sem hafa tengt Ísland smátt og smátt við kjarnorkuvopnakerfið á Norður-Atlantshafi eins og það er í heild sinni. Um það má fara mörgum orðum. Kannske gefst tími síðar til að rökstyðja það sérstaklega. Í mínum huga er það ekki deiluatriði, það er ekki hertæknilegt deiluatriði, að herstöðvarnar hér eru tengdar inn í kjarnorkuvopnakerfið með þessum hætti. Það er ekki hægt að starfrækja kjarnorkuvopnakerfið á Norður-Atlantshafi án þeirra tækja sem hér eru í herstöðinni. Það er staðreynd. Hún er þess vegna lykilstöð í þessu kjarnorkuvopnakerfi. Þess vegna geta menn út af fyrir sig deilt um hvort hér eigi að vera herstöð eða ekki, hvort menn eigi að vera í Atlantshafsbandalaginu eða ekki. En eins og ég sagði hér fyrir ári: Jafnvel þótt minn flokkur sé andvígur þessari ríkjandi stefnu teljum við engu að síður nauðsynlegt að við tökum þátt í umræðu um það, hvert er eðli þess tækjabúnaðar, hvert er eðli þeirrar starfsemi sem hér fer fram. Þótt við séum á móti henni í grundvallaratriðum viljum við samt sem áður taka þátt í að gera öllum Íslendingum ljóst, ráðamönnum sem og öðrum, hverjar eru afleiðingar þess að taka hér inn í landið stig af stigi stóran hluta af þeim tækjum sem hingað hafa verið tekin inn. Þess eru fjölmörg dæmi, ekki bara kafbáturinn í Svíþjóð, yfirlýsingar um kjarnorkuvopn hafa verið brotnar. Það eru dæmi frá Japan, það eru dæmi frá Grænlandi, það eru dæmi frá Spáni og þau eru fleiri. (**Gripið fram í:** Það átti sér stað áður en yfirlýsingin 1978 var gefin út.) Ekki þessi í Japan. Hún átti sér ekki stað áður.

Það er alveg nauðsynlegt fyrir okkur að draga lærdóma af ýmsum ríkjum hér í kringum okkur. Ég ætla að nefna eitt ríki, sem mér finnst við Íslendingar nánast aldrei ræða í þessu sambandi, en er samt sem áður ríki sem liggur að Norður-Atlantshafi eins og við, er samt sem áður ríki sem er hlutlaust, en liggur samt að þessu vígbúnaðarsvæði á Norður-Atlantshafi. Það er Írland. Írlandi hefur aldrei dottið í hug að ganga í Atlantshafsbandalagið. Írum hefur aldrei dottið í hug að leyfa erlendar herstöðvar í sínu landi. Samt er Írland að mörgu leyti með hliðstæða landfræðilega legu í Atlantshafi og við. Í kringum það eru kafbátaslóðir. Það liggur beint að vígbúnaðarsvæði Norður-Atlantshafsins, að vísu á öðrum stað, en liggur engu að síður beint að því. Væri ekki fróðlegt fyrir okkur Íslendinga í allri þessari umræðu, — við þekkjum Svíþjóð, við þekkjum Finnland, — að afla okkur upplýsinga um Írland, hvaða rök liggja að því að stjórnmálamenn í Írlandi ljá ekki máls á því að taka þátt í Atlantshafsbandalaginu, ljá ekki máls á því að ríki Atlantshafsbandalagsins fái þar aðstöðu fyrir herstöðvar eða þá starfsemi sem er rekin bæði hér og í Noregi? Ég varpa þessu fram sem efnivið í áframhaldandi umræðu svo að menn reyni að draga nokkurn lærdóm af fleiri ríkjum hér í kringum okkur.

Herra forseti. Það mætti margt segja um þetta efni fleira, en ég ætla að ljúka máli mínu í þessum umr. með því að gera að lokaorðum stuttan kafla úr samþykkt Alkirkjuráðsins eins og hún birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 17. okt., á sérstakri síðu sem íslenska kirkjan hefur til umráða í Morgunblaðinu. Þessi kafli er úr ályktun Alkirkjuráðsins. Þar get ég tekið undir hvert eitt og einasta orð. Hún er að mínum dómi samanþjöppuð og góð lýsing á sumum af þeim stefnumálum sem ég hef verið að reyna að koma hér á framfæri og mínir samherjar hafa verið að reyna að koma á framfæri, bæði hérlendis og erlendis, á undanförnum vikum og mánuðum. Herra forseti. Með þínu leyfi ætla ég að ljúka máli mínu með því að lesa og gera að mínum orðum meginkaflann úr ályktun Alkirkjuráðsins eins og hún birtist á síðu íslensku kirkjunnar í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum:

Alkirkjuráðið hvetur kirkjurnar nú til þess að:

„1) andæfa gegn hernaðarlega sinnaðri pólitík, sem leiðir til hættulegra áfalla í alþjóðlegum stjórnmálum og grefur undan getu þjóðanna til þess að fást við knýjandi efnahagsvanda og félagsleg vandamál heimsins, sem eru orðinn yfirgnæfandi stjórnmálavandi vorra tíma;

2) sporna gegn þeirri viðleitni að skapa ómannúðlegar óvinamyndir af fólki frá öðrum löndum;

3) setja spurningarmerki við ríkjandi kenningar um öryggi þjóða og kalla fram nýjar hugmyndir um öryggi, sem grundvallast á réttlæti og réttindum þjóða;

4) að fjalla um guðfræðilega hlið málsins í ljósi nýrrar þróunar varðandi stríð og frið og taka til samanburðar og endurskoðunar hefðbundin viðhorf á guðfræðilega sviðinu;

5) halda áfram samkvæmt hvatningu í fyrri yfirlýsingum miðstjórnarinnar að „vekja athygli á meginorsökum stríðs, sem eru einkum efnahagslegt óréttlæti, kúgun og arðrán, og einnig á afleiðingum aukinnar spennu, sem leiðir til enn meiri skerðingar á mannréttindum".“

Alkirkjuráðið hrósar „þeim fjölmörgu aðildarkirkjum, sem hafa endurnýjað friðarstarfsemi sína, hafið hana, endurskipulagt eða aukið starf að friði, afvopnun og gegn hernaðarstefnu og vígbúnaðarkapphlaupi. Þetta hefur falist m. a. í verkefnum, sem stuðla að uppeldi til friðar, framkvæmt á „friðarvikum" eða „afvopnunarvikum"."

Alkirkjuráðið hvetur aðildarkirkjurnar til að:

„1) auka verulega starf að friði og ganga til samstarfs við aðra, sem vilja vekja vitund almennings um þá ógnun, sem nú beinist gegn friði;

2) vera friðflytjendur af heilum huga og án afláts með boðum, kennslu og í verki;

3) efna til umræðufunda með fólki af öðrum kirkjudeildum til þess að auka gagnkvæman skilning milli fólks."

Alkirkjuráðið lýsir ánægju sinni yfir „starfsemi fjölmargra friðar- og afvopnunarsamtaka og hreyfinga, gamalla og nýrra um allan heim, þar sem kristnir menn eru víða virkir þátttakendur og uppfylla þannig hlýðniskyldur sínar við fagnaðarerindið."

Ég vona, herra forseti, að þessi kafli úr ályktun Alkirkjuráðsins, sem og aðrar yfirlýsingar þeirrar merku stofnunar um þessi efni, verði íslenskum þm. og íslensku þjóðinni tilefni til alvarlegrar umhugsunar og umræðna um þessi málefni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er ánægjulegt að heyra hversu landsfundur Sjálfstfl. er hugleikinn hv. 11. þm. Reykv., og það er ánægjulegt að hann skuli sjá ástæðu til að nota málgagn Sjálfstfl., Morgunblaðið, til að leita eftir sínum lokaorðum í þessum umr. hér í dag. Ég vona samt að hann fari ekki að sækja um inngöngu í flokkinn að lokum.

Það er á mörkum að venjulegur þm. vogi sér í ræðustól

á eftir hv. 11. þm. Reykv., sem greinilega telur sig á hærra plani í þessum umr. en aðrir og gerist dómari um þekkingu annarra hv. þm. á þeim málum sem hér eru til umr., enda hafði ég ekki gert ráð fyrir að taka til máls í þessum utandagskrárumr. um utanríkismálin. En ég get ekki orða bundist, svo athyglisverðar hafa þessar umr. verið.

Það þarf engan að undra þótt umr. um þessi mál hafi komið upp hér á hv. Alþingi eftir þá atburði sem gerst hafa í Svíþjóð og Danmörku fyrir skömmu. Hv. 1. þm. Reykv., Ragnhildur Helgadóttir, getur vel við unað, því að hv. þm. Alþb., sem hafa tekið til máls, hafa beint skeytum sínum að henni með þeim hætti að augljóst er að umræðu var vissulega þörf og kannske eðlilegt að Alþb.-mönnum hafi orðið órótt.

Ég reyndi að þrauka hér í dag undir tveggja tíma ræðu hv. 11. þm. Reykv., þeim dæmalausa málflutningi. Hann er einn af þeim sem telja sáluhjálparatriði fyrir íslensku þjóðina að hún segi sig úr Atlantshafsbandalaginu. Það á að vera vottur þess, að menn séu á móti kjarnorkuvopnum og séu friðarsinnar.

Ég hefði viljað heyra af munni svonefndra herstöðvaandstæðinga hvernig þeir ætli að tryggja öryggi Íslands fyrir ágangi stórvelda ef við stæðum hér uppi varnarlaus. Það væri fróðlegt að fá svör við því. Þau hafa ekki komið hér fram. Það er stórt gat í málflutningi þessara hv. þm. og stendur ófyllt þó að þeir hafi notað hér lengri tíma í umr. en nokkrir aðrir, eins og hv. 11. þm. Reykv. gerði í dag. Trúa þessir hv. þm. því í raun og veru að Íslendingar fengju að vera í friði án afskipta eða yfirgangs annarra, að t. d. sovésk herskip eða kafbátar tækju stóran sveig frá Íslandi til að forðast okkur ef varnarliðið væri farið og við segðum okkur úr Atlantshafsbandalaginu?

Það hefur komið fram í ræðum þeirra, sem raunsætt líta á þessi mál, að það er til lítils að tala um afvopnun, kjarnorkulaus Norðurlönd o. s. frv. þegar það liggur á borðinu að þessar kröfur ná ekki inn fyrir járntjaldið. Það er komið að múr þar. Friðarhreyfingin er ekki austan við múrinn. Hann hefur ekki verið brotinn niður. Það dettur vonandi engum í hug að trúa því, að nokkur Íslendingur óski eftir því að hafa hér varnarlið rétt til gamans, til að skemmta sér við. Auðvitað erum við öll friðarsinnar og erum á móti vígbúnaði og kjarnorkuvopnum, en á meðan það ástand ríkir í heiminum sem raun ber vitni, tortryggni og víbúnaðarkapphlaup sem afleiðing hennar, höfum við Íslendingar kosið að vera í gagnkvæmu bandalagi við aðrar vestrænar þjóðir til að tryggja öryggi okkar. Við höfum skipað okkur í flokk frjálsra þjóða hins vestræna heims til að tryggja að við fáum að lifa án afskipta eða yfirgangs annarra.

Það hefur sannast með siglingu sovéska kafbátsins upp í landsteina í Karlskrona að það dugar ekki þjóð að lýsa yfir hlutleysi sínu. Svíþjóð hefur eigið varnarkerfi. Sovéska herveldið hefur lítilsvirt hlutleysi sænsku þjóðarinnar. Strand kafbátsins var tímabær aðvörun til þeirra sem hafa ekki áttað sig á að friðarhreyfingin, sem væri sannarlega tímabær, er því miður ekki byggð á réttum forsendum. Hún fer ekki fram á jafnréttisgrundvelli, eins og hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, komst réttilega að orði í sinni ágætu ræðu í kvöld. Meðan það gerist ekki verðum við að vera á varðbergi og tryggja sem best öryggi íslensku þjóðarinnar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, en þær hafa verið miklar og langar eins og öllum er kunnugt þó að umbúðirnar hafi reyndar stundum verið æðimiklar hjá sumum og efnisþátturinn kannske þeim mun rýrari.

Það er rétt, sem sagt hefur verið, að hér er verið að fjalla um mjög mikilvæg mál, — mál sem varða sjálfstæði okkar og framtíð, ekki bara Íslendinga, heldur mannkynsins alls. Ég held að það karp, sem hér hefur verið haft uppi um heimsóknir og því um líkt, þjóni litlum tilgangi. Ég tek undir það með hæstv. utanrrh., að það sé mikilvægt að menn fari sem víðast og kynnist sem flestum sjónarmiðum. Við eigum síst af öllu að einangra okkur.

Ég held líka að sá stórbrotni fyrirlestur, sem var haldinn hér í dag varðandi það starf sem unnið væri á vegum upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, gefi ekki tilefni til mikilla umræðna. Ég minnist þess, að samkvæmt ýmsum kenningum úr röðum Alþb. og Sósíalistaflokksins, forvera hans, átti menningu okkar að stafa stórkostleg hætta af varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Við höfum haft reisn til að halda okkar stefnu og okkar menningu uppi alveg án tillits til þess og ég get ekki séð að henni hafi stafað nein hætta af dvöl varnarliðsins hér. Alveg á sama hátt treysti ég okkur til að halda reisn okkar gagnvart hverjum þeim erlendum aðilum sem vilja koma sjónarmiðum sínum á framfæri við okkur.

En þessar umræður hafa í rauninni snúist kannske fyrst og fremst um tvo efnisþætti sem ástæða er til þess að líta á. Hið fyrra er vígbúnaðarkapphlaupið og hið síðara er staða Íslands í öryggismálum.

Ef við lítum fyrst á vígbúnaðarkapphlaupið og það, sem ég tel vera einlæga ósk okkar allra, að draga úr því, þá þarf ekki að fara mörgum orðum um hversu fávíslegt og hættulegt þetta kapphlaup er. Það hefur verið rakið hér mjög greinilega í dag, hver ógn stafar af þessu kapphlaupi, ekki bara fyrir okkur Íslendinga, heldur fyrir heimsbyggðina alla. En þá tel ég að við eigum líka að spyrja okkur sjálf: Hvers vegna er þetta vígbúnaðarkapphlaup? Hvað er það sem fóðrar þetta vígbúnaðarkapphlaup? Á hverju nærist það? Ég tel að það nærist á tortryggni. Meðan sú tortryggni er til, heldur þetta kapphlaup áfram. Það er einungis með því að eyða þessari tortryggni sem við getum vænst raunverulegs árangurs í takmörkun vígbúnaðar. Það mundu vera gagnslaus pappírsplögg sem væru sett upp, þar sem talað væri um að takmarka þetta vígbúnaðarkapphlaup, ef stórveldin sjálf tryðu ekki að það ríkti jafnvægi milli þeirra og þau gætu gengið úr skugga um að slíkt jafnvægi væri ríkjandi. Ef það væri ekki mundi pappírssamkomulag af þessu tagi ekki endast stundinni lengur því að í hvert sinn, sem eitthvert stórveldanna teldi að á hlut sinn væri gengið og það stæði verr að vígi, mundi það ekki treysta sér til að halda slíkt samkomulag. Þess vegna eru lykilorðin í því að ná fram afvopnun og tryggja þannig friðinn í heiminum að jafnvægi og gagnkvæmni ríki milli stórveldanna.

Ekki verður komist fram hjá því að líta fyrst og fremst til stórveldanna í þessu efni. Þess vegna hljótum við líka að leggja okkur fram um að fá stórveldin til þess að ræðast við um þessi efni. Allar þær hugmyndir, sem komið hafa fram að undanförnu, t. d. á vegum alþjóðahreyfingar jafnaðarmanna, hafa miðað að því að fá stórveldin til þess að ræðast við. Þær viðræður eiga að hefjast að nýju í lok þessa mánaðar. Við skulum vona að þær skili árangri.

Þær hugmyndir, sem uppi hafa verið um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, eru tilboð um að það gæti verið liður í stærra samkomulagi. En engum af leiðtogum jafnaðarmanna á Norðurlöndum eða í Evrópu hefur dottið í hug að yfirlýsingu af því tagi ætti að gefa einhliða og án tillits til umhverfisins eða hverjir samningar væru á milli stórveldanna. Þetta vil ég að mönnum sé fullkomlega ljóst. Lykillinn að því að ná tökum á vígbúnaðarkapphlaupinu, að draga úr vígbúnaði og koma upp eftirliti með því, er að það ríki jafnvægi milli stórveldanna í fyrsta lagi og í annan stað að eyða tortryggni þeirra í milli.

Hinu skulum við ekki gleyma, að það er reginmunur á vestrænum lýðræðisþjóðum annars vegar og einvaldsþjóðum kommúnista í austri. Þess vegna verða þær ekki heldur lagðar að jöfnu, eins og talsmenn Alþb. hafa gert hér í dag. Við eigum samleið með vestrænum lýðræðisþjóðum, en við hljótum að fordæma þá kúgun sem þjóðirnar í austri búa við undir einræðisskipulagi kommúnismans.

Ég tók eftir því í umræðunum hér í dag, að ekki einungis lögðu talsmenn Alþb. stórveldin í austri og vestri að jöfnu í þessum efnum, sem er auðvitað rangt, heldur lögðu þeir ofurkapp á að hvítþvo sig af tengslum við Rússa. En hvernig svo sem þeim þvotti er varið fer hitt ekki fram hjá neinum, að sú stefna, sem Alþb. hefur boðað, hefur fallið saman við stefnu Rússa. Þetta eitt gefur manni tilefni til að huga sérstaklega að því hvað mennirnir eru að tala um. Ef einhver efast um að þetta tvennt fari saman þarf hann í rauninni ekki að lesa annað en Soviet News.

Ég tók eftir því líka í málflutningi Alþb.- manna hér, að þeir tortryggðu mjög þau eftirlitsstörf sem unnin eru á Keflavíkurflugvelli. Ég held að hitt sé ljóst, að eftirlitið, einmitt það að menn fylgist hver með öðrum, sé mjög mikilvægur þáttur í því að friður haldist. Ég held að einmitt með því, að stórveldin fylgist hvert með öðru, eigum við frekar von á að friður haldist og það sé reyndar líka lykillinn að því að ná fram afvopnun að stórveldin fáist til þess að fylgjast hvert með öðru og geti þannig sjálf gengið úr skugga um hvernig valdajafnvæginu er háttað.

Í þessu samhengi hefur líka verið rætt um stöðu Íslands í öryggismálum. Þar heldur Alþb. því fram, að Ísland eigi að vera hlutlaust og óvopnað. Alþb.- menn segja: Eins og málum er nú komið, — þeir hafa kannske ekki sagt það svo mjög hér í dag, en þeir hafa oft sagt það áður, — erum við skotmark fyrir Sovétríkin. Við erum skotmark Sovétríkjanna. En ef við breyttum núverandi skipulagi og færum yfir í það hlutleysi, sem Alþb. hefur boðað, er ég sannfærður um að það hæfist kapphlaup milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, milli austursins og vestursins, um áhrifamátt sinn á þessu svæði. Við værum þá ekki skotmark annars, heldur í rauninni beggja. Við værum að auka hættuna á átökum hér í kringum okkur og við værum að auka umsvifin í hafinu í kringum okkur.

Reynslan er sú, að sú skipan, sem hefur verið, hefur tryggt frið á þessum slóðum. Því skulum við ekki gleyma. Breytt skipan, t. d. hlutleysi, mundi raska valdajafnvæginu. Það mundi auka umsvifin í kringum okkur og það mundi verða til þess að skapa óróleika sem við vissum ekki hvar mundi enda. Ég held að strand kjarnorkubúna kafbátsins við Karlskrona í Svíþjóð sanni enn betur en fyrr að hlutleysið tryggir ekki varnir lands, tryggir ekki öryggi lands. Það er sá lærdómur sem við getum m. a. dregið af strandi kafbátsins við Karlskrona.

Talsmenn Alþb. töluðu um það í dag, að nauðsyn bæri til að breyta kjarnorkuvopnastefnu NATO. En menn geta ekki og mega ekki tala um þessi mál svo einhliða. Það næst enginn árangur nema breytt stefna verði báðum megin tjaldsins, bæði af hálfu austursins og vestursins. Við eigum vitaskuld að leggja áherslu á það, — og ég tel að við höfum gert það, — að stórveldin ræðist við og dragi úr vígbúnaði sínum, svo fáránlegur sem hann er. En við skulum ekki gera það undir þeim formerkjum að raska því jafnvægi sem þó hefur ríkt að undanförnu og hefur tryggt hér frið.

Menn lýsa því gjarnan með mörgum orðum hve margar borgir megi leggja í rúst og hve marga menn megi drepa í einu vetfangi eins og vígbúnaðinum er nú háttað. Þetta eru auðvitað réttar lýsingar. En þær sanna aðeins eitt, að stefnan á og verður að vera sú, að það komi aldrei til þess, að einu einasta skoti verði hleypt af. Stefna okkar, hver einasta ákvörðun okkar, verður að miða að því, að það verði aldrei þrýst á neinn hnapp. Leiðin til þess er vitaskuld að viðhalda valdajafnvæginu, ekki að raska því, og af því verðum við að taka mið í hverri einustu ákvörðun okkar og af því verðum við að taka mið þegar við berjumst fyrir afvopnun, eins og ég tel að við höfum gert. En við þurfum að gera það í langtum ríkari mæli. Það er svo mikið í húfi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Um leið og ég þakka hæstv. forseta fyrir það þolgæði sem hann hefur sýnt með því að sitja hér án þess að hafa 2. varaforseta sér til hjálpar eða aðalforseta sameinaðs þings, þá vil ég einnig þakka fyrir það sem mjög greinilega hefur komið í ljós í þessum umr., en það er þetta:

Í ræðum allra þm. lýðræðisflokkanna, sem hér hafa talað, hefur komið fram mjög sterkur einhugur í afstöðunni til varna Íslands. Þetta tel ég vera miklu, miklu meira virði en það, að menn deili mjög innbyrðis um almennar flokkspólitískar línur. Ég tel að þetta atriði geti orðið til þess að styrkja almenning í þeirri trú, að á Alþingi sitji menn sem eru sér ábyrgðar sinnar meðvitandi og tali um alvarlegustu mál þjóðarinnar af fullri alvöru og fullri einlægni. Þess vegna held ég að þær umr., sem hér hafa farið fram, geti orðið sjálfstæði og öryggi þjóðarinnar til styrktar á þeim erfiðu tímum sem nú eru í veröldinni.

Ég vil sérstaklega þakka hæstv. utanrrh. og hæstv. dómsmrh. fyrir þær ræður sem þeir hafa flutt og fólu í sér svör við þeim spurningum sem ég beindi til hæstv. utanrrh. í upphafi máls míns í fyrradag. Hæstv. utanrrh. gerði glögga grein fyrir því, hvernig sú hætta gæti vissulega verið hér á landi að atvik eins og þau, sem upp komu í Danmörku, kynnu að gerast. Hæstv. ráðh. vakti athygli á því, að viðbrögð við slíku væru ef til vill öllu fremur í hendi dómsmrh. eða á hans málefnasviði, enda tók hæstv. dómsmrh. þannig á málunum í dag að það var alveg ljóst að hann gerði sér glögga grein fyrir þessum vanda og þekkir það vel, hvernig á að bregðast við lögbrotum. Þetta er hans fag frá gamalli tíð, ef ég má segja svo. Hæstv. dómsmrh. hefur fengist mikið við löggreglustjórn fyrr á sínum starfsferli og gerir sér því mætavel ljósan þennan vanda. Ég vil taka undir hans ósk, sem fram kom í ræðunni í dag, og vil leyfa mér að hvetja þm. til að ganga til móts við hæstv. ráðh. í þeirri viðleitni

að fá auknar fjárveitingar til löggæslunnar í landinu svo og almannavarna.

Það væri ef til vill eðlilegt að ég svaraði nokkuð öllum þeim persónulegu ásökunum sem á mér dundu hér fyrr í dag. Hins vegar taldi ég ekki rétt að gera það í dag, þó ef til vill væri full þörf á og fullt tilefni til, vegna þess að ég óttaðist að þá féllu þessar umr. um of í þann farveg, sem stundum hefur viljað vera um mikilvæg mál, að verða að karpi í stað víðtækrar málefnalegrar umræðu. Sem betur fer varð úr víðtæk málefnaleg umr. Svo er fyrir að þakka mörgum skynsamlegum ábendingum sem fram hafa komið í dag. Engu að síður vil ég þó aðeins víkja að þeim löngu ræðum hv. Alþb.-þm. sem þeir fluttu fyrr í dag.

Ég vil í því sambandi vekja athygli á einu, sem raunar kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. nú í kvöld, og það var satt að segja eina atriðið sem ég hnaut um í þeirri annars ágætu ræðu. Hæstv. utanrrh. sagði: Það er auðvitað alveg rétt og ekkert leyndarmál, að það eru ólík viðhorf til varna landsins, til öryggismála landsins, innan ríkisstjórnarinnar. — Það var efnislega þetta sem hæstv. ráðh. sagði. Það er líka rétt, að hvergi er minnst á áframhaldandi veru í Atlantshafsbandalaginu eða áframhaldandi dvöl varnarliðs í landinu eða varnarstöð í stjórnarsáttmálanum. Hins vegar taldi hæstv. ráðh., — og nú kem ég að því atriði sem ég hnaut um, — að þetta hefði Alþb. samþykkt með þögninni svo ekki yrði um villst. Ég verð að segja að mér fannst ekki síst í dag, fram undir kaffitímann að minnsta kosti, þessi þögn vera ærið hávaðasöm, svo ekki sé meira sagt. Hinu geri ég ráð fyrir, að hæstv. utanrrh. hafi átt við að aðild að Atlantshafsbandalaginu og vera varnarliðsins í landinu væri samþykkt af Alþb. hálfu með áframhaldandi setu þess í ríkisstjórn. Það liggur alveg ljóst fyrir, hversu háværar ræður sem þeir halda hér á Alþingi og halda þar öðru fram. Það er mál fyrir sig.

Það er mjög sérkennilegt að athuga hverjum tökum Alþb.-menn hafa tekið það málefni sem hér hefur verið rætt. Í fyrsta lagi ganga hv. þm. Alþb. jafnan fram hjá aðalatriði málsins. Þegar rætt er um þessa nýliðnu atburði á Norðurlöndum, í Svíþjóð og í Danmörku, er vert að horfa aftur um nokkra mánuði. Í sumar hafa klingt mjög í eyrum fréttir af friðarhreyfingum og blasað við á síðum málgagna þeirra. Allt í einu ber svo við nýlega, að við blasir í Danmörku að friðarhreyfingar þar í landi virðast vera meira og minna fjármagnaðar af sovésku fé. Þá fer umræða Alþb.-manna fram hjá þessu atriði. Menn hafa ef til vill tekið eftir því, að vissulega hafa Alþb.-menn og Þjóðviljinn fordæmt athæfi Rússa og undið sér síðan í það að draga af því þá ályktun, að svona séu stórveldin. Þeir komast m. ö. o. að þeirri niðurstöðu, að athæfi Rússa í sænska skerjagarðinum sé sönnun þess, að Bandaríkjamenn hagi sér á tiltekinn veg eða NATO-þjóðir hagi sér á tiltekinn veg, athæfi Rússa sé sönnun um að stórveldin, eins og einn hv. þm. Alþb. benti á hér í kvöld, séu álíka viðsjárverð. Hitt er annað mál, að í þessum yfirlýsingum sínum sleppa þeir að ræða um hitt atriðið, sem er hið stórvarasama athæfi sem fram hefur farið í Danmörku. Menn geta velt fyrir sér af hverju.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veifar fram og aftur fylgiskjali með fjárlagafrv. úr Bandaríkjunum, les upp úr því kafla og kafla og telur sig sanna með því eitthvað sem hann telur stórvarasamt athæfi. Ég skal ekki leggja dóm á það. Ég hef ekki lesið þetta skjal. En þá sleppir hv. þm. því að fjalla á nokkurn hátt um eða taka afstöðu til þess sem verið hefur til umræðu í Danmörku og menn hafa áhyggjur af um öll Norðurlönd og jafnvel víðar. Hv. þm. er meðal þeirra fáu sem ekki hafa áhyggjur af þessu athæfi. (**ÓRG:** Þetta er rangt hjá þm.) Það er gott ef hv. þm. hefur fordæmt þetta atriði, en einhvern veginn var það nú svo, að ræða hans fjallaði aðeins um önnur atriði. Hún gerði það. Hv. þm. þorir ekki að ræða um efni þessa máls. (**ÓRG:** Það er alveg velkomið að taka heilan dag í viðbót með þm.) Það er svo, herra forseti, að það fór ekki hjá því þegar hv. 11. þm. Reykv. flutti hér ræðu sína í dag, og raunar öllu fremur í kvöld, eftir að hv. þm. hafði hlustað á öll þau efnislegu rök sem fram hafa komið í ræðum þm. hér í dag, að aftur og aftur kom upp í huga minn þetta vísubrot: „Númi skundar, Númi hræðist, Númi undan víkur sér.“ — Þetta er afar skiljanlegt. Mér finnst mjög skiljanlegt að Alþb. sé órótt þessa dagana, og eðlileg er sú ósk sem hv. þm. setti fram í seinni ræðu sinni í kvöld, að við þurfum að hugsa margar gamlar hugsanir upp á nýtt. Það er einmitt það. Hv. þm. Alþb. þurfa einmitt að hugsa margar gamlar hugsanir upp á nýtt. (**ÓRG:** Þm. þarf það ekki.) Herra forseti. Þar sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú fengið nokkrar klukkustundir til umráða í dag væri mér kannske heimilt að hafa nokkrar mínútur nú þegar komið er fram yfir miðnætti til að ljúka ræðu minni.

Að því er varðar gamlar hugsanir hefur varnar- og friðarstefna Atlantshafsbandalagsins sannað gildi sitt. Því er það, að sá, sem hugsar þær gömlu hugsanir upp á nýtt, kemst að þeirri niðurstöðu, að þær voru réttar.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson minntist í kvöld á ræður nokkurra þm. sem hann taldi vera þess eðlis að þeir þm., sem fluttu þær ræður, væru sennilega hæfir til að ræða við hann. Vel má það vera og er vel ef þessi hv. þm. hafa fengið hv. 11. þm. Reykv. til þess að hugsa sínar gömlu hugsanir upp á nýtt. Ég veit að hv. þm. er þaulæfður í því og að komast að nýjum niðurstöðum. Þetta getur enn þá gerst.

Í þessari umr. kom fram og það af eðlilegum ástæðum, að margir hafa áhyggjur af því sem um var rætt, meiri og minni tengslum ýmissa aðila hér í landinu við Ráðstjórnarríkin. Hv. þm. Alþb. hafa kosið að bregðast við þessu á þann veg að tala almennt um tengsl við erlenda aðila. Hitt er rétt og skiptir miklu máli, sem margir hv. þm. hafa bent á í dag, m. a. hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, og hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, að það er mikil blekking að leggja að líku öll erlend ríki sem við eigum skipti við. Mesta blekkingin er að leggja að líku, eins og Alþb.-menn gera, Atlantshafsbandalagið annars vegar og Sovétríkin hins vegar. Þetta er rangt af tveimur ástæðum: Annars vegar vegna þess, að lagt er að líku algjört einræðisríki, einræðisherveldi annars vegar, og svo aftur opin lýðræðisríki. (**ÓRG:** Eins og Tyrkland?) Það er rangt einnig vegna þess, að í Atlantshafsbandalaginu eru Íslendingar af fúsum og frjálsum vilja. Það er lögleg vörn þjóðarinnar, lögleg aðferð íslenska ríkisins til að verja öryggi sitt og sjálfstæði. Hitt er annað mál, að Sovétveldið er andstætt, er andsnúið þessari vörn íslenska ríkisins. Af þessari ástæði er einnig alrangt að leggja þetta tvennt að líku. (**Gripið fram í:** Hvað um lýðræðið í Tyrklandi?) Ef hv. þm., með allan þann kennslutón sem hann hefur talað við okkur í í dag, þarf að spyrja um stjórnarfar í Tyrklandi til að átta sig á því, hvaða stjórnarfar er í vestrænum lýðræðisríkjum, þá tel ég að ekki sé verið að tala á þeim grundvelli sem hv. þm.

hefur þó sagst vilja tala á.

Ég veit að hv. þm. vill helst tala um Írland, Tyrkland eða eitthvert annað ríki. Hv. þm. vill ekki að það komi fram að hann og hans flokkur reka þá utanríkispólitík sem er þóknanleg Sovétríkjunum. Þannig er þetta og á þetta hafa margir hv. þm. bent í dag. Þetta er því miður staðreynd. Nú dettur mér ekki í hug að nokkur þm. Alþb., þó ég sé ekki sérlega hrifin af þeim sumum hverjum, geri slíkt af meðvitaðri óþjóðhollustu. Þeir halda einfaldlega að þetta sé skynsamlegt. Jafnvel þegar þeir sjá blekkingarnar afhjúpaðar halda þeir að þetta sé skynsamlegt.

Sömu dagana og kafbátinn rak í skerjagarðinn í Svíþjóð birtist þetta úr einkunnarorðum miðstjórnar Kommúnistaflokks Sovétríkjanna á 64 ára afmæli októberbyltingarinnar: „Þjóðir Evrópulanda! Berjist gegn staðsetningu nýrra bandarískra kjarnorkueldflauga á landsvæði Vestur-Evrópu. Friðarinnar! Margfaldið krafta ykkar í helgri baráttu fyrir hinum æðsta rétti — réttinum til lífsins. Verið þar af leiðandi fylgjandi því, að nifteindavopn og önnur gereyðingarvopn verði bönnuð! Kjarnorkustyrjöld — nei!" Þetta stendur í þessu innrammaða ávarpi úr einkunnarorðum miðstjórnar Kommúnistaflokks Sovétríkjanna sem framkvæmir þessa stefnu sína með þeim hætti sem lýðum er ljós. Það var því von að hroll setti að Svíum þegar þeir heyrðu seinasta skeytið frá sovéska kafbátnum sem hljóðaði svona: „Við sjáum ykkur aftur." Og rétt eftir að kafbáturinn var kominn heim ítrekuðu Sovétríkin enn á ný ósk sína um kjarnorkulaus Norðurlönd og „kröfu sína" — var reyndar sagt í fréttum útvarpsins. Einum eða tveim dögum síðar kom ásökun í garð Svía fyrir að þeir stunduðu „njósnir gegn Sovétríkjunum". Svo mörg voru þau orð. Þetta var það sem þessi fyrirmynd Alþb. hafði að segja um þetta mál.

Þetta minnir ofurlítið á sögu sem norskur stjórnmálamaður sagði einu sinni um atvik sem kom fyrir í Noregi fyrir nokkrum árum. Þá höfðu Norðmenn nýlega aukið mannafla sinn á Finnmörk, rétt hjá landamærum Sovétríkjanna. Þessi norski stjórnmálamaður, sem var ráðamaður þar í landi þá, fékk mótmæli frá Sovétríkjunum vegna þess að með þessu töldu Sovétríkin öryggi sínu ógnað. Í barnaskap mínum spurði ég þennan Norðmann, sem um var að ræða, hver hefðu orðið viðbrögðin. Hann sagði og brosti við: „Ég fullvissaði bara Sovétmanninn um það, að Norðmenn hefðu ekki í hyggju að leggja undir sig Sovétríkin." Sovétmanninum létti og með það skildu þeir. Svona er hugsanagangurinn sérkennilegur og eðlilegt að það sé erfitt að ganga til samninga þegar þvílíkt hyldýpi virðist vera milli afstöðu og rökfærslu manna sem þarna kemur fram, ef þetta lýsir einhverju um viðhorf valdhafanna í viðkomandi stórveldi.

Í ræðum, sem hér voru haldnar af hv. Alþb.-mönnum, var það mjög greinilegt að þeim var sérlega órótt, að ekki sé meira sagt. Talað var um alvarlegar ásakanir er ég hefði beint að þeim í ræðunni í fyrradag. Það var að vísu ekki nákvæmlega skýrt í hverju þær voru fólgnar. Aldrei datt mér í hug að kenna þeim um siglingu kafbátsins. Hitt má vera, að það hafi verið að ég leiddi fram þeirra eigin vitni um tengsl við Sovétríkin, las upp úr málgagni Sovétríkjanna þar sem vissir framámenn úr Alþb. höfðu skýrt frá sambandi sínu og hinum góðu tengslum við Sovétríkin. Nú er að sjálfsögðu ágætt að hafa gott samband þjóða í milli, en það, sem um var að ræða, var að mér fannst þurfa að liggja ljóst fyrir í hverju þessi tengsl væru fólgin.

Það, sem ég geri ráð fyrir að hæstv. félmrh. hafi talið ásökun, var að ég spurði í hvers boði hæstv. ráðh. hefði farið til Sovétríkjanna, en það ætti að vera eftir atvikum sakleysisleg spurning. Upphófust þá mikil framíköll. (**Gripið fram í:** Þm. fullyrti, en spurði ekki.) Ef hv. þm. vill lesa ræðu mína getur hann séð þetta þar. — Þá upphófust framíköll, rétt eins og nú. Hér sat aðeins einn Alþb.-þm. og greip fram í núna. En þá kölluðu margir þm. Alþb. fram í og bentu á að formaður Sjálfstfl. hefði farið boðsferð til Sovétríkjanna. Ég sagði þá að hann hefði ekki farið í boði Kommúnistaflokks Sovétríkjanna. Meira ræddi ég ekki um það atriði. Í dag segir hæstv. félmrh. að hann hafi verið í boði ríkisstjórnar Sovétríkjanna, og rétt á eftir segir hv. þm. Stefán Jónsson að það sé nú þannig að í því landi sé ekki mikill munur á flokknum og stjórninni. Víst er það rétt að svo mun vera í raun, enda sjálfur Brésnev mesti valdamaður ríkisins og flokksins. En það er dálítið erfitt fyrir borgara í lýðræðisríki að gera ekki mun á því, hvort menn koma fram sem embættismenn í nafni síns ríkis eða hvort menn koma fram sem leiðtogar stjórnmálaflokks. Ég lít svo á að það skipti töluverðu máli fyrir íslenska ríkið. Nú liggur fyrir fullyrðing hæstv. ráðh. sjálfs hér í dag. Víst má það vera óvenjuleg opinber heimsókn sem þarna hefur verið um að ræða því ekki mun utanrrn. hafa komið nálægt þessu fyrirtæki né heldur sendiráð Íslands í Moskvu, fyrr en ef til vill að ráðh. kann að hafa haft samband við það er þangað var komið. Eftir því sem ég hef heyrt mun þessi heimsókn ekki hafa farið fram með þeim hætti sem venjulega tíðkast um opinberar heimsóknir ráðamanna fyrir tilstilli eða milligöngu utanrrn. með einhverjum hætti. Vel má vera að þarna sé aðeins ný aðferð viðhöfð og læt ég útrætt um það efni. En aðallega var það einkennilegt, að menn virðast ekki þar á bæ gera mun á hinu pólitíska valdi og sjálfum embættunum.

Hér talaði hv. 11. þm. Reykv. í dag mikið um ferðalög manna til hins stærsta meðal NATO-ríkjanna, lét hins vegar fátt uppi um ferðalög sín og boðsferðir til ýmissa annarra ríkja á friðarstefnur og sitthvað sem hann hefur átt erindi til undanfarið. Það mætti kannske spyrja í því sambandi hver hafi fjármagnað för hv. þm. á friðarráðstefnuna á Álandseyjum. Það er aðeins spurt um það til fróðleiks sem eitt dæmi um ferð. Annars fylgist ég ekki gjörla með ferðum hv. þm. Ég hef fróðleik minn meira úr þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar.

Ég held, herra forseti, að sú ætlun hv. þm. Alþb., að þeir gætu með hávaðasömum ræðum um annað en efni málsins kæft þær hugmyndir, sem lágu að baki þessari fyrirspurn, og kæft þann hug, sem er í þm. almennt um þessi efni, hafi farið út um þúfur. Ég mun ekki nú fara nákvæmlega út í ræður þeirra þótt mörg atriði hafi komið fram. Mér fyndist það misnotkun á tíma þm. og þolinmæði hæstv. forseta. Ég vil hins vegar ítreka það, að mér finnst mjög ánægjulegt og auka álit á Alþingi, hve málefnalega allir lýðræðissinnar, allir þm. lýðræðisfokkanna, hafa tekið á þessum málum nú í umr. og bent á ýmis efnisatriði sem verulegu máli skipta í þessu sambandi öllu. Þessi umr. hefur færst inn á víðara svið en hin upphaflega fsp. gaf beint tilefni til. Hins vegar var mjög eðlilegt að í sambandi við þetta mál kæmu upp hinar almennu áhyggjur um öryggi og framtíð Íslands, eins og fram hefur komið hér í dag. Það er ljóst að hv.

þm., sem á Alþingi sitja, eru vissulega menn til að ræða af einlægni um þessi málefni og taka ábyrga afstöðu, en eru ekki smeykir við að segja meiningu sína.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég bjóst ekki við að þurfa að tala hér aftur, en hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur tókst að koma þessum umr. aftur niður á dylgjuplanið og þá lágkúru sem einkenndi hluta af þessum umr. Hún lét sér það sæma að dylgja í lok ræðu um ferð mína á friðarráðstefnu á Álandseyjum. (**RH:** Það var bein spurning.) Já, það voru dylgjur. Hv. þm. vissi að ég var búinn að tala mig hér dauðan, eins og kallað er og þurfti að leita á náðir forseta til þess að geta svarað. Auðvitað kann þm. dylgjuaðferðina, að láta spurningar liggja í loftinu og láta menn geta í eyðurnar. Auðvitað var tilgangur spurningarinnar að reyna að gera tortryggilega þátttöku mína í þessum fundi.

Mér er sérstök ánægja að því að upplýsa hv. þm. um það, hverjir fjármögnuðu þessa ráðstefnu og þessa ferð. Það sýnir mönnum að veruleikinn er oftast nær miklu einfaldari en allar samsæriskenningarnar vilja reyna að láta hann líta út fyrir að vera. Allir þátttakendur í þessari Álandseyjaráðstefnu fjármögnuðu sínar ferðir og þátttöku sjálfir og borguðu til hennar þátttökugjald hver og einn, nema lítill hópur einstaklinga sem var boðið að vera aðalfyrirlesarar á þessari ráðstefnu. Í þessum hópi voru menn eins og Jens Evensen frá Noregi, þm. Jytte Hilden frá Danmörku, þm. frá Svíþjóð, prófessor frá Finnlandi og örfáir aðrir einstaklingar. Ferðakostnaður þessara einstaklinga var greiddur af þeim sem að ráðstefnunni stóðu. Þeir fjármögnuðu þennan ferðakostnað á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi með hluta af þátttökugjöldum þeirra annarra sem á ráðstefnunni voru. Í öðru lagi með sérstökum styrk frá landsstjórninni á Álandseyjum. Menntmrh. Álandseyja sat í undirbúningsnefnd þessarar ráðstefnu og Álandseyjastjórn bauð ráðstefnunni að halda fund í þinghúsi Landsstjórnarinnar á Álandseyjum. Síðan veittu tveir, þrír opinberir norrænir sjóðir og sænskir sjóðir litla styrki til að fjármagna kostnaðinn við þessa ráðstefnu.

Þetta er, hv. þm., svarið við því, hverjir stóðu að því að fjármagna þessa ferð. Það er ekkert dulið við það. Það er ekkert leynilegt við það. Þetta eru einu erlendu aðilarnir, — ég vil láta það koma hér skýrt fram, — sem hafa greitt nokkurn ferðakostnað af mínum ferðum á undanförnum mánuðum og misserum til að ræða málefni friðarhreyfinganna erlendis eða hér.

Ég vona að þar með, herra forseti, þurfi ég ekki oftar hér eða annars staðar að svara spurningum sem fram eru settar með hugarfari lágkúrunnar, hugarfari tortryggninnar, hugarfari þess sem sáir ávallt fræ kornum tortryggni í garð annarra en sinna eigin manna.

Sameinað þing, 19. fundur.

Mánudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Rannsókn kjörbréfs — varamenn taka þingsæti.

Forseti (Steinþór Gestsson): Mér hefur borist bréf sem hljóðar á þessa leið:

„Ólafur Jóhannesson, 5. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson dósent, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Haraldur Ólafsson dósent hefur setið á þingi á þessu kjörtímabili og þarf því ekki að taka kjörbréf hans til afgreiðslu og er hann boðinn velkominn til starfa.

Einnig hefur borist svofellt bréf:

„Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurl. v., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi um sinn leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þér látið fara fram rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Með því að Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri hefur ekki setið á þingi á þessu kjörtímabili verður að fara fram rannsókn á kjörbréfi hans sem hér liggur fyrir, og vil ég biðja kjörbréfanefnd um að taka það til athugunar og gef fundarhlé í 5 mínútur.— [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Hannesar Baldvinssonar framkvæmdastjóra á Siglufirði, sem er 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra. Nefndin leggur til að kjörbréfið verði samþykkt og kosningin tekin gild.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 33 shlj. atkv.

Forseti (Steinþór Gestsson): Hannes Baldvinsson hefur setið áður á þingi og þarf því eigi að undirrita eiðstaf. Ég býð hann velkominn til starfa.

Efri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 16. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 93). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er fylgt úr hlaði frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands. Í stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980 segir svo um dómsmál, með leyfi forseta:

„Unnið verði að umbótum í dómsmálum og stuðlað að hraðari meðferð dómsmála, með því m. a. að einfalda meðferð minni háttar mála."

Ég tel að nokkuð hafi áunnist í þessu efni, m. a. með löggjöf sem afgreidd var á síðasta þingi. Enn þá á þó alllangt í land að meðferð dómsmála sé nægjanlega greið. Hins er að geta, að þetta er alls staðar sama vandamálið. Á fundi dómsmálaráðherra Evrópu, sem haldinn var í Sviss í septembermánuði s. l., var þetta annað aðalmálið, hvernig hraða mætti meðferð venjulegra dómsmála.

Frv. þetta er samið af dómurum Hæstaréttar eftir viðræður við dómsmrh.

Fjöldi mála, sem skotið er til Hæstaréttar, hefur verið þessi síðustu árin: árið 1974 223, 1975 185, 1976 244, 1977 240, 1978 224, 1979 221 og 1980 250. Á hinn bóginn eru dæmd mál alls á þessum árum sem hér segir: 1974 127, 1975 141, 1976 141, 1977 159, 1978 171, 1979 167 og 1980 168. Af mismun þessara talna má sjá að stöðugt fjölgar þeim málum sem bíða dóms, og má segja að í algert óefni stefni ef ekki verður gripið til einhverra ráða. Það gefur e. t. v. einna gleggsta mynd af ástandinu að athuga hversu mikið af þeim málum hefur fjölgað síðustu árin sem eru tilbúin til málflutnings. Segja má að stöðugt hafi sá hali lengst. Sá háttur er á hafður í Hæstarétti, að opinber mál eru að jafnaði látin hafa forgang og dæmd án verulegs dráttar eftir að þau eru tilbúin til flutnings. Ef þeirri reglu er haldið má ljóst vera að þeim einkamálum, sem nú bíða flutnings, verður ekki lokið fyrr en á árinu 1983 við óbreyttar aðstæður. Þetta er auðvitað allsendis óviðunandi. Fljót afgreiðsla dómsmála er höfuðnauðsyn í hverju réttarríki, en jafnframt verður að gæta hins fyllsta réttaröryggis. Ber því mikla nauðsyn til að bæta starfsaðstöðu Hæstaréttar til þess að hann geti með skjótum og öruggum hætti leyst úr þeim mikla málafjölda sem þangað berst. Og það má auðvitað segja að ýmsar leiðir komi til álita til að ná þessu marki.

Svo sem kunnugt er hefur á undanförnum árum nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi frv. til l. um lögréttu en ekki fengið afgreiðslu. Í því frv. er gert ráð fyrir millidómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar, sem yrði áfrýjunardómstóll í þeim málum, þ. á m. kærumálum, sem héraðsdómur dæmdi á fyrsta dómstigi, og kvæði þar upp endanlegan dóm, en fyrsta dómstig í stærri málum sem síðan mætti þá áfrýja til Hæstaréttar. Með stofnun slíks dómstóls yrði létt miklu álagi af Hæstarétti. Engu að síður er nauðsynlegt að leysa úr þeim vanda sem nú er við að glíma vegna hins mikla fjölda óafgreiddra mála.

Með þessu frv. er lagt til að dómendum Hæstaréttar verði fjölgað úr sjö í átta. Með því móti gæti dómurinn starfað í tveim deildum í senn: sem þriggja manna dómur, er dæmdi kærumál og minni háttar ágreiningsmál, og fimm manna dómur, sem dæmdi meiri háttar

mál. Má segja að á þetta hafi verið bent fyrir nokkrum árum þegar síðasta breyting var gerð á lögum um Hæstarétt.

Þá er lagt til að Hæstiréttur fái að ráða sérfróða menn dóminum til aðstoðar eins og tíðkast víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum. Þeir yrðu að sjálfsögðu að vera lögfræðingar. Slíkt mundi mjög auðvelda störf dómaranna og auka vinnuafköst þeirra. Sem stendur eru engir slíkir sérfróðir aðstoðarmenn við réttinn. Þá er lagt til að lögleidd verði heimild til bráðabirgða til að setja 2—3 varadómara allt að sex mánuðum hvort ár árin 1982 og 1983. Mundi þá Hæstiréttur getað starfað í tveim fimm dómara deildum þann tíma. Svipað fyrirkomulag og þetta hefur tíðkast um nokkurn tíma í Finnlandi og var einnig í gildi í Noregi um skeið eftir stríðið. Rétt er að benda á að þessari heimild er aðeins ætlað að gilda í tvö ár, þ. e. í takmarkaðan tíma. Að þeim tíma liðnum verður að taka málið til athugunar á ný.

Ég hygg að sú leið, sem hér er valin til að leysa hinn bráða vanda sem blasir við Hæstarétti, kunni að vera eitthvað umdeild. Við höfum séð það í greinum, sem birst hafa í blöðum undanfarið, svo sem greininni „Ísberg og lögréttan" og öðrum slíkum sem fjallað hafa um þetta efni. Mér er einnig kunnugt um að einhverjir hv. alþm. úr stjórnarflokkunum eru ekki á eitt sáttir um þá leið sem valin hefur verið hér.

Með þessu frv. er einginn dómur í sjálfu sér lagður á lögréttufrv. Það hefur legið fyrir nokkrum þingum, en ekki vakið sérstaka athygli hv. alþm. En á hitt er að líta, að það verður lagt til hliðar nú um sinn. Hver er tilgangur lögréttufrv.? Hann er einmitt sá sem hér er leitast við að ná þótt eftir nokkuð annarri leið sé farið. Markmið tillagna réttarfarsnefndar, sem samdi frv. um lögréttu, var tvenns konar: í fyrsta lagi hraðari meðferð dómsmála, í öðru lagi meiri aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdavalds. Ég er alls ekki að segja að með því frv., sem ég hef leyft mér að leggja fram nú um breytingu á hæstaréttarlögunum, sé verið að kasta frv. til lögréttulaga fyrir róða. En ég tel rétt að það verði athugað nánar. E. t. v. kemur það fram í breyttri mynd í fyllingu tímans, þegar þar að kemur.

Ég þarf ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta frv. Ég vil þó taka eitt fram, að ég óska eftir því við hv. þingnefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, að hún hraði meðferð þess, því að að því verður að stefna, ef frv. á að ná þeim tilgangi sem því er ætlað, að það nái lögfestingu fyrir áramót.

Ég hef svo ekki fleiri orð um frv. en óska þess, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Sveinsson: Herra forseti. Svo sem fram kemur í grg. þess frv., sem hér er til umr., er skjót afgreiðsla dómsmála höfuðnauðsyn í hverju réttarríki, en jafnframt verður þó að gæta fyllsta réttaröryggis þannig að tryggð sé vönduð málsmeðferð, óyggjandi dómar og lyktir mála. Er því mikils um vert að búið sé að Hæstarétti eins vel og frekast er unnt svo að dómurinn geti með hröðum og öruggum hætti leyst úr þeim mikla og oft og tíðum erfiða málafjölda sem þangað berst. Þekkja allir og þó sérstaklega þeir, sem við dómsmál fást að staðaldri, hve álagið á Hæstarétt er gífurlegt og langt umfram það sem venjulegt og réttlætanlegt getur talist. Að sögn hæstaréttarritara er meðalbiðtími einkamála fyrir Hæstarétti, frá því mál er tilbúið til flutnings og þar til að flutningi kemur, talinn vera um það bil 15 mánuðir eða eitt ár og þrír mánuðir, en 27,3 mánuðir frá því að máli er áfrýjað og þar til dómur gengur. Er ekki ólíklegt að einkamál hafi þá tekið 1—2 ár í undirrétti. Þannig mun ekki óalgengt að aðilar máls þurfi að bíða eftir endanlegri dómsniðurstöðu í allt að 4—5 ár, en slíkt er að mínu mati alger óhæfa í landi sem teljast vill réttarríki.

Um það, hvernig markmiðinu hraðari málsmeðferð verður best náð, hafa verið nokkuð skiptar skoðanir, einkum meðal lögfræðinga. Bundu allmargir verulegar vonir við frv. til lögréttulaga sem nokkrum sinnum hefur verið lagt hér fram í þinginu en ekki fengið afgreiðslu. Með frv. til lögréttulaga, sem samið var af réttarfarsnefnd, er aðallega stefnt að tvennu, eins og fram kom í máli hæstv. dómsmrh. á undan: annars vegar að hraðari meðferð dómsmála og hins vegar að meiri aðskilnaði dómsvalds og framkvæmdavalds sem einnig er verulegt réttaröryggismál. Í grg. með frv. til lögréttulaga segir m. a. um þessi markmið, með leyfi forseta:

„Hitt er vissulega mjög vafasamt og jafnframt umdeilanlegt, hvernig best sé að ná þessum markmiðum. Til greina kemur fjölgun starfsliðs, bætt húsnæðisaðstaða og tækjabúnaður. Réttarfarsnefnd telur að allt mundi þetta stuðla að auknum hraða í meðferð dómsmála, en það er ekki í verkahring nefndarinnar að fjalla nánar um þessi atriði. Ábendingar hafa komið fram um að óheppilegt væri hve lítill hluti af störfum ýmissa dómara dómsstörfin væru. Ef tillögur réttarfarsnefndar ná lögfestingu mundi fyrir þetta girt varðandi viðameiri mál."

Þá segir einnig í sömu grg.: „Loks er þess að geta, að það skiptir nokkru að málafjöldi fyrir Hæstarétti er nú svo mikill að veruleg töf verður oft á því, að mál séu flutt og dæmd. Þetta mundi vafalaust breytast ef lögrétta yrði sett á stofn."

Af þessu tilefni vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. dómsmrh., hvort skilja megi orð hans svo að hann hafi ekki í hyggju að leggja fram á þessu þingi frv. til lögréttulaga á ný, breytt eða óbreytt, og stuðla þannig að frekari réttarbótum í landinu. Sýnist mér að með því frv., sem hér er til umr., sé að því stefnt að hverfa frá þeirri stefnu, sem frv. til lögréttulaga gerði ráð fyrir, og halda í þess stað óbreyttu ástandi en fjölga þó nokkuð dómurum til að leysa þann tímabundna vanda sem nú blasir við. Vonandi er þetta mat mitt rangt. Hlýt ég því að harma að hér skuli ekki vera lagt fram samhliða til umfjöllunar, afgreiðslu og löggfestingar frv. til lögréttulaga.

Frv. það, sem hér er til umfjöllunar, gerir ráð fyrir allnokkrum breytingum. Er þar stærst fjölgun dómara, fastra og tímabundinna, eins og síðar verður að vikið. Aðrar breytingar, t. d. skipun þriggja dómara í dóm, ef refsing fer ekki fram úr sex ára fangelsi, samkv. 2. gr. frv., ráðning sérfróðra aðstoðarmanna samkv. 4. gr. og ákvörðun þriggja dómara um áfrýjun máls samkv. 6. gr., horfa allar til bóta og hraðari málsmeðferðar. Er því ekkert nema gott um þær breytingar að segja svo og aðrar breytingar sem að fjárhæðum lúta. Þá er og jákvæð breyting í 8. gr. frv., sem fram kemur í niðurlagi, að fela megi öðrum hæfum manni en hæstaréttardómara að annast útgáfu dómasafns ásamt efnisskrá. Ætti með því að vera unnt að koma í veg fyrir að útgáfa hreinlega falli niður eða dragist úr hófi fram, eins og átt hefur sér stað einkum varðandi efnisskrá hæstaréttardóma, t. d. efnisskrá frá 1971 sem enn er ekki komin út 10 árum síðar.

Varðandi fjölgun hæstaréttardómara er að mínu mati mjög óvíst að fjölgun hæstaréttardómara úr sjö í átta ein sér sé nægileg þegar til lengdar lætur, jafnvel þó að bráðabirgðaheimild sé til tímabundinnar ráðningar eða setningar 2—3 dómara til viðbótar, ef annað á ekki að fylgja með. Á ég þar við meiri háttar breytingar á dómsmálaskipaninni eins og lögréttufrv. gerir ráð fyrir. Tel ég að fjölgun fastra dómara verði að vera í 10 í stað 8, þannig að dóminum gefist kostur á að starfa í tveimur fimm manna deildum eins og minnst er á í frv. Er ljóst að slíkt hefur ekki mjög mikinn kostnaðarauka í för með sér sé út frá því gengið að settir yrðu hvort eð er 2—3 bráðabirgðadómarar næstu tvö árin auk þeirra átta föstu dómara sem frv. gerir ráð fyrir. Er enda ólíklegt, að tveimur árum liðnum, er Hæstiréttur hefur vanist því að starfa í tveimur fimm manna deildum, að rétturinn sætti sig við fráhvarf frá þeirri skipan.

Þá vil ég einnig í þessu sambandi minna á að með lögum nr. 75 frá 1973 var dómurum Hæstaréttar fjölgað úr fimm í sex og á ný með lögum nr. 24 frá 1979 úr sex í sjö. Miðuðu þessar breytingar báðar að hinu sama: að létta álaginu af Hæstarétti og hraða málsmeðferð. Urðu breytingarnar vissulega til bóta en sýna þó eigi að síður að þrátt fyrir þessa fjölgun erum við langt frá því marki sem fullnægjandi getur talist.

Í framhaldi af þessu er einnig athyglisverð sú umr. sem átt hefur sér stað nú síðustu daga í sambandi við það bráðabirgðaákvæði, sem fram kemur í frv., um setningu 2—3 dómara til viðbótar reglulegum dómurum réttarins árin 1982 og 1983. Er í Dagblaðinu 11. nóv. s. l. haft eftir ekki ógleggri manni en borgardómaranum Steingrími Gauti Kristjánssyni að slíkt ákvæði sem þetta um dómara til skamms tíma sé ekki í samræmi við grundvallarsjónarmið stjórnarskrárinnar um sjálfstæði dómstóla, sbr. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Vitnaði hann máli sínu til stuðnings í Stjórnskipun Íslands, Ólafs Jóhannessonar, hæstv. utanrrh., en í þeirri bók segir m. a. orðrétt á bls. 280 um þetta efni, með leyfi forseta:

„Auðsætt er af 61. gr. stjórnarskrárinnar að ætlast er til þess, að umboðsstarfalausir embættisdómendur séu skipaðir í embætti sín til óákveðins tíma, þangað til þeir brjóta af sér eða fullnægja ekki lengur hæfnisskilyrðum, t. d. um aldur. Þess vegna væri óheimilt að mæla svo fyrir í almennum lögum, að umboðsstarfalausir dómendur skyldu skipaðir til tiltekins tíma, t. d. 5 ára. Aftur á móti gætu lög ákveðið að dómendur skyldu kjörnir t. d. almennri kosningu eða á Alþingi."

Sömu eða svipaðrar skoðunar voru Eiríkur Tómasson lögmaður og kennari í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands og Baldur Guðlaugsson lögmaður og nefndarmaður í laganefnd Lögmannafélags Íslands, er Dagblaðið ræddi við þá fimmtudaginn 12. nóv. s. l. Andstæð skoðun kemur hins vegar fram í máli Björns Sveinbjörnssonar forseta Hæstaréttar, í viðtali við Dagblaðið föstudaginn 13. nóv. s. l., þó að forsetinn telji þessa ráðstöfun neyðarúrræði og vissulega mjög óæskilega. Væri í þessu sambandi mjög fróðlegt að fá umsögn og viðhorf hæstv. dómsmrh. til þessa atriðis.

Fyrir þá sök eina, að skiptar skoðanir eru meðal löglærðra manna um ákvæði þetta og túlkun 61. gr. stjórnarskrárinnar, hlýtur ákvæðið að rýrna í augum alþm. og ýta undir það sem hér að framan var sagt um að eðlilegra sé að fjölga föstum dómurum Hæstaréttar hreinlega í 10 í stað 8, ef það er vilji Alþingis að fara þá leið sem hér er til umræðu, þ. e. fjölgun dómara í stað meiri háttar breytingar eins og lögleiðingar á frv. um lögréttu.

Að endingu er umhugsunarvert í þessu sambandi að aths. frv. gefa til kynna að dómarar Hæstaréttar í heild hafi samið frv. Skiptar skoðanir eru hins vegar um réttmæti niðurlagsákvæða frv. eins og áður er rakið. Sérstök og vafalaust einstök staða gæti því komið upp við lögleiðingu slíks ákvæðis. Vilji einhver láta á það reyna, hvort ákvæði standist samkv. stjórnarskrá, þá er það Hæstiréttur Íslands sjálfur sem hefur lokaorðið um gildi ákvæðisins, — ákvæðis sem dómurinn sjálfur hefur samið og því nánast fyrir fram úrskurðað að brjóti ekki í bága við stjórnarskrá. Styður þetta þá skoðun, sem stundum hefur verið haldið fram, að óeðlilegt sé að hæstaréttardómarar starfi jafnframt að samningu lagafrv., a. m. k. sem ein heild, enda margyfirlýst og upplýst að þeir hafa alls ekki nægan tíma til að sinna sínum aðalstörfum, dómsstörfunum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar frv. til l. um fjölgun dómara í Hæstarétti kom til umræðu á Alþingi 1978—1979 gagnrýndi ég það frv. allverulega og lýsti að lokum andstöðu minni við efni þess. Ég held að ég hafi verið eini þm. á Alþingi þá sem tók slíka afstöðu. Rétt er að taka fram í upphafi að sú afstaða er ekki flokksleg afstaða með neinum hætti.

Þegar þetta frv. er hér lagt fram er ég enn sömu skoðunar. Og það sem meira er, ég tel að allar þær röksemdir, sem ég flutti þá gegn frv., hafi sannast með flutningi þessa frv. og þeim röksemdum sem fluttar eru fyrir þessu frv. Það hefur komið í ljós, eins og ég spáði við meðferð fyrra frv. hér á Alþingi fyrir rúmum tveimur árum, að það mundi leiða til verulegrar lausungar í starfi Hæstaréttar og mundi á engan hátt leysa þau vandamál sem því var ætlað að leysa. Ég sagði þá m. a. í ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér þykir einsýnt að fjölgun dómara nú í sjö muni ekki frekar bera afgerandi árangur heldur en fjölgun dómara í sex fyrir fjórum árum. Ef menn fara ekki inn á aðrar brautir í þessum efnum, þá munu ekki líða mörg ár þangað til kemur fram frv. um enn eina fjölgunina í Hæstarétti."

Þessi spásögn hefur nú komið á daginn. Og það sem meira er: í því frv., sem nú er lagt fyrir Alþingi, er haldið svo langt inn á þessar hæpnu brautir breytinga á dómstólaskipuninni í landinu, að kominn er upp ágreiningur meðal lærðustu lögfræðinga landsins um það, hvort sjálfir dómarar Hæstaréttar hafi lagt drög að broti á stjórnarskránni með því að flytja þetta frv. Deilurnar um starfshætti Hæstaréttar eru nú þegar, líkt og ég spáði fyrir tveimur árum, orðnar að grundvallarágreiningi um stöðu þessa æðsta dómstóls í stjórnskipun landsins.

Þegar fyrra frv. kom hér til umr. benti ég hv. þingheimi á að hagræðingarkrafan, sem var frumforsenda fyrra frv. fyrir tveimur árum og einnig þessa frv., gæti gengið svo þvert á ýmsar aðrar grundvallarforsendur dómstólaskipunarinnar í landinu, að væri hagræðingarkröfunni fylgt til hlítar hlyti að koma að því fyrr eða síðar að ýmsar aðrar grundvallarreglur — og að mínum dómi æðri reglur í dómstóla- og réttarfarsskipun landsins — yrðu brotnar. Jafnhliða væri verið að breyta eðli Hæstaréttar með því að búa til margbrotna stofnun sem væri svo laus í reipunum að hún gæti ýmist starfað sem þriggja manna, fimm manna eða sjö manna dómstóll og skipst í ýmsar

deildir með þeim hætti, að auknar líkur væru á að mismunandi túlkunarskólar laganna kæmu upp í dómstólnum sjálfum. Það mundu ekki líða mörg ár þangað til þær túlkanir væru orðnar svo margar og mismunandi að alger óvissa væri orðin í réttarkerfi landsins um það, hver væri skoðun Hæstaréttar og þar með hver væri hinn rétti skilningur laganna. Þar með mundi óvissan um rétta túlkun laganna aukast. Þar með mundi fjölgun mála verða meiri vegna þessarar óvissu og niðurstaðan væri sú að menn væru engu bættari.

Ég ætla ekki, herra forseti, að eyða löngu máli hér í að rifja upp mín fyrri orð fyrir tveimur árum sem flutt voru sem gagnrýni á það frv. og eru í dag miklu brýnni en þau voru þá. Ég ætla nú að fara í gegnum það frv., sem hér liggur fyrir, og rökstyðja hvers vegna ég tel enn nauðsynlegra að vera á móti þessu frv. en ég taldi vera að vera á móti þeirri fjölgun sem lögð var til hér á Alþingi fyrir tveimur árum. Ég bið hv. Alþingi og hæstv. dómsmrh. að íhuga betur en hv. Alþingi var reiðubúið að gera fyrir tveimur árum hvaða braut er hér verið að fara inn á. Eins og hv. síðasti ræðumaður kom að er í röðum ýmissa færustu lögfræðinga landsins þegar komin upp deila um það, hvort þetta frv. brjóti stjórnarskrána, — frv. sem hæstaréttardómendurnir sömdu sjálfir um þá stofnun sem þeir sitja í. Þá held ég að sé tími til kominn fyrir hv. Alþingi að gefa sér góðan tíma til að íhuga inn á hvaða brautir er verið að fara með þriðja hornsteininn í okkar lýðræðisskipulagi. Við erum nefnilega hér, hv. alþm., að fjalla um þriðja hornsteininn, í okkar lýðræðisskipulagi, og við eigum ekki að flýta okkur um of þegar við efnum til breytinga á þeirri stofnun. Við eigum að íhuga vel hvaða röksemdir liggja að baki slíkum breytingum og hvort ekki er hægt að fara aðrar leiðir til þess að leysa þann vanda sem sumir telja að sé þarna fyrir hendi. Ef við sköpum slíka óvissu um þennan þriðja hornstein í lýðræðisskipulagi landsins sem þetta frv. greinilega stefnir að, þá verður niðurstaðan sú að styrkleiki íslensks lýðræðis minnkar.

Menn mega túlka þessi sjónarmið mín sem íhaldssöm sjónarmið, það er velkomið. Það eru íhaldssöm sjónarmið gagnvart þeim grundvallarlýðræðisreglum sem ég tel að okkar þjóðskipulag byggist á.

Vikið er að því í grg. þessa frv., að fjölgað hafi allverulega þeim málum sem hafi verið skotið til Hæstaréttar. Það er meginröksemdin fyrir því, að frv. er flutt, nákvæmlega sama röksemdin og flutt var fyrir tveimur árum, hagræðingarröksemdin. Ég vakti hins vegar athygli á því þá og geri það aftur hér, að þær tölur, sem settar eru fram í grg., sýna hvorki verulega fjölgun mála né sýna þær aukin afköst dómstólsins þrátt fyrir að fjölgað hefur verið um tvo dómendur á undanförnum árum. Sú fjölgun, fyrst um einn fyrir allnokkrum árum og síðan annan fyrir tveimur árum, hefur því samkv. þeim tölum, sem hér liggja fyrir í grg., engin áhrif haft á að hraða meðferð mála við dómstólinn. Ég spyr: Eru einhverjar meiri líkur á því nú, að fjölgun um einn dómara enn leiði til þess, að málum verði hraðað, þegar hin fyrri skipti tvö sýna að það hefur ekki orsakað neina breytingu? Ég held að það ætti að vera mönnum tilefni til þess að staldra við og íhuga hvort ekki liggja einhverjar aðrar orsakir að baki þess, sem menn telja seinagang í dómsmálakerfinu, heldur en skortur á dómurum við Hæstarétt, sérstaklega þegar menn ætla nú, eins og ég mun koma að síðar, að fara leið breyttra starfshátta við dómstólinn sem stóreykur þá lausung sem einkennir störf Hæstaréttar. Hæstiréttur, sem býr við lausung í starfsháttum, er ekki sá hæstiréttur sem ég vil sjá í okkar þjóðfélagi.

Árið 1974 var skotið til Hæstaréttar 223 málum, árið 1978 224, 1979 221, 1975 185. Í þremur af þeim sex tilvikum, sem liðin eru frá 1974, er annaðhvort um nokkurn veginn nákvæmlega sama málafjölda að ræða og 1974 eða mun minni. Það eru aðeins þrjú ár af þessum sex þar sem um fleiri mál er að ræða og er þá fjölgunin ekki mjög mikil: 244 1976, 240 1977 og 250 1980. Ef tekið er gróft meðaltal af árunum frá 1974 til ársins í ár sjáum við að það er engin afgerandi fjölgun þeirra mála sem skotið hefur verið til Hæstaréttar. Röksemdin um mikla fjölgun mála er einfaldlega ekki rétt.

Síðan komum við að dæmdum málum alls á árunum frá 1974 og til 1980. Þá blasir sú staðreynd við okkur, að á árinu 1978, sem er síðasta árið áður en síðasta fjölgun varð í Hæstarétti, voru dæmd mál alls 171, en á þeim tveimur árum, sem liðin eru síðan síðast var fjölgað í Hæstarétti, eru dæmd mál alls færri en 1978, eða 167 og 168. Nú er mér auðvitað ljóst að mál eru misjafnlega viðamikil þannig að tölur einar út af fyrir sig um málafjölda segja ekki alla söguna. Ég vík hins vegar að þessu hér vegna þess að þetta er meginröksemdin sem núv. hæstv. dómsmrh. sem og fyrirrennari hans, hæstv. þáv. dómsmrh. Steingrímur Hermannsson, fluttu að beiðni hæstaréttardómaranna sjálfra fyrir því að fjölga í dómstólnum. Þetta eru þess vegna ekki fyrst og fremst röksemdir dómsmrh. beggja, heldur röksemdir dómaranna við dómstólinn. Tölurnar sýna einfaldlega að það er ekki hægt að mínum dómi að sækja röksemdir fyrir þessari fjölgun í málafjöldann né heldur sýna fram á að fjölgun dómara á undanförnum árum hafi á nokkurn hátt leyst þennan vanda. Það er nokkuð athyglisvert, að eftir fjölgun dómara fyrir tveimur árum fækkaði þeim málum sem voru dæmd alls af réttinum. Það varð fækkun dæmdra mála þrátt fyrir fjölgun dómara. Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi vekja athygli hv. deildar á, að sú hagræðingarröksemd, sem dómararnir í Hæstarétti beita sem meginröksemd sinni fyrir að þetta frv. sé flutt, stenst að mínum dómi alls ekki ef horft er á þær einföldu talnarunur sem er að finna í grg. frv. sjálfs.

Annað atriðið, sem ég vil víkja að, er að hér er enn frekar farið inn á þá braut að skipta Hæstarétti í undirdeildir. Hæstiréttur er ekki lengur heilsteypt stofnun líkt og hann hefur verið mestallan sinn tíma, heldur er hann orðinn margbreytileg deildaskipt stofnun svo að nánast er útilokað að átta sig á því fyrir fram, hvers konar Hæstiréttur starfar í hverju máli um sig.

Þegar haldið er inn á braut slíks kerfis vakna strax spurningar um það, eftir hvaða reglum Hæstarétti skuli þá skipt í deildir, þriggja dómara, fimm dómara o. s. frv. Það kemur fram í þessari grg. og kom einnig fram í umr. hér fyrir tveimur árum, að slíkar reglur eru ekki til. Það er lauslegt samkomulag hæstaréttardómaranna sjálfra hverju sinni sem ræður því, hvernig málum er skipt á deildaskiptan réttinn og hverjir sitja þá dóminn í viðkomandi deild hverju sinni. Rannsóknir, sem farið hafa fram á slíku deildaskiptu dómstólakerfi annars staðar, sýna okkur að niðurstöður dómsins geta farið mjög eftir því, hvaða einstaklingar úr heildarhópi dómara skipa viðkomandi undirdeild réttarins í það og það sinn. Það vita allir, að innan lögfræðinnar og innan dómstólakerfisins eru uppi ýmiss konar túlkunarskólar á hinum ýmsu

lagagreinum. Þegar Hæstiréttur er orðinn deildaskiptur með þessum hætti aukast allverulega líkurnar á að það kunni að vera jafnvel tilviljunarkennt hvers konar túlkunarskóli verði ráðandi í hverju máli um sig og kannske mismunandi túlkunarskólar í hliðstæðum málum eftir því hvernig valist hefur í undirdeildir réttarins.

Mér er tjáð, ég hef að vísu ekki þær tölur hér við höndina, en mér er tjáð að sératkvæðum í Hæstarétti hafi fjölgað mjög á síðustu árum, eftir að tekið var upp þetta deildaskipta kerfi sem hér er gerð tillaga um að verði aukið enn frekar. Sé það rétt að sératkvæðum í Hæstarétti hafi fjölgað á þessu tímabili, þá finnst mér það staðfesta þau varnaðarorð sem ég flutti hér fyrir tveimur árum og endurtek aftur nú, að líkurnar á því, að sjónarmið einstakra dómara, en ekki réttarins í heild sem stofnunar, fari að verða ráðandi eftir nokkuð tilviljanakenndri reglu aukist allverulega. (Gripið fram í.) Það kann vel að vera, hæstv. viðskrh. Stundum eru sératkvæði best. En það er ekki kjarni málsins. Kjarni málsins er ekki það, hvort dómur er réttur eða rangur. Kjarni málsins er það, að þegar litið er yfir lengri tíma koma fram margir mismunandi dómar, mismunandi túlkanir á sömu lögunum frá sömu stofnuninni eftir því hvaða einstaklingar hafa setið í undirdeildum stofnunarinnar í það og það sinn. Þar með eykst allverulega óvissan um það, hvað sé hið rétta ríkjandi túlkun Hæstaréttar á viðkomandi lögum.

Þar að auki er sú hætta fyrir hendi, að þegar dómstóllinn er orðinn skipaður slíkum fjölda dómara fari einstakir dómarar að sækjast eftir því að sitja undir dóminn í málum sem þeim eru sérstaklega hugstæð. Það er a. m. k. hægt að leiða vissar líkur að því, að slík mál séu einmitt þau mál þar sem viðkomandi dómarar hafi kannske meiri sérskoðanir heldur en dómstóllinn í heild. Engar reglur eru til um það, hvernig eigi að velja dómarana í þessa undirdómstóla, hvort þeir eiga að ganga í þá eftir röð eða hvort þeir eiga að semja um það í hvert sinn. Það er algerlega óljóst í þessum lagatexta. Ef þeir eiga að semja um það í hvert sinn skapast vissulega sú hætta, sem er skiljanleg frá mannlegu sjónarmiði, að menn sækist fyrst og fremst eftir því að fara í undirdeildir dómstólsins um þau mál sem þeir hafa sérstakan áhuga á. Þess vegna eru meiri líkur á að þeir hafi afdráttarlausari eða sérstæðari skoðanir á þeim heldur en rétturinn mundi hafa almennt sem stofnun.

Mörg fleiri rök má leiða að því, að með þessu kerfi sé verið að auka allverulega óvissu um hver sé hin rétta merking í ríkjandi lagatúlkun hverju sinni.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því, að með þessum lögum er Hæstarétti heimilað að ráða sérfróða aðstoðarmenn. Nú lýsti ég þeirri skoðun fyrir tveimur árum, að það gæti vissulega komið til greina að ráða slíka aðstoðarmenn til dómstólsins. Ég er enn þeirrar skoðunar, að slík skipan mála geti átt rétt á sér. En að innleiða hana með þeim hætti sem hér er gert, án nokkurra ákvæða um það, með hvaða hætti eigi að ráða slíka aðstoðarmenn, til hve langs tíma þeir eigi að vera ráðnir, hvaða skilyrði þeir eigi að uppfylla o. s. frv., tel ég algerlega ófært. T. d. í Bandaríkjunum, þar sem Hæstiréttur starfar með slíku aðstoðarmannakerfi, er reyndin sú, að það eru aðstoðarmennirnir sem semja dómana, það eru aðstoðarmennirnir með sínum ritgerðum og rannsóknum sem leggja í reynd drög að því, hver dómurinn er í hverju máli um sig. Það hefur verið skrifuð skemmtileg bók, sem vakti gífurlega athygli í Bandaríkjunum, fyrir rúmu ári af blaðamönnum þar í landi. Bókin var úttekt á störfum Hæstaréttar í Bandaríkjunum. Þar kom margt fróðlegt í ljós og ég legg eindregið til að hv. þm. kynni sér það verk áður en lengra er haldið í slíkum breytingum hér. (**EG:** Það kom í ljós að það var ekki allt sannleikur sem þar var farið með.) Það er út af fyrir sig rétt, að það var ekki allt sannleikur. Ég held þó að enginn hafi dregið í efa þá meginniðurstöðu sem kom fram í verkinu, að hlutur aðstoðarmannanna í dómnum við að semja sjálfa dómana og leggja drög að þeim forsendum, sem þeir voru reistir á, er miklu meiri en menn höfðu gert sér grein fyrir. Þeir voru í fjölmörgum tilvikum þeir aðilar sem mótuðu skoðanir réttarins. Dómararnir sjálfir voru þá eins konar ritstjórar að þeim túlkunartextum sem aðstoðarmennirnir sömdu. Það liggur í hlutarins eðli að verkefni aðstoðarmanna er með þessum hætti. Það liggur í hlutarins eðli. Það er m. a. tilgangurinn með því að ráða þá. Þess vegna er nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram, þegar Alþingi Íslendinga fer í fyrsta sinn inn á þá braut að heimila ráðningu slíkra starfsmanna við Hæstarétt Íslands, hver eigi að vera menntunar- og starfsskilyrði þessara manna, hver eigi að vera ráðningartími þeirra og hver eigi að ráða þá. Er eðlilegt t. d. að dómararnir ráði þá sjálfir? Er það eðlilegt? Ég spyr. Ég er ekki alveg viss. Skapar það ekki vissar líkur á því, að þeir velji t. d. úr hópi efnilegra ungra lögfræðinga ýmsa þá sem þeir þekkja persónulega eða telja sjálfir vera efnilega eða hafa unnið fyrir þá einhver önnur verk o. s. frv.? Hér er ekkert um það, að menn eigi að geta sótt um þessi störf á jafnréttisgrundvelli. Það er ekkert um það, að þessi störf eigi að auglýsa eða til þeirra eigi að ráða með einhverjum formlegum hætti. Það er fyllilega opinn möguleiki, a. m. k. eins og ég les frv., til þess að þetta verði persónulegt mat dómaranna hverju sinni. Ekkert er um hve langur ráðningartíminn eigi að vera eða hvaða starfsskilyrði í lögfræði eða dómstólastörfum þessir menn þurfa að uppfylla. Ég spyr t. d.: Væri ekki eðlilegt að slíkir aðstoðarmenn hefðu starfað sem dómarar við einhverja af undirdómstólunum? Eða eru menn reiðubúnir t. d. að ráða lögfræðinga nýkomna frá prófborði í þessi störf? Ég varpa eingöngu slíkum spurningum fram vegna þess, að þessir menn, aðstoðarmennirnir, eiga eftir að verða ráðandi afl í skoðanamyndun innan réttarins ef störf þeirra verða með sama hætti og verið hefur annars staðar.

Í fjórða lagi vil ég vekja athygli á því, eins og hér hefur verið gert áður í þessum umr., að ýmsir af lærðustu lögfræðingum landsins halda því fram, að ákvæði til bráðabirgða um sérstaka fjölgun í dómnum á árunum 1982 og 1983 brjóti í bága við stjórnarskrána. Ég ætla ekki að kveða upp úr með það. Ég hef enga stöðu til þess að kveða upp úr með það, hvort dómendur Hæstaréttar hafi sameinast um að brjóta stjórnarskrána. En ég vek hins vegar athygli á því, að þarna er grundvallarágreiningur af því tagi að það er í raun og veru ekki hægt að fá dæmi um stærri grundvallarágreining í dómstólakerfi landsins, en um það, hvort Hæstiréttur hafi brotið stjórnarskrána með því að semja slíkt frv. um Hæstarétt. Meiri grundvallarágreining get ég nú ekki séð að hægt sé að mynda við dómstólakerfi landsins. Mér finnst a. m. k. rétt fyrir hv. Alþingi, áður en það samþykkir slíkt, áður en það gerist meðsekt Hæstarétti í að brjóta stjórnarskrána, ef sú túlkun er rétt, að menn átti sig rækilega á því,

hverjar eru röksemdir með og hverjar á móti. Ég ætla ekki að rekja það hér, en vísa eingöngu til frásagnar sem kom í Dagblaðinu 11. nóv., á forsíðu, þar sem mjög rækilega eru flutt rök Steingríms Gauts Kristjánssonar fyrir þeirri skoðun, að þetta ákvæði frv. um Hæstarétt, sem Hæstiréttur samdi, sé brot á stjórnarskrá lýðveldisins. Þar er birtur í heild sá texti úr stjórnarskipunarrétti Ólafs Jóhannessonar sem Steingrímur Gautur Kristjánsson notar til rökstuðnings. Ég held að allir þeir, sem til þekkja, viti að Steingrímur Gautur Kristjánsson er meðal virtustu og lærðustu yngri lögfræðinga í þessu landi. Álit hans er ekki léttvægur dómur, sem hægt er að ýta frá sér.

Ég verð satt að segja að láta í ljós þá skoðun, að svör forseta Hæstaréttar, sem birtust í Dagblaðinu föstudaginn 13. nóv., voru þunnur þrettándi. Satt að segja er að mínum dómi fyrir neðan virðingu forseta réttarins að svara í raun og veru eingöngu þannig: Af því að hæstaréttardómararnir sömdu frv. getur það ekki verið stjórnarskrárbrot. — Það er varla hægt að orða kenninguna: „Ég er lögin" — á skemmtilegri hátt. Það er satt að segja undarleg skoðun, sem þar kemur fram hjá forseta réttarins, á engan hátt málefnaleg svör við þeirri gagnrýni sem Steingrímur Gautur Kristjánsson og aðrir hafa flutt á þetta ákvæði frv.

Ég er þeirrar skoðunar, herra forseti, að þetta frv. muni ekki frekar en önnur fjölgun í Hæstarétti áður leysa þann vanda sem sumir telja að sé í dómstólakerfi landsins. Ég vil ítreka þau sjónarmið sem ég setti hér fram fyrir tveimur árum, að ef krafan um hagræðingu í dómstólakerfinu verður gerð að grundvallarreglu nr. eitt í dómstólakerfi landsins, þá eru miklar hættur á því, að aðrar grundvallarreglur verði brotnar, m. a. grundvallarreglurnar um réttaröryggi og grundvallarreglurnar um hæfni þeirra manna sem skipa réttinn hverju sinni. Traust almennings minnkar á því, að sú niðurstaða, sem fæst úr æðsta dómstól landsins, sé byggð á vel grunduðu áliti þeirra sem rétt hafa verið kjörnir, en sé ekki tilviljunarkennd niðurstaða vegna þess að einmitt þrír tilteknir einstaklingar hafi skipað þessa undirdeild Hæstaréttar í það sinn og ef einhverjir aðrir þrír einstaklingar úr þessum stóra hópi hæstaréttardómara hefðu skipað undirdeildina hefði niðurstaðan kannske orðið á annan veg. (**KJ:** Má ekki skjóta því milli deilda?) Jú, það er einmitt kjarninn, sem menn eru að tala um hér, að Hæstiréttur sé margdeildaskipt fyrirbæri, sem einmitt gæti — eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson sá í hendi sér — skapað möguleika á því, að menn færu að reyna að spila á það, hvaða deild þeirra mál lenti í, og kannske fara að höfða mál á nýjan leik á einhverjum öðrum forsendum til að lenda í hagstæðari deildum og skjóta málinu þannig milli deilda eins og hv. þm. benti á.

Í því frv., sem hér er flutt, eru nánast vafaatriði í hverri einustu grein. Líkt og ég vék að áðan sé ég engin efnisrök fyrir því, að það að bæta þriðja dómaranum við í Hæstarétti og þessum aukadómurum — og læt það liggja á milli hluta, hvort skipan þeirra yrði brot á stjórnarskránni eða ekki — muni leysa þann vanda sem menn eru að tala um. Ég held þvert á móti að rætur þessa vanda liggi annars staðar. Ég endurtek í því sambandi það sem ég sagði fyrir tveimur árum.

Við þurfum að fá hér nýtt dómstig, lögréttudómstig, eins og talað hefur verið um, sem tekur vissan þunga frá Hæstarétti. Það er veruleg uppgjöf, hættuleg uppgjöf, að hætta við þá stefnu, eins og mér finnst, líkt og síðasta ræðumanni, að þetta frv. gefi til kynna að ákveðið hafi verið.

Hin ástæðan er sú, að mikill fjöldi hæstaréttardómara er á kafi í ýmsum öðrum verkum en að dæma í Hæstarétti. Við skulum bara ræða það hreinskilnislega, hv. þm. Það eru ýmsir dómarar í Hæstarétti sem eru á kafi í öðrum verkum. Þeir sitja t. d. í öðrum dómstólum. Einn þeirra situr í Mannréttindadómstól Evrópu. Ekki skal ég draga úr því, að það er dómstóll sem verðskuldar alla virðingu, verðskuldar að Íslendingar sendi þangað sína hæfustu menn. En ef Hæstaréttur er svo önnum kafinn að hann getur ekki annað þeim málum sem menn telja að hann þurfi að anna, er þá eðlilegt að einn dómari í dómstólnum sé stóran hluta úr ári upptekinn við störf í einum af virðulegustu dómstólum Evrópu? Annar dómari situr í Kjaradómi, ef ég man rétt, og starfar þar. Hér hefur einnig komið fram að dómarar eru iðulega að semja lög. Ég er alveg sammála því, að það sé óeðlilegt að dómarar Hæstaréttar séu að semja lagafrv. sem þeir eiga síðan sjálfir að fjalla um sem dómarar. Dómarar Hæstaréttar eru þar að auki uppteknir við ýmis önnur störf. Þeir sitja í stjórnum, nefndum og ráðum hingað og þangað úti um þjóðfélagið og á alþjóðavettvangi. Það tekur verulegan hluta af þeirra tíma. Dómarar í Hæstarétti taka sér þriggja mánaða sumarfrí á ári. Okkur er sagt að það sé til þess að endurmennta sig og fylgjast með, lesa sum af þessum frumvörpum sem þeir voru sjálfir búnir að semja fyrir þingið og samþykkt voru um vorið. Ég skal ekki deila um það. En ég nefni hér bara fjölmargar staðreyndir sem liggja á borðinu. Þær sýna okkur að verulegur hluti hæstaréttardómara sinnir alls ekki störfum sínum í Hæstarétti sem fullu starfi, heldur eru þeir bundnir í ýmsum öðrum störfum í þjóðfélaginu og á alþjóðavettvangi sem draga verulega úr starfstíma þeirra og starfskröftum í Hæstarétti.

Ég hefði talið heppilegra, ef þetta er eins mikið vandamál og menn vilja vera láta með störf réttarins, að a. m. k. á því bráðabirgðatímabili, sem fer í hönd, verði sett sú regla, að dómarar Hæstaréttar helgi sig Hæstarétti, hætti að semja frv., hætti að sitja í öðrum dómstólum hér og þar á alþjóðavettvangi, hætti að sitja í ýmsum nefndum og ráðum, hætti að taka að sér ýmiss konar aukabitlinga fyrir hina og þessa opinbera aðila. Ég er ekki viss um að það sé dómstólnum til góðs að hæstaréttardómarar séu flæktir inn í ýmiss konar önnur störf. Þvert á móti, ég tel að það sé æskilegast að hæstaréttardómarar helgi sig sínum störfum.

Ég vil benda á það í þessu sambandi, að engir opinberir starfsmenn hafa eins góð launakjör og hæstaréttardómarar. Hæstaréttardómarar eru einu opinberu starfsmennirnir sem — auk þess að vera í æðstu launaflokkum opinberra starfsmanna — fá full laun þegar þeir fara á eftirlaun, eftir því sem ég veit best. Þeir fá ekki bara ákveðinn hundraðshluta af sínum fyrri launum líkt og aðrir opinberir starfsmenn eða þingmenn eða ráðherrar eða einhverjir aðrir. Þeir eru eini hópurinn í landinu sem fær sín fullu laun áfram þegar þeir fara á eftirlaun, 100%. Kjör þeirra ættu þess vegna að vera svo vel tryggð að það ætti ekki að vera nein þörf á því fyrir þessa ágætu menn að leita út á annan vettvang í því skyni.

Ég vil óska eftir því við hæstv. dómsmrh., að dreift verði til þm. ítarlegri og nákvæmri skrá yfir störf hæstaréttardómara á s. l. fimm árum, það verði lögð fram

ítarleg og nákvæm skrá yfir öll þau frv. sem hæstaréttardómarar hafi samið og hvað þeir hafi unnið lengi við samningu frv., það verði lögð fram skrá yfir önnur störf þeirra í öðrum dómstólum eða á öðrum vettvangi, það verði lögð fram skrá yfir þær stjórnir, nefndir og ráð sem þeir sitja í, svo að menn geti fengið að átta sig á því hér á Alþingi, hvort ein af meginástæðunum fyrir seinagangi mála í Hæstarétti kynni ekki að vera sú, að þar hefur lítill hluti réttarins verið í fullu starfi. Mér finnst a. m. k. nauðsynlegt að kanna það áður en lengra er haldið.

Ég vil jafnframt taka undir með síðasta ræðumanni, að *það er náttúrlega mjög sérkennilegt að hér skuli koma* frv. um Hæstarétt samið af Hæstarétti sjálfum, einkum og sér í lagi þegar það er haft í huga, eins og ég hef reynt að sýna hér fram á, að þetta frv. er jafnhæpið og raun ber vitni og röksemdafærslan að baki þess jafnmikið byggð á sandi og mér finnst hún vera. A. m. k. eykur það ekki traust manna á dómgreind þeirra ágætu heiðursmanna sem í þessum dómstól sitja, að það skuli vera verkefni okkar hér á Alþingi að stíga á bremsuna gagnvart því að tilraunir hæstaréttardómaranna sjálfra til þess að skapa hættulega lausung um réttinn nái fram að ganga. Það er a. m. k. staða sem ég átti ekki von á að ég ætti eftir að lenda í hér á hv. Alþingi. Ég hélt satt að segja að Hæstarétt skipuðu þeir menn sem umfram allt annað hefðu augastað á því grundvallarréttaröryggi og þeim meginreglum í stjórnskipun landsins sem Hæstarétti er ætlað að tryggja.

Herra forseti. Það væri hægt að fjalla í mun ítarlegra máli um þetta frv. Ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Ég ætla að vona að sú nefnd, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, gefi sér góðan tíma til að fara ofan í öll þau gagnrýnisatriði sem hér hafa nú þegar komið fram í umr., bæði frá mér og hv. síðasta ræðumanni, og kynni sér enn fremur rækilega þær skoðanir sem komið hafa fram utan þings um það, að þetta frv. sé stjórnarskrárbrot, og hugleiði til viðbótar hvort ekki sé réttara að fara aðrar leiðir til að leysa þann vanda, sem margir telja að þarna sé uppi, heldur en þær sem óhjákvæmilega hljóta að leiða til verulegra deilna um Hæstarétt Íslands.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Dómstólarnir eru meginstoð í okkar þjóðfélagsskipan. Það skiptir því mjög miklu máli að þeim sé að öllu leyti mjög vel farið. Einn mælikvarði á réttarríki er hægt að segja að sé hversu *auðveldlega hinn venjulegi borgari geti komið málum* sínum til dómstóla og fengið ágreiningsefni leyst sem hann kann að eiga við sína samborgara. Ég held að hægt sé að segja það með sanni, að því miður hefur réttarkerfið hér á Íslandi verið mjög seinvirkt og hér er áreiðanlega fjöldi fólks sem hefur kannske lögmæt málefni að bera undir dómstóla, en gerir það ekki vegna þess að það veit að það tekur of langan tíma og verður of dýrt. Þjóðfélagsþróunin hefur raunverulega gert það brýnna en nokkru sinni fyrr að dómstólameðferðin sé hröð. Bæði gerast allir hlutir mun hraðar, menn geta síður beðið lengi eftir úrslitum í málum, og svo kemur hið sérstaka íslenska fyrirbrigði, óðaverðbólgan, inn í það mál einnig, því að verðbólgan hefur gert það að verkum að hagsmunir manna verða að engu í dómsmálum ef málin dragast mjög lengi.

Ég er þeirrar skoðunar, að aðbúnaður dómstóla, bæði Hæstaréttar og annarra dómstóla, sé ákaflega lakur hjá okkur. Alþingi og íslensk yfirvöld hafa verið mjög treg til að gera dómstólunum kleift að fylgjast með og aðlagast nýjum aðstæðum. Aðbúnaður Hæstaréttar er t. d. ákaflegar lakur. Húsakynni hans eru þröng og öll vinnuskilyrði dómaranna eru fyrir neðan það sem maður skyldi telja eðlilegt og heilbrigt. Ég er á þeirri skoðun, að þingið hefði tilefni til þess að taka nokkuð til hendinni og athuga þau mál og reyna að bæta verulega úr.

Það frv., sem hér er til umr., er, eftir því sem mér skilst, aðallega sprottið af þeim ástæðum að nú hefur safnast upp hjá Hæstarétti töluvert mikið af ódæmdum málum. Þetta er tilraun til að leysa þann væntanlega tímabundna vanda og enn fremur að koma á betri skipan upp á framtíðina svo að dómstóllinn geti afkastað meiru en hann hefur gert hingað til. Að mínu áliti er frv. verulega til bóta.

Menn hafa í þessum umr. minnt á frv. um lögréttu sem að mínu áliti er ákaflega athyglisvert frv. og þær hugmyndir sem þar liggja að baki. Staðreyndin er hins vegar sú varðandi lögréttufrv. og þá leið sem lagt er til að farin verði til þess að auka afköst dómstólanna, að það er alls ekki öruggt að lögréttulögin tryggi meiri afköst. Það er hinn stóri veikleiki lögréttumálsins. Ýmis önnur sjónarmið, sem eru ágæt og góðra gjalda verð, koma fram í lögréttumálinu, en það er mikið álitamál hvort hraði málsmeðferðarinnar vaxi nokkuð við lögréttuna. En eins og kom fram hjá hæstv. dómsmrh. er alls ekki meiningin með þessu frv. að það víki lögréttumálinu neitt til hliðar. Þetta mál á að sinna öðru hlutverki, sem er fyrst og fremst að auka afköst Hæstaréttar.

Það hefur komið fram ágreiningur um lögmæti frv., eins og menn orða það. Menn eru auðvitað að hugsa um það, hvort lögin, ef þetta frv. verður að lögum, kunni að brjóta í bága við stjórnarskrána. Það er alveg ljóst að það er almenn túlkun, sem ég hygg að njóti nú fylgis flestra löglærðra manna, að 61. gr. stjórnarskrárinnar feli í sér, að dómendur Hæstaréttar, þ. e. umboðsstarfalausir dómendur, verði einungis ráðnir til ótiltekins tíma. Það tel ég eðlilegt að skilja svo. Það er hin almenna regla að dómendur almennt verða að vera ráðnir með þeim hætti. En eins og lagt er til með þessu frv., þá er hugmyndin sú, að tilteknir, fáir dómendur verði ráðnir til skamms tíma til ákveðinna verkefna. Jafnvel þó að þetta frv. verði samþykkt og verði að lögum sýnist mér alls ekki að slík undantekning, ef svo má segja, þ. e. ráðning við þessar tilteknu, sérstöku aðstæður til tiltekinna verka, brjóti í *bága við hina almennu reglu sem geti gilt eftir sem áður* og ég tel að sé rétt regla. M. ö. o.: mér finnst alls ekki hafa verið sýnt fram á og fellst ekki á að þetta frv. brjóti í bága við hina almennu reglu og hina viðteknu skýringu á 61. gr. stjórnarskrárinnar.

Ég sé að hv. 11. þm. Reykv. er kominn hér í þingsalinn. Þá er ágætt að nota tækifærið og víkja að nokkrum af aths. hans, sem voru sumar hverjar skynsamlegar þó ég sé e. t. v. ekki sammála þeim.

Þá er fyrst spurningin um þetta: Þýðir fjölgun dómaranna meiri afköst? Þetta er auðvitað álitaefni sem erfitt er að svara með einhverri vissu. Það, sem fyrir liggur, er að Hæstiréttur sjálfur metur það svo, að hann þurfi frekari starfskrafta. Frá mínum sjónarhól styðja almennar líkur það, að ef afköst eru ekki nægjanleg í dómstólnum og hann telur sig þurfa meiri starfskrafta hljóti meiri starfskraftar að tryggja meiri afköst. Sá talnalestur sem hér var fluttur úr grg. frv. um fjölda mála sem dæmd hafa verið á nokkrum árum, segir okkur

náttúrlega óskaplega lítið um afköst, vegna þess að bæði er málafjöldi breytilegur eftir afköstunum og eftir því, hversu mál eru viðamikil, og vegna fleiri þátta. Enn fremur er sá hali svonefndur, sem Hæstiréttur hefur við að stríða, ekki endilega til kominn á þessum árum. Hann á sér gamlar rætur. Ég veit að vísu ekki hve gamall hann er, en hann hefur verið að safnast fyrir á alllöngum tíma.

Hv. þm. verða að sætta sig við að bera nokkra virðingu og nokkurt traust til Hæstaréttar, vegna þess að í stjórnarskránni er Hæstiréttur jafnsettur Alþingi, og mér finnst það vera nokkuð langt gengið, þegar menn vilja ekki einu sinni leyfa Hæstarétti að hafa sjálfdæmi í því, hvað hann telur sig þurfa að hafa af starfskröftum.

Annað álitaefni, sem hv. 11. þm. Reykv. tæpti á hér, var sú deildaskipting sem gert var ráð fyrir í frv., og hafði hv. þm. ýmsar skoðanir uppi í því sambandi. Það er alþekkt viðfangsefni í réttarfari að velta annars vegar fyrir sér vönduðum málflutningi og hins vegar hröðum málflutningi, eða vandaðri málsmeðferð og hraðri málsmeðferð. Auðvitað getur það stangast á og menn verða alltaf að finna ráð til að bræða það saman, finna málamiðlun með þessum tveimur sjónarmiðum, og það ræðst að sjálfsögðu eftir málum. En í þjóðfélagi nútímans er oft mun mikilvægara og dýrmætara fyrir málsaðila að hafa málsmeðferð hraða en vandaða. Málin verða að ganga tiltölulega fljótt, annars er niðurstaðan og úrlausnin einskis virði. Ég held að íslenskir dómstólar verði alls ekki gagnrýndir almennt fyrir skort á vandaðri málsmeðferð, gagnrýnin sé miklu frekar af hinu taginu, að meðferðin sé ekki nægilega hröð. Þetta ræðst líka, eins og ég sagði áðan, af því, hvers eðlis mál eru. Sumum málum, einkum smærri málum, þar sem hagsmunir eru ekki mjög miklir, nægir tiltölulega hröð málsmeðferð sem þarf ekki að vera mjög vönduð. Hins vegar verður að leggja meiri vinnutíma og fé í önnur stærri mál þar sem hagsmunir eru meiri.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir þriggja manna dómi sem dæmi minni kærumál. Þarna er náttúrlega stefnt að hagræðingu sem ég held að sé alveg óhjákvæmileg. Menn verða að geta beitt skjótari og hraðvirkari meðferð við hin smærri mál. Hugleiðingar hv. 11. þm. Reykv. um mismunandi dóma eftir mönnum bar það greinilega með sér, að hann hefur lesið sér eitthvað til um ameríska réttarfar og er sennilega ekki eins kunnugur hinu íslenska. Staðreyndin er sú, að hér dæma dómstólar mjög stíft eftir lögunum og það ræðst ekki eins mikið af persónulegum viðhorfum dómaranna hver niðurstaðan verður og er t. d. í Ameríku. Það er töluverður munur á réttarfarinu að því leyti. Hér leyfir dómari sér ekki að taka inn í dóma t. d. þjóðfélagsleg viðhorf, en það er algengt í Ameríku. Ég held að það sé lítil ástæða til að ætla það, jafnvel þótt dómi sé deildaskipt og kunni að vera breytilegt hvaða menn eru í dómi hverju sinni, að það muni hafa veruleg áhrif á þróun réttarins eða skapa ósamræmi. Það er ákaflega lítið tilefni til að ætla það vegna þess hve dómvenjur hér eru miklu fastari í sniðum og menn eru harðari á því að fylgja lögum og öðrum nokkurn veginn skýrum réttarheimildum en er t. d. í Ameríku. Ég held að þessi deildaskipting sé óhjákvæmileg bara af hagræðingarástæðum. Þetta er fyrirkomulag sem verður að viðhafa ef menn vilja að Hæstiréttur bjóði þjóðinni þá þjónustu, að einstaklingur geti borið ágreiningsefni sín undir dómstólinn með sæmilega greiðum og öruggum hætti.

Ég er sömuleiðis ákaflega hlynntur þeim ákvæðum frv. sem gera ráð fyrir að aðstoðarmenn verði ráðnir. Ég hef engar áhyggjur af því þótt dómararnir geti ráðið sér aðstoðarmenn. Ég held þvert á móti að það sé bráðnauðsynlegt til þess að auka afköstin hjá Hæstarétti. Hv. 11. þm. Reykv. hafði áhyggjur af því, en ég held að þær áhyggjur séu líka á misskilningi byggðar. Ég held að það hafi farið fram hjá þm., að jafnvel þótt hæstaréttardómarar ráði sér aðstoðarmenn bera þeir eftir sem áður alla ábyrgð á störfum þeirra. Þeir bera ábyrgðina jafnvel þótt einhverjir aðrir vinni hluta verksins eða hjálpi þeim við vinnuna. (Gripið fram í.) Það eru allt önnur viðhorf í Hæstarétti en í ríkisstjórn Íslands, sérstaklega þeirri ríkisstj. sem nú situr. (**ÓRG:** Að hvaða leyti eru önnur viðhorf hjá Hæstarétti en ríkisstjórn Íslands?) T. d. því, að virðing hæstaréttardómara fyrir lögunum er miklu strangari og eindregnari en hjá stjórnmálamönnum. (**ÓRG:** Í hvaða dómum hefur það komið fram?) Við skulum ekki fara út í almennar samræður. Hv. þm. getur komið í ræðustól á eftir. En ef hann hefur lesið íslenska hæstaréttardóma og yfirleitt kynnt sér einhverja dómstólastarfsemi, þá held ég að hann þurfi ekki að efast mikið um það, að dómstólarnir — a. m. k. yfirleitt og almennt — reyna að fylgja lögunum mjög strangt.

Hv. þm. kvartaði líka undan því, að ekki væru tiltækar reglur um hvernig ætti að ráða í þessa starfsemi. Það kemur fram í frv. þar segir svo í 4. gr.: „Hæstiréttur skipar dóminum ritara og ræður sérfróða aðstoðarmenn" o. s. frv. Svo eru líka til almenn lög sem gilda um ráðningu starfsmanna til ríkisins. Ég held því að það sé enginn skortur á reglum og engin þörf á því að bæta við þær.

Úr því að ég er farinn að ræða við hv. 11. þm. Reykv. get ég bætt því við, að hann setti fram í máli sínu áðan ýmsar órökstuddar dylgjur um störf dómaranna. Hann fullyrðir hér í Alþingi að dómararnir vinni ekki sín störf og vanræki þar með lagaskyldu og starfsskyldu sína. Maður er auðvitað vanur að heyra svona lagað hjá stjórnmálamönnum, menn dylgja um ýmislegt. En nú vill svo til að hv. 11. þm. Reykv. þarf ekki að láta við dylgjurnar sitja. Honum er opin leið að fá þessum sjónarmiðum sínum komið í framkvæmd. Ef þm. telur að dómarar Hæstaréttar séu að brjóta lög og starfsskyldur, þeir sinni ekki sínum störfum, þá gera lögin einmitt ráð fyrir að þm. geti fengið þessum dómurum vikið frá. Það er auðvitað skylda hv. þm., ef hann telur að dómararnir séu að brjóta lög og svíkja sínar skyldur, að láta sér ekki nægja að dylgja um það hér í Alþingi. Hann á að koma þessu til framkvæmda, láta reyna á sannleiksgildi þess sem hann er að segja. Lögin bjóða einmitt upp á úrræði fyrir hann til að gera þetta. Það eru sérstök lagaákvæði einmitt fyrir þetta gerð. Ósköp væri gaman að fylgjast með því, hvort hv. þm. vill láta taka mark á orðum sínum og láta verkin fylgja.

Böðvar Bragason: Herra forseti. Það er kannske undirrótin að þessu frv. og öðrum, sem flutt hafa verið hér á hv. Alþingi um dómstólana á síðustu árum, að upp kom sú umræða að réttarkerfið væri mjög seinvirkt. Það er rétt. Málum tók mjög að seinka á síðasta áratug og þá aðallega í héttbýlinu. Það fór að ganga erfiðlega að fá niðurstöður í dómsmálum og þá fóru menn að velta fyrir sér hvernig úr þessu mætti bæta. Ég tel að það hafi aðallega verið um tvennt að ræða: annaðhvort að það

kerfi, sem við bjuggum við og búum við, væri alfarið úrelt eða að ekki væri nægilega vel búið að því starfsliði dómstólanna sem ætti að framkvæma það kerfi sem búið væri við.

Sú leið var farin að leggja drög að nýrri skipan þessara mála og sú leið var kölluð „lögréttuleið". Svokölluð réttarfarsnefnd vann að því máli og skilaði frv. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur hvorki rekið né gengið um framgang þess. Ég held að það hafi a. m. k. fjórum sinnum verið flutt hér á Alþingi því sem næst óbreytt eða með mjög smávægilegum breytingum.

Þá vaknar spurningin um það, hvers vegna þessar tillögur réttarfarsnefndarinnar hafi ekki gengið fram. Ég held að þar komi tvennt til: Í fyrsta lagi að töluverður ágreiningur er um ágæti þessa frv., bæði meðal löglærðra manna í landinu og einnig meðal almennings, og svo aftur hitt, að það furðulega gerist að mönnum við dómsstörf mundi ekki fjölga verulega í þessu landi þó svo frv. næði fram að ganga. Það er talað um það í lögréttufrv. að setja 15 nýja dómara, en jafnframt er boðað, ef ég man rétt, *að þá muni þeim, sem nú starfa, fækka um 11. Þarna* yrði því nettó-aukning um fjóra.

Orsökin að þessu frv. hér eða grundvöllur þess er að sjálfsögðu það, eins og segir í aths., að ekki hefur tekist að koma fram breytingum sem leiddu til hraðari meðferðar mála og því hefði verið valin sú leið sem hér liggur fyrir og hv. þm. hafa kynnt sér og hefur verið útlistuð fyrir þeim.

Ég ætla hins vegar að víkja örfáum orðum að því sem ekki er nefnt í þessu frv. beinum orðum, en það er önnur af þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan, eða önnur af þeim leiðum sem menn töldu að gætu orðið til úrbóta, þ. e. breyting á dómstólaskipaninni eða betri aðbúnaður þess sem fyrir væri. Sannleikurinn er sá, að þeir menn og þær stofnanir, sem unnið hafa við dómgæslu í landinu, hafa verið í algeru fjársvelti. Það er þýðingarlaust að fjölga dómurum stöðugt ef ekki tekst einu sinni að fá ritvélar í dómstólana, hvað þá starfslið til að vélrita dóma. Ég sé ekki nokkra glóru í því að fjölga dómurum ef þeir hinir sömu þurfa svo að vélrita sína dóma og vinna öll þau störf sem til falla við dómstólana. Það er hægt að fara þá leið eftir núverandi kerfi og hefur verið hægt að fá fram hraðari málsmeðferð hreinlega með því að bæta úr því ófremdarástandi að neita dómstólunum og stofnunum þeirra stöðugt um fé og fólk.

Drátturinn í meðferð dómsmála hefur verið hér á suðvesturhorninu. Fjölgað hefur verið dómurum bæði í Reykjavík og í nágrannasveitarfélögunum. Það hefur bætt nokkuð úr. Samt er langur hali. Það er hægt að leysa þessi mál og hefur verið hægt með því að fjölga t. d. dómurum við Borgardóm og auka þar sérhæft starfslið. Með því væri tappinn tekinn úr þessum flöskuhálsi. Sú leið er líka fær, sem lögð er til í frv., en hún leysir ekki grundvallarvandamálið, sem hv. Alþingi verður að gera sér grein fyrir, að það þarf bæði húsnæði fyrir dómstólana eða dómarana í landinu og þeir þurfa líka aðstoðarfólk og tæki til að framkvæma sín verkefni.

Hv. Alþingi samþykkti mjög nauðsynlegar umbætur á réttarfarslöggjöfinni á síðasta þingi. Það voru nokkrar breytingar á lögunum um meðferð einkamála sem eiga að bæta og færa til nútímans þær starfsaðferðir sem dómarar viðhafa. Þar kemur það til sögunnar, að nú eiga dómarar að fá að taka tæknina í sína þjónustu. Þeir eiga að hverfa af blýanta- og strokleðrastiginu sem þeir hafa verið á fram að þessu. En þá kemur eitt í ljós þegar búið er að samþykkja þetta: Það er eingöngu einn dómsaðili til hér, í Túngötu 14, sem nýta má hina nýju tækni sem heimiluð er. Ég nefni þetta til að undirstrika það atriði, að það er ekki nóg að búa við góða löggjöf ef okkur vantar tækin til að koma henni fram. Þannig mun nú vera ástatt hjá Borgardómi Reykjavíkur. Það væri kannske þarfara að taka umbæturnar á dómsmálasviðinu í þeirri röð að ræða fyrst um að koma í framkvæmd þeim lögum, sem þegar eru fyrir hendi, áður en bætt er við nýjum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tala hér aftur, en það var hluti af ræðu hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar sem gerði það að verkum að ég tek hér til máls.

Ég ætla að vona að lögfræðimenntunin í Háskólanum og starfshættirnir hjá embættismönnunum í dómsmrn. séu ekki á þann hátt sem kom fram í hans ræðu, að menn kunni ekki að gera greinarmun á því, sem hv. ræðumaður kallaði dylgjur, og því, sem ég nefndi sem staðreyndir. *Ég sagði að það væri staðreynd, að margir dómarar* Hæstaréttar gegndu fjölmörgum öðrum störfum utan réttarins. Ég taldi nauðsynlegt að kanna það, áður en menn færu að fjölga í Hæstarétti, hvort ekki væri réttara að fara þá leið að draga úr þessum aukastörfum. Ég tók jafnframt fram að mörg af þessum störfum væru sjálfsagt nauðsynleg í okkar þjóðfélagi. En það þarf ekki endilega að vera nauðsynlegt að dómarar Hæstaréttar gegni þessum störfum. *Þetta voru engar dylgjur um eitt eða neitt,* hvað þá að af þessu megi draga þá ályktun, að það eigi að flytja hér á Alþingi tillögur um að viðkomandi einstaklingar verði settir af sem hæstaréttardómarar.

Ég skil satt að segja ekki svona málflutning. Það var einfaldlega verið að víkja að því, að viðgengist hefur um langa hríð að hæstaréttardómarar semdu frv. Það hefur viðgengist lengi að dómararnir sitji í ýmsum dómstólum hérlendis og erlendis og þeir starfi í ýmsum nefndum og ráðum og stjórnum, bæði hérlendis og erlendis. Ég hef óskað eftir því við hæstv. dómsmrh., og hann getur vonandi látið embættismanninn í rn., Finn Torfa Stefánsson, vinna það verk, að tekin yrði saman skýrsla um þessi störf. Ég lét í ljós þá skoðun, að ég hefði ekki handbært hvað þau væru mikil eða margbrotin, nefndi þó ýmis dæmi í ræðu minni þeirri skoðun til staðfestingar að þarna mætti nefna ýmislegt, en það væri nauðsynlegt að Alþingi fengi um þetta heildarskrá til að geta metið hve ríkulega hæstaréttardómarar væru notaðir til ýmissa annarra verka.

Ég mótmæli því algerlega, að þetta séu einhverjar dylgjur um, að hæstaréttardómarar séu að svíkjast um í sínu starfi, og þetta sé tilefni til þess að flytja hér tillögur um að þeir verði látnir víkja úr dómnum. Ég endurtek að ég skil hreinlega ekki svona málflutning. Það vita allir sem vilja vita, að í okkar þjóðfélagi hefur viðgengist um langan tíma að hlaðið er á ýmsa menn alls konar störfum sem fyrr eða síðar leiða til þess, að eitthvað lætur undan. Það er hugsanlegt að það, sem hefur látið undan í þessu efni, sé einbeiting hæstaréttardómaranna að störfum við réttirn.

Það var hér áður fyrr að bankastjórar gegndu ýmsum störfum meðfram setu í stólum bankastjóra. M. a. sátu þeir hér á Alþingi. Smátt og smátt var horfið frá þessu kerfi vegna þess að menn sáu að menn gátu einfaldlega ekki sinnt þessum störfum. Áður fyrr voru margir há-

skólakennarar sem sátu hér á Alþingi. Mín fyrstu þing hér á Alþingi kenndi ég með þingmennskunni vegna þess að það var ekki hægt að fá neinn annan einstakling til að sinna þeirri kennslu. Að þeirri reynslu fenginni get ég fullyrt að það getur enginn maður að mínum dómi með góðu móti sinnt hvoru tveggja. Annaðhvort lætur þá undan: þingmennskan eða störfin við Háskólann. Þess vegna óskaði ég eftir leyfi frá störfum við Háskólann í upphafi þessa árs. Svona gæti ég nefnt fjölmörg dæmi: úr bankakerfi frá Alþingi og á öðrum vettvangi í þjóðfélagi okkar. Reynslan hefur sýnt okkur að þetta gamla íslenska kerfi, að sömu mennirnir séu að vasast í öllu, sé úrelt. Ég get nefnt hér eitt dæmi frá upphafi aldarinnar, fyrsta áratug aldarinnar, þegar sami maðurinn var dómsforseti í þáverandi hæstarétti eða landsyfirrétti, — sami maðurinn var dómsforseti þar, sem jafngilti forseta Hæstaréttar nú, sat hér á Alþingi einnig og var um leið bankastjóri Íslandsbanka. Það tíðkaðist hér í upphafi aldarinnar. Sami maðurinn var samtímis bankastjóri stærsta þjóðbankans, dómsforseti í hæstarétti og alþm. Það mundi engum detta í hug núna. Ábendingar mínar voru einfaldlega í þá veru, að það væri kannske nauðsynlegt að fara að skoða þetta kerfi. Þess vegna óskaði ég eftir því, að þessi skrá væri lögð fram. Það voru engar dylgjur. Það var einföld ósk um upplýsingar í ljósi þeirra staðreynda sem ég lagði hér á borðið um þau aukastörf, sem vitað er að hæstaréttardómarar gegna, og ábending til Alþingis. Þegar þessi skrá lægi fyrir mundi Alþingi taka til skoðunar hvort þessi aukastörf hæstaréttardómara væru orðin svo mikil að þau kynnu að vera ein af skýringunum á því, hvers vegna seinagangur hefur orðið í meðferð mála.

Ég vil svo einnig ítreka það sem ég sagði áðan, að ég held að reynslan sýni að þegar aðstoðarmenn eru teknir til starfa við dómstól, — ég tala nú ekki um ef aðaldómararnir halda áfram að sinna ýmsum aukastörfum á öðrum vettvangi í þjóðfélaginu en við dóminn sjálfan, — eru vaxandi líkur á að hin raunverulega vinna við dómstólinn verði í höndum aðstoðarmannanna. Ég tel nauðsynlegt að það séu settar nánari reglur en gert er í þessu frv. um embættisgengi þessara aðstoðarmanna, hvaða menntunar- og starfshæfileika þeir þurfi að hafa. Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að þeir séu valdir á óhlutdrægan hátt, menn geti sótt um þau störf með opnum hætti líkt og menn geta sótt um sýslumannsstörf, sótt um dómarastörf og annað, og það gangi jafnvel hæfnidómar, það verði ákveðnar dómnefndir sem meti þá einstaklinga, sem til þessara starfa koma, og það verði ákveðnar tímareglur um hve lengi þeir geti gegnt þessum störfum. Allt slíkt tel ég að sé nauðsynlegt til að þessi mikilvægu störf fái þann styrkleika sem nauðsynlegt er ef þau eiga að koma að notum.

Ég held að reynslan sýni okkar það og allir hv. alþm. þekki það af eingin reynd, að vald embættismanna hér við að semja lög og greinargerðir og ákvarðanir stjórnvalda er alverulegt. Ég held að enginn þm. haldi því fram í alvöru, að einstakir ráðherrar semji sjálfir eða taki grundvallarafstöðu sjálfir til fjölmargra þeirra mála sem undirbúin eru í þeirra ráðuneytum. Það eru nefndir sérfræðinga, aðstoðarmanna og embættismanna sem vinna verulegan hluta af þessari vinnu. Ýmsir okkar hafa talið að nauðsynlegt væri að draga úr þeim miklu áhrifum sem þetta embættismannakerfi hefði á löggjöfina í landinu. Þegar við erum í fyrsta sinn að innleiða slíkt embættismannakerfi í Hæstarétt, æðsta dómstól landsins, tel ég nauðsynlegt að Alþingi geri sér skýra grein fyrir því, hvaða skilyrði það telur nauðsynlegt að tengja við þessi embætti, nema þá þm. séu þeirrar skoðunar, að hæstaréttardómarar eigi eingöngu að geta metið þetta sjálfir.

Að lokum vil ég herra forseti, taka undir það sjónarmið sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Suðurl., að verulegur hluti af skýringunni á því, hvers vegna seinagangur er í íslenska dómstólakerfinu, liggur ekki í fjölda dómara, hvorki á undirdómstigum né hjá æðsta dómstól landsins, heldur liggur einfaldlega í því, eins og ég benti á fyrir tveimur árum, að fjárveitingavaldið hefur algerlega vanrækt að búa dómstólastigin öll — ekki bara Hæstarétt — því fjármagni sem þarf til þess að þar sé hægt að taka í notkun nútímaskrifstofuhald, nútímavélritunaraðferðir. (**Gripið fram í:** Fara af blýantastiginu.) Já, einmitt, fara af því blýanta- og strokleðursstigi, sem hv. 3. þm. Suðurl. vitnaði í áðan, og inn á tækniöldina, þar sem segulbönd, nútímavélritunarhættir, nútímaskjalageymsluhald og fjölmargt annað er tekið í notkun, sem og að þannig sé búið að þessum stofnunum hvað húsnæði snertir, að bæði sé hægt að beita vinnubrögðum, sem flýta afgreiðslu mála, og einnig að virðingu þessara dómstiga sé ekki misboðið. Ég tel t. d., líkt og hv. 3. þm. Suðurl., að aðbúnaðurinn að Borgardómi í Reykjavík sé í reynd hneyksli. Það er sérkennilegt fyrir þá, sem vilja draga ályktun um áherslur íslensks þjóðfélags, að á sama tíma og sú stofnun, sem ég og minn flokkur viljum endurskoða allverulega og jafnvel leggja niður að einhverju leyti í núverandi mynd, — þ. e. Framkvæmdastofnun ríkisins, breyta allverulega, það er lágmark, — á sama tíma og hún reisir á fáeinum misserum glæsihöll á mörgum hæðum með slíka háþróaða tækni í hitastigi, rafmagni og loftræsingu að slíkt hefur aldrei heyrst eða þekkst í þessu landi, og er vonandi að hið heilnæma loft hafi góð áhrif á þá sem þar starfa, — á sama tíma sjái fjárveitingavaldið og við hér, sem á því berum ábyrgð, ekki ástæðu til að reisa yfir megindómstólinn í höfuðborg landsins sómasamlegt húsnæði, heldur látum hann kúldrast í leiguhúsnæði sem stendur honum fyrir þrifum á allan hátt. Ég er viss um að veiting fjármagns til þess að hægt sé að taka upp nútímaskrifstofuhætti og nútímastarfshætti við öll dómsstólastigin, ásamt útvegun þess húsnæðis sem þarf og er sæmandi að þessir dómstólar búi í, sé miklu vænlegra skref ásamt því að búa til t. d. tvo millidómstóla, eins konar lögréttudómstóla, fyrir t. d. annars vegar Vesturland og Suðurland eða jafnvel Suðurlandið og Reykjanesið eitt út af fyrir sig, vegna þess að þyngslin eru mest þar, og hitt stigið fyrir allt landið að öðru leyti, — það væri miklu vænlegri leið til að leysa þennan vanda en halda áfram að hringla með Hæstarétt á þann hátt sem menn byrjuðu á fyrir nokkrum árum. En engar horfur eru á að þeim hringlandahætti ljúki þó að þetta frv. verði samþykkt.

Finnur Torfi Stefánsson: Forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar sagði að hann hefði verið að flytja okkur staðreyndir í sinni fyrri ræðu. Mér heyrðist það miklu frekar vera staðhæfingar sem þm. flutti okkur. Ég var einungis að benda honum á leið til að sannreyna að staðhæfingar hans væru staðreyndir. Ég get hins vegar tekið undir það, að auðvitað er rétt að hæstaréttardómarar sinna ýmsum störfum. Þeir hafa ýmis aukastörf. Hver er skýringin á því? Hún er fyrst og fremst sú, að þetta eru yfirleitt hæfir

hámenntaðir menn með dýrmæta þjálfun. Það eru einkum stjórnvöld sem í gegnum árin hafa sóst ákaft eftir því að reyna að hagnýta sér starfskrafta og þjálfun dómaranna í ýmis önnur störf. Það eru því raunverulega ríkisstjórnir á hverjum tíma sem ráða mestu um þetta. Þm. sagði miklu meira en þetta. Við vitum að allir dómararnir hafa ýmis önnur störf. Ég heyrði ekki betur en hv. þm. segði að vegna aukastarfanna vanræktu dómararnir sín dómarastörf. Það leyfi ég mér að kalla dylgjur. Það er einmitt það sem ég var að benda honum á að væri unnt að sannreyna. Nú heyrðist mér á hv. þm. Ólafi Ragnari að hann drægi töluvert mikið í land í seinni ræðunni. Mér finnst það gott. En það er líka misskilningur hjá honum, að það þurfi einhvern tillöguflutning á Alþingi til að sannreyna staðhæfingar hans. Það eru aðrar og miklu auðveldari leiðir til. Það er velkomið að verða hv. þm. úti um lögfræðilega aðstoð til að gera þetta ef hann hefur hug á því síðar.

Hvað varðar þessa aðstoðarmenn, þá kann vel að fara svo, að þeir muni í tímans rás vinna mikið af störfum í Hæstarétti þegar þeir verða ráðnir þar. Mér finnst það samt ekki aðalatriðið hver raunverulega vinnur. Spurningin er fyrst og fremst um ábyrgðina og að dómararnir beri ábyrgðina. Það munu þeir gera eftir frv. Ég er ekki endilega sannfærður um að það sé nein þörf á að fara að lögbinda einhverjar frekari reglur um þessa aðstoðarmenn. Mér finnst fara miklu betur á því, að Hæstiréttur ráði því sjálfur. Það er ekki þörf á því, að Alþingi sé að skipta sér í smáatriðum af innanhúsmálum í Hæstarétti. Mér finnst einmitt þvert á móti stuðla að sjálfstæði réttarins að hann ráði slíku sjálfur.

Ég get hins vegar tekið undir það sem hefur komið fram hjá mönnum, bæði hjá hv. þm. Ólafi Ragnari og eins 3. þm. Suðurl., að það er víðar en á þessu sviði sem þörf er á að bæta úr í okkar dómstólakerfi. Eins og ég gat um raunar í minni fyrri ræðu mun allur húsnæðiskortur og allur aðbúnaður dómstóla víða mjög lélegur, t. d. hjá Borgardómi Reykjavíkur sem hefur verið nefndur hér. Ég get tekið eindregið undir þau sjónarmið.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það líður nú ört á fundartímann, svo að mér gefst ekki tækifæri til að svara mjög ítarlega því sem fram hefur komið hjá hv. þdm. Ég vil þó drepa á örfá atriði.

Hv. 3. þm. Vesturl. gerði nokkrar hóflegar aths. við framlagt frv. Ég get fallist á ýmislegt sem hann sagði, m. a. það, sem raunar ýmsir hafa tekið fram, að það læðist að manni sú hugsun, að með hóflegri fjölgun dómara, bættu húsnæði, auknum tækjabúnaði og bættri nútímatækni megi lagfæra býsna mikið í þessum málum. Og þá ættu menn að staldra aðeins við, en vera ekki haldnir af neinni þráhyggju, — að vilja endilega fá nýtt dómstig. Það er kannske eitthvað fínna að hafa þrjú dómstig en þau tvö sem við höfum komist af með hingað til, en ég álít að menn þurfi að hugsa sig mjög vandlega um áður en þeir verða alfarið gripnir af þeirri hugsýn.

Þá er það, að lögréttufrv. gerir ráð fyrir fjölgun dómara um 10—20. Hv. 3. þm. Vesturl. varpaði því fram, hvort ekki væri réttara að fjölga hæstaréttardómurum upp í 10 í staðinn fyrir 8 samkv. framlögðu frv. Það má vel vera og ég vildi gjarnan að hv. þm. hugleiddu hvort ekki væri réttara að fjölga hæstaréttardómurum nú þegar upp í 10.

Hv. þm. vitnaði í viðtal við forseta Hæstaréttar. Ef ég hef skilið hv. þm. rétt held ég að það sé ekki rétt sem hann hafði eftir forseta Hæstaréttar. Ég held að hann hafi alls ekki talið þessa leið, sem farin er, neyðarúrræði, heldur væri hún eitt af þeim úrræðum sem koma til greina til að ráða bót á neyðarástandi.

Hv. 11. þm. Reykv. taldi, að frv. þetta leysti ekki mikil vandamál, og vitnaði í spásögn sem hann hefði haft í frammi fyrir nokkrum árum þegar hæstaréttardómurum var síðast fjölgað. Það er náttúrlega ekki nema gleðilegt þegar þm. gerast getspakir og geta í það vitnað nokkrum árum síðar. Hann tæpti á því, að hér kynni að vera um brot á stjórnarskránni að ræða. Það er vel að góðir lögmenn og lögfræðingar spreyti sig á því að fjalla um það í málefnalegri umræðu, hvort þessi breyting táknar eða hefur að geyma brot á stjórnarskránni. Ekki er svo að mínum dómi.

Mér finnst að fjölgun hæstaréttardómara úr 7 í 8 sé raunar alveg sjálfsögð og liggi á borðinu, miðað við þau rök sem undanfarið hafa verið færð fram fyrir fjölgun hæstaréttardómara, — a. m. k. nú síðast, þegar Hæstarétti var sérstaklega beint inn á þær brautir að dæma mál ýmist í þriggja eða fimm manna dómaraskor. Menn þurfa þó ekki að deila um að 5 plús 3 eru 8.

Það er laukrétt hjá hv. 11. þm. Reykv., að hér er um að ræða þriðja hornsteininn í okkar lýðræðisskipulagi. Þess vegna þarf vel að vanda til þeirra breytinga sem á ákvæðum um hann eru gerðar. Hann taldi að þetta mundi stórauka lausung í fari og störfum Hæstaréttar. Ekki er ég á því. Hann taldi að hér væri verið að skipta Hæstarétti í undirdeildir og drap m. a. á ameríska réttarfarið í því sambandi. Ég veit að ameríska réttarfarið er um margt mjög ólíkt íslensku réttarfari. Ég rifja upp eina sögu eftir minni frá 1950. Þá hafði gamall maður um áttrætt í einni af smáborgun Connecticut-fylkis lent í umferðarslysi. Hann hafði ekið bíl sínum eftir götunni í algerum óréttri og valdið bæði stórslysi og miklu verðmætatjóni. Ég hef þetta að vísu eftir minni. En þessi maður var sýknaður af öllu vegna þess að hann hafði alla tíð verið góður og grandvar og heiðarlegur borgari í sínu ríki.

Hv. 11. þm. Reykv. tók svo til orða, að við þyrftum að fá nýtt dómstig og lausnin lægi ekki í fjölda dómara. Ég held að nýtt dómstig hljóti að orsaka fjölgun dómara að verulegu leyti þegar fram í sækir.

Hann talaði um að dómarar Hæstaréttar væru á kafi í öðrum málum og sinntu ekki störfum sínum sem skyldi. Þó að hægt sé að benda á að hæstaréttardómarar sinni ákveðnum aukastörfum og þá helst sem lögfræðingar á erlendum vettvangi, held ég að þessi staðhæfing sé fjarri því að vera á rökum reist. Það hefur ævinlega verið talið að dómarar Hæstaréttar væru hlaðnir störfum og sinntu þeim mjög vel, a. m. k. er það almenn skoðun. En þetta atriði er eitt af því sem hægt er að kanna. Ég vænti þess, að hv. þd. og sú nefnd, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, kanni þessi mál mjög rækilega með aðstoð okkar í rn. og hæstaréttardómaranna sjálfra.

Hv. 3. landsk. þm. talaði um, að seinvirkt réttarkerfi vekti vantrú fólksins, og taldi þetta frv. til bóta. En hann skaut fram þeirri aths., að ekki væri tryggt að hin svonefnda lögréttuleið yrði nokkur hraðbraut í þessum málum. Ég efast stórlega um að svo verði. Það er algerlega óreynt hvort hin svonefnda lögréttuleið muni greiða úr eða hraða málsmeðferðinni nokkuð verulega. Þar þarf ýmislegt annað að koma til greina. Við vitum að það er

ekki þar með sagt, þó að ráðnir verði lögréttudómarar, að það verði skjótvirk aðferð að fækka dómurum annars staðar.

Um aðstoðarlögfræðinga í Hæstarétti er það að segja, að þetta er margra ára ósk Hæstaréttar. Hér er í fyrsta sinn gert ráð fyrir að til móts við þessa ósk verði að einhverju leyti gengið. Ég er algerlega á því máli, að þar sé valin rétt stefna.

Hv. 3. þm. Suðurl. gerði nokkrar aths. við þetta mál í heild og gat þess, að málum hefði tekið að seinka mjög á síðasta áratug og orsakir þess væru annað tveggja úrelt kerfi eða ónógur aðbúnaður. Þetta er rétt hjá hv. þm. En þó að hann léti þess getið, að lögréttufrv., ef samþykkt yrði, hefði ekki í för með sér nettóaukningu dómara nema sem næmi fjórum samkv. einfaldri reikningsaðferð, 15÷11, þá tel ég þetta mjög hæpna ályktun af hans hálfu. Hitt er rétt hjá honum, að dómstólar og við skulum segja embætti sýslumanna úti um land hafa verið í fjársvelti mörg undanfarin ár. Þeim hefur verið neitað, eins og hann sagði, um fé og fólk. Að þeim þarf að búa miklu betur en gert er, auka tækni, bæta húsnæði og annan aðbúnað. Ég man þegar ég tók fyrst við sýslumannsstarfi í Dalasýslu 1955, að þá var ég aleinn á skrifstofunni í fyrstu og þurfti að gera allt sjálfur, vélrita hvert einasta bréf á gamla ritvél sem þar var til, og þannig mætti lengi telja.

Hv. 11. þm. Reykv. taldi svo í síðari ræðu sinni að aðbúnaður að Borgardómi hér í Reykjavík væri hreint hneyksli. Ég vil ekki samþykkja þetta. Ég held að aðbúnaður að Borgardómi, þó að hann sé í leiguhúsnæði, sé mjög sæmilegur og að þar sé ekki sérstakur málahali. Hins vegar vil ég benda hv. þm. á það, að á síðasta ári aflaði ég eða dómsmrn. nýrrar lóðar fyrir nýtt dómhús, sem væntanlega rís á góðum stað í borginni innan ekki allt of margra ára.

Ég læt nú þessum aths. lokið, hvort sem umr. lýkur nú eða ekki. En ég bendi á, áður en ég lýk máli mínu, að lögréttufrv. hefur verið lagt fram, ef ég man rétt, fimm sinnum. Því hefur alltaf verið fylgt, að ég ætla, nokkuð skilmerkilega úr hlaði. En það hefur verið talað fyrir daufum eyrum. Það hefur ekki vakið neinar umræður (Gripið fram í.) Einu sinni komst það til hinnar deildarinnar, það er rétt. En ég held að umr. hafi ekki verið tiltölulega miklar.

Með þessu frv., sem ég legg hér fram um breytingu á hæstaréttarlögunum, er stefnt að hraðari meðferð mála, en jafnframt að auknu réttaröryggi. Það, sem gleður mig eftir þessa umr. hér síðdegis í Ed. er það, að menn eru þó byrjaðir að hugsa og ræða um þessi mál. Ég vona að þeir fylgi því eftir með því að láta frv. hafa greiða för um hv. þingdeild.

Umr. frestað.

Neðri deild, 12. fundur.

Mánudaginn 16. nóv., að loknum fundi í Sþ.

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 69). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um iðnráðgjafa, 66. máli þessarar deildar, á þskj. 69, en frv. þetta felur í sér ráðstafanir sem miða að því að efla ráðgjafarþjónustu í iðnaði landsmanna. Frv. tekur sérstaklega mið af þörfum landsbyggðarinnar í þessu efni um leið og það skírskotar til frumkvæðis samtaka sveitarfélaga, iðnþróunarfélaga og annarra áhugaaðila um uppbyggingu iðnaðar, ekki síst á landsbyggðinni. Heimildarákvæði frv. um stuðning ríkisins við ráðningu iðnráðgjafa taka þó einnig til höfuðborgarsvæðisins og þannig jafnt til allra landshluta eða kjördæma.

Ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, má skoða sem einn þátt í stefnu ríkisstj. að bæta aðstöðu til iðnrekstrar í landinu.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sem ákveða að ráða til sín iðnráðgjafa, geti notið til þess fjárstuðnings úr ríkissjóði. Heimild sú, sem frv. felur í sér um framlag ríkisins í þessu skyni, miðast við launakostnað við störf eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka, þ. e. samtaka sveitarfélaga eða iðnþróunarfélags, þó þannig að umdæmi hvers iðnráðgjafa verði aldrei minna en eitt kjördæmi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að iðnþróunarfélög, sem stofnuð yrðu, geti verið ráðningaraðilar iðnráðgjafa, og í 2. gr. frv. er kveðið á um þau skilyrði sem slík félög þyrftu að uppfylla í þessu sambandi. Iðnráðgjöfunum er ætlað að starfa að fjölmörgum verkefnum, einkum á sviði ráðgjafar, upplýsingamiðlunar, tengsla af ýmsu tagi og fræðslu.

Í 3. gr. frv. er leitast við að skilgreina helstu verkefni iðnráðgjafanna, en það mun eðlilega ráðast nokkuð af aðstæðum á hverju svæði hvaða verkefni eru brýnust talin. Veigamestu þættirnir í starfi væntanlegra iðnráðgjafa munu ótvírætt verða að aðstoða fyrirtæki eða aðila, sem eru að hefja iðnrekstur, við að greina þörf sína fyrir margvíslega sérfræðiaðstoð og að mynda tengsl milli aðila í iðnaði í heimabyggð við tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins.

Iðnráðgjöfunum er m. ö. o. ætlað að hafa mjög náin tengsl við tæknistofnanirnar. Til að tryggja þau tengsl í reynd er í 4. gr. frv. gert ráð fyrir að Iðntæknistofnun Íslands verði falið að hafa forustu um samræmingu á störfum þessara ráðgjafa.

Ráðstafanir þær, sem í frv. felast, eiga sér hliðstæður bæði í landbúnaði og sjávarútvegi. Langt er síðan lagður var með lögum grundvöllur að ráðgjafarþjónustu í landbúnaði, þ. e. starfsemi héraðsráðunauta. Munu margir hv. þm. geta borið vitni um hverja þýðingu störf þessara ráðunauta hafa haft fyrir landbúnaðinn.

Á síðustu árum hafa samtök sveitarfélaga víða um land og ýmis samtök um iðnrekstur látið sig iðnaðarmál varða í vaxandi mæli og lagt áherslu á stuðning ríkisins við áætlanagerð og samræmingu á iðnþróunaraðgerðum. Hér á hv. Alþingi hafa líka á síðustu árum verið samþykktar allmargar þáltill. um áætlanagerð um eflingu iðnaðar í einstökum landshlutum og byggðarlögum. Líta má á þær ráðstafanir, sem frv. gerir ráð fyrir, sem mjög veigamikinn þátt til að efla slíka áætlanagerð og alveg sérstaklega framkvæmdir á grundvelli mótaðrar stefnu. Auk tengsla við tæknistofnanir iðnaðarins þurfa iðnráðgjafarnir að vera tengiliðir heimabyggðarinnar við þær stofnanir sem vinna að áætlanagerð um iðnþróun, og á ég þar m. a. við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Við undirbúning þessa frv. hefur verið leitast við að hafa sem víðtækast samráð við þá aðila, er málið einkum snertir. Þannig var efni frv. kynnt landshlutasamtökum sveitarfélaga á mótunarstigi á liðnu sumri og álit aðila, sem hafa stjáð sig um meginefni þess sem í frv felst, hefur undantekningarlaust verið jákvætt. Einnig hefur efni frv. og fyrirhuguð tilhögun ráðgjafarþjónustunnar verið kynnt forstöðumönnum tæknistofnana iðnaðarins. Sama máli gegnir um þá deild Framkvæmdastofnunar sem fjallar um byggðaáætlanir.

Þá hefur við samningu frv. verið reynt að hagnýta upplýsingar um hliðstæða ráðgjafarþjónustu á öðrum Norðurlöndum, einkum í Noregi og í Danmörku, en samskipti hérlendra tæknistofnana við systurstofnanir í þessum löndum hafa aukist mjög á síðustu árum. Í Noregi og Danmörku hefur verið lögð áhersla á að koma á fót svæðisbundinni ráðgjafarþjónustu fyrir iðnaðinn, og verkefni svæðamiðstöðvanna hafa í mörgum tilvikum verið af sama toga og gert er ráð fyrir varðandi þá þjónustu sem frv. þetta kveður á um.

Ljóst er að varðandi skipulag þessarar þjónustu hér verðum við að sníða okkur stakk eftir vexti. Í stað þess að stofna hér eins konar útibú frá tæknistofnunum iðnaðarins í hverjum landshluta þótti ráðlegra að fara þá leið, sem gert er ráð fyrir í frv., að tengja þjónustuna heimaaðilum, samtökum sveitarfélaga eða iðnþróunarfélögum sem nú eru að komast á fót í sumum landshlutum eða eru þegar risin.

Hver sem þróunin yrði varðandi skipulag þessarar þjónustu er afar mikilvægt að heimamenn standi að henni með öflugu starfi og fjárhagslegum stuðningi. Eins og ég gat um áður er í frv. lagt til að stuðningur ríkisins við þau samtök, sem ákveða að ráða til sín iðnráðgjafa, nemi sem svarar beinum launakostnaði og er þá átt við föst laun, umsamda yfirvinnu og launatengd gjöld. Ef þessi kostnaður er lagður til grundvallar varðandi stuðning ríkisins við ráðgjafarþjónustuna mundi framlag þess nema um 180 þús. kr. á ári vegna starfs hvers iðnráðgjafa sem heimild yrði veitt fyrir. Heildarútgjöldin mundu hins vegar ráðast af því, hve margir landshlutar eða kjördæmi mundu hagnýta sér þennan stuðning.

Rétt er að hafa í huga að enda þótt til komi stuðningur sem svarar ígildi launakostnaðar mun margvíslegan annan kostnað leiða af þessari starfsemi, þ. ám. ferða- og skrifstofukostnað. Ég hygg að ekki þurfi að skýra það fyrir hv. þm. þessarar deildar, a. m. k. ekki þeim sem úr strjábýli koma, hvaða kostnað ferðalög hér innanlands hafa í för með sér. Iðnráðgjafarnir þurfa ótvírætt að ferðast mjög mikið, ekki aðeins innan landshlutanna í því skyni að heimsækja fyrirtæki og ræða við ýmsa aðila, heldur munu þeir oft þurfa að leggja leið sína hingað til Reykjavíkur þar sem eru þær stofnanir sem þeir þurfa að halda uppi tengslum við. Framangreindan kostnað verða ráðningaraðilar, þ. e. heimamenn, að taka á sig, og miðað við fjárhagslegt bolmagn sveitarfélaga og samtaka þeirra munu landshlutarnir þurfa að mynda samstöðu um sérstök úrræði til að standa undir sínum hluta af slíkum kostnaði.

Stofnun iðnþróunarfélaga og e. t. v. svæðisbundinna iðnþróunarsjóða í tengslum við slík félög er nú á undirbúningsstigi í sumum landshlutum. Þetta er sú leið sem mörgum, sem um þessi mál hafa fjallað, finnst vænlegust sem bakhjarl við starfsemi iðnráðgjafa.

Í athugasemdum við frv. kemur fram að hámarkskostnaður ríkissjóðs vegna laga þessara gæti orðið, miðað við núverandi verðlag, átta sinnum 180 þús. kr. eða tæplega 1.5 millj., þ. e. 1440 þús. kr. á ári. Við þetta gætu síðan bæst u. þ. b. laun eins starfsmanns hjá Iðntæknistofnun vegna samræmingar á störfum iðnráðgjafa þar. Líklegt er þó að heildarútgjöldin verði eitthvað lægri fyrst í stað þar sem nokkurn tíma tekur fyrir samtök sveitarfélaga, sem ekki hafa þegar ráðið til sín iðnráðgjafa, að ganga frá slíkri ráðningu og skipuleggja starfsemi hennar.

Í fyrirliggjandi fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum í þessu skyni, en iðnrn. gerði fjárlaga- og hagsýslustofnun grein fyrir fyrirhugaðri lagasetningu um þessi efni og síðan par erindi þar að lútandi sent til hv. fjvn. Ég vænti þess, að frv. þetta fái greiða leið hér í gegnum hv. Alþingi og að hv. fjvn. sjái sér fært að ætla nokkurt fjármagn til þessarar ráðgjafarstarfsemi þegar á næsta ári.

Ég tel nauðsynlegt að víkja hér nánar að nokkrum atriðum sem snerta efni og framkvæmd þeirra ráðstafana sem frv. felur í sér.

Þegar verið er að fara inn á nýjar brautir varðandi stuðning við iðnþróun í landinu liggur í augum uppi að ekki verður séð fyrir hversu til tekst um framkvæmdina í einstökum atriðum. Hér er því með vissum hætti um tilraun að ræða, enda gert ráð fyrir að lögin verði endurskoðuð og staðan endurmetin að nýju eftir fjögur ár í ljósi þeirrar reynslu sem þá hefur fengist.

Ég tel að sú umræða, sem nú fer fram um eflingu iðnaðar í einstökum landshlutum og landinu almennt, og undirbúningur sá, sem hafinn er að stofnun iðnþróunarfélaga, gefi ástæðu til bjartsýni að því er varðar jarðveg fyrir störf iðnráðgjafanna. Sama máli gegnir um það frumkvæði sem sveitarfélög í einstökum landshlutum hafa haft um myndun iðnþróunarsjóða. Ég minni í því sambandi á framtak sveitarfélaga á Suðurlandi, en þar hafa flest sveitarfélög bundist samtökum um að greiða í iðnþróunarsjóð 1% af árlegum tekjum sínum. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að eflingu atvinnulífs á svæðinu, þar með talið að veita styrki til athugana á ýmsum viðfangsefnum í iðnaði. Þannig má segja að markmið þessa sjóðs falli vel að þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir að iðnráðgjafi mundi beita sér að samkv. frv.

Á fundum landshlutasamtaka sveitarfélaga víðar en á Suðurlandi — fundum sem haldnir hafa verið á þessu ári — hafa verið gerðar samþykktir um að fela stjórnum viðkomandi sveitarstjórnarsambanda að kanna undirtektir við stofnun iðnþróunarfélaga og iðnþróunarsjóða. Þegar á heildina er litið má því segja að víða sé verið að undirbúa jarðveginn fyrir iðnþróun og þessar aðgerðir falli vel að þeim hugmyndum sem frv. þetta byggist á.

Ég vil leggja áherslu á að við meðferð þessa frv. leitist menn við að hafa í huga þær aðstæður og það umhverfi sem iðnfyrirtæki, ekki síst smáfyrirtæki á landsbyggðinni, búa við varðandi möguleika á hvers konar ráðgjöf. Hugmyndin er ekki sú, að iðnráðgjafarnir leysi allra vanda í þessu efni, heldur miklu frekar að þeir aðstoði fyrirtækin við að greina vandamálin og miðla upplýsingum um hvers konar ráðgjafar sé þörf og hvar aðstoð sé að fá. Í mörgum tilvikum munu tæknistofnanir iðnaðarins geta veitt þá aðstoð sem með þarf, en því aðeins getur iðnráðgjafinn haft milligöngu um þessi efni að hann sé í góðum tengslum við tækni- og þjónustustofnanir iðnaðarins svo sem ráð er fyrir gert samkv. frv. Herra forseti.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. hér í hv. deild verði frv. vísað til hv. iðnn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur fyrir til 1. umr., ber að sjálfsögðu að skoða í nefnd eins og önnur frv. sem koma frá ríkisstj. og einstökum þm. Ég býst við að sjálfstæðismenn séu þessari hugmynd að mörgu leyti samþykkir, enda kemur það fram í till. til þál. um iðnaðarstefnu, sem 19 sjálfstæðismenn hafa flutt hér á þingi, að lagt er til að iðnráðgjafar taki til starfa, þó þannig að þeir starfi fyrst og fremst á vegum sveitarfélaga. Það er án efa líklegra til árangurs að tengingin við stofnanir iðnaðarins eigi sér frumkvæði heima fyrir og þá einkum og sér í lagi hjá sveitarfélögum eða svokölluðum iðnþróunarfélögum, sem hæstv. ráðh. nefndi í sínu máli. Það, sem þó hlýtur að skipta langsamlega mestu máli um iðnþróun hér á landi, er að rekstrarskilyrði séu í landinu fyrir iðnaðinn ekki síður en aðra atvinnuvegi. Eins og allir vita eru slík rekstrarskilyrði fyrir arðbæran iðnað ekki til í landinu nú.

Það er reyndar furðulegt til þess að vita, að hæstv. ráðh., sem stóð að því í ríkisstj. á árinu 1980, 30. mars, að samþykkt var þar till. um að starfsskilyrðanefnd yrði sett á laggirnar og skilaði áliti í júlí sama ár, skuli una því, að sú nefnd hefur enn ekki opinberlega skilað áliti, — enda var hún ekki sett á laggirnar fyrr en í sept. 1980 eða tveimur mánuðum eftir að hún átti að ljúka störfum samkv. tillögu hæstv. ráðh. Heyrst hefur þó að frumtillögur nefndarinnar hafi borist ýmsum aðilum án þess þó að stjórnarandstaðan hafi fengið tækifæri til að kynnast þessum tillögum. Það er auðvitað það sem mestu máli skiptir varðandi framtíð iðnaðar hér á landi, hvort tekið verður á slíkum málum sem þar er um fjallað af einhverju viti. Það gerir gæfumuninn um það, hvort hér fær að þróast iðnaður. Iðnráðgjafar, hvort sem þeir eru einn eða hundrað, hafa enga þýðingu ef atvinnugreinin hefur ekki rekstrargrundvöll.

Hæstv. ráðh. vísaði síðan máli sínu til hv. fjvn. og sagðist vona að fjvn. sæi til þess, að heimildin í 1. gr. frv. yrði notuð. Ég skal gjarnan nefna það í hv. nefnd þar sem ég á sæti. Málinu verður reyndar ekki vísað þangað. En ég bendi hæstv. iðnrh. á að hæstv. fjmrh. er í sama þingflokki og hæstv. iðnrh. og þannig er gengið frá hnútum í fjárlagafrv., frv. þeirra beggja, að Iðntæknistofnun Íslands hefur verið skorin niður við trog, en það er einmitt á hennar vegum og í tengslum við hana sem iðnráðgjafarnir eiga að starfa. Það skýtur þess vegna dálítið skökku við þegar þessu máli er vísað til nefndarinnar. Auðvitað veit hæstv. ráðh. mætavel, eins og allir aðrir þm., að það er ríkisstj. sem ber ábyrgð á fjárveitingunum. Það er hún sem markar stefnuna í skattamálum og hefur þess vegna áhrif bæði tekju- og gjaldamegin varðandi fjárlagafrv. Ég vil þess vegna skora á hæstv. iðnrh. að taka málið upp innan hæstv. ríkisstj. og beita sér fyrir því, að fjármagn fáist til stofnana iðnaðarins þannig að hægt verði að koma draumum hans í kring á hinu háa Alþingi.

Að lokum vil ég segja það, að í þessu frv. er bryddað upp á talsverðum nýmælum varðandi síðustu greinina. Það segir í aths. við 5. gr., að lagt sé til að lögin verði endurskoðuð að fenginni nokkurri reynslu af starfi iðnráðgjafa og gildistími þeirra verði því takmarkaður við árslok 1985. Þetta er að mínu viti góð regla. Hún er alþekkt úti í heimi. Hún er notuð í Bandaríkjunum og kallast þar „sunset legislation".

Á þessa aðferð minntist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson í máli sínu í síðustu viku því til stuðnings, að inn í landið væru að læðast ýmsar bandarískar hugmundir, í því skyni orðnar til að heilaþvo íslenska þm., sem hefðu nefnt þessar hugmyndir hér á hinu háa Alþingi. Þetta var nefnt sem dæmi ásamt svokallaðri „núllgrunnsaðferð", eða „Zero Base Budgeting", um hugmyndir um hvernig stórveldin reyndu að ná tökum á íslenskum þm. til að koma til skila stórhættulegum aðferðum. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur hann fengið leyfi formanns þingflokks Alþb. til að flytja svona stórhættulegt mál inn á hið háa Alþingi?

Auðvitað er þetta í gríni sagt. Málatilbúnaður hv. þm. Ólafs Ragnars var grín frá upphafi til enda og það er ánægjulegt að hæstv. ráðh. lætur slíkt sem vind um eyru þjóta. Þetta var auðvitað eins konar innskot, en að meginstefnu til tel ég að hér sé bryddað á máli sem ástæða sé til að kanna gaumgæfilega og geti komið að gagni í iðnþróun hér á landi, — ekki síst ef rekstrarskilyrði eru fyrir hendi. Ég veit að sjálfstæðismenn í iðnn. munu þess vegna skoða þetta mál með jákvæðu hugarfari.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við efni þessa frv. Ég vil þó benda á að það er ekki nægilegt að hæstv. iðnrh. berjist fyrir hagsbótum íslensks iðnaðar ef hæstv. ríkisstj. vinnur að öðru leyti gegn þessum sömu hagsmunum. Það er t. d. ekki nægilegt að hæstv. iðnrh. vilji styðja íslenskan skipasmíðaiðnað, sem hann vissulega vill gera, ef hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. leyfa hömlulausan innflutning erlendis frá á notuðum skipum á tombóluprís vegna þess að fyrir þessi skip er ekkert að gera úti í heimi.

Ég á sæti í iðnn. þessarar hv. deildar og mun þar gera efnislegar athugasemdir við frv., en ég vildi ekki láta hjá líða að lýsa strax yfir stuðningi við efni þess.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er á ferðinni gott mál og ástæðulaust að drepa umr. á dreif um almenn málefni þó að það sé á dagskrá. Ég tel að það eigi ekkert erindi hér að ræða hvort skip séu keypt á tombóluprís erlendis frá eða ekki. Ef það er slæmt að Íslendingar geri góð kaup er margt orðið dálítið skrýtið. Ég vil líka geta þess, að ég tel að umr. um heildarstöðu iðnaðarins eigi frekar heima í eldhúsdagsumr.

Ég stóð upp fyrst og fremst til að vekja athygli á að í 1. gr. þarf að rýmka þær heimildir sem þar eru. Það er of þröngt að miða þetta framlag við starf eins manns á starfsvæði hlutaðeigandi samtaka, ef það er miðað við kjördæmi. Það væri ekki óeðlilegt að þarna yrði miðað við meiri fjárhæð sem tryggði honum eitthvert ferðafé og lágmarkskostnað varðandi skrifstofuhald.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. Það er nú einu sinni svo, að allt, sem er gert til að vekja áhuga manna í sambandi við ýmsa atvinnustarfsemi, hlýtur að vera af því góða.

Menn hafa verið sammála undanfarið um það, að eitt af því, sem liggur mest á í sambandi við atvinnuuppbyggingu okkar, sé að örva iðnaðaruppbyggingu í landinu, og segja jafnan eitthvað fallegt í sambandi við það mál. Mér finnst að hér sé um raunhæfa aðgerð að ræða til að vinna að skipulagningu þeirra mála. Ég vísa þar í þann árangur sem þegar hefur náðst í sambandi við

iðnráðgjafa sem hafa verið að störfum víðs vegar um landið á þessu ári.

Mér er kunnugt um t. d. árangur sem þegar hefur komið í ljós á Vesturlandi í sambandi við iðnráðgjafa sem ráðinn var á árinu til starfa. Þó að hann sé ekki búinn að starfa nema í nokkra mánuði hefur þegar orðið mikill árangur af veru hans. Hann hefur vakið upp umræður og þegar safnað nauðsynlegum upplýsingum sem þarf til að marka þá stefnu sem þarf að taka í þeim landshluta í sambandi við þessi mál. Þetta kemur heim og saman við það sem við þm. Vesturl. fengum samþykkt á síðasta Alþingi, þ. e. iðnþróunaráætlun fyrir Vesturland.

Ég er alveg viss um að starf iðnráðgjafa er til góðs. En ég vil leggja sérstaka áherslu á að ég tel mjög brýnt að störf þessara ráðgjafa og það, sem samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög í landshlutum koma til með að gera í þessum málum, verði unnið í mjög góðri samvinnu við Iðntæknistofnun og aðrar stofnanir og sjóði iðnaðarins. Í sambandi við stöðu iðnaðarins vil ég taka undir með hv. 10. þm. Reykv., að það er brýn nauðsyn að leiðrétta, sem ég kalla, það sem er í fjárlagafrv. að því er varðar fjárveitingu til Iðntæknistofnunarinnar. Fjármagnið er allt of lítið í frv., því þessi stofnun hefur miklu þýðingarmeira hlutverki að gegna á þessu sviði en menn gera sér kannske almennt grein fyrir. Ég vil lýsa yfir stuðningi við að reyna að vinna að því að þetta verði leiðrétt í frv.

Að öðru leyti er ekki ástæða til að halda hér langa ræðu. Ég vil endurtaka það, að ég tel að sporið, sem hér á að stíga, sé mjög nauðsynlegt fyrir iðnaðinn í landinu og ekki síst fyrir atvinnuuppbyggingu um land allt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir stuðning við þetta mál sem hér er flutt. Ég treysti því, að sá hugur, sem fram kemur hjá þeim, endurspegli vilja hér í hv. þd. þannig að þetta frv. geti orðið fyrr en seinna að lögum.

Eins og hér var minnst á af hv. síðasta ræðumanni, hv. 1. þm. Vesturl., er þegar nokkur reynsla fengin af starfi iðnráðgjafa í nokkrum landshlutum, en þeir hafa verið ráðnir með nokkrum stuðningi af iðnþróunarfé sem fékkst af aðlögunargjaldi sem innheimt var á síðasta ári. Sú reynsla lofar vissulega góðu og hefur örvað sveitarfélög og samtök þeirra til að stíga þessi skref, ekki aðeins á einum stað á landinu, heldur munu það vera orðnir fimm landshlutar sem hafa tryggt sér slíka starfskrafta. En ráðningaraðilar munu einnig fastlega vænta þess, að ríkisvaldið komi til móts við þessa starfsemi með áframhaldandi stuðningi.

Hér var vikið að því af hv. 10. þm. Reykv., að fjármagn þyrfti að tryggja til starfseminnar og það væri ekki markað í fjárlagafrv., eins og ég raunar gat um í framsöguræðu minni. Um það var rætt við mótun fjárlagafrv., að þetta mál kæmi til umr. og afgreiðslu í sambandi við meðferð fjárlagafrv. í fjvn. Ég veit ekki annað en samráðh. mínir í ríkisstj. beri góðan hug til þessa málefnis og verði reiðubúnir að stuðla að því ásamt stuðningsmönnum sínum hér á hv. Alþingi, að fjármagn fáist á næsta ári til að hægt sé að nýta þær heimildir sem frv. gerir ráð fyrir, ef lögfestar verða.

Ég tek einnig undir það, sem hér hefur fram komið hjá tveimur hv. þm. í þessari umr., að mikil nauðsyn er á að styrkja meira en orðið er Iðntæknistofnun Íslands sem gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki í þeirri iðnþróun sem við í hv. deild erum áreiðanlega allir sammála um að nauðsynleg sé hérlendis. Það skiptir mjög miklu máli, að þessi stofnun, Iðntæknistofnun Íslands, eins og reyndar aðrar þjónustustofnanir iðnaðarins, verði efld og ríkisvaldið sjái sér fært að stuðla að því með brýnustu fjárveitingum til starfsemi þeirra.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 25 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 96). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir um atvinnuréttindi útlendinga, var flutt á Alþingi s. l. vor, en hlaut þá ekki endanlega afgreiðslu þar sem niðurstaða þingnefndar lá ekki fyrir fyrr en undir lok þingsins og ekki var kostur á því í því mikla stappi, sem þá var, að koma því fram ásamt mörgum öðrum málum sem þá voru seint á ferðinni, eins og gengur.

Frv. felur í sér þær breytingar helstar, að það gerir ráð fyrir að skilyrði þess, að atvinnuleyfi megi veita útlendingi samkv. lögunum, séu, auk þess að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að fyrir liggi undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi skulu enn fremur vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, ákvæði um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum. sbr. 3. gr. laga nr. 19/1979, um uppsagnarfrest. Í ráðningarsamningi þeim, sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfi, skal vera ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félmrn. gefi út og dreifi erlendis, sbr. 5. gr., áður en skrifað er undir samninginn.

Hér er um að ræða nýmæli í þessu frv. sem skipta verulegu máli til þess að tryggja starfskjör útlendinga þannig að þau séu í einu og öllu sambærileg við það sem ákveðið er í kjarasamningum. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að móta fastar reglur í þessum efnum þannig að ekki komi til árekstra hér á landi, en menn þekkja ástandið erlendis þar sem iðulega hefur komið til verulegra árekstra milli erlendra verkamanna og innlendra.

Við meðferð málsins í hv. félmn. í fyrra komu fram nokkrar athugasemdir frá dómsmrn. til að samræma þetta frv. lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965. Félmn. tók tillit til þessara ábendinga. Sömuleiðis hafa fleiri ábendingar borist til samræmingar við lög um eftirlit með útlendingum, og hafa ákvæði frv. að öllu leyti verið samræmd þeim sjónarmiðum sem þar er nauðsynlegt að taka tillit til. Það má segja að lykilsetningin í þá veru í þessu lagafrv. sé síðasta málsgr. 3. gr., en þar segir: „Atvinnuleyfi er jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi samkv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum."

Herra forseti. Ég tel ekki, með tilliti til þess að fram

fóru um þetta mál ítarlegar umr. hér ekki alls fyrir löngu, í maímánuði s. l., ástæðu til að fara rækilega út í þetta mál hér og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, BGr, EH, FÞ, GHelg, HÁ, SvJ, IGuðn, IGísl, JE, JS, MHM, ÓÞÞ, PP, HBald, SighB, SV, SvG, VG, AS, SvH.

nei: AG.

BÍG, FrS, RH, HBI, JÞ, MB, ÓE, PS, SteinG greiddu ekki atkv.

9 þm. (GS, GJG, GGÞ, KP, MÁM, PJ, SkA, StH, ÞS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að vekja athygli á að hér er á ferðinni eitt af skattafrv. hæstv. ríkisstj. Gert er ráð fyrir að framlengja einn vinstristjórnarskattinn til næsta árs. Hæstv. fjmrh. sér á hinn bóginn ekki ástæðu til að mæla fyrir frv. og skýra þær sérstöku orsakir sem liggja til þess, að það er nú lagt fram. Ég óskaði nafnakalls við þessa atkvgr. til að vekja athygli á skeytingarleysi ráðh. og beini því jafnframt til hæstv. forseta, að hann reyni að sjá svo til að hæstv. fjmrh. hafi tök á að mæla fyrir þeim frv. sem fela í sér aukna skattheimtu á borgarana, áður en þau eru tekin fyrir. Ég greiði ekki atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að hæstv. fjmrh. er ekki viðlátinn, svo sem hv. þdm. er fullkunnugt um. Þetta mál er gamalt og margrætt í hv. deild. Það gefst enn kostur á því við tvær viðbótarumr. að ræða þetta gamalkunna mál eftir að það kemur frá meðferð nefndar, sem enn mun skýra það að því leyti sem það er mönnum óljóst. (**HBl:** Það gæti dagað uppi.) Það er forseti sem ber ábyrgð á þessari málsmeðferð.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég met mikils ábyrgð forseta deildarinnar og þakka honum þær upplýsingar, að fjmrh. sé fjarverandi. Það kom okkur raunar ekki á óvart vegna þess að þm. kom inn fyrir hann í dag. Hins vegar vil ég eigi að síður vekja athygli á því, að þó að sé um gamlan skatt að ræða er þingvenja að mæla fyrir frv., og það er líka venja að þegar ráðh. forfallast eða fer utan gegnir einhver annar í ríkisstj. og þá væntanlega úr sama flokki ráðherrastarfi hans á meðan. Þá hefur það verið venja, að ráðh., sem gegnir starfi fyrir annan ráðh. sem fer í burtu, mæli fyrir málum. Ég var að vona að hæstv. ríkisstj. hefði ekki mikinn áhuga á þessu máli og hefði gjarnan viljað grynnka eitthvað á sköttunum og þess vegna vildi enginn mæla fyrir frv. Ég hef aldrei sett mig á móti því, að mál fari til nefndar, en á ekki því að venjast, að með svona sérkennilegum hætti skuli mál fara til nefndar. Því ætla ég ekki að greiða atkv.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Þar sem Sjálfstfl. hefur á stefnuskrá sinni að fella niður skatta vinstri stjórnarinnar veiti ég þessu frv. ekki brautargengi og segi nei.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 17). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Í frv. því, sem hér er til umr., eru lagðar til þær breytingar á lögum um almannatryggingar að færa tannlæknaþjónustu landsmanna frekar undir tryggingakerfið en verið hefur.

Það er engum blöðum um það að fletta, að mikilvægt skref var stigið í heilsuvernd landsmanna þegar með lögum frá 1974 var ákveðin þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins og sjúkrasamlaga í tannlæknakostnaði ákveðinna þjóðfélagshópa. Vart er um það deilt, að tannvernd og tannlæknaþjónusta eru mikilvægur þáttur í heilsuvernd landsmanna og efalítið sú læknisþjónusta sem landsmenn flestir þurfa hvað mest að sækja til. Þessi þáttur heilbrigðisþjónustunnar í landinu hefur þó orðið nokkuð út undan og ekki skipað þann sess í heilsuvernd landsmanna sem nauðsynlegt er.

Af umr., sem urðu á Alþingi á þeim tíma, 1974, þegar tannlækningar voru að hluta teknar inn í tryggingakerfið, kemur fram að hér hafi aðeins verið stigið fyrsta skrefið í þeim áfanga að færa tannlækningar undir tryggingakerfið, en við það var miðað að ákveðnir aldurshópar fengju þá greitt úr tryggingakerfinu. Er um að ræða einkum börn og unglinga og elli- og örorkulífeyrisþega. Stór hluti þjóðarinnar stendur þó enn að öllu leyti fyrir utan tryggingakerfið í þessu efni og verður alfarið að kosta þennan nauðsynlega þátt heilbrigðisþjónustunnar.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það, að tannlæknaþjónustan er mjög dýr og alls ekki á allra færi að veita sér hana svo vel sé. Afleiðing þessa er augljós. Tannvernd margra er í algjöru lágmarki og tannskemmdir ná að þróast, oft á illt og óviðráðanlegt stig, og geta valdið slæmum tannsjúkdómum. Í öllum tilfellum eru þá aðgerðir gífurlega kostnaðarsamar og ekki nema á færi einstakra manna að ráða við, nema steypa sér út í miklar skuldir. Auk þess hefur verið á það bent, að slæmir tannsjúkdómar geta í vissum tilfellum leitt af sér ýmsa aðra sjúkdóma.

Sjálfsagt er því haldið fram af mörgum, að slæma tannsjúkdóma megi rekja til vanrækslu í mörgum tilfellum og að ekki sé leitað reglulega til tanneftirlits eða lækninga á tannskemmdum og öðrum tannsjúkdómum. Ég vil þó fullyrða að þar sé engu síður um að kenna þeim mikla kostnaði sem oft fylgir tannlæknaþjónustu. Fólk hreinlega veigrar sér við í lengstu lög að leita til tannlækna. Ég tel að mjög brýnt sé að koma á skipulegu tanneftirliti og tannvernd meðal landsmanna og að hið opinbera gefi meiri gaum að þessum þætti í heilbrigðisþjónustunni þannig að með raunhæfum aðgerðum megi draga úr alvarlegum tannsjúkdómum og kostnaðarsömum.

Kostnaðurinn við tannlæknaþjónustu og taxtar tannlækna eru auðvitað kafli út af fyrir sig sem ég ætla ekki hér að taka langan tíma í að ræða. En ég tel ekki ofmælt að það sé brýnt verkefni að stjórnvöld taki það mál fastari tökum en verið hefur. Vekur það raunar furðu að ekki skuli af stjórnvöldum frekar hafa verið farið ofan í kjölinn á því máli. Fyrir þessu þingi liggur frv., sem ég hef lagt fram um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en í því frv. felst m. a. að taxtar tannlækna verði undir sérstöku eftirliti. Mun ég því bíða með að gera þeim þætti, sem snýr að því, betri skil þangað til það mál kemur hér til umr.

Mörg rök mæla með því, að tannlækningar falli í meiri og víðtækari mæli undir almannatryggingakerfið en nú er. Vil ég nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi má nefna, að vegna upplýsingaskorts er erfitt að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd og þátttöku hins opinbera í henni sem gildi gæti haft við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi. Til þess að slík rannsókn hafi raunhæft gildi yrði að taka með tannaðgerðir og tíðni þeirra hjá öllum aldurshópum. Sá grundvöllur skapaðist með meiri þátttöku hins opinbera í tannlæknaþjónustu, en í formi nákvæmlega sundurliðaðra greiðslukvittana fyrir tannaðgerðir opnaðist möguleiki á skipulögðum rannsóknum á tannsjúkdómum og þróun þeirra í framtíðinni. Grundvöll yrði þar með hægt að leggja að skipulegu fyrirbyggjandi starfi í tannlækningum.

Í öðru lagi má nefna, að þátttaka hins opinbera gerði mörgum kleift að leita fyrr með nauðsynlegar aðgerðir til tannlækna, sem þýðir sparnað og fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í þriðja lagi: Draga mundi úr tíðni tannskemmda og alvarlegra tannsjúkdóma og komið yrði í veg fyrir að þeir þróuðust á erfitt og jafnvel óviðráðanlegt stig.

Í fjórða lagi: Sundurliðun og nákvæm greiðslukvittun skapar einnig virkt eftirlit með gjaldtöku tannlækna.

Varðandi þennan síðasta lið vil ég nefna að það er brýnt, eins og lagt er til í þessu frv., að skylda tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun um verkþætti í þeirri þjónustu sem þeir veita. Í þau sex eða sjö ár, sem tannlæknaþjónusta hefur verið að hluta til undir tryggingakerfinu, hefur verið mjög erfitt að hafa nokkurt eftirlit með gjaldtöku tannlækna vegna þess að þær greiðslukvittanir, sem tannlæknar gefa, eru mjög óaðgengilegar til nokkurs eftirlits. Það verður að teljast lágmark, þegar tannlækningar eru greiddar af opinberu fé, að svo sé um hnútana búið að hægt sé að hafa virkt eftirlit með gjaldtöku. Tryggingastofnun ríkisins hefur nú um langan tíma staðið í samningaþófi við tannlækna til að fá þá til að leggja fram viðunandi greiðslukvittun. En það er auðvitað alveg fráleitt að nauðsyn sé að standa í löngu samningaþófi við tannlækna til að fá þá til að leggja fram viðunandi greiðslukvittun fyrir þjónustu sem greidd er af opinberu fé. Það kvittanaform, sem tannlæknar hafa hingað til fengist til að leggja fram, hefur ekkert raunhæft upplýsingagildi til eftirlits með gjaldtöku tannlækna, auk þess sem ljóst er að sundurliðuð greiðslukvittun, þar sem koma fram helstu verkþættir, er mikilvæg til að hægt sé að koma við skipulögðum rannsóknum á tíðni hinna ýmsu tannsjúkdóma sem á megi byggja skipulega tannvernd, ekki síður en þær koma að gagni við fræðilega könnun á stöðu tannlækninga hér á landi. Allt ber því að sama brunni, að nauðsynlegt sé að skylda tannlækna til að leggja fram sundurliðaða greiðslukvittun í því formi sem Tryggingastofnunin óskar eftir og hún þarf á að halda til að geta haldið uppi eftirliti.

Að þessu sinni er lagt til í þessu frv. að tryggingakerfið greiði 25% kostnaðar við tannviðgerðir, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir, fyrir þá sem ekki nú þegar falla undir almannatryggingakerfið, en við gullfyllingar, krónu- og brúaraðgerðir, sem eru einn dýrasti þáttur tannlæknaþjónustunnar, verði greidd 20% kostnaðar. Í tryggingakerfinu er nú aðeins greitt fyrir börn og unglinga og þess háttar aðgerðir, en það er sá aldurshópur sem hvað minnst þarf á þess konar þjónustu að halda. Því liggja í raun ekki fyrir þar neinar tölur um hvað meiri háttar aðgerðir við slíka þjónustu kosta, en ekki er óalgengt að heyra hjá þeim, sem hafa þurft að leita sér slíkrar tannlæknaþjónustu, að algengur kostnaður sé 30—40 þús. kr. þegar um mjög miklar agerðir er að ræða, en ef til þarf að koma auk gullfyllingar ýmsar tannholdsaðgerðir, auk brúaraðgerða, þá geti kostnaðurinn farið í 60 þús. kr. Það sjá allir, að fólk með lágar og meðaltekjur getur engan veginn staðið undir þeim kostnaði og mundi það létta verulega ef ríkisvaldið greiddi 20% kostnaðar við þessar aðgerðir.

Víðast hvar í nágrannalöndum okkar hefur hið opinbera viðurkennt meira en hér á landi nauðsyn þessarar þjónustu í heilsuvernd landsmanna og komið meira til móts við kostnað fólks í þessu sambandi en hér á landi er gert. Í Bretlandi má t. d. nefna að mjög fjölmennir hópar eru undanþegnir öllum greiðslum, en heildarupphæð fyrir meðferð þeirra, sem greiða þurfa að hluta fyrir tannlæknaþjónustu, fer þó ekki fram úr ákveðnu hámarki sem verið hefur um 1/5 hluti kostnaðar.

Flm. þessa frv. telja, að með tillögunum, sem hér eru kynntar, sé ekki farið of geyst í að setja tannlækningar frekar undir tryggingakerfið en verið hefur, en bent á nauðsyn þess að stíga það skref að færa þær frekar undir tryggingakerfið.

Það er ljóst, að erfitt er að gera sér grein fyrir kostnaði þessu samfara, enda erfitt að gefa sér nokkrar forsendur til útreiknings kostnaðar í þessu sambandi þar sem hvergi liggur fyrir nein úttekt á heildarkostnaði við tannlækningar hér á landi eða gögn sem af megi draga ályktanir í þessu efni. Telja flm. hæpið að greiða hærri prósentuhlut fyrr en slík úttekt liggur fyrir, en í framhaldi af því mætti ákveða frekari stefnumörkun í þessu máli. Flm. benda á í grg. að lægri prósentuhlutur kæmi vissulega til greina, þar sem úttekt liggur ekki fyrir á heildarkostnaði. Prósentuhluturinn má þó ekki vera svo lítill að hann rýri gildi könnunar sem í framhaldi af þessu yrði gerð á heildarkostnaði landsmanna við tannlækningar, en með því fyrirkomulagi, sem hér er lagt til, opnuðust einmitt þeir möguleikar að gera könnun á heildarkostnaði við tannlækningar á Íslandi og könnun á stöðu tannlækninga hér á landi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til heilbr.- og trn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli. Þegar lögin um almannatryggingar voru sett var ákveðið að heimila að Tryggingastofnunin tæki þátt í kostnaði við tannviðgerðir eftir reglum sem ákveðnar verða hverju sinni af heilbr.- og trmrn. Það er

m. ö. o. eitt af heimildarákvæðum almannatryggingalaganna sem hér er um að ræða. Það er þess vegna unnt með stjórnvaldsákvörðun, þ. e. reglugerð, að ákveða að þessar heimildir nái til fleiri aðila samkv. þeim upplýsingum sem ég hef frá mínum samstarfsmönnum í heilbr.- og trmrn.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi þáttur í okkar heilbrigðisþjónustu sé sá lakasti og að það sé brýn nauðsyn að við tökum á þessum málum hér og að ríkisstj. fari yfir þessi mál og þá sérstaklega auðvitað hvað þau kosta, en hér er um að ræða mjög verulega fjármuni. Á árinu 1982 er áætlað að verja til tannviðgerða 45.3 millj. nýkr. eða 4.5 milljörðum gkr. eingöngu í þennan lið sjúkratrygginganna. Menn sjá því hvað hér er í raun og veru um gríðarlega stórt verkefni að ræða. Ástæðan til þess, að menn hafa ekki þegar tekið ákvörðun um að tannviðgerðir almennt og tannlækningar verði teknar inn í sjúkratryggingarnar, er ábyggilega sú, að menn hafa ekki séð fram úr því hvaða kostnað slíkt hefði í för með sér.

Ég hef þess vegna beðið samstarfsmenn mína í heilbr.- og trmrn. um að reyna að áætla hvaða kostnað vissar úrbætur í þessum efnum hefðu í för með sér. Stendur sú athugun nú yfir. Þar hefur komið margt til greina. Þar kemur til greina þessi leið, sem hv. þm. Alþfl. leggja til, að beinlínis verði tekið fram að tiltekinn hluti af tannlækningakostnaði skuli greiddur af sjúkratryggingunum. En það kæmi líka til greina önnur leið sem ég hef látið kanna sérstaklega og er með í sérstakri athugun. Hún er í því fólgin, að menn fái skattafslátt vegna þessarar þjónustu út á þær kvittanir sem þeir leggja fram fyrir hana. Ég tel að með því móti væru slegnar tvær flugur í einu höggi og stuðlað jafnframt að öruggari framtölum fyrir þá þjónustu sem hér er verið að greiða fyrir. Þetta er hins vegar ekki alveg einfalt mál, þannig að ég hef í sjálfu sér ekki gert upp hug minn endanlega í þeim efnum, hvort þessa leið á að fara eða þá leið að greiða þetta beint í gegnum sjúkratryggingarnar. Það væri líka hugsanlegt að fara báðar leiðirnar, þ. e. að vera bæði með eitthvert afsláttarkerfi og eins þá leið sem hér er stungið upp á, en það á þá að vera hægt að gera með reglugerð, þ. e. ef farin yrði sú leið sem lögð er til í 1. og 2. gr., ef þær upplýsingar eru réttar sem mínir embættismenn hafa greint mér frá.

Varandi þessi mál almennt er ég þeirrar skoðunar, eins og ég sagði, að þau séu í raun og veru einn lakasti þáttur okkar heilbrigðisþjónustu. Það er ekki vansalaust á ofanverðri 20. öld að þeim málum skuli háttað eins og raun ber vitni. Það er ábyggilega þannig, að fólk hlífist við að leita til tannlækna vegna þess gífurlega kostnaðar sem það hefur í för með sér, einkum og sér í lagi fyrir stórar fjölskyldur, þó að þær muni að sjálfsögðu meira en aðra um þá greiðslu sem nú er um að ræða á hluta af tannviðgerða- og tannlækningakostnaði.

Það var minnst hér af hv. þm. á taxta tannlækna og að þeir þyrftu að vera undir sérstöku eftirliti. Undir það tek ég. Þeir eiga að vera undir sérstöku eftirliti nú þegar, en það er auðvitað slakt eftirlit, ekki nærri nógu gott. Það mætti og þyrfti gjarnan að vera miklu betra. Þáttur í því samningaþófi, sem hefur verið í gangi við Tannlæknafélag Íslands nú undanfarið ár, er einmitt um að þetta eftirlit verði bætt mjög verulega og teknar verði upp samræmdar sundurliðaðar greiðslukvittanir fyrir þá þjónustu sem þessir aðilar veita, þannig að auðveldara sé að hafa eftirlit með því, hvernig þjónustan er innt af hendi og hvaða greiðslur menn þurfa að láta af hendi til tannlæknanna.

Ég held að hér sé um að ræða mál sem við þurfum að taka ákveðnum tökum. Ég hef fullan vilja til þess og er ánægður með að það er komið hér á dagskrá. Ég minni að vísu á að þetta mál er raunar á dagskrá líka í Sþ. Þar liggur fyrir fsp. frá hv. þm. Alexander Stefánssyni um svipuð mál, en hún hefur ekki komist að af ýmsum ástæðum að undanförnu, vegna þess að aðrar fsp. hafa tekið lengri tíma og vegna þess að menn hafa viljað ræða önnur mál í fyrirspurnatímum. Það er sem sagt greinilegt að menn eru mjög með hugann við þetta. En þá er nauðsynlegt að menn átti sig ekki einasta á því, hvaða réttlætismál er hér á ferðinni, því að mér heyrist að um það séu allir sammála, heldur þurfa menn að átta sig á því, hvaða kostnað þetta hefur í för með sér og með hvaða hætti er unnt að grípa til ráðstafana sem eru þannig að þær upplýsi það hið fyrsta, hver heildarkostnaðurinn gæti orðið í þessum efnum.

Ég lít þannig á, að núverandi fyrirkomulag í þessum málum, greiðslur sjúkratrygginga af tannlækningakostnaði, sé aðeins skref sem stigið hafi verið á réttri braut og að við eigum að sjálfsögðu að setja okkur það mark að þessi þáttur verði meðhöndlaður með svipuðum hætti og öll okkar heilbrigðisþjónusta þegar markinu er náð og menn hafa gert upp við sig með hvaða hætti þetta verður best gert.

Nú vil ég einnig láta það koma fram hér sem mína skoðun, að ég tel að núverandi greiðslufyrirkomulag til tannlækna — og raunar til sérfræðinga í læknastétt að sumu leyti líka — sé í rauninni algjörlega óhafandi. Hér er um að ræða greiðslur fyrir hvert viðvik sem þessir menn inna af hendi, og gera það vafalaust oftast vel sem betur fer. Ég held að það eigi að halda þannig á málum að læknar allir, sérfræðingar og tannlæknar meðtaldir, verði á fastlaunakerfi eins og aðrir launamenn hér í þjóðfélaginu. Ég vil láta það koma fram hér, að við höfum um nokkurt skeið verið með í athugun með hvaða hætti þetta gæti gerst hér í Reykjavík, þar sem menn hafa verið með svokallað númerakerfi í gangi um langt skeið. Í Reykjavík eru í starfi um 20—25 „númeralæknar", sem svo eru kallaðir, og það hefur vafist fyrir yfirvöldum á undanförnum árum, eins og eðlilegt er vegna þess að málið er flókið, að koma því þannig fyrir að þessir menn flyttust yfir á fastlaunakerfi og yrðu heilsugæslulæknar og Reykjavík yrði þar með skipt í heilsugæsluumdæmi. Ég vil geta þess, að samninganefnd, sem við höfum verið með í gangi síðan í júní, hefur komist að alveg ákveðinni niðurstöðu um fyrirkomulag í þessum efnum. Reykjavík yrði þá skipt í heilsugæsluumdæmi og þar með sköpuðust forsendur til að heimilislæknar yrðu á fastlaunakerfi. Þar með væri stigið skref í rétta átt, sem síðan þyrfti að ná til allra starfsmanna heilbrigðisþjónustunnar, einnig tannlækna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að lýsa í örfáum orðum ánægju minni með að þetta frv. skuli vera komið hér fram og því skuli vera vel tekið af hæstv. heilbrmrh. En ég vil þó sérstaklega fagna því, að hann skuli hafa lýst því hér yfir eða skýrt frá því, að mál, sem ég hef nokkrum sinnum á liðnum árum borið fram við aðila, m. a. einu sinni í sambandi við lausn kjaradeilu, um skattafslátt vegna tannviðgerða, skuli nú vera komið

á þann rekspöl að það sé í alvarlegri athugun hjá heilbrmrn. hvort hægt sé að fara þessa leið. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar — hef reyndar í samræmi við þá skoðun mína flutt þáltill. í Sþ. að skattafsláttarleið sé fær og geti orðið til bóta og til úrlausnar á ýmsum vandamálum sé hún farin. Í sambandi við tannviðgerðir mundi þetta að sjálfsögðu hafa tvöfalda þýðingu: annars vegar að lækka kostnað þeirra sem í hlut eiga, og mætti þá gjarnan miða þennan afslátt við eitthvert ákveðið tekjumark, hins vegar væri þetta trygging fyrir opinbera aðila að rétt væri talið fram, sem ég er í sjálfu sér ekki að tortryggja, heldur mundi það veita þeim visst öryggi sem hafa verið bornir sökum um að ástæða væri til slíkrar tortryggni.

Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. og um leið frv., eins og ég tók fram. Um hugleiðingar hæstv. ráðh. um að gera alla okkar sérfræðinga að fastlaunamönnum eða um læknasamningana almennt og þá jafnframt þá samninga, sem viðkomandi hæstv. ráðh. gerði ekki alls fyrir löngu við íslenska læknastétt, ætla ég ekki að ræða að þessu sinni.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þá hugsun, sem fram kemur í frv. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur o. fl., og tek undir það, að of lítið hefur verið gert að því að auka við þær heimildir sem fyrir eru í lögum nr. 95 frá 1975, en það hefur, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að sjálfsögðu strandað á peningum.

Ég vil hins vegar vekja athygli hv. flm. á því, að mér finnst hér stungið upp á alrangri aðferð við að auka greiðslu sjúkrasamlagsins í tannviðgerðum. Ég held að það sé gjörsamlega óraunhæt að stinga upp á því, sem hér er gert, að allir skuli nú þegar koma inn í 25% kostnaðar. Ég held að eðlilegt framhald af því, sem gert var ráð fyrir í lögunum þegar þau voru sett, sé að hækka aldur þeirra sem þessarar þjónustu njóta. Það hefur verið gert lítillega með lögum nr. 59 frá 1978, en þá var veitt heimild til að greiða 75% aðgerðar á 17—18 ára unglingum, en áður höfðu lögin einungis náð til 16 ára einstaklinga.

Það kom í ljós þegar upphaflegu lögin voru sett, en eins og menn muna voru tannviðgerðir vanfærra kvenna greiddar að nokkru, að frá því að konur voru 16 ára og þar til konur fóru að eiga börn vildu tannlæknar almennt halda því fram, að þetta tímabil hefðu þær vanrækt tannhirðu sína, og töldu að þetta ákvæði laganna hefði beinlínis komið þannig út að það hefði verið niðurrífandi fyrir almenna tannhirðu kvenna í landinu. Þess vegna var þetta afnumið. Ég átti sjálf sæti í nefnd, sem um þetta fjallaði, og skal ekki neita því, að mér var það nokkuð sárt að fella þetta ákvæði út, en við beygðum okkur, þær tvær konur ssem í þeirri nefnd sátu, fyrir þeim ómótmælanlegu rökum sérfræðinga að þetta væri ekki rétt leið til að stuðla að almennri og betri tannhirðu manna. Þar kom jafnframt fram samróma álit þeirra, að eðlilegt framhald á framgangi þessa máls væri að hækka hægt og sígandi, eftir því sem efni landsmanna leyfðu, aldur þeirra sem þessarar þjónustu njóta. Mér þykir sjálfsagt að athuga það mál þegar frv. kemur til heilbr.- og trn.

Ég tel hins vegar, að þær hugmyndir, sem menn hafa viðrað hér um skattafrádrátt, séu heldur hæpnar, og er ekki viss um að ég treysti mér til að styðja þær. Ég held að miklu eðlilegri leið væri sú sem ég hef hér minnst á.

Ég held líka að það sé mál til komið að athuga hvort ekki sé nauðsynlegt að breyta kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og ríkisins. Eins og öllum er kunnugt greiða sveitarfélögin 15% af kostnaði sjúkrasamlaga eða þar um bil. Þetta er auðvitað verulegur baggi á sveitarfélögunum. Sem dæmi get ég tekið að árið 1980 greiddi Sjúkrasamlag Reykjavíkur hvorki meira né minna en 878 millj. 478 þús. kr. til tannviðgerða þess litla hóps sem nýtur greiðslu sjúkrasamlags, og helmingskostnaður Reykjavíkurborgar í tannlækningum skólabarna var 600 gamlar millj. Þetta eru samtals 1478 gamlar millj. Ég held að hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir geti þá sagt sér nokkuð sjálf, að þessar upphæðir margfaldast vitanlega þegar inn koma fleiri hópar, ef þessi 25% kostnaðargreiðsla ætti að koma á alla aldursflokka í einu. Ég er hrædd um að það sé einmitt fólkið sem nýtur dýrustu tannviðgerða — fólk svona frá tvítugu og þar yfir. Þannig held ég að þetta frv. sé því miður óraunhæft kostnaðarlega séð, en það þýðir ekki að ekki sé auðvelt að vera sammála hugsuninni sem að baki þess liggur.

Ég vil taka undir þau orð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði hér áðan um greiðslur til tannlækna. Það er auðvitað undarlegt að tannlæknar, t. d. skólatannlæknar og heilsugæslutannlæknar, skuli ekki vera með mánaðarlaun eins og aðrir launþegar. Eins og þetta er framkvæmt nú er ekki annað að sjá en að tannlæknar fái ókeypis aðstöðu undir starfsemi sína, en síðan greiðslur nokkuð á borð við þær sem þeir fá sem fjármagna sínar tannlæknastofur sjálfir. Þetta hlýtur auðvitað að vera með öllu óeðlilegt og valda miklum útgjöldum fyrir hið opinbera.

Ég mun ekki hafa mörg fleiri orð um þetta. Þó vil ég aðeins minnast á eitt mál sem ég held að ástæða væri fyrir nefndina að skoða í sambandi við meðferð þessa máls, en það eru greiðslur til þeirra einstaklinga sem þurfa á miklum tannviðgerðum að halda og tannsmíðum vegna sjúkdóma. T. d. eru mörg dæmi um krabbameinssjúklinga sem fá þann sjúkdóm í munn eða andlit og hafa orðið að bera verulegan kostnað af mjög dýrum tannsmíðum sjálfir. Það ætti að vera tiltölulega einfalt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að gefa út dagskipun um leiðréttingu þessara mála. Slík mál hafa gjarnan farið fyrir tryggingaráð, en mér er fullkunnugt um að þessar greiðslur hafa ekki verið inntar af hendi nema að litlu leyti. Skoðun mín er sú, að slíkar greiðslur ættu hiklaust að greiðast að fullu af sjúkrasamlagi.

Að öðru leyti fagna ég því, að þetta frv. er fram komið. Það gefur hv. heilbr.- og trn. tækifæri til að fjalla um þessi mál.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil segja það hér, að að sumu leyti er hægt að taka undir tilganginn með þessum tillöguflutningi, því að alltaf er að sjálfsögðu hægt að bæta um í sambandi við aðstoð við fólk á heilbrigðissviðinu.

Ég vil taka það fram, að eins og allir hv. alþm. sjálfsagt vita hafði sú breyting á heilbrigðislöggjöfinni, sem gerð var á sínum tíma að því er varðar tannlækningar, mjög jákvæð áhrif. En ég vil nota tækifærið um leið og segja það hér, að ég tel að það þurfi enn frekar að herða það eftirlit eða þær aðgerðir, sem geta komið í veg fyrir tannskemmdir, með því að auka þátttöku í því eftirliti og þeim agerðum sem tannlæknar eiga að gera í sambandi við börnin og ekki hvað síst í skólum landsins. Það eru slíkar fyrirbyggjandi aðgerðir sem allir voru sammála um

að þyrfti að auka. Ég er hræddur um að víða sé þarna enn pottur brotinn og tannlæknar fari e. t. v. ekki rétt að í sambandi við það sem lögin gera ráð fyrir. Og aðstaða til þess er víða ófullkomin. Úr þessu þarf að bæta.

En það, sem ég vildi aðallega tala hér um, er í framkvæmd þessara mála. Eins og allir vita er eftirlitið með gjaldtöku tannlækna í höndum Tryggingastofnunar ríkisins og hér er ekki um neitt smámál að ræða, eins og þegar hefur komið fram. Ég bar fram á Alþingi 1979 fsp. til hæstv. þáv. heilbrmrh. um þessi mál. Það kom fram í svari hans, sem og hér í þingskjölum, að þetta eftirlit er mjög ófullkomið. Tannlæknarnir ráða sjálfir hvenær þeir fá þetta eftirlit yfir sig. Þeir ráða því sjálfir hvernig þeir leggja fram gögnin. Í áliti tryggingatannlæknis kom í ljós — og það er opinbert álit — að þau gögn, sem tannlæknar í landinu leggi fram og nota til að fá þessar greiðslur í gegnum almannatryggingar, eru alls ófullnægjandi. Það er ekkert sönnunargildi í þessum gögnum.

Ég mun koma nánar inn á þetta atriði í fyrirspurnatíma, þar sem ég hef lagt fram á Alþingi fsp. um þetta mál. En ég verð að segja það alveg eins og er, að meðan ekki er búið að lagfæra svona augljósa galla, að vissir menn í heilbrigðiskerfinu geta tekið greiðslur úr hendi Tryggingastofnunar ríkisins eða frá ríkinu án þess að það eftirlit, sem lögin gerðu ráð fyrir að ætti að vera virkt, sé raunhæft, og fyrir liggur að þessi endurskoðun kemur ekki í veg fyrir misnotkun, þá er dálítið erfitt að samþykkja að halda áfram á þessari braut, jafnsjálfsagt sem það er að auka þátttöku ríkisins í tannviðgerðum og tanneftirliti, ekki síst með börnum og unglingum, en þá er þetta eiginlega grundvallaratriði.

Ég hef gert mér talsvert far um það á undanförnum árum að reyna að kafa ofan í þetta mál. M. a. hef ég með höndum alla þá samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert við Tannlæknafélag Íslands. Ég hef reynt að afla mér upplýsinga um hvernig gjaldskrá tannlækna er búin til, því að eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni er það furðulegt að tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið, nota sömu gjaldskrá og læknar sem reka og byggja upp sjálfstæðar lækningastofur víðs vegar, ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu. Þetta virtist eiga að vera leyndarmál og það reyndist miklum erfiðleikum bundið að útvega upplýsingar um hvernig taxti tannlækna væri búinn til. Þá kom í ljós, að þessi taxti er sniðinn eftir dýrustu aðstæðum sem tannlæknar hér á landi geta miðað við og varða eigið húsnæði, eigin tæki o. s. frv.

Mér finnst alveg furðulegt hvernig við stöndum núna á árinu 1981. Það er búið að vera að ræða um þetta í nokkur ár og Tryggingastofnun ríkisins viðurkennir að sú aðstaða til eftirlits með framkvæmd laganna, sem allir voru sammála um að setja, sé algjörlega ófullnægjandi, þannig að það sé ekki hægt á einn eða neinn hátt að sanna eða afsanna hvort viðkomandi taki rétt gjald fyrir tannlæknaþjónustuna. Þetta finnst mér aðalatriði málsins, þegar við erum um leið sammála um að það eigi að auka þennan þátt í tryggingakerfinu og aðstoða fók til að fá þá meðferð sem æskileg er á þessu heilbrigðissviði.

Ég vil undirstrika það hér, að þetta er atriði sem verður að lagfæra. Það getur vel verið að það sé hægt að finna nýjar leiðir til greiðslu á þessum aðgerðum, en alla vega er málið stórt í mínum huga. Mér finnst að þegar um er að ræða fjárhæðir, sem nema 4—5 milljörðum gamalla króna til greiðslu frá því opinbera, sé ekki sama hvernig hún er tekin. Ég hef séð tekjureikning frá einum tannlækni sem er kannske með á annað hundrað millj. kr. í brúttótekjur án þess að þurfa að leggja sér til töng til að draga tönn úr manni, hvað þá annan kostnað. Þetta finnst mér gefa tilefni til þess, að hér sé um mál að ræða sem þurfi að taka föstum tökum.

Ég tek undir það, sem hér hefur komið fram, að þetta er mál sem þarf að skoða vel, um leið og ég lýsi yfir að ég er samþykkur því, að hið opinbera greiði verulegt fjármagn á þessu heilbrigðissviði til fólks. En allra brýnast er að auka fyrirbyggjandi aðgerðir á þessu sviði og þá eigum við að byrja á börnunum og fylgja aðgerðunum síðan eftir.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. sagði að frv. eða efni þess væri óraunhæft kostnaðarlega séð, eins og það var orðað. Það hefur ávallt verið sagt þegar á döfinni hafa verið nýjungar á sviði almannatrygginga, að vísu ekki alltaf af Alþb.-mönnum, en af ýmsum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði réttilega að þetta kostaði mikið. Ég er sammála því. Það kostar mikið. Almannatryggingamálin kosta yfirleitt mikið og heilbrigðismálin. Það er ekki hægt að komast hjá því. Hann ræddi um fast launakerfi, að koma tannlæknum á fastlaunakerfi. Ég er sammála honum í því, ef það er hægt. HItt er annað mál, að ég geri ráð fyrir, að það verði mjög erfitt, og tek undir með hv. 1. landsk. þm. um það.

Hæstv. ráðh. talaði um skattaafslátt sem lið í að koma á virku eftirliti með þessum málum, réttum framtölum og öðru því um líku. Það er bara sá galli við skattaafsláttinn, að vegna 10% reglunnar nær hann ekki til allra. Í mörgum tilfellum mundi 10% reglan skera þetta af þannig að í reynd væri kannske lítill og í sumum tilfellum alls enginn afsláttur, jafnvel þó í lögum væri kveðið á um skattaafslátt. (Gripið fram í.) Auk þess sérstakur afsláttur? Já, það er kannske hugsanlegt, en þá fara málin að flækjast. Auk þess er allur slíkur afsláttur og fleiri frádráttarliðir erfiðir í sambandi við staðgreiðslukerfið þegar það kemst á.

Það má segja að tilgangur þessa frv. sé einkum þrenns konar: Í fyrsta lagi á að taka nokkurn þátt í þeim mikla kostnaði sem fjölmargir verða fyrir sem á tannlækningum þurfa að halda og sem slíkt hugsað sem fyrsta skrefið í því að koma tannlækningunum undir almannatryggingakerfið, undir sjúkratryggingakerfið. Í öðru lagi á að afla upplýsinga sem byggja mætti á skipulega tannvernd og þátttöku hins opinbera í henni. En auðvitað eru fyrirbyggjandi aðgerðir, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., það sem koma skal. Þær eru og verða ódýrustu lækningarnar og í þessu tilviki óþægindaminnstar. Í þriðja lagi á að koma á virku eftirliti með gjaldtöku tannlækna. Þykir mörgum að ekki muni af veita og kom það greinilega fram hja hv. 1. þm. Vesturl. Eins og kunnugt er eru gjaldskrár tannlækna í reynd undanþegnar eftirliti verðlagsyfirvalda. Það er að vísu ófullkomið eftirlit með tannlækningum fyrir gamalmenni og börn, sem Tryggingastofnun greiðir hluta af — mjög ófullkomið, en fyrir almenning er eftirlitið ekkert, hvergi. Það við bætist svo að gjaldskrár tannlækna eru lágmarksgjaldskrár og er það auðvitað með öllu fráleitt frá sjónarmiði neytenda.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég

þakka þær undirtektir, sem þetta frv. hefur fengið. Mér finnst þær gefa tilefni til þess, að það sé hægt að vona að á þessu máli verði tekið á þessu þingi á þann hátt að færa tannlækningarnar frekar undir tryggingakerfið.

Það er tvennt, sem mig langar að tala hér um, sem fram kom í máli hæstv. ráðh. Hann hefur greinilega hugleitt þessi mál mikið og verið með það til skoðunar hvernig mætti taka á þessu máli. Hann talaði um að hann hefði talið kannske æskilegra að fara leiðina gegnum skattafslátt eða gegnum skattakerfið. Ég vil upplýsa það hér, að ég hafði einmitt hugsað þá leið líka, að fara gegnum skattakerfið með þetta, og hafði reyndar tilbúið frv. um þá leið, að það skyldi leyfa frádrátt sem nemur 50% af kostnaði við tannlækningar sem er ekki endurgreiddur að hluta eða öllu leyti frá almannatryggingum. Ég bar þetta undir skattasérfræðinga í fjmrn. og þeir töldu alla vankanta á að fara þá leið með tannlækningarnar, að fara með þær gegnum skattakerfið, töldu miklu eðlilegra, að þar eð þetta væri þegar undir almannatryggingakerfinu væri farin sú leið. Þess vegna var það að ég flutti frv. í þá veru að setja þetta frekar undir almannatryggingakerfið.

Varðandi það, sem hæstv. ráðh. minntist á, að það væru heimildir fyrir hendi í almannatryggingalögunum og að löggjöf væri þess vegna óþörf, þá tel ég að þetta sé ekki rétt vegna þess að þegar farið er í gegnum lögin um almannatryggingar er talað um vissa aldurshópa. Þar eru þrjú heimildarákvæði fyrir hendi sem fjalla um tannlæknaþjónustu. Þar er í fyrsta lagi heimild til að greiða 75% kostnaðar vegna aðgerða á 17—18 ára unglingum. Þar er heimild til að hækka greiðslu kostnaðar fyrir bótaþega, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþega, í 75% og í 100% fyrir langsjúkt fólk á stofnunum. Í þriðja lagi er með sama hætti heimilt að hækka greiðslur í 100% fyrir vangefna. Ég held að þessar þrjár heimildir, sem ég sé í þessum lögum, hafi allar að mestu verið nýttar og ekki séu fyrir hendi í almannatryggingalögum nein ákvæði sem heimila framkvæmdavaldinu að taka tannlækningar frekar undir tryggingakerfið en hér er gert. Þess vegna er það mín skoðun, að það þurfi ný ákvæði til að setja þetta frekar undir tryggingakerfið.

Ég vil ítreka þakklæti mitt til þeirra, sem hér hafa tekið til máls, tekið undir þetta frv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag, frv. (þskj. 16). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem ég flyt ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl.

Tilgangur þessa lagafrv. er að setja undir sérstakt eftirlit gjaldskrár og verðtaxta sem settir eru einhliða af einstökum stéttum, þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum. Í frvgr. er kveðið á um að sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skuli sérhæfa sig í uppbyggingu slíkra gjaldskráa og verðtaxta og hafa reglulegt eftirlit með þeim. Einnig segir þar að skylt sé að senda rökstudda greinargerð þar sem á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir einstökum kostnaðarliðum. Enn fremur þarf að tilgreina sérstaklega þóknunar eða álagningarhluta hverrar einstakrar verðlagningar. Allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfa að hljóta samþykki verðlagsráðs að fenginni umsögn Verðlagsstofnunar.

Það verður að líta svo á, að ákvæði laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti séu með þeim hætti að Verðlagsstofnun hafi bæði heimild og vald til að hafa afskipti af einhliða settum galdskrám og verðtöxtum. Það verður að ætla að það sé einnig á þess valdi að ákveða að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi að hljóta staðfestingu verðlagsráðs, þó hvergi sé að finna bein ákvæði er snerta meðferð Verðlagsstofnunar á gjaldskrám og verðtöxtum sem settir eru einhliða. Ef þetta er réttur skilningur vaknar sú spurning: Af hverju hefur Verðlagsstofnun einungis haft afskipti af gjaldskrám sumra aðila, sem selja vinnu sína og þjónustu eftir gjaldskrám og verðtöxtum, en annarra ekki? Það er ljóst samkvæmt upplýsingum, sem ég hef aflað mér, að nokkrir aðilar, sem selja þjónustu sína samkvæmt gjaldskrám, eru undir nánast engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun. Má þar nefna lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og tannlækna. Þegar sú er raunin hlýtur að vera nauðsyn að setja um það bein ákvæði í lögum að skylda Verðlagsstofnun til að hafa visst eftirlit með öllum einhliða settum gjaldskrám. Ég geri mér fullkomna grein fyrir því, að það er umfangsmikið starf að hafa virkt eftirlit með þeim mörgu gjaldskrám sem settar eru fyrir selda þjónustu, en ég undirstrika og legg áherslu á að hjá því verður ekki komist.

Sennilegasta skýringin á því, að Verðlagsstofnun hefur ekki haft nægjanlegt eftirlit með einhliða settum gjaldskrám, hlýtur að vera sú, að Verðlagsstofnun hefur ekki aðstöðu til þess eða starfsmenn hennar til að geta haldið uppi virku eftirliti hvað þessu viðvíkur. En það er knýjandi að skapa henni þá aðstöðu. Stoð í lögum og bein ákvæði þar um hljóta að verða til þess að svo geti orðið. Reynslan sýnir að sá lagarammi, sem byggt er á, hefur ekki dugað til þess að halda uppi virku eftirliti og því er það mat flm. að bein ákvæði um þetta í lögum séu nauðsyn.

Í 1. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti kemur fram sem eitt af markmiðum laganna að stuðla að sanngjarnri skiptingu þjóðartekna. Þó um það megi deila, hvernig til hafi tekist um framkvæmd á skiptingu þjóðartekna sem í geti falist ákveðið þjóðfélagslegt réttlæti, má segja að varðandi veigamikinn þátt þess gildi ákveðnar leikreglur sem flestir verða að hlíta. Bæði vinnukaupendur og vinnuþiggjendur þurfa að hlíta ákveðnum leikreglum. Þeir þurfa að komast að samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Hvorugur aðili hefur einhliða ákvörðunarvald í þessu efni.

Auðvitað eiga sömu leikreglur að gilda um þjónustuaðila sem selja vinnu sína samkvæmt gjaldskrám. Það fyrirkomulag er vægast sagt óþolandi, að nokkrir aðilar fái að ráðskast með það sjálfir, hvaða verð þeir setja upp fyrir sína þjónustu, og séu þar með undanþegnir öllum almennum leikreglum í þessu þjóðfélagi. Svo virðist vera, að ákvörðunin sé einhliða á þeirra valdi hvað þeir setja upp fyrir sitt vinnuframlag. Ég vil t. d. spyrja varðandi þá aðila, sem eru undir engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun í þessu efni, eins og lögfræðinga, endurskoðendur, arkitekta, verkfræðinga og kannske ekki síst tannlækna: Hefur nokkurn tíma verið skoðaður verðmyndunargrunnurinn í gjaldskrám þessara aðila? Er nokkuð vitað um hvernig þeir byggja upp sínar gjaldskrár? Er Verðlagsstofnun kunnugt um hve stór

hluti gjaldskrárinnar er rekstrarkostnaður eða fjármagnskostnaður eða hvað sé lagt til grundvallar í því efni í gjaldskránni? Og aftur má spyrja: Hvað er lagt til grundvallar í verðskránni varðandi laun þessara þjónustuaðila? Grunur minn er sá, að lítið sé vitað um þessi efni hjá Verðlagsstofnun. Ef lítið er vitað um verðmyndunargrunninn, hvernig gjaldskráin er uppbyggð, hvert sé vægi einstakra kostnaðarþátta í gjaldskránni, þá er ljóst að þær stéttir, sem eru undir engu eftirliti í þessu efni, geta skammtað sér laun og tekjur sjálfar.

Það væri ekki ónýtt fyrir hinn almenna launþega í þessu landi að vera í þessari aðstöðu og segja bara við atvinnurekendur og ríkisvaldið: Það er okkar skoðun að okkar vinnuframlag sé svo og svo mikils virði og það skal greiða. Þið hafið ekkert um það að segja. — En auðvitað er því ekki að heilsa og á ekki að vera. Launþegar þurfa að standa í margra mánaða samningaþófi til að fá leiðréttingu á sínum kjörum um örfá prósentustig meðan aðrar stéttir eru í þeirri aðstöðu að þurfa ekki að semja við einn eða neitt um hvað þeir skammta sér í laun og tekjur. Og hver þarf að borga brúsann af þessu fyrirkomulagi? Auðvitað launþegarnir sem þurfa að standa í margra mánaða samningaþófi um sínar tekjur. Þeir þurfa að greiða fyrir þá þjónustu, sem upp er sett af þessum aðilum, án þess að ríkisvaldið hafi nokkur afskipti af þeim gjaldskrám sem þessir aðilar setja upp.

Launþegar þurfa að hlíta leikreglum í þessu landi um kaup og kjör. Atvinnurekendur og launþegar þurfa að komast að samkomulagi um verð fyrir vinnuframlag sem báðir aðilar sætta sig við. Enginn á að vera undanþeginn þeirri leikreglu. Það hlýtur að vera krafa þjóðfélagsþegnanna til ríkisvaldsins, að það sjái svo um að nokkrar stéttir í þessu landi fái ekki óhindrað að ráðskast með, utan við allar eðlilegar leikreglur, hvaða verði þær meta sitt vinnuframlag — hvað þær skammta sér sjálfar í tekjur. Án alls opinbers eftirlits um hvað talist getur sanngjarnt og eðlilegt komast þessir aðilar upp með að skammta sér á óeðlilegan hátt sinn skerf af þjóðarkökunni án tillits til annarra.

Mjög er auðvitað misjafnt hvað allur almenningur þarf oft að leita til þeirra aðila sem hér hafa verið tilgreindir og eru undir nánast engu eftirliti hjá Verðlagsstofnun. Tannlæknar eru þó tvímælalaust sá aðili sem allur almenningur þarf mikið að leita til, og í grg. hef ég því valið að taka dæmi af þeim aðilum. Það er engum blöðum um það að fletta, að þjónusta þeirra er mjög dýr. Erfitt hefur reynst að hafa nokkurt eftirlit með gjaldskrám þessara aðila, ekki eingöngu hjá Verðlagsstofnun, heldur einnig að því er varðar að fá fram sundurliðun á greiðslukvittun fyrir þjónustu sem þeir veita og greidd hefur verið af almannatryggingum. Þar að auki gefa þeir út lágmarkstaxta þannig að erfitt er að henda reiður á hvað greiða þarf fyrir þessa þjónustu.

Í samningi milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, sem gerður var 1975, kemur fram að 50% af gjaldskrárfjárhæðum svari til rekstrarkostnaðar tannlækna. Ekki vil ég leggja á það mat, hvort þessi verðmyndunargrunnur er réttur, en ljóst er þó að verulegur hluti af verði gjaldskrárinnar er laun tannlækna. Því til staðfestingar vil ég — með leyfi forseta — fá að vitna í athyglisverðar tölur, sem fram komu á Alþingi í janúar 1980, en þar kemur fram eftirfarandi hjá hv. þm. Alexander Stefánssyni, — í fsp. hans til heilbrrh. um eftirlitsskyldu Tryggingastofnunar ríkisins á gjaldtöku tannlækna. Með leyfi forseta sagði hv. þm.:

„Þegar sú breyting á heilbrigðisþjónustu gekk í gildi, að ríki og sveitarfélög greiða tannlæknaþjónustu, sbr. 44. gr. laga um almannatryggingar, varð fljótlega ljóst að þessi breyting varð miklu meiri að umfangi kostnaðarlega en almennt hafði verið reiknað með. Sérstaklega voru mörg sveitarfélög vanbúin að mæta þessum miklu útgjöldum, sem jafnframt juku gífurlega hlut sjúkrasamlaga. Þess eru dæmi, að á s. l. ári" — þ. e. á árinu 1979 — „nam þessi kostnaður í sveitarfélagi með um 1100 íbúa 7—10 millj. kr., þ. e. 50% kostnaður vegna tannlækninga skólabarna, sem þýðir 14—20 millj. kr. tekjur viðkomandi tannlæknis á árinu aðeins vegna skólabarna.

Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 1979 voru áætluð laun hjá tannlæknadeild um 750 millj. kr. Og í áætlun fyrir 1980 er gert ráð fyrir launum til skólatannlækna í hálfu starfi hjá borginni, rúmlega 400 millj. kr. Í blaðaskirfum á s. l. ári" — þ. e. 1979 — „kom fram að laun skólatannlækna hjá Reykjavíkurborg á. s. l. ári hafa numið 17—28 millj. kr., sé miðað við heils árs starf, eða 70—112 þús. kr. á dag. Hvort hér er um að ræða nákvæmar tölur vil ég ekki fullyrða, en augljóst er að hér er um gífurlegar fjárhæðir að ræða. Því er nauðsynlegt að fá að vita hvernig Tryggingastofnun ríkisins framkvæmir eftirlit með þessum útgjöldum.

Erfitt er að gera sér ljóst hvernig taxtar tannlækna eru gerðir. Miðað við upplýsingar, sem ég hef aflað, er miðað við rekstur eins manns stofu í 60 m² húsnæði í ársbyrjun 1979, sem nemur 21 millj. kr. á ári. Þar er launaliðurinn um 51%, efni 11,6% og aðstoðarstúlka 10.7%. Síðan eru alls konar rekstrarliðir, þ. á m. afskriftir um 8%. Hvergi er sýnt hver breyting verður ef tannlæknir er í fríu húsnæði og gengur að fullbúinni tannlæknastofu. Þetta er aðeins brot af þessu vandamáli", sagði hv. þm. Alexander Stefánsson.

Þessar tölur renna stoðum undir það, að þó að lítið sé vitað um verðmyndunargrunninn í gjaldskrá tannlækna er þó ljóst að laun tannlækna sjálfra eru töluvert hár liður í gjaldskránni. Megintilgangurinn með starfsemi Verðlagsstofnunar hlýtur að vera að vernda hag neytenda og tryggja þeim sanngjarnt og eðlilegt verð fyrir vöru og þjónustu. Til að ná því markmiði getur þurft að velja mismunandi leiðir, eins og raunar kemur fram í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, enda ekki algilt að sama fyrirkomulag henti í öllum tilfellum til að tryggja sem hagstæðasta verðlagningu á vörum og þjónustu.

Það er skoðun flm. þessa frv., að sá skortur, sem er á eftirliti með gjaldskrám og verðtöxtum þeirra aðila sem ég hef hér tilgreint, og vera má að sé um að ræða fleiri aðila, tryggi lítt þann grundvallarþátt í starfsemi Verðlagsstofnunar sem er að vernda hag neytenda. Ef reynslan er sú, að nokkrar stéttir eru undanþegnar öllu eðlilegu eftirliti með sínar gjaldskrár, þrátt fyrir að telja megi að slíkt eftirlit rúmist innan þeirrar lagaheimildar sem fyrir hendi er, verður löggjafarvaldið að grípa aftur inn í og setja um það skýr ákvæði þannig að tryggt sé að haldið sé uppi virku eftirliti með gjaldskrám og lögin kveði skýrt á um hvernig búið skuli að Verðlagsstofnun til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu í þessu efni.

Um það er ákveðið í þessu frv., að sérstakir starfsmenn Verðlagsstofnunar skuli sérhæfa sig í uppbyggingu gjaldskráa og verðtaxta, enda ekki ósennilegt að gjald-

skrár séu eins mismunandi að uppbyggingu og þær eru margar og til þurfi að koma sérþekking og kunnátta til að raunhæfu eftirliti verði uppi haldið. Vera má að þetta sé ein skýringin á því, að Verðlagsstofnun hefur ekki haft betra eftirlit með gjaldskrám en raun ber vitni. Er örugglega umfangsmikið verk og flókið að fara ofan í saumana á öllum gjaldskrám svo vel sé, en ég undirstrika og legg áherslu á að hjá því verki verður ekki komist og löggjafarvaldið verður með stoð í lögum að búa svo um hnútana, að Verðlagsstofnun geti sinnt hlutverki sínu.

Í frvgr. er einnig lagt til að með gjaldskrám og verðtöxtum verði skylt að senda inn rökstudda grg. til að auðvelda allt eftirlit. Er það fyrirkomulag nauðsynlegt þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir vægi einstakra kostnaðarþátta í gjaldskránni svo að álagningahluti hverra einstakra verðþátta í heildarmyndinni sé ljós. Til að hægt sé að meta hvað réttlætir hækkanir gjaldskráa og verðtaxta er rökstudd greinargerð um hvern þátt fyrir sig í verðmynduninni því mjög nauðsynleg, enda mjög afgerandi þáttur í þeirri breytingu sem hér er lögð til.

Það fyrirkomulag, sem gilt hefur í sumum tilfellum, að gefnir séu út lágmarkstaxtar, er vægast sagt mjög óeðlilegt og lítt í samræmi við tilgang laganna frá 1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Því er lagt til í þessu frv. að ekki sé heimilt að gefa út lágmarkstaxta eða ákveða lágmarksverð. Líta verður því á útgefna taxta sem hámarkstaxta. Þetta fyrirkomulag tryggir mun betur að neytandi viti hverju sinni hvers hann má vænta í kostnaði þegar hann sækir sér þjónustu sem greiðsla er krafin fyrir samkv. einhliða settum gjaldskrám og verðtöxtum.

Einnig er kveðið á um í frv. að gjaldskrárnar skuli hverju sinni auglýstar á þann hátt að aðgengilegar séu almenningi, þannig að á hverjum tíma sé þeim, sem leita þurfa sér þjónustu sem greitt er fyrir samkv. gjaldskrám og verðtöxtum, ljóst hvert sé leyfilegt verð fyrir þá þjónustu. Er það vitaskuld stór þáttur í virku eftirliti, að neytandanum sé kunnugt um leyfilegt hámarksverð fyrir þjónustu sem greitt er fyrir samkv. gjaldskrám.

Í frv. eru tekin af öll tvímæli um það, að allar gjaldskrár og verðtaxtar þurfi samþykki verðlagsráðs. Sýnir það sig að slíkt ákvæði er nausynlegt þegar reynslan er að nokkrir aðilar þurfa ekki að leita til Verðlagsstofnunar til að fá samþykki og staðfestingu verðlagsráðs á sínum gjaldskrám. Það kann að vera að flestar gjaldskrár þessara aðila séu sendar Verðlagsstofnun til kynningar, en ljóst er að þær hafa ekki þurft að hljóta samþykki Verðlagsstofnunar áður en farið var að vinna eftir þeim. Liggur í hlutarins eðli að nauðsynlegt er að breyta því fyrirkomulagi þannig að allir aðilar, sem setja gjaldskrár og verðtaxta, búi við sömu skyldu í þessu efni.

Herra forseti. Ég get farið að stytta mál mitt. Ég legg áherslu á að það er brýnt að Alþingi taki á þessu máli og taki til athugunar hvort ekki sé nauðsynlegt að setja nánari ákvæði og skyldur varðandi gjaldskrár í lög, þegar í ljós hefur komið að mikið skortir á að virkt eftirlit sé upp með gjaldskrám og verðtöxtum sem sett eru af ýmsum þjónustuaðilum.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að óska eftir að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Frv það, sem hér er til umræðu, fjallar um aðferðir í sambandi við gerð og ákvörðun verðtaxta ýmissar þjónustu. Ég ræddi við Verðlagsstofnun og verðlagsstjóra um þessi mál, þegar þetta frv. var flutt hér og ég hafði lesið það og kynnt mér það, og vil láta koma fram nokkur atriði sem mér finnst að eigi erindi inn í þessa umr. áður en frv. fer til meðferðar í þingnefnd. Sumt af því hefur raunar þegar komið fram í framsöguræðu fyrsta flm. frv.

Þetta frv. veitir verðlagsyfirvöldum í raun og veru ekki rýmri heimildir til eftirlits með gjaldskrám og verðtöxtum, sem settar eru einhliða af einstökum stéttum eða þjónustuaðilum, fyrirtækjum eða öðrum einkaaðilum, en þegar er að finna í 1. mgr. 2. gr. og 8. gr. núgildandi verðlagslaga. Þess vegna er e. t. v. óþarfi að setja nýja grein í lögin eins og frv. felur í sér. Að vísu er í frv. talað um sérstakt eftirlit með þessum aðilum og allnákvæmlega útskýrt, en sennilegt er að þetta gangi í berhögg við uppbyggingu laganna. Þá er ég að tala um lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahæti, en þau eru hugsuð sem rammalöggjöf með heimildum til að grípa inn í verðmyndunina eftir því sem verðlagsyfirvöld telja þörf á hverju sinni. Í frv., er verið að kveða á um bein verðlagsákvæði, en það samræmist vart þeirri þróun sem að hefur verið stefnt í verðlagskerfinu að undanförnu.

Þetta frv. beinist að þeim stéttum sem hafa menntun á hærra stigi, ef svo mætti að orði komast. Eftirlit með verðtöxtum þessara aðila hefur að undanförnu falist í því að fylgjast með breytingum á töxtunum, að þeir séu í samræmi við almennar kostnaðarhækkanir, en að öðru leyti hafa verðlagsyfirvöld lítil afskipti haft af þeim. Er það alveg rétt, sem kom fram í framsöguræðu fyrsta flm. frv., að taxtagrunnurinn hefur ekki verið kannaður. Er ástæðan sú, að verðlagsyfirvöld hafa ekki haft sérhæfðan mannafla til að sinna því verkefni.

Í frv. er réttilega bent á, að þarna hefur verið um vissa mismunun að ræða. Sumir þessara aðila hafa getað skammtað sér hærri laun en getur talist eðlilegt að mínu mati. En það hefur sýnt sig í nágrannalöndunum að lagfæring á þessum málum er ekki einföld viðureignar.

Það er skoðun Verðlagsstofnunar, að ef fjárveitingavaldið er reiðubúið til að auka fjárveitingar til Verðlagsstofnunar frá því, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir næsta ár, yrði því fjármagni vel varið til að sinna eftirliti með þeim verðtöxtum sem frv. gerir ráð fyrir. Að mati stofnunarinnar þyrfti ekki mjög háa fjárhæð til að sinna verkefninu, miðað við að verðmyndun hjá einni stétt sé könnuð í einu. En Verðlagsstofnun treystir sér ekki til þess að fara út í jafnumfangsmiklar athuganir á flóknum töxtum og hér um ræðir nema henni verði gert kleift að kalla til sérfræðingaaðstoð í miklu ríkari mæli en hún hefur nú efni á. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að athuga um fjárveitingar sérstaklega í þessu skyni.

Verðlagsstofnun hefur í hyggju að hefja athugun á verðmyndun hjá tannlæknum og kanna jafnframt samkeppni í greininni. Enn fremur er nauðsyn á að athuga fleiri þætti þessara mála, svo sem skattamál. Er eðlilegt að Verðlagsstofnun hafi nána samvinnu við skattayfirvöld í sambandi við þau mál. Að lokinni þeirri athugun yrði svo að meta hvort og hvernig grípa skuli inn í þessi mál.

Ég taldi rétt að þessar athugasemdir kæmu fram hér við 1. umr. Ég er hv. flm. algerlega sammála um að verðtaxtar t. d. hjá tannlæknum eru óhóflega háir í sumum tilvikum. Ég skal ekki alhæfa þetta, ég treysti mér ekki til þess, það er sjálfsagt nokkuð misjafnt, en

þeir eru óhæfilega háir og ástæða til að samfélagið láti athuga það í miklu ríkari mæli en gert hefur verið. Er þá einnig ástæða til að athuga með hverjum hætti almannatryggingar eiga að koma inn í þetta mál, eins og var hér til umr. um síðasta dagskrármál.

Ég er sammála flm. um þann tilgang sem felst í frv., en ég er ekki viss um að það sé ástæða til að leysa málið með þeim hætti að setja lagaákvæði í þessu efni, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur mætti freista þess að leysa málin með þeim hætti sem ég var að rekja hér áðan og getur falist í þeim lagaramma sem þegar er fyrir hendi. Það vantar fjármagn og það vantar sérfræðilega aðstoð. Ég er þeirrar skoðunar, að það komi fremur til greina að leysa þessi mál þannig en að lögfesta með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Umr. frestað.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 23). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég og hv. 10. þm. Reykv. flytjum hér frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Tilgangur frv. er að gera það ótvíræðara en nú er í lögum, að meginregla varðandi opinberar framkvæmdir verði sú, að útboð skuli fram fara á opnum verktakamarkaði. Árið 1970 voru fest í lög ákvæði um skipan opinberra framkvæmda. Í 13. gr. þeirra laga eru ákvæði um að verk skuli að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs. Þó er heimilt að víkja frá útboði ef verk er þess eðlis eða aðstæður slíkar að öðru leyti, að útboð teljist ekki munu gefa góða raun, en þá þarf umsögn samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir. Þá segir enn fremur að verkinu skuli ráðstafað á grundvelli samningsverðs eða eftir reikningi ef tilboð séu óhæfilega há eða að öðru leyti ekki aðgengileg.

Þessi ákvæði kveða ótvírætt á um að meginreglan samkv. lögum átti að vera sú, að útboð færi fram. Þetta má enn fremur sjá með því að skoða grg. sem fylgdi frv. þegar það var lagt fram 1970. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir að sem flest verk á vegum hins opinbera verði unnin á útboðsgrundvelli og tryggt verði samræmt bókhald þannig að samanburður kostnaðar verkanna fáist."

Og í aths. við 13. gr. segir: „Greinin hefur að geyma stefnuyfirlýsingu um það, að opinberar framkvæmdir skuli að jafnaði unnar eftir útboði, þótt gert sé ráð fyrir undantekningum eftir eðli verks eða af öðrum ástæðum."

Þessi tilvitnuðu ákvæði benda ótvírætt til þess, að það var vilji löggjafans að aðalreglan yrði opinber útboð. Í reynd hefur framkvæmd hins vegar orðið á nokkuð annan veg. Í fsp. frá mér, sem hæstv. samgrh. svaraði í Sþ. í apríl 1980, var spurst fyrir um hvernig hagað hefði verið útboðum á vegum nokkurra ríkisstofnana árin 1978 og 1979. Svör hans gáfu til kynna að mikill minni hluti verka hefði verið boðinn út. Þannig voru heildarframkvæmdir Vegagerðar ríkisins til nýrra framkvæmda við vega- og brúargerð aðeins boðnar út að því marki, að það voru 11% af verkunum miðað við kostnað sem boðin voru út, og sambærilegar tölur fyrir 1979 eru 12%. Hjá Vita- og hafnamálastofnuninni var útboð í 14.7% tilvika árið 1978, en árið 1979 í 14.6%. Og hjá Flugmálastjórn unnu verktakar 13% af verkefnum við flugvallagerð árið 1978 og 24% árið 1979. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna, vegna þess að hér eru meðtalin verk, sem verktakar unnu samkv. sérstökum samningum án þess að útboð færi fram, en það er mjög algengt, ekki síst hjá Vegagerð ríkisins. Ég hef nú borið fram fsp. í Sþ. til hæstv. samgrh. um, hvernig háttað hafi verið útboðum á árunum 1980 og 1981, og vænti þess, að svör við því fáist fljótlega, svo að sú hv. nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, fái þær upplýsingar áður en langt um líður. En af þessu má sjá að því fer fjarri að meginstefna laganna frá 1970 um útboð hafi verið framkvæmd. Og það hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. að 3. mgr. 21. gr. laga um opinberar framkvæmdir hafi verið túlkuð þannig, að viðkomandi stofnunum hefur verið falin framkvæmd verkefna á sínum sérsviðum án skilyrða um útboð sem aðalreglu. En 3. mgr. 21. gr. laganna hljóðar nú svo:

„Heimilt er að fela einstökum ríkisstofnunum umsjón nánar skilgreindra flokka opinberra framkvæmda, enda hafi þessar stofnanir aðstöðu til að annast þetta verkefni."

Samkv. þessu frv. er ráðgert að bæta við þessa grein einni setningu, svohljóðandi: „Engu að síður skal verk að jafnaði unnið samkv. tilboði á grundvelli útboðs, sbr. 13. gr. laganna." Sem sagt, gert er ráð fyrir samkv. þessu frv. að taka af öll tvímæli, að þótt opinberri stofnun sé falin umsjón ákveðinna framkvæmda eigi útboð engu að síður fram að fara.

Ég hef áður rakið með tölum og sé ekki ástæðu til að endurtaka það, hvað útboð eru miklu hagstæðari, og hægt er að sýna mörg dæmi hjá mörgum fyrirtækjum um það, hvað útboð reynast mun hagstæðari en ef fyrirtækin sjálf framkvæma verkin. Þetta þekki ég mjög vel t. d. hjá Reykjavíkurborg, sem í mjög mörg ár hefur haft það sem meginreglu að öll verk, þar sem hægt er að koma því við, eru boðin út á opinberum útboðsmarkaði. Er oft ótrúlega mikill munur á þeim tilboðum, sem berast, og þeim kostnaðaráætlunum, sem þeir er annast undirbúning verkanna hafa gert, og mikill munur á hæstu og lægstu boðum. Þetta þekki ég enn fremur frá Landsvirkjun en þar sit ég í stjórn. Þar er aðalreglan sú að verk, stór og smá, eru boðin út, og það er oft mikill munur á hæstu og lægstu boðum og mikill munur á lægsta boði og kostnaðaráætlunum sérfræðinganna. Ég skal aðeins nefna eitt dæmi vegna þess að það er mjög nýlegt. Það er dæmi sem Vegagerð ríkisins gæti mjög vel lært af, en hún hefur verið frekar treg til þess að fara útboðsleiðina.

Fyrir nokkrum vikum var boðinn út á vegum Landsvirkjunar stuttur vegarspotti, 3 km langur vegur frá Sprengisandsleið að brúarstæði á Tungnaá. Vegur þessi er gerður vegna Sultartangastíflu. Þetta er mjög dæmigerð vegaframkvæmd eins og Vegagerð ríkisins stendur í um allt land. Kostnaðaráætlun sérfræðinganna var upp á 555 263 kr., en lægsta boð var upp á 380 500 kr. Þetta boð er um 70% af kostnaðaráætlun þeirra sem önnuðust undirbúning verksins. Á þessu eina litla verki, sem er tiltölulega lítið í sniðum, sparar Landsvirkjun sér um 170 þús. kr. og, eins og ég sagði, er hér um að ræða mjög áþekkt verk og Vegagerð ríkisins stendur í að vinna um allt land á hverju ári.

Það er athyglisvert, að lægsta tilboðið kom frá fyrirtæki í Árnessýslu, fyrirtæki sem heimamenn hafa komið

upp þar einmitt til að annast slík verk sem þessi. En það er mjög algeng mótbára, t. d. hjá Vegagerð ríkisins, að telja að útboð mundi hafa það í för með sér, að heimamenn mundu ekki njóta þessara verka í jafnríkum mæli og þeir gera nú, heldur yrðu það einhver stór verktakafyrirtæki úr Reykjavík sem gleyptu þennan markað. Ég held að reynslan sýni að það er alls ekki svo. Heimamenn, sem þekkja allar aðstæður, eru að sjálfsögðu miklu betur í stakk búnir til að gera tilboð í slík verk, eins og þetta dæmi sannar og reyndar mörg fleiri dæmi sem ég þekki frá Landsvirkjun um útboð einmitt á ýmsum smærri verkum sem heimamenn hafa boðið í og verið lægstir. Það er mjög algengt og reyndar nánast regla, að í slíkum verkum eru það fyrirtæki heimamanna sem reynast vera með lægstu boðin, en ekki fyrirtæki sem koma langt að, t. d. héðan frá Reykjavík.

Ég skal nefna annað dæmi um þetta verk. Munur á hæsta og lægsta tilboði var frá 380 500, eins og ég gat um áðan, upp í 777 500 frá þeim sem hæst bauð. Það var ágætis verktakafyrirtæki, sem unnið hefur mikið fyrir Landsvirkjun einnig, en var með svona hátt boð í þetta verk.

Ég held að þessi dæmi sýni hversu misjöfnum augum menn líta á slík verk og hvernig útboð geta skilað sér. Nánast er það aðalreglan að þau skili sér í hagstæðara verði fyrir þann sem verkið lætur vinna.

Ég sé ekki ástæðu til að færa frekari rök fyrir þessu frv. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði því vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Listskreytingar opinberra bygginga, frv. (þskj. 24). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við þrír þm. Sjálfstfl., ég, hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, og hv. 3. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, endurflytjum hér frv. sem við höfum flutt tvö undanfarin þing um listskreytingar opinberra bygginga. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. mörg orð að sinni. Það var flutt til þess að fá það fest í lög, að skylt sé að verja til listskreytinga opinberra bygginga fjárhæð sem nemi 1—2% af byggingarkostnaði mannvirkis og að kostnaður, sem af þessu leiðir, teljist til stofnkostnaðar byggingar. Ég hef flutt framsögu fyrir samhljóða frv. tvö undanfarin þing og sé ekki ástæðu til að hafa um það mörg orð hér og nú. Ég vil þó vekja athygli á því, að mál þetta hefur komist á það mikla hreyfingu, að hæstv. menntmrh. hefur þegar á þessu þingi flutt frv. sem gengur í sömu átt þó að með nokkuð öðrum hætti sé. Í hans frv. er gert ráð fyrir að stofnaður sé sérstakur sjóður sem kosti listskreytingar opinberra bygginga. Hins vegar er það frv. á margan hátt töluvert ólíkt okkar frv. Ég rakti það nokkuð, þegar frv. hæstv. menntmrh. var til umr. hér, og sé ekki ástæðu til að endurtaka það. Við töldum hins vegar, þrátt fyrir frv. hæstv. ráðh., rétt að endurflytja þetta frv. svo að þau sjónarmið, sem í því koma fram, og þær reglur, sem við höfum lagt til að settar yrðu, þetta yrði jafnframt til athugunar hjá þeirri hv. þingnefnd sem fjallar um frv. hæstv. ráðh.

Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og menntmn. hv. deildar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 27). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á þskj. 27 flyt ég ásamt flokksbræðrum mínum Sighvati Björgvinssyni, Árna Gunnarssyni og Karvel Pálmasyni frv. til l. um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Frv. er ekki stórt í sniðum. Það gerir ráð fyrir að starfa skuli samstarfsnefnd á milli Alþingis og þjóðkirkjunnar, tilgangur hennar skuli vera að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar svo og eflingu kristni og auknum trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar.

Ég vil taka það fram, að gerðar hafa verið tilraunir með óformlegar nefndir af svipuðu tagi, en hér er gert ráð fyrir að stíga skrefið lengra og lögfesta tilveru slíkrar nefndar. Er á því reginmunur. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefnd þessa skuli skipa af hálfu Alþingis forseti Sþ. og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð. Kirkjuráð er eins konar stjórn, sem byggist á kirkjuþingi og er því lýðræðislega tilkomið ráð. Gert er ráð fyrir að samstarfsnefndin geti annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess og hins vegar til kirkjuþings.

Starf þjóðkirkjunnar er með nokkrum blóma um þessar mundir. Framboð af ungu fólki til guðfræðináms og prestsstarfa er nægilegt, þar sem fyrir nokkrum árum var alvarlegur skortur. Kirkjur og félagsheimili rísa víða um land og er álit kunnugra að þjóðin leiti nú meir til kirkju og kristni í hamingjuleit og lífsstríði en lengi hefur verið.

Oft hafa kirkjunnar menn kvartað undan því, að Alþingi væri áhugalaust um málefni þjóðkirkjunnar og veitti lítið fé til starfsemi hennar. Þetta frv. er flutt til að koma til móts við þá gagnrýni og reyna að bæta sambúð þings og þjóðkirkju.

Ég vil geta þess, herra forseti, að frv. þetta hefur þegar verið tekið til umræðu á héraðsfundi Reykjavíkurprófastsdæmis, sem nýlega var haldinn, og þar var samþykkt einróma tillaga um stuðning við frv. um samstarfsnefndina. Ein af athugasemdunum, sem fram komu, beindist að því, hvort eðlilegt væri að binda fulltrúa þjóðkirkjunnar við kirkjuráð. Mér sýnist að viðkomandi nefnd geti athugað það mál, og hygg ég að flm. muni ekki fyrtast þó að einhver breyting yrði á því gerð. Að lokum segir að héraðsfundurinn styðji framangreint frv. og vænti þess, að það verði tekið til umræðu og afgreiðslu hið fyrsta.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni umr. vísað til menntmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja, að menn hafi áhuga á málefnum þjóðkirkjunnar. Hins vegar hlýtur hver og einn að gera það upp við sig sem einstaklingur og maður, hvar hann stendur í trúarsöfnuði, og ég býst við að flestir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafi ekki sett sínum starfsmönnum nein skilyrði á því sviði, hvort sem þeir eru ritstjórar eða annað í þeirra röðum. Ég er ekki heldur búinn að sjá að það sé fyrir fram víst, að allir þingflokkar

á Alþingi séu á hverjum tíma svo kristilega sinnaðir að það sé fengur að því að fá þá til stuðnings inn í slíka nefnd sem hér er verið að leggja til. Ég fyrir mitt leyti verð að segja það eins og er, að ég vil hafa vinsamleg samskipti við þjóðkirkjuna, en sem beinast og persónulegast samband sem einstaklingur við þá menn sem þar starfa, og tel engan feng í að fá einhvern sérstakan millilið á milli mín og hennar.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir vinsamleg orð hans í garð þessa máls, þrátt fyrir efasemdir sem hann persónulega hefur um þörfina fyrir það. Það er að sjálfsögðu rétt hjá honum, að enginn setur, hvorki flokkar né aðrir, okkur Íslendingum nein skilyrði um trúarsöfnuð. Við förum þar að eigin sannfæringu og vilja. En því verður ekki í móti mælt, að hér er þjóðkirkja, og þess vegna ber Alþingi nokkrar skyldur gagnvart þeirri kirkju þó að ekkert sé því til fyrirstöðu að þingið liðsinni á einn eða annan hátt öðrum trúarsöfnuðum. Vera má að einhverjir stjórnmálaflokkar kæri sig ekki um að koma nálægt tengslum við þjóðkirkjuna. Ég dreg það satt að segja í efa. En ef svo fer er það vandamál sem ekki verður erfitt að yfirstíga.

Ég er sammála hv. þm. um það, að persónulegt samband hvers og eins við þessa stofnun er auðvitað mikilsverðast. En ég ítreka það, að þar sem um þjóðkirkju er að ræða, þar sem fjármál hennar og framkvæmdir á hennar vegum eru algerlega háð ríkisvaldinu, ber Alþingi skylda til þess að sinna því eins og öðrum verkefnum hins íslenska ríkis.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 29). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég flyt ásamt 1. landsk. þm., hv. þm. Pétri Sigurðssyni, þetta frv., sem efnislega felur í sér að þungaskattur af strætisvögnum verði felldur niður. Rökin fyrir þessu eru þau, að flestir strætisvagnar, sem notaðir eru innan kaupstaða eða til ferða milli kaupstaða á höfuðborgarsvæðinu, fara aldrei út fyrir gatnakerfi þéttbýlisins og aka svo til eingöngu eftir götum sem viðkomandi borgar- eða bæjarsjóðir kosta að öllu leyti, bæði lagningu og viðhald. Strætisvögnum er ætlað að veita almenningi sjálfsagða þjónustu og reynt er að láta þá þjónustu í té á sanngjörnu verði. Ríkisvaldið hfur hins vegar nú um langt skeið haldið niðri verði þessarar þjónustu með verðlagsákvörðunum, en á sama tíma tekur ríkissjóður umtalsverðan skatt af þessari starfsemi, bæði af innflutningi vagna og af rekstri þeirra. Flest strætisvagnafyrirtæki eru því rekin með miklum halla.

Gert er ráð fyrir að þau fyrirtæki, sem skilgreining 1. gr. nær til, verði Strætisvagnar Reykjavíkur, sem aka nær eingöngu innan Reykjavíkur, en einnig til Seltjarnarneskaupstaðar, Strætisvagnar Kópavogs, sem aka innan Kópavogs og til Reykjavíkur, Landleiðir, sem aka innan Hafnarfjarðar og um Garðabæ, Kópavog og Reykjavík, og Strætisvagnar Akureyrar, sem eingöngu aka innan Akureyrar. Það er sem sagt gert ráð fyrir að öll þessi fyrirtæki njóti þessarar undanþágu.

Ég er satt að segja undrandi á því, að þessi undanþága skuli ekki fyrir löngu komin í framkvæmd, svo ákveðið sem hæstv. iðnrh. lofaði í júní árið 1979 að það skyldi gert, en þá sendi þessi hæstv. ráðh. frá sér fréttatilkynningu þar sem sagt er að ríkisstj. hafi að tillögu iðnrh. samþykkt víðtækar aðgerðir til orkusparnaðar og hagkvæmari orkunýtingar. Síðan eru einstakar aðgerðir taldar upp í þessari tilkynningu og svo segir orðrétt:

„Frá og með 1. janúar 1980 verður þungaskattur felldur niður af bifreiðum sem stunda reglulegan áætlunarakstur í þéttbýli."

Þetta var mjög ákveðið loforð, sem hæstv. iðnrh. gaf þegar á árinu 1979, en enn þá hefur ekkert orðið úr framkvæmdum. Verður það að teljast furðulegt, svo afdráttarlaust sem hann kvað upp úr um þetta mál á sínum tíma. Þessi þungaskattur nemur umtalsverðum fjárhæðum hjá þessum fyrirtækjum. T. d. er gert ráð fyrir að hann verði um 100 millj. gkr. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur á þessu ári. Ég vek enn fremur athygli á að þau sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, hafa látið þetta mál til sín taka. T. d. hefur stjórn Strætisvagna Reykjavíkur einróma skorað á stjórnvöld að fella niður þennan skatt.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr. hér í deild.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er samþykkur því frv. sem hér er til umr., þó ekki væri nema til þess, eins og hv. frsm. sagði, að standa við þau loforð sem áður hafa verið gefin í þessum efnum. Ég vil þó taka það fram, að ég vil bæta Vegagerð ríkisins upp það tekjutap sem af samþykkt þess hlýst. Það er reyndar spurning hvort ríkissjóður þurfi nokkuð að tapa á þessari breytingu. Hann gæti bætt sér upp hallann með því að minnka niðurgreiðslur að sama skapi á einhverri annarri vísitöluvöru. Strætisvagnagjöldin vega þungt í framfærsluvísitölunni og við afnám þungaskatts af strætisvögnum geta fargjöldin að öðru jöfnu lækkað og þar með framfærsluvísitalan.

Ég vil svo bæta því við, að ég tel ótækt með öllu að ríkisvaldið sé að fyrirskipa sveitarfélögunum að reka þjónustustofnanir sínar, eins og t. d. strætisvagnana, með verulegum halla og nota það sem leið til gervilækningar á verðbólgu. Sveitarfélögin eiga sjálf að ráða sínum gjaldskrám án afskipta ríkisvaldsins. Sveitarstjórnarmenn eru kosnir á sama hátt og alþm. og bera sömu stjórnskipulega ábyrgð gagnvart umbjóðendum sínum, almenningi þessa lands. Ríkisvaldið á því alls ekki að vera alls staðar með puttana, takandi fram fyrir hendur sveitarstjórnarmanna. Ef hæstv. ríkisstj. vill eitthvað meira í þessum efnum en sýndarráðstafanir gegn verðbólgu, þá á hún að samþykkja þetta frv. Það dragi í reynd úr kostnaði við rekstur strætisvagnanna og þar með úr verðbólgunni. Það að leyfa kostnaðinum að rjúka upp úr öllu valdi og láta sveitarfélögin greiða sívaxandi tap, eins og nú er gert, er ekki raunveruleg lækning á verðbólgu, það er gervilækning.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 67). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ásamt fjórum öðrum þm. Sjálfstfl. endurflutt þetta frv., sem

við, nokkrir þeirra sem erum flm. að því nú, fluttum fyrir áratug. Þá fluttum við þetta frv. í framhaldi af mikilli baráttu sem stóð þá yfir og bar nokkurn árangur í sambandi við bættar líf- og örorkutryggingar sjómanna. Þessar ráðstafanir voru þó bundnar við skip sem lögskráð var á, en eins og gildandi lög segja til um eru það skip sem eru 12 brúttórúmlestir að stærð og stærri.

Síðan þetta var hefur margs konar þróun orðið á þeim *sviðum og ber allt að einum brunni í mínum huga og* þeirra sem flytja þetta frv. með mér, að á vegum lögskráningar eigi að vera nauðsynlegt eftirlit með skyldum og réttindum sjómanna og reyndar líka þeirra sem gera skipin út, því að það eru lagðar kvaðir á þá sem lögskráningin á einmitt að sjá um að sé framfylgt. Þar á ég við að tryggingar séu í gildi þegar skráð er á skipin, útgerðarmenn hafi séð um að svo sé.

Á síðasta þingi voru samþykktar mjög þýðingarmiklar breytingar á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég held að allir þeir, sem hafa fylgst með framkvæmd þess máls óski þess, að um nokkurra áratuga skeið hefði verið í gildi löggjöf eins og sú sem við erum hér flm. að. Það er nefnilega þegar komið í ljós að það er afskaplega erfitt að sama sjómennsku þeirra manna sem ekki hafa verið lögskráðir á skip, en það á við um flestalla fiskimenn einhvern tíma þeirra starfsævi, þegar þeir hafa verið á skipum sem eru minni en 12 brúttórúmlestir. Reyndar er þetta líka erfitt fyrir þá sem hafa alla sína tíð verið á stærri skipum, m. a. vegna trassaskapar þeirra sem hafa átt að gæta viðkomandi gagna. Það tel ég þó að þurfi ekki að vera neitt vandamál lengur, þegar sú tækni er komin til sem við þekkjum í sambandi við filmur af skjölum, t. d. *opinberum skjölum sem varðveita þarf til langs* tíma.

Það er ekkert óeðlilegt að lögskráningin verði bundin við það sem við leggjum til í frvgr., þ. e. að miða hana við skip og báta sem eru 6 m eða lengri, mælt milli stafna. Þau stærðarmörk, sem um er getið, eru í ýmsum lögum: í lögum um skipamælingar, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, um eftirlit með skipum og í lögum um skráningu skipa. Það er því engin nýlunda fyrir löggjafann að miða við þessa stærð. Þótt þessu muni fylgja nokkur aukakostnaður og umstang fyrir þá, sem með málið eiga að fara, og reyndar líka þá, sem starfa á þessum skipum, þá tel ég að með þessu sé svo mikið að vinna að ekki eigi að horfa í það.

Gömul ákvæði eru til um sjóferðabækur sjómanna, en ég held að það sé mikil hætta á að þær glatist á langri starfsævi. Hins vegar á geymsla slíkra gagna eins og lögskráningin er hjá opinberum aðilum ekki að þurfa að glatast þótt nokkrir áratugir líði, eins og ég hef þegar bent á. Eldri menn gleyma á hvaða skipi þeir voru, hve lengi og hvaða ár. Í sambandi við breytingarnar á Lífeyrissjóði sjómanna hafa komið upp erfiðleikar við framkvæmdina. Það er að sjálfsögðu alls ekki nóg að vísa til þess, sem valinkunnir menn geta vottað, þegar menn þurfa að leita eftir réttindum sínum, sem eru þýðingarmikil einmitt fyrir sjómenn vegna þess áfanga sem þeir náðu í sambandi við sín starfskjör og þó sérstaklega við lífeyrisréttindi sín.

Ég vil, herra forseti, leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og sjútvn. Ég tel að málið eigi heima þar þótt einu sinni hafi verið brotið út af því og þetta mál sent til annarrar nefndar, hv. allshn. Hér áður fyrr minnir mig að þetta mál hafi verið í höndum sjútvn. Efni lögskráningarlaganna er mál sem varðar aðila sem standa að útgerð og siglingum. Að þeim málum starfar m. a. sjútvn. Alþingis og því tel ég að málið eigi heima þar.

Um leið og ég legg þetta til vil ég óska eftir því, að sú nefnd eða önnur, ef önnur till. verður samþykkt um nefnd er taki við þessu máli — líti á 4. gr. umræddra laga. Ég hef fengið ábendingu um það frá valinkunnum *mönnum, að athuga þurfi ákvæðið í* 3. og 5. tölulið. Í 3. tölulið er fjallað um þegar nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip, 5. tölulður fjallar um þegar íslenskur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi. Það hafa borist fregnir af að fulltrúar úr erlendum sendiráðum hafi kvartað yfir því, að þeir hafi ekki verið kallaðir til þegar hér hefur verið lögskráð á skip frá þeirra þjóð, þótt við gerum þá kröfu erlendis, að þessa sé gætt gagnvart okkar eigin þegnum þegar skráð er í erlendri höfn. Virðist sjálfsagt að verða við því að kanna þetta atriði nánar, og óska ég eftir að viðkomandi nefnd geri það.

Ég legg til, eins og ég tók fram, herra forseti, að málinu verði vísað til sjútvn. og 2. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel að hér sé hreyft þörfu máli og góð aðstaða fyrir þingið til að líta á það vandlega, því að það er út af fyrir sig rétt, sem fram kemur hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni, að það er nauðsynlegt að víkka svið lögskráningarinnar nokkuð frá því sem nú er í lögum. En aðalatriðið held ég að sé þó að framkvæma lögskráningu í landinu. Ég held satt að segja að þau mál séu ekki í nærri nógu góðu lagi hjá okkur og menn hafi iðulega misst af lögboðnum réttindum, vegna þess að lögskráningin hefur ekki verið í lagi, eða það hefur dregist von úr viti að menn fengju þau réttindi, sem lög og reglugerðir mæla fyrir um, vegna þess að lögskráningunni var ekki hagað svo sem gera verður kröfu um.

Ég hef, eftir að ég kom í trmrn., rekið mig á nokkur dæmi í þessum efnum sem renna manni satt best að segja til rifja, vegna þess að þarna er ekki að málum staðið eins og best verður á kosið og okkur er í rauninni sæmandi. Það var með tilliti til þess, að við veltum því fyrir okkur hvort væri hugsanlegt að eftirlit með lögskráningunni yrði í höndum sjómannasamtakanna sjálfra, þannig að þau bæru þarna vissa ábyrgð og fengju til þess stuðning frá almannavaldinu eða úr ríkissjóði. Ýmsir töldu þetta óeðlilegt fyrirkomulag, það væri ekki eðlilegt að hagsmunasamtök hefðu eftirlit með því, hvernig framkvæmdavaldið framkvæmdi þau lög sem sett eru á hverjum tíma. Það er mikið til í því. Hitt er aftur ljóst, að það eru sjómenn sem mestra hagsmuna eiga að gæta í þessum efnum, og það eru þeir sem verða harðast úti ef mistök eiga sér stað í sambandi við lögskráninguna og hún er ekki framkvæmd eins og vera ber og vera þyrfti. Vegna þess að þessi hugmynd — svo og ýmsar aðrar sem hafa verið nefndar í sambandi við lögskráningu sjómanna — hefur ekki fengið nægilega góðar undirtektir, þá ákvað ég að gera tilraun til að laða til samstarfs þá aðila sem hér eiga helst um að véla, þ. e. félmrn., samgrn., dómsmrn., Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands. Fyrir nokkrum dögum varð til lítill starfshópur með fulltrúum þessara aðila þar sem ætlunin er að reyna að fara ofan í lögskráningarmálin með það fyrir augum, að tryggt verði það meginatriði að lögskráningin verði framkvæmd undanbragðalaust eða

a. m. k. undanbragðalítið í landinu.

Þetta vildi ég nefna hér, herra forseti, um leið og þetta frv. er hér flutt af hv. þm. Pétri Sigurðssyni og hans samflokksmönnum fleirum.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. og heilbr.- og trmrh. fyrir undirtektir hans við efnisatriði málsins og þann skilning sem hann hefur á málinu og það að fenginni reynslu. Það er auðvitað alveg hárrétt hjá honum, að aðalatriði þessara mála er að lögskráningin sé framkvæmd samkv. gildandi lögum á hverjum tíma. Á því var mikill misbrestur og við fengum í hendur átakanleg dæmi um það, að ekkjur stóðu uppi með börn sín og fengu ekki tryggingabætur vegna þess að viðkomandi lögskráningarstjórar höfðu ekki gegnt skyldu sinni. Þetta var m. a. vegna þess að á sínum tíma, þegar ákvæði um eftirlit lögskráningarinnar, um að tryggingar væru í gildi, voru sett inn í lögin, þá var ábyrgð lögskráningarstjóra tekin út. Það er stutt síðan ég flutti ásamt fleiri þm. frv., sem samþykkt var hér á hv. Alþingi, þess efnis, að ef viðkomandi embættismaður gegndi ekki sinni skyldu og slíkir atburðir kæmu upp, þá væri ríkissjóður ábyrgur fyrir embættisafglöpum hans, fyrir hans trassaskap. Að sjálfsögðu getur þá ríkissjóður tryggt sig fyrir því, ef óttast er að slíkt hendi, en það eru — guði sé lof — ákaflega fá dæmi um það. En því miður eru þessi dæmi til eða voru til. Samkv. þeirri breytingu er auðvitað orðið ljóst, að ef lögskráningarstjóri á viðkomandi stað, en það eru margir aðilar sem gegna þessu starfi, gegnir ekki þessu starfi, þá á viðkomandi bótaþegi rétt á því að krefja ríkissjóð um þessar greiðslur. Síðan er það ríkissjóðs annaðhvort að tryggja sig fyrir þessu tjóni eða þá að sækja málið í hendur viðkomandi embættismanns fyrir vanrækslu í starfi.

Ég vil svo að lokum þakka og fagna því, að hæstv. félmrh. hefur sett menn til að athuga þetta mál nánar, ekki aðeins frá viðkomandi rn., heldur og frá samtökum sjómanna. Ég hefði talið rétt að samtök útgerðarmanna væru þarna einnig með því að þau eiga vissulega hagsmuna að gæta. Er alveg útlátalaust fyrir hæstv. ráðh. að bæta þeim aðila við til þess að þurfa ekki að fara að leita til þeirra á seinna stigi. En grunur minn er að þegar upp verður staðið muni þeir komast að þeirri niðurstöðu, að ein leiðin til að ná því fram, sem við þurfum að ná fram, að tryggja réttindi — og reyndar líka nokkrar skyldur sjómanna sem stunda sjómennsku á hinum smærri bátum, sé að breyta lögunum á þann veg sem hér er lagt til.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Hér er hreyft þörfu máli. Varðandi það atriði, sem hefur verið rætt núna um, þ. e. trygginguna sjálfa, þá mun vera misbrestur á því, að frá henni sé gengið, og jafnvel að lögskráningaraðila sé ljóst að það þurfi að tryggja og að það liggi fyrir þegar skráð er. Þrátt fyrir það lagafyrirmæli, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson vitnaði áðan til, hefur komið í ljós viss tregða hjá ríkisvaldinu og þeim lögfræðingum, sem um þetta fjalla, að ríkið eigi að borga þetta, fyrr en sé þá búið að ganga að útgerðarfyrirtækinu eða útgerðaraðilanum, og jafnvel ef hann getur ekki borgað eða borgar ekki einhvern hluta a. m. k. af þessu, þá verði að koma til gjaldþrotaskipta áður en ríkið borgar þetta til fullnustu.

Ég held að svona staða hafi komið upp á fleiri en einum og fleiri en tveimur stöðum á landinu og það nýverið. Mér hefur dottið í hug hvort ekki sé nauðsynlegt eða hvort ekki sé hægt að koma því þannig fyrir þegar lögskráð er, að tryggingin felist í lögskráningunni — þetta er skyldutrygging — og að ekki þurfi að vera búið að fara í neitt tryggingarfyrirtæki, það sé einhvern veginn þannig frá því gengið, að það sé bundið skráningunni sjálfri. En þessi mál þarf að athuga í sambandi við þetta frv., hvort ekki sé hægt með einhverjum hætti að koma í veg fyrir svona mistök.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 73). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. á þskj. 73 um breyt. á lögum nr. 101 frá 8. des. 1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarafurðum o. fl., svo sem segir í fyrirsögn frv. Þetta frv. var raunar áður flutt á 103. löggjafarþinginu, en það var mælt fyrir því seint á vetrinum svo að það hlaut eigi afgreiðslu.

Ég þarf ekki að hafa mörg orð um efni frv. að þessu sinni. Það, sem hér er um að ræða, er að lagðar eru til breytingar á nefndum lögum í þá veru, að einokunarákvæði um sölu á matjurta- og gróðurhúsaframleiðslu falli niður. Eftir sem áður er gert ráð fyrir að Framleiðsluráð landbúnaðarins fari með yfirstjórn sölumála matjurta- og gróðurhúsaafurða, svo sem segir í 32. gr. þeirra laga.

Þá ber að leggja á það áherslu, að í þessu frv. er einnig gert ráð fyrir að Sexmannanefnd ákveði ekki verð á þeim matvælum sem hún fjallar um, heldur ákvarði hún hámarksverð, þannig að leyft verði að selja á lægra verði.

Breytingar á þessum lögum í þessa veru hafa oft verið lagðar fyrir hið háa Alþingi, í ýmsum myndum raunar og af ýmsum þm., en hafa hins vegar ekki hlotið náð fyrir augum meiri hluta þingsins. Þessi rök hafa svo sem oft áður verið flutt, en á það má þó leggja áherslu, að grænmetisneysla hefur á undanförnum árum mjög verið að færast í vöxt. Hún skipar æ stærri sess í matvælaneyslu landsmanna, og auðvitað ber að gera allt sem í valdi opinberra reglna stendur til að stuðla að þessari neyslu og þessari aukningu, þó ekki væri nema af þeirri einföldu ástæðu að hér er um hollan varning að ræða. Það er auðvitað alveg ljóst, að grænmetisbyltingin, sem svo er stundum kölluð, er þróun í neyslu, þróun að því er matvæli varðar sem ber að hlúa að, að svo miklu leyti sem hægt er. Það er til að stuðla að slíkum breytingum sem þetta frv. er flutt af sex þm. Alþfl.

Ég vil að lokum, herra forseti, leggja til að málinu verið vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það þarf ekki mörg orð um þetta frv. Það eru tvö meginatriði í þessu frv. Það er að taka, eins og hv. flm. sagði, einkaleyfi af Grænmetisversluninni, og í öðru lagi að fella niður heimildina til að jafna flutningskostnað á þessari vöru um landið. Svona frv. hafa oft verið flutt, og segja má að það sé liður í stefnumótun Alþfl. í þessum málum að reyna að rýra áhrif bændastéttarinnar á málefni landbúnaðarins. Tryggingin með því að hafa þetta á einni hendi er að einn aðili, ekki síst þegar þessi aðili er tengdur Framleiðsluráði og Stéttarsambandinu, fylgist með þörfinni meira en

aðrir og síður verða mistök í innflutningi heldur en ef þetta væri á margra höndum. Ég held að það þurfi að athuga þessi mál frá fleiri hliðum. Jafnvel þó að í frv. sé það ákvæði, að viðskrn. eigi að veita leyfi hverju sinni, þá tryggir það ekki nægilega, þegar margir aðilar eru, að ekki verði stór mistök, jafnvel flutt inn allt of mikið, en stundum vanti einhverja tegund grænmetis þegar illa gengur með að framleiða. Það er aðalatriðið að sá, sem hefur innflutninginn með höndum, fylgist bæði með markaðinum og framleiðslunni og það sé á einni hendi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að þarna er ekki gerð nein breyting á þeim reglum sem nú gilda um að íslensk framleiðsla hafi algeran forgang umfram innflutning. Ekki er gert ráð fyrir að innflutningur á grænmeti verði heimilaður fyrr en séð er að hin innlenda framleiðsla dugar ekki til að fullnægja eftirspurninni.

Í sambandi við orð síðasta ræðumanns, hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, vil ég aðeins leyfa mér að benda mönnum á að þá fyrst þegar innflutningur var gefinn nokkuð frjáls á ávöxtum til landsins voru landsmönnum tryggðar nægar birgðir af nýjum ávöxtum, sem voru munaðarvara á þeim árum t. d. þegar ég var að alast upp og er ekki mjög langt síðan. Ég held að við þurfum ekki að óttast að Íslendingar fái ekki nægilega mikið úrval af góðu grænmeti og grænmetisvörum til landsins þó svo einkasöluleyfi Grænmetisverslunar landbúnaðarins verði afnumið. Ég held þvert á móti að afnám slíks einkaleyfis mundi tryggja okkur Íslendingum að við fengjum úrval góðs grænmetis á öllum tímum árs, sem við búum ekki við í dag. Það er mikill munur, herra forseti, á því úrvali, sem við búum við varðandi nýja ávexti úr búðum, eða því, sem okkur hefur a. m. k. til skamms tíma verið boðið upp á varðandi grænmeti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frv. sem heild að umræðuefni, heldur aðeins 7. gr. Ástæðan fyrir því, að ég tek hana sérstaklega fyrir, er að ég sé að hér eru flm. tveir þm. Vestf., og mér sýnist að hún muni hitta þá fyrsta fyrir verði hún samþykkt.

Orðin „Heimilt er að taka verðjöfnunargjald af kartöflum til jöfnunar á flutningskostnaði milli sölusvæða" í 40. gr. laganna falli niður.

Ber að skoða þetta svo, að þeir þm., sem í þessu tilfelli eru fulltrúar dreifbýlis, vilji breytta stefnu varðandi verðlagningu á landbúnaðarvöru, að hún verði misdýr eftir hinum ýmsu svæðum á Íslandi, og þá fyrst og fremst dýrust á þeim svæðum þar sem lengstir flutningar munu trúlega verða á þeim vörum? Þetta gæti t. d. alveg eins gilt um mjólk, ef þetta er stefnubreytingaratriði, sem þarna er verið að gera tillögu um. Ég vildi gjarnan fá skýr svör við þessu.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, í þá veru að það væri verið að rýra áhrif bændastéttarinnar um eigin málefni, eins og hann komst að orði, þá vil ég undirstrika það, að að minni hyggju er hér um mikinn misskilning hjá hv. þm. að ræða. Framleiðendur þess varnings eða þeirra matvæla, sem hér er um að ræða, eru auðvitað sérstök stétt af þeirri einni ástæðu að þeir stunda nefnda framleiðslu. Þeir hafa auðvitað hin fyllstu áhrif á það, með hverjum hætti þeirra vöru er komið á markað eftir sem áður.

Það, sem verið er að leggja til, er að sú miðstýring, sem gilt hefur í þessum efnum, hún og hún ein verði afnumin. Þegar um er að ræða að leggja af einokun eins og þá sem hér er um að ræða, þá er þetta auðvitað ekki spurning um að svipta einhvern ákveðinn hóp manna valdi yfir eigin málefnum. Þetta er spurning um hvort þessi ákvarðanataka eigi að vera miðstýrð í einum punkti eða hvort hún eigi að vera fjöldreifð. Á þessu tvennu verðum við að gera glöggan greinarmun. Þetta er frv. til laga um að sú miðstýring, sem falist hefur í því fyrirkomulagi sem gilt hefur um Grænmetisverslun landbúnaðarins, verði afnumin en valdið fært til framleiðendanna sjálfra sem búa víða, framleiða mismunandi vöru og við mismunandi skilyrði, — valdið sé fært til þeirra og ákveðið á milli þeirra og neytenda.

Það er mikill misskilningur, að þegar verið er að leggja til að draga úr þessu miðstýrða stofnanavaldi, feli það í sér að verið sé að svipta hagsmunasamtök, í þessu tilfelli bændasamtökin, einhverju valdi. Mér er raunar mjög til efs að þessir miðstýringarkontóristar séu betri talsmenn þeirra framleiðenda, sem hér er um að ræða, heldur en framleiðendurnir sjálfir. Það er kjarni málsins. Þetta snýst um miðstýringu og einokun annars vegar og valddreifingu hins vegar. Svo ber þess einnig að gæta, að þó svo við skilgreinum þetta — sumpart réttilega — sem landbúnaðarframleiðslu, þá er hér um nýja landbúnaðargrein að ræða, grein sem hér hefur auðvitað mikla vaxtarmöguleika. Það má færa fyrir því gild rök, að það miðstýringarkerfi, sem gilt hefur, hefur beinlínis kippt vaxtarbroddinum úr þessari framleiðslu og þessi grein mundi blómstra miklu frekar ef frjálsræði væri aukið. Er þá aðeins verið að tala um framleiðsluna innanlands, ekki innflutning sem þetta tekur auðvitað til jöfnum höndum.

Ég undirstrika þess vegna að það er mikill misskilningur, að þetta sé frv. um að rýra áhrif bændastéttarinnar eða stéttar framleiðenda matvæla um eigin málefni. Þetta er aðeins frv. um breytt fyrirkomulag, hvernig hinar efnahagslegu ákvarðanir í þessum efnum eru teknar.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., má segja að sé með nokkrum ólíkindum. Að vissu leyti vil ég taka undir nokkra þætti þess, en mér sýnist að aðrir séu miður fallnir til að ná fram að ganga. Ég hefði einhvern tíma talið það frekar til ólíkinda, að Alþfl.-menn stæðu að því að hverfa frá miðstýringu í innflutningi og dreifingu, þar sem þeir hafa þráfaldlega lagt til að sett yrði á stofn ríkisfyrirtæki til þeirra hluta, þó það hafi kannske verið ívið minna í seinni tíð heldur en var fyrr. Ég vil fagna því, að það hefur orðið að þessu leyti breyting á afstöðu þeirra til verslunarmálanna.

Ég tel að það sé vel þess vert að taka til skoðunar mál Grænmetisverslunarinnar. Ég tel þó að á síðari árum hafi orðið mikil breyting til batnaðar í þeim málum, bæði að því er varðar geymslu, dreifingu og úrval þeirra tegunda sem falla undir þetta vöruheiti. Og það er fyrst og fremst því að þakka, að framleiðslan hefur orðið sífellt margbreytilegri og tæknin, m. a. gervilýsing, og tilraunir á sviði ræktunar í gróðurhúsum hafa orðið til þess að lengja þann tíma sem við höfum getað notið innlendrar framleiðslu.

Ég er þeirrar skoðunar, að það eigi fullan rétt á sér, eins og vikið er að í þessu frv., að endurskoða það einkaleyfi sem Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur núna.

Áður hét þessi verslun Grænmetisverslun ríkisins. Hún hefur að þessu leyti fjarlægst fyrri áhuga Alþfl., að nú er það Grænmetisverslun landbúnaðarins en ekki ríkisins, og ég tel það vera skref í rétta átt. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni sérstaklega núna. Þetta kemur til álita í nefnd sem ég á sæti í, landbn., og mun ég þar leitast við að fara í gegnum þetta og koma fram þeim breytingum sem mér sýnist að nauðsynlegt sé að gera.

Ég get ekki skilið svo við þetta mál að koma ekki aðeins að 7. gr., sem hér hefur áður verið rætt um, þ. e. að fella niður það ákvæði laganna að jafna verð á kartöflum í landinu. Ég verð að segja það, að ég er undrandi á að þeir menn, sem kenna sig við jafnaðarstefnu og hafa lagt á það áherslu að jafna verð á ýmsum nauðsynjavörum landsmanna, eins og bensíni, olíu og fleiri vörutegundum, skuli telja það vera eitthvert höfuðatriði að dæma þá menn, sem búa fjær innflutningshöfninni, til þess að éta dýrari mat en þá sem eru á hafnarbakkanum hér. Það má deila um það, með hverjum hætti slíkir hlutir eru jafnaðir, en það er ótrúlegt að það skuli vera hugsjón flm. þessa frv. að afnema þennan jöfnuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 77). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 77 er flutt sem 74. mál þessa löggjafarþings frv. til l. um breyt. á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Flm. eru auk mín hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Árni Gunnarsson.

Þetta er í raun og veru aðeins breyting á einni grein þingskapalaganna, þ. e. að á eftir 19. gr., komi ný grein sem orðist svo:

„Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga. Í því skyni hafi þingnefndir rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga sem að mati þingnefnda eiga hlut að máli. Einfaldur meiri hluti þingnefndar getur ákveðið að taka einstök framkvæmdaratriði laga til meðferðar. Þingnefndir skulu gera viðkomandi deild eða sameinuðu þingi grein fyrir niðurstöðum athugunar. Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum, nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað.

Frv. í þessa veru hafa raunar verið flutt áður. Það, sem hér er einfaldlega um að ræða, er að lagt er til að verksviði þingnefnda sé breytt í þá veru, að þær fái eftirlitsvald, að það sé ekki aðeins verkefni þingnefnda á hinu háa Alþingi að taka við lagafrv., sem lögð hafa verið fram og mælt fyrir í þingdeildum — eða Sþ. ef um ályktunartillögur er að ræða, heldur hafi þær rétt til þess að taka við ábendingum borgaranna og hafa frumkvæði að því að fylgjast með framkvæmd laga. Þetta er stundum kallað að þingnefndir hafi rannsóknarvald og er það raunar svo erlendis. Ástæðan fyrir því er það, sem hv. þm. er auðvitað kunnugt um, að mjög víða erlendis hefur starf þingnefnda í mjög vaxandi mæli farið inn á þessar brautir. Það er ekki aðeins í engilsaxnesku löndunum, t. d. Bandaríkjunum, eins og menn kannske stundum freistast til að halda af lestri blaða og bóka, heldur er þetta svo í löndum sem standa okkur nær félagslega og menningarlega. Nægir þá að benda til Norðurlanda. Hins vegar hefur ekki verið um þetta að ræða hér á landi.

Taka má fjölmörg dæmi um það, hvað slíkt rannsóknar- eða eftirlitsvald gæti haft í för með sér. Hér á hinu háa Alþingi eru í báðum deildum menntamálanefndir. Nú er það alvitað, að á síðustu 12 mánuðum eða svo, kannske heldur lengri tíma, hefur verið að eiga sér stað fjölmiðlabylting í landinu með tilkomu sjónvarps eða „vídeós" eins og það er kallað. Menn greinir á hvort þar sé um lögbrot að ræða og eru þó sennilega fleiri löglærðir menn á því, að eins og lögum um Ríkisútvarpið er háttað sé hér um að ræða hreint lögbrot. Það væri einmitt á slíkum vettvangi sem þingnefnd hefði frumkvæðis-, rannsóknar- og eftirlitsskyldu, hvað sem við kjósum að kalla slíkt. Ég vil skjóta því hér inn, að heitið rannsóknarvald, sem oft hefur verið notað í þessum efnum, er sennilega slæmt orð vegna þess að það felur í sér eitthvað sem mönnum finnst vera neikvætt, það felur í sér sakfellingu yfir þeim sem rannsakaður er. Og orðið eftirlitsvald eða eftirlitsnefndir er sennilega af þeim ástæðum betra. Í málum eins og því, sem hér hefur verið lýst, vídeóvæðingunni, þar sem a. m. k. er ljóst að dansaður er línudans á mörkum hins leyfilega, væri brýn ástæða fyrir þingnefnd að grípa í taumana, eftir ábendingum frá borgurum væntanlega, annaðhvort til þess að stöðva lögbrot eða til þess að gera lögin þannig úr garði að það greiddi fyrir og auðveldaði þessa þróun.

Um efni eins og þessi mætti auðvitað taka ótal dæmi. Mál fyrir þingnefndir með frumkvæði og eftirlitsvald blasa auðvitað við um allt samfélagið. Én þær fyrirmyndir, sem við flm. þessa frv. horfum til í kringum okkur, eru í þá veru, að meginþungi þingstarfa liggur ekki í umræðum hér í þingsölum, oft meira og minna fyrir tómum eða hálftómum sölum eins og menn þekkja, heldur liggur meginþungi þingstarfa hjá hinum sérhæfðu þingnefndum, sem eru skiptar eftir málaflokkum og hafa meira vald en það að skoða þau frv. sem héðan koma, hafa beinlínis frumkvæðisvald til þess að ganga úr skugga um hvort tiltekin lög séu t. d. brotin, hvort þá beri að breyta þeim eða hvort það beri að láta dómstóla vita, eins og í einhverjum tilfellum gæti átt sér stað.

Það má út af fyrir sig segja að sú grundvallarhugmynd, sem hér er verið að tala fyrir, tengist annarri hugmynd, sem raunar hefur verið flutt hér í frv.- formi, m. a. af hv. þm. Benedikt Gröndal, sem sé að Alþingi starfi í einni deild. Má færa fyrir því mörg rök, að varðandi þá grundvallarhugsun að flytja umræðuvettvang og valdvettvang þings yfir í þingnefndir í vaxandi mæli yrði allt það kerfi auðvitað auðveldara í meðförum ef Alþingi starfaði í einni deild. Það er hins vegar önnur saga og allt saman miklu flóknara mál.

Þegar mælt var fyrir svipuðu frv. hér fyrir þremur árum urðu um það allmiklar umr. og voru skiptar skoðanir meðal þm. hvernig framkvæmd yrði á þessu. Einn hv. þm. spurði t. d.: Er það þingnefndar að fylgjast með því, hvort umferðarlög séu brotin eða ekki brotin? Nei, það er auðvitað ekki það sem þetta mál snýst um. Hugmyndin er sú, að bæði geti þingnefnd að eigin frumkvæði tekið upp mál og einfaldur meiri hluti þingnefndar tekið upp mál til að fylgja eftir, og eins tíðkist það verklag, að borgarar geti með ábendingum, bréfaskriftum eða hverjum hætti sem þeir kjósa sent erindi til þingnefndar, sem þar séu rædd og tekin fyrir, og síðan sé það einfaldur meiri hluti þingnefndar sem ákveði að hafa frumkvæði, ef hann svo kýs. Enn fremur er það, sem er kannske þekktast í svipuðum þingstörfum, t. a. m. í Bandaríkjum Norður-Ameríku, að þingnefnd hafi rétt til þess að kalla fyrir sig þá einstaklinga sem að mati þingnefndar eiga

hlut að máli. Það er auðvitað alveg ljóst, þegar um opinbera starfsmenn er að ræða, þjóna fólks í þeim skilningi, að þeim er skylt að mæta fyrir þingnefnd. Kann að orka meira tvímælis um aðra borgara. Um það er ekki tekið af skarið í þessari tillögugerð, með hverjum hætti slíku á að vera fyrir komið í lögum, hvort á að skylda einstaklinga til þess. Lagt er til að reynslan skeri úr í þeim efnum.

Kjarni málsins er því þessi: Á allra síðustu árum hefur sú þróun átt sér stað, að löggjöf verður sífellt flóknari og flóknari. Fyrir vikið hefur frumkvæði í löggjafarstörfum flust frá löggjafanum sjálfum til sérfræðingastofnana sem oftast eru til í ráðuneytunum. Því tæknivæddara, flóknara og margbreytilegra sem þjóðfélagið verður, þeim mun augljósara er af hverju þessi þróun hefur átt sér stað. Það þarf ekki að hafa um það mörg orð, að hin flóknari lagafrv., sem lögð eru fram á hinu háa Alþingi, eru auðvitað smíðuð fyrst og fremst í rn., ekki í þinginu. Það má skjóta því inn líka, að það er út af fyrir sig athugunarefni, hvað lítið af lagasamningu á sér stað í þessu húsi. Ég hygg að í lögum frá 1928 séu heimildir fyrir laganefnd á vegum Alþingis sem ekki hafa verið notaðar. En alla vega er þetta alþekkt þróun, sem hv. þm. þekkja, og auðvitað ekki síst, að frumkvæðið í lagasamningu flyst til sérfræðistofnana, til ráðuneyta. Þetta er ekkert séríslenskt fyrirbæri, það þekkist í öllum löndum. Svarið í öðrum löndum hefur verið það, og er þrátt fyrir það gert fullkomið ráð fyrir grundvallarhugmyndinni um þrískiptingu valds, að þingnefndir hafa í staðinn tekið sér eftirlitsvald með því, að lögum sé framfylgt, og sums staðar er þetta vald mjög víðtækt. Þetta telja m. a. flm. þessa frv. vera þróun sem stefni í rétta átt, að það sé ekki aðeins mál Alþingis að setja lög, heldur skipti það máli að fylgst sé með því, hvort og þá hvernig lög eru framkvæmd, í því skyni þá að breyta lögum ef framkvæmd er ekki eins og vera skal. Þetta hefur ýmist verið kallað rannsóknarvald þingnefnda eða eftirlitsvald þingnefnda. Síðara orðið er betra vegna þess að það er ekki eins ögrandi og hið fyrra, en hugsunin þó öll hin sama.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég síðan til að *málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.*

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því máli sem hér er til umr. Ég held að það væri ástæða til fyrir Alþingi og löggjafann, fjárveitingavaldið, og þó fyrr hefði verið að reyna með einhverjum hætti, eins og ég held að hæstv. forseti vor hafi oft orðað það, að ná vopnum sínum í viðskiptum við embættismenn í kerfinu. Ég hygg að hugmyndir séu uppi um það m. a. í þessu frv.

Við horfum upp á það árlega og oft á ári, að hvað sem líður ákvörðunum Alþingis og fjárveitingavaldsins um fjárveitingar til hinna ýmsu framkvæmda, þá ráðsmennskast embættismennirnir í kerfinu, forstjórarnir í ráðuneytunum og ríkisstofnunum með þessar fjárveitingar að eigin geðþótta og stór hluti af þeim fer ekki til þess sem fjárveitingavald og Alþingi hefur ákvarðað sjálft að það eigi að fara í. Það er ekki síst þessi þáttur sem ég tel nauðsynlegt að Alþingi fari að átta sig á, en auðvitað eru þeir fleiri, þættirnir sem löggjafinn þarf að ná í sínar hendur aftur frá embættismönnum í ríkiskerfinu.

Það er líka full ástæða til að veita hæstv. ráðherrum meira aðhald en gert hefur verið í sambandi við ákvarðanir og framkvæmdir í einstökum tilfellum. Við höfum ótal dæmi þess, að ráðherrar ákvarða að eigin geðþótta, burt séð frá því, hvort þessir tilteknu einstaklingar, hæstv. ráðherrar, hafa til þess lagastoð að ráðsmennskast á þann hátt sem þeir gera. (**Félmrh.:** Kæra þá fyrir landsdómi.) Hæstv. félmrh. segir: Kæra þá fyrir landsdómi. Það er miklu betra að koma í veg fyrir að lögbrotin séu framin en að láta menn fremja þau og kæra þá svo. Það er algild regla og ætti að vera í heiðri höfð, a. m. k. af löggæsluaðila, að koma í veg fyrir að brotið sé framið heldur en að láta menn fremja það og kæra þá og dæma svo. (**Gripið fram í:** Það má kæra þá á eftir.) Það má kæra þá á eftir, jú, en ekki er það æskilegri þróunin. Ég held því að hér sé hreyft mjög merku máli. Frá hvaða sjónarhóli sem menn líta þetta er brýn nauðsyn á því að löggjafarvaldið fari að taka í taumana og gera embættismönnunum í kerfinu og þeim, sem ráðskast með þessi mál, fulla grein fyrir því, að ætlast er til þess að farið sé eftir ákvörðunum Alþingis, en ekki eftir einhverjum uppdiktuðum ákvörðunum, hvar sem þær koma upp í ríkiskerfinu.

Ég veit að hæstv. forseti verður sammála mér í þessum efnum, því að hann hefur hvað oftast látið í það skína og látið í veðri vaka að löggjafinn hafi látið embættismönnunum í té allt of mikil völd af þeim sem löggjafarþingið á að hafa. Ég tek undir orð hæstv. forseta og flm. sem hér mælti fyrir þessu frv. Það er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að áframhald verði á þessari þróun. Það þarf miklu fremur að snúa henni við og að löggjafinn nái vopnum sínum aftur gagnvart kerfinu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er flutt nú, er ekki nýtt af nálinni. Það hefur áður verið rætt á Alþingi. Ég ætla ekki að leggja mat á það á þessu stigi, hvort ég fylgi hugmyndinni, sem fram er borin, eða ekki. Verði frv. að lögum og sú nefnd, sem þar um getur, sett á laggirnar, þá held ég að rétt sé að sú nefnd, sem fær frv. til meðferðar, hafi í huga hvort ekki sé rétt í sambandi við lög samþykkt á Alþingi, þar sem tekið er fram að ráðh. skuli setja reglugerð um nánari útfærslu, að *reglugerðin verði send til athugunar hjá nefnd og fái* staðfestingu Alþingis áður en hún kemur til framkvæmda. Oft eru reglugerðir alls ekki í anda laganna eins og um þau er rætt hér á Alþingi og samþykkt. Ég held að mesta hættan liggi í reglugerðum eftir að lög eru samþykkt á Alþingi. Ég legg til að sú nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, athugi þessa hlið um leið.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir bæði góðar ábendingar og góðar undirtektir við þetta mál. Í raun og veru var framíkall hæstv. ráðh. fyrir hv. þm. Karvel Pálmasyni talandi tákn um afstöðu til mála af þessu tagi, þegar hv. þm. Karvel gerir þá réttmætu ábendingu hvað löggjafarvaldið hafi bæði sinnt lítið og því reynst erfitt að fylgjast með framkvæmd laga. Hæstv. ráðh. kallar fram í að það sé hægt að kæra fyrir landsdómi. Það er alveg rétt, að samkv. forminu er hægt að kæra fyrir landsdómi. En það er svo ótrúlega þungur og seindreginn ferill, sem þar þarf að fara, að í raun og veru er það gersamlega óframkvæmanlegt. Auk þess er það, að þegar þessu hefur verið beitt felur það í sér ákæru. Það eru örfá fordæmi fyrir því, að lagt hafi verið til að ráðh. hafi verið kærður fyrir landsdómi. Þá er um það að ræða, að verið sé að bera

honum á brýn nánast saknæmt athæfi. Það er raunar ótrúlegt hvað oft hefur gerst að valdið hefur komið sér upp slíku varnarkerfi, að í raun og veru verður ekki við komið gagnrýni á það nema sem ákæru um eitthvað mjög saknæmt. Það, sem hv. þm. Karvel Pálmason benti á, er raunar ásamt fleiru inntak þessa frv., að gagnrýni og eftirlit sé virkt í kerfinu án þess að það feli í sér nokkra þunga dóma í þessum efnum, það verði raunar hluti af hinu daglega lífi hér á Alþingi að gagnrýni sé haldið uppi.

Það er hægt að kæra fyrir landsdómi. Það segja talsmenn valdsins og hafa sagt á öllum tímum. Og það er raunar með ólíkindum hvernig vaskir sveinar breytast í möppudýr á skömmum tíma, því að kæra fyrir landsdómi er gersamlega útilokuð í framkvæmd og í reynd.

Hv. þm. Karvel Pálmason benti einnig á þann kjarna málsins, að löggjafarvaldið haldi sínu gagnvart framkvæmdavaldinu. Mætti nefna um það fjölmörg dæmi. Hv. þm. þekkja þau áreiðanlega. Það má nefna ríkisstofnanir eins og Flugmálastjórn. Þar sem mun vera langur vegur frá því, að fjárveitingavaldinu sé hlýtt í hvívetna og að framkvæmt sé samkv. því sem fjárveitingavaldið hefur lagt til. Það er einmitt slíkt sem verður blaðaefni hér nánast á ári hverju án þess að þingið hreyfi legg eða lið. Það ætti að vera innbyggt í starfsreglur þingsins að slíkar ítrekaðar aðfinnslur, skulum við segja, væru teknar upp, að það væri innbyggt og sjálfvirkt í störfum þingsins, svo sjálfvirkt að slíkt eftirlit fæli ekki í sér ásökun.

Annað, sem valdsmaðurinn og hæstv. ráðh. gætu bent á og oft hefur verið gert, er að í 39. gr. stjórnarskrárinnar er ákvæði um það, að heimilt er að setja upp rannsóknarnefndir þegar sérstaklega stendur á. Ég man eftir því, að þegar svipað frv. var flutt fyrir nokkrum árum vísuðu menn mjög í það. Þetta er út af fyrir sig formlega alveg rétt. En hvað þýðir það? Þegar þm. hafa lagt til rannsókn samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar þýðir það nánast fyrir fram sakfellingu eða fyrir fram ákvörðun um það, að eitthvað sé athugavert við það sem rannsaka skal. Ég rifja t. d. upp umr. sem urðu um till. um slíka athugun á rekstri Flugleiða sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti. Sams konar till. var flutt um sama leyti um athugun á fyrirtækinu Íslenskir aðalverktakar. Þeir, sem mæla á móti svona till., segja: Tillöguflutningurinn í sjálfu sér felur í sér sakfellingu. — Og eins og þetta hefur verið er það alveg rétt. Síðan segja menn: Þetta skaðar viðskiptahagsmuni Flugleiða erlendis. Þetta kemur óorði á Íslenska aðalverktaka, kemur óorði á Flugmálastjórn eða hvað annað sem verið er að tala um. — Þetta er alveg rétt, þegar kerfið er svona uppbyggt, þegar eftirlitsvaldið hefur jafnlítið svigrúm og það hefur við núgildandi reglur. Það er kjarni málsins.

Breytingin, sem verið er að leggja til, er út af fyrir sig ekki að neitt nýtt sé tekið upp, heldur að þetta verði svo virkt og reglurnar séu svo mjúkar og liprar að það sé hægt að taka upp slíkar athuganir án neinna sérstakra samþykkta. Þar með er engin fyrir fram sakfelling og sé allt í lagi, séu lögin ekki brotin, fellur athugunin niður án þess að nokkur hafi verið meiddur eða særður.

Ég vil minna hv. þm. á það, að margoft á undanförnum árum hafa komið fram hjá einstökum þm. í fsp. og öðru formi ábendingar um það, að eitt og annað þyrfti að athuga. En þeir, sem eru að verja sig, þeir, sem standa í vörninni hverju sinni, segja: Það er til leið, það er 39. gr. stjórnarskrárinnar, rannsóknarnefndin þar. En það er alveg sams konar svar og hæstv. ráðh. gaf áðan, þ. e. að til er landsdómur. Auðvitað er landsdómur til. Hann er bara flóknn og svifaseinn. Og svo er hitt, að hann felur í sér fyrir fram sakfellingu. Það gerir líka 39. gr. stjórnarskrárinnar. Þetta er sagt til að undirstrika það, að sú valdatilfærsla á ný til löggjafans, sem hér er verið að leggja til, þetta eftirlitsvald löggjafans með framkvæmd laga, þar með með framkvæmdaaðilunum, ráðuneytunum, þar með með embættismannagenginu öllu saman og þar með með einstökum þörfum borgaranna, sem þeir kunna að benda á það og það sinnið, — þetta felur út af fyrir sig ekki í sér neitt nýtt, felur ekki í sér neitt sem ekki hefur verið til áður. Þetta er til. En það er bara til í svo flóknu formi, að það er ónothæft í því formi sem það núna er. Það er af þessum ástæðum sem þetta frv. er flutt. Og ég tek eindregið undir þá útfærslu sem hv. þm. Karvel Pálmason lýsti hér. Það er hugmyndin með þessu.

Ég vil svo að lokum benda á einn þátt í lagagr., en í síðustu setningunni segir: „Eftirlitsstarf þingnefnda með framkvæmd laga fari fram fyrir opnum tjöldum nema meiri hluti þingnefndar ákveði annað.“ Það er m. ö. o. gert ráð fyrir að þingnefndir starfi í heyranda hljóði, eins og deildir Alþingis og sameinað þing gera raunar, að borgararnir geti fylgst með þessum störfum. Ef eitthvað yrði samþykkt í þessa veru yrði auðvitað að fara hægt af stað. En ég vil enn og aftur undirstrika það, að það er ekki verið að leggja til neitt það vald sem ekki er til í stjórnkerfinu. Það er aðeins verið að undirstrika það, að þetta vald er svo svifaseint, það er svo erfitt að ná í það, ná í skottið á því, jafnvel þó að það sé til, að það hvarflar að manni að það sé raunar ekki að ástæðulausu að valdið hafi búið um sig með þessum hætti. Það er þetta sem verið er að reyna að brjóta upp, vegna þess að það er rétt, sem fram kom hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni, að löggjafinn á að fara að taka sér vald, þó ekki væri nema vegna þess valds sem hann sjálfkrafa hefur misst í hinu tæknivædda þjóðfélagi til sérfræðinga og embættismanna. Þetta hafa aðrar þjóðir gert. Þetta hafa önnur þjóðþing gert. Ég held að fullyrða megi að t. d. í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé þetta einhver virkasta og smurðasta framkvæmd lýðræðisins, starf þingnefndanna þar. Að vísu má segja, til að víkja aðeins sögunni til Bandaríkjanna, að það er auðvitað rétt og hefur verið oft til þess vitnað, að margir ljótustu kaflar í lýðræðissögu Bandaríkja Norður-Ameríku hafa gerst í sambandi við svona þingnefndaúttektir þar. Þekktastar eru auðvitað McCarthy-yfirheyrslurnar á sínum tíma. Og þetta hefur raunar komið fram í röksemdum gegn þessu frv. En á móti kemur að mörg virðulegustu þingstörf, uppræting á margs háttar misnotkun og spillingu í Bandaríkjum Norður-Ameríku hefur einnig gerst í gegnum þetta starf. Og oft er það svo, að þetta er sá hluti þingstarfa þar í landi sem borgararnir fylgjast hvað mest með og hvað virkastur er.

Ég endurtek að ég þakka hv. þm. fyrir undirtektir við þetta. Ábending hv. þm. Alberts Guðmundssonar var auðvitað hárrétt.

Leiki á því vafi eða sé um það grunur, að reglugerð, sem framkvæmdavaldið hefur sett, stangist á við lögin sem sú hin sama reglugerð er samin við, þá ætti það auðvitað að vera verkefni slíkrar þingnefndar að ganga úr skugga um það.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 84). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef með þessu frv., sem ég mæli fyrir og flyt ásamt þrem öðrum hv. þm. Reykv., þeim Guðmundi J. Guðmundssyni, Vilmundi Gylfasyni og Guðmundi G. Þórarinssyni, viljað reyna að ná að nokkru vopnum hundraða ef ekki þúsunda íbúa á þéttbýlissvæðum, sérstaklega þó hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu svokallaða.

Það hefur færst mjög í vöxt og á það hefur verið bent, bæði af mér og öðrum hv. þm. í umr. hér á Alþingi, að borgarbúar og íbúar á öðrum þéttbýlissvæðum leituðu út til sveitanna til að reyna að njóta í nokkru þess sem friðsæld þar og íslensk náttúra hefur að bjóða og stórborgarlífið leyfir okkur ekki að njóta sem þar búum. Þetta hefur m. a. komið fram í sambandi við umræðu sem hefur orðið um misskiptingu gæða eftir búsetu hér á landi. Það fer hér iðulega fram mikil umr. um jöfnun á *milli þegnanna á einu eða öðru sviði, en sjaldan hefur* komið upp umræða, alla vega ekki jákvæð umræða á þann veg að okkur, sem búum á þéttbýlissvæðunum, væri fært nokkuð af því sem aðrir landsmenn búa við og verður æ eftirsókarnarverðara nú á tímum, en það er umhverfi íslenskrar náttúru, sú friðsæld sem ekki finnst í stórborgarumhverfi sem við búum við t. d. hér í Reykjavík.

Segja má að það hafi skipt sköpum á síðustu tveim áratugum, þegar stór verkalýðsfélög og samtök launþega réðust í að koma upp orlofshúsum fyrir félagsmenn sína, þegar þau jafnframt gáfu hundruðum félagsmanna sinna tækifæri til þess að leigja lóðir undir eigin sumarhús á því jarðnæði sem þau komust yfir og oftast nær var með beinum kaupum eyðijarða eða jarðarhluta sem ekki voru notaðir af þeim sem búa á þessum jörðum. Þetta hefur verið eftirsótt, svo eftirsótt að ekki hefur verið unnt að fullnægja óskum um slíkar lóðir.

Þetta frv. er m. a. flutt vegna þess að mikill fjöldi forustumanna úr launþegasamtökum, ekki aðeins hér í Reykjavík, heldur víðar um land, hafa skorað á þingflokka hér á Alþingi að flytja frv. þessa efnis, að lækka það gjald sem þessum sumarhúsaeigendum er gert að greiða af sínum sumarbústað til viðkomandi sveitarfélags. En eins og þetta er í gildandi lögum er þeim gert að greiða ½% af fasteignamati sumarbústaðalóða og mannvirkja eða sama gjald og greitt er af húsnæði sem er í notkun allt árið.

Í grg. er komist svo að orði, að það þyki eðlilegt að fasteignagjöld af þessum eignum séu aðeins ¼ af fasteignagjöldum af fasteignum í kaupstöðum. Ég tel rétt að leiðrétta þetta nú við 1. umr. málsins og segja að auðvitað er það ekki réttmætt að borga af slíku húsnæði, sem er aðeins í notkun um þriggja mánaða skeið á hverju ári, sömu fasteignagjöld og borguð eru af húsnæði sem er í notkun allt árið. Það er að sjálfsögðu ekki réttlátt. Vegna þessa er þetta frv. flutt og til þess að koma jafnframt til móts við þá vaxandi þörf sem er hjá öllum almenningi til útivistar, almenningi sem býr í þéttbýli, verða við óskum þessa fólks, stuðla að því, að ekki verði lagður hemill á óskir fólksins í þessu efni.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta öllu meira, herra forseti. Það hefur legið frammi hjá öllum þingflokkunum áskorunarbréf frá þeim aðilum sem sendu þinginu þetta erindi. Ég vil leyfa mér að lengja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. félmn. og 2. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég skil vel sjónarmið þeirra flm. og er einn af þeim sem leitað hefur verið til um þetta málefni. Hvernig sem á því stendur er einmitt talað hér um sömu prósentu og ég ræddi um að væri eðlileg í því sambandi. En ég held að um leið og þessi breyting yrði gerð, sem mér sýnist vera réttlætismál, sé mikil spurning hvort ekki beri að endurskoða það, að sumir sumarbústaðir eru alfarið skattfrjálsir, þ. e. ef þeir eru í eigu stéttarfélaga. Þetta hefur skapað þó nokkuð mikið misræmi á milli sveitarfélaga og getur komið þannig út, að sveitarfélög hreinlega telji mun hagkvæmara fyrir sig að stuðla að því, að það séu aðeins einstaklingar sem byggi þar sumarbústaði, en ekki stéttarfélög. Mér sýnist að það mál væri ekki óeðlilegt að skoða í tengslum við þetta, því að vissulega getur það átt *sér stað að um það megi deila, hvort eignarformið sé ekki* fyrst og fremst skráningaratriði milli stéttarfélags og einstaklinga, ef ekki er ein regla látin ganga fyrir alla og ein regla þar með yfir öll sveitarfélög, hvort sem þau veita leyfi til byggingar sumarbústaða fyrir einstaklinga eða fyrir stéttarfélög.

Ég vildi koma þessu á framfæri um leið og ég lýsi því yfir, að ég tel að hér sé um mjög eðlilega breytingu að ræða.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Á þskj. 85 leyfi ég mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga. Meðflm. mínir að þessu skjali eru hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, Matthías Bjarnason, Guðmundur G. Þórarinsson, Vilmundur Gylfason, Karvel Pálmason, Jóhanna Sigurðardóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson og Pétur Sigurðsson.

Frv. er svohljóðandi:

1. gr.: 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Skylt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ég leyfi mér að lesa grg. Hún er svohljóðandi:

„Í 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga segir að sveitarstjórnum sé heimilt að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Komið hefur í ljós að margt af því fólki, sem rétt hefur til að njóta góðs af heimildarákvæði þessu, gerir sér ekki grein fyrir þessum rétti sínum og sækir ekki um niðurfellingu eða lækkun á fasteignasköttum sínum.

Þá hefur einnig komið í ljós að rétthafar treysta sér oft ekki til að standa í slíkum bréfaskriftum við opinberar stofnanir.

Rétt og skylt er að geta þess, að flest sveitarfélög sýna lipurð og tillitssemi í þessum efnum. En þar sem í hlut á efnalítið fólk, sem verður að lifa á elli- og örorkulífeyri og hefur ekki gjaldþol til greiðslu slíkra fasteignaskatta, þykir flm. eðlilegt að breyta þessari heimild sveitar-

stjórna í skyldu."

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Það er skýrt hvað hér er átt við. Ég lýk máli mínu með því að gera till. um að vísa þessu frv. til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins geta þess, að samkv. ráðslagi við skrifstofustjóra eiga mál um tekjustofna sveitarfélaga heima í félmn. — ef hv. þm. fellst á þá breytingu á tillögugerðinni um nefndarmeðferð.

Albert Guðmundsson: Að sjálfsögðu, virðulegi forseti, tek ég það fyllilega til greina að vera hér leiðréttur. En samhljóða frv. með sömu grg. var flutt á síðasta þingi af mér og hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og var þá til meðferðar í fjh.- og viðskn. En að sjálfsögðu legg ég þetta í vald forseta.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er mjög svo samþykkur því frv. sem hér er til umr. Þar sem ég þekki best til, í Vestmannaeyjum, og sjálfsagt í miklu fleiri sveitarfélögum hafa heimildir tekjustofnalaga til niðurfellingar fasteignaskatts hjá efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum þegar verið notaðar í langan tíma á sama hátt og frv. gerir ráð fyrir. Þar er fólk ekki látið sækja um þetta og sækja um hitt, eins og því miður er gert sums staðar og í stórum stíl hér í Reykjavík.

Útsvarsnefnd kaupstaðarins er falið að sjá um að fella þetta niður — eða lækka þar sem það á við, eins og lög gera ráð fyrir — án umsókna, og það er afskaplega auðvelt í framkvæmd. Það á alls ekki að þurfa að skjóta sér á bak við það, að þetta sé mjög erfitt í framkvæmd. Það er óhæfa að láta slíka niðurfellingu vera undir því komna, að hver og einn sæki um niðurfellingu. Gamla fólkið þekkir ekki alltaf sinn rétt, eins og hv. flm. gat réttilega um, og það er undir hælinn lagt hvort einhver aðstandenda gamla fólksins skiptir sér af þessu eða ekki. Það er á fleiri sviðum sem þetta á reyndar við. Allir, sem eiga rétt til slíks, eiga að njóta þess. Það eiga framkvæmdavaldið og löggjafinn að sjá um. — Ég styð þetta frv. eindregið.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með þeim tveimur ræðumönnum, sem hafa rætt um þetta frv., og lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég styð það heils hugar. Það er eins þar sem ég þekki best til, á Suðurnesjum, ég held í flestum ef ekki öllum sveitarfélögunum þar, að þar upphófst þetta með því að auglýst var eftir umsóknum. Reynslan varð sú, að það voru allt of margir sem ekki sóttu um, urðu annaðhvort ekki varir við auglýsinguna eða fannst erfitt að standa í bréfaskriftum við sveitarfélagið, töldu jafnvel að þá væri verið að biðja um sveitarstyrk að einhverju leyti. Frá þeirri aðferð var því horfið og framtalsnefnd settar ákveðnar reglur af bæjarstjórn um það, hvernig svona mál skyldi framkvæmt, þ. e. annaðhvort var fasteignaskattur felldur niður eða lækkaður með tilliti til síðasta skattframtals og/eða nýrra upplýsinga um heilsufar eða annars sem nauðsynlegt var að hafa í huga. Ég held hins vegar að það sé ljóst, að velflest sveitarfélög hafa notað sér þessa heimild, þannig að þetta er nú, held ég, í allgóðu lagi. Ég tel samt rétt að þetta sé sett í lög sem skylduákvæði, það sé aukin áréttting til fólks um að það eigi að fá þetta sé það orðið gamalt og lasburða eða af öðrum ástæðum.

Ég legg hins vegar áherslu á það sem hefur verið hjá okkur á Suðurnesjum, að það hefur verið sett ákvæði um að þetta gildi einungis af einni íbúð, þ. e. þeirri íbúð sem viðkomandi aðili býr í, en ekki af fleirum, ef svo hefur verið að viðkomandi aðili, þó tekjulítill sé, hafi einhverra hluta vegna átt fleiri en eina íbúð.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mikið, enda orðið framorðið. Ég mæli með samþykkt frv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá hv. ræðumönnum, að hér er ekki bara um mikið nauðsynjamál, heldur réttlætismál að ræða. En það má vekja á því athygli, að eins og þetta er orðað í frvgr. — og það er sennilega ekki hægt að orða það öðruvísi — þar sem talað er um að sveitarstjórn sé skylt að lækka eða fella niður fasteignaskatt, þá felur það væntanlega í sér að það kallar á reglugerð frá ráðh. nái þessi lög fram að ganga. Þetta verður því tilraunastarfsemi fyrst í stað. En eins og hv. flm. gat um áðan er meginhugsunin í þessu auðvitað alveg ljós.

Ég vil svo bæta því við, að hér í Reykjavík er alþekkt að þetta hefur víða orðið til hinna ótrúlegustu vandræða, ekki síst í miðborginni og í nokkrum radíus þar í kring. Í gömlum húsum, sem eru mjög hátt metin, býr gjarnan fullorðið fólk, tvennt eða jafnvel eitt, og hefur fengið firnaháa skatta, jafnvel svo að fólkið hefur verið hrakið úr húsunum. Eru til af þessu hinar dapurlegustu sögur. Það eru ekki síst mál af þessu tagi sem gera það að meiri háttar mannréttindamáli, ekki síst til handa þessu aldraða fólki, að frv. sem þetta nái fram að ganga og að framkvæmdin á því verði með þeim hætti og jafnframt reglugerðarsmíði, að það leysi vanda þessa fólks. En ég fullyrði að þetta á við um býsna marga hér í Reykjavík, einkum á þessum takmörkuðu svæðum í margar áttir út frá hinum gamla miðbæ.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem tekið hafa til máls og mælt með því, að þetta frv., sem ég flyt hér ásamt fleirum, nái fram að ganga. Það gleður mig að sá háttur er á í Vestmannaeyjum, að það má segja að þessi breyting sé þegar komin í framkvæmd. Furðar mig það ekki að í Vestmannaeyjum, skuli svo vera því að Vestmanneyingar eru um margt til fyrirmyndar.

Ég vil leyfa mér að vona að hv. félmn. taki þetta frv. fyrir hið fyrsta og skili því til baka til deildarinnar til endanlegrar afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 16. nóv.

Fjármagn til fiskleitar, vinnslutilrauna o. fl.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Eiðs Guðnasonar um skiptingu og notkun fjármagns til fiskleitar, vinnslutilrauna o. fl. á þskj. 80, sent þm. 16. nóv.

I. Fjármagni því, sem ráðuneytið hefur til umráða undir fjárlagaliðnum Fiskileit, vinnslutilraunir og markaðsleit, hefur verið varið sem hér segir árin 1980 og 1981:

1980 Á fjárlögum	**g.kr.**	**210 000 000**
1. Styrkur vegna þátttöku í NASA (North Atlantic Seafood Association) $ 70 000		22 000 000
2. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins — lán til tilraunaverksmiðjunnar Hverá + stimpilkostn.		75 375 000
3. Hafrannsóknastofnun — framlag vegna r/s Hafþórs		20 000 000
4. Verktækni sf., Akureyri — styrkur vegna athugunar á tækni við þurrkun fiskmjöls		5 000 000
5. Olíustyrkur vegna kolmunnaleitar:		
5.1. Síldarvinnslan hf., m/b Börkur NK	7 500 000	
5.2. Þórður Helgason, Hafnarf., m/b Eldborg HF	5 000 000	
5.3. Ólafur Óskarsson, Rvík, m/b Óli Óskars RE	7 500 000	
5.4. Fiskanes hf., Grindavík, m/b Grindvíkingur GK	5 000 000	
		25 000 000
6. Þurrkun fisks:		
6.1. Þorsteinn Ingason; lán til að koma upp aðstöðu til fiskþurrkunar að Laugum	7 500 000	
6.2. Báran hf.; lán vegna sama	10 000 000	
6.3. Þörungavinnslan; styrkur til þurrkunarrannsókna	10 000 000	
		27 500 000
7. Rækjuleit á Skjálfanda; styrkir:		
7.1. Langanes hf., m/b Björg Jónsdóttir ÞH	3 000 000	
7.2. Karri hf., m/b Kristbjörg ÞH	3 000 000	
7.3. Karl Aðalsteinsson, m/b Sæberg ÞH	3 000 000	
		9 000 000
8. Leiga á bátum vegna smáverkefna:		
8.1. Ernir RE — grásleppurannsóknir í Faxaflóa	315 000	
8.2. Ísleifur KÁ — netahreinsun	40 000	
		355 000
9. Ferðakostnaður Þórhalls Jónssonar, útibússtjóra Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins til U.S.A. — kynnast Sonodyne þurrkaðferð á fiskmjöli		1 450 000
		185 680 000
	óráðstafað	24 320 000
		210 000 000

1981 Á fjárlögum		**3 080 000**
1. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins lán til Hverár		150 000
2. Ferðakostnaður:		
2.1. Björn Dagbjartsson; fundur í Connecticut: Hringormanefnd	8 734	
2.2. Sigfús Björnsson; Veiðarfæratanksnefnd — kynnisferð í Evrópu	18 493	
2.3. Styrkur vegna ráðstefnu í London um orkusparnað og byggingu skipa; Valdimar K. Jónsson og Ólafur Eiríksson	14 000	
		41 227
3. Olíu- og dagstyrkir — kolmunnaleit (vor '81):		
3.1. Hrólfur Gunnarsson, m/b Júpiter	300 400	
3.2. Hraðfrystihús Eskifjarðar, m/b Jón Kjartansson	164 604	
3.3. Fiskanes hf., m/b Grindvíkingur	294 200	
3.4. Eldborg hf., m/b Eldborg	354 500	
3.5. Síldarvinnslan, m/b Börkur	268 059	
		1 381 763
4. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins; kostnaður við gerð handbókar um fiskvinnslu		120 000
5. Hafrannsóknastofnun; loðnuleit rannsóknaskips. Ekki vitað um endanlegan kostnað í þessu sambandi		400 000
6. Dragnótaverkefni auk kostnaðar við dragnótatilraunir í Faxaflóa		400 500
		2 092 990

II. Fjármagni úr „Upptökusjóði", sbr. l. nr. 32 1976, hefur verið varið sem hér segir:

1. Til Hafrannsóknastofnunar:		
Kaup á tækjasamstöðu til bergmálsmælinga á rannsóknaskipum, 1981		500 000
2. Olíu- og dagstyrkir vegna kolmunnaleitar, sumar/haust 1981:		
2.1. Síldarvinnslan, m/b Börkur	343 329	
2.2. Síldarvinnslan, m/b Beitir	345 839	
2.3. Hraðfrystihús Eskifjarðar, m/b Jón Kjartansson	272 965	
2.4. Eldborg hf., m/b Eldborg	274 360	
		1 239 493
		1 739 493
Samtals hefur komið í sjóðinn		1 740 000

Sameinað þing, 20. fundur.

Þriðjudaginn 17. nóv., kl. 2 miðdegis.

Starfsskilyrði myndlistarmanna, fsp. (þskj. 25). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 25 að flytja svohljóðandi fsp. til menntmrh.:

„Hvers vegna hefur nefnd til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna ekki verði skipuð, svo sem Alþingi fól ríkisstj. með ályktun sinni hinn 21. maí s. l."

Sú ályktun var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sex manna nefnd, er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri tillögur um, hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félög myndlistarmanna og þær stofnanir, sem starfa að myndlistarmálum.

Menntmrh. skal skipa nefndina samkv. tilnefningu þingflokka og Sambands ísl. sveitarfélaga er tilnefni sinn nefndarmanninn hvert. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði."

Þegar Alþingi kom saman hafði þessi nefnd ekki verið sett á laggirnar. Það vakti að sönnu nokkuð furðu mína þar sem ég vissi að hæstv. menntmrh. hafði látið uppi áhuga á því að málefnum myndlistarmanna yrði sinnt, sem ég taldi mjög jákvætt. Þess vegna hafði þetta komið mér á óvart. Síðan þessi fsp. var lögð fram hefur þessi nefnd hins vegar verið skipuð, þó að fundur hafi ekki verið kallaður saman, og er þess að vænta að ekki dragist lengi úr þessu að nefndin geti hafið störf.

Ég vil aðeins rifja upp í þessu sambandi nokkur atriði, sem ollu því, að þáltill. var flutt, til þess að undirstrika nauðsyn þess að hún hraði störfum. Í grg. þáltill. segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að kanna starfsgrundvöll myndlistarmanna, svo sem það, hversu skattlagningu á efni til listsköpunar er háttað.

Listaverk í opinberum byggingum styrkja tilfinningu fólks fyrir þjóðerni sínu og uppruna. Það er menningar- og þjóðernismál, að opinberar byggingar séu skreyttar listaverkum, og nauðsynlegt að þau séu talin til byggingarkostnaðar. Ekki þarf að tíunda uppeldislegt gildi slíks umhverfis.

Sjálfsagt þykir að tónskáld fái umbun sé verk þess flutt í útvarpi eða ríthöfundur sé bók lánuð af bókasafni. Fyrirkomulagsatriði er hversu samsvarandi greiðslum skuli háttað til myndlistarmanna vegna verka, sem eru til sýnis í söfnum eða á vegum opinberra aðila. Þessi málverk eða höggmyndir eru á sinn hátt lífeyrissjóður aldraðra myndlistarmanna. Ekki er vansalaust að þess skuli finnast dæmi, að fremstu listamenn okkar búi við framfærsluvandamál í elli sinni eftir að heilsan hefur gefið sig.

Norðmenn hafa löngum haft tilheigingu til þess að eigna sér fornbókmenntir okkar með ríkulega myndskreyttum útgáfum, t. d. af Heimskringlu. Hér á landi sýndi Ragnar í Smára lofsvert frumkvæði í þessa veru, m. a. með útgáfu Grettissögu og Brennu-Njálssögu, myndskreyttra af okkar fremstu listamönnum. Ekkert sambærilegt hefur síðan gerst.

Á Austurvelli er stytta Einars Jónssonar af Jóni forseta. Í þinghúsinu er málverk Gunnlaugs Blöndals af þjóðfundinum. Og í fundarsal borgarstjórnar Reykjavíkur hangir uppi veggteppi Vigdísar Kristjánsdóttur af landnámi Ingólfs Arnarsonar, ofið eftir teikningu Jóhanns Briems. Í Valhöll hefur Einar Hákonarson dregið fram úr Njálu hvernig Skarphéðinn sportar Brennu-Flosa á Þingvöllum.

Áfram verður að gera listaverk úr sögu þjóðarinnar, markverðum atburðum eða táknrænum. Það er ekki síður gott yrkisefni góðum myndlistarmanni en umhverfið, landið sjálft. Nærtækt dæmi er kristnitakan og aldamótaárið 2000.

Á tímum litasjónvarps vekur þvílíkt listrænt framtak heilbrigðan þjóðernislegan metnað. Í holu fjölmiðlaflæðinu er ekkert eins lifandi og listaverk, þar sem það hangir uppi á vegg og er kyrrt á sínum stað.

Sendiráð okkar erlendis eru gluggi Íslands út á við. Erlendur maður, sem villist þangað inn, fær að vísu hugmyndir um að Íslendingar séu sérfræðingar í vondum eftirprentunum, en of lítið er um frummyndir eftir okkar fremstu málara." (Forseti hringir.)

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri eftir áminningu hæstv. forseta, en fagna því, að fsp. hefur í raun svarað sér sjálf, að þessi nefnd hefur verið skipuð. Ég vænti þess, að hún komi hið fyrsta saman.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hér liggur fyrir fsp. þar sem svo stendur:

„Hvers vegna hefur nefnd til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna ekki verið skipuð, svo sem Alþingi fól ríkisstj. með ályktun 21. maí s. l.?"

Þessi fsp. kom snemma á þessu þingi, fyrsta daginn hygg ég eða svo til.

Herra forseti. Mig langar að vísa til þál. eins og hún er orðuð, þál. sem var samþykkt á Alþingi 21. maí 1981 um skipun nefndar til að kanna starfsskilyrði myndlistarmanna. Þessi þál. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa sex manna nefnd, er kanni starfsskilyrði myndlistarmanna hér á landi og geri tillögur um, hversu hið opinbera geti best örvað sjálfstæða listsköpun með því að myndlistarmönnum sé skapaður viðunandi starfsgrundvöllur. Nefndin skal hafa samráð við félög myndlistarmanna og þær stofnanir, sem starfa að myndlistarmálum.

Menntmrh. skal skipa nefndina samkv. tilnefningu þingflokka og Sambands ísl. sveitarfélaga er tilnefni sinn nm. hvert. Formaður nefndarinnar skal skipaður án tilnefningar.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði."

Ég bendi á að í þessari þáltill. er fyrst og fremst sú skylda lögð á hendur menntmrh. að skipa sex manna nefnd, en honum eru ekki sett nein ákveðin tímamörk. Auk þess er nefndin þannig hugsuð, að þar er fyrst og fremst byggt upp á tilnefningum.

Það dróst nokkuð að tilnefningar bærust í heild sinni. Það dróst m. a. fram yfir þingsetningardag og þess vegna var ekki unnt að ganga endanlega frá því. En nú hefur það orðið, að allir þeir, sem ætlast var til að tilnefndu menn í þessa nefnd, hafa tilnefnt fulltrúa sína. Nefndin er þegar skipuð þannig:

Einar Hákonarson, sem er skólastjóri Myndlista- og handíðaskólans í Reykjavík, er skipaður samkv. tilnefningu þingflokks Alþfl., Edda Óskarsdóttir er skipuð samkv. tilnefningu þingflokks Alþb., Davíð Aðalsteinsson er skipaður samkv. tilnefningu þingflokks Framsfl., Halldór Blöndal skipaður samkv. tilnefningu þingflokks Sjálfstfl. og Björn Friðfinnsson skipaður samkv. tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga. Formaður nefndarinnar er Knútur Hallsson skrifstofustjóri í menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka menntmrh. svör hans og vænti þess, vegna þess áhuga sem hann hefur sýnt þessum málum, að hann muni greiða fyrir störfum nefndarinnar eftir því sem honum er unnt.

Stytting forustugreina dagblaða í Ríkisútvarpi, fsp. (þskj. 39). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 39 leyfi ég mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. menntmrh.:

„a) Hvað greiða skattgreiðendur mikið fyrir þá styttingu á forustugreinum dagblaða sem fram fer í Ríkisútvarpinu?" — Þá er átt við annaðhvort á grundvelli mánaðar eða grundvelli árs. Það skiptir auðvitað ekki höfuðmáli.

„b) Hvers eru ekki blöðin sjálf látin sjá um þetta verk?"

Því má bæta við þessa fsp., að um þetta hefur oft verið spurt í lesendadálkum dagblaða. Þetta er vitaskuld ekki útgjaldaliður hjá ríkisvaldinu sem einum eða neinum sköpum skiptir, en engu að síður eitt af þeim smáatriðum sem fólk tekur eftir.

Sú er önnur ástæða fyrir þessari fsp., að það er þekkt úr dagblöðum að iðulega hefur komið upp ágreiningur af því tagi, að þeir, sem forustugreinar hafa ritað, eða þau dagblöð, sem að þeim hafa staðið, hafa lýst sig ekki alls kostar ánægð með það, með hverjum hætti hér hafi verið unnið. Það skal auðvitað sagt til sanngirni öllum aðilum að þetta er eitt af því sem efalítið er ekki hægt að gera svo að öllum líki, en óánægja hefur oft komið upp. Þess vegna vaknar sú spurning, úr því að þessi dagskrárliður er hafður, hvers vegna blöðin sjálf séu ekki látin sjá um þessa styttingu, á þar til gerðum eyðublöðum væntanlega sem mundu afmarka lengd og tíma, og hvort með þeim hætti væri ekki hægt að gera tvennt: gera blöðunum til geðs og spara skattgreiðendum álitlega fjárupphæð.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég get fallist á það með hv. fyrirspyrjanda, að þetta er í sjálfu sér málefni sem vert er að ræða. Hins vegar mun ég nú svara fsp. eins og henni er beint til mín. Ég bið þingheim að athuga strax í upphafi að hér er um dagskrármálefni Ríkisútvarpsins að ræða, — dagskrármálefni sem ég tel að ráðherrar eigi ekki að hafa bein afskipti af. Eigi að síður liggur hér fyrir fsp. sem er að mínum dómi tiltölulega auðsvarað fyrir ráðh., og ég mun svara henni.

Ég hef leitað upplýsinga hjá Ríkisútvarpinu um það, hversu mikið kostar á mánuði hverjum að tilreiða forustugreinar þannig að þær verði lesnar í útvarp. Þá legg ég engan dóm á hvernig slík tilreiðsla er af hendi leyst, en tölurnar hef ég hér. Þar segir að kostnaðurinn á mánuði við forustugreinarnar sé þannig: Þegar um er að ræða forustugreinar dagblaða er kostnaðurinn 8422 kr. á mánuði, en þegar um er að ræða forustugreinar landsmálablaða er kostnaðurinn 4486 kr. Þetta mun vera miðað við verðlag í októbermánuði þessa árs. Segir svo í bréfi útvarpsstjóra: „Kostnaður við styttingu forustugreina nemur 12 908 kr. samtals á verðlagi í okt. 1981, og þetta er hliðstætt því sem greitt hefur verið s. l. tvö ár," segir útvarpsstjóri í þeirri grg. sem ég bað hann um að gefa mér varðandi þessa fsp.

Hins vegar þykir mér rétt í sambandi við þetta að lesa hér meginmál bréfs, sem liggur fyrir frá Ríkisútvarpinu, dags. í Reykjavík 28. okt. 1981, og varðar þetta mál. Þetta bréf er stílað til mín og í samhengi við þessa fsp. Ég les orðrétt upp úr þessu bréfi:

„Útvarpsráð hefur nokkuð oft á undanförnum árum rætt lestur úr forustugreinum dagblaðanna. Hefur mörgum þótt að stytting forustugreinanna kostaði of marga yfirvinnutíma fréttamanna. Enn í haust kom þetta mál til umræðu í útvarpsráði og síðan í framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins. Í bókun frá fundi útvarpsráðs 22. sept. s. l. segir:

„Formaður kvaðst vilja leggja þetta til í framhaldi af umræðum sem orðið hafa í útvarpsráði og í framkvæmdastjórn um leiðaralestur: Ritstjórum blaðanna verði gefinn kostur á að þeir stytti sjálfir leiðara blaða sinna í u. þ. b. einnar og hálfrar mínútu lestrarlengd. Jafnframt yrði mælst til þess, að þeir tækju nokkur mið af fyrimælum í lögum og reglum Ríkisútvarpsins í skrifum sínum. Sama skyldi gilda um landsmálablöðin. Markús

Á. Einarsson skýrði frá því, að Þórarinn Þórarinsson" — sem er ritstjóri Tímans — „væri tilbúinn að stytta sína leiðara sjálfur. Ekki voru allir útvarpsmenn trúaðir á að aðrir ritstjórar væru þessa jafnfúsir" — en þeir virðast hafa vitað eitthvað um það. — „Ólafur R. Einarsson taldi réttast að formaður ræddi þetta mál við ritstjóra dagblaðanna, kynnti þeim hugmyndir, sem fram hefðu komið í þessu máli, og heyrði viðbrögð þeirra. Tók formaður þessu vel og mun ræða við ritstjórana."

Í bókun frá fundi útvarpsráðs 29. sept. s. l. segir:

„Formaður gerði grein fyrir viðtölum sínum við ritstjóra dagblaðanna. Kvað hann einn þeirra, Þórarin Þórarinsson, fúsan að stytta eigin leiðara, en aðrir hefðu talið öll tormerki á því. Engin andmæli voru þó við því að stytta leiðarana í einnar og hálfrar mínútu lestrarlengd. Eftir alldrjúga umræðu varð niðurstaðan þessi: Forustugreinar dagblaðanna skulu berast fyrir kl. 17 og skal útdráttur úr þeim ekki vera lengri en ca. ein og hálf mínúta í lestri. Þeir ritstjórar, sem sjálfir stytta forustugreinar sínar, þurfa ekki að skila þeim fyrr en fyrir kl. 20. Forustugreinar landsmálablaða skal stytta á sama hátt og þær lesnar á mánudögum kl. 11, en forustugreinar dagblaðanna á sama tíma og verið hefur. Þessi samþykkt gildir til áramóta."

Þessi ákvörðun útvarpsráðs var tilkynnt ritstjórum allra dagblaðanna í bréfi, dags. 1. þ. m.

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, svarar þessari tilkynningu með bréfi, dags. 7. þ. m., þar sem segir:

„Lestur leiðara í útvarp var ekki hafinn að ósk Morgunblaðsins, heldur samkv. ákvörðun útvarpsráðs á sínum tíma. Leiðarar Morgunblaðsins eru skrifaðir til birtingar í blaðinu fyrir lesendur blaðsins, en ekki til upplestrar í útvarpi. Morgunblaðið getur ekki miðað skrif leiðara sinna við þann tíma sem hentar Ríkisútvarpinu. Ef lestri leiðara er haldið áfram vill Morgunblaðið því benda Ríkisútvarpinu á að lesa leiðara blaðsins daginn eftir, enda komi það skýrt fram að svo sé, og komi þetta fyrirkomulag til framkvæmda nú þegar."

Aðeins einu sinni eða tvisvar mun stytt forustugrein hafa borist í hendur þeim sem sjá um að búa þær undir þularlestur. Áréttað skal að framkvæmdastjórn Ríkisútvarpsins hefur ítrekað ályktað um þetta mál. Af kostnaðarástæðum hefur verið talið nauðsynlegt að annaðhvort yrði ritstjórum gert að skila forustugreinum styttum til flutnings eða lestur þeirra felldur niður með öllu."

Ég les þá ekki meira úr þessu bréfi útvarpsstjóra, vegna þess að það, sem á eftir fer, er það, sem ég er áður búinn að segja um kostnaðinn af þessum styttingum.

Nú ég vil segja það eitt um þetta, eins og sagði í upphafi, að það er náttúrlega algjörlega innanríkismál útvarpsins hvort þeir í útvarpinu nota leiðarana sem dagskrárefni. Það hefur vafalaust sína kosti að svo sé gert, en það hefur líka þann stóra annmarka, að þetta er ákaflega kostnaðarsamt dagskrárefni. Það er alveg augljóst, af því að það kostar um 12—13 þús. kr. á mánuði að vinna þetta verk. Það er eins og einn maður væri við þetta bundinn. Ég held að aftur á móti komi það til að þetta sé tiltölulega vinsælt útvarpsefni sem margir útvarpshlustendur mundu sakna ef það hyrfi úr dagskránni. En ég get fallist á það, sem reyndar er skoðun margra hjá Ríkisútvarpinu og ekki síst þeirra sem fara með fjármál þess, að það væri eðlileg krafa til blaðanna að leiðarahöfundar ynnu þetta verk sjálfir og kæmu því í því formi til útvarpsins til lestrar. — Ég ætla þá ekki að hafa um það fleiri orð að sinni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get borið um það, að þegar ákveðið var af útvarpsráði á sínum tíma að hefja lestur úr leiðurum dagblaðanna var það ekki vilji fréttamanna fréttastofu útvarpsins að þeir fengju það hlutverk að stytta þessa leiðara, enda hefur það verið svo í gegnum tíðina að þeir hafa orðið fyrir ýmsum pústrum, ef svo mætti segja, vegna þess að þurfa að stytta þessa leiðara og hafa viljað losna við það. Ég tel hins vegar að leiðaralesturinn sé nauðsynlegur, hann sé eðlilegur og hann sé sjálfsagður. Þetta þekkist í öllum útvarpsstöðvum í nágrannalöndum okkar. Er bæði sjáfsagt og eðlilegt að lesinn sé útdráttur úr leiðurum þar sem koma fram pólitískar skoðanir hinna ýmsu þjóðfélagshópa og afla. Ég tel þetta nauðsynlegt mál, eðlilegt og sjálfsagt. Mér finnst hins vegar jafneðlilegt að blöðin skili leiðurum í þeirri lengd, sem þau eða útvarpið eða fréttastofa útvarpsins ákveður, og hafi þá til þess sérstök form sem blöðin útfylla. Þá getur hver og einn ritstjóri ákveðið hvað hann vill að komi fram, hvað hann telur mikilvægast af því sem hann hefur skrifað í sinn leiðara. En þessa þjónustu held ég að landsmenn verði að fá og sé nauðsynlegt að þeir njóti hennar ekki síður frá blöðunum úti á landi en blöðunum hér í Reykjavík.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég er út af fyrir sig ekki undrandi á því, þótt hér á hinu háa Alþingi heyrist raddir um að það eigi að þvinga ritstjóra blaðanna til að matreiða skrif sín til Ríkisútvarpsins eftir því sem fréttastjórum Ríkisútvarpsins, menntmrh., útvarpsráði eða einhverjum slíkum aðilum sýnist. Til allrar hamingju búum við í nokkurn veginn lýðfrjálsu landi ennþá og fullkomlega eðlilegt að ritsjórar blaða ráði því sjálfir, hversu langar forustugreinar þeirra séu og hversu efnismiklar. Er algjörlega út í hött að halda því fram, að Ríkisútvarpið eigi að hafa þar nokkuð um að segja. Ég get að vísu ekki skilið að það sé dagsverk að stytta leiðara dagblaðanna. Það má náttúrlega vinna það með þumalfingrunum, en ekki er það mikill vinnuhraði.

Ég vil annars aðeins segja það, að auðvitað er mjög hæpið að hið opinbera ríkisútvarp sé að stytta forustugreinar dagblaða, sem oft veldur því, að merking skekkist, áhersluatriði verða önnur. Því miður hefur það stundum brunnið við, að leiðurum hefur hreinlega verið sleppt eða þá jafnvel að merking þeirra hefur orðið önnur en rétt er. Það er þess vegna ekki alveg einfalt mál að hið opinbera hafi með þessum hætti forgöngu um að stytta pólitískar greinar ritstjóra. Auðvitað á það að vera blöðum í sjálfsvald sett hvernig þau haga sínum málum. Ef hæstv. menntmrh. finnst þetta of dýrt á hann að láta hætta þessu. Ég hef ekki hitt þá menn sem þykir þetta skemmtileg lesning, satt að segja, eins og útdrátturinn er oft og tíðum úr samhengi og snubbóttur og gefur ekki rétta mynd af því sem skrifað er.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að það er síður en svo að leiðararnir séu eina efni blaðanna sem Ríkisútvarpið tekur upp og gerir skil í frásögnum sínum, jafnvel í sérstökum dagskrárþáttum. Þannig er einnig farið með ýmist annað efni blaðanna, fréttaefni o. fl., t. d. í þættinum sem er á morgnana, Morgunpóstinum eða hvað hann nú heitir.

Ekki er óalgengt í fjölmiðlaheiminum að það sé vinsælt dagskrárefni hjá einum fjölmiðli, sérstaklega stórum fjölmiðli, sem nær til allrar þjóðarinnar, að taka upp og segja frá bæði fréttafrásögnum og skoðanaskiptum sem koma fram í öðrum fjölmiðlum.

Ég vil einnig bæta því við, að mér er mætavel kunnugt um að það eru talsvert margir sem hlusta á útdrætti úr forustugreinum í Ríkisútvarpinu. Þó svo mönnum kynni að hafa sýnst í upphafi, þegar þessi dagskrárliður var tekinn upp, að það væri meiri þjónusta við blöðin en hlutendur útvarpsins, þá held ég að reyndin hafi orðið önnur, menn hafi smátt og smátt viðurkennt að það er talsverður áhugi á að hlusta á þá útdrætti sem þarna eru gerðir.

Sé um að ræða ákvörðun útvarpsráðs um að taka upp þátt úr blöðunum, hvort sem hann heitir leiðarar eða annað, getur útvarpsráð að sjálfsögðu ekki ætlast til þess, að þeir fjölmiðlar, sem notaðir eru þarna og teknar upp frásagnir frá, vinni þær í hendurnar á Ríkisútvarpinu. Þá mætti alveg eins hugsa sér t. d. að Ríkisútvarpið gerði fjölmiðlum, dagblöðum og öðrum, að skyldu að senda inn útdrátt úr fréttaflutningi sínum daglega til að nota í aðra þætti hjá Ríkisútvarpinu þar sem greint er frá því sem í blöðunum stendur.

Ég vil láta koma fram, vegna þess að ég var einu sinni í þeirri stöðu að skrifa leiðara daglega og gerði það í 6 ár og þessir leiðarar voru lesnir í morgunleiðaralestri Ríkisútvarpsins, að ég taldi aldrei allan þennan tíma ástæðu til að gera aths. við hvernig leiðarar voru styttir. Ég lít svo á, að það sé alfarið hlutverk Ríkisútvarpsins að sjá um það og það sé leiðarhöfundunum sjálfum að kenna ef þeir koma ekki meiningu sinni svo ljóst á framfæri að sá sem styttir viti hvað leiðarhöfundur meinar.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör við þessum litlu spurningum. En ég vil segja að það eru dálagleg mánaðarlaun sem fyrir þessa vinnu eru greidd, eða sú vinna virðist fara hægt fram, og minnir kannske á Apenu, en alla vega ekki á Spörtu, hvernig þarna er unnið.

Á hinn bóginn vil ég líka undirstrika það, að ég hygg að varðandi leiðaralestur á morgnana væri hægt að vinna tvennt með því að láta blöðin sjá um að útbúa þá sjálf, ef þau svo kjósa: Það væri hægt að spara skattgreiðendum peninga, sem virðast vera allnokkrar upphæðir, og það væri hægt að koma í veg fyrir allan misskilning og öll leiðindi sem þarna hafa orðið á milli. — Ráðh. hefur nefnt þá leið og hann hefur nefnt það, að þeir, sem bera ábyrgð á fjármálum útvarpsins, hafi einnig látið í ljós áhuga á að sú leið sé farin. Ég sé ekkert athugavert við það, að um þetta morgunhorn gildi sömu reglur og t. d. Daginn og veginn, þann þátt sem er búinn að vera í áratugi í Ríkisútvarpinu og er algerlega sjálfstæður þáttur á ábyrgð þeirra sem hann flytja. Eins mætti vera með þetta leiðarahorn á morgnana. Það væri algerlega á ábyrgð þeirra sem leiðarann rita í blöðin og stytta. Þeir beri ábyrgð á því, en ekki aðrir. Þetta er lítil tillaga sem felur í sér að skattgreiðendum séu sparaðir peningar og komið í veg fyrir allt óþarfaamstur og öll óþarfaleiðindi. Ég sé allan vinning af þessu og ekkert annað.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Hræddur er ég um að enn hafi verið rennt stoðum undir þá fornu skoðun, að æskilegt væri að lögfróður maður sæti hverju sinni í embætti dómsmrh. Staðhæfing fyrrv. dómsmrh., hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, um að flytjandi útvarpsþáttarins um Daginn og veginn beri algerlega ábyrgð á orðum sínum og efni þáttarins hverju sinni fær varla staðist. Fyrir liggja álitsgerðir þriggja, að því er ég best veit, prýðilegra lögfróðra manna um að Ríkisútvarpið beri hina endanlegu ábyrgð á öllu töluðu máli sem í það er flutt.

Ég fylgdist með mörg fyrstu árin sem útvarpið flutti útdrátt úr leiðurum dagblaðanna. Til þess voru settir greindir og gegnir málfróðir menn að gera þessa útdrætti og sættu jafnan gagnrýni, sem eðlilegt var, fyrir þau störf, sem voru erfið. Þá hygg ég að hafi verið greitt minna fyrir þetta starf en nú er gert. En það hlýt ég að segja, að ég gat oft og tíðum ekki legið þessum ágætu mönnum á hálsi fyrir það, þótt erfiðlega gengi að tína út úr leiðurunum kjarna máls, stytta þá þannig að aðalatriðin kæmu fram, því að gjarnan var það svo, að aðalatriði fundust ekki í þessum ritstjórnargreinum. Og nú spyr ég: Er leiðarahöfundi, er höfundi ritstjórnargreinar, þar sem aðalatriðið verður ekki fundið þó að leitað sé með logandi ljósi, trúandi til að stytta ritstjórnargreinina með þeim hætti að þessi kjarni málsins komi fram? Ég leyfi mér að draga það stórlega í efa. Ég held að Ríkisútvarpið verði að vinna þetta á eigin ábyrgð í góðri sátt við ritstjóra blaðanna. E. t. v. mætti leggja í þetta enn þá meiri vinnu en gert hefur verið, hafa samráð við höfunda og jafnvel þá á þá lund að ritstjórnargrein væri skrifuð upp á nýtt og aðalatriðinu komið ljóslega til skila í ritstjórnargreininni sjálfri.

Annars byrjuðu þessar ritstjórnargreinar býsna snemma eftir að tekið var upp á því að útvarpa þeim eða hluta úr þeim að hafa áhrif á sjálfa samningu greinanna. Ég man t. d. eftir ritstjórnargrein í Þjóðviljanum, sem byrjaði svona: Í þessum útvarpsþætti.

Ég sem sagt ítreka þá skoðun mína, að þetta verði að vera á ábyrgð útvarpsins svo sem verið hefur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Nú er svo knappur ræðutími að manni vinnst ekki tími í einni atrennu til að gera nægilega vel grein fyrir sínu máli. En ég vil bæta því við það sem ég sagði áðan, að gagnrýnisorð mín áttu ekki endilega við þá útdrætti sem gerðir hafa verið síðustu misserin, heldur kemur það fyrir af og til að tíminn, sem starfsmenn útvarpsins hafa til að vinna þetta verk, er algerlega ónógur og óviðunandi. Þess vegna kemur það alltaf fyrir af og til, að þeir hafa engin tök á því að gera því leiðaraefni skil sem um er fjallað í viðkomandi blaði. Niðurstaðan af þessu verður auðvitað sú, — afleiðingin getur ekki orðið önnur, — að útdrátturinn skekkir það efni og gefur ranga mynd af því sem upphaflega var um fjallað.

Á hinn bóginn skil ég það afskaplega vel, að það skuli vera mikið áhugamál fulltrúa þeirra blaða, sem enginn les, að sem mest af þeim sé lesið upp í Ríkisútvarpinu. Þess vegna mundi mér ekki koma á óvart þótt þeir Alþfl.-menn mundu leggja til að leiðarinn yrði lesinn kvölds og morgna í Ríkisútvarpinu til þess að sem flestir yrðu varir við að það blað kæmi yfirleitt út.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hér er um tvö algerlega óskyld mál að ræða: Annars vegar hvort ætla megi að tiltekinn dagskrárliður Ríkisútvarpsins sé of dýr,

of kostnaðarsamur, miðað við það vinnuframlag sem til hans er lagt, hins vegar hvernig eigi að fara með þann dagskrárlið og hvernig eigi að reka hann. Ég lít á útvarpsráð sem nokkurs konar ritstjórn útvarpsins. Ég tel að það efni, sem útvarpið flytur, eigi að vera á ábyrgð þeirrar ritstjórnar og hún eigi að hafa alla forsjá þess með höndum. Ég væri andvígur því, eins og mér virðist niðurstaðan vera, ef Ríkisútvarpið úthlutaði pólitísku dagblöðunum fjórum einhverjum ákveðnum tíma í dagskrá sinni sem Ríkisútvarpið og útvarpsráð afsalaði sér ritstjórnarvaldi yfir, en fæli pólitískum ritstjórum dagblaðanna að ráðskast með þann hluta úr efni Ríkisútvarpsins eins og þeim byði við að horfa. Ég er eindreginn stuðningsmaður þess, að Ríkisútvarpið greini frá fréttaflutningi annarra fjölmiðla og skoðunum sem fram koma í öðrum fjölmiðlum, þ. á m. í leiðurum, ekki bara dagblaðanna heldur landsmálablaðanna einnig. Ég tel þetta gott útvarpsefni út af fyrir sig, en ég tel að það eigi alfarið að vera undir ritstjórn útvarpsins sjálfs, hvernig með þetta efni er farið, hvernig það er stytt og hvernig frá því er skýrt, en eigi alls ekki að láta það í hendurnar á umboðsmönnum pólitískra flokka á dagblöðunum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er út af þessum kostnaði. Ég greindi frá hver hann er. Hann er fast að 13 þús. á mánuði. Þetta er óneitanlega mikill kostnaður og virðist vera eins og þarna þyrfti að vera einn maður í fullu starfi. En mig langar þrátt fyrir allt til að benda á það, sem kom fram í viðtölum mínum við þá í útvarpinu, að reynst hefur óhjákvæmilegt að vinna þessa þætti í eftirvinnu í útvarpinu. Ástæðan fyrir því, að þetta verður svona dýrt, er að eftirvinnukaupið er að sjálfsögðu miklu hærra en dagvinnukaup og þess vegna kemur þessi háa tala út fremur en ella væri. Mig langar til að fram komi af minni hálfu að ég hef vissulega fengið skýringu hjá útvarpinu um þetta atriði. Þetta verk er unnið í eftirvinnu, jafnvel næturvinnu má segja, og það hlýtur að leiða af sér að kostnaður verður meiri en ella.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er aðeins vegna síðustu orða hæstv. ráðh. að ég blanda mér í þessa umr., sem er að vísu allkátleg á köflum. Ég hélt þó að tvær síðustu ræður hv. þm. hefðu eiginlega leyst málið að fullu og öllu, nema máske við hefði mátt bæta að það ætti ekki aðeins að lesa úr Alþýðublaðinu kvölds og morgna, heldur einnig með veðurfregnum.

Hæstv. ráðh. skýrir frá því, að það sé nauðsynlegt að vinna þessa vinnu á kvöldin og um nætur á 100% hærri taxta en ella. Ég fæ ekki skilið hvaða þörf er á því. Ritstjóri langstærsta og víðlesnasta blaðs landsmanna segir að það sé í lagi að ritstjórnargreinar Morgunblaðsins séu lesnar daginn eftir. Hví má ekki hafa sömu reglu á öllum blöðum og fá góðan íslenskumann, mann sem getur jafnvel fundið einhvern tilgang í skrifum sumra ritstjóra, til að vinna þetta í dagvinnu og borga þá þokkaleg laun fyrir það í dagvinnu, í stað þess að láta þetta verða sem bitlingagrein einhverra ákveðinna manna til að vinna í kvöld- og næturvinnu?

Gróði bankakerfisins, fsp. (þskj. 41) — Ein umr.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það má til sanns vegar færa að fyrirspyrjandi sé hv. 4. þm. Suðurl., en fyrir nokkru þurfti ég að bregða mér frá um stundarsakir til að sinna alþjóðamálum á snærum utanríkisþjónustunnar og í fjarveru minni sinnti varamaður minn, Baldur Óskarsson, þingstörfum. Meðal annarra ávaxta af þeim störfum er fsp. sem hann hefur leyft sér að flytja og beinir máli sínu til hæstv. viðskrh. Þetta mál hans mun ég flytja. (Gripið fram í.) Hv. þm. er órólegur því að það komst upp að hann hafði ekki fengið að sofa í flugmóðurskipinu.

Herra forseti. Það er nú nokkuð um liðið síðan þessi fsp. var lögð fram og ýmislegt af því, sem þar er spurt um, hefur þegar verið upplýst í umr. á Alþingi og annars staðar í fjölmiðlum. Engu að síður er mikilvægt að fá svör við þeim spurningum sem hér eru lagðar fram. Það kemur m. a. til af því, að fram hefur komið að útflutningsatvinnuvegirnir eigi nú við rekstrarerfiðleika að etja og því skýtur nokkuð skökku við að heyra í umr. hér á Alþingi og annars staðar í þjóðlífinu að á sama tíma raki banka- og sjóðakerfið saman miklum gróða og þá einkum Seðlabanki Íslands. Nú er það ekki hlutverk bankanna að stunda gróðarekstur, heldur eiga þeir að vera tæki til að þjóna landsmönnum og atvinnulífinu og standa undir heilbrigðum rekstri atvinnuvega landsmanna.

Í bankakerfinu hér á landi hefur Seðlabankinn sérstöðu, en hann er þjónustutæki ríkisstj. á hverjum tíma varðandi efnahagsstefnu og stjórn peningamála. Seðlabankinn á ekki sjálfur að taka þátt í beinum rekstri og auðvitað enn þá fráleitara að hann sé að safna gróða á kostnað atvinnuveganna og kostnað þeirra vinnulauna sem því fólki ber sem framleiðsluna skapar. Þessi fsp. um gróða bankanna er hér borin fram til að hæstv. bankamálaráðh. upplýsi hvernig þessu er í raun og veru varið. Þetta mál er mjög þýðingarmikið fyrir afkomu atvinnuveganna og um leið þróun kaupgjaldsmála í landinu.

Nú háttar svo til að Seðlabankinn er orðinn æðifyrirferðarmikill í þjóðlífinu og miklu fyrirferðarmeiri en hliðstæðir bankar í öðrum löndum. Seðlabankinn hefur t. a. m. leyfi til að binda verulegt fé innlánsstofnana og hefur bindiskyldan numið 28% af innlánsaukningu banka og sparisjóða. Nýlega var svo þessi bindiskylda aukin um 5% til viðbótar, en þannig er um hnútana búið varðandi þessa viðbót að hún er lögð á allt innlánsfé bankanna þannig að þessi binding er því umtalsvert meiri en lánað er til endurkaupa út á framleiðsluna.

Það, sem er undarlegt varðandi Seðlabankann, er að hann annast alla sína endurskoðun sjálfur. Allir aðrir bankar og sparisjóðir hafa endurskoðendur og lúta auk þess lögum um bankaeftirlit, en bankaeftirlitið er ein deild í Seðlabankanum. Þar er um strangt eftirlit að ræða varðandi innlánsstofnanir, eins og er auðvitað sjálfsagt mál, en aftur á móti er ekkert eftirlit með Seðlabankanum sjálfum af utanaðkomandi aðila, hvorki Alþingi né óháðum endurskoðunaraðila, enda beinlínis ráð fyrir því gert í lögum um Seðlabankann að hann endurskoði sjálfan sig. Þetta er auðvitað óviðunandi, ekki síst vegna þess að Seðlabankinn hefur sterka tilhneigingu til að draga til sín fjármagn og vald og vill vera dómari í eigin málum.

Á tímum tíðra gengisbreytinga, hvort heldur er um að ræða gengisfall eða gengissig, þekkjum við það vel, að ýmsir aðilar, jafnt í atvinnurekstri sem annars staðar, verða fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum af völdum gengistaps. Á sama hátt fá þeir, sem eiga mikinn

gjaldeyri, hagnað. Það á auðvitað einnig við um Seðlabankann, enda hefur hann bæði nú og fyrr fallist á að skila hluta af slíkum hagnaði. Einmitt af þessum sökum verður að fara fram mjög ítarleg, hlutlaus og fagleg rannsókn á því, hver þessi hagnaður Seðlabankans er og hver rekstrarhagnaður bankans er að öðru leyti.

Nú hef ég fengið að sjá hluta af gögnum sem stór útflutningssamtök í landinu hafa tekið saman um afkomu Seðlabankans og ríkisbankanna, en þessi gögn eru unnin af endurskoðanda og mönnum sem vel þekkja til bankarekstrar. Niðurstöður þessara rannsókna eru allar byggðar á reikningum Seðlabankans sjálfs. Það má því ætla að þar komi ekki öll kurl til grafar, en það, sem kemur í ljós, er býsna athyglisvert. Hagnaður ríkisbankanna einna 1980 var samkv. þessum gögnum 30.2 milljarðar gkr. og af þessari upphæð var hagnaður Seðlabankans 22.9 milljarðar gkr. Hagnaður, miðað við að halda við eigin fé í 54.9% verðbólgu, væri 12.3 milljarðar gkr. Nemur því hagnaður ríkisbankanna 1980 17.9 milljörðum gkr. umfram verðbólgustig.

Það eru ekki margir í rekstri sem geta státað af slíkum tölum. Forsvarsmenn frystihúsanna telja að þau séu rekin með 9% halla. Miðað við áætlanir Þjóðhagsstofnunar um útflutning freðfisks nema þessi 9% milli 16 og 18 milljörðum gkr. eða upphæð sem er langt innan þeirra marka sem gróði Seðlabankans var s. l. ár. Það er því eðlileg krafa að bankinn skili aftur til útflutningsframleiðslunnar óeðlilegum umframgróða. Þessi gróðasöfnun bankakerfisins á m. a. þátt í þeim erfiðleikum, sem framleiðsluatvinnuvegirnir eiga nú við að stríða, og kemur um leið í veg fyrir réttlátar launagreiðslur til verkafólks og sjómanna. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég fer alveg að ljúka máli mínu. Það væri synd að sleppa afganginum.

Í umr. um efnahagsmál á Alþingi síðustu daga hefur sjútvrh. upplýst að eigið fé Seðlabankans hafi þróast þannig á undanförnum árum: Í árslok 1977 var eigið fé Seðlabankans án fasteigna 2.6 milljarðar kr. Árin 1978, 1979 og 1980 voru þessar tölur 6.2 milljarðar, 13.2 milljarðar og 36.4 milljarðar — hafa þrefaldast á því ári. Í sept. er eiginfjárstaða Seðlabankans komin upp í 70 milljarða gkr. Svo gífurleg hefur aukning á eigin fé þessarar stofnunar orðið samkv. hennar eigin bókhaldi.

Í umr. á Alþingi hefur upplýstst að Seðlabankar í nágrannalöndum okkar greiða til baka til ríkissjóðs og atvinnuveganna óeðlilegan gróða sinn, enda er hlutverk seðlabankanna ekki að safna gróða. Þannig upplýsti hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson á dögunum að seðlabankinn í Svíþjóð hefði greitt í ríkissjóð 650 milljarða kr. af hagnaði sínum. Í ljósi þess, að nettó-gjaldeyriseign landsmanna er nú 31. okt. orðin 1673 millj. kr., er ekki óeðlilegt að spurt sé með hliðsjón af aðstæðum í atvinnu- og efnahagslífi okkar hvaða leiðir séu til að nýta gróða bankanna í þágu íslenskra atvinnuvega og hvaða leiðir ríkisstj. ætli að fara í þeim efnum.

Fsp. til hæstv. ráðh. hljóðar svo:

„1. Hver var rekstrarhagnaður Seðlabankans og viðskiptabankanna á s. l. ári sundurliðað eftir bönkum?

2. Hvernig breyttist eiginfjárstaða bankanna árið 1980?

3. Hvernig hefur endurmatsreikningur Seðlabankans þróast s. l. 5 ár til þessa dags?"

4. Hvaða leiðir eru færar til að nýta gróða bankanna í þágu atvinnuvega landsmanna og hvaða áætlanir hefur ríkisstj. uppi um það?"

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. 1. spurning hv. þm. er svohljóðandi:

„Hver varð rekstrarhagnaður Seðlabankans og viðskiptabankanna á s. l. ári sundurliðað eftir bönkum?"

Samkv. ársskýrslu Seðlabankans árið 1980 var rekstrarhagnaður hans 42 milljónir kr., 4 milljarðar 229.3 millj. gkr. Samkv. uppgjöri bankaeftirlitsins var rekstrarhagnaður viðskiptabankanna árið 1980 samtals 79 millj. kr. eða 7 milljarðar 906.1 millj. gkr.

2. liður fsp. er svohljóðandi: „Hvernig breyttist eiginfjárstaða bankanna árið 1980?"

Tölur yfir eiginfjárstöðu eru fengnar úr efnahagsreikningum bankanna. Til að gera tölurnar sambærilegar er endurmati fasteigna þó bætt við í þeim tilfellum sem það var ekki gert í efnahagsreikningum, þ. e. hjá Seðlabanka bæði árin og Landsbanka 1979. Eigið fé Seðlabanka Íslands 31. des. 1979 var 14 milljarðar 186.2 millj. gkr. Staða Seðlabankans ári síðar eða 31. des. 1980 var 37 milljarðar 803.3 millj. gkr. Breyting á eigin fé bankans frá áramótum 1979—1980 til áramóta 1980—1981 var því 23 milljarðar 617.1 millj. gkr. Þessi breyting á eigin fé Seðlabankans sundurliðast þannig, að endurmatsreikningur bankans hækkaði um 18 milljarða 452.5 millj. gkr., varasjóður og annað eigið fé hækkaði um 4 milljarða 429.3 millj. gkr. og endurmat vegna fasteigna um 735.3 millj. gkr. Eigið fé viðskiptabankanna var 31. des. 1979 21 milljarður 688.9 millj. gkr., en ári síðar eða 31. des. 1980 37 milljarðar 626.9 millj. gkr. og hafði hækkað um tæpa 16 milljarða gkr. á árinu. Þegar þessar stærðir eru metnar verður að hafa í huga að verðbólgan var tæplega 60% á árinu 1980.

Á s. l. 20 árum hefur hlutfallið á milli eigin fjár og niðurstöðutölu efnahagsreikninga bankanna yfirleitt farið lækkandi. Í árslok 1961 var þetta hlutfall 9% og hefur ekki verið hærra í 20 ár. Það fór svo lækkandi jafnt og þétt og var orðið lægst árið 1978, hafði þá lækkað úr 9% niður í 1.5%. Árið 1979 var hlutfallið á milli eigin fjár viðskiptabankanna og niðurstöðutölu efnahagsreiknings 2% og á seinasta ári, 1980, var það svo 2.4%. Þetta hefur því snúist við til betri vegar.

3. liður fsp. hljóðar svo: „Hvernig hefur endurmatsreikningur Seðlabankans þróast s. l. 5 ár til þessa dags?"

Endurmatsreikningur Seðlabankans vegna gengisbreytinga er til kominn vegna hækkana á bókfærðu verði gjaldeyrisforða Seðlabankans, sem orðið hafa vegna gengislækkunar krónunnar á undanförnum árum. Það fé, sem á móti endurmatsreikningi stendur, er bundið í gjaldeyrisforða bankans og er ekki til ráðstöfunar nema gengið verði á gjaldeyriseignina. Endurmatsreikningur Seðlabankans árin 1976—1980 hefur staðið þannig: Í árslok 1975 mínus 412 millj. gkr., í árslok 1976 mínus 80 millj. gkr., í árslok 1977 618 millj. gkr., í árslok 1978 3 milljarðar 456 millj. gkr., í árslok 1979 8 milljarðar 495 millj. gkr. og í árslok 1980 26 milljarðar 948 millj. gkr.

4. og seinasti liður fsp. hljóðar svo: „Hvaða leiðir eru færar til að nýta gróða bankanna í þágu atvinnuvega landsmanna og hvaða áætlanir hefur ríkisstj. uppi um það?"

Landsbankinn, Útvegsbankinn og Búnaðarbankinn eru sjálfstæðar stofnanir í eigu ríkisins og lúta sérstakri stjórn. Hlutverk viðskiptabankanna er að reka hvers konar bankaviðskipti og stuðla að vexti og viðgangi at-

vinnuvega landsmanna. Hlutverk Seðlabankans er nokkuð annað. Það er m. a. að annast seðlaútgáfu fyrir landsmenn og vinna að því að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt, að efla og varðveita gjaldeyrisvarasjóð, er nægi til þess að tryggja frjáls viðskipti við útlönd og fjárhagslegt öryggi þjóðarinnar út á við. Enda þótt eigið fé hafi aukist nokkuð í bönkum síðustu tvö árin hefur það þó ekki náð viðunandi stigi þegar á heildina er litið. Þó er nokkur munur á bönkum í þessu efni.

Ef litið er á frjálst eigið fé viðskiptabankanna var það, eins og áður er rakið, 2.4% af niðurstöðutölu efnahagsreikninga í árslok 1980. Þetta hlutfall er í lægra lagi. Nægir að benda á að í Bretlandi er þess krafist, að þetta hlutfall sé minnst 3%, til þess að bankar geti starfað. Á Norðurlöndum eru alls staðar lagaákvæði um lágmark eigin fjár banka. Í Danmörku skal eigið fé banka og sparisjóða nema minnst 8% af samanlögðum innlánum og veittum ábyrgðum að frádregnum nokkrum efnahagsliðum. Í Noregi er lágmark eigin fjár 6.5% af niðurstöðutölum efnahagsreiknings að frádregnu eigin fé og nokkrum áhættulitlum eignaliðum. Í Svíþjóð gilda um þetta flóknar reglur og í Finnlandi sömuleiðis, en í báðum löndum er krafist ákveðins lágmarks. Í bankalöggjöf annarra landa eru víðast hvar svipuð ákvæði um lágmark eigin fjár. Ekki eru samræmd ákvæði um þessi efni í íslenskri löggjöf. Ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum ríkisviðskiptabankanna. Um aðra banka og sparisjóði gilda ekki samræmdar reglur, en þó eru gerðar vissar lágmarkskröfur um eigið fé. Væri vissulega ástæða til að samræma lagareglur um eigið fé banka, eins og gert er t. d. á hinum Norðurlöndunum og í flestum þróaðri löndum. Sterk eiginfjárstaða er gjaldeyrisbönkum mjög nauðsynleg, því fyrirgreiðsla erlendra aðila mótast mjög af því trausti sem þeir bera til viðskiptabankans hér. Gagnvart innlendum aðilum er eiginfjárstaða banka mjög mikilvæg, ekki síst þeirra banka sem ekki njóta ríkisábyrgðar á innlánum. Hins vegar yrði það ekki fyrirhafnarlaust fyrir einstaklinga að draga ríkið til ábyrgðar ef til þess kæmi.

Af því, sem ég hef nú rakið, virðast ekki efni til eins og sakir standa að ráðstafa gróða viðskiptabankanna umfram það sem lög ákveða um tilgang þeirra. Hins vegar kann að vera ástæða til að haga ýmsum gjöldum, sem lögð eru á atvinnulífið, með öðrum hætti en nú er gert, og er eðlilegt að athugun fari fram á því.

Vík ég þá að Seðlabankanum. Eins og áður kom fram nam rekstrarhagnaður hans árið 1980 4 milljörðum 429.3 millj. gkr. Endurmatsreikningur bankans hækkaði á árinu 1980 um 18 milljarða 452.5 millj. gkr. og var í árslok 1980 tæplega 27 milljarðar. Á þessu ári hefur innstæða á endurmatsreikningi hækkað um 18 milljarða 86 millj. gkr. og nam því 45.8 milljörðum gkr. 30. sept. s. l. Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundi bankaráðs og bankastjórnar Seðlabankans 29. okt. s. l.:

„Með vísan til hugmynda, sem fram hafa komið um það að verja hluta af endurmatsreikningi Seðlabankans vegna gengisbreytinga til uppbóta á framleiðslu tiltekinna atvinnuvega, vill bankaráð og bankastjórn Seðlabankans taka fram eftirfarandi:

1. Endurmatsreikningur vegna gengisbreytinga er til kominn vegna hækkana á bókfærðu verði gjaldeyrisforða Seðlabankans, sem orðið hafa vegna gengislækkunar krónunnar á undanförnum árum. Það fé, sem á móti endurmatsreikningi stendur, er bundið í gjaldeyrisforða bankans og er ekki til ráðstöfunar nema gengið verði á gjaldeyriseignina.

2. Hvort leysa skuli tiltekinn efnahagsvanda með greiðslum úr Seðlabanka verður umfram allt að skoða frá því sjónarmiði, hvaða áhrif það hefur á efnahagslegt jafnvægi. Aðstæður í efnahagsmálum eru nú þær hér á landi, að nauðsynlegt er að beita fyllsta aðhaldi í peningamálum jafnframt því sem gjaldeyrisstaða þjóðarbúsins er síst betri en þörf er á til efnahagslegs öryggis, sérstaklega ef litið er til hinna miklu erlendu skulda þjóðarbúsins. Með tilliti til þessa eru nú ekki aðstæður til að auka á þenslu eða veikja gjaldeyrisstöðu með ráðstöfun sjóða Seðlabankans.

3. Loks skal vakin athygli á því, að Seðlabankinn hefur engar lagalegar heimildir til að verja eiginfjársjóðum utan rekstrar og almennra viðskipta í þágu tiltekinna aðila í þjóðfélaginu. Til slíkrar ráðstöfunar hlýtur að þurfa að koma til skýlaus heimild Alþingis í formi lagasetningar."

Þetta var ályktun sem samþykkt var á fundi bankaráðs og bankastjórnar Seðlabankans 29. okt. s. l. og var hún samþykkt samhljóða.

Ég vil leyfa mér að lesa upp nokkrar setningar úr greinargerð sem fylgdi þessari ályktun bankans:

„Rökin fyrir því að færa mótvirði erlendra gjaldeyriseigna Seðlabankans á sérstakan endurmatsreikning eru hliðstæð þeim er liggja því til grundvallar að hækkun matsverðs fasteigna hjá fyrirtækjum er nú færð á sérstakan endurmatsreikning í samræmi við ákvæði skatta- og bókhaldslaga, en skoðast ekki sem rekstrarhagnaður. Hækkanir og lækkanir erlendrar gjaldeyriseignar vegna gengisbreytingar krónunnar fela hvorki í sér venjulegan hagnað né tap. Breyting á bókfærðu verðmæti þessarar eignar í íslenskum krónum talið skiptir engu máli fyrir tilganginn með henni, þar sem hún verður aðeins notuð í erlendum gjaldeyri til jöfnunar á gjaldeyrisafkomu þjóðarbúsins." (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég á eftir örlítið af mínu svari því að þetta er nokkuð yfirgripsmikið efni sem hér er spurt um, en ég skal ekki tala mjög lengi til viðbótar. — „Ef verja ætti bókhaldslegri hækkun gjaldeyriseignar til útgjalda, t. d. í þágu útflutningsatvinnuveganna, verður ekki undir því staðið nema með því einu að selja hluta af gjaldeyriseigninni og ganga þannig á gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Þessu má líkja við það, að menn vildu ráðstafa hækkun á fasteignamatsverði byggingar til þess að bæta rekstrarafkomu viðkomandi fyrirtækis. Slíkt yrði ekki gert nema með því að ganga á raunverulegar eignir fyrirtækisins.

Sá misskilningur virðist útbreiddur, að hækkun á bókfærðu verði gjaldeyriseignar Seðlabankans sé hagnaður sem sé tekinn með einhverjum hætti frá útflutningsatvinnuvegunum. Þetta er fjarri öllu lagi, enda er hér um eignir í erlendum gjaldeyri að ræða, bankainnstæður og verðbréf svo og skuldir við erlenda aðila, og eru breytingar á þessum liðum viðskiptum Seðlabankans við innlenda aðila óviðkomandi. Öll slík viðskipti fara í gegnum rekstrarreikning bankans og koma fram í rekstrarafkomu hans, eins og síðar mun að vikið.

Niðurstaðan af því, sem hér hefur verið sagt, er því sú, að í breytingum á bókfærðu verði erlendra eigna Seðlabankans felist eingöngu endurmat þessara eigna. Eigna-

aukningunni í íslenskum krónum af slíku endurmati verður því ekki ráðstafað nema með því að ganga á eignirnar sjálfar. Með því að ráðstafa slíkum eignum til útlanda væri Seðlabankinn því að ganga á gjaldeyrisforða þjóðarinnar og bregðast því hlutverki sínu að tryggja sem best fjárhagslega stöðu hennar út á við."

Þetta var úr greinargerð bankastjórnar og bankaráðs Seðlabankans fyrir þeirri ályktun sem ég las hér áður.

Ég vil þessu næst rekja hvað ríkisstj. hefur þegar gert í samvinnu við Seðlabankann til að létta undir með atvinnuvegunum, en mjög miklar sveiflur hafa verið í gengisskráningu á hinum alþjóðlega peningamarkaði á þessu ári, og jafnframt víkja að því sem er nú til umræðu hjá bankanum. Ég og sjútvrh. náðum fyrir hönd ríkisstj. samkomulagi við Seðlabankann um eftirfarandi atriði:

1. Lækkun vaxta af gengisbundnum afurðalánum um 4%, sem kosta Seðlabankann um 3 milljarða gkr. á þessu ári.

2. Endurgreiðslu gengisuppfærslu afurðalána hinn 26. ágúst s. l., sem kostar Seðlabankann 4.1 milljarð gkr.

3. Breytingu gengisviðmiðunar afurðalána vegna útflutnings til Evrópu vegna misvísunar á gengisskráningu hinna ýmsu landa á árinu, 3.5 milljarðar gkr.

4. Lán til loðnudeildar Verðjöfnunarsjóðs — lán sem er með ríkisábyrgð og er gert ráð fyrir að greiða fyrir 1. jan. 1984, 4.2 milljarðar gkr.

5. Lán til Byggðasjóðs vegna frystihúsa, sem er bráðabirgðalán, 1 milljarður gkr.

Til viðbótar er nú til umræðu og til athugunar: 1) lán til að breyta lausaskuldum sjávarútvegs í löng lán, allt að fjögurra ára lán, og 2) breyting afurðalána í innlend lán *og ekki kæmi til gengisuppfærslu þeirra við nýgerða* gengisbreytingu, en Seðlabankinn lagði til að breyta gengisbundnum afurðalánum í lán í íslenskum krónum.

Auk þess má minna á fyrirgreiðslu Seðlabankans til að bæta fjárhag Útvegsbankans, sem bæði felur í sér útlánaaukningu og tekjutap fyrir Seðlabankann, en þessi fyrirgreiðsla var fólgin í: 1) endurgreiðslu vaxta, 12 millj. kr., 2) sérstakri lánveitingu, er ríkissjóður greiðir á 12 árum, að upphæð 50 millj. kr., og 3) fyrirgreiðslu vegna tilflutnings viðskipta, 57 millj. kr. Það eru því býsna miklar fjárhæðir sem hér er um að ræða og með þessum ákvörðunum verður mjög gengið á rekstrarafkomu bankans á árinu.

Eigið fé Seðlabankans hefur vaxið verulega á s. l. tveim árum og stóð samtals betur við s. l. áramót en nokkru sinni s. l. 20 ár. Ef einvörðungu er litið á annað eigið fé bankans en endurmatsreikninginn kemur í ljós að það *var meira við s. l. áramót en undangengin 6 ár*, ef miðað er við hlutfall eigin fjár og niðurstöðutölur efnahagsreiknings. Hins vegar er annað fé miklu minna nú en það var á áratugnum 1960—1970.

Varðandi þessar ráðstafanir í heild vil ég að lokum segja þetta:

Staða útflutningsatvinnuveganna hefur verið slæm vegna vaxandi tilkostnaðar hér heima borið saman við söluverð framleiðslunnar. Þegar af þeirri ástæðu svo og vegna batnandi stöðu Seðlabankans er það skoðun ríkisstj., að rétt sé að verja hluta af eiginfjáraukningu bankans til að bæta rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Það er hins vegar misskilningur, að gengið verði á gjaldeyrisforða þjóðarinnar með þessum ráðstöfunum.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég held að við fáum því aðeins fullt gagn af þessari fsp. að við reynum að tengja hana aðeins betur þeirri umræðu sem átt hefur sér stað undanfarna daga og vikur um efnahagsmál.

Þjóðviljinn hefur haldið því fram, að í Seðlabankanum sé að finna hagnað sem sé fenginn frá atvinnulífinu, sem unnt sé að taka og færa til baka. Seðlabankinn hefur hins vegar sagt sem svo, að þetta sé aðeins uppreikningur á gjaldeyrisvarasjóðnum og hvort menn vilji skerða gjaldeyrisvarasjóðinn sé spurning um viðskiptaöryggi. Seðlabankinn hefur enn fremur bent á það, að allar tilraunir til að taka hlut af gjaldeyrisvarasjóði eða svokölluðum hagnaði og demba honum út í atvinnulífið sé ekkert annað en aukning á peningamagni í umferð, sem muni hafa þensluáhrif og auka verðbólguna í landinu. Nú vitum við öll vel að ríkisstj. hefur verið að reyna að ná tökum á verðbólguþróuninni og beitt einkum fyrir sig þeim úrræðum að halda niðri kaupgjaldi í landinu. Það sýnir að það er trú og skoðun þessarar ríkisstj. að kaupið sé meginorsök verðbólgunnar. Allir vita hins vegar að það eru margir aðrir þættir sem hér skipta miklu máli. Þar má m. a. nefna stjórn fjárfestingarmála, hversu mikið er fjárfest, og enn fremur stjórn peningamála, hversu mikið fé er haft í umferð í atvinnulífinu. Þess vegna finnst mér tilefni til þess, einkum í ljósi nýgerðra kjarasamninga, sem verkalýðshreyfingin virðist hafa gert með mikilli ábyrgðartilfinningu og mikilli hófsemi að spyrja: Finnst hæstv. viðskrh. tilefni til þess að fara að leysa í skyndi tímabundinn vanda atvinnuveganna með því að grípa til verðbólguhvetjandi aðgerða eins og að auka peningamagn í umferð, og finnst honum koma til greina að hætta viðskiptaöryggi þjóðarinnar með því að *ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn*?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er fyllsta ástæða til að ræða þessi mál sérstaklega hér á Alþingi í ljósi þeirrar furðulegu umræðu sem í raun hefur átt sér stað um þessi mál á almennum vettvangi að undanförnu. Mér finnst furðulegt að menn tali í öðru orðinu um hagnað en í hinu um tölur í efnahagsreikningi bankakerfisins. Eitt er hagnaður, annað er efnahagsstaða.

Það eru í rauninni þrír liðir sem hér hafa verið ræddir. Það er í fyrsta lagi hagnaður Seðlabankans. Þá skulum við gera okkur grein fyrir því, að hagnaður hans kemur fram á rekstrarreikningi, en ekki á efnahagsreikningi. Hagnað hans má lesa af rekstrarreikningi. Í öðru lagi er verið að tala um efnahag Seðlabankans. Og í þriðja lagi er verið að tala um viðskiptabanka. Hæstv. viðskrh. gaf tölur bæði um rekstrarhagnað þeirra og eins um eiginfjárstöðu. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn haldi þessu aðskildu.

Ef við lítum fyrst á hagnað viðskiptabankanna og spyrjum okkur hvort hann, þ. e. a. s. sá hagnaður sem birtist á rekstrarreikningi viðskiptabankanna, eigi að vera til úthlutunar í þjóðfélaginu, þá má vel vera að hann eigi að vera til úthlutunar í þjóðfélaginu. En þá spyr ég: Hverjir eru það sem eiga kröfu í þann hagnað? Hvernig varð sá hagnaður til hjá viðskiptabönkunum? Jú, hann varð þannig til að útlánavextir voru hærri en innlánavextir að raungildi og sparifjáreigendur fengu ekki raunvexti. Það eru því sparifjáreigendur sem eiga kröfu í hagnað viðskiptabankanna.

Að því er varðar hagnað Seðlabankans af viðskiptum t. d. við aðila sjávarútvegsins finnst mér ekki eðlilegt að það sé hagnaður af því, en sá hagnaður á að koma fram á

rekstrarreikningi. Að því er varðar efnahagsreikning Seðlabankans gegnir allt allt öðru máli. Þar er um að ræða uppfærslu á eignum. Þar er í raun og sannleika um gjaldeyrisvarasjóðinn að ræða. Þessi sjóður er sameign allrar þjóðarinnar og verður ekki úthlutað til einhverra einstakra útvalinna hópa. Fyrir gjaldeyrisvarasjóðnum hefur þjóðin unnið öll í sameiningu og hún á hann saman. Honum verður ekki úthlutað til neinna einstakra hópa. Það mundi auk þess stefna efnahagslegu sjálfstæði okkar í enn frekari voða að ganga á gjaldeyrisvarasjóðinn. Það væri nú til að kóróna vitleysuna í þessu þjóðfélagi, þegar allir sjóðir hafa verið tæmdir, herra forseti, og teknir peningar að láni, að eyða gjaldeyrisvarasjóðnum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það eru ekki tök á að fara út í umr. um þessi mál, en ég vil þó nota tíma minn til að leiðrétta það sem hv. fyrirspyrjandi sagði og er rangt. Hann sagði að ársreikningar Seðlabankans væru sjálfendurskoðaðir. Í 30. gr. laga um Seðlabankann stendur eftirfarandi:

„Bankaráð ber ábyrgð á endurskoðun reikninga bankans, og skal sérstök endurskoðunardeild starfa við bankann undir umsjón þess. Auk þess skal formaður bankaráðs, og í forföllum hans varaformaður, ásamt sérstökum bókhaldsfróðum endurskoðanda, sem til þess er ráðinn af bankaráði, fylgjast með framkvæmd endurskoðunar og gera reglulegar athuganir á bókhaldi og eignum bankans."

Það skal upplýst, að þessi sérstaki bókhaldsfróði endurskoðandi er utanaðkomandi endurskoðandi og áritar reikninga bankans, sem ég vænti að hv. fyrirspyrjandi, þó hann sé nú ekki hér í salnum, en umboðsmaður hans mun vera hér, hafi lesið þegar þessi fsp. var sett fram. Áritun þessi er á bls. 66 í reikningum bankans og undirrituð af Stefáni Svavarssyni löggiltum endurskoðanda, sem er utanaðkomandi endurskoðandi. Ég harma að hv. fyrirspyrjandi skuli vera — ég vænti þess að það sé ekki vísvitandi — að ala á tortryggni í garð bankans. Þetta vildi ég leiðrétta.

Í öðru lagi vildi ég leiðrétta það, að eigið fé Seðlabankans er ekki 70 millj. sem stendur þó að það hafi verið 36 millj. um s. l. áramót. Það hefur ekki endanlega verið gert upp vegna þess að það er ekki vitað um rekstrarniðurstöðu bankans, en það er mun minna en hv. umboðsmaður fyrirspyrjanda lét í ljós.

Ég vil að öðru leyti vísa hér til greinargerðar bankaráðs og bankastjórnar um þetta mál. Þar eiga sæti fulltrúar allra stjórnmálaflokka á Íslandi og þessi greinargerð var samþykkt í bankastjórn og bankaráði einróma.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er ekki ónýtt að vera kallaður umboðsmaður hér hvað eftir annað, en svo er ekki.

Ég heyrði ekki betur en það kæmi fram í ræðu hv. 3. þm. Austurl., að það væri endurskoðunardeild bankans sem sæi um endurskoðunina þó að einhver maður úti í bæ væri fenginn til að skrifa undir þá niðurstöðu. Tek ég ekki mikið mark á því frekar en öðru sem kemur frá þessari stofnun.

Ég fagna því auðvitað alveg sérstaklega, að hv. þm. og fyrrv. hæstv. — sem hann ætti eiginlega helst að vera enn þá — Kjartan Jóhannsson skyldi koma hér upp og veita okkur kennslustund í þessum efnum. Það er eins og fyrri daginn, að hann veit alltaf betur en allir aðrir um allt. Ég þakka honum fyrir lesturinn.

Um þetta mál er auðvitað mjög margt hægt að segja. Það tekur hins vegar lengri tíma en þær örfáu mínútur sem eru hér til umráða. Þess vegna er varla unnt að fara út í efnisþætti að ráði. En það er ómögulegt annað en að nefna þó nokkuð. Ég vil þó fyrst, áður en ég held lengra áfram, þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þau voru mjög greinargóð og ég var sammála ýmsu af því sem hann sagði í sínu máli þó að allar tölur og meginmálið í svörum hans væri greinilega komið beint frá Seðlabankanum sjálfum. Það sýnir í hvernig stöðu menn eru hér og annars staðar í þjóðfélaginu þegar huga á að málefnum Seðlabankans. Þegar spurt er um hag hans og stöðu koma svörin ævinlega beint frá honum sjálfum. Þetta er auðvitað ekki verulega gott.

Ég vil undirstrika að það verði látin fara fram hlutlaus og fagleg úttekt á Seðlabankanum og um það gefin skýrsla hér á hinu háa Alþingi þannig að menn gætu fengið sem réttasta mynd af þeirri stöðu allri. Það væri t. d. mjög forvitnilegt, vegna þess að menn tala hér um gjaldeyriseignina, um mjög háar tölur, — þær mættu kannske vera hærri, — að fá að vita hvernig Seðlabankinn ávaxtar þessa gjaldeyriseign landsmanna. Það hlýtur að skipta mjög miklu máli hvernig svo stórar upphæðir á okkar mælikvarða eru ávaxtaðar erlendis og hvernig bankastjórunum fer það starf úr hendi. Þetta veit ég ekki um. Það getur vel verið að hv. þm. Halldór Ásgrímsson viti það. Þó er ég ekki alveg viss. En ég er alveg sannfærður um að aðrir hv. þm. vildu gjarnan fá að vita hvernig þeim málum er háttað því að þar er um mjög stórar upphæðir að tefla.

Í bókun Seðlabankans, sem hæstv. bankamálaráðh. rakti hér, er ýmislegt sem ekki er alveg í takt við það sem aðrir hæstv. ráðh. ríkisstj. hafa sagt, m. a. hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson. Þar snýr allt önnur hlið upp í þessu máli. Þar er t. d. talað um að engar langaheimildir séu fyrir að færa þessa peninga til, en hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson fullyrðir hið gagnstæða, auk þess sem það kom fram í orðum hæstv. viðskrh. áðan, að það væri búið að færa þessa peninga til án nokkurrar lagaheimildar. Þannig eru fljótfundnir gallarnir og götin á því máli sem frá Seðlabankanum kemur.

En skyldi eigið fé Seðlabankans ekki hafa vaxið allvel fyrir okurkjör á yfirdráttarvöxtum til viðskiptabanka atvinnulífsins í landinu? Það er einkennilegt að heyra menn tala um að það séu ekki raunverulegir fjármunir sem þarna er verið að færa til. Það er að mínum dómi augljóst að þarna er um raunverulega peninga að ræða, að hluta til a. m. k., því að það þykir þungur baggi atvinnufyrirtækjum í landinu og viðskiptabönkum þeirra að greiða þessa peninga til Seðlabankans. Hví skyldi það þá ekki vera verðmæti alveg eins þegar þessir peningar fara hina leiðina?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Almennar umr. um þessi mál eru nú yfirgripsmeira efni en hægt sé að gera því í raun og veru nokkur tæmandi skil í örstuttu máli. Ég vildi aðeins að gefnu tilefni víkja hér að tveimur atriðum, sem komu aðallega fram í ræðu hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar og raunar hv. þm. Kjartans Jóhannssonar einnig, og það er varðandi fjárfestingarmálin og peningamálin.

Það er ástæða til að vekja athygli á því, að á tiltölulega stuttum tíma minnkuðu innlán í íslenska bankakerfinu

miðað við þjóðarframleiðslu úr 40% niður í rúmlega 20% og voru 20.5% árið 1978. Með setningu Ólafslaga svonefndra 1979, þar sem inn- og útlán voru verðtryggð, varð breyting á þessu. Á árinu 1980 hækkaði þetta hlutfall úr 20.5% upp í 23.8%, og á þessu ári er talið að þetta sama hlutfall muni hækka úr 23.8 á síðasta ári upp í 26.5%. Áætlað er að á næsta ári muni þetta hlutfall hækka upp í 29%. Hér er því um að ræða bata á þessu sviði. Þessi mál haldast náttúrlega gífurlega í hendur við þörf þjóðarinnar á erlendum lántökum til framkvæmda og rekstrar. Það hafa margir áhyggjur af því, að Íslendingar skulda mikið og þurfa mikil erlend lán til uppbyggingar og framfara. Ein af ástæðunum fyrir því, hvað þeir þurfa að taka mikið að láni erlendis, er að þeir hafa misst verulega niður sparnaðinn í bankakerfinu á undanförnum árum. Þessi þróun, sem ég var að lýsa, er auðvitað í þá átt að gera mönnum kleift að nýta meira af innlendu fé til uppbyggingar og framfara en nú er gert, og þess vegna er hún af því góða og ástæða til að undirstrika það.

Varðandi fjárfestingarmálin er ástæða til að benda á að fjárfestingarhlutfall Íslendinga af þjóðarframleiðslu hefur verið á bilinu 26 til rúmlega 30% á undanförnum árum. Þetta hlutfall hefur verið að lækka, er á þessu ári í kringum 26% og mun að líkindum lækka niður í 24% eða tæplega það á næsta ári. Hér er því um að ræða hlutfallslega lækkun fjárfestingar frá því sem verið hefur og stefnir í þá átt að draga frekar úr þenslu í efnahagskerfinu en áður hefur verið.

Ég vildi nú vekja athygli á þessum tveimur atriðum að gefnu tilefni.

Í þriðja lagi vil ég undirstrika það, sem margir aðrir hafa gert, að það má ekki rugla saman gjaldeyrisvarasjóðnum í Seðlabankanum og hagnaði eða eigin fé að öðru leyti. Það eru tveir óskyldir þættir. Ég hef stundum sagt það í gamni, að þegar ég kom í fjmrn. sem fjmrh. spurði ég að því þar, hverjar væru skuldir ríkisins, og fékk greiðlega úr því leyst. Og svo spurði ég, hverjar væru eignir ríkisins. Þó að fjmrn. sé mjög vel mannað rn. stóð þetta í mönnum. Ég hygg að það sé hvergi uppfært á einum stað hverjar séu eignir íslenska ríkisins. Þær skipta áreiðanlega hundruðum milljarða gkr. Það er kannske ráð að búa til endurmatsreikning hjá ríkinu. Við skulum segja að ríkiseignin væri kannske 200 milljarðar. Ég nefni það algerlega út í bláinn. Ég hef ekki nokkra aðstöðu til að meta það. Við skulum segja að endurmatsreikningurinn væri miðaður við 40% verðbólgu á þessu ári. Hann yrði þá 80 milljarðar. Ef menn álíta að hægt sé að taka af þessum endurmatsreikningi og greiða í rekstur, t. d. af þjóðfélaginu, þá er náttúrlega alveg sýnilegt að það stenst ekki. Menn geta ekki tekið Stýrimannaskólann og borgað með honum til að bæta rekstur sjávarútvegsins, svo að dæmi sé tekið. (**Gripið fram í:** Hefur það komið til tals í ríkisstj.?) Nei, þetta hefur ekki komið til tals. En ég nefni þetta vegna þess að það er hættulegt ef menn gera ekki greinarmun á gjaldeyrisvarasjóðnum og hagnaði Seðlabankans að öðru leyti. Gjaldeyrisvarasjóðurinn hækkar náttúrlega í íslenskum krónum eftir því sem íslenska krónan lækkar gagnvart erlendum krónum, og það þarf auðvitað að hafa í huga, þegar menn eru að ræða þessi mál, að gjaldeyrisvarasjóðurinn er í erlendum gjaldeyri, en ekki í íslenskum krónum. Hann er nákvæmlega jafnverðmætur þótt hann hækki sem nemur falli íslensku krónunnar t. d. á einu ári.

Að lokum vil ég svo taka fram og ítreka það sem kom fram í mínu svari áðan, að þrátt fyrir að viðskiptabankakerfið hafi verið að styrkjast núna undanfarin ár, eins og ég nefndi, er þó hagnaður viðskiptabankanna ekki kominn á það stig að hann sé það sem hann þarf að vera. Ég nefndi áðan að hlutfall af eigin fé viðskiptabankanna og niðurstöðutölu efnahagsreiknings væri 4% en t. d. í Bretlandi þarf þetta að vera 3% til þess að bankar fái leyfi til að starfa, og strangari kröfur eru gerðar á Norðurlöndum. Ég held því að það sé ekki um að ræða að menn geti tekið fé, því miður, út úr viðskiptabönkunum til að rétta af rekstrargrundvöll atvinnuveganna. Þannig held ég að málum sé ekki háttað. En eins og ég sagði áður og komið hefur fram hjá fleiri ræðumönnum eru þessi mál náttúrlega miklu meiri mál en það, að hægt sé að tala um þau til neinnar hlítar í örstuttri umr. eins og er í fsp.- tíma hér á hv. Alþingi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þessi ræða, sem hæstv. viðskrh. flutti nú, var í algerri andstöðu við þá ræðu sem hæstv. sjútvrh. hefur flutt nokkrum sinnum hér á Alþingi um þetta sama málefni. Það væri æskilegt að hæstv. viðskrh. ræddi við hæstv. sjútvrh. um þetta málefni svo að við óbreyttir stuðningsmenn ríkisstj. gætum fengið að heyra hvaða línu við ættum að fylgja í málinu. (**Gripið fram í:** Þú verður að fylgja tveimur línum.)

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég ætla aðeins að gefa hv. þm. línuna sem hann á að fylgja frá okkur hæstv. sjútvrh. Hún er þessi, að það á ekki að nota gjaldeyrisforða þjóðarinnar til að greiða kostnað af atvinnulífi eða við rekstur atvinnuvega landsins.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég veit að hæstv. viðskrh. fær mörg skjöl frá Seðlabankanum. Mér fannst þetta svar hans og fyrri ræða bera með sér að e. t. v. væri þessi lestur á skjölum Seðlabankans farinn að verða eins konar utanbókarlærdómur. Þær röksemdir, sem hann flutti hér í sinni fyrri ræðu og komu fram óbeint í svari hans áðan, gáfu til kynna að hæstv. viðskrh. væri sammála þeim röksemdum sem Seðlabankinn hefur flutt í þessu máli, en hæstv. sjútvrh. hefur afneitað hér á Alþingi hvað eftir annað. Það vill svo til að ég hef í þessu máli verið sammála hæstv. sjútvrh. Alþb. hefur stutt hæstv. sjútvrh. í þessu máli og aðrir stjórnarliðar vona ég einnig. Þess vegna kemur mér á óvart að heyra hér í ræðustól á Alþingi fluttar af ráðh. ríkisstj. nánast eins og páfagaukslærdóm þær villuröksemdir sem Seðlabankinn hefur flutt í þessu máli og hæstv. sjútvrh. og við stuðningsmenn ríkisstj. höfum neitað að séu réttar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það kemur mér nokkuð á óvart að heyra formann þingflokks Alþb., hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, halda því fram að hann sé sammála sjútvrh. um að nú þurfi að taka hluta af gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar og úthluta til einhverra tiltekinna atvinnufyrirtækja. Ég veit ekki betur en að fyrir nokkrum dögum hafi sami þm. verið að lýsa því úr þessum ræðustól, hvað þessi fyrirtæki stæðu sterk og öflug, og tók m. a. sérstakt dæmi um að eitt af þessum fyrirtækjum hefði sjálft getað fjármagnað kaup á stóru og voldugu fiskiskipi án þess að þurfa að fá lánsfjárfyrirgreiðslu nokkurs staðar frá. Af orðum hans mátti ekki annað marka en allt væri í lukkunnar velstandi í atvinnulífi

þjóðarinnar. Þess vegna finnst mér ástæða til að spyrja þennan hv. þm. hvort hann sé kominn á þá skoðun núna, að atvinnulífið standi svo veikum fótum að það þurfi að verja gjaldeyrisvarasjóði þjóðarinnar til að greiða fyrirtækjum í sjávarútvegi einhverja rekstrarstyrki og hvenær hv. þm. hafi þá komist á þá skoðun, því að hann var á annarri skoðun fyrir nokkrum dögum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þessi umr. ætlar að enda eins og hún hófst — með ólíkindum. Hún hófst með búktali og svo kveðast þeir nú á hv. 11. þm. Reykv. og formaður þingflokks Alþb. sem biðja um línu frá hæstv. ráðherrum, og straumarnir ganga á misvíxl í þessu eins og öðru.

Ég vildi gjarnan fá álit hv. 11. þm. Reykv. á því, hvaða aðgerð hann álítur það vera þegar ímyndaður eða bókfærður hagnaður í Seðlabanka er tekinn til að verja til rekstrar atvinnufyrirtækja í landinu. Er einhver munur á því — ef spurt er beint — og prentun seðla? Hann á auðvitað meiri kröfu en ég á skýrum svörum frá hæstv. ríkisstj. Í raun og veru snýst spurningin um það: Til hvaða ráða ætlar hæstv. ríkisstj. að grípa í þeim aðventunauðum sem atvinnuvegir Íslands eru staddir í um þessar mundir? Það er beðið um þetta svar. Ef þeir hyggjast ætla að halda í við verðbólguna með einhverjum hætti er lausnin áreiðanlega ekki sú, sem Alþb.- menn benda á og hæstv. sjútvrh. hefur vissulega tönnlast á, að auka seðlaprentun í Seðlabankanum — alveg áreiðanlega ekki. En ég legg á það áherslu, að hið háa Alþingi, ekki einvörðungu stjórnarliðar, þetta varðar okkur alla, fari að fá eitthvað fast undir fætur með það, til hvaða bragða á að grípa þegar neyðin bankar á dyr hringinn í kringum landið í höfuðatvinnuvegum okkar.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sem svar við spurningu síðasta ræðumanns vil ég ítreka það sem ég sagði áðan, að hæstv. sjútvrh. hefur í þó nokkuð mörgum ræðum hér á Alþingi undanfarið lýst skoðunum í þessum málum sem ég er algerlega sammála. Hæstv. sjútvrh. hefur haft forgöngu um það á undanförnum mánuðum og nú síðast á síðustu dögum að taka verulegan hluta af þessu fjármagni frá Seðlabankanum og flytja það yfir til atvinnuveganna. Ég hef stutt hann í því. Ég mun halda áfram að styðja hann í því. Síðan geta menn gefið þessum fjármagnstilfærslum einhvers konar fín gerviheiti sem Seðlabankinn hefur búið til. Þessar reikningsfærslur hjá Seðlabankanum hétu gróði fyrir nokkrum misserum. Svo kaus Seðlabankinn að skipta um bókhaldsheiti á því í sínum reikningum og ýmsir ágætir þm. hafa síðan tekið það upp og gert þær breytingar að sínum skoðunum.

Varðandi fsp. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni (Forseti hringir.) sem ég ætla að svara, herra forseti, og þakka fyrir umburðarlyndi forseta í þessum efnum, — þá er það rétt, að ég sagði hér á Alþingi hvað eftir annað að það væri ekki rétta leiðin til að framfylgja í senn öruggri atvinnustefnu í landinu og ná árangri í baráttunni gegn verðbólgunni að knýja fram verulega gengisfellingu, eins og báðir stjórnarandstöðuflokkarnir vildu gera, heldur ætti að fara aðrar leiðir í þeim efnum. Þær voru farnar m. a. fyrir forgöngu ríkisstj., og hæstv. viðskrh. skýrði frá því áðan, að þær hefðu nú þegar verið framkvæmdar. Þannig náum við í senn árangri í baráttunni gegn verðbólgunni og höldum stöðugu atvinnulífi í landinu án þess að fylgja þeirri verðþenslu-, verðbólgu- og gengisfellingarstefnu sem stjórnarandstöðuflokkarnir báðir virðast fylgja.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Menn eru að gefa í skyn að það sé verið að skipta um bókhaldsheiti í reikningum Seðlabankans. Ég vil endilega biðja menn, sem eru að tala um þessa reikninga, að lesa þá gaumgæfilega. Það kemur allt fram í þeim reikningum, hvernig eign Seðlabankans hefur aukist og hvað er á rekstrarreikningi. Það er reynt að færa á rekstrarreikning það sem viðkemur innlendum viðskiptum. Síðan kemur fram á endurmatsreikningi það sem erlenda gjaldreyriseignin er endurmetin um. Þetta kemur greinilega fram í skýringum með þessum reikningum og þetta er undirritað af óháðum utanaðkomandi löggiltum endurskoðanda, hvað sem menn reyna að kalla þennan ágæta mann sem við í bankaráði Seðlabankans berum fullt traust til.

Ég vil benda á að það eru til lög um Seðlabanka Íslands. Það hefur verið kosið bankaráð yfir þennan banka hér á Alþingi og það bankaráð hefur skyldur samkv. lögum. Bankastjórn og bankaráð hafa sent frá sér grg. í samræmi við þessar skyldur og í samræmi við þessi lög. Ef menn vilja breyta því geta menn gert það, enda eru þessi lög í endurskoðun.

En ég vil ítreka að allir pólitískir flokkar hér á Alþingi eiga fulltrúa í þessu bankaráði og sumir af bankastjórum bankans hafa einnig verið skipaðir þar vegna afskipta sinna af stjórnmálum. Ég ber fullt traust til allra þessara manna, og ég veit að þeir allir vilja gegna þar skyldum sínum í samræmi við þessi lög. Mér finnst það óviðeigandi hér á Alþingi Íslendinga að vera að gefa í skyn að þessir menn gegni ekki skyldum sínum og séu að gefa út einhverja falska pappíra.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tek til máls eingöngu til að ræða örfáum orðum um þann ágreining sem hv. 11. þm. Reykv. er að tala um á milli mín og hæstv. sjútvrh. Ég veit ekki hvaðan hann fær þá hugdettu, að það sé einhver ágreiningur á milli okkar í þessum málum. (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. gera svo vel og sitja kyrr og hlusta? (**ÓRG:** Ég var að svara því.) Það er engin ástæða til að vera að gera slíku skóna. Við erum nákvæmlega sammála um tvennt — til þess að gera málið einfalt: Hið fyrra er að nýta ekki gjaldeyrisvarasjóðinn til að greiða rekstrarkostnað atvinnuveganna. Það er númer eitt. Við erum sammála um það. Ef hæstv. sjútvrh. væri hér viðstaddur mundi hann áreiðanlega staðfesta þetta. Í öðru lagi höfum við verið sammála um að Seðlabankinn nýtti af hagnaði þessa og seinasta árs vissar fjárhæðir til að styðja atvinnuvegina. Það eru þessi tvö höfuðatriði sem skipta máli. En það, sem þarna sker úr, er að ekki er verið að taka af ímynduðum hagnaði, eins og hv. þm. Sverrir Hermannsson talaði um áðan, heldur raunverulegum hagnaði þessa og seinasta árs sem ekki nær til gjaldeyrisvarasjóðsins. Það er málið. Það er enginn ágreiningur á milli mín og sjútvrh. í þessum efnum og það er nauðsynlegt að það komi skýrlega fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru fleiri eignir, sem hafa hækkað í verðmæti í íslenskum krónum vegna verðlags- og gengisþróunar, en gjaldeyrisvarasjóðurinn. Ein slík eign, sem hefur hækkað í verðmæti í íslenskum krónum, er hús Þjóðviljans. Mun formaður þingflokks Alþb. leggja til að halli vegna rekstrar Þjóð-

viljans sé greiddur með þeim gróða sem orðið hefur vegna þess að húseign Þjóðviljans hefur hækkað um 40% í íslenskum krónum milli ára?

Ég vil einnig taka skýrt og eindregið fram, að það er rangt hjá hv. þm. að við Alþfl.- menn höfum krafist gengisbreytingar og því síður meiri gengisbreytingar en hæstv. ríkisstj. gerði. Við gengum út frá því sem gefnu, eins og aðrir landsmenn, að ríkisstj. mundi standa við þá yfirlýsingu sína, sem þessi hv. þm. hefur margoft gefið úr þessum ræðustól, að til gengisfellingar yrði ekki gripið til þess að takast á við vandamál efnahagslífsins. Hv. þm. tók það m. a. fram í þeim umr. sem ég vitnaði til áður, að gengisfellingar væri ekki þörf vegna þess að atvinnuvegirnir á Íslandi stæðu það traustum fótum. Ég reikna með því, að þegar hv. þm. féllst á að grípa til þessa íhaldsúrræðis hafi hann jafnframt skipt um skoðun á styrk íslenskra atvinnuvega.

En fleiri gjaldeyriseignir koma þarna inn í dæmið en gjaldeyriseign Seðlabanka Íslands. Með nýjum lögum var íslenskum almenningi heimilað að eiga og geyma gjaldeyri á sérstökum gjaldeyrisreikningum hjá ríkisbönkunum. Við síðustu gengisbreytingu hækkaði þessi gjaldeyriseign, sem almenningur á á viðskiptareikningi í viðskiptabönkunum, um einhverjar fjárhæðir í íslenskum krónum. Telur formaður þingflokks Alþb. að þarna hafi myndast gróði hjá þeim fjölmörgu mönnum, sem eiga smáfé í erlendum gjaldeyri með þessum hætti á gjaldeyrisreikningum, og hugsar formaður þingflokks Alþb. sér að styðja að því, að þessi gróði verði af fólki tekinn með svipuðum hætti og á að ráðstafa gróða Seðlabankans af uppfærðri gjaldeyriseign bankans?

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni blasir það við, að neyðarástand er brostið á í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, fiskiðnaði og sjávarútvegi. Fyrirtækin hringinn kringum landið ramba á barmi gjaldþrots. Þau verða ekki rekin áfram og fólkið heldur ekki áfram að hafa atvinnu með einhverjum bókhaldskúnstum. Það er hægt með því að prenta seðla, en þá fýkur í öll skjól í áflognum við verðbólguna.

Hver hefur beðið um gengisfellingu af stjórnarandstöðuflokkunum? Hverjir eru þeir? Það er dálítið annað þó að menn skýri frá bláköldum staðreyndum, að gengið er kolfallið fyrir löngu og miklu meira en menn voru að burðast við að skrá það upp á nýtt á dögunum. Hve mikið hefur t. a. m. dollarinn hækkað í verði í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., um hve mörg prósent, hjá stjórn sem lýsti yfir að hún ætlaði ekki að nota gengisfellingarleiðina til þess að fljúgast á við verðbólguna og heill flokkur hefur sem stefnuskráratriði hjá sér að snúast gegn því að fara gengisfellingarleiðina?

Nei, það er þokkalegt — eða hitt þó heldur, þegar svo er komið fyrir undirstöðuatvinnuvegum okkar, að við þurfum að verja tímanum til að hlusta á önnur eins endemi og farið hafa hér fram á milli hv. stjórnarliða. Þeir þrætast á um það, hvort þá greini á um leiðir. Því getur maður ekkert áttað sig á vegna þess að þeir hafa enga stefnu til lausnar. Það liggur í orðunum sitt á hvað og menn geta ráðið í að e. t. v. muni þá greina á. Það er vegna þess að þetta er einn allsherjar ruglingur. Þeir hafa enga fastmótaða stefnu í málinu. Ef svo væri, þá væri hægt að greina nákvæmlega hvort um víxlstrauma væri að tefla. Mönnum sýnist sitt hvað, þeim sjálfum, af því að þeir vita ekki sitt rjúkandi ráð.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er athyglisverð kennslustund sem hv. 11. þm. Reykv. er hér í. Það hefur nokkuð komið fram í þessum umr., og ég held að það sé óhætt að slá því föstu, að innan ríkisstj. hafi verið gert samkomulag um að skerða ekki eigið fé Seðlabankans frá endurmatsreikningi upphæðar þess um síðustu áramót þannig að það sé sama raunvirði sem þar stendur. Í öðru lagi er ljóst að það fjármagn, sem þarna verður til ráðstöfunar, er ákaflega lítið, ef eitthvað. Kannske verður eignin í raun minni en hún var um síðustu áramót þegar búið er að greiða þær 75 millj. sem fóru til endurgreiðslu vegna gengismunar á lánum sem gengu til útflutningsatvinnuveganna, annarra en þeirra sem versluðu í dollurum. Í þriðja lagi er það ljóst og hefur komið hér fram, að ef gengið er á gjaldeyrisvarasjóðinn er þar um að ræða hreina seðlaprentun sem leiðir til verðbólgu. Það, sem er hins vegar athyglisvert, er að hér stendur formaður þingflokks Alþb. og virðist ekki skilja að Alþb. stendur nú í þeim sporum að hafa skert laun eða efnt til kaupráns, eins og það heitir á máli Alþb., að hafa staðið að gengisfellingum sýknt og heilagt eða íhaldsúrræðum, eins og Alþb. hefur gjarnan nefnt slík úrræði, og í þriðja lagi hafa þm. þess verið kosnir í stjórn 1978 til að koma samningum í gildi og nú eru liðin árin 1978, 1979, 1980 og 1981 að líða og ljóst að samningarnir koma ekki í gildi á næstu tveimur árum ef fram heldur sem horfir. Alþb. stendur frammi fyrir þessari staðreynd. Og hér stendur síðan Ólafur Ragnar Grímsson, leitar að gulli og þykist hafa fundið í Seðlabankanum. Hann minnir mann satt að segja á auglýsingu frá Útvegsbankanum sem er eitthvað á þá leið: Í kolli mínum geymi ég gullið. — Ég held að gullið, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er að leita að, sé í hans eigin kolli og hvergi annars staðar. Var einhver að nefna orðið glókollur?

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þeir hv. þm., sem hér hafa talað á síðustu mínútum, hafa komið inn á það sem ég vildi mótmæla í orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að við í stjórnarandstöðunni höfum verið að setja fram kröfur um gengisfellingu. Honum hefur verið bent á að þetta er alrangt og hann fer rangt með. Hins vegar er hann formaður þingflokks sem stendur fyrir ítrekuðum gengisfellingum og um leið kjaraskerðingu hjá þeim sem hann lofaði í sinni kosningabaráttu að berjast fyrir og bæta þeirra kjör. Hann sveik þá og hefur svikið daglega síðan hann komst í þá aðstöðu sem hann er í. Þetta er staðreynd sem þingmaðurinn og allur almenningur eiga auðvitað að vita og finna með hverjum deginum sem líður enn frekar en fram að þessu.

Það hefur verið athyglisvert að hlusta hér á skiptar skoðanir, ekki aðeins þeirra stjórnarliða, heldur og „kommissaranna", um það, hve misjöfnum augum þeir horfa á ýmsa þætti í fjármálum þjóðarinnar. Satt að segja held ég að hæstv. viðskrh. sé stundum búinn að vera svo lengi frá þeirri ágætu stofnun, sem ég kalla, Framkvæmdastofnun, að hann sé kominn úr „kontakt" við það líf, sem blasir við okkur hér á Íslandi, að atvinnufyrirtækin eru öll í rúst, eins og hér kom fram. Við þurfum ekki að bera fram sem vitni orð Sverris Hermannssonar eða okkar sjálfstæðismanna þar um. Við berum fram sem eitt vitnið Steingrím Hermannsson sjútvrh. og þau orð sem hann flutti okkur fyrir nokkrum dögum á hv.

Alþingi. Hann lýsti því fyrir okkur í mörgum orðum að þeir væru á ferðinni með margar úrlausnir til að bjarga atvinnuvegum þjóðarinnar frá algeru hruni. Þeir fella gengið í kjölfar þess vegna þess að þeir viðurkenna fyrir okkur og þjóðinni allri að þeir hafi verið með blekkingar við okkur þm. og alla þjóðina fram til þessa. — Að vísu kom það líka í ljós, sem sagt hafði verið, að landsfundur Sjálfstfl. var að baki.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég kom seint til starfa í dag hér á Alþingi og missti af hluta af þessum umr. um bankamálin og glókollinn, en það vil ég heldur kalla Seðlabankann en hv. 11. þm. Reykv. (**ÓRG:** Glókollur er sæmdarheiti.) Já, já. Það er Svarthöfði líka.

Ég hjó eftir því, að hv. 3. þm. Austurl. sagði að bankaráð Seðlabankans hefði vissum skyldum að gegna gagnvart Alþingi og þjóðinni í heild að sjálfsögðu. En ég undirstrika að bankaráð Seðlabankans er kosið á nákvæmlega sama hátt og bankaráð annarra ríkisbanka og þeir, sem sitja sem slíkir í bankaráðum ríkisbankanna, hafa nákvæmlega sömu skyldum að gegna gagnvart sinni stofnun, hvort sem það er Útvegsbanki Íslands, af því að hans var minnst áðan, eða Búnaðarbanki Íslands, og þar af leiðandi ber okkur að gegna þeim skyldum á sama hátt í hvaða bankaráði sem við erum.

Lögin um Seðlabanka Íslands eru nú í endurskoðun og sérstök nefnd hefur verið sett á laggirnar. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að hæstv. bankamálaráðh. skipaði þá nefnd. Við verðum að bíða eftir niðurstöðu þeirrar nefndar til að vita hvað er rétt og hvað er rangt í þeirri staðhæfingu, að Seðlabankinn starfi ekki eins og æskilegt væri eða heppilegast fyrir atvinnulífið og þjóðina í heild. (Forseti hringir.)

Ég heyri að tíma mínum er lokið, en ég vil þó aðeins benda á það og stytta mál mitt mjög, að viðskiptabankarnir þola ekki þær reglur sem þeim er gert að starfa eftir eins og er, þær reglur sem settar eru af Seðlabanka Íslands. — Ég hafði hugsað mér að tala miklu lengur, herra forseti, en ég virði þá bjöllu, sem glymur á bak við mig, og mun ljúka máli mínu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef þegar talað þrisvar sinnum, þar af einu sinni áður á náð hæstv. forseta. Ég þakka enn og aftur fyrir það tækifæri að fá að koma hér upp. Það hefur verið beint til mín mörgum spurningum sem ég hef því miður ekki tíma til að svara öllum, en skal þó reyna að drepa á tvö til þrjú kjarnaatriði.

Þm. Sjálfstfl. í Ed., t. d. hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og einnig Lárus Jónsson, óskuðu og kröfðust gengisfellingar hvað eftir annað fyrir nokkru. Um það fór fram ítarleg umr. í Ed., sem vitnað var til hér í Sþ. Það þýðir ekkert fyrir þm. Sjálfstfl. að koma núna og afneita þeim orðum. Þau liggja fyrir í þingskjölum.

Hins vegar er það skiljanlegt, að hv. þm. Pétur Sigurðsson og Friðrik Sophusson skuli vera eins taugaveiklaðir og fram kom hér í þeirra ræðum. Hv. þm. Friðrik Sophusson boðaði í Morgunblaðinu á laugardagsmorguninn að fram undan væru margra mánaða verkföll og kjaradeilur, en heyrði svo í útvarpinu um leið og hann las viðtalið við sjálfan sig að náðst hefðu kjarasamningar milli ASÍ og VSÍ. Þessum aðilum hefur því ekki tekist það sem þeir ætluðu sér að láta gerast, að hér ætti sér stað þróun í þjóðfélaginu sem væri launafólki í landinu óhagstæð.

Við hv. þm. Sverrir Hermannsson vil ég segja það, að það getur vel verið að hann telji að atvinnulífið í landinu sé illa statt. En forsvarsmönnum Framkvæmdastofnunar ríkisins hefði þá verið sæmra að sinna þeim skipulagsmálum og þeirri áætlanagerð og því uppbyggingarstarfi fyrir atvinnulífið í landinu, sem þeir eiga að gera samkv. lögum stofnunarinnar, en að vera að byggja einhverja ósmekklegustu glæsihöll, sem nokkur ríkisstofnun á Íslandi hefur byggt, og ætla svo að koma og reyna að sannfæra almenning á landinu um að útsýnið úr glerhöllinni við Rauðarárstíg, sem er upplýst með sérstöku rafeinda- og sjálfstýrðu hita- og ljósa- og gluggakerfi, sé ákjósanlegasti staðurinn til að skynja atvinnulífið á Íslandi. Ég tel að sá málflutningur sé ekki líklegur til að bera árangur.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Mig langar til að leyfa mér að óska eftir skýrari svörum hæstv. viðskrh. um tvö atriði sem hefur borið á góma hér í umr.

Það er orðið ljóst að ekki verður gengið á gjaldeyrisvarasjóðinn, heldur verður einungis tekinn hinn eiginlegi hagnaður Seðlabankans og það fé látið renna til atvinnurekenda. Það kom fram í máli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, að þetta fé er fé sparifjáreigenda og þjóðarinnar allrar, og ríkisstj. ætlar nú að taka þetta fé og afhenda atvinnurekendum. Ég held að ríkisstj. verði að útskýra nokkuð vandlega fyrir þinginu og þjóðinni allri hvaða skýringar eru á þessu. Hvernig getur hún talið réttmætt að taka fé sparifjáreigenda og láta lítinn hóp — atvinnurekendur í landinu — njóta góðs af því?

Í annan stað er ljóst að ríkisstj. ætlar að beita þeim úrræðum til lausnar vanda atvinnuveganna að auka peningamagn í umferð, auka seðlaprentun, en það er gamalt úrræði. Það er alls ekki komið nægilega vel í ljós af hálfu ríkisstj. hvaða áhrif svona úrræði hefur á verðbólguþróunina. Það er einkum mjög lærdómsríkt fyrir Alþb.-menn að fá nákvæmlega álit ráðh. á því, hvaða áhrif aukin seðlaprentun hafi á verðbólguþróun. Það er hollt fyrir Alþb.- menn að hlusta á þetta því um alllangt skeið hafa þeir lagt allhart að launþegum í landinu að halda aftur af kaupkröfum sínum og reyna að halda kaupinu niðri með það fyrir augum að vinna gegn verðbólgudraugnum. Alþb.-mönnum hefur orðið mjög ágengt í því efni að halda niðri kaupi. En spurningin er þessi: Eruð þið ekki að eyðileggja öll þau hugsanlegu góðu áhrif með því að hleypa öllu upp í seðlaprentuninni?

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur lengi viðgengist að menn hafi fengið að taka til máls, eftir að þeir hafa talað sig dauða, til að bera af sér sakir, en það var auðvitað ekki við því að búast, að hv. 11. þm. Reykv. gæti farið að venjulegum leikreglum hvað það snertir, heldur reyndi hann mjög á þolinmæði forseta með ósæmilegum aðdróttunum að þm. eftir að hann hafði talað mun lengur en þingsköp heimiluðu honum. Raunar lýsir það einungis geði þessa manns.

Ég kveð mér nú aðallega hljóðs til að undirstrika það, að mjög ber á milli hjá einstökum þm. stjórnarflokkanna hvernig ástandið er í atvinnumálunum. Annars vegar viðurkennir hæstv. viðskrh. að atvinnuvegirnir eru reknir með verulegum halla, þannig að eitthvað þurfi til

að koma, og tekur sérstaklega fram í því sambandi að málinu sé ekki þannig háttað að hægt sé að taka fé úr viðskiptabönkunum til að rétta grundvöll atvinnuveganna. Hann talar einnig um að ekki sé hægt að nýta gjaldeyrissjóðinn til að greiða rekstrarhalla atvinnuveganna. Auðvitað er þetta rétt hjá hæstv. viðskrh. Það er auðvitað skammgóður vermir að ganga á eignirnar til að bera uppi rekstrarhallann. En þetta lýsir um leið úrræðaleysi ríkisstj. og sýnir okkur að innan hennar er engin samstaða um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum.

Það er svo aðeins enn eitt dæmið um málflutning Alþb. fyrr og síðar, að formaður þingflokks Alþb. skuli reyna að gefa í skyn hér að það hafi myndast einhver óeðlilegur gróði. Hann tvítók orðið gróði í ræðu sinni. Hann gefur í skyn að það sé þessum gróða að kenna að atvinnuvegirnir eru reknir með halla, það hafi orðið óeðlileg gróðamyndun í Seðlabankanum. Fróðlegt væri að fá frekari upplýsingar um hvort fulltrúi Alþb. í stjórn Seðlabankans hafi gert einhverja sérstaka könnun með úttekt á þessum málum eða hafi yfirleitt gert nokkru sinni athugasemd við rekstur bankans. Ég þori að fullyrða að svo sé ekki.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er staðinn hér að ósannindum í ræðustól ítrekað. Það er borið á hann af hæstv. viðskrh. að hann hafi farið með uppspuna og fleipur. Formaður bankaráðs Seðlabankans, hv. þm. Halldór Ásgrímsson, segir að hann hafi vísvitandi farið rangt með og beinlínis borið á bankaráð Seðlabankans skjalafals. Svo þegar hann fær leyfi forseta til að bera af sér sakir, þegar menn benda á þetta, aðrar voru nú ekki sakirnar, þá notar hann þær mínútur, sem hann fær, til þess að ítreka fyrri ósannindi og búa til ný.

Það hefur að sjálfsögðu aldrei nokkurn tíma komið fram ósk frá þm. Sjálfstfl. um gengisfellingu. Trúi því hver sem vill að ríkisstj. Gunnars Thoroddsens og Ólafs Ragnars Grímssonar hafi fellt gengið vegna óska Lárusar Jónssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar þar um í Ed. Alþingis. Trúi því hver sem vill. Nei, þessi gengisfelling var framkvæmd vegna þess að það var komið í algjört óefni með öll atvinnumálefni þjóðarinnar. Það er sannað af orðum Steingríms Hermannssonar sjálfs sem þegar hafa verið prentuð og komið út í þingtíðindum og allir geta lesið. Hv. þm. þarf því hvorki að kenna okkur stjórnarandstöðunni né neinum öðrum um það sem hefur skeð eða á eftir að ske. Það er þeirra eigin stefna sem er að hitta hann og þá félaga í höfuðið. Það eru að hitta þá aftur ósönnu orðin sem þeir notuðu 1977 og 1978 og æ síðan. Og það er hart að þessi hv. þm., formaður þingflokks Alþb., skuli vera að tala um góðan hag launþega í sömu andrá og hann talar um sitt stjórnarstarf. Að sjálfsögðu fagna allir því, að samningar tókust við hin almennu verkalýðsfélög nú fyrir skömmu. En það breytir ekki því, að kaupmáttur þessa fólks hefur stórminnkað á liðnum misserum, þeim misserum sem hv. þm. hefur ráðið hér hvað mestu í þingsölum. Og því miður er ekki að sjá neinar lagfæringar þar á, enda mjög lítil bót að gera samninga um þennan þátt vinnumarkaðarins, þegar við eigum eftir að semja um aðra mikilsverða þætti, sem m. a. eiga að halda uppi þeirri atvinnu sem þetta fólk þarf að njóta á komandi mánuðum. Það, sem hér hefur gerst, er því ekki nema lítill hluti af þessu vandamáli.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég óttast að ef svo harkalega verður brugðið út af um framkvæmd þingsskapa, að menn fái að tala upp í fjórum sinnum í fsp.-tíma, þá geti orðið þröngt fyrir dyrum. Hins vegar er okkur í stjórnarandstöðunni þénugast að hv. 11. þm. Reykv. fái að tala sem oftast. En hann fór með, eins og hv. 1. landsk. þm. tók fram, bein og rakin ósannindi um málafylgju hv. þm. Eyjólfs Konráðs og Lárusar Jónssonar í Ed. Það vildi þannig til, að ég heyrði kafla af þessum viðræðum, m. a. það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var að kalla fram í fyrir Eyjólfi, og einnig hef ég lesið þetta í þingtíðindum. Þeir héldu því fram, að gengið væri löngu fallið, það væri vitlaust skráð. Annað er gengi og hitt hvernig það er skráð hverju sinni. Það er mannasetning, en gengið er vigtað og vigtast með öðrum hætti. Þetta voru bein og rakin ósannindi, flutt hér ofan úr sal Ed. til Sþ. En það er eins og vant er með þennan hv. þm., þegar þessi landshornasirkill og landafjandi berst fyrir friði, sem hann kallar, og afvopnun einhliða. Þegar öll hræsnin og yfirdrepsskapur vina hans í austri strandaði við Karlskrona, upp á hverju tók hann þá? Þá fór hann að tala um gistivináttu manna um borð í herskipum Bandaríkjanna og náði sér í einhverja bók hjá bandaríska bókasafninu, miklar spekúlasjónir þeirra, og þuldi hér klukkutímum saman. Og nú þegar við erum að tala um hinn mikla háska, sem að atvinnuvegum Íslendinga sækir nú, svo sem raun ber vitni, þá fer hann að tala um húsbúnað inn við Rauðarárstíg.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér kemur hver hv. þm. upp á fætur öðrum og undrast þann málflutning sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur hér uppi. Hafa þessir hv. þm. vanist hér undangengin ár frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni öðruvísi málflutningi en þeim sem hann hefur haldið uppi hér í dag? Það er mér víðs fjarri skapi og kemur úr hörðustu átt að ég fari að vorkenna prófessorum við Háskólann, en ég vorkenni sannarlega þessum hv. þm., sem er prófessor jafnframt, að standa í þeim sporum, sem hann hefur þurft að gera undangengna mánuði og ár, og rísa undir þeim málflutningi sem hann hefur haldið uppi í pólitískum viðræðum og umræðum á undangengnum árum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur manna harðast haldið því fram, að í landinu væri blómlegt atvinnulíf undir atvinnumálastefnu Alþb., svo blómlegt atvinnulíf að það er rétt eins og hv. þm. hafi ekki komið auga á að hvert fyrirtækið á fætur öðru í undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar, fiskvinnslu og útgerð, er nú að fara undir hamarinn, til gjaldþrotaskipta. Á sama tíma kemur þessi hv. þm. með nokkuð reglulegu millibili utanlands frá til þess að færa Íslendingum heim sanninn um þetta, því að oftar er hann á erlendri grund en hér á heimavígstöðvum. Og eðlilegt er að þeir menn tali með þessum hætti sem vita varla nokkurn tíma hvað er að gerast á eigin landi undir forustu Alþb. og atvinnumálastefnu, vegna þess að þeir eru flakkandi víðast hvar annars staðar en þar sem þeir eiga að vera. Þessi hv. þm. hefur líka haldið því fram og þeir Alþb.-menn, að ljósasti punkturinn í efnahagslífi þjóðarinnar í tíð þessarar ríkisstjórnar væri það, að full og næg atvinna væri tryggð. Út af fyrir sig er það rétt. En á hverju byggist það? Það byggist á því sem ég vil kalla að hér sé haldið uppi falskri atvinnu, vegna þess að hér er

láglaunasvæði, því að hér hefur kaupgjaldi verið haldið niðri í tíð og undir forustu Alþb. Menn eru að bera saman hvað sé miklu betra atvinnuástand hér en í nágrannalöndum, og það má vera rétt. En það er keypt því dýra verði, að hér er kaupi haldið niðri af stjórnvöldum, og það skiptir líka máli í þessari umr. Ég endurtek: Ég er ekkert hissa á þessum talsmáta hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, eins af fagurgölum Alþb. Ég hef aldrei búist við annars konar málflutningi úr þeim herbúðum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að eiga orðastað við hv. 11. þm. Reykv. En þegar hann bar af sér sakir sagði hann að ég hefði í blaðaviðtali við Morgunblaðið óskað eftir löngum verkföllum. Ég lýsti því þar að það væri búist við löngum verkföllum. Það var það sama og forráðamenn vinnumarkaðarins höfðu sagt fyrr, þótt til óvæntra samninga hafi komið, sem ég er afskaplega ánægður með að tókst að ná, því auðvitað er ekkert verra en vinnustöðvun. En það eru aðrir sem eru óánægðir með þessa samninga. Það er m. a. menntamannadeildin í Alþb. Ég ætla að skýra það dálítið nánar.

Ástæðan er sú, að um næstu áramót verður að hækka fiskverð. Það má gera ráð fyrir að fiskverð verði að hækka um 18% til þess að sjómenn fáist til að róa. Ef fiskverð hækkar um 18% þýðir það að ef koma á frystingunni á núllpunktinn, sem þessi ríkisstj. segir að sé nafli alheimsins, þá þarf gengisfelling að verða um 17% nema gripið verði til annarra aðgerða. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er einn þeirra sem telja að það sé hægt að grípa til annarra aðgerða. Til hvaða aðgerða ætlar hann að grípa? Hann ætlar að grípa til gullsins í Seðlabankanum. Nú hefur hann samið innan hæstv. ríkisstj. um að nota aðeins gróðann, hinn raunverulega gróða. Og þegar hv. þm. sér að sá gróði er ekki til, og hann hefur verið blekktur, þá lætur hann eins og hann hefur látið hér í dag, alveg eins og naut í flagi. Þetta er ástæðan fyrir því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur orðið sér og sínum flokki til stórskammar í þessum umr. hér í dag. Og nú kennir hann hæstv. ráðh. Tómasi Árnasyni um og öllum í stjórnarandstöðunni. Það sé hún sem stjórni gengisfellingunum. En sjálfur situr hann í súpunni, ekki varinn af einum einasta þm. eigin flokks.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að í þessum umr. hafi komið fram ein yfirlýsing sem er mjög mikils virði. Það er yfirlýsing hæstv. viðskrh. um að gjaldeyrisvarasjóðurinn verði ekki notaður til úthlutunar til einstakra atvinnufyrirtækja í landinu. Það er viðurkenning á því, að þessi sjóður sé sameign og öryggi þjóðarinnar. En ég verð reyndar að taka undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um það, að ekki gat ég skilið hæstv. sjútvrh. Steingrím Hermannsson öðruvísi en að hann væri á sömu buxunum og hv. þm. Ólafur Ragnar um það, að í þennan sjóð ætti að sælast. En það getur vel verið að það hafi verið óviljandi hjá hæstv. sjútvrh. Það gerist nú á þeim bæ. En hvort heldur sem er, að það hafi verið óviljandi ellegar þá að hæstv. viðskrh. hafi tekist að snúa sjútvrh., þá fagna ég því, að hæstv. viðskrh. skuli gefa þá yfirlýsingu hér og nú, að þessi leið verði ekki farin. Og ég fagna því enn frekar úr því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talar enn um það afdráttarlaust, að hann telji að nota eigi gjaldeyrisvarasjóðinn í þessu skyni, eins og hann gerði rétt áðan, og talaði m. a. niðrandi um „nafngiftir" og því um líkt til frekari áherslu um að það væri ekkert að marka þó að sjóðir bæru einhver nöfn og átti þar við gjaldeyrissjóðinn. En hér er um algjört grundvallaratriði að ræða, og ég ætla bara að vona að það verði að marka þessa yfirlýsingu frá Framsfl., vegna þess að við erum svo langþreyttir á því, hv. þm., og reyndar þjóðin öll, að gefnar séu yfirlýsingar af hálfu Framsfl. en þveröfugt sé svo framkvæmt. Með tilliti til þess, hvað djúpt við erum sokknir sem þjóð, og með tilliti til þess, að nú liggur mikið við, þá skora ég á hæstv. viðskrh. og Framsfl. að standa nú einu sinni við orð sín.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Á sama tíma og við í persónum þeirra hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og Tómasar Árnasonar erum að hlýða á ágreining um stefnu stjórnarinnar, sem hinir þm. vita þó að engin er, við erum að horfa á feigðarteygjur núv. hæstv. ríkisstj., þá er rétt að rifja upp að um síðustu áramót var kaup skert um 7% og því lýst yfir að gengið yrði ekki hreyft. Á þessu ári er búið að fella gengið þvívegis, nú síðast um 6,5%. Vitað er að það er mikil ólga út af fiskverði. Það kemur væntanlega til með að hækka allverulega nú um áramótin og í engan annan sjóð að fara en að níðast enn á gengi hinnar íslensku krónu. Eðlilega er um það spurt, hvort sé að marka hæstv. viðskrh. eða hæstv. sjútvrh. sem láta uppi sína skoðunina hvor.

En við skulum aðeins ganga nokkur skref aftur á bak. Í síðustu kosningum lýsti Framsfl. stefnu sinni sem svokallaðri niðurtalningu á verðbólgunni. Og ég óska enn fremur, til viðbótar spurningu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, eftir yfirlýsingu um það frá hæstv. viðskrh. og það ærlegri yfirlýsingu, hvort þessi stefna sé ekki endanlega dauð. Það, sem verið er að biðja um, er aðeins ærleg viðurkenning á því, að þetta var eitthvert óheiðarlegasta kosningaprógramm sennilega um langa hríð. Niðurtalningin hefur verið samansúrraður pólitískur óheiðarleiki, eins og þessar umr. hér bera glöggan og ljósan vott.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins bæta einni spurningu við spurningu hv. síðasta ræðumanns: Hver verða verðbólguáhrifin af gengisbreytingu sem nemur 6.5% eins og síðasta gengisbreytingin sem gerð var? Er rétt að verðbólguáhrifin af gengisbreyttingunni nemi jafnmörgum prósentum og gengisbreytingin nemur, þannig að við gengisbreytinguna eina hafi verðbólgan verið talin upp um 6.5%?

Þá leyfi ég mér að vitna til þess, að áðan átti formaður Alþb. frumkvæðið að því, að nýgerðir kjarasamningar drógust inn í þessar umr. Þrátt fyrir þá er kaupmáttur tímakaups verkafólks enn þá mun lægri en hann var í júnímánuði 1978 þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var felld. Ég veit ekki um vonbrigði menntamannadeildar Alþb. með þá niðurstöðu. Mig skiptir engu máli hvaða skoðun hún hefur á því. En ég býst við að verkafólk á Íslandi sé ekkert ánægt með að samningarnir nú skuli ekki einu sinni ná að færa því sama kaupmátt og það naut þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar var felld.

Það er ekki rétt að það sé hlutverk Alþb. í þessari ríkisstj. að sætta verkafólk við þær staðreyndir, að kaupgjald þess hefur verið lækkað svo verulega. Alþb. getur ekki sætt verkafólk við þær staðreyndir. Það er hins vegar hlutverk Alþb. í þessari ríkisstj. að beita flokksaga sínum gegn flokksbundnum Alþb.-mönnum sem jafn-

framt fara með forustustörf í verkalýðshreyfingunni, til þess að koma í veg fyrir að verkalýðshreyfingin beiti samtakamætti sínum til að verja láglaunafólkið gegn slíkum kaupskerðingum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Út af þeim ummælum, sem hv. 11. þm. Reykv. viðhafði áðan um samstöðu sína og Steingríms Hermannssonar í gjaldeyrismálum, vil ég rifja upp þau ummæli hæstv. sjútvrh. sem hann viðhafði hér 28. okt., en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hygg að hv. þm. skilji það mætavel, að í 40% verðbólgu verður ætíð að breyta gengi annað slagið." Þetta er kjarni málsins og um það eru þeir Ólafur Ragnar Grímsson sammála. Þeir vilja að sjálfsögðu ekki gefa yfirlýsingar um þetta fyrir fram og reyna að þræta fyrir það á eftir. Samt sem áður liggur nú þessi stefna ljóst fyrir. Og ef við rifjum upp önnur ummæli hæstv. sjútvrh. Steingríms Hermannssonar sjáum við að gengið mun síga mjög hratt til áramóta. Má í þeim efnum vitna til s. l. árs og þeirrar gjaldeyrisþróunar sem varð síðari hluta desembermánaðar.

Vegna ummæla þessa hv. þm. um nýgerða kjarasamninga vil ég aðeins rifja það upp, að einhvern tíma hefði það ekki verið talinn mikill sigur fyrir verkalýðshreyfinguna í 50% verðbólgu að semja um 3% grunnkaupshækkanir og ekkert annað, í sömu viku og gengið var fellt um 6%. Þetta hefði einhvern tíma ekki verið talið kræsilegt.

Ég vil enn fremur láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. 11. þm. Reykv. skuli nú loksins vera farinn að skilja hver var kjarninn í efnahagsráðstöfunum Geirs Hallgrímssonar 1. mars 1978, því að þessir samningar bera mjög svipmót af þeim og eru undir beinum áhrifum frá þeim samningum. Þannig er annars vegar gert ráð fyrir að það verði sérstök lágmarkslaun fram hjá bónus og öllum slíkum töxtum. Þetta er það sama og Geir Hallgrímsson beitti sér fyrir 1978. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lægstu stéttirnar fái skerta eftir- og næturvinnu. Lægst launaða fólkið, iðnverkafólkið, verkafólkið, verslunarmennirnir, skrifstofumennirnir fá skerta eftir- og næturvinnu. Þetta er það sama og var í efnahagsráðstöfunum 1. mars 1978. Fleira mætti nefna þarna til, en allt sýnir þetta okkur að verkalýðsforustan hefur lært síðan þá. Hún er farin að skilja að hún fór þá rangt að. Sú niðurfærslustefna, sem verkalýðshreyfingin talaði mest um, er týnd og tröllum gefin, og í raun er búið að ýta þeim verkalýðsforingjum til hliðar sem höfðu forustuna um „samningana í gildi". Það eru allt aðrir menn, hógværari menn og gætnari sem ráða verkalýðshreyfingunni núna. Og það frumkvæði, sem forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson, hefur haft við gerð nýju samninganna, sýnir að hann hefur lært af mistökunum 1978 og lætur ekki lengur menn eins og hv. 11. þm. Reykv. eða hæstv. félmrh. rugla sig í ríminu. Ég vona að þessi lækning muni einnig duga þegar Alþb. er komið í stjórnarandstöðu, þó að ég óttist að svo kunni ef til vill ekki að verða.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki neitað því, að þessi umr. gleður mitt hjarta talsvert, sérstaklega að heyra stjórnarsinna takast á. Þó er ég þeirrar skoðunar, að það sé varla þess virði að eyða svo miklu púðri á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson sem hér hefur verið gert. A. m. k. gera flokksbræður hans það ekki, því að enginn þeirra hefur stutt við bakið á honum í þessum umr.

Ég vil segja það við hæstv. viðskrh., ef hann hefur ekki þegar komist að því, að það er ekki hægt að stjórna efnahagsmálum með Alþb. Það hefur komið skýrt í ljós hér, að þegar ekki er hægt að finna peninga í bankakerfinu, sem Alþb. kallar gróða, þá er Alþb. bara tilbúið að láta prenta þá. Þetta eru aðferðir Alþb. Þess vegna gleður það mitt hjarta, að stjórnarsinnar skuli nú vera farnir að deila, af þeirri einföldu ástæðu að Alþfl. lagði fram við stjórnarmyndun 1978 ákveðna efnahagsstefnu sem hann vildi starfa eftir. Þegar ljóst var að sérstaklega Alþb. vildi ekki starfa samkvæmt þeirri stefnu, þá rauf Alþfl. samstarfið og sagði að það yrði að fara eftir þessari stefnu, ella færi illa. Það, sem Alþfl. sagði þá, er að koma í ljós núna, herrar mínir. Þetta vil ég að öllum sé ljóst hér inni. Sú umr., sem hér hefur farið fram, gerir ekkert annað en að sanna þann ágreining sem nú er kominn upp á milli stjórnarsinna um það, hvernig skuli búa til peninga til þess að geta haldið atvinnurekstrinum í landinu gangandi. Um það snýst þetta mál: að búa til gróða sem ekki er til.

Ég held nú að öllum hljóti að fara að verða ljóst að það samstarf, sem tekist hefur í núverandi ríkisstj. um svokallaða efnahagsstefnu, er bull og vitleysa.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Mér þykir þær umr., sem hér fara fram um gengisskráningu og gengismál, nokkuð furðulegar, það verð ég að segja. Ég hélt satt að segja að öllum alþm. væri það ljóst, að meðan verðbólga á Íslandi er 40%, en verðbólga í helstu viðskiptalöndum ekki nema 10—15, þá fellur gengi íslensku krónunnar stöðugt hverjir sem eru í stjórn á Íslandi. Við því verður ekki hamlað. Einhver munur getur komið fram með framleiðniaukningu, en hann vegur þetta aldrei upp. Það getur ekki verið að það komi nokkrum þm. hér á óvart að gengi íslensku krónunnar falli meðan verðbólgumunur er þetta mikill milli okkar lands og helstu viðskiptalanda. (**VG:** Sögðuð þið þá ósatt um síðustu áramót?) Það var alls ekki sagt ósatt um síðustu áramót og nú skal ég koma að því, hv. þm. Vilmundur Gylfason. Það, sem gert var og er verið að gera núna, er tilraun til að hverfa frá gengissigsstefnunni sem fjölmargir hagfræðingar voru orðnir sammála um að beinlínis hvetti eða efldi verðbólguna, yki á verðbólguhugsunarháttinn. (Gripið fram í.) Nei, nei, það er ofhól, Sverrir Hermannsson, vegna þess að það voru fjölmargir hagfræðingar sem á sínum tíma voru þeirrar skoðunar að rétt væri að láta gengið síga reglulega. En nú er svo komið að í svo mikilli verðbólgu sem hér hefur verið hafa menn fengið reynsluna af því, að stöðugt gengissig getur aukið á verðbólguhugsunarháttinn. Þess vegna var gerð tilraun með það eftir miklar vangaveltur að halda genginu stöðugu ákveðinn tíma til að reyna að „Stabilisera" þetta frekar, en auðvitað kemur síðan gengisfelling með einhverju millibili. Ég trúi því ekki, að menn geri sér ekki grein fyrir þessu. Auðvitað vissum við það og við sögðum það alltaf. Það var talað um að reyna að halda genginu föstu ákveðinn tíma. Mér kemur á óvart undrunarsvipurinn á þm. hér, ég skil ekki hvað þeir eru að fara.

Og aðeins örstutt um atvinnuvegina og bankana. Grundvöllur atvinnulífsins er hverju sinni afar viðkvæmur og það fer eftir mjög flóknum reglum hvernig þau mál skipast. Á Norðurlöndum hefur farið fram mikil umræða um það að undanförnu, að fé hefur færst frá

atvinnuvegunum yfir í sjóði og banka. Það er ákaflega eðlilegt við þær aðstæður sem hér eru, að þessi mál hafi komið til athugunar. Þau eru viðkvæm, ég viðurkenni það, en það er fyllilega eðlilegt, að þau komi til athugunar í þessu samhengi.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Mér hefur verið tjáð að hv. 11. þm. Reykv. hafi vitnað í mig og hv. þm. Eyjólf Konráð og sagt að við höfum krafist gengisfellingar í Ed. Þetta kemur mér ekki á óvart og ekki heldur það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur svona mikið álit á okkur Eyjólfi Konráð, að við ráðum þessu, að við getum ráðið því í Ed., hvernig gengi krónunnar er skráð. En hv. þm. vita að undanfarið hafa jafnvel ráðherrar verið að fara á bak við sjálfa sig í þessum efnum með því að skýla sér á bak við Seðlabankann og segja að Seðlabankinn einn gæti tekið ákvörðun um gengisskráningu, það kæmi þeim ekki við hvernig gengisskráningu væri háttað á Íslandi.

Ég ætlaði aðeins að segja það í sambandi við fyrrgreind ummæli, hér er náttúrlega um þvætting að ræða. Að sjálfsögðu höfum við ekki krafist gengisfellingar, enda er ekki eðlilegt að við séum að því. Við höfum hins vegar gagnrýnt mjög atvinnustefnu hæstv. ríkisstj. og bent á að hún hafi valdið því, að gengið væri fallandi og að gengið væri rangt skráð. Það er allt annað en að krefjast gengisfellingar.

Það kom glöggt fram í ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, að hann lítur þannig á, eins og við Eyjólfur Konráð Jónsson, að það sé útilokað að stjórna þannig efnahagsmálum, þegar innlend verðbólga er 40%, að ekki verði um að ræða að gengið falli. Að síðustu fannst mér á hinn bóginn að hjá honum kæmi fram að það væri vont að láta gengið síga. Nú hefur hæstv. ríkisstj. tekið upp þetta „patent" Ólafs Jóhannessonar, hæstv. ráðh., frá fyrri tíð, að hengja gengi íslensku krónunnar aftan í dollarann, vegna þess að búist er við að gengi dollarans sígi á næstunni. Hún hefur tekið upp þetta óheillaráð. Kannske fer hún að láta gengið síga í einu stökki eins og hæstv. viðskrh. lýsti gengissigi hér á dögunum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal nú vera stuttorður og reyna að gefa ekki mikið tilefni til svara.

Varðandi málflutning þeirra hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og Sighvats Björgvinssonar um Framsfl. og stefnu hans og yfirlýsingar skal ég ekki efna til umr. hér. Ég er reiðubúinn til að hefja umr. við hv. þm. Vilmund Gylfason hvenær sem er og hvar sem er um heiðarleika manna í stjórnmálum og heiðarleika flokka í stjórnmálum, en ég mun ekki efna til þess hér sérstaklega. (**Gripið fram í:** Er niðurtalningin lifandi eða dauð?) Niðurtalningin er lifandi. Ég gerði grein fyrir því í minni ræðu um daginn við 1. umr. fjárlaganna, hvaða úrræða við í Framsfl. vildum grípa til í þeim vanda sem nú er við að etja. Vil ég ráðleggja hv. þm. að lesa þá ræðu. Ég held að hann hefði gott af því. (**Gripið fram í:** Hvað segir Ólafur Ragnar um þetta?) Það er enginn ágreiningur milli mín og sjútvrh. um það meginatriði, að það eigi ekki og það sé ekki ráð að nota gjaldeyrisvarasjóðinn til þess að greiða niður kostnað við rekstur útflutningsatvinnuveganna. Skal ég ekki hafa fleiri orð um það. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson vék aðeins að þessu. Við ræddum sérstaklega um þetta fyrir nokkrum dögum ásamt fleiru, ég og sjútvrh., og við erum 100% sammála um þetta meginatriði. Það eru alveg hreinar línur með það og ég vil staðfesta þetta hér á hv. Alþingi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur ekki tekið vel eftir mínu fyrsta svari, heyrði ég, því að hann sagði að það væri enginn hagnaður hjá Seðlabankanum. Ég skýrði frá því, að hagnaður Seðlabankans á síðasta ári hefði verið 4.2 milljarðar gkr. og það mundi verða verulegur hagnaður á þesu ári. En ég játa það, að sennilega er búið að ráðstafa þessum hagnaði. Ég játa það og gerði raunar grein fyrir því í mínu fyrsta svari. Það er rétt hjá hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni, að þetta leiðir til meira peningamagns í umferð. En þess ber þá að geta, að á s. l. vetri eða s. l. vori var það sett í lög hér á Alþingi að auka bindiskyldu Seðlabankans. Honum er heimilt að hækka bindiskyldu úr 20% upp í 33%, eða um 5%, og þetta hefur verið gert í talsvert ríkum mæli á þessu sumri til að reyna að draga úr peningamagni í umferð. En mér er vel ljóst að það hefur verið gengið nokkuð nærri viðskiptabönkunum og e. t. v. atvinnuvegunum í því efni, enda er þetta ákvæði í lögunum þannig, að það er talað um sveigjanlega bindiskyldu. Það er verið að ræða núna um það, hvort draga eigi úr henni um sinn.

Ég vil ekkert draga úr því sem hæstv. sjútvrh. hefur sagt um erfiðleika í sjávarútvegi. Þeir eru miklir og þar eru margvísleg vandamál sem m. a. stafa af því, að atvinnuvegirnir hafa átt í erfiðleikum með að aðlaga sig nýrri stefnu verðbóta á útlánum bankanna.

Það voru ýmis fleiri atriði sem komu fram, en ég skal ekki lengja þessa umr. sem er orðin býsna löng. En hún er kannske ekki alveg sanngjörn að því leyti til, að menn hafa rætt hér almennt um efnahagsmálin, um atvinnumálin, um bankamálin. Þetta eru svo stór mál, að það er ekki hægt að ætlast til að menn geri þeim nein skil á 2—3 mínútum. Það er þess vegna ekki sanngjarnt að ræða þessi mál þegar hálft þingliðið liggur hér dautt í sætum sínum undir umr.

Sameinað þing, 21. fundur.

Þriðjudaginn 17. nóv., að loknum 20. fundi.

Afnám tekjuskatts af almennum launatekjum, þáltill. (þskj. 79.) — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, þáltill. (þskj. 98). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Almannavarnir, þáltill. (þskj. 101). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umfjöllun þingnefnda um reglugerðir, þáltill. (þskj. 51). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 51 hef ég leyft mér að flytja svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að lögbinda með einhverjum hætti þá skipan, að reglugerðir allar, sem skipta meginmáli um nánari útfærslu nýrra laga, hljóti umfjöllun þeirra þingnefnda sem um lögin hafa áður fjallað, og hljóti þær ekki staðfestingu ráðh. fyrr en þeirri umsögn er lokið."

Með þessari till. er nokkur grg., þar sem segir m. a.:

„Það færist æ í vöxt varðandi lagasetningu alla, ekki síst hvað snertir hin veigameiri mál og flóknari, að þar sé sagt að nánari ákvæði skuli sett í reglugerð. Reglugerðirnar eru svo unnar af viðkomandi ráðuneytum, embættismönnum þar, og er best lætur til þess skipuðum starfshópum.

Nú er það staðreynd einnig, að gerð lagafrumvarpa er að verulegu leyti í höndum embættismanna í stjórnkerfinu og þá ýmissa sérfræðinga í viðkomandi grein. Það er síður en svo, að flm. lýsi sérstakri vantrú á framlag þessara aðila sem oft er hið ágætasta. En áhrifavald þeirra er óneitanlega mjög mikið og vekur ýmsar spurningar.

Fyrir löggjafann sjálfan, Alþingi, eru hér viss hættumerki á ferð, ekki síst þegar þess er gætt, að nefndir þingsins hafa oft skamman tíma til athugunar á þingmálum og kalla þá gjarnan til ráðuneytis þá sömu embættismenn og sérfræðinga sem að frv. stóðu eða áttu verulegan þátt í samningu þeirra. En skammur tími og ónóg athugun valda því oft, að þingnefndir fallast á að hin og þessi atriði, sem jafnvel skipta verulegu máli í túlkun laganna, séu leyst með reglugerð.

Nú fylgja lagafrumvörpum bæði greinargerðir og athugasemdir við einstakar greinar sem eiga að taka af nokkur tvímæli um túlkun og nánari útfærslu í reglugerð. Sama má segja um framsöguræðu viðkomandi ráðh., þar sem oft kemur fram nánari skýring á anda og tilgangi einstakra frumvarpsgreina. Í nefndarálitum þingnefndanna er oft vikið að einstökum atriðum og túlkun þingnefndanna á þeim.

Allt ætti þetta að vera nokkur trygging fyrir því, að reglugerðir færu í engu út fyrir ramma og anda laganna. Þó eru ævinlega á ferð ýmis þau atriði, einkum í hinum viðameiri málum, þar sem vafi kann að leika á um túlkun, og þá sker reglugerðin úr um það. Vissulega þarf ráðh. að staðfesta reglugerðina og hann getur því einnig haft hér áhrif. En miklar annir ráðh. geta líka valdið því, að reglugerðir fái ekki nægilega vandaða skoðun hans og hann skrifi undir og staðfesti reglugerðina án þess að allt sé þar fyllilega frá gengið svo sem hann vildi hafa."

Tillaga af þessu tagi vekur eðlilega upp nokkrar hugleiðingar um frumvarpsgerð almennt, hvernig að er staðið af hálfu stjórnvalda, ráðuneyta þeirra og þá fyrst og síðast af Alþingi sjálfu. Oft er mjög um vald embættismanna og áhrif þeirra á lagasetningu hvers konar rætt og vissulega eru þau mikil. Ég vil hins vegar ekki taka undir það, að þau áhrif séu meira neikvæð en jákvæð, eins og stundum heyrist. Hér fjalla um þeir menn sem gerst þekkja oft til framkvæmdar og raunveruleikans í því efni, en einsýni getur að sjálfsögðu einnig haft sín áhrif. Oft er ákveðnum nefndum eða starfshópum falin frumvarpssmíði og þar koma inn í myndina bæði þeir, sem viðkomandi lagasmíð snertir sérstaklega, og oft fulltrúar Alþingis einnig. Sama er oft að segja um endurskoðun mikilla lagabálka. Spurningin er þá hvort í forvinnunni, frumvarpssmíðinni, sé Alþingi nægilegur þátttakandi eða ekki. Á þessu vill verða misbrestur. En í mörgum tilfellum, sem betur fer, hafa ráðh. valið þann kost að fá liðsmenn úr öllum flokkum þingsins til yfirferðar og endurskoðunar og tryggir það jafnan tengslin.

Að sjálfsögðu er Alþingi svo sá vettvangur sem um málið fjallar endanlega og ákvarðar um endanlega gerð, oft einróma, en í mörgum viðkvæmum málum skiljast þó leiðir milli meiri hl. og minni hl., stjórnar og stjórnarandstöðu, svo sem vera ber. En þá koma um leið upp hugleiðingar um þá vinnu sem Alþingi og þá þingnefndir alveg sérstaklega leggja í málið hverju sinni og hvaða tími gefst til athugunar og umræðna við hina ýmsu aðila sem nauðsynlegar eru. Umræður verða í raun á hverju þingi um það, hve tímaskortur er mikill og hve ónóg athugun mála er einkennandi. Er þá jafnan svo, að stjórnarandstaða hverju sinni heldur uppi gagnrýni á vinnubrögðin, gagnrýni sem vissulega á oftar en ekki fullan rétt á sér. Nú er þessu ekki til að dreifa um mörg lagafrv. af viðameira taginu. Oft koma frv. fyrir þing eftir þing, þó vel undirbúin séu, og daga uppi sumpart vegna viljaleysis en sumpart vegna slæmra vinnubragða þingnefnda sem um eiga að fjalla.

Þetta skal undirstrikað hér vegna þess, að till. er einmitt um aukna vinnu þingnefnda en um leið betri skipulagningu á vinnu þeirra, sem ærið oft gæti komið til greina að mínu viti. Og þá kemur um leið að þeim vangaveltum, sem till. mín kallar alveg sérstaklega á, þ. e. hvort ekki sé í raun nú þegar nægilegt álag á þingnefndir þó ekki verði á þær bætt, og mundi yfirferð þeirra og umsögn þá skila nokkrum árangri?

Ég held að þó að vissulega sé álag á — þingnefndir og menn í þeim mjög misjafnt, þá muni flestar ef ekki allar nefndir geta leyst þetta verkefni án teljandi erfiðleika. Og þá skal enn undirstrikað að í till. er aðeins um reglugerðir þær fjallað sem snerta þýðingarmestu þætti hinna viðamestu mála.

Nú kunna menn einnig að segja að þingnefndum sé þá nær að taka af sem allra flest tvímæli við umfjöllun lagafrv. og minnka sem allra mest þau ákvæði sem sífellt verða meira áberandi í lagasetningu allri, að nánari ákvæði laga þessara skuli ákveðin með reglugerð. Ég get alveg tekið hér undir, en veit þó að margt í framkvæmd hinna ýmsu laga fer ólíkt betur í reglugerð en í lagatexta, útfærsluatriði fjölmörg sem þó geta varðað miklu um alla framkvæmd laganna.

Nú er ekki verið með till. þessari að segja að reglugerðir hafi brotið anda laga eða að þær séu svo gallaðar að ástæða sé til skjótra aðgerða af þeim ástæðum. Þvert á móti eru hér margar reglugerðir sem mjög vel eru unnar og fylgja í einu og öllu þeim anda og þeirri túlkun sem Alþingi ætlaðist til. En á þessu getur eðlilega orðið misbrestur og Alþingi má ekki láta slíkt viðgangast, hvort sem er í litlum mæli eða miklum. Segja má með réttu að í umboði Alþingis staðfesti ráðh. reglugerðir og sjái um að þannig sé um hnúta búið að í engu sé út af breytt því sem hverju sinni hefur verið átt við hvað snertir nánari framkvæmd alla. Ekki vil ég draga í efa góðan vilja ráðh. til samviskusamlegra vinnubragða, en einnig þar getur orðið misbrestur á, m. a. vegna þess, eins og réttilega segir í grg., að annir þeirra eru oft mjög miklar.

Það hef ég heyrt frá því að till. þessi kom fyrst fram, að ekki væri hún líkleg til bóta ef í framkvæmd kæmist. Í fyrsta lagi væri spurning um það, hvernig lögbinda skyldi skipan þessara mála og þá alveg sér í lagi hvar mörkin skyldu dregin varðandi umfjöllun þingnefnda, þ. e. hvaða reglugerðir skyldu hljóta umsögn og hverjar ekki. Það er eflaust nokkurt vandaverk að draga skynsamlegar markalínur hvað þetta snertir, en það er örugglega hægt.

Í öðru lagi hefur verið bent á það, að þetta væri illframkvæmanlegt og mundi seinka setningu reglugerða sem oft lægi á að setja. Sannleikurinn er þó sá, að mjög mikill dráttur vill oft verða á reglugerðarsetningu, og trúa mín er sú, að ef skipan þessi kæmist á og þingnefndir tækju hlutverk sitt alvarlega, þá gætu þær allt eins kallað eftir reglugerðum og þannig flýtt fyrir setningu þeirra. Ýmsar fyrirspurnir á Alþingi nú og áður benda til óþolinmæði þm. og annarra vegna dráttar á setningu ýmissa reglugerða.

Heyrt hef ég í þriðja lagi að reglugerðin gæti verið lengi að þvælast í kerfinu, ef þingnefnd væri neikvæð í umsögn en ráðuneyti og ráðh. héldu fast við sitt, og þannig upphæfust sendingar á milli án árangurs. Ekki hef ég miklar áhyggjur af þessu, því að ég fullyrði að þó oft sé vel til reglugerðarsamningar vandað, þá muni enn betur gert ef aðhald þingnefnda kæmi til. Árekstrar mundu heyra til undantekninga og ýmislegt yrði það í umsögnum sem betur mætti fara og hlyti þá að vera tekið til greina yfirleitt.

Í fjórða lagi hef ég heyrt það hér á þingi, að tíma þingnefnda væri betur varið til margs annars frekar en að setja sig í flókin framkvæmdaatriði, oft tæknilegs eða sérfræðilegs eðlis, auk þess sem þingnefndir yrðu þá bundnar yfir sumartímann að svo og svo miklu leyti. Ég held að hér sé um skipulagsatriði að ræða sem ætti ekki að þurfa að vera eins bindandi hvað tímann snertir og menn vilja vera láta. Um tíma þingnefnda til þarfari starfa má deila, en frumkvæði í frv.-gerð hef ég áður lýst sem sjálfsögðu svo og sjálfstæðri vinnu að gerð frv. að undirlagi stjórnvalda. Hvort tveggja kemur fyllilega til greina, og hefur það raunar þegar verið flutt hér af hv. þm. Alþfl. í frv.- formi hvað snertir ákveðin störf þingnefnda almennt.

Mér þótti hlýða að minnast hér á helstu mótbárur sem ég hef heyrt varðandi þetta mál, en að sjálfsögðu fær það athugun í nefnd og þar munu koma rök með og á móti. Flm. er það ljóst, að þm. er mikil nauðsyn á því að nýta sumartímann til ferðalaga um kjördæmi sín — en sú er ein af þeim mótbárum sem hafa heyrst í þessu efni að í þetta færi mikill tími að sumrinu — og halda þannig sem bestum tengslum við kjósendur. En með góðu skipulagi ætti að vera kleift að taka ákveðinn tíma til þess fyrir þingnefndir eða undirnefndir þeirra að fást við þetta ákveðna verkefni sem hér er um fjallað. Undirnefndir þeirra, segi ég, vegna þess að vitanlega getur þingnefnd falið ákveðnum aðilum innan nefndarinnar að fara sérstaklega yfir þessar reglugerðir ef það þykir tiltækt.

Í lok grg. segir svo: „Nánari grein verður gerð fyrir þessu máli í heild við framsögu.“ Það tel ég að ég hafi gert nokkurn veginn þó að ótalmörg álitamál hljóti að koma upp hjá þeirri nefnd sem fær þetta mál til meðferðar. En síðan segir orðrétt: „en aðalatriðið er að löggjafinn, Alþingi, gæti þess, að andi þeirra laga, sem samþykkt eru, haldist sem allra best í allri túlkun gagnvart þeim sem við lögin eiga að búa eða þeirra að njóta.“

Mér finnst þetta mergurinn málsins. Reglugerðarsetning, svo veigamikil sem hún er orðin hjá okkur, hlýtur að koma til athugunar okkar með einum eða öðrum hætti, hvort sem það eru þingnefndir eða einhverjir aðrir sem þar eiga um að fjalla, aðrir en embættismenn í rn. eða sérfræðingar sem til eru kallaðir.

Ég vænti góðrar og jákvæðrar meðferðar þessarar till. í nefnd, segi það jafnframt að vissulega hefði komið til álita — það sé ég best af frv. þeirra þm. Alþfl. um þetta mál — að flytja þetta hreinlega sem frv. um störf þingnefndanna sjálfra, koma þar beint inn á. Eflaust er einnig möguleiki að hafa þann háttinn á. En það er ljóst, að með einhverjum hætti verður að taka á þessu máli. Löggjafinn verður að gera það. Kannske verður þessi till. til þess, að þingnefndir skili frá sér málum með færri ákvæðum um að reglugerð skuli skera úr, m. a. málum sem valda deilum í þingnefndum og þær geta ekki af einhverjum ástæðum komið sér nákvæmlega saman um og velta þess vegna því deilumáli, sem þær geta ekki leyst í raun og veru, yfir til embættismanna og ráðh.

Ég vil svo leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Á þskj. 51 er hreyft býsna merku máli. Talað var um það hér fyrir stuttu í sambandi við annað mál, að Alþingi væri nauðsyn á að ná vopnum sínum gegn embættismannavaldinu, og má vissulega heimfæra það um þessa þáltill. Ég er sem sagt ekki grunlaus um að í ýmsum tilvikum vanti á fullt samræmi milli anda þeirra laga, sem Alþingi er að samþykkja og þm. vildu túlka, og þeirra reglugerða, sem settar eru um viðkomandi lög. Það er að sjálfsögðu til athugunar hvort ætti að lögbinda það, að þingnefnd fjallaði um allar reglugerðir. Mér finnst það lámarkið og sjálfsagt að þm. séu í öllum tilfellum sendar reglugerðir sem settar eru samkv. lögum sem þeir hafa samið eða átt hlut að máli að samþykkja.

Ég held að það væri e. t. v. þungt í vöfum, eins og flm. benti á að gæti verið í vissum tilvikum, að þingnefndir fjölluðu um þessar reglugerðir áður en þær tækju gildi. En lágmarkskrafa hlýtur að sjálfsögðu að vera að þm., sem taka ábyrgð á samþykkt laga, séu sendar þessar reglugerðir þannig að þeir geti a. m. k. sannfært sjálfa sig um það, að þær séu í þeim anda sem þm. í viðkomandi nefnd ætluðust til að lögin yrðu túlkuð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil fagna mjög fram kominni þáltill. frá hv. þm. Helga Seljan á þskj. 51 þar sem hann fer fram á að í lög verði leitt að reglugerðir, sem í raun hafa oft tekið við af lögum eins og stjórnkerfinu hjá okkur er háttað, hljóti endanlega staðfestingu Alþingis. Kjarni þessa vanda er sá, að á undanförnum árum og áratugum hefur verið að eiga sér stað mjög mikið afsal valds frá Alþingi til stofnana framkvæmdavaldsins, bæði ráðh. og rn. sem og annarra stofnana ríkisvaldsins. Þetta hefur auðvitað gerst af ýmsum ástæðum, ekki síst þeim, að með flóknara og tæknivæddara þjóðfélagi heldur Alþingi alls ekki í við hið sérfræðilega vald sem safnast saman hjá öðrum stofnunum ríkisvaldsins. Það er það sem er kjarni málsins. En sannleikurinn er líka sá, að kjarni vandans lýsir í sér svolítið slæmum misskilningi sem fram kemur í tillgr. hjá hv. þm. Helga Seljan, því að hann leggur til að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að lögbinda með einhverjum hætti

o. s. frv. Ríkisstj. lögbindur ekki eitt eða neitt. Það er Alþingi sem lögbindur. Mér finnst Helgi Seljan m. ö. o. vera svolítið talandi dæmi um vandann sem við er að eiga, einmitt þetta framsal, að Alþingi vinnur ekki verkið sjálft, sem því er ætlað að vinna, heldur vísar til framkvæmdavaldsins að taka verkið að sér.

Tillgr. hjá hv. þm. Helga Seljan er beinlínis röng. Hann er að biðja ríkisstj. um að gera það sem ríkisstj. á ekki að gera, því að hún semur engin lög, hún samþykkir engin lög. Það, sem Helgi Seljan hefði þess vegna átt að gera, var að flytja mjög einfalda tillgr. við þingskapalögin frá 1936 um það, að reglugerðir hljóti ekki staðfestingu fyrr en þingnefndir hafi farið yfir þær. Þetta er í sjálfu sér mjög einfalt atriði. En þá er vandinn sá, sem er liður í þessu valdaframsali frá löggjafanum til hinna ýmsu stofnana framkvæmdavaldsins, að hv. alþm. hafa alls ekki aðstöðu til þess. Ég vil enn vekja athygli á því — sem ég gerði raunar í umr. um lagafrv. í gærkvöld — að í lögum frá 1928, að ég hygg, munu vera heimildarákvæði um það að laganefnd skuli starfa í Alþingi og með Alþingi til þess að vera þm. innan handar og til ráðgjafar um þessi efni. Ég held að þetta væri sjálfsagt. Og ég held að ég fari rétt með það, að ekki þurfi einu sinni lagabreytingu til. Þetta yrðu lagalegir ráðgjafar Alþingis og alþm. til þess hreinlega að þeir geti staðið sig, því að löggjafarstörf eiga auðvitað ekki að vera sérverkefni löglærðra manna. Það er beinlínis ólýðræðisleg hugsun í alla staði, ég tala nú ekki um eins og þeirri menntun er oft og iðulega háttað, svo kerfislæg og valdhlýðin sem hún er í eðli sínu.

Hér flytur hv. þm. till., sem er samkvæmt orðanna hljóðan lýsing á sjálfum vandanum, þegar hann leggur til að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að lögbinda eitt eða annað. Ríkisstj. lögbindur ekki, stjórnarskráin kveður beinlínis á um annað í þessum efnum.

Af hverju hefur reglugerðarvaldið aukist svo mjög? Ég hygg að ástæðan sé sú, að oftar en ekki treysti hv. alþm. sér ekki til að setja nema rammalög vegna þess að áframhaldið á útfærslunni er flóknara, fjallar um meiri smámuni og annað slíkt. Þeir setja þess vegna rammalög en láta tæknimennina, sem framkvæmdavaldið hefur yfir að ráða, ráðuneytin eða einstakar stofnanir undir þeim, um afganginn. Þeir hafa til þess meiri kunnáttu að útfæra þetta nánar. Einmitt með þessum hætti hefur valdaframsalið farið fram. Og nú vill Helgi Seljan fela ríkisstj. að lögbinda, semja þessa einföldu litlu lagagrein sem hér er um að ræða. Vandlega mundi einhver tæknikratinn í ráðuneytinu taka þetta að sér og hafa það svo loðið að ríkisvaldið eða framkvæmdavaldið sleppi ekki neinu valdi til Alþingis á nýjan leik, sem þó vakir fyrir hv. flm. Þetta held ég að sé sjálfur vandinn í hnotskurn, að löggjafarvaldið hefur gefist upp vegna þess að það hefur ekki yfir að ráða hinni sömu tækni, hinum sama mannafla og hinni sömu kunnáttu og einstaka stofnanir framkvæmdavaldsins. Hér er ekki verið að saka Alþingi um vankunnáttu. Það er aðeins verið að segja að þjóðfélagið er orðið flóknara og tæknivæddara í mörgum skilningi þess orðs og fyrir vikið er sérfræðingsefni hvernig nákvæmlega skuli útfæra lögin.

Eins og hv. flm. raunar vék að í sinni framsöguræðu, þá liggur fyrir hv. Nd. á þskj. 77 frv. til l. um breytingu á þingsköpum. Það er alveg rétt sem hann sagði, að frv. er miklum mun víðtækara en þáltill. hans, en er þó í eðli og anda um sama málið og spannar yfir nákvæmlega sama svið, sem sé að þingnefndum sé skylt að fylgjast með framkvæmd laga — og þar með framkvæmd þess þáttar sem undir reglugerðir heyrir. Ég er alveg sammála hv. flm. um það, að hann er að lýsa raunverulegu og miklu vandamáli, hvernig búið er að skekkja stjórnkerfið allt, hvernig búið er að draga vald til framkvæmdavaldsins í skjóli flóknar samfélagsþróunar og hvernig Alþingi er í raun og veru orðið undirstofnun framkvæmdavaldsins. Það er vissulega ekki aðeins vandamál, heldur mikið áhyggjuefni. Við skulum taka dæmi. Í landinu eru útvarpslög sem eru mjög skýr. Nú er það á allra vitorði — það er skrifað um það í alla fjölmiðla, fluttir um það útvarpsþættir — að það er risin upp ný útvarpstækni í landinu sem auðvitað allir vita að er þverbrot á þessum útvarpslögum. Það eru engin fordæmi fyrir því og hv. Alþingi hefur enga aðstöðu til þess að kanna í fyrsta lagi hvort þarna er um lögbrot að ræða. Gott og vel, um það má kannske deila — og þó varla. En í annan stað: Hvernig á kerfið að bregðast við? Á að breyta lögunum til að gera þessa þróun löglega eða á ekki að gera neitt?

Sannleikurinn er sá, að þetta er búið að vera á allra vitorði um tveggja ára skeið eða meira. Og kerfið bregst hvergi við, vegna þess að Alþingi, eins og að er nú byggt upp, er ekki stofnun sem eðli málsins samkvæmt svarar svona breytingum úti í þjóðfélaginu. Störf okkar hér ganga ekki fyrir sig með þeim hætti. Það, sem gæti gerst og ég hygg að hafi gerst í þessum efnum, væri að ráðh. setji nefnd sem svo er alveg undir hælinn lagt hvenær skilaði áliti og þá hvaða áliti. Á meðan búum við við það kannske árum saman, að í landinu er kerfi sem starfar í trássi við ríkjandi löggjöf, en löggjafinn aðhefst ekkert í þessum efnum.

Það, sem auðvitað ætti að gerast um leið og slíks verður vart, er að þingnefndir ættu að hafa til þess frumkvæðisvald að taka svona mál upp á sína arma, annaðhvort í því skyni að koma í veg fyrir lögbrotin eða í því skyni að leggja til hið fyrsta að lögunum verði breytt í þann farveg sem allt þjóðfélagið er í þessu tilfelli að þróast í.

Með þessu er ég aðeins að benda á þennan vanda, sem hv. þm. Helgi Seljan lýsir og lýsir réttilega, þetta óþolandi valdaafsal löggjafarvaldsins til framkvæmdavaldsins: Í fyrsta lagi hefur það áður valdið áhyggjum. Í öðru lagi á þetta við í miklu ríkari mæli en bara um reglugerðir. Það er aðeins einn og kannske oft lítill þáttur alls þessa máls.

Menn þekkja það, að öll stærri frv., sem hér eru flutt, eru að stofni til samin í rn. og flutt sem stjórnarfrv. Það er ekki aðeins vegna þess að þau eru flutt af ríkjandi og sitjandi meiri hluta. Það er líka vegna þess að tæknibúnaður, mannskapur og þekking til að vinna þessa vinnu er alls ekki hér. Hún er allt annars staðar í þjóðfélaginu, þó svo að þessi stofnun fari með löggjafarvaldið í þessum efnum. Þegar því er skotið aftan í næstöftustu grein laga, sem oft er gert, að lögin skuli nánar útfærð með reglugerð, þá er ekki leti þm. um að kenna né heldur liggur fyrir viljayfirlýsing þeirra um að svona skuli málum háttað, heldur er það hitt, að þá brestur aðstöðu til að geta útfært lögin nema sem rammalög, sem þau auðvitað eru vegna þess að hitt er hin smámunalegri útfærsla, sem í reglugerðunum er kveðið á um.

Ég sé að vísu verulega tæknigalla á þessari till. og þá helst þann að álykta að fela ríkisstj. að lögbinda, sem því miður er ekki rétti gangurinn samkvæmt íslenskri stjórn-

arskrá. En öll hin almenna hugsun í till. held ég að sé rétt, það sé rétt ábending hjá hv. þm., að þessum valdahlutföllum verði að fara að snúa við. Ég vísa enn í það frv., sem hér var talað fyrir í gær, og minni á það, að nákvæmlega þessi þróun er vel þekkt með öðrum þingræðisþjóðum, hvernig valdið hefur flust frá löggjafarvaldinu og til hinna ýmsu stofnana framkvæmdavaldsins. Þessari þróun hefur verið svarað með því að auka vald þingnefnda, auka frumkvæðisskyldu þeirra og auka eftirlitsvaldið. M. ö. o.: það er ekki aðeins starf löggjafans að setja lög, heldur að fylgjast með því, að þau séu framkvæmd. Hvaða ástæða er raunverulega til að breyta lögunum? Það er auðvitað engin ástæða til að breyta lögunum nema því aðeins að gallar komi fram á þeim. Og það ætti einmitt að vera hlutverk þingnefnda að kanna það, taka við ábendingum frá borgurum og taka það upp hjá sjálfum sér. Að því leyti held ég að þetta videó-mál sé mjög gott dæmi um mál sem Alþingi ætti að láta til sín taka. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur að Alþingi hafi látið þetta mál afskiptalaust. En í þeim löndum, sem hér hefur áður verið vísað til, hefði frumkvæðið komið frá þingnefndum í þessum efnum.

Því segi ég það enn og aftur, að það vandamál, sem hv. þm. Helgi Seljan lýsir, held ég að hann skilgreini allt of þröngt þegar hann er einvörðungu að tala um reglugerðarmálin. Ég vek athygli á því, að sem lagabreyting er þetta mjög einföld viðbót — ein setning — við þingskapalögin. En ég held að í þessum efnum eigum við að ganga lengra. Sá grundvallarþanki, sem liggur að baki till. eins og lýst var hér í framsöguræðu, er nákvæmlega hinn sami og við nokkrir þm. leggjum til á þskj. 77, að það er óeðlilegt og stundum nánast óþolandi með hverjum hætti löggjafinn hefur í raun og veru svipt sjálfan sig valdi, t. a. m. þessu reglugerðarvaldi miklu fleiri þáttum. Þetta vald á löggjafinn að taka sér aftur. Það getur hann gert í gegnum þingnefndir með tiltölulega mjög einföldum breytingum á þingsköpum. Með þeim hætti er hægt að ná aftur jafnvægi milli löggjafarvalds og framkvæmdavalds. Hvort sem um er að ræða þáltill. hv. þm. eða það frv. til l., sem er henni náskylt, er kjarni þessa máls sá, að það hefur orðið mikil misvísun, framkvæmdavaldið hefur dregið til sín allt of mikið vald á kostnað löggjafarvaldsins. Þetta hygg ég að við báðir viljum leiðrétta á nýjan leik, og mér sýnist að þau frv.-drög, sem hér eru til um þetta, taki yfir nákvæmlega sama efnið, en þau eru meira útfærð og fela í sér allviðunandi lausn á því máli sem hv. þm. hefur réttilega bryddað upp á. En við megum ekki álykta að fela ríkisstj. að lögbinda, því ríkisstj. lögbindur ekki eitt eða neitt.

Finnur Torfi Stefánsson: Forseti. Ég er sammála því, að markmið þessarar till. eru góð og stefnt í rétta átt hvað tilganginn varðar. Tilgangurinn er sá eftir tillögugreininni að reyna að tryggja að reglugerðir séu í samræmi við lög og að framkvæmdavaldið breyti ekki vilja Alþingis með setningu reglugerða. Það er auðvitað full þörf á að veita framkvæmdavaldinu aðhald í þessum málum. Hins vegar er það nú svo, að samkv. gildandi lögum er það verkefni dómstóla í landinu að hafa þennan starfa á hendi. Eins og við vitum er það samkv. stjórnarskrá verkefni Alþingis að setja lög, framkvæmdavaldshafar eiga að framkvæma lögin, síðan er það verkefni dómstóla að túlka lög og skera úr réttarágreiningi, m. a. að skera úr ef einhver telur að reglugerð brjóti í bága við lög.

Nú kann einhver að vilja halda því fram, að dómstólar sinni þessu verkefni illa, eða með öðrum orðum sagt: það sé of þungfarið og seint að sækja mál þá leiðina. Kann að vera nokkuð til í því. En ég held að það væri öllu skynsamlegra, ef menn telja að það brenni á sér einhver sök í þessu, að reyna að beina augum sínum að réttarfari í landinu, að dómstólunum, og freista þess að gera starfsemi þeirra greiðari og skjótvirkari fyrir þegnana. Ég get tekið undir það, það er mjög mikil þörf á að borgurum landsins verði gert tiltölulega auðvelt að leita með ágreiningsefni sín, t. d. við ríkisvaldið, til dómstóla og fá þar úrskurð.

Ég held líka að hætt sé við því, að mörk reglugerða og lagasetningar óskýrist ef þingið á að fjalla með sérstökum hætti um reglugerðirnar líka. Þá fara menn að vefja fyrir sér hver sé eiginlega munur á lögum og reglugerðum.

Kjarni þessa máls er auðvitað sá, sem kom fram bæði hjá hv. frsm. og eins hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að Alþingi hefur framselt mikið af valdi sínu til ríkisstj. á hverjum tíma. Ég er sammála því, að þetta mat er rétt, og það er mikið tilefni til þess, að Alþingi spyrni við fótum og reyni að snúa þessari þróun við. Ég er hins vegar mjög vantrúaður á að það gerist jafnvel þótt menn komi fram einhverjum breytingum á vinnubrögðum, breyti þingskaparlögum eða einhverju þess háttar, vegna þess að vandinn á alls ekki rætur í forminu eða í lögunum. Vandinn er fyrst og fremst afstaða þm. sjálfra, afstaða þingsins sjálfs, vegna þess að valdaframsalið hefur gerst fyrir lagasetningu á Alþingi. Þingið hefur sjálfviljugt og fyrir eigin verknað framselt þetta vald í hendur ráðh. Og það mun halda því áfram svo lengi sem viðhorf af þessu tagi ríkja. Ég held að við getum breytt kerfinu endalaust án þess að nokkur árangur fáist í þessu máli.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason nefndi hér nokkur dæmi um valdaframsalið. Ég vil gjarnan bæta einu við. Það er fjárveitingavaldið. Það er alveg ljóst af stjórnarskrá, það liggur þegar fyrir í stjórnarskránni, að Alþingi á að hafa fjárveitingavaldið. En hvernig er því svo háttað í raun? Við vitum að fjárlög, sem menn leggja mikinn tíma og vinnu í að samþykkja hér í þinginu, eru alls ekki lög að efni til. Þetta er í hæsta máta og besta lagi hægt að kalla stefnuyfirlýsingu, því að í lögunum sjálfum, í fjárlögunum, er heimild til ríkisstj. að breyta þeim eftir verðlagsþróun og hentisemi, enda vita menn að fjárlög eru aldrei framkvæmd. Ríkisreikningur og fjárlög sýna mikinn mismun og mjög lítið samræmi er þar á milli.

Í öðru lagi vitum við að það fé, sem er til ráðstöfunar árlega til fjárfestingar, það fé sem menn hafa eitthvert ráðrúm til að ráðstafa í hina ýmsu staði, það er ekki afgreitt í fjárlögum, heldur fyrst og fremst í lánsfjáráætlun — og það er áætlun. Þingið hefur ákaflega lítið með það að gera, hvernig hún er framkvæmd. Af hverju er þetta svona? Nú er svona komið þrátt fyrir það að í stjórnarskránni segi alveg ótvírætt að Alþingi eigi að hafa fjárveitingavaldið. Halda menn að þetta ástand mundi breytast ef menn færu að tvítaka það eða þrítaka í stjórnarskrá, að Alþingi eigi að hafa fjárveitingavald? Nei, orsökin er ekki formið, heldur það ástand sem ríkir á Alþingi, að þingmenn annaðhvort vilja eða treysta sér ekki til annars en að láta ríkisstj. stjórna og ráða. Það er fyrst og fremst viljinn, breytt viðhorf, sem hér þarf að koma til.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég fagna mjög þeirri umr., sem hér hefur farið fram, og þakka hv. þm. Helga Seljan fyrir þessa till. til þál. þó að ég sé sammála því, að þarna sé kannske nokkuð málum blandað. Við deildum nokkuð um það í okkar þingflokki hvernig þetta skyldi orðað. En að mínu viti ætti slík umr. að fara fram í upphafi hvers einasta þings. Það er nú svo, að fullyrðingar manna um, að Alþingi sé nokkuð að tapa virðingu sinni, eru kannske ekki síst sprottnar af því, að héðan fara allt of mörg illa gerð lög.

Menn hafa talað hér mikið um mun á lögum og reglugerðum. Ég vil taka undir flest það sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Ég held að það sé ákaflega varasamt að rugla þessu tvennu saman. Svarið við því er auðvitað að lög séu hæfilega vönduð.

Ég vil aðeins minna hér á annað „dókument" ekki ómerkara, sem er stjórnarskrá landsins. Ég held að það væri ekki úr vegi að athuga stundum hvort þau lög, sem við erum að setja hér, brjóti ekki beinlínis í bága við anda stjórnarskrárinnar. Ég vil taka hér dæmi. Ég benti hinu háa Alþingi á þetta í fyrra. Hér var verið að tala um frv. til laga um biskupskjör, þar sem lýðræðislega kjörin stofnun tók sér að boði biskups eða öllu heldur skipaði Alþingi Íslendinga að fela sér meira vald en hún var til kjörin. Ég flutti hér ákvæði til bráðabirgða þar sem ég fór fram á að lögin tækju ekki gildi fyrr en nýtt kirkjuþing hefði verið kjörið, að mig minnir á árinu 1982. Svar hæstv. kirkjumálaráðherra var að það lægi á að afgreiða lögin vegna þess að biskupskjör færi fram árið 1981. Ég spurði mér reyndari þm. hvort slík lagasetning bryti ekki í bága við stjórnarskrána. Menn sinntu þessu engu og ákvæði mitt til bráðabirgða fékk tvö atkvæði hér í hv. Nd.

Ég held þess vegna að það, sem okkur vantar umfram allt hér á hinu háa Alþingi, séu starfsmenn sem fara yfir þau lagafrv. sem við sendum frá okkur. Ég hef oftlega tekið undir þá gagnrýni, m. a. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, að stjfrv. eru nær öll samin af embættismönnum rn., sem síðar eru kallaðir á nefndarfundi til að verja eigin frv.

Önnur tegund frv. ryðst hér yfir á hverju ári. Það er orðið mikið sjónarspil fyrir fjölmiðla að fylgjast með störfum þm. Menn fá einkunn fyrir hvað mörg mál þeir flytja, og er ekki endir á hvað mönnum dettur í hug að flytja til þess að hljóta titilinn „duglegasti þingmaðurinn". Maður sér mörg dæmi um þetta og má sitja undir því, að alls kyns sérvitringar úti um bæ, sem eru nógu duglegir að skrifa í blöðin um eitthvert mál, setjast svo að einhverjum þm. með tilbúið frv. í höndunum. Þetta er svo blygðunarlaust flutt hér á hinu háa Alþingi. Síðan er sami sérvitringur kallaður á nefndarfund, af því að fyrir einhverja undarlega tilviljun dettur mönnum hann í hug. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem okkur eru ekki á nokkurn hátt sæmandi. Menn mættu miklu frekar huga að því að vanda lagasetningu en að flytja sem allra flest mál. Mig undrar satt að segja það sem átti sér stað hér í dag í Sþ., að hv. forseti Sþ. skuli taka hér á dagskrá fsp. um það af hverju hafi ekki verið skipuð nefnd sem búið er að skipa og fyrirspyrjandi situr í nefndinni. Hvers konar hegðun er þetta? Til hvers erum við að sitja undir svona vitleysu? Og hver ætlast svo til þess, að við njótum einhverrar sérstakrar virðingar úti í þjóðfélaginu?

Alþingi á að vera gagnrýnið á þau mál sem lögð eru fram. Það á að gerast hér, að mál séu stöðvuð séu þau ekki tæk. Þann stutta tíma, sem ég hef verið hér, hafa verið lögð fram mál sem eru ekki samboðin hinu háa Alþingi. Hér á að vera starfsmaður sem stöðvar slík mál. Fyrir nú utan það undirstöðuatriði að hér er lýðræðislega kjörið Alþingi Íslendinga. Það er engin menntunarkrafa fyrir þá sem hér sitja og á ekki að vera. Hins vegar á hvaða þm. sem er að geta haft starfsmann hér á sjálfu Alþingi til þess að undirbúa fyrir sig frv. Hugmyndin kemur frá þm. sjálfum, eða hvar sem hann verður sér úti um hana, en þeir þm., sem t. d. treysta sér ekki til að útbúa frv. — sem eru eflaust til og þeir eiga að vera til — í hvaða hús hafa þeir að venda? Jú, þeir flýja venjulega á náðir embættismanna rn. Og þetta er auðvitað orðið vafasamt lýðræði, svo ekki sé meira sagt.

Það er algjörlega óviðunandi hér á hinu háa Alþingi þar sem vinna 60 þm., að hér skuli varla vera hægt að fá nema á hlaupum, í einni eða tveimur setningum, aðstoð við að ganga frá málum, eða að farið sé yfir mál til þess hreinlega að athuga hvort þau uppfylla öll skilyrði sem Alþingi Íslendinga getur verið þekkt fyrir að sýna. Þessi þjónusta er ekki til hér. Sama þjónustuleysi er auðvitað í sambandi við bókasafnið hér á hinu háa Alþingi. Þó að starfsfólk þar sé allra góðra gjalda vert hefur það enga aðstöðu til þess að leita uppi það sem skrifað hefur verið um ákveðið mál sem þm. er að hugsa um.

Ég held að það sé með merkari umr., sem ég hef heyrt lengi hér á þinginu, að menn fari að velta fyrir sér hvort þingið vinni eins og því ber.

Varðandi það mál, sem hér er á dagskrá, svo að ég taki nú ekki of mikinn tíma, herra forseti, tek ég undir það sjónarmið, en mér finnst ákaflega erfitt að kyngja því, að þegar hv. þm. eru búnir að setja lög á hinu háa Alþingi og búið er að samþykkja þau, þá sé það okkar hlutverk að sjá um að reglugerðir séu sómasamlegar. Það hlýtur að vera verkefni viðkomandi ráðh. og hans starfsmanna. Ég get hins vegar horfst í augu við það, að þetta kunni að vera nauðsynlegt. Mér er alveg ljóst að reglugerðir eru búnar til á undarlegasta máta. Ég veit það úr störfum mínum í framkvæmdaþætti þjóðfélagsins, að oftlega eru starfsmenn viðkomandi stofnunar, sem lögin varða, fengnir til þess að búa til reglugerð. Og ég tek það fram, að það er oft ekki versta aðferðin. Oftlega hafa starfsmenn rn. því miður allt of lítið samband við þá stofnun sem á að framkvæma lögin, og þess vegna eru reglugerðirnar oft slæmar. Ég held þess vegna að sama vandamálið mundi verða uppi þó að þingnefndir ættu að fara yfir reglugerðir. Það þarf töluvert nána þekkingu á viðkomandi máli, á smáatriðum framkvæmdanna, til þess raunverulega að sjá hvort reglugerð er góð eða vond, hvort hún tekur af þau vafaatriði sem lögin kunna að hafa. Hins vegar má segja að þingnefnd geti séð hvort þeirri einföldu reglu er hlýtt, að reglugerð hafi stoð í lögum yfirleitt, og hvorki víkki né þrengi það sem í þeim stendur. En ég dreg í efa að mikið gagn væri að því að þingnefnd færi yfir reglugerðir, nema þá að í sjálfu Alþingi væri mjög vel lögfróður maður sem yrði til aðstoðar við slíka yfirferð.

Um þetta mætti margt segja. Ég get vel skilið af hverju þessi till. til þál. er fram komin. Okkur er öllum ljóst að við höfum lítið sem ekkert yfirlit yfir það, hvað gefið er út í reglugerðum sem eiga að hafa stoð í þeim lögum sem við erum að setja hér. En því verður ekki neitað, að gagnrýnar raddir hafa heyrst, t. d. frá lagadeild, um tilbúning mála hér og ég vil taka ákveðið undir þær. Ég tók

jafnframt undir gagnrýni sem kom fram hér í fyrra, þegar dómarar — hæstaréttardómarar — eru kallaðir á nefndarfundi til þess að ræða frv. sem þeir sjálfir hafa samið og eiga síðan kannske að dæma eftir. Þetta er auðvitað orðinn undarlegur ruglingur milli þeirrar þrískiptingar sem við höfum hingað til reynt að halda okkur í: löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds, og ég held að Alþingi ætti að kanna þessi mál mjög vel. Ég beini þessu til viðkomandi nefndar. Líklega fer málið til hv. allshn., svo að ég fæ tækifæri til að ræða málið þar. Þetta er mál sem er vel þess virði að vera rætt ítarlega í þeirri hv. nefnd.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa till. á þessu stigi. Till. og sú hugsun, sem að baki henni býr, er skyld hugsun sem oft bryddaði á hér á Alþingi s. l. vetur við umr. sem urðu nokkrum sinnum í sambandi við þingsköp og um starfshætti Alþingis.

Ég held að engum blandist hugur um það, að sú þróun hefur verið að gerast smátt og smátt, án þess kannske að menn áttuðu sig raunverulega á hvar þáttaskilin væru, að framkvæmdavaldið hefur verið að taka æ meira vald frá löggjafarvaldinu þannig að það hallast orðið verulega á að því er snertir völd þessara tveggja þátta ríkisvaldsins. Þetta á sér margar orsakir, en auðvitað er það rétt sem hér kom fram áðan hjá hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni, ekki er við aðra að sakast í þessu efni en Alþingi sjálft sem hefur látið það viðgangast að valdið væri smám saman dregið úr höndum þess og sett í hendur annarra aðila í þjóðfélaginu. Sá þáttur, sem gerður er að umtalsefni í þessari till. til þál. um reglugerðir, er að sjálfsögðu ekki nema brot af þessu vandamáli. En auðvitað er ekki við aðra að sakast en alþm. eða hv. Alþingi þegar það liggur fyrir að farið er að skipa æ fleiri þáttum þjóðfélagsmála með reglugerðum. Það er ekki gert nema Alþingi sjálft hafi heimilað það. Við sjáum það í æ fleiri stórum lagabálkum, sem hér eru lagðir fram á hv. Alþingi, að alþm. samþykkja að mikilvægum þáttum viðkomandi mála skuli skipað með reglugerð. Þetta á sér stað á mörgum mjög mikilvægum sviðum þjóðfélagsins.

Við höfum reynt það, og það var yfir því kvartað og er nánast lenska hér þegar líður að þinglokum eða þegar líður að þingfrestun um jólaleyti, að hér er hespað í gegn hverju stórmálinu á eftir öðru án þess að þm. hafi í raun nokkra aðstöðu til að kynna sér þau til hlítar. Niðurstaðan verður sú, að oft fer hér í gegn lagasetning sem er óvönduð. Menn bjarga sér þá fyrir horn með því að kveða á um að mikilvægum þáttum málanna skuli skipað með reglugerð.

Stofnun, sem lætur það viðgangast ár eftir ár að senda sjálfa sig heim mánuðum saman, bæði á miðjum vetri og að vori, á raunverulega ekki annað skilið en að þessi þróun eigi sér stað. Starfstími alþm. yfir árið er of stuttur miðað við þá aðstöðu í launum og öðru sem þm. er nú búin. Ég held að margt færi betur ef þm. gæfu sér betri tíma og skipulegðu vinnubrögð sín betur en raun ber vitni um. Nú er t. d. liðinn rúmur mánuður af starfi þessa þings og ekki nema mánuður rúmur þar til jólaleyfi hefjast. Vafalaust er ætlast til þess, að fyrir jólaleyfi verði afgreidd mörg mikilvæg mál. En það var raunverulega ekki fyrr en í gærkvöld sem nefndum hv. Nd. voru fengin verkefni. Það voru örfá frv. sem höfðu fram að því komist til nefnda í Nd. Það var ekki fyrr en verulega var sópað til hér í gærkvöld að frv. var vísað til nefnda í stórum stíl. Nefndirnar hafa setið meira og minna aðgerðalausar þennan mánuð, og auðvitað segir það til sín í efni þeirrar löggjafar sem að lokum verður niðurstaðan þegar þannig er á málum haldið.

Þetta er að sjálfsögðu mjög margþætt mál, og eins og ég sagði áðan drepur þessi þáltill. aðeins á einn lítinn þátt málsins. Ég hef drepið hér á nokkra aðra þætti, m. a. setutíma Alþingis, sem þá um leið veitir ríkisstj. óskoraða heimild til að setja brbl. Ríkisstj. á hverjum tíma hefur þá heimild marga mánuði hvers árs að setja brbl. og notar sér það óspart, sendir jafnvel Alþingi heim til þess að geta sett brbl. óáreitt af þm., eins og mörg dæmi eru um í gegnum árin. Alþingi verður auðvitað sjálft að taka sig á í þessu efni. Það er ekki við neina aðra að sakast en alþm. Auðvitað eru ýmsir aðilar úti í þjóðfélaginu sem gjarnan vilja ná því valdi til sín sem Alþingi hefur, og við því er ekkert að segja. En Alþingi sjálft verður að sjálfsögðu að vera á verði um völd sín og áhrif í þessu efni. Það er alveg víst, að aðrir gera það ekki fyrir þessa virðulegu stofnun.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil einnig taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni og nú síðast hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að vitaskuld er við Alþingi sjálft að sakast, að þessi valdatilfærsla frá löggjafarvaldi til framkvæmdavalds hefur átt sér stað. Menn deila raunar ekki um það að hún hafi átt sér stað. Og menn eiga ekki heldur að deila um hitt, að það er að því leyti við Alþingi sjálft að sakast að Alþingi getur auðvitað hvenær sem er sótt sér þetta vald aftur ef það svo kýs. Sumt af því er auðvitað mjög einfalt að gera. Bendi ég í því sambandi enn og aftur á að ég held að meira að segja sé heimild fyrir því í lögum að hér skuli vera virk lagastofnun á vegum Alþingis, innan þessarar stofnunar geti því raunveruleg samning lagafrv. átt sér stað. Nú er það þannig, eins og auðvitað allir vita, að varðandi það, sem menn kunna ekki skil á sjálfir, leita þeir annaðhvort á náðir embættismannakerfisins eða til vina og kunningja við samningu frv. Þetta er auðvitað í heldur fornu fari svo ekki sé meira sagt.

Á þeirri þáltill., sem hv. þm. Helgi Seljan hefur flutt, hafa hv. þm. réttilega séð bæði kost og löst. Ég vil enn vekja athygli á því, að ég hygg að hún þræði nákvæmlega sama farveg og það frv. til l. um breytingu á þingsköpum sem mælt hefur verið fyrir í Nd. sem hv. þm. á raunar ekki sæti í. Í frv. segir að á eftir 19. gr. laganna komi ný grein sem orðist svo: „Þingnefndir skulu fylgjast með framkvæmd laga" o. s. frv. Ég fæ ekki betur séð en að hér sé nákvæmlega reynt að ráða bót á vandamálinu sem hv. þm. Helgi Seljan er réttilega að lýsa, því ef löggjafanum er ætlað annað og meira starf en að setja lög, leiðir það af sjálfu sér að þingnefndin skuli fylgjast með framkvæmd laganna. Ég hygg að um níu af hverjum tíu reglugerðum sé ekki deilt. Hins vegar er það efalítið rétt hjá hv. þm., að um eina af hverjum tíu reglugerðum er hægt að deila. Þá á lögum að vera svo fyrir komið, að þingnefndir á sviði menntamála, heilbrigðismála, tryggingamála eða hvaða annars málaflokks sem um er að ræða geti óskað eftir að kanna það — með aðstoð sérfróðra manna ef þörf er á — hvort verið geti að reglugerðin sé annaðhvort ónóg að þeirra mati eða hreinlega brjóti í bága við lögin. Ef annað af þessu kemur í ljós, annaðhvort að reglugerðin sé ónóg eða hún samrýmist ekki

lögunum, þá getur Alþingi með lítilli fyrirhöfn breytt lögunum og lagfært þá þann agnúa eða það óvissuatriði sem um er að ræða. Þetta á að vera hinn rétti og eðlilegi gangur málsins. Slíkum vanda er auðvitað ekki til að dreifa um allar reglugerðir. Það á aðeins við um lítinn hluta þeirra. En auðvitað er rétt að þingnefndir hafi til þess vald að fá til sín slíkar reglugerðir og eyða óvissu ef einhver er. En hver getur eytt óvissunni? Alþingi sjálft. Og hvernig? Með því að breyta lögunum sem um er að ræða. Reglugerðir eru náttúrlega ævinlega óæðri reglur en lög.

Ég fæ ekki betur séð en þetta sé kjarni málsins. Og ég fæ ekki betur séð en að það sé ástæðulaust að ríkisvaldið lögbindi eitt eða neitt. Það liggur fyrir frv. um nákvæmlega þetta, sem að vísu tekur til fleiri þátta en mundi leysa þetta vandamál, sem ég fellst á með hv. þm. að vissulega er vandamál — ekki í öllum tilfellum en í einhverjum, kannske mörgum. Það er þá á valdi viðkomandi þingnefndar að benda á og leggja til úrlausnir. En hina endanlegu ákvörðun í þessum efnum tekur náttúrlega enginn nema Alþingi sjálft. Og þá erum við enn komin að þeim kjarna málsins, sem hv. þm. Birgir Ísleifur og Finnur Torfi lýstu hér, að hvað sem menn segja um valdaafsal löggjafans til framkvæmdavalds — og ég tala nú ekki um þegar dómsvaldið er farið að kássast upp á annarra manna jússur eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir lýsti hér alveg réttilega áðan — að vilji Alþingi breyta þessu getur það breytt því hvenær sem því sýnist. Það er málið. Og hér liggur frammi frv. til l. um að breyta a. m. k. veigamiklum þáttum þessa. Það þarf ekki annað en einfaldan meiri hluta í hvorri deild um sig til að gera þetta.

Það er auðvitað mjög veigamikið atriði, að menn geta ekki endalaust talað um valdaafsal og skammast yfir því, þegar það er á valdi stofnunarinnar sjálfrar að snúa þessari þróun við með þeim hætti og í þá veru sem hún sjálf kýs. Ég vil biðja hv. flm. að taka þetta til mjög velviljaðrar athugunar. Þessar breytingar þarf að gera. Og ég endurtek það, að ég fæ ekki betur séð en að þessir pappírar falli nákvæmlega í sama farveg. Lagafrv. tekur að vísu til fleiri þátt, en höldum okkur við þetta og þetta eitt, þá er hér verið að leggja þetta til. Við þurfum væntanlega ekki að leysa annað en það sem er vandamál, hitt gengur nokkuð sjálfkrafa fyrir sig. Leiki á vafi um einhverjar reglugerðir, þá er hér lagt til að þingnefndir geti kallað þær til sín og síðan lagt fyrir Alþingi lausn á málinu, sé eitthvað sem þarf að leysa.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er nú einn úr hópi þeirra þm. Alþb. sem tóku þessu þingmáli hv. þm. Helga Seljans mjög glaðlega. Ég fæ ekki séð hvaða aðili það gæti verið annar en þingnefnd, sem um mál hefur fjallað, sem bær væri að leggja dóm á það, ekki úrslitadóm, heldur kveða upp úr um það, hvort reglugerð samrýmist lögum eða sé í anda laga. Nokkuð mikið væri fyrir sett þingnefndum Alþingis ef þær ættu, eins og segir í frv. því sem hv. þm. Vilmundur Gylfason drap á áðan, að fylgjast með framkvæmd laga yfirleitt. Það væri nokkuð mikið fyrir sett. En ég fæ ekki séð hvaða aðili annar en þingnefnd, sem um lagafrv. hefði fjallað, væri bærari að segja til um hvort reglugerð sé í samræmi við lög eða samrýmist anda laga. Vel má vera að tilgáta hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sé rétt, að ein reglugerð af hverjum tíu brjóti á einhvern hátt í bága við lög eða anda laga. (**Gripið fram í:** Nei, orki tvímælis var sagt.) Eða orki tvímælis. Það má vel vera. Ég veit ekki með hvaða hætti eða með hvers konar prósentureikningi hann hefur komist að þessari niðurstöðu, en það skiptir ekki máli. Ég ætla mér ekki að snúa út úr máli hans að þessu leyti. Sú tilgáta er eins góð og hver önnur. En einmitt í þessu eina tilfelli af hverjum tíu kann að vera um að ræða ákaflega mikilsverð lög. Dæmi vitum við um það, að embættismenn, sem unnið hafa að setningu reglugerða, hafa leyst vanda. Oft og tíðum er þarna um að ræða vandasöm lög í framkvæmd, sem jafnvel orka að þeirra dómi svo tvímælis að ýmsu leyti að þeir hafa sneitt fram hjá meginatriðum í lögum og fram hjá anda laga við setningu reglugerða um framkvæmd þeirra.

Mér kemur það í hug sem Gunnar heitinn Gunnarsson rithöfundur sagði forðum í útvarpserindi um „þessa blessuðu þjóð", eins og hann kallaði Íslendinga, „sem er svo vanþroska lýðræðislega að hún kann ekki að gera greinarmun á ráðherrabréfum og lögum". Reglugerðir hafa verið gefnar út sem brjóta í bága við anda laga, a. m. k. í vitund fólksins. Svo er það þetta með umhyggju einstakra hv. þm. fyrir sæmd Alþingis, þessu óskilgreinda fyrirbæri sem menn nefna stundum sæmd Alþingis. Ég vil ekki berja hv. þm. Vilmund Gylfason orðum um það atriði hér úr ræðustól, en það hvarflar stundum að mér, þegar hann ræðir um sæmd Alþingis, þegar hann lýsir yfir áhyggjum sínum úr ræðustól yfir því, með hvaða hætti verið er að draga vald úr höndum Alþingis, þegar hann blöskrast yfir óljósum skilningi alþm. sjálfra á eðli löggjafarstofnunarinnar og starfsháttum hennar, þá hvarflar stundum að mér sú spurning, hversu ljós vitund hv. þm. sjálfs, fyrrv. dómsmrh., hafi verið á þessu sviði þegar hann bar hér fram till. um að lagafrv., 120 greinar samtals, yrði borið undir þjóðaratkvæði. (**Gripið fram í:** 59.) Voru þær ekki nema 59? (**Gripið fram í:** Nei.) Var það hið fyrra frv.? En svo mikið er víst, að einmitt í þessu frv. var gert ráð fyrir að frv. hlyti lagagildi nokkrum dögum eftir að það kæmi til framkvæmda.

Ég hygg að umr. af því tagi, sem hér hafa farið fram, um vald Alþingis og ábyrgðina sem lagasetningu fylgir, séu af hinu góða. Hvernig sem ég brýt um þetta heilann fæ ég ekki séð að Alþingi gæti með öðrum hagkvæmari hætti séð til þess, að reglugerðir brjóti ekki í bága við megintilgang og anda laga, en þeim að þingnefndum sem um lagasetninguna fjölluðu, verði falið að hafa eftirlit með setningu reglugerðanna.

Ég varð var við það hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að hann hugleiðir starf þm. og svokölluð þingfrí nokkuð út frá sjónarmiði þm. Reykjavíkursvæðisins, þar sem hann ætlar að þm. almennt séu í fríi frá störfum í 3—4 mánuði á ári þegar þing situr ekki. Því fer víðs fjarri um þá þm. sem ræka kjördæmin úti á landi. En sá misskilningur breytir alls ekki þeirri staðreynd að minni vitund, að æskilegt væri að þingnefndir störfuðu að einhverju leyti í þinghléum og þeim væri ætlaður lengri tími til starfa.

Ég er efalaus um það, að alþm. þurfi á því að halda vel flestir — nema þá kannske þeir allra duglegustu, fróðustu og gáfuðustu — að geta átt aðgang að sérfræðilegri aðstoð, ekki síst lögfræðilegri aðstoð, og að miklu betur má sjá þessari stofnun fyrir slíkri aðstoð en nú er gert. Ég er efalaus um það. Þó ég geti tekið undir með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í gagnrýni hennar á

undirbúning þingmála og á vinnubrögð við samningu þingskjala, eins og þau koma fyrir hér inni hjá okkur, þá hygg ég að færa megi að því rök, að ekki stafi stórtjón af því, þó að hingað komi inn í þingsalina ýmis skrýtin þingskjöl, og það eigi ekki að vera ofverk Alþingis að „sortera" þau úr og lagfæra þau. En hitt er ákaflega slæmt, að einstakir alþm. skuli ekki eiga greiðan aðgang að sérfræðilegri aðstoð í sambandi við störf sín hér. Ég er heldur uggandi um það, þó að sett yrði á fót sérstök stofnun skipuð enbættismönnum til þess að fara yfir reglugerðir af hálfu Alþingis, til þess að hugleiða með hvaða hætti þær falla að lögum, að það yrði ekki fullnægjandi lausn fyrir Alþingi. Ég held að alþm. sjálfir verði með störfum sínum í nefndum að takast þessa ábyrgð á herðar, hugleiða hvort reglugerðirnar samrýmist lögunum, og eiga síðan frumkvæði að því að fá þeim breytt, ef þeim þykir þar eitthvað á vanta.

Við skulum ekki taka nema í hófi upp í okkur í gagnrýni okkar á embættismenn stjórnkerfisins, þó að þeir vilji nokkuð láta til sín taka, m. a. í sambandi við samningu reglugerða. Það er heldur manngildisvottur að þeir myndi sér skoðun á slíkum málum og reyni að framfylgja skoðun sinni. En valdið, hið endanlega vald á að liggja hjá Alþingi, og mér finnst eins og hv. flm. að nefndir Alþingis séu réttu aðilarnir til að fjalla um þessi mál.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Þetta skulu aðeins vera fá orð. —Ég fagna þeim umr. sem hér hafa orðið um þetta mál. Það er vissulega svo að það kemur margt fleira upp í huga þm. þegar um þetta tiltölulega afmarkaða mál er fjallað og bent á það mjög ljóslega, að Alþingi mætti gjarnan taka upp betri og skipulegri vinnubrögð í heild. Vissulega er það rétt. T. d. er það verkefni stjórnvalda m. a., sem vilja oft vera seint á ferðinni með hin veigamestu lagafrv. þannig að menn hafa allt of lítinn tíma til að skoða þau. Það er m. a. ástæðan fyrir því, að ákvæði um reglugerðarsetningu eru sífellt algengari í lögum. Vissulega er það Alþingi að kenna, ég skal fúslega taka undir það. Og það er auðvitað rétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að það er Alþingis sjálfs að sækja það vald sem það hefur afsalað sér í æ ríkara mæli til framkvæmdavaldsins, og þetta er smávegis í þá átt. Hv. þm. vill ganga miklu lengra. Hann hefur gert það með frv. sem kom fram hér í þinginu nokkrum dögum eftir að þessi till. var lögð fram og hefur reyndar komið fram áður í máli hans hér á Alþingi svipaðs eðlis. **(StJ:** Og í frv. áður.) Og í frv., já, um eins konar rannsóknaraðstöðu þingnefnda. Ég verð að segja það, að mér fannst, þegar ég fór með þetta inn í minn þingflokk, eins og hefur reyndar komið fram hér, alveg nógu erfitt að ná fram þessu afmarkaða viðfangsefni þingnefnda til viðbótar, að þær fjölluðu um veigamestu reglugerðir. Ég hygg að það sé þannig í öðrum þingflokkum einnig, að menn veigri sér kannske við því að færa þetta verkefni eins mikið út og gert er í frv. þeirra hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, Sighvats Björgvinssonar og Árna Gunnarssonar, þó að ég geti út af fyrir sig tekið undir það. Ég er á þeirri skoðun, að það megi býsna mikið útfæra valdsvið og verkefni þingnefnda. En ég er ekki viss um að það njóti meirihlutafylgis hér á Alþingi. Ég er alls ekki viss um það og hef ekki reynslu af því t. d. í mínum þingflokki, að það sé alveg sjálfgefið að það fari hér í gegn.

Það má segja að það sé einfalt mál að flytja þetta í frv.-formi, breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Það hefði eflaust verið hægt. Málið er hins vegar orðið mjög flókið í heild vegna þess, hvernig þessi mál hafa þróast á undanförnum árum. Það er rétt, að lögbinding er Alþingis. Ég verð hreinlega að viðurkenna að vafalaust er ég orðinn svona háður þessu, ég hef sett það inn af einhverjum kerfisbundnum vana, eins og hv. þm. benti á áðan, að ríkisstj. skyldi lögbinda þetta. Í mínum huga var vitanlega að ríkisstj. skyldi beita sér fyrir því að fá þetta lögbundið með einhverjum þeim hætti sem hægt væri að ná víðtæku samkomulagi um, en lögbindingin er vitanlega Alþingis. Ég held hins vegar að málin hafi þróast svo langt frá okkur í raun, að það þurfi að ná um þetta mjög víðtæku samkomulagi við ríkisstj. Ég er ekki viss um að ríkisstjórnir á hverjum tíma, hverjar sem þær eru, séu mjög fúsar að afsala sér þessu aftur, það þurfi að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi um það. Vitanlega má segja að það sé Alþingis að kippa því burt frá þeim. Ég vil ekki heldur afdráttarlaust segja að embættismennirnir hafi misfarið með þetta vald þó að um það megi finna dæmi. Ég vil einnig ná samkomulagi við þá um sem besta meðferð þessara mála.

Spurningin um að ganga lengra í þessu efni varðandi þingnefndir kallar auðvitað aftur á enn meira starf þingnefndanna en hér er ráð fyrir gert. Þá komum við að því atriði sem mér fannst vera eina verulega mótbáran við þessari till. sem ég gat tekið mark á, bæði í mínum þingflokki og annars staðar þar sem ég hef heyrt um þetta mál. Það er varðandi þann tíma sem þm. verða óhjákvæmilega að eiga í sínu kjördæmi ef þeir eiga að vera í nokkru sambandi við kjósendur sína þar. Ég óttast að í frv. á þskj. 77 sé hins vegar gengið svo langt að þar verðum við að fara að vara okkur nokkuð gagnvart þeim mönnum sem hafa miklum skyldum að gegna í sínu kjördæmi og þurfa að eyða í það verulegum tíma. En ég skal vera tilbúin að ræða við hv. þm. og þá aðra sem vilja í raun og veru auka starf þingnefnda, auka eftirlit þeirra, — ég skal vera tilbúinn til viðræðu við þá um allar hugsanlegar leiðir til að nálgast það meginmarkmið sem mér heyrist að allir eða allflestir séu sammála um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kalrannsóknir, þáltill. (þskj. 91). — Fyrri umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Sú till., sem ég mæli hér fyrir, lætur fremur lítið yfir sér, en er engu að síður mjög mikilvæg, ef hún nær fram að ganga. hún fjallar um áætlanagerð og sérstakt átak í kalrannsóknum á Íslandi. Meðflm. mínir að till. eru Stefán Jónsson, Alþb., Egill Jónsson og Lárus Jónsson, úr Sjálfstfl., Sighvatur Björgvinsson, Magnús H. Magnússon, Karvel Pálmason, Eiður Guðnason og Finnur Torfi Stefánsson, allir úr Alþfl. Kannske er eftirtektarvert að á þessum lista er ekkert nafn framsóknarmanns.

Engu að síður taldi ég fulla og mikla ástæðu til að flytja þáltill. af þessum toga spunna. Vegna þeirra starfa, sem ég hef nú tekið þátt í við endurskoðun landgræðslu- og landverndaráætlunar fyrir árin 1982—1986, er mér fullljóst að kalskemmdir eru dýrasta gróðureyðing sem verður hér á landi. Kalskemmdir valda tugmilljónatjóni á hverju einasta ári. Þarf að gera verulegt átak í því að rannsaka hvað veldur kalskemmdunum. Í till. segir á

þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að efla til mikilla muna allar kalrannsóknir á Íslandi. Gerð verði sérstök áætlun um eflingu þessara rannsókna og stefnt að því, að miðstöð þeirra verði að Möðruvöllum í Hörgárdal í fullu samráði og samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins."

Eins og ég sagði áðan eru kalskemmdir í grónum túnum einhver dýrasta gróðureyðing sem unnt er að greina frá. Kal veldur bændum gífurlegu tjóni ár hvert og virðast engin ráð mega stöðva þennan vágest. Rannsóknir, sem gætu dregið úr eða komið í veg fyrir kalskemmdir, yrðu fljótar að skila arði. Það þarf ekki að tíunda þýðingu þessara rannsókna.

Fjárhagstjón bænda af völdum kals kemur m. a. fram í endurvinnslukostnaði, lélegri áburðarnýtingu, lélegum heyjum, sem síðan leiða til slakra afurða af búfé, dýrum heyflutningum og aukinni kjarnfóðurgjöf vegna lítilla heyja.

Rannsóknarstarfsemi á að koma á undan annarri starfsemi í landinu, ryðja brautina og taka á sig hugsanleg áföll. Hér hefur hún brugðist. Bændur hafa orðið fyrir áfallinu og þar með þjóðin öll, en vísindamenn vita lítið um ástæður eða orsakir. Úr þessu þarf að bæta með stórfelldu átaki. Í þeim efnum nægir að benda á skýrslu OECD frá 1971, þar sem segir orðrétt: "It is obvious that, for instance, a partial solution of the frost damage problems affecting the Icelandic farmlands in recent years, could be of extreme benefit in terms of short time increased output and operational safety."

Þetta er á íslensku máli: „Það er augljóst, að t. d. einhver lausn á vandamálum vegna frostskemmda, sem mjög hafa haft áhrif á íslenskar bújarðir á síðustu fum, gæti komið mjög til góða á tiltölulega skömmum tíma í formi aukinnar framleiðslu og rekstraröryggis."

Bjarni E. Guðleifsson, einn helsti sérfræðingur Íslendinga í kalrannsóknum, hefur lengi haldið því fram, að kalrannsóknir þyrfti að taka út sem sérstakt rannsóknarverkefni hliðstætt t. d. landgræðsluáætlun. Aðrir hafa látið í veðri vaka að hinar almennu jarðræktarrannsóknir jurtakynbótamanna og jarðvegsfræðinga mundu nægja. Árangur hefur hins vegar lítill orðið og kalrannsóknir hafa á þennan hátt ávallt orðið út undan.

Bjarni E. Guðleifsson telur að rannsóknir á kali hérlendis þurfi að vera tvíþættar: annars vegar tilraunir í túnum, en þær taka oft langan tíma vegna þess að kalskemmdir verða ekki nema af og til. Hægt er að framleiða kal í þessum tilraunum með tilteknum aðferðum. Hins vegar má einnig prófa þol grasa í rannsóknarstofum. Þá eru grösin ræktuð í gróðurhúsi, síðan sett í gróðurskáp og hert, líkt og gerist á haustin í náttúrunni, og loks sett í frystikistu og mælt þol þeirra gegn frosti (frostþol) eða gegn langvarandi svellum (svellþol). Þannig má reyna þol grastegunda og stofna svo og þol grasa sem hafa fengið mismunandi meðhöndlun við slátt, beit og áburðargjöf.

M. a. vegna þessa tvíþætta eðlis kalrannsókna er nánast einboðið að þær verði stundaðar nærri kalsvæðum. Er tilraunastöðin á Möðruvöllum vel í sveit sett hvað það snertir. Ef nægilegt fjármagn fengist mætti innrétta þar gamalt fjós til kalrannsókna. Er það stefna ráðamanna á Möðruvöllum.

Á síðasta vori veitti landbrh. styrk til tækjakaupa til Möðruvalla. Hafa verið keyptir hitamælar og pantaðar frystikistur til væntanlegra kalrannsókna. Það, sem á skortir, er upphitað gróðurhús og húsnæði fyrir frystikistur sem yrðu fimm. Því má skjóta hér inn í, að vart mun annað fjármagn hafa verið veitt sérstaklega úr ríkissjóði til kalrannsókna s. l. 10 ár.

Talið er nauðsynlegt að a. m. k. tveir sérfræðingar vinni að kalrannsóknum: einn sem fengist við lífeðlisfræðilega þætti grasanna og annar sem rannsakaði jarðvegsfræðileg áhrif á kal grasa. Æskilegt hefði verið að jarðvegsfræðilegar rannsóknir yrðu skipulagðar í vetur, gögnum safnað næsta sumar og jarðvegsfræðingur færi með þau utan næsta vetur til úrvinnslu.

Þess má geta, að Bjarni E. Guðleifsson er nú að vinna að uppgjöri á eftirtöldum rannsóknum og mun væntanlega birta niðurstöður í erlendum tímaritum:

1. Samanburður á þoli vallarfoxgrass og vetrarhveitis.
2. Frostþol og svellþol tegunda og stofna grasa.
3. Áhrif aldurs og sláttar á þol vallarfoxgrass.
4. Efnamyndun vallarfoxgrass undir svellum.
5. Lághitabakteríur í grösum í svellum.

Ritgerðirnar byggja á tilraunum og rannsóknum sem gerðar voru í Kanada. Sem helstu niðurstöðu má nefna að íslenskir stofnar af vallarfoxgrasi eru ótrúlega þolnir, og það er ný vitneskja að lághitabakteríur vaxa oft á grösum undir svellum og framleiða illþefjandi smjörsýru, svokallaða kallykt, sem bændur á kalsvæðunum kannast vel við.

Þar sem kalrannsóknir eru svo skammt á veg komnar hér á landi má nefna mikinn fjölda verkefna sem gætu orðið grundvöllur framtíðarrannsókna. Ég nefni hér nokkur dæmi.

Jurtalífeðlisfræðilegar rannsóknir:

1. Athuganir á svellamyndun og kjörum grasa að vetri (jarðklaki, lághitabakteríur).
2. Rannsóknir á áhrifum nytja á þol grasa (sláttutími, sláttuhæð, sláttufjöldi, beit, áburður).
3. Rannsóknir á áhrifum aldurs á þol grasa (sáðtími, aldur túna).
4. Prófun á þoli tegunda og stofna grasa.

Jarðvegsfræðilegar rannsóknir:

1. Rannsókn á áhrifum jarðvegs á þol grasa (efnamagn, loftrými).
2. Endurvinnsla kalins lands (uppgræðsla, kýfing, þurrkun).

Talsverðar líkur má leiða að því, að kalrannsóknir séu eitthvert mikilvægasta verkefni á sviði landbúnaðarrannsókna sem nú liggur fyrir. Verður hér m. a. vitnað í orð Gunnars Guðbjartssonar á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda, en þar sagði hann:

„Nú horfir illa með heyöflun í mörgum byggðarlögum. Kemur þar þrennt til: Mikið kal í túnum s. l. vor í mörgum landshlutum, síðbúin spretta allvíða og óhagstætt heyskapartíðarfar í ágústmánuði eftir að farið var að slá að ráði, þar sem seint spratt. Þetta ástand getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir landbúnaðinn og þróun byggðar í landinu. Hins vegar er náttúrufar á Íslandi með þeim hætti, að alltaf má búast við erfiðu verurfari sem veldur bæði kali í jörð og einnig öðrum erfiðleikum við fóðuröflun.

Eitt þýðingarmesta atriði í framtíðinni til að bæta og tryggja kjör bænda er að finna ráð til að mæta þessu, ráð til að minnka kalið og koma í veg fyrir grasbrest, sem af því leiðir, m. a. með tilraunum með ræktun kuldaþolinna grasstofna."

Landbúnaður á Íslandi er einhæfari en víða erlendis. Um það bil 98% af ræktuðu landi er nytjað sem tún, og uppskera af þessu landi, ásamt uppskeru beitilanda, er grundvöllur búfjárhaldsins. Vegna þess, að hagstæðast er að afla mikils af ódýru grasfóðri, hlýtur uppskera graslendis að ráða miklu um hagfræðilega afkomu þeirra sem eiga sitt undir búfjárhaldinu. Kal og grasleysi hefur fyrr og síðar valdið mikilli uppskerusveiflu og þannig gert arð búfjárhaldsins fremur ótryggan. Þetta á við um Ísland í heild, en í mestum mæli norðurhluta landsins, en þar hafa í sumum tilvikum allt að 70% túna skemmst af kali. Það hlýtur því að hafa mikla fjárhagslega þýðingu að rannsaka orsakir þessara túnskemmda svo að e. t. v. verði hægt að koma í veg fyrir slík áföll í framtíðinni. Hér er ekki eingöngu verið að ræða hag bænda, heldur þjóðarheildar.

Herra forseti. Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta, en vil aðeins benda á að í störfum þeirrar nefndar, sem nú endurskoðar landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986, er liður undir Rannsóknastofnun landbúnaðarins þar sem gert er ráð fyrir sérstökum rannsóknum á vetrarþoli plantna. Ég vil með flutningi þessarar till. kannske hvað helst þrýsta á að fjármagn fáist í þennan lið á landgræðslu- og landverndaráætluninni, sem ég vænti að verði lögð fyrir hið háa Alþingi innan skamms, þrýsta á að nægilegt fjármagn fáist til þess að sérfróðir menn geti farið að vinna sér í það í sem mestri skyndingu að rannsaka kal hér á landi sem, eins og ég sagði upphaflega, veldur milljónatjóni hér á ári hverju. Þarf ekki að fara langt aftur í tímann því til sönnunar. Það þarf ekki annað en benda á s. l. vor, þegar tún fóru mjög illa víða á landi af kali. Ég vænti þess að þessi till. geti fengið þær undirtektir, að hún þrýsti þá jafnframt á það, að fjármagn fáist til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem nægir í þetta verkefni.

Ég legg á það höfuðáherslu — og það hefur ævinlega verið kjarninn í mínu máli hér í sambandi við umr. um landbúnað, að framleiðsluaukning í landbúnaði fari ekki eftir aukningu áburðarmagns á tún, hún fari ekki eftir aukningu áburðarmagns á afréttarlönd, heldur hagkvæmari búskaparháttum. Vil ég í þessum efnum leggja á það þunga áherslu, að ef unnt yrði að uppræta kal, þó ekki væri nema 50% frá því sem nú er, þá væri gífurlega miklum árangri náð. Ástæðan er m. a. sú, að bændur hafa ekki eingöngu orðið fyrir gífurlegu fjárhagslegu tjóni vegna þess að þeir hafa orðið að endurvinna tún sín, heldur hefur kalið jafnan leitt til þess að þeir hafa orðið að kaupa fóður, oft og tíðum dýran fóðurbæti, og kostnaðarliðirnir hafa hlaðist upp.

Ég vil svo gera það að till. minni, herra forseti, að till. verði vísað til nefndar, án þess að ég geti gert upp hug minn til þess í raun og veru hver nefndin skuli vera. Ég fel forseta allra náðarsamlegast að ákvarða hvort málið fari til atvmn. eða allshn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Hér er mjög mikilvægt mál til umr. og ég get ekki orða bundist þess vegna. Bjarni E. Guðleifsson er ágætur vísindamaður og hefur unnið mjög mikilvægt og gott starf nú þegar og á áreiðanlega eftir að gera betur. Það er mjög réttmætt að hvetja hann og skapa honum sem besta aðstöðu til sinna mikilvægu starfa. Spurningin er hins vegar hvernig best verði að því staðið og með hvaða hætti eigi að vinna því máli gagn.

Mér finnst þessari till. eða undirbúningi hennar svipa dálítið til tillöguflutnings hér fyrir hálfum mánuði frá einum varaþm. af Suðurlandi. Ég hef aðeins þá athugasemd fram að færa: Hvað olli því að hv. þm. Árni Gunnarsson bauð ekki stjórnarsinnum að standa að þessum málum með sér? Ég held að það hefði styrkt málið og tryggt framgang þess. (**ÁG:** Stefán Jónsson Alþb.-maður er þarna, og ég bauð framsóknarmanni að vera með, en hann sagðist vera að vinna að málinu á bak við tjöldin.) Nú, já, þá er það komið til skila. Ég held að það sé gott að vinna að þessu máli og megi gera það opinberlega. Spurningin er náttúrlega um það, hvernig best verði tryggður árangur af málinu.

Ég vil þakka fyrir þá greinargerð sem fylgir till. Hún er bæði fróðleg og vandvirknisleg. Og ég verð að segja, að ég er alveg hissa hvað hv. flm. er fróður um þessi efni og vandvirkur, og þakka honum fyrir grg. Ég mun standa að því með honum á einum eða öðrum vettvangi að hjálpa til við að útbúa Bjarna E. Guðleifssyni sem besta aðstöðu. Það kann að vera að allt eins skynsamlegt sé að gera það í gegnum fjárlög eða með öðrum hætti, en þetta er samt í mínum huga mjög mikilvægt mál. Ég þekki kal af eigin reynslu þráfaldlega og hlýt að fagna því sem vel er gert í þessu efni.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það, að hér er hreyft mjög miklu máli og þarft að finna leiðir til að geta varist því, að kal verði með jafnstórfelldum hætti og oft hefur viljað brenna við hér á Íslandi. Ég verð að segja það, að ég hef ekki kynnst kali mjög mikið. Á kaldari tíma, fyrir og um 1920, heyrði ég mikið um það talað, að kal hefði verið stórvægilegt á því svæði þar sem ég ólst upp. Það var þá alveg jafnt á gömlum túnum og úthaga eins og á nýrri sléttum. Slíkur var kuldinn á þeim árum.

En ég verð að segja það, að sjálfur hef ég í raun og veru ekki séð kal fyrr en á þessu nýliðna sumri, ekki sem gæti heitið kal. Á Suðurlandi var það svo á mörgum bæjum, að heyfengur mun ekki hafa verið yfir 50% af því sem hann var í fyrrasumar. Mörg tún varð að vinna upp og setja í grænfóður að þessu sinni til þess að hafa einhver not af þeim. Ég vil því taka undir það sem fram kemur í þessari till., að það er mikil nauðsyn að kanna, með hverjum hætti verður hægt að forðast kal, og efla rannsóknir til þess að vinna að því að finna leiðir. Við vitum um nokkur atriði sem eru bersýnilega til þess fallin að kal komi fram. Kannske þurfa þau öll að vera samvirk, kannske þarf hluta af þeim, og þá á ég við kólnandi eða kalt tíðarfar, áfreða, hvernig túnin hafa verið unnin, hvað túnin hafa verið þjöppuð þjösnalega, hverjar áburðartegundir eru notaðar og hversu þolnar jurtategundirnar eru sem við er að fást og notaðar hafa verið.

Ég held að ég verði þó að finna að einu í þessari till. Mér finnst hún bera svolítinn keim af því, að það eigi að taka þarna verulegt tillit til kjördæmasjónarmiða þar sem segir hér: „Gerð verði sérstök áætlun um eflingu þessara rannsókna og stefnt að því að miðstöð þeirra verði að Möðruvöllum í Hörgárdal.“

Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að miðstöð rannsókna eigi að vera hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Hún á ekki að vera annars staðar. Þó að tekið sé fram hér að það skuli vera gert í fullu samstarfi og samráði við Rannsóknastofnunina, þá er það mitt álit að þar eigi miðstöðin að vera. Hins vegar er full þörf á að

aðstaða sé til að geta gert athuganir víðar en á einum stað í landinu. Þar koma Möðruvellir sjálfsagt vel til greina og fleiri staðir. Og ég vil aðeins benda á það, að þetta er mjög andstætt því, hvernig ég vil láta byggja upp rannsóknastarfsemi í landinu.

Ég tek undir það, að Bjarni E. Guðleifsson er virtur sérfræðingur á þessu sviði. Ég hygg að hann sé að hluta til ráðinn hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, en að hluta til annaðhvort hjá Ræktunarfélagi Norðurlands ellegar Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Mér er ekki alveg ljóst hvort heldur er og er þar kannske stutt á milli. Ég hefði því getað vænst þess, að hann gæti unnið út frá mistöð hjá Rannsóknastofnun landbúnaarins ekkert síður en frá Möðruvöllum í Hörgárdal, þar sem hann væri einnig einn að starfi. Maður getur varla vænst þess, að hann hafi þar jafnmarga sérfræðinga sér við hlið til þess að fá til aðstoðar og hjálpar við þetta margbrotna rannsókarverkefni, sem að sjálfsögðu hefur verið nokkuð sinnt á undanförnum árum og áratugum, þótt heildarniðurstöður hafi ekki verið teknar saman um þetta efni.

Það er eitt sem ég hnýt um í þessari grg., skil ekki almennilega hvers vegna þar er tekið fram eitt atriði. „Þess má geta," segir á bls. 2," að Bjarni E. Guðleifsson er nú að vinna að uppgjöri á eftirtöldum rannsóknum og mun væntanlega birta niðurstöður í erlendum tímaritum." Hvers vegna þar? Hvers vegna ekki í rannsóknaskýrslum frá rannsóknastofnunum hér á landi? Það hélt ég að væri enn þá mikilvægara, a. m. k. fyrir þá sem eiga kalin tún á Íslandi.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka ágætar undirtektir þeirra hv. þm. tveggja sem hér hafa tekið til máls. Ég átti svo sem ekki von á því frekar en ella að hv. þm. Páll Pétursson sæi einhverjar ljósar hliðar á Alþfl.-mönnum. Hann hefur ekki gert það hingað til í sölum Alþingis. Hann byrjaði á því að reyna að snúa þessari till. í þá veru, að hún væri í einhverri líkingu við þá till. sem lögð var hér fram í snarhasti fyrir nokkrum dögum um Íþróttakennaraskólann á Laugarvatni. Ég held að hv. þm. Páll Pétursson hefði átt að skoða þessa till. dálítið betur og gera sér grein fyrir því, að á henni er nafn Stefáns Jónssonar, þm. Alþb., sem styður ríkisstj. Ég tók fram í fyrir honum hér áðan og gerði honum grein fyrir því, að einum af hv. þm. Framsfl. hefði verið boðið að vera á þessari till., en hann sagði orðrétt að hann væri að vinna þessu máli brautargengi á bak við tjöldin.

Ég harma það raunar að hv. þm. Páll Pétursson skuli tala eins og hann talar ævinlega þegar Alþfl.-menn eiga í hlut hér á hinu háa Alþingi. Þegar þeir flytja tillögur af einhverju tagi er hann meinyrtastur allra manna og ætti að fara að temja sér aðra siði í þeim efnum, því að þetta er mjög hvimleitt háttalag þessa hv. þm., sem auk þess er formaður þingflokks Framsfl. Hann undraðist auðvitað að þessi till. væri vandvirknislega unnin. Ég get sagt honum það strax, að ég naut aðstoðar Bjarna E. Guðleifssonar við samningu till. Ég samdi till. þó sjálfur upp úr fjölda rita, sem ég hef fengið hjá Bjarna um þessi mál, og tel að hún sé engu lakari fyrir það. Kannske hefði hv. þm. Páli Péturssyni þótt sæmra að einhver framsóknarmaður hefði verið 1. flm. að þessari till. En landbúnaðarmál eru ekki einkamál Framsfl.

Ég vil fara nokkrum orðum um það sem hv. þm. Steinþór Gestsson sagði. Hann sagði að sér þætti þesi till. bera nokkurn keim af því, að hún tæki sérstakt tillit til kjördæmissjónarmiða. Ég fer ekkert í grafgötur með það, að auðvitað gerir till. það að nokkru leyti. Segir í upphafi hennar að stefnt skuli að því, að miðstöð þessara rannsókna verði að Möðruvöllum í Hörgárdal. Ég get líka upplýst það, að þetta atriði var borið undir RALA-menn, þ. e. þá vísindamenn sem starfa hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, og þeir höfðu í sjálfu sér ekkert á móti þessu orðalagi, einkum og sér í lagi vegna þess að þarna var um það rætt, að þetta yrði gert í fullu samráði og samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Þá vil ég einnig geta þess út af ummælum um Bjarna E. Guðleifsson, að svo furðulega vill til að hann sem okkar hæfasti og langfremsti sérfræðingur og vísindamaður í kalrannsóknum er í fjórðungsstarfi á Möðruvöllum í Hörgárdal við kalrannsóknir. Það hefur ekki þótt fært hingað til að hafa hann nema í fjórðungsstarfi, hæfasta Íslendinginn sem við eigum á þessu sviði. Hann vinnur 1/4 úr degi hverjum við þær rannsóknir sem hann er menntaður til að vinna að. Þetta er auðvitað fásinna og endaleysa.

Ég get líka látið það koma hér fram, að Bjarni hefur kosið að starfa að Möðruvöllum og vill af þeirri ástæðu að rannsóknirnar gætu farið sem mest fram þar, en telur heldur ekkert því til fyrirstöðu, að þær gætu farið fram í öðrum landshlutum að einhverju leyti.

Tekið er fram á 2. síðu þáltill. að þetta verði birt í erlendum tímaritum vegna þess að þetta verður gefið út í sérstökum útgáfum. Nú er til talsvert magn rita um kalrannsókir hér á Íslandi á íslensku, en það verður einnig gefið út í erlendum tímaritum. Þykir það nokkur heiður og sómi og þess vegna er þess sérstaklega getið.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það er bara vegna þess, að mér þykir það vera óþörf viðkvæmni hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að stökkva upp á nef sér út af því sem ég sagði um þessa till., að ég tek aftur til máls. Ég þóttist taka vel undir þessa till. og þarf ekki að endurtaka það. Ég hældi grg. alveg upp í hástert og dáðist að flm. fyrir þekkingu og vandvirkni. Ég gerði þetta í góðri meiningu, og ég verð satt að segja að viðurkenna það, að ég varð pínulítið hissa. En skýringin er fengin og ég tek hana góða og gilda, að Bjarni E. Guðleifsson hefði aðstoðað hann við grg. Það er ekkert nema gott um það að segja.

Ég vil út af ummælum hv. þm. Steinþórs Gestssonar segja það, að ég tel að það sé miklu réttara að hafa miðstöð kalrannsókna á þeim svæðum þar sem oft kelur, þ. e. þar sem árvisst kelur einhvers staðar í nágrenninu, og þessi miðstöð er mjög vel sett á Möðruvöllum, því að á Norðurlandi er oftast nær einhvers staðar, því miður, um kal að ræða á hverju einasta sumri. Það er miklu oftar sem kelur fyrir norðan heldur en fyrir sunnan, þó að nú í sumar hafi viljað svo til, eins og kom fram í ræðu hv. þm., að hann hafi séð mikið kal á Suðurlandi.

Ég get ekki neitað því, að ég hefði talið það styrk og prýði ef framsóknarmenn hefðu verið flm. að þessari till. Ég þakka hv. flm. fyrir að bjóða einum slíkum að skrifa á hana með sér. Ég harma það hins vegar að hann hefur ekki talið sig geta orðið við því. En við skulum ekki alveg gefa upp vonina um að honum takist að vinna málinu brautargengi eftir öðrum leiðum.

Að endingu um það, að ég sé vondur við Alþfl.-menn þegar þeir eru að flytja mál hér í þinginu, sé meinyrtur við þá. Ég vísa því alfarið á bug. Ég gæti, ef ég vandaði

mig og rifjaði upp málaskrá undanfarinna þinga, fundið fjölmörg dæmi um það, að ég hef tekið mjög undir málflutning úr herbúðum Alþfl. Ég man eftir mörgum málum t. d. sem Benedikt Gröndal hefur flutt og ég hef verið mjög fylgjandi og látið það í ljós.

Hitt er svo annað mál, að ég get ekki þrætt fyrir það, að mér þykir misjafn sauður í mörgu fé, og það veit hv. flm. manna best sjálfur, að það er ekki hægt að heimta af mér að ég taki mjög elskulega undir öll þau mál sem þeim hefur dottið í hug að flytja, Alþfl.-mönnum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að þakka 1. flm. þessarar till. frumkvæði hans í þessu máli, og það er vissulega ástæða til að vekja athygli á því, að þeir, sem flytja þetta mál, eru engan veginn einir um þessa skoðun, því að á því árabili, sem er nú kennt við kalár, voru þrásinnis gerðar um það ályktanir á Búnaðarþingi, að til þessa embættis einmitt norður í Eyjafirði skyldi stofnað. Þessi till. hefur því fyrir fram fengið meðmæli þeirra aðila sem gefa jafnan umsagnir um mál af þessu tagi.

Þetta er líka að því leyti einkar geðfellt mál fyrir mig að styðja, að það fellur að þeirri skoðun minni, að við eigum ekki að hnýta landbúnaðarrannsóknir almennt séð of mikið í einn bagga, sem er þá staðsettur bráðum inni í miðri höfuðborginni, hér uppi á Keldnaholti. Það er sannarlega sannfæring mín og skoðun, að landbúnaðarrannsóknir eigi að fella miklu meira að hinu almenna leiðbeiningastarfi og það eigi einmitt að leggja sérstaka áherslu á að styrkja þær greinar landbúnaðarvísinda sem eru stundaðar úti um land. Við eigum ekki að hafa þær í því formi, að þær séu með litla fætur en stórt höfuð. M. a. af þeirri ástæðu fellur mér þessi tillöguflutningur einkar vel, eins og náttúrlega sést á því, að ég er meðflm. till.

Það er svo annað mál, sem hér hefur borið á góma, að alþm. eiga sannarlega kost á því að styrkja mál sem þetta eða af líkum toga spunnið og þá ekki síst stjórnarþm. bæði úr Alþb. og Framsfl. Þarf væntanlega ekki að bíða lengur en til afgreiðslu næstu fjárlaga eftir því. Má sannarlega minna á það, að þegar fjárlög voru síðast til afgreiðslu voru hér bornar fram tillögur sem voru smáar í sniðum en ákaflega brýnar fyrir landbúnaðinn og hans starfsemi, en þá sameinuðust þeir menn, sem styðja núv. ríkisstj. um að fella þessar till. Það er því að sjálfsögðu alveg hárrétt sem hér hefur komið fram að það er með ýmsum hætti hægt að styðja mál sem stefna í svipaða eða jafnvel sömu átt og gert er með þessum tillöguflutningi.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég vil hins vegar leggja áherslu á það, að þessi till. fái greiðan gang hér í gegnum Alþingi og hún verði samþykkt héðan sem slík. Þá gildir einu fyrir mig úr hvaða flokki 1. flm. till. er. Ég held að hún komi nefnilega íslenskum landbúnaði alveg að jafngóðu gagni án tillits til þess hver flytur málið.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég vil aðeins lýsa yfir fullum stuðningi við þessa till. Það vandamál, sem hér er tekið á, er eitt af mestu vandamálum íslensks landbúnaðar og full ástæða til að veita tilraunum til úrbóta betra brautargengi en verið hefur. Aukin rannsóknarstarfsemi, sem þýddi þá fyrirbyggjandi aðgerðir, er vissulega af hinu góða.

Ég vil hins vegar koma því að hér, að þrátt fyrir allt sem um rannsóknir er rætt, talað og kannað og rannsakað enn frekar, þá mega menn ekki gleyma því, að þetta vandamál snýr auðvitað fyrst og fremst að bændum sjálfum. Ég veit satt að segja ekki hversu vel bændum eru kynntar niðurstöður af þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram í þessu efni, og hversu vel þeir eru í raun og veru sér þess meðvitandi, hvað unnt er þó að gera í ljósi þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram. Mér segja t. d. þeir bændur á Egilsstöðum, sem búa allra manna best á Austurlandi og líklega á landinu — eða nálægt því, þeir segja mér óhikað að í mörgum tilfellum sé unnt með þeirri þekkingu, sem búið er yfir í dag, að koma í veg fyrir kal. Það er aðeins því að kenna, að bændum séu ekki veittar nægilegar upplýsingar og rannsóknarstofnanir hafi ekki komið þessu nægilega frá sér í mörgum tilfellum, að kalskemmdir verða svo stórkostlegar sem raun ber vitni. Í sumum tilfellum sé þó ógerlegt við þær að ráða. Ég held þess vegna að ég ítreki það hér, að í kjölfar þeirra rannsókna eða þess átaks, sem hér er gert ráð fyrir, þarf að koma rækileg kynning meðal bænda á öllu því sem þær rannsóknir leiða í ljós að geti verið til hagræðis og hagsbóta fyrir bændur þannig að þeir verði fyrir sem allra minnstu tjóni af kali.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Starfsmat ríkisstarfsmanna og starfsfólks ríkisbankanna, þáltill. (þskj. 68). — Ein umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Vegna þess, hve mjög er nú liðið á starfsdag, skal ég reyna að stytta mál mitt sem mest ég má.

Ég held að öll getum við verið sammála um að mikið misrétti á sér stað í launagreiðslum landsmanna og ekki síst milli kynja. Ég hef því leyft mér að bera fram á þskj. 68 till. til þál. um endurskoðun starfsmats fyrir ríkisstarfsmenn og starfsfólk ríkisbankanna. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að starfsmat fyrir félaga BSRB og starfsfólk ríkisbankanna verði endurskoðað í samvinnu við samtök þeirra. Skal sérstaklega kannað hvort launamisrétti eigi sér stað milli karla og kvenna við sömu störf svo og hvort ábyrgðarstörf, sem konur gegna sérstaklega, séu metin til lægri launa en sambærileg störf karla.“

Í grg., sem fylgir till., hef ég birt skrár sem ég hef tínt saman um launagreiðslur hinna ýmsu starfsstétta. Á fyrstu síðu er listi yfir launaflokka starfsmanna innan Starfsmannafélags ríkisstofnana. Þar kemur fram, eins og vænta mátti, að í lægstu flokkunum eru flestar konur, um miðbik launaflokkanna verður nokkurt jafnvægi, en síðan þegar komið er yfir 15. launaflokk fer körlum hraðfjölgandi og konum mjög fækkandi þar til komið er í 26. launaflokk þar sem engin kona er. Sama er uppi ef við lítum á starfsmenn ríkisbankanna. Starfsgreinar eða starfslaunaflokkar eru þar 12, eða mun færri en launaflokkar Starfsmannafélags ríkisstofnana, starfsheiti enda miklu færri. Starfsheiti innan Starfsmannafélags ríkisstofnana eru hvorki meira né minna en 290 og segir sig sjálft hversu heppilegt er að svo sé. Það hlýtur að vekja athygli þegar litið er á starfsmenn ríkisbankanna, hversu mikill munur er á launaflokkum karla og kvenna, þar sem þau störf eru miklum mun einfaldari og líkari en innan Starfsmannafélags ríkisstofnana. Starfsmenn

bankanna fullyrða að ekki sé sjaldgæft að t. d. tveir gjaldkerar sinn af hvoru kyni sitji hlið við hlið og vinni nákvæmlega sömu störf og karlmaðurinn sé allt að þrem launaflokkum hærri en konan. Á tímum þegar mikið er rætt um fjölskyldupólitík segir sig sjálft hversu mikilvægt er að á þessu fáist leiðrétting. Nægir að nefna fjölskyldur einstæðra mæðra sem að sjálfsögðu líða fyrir þetta misrétti.

Þegar litið er á rannsókn, sem Kjararannsóknarnefnd gerði á fyrsta ársfjórðungi 1981, kemur í ljós að verkamenn á höfuðborgarsvæði höfðu þá í mánaðarlaun 4856 kr. en verkakonur á sama svæði á sama tíma um það bil 646 kr. lægri laun. Sams konar könnun var síðan gerð á launum karla og kvenna innan Verslunarmannafélags Reykjavíkur. Kom þá í ljós að karlar á höfuðborgarsvæði höfðu þá í mánaðarlaun 6408 kr. en konur á höfuðborgarsvæði 4858 kr., næstum því 2000 kr. lægri laun. Er harla erfitt að sjá hver getur hugsanlega verið munur á störfum karla og kvenna í svo ríkum mæli innan verslunarstéttarinnar. Það skal tekið fram, að í þessum athugunum var eingöngu um að ræða hreinan kauplið samkv. taxta. Yfirborganir, álagsgreiðslur og kaupaukar voru ekki teknir með og ekki heldur var reiknað með aukagreiðslum vegna afbrigðilegra vinnuskilyrða, orlofsgreiðslum, eftirvinnu, næturvinnu, bónus — eða „premíu"-greiðslu. En það er sama hvert litið er, launamisréttið er alls staðar hið sama.

Þegar við tölum um starfsmat fyrir þá starfsmenn sem hér eru tilteknir, þá skal upplýst að með samkomulagi BSRB og fjmrh. snemma árs 1967 var hafinn undirbúningur að starfsmatskerfi fyrir opinbera starfsmenn. Megintilgangurinn var að finna leið til þess að sömu laun yrðu greidd fyrir sömu vinnu í stað þess að yfirmenn gætu meira og minna metið það sjálfir eftir ágæti starfsmanna hvaða launaflokk þeir skyldu skipa, og þarf ekki að ýja að því, hvers vegna það þótti ekki réttlátt. Undirstöðuatriði var sem sagt að ágæti starfsmanna væri ráðningaratriði en ekki launagreiðsluatriði.

Mikil vinna var lögð í þetta starfsmat og unnu margir að því. Á endanum var settur upp listi þar sem meta skyldi í prósentum hvern þátt starfsins. Hann geta menn séð á bls. 2 í grg. Um það má auðvitað endalaust deila, hvort rétt mat er þarna lagt á hina ýmsu starfsþætti, hina ýmsu starfsmatsþætti. T. d. má reka hér augun í atriðið ábyrgð sem er 24.8%. Maður hlýtur að spyrja: ábyrgð á hverju? Því er ómögulegt að neita, að það lítur út fyrir að þessi ábyrgð sé að verulegu leyti metin ef menn bera ábyrgð á peningum. En beri menn ábyrgð á mannslífum, litlum börnum eða gömlu fólki, þá sýnist sú ábyrgð sýnu minna metin.

Það komu fram margvíslegir örðugleikar þegar kom að því að raða í launaflokka, kannske vegna þess að menn — sem þó þóttust vinna heils hugar að þessu starfsmati — trúðu e. t. v. ekki alveg á það. Annað atriði olli auðvitað vandræðum líka. Menntunarþátturinn er þarna verulegur eða 23.8%. Við könnumst við deilur kennara þegar upp komu vandkvæði þar sem voru fyrir réttindalausir kennarar, en síðan voru við hlið þeirra menn með full réttindi sem raunverulega áttu samkv. matinu að taka hærri laun. Þetta varð auðvitað að leysa. En margir höfðu horn í síðu starfsmatsins af þessum sökum, og það er óhætt að fullyrða að eftir því hefur alls ekki verið farið sem skyldi. Víða hefur verið sneitt fram hjá því markmiði sem starfsmatið upphaflega hafði: að tryggja sömu laun fyrir sömu störf. Leikinn hefur verið sá leikur að sniðganga þetta á þann hátt að breyta stöðuheitum þó að starfið breytist ekki í neinu. Og það er áreiðanlega óumdeilt, að oftast njóta karlmenn þessara hækkana vegna eilífðarhugmyndar manna um fyrirvinnuhlutverk karla.

Það er því ljóst að þetta starfsmat hefur ekki náð tilgangi sínum gagnvart öllum launþegum. Þar sem skilgreindrar menntunar er krafist er launaflokkaröðun auðveldari og launamunur minni og nánast enginn sums staðar. En enginn vafi er á því, að félagar Starfsmannafélags ríkisstofnana og starfsfólk ríkisbankanna á þarna erfiðast uppdráttar, eins og töflurnar sýna, og einmitt vegna þess að þar er menntun á mjög mismunandi stigi. Ég tel að nauðsynlegt sé að láta ekki bara sitja við að raða stöðum í flokka ef til nýs starfsmats kæmi. Ég tel að það þurfi að kanna störf manna á vinnustöðum og ganga úr skugga um hverjir raunverulega vinna sambærileg störf. Auk þess hlýtur að vera svo komið að starfsmat, sem gert var fyrir rúmum 10 árum, sé orðið úrelt. Störf manna á skrifstofum hafa gerbreyst, t. d. með aukinni tölvunotkun, og víðast hvar held ég að það starfsmat, sem nú er unnið eftir, vanti hreinlega fjölmarga þætti sem nútímatækni hefur flutt inn í störf þessa fólks. Það eitt væri nóg til þess að hefja endurskoðun á starfsmati.

Þá er einnig ljóst að ábyrgðarstörf af ýmsu tagi, sem konur gegna að mestu eða eingöngu enn sem komið er, eru að manni sýnist metin lægra en jafnvel ábyrgðarminni störf sem karlar gegna. Mig langar að nefna hér störf forstöðumanna dagvistarheimila sem bera ábyrgð á 70—100 smábörnum dag hvern sem foreldrar eru við störf. Með nútímahugmyndum manna um dagvistarstofnanir er ekki lengur um að ræða geymslustaði fyrir lítil börn, heldur uppeldisstofnanir, og hið háa Alþingi hefur nú þegar samþykkt breytingu á lögum um dagvistarstofnanir þar sem gert er ráð fyrir að gerð verði námsskrá fyrir þessi heimili. En þessar forstöðukonur hafa nú laun sem eru mörgum launaflokkum lægri en laun fulltrúa á skrifstofum sem margir hverjir hafa litla sem enga ábyrgð og erfitt að sjá að starf þeirra sé fulltrúastaða nema til þess eins að hækka launin þeirra umfram stúlkurnar sem vinna við hlið þeirra.

Um þetta er hægt að nefna fleiri dæmi, einkum þó um störf sem eru tiltölulega ný af nálinni hér á landi, svo sem félagsráðgjöf, meinatækni, sjúkraþjálfun, iðjuþjálfun og önnur slík störf sem krefjast umtalsverðs náms og nákvæmni og varða líf og heilsu manna, og það tel ég vera meiri ábyrgð en þó menn eigi að loka einhverjum peningakassa þegar talið hefur verið úr honum að kvöldi.

Starfsmannafélag ríkisstofnana hefur nýlega ályktað um þörfina fyrir nýtt starfsmat. Í Ásgarði, októberhefti 1981, segir Helga Ólafsdóttir í grein, sem ber nafnið „Konur eru láglaunaður meiri hluti", með leyfi forseta:

„Skrifstofumenn og fulltrúar eru starfshópar sem stunda óskilgreind skrifstofustörf. Þegar ráðið er til þessara starfa er frekar krafist almennrar menntunar en sérhæfðrar þekkingar á einhverju sviði. Sannleikurinn er þó sá, að skrifstofumenn þurfa oft og tíðum að búa yfir góðri íslenskukunnáttu og jafnframt kunnáttu í öðrum tungumálum ásamt færni í vélritun og notkun annarra skrifstofuvéla.

65% kvenna í skrifstofustörfum eru „skrifstofumenn", það er þeirra starfsheiti, og verður obbi þeirra

launaður í 10. launaflokki og lægra. En aðeins 13% karla eru „skrifstofumenn". Aftur á móti eru aðeins 13% kvenna í störfum „fulltrúa" en 39% karla. Þeir eru jafnframt yfirgnæfandi í enn þá æðri skrifstofustörfum, svo sem í stöðum deildarstjóra og skrifstofustjóra."

Síðan segir hér áfram: „Fulltrúar eru oftast næstu yfirmenn skrifstofumanna, og sjálfsaggt er töluvert almennt að skrifstofumenn hækki í fulltrúa, sérstaklega ef þeir eru karlar. Ekki þarf þó að vera mikill eðlismunur á þessum tveimur störfum. Dæmi eru þess, að skrifstofumaður, kona, og fulltrúi, karl, sitji saman á skrifstofu og vinni sömu störf fyrir ójöfn laun."

Í sama blaði er bréf frá Jafnréttisráði sem ég vil einnig lesa hér, með leyfi forseta:

„Jafnréttisráð skorar á alla atvinnurekendur að hafa alltaf til reiðu nákvæmar starfslýsingar, áður en þeir auglýsa störf laus til umsóknar, þannig að umsækjendur geti í hverju tilviki gert sér sem besta grein fyrir í hverju starfið er fólgið og hvaða kröfur það gerir til starfshæfni og menntunar. Hvað eftir annað hefur það komið í ljós í þeim málum sem Jafnréttisráði er gert að fjalla um, að starfslýsingar og erindisbréf fyrir starfsmenn eru ýmist alls ekki til eða afar ófullkomin. Þetta er m. a. til þess fallið að torvelda Jafnréttisráði störf sín. Jafnréttisráð telur að stjórnvöld eigi að ganga á undan í þessum efnum og sýna með því gott fordæmi.

Að lokum tekur Jafnréttisráð það fram, að verði breytingar á eðli og umfangi starfs, sem valda því að aðrir eða fleiri eiginleikar séu æskilegar til að gegna því vel, þá verður að taka það greinilega fram í auglýsingu um starfið." — Og lýkur þá bréfi Jafnréttisráðs.

Öllu þessu fólki er ljóst að röng starfsheiti ráða miklu um launamisrétti, ekki síst milli karla og kvenna við sambærileg störf. Launþegar una ekki lengur þessu misrétti sem vafalítið á ómældan þátt í erfiðleikum við kjarasamninga. Konur una því ekki heldur lengur að vinna mestallt hið raunverulega starf fyrir langtum lægri laun en svokallaðir yfirmenn sem augljóslega leggja fram miklu minni vinnu. Oft og tíðum hafa þessar láglaunakonur verið kennarar hins nýja yfirmanns á skrifstofunum. Hygg ég að við könnumst margar við þá aðstöðu.

Þá er loks löngu kominn tími til að hreinsa til í launaflokkum ríkisins og kanna hvaða starfsmenn eru raunverulega nauðsynlegir á vinnustað — og þó fyrr hefði verið. Samviskusamir starfsmenn ríkisins eiga betra skilið en áróður almennings um að þeir sinni ekki starfi sínu í þágu hans vegna fárra manna sem aldrei leggja fram nokkra vinnu.

Ég tel að í þeirri sjálfheldu, sem launamál í landinu eru, væri með samþykkt þessarar till. náð mikilsverðum áfanga til leiðréttingar á því launamisrétti sem nú viðgengst og torveldar alla skynsamlega umræðu um launamál.

Herra forseti. Ég vil að lokum leggja til að þessari till. verði vísað til allshn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég get tekið undir efni þessarar þáltill. og margt af því sem kom fram í ræðu hv. flm. hennar. Því ber auðvitað að fagna, ef till. verður til þess að starfsmat verði gert fyrir félaga BSRB og starfsfólk ríkisbankanna.

Eins og þessi till. ber með sér er hún liður í því að uppræta það launamisrétti sem ríkir á vinnumarkaðinum milli kvenna og karla. Það er leitt til þess að vita, að svo fáir þm. sjá sér fært að sitja undir þessari umr. Auðvitað er það dæmigert, því að það hafa oftar en einu sinni og oftar en tvisvar verið umr. einmitt um þessi launamál og það er yfirleitt fáliðað í þessum sal þegar verið er að ræða þau. En það er vissulega ástæða til að ræða þessi mál mjög ítarlega hér á hv. Alþingi.

Í grg. með till. kemur fram skipting starfsmanna ríkisstofnana í launaflokka. Þessi tafla undirstrikar enn þá brýnu nauðsyn, sem ég og reyndar fleiri þm. hafa margháldið fram hér á hv. Alþingi, að könnun verði að gera á tekjuskiptingu í þjóðfélaginu og fá á borðið raunverulegar launagreiðslur í landinu. Ekki síst undirstrikar taflan í grg. staðhæfingu mína oft hér á hv. Alþingi, að mikið launamisrétti ríki milli kvenna og karla í þjóðfélaginu.

Þáltill. Alþfl., sem samþykkt var vorið 1980, um könnun á tekjuskiptingu og launakjörum, fól í sér að kannanir færu fram á ýmsum þáttum varðandi launagreiðslur og uppbyggingu launakerfa og þátt dulinna greiðslna í launatekjum. Einn þessara þátta fól í sér að rannsaka forsendur flokkaskipunar hinna ýmsu kjarasamninga, þ. e. meta vægi hinna ýmsu eðlisþátta vinnunnar eða annarra áhrifaþátta með vinnurannsóknum, t. d. með tilliti til menntunar, ábyrgðar, starfsaldurs, starfsreynslu og fleiri þátta. Er þar því raunar um starfsmat að ræða eins og till. kveður á um. Hefur Alþingi því í raun þegar ályktað og lýst vilja sínum um að starfsmat verði gert í hinum ýmsu starfsgreinum. Ég tel því að hv. 8. landsk. þm. hefði verið í lófa lagið — með skírskotun til þeirrar þál. sem felur í sér viljayfirlýsingu Alþingis um að starfsmat fari fram — að óska eftir því við ríkisstj., að það starfsmat verði gert sem fram kemur í þessari till. Ég vona að hv. þm. taki þetta sem vinsamlega ábendingu, vegna þess að ég tel að það hefði getað flýtt fyrir því, að þetta starfsmat færi fram, þar sem þegar liggur fyrir viljayfirlýsing Alþingis í því efni.

Í till. þeirri, sem hér er til umr., kemur sérstaklega fram að kannað verði hvort launamisrétti eigi sér stað milli karla og kvenna við sömu störf svo og hvort ábyrgðarstörf, sem konur sérstaklega gegna, séu metin til lægri launa en sambærileg störf karla. Það er vissulega nauðsynlegt að athuga þetta. En í þessu efni hefur Alþingi þegar ályktað með samþykkt þeirrar þáltill. sem ég nefndi frá 1980, um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum. Þar segir að kannanir eigi að miða að því að upplýsa hvernig kynskipting sé eftir launatöxtum, yfirborgunum og starfsgreinum, auk þess sem kanna átti hvort brögð væru að því, að launamisrétti væri falið í stöðuheitum. Athuga átti einnig hvort uppbygging launataxta og annarra launakjara kallaði fram mismun á kjörum kvenna og karla. Ég sé þó ekkert því til fyrirstöðu, að það sé ítrekað hér aftur og aftur á hv. Alþingi, og styð að sjálfsögðu þær tillögur sem ég tel að geti flýtt fyrir að uppræta það launamisrétti sem við búum við í þessu efni.

Auðvitað er einnig ljóst að það er ekki eingöngu innan BSRB sem nauðsyn er á að starfsmat fari fram, eins og þessi till. kveður á um. Ég vil t. d. benda á verslunar- og skrifstofufólk almennt í því sambandi. Það er ekki síður nauðsyn á starfsmati þar, sérstaklega — eins og fram kemur í þessari þáltill. — að kannað sé launamisrétti milli karla og kvenna í þeirri stétt.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur látið fara fram nokkrum sinnum á vegum Hagvangs könnun á raunverulegum launagreiðslum meðal verslunar- og

skrifstofufólks. Konur eru áberandi þar í neðstu launaflokkunum, eins og reyndar kemur fram hér í töflunni frá hv. þm. varðandi starfsfólk hjá BSRB, en aftur á móti eru mjög fáir karlmenn í þessum neðstu flokkum. Síðan skiptir aftur yfir í efri flokkunum, því þar eru karlmenn fjölmennir en tiltölulega fáar konur þar að finna, auk þess sem yfirborganir koma mestmegnis fram í efri launaflokkunum og renna því áberandi mest til karla. Það væri því auðvelt að setja upp töflu varðandi launaflokka kvenna og karla í verslunar- og skrifstofustétt sem sýndi ekki síður en sú tafla, sem er í þessari grg., hve sláandi mismunur er á launakjörum kvenna og karla í stétt verslunar- og skrifstofufólks.

En, herra forseti, starfsmat fyrir félaga BSRB og starfsfólk ríkisbankanna gæti þó komið hreyfingu á þessi mál og orðið til þess, að nauðsynlegt starfsmat færi fram hjá fleiri stéttarfélögum og er það vissulega spor til þess að uppræta launamisrétti.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Það er hv. þm. Haraldur Ólafsson, sem bjargar því, að ég þakka ekki hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem eina þm. í salnum fyrir undirtektir undir þessa þáltill. mína, og ég tek nú undir það sem hv. þm. sagði, að það er dæmigert, að þegar þessi mál eru rædd, þá vill svo til að það er nær aldrei nokkur manneskja til þess að hlusta á þær umr. En ég vil þakka þeim eina þm., sem undir þetta hefur tekið, og harma næstum því að það skuli vera ein af þremur konum, sem sitja hér í sölum, en það er sannarlega betra en ekki. Við munum alla vega þvinga þá ágætu félaga okkar, sem sitja þó með okkur í nefndum og eru af karlkyni og m. a. í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallar, til að halda til í stólunum á meðan umr. um málið fer fram. En ég þakka sem sagt enn og aftur góðar undirtektir undir málið þó að ég hefði kosið fleiri raddir þar um.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Mér þykir vera komið nokkuð þægilegt jafnvægi hér á milli karla og kvenna í hv. Alþingi, og ég verð satt að segja að taka undir það sem hv. fyrri ræðumenn sögðu, að það er undarlegt að ekki skuli fleiri vera viðstaddir þegar svo mikilvægt mál er til umr. sem hér er.

Ég átti um hríð sæti í ráði sem hét Jafnlaunaráð og var að nokkru leyti undanfari Jafnréttisráðs. Þar kynntist ég talsvert vel þessum málum. Og ég verð að segja að ég hef sjaldan eiginlega komist að jafnfurðulegum niðurstöðum um launamál í landinu og við komumst þar að í rannsókn á tilteknum málum. En það var kannske ekki misréttið, launamisréttið, sem athygli vakti, heldur þeir næstum því ótrúlegu erfiðleikar sem á því voru að fá úr bætt. Það var næstum því eins og allir aðilar sameinuðust gegn þeim úrbótum og þeim samþykktum sem Jafnlaunaráð gerði. Það skipti engu máli hvort það voru opinberir aðilar, meira að segja kom hið háa Alþingi inn í þessi mál, hvort það voru atvinnurekendur eða hvort það voru stéttarfélögin. Þar rakst maður oft á mjög undarlega afstöðu þar sem ekki mátti hagga við málum vegna þess að þetta væri samningsatriði milli atvinnurekenda og launþega.

En ég ætla nú alls ekki að lengja þessar umr. Ég viðurkenni það, að ég stóðst ekki fríyju hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, að enginn karlmaður skyldi taka til máls í þessu sambandi. Ég vil eindregið lýsa stuðningi mínum við till. og í þeirri von, að það mætti verða liður í þá átt að jafna laun karla og kvenna og jafnframt að jafna laun allra launþega í landinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 18. nóv., kl. 2 miðdegis.

Flugmálaáætlun, frv. (þskj. 71). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er flutt, gerir ráð fyrir að gerðar séu flugmálaáætlanir. Með því yrði flugmálum skipað á sama bekk og öðrum samgönguþáttum. Þær yrðu hliðstæðar vegáætlunum og hafnaáætlunum. Flugmálaáætlun ætti að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum þjóðarinnar og ætti að stuðla að framsýni í ákvarðanatöku og skynsamlegri forgangsröðun framkvæmda. Á sama hátt mætti vænta þess, að flugmálaáætlun skapaði aukna festu í stefnumótun í flugmálum.

Það frv. til l. um flugmálaáætlun, sem hér er flutt, var í fyrsta sinn flutt af Finni Torfa Stefánssyni á 101. löggjafarþingi, en var síðan endurflutt á 103. löggjafarþingi af mér.

Það er skemmst frá að segja, að nauðsynlegt er að fyrir hendi sé samræmd stefna í samgöngumálum þannig að menn geri það upp við sig hvers konar samgöngukerfi eigi að vera í landinu. Hingað til hafa áætlanir verið gerðar að því er varðar hafnir og vegi, en flugmálaáætlanir hafa hins vegar ekki verið til. Ég held að sé fyllilega óhætt að segja að stefnan í flugmálum hafi verið mjög losaraleg.

Flug er vitaskuld veigamikill þáttur samgöngukerfisins, og er vissulega ástæða til þess að gerðar séu áætlanir um þróun flugsamgangna með sama hætti og gert er varðandi þróun vegamála og hafnamála. Það eykur enn á þörfina í þessum efnum að flugmál mega heita vera í verulegum ólestri hjá okkur hér á Íslandi. Margir þeir flugvellir, sem notaðir eru til reglulegs flugs, eru vanbúnir í veigamiklum atriðum, bæði að því er varðar aðbúnað fyrir farþega, lendingarbrautir og ekki síst að því er varðar öryggiskerfi af ýmsu tagi. Mér hafa sagt menn, sem kunnugir eru í þeim efnum, að svo vanþróaða flugvelli með svo mikilli umferð sé hvergi að finna í grennd við okkur og það sem helst líkist því, sem hér er boðið í þessum efnum víðs vegar um landið, sé það sem sé í nyrstu byggðum Kanada. Við höfum þannig tæknilega séð dregist aftur úr grannlöndum okkar á undanförnum árum að því er varðar skipan þessara mála.

Það hlýtur í fyrsta lagi að vera eðlilegt og sjálfsagt að menn geri sér grein fyrir því, hver sé eðlileg verkaskipting milli hinna ýmsu samgönguþátta, hvert sé hlutverk vegakerfisins, hvaða samgöngum eigi fyrst og fremst að halda uppi sjóleiðis og hvert sé hlutverk flugsins í samgöngukerfi þjóðarinnar. Það er í raun og sannleika bakgrunnurinn að því frv. sem hér er flutt. Við höfum reynslu af vegáætlun og áætlunum í hafnamálum. Þó að þar hafi kannske ekki miðað jafnlangt eða jafnvel og menn hefðu gjarnan kosið held ég að segja megi að

reynslan sé sú, að þessi áætlanagerð í þeim samgöngu-þáttum hafi verið til bóta.

Mér þykir líklegt að flestir aðhyllist þá skoðun að samgöngukerfið eigi að byggja upp þannig að megin-samgöngur séu við vissa tiltekna kjarna hér og hvar á landinu, en síðan séu tengisamgöngur út frá þessum kjörnum. Nokkur þróun hefur átt sér stað í þessa átt að því er flugið varðar, og reyndar eru framkvæmdir í vegamálum að ýmsu leyti þannig að tekið er mið af þessu þar sem lögð er áhersla á að tengja nærliggjandi byggðir meginkjarnanum. Þróunin í flugmálum hefur kannske fyrst og fremst átt sér stað í þessa átt á Austfjörðum og að nokkru leyti á Norðurlandi, en þar hefur þó ekki tekist að vinna þessum málum þann byr og það fylgi sem nauðsynlegt er. Það er alveg ljóst, að til þess að flugið geti gegnt hlutverki sínu með eðlilegum hætti í þessari uppbyggingu verða áætlanir þeirra minni flugvéla, sem annast tenginguna við kjarnann eða minni kjarnana og hinar smærri byggðir að geta staðist. Forsenda fyrir því, að slíkar áætlanir geti staðist, er að aðbúnaður á flugvöllum sé bærilegur. Reyndar er gífurlega mikið hagkvæmnismál að hægt sé að nota hagkvæmustu gerðir flugvéla. Þess vegna er vissulega ástæða til þess, þó ekki kæmu til nema hagkvæmniástæður, að hyggja sérstaklega að fluginu.

Ísland er fámennt og strjálbýlt, eins og kunnugt er, og greiðar samgöngur hafa þess vegna enn meiri þýðingu hér en víða annars staðar. Einmitt af þessum sökum er dýrara að koma samgöngum bærilega fyrir en hjá ýmsum öðrum. Við þurfum því ýmislegt á okkur að leggja til að koma þeim þannig fyrir að sem mestur afrakstur fáist af því fjármagni og vinnuafli sem til þessara mála er veitt. Hefur vissulega skort mjög á skipulögð vinnubrögð í þessum efnum. Þótt að vissum þáttum samgöngu-málanna hafi, eins og ég drap á aður, verið unnið eftir fyrir fram gerðri áætlun og það egi teljast spor í rétta átt verður alls ekki sagt að hér hafi verið nægilega skipulega að unnið. Á hinn bóginn skortir mjög á skipulegan sam-anburð á möguleikum hinna ýmsu samgöngukosta, þ. e. hvers konar verkefni henta hverjum samgöngukosti best, og leggja þannig grunninn að uppbyggingu sam-göngukerfisins. Fjárfestingarstjórn hefur hingað til ráðist fyrst og fremst af því, hve mikið menn telja sig hafa aflögu til slíkra verkefna, ásamt tilviljunum og pólitísku skæklatogi.

Einn þáttur samgöngumála, flugsamgöngurnar, hefur í þessu sambandi orðið verulega út undan. Það er ekki hægt að segja að varðandi þennan þátt sé fyrir hendi nein stefnumótun og engin áætlunargerð. Það er ekki vitað um neinar sérstakar viðmiðanir, sem menn hafi við fjár-festingarákvarðanir til flugmála, og það er enginn sam-anburður við aðra flutningakosti eða samgönguleiðir. Afleiðingin er sú, eins og ég hef drepið á, að flugvellir og búnaður til flugsamgangna eru áratugum á eftir því sem er í flestum nágrannalöndum, en þó er það svo, að Íslendingar nota flug meira en flestar aðrar þjóðir.

Kostir flugsins eru vitaskuld margvíslegir. Það flest í hraða, þægindum og í rauninni tiltölulega litlum kostnaði við mannvirkjagerð miðað við aðra samgöngupætti. Það má líka segja að flugið sé að ýmsu leyti ónæmara fyrir náttúruhamförum og óháðara veðri en samgöngur á landi, en það er þó með því skilyrði að nægilegur búnað-ur sé fyrir hendi. Flugið getur þannig verið fljótvirkt, ódýrt og öruggt. En það er ljóst, að kostir flugsins nýtast ekki jafnvel í öllum tilvikum. Flutningur þungavöru verður vitaskuld áfram hagkvæmari á sjó og vöru- og fólksflutningar á styttri vegalengdum eru hagkvæmastir með bifreiðum eða öðrum landflutningatækjum. En það er vissulega brýn þörf á nánari könnun og samanburði í þessu efni.

Ég ætla ekki að rekja þátt flugsins í samgöngumálum eins og nú er, en það hefur að sjálfsögðu fyrst og fremst sinnt fólksflutningum, enda njóta kostir flugsins sín sér-staklega vel þar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þáttur flugsins í samgöngunum gæti verið mikilvæg-ari, hagkvæmari og öruggari ef uppbyggingu þess væri sinnt með eðlilegum og skipulegum hætti og áætlanir gerðar um hvernig ná mætti tilteknu markmiði í þeim efnum. Það er á þeim grunni sem þetta frv. er lagt fram.

Í þessu sambandi er ekki úr vegi að minna á fáeina þætti sem ástæða er til að hafa í huga þegar litið er á samgöngumálin og flugið sérstaklega. Í fyrsta lagi þurfa menn að komast í skyndingu milli fjarlægra staða og þá er flugið eðlilegasti samgöngumátinn. Á sama hátt má nefna að mjög veigamikill þáttur í almannavörnum er flugvellir, neyðarflugvellir þá sér í lagi. Sjúkraflug hefur líka farið vaxandi með ári hverju og verður sífellt meira áríðandi. Þess vegna er mikilvægt að sjúkraflugvellir séu vel færir og séu til í nálægð sjúkrahúsa og þéttbýlla staða. Þá er ástæða til að minna á að snjóþyngsli loka oft heilum héruðum, en það er oft hægt að fljúga langtum fyrr en tekst að ryðja samgönguleiðir á landi. Það er vitaskuld hægt að fljúga þegar veðri slotar og flugvöllur hefur verið ruddur, svo framarlega sem tæki eru fyrir hendi til að ryðja völlinn.

Það má benda á að flugið er mjög öruggur ferðamáti í samanburði við önnur samgöngutæki og slysatíðni telst þar lægri, þrátt fyrir að hér er öryggismálum ekki sinnt í ríkara mæli en ég hef þegar drepið á. Það, sem gera þarf, er að búa alla flugvelli lágmarkstækjakosti. Kröfur eru auðvitað misjafnar eftir því, hvort um er að ræða áætlun-arflugvöll eða flugvöll fyrir neyðartilvik, sjúkraflugvöll. Ef einungis er litið á áætlunarflugvelli held ég, eins og kemur fram í þeirri grg. sem hér fylgir með og Finnur Torfi Stefánsson flutti og samdi á sínum tíma, að lág-markskröfurnar megi telja upp í fjórum liðum: Það er í fyrsta lagi fullkomin flugleiðsögutæki, það er í annan stað það sem varðar flugbrautina sjálfa, það er í þriðja lagi aðstaða á flugvallarsvæðinu fyrir eftirlitsmann og farþega og í fjórða lagi að það þarf að vera aðgangur að tækjum til snjóruðnings, bremsumælinga og sandburðar. Þetta eru vitaskuld lágmarkskröfur og þótt þessi aðstaða væri fyrir hendi gæti hún tæpast talist fullkomin, eins og segir í grg. með frv.

Ég held að ef hv. þm. svipast um í kringum sig og líta á aðbúnað á flugvöllum víðs vegar á landinu sé ljóst að það sé langt frá því að þessum lágmarkskröfum sé yfirleitt fullnægt. Það eru einungis örfáir vellir þar sem hægt er að segja að lágmarkskröfunum sé nokkurn veginn mætt.

Sumt af því, sem hér er upp talið, er í sjálfu sér ekki mjög kostnaðarsamt, en annað er auðvitað dýrt. Megin-atriðið er þá að menn ætli fé til þessara mála, að stefnan sé mörkuð og að samræmi sé í þeim fjárveitingum sem til þessara mála er varið. Því frv., sem hér er flutt, er ætlað að vera grundvöllur skipulegs átaks í flugmálum Ís-lendinga, enda verði það að lögum eins og ég vænti. Meginefni þess er að skylda ríkisstj. til að leggja fram með reglubundnum hætti flugmálaáætlun til samþykktar

á Alþingi og haga síðan stjórn flugmála eftir ákvæðum hennar. Sú tilhögun, sem frv. byggir á, er sótt að meginefni til ákvæða vegalaga um vegáætlun. Ekki er gert ráð fyrir í frv. að markaðir séu sérstakir tekjustofnar til þessa verkefnis, heldur gert ráð fyrir að tekna verði aflað með almennum hætti. Er það í samræmi við ríkjandi meginsjónarmið við stjórn fjármála.

Ég tel að samþykkt frv. af þessu tagi eigi að geta verið lyftistöng fyrir flugmál í landinu. Ég tel að það séu sjálfsögð vinnubrögð að gera flugmálaáætlanir, að gera áætlanir um þennan samgönguþátt eins og aðra, og ég legg áherslu á að öryggissjónarmið verður að hafa mjög ríkt í huga við uppbyggingu flugvallakerfisins og flugsins á Íslandi.

Að lokum vil ég vænta þess, að ef þetta frv. yrði að lögum mætti það stuðla að því, að aukin festa næðist í stefnumótun í flugmálum á Íslandi. Til þess liggja vissulega gild rök, að nauðsyn beri til þess, eins og komið hefur fram í umr. á Alþingi ítrekað á undanförnum árum, þó að kannske hafi keyrt um þverbak á síðustu misserum í þessum efnum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kjartani Jóhannssyni fyrir flutning þessa máls hér á Alþingi. Ég tel að þetta sé mikið þjóðþrifamál og mundi horfa mjög til framfara í samgöngumálum Íslendinga ef þingið samþykkti frv. og það yrði að lögum. Flm. hefur flutt okkur mjög ítarlega framsöguræðu um málið og ég hef satt að segja ekki mjög miklu við það að bæta öðru en nokkrum almennum aths.

Það er mitt mat og margra annarra, sem hafa fylgst með flugmálum á Íslandi, að flugið hafi orðið mjög út undan hvað uppbyggingu alla varðar. Það kann að eiga sér ákaflega eðlilegar skýringar. Hver sá Íslendingur sem ferðast t. d. um þjóðvegakerfið finnur á mjög áþreifanlegan hátt hversu vegakerfinu er áfátt. Flugfarþegi gerir sér hins vegar ákaflega litla grein fyrir því, af hverju var hægt að fljúga í dag, en ekki í gær. Það er þess vegna ekki eins augljóst fyrir flugfarþeganum hverjir ágallar flugkerfisins eru. Hverjar sem orsakirnar eru er alveg ljóst að hv. Alþingi og stjórnvöld hafa alls ekki sinnt þessum samgönguþætti sem skyldi. Það skortir verulega mikið átak, einkum í flugvallagerð og hvað varðar uppsetningu leiðsögutækja fyrir flug.

Það er hægt að nefna einstök dæmi um hvað núverandi ástand er óhagkvæmt og þjóðinni raunverulega dýrt. Nú háttar svo til á flestum stöðum á landinu, þangað sem flogið er til farþegaflug, að flugvellir eru þar bæði mjög stuttir og venjulega einungis malarbrautir, sem eru misjafnlega góðar eftir því hvernig veðurfar er. Þetta ástand flugvallanna og flugbrautanna gerir það að verkum að ekki er hægt að nota hagkvæmari vélar til flugsins. Menn verða að nota flugvélar sem eru hægfleygar, sem geta lent á litlum hraða og eru með fyrirferðarmikinn hjólabúnað svo það verði ekki mikil hætta ef það skyldi vera léleg færð á brautinni. Þessar hægfara vélar eru miklu dýrari í rekstri, þær fljúgja hægar og eyða meira eldsneyti en aðrar nýtískulegri vélar, sem tiltækar eru, en einungis verða notaðar á sæmilega góðum flugbrautum.

Í annan stað er ástand hvað varðar leiðsögutæki ákaflega fátæklegt og satt að segja mesta furða hvað innanlandsflugið gengur áfallalaust. Ég held að það megi fyrst og fremst þakka því, að sem betur fer hefur íslensku flugfélögunum tekist að þjálfa upp ákaflega hæfa flugmannastétt sem hefur aðlagað sig sérkennilegum og erfiðum aðstæðum hér á Íslandi svo furðulegt má telja. Það er grundvallaratriði fyrir samgönguöryggið og að unnt sé að halda uppi reglulegum og öruggum ferðum að flugleiðsögutæki séu eins góð og kostur er. Flest þau leiðsögutæki, sem menn hafa hér við að styðjast nú, eru ákaflega forn og raunverulega löngu orðin úrelt.

Ég nefni þessi tvö atriði sem dæmi um það sem einna helst má grípa á og ábótavant er hér í flugmálum.

Annar þátturinn er sá, sem raunar kom fram í máli flm., að raunverulega hefur ekki verið fyrir hendi neinn samanburður á hagkvæmni hinna ýmsu samgönguþátta, þ. e. samgangna á sjó, samgangna í lofti og samgangna á landi. Menn hafa unnið þetta nokkurn veginn eftir kröfum tímans, en ekki lagt niður fyrir sér með skipulegum hætti með hvaða samgönguaðferð skynsamlegast væri að sinna hverju verkefni. Hér er mikil þörf á að bæta úr. Það er einn megintilgangur þessa frv. að stuðla að því, að flugmálastefna og framkvæmdir í flugmálum verði unnar með skipulögðum hætti eftir áætlanagerð, sem verður lögð reglulega hér fyrir Alþingi, og menn fái þar með kost á því að bera saman hvert hlutverk flugsins á að vera í samanburði við aðra samgönguþætti.

Eins og ég gat um í upphafi er í raun og veru ekki þörf á að bæta miklu við það sem hv. flm. sagði, en ég vil einungis óska þess, að hv. Alþingi geti samþykkt þetta frv. og gert að lögum.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég er aðeins kominn hér í ræðustól til að segja fáein orð um þetta þarfa frv. og lýsa yfir fylgi við þá meginstefnu sem það boðar. Ég verð að játa það, að ég hef raunar átt von á stjfrv. um þetta mál alllengi. A. m. k. þrír samgrh. hafa boðað hér á Alþingi, að þessa stefnu ætti að taka upp og að því væri unnið í þeirra rn. að flugmálaáætlun væri gerð í samráði við flugmálastjórn og flugráð. En það bólar ekki á þessu frv. enn og því eðlilegt að málinu sé hreyft hér á Alþingi, vegna þess að áætlanir varðandi framkvæmdir í svo veigamiklum þætti samgangna, flugmálum, eru vitanlega sjálfsagðar. Því betur sem menn gera sér grein fyrir umfangi, fyrir kostnaði öllum, fyrir áhersluþáttunum kannske alveg sérstaklega og röð framkvæmdanna eftir þýðingu þeirra, þeim mun meira árangurs má vænta af þeim framkvæmdum sem í gangi eru. Um allt þetta liggur fyrir býsna víðtækur fróðleikur, eins og hér hefur þegar komið fram reyndar, hjá flugmálayfirvöldum, hjá flugráði og í framtíðaráætlunum sérstakrar nefndar, sem um þessi mál fjallaði fyrir nokkrum árum og var þar með ákveðnar áætlanir og spár um framtíðina sem m. a. tóku mið af því, að flugmálaáætlanir væru gerðar, ef mig misminnir ekki. Frá því að sú nefnd skilaði áliti er það auðvitað mála sannast að við höfum þokast nokkuð í áttina, en þó allt of skammt með tilliti til þess, hve ríkur og vaxandi þáttur þetta er í öllum samgöngum okkar. Við erum með allt of lítil framlög til þessa málaflokks og stundum kemur fram spurning um skynsamlega framkvæmd eða ekki. Það má segja að í landi okkar, þar sem kallað er úr öllum áttum til aukinna umsvifa á sviði framkvæmda og hvers konar þjónustu, er vandi að velja, en þó held ég að framkvæmdir í flugmálum eigi að vera þar í alfremstu röð vegna þess hvað það er mikið í húfi.

Nú er það svo, að fátt gengur okkur verr en að raða

verkefnum skynsamlega út frá hreinum faglegum sjónarmiðum og í þessum málaflokki þó alveg sérstaklega öryggissjónarmiðum, eins og þegar hefur verið komið rækilega inn á hér af tveimur hv. síðustu ræðumönnum. Það er víða þrýstingur á og eðlilega, svo sem þessi mál hafa setið á hakanum, en það hvetur líka til skipulagðra vinnubragða og áætlunar til langs tíma því að oft sætta menn sig við nokkra bið á framkvæmdum, t. d. á sínum stað, varðandi sitt umdæmi, ef þeir sjá svart á hvítu að röðin kemur að þeim í úrbótum og framkvæmdum innan skamms, þó að það líði jafnvel 2—3 ár, þó að það sé jafnvel síðast á áætlunartímabilinu. Marktækar áætlanir eru líka leiðarvísir sem byggja má á. En þá vaknar auðvitað spurningin varðandi þetta frv. út frá annarri áætlunargerð: Hversu marktæk yrði áætlun af þessu tagi? Mér sýnist, að þar sé inn á rétta braut farið í þessu efni, og tek þar tvær áætlanir aðrar, sem snerta líka samgöngumál, til viðmiðunar.

Hafnaáætlanir hafa verið gerðar og þær hafa verið gefnar út í fallegri þykkri bók, sem menn kannast við, með fallegri litmynd á forsíðu. En þær bókmenntir hafa því miður oftar en ekki valdið vonbrigðum og vandræðum úti í kjördæmunum, þó að ég viðurkenni að það hefur síðar verið reynt að vanda betur til þessara áætlana og komast meira í takt við raunveruleikann, en raunveruleikinn er í raun og veru fjárveitingar Alþingis á hverjum tíma. Þær skipta í raun og veru öllu máli og að sjálfsögðu þróun verðbólgunnar, ekki megum við gleyma henni, sem oft hefur sett ljótt strik í reikninginn varðandi þessar framkvæmdir.

Hafnaáætlun hefur sem sagt verið að mörgu leyti mjög góð, menn hafa gert sér grein fyrir umfangi og eðli vandans, en hún hefur ekki verið marktæk að því leyti sem helst þyrfti, að menn gætu nokkurn veginn reitt sig á hana út áætlunartímabilið. Ég held að aðalástæðan hafi kannske verið sú, að þessi áætlun hefur ekki hlotið staðfestingu Alþingis. Hún hefur ekki verið lögð fyrir Alþingi til staðfestingar. Vegáætlanir hafa verið ólíkt marktækari. Ég er ekki að segja að það hafi alltaf verið farið eftir bókstafnum í einu og öllu, en vegáætlanirnar eru þó góður leiðarvísir um það, hvernig Alþingi getur markað nokkra langtímastefnu í framkvæmdum. Ég held að munurinn liggi einmitt í því sem ég kom inn á áðan, þ. e. staðfestingu Alþingis á vegáætluninni. Um leið kemur skuldbinding Alþingis á þessari áætlun. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv., og það telst einn höfuðkostur þess, að svo skuli ráð fyrir gert um flugmálaáætlun.

Hv. 3. landsk. þm. kom hér inn á veigamikið atriði sem ég held að við eigum að gefa gaum, þ. e. samanburð á samgönguþáttum okkar. Þannig vildi til, að fyrir þrem árum setti þáv. hæstv. samgrh. á fót allfjölmenna nefnd frá öllum þeim aðilum, sem komu inn í þessi mál að nokkru marki, til að kanna einmitt þennan samanburð á öllum samgönguþáttum og þar voru einnig fulltrúar frá Alþingi. Ég átti sæti í þessari nefnd og vann í henni í nokkurn tíma. Ég var í raun og veru undrandi á því á þeim stutta tíma, hve ég aflaði mér mikils fróðleiks frá hinum ýmsu aðilum, sem stunda samgöngur og eiga við samgöngur hér á landi, sem þeir komu þar á framfæri og komu þar í vissan banka. Af einhverjum ástæðum var þessi nefnd leyst upp. Hún var kannske líka of fjölmenn. Það kann vel að vera að menn hafi þar farið of vítt út á málasviðið. Þó held ég ekki. Mér finnst að grundvöllurinn að þessu þurfi að vera ansi víðfeðmur svo að menn nái einhverjum árangri. Síðan mun hæstv. núv. samgrh. hafa sett í þetta þriggja manna nefnd, að ég held. Ég veit ekki hvernig starfi þeirrar nefndar er háttað, en hún mun eiga að taka til athugunar einmitt samanburð á samgönguþáttum og skipulagi allra þeirra framkvæmda. Þótt í þessari nefnd séu ágætismenn óttast ég hins vegar að þeir séu ekki í of miklum beinum tengslum við alla þá aðila sem vinna að samgöngum hér á landi. Fyrri nefndin sem afkastaði ótrúlega miklu á skömmum tíma, var þó að því komin að fara út í kjördæmin og tala þar við heimamenn, landshlutasamtök sveitarfélaganna þar og aðra heimaaðila sem þar unnu að samgöngum. Það kann að vera að þessi nefnd vinni í sama anda og þá er það vel, en það er full ástæða til að undirstrika þetta, því að skipulag allra samgangna okkar er auðvitað eitt brýnasta verkefni okkar. Þar erum við í algeru skipulagsleysi varðandi t. d. fólksflutninga, varðandi vöruflutninga og varðandi samgöngur allar, og þar gengur margt á misvíxl svo að ekki sé meira sagt.

Um flugmálaframkvæmdir að öðru leyti mætti segja margt, en ég vil aðeins leggja á það áherslu, að þar sem tugþúsundir farþega eiga í hlut á ári hverju hljóta öryggissjónarmiðin að sitja í fyrirrúmi og í áætlun sem þessari verður að taka mið af því, eins og reyndar kemur fram í grg. með frv. og sjálfri frv.-gerðinni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vildi aðeins láta heyra í mér hér. Mér sýnist hér vera um mál að ræða sem eigi fullan rétt á sér, að sett séu lög um flugmálaáætlun og flugmálum þannig skipað á sama bekk og öðrum samgöngumálum, og því vil ég lýsa stuðningi mínum við meginatriði þessa frv.

Flm. (Kjartan Jóhannson): Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið hér af hálfu þeirra 2. þm. Austurl. og 4. landsk. þm. Þetta mál er flutt hér í þriðja sinn líklega nú og ætti að vera tími til kominn að taka það til alvarlegrar afgreiðslu.

Ég vil geta þess, að það hafa borist umsagnir og ábendingar varðandi þetta frv. til flm. frá allmörgum aðilum sem starfa að flugmálum með einum eða öðrum hætti, annaðhvort starfa við flug eða í flugi, og þær umsagnir hafa allar verið mjög jákvæðar. Það er því greinilega vilji hjá þeim, sem í greininni starfa, til þess að tekið sé á málunum með þeim hætti, sem hér er lagt til, enda ætti hér að vera um þarft mál að ræða, eins og hér hefur komið fram í máli allra þeirra sem til máls hafa tekið, sem gæti orðið til bóta að því er varðar þróun flugsins og stefnumála í þeim efnum.

Ég vil sem sagt endurtaka það, að ég er þakklátur fyrir þær góðu undirtektir sem þetta fær, og ég veit að hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson er það ekki síður, því að hann er upprunalegur höfundur þessa frv. eins og kom fram í framsögu minni. En svo vil ég óska þess, að menn taki þá saman höndum um að koma þessu máli til afgreiðslu í gegnum þetta þing þannig að það geti orðið að lögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 13. fundur.

Miðvikudaginn 18. nóv., kl. 2. miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 17). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Skipan opinberra framkvæmda, frv. (þskj. 23). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Listskreytingar opinberra bygginga, frv. (þskj. 24). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 27). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 25 shlj. atkv.

Fjáröflun til vegagerðar, frv. (þskj. 29). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Lögskráning sjómanna, frv. (þskj. 67). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 73). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 24 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 77). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til allshn. með 26 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 84). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til félmn. með 29 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 27 shlj. atkv.

Land í þjóðareign, frv. (þskj. 48). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Hugmyndir okkar Alþfl.-manna og tillögur um þjóðareign á landi eru löngu kunnar. Fyrstu tillögur Alþfl. um þessi mál voru lagðar fyrir Alþingi af Braga Sigurjónssyni alþm. árið 1970 eða fyrir röskum einum áratug. Var þar um að ræða till. til þál. um endurskoðun löggjafar um óbyggðir landsins, vötn, ár, jarðhita og námur. Í till. var lagt til að Alþingi legði fyrir ríkisstj. að láta sérfróða menn semja frv. eða frumvörp að lögum um eignarráð og eignarréttindi yfir óbyggðum landsins, stöðuvötnum, fallvötnum, jarðhita svo og hvers konar námum og vinnslu verðmæta úr jörðu, þar sem stefnt væri að því m. a. að allt hálendi landsins og óbyggðir þess yrðu lýst alþjóðareign.

Till. þessi, sem fyrst var flutt á Alþingi 1970, hefur síðan tekið ýmsum breytingum. Árið 1972 var henni breytt verulega nefndist þá till. til þál. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum. Árið 1976 breyttu þm. Alþfl. síðan þessari tillögugerð í formlegt frv. og fluttu þeir Bragi Sigurjónsson og Jón Ármann Héðinsson frv. til l. árið 1976 um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum. Þá hafa þm. Alþfl. einnig flutt sérstök þingmál þessu tengd, svo sem frv. til l. um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms, sem flutt var á 100. löggjafarþinginu árið 1978, og frv. til l. um breytingu á orkulögum, sem þm. Alþfl. voru meðflm. að á þingunum 1974, 1975 og 1976, en upphaflega var þetta frv. samið og flutt af þáv. orkumrh. Magnúsi Kjartanssyni.

Tillögur Alþfl. um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum eru mjög yfirgripsmikið mál og varðar fjölmarga þætti landa og landgæða. Frá því umr. um málið hófust teljum við Alþfl.-menn að stuðningur við ýmis meginsjónarmið okkar um þjóðareign á landi hafi farið

vaxandi, enda er staðreyndin sú, að stöðugt er verið að kreppa meira að almenningi um aðgang að landi, not þess og nytjar. Þannig hefur t. d. sú till. okkar Alþfl-manna nú hlotið almenna viðurkenningu að mati okkar, að náttúruauðlindir, svo sem djúphiti og orka í fallvötnum landsins og virkjunarréttur, eigi að vera eign þjóðarheildarinnar, en ekki tiltekinna einstaklinga, og að sama máli skuli gegna um óbyggðir og hálendi landsins.

Mér leikur sérstök forvitni á að vita hjá hæstv. iðnrh. hvort hann hafi í huga að beita sér fyrir því á Alþingi í vetur, að flutt verði frv. eða frumvörp sem taka af öll tvímæli um að virkjunarréttur djúphita og fallvatna sé í eign þjóðarheildarinnar, en ekki einstakra einstaklinga eða hópa þeirra. Ef svo er ekki munum við Alþfl.-menn óska eftir því við þingflokk hæstv. ráðh., Alþb., að við stöndum saman um að flytja frv. til l. um breytingu á orkulögum sem hæstv. þáv. iðnrh. Magnús Kjartansson átti frumkvæði að flutningi á. Ef hins vegar hæstv. iðnrh. hefur í huga að gera eitthvað í þessum málum á Alþingi í vetur vænti ég þess fastlega, að við getum orðið sammála, Alþb.-menn og Alþfl.-menn, um að fylgja slíku máli eftir. Ég held að almennt sé mönnum orðið ljóst hvílík nauðsyn er á því, að enginn vafi hvíli á um að náttúruauðlindir, svo sem djúphiti og orka fallvatna, séu í eign þjóðarheildarinnar, en ekki einhverra örfárra einstaklinga.

Við flm. þessa frv. teljum að m. a. vegna tillöguflutnings og málflutnings Alþfl.-manna sé nú orðinn mjög almennur stuðningur við sum atriði í tillögugerð Alþfl. um þjóðareign á landi og ætti ekki að vera neitt því til fyrirstöðu að þau atriði gætu náð fram að ganga. Hins vegar gerum við okkur fyllilega ljóst að ýmis önnur atriði í okkar tillögugerð, svo sem að íslenska þjóðin í heild skuli eiga veiðirétt í veiðivötnum og ám landsins, eru umdeildari og ríkir ekki eins mikill almennur skilningur og stuðningur við þau atriði í stefnu okkar og þau sem ég gerði að umtalsefni rétt áðan.

Að þessu athuguðu höfum við þm. Alþfl. talið rétt að láta nú á reyna hvaða einstök atriði í stefnumótun og tillögugerð okkar um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum hafi öðlast nægan stuðning til þess að von sé til að þau náist fram á Alþingi Íslendinga. Við höfum því brugðið á það ráð, þm. Alþfl., að í staðinn fyrir, eins og við höfum áður gert, að flytja þetta stóra og mikla mál um eignarráð á landinu, gögnum þess og gæðum í einu þingmáli á Alþingi, annaðhvort í mynd lagafrv. eða sem till. til þál. um almenna stefnumörkun Alþingis, þá verði þetta umfangsmikla mál brotið upp í einstaka þætti og flutt síðan sjálfstæð þingmál um hvern þátt um sig og þannig látið á reyna hvaða hugmyndir Alþfl.-manna, og þá sérstaklega þær sem notið hafa almenns stuðnings í þessu landi, geti náð afgreiðslu á Alþingi. Þannig verða flutt á þessu þingi margar till. og lagafrv. um einstök atriði í stefnu og tillögugerð Alþfl.- manna um eignarráð yfir landinu, og er frv. það, sem hér um ræðir, eitt þeirra. Af öðrum málum má nefna till. til þál. um orlofsbúðir fyrir almenning. Eins og menn muna eftir, því að sú till. hefur verið rædd á Alþingi, stefnir hún að því að bújarðir ríkisins, sem ekki eru nýttar til búskapar, verði fengnar almenningi eða almannasamtökum til útivistar og til þess að byggja þar á orlofsbúðir eða sumardvalaraðstöðu. Einnig munum við endurflytja lagafrv. um framkvæmd eignarnáms og er það nú í undirbúningi. Þá munum við væntanlega einnig endurflytja frv. til l. um þjóðareign á háhitasvæðum og virkjunarrétti á þeim, náist ekki eða hafi ekki náðst að fyrirlagi hæstv. iðnrh. samkomulag um flutning slíks máls á þessum vetri.

Þannig munum við þm. Alþfl. gera hin einstöku atriði í stefnu og tillögugerð Alþfl. um eignarráð yfir landinu, gögnum þess og gæðum að sjálfstæðum þingmálum nú á þessu þingi og láta þannig á reyna hvernig háttað er afstöðu annarra þm. og þingflokka til einstakra atriða í þeirri stefnu.

Frv. það, sem hér er flutt, takmarkast við að lýsa öll þau landssvæði þjóðareign sem skýlausar eignarheimildir annarra en ríkisins finnast ekki fyrir, m. ö. o. að það verði tryggilega frá því gengið, að þau svæði á okkar landi og þau landgæði, sem enginn getur gert eignarréttarlegt tilkall til, hvorki einstaklingar, félagasamtök, sveitarfélög, upprekstrarfélög né aðrir aðilar, verði í eitt skipti fyrir öll lýst alþjóðareign. Með sama hætti verði farið með vatnsréttindi, jarðhita, námuréttindi og önnur fasteignarréttindi sem aðrir eignaraðilar finnast ekki að.

Í framkvæmd mundi þetta þýða að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign ásamt flestum eða öllum afréttum og hálendissvæðum sem formlegt eignarhald annarra aðila er ekki fyrirfinnanlegt á. Á þeim svæðum mundi íslenska þjóðin gera tilkall til allra fasteignarréttinda, svo sem vatnsréttinda, jarðhita, námuréttinda og annarra réttinda sem bundin eru eignarrétti lands, en beitarréttindi þau, sem fylgja einstökum bújörðum, upprekstrarfélögum eða sveitarfélögum, stæðu óskert svo og veiðiréttindi öll og allar aðrar eignarheimildir annarra en ríkisins sem sönnun er færð fyrir.

Ég vek í þessu sambandi sérstaka athygli á því, að dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að skilið geti verið á milli annars vegar takmarkaðs eignarréttartilkalls, sem menn geta gert til slíkra landssvæða, t. d. hvað varðar beitiréttindi og veiðirétt, og formlegs eignarhalds. M. ö. o. hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu, að einstaklingar, upprekstrarfélög og sveitarfélög geti gert tilkall til þess að halda og teljast eiga beitarréttindi á afréttum og hálendissvæðum án þess að um formlegt eignarhald að öðru leyti sé að ræða. Við gerum ekki með frv. þessu tillögur um að þessu sé á nokkurn hátt breytt, m. ö. o.: að upprekstrarfélög, bújarðir, sveitarfélög og aðrir þeir, sem slík réttindi eiga, svo sem beitarréttindi eða veiðiréttindi, haldi þeim réttindum sínum óskertum, en eignarrétturinn, sem ekki er fyrir hendi á landssvæðinu í heild, falli til ríkisins.

Stefna af því tagi, sem tekin er í frv. þessu, mundi líka afgreiða ýmis deilumál sem niðurstaða þarf nauðsynlega að fást í. Nú hafa fallið dómar nýverið sem gera að verkum að bráðnauðsynlegt er að taka afstöðu til þess, hver teljist vera formlegur eigandi ákveðinna landa og landssvæða á Íslandi. Svo nefnd séu þrjú dæmi þar um vil ég fyrst víkja að því, að nýlega féll dómur um að bændur við Mývatn teldust ekki eiga botn vatnsins sem þeir höfðu gert eignarréttarlegt tilkall til. Fyrst niðurstaða dómstóla er sú, að ekki bændur og væntanlega þá ekki sveitarfélög né félög bænda við Mývatn eigi botn vatnsins, hver er það þá sem fer með formlegt eignarhald á því svæði? Auðvitað þarf að skera úr um það. Dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu, að íbúarnir við Mývatn eigi þetta ekki. Ber þá ekki að ganga svo frá, að það sé þá almenningur, ríkisvaldið í nafni almennings, sem með þennan eignarrétt fari?

Svo nefnt sé annað dæmi, þá reis upp deila milli

Eyfirðinga og Skagfirðinga um hvorir teldust eiga Nýjabæjarafrétt. Dómur hefur fallið í því máli á þann veg, að hvorug geti gert eignarréttarlegt tilkall til þessa landssvæðis, hvorki bændur í Skagafirði, bændur í Eyjafirði né heldur samtök þessara aðila. Fyrst það er niðurstaða dómstóla þarf auðvitað að ganga frá því, hver það er þá í þjóðfélaginu sem fer með þennan eignarrétt og telst eiga þetta land. Það liggur auðvitað í augum uppi, að það getur enginn annar verið en þjóðarheildin, ríkisvaldið í nafni þjóðarheildarinnar, en um það þarf að fá úrskurð með lagasetningu frá Alþingi.

Þriðja dæmið, sem ég vildi gjarnan fá að nefna hér, varðar enn eitt deilumál. Fyrir nokkrum árum var áhugamönnum um rjúpnaveiði bannaður allur veiðiskapur á Hellisheiði af bændum og sveitarfélögum sem töldu sig eiga þar veiðiréttindi og töldu sig hafa fullkomið eignarhald á þessu landssvæði. Þessar deilur enduðu með því, að lögreglan á Selfossi elti uppi nokkrar rjúpnaskyttur þar á heiðinni og tók af þeim bæði veiði og skotfæri að beiðni þeirra sem töldu sig vera landeigendur þarna, enda væru rjúpnaveiðimenn þar í banni.

Rjúpnaveiðimenn höfðuðu skaðabótamál á ríkissjóð vegna þess að afskipti lögreglunnar á Selfossi af þeirra málum hefðu verið óleyfileg þar sem bændur og þeir aðilar, sem hefðu talið sig eiga þetta land og bannað veiðiskap á því, gætu ekki gert eignarréttarlegt tilkall til landsins og þarna væri því öllum íslenskum ríkisborgurum heimilaður fullur og frjáls aðgangur og veiðiskapur samkv. almennum reglum þar um. Niðurstaða er nýfengin í þessu deilumáli. Þar var ríkissjóður dæmdur skaðabótaskyldur og dæmdur til að skila umræddum veiðimönnum bæði vopnum og veiði og greiða einnig skaðabætur. Lögreglan hefði ekki haft leyfi til að elta rjúpnaskyttur þessar upp á heiði og taka þar af þeim vopn og veiði, þar eð þeir bændur og þeir aðilar, sem hefðu bannað veiðiskap á heiðinni, gætu ekki talist formlegir eigendur þessa umdeilda landssvæðis.

Þá rís enn spurningin: Ef úrskurður dómstóls er á þá lund, að upprekstrarfélögin og einstaklingarnir, sem þarna eiga hlut að máli, geti ekki gert eignarréttarlegt tilkall til þessa landssvæðis, hver er það þá sem á það? Málum af þessu tagi mun fjölga á næstu árum, sérstaklega í sambandi við deilur um virkjunar- og vatnsréttindi, og því er nauðsynlegt að úrskurðir liggi fyrir. Þegar niðurstöður dómstóla eru á þá lund, að einstaklingar eða samtök þeirra geti ekki talist fara með formlegar eignarheimildir á ákveðnum landssvæðum á hálendi landsins, verður að skera úr um með lagasetningu frá Alþingi hver sé þá talinn eiga þessi landssvæði, hver hafi umráðarétt yfir þeim. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að það sé óvíst um slíkt, að það sé t. d. hægt að meina almenningi aðgang að landssvæðum eða telja að ákveðin landssvæði allt upp að hájöklum landsins séu í einkaeign og þeir, sem hafi þar eignartilkall, geti meinað öllum almenningi frjálsan aðgang að slíku landi, ef það liggur ekki alveg ljóst fyrir að heimildir séu fyrir slíku.

Ég vil sem sé ítreka að með frv. þessu er alls ekki gerð tillaga um eignaupptöku eða eignarnám á landssvæði, hlunnindum eða öðrum eignarréttindum sem eru eign annarra en ríkisins. Frv. gerir ekki ráð fyrir að neitt sé tekið af neinum slíkum, hvorki bændum, samtökum þeirra, sveitarfélögum né heldur öðrum lögaðilum. Samþykkt frv. mundi í engu breyta þar um. Þessir aðilar hefðu í sínum höndum jafnt eftir sem áður allar þær eignir og eignarheimildir sem þeir hafa. Einasti tilgangur frv. er að lýsa yfir að land og landsréttindi, sem aðrir eigendur finnast ekki að, skuli eftirleiðis talin eign þjóðarheildarinnar og að um þá þjóðareign verði settar ákveðnar reglur sem tryggi bæði rétt og skyldur almennings gagnvart slíku landi og landgæðum. Almenningur þarf einnig að taka á sig skyldur gagnvart slíkum eignum sem settar eru í eigu þjóðarinnar, jafnframt því sem almenningur fær aðgang að slíku landssvæði. Er vel við eigandi að slíkt sé gert einmitt núna, þegar talað er um að verja talsverðum fjárfúlgum úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar til að bæta fyrir spjöll genginna kynslóða á landinu þegar rætt er um nauðsyn á því, að áfram sé haldið því starfi. Auðvitað fer ekki saman að biðja í öðru orðinu um fé úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar til slíkra þarfa, þar eð Ísland sé eign þjóðarheildarinnar og þjóðarheildin eigi að greiða kostnaðinn af því að bæta það sem miður hefur farið hjá gengnum kynslóðum, en ætla svo að neita því í hinu orðinu, að þessi sama þjóð fái að öðlast frjálsan aðgang að því landi og landgæðum sem enginn annar eigandi finnst að.

Nú er vel líklegt að ágreiningur geti orðið og verði um hvaða löndum og landgæðum eignarheimildir annarra en ríkisins liggi fyrir á. Í 5. gr. frv. er þannig ráð fyrir því gert, að fjmrn., sem á samkvæmt frv. að annast framkvæmd laganna, byrji á því að láta kanna eignarrétt á öllu landi og landgæðum utan heimalanda og birti slíka könnun opinberlega. Verði þannig öllum þeim, sem hlut eiga að máli, gefinn kostur á að koma fram breytingum og leiðréttingum á skránni. Loks er fjmrn. lögð sú skylda á herðar, að ef óvissa þykir ríkja í þeim efnum skuli rn. leita úrskurðar á málinu fyrir dómstólum. Með þessu á að vera frá gengið svo öruggt sé, að ekki verði um neinar eignaupptökur að ræða né eignarnám, heldur aðeins það eitt, sem er tilgangur flm. frv. og meginatriði frv., að lýsa þau landssvæði og landgæði þjóðareign sem aðrir eigendur finnast ekki að.

Þetta er ekkert nýmæli, sem hér er verið að varpa fram, herra forseti. Nákvæmlega sams konar könnun og hér er rætt um að gera var gerð í Noregi fyrir nokkuð mörgum árum. Þótti þar nauðsynlegt að gera slíka könnun áður en ráðist yrði í mjög umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir í Noregi. Norsk stjórnvöld töldu nauðsynlegt, áður en til slíkra stórvirkjunarframkvæmda kæmi, að gengið yrði úr skugga um, hvar væru mörkin á milli almannaeigu og einkaeigu, til þess m. a. að lesa þau vandkvæði og þau ágreiningsefni sem kynnu að vakna varðandi virkjanir og virkjunarframkvæmdir eða ef einhver vafi ríkti á um hvaða land og landgæði væru í eigu einkaaðila og hvaða land og landgæði í eigu þjóðarheildarinnar eða sveitarfélaga.

Þessi könnun tók nokkuð langan tíma í Noregi, enda er um mikið viðfangsefni að ræða. Mig minnir að það komi hér einhvers staðar fram í frv., hvað þessi könnun, samning slíkrar skráar um hvar væru fyrirfinnanlegar heimildir um einkaeignarrétt á löndum og landgæðum og hvar ekki, tók langan tíma. Ég held að sú vinna hafi tekið u. þ. b. 20 ár í Noregi. Það er einnig gert ráð fyrir því í þessu frv., að góður tími verði gefinn til að útbúa slíka skrá og ganga frá slíkri könnun eins og kemur fram í 5. gr. frv., en þar er lagt til að gefinn sé tími allt til ársins 1955 til að ganga frá könnun af þessu tagi og leysa þau ágreiningsefni sem kynnu að rísa milli ríkisvaldsins annars veg-

ar og lögaðila hins vegar um eignarrétt á landi. Þó svo að þetta frv. öðlaðist gildi t. d. á þessum vetri væri það þó ekki fyrr en eftir árið 1995 sem gera mætti ráð fyrir að meginefni þess kæmist til framkvæmda, og áður en það kæmist til framkvæmda væri búið af hálfu fjmrn. að gera mjög ítarlegar kannanir á því, hvar eignarréttur einstaklinga og samtaka þeirra væru fyrir hendi á landi og landgæðum utan heimalanda og hvar ekki. Væri um vafa að ræða, sem ekki næðist samkomulag um á milli stjórnvalda annars vegar og þeirra aðila, sem hagsmuna eiga að gæta, hins vegar, yrði leyst úr honum fyrir dómstólum með því að leggja fjmrn. þá skyldu á herðar að óska eftir úrskurði dómstóla um slík efni, þannig að einstaklingarnir, sem hlut ættu að máli, þyrftu ekki að taka málið upp gagnvart rn., heldur rn. sjálft hafa frumkvæðið að því að leita úrskurðar dómstóla.

Þá vek ég einnig athygli á því, herra forseti, að í grg. þessa frv. er jafnframt skýrt frá öllum þingmálum Alþfl. um eignarráð á landi, allt frá árinu 1970 þegar þau fyrst voru lögð fram. Bið ég þm. eindregið að bera saman annars vegar þetta frv., sem aðeins lýtur að ákveðnum þætti þess málatilbúnaðar alls, og svo þau þingmál, sem gerð er grein fyrir í grg. frv., til þess að menn geti gengið úr skugga um afdráttarlaust, að tilgangurinn með þessu frv. er sá einn að leystur verði ágreiningurinn, sem uppi er um mörk almannaeignar og einkaeignar í þessu landi, og frá þeim málum verði gengið, ef ekki næst sátt á milli aðila, þá með úrskurði dómstóla, og niðurstaða málsins verði síðan sú, að þau landssvæði og þau landgæði á landi okkar, sem enginn annar eignaraðili finnst að, verði úrskurðuð eign þjóðarheildarinnar.

Herra forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til 2. umr. og væntanlega til hv. félmn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umfjöllunar um land í þjóðareign, eins og fram kom í framsögu 1. flm., er hluti af eignarréttartillögum þeirra Alþfl.-manna, sem þeir hafa flutt hér á hv. Alþingi fyrr. Þm. Alþb. hafa á undanförnum árum einnig flutt hér á hv. Alþingi mál sem varða þetta málefni, m. a. frv. um breytingu á stjórnarskipunarlögum sem að sumu leyti fellur að því frv. sem hér er til umr. Þótt skemmra sé farið á ýmsan hátt með tillögum þm. Alþfl.

Gert var ráð fyrir að við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar bættist ákvæði um að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt og séu þess eðlis að þær þurfi að nýtast af þjóðarheildinni, verði lýstar sameign þjóðarinnar með stjórnarskrárákvæðum. Tillagan fól í sér að öll verðmæti í sjó og á sjávarbotni innan efnahagslögsögu svo og almenningar, afréttir og önnur óbyggð lönd utan heimalanda teldust sameign þjóðarinnar allrar, einnig námur í jörðu, orka í rennandi vatni og jarðhiti neðan við 100 m dýpi. Þá var gert ráð fyrir að eignarrétti á íslenskum náttúruauðæfum, landi og landgrunni skyldi að öðru leyti skipað með lögum. Landsmönnum öllum yrði tryggður réttur til eðlilegrar umgengni og útivistar í landinu. Við eignarnám á landi, í þéttbýli sem dreifbýli, skyldi almennt ekki taka tillit til verðhækkunar sem stafar af uppbyggingu þéttbýlissvæða í næsta nágrenni, opinberum framkvæmdum eða öðrum ytri aðstæðum, heldur bæri að miða mat við verðmæti hliðstæðra eigna þar sem þess háttar ástæður hefðu óveruleg áhrif til verðhækkunar. Þá var og gert ráð fyrir, að með þeim takmörkunum, sem þar greindi, skyldi við það miða að bændur héldu eignarrétti á jörðum sínum, beitirétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. — Í þessum málum er stefna Alþb. óbreytt.

Í því frv., sem hér er til umr., er lagt til að Alþingi samþykki lög um land í þjóðareign. Flm. hafa fellt burt ýmis ákvæði sem minni líkur eru á að samstaða náist um, miðað við þeirra fyrri flokkstillögur. Ég tel ekki rétt að fara að metast á um hvort hér sé verið að falla frá fyrri hugmyndum eða ekki. Sjálfsagt er að kanna hvort sú meðferð þessa stóra máls, sem hér er lögð til, njóti stuðnings Alþingis. Ég vænti þess, að svo sé. Hér á ég við 1. gr. frv. 2.—5. gr. frv. eru um framkvæmd aðalefnis þess samkv. 1. gr. Þau atriði þarf að athuga vel í nefnd og má vera að þar sé breytinga og viðbóta þörf.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson). Herra forseti. Afstaða okkar Alþb.-manna til efnis þess, sem um er fjallað í frv. til l. sem hér er til umr., er vel kunn. Hv. þm. Skúli Alexandersson hefur lýst henni vel í sínu máli á undan og ég hef þar út af fyrir sig engu við að bæta. En vegna fsp. frá hv. 1. flm. varðandi það, hvort þess sé að vænta, að flutt verði af ríkisstj. hálfu frv. sem varða vatnsréttindi og jarðhita og styrkingu almannaréttar í því samhengi, vil ég segja hér nokkur orð.

Á árinu 1979 skipaði ég sem iðnrh. nefndir á grundvelli þess í stjórnarsáttmála þáv. ríkisstj., að virkjunarréttur fallvatna og djúphiti í jörðu skyldu verða þjóðareign. Þessar nefndir störfuðu nokkuð og önnur þeirra, sú er fjallaði um virkjunarréttindi fallvatna, skilaði áliti ekki alls fyrir löngu. Þetta nál. mun ég kynna innan ríkisstj. mjög fljótlega og það verður einnig aðgengilegt hv. alþm. Ég mun kanna hvort á grundvelli þess sé vilji fyrir því að flytja frv. um þetta efni á vegum ríkisstj. Um það vil ég ekki fullyrða að svo stöddu þar sem ekki var full samstaða innan þessarar nefndar um málið. Það liggur því ekki fyrir hvort vilji sé fyrir því að flytja það á grundvelli meirihlutaálits nefndarinnar. Ég tel hins vegar mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt að víkka almannaréttinn hvað snertir virkjunarrétt fallvatna og mun stuðla að því fyrir mitt leyti, að það mál komist inn á vettvang Alþingis og reynt verði að ná sem víðtækastri samstöðu þar að lútandi.

Um hitt efnið, þ. e. almannarétt og jarðhitann, fjallaði nefnd á sínum tíma. Hún lauk ekki störfum. Málið var þá tekið til meðferðar innan iðnrn. af hæstv. iðnrh. Braga Sigurjónssyni og að því unnið á vegum rn. síðar af sérfróðum aðilum. Ég hef fyrir nokkru kynnt innan ríkisstj. og hjá aðilum í ríkisstj. frv. um þetta efni sem þar er nú til meðferðar, og ég vænti þess, að samstaða takist um flutning þess máls sem stjfrv. á þinginu í vetur þó að ekki liggi það enn þannig fyrir að ég geti um það fullyrt. Samkv. efni þess frv. er gert ráð fyrir viðtækum almannaréttindum varðandi jarðhita sem sækja þarf í iður jarðar og kallaður hefur verið djúphiti. Er það mjög í anda þess sem að er vikið í þeirri rammalöggjöf sem þetta frv., sem hér er til umr., fjallar um.

Ég vil að endingu lýsa almennum stuðningi mínum við efni þessa frv. sem hér er fram sett, þó að einstök útfærsluatriði geti þurft nánari athugunar og hugsanlega breytinga við. Það hef ég ekki kynnt mér nógu nákvæmlega til að lýsa viðhorfum að því leyti. En ég vil sérstak-

lega lýsa fylgi mínu við efni 4. gr., þar sem vikið er að reglum sem setja þarf um svæði, sem teljast almannaeign í landinu, og raunar fleiri svæði þar sem um nytjarétt er að ræða þótt ekki sé um skýran eignarrétt að ræða. Það er að mínu mati brýnt verkefni að vinna upp fyrr en seinna skilmerkilegt landnýtingarskipulag til þess að umgengni okkar við landið, gögn þess og gæði verði með öðrum og betri hætti en verið hefur til þessa. Ég tel einnig nauðsynlegt að reyna að stuðla að sem bestri sambúð þeirra, sem í strjálbýli búa og nytja landið, gögn þess og gæði þar og almennings í þéttbýli, sem þarf og á að eiga sinn rétt til landsins í umgengni við það engu síður en þeir sem teljast hafa þar lögformlegan eignar- eða umráðarétt.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég get ekki lofað þingheimi því að taka jafnjákvætt undir þetta frv. og þeir tveir þm. sem hér hafa talað á undan mér á eftir flm.

Þetta frv., sem hér er flutt, er gamall kunningi og hefur komið þráfaldlega til umr. á Alþingi, eins og rakið er í fskj. með því. Þegar svo oft er búið að flytja frv. er svo sem engin furða þó að það sé einhver ruglingur í upptalningunni. Ég sé að a. m. k. hefur fallið úr eitt ár sem þetta var flutt, árið 1971. Ég minnist greinilega að þá varð allmikil umr. um málið í Ed., sem ég átti þá sæti í.

Þær till., sem hér hafa verið fluttar á Alþingi áður, og frv. um þessi efni eru, eins og flm. kom inn á, allmiklu ítarlegri og taka yfir fleiri þætti þessa máls en það frv. sem hér er flutt. Mig minnir að flm. orðaði það eitthvað á þá leið, að það væri gert með vilja að taka út úr því þau atriði, sem helst væru líkleg til að valda ágreiningi, og að *með því móti væri líklegra að frv. yrði samþykkt.* Þetta er að sjálfsögðu rétt. En ég vil að menn hugleiði um leið til hvers það leiðir ef svo fer, sem flm. lætur liggja að að hann vonist til, að frv. verði samþ. í þessu formi þó að till. um þetta efni hafi verið hafnað í fyrri útgáfu.

Það hefur verið sagt að það væri gott ráð, ef menn vildu koma máli sínu fram og hefðu rétt fram höndina til þess, að hverfa frá því að rétta höndina alla, en koma fingrinum að. Það mun vera mála sannast, að ef þetta frv. verður samþ. er það byrjun á miklu stærra máli og erfiðara fyrir þá sem eru á annarri skoðun um þjóðnýtingu landeigna en þeir sem þetta frv. flytja.

Það er sagt hér í grg., að í framkvæmd þýði þetta frv. ekki annað en að allar óbyggðir Íslands yrðu lýstar þjóðareign, þær sem ekki fyndust fyrir eignarheimildir annarra, og þar væri átt við allt hálendissvæðið, afrétti o. fl., og því fylgjandi að sjálfsögðu þá vatnsréttindi, jarðhitaréttindi og námuréttindi og önnur réttindi sem bundin eru við jarðeignir eins og venja hefur verið.

Ég ætla ekki að tala langt mál um þetta. Ég tel ekki þörf á því, þetta hefur verið rætt hvað eftir annað hér á Alþingi. Ég vil þó fara nokkrum orðum um greinarnar hverja fyrir sig.

Ef litið er til 1. gr. frv., að þau landssvæði skuli teljast þjóðareign, eins og ég gat um áðan, sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir, þá verð ég að telja að þessi grein og 5. gr., sem einnig tengist 1. gr. algjörlega, séu báðar óeðlilegar og óþarfar. Þær eru óþarfar vegna þess að það eru mörg mál enn óupplýst um það, hvernig eignarheimildum er háttað, og ég tel alrangt að hefja leikinn á því að lýsa því yfir að það, sem ekki finnast nú á stundinni eða á næstu tímum ákveðnar eignarheimildir fyrir, allt til 1995, skuli teljast þjóðareign. Mér kemur í hug að það væri ógaman ef það skyldi þurfa að endurtaka sig hvað eftir annað sá leikur sem var hafinn, ef ég man rétt, 1974 þegar ríkissjóður höfðaði mál gegn nokkrum hreppum í Rangárvallasýslu um afréttarlönd. Í því málastappi stóð í nokkur ár, þangað til það kom á daginn að málatilbúnaður ríkissjóðs var ekki í lagi og málið varð að falla niður. Enn hafa ekki fengist úrslit í því máli, að ég best veit.

Ég held að það væri miklu eðlilegri og viðkunnanlegri leið að ríkið þyrfti ekki að vera í málaferlum við sveitarfélögin, því að það er ég viss um, að það fylgir eftir ef þetta frv. verður samþykkt. Sveitarfélög, sem hafa um það nokkra hugmynd að þau eigi þennan rétt, láta hann ekki af hendi nema fá fullar bætur fyrir eða hafa varið eignarrétt sinn fyrir dómstólum.

Ég held að ég hafi tekið rétt eftir því, að hv. flm. sagði áðan að nauðsynlegt væri að fá þessi ákvæði lögfest því að það þyrfti að fást úr því skorið, hver ætti það sem enginn gæti sannað eignarrétt sinn á. Ég skil ekki meininguna í því, hvaða þýðingu það hefur ef enginn getur sannað eignarrétt sinn á landi eða einhverjum réttindum. Þá getur það ekki fallið til annars en ríkisins. Það hefur hvað eftir annað verið rætt um hver ætti afréttina t. d. og hálendið. Það hefur líklega verið um 1969 eða 1970 sem Páll Líndal, sem var formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, skrifaði um það í tímaritið Sveitarstjórnarmál hvernig þessum málum væri háttað. Þar segir hann m. a.:

„Það hefur verið könnuð töluvert eldri löggjöf um eignarrétt á almenningum. Hefur verið bent á, að samkv. bæði þjóðveldislögunum, þ. e. Grágás, og Jónsbók hafa almenningar verið taldir eign fjórungsmanna, þ. e. bænda í hverjum landsfjórðungi. Er mjög vafasamt, hvort þessum fornu ákvæðum hefur nokkurn tíma verið breytt, en það þýðir, að landsfjórðungarnir, eða væntanlega sveitarfélögin í hverjum landsfjórðungi, eru sameigendur allra almenninga í hverjum landsfjórðungi fyrir sig."

Þetta voru orð Páls Líndals.

Ég mun hafa getið þess í umr. sem varð um þetta málefni fyrr á Alþingi, að í raun og veru hefðu ýmis sveitarfélög á Suðurlandi fengið staðfestingu á því, að ríkið gerði ekki athugasemdir við það, að þau teldu sig *hafa eignarheimild að afréttunum. Í því falli rakti ég* samninga sem hreppsnefnd Gnúpverjahrepps gerði við sölu á vatnsréttindum í Þjórsá tvívegis. Það mun hafa verið 1914 sem Gnúpverjahreppur seldi Títan hf. ákveðin réttindi til virkjana og ákveðnar landspildur. Þá voru ákveðin atriði tekin undan og geymd sem réttindi sveitarfélagsins. *Til frekara öryggis, þegar sá samingur* var gerður, var samningurinn sýndur yfirdómaranum í Reykjavík og hann skrifar upp á samninginn: „Gert í samráði við mig. Eggert Briem." — Annar samningur var gerður af sömu hreppsnefnd 1916 við Einar Benediktsson og þá seld landspilda. Undan tekin voru viss réttindi, svo sem námaréttur, viðarhögg og e. t. v. fleira, sem ég man nú ekki, en á sama hátt var þessi samningur sýndur yfirdómaranum í Reykjavík og á hann ritað: „Samningur þessi er gerður í samráði við undirritaðan eftir ósk hreppsnefndarinnar. — Reykjavík, 3. okt. 1916. — Eggert Briem, yfirdómari".

Það fer því ekki á milli mála, að hið opinbera eða ríkisvaldið leit svo á, að þessar sölur væru heimilar sveitarsjóðunum. Þær voru heimilar fyrir það, að litið er

svo á að þetta sé eign sveitarfélaganna. Ég vil undirstrika það, sem sagt er í þeim orðum sem ég vitnaði í eftir Pál Líndal, að það er ekki vitað að þeim ákvæðum hafi verið breytt sem í Grágás og Jónsbók er getið um. Það má einnig geta um það, að í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er tekið fram að einstakar jarðir eigi hluta í ákveðnum afréttum.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um 2. gr. frv. sem hér liggur fyrir. Þar er gert ráð fyrir að fjmrn. annist framkvæmd laga þessara, hafi umsjón og eftirlit með eignunum. Það er ekki nema eðlilegt, ef um eignir er að ræða, sem er vissulega til í sumu falli. Þá er sagt að þar skuli semja skrár yfir fasteignir og réttindi. Þess skal getið hvernig nýtingu er háttað hverju sinni, hverjir nýta og hvaða leigugjöld eru greidd. Skrána á að birta reglulega.

Skoðum þessa grein í ljósi þeirrar næstu, 3. gr. Hún hefst á því, að sagt er að óheimilt sé að leigja einstaklingum eða lögaðilum landssvæði, landsréttindi eða hlunnindi, sem talin eru í 1. gr., þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku. Ef horfið er að því ráði að lýsa landssvæði eins og afréttina þjóðareign verður að koma til einhvers konar samningur milli þeirra, sem not hafa haft af þeim, til þess að þau geti haldist áfram. Það er ekki víst að það komi til þess, að um neinar leigur verði að ræða sem goldnar væru fyrrir beitarréttindi og því um líkt, því að það mun mála sannast að það er ærinn kostnaður sem leggst í það að nýta þessi réttindi, eins og smölun og slíkt, og ég hygg að ef ríkissjóður ætti að sjá um þá eign sína, að hreinsa hana á haustin, ef ekki eru leigð not af landinu með öðrum hætti til annarra aðila sem sæju um þetta, þá fyndist til þess að þetta kostaði peninga. Þó er ein undantekning frá þessu. Það er heimilt að leigja þessi lönd öðrum og jafnvel taka fyrir greiðslu, skilst mér, ef um er að ræða skipulögð orlofsbúða- eða útivistarsvæði fyrir almenning. Mér dettur nú í hug: Hvað er almenningur í þessu efni? Við skulum segja að það mundu einhverjir menn, kannske margir menn, 20—30 menn, mynda með sér félag og óska eftir að fá landssvæði fyrir skipulagt orlofsbúðasvæði. Er það almenningur sem þannig hefur rétt til þess arna eða er það ekki almenningur líka ef starfsmenn einhverrar ákveðinnar stofnunar komast í þetta færi að fá ákveðin svæði til umráða hjá ríkissjóði? Þetta er óljóst orðað og þarf að taka verulega til athugunar. Ég tel þetta svo óglöggt að það verði ekki við unað eins og það er sett fram hér.

Í 4. gr., er gert ráð fyrir að setja í samráði við ákveðna aðila almennar reglur um nýtingu þeirra hlunninda landa og landgæða sem teljast þjóðareign og í þeim reglum eigi að vera ákvæði um ítölu og varnir gegn ofbeit og rányrkju, umgengnisrétt almennings og annað það sem lýtur að afnotum lands og landgæða í gróðurvernd. Þessi grein er að mínu mati algerlega óþörf. Í fyrsta lagi eru ákvæði um þetta sérstaklega í náttúruverndarlögunum, og í jarðalögunum eru einnig lagaákvæði sem ganga í sömu átt. Í lögunum um ítölu eru ákvæði, sem er fyllilega auðvelt að beita, ef þess þykir vera þörf, um varnir gegn ofbeit og rányrkju. Nýlega hafa verið felld inn í lög um landgræðslu ríkisins þau ákvæði sem mjög hafa aukið rétt landgræðslustjóra til að hafa afskipti af þessum málum. Vildi ég halda að þessi atriði, sem ég hef sagt hér frá, væru nægilega glögg og skýr til þess að ekki þyrfti á þessari lagasetningu að halda eða því sem í þessari lagagrein felst.

Hitt er annað mál, að ég á von á að ef hið opinbera setur reglur um umgengnisrétt almennings og annað það sem lýtur að afnotum landsins, sem er í þjóðareign, muni flótt koma í ljós að þar verður um fleiri boð og bönn að ræða en er yfirleitt í þeim löndum sem eru í einkaeign. Það er ég alveg viss um, að þá getur komið til greina að eltir verði uppi veiðimenn með byssur og rjúpnakippur sem víðast hvar fá að ganga frjálsir um í einkaeignarlöndum.

Herra forseti. Ég mun ekki hafa miklu fleiri orð um þetta frv. að sinni. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, vekja athygli á því, að frv. þetta gerir ráð fyrir að landið sé þjóðnýtt, ekki allt að vísu, en góð byrjun þó, er horft er til fyrri tillagna Alþfl.-manna og yfirlýstra áforma þeirra. Þessi stefna er röng, að mínu mati og varhugaverð í þessu falli. Ég ætla að hag þess almennings í landinu, sem vitnað er til í frv., sé síður borgið á eignarlöndum ríkisins en nú er í löndum bænda og sveitarfélaga. Ef dæma má eftir fenginni reynslu um slík landssvæði má vænta miklu frekari fyrirmæla um umferð, boð og bönn eftir að sú breyting yrði á sem hér er stefnt að að koma á.

Eins og ég sagði áðan ætla ég að jafnvel rjúpnaveiðibann verði miklu harðara í höndum ríkisvaldsins en í höndum bænda eins og þeir hafa beitt því. En það vil ég að öllum sé ljóst, að það má ekki koma mönnum á óvart þó að gripið sé fram fyrir hendur þeirra sem bera með sér skotvopn, svo margir sem það eru sem fara óvarlega með þá hluti. Ég veit af allt of mörgum dæmum um að gripir hafa borið það með sér, þegar þeim hefur verið fargað, að einhverjir þeir, sem haft hafa byssur milli handa, hafa ekki miðað á réttan fugl þegar þeir tóku í gikkinn.

Þetta frv. er að mínu mati óþarft og ég er andvígur því í því formi sem það er og ég er andvígur því að hefja sókn að því að þjóðnýta land á Íslandi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Þingheimur hefur fengið að venjast tillöguflutningi Alþfl.-manna um þessi efni á undanförnum árum, eins og réttilega kemur fram í fskj. þessa frv. þeir hafa flutt mörg mál þessu skyld á undanförnum árum. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki getað fallist á þann málatilbúnað, og enn er svo að ég get ekki heldur fallist á þetta frv. Það er ekki vegna þess að Alþfl. flytji það að ég er á móti því, eins og ég var vændur um í gærkvöld í allt öðru máli sem einn Alþfl.-þm. flutti og taldi mig vera á móti vegna þess að hann væri Alþfl.-maður, heldur vegna þess að ég er ekki sammála þeirri hugsun, sem þarna liggur að baki, og ekki þeim aðferðum, sem þarna er lagt til að beita. Að mörgu leyti er þetta frv. hófsamara en sumt af þeim frv. sem áður hafa verið flutt, enda að sumu leyti hófsamari flutningsmaður Alþfl. á þingi nú en stundum áður. Þó er það ekki algild regla. Ég tek það fram, að það er sérstaklega í þessu máli sem hófsemi þeirra er þó aðeins betri og það er mjög vel.

Ég held að menn ættu ekki að vera að blása að mögulegum deiluefnum milli bændastéttar og þeirra sem í þéttbýli búa. Ég held að það sé gott ef í þessu frv. er ekki sama heiftin í garð bænda og stundum hefur áður verið. En hér er náttúrlega augljóslega verið að reyna að ná taki á fingrinum, eins og var tekið fram áðan, jafnvel þó að ekki sé reynt að hrifsa alla höndina eða jafnvel handlegginn. Ég held að það sé af hinu góða að efla sem best góð samskipti á milli bænda og þéttbýlisbúa. Þeir þurfa

að sýna hver öðrum skilning og sanngirni. Það stendur ekki á bændum, vil ég leyfa mér að segja, að taka á jákvæðan hátt undir tilraunir til góðra samskipta eða hafa frumkvæði um þau.

Svo við víkjum hér að 1. gr. þessa frv. er vafalaust að ríkið á nú þegar mikil landssvæði og óumdeild á hálendi landsins. En mörkin eru víða óljós því að bændur eða samtök bænda eða sveitarfélög eiga hins vegar mestan hluta heiðarlanda næst byggðum og jafnvel langt upp á hálendi. Fyrir þessu eru allrahanda bréf, sum pottþétt, sum orka kannske meira tvímælis. Það er ákaflega mikið úrlausnarefni fyrir lögfræðinga ef ætti að fara að setja skýr mörk á hvað væru eignarlönd og á hverju bændur eða sveitarfélög hefðu heimildir og hverju ekki. Þetta er verkefni sem er risavaxið og ákaflega dýrt því ég býst ekki við að allir þeir „júristar" sem þar þyrfti að kveðja til, væru tilbúnir að leggja fram af fornarlund einni saman sitt starf. Jafnframt er líka óþarfi að vera að efna til þeirra átaka sem þar yrðu fyrirsjáanlega, því að sjálfsögðu mundu forráðamenn sveitarfélaga reyna að standa á rétti sinna sveitarfélaga og ekki níðast á því sem þeim hefur verið til trúað. Ég held sem sagt að þetta verkefni megi bíða. Það er ekki mjög brýnt að fá úr þessu skorið, nema í einstökum afmörkuðum tilfellum þar sem hugsanleg umsvif manna geta krafist þess, að enginn vafi leiki á um eignarhald og réttindi.

Ég er ekki að hafa á móti eðlilegri umferð almennings um þau lönd sem hér um ræðir, þ. e. þau lönd sem bændur hafa eignarhald á eða telja sig hafa. Ég er alls ekki að hafa á móti eðlilegri umferð, svo framarlega sem gengið er skikkanlega um og síðsamlega. Þegar komið er að þessu atriði er óhjákvæmilegt að minnast á það, að á sumum stöðum hálendisins er orðinn of mikill átroðningur af ferðamönnum. Það er orðinn hörmulega mikill átroðningur af ferðamönnum á sumum viðkvæmum stöðum á hálendinu, þar sem er náttúrufegurð og menn safnast saman, og úr því verður að bæta. Náttúrlega verða menn að keyra eins og siðaðir menn um landið, ekki djöflast upp um holt og börð og skilja eftir flakandi sár hvar sem þeir hafa farið, heldur einnig að ganga þrifalega um. Jafnvel þó menn gangi þrifalega um og séu allir af vilja gerðir að ganga þokkalega frá sorpi er ákaflega mikill misbrestur á að það takist nægilega vel. Menn eru að reyna að urða rusl, en hafa ekki til þess hentug tæki og fjallarefur og veður rífa þetta allt saman fyrr eða síðar upp. Það er ekkert annað ráð við þessu en það, að menn flytji með sér til byggða það sorp sem til fellur og ekki er hægt að koma fyrir með tryggum hætti. — Ég þekki náið eina vinsæla ferðamannaslóð. Þar er að verða svo, að á fárra km fresti sjást tætlur af svörtum sorppokum. Þeir eru flestir frá sömu ferðaskrifstofunni sem skipuleggur ferðir þarna um. Plastið eyðist ekki og af þessu er ótrúlega mikil raun og sóðaskapur.

Þetta er atriði sem þarf að huga mjög að. Líka þarf náttúrlega að huga að því, að búpeningur sé látinn í friði, að ekki séu gerð hervirki í veiðiskap og því um líkt, sem líka hefur aðeins viljað við brenna þegar menn hafa ekki gætt að sér.

Hér var áðan minnst á meðferð skotvopna. Get ég tekið undir þau orð hv. þm. Steinþórs Gestssonar, að það er ástæða til að fara varlega með skotvopn, sérstaklega að sumrinu. Ég er ekki að hafa á móti hóflegri rjúpnaveiði, ef hún er skynsamlega framkvæmd og af hæfum mönnum. En allt of margir stunda nú þennan veiðiskap sem ekki ættu að gera það, bæði sjálfum sér og öðrum til armæðu og stundum jafnvel til fjörtjóns.

Ég lít svo á að eignarhaldinu á landinu sé best komið í höndum bænda — ekki fyrir það, að það sé bara gaman fyrir bændur að eiga landið, heldur vegna þess að þeir þekkja þetta land best, þ. e. hver sinn blett, og hafa alveg örugglega næmasta tilfinningu fyrir því, meðferð þess og varðveislu.

Þetta land, sem við erum hér um að tala, er stórkostlegt verðmæti í sjálfu sér og það er ekki sama hvernig það er meðhöndlað. Ég er alveg viss um það, þó að menn hafi kannske ekki yfirsýn eða væntumþykju á nema tiltölulega litlu landsvæði hver, þyki kannske ekki jafnvænt um allar heiðar eða jafnvænt um öll fjöll, þetta deilist þannig niður að það er nánari tilfinning en hjá öðrum.

Ég sagði að þetta land væri stórkostleg verðmæti í sjálfu sér. Það þarf að fara þannig með það og skila því þannig af sér að það sé ekki ómerkilegra en þegar við tókum við því, helst aðeins betra. Af þessu landi er náttúrlega sjálfsagt að hafa nytjar. Það er ekki keppikefli að láta þetta land standa allt á sinu. Það er meinlaust að beita það hóflega og það er réttmætt að beita það hóflega. Og af þessum heiðarlöndum eru geysimiklar búskaparnytjar. Heiðarlöndin eru undirstaða hagkvæmrar sauðfjárræktar á Íslandi og þau eru mjög mikilsverð trygging fyrir heilbrigði sauðfjárins og jafnframt fyrir kjötgæðum, vegna þess að þarna vaxa aðrar plöntur en niðri á láglendinu og af því skapast annað bragð af kjöti og betra. Svona beitilönd eru mjög óvíða til í veröldinni á þeim svæðum sem eru svo hamingjusöm að hafa ekki verulega mengun og liggja svipað og hálendi Íslands.

En þessi stórkostlegu beitarnot, sem ég var að tala um, koma ekki bara bændum til góða. Þau koma reyndar bændum ekki til góða nema eins og hverjum öðrum þjóðfélagsþegnum fjárhagslega. Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarafurða er þannig upp byggður, að bændum eiga að vera tryggð laun í samræmi við tekjur nokkurra annarra stétta. Kostnaðarliðir við búrekstur eru reiknaðir inn í verðlagsgrundvöllinn: mannvirki, áburður, fóðurbætir, vélakostnaður, fjármagnskostnaður o. s. frv., en gras sem vex á óræktuðu landi er ekki reiknað inn í þennan verðlagsgrundvöll, þannig að þau strá, sem t. d. spretta á minni jörð eða minni heiði, koma ekki einasta mér til góða og mínum búrekstri, heldur þjóðarbúinu öllu og hverjum einasta landsmanni, vegna þess að þetta gras er hvergi fært til verðs. Allt það fóður, sem búpeningur tekur á óræktuðu landi, kemur hvergi til reiknings. Væri afréttum t. d. lokað fyrir búfé yrði að beita í stærri stíl á ræktað land. Það hefði náttúrlega í för með sér stórhækkað kjötverð. Afurðirnar af þessu landi koma því, við það skipulag sem við búum við, að sjálfsögðu allri þjóðinni til góða. Ávextir landsins spretta fyrir alla þjóðina, ekki einungis fyrir bændur.

Ég ætla ekki að ræða um veiðiskap, enda er þessi tillaga ekki beint um hann. Ég ætla aðeins að benda á að mér finnst það orka tvímælis í 2. gr. í frv. að setja fjmrn. yfir þessi landssvæði því landbrn. hlýtur að hafa mjög um það að segja. Síðan er það með mig eins og hv. þm. Steinþór Gestsson, sem hér talaði næstur á undan mér, að yfirleitt er ég á móti þjóðnýtingu sem slíkri. Mér er heldur andstæð sú hugsun sem að baki henni liggur. Það getur einstöku sinnum verið réttmætt að þjóðnýta, það viðurkenni ég fúslega, en það má líka ganga of langt í því. Ég held að eignarrétturinn sé nokkuð sem við þurfum að

hafa í heiðri.

Mér sýnist þetta frv. vera óþarft og mjög vandasamt í framkvæmd, kannske óframkvæmanlegt nema með ógurlegum tilkostnaði að fá botn í það samkv. 5. gr., hvernig eignarrétti hverrar þúfu sé háttað. Þess vegna held ég að þetta sé verkefni sem við getum geymt okkur. Og ég er ekki samþykkur því að rétta fram þennan fingur sem hér er verið að reyna að ná taki á.

Umr. frestað.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég þakka fyrir að mega tala fyrir þessum tiltölulega mjög einföldu breytingum sem lagt er til að gera í frv. til l. um breyt. á lögum nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), og frv. til laga um breyt. á lögum nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga, en þessi mál eru 11. og 12. mál hér á dagskránni.

Ef ég vík fyrst að frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja fjallar það um breytingu á lögum nr. 48 frá 1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, og er flutt sérstaklega að ósk bankaráðs Verslunarbankans, en bankaráð fer með stjórn Stofnlánadeildarinnar.

Í frv. er langt til að hámarkslánstími þeirra lána, sem Stofnlanadeildin veitir, verði lengdur í 25 ár. Samkv. gildandi lögum er hámarkslánstími 12 ár með þeirri undantekningu að lán til kaupa á áhöldum má ekki veita til lengri tíma en 5 ára nema sérstakar ástæður mæli með því. Nú er svo komið að þessi hámarksákvæði, sem á sínum tíma voru sett til þess að auka veltu, íþyngja lántakendum, þ. e. verslunarfyrirtækjum, umfram það sem eðlilegt getur talist. Þær breytingar, sem hafa orðið almennt á lánskjörum með tilkomu fullrar verðtryggingar, gera nauðsynlegt að lánstími sé lengdur. Af þessum ástæðum legg ég til að hámarkslánstími allra lána er Stofnlánadeildin veitir, einnig þeirra sem veitt eru til kaupa á áhöldum, verði miðaður við 25 ár. Þessi breyting ætti að stuðla að betri starfsskilyrðum verslunarfyrirtækja.

Svo ég víki að hinu frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild samvinnufélaga gerir það frv. ráð fyrir breyt. á lögum nr. 45 frá 1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga. Það er einnig lagt fram samkv. ósk og þá samkv. ósk bankaráðs Samvinnubankans sem gegnir störfum stjórnar við Stofnlánadeildina.

Þetta frv. gengur í sömu átt og frv. um breytingar á Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja. Þó er ekki að finna í gildandi lögum um Stofnlánadeild samvinnufélaga sérákvæði um styttri lánstíma ef um kaup á áhöldum er að ræða, heldur er sami hámarkstími, 12 ár, látinn gilda um öll lán er Stofnlánadeildin veitir. Lagt er til að þessi hámarkstími verði 25 ár.

Að öðru leyti vísa ég til þess, sem ég sagði áður um frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, og sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta að því er ég tel sjálfsagða mál.

Ég beini því vinsamlega til þeirrar þingnefndar, sem fær málið til meðferðar, að hún hraði meðferð þess eftir því sem hún telur unnt, og legg til að báðum frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Verðlag, frv. (þskj. 16). — Frh. 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég taldi rétt að koma hér nokkrum athugasemdum á framfæri áður en þetta mál fer til nefndar.

Í umr. um þetta mál s. l. mánudag, sem fjallar um sérstakt eftirlit með gjaldskrám og verðtöxtum, gat ég ekki betur heyrt en að hæstv. viðskrh. tæki að verulegu leyti undir gagnrýni mína á skort á eftirliti með gjaldskrám ýmissa aðila og þar með undir forsendur og rökin fyrir því, að lögð er til þessi lagabreyting. Það, sem okkur greinir á, er að hæstv. ráðh. telur lagabreytingu óþarfa, en ég tel stoð í lögum nauðsynlega til að að tryggt sé að það eftirlit komi til framkvæmda sem bæði ég og hæstv. ráðh. erum sammála um að á skorti. Ég tel að þar sem ljóst er að framkvæmdavaldið hefur ekki haldið uppi nauðsynlegu eftirliti, jafnvel þó það eftirlit eigi að rúmast innan þeirrar rammalöggjafar sem fyrir hendi er um verðlagsmál, sé skylda löggjafans að búa svo um með lagabreytingu að ekki sé hægt að sniðganga það eftirlit í framkvæmd, en það getur löggjafinn gert með því að gera lögin ákveðnari og markvissari að því er þessu viðvíkur.

Ég lagði áherslu á það í máli mínu s. l. mánudag að verðmyndunargrunnurinn í gjaldskrám t. d. tannlækna hefði ekki verið skoðaður og því lítið vitað um hvernig gjaldskrárnar væru upp byggðar. Undir þetta tók hæstv. ráðh. og sagði að verðmyndunargrunnurinn hefði ekki verið kannaður. Hæstv. ráðh. taldi að ástæðan væri sú, að verðlagsyfirvöld hafi ekki haft sérhæfðu fólki á að skipa til að sinna þessu verkefni og til þyrfti að koma aukin fjárveiting til að geta sinnt því verkefni sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Hæstv. ráðh. sagði að Verðlagsstofnun hefði upplýst að hún treysti sér ekki til að halda uppi nauðsynlegu eftirliti eða gera athuganir á flóknum gjaldskrártöxtum nema kalla til sérfræðilega aðstoð í miklu ríkari mæli en nú er gert. Á þessu er einmitt tekið í þessu frv., sem hér er til umr., þannig að sérhæfðir starfsmenn Verðlagsstofnunar fjölluðu um uppbyggingu gjaldskráa og hefðu reglulegt eftirlit með þeim. Ég er ósammála hæstv. ráðh. um að ekki sé nauðsyn á lagabreytingu. Ég tel einmitt að slík stoð í lögum, sem hér er lagt til, muni tryggja frekar að svo sé búið að Verðlagsstofnun að hún geti sinnt hlutverki sínu í þessu efni og fái til þess nauðsynlegt fjármagn.

Því ber vissulega að fagna, sem fram kom í máli hæstv. ráðh. hér á mánudaginn, að nú hafi Verðlagsstofnun í hyggju að hefja athugun á verðmyndun í gjaldskrá tannlækna. En ég vil undirstrika enn og aftur að reynslan sýnir okkur að nauðsyn sé á sérstöku ákvæði um hvernig skuli að þessum málum staðið hjá Verðlagsstofnun og hvernig skuli að henni búið til að með reglubundnum hætti sé hægt að halda uppi eftirliti ekki bara hjá tannlæknum, heldur öðrum aðilum einnig sem undir engu eftirliti hafa verið hingað til. Það er ekki nóg að gera þetta einu sinni. Þetta mál þarf að vera í sífelldri skoðun. Stoð í lögum og sérstakt ákvæði þar um hlýtur að flýta fyrir, að slíkt verði framkvæmt, og frekar tryggja að til þess verði veitt nauðsynlegt fjármagn.

Í máli hæstv. ráðh. um þetta mál s. l. mánudag kom einnig fram, að lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti væru hugsuð sem rammalöggjöf með heimildum til að grípa inn í verðmyndun eftir því sem verðlagsyfirvöld telja þörf á hverju sinni. Er það ekki einmitt þetta sem mikið hefur verið gagnrýnt í störfum Alþingis, að of mikið sé gert að því að setja rammalöggjöf og reglugerðarákvæði og með því afsali löggjafarvaldið sér óeðlilega miklu valdi í hendur framkvæmdavaldsins? Hætta er einnig á að rammalöggjöf veiti framkvæmdavaldinu ekki nógu mikið aðhald, og líka má spyrja hvort svo sé um hnútana búið af hendi löggjafans að framkvæmdavaldinu sé gert kleift að sinna hlutverki sínu, eins og virðist raunin með gjaldskrár- og verðtaxta sem hér eru til umr. Ber ekki löggjafarvaldinu að grípa inn í þessa rammalöggjöf að nýju þegar það sýnir sig að hún veitir ekki það aðhald sem þó hlýtur að hafa vakað fyrir löggjafanum?

Hæstv. ráðh. teflir fram þeim rökum, að bein verðlagsákvæði varðandi gjaldskrár samrýmist vart þeirri þróun sem að hefur verið stefnt í verðlagskerfinu. Mér finnst þau rök léttvæg á móti því, að reynslan sýnir okkur að sérstök ákvæði um gjaldskrár eru nauðsynleg því framkvæmdavaldið hefur ekki haldið uppi nauðsynlegu eftirliti. Það er kjarni þessa máls, enda hefur hæstv. viðskrh. viðurkennt að skort hafi á eftirlit og verðlagsyfirvöld hafi lítil afskipti haft af gjaldskrám. Þegar svo er liggur beinast við og er raunar skylda löggjafans að hafa afskipti af þessu máli að nýju með beinu lagaákvæði sem veitir aðhald og erfitt er að sniðganga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 22. fundur.

Fimmtudaginn 19. nóv., kl. 2 miðdegis.

Myndvarp, fsp. (þskj. 25). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 25 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. um það sem ég hef leyft mér að kalla myndvarp, sem einnig hefur verið nefnt kapalsjónvarp eða vídeó. Ég hygg að það þurfi ekki mörgum orðum að rökstyðja nauðsyn þess, að þetta mál verði tekið upp hér á Alþingi til umræðu.

Fsp. mín til hæstv. menntmrh. er í fyrsta lagi sú: Hvaða ráðstöfunum hyggst menntmrh. beita sér fyrir til að tryggja almenningi eðlileg not þeirrar nýju tækni og þeirra möguleika sem myndbönd og myndvarp veita, þannig að lágmarksgæðakröfur séu virtar og réttur skapenda, höfunda og flytjenda sé ekki fyrir borð borinn?

2. Telur menntmrh. að starfsemi þeirra fyrirtækja, sem nú dreifa sjónvarpsefni til almennings, aðallega á Reykjavíkursvæðinu, um myndstrengi, sé í samræmi við fjarskiptalög, nr. 30 frá árinu 1941, útvarpslög, nr. 19 frá 1971, og lög um vernd barna og ungmenna, nr. 53 frá 1966?

3. liður fsp. er á þá leið, hvort menntmrn. hafi látið kanna efnisframboð þeirra fyrirtækja sem dreifa sjónvarpsefni til almennings um myndstrengi.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mun leitast við að svara þessum fsp. eins og þær liggja fyrir, en ég bendi þá á að hér er vissulega um mjög viðamikið mál að ræða og segja má marghliða mál.

Í sambandi við 1. tölulið fsp. vil ég geta þess, að ég hef á þessu ári skipað tvær nefndir til að fjalla á einn eða annan hátt um það efni sem um ræðir í fsp. Önnur nefndin hefur það verkefni að endurskoða útvarpslögin. Hin nefndin fjallar almennt um myndbönd og notkun þeirra.

Þótt ég segi að báðar þessar nefndir fjalli um það efni, sem um er spurt, merkir það ekki að um tvíverknað sé að ræða eða óþarfaárekstra í nefndarstörfum. Almennt eru verkefni nefndanna ólík. Þær gegna sínu hlutverkinu hvor. Endurskoðunarnefnd útvarpslaga er ætlað að endurskoða útvarpslögin almennt og gera brtt. í því sambandi. Nefndin hefur frjálsar hendur um það, hvernig hún tekur á verkefni sínu, og hefur ekki sérstök fyrirmæli um að fjalla um myndbandanotkun, en líklegt er að nefndin íhugi fyrir sitt leyti hvernig þessi nýja tækni getur tengst útvarpsrekstri.

Sú nefnd þessara tveggja, sem mestu máli skiptir í þessu sambandi, er myndbandanefndin, sem ég leyfi mér að kalla svo. Í henni eiga nú sæti 10 fulltrúar tilnefndir af ýmsum aðilum. Formaður nefndarinnar er dr. Gaukur Jörundsson lagaprófessor. Verkefni nefndarinnar er fyrst og fremst að kanna hvernig háttað er notkun myndsegulbanda og myndsegulbandstækja á Íslandi um þessar mundir og hvernig heppilegast muni að haga þeirri notkun til frambúðar þannig að virtir verði hagsmunir rétthafa og notenda svo og annarra sem hlut eiga að máli.

Ég skil hv. fyrirspyrjanda þannig, þegar hann spyr um fyrirhugaðar ráðstafanir mínar í myndbandamálum, að hann vilji vita hvernig ráðgert sé að skipa þessum málum til frambúðar, enda augljóst að framtíðarfyrirkomulag á nýtingu þessarar tækni er það sem öllu máli skiptir. Þess vegna þarf að undirbúa aðgerðir vel. Ég mun fyrst og fremst bíða þess, að umræddar nefndir, sem skipaðar eru mönnum tilnefndum af ýmsum aðilum og mönnum með sérþekkingu á þessu sviði, skili áliti. Nefndunum er ætlað að vinna undirbúningsstörf undir framtíðarskipulag þessara mála. Ég tel nauðsynlegt að þær fái eðlilegan tíma til starfa, en gert er ráð fyrir að myndbandanefndin skili áfangaskýrslu eftir u. þ. b. tvær vikur.

2. liður fsp. felur í sér spurningu til mín um það, hvort starfsemi þeirra fyrirtækja, sem nú dreifa sjónvarpsefni til almennings um myndstrengi, sé í samræmi við ýmis lög sem upp eru talin í fsp. Þetta er út af fyrir sig ágæt spurning og rétt að hugleiða hana.

Það þarf varla að spyrja að því, að í ýmsum tilvikum er um lögbrot að ræða í sambandi við það fyrirbæri sem kalla má vídeóæði og gengur eins og faraldur yfir Reykjavík og ýmsa fleiri staði í landinu. Þó er sá hængur á þegar til kastanna kemur, að það er hvorki í verkahring menntmrh. né embættismanna, sem undir hann heyra, að kveða upp á stundinni algilda dóma um slík lögbrot þótt auðvelt sé að sjá að víða sé gengið nærri lögum í þessu æði öllu saman, því æði má þetta kalla.

Úr því að spurt er um lögbrot í þessu sambandi virðist mér nærtækast af minni hálfu að hugleiða hvort hverfissjónvarp í Reykjavík og annars staðar brjóti gegn útvarpslögum. Út af fyrir sig virðist nokkuð ljóst að svo sé. Ríkisútvarpið hefur einkarétt, sem kallað er, til útvarps og sjónvarps og ef dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu, að starfsemi hverfisstöðvanna sé útvarp í merkingu útvarpslaga, er hér um lögbrot að ræða, en það liggur ekki fyrir neinn dómsúrskurður um túlkun á orðinu „útvarp". Ríkisútvarpinu sem sjálfstæðri stofnun er því hvenær sem er heimilt að kæra forsprakka þessara hverfisstöðva fyrir brot á útvarpslögum. Ég sem ráðh. mun alls ekki hindra forráðamenn Ríkisútvarpsins í því að kæra þetta framferði til lögreglunnar, krefjast sakamálsrannsóknar, ákæru og sektardóma, allt í réttri röð lögum samkvæmt, en ég get sagt það alveg með einlægni hér, og ég hef sagt það áður opinberlega, að ég hvet forsvarsmenn Ríkisútvarpsins ekki til að standa að slíkum aðgerðum að sinni. Ég er ekki nógu sannfærður um að lögreglu- og dómstólaafskipti þjóni því hutverki í þessu sambandi sem æskilegt væri. Ég held að það verði að bregðast við vídeóæðinu með öðrum hætti. A. m. k. tel ég að Ríkisútvarpið verði að meta gaumgæfilega hvort svo miklir hagsmunir þess séu í húfi sem stofnunar að það svari kostnaði að standa í sakamálsrannsóknum og lögregluaðgerðum að sinni. Ég tel að heppilegra verði að bíða niðurstöðu útvarpslaganefndar og þó fyrst og fremst myndbandanefndar og byggja á áliti þessara nefnda um viðbrögð við myndbandatækninni, myndbandaþörfinni, fremur en á lögregluransóknum og dómsúrskurðum. — Ég endurtek að ef forráðamenn Ríkisútvarpsins telja sig nauðbeygða til að leita til lögreglu og dómstóla hindra ég þá ekki í því, en ég hvet þá ekki til þess.

3. liður fsp. er um hvort menntmrn. hafi látið kanna efnisframboð þeirra fyrirtækja sem dreifa sjónvarpsefni til almennings um myndstrengi. Þessu er til að svara, að það er meðal verkefna myndbandanefndar að kanna þetta mál og niðurstöður um það liggja ekki fyrir.

Ég vil að lokum segja það, að myndbandatæknin mun óhjákvæmilega verða mikill liður í fjölmiðlum næstu framtíðar. Þess vegna ber að búast vandlega undir notkun hennar og nýtingu. Slíku fylgja ýmis sérstæð vandamál sem finna verður lausn á og fella í rétt form og skipulag. Í þessum efnum lifum við nú á umrótstíma með dálítið frumstæðu hátterni, eins og mörg dæmi sanna. Ég held að þessi „vídeóbarbarismi", sem nú flæðir yfir, renni sitt skeið án þess að þörf sé á því að hringja í lögregluna.

Mín stefna er sú hvað varðar framtíðarundirbúning að nýtingu myndbanda og reglum sem setja þarf um um það efni, að kunnáttumenn og sérfræðingar fjalli rækilega um málið og þeim gefist tími til að leggja fram tillögur sínar. Af þeim sökum hef ég skipað endurskoðunarnefnd útvarpslaga og myndbandanefndina. Þessum nefndum er ætlað það mikla hlutverk að leggja á ráðin um framtíðarskipulag þess að nota og nýta á skynsamlegan hátt þá nýju fjölmiðlatækni sem hér um ræðir. Eins og ég sagði er þess vænst, að myndbandanefndin skili áfangaskýrslu eftir um það bil tvær vikur, kannske fyrr. Ég vona að í þeirri skýrslu verði tillögur um aðgerðir í málinu sem telja má brýnt að grípa til.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað ofureðlilegt að fram komi spurningar hér á hv. Alþingi um þetta efni og þessa þróun sem hefur verið mjög viðamikil og áberandi í samfélaginu síðustu misseri. Í annan stað vil ég vekja athygli á þáltill. sem flutt hefur verið á þskj. 106, þar sem lagt er til að Alþingi álykti að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna um sjónvarp á vegum einkaaðila — eða það sem kallað er myndband hér í fsp. eða vídeó — sem hafi að markmiði að breyta útvarpslögum þannig að í fyrsta lagi sé ótvírætt heimilt að senda sjónvarpsefni eftir lokuðum rásum gegn greiðslu og í öðru lagi að tryggt sé að sanngjarnar greiðslur komi til eigenda höfundaréttar, en það er einmitt eitt veigamikið atriði í spurningum hv. fyrispyrjanda.

Hins vegar eru svör hæstv. ráðh. alveg með ólíkindum við þessum fsp. og sá hroki sem fram gengur. Hvaðan kemur honum réttur eða leyfi til að tala um „vídeóæði", eins og hann gerir, eða tala um „barbarisma" sem af þessu hefur leitt? Það, sem hefur gerst í þessum efnum, er einfaldlega að tiltekin leið fjölmiðlunar hefur af tæknilegum ástæðum reynst verða ódýr með þeim hætti. Það, sem hér hefur gerst, er að fólk í samfélaginu hefur verið að setja upp þessi kerfi sem eru á lokuðum rásum og eru fullkomlega sambærileg við t. d. áskriftir að tímaritum. Það er enginn skyldaður til að vera kaupandi að þessu. Mér þykja svör hæstv. ráðh. vera svo ósvífin og hrokafull, þær nafngiftir sem hann velur þessari þróun, að mér sýnist fyllsta ástæða vera til að hafa þetta ekki í einhverjum lokuðum nefndum á vegum rn., sem enginn veit í raun og veru hvenær koma til með að skila álitum eða hvað í þeim verður, heldur taki Alþingi sjálft að sér á eigin vegum að skipa þessum málum með breytingum á útvarpslögum og það sé ótvírætt hver niðurstaða þess eigi að vera, þ. e. að þessi þróun sé lögmæt í alla staði og fólk lifi ekki í óvissu þar um og að tryggð séu full réttindi höfunda þessa myndefnis.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hjó í sömu orð og ég ætlaði einmitt að gera í ræðu hæstv. menntmrh. Ég furða mig satt að segja á því, að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér hér að tala um „vídeóæði" þegar um er að ræða afskaplega eðlilega þróun hér á landi eins og annars staðar af hendi þeirra sem neyta. Hins vegar hefur ekki átt sér stað eðlileg þróun hjá stjórnvöldum, langt frá því. En hvað videóæði viðkemur væri alveg eins hægt að segja að ef einn ráðh. tæki sér aðstoðarráðh. og síðan hver af öðrum og allir fengju sér aðstoðarráðh. væri komið upp eitthvað sem heitir ráðherraæði. Ég fæ ekki skilið hvernig það fær staðist. (**SvH:** Jú, það fær staðist.) Ja, það fær staðist hjá núv. hæstv. ríkisstj. Það er rétt, hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Ráðh. sagði að það væru ýmis dæmi um lögbrot. Ég verð satt að segja að lýsa undrun minni yfir því, að hæstv. ráðh. skuli segja frá þessu hér í ræðustól — og þó kannske ekki þegar vitað er að tveir aðrir hæstv. ráðh. hafa lýst yfir hér áður í sambandi við önnur mál að þeim sé kunnugt um lögbrot. Hér situr hæstv. dómsmrh. og hlustar á menntmrh. segja: Ja, það er kunnugt um ýmis lögbrot. — Því í ósköpunum stendur maðurinn ekki upp og gerir eitthvað í málinu? Má ég spyrja hæstv. menntmrh. varðandi þessi lögbrot: Hvernig kemur Kvikmyndaeftirlitið inn í þá mynd? Má ég einnig spyrja hæstv. menntmrh.? Hversu miklar eru söluskattstekjur sem hafa komið inn í ríkissjóð af myndbandaleigum á síðustu misserum? Kannske væri hægt að fá með þessum svörum nokkra hugmynd um hve víðfeðm sú ólöglega starfsemi er sem á sér stað í þessum efnum hér á landi. En það er eins og þessi hæstv. ríkisstj. fljóti sofandi í einu og öllu öðru en því að ganga að launum og kjörum alls almennings.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka undir með tveimur hv. síðustu ræðumönnum. Ef hæstv. menntmrh. er kunnugt um lögbrot í sambandi við starfsemi hins skipulagða myndvarps, eins og það hefur verið orðað hér á landi, sé ég ekki betur en það mál horfi til hans friðar að sjá til þess, að þau verði stöðvuð og þurfi þá ekki að bíða álits einhverrar ráðherraskipaðrar nefndar í því skyni. Ég held að það hljóti að liggja í augum uppi. Aftur á móti hefur okkur verið ljóst frá upphafi þessa máls, að forusta Ríkisútvarpsins, sem lýtur þó þrátt fyrir allt hans rn. þótt um sjálfstæða stofnun sé að ræða, hefur verið ákaflega slöpp á þessu sviði.

Ég vil ekki staðhæfa það nú, að allt það efni, sem til sölu er á myndsegulböndum, sé ósiðlegt eða slæmt. Ég er ekki bær að dæma um það. Ég hef ekki fylgst með slíku. Þó er mér kunnugt um að þetta efni er ákaflega misjafnt. En hitt er mér ljóst, að verulegur hluti af því efni, sem selt hefur verið á myndsegulböndum hingað til lands, er stolið. Það hafa ekki verið greidd af því höfundarlaun eða laun til rétthafa. Þetta er ljóst mál. Hvort heldur hæstv. menntmrh. vill nú snúa sér að því að ræða það mál við hæstv. dómsmrh. eða hvort hæstv. dómsmrh. vill trúa orðum mínum í þessu skyni og eiga frumkvæði í þessu máli, þá er hér um að ræða mál sem hæstv. ráðherrum og raunar ríkisstj. allri ber að skipta sér af. Ég er eindregið þeirrar skoðunar, að við eigum að standa að því, að lög verði haldin á þessu sviði, og bíða ekki eftir áliti nefnda sem fjalla um breytingar á útvarpslögum í þessu skyni né heldur stúdera möguleika á því að vernda höfundarétt til efnis á myndsegulböndum. Við eigum að sjá til þess, að lög verði framkvæmd núna, og ef með þarf að lögum verði breytt.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans við fsp. minni. Þau ollu mér raunar nokkrum vonbrigðum. Hins vegar er ástæða til að fagna því, að áfangaskýrslu skuli vænta frá svokallaðri myndbandanefnd eftir tiltölulega skamman tíma. Það væri vissulega ástæða til að ræða þetta mál hér ítarlega og mun ítarlegar en hægt er að gera í fsp.-tíma.

2. liður fsp. minnar fjallaði um hvort menntmrh. teldi starfsemi þessara fyrirtækja, sem dreifa sjónvarpsefni hér, vera í samræmi við lög. Auðvitað er það augljóst — og þarf ekki annað en lesa lögin til þess — að þessi starfsemi er lögbrot. Ráðh. sagði það raunar mörgum orðum áðan. Það sem auðvitað er meginefni þessa máls, er að þetta snýst í fyrsta lagi um virðingu Ríkisútvarpsins sem stofnunar sem hefur einkarétt til útvarps hér á landi lögum landsins samkvæmt, þetta snýst um virðingu hæstv. menntmrh. og í þriðja lagi, síðast en ekki síst, snýst þetta auðvitað um virðingu Alþingis. Hér eru sett lög, og ætla allir hv. þm. og hæstv. ríkisstj. að horfa á að þessi lög séu þverbrotin? Meðan þessi lög eru í gildi, meðan þeim er ekki breytt, finnst mér það vera meginatriði þessa máls, hvort Alþingi Íslendinga ætlar að þola að þetta ástand haldi áfram. Satt best að segja finnst mér þetta vera óþolandi ástand.

Hæstv. menntmrh. getur notað þau orð sem hann kýs að velja þessu, kalla þetta „barbarisma" eða hvað annað sem honum dettur í hug. Í Þjóðviljanum 7. nóv. sagði hæstv. menntmrh. — með leyfi forseta — orðrétt: Blaðamaður spyr: Hvernig koma þessi mál þér fyrir sjónir persónulega? „Mér finnst þetta æðiskoplegt í aðra röndina," segir hæstv. menntmrh. — Ég held að þetta mál sé alls ekki skoplegt. Það er býsna langt frá því að vera skoplegt. Það er mjög alvarlegt mál þegar hugverkum manna, innlendra og erlendra, er stolið í stórum stíl og þúsundir manna gerast þannig ekki þjófar, heldur þjófsnautar, sem ekki er betra. Það er svo aftur annar handleggur, hvernig þetta efnisframboð er. Ég ætla ekki að ræða það hér.

Það, sem auðvitað liggur beinast við í þessu máli, er að nú starfar að endurskoðun útvarpslaga nefnd sem þingflokkar eiga fulltrúa í. Önnur nefndarskipan í þá veru sýnist því vera til lítils, óþörf. Auðvitað er eðlilegt að hæstv. menntmrh. feli þessari útvarpslaganefnd að gera hið fyrsta tillögur til breytinga í þessu efni á útvarpslögum og taka það verkefni út úr sér sem varðar þetta mál, því að heildarendurskoðun útvarpslaga hlýtur að taka meiri tíma. Það sýnist sjálfsagt og eðlilegt að þessi nefnd fjalli sérstaklega um þessi mál þannig að það ástand sé ekki viðvarandi að lög séu brotin. Það þarf þá að breyta lögunum til að aðlaga þau réttlætiskennd alls þorra fólks.

Hitt er svo auðvitað alrangt, sem hér hefur komið fram, að þessi þróun hafi gerst alls staðar. Þessi þróun, sem hér hefur átt sér stað, að stofnað sé kapalsjónvarpskerfi, mörg frekar en eitt, sem taki til þúsunda eða tugþúsunda manna, hefur hvergi gerst annars staðar svo að ég viti til. Auðvitað hafa alls staðar komið til myndbönd og notkun þeirra á heimilum, en samtenging slíkra banda í kerfi hefur, að því er ég best veit, hvergi gerst með þeim hætti sem hér hefur gerst. Opinberir aðilar hafa hvarvetna haft afskipti af slíku, sett reglur um slíkt, sem er sjálfsagt og eðlilegt.

Ég held að hér þurfi virðingar okkar sjálfra vegna að taka á þessum málum og þar fyrr en seinna. Og það er annað í þessu sambandi sem er mjög brýnt og ekki hefur verið tekið á hér, en það er endurskoðun höfundaréttarlaga með tilliti til þeirrar nýju tækni sem nú er okkur tiltæk. Það hefur viðgengist hér í mörg ár og enginn sagt neitt við því, að efni úr íslenska sjónvarpinu hafi verið tekið upp á segulbönd og sýnt t. d. um borð í togurunum. Við því hefur enginn sagt neitt og það er sjálfsagt hægt að sjá í gegnum fingur við slíkt meðan það er í smáum stíl og eingöngu með þeim hætti sem verið hefur. En þegar þetta er orðið eins og núna, að það er jafnvel tekið upp efni úr sjónvarpinu, hugverk íslenskra

höfunda og listamanna, og þetta er sýnt í ágóðaskyni er málið orðið miklu, miklu alvarlegra. Það hlýtur að vera brýnt að umræður hefjist um endurskoðun höfundaréttarlaga og samningar við þá, sem þar eiga hagsmuna að gæta, þannig að hægt sé að nýta þessa nýju tækni. Það er ein af forsendum þess, að þessi tækni verði nýtt, að það sé samið eða a. m. k. talað við þá, sem eiga rétt samkv. lögum, og að hagsmunir almennings — neytenda — séu þar hafðir að leiðarljósi sömuleiðis.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Satt að segja furða ég mig mjög á þeim umr., sem hér hafa orðið, og átta mig ekki fyllilega á því, hvernig þetta hleypur í skapið á hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Sannleikurinn er sá, að ég gerði afskaplega hógværa grein fyrir máli mínu og því, sem að var spurt, og lýsti ýmsum vandkvæðum sem eru m. a. á því að fara að taka á þessu sem lögbroti og standa í því að hringja í lögregluna út af hverju einu í sambandi við þessi mál. Ég bið hv. þm. að athuga að það er allt annað að ætla sér að halda lög, sem auðvitað allir vilja gera, en að að setjast í dómarasæti. Þetta bið ég menn að athuga.

Það er alger misskilningur, að ég hafi eitthvert vald sem menntmrh. til að standa í þessum skærumálum, þ. e. kveða upp algilda dóma um að þarna sé um lögbrot að ræða. (**StJ:** Það bað enginn um það.) Vissulega stendur í útvarpslögum að Ríkisútvarpið hafi einkarétt til útvarps. En hvenær hefur fallið dómur í því máli hvað útvarp merkir? (**Gripið fram í:** Það er skilgreint.) Mér vitanlega hefur það ekki verið gert. Það er skilgreint að nokkru leyti, það er hverju orði sannara, en sú skilgreining er engan veginn þannig að ég ætli að fara að setja mig í eitthvert dómarasæti sem ráðh. í því máli.

Hitt er satt, sem hér hefur komið fram, og menn eru að reyna að gera meira úr þeim orðum en sagt var, að ég hafi sagt að vissulega væru ýmiss konar lögbrot framin í sambandi við þetta vídeóæði, sem ég leyfi mér að kalla svo. — Það finnst sumum hv. þm., a. m. k. hv. 9. þm. Reykv., einhver hroki þó að ég nefni fyrirbæri,sem snýr þannig við mér, því nafni sem mér finnst við eiga. Ég kalla það engan hroka. Sannleikurinn er sá, að þetta hefur verið hálfgert æði allt saman. Það er hverju orði sannara, sem hér hefur líka komið fram og ég held hjá hv. fyrirspyrjanda, að þróunin á þessum málum hefur verið með þó nokkuð öðrum hætti hér á landi en í ýmsum öðrum löndum. Þar hefur þetta nefnilega ekki gengið yfir sem æði, en svo er alveg greinilega í þessu tilfelli okkar. Hvernig á að bregðast við faraldri og einhvers konar æði af þessu tagi, þegar hver apar eftir öðrum að það þurfi endilega að koma upp hverfisstöðvum hér og þar? Auðvitað er þetta ekkert annað en faraldur og æði líkt eins og dansæði sem stundum grípur um sig og hefur gripið um sig í allri mannkynssögunni og er alþekkt. Hvaða svör hafa menn við því? Menn láta fólkið bara dansa út. Það er engin önnur leið til.

Hvernig eigum við að koma reglu á þetta? Vissulega er það í mínum verkahring sem menntmrh. að koma reglu á þetta. En hver getur haft á móti því, að nefnd fjalli um þetta mál eins og fleiri slík mál sem vandasöm eru og sérstaklega flókin? Þetta er sú algilda venja sem við höfum í okkar stjórnkerfi. Þetta er sú algilda venja sem viðurkennd er á Alþingi. Oft er skorað á ríkisstj. að setja nefndir í mál sem þarf að undirbúa vel. Það er nákvæmlega það sem ég hef verið að gera. Ég hef sett nefnd til að endurskoða útvarpslög sem nú eru orðin 10 ára gömul. Mikil breyting hefur orðið á þessum tíma frá því að útvarpslög voru sett. Ég vil taka það fram að útvarpslögin eru að mörgu leyti ágætislög og voru vel undirbúin þegar þau voru sett, en tími hefur samt liðið síðan og full ástæða til að endurskoða lögin í ljósi þeirra breytinga sem orðið hafa síðan 1971. Sama er að segja hvað snertir þessa nýju tækni eða myndbandatæknina. Ég finn ekki að það sé nokkur munur á skoðunum mínum og þeirra sem hér hafa talað um að þarna er um að ræða nýja tækni sem sjálfsagt er að taka í notkun. (**Gripið fram í:** Þá kallaðir það „barbarisma".) Sjálfsagt er að nýta hana á eðlilegan og skynsamlegan hátt. — Það, sem ég kallaði „barbarisma", var sá háttur, sem menn hafa tekið upp hér á landi, að taka bókstaflega allt að því lögin í sínar hendur, gera málið að faraldri sem gengur yfir. (Gripið fram í.) Ég hef að vísu aldrei séð efni á vídeóskjá, ég hef ekkert séð af þessu, en eftir því sem mér skilst er efnið af því tagi að vel má kalla það „barbarisma". Ég held að menn hafi fulla heimild til að kalla hlutina þeim nöfnum sem þeim finnst við eiga. Ég áskil mér allan rétt til þess.

En kjarni málsins er sá, að það verður að setja framtíðarreglur um þessi mál og ætli við séum ekki öll sammála um það hér í þessum þingsal. Ég hef skýrt frá því, að ætlun mín er að bíða þess, að myndbandanefndin gefi sína skýrslu og leggi á ráðin um hvernig best verði að haga reglum í sambandi við þetta mál. Ég held því, að menn verði að bíða þess arna, og ég bendi á, að hér er fyllilega eðlilega að verki staðið af minni hálfu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er stundum með ólíkindum hvað hæstv. menntmrh. getur flutt vondar og vitlausar ræður og var sú síðasta dæmi um það. Lög eru auðvitað sett fyrir fólk, en ekki til höfuðs fólki eða gegn fólki, og þannig var með þessi útvarpslög á sínum tíma. Það, sem hefur gerst í millitíðinni, er að átt hefur sér stað tæknibylting, fyrst erlendis og síðan hér heima, og þessi tæknibylting hefur verið að ganga yfir landið hin síðari misseri. Þar á sér auðvitað stað hvorki æði né „barbarismi" af einu eða neinu tagi, heldur hefur fólk í stórum stíl kosið að taka þessa tækni í þjónustu sína.

Það er auðvitað, eins og réttilega kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og fleiri ræðumönnum, alveg óþolandi að vegna hægrar og seinnar stjórnar í landinu skuli þúsundir manna lifa í óvissu um hvort verið sé að brjóta lög eða ekki. Af þeirri ástæðu, að aðstæður allar hafa breyst, þarf að koma til frumkvæði, bæði frá framkvæmdavaldi og löggjafarvaldi, um að lögum sé breytt.

Mínar skoðanir í þeim efnum eru ljósar. Ég vil að lögunum sé breytt á þann veg, eins og fram kemur í þáltill. sem ég er 1. flm. að, að gert sé nákvæmlega ljóst að þetta varði ekki við lög, en um leið séu settar reglur sem t. d. tryggi höfundum það sem höfundum ber, — það sé alveg ljóst að löggjafinn beygi sig fyrir þessari þróun sem átt hefur sér stað. Lög eiga ekki að vinna á móti fólki. Þau einokunarlög, sem hér standa, vinna á móti fólki því af einhverjum ástæðum hafa þúsundir og þúsundir séð ástæðu til að taka þessa tækni í þjónustu sína.

Hæstv. menntmrh. getur talað hér um æði og „barbarisma" og hvað hann vill, en þetta er engu að síður staðreynd. Þetta er vilji þúsunda og þúsunda, af því að þúsundir og þúsundir hafa kosið að setja þetta up. Þá ber að breyta lögunum til handa þessu fólki því að þetta fólk á ekki skilið að hægt sé að bera á það lögbrot á lögbrot

ofan, eins og hér hefur verið gert.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það mátti skilja á orðum fyrirspyrjanda að kapalsjónvörp væru næsta fátíð. (Gripið fram í.) Ég bið þá afsökunar. Ég sagði að það mætti skilja á orðum hans, en ég var ekki búinn með setninguna. Hins vegar kom það fram hjá honum á eftir, að alls staðar, þar sem svo væri, væri það samkv. lögum um reglum, sem sett hefðu verið, og undir opinberu eftirliti. Þetta er auðvitað hárrétt. En kapalsjónvarp er að sjálfsögðu búið að vera við lýði í mörg ár og kom til umræðu hér á landi í sambandi við Keflavíkursjónvarpið á sínum tíma.

Hæstv. menntmrh. telur sig hafa lítið vald til að framfylgja þeim lögum sem falla undir embætti hans. Hér er um að ræða brot á fleiri lögum, sem falla undir aðra ráðh., dómsmrh. t. d. og að öllum líkindum fjmrh., því að eins og hér hefur verið bent á af mörgum ræðumönnum er hér að sjálfsögðu um margfalt brot á höfundarréttarlögum að ræða og í því efni hefur stórkostlegur þjófnaður átt sér stað. Það er líka vitað, að það hefur átt sér stað ólöglegur innflutningur á þessum myndböndum og það hefur átt sér stað ólögleg fjölföldun þessara myndbanda hér heima. Það hefur verið framið brot á þeim rétti sem leiguhafar kvikmyndasýningarréttar hafa keypt sér erlendis. Þessi þáttur hefur verið brotinn. Eins og ég minntist lauslega á áðan hafa líka verið brotnar reglur um kvikmyndaeftirlit, því að sömu myndir og kvikmyndahúsin sýna hér í Reykjavík og hafa verið klipptar og skornar af íslensku kvikmyndaeftirliti koma óbreyttar og óstyttar og óklipptar til sýningar meðal þúsunda Íslendinga, bæði barna og fullorðinna, í gegnum kapalsjónvarpið. Þetta vita allir ráðh. um, en þeir hafa ekkert gert í þessu. Þeir hafa ekki talað saman. Ráðherrarnir eru að dansa út. Þeir geta þá allir í ríkisstj. tekist í hendur væntanlega og sungið: „Dansi, dansi dúkkan mín" — og látið lögbrotin þróast.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Menn tala um brot á lögum og það er sjálfsagt að ræða það. Ég gerði svolitla grein fyrir því í frumræðu minni, hvað mér fyndist um þetta. Ég held að það hafi komið nokkuð skýrt fram hjá mér, að ég hef hugleitt hvort rétt væri af mér að fara nú að hvetja útvarpið til að standa í kærumálum út af þessu. Niðurstaðan hjá mér varð að gera það ekki. Ég get sagt það hér, að ég hef ekki aðeins ráðgast við eigin samvisku í þessu efni, heldur rætt við ýmsa klóka lögfræðinga og slíka menn um þessi efni og þannig komist að þessari niðurstöðu. En ég segi það af einlægni, eins og ég sagði áðan í frumræðu minni, að ég legg engar hömlur á forráðamenn útvarpsins að kæra þetta ef þeim finnst þarna vera um þess háttar lögbrot að ræða sem ógni Ríkisútvarpinu. Ég held nefnilega að svo sé ekki. Þetta ógnar ekki útvarpinu sem stofnun. Hins vegar hygg ég að svo gæti orðið með tímanum, að ýmislegir fjárhagslegir hagsmunir útvarpsins væru þarna í veði. Ef þessar útvarpsstöðvar yrðu reknar sem eins konar auglýsingastöðvar og þannig gróðastöðvar hygg ég að fyrst sé farið að ógna hagsmunum Ríkisútvarpsins. Sannleikurinn er sá, að þessar stöðvar eru ekki svo merkilegar og útvarpið og sjónvarpið ekki svo ómerkilegar stofnanir að þarna sé um verulega hættu að ræða út frá sjónarmiði Ríkisútvarpsins. Þetta er alveg á misskilningi byggt.

Hvað varðar brot á höfundarétti heyra auðvitað höfundaréttarmál undir mitt embætti. Hins vegar er það nú svo, að höfundaréttarhafar eiga sjálfir sókn í sínum málum. Menntmrh. er enginn sækjandi í einkaréttarmálum, alls ekki. Og hvað kvikmyndaeftirlitið snertir er það dálítið vandamál hvernig með skuli fara. Ég hygg að það sé alveg augljóst mál, að mjög væri æskilegt, þegar við setjum framtíðarreglur um þetta, um myndböndin, að kvikmyndaeftirlitið verði látið ná til þess arna. En sannleikurinn er sá, að það verður ekki séð af lögum að kvikmyndaeftirlitið, eins og það er sett upp, nái til þessa þáttar. Kvikmyndaeftirlitið hefur nefnilega þann þrönga verkahring að skoða fyrst og fremst kvikmyndir í kvikmyndahúsum. Þetta er svona.

Menn verða að átta sig á því, að þetta mál er afskaplega flókið frá lögfræðilegu sjónarmiði fyrst og fremst, en líka frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. Þess vegna held ég að sé best að taka þessu öllu með ró og leyfa t. d. myndbandanefndinni, þar sem sitja 10 menn, með einum af okkar ágætu lagaprófessorum í forsæti, að fjalla enn um stund um þessi mál og bíða þess, að hún gefi þá skýrslu sem hún hefur heitið mér að geti orðið innan tiltölulega stutts tíma. Það er að vísu svo, að nefndarmenn hafa talað um að það yrði bráðabirgða- eða áfangaskýrsla, en ég vona hins vegar að skýrslan verði um þau mál, sem fyrst og fremst eru efst á baugi, eru „aktuel", eins og maður segir á vondu máli. Ég held að það sé engu spillt og menning þjóðarinnar bíði engan stórhnekki þó við bíðum 10 daga eða 12 eða 14, þó þeir yrðu yfir 20, eftir því að nefnd Gauks Jörundssonar fái að segja sitt álit. Ég held að Ríkisútvarpinu sé ekki ógnað þótt við bíðum niðurstöðu þessarar nefndar. Ef svo er stendur Ríkisútvarpið svo völtum fótum að ég sé ekki annað en það geti beinlínis rúllað hvenær sem er.

Kjarni málsins er þessi: Ég tel að það beri að mæta þessari nýju tækni með skynsamlegum reglum. Þær reglur verður að setja eftir samráð góðra manna og sérfræðinga á ýmsum sviðum, lögfræðisviði og tæknisviði ýmiss konar. Ég held því að ég eigi ekki annars úrkosta en að bíða þess að heyra frá nefnd sem ég hef sett í þessu máli. Ég er alveg sannfærður um að þeir, sem hafa verið að gagnrýna orð mín hér og gerðir núna, muni komast að þessari sömu niðurstöðu þegar þeir hugsa sitt ráð. Þetta er sú skynsamlega leið.

Það má nátturlega lengi deila um hvort brugðist er nógu fljótt við, og það getur vel verið að ég hafi brugðist of seint við. En eigi að síður hefur þessi nefnd nú starfað nokkuð og mun skila álitli mjög fljótt. Við skulum vona að það, sem hún hefur að segja um þetta, verði okkur leiðbeining um framtíðarreglur um notkun þessarar nýju tækni, sem er í alla staði ágæt sem tækni og áreiðanlega hægt að nota til margra þarfra hluta.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég verð að taka undir með hv. fyrirspyrjanda, að hálfgerð endemi þykja mér þessar umr. Við stöndum hér frammi fyrir því, að ef við leggjum bílunum okkar á rangan stað við götuhorn fáum við sekt þó nokkra og er ekki nema eðlilegt og sjálfsagt að reyna að hafa reglu á þeim efnum. En við, sem eigum sæti í borgarstjórn Reykjavíkur, höfum mátt horfa upp á að fyrirtæki hér í bænum brjóta sig í gegnum götur borgarinnar, brjóta upp malbik, eyðileggja stórlega framkvæmdir borgarinnar, til að leggja kapalsjónvarp. Erindi þessa ágæta fyrirtækis, eins þeirra a. m. k., hefur nú legið fyrir borgarstjórn og kemur fyrir borgar-

stjórn aftur í dag, en því máli var frestað á síðasta fundi, þar sem þetta fyrirtæki sækir formlega um að fá að leggja kapalsjónvarp. Þetta sama fyrirtæki byrjaði verulegar framkvæmdir í þá veru áður en nokkurt slíkt leyfi var fengið. Ég vil biðja hv. þm. að fylgjast með því í dag, hvort slíkt leyfi verður veitt, en ég vil taka það fram, að borgarfulltrúar Alþb. hafa flutt till. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn telur ekki fært að heimila fyrirtækinu Video-son hf. lagningu jarðstrengs til flutninga á sjónvarpsefni, þar eð starfsemi fyrirtækisins virðist fara í bága við landslög."

Það verður að segja, að það er ansi hart að borgarstjórn Reykjavíkur skuli vera að basla við að halda uppi lögum og reglu í landinu. Það ætti ekki að vera hennar verkefni. Ég vil minna hæstv. dómsmrh. á harðar og strangar ákvarðanir á köldum vetri s. l. Án þess að ég sé að mæla með harkalegu dómsvaldi mætti nú heldur taka hér betur á. Ég vil ítreka að hér eru brotin höfundalög og Bernarsáttmálinn, hér eru brotin barnaverndarlög, en enginn hefur tekið eftir því eða sagt það hér, hér eru brotin útvarpslög og hér eru, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson minntist á, áreiðanlega brotin söluskattslög. Ég vil minna menn á menningarhlutverk Ríkisútvarpsins, sem hefur verið skilað með miklum sóma frá fyrstu byrjun. (Forseti hringir.) Ég skal rétt ljúka máli mínu, forseti. — Ég held að menn ættu að gera sér grein fyrir að þarna er verið að sýna erlent myndefni án texta sem allur þorri manna hefur lítið sem ekkert gagn af. Ótal lög og leyfi eru brotin. Og ég vil leyfa mér að spyrja: Hvernig er með verslunarleyfi og leyfi til viðskipta hjá fyrirtæki sem ekki fer að landslögum á nokkurn hátt? Og að endingu aðeins ein spurning: Hvers vegna kærir enginn þeirra aðila sem eiga að gæta hagsmuna sem eru skráðir og samþykktir á Alþingi í heilum fjórum lagabálkum a. m. k.?

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Að svo miklu leyti sem nafn mitt eða dómsmrh. hefur verið nefnt í þessum umr. ætla ég að segja örfá orð, án þess að gera þó nokkra tilraun til að þvo hendur mínar sérstaklega.

Ég hygg að þetta mál sé ekki alveg eins einfalt og af er látið. Það tala margir um að mörg landslög séu brotin, en þó taka menn ekki fastar til orða en svo, eins og síðasti ræðumaður, að hér sé um mál að ræða sem virðist fara í bág við landslög. Ekki er nú sannfæringarkrafturinn meiri, aldrei þessu vant.

Í ósköp einföldu máli get ég sagt það, að mér er ekki kunnugt um að nokkur maður hafi „hringt í lögregluna" út af þessu máli. Enginn lögbannskrafa hefur komið fram við þessum grefti, sem nefndur hefur verið, hvorki frá borgarstjórn né öðrum. Mér er ekki kunnugt um það. Ríkissaksóknari hefur ekki séð ástæðu til þess að hefjast handa í þessu máli og er hann þó æðsti handhafi ákæruvaldsins. Ef hv. alþm. vita það ekki nákvæmlega get ég sagt þeim að ég get ekki skipað honum fyrir verkum. Ákæruvaldið er sjálfstæður aðili í ríkiskerfinu. Auk þess hefur hæstv. menntmrh. upplýst að nefnd starfi að athugun þessara mála undir forsæti þess manns, sem er óumdeilanlega einhver færasti sérfræðingur landsins í eignarréttarmálum og öðru slíku, en það er Gaukur Jörundsson prófessor.

Ég þarf ekki að segja meira. Ég held að við verðum að bíða eftir því, að þessi nefnd ljúki störfum sem allra fyrst svo að við þurfum ekki að vera að þrátta um þetta mál miklu lengur.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Mér finnst það svolítið hlálegt þegar menn koma hér og draga í efa að hér sé um lögbrot að ræða. Ég held að það hafi afar rækilega komið hér fram, að hér er ekki aðeins um að ræða brot á einum lögum, heldur tvennum, þrennum, fernum eða jafnvel fleiri lögum. Það hefur verið minnst hér á kvikmyndaeftirlit. Lögum samkvæmt á kvikmyndaeftirlit að skoða allar kvikmyndir. Lögum samkvæmt annast sjónvarpið eigið kvikmyndaeftirlit. Það er sérstaklega tekið fram í útvarpslögum. Það hefur enginn aðili etirlit með því efni sem þúsundir manna sjá í þessum lokuðu sjónvarpskerfum hér í Reykjvík.

Hæstv. menntmrh. talar um að þetta sé ekki einfalt mál, ítrekar það hér hvað eftir annað. Það er sjálfsagt alveg rétt. En finnst mönnum það viðkunnanlegt ástand, að sjálfskipaðir sjónvarpsstjórar og útvarpsstjórar velji með einhverjum sjónarmiðum efni til handa almenningi án þess að fólk hafi nokkra möguleika til að hafa áhrif á það efni sem þar er sýnt? Auðvitað ógnar þetta ekki Ríkisútvarpinu, sagði hæstv. menntmrh. Ég er á öndverðri skoðun. Þetta ógnar Ríkisútvarpinu með nokkrum hætti. Það er afar stutt í það og um það talað, að tilkynningar og auglýsingar séu birtar í þessum kerfum. Hvernig er með skattheimtu af slíku, söluskatt af slíku og annað?

Ég held að að menn ættu verulega að leiða hugann að alvöru þessa máls. Þó að menntmrh. leyfi sér að segja að þetta sé afar skoplegt í aðra röndina get ég ekki tekið undir það.

Það er ýmislegt fleira í þessu sambandi, en ég vil ítreka þau tilmæli mín til hæstv. menntmrh. að hann óski þess við nefndina, sem er að endurskoða útvarpslögin og í eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, að sú nefnd taki þennan þátt vandamálsins til sérstakrar athugunar og afgreiðslu og geri tillögur um lagabreytingar hið allra fyrsta.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins undirstrika þetta: Það hefur enginn hv. þm., sem hér hefur tekið til máls, gert þá kröfu til hæstv. menntmrh., að hann kveði upp dóma í þessu máli á einn eða annan hátt. Hæstv. menntmrh. hefur lýst yfir þeirri skoðun sinni, að hér séu framin lögbrot. Hann hefur jafnframt lýst yfir því, að hann beini ekki þeim tilmælum til stjórnenda Ríkisútvarpsins sem sjálfstæðrar stofnunar, að þeir kæri lögbrotin. (**Menntmrh.:** Að sinni, sagði ég.) Að sinni, gott og vel. Ég stóð einhvern veginn í þeirri trú, að það væri hlutverk ráðh., aðila framkvæmdavaldsins, að sjá um framkvæmd laganna, gera ráðstafanir ef lög séu brotin, og þó að hæstv. dómsmrh. lýsi yfir því, að eftir því sem hann best viti hafi ekki einn einasti aðili kært þau lögbrot sem hér eru framin, þótt hæstv. dómsmrh. lýsi yfir því hér í þingsölum, staðhæfi ég að mér hefur ekki heyrst betur en hér hafi komið þm. eftir þm. og kært þessi lögbrot í eyru dómsmrh. Ef hann ætlar að skjóta sér á bak við að hann geti ekki sagt saksóknara fyrir verkum kynni hann einhvers staðar í fórum rn. að finna leyfi til að stemma stigu við lögbrotum, því hér eru framin lögbrot, mjög alvarleg lögbrot, og það kemur til kasta ráðh. að sjá til þess að réttir aðilar stemmi stigu við þeim.

Ef á að bíða eftir því, að lögbrot helgist með hefð, með því að heimila það vitandi vits og með yfirlýsingu af því

tagi, sem ráðh. hafa flutt hér, að lögbrot fái á sig rétt hefðar, vil ég aðeins minna á með hvaða hætti lögum er breytt vegna kröfu þúsunda og aftur þúsunda, segir hæstv. þm. Vilmundur Gylfason, sem talar mest um sæmd Alþingis. (**Gripið fram í:** Hv. þm.) Hann er það líklega, já. — Við höfum mörg dæmi um þetta. Ég vil minna hæstv. mennmrh. á það, vegna þess að atburðurinn gerðist í hans eigin kjördæmi og kjördæmi okkar beggja, að þegar kaupendum síldar á Hjalteyri hafði verið látið haldast uppi í þrjú ár að svíkja síldarmálið forna, sem var hektólítri, var lögunum breytt á þá lund, að það skyldu vera 136 lítrar í íslenskum hektólítra framvegis. Það er ekki með þessum hætti, hv. þm. Vilmundur Gylfason, sem lög eru sett.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er orðið nokkuð um liðið frá því að ég bað um orðið og þess vegna margt af því komið fram sem ég vildi segja. En í fáum orðum sagt sýnist mér að hér hafi verið rædd tvö alls óskyld mál raunverulega. Annars vegar liggur ljóst fyrir, að vegna þeirrar tækniþróunar, sem orðið hefur, þarf að setja nýja löggjöf um þessi mál. Jafnframt fæ ég ekki séð að það sé rétt að bíða lengi eftir því að höfða prófmál til að kanna hvort lög hafi verið virt eða hvort þau hafi verið brotin. Mér sýnist að þau hafi verið brotin, og ég held að það sé rétt að höfða prófmál í því skyni. Ég verð að segja að mér finnst saksóknari hafa verið ákaflega hógvær og aðgerðalítill á þessu sviði. Það má vel vera að hann hafi ekki fylgst með þeirri þróun sem þarna hefur átt sér stað, eða þá að hann telji hana rétta samkv. lögum. En það hlýtur að liggja alveg ljóst fyrir, að þar til lögum hefur verið breytt hljóta menn að vera dæmdir samkv. þeim lögum sem eru í landinu. Komi menn með tillögur um sakaruppgjöf er það þriðja málið. Það þyrfti þá alveg sérstaklega að taka það fyrir hér í sölum þingsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta hafa verið mjög undarlegar umr. á marga lund. Auðvitað liggur það fyrir í barnaverndarlögum að allar kvikmyndir eigi að skoða áður en börn hafa tækifæri til að sjá þær. Þar er náttúrlega átt við, að ef verslað er með kvikmyndir á að sjálfsögðu að gera það. Ég held að það sé alveg skýrt í 58. gr. þeirra, að ef um sölu á myndsegulbandstækjum á að vera að ræða hér verður að óbreyttum lögum að koma einhverju eftirliti við varðandi það myndefni.

Annars stóð ég aðallega upp til að ítreka það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, að auðvitað er algerlega óþolandi að einstakir ráðh. lýsi því hér yfir í þingsölum, að þeim sé kunnugt um að lög hafi verið brotin, sem liggur jafnvel varðhald við, — það eru ekki aðeins sektir, það er varðhald við brotum á þessum lögum, — og þá skuli vera látið duga að setja nefnd í málið. Það dugir auðvitað ekki. Úr því að þetta mál er komið eins langt og það er komið nú verður ekki hjá því komist að Rannsóknarlögregla ríkisins taki það til meðferðar. Ég vænti þess, að óþarfi eigi að vera að þm. snúi sér til forseta Sþ. og biðji hann að hafa afskipti af málinu beint til þess að nauðsynleg rannsókn geti farið fram. Það ætti að vera tryggt án þess. Um leið og orð hafa fallið í þessum ræðustól, eins og hér hefur verið, er það auðvitað krafa, ekki aðeins einstakra þm., þingsins sem stofnunar, heldur borgaranna allra, að gangskör verði gerð að því að athuga af réttum aðilum, hvort um lögbrot sé að ræða, og síðan höfðuð mál eins og lög segja til um. Það er ekki geðþóttaákvörðun ráðh. að skipa nefnd í málum. Það hefur enginn gefið þeim slíkt vald. Það hefur enginn beðið þá að dæma dóma. Þeir eiga að reyna að framfylgja lögum. Þeirra umboð tekur ekki til þess að ráða lögum eða ákveða hvernig þeim sé framfylgt, heldur að fylgjast með því og hafa eftirlit með því, að opinberar stofnanir og borgararnir fari að lögum.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. þm. fara að verða ýmsu vanir í ræðuhöldum hér á hinu háa Alþingi. Ég verð að játa að ég minnist þess ekki að hafa setið undir jafnfurðulegum ræðuhöldum og hæstv. tveir ráðh. hafa haft um hönd hér nú. Hæstv. menntmrh. segir að í þessu efni hafi fólk tekið lögin í sínar hendur. Og hvaða ráð sér hann þá? Hann segir að það eigi að lofa því að „rasa út". Mér dettur í hug, af því að ég var að horfa á ógnarlegan bruna í morgun, hvort væri kannske ráð að láta brennuvarginn rasa út. Það eru sumir sem halda því fram, að fangelsi sé ekki góður uppeldisstaður. Og hann hefur skipað 10 manna nefnd í málið — 10 manna nefnd — og svo kemur hæstv. dómsmrh. og fagnar þessari nefnd og segir að hann hafi enga kæru fengið, það hafi enginn hringt í lögguna út af þessu máli. Hér dynja kærurnar á sjálfri löggjafarsamkundunni frá þjóðkjörnum fulltrúum, — dynja kærurnar, lögbrot eru upplýst á allt að fjórum aðalbálkum laga, en hæstv. dómsmrh. fagnar því, að hæstv. menntmrh. er búinn að setja 10 manna nefnd og meira að segja valinkunnan mann í formennsku hvað þá meir, þannig að það er vandað til hlutanna. — Ég á ekkert einasta orð yfir þessum málflutningi. Ég verð að segja það, að ef ég væri einn af stjórnarsinnum hefði ég fyrir löngu gengið út úr þessum sal og hengt mig.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég verð að segja að ekki skána nú ræðuhöldin eftir að 4. þm. Austurl. tók til máls áðan. Varla var hægt að segja að bitastætt væri í ræðu hans sem annars eru oft skemmtilegar og ágætar, sérstaklega skemmtilegar. En satt að segja sá ég hann fyrir mér í alveg nýju ljósi og reyndar suma aðra, eins og tvo ágæta félaga mína úr Norðurlandskjördæmi eystra. Alla þessa menn hef ég þekkt að því að vera fremur mannúðarlega í hugsun og síst af öllu refsiglaða. Ef það er nú talið til ágætis mönnum hér í þinginu að vera refsiglaðir fram úr hófi líst mér ekki orðið á það. Ég held nefnilega að menn verði að gæta sín svolítið í þessu.

Vissulega hefur það komið fram í ræðum mínum, að telja megi víst að einhver lög hafi verið brotin í sambandi við þetta vídeómál í Reykjavík og kannske víðar. Það er alveg ljóst, en vandinn er að bregðast rétt við þessu. Ég hef talið að höfuðatriðið sé að bregðast við þessu á þann hátt, að við getum sett okkur skynsamlegar frambúðarreglur um þetta. Ég held nefnilega að menn geri allt of mikið úr því að þessi lögbrot, þó einhver kunni að hafa verið, séu svo voðaleg að enhverjum óbætanlegum almannahagsmunum sé ógnað, eins og t. d. þegar menn eru að bera þetta saman við það þegar brennuvargur gegnur laus eða menn eru að bera það saman, hvort slík lög kunna að verða brotin eða hvort maður leggur bíl sínum rangt á bílastæði. Allur slíkur samanburður er auðvitað út í loftið. Það verður að meta hvert sérstakt atriði fyrir sig og vera ekki að bera það saman við eitthvað annað eða taka dæmi af öðru.

Ég held að þegar upp er staðið séum við öll sammála í meginatriðum um þetta mál, að það þurfi að setja reglur um notkun og nýtingu þessarar nýju myndbandatækni. Það er einmitt það sem verið er að vinna að. Ég held að það séu mjög eðlileg vinnubrögð að það sé sett nefnd, sem í sitja ýmsir sérfræðingar, og hún njóti forustu góðs lögfræðings, eins og í þessu tilfelli er, þar sem er prófessor Gaukur Jörundsson. Ég hygg að það sé einmitt þess háttar nefnd sem á að fjalla um þetta. Hún er að störfum nú og mun fljótlega skila áliti. — Þetta er flókið mál, við skulum viðurkenna það, og hafi verið framin lögbrot er það auðvitað slæmt. En ég segi það enn og aftur: Ég hef ekki trú á allri þeirri refsigleði sem hér hefur komið fram í orðum annars mannúðarfullra alþm.

Albert Guðmundsson: Virðulegi forseti. Ég hlustaði á hv. þm. Austurl., Sverri Hermannsson, með athygli. Ekki veit ég hvort ég harma að hann er ekki stjórnarþm. Einhvern tíma á hann kannske eftir að verða stjórnarþm. Hann horfði á mikinn bruna í næsta nágrenni við sig í morgun, sem við hörmum náttúrlega. Þar varð mikill skaði. Ég vona að það hafi ekki komið sót á þær þrifalegu rúður sem hjá honum eru, hann hafi haft gott útsýni.

En þetta mál, sem hér er á dagskrá, er ekkert gamanmál. Hér eru lög brotin af ungum mönnum vegna þess að lögin eru gömul og ná fram í tímann, ná yfir tækni framtíðarinnar. Það eru lög sem eru sett fyrir löngu og ná yfir þá tækni sem er að þróast frá degi til dags. Auðvitað fleygir tækninni fram, við vitum ekkert hvað kemur á eftir myndsegulböndum, en lögin útiloka notkun þeirra tækja sem eiga eftir að koma. Það þarf að endurskoða og það þarf að breyta lögunum og það þarf að leyfa þá starfsemi sem myndvarp heitir á dagskrá hér í dag. Lögin mega ekki hefta þróun tækninnar. Alls ekki má undir neinum kringumstæðum koma í veg fyrir að Íslendingar geti frá degi til dags, frá ári til árs, skulum við segja, nýtt sér það sem er tímans tákn hverju sinni.

Hér eru ungir menn að hrista af sér hlekki sem hefta athafnafrelsi nýrra kynslóða vegna lagasetningar fortíðarinnar. Við skulum hafa það í huga. Þeir eru að grípa tækifærið á líðandi stund. Ungir menn verða að fá að gera það á hverjum tíma. Ég styð frjálsa samkeppni í útvarpi, ég styð frjálsa samkeppni í sjónvarpi, og sjálfstæðismenn hafa ályktað um það frelsi. Ég tel að það eigi að breyta lögunum til aukins frelsis fyrir einstaklingana.

Útgáfa lagasafns, fsp. (þskj. 52). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef á þskj. 52 lagt fram fsp. til dómsmrh. svohljóðandi:

Hvort er þess að vænta, að senn sjái fyrir endann á útgáfu nýs lagasafns, eða hversu verður henni háttað?"

Síðasta lagasafn var gefið út 1973. Upplag þess er af svo skornum skammti, að í Þórshamri, þar sem eru nefndaherbergi þingsins, hafa ekki verið til eintök af lagasafninu sem þm. gætu notað við nefndarstörf sín og hefur þurft að senda í önnur hús ef nauðsynlegt hefur þótt að fletta upp lögum. Aðeins til að gefa hugmynd um þann mikla lagafjölda, sem við bætist á hverju ári, hef ég gert athugun á því s. l. 5 ár. Árið 1976 voru 63 lög samþykkt, 1977 108, 1978 82, 1979 63 og 1980 97.

Í lögum um laganefnd frá 1929 er gert ráð fyrir að lagasafn skuli gefið út að nýju a. m. k. á 10 ára fresti og þá gætt þeirra breytinga sem orðið hafa á löggjöfinni. Þetta eru nú úrelt lög orðin, hálfrar aldar gömul, og óhjákvæmilegt að nýtískulegri vinnubrögð séu tekin upp en verið hefur þannig að lagasafnið megi oftar koma út eða þá hægt sé að nýta, kannske í breyttri útgáfu, jafnvel lausblaðabindi, — ég hef ekki vit á því, hvort hægt sé að beita tölvutækni í sambandi við útgáfu lagasafns.

Það má öllum ljóst vera, að bæði löggjafarstarf og dómsstörf eru mjög erfið eins og sakir standa. Það þarf sérfræðinga til að ganga úr skugga um hvaða lög gildi um einföldustu efni. Þetta er náttúrlega ófremdarástand sem veldur mönnum óþægindum, töfum, fyrirhöfn og kostar stórfé fyrir borgara landsins, eins og auðvelt er að sýna fram á.

Þessi fsp. er lögð fram til að reka á eftir því, ef hægt yrði, að nýtt lagasafn yrði gefið út, og spurt hvort þess sé að vænta, að senn sjái fyrir endann á útgáfu nýs lagasafns, eða hversu henni verði háttað.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Lagasafn kom síðast út árið 1974 og er efni þess miðað við 1. okt. 1973. Efni þess hefur að sjálfsögðu tekið breytingum og því er þegar orðið tímabært að hefjast handa um útgáfu nýs safns. Útgáfa lagasafns 1973 var undir stjórn dr. Ármanns Snævars hæstarréttardómara, sem einnig annaðist ritstjórn lagasafns 1963 og var meðritstjóri lagasafns 1954.

Nokkuð er síðan farið var að huga að útgáfu nýs lagasafns. Á fyrri hluta árs 1979 áttu sér stað viðræður dr. Ármanns og þáv. dómsmrh. og sendi dr. Ármann ráðh. minnisgreinar um útgáfu lagasafns í aprílmánuði það ár. Um sumarið ræddu fulltrúrar rn. við forstjóra Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg um möguleika prentsmiðjunnar til að taka verkið að sér og prenttækniatriði.

Við stjórnarskipti í október tók málið nýja stefnu. Ráðh. ritaði lagastofnun Háskólans bréf, dags. 30. okt. 1979, þar sem stofnuninni var falið að sjá um útgáfu nýs lagasafns sem gefið yrði út af rn. Var Lagastofnun falið að skipa ritstjórn til að annast undirbúning og framkvæmd útgáfunnar að höfðu nánara samstarfi við rn. Lagastofnun svaraði þessu bréfi 14. nóv. 1979. Féllst stjórn stofnunarinnar á að taka að sér verkið, ef um semdist að öðru leyti, en taldi nauðsynlegt, áður en lengra yrði haldið, að ræða nánar við rn. um framkvæmd verkefnisins, og taldi rétt að gert yrði samkomulag um þessi atriði milli rn. og Lagastofnunar.

Í byrjun febrúar 1980 kynnti forstöðumaður Lagastofnunar rn. drög að samningi um útgáfuna. Málið lá síðan niðri nokkra hríð.

Í lok október síðasta árs fóru fram óformlegar viðræður milli fulltrúa rn. og forstöðumanns Lagastofnunar og forseta lagadeildar. Í febrúar s. l. ræddu síðan um málið ráðuneytisstjóri og forstöðumaður Lagastofnunar og skyldi málið þá tekið fyrir á aðalfundi Lagastofnunar. Í framhaldi af þeim fundi lagði forstöðumaður fyrir hönd Lagastofnunar til að hlutverkum við útgáfu safnsins yrði skipt sem hér greinir:

I. Lagastofnun hafi með höndum þessi verkefni:
   1. Að skipuleggja útgáfu lagasafnsins, að búa handrit til prentunar og líta eftir framkvæmd verksins.
   2. Að sjá um samningu efnisyfirlits, skráa og lykla.
   3. Að annast allan prófarkalestur.

4. Að ráða ritstjóra, einn eða fleiri, og aðra starfsmenn til að vinna framangreind verkefni eftir því sem ástæða þykir til.

II. Dómsmrn. hafi með höndum þessi verkefni:
1. Að velja prentsmiðju og önnur bókagerðarfyrirtæki til prentunar og bókbands og annast allar samningsgerðir við þau.
2. Að ákveða ytra útlit ritsins, svo sem pappír, leturgerð, brot og band.
3. Að annast allar útborganir, aðrar fjárreiður og reikningshald vegna verksins.
4. Að sjá um dreifingu ritsins.

III. Lagastofnun og dómsmrn. hafi þó samráð um öll atriði er greinir hér að framan.

IV. Lagastofnun og dómsmrn. ákveði sameiginlega þóknun ritstjóra og annarra starfsmanna sem vinna að undirbúningi útgáfu.

V. Lagastofnun láti í té án endurgjalds húsnæði og aðra aðstöðu til að vinna verkið.
Dómsmrn. greiði annan kostnað við verkið, svo sem laun ritstjóra og annarra starfsmanna, þ. á m. vélritara.

VI. Forstöðumaður Lagastofnunar staðfesti alla reikninga fyrir verk sem unnin eru í umsjón stofnunarinnar.

VII. Lagastofnun fái endurgjaldslaust 25 eintök af lagasafninu í þeim búningi sem það ber á almennum markaði.

Varla þarf að taka það fram, að gengið er að því vísu að allar tekjur af sölu lagasafnsins gangi til dómsmrn.

Nokkrar viðræður hafa síðan átt sér stað milli forstöðumanns og fulltrúa rn., m. a. um skipun ritstjórnar. Þá hefur verið unnin nokkur undirbúningsvinna, en tveir laganemar hafa í haust unnið að því að færa inn lagabreytingar til undirbúnings efnisskrár.

Á fundi Lagastofnunar 25. sept. s. l. var síðan kosin ritnefnd lagasafns og ritstjóri. Voru kosnir í ritnefnd: Ármann Snævarr hæstaréttardómari, formaður, Björn Friðfinnsson fjármálastjóri og Sigurður Líndal prófessor. Ritstjóri var kosinn Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Ráðuneytið hefur síðan staðfest tillögur Lagastofnunar um verkaskiptingu við útgáfu safnsins. Umsjónarmaður að hálfu rn. með allri útgáfunni er Ólafur Walter Stefánsson skrifstofustjóri.

Ég hef hér rakið nokkuð undirbuning að útgáfu nýs lagasafns, sem fallast má á að dregist hafi um of, en á því eru nokkrar skýringar, sem eigi skulu raktar hér.

Hvenær er þess þá að vænta, að nýtt lagasafn komi út? Ég hef lagt á það ríka áherslu, að útgáfan verði í svipuðu formi og undanfarið, en að nýtt verði sú prenttækni sem komið geti að haldi gagnvart síðari tíma. Á þessu stigi verður erfitt að segja til um útgáfutíma. Frágangur handrits til prentunar tekur nokkra mánuði. Óvarlegt er að ætla minna en eitt ár til bókagerðarvinnu. Nýs lagasafns er naumast að vænta fyrr en á árinu 1983. Má það eigi síðar verða, en þá verður núverandi lagasafn 10 ára gamalt. Á það mun ég þó leggja ríka áherslu, að allri vinnu verði hraðað svo sem verða má.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég hygg að það sé eðlileg þróun, að Lagastofnun Háskóla Íslands hafi þetta verkefni með höndum, þó allur hafi sá ferill orðið flóknari og fjölbreytilegri en ætlað var. En erindi mitt hingað er að spyrja hæstv. ráðh. um það, sem oft hafa verið hugmyndir uppi um, hvort lagasafnið verði gefið út á lausum blöðum. Miklu auðveldara væri þá, þegar lögum hefur verið breytt — en fram kom hjá fyrirspyrjanda að upp undir 100 lög bætast við á hverju ári — að taka út það, sem þarf að breyta, og bæta inn því, sem hefur komið nýtt, án þess að spilla heildarverkinu.

Það er augljóst að þegar 10 ár líða milli útgáfu lagasafna, eins og hér er verið að lýsa, veldur það víða miklum óþægindum og miklu víðar en í þingnefndum á hinu háa Alþingi.

Mig langar að spyrja dómsmrh.: Hvað miðar þeim hugmyndum eða hefur eitthvað verið um það fjallað frekar að lagasafn verði gefið út á lausum blöðum til að auðvelda allt þetta starf? Það virðist sem smæð þjóðfélagsins valdi því, að lagasafn sé svo sjaldan gefið út sem raun ber vitni, en það veldur aftur miklum óþægindum. Spurning mín til hæstv. ráðh. er því þessi: Hvað miðar hugmyndum um lagasafn á lausum blöðum?

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Ég vil þakka hæstv. ráðh. hans svör. Eins og fram kemur er þetta allt á síðasta snúningi. En ég skildi hæstv. ráðh. svo, að það ætti að vera tryggt að ekki mundi standa á fjármagni til að útgáfan geti gengið eins hratt fyrir sig og kostur er.

Það má auðvitað hugsa sér margt í sambandi við lagasafnið, löggjafarstarf og annað. Sú hugmynd hefur skotið sér niður, að kannske væri rétt að á bókasafni Alþingis væri lagasafn þar sem inn væru færðar þær lagabreytingar, sem orðið hefðu, með aðgengilegum hætti þannig að þm. gætu þar gengið að lögum eins og þau eru á hverjum tíma. Það er einnig hugsanlegt, að hér á Alþingi sé maður sem komi í stað laganefndar og leiðbeini þm. um hvað séu landslög, hvaða lög gildi um hvaða atriði. Um þetta hef ég oft hugsað, en auðvitað er nauðsynlegt að þær hugmyndir verði betur þróaðar en svo að ég sjái ástæðu til að reyna að gera grein fyrir þeim hér.

Ég sem sagt þakka ráðh. fyrir svör hans og vænti þess, að hann beiti sér fyrir því, að nægilegt fjármagn verði til þess að þetta starf geti gengið eins hratt og kostur er.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því, að hægt verði að hraða útgáfunni svo sem frekast er kostur, eins og hv. fyrirspyrjandi drap á.

Út af fsp. hv. 9. þm. Reykv., hvað miði hugmyndum um lagasafn á lausum blöðum, skal tekið fram að þessi hugmynd er í athugun sem og fleiri hugmyndir sem varða útgáfu lagasafns í framtíðinni. Sannleikurinn er sá, að öllum er ljóst að það er of lítið að gefa lagasafn aðeins út á 10 ára fresti. En þarna vorum við komnir í algjöra tímaþröng svo að við sáum þess ekki nokkurn kost að breyta um útgáfuform.

Það hafa komið fram ýmsar hugmyndir um að breyta þessari útgáfu og bæta hana. Á Norðurlöndum mun besta lagasafnið og það safn, sem mest er til vandað, vera „Karnov-safnið" danska, en það er dýr útgáfa og þarf að hyggja vel að því.

Ég sá ekki annan kost en láta gefa lagasafnið út nú sem næst í þeirri mynd sem verið hefur. En það eru ýmsar hugmyndir á lofti um það, hvernig eigi að haga þessari útgáfu til frambúðar, svo sem hvort eigi að flokka lögin eftir efni, eins og nú er gert, eða hvort þeim skuli skipa í tímaröð, hvort þau cigi að vera á lausum blöðum eða með öðrum hætti. Allt þetta er til athugunar. En eins og

nú horfir verðum við fyrst og fremst að einbeita okkur að því að lagasafnið geti komið út sem allra fyrst og þá í svipuðu formi og verið hefur.

Endurskoðun laga um fasteignasölu, fsp. (þskj. 94). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Nú er liðið um það bil 1 1/2 ár síðan samþykkt var hér á Alþingi þáltill. um kaup og sölu á fasteignum sem fól í sér endurskoðun á lögum um fasteignasölu. Þrátt fyrir að svo langur tími sé liðinn hefur slík endurskoðuð löggjöf um fasteignasölu ekki verið lögð fram hér á hv. Alþingi. Reyndar er mér ekki kunnugt um hvort yfirleitt hafi nokkuð verið gert í þessu máli af hálfu rn. síðan þessi þáltill. var samþykkt. Því þykir mér ástæða til að spyrja hæstv. dómsmrh. og hef lagt fram um það fsp. sem hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd á þál. sem samþykkt var á Alþingi 29. maí 1980 um kaup og sölu á fasteignum er fól í sér endurskoðun á lögum um fasteignasölu, nr. 47/1938, og öðrum reglum sem um fasteignaviðskipti gilda?"

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Spurt er hvað líði framkvæmd þál. frá 29. maí 1980 um kaup og sölu á fasteignum er fól í sér endurskoðun á lögum um fasteignasölu nr. 47/1938 og öðrum reglum sem um fasteignaviðskipti gilda.

Prófnefnd fyrir löggilta fasteignasala, sem starfar samkvæmt gildandi lögum um fasteignasölu, hefur tekið saman drög að frv. til nýrra laga um löggilta fasteignasala. Eru þau drög til athugunar í rn. og er þess að vænta, að unnt verði að leggja fyrir yfirstandandi Alþingi frv. til l. um löggilta fasteignasala.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. greinargóð svör hans og fagna því, að hreyfing er á þessu máli og við megum vænta þess, að fyrir þetta þing verði lögð fram endurskoðuð löggjöf um fasteignasölu. Ég tel mjög mikla nauðsyn á að slík endurskoðun fari fram á þessari löggjöf þar sem betur væri tryggð en nú er gert réttarstaða kaupanda og seljanda til að koma á bættum viðskiptaháttum í fasteignasölu, en reynslan sýnir að full ástæða er til að tryggja betur með lagasetningu en nú er gert slík viðskipti í fasteignasölu til að fyrirbyggja óþarfaágreining og koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón sem af slíkum viðskiptum getur skapast. Það segir sig sjálft, að um er að ræða gífurlega fjármuni í slíkum viðskiptum og oftast aleigu fólks, þannig að mikilvægi fullkominnar og nákvæmrar lagasetningar um slík viðskipti hlýtur að vera ótvíræð, enda hagsmunir margra í húfi að vel sé frá slíku gengið.

Ég ítreka þakklæti mitt til ráðh. fyrir greinargóð svör.

Sameinað þing, 23. fundur.

Fimmtudaginn 19. nóv., að loknum 22. fundi.

Sjónvarp á vegum einkaaðila, þáltill. (þskj. 106). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Umfjöllun þingnefnda um reglugerðir, þáltill. (þskj. 51). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfsmat ríkisstarfsmanna og starfsfólks ríkisbankanna, þáltill. (þskj. 68). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kalrannsóknir, þáltill. (þskj. 91). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Stefnumörkun í fjölskyldumálum, þáltill. (þskj. 59). — Ein umr.

Flm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Á þskj. 59 flyt ég ásamt hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, og hv. þm. Níels Á. Lund svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd til þess að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu og til þess að gera henni kleift að sinna vel uppeldis- og umönnunarhlutverkum sínum."

Þessi till. var flutt í örlítið öðru formi á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Er mér kunnugt um að allshn., er fékk till. til meðferðar, sendi hana nokkrum aðilum til umsagnar, m. a. Jafnréttisráði, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Kvenréttindafélagi Íslands og Félagi einstæðra foreldra. Í umsögnum þessara aðila kom fram jákvæð afstaða til till., og þessi mál hafa einnig komið til umræðu hjá stjórnmálaflokkunum. Virðist mér skilningur á mikilvægi þeirra fara vaxandi. Till. er nú flutt á ný í þeirri von að hið háa Alþingi samþykki hana nú í vetur.

Þær miklu þjóðfélagsbreytingar, sem átt hafa sér stað á Íslandi á þessari öld, hafa gerbreytt hlutverkum ýmissa þjóðfélagsstofnana og skapað nýjar. Iðnaður og framleiðsla hafa í ríkum mæli færst út af heimilunum og æ meira er keypt að af varningi og þjónustu. Mikilvægir þættir menntunar fara fram utan heimilanna, öfugt við það sem áður var, er menn öðluðust menntun og verkþekkingu á heimilinu eða í sínu nánasta umhverfi.

Sú þjóðfélagsstofnun, sem útbreiddust er og líklega hin elsta í mannlegu samfélagi, er fjölskyldan. Hérlendis var hún í senn framleiðslueining, uppeldisstofnun og tryggingastofnun hvers og eins. Iðnaður, matvælaframleiðsla og uppeldi fór fram í skauti fjölskyldunnar á

heimilum sem voru sér næg um flest það sem við þurfti í fátæku landi. Þrátt fyrir þær miklu breytingar, sem orðið hafa, er þó margt enn í höndum fjölskyldunnar. Ýmislegt, er áður var einkamál heimilisins og fjölskyldunnar, er nú í verkahring opinberra aðila. Innan fjölskyldunnar mótast börn og unglingar og þar fer fram afdrifaríkasti hluti uppeldis þeirra, sá hluti sem mestu skiptir að vel takist til um. Samskipti manna og hæfileikinn til samstarfs við aðra mótast af heimilunum og í tengslum við eldri og yngri er menn alast upp með. Framtíðarheill hvers og eins er að verulegu leyti undir því komin, hvaða veganesti hann fær á bernskuheimili sínu. Þar geta skólar og uppeldisstofnanir lagað til það sem mjög hefur farið úrskeiðis, en geta ekki gert að engu illan arf frá sundruðum og óhamingjusömum fjölskyldum.

Með till. þeirri, sem hér er flutt, er áhersla lögð á að stuðlað verði að því, að fjölskyldan verði efld og vernduð. Það, sem við er átt, er að fjölskyldan verði áfram mikilvægur kjarni þjóðfélagsins og henni gert fært að sinna hlutverkum sínum eins vel og kostur er.

Mikilvægur þáttur allra fjölskyldumála er að stuðla að jafnri aðstöðu allra án tillits til kynferðis, stöðu, efnahags eða búsetu. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, eins og áður sagði, að meðal þjóðarinnar er vaknaður áhugi á fjölskyldumálum og mikilvægi þess, að fjölskyldan geti sinnt sínum hlutverkum. Flm. telja að nauðsynlegt sé að samræma hin ýmsu sjónarmið flokka og hópa um fjölskyldumál með því að kanna m. a. hvaða lagaákvæði hugsanlega stuðla fremur að upplausn fjölskyldunnar en samheldni hennar eða geri henni erfitt fyrir að sinna hlutverkum sínum.

Leggja þarf drög að heildaráætlun að löggjöf um fjölskyldumál. Starf nefndar þeirrar, er lagt er til að sett verði á laggirnar, verður fyrst og fremst að kanna hvað neikvætt er í ríkjandi lögum að því er snertir fjölskylduna, en jafnframt að benda á úrræði til að gera hana sterkari og hæfari í starfi sínu. Margt þarf að athuga í þessu sambandi. Kanna verður tryggingamál, framfærsluskyldu, dagvistunartíma, skólatíma, sifjalöggjöf, atvinnumál og vinnu.

Spyrja verður hvort eitthvað sé í tryggingalöggjöfinni sem veldur því, að einhverjum aðilum er hagur í því að leysa upp fjölskylduna. Er heppilegt að nema úr gildi ákvæði um gagnkvæma framfærsluskyldu barna og foreldra? Á að leggja alla áherslu á að fjölga dagvistunarstofnunum eða á að gera foreldri eða foreldrum fært að annast börn sín heima? Á hvern hátt spillir sundurslitinn skólatími hagkvæmu heimilishaldi og fjölskyldulífi? Er ekki kominn tími til að ræða í alvöru um nauðsynina á skólamáltíðum? Þarf ekki að athuga hver áhrif langur skólatími hefur á börn og aðstandendur þeirra? Og ber ekki að leggja áherslu á að börn og unglingar geti sótt sem flestar tegundir skóla á skyldunámsstigi í grennd við heimili sín? Getur sveigjanlegur vinnutími auðveldað fjölskyldulífið? Á hvern hátt stuðla skattalög að hnignun eða viðgangi fjölskyldunnar? Og síðast en ekki síst, ber ekki að taka upp þá meginstefnu í launamálum, að einföld dagvinna nægi til framfærslu meðalfjölskyldu?

Þetta eru nokkur af þeim fjölmörgu atriðum sem kanna verður.

Jafnframt því að fjölskyldan er efld opnast möguleikar á að færa margt af því, sem er falið stofnunum af ýmsu tagi, aftur til fjölskyldunnar. Margar velferðarstofnanir — eða réttara sagt stofnanir sem sjálfsagðar þykja í velferðarríki — eru næsta þarfar og hafa unnið ómetanlegt gagn. En því má ekki gleyma, að þær eru fyrst og fremst hjálparstofnanir sem eiga að taka við þegar önnur úrræði þrýtur. Þróunin hefur hins vegar orðið sú, að þær taka að sér æ meira af verkefnum fjölskyldunnar. Draga verður í efa að slíkt uppeldi á stofnunum sé að öllu leyti hollt fyrir þjóðfélagið og þegna þess. Það er brýnt verkefni að stuðla að því, að heimilum verði gert kleift að annast ýmsa þætti umönnunar sem nú fer fram að mestu á stofnunum eða hælum.

Sem dæmi skal nefnt að taka verður til rækilegrar athugunar á hvern hátt öldruðum verður gert fært að dveljast á eigin heimili eða í umsjá aðstandenda sinna. Til þess þarf m. a. að efla heimilisaðstoð og heimahjúkrun, lækka þarf eignarskatt á öldruðu fólki og gefa því kost á að kaupa íbúðir sem hannaðar eru með þarfir aldraðra í huga. Margar þeirra, er nú dvelja í stórum íbúðum eða einbýlishúsum, mundu fúslega skipta á þeim og íbúðum sem betur henta og þar sem þeir geta fengið nauðsynlega aðstoð. Einnig ber að taka til athugunar hvort ekki er hægt að veita einhverjar ívilnanir þeim sem hafa aldraða ættingja sína á heimilinu.

Gera verður foreldrum og uppalendum kleift að vera eins mikið með börnum sínum og unnt er. Til þess að svo geti orðið þarf mjög víða að endurskoða vinnutíma og vinnuálag. Enn skal minnt á nauðsyn þess að gera skólabörnum mögulegt að fá máltíðir í skólum. Slíkt er brýn nauðsyn. Aðstaða til frístundastarfs og íþrótta er mikilvægt atriði í þessu sambandi.

Varla ætti að þurfa að minna á hvað starf að bindindismálum er gífurlega mikilvægt fyrir þjóðfélagið allt. Áfengi er e. t. v. það sem veldur börnum þessa lands hvað mestu böli. Óhófleg áfengisneysla leggur fleiri heimili í rúst en allt annað samanlagt. Skólinn, kirkjan og félög verða að sameinast í baráttunni við áfengisbölið.

Þetta eru nokkur atriði sem athuga verður þegar stefna í fjölskyldumálum er mörkuð.

Megintilgangur með flutningi þessarar till. er að ýta undir umr. um þessi mál, hvetja til aðgerða til verndar og eflingar fjölskyldunni. Allar hamingjusamar fjölskyldur eru eins, en óhamingjusamar fjölskyldur eru það hver á sinn hátt, sagði Tolstoj. Um hamingjusamar fjölskyldur er ekki margt að segja, þær sjá yfirleitt um sig sjálfar. Það eru óhamingjusömu fjölskyldurnar sem huga þarf að og finna leiðir til að koma í veg fyrir að þær verði til. Uppeldi barna og unglinga leggur grunninn að lífshamingju þeirra. Góð uppeldisskilyrði skapa hamingjusama einstaklinga. Það hlýtur að vera eitt mikilvægasta hlutverk löggjafans að stuðla að góðu mannlífi í landinu. Tryggja verður efnahagslegt og félagslegt öryggi foreldra og annarra uppalenda, en jafnframt að gera fólki ljósa þá ábyrgð sem því fylgir að ala upp börn.

Herra forseti. Á hverju þingi eru flutt ýmis mál er til umbóta og framfara horfa. Mörg þeirra snerta með einum eða öðrum hætti þau mál sem hér er fitjað upp á. Ég tel að þó skorti enn nokkuð á að litið sé í samhengi á þessi mál og það haft í huga, að tilgangurinn með löggjafarstarfinu á að vera að stuðla að betra mannlífi, fegurra og fjörugra þjóðlífi, og byggt á þeirri skoðun, að slíkt verði aðeins gert með því að auka möguleika hvers og eins til að nýta hæfileika sína. Það er á heimilunum sem grunnurinn er lagður, það er fjölskyldan sem mótar einstaklinginn og þess vegna ber að efla hana og gera henni fært að annast það hlutverk sitt.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þó að þessi till. láti ekki mikið yfir sér er henni þó ætlað að steypt sé í eina löggjöf málefnum sem spanna raunar yfir mjög stóran hluta þeirra viðfangsefna sem fjallað er um bæði í bæjarstjórnum og á Alþingi. Í tillgr. er talað um að undirbúa löggjöf um samræmda stefnu í málefnum er varða eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu, og í grg. eru nefnd í þessu sambandi tryggingamál, framfærsluskylda, dagvistarmál, skólatími, sifjalöggjöf, atvinnumál, vinnutími, skattamál, launamál, húsnæðismál, íþróttaiðkanir og frístundastarf og vandamál aldraðra sem þurfi að taka til athugunar varðandi þessa löggjöf.

Þegar til þessa er litið, að till. spannar raunar yfir allan þennan fjölda málaflokka, þá hlýtur að vera nauðsynlegt að fá fram hvernig flm. hugsa sér að taka eigi á þessum málum. Án skilgreiningar á því er till. marklaus. Í tillgr. er talað um löggjöf um samræmda stefnu og nefndir til í grg. 12—15 stórir og raunar ólíkir málaflokkar. Hvernig hugsa flm. sér útfærslu á slíkri löggjöf? Er hugmyndin að samræma í eina heildarlöggjöf alla þá þætti, öll þau viðfangsefni á pólitíska sviðinu sem stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar? Þurfum við þá ekki að tína til fleiri þætti en hér eru upp taldir í grg.? Hvað með skipulagsmál, umhverfismál, snerta þau ekki einnig málefni fjölskyldna? Hvað með foreldrafræðslu, fjölskylduráðgjöf, fullorðinsfræðslu? Eigum við að taka þessa þætti inn í samræmda löggjöf til að vernda og efla fjölskylduna, eins og segir í grg.? Hvernig getum við verndað og eflt hag fjölskyldna sem þurfa að fást við hin ýmsu vandamál sem af fötlun einstaklinga innan fjölskyldna leiðir? Eigum við að taka vandamál þeirra upp í samræmda löggjöf til að efla og vernda hag fjölskyldunnar? Af hverju eru þessum málaflokkum ekki einnig gerð skil í grg. ef samræma á í löggjöf málefni er snerta hag fjölskyldna í þessu landi?

Þm. hljóta að verða að fá svar við því og nánari skilgreiningu, hvað við er átt í þessari till., sem einungis kveður á um að koma á löggjöf um samræmda stefnu er varðar eflingu og vernd fjölskyldunnar með tilliti til mikilvægis hennar í þjóðfélaginu, án þess að fram komi nokkur skilgreining á hvernig ná eigi því marki. Bæði félagssamtök og stjórnmálaflokkar hafa sett fram marktæk stefnumið og hugmyndir sem hafa þann tilgang að treysta fjölskylduna í sessi. Ljóst er að þessir aðilar hafa mismunandi sjónarmið á því, hvernig skipan þessara mála eigi að vera, hvaða leiðir séu heppilegastar til þess að vernda hag fjölskyldna. Viðhorf manna og stjórnmálaflokka eru mismunandi og margvísleg í þessu efni og kannske ekki síður ólík í þessum málum en öðrum og taka fyrst og fremst mark og mið af lífsviðhorfum fólks og stefnumálum hinna ýmsu flokka.

Reynt hefur verið að koma á félagsmálalöggjöf t. d. og nefnd starfað að því að sameina í eina löggjöf hin ýmsu viðfangsefni á félagsmálasviðinu. Það hefur ekki enn tekist, og skilst mér að sú nefnd hafi klofnað í afstöðu til þess máls. Ef von á að vera um að koma á samræmdri löggjöf um öll þau mál, er snerta málefni fjölskyldna og taka til enn fleiri þátta en beint snerta hið félagslega svið, þá hlýtur að vera lágmarkskrafa að þeir, sem leggja það til, geri þingheimi grein fyrir því, hvernig þeir vilja ná því markmiði, skilgreini að hverju beri að stefna í þeim málaflokkum sem upp eru taldir. Hlýtur það einnig að vera nauðsynlegt fyrir þá nefnd, sem fær þetta verkefni til úrlausnar og ráð er fyrir gert í þessari þáltill., að fá fram skilgreiningu á hver sé vilji löggjafans í þessu efni með tilliti til hvers málaflokks um sig sem miðar að því að vernda og efla hag fjölskyldna.

Á flokksþingi Alþfl. í síðasta mánuði var einmitt fjallað um þessi mál. Þar var nákvæmlega skilgreind stefna Alþfl. í hverjum þeirra málaflokka fyrir sig sem snerta fjölskyldumálefni. Í hverjum málaflokki fyrir sig var skilgreind stefnan um að hverju bæri að keppa til að vernda og efla hag fjölskyldna. Þegar rætt er um stefnumörkun í fjölskyldumálum hljóta stjórnmálaflokkar að viðhafa slík vinnubrögð ef þeir vilja láta taka sig alvarlega í þeim málum. — Þetta vildi ég láta koma fram við 1. umr. um þetta mál.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, þáltill. (þskj. 98). — Ein umr.

Flm. (Jón Sveinsson): Herra forseti. Á þskj. 98 hef ég leyft mér að flytja till. til þál. um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna, sem orðist þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. skipun þriggja manna nefndar til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara.

Í nefndinni sitji einn fulltrúi tilnefndur af Slysavarnafélagi Íslands og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar, annar tilnefndur af Siglingamálastofnun ríkisins og sá þriðji tilnefndur af Hafnamálastofnun ríkisins.

Skal starf nefndarinnar miða að því:

a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta,

b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta,

c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins,

d) að gera tillögur um leiðir til úrbota í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis. Ofangreind athugun og tillögugerð skal liggja fyrir eigi síðar en í árslok 1982".

Svo sem fram kemur í grg. með till. er kunnara en frá þurfi að segja sú mikla slysatíðni sem ár hvert á sér stað við hafnir landsins. Eru hafnarmannvirki, bryggjur og landgangar skipa og báta í mörgum tilvikum illa útbúin og bjóða í sumum tilvikum beinlínis hættunni heim. Stigar á bryggjum eru og oft illa merktir, þeim illa fyrir komið og stundum jafnvel huldir dekkjum, sem gera notkun þeirra illmögulega, og einnig útbúnir handföngum, sem oft eru það fjarri að erfitt er að ná til þeirra við slæm skilyrði, svo sem í vondum veðrum og í hálku. Þá eru lausabryggjur, flotbryggjur, borðstokkströppur, landgangar og annar algengur öryggis- og tækjabúnaður sums staðar alls ekki til eða þá svo óhönduglega fyrir komið, að ekki kemur að gagni. Sjást alls þessa glögg merki er farið er um hafnir landsins, þó að vissulega sé þar misjafnlega búið að eftir stöðum.

Loks eru þekkt þau umferðarslys sem orðið hafa við

hafnir landsins og stundum má rekja beint og óbeint til vanbúinna bryggjukanta sem vafalaust hefði mátt koma í veg fyrir við frumhönnun og byggingu hafnarmannvirkja.

Þannig mætti halda áfram að telja upp einstök dæmi um orsakavald slysa eða meðvald.

Staðfestingu hinnar miklu slysatíðni má m. a. einnig finna í töflu þeirri sem ég hef tekið saman um fjölda slysa við hafnir landsins og landgang skipa frá árinu 1975 til miðs árs 1981 og fram kemur í grg. með till. Eru þessar tölulegu staðreyndir, sem segja meira en mörg orð, byggðar á upplýsingum frá Slysavarnafélagi Íslands, þ. á m. Árbókum félagsins 1976—1981. Einnig hefur verið stuðst við skýrslur Rannsóknarnefndar sjóslysa árin 1975—1980.

Samkv. þessum upplýsingum voru sjóslys og drukknanir, þ. e. dauðaslys í höfnum hér við land árið 1975 fimm talsins, 1976 tólf, 1977 sjö, 1978 átta, 1979 fjögur, 1980 átta og fram til miðs árs 1981 tvö, eða samtals 46, og í höfnum erlendis 1976 eitt, 1979 tvö, 1980 eitt og til miðs árs 1981 eitt, eða alls fimm. Umferðarslys, þar sem ekið eða hjólað hefur verið út af bryggju, voru tvö árið 1975, eitt árið 1976, eitt 1977, fjögur 1979, þrjú 1980 og eitt til miðs árs 1981, eða alls 12 á þessu tímabili. Á sama tímabili voru drukknanir alls með skipum, í ám, vötnum, við fall útbyrðis, við útafakstur og fleira alls 179, þar af 21 1975, 38 1976, 18 1977, 21 1978, 33 1979, 35 1980 og 13 til miðs árs 1981.

Vekur athygli við þessa upptalningu hversu hátt hlutfall dauðaslysa við hafnir landsins er af heildarfjölda drukknana nefnt tímabil, eða 58 af 179. Er hér um að ræða um það bil þriðjung allra slíkra slysa, en eins og kunnugt er eru það sjóslys skipa og báta sem til þessa hafa verið talin mannfrekustu slysin hvað drukknanir snertir hérlendis.

Slysfarir einstaklinga í höfnum og við land hérlendis eru þó miklum mun tíðari en þessar tölur gefa til kynna, svo sem allar þær giftusamlegu bjarganir, sem tekist hafa, bera vott um. Tókust 9 bjarganir árið 1975, 24 1976, 22 1977, 11 1978, 14 1979, 23 1980 og 7 til miðs árs 1981, eða alls þetta tímabil 110. Einnig vekur sérstaka athygli fjöldi drukknana í höfnum erlendis eða alls fimm nefnt tímabil. Fullyrða sjómenn að öryggisbúnaði sé víðast hvar erlendis mun betur fyrir komið en hér tíðkast, a. m. k. í Evrópu og Bandaríkjunum, enda mjög strangar reglur víða um aðbúnað og landgang skipa. Er máske í því að finna skýringu á því, að slysin eru ekki fleiri en hér kemur fram, þó að talan sé vissulega nægilega há.

Þá er einnig umhugsunarverður hinn mikli fjöldi slysa á sjómönnum við ferðir að og frá skipi. Á tímabilinu 1975—1980 voru þau sem hér segir og eru þá dauðaslys ekki meðtalin:

Árið 1975 32, 1976 26, 1977 17, 1978 29, 1979 6 og árið 1980 18, eða alls 128. Ekki hefur tekist að afla upplýsinga um hversu mörg þess konar slys hafa átt sér stað til miðs árs 1981, en munu þó vera nokkur, og ætti því tala þessi vafalaust að vera nokkru hærri. Er hér aðallega um að ræða slys vegna falls úr eða í landgangi, á bryggju, við að klöngrast á milli skipa og báta eða við að komast á eða af bryggju úr stiga, svo nokkuð sé nefnt. Hvað þennan flokk slysa snertir er þó rétt að taka fram að talan um fjölda slysa er byggð á skýrslum Tryggingastofnunar ríkisins varðandi bótaskyld tjón sjómanna, en til að slys sé bótaskylt þarf viðkomandi að hafa verið frá vinnu í 10 daga eða lengur, svo sem kunnugt er. Er í mörgum tilvikum um smávægileg meiðsl að ræða sem eigi að síður verða þó talin til slysa. Annarra slysa, sem ekki ná þessu, er hér ekki getið, enda erfitt að fá um þau upplýsingar, þó að vitað sé að nokkuð sé um meiðsl sem ótvírætt mundu falla undir það sem almennt er kallað slys.

Ef tekinn er saman sá fjöldi einstaklinga, sem orðið hefur fyrir slysum við hafnir eða við land hérlendis það tímabil sem hér hefur verið gert að umtalsefni, og bjarganir eru þar taldar með, kemur í ljós að alls hafa 296 einstaklingar orðið fyrir slysum. Er slík tala allt of há og gefur því að mínu mati fulla ástæðu til athafna og aðgerða. Gefa öll þessi tilvik jafnframt ástæðu til að ætla að öryggisbúnaði við hafnir landsins sé víða mjög ábótavant. Virðist það eiga við um hvers konar öryggisútbúnað. Þó er í hafnarreglugerðum og öðrum sambærilegum reglum um búnað skipa kveðið á um ótvíræða skyldu til að gæta aukins öryggis og sjá um betri búnað en nú tíðkast. Eru t. d. kunn ákvæði hafnarreglugerða þar sem segir m. a. að fyllsta öryggis skuli gætt. Einnig er að finna í reglum um vinnuöryggi á fiskiskipum frá 1980 og reglum um vinnuöryggi á flutningaskipum og farþegaskipum, einnig frá 1980, sem settar hafa verið samkv. lögum um eftirlit með skipum, ýmis ákvæði um búnað skipa, svo sem landgang og fleira. Eru allar þessar reglur góðar og gildar svo langt sem þær ná. Ég vil þó leyfa mér að efast um að eftirlit sé hér nægilegt og reglum fylgt til hlítar. Kemur þar ýmislegt til, svo sem peningaleysi hafnarsjóða, útgerðarfélaga og einstaklinga, að ógleymdu athugunarleysinu, sem oft vegur kannske hvað þyngst.

Ástandið í þessum efnum er þó vafalaust nokkuð misjafnt eftir því hvar á landinu er. Segja mér t. d. sjómenn á Akranesi að ástandið sé víða á Austfjarðahöfnum mjög bágborið og langt frá því að vera fullnægjandi. Þá þurfum við ekki að ganga lengi um Reykjavíkurhöfn til þess að merkja augljósar slysahættur, t. d. hvað bryggjukanta snertir og aðbúnað smábátaeigenda á Grandagarði.

Tilefnið er því nægilegt til sérstakrar heildarathugunar á þessum málum. Miðar till. að slíkri úttekt og tillögugerð til fyrirbyggjandi aðgerða og úrbóta. Lagt er til að nefnd sú, sem till. gerir ráð fyrir, hljóti hún samþykki hv. Alþingis, verði skipuð þremur fulltrúum stofnana: Slysavarnafélags Íslands, Siglingamálastofnunar ríkisins og Hafnarmálastofnunar ríkisins, en þær tengjast allar máli þessu, hver um sig þó á sína vísu. Þekkja allir hlutverk og starf Slysavarnafélags Íslands. Hlutverk Siglingamálastofnunar ríkisins er samkv. 2. gr. laga um stofnunina frá 1970 m. a. að annast eftirlit með nýsmíði skipa, búnaði, breytingum og innflutningi og annað almennt eftirlit skipa samkv. lögum um eftirlit með skipum og reglugerðum settum samkv. þeim. Loks er hlutverk Hafnamálastofnunar ríkisins samkv. lögum frá 1973 m. a. yfirumsjón með hafnaframkvæmdum og hafnamálum, svo sem gerð hafnargarða, bryggja, viðlegukanta o. fl. Þykir því óhjákvæmilegt að fulltrúar þessara stofnana sitji í nefndinni.

Vissulega hefði jafnframt verið æskilegt að í nefndinni hefði átt sæti fulltrúi frá sjómannasamtökum landsins og jafnvel Rannsóknarnefnd sjóslysa. Þá hefði ekki verið unnt að komast af með fámennari nefnd en fimm manna,

sem að minni hyggju er of stór og of þung í vöfum sem vinnunefnd af því tagi sem hér er gert ráð fyrir.

Þá má einnig fullyrða að innan Slysavarnafélags Íslands er mikil þekking til á högum og öryggisbúnaði sjómanna, enda eru þar starfandi fyrrverandi sjómenn með mikla reynslu á því sviði sem hér um getur. Er því engin ástæða til að óttast að hagsmuna sjómanna og annarra, sem um hafnir eiga leið, verði ekki gætt í hvívetna. Er reyndar viðbúið að Slysavarnafélagið muni hafa samráð við sjómannasamtök landsins, ef félaginu þykir þess þörf, eins og þess er háttur í öllum viðameiri málum sjómanna.

Verður að ætla nefndinni nokkurn tíma til athugana sinna og tillögugerðar, þar sem ljóst er að verkið er tímafrekt ef að gagni á að koma, erfitt og illframkvæmanlegt við vetrarskilyrði, einkum á landsbyggðinni. Því er nefndinni gefinn nokkuð rúmur tími til starfa, en þó ætlast til að störfum hennar verði lokið í síðasta lagi í árslok 1982.

Sú tillaga, sem hér liggur frammi, snertir ekki aðeins líf og limi þeirra einstaklinga sem erindi eiga um hafnir landsins, heldur snertir hún einnig almennt vinnuöryggi í undirstöðuatvinnugrein okkar, sjávarútvegi og fiskvinnslu. Er því sannarlega ástæða til þess að taka á máli þessu af festu ef verða má til þess að auka öryggi og fækka slysförum. Heyrir maður stundum meðal sjómanna að þeim finnst stór hluti Alþingis og ríkisstofnana þeirra, sem með málefni þeirra fara, sinni öryggismálum sínum af litlum áhuga. Enginn dómur skal á það lagður. En ef svo er, þá er sannarlega kominn tími til að þar verði breyting á. Það er því von mín að till. fá atfylgi hv. alþm.

Að endingu, herra forseti, vil ég leyfa mér að óska þess, að till. verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil nú segja nokkur orð í tilefni af þessari þörfu og ágætu þáltill. sem hér er flutt og flm. hefur fylgt skörulega úr hlaði. Ég fagna því, að þessi mál skuli vera flutt inn á Alþingi í ályktunarbúningi. Ég fagna því m. a. vegna þess að það er nú meira en fjórðungur aldar síðan ég byrjaði að taka þátt í bæði að smíða áskoranir og kröfur á hendur borgaryfirvöldum — bæjaryfirvöldum þá og borgaryfirvöldum Reykjavíkur síðar — á vegum þess stéttarfélags sem ég hef unnið í þennan sama tíma, og reyndar á hendur aðilum sem hér eru nefndir bæði í till. beint og hv. flm. ræddi um og minntist á. Því miður er það rétt sem kom fram hjá honum, að á okkur hefur verið afskaplega lítið hlustað á liðnum árum hér í Reykjavík um öryggismál þeirra sem um Reykjavíkurhöfn þurfa að fara. En hv. flm. benti réttilega á það líka, að þessu er því miður mjög illa farið annars staðar á landinu, víða annars staðar, þótt sumar hafnir eigi hins vegar hrós skilið — eða þeir sem þar stjórna eigi hrós skilið fyrir þann öryggisbúnað sem þeir hafa komið þar upp vegna þeirra sem þar þurfa að ferðast til skips og frá og um bryggjurnar sjálfar. Hvort það sé frekar á Austfjörðum en annars staðar skal ég ekki fara orðum um. En ég þekki til í minni heimabyggð og ég veit að þar má margt gera til úrbóta enn, þótt nokkuð hafi vissulega verið gert þar til úrbóta. En ósköp virðast þykk eyrun á þeim sem stjórna borginni, að ég tali nú ekki um hafnamál Reykjavíkurborgar, þegar rætt er um öryggi sjómanna við umferð í Reykjavíkurhöfn.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram hér um leið og ég þakka flm. fyrir. Það er eitt atriði sem hér hefur komið fram, sem ég er ekki alveg sammála honum um og bið að sjálfsögðu viðkomandi nefnd um að athuga. Ég tel að það þurfi ekki að vera til skaða að nefndarmenn verði fimm, einfaldlega vegna þess að þó ég treysti engum félagsskap betur en Slysavarnafélagi Íslands, sem hefur, eins og flm. réttilega gat um, hina ágætustu menn innan sinna vébanda sem hafa vit á viðkomandi málum bæði frá sjónarhorni þeirra, sem í landi starfa, og eins frá sjónarhorni sjómannanna sjálfra, þá finnst mér kannske of mikið í lagt að þessi áhugamannasamtök séu látin standa ein sem sóknaraðili gagnvart þeim tveim aðilum, sem þarna eiga hlut að máli og eru í raun varnaraðilar. Þar ætti sá þriðji að vera líka, þ. e. sveitarstjórnirnar. Samtök sveitarstjórna ættu því að eiga þarna mann og með Slysavarnafélagi Íslands ætti að vera einn fulltrúi t. d. frá Sjómannasambandi Íslands, en bæði Sjómannasambandið og félög innan þess hafa látið sig þessi mál hvað mestu skipta. Að vísu höfum við sem slíkir flutt þessi mál inn á þing Alþýðusambandsins og í sjálfu sér væri ekkert að því þótt fulltrúi frá ASÍ tæki sæti í fimm manna nefnd sem fjallaði um þetta mál. Ég sé ekki að það verði til skaða, ég tel það af hinu góða og einmitt að sú mikla þekking og góði vilji, sem er til hjá Slysavarnafélagi Íslands, muni nýtast enn betur ef það fái með sér mann til að vinna að þessum úrbótum, bæði tillögugerð og kröfugerð sem sjálfsögð er.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það er full ástæða til að fagna þessari till., en ég hafði ekki reiknað með henni í umr. nú. Þetta er 23. mál á dagskránni og ég verð þrátt fyrir allt að átelja það — ekki hæstv. forseta, ég tek það skýrt fram — hve einkennilega menn standa hér að málum. Annaðhvort eru menn ekki tilbúnir með framsögu sína, þegar að málunum kemur, hafa ekki tíma til að sinna því að flytja framsögu fyrir þeim, eru þá komnir út og suður, og sýnir það ekki mikinn áhuga flm. fyrir sínum þáltill., eða þá að hæstv. ráðh. koma og biðja endilega um að mál séu ekki tekin fyrir nema þeir séu viðstaddir, og síðan sjást þeir ekki. Það er sannarlega ekki auðvelt fyrir hæstv. forseta að skipuleggja starf hér í Sþ. þegar að málum er staðið eins og við verðum vitni að núna — og reyndar ærið oft og allt of oft. Ég hlýt að beina því til hæstv. forseta, að hann geri a. m. k. tilraun, þótt ég viti að hann hafi oft gert það, eina tilraunina enn til að fá menn til að sýna örlítinn áhuga á sínum þáltill. þannig að þeir flytji framsögu fyrir þeim, og eins að þeir ráðh., sem hafa gífurlegan áhuga á að fylgjast með málum og halda að eitthvað komi við þeirra kaun kannske í sambandi við tillöguflutninginn, séu þá ekki roknir úr þingsalnum áður en nokkur veit af. En nóg um það.

Ég fullyrði að það mál, sem hér er til umr., er þarfasta mál sem þingið fjallar um nú. Það er því fyllsta ástæða til að taka undir með hv. 1. landsk. þm. að þakka hv. flm. fyrir þetta framtak og mjög vel unnið mál. Ég var að vitna hér í annan hv. þm. sem var að tala um það, að hér kæmu stundum varamenn inn sem væru hreinir vormenn, en aðrir væru eins konar fulltrúar haustsins eins og kom hér fram í umr. fyrir skömmu um aðra þáltill. En það er þó víst og satt, að hér kemur varamaður inn með mál sem er fullrar athygli vert og ástæða er til að fagna.

Við mig hafa talað menn sem eru þessum málum gjörkunnugir, m. a. menn úr Sjóslysanefnd. Þeir hafa

rætt ýmis þau mál sem þeim þykir betur mega fara, sem eru allt of mörg, eins og reyndar kom fram í máli hv. 1. landsk. þm. sem hefur haft af þessum málum mikil og — þó að hann segist hafa talað mjög fyrir daufum eyrum — þrátt fyrir allt farsæl afskipti. Það, sem þessir menn minnast kannske hvað oftast á, er einmitt það atriði sem snertir hafnirnar. Ég er auðvitað viss um að það er misjafnlega vel að verki staðið um allan öryggisútbúnað og gæslu við hafnir landsins. En mörg hörmuleg dæmi, m. a. nýleg, sanna áþreifanlega og óþyrmilega að ekki er svo að þessum málum hugað sem vera skyldi. Og ég get tekið undir það, að ástand á ýmsum Austfjarðahöfnum er því miður alls ekki gott. Ég er hins vegar ekki dómbær um hafnir annars staðar eða hvort ástand þar sé lakara. En ástandið er ekki gott, það er hægt að taka undir það fyllilega.

Gæsla við hafnir landsins er áreiðanlega í lágmarki almennt, og þá komum við að Austfjörðum aftur. Eitt hef ég oft undrast þegar svo mikill floti hefur legið þar inni við bryggju sem raun ber vitni, síldar- eða loðnuflotinn, og síðan fara menn í landi að hugsa til að græða svolítið á þessum loðnusjómönnum eða síldarsjómönnum og slá upp miklum dansleik, sem hefur vissar afleiðingar óhjákvæmilega. Menn fara síðan til skips að sjálfsögðu að lokinni skemmtan, og þrátt fyrir hin verstu skilyrði oft og tíðum og hin verstu veður held ég að það heyri til undantekninga að um nokkra gæslu sé að ræða við þessar hafnir. Eins fer ekki hjá því að maður undrast oft hve illa er staðið að sjálfsögðum öryggisbúnaði við hafnirnar. Frágangurinn við hafnirnar, á hafnarköntum, eins og hér var komið inn á, er líka allt of víða í lágmarki. Víða er þar um hörmulega vanrækslu að ræða, svo að í raun og veru er mesta furða að það skuli ekki verða miklu tíðari slys en raun ber vitni. Og vanræksla hafnaryfirvalda eða öllu heldur andvaraleysi, eflaust er þarna andvaraleysi fyrst og fremst, það vekur undrun mína. Ég nefni það aðeins hér sem eitt dæmi, án þess að vera nokkuð að fara nánar út í það, að eftir mjög hörmulegt dauðaslys í höfninni heima var mjög úr ýmsu bætt við þá höfn. Þó er ómögulegt að segja, þrátt fyrir þær umbætur sem þá urðu, að það sé neitt sérstaklega til fyrirmyndar. En til þess að þær úrbætur yrðu þó gerðar þurfti því miður slys til, hörmulegt dauðaslys.

Það er eflaust rétt, að eftirlitsaðilar og ýmsir hagsmunaaðilar í þessu efni tala oft fyrir daufum eyrum. En ég held líka að um þá aðila, sem eiga þarna að vera til eftirlits, megi segja að einhverju leyti sé andvaraleysi þeirra um að kenna einnig. Vissulega koma svo inn fjárhagsleg atriði, við skulum ekki líta fram hjá því. Hér er um kostnaðarsamar aðgerðir að ræða og menn bera við peningaleysi, eins og reyndar hv. flm. kom inn á. Hafnarsjóðirnir hafa ekki efni á því að sjá um þennan útbúnað. Hafnarsjóðirnir hafa ekki efni á því að vera með þá gæslu sem þarf. Hafnarsjóðirnir geta ekki gengið almennilega frá hlutum. Það er líka hörmulegt að horfa upp á það, hvernig verktakar, t. d. Vita- og hafnamálastofnun, skilja oft við framkvæmdir að hausti við hafnir landsins. Það er hreint með ólíkindum hvað þar er oft illa skilið við og hvernig slysagildrur eru beinlínis búnar til af þessum verktökum. Um þetta þekkja ábyggilega allir hv. þm. fjöldamörg dæmi. Síðast í sumar, þegar ég kom á 2—3 staði á Austurlandi þar sem Hafnamálastofnun var með verk, blöskraði mér viðskilnaðurinn við verk. Öryggisbúnaður var enginn. Menn áttu bara hreinlega að detta í sjóinn, án þess að ég sæi að nokkur leið væri að koma þessum mönnum skjótlega til bjargar. Þeir hafa sjálfsagt verið allvel syndir flestir sem þar unnu. Þó efa ég að svo hafi verið. Ég var sannast sagna ekkert óskaplega ánægður með það, þegar verkstjórinn teymdi mig fram á eina þessa bryggju. Mér fannst einhvern veginn að líf mitt væri í allmikilli hættu, enda er ég ekki vel syndur, og var vissulega ekki óhræddur um líf mitt meðan á þeirri skoðunarferð stóð. En að öllu gamni slepptu í þessu efni, enda er þetta ekki gamanmál, þá var öryggisútbúnaðurinn vegna manna, sem þarna unnu, aldeilis enginn. Og þegar ég spurði verkstjórann hvernig á þessu stæði, þá sagði hann: Ja, þeir bjarga sér nokk. — Ætli það sé ekki meginhugsunin einmitt að baki því andvaraleysi sem hefur verið um þetta allt saman? Jú, menn bjarga sér nokk, ætli það ekki? En stundum ekki, því miður.

Ég held því að það sé mjög þarft að hreyfa þessu máli hér. Bara það, að málið er komið hér á hreyfingu í Alþingi með þessum hætti, vekur menn áreiðanlega til einhverra dáða. Og nefndin, sem vonandi verður skipuð og fær þetta mál til meðferðar, mun einnig í störfum sínum ýta við mönnum svo að þeir herði róðurinn.

Ég vil svo að lokum taka undir með hv. 1. landsk. þm. Ég álít að þeir aðilar, sem hann nefndi hér til viðbótar í nefndina, séu sjálfsagðir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður. Ég ætla bara að lýsa ánægju minni með þessa till. Ég held að þetta sé ein af gagnlegri till. sem hafa komið inn á þetta þing. Það er svo kannske athyglisverðara að það er varaþm. sem flytur till. Ég verð að segja það að þær tölur sem koma fram í grg. með þessari till., koma mér gersamlega á óvart. Það hefur ekki hvarflað að mér að hér væri á ferðinni eins alvarlegt mál og þessar tölur bera með sér, t. d. ef menn hugleiða það, að á 6 ára tímabili verða 128 slys hér á landi við það að fara að og frá skipi, — aðeins það, og að 110 manns hafi verið bjargað frá drukknun í höfnum við landið á sama tímabili kemur mér líka á óvart. Það er líka mjög athyglisvert að hvorki fleiri né færri en 179 drukkna með skipum, í ám, vötnum og við það að falla útbyrðis og vegna útafaksturs á bryggjum á 7 ára tímabili. Þetta er hár tollur, mikil blóðtaka.

Það mál, sem hv. þm. Jón Sveinsson hefur vakið hér athygli á, hlýtur að njóta stuðnings allra þeirra manna sem eitthvað hugsa um þetta. Má í þeim efnum hugleiða m. a., eins og hefur raunar komið fram hjá öllum hv. ræðumönnum, hvernig hægt sé að bæta bryggjukanta, umferð við hafnir og bryggjur, frágang á landgöngum og fleira af þeim toga spunnið.

Herra forseti. Erindi mitt var eingöngu að lýsa fyllsta stuðningi við þessa till. Ég vænti þess, að hún fái hraða og skjóta meðferð í þinginu vegna þess að hún er allra góðra gjalda verð.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um þessa ágætu till., en ég taldi skylt að koma hér upp og þakka fyrir flutning hennar. Ég fagna því, að það skuli vera varamaður úr Vesturlandskjördæmi sem flytur jafngóða till. inn á þing sem þessi till. er. Ég er ekki að segja að það hefði ekki verið jafngott að það hefði verið aðalmaður. En það er gaman að því, að það skuli vera varamaður, því að ýmsir láta þau orð falla, eins og

kom fram í ræðu Helga Seljans, að varamannatillögur séu með ýmsu bragði.

Það eru því miður næg og allt of mörg tilefni til þess, að till. sem þessi sé flutt. Og það má undarlegt heita, að ekki skuli hafa verið tekið á þessu máli miklu fyrr, að þetta mál skuli ekki hafa komið hér inn á hv. Alþingi fyrr. Mér finnst líka dálítið sérstætt að þessi málefni skuli ekki heyra undir Vinnueftirlit ríkisins eða Öryggiseftirlit ríkisins, en mér hefur virst að svo væri ekki. Ég hef verið í hafnarnefnd í rúm 20 ár, og ég man ekki eftir að þangað hafi komið athugasemdir frá Öryggiseftirliti ríkisins eða neinni eftirlitsstofnun um aðbúnað við þá höfn sem ég hef verið hafnarnefndarmaður í. Það virðist því sem þetta stóra vinnusvæði, þ. e. hafnirnar, sé undir mjög takmörkuðu öryggiseftirliti.

Ef maður lítur aðeins í kringum sig við eina höfn, þá eru þar ýmsir hlutir sem stinga í augun strax. Það er t. d. bara lýsing í venjulegri höfn. Yfirleitt er öll lýsing inni á miðjum bryggjum þannig að kantar meðfram bryggjum eru í myrkri við þær aðstæður sem slysin eiga sér oftast stað, þ. e. að næturlagi. Við vitum einnig, eins og tekið var fram af einum ræðumanni, að gæsla við hafnir er víða mjög bágborin. Stigar til þess að komast úr skipi eða í eru yfirleitt illa búnir við hafnir og svo mætti lengi telja. Eins og frsm. benti á eru bryggjukantar mjög víða illa útbúnir, og það snertir ekki aðeins ferð úr skipi og að, heldur líka umferð um hafnarsvæði. Hafa mörg hörmuleg slys átt sér stað af þeim sökum.

Ég vil enn undirstrika það, að ég fagna mjög þessari till., en tek undir till. hv. þm. Péturs Sigurðssonar um það, að ég teldi eðlilegt að fulltrúi Sjómannasambandsins kæmi í þessa nefnd. Ég sé ekki ástæðu til þess að álíta að fimm manna nefnd yrði nokkuð þyngri né verri í störfum en þriggja manna nefnd. Og ég held að það sé nauðsynlegt að fulltrúi sjómanna komi í nefndina, því að einmitt eru það þeir sem þeir annmarkar, sem hér um ræðir, brenna fyrst og fremst á.

Ég vil endurtaka að ég fagna þessari till. og ég vænti þess, að málið fái hér á hv. Alþingi fljóta afgreiðslu og samþykkt.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þá þáltill. sem hér liggur fyrir. Hefur maður kannske það helst við hana að athuga að hafa ekki flutt hana sjálfur. Hér er sannarlega gripið á efni sem full þörf er að taka vel og fast á. Ég minnist þess frá því að ég var barn, að þá var maður hvað smeykastur í lífinu — og var maður þó kjarkmeiri þá en nú — þegar maður var að reyna að komast um borð í togara að taka á móti föður sínum. Maður var í beinni lífshættu og maður var handlangaður um borð af 2—3 mönnum. Þessi þáttur, öryggismál í höfnum, er örlagaríkur. Það er talað um að komast heill í höfn og sagt: hann komst heill til hafnar. Svo kemur það bara upp úr kafinu, að mjög víða er höfnin sjálf aðalhættusvæðið. Ég veit að einstaka hafnir hafa gert átak í þessu, en hvergi nægilega nóg. Sannarlega er þörf á því — ekki aðeins að vekja athygli á þessu máli, heldur að gera rækilega úttekt á ástandi þessara mála, því að það er ótrúlegur fjöldi slysa og mannsláta sem auðveldlega hefði mátt forðast.

Ég styð jafnframt brtt. Péturs Sigurðssonar um að samtök sjómanna eigi fulltrúa í nefndinni og Samband sveitarfélaga, sem mundi þá verða Hafnasamband sveitarfélaga væntanlega. Þeir mundu vísa því þangað. En umfram allt samtök sjómanna. Sannleikurinn er sá, að sá slysafjöldi og sú dánartíðni, sem á sér stað í höfnum hér í kringum allt land og auðveldlega hefði mátt afstýra, má ekki viðgangast lengur.

Ég vil aðeins flytja flm. þökk fyrir þessa till., en jafnframt óska eftir því, að þessu máli verði fylgt eftir. Fari það til nefndar verði því skilað hingað aftur og gengið röskleg til starfa. Við höfum ekki efni á að þessi slysafjöldi haldi áfram og sú dánartíðni haldi áfram sem verið hefur, því að í ótrúlega mörgum og kannske flestum tilfellum hafði auðveldlega mátt afstýra slysi. Það verður að hraða þessu máli gegnum þingið og taka röskleg til starfa. Ég þakka flm.

Flm. (Jón Sveinsson): Herra forseti. Ég vil aðeins hér í lokin þakka hv. alþm. fyrir þær undirtektir sem till. þessi hefur fengið. Ég þakka einnig hv. 1. landsk. þm. fyrir ábendingar hans. Ég get vel tekið undir sjónarmið hans, sem fram komu, enda er hugmynd hans að mörgu leyti eðlileg breyting. Geri ég hugmynd mína um fjölda nefndarmanna ekki að neinu aðalatriði hér og skal að sjálfsögðu ræða það frekar við allshn. þegar málið kemst til nefndar. Fagna ég því, að till. hefur fengið hér umræðu, og ég vonast sannarlega til þess að hún hljóti viðeigandi afgreiðslu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Almannavarnir, þáltill. (þskj. 101). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Við höfum, hv. þm. Helgi Seljan, Eiður Guðnason, Guðmundur Bjarnason og ég, leyft okkur að flytja till. til þál. um eflingu almannavarna á þskj. 101, sem er 98. mál þingsins. Það er óþarfi fyrir mig að hafa mörg orð um þetta mál. Þetta er endurflutt mál, sem ekki hlaut afgreiðslu á þinginu í fyrra vegna þess hve seint það var lagt fram.

Hv. þm., sem standa að þessari till., eru úr öllum stjórnmálaflokkum. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, m. a. með eftirfarandi markmið í huga:

1. Almannavarnir ríkisins verði efldar og þeim tryggður nægur mannafli til að annast aðalverkefni í almannavörnum, þ. e. upplýsingastarfsemi, skipulagsmál, áhættumál, fræðslu- og þjálfunarmál og birgðahald.

2. Þjálfaðir verði umsjónarmenn Almannavarna í hverju kjördæmi landsins, er verði fulltrúar Almannavarna ríkisins í viðkomandi kjördæmi.

3. Komið verði á fót birgðastöðvum Almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysahjálpar, vistunar heimilislausra, fjarskipta og neyðarlýsingar.

4. Lokið verði við uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins.

5. Með aðstoð ríkisfjölmiðlanna verði skipulögð almenningsfræðsla um varnir gegn náttúruhamförum og annarri vá.

6. Starfs- og hjálparlið Almannavarna verði þjálfað á kerfisbundinn hátt samkv. nánari áætlun þar um.

7. Endurskoðuð verði lög um verkefna- og kostnað-

arskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna almannavarna."

Varðandi uppsetningu á viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins skal það tekið fram, að að þessu verkefni er unnið og hefur verið unnið á síðustu árum. Nú þegar hefur orðið talsvert gagn og nokkur árangur af því að hafa slíkt fjarskiptakerfi óháð símakerfi landsmanna. Má í því sambandi nefna nokkur dæmi nýleg frá þessu ári:

1. Þegar víðtækar rafmagns- og símabilanir urðu í Vestur-Skaftafellssýslu í janúar s. l. var almannavarnakerfið notað til að samkeyra raforkukerfið og tengja byggðina á ný.

2. Við bæði skipsströndin á Eyjafjalla- og Landeyjafjörum í vetur sem leið var almannavarnakerfið notað til sambands björgunarflokka við heimastöðvar.

3. Alvarleg veikindi nú í september urðu þess valdandi að flytja varð sjúkling flugleiðis í skyndi frá Kirkjubæjarklaustri. Var símasambandslaust við Klaustur. Fjarskiptakerfi Almannavarna var notað til að koma hjálparbeiðnum á framfæri og veita sjúkraflugmanninum leiðbeiningar.

4. Flugvél Ómars Ragnarssonar fréttamanns hlekktist á við Lakagíga nú í október eins og menn muna. Hjálparliði var leiðbeint með flugvél um talstöðvakerfi Almannavarna.

5. Við björgun á líkum bandarískra flugmanna, sem fórust fyrir 28 árum á Mýrdalsjökli og fundust nú í haust, var talstöðvakerfi Almannavarna eina samband björgunarmanna til byggða og var því notað.

6. Í ofsaveðrinu 16. febr. s. l. var haldið sambandi milli almannavarnastjórna, þar sem stöðvakerfi var komið upp þá, og hélst það órofið allan tímann. Má ætla að þær byggðir, sem þá einangruðust, hefðu haldið öruggu sambandi við kerfið ef það hefði verið komið upp þar.

7. Maður hrapaði nú fyrir nokkru úr háspennumastri og slasaðist. Landsvirkjun greip til almannavarnakerfisins og maðurinn var sóttur samstundis í þyrlu.

Hér hafa verið talin ein sjö dæmi þess, að viðvörunar- og fjarskiptakerfi Almannavarna ríkisins hafi verið notað, ekki eingöngu þegar um hefur verið að ræða vá, þegar Almannavarnir láta til sín taka fyrst og fremst, heldur bent á að slíkt kerfi hafi gagn langt umfram það.

Í fimmta atriðinu, sem nefnt er í ályktunargreininni, er minnst á samband ríkisfjölmiðla og Almannavarna. Þess ber að geta, að það eru til reglur um slík samskipti þegar óveður skellur á eða önnur vá ber að dyrum. Hins vegar er miklu minna um að ríkisfjölmiðlarnir séu nýttir þess á milli til að kenna fólki og leiðbeina því hvernig bregðast skuli við þegar vá verður.

Í grg., sem er nokkuð breytt frá því að till. var flutt í fyrra, er bent á að Almannavarnir hafi nú starfað nálægt 20 árum. Þá er á það minnst sem oft vill gleymast, að hlutverk Almannavarna er mun víðtækara og flóknara en hlutverk áhugamanna í svokölluðum björgunarsveitum, en stundum er Almannavörnum ruglað saman við slíkar björgunarsveitir. Ég vil taka það fram, að björgunarsveitir áhugamanna hafa gegnt veigamiklu hlutverki hér á landi. Eru ótaldar þær vinnustundir sem menn hafa lagt af mörkum, bæði á kostnað atvinnurekenda og eins er til fjöldi dæma um það, að menn hafi tekið sér frí úr vinnu og borið sjálfir kostnað þegar um hefur verið að ræða störf sem björgunarsveitirnar hafa unnið. Þessi till. fjallar ekki um þessar björgunarsveitir. Og ég vil taka það fram, að mér sýnist augljóst að gera verði ráðstafanir til þess, t. d. með breytingum á lögum um viðlagatryggingu, að tryggt sé að slíkar björgunarsveitir geti lifað af verðbólgutíma og óróatíma í efnahagsmálum. En nú er svo komið, að ýmis tækjabúnaður slíkra sveita er svo dýr að vart er hægt að ætlast til þess að samtök áhugamanna geti staðið undir slíkum kostnaði.

Í þriðja lagi vil ég benda á að það gleymist oft að Ísland er eitt þeirra landa í heiminum þar sem náttúruhamfarir eru tíðastar og mestar. Nú fyrir örfáum dögum vorum við minnt á það að við búum hér á eldfjallaeyju. Ekki þarf mikið út af að bregða til þess að erfiðleikar skapist og þá þarf auðvitað viðbúnaður að vera fyrir hendi.

Í fjórða lagi vil ég minna á atriði í grg. þar sem rifjuð eru upp náttúruumbrot alls konar, gos í Vestmannaeyjum 1973, snjóflóð í Neskaupstað 1974 og Kröfluelda 1975, sem dæmi um það, að atburðir geti gerst þar sem Almannavarnir og viðbúnaður þeirra koma að góðu gagni.

Til að ná sem mestum árangri í starfi Almannavarna ríkisins er talið æskilegt að stefna að eftirfarandi:

Að samhæfa rannsóknarstarfsemi vísindastofnana með tilliti til upplýsingasöfnunar vegna náttúruhamfara og aðvarana um hættuástand. Enn fremur störf þeirra við áhættumat og nauðsynlegar upplýsingar og ráðgjöf um viðbúnað fyrir almannavarnanefndir héraða.

Að hafa forgöngu um, að áhættumat fari fram, og stuðla að því, að skipulag byggða þróist með tilliti til þess að fyrirbyggja tjón. Er eðlilegt að slík starfsemi fari fram í samvinnu við Viðlagatryggingu sem tekur til allra mannvirkja sem eru brunatryggð.

Að undirbúa, viðhalda og æfa áætlanir um samhæfingu ríkisstofnana, byggðastofnana, félaga og fyrirtækja á neyðartímum.

Að upplýsa almenning um öryggisráðstafanir á einkaheimilum og varnir og hegðun fólks í náttúruhamförum, einnig að þjálfa í sama skyni starfsmenn og hjálparlið. Þar með er átt við hjálparlið björgunarsveitanna, því að auðvitað geta Almannavarnir haft mikilvægu hlutverki að gegna sem samhæfingaraðili fyrir björgunarsveitirnar sem eru nokkrar í landinu. Oft hefur verið bent á það, að of lítið er gert að því að sameina þann kraft sem í þeim býr.

Að koma upp og starfrækja viðvörunar- og fjarskiptakerfi og annan sérhæfðan tæknibúnað vegna almannavarna.

Að lokum vil ég geta þess, að í texta grg., 3. línu að neðan, hefur orðið ritvilla. Þar stendur að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin um „hlutverkaskipti" ríkis og sveitarfélaga, en á að vera: kostnaðar- og verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hér er vikið að máli sem er afar nauðsynlegt að athuga í núverandi lögum, skiptingu kostnaðar. Er gert ráð fyrir að ríkissjóður beri allan kostnað vegna Amannavarna, en geti krafið sveitarsjóð um helming eða þriðjung í undantekningartilvikum. Þetta atriði þarf að endurskoða þannig að tryggt sé að sveitarfélögin í landinu taki þátt í þessari mikilvægu fyrirbyggjandi starfsemi eins og starfsemi Almannavarna er. Alls staðar í heiminum er skilningur á störfum almannavarna og áætlanir gerðar um það efni. Því miður verður að segja eins og er, að hér á landi er lítið rætt um þessi mál nema rétt þegar þeir atburðir gerast sem valda miklu tjóni, mannskaða eða tjóni á mannvirkjum. Það er ekki nóg fyrir okkur að ræða þessi mál á slíkum tímum. Við verðum að leggja í þann

kostnað sem fylgir því að fyrirbyggjandi starf sé unnið með þeim hætti, að hægt sé að bjarga mannslífum og mannvirkjum þegar sú stund kemur að veður eða náttúruhamfarir verða til þess að mannslíf og mannvirki lenda í voða.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Litlar umr. urðu á þinginu þegar þessi þáltill. var lögð fram á s. l. ári. Þó tók einn hv. þm. til máls og tók undir þessi sjónarmið. Eins og ég sagði í upphafi á þetta stuðning í öllum stjórnmálaflokkum. Ég geri því ráð fyrir að málinu verði vel tekið í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar og ég geri að till. minni að það verði hv. allshn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við þá till., sem hér er fram komin, og kem hér upp fyrst og fremst vegna þess, að mér finnst að í þessari till. eða grg. hennar og í þeirri framsöguræðu, sem flutt var um hana, komi of lítið fram og sé jafnvel frekar lítið gert úr því starfi sem unnið hefur verið í almannavörnum hér á undanfarandi áratugum. Mér finnst hlutur Slysavarnarfélags Íslands og annarra björgunaraðila, sem hafa starfað hér undanfarinn áratug eða áratugi með miklum sóma, ekki koma nógu vel fram. Frsm. sagði m. a.: „Stundum er almannavörnum ruglað saman við björgunarsveitir" o. s. frv., og nánast í þeim tón að það væru hálfgerðir aukaaðilar í þessu máli. Mín skoðun er sú, að almannavarnir á Íslandi verði aldrei byggðar upp almennilega nema í samstarfi við þessa aðila, við þessa frjálsu aðila sem hafa starfað og gert kraftaverk á þessum vettvangi á undanförnum árum. Og þegar frsm. taldi upp þau atriði sem hefðu nýst af vettvangi Almannavarna í Vestur-Skaftafellssýslu, þá hefðum við getað á sama tíma talið upp marga þætti sem hafa verið gerðir á svipuðum vettvangi á vegum Slysavarnafélags Íslands og björgunarsveita hinna frjálsu samtaka

Ég vil sem sagt undirstrika það, að ég tel að ef Almannavarnir eigi að byggjast vel upp þá sé nauðsynlegt að þær verði byggðar upp í samvinnu við Slysavarnafélag Íslands og þær björgunarsveitir sem starfað hafa hér á landi undanfarandi ár og unnið þarft verk. Uppbygging á vegum sveitarfélaganna þarf að vissu leyti að vera á ýmsa vegu. Þau þurfa að koma inn í þetta og ríkið. En hið virka starf björgunarsveitanna nýtist ekki nema með því móti, að það sé þáttur af almannavörnum, hið frjálsa starf sem þegar er skipulagt í landinu.

Ég get líka sagt það, að mér ofbýður hálfpartinn að koma inn á sveitarskrifstofur úti um land og sjá þar fjórar, fimm eða sex möppur frá Almannavörnum ríkisins, sem sjaldan eða aldrei eru opnaðar, en vita aftur á móti að við hliðina á þessari stofnun eru kannski frjáls samtök sem hafa lítinn eða engan ríkisstyrk til sinna starfa. Ég vil sem sagt undirstrika það, að ég tel að um leið og við byggjum upp almannavarnir á þeim vettvangi, sem hér er lagt til, verði hinum þættinum ekki gleymt, hann verði styrktur og efldur.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom nokkuð inn á það mál sem ég ætla að ræða hér um. En áður en að því kemur vona ég að mér leyfist, bæði fyrir sjálfan mig og aðra sem eiga mál á dagskrá þessa fundar, að bera af mér sakir, ef ég mætti orða það svo.

Hér hefur verið nokkuð að okkur vegið fyrir að vera ekki tilbúnir að mæla fyrir þeim málum, sem við höfum flutt, og látið í það skína, að við höfum ekki nægan áhuga á þessum málum. Ég á sjálfur þáltill. sem er á dagskrá síðari fundar, að loknum 22. fundi, og er þar nr. 12. Ég hef beðist undan að flytja framsögu fyrir þeirri till. vegna þess að það mál varðar launamarkaðsmál og þau eru einmitt mjög í sviðsljósinu um þessar mundir og margt þar að ske sem ég tel að varði það mál sem ég vil ræða hér á hv. Alþingi. Þar sem þm.sjálfir, sem flytja mál hér í Sþ., ég held nær allir, verða að vinna sín mál sjálfir, þá tekur það auðvitað nokkurn tíma. Auk þess er kannske ekki von að menn séu tilbúnir að ræða efnislega mál sem er nr. 46 á dagskrá þessara funda sem hafa nú staðið í aðeins tæpar þrjár klukkustundir. Vegna þess að við fáum strangar áminningar og ákúrur, óbreyttir þm., þá vil ég taka undir með þeim sem hafa fundið að því, að ráðherrar geta hlaupist hér á brott og geta afsakað sig ítrekað þegar þeir eru krafðir svara um einstök mál, en staðið síðan í ræðustól lengi dags og vafið tungu um höfuð og vita í raun ekki hvað þeir hafa verið að tala um eða hvað þeir ættu að segja þegar þeir hafa verið beðnir um svör við spurningum. (Gripið fram í: Það er t. d. algerlega ráðherralaust hér núna.) Já, vegna þess að þetta framíkall kemur nú ætti að sjálfsögðu að bíða með frekari umr. hér þangað til viðkomandi ráðh., sem fer með almannavarnarmál og reyndar öll þau mál sem því máli eru skyld, komi hér og setjist á sinn sigggróna rass í ráðherrastól og hlustaði á það, hvað þm. hafa um þetta mál að segja og skyld mál. Væri vert að biðja hæstv. forseta um að banka í bjöllu og óska eftir að sá góði, vellaunaði maður gegni störfum sínum og mæti hér eins og við hinir, sem við gerum mjög vel, eins og sjá má.

Ég verð að biðja hv. flm. sem hér eru staddir — 1. flm. sem mælti skörulega að venju fyrir sínum málum — afsökunar á því að geta ekki rætt málið nú jafnefnislega og ég hefði viljað. Skal ég þó ekki biðjast neitt undan því að afgreiða málið til nefndar nú eða ljúka umr. um það, en vil nota tækifærið til að benda einmitt á það sem kom fram í ræðu hv. þm. Skúla Alexanderssonar, að mér þykir þessi tillöguflutningur efnislega nokkuð skarа störf annarra aðila sem eru að vinna að þeim málum sem þarna er bent á. Hv. 4. þm. Vesturl. benti réttilega á þau samtök sem hafa unnið hér að slysavörnum, almannavörnum, um áratugaskeið og hafa getið sér hið besta orð í hvívetna. Það er ekki aðeins Slysavarnafélag Íslands, sem mér hefur löngum fundist sjálfsagður aðili til að samhæfa störf þeirra sem fást við slíkt björgunarstarf, eins og Slysavarnafélagið hefur gert bæði á sjó og landi og farið nokkru víðar í sínu starfssviði. En það eru auðvitað fleiri aðilar en Slysavarnafélag Íslands. Hér er minnst á áhlaupaveður og talað um að setja jafnvel upp nýtt kerfi og auka við störf ríkisstofnunar, opinberrar stofnunar, frá því sem var rætt og samþykkt hér á Alþingi á síðasta þingi, er við óskuðum eftir að það væri kannað ítarlega hvort ekki mætti flytja slíkt enn frekar undir störf Veðurstofu Íslands. Veðurstofa Íslands hefur að sjálfsögðu innan sinna vébanda þá aðila sem hæfastir og bestir eru til þess að koma frá sér nauðsynlegum upplýsingum, ef slík veður skella á, og hefur til þess fjarskiptakerfi bæði til móttöku og útsendingar og er þá auk þess með útsendingu í samvinnu við þá aðila sem um þau mál fjalla. Ég fæ því ekki séð að það þurfi að fara að kalla til nýjan aðila á því sviði. Það verður að sjálfsögðu miklu ódýrara fyrir þjóðina að búa betur að starfi þeirra ágætu vísindamanna sem þar vinna svo að Veðurstofa Íslands

geti fullnægt því sem um er talað í sambandi við það mál í þáltill.

Þá vil ég einnig benda á það, að í lögum um Landhelgisgæslu Íslands er einmitt sagt að hún eigi að gæta ákveðinna þátta sem hér er fjallað um. Ég sé enga ástæðu til að flytja verkefni frá Landhelgisgæslu Íslands þegar hér er að störfum mþn. sem er að leitast við að renna frekari stoðum undir starf Landhelgisgæslunnar. Ég vil enn fremur benda á það, að Landhelgisgæslan og Slysavarnafélag Íslands hafa haft hið ágætasta samstarf á liðnum árum og hafa skipst á nauðsynlegum upplýsingum þegar hættu hefur borið að, þegar leita hefur þurft bæði í lofti og á láði að bæði skipum og fólki, að ég tali nú ekki um á landi að flugvélum. Kemur þá enn einn aðilinn til viðbótar sem er að störfum og er opinber aðili, en það er Flugmálastofnunin sem einnig sér, að ég held, algerlega um samhæfingu á leit þegar um er að ræða leit að flugfari. Á þessu má sjá að við höfum fjölmarga aðila, opinbera aðila og aðra sem eru þegar með sterkar rætur í íslensku þjóðlífi og vinna að öryggismálum og almannavörnum. T. d. er Slysavarnafélag Íslands með þrautskipulagðar deildir um allt land, sem er náttúrulega hinn sjálfsagði grundvöllur að byggja á, ef sett verður á stofn eitthvert fast kerfi sem alltaf er í viðbragðsstöðu, eins og þær deildir í raun eru. Við höfum nægа vitneskju um það, að svo hefur verið um áratugaskeið hjá Slysavarnafélaginu og deildum þess.

Mér virðist í fljótu bragði að hér sé verið að hlaupa langt yfir skammt, þegar lagt er til að við ályktum að fela ríkisstj. að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu með eftirfarandi markmið í huga. Ég tel t. d. sjálfsagt að sú þingnefnd, sem málið fær til meðferðar, kalli strax til sín þá sem hafa unnið að þessum störfum á liðnum árum. Og kannski er ekki síður ástæða til þess að láta þá mþn., sem nú hefur um nokkurra mánaða skeið unnið að endurskoðun laga um Landhelgisgæsluna, líta á málið í heild og benda á ýmsa annmarka, sem ég sé þegar á því að samþykkja till. í því formi sem lagt er til að gert verði.

Ég vara við því, að við förum að slá á hendur þeirra sem hafa lagt fram fórnfúst starf í sjálfboðavinnu á liðnum áratugum til þess að koma upp launuðu starfsliði. Við megum ekki við því. Ég tel að meginstefnan eigi að vera sú, að við byggjum á því sem hefur reynst vel í okkar þjóðlífi hjá þeim grónu samtökum og stofnunum sem við höfum byggt þessi mál á til þessa,

Starf Almannavarna ríkisins hefur beinst nokkuð einhæft að náttúruhamfaraþættinum. Ég geri mér hins vegar fyllilega ljóst að meðan þau lög eru eins og þau eru þarf með frekari breytingum að tengja starf þeirra öðrum stofnunum. Við skulum ekki fara endilega að flytja undir Almannavarnir allt það starf sem þegar er fyrir á þessu sviði í landinu.

Jón Helgason: Ég vil taka undir það sem mér finnst vera efni þessarar till., þ. e. fyrst og fremst að leggja áherslu á þörfina á að auka almannavarnir. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort till. megi vera eitthvað öðruvísi, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns. En ég skil a. m. k. þennan tillöguflutning ekki þannig, að þarna sé verið að gera lítið úr því, sem aðrir hafa unnið, eða draga úr því, heldur undirstrika þörfina á að starfið sé samræmt og gert betur á þessu sviði. En ég vildi einmitt sérstaklega taka undir það sem hefur komið fram í máli ræðumanna hér á undan mér, að við þurfum að nýta sem best þau áhugasamtök sem að þessum málum vinna. Það tel ég að sé hægt að gera og hafi reyndar verið gert af Almannavörnum ríkisins, því þurfi efling þeirra ekki að draga úr því, að slík áhugasamtök vinni vel. Ég vil sem sagt taka sérstaklega undir og leggja áherslu á það, að reynt sé að nýta þau sem allra best og að samstarf Almannavarna við þau sé sem best, eins og ég held að Almannavarnir hafi reynt að gera.

Hér var af flm. rakið hvernig tæki Almannavarna hefðu verið notuð við björgunarstörf í Vestur-Skaftafellssýslu og þar í kring. Ég veit að þar eru það áhugamenn í björgunarsamtökum sem hafa verið stoð og stytta Almannavarna í þeim störfum. Þar er því um að ræða góða samvinnu, en ekki neina árekstra. Ég vil leggja áherslu á það, að reynt sé að styðja þessi samtök þannig að áhugi þeirra og dugnaður nýtist til fulls. Þannig held ég að þeim fjármunum, sem í þessu skyni er varið, sé varið á bestan hátt. En vitanlega þarf að koma heildarskipulagning og samræming milli þessara aðila.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka þær umr., sem hér hafa orðið, og sér í lagi góðar undirtektir undir efni till. Það kemur sjálfsagt ekki á óvart þó ekki séu allir alveg 100% ánægðir með þann texta sem í ályktunartillögunum er. Og auðvitað er sjálfsagt að sú nefnd, sem fær hana til meðferðar, íhugi vel hvort ekki beri að breyta þeim texta.

Ég stend aðallega upp aftur til þess að fjalla um þær ábendingar sem komu fram í umr. um svokallaðar björgunarsveitir. Mér fannst vera gefið í skyn í umr. að með þessum tillöguflutningi væri verið að gera lítið úr starfi þeirra. Hafi það komið fram í ræðu minni, þá er það mér að kenna. Ég hef ekki verið nægilega skýr, sem ugglaust stafar af því að ég átti ekki von á að þetta mál, sem er 46. dagskrármálið í dag, kæmi hér fyrir. Vona ég að menn virði mér það til vorkunnar.

Sannleikurinn er sá, að ég er gamall sveitarforingi Hjálparsveitar skáta í Reykjavík og þekki líklega manna best hvernig slíkar björgunarsveitir starfa og hvað þær þurfa að leggja á sig. Það er síður en svo að verið sé að gera lítið úr störfum björgunarsveitanna, því að enginn maður ætti síður að gera lítið úr því en sá sem hér stendur. En það breytir ekki því, að Almannavarnir ríkisins verða að vera til og samfélgið verður að hafa til þá starfsemi sem þar er gert ráð fyrir.

Hitt er svo annað mál, að ég hef kynnt mér nokkuð rækilega hvernig hægt er að koma til móts við starfsemi björgunarsveitanna, sem eru fyrst og fremst björgunarsveitir Slysavarnafélags Íslands, flugbjörgunarsveitirnar og hjálparsveitir skáta, auk þess sem kannske má segja að Rauði kross Íslands hafi með svipuð málefni að gera. Í því sambandi hef ég boðað á minn fund fulltrúa þessara sveita og í samráði við stjórn Almannavarna varpað fram þeirri hugmynd, hvort ekki sé kominn tími til að þessar sveitir fái sérstakan styrk til fræðslu- og þjálfunarstarfsemi. Slíkur styrkur gæti komið frá Viðlagatryggingu Íslands.

Viðlagatrygging Íslands starfar samkv. lögum frá 1. sept. 1975. Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir að tryggingin taki til brunatryggðra verðmæta, en í 19. gr. þessara laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna tjóni af

völdum náttúruhamfara."

Mér finnst ekki óeðlilegt — og hef rætt það við suma þm. — að þarna verði sett til viðbótar ákvæði sem veiti heimild til þess, að björgunarsveitirnar fái greiddan þjálfunarkostnað að nokkru leyti, því að ljóst er að til þeirra er kallað þegar mannvirki eru í hættu, þ. á m. þau mannvirki sem þessi tilteknu lög ná til. Þær vinnustundir eru ómældar og það vinnuframlag sem björgunarsveitirnar hafa lagt á sig til þess að bjarga slíkum verðmætum án þess að fá nokkuð í staðinn. Hafi það því komið upp í hug einhvers þm., að með þessari tillögugerð um Almannavarnir sé verið að kasta rýrð á björgunarsveitirnar, þá er það hinn mesti misskilningur. Sannleikurinn er sá, að að því verkefni þarf að vinna og að því verkefni er unnið. Nú hafa björgunarsveitarforingjarnir komið sér saman um að reyna að vinna að þessu verkefni, og ég held að það sé einstætt fyrirbrigði, vegna þess að þeir, sem þekkja til þessara mála, vita að sjálfstæði sveitanna er mjög mikið. Ég vil að sjálfsögðu halda því sjálfstæði og þeirri samkeppni sem á sér stað á milli björgunarsveitanna. Ég tel það vera hollt og gott. En það verður auðvitað að reyna að fræða og þjálfa sveitirnar með þeim hætti sem krafist er nú á tímum. Þar verður ríkisvaldið að koma á móti, eins og gert er í fjárlögum á hverjum tíma. En til viðbótar finnst mér sjálfsagt að Viðlagatryggingin komi jafnframt inn í þennan leik og taki þátt í kostnaði. Þetta mál er komið á rekspöl og ég vænti þess, að þegar það kemur hér inn í þingið með einum eð öðrum hætti, þá verði víðtækur stuðningur við það. Það, sem ég lagði hins vegar áherslu á í mínu upphafsmáli, var að það er oftsinnis ruglað saman starfsemi Almannavarna ríkisins og þessara björgunarsveita. En það sagði ég síður en svo til að kasta rýrð á björgunarsveitirnar.

Það er hins vegar athyglisvert, að þessi félög, þ. á m. Slysavarnafélag Íslands, eiga í samanburði við ríkisstofnanir æðimikið fjármagn. Ég er ekki að sjá eftir því. Ég skal taka það fram, að ég sé ekki eftir því fjármagni. En í frv. hæstv. ríkisstj. til fjárlaga er gert ráð fyrir að Slysavarnafélag Íslands fái 970 þús. kr. á meðan Almannavarnir ríkisins fái 1234 þús. Slysavarnafélagið fær því frá ríkinu heilmikla fjármuni. En auk þess byggist starfsemi Slysavarnafélagsins á miklu sjálfboðaliðastarfi, sem ber að virða og þakka og ég skal fyrstur manna gera, enda eiga forráðamenn Slysavarnafélagsins og allir þeir, sem þar taka þátt í störfum, heiður og þökk skilið fyrir starf sitt. Og auðvitað verða almannavarnastörf í framtíðinni að byggjast á slíkum einingum sem starfa um allt land.

En það er athyglisvert, að þegar hæstv. ríkisstj. leggur fram till. um Almannavarnir ríkisins, þá er niðurskurðurinn gífurlegur. Nefna má sem dæmi að rekstrargjöld Almannavarna ríkisins hækka aðeins um 13.9% frá fjárl. til fjárlagafrv., og ég get ekki ímyndað mér að jafnvel bjartsýnustu niðurtalningarmenn álíti að verbólgan eigi eftir að fara niður á þetta stig. Það sama er um viðhald. Það hækkaði á milli ára um 15.6%. Svona get ég haldið áfram að telja. Og sumt af því, sem talið var einna nauðsynlegast, hefur hreinlega verið strikað út, þ. á m. til fyrirtækja vegna Suðurlandsjarðskjálfta, sem Almannavarnir réðu til, en fékk ekki náð fyrir augum hæstv. ríkisstj. Þetta eru auðvitað allt mál sem eru til umr. í hv. fjvn. og ég veit að verða tekin þar upp. En það breytir því ekki, að það þýðir ekkert fyrir okkur að tala um að ekki hafi verið brugðist við sem skyldi þegar vá ber að dyrum, ef við gerum ekki nægilegar fyrirbyggjandi ráðstafanir með því að efla Almannavarnir.

Ég get ekki séð að nokkurs staðar í tillgr. sé minnst á það, að farið sé inn á starfssvið annarra. Almannavarnir eiga auðvitað fyrst og fremst að nýta þá starfsemi sem fyrir er í landinu, opinberra stofnana og frjálsra félagasamtaka. Og varðandi 4. liðinn, þar sem minnst er á uppsetningu viðvörunar- og fjarskiptakerfis Almannavarna ríkisins, þá er það kerfi nánast upp komið og það tengist auðvitað öðrum kerfum sem til eru í landinu, og Almannavarnir ríkisins hafa að sjálfsögðu fullt samstarf við þær stofnanir sem hér hafa verið nefndar í umr., enda eiga forstjórar þeirra stofnana sæti í almannavarnaráði ríkisins, eins og ég veit að hv. þm. þekkja.

Ég vil ítreka það, að ég er ánægður með þessar umr. Ég er sér í lagi ánægður með það, að hér á Alþingi skuli vera menn sem eru mér sammála um að gera þurfi meira fyrir björgunarsveitirnar. Ég er þeim hjartanlega sammála jafnframt um að þær sveitir hafi unnið mikið og gott starf. Fyrir það getum við öll verið þakklát. En ég held að áætlun um eflingu Almannavarna eigi fyrst og fremst að vera af hinu góða. Þar koma inn þættir, sem allar björgunarsveitir og allar stofnanir ríkisins eiga að hafa aðgang að, og ég vona að þessi till., annaðhvort óbreytt eða í breyttu formi, fái náð fyrir augum hv. allshn. og verði samþykkt sem þál. á þessu þingi.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Aðeins örstutt. — Það að koma með samanburðartölur á fjárlögum í sambandi við Slysavarnafélag Íslands og Almannavarnir held ég að sé mjög vafasamt. Sú upphæð, sem fer til Slysavarnafélgsins, rennur sjálfsagt að einhverju leyti til Tilkynningaskyldunnar, þó að ég viti það ekki, en fyrst og fremst til höfuðstjórnstöðvar þeirra hér, en til hinna almennu frjálsu samtaka úti um landið er ekki styrkur fyrir hendi. Ég veit ekki til þess, að hinar mörgu og góðu björgunarsveitir Slysavarnafélagsins, sem eru starfandi í hverju byggðarlagi úti um landið, hafi neinn ríkisstyrk. Ég held því að það sé ekki rétt að koma með einn eða neinn samanburð í sambandi við ríkisframlög til þessara tveggja stofnana. Aftur á móti vil ég taka undir flest af því sem kom fram í ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar í sambandi við að ýmsar stofnanir, sem eru í gangi, haldi áfram sinni starfsemi og ekki verði farið að taka þá starfsemi og færa hana yfir til einhverrar nýrrar stofnunar, t. d. það sem Landhelgisgæslan hefur sinnt og Flugmálastjórn í sambandi við þessi mál á sjó og í sambandi við flug. Varðandi þann þáttinn, sem hv. þm. Friðrik Sophusson nefndi, að Viðlagatrygging Íslands veiti styrk til þjálfunar björgunarsveita, að slíkt mál komi hér inn á Alþingi, þá líst mér vel á það og sjálfsagt þarf einhvern slíkan þátt til að starfsemi björgunarsveita verði tryggð.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Ég var ekki á nokkurn hátt að leggja þau orð í munn hv. 1. flm., að hann hefði verið á einn eða annan hátt að gagnrýna eða finna að því mikilsverða starfi sem unnið væri hér á landi af hinum ýmsu björgunarsveitum sem eru að langmestu leyti skipaðar sjálfboðaliðum. Hins vegar kom það fram í ræðu hv. þm., að hann hefði eitt sinn verið foringi í björgunarsveitinni í Reykjavík og þá skil ég af hverju hann er kominn núna í forystulið björgunarsveitar Sjálfstæðisflokksins.

Það, sem ég vildi í mínu máli aðallega benda á, er að sjálfsögðu það sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Vesturl., þ. e. að við verðum að hafa í huga að mikið af starfi, sem að vísu kemur stjórnskipulega séð, ef ég mætti orða það þannig, undir hatt Almannavarna vegna þátttöku forstjóra viðkomandi stofnana í stjórnunarstörfum þar, — mikið af þessu starfi er unnið innan viðkomandi stofnana, sem talað er um að samhæfa. Ég bendi, eins og hér hefur reyndar komið fram og ég endurtek, t. d. á fjarskiptin. Ég geri ráð fyrir að það, sem er til í dag, mætti jafnvel samhæfa enn betur og reka ódýrar en gert er. Að vísu er allt það, sem unnið er, afskaplega þýðingarmikið. Og það hefur verið vel unnið og vel að því staðið. Ég bendi á það sem ég átti minn þátt í á sínum tíma að komst á, tilkynningarskyldu skipanna, sem er í höndum Slysavarnafélagsins. Hér hefur verið minnst á Flugmálastjórnina í sambandi við loftferðaeftirlitið eða við skulum segja heldur við leit og björgunarstarfsemi ef á þarf að halda. Landhelgisgæslan er með ákaflega fullkomið kerfi. Og svo er Veðurstofan. Það sem ég á við fyrst og fremst er það, að við förum ekki að setja upp eitthvað nýtt þegar við höfum þetta til. Ég vildi enn fremur draga það fram mjög sterklega, að ég hef lengi haft þá skoðun, að mikið af því, sem er unnið hjá Almannavörnum eða við vitum að við þurfum að láta vinna hér á landi, finnst mér að eigi heima hjá Landhelgisgæslunni.

Landhelgisgæslan hefur núna um áratugaskeið ekki verið rekin sem einhver herskipadeild úr dómsmrn. aðeins til þess að gæta okkar fiskimiða. Landhelgisgæslan hefur verið alhliða hjálparstofnun ekki aðeins fyrir íbúa á þessu landi, heldur og þá starfsmenn íslenska ríkisins sem hafa verið að störfum í hundraða sjómílna fjarlægð. Bendi ég t. d. sjómenn á fiskiflotanum þegar þeir stunduðu veiðar á miðum við Jan Mayen og kannske enn fjær, þegar settar voru upp sjúkrastofur um borð í varðskipunum, m. a. til þess að þjóna þeim, en líka til þess að geta þjónað stöðum á landinu þar sem ekki varð náð til læknis á neinn hátt undir erfiðum kringumstæðum vegna veðurs og árstíma. Þá voru þessi skip og eru þannig búin að þau geta komið til bjargar, þótt við verðum að sjálfsögðu að hafa það í huga, að hraðinn verður ekki sá sami og ef um flugvél er að ræða. Og fleira og fleira getum við nefnt. Við getum nefnt þátt þeirra í margs konar hjálparstarfsemi, og á ég þá ekki við flutninga ráðh. né þingmanna milli kjördæma. (**Gripið fram í:** Eða rostunga til Grænlands.) Eða rostunga til Grænlands, jafnvel ekki þótt ákveðnir aðilar hefðu verið fluttir með. Hins vegar hefði ég talið alveg sjálfsagt, sem gert var, að hjálpa bændum þegar svo skyndileg ákoma verður í veðri eins og varð á Austurlandi — og Norðurlandi reyndar líka — þegar slátrun var að hefjast. Þá skilst mér að Landhelgisgæslan hafi einmitt hjálpað mörgum bóndanum frá mikilli neyð í sambandi við fé og fengum við að sjá það í fréttum sjónvarps. Það eru þessi atriði sem ég vil draga fram í sambandi við Landhelgisgæsluna.

Alþingi hefur ályktað að fela nefnd að vinna að því að styrkja stoðir Landhelgisgæslu Íslands og ég vil sérstaklega í sambandi við þetta mál árétta að það verði gert. Það eru mörg svið, ekki aðeins í öryggis- og björgunarmálum og slysavarnamálum, þar sem Landhelgisgæslan getur haft forustu og forgöngu í samráði við ágætan samstarfsaðila um áratugaskeið, Slysavarnafélag Íslands. Það er ekki aðeins að þeir geti verið þar að verki, heldur á fjölmörgum öðrum sviðum sem við þurfum að láta vinna að á næstu árum. Og við eigum þar hið ágætasta lið manna. Því miður hefur núv. hæstv. ríkisstj. ekki séð sér fært að halda þessum skipum öllum úti, þótt ég telji það nauðsynlegt, ekki síst ef á að fela þeim enn eitt verkefnið, að fylgjast með kjarnorkukafbátum í allri fiskveiðilögsögunni. Þá er ég hræddur um að það mætti fara að kaupa olíu til tveggja, þriggja skipa í viðbót.

Ég vildi aðeins vekja aftur athygli á þessum atriðum sem ég var með, ekki vegna þess að ég væri á móti því, að við endurskoðuðum lögin um Almannavarnir og eflum Almannavarnir á þeim sviðum sem ég tel nauðsynlegt að efla þær. Það er enginn vafi á því, að ágætur ungur maður, sem þar hefur verið við stjórn og í forustu fyrir þeim á undanförnum árum, hefur unnið hið ágætasta starf. Við þurfum að efla það starf — við þurfum fyrst og fremst að reyna að fá betri og meiri nýtingu út úr þeim ágætu stofnunum og samtökum sem við höfum í landinu, efla þær um leið og styrkja þeirra störf.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 93). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hafði reyndar ekki ætlað mér sérstaklega að taka til máls um þetta mál, en umr. hafa snúist þannig, að mér fannst ég þyrfti að leggja hér nokkur orð í belg. Það er sérstaklega vegna ummæla hv. 11. þm. Reykv. sem gengur nú í salinn. Hv. þm. flutti langa ræðu um þetta frv. og fór hörðum orðum um ýmislegt sem viðkemur Hæstarétti.

Hann talaði um að lausung hefði einkennt störf Hæstaréttar og að það frv., sem hér lægi frammi, stóryki lausung í störfum Hæstaréttar, eins og hv. þm. komst að orði, enda lagði hann áherslu á að þessi lausung, sem hann svo kallaði, einkenndi öll störf Hæstaréttar. Það var ekki nóg með þetta, heldur sagði hv. þm. að þetta frv. væri skerðing á lýðræði í landinu. Ég bið menn að taka eftir slíkum fullyrðingum sem þessari.

Hann talaði um aukabitlinga sem viðgengjust til handa hæstaréttardómurum. (**ÓRG:** Ég notaði ekki það orð, þm.) Ekki aukabitlinga? (**ÓRG:** Nei, aukastörf.) Ég held nú að hv. þm. misminni. Það vill svo til að ég hafði skrifað þetta undir ræðu hv. þm. og gekk úr skugga um hvort þetta hefði verið misheyrn eða ekki. Í eftirriti af ræðunni, sem ég hef frá Skrifstofu Alþingis, stendur þetta. Það verður ekki um það villst. Ég veit að hv. þm. ber það ekki á mig að ég kunni ekki að lesa.

Hv. þm. gerði hæstaréttardómurum það upp, að þeir hefðu ekki skilning á grundvallarréttaröryggi og meginreglum í stjórnskipun landsins. Allt eru þetta alvarlegar ádrepur.

Hv. þm. sagði að ef svo yrði haldið fram sem nú sýndist með þessu frv. mundi það leiða til verulegra deilna um Hæstarétt Íslands. M. ö. o.: Það er hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að mæta ef svo fer sem nú horfir í þessum efnum, því að þá mun verða efnt til verulegra deilna um Hæstarétt Íslands.

Það voru fullyrðingar sem þessar sem komu mér til að biðja um orðið.

Ég þarf ekki að taka það fram, að hv. þm. bar ekki nein rök fram til stuðnings þeim upphrópunum sem ég hef vikið að. Hins vegar kom hann að atriðum sem hann vildi leggja upp úr og taldi að væru ákvarðandi fyrir afstöðu hans til frv. Hann lét sér mjög tíðrætt um það sem hann kallaði hagræðingarsjónarmið eða það sjónarmið að það þyrfti að fjölga dómendum í Hæstarétti til að létta þar á störfum og koma í veg fyrir þá bið sem verður þar nú á afgreiðslu mála. Hv. þm. virtist komast að þeirri niðurstöðu, að ástandið hefði ekki batnað í þessum efnum frá því að síðast var fjölgað í Hæstarétti, og nefndi í því sambandi ýmsar tölur. Ég skal ekki fara út í slíkan talnaleik vegna þess að tölur segja ekki allt í þessu efni og það kom reyndar fram hjá hv. 11. þm. Reykv. sjálfum. Auðvitað skiptir það ákaflega miklu máli hvers eðlis málin eru. Það verður að segja, og er reyndar augljóst, að á síðari árum er miklu meira um viðamikil og flókin mál sem koma fyrir Hæstarétt en áður var. Má í því sambandi t. d. nefna hin margslungnu og flóknu fjársvikamál sem eru mjög veigamikill þáttur í málum Hæstaréttar.

En þó að hv. 11. þm. Reykv. teldi að ekki hefði batnað ástandið í Hæstarétti við fjölgun hæstaréttardómara og því væri ekki þess að vænta að það batnaði með samþykkt þess frv. sem hér er til umræðu, þá virtist hv. þm. ekki neita því, að það þyrfti umbóta við í Hæstarétti í þessum efnum, það þyrfti að greiða fyrir afgreiðslu mála þar og það ástand, sem nú væri, væri ekki viðunandi.

Hv. þm. nefndi þá sem úrræði í þessu efni, eins og hann orðaði það, að koma upp nýju dómstigi, svokölluðu lögréttudómstigi, og mun þá eiga við frv. það sem lagt var á sínum tíma fyrir Alþingi um lögréttu og náði ekki fram að ganga. Þó að hv. þm. tæki svona til orða, að það þurfi að koma upp eins konar lögréttudómstigi, geri ég ráð fyrir að hann nefni ekki hvaða dómstig eða hvaða millidómstig, sem til greina gæti komið, lögréttudómstig. Það verð ég að kalla í hæsta máta óeðlilegt orðalag.

Ég skal ekki fara að ræða um frv. um lögréttu. Það var ítarlega rætt á sínum tíma. Ég fann þá marga meinbugi á því frv. og varaði við samþykkt þess. Ég sakna þess ekki, að frv. hefur nú ekki verið borið fram á Alþingi.

En það var annað sem hv. 11. þm. Reykv. sagði að gæti verið til bóta og komið í staðinn fyrir fjölgun hæstaréttardómara. Það var að hæstaréttadómarar hættu aukastörfum. Hv. þm. fór mörgum orðum um aukastörf hæstaréttardómara og lét sér sérstaklega tíðrætt um að það kæmi fyrir að hæstaréttardómarar semdu lagafrumvörp. Hann taldi, að þetta væri hin mesta óhæfa, og fór ýmsum háðulegum orðum um þetta starf hæstaréttardómara. Þeir fengju þriggja mánaða sumarfrí m. a. til þess, eins og hann orðaði það, að lesa frumvörpin, sem samþykkt hefðu verið á síðasta vori á Alþingi og þeir hefðu samið sjálfir.

Mér finnst að mjög sé rangt með farið og ómakleg öll þessi ummæli hv. þm. um það sem hæstaréttardómarar hafa gert á þessum vettvangi eða framlag þeirra til samningar frv. til laga. Ég held að það hafi einmitt verið ákaflega þýðingarmikið fyrir íslenskan rétt, það starf sem hæstaréttardómarar hafa unnið á þessu sviði. Það má nefna töluverð dæmi þessu til áréttingar. Það má t. d. minna á hinn merka lögfræðing Einar Arnórsson. Framlag hans til samningar á frv. til laga um meðferð opinberra mála og meðferð einkamála og raunar réttarfarslaga í heild er ákaflega merkt framlag. Það má minna á að þegar Þórður Eyjólfsson var hæstaréttardómari vann hann að samningu frumvarpa sem voru meginstoðin í sjóréttarlögum okkar, eins og t. d. siglingalögin, og auk þess á öðrum sviðum, eins og t. d. höfundalögin. Það má minna á störf Gizurar Bergsteinssonar. Ég man eftir í svipinn t. d. samningu hans á loftferðalögunum. Svona mætti telja áfram.

Ég hef aldrei heyrt það fyrr en í þessum umr. að það væri gert lítið úr og hæðst að störfum hæstaréttardómara í þessum efnum, heldur þvert á móti. Og ég hef aldrei heyrt að þessi störf hæstaréttardómara hefðu komið niður á störfum þeirra í Hæstarétti Íslands. Þetta er nýtt fyrir mér. Hv. 11. þm. Reykv. færði auðvitað engin rök fyrir þessu. Ef það hefur verið svo þegar þessir menn störfuðu, sem ég nefndi, þá held ég að það sé ekki frekar nú. Það er ætlan mín, að það hafi verið meira um það að hæstaréttardómarar semdu frv. til l. í tíð þeirra manna, sem ég nafngreindi áðan, en er núna.

Hv. 11. þm. Reykv. talaði svo, eins og ég sagði áðan, um aukabitlinga, aukastörf, sem hæstaréttardómarar væru í. Hann nefndi ekki, svo ég muni eftir, neitt einstakt

tilvik í þeim efnum annað en að hæstaréttardómari skipaði sæti í Mannréttindadómstól Evrópu. Honum fannst ástæða til að gera það sérstaklega að umræðuefni. Þetta er rétt. Það er svo með þennan merka dómstól, Mannréttindadómstól Evrópu, sem hv. þm. réttilega orðaði svo, að aðildarríki Evrópuráðsins leitast við að kveðja til starfa í þessum dómi sína færustu lögfræðinga. Yfirleitt eru margir hæstaréttardómarar í dómnum. Ég held ég megi segja að nú sé um helmingur dómara í Mannréttindadómstólnum hæstaréttardómarar í viðkomandi ríki. Varaforseti Mannréttindadómstólsins er nú forseti hæstaréttar Noregs. Forseti Mannréttindadómstólsins, sem var í mörg ár, var hæstaréttardómari í Hollandi. Nefna mætti fleiri slík dæmi. Með tilliti til þessa er ekkert óeðlilegt að hæstaréttardómari hér á landi sé kallaður til slíkra starfa, og svo hefur að jafnaði verið frá því að Mannréttindadómstóllinn var stofnaður.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að elta sérstaklega ólar við ummæli hv. 11. þm. Reykv. um aukabitlinga eða aukastörf hæstaréttardómara, en hv. þm. sagði að það ætti að banna hæstaréttardómurum að semja frumvörp til laga. Þetta er stefna út af fyrir sig og hv. þm. getur að sjálfsögðu haft þá stefnu, en harla óeðlilegt finnst mér að gera slíkt sem þetta.

Þá var það annað atriði sem hv. 11. þm. Reykv. ræddi nokkuð um. Það var um deildaskiptingu Hæstaréttar. Hann taldi deildaskiptingunni ýmislegt til foráttu og taldi að hún gæti raunverulega valdið slíkri lausung og losi á störfum Hæstaréttar að ekki væri viðunandi. Það var helst að skilja á hv. þm., að ef menn hefðu sérskoðanir og hefðu kannske kynnt sér sérstaklega einstök viðfangsefni og löggjafaratriði, þá mundu þeir keppast um að komast í þá deild Hæstaréttar, sem væri að fjalla um mál sem kæmu inn á þessi atriði sem þeir hefðu sérstakan áhuga á. Hv. þm. fór nokkrum orðum um þetta. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta sérstaklega. Mér virðist að þetta sé alger heilaspuni hjá hv. þm. og þetta sé í raun og veru ekki raunhæft. Það kynni að vera, að í vísindum eins og félagsvísindum gætu menn verið eitthvað að taka tillit til svona atriða, — vísindum sem eru ekki eins nákvæm og lögvísindin. Þó efast ég um að þessi sjónarmið, sem hv. þm. var með, eigi sér stoð í veruleikanum, hvorki þar né varðandi Hæstarétt.

Það var eitt sem hv. þm. sagði og ég fæ ekki skilið hvernig hann kemst að þeirri niðurstöðu. Hann taldi sératkvæði dómenda ekki af hinu góða. Ekki skal ég deila um gildi sératkvæða dómenda sérstaklega. En hann taldi að sératkvæðin mundu mjög aukast ef Hæstiréttur væri deildaskiptur. Þetta fékk ég ekki skilið frekar en margt af því sem hv. þm. sagði um deildaskiptinguna. Í þessu sambandi mættum við kannske líta á hæstarétti landa sem eru okkur skyld. Þá koma manni í hug Noregur og Danmörk. Í Noregi má ég segja að sé 21 hæstaréttardómari og þeir vinni í allt að fimm dómaradeildum. Ég hef ekki heyrt hvernig þessi skelfing, sem hv. 11. þm. Reykv. boðar að muni koma yfir okkur hér ef Hæstiréttur Íslands er deildaskiptur að einhverju leyti eða í einstökum málum, komi saman við reynsluna í Noregi. Hæstiréttur Dana er líka deildaskiptur. Mér er ekki kunnugt um að sú skipan stofni lýðræðinu í hættu í Danmörku eða skapi þá lausung í störfum Hæstaréttar sem hv. þm. vill meina að mundi ógna Hæstarétti Íslands, ef þetta frv. verður samþykkt, sem við nú ræðum, og möguleikar verða til deildaskiptingar Hæstaréttar við meðferð einstakra mála.

Ég veit ekki hvort það hefur átt að vera sem fyrirvari hjá hv. þm. eða til áréttingar hans málstað í þessu máli að hann sagði að hann gæti verið talinn íhaldssamur þegar menn heyrðu þessar skoðanir hans. Hann sagði eitthvað á þá leið, að hann kærði sig kollóttan um slíkt. Það er góðra gjalda vert að menn beri ekki kinnroða fyrir því að vera íhaldssamir. Ég veit að hv. 11. þm. Reykv. hefur margar góðar hliðar og á í ýmsum efnum kyn að rekja til íhaldssemi, eins og við frændur fleiri. En ég fæ ekki betur séð en þessi íhaldssemi hjá hv. 11. þm. Reykv. gangi helst til langt. Þó að íhaldssemin sé góð þarf að hafa hana í hófi eins og flest annað. En það finnst mér ekki vera hjá hv. þm., því að ég fæ ekki séð betur en öll þau rök, sem hv. þm. hefur fært gegn fjölgun í Hæstarétti núna, hefðu alltaf getað gilt. Hann hefði þess vegna átt að búa við það ástand, sem upphaflega var þegar Hæstiréttur var stofnaður, að hafa bara þrjá dómendur. Allt, sem hv. 11. þm. Reykv. hefur sagt í þessum umr. gegn þessu frv., hefði eins getað átt við andstöðu við að fjölga nokkurn tíma í Hæstarétti.

Hv. þm. sagði að það lægi fyrir tilraun af hálfu hæstaréttardómara til að skapa hættulega lausung í Hæstarétti. Þetta er nokkuð alvarlegur áburður á hæstaréttardómara. En ef þetta er rétt, hvað er það hjá þeirri ábyrgð sem þeir valda sem bera fram þetta frv. og leggja það fram á hv. Alþingi? Það eru ekki hæstaréttardómararnir. Það er ríkisstjórn Íslands sem gerir það. Þetta er stjfrv. Samkv. þessu á þá ríkisstj. að vera að gera tilraun til að skapa hættulega lausung í Hæstarétti og svo er annað sem því fylgir, en það er skerðing á lýðræðinu í landinu, o. s. frv., eins og ég hef vikið að áður í sambandi við fullyrðingar hv. þm. Mér finnst að þetta sé alvarlegasti áburðurinn sem hefur komið fram á hendur núv. ríkisstj., ég verð að segja það. En ég er þessu ekki samþykkur. Þessi undantekning staðfestir auðvitað regluna, að flest er miður gert sem hæstv. ríkisstj. gerir, en í þessu efni þykir mér hún vera á réttri leið.

Ég talaði um ábyrgð ríkisstj. Það er ekki nóg með það. Hverjir bera ábyrgð á ríkisstj.? Hver er þá ábyrgð hv. 11. þm. Reykv. í þessu efni? Er hún ekki ærin ef hann stendur að því að styðja og halda uppi ríkisstjórn sem gerir sig bera að svo vítaverðu athæfi sem hv. þm. vill meina? Nú kemur mér ekki annað til hugar en hv. þm. meini það sem hann segir, honum sé þetta hjartans mál, að hann telji í raun og veru að það sé slíkur voði á ferðum sem hann hefur greint frá við að frv. þetta verði að lögum. En ef hv. þm. meinar þetta spyr ég: Hvernig getur hann verið aðili að þessu athæfi, þessari óhæfu, og stutt ríkisstj. sem þannig hagar sér? Ég átti von á að hv. þm. lýsti því yfir eftir sinn reiðilestur, að ef frv. yrði ekki stöðvað af hálfu ríkisstj. væri lokið stuðningi hans við ríkisstj. Ég sé ekki betur en það væri eðlilegt — sérstaklega með tilliti til þess að ég vil ekki ætla að hv. þm. sé að fara með neitt gaspur í svo þýðingarmiklum málum sem þessum. En til þess að vera sanngjarn gagnvart þessum ágæta hv. þm. vil ég segja að ég get skilið að hann skuli ekki þegar vera búinn að gefa þessa yfirlýsingu, en þá ætla ég að það sé með tilliti til þess, að hann hugsi sér að vinna að því að málið hafni nú í nefnd og komist ekki lengra. Við mættum þá eiga von á yfirlýsingu frá hv. þm. síðar, ef þessar vonir hans brygðust og ríkisstj. héldi málinu til streitu.

Ég vil að síðustu aðeins segja það, sem kom fram fyrr í

máli mínu, að ég held að þetta frv. sé betri kostur en frv. það til lögréttu sem hér hefur áður verið borið fram og vikið hefur verið að. Ég tel að það sé spor til bóta að fjölga dómurum í Hæstarétti um einn, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég sé ekki að það séu nein haldbær rök gegn frv. og allra síst þau svokölluðu rök sem hv. 11. þm. Reykv. hefur hér teflt fram og ég hef vikið að.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka það umburðarlyndi forseta að fá að gera hér örstutta aths. Ég held að það sé nauðsynlegt vegna þess furðulega ræðuflutnings, sem hér kom fram hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, og enn fremur til að koma á framfæri við hv. deild algerlega nýju skjali í þessu máli sem ég held að sé nauðsynlegt að hv. þm. viti af og heyri áður en umr. halda lengra áfram. Það er skjal sem hópur færustu lögfræðinga á Íslandi hefur sett fram um þetta mál.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vék aðeins að þeim tölum sem ég nefndi í fyrri ræðu minni. Það eru þær tölur sem eru í grg. frv. Þær tölur í grg. eru meginröksemdin í sjálfri grg. það eru ekki tölur sem ég hef búið til. Það eru tölur sem aðstandendur frv., höfundar þess, dómarar Hæstaréttar, hafa sjálfir sett fram.

Í öðru lagi er það rangt hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að ég hafi sagt að sératkvæðum mundi fjölga ef þetta frv. yrði samþykkt. Ég sagði hins vegar að mér hefði verið tjáð, og tók skýrt fram að ég hefði ekki tölur um það við höndina, að sératkvæðum í dóminum hefði fjölgað á undanförnum árum, eftir að fyrri breytingar voru gerðar. Ég óskaði eftir að nákvæmar upplýsingar um það efni yrðu lagðar fram svo að hægt væri að draga af því ályktanir.

Í þriðja lagi er það að vísu rétt, að hv. þm. gat fundið í löngum kafla í minni ræðu um önnur störf hæstaréttardómara á einum stað í innskotssetningu orðið „aukabitlingur". Sýnir það best hvað hv. þm. er góður og nákvæmur lesandi minna ræðna. En þótt þetta orð megi finna þarna í aukasetningu á einum stað er hitt alveg ljóst, að ég var ekki í sjálfu sér að fara niðrandi orðum um þessi störf, sem ég í öllum mínum málflutningi nefndi eingöngu önnur störf sem þessir dómarar stunda. Ég var að vekja athygli á því, að það kynni að standa réttinum fyrir þrifum að slíkt væri tíðkað.

Í fjórða lagi vakti ég athygli á því varðandi lausungina, að það hefur þegar verið farið inn á þá braut og á að halda lengra samkv. þessu frv. að skipta dómnum í deildir eftir málum. Það eru engar reglur til um á hvaða grundvelli eigi að skipta réttinum í undirdeildir og undirdóma eftir hinum einstöku málum. Mér vitanlega eru þær reglur hvergi til skráðar. Mér finnst það skapa lausung þegar borgarar í þessu ríki, þeir sem flytja mál fyrir dómstólnum, geta hvergi flett því upp eða fengið lýsingar á því, eftir hverju er farið þegar ákveðið er hvers konar tegund af dómi skal vera í hverju máli um sig. Sá vettvangur, þar sem það uppgjör fer fram, liggur hvergi fyrir. Það eru eingöngu samræður dómaranna sjálfra sem virðast þar ráða. Utanaðkomandi aðilar geta með engum hætti kynnt sér hvernig metið er með hvaða hætti þeirra mál eru úrskurðuð í þessa tegund af dómi, en ekki aðra. Það liggur ekki fyrir ákveðinn grundvöllur um það, sem geri okkur kleift að meta frá ári til árs hvort það eru sambærilegar ástæður eða sambærileg rök sem þarna liggja að baki hverju sinni. Þetta, herra forseti, leyfi ég mér að kalla lausung og það er það að mínum dómi. Ef það er ekki höfuðatriði í störfum Hæstaréttar með hvaða hætti er ákveðið hvernig dómurinn skuli skipaður í hverju máli um sig, ef það er ekki höfuðatriði í störfum dómstólsins veit ég ekki, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson, hvað er höfuðatriði. Reyndin er sú, að um þetta höfuðatriði liggja ekki fyrir neinar reglur og dómararnir virðast hafa það í hendi sér frá mánuði til mánaðar, ári til árs, hvernig þeir ráða þessum málum. Þeir, sem þurfa undir réttinn að sækja, geta hvergi gengið að því og kannað á hvaða grundvelli slíkt mat yrði framkvæmt.

Ég óskaði, herra forseti, eftir upplýsingum í mínum fyrri ræðum. Ég vil endurtaka þær óskir svo að hæstv. dómsmrh. heyri þær hér úr ræðustól og sú nefnd, sem að þessu máli vinnur, geti tryggt að þær upplýsingar komi. Ég nefni aðeins þrjá meginflokka slíkra upplýsinga:

Það er í fyrsta lagi skrá yfir öll þau frumvörp, öll þau störf, allar þær nefndir og ráð sem hæstaréttardómarar hafa verið tengdir við utan við sín störf í réttinum á undanförnum 7—9 árum, svo að það þurfi ekki að vera að leiða að því einhverjar getur, hér í þingsölum, heldur sé hægt að fá það nákvæmlega fram, hvernig störfum dómaranna hefur verið háttað. Ég vænti þess, að það standi ekki á að þessar upplýsingar verði lagðar fram í tæmandi og ítarlegri skrá um þetta efni.

Í öðru lagi verði lögð fram skrá yfir hverjir hafi skipað dóminn í hinum einstöku málum sem dæmd hafa verið á undanförnum 5—6 árum, þannig að hægt verði að skoða hver sé reyndin varðandi skipan dómsins þegar honum er skipt í undirdeildir, hvort dómararnir gangi þá í þær tegundir dóma í röð eða hvort það séu einhverjir sérstakir dómarar sem séu frekar valdir í þessar tegundir af málum o. s. frv., þannig að það sé komið upp í dómstólnum sjálfum einhvers konar undirkerfi í reynd. Að mínum dómi væri það óeðlilegt miðað við eðli dómstólsins. — Mér finnst nauðsynlegt að vita hvort handahóf ræður því, hvernig dómstóllinn er skipaður, hvort einhverjar reglur eru eða ekki.

Í þriðja lagi tel ég rétt að fá skrá yfir þau sératkvæði sem komið hafa fram í dómstólnum á s. l. 10 árum svo að menn geti áttað sig á því, hvort þeim hafi fjölgað eða ekki. Ég er þeirrar skoðunar, að ef sératkvæðum hafi fjölgað bendi það til ákveðinnar lausungar. Það bendir til að það ríki meiri vafi um það, hver sé réttur skilningur laganna, en æskilegt sé í réttarríki.

Ég ætla ekki, herra forseti, að nota mikinn tíma hér. Ég held þó að það sé óhjákvæmilegt að ég taki hér örfáar mínútur í viðbót vegna þess að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson sagði að ég hefði verið upphafsmaður að deilum um réttinn og ég hefði lýst yfir að mér yrði þá að mæta ef þetta frv. yrði samþykkt. Þetta er alrangt. Þetta sagði ég hvergi. Það er eins og fleira í ræðu hv. þm. Ég vakti hins vegar athygli á því, að það hefðu þegar hafist í dagblöðum, og vitnaði í Dagblaðið 11. nóv. sem dæmi um það, deilur milli sumra lærðustu lögfræðinga landsins annars vegar og dómara réttarins hins vegar um hvort það frv., sem hér væri flutt, væri brot á stjórnarskránni eða ekki. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson minntist hins vegar ekki einu orði á þetta atriði í ræðu sinni. Það var mjög sérkennilegt, einkum og sér í lagi þegar hann var að vitna undir lokin til vísindalegs eðlis lögfræðinnar. Það voru ekki mjög vísindaleg vinnubrögð að víkja sér algerlega undan að ræða það sem að mínum dómi er eitt af höfuðatriðum þessa máls, að nokkrir í hópi færustu lögfræðinga landsins telja álitamál hvort þetta frv.

standist stjórnarskrána eða ekki. Ég endurtek, að það er athyglisvert að hv. þm. Þorv. Garðar skaut sér undan að ræða það mál.

En hvað á nú hv. Alþingi að gera? Það hefur fengið hér frv. sem sumir lærðustu lögfræðingar landsins — ég mun koma nánar að því á eftir — telja að sé brot á stjórnarskránni. Er þá ekki eðlilegt að vísa frv. til umsagnar til Hæstaréttar, eins og oft er gert? Það eru okkar venjulegu vinnubrögð í sumum tilvikum. Segjum að það verði gert. En hverjir hafa þá samið þetta frv.? Það er hinn sami Hæstiréttur sem á að veita Alþingi umsögn um hvort eigin verk hans séu brot á stjórnarskránni eða ekki, m. ö. o.: *hann er orðinn dómari í eigin sök. Er það ekki* lausung, hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson? Er það ekki dæmi um það, í hvert óefni er komið með öllum þessum málatilbúnaði? Það vita allir að hæstv. ríkisstj. hefur ekki samið þetta frv. Það kemur skýrt fram í grg. Það sitja að vísu í þessari ríkisstj. góðir lögfræðingar, ágætismenn, en þeir hafa ekki samið þetta frv. Þeir hafa eingöngu tekið að sér að flytja það á Alþingi. Það er þriðji armurinn í stjórnarskipun landsins, Hæstiréttur sjálfur, sem hefur samið þetta frv. — Mér finnst satt að segja fyrir neðan virðingu okkar að fara að blanda einhverju karpi stjórnar og stjórnarandstöðu um ríkisstj. inn í þetta mál. Hún kemur þessu máli ekkert við. Þessi ríkisstj. var ekki mynduð um Hæstarétt og henni verður ekki slitið heldur út af Hæstarétti. Kjarni málsins er sá, að það er Hæstiréttur sjálfur sem hefur óskað eftir að þetta frv. um hann sjálfan og eftir hann sjálfan verði flutt á Alþingi sem síðan á að senda honum sjálfum til umsagnar.

Herra forseti. Ég vék að því áðan, að annað megintilefni mitt hér upp í ræðustólinn er það, að mér barst í hendur í sæti mitt áðan greinargerð frá nokkrum virtustu og færustu lögfræðingum þessa lands. Það er greinargerð sem undirrituð er af Steingrími Gauti Kristjánssyni, Jóni Steinari Gunnlaugssyni, Birni Þ. Guðmundssyni, Baldri Guðlaugssyni, Stefáni Má Stefánssyni, Friðgeiri Björnssyni, Má Péturssyni, Hrafni Bragasyni, Birni Friðfinnssyni og Eiríki Tómassyni. Í þessum hóp eru prófessorar við Háskóla Íslands í lögum. Í þessum hóp eru ýmsir þeir sem gegna virtustu dómarastörfum við dómstigin sem eru næst Hæstarétti sjálfum. Í þessum hóp eru menn sem kenna stjórnskipunarrétt við Háskóla Íslands í dag, sem eru aðalkennarar Háskóla Íslands í dag, sem eru aðalkennarar Háskóla Íslands í stjórnskipunarrétti þennan vetur. Í þessum hóp er maður sem hefur verið aðstoðarmaður dómsmrh. Í þessum hóp eru menn sem hafa gegnt forustustörfum fyrir lögfræðinga í þessu landi. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að lesa fyrir hv. deild þá greinargerð sem frá þessum hóp hefur komið, því að ég tel alveg nauðsynlegt, með sérstöku tilliti til þess málflutnings sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson leyfði sér að viðhafa áðan, að reyna að flytja umr. á nýjan leik yfir í efnislegar umr. um Hæstarétt sjálfan og dómskipunina í landinu og hverfa frá þeirri tegund af pólitísku karpi sem mér fannst einkenna sérstaklega seinni hlutann af hans ræðu. Við stöndum frammi fyrir því hér á hv. Alþingi, að við höfum fengið í hendur frv. um Hæstarétt Íslands sem þegar eru hafnar alvarlegar deilur um utan þings í hópi þeirra manna sem kenna lögfræði, veita forustu helstu dómstigum landsins og eru meðal virtustu yngri fræðimanna í lögfræðingastétt. Það vill svo til að í þessari greinargerð er tekið undir sumar af þeim röksemdum, sem ég flutti í minni ræðu, og tekið undir þær efasemdir sem ég setti hér fram.

Ég vil að lokum, herra forseti, áður en ég les þessa greinargerð, ítreka það sem ég sagði áðan, að nauðsynlegt er fyrir hv. Alþingi að gefa sér góðan tíma til að athuga þetta frv., hvort Alþingi vill samþykkja frv. í núverandi formi eða hvort Alþingi telur nauðsynlegt að gera á því viðamiklar breytingar, ekki renna því í gegn óbreyttu á færibandi einfaldlega vegna þess að Hæstiréttur landsins eigi hér hlut að máli. Við verðum því miður að horfast í augu við þá staðreynd, að dómarar í Hæstarétti hafa sent til Alþingis frv. um Hæstarétt sem er þannig unnið að í því eru svo mörg vafamál, svo mörg *atriði sem geta valdið deilum um þennan æðsta dómstól í* landinu og skapað lausung í störfum hans, að það er algerlega nauðsynlegt að Alþingi sem annar af þremur meginörmum ríkisvaldsins og lýðræðisskipulagsins í þjóðfélagi okkar viti nákvæmlega hvað það er að gera þegar það samþykkir þetta frv. um þann þriðja af þessum meginörmum ríkisvaldsins og lýðræðisins í landinu sem við erum hér að fjalla um.

Herra forseti. Sú greinargerð, sem þessi hópur virtra lögfræðinga, sem ég nefndi hér áðan, hefur sent þm., er á þessa leið:

„1. Ákvæði 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 er byggt á því, að umboðsstarfalausir dómendur skuli skipaðir til óákveðins tíma. Fræðimenn, sem ritað hafa um 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar eða sambærilegt ákvæði í dönsku stjórnarskránni, eru í aðalatriðum sammála um þessa skýringu, sbr. t. d. Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, útg. 1955 í Reykjavík, bls. 278—279, ný útgáfa 1978 í Reykjavík, bls. 276—279, Dansk statsforfatningsret eftir Poul Andersen, útgefin í Kaupmannahöfn 1960, bls. 158—159, og Dansk statsforfatningsret 2. bindi eftir Alf Ross útgefin í Kaupmannahöfn 1960, bls. 466—467.

Efnisrökin að baki reglunni eru mikilvægi þess, að dómarar séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Hér er leitast við að koma í veg fyrir að framkvæmdavaldið geti beitt dómara þrýstingi, en einmitt slíkt ástand gæti skapast við það að dómarar væru settir eða skipaðir til ákveðins tíma. Þetta á sérstaklega við þegar atvik benda til þess, að áframhaldandi setning að fyrra tímabilinu loknu sé ekki útilokuð, sbr. t. d. fyrrgreint rit, Dansk statsforfatningsret, 2. bindi, bls. 466. Ljóst er t.d. að erfitt væri að fylgja fram banni 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar við því að víkja umboðsstarfalausum dómara úr embætti nema með dómi ef almennt mætti setja eða skipa dómara til tiltekins tíma. Þá er einnig vandséð hvernig ákvæði sömu greinar um að dómari skuli ekki missa neins í af launum, þegar starfstíma hans lýkur, samrýmist því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir.

2. Ákvæði stjórnarskrárinnar um sjálfstætt og óháð dómsvald eru byggð á meginreglunni um þrígreiningu ríkisvaldsins. 61.gr. stjórnarskrárinnar er einungis staðfesting á þeirri meginreglu að því er dómara varðar. Af framansögðu leiðir að allar lagaheimildir, sem fela í sér skerðingu á því réttaröryggi sem 61. gr. stjórnarskrárinnar veitir, verður að rökstyðja sérstaklega ef þær eiga að teljast hafa gildi. Því meira sem frávikið er, þeim mun ræki legri verður rökstuðningurinn að vera.

3. Í bráðabirgðaákvæðum fyrrgreinds frv. er gert ráð fyrir því, að dómarar séu settir í nýjar „stöður". Þarna er því ekki um sambærilegt tilvik að ræða og um getur í 4. gr. laga nr. 73/1975, en þar er gert ráð fyrir að unnt sé að

setja dómara í tilteknu máli eða í tiltekinn tíma sé um forföll reglulegs dómara að ræða eða leyfi frá störfum um stundarsakir eða þegar sæti hans verður autt af öðrum ástæðum. Umrædd lagagrein gerir ráð fyrir því, að dómari sé settur í stað annars fasts dómara sem hverfur frá störfum um stundarsakir. Munurinn er m. a. fólginn í því, að hinar nýju „stöður" gefa auknar líkur um framlengingu setningartímans. Umræddri 4. gr. er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að mæta vissum ófyrirséðum atburðum, sem gera það að verkum að hinn reglulegi dómari getur ekki rækt starf sitt um stundarsakir. Heimildinni ber að beita í hófi samkv. stjórnarskráheimildum þeim sem fyrr var getið. Sé þess ekki gætt og dómari t. d. settur til lengri tíma kynni slíkt tilvik að vera talið andstætt 61. gr. stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt um setningu fyrir annan sé að ræða, allt þó nánar eftir aðstæðum hverju sinni.

4. Það hefur lengi tíðkast að setja dómara til skamms tíma í Hæstarétti. Þau fordæmi eru ekki sambærileg og geta ekki orðið til þess að skjóta stoðum undir þá skipan sem nú er fyrirhuguð með bráðabirgðaákvæði fyrrgreinds frv. Þetta verður ljóst ef bornar eru saman forsendur, tímalengd og umfang á þessum setningum í hverju tilviki fyrir sig. Framkvæmdin í Hæstarétti hefur hingað til verið sú, að í öllum tilvikum var um setningu í stöðu annars dómara að ræða vegna orlofs eða forfalla. Í einu tilviki var einn dómari settur í nær tvö ár vegna leyfa hins reglulega dómara. Þar er að vísu um æðilangan tíma að ræða, en þó setning fyrir annan. Í öðru tilviki var dómari settur í nokkur ár. Stóð svo á, að ákveðin hafði verið fækkun hæstaréttardómara úr 5 í 3 í sparnaðarskyni með lögum frá 1924. Sú breyting átti þó ekki að koma til framkvæmda fyrr en sæti tveggja fastra dómara losnaði. Í septembermánuði 1923, þegar menn þóttust sjá fram á lagabreytinguna, lést einn af dómurum Hæstaréttar og var þá annar settur til að gegna stöðu hans þar til sæti annars fasts dómara losnaði. Hér var um mjög sérstætt tilvik að tefla. Verið var að koma nýrri skipan á dómstólana og enn var um setningu að ræða í stöðu annars.

5. Bráðabirgðaákvæði fyrrgreinds frv. um setningu dómara ganga lengra en áður eru dæmi til. Nefna má fáein atriði:

a. Þeir eru ekki settir í sröðu annars dómara, heldur er hér gert ráð fyrir nýjum stöðum þar sem um endurtekna skammtímasetningu gæti orðið að ræða, en einmitt sú tilhögun er til þess fallin að móta annað viðhorf hins setta dómara til stöðunnar þegar fram líða stundir. Slíkt veikir tiltrú almennings til dómstólanna.

b. Gert er ráð fyrir að settir dómarar verði tveir eða þrír, sem er hátt hlutfall miðað við þann fjölda dómara sem fyrir eru.

c. Samkv. frv. er við það miðað, að umræddar heimildir geti gilt í tvö ár hið lengsta. Þetta telst langur tími miðað við þau störf sem hér ræðir um. Samkv. grg. með frv. ber auk þess að „taka málið til athugunar á ný" að þeim tíma liðnum. Ljóst er því, að höfundar frv. (þ. e. hæstaréttardómarar) útiloka ekki að um áframhald geti orðið að ræða.

6. Ákvæði frv. til bráðabirgða verður ekki rökstutt — a) með því að vísa til reynslu Finna, þar sem ákvæði 53.—60. gr. stjórnarskrár Finna eru alls ekki sambærileg ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar um þau atriði sem hér skipta máli, — b) með því að vísa til fordæmis Norðmanna eftir síðari heimsstyrjöldina því að ástand þjóðmála í Noregi á þeim tíma er alls ekki sambærilegt við ástandið á Íslandi nú, — c) með því að vísa til þess, að um neyðarráðstöfun sé að ræða, því að auðvelt er að sýna fram á aðrar leiðir sem í aðalatriðum leiða til sömu niðurstöðu, en rýra þó ekki sjálfstæði dómstólanna. Þessar leiðir hefðu varla verulega aukin útgjöld í för með sér. Má reyndar taka fram, að aukin útgjöld í þessum mæli geta aldrei talist grundvöllur undir neyðarrétti, sem réttlætt geta frávik frá stjórnarskránni, — d) með því að vísa til þess, að dómarar til bráðabirgða verði alltaf í minni hluta í Hæstarétti. Ekkert segir það í fyrirliggjandi frv. að umræddir dómarar skuli ávallt vera minni hluti dómara í hverju máli. Auk þess styrkir það tæpast traust almennings á Hæstarétti að skipta dómurum hans þannig í flokka, — e) með því að vísa til þess, að dómarar til bráðabirgða verði aðeins settir samkv. tillögum Hæstaréttar. Sá stuðningur, sem þetta kann að veita, er veikur miðað við þá tryggingu sem stjórnarskráin veitir dómendum. Kjarni málsins er krafa stjórnarskrárinnar um skipan dómara til ótiltekins tíma.

7. Verði umrætt frv. um dómara til bráðabirgða að lögum er stigið varhugavert skref í sögu íslenskrar dómaskipunar.

a) Því kann að vera haldið fram, að um sé að ræða brot á 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í þessu sambandi skal á það bent, að líklegt er að einmitt komi til kasta Hæstaréttar sjálfs að skera úr um það, hvort umrætt bráðabirgðaákvæði fái staðist samkv. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Í grg. með frv. kemur fram, að það sé samið af dómurum Hæstaréttar. Ef úrlausnarefni þetta kemur til kasta Hæstaréttar er líklegt að allir hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar verði að víkja sæti samkv. 6. gr. laga nr. 75/1973.

b) Jafnvel þótt menn treysti sér ekki til að fullyrða alveg um að umrætt bráðabirgðaákvæði fari verulega í bága við stjórnarskrána má vekja athygli á að hér er stigið nýtt skref sem gengur gegn meginhugsjón 61. gr. hennar. Vekur athygli að lögmæti þessarar breytingar er m. a. rökstutt með fyrri skrefum á sömu braut sem ekki hafa náð jafnlangt. Er þá eins víst að bráðabirgðaákvæðið, ef að lögum verður, verði síðar notað til rökstuðnings því að enn lengra megi ganga. Hlýtur þetta að vera umhugsunarefni.

c) Verði frv. að lögum má ætla, að Hæstiréttur dragist inn í umræður um það hvort hann sé löglega skipaður eða ekki. Slíkar umræður eru til þess fallnar að rýra álit Hæstaréttar út á við. Yrði það að telja illa farið.

Reykjavík, 20. nóvember 1981.
Steingrímur Gautur Kristjánsson.
Björn Þ. Guðmundsson.
Stefán Már Stefánsson.
Már Pétursson.
Björn Friðfinnsson.
Jón Steinar Gunnlaugsson.
Baldur Guðlaugsson.
Friðgeir Björnsson.
Hrafn Bragason.
Eiríkur Tómasson."

Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndi forseta að hafa gefið mér tækifæri til þess, þótt ég hafi talað áður tvisvar í þessu máli, að flytja þetta efni hér inn í umr. Ég,

vonast til að greinargerðin sem í stórum dráttum er mjög í sama dúr og þær röksemdir sem ég hef fyrr flutt í þessum umr., verði til þess að hv. Alþingi taki þetta frv. til alvarlegrar meðferðar, láti það ekki verða fórnarlamb einhvers konar karps milli stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur skoði hver og einn þm. það sem stjórnarskrárlega og lýðræðislega skyldu sína að ganga úr skugga um að hann sé viss um að þegar frv. verður afgreitt frá Alþingi verði það í þeim búningi sem sæmir réttarríki, sem styrkir lýðræði landsins og svarar þeim efasemdum til fullnustu sem þessi hópur virðulegustu lögfræðinga landsins hefur hér sett fram. Við skulum huga að því, að ef við lítum til þess, hverjir hafa orðið dómarar í Hæstarétti á undanförnum áratugum, þá hafa þeir einmitt verið valdir úr hóp manna, sem á yngri árum hafa skipað þær stöður sem þeir einstaklingar, sem að þessari greinargerð standa, skipa nú. Í þessum hóp sem sendir þessa greinargerð frá sér eru einstaklingar sem að nokkrum árum liðnum og jafnvel þegar kæmu fyllilega til álita starfs síns vegna að verða virðulegir dómarar í Hæstarétti Íslands.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil að gefnu tilefni óska eftir því við hv. þdm., að þeir taki sem mest tillit til þingskapa hvað snertir rétt til aths. og tímalengdar þeirra, hversu fróðlega lesningu sem þeir hafa fram að færa.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta langt mál né endurtaka neitt af því sem ég hef sagt við þessa umr. En ég vildi fyrst og fremst spyrja hæstv. forseta, eftir að hafa hlýtt á þessa löngu þriðju ræðu hv. 11. þm. Reykv. um þetta mál: Er þetta örstutt aths., herra forseti? (**Forseti:** Nei.) Ég held að ég verði heldur að flokka þetta undir málþóf og ég get nefnt eitt dæmi: Hv. þm. lét sér ekki nægja að lesa upp nöfn þessara virðulegustu lögfræðinga landsins einu sinni, heldur tvisvar, og annað eftir því. Ef þetta er ekki málþóf veit ég ekki hvað slíkt er. Ég leyfi mér að gera þessa aths.

Það er sjálfsagt að menn hugsi þetta mál og ræði, en þessar upplýsingar voru af því tagi að mér hefði fundist fara vel á því, að þær kæmu fram í nefnd. Ég vona að hv. nefnd kanni þetta mál rækilega frá öllum hliðum.

Það var margt annað í ræðu hv. 11. þm. Reykv. sem ástæða væri til að svara í alllöngu máli, en það skal ekki gert hér. M. a. talaði hann um að það þyrftu að liggja fyrir ítarlegar skráðar reglur um það, hvenær dómarar dæmdu, að mér skildist, fimm og hvenær þrír. Ég held að það sé erfitt að setja nákvæmar reglur um þetta efni. Það er að vísu hægt, en það er a. m. k. ástæðulaust að setja skriflegar reglur um hvað eina. Það ætti hv. þm. að vita eins vel og ég og aðrir alþm., að munnleg loforð eru jafngild og skrifleg og munnlegar reglur, sem fylgt er ár eftir ár, eru í raun og veru jafngildar og skriflegar. Þessi árátta manna að vilja negla allt niður með því að skrifa blaðsíðu eftir blaðsíðu af reglum um einföldustu mál er ekki að mínu skapi.

Það er svo eitt og annað sem nefna mætti, en ég fer ekki lengra út í þá sálma. Ég vænti þess aðeins að þetta mál komist sem fyrst til hv. allshn., svo að hún geti hafið þá vinnu, sem nauðsynleg er, en hitt er að sjálfsögðu vel þegið, að menn hugsi og rökræði málið dagfari og náttfari eins og þeim líst.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég sagði í upphafi ræðu minnar áðan, að ég hefði ekki hugsað mér að taka til máls í þessu máli, en mér hefði fundist umr. fara þannig að ég fyndi köllun hjá mér til að gera það. Ég verð að segja það eins og er, að mér þótti heldur miður að ég skyldi þurfa að halda mína ræðu eftir að hv. 11. þm. Reykv. var búinn að tala tvisvar. Þess vegna var mér það ekki á móti skapi þó að það yrði farið nokkuð mildilega gagnvart hv. 11. þm. Reykv. um ræðutíma þegar hann stóð aftur upp, þó að ég hins vegar geti verið fullkomlega samþykkur því sem hæstv. dómsmrh. sagði og hæstv. forseti, að hv. 11. þm. Reykv. hafi gengið helst til langt með að taka svo mikinn ræðutíma í stutta aths.

Hv. þm. vék að minni ræðu, en það var harla lítið bitastætt í því sem hann sagði og ég finn köllun hjá mér til að svara sérstaklega. Svo að ég nefni einstök atriði fór hann að tala um þær tölur sem hann hefði nefnt um málskot til Hæstaréttar og dóma Hæstaréttar og sagði þær hafa verið teknar úr grg. frv. Það vissi ég að var gert, en það er ekki nóg þó að tölurnar séu réttar. Það er hægt að leggja mismunandi skilning í þær og mistúlka þær. Það var það sem ég taldi að hv. þm. hefði gert þegar hann hefði litið fram hjá því, tölurnar í sjálfu sér segja ekkert, heldur hvers eðlis málin eru.

Hv. þm. vildi bera af sér þær sakir, að hann hefði sagt að það mundi fjölga sératkvæðum Hæstaréttar ef frv. þetta yrði samþykkt. Hann sagði nú margt sem var kannske frekar ástæða til að svara en þessu, en ég held samt sem áður að það verði ekki annað skilið á hans ræðu en það mundi enn þá aukast lausungin í störfum réttarins og m. a. með fjölgun sératkvæða.

Ég skil ósköp vel að hv. þm. hálfvegis fyrirverði sig fyrir að hafa talað um bitlinga eða aukabitlinga í sambandi við störf hæstaréttardómara, og það mun sjálfsagt vera rétt að hann notaði þetta orð ekki oft, en hins vegar var efni ræðunnar allt á þá lund. Það er auðvitað það sem máli skiptir. Þessi viðkvæmni af hálfu hv. ræðumanns, 11. þm. Reykv., gefur vonir um að hv. þm. finni að þessi ummæli hans voru ekki tilhlýðileg.

Hv. þm. fór að tala um að það væru engar reglur um deildaskiptingu. Hæstv. dómsmrh. kom nú lítillega inn á það efni og ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

Hv. þm. sagði að það væri ekki rétt, sem ég hefði sagt, að hann væri upphafsmaður að deilu um Hæstarétt. Ég held að ég hafi aldrei sagt að hann væri upphafsmaður, en hann er þó upphafsmaður á þessum vettvangi og hefur þann heiður eftir sem áður.

Hv. þm. vék dálítið að því sem ég sagði um ábyrgð ríkisstj. Hann komst svo að orði, að ríkisstj. kæmi málið ekki við. Það er nýstárleg fullyrðing út af fyrir sig, að þeim sem flytur málið, komi það ekkert við. Ég tek þetta eins og hverja aðra gamansemi af hálfu hv. þm. og ætla þess vegna ekki að svara því. En þetta gefur ábendingu um að þess verði naumast að vænta, að hv. þm. taki þá eðlilegu ákvörðun samkv. afstöðu sinni og ummælum til þessa frv. að bregða trúnaði og stuðningi við ríkisstj. ef hún lætur sér ekki segjast í þessu máli.

Ég sagði að ég hefði raunar ekki mikið að tala við hv. þm. því að það var heldur veigalítið sem hann svaraði minni ræðu. Ég skil það út af fyrir sig. Þess vegna var mikill hvalreki fyrir hann í þessari umr. að fá það plagg í hendur, sem hann var að lesa upp, frá virðulegustu lögfræðingum þjóðarinnar. Ég hafði ekki vitað um þetta plagg og því síður séð og ekki heyrt fyrr en nú að hv. þm. las það upp. Ég vil aðeins segja um það, að það vill svo til

að ég þekki flesta eða nær alla þá virðulegu lögfræðinga, sem standa að þessu plaggi, og met þá mikils bæði sem menn og sem lögfræðinga. Mér finnst sjálfsagt að athuga þetta nánar. Það er náttúrlega rétti vettvangurinn að gera það í nefnd.

En ég vil aðeins segja það til að fyrirbyggja misskilning, af því að hv. 11. þm. Reykv. sagði að ég hefði ekki vikið að bráðabirgðaákvæði frv., að ég hef litið svo á að þarna væri ekki um að ræða brot á stjórnarskránni. En mér þykir sjálfsagt og nauðsynlegt að athuga þetta mál gaumgæfilega og mér dettur ekki í hug að halda því fram, að ég hafi athugað þetta mál sérstaklega. Ég hef ekki gert það. En án þess að hafa gert það, en lesið frv. með gagnrýni eins og menn gera þegar þeir lesa frv. til l., hef ég litið svo á fram að þessu að þetta væri ekki stjórnarskrárbrot.

Ég sagði áðan að einmitt þetta atriði málsins, spurningin um, hvort hér er um stjórnarskrárbrot að ræða, og þetta plagg, sem hv. 11. þm. Reykv. las upp úr, hefði komið eins og hvalreki fyrir hann inn í þessar umr. Mér sýndist eftir ræðu hans að hann hefði haft harla lítið erindi í ræðustól nema til að gera deildinni grein fyrir þessu plaggi hinna virðulegu lögfræðinga sem að því stóðu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Mannanöfn, frv. (þskj. 105). — 1. umr.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 105 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 frá 1925, um mannanöfn. Meginefni þessa frv. er að auka frelsi fólks til að velja sér og afkomendum sínum nöfn og auka ráðrúm þess til að breyta nöfnum. Tilgangurinn er að reyna að færa gildandi löggjöf um mannanöfn nær því sem telja má vera nútímaviðhorf.

Núgildandi lög um mannanöfn eru orðin býsna gömul og bera greinileg merki síns tíma. Þannig eru í lögunum allstrangar kröfur um þjóðerni nafna, gerðar ríkar lagakröfur um að nöfn þurfi að vera rétt að lögum íslenskrar tungu, og í annan stað eru miklar skorður settar við möguleika fólks til að breyta nöfnum. Tilgangur frv. er sem sagt að reyna að auka frjálsræði í þessu og nútímalegri viðhorf. Í frv. er sú meginhugmynd lögð til grundvallar, að fólk eigi að hafa sem ríkast frelsi til að ráða nöfnum og því frelsi verði ekki settar aðrar skorður en þær sem mjög greinilega eiga stoð í þjóðfélagslegum hagsmunum. Í raun er það svo, að framkvæmd þessara lagaákvæða, gildandi réttar um mannanöfn, hefur auðvitað aðlagast þörfum tímans, og að verulegu leyti eru þau ákvæði, sem hér er lagt til að breyta, orðin úrelt. — Ég ætla nú að víkja að hverri grein frv. um sig.

Í 1. gr., sem breytir 1. gr. laganna, eru gerðar tvær breytingar. Í fyrsta lagi er sú breyting, að mönnum verði heimilt að heita fleiri en tveimur nöfnum. Í gildandi lögum er það þannig, að menn mega aðeins heita tveimur skírnarnöfnum, en hins vegar er það í raun svo, að margt fólk ber fleiri skírnarnöfn en tvö. Er í raun og veru ekki sjáandi neitt athugavert við það og þess vegna er hér lagt til að þessu verði breytt og fólki gert heimilt að lögum að nota fleiri en tvö skírnarnöfn.

Í öðru lagi er því atriði breytt í 1. gr., að menn geti kennt sig við kjörmóður jafnt og kjörföður. Þetta er auðvitað gert af samræmingarástæðum og er áreiðanlega í takt við tímann og gildandi lög um jafnrétti karla og kvenna

Þá er í 2. gr.frv., sem breytir 4. gr. laganna, lagt til að felld verði niður hin stranga krafa um að nöfn þurfi að vera „rétt að lögum íslenskrar tungu". Í samræmi við þetta ákvæði gildandi laga má minna á 6. gr. laganna, þar sem segir að stjórnarráðið eigi að gefa út skrá yfir þau mannanöfn sem eru bönnuð samkv. þessum lögum. Það er skoðun mín, að það sé ástæðulaust að vera með mjög strangar kröfur um þjóðerni nafna, það verði að vera á valdi hvers og eins að velja sér nafn og hann þurfi að hafa nokkurt frelsi til þess. Þetta ákvæði gildandi laga á áreiðanlega rætur að rekja til þeirra sterku þjóðernisviðhorfa sem voru með þjóðinni þegar löggjöfin var sett. Þá var skammt liðið síðan Íslendingar heimtu frelsi sitt undan Dönum og má áreiðanlega rekja þetta lagaákvæði til þeirra viðhorfa. Hér er sem sagt lagt til að þessi stranga krafa um þjóðerni nafnsins verði lögð af, en hins vegar er miðað við að áfram haldist almennt ákvæði, sem er í 1. gr. laganna, um að menn skuli heita íslensku nafni. Það ákvæði mun haldast og gefur að sjálfsögðu vísbendingu um stefnu, að nöfnin eigi að teljast íslensk. En þessi breyting mundi þýða það, að menn hefðu mun rýmra frelsi til að meta eftir viðhorfum hvers tíma hvað íslenskt er og hvað ekki. Þetta held ég að sé ákaflega mikilvæg breyting.

Þá er lagt til í frv. að inn komi ákvæði um að nöfn megi ekki vera afkáraleg eða líkleg til að valda óþægindum þeim sem ber nafnið. Þetta er að sjálfsögðu sett sem varnagli og mundi væntanlega ákaflega sjaldan reyna á það, en tilefni er til að hafa einhverja viðmiðun í því samt.

Í 3. gr. frv., sem breytir 5. gr. laganna, er vikið að breytingum á nöfnum. Eins og er nú í lögum getur maður því aðeins fengið nafni sínu breytt að hann hafi hlotið óþjóðlegt, klaufalegt eða erlent nafn. Það eru sem sagt settar efnislegar skorður við breytingum. Ég tel að þetta sé ástæðulaust. Mér finnst eðlilegt að fólk geti fengið nafni sínu breytt ef það sjálft unir því ekki. Skiptir þá ekki neinu máli af hvaða ástæðu það er sem fólk unir ekki nafni sínu. Hér er um að tefla svo persónulegt svið, sem ræðst af einkasjónarmiðum hvers manns, að mér finnst óeðlilegt að í lögum séu einhver efnisskilyrði fyrir því hvenær menn geti breytt nafni sínu. Því legg ég til að þau verði felld niður. Hins vegar er alveg ljóst að það eru ríkir þjóðfélagslegir hagsmunir sem krefjast þess, að það sé festa í nafngiftum og menn haldi almennt sama nafni alla ævi. Þessir þjóðfélagshagsmunir eru að sjálfsögðu mikilvægir og auðsjáanlegir. Menn geta t. d. bent á hagsmuni réttarvörslunnar. Menn geta að sjálfsögðu misnotað nafnbreytingar t. d. í fjárplógsskyni, til að nota í fjársvikum og öðru refsiverðu hátterni, þannig að einhver varnagli þarf að vera. Sá varnagli, sem ég legg til að settur verði og er í þessu frv., er að menn geti aðeins fengið að breyta nafni sínu fram til tiltekins aldurs, og er í frv. miðað við lögræðisaldur. Hugmyndin er sem sagt að fram til þess aldurs hafi menn fullt frelsi til að breyta nafni sínu af hvaða ástæðum sem vera skal en eftir þann aldur verði nafninu ekki breytt. Enn fremur er sá skilmáli í frv., að menn geta aðeins fengið leyfi til nafnbreytingar

einu sinni. Þess þarf að sjálfsögðu ekki að geta, að hið nýja breytta nafn verður að uppfylla hin almennu skilyrði sem eru í lögum.

Þá er í 4. gr. frv. lagt til að 6. gr. gildandi laga verði felld niður, en það er sú lagagr. sem ég gat um áðan, þar sem segir að stjórnarráðið skuli gefa út skrá yfir þau mannanöfn sem bönnuð skuli vera. Það verður alveg ástæðulaust að gefa út skrá yfir bönnuð nöfn þar sem eftir samþykkt þessa frv. verður ekki um að tefla nein nöfn sem bönnuð eru. Auk þess er það svo, að þessi grein mun ekki hafa verið framkvæmd. Stjórnarráðið mun ekki í raun hafa treyst sér til að gefa út neina skrá yfir bönnuð nöfn. Þar með er þetta lagaákvæði dautt og sjálfsagt að fella það úr lögum.

Ég ætla ekki að orðlengja miklu frekar um þetta. Frv. lætur lítið yfir sér, en hefur samt raunhæfa þýðingu fyrir mikinn fjölda fólks og leynir töluvert á sér að því leyti. Ég vænti þess, að það fái skjóta og málefnalega meðferð hér í hv. þd., og leyfi mér að leggja til að lokum að frv. verði vísað til hv allshn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara að ræða þetta frv. almennt. Það er athyglisvert. En það var eitt atriði sem ég hnaut um og mér þykir rétt nú þegar á þessu stigi að víkja að og spyrja hv. flm. um skýringu á. Það er í sambandi við 3. gr. frv. Þar segir: „Nú vill maður breyta nafni sínu, bæta við það eða fella niður hluta þess, og getur hann þá sótt um leyfi til þess til stjórnarráðsins ef hann er ekki orðinn lögráða.“ Ýmis réttur er bundinn við að menn séu komnir til vits og ára, þeir verða lögráða, fjárráða o. s. frv. En hér er þetta á hinn veginn, að menn hafa rétt áður en þeir verða lögráða, en ekki á eftir. Hvaða þýðingu hefur þetta? Ekki vænti ég að það sé gert ráð fyrir að börn geti gert þetta — eða er það svo? Eða þurfa menn að vera sjálfráða? Hvernig er þetta hugsað? Og er rétt að binda þetta við aldur innan lögráðaaldurs, við fólk í bernsku, æsku eða fólk sem er ekki búið að ná þeim þroska sem er tilskilinn til þess að það geti gert almenna löggerninga? Ég geri mér ekki grein fyrir hvað þetta þýðir og hvernig á að framkvæma það. Í öðru lagi: Ef það er ástæða að veita þennan rétt innan við lögráðaaldur, hví ekki að einhverju leyti þegar maðurinn hefur náð lögráðaaldri?

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Þetta er að sjálfsögðu eitt af þeim atriðum í frv. sem full ástæða er til að hyggja að og velta nokkuð vöngum yfir. Það varð mín niðurstaða, þegar ég var að vinna að þessu frv., að það væri heppilegast að miða við einhvern aldur er skorður væru settar við þessu aukna frelsi til nafnbreytinga sem frv. gerir ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu álitamál hvar á að setja þau aldursmörk. Ég tók þann kostinn að velja lögráðaaldur. Ein ástæðan til þess er sú, að það er almennt heppilegt að vera ekki með mjög mörg ólík aldursskilyrði í lögum, heldur freista þess að hafa þar nokkurt samræmi í og tengja hin ýmsu aldursbundnu réttindi laga sama aldri. Það er hin almenna ástæða.

Í öðru lagi kemur það líka til, að þegar fólk er á þessum aldri, þ. e. undir tvítugu, eru farin að hafa gildi gagnvart því fólki þau almennu þjóðfélagslegu sjónarmið sem tengjast m. a. hættu á fjármálamisferli, nafnabreytingum í fjárplógsskyni. Ég held að sú hætta sé orðin þegar virk á þessum aldri.

Þetta var sem sagt meginástæðan fyrir því, að ég taldi ekki óhætt að fara hærra með aldurinn. (Gripið fram í.) Nei, engin takmörk sem miðað er við. Ég skal víkja að því.

Það er augljóst mál, að börn eru ekki umkomin þess að breyta nafni sínu, a. m. k. ekki ein sér, heldur koma þar að sjálfsögðu til foreldrar með foreldravald. Nú eru oft dæmi þess, að börn, kannske 10, 11 til 12 ára gömul, sem una ekki af einhverjum ástæðum nafni sínu, vilja breyta nafninu. Til þess yrðu þau að sjálfsögðu að hafa atbeina foreldra sinna, sem eru forráðamenn barnanna. Þegar í frv. segir: „Nú vill maður breyta nafni sínu“ — og mundi oftast vera um að tefla í raun og veru börn, þá liggur í hlutarins eðli að atbeini foreldra þyrfti að koma þar líka til.

Ég held að ég hafi með þessum orðum gert í stórum dráttum grein fyrir því, af hverju þessi aldur er valinn. Sumir þeirra, sem hafa rætt við mig um efni frv., hafa bent á að aldurinn þyrfti að vera lægri, en þá finnst mér frelsið vera skert býsna mikið. Ég var ekki á því, að ástæða væri til að hafa hann lægri. Hvort hann eigi að vera nokkru hærri gæti verið álitamál, en af þeim ástæðum, sem ég hef þegar bent á, tók ég ekki þann kostinn, heldur þann að miða við lögráða mann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 58). — Frh. 1. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nokkuð umliðið frá því að við vorum að ræða það mál sem hér er til umr., og það hvarflaði að mér að falla frá orðinu, en ég hafði beðið um orðið. Þá minntist ég þess, að mér virðist hæstv. fjmrh. vera í slíkum hafvillum í því atriði, sem við vorum að ræða saman um, að mér finnst það ábyrgðarhluti að skiljast svo við hann að segja ekki nokkur orð.

Það var um 15. gr. frv. sem við hæstv. fjmrh. vorum að ræða, varðandi Húsnæðisstofnun ríkisins og Byggingarsjóð ríkisins. Í svarræðu sinni sagði hæstv. ráðh. að með lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 hafi verið numið úr lögum að tiltekinn hluti launaskatts skyldi ganga í Byggingarsjóð ríkisins og eitt sinn hefðu það verið 2%, en nú hefði það verið numið úr lögum. Þetta er misskilningur. Þetta hefur ekki gerst sem hæstv. ráðh. segir. Það hefur ekkert verið numið úr lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi þetta efni. Ef eru borin saman lögin um Húsnæðisstofnun frá 1970 og 1980 er ákvæðið um launaskattinn til Byggingarsjóðs ríkisins nákvæmlega eins í þeim lögum. En 2% af launaskattinum, sem áttu að ganga í Byggingarsjóð, eru samkv. lögunum um launaskatt. Það er rétt. (Gripið fram í.) Það er skýringin á því að þetta ákvæði er hér í frv. Það er vegna þess að engu hefur verið breytt. Það er verið að breyta því á þessu ári með frv. sem við erum hér að ræða. Það hefur engu verið breytt. Lögin um Húsnæðisstofnun eru eins að þessu leyti, lögin um launaskatt eru eins að þessu leyti. Þetta vildi ég að kæmi hér skýrt fram.

Þá er það annað sem hæstv. ráðh. sagði. Hann sagði, að það, sem hefði gerst væri það, að í staðinn fyrir 2%

gjald til Húsnæðisstofnunar, sem mundi verða 222 millj. kr., væri hér um að ræða annars vegar fast framlag í krónutölu samkv. fjárlagafrv., 57 millj. kr., og hins vegar fast framlag til Byggingarsjóðs verkamanna, 111 millj. kr. Þegar þetta tvennt er lagt saman koma út 168 millj. kr. í staðinn fyrir þær 222 millj. kr. sem 2% hefðu gefið. Þetta sagði ráðh. Þetta er rétt svo langt sem það nær. En ályktunin og samanburðurinn eru ekki rétt. Það er ekki rétt að segja annars vegar, að í ár séu það 168 millj., en það hefði átt að vera 222. (**Fjmrh.:** Af þessum tekjustofnum.) Já, af þessum tekjustofnum, tekjustofnum frá ríkinu. (Gripið fram í.) Já, en ef samanburð ætti að gera þarna á þyrfti að koma til viðbótar við 222 millj. svokölluð byggingarsjóðsgjöld, 1% álag á tekju- og eignarskatt og 1/2% á aðflutningsgjöld samkv. tollskrá. Ég spurði hæstv. ráðh. hvað þessi gjöld hefðu numið miklu ef reiknað væri með þeim núna. Hann gaf mér ekki svar við því, en það er augljóst að þetta þarf að koma inn í dæmið líka. Enn fremur þarf að hafa í huga það beina ríkisframlag sem var í lögum frá 1970, fyrir utan launaskattinn og fyrir utan álagið á tekju- og eignarskatt og álagið á aðflutningsgjöld. Hér er því um miklu meiri mismun að ræða en kemur fram í þessum samanburði hæstv. ráðh. Þetta vildi ég leiðrétta líka.

Í þriðja lagi hjó ég eftir því hjá hæstv. ráðh., að hann sagði, — og viðurkennir náttúrlega staðreyndir — að það hafi verið minnkað framlag til Byggingarsjóðs. En hæstv. ráðh. sagði að framlag til Byggingarsjóðs ríkisins hafi auðvitað verið nokkuð skert með hliðsjón af því að nú eru öll lán Byggingarsjóðsins verðtryggð og það fjármagn, sem hann lánaði út, skilaði sér til baka og þá væru auðvitað viss takmörk fyrir því, hvað eðlilegt væri að leggja mikið til sjóðsins af skattfé ríkisins. Þetta segir ráðh.: að vegna þess að búið er að verðtryggja lán sjóðsins þurfi hann á minni beinum framlögum að halda frá ríkinu, hann sé traustar upp byggður eftir þá breytingu. Þetta er líka mikill misskilningur. Það liggur í því, að um leið og sjóðurinn er sviptur beinu framlagi sem nemur 2% af launaskattinum, þá hefur hann ekki önnur úrræði en að taka lán til starfseminnar hjá lífeyrissjóðunum. Á því er náttúrlega geysilegur munur, hvort sjóðurinn tekur lán eða fær óafturkræft framlag. Þarf ekki að ræða um það. En það er ekki nóg með að munurinn sé í því, heldur eru þessi lán þannig, sem Byggingarsjóður ríkisins tekur, að þau eru til 15 ára með 3.5% vöxtum, en honum er gert að lána þetta fé til 25 ára með 2% vöxtum. Þetta er nýja skipanin. Það er því alveg greinilegt hvert stefnir fyrir Byggingarsjóði ríkisins með þessu áframhaldi. Þess vegna er það ekki rétt ályktun sem hæstv. ráðh. dregur þegar hann segir að nú sé ekki ástæða til beinna framlaga úr ríkissjóði vegna þess að verðtryggingu hafi verið komið á.

Þessum þremur atriðum vildi ég aðeins víkja að. Ég hafði kannske ástæðu til að víkja að fleiri atriðum, en ég ætla ekki að gera það. Ég tel að í öllum þessum atriðum hafi komið fram viss misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ég vildi gjarnan fá tækifæri til að leiðrétta hann því að ég veit að hæstv. ráðh. vill jafnan hafa það sem sannara reynist.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan fullvissa hæstv. forseta um að ég skal hafa mína aths. styttri en aths. hv. 11. þm. Reykv. var. Ég sé ekki ástæðu til að lengja frekar þessa umr. um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982. Ég vildi aðeins segja hér fáein orð.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um það í sinni síðustu ræðu, að hann vildi auka innlendar lántökur til ríkisins og komast þannig hjá því að taka erlend lán. Ég er honum alveg sammála um það. Það er að sjálfsögðu rétt að reyna að afla meira innlends fjár eftir því sem þarf til hins opinbera, en þó verður að hafa í huga að þar eru líka atvinnuvegirnir að óska eftir fjármunum til sinna þarfa og það verður að fara að því með gát eins og öðru. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að hann fyrirhugar með þessari fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ekki einungis að auka erlend lán, eins og ég hef áður bent á, heldur að stórauka lántökur til ríkisgeirans á innlendum lánsfjármarkaði. Hann hyggst auka spariskírteinasölu um 66% frá því sem er í ár með þessari lánsfjáráætlun, og hann hyggst lögþvinga lífeyrissjóðina til að auka skuldabréfakaup af opinberum aðilum um 60% frá því í fyrra. Til viðbótar þessu er um miklar erlendar lántökur að ræða, eins og ég vék hér að og hæstv. viðskrh. sagði að væru alvarlegt mál, á sama tíma og gert er ráð fyrir svo miklum samdrætti í orkuframkvæmdum sem fjárfestingaráætlunin gerir ráð fyrir og ég rakti áðan.

Hæstv. ráðh. sagði, að það hefði verið óþekkt fyrirbrigði áður að gera ráð fyrir því í fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun að spá fram í tímann um verðlagsforsendur. Þetta er ekki rétt hjá hæstv. ráðh. Á síðasta ári stóð orðrétt í hans eigin fjárlagafrv. að um væri að ræða 42% verðlagsforsendur, og var þannig spáð um verðlag á árinu í ár. Þetta reyndist að vísu ekki fara nákvæmlega eftir, en oft hefur verið gerð verri spá en það. Þar var því um að ræða ákveðin markmið, spá um hvað gerast mundi miðað við efnahagsstefnu ríkisstj. Það var einmitt þetta sem ég var að vekja athygli á, að með reiknitölu hæstv. ráðh. er gefist upp á því að hafa einhver ákveðin efnahagsmarkmið á næsta ári. Þetta var ég að gagnrýna.

Nú er vísað til þess í grg. fjárlagafrv., sem hefur sömu verðlagsforsendur og lánsfjáráætlunin, að það sé ekki hægt að spá með venjulegum hætti fyrir um verðlagsbreytingar, það sé eftir að semja á hinum almenna vinnumarkaði. Þetta var að sjálfsögðu rétt þegar grg. frv. var samin. Nú hafa hins vegar tekist samningar sem áreiðanlega munu hafa mjög víðtæk áhrif á þróun kaupgjalds á árinu 1982. Ég vil að lokum benda hæstv. ráðh. á að í ljósi þeirrar staðreyndar finnst mér eðlilegt að fram fari athugun á því, að frv. til fjárl. og lánsfjáráætlun verði breytt í samræmi við sennilega þróun á þessum sviðum miðað við áform ríkisstj. og efnahagsstefnu á næsta ári. Það hlýtur alla vega að liggja miklu ljósar fyrir en áður hver verðlagsþróunin verður.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru örfá orð.

Ég held að það sé enginn ágreiningur milli okkar hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðars Kristjánssonar, og mín um efni laga sem varða tekjur Byggingarsjóðs ríkisins. Ég held að allt hafi verið hárrétt sem kom hér fram hjá honum áðan, ég hef þar engar leiðréttingar að gera. Hins vegar má vel vera að annaðhvort hafi hann misskilið orð mín í umr. um daginn eða þau hafi verið haldin einhverri þeirri ónákvæmni sem gáfu tilefni til misskilnings.

Það er staðreynd, sem hann lýsti áðan, að framlögin í Byggingarsjóð hafa verið skorin niður með þeim hætti sem hann lýsti. Ástæðan fyrir þessu er að sjálfsögðu sú, að verulegur halli var á ríkissjóði á löngu tímabili og þessi

niðurskurður er ein af mörgum aðgerðum sem beitt hefur verið til að rétta þann halla af. Ég hygg að sá niðurskurður, sem átt hefur sér stað á framlögum til fjárfestingarsjóða og til Byggingarsjóðs ríkisins, sé langstærsta átakið sem gert hefur verið til að rétta af þennan halla og það þýðingarmesta. Sem betur fer hefur verið nokkuð þokkaleg samstaða um það milli allra stjórnmálaflokka að skera þessi framlög niður með tilliti til breyttra viðhorfa eftir að verðtrygging hefur verið tekin upp á útlánum þessara sjóða almennt.

Það er svo laukrétt hjá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að einn hængurinn á hjá Byggingarsjóði ríkisins er að hann lánar út með heldur lægri vöxtum en nemur vöxtum af lánum, sem hann tekur. Þetta er galli og þetta verður að leiðrétta. Ég er alveg sammála honum um að þetta getur ekki gengið til lengdar eða er a. m. k. mjög óþægilegt að þetta gangi til lengdar. Þó er rétt að hafa í huga að það er ekki um stórar upphæðir að ræða þarna. Ég var að giska á það mjög lauslega, hvað þessi vaxtamismunur kynni að vera stór hluti af ríkisframlaginu, þ. e. hve stór hluti af ríkisframlaginu gengi til að jafna þennan vaxtamun. Á einu ári er þetta ekki nema lítið brot af ríkisframlaginu. En ef þetta ástand varir mjög lengi, ég tala nú ekki um ef það varir marga áratugi, getur þarna orðið um talsverða skekkju að ræða. Er mjög erfitt að hugsa sér að það ástand standi lengi.

Við hv. þm. Lárus Jónsson hef ég ekki margt að ræða eftir það sem á undan er gengið. Ég hef fáu við það að bæta sem ég sagði seinast. Við erum greinilega sammála um það sem varðar verðlagsspána. Það er alveg rétt, að við settum fram ákveðna verðlagsspá í fyrra, sem átti að heita að verðlag mundi breytast um 42% milli áranna 1980 og 1981. En í þetta sinn höfum við kosið að tala um reiknitölu fjárlaga og viðurkenna hreinskilnislega að sjálf verðlagsspáin sé á sama tíma nokkuð óvissari og við séum þarna með reiknitöluna bersýnilega í lægri kantinum miðað við hugsanlega verðbólguþróun. Það, sem ég sagði, var hins vegar ósköp einfaldlega það, að lengst af settu menn fram einfalda reiknitölu. Þegar ég fer að fletta fjárlagafrv. sé ég ekki að bein verðlagsspá hafi verið í greinargerðum fjárlagafrv. fyrr en í fyrra. Þó að við höfum nú fallið frá því vegna óvissu í efnahags- og kjaramálum, m. a. vegna kjarasamninga, sem ekki hafa enn verið gerðir nema að litlu leyti, vegna óvissu um ákvörðun fiskverðs og vegna margrar annarrar óvissu, er það ekki annað en það sem lengst af hefur verið og verður að vera við ríkjandi aðstæður þangað til við höfum fastara land undir fótum hvað verðlagsþróun snertir á þessu landi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. gaf þá skýringu, að skertur hefði verið tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins af launaskatti með því að það hefði verið verulegur halli á ríkissjóði. Ég mótmæli því ekki. En ég vil aðeins vekja athygli á að ráðh. hefur höggvið þar sem síst skyldi þegar Byggingarsjóður ríkisins er sviptur launaskattinum vegna þess að sá skattur var lagður á í sambandi við vinnudeilu og átti að vera visst framlag til að mæta hagsmunum og kröfum launamanna í landinu.

Annars er það greinilegt, að við ætlum ekki að deila mikið hér á þessum fundi, ég og hæstv. ráðh. Það má hins vegar segja að það sé áherslumunur. Þegar vextir af lánum Byggingarsjóðs ríkisins, sem hann tekur, eru 3.5%, en vextir af lánum, sem hann veitir, eru 2%, þá orðar hæstv. ráðh. það svo, að 2% sé heldur lægra en 3.5%. Ég mundi orða þetta þannig, að útlánsvextir sjóðsins væru nærri því helmingi minni en vextir af því fé sem hann aflar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 14. fundur.

Mánudaginn 23. nóv., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á þskj. 110 er stjfrv. um breytingar á lögum um almannatryggingar, sem er stutt og í rauninni mjög einfalt og gengur út á það, að heimilt sé að ákveða að svokallaðir daggjaldaspítalar verði teknir inn á bein fjárlög samkv. ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni. Eins og kunnugt er hafa ríkisspítalarnir um nokkurt skeið verið reknir á svokölluðum „beinum fjárlögum". Er talið af ýmsum að það hafi út af fyrir sig gefist allvel og tryggt betra aðhald í rekstri þessara stofnana frá ári til árs en ella hefði verið.

Það er ljóst að kostnaður við sjúkratryggingar er einn stærsti liðurinn í ríkisútgjöldum okkar. Á árinu 1982 er gert ráð fyrir að vistgjöld á sjúkrahúsum og hælum nemi 692.3 millj. kr., en í ár er þessi upphæð talin samkv. fjárlögunum 446 millj. kr. Hækkun milli ára frá fjárlögum til frv. er talin vera 246.3 millj. kr. Það er því ljóst að hér er um að ræða mjög stóran lið í okkar útgjöldum, og samkv. forsendum fjárlagafrv. hækkar hann um 55.2% á milli ára, sem er nokkru meira en gert er ráð fyrir að önnur rekstrarútgjöld hækki. Stafar það af ýmsum ástæðum, m. a. þeirri, að í fjárlögum ársins 1981 eru útgjaldatölur í þessum efnum ekki að öllu leyti raunhæfar, m. a. vegna þess að rekstrardaggjöld hækkuðu 1. des. 1980 um 10.9%, en á fjárlögum hafði sú hækkun verið áætluð 10%. Auk þess hafa eftirtaldar hækkanir orðið á árinu 1981: 3.2% hækkun 1. jan., 6.8% hækkun 1. mars, 9.3% hækkun 1. júní, 3.9% hækkun 1. júlí vegna kjarasamninga og 8% hækkun 1. sept. Þá er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv., að daggjöld hækki um 9% 1. des. n. k. Ég hef ekki fengið nýjar tillögur frá daggjaldanefnd um breytingar á daggjöldum frá og með 1. des., svo að það er ekki alveg endanlega ljóst hvort það verður þessi tala eða einhver önnur.

Deilur hafa lengi staðið um það, hvort daggjaldakerfi á sjúkrastofnunum og hælum í landinu væri heppileg fjármögnunarleið. Ég held að það sé a. m. k. ljóst að daggjaldaviðmiðun, sem gengur út frá útreiknuðum kostnaði á hvert rúm hvern dag sem sjúklingur er inniliggjandi, er ekki að öllu leyti heppileg, m. a. með tilliti til þess, að sjúkrahúsaþjónusta hefur verið að breytast á undanförnum árum og vaxandi hluti af þjónustu sjúkrahúsanna er á vegum svokallaðra göngudeilda. Enn fremur er um að ræða slysaþjónustu, eins og t. d. hér í Reykjavík, þar sem rekin er stærsta slysavarðstofa

landsins á Borgarspítalanum, en Borgarspítalinn er eins og kunnugt er einn af daggjaldaspítölunum.

Ég held að það væri heppilegt, hvað sem öðru líður, að Alþingi áttaði sig betur á því en nú virðist vera, hvað það kostar að reka hverja sjúkrastofnun í landinu. Í fjárlagafrv. og fjárlögum er yfirleitt ein safntala fyrir allan þennan kostnað. Ég þekki að sjálfsögðu ekki til starfa fjvn. í einstökum atriðum, en ég er ekki viss um að menn fari þar ofan í kostnað við hvern einstakan spítala frá ári til árs. Ég held þess vegna að bein fjármögnun á spítölunum mundi stuðla að meðvitaðri afgreiðslu Alþingis á þessum stóra kostnaðarlið en nú hefur verið. Ein meginforsenda þess hins vegar, að réttlætanlegt sé að breyta þessu kerfi, er sú, að tryggt verði að heilbr.- og trmrn. geti haft hönd í bagga með því frá degi til dags, að fjárveiting sú, sem ákveðin er af Alþingi hverju sinni, verði ekki til þess að þjónusta sjúkrahúsanna versni frá því sem verið hefur. Í viðræðum mínum við fjmrn. hef ég lagt áherslu á þetta grundvallaratriði, þannig að sjúkrahúsadeild heilbr.- og trmrn. verði efld frá því sem nú er. Í rauninni er furðulegt til þess að hugsa, hvað daggjaldanefnd, sem ákveður daggjöld á einstökum stofnunum, er veikt stjórnvald þegar allt kemur til alls, hvað hún hefur í raun og veru haft litla möguleika til þess að fara ofan í rekstrarkostnað og rekstrarforsendur sjúkrahúsanna lið fyrir lið. Þetta litla frv. um breytingar á lögum um almannatryggingar er lagt hér fram til þess að kanna til þrautar viðhorf Alþingis í þessum efnum.

Ríkisstj. vill færa þessi mál inn á vettvang Alþingis svo að hv. alþm. geti lagt það til málanna í þessum efnum sem þeir telja nauðsynlegt á þessu stigi. Aðaltilgangurinn með flutningi þessa frv. er að tryggja betri fjármögnunaraðferðir en verið hafa á sjúkrahúsunum í landinu, skilvirkari þjónustu, betra aðhald löggjafans með þessari þjónustu og jafnframt gleggri meðferð mála hér á hv. Alþingi þegar fjárlög eru afgreidd hverju sinni. Hér er um að ræða heimildarákvæði sem Alþingi yrði að taka afstöðu til í hvert skipti.

Eins og kunnugt er bera sveitarsjóðir nú nokkurn kostnað af daggjöldum, eða um 15%, meðan ríkissjóður er með 85%. Jafnframt ákvörðun um að flytja einstaka daggjaldaspítala yfir á bein fjárlög verður auðvitað að tryggja að hlutur sveitarfélaganna skili sér. Ég á von á því, að unnt verði að gera fljótlega grein fyrir hugmyndum sem uppi eru í þeim efnum. Það verður raunar að vera tryggt, að ekki verði tekin ákvörðun um að flytja einstaka spítala yfir á bein fjárlög fyrr en ákvörðun hefur verið tekin um að tryggja hlut sveitarfélaganna. Það mál er nú í sérstakri athugun hjá ríkisendurskoðuninni og mun ég gera ráðstafanir til að láta gera hv. þm. og þá e. t. v. fjvn. grein fyrir niðurstöðum í þeim efnum eftir því sem málinu vindur fram.

Á þessu ári, 1981, hefur verið í gangi athugun á rekstrarkostnaði daggjaldaspítala á vegum fjmrn. og heilbr.- og trmrn. Þessi athugun fer fram á vegum þriggja manna nefndar sem skipuð var af þessum tveimur rn. snemma á þessu ári. Nefndin hefur þegar farið ofan í saumana á rekstrarkostnaði nokkurra spítala. Þar er um að ræða í fyrsta lagi fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað, sjúkrahúsið á Húsavík og sjúkrahúsið í Keflavík. Nefndin er nú með í athugun fleiri sjúkrahús og mun snúa sér næst m. a. að stóru sjúkrahúsunum hér í Reykjavík, þ. e. Landakotsspítala og Borgarspítala.

Ég undirstrika að lokum, herra forseti, að það verður auðvitað að búa þannig um hnútana, um leið og menn tryggja aðra fjármögnunarleið til spítalanna en verið hefur, að breyting á fjármögnunaraðferð komi ekki niður á þjónustu sjúkrahúsanna við almenning, við sjúklinga, við þá viðskiptamenn sem þangað þurfa að snúa sér. Það grundvallaratriði verður að tryggja jafnframt.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að sinni að fara rækilegar út í frv. þetta en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er sammála þeirri breytingu sem lögð er til í því frv. sem hér er til umr. Það er unnt a. m. k. í sumum tilvikum, ég vil segja flestum, að koma við meiri hagkvæmni í rekstri með kerfi fastra fjárveitinga heldur en með daggjaldakerfinu eins og það er nú. Reynslan af rekstri ríkisspítalanna fyrir og eftir breytinguna 1977 er til vitnis um það.

Ef litið er á málið frá sjónarhóli rekstraraðila skiptir það í sjálfu sér ekki höfuðmáli hvort daggjaldakerfið verður áfram eða fastar fjárveitingar verða teknar upp. Það, sem öllu máli skiptir, er hvort ríkisvaldið á hverjum tíma viðurkennir staðreyndir um raunverulega verðbólgu og áhrif hennar á reksturinn. Á það jafnt við um bæði kerfin, en hingað til hefur verulega viljað á það vanta. Öll eða svo til öll daggjaldasjúkrahús landsins, m. ö. o. öll sjúkrahús önnur en ríkisspítalarnir, voru á s. l. ári rekin með dúndrandi tapi. Og á þessu ári er útlit fyrir að tapið verði a. m. k. tvöfalt á við það sem var á s. l. ári.

Með daggjaldakerfinu á að bæta þetta með svokölluðu halladaggjaldi, sem tekur mið af því hvað hallinn var mikill. T. d. er halladaggjaldi þessa árs ætlað að bæta tapið á síðasta ári. Það er bætt ári seinna eða þar um bil með óverðtryggðum peningum. En hvað skeður svo? Eftir ágústmánuð í ár er sjúkrahúsunum tilkynnt að nú verði þessi halladaggjöld ekki greidd lengur, fjárveiting sé þrotin. Öllum vandanum er sem sagt velt yfir á rekstraraðilana sem í flestum tilfellum, en þó ekki nærri því öllum eru sveitarfélög. Auðvitað verða sveitarfélögin eða aðrir rekstraraðilar að hlaupa undir bagga þegar loka á fyrir rafmagn og síma eða þegar hætta á afgreiðslu matvæla til sjúkrahúsanna. Oft hefur þetta því miður viljað brenna við. En auðvitað er þetta vegna langvarandi skuldasöfnunar sjúkrahúsanna.

Núverandi kerfi tekur ekki tillit til verðbólgu fram í tímann. Það tekur tillit til taps sem verður af verðbólgunni eftir á, ævinlega eftir á og í sumum tilvikum ekki fyrr en heilu ári á eftir. Rekstraraðilar verða því í reynd að velta á undan sér áhrifum verðbólgunnar á rekstrarkostnað. Er þar um mjög mikla fjármuni að ræða. Það skiptir tugum ef ekki hundruðum millj. gkr. á hvert meðalstórt sjúkrahús. Þetta er upphæð sem alltaf er til staðar, þessi vöntun er stanslaust, því að um leið og ein vöntun er bætt upp er önnur að myndast.

Ef fastar fjárveitingar verða teknar upp í stað daggjaldakerfisins þarf þrennt að koma til, og reyndar þarf það að koma til þótt engin kerfisbreyting verði.

Í fyrsta lagi verður að greiða uppsafnaðan halla frá tíma daggjaldakerfisins.

Í öðru lagi verður í fjárlögum að áætla rekstrarkostnað á raunhæfan hátt. T. d. verður að taka mið af því að

öldruðu fólki og þá oft sjúku fjölgar miklu örar en öðrum aldursflokkum. Þannig verður þróunin a. m. k. næstu árin. Enn fremur verur að taka mið af því, að örar framfarir í læknavísindum valda því, að fleiri og fleiri sjúkdómar eru nú læknaðir, — sjúkdómar sem voru ólæknanlegir til skamms tíma. Ef við lítum aðeins á efnahagslega hlið þessarar þróunar, þá er hún sú, að þjóðfélagið í heild verður fyrir miklum ávinningi. Það er mikill ávinningur fyrir þjóðfélagið ef hægt er að lækna einn mann þannig að hann getur í áratugi unnið áfram fullt starf í stað þess kannske að vera rúmfastur eða svo til. Og það er feikilegur ávinningur fyrir þjóðfélagið ef hægt er að lækna barn sem verður þá nýtur þjóðfélagsþegn alla sína ævi í stað þess kannske að vera rúmfast eða hælismatur alla ævina. Ávinningur þjóðfélagsins er því geysilega mikill. En kostnaðurinn kemur á sjúkrahúsin, hann kemur á heilbrigðisþjónustuna, en ávinningurinn á þjóðfélagið, og það er ekki tekið mið af því í sambandi við rekstrarkostnað sjúkrahúsanna.

Í þriðja lagi verður jafnóðum að taka tillit til raunverulegra kostnaðarhækkana með aukafjárveitingum ef nauðsynlegt er. Það er t. d. vonlaust að halda sér við einhverja ákveðna reiknitölu í fjárlögum ef verðbólgan verður mun meiri en sú reiknitala. Það er líka nauðsynlegt, ef hæstv. fjmrh. semur við lækna og þeir samningar valda því, að útgjöld sjúkrahúsanna læknanna vegna hækka um 25—30%, að taka strax tillit til þess með aukafjárveitingum.

Í grg. frv. og í máli hæstv. ráðh. var talað um nauðsyn þess að tryggja að sveitarfélögin greiði áfram sín 15% kostnaðar eða þar um bil eftir þessa breytingu. Það er auðvitað rétt að það þarf að breyta reglum til þess að tryggja það. Hins vegar hafa erfiðleikarnir hingað til miklu fremur stafað af því, að ríkisvaldið hefur ekki séð fyrir sínum hluta. Það hefur ekki stafað af vanrækslu sveitarfélaganna, heldur ríkisvaldsins. Sveitarfélögin hafa alltaf í þessum málum eins og mörgum öðrum orðið að hlaupa undir bagga þegar ríkissjóður hefur brugðist.

Herra forseti. Ég styð þetta frv. en bendi jafnframt á nauðsyn þess, að ríkisvaldið standi við sinn hluta betur en hingað til hefur verið gert.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er nú ekki eins sannfærður og hæstv. heilbr.- og trmrh. og hv. síðasti ræðumaður um að sú breyting, sem gerð var þegar daggjaldakerfið var afnumið á ríkisspítölum, hafi orðið til þess að auka aðhald í rekstri sjúkrahúsanna. Þetta var gert á þeim tíma sem ég var heilbr.- og trmrh. og voru færð ýmis rök fyrir því, bæði með og á móti. Mönnum fannst rétt að reyna þessa aðferð. En eftir á að hyggja er ég ekki sannfærður um það að þetta hafi verið til mikils sparnaðar fyrir ríkið — alls ekki. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að daggjaldakerfið sé fyrir löngu sér til húðar gengið. Á fyrri hluta árs 1978 var skipuð nefnd til að endurskoða daggjaldakerfið. Þó að það hafi á sínum tíma verið sæmilegt, þegar það var sett á, hafa margvíslegar breytingar orðið síðan. Það má segja að frá því það var sett á í þeirri mynd sem það er núna gagnvart þeim sjúkrahúsum sem það snertir hafi orðið sú geigvænlega breyting að göngudeildarstarfsemi, sem var eiginlega ekki til, ekki að neinu ráði, er nú gífurlega mikill þáttur í heilbrigðisþjónustunni. Dagvistarstofnanir hafa einnig risið upp síðar í ríkari mæli og ýmiss konar önnur þjónusta í sjúkrahúsum sem fellur ekki undir daggjaldakerfið, því að daggjaldakerfið miðast fyrst og fremst við gistingu, en ekki við þann kostnað sem er í sambandi við komu sjúklings á göngudeild eða dagvistun eða þess háttar. Brýnasta þörfin er þess vegna að gjörbreyta þessu daggjaldakerfi og hefði átt að vera búið að því.

Ég get ekki látið undir höfuð leggjast að segja það hér við 1. umr., að ég er langt frá því að vera trúaður á að niðurfelling daggjaldakerfisins á ríkisspítölum hafi orðið til sparnaðar. Um þetta má auðvitað deila alveg óendanlega. Ég hefði talið að það hefði mátt fara af stað með fleiri og veigameiri breytingar en þetta eina frv. felur í sér. Mér finnst þeirri endurskoðun, sem hefur átt sér stað á almannatryggingalögunum, miða hægt áfram. Yfirleitt hefur ekkert verið gert annað en auka útgjöld ríkissjóðs í sambandi við almannatryggingarnar. Ég hef ekki orðið var við að núna á síðustu árum hafi verið gerðar neinar þær breytingar sem skapa aukið aðhald eða sparnað fyrir ríkissjóð í þessum efnum.

Ég tel að ákaflega erfitt sé að gera sér grein fyrir því, hvort meira eða minna aðhald sé í þeim sjúkrahúsum, sem eru undir þessum beinu framlögum í fjárlögum, eða þeim, sem háð eru daggjöldum. Það hafa verið færð fram veigamikil rök á móti því kerfi sem hefur verið gildandi gagnvart ríkisspítölunum. Á heilbrigðisráðstefnu, sem núv. hæstv. heilbrmrh. boðaði til, voru flutt mjög eftirtektarverð erindi um þessi efni. Ég minnist eins erindis þar sem mér fannst ákaflega veigamikil rök vera fram borin fyrir því, að aðhaldið væri að mörgu leyti meira gagnvart þeim sjúkrahúsun, sem væru háð daggjaldafyrirkomulaginu, heldur en hinum. Þetta eru flókin mál og erfið sem við finnum ekki lausn á í ræðustól hér í hv. deild. En ég vil leggja á það áherslu, að horfið verði frá daggjaldakerfinu, eins og það er núna, og gerðar viðamiklar og róttækar breytingar. Það er líka ómögulegt að reka sjúkrahúsin með þeim hætti að ákveða daggjald nokkuð langt tímabil í einu og greiða síðan halla eftir á. Það hefur sýnt sig, að eftir því sem verðbólgan hefur aukist hefur skuldahali þessara sjúkrahúsa vaxið. Þetta kemur bæði mjög hart niður á sjálfseignarstofnunum og ekki síður á sjúkrahúsum sveitarfélaga víðs vegar um landið sem eiga að þessum ástæðum einum, fyrir utan allar aðrar, við mikla erfiðleika að stríða í sambandi við rekstur sjúkrahúsa.

Ég ætla ekki á þessu stigi að hafa þessi orð miklu fleiri, en tel sjálfsagt að athuga þetta mál með fullri vinsemd í þeirri nefnd sem fær það til meðferðar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með síðasta ræðumanni, hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það er tímabært að líta á þetta kerfi og sjálfsagt að skoða það í þeirri nefnd sem við eigum báðir sæti í og þetta frv. fer til. Ég er alveg sammála þessu. En ég er ekki jafnsammála þeim mönnum, sem hér hafa talað, um að daggjaldakerfið sé gengið sér til húðar, og reyndar er gert ráð fyrir því hér, að það haldist áfram gagnvart vissum stofnunum. Ef það væri almenn skoðun þeirra sem í rn. eru, að það væri gengið sér til húðar, þá væru að sjálfsögðu líka gerðar till. um breytingu á því.

Ég hef áður haft orð á því hér á hv. Alþingi, að megingallinn er auðvitað sá, að daggjaldanefnd hefur aldrei fengið þá aðstöðu eða starfsgrundvöll sem hún þarf að hafa. Það er mannfæð þar, menn eru í raun að leggja mikið starf að mörkum á hlaupum í þeirri nefnd. Nú síðast fyrir aðeins rúmri klst. var ég t. d. að tala við

heilbrmrn. og benda starfsmönnum þar á, að nú, þegar á að fara að ákveða daggjöld sem gilda frá og með 1. des., mun það sama verða uppi á teningnum og áður, að það er eitt líkan til þar sem farið er eftir — eitt reiknilíkan. Það er reiknilíkan sem er miðað við spítalana, við sjúkrahúsin. Hins vegar hafa t. d. hjúkrunarheimilin og hjúkrunardeildirnar, sem eru í sambandi við Dvalarheimili aldraðra og Elliheimilið, fallið undir þetta líkan, sem hefur haft það í för með sér, að þróun síðustu ára er ekki tekin til greina, sú þróun að hækka laun þeirra sem lægra launaðir eru — en af því starfsfólki er einmitt miklu meira á hjúkrunarheimilunum en á spítölunum að tiltölu. Þetta hefur valdið mikilli röskun á hlutfalli milli þessara stofnana. Nú má t. d. búast við að meðaltalshækkun á hjúkrunarheimilum aldraðra geti orðið einhvers staðar í kringum 10—11%, en ég geri ráð fyrir að hækkun verði ekki miklu meiri en 4—5% vegna síðustu kjarasamninga hjá spítölunum, sjúkrahúsunum. Þetta er auðvitað *mál sem þarf að athuga, en ég efast hreinlega* um að daggjaldanefnd vinnist tími til að vinna þetta fyrir þennan tíma eða hafi aðstöðu til að láta vinna það.

Það er auðvitað alveg rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Suðurl., að auðvitað á ríkið að skila sínu og standa við sitt. Hann ætti manna best að vera kunnugur því hversu fáránlega getur farið þegar viðkomandi heilbr.- og trmrh. eru allir af vilja gerðir til þess að mæta þeim vanda sem þeir vita um og sjá fyrir sér, ef svo fjmrh. er þeim ekki hliðhollur og notar kannske gamla fólkið óbeint, t. d. sjúkt gamalt fólk, til þess að snúa upp á handlegginn á viðkomandi heilbrmrh. En guði sé lof að það á sér ekki stað í núv. ríkisstj. vegna þess að þeir eru sammála þar um, bæði heilbrmrh. og fjmrh., að standa við þær skuldbindingar, sem þeir eiga að standa við, og hafa gert það með prýði og það skal koma fram hér. Hins vegar verður ekki það sama sagt um þá ríkisstj. sem hv. 5. þm. Suðurl. átti sæti í.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins tvö atriði sem mig langaði til að vekja athygli á. Því miður hef ég ekki lagasafnið við höndina, en eins og frá frv. er gengið, þó svo að það sé í meginatriðum í samræmi við gildandi 41. gr., er raunverulega verið að gefa undir fótinn með að þeim einum sjúklingum verði ábyrgst ókeypis vist á sjúkrahúsi sem liggja á sjúkrahúsum sem ekki eru rekin samkv. daggjaldakerfinu. Eins og frá málum er gengið mætti ætla — þó svo að það sé síður en svo að mínu viti tilgangur hæstv. ríkisstj. eða þeirra sem frá 41. gr. *gengu á sínum tíma* — að þessi trygging um ókeypri sjúkrahúsvist nái aðeins til ríkisspítalanna og þeirra sjúkrahúsa annarra sem rætt er um í greininni, en ekki til daggjaldasjúkrahúsa. Vil ég aðeins skjóta því fram, hvort viðkomandi nefnd vilji ekki skoða og lagfæra þannig að frá því sé gengið í lögunum og enginn vafi geti leikið á því, að löggjafinn vilji tryggja öllum sjúklingum ókeypis vist, líka þeim sem verða á daggjaldasjúkrahúsum.

Í öðru lagi tel ég alveg nauðsynlegt að taka fram í þessum lögum hvaða sjúkrahús önnur en ríkissjúkrahús eiga að falla undir bein fjárframlög úr ríkissjóði og hvaða sjúkrahús á að reka með daggjaldakerfi. Annars gæti svo farið, að sum húsanna væru e. t. v. að rokka á milli þessara flokka á milli ára, væru eitt árið í öðrum flokknum og annað í hinum, og a. m. k. gæti rekstraraðilum þessara sjúkrahúsa reynst mjög erfitt að gera rekstraráætlanir fram í tímann um starfrækslu húsanna ef einhver óvissa ríkti í þessu sambandi. Fyrsta viðfangsefni fjárveitingavaldsins, fjvn. og Alþingis, eftir að svona breyting hefði verið samþykkt, væri vitaskuld að gera upp við sig og setja einhverjar reglur um hvaða sjúkrahús önnur en ríkisspítalar eigi að vera háð beinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Þess vegna væri mjög ákjósanlegt að það kæmi fram, þó ekki væri nema í grg. með frv. af þessu tagi frá hæstv. ráðh., hvaða sjúkrahús það eru sem fyrir honum vaka.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get lýst stuðningi við þetta frv. í aðalatriðum, en ég vil þó benda á það hér við þessa 1. umr., að hér er um mjög yfirgripsmikið mál að ræða og raunar einn af fyrirferðarmestu útgjaldaþáttum í okkar heilbrigðiskerfi. Það, sem mér finnst vera mjög brýnt í sambandi við rekstur sjúkrahúsanna í landinu, eru samræmingaratriði. Eftir að hafa hlustað á *skýrslur þeirra aðila, sem gera grein fyrir* rekstri ríkisspítala og annarra spítala hér á landi, finnst mér eiginlega ekki hægt að horfa lengur fram hjá þeirri staðreynd, að það er löngu orðið tímabært að taka þessi mál til rækilegrar athugunar. Mér finnst liggja alveg í hlutarins eðli að það verður að samræma sem mest rekstur allra spítala í landinu.

Það hafa verið gerðar mjög ítarlegar tilraunir, og vandaðar tilraunir vil ég meina, til að ná valdi á rekstri ríkisspítalanna. Ég tel að stjórnarnefnd ríkisspítalanna hafi unnið mjög mikið verk á því sviði. En það kemur greinilega fram þegar rætt er við þessa aðila, að þeir rekast á viss vandamál í sambandi við rekstur sjúkrahúsanna sem þeir ráða bókstaflega ekki við. Þarna eru vissulega alvarleg mál á ferðinni. Þetta hefur verið kallað smákóngakerfi og það hefur verið kallað ýmsum öðrum nöfnum, þetta atriði, en árekstrarnir hafa verið staðreynd. Það hefur ekki verið hægt að koma við þeirri hagræðingu, þeim sparnaði í rekstri sem nútímarekstur á sjúkrahúsum hlýtur að kalla á og ætti að vera hægt að koma við í nútímaþjóðfélagi. Það hefur bókstaflega ekki verið hægt að koma þessu á í mörgum tilfellum. Þess vegna vil ég í sambandi við þessa breytingu — sem er sjálfsagt nauðsynleg því að daggjaldakerfið er löngu óviðunandi, það er viðurkennt — benda á það, að ég tel mjög mikilvægt í meðferð þessa máls að stjórnvöld átti sig á því, að hér þarf að taka virkilega til hendi við að samræma rekstur spítalanna og taka skipulagsatriði sjúkrahúsanna í heild til gaumgæfilegrar athugunar í því skyni að ná fram þeirri hagræðingu sem nútímatækni ætti að gera mögulega.

Þetta vil ég benda á vegna þess að þetta er mjög þýðingarmikið og um leið fyrirferðarmikið í rekstri ríkisins.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel að þetta frv. hafi út af fyrir sig fengið góðar undirtektir, og þær ábendingar, sem hér hafa komið fram, eru allar þarfar og nauðsynlegt að hafa í huga þegar nefnd fer að fjalla um mál þetta.

Ég vil fyrst víkja að því sem hv. þm. Magnús H. Magnússon nefndi, að ríkið hefði ekki séð fyrir sínum hluta. Vafalaust má finna mörg dæmi þess, það er ekki nokkur vafi á því. En gjarnan hefur þetta verið svo, að mér hefur fundist, að ríkinu hefur eiginlega verið stillt upp við vegg. Þegar kostnaður hefur orðið til úti í þessum stofnunum á

ýmsum stöðum í þjóðfélaginu hefur ríkið fengið reikninginn. Ég held að megintilgangurinn með þessum umr. hér og jafnvel þessu frv. eigi að vera sá, að þeir aðilar, sem hér koma við sögu, þ. e. ríkið og sveitarfélögin og sjálfseignarstofnanir, geti komið við fjármögnunarkerfið þar sem menn eru ekki einlægt í skotgrafahernaði hver gagnvart öðrum í þessum efnum.

Ég hef rekist á dæmi þess að það hefur orðið til kostnaður sem nam verulegum upphæðum á ákveðnum spítölum í landinu, án þess að áður hafi verið samþykkt af ríkinu að stofna til þess kostnaðar, hvorki af fjmrn. né heldur heilbr.- og trmrn. Það er vitaskuld afar slæmt að slíkt skuli gerast, vegna þess að auðvitað á rekstur þessara stofnana að fara eftir þeim forsendum sem fjárveitingavaldið ákveður á hverjum tíma.

Ég er alveg sammála því sem hv. 1. þm. Vestf. gat um áðan, að auðvitað má margt segja jákvætt um fjármögnunarform ríkisspítalanna eins og það hefur verið á undanförnum árum. En það er ekki þar með sagt að þar sé komin hin endanlega lausn á fjármögnunarmálum allra sjúkrahúsa í landinu. Þau búa við mjög mismunandi aðstæður. Hér þarf að mínu mati fyrst og fremst að koma upp traustu aðhaldskerfi sem þó sé sveigjanlegt eftir aðstæðum á hverjum stað og hverjum tíma. Og mér fannst rétt að reyna þessa aðferð, sem höfð hefur verið á ríkisspítölunum, við fleiri spítala áður en lengra er haldið.

Ég er ekki tilbúinn að slá því föstu, að daggjaldakerfið eigi að leggja alveg niður, fyrr en ég veit hvað á að koma í staðinn. Ég held að reynslan frá ríkisspítölunum, þó hún hafi verið góð, nægi ekki alveg til að slá því föstu, að þetta beina fjármögnunarkerfi eigi skilyrðislaust í öllum tilvikum að yfirtaka daggjaldakerfið.

Hér var á það minnst af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að endurskoðun almannatryggingalaganna hefði gengið seint. Það er alveg rétt, hún gengur mjög seint, en hún hlýtur auðvitað að vera stöðugt í gangi. Þetta eru flókin lög og það er nauðsynlegt að vera stöðugt með athugun á þeim í gangi. En spurningin um það, hvort menn eru tilbúnir að gera róttækar breytingar á almannatryggingalögunum, er aftur miklu stærra mál en hér er í raun inni hreyft. Hér er ekki verið að leggja til í sjálfu sér mjög róttæka breytingu á almannatryggingalögunum. Hér er verið að opna fyrir vissa möguleika fyrir Alþingi hverju sinni til að ákveða fjármögnun einstakra sjúkrahúsa, en hér er ekki um það að ræða að verið sé að gera tillögur um mjög róttæka breytingu á almannatryggingalögunum. En það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að þær till., sem komið hafa fram um breytingar á almannatryggingalögunum á Alþingi þann tíma sem ég hef setið hér, hafa allar verið um viðbótarkostnað. Ég hef enga einustu brtt. séð frá nokkrum þm. um sparnað eða tilfærslu í rekstri almannatrygginganna á þeim árum sem ég hef verið hér, sem eru að vísu ekki mörg. Hér erum við auðvitað komin að tilteknu vandamáli sem er nauðsynlegt fyrir okkur að velta fyrir og ræða, en það gerum við auðvitað ekki úr þessum ræðustól, við þurfum að eyða í það miklu meiri tíma en gefst hér.

Athugasemd hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, var um það, hverjir skuli fá ókeypis vist á sjúkrahúsum, hvort það séu þeir einir sem eru á þeim sjúkrahúsum sem eru fjármögnuð eins og 41. gr. gerir ráð fyrir. Hann telur að það fari eitthvað á milli mála. Ég held að það sé ekki. En ef hugsanlegt er að eitthvað fari þar á milli mála, þá verður að laga orðalag, því það verður auðvitað að vera alveg á hreinu, að menn eigi rétt á ókeypis sjúkrahúsvist á hvaða stofnun sem þeir eru og hvernig sem hún er fjármögnuð. Það á ekki að skipta máli í því sambandi.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði að líka þyrfti að koma fram hvaða sjúkrahús það væru sem ættu að fjármagna með þessum hætti, það ætti að koma fram í lögunum ellegar þá í grg. Ég er ekki tilbúinn til þess fyrir mitt leyti á þessu stigi málsins að stinga upp á því, hvaða stofnanir það eru sem ætti að byrja á. Þó held ég að sérstaklega ætti að athuga þær stofnanir sem gerð hefur verið sérstök úttekt á í þessum efnum á vegum heilbrmrn. og fjmrn. og ég nefndi áðan. En það er auðvitað því aðeins hægt að flytja þessar stofnanir yfir á bein fjárlög að ljóst sé að fjmrn. og fjvn. hafi viðurkennt þann rekstrargrundvöll sem nauðsynlegur er fyrir þessar stofnanir. Það er ekki hægt að fara út í þessi beinu fjárlög öðruvísi en að slík viðurkenning liggi fyrir. Ef hún liggur ekki fyrir getur það skapað stórkostleg vandamál í rekstri þessara spítala þegar fram í sækti.

Í sambandi við samræmingu á rekstri spítalanna, sem hv. þm. Alexander Stefánsson nefndi, þá er unnið að því núna að setja reglugerð fyrir sjúkrahúsin í landinu og heilsugæslustöðvarnar. Það er í undirbúningi sem átti að gera samkv. lögunum 1973 og 1978, en hefur lítið þokast. Sú reglugerð er í undirbúningi og þar verður kveðið á um hvaða þjónustu hvert sjúkrahús á að láta í té. Með slíkri reglugerð um faglega þjónustu sjúkrahúsanna á að vera unnt að samræma betur rekstur þeirra en gert hefur verið.

Ég vil aðeins að síðustu út af athugasemd hv. þm. Sighvats Björgvinssonar geta þess, að auðvitað hlyti að koma fram í fjárlögum hverju sinni hvaða einstakir spítalar það yrðu sem hugsanlega yrðu fjármagnaðir með beinum framlögum. Það hlyti að koma fram í fjárlögum hverju sinni, eins og þetta er útbúið hér í þessu frv.

Ég tel, eins og ég sagði hér áðan, að þær athugasemdir, sem fram hafa komið um málið, sýni að menn séu af vilja gerðir til að taka á þessu stóra máli, sem er vissulega stórt í okkar þjóðarbúskap. Í þeim efnum þurfa menn að nálgast málið með opnum huga. Ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á það, að daggjaldakerfið sé það besta eða að bein framlög, eins og þau eru til ríkisspítalanna, séu þau bestu. Ég held að hv. Alþingi eða ríkisstj. megi ekki koma sér upp slíkri afstöðu til málanna. Aðalatriðið er að hér verði um skilvirka og góða þjónustu að ræða og eins ódýra og mögulegt er.

Ég vil nefna það, að á heilbrigðisþingi, sem hv. þm. Matthías Bjarnason gat um áðan, var hreyft þeirri hugmynd að komið yrði upp svokallaðri Sjúkrahúsastofnun ríkisins sem hefði með að gera í raun og veru rekstur á öllum sjúkrahúsum og hælum. Sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunarinnar hyrfi þá í rauninni að verulegu leyti, en þessi Sjúkrahúsastofnun ríkisins tæki við rekstrinum og hefði mannafla og fjármuni til að sinna honum. Þessi hugmynd sýnir að menn eru að brjóta heilann um þessi mál, og á heilbrigðisþinginu komu fram margar aðrar hugmyndir. En meðal heilbrigðisstétta og forráðamanna sjúkrahúsa eru ákaflega skiptar skoðanir um þessi mál. Ég held því að ef maður ætlar að nálgast lausn á þessu vandamáli verði að fara í þetta skref af skrefi. Og hér er lagt til að haldið verði áfram á þeirri braut sem ákveðin var með fjármögnun ríkisspítalanna,

til þess að unnt sé þá síðar að taka afstöðu til þess, hvernig þessum málum verði best komið fyrir þegar fram í sækti og meiri reynsla lægi fyrir.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 24 shlj. atkv.

Vátryggingastarfsemi, frv. (þskj. 111). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi þegar þau lög voru sett svo og lög um vátryggingarstarfsemi árið 1973 var yfirlýst stefna Alþingis, að álagt tryggingaeftirlitsgjald samkv. 46. gr. laganna skyldi hrökkva til að standa undir kostnaði við starfsemi Tryggingaeftirlitsins, enda þótt sá varnagli væri sleginn í 2. mgr., að ríkissjóður ætti að hlaupa undir bagga ef út af brygði.

Á undanförnum árum, 1977, 1978, 1979 og 1981, hefur alltaf orðið halli á starfsemi Tryggingaeftirlitsins vegna þess að þessi gjöld, tryggingaeftirlitsgjöld, hafa ekki staðið undir rekstri þess. Þess vegna er þetta frv. flutt. Er lagt til að 46. gr. laganna verði breytt á þá lund, að hámarksálagning á tryggingafélögin verði látin nema 2.5% af öllum bókfærðum iðgjöldum án tillits til tegundar. Ef slíkt ákvæði væri í gildi nú og heimiluð yrði álagning hámarksgjalds mundu sértekjur eftirlitsins nema um 900 þús. nýkr. á næsta ári.

Þetta frv. er flutt m. a. til þess að fullnægja þeim forsendum sem fjárlagafrv. byggir á, þ. e. að Tryggingaeftirlitið standi undir starfsemi sinni með þessu gjaldi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er í sjálfu sér rétt hjá hæstv. ráðh., að þegar lög voru sett um vátryggingarstarfsemi og Tryggingaeftirlitinu komið á fót, þá var reiknað með að í öllum höfuðgreinum mundi gjaldið, sem lagt væri á tryggingafélögin, nægja til að reka Tryggingaeftirlitið. Nú er sjálfsagt að reyna að stilla kostnaði í hóf eins og hægt er, bæði hvað snertir eftirlit og allar aðrar greinar. En í athugasemdum við frv. segir: „Að gjaldið skuli vera lægra af endurtryggingum en frumtryggingum er í miklu ósamræmi við þá vinnu sem eftirlitið verður að inna af hendi í sambandi við endurtryggingar félaganna.“ Þetta finnst mér vera byggt á ákaflega miklum misskilningi. Ég er þeirrar skoðunar, að endurtryggingargjaldið eigi að vera mun lægra en aðrar iðgjaldatekjur frv., því að með því að gera endurtryggingargjald jafnhátt öðrum raunverulegum tekjum vátryggingarfélaganna er verið að leggja hvað eftir annað á sama gjald. Ég held að þessi stefna eða þessi ábending sé byggð á miklum misskilningi. Þetta kemur ákaflega ójafnt á hin ýmsu vátryggingarfélög. Lítil félög, við skulum taka t. d. bátaábyrgðarfélögin, endurtryggja að verulegu leyti sínar tryggingar — enn meira eftir því sem þau eru minni og fjárvana. Þau endurtryggja hjá Samábyrgð Íslands. Þá er lagt tvisvar sinnum á þessar sömu tekjur, sem er ranglátt. Tryggingaeftirlitið hefur ekkert meira fyrir þessu en öðrum endurtryggjendum. Þetta er líkt og með söluskattinn, hann er lagður oft á, tvisvar og jafnvel þrisvar. Ég held að verið sé að fara að verulegu leyti í gegnum sjálfan sig með þessari breytingu. En það þýðir ekki að ég sé að taka efnislega afstöðu gegn því að auka nauðsynlegar tekjur Tryggingaeftirlitsins. Ég met alveg fullkomlega starfsemi Tryggingaeftirlitsins og nauðsyn þess að það var sett á á sínum tíma. En hér held ég að sé um stórfelldan misskilning að ræða, að ætla að leggja sama gjald á endurtryggingar og aðrar iðgjaldatekjur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að það er um þessar mundir verðstöðvun í landinu og einkareksturinn og raunar framleiðsluatvinnuvegirnir líka verða að láta sér nægja minna en kannske æskilegt væri til þess að geta haldið rekstrinum gangandi. Ég held að það sé alveg óþolandi að á sama tíma og þannig er gengið á eignir einkafyrirtækja í landinu að þau safna skuldum, á sama tíma og ríkisstj. hefur þá stefnu að hraðfrystihúsin og sjávarútvegurinn eigi að taka hallærislán erlendis til þess að geta haldið fólkinu í vinnu séu hæstv. ráðherrar að leggja fram frv. hér á Alþingi um aukna skattheimtu til að halda uppi einstökum ríkisfyrirtækjum. Auðvitað vitum við að sú aukna skattheimta, sem hér er gert ráð fyrir, lendir á vátryggjendum sjálfum, lendir á fólkinu í landinu.

Hæstv. félmrh. talaði um það áðan, að það væri fyrst og fremst verðbólgan sem ylli því, að tekjur Tryggingaeftirlitsins væru ekki nógar. Nú hélt ég að það hefði komið fram í stefnuræðu hæstv. forsrh., að verðbólgan yrði að velli lögð á næsta ári eða hér um bil það, svo að ég sé ekki annað en að forsendurnar séu fullkomlega brostnar fyrir því að þetta sé nauðsynlegt.

Hæstv. ríkisstj. getur ekki sagt í öðru orðinu að verðbólgan sé horfin, verðbólgan sé komin niður í 40% og muni lækka enn meira á næsta ári, fari kannske í 20% eða þar um bil, og lagt svo fram frv. um aukna skattheimtu af því að verðbólgan sé kannske 55 eða 60%.

Ég held að ég verði að biðja þá nefnd, sem tekur þetta frv. til meðferðar, að fara mjög vel ofan í þessi mál og hafa í huga þá almennu stefnu sem ríkisstj. hefur varðandi skrifstofustörf og hversu þau störf eru metin t. d. hjá Verðlagseftirlitinu. Það mætti þá kannske leggja sama mælikvarða á fjárþörf Tryggingaeftirlitsins og Verðlagseftirlitið leggur t. d. á fjárþörf dreifbýlisverslunarinnar, svo að dæmi sé tekið, án þess að notaður sé sami mælikvarði á fjárþörf Tryggingaeftirlitsins og verðlagsráð og ríkisstj. leggur á fjárþörf t. d. vátryggingarfélaganna.

Ég held að það sé algjörlega útilokað, að hæstv. ráðh. geti gengið hér inn í Alþingi eins og ekkert sé og fleygt inn hverju skattafrv. á fætur öðru. Það er þó framför hjá þessum hæstv. ráðh., að hann talaði kannske hálfa mínútu um málið. Hann hefur lengri ræður uppi þegar hann heldur að hann sé að tala fyrir vinsælum málum. Þá vantar ekki orðaflauminn. Þá er hlaupið út og suður til þess að reyna að sýna til skiptis öldruðu fólki, örorkulífeyrisþegum eða einhverjum öðrum hvað hann sé innilega góður og ágætur, vel hugsandi, fallegur.

Það væri líka nauðsynlegt að fá miklu, miklu gleggri og betri grg. en hæstv. ráðh. hefur hér lagt fram fyrir nauðsyn þess að hækka gjaldið. Hvar hefur umframkostnaðurinn legið, í hverju liggur hann, hvernig stendur á því að áætlunin er allt of lág frá ári til árs? Það er ekki langt síðan ég heyrði hæstv. fjmrh. hrósa sér af því í sjónvarps-

þætti, að hann styddist við miklu betri tækni en t. d. forveri hans, hv. 1. þm. Reykn., og því væru fjárlögin nú í meira samræmi við raunveruleikann. Þess vegna tel ég alveg víst að Tryggingaeftirlitið hafi verið rétt af á s. l. ári. En hvers vegna fer það þá aftur svona mikið umfram fjárlög, 35%, 38%? Hvers vegna hækkar þetta svona? Ég held að það verði að taka þessu frv. með miklum fyrirvara og það sé nauðsynlegt að veita hæstv. ríkisstj. aðhald — ekki síst hæstv. félmrh. og flokksbræðrum hans — í mannaráðningum, því að það kemur varla fyrir að hann tali svo fyrir nýju frv., að hann tali ekki um nauðsyn þess að ráða nýja menn til starfa. Áðan var hann að prédika að það ætti að ráða fleiri menn í Tryggingastofnun ríkisins. Nú er það Tryggingaeftirlitið. Hvað verður næst? Á sama tíma standa þjóðartekjurnar nokkurn veginn í stað eða fara minnkandi. Skattheimtan er orðin verulega meiri miðað við þjóðartekjur en hún var þegar þessi hæstv. ráðh. settist í stólinn. Á sama tíma og launþegar láta sér nægja 3.2% kauphækkun, í sömu viku og gengið er felllt um 6%, á sama tíma og hæstv. sjútvrh. boðar að gengið skuli fellt af og til á næstu mánuðum á enn að auka skattheimtuna í landinu.

Ég held að þessir menn verði að fara kunna sér hóf, þeir verði að finna einhvern sparnað annars staðar í ríkisrekstrinum og hlaupa þá undir bagga í bili, til þess að hægt sé að ná endum saman. Það þarf nefnilega fleira að bera sig í landinu en bara ríkisfyrirtækin og það sem er í ríkisgeiranum. Fólkið og fyrirtækin og allir aðrir verða líka að fá að lifa.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Land í þjóðareign, frv. (þskj. 48). — Frh. 1. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er orðið allnokkuð síðan umr. um þetta frv. fór fram, en mig langar þó til að undirstrika tvo þætti í frv. Eins og kom fram hjá hv. frsm., 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, gengur þetta frv. mun skemmra en önnur frv. sem um þetta mál hafa verið flutt á undanförnum þingum og rakin eru í grg. Eins og segir í 1. gr. frv. er aðeins um það að ræða að þau landssvæði skuli teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.

Nú hafa tveir hv. þm., sem töluðu gegn frv., Steinþór Gestsson og Páll Pétursson, haft uppi þau rök, að það muni engu máli skipta, frv. sé í raun óþarft. Þetta fær auðvitað ekki staðist af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þeirri sem getið er um í 4. gr. frv., að þær reglur, sem settar skuli, hafi m. a. að geyma ákvæði um varnir gegn ofbeit, og telst það þegar vera allnokkur ástæða fyrir því, að þetta frv. verði samþykkt. Í annan stað hlýtur þróunin á allra næstu árum vitaskuld að verða sú, að þau landssvæði, sem hér um ræðir, verði í vaxandi mæli skipulögð fyrir þéttbýlisfólk. Kjarni þessa frv. er auðvitað sá m. a. að flýta fyrir því, að slík skipulagning, t. d. undir sumarbústaðalönd, geti átt sér stað. Þetta tvennt hygg ég að muni í reynd verða megintilgangur þessara breytinga ef samþykktar verða.

Hv. þm. Steinþór Gestsson talaði gegn þessum breytingum á þeim forsendum, að opinber eign á slíkum löndum væri ekki æskileg. Nú eru hugmyndir um opinbera eign á landi oft og iðulega mjög ruglingslegar. Til marks um það má undirstrika að í þá fimm áratugi sem Sjálfstfl. réð fyrir Reykjavíkurborg var það beinlínis stefna flokksins hér í borg að land skyldi vera í almannaeign, að land skyldi keypt upp af opinberum aðilum. Og hver var ástæðan fyrir þessu? Ástæðan var í raun óumdeild. Ástæðan var sú, að það mundi auðvelda að skipulagning á þessu landi færi fram. Og það má út af fyrir sig segja að í þessu frv., eins og það er að þessu sinni lagt fram, er í raun og veru ekki verið að leggja til annað um hin óbyggðu landssvæði, sem eignarheimildir lögaðila finnast ekki fyrir, en verið hefur stefna Sjálfstfl. í Reykjavíkurborg og raunar á fleiri þéttbýlisstöðum. Þetta er aðeins sagt til undirstrikunar á því, hvaða hugmyndir manna, grundvallarhugmyndir um opinbera eign annars vegar og einkaeign hins vegar, þegar landið á í hlut, eru oft ruglingslegar. Það er ekki rétt að það sé stefna eins stjórnmálaflokks öðrum flokkum fremur að varðveita einkaeign þegar landið er annars vegar. Þetta er sagt til að undirstrika það, að þegar hv. þm. Steinþór Gestsson talaði gegn þessu frv. var hann ekki að mæla fyrir neinum almennum hugmyndum um þetta efni.

Ég geri ráð fyrir að þetta frv. geti átt greiðari leið hér í gegn en oft áður vegna þess, hvað hægt er í sakirnar farið. En kjarni málsins er sá, að á næstu árum hlýtur að fara fram vaxandi skipulagning svæða sem þessara í þágu þéttbýlisfólks og frv. sem þetta mundi mjög auðvelda slíka þróun. Af þeirri ástæðu er það flutt. Í raun og veru er ekki verið að leggja annað til en t. d. hefur verið stefna Sjálfstfl. í Reykjavíkurborg. Það ber rækilega að undirstrika, að hér er í raun og veru um að ræða eitt og hið sama.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í mörg ár fluttu þm. Alþfl. till. til þál. hér á Alþingi um eignarráð á landi. Till. þessar gengu misjafnlega langt. Sumar þeirra gengu það langt að lýsa skyldi þjóðareign land allt utan lögbýlisjarða, enn fremur fallvötn öll og veiðirétt í landinu. Í öll þau skipti, sem þessi þingmál Alþfl. voru hér til umr. á hv. Alþingi, mælti ég gegn þessum hugmyndum og þarf ekki að fara mörgum orðum um þær nú. Ég vísa aðeins til þessa í inngangsorðum hér til þess að rifja það upp, að ég hef verið andvígur þessum hugmyndum og ekki talið að rétt væri að stefna í þá átt sem þar var lagt til.

Eins og fram hefur komið er í því frv., sem hér liggur fyrir til umr., gengið skemmra en lagt var til að gert yrði í þáltill. Alþfl. á fyrri þingum. Hér er í frv.-formi gert ráð fyrir að þau landssvæði skuli teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir. Þetta er í rauninni meginmál frv. og aðalstefna. Enn fremur er það meginmál, sem styður þessa stefnu, að fram skuli fara af hálfu opinberra aðila eða af hálfu fjmrn. könnun á eignarheimildum á landi þannig að úr fáist skorið, hvort eignarheimildir séu fyrir landi á þessum eða hinum stað, og muni þá ganga til úrskurðar um hvað sé þjóðareign og hvort skýrar eignarheimildir finnist fyrir til annarra aðila.

Ég er þeirrar skoðunar, að lítil þörf sé á að ráðast í þetta verk. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé í fyrsta lagi óumdeilt, að mikill hluti af óbyggðum landsins sé í skýlausri eign lögaðila, en ég er einnig þeirrar skoðunar, að þar sem ekki finnast skýlausar eignarheimildir fyrir sé

ekki bein þörf á að leggja í aukinn kostnað til að fá úr því skorið, að lögmætir pappírar séu ekki fyrir hendi, og eins hitt, að það sé engin þörf á að setja lög um að þetta sé þjóðareign.

Ég tel að þegar þessu er sleppt, sem ég tel vera megintilgang þessa frv., þá komi að framkvæmdaatriðum. Og að framkvæmdaatriðum er vikið einnig í frv. sjálfu.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjmrn. annist framkvæmd laga þessara og hafi umsjón og eftirlit með eignum og réttindum þeim bundnum í eigu þjóðarinnar samkv. þessum lögum. Þar með er því slegið föstu að fjmrn. skuli fara með umráð landsréttinda sem eru í eigu ríkisins. Ég er þessu andvígur og tel heppilegra að landbrn. fari með yfirumsjón þessara landsréttinda. Ef frv. af þessu tagi væri samþykkt og horfið að því, að fjmrn. hefði umsjón þeirra landsréttinda sem hér er um að ræða, þá þyrfti að setja þar upp nýja deild, væntanlega með ærnum kostnaði. Landbrn. fer með ýmis mál af þessu tagi. Það hefur yfirumsjón með verulegum fjölda jarðeigna og not af landinu eru í það ríkum mæli bundin landbúnaðarframleiðslu og landbúnaði að það væri til þess eins að flækja mál og gera þau erfiðari viðfangs að færa yfirumsjón þessara mála úr höndum landbrn. til fjmrn.

Það á ekki að vera neinum vandkvæðum bundið og ekki fara eftir rn. hvort unnt sé að hafa til reiðu skrá yfir lönd og fasteignir í eigu ríkisins og um leið skrá yfir notkun þeirra. Þessi skrá yfir lönd ríkisins, sem eru í umsjá landbrn., hefur verið unnin öðru hverju hefur verið í sérstakri vinnslu nú á undanförnum vikum og mun liggja fyrir Alþingi alveg á næstunni. Það er engin ástæða til að ætla að það sé neitt auðveldara fyrir fjmrn. að vinna slíka skrá eða ástæða til að ætla að fjmrn. sé eitthvað betur í stakk búið en landbrn. til þess að gera þá skrá þannig úr garði að hún sé ítarleg og traustvekjandi. Það kemur alveg út á eitt og engin ástæða til að færa yfirumsjón þessara mála á milli rn. þess vegna.

Í 3. og 4. gr. þessa frv. er vikið í nokkrum atriðum að því, hvernig eigi að fara með þau landssvæði sem hér er fjallað um. Í fyrsta lagi segir í 3. gr., að óheimilt sé að leigja einstaklingum eða lögaðilum landssvæði, landsréttindi eða hlunnindi, sem talin eru í 1. gr., þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku. Þetta lagaákvæði er mjög vafasamt að mínum dómi. Við getum hugsað okkur t. a. m. hlunnindaeign sem fylgja mundi ýmsum slíkum landssvæðum sem hér er um að tefla. Þar með væri óheimilt að leigja þau hlunnindi einstökum lögaðilum eða einstaklingum sem hefðu þau til sinna nota og þá um leið í sinni vörslu. Ef það ætti að gilda um hlunnindaeign sem hér er lagt til, þá væri hverjum Íslendingi heimilt að ganga í þau hlunnindi. Ég þekki það mikið til meðferðar á hlunnindum, að ég veit að sú ráðstöfun eða það fyrirkomulag væri ekki heppilegt, því að hætt er við að hlunnindaeign mundi fljótt ganga úr sér með þeim hætti. Það er nefnilega svo, að þar sem er um landsréttindi eða hlunnindaeign að ræða, sem unnt er að nýta með hagkvæmni, er nauðsynlegt að einhver aðili sjái um meðferð hennar til þess að hún verði ekki ofnotuð. Ef slík verðmæti eru öllum opin er voðinn vís.

Í þessum frvgr. er einnig lagt til að settar verði reglur sem kveði á um ítölu og varnir gegn ofbeit og rányrkju, um gróðurvernd og aðra náttúruvernd, um veiðiskap, umgengnisrétt almennings og annað það sem lýtur að afnotum lands og landsgæða í þjóðareign. Um þetta er sumt gott að segja, annað vafasamt. Það eru í landinu sérstök lög um meðferð afréttarmála, það eru í landinu sérstök lög um ítölu og varnir gegn gróðureyðingu, varnir gegn ofbeit, og ef þau lög eru ekki fullnægjandi væri réttara að bæta þau en að setja einhver sérlög og sérreglur um þau lönd sem ríkið eignast eða á.

Ef hér er t. a. m. átt við hluta af afréttum landsins, sem kynnu að vera sumar hverjar þannig að skýlausar eignarheimildir fyndust ekki fyrir, þá er það svo að afréttir hafa það hagnýta gildi að vera notaðar til beitar fyrir búsmala landsmanna, búfé bænda. Ef ætti að hindra að slík beitarafnot stæðust áfram mundi það í fyrsta lagi þrengja að möguleikum í búskap sem því næmi. Í öðru lagi er því mjög haldið á lofti af lögfræðingum á seinni árum, að þrátt fyrir að ekki séu alltaf skýrar heimildir fyrir eign eða skýrar eignarheimildir einstaklinga eða sveitarfélaga á einhverjum afréttarlöndum, þá sé því í flestum tilvikum þann veg háttað að þessir sömu aðilar hafi öðlast rétt til þess að nýta landið til beitar, nýta þau verðmæti sem þar eru, sveitarfélög og upprekstrarfélög hafi fyrir löngu unnið sér rétt til þess fyrir hefð ef skýlausar eignarheimildir liggja ekki til grundvallar. Það er því mjög vafasamt að hugsa sér að setja í lög einhverjar reglur sem marka meðferð ríkislandsins með sérstökum hætti umfram það sem gerist með annað land sem er notað af sveitarfélögum eða upprekstrarfélögum.

Hitt er svo annað mál, sem hér kemur fram, að auðvitað þurfum við að tryggja umgengnisrétt almennings um landið. Við þurfum að tryggja það, að almenningur í landinu eigi rétt á að njóta návista við íslenska náttúru, a. m. k. á tilteknum svæðum, og þau svæði mega ekki verða of þröng. Ég get búist við að það þurfi að gæta þess betur en gert hefur verið hingað til að opna tiltekin svæði til útivistar fyrir almenning í landinu, einkum þéttbýlisfólk, sem er að minni hyggju þannig statt að það þarf þess beinlínis og á rétt á því að geta ferðast um landið og dvalið á landinu og notið samvista við náttúru þess í nægilega ríkum mæli. En það er allt önnur saga en að setja sérstakar þröngar skorður fyrir not einhvers hluta landsins, þess hluta sem eftir þessu frv. kynni að verða úrskurðað í eigu ríkisins.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja um þetta mál langa ræðu. Ég hef rætt um mál af þessu tagi hér á Alþingi á undanförnum árum og skoðanir mínar um þau liggja fyrir. Ég tel að íslensk löggjöf — og raunar stjórnarskráin feli í sér nægilega sterk ákvæði til að tryggja rétt almennings, ef það er talið brýnt til almenningsheilla, hvað sem eignarheimildum líður og jafnvel þó að engar heimildir liggi fyrir. Stjórnarskráin gerir ráð fyrir að unnt sé að taka land eignarnámi, enda komi þá fullar bætur fyrir, en það sé ekki gert nema nauðsyn krefji. Þess vegna hefur íslensk löggjöf gert ráð fyrir því í marga áratugi, að hið opinbera geti gripið inn í ef þeir, sem ráða meðferð landsins, annaðhvort með skýrum eignarheimildum eða fyrir áunninn rétt, tregðast við að láta landið til almenningsnota þegar þjóðarnauðsyn krefur. Þennan rétt, sem íslensk lög ákveða, á auðvitað að nota ef aðrar forsendur bresta, aðrar leiðir lokast. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að grípa til þessa réttar. Þess vegna er ekki mikil þörf á því að leggja nú í aukinn kostnað við að senda út heilan her lögfræðinga til að kanna eignarheimildir og leita síðan úrskurðar á þeirra greinargerð. Ég hygg að það sé hægt að verja þeim fjármunum betur en

hér er lagt til.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál. Ég tel frv. þarflaust og get þess vegna lýst þeirri skoðun minni, að það megi daga uppi hér á Alþingi eins og önnur mál Alþfl. sem um svipað efni hafa fjallað á fyrri þingum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það fer margt versnandi og ein sú plága hefur löngum verið á undanförnum þingum, að menn ættu von á frv. frá Alþfl. um landbúnaðarmál og land í þjóðareign. Nú er búið að búta þetta niður í mörg mál þannig að þetta veldur að sjálfsögðu mun meiri óþægindum í þingstörfum en gert hefur til þessa.

Hitt kemur einnig dálítið skoplega út, þegar maður heyrir í Ríkisútvarpinu að bændurnir, þ. e. hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 1. þm. Norðurl. v., hafi staðið hér upp og talað gegn þessu frv. Ég veit ekki hvað kemur til að fréttamaður telur að slík meðferð á efni í Ríkisútvarpinu bæti hag þess frv. sem hér er til umr. En því stend ég hér upp til að ræða þetta mál, að þetta mun sennilega vera eitthvert dýrasta frv. sem flutt hefur verið á þinginu í vetur. Hæstv. dómsmrh. hefur að vísu lagt til fjölgun í Hæstarétti, en mér sýnist að það þurfi að margfalda þá tölu, þó ekki sé meira sagt, eigi að koma því í verk sem hér er lagt til og að dómar verði gengnir árið 1995. Sú stefna virðist vera upp tekin að það skuli skattleggja Íslendinga til þess að arga á þá lögfræðingum, og fjmrn. á að sjá um framkvæmd alla. Ekki veit ég hvort þeir, sem hafa samið þetta frv., hafa hugleitt hvílík hringavitleysa það er sem þeir hafa sett hér á blað. En trúlega finnst þeim þetta harla gott og una vel við sinn hlut.

Ég vil byrja á að geta þess, að að sjálfsögðu verður landið og landbúnaður aldrei aðskilin tvö mál. Það eru ekki liðin 100 ár síðan menn sultu til bana í þessu landi í stórum stíl, og menn ættu sannarlega að gleðjast yfir því, að svo er komið högum þessarar þjóðar að hungurvofunni hefur verið bægt frá. En í hugmyndum Alþfl. virðist hitt vera orðið slíkt algert aðalatriði, að veiðiréttur manna, orlofsbúðir og útivistarsvæði virðist það eina sem máli skiptir í notkun lands á Íslandi.

Það má vel vera að sumir trúi því, að fjmrn. verði ávallt vel stjórnað. Ég man þá daga að hér sat skammtímastjórn yfir landinu. Menn sátu þar við að útbúa hagstæðar tölur í kringum jól og aðferðin var einföld. Þeir skrifuðu tékkana út, bókuðu þá greidda, geymdu þá í umslögum fram yfir áramót og sendu þá síðan í pósti. Og staðan varð fádæmagóð smátíma. — Nei, ég er ekki trúaður á það að fjmrn. íslenska verði ávallt neitt sérstaklega betur stjórnað en öðrum rn. Svo hefur ekki verið til þessa.

Það segir einnig allmikið um viðhorf manna til lýðræðis og þess þjóðskipulags, sem við búum við, hvort menn eru hlynntir dreifingu valds eða hvort menn eru hlynntir samþjöppun valds. Að mínu viti liggur það alveg ljóst fyrir, að þeim mun meir sem við þjöppum valdinu saman, þeim mun meir skerðum við rétt einstaklingsins. Og 3. gr. frv. er kannske sú alskoplegasta sem hér er sett á blað. Ég vil gera hana að alveg sérstöku umræðuefni í ljósi þesss, hve hugsunin kemur skoplega út hjá þeim Alþfl.-mönnum. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta: „Óheimilt er að leigja einstaklingum eða lögaðilum landssvæði, landréttindi eða hlunnindi sem talin eru í 1. gr., þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist eða verði háður gjaldtöku.“ — Svo kemur undantekningin. Samkv. þessum lögum væri ekkert sem bannaði það að leigja þremur mönnum allt það land sem ríkinu væri ætlað að eiga. Þeir þyrftu aðeins að gefa út yfirlýsingu um það að þeir mundu skipuleggja það sem orlofs- og útivistarsvæði. Og það væri ekki erfitt verk að framkvæma það. Þeir gætu ekki verið í vandræðum með að fullnægja eftirspurninni hefðu þeir allt það land undir höndum. En það er ekkert sem tryggir almenningi rétt í þessum lögum ef þau eru skoðuð í grunninn.

Hv. 2. þm. Suðurl. gat þess réttilega í umr. um þetta mál, að hann teldi eðlilegra að sýslufélög og sveitarfélög hvert á sínum stað hefðu umsjón með og sæju um afnot þess landssvæðis sem litið hefur verið á sem almenninga á hinum ýmsu stöðum. Tvímælalaust tel ég að landið sé betur komið í vörslu þeirra en lögfræðinga fjmrn.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál fari til nefndar. Mér þótti afstaða núv. hæstv. landbrh. varðandi framhaldsmeðferð á málinu ákaflega skynsamleg til að spara óþarfa útgjöld af hálfu Alþingis.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta frv. er gamall draugur sem hefur verið vakinn upp hér um bil árlega síðasta rúman áratug. Hins vegar hefur þessi draugur eins og ýmsir aðrir í sögunni tekið breytingum frá einu ári til annars. En ekki fer honum fram. Ég held að þetta frv. sé glöggt dæmi um hvernig ekki eigi að leggja mál fyrir og hvernig frv. sé sem hefur engan tilgang og á ekkert erindi inn á Alþingi.

Í 1. gr. frv. er sagt, með leyfi forseta: „Þau landssvæði skulu teljast þjóðareign sem eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast ekki fyrir.“ Hvað skyldi þetta þýða? Ég skal að vísu ekki fullyrða neitt um það, að ekki fyrirfinnist einhvers staðar land sem kallað er í byggð og þar sem orki tvímælis hver eigi það. En það mun þá vera alger undantekning frá reglunni. Á því svæði, sem ég þekki til, veit ég ekki til að slíkt land finnist. Ef það er eins annars staðar, þá liggur í augum uppi að hér mundi í raun og veru eingöngu vera átt við jöklana og öræfin, þar sem getur verið og er og hafa fallið dómar um að geti orkað tvímælis hver eigi landið. En sé það ekki, þá er það þjóðareign. Það þarf ekkert frv. til að koma til þeirra hluta. Það, sem segir í 4. gr. um að þetta land, sem enginn eignaraðili finnst að, skuli vera skipulagt sem útivistarsvæði eða fyrir orlofsbúðir, er þess vegna náttúrlega algerlega út í hött, því að öræfin sjálf verða það aldrei. Ég skil ekki að þar finnist svæði sem mundi verða notað í því skyni eða að nokkur mundi óska eftir að orlofsbúðahverfi væri skipulagt uppi á öræfum eða uppi á reginfjöllum.

Þetta frv. ber þess auðvitað glöggt merki, að þeir sem standa að flutningi þess, hafa ekki hugmynd um hvað þeir eru að fjalla um. Eins og hæstv. landbrh. gat um vegna ummæla hv. þm. Vilmundar Gylfasonar um að eitt af meginmarkmiðum frv. væri að koma í veg fyrir ofbeit, sem segir í 4. gr., þá eru um það sérstök lög. Það eru sérstök lög um hvernig eigi með að fara ef menn álíta að einhver ákveðin afréttur sé of setinn. Þetta frv. eykur þar engu við þó að það yrði lögfest, því að það eru ákvæði um það í þeim lögum hvernig með skuli fara, en hér ekki. Hins vegar er það sjaldgæft, það er rétt, að til þess hafi verið gripið. Þó veit ég nokkur dæmi til að þess hefur verið krafist að metið skuli samkv. þessum lögum hvað megi vera margt á ákveðinni afrétt.

Það ákvæði frv., að fjmrn. ætti að fara með þessi mál, hef ég rætt í sambandi við flutning á öðru frv. og fer ekki að endurtaka það hér. Það er nánast um það að jarðeignadeildin yrði flutt á milli hæða. Það er bara um það. Að það sé einhver breyting á því að öðru leyti er alger misskilningur, vegna þess að lögin að öðru leyti og öll þekking á þessum málum er eðli sínu samkvæmt í landbrn. og hjá Búnaðarfélagi Íslands sem er nokkurs konar undirráðuneyti landbrn. Eftir sem áður yrði því fjmrh. eða fjmrn. að sækja umsagnir og úrskurði að verulegu leyti þangað, að öðru leyti en því sem sá maður hefur sem mundi færast þarna milli hæða.

Ég sé ekki ástæðu til að eyða meiri tíma í að ræða þetta frv. eins og það er allt úr garði gert. Það má kannske segja að þetta sé meinlaust nema að því leyti til að það er hætt við því, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan, að það mundi auka málaferli á næstunni út af þessum málum. En auðvitað geta þau alltaf komið til. Og ef slík mál koma upp á annað borð og óljóst er hver sé eigandi að ákveðnu landi, þá getur auðvitað orðið að leita til dómstólanna til þess að fá þar niðurstöðu þó að þetta frv. verði ekki samþykkt.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mikið liggur við þegar bestu vitmenn Framsfl. leggjast svona allir á eina sveif. Sumir halda því fram, að frv. sé óþarft, aðrir, að hér sé um ákafa atlögu að landeigendum að ræða, og þeir þriðju, sem dýpst skyggnast í málið, telja að hvort tveggja sé. Hvernig koma menn því heim og saman, að málefni, sem sé með öllu óþarft, geti á sama tíma verið mjög harkaleg atlaga að einhverjum tilteknum hópi landsmanna. Við skulum láta það liggja á milli hluta. Menn verða að sjálfsögðu að gera það upp við sig, hvernig sé hægt að koma slíkum röksemdum heim og saman, einkum og sér í lagi ef það er sami maðurinn sem leggur báðar röksemdirnar fram sem skoðun sína á málinu.

Ég vildi aðeins víkja í nokkrum orðum, herra forseti, að þeim athugasemdum sem fram hafa komið við frv.

Vil ég þá fyrst leyfa mér að þakka þeim mönnum sem til máls hafa tekið um frv., ekki síst þeim Alþb.-mönnum, hv. 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssyni, og hæstv. iðnrh., en báðir þessir hv. þm. lýstu yfir stuðningi við málið eins og það er fram sett.

Það er rétt hjá hv. 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssyni, að með frv. þessu gerðum við þm. Alþfl. tilraun til að kanna hvort ekki næðist samkomulag á Alþingi eða a. m. k. aukinn stuðningur við þau atriði í málflutningi okkar Alþfl.-manna um þjóðareign á landinu sem mestur almennur stuðningur virðist vera við úti í þjóðfélaginu. Það er líka rétt hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni, að flokksbræður hans hafa áður lýst skoðunum sem af mátti draga þá ályktun, að þeir gætu orðið sammála því meginefni sem í frv. felst, eins og orðið hefur. Ég vil færa honum og flokki hans þakkir fyrir það. Einnig lýsi ég ánægju minni yfir þeim upplýsingum hæstv. iðnrh., að nú væri í undirbúningi á vegum rn. hans frv. um virkjunarrétt, þar sem almannaeign á virkjunarrétti væri stórlega aukin frá því sem nú er.

Leyfi ég mér aðeins að benda þeim mönnum, sem mest hafa talað gegn þessu frv., og þá fyrst og fremst þm. Framsfl., á þetta. Niðurstaðan er að verða sú, hvort sem þeim líkar betur eða verr, að ástandið í landréttindamálum, sem hefur m. a. orðið til þess að tefja framkvæmdir við þjóðþrifafyrirtæki eins og virkjanir, það getur ekki gengið lengur. Menn geta ekki lengur við unað eins og málin standa og menn geta ekki lengur við að unað, að þjóðnauðsynlegar framkvæmdir séu stöðvaðar árum saman á grundvelli sem raunverulega engum er ljóst hvort hefur nokkra stoð í lögum. Í hinu sérstaka deilumáli um Blönduvirkjun veit raunar enginn hvar mörkin eru milli almannaeignar annars vegar og einkaeignar hins vegar. Hvaða rétt hefur ríkisvaldið og allur almenningur í landinu sem vill framkvæma þessa virkjun, — hvaða réttindi hefur hann til þess? Og hvaða rétt hafa þeir aðilar, sem við almannavaldið deila, þessir tilteknu bændur í nágrenni hv. þm. Páls Pétursonar? Þetta liggur ekki ljóst fyrir. Menn vita ekki á hverju deiluaðilar geta staðið. Hversu langt nær einkaréttur einstaklinganna í þessu tilviki? Hversu langt nær almannarétturinn? Og hvar eru mörkin á milli þessa tvenns?

Jafnvel í hæstv. ríkisstj. hafa menn komist að þeirri niðurstöðu, að þessi óvissa geti ekki gengið svona miklu lengur. Þess vegna ræðir hæstv. ríkisstj. um að setja lög sem tryggi almenningi í landinu þann virkjunarrétt sem hann virðist ekki hafa í dag. Þeir þm. Framsfl., sem tala gegn þessu máli, verða að gera sér ljóst nú þegar, að þeir eru að berjast þar baráttu sem er töpuð. Það er aðeins tímaspursmál hvenær þeir verða að sætta sig við þá niðurstöðu sem um málið hlýtur að fást. Það verður ekki þolað af 220 þús. einstaklingum með þessari þjóð að 10 þús. einstaklingar standi með þessum hætti gegn almannaheill. Og þá er spurningin þessi fyrir þá sem eru andstæðingar þess, að slíkt mál náist fram: Hvort vilja þeir heldur gerast aðilar að skynsamlegri lausn á meðan áhrif þeirra t. d. hér í Alþingi eru þau sem þau eru nú, eða vilja þeir heldur bíða, m. a. eftir að þær breytingar verði gerðar á skipan Alþingis að áhrif þessara aðila verði miklu minni á Alþingi Íslendinga en þau eru nú? Ég held að menn ættu að horfa í fullri alvöru á þessa stöðu Vilja þeir menn, sem þarna eiga hagsmuna að gæta, láta Alþingi, eins og það er nú skipað, reyna að leysa þessi mál þannig að ljóst verði um alla framtíð hvar mörk eignarréttar einstaklinga og almannaeignarréttarins eru? Hvort vilja þeir heldur reyna að leysa þessi miklu vandamál núna eða standa ávallt gegn öllum tilraunum til slíkrar lausnar og taka síðan áhættuna af því, að eftir e. t. v. 8 eða 10 ár verði þessi mál leyst af því löggjafarþingi sem þá situr, eins og það þá verður skipað, án þess að þeir menn, sem hingað til hafa komið í veg fyrir afgreiðslu á slíkum málum, geti þar lengur nokkru um ráðið?

Hv. þm. Stefán Valgeirsson hefur í ræðu hér á Alþingi, bent einmitt á þessa hættu og þennan vanda. Ég hélt því að sá þm. yrði sjálfum sér samkvæmur og gerði sér ljóst að hann og skoðanabræður hans eru að berjast baráttu sem er töpuð. Spurningin fyrir þá er fyrst og fremst þessi: Vilja þeir með einhverjum hætti gerast núna aðilar að samkomulagslausn, sem endanlega leysir þessar þrætur um hver mörk einkaeignarréttarins og almannaeignarréttarins eigi að vera, eða ætla þeir með afstöðu sinni til þessara mála alfarið að afsala sér áhrifum á þá niðurstöðu? Sérhver sæmilega greindur maður hlýtur að gera sér ljóst að þess verður ekki langt að bíða, að einhver slík löggjöf verði sett, þegar almenningur er látinn reka sig á það hvað eftir annað, ár eftir ár, að þegar hann þarf á náttúrugæðum Íslands að halda rísi upp fámennur hópur bænda, sem banni slík afnot eða krefjist

slíkrar greiðslu fyrir slík afnot, að nái ekki nokkurri átt, og verðleggi jafnvel náttúruauðlindir sem þjóðin á, en þeir telja sína eign, á við olíuauðlindir í Arabalöndum.

Þessu vildi ég aðeins varpa fram mönnum til vinsamlegrar íhugunar. Telji þeir ekki betra, á meðan Alþingi er skipað eins og það er nú skipað, að þm. m. a. dreifbýlisins, eigi aðild að því að finna varanlega lausn á þessu máli, m. a. til þess að þeir, sem eiga hagsmuna að gæta, bændur og aðrir landeigendur, viti fyrir víst í framtíðinni hver þeirra réttur sé, en þurfi ekki að eiga það undir löggjafarvaldi, sem e. t. v. yrði með öðrum hætti skipað 10 árum eftir þennan dag en nú á sér stað.

Hv. þm. Steinþór Gestsson sagði í ræðu sinni — það er raunar smáatriði, engu að síður vildi ég gjarnan víkja að því — að ekki væri rétt frá skýrt í grg. hvernig Alþfl. hefði staðið að flutningi þeirra mála sem hér um ræðir allt frá árinu 1970, þegar fyrsta þáltill. um eignarráð yfir landi var lögð fram á þingi. Eins og greinilega kemur fram í fylgiskjölum með frv. eru ekki rakin öll þau ár sem þm. Alþfl. fluttu þessi mál hér á hinu háa Alþingi, heldur aðeins greint frá þeim árum þegar þeir gerðu með einhverjum hætti breytingar á málsmeðferð. Þannig er aðeins greint frá tillöguflutningi árið 1970. Síðan var viðkomandi till. endurflutt á Alþingi 1971. Um það er ekki getið í fskj., heldur næst tekið til við að lýsa þáltill. eins og hún var flutt breytt á árinu 1972. Síðan er ekki gerð grein fyrir endurflutningi þeirrar till., heldur aðeins rætt um þegar þeirri tillögugerð er síðan breytt af þingflokki Alþfl. árið 1974. Þetta kemur mjög greinilega fram að er tilgangurinn með fskj., ekki að láta þess getið í hvert skipti sem málið er flutt á Alþingi, heldur aðeins að skýra frá því, hvaða þingmál hafa verið lögð fram af þm. Alþfl. þessum málaflokki tengd á liðnum árum.

Hv. þm. Steinþór Gestsson sagði einnig að þessum málatilbúnaði hefði verið hafnað af Alþingi. Það er ekki rétt. Engu hefur verið hafnað af Alþingi. Málin hafa aldrei komist til afgreiðslu. Hins vegar er mér og öllum öðrum, sem að þessum málum standa, fyllilega ljóst að a. m. k. til þessa hefur ekki verið þingmeirihluti fyrir afgreiðslu málanna á Alþingi. Ef sá þingmeirihluti hefði verið, þá hefði málið að sjálfsögðu verið afgreitt.

Meginatriðið í frv. er þó, eins og komið hefur fram hér hjá mörgum mönnum bæði hv. þm. Steinþóri Gestssyni og öðrum, 1. gr. og 5. gr. Sumir andmælendur frv. hafa sagt að þessar greinar væru óþarfar. Aðrir andmælendur frv. hafa sagt að þessar greinar væru hættulegar þar sem þar væri gert ráð fyrir að taka ýmislegt af einstaklingum og lögaðilum sem þeir hafa í dag. Einn þeirra, sem hélt þessu fram, var t. d. hv. skrifari þessarar deildar, Ólafur Þ. Þórðarson.

Nú er hér um rangt mál að ræða hjá báðum aðilum. Í fyrsta lagi er hér ekki lagt til að taka neitt af neinum. Þeir, sem annað fullyrða, hafa einfaldlega ekki lesið frv. Í öðru lagi eru ákvæði 1. og 5. gr. síður en svo óþörf. Ég vil taka fram að þetta frv. er samið í samráði við fjölmarga lögfræðinga, bæði kennara við lagadeild Háskóla Íslands og enn fremur lögfræðinga sem sjá um eignaumsýslu fyrir ríkið. Sameiginleg niðurstaða allra þessar manna er sú, að það sé nauðsynlegt að setja löggjöf eins og þessa, m. a. vegna dóma sem fallið hafa nú nýverið og ég sagði frá í upphafsorðum mínum með frv., þar sem menn hafa deilt um eignarhald á tilteknum landssvæðum, en úrskurður fallið á þann veg, að hvorugur deiluaðilinn gæti gert tilkall til formlegs eignarréttar yfir landssvæðinu. Það er alger misskilningur, segja þessir lögfræðingar, að þar með teljist viðkomandi landssvæði sjálfkrafa vera þjóðareign. Til þess þarf Alþingi að setja lög. Með öðrum hætti getur landssvæði af því tagi ekki talist vera eign þjóðarinnar. Þá verður enn deilt um hver geti talist eiga hin ýmsu fasteignaréttindi sem slíkum landssvæðum eru bundin, og enginn getur þrátt fyrir slíka dóma eins og hér um ræðir dregið þá ályktun nema lög séu sett, að fyrst hvorugur deiluaðili telst eiga viðkomandi landssvæði, þá hljóti ríkið að eiga það. Þetta er sameiginlegt álit allra þeirra lögfræðinga sem ég hef rætt við um þetta frv. Og ég veit að það er álit þeirra lögfræðinga sem m. a. eru ráðunautar ríkisstj. um þau efni, að úrskurður dómstóla um botn Mývatns, um Nýjabæjarafrétt og um málið á Hellisheiði krefjist þess, að sett verði lög sem ákveði hver skuli teljast eiga land, landgæði og hlunnindi sem niðurstöður dómstóla eru um á þá leið, að þeir, sem búa í næsta nágrenni og deila um eignarréttinn, teljast ekki vera eigendur að.

Menn geta að sjálfsögðu í staðinn fyrir að setja eina almenna rammalöggjöf um þessi efni lagt fram fjöldamörg frv. á Alþingi um hvað eina, lagt t. d. fram sérstakt frv. um að önnur fasteignaréttindi á Nýjabæjarafrétti en beitarréttindi skuli teljast eign ríkisins eða þjóðarheildarinnar, annað frv. um að botn Mývatns skuli teljast eign íslenska ríkisins, þriðja frv. um að önnur fasteignaréttindi á Hellisheiði en beitarréttur skuli teljast eign íslenska ríkisins o. s. frv. Menn geta leikið sér að slíkum frv.-flutningi í tuga- og hundraðatali um einstök landssvæði og landgæði. En það er miklu skynsamara að takast á við þessi vandamál í einni lagasmíð, eins og lagt er til að gert verði hér. Og ég ítreka það enn og aftur, að engin af þessum landssvæðum, sem vafi leikur á hver skuli teljast eigandi af og raunar má segja enginn eigandi finnst að, engin af þessum landsréttindum teljast sjálfkrafa eign íslenska ríkisins nema lög séu sett þar að lútandi.

Ég held, herra forseti, að menn ættu að gera sér það að venju, þegar þeir ræða um mál eins og þetta, að afla sér upplýsinga um hvert sé álit lögfræðinga um slíkar niðurstöður eins og ég hér lýsi, áður en menn koma upp í ræðustól á Alþingi og fullyrða af brjóstviti sínu að tiltekið mál sé óþarft. Mér er nær að halda að lögfræðilegir ráðunautar hæstv. ríkisstj. — og þeir fleiri en einn og fleiri en tveir — hafi vakið athygli einstakra ráðh. í núv. ríkisstj. á því, að ekki verði hjá því komist að setja lög eins og frv. þetta leggur til að sett verði, í kjölfar þeirrar dómstólaniðurstöðu sem fallið hefur á síðari árum og ég hef gert að umræðuefni hér.

Þá leyfi ég mér að benda á að það hefur gerst — (**Forseti:** Fundartíminn er liðinn hv. ræðumaður. Vill hv. þingmaður fresta ræðu sinni eða kýs hann að ljúka henni á örskammri stundu?) Ég kýs heldur að fresta henni, ég á ekki langt eftir svona 5 til 6 mín. (**Forseti:** Við því verður orðið.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Sameinað þing, 23. nóv.

Eftirvinnu- og aukagreiðslur til starfsmanna ríkisbankanna.

Svar viðskiptaráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Helgadóttur um eftirvinnu- og aukagreiðslur til starfsmanna ríkisbankanna, á þskj. 95, sent þm. 23. nóv.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 1981, óskaði ráðuneytið þess, að Seðlabanki Íslands hlutaðist til um að semja svar við fyrirspurninni.

Seðlabankinn hefur samið meðfylgjandi svar í samráði við hina ríkisbankana.

Eftirvinnu- og aukagreiðslur til starfsmanna ríkisbankanna árið 1979.

Allar upphæðir í nýkr.	Búnaðarb. Ísl.	Landsb. Ísl.	Útvegsb. Ísl*)	Seðlab. Ísl.	Allir 1979
1. Eftirvinnu- og aukagreiðslur samtals til starfsmanna í hverjum ríkisbankanna ...	603 791,32	2983 312,00	995 231,84	505 428,89	5087 764,05
2. Skipting eftirvinnu- og aukagreiðslna eftir launaflokkum:					
Launafl. 12	53 413,18	292 920,00	33 589,39	246 613,50	626 536,07
Launafl. 11	81 919,07	245 646,00	64 191,87	131 424,81	523 181,75
Launafl. 10	60 053,74	429 050,00	209 771,00	38 005,76	736 880,50
Launafl. 9	101 642,14	368 622,00	108 907,09	53 570,23	632 741,46
Launafl. 8	55 414,52	377 359,00	129 838,47	15 044,29	577 656,28
Launafl. 7	152 914,74	643 523,00	164 894,12	15 905,43	977 237,29
Launafl. 6	54 984,57	351 649,00	111 406,16	4 185,84	521 335,57
Launafl. 5	34 238,03	161 515,00	109 413,07	679,03	305 845,13
Launafl. 4	10 101,33	87 627,00	57 326,96	0,00	155 055,29
Launafl. 3	0,00	19 945,00	5 893,71	0,00	25 838,71
Launafl. 2	0,00	2 811,00	0,00	0,00	2 811,00
Launafl. 1	0,00	2 645,00	0,00	0,00	2 645,00
Samtals	603 791,32	2 983 312,00	995 231,84	505 428,89	5 087 764,05
3. Aðrar greiðslur	256 763,20	472 466,00	168 750,00	99 050,00	997 029,20
4. Sundurliðun annarra greiðslna eftir launaflokkum:					
Launafl. 12	240 452,20	445 000,00	150 000,00	92 400,00	927 852,20
Launafl. 11	16 311,00	13 091,00	18 750,00	6 650,00	54 802,00
Launafl. 10	0,00	14 375,00	0,00	0,00	14 375,00
Samtals	256 763,20	472 466,00	168 750,00	99 050,00	997 029,20

Eftirvinnu- og aukagreiðslur til starfsmanna ríkisbankanna árið 1980.

1. Eftirvinnu- og aukagreiðslur samtals til starfsmanna í hverjum ríkisbankanna ...	1 090 001,03	6 458 570,00	932 844,58	1 092 449,85	9 573 865,46
2. Skipting eftirvinnu- og aukagreiðslna eftir launaflokkum:					
Launafl. 12	254 779,87	1 025 503,00	28 571,62	612 616,19	1 921 470,68
Launafl. 11	87 535,66	820 320,00	86 004,26	215 206,52	1 209 066,44
Launafl. 10	126 215,77	667 071,00	193 069,31	85 560,88	1 071 916,96
Launafl. 9	161 412,35	788 118,00	74 219,36	47 580,48	1 071 330,19
Launafl. 8	104 680,55	834 592,00	162 374,04	86 603,39	1 188 249,98
Launafl. 7	194 084,76	1 341 055,00	178 041,48	29 548,14	1 742 729,38
Launafl. 6	93 671,95	513 626,00	113 082,31	7 043,58	727 423,84
Launafl. 5	46 737,79	275 986,00	58 673,17	7 390,14	388 787,10
Launafl. 4	20 882,33	145 441,00	37 926,28	900,53	205 150,14
Launafl. 3	0,00	38 976,00	882,75	0,00	39 858,75
Launafl. 2	0,00	7 254,00	0,00	0,00	7 254,00
Launafl. 1	0,00	628,00	0,00	0,00	628,00
Samtals	1 090 001,03	6 458 570,00	932 844,58	1 092 449,85	9 573 865,46
3. Aðrar greiðslur	426 370,90	823 740,00	277 520,00	221 060,00	1 748 690,90
4. Sundurliðun annarra greiðslna eftir launaflokkum:					
Launafl. 12	382 847,40	780 000,00	248 120,00	221 060,00	1 632 027,40
Launafl. 11	43 523,50	32 040,00	29 400,00	0,00	104 963,50
Launafl. 10	0,00	11 700,00	0,00	0,00	11 700,00
Samtals	426 370,90	823 740,00	277 520,00	221 060,00	1 748 690,90

*) Frá Útvegsbanka Íslands vantar upplýsingar frá útibúi bankans á Seyðisfirði.

Sameinað þing, 24. fundur.

Þriðjudaginn 24. nóv., kl. 2 miðdegis.

Gjaldtaka tannlækna, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á Alþingi 1979 lagði ég fram fsp. svipaðs eðlis til þáv. heilbr.- og trmrh. Sveitarfélögin höfðu þá eins og raunar enn vaxandi áhyggjur af miklum kostnaði við þessa þjónustu, og enn fremur var ljóst að eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins var nánast ekki neitt. Hjá Reykjavíkurborg voru opinberar upplýsingar um tannlæknaþjónustu svimandi háar tölur, eins og raunar kom fram hér við umr. í hv. deild í síðustu viku. Í svari þáv. heilbrmrh., Magnúsar H. Magnússonar, komu fram ýmsar upplýsingar úr samningum við Tannlæknafélag Íslands, en þeir samningar eru frá 19. apríl 1975. Í svari ráðh. komu fram eftirfarandi upplýsingar, sem ég vil lesa hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildandi greiðslukvittun" — þ. e. eitt þeirra gagna sem um er að ræða í sambandi við eftirlit — „veitir alls ekki að mati Tryggingastofnunar ríkisins nægar upplýsingar um þær tannaðgerðir sem framkvæmdar hafa verið og greitt fyrir. Þá er gerð tannkorta með ýmsu móti og torveldar það mjög eftirlit. Þau gögn, sem tryggingatannlæknir hefur á milli handa við eftirlitið, eru að mati Tryggingastofnunar hvergi nærri nógu nákvæm. Telja verður að með 5. gr. samningsins hafi ekki fengist tæknilegur grundvöllur fyrir nægjanlega virku eftirliti með gjaldtöku tannlækna. Hefur því tryggingayfirlæknir lagt fram tillögur sem miða að nákvæmara og fljótvirkara eftirliti. Við gerð þeirra verður stuðst við skipulag þessara mála á Norðurlöndum þar sem afskipti ríkis af tannlæknaþjónustu hafa staðið um langt árabil.

Tillögur þessar fjalla um breytt skipulag á taxta Tannlæknafélagsins, hönnun staðlaðrar sjúkraskrár fyrir tryggða sjúklinga og nýja greiðslukvittun, þar sem tannaðgerðir eru tilgreindar og kostnaðarupphæð þeirra sundurliðuð. Tillögur þessar hafa verið kynntar stjórn Tannlæknafélags Íslands og munu teknar til umræðu í samstarfsnefnd Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands. Það er von Tryggingastofnunarinnar, að samkomulag geti tekist um tillögur tryggingatannlæknis svo að ekki þurfi að koma til uppsagnar samningsins."

Þar sem ljóst er að ekki hefur verið gengið frá slíkum samningi, eða a. m. k. liggur það ekki opinberlega fyrir, þá hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 41 svohljóðandi fsp. til heilbr.- og trmrh.:

1. Hefur nýr samningur verið gerður milli Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands síðan 1979 varðandi breytt skipulag á taxta, hönnun staðlaðrar sjúkraskrár fyrir tryggða sjúklinga og nýja greiðslukvittun þar sem tannviðgerðir eru tilgreindar og kostnaðarupphæð er sundurliðuð eins og tryggingatannlæknir lagði til 1979?

2. Hversu umfangsmikil voru afskipti og eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins 1980 af gjaldtöku tannlækna og tannréttingalækna, miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiddu til þeirra samkv. lögum? Hversu há fjárhæð var greidd árið 1979 og 1980 vegna tannlækninga tryggðra?"

Ég vænti þess að hæstv. trmrh. svari þessum fsp.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og vitnað var til var gerð tilraun til þess án uppsagnar samninga við tannlækna að fá þá til að samþykkja breytingar á greiðslukvittunum og fleiru, en þetta kom fram í tilvitnun í fyrrv. heilbr.- og trmrh., Magnús H. Magnússon, í máli hv. fyrirspyrjanda áðan.

Það var ljóst á árinu 1980, að samningar mundu ekki nást eins og sakir stóðu. Þess vegna var tekin ákvörðun um að segja samningnum upp. Þessum samningi var sagt upp 30. sept. 1980, en hann var frá 19. apríl 1975. Honum var sagt upp þar sem ekki náðist samkomulag við þáv. stjórn Tannlæknafélagsins um tillögur tryggingatannlæknis um breytt skipulag taxta Tannlæknafélagsins, hönnun staðlaðrar sjúkraskrár og nýja greiðslukvittun. Á fundi samninganefndar Tryggingastofnunarinnar og Tannlæknafélagsins var síðan samþykkt að tannlæknar störfuðu áfram samkv. uppsögðum samningi á meðan viðræður færu fram um nýjan samning. Lögð hefur verið fram af hálfu samninganefndar Tryggingastofnunarinnar tillaga um tölvutæka greiðslukvittun sem skal upplýsa fyrir hvers konar tannlæknaþjónustu greitt er og hvernig það fjármagn dreifist sem varið er til tannlækninga. Þá er tilbúin tillaga frá samninganefnd Tryggingastofnunarinnar um að formi til endurbætta gjaldskrá fyrir Tannlæknafélag Íslands. Í drögum að gjaldskránni eru læknisaðgerðir afmarkaðar eftir föngum og tölusettar sem gjaldmiðill svo að tilvísun til gjaldskrár við gerð sjúkraskrár og útgáfu greiðslukvittunar verði ótvíræð. Samninganefnd Tryggingastofnunarinnar er þeirrar skoðunar, að samþykkt greiðslukvittunar og gjaldskrár muni sjálfkrafa leiða til hönnunar staðlaðrar sjúkraskrár sem Tannlæknafélag Íslands og tannlæknadeild Háskóla Íslands ættu stóran hlut að engu síður en endanlegri uppstokkun gjaldskrárinnar.

Þetta var varðandi fyrra atriði fsp. Nýr samningur hefur sem sagt ekki verið gerður, en að honum hefur verið unnið.

Síðara atriði fsp. er tvíþætt. Í fyrsta lagi er spurt: Hversu umfangsmikil voru afskipti og eftirlit Tryggingastofnunar ríkisins 1980 af gjaldtöku tannlækna og tannréttingalækna miðað við þær greiðslur er ríkið, sjúkrasamlög og sveitarfélög greiddu til þeirra samkv. lögum?

Tryggingastofnunin svarar þessari fsp. þannig, að þar sem nýr samningur hafi ekki enn verið gerður milli Tryggingastofnunarinnar og Tannlæknafélagsins byggist eftirlit með gjaldtöku tannlækna enn á ákvæðum 5. gr. hins uppsagða samnings, sem að mati Tryggingastofnunarinnar eru hvergi nógu nákvæm til að halda uppi virku eftirliti. Sinnt var kvörtunum sem Tryggingastofnuninni bárust vegna meintrar ótækrar gjaldtöku, en skipulagt eftirlit með gjaldtöku tannlækna var ekki haft af framangreindum ástæðum, með skírskotun til þeirra galla sem eru á 5. gr. hins gamla samnings.

Þá spyr hv. fyrirspyrjandi: Hversu há fjárhæð var greidd árin 1979 og 1980 vegna tannlækninga tryggðra?

Sú fjárhæð, sem Tryggingastofnunin greiddi árið 1979, nam 25.4 millj. kr. og árið 1980 53.6 millj. kr. vegna tannlækninga tryggðra.

Þá er spurt hér um þá sem starfa við heilsugæslustöðvar, a. m. k. kom það fram í þessu máli. Því er til að svara, að engir tannlæknar hafa enn verið skipaðir við heilsugæslustöðvar. Ástæðan til þess, að við sögðum samningunum upp á sínum tíma, var sú, að ekki þótti líklegt að

eftir öðrum leiðum væri unnt að knýja fram samninga við Tannlæknafélagið í þessum efnum.

Ítarleg umræða fór fram um þessi mál hér fyrir nokkrum dögum. Þá lét ég í ljós skoðanir mínar á þessum málefnum og tel ekki ástæðu til að fara frekari orðum um þau hér. Ég hef reynt að svara fsp. hv. þm. eftir því sem föng eru á.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þessi fsp. hv. þm. Alexanders Stefánssonar er vissulega tímabær vegna þess að það er einkennilegt fyrirkomulag, að Tryggingastofnunin hafi þurft að standa í karpi ekki mánuðum saman, heldur árum saman til að fá tannlækna til að láta af hendi viðunandi greiðslukvittun fyrir tannlæknaþjónustu sem greidd er af opinberu fé. Auðvitað hlýtur það að vekja tortryggni, hvað tannlæknar eru tregir til að láta af hendi greiðslukvittun þar sem fram kemur sundurliðun á þeirri þjónustu, sem veitt er, og kostnaði við hana.

Ég tel að form greiðslukvittana eigi ekki að þurfa að vera samningsatriði við tannlækna. Það á hreinlega að skylda þá til að láta af hendi sundurliðaða greiðslukvittun í því formi sem Tryggingastofnunin og sjúkrasamlögin telja sig þurfa til þess að geta haldið uppi virku eftirliti. Liggur reyndar fyrir frv. sem ég hef lagt fram á Alþingi um að tannlæknar verði skyldaðir til að láta af hendi sundurliðaða greiðslukvittun sem Tryggingastofnunin óskar eftir til þess að geta haldið uppi þessu eftirliti.

Stjórnvöld verða að geta haft virkt eftirlit á þessu sviði eins og öðrum þar sem opinberra skýrslna er krafist til þess að halda uppi virku eftirliti og aðhaldi. Skattgreiðendur hafa t. d. ekkert um það að segja, hvernig skýrsluform þeim ber að útfylla varðandi sínar tekjur. Það er ákvörðun stjórnvalda, en ekki samningsatriði við launþega, hvernig þeir telja fram sínar tekjur. Skýrslur í ýmsu formi, sem ákveðnar eru af stjórnvöldum og krafist er af atvinnurekendum og ýmsum þjónustuaðilum, eru auðvitað algengar og nauðsynlegar til þess að stjórnvöldum sé kleift að hafa eftirlit með opinberu fé og greiðslum þegnanna til samfélagsins. Tannlæknar eiga ekki að vera nein undantekning frá því, sem ríkisvaldið þarf árum saman að standa í karpi við um viðunandi greiðslukvittun til að geta haft eftirlit með greiðslum fyrir tannlæknaþjónustu.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. trmrh. fyrir svör hans við þessari fsp. Ég vil aðeins undirstrika það hér og vekja athygli á því að það eru engir samningar í gildi á milli hins opinbera og þessara aðila, sem taka svona stórar fjárhæðir frá því opinbera í sinn vasa, og það verður að segjast eins og er, að það er ekki gott til þess að vita, að ekki skuli hafa verið gerður greiðslusamningur, fastur samningur um jafnveigamikið atriði og þessi þjónusta er.

Hins vegar segi ég það, að ég tel að það hafi verið sjálfsagt mál að segja upp þessum samningi. Ég ætla að lesa hér smáglefsu úr 5. gr. samningsins sem var í gildi: „Trúnaðartannlæknir skal boða komu sína og semja við tannlækni um hentugan tíma til slíkrar skoðunar" — og fyrir þann tíma, sem það tók trúnaðartannlækni að rannsaka umrædd gögn, átti viðkomandi tannlæknir að fá tímakaup samkv. taxta. Þetta er aðeins lítið sýnishorn um þetta atriði.

Ég vil segja það hér einnig, að það er mjög slæmt að ekki skuli hafa fengist fram sú sjálfsagða aðstaða, að við heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið störfuðu tannlæknar. Þetta hefur ekki fengist. En ég vil vekja athygli á því, að heilsugæslustöðvarnar hafa víða tannlækna, sem betur fer, og veita þeim alla aðstöðu: húsnæði, tæki og öll áhöld. En þessir tannlæknar taka greiðslur eins og um væri að ræða sjálfstæðan rekstur miðað við starfandi tannlæknastofu sem slíkir aðilar reka t. d. hér á Reykjavíkursvæðinu.

Ég vil einnig benda á það, að í áður gildandi samningum var ákvæði um sjóðsstofnun. Það var gert ráð fyrir að tryggingarnar legðu í sjóð sem svaraði 1% af kostnaði við tannlækningar sem tryggingarnar greiða. Þessi sjóður á að standa undir kostnaði við fræðslu um tannvernd, sem trúnaðarlæknir skipuleggur í samvinnu við heilbrmrn. Þetta var mjög þýðingarmikið atriði að mínu mati, því að auðvitað eru fyrirbyggjandi aðgerðir á þessu sviði það sem er raunhæfast eins og á svo mörgum öðrum heilbrigðissviðum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það eru aðeins fáein orð út af ummælum hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur. Eins og ég tók fram á dögunum og vil gjarnan endurtaka nú er ég þeirrar skoðunar, að það geti vissulega vel komið til greina að lögfesta það greiðslukvittunarform sem reynt hefur verið að fá menn til samninga um. Ég teldi raunar að það væri ekkert óeðlilegt að Tryggingastofnunin stæði þannig að málum, að hún gerði þessum mönnum kosti, að það yrði gengið frá samningum eftir tiltekinn tíma, sem ég treysti mér ekki að tiltaka núna, og að honum liðnum væri tekin um það ákvörðun að þessum málum yrði, að því er þetta kvittunarform varðar, skipað með lögum.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel fyllilega tímabært að ræða þetta mál, sem lýtur að greiðslu hins opinbera fyrir viðgerðir á tönnum skólabarna, öryrkja og aldraðs fólks. Ég tel þær umræður tímabærar. En ég vil upplýsa það, að samningaviðræður af hálfu samninganefndar Tryggingastofnunar ríkisins og tannlækna eru komnar á það stig, að við höfum ástæðu til þess að ætla að ekki sé nú ýkjalangt í samkomulag um hvort tveggja, þ. e. kvittanaformið, sem auðveldi eftirlit með tannviðgerðum þessara hópa sem hið opinbera greiðir, og einnig um breytingar á gjaldskránni. Eftir því sem ég best veit hafa viðræður tryggingatannlæknis við forustumenn tannlækna gengið vel og við höfum ástæðu til að ætla að samkomulag náist um þessi atriði.

Ég er ekki þeirrar skoðunar, að við höfum beinlínis ástæðu til að ætla að stéttarfélag tannlækna ellegar forysta stéttarfélagsins hafi verið að reyna að torvelda það, að Tryggingastofnun ríkisins gæti haft eftirlit með að verk væru unnin svo sem reikningur hefur verið fyrir gerður. Ég er hræddur um að hér hafi mál lent í togstreitu, í þvargi, þar sem báðir hafi kannski haft nokkuð til síns máls. Í fyrsta lagi hygg ég að það sé efalaust, að af hálfu tryggingayfirlæknis var að því stefnt að fá reikningsformin eða kvittanaformin þannig úr garði gerð að eftirlitið yrði auðveldað. Það er ekki þar með sagt að gagnaðilinn, tannlæknar, mættu ekki gagnrýna þessar tillögur, setja út á þær, koma með gagntillögur um þetta form, þar sem þeir unnu þetta verk, ef vera mætti að hægt væri að ná eins fullkomnum gögnum til eftirlits með þeim hætti og gert var ráð fyrir í tillögum tryggingatannlæknis.

Þarna var þvargað um framkvæmdaatriði. Tannlæknar buðu sannarlega upp á gögn sem hefðu nægt til þess að hægt væri að tryggja þetta eftirlit með því að leggja í það nógu mikla vinnu. Þeir buðu ljósmyndir af tannkortum, og ef það nægði ekki, þá buðu þeir gifsmót af tönnunum eða munni hlutaðeigandi eins og tennurnar væru fyrir viðgerð og eftir, sem hefði þá kostað talsvert húsnæði fyrir Tryggingastofnunina að geyma slík gögn í, því safnast þegar saman kemur.

Nei, deilan var ekki um þetta. Og við skulum ekki endilega ganga út frá því sem vísu, að þessir dýru starfsmenn sem tannlæknar eru vilji svindla. Þeir eru sjálfsagt eins misjafnir og þeir eru margir, en við skulum alls ekki gefa neitt slíkt í skyn. Ég hef sem sagt ástæðu til þess að ætla að viðræðurnar við tannlækna séu vel á veg komnar af hálfu trúnaðarlækna Tryggingastofnunarinnar og þar sé e. t. v. ekki langt í samkomulag. Og ég ætla að einnig í viðræðum við tannlækna muni það gefast vel, svo sem gert hefur víða annars staðar, að reyna fyrst samkomulag með góðu, hæfilegan tíma, áður en farið er að nota svipuna.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er skammt á milli stórra frétta af samningamálum við ýmsar launastéttir í landinu. Í hádeginu fréttum við að búið væri að semja við bókagerðarmenn, og nú skýrir formaður tryggingaráðs okkur frá því, að skammt sé í samninga við tannlækna. (**StJ:** Skammt kunni að vera.) Skammt kunni að vera í samninga við tannlækna. Ég vil af þessu gefna tilefni leita eftir nánari fregnum um það frá hv. formanni tryggingaráðs, hvort ekki megi ætla að tannlæknar fái svipaða hækkun grunnkaups og samið hefur verið um, þ. e. 3.25%, og hvort líkur séu til að þeir fái kauptryggingu lágmarkslauna, 5.214 kr., eins og aðrir launþegar.

Framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 41 hef ég leyft mér að bera fram nokkrar fsp. til heilbr.- og trmrh. varðandi framkvæmd laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978. Fyrsta spurning er þannig:

„Hvenær má vænta útgáfu gjaldskrár um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp samkv. 20. gr. laganna tölul. 2" — en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra setur gjaldskrá um greiðslu sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp."

Ég lagði sömu spurningu fyrir fyrrv. heilbrmrh. á Alþingi 1978 og aftur 1979, sem fyrrv. heilbrmrh. Magnús H. Magnússon svaraði á Alþingi 22. jan. 1980. Svar hans var á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Við breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu á árinu 1978 var gert ráð fyrir því, að ráðh. setti gjaldskrá um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp, og var hér verið að færa kostnaðarhluta frá sveitarfélögum og yfir á sjúkrasamlög. Haustið 1978 skipaði ég nefnd undir forustu þáv. alþm. Braga Níelssonar til þess að gera gjaldskrártillögur í samræmi við þessi lagaákvæði og gerði ráð fyrir að nefndin skilaði störfum í ársbyrjun 1979, eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á hér áðan. Því miður hefur þessi nefnd enn ekki lokið störfum þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar rn. um að nauðsyn sé að hún flýtti starfi sínu."

Síðan hefur ekkert gerst, en þessi óeðlilegi og raunar óskiljanlegi dráttur á reglugerð hefur skapað erfiðleika í rekstri heilsugæslustöðva og aukið misvægi milli sveitarfélaga, sem reka heilsugæslustöðvar án tengsla við sjúkrahús, en þessi mismunur kostnaðar er í dag 20—30 þús. á íbúa. Heilsugæslulæknar stinga í eigin vasa gjaldtöku fyrir röntgen- og slysaþjónustu o. fl., sem þeir innheimta í skjóli gjaldskrár Læknafélags Íslands við Tryggingastofnun ríkisins, án þess að þurfa að leggja sér til eitt einasta áhald, umbúðir, lyf eða aðstöðu, en viðkomandi heilsugæsla fær ekkert. Þetta er algerlega óviðunandi.

Önnur spurning, sem ég hef lagt hér fram, er þannig: „Á hvern hátt fer fram eftirlit og endurskoðun launagreiðslna til lækna og tannlækna sem starfa við heilsugæslustöðvar, skipaðir af ráðh. og taka laun með tvennu móti samkv. 22. gr. laganna, a- og b-lið, og hversu víðtæk var þessi endurskoðun 1979 og 1980?" En í þessari lagagr. stendur: „Læknar og tannlæknar, sem starfa við heilsugæslustöðvar, skulu skipaðir af ráðh. Þeir skulu taka laun með tvennu móti:

a) Föst laun fyrir gegningarskyldu, vaktþjónustu, heilsuverndarstarf og ráðgjafarþjónustu við heilbrigðiseftirlit, svo og skólatannlækningar.

b) Laun samkv. samningi Stéttarfélags lækna og tannlækna og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir almenn læknisstörf og almennar tannlækningar."

Í svari fyrrv. heilbrmrh. í jan. 1980 kom fram að Tryggingastofnun ríkisins sendir mann í sjúkrasamlög til eftirlits með greiðslu til lækna. Er miðað við að hvert samlag sé sótt heim á ca. tveggja ára fresti. Ég hef í höndum upplýsingar um óeðlilega gjaldtöku lækna hjá sjúkrasamlögum. Þess vegna legg ég fram þessa fsp. hér.

Í þriðja lagi: „Liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessi laun til lækna skiptast milli a- og b-liða 22. gr. laganna 1979 og 1980."

Í fjórða lagi: „Var samningur milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um gjaldskrá fyrir almenna læknishjálp veitta á heilsugæslustöðvum frá 19. mars 1979 gerður með samþykki heilbrmrh. og telst hann í samræmi við lög um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978?" Ég vil aðeins geta þess hér, að í þessum samningi, sem ég hef hér undir höndum, er margt sem vekur athygli t.d. í sambandi við framkvæmdina, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Læknafélag Íslands skal, eftir því sem aðstæður leyfa, fylgjast með því að læknar beiti gjaldskránni rétt. Þegar ástæða er til að ætla að henni hafi verið ranglega beitt skal Læknafélag Íslands kanna slík tilvik og hlutast til um leiðréttingu."

Síðasta fsp. er svohljóðandi: „Hefur Tryggingastofnun ríkisins gert sérstakan samning við Læknafélag Íslands um að Læknafélagið annist reglulegt eftirlit með reikningsgerð lækna samkv. gjaldskrám, og um skipan gerðardóms er skeri úr ágreiningi, sbr. bókun er fylgdi samningsgerð frá 19. mars 1979?" En í þeirri bókun stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Skulu aðilar í sameiningu vinna að eðlilegri og samræmdri beitingu gjaldskrárinnar. Skal Læknafélag Íslands leggja fyrir Tryggingastofnun ríkisins fyrir 1. okt. 1979 tillögur um reglulegt eftirlit með reikningsgerð lækna samkv. gjald-

skránni og hugsanlega skipan gerðardóms er skeri úr ágreiningi er ekki verður leystur með öðrum hætti."

Herra forseti. Ég vænti svars hæstv. heilbr.- og trmrh. við þessum fsp. mínum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þess var hvergi getið í þessu þskj., sem ekki er von, að hv. fyrirspyrjandi hefði tvisvar áður borið fram sams konar fsp. Það er gott að ýta á eftir málinu og gott að fá yfirlit yfir það sem gerst hefur í málinu til þessa, eins og hann rakti áðan.

Hann spurði fyrst: Hvenær má vænta útgáfu gjaldskrár um greiðslu sjúkrasamlaga til heilsugæslustöðva fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp, samkv. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, tölul. 2?

Fyrrv. heilbr.- og trmrh. skipaði nefnd til að vinna þetta verk, eins og kom fram í fsp. hv. þm. Þessi nefnd skilaði aldrei neinum tillögum og ég leysti hana frá störfum fyrr á þessu ári. Ég fól síðan Kristjáni Guðjónssyni starfsmanni Tryggingastofnunar ríkisins að gera tillögur til mín um þessa gjaldskrá, og ég á von á tillögum frá honum til heilbr.- og trmrn. um gjaldskrána núna fyrir áramót.

Í öðru lagi er spurt: Á hvern hátt fer fram eftirlit og endurskoðun launagreiðslna til lækna og tannlækna sem starfa við heilsugæslustöðvar, skipaðir af ráðh. og taka laun með tvennu móti samkv. 22. gr. laganna a- og b-lið, og hversu víðtæk var þessi endurskoðun 1979 og 1980?

Varðandi a-lið er þar um að ræða föst laun sem menn fá greidd í gegnum launadeild fjmrn. Ég er ekki hér með svar um þessi föstu laun. Það ætti út af fyrir sig að vera auðvelt að afla þeirra upplýsinga, en ég er ekki með þær við höndina. Það væri auðvitað hugsanlegt að bera fram um það sérstaka fsp. eða fresta þá málinu og taka það fyrir síðar. Ég er hér aðeins með þann hluta sem snýr að Tryggingastofnun ríkisins, enda held ég að það sé aðallega það sem hv. fyrirspyrjandi er að inna eftir.

Svar við þessari spurningu er á þessa leið:

Viðkomandi sjúkrasamlög inna af hendi greiðslu til heilsugæslulækna á hverjum stað, þegar um er að ræða laun samkv. b-lið 22. gr. laga nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu. Reikningar læknanna eru greiddir eftir að starfsmenn sjúkrasamlags hafa yfirfarið þá og gengið úr skugga um að þeir séu í samræmi við gildandi gjaldskrársamning. Þar fer því fyrsta eftirlit fram.

Sjúkrasamlög senda Tryggingastofnun ríkisins yfirlit yfir greiðslur til heilsugæslulækna mánaðarlega. Ef reikningar á umræddum yfirlitum virðast óvenjuháir er viðkomandi sjúkrasamlag beðið að senda hlutaðeigandi reikninga til endurskoðunar hjá sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins. Enn fremur senda sjúkrasamlög reikninga til stofnunarinnar til úrskurðar ef þeir virðast torkennilegir á einn eða annan hátt. Þá óskar Tryggingastofnun, ef tilefni er til, eftir teikningum einstakra lækna til athugunar.

Í þriðja lagi hefur verið farið í einstök sjúkrasamlög til eftirlits á greiðslum til lækna og sjúkrastofnana.

Í fjórða lagi annast svo Ríkisendurskoðun endurskoðun reikninga sjúkrasamlaga fyrir hvert ár, bæði tölulega og faglega. Á árunum 1979 og 1980 fór fram allt venjubundið eftirlit og endurskoðun með þessum efnum. Að auki var á árinu 1979 farið sérstaklega til eftirlits í 14 sjúkrasamlög, en á árinu 1980 í tvö sjúkrasamlög. Á árinu 1979 hafði Tryggingastofnunin afskipti af sex heilsugæslulæknum í fjórum sjúkrasamlögum og naut þar atbeina Læknafélags Íslands, en árið 1980 voru á sama hátt höfð afskipti af gjaldtöku eins læknis.

Í þriðja lagi er spurt: Liggja fyrir upplýsingar um hvernig þessi laun til lækna skiptast milli a- og b-liða 22. gr. laga nr. 57/1978 á árunum 1979 og 1980?

Að því er varðar b-liðinn sérstaklega, þ. e. það sem greitt er á vegum Tryggingastofnunarinnar, er þessu til að svara:

Taxtagreiðslur til almennra lækna voru 443 millj. gkr. árið 1979 og 1980 675.8 millj. gkr.

Í fjórða lagi er spurt: Var samningur milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins um gjaldskrá fyrir almenna læknishjálp veitta á heilsugæslustöðvum frá 19. mars 1979 gerður með samþykki heilbrmrh., og telst hann í samræmi við lögin um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978?

Svar við þessari fsp., eins og það kemur frá Tryggingastofnuninni, er á þessa leið, og ég geri þau orð að mínum:

„Samningurinn frá 1979 verður að teljast hafa verið gerður með vitund heilbrmrh. því fulltrúi heilbr.- og trmrn. á sæti í samninganefnd hins opinbera við lækna og tók þátt í samningaviðræðum á umræddum tíma. Þá verður ekkert séð í þessum samningi sem brýtur í bága við lög nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu."

Í fimmta lagi er spurt: Hefur Tryggingastofnun ríkisins gert sérstakan samning við Læknafélag Íslands um að Læknafélagið annist reglulegt eftirlit með reikningsgerð lækna samkv. gjaldskrám, og um skipan gerðardóms er skeri úr ágreiningi, sbr. bókun er fylgdi samningsgerð frá 19. mars 1979?

Svarið er á þessa leið: Læknafélag Íslands hefur tjáð sig reiðubúið til að taka upp í samning sams konar ákvæði um eftirlit með reikningsgerð heilsugæslulækna og nú er að finna í samningi um sérfræðilæknishjálp frá 1978 milli Læknafélags Reykjavíkur annars vegar og Sjúkrasamlags Reykjavíkur og Tryggingastofnunar ríkisins fyrir hönd annarra sjúkrasamlaga hins vegar, en þar er sérstakri nefnd, sem skipuð er læknum frá báðum samningsaðilum, veittur aðgangur að reikningum lækna, sjúklingabókhaldi og sjúkraskrám. Hvílir á nefndinni að kanna reikningsgerð a. m. k. 15 sérfræðinga á ári. Verður væntanlega tekið inn sams konar ákvæði í nýjan samning við Læknafélag Íslands um almenna læknishjálp veitta á heilsugæslustöðvum, en samningaviðræður þar um eru nú að hefjast.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað svo sem kostur er á þeim fsp. sem beint hefur verið til mín.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir þessi svör. Að vísu hefði verið æskilegt að fá fyllri svör í sambandi við launamálin, samkv. bæði a- og b-lið, en við því er ekkert að segja. Það er sjálfsagt hægt að afla þeirra upplýsinga með öðrum hætti. Það hefði gert málið athyglisverðara ef fengist hefði töluleg stærð þessa í þessum svörum, en ég geri það ekki að aðalatriði.

Mér finnst eðlilegt að undirstrika að hér er um stórmál að ræða. Þeir samningar, sem í gildi hafa verið milli Læknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, eru þess eðlis, að þeir hljóta að verða sífellt í endurskoðun. Hér er um slíkt stórmál að ræða að það verður að ætlast

til að svo sé

Ég vil í framhaldi af þessu geta þess, að það er ákaflega ríkt í hugum margra sveitarstjórnarmanna, sem eiga að hluta til að sjá um rekstur heilsugæslustöðva í landinu, að sá mikli aðstöðumunur, sem er ríkjandi, eins og ég gat um fyrr í þessum umr., verði með einhverjum hætti jafnaður. Ég tel nauðsyn bera til að ljúka sem fyrst endurskoðun á heilbrigðislöggjöfinni, nr. 57/1978, og tel að til þess að ná þeim jöfnuði, sem ég hef hér minnst á, sé ekki um annað að ræða en taka þar viss atriði til endurskoðunar og reyna að taka um leið alla samninga til endurskoðunar í sambandi við þessi mál við læknastétt landsins. Á því er nauðsyn. Ég tel t. d. að það þurfi að breyta 20. gr. laganna að því er varðar starfslið heilsugæslustöðva, þ. e. að ríkissjóður greiði laun alls sérhæfðs starfsfólks, en svo er ekki nú. Þar er aðeins um að ræða laun lækna og hjúkrunarliðs að hluta til. Einnig kemur að sjálfsögðu til athugunar hvort ekki á að breyta aðstöðu eða greiðslufyrirkomulagi í sambandi við sjúkrasamlögin að því er varðar heilsugæslustöðvarnar. Þetta er að vísu stærra mál en hægt sé að ræða hér í fsp.-tíma, en ég endurtek þakkir fyrir þær upplýsingar sem hér hafa komið fram. Í mínum huga er hér um stórmál að ræða.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að gefnu tilefni, að lög um heilbrigðisþjónustu eru í endurskoðun með fulltrúum frá öllum flokkum og ábyggilega á Framsfl. þar sinn fulltrúa. Ég man satt að segja ekki hver það er, en það er öruggt að þingflokkarnir eiga allir fulltrúa í þeirri nefnd sem er að endurskoða heilbrigðisþjónustulögin.

Hv. þm. benti á ýmislegt sem betur mætti fara í sambandi við heilsugæslustöðvar, kostnaðarskiptingu o. fl. M. a. nefndi hann þann möguleika að ríkið greiddi allan kostnað við svokallað sérhæft starfslið heilsugæslustöðvanna. Þessi hugmynd hefur vissulega heyrst áður. En ég vil minna menn á annað í þessu sambandi. Það hafa komið fram margar ábendingar um það sem betur mætti fara í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins og starfsemi hennar. Þar væri hægt að halda langar ræður og benda á eitt og annað. Á sama tíma er ljóst að kostnaður við þennan þátt í okkar samfélagi og þá sérstaklega sjúkrahliðina er mjög verulegur. Ég held að við þurfum að átta okkur mjög vandlega á því, áður en við tökum ákvörðun um að breyta verulega til í þessum efnum, að við þurfum einnig að láta það liggja ljóst fyrir, með hvaða hætti við ætlum að fjármagna slíkt. Er Alþingi reiðubúið til að bæta mjög verulega við skattheimtuna í landinu frá því sem nú er? Ef svo er, þá eru menn tilbúnir að bæta við þjónustu Tryggingastofnunar ríkisins við almenning. Annars eru menn það ekki.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil aðeins ítreka það hér, að mér er ekki ókunnugt um þá endurskoðun sem í gangi er, og hún fer væntanlega að sjá dagsins ljós. En ég vil að gefnu tilefni aðeins minna á það hér, að þessi löggjöf, sem var sett 1973 og endurskipulögð eða endurnýjuð frá Alþingi 1978, gerir ráð fyrir því í öllum atriðum, að um þessa starfsemi verði sett reglugerð sem ráðh. setur. Og það verður að segjast eins og er að ekki hefur verið staðið við eftirfarandi ákvæði í 19. gr. þessara laga: „Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um stærð heilsugæslustöðvar og fyrirkomulag, læknafjölda og annað sérmenntað starfslið, tækjabúnað og starfsháttu og fyrirkomulag heilsuverndarstarfs á hverjum stað, þar á meðal um móttöku sjúklinga utan stöðva. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að fjölga stöðvum í umdæmi að höfðu samráði við landlækni og hlutaðeigandi heilbrigðismálaráð."

Um þetta hefur verið deila allar götur síðan lögin voru sett, skort á þessari reglugerð. Og það er mjög miður farið, að margt, sem við teljum að hafi farið úrskeiðis í sambandi við rekstur heilsugæslustöðva og samskipti ríkis og sveitarfélaga, sjúkrasamlaga og Tryggingastofnunar ríkisins, hefur stafað einvörðungu af þessum skipulagsskorti sem reglugerðinni við lögin var ætlað að bæta úr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum hjá mér hér í þinginu fjórum sinnum s. l. tvær vikur er nú unnið að undirbúningi reglugerðar um samstarf sjúkrahúsa í fyrsta lagi og í öðru lagi um heilsugæslustöðvar. Þessi reglugerð sér vafalaust dagsins ljós einhvern tíma á næstu mánuðum. Að þessu hefur verið unnið af fullum krafti alveg frá því í apríl 1980. Áður hafði lítið verið gert í þessum efnum.

Nýjar kjarnorkueldflaugar í Evrópu, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hefur verið mikil umræða í Evrópu um áætlanir um staðsetningu nýrra kjarnorkueldflauga í Evrópu. Þessi umræða hefur snúist fyrst of fremst um þær tvær tegundir nýrra kjarnorkueldflauga, Pershing-2 og stýrieldflaugarnar, sem Atlantshafsbandalagið áformar að staðsetja í álfunni, og SS-20 eldflaugarnar sem Sovétríkin hafa verið að vinna að því að koma upp í Evrópu á undanförnum mánuðum og misserum. Þessi umræða hefur leitt til þess, að myndast hefur fjölmenn hreyfing, fjölmennasta hreyfing í sögu Evrópu frá stríðslokum, sem knýr á um að stjórnvöld Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins endurskoði ákvarðanir sínar um þessar áætlanir.

Frá því að þessi fsp. var borin fram hefur það gerst, að forseti Bandaríkjanna og forseti Sovétríkjanna hafa báðir viðurkennt að hluta til þær röksemdir sem friðarhreyfingin í Evrópu hefur sett fram, þá gagnrýni sem hún hefur sett fram á þessi áform um gífurlega aukningu kjarnorkuvígbúnaðarins í Evrópu. Þær tillögur, sem Ronald Reagan setti fram fyrir nokkru, eru greinilega sprottnar af þrýstingi ráðamanna í Evrópu, enda viðurkennt af öllum helstu fréttaskýrendum erlendis að svo sé. Sá þrýstingur hefur fyrst og fremst skapast vegna þess, að það hefur gerst á undanförnum mánuðum, að hundruð þúsunda almennra borgara úr öllum stjórnmálaflokkum, úr öllum kirkjudeildum, ungir sem aldnir hafa tekið höndum saman til að knýja fram breytingu á þessari ákvörðun. Bresnev, forseti Sovétríkjanna, í gær, í dag og á morgun situr hann í Bonn með Helmut Schmidt í alvarlegustu viðræðum forustumanns frá Atlantshafsbandalagsríki og forustumanns Sovétríkjanna um þetta efni sem farið hafa fram um langan tíma, þar sem m. a. hefur komið fram að forseti Sovétríkjanna hefur lagt á borðið tillögur um að stöðva staðsetningu nýrra SS-20 eldflauga í Sovétríkjunum frá og með þeim degi við lok þessa mánaðar þegar viðræður um þessi efni hefjast milli

Bandaríkjanna og Sovétríkjanna.

Við ræddum þessi mál nokkuð hér á Alþingi fyrir nokkrum dögum. Í þeim umr. kom ekki fram mér vitanlega hver hafi verið formleg afstaða Íslands innan Atlantshafsbandalagsins þegar ákvörðunin um nýjar kjarnorkueldflaugar var tekin. Hún var tekin þegar minnihlutastjórn Alþfl. sat hér að völdum í desembermánuði 1979. Ég tel nauðsynlegt, þar sem við erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu, að fram komi opinberlega hvort fulltrúi Íslands hafi þá greitt þessari nýju kjarnorkueldflaugaáætlun atkvæði sitt.

Eins og ég sagði áðan er mér ekki kunnugt um að nokkru sinni hafi komið fram hér opinberlega hvernig Ísland hafi greitt atkvæði við þetta tækifæri. Það liggur hins vegar fyrir í flestum öðrum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins hvernig fulltrúar þeirra ríkja greiddu atkvæði. Ég hef þess vegna á þskj. 53 borið fram þrjár spurningar til hæstv. utanrrh. varðandi þetta efni. Sú fyrsta fjallar um það, á hvern hátt fulltrúar Íslands hafi greitt atkvæði í des. 1979 á fundum Atlantshafsbandalagsins, hvort þeir hafi greitt atkvæði með því, að staðsetja nýjar kjarnorkueldflaugar í Evrópu, hvort þeir hafi greitt atkvæði á móti eða hvort þeir hafi setið hjá.

Í öðru lagi er spurt hvort utanrrh. sé reiðubúinn að ljá því stuðning, að ákvörðuninni um nýjar kjarnorkueldflaugar verði breytt eða áætlunin endurskoðuð til þess að skapa nægilegan tíma fyrir raunhæfar afvopnunarviðræður. Ég tel að í ljósi þeirra atburða, sem gerst hafa á síðustu dögum, og þeirra tilboða, sem komið hafa fram frá Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Bresnev, forseta Sovétríkjanna, sé enn meiri ástæða en áður til þess að menn gefi sér góðan tíma til að ræða þessi mál, knúnir af þeim hundruðum þúsunda og milljónum sem hafa sótt fundi um þetta efni í hinni frjálsu Evrópu á undanförnum vikum og mánuðum, menn falli ekki frá þeim ásetningi að stuðla að því, að nægilegur tími gefist til að raunhæfar viðræður fari fram. Önnur spurningin fjallar um það, hvort hæstv. utanrrh. sé reiðubúinn að leggja því lið.

Í þriðja og síðasta lagi er spurt hver sé afstaða hæstv. utanrrh. til þeirrar gagnrýni sem friðarhreyfingin í Evrópu hefur sett fram á kjarnorkueldflaugaáætlun NATO. Það er spurt fyrst og fremst um kjarnorkueldflaugaáætlun NATO vegna þess að við erum aðilar að því bandalagi. Allar þessar spurningar miða að því að fá fram afstöðu okkar í þessum efnum, þótt fróðlegt væri einnig að fá fram afstöðu til þeirrar gagnrýni sem friðarhreyfingin hefur sett fram á SS-20 eldflaugarnar.

Herra forseti. Ég vil að lokum nefna að meðal þeirra gagnrýnisatriða, sem sett hafa verið fram, er það, að tæknilegt eðli Pershing-2 eldflauganna og stýrieldflauganna sérstaklega feli í sér að þær minnki allverulega umþóttunartímann. Þar með lækki kjarnorkuvopnaþröskuldurinn sem þarf að yfirstíga, ef menn ætla að stefna álfunni út í gereyðingarstríð. Þess vegna feli þessi nýju vopn í sér enn meiri hættu á því, að á skömmum tíma kunni menn að grípa til þeirra ráða að steypa Evrópu út í gereyðingu.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur á þskj. 53 lagt fyrir mig tvær fsp. í þrem liðum hvora, þá fyrri um afstöðuna til kjarnavopnaflauga NATO í Evrópu, en hina síðari um aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Ég mun hér aðeins taka fyrir fyrri fsp. en bíða með hina síðari þangað til fyrir henni hefur verið mælt.

Í 1. tölul. fsp. er spurt um atkvæði Íslendinga á utanríkisráðherrafundi NATO í des. 1979. Þessu er til að svara, að Atlantshafsbandalagið er samtök frjálsra ríkja til að verjast utanaðkomandi hættu. Í þessu bandalagi tíðkast ekki atkvgr., heldur eru ákvarðanir teknar að loknum athugunum og samráðum með sameiginlegri viljayfirlýsingu allra: „consensus". Af því leiðir að bandalagið tekur ekki aðrar og meiri ákvarðanir en öll aðildarríkin eru sammála um eða vilja sætta sig við.

Til fróðleiks má hins vegar benda á að hverju bandalagsríki er að sjálfsögðu frjálst að gera — eitt sér eða í samvinnu við eitt eða fleiri ríki innan eða utan bandalagsins — hverjar þær ráðstafanir sem það telur þörf á til að tryggja varnir sínar enn frekar, sem samkomulag kann að vera um innan NATO, en þær ráðstafanir, sem þannig eru teknar, bera þá ekki nafn bandalagsins sem slíks.

Hv. fyrirspyrjandi lét að því liggja, að það hefði ekki komið fram opinberlega á Íslandi hver hefði verið afstaða Íslands á utanríkisráðherrafundi í des. 1979. Þetta er misskilningur. Það kom skýrt fram í fréttatilkynningu frá utanrrn. sem dags. er 14. des. 1979 og er nr. 58. Ég held að ég verði til skýringar að fá leyfi hæstv. forseta til að lesa hana upp því að hún skýrir málið gleggst:

„Á fundi utanríkis- og varnarmálaráðherra Atlantshafsbandalagsríkjanna í Brussel í dag flutti fastafulltrúi Íslands, Henrik Sv. Björnsson, svohljóðandi yfirlýsingu:

Við þessar umræður um endurnýjun kjarnavopna í Evrópu, sem framleiðsla og staðsetning hinna nýju SS-20 eldflauga og Backfire árásar- og sprengjuflugvéla Sovétmanna hefur þvingað okkur til, óska ég eftir að gefa stutta yfirlýsingu fyrir hönd sendinefndar minnar.

Eins og fulltrúar hér flestir vita, þá eru nýafstaðnar kosningar á Íslandi. Nýkjörið þing kemur saman í dag, en ný ríkisstj. hefur enn ekki verið mynduð. Vegna þessarar stöðu í stjórnmálum landsins gat íslenskur ráðherra ekki mætt til þessa fundar.

Í þessum umræðum tel ég rétt að minna enn einu sinni á sérstöðu Íslands innan þessa bandalags.

Ísland hefur ekki og hefur aldrei haft eigin her. Hins vegar var gerður varnarsamningur við Bandaríkin árið 1951 á grundvelli Atlantshafssáttmálans. Ég tel mér óhætt að fullyrða að sú aðstaða, sem er fyrir hendi á Íslandi samkv. þessum samningi, sé afar mikilvæg fyrir sameiginlegar varnir bandalagsins.

Af þessu tilefni vil ég einnig minna á það sem núv. utanrrh. og fyrirrennarar hans hafa oft undirstrikað: Eitt grundvallaratriða varnarmálastefnu Íslands er að þar verði ekki staðsett kjarnavopn. Ég tel óhugsandi að frá þessu grundvallaratriði verði horfið í fyrirsjáanlegri framtíð.

Það leiðir af þeirri sérstöðu Íslands innan bandalagsins, sem ég hef lýst hér að framan, að Íslendingar hafa engan þátt tekið í undirbúningsstarfi vegna endurnýjunar kjarnavopnabúnaðar í Evrópu og eru ekki í aðstöðu til að hafa áhrif á þessa þróun, sem fyrst og fremst snertir önnur ríki í þessu bandalagi.

Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að undirstrika, hversu mikla áherslu sendinefnd mín leggur á atriði þessarar ákvörðunar sem varða eftirlit með vígbúnaði og takmörkun vígbúnaðar. Þar á ég bæði við brottflutning 1000 kjarnavopnahleðslna Bandaríkjamanna frá Evrópu og tillögu Bandaríkjamanna, að þeir hefji tví-

hliða viðræður við Sovétmenn um takmörkun langdrægra kjarnavopna í Evrópu innan ramma Salt-III viðræðna, en í nánu samráði við bandamenn sína í Atlantshafsbandalaginu."

Þetta var fréttatilkynningin sem utanrrn. gaf út.

Í 2. tölul. þessarar fsp. er spurt hvort ég sé reiðubúinn til að styðja breytingar, endurskoðun og frestun á ákvörðunum frá des. 1979. Að sjálfsögðu eru öll aðildarríki Atlantshafsbandalagsins reiðubúin að breyta ákvörðun sinni frá 1979 ef efni standa til. Þessi ákvörðun var nefnilega ekki einhliða samþykkt um fjölgun kjarnavopna í Evrópu, eins og fyrirspyrjandi e. t. v. lætur nú liggja að í 1. tölul. fsp. sinnar. Samþykktin var tvíþætt: Annars vegar að hefja undirbúning og smíði á umræddum vopnum, sem þó yrðu ekki sett upp fyrr en árið 1983, en hins vegar að bjóða Sovétmönnum viðræður um takmörkun á Evrópukjarnorkuvopnum, sem með bestu niðurstöðum gætu leitt til þess, að ekki þyrfti að koma neinum þeirra fyrir í ríkjum Vestur-Evrópu. Með fyrirvara um, að á Íslandi yrði ekki leyfð framvegis fremur en hingað til neins konar staðsetning eða geymsla kjarnavopna, og með sérstakri áherslu á síðari liðinn, um samningaumleitanir, svo og vegna þess, að tilteknar bandalagsþjóðir óskuðu sjálfar eftir að fá slík vopn, var af Íslands hálfu fallist á ákvörðunina frá 1. des. 1979.

Sovétríkjunum var að sjálfsögðu strax tilkynnt um ákvörðun Atlantshafsbandalagsins og tilboð þess um viðræður til að stöðva eða takmarka þessa tegund vígbúnaðar. Ekki var þó gengið til raunhæfra viðræðna um þessi mál. Hins vegar hófst undirbúningur að samningaviðræðum nú í haust, og viðræðurnar sjálfar munu hefjast 30. þ. m. En það er því miður svo samkv. skýrslum hernaðarsérfræðinga, að frá því að ákvörðun NATO um smíði nýrra vopna var tekin og samhliða sett fram tilboð um afvopnunarviðræður hefur nýtísku SS-20 eldflaugum Sovétríkjanna með þrjá kjarnaodda, sem senda má á mismunandi skotmörk, fjölgað úr rúmlega 100 í nær 250, sem að langmestu leyti er beint að Vestur-Evrópu. Þessar eldflaugar eru allar komnar á sína skotpalla og tilbúnar til að hæfa sín skotmörk hvar í Vestur-Evrópu sem Sovétmenn kjósa. Og ný eldflaug bætist við á 5—7 daga fresti.

Sannleikurinn er því miður sá, að við höfum ekki tíma til að bíða í mörg ár eftir árangri af viðræðum um Evrópukjarnavopnin. Þessum viðræðum verður að miða hratt fram og þær eru í sjálfu sér ekki mjög flóknar ef raunverulegur vilji er til samkomulags. Reynist raunverulegur vilji ekki fyrir hendi og sitji Vesturlönd með hendur í skauti um mörg næstu ár í veikri von um samkomulag, kann svo að fara að þau vakni upp við það einn góðan veðurdag að of seint sé að búast til varnar. Ég er því ekki á þessu stigi og upp á eigið einsdæmi og án ákvörðunar ríkisstj. og Alþingis reiðubúinn að fara fram á endurskoðun og frestun áætlunarinnar. Komi slíkar tillögur fram innan NATO mun ég ljá þeim lið nema nýjar röksemdir, sem ég ekki þekki, komi fram. En hitt er rétt að taka fram, að í ríkisstj. hafa þessi mál alls ekki verið rædd. Að sjálfsögðu getur Alþingi gert ályktun um þetta sem skylt væri að framfylgja.

Í þessu sambandi vil ég jafnframt benda á að í ræðu sinni hinn 18. þ. m. setti Ronald Reagan Bandaríkjaforseti fram hugmyndir, sem Bandaríkjamenn og bandamenn þeirra í Atlantshafsbandalaginu hafa fjallað um á undanförnum mánuðum, varðandi samninga um verulegan niðurskurð á helstu tegundum vígbúnaðar. Samkv. þessum tillögum mundu engar nýjar kjarnaflaugar verða settar upp í Vestur-Evrópu ef Sovétmenn fallast á að taka aftur niður þær SS-kjarnaflaugar sem nú er beint að Vestur-Evrópu. Sú lausn yrði að sjálfsögðu sú ákjósanlegasta. Ég tel því að Íslendingum beri að leggja höfuðáherslu á að vinna að stuðningi við slíkar tillögur um gagnkvæma afvopnun. Þessum hugmyndun mun ekki vera vel tekið eins og er af gagnaðilum, enda er kannske ekki leiðin sú til að koma á samningum um þessi efni að skiptast á orðsendingum opinberlega. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég á aðeins eftir 3. tölul. fsp. Hann er langfyrirferðarminnstur.

Í 3. tölul. þessarar fsp. er spurt um afstöðu mína til gagnrýni svokallaðra friðarhreyfinga í Evrópu á kjarnaflaugaáætluninni. Ég efast ekki um friðarvilja þessa fólks. Ég hef skilning á viðbrögðum þess og óttа þess við hin ægilegu kjarnavopn. Ég hygg að þessar friðarhreyfingar verði ekki allar settar undir einn hatt. Gagnrýni þeirra verður að meta eftir því, hvernig hún er sett fram og hvernig hún er rökstudd. En það vil ég taka fram, að því fer fjarri að svokallaðar friðarhreyfingar hafi nokkurn einkarétt á friðarhugsjóninni. Ég tel sjálfan mig og Íslendinga alla og reyndar flestar mannverur engu síðri friðarsinna en þá sem teljast til þessara hreyfinga, taka þátt í útifundum, iðka göngur o. s. frv. Hitt er svo annað mál og það er höfuðatriðið, að menn greinir á um leiðir til að efla og styrkja frið í heiminum. Og þar hygg ég að mikill meiri hluti Íslendinga og allra lýðfrjálsra þjóða standi bjargfast á þeirri skoðun sinni, að rétta leiðin sé ekki einhliða afvopnun og uppgjöf. Þessar friðarhreyfingar eiga fullan rétt á að hafa sína skoðun og berjast fyrir henni. En ég vil sjá þessar friðarhreyfingar horfa til beggja átta, ekki aðeins í vestur, heldur einnig í austur, — og hverjar sögur fara af sambærilegum friðarhreyfingum fyrir austan tjald? Ég hef ekki heyrt um þær.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna því, að þessi mál skuli bera á góma hér. Og það er rík ástæða til að binda miklar vonir við þær viðræður sem eiga að hefjast í lok þessa mánaðar um viðleitni til þess að draga úr kjarnorkuvígbúnaði í Evrópu. Auðvitað er það ein af meginstaðreyndum þessa máls, að atburður sá, sem gerðist í Sviþjóð fyrir skömmu, hefur breytt þessari umræðu allri mjög verulega, sveigt hana inn á nýjar brautir og sömuleiðis breytt þeim hugmyndum, sem fólk á Norðurlöndum áður hafði um þær hættur sem að steðjuðu í þessum efnum.

Þessi mál eru mönnum náttúrlega einkar hugleikin í Svíþjóð þessa dagana og mikið um þau skrifað og fjallað. Í sænska blaðinu Dagens Nyheter s. l. laugardag er yfirlit, sem gert er af afvopnunarsérfræðingnum og rannsóknarmanni við utanríkismálastofnunina, Milton Litenberg, um það, í hve ríkum mæli sovésk vopn beinist að Svíþjóð. Þar kemur m. a. fram að talið er að 4800 kjarnahleðslur beinist að Svíþjóð með einhverjum hætti eða án þess að þær séu fluttar til frá þeim stöðum þar sem þær eru nú, á Eystrasaltі séu a. m. k. 102 og í kringum Leningrad séu 150 skotstaðir fyrir kjarnorkuvopn sem einkum beinist að Norðurlöndum. Þetta eru auðvitað óhugnanlegar tölur, að ekki sé meira sagt.

Þá mun það fram komið og fyrir því öruggar heimildir, að undan Austfjörðum, undan Austurlandi séu að jafnaði allan ársins hring tveir sovéskir kjarnorkubúnir

kafbátar búnir fullkomnustu vopnum sem Sovétríkin ráða yfir. Nú vildi ég gjarnan beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh., hvort einhver svipuð athugun hafi verið gerð að því er Ísland varðar og fram kemur í þessu sænska blaði að því er Svíþjóð varðar, þ. e. í hve miklum mæli kjarnorkuvopn Sovétríkjanna beinist að Íslandi? Ég ætlast ekki til að hæstv. ráðh. hafi svar á reiðum höndum hér og nú við þessu, en hins vegar held ég að eðlilegt væri að þessara upplýsinga væri aflað.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þau svör sem hann veitti hér, sem voru allskýr í sumum atriðum en í öðrum e. t. v. aðeins óljósari.

Það kom fram í þeirri fréttatilkynningu sem hæstv. utanrrh. las hér frá utanrrn. í des. 1979, að fulltrúar Íslands hefðu engan þátt tekið í undirbúningi ákvörðunarinnar um að staðsetja nýjar kjarnorkueldflaugar í Evrópu. Engu að síður skildist mér á hæstv. utanrrh. að Ísland ætti að bera fulla ábyrgð á þessari ákvörðun og væri orðið aðili að henni um leið og þeir, sem í undirbúningnum tóku þátt, höfðu tekið ákvörðunina. Mér finnst þetta mjög merkileg yfirlýsing vegna þess að hún lýsir því, að það séu aðrir innan Atlantshafsbandalagsins en við, sem undirbúi höfuðstefnumál af þessu tagi. Við tökum engan þátt í þeim undirbúningi eins og hér kom fram, en síðan erum við gerðir samábyrgir á eftir, þótt við höfum á engan hátt verið málsaðilar að öllum efnisundirbúningi ákvörðunarinnar. Ég spyr: Getur sjálfstætt ríki tekið þátt í ákvarðanatöku af þessu tagi? Er hægt að telja sig samábyrgan og fullgildan þátttakanda eftir á, ef það eru eingöngu fulltrúar annarra ríkja sem eiga allan hlut að undirbúningi málsins? Ég fagna því að fulltrúar Íslands hafa ekki átt neinn þátt í þessum undirbúningi. Ég vil hins vegar biðja menn að íhuga hvort það sé ekki rétt að við höfum eðlilegan fyrirvara um þessa ákvörðun, sem mér finnst þessi málatilbúnaður gefa til kynna. Þetta vekur upp spurningar. Eru það fleiri ákvarðanir á vegum Atlantshafsbandalagsins sem við eigum engan þátt í að undirbúa en binda okkur síðan eftir á? Er það orðið þannig að það séu fulltrúar annarra ríkja, sem í reynd taki ákvarðanir fyrir Ísland, við séum bara uppákskriftaraðilar þegar ákvörðunin liggur fyrir? Þótt ég sé ekki stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins, eins og öllum hér er kunnugt, tel ég mjög hættulegt og mjög alvarlegt, ef sú lýsing, sem hér var gefin á þessari mikilvægustu ákvörðun sem Atlantshafsbandalagið hefur tekið, á við í fleiri efnum.

Ég fagna því einnig að utanrrh. skyldi lýsa því yfir hér og endurtaka, að Íslendingar myndu ekki standa að því að staðsetja kjarnorkuvopn hér á landi. Mér fannst það vera viss fyrirvari, viss grundvöllur til þess að skapa fjarlægð okkar frá þeirri ákvarðanatöku sem þarna hefur farið fram. A. m. k. felur það í sér að Íslendingar ætli sér ekki að taka við neinum kjarnorkuvopnum af þessu tagi. Ég spyr þess vegna: Væri ekki eðlilegra að Íslendingar stæðu þá utan við þessa ákvarðanatöku að öllu leyti, fyrst málatilbúnaðurinn hefur verið með þessum hætti?

Ég harma það hins vegar, að hæstv. utanrrh. virtist ekki reiðubúinn til þess áðan að hafa frumkvæði að því á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, að framkvæmd þessarar ákvörðunar yrði frestað og hætt yrði við, a. m. k. í bili, að undirbúa framleiðslu þessara vopna þangað til séð yrði hver niðurstaða gæti orðið í viðræðunum sem nú eru á leiðinni að hefjast. Hins vegar fagna ég því, að hæstv. ráðh. lýsti yfir, eins og ég skildi hann, að ef frá fulltrúum annarra ríkja innan Atlantshafsbandalagsins kæmu fram slíkar tillögur væri hann reiðubúinn að taka undir þær. Það er ljóst, að bæði í Hollandi og Belgíu eru uppi raddir um að óska eftir því á næsta utanríkisráðherrafundi Atlantshafsbandalagsins, að þessi ákvörðun verði endurskoðuð a. m. k. í bili. Og þótt ég hefði kosið að utanrrh. Íslands væri reiðubúinn til að hafa frumkvæði í þessum efnum, — en það er kannske óeðlilegt ef við höfum engan þátt átt að undirbúningi málsins, — þá er það fagnaðarefni, að hann skuli vera reiðubúinn til þess að taka þátt í hvatningum annarra til þess að svo verði.

Að lokum, herra forseti, hefði ég kosið að fá skýrari svör um afstöðu hæstv. utanrrh. til þeirra stefnuatriða sem friðarhreyfingin í Evrópu hefur sett fram. Það er að vísu rétt hjá hæstv. ráðh., að innan þeirrar hreyfingar eru margvíslegir aðilar, sem hafa ýmsar skoðanir. En það eru nokkrar meginkröfur sem sameina þessa aðila. Ég vil að lokum geta þess, að þótt hæstv. utanrrh. og kannske aðrir hér séu ekki reiðubúnir að taka undir þessa gagnrýni og þessa stefnu, þá voru birtar um síðustu helgi í Frakklandi niðurstöður af skoðanakönnunum sem sýndu að yfir 50% bresku þjóðarinnar, yfir 50% frönsku þjóðarinnar og yfir 50% þýsku þjóðarinnar studdu kröfur og gagnrýni og málstað friðarhreyfingarinnar og yfir 80% hollensku þjóðarinnar léðu málstað friðarhreyfingarinnar stuðning.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Frá því að sú fsp., sem hér er á dagskrá, var borin fram, og frá því að hér fóru fram á hv. Alþingi ítarlegar umr. um þessi mál á dögunum hafa gerst athyglisverðir atburðir á þessum vettvangi sem nauðsynlegt er að hugleiða svolítið í þessu sambandi. Aðrir hafa reyndar komið inn á það í þessum umr. Það, sem ég á við, er ræða sú sem Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, hélt á dögunum, þar sem hann bauðst til þess, að frestað yrði framkvæmd ályktunarinnar frá því í des. 1979 um að settar skyldu upp meðaldrægar eldflaugar í Evrópu, ef Sovétríkin tækju niður þær meðaldrægu eldflaugar sem þau hafa sett upp í sínum löndum og eins og hæstv. utanrrh. gat um munu nú vera um 750 talsins, þ. e. kjarnorkuoddarnir, í um 250 eldflaugum sem beinast gegn næstum öllum meiri háttar borgum og bæjum í Vestur-Evrópu.

Fyrstu viðbrögð forseta Sovétríkjanna lofuðu ekki góðu í þessu efni. Fyrstu viðbrögð hans voru þau að neita alfarið þessum tillögum Ronald Reagans. Nú þessa dagana stendur yfir fundur þeirra Helmuts Schmidts, kanslara Vestur-Þýskalands og Bresnevs, forseta Sovétríkjanna, um þessi mál, og það er ljóst af fréttum, að Helmut Schmidt hefur lagt verulegan þrýsting á forseta Sovétríkjanna í þessu efni. En þetta hlýtur að sjálfsögðu að vekja upp spurningar um það, sem reyndar var hreyft í þessum umr. hér um daginn, hver viðbrögð friðarhreyfingarinnar í Evrópu verða nú þegar þessi staða er komin upp í málinu. Ég held að það sé öllum ljóst, að eins og friðarhreyfingarnar hafa hagað sínum málflutningi og hagað sinni baráttu, þá hafa þær fyrst og fremst lagt þrýsting á ríkisstjórnir í Vestur-Evrópu, þannig að í raun, hvað sem orðum líður, hefur þessi þrýstingur verið krafa um einhliða afvopnun. Krafan um afvopnun Austur-Evrópuríkjanna eða Sovétríkjanna að sama marki hefur að sjálfsögðu verið eins og að stökkva vatni á

gæs, því að ljóst er að Sovétríkin láta sér ekki segjast þótt einhverjir menn fari í göngur hér vestan járntjaldsins.

Nú hljóta menn að spyrja sjálfa sig að því og fylgjast mjög gaumgæfilega með því á næstu vikum, hvort friðarhreyfingarnar muni nú ekki breyta um tón í sinni baráttu og leggja höfuðáhersluna á að Sovétríkin og Austur-Evrópuríkin afvopnist þannig að því geysilega misvægi, sem nú er í meðaldrægum eldflaugum í Evrópu, verði eytt. Því er ekki að neita, að málflutningur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, bæði fyrr og reyndar nú einnig, ber mjög keim af þessari einhliða afstöðu, kröfunni um einhliða afvopnun Vestur-Evrópu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. minntist nokkrum orðum á atriði sem ég vildi gjarnan koma nánar að. Það er ræða Bandaríkjaforseta þar sem hann bauðst til þess að beita sér fyrir því, að frestað yrði eða hætt að setja niður þau nýju kjarnorkuvopn í Evrópu sem m. a. hefur verið deilt um, ef Sovétmenn væru reiðubúnir að hverfa frá þeirri stefnu, sem þeir hafa fylgt á umliðnum árum um eflingu kjarnorkuvígbúnaðar síns í Evrópu, og drægju til sín þau kjarnavopn sem þeir hafa komið upp þar. Forráðamenn flestra ef ekki allra vestrænna ríkja hafa látið í ljós viðbrögð við þessari tillögu Bandaríkjaforseta. Hafa þau öll verið mjög jákvæð. Sama máli gegnir um viðbrögð allra blaða á Vesturlöndum sem mér er kunnugt um, þ. á m. margra þeirra blaða sem styðja baráttu friðarhreyfingarinnar fyrir raunverulegri afvopnun en ekki einhliða afvopnun vestrænna ríkja.

Ég vildi gjarnan af þessu tilefni beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., hvað hann hefði að segja, hvert hans mat og álit væri á þessari ræðu Bandaríkjaforseta, frekar en komið hefur fram áður. Og eins saknaði ég þess mjög í máli hins áhugasama friðarsinna, Ólafs Ragnars Grímssonar, að hann léti þess getið hver væri hans skoðun á þessari tillögu Bandaríkjaforseta. Er hann stuðningsmaður þessarar tillögu um að báðir aðilar nái samkomulagi um afvopnun með þessum hætti, hefur hann ekkert um málið að segja eða er hann andvígur því?

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tók sérstaklega fram í sinni ræðu áðan að menn gengju friðargöngur í hinni frjálsu Evrópu, eins og hann sagði. Þessi skilgreining á Vestur- og Austur-Evrópu í munni Alþb.-manns er ný, en hún er rétt. Hér er um að ræða friðargöngur manna í hinni frjálsu Evrópu. Í hinni ófrjálsu Evrópu ganga menn ekki friðargöngur. Við skulum greina mjög á milli þess þegar menn annars vegar óska eftir því, að um gagnkvæman samdrátt herafla og kjarnorkuvopna verði að ræða í Evrópu og annars staðar í heiminum, og hins vegar þeirra sem berjast fyrir því, að annar aðilinn fórni öllu án þess að hinn aðilinn sýni nokkurn lit á því. Það er von mín og trú, að friðarhreyfingarnar, jafnt friðarsinnar hér á Íslandi sem friðarsinnar annars staðar, beri gæfu til þess að haga málflutningi sínum þannig að tilgangur þeirra verði ekki dreginn í efa.

Ég verð að segja eins og er, herra forseti, að málflutningur mjög margra manna, sem vilja breiða yfir sig blæju friðarhyggjunnar, hefur verið meira í þá átt að stuðla að frekari ógnun við frið okkar í Evrópu, okkar Evrópubúa, með því að krefjast þess að annar aðilinn hverfi algerlega frá varnarbúnaði, sem hann hefur haft uppi, á sama tíma og þeim finnst með öllu ástæðulaust eða ástæðulítið að fjalla nokkuð um frumkvæði hins.

Finnur Torfi Stefánsson: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til þess að leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram í máli hv. 11. þm. Reykv. Hann sagði okkur frá því, að hann væri ekki stuðningsmaður að aðild Íslands að NATO. Þetta er hreinn misskilningur. Sú ríkisstj., sem nú situr, situr m. a. á grundvelli atkvæðis hv. 11. þm. Reykv. Hún sæti ekki ef hann og flokksbræður hans styddu ekki þessa ríkisstj. Þeir bera pólitíska ábyrgð á öllum gerðum ríkisstj., líka á stefnunni í utanríkismálum. Með verkum sínum styður því hv. 11. þm. Reykv. aðildina að NATO. Og þá skiptir náttúrlega engu máli hvað hann segir okkur hér í þinginu ef hann gerir allt annað raunverulega.

Ég hef líka heyrt frá þessum hv. þm. að hann væri andvígur her í landi. Ég man að það verkaði trúverðuglega áður en núv. ríkisstj. var mynduð. En það verkar það ekki lengur vegna þess að hvað sem þessi hv. þm. segir, þá styður hann með gjörðum sínum dvöl hersins á Íslandi.

Nú hefur hv. 11. þm. Reykv. beint þeim tilmælum eða óskum til hæstv. utanrrh., að hann beiti sér fyrir því vegna Íslands, að það verði einhliða afvopnun á Vesturlöndum. Ég held að það sé því tilefni til þess að spyrja þennan hv. þm.: Hvað mun hann gera ef utanrrh. verður ekki við þessum tilmælum? Mun hann eftir sem áður styðja þessa ríkisstj.? Eða m. ö. o.: er þess að vænta einhvern tíma í framtíðinni, að við getum farið að taka mark á orðum Alþb.-manna og það verði eitthvert samræmi milli orða og verka?

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það hvarflaði að mér rétt á meðan hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að flytja tölu sína áðan, um borð í hvers konar skipi hann hefði sofið nýlega eina nótt. Það þarf náttúrlega ekki að spyrja að því, um borð í hvers konar skipi hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson hafi sofið nýlega. (Gripið fram í.) Ég hef grun um að það hafi verið nautgripaflutningaskip.

Ég kem hér upp í ræðustól m. a. vegna þess að ég vil vekja athygli hv. þm. Finns Torfa Stefánssonar á því, að hv. þm. Ólafur Ragnar hafði þegar talað tvisvar þegar hv. þm. bar fram þessar grundvallarspurningar sínar til hans, þannig að hann hlýtur að búast við svari í hliðarherbergi hér á eftir samkv. þingsköpum. En meginerindi mitt í ræðustólinn er að taka undir fsp. hv. þm. Eiðs Guðnasonar til hæstv. utanrrh. Hann bar fram ákaflega þýðingarmikla fsp. sem kom sannarlega þessu máli við. Ég vil taka undir þessa fsp., hvort hæstv. utanrrh. sé kunnugt um að gerðar hafi verið sams konar athuganir og frá er greint í Dagens Nyheter s. l. laugardag á því, með hvaða hætti eða hvort sovéskum kjarnavopnum sé beint að Íslandi og þá í hvaða magni. Þetta eru ákaflega þýðingarmikil atriði þegar við erum að ræða um öryggismálin og þau málefni sem lúta að kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum. Og ég vildi þá aðeins bæta við einni spurningu í viðbót: Hafa farið fram nokkrar rannsóknir eða athuganir á því, með hvaða hætti við getum bægt hættunni af völdum sovéskra kjarnaeldflauga frá Íslandi, með hvaða hætti við getum komið í veg fyrir að slíkum vopnum yrði skotið á íslensk byggðarlög ef til styrjaldar kæmi?

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það kemur greinilega fram af þeim fsp. sem hv. þm. Ólafur Ragnar

Grímsson hefur flutt hér, að hann hefur engar áhyggjur af kjarnavopnum Sovétríkjanna, því að fsp. eru einhliða um afvopnun vesturveldanna. Þetta er athyglisvert og ber vitni um sams konar málflutning og ýmsir nytsamir sakleysingjar á Vesturlöndum hafa tamið sér og er eingöngu í þágu málflutnings Sovétríkjanna.

Ég vil líka vekja athygli á því, að 1. málsl. fsp. er óþarfur, með tilvísun til fréttatilkynningar ríkisstj. í des. 1979. Núv. ríkisstj. er mynduð eftir að sú fréttatilkynning birtist. Alþb.-menn, þ. á m. hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sáu enga ástæðu til að gera neinn fyrirvara um þessa fréttatilkynningu og afstöðu Íslands í NATO varðandi kjarnaeldflaugar í Evrópu við myndun núv. ríkisstjórnar. Þess vegna ber hv. þm. og Alþb. jafna ábyrgð og ríkisstj. í heild og Alþingi og Íslendingar almennt á þessum ákvörðunum.

Ég vek enn fremur athygli á því, að fram kom í svari hæstv. utanrrh. að málið hefði alls ekki verið rætt í ríkisstj. Alþb.-menn í ríkisstj. hafa alls ekki talið málið það mikilvægt að ástæða væri til að hefja máls á því í ríkisstj. Ber það vissulega vitni um látalæti og yfirdrepsskap þeirra Alþb.-manna.

Síðast vildi ég aðeins ítreka og beina þeirri fsp. til Ólafs Ragnars Grímssonar, hver afstaða hans er til tilboðs Reagans Bandaríkjaforseta. Finnst honum ekki það tilboð sanngjarnt? Finnst honum ekki eðlilegt að jafnhliða því, að vesturveldin hætta við allar áætlanir um að koma upp kjarnaeldflaugum á sínu landssvæði, þá taki Sovétríkin niður allar slíkar eldflaugar þannig að Evrópa verði laus við þessi voðavopn? Ég held að svar hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar við þessari fsp. leiði í ljós hvort hann sé í raun og veru friðarsinni eða ekki. Ef það er jákvætt, þá hygg ég að hann eigi að beina fyrst og fremst áhrifum sínum og skeytum til austantjaldslandanna. Það má vel vera, að hann hafi þau sambönd í þá átt sem geri það að verkum að orð hans komist til skila, þótt ég dragi í efa að valdhafar þar austur frá taki mikið mark á þeim.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég þakka leyfi forseta til að fá að gera hér örstutta aths. Mér sýnast þessar umr. vera að snúast upp í fyrirspurnatíma til mín. Samkv. dagskrá þingsins er þetta fsp.-tími til hæstv. utanrrh. Það er að vísu gott á milli okkar, eins og alltaf hefur verið. Ég er ekki viss um að það samræmist þingsköpum, að ég fái tíma til að svara öllum þeim fsp. sem hefur verið beint til mín í sambandi við þessar umr. Fjórir síðustu ræðumenn hafa nær eingöngu beint fsp. til mín úr þessum ræðustól. (Gripið fram í.) Já, það er að vísu rétt, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, að Geir Hallgrímsson hafði ekki frumleika til þess að finna upp sjálfur, heldur endurtók það sem annar þm. var búinn að segja hér í stólnum. (**EKJ:** Þú hefur ekki kjark til að svara.) Jú, ég ætla einmitt að gera það.

Það er engin launung á því, hver afstaða mín er til þessa tilboðs Reagans Bandaríkjaforseta. Ég lýsti því áðan. Hv. þm. hafa e. t. v. ekki hlustað nægilega gaumgæfilega. Ég tel þetta tilboð jákvæðan árangur af baráttu friðarhreyfinganna í Evrópu. Ég tel þetta tilboð vissulega jákvætt spor. Það sýnir að Reagan Bandaríkjaforseti hefur orðið fyrir áhrifum frá þeim stjórnmálamönnum í Evrópu sem hafa knúið hann til þess að stíga ný skref í þessari þróun. Hins vegar held ég að það viti það allir, að í bland við þetta tilboð er ýmiss konar áróðursleg framsetning sem verður að sía burt í þeim viðræðum sem þarna fara fram. T. d. má nefna að venjulegast hefur verið talað um uppsetningu Pershing-2 eldflauganna og stýrieldflauganna á móti SS-20 eldflaugunum, en Reagan bætir inn í tilboð sitt SS-4 og SS-5. Ég held að allir viðurkenni það, að ef menn aðhyllast þær kenningar sem Geir Hallgrímsson hefur flutt hér á þingi hvað eftir annað um ógnarjafnvægið, þá geti menn ekki sett dæmi upp eins og Reagan hefur sett fram. Þessar tillögur eru vissulega jákvætt spor. Ég tel að viðbrögð Bresnevs, sem fram hafa komið núna á fundunum með Scmidt, séu líka jákvætt spor. Ég held að 300 þús. manna fundur í Amsterdam um síðustu helgi, stærsti fundur í sögu Hollands í áratugi, sýni að friðarhreyfingarnar í Evrópu muni halda áfram að knýja fram fleiri jákvæð spor frá forseta Bandaríkjanna og forseta Sovétríkjanna.

Herra forseti. Það hefur verið spurt hér um afstöðu Alþb. í þessari ríkisstj. og áður til ákvarðana Atlantshafsbandalagsins. Allir hér vita að það hefur verið regla í þeim ríkisstjórnum, sem Alþb. hefur setið í, að Alþb. tæki ekki þátt í ákvörðun og umr. varðandi þau stefnumál sem snúa að Atlantshafsbandalaginu. En ef ber að túlka ræður Finns Torfa Stefánssonar og Geirs Hallgrímssonar þannig að þeir séu að bjóða að við andstæðingar Atlantshafsbandalagsins getum fengið að beita andstöðu okkar á eðlilegum vettvangi þessara mála og Geir Hallgrímsson sé nú búinn að breyta um skoðun frá því sem hann hefur ávallt haft, að Alþb. ætti ekki að koma nálægt þessum málum, hvorki innan ríkisstj. né utan, og við getum fengið að beita andstöðu okkar gagnvart Atlantshafsbandalaginu á öllum vettvangi, bæði innan ríkisstj. og annars staðar, þá getur vel verið að við athugum þær starfsaðferðir, ef virkilega fylgir hugur máli hvað þetta snertir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að efast um friðarvilja hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en hann verður að gæta að því, sá hv. þm., að hann hefur ekki einkarétt á friði. Ég vil líka benda honum á í fullri vinsemd að hann hefur í nær öllum málflutningi sínum í þessu máli tekið skakkan pól í hæðina. Nú langar mig að benda hv. þm. á hvers vegna ég fullyrði þetta.

1. Alþb. tekur þátt í ríkisstj. sem hefur samþykkt þegjandi mjög umtalsverðar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Þetta hefur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gert og ekki krafist stöðvunar framkvæmda.

2. Kjarnorkufloti Sovétmanna er á daglegu ferðalagi frá Kólaskaga niður með Noregsströndum út á hafið milli Íslands og Grænlands. Ég sagði kjarnorkufloti, vegna þess að stór hluti af þessum flota siglir upp að Íslandsströndum. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur ekki gert kröfu um að dregið yrði úr ferðum þessara skipa eða þær stöðvaðar. Og í öllum þessum umr. hef ég ekki heyrt hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson tala t. d. um friðlýsingu norðurhafa. Þess vegna segi ég það, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur tekið skakkan pól í hæðina. Og það, sem mér þykir sýnu lakara og hefur komið hér fram í dag, er að hann tekur lakar í tilboð Bandaríkjaforseta um afvopnunarmál heldur en Ceausescu Rúmeníuforseti. Að þessu leytinu tel ég hv. þm. taka skakkan pól í hæðina. (**ÓRG:** Við erum nú nokkurn veginn sammála, við Ceausescu.) Vera má að Ceausescu og Ólafur Ragnar séu nokkurn veginn sammála og þeir

eru það þá líklega í fleiri málum en afvopnunarmálum.

Mig langar aðeins að benda á þá staðreynd, að menn, sem hafa tekið þátt í þessari umr, greinir á um aðferð, um leiðir, hvernig megi komast sem fyrst að því marki að afvopna risaveldin. Sá ágreiningur er í því fólginn, að hv. þm. Ólafur Ragnar vill einhliða afvopnun vesturveldanna en við hinir tvíhliða afvopnun. Og við viljum að stórveldin setjist niður og ræði afvopnunarmálin vegna þess að við erum þeirrar skoðunar, að menn á borð við hv. þm. Ólaf Ragnar geri það ekki.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það er misskilningur hjá hv. 11. þm. Reykv. að Ísland verði bundið við ákvarðanir annarra og beri ábyrgð á þeim. Eins og ég tók fram í svari mínu áður þarf samþykki eða að bandalagsríki sætti sig við til þess að það verði bundið. Bandalagsríki hefur sem sagt neitunarvald.

Ísland hefur sérstöðu í bandalaginu og það er tekið fram skýrt og skorinort. Það tekur ekki þátt í herforingjanefndinni, þar sem eingöngu sitja herforingjar, og tekur ekki þátt í þeim undirbúningi sem þar fer fram. Hins vegar taka fastafulltrúarnir þátt í þeim undirbúningi sem fram fer fyrir fund utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra. Ég held að þetta liggi nokkuð ljóst fyrir.

Það gleður mig að heyra að hv. þm. er mér sammála um að mikill fengur sé að því að hafa fengið fram þessar tillögur Reagans forseta. Það þarf ekki endilega að gera ráð fyrir að þær verði kokgleyptar strax, en þær eru áreiðanlega skref í rétta átt og geta orðið að góðu liði til þess að tryggja friðinn í Evrópu ef skynsamlega verður á málum haldið. En auðvitað verða menn að hafa nokkra þolinmæði, viðræður á milli þessara risavelda geta tekið sinn tíma. En það er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið í þeim, að menn greini á milli aðalatriða og aukaatriða. Í þessu sambandi eru SS-20 eldflaugarnar aðalatriðið, en ekki SS-4 og SS-5 sem hafa að vísu að einhverju leyti verið nefndar líka.

Ég er ekki reiðubúinn hér og nú að svara þeim fsp. sem fram komu frá hv. þm. Eiði Guðnasyni og hv. þm. Stefáni Jónssyni. Það er málefni sem er rétt að tala um með vissri gát. Ég segi fyrir mig: Ég vil ekki vera með neinar getgátur um það að neitt ríki beini kjarnaoddum sínum að Íslandi.

En aðeins í framhaldi af því, sem ég var að segja áðan um tillögur Reagans og spurninguna um mat á þeim og friðarhreyfingum, vil ég taka þetta fram: Eins og ég sagði áðan efast ég ekki um góðan vilja þess fólks — eða a. m. k. þorra þess fólks sem stendur að þessum friðarhreyfingum. En það, sem gæti verið neikvætt í sambandi við friðarhreyfingarnar, er að þær gætu hugsanlega komið inn þeirri hugmynd hjá Sovétríkjunum og leiðtogum þeirra, áður en þeir setjast að samningaborði, að Vestur-Evrópa væri sjálfri sér eitthvað sundurþykk í þessum efnum. Ég hygg að það væri mikill misskilningur að leggja þann skilning í þetta, vegna þess að ég hygg að Vestur-Evrópa sé einhuga yfirleitt um að hún vill afvopnun. En hún vill ekki einhliða afvopnun heldur gagnkvæma afvopnun. Og með slíkri gagnkvæmri afvopnun einni er nokkur trygging fengin fyrir friði.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli á tveimur atriðum sem fram hafa komið í þessum umr. Ég get að sjálfsögðu, áður en ég geri það, upplýst hv. þm. Stefán Jónsson um að ég hef aldrei sofið um borð í öðru skipi en íslensku og nánast aldrei komið um borð í önnur skip en íslensk. Þar greinir nokkuð á með okkur vegna þess að hv. þm. mun í sinni tíð sem fregnritari hafa komið um borð í allmörg erlend herskip.

Tvö atriði vildi ég gjarnan benda á í þessu sambandi. Hið fyrra er, að það kom mér nokkuð á óvart að heyra það frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að af tillögum Bandaríkjaforseta væri nokkurt áróðursbragð þar eð hann færi fram á það við Sovétríkin, að þau legðu of mikið af sínum kjarnorkuvopnum niður, og þetta væri e. t. v. ósanngjörn krafa á hendur Sovétríkjunum. Ég hélt að friðarsinni eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mundi fagna því, þeim mun fleiri kjarnorkuvopn sem væru lögð niður, en færi ekki að vekja sérstaka athygli á því, að þarna væri Bandaríkjaforseti ósanngjarn í garð Sovétríkjanna. Ég hef ekki orðið var við það hingað til, að hann telji Sovétríkin ósanngjörn í kröfum sínum gagnvart Bandaríkjunum um hliðstæð efni.

Annað, herra forseti, sem ég vildi vekja athygli á, er að um þetta stórmál, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Þjóðviljinn hafa rætt seint og snemma umliðna mánuði, hefur af frásögn utanrrh. að dæma aldrei verið rætt í ríkisstj. Enginn Alþb.-ráðh. þar hefur samkv. frásögn hæstv. utanrrh. nokkurn tíma séð ástæðu til að minnast aukateknu orði á þessi stórmál Alþb. og Þjóðviljans. Og ég vek athygli ykkar á því, hv. þm., að um leið og þessi fsp. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og umr. um hana komu hér á dagskrá viku allir ráðherrar Alþb. úr salnum og hafa ekki sést hér síðan. Þeir hafa varað sig á því, allir ráðherrar Alþb., að vera viðstaddir þessar umr. Þeir hafa flúið úr salnum allir með tölu um leið og þeir sáu hvað til stóð, til þess að þurfa ekki að vera viðstaddir og þurfa ekki að taka þátt í þessum umr. og þurfa ekki að svara neinum fsp. um hvernig á því stendur, að þessir hv. þm. og hæstv. ráðh. hafa setið þegjandi allan þennan tíma í ríkisstj., sérstaklega síðustu vikur og mánuði, þegar Þjóðviljinn hefur varla átt nógu stór orð í öllum sínum orðaforða til að lýsa nauðsyn þess, að á þessu máli verði tekið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég heyrði ekki betur áðan en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson afsakaði þá Alþb.-menn í ríkisstj., við ríkisstjórnarmyndun og síðan ríkisstjórnarsetu, að hafa engar athugasemdir gert við fréttatilkynningu ríkisstj. frá des. 1979 og hefja ekki máls á þessu viðamikla máli síðan í ríkisstj., — hann afsakaði aðgerðar- og athafnaleysi þeirra Alþb.-manna með því, að ég hefði kveðið upp úr um það, að Alþb.-menn ættu ekkert að vera að skipta sér af varnar- og öryggismálum Íslands. Mér þykir ákaflega vænt um að Alþb.-menn fara svona vel eftir þeim lífsreglum sem ég set þeim. Ég tel það bera vitni um og vera tilefni til þess að menn geti gert sér vonir um að þeir viti hvað til síns friðar heyri.

Á hinn bóginn verð ég þó að segja það, að auðvitað hafa Alþb.-menn allt of mikil áhrif í öryggis- og varnarmálum landsins með því að torvelda ýmsar nauðsynlegar framkvæmdir eins og byggingu flugstöðvar og byggingu eldsneytisgeyma, þótt þeir hafi á hinn bóginn kyngt ýmsum öðrum framkvæmdum eins og hefur komið fram í þessum umr.

Að lokum vil ég aðeins ítreka og undirstrika það, að það er einkennilegur friðarhugur eða friðarsinni, sem

tekur ekki heils hugar undir það tilboð frá öðru stórveldanna, frá Reagan Bandaríkjaforseta, að hann og hans land skuli algerlega hætta við að setja kjarnaeldflaugar upp í samvinnu við önnur vesturveldi í Evrópu gegn því að eldflaugar, sem settar hafa verið upp austantjalds, verði gerðar óvirkar. Ég hefði haldið að takmark okkar væri ekki eingöngu kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, heldur kjarnorkuvopnalaus Evrópa og helst kjarnorkuvopnalaus heimur. Menn ættu að sameinast til að ná sem lengst á þeirri braut, en ég dreg í efa að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taki af heilum hug þátt í því þegar hann vill ekki taka undir það merkilega og stórhuga tilboð til afvopnunar sem Bandaríkjaforseti tilkynnti í ræðu sinni á dögunum.

Aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hafa átt sér stað miklar umræður um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Fjölmargir stjórnmálaflokkar á Norðurlöndum hafa lýst yfir stuðningi sínum við þetta markmið, m. a. allir stjórnmálaflokkarnir í Noregi. Sænska þingið hefur ályktað sérstaklega um nauðsyn þess að komið verði upp kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Utanríkisráðherrar Norðurlanda hafa fjallað sérstaklega um þetta mál á fundi sínum í Kaupmannahöfn í sept. s. l. Fjöldahreyfingar hafa verið myndaðar til stuðnings þessum málstað og undirskriftasafnanir fara fram í ýmsum Norðurlandanna.

Það hefur hins vegar vakið athygli, að í allri þessari umræðu hefur það komið mjög skýrt fram af hálfu þingmanna, ráðherra, fulltrúa ríkisstjórna, fulltrúa fjöldasamtaka og annarra þeirra sem eru í fararbroddi þessarar umræðu á Norðurlöndum, að þeir telja að kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum geti ekki náð til Íslands, a. m. k. ekki í fyrsta áfanga, það sé nauðsynlegt að Ísland sé með einum eða öðrum hætti undanskilið frá þessu svæði. Aðspurðir nefna þeir ýmsar röksemdir þessu til stuðnings, m. a. þá, að Íslendingar hafi gert hernaðarsamning við annað risaveldanna. Engin önnur þjóð á Norðurlöndum hafi gert slíkan samning. Hann einn útiloki það, að Íslendingar geti verið með öðrum Norðurlandaþjóðum í þessu máli. Aðrir nefna að þeir telji Ísland liggja á öðru hernaðarsvæði en Norðurlöndin. Í þriðja lagi er nefnt að Íslendingar sjálfir hafi ekki sett fram nægilega skýrt kröfuna um að komi til stofnunar kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum, þá eigi Ísland að vera þar með.

Nú er það rétt, eins og komið hefur fram í umr. áður, að ýmsar skoðanir eru uppi um það á Norðurlöndum, með hvaða hætti eigi að vinna að stofnun slíks kjarnorkuvopnalauss svæðis. Sumir telja að það eigi að vera liður í samningum risaveldanna um afvopnun í Evrópu. Aðrir telja að það eigi að vera liður í víðtækara evrópsku samkomulagi. Hinir þriðju telja að Norðurlöndin eigi sjálf að hafa þar meira frumkvæði o. s. frv.

Sú fsp., sem ég hef hér borið fram á þskj. 53, snertir ekki þennan þátt málsins, heldur er hún eingöngu sett fram til þess að hér á innlendum vettvangi komi til umr. það atriði sem fjölmargir stjórnmálamenn og aðrir á Norðurlöndum hafa dansað í kringum eins og köttur í kringum heitan graut, þ. e. staða Íslands innan kjarnorkuvopnalausra Norðurlanda ef til slíks samnings kemur. Þessi fsp. er sett fram sem fyrsta skrefið til að vekja umr. um það hér á Alþingi Íslendinga, að það sé nauðsynlegt að við Íslendingar tjáum öðrum norrænum þjóðum þá skoðun okkar, að komi til viðræðna um slíkt svæði — með hvaða hætti sem það svo yrði, og menn geta haft ýmsar skoðanir á því, eins og ég rakti hér áðan — þá sé alla vega ljóst að Ísland ætli sér að vera fullgildur aðili að því svæði.

Það hefur verið nefnt í þessu sambandi í Noregi og Danmörku, að samkv. skuldbindingum Noregs og Danmerkur við Atlantshafsbandalagið eigi þessi tvö ríki að taka við kjarnorkuvopnum á tímum spennu og ófriðar. Það er athyglisvert, að á nýafstöðnu þingi danskra jafnaðarmanna, sem haldið var s. l. haust, var mörkuð sú nýja stefna, að danski jafnaðarmannaflokkurinn vill breyta þessum skuldbindingum og innleiða þá afstöðu Danmerkur, að Danir taki hvorki við kjarnorkuvopnum á stríðstímum né friðartímum, Danmörk neiti algerlega að taka við kjarnorkuvopnum.

Það hafa komið fram ýmsar yfirlýsingar hér á Íslandi um afstöðu Íslendinga til kjarnorkuvígbúnaðar Atlantshafsbandalagsins, en þó hefur það ávallt verið ítrekað af utanríkisráðherrum Íslendinga, nú síðast í dag af núv. hæstv. utanrrh., að Íslendingar ætli sér ekki að taka við kjarnorkuvopnum. Í ljósi þeirra yfirlýsinga er enn undarlegra að þessir fjölmörgu aðilar á Norðurlöndum skuli skilja Ísland út undan eins og þeir gera í umræðum.

Ég hef þess vegna, herra forseti, borið hér fram þrjár spurningar til hæstv. utanrrh. til þess að varpa kastljósinu á þetta atriði fyrst og fremst í þessari víðtæku umræðu um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, þótt fjölmörg önnur atriði mætti einnig taka til umræðu. Fsp. eru:

1. Hvaða áhrif hafa skuldbindingar Íslands gagnvart NATO á möguleika landsins til að verða hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum?

2. Eru einhverjar skuldbindingar Íslands gagnvart NATO sem gætu hindrað að Ísland yrði hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, og hverjar eru þá þær skuldbindingar?

3. Hvert er álit utanrrh. á þeirri skoðun, sem fram hefur komið á Norðurlöndum og ég hef hér vikið að, að Ísland geti ekki orðið hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum vegna hernaðartengsla Íslands við Bandaríkin?

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þessi fsp. varðar aðild Íslands að kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum. Spurningin er í þremur liðum og reyndar get ég svarað þeim með einu orði um hvern lið.

Í fyrsta lagi er spurt: Hvaða áhrif hafa skuldbindingar Íslands gagnvart NATO á möguleika landsins til að verða hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum? Svarið er: Engin.

Í öðru lagi er spurt: Eru einhverjar skuldbindingar Íslands gagnvart NATO sem gætu hindrað að Ísland yrði hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum, og hverjar eru þá þær skuldbindingar? Svarið við þessum lið er nei.

Og í þriðja lagi er spurt: Hvert er álit utanrrh. á þeirri skoðun, sem fram hefur komið á Norðurlöndum, að Ísland geti ekki orðið hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði á Norðurlöndum vegna hernaðartengsla Íslands

við Bandaríkin? Svarið er að ég álít þessa skoðun algera firru.

Þó ég hafi þannig svarað þessum fsp. lið fyrið lið, þá er rétt að ég segi aðeins örfá orð um málið almennt.

Hugmyndin um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum er orðin 18 ára gömul. Hún var fyrst lögð fram af Kekkonen Finnlandsforseta og var lengst af lítið rædd í alvöru. Á þessu ári hefur hugmynd þessi verið talsvert rædd, m. a. í kosningabaráttunni í Noregi í vor og sumar, og það má kannske rekja upphaf hennar að þessu sinni til áramótaræðu þáv. forsrh. Noregs, Nordlis. Hún hefur einnig, eins og hv. fyrirspyrjandi drap á, verið rædd á fundum utanrrh., var rædd þar fyrir tveimum mánuðum. Á þeim fundi kom fram að Danir, Íslendingar, Norðmenn og Svíar hafa mjög svipaða afstöðu til tillagnanna um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Raunar virtist mér að Finnar hefðu svipaða skoðun. Sú afstaða er í stuttu máli að hugmyndina megi athuga nánar að uppfylltum vissum skilyrðum. Meðal þeirra skilyrða er að slíkur samningur verði hluti af umfangsmeiri aðgerðum á sviði afvopnunar í Evrópu, enda Norðurlönd öll kjarnavopnalaus hvort eð er. Á móti verði að koma samdráttur í kjarnavopnabúnaði í helstu víghreiðrum í nágrenni Norðurlanda, svo sem á Kólaskaga og við Eystrasalt. Norðurlöndin í NATO áskilja sér að sjálfsögðu samráð við bandamenn sína, og Svíar undirstrika að þeir séu ekki til viðræðna um neina samninga nema þeir sannanlega auki öryggi Svíþjóðar. Einnig sýnist nokkuð ljóst að Norðurlönd ein gera ekki slíkan samning við Sovétríkin þegar af þeirri ástæðu, að samningur milli kjarnorkuvopnaveldis annars vegar og ríkis eða ríkja, sem ekki hafa kjarnavopn, er lítils virði. Hugmyndirnar um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum að uppfylltum framangreindum skilyrðum og e. t. v. fleiri hafa enn ekki komist á það stig hjá stjórnvöldum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, að menn séu farnir að velta fyrir sér landfræðilegri skilgreiningu svæðisins. Af svari finnska utanrrh. við fsp. minni á utanrrh.-fundi Norðurlanda í haust mátti ráða að annaðhvort hafa Finnar ekki hugsað sér Ísland á þessu svæði eða þeir voru einfaldlega ekki farnir að hugleiða þetta atriði. Verði sú þróunin í framtíðinni, að í tengslum við víðtækar aðgerðir í öryggis- og afvopnunarmálum Evrópu komi samningur um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum til nánari athugunar, þá áskiljum við Islendingar okkur að sjálfsögðu rétt til að taka þátt í slíkum samningaviðræðum og verða hluti af hugsanlegu samningssvæði.

Ég hef enga ástæðu til að ætla annað en ríkisstjórnir hinna Norðurlandanna séu fúsar til samstarfs við okkur í þessu efni, enda kom það fram hjá finnska utanrrh. í haust í svari við spurningu minni, að það væri hverrar ríkisstjórnar að ákveða hvort hún óskaði þátttöku í hugsanlegum samningum. Hitt er svo annað mál, sem ég skal ekkert fullyrða um á þessu stigi, hvort þær hugmyndir, sem ræddar hafa verið, komast nokkru sinni í framkvæmd. Á því hafa menn misjafnlega ríka trú. En eitt held ég þó að öruggt sé að segja, að eftir þá atburði, sem gerðust nýlega og alkunnir eru í Svíþjóð og Danmörku, verður minni skriður á þessum málum en verið hefur að undanförnu. Ég býst satt að segja við því, að ef utanrrh.-fundinn hefði átt að halda á morgun t. d. í staðinn fyrir fyrir tveimur mánuðum, þá hefði kannske eitthvert annað hljóð verið komið í strokkinn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil fyrst segja það, að mér finnst ekki nægilega skýrt tekið til orða þegar menn tala um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Hér er um að ræða hugmynd um það, að gefin verði yfirlýsing um áframhaldandi kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum. Þau eru kjarnorkuvopnalaus öll núna.

Þær fsp., sem hér hafa verið bornar fram, eru til marks um furðulegan málflutning. Það er uppáfinning Alþb. að Ísland geti ekki verið þátttakandi í slíkri yfirlýsingu. Þetta er áróðursbragð. Það er margbúið að leiðrétta þetta, en áfram er haldið að stagast á því, að Ísland geti hugsanlega ekki verið aðili að þessu. Utanrrh. svaraði þessu hér skýrt og skorinort, og það er auðvitað fráleitt að halda því fram, að Ísland geti það ekki þegar það þegar er kjarnorkuvopnalaust. Ísland hefur aldrei verið undanþegið í neinni þeirri samþykkt sem ég hef séð um þetta efni. Þetta vildi ég að kæmi skýrt fram.

Að öðru leyti vil ég ítreka það, að í öllum þeim umr., sem hafa farið fram af hálfu jafnaðarmannaflokkanna í Evrópu, og þá einkanlega á Norðurlöndum varðandi þetta atriði, yfirlýsingu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, hefur verið lögð áhersla á það að þetta gæti einungis verið liður í stærra heildarsamkomulagi, að fyrir slíka yfirlýsingu þyrftu að koma tilslakanir af hálfu Sovétmanna og samdráttur í kjarnavopnum af þeirra hálfu. Einhliða yfirlýsing Norðurlandanna í þessum efnum án tillits til umhverfisins hefur aldrei verið á dagskrá hjá jafnaðarmannaflokkunum, hvorki á Norðurlöndum né í Evrópu. Þetta segi ég vegna þess að málflutningur hér á landi, einkum og sér í lagi hjá Alþb., hefur gefið til kynna allt, allt annað, nefnilega að einhliða yfirlýsingar væru til umræðu, en svo er alls ekki.

Hugmyndin um yfirlýsingu af þessu tagi er sú, að með því að bjóða þetta fram sé verið að knýja á um frekari viðræður milli stórveldanna um afvopnun og þetta gæti verið liður í stærra heildarsamkomulagi. Af hálfu Norðurlandanna, af hálfu jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum er ætlast til þess, að þetta knýi á um viðræður milli stórveldanna, að þetta knýi á um raunverulega afvopnun og takmörkun í kjarnavígbúnaði. En það hefur aldrei verið hugmyndin að einhliða yfirlýsing yrði gefin. Og skýringin er ákaflega einföld. Slíkar einhliða yfirlýsingar hafa ekkert gildi. Þær eru pappírssamkomulag, sem stórveldin standa ekki við, þegar þeim sýnist öryggi sínu ógnað. Lykilatriðið í öllum umræðum jafnaðarmanna um þetta hefur verið það, að gagnkvæmni og jafnvægi yrði að ríkja í afvopnunarmálum.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil fagna sérstaklega þeim svörum, sem hæstv. utanrrh. gaf hér áðan. Ég held að það sé mikil nauðsyn að þau svör berist skýrt og greinilega til frænda okkar á Norðrulöndum. Það er mikill misskilningur, sem Kjartan Jóhannsson sagði áðan, að menn hafi ekki rætt um málið á þann hátt að Ísland ætti ekki að vera með, eins og ég mun koma að á eftir. Ég ætla að vona að þekking hans á umræðunum á Norðurlöndum sé meiri en þessi yfirlýsing hans hér áðan bar vott um.

Það er fagnaðarefni að utanrrh. Íslands skuli lýsa því yfir hér á Alþingi Íslendinga, formlega og skýrt, að hann telji enga hindrun í vegi fyrir því, að Ísland geti orðið fullgildur aðili að slíku kjarnorkuvopnalausu svæði,

hann telji ekki að Ísland hafi undirgengist neinar skuldbindingar sem hindra það, að við getum strax í upphafi slíks svæðis, ef samningur verður um það gerður, tekið í því fullan þátt. Það er ánægjulegt að hæstv. utanrrh. skuli flytja þann boðskap hér á lögþingi þjóðarinnar. Ég endurtek: Ég vona að sá flutningur berist til eyrna allra þeirra á Norðurlöndum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu — að samkv. yfirlýsingu utanrrh. Íslands sé ekkert sem hindri það, að við getum tekið þátt í þessu svæði. Þetta tel ég vera tímamótayfirlýsingu hvað snertir formlega framsetningu þess á Alþingi Íslendinga. Slík yfirlýsing hefur aldrei fyrr verið gefin. Ég vona satt að segja að allir hv. alþm. geti sameinast um að standa að baki þessari yfirlýsingu og að þeir fulltrúar, sem við höfum kosið til þess að sitja á vettvangi Norðurlandaráðs og gegna trúnaðarstörfum okkar í norrænni samvinnu, og þeir þm. hér, sem eru í bræðraflokkasamböndum við jafnaðarmannaflokkana á Norðurlöndum, komi þessari yfirlýsingu áfram.

Það kom fram í frásögn blaða af fundi sem hæstv. utanrrh. átti með íslenskum stúdentum í Osló, að hann hefði spurt að því á fundi utanríkisráðherranna í sept. í Kaupmannahöfn, hvort Ísland væri með í umræðum um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd. Ef það hefur farið fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni var í blaðafrásögnum af þessum fundi skýrt frá því, að utanrrh. hefði sagt að hann hefði fengið loðin svör. Við, sem sitjum í hv. utanrmn. Alþingis, höfum fengið nánari frásögn af þessum fundi. Það er þess vegna fásinna og fáfræði hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að tala hér eins og það hafi aldrei borið á góma nokkurs staðar að Ísland væri ekki með. Því miður hefur það verið eitt af megineinkennum þessarar umræðu hjá mjög mörgum á Norðurlöndum.

Ég vil svo, herra forseti, nota þetta tækifæri til þess að lýsa því hér yfir að gefnu tilefni frá hv. þm. Árna Gunnarsyni hér í dag, að Alþb. hefur lýst því yfir, nú síðast á flokksráðsfundi sínum um síðustu helgi, að við erum reiðubúnir til viðræðna við alla stjórnmálaflokkana í landinu um það, að Íslendingar sameinist um að innleiða hér kjarnorkuvopnalausa fiskveiðilögsögu, að við bönnum umferð sovéskra, breskra, bandarískra og annarra kjarnorkukafbáta um íslenska fiskveiðilögsögu. Það er formleg stefna Alþb. að bjóða til viðræðna öllum stjórnmálaflokkum í landinu um þetta nýja landhelgismál sem við teljum brýna nauðsyn, vegna þess að saga kjarnorkuvopnanna á friðartímum sýnir að alls konar slys og óhöpp geta hent og gert okkar mikilvægustu fiskimið geislavirk.

Ég hef lýst því yfir fyrir hönd Alþb. á öðrum vettvangi, að við fögnum þeim hugmyndum sem komið hafa fram hjá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni og hv. þm. Haraldi Ólafssyni og í leiðurum Tímans, málgagns hæstv. utanrrh., að Íslendingar eigi að boða til sérstakrar afvopnunarráðstefnu um Norður-Atlantshafið. Ég gerði meira að segja hv. þm. Árna Gunnarssyni tilboð um það s. l. sumar, að Alþb. og Alþfl. hefðu forgöngu um að til slíkrar ráðstefnu yrði boðað. Það væri ánægjulegt framhald af þeirri yfirlýsingu sem hér hefur verið gefin í dag, ef allir flokkar á Alþingi Íslendinga gætu sameinast um að við setjum hér lög sem banni umferð allra kjarnorkukafbáta um okkar fiskveiðilögsögu. Það eru ekki bara sovéskir kafbátar sem sigla hér í kring, eins og hv. þm. Eiður Guðnason hefur getið um, heldur einnig bandarískir og breskir kjarnorkukafbátar. Við þurfum að hefja nýja sókn í okkar landhelgismáli og tryggja að miðin verði varin gegn geislavirkni og óhöppum í framtíðinni. Alþingi Íslendinga, allir sem einn, þarf að taka undir þá stefnu að innleiða hér lög um kjarnorkuvopnalausa fiskveiðilögsögu. Við Íslendingar, í samvinnu við nágrannaþjóðir okkar, boðum síðan til sérstakrar alþjóðlegrar ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur ævinlega uppi töluverða dramatíska tilburði þegar hann kemur í þennan ræðustól. Satt best að segja furðar mig á ýmsu því sem hann sagði hér, einkum þó hversu hissa hann þóttist verða á svörum hæstv. utanrrh. og lýsingum hans. Ég hygg að þau svör hafi ekki þurft að koma nokkrum manni hér á óvart.

Hins vegar kom ýmislegt á óvart í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Í fyrsta lagi virðist honum alls ekki ljóst og hann virðist ekki hafa fylgst með því sem gerst hefur á Norðurlöndum undanfarnar vikur, hverja stefnu umræðan um kjarnorkulaus svæði hefur tekið eftir þann atburð þegar sovéskur kafbátur með kjarnorkuvopn strandaði í Svíþjóð. Þetta hefur gjörbreytt allri þessari umræðu. Og það er ekki nóg að tala hér um kjarnorkuvopnalaus svæði, menn verða líka að vita hvað þeir eiga við. Eiga þeir bara við landssvæði, eiga menn þá bara við Norðurlöndin sjálf, eiga menn við hafsvæðið í kringum Norðurlöndin? Hvað eiga menn við? Fálldin, forsætisráðherra Svía, sagði nú fyrir stuttu: „Það er forsenda allrar umræðu í þessum efnum, að Eystrasaltið verði talið með sem kjarnorkuvopnalaust svæði.“ Undir þetta tók Olof Palme. Þetta er auðvitað eitt af meginatriðum málsins. Auðvitað hlýtur víghreiðrið á Kólaskaga, þar sem eru 16 eða 17 flugvellir fyrir sprengjuflugvélar og orrustuþotur, að koma inn í myndina. Það þýðir ekki fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að koma í þennan ræðustól og tala eins og allt þetta sé ekki til og þetta séu engin vandamál. Það hafa verið gerðir fjórir alþjóðasamningar um kjarnorkuvopnalaus svæði í veröldinni. Þar af tekur aðeins einn til byggðra bóla. Hann tekur til Suður-Ameríku þar sem aðstæður eru allt, allt, allt aðrar en í Evrópu. Kúba hefur ekki séð sér fært að undirrita þann samning. Ef einhver svona yfirlýsing um áframhaldandi kjarnorkuvopnaleysi á Norðurlöndum kemur til, þá hlýtur hún að eiga að verða til þess að auka öryggi þeirra sem búa á þessum svæðum. Hún hlýtur að verða hluti stærri myndar. Öllu þessu er kosið að horfa fram hjá þegar komið er upp í þennan ræðustól með dramatískum tilburðum og oftast nær talað eins og enginn annar þm. fylgist með þessum málum eða viti yfirleitt um þau nokkurn skapaðan hlut.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er sjálfsagt til mikil fáfræði víða og ég veit ekki hvers konar fólk Ólafur Ragnar Grímsson umgengst á Norðurlöndum. Hann hefur vafalaust getað fundið einhverja sem voru svo fávísir að telja að Íslendingar gætu ekki ákveðið það sjálfir, hvort þeir væru liður í svæði sem þessu, ef þeir vildu. Ég hef ávallt talið það sjálfsagt. Auðvitað ákveðum við þetta sjálfir og auðvitað þurfum við ekki að spyrja neina aðra að því. Þess vegna hefði þm. getað leiðrétt þetta hjá því fólki sem hann hefur hitt. Ég verð að segja fyrir mig, að á þeim mörgu fundum sem ég hef setið á Norðurlöndunum hefur hvergi borið á góma af hálfu

ábyrgra stjórnmálamanna að Ísland ætti ekki að vera með í þessum hugmyndum. Það hefur hvergi verið á pappír sett neitt í þá áttina né nokkrum manni dottið það í hug. En eins og ég sagði, herra forseti, þá er fáfræði auðvitað mikil og víða.

Annars eru þetta einkennilegar umr., vegna þess að þegar á Norðurlöndunum hófst mikil umræða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, um yfirlýsingu um það, þá rak á fjörurnar sovéskan kafbát hlaðinn kjarnorkuvopnum hjá hlutlausu ríki, Svíþjóð. Þegar maður var tekinn í Danmörku fyrir njósnir í þágu Sovétríkjanna, þá hóf Ólafur Ragnar Grímsson að tala um upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna á Íslandi. Og núna, þegar við ætluðum að ræða hugmyndir um hvernig afstaða okkar kynni að vera til yfirlýsingar um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, þá spyr hann ekki hvað við viljum, heldur vill hann fá að vita hvað einhverjir aðrir halda um þetta einhvers staðar á Norðurlöndum, þegar þetta er greinilega atriði sem við ákveðum sjálfir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil, vegna þess að hv. þm. Kjartan Jóhannsson furðar sig á því, hvers konar menn það séu á Norðurlöndum sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tali við og komist að þeirri niðurstöðu af tali þeirra að þeir dragi í efa að Íslendingar verði með í alvarlegum umræðum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum þar sem þeirra land yrði innifalið, aðeins upplýsa að ég hef heyrt jafnaðarmenn, þ. á m. þm. úr jafnaðarmannaflokkunum á Norðurlöndum, lýsa yfir að þeir telji vafasamt að Íslendingar treysti sér til þess að vera með þarna eða íslensk stjórnvöld vegna þeirra tengsla, sem landið standi í við Atlantshafsbandalagið, og vegna amerísku herstöðvarinnar, og þeir bera þm. Alþfl. fyrir því.

Við þurfum ekki að undrast út af fyrir sig annars konar viðbrögð hv. þm. Alþfl. hér á Íslandi við hugmyndunum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og hversu frábrugðin þau eru því forustuhlutverki sem ýmsir af stjórnmálaleiðtogum jafnaðarmannaflokkanna á Norðurlöndum hafa tekið að sér í baráttu fyrir kjarnorkuvopnalausu svæði, beinlínis vegna þess að þeir menn virðast hafa önnur viðhorf til þessara vandamála og vera á allt annan hátt hugmyndafræðilega tengdir inn í þessi mál en þm. Alþfl. á Íslandi. Ég vil nefna dæmi um „pósitíft" viðhorf og eðlilega spurningu sem borin hefur verið fram af þm. Alþfl. á Íslandi varðandi þessi mál fyrir skemmstu. Ég hygg að við hljótum að ræða það mál, sem hér liggur fyrir, í tengslum við þá hugmynd sem þar kom fram. Hann spurði ekki hæstv. utanrrh. hvort hann teldi að beint væri kjarnaeldflaugum erlendis frá að Íslandi. Hann spurði hvort gerð hefði verið könnun á því, hvort slíkum vopnum væri beint gegn Íslandi. Við þurfum að afla okkur upplýsinga þegar við ræðum þessi mál, allra þeirra sem við eigum kost á, draga ályktanir af niðurstöðum þeirrar könnunar, sem gerð er, með hvaða hætti við getum best komið fyrir okkar eigin öryggismálum, öryggi okkar eigin lands, og að slíkum óyggjandi upplýsingum fengnum setjast niður, þm. allra flokka, og ræða þessi mál. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt: Ég er alveg ugglaus um að hver einasti okkar hv. alþm. muni taka þá afstöðu til þessara mála sem hann telur helst til þess fallna að tryggja öryggi þessarar vesalings þjóðar á válegum tímum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mjög í deilur þeirra Alþb.-manna og Alþfl.-manna um það efni, hvernig Norðurlandaþjóðirnar líti á kjarnorkuvopnalaust svæði á Íslandi. Hins vegar vil ég þó fullyrða að það er rangt, sem síðasti ræðumaður sagði, að Alþfl.-menn á Íslandi hafi komið þeim hugmyndum, sem um er rætt, inn hjá frændum okkar og vinaþjóðum. Það veit ég — þekki þá það vel — að þeir hafa ekki gert. Þær hugmyndir eru annars staðar frá komnar, þ. á m. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem hefur verið að reyna að læða því inn og fjöldi annarra kommúnista eða Alþb.-manna, að kjarnorkuvopn væru kannske falin á Íslandi og kannske ekki í litlum stíl.

En ég stóð aðallega upp til að fagna því, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson tekur undir svo til öll orð utanrrh. sem túlkar málstað Íslands í öryggis- og varnarmálum mjög vel og málstað NATO-ríkjanna. Það er ánægjulegt.

Þessi hv. þm. ætlaði að gera sér lítið fyrir og breyta öllum alþjóðalögum í hafréttarmálum í lítilli löggjöf á Íslandi. Mér finnst það vera nokkuð gott ef hann getur það. Það á sem sagt að hafa kjarnorkuvopnalaust 200 mílur undan Íslandsströndum með einni löggjöf hjá okkur. Þetta mál er ekki svona einfalt. Jafnvel þó að það væri svona einfalt, að við gætum sett þessi lög, held ég að þau hefðu litla þýðingu. Gæti ekki strandað hérna kafbátur með rússneskum kjarnorkuvopnum alveg nákvæmlega jafnt fyrir því? (Gripið fram í.) Já, jafnvel á Seltjarnarnesi, úr því að hann strandar inni á bannsvæði sænska hersins?

Þessi yfirdrepsskapur er yfirþyrmandi. Flokksþing kommúnista er að samþykkja að nú eigi flokkarnir á Íslandi að setja lítil lög, þá sé allt saman klappað og klárt, enginn Rússi muni koma hér nálægt. Við gætum kannske einhvern hemil haft á bandalagsþjóðum okkar, við gætum haft einhver samskipti við þær og fengið einhverjar upplýsingar, en ekki frá Rússum.

Þessi hv. þm. fer svo eins og köttur í kringum heitan graut þegar rætt er um tilboð Reagans Bandaríkjaforseta. Auðvitað trúir ekki nokkur maður því, að það sé fyrst og fremst friðarstefna sem hann er að reyna að túlka. Þetta er hreinn og klár áróður. Hann er góður áróðursmaður, þótt að vísu fari stundum fyrir mér eins og flokksbræðrum hans, að ég geti varla setið undir ræðum hans.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem hér hefur farið fram um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, held ég að ég verði að upplýsa það, að ég hef setið viðræðufundi bræðraflokkanna á Norðurlöndum um þetta mál, kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd, og á þeim fundum hefur það ævinlega og ávallt komið fram mjög skýrt, að hugmyndin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd væri hluti af mun stærri áætlun. Ég held að það hljóti allir, sem hafa lesið sér eitthvað til um þessi mál, að vita að hugmyndin um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd er liður í margfalt stærri áætlun, — áætlun sem nær til Evrópu yfir höfuð, ekki aðeins Vestur-Evrópu, heldur líka Austur-Evrópu.

Mig langar að minna hv. þm. á að þessi hugmynd er ekki að koma fram núna fyrst. Höfundur hennar er ekki í þessum þingsölum, heldur má rekja þessa hugmynd til sænskra þingmanna og síðan til Kekkonen-áætlunarinn-

ar svokallaðrar. Þessi hugmynd hefur verið til umræðu á Norðurlöndum í u. þ. b. 12 ár eða svo, 12—15 ár, en blossar nú upp á síðustu misserum vegna ýmissa atburða sem hafa gerst.

Ég vil segja það vegna ummæla hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að það verður mér sífellt meira áhyggjuefni hve mikil umferð kjarnorkukafbáta og kjarnorkuvopnabúinna skipa er um norðurhöf. Ég er sannfærður um að sú hætta, sem af þessu stafar, er mun meiri en við Íslendingar gerum okkur almennt ljóst. Þessi hætta steðjar ekki bara að okkur, hún steðjar að nágrannaþjóðum okkar Grænlendingum og Færeyingum, sem eins og við byggja nær alfarið afkomu sína á fiskveiðum. Ég vil taka undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að ég held að það geri sér enginn ljósa grein fyrir því, hvað gæti gerst og hvað gæti borið að höndum ef slys yrði í hafdjúpunum, t. d. á hrygningarslóðum þeirra fiskstofna sem við byggjum afkomu okkar á.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er óþarfi að hafa mörg fleiri orð um þetta mál en hér hafa fallið. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir hans skýru svör, sem reyndar hafa legið fyrir í langan tíma, enda er þetta gamalt mál. Það er ljóst að tilgangurinn með fyrirspurnunum er að fá þetta skýrt fram fyrir menn á Norðurlöndum sem hafa ekki trúað því fyrr en nú við þessi svör. Ástæðan er augljóslega sú, sem komið hefur fram í umr. jafnframt, að til eru aðilar á Íslandi sem hafa haft það fyrir sið að sá fræjum efans. Það eru þeir menn sem hafa ljóst og leynt gengið um og sagt: Hér eru kjarnorkuvopn falin og geymd. — Það vita allir hverjir þar hafa gengið fremstir í flokki og kannske helst fyrirspyrjandinn sjálfur.

Ég kem þó hér fyrst og fremst upp til eins. Ég ætla að fagna merkilegustu yfirlýsingunum sem hafa verið gefnar í þessum umr., en það eru yfirlýsingar hv. þm. Stefáns Jónssonar og hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um að nauðsyn sé að hafa betri og meiri upplýsingar um varnarþörf og varnarmöguleika hér á landi. Undir þetta vil ég taka, sérstaklega vegna þess að fyrir Sþ. liggur nú till. um að setja á stofn embætti ráðunautar hjá utanríkisþjónustunni um varnir Íslands. Nú gefst Alþb.-mönnum tækifæri til að sýna í verki að þeir standi með slíkri till. Mér þykir leitt, að sá hv. þm. Alþb., sem ég bauð að skrifa undir þessa till., fékkst ekki til þess. En hann er vonandi einn og einangraður í sínum flokki því að þær yfirlýsingar, sem hér hafa fallið, merkilegustu og nýjustu yfirlýsingarnar í þessum málum, eru að Alþb.-menn og helstu talsmenn Alþb. í utanríkismálum, þeir hv. þm. Stefán Jónsson og Ólafur Ragnar Grímsson, ætla sér að standa með okkur öðrum að því að koma hér fyrir ráðunaut sem getur aðstoðað stjórnmálamenn og embættismenn þannig að hér liggi skýrt fyrir upplýsingar á þessum sviðum. Fyrir þennan stuðning við till. vil ég þakka og láta koma skýrt fram í þessum umr., þótt hann verði ekki staðfestur fyrr en með handauppréttingum síðar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að búið sé að ræða nóg um efni þessarar fyrirspurnar, og ætla ég ekki að bæta neinu þar við.

Ég vil leyfa mér að átelja þann hátt sem hv. þm. Stefán Jónsson hefur iðulega á í ræðum sínum þegar hann er að búa til sögur um hvað þessi og hinn hafi sagt sér, að þessi og hinn íslenskur þm. sé að reyna að mistúlka stöðu lands síns og þjóðar út á við eða sitji jafnvel á svikráðum við land sitt og þjóð. Við fengum að heyra margar slíkar yfirlýsingar frá hv. þm. og blaði hans á sínum tíma þegar við stóðum í samningum við Noreg um Jan Mayen-málið. Þá voru margir menn sem höfðu sagt honum að Alþfl.-menn og þá sérstaklega utanrrh., sem þá var Benedikt Gröndal, formaður Alþfl., væru að svíkja þjóðina eða selja sjálfstæðið. Ég vil mjög skora á hv. þm. að viðhafa ekki slíkt orðbragð sem hann veit að er rangt og sæmir honum ekki sem þm. Ég skora á hann, hæstv. forseti, að láta slíkt niður falla, því að verið gæti, þó að hv. þm. hafi iðkað að þvo stóryrði úr ræðum sínum hér á Alþingi eftir að hann hefur flutt þær og sé sennilega eini þm. sem það hefur gert, að þeir væru fleiri sem hlustuðu á hv. þm. en læsu ræður hans í gögnum Alþingis.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég vil að gefnu tilefni vekja athygli hv. Alþingis á því, að Olof Palme, fremsti forustumaður jafnaðarmanna á Norðurlöndum og jafnframt formaður í mikilvægustu nefnd í afvopnunarmálum sem sett hefur verið upp á síðustu misserum, hefur lýst þeirri skoðun sinni eftir strand kafbátsins í Svíþjóð, að baráttan fyrir kjarnorkuvopnalausum Norðurlöndum sé enn brýnni en hún var áður. Það er hans túlkun á þessum atburðum, að þeir sýni fyrst og fremst að stefna hans og annarra um nauðsyn þess að ganga lögformlega frá því, að Norðurlönd verði kjarnorkuvopnalaust svæði, sé rétt. (Gripið fram í.) Þess vegna eru Alþb. og Olof Palme alveg sammála í þessum málum. En það vill svo einkennilega til að a. m. k. sumir hv. þm. Alþfl. hér virðast vera á annarri línu en þessi fremsti forustumaður jafnaðarmanna á Norðurlöndum. (**ÁG:** Hver segir að hann sé það?) Það er mín skoðun að hann sé það. Það er alveg ljóst að á alþjóðavettvangi er hann það. Kjartan Jóhannsson á langt í land með að ná sama gæðaflokki.

Það er hins vegar ömurlegt að jafnötull baráttumaður í landhelgismálum og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson skuli ætla sér hlutverk Emils Jónssonar í þessu nýja landhelgismáli Íslendinga. Þegar till. um 50 mílurnar kom fram sagði þáv. utanrrh. Emil Jónsson að þetta væri ævintýrapólitík. En niðurstaðan hefur samt sem áður orðið sú, að við höfum fengið 50 mílur og við höfum fengið 200 mílur. Ég held að sú hugsun, sem hefur verið orðuð af okkur og mörgum öðrum um nauðsyn þess að við förum að stíga ný skref í þessum efnum, sé mikilvæg. Ég tek eindregið undir þá skoðun sem hv. þm. Árni Gunnarsson lýsti hér áðan.

Ég ætla, herra forseti, að geyma mér að ræða þá þáltill. sem Friðrik Sophusson notaði þennan ræðutíma til að kynna. En það finnst mér fagnaðarefni, að eftir rúmlega 30 ára aðild að NATO og margvíslegar ákvarðanir sem hafa verið teknar í íslenskum öryggismálum, skuli forustumenn NATO-þingmanna hér á Alþingi flytja till. sem viðurkennir að það sé enginn einasti maður í utanrrn. Íslendinga sem hafi vit á þessum málum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður. Það, sem ég sagði hér áðan, var að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ætlaði að gera sér lítið fyrir og breyta þjóðarétti með einni löggjöf hér á Alþingi, að við ákvæðum að við réðum öllum siglingum innan fiskveiðitakmarkanna, þ. e. innan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Þetta getur hvorki Ólafur Ragnar Grímsson né neinn maður annar. Ég sagði ekkert um að ég vildi

ekki eiga þessi réttindi. Ég held að allir viti að ég er talsvert mikill ákafamaður um að við tryggjum okkur öll þau réttindi sem við getum. En þetta verður aldrei samþykkt á þeirri hafréttarráðstefnu sem nú er. Það er búið að komast það langt að ríkin eiga 12 mílna landhelgi, meira er það ekki í dag, og 200 mílna efnahagslögsögu. Því breytum við ekki með einni löggjöf og síst með samþykkt kommúnistaflokksins á Íslandi.

Þetta er ósköp einfalt mál og þarf ekkert um það að ræða frekar. Auðvitað vil ég okkar réttindi sem mest. Ég held að það hafi ég sýnt og raunar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mjög vel og dyggilega líka í Jan Mayen-málinu. Nú vill einmitt svo til, að fram undan er og stendur yfir barátta sem er kannske ekki síður mikilvæg, þ. e. á Rockall-svæðinu, sem einmitt þarf að taka upp núna hið allra bráðasta. En að því er varðar að friða allt Norður-Atlantshafið er ég fyrsti maðurinn sem mundi samþykkja það, ef það væri í okkar valdi og við gætum fylgst með því að Rússar brytu ekki í bága við það.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. vék hér að viðbrögðum í sambandi við 50 mílna landhelgisútfærsluna. Hann sagði: „Við fengum 50 mílurnar.“ Og hann sagði líka: „Við fengum 200 mílurnar.“ En hann vék ekki að viðbrögðum hv. fyrrv. sjútvrh. Lúðvíks Jósepssonar þegar tillögurnar um 200 mílurnar komu fram. Þessi hv. fyrrv. sjútvrh. og formaður Alþb. sagði þá: Það liggur ekkert á með 200 mílurnar. Við skulum bíða eftir hafréttarráðstefnunni.

Sameinað þing, 25. fundur.

Þriðjudaginn 24. nóv., að loknum 24. fundi.

Stefnumörkun í fjölskyldumálum, þáltill. (þskj. 59). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, þáltill. (þskj. 98). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almannavarnir, þáltill. (þskj. 101). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fangelsismál, þáltill. (þskj. 38). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 38 hef ég leyft mér ásamt þeim hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og Baldri Óskarssyni, sem sat hér inni um tíma, — á Alþingi vel að merkja, — að bera fram till. til þál. svohljóðandi:

„Alþingi samþykkir að fela ríkisstj. að skipa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum. Nefndin skal í kjölfar þeirrar úttektar skila áliti um þær úrbætur í fangelsismálum, sem henni þykja knýjandi, svo og áætlun um framtíðarskipan þessara mála.

Nefndin skal skipuð fjórum fulltrúum samkv. tilnefningu þingflokka, tveim fulltrúum frá félagssamtökunum Vernd og einum fulltrúa dómsmrn.

Dómsmrh. skipar formann nefndarinnar úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal skila áliti fyrir þingbyrjun 1982.“

Í grg. með till. segir svo:

Fangelsismál okkar hafa mjög verið í sviðsljósi að undanförnu og mikið um þau rætt og ritað. Hér er um viðkvæman og vandmeðfarinn málaflokk að ræða, þar sem oft vill verða skammt öfga á milli. Það fer hins vegar naumast á milli mála, að hreinskilin og opinská umræða hlýtur að vera af hinu góða, og Alþingi hlýtur að vera sjálfsagður vettvangur slíkrar umræðu.

Þegar menntunarmál fangavarða komu til umræðu á Alþingi í fyrra hlutu fangelsismál almennt að verða fyrirferðarmest í umr. og þar kom margt athyglisvert fram í máli manna.

Fsp. frá hv. Salome Þorkelsdóttur um tiltekna þætti í fangelsismálum fékk ekki neina umr., en skriflegt svar ráðh. barst við fsp.

Í umr. undangenginna þinga um geðheilbrigðismál hefur málefni geðsjúkra afbrotamanna mjög borið á góma, en þar er á ferðinni eitt stærsta vandamál í fangelsismálum okkar. En heildarumræður um alla þætti fangelsismála, vandamálin þar og framkvæmd yfirleitt, hefur ekki farið fram á þingi og hafa þó oft gefist til þess ástæður. — Hér m'ða ég að sjálfsögðu við minn þingtíma. En ég vek athygli á að alvarleg og ítarleg umræða um fangelsismál mun ekki hafa farið fram hér á hinu háa Alþingi síðan 1968 og 1969. Páv. hv. þm. Vesturl., Jónas Árnason, flutti hér mjög athyglisverða till. um úrbætur í fangelsismálum og rakti þar mörg dæmi um aðbúnað, framkvæmd, möguleika þeirra, sem úr fangelsi losna, og spurninguna um hversu langt ætti yfirleitt að ganga í refsingum af þessu tagi og hversu á annan hátt mætti bregðast við afbrotum, einkum hinum smærri. Mér er tjáð að í kjölfar þessarar till. hafi ýmsar lagfæringar verið gerðar, en síðan ekki söguna meir. Vissulega er það íhugunarefni, að það skuli vera komið á annan áratug frá því að löggjafinn síðast fjallaði rækilega um þessi mál.

Nú í sumar hefur séra Jón Bjarman fangaprestur vakið verðskuldaða athygli á fjölmörgu í fangelsismálum okkar. Hér segir í grg., að flm. þessarar till. muni leita liðsinnis hans er málið kemur til umfjöllunar Alþingis.

Í kjölfar þess, sem séra Jón Bjarman hefur látið frá sér fara, hafa svo birst viðtöl og greinar um þessi mál sem vekja ekki síður fjölmargar spurningar sem ósvarað er að miklu eða öllu leyti. Skemmst er að minnast viðtalsbókarinnar við Sævar Ciecielski, Stattu þig drengur, sem er þess eðlis, að löggjafinn, Alþingi, hlýtur að leggja að eyru og fá svör við ýmsum þeim spurningum sem vakna við lestur þeirrar bókar. En til þess að Alþingi geti um málið fjallað heildstætt og vegið og metið allar aðstæður

er óhjákvæmilegt að fram fari hlutlaus úttekt á fangelsismálum okkar og stöðu þeirra í dag.

Fullyrðingar allar er hollast að spara, en engum dylst þó að í svo vandmeðförnum málaflokki getur vart hjá því farið að ýmislegt sé öðruvísi en vera ætti. Þar geta komið til mannleg mistök, einstrengingsháttur og jafnvel mannúðarskortur gagnvart því ógæfufólki sem oft á sér fáa formælendur, ef nokkra. Hvergi er í raun meiri hætta á valdaníðslu en einmitt gagnvart þessu fólki og úr því verður að fá skorið óyggjandi, að slíkt eigi sér ekki stað, og ef svo er, að gripið sé þá til harkalegra gagnráðstafana.

Í ljósi þeirrar úttektar, sem lögð verður fyrir Alþingi, munu svo fara fram enn frekari umræður og í væntanlegum tillögum um frekari úrbætur gefst svo enn færi á að fjalla um þessi mál. En þögn um þau á Alþingi í ljósi þess, sem um málin hefur verið rætt og ritað úti í þjóðfélaginu, er af hinu illa, vekur enn frekari tortryggni og grunsemdir og er í raun ekki réttlætanleg.

Sú spurning leitar mjög á flm., hvort fangelsunum sé ekki beitt um of með tilliti til þeirra áhrifa sem slík frelsissvipting hefur í för með sér. Nefndinni er því nauðsyn að kanna rækilega hvort önnur viðurlög en fangelsun eigi ekki í mörgum tilfellum meiri rétt á sér.

Hér er að stórri spurningu komið og ég veit að hv. 2. flm. þessarar till. Guðmundur J. Guðmundsson, mun koma rækilega inn á það atriði. Ég ætla því aðeins að varpa fram hér og nú tveim atriðum.

Allir þekkja nafngiftina betrunarhús sem annað orð yfir fangelsi eða a. m. k. vissa gerð þeirra. Samkv. því ættu þessar stofnanir að vera til betrunar, gera einstaklinginn, sem þar dvelst, að betri manni. Er það nú svo, að þessi nafngift sé í einhverju réttmæt, eða er hún öfugmæli? Þar svarar hver fyrir sig með tilliti til þess sem hann veit dæmi um.

Annað atriðið er varðandi eðli afbrots og ástæður allar þegar til hörðustu refsinga er gripið, hversu réttlætanleg og um leið æskileg frelsissviptingin er, ekki aðeins vegna einstaklingsins, heldur og frá samfélagslegu sjónarmiði. Inn í þessa mynd koma geðsjúkir alveg sérstaklega. Það er fyllilega ástæða fyrir okkur að staldra hér við og reyna á hlutlægan hátt að gera okkur sem besta grein fyrir gildi og tilgangi frelsissviptingar sem refsingar. Varðandi störf nefndar með heildarúttekt að markmiði er eðlilegt og sjálfsagt að kanna þetta grundvallaratriði alveg sérstaklega. Ég minni á fleyg orð, sem munu hafa verið sögð af séra Árelíusi Níelssyni, á aðalfundi Verndar nýlega, þar sem hann var að skora á okkur að vera fyrstu þjóðina, sem legði fangelsi niður. Sannarlega er þetta umhugsunarefni frá manni sem hefur svo mjög nálægt þessum málum komið og hefur kynnt sér þau eins og séra Árelíus hefur gert.

Ég vil minna enn frekar á nokkur atriði sem komið er inn á í þessari grg. Í þessu máli hæfa engir dómar engar alhæfingar til eða frá. Hlutlaus úttekt á að vera öllum nauðsyn. Eflaust þykir mörgum þó glöggt af tillgr. að flm. telji að úrbætur þurfi og nýtt heildarskipulag þurfi til að koma. Úr því dreg ég ekkert. Alveg sérstaklega skal þar minnt á þá fanga sem eiga við geðræn vandamál að stríða. Þar er vandinn viðkvæmastur og erfiðastur úrlausnar, svo sem glögglega var rakið hér áður í tengslum við till. um geðheilbrigðismál sem samþykkt var sem ályktun Alþingis í fyrra.

Á ráðstefnu Verndar um þessi mál, vanda geðsjúkra afbrotamanna, sem haldin var s. l. vor, kom margt fram sem sannarlega vakti til athugunar og umhugsunar. Inn í fangelsismál okkar blandast að sjálfsögðu ýmis þjóðfélagsleg vandamál, sem nú eru mjög ofarlega á baugi: áfengisvandamálið, fíkniefnavandamálið, svo þau stærstu séu dregin fram í dagsljósið. Svo miklir orsakavaldar eru hér á ferð að í raun er ekki hægt að ræða þessi mál, afbrotamál yfirleitt, án þess að þessir vímugjafar komi meira og minna inn í myndina. Öll litu þessi mál allt öðruvísi út ef svo væri ekki. Inn í það fléttast svo ótalmargt sem ekki er þörf á að rekja hér. En hollt er okkur öllum að hafa þetta hugfast í allri umræðu og umfjöllun um þennan málaflokk og vímugjafarnir, áfengi sem fíkniefni, eiga að skoðast m. a. í ljósi þessa. Í allri umræðu okkar um betra þjóðfélag og fegurra mannlíf ættum við að líta á vímugjafana af raunsæi, með opnum augum, og í aðgerðum okkar öllum ættum við að miða við hversu fyrirbyggjandi aðgerðir í þeim efnum og hjálparaðgerðir einnig eru afgerandi þættir til að létta þann vanda sem við erum nú sérstaklega að ræða. En þetta átti aldrei að vera nema þörf áminning, enda vart hægt að fjalla hér um án þess að að vímugjöfunum sé vikið um leið þeim vímugjöfum sem vefa marga örlagaþræði allt of margra þeirra sem við erum að dæma og refsa fyrir afbrot af ýmsu tagi.

Varðandi önnur fíkniefni en áfengi og afbrot þeim tengd verður eflaust umræða í vetur, þar sem stjórnvöld fjalla nú sérstaklega um þá óhugnanlegu þróun sem þar á sér stað og hversu við skuli bregðast. Enda þótt vímugjafarnir verði hér ekki teknir frekar inn í almennt fer þó ekki hjá því, að þeir eru afgerandi oft og tíðum varðandi þá afbrotamenn sem við geðræn vandamál eiga að etja, auka vanda þeirra og gera öll þeirra mál oft enn erfiðari úrlausnar en ella væri og enn vandmeðfarnari, enn viðkvæmari. Á þeim á þess vegna að taka á sérstakan hátt, en ekki á þann hátt sem nú er því miður í allt of ríkum mæli gert.

Ég ætla að vona að þetta verði upphaf málefnalegrar og hreinskiptinnar umr. hér á eftir.

Til þess að gera megi sér nokkra grein fyrir því, hve mikið umfang það er sem við erum hér að fjalla um, ætla ég að leyfa mér að vitna í nokkra minnispunkta sem séra Jón Bjarman fangaprestur hefur látið mér í té sem innlegg í þessa umr. Með leyfi forseta segir séra Jón Bjarman í bréfi til okkar flm.:

„Að minni hyggju þarf úttekt að ná til eftirtalinna þátta, sem allir tengjast fangelsismálum, og jafnframt til þeirra laga sem hver þáttur fyrir sig byggir á:

Íslenskar refsivistarstofnanir, hlutverk þeirra, rekstur þeirra, starfslið o. fl. það sem lýtur að rekstrinum. Framkvæmd skilorðsbundinna losana úr refsivist, náðana, uppgjafar saka, skilorðsbundinna dóma, frestun á ákæru og mat á gagnsemi þessara þátta refsikerfisins. Framkvæmd gæsluvarðhalds vegna rannsókna í sakamálum, rekstur sérstakrar stofnunar í því skyni, mat á reglum sem varða frelsisskerðingu sakaðra manna vegna málsrannsókna. Réttarúrræði vegna manna sem sýknaðir eru fyrir dómi vegna ósakhæfni, en jafnframt úrskurðaðir til öruggrar gæslu á viðeigandi hæli. Hinn almenni seinagangur réttarkerfisins og oft og tíðum langa bið frá því brot er tekið til rannsóknar og þar til dómur er upp kveðinn og til fullnustu kemur. Starfsemi frjálsra félagasamtaka til aðstoðar mönnum í fangelsum og þeim sem þaðan losna. Stuðningur ríkis og sveitarfélaga við slík samtök. Mat á beitingu ákvæða stjórnarskrárinnar um

náðun og uppgjöf saka svo og 40. gr. almennrar hegningarlaga um reynslulausn og framkvæmd slíkra ákvarðana.

Upptalning mín verður ekki lengri þó hún gæti verið miklu lengri," segir séra Jón Bjarman.

„Ég er fús til að koma til viðræðna við þn. þá sem um þetta mál kann að fjalla áður en það kemur til endanlegrar ákvörðunar hins háa Alþingis."

Ég vek athygli á því, að séra Jón Bjarman lýsir yfir sérstökum vilja til viðræðna við þá þn. sem fær þetta mál til meðferðar. Ég efa ekki að það væri nefndinni mjög til hjálpar í starfi hennar, svo víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu sem hann hefur á þessum málum almennt. En þessi upptalning hans á verkefnunum, sem við væntanlegri nefnd blasa, gefur okkur nokkra hugmynd um það mikla víðfeðmi sem hér er um að ræða. Nauðsyn þessarar úttektar verður a. m. k. enn ljósari þegar þessi verkefnalisti, sem Jón Bjarman segir að engan veginn sé tæmandi, er skoðaður.

Ég minnti í grg. á bókina: Stattu þig drengur. Ég ítreka það hér og nú, að þar koma fram ýmis atriði sem eru allrar athygli verð og láta engan mann ósnortinn með öllu. Um allt það mál skal hins vegar ekki rætt frekar hér, hvorki með tilvitnunum né því síður einhverjum fullyrðingum í tengslum þar við. Bókin er samt að vissu marki hólmgönguáskorun til okkar allra, til þjóðfélagsins í heild, og við eigum að bregðast við henni sem við best gerum á hverju því sviði sem sú lesning snertir okkur og það er víða, vægast sagt.

Ég segi það hér í grg. og við flm., að fá mál eigi meiri heimtingu á raunsærri skoðun, umræðum og í framhaldi af þeim og nauðsynlegu starfi nefndar, sem gerði úttekt og tillögur til Alþingis, yrði þá af mikilli alvöru snúið sér að því að gera þær umbætur sem knýjandi teldust. Þetta ógæfufólk á þar ótvíræðan rétt. Rétti þess má löggjafinn aldrei gleyma, heldur gæta hans sem best.

Í till. okkar er vikið að nefndarstarfi og uppbyggingu þeirrar nefndar. Það er sjálfsagt að hver þingflokkur tilnefni aðila í þessa nefnd til nánari tengingar málsins við Alþingi á öllum stigum. Að sjálfsögðu eiga tilnefningar ekki að vera bundnar við alþingismenn. Fulltrúi ráðuneytisins er sjálfsagður til upplýsingagjafar og sambands við yfirvöld dómsmála. En í till. er gert ráð fyrir sérstöku vægi í nefndinni hvað snertir Félagasamtökin Vernd. Við flm. leggjum mikla áherslu á virka og sterka þátttöku frá þeim ágæta félagsskap í öllu því starfi sem till. beinist að. Þeir, sem þar starfa, vita öðrum betur hverju er ábótavant, hvað má betur gera, hvernig skal á málum haldið, hvert framtíðarfyrirkomulag skal vera. Óeigingjarnt og fórnfúst starf þessara samtaka verður seint metið til fulls, og hversu vel sem við gerum í þessum málum verður lifandi og styrk þátttaka þessara samtaka brýn nauðsyn engu að síður. Þeirra starf hefur beinst öllu öðru fremur að hinum beina mannlega þætti, hjálparstarf sem oft hefur borið ótrúlegan ávöxt. Löggjafinn getur sannarlega verið þakklátur fyrir þetta starf, og okkar er því að styrkja sem best þessa starfsemi, ekki aðeins með fjárhagslegum stuðningi, svo mikilvægur sem hann er, heldur með beinum aðgerðum og virkari þátttöku um leið. Við flm. leggjum því höfuðáherslu á að Vernd komi svo rækilega inn í þessa nefnd sem till. gerir ráð fyrir.

Ég hef ekki hugsað mér að hafa þessa framsögu lengri. Hún er fyrst og fremst hugsuð sem opnun þessa máls á Alþingi, opnun sem ég tel nauðsynlega, sem ég tel tímabæra, sem ég tel óhjákvæmilega.

Ég vil leggja til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég fagna þeirri þáltill., sem hér er til umr., og þakka flm. hennar fyrir að færa þessi mál inn á hv. Alþingi. Eins og fram hefur komið hafa þessi mál verið mikið í sviðsljósinu undanfarna mánuði og fram komið mikil gagnrýni á fangelsismálin og aðbúnað fanga í fangelsum. Þær umræður gefa vissulega tilefni til að gerð verði úttekt á þessum málum, enda erfitt að meta fyllilega réttmæti þeirrar gagnrýni, sem fram hefur komið, fyrr en sú úttekt liggur fyrir, þó margt bendi til að hún eigi við töluverð rök að styðjast. Ég tel því skynsamlega á málum tekið í þessari þáltill., að úttekt fari fram og áliti verði skilað um úrbætur,auk áætlunar um framtíðarskipan þessara mála.

Ég skal ekki fara út í einstaka gagnrýni, sem fram hefur komið á fangelsismálum í fjölmiðlum, en við þó benda á eitt atriði. Ég álít að það eitt gefi vissulega tilefni til úttektar á þessum málum. Í Dagblaðinu 17. ágúst s. l. segir Jón Bjarman fangaprestur eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Ég hef fylgst með um 300 refsiföngum. Flestir koma út skaddaðir, sumir óbreyttir, einn, kannske tveir, höfðu batnað."

Þessi orð fangaprestsins, sem hefur starfað að þessum málum um langan tíma, manns sem hefur tækifæri til að komast mjög náið í snertingu við þessi mál og greina hvað aflaga fer í aðbúnaði fanga og fangelsismálum almennt, gefa vissulega tilefni til að huga betur að þessum málum. Þau gefa sannarlega tilefni til að staldra við og athuga hvort við séum yfirleitt á réttri braut þegar það er mat fangaprestsins að flestir komi skaddaðir út eftir fangavist, hvort ekki þurfi að huga að ýmsum öðrum atriðum betur sem lausn vegna afbrota en eingöngu innilokun bak við lás og slá, einhverju sem stuðlað gæti að því að gera fangann betri þjóðfélagsþegn, en ekki verri, þegar hann hefur lokið sinni afplánun.

Ég vil benda á hér í lokin, að reglugerð um fangavist er orðin mjög úrelt og brýna nauðsyn ber til að endurskoða hana, en hún er frá 1957 og því 24 ára gömul.

Í sjálfu sér verður því ekki móti mælt, að nokkuð strangur agi verður að vera í fangelsum. En það er hægt að ganga of langt með allt of ströngum reglum, þannig að reglurnar skaði, en bæti ekki. Það hlýtur að vera hægt að finna mannúðlegri leið í meðferð fanga en að fangaverðir lesi hvern stafkrók í bréfum sem fangar fá, hleri öll símtöl þeirra, auk þess sem þau eru mjög takmörkuð, standi síðan yfir þeim meðan þeir fá heimsóknir af sínum nánustu. Gengur ekki snuðrið um einkahagi fanganna of langt með þessu? Benda má einnig á að í þessari reglugerð er fangelsisstjóra veitt heimild til að loka fanga inni í einangrunarklefa í allt að 90 daga, þó ekki lengur en 30 daga nema með samþykki ráðuneytisins. Er fangelsisstjóranum ekki gefið þarna of mikið vald að geta einn úrskurðað fanga í 30 daga einangrun? Væri ekki réttara að fleiri væru um að meta brot fangans, hvort það væri svo stórt að tilefni gæfi til margra vikna einangrunar?

Ég hafði ætlað mér að flytja till. um að þessi reglugerð frá 1957 yrði endurskoðuð, en ég sé ekki ástæðu til þess, því eins og þessi till. er sett fram hlýtur einnig að felast í henni að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, endurskoði þessa reglugerð. Vænti ég þess fastlega, að svo

verði gert.

Ég vil, herra forseti, að lokum ítreka þakklæti mitt til flm. og lýsa yfir fyllsta stuðningi við þessa till. og vona að hún fái greiða leið hér á hv. Alþingi og stuðning sem flestra þm.

Guðm J. Guðmundsson: Herra forseti. Í þáltill. þeirri, sem hér er til umr., er lagt til að kosin verði 7 manna nefnd sem geri úttekt á fangelsismálum á Íslandi. Jafnframt er í grg. vakin athygli á þeirri spurningu, hvort ekki skuli beitt öðrum viðurlögum en fangelsunum í ríkari mæli en verið hefur til þessa. Hv. 2. þm. Austurl. hefur gert grein fyrir þáltill. og efnisatriðum hennar og því óþarft að skýra hana nánar. Jafnframt er vert að þakka þær góðu undirtektir sem komu frá hv. 10. þm. Reykv.

Ég vil hins vegar lýsa gagnrýni minni á þeirri oftrú sem virðist ríkja í lögum og dómum hér á landi á gildi fangelsisvistunar. Ég hef í nokkra áratugi haft talsverð kynni af ýmsum þeim og þá sér í lagi ungmennum sem betrunarhúsið á Litla-Hrauni hafa gist. Öll þau kynni hafa sífellt betur staðfest þá skoðun mína, að við séum á rangri leið í þessum efnum. Ég hef haft kynni af ungum mönnum sem glatað hafa heilsu sinni á Litla-Hrauni og tortímst í orðsins fyllstu merkingu. Það væri ljót saga ef það væri þulið.

Áður en ég hef reiðilestur minn, ákæruna gegn þessari fangelsistrú, vil ég taka skýrt fram og leggja áherslu á að það er auðveldara að gagnrýna þetta fyrirkomulag en koma með jákvæðar og frjóar tillögur til úrbóta. En þær litlu vonir, sem ég batt við núv. hæstv. dómsmrh. í þessum efnum, eru löngu kulnaðar. Hafa hv. alþm. gert sér grein fyrir því, að um 80% fanga á Litla-Hrauni eru alkóhólistar eða eiga við alvarleg áfengisvandamál að stríða? Hafa hv. alþm. gert sér grein fyrir því, að verulegur hluti þessara manna kemur aftur og aftur á Litla-Hraun? Hvar er betrunarhúsið sem átti að bæta þessa ungu menn og gera þá að nýtari þjóðfélagsþegnum? Mér er sagt að það séu milli 10—15 fangar á Litla-Hrauni samkvæmt læknisúrskurði geðveikir, að vísu á mismunandi háu stigi, sumir dæmdir ósakhæfir, aðrir taldir þurfa á læknismeðferð að halda sökum geðveiki og eiga alls ekki í fangelsum að dveljast. Þessir menn þurfa læknismeðferð. Eins og ég sagði áðan hafa margir verið úrskurðaðir ósakhæfir sökum geðveiki, en engu að síður vistaðir á Litla-Hrauni vegna þess að geðsjúkrahús neita að veita þeim viðtöku. Slíkir menn geta ekki talist heppilegir uppalendur ungra manna og óharðnaðra, sem dómsvaldið hefur úrskurðað til betrunar. Hér er raunar á ferðinni einstakt hneykslismál, sem þyrfti að ræða sérstaklega. Landlæknir hefur raunar oftar en einu sinni ítrekað að hér sé um fáheyrt hneykslismál að ræða. Þarna eru einnig kynferðislega afbrigðilegir menn, sem framið hafa kynferðisleg afbrot eða orðið afbrigðilegir á þessu sviði vegna fangelsisvistar, eins og gjarnan vill verða. Slíkir menn geta ekki heldur talist heppilegir uppalendur ungra manna og óharðnaðra sem dómsvaldið hefur sent til betrunar. Menn, sem dæmdir eru fyrir sérstaklega óhugunanleg kynferðisafbrot, eru 3—4. Ef 50 menn eru vistaðir á Litla-Hrauni hefur um þriðjungur þessara manna ýmist verið úrskurðaður geðveikur af læknum og ætti að dveljast á geðveikrahælum eða vera undir læknishendi eða háskalega kynferðislega afbrigðilegir menn. Slíkt er betrunarhúsið sem við sendum í unga menn um tvítugt í tugatali ár eftir ár og erum forundrandi á að skuli ekki koma göfugir til baka.

Ótrúlega margir þeirra, sem hafa verið dæmdir á Litla-Hraun, eru ungir menn. Þeir eiga ótrúlega margt sameiginlegt. Þeir koma flestir frá heimilum sem hafa átt við erfiðleika að stríða, víða verið mikil áfengisneysla og önnur óregla, hjónaskilnaðir foreldra mjög tíðir. Þeir hafa átt erfiða bernsku og æsku og ekki fengið rétta aðstoð á réttum tíma, sjálfir síðan lent í óreglu, gengið refilstigu, en þó fæstir unnið nokkur níðingsverk, smáþjófnaðir, áfengislagabrot, bílþjófnaðir, minni háttar ávísanafals og þannig mætti lengi telja. Kornungir eru þeir komnir í hendur lögreglunnar. Vinnubrögð lögreglunnar gagnvart þessum ungu mönnum eru kapítuli út af fyrir sig sem fróðlegt væri að ræða nokkuð ítarlega. Þarna er um erfiða aðstöðu lögreglumanna að ræða og hægara um að tala en í að komast, en fádæma eru þessi vinnubrögð oft óheppileg og skaðleg.

Síðan eru þessir ungu menn gjarnan orðnir fangar á Litla-Hrauni fyrir tvítugt. Hafi þeir ekki verið lyfjasjúklingar fyrir verða þeir það flestir á skömmum tíma þar eystra. Sama gildir raunar um hegningarhúsin við Skólavörðustíg og Síðumúla. Svo þegar fangelsið er yfirgefið, dómurinn afplánaður, standa þeir vegalausir í borginni, í ótrúlega mörgum tilfellum útilokaðir frá atvinnumöguleikum því umhverfið snýst öndvert við. Oft eru einu vinirnir samfangar sem eiga við sömu vandamál að stríða. Þetta vandamál eykur áfengisþörfina, eykur pilluátið sem lærðist í fangelsunum og síðan liggur leiðin oftast aftur til betrunar á Litla-Hrauni. Hringrásin er hafin. Í ótrúlega mörgum tilfellum er þessi hringganga svo tíð að fyrr en varir eru bestu árin að baki.

Þær ráðstafanir, sem gerðar hafa verið, hafa verið gerðar af Félagasamtökunum Vernd, sem hafa komið upp tveimur bækistöðvum fyrir fanga sem dvalið hafa á Litla-Hrauni. Aðstoð ríkisins þar hefur verið eitthvað innan við eða um 1% af kostnaði. Þrátt fyrir þessa dimmu reynslu, sem sanna má með tölulegu úrtaki hvenær sem er, virðast yfirvöldin hér á landi enn þá telja Litla-Hraun einu sáluhjálp þessara manna. Sannleikurinn er hins vegar sá, að þessi hópur er langstærstur þeirra sem gista Litla-Hraun.

Hvernig skyldi svo aðstaðan vera hjá þeim sem eru að reyna að brjótast út úr þessum vítahring? Ég gæti nefnt fjölda dæma, 10—20 eða fleiri ef óskað er, þar sem dómsmálayfirvöld virðast leggja sig fram um að koma þessum mönnum niður í svaðið aftur. Þar er um að ræða svo furðulegan skort á mannlegu innsæi og skilningi á mannlegum aðstæðum að maður stendur steini lostinn frammi fyrir þessum ósköpum. En ég skal láta mér nægja eitt dæmi, þar sem nýlokið er einum þætti þess harmleiks, en það er langt frá því að vera ljótasta dæmið. Ef ég nefndi ljótari dæmi býst ég við að virðulegur forseti mundi hringja bjöllu og áminna fyrir ljótt orðbragð.

Til mín leituðu fyrir röskum þremur árum ung hjón með ungt barn. Þau höfðu sótt um íbúð í verkamannabústöðum og áttu við magnaða húsnæðiserfiðleika að stríða. Þeim var úthlutað lítilli tveggja herbergja íbúð. Mér var kunnugt um að eiginmaðurinn, sem að vísu var kornungur, hafði oftar en einu sinni dvalist á Litla-Hrauni, m. a. misst þar fingur vegna lélegrar læknisþjónustu. En eftir að hann kynntist konu sinni hætti hann allri áfengisneyslu, en stundaði vinnu af kappi bæði til sjós og lands. En sumarið 1980 dundi ógæfan yfir. Árið áður hafði hann verið dæmdur í sex mánaða fangelsisvist á

Litla-Hrauni fyrir afbrot, sem framið hafði verið u. þ. b. þrem árum eða svo áður en dómur féll, og nú krafðist dómsvaldið þess, að dómurinn skyldi afplánaður, sex mánaða vist á Litla-Hrauni plús 2 1/2 mánuður sem átti eftir að afplána frá því á fyrri dögum.

Fjárhagur ungu hjónanna var á þann veg, að skuldir voru á milli 8 og 10 millj. gkr. í vaxtaaukalánum og tvísýnt að íbúðin færi ekki á nauðungaruppboð, eiginkonan var barnshafandi að öðru barni þeirra og heimilislæknirinn úrskurðaði að fyrri fæðing hefði gengið það erfiðlega að ekki kæmi til mála að konan héldi áfram störfum meðan hún væri barnshafandi í annað sinn því að bæði heilsu hennar og lífi væri með því stefnt í beina hættu.

Eiginmaðurinn vann til klukkan ellefu á hverju kvöldi og alla laugardaga og keyrði þannig niður skuldir sem safnast höfðu saman frá fyrri árum. Og ekki nóg með það. Þessi fyrrverandi afbrotafangi annaðist verkstjórn í veikindaforföllum atvinnurekenda. Öll þessi störf fórust honum frábærlega úr hendi. Stjórn húsfélagsins í þeim stigagangi, sem þessi ungu hjón bjuggu í, gaf þeim meðmæli fyrir frábærlega góða umgengni og kynni á öllum sviðum.

Ég leitaði til dómsmrh. ásamt öðrum þm., bað um frest á afplánun og skýrði málavexti. Hæstv. dómsmrh. veitti tregur mánaðarfrest til að byrja með. Mánaðarfrest! Þegar þessi mánuður var útrunninn spurði ég hæstv. ráðh. að því, hvort hann gæti ekki veitt þriggja mánaða frest til viðbótar því þá mundi atvinnurekandinn verða aftur kominn til starfa og geta tekið við verkstjórn. Hæstv. dómsmrh. treysti sér ekki til þess vegna þess að einhver Þorsteinn, sem væri starfsmaður hjá honum, væri því andvígur, og mér skildist að allt dómskerfið færi úr skorðum ef orðið væri við þessari bón. Næsta dag var þessi ungi maður færður í Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Hann kvaddi samstarfsmenn sína, sem hann hafði stjórnað af miklum myndarskap undanfarnar vikur, annast útborganir með sóma og fleira, því nú þyrfti hann að fara í tukthús. Í a. m. k. hálfan mánuð var hann geymdur í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg vegna þess að það var ekki pláss á Litla-Hrauni. En hann fékk pillur í Hegningarhúsinu til að bæta upp vinnutapið og sefa ótta um heilsu konu sinnar.

Eftir rösklega þriggja mánaða dvöl á Litla-Hrauni varð að leysa hann úr haldi eftir kröfu læknis vegna þess að hann var yfirkominn á taugum og heilsu. Yfir veturinn stundaði hann sjómennsku og um sumarið var hann í sæmilega tekjugóðri vinnu utanbæjar. En þessi Þorsteinn í ráðuneytinu vildi strax að vori taka hann og koma honum til „betrunar". Það er reyndar dálítið erfitt að gera sér fulla grein fyrir því, hvor sé ráðherra hæstv. Friðjón Þórðarson eða þessi Þorsteinn. Dómsmrh. féllst á að bíða fram eftir sumri, enda fjárhagur fjölskyldunnar í algeru kaldakoli. Þrátt fyrir það lét þessi margumtalaði Þorsteinn í rn. handtaka unga manninn nokkrum sinnum yfir sumarið, jafnfram því sem hann lét hengja upp myndskreytta tilkynningu á veggi lögreglustöðvarinnar í Reykjavík þar sem þess var krafist, að maðurinn yrði handtekinn hvar sem í hann næðist.

Ég legði til svona utan dagskrár, að eitthvert hreppsfélag, sem ætti við slæmar fjárheimtur af fjalli að stríða, réði þennan mann til sín sem fjallkóng. Hann virðist ekki líta glaðan dag nema hann komi fanga á Litla-Hraun. Fangi á dag kemur skapinu í lag!

Það væri áreiðanlega þjóðhagslegu hagkvæmara, að þessi ágæti starfsmaður dómsmrn. væri fjallkóngur í einhverjum hreppi úti á landsbyggðinni.

Þegar leið á sumarið átti þessi ungi maður kost á plássi á einu aflasælasta loðnuskipi íslenska flotans. Tveir alþm. buðust til að koma með þennan mann á Skólavörðustíg 9 tveimur dögum eftir að loðnuvertíðinni lyki. 50 manns voru um þetta skipspláss, enda mjög eftirsótt. En hæstv. dómsmrh. kaus „betrun" á Litla-Hrauni. Við þessir tveir alþm. héldum í fávisku okkar að ungi maðurinn væri betur geymdur við loðnuveiðar norður í Íshafi við verðmætasköpun, jafnframt því sem hann bjargaði fjölskyldu sinni frá endanlegu fjárhagslegu gjaldþroti.

En hvernig standa svo málin hjá þessum unga manni sem áður gekk refilstigu og villur vegar, hætti svo áfengisneyslu og afbrotum, stofnaði heimili og hafði fyrir tveim börnum að sjá? Form dóma varð honum hindrun á framhaldi eðlilegs lífs. Fyrir röskri viku dvaldist hann á Litla-Hrauni í einangrun yfirbugaður maður. Framtíð hans og heilsa virtust í tvísýnu, eiginkonan undir læknishendi vegna taugaálags, íbúðin þeirra á uppboði og skuldadrottnar kröfðust gjaldþrots. Réttlætinu hafði verið fullnægt.

En þegar þessi till., sem hér er til umfjöllunar, hafði verið lögð fram skoraði aðalfundur Verndar á Alþingi að samþykkja hana og ástand þessara mála fór að koma til umræðu í þáttum í Ríkisútvarpinu. Ég hafði ítrekað bréf mín til fullnustumatsnefndar um að manni þessu yrði sleppt úr haldi vegna fjölskylduaðstæðna. Þá skyndilega var honum sleppt úr haldi s. l. föstudag, þótt þá væri nýbúið að tilkynna honum að hann yrði í haldi út janúarmánuð a. m. k. Ég gæti utan enda þulið upp slíkar sögur, af nægu er að taka, og því miður er það yfirleitt harmsögur.

Ég held að þótt píslargöngur í dómsmrn. séu margar, og ekki efa ég að beðið sé um náðun fyrir hvern þann sem dæmdur er, þá sé óhjákvæmilegt að breyta þeim vélrænu vinnubrögðum sem nú tíðkast þar. Hér verður að taka upp mannleg vinnubrögð gagnvart mönnum sem beðið hafa árum saman eftir dómi og búa við gerbreyttar og betri aðstæður með framkomu og hegðun. Fjallkóngssjónarmiðið verður að víkja. Þótt ráðuneytisstjóri dómsmrn. sé einn mesti heiðursmaðurinn í íslenskri embættismannastétt, og ég vil ekki orðinu á hann halla, verð ég að segja að þegar rætt er um ýmsa starfsmenn dómsmrn. og marga þá, sem við fangamál fást, dettur mér í hug hending úr vísu Bólu-Hjálmars: Af frjálsum manngæðum lítið eiga.

Satt að segja á ég ekki til orð þegar ég heyri tilsvör manna sem jafnvel gegna deildarstjórastörfum í þessu virðulega rn. Ég verð svo gersamlega forundrandi á þeim tilsvörum sem ættingjar fá, grátandi konur með börn á handlegg, að ég bókstaflega stirðna upp. En réttlætistilfinningin birtist í ýmsum myndum.

Það er ekki vanþörf á að Alþingi kjósi þá nefnd, sem till. gerir ráð fyrir, til að kynna sér þessi erfiðu og vandasömu mál og framkvæmd þeirra, gera tillögur til úrbóta. Hin dauða hönd núv. hæstv. dómsmrh. hef ég ekki trú á að muni mikið gera. Það þarf að endurskoða reglugerðir og alla starfshætti í fangelsum. Engin reglugerð er til um Hegningarhúsið í Reykjavík, aðeins einhverjar húsreglur frá því um aldamót. Reglugerð um Litla-Hraun er löngu orðin úrelt. Stjórn Litla-Hrauns tekur lítið þátt í rekstri þessa betrunarhúss og hefur í

gegnum árin oft og tíðum vitað sáralítið um það sem þar fer fram. Hins vil ég þó geta, að núverandi forstöðumaður virðist mér af umsögnum leggja sig fram í sínu starfi að reynast þessum ógæfumönnum vel.

Það er óhjákvæmilegt að hleypa þarna inn fersku lofti. Fyrrum dómsmrh. hafa flestir eitthvað gert til bóta, og sumir allverulega, en afrekaskrá núv. hæstv. dómsmrh. er fljótlesið plagg. Það væri mjög til bóta ef þeim refsiföngum, sem hafa orðið áfengissýkinni að bráð, væri gefinn kostur á meðferð fyrir áfengis- og lyfjasjúklinga á viðurkenndum meðferðarstofnunum á borð við SÁÁ. Staðreyndin er sú, að þeir áfengissjúklingar, sem gera sér grein fyrir og ná tökum á sjúkdómi sínum, geta lifað fullkomlega eðlilegu lífi án áfengis, en til þess þurfa þeir að fá tækifæri. Slíkt tækifæri má gefa þeim með því að yfirvöld bjóði þeim meðferð af því tagi sem áður er getið fyrir áfengis- og eiturlyfjasjúklinga, bjóði hjálp til að halda sjúkdómnum í skefjum og síðan verði gefinn kostur á eins til tveggja ára reynslutíma sem leiði til niðurfellingar allrar afplánunar ef vel tekst.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að það er mjög til athugunar að leggja hér fram á hæstv. Alþingi — það verður þá skoðað nánar hvort sú nefnd, sem væntanlega verður kosin, muni ekki fjalla um það — sérstakt frv. um breytingar á hegningarlögum og ýmsum lagaþáttum þessara mála. Það er nauðsynlegt að gera öflugar ráðstafanir til að gefa þeim ungu mönnum, sem í fangelsum lenda, betri aðstöðu til menntunar og reyna á einhvern hátt að halda þannig á málum að fangelsi verði til betrunar, en ekki það mannskemmandi spillingardíki sem nú er, sem brýtur niður unga menn sem þangað koma, þannig að það verður að halda þeim gangandi á vanabindandi lyfjum. Er engar ráðstafanir hægt að gera til að auka menntun þessara ungu manna? Af könnunum er ljóst að verulegur fjöldi þeirra hefur ekki lokið skyldunámi. Öll reynsla úr nágrannalöndum sýnir að fangavist og nám falla illa saman. Þó má vel vera að í einhverju tilfelli geti það verið. Öllu, sem gert hefur verið í þessum málum, hafa Félagasamtökin Vernd beitt sér fyrir, bæði komið á stofn heimilum fyrir fanga, sem lokið hafa afplánun, og reynt að gera eitthvað í menntunarmálum þeirra. Það er hart að vita til þess, að skólastjórar skuli þurfa að beita hörku til að fangar fái að taka í skólum hjá þeim próf sem þeir hafa reynt að búa sig undir. Ég fullyrði að margir þessara fanga eru fúsir og hæfir til menntunar ef tækifæri og aðstaða gæfust.

Við skulum muna að það er fátt dýrara þjóðfélaginu en að ala upp unga menn í fangelsum. Það þarf að athuga með fangaverðina. Þar eru fjöldamargir góðir og gegnir menn, sem ekki mega vamm sitt vita og starfa við erfiðar aðstæður, eins og kom fram í grg. 2. þm. Austurl. Að þessu þarf að hyggja. Ég fullyrði að í þessum störfum eru því miður líka menn sem aldrei ættu að koma nærri föngum. Ég vil minna á reynsluna af fangelsisrefsingunni, og ég vil minna á þau ummæli forstöðumannsins á Litla-Hrauni, að hann veit ekki um nokkurn mann sem orðið hafi betri maður í fangelsisvist.

Ég skal fyrstur manna viðurkenna að þessi mál eru ákaflega vandmeðfarin og vandasöm og vonbrigði eru oft fylginautur þeirra. Eitt brýnt atriði, sem reyndar er tengt dómskerfinu öllu, er að menn þurfi ekki að bíða mörg ár eftir að dómur sé kveðinn upp í málum þeirra. Ég minntist á í upphafi að þar gæti ég talið upp dæmi sem erfitt væri að þylja hér á virðulegu Alþingi. Ég skal líka viðurkenna að ýmsum óhæfuverkum og jafnvel níðingsverkum verður erfitt að láta órefsað. En ég vil leggja áherslu á að ég held að það sé hægt að fækka í fangelsum. Ég held að það eigi ekki að dæma þessa ungu menn, sem lent hafa á refilstigum, eins títt í fangelsi og gert hefur verið. Það er skoðun mín að breyta þurfi lögum þannig að þegar ungt fólk á í hlut verði dómurum gert skylt að afla sér staðgóðra upplýsinga um persónulegar og uppeldislegar aðstæður þeirra, sem í hlut eiga, og auka skilorðsbundna dóma frá því sem nú tíðkast. Einnig þyrfti að efla skilorðseftirlit ríkisins og gera því fært að auka eftirlit og aðstoð við þetta ólánssama fólk. Það væri líka athugandi að fela viðurkenndum mönnum umsjónaraðild með viðkomandi ungmenni í ákveðinn tíma, og fleiri leiðir mætti athuga. Færibandadómar, sem senda ungt fólk til Litla-Hraunsdvalar, eru ekki til velfarnaðar. Að snúa lykli í skrá og gefa manni pillu er oft það auðveldasta, en sjaldan það farsælasta. Skilorðseftirlit ríkisins vinnur að mínu mati gott starf, en um fullnustumatsnefnd dómsmrn. vil ég nota það líkingamál, að öxin og jörðin mundu geyma hana best.

Herra forseti. Ég skal fara að ljúka máli mínu, en á þó margt ósagt. Ég skal viðurkenna að fíkniefnaflóðið, sem hrjáir nágrannalönd okkar og er að steypast yfir okkur, skapar gífurlegan vanda. En ég er sannfærður um að nefnd, þar sem allir stjórnmálaflokkar ættu fulltrúa, þar sem Félagasamtökin Vernd ættu einnig fulltrúa og dómsmrn. formanninn, mundi án efa skila mörgum athyglisverðum tillögum. Fangelsismál hjá okkur eru í svo slæmu ástandi að Alþingi getur ekki lengur horft þar aðgerðalaust á. Ég hef þá trú, að vegna margs konar sérstöðu þjóðfélags okkar höfum við Íslendingar möguleika á að leggja að mestu niður fangelsi, en til þess þarf mikið átak, frjóa hugsun og ný jákvæð úrræði þar sem hagnýtt er það besta frá öðrum löndum, en forðast það sem versta raun hefur gefið erlendis. Þrátt fyrir allt skapar fámennið okkur þennan möguleika. Ég skal viðurkenna að þetta ástand á sér dýpri rætur en að það sé hægt að saka um núv. hæstv. dómsmrh., en ég hef enga trú á að núv. hæstv. dómsmrh. veiti þar nokkra leiðsögn. Ég saka hann um úrræðaleysi og ég saka hann um sljóa og dauða embættismennsku sem gengur vanans veg og er þræll bókstafsins og kerfisins. En ég hef þá trú, að meiri hluti hv. alþm. vilji leggja hönd á plóginn til nýrra úrræða, nýrra vinnubragða sem hefjist á nefndarstarfi sem alþm. kjósa sjálfir í.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um fangelsismál sem gerir ráð fyrir að skipuð verði sjö manna nefnd til að gera úttekt á fangelsismálum. Ég er sammála efni þessarar till. og lýsi stuðningi mínum við hana.

Fangelsismálin hafa verið mikið í umræðum í fjölmiðlum undanfarin ár. Ýmis tilefni hafa komið þessari umræðu af stað, og þungar ásakanir hafa fallið í garð þeirra sem bera ábyrgð á þessum málum. Þessi þáltill. var tilefni til umfjöllunar í útvarpi fyrir skömmu þar sem rætt var við annan flm. till., hv. 7. þm. Reykv., og í framhaldi af ummælum hans við fangaverði og fulltrúa í dómsmrn. Ég ætla ekki að fjalla um þær umræður hér, en hv. 7. þm. Reykv. lét þar stór orð falla og gaf fyrirheit um meira þegar umræður yrðu um málið á hv. Alþingi. Það fyrirheit hefur hann staðið við nú. Sjálfsagt eru þau orð ekki

ofsögð sem hann hefur látið frá sér fara, en það er e. t. v. nokkuð þungur dómur sem er kveðinn upp yfir núv. hæstv. dómsmrh., því að ég er hrædd um að þessi miklu vandamál í fangelsismálunum séu eldri en vera hans í þeim ráðherrastól. En hvað sem um fram komnar ásakanir varðandi meðferð einstakra fanga má segja held ég að stór þáttur í þessu öllu saman sé að skilning hjá þeim, sem með fjárveitingavaldið fara, hafi skort á þýðingu þess að búa svo að þessum málum í heild að þau gefi kost á því að refsifangar komi betri og hæfari menn út í þjóðfélagið eftir að refsivist lýkur.

Eins og fram kemur í grg. með till. lagði ég fram fsp. á s. l. vori til hæstv. dómsmrh. um fangelsismálin. Þessi fsp. mín var í fjórum liðum og vona ég, herra forseti, að mér leyfist að lesa hana hér nú, en þar var spurt hvort fyrirhugaðar væru úrbætur í fangelsismálum í náinni framtíð og þá einkum varðandi eftirfarandi þætti: að stofna vinnuhæli fyrir unglinga, sbr. lög um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973, um vistun geðsjúkra fanga, endurhæfingu fanga innan fangelsanna og um kvennafangelsi. Ég lagði þessa fsp. fram 12. maí s. l., og hæstv. dómsmrh. var tilbúinn með svör sín fáeinum dögum síðar. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir mínar fékkst málið ekki tekið á dagskrá hér á hv. sameinuðu þingi og var tímaskorti borið við þar sem stutt væri til þinglausna. Vissulega olli þetta mér vonbrigðum þar sem ég taldi fulla ástæðu til að fá umr. um þessi mál á hv. Alþingi. En málið þótti ekki svo mikilvægt að eyða mætti í það tíma á síðustu dögum þingsins. Niðurstaðan varð því sú, að ég féllst á skrifleg svör hæstv. dómsmrh. heldur en engin svör og gerðist það á þinglausnadegi.

Ég vil við þetta tækifæri, þó seint sé, þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans. Þar kemur fram þrátt fyrir allt, að unnið er að úrbótum í fangelsismálum. Er það vel því að mörg óleyst og brýn verkefni eru fram undan. Það er ánægjuefni, að svo virðist nú að tekist hafi að leysa t. d. vistunarmál þeirra kvenfanga, sem hafðir voru í gæslu á Akureyri, með því að nú hefur fengist húsnæði fyrir þessar konur austur í sveitum. Það kemur fram í svörum hæstv. dómsmrh., að vistun geðsjúkra fanga er eitt af brýnustu vandamálum sem óleyst eru, og við getum víst öll verið sammála um það. Þess er að vænta, að í þeim efnum verði tekið í alvöru á málinu og raunverulegar úrbætur gerðar. Það mál þolir heldur enga bið.

Ég ætla ekki að tala langt mál um svör hæstv. ráðh. við fsp. mínum, þar sem þessi till. til þál., sem hér er til umr., mun væntanlega, ef samþykkt verður, verða til þess að allir þættir þessara mála verði teknir til meðferðar og áætlun gerð um framtíðarskipan þeirra. Ég vil þó geta þess, að fsp. mín til hæstv. dómsmrh. var fram borin í framhaldi af fundi sem ég sat 27. apríl s. l. og boðað var til að tilhlutan nefndar er fjallaði um málefni fanga. Margt athyglisvert og fróðlegt — og mætti kannske segja: óhugnanlegt kom fram á þeim fundi, enda margir frsm. gjörkunnugir fangelsismálum.

Tilgangurinn með því að vista refsifanga í fangelsi hlýtur að vera sá, að hann, þ. e. refsifanginn, komi að lokinni úttekt á refsingu út í þjóðfélagið sem nýtur þegn. Eins og málum er nú háttað er það undir hælinn lagt hvort slíkt gerist. Því miður virðist það vera svo, að margir þessara ógæfusömu manna lenda í þeim vítahring að fangelsið verður þeirra eina örugga athvarf, því að um leið og út er komið fer allt í sama horfið. Þetta kom greinilega fram í ræðu hv. 7. þm. Reykv. áðan, en svar við þessu vandamáli var á þessum umræddu fundi að brýn nauðsyn væri á endurhæfingu fanga innan fangelsanna og unglingavinnuhæli.

Fréttir hafa birst af því í blöðum, að refsifanga hefði verið gert kleift að stunda iðnnám á meðan á refsivist stóð. Sá ungi maður virðist horfa björtum augum — eða við ættum kannske að láta nægja að segja bjartari augum — til framtíðarinnar. Refsivist hans hefur því greinilega borið jákvæðan árangur. Í svörum hæstv. ráðh. varðandi fsp. mína um stofnun unglingavinnuhælis segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Rn. telur að stofnun slíks unglingavinnuhælis verði að bíða þess, að leyst hafi verið önnur brýnni úrlausnarefni í fangelsismálum, nema sérstakar aðstæður séu fyrir hendi sem gera það æskilegt að koma slíku vinnuhæli á fót, eins og t. d. ef Krýsuvíkurskólanum yrði breytt í unglingavinnuhæli.“

Það er að sjálfsögðu matsatriði hver eru brýnust úrlausnarefni í fangelsismálum, en ég leyfi mér að benda á að það hlýtur að skipta miklu máli varðandi óharðnaða unglinga, sem lenda í afbrotum, hvernig aðbúnaður er fyrir hendi. Í þeim efnum væri hægt að vinna fyrirbyggjandi starf ef aðstaða væri til þess.

Um langt skeið hefur það verið áhugamál aðstandenda Krýsuvíkurskólans að koma húsnæðinu í notkun eftir að séð var að það hlutverk, sem honum var ætlað upphaflega, er ekki lengur fyrir hendi. Ýmsar athuganir hafa farið fram í þeim efnum og viðræður við ýmsa aðila, m. a. fulltrúa dómsmrn. Engar niðurstöður hafa orðið, en þó er mér kunnugt um að húsið hefur a. m. k. verið skoðað af fulltrúum rn. Eignaraðilar þessa skóla mundu fagna því, ef möguleiki yrði að nýta húsið fyrir unglingavinnuhæli, og telja að vart væri hægt að finna því betra hlutverk, miðað við breyttar forsendur. Ég vænti þess, að þetta mál verði athugað mjög ítarlega af væntanlegri nefnd, hvort það væri þess virði að yfirtaka húsnæði Krýsuvíkurskólans og nýta í þágu einhverra þeirra ógæfusömu hópa sem dæmdir eru til fangavistar í lengri eða skemmri tíma og kalla á hjálp um betri aðbúnað og endurhæfingu. Þetta húsnæði hefur upp á aðstöðu að bjóða fyrir vinnuhæli og endurhæfingu fanga.

Ég vil taka undir það, að góður styrkur væri að reynslu og þekkingu séra Jóns Bjarmans fyrir nefndina sem væntanlega verður samþykkt hér á hv. Alþingi að taki til starfa, því að sennilega eru það fáir sem þekkja eins vel til þessara mála og hann.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð mín öllu lengri, en ég þakka flm. þessarar till. fyrir að hafa lagt hana fram, endurtek stuðning minn við hana og vænti þess, að hún fái skjóta afgreiðslu hér á hv. þingi.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hér er fjallað um till. til þál. um fangelsismál. Ég er þakklátur þeim sem hér hafa talað um þessi vandasömu mál af hógværð og háttvísi. Ég hef því miður ekki tíma til að svara þeim fsp. eða þeim athugasemdum sem hafa komið fram í máli þeirra lið fyrir lið, en geri það kannske jafnóðum í þeim orðum sem ég segi hér.

Ég get þó ekki látið hjá líða þegar á þessu stigi að mótmæla afaryrðum og dylgjum hv. 7. þm. Reykv. Guðmundar J. Guðmundssonar. Þær voru vissulega af því tagi að það hæfir ekki að láta þeim ómótmælt. Ég læt að vísu lönd og leið þær örvar sem hann skaut að mér persónulega. En það er varla hægt að hlusta á þennan

mikla mann halda reiðilestur yfir mínum starfsmönnum og svívirða þá á allan veg óðruvísi en að mótmæla því, og ég leyfi mér að gera það hér með. Ég var að vísu búinn að reikna með því, að hann flytti sinn reiðilestur í fyllingu tímans. Hann er búinn að lýsa því yfir tvisvar í útvarpi í eyru alþjóðar, að þegar þessi mál kæmu til umr. hér á hv. Alþingi yrði sprenging. Þetta hef ég heyrt hann tvítaka a. m. k. Allt frá þeim tíma hefur honum gersamlega haldið við spreng út af þessum málum og nú er bomban sprungin, eins og hv. alþm. hafa hlýtt á. Það hæfir ekki að fara um það mörgum orðum. Þau orð hans dæma sig auðvitað sjálf.

Það er mjög misjafnt hvaða alþm. ræða við okkur í rn. út af þessum málum, þessum viðkvæmu og vandasömu málum. Enginn maður hefur rætt við mig eins oft út af slíkum málum og hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson. Það þekkja allir að hann er ákveðinn í sínum málflutningi. Ég hef sagt við hann sem og hv. 7. þm. Reykv.: Ég skal gera fyrir ykkur og umbjóðendur ykkar allt sem ég get, miðað við þær reglur sem gilda og farið er eftir. — En ég verð að segja að það er mikill munur að öðru leyti á framkomu þessara tveggja hv. alþm. Það er langt sund á milli þeirra að þessu leyti. Ég hefði feginn viljað gera og ég þykist hafa gert nokkurn veginn það sem ég hef getað fyrir hv. 7. þm. Reykv. Það hefur kannske orðið einhver misskilningur á milli okkar. En til skýringar vil ég taka það fram, að sú reiði, sem búið hefur um sig í honum undanfarið, orsakast af því í örfáum orðum sagt, að hann hefur ekki komist upp með að láta sérreglur gilda um þá fanga sem hann ber fyrir brjósti. Þetta er ósköp einfalt mál.

Hann rakti hér sögu eins fanga. Ég veit nákvæmlega hvaða mann hann á við. Ég held að fáum eða engum föngum í fangelsum landsins hafi verið gefin jafnmörg tækifæri. Það er ekki venja að hleypa föngum út, þegar þeir eru byrjaðir eða ekki búnir að afplána nema helming af sínum dómi, og leyfa þeim að fara í vinnu eða heim til sín. Ég held að þetta sé næstum því algert einsdæmi, að því mér er kunnugt, frá seinni árum. Sá fangi, sem hv. þm. ræddi um, fékk að fara heim til sín þegar hann hafði afplánað dóm að hluta. Hann fékk að fara fyrst á togara, síðan í vel launaða vinnu inni á hálendinu. Hann átti að koma inn á ákveðnum degi aftur. Honum var sleppt gegn því loforði, að hann kæmi inn á ákveðnum degi aftur, 1. júlí 1981. En auðvitað kom hann ekki þá. Síðar var talað um að hann fengi að fara á loðnuskip. Þá sagði ég við hv. þm., að því miður væri það svo að áliti fullnustumatsnefndar að ekki væri talið réttlætanlegt að beita öðrum reglum við þennan fanga en aðra. Að vandlega yfirveguðu ráði treysti ég mér hreinlega ekki til að leyfa þessum fanga að fara á „eitt mesta loðnuskip landsins." Það er alveg laukrétt. Þess vegna var hann settur inn aftur. Hv. þm. var að undrast yfir því, að þessi fangi væri nú laus. Honum var sleppt út s. l. föstudag, þegar hann var búinn að afplána helming af sinni fangavist. Honum var sem sagt sleppt lausum þegar hann var búinn að afplána lágmarksrefsingu samkv. hegningarlögunum.

Ég ætla ekki að fara að þylja frekari reiðilestur yfir hv. 7. þm. Reykv. Mér finnst að það hæfi ekki því umræðuefni sem við erum hér að tala um. Persónulegur skætingur og aðrar slíkar væringar hæfa ekki því alvöruáli sem við erum að fjalla um hér. Ég ætla að láta þessum þætti í minni ræðu lokið að þessu leyti, en rifja örlítið upp af því sem þáltill. gefur tilefni til að ræða ögn nánar.

Í þessari till. er lagt til að Alþingi samþykki að fela ríkisstj. að skipa 7 manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum. Nefndin skal í kjölfar þeirrar úttektar skila áliti um þær úrbætur í fangelsismálum, sem henni þykja knýjandi, svo og áætlun um framtíðarskipan þessara mála.

Ég get mjög vel fellt mig við þennan hluta till. og tel að það sé rík ástæða og full nauðsyn að skoða þessi mál. Ég er mjög feginn því, að hv. alþm. sýna þennan áhuga, sem ég vona að verði fylgt eftir í verki síðar meir. Um það, hvernig á að tilnefna nefndina og að dómsmrn. eigi að skipa formann nefndarinnar, þá er ég ekki viss um að það eigi að láta „hina dauðu hönd dómsmrh." koma þarna nærri. Er ekki alveg eins gott að láta þetta bara vera 7 manna milliþinganefnd sem velur sjálfri sér formann og skilar svo áliti fyrir tiltekinn tíma? Ég álít að sú nefnd, sem fær þetta mál til athugunar, ætti að skoða síðari tvær málsgr. að þessu leyti, og beini ég þeim orðum til hv. 2. þm. Austurl.

Ég ætla svo að leyfa mér að grípa á örfáum atriðum úr grg.

Það er þá fyrst að nefna að því er lýtur að menntunarmálum fangavarða. Þessi mál voru nokkuð rædd í fyrra og nú vinnur nefnd samkv. þessari þál. að þessu málefni, fjallar um menntun fangavarða. Í þessari nefnd eiga sæti, svona til upplýsingar fyrir hv. alþm., Jón Thors deildarstjóri, formaður, Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri Starfsmannafélags ríkisstofnana, Björk Bjarkadóttir formaður Fangavarðafélags Íslands, Helgi Gunnarsson forstjóri Vinnuhælisins á Litla-Hrauni og Jón Bjarman fangaprestur. Að vísu er ritari nefndarinnar Þorsteinn A. Jónsson, sá „voðalegi maður" sem lýst var hér áðan, en ég vænti að þessi nefnd sinni sínum málum.

Ég veit að það er margt sem þarf að taka þarna til skoðunar. Það hefur ekki verið mikið um að fangaverðir hafi notið fagmenntunar í sinni grein. Ef við nefnum t. d. lögregluna er hún komin miklu lengra í þessum efnum. Lögregluskólinn er margra áratuga gamall og ég tel að það sé nú orðið mjög góður skóli, menntandi og góður skóli fyrir lögreglumenn. En það er áreiðanlega víða pottur brotinn hvað svona fagskóla snertir. Ég heyrði núna fyrir nokkrum dögum — ég held að það hafi verið í Ríkisútvarpinu — að rætt var við brunavörð. Hann kvartaði yfir því, að það væri lítið nám að hafa í sínu fagi. Hins vegar man ég eftir því, og ég benti á það í fyrra, að þó að fangaverðir hefðu ekki gengið í sérstakan fangavarðaskóla eru auðvitað margir þeirra ágætir menn og vel menntaðir á sína vísu. Ég nefndi m. a. forstjórann og fangaverðina á Kvíabryggjuhælinu á Snæfellsnesi. Ég tel að maður, sem er búinn að vera í mörg ár vel metinn skipstjóri við Breiðafjörð, sé ekki ómenntaður maður, og ekki heldur iðnaðarmenn og menn sem eru búnir að sinna löggæslustörfum við góðan orðstír mörg ár eða marga áratugi. Þar eru ekki ómenntaðir menn á ferð, því að menntunin er ekki eingöngu sótt í skóla og námsgráður.

Hér kom fram hjá hv. 4. landsk. þm., frú Salome, að borin hefði verið fram fsp. á s. l. vori um tiltekna þætti fangelsismála, en þar sem stutt var til þingloka var þeirri fsp. svarað skriflega. Það er ýmislegt sem bar á góma í sambandi við þá fsp., m. a. eitt mál sem ég tel alvarlegasta málið í fangamálum á Íslandi nú. Það eru málefni

geðsjúkra afbrotamanna. Ég ætla að leyfa mér að lesa upp þau orð sem í svarinu stóðu um þetta efni:

„Vistun geðsjúkra fanga. Hér er um að ræða óleyst vandamál og segja má í stuttu máli að ráðuneytið telji þá lausn æskilegasta að komið verði upp sérstakri stofnun fyrir geðsjúka fanga í nálægð við sjúkrastofnun og í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld þannig að slíkri stofnun yrði þjónað bæði af fangelsisyfirvöldum og heilbrigðisyfirvöldum. Einnig þyrfti að vera aðstaða til þess að vista á slíkri stofnun þá, sem eru úrskurðaðir til að sæta geðrannsókn vegna brota, og möguleiki á að vista þar hættulega geðsjúklinga sem hin almennu geðsjúkrahús eiga í erfiðleikum með að vista. Ráðuneytið telur þetta með brýnustu úrlausnarefnum á sviði fangelsismálanna. Um vistun geðsjúkra fanga er einnig fjallað í þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur, sem nýverið hefur verið samþykkt."

Það er alveg rétt, að það eru því miður nokkrir menn í fangelsum landsins sem þar ættu ekki að vera. En það á sína sögu, sem við þekkjum frá gamalli tíð sem fengist höfum eitthvað við löggæslu og lögreglumál, að lögreglan verður venjulega að taka við þeim mönnum, sem enginn vill hafa, og veita þeim þá aðhlynningu og þjónustu sem tök eru á.

Á Vinnuhælinu að Litla-Hrauni eru nú vistaðir þrír karlar sem hlotið hafa dóm eða öryggisgæslu. Ég nefni engin nöfn. Einn þeirra er mjög geðsjúkur, annar er geðsjúkur, en ekki erfiður sjúklingur, en sá þriðji er daufdumbur, en ekki geðsjúkur. Einnig dvelst á Vinnuhælinu á Kvíabryggju maður sem ekki er geðssjúkur, en vangefinn. Á geðsjúkrahúsi í Västervik í Svíþjóð dvelst nú maður sem var í fangelsi hér heima, en er nú sem betur fer á verulegum batavegi. — Í þessu sambandi vil ég leyfa mér að láta í ljós þakklæti mitt til Norðurlandaþjóðanna sem á undanförnum árum hafa leyst mörg vandamál af þessu tagi. — Á Litla-Hrauni dveljast auk þess 2—3 menn sem vegna geðveiki eða fávitaháttar ættu fremur heima á geðhæli en fangelsi þótt þeir hafi ekki verið dæmdir ósakhæfir.

Ég held að ég fari ekki öllu fleiri orðum um þetta atriði, en þetta mál, málefni geðsjúkra fanga, tel ég vera stærsta blettinn í sögu fangelsismálanna á undanförnum árum.

Ég hef átt tal um þetta við hæstv. heilbrmrh. og við höfum látið athuga þessi mál. Á okkar vegum hefur verið skilað álitsgerð um sérstofnun til að taka við þessum mönnum. Hún er gerð af Jóni Thors deildarstjóra og Ólafi Ólafssyni landlækni. En sérstofnun, sem á að hýsa menn af þessu tagi og veita þeim þá þjónustu sem unnt er, er mjög dýr stofnun og þarna kemur enn þá einu sinni til kasta fjárveitingavaldsins að sinna þessum málum.

Ég vék áðan að till., sem hér var borin fram á liðnu þingi, till. til þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. (Gripið fram í.) Já, hún var samþykkt sem þál. og nefnd, sem skipuð var í samræmi við hana um geðheilbrigðismál o. fl., er nú að störfum. Til upplýsingar vil ég nefna nefndarmenn. Það er Ingvar Kristjánsson geðlæknir, formaður, Högni Óskarsson geðlæknir, Ásgeir Karlsson geðlæknir, formaður Geðlæknafélags Íslands, Oddur Bjarnason geðlæknir, formaður Geðverndar, Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi barnageðdeildar, Margrét Hróbjartsdóttir geðhjúkrunarkona, Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarkona,og varamaður Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, en hann hefur starfað allan tímann með nefndinni. Ég vona að þessi nefnd skili áliti þegar hún hefur lokið starfi sínu.

Í grg. er vikið nokkuð að greinum sem Jón Bjarman fangaprestur skrifaði s. l. sumar. Ég efa ekki að Jón Bjarman hefur mikla reynslu í þessum málum og þekkingu. En þó má segja um þessar greinar hans, sem komu á prenti í sumar, að þær horfa svo til eingöngu við liðinni tíð. Hins vegar er ég alveg viss um að hann getur orðið þeirri nefnd, sem hér stendur til að skipa, að miklu liði. Ég held að frummælandi, hv. 2. þm. Austurl., hafi vikið að nokkrum efnum sem séra Jón fangaprestur telur ástæðu til að athuga í samræmi við þessa þáltill., en ég get aðeins minnst á. Hann telur rétt að athuga eftirtalda þætti sérstaklega af væntanlegri nefnd:

Íslenskar refsivistarstofnanir, hlutverk þeirra, rekstur þeirra, starfslið og fleira sem lýtur að rekstrinum. Framkvæmd skilorðsbundinna losana úr refsivist, náðana, uppgjörs saka, skilorðsbundinna dóma, frestun á ákæru og mat á gagnsemi þessara þátta refsikerfisins. Framkvæmd gæsluvarðhalds vegna rannsóknar í sakamálum, rekstur sérstakrar stofnunar í því skyni. Mat á reglum sem varða fangelsisskerðingu sakaðra manna vegna málsrannsókna. Réttarúrræði vegna manna sem sýknaðir eru fyrir dómi vegna ósakhæfni, en jafnframt úrskurðaðir til öryggisgæslu á viðeigandi hæli. Hinn almenni seinagangur réttarkerfisins og oft og tíðum hin langa bið frá því að brot er tekið til rannsóknar og þar til dómur er upp kveðinn og til fullnustu kemur. Starfsemi frjálsra félagasamtaka til aðstoðar mönnum í fangelsi og þeim sem þaðan losna. Stuðningur ríkis og sveitarfélaga við slík samtök.

Það er endurtekið hér í grg., að allar aðstæður bendi til þess, að óhjákvæmilegt sé að fram fari hlutlaus úttekt á fangelsismálum okkar og stöðu þeirra. Ég get alveg samþykkt að það er hvergi í raun meiri hætta á valdníðslu en gagnvart þessu fóki. Ég er ekki í sjálfu sér hrifinn af því að hafa svo víðtækar heimildir á hendi sem dómsmrh. er ætlað í almennum hegningarlögum. En ég bendi flm. þessarar till. á að þegar verið er að gagnrýna þessi mál þurfa þeir að gera greinarmun á því, hvort þeir einbeita sér að gagnrýni á framkvæmdinni, — framkvæmdinni sem fer fram samkv. gildandi lögum og reglum, eða á hinn bóginn hvort þeir telja nauðsynlegt að breyta löggjöfinni og þá sennilega fyrst og fremst almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Ég hef síður en svo á móti því, að hv. alþm. hefjist handa um breytingar á hegningarlöggjöfinni, og ég er reiðubúinn að hlusta á alla réttmæta gagnrýni á framkvæmd þessara mála, en þar kemst ég að sjálfsögðu ekki hjá því að fara eftir gildandi lögum.

Sú spurning virðist leita á hugi flm., hvort fangelsunum sé ekki beitt um of, með tilliti til þeirra áhrifa sem slík frelsissvipting hefur í för með sér. Hér stendur síðar í grg.: „Þetta ógæfufólk á ótvíræðan rétt og rétti þess má löggjafinn aldrei gleyma." Löggjafinn er hv. alþm.

Miðað við gildandi lög og reglur sé ég mér ekki fært að haga málunum í stórum stíl þannig að langt sé gengið fram yfir þá reglu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum og áratugum, að óbreyttri löggjöf. Ég er þó fús til að athuga þessi mál öll að ráði hinna færustu og vitrustu manna. Ég hef með öðrum orðum ekki treyst mér til annars en að framfylgja þeim dómum sem Hæstiréttur hefur upp kveðið í þessum efnum, þó með því að gera þá afplánun sem mildasta. Ég leyfi mér að segja það. Það eru auðvitað margvíslegar óskir sem koma fram frá

föngum sem eru að afplána refsingu. Því miður get ég ekki tekið þær allar til greina, en það er reynt að líta á þær með skilningi.

Það var vikið hér að reglugerðum sem gamlar væru orðnar. Það er reglugerð nr. 260 frá 1957, sem hv. 10. landsk. þm. nefndi áðan, um fangavist. Og það er reglugerð, sem raunar er dregin af henni, um vinnuhælið á Litla-Hrauni, nr. 150 frá 1968. Þessar reglugerðir eru nú í endurskoðun hjá hinum hæfustu mönnum. Ég get sagt hv. alþm. hverjir eru að vinna að þessu. Það eru Jón Thors deildarstjóri, Jakob Hafstein útibústjóri, sem lengi hefur verið í stjórnarnefnd Vinnuhælisins á Litla-Hrauni, og Jón Sigurðsson fangavörður þar eystra. Ég get fyllilega viðurkennt, að það er ýmislegt í þessum reglugerðum sem þarf endurskoðunar við.

Þá voru settar reglur um fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins árið 1977. Þær reglur komu til framkvæmda 1. mars 1978. Það eru starfsreglur fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þar eru talin upp verkefni deildarinnar, yfirstjórn á rekstri fangelsa og Skilorðseftirlits ríkisins, nýbyggingar og viðhald fangelsa, fjárveitingatillögur, fullnusta refsidóma, veiting reynslulausnar, afgreiðsla tillagna um náðanir og uppreisn æru. Þessum starfsreglum var nokkuð breytt árið 1980. Til upplýsingar skal þess getið, að deildin tilkynnir viðkomandi dómþola um dóm hans þegar hann hefur fallið og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki á tilsettum tíma felur deildin viðkomandi lögreglustjóra að færa dómþola í fangelsið, en leiti dómþoli eftir fresti á að hefja afplánun er heimilt að veita hann í allt að 4 mánuði. Framlengja má frestinn í aðra 4 mánuði ef sérstakar ástæður mæla með. Sannleikurinn er sá, að ég hef leyft mér að framlengja þennan frest enn þá lengur, m.a. fyrir eindregin tilmæli hv. 7. þm. Reykv.

Þegar fangar sækja um náðanir eða annað slíkt eru þær umsóknir sendar til fullnustumatsnefndar, sem hóf störf 1. mars 1978. Þessi nefnd er skipuð þrem mönnum. Það er þessi nefnd sem hv. 7. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni áðan að öxin og jörðin geymdu þá menn best. Hverjir eru þessir menn? Það eru Jónatan Þórmundsson lagaprófessor, einn allra lærðasti maður í þessum fræðum, Ólafur Ólafsson landlæknir, sá ágæti mannvinur, og það er Jónas Jónasson lögregluvarðstjóri, gamall og góður og gegn lögreglumaður úr lögregluliði Reykjavíkur. Um þessa menn segir hv. þm. sem ég nefndi: Öxin og jörðin geyma þá best. (**Gripið fram í:** Forsrh. hafði ekki mikið álit á lagaskýringum Jónatans Þórmundssonar í fyrra.) Þetta er allt annað mál, hv. þm., og það færi afskaplega vel á því að hv. þm. temdi sér að geta hlustað á aðra en sjálfan sig. (**Gripið fram í:** Ég var einmitt að hlusta. **Forseti:** Ekki samtal á fundinum). Þessi nefnd fjallar um náðanir og annað slíkt. Hún gerir ákveðnar tillögur. Ég er ekki skyldugur til að fara eftir þeim, ég get breytt þar út af, en þegar athugað er hvaða markmið þessi nefnd hefur og hvers vegna hún var sett á fót, þá ber henni að reyna að sjá til þess, að menn séu nokkurn veginn jafnir fyrir lögunum. Þess vegna verður þessi nefnd að mynda og móta nokkuð ákveðnar starfsreglur sem fara verður eftir þó að ég vildi svo feginn víkja frá þeim og í raun og veru náða miklu fleiri menn en gert er.

Það var svo rætt hér áðan um refsivistina og að hún hefði ekki bætandi áhrif á fanga. Það er alveg rétt. Það blandast fæstum hugur um að fangavist hefur miklu fremur skaðleg áhrif á fanga og sálarlíf þeirra heldur en betrunaráhrif. En fangavistin er fyrst og fremst neyðarúrræði. Þess vegna ætti ekki að grípa til hennar nema þar sem full þörf er á. Það er þó að sjálfsögðu fyrir öllu að haga þessari vist svo að reynt sé að draga úr hinum skaðlegu áhrifum og þess freistað að hafa uppbyggjandi áhrif á fanga bæði félagslega og sálrænt. En ég held því ekki fram, að refsivistin hafi yfirleitt bætandi áhrif á menn.

Eitt af því, sem nauðsynlegt er að gera í þessum málum, er að bæta húsakynni. Það vita allir að gamla hegningarhúsið við Skólavörðustíg og fangelsið í Síðumúla eru ekki nærri nógu góð hús til sinna nota. Úr því þarf að bæta. Ég ætla að leyfa mér að kynna hér grg. um byggingu gæsluvarðhaldsfangelsis við Tunguháls í Reykjavík. Það er þannig, að á árinu 1971 ákvað ráðuneytið að fresta skyldi um sinn byggingu heildarríkisfangelsis við Úlfarsfell og í stað þess hafinn undirbúningur að þeim hluta ríkisfangelsisins sem ætlaður er fyrir gæsluvarðhald og móttökudeild. Eftir að kannaðir höfðu verið lóðamöguleikar í Reykjavík féllst borgarstjórn Reykjavíkur á að ætla gæsluvarðhaldsfangelsi stað við Tunguháls. Var sú ákvörðun tekin í borgarráði 4. apríl 1972. Ráðuneytið fól síðan húsameistara ríkisins að hefja undirbúning að teikningum að fangelsisbyggingu. Var síðan unnið að hönnun hússins næstu ár. Á árinu 1977 voru teikningar í meginatriðum fullgerðar. Í febr.—mars 1978 var fyrsti áfangi byggingarinnar boðinn út, þ. e. grunnur og smíði botnplötu. Sá verkáfangi var unninn á árinu 1978, en síðan hefur ekki verið unnið við byggingu. S. l. tvö ár hefur verið unnið við lokafrágang ýmissa lagnateikninga þannig að húsið er nú um það bil fullhannað á öllum sviðum.

Hús þetta á að leysa af hólmi hegningarhúsið í Reykjavík, sem nú er orðið liðlega 100 ára gamalt og af heilbrigðisyfirvalda hálfu ekki talið fært um að þjóna hlutverki fangelsis, svo og fangelsið að Síðumúla 28, sem einungis fékkst leyfi til að nota sem fangahús til skamms tíma. Í þessum tveim húsum er nú rými fyrir samtals 36 fanga.

Hönnunar- og byggingarkostnaður Tunguhálsbyggingarinnar er nú orðinn á verðlagi samkv. byggingarvísitölu í júlí 1981, 3 millj. 361 þús. kr. Næsti áfangi er að steypa húsið upp og er áætlað að sá áfangi kosti miðað við byggingarvísitöluna 739,7 millj. Óskað hefur verið eftir fjárveitingum til að hefja framkvæmdir við hann á næsta ári, enda orðið mjög aðkallandi vegn ástands núverandi fangelsa.

Þessi greinargerð um byggingu gæsluvarðhaldsfangelsis, sem á að leysa hin tvö gömlu af hólmi, er nú í höndum allra ráðh. og hún er í höndum allra nefndarmanna í fjvn. Ef við fáum þar að auki stuðning hv. alþm. almennt eigum við að geta vonast eftir því, að einhver áfangi verði unninn í þessari byggingu á næsta ári.

Ég sagði að það væri reynt að gera föngunum vistina sem bærilegasta í fangelsunum. Það er því miður ekki hægt að gera þar allt af öllu tagi, en reynt að útvega þeim nokkra aðstöðu til mennta á grunnskóla- og iðnskólastigi. Vil ég þar benda á samvinnu Litla-Hrauns og Iðnskólans á Selfossi, sem gefist hefur vel á undanförnum árum.

Það var svo mjög gagnrýnt í sumar að ekki skyldi vera boðlegt kvennafangelsi til, og hin ágætu félagasamtök Vernd létu það vandamál ekki alveg fram hjá sér fara.

Eftir heimsókn í kvennafangelsið á Akureyri birtist á forsíðu Verndarblaðsins frásögn af heimsókn í kvennafangelsið á Akureyri: „Hér er fólk drepið hægt og rólega.“ Minna mátti það nú ekki vera. Okkur var náttúrlega ljóst að kvennafangelsið á Akureyri var ófullkomið vegna þess að það var sett upp til bráðabirgða. En ráð er fyrir því gert, að kvennadeild verði í fangelsinu við Tunguháls sem ég áðan nefndi.

Nú hefur svo tekist til, að í sumar var kvennafangelsið á Akureyri lagt niður og kvenföngum útvegaður staður að Bitru í Hraungerðishreppi. Á þeim stað vona ég að fari vel um kvenfangana. Fangaprestur og sálfræðingur eru nýbúnir að fara þangað austur, og eftir því sem ég veit best er hald manna að þar fari vel um kvenfangana.

Það er nú því miður svo, að í þessum málum er því oft á loft haldið sem leiðinlegt er að ræða um eða horfir til hins verra. Eigi að síður eru þó nokkrir ljósir punktar í þessum erfiðu málum. Ég bendi t. d. á viðtal í blaði, sem ég hef nú ekki við höndina, við ungan mann sem er að ljúka eða hefur lokið iðnnámi á Litla-Hrauni. Hann bar fangelsinu og starfsmönnum þar mjög vel söguna, forstjóra og starfsfólki hans.

Þá vil ég geta um tvo fanga sem dvöldust á Kvíabryggju á Snæfellsnesi í sumar. Þetta voru stuttir dómar svo að þeir dvöldust þar ekki mjög lengi og ekki samtímis. Þeir tóku sér ferð á hendur vestur í Eyrarsveit stuttu eftir að þeir voru útskrifaðir og gáfu hælinu stórgjafir. Það er vert að minnast slíkra atvika.

Þá sá ég einhvers staðar í blaði það var víst í Tímanum sunnudaginn 10. maí 1981: „Fangelsi til fyrirmyndar“. Þar er rætt um Kvíabryggju á Snæfellsnesi og hér stendur undir mynd: „Þetta er fangelsi. Kirkjufell gnæfir í baksýn“. Þar er látið mjög vel af vistinni og forstjóra, fangavörðum og öðru starfsfólki hælt fyrir ágæta framkomu og mikla góðvild og nærgætni sem þeir sýna vistmönnum.

Það fer nú að verða dálítið áliðið dags. Ég gæti rætt hér um ýmis önnur efni og þá ekki síst þau sem varða ýmis tímabil fyrir fangavist og eins þegar fangavist lýkur. Þegar menn halda því fram að engin þróun hafi orðið í átt til mannúðar í þessum málum — við skulum segja á þessari öld — þá er mjög rangt með farið því að framkvæmd þessara mála, löggjöf og annað hefur stöðugt þróast í áttina til meiri mildi og mannúðar. Ég minnist þar á Skilorðseftirlit ríkisins. Skilorðseftirlit ríkisins tók til starfa á árinu 1974 og tók þá við eftirliti með þeim sem losnuðu úr fangelsi með skilorðsbundinni náðun eða reynslulausn. Það eftirlit höfðu aðallega annast til þess tíma Félagasamtökin Vernd. Á árinu 1976 tók eftirlitið síðan við umsjón með þeim sem frestað er ákæru gegn skilorðsbundið, en því hlutverki hafði áður gegnt Óskar Clausen rithöfundur í fjölda ára.

Það er vert að gefa starfsemi Skilorðseftirlitsins gaum. Þar vinna ágætir menn. M. a. var bætt þar við nýjum manni, sérfræðingi, sem hóf þar störf 1. febr. s. l. En annars ættu sem flestir, sem vilja sinna þessum málum, einmitt að huga að því, hvað hægt er að gera fyrir fangana þegar þeir losna úr refsivistinni því að það er mjög viðkvæmur tími þegar þeir eru að ganga aftur út í lífið. Það er hverju orði sannara.

Ég minntist á Verndarblaðið hér áðan, en Vernd og Fangahjálpin sem getur rakið rætur sínar allt aftur til ársins 1959, að ég ætla, er að sjálfsögðu ágætur félagsskapur sem hefur unnið mikið og gott starf. Í stjórn hennar er fjöldi góðra manna, sem ég veit að lætur sig þessi mál miklu skipta og vill mikið á sig leggja til að koma þessum málum í betra horf. Stjórn Verndar er nýbúin að koma á fund til mín í dómsmrn. og áttum við þar góðar viðræður.

Ég vil svo benda á ýmislegt annað í þessum efnum. Hv. frummælandi minntist á atriði, sem að sjálfsögðu eru oft undanfari og orsök afbrota og yfirsjóna, þ. e. áfengið, fíkniefnin og vímugjafarnir. Það mundi taka of langan tíma að fara að ræða þessi atriði öll og það sem reynt er að gera í þeim efnum, en mér er ekki kunnugt um að þessi mál hafi verið rædd í ríkisstjórn fyrr en nú milli ráðherra. Þessi mál hafa verið a. m. k. á þremur fundum og sérstök ráðherranefnd starfar að þeim málum nú. Auk þess er að sjálfsögðu haft gott samband við vini okkar og frændur á Norðurlöndum sem vinna að hliðstæðum málum, og svo mætti lengi telja.

Ég gleymi ekki því mikla taki sem Samtök áhugamanna um áfengisvarnir hafa lyft — því Grettistaki, vil ég segja. Þau reka þegar nokkur heimili til hjálpar mönnum og aðstoðar. Mér er fullkunnugt um að starf þessara frjálsu áhugamannasamtaka hefur þegar orðið til að bjarga mörgum manninum, vonandi fyrir fullt og allt. Til þessara mála hefur ríkið að sjálfsögðu greitt stórfé, t. d. til SÁÁ-heimilisins að Staðarfelli í Dölum sem mér er vel kunnugt um og hefur gengið með miklum ágætum sem betur fer.

Um öll þessi mál mætti ræða miklu lengur, en það er ekki ástæða til að halda því mjög lengi áfram. Þessi nefnd verður vonandi kjörin þegar þar að kemur. Þá munum við í dómsmrn. veita henni alla aðstoð og allar upplýsingar og vinna með henni, jafnvel þó að enginn okkar verði í henni eða neinn á okkar vegum. — Það skiptir ekki máli. En ég vil þó aðeins taka það fram við þá bjartsýnismenn, sem halda að unnt sé að opna öll fangelsi eða leggja öll fangelsi niður, að það er því miður, held ég, ekki hægt, enda er það oft svo að þegar menn sleppa út af hæli, m. a. fyrir þá sök að ekki er allt rammgirt mannheldri girðingu, þá er það býsna oft sem þeir lenda í klandri blessaðir, eru t.d. teknir við akstur undir áhrifum áfengis eða vímugjafa. Það er sannarlega ekki hættulaust að hafa slíka menn í umferðinni.

Um öll þessi efni mætti ræða í miklu lengra máli, en ég ætla að láta máli mínu lokið. Ég er ákveðinn í því að verja þeim tíma, sem ég get, til að ræða við alla þá, sem aðallega vinna að þessum málum á mínum vegum og sinna þeim að einhverju leyti, þannig að við getum samræmt okkar störf og látið þau vera sem árangursríkust. Ég tel mér skylt, meðan ég gegni þessu embætti, að fara að lögum og þeim venjum sem fylgt hefur verið. En ég hef síður en svo nokkuð að athuga við að lögin séu endurskoðuð og þeim vikið í átt til mannúðar og mannkærleika, sem er sem betur fer ofarlega í hugum manna sem ræða þau mál um þessar mundir.

Ég mun beita mér fyrir því að stytta afplánunartímann hverju sinni að því marki sem lög og venjur leyfa, því að ég hef ekki oftrú á innilokun. Ég mun leggja áherslu á að öllum föngum geti liðið sem best á afplánunartímanum. Ég veit vel að margir menn, sem lenda í þessari ógæfu sem svo er nefnd, eru hinir bestu menn. Manni rennur stundum til rifja að þeir skuli sitja inni bak við lás og slá meðan aðrir ganga lausir sem þar ættu frekar að vera. En það er þó einu sinni svo, að þarna er fylgt þeirri reglu, að betra sé að níu glæpamenn gangi lausir en einn saklaus

maður sé fangelsaður. Ég mun einnig leggja mig fram um að vinna vel með öllum þeim sem láta sig þessi mál nokkru varða. Þeir eru velkomnir á minn fund hvenær sem er. Ég vona að með okkur geti tekist einlæg og góð samvinna, og í þessu efni undanskil ég engan.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir þeir sem hér hafa talað, fagna þessari till. til þál. og lýsa yfir fyllsta stuðningi við hana.

Það er auðvitað svo, að sögur eins og þær, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði áðan, eru því miður bæði ótrúlegar og allt of algengar. En þó finnst mér vanta inn í eitt verulegt aðalatriði í þessum efnum, og það er, að hvaða skoðanir sem menn kunna að hafa á refsingum, á beitingu innilokunar, og hvort sem menn telja slíkt nauðsynlegt eða nauðsyn til stefnubreytingar, þá er hitt engu að síður staðreynd, að seinvirknin í réttarkerfinu sjálfu þ. e. tíminn sem líður frá því að afbrot er framið og þangað til dómur er kveðinn upp, er hér oft svo óhugnanleg að það er kannske hún fyrst og fremst sem veldur því, að slík mál verða að hreinum harmleikjum miklu oftar en ella mundi vera. Í þeirri sögu, sem er auðvitað ægileg, sem hv. þm. segir hér af einum tilteknum einstaklingi, finnst mér kjarni málsins vera sá, að það líða þrjú ár frá því að afbrotið er framið og þangað til dómur er kveðinn upp.Síðan líður sennilega vel ár þangað til dómurinn er fullnustaður. Alls er þetta hátt á fjórða ár. Hvernig á einstaklingur, sem kannske 18 ára gamall hefur framið afbrot, að skilja það eða þykja það vera réttlátt þjóðfélag yfir höfuð að tala sem fjórum árum seinna, þegar allir hagir viðkomandi kunna að hafa gerbreyst, hann kann að vera orðinn fjölskyldumaður og allir hagir bókstaflega með öllu hafa gjörbreyst, — þegar þjóðfélagið þá fyrst kemur og vill að hann taki út refsingu?

Sannleikurinn er sá, að um þetta eru ótrúlega mörg dæmi frá umliðnum árum og hvernig samfélagið með þessum hætti hefur brotið niður einstakling eftir einstakling. Kjarninn í þessum efnum er hinn óhugnanlega langi tími sem líður frá því að afbrotið er framið og þangað til dómurinn er kveðinn upp, 18 ára maður, sem afbrotið fremur, er orðinn 22 ára þegar hann á að fara að afplána. Ég þekki um þetta dæmi eftir dæmi. Ég held að verulegur hluti þessa sjúkdóms, því sjúkdómur er þetta, liggi í þessari staðreynd. Og sannleikurinn er sá auk þess, að þangað til fyrir nokkrum árum tók við annar eins ólestur að því er varðaði fullnustu dómanna, annar eins tími leið og jók mjög á eða tvöfaldaði þann óendanlega harmleik sem þetta var einstaklingum.

En hitt vil ég segja, að þessu var breytt á árinu 1978 með breytingum og nýju starfsfólki í dómsmrn. Þar á hlut að máli sá embættismaður, sem hv. 7. þm. Reykv., að minni hyggju mjög ómaklega, vék að áðan. Þær breytingar miðuðu þó þrátt fyrir allt að því, að það, sem bæri að fullnusta að réttum lögum, væri gert. Mér finnst ekki hægt héðan úr ræðustól á Alþingi að ráðast að tilteknum embættismanni fyrir það eitt að hafa unnið eftir lögum og undir ráðh. Sé að einhverjum að ráðast er það auðvitað þeim sem setja lögin eða þá ráðherranum, því að hann ber auðvitað ábyrgðina á framkvæmdinni sé að henni að finna.

En rótin, hygg ég, að þessari sögu, sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði hér alveg réttilega, — og mér er fullkunnugt um það, eins og hann sagði réttilega, að hægt hefði verið að segja miklu verri sögur en þá sem hann sagði, — rótin er sú, að það líður allur þessi tími frá því að afbrotið er framið og þangað til viðkomandi á að taka út sína refsingu. Hvaða skoðun sem við höfum á því, hvort refsingin sé rétt eða röng, mannúðleg eða ómannúðleg, þá má segja enn og aftur: Hvernig á maður, sem er ungur og óbeislaður á þeim tíma sem þessi gjörð er framin, þegar allir hans hagir hafa breyst og hann er orðinn margra barna faðir, fjölskyldumaður og það allt saman, að bregðast við? Það er þarna sem hefur gerst harmleikur eftir harmleik í þessum efnum.

Hvað sem má segja jók það á þetta vonda ástand, að framkvæmd fullnustunnar var meira og minna öll í molum, en það var lagað. Ég hygg að það hafi verið í marsbyrjun 1978 sem því var kippt verulega í lag. Ef áhugi manna að því er framkvæmdir varðar, sem er auðvitað margflókið mál, mundi beinast að því að hraða málum í gegnum dómskerfið þannig að sem allra stystur tími liði frá því að afbrotið er framið og þangað til að refsing fer fram, hver svo sem hún er, og það er auðvitað hægt að hafa á því margar skoðanir, þá væri komið í veg fyrir margan harmleikinn af þessu tagi. Auðvitað er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv. að það er bókstaflega óþolandi að horfa upp á það sem gerst hefur í þessum efnum og oft á viðkvæmasta aldursskeiði fyrir þá einstaklinga sem hlut eiga að máli.

Það eru auðvitað fjölmörg atriði sem til álita koma fyrir þessa nefnd, og ég held að sú umræða, sem orðið hefur í sumar og síðan, ekki síst fyrir tilstuðlan séra Jóns Bjarmans fangaprest, hafi að öllu leyti verið af hinu góða.

Í fyrsta lagi er það auðvitað veigamikið verkefni fyrir þessa nefnd að velta því fyrir sér: Getur verið að sú grundvallarheimspeki, sem refsilöggjöf okkar og refsiaðferð hvílir á, sé röng og í a. m. k. mjög mörgum tilfellum eigi innilokun alls ekki við? Það má vel vera að svo sé .

Í annan stað er áreiðanlegt að það er meiri háttar vandamál, sem að hluta til má auðvitað rekja til fámennis hér, að í íslenskum fangelsum og þá einkum á Litla-Hrauni úir og grúir af mjög ólíku fólki, allt frá fólki, sem framið hefur afbrot af andstyggilegasta tagi, og allt frá vanheilbrigðu fólki af ýmsum sortum og gerðum til óharðnaðra unglinga. Það hlýtur auðvitað að vera svo, að umhverfið, sem myndast við þessar aðstæður, hafi mjög spillandi áhrif á þetta yngra og óharðnaða fólk sem hefur framið afbrot sem við köllum ekki alvarleg á venjulegu máli a. m. k. Út af fyrir sig er áreiðanlega meiri háttar nauðsynjamál að flokka afbrot meira. Innilokanir og fangelsi eru yfir höfuð að tala auðvitað ómannúðleg eðli málsins samkvæmt. Það er alla vega svo, að það hlýtur að vera mjög skaðlegt að hafa þar annars vegar afbrotafók af versta tagi og hins vegar fólk sem framið hefur afbrot sem eru af allt öðrum toga spunnin. En það, sem líka skiptir máli í þessum efnum, og því lýsti reyndar hæstv. ráðh. áðan, er að það bókstaflega verður að skilja það fók frá sem er sjúkt af einhverjum ástæðum, annars vegar fók, sem á við áfengisvandamál að etja, og hins vegar fólk, sem er geðveikt í einhverjum skilningi orðsins. Margt af því fólk á alls ekki heima í fangelsum, heldur á heima í allt annars konar stofnunum. En hitt er verra, og ég þykist hafa nokkuð fyrir mér þegar ég segi það, að áhrif þess konar fólks á umhverfið, á fanga sem eru lokaðir inni á öðrum forsendum og af öðrum ástæðum, hljóta auðvitað að vera mjög neikvæð og brjóta

fangana niður og gefa þeim rangar hugmyndir um sjálfa sig og það líf sem lifa skal.

Í þriðja lagi hefur það verið nefnt hér líka, að menntunaraðstaða fanga er auðvitað ákaflega mikils virði. Það er væntanlega eitt af því sem sú nefnd, sem ég hygg að allir hér séu sammála um að skipuð skuli, ætti að taka til athugunar.

Kjarni þessa máls og það, sem þessi nefnd væntanlega kemur til með að velta fyrir sér fyrst og síðast, er að það kann að vera að við séum að því leyti á rangri braut að við beitum innilokun of mikið eða í öllu falli gefum ekki nóg tækifæri áður en slíkri aðferð er beitt. Fari svo, að nefndin komist að slíkri niðurstöðu og breyti um stefnu að nokkru í þessum efnum, — þetta verður auðvitað að skoða mjög vel, — kann vel að vera að slíkt sé alfarið af hinu góða.

En ég vil enda þar sem ég byrjaði. Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson og ég gætum, og við mörg hér inni sennilega, sagt margar og ljótar sögur af því tagi sem hann sagði. Allt leiðir þetta eðlilega og réttilega til þess að menn velti fyrir sér kostum og miklu fremur löstum á því refsikerfi sem við búum við. Annar helmingur vandamálsins liggur hins vegar í réttarkerfinu sjálfu og liggur í þeim tíma sem það tekur fyrir mál að fara þar í gegn. Þegar menn velta fyrir sér réttarkerfinu sjálfu mega menn ekki eingöngu horfa á og spyrja um embættismennina, dómarana sem þar sitja, og hvað þeir geti og geti ekki, hvernig aðstaða sé og annað slíkt, heldur verða menn að horfa á þolendurna. Og hverjir eru þolendurnir? Það er fólkið sem verið er að dæma í þessu kerfi. Ég hygg að sá einstaklingur, sem hér var nefndur áðan, og tugir annarra hefðu sætt sig miklu betur við dómsniðurstöðu ef tíminn hefði verið miklu skemmri sem liðið hefði, enda hefði þá viðkomandi verið kvittur við þjóðfélagið fyrir 3 1/2 ári og hans máli lokið. En það gerðist ekki. Þetta tók þrjú ár og á fjórða ár með fullnustunni. Það er við þær aðstæður sem viðkomandi aðstandendur, eiginkona sem komið hefur í millitíðinni, og tvö börn, eins og hér var lýst, skilja ekki. Þar gerist það að réttlæti þjóðfélagsins hefur snúist í argasta ranglæti, þó svo að engum reglum hafi verið breytt og ekkert hafi breyst nema það eitt að þetta var gert á röngum tíma, allt of seint.

Mér finnst að í allri þessari umræðu verði menn að horfa meira til þessa þáttar. Áður en að refsingunni kemur hefur verið framið afbrot, en í millitíðinni hefur liðið tími sem um afbrotið hefur verið fjallað í kerfinu sjálfu. Því lengri tími sem líður þarna á milli, því lengri í raun verður refsitími einstaklingsins sem hlut á að máli. Það eru 3 ár í því dæmi sem hv. þm. nefndi. Það eru til sögur af miklu lengri tíma, 4 árum, — 7 árum man ég eftir í einu dæmi í þessum efnum. Þarna hefur réttlæti þjóðfélagsins snúist í hið viðurstyggilegasta ranglæti. Það er þarna kannske frekar en í sambandi við fullnustuna sem ranglætið er að finna, því að það má segja með miklum rétti að þau mál séu í mun betra ástandi en þau voru fyrir ekki mörgum árum. En því miður hefur ferillinn í réttarkerfinu fram að þeim tíma orðið andstyggilega langur. Valdsmenn hafa því miður haft allt of mikla tilhneigingu til að spyrja: Hvað geta dómararnir, hvað getur kerfið gert? Það er horft á þá sem þolendur í þessu máli, en þolendur eru auðvitað ekki kerfið. Þolendur eru einstaklingarnir, hverra refsing er framlengd um ár eftir ár með þessum hætti.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örstutt athugasemd. Ég verð að segja að það var engin smáræðisdýpt í erindi hæstv. dómsmrh. áðan. Ég vil ekki vera að eyða tíma í að munnhöggvast hér við hann og skiptir satt að segja minnstu máli. Þó furðar mig á því, að ráðherra, sem er búinn að biðja um frest á að mál séu tekin til umræðu, — þetta mál hefur frestast slag í slag, það hefur þó ekki í öllum tilfellum verið sök ráðherra, — hann er með alls konar sparðatíning út og suður. Ráðherrann hefur alls ekki tök á málaflokknum. Hann er að teygja þetta yfir í einstök mál, er með sparðatíning sitt úr hverri áttinni. Svona á ekki að halda á þessum málum.

Hann byrjaði á því, og ég ætla alls ekki að fara að eltast við þá ræðu, að lýsa því yfir, að ég hefði sagt í einhverjum fjölmiðlum að það yrði sprenging þegar ég væri búinn að tala hér á Alþingi. Ég sagði að það yrði sprenging ef þessi nefnd yrði kosin og færi að kynna sér og kafa niður í þessi mál. Þá yrði sprenging. Annað var í stíl.

Hitt get ég ekki stillt mig um að segja, þegar kemur hér dómsmrh. sem hefur það að atvinnu sinni að gera greinarmun á réttu og röngu, leggur á það ríka áherslu, að það sé aldeilis ekki sama hvaða þm. komi og tali við hann: Ja, það er eðlilegt að menn taki að sér störf, ég segi það bara. Hugarfarið er vægast sagt skuggalegt.

Ég vil alls ekki fara að ræða þennan skjólstæðing minn, enda eins og margoft hefur komið fram hrein tilviljun að hann varð fyrir valinu. Mér kæmi það ekkert á óvart, að farið yrði eitthvað að hefnast á honum. Ég vil bara minna á að ég var að benda á oftrúna á fangelsi. Ég var bæði að leggja áherslu á breytingar á lögum, breytingar á meðferð, og ég var að tæpa á því, hvað það væri nauðsynlegt að ná til þessara ungu manna með aðstoð nægilega snemma þannig að þeir þyrftu ekki að lenda í þessu spillingardíki. Þetta var inntak míns málflutnings.

Svo ég taki dæmi um hið sundurlausa tal ráðherrans, þá segir hann að sumir hafi trú á því, að það sé hægt að afnema fangelsi. Á það minntist enginn maður. Ég sagði orðrétt: Ég skal líka viðurkenna að ýmsum óhæfuverkum og jafnvel níðingsverkum verður erfitt að láta órefsað. Er ekki hægt að gera þær kröfur til dómsmrh. að hann hafi tök á þessu efni? Ég hélt kannske að ég hefði verið fullharðhentur í upphafi, en ég sé að það hefur verið alveg hið gagnstæða, því að öllu ömurlegri ræðu hef ég hreinlega ekki heyrt um þessi vandamál.

Ég get tekið undir megnið af því sem hv. 9. þm. Reykv., Vilmundur Gylfason, sagði. Ég vil þó leggja áherslu á að vitanlega eru bætt húsakynni til bóta. En spurningin er kannske ekki fyrst og fremst hvort við þurfum að byggja svo gífurlega stór tugthús. Vandinn er sá, hvernig við getum afstýrt því, hvað hægt er að gera jákvætt í þeim málum, hvernig hægt er að taka á þessum djúpa vanda sem ég tók skýrt fram að væri ekki hægt að saka núverandi dómsmrh. um. Það er þetta vandamál sem við eigum við að glíma.

Ráðherrann sagði síðan að lokum, og þá fór hann að lofa eins og á kosningafundi, að hann væri reiðubúinn að hlusta á gagnrýni og athuga þessi mál öll, hann vildi ekki persónulega að neinum liði illa í fangelsi. Ja, þvílík dýpt, þvílík heildaryfirsýn, þvílík tök á málefninu!

Höfuðatriðið er það, að þessi nefnd verði kosin og hv. alþingismenn leggi sig þar vel fram. Ræðu dómsmrh. treysti ég mér ekki til að endursegja. Ég held að hún væri

best gleymd, svo ömurleg var hún. En eitt er þó til bóta og eitt skulum við þó vera vonglaðir um, að nú verði farið að ganga í þessi mál af mönnum úr öllum flokkum og reynt að leysa þau, taka öðruvísi á þeim og vera jákvæðari í lausnum en verið hefur. Þetta vona ég að þingheimur skilji. Ég geri ekki kröfur til að hæstv. dómsmrh. skilji það.

Jón Sveinsson: Herra forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni með þá till., sem hér liggur frammi. Öll athugun og úttekt af því tagi, sem hér um ræðir, hlýtur að vera af því góða. Athugasemdir hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar, sem við höfum hlýtt hér á, eru vissulega sumar hverjar réttar, en ég verð þó að segja, að ég held að aðrar séu nokkuð ýktar og sumar hverjar beinlínis rangar.

Við þekkjum mörg dæmi þess, að seinagangur í dómsmálakerfinu er þess valdandi að menn ná ekki að hljóta refsiúttekt nægilega fljótt. Má segja að þar sé e. t. v. að finna meginástæðuna fyrir þeirri till. sem hér er flutt. Hins vegar þekki ég líka tilvik af því tagi að föngum eða aðilum, sem hlotið hafa fangelsisdóma, hafa að eigin ósk verið gefinn kostur að bíða úttektar af hálfu dómsmrn. Refsiúttekt hefur því verið frestað og frestað æ ofan í æ. Loksins þegar að úttekt hefur komið og ekki hefur verið unnt að fresta málinu öllu lengur er komin upp sú staða, sem kom fram í máli hv. þm. Guðmundar J. o. fl., að viðkomandi aðili hefur hafið búskap, hjúskap o. s. frv. Það er því ekki alltaf um það að ræða, að dómsmálakerfinu sjálfu sé um að kenna, heldur eiga þarna stundum hlut að máli einstaklingarnir sjálfir. Það er því stundum verið að fara eftir þeirra eigin óskum í upphafi og þegar loksins kemur að því að framkvæma þarf þau lög, sem Alþingi hefur sett og alþm. hljóta að ætlast til að sé framfylgt, þá stöndum við frammi fyrir þessari staðreynd. Þá geta þeir starfsmenn ráðuneyta og annarra stofnana, sem með þessi mál eiga að fara, því miður ekki gert annað en að fullnægja lögum á þennan hátt. Þess vegna finnst mér þær fullyrðingar, sem hér hafa komið fram, alls ekki sanngjarnar gagnvart starfsmönnum dómsmrn. og þeirra stofnana sem hér eiga hlut að máli. Þetta eru fyrst og fremst einstaklingar, eins og hv. þm. Vilmundur Gylfason minntist á, sem eru að gegna sínum störfum, væntanlega eftir bestu samvisku, og því er alls ekki við þá að sakast.

Meginástæðurnar fyrir því, að þetta ástand ríkir sem við stöndum nú frammi fyrir, eru e. t. v. þrenns konar:

Í fyrsta lagi held ég að þjóðfélagið hafi alls ekki verið undir það búið að taka við þeim stórauknu refsingum, sem hér hafa átt sér stað í seinni tíð, og þeim stóraukna fjölda afbrota, sem hér hafa komið upp. Ég held að fullyrða megi að aldrei hafi verið vistaðir á Litla-Hrauni eins margir stórafbrotamenn, ef við getum orðað það svo, og á sér stað. Þar af leiðandi hlýtur að mega finna nokkra ástæðu þess, að við eigum við það vandamál að etja sem hér hefur verið gert að umræðu.

Í öðru lagi þykir mér rétt að benda hér á að ríkisvaldið hefur alls ekki brugðist nægilega skjótt við þeim vanda sem unglingar standa frammi fyrir þegar þeir leiðast út á refilstigu afbrota, ef svo má orða það, því að það eru nánast engar stofnanir sem ríkisvaldið hefur beinlínis komið á fót til að leiða unglinga út af afbrotastigum. Það hafa að vísu verið gerðar tilraunir í þessa átt, en ég leyfi mér að fullyrða að þær ná til ákaflega takmarkaðs fjölda og koma t. d. að sáralitlum notum víðast hvar á landsbyggðinni þó að þær nái til nokkurs fjölda einstaklinga hér í Reykjavík. Þannig má segja að undirrótin að þessum efnum liggi í því, að ekki hefur verið sinnt upphafinu, unglingum sem lenda í því á aldrinum 13—16 ára að leiðast út í afbrot. Ef okkur tekst að leiða slíka unglinga af afbrotabrautinni er e. t. v. von til að okkur takist betur á öðrum stigum.

Í þriðja lagi vil ég geta þess, að samstarf á milli dómsmálayfirvalda og geðlækna, t. d. hér á Kleppssjúkrahúsinu og annars staðar, er alls ekki nægilega gott. Er ástæða til að velta því fyrir sér í alvöru í þessu sambandi, hvernig þeir sjúklingar eða fangar, sem eiga við geðræn vandamál að etja, eru staddir í dag. Ég vil leyfa mér að fullyrða þetta, því að á Kleppssjúkrahúsinu er yfirleitt alls ekki tekið við föngum sem sæta þurfa t. d. geðrannsókn, heldur er að kröfu lækna þar beinlínis farið fram á að þeir séu vistaðir í fangageymslum eins og Síðumúlafangelsi eða öðrum slíkum stofnunum. Þarna skortir því verulega á að betur sé á haldið.

Ef þessi till. nær fram að ganga er sannarlega von mín að á þessu öllu verði tekið í heild, því að til þess er full ástæða. Ég lýsi því fyllsta stuðningi mínum við tillöguna.

Albert Guðmundsson: Forseti. Ég vil eins og hv. þm., sem hér hafa talað á undan mér, lýsa stuðningi við þá þáltill. sem hér er á dagskrá, 38. mál. Ég vil undirstrika það, sem kemur fram í grg., að hér er um viðkvæman og vandmeðfarinn málaflokk að ræða þar sem oft vill verða skammt öfga á milli. Ég skal reyna að falla ekki í þá gryfju að tala hér með neinum öfgum. En í grg. segir líka, með leyfi forseta: „Heildarumræða um alla þætti fangelsismála, vandamálin þar og framkvæmd yfirleitt, hefur ekki farið fram á þingi og hafa þó oft gefist til þess ástæður.“ Þetta vil ég allt undirstrika og benda á að þingheimur hefur ekki staðið sig hvað þennan málaflokk snertir. Ég vil undirstrika að þessi málaflokkur á að fá raunsæja skoðun og umr. hér á Alþingi. En ég held að þær umr. ættu frekar heima í nefndum en mjög opinskáar umr. um þennan viðkvæma málaflokk á opnum fundum Alþingis. Það er margt sem þarf að koma fram en ekki er hægt að segja fyrir framan blaðamenn og aðra sem bera þjóðinni fréttir héðan. Þau atriði gætu kannske orðið til þess að málunum yrði komið í það horf sem við viljum sem löggjafar að þau séu, en gætu sært og kannske orðið vopn gegn góðum málflutningi á opnum fundi og í höndum blaðamanna sem klippa þá kannske þær setningar úr sem helst vekja athygli úti á meðal fólksins.

Ég vil taka undir margt af því sem kom fram hjá hv. 7. þm. Reykv. Við höfum tekið að okkur erindi ýmissa aðila, bæði Reykvíkinga og annarra, en því miður hafa ekki öll mál, sem við höfum tekið að okkur, verið afgreidd á þann hátt sem við óskuðum eftir. Ég segi: því miður, vegna þess að við höfum kannske fallið í þá gryfju að hugsa of mikið með hjartanu, láta tilfinningarnar kannske ráða okkar gerðum og okkar málflutningi þegar við komum á fund manna sem fara bókstaflega eftir því sem Alþingi hefur samþykkt, sem sagt landsins lögum, og hafa út af fyrir sig ekki heimild til að starfa öðruvísi en þeir starfa. Þá tala ég auðvitað sérstaklega fyrir mig, ég er afskaplega óánægður með þær undirtektir, en þeir menn, sem ég hef talað við, verða að fara eftir settum reglum, og ég er kannske á vissan hátt að biðja þá um að brjóta þær reglur. Þeir starfa eftir fyrirmælum, eftir lögum, en ég fer

eftir erindi sem mér berst, og ég þekki þá kannske heimilisaðstæður þeirra sem eru að tala við mig hverju sinni. Þar er afskaplega mikill munur á. Annars vegar er embættismaðurinn, sem verður að fara að settum reglum, og hins vegar alþm. eða erindreki, sem fer eftir sínum tilfinningum og þekkir heimilisaðstæður — við skulum segja í þessu tilfelli: dæmdra manna. Ég verð þó að segja að hæstv. dómsmrh. hefur ávallt tekið málaleitan minni vel, stundum hef ég verið mjög ánægður með afgreiðslur, en í önnur skipti óánægður, eins og gengur og gerist.

Ég hef í mörgum tilfellum verið beðinn um að heimsækja fangelsi. Ég hef verið beðinn um að koma að Litla-Hrauni og eiga þar viðtöl við fanga. Ég hef verið þar með viðtalstíma. Það er nokkuð langt síðan ég var þar síðast ásamt hv. 7. þm. Reykv. Ég vil taka undir það, að starfsfólk á Litla-Hrauni hefur á sér mjög gott orð fyrir heiðarleika og þykir vera samstarfsgott við hina innilokuðu. Ég hef spurt þar fanga í einrúmi í viðtalstímum um ýmislegt sem snertir starfsemina fyrir austan, og ég hef ekki undan starfsfólki á Litla-Hrauni að kvarta, en ég þekki ekki önnur fangelsi.

En það er eitt sem er sláandi og situr afskaplega fast í mér eftir þessar mörgu heimsóknir mínar austur, að ég er sannfærður um að margir af þeim, sem dæmdir eru, sérstaklega fyrir minni háttar brot — og minni háttar brot eru mörg, þurfa að þola meira en ástæða er til miðað við þau afbrot sem þeir hafa framið, og það verð ég að segja að á ekki að eiga sér stað. Afbrot, þ. e. brot á lögum, eru ekki í öllum tilfellum glæpir. En í okkar litla þjóðfélagi vilja afbrot, sem ég kalla, hljóta meðferð glæpamála. Mér finnst við oft gera of mikið úr slíkum brotum. Það kom vel fram hjá hv. 9. þm. Reykv., að lögbrot, sem eru framin á unga aldri, eru oft ekki glæpir, en tíminn, sem líður frá því að brot eru framin og þangað til kemur að refsingu, hefur gerbreytt manninum sjálfum. Eins og kom greinilega fram hjá hv. 9. þm. Reykv. er maðurinn kominn með allt aðra ábyrgð á sínar herðar, og bara ábyrgðartilfinningin gerbreytir honum. Það þarf oft ekki annað en að viðkomandi unglingur, ef það er karlmaður, verði ástfanginn og kvænist. Það getur gerbreytt öllu hans lífi. Þegar kemur svo að því að afplána brot framin á 18 ára aldri, eins og hv. þm. gat um, þá er verið að dæma miklu fleiri en þann mann sem er raunar orðin allt annar maður — dæma miklu fleiri til að vera þolendur vegna þessara glappaskota — frekar en glæpaverka — sem framin voru 4, 5, 6 árum áður. Auk hins ákærða er það kona til viðbótar og í því tilfelli, sem minnst var á áðan, tvö börn sem verða að afplána hluta af þessum afbrotum. Það eru þessi brot sem liggja hvað þyngst á mínum huga.

Ef við tölum svo um glæpi, morð eða eitthvað slíkt, þá er það allt annað mál. Ég geri engar athugasemdir við þá dóma sem menn hafa hlotið fyrir glæpi, því að glæpir eru þeir sömu hér og annars staðar. Það eru litlu brotin sem ég er að tala um. Og litlu brotin kalla ég þau sem framin eru kannske í ölæði, kannske undir öðrum áhrifum á unga aldri. Ég vil undirstrika þetta sem kom skýrt fram í málflutningi hv. 9. þm. Reykv.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um það, það fer ekkert á milli mála, að það eru hæfustu menn og virtustu hver á sínu sviði sem eru í náðunarhefnd. Það fer ekkert á milli mála. Ég mundi tvímælalaust sjálfur hafa mælt með þeim mönnum öllum sem fagmönnum. Það eru virtustu og færustu fagmenn hver á sinu sviði. En þegar fagmenn hafa fjallað um afbrot á öllum stigum vill oft það mannlega vanta. Það mannlega verður að koma á eftir, þegar búið er að fjalla á faglegan hátt á öllum sviðum um þau afbrot sem ég er að tala um. Því hefði ég talið að í náðunarnefnd ættu ekki að vera fagmenn. Það er ekki fólkið sjálft sem verið er að vernda með því að loka inni þjóðfélagsþegna. Að mínu mati ættu hér að koma til virtir borgarar sem ekki eru fagmenn, en hugsa meira með hjartanu, eins og ég hef stundum sagt, heldur en um lagabókstafinn. Án þess að vilja kasta nokkurri rýrð á náðunarnefnd hefði ég viljað sjá hana öðruvísi skipaða.

Það fer ekki á milli mála að það þarf að finna nýjar leiðir til að bæta fólk sem er lokað inni. Ég vona að með tilkomu þessarar nefndar finnist þær leiðir sem Alþingi getur sætt sig við, verða okkur öllum til sóma og koma í veg fyrir að langur tími líði frá afbroti til afplánunar.

Ég hefði viljað setja það í lög og gera þá breytingu sem fyrst, að falli ekki dómur í þessum smærri málum, sem ég kalla, innan ákveðins tíma, þá fyrnist þau, eða þá til vara, ef dómur fellur svona seint, þá sé hann í flestum tilfellum skilorðsbundinn. Ef maðurinn og kringumstæður hans hafa frá því að hann framdi afbrot, ég tala ekki um glæpi, frá því að hann braut lög og þangað til hann á að afplána, ef ekkert hefur komið fyrir hann í millitíðinni og hann er orðinn heimilisfaðir með þá ábyrgð sem því fylgir, þá á að mínu mati sterklega að koma til greina að skilorðsbinda slíka dóma.

Ég veit ekki hvort það er rétt, en ég hef heyrt að ef um fangelsisvist fyrir minni háttar afbrot og jafnvel minni háttar glæpi hjá heimilisföður sé að ræða, þá hafi fjölskyldan ekki slíkar fjárhagsáhyggjur í sumum öðrum löndum sem fjölskyldur hafa hér, því að hið opinbera greiðir fjölskyldunum lífeyri og tekur á sig ýmsar þær kvaðir sem hvíla á hinum fangelsaða. Þetta kynni að vera rétt að athuga og er ekkert óeðlilegt, vegna þess að þegar fyrirvinnu, kannske ungum manni sem er fyrirvinna fjölskyldu, ungra barna, er kippt úr umferð, þá skapast visst framfærsluvandamál. Það er ekkert óeðlilegt að þegar þjóðfélagið í heild vill svipta heimili fyrirvinnu af einhverjum lítilvægum ástæðum, þá verði ríkissjóður og Félagsmálastofnun sameiginlega að sjá fyrir fjölskyldunni.

Ég er sammála hæstv. ráðh. um að fangelsisvist er neyðarúrræði í þessum tilfellum og ég vil vera þátttakandi í að breyta þessum lögum. Það getur vel verið að hægt sé að gera þau eitthvað mannlegri, þannig að embættismennirnir, sem eiga að framfylgja þeim, liggi ekki undir ádeilu fyrir að reka sín störf ekki eins og vera ber þegar þeir eru kannske harðir í horn að taka. Því styð ég þessa tillögu. Ég vona eins og flm., að hún komi sem fyrst úr nefnd, og vona þá líka eins og hæstv. ráðh., að gott samstarf náist milli rn., embættismannanna og þeirrar nefndar, sem fjallar um þessa till., um að hraða henni sem mest í gegnum kerfið, svo að hún geti sem fyrst komið til framkvæmda eða ný lög — og þá kannske með nýjum anda — komið til framkvæmda, svo að ekki þurfi á þessum píslargöngum að halda sem við tveir þm. höfum stundum þurft að ganga á fund ráðh. og annarra til þess að flytja erindi þeirra ungu eiginkvenna, sem hér eiga hlut að máli, og barna þeirra, bæði fæddra og ófæddra í sumum tilfellum. Ég veit um eitt dæmi þar sem barnið fæðist ekki, það lifir ekki. Eiginkonan missti fóstur fyrir nokkrum dögum og eiginmaðurinn er farinn frá henni, frá fyrirtæki sem hann er tiltölulega nýbúinn að reisa, allt

annar maður en hann var þegar hann braut af sér. Nú blasir ekkert annað við þessari fjölskyldu en algert hrun. Í fyrra tilfellinu, sem hv. 7. þm. Reykv. tók dæmi af, fæddist þó barn, það lifir og þau hjón eiga tvö börn. Í seinna tilfellinu fæddist barnið andvana fyrir tímann og lifði ekki. Áhyggjurnar leggjast svo þungt á ekki bara þann sem braut af sér, heldur líka vandamenn hans sem hann hefur eignast þegar hann á að taka út dóminn seinna meir.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég fagna þeim umr. sem hér hafa átt sér stað, þeim mikla áhuga sem hér hefur fram komið og kom mér alls ekki á óvart. Ég vil líka taka það fram, að það gleður mig að heyra að að þeim tveimur málum, sem ég var 1. flm. að á s. l. þingi, þ. e. till. um geðheilbrigðismál og eins till. um menntun fangavarða, hefur verið jafnvel unnið og kom fram í máli hæstv. dómsmrh. Á því var full þörf, þó ég geri mér grein fyrir því, að a. m. k. að því er lýtur að geðheilbrigðismálum er um svo mikið verk að ræða að við getum ekki átt von á því alveg á næstunni að sjá beinan árangur af því starfi.

Það má segja um þessa umr., að hún hafi ásamt þessari till. beint ljósi að miklu samfélagsvandamáli og um leið fært það nær okkur og nær löggjafarsamkundunni sjálfri, eins og rétt og skylt er. Ég gat þess í minni frumræðu áðan, að það hefði sennilega verið 1968 sem síðast hefði farið fram mikil og opinská umr. um fangelsismál almennt hér í framhaldi af tillögugerð Jónasar Árnasonar þá, en síðan ekki á þeim breiða grunni sem við erum þó að reyna að færa þetta á hér.

Ég ætla að láta frekari umr. bíða þeirrar niðurstöðu sem nefndin um fangelsismál leggur fram á sínum tíma. Ég skil út af fyrir sig að hæstv. dómsmrh. verji sín vé af harðfylgi þegar að þeim er sótt. Það er mannlegt. Um leið treysti ég því, að hann taki á með okkur hinum um það meginefni sem till. fjallar um. Og ég treysti á það, að hans rn. taki á með öðrum nm. í þeirri nefnd, sem hér er gerð till. um, við að gera raunhæfa úttekt og gefi í öllum atriðum þær upplýsingar sem rn. og þess undiraðilar geta gefið.

Þessi till. er sem sagt upphafið. Framhaldið fer eftir okkur öllum. Þar má bókstafurinn ekki blífa ofar mannlegum þáttum, eins og hér hefur komið fram. Miðað við þá nefndarskipan sem hér er gert ráð fyrir tel ég enga hættu á því. Heildarúttekt og tillögur um framtíðarskipan hljóta að vísa okkur veginn til betri vinnubragða, kannske enn fremur betra skipulags og réttlátara skipulags allra þessara mála. Þessi till. beinist að því, það er hennar markmið. Við hljótum einmitt að binda vonir við þær góðu undirtektir sem málið hefur fengið hér.

Ég hlýt þó enn að minnast sérstaklega á fanga með geðræn vandamál og þann mikla vanda sem þar er á ferðum, m. a., sem ekki kom fram í minni frumræðu, vegna mismunandi sjónarmiða í heilbrigðiskerfinu. Lausn þeirra mála er tvímælalaust brýnust, kallar kannske mest á okkur, þó margt sé þar sem á kallar. En öll þessi mál koma vonandi á borð þm. á næsta þingi og þá geta þeir, sem þar sitja, tekið upp þráðinn að nýju. Verður að vænta þess, að þá verði tekið til hendi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. sjútvrh. hefði séð sér fært að vera við þessa umr. Hann var hér í húsinu áðan, er nokkuð hægt að nálgast hann? **(Forseti:** Ég skal gera ráðstafanir til þess að kanna hvort hæstv. ráðh. er ekki reiðubúinn til að vera hér. Ég sé ekki beint að hans mál séu á dagskrá í Nd.)

Herra forseti. Eins og kunnugt er hefur mikil umr. farið fram að undanförnu um stærð skipastólsins. Ég held að það sé almennt viðurkennt, að skipastóllinn megi ekki stækka, og ýmislegt hefur komið fram í umr. manna á meðal og ýmsar þær vísibendingar sem að mínum dómi eru ótvírætt til stuðnings því sjónarmiði, að skipastóllinn sé of stór. Nú verður það að vísu að segjast eins og er, að hæstv. sjútvrh. og ýmsir aðrir ráðh. í ríkisstj. hafa ekki verið sérlega stöðugir í rásinni í yfirlýsingum sínum um þetta efni. Þeir hafa þó oft sagt að hann mætti ekki stækka, að hann væri hæfilega stór.

Eitt af því, sem varðar þetta mál, er sú heimild til sjálfvirkrar ríkisábyrgðar sem ríkisstj. hefur nú í sambandi við lán til kaupa á skuttogurum. Þessi heimild ríkisstj. um að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum er einstök í sinni röð. Allar aðrar ríkisábyrgðir koma til umfjöllunar og afgreiðslu á Alþingi.

Það frv., sem ég mæli hér fyrir, gerir ráð fyrir að sama gildi um ríkisábyrgðir vegna kaupa á skuttogurum og um allar aðrar ríkisábyrgðir. Afnám þessarar sjálfvirkni getur auðvitað verið liður í því að hafa hemil á stærð skipastólsins og þá sérstaklega með þeim hætti að leiða ríkisstj. ekki í freistni, því að dæmin sanna að hún hefur verið freistingargjörn í þessum efnum. Þetta gefur hins vegar tilefni til þess að ræða nokkuð um stærð skipastólsins og horfur í þeim efnum.

Eins og kunnugt er slakaði núv. ríkisstj. mjög á klónni í þessum efnum, opnaði ýmsar gáttir og setti af stað skriðu innflutnings fiskiskipa. Þetta gefur sérstakt tilefni til að líta á hverjar horfurnar eru í þessum efnum. Ég hef leitast við að afla mér sem gleggstra upplýsinga um það, hverjar séu horfurnar um viðbætur á árunum 1981 og 1982, út frá þeim skipum, sem búið er að lofa að geti verið smíðuð eða keypt erlendis frá, og eins þeim, sem þegar eru komin á árinu 1981. Mér telst svo til að þessi viðbót, sem við stöndum frammi fyrir, sé 23—25 skip á árunum 1981—82, og þá tel ég ekki smærri báta, og þessi viðbót sé af stærðinni 7000—7700 tonn. Þessi skip eru langflest skutskip, þótt sumt af þeim sé kosið að flokka undir báta vegna þess að þessi skutskip eru ekki eins stór og skuttogararnir. Að vísu berast ýmsar sögur af því og sumar staðfestar, að vegna þessarar skilgreiningar á bátum í stað skuttogara fyrir þessi skutskip sé nú verið að stytta æðimörg af þeim skipum sem hafa verið keypt erlendis, til þess að þau falli undir þá skilgreiningu að heita bátar en ekki skuttogarar, þótt þau séu fyrst og fremst smíðuð og gerð til togveiða eftir sömu meginreglu og skuttogararnir. Mér finnst þetta mikið, 23—25 skip, 7000—7700 tonn á þessum tveimur árum, einkum með tilliti til þess, að venjulega er talað um að eðlilegt brott-

fall úr skipastólnum sé einhvers staðar á bilinu 1300—1700 tonn á ári. Nú veit ég ekki hvert brottfallið hefur verið á árinu 1981 fram til þessa, en það væri ágætt að fá það upplýst. En hvað sem því líður, jafnvel þótt við tækjum bæði árin, þá sýnist mér að það verði mjög torvelt með þessari aukningu á skipastólnum að ætla sér að halda stærð hans óbreyttri. Það gerist a. m. k. ekki með eðlilegu brottfalli að því er séð verður í fljótu bragði. En við getum líka velt því fyrir okkur hvað þetta kosti og hvað þetta þýði.

Það virðist augljóst af því skömmtunarkerfi, sem hér er í gildi, að viðbætur við skipastólinn þýða ekki auknar tekjur. Hins vegar er augljóst að viðbæturnar þýða aukin útgjöld. Í áætlun, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert hinn 4. sept. s. l., er gerð grein fyrir því, að útgjöld af rekstri nýs skuttogara að frátöldum viðhalds- og fjárfestingarkostnaði séu 11 millj. kr. á slíkt skip. Í áætlun frá Þjóðhagsstofnun, rekstraryfirliti yfir fiskveiðar, dags. 21. sept., mundi samsvarandi tala vera 10 600 þús. kr. eða um það bil 10 millj. á skip.

Nú er það vitaskuld svo, að úr því að einhver af þessum skipum eru minni en þau sem gert er ráð fyrir í áætlunum Framkvæmdastofnunar ríkisins, þá verður að ætla að rekstrarkostnaður verði eitthvað minni. Þegar við þess vegna lítum á tölur eins og 10—11 millj. kr. rekstrarkostnað hvers skips má vitaskuld halda því fram í sambandi við þessa viðbót upp á 23—25 skip, að kostnaðurinn sé ekki svona mikill. En við skulum ganga út frá því, að um það bil 2/3 af þessum skipum séu af stærðinni ca. 250 tonn og um það bil 1/3 sé af fullri stærð og gera ráð fyrir að það birtist aftur í kostnaðartölunum, þannig að meðalkostnaður af hverju þessara 23—25 skipa sé 2/3 af þessum 10 millj. kr. Hvað mundi það þýða? Jú, það þýðir að við verðum að lækka þá kostnaðartölu, sem við erum hér að tala um, um þriðjung. Þetta mundi þýða það, ef gengið er nákvæmlega út frá áætlun Þjóðhagsstofnunar, að ef við drægjum fyrst frá alla hluti, vegna þess að þeir mundu væntanlega ekki aukast, og tækjum síðan 2/3 hluta af þeim kostnaði sem Þjóðhagsstofnun gerir hér ráð fyrir í rekstraryfirliti frá 21. sept., þá mundi þetta þýða 7.1 millj. kr. rekstrarkostnað að jafnaði á hvert þetta skip um sig. Ef tekjurnar eru gefnar, tekjurnar vaxa ekki — eins og ekki virðast vera horfur á miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna — þá nemur heildarútgjaldaaukning af þessum nýju skipum 164 millj. kr. Ef við lítum á þetta yfirlit frá því í sept. og gerum ráð fyrir að þessi 23 — skulum við segja — nýju skip væru komin inn í þetta dæmi, þá mundi kostnaður af rekstri flotans hækka um 164 millj. kr. Þetta þýðir viðbótartap á skipastólnum sem nemur 7.9% í rekstri hans. Það mætti orða það þannig, að ef skipastóllinn væri þessum 23—25 skipum stærri — og ég nota þá einungis töluna 23 skip — þá mundi þurfa 13—14% fiskverðshækkun til þess að afkoma fiskiskipastólsins væri jafnslæm eða jafngóð, hvort sem menn vilja nefna það, og hún var í sept. s. l.

M. ö. o.: ef við værum með þetta miklu stærri skipastól sem svarar til þess innflutnings og þeirrar nýsmíði sem ég hef hér gert að umtalsefni, þá þýðir það að gengið ætti að vera 6.5—7% lægra til þess að jafna metin. Það, sem ég er að segja, er að eins og við gerum þetta dæmi upp og miðað við að tekjurnar séu gefnar og við getum ekki aukið afrakstur fiskstofnanna, tekið meira úr þeim, þá hefur sú stækkun skipastólsins, sem hér um ræðir, þau áhrif að því mætti jafna til 6.5—7% prýstings á gengi.

Nú vitum við að hæstv. ríkisstj. er að berjast við verðbólguna og árangurinn hefur verið upp og ofan. En það hefur komið fram m. a. í yfirlýsingum frá hæstv. sjútvrh., að hver prósenta í gengi skili sér innan árs í verðbólgu. Mér sýnist að þau markmið samræmist ekki að stækka skipastólinn og skapa þannig tilefni til gengisfellinga og hins vegar að vera að berjast við verðbólguna. Nú kann einhverri af þessum viðbótum að vera mætt með brottfalli. En mér sýnist að það sé æðilítill hluti af þeirri aukningu sem hér er í pípunum, eins og þeir segja hérna, og að mínum dómi er það ekkert smáræði, að á þessum árum, 1981—1982, skuli 23—25 skip ýmist vera komin til landsins eða leiðinni.

En það mætti kannske spyrja í sambandi við þetta brottfall hvað mörg skip hafi verið flutt úr landi að undanförnu, t. d. á þessu ári, vegna þess að eitt af þeim lögmálum sem um var talað til þess að skip fengjust flutt til landsins, var að annað skip færi úr landi í staðinn. Ég hef grennslast eftir hvort átt hafi sér stað verulegur útflutningur á skipum í stað þeirra sem hafa komið til landsins eða eru á leiðinni til landsins, og ég hef reyndar ekki fundið nema einn 11 tonna bát úr Vestmannaeyjum. En mér þætti vænt um ef sjútvrh. gæti upplýst hvaða fleiri skip hefðu farið úr landi eða væru að fara úr landi. Þessi regla hefur nefnilega ekki gefist sérlega vel að undanförnu.

Ef við lítum til baka er ljóst að brottfall hefur verið nokkuð misjafnt á undanförnum árum. Ef við lítum á fjölda þeirra fiskiskipa, sem beinlínis svara til þess sem venjulega má flokka undir brottfall, þá voru þau einungis tvö árið 1977 sem voru eyðilögð, úrelt eða seld í brotajárn, 1978 voru þau þrjú, 1979 voru þau að vísu 35 talsins, en árið 1980 voru þau 12. Það má því segja að árið 1979 skeri sig úr, en þá var líka gert sérstakt átak til þess að taka úrelt skip úr rekstri. Það er líka athyglisvert að líta á tölur yfir brottflutning skipa úr landi, einkum með tilliti til þess, að ýmsir sjútvrh. hafa sérstaklega ætlast til þess, að skip færu úr landi. Þessar tölur eru ekki mjög háar. Árið 1977 fóru þrjú skip úr landi, árið 1978 ekkert, árið 1979 sjö talsins, en eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um árið 1980, fór einungis eitt skip úr landi það ár. En einnig varðandi þetta mál á það við að gert var sérstakt átak á árinu 1979 til þess að þvinga erlenda kaupendur íslenskra fiskiskipa til að flytja þau skip úr landi sem þeir höfðu keypt.

Samkvæmt svonefndri fiskiskipaáætlun hefur verið gert ráð fyrir því, að meðalbrottfall á árunum 1976—1985 gæti verið 1689 brúttó-rúmlestir, en þessi spá hefur reynst of há að undanförnu. Árin 1976—1978 var spáð meðalbrottfalli upp á 1385 tonn, en það reyndist aðeins rúmur helmingur þess. Árið 1979 réttir þetta nokkuð af með tilliti til þess sem ég var að geta um áðan, þannig að árleg rauntala fyrir árin 1976—1979 verður 1340 tonn. En ef við lítum á spána samkv. fiskiskipaáætlun fyrir næstu ár, árin 1981—1985, sem er náttúrlega það sem við þurfum sérstaklega að skoða, þá er þess að gæta, að í þeirri spá um fiskiskip er brottfall á síðutogurum upp á 3558 tonn, en núna er einungis einn síðutogari í rekstri og er reyndar ekkert sérstakt útlit fyrir brottfall hans. Og ef leiðrétt er fyrir þessu, þá mundi þessi fiskiskipaáætlun í rauninni ekki gera ráð fyrir meira brottfalli en 1417 tonnum að meðaltali á því tímabili sem í hönd fer, á árunum 1981—1985. Ég rek þetta til þess að menn átti sig á því, að eðlilegt brottfall er ekki nema lítið

brot af þeirri tölu sem ég gat hér um varðandi skip sem kæmu til landsins á þessu ári eða lofað hefði verið að kæmu í rekstur á þessu ári.

En ég vil af þessu tilefni, vegna þess að það frv., sem ég mæli hér fyrir, varðar sérstaklega stærð skipastólsins, benda á fáein grundvallaratriði í sambandi við stjórn fiskveiða.

Í fyrsta lagi er það að einungis með markvissri heildarstjórn verður frambúðarafrakastur af auðlindum hafsins tryggður.

Í öðru lagi verðum við að hafa í huga að hver einstakur útgerðaraðili sækist vitaskuld eftir sem mestu í sinn hlut og hefur þess vegna m. a. tilhneigingu til þess að vilja auka sóknarmátt sinn, þótt það verði einungis á kostnað annarra þegar fiskimiðin eru fullnýtt. Það er þess vegna hlutverk stjórnvalda að takmarka heildarsóknina og þar með fjárfestingu í nýjum skipum til þess að tryggja afrakstur greinarinnar.

Í þriðja lagi vil ég ítreka þau augljósu sannindi, að of stór skipastóll þýðir einungis aukna skömmtun, þ. e. minna í hvern hlut og verri afkomu fyrir sjómenn og útgerð, fyrir sjómenn, fyrir útgerðina og fyrir þjóðina í heild.

Í fjórða lagi er það skömmtunarkerfi í fiskveiðum, sem nú er beitt, auðvitað til marks um það, að fiskiskipastóllinn sé of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofna.

Þessi atriði mega ekki líða okkur úr huga. En ég vil undir lokin ítreka það sem kom fram í ræðu minni áðan, að of stór skipastóll þýðir aukinn þrýsting á gengi, og þær horfur, sem eru um að yfir 20 skip bætist í flotann á þessu ári og hinu næsta, svara til 6.5—7% í gengi, svo mikil er kostnaðaraukningin, og henni verður auðvitað að mæta með einhverjum hætti, að svo miklu leyti sem henni verður ekki mætt með brottfalli annarra skipa úr flotanum.

Þetta frv., sem ég mæli fyrir, er auðvitað einungis lítill liður í því að ná heildarstjórn á þessum málum. Eins og ég gat um í upphafi er þetta undantekningarákvæði varðandi ríkisábyrgð vegna skuttogarakaupa einstakt í sinni röð. Það var sett á sínum tíma til að auðvelda og örva kaup á skuttogurum, en einmitt þá var endurnýjun togaraflotans mjög brýnt verkefni. Þessi heimild hefur fyrir löngu þjónað markmiðum sínum. Nú um það bil áratug síðar eru aðstæður gerbreyttar. Víðtækt skömmtunarkerfi í fiskveiðum er vitaskuld til sannindamerkis um að fiskiskipastóllinn sé of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna við núverandi aðstæður. Forsendan fyrir þeirri undantekningu, sem hér var gerð varðandi ríkisábyrgðir og lögin um heimild fyrir ríkisstj. til að beita sjálfskuldarábyrgð fyrir skuttogara fela í sér, er gersamlega brostin. Þess vegna er bæði rétt og eðlilegt að um ábyrgðir af þessu tagi gildi sama regla og um aðrar ríkisábyrgðir, að þær komi til kasta Alþingis. Það er af þessum sökum að þetta frv. er flutt. Það var reyndar einnig flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt.

Ég vil að endingu ítreka nauðsyn þess að upp verði tekin markviss stefna að því er varðar það að ná stjórn á stærð skipastólsins, stefna sem tryggi að hann verði hæfilega stór á hverjum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Lífeyrissjóður Íslands, frv. (þskj. 65). — 1. umr.

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. þdm. vita var frv. þetta flutt á síðasta þingi. Gerði ég þá allrækilega grein fyrir efni þess og skal reyna að lengja ekki ræðu mína með því að endurtaka mikið af því sem þá var sagt, enda liggur það fyrir í Alþingistíðindum. Svo er ítarleg grg. með þessu frv. og er sjálfsagt eins þægilegt fyrir hv. þdm. að lesa grg. og að hlusta á miklar útlistanir af minni hálfu.

Frv. er flutt að meginefni til óbreytt. Þó er tölum breytt vegna verðbólguþróunar og breyttra aðstæðna, og smávægilegar breytingar aðrar hafa verið gerðar frá því að frv. var flutt hér í fyrra.

Það, sem fyrir okkur flm. vakir fyrst og fremst, er að nú verði á það reynt, hvort unnt verði að ná samstöðu á hv. Alþingi um afgreiðslu þessa frv. eða annars álíkt, ná samstöðu um lífeyrissjóðamálin og afgreiða þau á þessu þingi. Það er auðvitað ekki krafa af okkar hálfu að allt sé óbreytt frá því sem hér er fram lagt, en við munum leggja á það mjög mikla áherslu að reyna að ná samstöðu um einhverja afgreiðslu lífeyrissjóðamálsins á yfirstandandi þingi. Þess vegna mun mikið starf áreiðanlega bíða þeirrar nefndar sem frv. fer til, því að það þarfnast vafalaust athugunar og áreiðanlega munu einhverjar nýjar hugmyndir koma fram. En aðalatriðið er sem sagt að láta nú á það reyna, hvort alþm. geti ekki sameinast um það eða a. m. k. meiri hl. þingsins geti náð samstöðu um að afgreiða lífeyrissjóðsfrv. sem verði til frambúðar og þar sem nýskipan þessara mála allra yrði lögfest.

Meginatriði frv. er það, að lífeyrir verði greiddur fyrir landsmenn alla, þ. e. ekki einungis launamenn, heldur öll landsins börn, þar með talið að sjálfsögðu þá sem ekki hafa beinar launatekjur, eins og t. d. húsmæður og þá sem af ýmsum ástæðum hafa ekki getað aflað launatekna. Það er mergurinn málsins að koma á jafnrétti og öryggi í lífeyrismálunum, og efa ég ekki að þm. vilji leita leiða til að þessi megi verða.

Nú er það svo að þetta kerfi er býsna flókið og margslungið, þannig að nærri má segja að enginn eða kannske þeir séu teljandi á fingrum annarrar handar sem skilji það til hlítar og geti greitt úr öllum þeim spurningum sem vakna við lausn þessa máls eins og það er nú framkvæmt. Lífeyrissjóðirnir eru nú 94, er mér tjáð. Þar er um að ræða 25 sjóði sem eru í sambandi almennu lífeyrissjóðanna, en síðan koma til svokallaðir samkomulagssjóðir, er svo hafa verið nefndir, frá árinu 1976, þegar í samningagerð á vinnumarkaðinum varð samkomulag um að þessir lífeyrissjóðir greiddu 4% af samanlögðum iðgjaldatekjum í sameiginlegan sjóð til þess að greiða fyrir lífeyrisgreiðslum. Síðan var þetta lögfest með lögum nr. 97 frá 1979 og fór þá þannig, að allir lífeyrissjóðir greiddu 5% í þennan sjóð eða það sem þeir kalla, sem framkvæma þetta, „púlíu". Starfandi er svokölluð umsjónarnefnd, sem raunar var stofnuð 1970, en fékk aukið starfssvið 1976 og aftur við samningagerð 1977 og svo með þessari löggjöf sem ég áður vék að. Þá hefur verið starfandi 17 manna nefnd embættismanna og aðila tilnefndra af ýmsum. Hún hefur starfað frá 1976. Og síðan er undirnefnd 7 eða 8 manna sem hefur leitast við að finna einhvern botn í þetta lífeyrissjóðaöngþveiti allt saman. En þá gerist það, eins og ég vék aðeins að áðan,

að með lögum frá 1979 er ákveðið að allir sjóðirnir, einnig lífeyrissjóður opinberra starfsmanna og aðrir sjóðir sem ekkert samkomulag höfðu gert, skuli greiða í þessa svokölluðu „púlíu" 5% allra sinna iðgjaldatekna. Þetta hefur verið framkvæmt síðan, en þó er svo komið að sumir lífeyrissjóðirnir a. m. k. hyggjast neita þessari framkvæmd, og einn sjóðurinn, Lífeyrissjóður verkfræðinga, hefur þegar stefnt út af þessari löggjöf og telur brot á stjórnarskránni að heimta með lögum hluta af tekjum sjóðsins. Í stefnu lífeyrissjóðsins, sem dags. er 7. okt., segir m. a., með leyfi forseta:

„Stefnandi telur að ákvæði 25. gr. 1. mgr. 2. tölul. laga nr. 97/1979, um eftirlaun til aldraðra, fái ekki staðist, enda sé um að ræða skattlagningu sem fer í bága við ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar. Skattlagningin brýtur og í bága við jafnréttisreglu íslensks réttar. Mál þetta er því höfðað til endurgreiðslu á gjaldi sem jafngildir skattlagningu" o. s. frv.

Síðan er í greinargerð vitnað til álitsgerðar lögfræðings, Jóns Steinars Gunnlaugssonar, þessum greiðslum mótmælt og krafist endurgreiðslna á því, sem áður hefur verið greitt. Ef svo færi nú, að þarna yrði sú dómsniðurstaða að þetta væri stjórnarskrárbrot og ólögmætt, þá er enn ein ástæða fram komin til þess, að allt þetta kerfi sé hrunið til grunna sem ég hef leyft mér að halda fram að væri hvort eð er og nánast óframkvæmanlegt svo að nokkurt réttlæti geti í því falist.

Í þeim lögum, sem ég vitnaði til áðan, er ekki einungis talað um umsjónarnefndina, sem útdeilir þessum fjármunum til viðbótar því fé sem menn fá beint frá lífeyrissjóðum, heldur eru þar sérákvæði um að ríkissjóður, Atvinnuleysistryggingasjóður og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli leggja fram fé í þessum tilgangi. Þessir almennu sjóðir hafa svo til allir engar aðrar tryggingar en þær sem felast í eignum þeirra sjálfra, en þó er enn eitt misréttið það, að einstakir sjóðir eru fulltryggðir, og það kann bæði að skapa stórum atvinnufyrirtækjum erfiðleika og mikla áhættu, en á hinn bóginn að vísu að tryggja kannske betur hag sjóðfélaganna, en það mun vera þannig að sjóðir samvinnufélaganna séu tryggðir af félögunum. Svo mun einnig vera um lífeyrissjóð starfsmanna Eimskips og bankanna, að fyrirtækin beri ábyrgð á sjóðunum.

Ég hef talið upp ýmislegt það sem mismunar og gerir það að verkum, að samræmingar er þörf. En það er raunar margt fleira sem bendir til þess, að óhjákvæmilegt verði að gera þetta. Og þetta sjóðakerfi er raunar enn þá fjölskrúðugra, því að það var settur upp svokallaður söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, þar sem allir landsmenn eiga að vera í lífeyrissjóðum. Þetta var víst kallað bið-reikningur eða eitthvað slíkt áður. Þetta var lögfest í fyrra eða hittiðfyrra og gerir þessa flækju alla saman enn þá óskiljanlegri og torleystari. En lífeyristryggingar koma ekki einungis úr þessu fjölskrúðuga kerfi, heldur líka eins og allir vita, úr almannatryggingakerfinu þar sem lífeyrisbætur koma einnig frá Tryggingastofnun ríkisins. Þess vegna höfum við flm. leyft okkur að halda því fram, að kerfið væri allt of flókið til þess að það fengi staðist. Þar að auki væri full ástæða til að ætla að í sumum sjóðunum og reyndar mjög mörgum entust lífeyrisgreiðslur mjög skammt og sjóðirnir gætu ekki starfað undir núverandi kringumstæðum, jafnvel þótt þessi 5% af lífeyristekjum allra sjóðanna — þar með þeirra sterkustu — gengju til greiðslu á þessari sérstöku uppbót sem svo er nefnd. Og það er mikil spurning hvort yfirleitt nokkur lífeyrisþegi veit um þau réttindi sem honum ber, veit hvernig þau eru reiknuð út. Hinir allra fróðustu og færustu menn hafa fullyrt við mig, að það muni enginn lífeyrisþegi vita hvernig lífeyrir hans sé reiknaður út og ekki heldur hvort hann njóti þeirra réttinda sem honum ber lögum samkvæmt, svo flókið er þetta allt saman orðið. Ekki skal ég fullyrða hvort það sé svo slæmt, að ekki einn einasti lífeyrisþegi viti um þau réttindi, sem honum ber, og taki bara við því sem honum er rétt, en áreiðanlegt er hitt, og um það hef ég sannfærst því meir sem ég hef reynt að kynna mér allt þetta kerfi meira, að það er svo flókið að það þarf gáfaðri menn en mig til að botna í því með hjáverkavinnu. Ég get ekki ímyndað mér að það sé margt fullorðið fólk sem hafi aðstöðu til að kynna sér það niður í kjölinn.

Það má raunar segja að gegnumstreymiskerfið sé að nokkru leyti komið á í þessu flókna kerfi. Að því leyti til er ekki um algert nýmæli að ræða í því frv. sem hér er til umr. Bæði er það, að þessi umræddu 5%, sem greidd eru í þessa sérstöku uppbót, eru nokkurs konar gegnumstreymi og að þeir menn, sem hæstu tekjurnar hafa, standa auðvitað undir lífeyristryggingum hinna sem þeirra njóta, og eignir myndast ekki með sama hætti hjá þessum lífeyrissjóðum og áður var. Að vísu er það rétt, að nú á allra síðustu árum hafa sjóðirnir farið að verðtryggja útlán sín til fasteigna og að því leyti leikur verðbólgan þá ekki eins grátt og áður. Hins vegar eru þessar millifærslur með þeim hætti, t. d. ef eitt dæmi er tekið sem er mjög flókið að vísu, að við uppgjör á þessum greiðslum fyrir árið 1980 greiðir Lífeyrissjóður verslunarmanna í þennan sameiginlega sjóð 188 millj., en sjóðfélagar hans njóta aðeins 28 millj. Á hinn bóginn fær Lífeyrissjóður Dagsbrúnar 533 millj., en sjóðfélagarnir njóta 290 millj. af því, vegna þess að upphæðin nægir ekki. Heildargreiðslan færi aðeins upp í 54.49% á þessu ári, sem út úr þessu kemur til að mæta þessum útgjöldum. Hitt verður þá að taka af iðgjaldafé þeirra sem í sjóðinn greiða og vinnandi eru. Lengra skal ég ekki fara út í þetta. Það verður allt saman skoðað rækilega í nefnd og þar verður ábyggilega að kalla til ýmsa sérfræðinga svo að út úr þessu komi einhver heilleg mynd.

Það, sem mér virðist liggja nokkuð ljóst fyrir, er að annaðhvort verði að vera einn stór sjóður, einn almennur lífeyrissjóður, því að ella yrði sýnilega um misjafnar iðgjaldagreiðslur að ræða til þess að sjóðurinn gæti staðið undir lífeyrisgreiðslum annarra, því að aldursgreining er mjög misjöfn innan ýmissa starfsstétta, eða þá að halda þessu kerfi einhvern veginn áfram, ef það er þá löglegt að flytja fé með þessum hætti á milli sjóðanna. Það er sem sagt dregið í efa að þessi lög fái staðist, eins og ég áður vék að, en úr því verður væntanlega fyrr en síðar skorið með dómi.

Þá er rétt að benda á það, að ekkert annað frv. en það, sem við leggjum hér fram, hefur séð dagsins ljós, ekkert heillegt frv. Hins vegar er mér fullkunnugt um að margir, einnig aðrir en mínir flokksmenn, hafa mikinn áhuga á að koma á nýskipan þessara mála. T. d. fluttu hv. þm. Alþfl. hér þáltill. í fyrra sem að meginefni er ekki ósvipuð því sem við erum hér um að ræða. Og aðrir þm. hafa tekið undir það, að þetta mál verði að afgreiða.

En það er sérstaklega rétt að benda á það, að lögin frá 1979 og samkomulagið, sem gert var, tryggja ekki nein þessi réttindi lengur en til loka næsta árs. Þess vegna

getur þetta Alþingi ekki hætt störfum að mínu mati án þess að taka málið til fullnaðarafgreiðslu og finna einhverja frambúðarlausn, því að ein skyndilausnin enn þá gerir einungis dæmið enn þá torleystara í framtíðinni. Þetta er þess vegna það mál sem ég leyfi mér næstum því að halda fram að sé mikilvægast allra á þessu hv. Alþingi. Ég er ekki að segja að þetta frv. sé endilega nákvæmlega það rétta, en lífeyrissjóðamálið er að mínu mati mikilvægasta mál þessa þings, enn sem komið er a. m. k.

Þess er að gæta raunar, að engin heildarlöggjöf er til um lífeyrissjóði og raunar eiginlega ekkert um þá í íslenskum lögum annað en ákvæði í skattalögum þar sem segir að iðgjaldagreiðslur séu skattfrjálsar og fjmrn. skuli staðfesta reglugerðir sjóðanna. Þetta er nánast það eina sem er um lífeyrissjóði í íslenskri löggjöf. Nú er ég ekki að segja að ítarleg löggjöf þurfi endilega að vera um alla hluti, sjálfsagt mætti strika út helminginn af lagasafninu eða þriðjunginn eða fjórðunginn, og við erum stöðugt að samþykkja lög sem eru allt of löng og þvælin — og sum sem betur mættu vera ósett. En hitt er alveg ljóst, að þegar komið er í slíkt öngþveiti sem hér er um að ræða, þá verður Alþingi að sinna þeirri frumskyldu sinni að koma til og aðstoða við að greiða fram úr því.

Sjónarmið okkar, sem þetta frv. flytjum, eru gagnrýnd af sumum. Það hefur t. d. komið fram nú á nýafstaðinni ráðstefnu Sambands almennu lífeyrissjóðanna, að þeir telji ekki ástandið jafnalvarlegt og við viljum halda fram, og benda á að það hafi nokkuð lagast með þessu „lapparií", ef ég má nota það orð, sem byrjaði 1976, 1977 og síðan aftur með þessum lögum 1979, ef þau halda. Má kannske til sanns vegar færa að lífeyrissjóðirnir væru ella orðnir gersamlega máttlausir, almennu lífeyrissjóðirnir, það hafi eitthvað skánað að því leyti. En ég vil gjarnan benda á það, með leyfi forseta, að talsmaður þessara aðila, Hallgrímur Snorrason, sagði í útvarpi orðrétt: „Það er unnið mjög mikið að þessum málum núna. Það eru töluvert miklar athuganir í gangi. Hins vegar verða menn að hafa það hugfast, að hér er bæði um að ræða mjög flókið mál, og eins líka hitt, að hér er verið að skipuleggja til nokkuð langrar framtíðar." Það liggur sem sagt fyrir, að þessi 17 manna nefnd er að störfum. Um það er auðvitað ekki nema hið allra besta að segja, og við flm. erum nákvæmlega ekkert viðkvæmir fyrir gagnrýni á einstakar tillögur okkar, jafnvel ekki heldur að við séum gagnrýnd fyrir að gagnrýna kerfið eins og það er. Það eru heilbrigð og eðlileg vinnubrögð í lýðræðisþjóðfélagi.

Ég fyrir mína parta kem ekki auga á að unnt sé að bjarga þessum málum með því að reyna að endurbæta núverandi kerfi. Ég held að það verði að taka einhver ný afgerandi skref í lífeyrissjóðamálum og það verði þetta Alþingi að gera, hvort sem þar yrði farið inn á gegnumstreymiskerfið einvörðungu eða eitthvert sambland af gegnumstreymi og sjóðasöfnun eða uppbyggingu eigna. Það skal ég láta liggja á milli hluta á þessu stigi. Vissulega gæti verið skynsamlegt að hafa einhverja sjóðamyndun. Við gerum raunar ráð fyrir að gömlu lífeyrissjóðirnir megi starfa áfram, ýmist sem fjárfestingarsjóðir eða sem viðbótarlífeyristryggingasjóðir ef fólk vill tryggja sig betur en almenni sjóðurinn gerir. Það er engin tillaga um það gerð að leggja gömlu sjóðina niður, heldur að reyna fremur að stefna að því að sameina þá, gera þá sterkari og öflugri og nota þeirra fjármagn betur en gert hefur verið til þessa, og eins hitt, að menn hafa auðvitað frjálsræði til þess að kaupa sér aukatryggingar, hvort sem það er í slíkum sjóðum eða þá hjá tryggingafélögum. En einhverju formi verður að koma á þetta. Það verður að koma einhverju skipulagi á þetta, þó ekki væri af neinu öðru en því, að fólk á auðvitað að geta vitað hvort það nýtur þess réttar, sem lög heimila því, eða ekki. Það munu a. m. k. ekki vera margir ellilífeyrisþegar sem yfirleitt hafa hugmynd um hvort þeir njóta þeirra réttinda sem þeir eiga að lögum. Og bara það eitt er mismunun, burt séð frá allri annarri mismunun sem bent hefur verið á, að sumir taka kannske stórfé úr tveim, þrem eða fjórum fullverðtryggðum lífeyrissjóðum, en hér var engin verðtrygging til skamms tíma á almennu sjóðunum og hún fellur niður í lok næsta árs ef allt er óbreytt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Sjómannalög, frv. (þskj. 107). — 1. umr.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Forseti. Á þskj. 107 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, 18. gr. þeirra. Þetta frv. er sprottið af því tilefni, að á síðasta ári, nánar tiltekið með lögum nr. 49 frá 1980, voru gerðar breytingar á réttindum sjómanna til launagreiðslna í veikinda- og slysatilvikum. Með þeim lögum voru þessi réttindi aukin nokkuð og bætt. Síðan hefur komið í ljós að nokkur ágalli var á þessum lagaákvæðum. Frv. það, sem ég leyfi mér að flytja hér, er sett fram í þeim tilgangi að bæta úr þeim ágalla. Frv. lætur lítið yfir sér en skiptir töluvert miklu máli fyrir sjómenn.

Sú lagagrein, sem frv. er ætlað að breyta, er, eins og ég sagði áður, 18. gr., 4. mgr. Í þeirri mgr. er kveðið á um aukin réttindi sjómanna í veikinda- og slysatilfellum, sem ræðst af starfstíma þeirra. Eins og þau mál standa núna í gildandi lögum fá sjómenn í aukin veikindaréttindi eftir tveggja ára starfstíma einn mánuð til viðbótar því sem almennt gildir, en eftir fjögurra ára samfellda ráðningu hjá sama útgerðarmanni fá þeir tveggja mánaða viðbótartíma við það sem almennt gildir. Í gildandi lögum er það skilyrði, að sjómaðurinn hafi unnið hjá sama útgerðarmanni þennan tíma. Frv. því, sem ég legg hér fram, er ætlað að breyta þessu þannig að miðað verði við starfsreynslu sjómannsins, þ. e. hvað hann hefur starfað lengi samfellt við sjómennsku, en ekki gerð krafa um að sú reynsla þurfi að hafa fengist hjá sama útgerðarmanni.

Þau meginsjónarmið, sem liggja að baki þessum auknu veikindaréttindum, eru að sjálfsögðu þau, að reyndir sjómenn eru mikils virði og starfsreynsla þeirra kemur sér mjög vel fyrir útgerðarmenn, enda sækjast útgerðarmenn yfirleitt eftir því að fá reynda sjómenn. Mönnum hefur virst það sanngjarnt, að sjómenn fái aukin réttindi eftir því sem verðmæti starfa þeirra eykst. En eins og þetta stendur nú í lögum hefur það þær óheppilegu afleiðingar, að sjómaður, sem hættir hjá einni útgerð til þess að hefja störf hjá annarri, missir öll þessi veikindaréttindi. Ekki standa nein efnisrök til þessa missis. Mér liggur nánast við að halda að handvömm hafi ráðið því, að þetta er svo í lögum eins og það er nú. Það

geta verið margar eðlilegar ástæður fyrir því, að sjómenn vilji skipta um útgerð. Þeir kunna vegna aldurs t. d. að hafa áhuga á að fá sér einhver auðveldari sjómennskustörf. Ýmsar aðrar eðlilegar ástæður geta legið til þess, að þeir vilji skipta um útgerð, og það er ekki sjáanleg nein ástæða til að þeir missi þessi veikindaréttindi fyrir það eitt.

Þá má líka geta þess, að eins og þessu er nú háttað situr útgerðarmaður eiginlega yfir höfðum skipverja ef hann kýs að beita þessari stöðu, því að hann getur með einfaldri uppsögn svipt sjómennina þarna mjög dýrmætum réttindum. Ég hef orðið þess var meðal þeirra mörgu kunningja sem ég á í sjómannastétt, að mönnum er þetta mikill þyrnir í augum, fyrst og fremst vegna þess að þeir sjá ekki neina skynsamlega ástæðu fyrir því, hvernig þessu er hagað í gildandi lögum.

Ég sé ekki ástæðu til að halda mjög langa framsöguræðu um málið vegna þess að það er í eðli sínu einfalt. Hér er einungis um það að ræða að menn missi ekki veikindaréttindi við að skipta um skipsrúm, að menn geti notið góðs af sinni starfsreynslu, hvort sem hún er fengin hjá einum útgerðarmanni eða fleirum, enda er sú starfsreynsla jafndýrmæt fyrir útgerðina hjá hverjum sem hún er fengin. Ég vona bara að frv. hljóti skjóta og málefnalega afgreiðslu og það verði sem fyrst að lögum.

Ég legg til að lokum að málinu verði vísað til samgn.

Stefán Guðmundsson: Forseti. Ég vil aðeins segja hér nokkur orð í sambandi við það frv. sem hér er flutt af hv. þm. Finni Torfa Stefánssyni.

Í síðustu kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, er undirritaðir voru 25. febr. s. l. , varð að samkomulagi að fara þess á leit við sjútvrn. að það hlutaðist til um að skipuð yrði nefnd til að endurskoða gildandi lög og reglur um réttindi og skyldur sjómanna og útvegsmanna í veikinda- og slysatilvikum sjómanna svo og um líf- og örorkutryggingar og gildissvið þeirra trygginga og gera tillögur til úrbóta í þessum efnum.

Nefnd þessi hefur hafið störf. Hún er, að ég best veit, skipuð þremur fulltrúum frá sjómönnum sjálfum, þremur fulltrúum frá útvegsmönnum, formaður nefndarinnar er tilnefndur af rn. Starfssvið þessarar nefndar er ekki aðeins, eins og upphaflega var gert ráð fyrir, einskorðað við að endurskoða 18. gr. sjómannalaga, heldur hefur það verið útvíkkað í það að endurskoða öll sjómannalögin.

Ég verð að segja að ég tel vafasamt, svo að ekki sé meira sagt, að vera að hrófla við þessum málum hér einmitt nú, meðan þau eru í vinnslu í nefnd, sem nú er að störfum og er skipuð fulltrúum þeirra aðila sem málið fyrst og fremst snertir. Ég tel fráleitt, eins og ég sagði hér áður, að sjá ekki til hvað fulltrúar þessarar atvinnugreina koma til með að leggja fram í þessu máli, en tel eðlilegt að Alþingi ætli þeim eðlilegan tíma til að ljúka störfum sínum í þessu svo sannarlega þýðingarmikla máli sjómanna.

Ég gæti sagt ýmislegt fleira um þessi mál en ég sé ekki ástæðu til þess hér og nú. Í grg. segir flm. m. a., eins og hann kom hér inn á áðan: „Útgerðarmaður situr mjög yfir höfðum skipverja í þessu máli, þar sem hann á þess kost, ef hann svo kýs, að svipta skipverja réttindum þessum með einfaldri uppsögn.“ Ég ætla ekki heldur að ræða þennan þáttinn frekar þótt ég gæti það vissulega. En ég tel bara að nú sé ekki staður og stund til að ræða það mjög ítarlega, vegna þess að ég tel að hitt sé öllu heppilegra, að þeir menn, sem til þess hafa verið kjörnir af hagsmunaaðilunum, fái að segja sitt álit hér á. Varðandi þennan kafla grg. vildi ég að endingu segja það, að í mínum huga er það nú orðið svo, að menn hræða ekki lengur með sögunum um ljóta karlinn í þessum málum þegar verið er að tala um útgerðarmenn.

Jón Sveinsson: Herra forseti. Hugmyndin að baki því frv., sem hér er til umr., um breytingu á 4. mgr. 18. gr. sjómannalaganna, er vissulega góð og ástæða til að taka undir hana, enda um réttlætismál sjómanna að ræða eins og fram kemur í grg. Rétt er þó að minnast þess, að með lögum samþykktum á Alþingi 21. mars 1980 voru gerðar verulegar breytingar á sjómannalögum frá 1963 til samræmis við fyrirheit til sjómanna um aukin félagsleg réttindi. Var meginmarkmið þeirra laga annars vegar að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 19 frá 1979, um rétt verkafóks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla. Hins vegar var markmið laganna að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram, en til þess tíma hafði verið á því nokkur misbrestur. Í meðförum þingsins breyttist frv. sjómönnum í hag. Í upphaflega frv. var gert ráð fyrir þriggja ára samfelldum starfstíma hjá sama útgerðarmanni eða á sama skipi í stað tveggja í lögunum, sem samþykkt voru, og hins vegar fimm ára samfelldri ráðningu hjá sama útgerðarmanni í stað fjögurra ára í lögunum. Byggði frv. á áður samþykktum lögum um réttindi verkafólks frá 1979, sem áður er getið. Gengu endanleg lög því lengra en lög um verkafólk og lengra en upphaflegt frv. Spurning kann því að vera hvort ekki hefði verið eðlilegra og réttara að sams konar breyting hefði samhliða þessari breytingu átt sér stað á lögum um rétt verkafólks frá 27. apríl 1979. Hafa ber einnig hugfast að sú breyting, sem gerð var á sjómannalögum 1980, mætti nokkurri andstöðu útgerðarmanna, hagsmunasamtaka þeirra og einstakra alþm., enda gengið mun lengra en fyrri lagaákvæði sögðu til um. Má því enn búast við slíkri andstöðu, einkanlega þar sem svo stutt er liðið frá þeirri meiri háttar breytingu sem átti sér stað 1980. Það eitt út af fyrir sig ætti þó ekki að hræða menn frá stuðningi við frv., enda um réttlætismál sjómanna að ræða, eins og fyrr er að vikið.

Umhugsunarvert er hins vegar, hvort ekki hefði verið nauðsynlegt að taka fyrri mgr. 18. gr. sjómannalaganna jafnframt til endurskoðunar samhliða þeirri breytingu sem hér er gert ráð fyrir. T. d. segir í niðurlagsákvæði 3. mgr. 18. gr., með leyfi forseta:„ Skipverji, sem forfallast vegna veikinda, á þó ekki rétt til launa í fleiri daga en hann hefur verið í þjónustu útgerðarinnar.“

Loks finnst mér ekki fulls samræmis gæta í upphafi mgr. þeirrar sem hér er til umr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafi skipverji starfað við sjómennsku í tvö ár skal hann“ o. s. frv. og síðan niðurlagsákvæði greinarinnar, þar sem segir m. a., með leyfi forseta: „en í allt að tvo mánuði eftir fjögurra ára samfelld störf við sjómennsku.“ Virðist mér hér sem skipverji þurfi ekki samkv. greininni að hafa starfað við sjómennsku samfellt í tvö ár til þess að njóta þeirra réttinda sem greinin gerir ráð fyrir, en hins vegar eru fjögurra ára samfelld störf

gerð að skilyrði til að njóta aukinna réttinda samkv. niðurlagi greinarinnar. Hér held ég að það skilyrði verði að setja í upphafi, að skipverji hafi starfað við sjómennsku í tvö ár samfellt, þar sem annað mundi án efa leiða til verulegrar óvissu, öryggisleysis og oft og tíðum sönnunarerfiðleika. Væri fróðlegt að heyra sjónarmið flm. hvað þessi atriði snertir.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. 3. þm. Vesturl. undir þetta frv. Ég get tekið undir nánast allar þær aths. sem hann flutti í sinni ræðu. Mér finnst tilefni til þess, að hugað verði líka að réttindum verkafólks í landi í samhengi við þetta, jafnvel þótt það sé ekki gert í þessu frv. Það gæti verið verðugt verkefni fyrir aðra hv. þdm. Ég get líka tekið undir það, að það hefði mátt hyggja að lokamálsgrein 3. mgr. 18. gr. laganna, jafnvel þótt ég hafi ekki gert það í þessu tilviki. Það getur þá líka verið verkefni fyrir aðra hv. þdm. Og í síðasta lagi er ég sammála honum um það, að hugsanlega hefði verið til bóta að hafa orðið samfellt líka í upphafsmálslið brtt. minnar, enda þótt ég telji að það sé nokkuð ljóst, að það eru samfelld störf sem átt er við. Það er sem sagt meining mín, að miðað sé við tveggja ára samfelldan starfstíma á sama hátt og það verði um fjögurra ára samfelldan starfstíma að ræða. Ef menn telja þetta ekki nægilega skýrt í greininni eins og það er fram sett, þá væri mér það mjög til þægðar að gerðar verði á því lagfæringar í þingnefnd ef menn telja ástæðu til þess.

Ég ætla að víkja örfáum orðum að ummælum hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég hef eins og aðrir hv. þdm. allmikla reynslu af því að fylgjast með nefndarstörfum. Það er auðvitað altítt að nefndir eru skipaðar hagsmunaaðilum til þess að vinna að hinum ýmsu löggjafarmálefnum, og er ekkert nema gott um það að segja. Ég vænti því að sú nefnd, sem hv. þm. gerði hér að umtalsefni, vinni gott starf og geri nauðsynlegar tillögur um réttarbætur í sjómannalögunum. En hitt er allt annað mál, að ég hef enga fullvissu um að það verði gott starf sem hún vinnur. Ég get líka alveg eins átt von á að hún verði alllengi að vinna þennan starfa. Síðast en ekki síst er það aldeilis fráleitt að hv. alþm. hætti afskiptum af löggjafarmálefnum fyrir það eitt, að nefnd er úti í þjóðfélaginu að störfum í slíku máli. Það er að sjálfsögðu skylda allra alþm. að hyggja sem gleggst að löggjöf landsins og leitast við að lagfæra þá ágalla sem þeir finna þar á hverjum tíma og þeir eiga auðvitað sjálfir að hafa frumkvæði að því að breyta því sem þeir telja ástæðu til.

Það hefur borið á því nú um langt árabil, að Alþingi hefur selt vald sitt í töluverðum mæli til aðila víðs vegar úti um þjóðfélagið. Það er þróun sem ég hygg að flestir þm. séu frekar áhyggjufullir út af. Ég er einn þeirra. Ég tel að Alþingi megi alls ekki gleyma sinni frumkvæðisskyldu varðandi löggjafarmál. Það er skylda þm. sjálfra að hyggja að löggjöfinni og koma með þær lagabrtt. sem þeir telja nauðsynlegar á hverjum tíma, en velta ekki öllum vanda á aðila annars staðar í þjóðfélaginu. Þetta er þeirra meginhlutverk. Alþingi er löggjafarstofnun. Meginhlutverk þessarar stofnunar er að setja lög. Ef menn telja ástæðu til lagabreytinga eiga menn að hafa frumkvæði um slíkt. Þess vegna get ég ekki fallist á þá hugsun sem kom fram í máli hv. 3. þm. Norðurl. v., að fyrir þá eina sök, að einhver nefnd væri að vinna að málinu, þá væri ekki tilefni fyrir hv. Alþingi að taka það til meðferðar. Ég er algerlega ósammála þessu. Ég held að Alþingi þurfi að vega það og meta, hvort þörf sé á þeirri lagabreytingu sem hér er til umr. Á að breyta lögum á þann veg sem hér er lagt til, eður ei? Ef þingið er sammála mér um að þetta sé þörf breyting, þá á þingið auðvitað að samþykkja hana án tillits til þess, hvort einhverjir aðrir aðilar séu með svipaðar hugmyndir annars staðar í þjóðfélaginu.

Ég vil leiðrétta misskilning sem mér fannst koma fram í máli hv. þm. varðandi tiltekna mgr. í grg. frv., þar sem þess er getið, að útgerðarmaður sitji mjög yfir kosti skipverja vegna þess að útgerðarmaðurinn geti svipt menn veikindaréttindunum með uppsögn einni saman. Í þessum ummælum felast alls ekki neinar ásakanir á hendur útgerðarmönnum um að þetta hafi gerst. Það er síður en svo. Ég veit ekki um nein dæmi þess, að útgerðarmaður hafi beinlínis sagt skipverja upp til þess eins að svipta hann veikindaréttindum. Það, sem hér er sagt, er einungis að útgerðarmenn eigi þessa kost. Lögin gera þeim það kleift eins og þau eru núna. Með því er ekki sagt neitt um að einhver útgerðarmaður hafi nýtt sér það eða gert það í raun. En þeir eiga þess kost að lögum, og það er að mínu mati ekki sanngjarnt og eðlilegt.

Stefán Guðmundsson: Forseti. Ég skal ekki halda uppi orðaskaki um þetta, en gæti samt sitthvað um þetta sagt, bæði málsmeðferðina, sem hv. þm. Jón Sveinsson ræddi hér um að hefði verið á síðasta þingi, og hvernig hún fór fram og hvernig hún hefur raunverulega verkað gagnvart hinum staðfasta og góða sjómanni, sem ég legg höfuðáherslu á og vil tryggja sem bestan hag. Ég vil leggja mig fram um að tryggja hag þessara manna fram yfir aðra. En því miður gerist það við þá lagasetningu, sem menn eru hér að vitna til og þá sérstaklega Jón Sveinsson, að hrapalleg mistök urðu að mínu mati við setningu þeirra laga.

Ég vil ekki sætta mig við það orðalag hjá hv. þm. Finni Torfa, að það sé verið að senda þetta til umsagnar til manna úti í bæ og Alþingi sé að afsala sér einhverjum völdum. Mér finnst ekkert óeðlilegt að orðið sé við óskum sjómanna sjálfra um að nefnd verði sett á laggirnar til að endurskoða þessi lög sem þeir þurfa sjálfir að þola og búa við. Það er aðeins það sem var gert. Það voru samtök sjómanna sjálfra, sem báðu um að þessi nefnd yrði sett á laggirnar til að skoða þessi lög, og ég vil taka skýrt fram að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þau séu skoðuð í heild sinni en það sé ekki alltaf verið að draga út úr þeim einhverja parta til þess meira og minna að afskræma lögin í heild sinni.

Flm. (Finnur Torfi Stefánsson): Örstutt athugasemd, herra forseti. Ég fagna því, að hv. 3. þm. Norðurl. v. skuli lýsa áhuga sínum á að tryggja hag hins — eins og hann orðaði það — staðfasta og góða sjómanns. Ég efast ekkert um vilja hans í því máli og þá held ég að við séum farnir að nálgast allmikið í afstöðunni til þessa frv., vegna þess að þetta frv. er einmitt til þess fallið einkum og sér í lagi að efla hags hins staðfasta og góða sjómanns, þ. e. þess ágæta sjómanns sem stundar sjómennsku af fullri alvöru, starfar við það lengi og öðlast starfsreynslu. Við viljum þar af leiðandi að hann njóti góðra veikindaréttinda í samræmi við það.

En mér fannst koma fram nokkur misskilningur hjá hv. þm. varðandi þá nefnd sem um hefur verið rætt. Ég er

ekki andvígur því, að settar séu á fót nefndir til að vinna að löggjafarmálefnum. Það eina, sem ég gerði athugasemd við, var að jafnvel þótt ágætar nefndir starfi má Alþingi ekki leggja niður sín löggjafarstörf á meðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til samgn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 15. fundur.

Miðvikudaginn 25. nóv., kl. 2 miðdegis.

Land í þjóðareign, frv. (þskj. 48). — Frh. 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson) [frh]: Herra forseti. Á þeim skamma tíma, sem ég hafði til ráðstöfunar á síðasta fundi þessarar hv. deildar, benti ég mönnum á í fyrsta lagi, að ekki teldist sjálfgefið að það land og þau landsréttindi, sem dómstólar kæmust að þeirri niðurstöðu um að tilteknir aðilar, sem um það deildu, ættu hvorugur eignarréttartilkall til þess, það félli undir almannaeign. Ég benti mönnum á — og það er samdóma álit þeirra lögfræðinga sem ég leitaði til — að til þess að svo yrði þyrfti sérstök lög frá Alþingi, það gæti ekki gerst sjálfkrafa. Sú viðbára, að frv. væri þarflaust af þeim sökum, stenst því ekki, eins og væntanlega kemur í ljós þegar frv. þessu verður vísað til umsagnar m. a. lagadeildar Háskóla Íslands í þeirri meðferð sem frv. væntanlega fær í nefndum þingsins.

Í öðru lagi benti ég líka á að eftir úrskurði dómstóla í þeim þremur deilumálum, sem ég tiltók sérstaklega, þ. e. varðandi Nýjabæjarafrétt, varðandi Hellisheiði og varðandi botn Mývatns, væri mjög nauðsynlegt að ákveða — fyrst dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé finnanlegur aðili í næsta nágrenni, sem geti gert kröfur til fullkominna fasteignarréttinda á þessu svæði — þá væri nauðsynlegt að tiltaka hver það sé þá sem þau lögformlegu fasteignarréttindi hafi með höndum. Slíkum málum mun fara ört fjölgandi á næstu árum ef ekki verða einhverjar rammareglur settar um þessi efni. Menn geta vissulega tekið á málunum þannig að í hvert skipti sem slík niðurstaða verður hjá dómstólum verði flutt á Alþingi sérstakt frv. um það takmarkaða landssvæði, sem um er deilt, til þess að taka þar af öll tvímæli. En ég er hræddur um að hv. Alþingi mundi þreytast á því, þegar fram í sækir, að þurfa að setja sérstök lög um hvert slíkt tilvik í staðinn fyrir að reyna að takast á við lausn vandans með setningu rammalöggjafar eins og hér er gert, og eins og þeir lögfræðingar, sem um hafa fjallað, mæla mjög eindregið með að gert sé.

Í þriðja lagi leyfi ég mér að benda á að það er engum í hag, hvorki landeigendum, almenningi í þéttbýli, ríkisvaldi né sveitarfélögum, að svo mikil óvissa ríki um það sem nú er, hvar séu mörk almannaeignar og einkaeignar. Það er öllum í hag að reyna að jafna þessar deilur og reyna að draga þessi mörk mjög skýrt, þannig að ljóst liggi fyrir hvar séu mörk almannaeignar og einkaeignar. Ég leyfi mér að vekja athygli á því, að fyrir þá, sem sérstaklega hafa andæft þessu frv., væri ekki fráleitt að leiða hugann að því, hvort ekki væri réttara að reyna að leysa slík deilumál núna, í fyrsta lagi áður en þau fara enn harðnandi — sem ella mun verða á næstu árum — og í öðru lagi á meðan t. d. fulltrúar landeigenda — og þá einkum og sér í lagi bænda — og dreifbýlisins hafa þó jafnsterka stöðu á löggjafarsamkomunni og þeir hafa í dag, en ýmsar líkur virðast benda til, m. a. vegna samþykkta stjórnmálaflokka ýmissa þar um að á næstu grösum kunni að vera breytingar sem mjög rýra áhrif þessara hópa á Alþingi Íslendinga. Ég hvet m. ö. o. mjög til þess, að menn reyni að taka höndum saman um að jafna þennan ágreining, menn reyni að taka höndum saman um að semja sátt milli þéttbýlis og dreifbýlis í þessum málum. Sú sátt getur auðvitað ekki byggst á öðru en því, að glöggt sé fram tekið og glöggt sé gengið úr skugga um hvar mörkin séu á milli almannaeignar og einkaeignar.

Þá vil ég einnig í tilefni af ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar ítreka að frv., eins og það er úr garði gert, gerir ekki ráð fyrir að skerða nein réttindi sem menn — og þá sérstaklega bændur — nú þegar hafa. Frv. skerðir t. d. alls ekki beitarrétt, sem fyrir er, né heldur takmarkar hann. Og það skerðir ekki á nokkurn hátt veiðirétt manna, sem veiðirétt hafa öðlast, né heldur vatnsréttindi. Það gengur sem sé ekki á nein þau réttindi sem menn hafa í höndum í dag. Og alveg er útilokað það sem hv. þm. Steinþór Gestsson lét í veðri vaka, að með samþykkt frv. væri t. d. hægt af hálfu ríkisvaldsins að krefja bændur um leigu fyrir beitarréttindi eða veiðiréttindi sem þeir vitaskuld greiða ekki nú. Bændur mundu halda réttindum sínum gjörsamlega óskertum, beitarréttindum, vatnsréttindum og öðrum slíkum réttindum sem þeir hafa nú. Það væri algjörlega útilokað, þó að frv. þetta væri samþykkt, að ríkisvaldið gæti krafið bændur eða aðra notendur slíkra réttinda um endurgjald fyrir beitarréttindi.

Nú er mér ekki kunnugt um hvort nokkur afréttur er til á landinu sem segja má að bændur hafi ekki beitarréttindi á. Mér er mjög til efs að nokkur slíkur afréttur sé finnanlegur þar sem bændur hafi ekki beitarréttindi. Ég tel að bændur hafi í sínum höndum beitarréttindi á öllum þeim svæðum á hálendi Íslands þar sem beit getur á annað borð átt sér stað. Það getur því ekki heldur gerst, þó að frv. verði samþykkt og er ekki tilgangur með frv., að á einhverjum landssvæðum á hálendinu, þar sem fé hugsanlega gæti gengið, gengju beitarréttindi til ríkisins í því skyni að ríkisvaldið gæti síðan farið að krefja bændur endurgjalds fyrir að nota þennan rétt.

Ég vil enn ítreka það til að fyrirbyggja misskilning eins og þann sem kom fram hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni og raunar hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni einnig, að eins og frá frv. er gengið er ekki með nokkrum hætti gengið á þennan rétt bænda, hvorki beitarréttindi né heldur vatnsréttindi né heldur veiðiréttindi né heldur nokkur önnur réttindi til landsafnota sem bændur hafa. Og ég vil enn ítreka það, að í frv. er ekki heldur gefið undir fótinn með að ríkisvaldið gæti á einum eða öðrum tíma farið að krefja bændur um leigu fyrir að nýta slík réttindi sem þeir þarfnast. Þetta held ég að komi mjög ljóslega fram í frv. og grg. með því. Þess vegna lít ég á þau orð, sem féllu hér fyrr í umr. um málið frá hv. þm. Steinþóri Gestssyni, og hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem hreinan misskilning. Þær ályktanir, sem þeir drógu, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson að stefnt væri að því að taka beitar- og veiðiréttindi af mönnum, sem þeirra njóta nú, og hv. þm. Steinþór

Gestsson að hætta gæti verið á að menn yrðu krafðir um leigu fyrir slík afnot, þetta er hvort tveggja á algjörum misskilningi byggt. Frv. tekur af öll tvímæli um að þetta er ekki heimilt, og það er ekki heldur tilgangur flm. að heimila þetta. Ég tek enn fremur fram að mér er ekki kunnugt um hvar raunverulega liggja mörkin á milli veiðiréttar bænda t. d. á fjallavötnum og eignar ríkisvaldsins á slíkum veiðiréttindum. Án þess þó að geta frekar en aðrir þm. nokkuð um það fullyrt því að ekkert liggur fyrir um slík efni þá er mér nær að halda að hefðbundinn veiðiréttur bænda og samtaka bænda sé í nærfellt öllum fjallavötnum ef ekki öllum sem veiði er stunduð í. Þau fjallavötn og veiðivötn á hálendi Íslands, sem mundu falla undir almannaeign ef frv. þetta yrði samþykkt, yrðu því ekki mjög mörg og það yrðu ekki nein þeirra vatna sem bændur eða félög bænda eða annar félagsskapur bænda eða sveitarfélaga úti á landsbyggðinni teldi sig nú hafa veiðirétt í.

Þá er að sjálfsögðu mjög eðlilegt og nauðsynlegt, að um leið og sett er almenn rammalöggjöf, sem hefur það eina markmið að skýrt sé kveðið á um hvar mörkin eigi að vera milli einkaeignar og almenningseignar, setji ríkisvaldið einhverjar reglur í fyrsta lagi um afnota- og umgengnisrétt almennings á þeim landssvæðum, sem teljast vera eign þjóðarheildarinnar, og í öðru lagi um skyldur almennings gagnvart slíkum landssvæðum. Þetta er einnig gert í þessu frv. Í frv. er gert ráð fyrir því í 4. gr., að settar verði reglur af hálfu þeirra, sem annast um þessar eignir í nafni almennings, um réttindi almennings til umferðar og aðgangs að því landi, sem ríkisvaldið telst eiga þar eð enginn annar eigandi finnst að því, og jafnframt um þær skyldur, sem íslenskur almenningur verður að hafa í heiðri gagnvart þessari eign sinni.

Nú finnst mér líklegt — án þess að geta fullyrt mikið um það vegna þess að ekkert liggur fyrir um hvar mörkin liggi á milli almenningseignar og einkaeignar, eða hvar mörkin mundu verða dregin samkv. þessu frv. — að nær eingöngu verði um að ræða landssvæði á hálendi Íslands sem öll fasteignarréttindi féllu til almannavaldsins á, þó svo að á ýmsum öðrum landssvæðum gæti almenningur fengið takmarkaðan eignarrétt, t. d. landssvæðum á afréttum þar sem bændur eiga væði beitarréttindi og veiðiréttindi en ekki önnur fasteignarréttindi. Þau landssvæði eru talsvert mörg.

Ég tel engu að síður að flestöll þau landssvæði, sem samkv. frv. þessu yrðu úrskurðuð almannaeign, yrðu á hálendi landsins. Nú eru harla litlar líkur á því í rauninni, að slíkt landssvæði hentaði til t. d. skipulagðra orlofsbúða eða útivistarsvæða. Það yrði því næsta fátítt að þessi almenningseign yrði tekin undir orlofsbúðir. Engu að síður þótti okkur flm. frv. rétt að gera ráð fyrir því, ef sérstaklega háttaði til um einhverja tiltekna staði sem mundu falla undir almannaeign, vegna þess að enginn einstaklingur eða lögaðili gæti gert tilkall til þeirra, þá vildum við í frv. gera ríkisvaldinu kleift að nota slíka staði undir starfsemi af því tagi sem nefnt er í 3. gr., þó að almenna reglan verði sú, að land, sem yrði úrskurðað í almannaeigu samkv. samþykkt frv., yrði ekki framselt eða framleigt til einstaklinga eða félagasamtaka þannig að réttur almennings til umferðar og afnota glatist.

Þó svo að menn séu andvígir þeirri hugsun, sem fram kemur í frv., þá þýðir það ekki að menn eigi að leggja sig í framkróka um að reyna að misskilja allar tillögur sem í frv. eru fólgnar. Og ég ítreka enn að þetta frv. — þó að það sé ekki mikið að vöxtum og snerti aðeins lítinn þátt í stefnu og tillögugerð Alþfl.-manna um þjóðareign á landi — hefur fengið mjög grandgæfilega skoðun, ekki bara hjá áhugamönnum um þessi mál, heldur hjá dómurum, hjá mönnum, sem fjalla um eignaumsýslu hins opinbera, hjá mönnum, sem kenna lög við Háskóla Íslands, og hjá mönnum, sem hafa sérstaklega fjallað um ýmis vandamál sem hafa risið vegna þess hve óskýr eru mörkin á milli almannaeignar og einkaeignar. Ég vil því biðja þm. að vera ekki of fljóta á sér að dæma einstakar tillögur í frv. óalandi og óferjandi að óathuguðu eða lítt athuguðu máli, einfaldlega af þeirri ástæðu, að þeir séu í hjarta sínu andvígir stefnunni sem í frv. felst. Í málflutningi margra þeirra, sem mælt hafa gegn frv., hefur mér þótt gæta tilhneigingar til slíks.

Ég get hins vegar verið mjög sammála hv. þm. Páli Péturssyni um það, að brýna nauðsyn ber til að setja reglur um umgengni við landið, enda er gert ráð fyrir því í frv. þessu að settar verði sérstakar umgengnis- og góðurverndarreglur um það land sem fellur í hlut almennings ef frv. þetta verður samþykkt. Auðvitað er það meining okkar, sem að frv. stöndum, að svipaðar reglur séu settar um bæði almannarétt til umferðar og um skyldur almennings og góðurvernd gagnvart öðrum landssvæðum, sem kunna þó að vera í einkaeign að einhverju leyti a. m. k.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hv. þm., að við höfum nú þegar ráðstafað mjög miklu fjármagni úr sameiginlegum sjóðum þjóðarinnar til landgræðslu- og uppgræðsluverkefna og góðurverndar í landinu út frá því að landið sé sameign okkar allra og við öll höfum skyldum við það að gegna. En skyldum hljóta líka að fylgja réttindi, og þeir íbúar þéttbýlisins, sem ekki teljast vera landeigendur, en borga bróðurpartinn af þeim reikningi sem Alþingi hefur gert íslenskum skattborgurum að greiða á hverju ári vegna góðurverndar og uppgræðslu lands, þeir hljóta að gera kröfu til þess að öðlast einhver réttindi til eigin lands á móti. Það er ekki hægt að halda því fram í öðru orðinu, þegar kemur að því að borga reikninga fyrir góðurvernd og uppgræðslu, að þá sé landið eign okkar allra, og halda því síðan fram í hinu orðinu, þegar kemur að því að menn eiga að fá að nýta þetta land, að þá sé það allt upp í hájökla eign ákveðinna einstaklinga. Og ekki er eðlilegt að það ríki slíkur vafi um mörk almannaeignar og einstaklingseignar, að t. d. ein bújörð á Íslandi skuli — án þess að það liggi ljóst fyrir hvort hún hafi þann rétt — geta krafist þess að eiga öll fasteignarréttindi allt frá norð-austanverðu horni landsins og upp á miðjan Vatnajökul. Ekki er eðlilegt að menn geti gert slíka kröfu, allra síst ef sú krafa byggist á mjög vafasömum pappírum. Þarna þarf að fá úr skorið í eitt skipti fyrir öll hvort þessi krafa sé réttmæt. Getur landeigandi í Reykjahlíð við Mývatn gert lögmæta kröfu til þess að eiga land upp að Vatnajökli, jafnvel upp á miðjan jökul, eins og sumir halda fram að krafan sé, og hversu víðtækt er þetta eignarhald viðkomandi einstaklings? Getur hann til að mynda bannað öllum öðrum landsmönnum umferð og afnot af þessu landi ef honum kemur í hug? Þá held ég að fari að færast skörin upp í bekkinn ef við getum átt von á því á næstu árum, að einhverjir tilteknir menn eða hópur manna geri kröfu til þess að vera taldir eigendur að öllum hájöklum landsins og þar með eigendur að öllu því vatni sem þaðan kemur, bæði til virkjana og almennra þarfa. Vel má vera að

menn geti reist slíkar kröfur, um það veit ég ekki, en frv. þetta fjallar um að gengið verði úr skugga um hvort menn geti stutt þær kröfur sínar gildum gögnum.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði hins vegar, og það var kjarninnn í hans málflutningi, að hann væri ekki sammála þeirri hugsun sem byggi að baki frv. Hver er sú hugsun? Hún er einfaldlega sú, að eytt sé ákveðinni réttaróvissu sem ríkir um eignarhald á landi. Hugsun frv. er sú, að við þurfum ekki að horfast í augu við það næstu áratugi, að menn viti ekki á Íslandi hvað það sé, sem einstaklingar og samtök einstaklinga geti gert tilkall til að þeir eigi á þessu landi, og hvað það séu stór landssvæði, sem almenningur sé talinn eigandi að. Hugsunin í frv. er sú, að þessari réttaróvissu verði eytt. Hv. þm. Páll Pétursson segist vera andvígur þessari meginhugsun, vera andvígur því, að þessari réttaróvissu sé eytt. Hverjum þjónar það, að óvissan um þessi efni, sem nú ríkir og hefur ríkt á umliðnum árum og m. a. orðið ýmsum framkvæmdum á okkar landi stórkostlega fjötur um fót, — hverju þjónar það, að þeirri óvissu sé við haldið og hún sé e. t. v. aukin? Ég sé raunar ekki, herra forseti, að það þjóni neinu. Það þjónar ekki almannaheill í landinu að þeirri óvissu sé við haldið, og ég fæ ekki heldur séð að það þjóni bændum. Ég fæ ekki heldur séð hvernig það getur þjónað nokkrum bónda í landinu að óvissa ríki um hvað hann getur talið sér til eignar af því landi sem hann nytjar eða nytjar ekki. Það hlýtur að vera öllum í hag, að það liggi alveg ljóst fyrir hvar séu mörkin á milli einkaeignarréttarins og almenningseignarinnar. Það getur ekki þjónað neinum tilgangi að þar ríki mikil óvissa. Eini tilgangurinn, sem slíkt þjónar, er tilgangur eilífra deilna og sundurþykkis milli íbúa þéttbýlis og íbúa dreifbýlis í þeim efnum. Svo lengi sem óvissan ríkir verður eilíft ósamkomulag á milli þéttbýlismanna og bænda eða annarra landeigenda, t. d. í hvert einasta skipti sem kemur að því að það þurfi að virkja vatnsfall á Íslandi eða djúphita eða standa að einhverri þeirri framkvæmd sem varðar nýtingu lands og landsgæða.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm., að gera má ráð fyrir að það taki talsverðan tíma að ganga úr skugga um það fyrir hvert sveitarfélag í landinu og hvert hreppsfélag í landinu og hverja sýslu landsins, hvar megi draga þessi mörk milli almannaeignar og einkaeignar og hvernig þeim mörkum sé háttað, t. d., svo að við horfum frá sjónarmiði bænda, hvar bændur hafi fullkominn fasteignarréttindi til lands, hvert beitarréttindi þeirra nái, hvert veiðiréttindi þeirra nái, hvert vatnsréttindi þeirra nái og hvar taki við full og óskoruð fasteignarréttindi almannavaldsins. Auðvitað tekur nokkurn tíma að ganga úr skugga um þetta. Það tók 20 ár í Noregi. En Norðmenn töldu það samt sem áður algera forsendu fyrir því, að þeir gætu hafið uppbyggingu raforkuiðnaðar í Noregi, að þessi könnun yrði gerð, svo að þessu óvissuatriði yrði eytt, svo að það lægi alveg ljóst fyrir, hvar á landinu væru mörkin milli almannaeignar og einstaklingseignar og hvernig þau væru dregin hverju sinni og um hvað eina. Áður en Norðmenn hófu hina miklu uppbyggingu síns orkuiðnaðar létu þeir framkvæma þá athugun, sem í frv. þessu er lagt til að gerð verði hér og létu enn fremur reyna á samkomulag milli ríkisvaldsins og einstaklinga, landeigenda, bænda og annarra einstaklinga um þessi atriði.

Ég vek aftur athygli á því, að meginatriðið í frv. er að þessi könnun sé gerð og að látið sé reyna á að fá samkomulag milli ríkisvaldsins og einstaklinganna, bænda og annarra, um mörk almannaeignar og einstaklingseignar. Andi frv. er alls ekki sá, að þetta verði með einhverjum hætti af mönnum tekið með ofbeldi, heldur þvert á móti að sett verði af stað könnun þar sem reynt verði að ganga úr skugga um hvernig háttað sé eignarheimildum einstaklinga til lands og landsgæða. Að lokinni könnun á því verði niðurstöður könnunarinnar birtar og mönnum gefinn kostur á að koma athugasemdur sínum á framfæri. Verði menn ekki sammála, landeigendur annars vegar og ríkisvaldið hins vegar, um þessi mál, þá er það að sjálfsögðu andi frv. og tillaga þess, að reynt sé að ná samkomulagi milli þessara aðila. Náist samkomulag ekki beri hins vegar ríkisvaldinu skylda til að leita til dómstóla um úrskurð, þannig að hinn deiluaðilinn, einstaklingurinn, þurfi ekki að taka málið upp fyrir dómstólum, höfða mál til þess að verja sinn rétt, heldur verði ríkisvaldið að hafa frumkvæði að því að fá úrskurð dómstóla ef samkomulag næst ekki milli almannavaldsins og viðkomandi landeigenda.

Það var niðurstaða Norðmanna, þegar þessi könnun var gerð, að verkefnið mætti alls ekki bíða, og ég held að sú reynsla, sem við Íslendingar höfum af deilum um virkjanamál o. fl., sem rísa fyrst og fremst vegna þess, hve óljós eru mörk almenningseignar annars vegar og einkaeignar hins vegar, — ég held að þessi reynsla hljóti að færa okkur heim sanninn um það, að sú könnun, sem hér um ræðir, og afdráttarlaus skil milli almannaeignar og einkaeignar megi ekki heldur bíða á voru landi, því að það tekur mjög langan tíma að ganga frá þessum málum ef reyna á að gera það í samkomulagi. Í frv. er gert ráð fyrir að þessu verkefni verði ekki lokið fyrr en árið 1995, og sennilega þyrfti jafnvel að hafa þann tíma lengri.

Ég held, herra forseti, að það sé meira mál að reyna með þessum hætti að sætta sjónarmið aðila með því að leggja fram rammalöggjöf eins og hér er gerð till. um, þar sem meginmarkmið löggjafarinnar er að reyna að sætta þessar andstæður, miklu frekar en að taka áhættu af því að halda áfram á þeirri braut sem við erum á núna, þannig að almannavaldið þurfi að grípa til þeirra ráða sem m. a. hafa verið rædd í þessari hv. stofnun, Alþingi, að þurfa að setja sérstök lög, þurfa að beita raunverulega valdboði með lögum til þess að koma fram virkjunaráformum í almannaþágu gegn mótmælum tiltekins hóps landeigenda. Ég held að þeir, sem hafa áhuga á málstað bænda í þessu sambandi, ættu miklu frekar að leggja lóð sín á þá vogarskál að reyna að leysa þennan ágreining með þeim hætti, sem frv. leggur til, heldur en að taka þá áhættu að valdsdómur Alþingis þurfi að ganga um hvert eitt slíkt deilumál sem nú eru um Blönduvirkjun, að það sé enginn vafi á hvar séu mörk almannaeignar og einkaeignar í því tilviki, ekki bara út frá því sjónarmiði, að ríkisvaldið gæti þannig gengið á réttindi einstaklinganna, síður en svo, heldur ekki síður vegna hins, að þá fara einstaklingarnir, sem hlut eiga að máli, ekki villir vegar um hver réttindi þeirra séu og þau réttindi séu ekki frá þeim tekin.

Ég tel mig vera búinn að svara flestöllum þeim athugasemdum sem komið hafa fram frá einstökum þm. að öðru leyti en því, að það er rétt hjá hæstv. ráðh. Pálma Jónssyni, að eins og málum er nú skipað væri e. t. v. ekki æskilegt að það væri fjmrn. frekar en landbrn. sem ætti að annast umsýslu þess lands sem úrskurðaðist almannaeign samkv. frv. þessu, og léti framkvæma þá könnun

sem 5. gr. gerir ráð fyrir. Ég vísa aðeins til þess, að við þm. Alþfl. höfum áður flutt þingmál þess efnis, að við teljum eðlilegt að öll fasteignarréttindi hins opinbera, hvort sem um er að ræða jarðnæði, íbúðir, lóðir, lendur eða húseignir, séu í umsjá eins og sama aðilans. Það er ekki þar með sagt, ef sú stefna nær ekki fram að ganga, að þá sé til einhverra bóta að flytja þennan þátt endilega til fjmrn. Það er rétt ábending frá hæstv. landbrh., að eins og málum er skipað í dag væri eðlilegra að eignadeild landbrn. sinnti þessum málum en eignadeild fjmrn. Ég vil aðeins leiðrétta þann misskilning hjá hæstv. ráðh., að það sé ekki til sérstök eignaumsýsludeild í fjmrn. og hana þyrfti að stofna ef þetta frv. yrði samþykkt. Það er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh., því að í fjmrn. er starfandi sérstök eignadeild eins og í landbrn. sem hefur eignaumsýslu með höndum. Það er ekkert sáluhjálparatriði hjá mér, að það sé endilega eitt rn. frekar en annað sem fer með þetta mál. Ég gæti vel fallist á það, ef sú væri niðurstaða manna, að landbrn. ætti áfram að varðveita bújarðir ríkissjóðs eða eignadeild landbrn. að fara með umsýslu þeirra, og þá væri eðlilegra að eignadeild landbrn. færi með þau verkefni, sem um ræðir í 5. gr., heldur en eignadeild fjmrn. Það er algert smáatriði í þessu máli.

Ég tel mig einnig hafa vikið nú þegar að þeim athugasemdum sem komu fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Um algeran misskilning er að ræða hjá hv. þm. að í frv. sé með einhverjum hætti gert ráð fyrir að taka hlunnindaeign af mönnum eða láta menn, sem hafa slíkar eigur með höndum, vatnsréttindi, beitarréttindi, veiðiréttindi og annað slíkt, greiða gjald til ríkisins fyrir afnot slíkra réttinda. Ég ítreka það enn að ég tel að það sé vart til það landssvæði á Íslandi sem bændur eða samtök bænda hafa ekki veiðiréttindi á — og mundi frv. ekki breyta því. Hér er því um algeran misskilning hv. þm. að ræða. Um önnur atriði í máli hans hirði ég ekki að ræða.

Ég vil aðeins benda hv. þm. á að það mun ekki hafa tíðkast í Stjórnarráði Íslands, frá því að fyrrv. formaður Framsfl., Eysteinn Jónsson, var fjmrh., að halda áfram á nýju ári að innheimta tekjur frá fyrra ári þangað til jöfnuður væri fenginn á ríkisreikningi. Það hefur enginn fjmrh. gert eftir að Eysteinn Jónsson hætti. Í annan stað hlýtur hv. þm. að vita að ríkisstj. skrifar ekki út tékka ríkissjóðs. Ráðherrar sitja ekki við það. Það eru aðrir menn sem hafa þau viðfangsefni með höndum, og fæstir fjmrh. og fæstar ríkisstj. sjá nokkru sinni þessa tékka eða hafa nokkur afskipti af því, hvernig þeir eru sendir út. Ég minni hv. þm. aðeins á það, að til er ein heimild um afkomu ríkissjóðs, sem ekki verður dregin í efa, það er ríkisreikningur. Ég held að hv. þm. dragi hann vart í efa, síst ríkisreikning sem stjórn, sem hann styður, gefur út. Ríkisreikningur fyrir árið 1979 er kominn út. Þar kemur m. a. afdráttarlaust fram hver var afkoma ríkissjóðs á því ári, m. a. frá mánuði til mánaðar, og hv. þm. getur gengið úr skugga um það, ef hann kærir sig um, að hagur ríkissjóðs fór mjög batnandi síðari hluta ársins, án þess þó að sú staðreynd komi þessu máli á nokkurn hátt við. Ég býst við að ríkisbókhaldið mundi hafa vitað um ef einhverjir tékkar væru frá því ári sem ekki hefðu verið komnir fram þegar ríkisreikningur var gerður. En það atriði, eins og ég sagði áðan, kemur þessu máli hreint ekkert við og á ekkert skylt við það og er allt önnur historía en sú sem hér hefur verið skráð, þó svo að það hafi kannske eitthvað ruglast hjá þeim skráningarmönnum í Reykholti.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á því að fara fleiri orðum um frv. á þessu stigi málsins. Ég hef svarað öllum þeim ábendingum og athugasemdum sem hafa komið fram. Ég vil þakka þeim þm., sem hafa tekið jákvætt undir þetta mál. Ég skil ósköp vel afstöðu þeirra þm. sem eru andvígir efni þess, en ég vil skora á þm. að gefa sér tíma til að gaumgæfa einstakar till. í frv. og hafa ekki uppi fullyrðingar hér úr ræðustól, eins og menn hafa gert, sem stangast gersamlega á bæði við efni frv. og tilgang þess, eins og honum er lýst í grg. og var lýst í framsöguræðu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég lofa því og heiti að vera ekki mjög langorður, enda væri það kannske að bera í bakkafullan lækinn. Mig langar hins vegar að gera að umræðuefni nokkur atriði sem hafa komið fram varðandi frv. til l. um land í þjóðareign sem þingflokkur Alþfl. flytur.

Einkum og sér í lagi vil ég gera að umræðuefni þau orð hæstv. landbrh., er hann viðhafði hér í umr. um þetta mál, að hann óskaði eftir að frv. dagaði uppi, eins og hann orðaði það á svo smekklegan hátt. Ég er sannfærður um að þjóðin mun ekki láta kröfuna til landsins síns daga uppi þótt hæstv. landbrh. óski eftir að þetta frv. dagi uppi. Það er alveg ugglaust að þjóðin mun gera kröfu til þess lands sem hún býr í. Spurningin er hvort hægt verði að komast að einhverju samkomulagi, sem gæti hæft og komið sér vel fyrir báða aðila. Þjóðin mun eignast sitt land fyrr eða síðar, en það mun ekki verða í eigu tiltölulega fámenns hóps.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka þm. Alþb. fyrir þann stuðning sem frá þeim hefur komið við þetta frv. Ég tel að þar sé á ferðinni mikilsverður þáttur í þeirri baráttu sem háð hefur verið fyrir þessu máli.

Vegna orða hv. síðasta ræðumanns um eignarrétt bújarða á landi langar mig að bæta því við, að menn skyldu hugleiða hvaða réttmæti felist í því, að t. d. stór jörð eins og Reykjahlíð í Mývatnssveit skuli eiga skógarítak í Skaftafelli í Öræfum. Þetta er eitt af þeim dæmum sem við höfum um landeign tiltölulega fárra manna.

Herra forseti. Erindi mitt hingað í ræðustól var vegna ummæla hv. 2. þm. Norðurl. um 4. gr. frv., þar sem fjallað er um varnir gagn ofbeit og rányrkju, ítölu og fleira af þeim toga spunnið. Ég varð nánast alveg hissa að heyra að hv. þm., sem er bóndi að atvinnu, skyldi ekki hafa meiri þekkingu á því máli, sem hann var að fjalla um, þ. e. um ítölu, því að hann fullyrðir að í lögum séu mjög skýr og greinagóð ákvæði um ítölu. Þetta er eins og hver önnur fjarstæða vegna þess að í lögum eru afskaplega ógreinileg ákvæði um ítölu, enda er ítala ekki í gildi nema á einum afrétti í landinu öllu. Það eru til lög um landgræðslu, þar sem eru mjög ógreinileg atriði um ítölu, og önnur lög sem um þennan málaflokk fjalla eru lög um afréttarmálefni, fjallskil o. fl., en þar segir m. a. í 17. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ítölu má gera í afrétti og heimalönd fyrir heilar sýslur, einstök sveitarfélög eða hreppshluta, að fullnægðum skilyrðum laga þessara, enda sé gætt að brjóta ekki í bága við lög um sauðfjárveikivarnir."

Þetta eru raunar einu afgerandi ákvæðin sem til eru í lögum um ítölu. Það kemur mér þess vegna ákaflega á óvart að hv. þm., sem ég áðan nefndi, skyldi segja það sem hann sagði. Ákvæðið um ítöluna er mjög veigamikið af mörgum ástæðum og einkum og sér í lagi vegna þess að ítala er alger forsenda fyrir gróðurvernd í landinu og

viðunandi árangri af landgræðsluaðgerðum, af gróðurnýtingu yfirleitt og búfjárbeitin fari ekki fram úr því sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir. Þetta hljótum við allir að vera sammála um. Þess vegna er ég dálítið hissa á því, að hv. þm. skyldi agnúast út í 4. gr. þessa frv.

Mig langar að geta þess, að rannsóknir undanfarinna 25 ára hafa m. a. leitt það í ljós, að land okkar er víða ofbeitt, einkum á hálendi, en einnig sums staðar í byggð, og það er fullyrt af þeim vísindamönnum, sem gerst þekkja þessi mál, að ástand þess lands sé sums staðar orðið með þeim hætti, að gróðri verði naumast bjargað nema með mikilli fækkun búfjár og jafnvel algerri friðun lands í takmarkaðan tíma meðan gróður er að ná sér að nýju. Þess vegna er ákvæði 4. gr. um ítölu nauðsynlegt og því ber að fylgja. Það er auðvitað bæði eðlilegt og sjálfsagt. Ég veit að hæstv. landbrh. er mér sammála um að það verður ekki hægt að ná verulegum árangri á þessu sviði fyrr en búið er að koma á ítölu í landið allt.

Ég vil nefna t. d. að á Grænlandi, þar sem búfé gengur á svipuðum heiðarlöndum og hér, en mun færra, er fallþungi dilka um 21 kg á meðan hann er um 14 kg hér. Það er fullyrt af hinum fróðustu mönnum, að með því að skera niður búfjárstofn landsmanna umtalsvert, eða niður í um 500 þús. fjár, væri hægt að framleiða jafnmikið dilkakjöt og gert er nú af 900 þús. fjár. Auk þess má bæta því við, að í landinu eru líklega um 50 þús. hross og ef við margföldum fjölda þeirra með fimm, eins og ekki er óeðlilegt, er það mikil viðbót á beitiland sem fyrir hendi er, þó að vísu sé þar um að ræða annað beitiland en búfé nýtir í mörgum tilvikum, nema þar sem hross ganga á hálendinu eins og dæmi eru til á nokkrum stöðum á landinu.

Það er svo sem ekkert nýtt í sambandi við umræður um þetta mál, þjóðareign á landi og landbúnaðarmálin yfirleitt, að þar gætir ákaflega mikillar íhaldssemi hjá þeim mönnum, sem þar telja sig eiga hlut að máli, og í sumum tilvikum mikillar afturhaldssemi, því miður. Af þessum sökum hefur orðið viss stöðnun. Við erum að keppast við að reyna að halda uppi framleiðslugrein í landinu, en það væri vafalítið hægt að gera með talsvert minni tilkostnaði ef tillit væri tekið til þeirra aðstæðna sem ríkja í landinu. Ég hef oft látið mér detta það í hug, þegar þessi mál hafa verið til umr., hvað menn mundu segja ef t. d. sjómenn í Vestmannaeyjum gerðu tilkall til Selvogsbanka af því að þeir hafa veitt þar lengi. Það er nú þannig í landi okkar að við eigum öll hafið, sem í kringum okkur er, og nýtum það þjóðinni allri til hagsældar. Hins vegar horfir öðruvísi við þegar komið er upp á land. Þá eru tiltölulega fáir menn sem eiga langmestan hluta landsins. Við þurfum að reyna að komast að einhverju samkomulagi fyrr en síðar um það, hvernig eign á þessu landi skuli háttað. Við höfum allt of mörg dæmi þess, að þjóðin hefur orðið fyrir alvarlegum skakkaföllum, alvarlegum fjárhagslegum áföllum, vegna þess að þessi tiltekni hópur manna hefur komið í veg fyrir eðlilegar framfarir í landinu. Mér er ekki grunlaust um að svo kunni að fara innan ekki langs tíma að þetta verði aftur upp á teningnum. Þess vegna segi ég það enn og aftur, að til þess að reyna að stuðla að því samkomulagi og þeim friði, sem verður að vera á milli þéttbýlis og dreifbýlis, verða menn að taka á þessum málum með skynsamlegu viti. Það er allri þjóðinni nauðsynlegt að við gerum okkur grein fyrir hver á landið sem við búum í og hvernig við eigum að nýta það. Þetta held ég að mönnum sé undir niðri ljóst. Ef við viljum koma í veg fyrir umtalsverð átök í þessum málaflokki eigum við að reyna að semja. Þetta er staðföst skoðun mín. Ég held að því fyrr sem við semjum því betra.

Ég vil segja það, að íslensk þjóð mun, eins og auðvitað allar aðrar þjóðir, ekki þola það að hún eigi ekki landið, sem hún býr í, að hún hafi ekki afnotarétt af landinu, sem hún býr í, og hún hafi ekki umferðarrétt um landið, sem hún býr í. Þetta verður að breytast, þetta verður að endurskoða og samkomulagi um þessi atriði verðum við að ná.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mér finnst nokkuð hafa borið á því við umr. um þetta frv. hér í hv. deild um land í þjóðareign, að þm. geti ekki á það fallist vegna fyrri frv. Alþfl. Breytingin felst í því, að með þessu frv. er horfið frá þeim atriðum í fyrri frv. Alþfl. sem voru þess eðlis að réttur bænda var skertur. Því er ekki fyrir að fara í þessu frv. Það gerir einungis ráð fyrir að þau landssvæði skuli teljast þjóðareign sem engar eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila finnast fyrir.

Ég vil undirstrika það, sem ég sagði við upphaf umr. þessa máls hér í hv. deild, að 2.—5. gr. þessa frv. skipta ekki máli við upphaf umræðna þessa máls. Það er 1. gr. frv. sem skiptir máli. Ef meiri hluti væri hér á hv. Alþingi með samþykkt hennar efast ég ekki um að við athugun nefndar, milli umr. væri hægt að ná samkomulagi um framkvæmd þessa máls. Mér sýnist að í 2.—5. gr. mætti sumt öðruvísi vera en lagt er til í frv.

Sjálfsagt er að ganga þannig frá framkvæmd laganna að sú framkvæmd sé jafnan í höndum jafngóðrar stofnunar og fjmrn., sem er nú undir stjórn Ragnars Arnalds svo sem hv. 5. þm Vestf. lýsti hér s. l. mánudag, en ekki stofnunar sem líkleg er til að vera jafnléleg og þetta sama rn. var samkv. lýsingu sama þm. þegar þar réð ríkjum hv. þm. Vestfirðinga Sighvatur Björgvinsson. Mætti hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson muna eftir því að segja frá góðri fjármálastjórn Ragnars Arnalds á fundum Framsóknar og við önnur tækifæri.

Önnur andmæli hv. þingmanna gegn þessu frv. hafa verið af svipuðum toga. Þar má nefna til „litlafingursáhættuna", sem hv. þm. gerðu nokkuð mikið úr. Ekki efast ég um einlægni hv. þm. og að þeir óttist að þegar ásælnum aðila er réttur litli fingurinn sé hætt við að sá aðili ágirnist höndina alla og síðan handlegginn og áfram. Ekki á þetta síst við í sambandi við viðskipti við erlendar stórþjóðir. Mér finnst að þessi líking eigi ekki við í þessu máli, nema síður sé. Með þessu frv. er ekki verið að rétta litla fingur til ásækins aðila. Frekar mætti segja að hér væri verið að gera tilraun til að afstýra því að upp kæmu vandamál þar sem ásælnir aðilar vildu koma litla fingrinum í smugur eignarákvæða ýmissa landssvæða. Því er brýnt að eignir, sem enginn hefur sannanlega átt fram að þessu, verði lýstar sameign þjóðarinnar allrar.

Hér er ekki á neinn hátt verið að taka rétt af bændum og búaliði. Ef sú hugmynd leynist einhvers staðar í þessu frv. tek ég ekki undir hana. Mín skoðun og stefna Alþb. er sú, að bændur haldi eignarrétti á jörðum sínum, beiti rétti í óbyggðum og öðrum þeim hlunnindum í heimalöndum og utan þeirra sem fylgt hafa íslenskum búskaparháttum á liðnum öldum. Þessi réttur bænda verður ekki tryggður nema með því að gera verði hrein skil á því hver sé lögformlegur eignaraðili þeirra landssvæða þar sem viðurkenndur nýtingarréttur bænda er til staðar. Meðan svo er má ekki búast við tilraunum ýmissa ásæl-

inna aðila sem rétta sinn litla fingur fram

Hv. 2. þm. Suðurl. nefndi að uppáskrift yfirdómara Eggerts Briems hefði verið á samningum Gnúpverjahrepps um sölu á vatnsréttindum í Þjórsá. Það er vitað að aðrir höfðu annað álit á þessu máli en yfirdómarinn og samþykktu ekki rétt samningsins. Eitthvað þessu líkt gæti komið fyrir enn. Mér finnst að nauðsynlegt sé að forðast slíkt. Að því er stefnt með 1. gr. þessa frv.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á það í umr. um þetta frv., að gras, sem vex á óræktuðu landi, sé ekki reiknað til verðs við verðákvörðun búvöru, og lét í það skína að samþykkt þessa frv. gæti orðið til þess, að bændur yrðu að fara að rækta beitiland og það mundi þá þýða hækkun búvöruverðs. Um kostnaðaraukann í þessu tilfelli deila jafnvel bændur. Það heyrir varla undir þessa umr. að skera úr um það. En að samþykkt þessa frv. feli í sér breytta aðstöðu bænda til beitar á óræktuðu landi og afréttum er ekki rétt.

Nýting gagna og gæða landsins, hvort sem það er búfjárbeit, nýting hlunninda eða nýting fiskstofna og miða við strendur landsins, verður vonandi aldrei verðlögð, hvorki í formi búvöruverðs né auðlindaskatts. Hitt verður okkur ljósara með hverju ári sem líður, að eftirlit með þessum auðlindum er nauðsynlegt. Takmörkuð sókn í þessar auðlindir og stjórn á þeirri sókn er nú staðreynd gagnvart fiskstofnum og fiskimiðum. Slík stjórn þarf líka að eiga sér stað í sambandi við nýtingu landsgæða. Trúlegt er að framkvæmd og yfirstjórn slíkra aðgerða þyrfti að vera í höndum opinberrar stofnunar í tengslum við bændur. Vafasamt er að smáhagsmunaeiningar gætu komið slíkri stjórnun á.

Eins og ég sagði áðan finnst mé það nokkuð einkennileg afstaða sumra hv. þm., sem fjallað hafa um þetta frv. sem flutt er af öllum hv. þm. Alþfl. hér í hv. Nd., að málið sé í sjálfu sér vont vegna fyrri frv. Alþfl. um svipað efni. Ég tel að frekar beri að fagna því, að þeir Alþfl.-menn hafa nú sniðið ýmsa annmarka af fyrri frv. Það ber að athuga frv., sem þeir hafa nú lagt fram, málefnalega, hvort ekki sé boðið upp á leið í 1. gr. þessa frv. sem samstaða væri líkleg til að nást um hér á hv. Alþingi í þessu mikilsverða máli. Ég vænti þess, að að loknum umr. verði frv. vísað til nefndar, það athugað rækilega og þm. Sjálfstfl. og Framsfl. athugi það þar málefnalega og láti frv. ekki gjalda þess, að það sé flutt af þeim Alþfl.-mönnum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það ætla ég að seinni tíma mönnum verði allmikið undrunarefni, ef þeir lesa ræðu hv. 3. þm. Vestf., hver hin undarlegu kaflaskil eru, þegar reiðilestri lauk í fyrri helmingi hennar og þegar hinn blíðmáli tónn tók við í síðari helmingi. En menn geta sofið á málum þannig að þeim renni reiðin og hógværðin verði ofan á.

Ég gat þess við fyrri umr., að reynslan væri misjöfn af fjmrn. og einstaklingum þar sem annars staðar, og sagði ákveðna sögu af því, hvernig hagað hefði verið útskrift tékka til að tryggja að þeir hefðu ekki komið inn til greiðslu fyrr en eftir áramót. Sú saga er í alla staði sönn og óhrakin af 3. þm. Vestf. Hins vegar baðst hann undan því, að því væri fram haldið að ríkisstj. eða ráðh. bæri á því ábyrgð. Ég nenni ekki að fara í þrætur um það atriði, en undarlegt finnst mér samt ef þáv. fjmrh. hefur ekki haft af því einhvern pata, hvernig staðið var að málum, og talið að það gæti verið hagstætt upp á auglýsingaskrum í sjónvarpi svo sem reyndin varð á.

Okkur er tjáð að þetta lagafrv. sé borið fram til samræmingar við norsk lög. Það hefur áður glumið í eyrum Íslendinga, að lög skyldu frá Noregi upp tekin, og reynslan misjöfn. Nú er svo komið að við höfum reynslu fyrir þessum norsku lögum sem að sögn 3. þm. Vestf. eiga að vera til að sætta dreifbýli og þéttbýli. Það vill svo til að Noregur er trúlega orkuauðugasta land Norðurlanda og Norðmenn eru engu að síður að virkja norðarlega í Noregi. Er þar að öllu leyti með friðsemd og góðmennsku að verkum staðið eða til fyrirmyndar þannig að seinni tíma sagnfræðingar telji að það hafi tekist sættir milli dreifbýlis og þéttbýlis? (Gripið fram í.) Eru hlekkjaðir menn, sem vilja verja sinn rétt á þeim svæðum, það sem Alþfl. telur aðalatriði í sáttagerðinni miklu milli dreifbýlis og þéttbýlis?

Hv. 3. þm. Vestf. sagði hér áðan að þéttbýlið væri fjölmennt og gæti heimtað allan sinn rétt í þessum efnum. Ég efa ekki að meiri hluti Íslendinga muni búa í þéttbýli. Það breytir engu um hvernig vitlegast er að standa að því að komast með friði um þetta land og standa að lagasetningu sem ekki espar menn til ófriðar. Það gæti nefnilega farið svo, að fámennið yrði skeinuhættara ef harka færðist í þennan leik. Það gæti farið svo að menn hikuðu við að telja að það yrði auðhlaupið að halda uppi þeim lögum og þeim rétti á hinum dreifðu svæðum sem norskt lögreglulið telur sig geta í Norður-Noregi.

Við höfum sýnishorn af því í fleiri tilfellum hvernig jafnaðarmenn telja að eigi að fara að þegar deilur verða háværar um skipulagsmál landssvæða og borga. Þær deilur áttu sér einnig stað í kóngsins Kaupmannahöfn og voru engin vettlingatök notuð. Ég held að það liggi þess vegna alveg ljóst fyrir, að það er enga sérstaka fyrirmynd í þessum efnum að fá í Noregi. Það er algjör blekking.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. flutti hér ræðu þar sem hann m. a. hóf umr. um landbúnaðarmál, þ. e. fallþunga dilka. Það hefði verið fróðlegt að fá upp hvert frjósemishlutfallið er hjá ám á Grænlandi, hvort það væru tvílembingar eða einlembingar sem þarna væru settir á snagann. (**ÁG:** 1.6 á móti 1.3. Ég get sagt þér það strax.) Til viðbótar er rétt að geta þess, að það er nú einu sinni svo með sauðfjárræktina, og þar veit ég að hann talar af mikilli þekkingu, að það hefur ekki verið einhlítt hér á landi, þó að hrútar væru þungir, að þeir fengju fyrstu verðlaun. Menn hafa viljað horfa svolítið á fleiri þætti í þeim efnum. Sú stefna hefur því ekki verið upp tekin alfarið á Íslandi, að dilkar skyldu umfram allt vera þungir. Það hefur verið horft á fleira, svo sem hlutfall á milli beina og kjöts. Meðan sú stefna er uppi er ég ekki viss um að það sé í alla staði hægt að bera þetta saman. Hitt er mér ljóst, að vissulega er með bættum högum hægt að fá meiri meðalfallþunga hér. Það liggur alveg ljóst fyrir.

En gagnvart öræfunum mættu menn gjarnan gera sér grein fyrir því, að það eru fleiri dýr, sem hafa þar grasnytjar, en bara kindur og hestarnir. Kannske væri það óþarft umhugsunarefni fyrir hv. 6. þm. Norðurl. e. að íhuga hversu mikið kjötmagn kemur af þeim gripum, ef þessir tveir dýrahópar, sem ég minntist á áðan, eru frá taldir, en hinir teknir fyrir, sem hafa þar grasnytjar einnig, og á ég þá ekki við hreindýrin.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. talaði um umferðarrétt á landi og afnotarétt. Ég lít svo á að það sé ekkert vafaatriði

samkv. íslenskum lögum. Á ég þá við hin fornu ákvæði, að allur almenningur þessa lands hafi fullt ferðafrelsi um þetta land. Mér er ekki ljóst hvenær það hefur verið tekið af með lögum. Ég vildi gjarnan fá það fram, hvenær hann telur að þar hafi verið gerð breyting á.

Skúli Alexandersson taldi það mikla framför á frv. þeirra Alþfl.-manna að nú væri svo komið að hann gæti sætt sig við eina grein af fimm. Má það vel vera að hann geri ekki meiri kröfur í þessum efnum. En það er hárrétt athugað engu að síður, að menn hafa hugsað allmikið um þessi mál frá því að þeir fyrst fóru að bera fram frv. um þessi efni. Það liggur alveg ljóst fyrir. Það skyldi engan undra þó að um einhverja framför væri að ræða.

Ég get vissulega tekið undir það, að margt hefur tekist vel í fjármálastjórn núv. fjmrh. Ég hef ekki borið hann út á þann veg að það sé annað en ég hér segi. En hitt vil ég segja til viðbótar, að það verða vissulega menn í framtíðinni úr öllum stjórnmálaflokkum í því sæti. Spurningin er aðeins þessi: Hverjum treystum við best til að varðveita og verja réttindi vors lands? Sagan segir okkur að landsfeðurnir afhentu landið í heilu lagi undir Noregskonung á sínum tíma. Gnúpverjahreppur afhenti vatnsréttindin í Þjórsá, en þeir útlendingar vildu einnig fá vatnsréttindin í Gullfossi og þar var einstaklingur til varnar og sá einstaklingur sagði nei. Ég trúi því, að þá fyrst verði þessu landi hætt ef einstaklingarnir hætta að líta á það sem sitt land — í pörtum e. t. v. eins og verið hefur, telja ekki að það sé eign einskis manns, eins og verið er að gera skóna ef öll landsréttindi þeirra, sem nytja landið, yrðu af þeim tekin. Það er ekki lagt til í þessu frv. Það voru hinar upprunalegu hugleiðingar þeirra manna sem nú bera fram þetta frv.

Ég vil undirstrika það, að ég veit ekki betur en í stjórnarskrá Íslands sé ákvæði þess efnis, að þegar almennaheill krefur sé bæði skylt og rétt að taka land eignarnámi. Það tel ég alveg sjálfgefið að gera þegar almannaheill krefur. En við hinu vil ég vara, að byrja að varpa því fram eins og sprengju hér, að fjmrn. eigi að arga lögfræðingum af stað til að hefja upp allsherjarmálaferli um jafnviðkvæm mál og hér er um að tefla. Ég vara við þeirri stefnu og ég er ekki viss um að það yrðu allir glaðir og það þætti öllum að tekist hefði að semja um sættir milli dreifbýlis og þéttbýlis með þeirri stefnu.

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að nota lengri ræðutíma.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hélt að ég hefði komið því til skila áðan, en ég skal þá endurtaka það enn frekar hv. þm. til upplýsingar, að ég hef ekki gefið og gaf aldrei út nein fyrirmæli til eins né neins um að draga útgáfu ávísana úr ríkissjóði eða senda síðar út greiðslu fyrir reikninga eða fé úr ríkissjóði en áður hafði verið gert. Ég skora á hv. þm. að leita sér heimilda fyrir þessu hjá starfsmönnum fjmrn. Ég vísaði honum í ríkisreikning fyrir þetta ár því þar liggur þetta fyrir svart á hvítu, en hv. þm. virðist enn ekki hafa skilið þetta meginatriði. Ég vísa honum þá að leita sér upplýsinga hjá þeim aðilum sem best vita.

Í annan stað er það rangur skilningur hjá hv. þm., að það frv., sem hér er lagt fram, byggist á norskum lögum um sama efni. Það hefur aldrei komið fram, hvorki í grg. frv. né í ræðu minni. Hins vegar skýrði ég frá því, að norska ríkisstjórnin hefði látið gera sams konar könnun á, hver mörk almannaeignarréttar og einkaeignarréttar væru, og lagt er til að gerð verði í þessu frv. Um síðari tíma sögu Noregs að öðru leyti ætla ég ekki að deila við hv. þm., en e. t. v. má vænta nýrrar Heimskringlu úr Reykholti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 21 shlj. atkv.

Byggðastefna, frv. (þskj. 100). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Með frv. þessu, sem lagt er fram á þskj. 100 og flutt er af þm. Alþfl. í þessari hv. deild, er lagt til að ný vinnubrögð verði tekin upp á Alþingi varðandi mörkun byggðastefnu. Tillögur þessar eru m. a. gerðar í ljósi reynslu og nokkurrar gagnrýni sem hefur komið fram á stefnumótun í byggðamálum af hálfu stjórnvalda. Ég vil þó sérstaklega taka fram að með flutningi þessa máls og með því að taka undir ýmislegt af þeirri gagnrýni, sem fram hefur komið á stefnumótun og störf í byggðamálum, er síður en svo verið að gera lítið úr starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins og Byggðasjóðs. Það er skoðun flm., að báðar þessar stofnanir hafi unnið mikið og gott starf til að stuðla að auknu jafnvægi í byggð landsins. Tilgangurinn með þessu máli er fyrst og fremst að reyna að efla þessa starfsemi, reyna að halda þannig á málum, að hún nái betur tilgangi sínum, og reyna að sníða af ýmsa þá agnúa sem menn hafa talið að komið hafi fram á starfsemi Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar ríkisins í byggðamálum á umliðnum árum.

Þessi gagnrýni er bæði um smávægileg atriði og stórvægileg atriði. Ef litið er á nokkur atriði í þessu sambandi mætti geta þess, að það hefur sætt gagnrýni í fyrsta lagi, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefur auk byggðastefnuhlutverksins verið ætlað frá upphafi að vera eins konar samræmingar- og eftirlitsaðili með fjárfestingarmálum í þjóðarbúskapnum, en það var gert með því að láta Framkvæmdastofnun ríkisins taka við hlutverki Framkvæmdabanka Íslands. Þegar lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins voru sett var gert ráð fyrir að stofnunin yrði öðrum þræði byggðastofnun, en að öðru leyti nokkurs konar yfirstjórn fjárfestingarmála í landinu við hliðina á Seðlabanka og í umboði ríkisstj., enda heyrir stofnunin undir forsrh. Reynslan hefur hins vegar leitt í ljós, án þess að ég sé neitt að dæma um réttmæti þess, að Framkvæmdastofnunin hefur ekki orðið sá samræmingar- og stjórnunaraðili í sambandi við fjárfestingarmál sem henni var ætlað að vera. Ýmsar hugmyndir og tilraunir, sem menn hafa gert til að styrkja þennan þátt í starfsemi Framkvæmdastofnunar, sem er að vera allsherjar samræmingar- og stjórnunaraðili í fjárfestingarmálum, hafa ekki náð fram að ganga hér á Alþingi og hafa þó oft ýmsar tillögur komið upp um það, m. a. hjá einstökum flokkum Alþingis, að auka mjög þetta stjórnunarhlutverk. Þess vegna er það raunar spurning, þegar Framkvæmdastofnun ríkisins hefur fyrst og fremst orðið byggðaþjónustustofnun, hvort samrýmist slíku hlutverki hennar að hún sé jafnframt yfirstjórnunaraðili í fjárfestingarmálum, eins og henni var ætlað. Niðurstaða okkar flm. frv. er sú, að best sé að Framkvæmdastofnun ríkisins einbeiti sér að hlutverki sínu

sem byggðastofnun og hljóti þá heiti samkv. því, en með yfirstjórn fjárfestingarmálanna og verkefni Framkvæmdasjóðs verði hins vegar farið með öðrum hætti og þau verkefni fengin öðrum aðilum. Munu þm. Alþfl. síðar á þessu þingi flytja frv. sem segir fyrir um m. a. vistun Framkvæmdasjóðs og hvernig með fjárfestingarstjórnun skuli farið og önnur þau hlutverk sem Framkvæmdasjóður hefur með höndum.

Í annan stað hefur komið fram mikil gagnrýni á það skipulag í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, að auk þess að stofnunin er sett undir stjórn sem kjörin er af Alþingi og eintómir alþm. hafa kjörist til, þó að það sé síður en svo skilyrði, skuli stofnunin einnig hafa verið sett undir framkvæmdastjórn alþm. sem á sínum tíma voru ráðnir af Sjálfstfl. og Framsfl. í valdatíð þeirra. Alveg frá upphafi hefur Alþfl. verið á móti þessu fyrirkomulagi, en eins og menn muna var á sinni tíð gert ráð fyrir að forstjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins færi eftir ríkisstjórn á hverjum tíma, þannig að forstjórar stofnunarinnar væru ráðnir til svipaðs tíma og ríkisstjórn velst. Því hefur að vísu verið breytt, en niðurstaðan er engu að síður sú, að almennt er litið á hina daglegu framkvæmdastjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins fyrst og fremst sem pólitíska stjórn, enda er hún formlega í höndum tveggja alþm., auk þess sem Alþingi kýs stofnuninni stjórn sem í sitja einnig alþm.

Við þm. Alþfl. höfum frá upphafi talið eðlilegt að um þessa ríkisstofnun færi eins og allar aðrar ríkisstofnanir, að yfir henni yrði forstjóri sem væri ráðinn sem hlutlaus embættismaður og hefði það starf fyrst og fremst með höndum, en tengsl þingmeirihluta við stjórn stofnunarinnar færu hins vegar að sjálfsögðu eftir því, hvort niðurstaðan yrði, að Alþingi kysi stjórn stofnunarinnar eða einhver annar aðili, eða hvort nokkur stjórn ætti yfir höfuð að vera á stofnuninni önnur en framkvæmdastjórinn einn.

Við teljum að þar sem eitt af verkefnum stofnunarinnar sé að taka ákvarðanir um fjárveitingar og lánsfjárfyrirgreiðslu sé ekki rétt að forstjóri einn beri ábyrgð á slíku, heldur hafi hann stjórn sér við hlið til ráðuneytis og til að deila ábyrgðinni með. Það kæmi vissulega til greina að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins væri ekki þingkjörin, heldur skipuð t. d. fulltrúum ýmissa aðila sem sérstaklega eiga hagsmuna að gæta, eins og Sambands ísl. sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, fjárfestingarlánasjóðanna, viðskiptabanka og annarra slíkra aðila. Þessi lausn kemur mjög vel til greina og til skoðunar að mati okkar flm. þessa frv., en hængurinn við þá lausn yrði líklega sá, að slík stjórn mundi fljótlega semja um einhverja prósentuskiptingu á starfsfé sjóðsins milli tiltekinna atvinnugreina og þar með yrði fjarlægst það markmið sem við flm. teljum að eigi að hafa með starfrækslu Byggðasjóðs. Í frv. leggjum við því til að stjórn sjóðsins sé áfram kjörin af Alþingi, en við erum opnir fyrir umr. um breytingar á því.

Þá hefur einnig verið gagnrýnt að Byggðasjóður hefur í reynd orðið viðbótarlánasjóður stofnlánasjóðanna án þess að reynt hafi verið að setja almennar reglur um forgang byggðaverkefna með tilliti til atvinnuástands, einangrunar eða annarra atriða sem hljóta að teljast nauðsynleg viðmiðun við mótun byggðastefnu. Þannig hefur starfsemi Byggðasjóðs fallið í mjög fastar skorður. Yfirleitt er hér um viðbótarlánveitingar að ræða til öflunar atvinnutækja. Sjóðurinn bíður gjarnan eftir því, að viðkomandi fjárfestingarlánasjóður meti umsagnirnar frá þeim sem hug hafa á öflun viðkomandi atvinnutækja. Hann kemur síðan til sem lánasjóður er veitir lán til kaupa á atvinnutækjum til viðbótar við þau lán sem fjárfestingarlánasjóðirnir veita.

Þó svo það sé síður en svo að lánafyrirgreiðsla Byggðasjóðs og önnur fjárhagsfyrirgreiðsla hafi einskorðast við þetta er það að okkar viti orðinn of snar þáttur í starfsemi Byggðasjóðs að vera slíkur sjálfvirkur viðbótarlánasjóður við fjárfestingarlánasjóðina. Í annan stað teljum við óæskilegt að slíkar fjárhagsráðstafanir sjóðsins séu sjálfvirkar, þ. e. að ekki sé reynt að setja einhverjar sérstakar reglur fyrir Byggðasjóð aðrar en þær sem almennir fjárfestingarlánasjóðir setja, og í þriðja lagi þurfi það ekki endilega að vera, að þorrinn af fjármagni Byggðasjóðs fari til lánveitinga til hefðbundinnar öflunar atvinnutækja. Það eru fjölmörg önnur atriði en atvinnutækin ein sem ráða úrslitum um byggðaþróun í landinu. Þar þurfa að koma til t. d. menningarmál, grunngerð, en með grunngerð er átt við gatnagerð, holræsagerð og fleira slíkt, menningarmál og félagsmál af ýmsum toga o. s. frv. Þessir málaflokkar skipta ekki síður sköpum um framþróun byggðar í landinu en atvinnutæki, auk þess sem okkur flm. þessa frv. þykir mjög óeðlilegt að viðmiðunin með starfsemi Byggðasjóðs sé fyrst og fremst sú, að dregin sé einhver markalína á landabréfi, öðrum megin línunnar starfi Byggðasjóður og taki þar jafnt til allra aðila, en hinum megin línunnar starfi sjóðurinn ekki. Við teljum að þarna eigi raunverulega að fara eftir mati á ástandi byggða og þörfum byggða, sem geta verið mjög ólíkar. T. d. fæ ég ekki séð, svo að eitt dæmi sé tekið, — það mætti náttúrlega taka fjölmörg slík, — að sömu viðhorf í byggðamálum eigi að viðgangast t. d. á Akranesi, þar sem er mikill aðflutningur fólks, öflugt atvinnulíf og uppbygging, og gilda t. d. í norðanverðri Strandasýslu, þar sem byggð á mjög í vök að verjast. Samkv. reglum Byggðasjóðs, eins og þær eru núna, er enginn greinarmunur gerður í sambandi við lánveitingar á þessum tveimur stöðum þó svo að aðstæður í byggamálum séu þar mjög ólíkar. Með sama hætti mætti segja, að það hafi á sínum tíma verið mjög óeðlilegt að Byggðasjóður gat ekki aðstoðað íbúa í Vogum í Reykjaneskjördæmi á sama tíma og Byggðasjóður gat aðstoðað íbúa t. d. Akureyrarsvæðisins, sem þá var í mjög mikilli uppbyggingu, þó svo að staðreyndin væri sú, að Vogar ættu í vök að verjast sem byggðarlag, bæði atvinnulega og félagslega, en uppbygging væri mjög mikil á Akureyri eins og dæmin sanna. Það er ekki rétt að skipta viðfangsefni Byggðasjóðs þannig eftir einhverjum landfræðilínum. Menn verða að reyna að setja byggðaviðmiðanir. Það hljóta auðvitað að vera viðmiðanir sem taka mið af þróun atvinnutekna, af atvinnuástandi í viðkomandi landshluta eða byggðarlagi, af því, hvort um einangrun sé að ræða, félagslega og samgöngulega, t. d. varðandi ástand símamála, af ástandi í félags- og menningarmálum o. s. frv.

Þá er mjög mikill galli að lítið samband hefur verið á milli áætlunargerðar í byggðamálum annars vegar og fjármögnunar slíkra áætlana hins vegar. Fjölmargar tillögur hafa t. d. verið samþykktar hér á Alþingi um áætlunargerðir fyrir einstaka landshluta og einstök byggðarlög sem Framkvæmdastofnun hefur verið falið að gera. Alþingi hefur hins vegar algjörlega vanrækt, um leið og það hefur samþykkt þáltill. um að slíkar áætlanir skuli

gerðar t. d. fyrir tilsettan tíma, að útvega fjármagn til að hægt sé að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd. Þetta hefur orðið til þess, að Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur bæði að eigin frumkvæði og að frumkvæði fengnu héðan frá Alþingi gert mjög verulegar áætlanir um framkvæmdir í byggðamálum án þess að hægt hafi verið að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd því að fjármagn hefur ekki verið útvegað til þess og engar fjármagnsskuldbindingar hafa fylgt áætlunargerðinni.

Eitt síðasta dæmið um þetta er t. d. áætlun um Dalabyggð sem gerð var á sínum tíma í Framkvæmdastofnun ríkisins. Íbúar í Dalabyggð bundu miklar vonir við þessa áætlunargerð og höfðu með einhverjum hætti — ég skal ekki segja hvers vegna — öðlast þann skilning á áætlunargerðinni, að hér væri ekki aðeins um samningu verklýsingarplaggs að ræða, heldur væri gert ráð fyrir að aðstoða þá við að framkvæma byggðaverkefni í anda áætlunarinnar. Sóttu þeir m. a. til Framkvæmdastofnunar ríkisins um slíkt. Það kom þessum mönnum hins vegar gersamlega á óvart þegar þeir uppgötvuðu, eftir að áætlunin hafði verið gerð og fram lögð í samráði við þá, að ekkert fjármagn var til að vinna verk samkv. umræddri áætlun. Þannig má raunverulega segja, án þess að nokkur hafi það viljandi gert, hvorki í Framkvæmdastofnun né annars staðar, að þetta fólk, sem hlut átti að máli, hafi verið blekkt. A. m. k. stóð það í þeirri trú, að það væri ekki aðeins verið að semja einhverja áætlun á pappírnum, heldur ætti að standa að framkvæmdum einnig. En svo var ekki.

Auðvitað er mjög óæskilegt að það sé verið að afgreiða áætlanir af þessu tagi, þar sem verið er að gefa mönnum ádrátt um tilteknar framkvæmdir, án þess að jafnframt sé séð fyrir fjármagni til slíkra framkvæmda. Áður fyrr tíðkaðist það mjög, að þm. voru stöðugt að flytja á Alþingi tillögur um brúargerðir og vegabætur hér og þar án þess að nokkurt samræmi væri milli sílkra tillögugerða og fjármagnsútvegunar til framkvæmda. Þetta breyttist þá fyrst þegar vegáætlun og afgreiðsla hennar komst í núverandi horf. Þá voru í einu slengi, eins og hæstv. forseti þessarar deildar mundi orða það, annars vegar afgreidd framkvæmdaáformin og hins vegar fjármögnunin til framkvæmdanna, þannig að héldust í hendur áætlanagerðin annars vegar og hugmyndir alþm. um viðfangsefni og hins vegar fjármögnun til slíkra viðfangsefna. Eftir að sú afgreiðsla komst á slíkan fastan grundvöll féll það alveg niður hér í þinginu að menn væru sýknt og heilagt að flytja tillögur um ýmsar framkvæmdir í vegamálum, sem ekkert fjármagn væri útvegað til.

Eitt meginatriðið í frv. þessu er einmitt að reyna að skapa tengsl á milli áætlunarverkefnanna annars vegar og fjármögnunar þessara verkefna hins vegar. Er lagt til í frv. að þetta sé gert með svipuðum hætti og á sér stað með afgreiðslu vegáætlunar, þ .e. að Alþingi marki byggðastefnu. Það hugtak hefur ekki verið skýrt fyrr en tilraun er gerð til þess í frv. þessu. Er þó hvergi nærri að sú tilraun sé nógu afdráttarlaus, en þó er tilraun gerð til að skilgreina hvað byggðastefna er, að byggðastefna sé mörkuð af Alþingi — ekki í almennum orðum, heldur með afgreiðslu á sérstakri samþykkt um byggðastefnu sem feli í sér ákveðna framkvæmdaáætlun til fjögurra ára eða tveggja ára í senn, sé endurskoðuð á tveggja ára fresti, og jafnhliða áætluninni um framkvæmdir í byggðamálum útvegi Alþingi fé til framkvæmdanna með sama hætti og Alþingi gerir þegar Alþingi afgreiðir framkvæmdaáætlun í vegamálum.

Nú er mér auðvitað ljóst og okkur öllum flm. þessa frv., að það er ekki hægt alfarið að jafna saman framkvæmdaáætlun í byggðamálum annars vegar og framkvæmdaáætlun í vegamálum hins vegar. Þegar við ræðum um framkvæmdir í vegamálum er verið að tala um tiltekin, afmörkuð verkefni sem hægt er að gera nákvæmar áætlanir um og lýsa mjög nákvæmlega í framkvæmdaáætluninni. Þá eru menn að ræða um tilteknar brúarbyggingar, um tiltekna slitlagsgerð, um tiltekna vegagerð o. s. frv. Þetta er ekki hægt nema að nokkru leyti varðandi byggðamál. Í byggðamálum hljóta ávallt að koma upp fjölmörg verkefni sem ekki er hægt að áætla nákvæmlega við afgreiðslu Alþingis. Til dæmis getur komið upp skyndilegur atvinnubrestur á einhverjum stað úti á landsbyggðinni sem þarf nauðsynlega að bregðast við. Að sjálfsögðu er ekki hægt að gera nákvæmar áætlanir um slík viðbrögð fyrir fram, áður en vitað er að slíkt áfall eða slíkur atvinnubrestur verði. Þá eru einnig fjölmörg viðfangsefni Byggðasjóðs og í byggðamálum, ekki síst á sviði félags- og menningarmála, sem eru þannig vaxin að það er útilokað að gera um þau fyrir fram framkvæmdaáætlanir, þar sem í senn sé verkefninu lýst nákvæmlega og áætlað nákvæmlega hvernig eigi að fjármagna viðkomandi viðfangsefni. Fjölmargar áætlanir í byggðamálum má hins vegar gera með miklum fyrirvara. Þar má t. d. nefna framkvæmdaáætlanir, eins og t. d. Vestfjarðaáætlun var á sínum tíma, þegar byggðir voru vegir, lagðir voru flugvellir og reistar hafnir með sérstöku átaki sem fé var útvegað til með sérstökum hætti. Af öðrum áætlunum, sem má vinna fyrir fram með þessum hætti, má t. d. nefna Hólsfjallaáætlun, Inn-Djúpsáætlun, áætlun um sérstakar framkvæmdir í Árneshreppi og fjölmargar byggðaáætlanir af því tagi.

Vegna þess að hér er raunverulega um að ræða tvo þætti viðfangsefna, annars vegar gerð byggðaáætlana, sem hægt er að ákveða fyrir fram og lýsa nokkuð ljóslega, og hins vegar flokk viðfangsefna sem ekki verða séðir fyrir, þá er lagt til í frv. þessu að við gerð byggðaáætlunarinnar skuli henni skipt í tvo höfuðþætti.

Í fyrsta lagi er raðað tilteknum viðfangsefnum og framkvæmdum samkv. fyrirframgerðum áætlunum sem fé er veitt til í því skyni að efla atvinnulíf, styrkja búsetu, auka þjónustu, efla menningarlíf o. s. frv. Dæmi um slíkar framkvæmdir eru þær landshlutaáætlanir og byggðaþróunaráætlanir sem ég nefndi áðan.

Annar höfuðþáttur byggðaáætlunarinnar væri hins vegar flokkar viðfangsefna og eðli fjárhagsfyrirgreiðslu, svo sem þegar bregðast þarf við skyndilegum og ófyrirsjáanlegum atvinnubresti eða öðrum erfiðleikum, og er þá stjórn Byggðastofnunar ríkisins ætlað að taka ákvarðanir um einstök viðfangsefni innan þeirra ramma sem Alþingi markar.

Eitt markverðasta nýmælið í frv. kemur fram í 3. gr. þess, en eins og ég sagði áðan hefur það ekki aðeins verið ljóður á starfsemi Byggðasjóðs, að hann hefur verið almennur viðbótarlánasjóður fjárfestingarlánasjóðanna til öflunar atvinnutækja og lítið getað sinnt öðrum viðfangsefnum, heldur ekki síður hitt, að ekki hafa verið settar raunverulegar byggðaviðmiðanir til að reyna að raða viðfangsefnum Byggðasjóðs í einhverja forgangsröð út frá viðmiðunum um stöðu byggðar í landinu. Í 3. gr. er gerð tilraun til þess — og ég ítreka, herra forseti, að

þar er gerð tilraun til að reyna að setja einhverjar slíkar byggðaviðmiðanir. Auðvitað eru þessar tillögur ekki fullnaðarsmíð, þeim má breyta og þær má laga. En einhverja tilraun verða menn að gera til að setja Byggðasjóði og Byggðastofnun einhverjar byggðaviðmiðanir aðrar en að sjóðurinn starfi sem almennur viðbótarlánasjóður fjárfestingarlánasjóðanna.

Hvaða viðfangsefni, hvaða viðmiðanir eru það sem gerð er tillaga um að setja Byggðasjóði til að raða viðfangsefnum hans í forgangsröð? Það er að sjálfsögðu í fyrsta lagi að mið sé tekið af því, hver hefur verið raunveruleg byggðaþróun á svæðinu. Er um að ræða fólksfjölgun þar, er um að ræða fólksfækkun — eða er um að ræða svipaða fólksfjölgun og landsmeðaltal gefur til kynna. Auðvitað verða menn, ef þeir ætla að marka raunhæfa byggðastefnu, að setja sér slíka viðmiðun um byggðaþróun á viðkomandi stað.

Í öðru lagi er gert tillaga um að annar viðmiðunarþáttur verði hvort árstíðabundið eða varanlegt atvinnuleysi sé á svæðinu.

Í þriðja lagi skal hafa að viðmiðun hvort félagsleg aðbúð fólks, svo sem í menntamálum, heilbrigðismálum o. fl., samrýmist kröfum í lögum og reglugerðum eða sé lakari en almennt gerist á landinu. Sé svo eiga slíkir staðir að sjálfsögðu að fá sérstakan forgang um aðstoð úr Byggðasjóði sem ég legg áherslu á enn og aftur að ekki á að einskorða við öflun atvinnutækja eina saman.

Fjórða viðmiðunin, sem tillaga er gerð um í 3. gr., er að horft sé á hvort umtalsverðum samskiptaörðugleikum sé fyrir að fara umfram það sem almennt gerist í viðkomandi byggðarlagi, t. d. hvort um sé að ræða samgönguleg einangrun, hvort um sé að ræða óviðunandi símaþjónustu eða annað sambandsleysi við umheiminn og nálæg byggðarlög.

Í fimmta lagi er lagt til, að það skuli hafa sem almenna viðmiðun um forgangsröðun verkefna að líta á aðrar aðstæður, svo sem lágar atvinnutekjur fólks eða annað það sem getur talist óæskilegt og óeðlilegt og valdið því, að byggðin sé talin vera í hættu.

Ég ítreka enn, herra forseti, að hér er aðeins lögð fram tillaga um viðmiðanir í þessu sambandi. Hér er síður en svo af okkar hálfu verið að leggja fram einhverja fullnaðarsmíð. En ég held að menn verði að reyna að hafa einhverjar svona viðmiðanir um forgangsviðfangsefni Byggðasjóðs ef menn ætla Byggðasjóði að vera annað og meira en raunverulegur viðbótarlánasjóður fjárfestingarlánasjóðanna, sem starfi meira og minna eftir sjálfvirkum reglum og mismuni ekki byggðum eftir byggðaástandi á hverjum stað. Lykilhlutverk Byggðasjóðs hlýtur náttúrlega eðli málsins samkvæmt að vera að mismuna byggðum. Til þess er hann settur á fót að mismuna byggðum, að lyfta undir með þeim, sem eiga á brattann að sækja, til þess að jafna aðstöðu fólks til búsetu í landinu.

Um II. kafla, III. kafla og IV. kafla í frv. þessu þarf raunar ekkert að segja. Greinarnar þar skýra sig sjálfar. Hefur þegar verið getið um þau atriði þeirra sem eitthvað eru frábrugðin ríkjandi lögum.

Um Byggðasjóð er það helst nýmæli, að í 14. gr. frv. er einu atriði bætt við sem tekjustofni til Byggðasjóðs auk eigna Byggðasjóðs og framlags úr ríkissjóði eins og það kann að vera ákveðið hverju sinni. Það er raunar þannig sem Byggðasjóður er farinn að starfa því hin sjálfvirku framlög úr ríkissjóði hafa ekki verið í gildi um margra ára skeið, heldur er raunar ákveðið núna og hefur verið á umliðnum árum við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni hvert þetta framlag skal vera. Er eins gott að viðurkenna að svo sé og að vera að halda í lögum einhverju sjálfvirku ákvæði sem aldrei er fylgt. En 3. tölul. í 14. gr. er nýmæli. Þar leggjum við flm. til að hluti af tekjum Byggðasjóðs verði m. a. tekjur af orkusölu til orkufreks iðnaðar og af slíkri iðnaðarframleiðslu eins og hann kann að vera ákveðinn hverju sinni í sérstökum lögum og samningi. Hvers vegna þessi tillaga er gerð er mjög auðsætt. Hér er um að ræða nýtingu á auðlindum, eins og orku fallvatna og jarðhita, sem þjóðin á öll. Það er auðvitað jafnréttisstefna að þjóðinni allri gefist kostur á að njóta góðs af nýtingu slíkra náttúruauðlinda, en ekki bara þeim einum sem búa í næsta nágrenni við viðkomandi virkjun eða stóriðju. Þess vegna leggjum við til að einhverjum hluta af tekjum af slíkri starfsemi, eins og um semst hverju sinni, verði varið til viðfangsefna Byggðasjóðs, til að styrkja byggð í fjarlægari landshlutum sem ekki eiga neinn möguleika á að njóta góðs af slíkum stórframkvæmdum.

Þá eru einnig í 16. gr. tekin af öll tvímæli um hvernig almennri fjárhagsfyrirgreiðslu Byggðasjóðs geti verið háttað: þar geti verið um að ræða beina styrki eða óafturkræf framlög, þar geti verið um að ræða vaxtalausar lánveitingar, en þó verðtryggðar, og þar geti verið um að ræða almennar lánveitingar sem ávallt eiga að vera verðtryggðar, eins og segir í frv. M. ö. o. er ekki gert ráð fyrir í þessu frv. að búin verði til einhvers konar gervilánagreiðsla úr Byggðasjóði þar sem verið er að veita fjármagn undir heitinu lán, en er í raun og veru niðurgreidd lán því vextirnir eru miklu lægri en nemur því að menn greiði til baka í jafnverðmætum krónum það fé sem þeir fengu að láni.

Vissulega geta mörg byggðaviðfangsefni verið þannig vaxin, að þau bera ekki eðlilegar lánveitingar, heldur verður að styrkja þau og er rétt að syrkja þau með beinum framlögum, þá á að kalla hlutina sínum réttu nöfnum. Það á ekki að kalla slík framlög lán, heldur það sem þau raunverulega eru, styrki, og veita styrkina umbúðalaust og án þess að reynt sé að láta í veðri vaka að um sé að ræða eitthvað annað en styrkveitingar eða greiðslu beinna framlaga.

Um lánveitingarnar, sem ýmist geta verið vaxtalausar eða almennar, er hins vegar það að segja, að samkv. frv. er ávallt gert ráð fyrir að lánveitingarnar séu verðtryggðar þannig að þó um vaxtalausar lánveitingar sé að ræða greiði menn ávallt til baka jafnverðmæta fjármuni og þeir fengu að láni. Þannig er skilið alfarið á milli annars vegar styrkveitinga úr Byggðasjóði og hins vegar lánveitinga og hlutirnir kallaðir sínu rétta nafni.

Herra forseti. Í grg. með frv. þessu er bæði einstökum greinum frv. og tilgangi þess lýst mjög ítarlega, jafnframt því sem lögð er fram byggðastefna Alþfl. eins og hún er afgreidd í stefnuskrá flokksins og lýst í nokkrum orðum þróun byggðamála og byggðastefnu bæði á Norðurlöndum og hér á landi. Ég tel því ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv. nú við 1. umr. þessa máls, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það mál, sem hér er hreyft af þm. Alþfl., er allrar athygli vert og nauðsynlegt að þingið gefi sér góðan tíma til að ræða um

það. Það er því miður eftir skammur tími af fundartíma hv. deildar nú þannig að ekki gefst kostur á að ræða málið rækilega að sinni, enda er kannske ekki þörf á að setja á mjög langar ræður um málið. Málið er á marga lund nokkuð ljóst og hefur raunar áður verið rætt hér á hv. Alþingi rækilega af ýmsu tilefni, þegar Framkvæmdastofnunin hefur komið við sögu varðandi ýmiss konar vandamál sem komið hafa upp í byggðum landsins á undanförnum mánuðum, og er þá skemmst að minnast svokallaðs Þórshafnarmáls sem var rætt hér mjög rækilega á s. l. vetri, þar sem einkenni Framkvæmdastofnunarinnar í sambandi við mál af þessum toga komu mjög skýrt í ljós og voru mjög rædd hér á þinginu. En ég held að við þurfum, jafnframt því sem við veltum fyrir okkur stöðu Framkvæmdastofnunarinnar og afstöðu til ýmissa einstakra vandamála, að átta okkur á þessu máli í breiðara samhengi og gera okkur ljóst hvaða þörf það var, sem knúði á sínum tíma á um myndun Framkvæmdastofnunarinnar, og hvaða forsendur það voru, sem þá var miðað við.

Eins og kunnugt er var það svo um margra ára skeið, að meginumræður hér á Alþingi — ég man t. d. vel eftir því frá árunum 1964—1966 þegar ég var hér þingfréttamaður — væru um byggðastefnu og mótun hennar og það voru settar á langar ræður um þau mál og þetta var oft og tíðum eitt heitasta deilumál þingfundanna. Ég man eftir að menn voru með umr. um þetta mál, byggðastefnu og mótun hennar, aftur og aftur. Ég held að í rauninni hafi fyrst og fremst verið verulegur áherslumunur hjá mönnum í þeim efnum frekar en að menn vildu taka af skarið um að einstakar byggðir ættu að lifa og þar af leiðandi aðrar að hverfa. Niðurstaðan af þessari umr. allri, sem stóð hér í þinginu í tíð viðreisnarstjórnarinnar svokölluðu, varð að nokkru leyti sú, að þessi stofnun, Framkvæmdastofnun ríkisins, varð til. Þar átti að taka á byggðamálunum sérstaklega. Auðvitað hefur það síðan verið gert í Framkvæmdastofnuninni með ýmsum hætti, en þó verðum við líka að hafa það í huga, að byggðamál hafa verið til meðferðar hér á hv. Alþingi aftur og aftur við afgreiðslu fjárlaga, fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar og vegáætlunar. Í störfum ríkisstjórna á hverjum tíma koma byggðamál og mjög við sögu. En með þeim ákvörðunum, sem urðu til fyrir 10—12 árum eða svo, var í raun og veru tekið af skarið um hvaða byggðir það væru í landinu sem ætti að efla til sjálfsbjargar þannig að þær gætu tryggt íbúum sínum sem bærilegust lífskjör og sem líkust því og gerist þar sem skást var í landinu á þeim tíma, þ. e. að því er talið var í þéttbýlinu, en þar var álitið að væru nokkru hærri tekjur að jafnaði á þeim tíma á mann en t. d. úti á landi.

Þessi byggðastefna, sem menn hafa síðan rætt talsvert um, hefur verið í framkvæmd með ýmsum hætti. Menn hafa gagnrýnt hana oft og tíðum. Menn hafa gagnrýnt þegar veitt hafa verið lán í ýmsa þætti. Sum eru þannig, að það er borin von að viðkomandi byggðarlög geti staðið undir þeim lánum. Einnig hafa verið veitt lán til verkefna sem mjög hafa verið umdeild. Eru nefnd dæmi um efnalaug og rakarastofu. Ég kann ekki listann yfir lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar á undanförnum árum, en iðulega hefur það orðið þannig, að þessi stofnun hefur lent mjög á milli tannanna á fólki fyrir einstakar athafnir af þessum toga.

Hitt er svo ljóst, sem vakin hefur verið athygli á hér á hv. Alþingi, að lánveitingar Framkvæmdastofnunarinnar hafa verið fyrir opnum tjöldum þannig að skýrslur hafa greint frá hverjir það eru sem hafa fengið þessi lán á hverjum tíma. Er það í rauninni til fyrirmyndar. Ég er þeirrar skoðunar, að viðskiptabankarnir í landinu ættu að veita upplýsingar um alla sína stærri lántaka í skýrslum sem gefnar eru út um starfsemi viðskiptabankanna á ári hverju. Minnist ég þess, að flutt var um slíkt till. hér á hv. Alþingi árið 1978—79, að viðskiptabankarnir yrðu að gefa upplýsingar um sína stærstu viðskiptamenn. Sú till. var felld, ef ég man rétt, á þeim tíma, og ég tel út af fyrir sig ekki líklegt að hún ætti auðveldara uppdráttar núna, því miður. En birting á lánveitingum af hálfu Framkvæmdastofnunar hefur út af fyrir sig verið af hinu góða.

Nú liggur fyrir og hefur legið fyrir um alllangt skeið hvaða byggðir það eru sem menn vilja aðallega efla til sjálfsbjargar og bættrar félagslegrar þjónustu í landinu. Virðist vera nokkur samstaða um það. Þá finnst mér að þar sé komið í raun og veru að öðrum þætti í þessu máli og spurningin er, hvort ekki eru möguleikar á að mynda nægilega góða samstöðu hér á hv. Alþingi og annars staðar um þennan nýja áfanga, sem ég hef kallað með sjálfum mér jafnréttisáætlun byggðanna, þ. e. þeirra byggða sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um með ýmsum ákvörðunum á undanförnum árum að skuli vera til og tryggja sínum íbúum sem besta félagslega þjónustu. Ég held að þessi jafnréttisáætlun byggðanna eigi að taka til miklu fleiri þátta en atvinnumálanna, eins og hv. 3. þm. Vestf. reyndar nefndi í sinni ræðu. Þar mættu koma til fjölmörg önnur atriði en atvinnumálin. Þó að þau séu auðvitað grundvallarþáttur í byggðunum verður að taka tillit til margvíslegrar félagslegrar þjónustu sem óhjákvæmilegt er að tryggja í byggðunum. Þar má nefna margt: þjónustu í heilbrigðismálum, þjónustu í menntamálum, og þar má nefna málaflokka eins og vegamál og símamál og fleira þess háttar.

Ég held að það sé tími til kominn að við breikkum dálítið stefnugrundvöllinn fyrir ákvörðunum í þessum efnum og reynum að tryggja að hér verði litið á málin frá víðara sjónarhorni en hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum. Ég held einnig að inn í þessi mál ættu að koma miklu ríkara en verið hefur þættir eins og t. d. landbúnaðurinn sjálfur, hvernig best verður að honum staðið í landinu. Ég held að það sé ómögulegt að framkvæma neitt sem heita má byggðastefna öðruvísi en að landbúnaðurinn sé tekinn þar með og til sérstakrar athugunar, en með landbúnaðinn hefur þetta verið þannig, eins og hv. þm. vita, að það hefur verið til eitthvert kerfi hér sem hefur verið kallað framleiðslukerfi landbúnaðarins og gengur með býsna sjálfstæðum hætti og næsta kostulegt að það hefur í rauninni ekki tekist að aðlaga það sem skyldi öðrum markmiðum hér í þjóðlífinu á hverjum tíma.

Ég tel sem sagt að hér ættum við að reyna að kanna hvort möguleikar eru á að móta það sem kalla má jafnréttisáætlun byggðanna eða einhverju öðru nafni eftir atvikum. Þessar áætlanir mætti gera til langs tíma, eins og hér hefur verið bent á, og þá taka tillit til margra þátta. Við erum auðvitað á hverju þingi að taka mjög stórar ákvarðanir í byggðamálum. Það snertir auðvitað ekki síst t. d. fjárfestingar- og lánsfjáráætlunina, hvernig hún er úr garði gerð. Það snertir auðvitað ríkissjóð, hvaða áherslu hann leggur hér og þar í sínum framkvæmdum og þjónustu. Ekki má gleyma í þessum efnum Vegasjóði og

vegáætlun. Ég nefni í þessum efnum hafnaáætlun, sem hér er sýnd á ári hverju. Og ég vil einnig nefna hér mjög stóran aðila í þjóðfélaginu sem á að hafa visst jöfnunarhlutverk, en það er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Þannig held ég að það þurfi að fella þessa þætti og fleiri saman í eina heild sem stefnir að því marki að tryggja það sem kalla má jafnréttisáætlun byggðanna.

Við skulum segja að slík þjónustustofnun héti Byggðastofnun, eins og hér er lagt til, eða einhverju öðru nafni, en auðvitað verður að gæta þess, að þær áætlanir, sem þar eru gerðar, séu ekki svo stífar á hverjum tíma að þær taki ekkert tillit til þess, að mannlífið er nú einu sinni þannig að það eru alltaf af og til að koma upp alls konar vandamál sem verður að taka á. Það er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að til sé stofnun af einhverjum toga til að glíma við uppákallandi vandamál. Þó að menn séu ákveðnir í því að reyna að framkvæma áætlanir miklu betur en við höfum gert á undanförnum árum, því margt af þessu hafa verið lítils nýtir óskalistar satt best að segja, — þó að við viljum framkvæma þetta öðruvísi þýðir það ekki að það eigi að reyra allt alveg rígfast þannig að það sé ekkert tillit hægt að taka til þeirra vandamála sem upp koma á hverjum tíma.

Þá vil ég taka það fram almennt um þessar áætlanir og jafnréttisáætlun byggðanna, að það á auðvitað ekki, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gat um áðan, eingöngu að horfa á landfræðileg takmörk. Það er margt annað sem á að taka tillit til. Í 3. gr. þess frv., sem hér er á dagskrá, eru nefnd mörg atriði sem þarf að taka tillit til. Það má nefna mörg fleiri. Það má orða þau öðruvísi en þarna er gert. En ég held að það sé ekki aðalatriðið, heldur hitt, að því sé slegið föstu að við gerð þessara áætlana hafi menn sýn til allra átta, en séu ekki að einskorða sig við tiltölulega þröngt sjónarhorn, annaðhvort einn einstakan málaflokk ellegar þrönga hagsmuni á hverjum stað og hverjum tíma.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að taka þarna tillit t. d. til atvinnutekna og atvinnuástands í viðkomandi byggðarlagi. Ég minni á að atvinnutekjur á mann hér í höfuðborginni eru tiltölulega lágar orðnar nú miðað við aðra staði á landinu. En sem betur fer hefur það verið að gerast á undanförnum árum, að ýmsir staðir úti á landi hafa verið að eflast mjög verulega í atvinnulegum efnum, mjög myndarlega. Það átti sér auðvitað stað meginbreyting á árunum 1971—74, eftir að svokölluð viðreisnarstjórn féll frá völdum og lögð var mikil áhersla á að efla byggðirnar í landinu. En sú staðreynd, sem þá var tekist á við, horfir nú við með þeim hætti að ég tel að það sé þörf á að móta hér nýjan áfanga, taka á málinu með nýjum hætti út frá almennum jafnréttissjónarmiðum byggðanna í landinu.

Iðulega hefur verið rætt um það á hv. Alþingi, og skal ég nú láta máli mínu senn lokið, að það væri óeðlilegt hvernig til hefði tekist í sambandi við skipan forstjóra Framkvæmdastofnunar ríkisins þar sem þar væru tveir alþm. eða hefðu verið nú um nokkurt skeið. Ég ætla að ljúka máli mínu með því að lýsa þeirri skoðun minni, sem ég hef áður látið koma fram hér, að ég tel þetta vera óeðlilegt fyrirkomulag. Ég vildi gjarnan að þessu fyrirkomulagi yrði breytt þannig að það giltu þarna mjög svipaðar reglur og gilda um bankastjóra. Það er úr sögunni að þeir séu á Alþingi. Ég bið þá menn að taka ekki orð mín þannig, að ég sé sérstaklega að veitast að þeim mönnum sem þessi störf hafa nú, þ. e. hæstv. forseta deildarinnar og hæstv. viðskrh., heldur er ég með það í huga almennt, að það sé óeðlilegt að alþm. gegni trúnaðarstörfum af þessu tagi. Auðvitað hefur það oft gerst á undanförnum árum, að það hefur verið þrengt mjög að alþm. og ætlast til að þeir hefðu í raun og veru miklu minna svigrúm en allir aðrir menn til starfa úti í þjóðfélaginu. En ég held að hér sé um að ræða mál sem er alveg sérstakt og þess vegna ætti að ákveða það, annaðhvort með samkomulagi milli flokkanna eða með lögum eftir atvikum, að alþm. gegni ekki forstjórastörfum við Framkvæmdastofnun ríkisins, en hana nefni ég undir þessum dagskrárlið vegna þess að óneitanlega snertir þetta frv. Framkvæmdastofnun ríkisins og starfsemi hennar.

Herra forseti. Ég sé að fundartíma er lokið þannig að ég lýk máli mínu. Ég endurtek, að ég tel nauðsynlegt að um þetta mál sé hér rækilega fjallað. Mætti margt fleira um það segja, en tími leyfir það ekki að sinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 26. fundur.

Fimmtudaginn 26. nóv., kl. 2 miðdegis.

Tjón á Vesturlínu, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það bar við í sept. s. l., að óveður gekk sums staðar yfir landið. Í því óveðri varð tjón á Vesturlínu sem flytur raforkuna til Vestfjarða í Mjólká frá aðalorkukerfi landsins. Þessi tíðindi eru mjög váleg fyrir Vestfirði. Vestfjarðalínan er ákaflega þýðingarmikil. Hún er svo þýðingarmikil fyrir Vestfirði, að lagning hennar var forsenda fyrir stofnun Orkubús Vestfjarða á sínum tíma. Þetta var veigamikil forsenda fyrir því að Vestfirðingar töldu sér fært að taka í eigin hendur orkumálin á Vestfjörðum.

Ég ætla ekki að fara að rekja þessa sögu en minni á það, að Vesturlína varð ekki tilbúnin á þeim tíma sem ráð var fyrir gert þegar Orkubúið var stofnað. Var um verulegan drátt að ræða.

Haustið 1980 var svo Vesturlínan tekin í notkun. Þá gerðu menn sér vonir um að gerbreytt ástand yrði í orkumálum Vestfjarða, að liðinn væri sá tími að það þyrfti að keyra dísilvélar til að framleiða raforku á Vestfjörðum nema í undantekningartilfellum. En við þekkjum hvernig var háttað um þessi mál á s. l. vetri. Vestfirðingar fengu ekki nema brot af þeirri orku sem þeir þurftu gegnum Vesturlínu. Það varð að standa áfram undir hinum mikla kostnaði sem er við framleiðslu rafmagns með dísilvélum. En það var vonast eftir að þetta ástand yrði ekki nema til bráðabirgða. Í þeirri von var lagt upp í veturinn í vetur. En þá kom það fyrir, að verulegar skemmdir urðu á Vesturlínu. Og þessar skemmdir hljóta að hafa í för með sér verulegan aukakostnað fyrir Orkubú Vestfjarða, ef tjónið af þessum skemmdum verður látið falla á Vestfirðinga.

En þetta mál er einnig enn þá stærra. Það eru stórtíðindi í raun og veru sem hafa skeð í sambandi við Vesturlínu, vegna þess að tjónið á henni er með slíkum hætti. Vesturlína hefur lagst á hlið á stórum köflum með alveg óvenjulegum hætti. Það er einmitt þetta einkenni þess, sem skeð hefur, sem kallar á það að fá nánari upplýsingar varðandi þetta tjón.

Þess vegna hef ég leyft mér, herra forseti, á þskj. 53 að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. varðandi þetta efni. Það er í fyrsta lagi um það, hvaða skemmdir urðu á Vesturlínu í óveðri sem gekk yfir í sept. s. l. Það er í öðru lagi, hverjar eru orsakri tjónsins? Var um að ræða galla á hönnun línunnar, léleg vinnubrögð við línulagninguna eða að línan væri ekki byggð til að standast slík veður sem hér bar að? Þá er í þriðja lagi spurt að því, hverjum sé ætlað að greiða óumflýjanlegan kostnað af raforkuframleiðslu á Vestfjörðum með dísilvélum á þeim tíma sem viðgerð línunnar fer fram.

Það eru þessar spurningar, herra forseti, sem ég hef leyft mér að leggja fram fyrir hæstv. iðnrh.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna þeirrar fsp., sem hv. 4. þm. Vestf. ber hér fram, hef ég leitað álits þess fyrirtækis sem staðið hefur fyrir framkvæmdum fyrir ríkisins hönd á byggðalínum, þ. e. til Rafmagnsveitna ríkisins. Það svar, sem ég veiti hér, er byggt að upplýsingum og mati þeirra. Rafmagnsveiturnar hafa einnig staðið fyrir rekstri byggðalínanna og þar með Vesturlínu, eftir að hún var tekin í notkun.

1. liður fsp. er svohljóðandi: Hvaða skemmdir urðu á Vesturlínu í óveðri sem gekk yfir í septembermánuði s. l.?

Svar: Skemmdir, sem orðið hafa á Vesturlínu, eru þær, að staurastæður hafa skekkst. Þetta gerðist í óveðri í septembermánuði. Orsakanna er eingöngu að leita í grundun staurastæðanna — og ég skil þetta orð: grundun, sem undirstöður staurastæðanna. Mismunandi mikill halli reyndist vera á um 100 staurum af samtals 1228. Þar af var talið nauðsynlegt að rétta um 40 stæður fyrir veturinn.

2. liður fsp. er svohljóðandi: Hverjar eru orsakir tjónsins? Var um að ræða galla á hönnun línunnar, léleg vinnubrögð við línulagninguna, að línan væri ekki byggð til að standast slík veður sem hér bar að?

Svar: Hönnun línunnar má skipta í tvo hluta: 1. Bein styrkleikahönnun á staurastæðum með öllum búnaði og leiðara. Styrkleikahönnun er tölvuunnin og hefur ekkert komið fram sem bendir til mistaka þar, enda beint framhald af vali hönnunarálags. Er þá miðað við hönnunarforsendur raflínunefndar. 2. Útfærsluatriði ýmiss konar, svo sem gerð festinga á þverslám, festingar einangrunarkeðja, festing vírs, gerð titringsdeyfara o. s. frv. Útfærslan við Vesturlínu er eins og áður hefur tíðkast á byggðalínum og öðrum stærri línum sem byggðar hafa verið af Rafmagnsveitunum.

Varðandi b-lið: Það er ekki óþekkt fyrirbæri, þegar um tréstauralínur er að ræða, að einstakir staurar eða staurastæður, eins og í þessu tilviki, hallist þar sem jarðvegur er slæmur. Gerist þetta einkum á fyrsta ári eftir byggingu og er hvað mest á staurum eða staurastæðum sem reistar eru þegar jörð er frosin. Óvenjumikið hefur borið á þessu í Vesturlínu, einnig á stöðum þar sem ofangreindum atriðum er ekki til að dreifa. Hjá Rafmagnsveitunum fer nú fram könnun á því, hvort og þá að hve miklu leyti megi rekja gallana til lélegra vinnubragða, og þá einnig hvernig koma eigi í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

3. liður fsp. hljóðaði svo: Hvenær má búast við að endanlegri viðgerð línunnar ljúki?

Svar: Lokið var við viðgerð á línunni 25. okt. s. l., þ. e. á þeim hluta sem talið var nauðsynlegt að gera við í haust. Næsta sumar er áætlað að ljúka þessum viðgerðum og verður það verk unnið jafnhliða annarri viðhaldsvinnu á línunni.

4. liður fsp. var: Hverjum er ætlað að greiða óumflýjanlegan kostnað af raforkuframleiðslu á Vestfjörðum með dísilvélum á þeim tíma sem viðgerð línunnar fer fram?

Svar Rafmagnsveitnanna er á þá leið, að raforkuseljandi, þ. e. í þessum tilfelli Rafmagnsveitur ríkisins, greiði ekki þennan kostnað. En þess má geta, að í reglugerð fyrir Rafmagnsveitur ríkisins frá 6. apríl 1968, 20. gr., segir: „Notendur, sem greiða raforku við föstu árgjaldi, eiga rétt á að fá 1/300 hluta árgjaldsins endurgreiddan fyrir hvern heilan sólarhring er þeir missa raforkuna vegna stöðvunar eða truflana á rekstri, þó eigi fyrir skemmri tíma en tvo samfellda sólahringa."

Við þetta svar Rafmagnsveitnanna er svo því að bæta, að þær lögðu fram með svari sínu skrá yfir það hönnunarálag sem línan er byggð fyrir. Er það mismunandi eftir svæðum. Tillögur um hönnunarforsendur þessar eru samdar af svonefndri háspennulínunefnd sem einnig hefur gert tillögur um hönnunarálag á öðrum hlutum stofnlínukerfisins, allt frá Brennimel í Hvalfirði norður til Akureyrar, austur á Hryggstekk, suður að Höfn í Hornafirði og nú síðast varðandi Suðurlínu milli Hafnar í Hornafirði og Sigöldu. Eru allar þessar línur byggðar eftir tillögum nefndarinnar, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, Rafmagnsveitnanna, Landsvirkjunar og Veðurstofu Íslands. Ekkert hefur komið fram sem bendir til að hönnunarálag sé of lágt, en eins og áður segir fer nú fram könnun hjá Rafmagnsveitunum á því, hvort og þá að hve miklu leyti megi rekja gallana til lélegra vinnubragða, og þá einnig hvernig koma eigi í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.

Ég vil svo að lokum bæta því við, að áætlað tjón Orkubús Vestfjarða vegna þessa liggur ekki fyrir í neinum endanlegum útreikningum til rn., þó ég hafi heyrt ágiskunartölur þar að lútandi, og engar ákvarðanir hafa verið teknar í sambandi við bætur vegna þess meinta tjóns sem Orkubúið hefur orðið fyrir — og raunar ljóslega orðið fyrir vegna olíukeyrslu sem grípa þurfti til meðan á þessari bilun stóð. Ýmis atriði, sem varða fjárhagsstöðu Orkubús Vestfjarða, hafa verið til athugunar á vegum iðnrn. og við munum að sjálfsögðu líta á þetta mál, eftir því sem erindi berast, og meta það eftir aðstæðum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans. Mér fannst þau á ýmsan hátt ófullnægjandi. En þó ég segi það á ég ekki við að hæstv. ráðh. hafi ekki greint frá því sem hann best vissi um þessi efni. Annaðhvort virðist mér hann ekki hafa fengið nógu nákvæmar upplýsingar frá Rafmagnsveitum ríkisins eða að ekki hafi farið fram nægilega nákvæm rannsókn á því sem gerst hefur.

Hæstv. iðnrh. sagði að grundun staurastæðanna, eins og það var orðað, væri ástæðan fyrir því, hvernig farið

hefði. Og hæstv. ráðh. sagði að það væri búið að rétta 40 staðir nú fyrir veturinn. Þetta er sjálfsagt rétt, en það segir ekkert um það, hvað er mikið eftir. Ég sé ekki að það sé nein heildarmynd af tjóninu sem hefur komið fram enn þá. Mér þykir miður að það skuli ekki vera.

Það kom líka fram í máli hæstv. ráðh., að það liggi ekki fyrir hvort um léleg vinnubrögð hafi verið að ræða við lagningu línunnar eða ekki. Hæstv. ráðh. sagði að þetta væri enn í athugun. Þetta sýnir m. a. að ýmislegt er enn þá á huldu um þetta efni. Hæstv. ráðh. sagði að lokið hefði 25. sept. viðgerð á þeim hluta línunnar sem ætti að ljúka fyrir haustið. Hann talaði ekkert um hvað það væri mikill hluti af þeirri viðgerð sem fram þyrfti að fara. Þetta er m. ö. o. töluvert óljóst. Og ég verð að segja það, að mér finnst nokkurri furðu gegna að þetta skuli ekki geta legið ljósara fyrir í dag en fram kemur í svörum hæstv. ráðh.

Þá vék ráðh. að spurningunni um það, hver ætti að greiða kostnað sem hlytist af þessu tjóni, og þá er átt við kostnað vegna aukinnar dísilkeyrslu til framleiðslu rafmagns sem þarf að fara fram meðan viðgerð fer fram á línunni. Hæstv. ráðh. sagði að ekkert lægi fyrir um hver þessi kostnaður væri. Ég get gefið þær upplýsingar, að þegar viðgerð fór fram í hálfan mánuð í haust nam umframkostnaður Orkubús Vestfjarða í 14 daga vegna aukinnar dísilkeyrslu af þessum ástæðum 890 þús. kr. Af þessu má nokkuð marka hve gífurlegan kostnað hér er um að ræða. En þetta var aðeins smávegis bráðabirgðaviðgerð. Aðalviðgerðin á eftir að fara fram. Það er þess vegna óljóst hver þessi kostnaður verður að lokum.

En ég leyfi mér að spyrja að því, hvað er ætlast fyrir um greiðslu á þessum kostnaði? Hæstv. ráðh. vitnaði í reglugerð varðandi endurgreiðslu á kostnaði í tvo daga sem kæmi til greina við bilanir á slíkum línum sem þessum. Ég skal ekkert ræða um þessa reglugerð. En það, sem skiptir máli í þessu sambandi, er hver ber ábyrgð á þessum skemmdum? Hver ber skaðabótaábyrgð á þessum skemmdum? Það er ekki Orkubú Vestfjarða því að Orkubú Vestfjarða vann ekki að þessu verki. Það hlýtur að vera sá aðili sem var verktaki við þetta verk gagnvart ríkissjóði. Þetta mál hlýtur að vita að Rafmagnsveitum ríkisins. Ég sé ekki annað en ábyrgð á þessu tjóni og greiðsluskylda hljóti að falla á þann aðila sem samkv. almennum skaðabótareglum ber að greiða tjónið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil færa fyrirspyrjanda þakkir fyrir að flytja þetta mál hér inn í þingið og eins ráðh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur gefið. Það er vitað um jafnmikið mannvirki og Vesturlína er, að að sjálfsögðu er hætt við að bilanir komi fram einhvers staðar þar sem veðurhæð er víða mjög mikil á þeim svæðum sem hún liggur um. Hins vegar er rétt að athuga ýmsa þætti í þessu máli.

Það er talað um að hönnunarforsendur hafi verið þær sömu og áður og fullnægjandi gagnvart byggðalínum almennt. Það má vel vera. En að dómi þeirra, sem búa í nágrenni við þessa línu, hefði verið skynsamlegt að hafa krossun á staurunum á þó nokkrum svæðum til þess að tryggja að þeir legðust ekki á hliðina. Hitt er þó verra ef satt er — og það er almannarómur, að það hafi verið staðið að því að setja staurana niður eins og menn standa að því að gróðursetja tré, þ. e. jarðvegurinn, sem kom upp úr holunni, hafi fyrst og fremst verið notaður til að þétta með staurunum í stað þess að nota þar púkk, grjót, eins og algengara er nú til að festa staurana, og ástæðan fyrir þessu hafi verið sú, að upp hafi verið tekið ákvæðiskerfi, þetta hafi verið unnið í ákvæðisvinnu. Ég vil mjög gjarna að það verði sérstaklega rannsakað, hvort svo er, því að þá er þarna um vinnusvik að ræða. Þætti mér vænt um ef ráðh. gæti gefið svar við því nú þegar, hvort svo er, að þetta verk hafi verið unnið í ákvæðisvinnu og e. t. v. megi til þess rekja hluta af þeim göllum sem í ljós hafa komið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það liggur fyrir, eins og fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda og hv. 5. þm. Vestf., að endanleg könnun á þessu tjóni, bæði verktæknileg og fjárhagsleg, er ekki til lykta leidd og það mun skýrast á næstu vikum eða mánuðum. Niðurstöður vantar enn í þeirri athugun, og þá bæði um kostnað við þá viðgerð, sem þegar hefur farið fram, og e. t. v. mat á því sem ógert er, svo og um kostnað Orkubús Vestfjarða við raforkuframleiðslu vegna þessa áfalls.

Hv. fyrirspyrjandi gat um það, að óljóst væri hversu mikið væri eftir af viðgerðinni, og má með réttu segja að það liggur ekki fyllilega fyrir. En í svari mínu kom það fram, að halli hafi reynst vera á um 100 staurum eða staurastæðum af 1228, þar af hafi verið talið nauðsynlegt að rétta um 40 stæður fyrir veturinn, og ég geri ráð fyrir að það hafi verið fyrst og fremst á þeim stöðum þar sem mestur hallinn var, þar sem mest ástæða þótti til að styrkja línuna fyrir vetur, þannig að e. t. v. sé það hlutfall, sem þarna liggur fyrir, eitthvað hærra en 40% af heildartjóni, án þess að ég vilji nokkuð fullyrða um það. Hv. fyrirspyrjandi nefndi áætlaðan kostnað Orkubús Vestfjarða vegna framleiðslu með olíu, umframkostnað á því tímabili sem viðgerð stóð yfir. Ég vil hvorki rengja né staðfesta þær tölur. En eins og ég gat um í lokaorðum mínum áðan er sjálfsagt að líta á það mál út frá öllum forsendum, þegar búið er að fara yfir alla þætti málsins, og m. a. leitast við að leiða í ljós hver beri ábyrgð á því sem þarna kann að hafa farið úrskeiðis við lagningu línunnar.

Nú er það hins vegar svo, að við getum alltaf átt von á að mannvirki af þessari tegund eins og önnur verði fyrir áföllum í okkar stormasama landi. Og það er ekki eingöngu hérlendis sem slíkt gerist. Við heyrum það, að í grannlöndum okkar verða bilanir og rafmagnsleysi af völdum óveðurs, jafnvel í stórborgum, sem reyna þó að búa vel að sínu, eins og við fréttum af í þeim óveðursham sem yfir sunnanverð Norðurlönd gekk nú fyrir fáum dögum. Hitt er svo jafnsjálfsagt, að okkur ber að leitast við að læra af reynslu í þessum efnum. Og ég hygg að við séum að læra af þeirri reynslu sem fengist hefur af lagningu byggðalína til þessa. Ég veit að af hálfu verðurfræðinga m. a., sem í þessu taka þátt, er reynt að gera strangar kröfur í ljósi bestu vitneskju um væntanlegt álag á þessar línur. En við þurfum nauðsynlega að gera ráð fyrir því í uppbyggingu okkar raforkukerfis, að til slíkra bilana geti komið, og í því sambandi er nú verið að hefja vinnu að áætlun um nauðsyn varaafls í landskerfinu þar sem taka verður m. a. tillit til slíkra óhappa og áfalla sem hlotist geta af línubilunum og línuslitum þó að ekki sé endilega um langan tíma að ræða.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. iðnrh., að við getum alltaf átt von á einhverjum skemmdum á byggðalínunum eða rafmagnslínunum. Það er alveg rétt. Það er ekkert

óvenjulegt. Það, sem er óvenjulegt við það mál sem við ræðum hér, er að skemmdirnar eru með óvenjulegum hætti og ber að með óvenjulegum hætti. Ég get tekið undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði. Ég hafði heyrt það sem hann nefndi hér að væri óeðlilegt. Og það væri hægt að nefna fleira.

Aðalatriðið er að upplýsa þetta mál vegna allra, vegna Vestfirðinga og vegna almennings. Það þarf m. a. að hyggja að því hvort ekki sé rétt að þessi rannsókn verði framkvæmd af hlutlausum aðila, þó að ég sé ekki með neina óeðlilega tortryggni í garð Rafmagnsveitna ríkisins. Það er ekki eðlilegt að sá aðili, sem getur verið valdur að tjóninu, eigi að kveða á um það, hvers vegna tjónið hefur borið að og hvernig það hefur borið að.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af þessu máli. Ég vil taka undir það sem hv. þm. Þorvaldur Garðar var hér að ljúka máli sínu á, að það er auðvitað númer eitt að upplýsa málið. Hér hafa greinilega átt sér stað einhver mistök og það verður að upplýsa hvers vegna þessi mistök hafa átt sér stað og hver er ábyrgur fyrir þeim. Og þá er spurning, hvort það er eðlilegt að sá aðili, sem sá um framkvæmdina, sé líka látinn kanna orsakir þess sem gerst hefur.

Ég fyrir mitt leyti er afskaplega óánægður með þær upplýsingar sem hæstv. ráðh. gaf, ekki vegna þess að ég sé að ásaka hann beint, hann fer sjálfsagt hér með upplýsingar sem þeir aðilar, sem um málið hafa fjallað, hafa látið honum í hendur.

Mér sýnist að þetta mál sé þríþætt. Það er í fyrsta lagi að fá upplýst, hvers vegna skemmdirnar áttu sér stað eða tjónið. Mér skildist á svari hæstv. ráðh. að ekki væri talið að nein mistök hefðu átt sér stað í hönnun, það væri a. m. k. ekki ljóst enn sem komið væri. Og þá er spurningin þessi: Eru það mistök hjá þeim aðila sem annaðist uppsetningu þessara staura? Það er við það sem sumir hafa staðnæmst, að það sé e. t. v. orsökin fyrir því sem gerst hefur. Það er nauðsynlegt að fá úr því skorið. Það þarf sem sagt að fá úr því skorið, hver ber ábyrgðina á að þetta átti sér stað, hver á að greiða kostnað við að lagfæra þetta, reisa við staura og annað slíkt, og hver á að borga þann kostnað sem óneitanlega hefur komið á Orkubú Vestfjarða vegna þessara skemmda. Ég held að það sé augljóst. En mér þætti vænt um ef ég gæti fengið fram sjónarmið hæstv. ráðh. um það. Er ekki augljóst að Orkubú Vestfjarðar á ekki að bera þann kostnað sem það hefur orðið fyrir vegna þessa tjóns? Ég kem a. m. k. ekki auga á að það sé með neinum eðlilegum hætti hægt að klína á Orkubúið þeim aukakostnaði sem hér verður um að ræða. Lítill hluti af því er kominn fram enn. Kannske á miklu stærri hluti af því eftir að koma fram síðar. Ég held að það sé augljóst, að það verður að fría Orkubúið frá því að bera slíkan kostnað sem allflestum sýnist að sé vegna mistaka, annaðhvort í hönnun eða framkvæmd á uppsetningu línunnar.

Viðaukatillaga við vegáætlun, fsp. (þskj. 81). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori kom það fram í nál. þegar vegáætlun var afgreidd, að hæstv. samgrh. mundi beita sér fyrir því innan ríkisstj., að lögð yrði fram viðaukatillaga við þessa samþykktu vegáætlun sem fæli í sér fjárútvegun til framkvæmda vegna hinna svokölluðu Ó-vega. Það hefur verið undanfarið allmikil umræða um það, til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa til að koma í veg fyrir eða reyna að koma í veg fyrir slys á þessum svonefndu Ó-vegum, sem eru Ólafsfjarðarmúli, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, og ég hygg að allir séu um það sammála, að einskis má láta ófrestað til að hægt sé að ráðast í þær framkvæmdir. Ég hef því lagt fram fsp. til hæstv. samgrh. um það, hvenær sé að vænta þeirrar viðaukatillögu um vegáætlun, sem um var rætt í sambandi við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori, varðandi þessar framkvæmdir og fjárútvegun til þeirra. Það er nauðsynlegt að fara að fá um það vitneskju, hvort hæstv. ráðh. hefur komið því í gegnum ríkisstj. að þetta verði gert og þá hvenær. Sé það ekki fyrir hendi verður að sjálfsögðu að grípa til einhverra annarra ráða. Ég er ekki í neinum vafa um að meiri hluti er fyrir því hér á hv. Alþingi að þetta verði gert.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í samræmi við það fyrirheit, sem ég gaf á síðasta þingi, hefur í sumar verið unnin ítarleg undirbúningsvinna að framkvæmdum á þeim þrem vegum sem nefndir hafa verið Ó-vegir eða lífshættulegir vegir, þ. e. Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla. Til þess starfs hefur m. a. verið fenginn erlendur sérfræðingur. Ég fékk í mínar hendur niðurstöður Vegagerðarinnar um fyrst og fremst tvo fyrst nefnda vegi, þ. e. Ólafsvíkurenni og Óshlíð, en einnig áfangaskýrslu um Ólafsfjarðarmúla nú fyrir um það bil viku. Ég lagði án tafar fram í ríkisstj. tillögu um viðauka við vegáætlun þar sem gert var ráð fyrir að í þær framkvæmdir verði ráðist, þ. e. byrjunarframkvæmdir við Ólafsvíkurenni og Óshlíð og jafnframt nokkurt fjármagn veitt til nauðsynlegra rannsókna á Ólafsfjarðarmúla.

Ástæðan fyrir því, að síðast talda verkefnið er skemmra á veg komið, er náttúrlega sú, að það er langsamlega stærst. Þar er um ýmis jarðgöng að ræða. Það eru jarðgöng í öllum tilfellum við Ólafsfjarðarmúlann, en þau koma til greina misjafnlega löng og ekki hægt að taka endanlega ákvörðun um það á þessu stigi þótt Vegagerðin sé með eina lausn þar efst í huga.

Um hin verkefnin er það að segja, að Vegagerðin hefur skoðað fimm mismunandi lausnir á Ólafsvíkurennisvegi. Ein er sú að byggja þekju yfir veginn sem nú er, önnur er að setja göng framhjá, þriðja er að breikka núverandi veg og lagfæra hann, fjórða er að fara fyrir aftan múlann og fimmta er að byggja nýjan veg niðri í fjöru. Mælir Vegagerðin með síðast talinni leið. Hún er ekki sú ódýrasta en ekki heldur sú dýrasta, en það mun vera niðurstaða sérfræðinga, að hún sé hyggilegust.

Um Óshlíðina er það að segja, að þar hefur Vegagerðin m. a. athugað um göng, en þó lagt megináherslu á að skoða vegþekju og aðrar framkvæmdir, fyrst og fremst breikkun vegarins. Norskur sérfræðingur á þessu sviði starfaði hér á landi nokkurn tíma í sumar, skilaði í haust fróðlegri skýrslu og leggur til að megináhersla verði lögð á breikkun vegarins, verulega breikkun og þá með skurði fyrir ofan veginn sem verður frá 5 til 10 metra breiður og taki við grjóthruni. Hins vegar mælir sérfræðingurinn með þekju á einum stað skilyrðislaust, en til vara þekju á tveim til þrem öðrum. En segja má að megniverkið sé hins vegar veruleg breikkun vegarins.

Inn í þetta koma ýmsir aðrir þættir, eins og viðvörunarkerfi vegna snjóflóða og fleira þess háttar sem ég ætla ekki að fara hér út í.

Ég endurtek að strax að fengnum þessum niðurstöðum hef ég lagt til við ríkisstj. að slík viðaukatillaga verði flutt. Það mál er nú til meðferðar hjá ríkisstj. og stjórnarflokkum.

Fyrirspyrjandi (Karvel Pálmason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svör við þessari fsp. Það er augljóst að málið er í höndum ríkisstj. núna, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. takist að sannfæra sína samráðherra um að þetta sé nauðsynlegt, þurfi að gerast. Spurningin er þá hvort það tekst og hvenær megi vænta að því verki verði lokið að sannfæra hina hæstv. ráðherrana. Ég vil í lengstu lög vona að það taki sem skemmstan tíma, en vil þó að hæstv. ráðh. viti það, að þyki mönnum dragast úr hömlu að slíkt komi hér fram á Alþingi, þá er óruggt mál að vel verður ýtt á eftir því, að þetta gerist það tímanlega að unnt sé að koma við framkvæmdum strax á næsta vori. Það þarf að gerast tímanlega, helst um eða fljótlega upp úr áramótum, þannig að hægt sé að fara að vinna að undirbúningi ef á að ráðast í framkvæmdir á komandi sumri. Ég treysti hæstv. ráðh. til að ýta vel á eftir mönnum í hæstv. ríkisstj. þannig að þeir vinni vel og málinu verði borgið. En verði það ekki tiltölulega fljótlega upp úr áramótum sem slík vitneskja liggur fyrir, þá verður að grípa til annarra ráða.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. lýsir því yfir, að það sé á borði ríkisstj. að taka ákvörðun um till. hans um umgetnar framkvæmdir við Ó-vegina svonefndu. Ég minnist þess, að hæstv. samgrh. gaf um það yfirlýsingu á síðasta þingi, að fjármagn til þess arna yrði útvegað alveg sérstaklega utan við vegáætlun. Er það ekki alveg ljóst —ég tók ekki eftir að það kæmi fram í máli hans nú— en er það ekki alveg ljóst, að því megi treysta að þar verði um sérstaka fjárútvegun að ræða, en ekki gripið til þess fjár sem ætlað er til hinna almennu vegaframkvæmda?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram, að einnig er í athugun hjá mér og fjmrh. útvegun viðbótarfjármagns til að ráðast megi í þessi verkefni.

Virkjun Blöndu, fsp. (þskj. 108). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 108 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til iðnrh. um virkjun Blöndu. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að taka þessa fsp. fram fyrir á dagskránni, sem helgast af því að þetta er síðasti dagur minn á þingi, að sinni a. m. k. Fsp. er stutt og einföld og hljóðar svo:

„Hvað líður ákvörðun um virkjun Blöndu?"

Tilefni þessarar fsp. ætti að vera öllum ljóst, því að í landinu hefur staðið um alllanga hríð mikil umræða um orkumál. Er mál flestra að það sé orðið afar brýnt að tekin verði ákvörðun um næsta stórvirki í virkjunarmálum, og sennilega er það flestra mat, að dregist hafi óþarflega lengi hjá hæstv. ríkisstj. að taka ákvörðun í þessu máli og marka þar stefnu.

Fyrir liggur niðurstaða Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins um að sá kostur, sem hagkvæmast og skynsamlegast sé að taka fyrst fyrir af þeim ágætu virkjunarvalkostum sem við höfum í landinu, sé Blanda. Um það eru allir sérfróðir menn sammála, að Blanda er sá virkjunarkostur sem hagkvæmast og réttast er fyrir þjóðina alla að taka fyrst. Þá liggur einnig fyrir það álit sömu aðila, að Blanda þurfi að vera komin í gagnið eigi síðar en 1986. Þannig er ljóst að framkvæmdir við þessa virkjun þurfa að hefjast sem fyrst á næsta ári.

Því hefur verið haldið fram, m. a. af hæstv. iðnrh., að andstaða meðal heimamanna hefði staðið í vegi fyrir þessu máli og tafið ákvarðanatekt. Þetta er a. m. k. að hluta til á nokkrum misskilningi byggt. Staðreyndin er auðvitað sú, að allur almenningur, bæði í Skagafirði og Húnavatnssýslum, er þessari virkjun ákaflega fylgjandi og telur hana vera mikið framfaraspor bæði fyrir sín héruð og ekki síður landið allt. Hins vegar er það rétt, að hjá hluta landeigenda á þessu svæði hefur gætt nokkurrar tregðu, sem er að sjálfsögðu skiljanleg þar sem þeir eiga töluverðra hagsmuna að gæta þarna. Nú hafa staðið yfir alllengi samningar við landeigendur um skaðabætur fyrir hugsanlegt tjón, sem þeir yrðu fyrir, og önnur tilhögunarmálefni varðandi virkjunarframkvæmdir. Samningar þessir hafa gengið mjög vel, enda hafa menn staðið nokkurn veginn heils hugar að samningsgerðinni. Nú er svo komið, að síðsumars í sumar var tilbúið samningsuppkast sem menn virtust allir geta sætt sig við. En það, sem strandar á og hefur valdið því, að ekki er hægt að ganga endanlega frá þessu samningsuppkasti, er sú staðreynd, að ríkisstj. hefur ekki enn þá markað sér stefnu í málinu. Menn vita ekki enn hvort ríkisstj. muni fara út í virkjunarframkvæmdir við Blöndu eða hvenær það mundi hugsanlega gert. Það er ekki hægt að ætlast til þess með nokkurri sanngirni, að heimamenn geti gengið frá slíkum samningum án þess að þeir viti fullkomlega vissu sína hvað varðar fyrirætlanir ríkisstj. Ríkisstj. á því næsta leik í málinu og er ákaflega brýnt að hún taki af skarið. Ég vonast því til að hæstv. iðnrh. veiti hér við skýr og jákvæð svör.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sú fsp., sem hér liggur fyrir brennur á margra vörum, hygg ég, bæði varðandi Blönduvirkjun og fleiri atriði sem snerta stórframkvæmdir í landinu á næstu árum, mál sem hafa verið til umræðu og athugunar um alllangt skeið. Alþingi skildi við þetta mál á síðasta degi sínum á síðasta þingi með samþykkt laga um raforkuver þar sem veitt var heimild fyrir miklum framkvæmdum á sviði raforkumála á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu svo og heimild til virkjunar þriggja nýrra vatnsaflsvirkjana, þ. á m. virkjunar Blöndu með allt að 180 mw. afli. Í 2. gr. þessara laga, nr. 60/1981, var ríkisstj. heimilað að láta ljúka undirbúningi og hönnun þeirra mannvirkja sem heimild var veitt til samkv. 1. gr. laganna, og þar sagði síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstj. kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstj. fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks

iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti."

Í þessari sömu lagagrein var einnig veitt heimild til fjárútvegunar til áframhaldandi undirbúnings virkjunarframkvæmda. Sú heimild hefur verið notuð m. a. til áframhaldandi undirbúnings vegna Blönduvirkjunar og tiltekinna aðgerða til undirbúnings framkvæmdum á virkjunarsvæði Blöndu, þ. á m. og sérstaklega varðandi vegagerð áleiðis að virkjunarsvæði. Það var ljóst, þegar þessi heimild um virkjun Blöndu var veitt á s. l. vori, að eftir var að ganga frá samkomulagi um þessa virkjun við heimaaðila, og það var jafnljóst ríkisstjórnarliði sem stjórnarandstöðu, svo sem fram kom í tillögum um þetta efni. Því var og hefur verið lögð á það áhersla af iðnrn. að ná fram samkomulagi svo að tryggður væri sæmilegur friður um þessa virkjunarframkvæmd sem og aðrar í landinu, þannig að það lægi fyrir með sem skýrustum hætti, áður en málið yrði lagt hér inn á vettvang Alþingis, hvert horfði í þeim efnum. Í þessu skyni ritaði iðnrn. m. a. bréf 30. júlí 1981 til hreppsnefnda á svæði Blönduvirkjunar, þar sem vísað var til álits ráðgjafarnefndar, sem starfað hefur að þessu máli á vegum rn., þess efnis, eins og þar sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Að mati ráðgjafarnefndar rn. er óbreytt virkjunartilhögun við Blöndu, tilhögun I, sú eina sem til greina kemur ef Blönduvirkjun á að koma til álita sem næsta meiri háttar virkjun fyrir landskerfið á eftir Hrauneyjafossvirkjun."

Og síðar í sama bréfi: „Það er því skoðun rn., að sem fyrst þurfi að liggja fyrir afstaða heimamanna að því er varðar virkjunartilhögun, auk þess sem unnið verði að fullgerðum samningi um virkjunarmálið að öðru leyti á grundvelli fyrirliggjandi samkomulagstillagna."

Í framhaldi af svörum aðila á heimavettvangi og viðræðum, sem fram höfðu farið, lágu fyrir á fundi aðila — ég hygg síðast í ágústmánuði, dróg að samningi vegna virkjunar Blöndu. Eftir þann fund var það ljóst, að verulega hafði þokað í samkomulagsátt í þessu efni varðandi samráð um bætur vegna tjóns, um uppgræðslu og um ágreiningsatriði. Um eitt efni var þó skýr fyrirvari af hálfu heimamanna, þeir áskildu sér rétt til að koma athugasemdum að um tilhögun lónsins við þá aðila sem eiga endanlegt ákvörðunarvald um veitingu leyfis til virkjunarframkvæmda. Fram að þessu hefur ekki fengist endanlega skorist úr þeim ágreiningi. Að því hefur þó markvisst verið unnið að leita leiða til að jafna hann.

Iðnrn. hefur að sjálfsögðu beitt sér fyrir því að afla þeirra gagna sem lögin um raforkuver gera ráð fyrir varðandi þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða í samræmi við 2. gr. laga um raforkuver. Þau gögn hafa verið að berast rn. á undanförnum vikum. Ég hef á öðrum vettvangi ekki alls fyrir löngu gert grein fyrir meginniðurstöðum í þeim álitsgerðum sem fyrir liggja frá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkustofnun og Landsvirkjun, og var þar þó ekki um endanlegt álit að ræða í öllum tilvikum, en þær álitsgerðir munu senn liggja fyrir fullbúnar frá þessum aðilum. Jafnframt hefur ríkisstj. haft í undirbúningi greinargerð um möguleika í sambandi við orkunýtingu. Einnig sú greinargerð mun liggja fyrir innan skamms.

Ég hef lagt á það áherslu, að hægt væri að flytja mál þetta inn á Alþingi á þessu haustþingi, eins og fyrirheit voru gefin um við afgreiðslu frv. til l. um raforkuver á s. l. vori, og ég flutti málið inn á vettvang ríkisstj. um það leyti eða skömmu eftir að Alþingi kom saman í haust. Ríkisstj. hefur haft það til meðferðar frá því um miðjan októbermánuð á grundvelli þeirra tillagna og með hliðsjón af þeim greinargerðum sem þá lágu fyrir og síðan hafa fram komið. Ég vænti þess, að ekki líði margir dagar þar til afstaða ríkisstj. í þessu máli liggur fyrir, og eftir að hún er fastmótuð mun ég stuðla að því, að málið komi hér inn á vettvang Alþingis til umræðu og afgreiðslu og samþykktar í samræmi við lögin um raforkuver. Ég vænti þess, að ráðrúm gefist til að ganga frá því máli fyrir jólaleyfi þingsins, en einn af þeim þáttum, sem nokkurri óvissu veldur enn, er deila, sem ekki hefur verið að fullu til lykta leidd, varðandi Blönduvirkjun. Við skulum vona að takist að fá úrslit í þeirri deilu þegar á það reynir í ljósi þeirra tillagna sem vænta má mjög innan skamms frá ríkisstj.

Ég vil svo aðeins bæta því við vegna ummæla hv. fyrirspyrjanda, að vegna meðferðar þessa máls frá því í vor og reyndar þó lengra sé litið hefur ekki orðið nein töf til skaða í sambandi við raforkuframkvæmdir í landinu. Það hefur þvert á móti verið staðið þannig að málum, að við höfum nú víðtækari heimildir til stórframkvæmda á þessu sviði en áður hafa legið fyrir. Við höfum úr meira að velja í þessum efnum en áður og undirbúningi við þessar framkvæmdir hefur verið hagað þannig að þær væru á hliðstæðu undirbúningsstigi svo að taka mætti afstöðu á þeim sérstöku forsendum með þjóðhagslega hagkvæmni og öryggi í raforkukerfi landsmanna að leiðarljósi. Það vænti ég að verði niðurstaðan og að þingheimur geti sameinast um skynsamlega niðurstöðu í þessu stórmáli sem fyrst eftir að það hefur verið fært hér inn á vettvang þingsins.

Fyrirspyrjandi (Finnur Torfi Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. þessi svör þótt þau séu öll mun óljósari en ég hefði helst kosið. Ég átti satt að segja von á að ráðh. mundi nú taka af skarið og skýra þingheimi og þjóðinni frá því, hver stefnan yrði, en í staðinn fengum við það svar, að við yrðum enn að bíða. Við það verða menn að sjálfsögðu að sætta sig um hríð. En mér þótti það enn verra, að mér fannst hæstv. ráðh. ekki einu sinni geta tjáð sig um hagkvæmni Blöndu sem virkjunar. Mér fannst hann yfirleitt ekki treysta sér til að lýsa neinum skoðunum á því, hvað vænlegast væri að gera í þessum málum. Og allra verst þótti mér þó að heyra það, að hæstv. ráðh. talaði eins og menn gætu gert sér vonir um einhverja atburði í samningamálum án þess að ríkisstjórnarákvörðun kæmi fyrst. Það held ég nefnilega að sé hinn stóri misskilningur. Það gerist ekkert frekar í samningamálum þar nyrðra án þess að ríkisstj. ákveði sig. Það getur enginn með sanngirni ætlast til að landeigendur fyrir norðan geti fyrir fram farið að gefa samþykki við virkjun án þess að þeir hafi hugmynd um hvort ríkisstj. ætlar að virkja eða hvenær hún kann að virkja. Slíkt mun ekki ganga og getur enginn ætlast til þess með sanngirni. Mér fannst því þessi svör heldur óljósari og loðnari en ég hafði vonast til. En mér þætti ákaflega vænt um ef hæstv. iðnrh. gæti skýrt það nánar fyrir Alþingi, hvort hann eigi von á að eitthvað geti gerst varðandi samninga við heimamenn án þess að ríkisstj. ákveði sig?

Umr. frestað.

Sameinað þing, 27. fundur.

Fimmtudaginn 26. nóv., að loknum 26. fundi.

Verðlagning á orku, þáltill. (þskj. 115). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, þáltill. (þskj. 118). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Lækningamáttur jarðsjávar við Svartsengi, þáltill. (þskj. 120). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðleg ráðstefna um afvopnun á Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 121). — Hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Fangelsismál, þáltill. (þskj. 38). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 11). — Ein umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal að flytja á þskj. 11 till. til þál. um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðnaði stað, t. d. í grennd Akureyrar eða Húsavíkur."

Á síðasta þingi var sams konnar till. lögð fram en varð ekki útrædd.

Eins og hv. þm. er kunnugt er hér um að ræða mál sem á sér nokkuð langan aðdraganda og hefur hlotið verulega umræðu í þjóðfélaginu á undanförnum árum. Á Alþingi, 94. löggjafarþingi, sem sat 1973—74, fluttum við hv. þm. Halldór Blöndal tillögu svipaðs efnis og þessa. Þeirri till. var vísað til ríkisstj. með svofelldri umsögn í nál. við það atriði till. að kanna hagkvæmni þess vegna jákvæðrar þróunar byggðar og aukins öryggis í orkuöflun allra landsmanna að velja stóriðjufyrirtæki stað á Norðurlandi. Orðrétt segir í nál., með leyfi hæstv. forseta:

„Um hið fyrra atriði er það að segja, að viðræðunefndin um orkufrekan iðnað hefur haft það til könnunar og mun halda henni áfram. Þegar til aukins rafmagns kemur þar nyrðra verður þetta mál vafalaust í brennipunkti."

Þetta hafði allshn. Sþ. um hliðstætt mál að segja á árinu 1974. Eins og kunnugt er hafa forráðmenn Norðlendinga flestir lagt á það ríka áherslu, að næsta stórvirkjun landsins verði í Blöndu. Allar athuganir, sem fram hafa farið á virkjunarkostum utan eldvirkra svæða hér á landi — og raunar á eldvirkum svæðum einnig, benda til þess, að Blönduvirkjun sé langhagkvæmasta stórvirkjun sem við eigum völ á. Ályktanir sem gerðar hafa verið um Blönduvirkjun, eru mýmargar, en ég leyfi mér að lesa ályktun sem gerð var á s. l. hausti á fjölmennu fjórðungsþingi Norðlendinga á Húsavík um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Húsavík 3.—5. sept. 1981, leggur á það ríka áherslu, að ákveðið verði á þessu ári að næsta virkjun verði Blönduvirkjun samkv. virkjunarleið I, þar sem þegar er ljóst af samanburði virkjunarkosta að sú virkjun er þjóðhagslega hagkvæmust. Fjórðungsþingið leggur áherslu á, að farsæl lausn náist í samningum við landeigendur, og felur fjórðungsstjórn að fylgja þessu máli eftir við ríkisstj. og Alþingi."

Ég vil vekja sérstaka athygli á þessari samþykkt Fjórðungssambands Norðlendinga og skora á alla aðila, sem hlut eiga að máli, að stuðla að því að Blönduvirkjun verði svo fljótt sem verða má valin næsta stórvirkjun landsins. Eins og kunnugt er komu hér fram nokkuð loðin svör frá hæstv. ráðh. í fsp.-tíma áðan um þetta mál. Ég skora á hann og hæstv. ríkisstj. að taka sem fyrst afstöðu til þessa máls. Enda þótt svo verði ekki — þótt ég sé ekki að gera því skóna að Blönduvirkjun verði ekki valin næsti virkjunarkostur og önnur virkjunarröð verði valin, t. d. Austurlandsvirkjun fyrst, eftir lagfæringar og umbætur á Þjórsársvæðinu til aukinnar orkuvinnslu — er samt sem áður ljóst að stórfyrirtæki í iðnaði, sem nota mikla orku, bæði við Eyjafjörð og við Húsavík, munu geta fengið næga raforku á hagkvæmu verði, þar sem augljóst er að raforkukerfi landsins yrði tengt saman á þann hátt að Eyjafjarðarsvæðið og Húsavík fengju raforku úr landskerfinu sem nægði og væri á hagkvæmu verði fyrir orkufreka notendur. Það er því alveg ljóst, að hvernig sem heimildir um að reisa nýjar stórvirkjanir í landinu verða notaðar yrði hagkvæmt vegna orkunýtingar og byggðaþróunar að velja stórfyrirtækjum, sem nota mikla orku, stað á fyrrgreindu svæði við Eyjafjörð og í grennd við Húsavík.

Afar þýðingarmikil rök fyrir því að velja stórfyrirtækjum stað nálægt öflugu þéttbýli felast í þeirri augljósu staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til að efla aðrar iðn- og þjónustugreinar. Slíkt staðarval hefur því víðtækustu áhrif á byggðaþróun í landinu sem völ er á með einni slíkri ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni. Ætla má að fyrirtæki, sem veitti 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði svo að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stóriðjufyrirtækis til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í þúsund manna héraði, svo að dæmi sé tekið, en félagslegar aðstæður allar gerbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar fyrir í slíku byggðarlagi.

Um framangreindar niðurstöður um þau áhrif, sem staðarval stórfyrirtækja hefur á atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi. Það verður ekki nógsamlega undirstrikað og á það legg ég mjög ríka áherslu, að ef ná á verulegum árangri í að hafa áhrif á byggðaþróun í landinu með staðarvali stórfyrirtækja er grundvallaratriði að þess sé gætt að velja stórfyrirtæki stað í hagkvæmum héruðum þannig að sem mest áhrif verði af staðarvalinu og byggðaþróun í heild verði sem hagstæðust.

Á undanförnum árum hefur nokkurs samdráttar gætt í atvinnulífi á Norðurlandi eystra. Á s. l. vetri var ástandið greinilega verst á Norðausturlandi ef marka má opinberar tölur um atvinnuleysisskráningu. Ef frá eru taldir þeir sjávarútvegsstaðir sem skorti hráefni varð atvinnuleysi mest í stærstu kaupstöðunum. T. d. voru 120 manns á atvinnuleysisskrá á Akureyri í jan. s. l. Þessi samdráttur á vafalítið rætur að rekja til öfugsnúinnar efnahagsstefnu ríkisstj., t. d. í vaxtamálum, gengis- og verðlagsmálum auk húsnæðismála. Sú stefna hefur komið þungt niður á undirstöðuatvinnuvegunum, sérstaklega iðnaði, og þar með á þeim stöðum þar sem iðnaður er snar þáttur í atvinnulífinu, en fáir staðir á Íslandi munu þar komast í hálfkvisti við Akureyri. En þessi vandi er vonandi tímabundinn og bregður vonandi til betri tíðar að því er varðar stefnu stjórnvalda í atvinnumálum. Hitt er alvarlegra, að ástæða er til að ætla að til viðbótar sé við verulegan frambúðarvanda að fást í eflingu atvinnulífsins á Norðurlandi, einkum á Akureyri og Húsavík, þar sem vaxtarbroddurinn er í iðnaði og þjónustugreinum.

Á Akureyri unnu um 60% vinnuaflsins hjá 11 stærstu fyrirtækjum bæjarins árið 1970, en nú vinna um 70% vinnuaflsins hjá einvörðungu sjö fyrirtækjum, þ. á m. sjúkrahúsinu og Akureyrarbæ. Þessi stóru fyrirtæki, Útgerðarfélag Akureyringa, verksmiðjur SÍS, Slippstöðin, niðursuðuverksmiðja K. Jónssonar & Co., svo að nokkur séu nefnd, eiga öll í erfiðleikum vegna atvinnustefnu ríkisstj. Á hitt er að líta, sem alvarlegra er þegar til framtíðar er horft, að öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til að vaxa verulega umfram núverandi stærð og umsvif, jafnvel þótt úr rætist með atvinnustefnu stjórnvalda. Þess er m. ö. o. ekki að vænta, að hjá þeim verði til nauðsynleg ný atvinnutækifæri á næstu árum, ef ungt fólk, sem kemur á vinnumarkaðinn á Norðurlandi, á að geta fest rætur og heimili á Akureyri eða Húsavík.

Svipuðu máli og ég hef farið hér orðum um á Akureyri gegnir um Húsavík. Þar virðist fiskiðnaðurinn bæta við sig óverulegu vinnuafli á næstunni og aðrar iðngreinar flestar bundnar þjónustu við heimamarkað. Nýr vaxtarbroddur er því nauðsynlegur þar til eflingar atvinnulífsins ekki síður en á Akureyri. Hafa bæjaryfirvöld þar sýnt á þessu sérstakan skilning með athugunum á að koma á fót nýjum iðngreinum á Húsavík, m. a. pappírsverksmiðju svo sem kunnugt er og stjórnvöld hafa stutt með fjárveitingum og sérfræðiþjónustu við frumathugun og undirbúningsvinnu.

Ég sagði áðan, að hugmyndin um staðarval stóriðjufyrirtækja á Norðurlandi, við Eyjafjörð og í grennd við Húsavík, væri ekki ný af nálinni, og nefndi í því sambandi tillöguflutning okkar Halldórs Blöndals á Alþingi. Raunar má segja að mörgum árum fyrr hafi verið hugað að þessu máli. Í ráðherratíð Jóhanns Hafsteins sem iðnrh. skipaði hann nefnd til þess að kanna aðstæður við Eyjafjörð til að koma á fót álverksmiðju. Þá þegar hófust umræður um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi og hafa þær með litlum hléum staðið óslitið síðan. Þar hafa mörg orð og misjöfn fallið, m. a. um umhverfismál og áhrif slíkra fyrirtækja á umhverfið. Í því sambandi vil ég taka fram að við flm. þessarar till. teljum umhverfismálin einn þann þáttinn sem kanna þarf rækilega þegar hugað er að staðarvali stóriðnaðar t. d. við Eyjafjörð. En það merkir ekki að við teljum að sá þáttur eigi að útiloka slíka athugun frá upphafi.

Á síðustu árum hafa æ fleiri gert sér grein fyrir þeim höfuðatriðum sem ég hef bent á hér varðandi framtíðarþróun atvinnulífs á Eyjafjarðarsvæðinu og í Suður-Þingeyjarsýslu, við Húsavík, þar sem vaxtarbroddarnir felast fyrst og fremst í iðnaði og þjónustugreinum, eins og ég sagði áðan. Því miður er ekki unnt að treysta því, að þau fyrirtæki, sem fyrir eru, verði áfram burðarás atvinnulífsins og að í þessum byggðarlögum verði nægilegt atvinnuöryggi og vaxandi atvinnulíf, jafnvel þótt hlúð verði að smærri iðnaði eftir því sem kostur er í þessum byggðarlögum. Forráðamenn Norðlendinga hafa undanfarið rætt mjög ítarlega þann vanda sem við blasir. Hann hefur verið ræddur í verkalýðsfélögum, sveitarfélögum, sýslunefndum og á fjórðungsþingi Norðlendinga. Vil ég, með leyfi hæstv. forseta, vitna í nokkrar ályktanir þessara aðila.

Fundur í Trésmiðafélagi Akureyrar 24. sept. s. l. lýsti áhyggjum sínum yfir miklum samdrætti sem orðið hefur í byggingu húsnæðis á Akureyri undanfarna mánuði og ár. Þar er t. d. áformað að byggja einungis 58 íbúðir á þessu ári í samanburði við 190 íbúðir á ári síðustu 10 ár að meðaltali. En orðrétt segir í lokaorðum ályktunar Trésmiðafélags Akureyrar, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig hvetur fundurinn alla Norðlendinga til samstöðu um Blönduvirkjun og beinir þeirri áskorun til bæjarstjórnar Akureyrar, að hún beiti áhrifum sínum til að knýja á um Blönduvirkjun. Það er skoðun trésmiða á Akureyri, að slík virkjun stuðli mjög að fjölgun atvinnutækifæra í byggingariðnaði og iðnaði á Norðurlandi, einnig í hinum ýmsu þjónustugreinum. Fundurinn bendir á að orkufrekur iðnaður er nauðsyn til fjölgunar atvinnutækifæra og uppbyggingar fjölbreytts iðnaðar sem víðast."

Í sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu var í apríl s. l. gerð ályktun um atvinnumál. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sýslufundur Eyjafjarðarsýslu, haldinn 28.—29. apríl, lýsir áhyggjum yfir versnandi horfum í atvinnumálum héraðsins og bendir á að ein af meginstoðum blómlegs búskapar í Eyjafirði sé öflugt atvinnulíf í þéttbýli við fjörðinn. Sýslunefnd telur, að ekki megi dragast að gera átak í atvinnumálum héraðsins, og felur oddvita sínum að vera vel á verði um öll þau mál. Auk þess sem efla þarf þær atvinnugreinar sem fyrir eru, þá telur sýslunefnd nauðsynlegt, að komið verði upp nýjum atvinnutækifærum hið fyrsta, og bendir m. a. á orkufrekan iðnað í því sambandi."

Fjórðungsþing Norðlendinga fjallaði ítarlega um atvinnumál á Norðurlandi í sept. s. l. Í ályktun þingsins um staðarval stærri iðnaðar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjórðungsþing Norðlendinga, haldið á Húsavík 3.—5. sept. 1981, leggur á það áherslu, að mjög sé vandað til athugana á staðarvali iðnrekstrar. Að gefnu

tilefni telur þingið tímabært að iðnrn. og staðarvalsnefnd geri sveitarstjórnum kleift að fylgjast með ákvörðunum um staðarval iðnfyrirtækja með það í huga, að á Norðurlandi rísi orkufrekur iðnaður sem hæfi staðarkostum og félagslegum aðstæðum. Í þessu sambandi bendir þingið á pappírsverksmiðju á Húsavík og álverksmiðju við Eyjafjörð ásamt álsteypu á seinna stigi. Þingið felur iðnþróunar- og orkumálanefnd ásamt fjórðungsráði að fylgjast með þessum málum sérstaklega."

Þær ályktanir, sem ég hef tilfært, eru dæmi um þá umræðu, sem fram fer um atvinnumál á Norðurlandi, og sýna svo að ekki verður um villst að það er vilji, yfirgnæfandi vilji, vil ég segja, forustumanna Norðlendinga að sú tillaga, sem hér er flutt, nái fram að ganga og bráður bugur verði undinn að því að koma henni í framkvæmd og allar hliðar þessara mála verði kannaðar.

Herra forseti. Það er höfuðnauðsyn fyrir Íslendinga sem þjóð að hefja nýja sókn í alhliða uppbyggingu íslensks atvinnulífs á næstu árum til þess að Íslendingar geti búið þegnum sínum þau kjör, sem þeim bjóðast annars staðar, og þjóðarframleiðsla fari vaxandi og lífskjör batni í landinu. Í ályktun, sem Verkamannasamband Íslands samþykkti á síðasta þingi sínu fyrir nokkrum vikum, er talað um slíka sókn. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Verkamannasamband Íslands telur að slík sókn verði að hafa það að fyrsta markmiði, að atvinnuvegirnir verði samkeppnisfærir við atvinnuvegi grannþjóðanna um vinnuafl Íslendinga. Helsta forsenda nýrrar lífskjarasóknar er að markvisst verði stefnt að nýsköpun atvinnulífs sem í ríkum mæli hlýtur að byggjast á virkjun óbeislaðrar orku fallvatna og jarðvarma til eflingar orkufreks iðnaðar."

Herra forseti. Það er nauðsynlegur þáttur í því, að Norðlendingar geti verið með í slíkri sókn í atvinnumálum og að þar eflist byggð, að sú till., sem hér er til umr., verði samþykkt og henni verði komið í framkvæmd sem fyrst.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þetta mál verði frestað að þeim loknum, sem hér fara fram nú og till. vísað til atvmn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna flutnings þessarar þáltill., sem hér kom raunar fram á síðasta þingi, vil ég segja nokkur orð. Mætti raunar um það hafa allmörg orð ef fara ætti langt út í þau efni sem tillögunni tengjast, þ. e. eflingu atvinnulífs almennt í landinu og þýðingu þess að vanda staðsetningu stórfyrirtækja sem til álita kemur að reist verði hér á komandi árum.

Ég er hv. flm. fyllilega sammála um það, að við þurfum að vera vel á verði og kanna sem flesta möguleika til þess að renna traustum stoðum undir atvinnulíf í landinu, auka fjölbreytni þess, koma á nýjum vaxtarbroddum í stað þess sem brott fellur í tímans rás og vegna breyttra aðstæðna. Þetta á við um hefðbundið atvinnulíf, sjávarútveg og landbúnað, en ekki síður og kannske enn frekar um iðnað, þar sem breytingar eru hraðfara og þar sem mjög reynir á að saman sé stillt og menn átti sig á þeim breytingum sem verða í umheiminum í sambandi við iðnþróun, samkeppnisaðstöðu og nýja möguleika.

Einn þessara möguleika til nýrrar sóknar í atvinnulífi landsmanna á að vera fólginn í því að hagnýta dýrmætar orkulindir landsins til að renna nýjum og helst traustum stoðum undir atvinnulíf í landinu til viðbótar því, sem fyrir er, og gæta þess vel, að það falli að því atvinnulífi sem fyrir er og vænlegt getur talist, en verði ekki til þess að brjóta niður það sem við höfum reist og vel má dafna.

Ég tel að núv. ríkisstj. hafi gert sér þetta vel ljóst. Í málefnasamningi hennar er vikið að nauðsyn þess að efla hér nýjan iðnað, sem m. a. byggi á hráefnaauðlindum landsins og orkulindum undir íslensku forræði eða á vegum landsmanna sjálfra, eins og það mun orðað í stjórnarsáttmála.

Alþb., sem ég mæli fyrir, hefur lagt á það um langt skeið áherslu, að sérstaklega sé vandað til undirbúnings að stofnun meiri háttar iðnrekstrar í landinu, fyrirtækja sem talist geta stór á okkar mælikvarða, því að alltaf er það afstætt hvað telst stórt og hvað smátt. Í samþykktum Alþb. um orkumál og orkufrekan iðnað á árinu 1976 var vikið einmitt að þessum þáttum, jafnhliða því sem mörkuð var almenn stefna um forsendur til hagnýtingar orkulindanna og til uppbyggingar iðnaði í landinu og til að treysta hér almennan atvinnurekstur. Með hliðsjón af þeirri stefnumörkun hefur verið unnið í tíð núv. ríkisstj.

Iðnrn. setti 3. okt. 1980 á fót nefnd sem kölluð hefur verið staðarvalsnefnd. Samkv. skipunarbréfi er henni ætlað það hlutverk að kanna hvar helst komi til álita að reist verði iðjuver í tengslum við nýtingu á orku- og hráefnalindum landsins. Í þessu erindisbréfi er svo kveðið á að hlutverk nefndarinnar sé að kanna umrædda staði sem helst kæmu til álita ef reist yrðu iðjuver í tengslum við nýtingu á auðlindum landsins. Er þá átt bæði við hráefnaauðlindir og orkulindir, og vel má tengja það einnig þeim auðlindum sem í mannfólkinu sjálfu búa. Jafnframt er nefndinni ætlað, eins og segir í skipunarbréfi, að taka tillit til líklegra áhrifa sem slíkt fyrirtæki hefði á atvinnulega og efnahagslega þróun, samfélag, náttúru og umhverfi. Er nefndinni falið að greina, í hverju slík áhrif séu helst fólgin, og bera saman viðkomandi staði með hliðsjón af því. Síðar í erindisbréfinu segir:

„Haga ber könnuninni eftir föngum þannig að hún geti nýst við ákvarðanir um iðnaðarkosti og orkuver sem eru til umræðu. Nefndinni er ætlað að samræma störf þeirra stofnana, sem málið varðar, og tryggja að staðarval verði sem best undirbúið. Jafnframt sé unnið að þessum málum í eðlilegu samráði við sveitarfélög og samtök þeirra."

Nefndin hefur nú starfað um rösklega eins árs skeið, og ég veit að ýmsir hafa heyrt af störfum hennar og orðið varir við hana, þ. á m. sveitarstjórnir og samtök þeirra sem nefndin hefur leitað til og haft allnáin samskipti við til gagnaöflunar í sambandi við þetta mikilvæga mál.

Þessari nefnd er ekki ætlað að velja tiltekna iðnaðarkosti fyrir ákveðna staði eða svæði á landinu, heldur öðru fremur að kanna almennar forsendur fyrir staðsetningu meiri háttar iðnaðar, umhverfislegar forsendur og félagslegar forsendur. Með hliðsjón af því eru í þessa nefnd skipaðir aðilar samkv. tilnefningu frá Náttúruverndarráði, frá heilbrmrn., sem fer með starfsleyfi fyrir verksmiðjurekstur í landinu, frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og frá Orkustofnun, sem um nokkurra ára bil hefur sinnt þessu verkefni að vissu marki, auk þess sem iðnrn. skipaði nefndinni formann, sem er Þorsteinn Vilhjálmsson eðlisfræðingur og kennari við Háskóla Íslands.

Ég get um þetta hér vegna þess að það tengist því efni sem þessi þáltill. fjallar um. Þessi starfsnefnd hefur haft

samráð við sveitarfélög og samtök sveitarfélaga, m. a. á Norðurlandi eystra, til þess að átta sig á almennum forsendum í sambandi við hugsanlega staðsetningu meiri háttar iðnrekstrar í þeim landshluta. En í þessu sambandi er að sjálfsögðu nauðsynlegt að horfa til landsins alls. Þessi mál tengjast vissulega, eins og hv. 1. flm. þáltill. drap á, byggingu orkuvera og nýtingu orkunnar í landinu. En það eru margir fleiri þættir sem inn í þetta koma, og ég held að við séum að fá til þess sýn í auknum mæli, að við erum ekki eins bundnir af því og verið hefur í margra huga hvar reistar eru virkjanir í okkar landi. Við erum ekki eins bundnir af því, hvar við getum reist atvinnufyrirtæki í krafti slíkra virkjana, eins og áður var, meðan okkar raforkukerfi var ófullburða, í lélegra ástandi en nú er, og eigum við þó eftir þar verulega úr að bæta. Þvert á móti á að vera kleift —eftir því sem orkukerfi landsins verður öruggara og traustara— að reisa fyrirtæki, sem nýta umtalsverða orku, með vissum hætti óháð uppbyggingu raforkuveranna, þó að vissulega séu þar tengsl á milli og takmörk fyrir því hvað skynsamlegt er og hagkvæmt að flytja raforku um langan veg til meiri háttar notenda. Inn í þessa mynd kemur einnig jarðvarminn í landinu, hagnýting hans til iðnrekstrar og uppbyggingar atvinnulífs og aðrar auðlindir, þ. á m. hráefnaauðlindir í landinu.

Þess er að vænta, að nefnd sú, sem ég vék hér að og kölluð hefur verið staðarvalsnefnd, skili áfangaáliti innan ekki langs tíma. Hún hefur ætlað sér að ljúka sínum verkum eða a. m. k. komast langt með sitt verkefni á næsta ári þannig að fyrir liggi sem best úttekt á forsendum fyrir því, hvar álitlegt sé út frá mjög fjölþættu mati að setja niður meiri háttar atvinnurekstur, meiri háttar iðnrekstur í landinu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fara hér út í almenna umr. um stöðu þess atvinnulífs sem við búum nú við þó að margt mætti um hana segja. Ég vil aðeins leggja á það áherslu, að þegar rætt er um ný verkefni í okkar atvinnulífi verðum við að hafa sem gleggsta sýn yfir það sem fyrir er. Við þurfum að gæta þess að missa ekki sjónar af þróunarmöguleikum á því sviði, þ. á m. í okkar sjávarútvegi og okkar stóriðnaði sem byggir á úrvinnslu sjávarfangs. Ég veit að það hefur ekki farið fram hjá hv. fyrri flm. þáltill., að ýmsir í hans kjördæmi hafa af því nokkrar áhyggjur, hvernig fara mundi um það atvinnulíf, sem fyrir er, ef ráðist yrði í uppbyggingu stóriðnaðar á svæði eins og Eyjafjarðarsvæðinu, svo sem mjög hefur verið til umræðu. Það er full ástæða til að gefa gaum að slíkum viðvörunum, að taka slíkar áhyggjur alvarlega, vega þær og meta, áður en nokkur skref eru stigin sem ákvarðandi geti talist. Við þurfum þarna að líta til reynslu í nágrannalöndum okkar. Það hefur einmitt verið gert í þeirri vinnu sem nú fer fram. Menn geta fundið t. d. í Noregi mjög dapurleg dæmi um hvernig tekist hefur til þar sem sett hafa verið niður stórfyrirtæki, m. a. í orkufrekum iðnaði, í litlum samfélögum. Það hefur leitt til mjög einhæfrar atvinnuþróunar, ekki síst þegar fram í sækir og þegar kynslóðaskipti verða. Slíka þróun þurfa menn að hafa fyrir augum þegar um þessi mál er fjallað.

Ég vil að endingu leggja á það áherslu, að við höfum augun opin í sambandi við þróunarmöguleika á öllu atvinnusviðinu, jafnt í okkar hefðbundnu atvinnuvegum, í almennum iðnaði og í sambandi við stærri iðnrekstur, allt upp í stórrekstur, og fellum þetta saman út frá skynsamlegum viðhorfum og því meginsjónarmiði, að við Íslendingar ráðum með öruggum hætti ferðinni í þeim efnum og treystum þar með efnahagslegt stjálfstæði og lífskjör í landinu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Af eðlilegum ástæðum hef ég áhuga á að ræða þessa till. nokkuð.

Ég vil þá fyrst segja það, að ég vil að verulegu leyti lýsa stuðningi mínum við hana og þó um leið gera nokkurn fyrirvara.

Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að fara nokkuð varlega þegar kemur að hugmynd um stóriðju. Ég hef smátt og smátt verið að komast á þá skoðun, að stóriðja sem slík sé ekki hið eiginlega lausnarorð þegar við erum að tala um að nýta raforku þjóðarinnar til atvinnubætandi starfa og fyrirtækja.

Ég vil fyrst geta þess, að þessi till. er mjög tímabær einfaldlega af þeirri ástæðu, að atvinnulíf á Norðurlandi er afskaplega einhæft og ástandið í atvinnulífi — sérstaklega í Norðurlandskjördæmi eystra — er nú með þeim hætti, að þar steðjar að vandi í nær öllum byggðarlögum. Ástæðurnar fyrir því eru fyrst og fremst einhæfni atvinnulífsins, og þá á ég einkum við sjávarplássin sem byggja alla sína afkomu á sjávarafla. Það þarf ekki fyrir þm. þess kjördæmis að rekja hvernig ástandið er, allt frá Þórshöfn og til Ólafsfjarðar, þar sem ýmist er um að ræða atvinnuleysi á nokkrum stöðum, sums staðar tímabundið, annars staðar illar horfur vegna mikils fjármagnskostnaðar fyrirtækja og verkefnaskorts.

Það fer heldur ekki hjá því, að þessi till. til þál., sem þeir hv. þm. Lárus Jónsson og Halldór Blöndal hafa flutt um staðarval stóriðnaðar á Norðurlandi, tengist mjög öllum ákvörðunum um Blönduvirkjun. Ég hef litið svo á að Blönduvirkjun væri raunverulega forsenda þess, að hægt yrði að fara út í umtalsverða aukningu iðnaðar og atvinnurekstrar í þeim landsfjórðungi sem hér um ræðir. Samkv. niðurstöðum athugana, sem m. a. Framkvæmdastofnun hefur látið gera, munu engar atvinnugreinar geta tekið við vinnuafli á næstu árum í þessum landsfjórðung aðrar en iðnaðurinn. Fyrirsjáanlegt er að ekki verður mannaflaaukning í landbúnaði, það verður ekki mannaflaaukning í sjávarútvegi og það verður sáralítil mannaflaaukning, ef nokkur, í fiskvinnslu. Eina aukningin fyrir utan iðnað er aukning í byggingariðnaði ef við skiljum hann frá öðrum almennum iðnaði. Þess vegna hefur m. a. verið bent á það, að á næstu 10-15 árum þurfi að bæta við geysilega mörgum nýjum atvinnutækifærum í Norðurlandi til þess að mæta þeirri atvinnuþörf sem þar skapast vegna fjölgunar fólks sem á atvinnumarkað kemur.

Ég vil geta þess jafnframt, sem ég hóf þessa tölu með að segja að stóriðja sé kannske ekki beinlínis það sem nú er mest að mínu skapi, einfaldlega vegna þess að þegar við nýtum þá dýrmætu orku, sem í raforkunni felst, verðum við að reyna að gæta þess að nýta hana á þann veg að sem flest atvinnutækifæri fáist úr þessari orku, að við reynum að víkja frá þeirri stefnu, sem mjög algild hefur verið hér á Íslandi, að við framleiddum fyrst og fremst hráefni en ekki fullunna vöru. Þess vegna hef ég í og með talsverðan áhuga á því, að kannað verði í tengslum við þessa till. hvort ekki megi finna einhverjar iðngreinar sem gætu tekið við meira vinnuafli en stóriðjan sem slík og þannig komið meir til móts við þær kröfur sem nú eru gerðar um ný og betri atvinnutækifæri á Norðurlandi.

Í þessum efnum langar mig að reifa aðeins þá stað-

reynd sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir, að við leggjum óhemjufjármagn í menntun þegna okkar, —fjármagn sem að margra dómi hefur ekki nýst okkur nægilega vel, einfaldlega vegna þess að þessari menntun og því starfi, sem felst í skólakerfinu almennt, er ekki fylgt eftir með almennri vísindaiðkun og rannsóknarstarfsemi í landinu. M. a. af þessum sökum er nú svo komið að við höfum sáralítið gert til þess að þróa nýjar iðngreinar, eins og t. d. nágrannar okkar í Danmörku hafa gert á síðustu árum og áratugum og náð gífurlegum árangri í ýmsum smáiðnaði sem hefur fært danska ríkinu mjög umtalsverðar tekjur. Í þessum efnum erum við nánast á steinaldarstiginu. Ástæðan er sú, eins og ég gat um áðan, að hér hefur ekki verið mótuð nein vísinda- eða rannsóknarstefna í þágu atvinnuveganna, engöngu verið eytt mjög verulegu fjármagni í menntun þegnanna, en eins og ég sagði áðan: þeirri menntun ekki verið fylgt eftir með almennri vísinda- og rannsóknarstarfsemi sem gæti komið atvinnuvegunum til góða. Einhver ágætur vísindamaður orðaði það svo, að það mætti líkja menntunarstarfsemi íslensku þjóðarinnar við fljót sem streymdi fram og endaði svo í fossi við sjávarströnd og kæmi að sáralitlum notum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég styð eindregið þessa till. með þeim fyrirvara sem ég hafði á, að ég tel að við skyldum aðgæta betur hvort við gætum ekki látið einhvern annan orkufrekan iðnað koma í stað stóriðjunnar. Ég tel að stóriðjan hafi tvær mjög neikvæðar hliðar: Í fyrsta lagi að nýting vinnuafls verður hvergi nærri eins góð í stóriðju og í öðrum iðngreinum, það þarf færri starfsmenn til að nota miklu meiri orku en annars staðar er notuð, og í öðru lagi eru samfélagsleg áhrif stóriðju á umhverfi sitt. Það er auðvitað hárrétt, sem hæstv. iðnrh. sagði áðan, að Norðmenn hafa orðið að horfast í augu við mjög alvarlegar afleiðingar af stóriðnaði sem hefur verið settur niður í tiltölulega litlum samfélögum og valdið þar umtalsverðri röskun á öllum högum manna.

Ég þarf ugglaust ekki að segja a. m. k. þm. Norðurl. e. þá sögu úr einu byggðarlagi í kjördæmi okkar, að þar hafði fólk atvinnu um langan tíma, nokkuð örugga og trygga atvinnu af öðrum greinum en undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Þetta var trygg atvinna, þetta var notaleg atvinna og hún gaf talsvert í aðra hönd. En á sama tíma og menn höfðu fulla og góða vinnu við þau störf sem þarna um ræðir, þá grotnuðu undirstöðuatvinnuvegirnir niður. Þegar þessi vinna féll svo niður eða hvarf á nánast einum degi, þá var byggðarlagið í atvinnulegu tilliti í rúst. Og ég vil segja það, að með t. d. stóriðjuframkvæmdum sem mistækjust er þessari hættu boðið heim. Ég vil því endilega að í sambandi við þessa till., svo og aðrar umræður um stóriðju hugleiddu menn það, hvort við gætum fundið einhverja meðalleið, einhverja miðjuleið til þess að nýta þá raforku sem við eigum möguleika á að framleiða í mjög miklum mæli.

Ég skal ekki lengja þessa umr., herra forseti. Ég lýsi stuðningi mínum við þessa till. og vil að hún nái fram að ganga, henni verði ríkur gaumur gefinn og að í sambandi við hana kanni menn hvort ekki sé til einhver önnur fær leið en sú ein að stinga niður stóriðjufyrirtæki.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Efnislega er þessi till. til þál. hógværlega og skynsamlega orðuð. Ég hlýt að lýsa yfir fylgi við það sem er kveðið á um í þessari till., að gerðar verði sérstakar athuganir á því sviði sem hér um ræðir, þ. e. sem lúti að orkufrekum iðnaði í Norðurlandskjördæmi eystra, svæðum við Eyjafjörð og í grennd við Húsavík. Ég skil það svo og einnig af ræðu hv. 1. flm., Lárusar Jónssonar, að hér sé átt við að gerð verði gangskör að ítarlegri og alhliða athugun á þessum málum og niðurstaðan verði síðan lögð til grundvallar skynsamlegum ákvörðunum.

Ég þakka 1. flm. sérstaklega fyrir það, að hann skyldi í framsöguræðu sinni núna hlífa okkur við því að vitna til hins ágæta árangurs sem náðst hefði í orkufrekum iðnaði í Straumsvík og uppi á Grundartanga í Hvalfirði, svo sem samþm. hans, hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, gerði í framsöguræðu fyrir stóriðjumáli hér í haust. Nú vil ég ekki og alls ekki fara að nudda hv. þm. Lárusi Jónssyni upp úr slíkum orðagraut ellegar færa þetta sérstaka þingmál, sem hann mælir hér fyrir, yfir í reynsluna af járnblendiverksmiðjunni við Grundartanga eða reynslu okkar af samstarfi við erlendan aðila í Straumsvík. En ég hlýt að undirstrika nokkur varhugaverð atriði tengd orkufrekum iðnaði eins og þau blasa við mér.

Í fyrsta lagi er það þetta atriði sem hver stjórnspekingurinn af öðrum étur nú upp eftir hverjum hagfræðingum og lögfræðingnum á fætur öðrum, að við höfum fullnytjað gæði landsins og þ. á m. fiskstofnana í kringum þetta land, við höfum gert það nú þegar, og þess vegna eigum við ekki annarra kosta völ til þess að renna stoðum undir atvinnulíf á Íslandi en að byggja upp iðnað og þá fyrst og fremst orkufrekan iðnað. Ég vil minna á það, að í sumar leið og einmitt á þeim mánuðum þegar sérfræðingarnir héldu fyrirlestra sína á fjórðungsþinginu á Húsavík, þá vantaði 700 manns í fiskiðnað til þess að vinna til útflutnings fiskafla okkar á Austurlandi, 1000-1500 manns á Norðurlandi og talið vera í kringum 1200 manns á Vestfjörðum þar sem afli barst þá mjög mikill á land. Samt er verið að tala um það, að sjávarútvegurinn og fiskiðnaðurinn geti ekki tekið við fleira starfsfólki. Í sömu andrá vil ég vekja athygli á niðurstöðu ráðstefnu þeirrar sem Verkfræðingafélag Íslands og Félag líffræðinga hélt á Hótel Loftleiðum hér í Reykjavík fyrir fimm árum, þar sem rætt var um möguleika Íslendinga á framleiðslu eggjahvítuefnaríkrar fæðu. Niðurstaða þeirrar ráðstefnu var sú, að Íslendingar gætu brauðfætt 36 milljónir manna á ári með eggjahvítuefnaríkri fæðu og þar væri orka og vinnuafl ekki takmarkandi. Með þeirri orku, sem við þá höfðum upp á að hlaupa, og með því vinnuafli, sem þá höfðum upp á að hlaupa, ef við tækjum svo þá pólitísku ákvörðun að veðja meira til langframa á framleiðslu á eggjahvítuefnaríkri fæðu, þá gætum við gert þetta. Ég hef orðað það þannig áður, að mér sé kunnugt um að margur maðurinn hrópi á banastundu sinni á mat, en enginn vissi ég til að hrópað hefði á ál eða kísiljárn.

Okkur er það ljóst, að við getum gert miklu betur en við höfum gert í uppbyggingu okkar þjóðlegu atvinnuvega, þjóðlegu bjargræðisvega. Við getum unnið miklu betur en við höfum gert fram að þessu í því að vinna úr gæðum landsins sjálfs, þeim hráefnum sem fyrir eru í landinu, með miklu minni tilkostnaði en þeim sem við þurfum að leggja í orkufrek iðjuver, ef tekið er tillit til þess, hvaða atvinnu þessi orkufreku iðjuver bjóða. Sem dæmi vil ég nefna það, að það kostar 3.5 millj. nýkr. eða 350 millj gkr. að veita einum manni atvinnu í orku-

frekum iðnaði þegar verð raforkuversins er reiknað með, lágmark, 350 gamlar millj. eða 3.5 millj. nýkr., ef um hina ódýrari kosti er að ræða. Ef um hina dýrari kost er að ræða, svo sem í áliðnaði, í álframleiðslu, þá kostar það 7.5-8 millj. nýkr. að veita einum manni þar atvinnu eða 750-800 millj. gkr. Með því að nefna þessi kostnaðardæmi er ég ekki þar með að segja að alls ekki komi til mála að koma upp slíkum orkufrekum iðnfyrirtækjum. En fyrst verðum við að gá að því, hvort við getum ekki notað það mikla fé, sem hér er um að ræða, fjárfestingarfé, á hagkvæmari hátt til uppbyggingar á annars konar iðnaði og annars konar atvinnugreinum. Þetta verðum við fyrst og fremst að gera.

Hv. frsm. má vera minnistætt ekki síður en mér, ég minnist þess glaðlega svipmóts sem hv. þm. bar einmitt á fjórðungsþinginu fyrir norðan, þegar það rann upp fyrir okkur báðum að oftar var nefnd sú, sem vitnaði hefur verið til hér, kölluð Staðarhólsnefnd heldur en staðarvalsnefnd í umræðunum á fjórðungsþinginu fyrir norðan. En hvað svo sem þeim framburði líður, þá er flm. till. báðum ljóst að þessi mál hafa verið til athugunar í heild, þ. e. hvernig henta mundi að skipa orkufrekum iðnfyrirtækum, ef reist verða, niður á landsbyggðina með tilliti til aðstæðna á hverjum stað, þ. á m. atvinnuþarfar, vinnuaflsframboðs, náttúrlegra skilyrða, mengunarhættu og byggðar eða stöðu atvinnuveganna sem fyrir eru. Ég er alveg viss um að hv. þm. Lárus Jónsson vitnar ekki til áhrifa álversins í Straumsvík á atvinnuhætti í Hafnarfirði þegar hann er að tíunda kosti þess fyrir byggðarlögin að fá slík fyrirtæki í grennd við sig. Ég hygg að hann hugsi það mál miklu dýpra en svo. Ég er einnig efalaus um það, að hv. 1. flm. gerir sér grein fyrir stöðu ullariðnaðarins á Akureyri, þess iðnaðar sem þar er fyrir og hefur sannarlega átt fullt í fangi með að borga starfsfólki sínu sæmileg laun þannig að það yndi við þau störf, — hvaða stöðu stórt iðjuver á sviði orkufreks iðnaðar mundi setja þann iðnað í, iðjuver sem hefur yfir miklu fjármagni að ráða og þar sem hlutfall launagreiðslna í heildarútgjöldum er tiltölulega lágt miðað við það sem tíðkast í almennum léttiðnaði.

Ég get ekki fallist á það sem hv. þm. sagði, að erfiðleikar verksmiðjanna á Akureyri og Slippstöðvarinnar séu af völdum stefnu núv. ríkisstj., enn þá síður erfiðleikar eina einkafyrirtækisins sem hann tilgreindi í upplestri sínum, K. Jónssonar á Akureyri. Þetta er einkafyrirtæki, rekið sem slíkt með hámarksgróðamyndun sem meginmarkmið. Ég veit ekki betur en erfiðleikar þess fyrirtækis, þessa einkafyrirtækis, þessa einkaframtaksfyrirtækis hafi fyrst og fremst stafað af skorti á vöruvöndun, að maður ekki segi af vörusvikum, sem mætti þó færa ærin rök að, ekki vegna stjórnarstefnu. Hv. þm., sem tengdur var á sínum tíma mjög niðurlagningariðnaðinum hérna, kann kannske að koma upp í ræðustólinn á eftir mér núna og ítreka það sem haft var eftir forstjóra þessa einkafyrirtækis fyrir norðan, að varan, sem send var í hausinn á fyrirtækinu aftur frá Evrópu, hafi verið hráefnislega góð, það hefi ekkert verið að henni nema lyktin og bragðið. En ekki má ætla sér þá dul að kenna stefnu ríkisstj. um vandræði þess fyrirtækis. Hinu hygg ég að við kynnum að geta fært rök að, að ef við sæjum þessum einkafyrirtækjum, ef við sæjum Slippstöðinni á Akureyri og Sambandsverksmiðjunum fyrir þess háttar fjármagni til tæknilegrar uppbyggingar, þess háttar fyrirgreiðslu sem stóriðjufyrirtæki, sem nú eru í landinu, njóta hér, þá kynni að vera hægt að reka þau öll með mjög góðum hagnaði og jafnvel ekkert síður niðurlagningarverksmiðju K. Jónssonar, sem ég vil síður en svo níða niður, því að barátta eigenda þess fyrirtækis um áratugaskeið við framleiðslu úr íslenskum hráefnum er fremur hrósverð en hitt.

Ég tek undir aðvaranir sem fram komu í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, hvatningu til aðgátar í sambandi við hugmyndir okkar um fjárfestingu í orkufrekum iðnaði, en tel að efni þeirrar þáltill., sem hér um ræðir, hvatning til sérstakrar athugunar á svæðinu við Eyjafjörð og við Húsavík með tilliti til orkufreks iðnaðar sé af hinu góða.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég get svo sem vel tekið undir með tveimur síðustu hv. ræðumönnum því að efnislega hef ég ekki á móti þessari till. Þó hefði ég fyrir mitt leyti viljað hafa allt annað orðalag á henni en þarna er, vegna þess að ég hefði viljað láta athuga með hvaða hætti væri hægt að efla atvinnulífið á Norðurlandi á annan veg en þann fyrst og fremst að setja upp stóriðju á Norðurlandi, einfaldlega vegna þess að ég tel mikið af orkufrekum iðnaði, eða a. m. k. sumar greinar hans, neyðarkost sem eigi ekki að grípa til nema við getum ekki byggt upp atvinnulífið með öðrum hætti.

Segja má að sú umr., sem fer nú fram um atvinnumál hér á landi, einkennist í raun og veru töluvert mikið af vantrú, sem sumir menn virðast vera gripnir af, á þeim möguleikum sem við höfum í sambandi við okkar hefðbundnu greinar og þann iðnað sem hefur verið að þróast upp í landinu til að fullvinna það hráefni sem þessi hefðbundni atvinnuvegur framleiðir. Ég held að þetta sé fyrst og fremst af vantrú vegna þess að margir hv. stjórnmálamenn ræða mikið um að þeir vilji halda landinu í byggð, þeir vilji gera allt það sem þeir geti til þess, en þegar farið er að ræða um úrræðin eru það fyrst og fremst úrræði til að draga saman byggðina, eins og t. d. ef um slíkan stórrekstur er að ræða í ekki fjölmennum héruðum eins og yfirleitt orkufrekur iðnaður hefur að bjóða.

Menn verða líka að athuga hvers konar stóriðju þeir geta ekki sætt sig við. Ég held að þau aðvörunarorð, sem hæstv. iðnrh. mælti og hv. þm. Árni Gunnarsson og Stefán Jónsson, eigi fullan rétt á sér. Við verðum að fara gætilega í þessum málum. Það sýnir sig, að þó að það séu erfiðleikar bæði í sjávarútvegi og iðnaði nú virðast líka blasa við erfiðleikar hjá stóriðnfyrirtækjum, bæði álverksmiðjunni og eins verksmiðjunni á Grundartanga. Ég veit ekki betur en nýlega sé komið bréf frá stjórnendum fyrirtækisins á Grundartanga um að horfurnar í sölumálum þeirrar framleiðslu séu þannig að þeir geti ekki lagt til að auka þar við sig. Fyrir einum eða tveimur dögum kom sú frétt, að verð á áli væri að falla. Það kemur því upp vandamál í þessum greinum ekkert síður en í öðrum framleiðslugreinum.

Full ástæða er til að undirstrika það, sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði áðan, að ekkert smávegis fjármagn þarf til að skamma hverjum manni atvinnu t. d. við álframleiðslu. Það er hátt í 1 milljarð gkr., miðað við virkjun og verksmiðju.

Það má segja að ekki sé hægt að hafa mikið á móti þáltill. þessari, ýmislegt af þeim málflutningi, sem 1. flm. hafði hér í frammi áðan, er mjög athyglisvert þó að ég muni ekki víkja að nema örfáum atriðum í málflutningi hans.

Hann hafði t. d. ekki trú á að það væru neinir möguleikar á aukningu í framleiðslu og mannafla í þeim fyrirtækjum sem nú eru á Akureyri. Hvaðan hefur hv. þm. þetta? Ef finnst grundvöllur fyrir rekstri á ullar— og skinnaiðnaðinum í landinu og ef hann fær að búa við svipuð skilyrði og orkufrekur iðnaður að öllu leyti eru mestar líkur fyrir því, að það væri hægt að tvöfalda þessa framleiðslu og mannafla, miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið frá þessum aðilum, og það á örfáum árum, á þeim árum sem nú blasir við að verði atvinnuleysi á Eyjafjarðarsvæðinu. Talið er að það sé hægt að meira en tvöfalda þetta á 3-4 árum ef rekstrargrundvöllur er fyrir hendi. Hægt er að færa rök að því, að það sé líklegt að hann geti orðið eins jákvæður og sá stórrekstur sem samkv. till. virðist vera ætlaður. Eftir málflutningi hv. 1. flm. er það fyrst og fremst um það sem till. fjallar, miðað við þann málflutning sem hann hafði hér í frammi.

Alveg sama er með t. d. verksmiðju Kristjáns Jónssonar. Allt bendir til þess, að hér verði mikil síld á næstu árum. Spurningin er hvernig okkur tekst að afla markaða fyrir þá síld. Eftir því sem sjómenn hafa tjáð mér, sem voru á miðunum fyrir Norðurlandi, var sjórinn svartur af síld í sumar, og fullorðnir menn sögðu mér að þeir hefðu ekki séð áður eins mikla síld, ekki einu sinni á síldarárunum. Það eru að vísu erfiðleikar nú á að selja þessa síld, en það er merkilegt ef það tekst ekki miðað við þá vöntun á fæðu sem er í veröldinni.

En hver á atvinnumálastefna að vera? Eru það ekki yfirlýsingar um að reyna að halda byggðinni í svipuðu horfi og hún er nú sem talsmenn flokkanna gefa? Og ef við tökum það alvarlega, er þá ekki fyrst að athuga með hvaða hætti við getum haldið við og treyst byggðina með nýjum atvinnutækifærum og styrkt það sem fyrir er? Þarna eru ýmsir möguleikar. Ég fer ekki að telja þá upp eða rökstyðja það mjög mikið, en ætla þó að benda á tvö til þrjú atriði. En orkan þarf að vera á sama verði til sömu nota hvar sem er á landinu. Það verður að vera okkar krafa. Við meinum þá ekkert með því sem við erum að tala um ef það verður ekki gert. En þá eru líkur til að ýmiss konar rekstur á hinum minni stöðum um allt land geti blómgast og dafnað.

Það er talið að það sé mikill möguleiki á fiskeldi. Það er líka talið að það sé mikill möguleiki hér á ýmiss konar loðdýrarækt. Við höfum mikinn úrgang, sem okkur verða ekki miklir peningar úr, sem hægt er að nota til slíks eldis. Allt bendir til þess, að á næsta leiti séu að skapast möguleikar á að klekja út þorskhrognum í stórum stíl. Það eru Norðmenn byrjaðir að gera. Þeim hefur tekist að komast yfir vissa þröskulda í því efni og þeir eru bjartsýnir á að þetta takist. Ef það verður að veruleika, sem ýmsir spá nú, skiptir engu máli hvað það kostar fyrir okkur því að sjórinn er sú gullkista sem við hljótum að byggja afkomu okkar á hér eftir sem hingað til, ekki síst ef slíkir möguleikar opnast sem margir telja að séu í sjónmáli.

Niðurstaða mín er sú, að það sé byrjað alveg á öfugum enda í þessu efni, þar eigi fyrst að byrja á því að athuga um hvernig sé hægt að treysta atvinnulífið, færa iðnaðinn og atvinnutækifærin að fólkinu, en ekki fólkið að stórum rekstrareiningum. Ef okkur aftur á móti tekst það ekki gegnir öðru máli. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að stóriðjan, orkufrekur iðnaður, sé neyðarkostur sem við komumst þó ekki hjá að grípa til ef við getum ekki byggt upp atvinnulífið með öðrum hætti.

Allt bendir til þess, að um næstu aldamót verðum við að vera við því búnir að framleiða eldsneyti okkar á vélar og til kyndingar — a. m. k. á vélar, við getum náttúrlega notað rafmagnið til annarra nota. Og margir spá því að olían muni á næstunni hækka verulega. Menn deila um hvorum megin það verður við aldamótin, en þá verðum við líka að vera við því búnir. Okkar trygging er að við séum komnir af stað með þessa framleiðslu þegar þar að kemur, hvenær sem það verður.

En það er ýmislegt fleira sem við þurfum að athuga í þessum sambandi. Við erum að tala um jafnrétti sí og æ. Jafnrétti kynjanna mun fyrst og fremst ráðast af því, hvort bæði kynin hafi í framtíðinni svipaða aðstöðu um atvinnuval og launakjör. Hvernig ætli það sé nú með stóriðjuna? Ætli það séu margar konur sem hafa atvinnu við slíkan rekstur, eða ætli þær fáist mikið við mannvirkjagerð sem þarf í sambandi við slíkan rekstur? Ætli mönnum sé ekki hollt að líta til beggja átta í þessu efni. Náttúrlega þýðir ekkert að vera að tala um jafnrétti ef bæði kynin hafa ekki svipaða aðstöðu um atvinnuval og launakjör. Það gerist ekki ef það verður fyrst og fremst unnið að því að byggja upp atvinnulífið með slíkum stórrekstri.

Það mátti heyra það á máli hv. 1. flm. áðan — ég skildi hann a. m. k. þannig, hann leiðréttir mig þá — að hann reikni með því eða stefni að því að það verði sett upp álverksmiðja við Eyjafjörð. Ég er hræddur um að menn séu ekki á einu máli um hvort Eyjafjörður sé sú byggð sem sé best valin fyrir slíkan rekstur. Hitt er alveg rétt, að ef verður farið í fimm eða sex virkjanir t. d. fyrir aldamót verða Norðlendingar auðvitað að taka þátt í því að nota eitthvað af þeirri orku. Að mínu mati á að byggja minni rekstrareiningar, eftir því sem við verður komið, og tryggja framtíð þjóðarinnar með því að framleiða brennsluefni um leið og sá kostur virðist vera mögulegur vegna kostnaðar og tæknilegra atriða.

Það kann að vera að ég komi með brtt. við þessa þáltill. og leggi hana fram þannig að nefnd, sem um þetta fjallar, geti rætt hana. Ég held að stjórnmálamenn, ríkisstj. og stjórnmálamenn í hvaða flokki sem þeir standa, ættu fyrst og fremst að leiða hugann að því, hvernig við getum treyst atvinnulífið á annan veg en þann að byggja upp slíkan stórrekstur í landinu. Við eigum að flýta okkur hægt í því efni vegna þess, sem kom fram líka hjá hæstv. iðnrh. áðan, að slíkar rekstrareiningar mega ekki vera stærri en það, að þær leggi ekki annað að verulegu leyti í rúst. Þess vegna verður það að vera eftir aðstæðum á hverjum stað, hvað slíkur rekstur á að vera stór. Og það er fleira sem við þurfum að hafa í huga þegar af því verður að við semjum við erlenda aðila um orkuverð. Ef við tökum alltaf skásta virkjunarkostinn og seljum orkuna miðað við virkjunarkostnað á hverjum stað sitjum við síðar uppi með hærra orkuverð þegar við þurfum orku til t. d. eldsneytisframleiðslu. Við ættum því að semja um orkuverð miðað við meðalverð á þeim virkjunarkostum sem við gerum ráð fyrir að verði virkjaðir á næstu áratugum.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Það er e. t. v. að bera í bakkafullan lækinn að einn þm. enn úr Norðurlandskjördæmi eystra skuli taka hér til máls, en það er nú svo, þegar rætt er um atvinnumál á Norðurlandi, og þá hefur einkum verið rætt um Norðurl. e., þá er það auðvitað svo mikið mál fyrir okkur þm. þessa svæðis

að við getum vart látið þá umr. algerlega fram hjá okkur fara.

Ég var því miður ekki viðstaddur þegar hv. 1. flm. þessarar þáltill. hélt sína framsöguræðu, þannig að ég missti af henni og heyrði ekki nema lítinn hluta af ræðu hæstv. iðnrh. En ég get lýst því yfir hér, að meginefni þessarar þáltill. er þannig orðað og þannig háttað með það, að mér finnst vera hægt að taka að verulegu leyti undir það sem þar kemur fram. Einnig get ég vel tekið undir margt sem fram hefur komið í ræðum þeirra hv. þriggja þm. úr Norðurl. e. sem hér hafa talað á undan mér og hafa rætt um atvinnumálin og atvinnuástandið á þessu svæði nokkuð víðtækt og bent á það sem helst þarf að varast í sambandi við framgang þeirra mála sem bent er á í þessari þáltill.

Hér er talað um að efla þurfi atvinnulíf á Norðurlandi eystra. Að sjálfsögðu getum við allir tekið undir það. Það hefur gætt vissra vandamála að undanförnu og er þar sjálfsagt ýmsu um að kenna. Hér í grg. er ríkisstj. náttúrlega að mestu kennt um. Ég vil ekki taka undir það, þó að sjálfsagt megi segja að stjórnarfar eigi alltaf einhvern þátt í því, hvernig atvinnulíf gengur. Vissir erfiðleikar hafa verið í iðnaði þeim sem rekinn er á þessu svæði og þá einkum á Akureyri, og þar hafa auðvitað ýmis önnur mál spilað inn í en stjórnarfar. Þar hefur spilað inn í gengisþróun. Ég ætla ekki að rekja það sérstaklega. Það þekkja menn. Ég vonast til að það mál sé nú þar statt að vænta megi alveg á næstunni tillagna um úrræði frá stjórnvöldum og frá hæstv. iðnrh. í þessu sambandi.

Ég vil líka taka undir það sem fram hefur komið hjá mönnum, að við þurfum að huga vel að því atvinnulífi sem fyrir er og fleiri þáttum þess en iðnaðarstarfseminni á Akureyri. Við verðum að huga að þeirri útgerð og þeim fiskiðnaði sem er í okkar fjórðungi og vissulega er ein meginundirstaða í atvinnulífi þar. Sem betur fer er það svo, að á sumum stöðum í kjördæminu er ástandið mjög gott. Vil ég sérstaklega nefna staði eins og Ólafsfjörð og Dalvík þar sem í sumar hefur verið mikil eftirspurn eftir vinnuafli. Þannig hefur ástandið einnig verið á Húsavík. Í grg. með þessari þáltill. er sagt að fiskiðnaðurinn á Húsavík t. d. geti vart bætt við sig verulegu vinnuafli á næstunni. Þá má þó benda á að einmitt á þessu ári fengu þeir nýjan togara. Ég hygg að hann eigi eftir að styrkja mjög og renna stoðum undir atvinnulíf á Húsavík. Þar hafa aðrir útgerðarþættir líka hingað til staðið sig vel og ég vona að svo verði áfram.

Ég vil láta það koma fram hér, að við samþykktum á kjördæmisþingi framsóknarmanna í Norðurl. e. fyrir tæpum hálfum mánuði einmitt tillögur um atvinnumál þar sem bent er á að efla þurfi atvinnulíf í okkar kjördæmi, — hnígur það mjög í svipaða átt og hér er gerð till. um, — og einnig að athuga skuli í því sambandi stóriðjukosti og eru m. a. nefndar hugmyndir um trjákvoðuiðnað eða pappírsiðnað sem Húsvíkingar hafa mikið beitt sér fyrir athugunum á að undanförnu. Allt, sem enn hefur komið fram í því sambandi, er jákvætt. Ég vona að framgangur verði á því máli, en vil minna á í því sambandi að til að sú verksmiðja geti orðið að raunveruleika og við getum framleitt pappír, sem þar er rætt um, ekki bara trjákvoðu, heldur fullunnið varning og framleitt pappírinn, þurfum við að hefja rannsóknir á háhitasvæðinu við Þeistareyki. Við verðum að leggja í það fjármagn að svo megi verða til þess að sá þáttur þeirrar starfsemi sé í takt við aðrar rannsóknir varðandi hugsanlega trjákvoðuverksmiðju eða pappírsverksmiðju á Húsavík.

Hér kemur fram í lok grg. að staðarval stórra fyrirtækja í grennd við Akureyri og Húsavík sé lítt háð stórvirkjunarstöðum. Ég vil vekja athygli á þessu. Við höfum að sjálfsögðu lagt því lið að Blanda yrði virkjuð fyrst vegna þess að hún er hagkvæmastur virkjunarkostur, þó með þeim skilyrðum að samkomulag náist við landeigendur og heimamenn um þá virkjun. Staðarval stóriðnaðar fyrirtækja á þessu svæði er þó ekki beint háð þessum stórvirkjunarstöðum eða þeirri röðun. Þar sem hér er verið að fjalla um atvinnulíf á Norðurlandi almennt finnst mér þó sjálfsagt að leggja á það áherslu, að Blanda eigi að vera þar næst í röð. Þó að virkjunarframkvæmdirnar sjálfar séu auðvitað tímabundinn atvinnuveitandi hlýtur það að verka svo í framtíðinni að það muni verða til eflingar atvinnulífi víðar í fjórðungnum ef stórvirkjun er þar reist.

Ég vil, eins og ég sagði áður, aðeins ítreka það, að mér finnst að við getum mjög vel tekið undir þann tón sem kemur fram í þessari þáltill. Ég vil að lokum leggja á það áherslu í sambandi við allar stóriðjuhugmyndir og taka þar undir með hv. þm. Árna Gunnarssyni, að fara ber að öllu með gát. Ber að sjálfsögðu að hafa í huga og gæta vel að því, sem miður fer eða því, sem getur miður farið þegar efnt er til stóriðjuframkvæmda. Við erum að tala um stóriðju í Eyjafirði sem er mjög blómleg byggð, þar sem nánast hver lófastór blettur er ræktaður eða nýttur. Þess vegna hljóta umhverfissjónarmið að ráða þar mjög miklu um og verða að vera ofarlega í hugum manna þegar endanlega kemur að ákvörðunum um slík mál, ef til kemur. Þetta svæði er það viðkvæmt í náttúrlegu tilliti að við verðum að huga mjög vel að öllum mengunarvandamálum. Hins ber auðvitað að gæta, að Eyjafjörður er það þéttbýll, þar er svo mikill fólksfjöldi og þar er þjónusta fyrir hendi, að það er auðvitað sá staður utan höfuðborgarsvæðisins og þessa svæðis hér á suðvesturhorninu sem helst getur tekið við stóriðju af félagslegum ástæðum. Þetta verðum við einnig að athuga, en gæta mjög að öllum mengunarvandamálum og hafa þau ofarlega í huga þegar við fjöllum um þetta nánar.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki efna til langra umr. út af því sem hér hefur komið fram, en vildi aðeins þakka fyrir jákvæðar undirtektir við þessa till. sem ég hef flutt. Ég vil þakka hæstv. ráðh. sérstaklega fyrir að fara um þetta mál nokkrum orðum og að mér fannst með heldur jákvæðum og opnum huga og ég þakka „kollegum" mínum úr Norðurl. e. fyrir jákvæðan tón yfirleitt í þeirra ræðum.

Það kom mér ekki á óvart að hv. þm. Stefán Valgeirsson var einna ólundarlegastur í ræðustól af þeim félögum og boðaði brtt. við þessa till. okkar hv. þm. Halldórs Blöndals. Út af því, sem hann sagði hér, að stóriðja væri neyðarkostur og að sér virtist að við værum að einblína þarna um of á stóriðjukostinn til að ná fram ákveðinni uppbyggingu í atvinnulífinu, vil ég segja að það þarf mikla lagni til að skilja orð mín svo eða till. þessa á þann hátt, að við einblínum á þann kost. Ég tók mjög skýrt fram í framsöguræðu minni að hér væri um það að tefla, að við teldum sjálfsagt að þessir kostir yrðu kannaðir jafnframt öðrum kostum til uppbyggingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra. Ég vil benda hv. þm. á að það tekur ekkert stuttan tíma að undirbúa staðarval stórs fyrir-

tækis. Jafnvel þó að hefði verið vel unnið að þessu á undanförnum árum mætti kannske gera sér vonir um að slíkt fyrirtæki yrði komið í starfrækslu seinni partinn á þeim áratug sem nú er að byrja. En það er því miður ekki svo, að það hafi verið gert. Að þessu hefur verið of lítið hugað. Þess vegna vildum við leggja á það sérstaka áherslu, að þessi þáttur yrði ekki vanræktur, að það yrði tekið fullt tillit til þessara möguleika.

Hæstv. ráðh. sagði, að það yrði að fara mjög varlega þegar verið væri að velja stað fyrirtæki sem væri stórt og viðamikið í litlu samfélagi, og sagði, að það væru um þetta nokkur dapurleg dæmi í Noregi, að stórfyrirtæki hefðu haft þar neikvæð áhrif á samfélagslega þróun í litlum byggðarlögum. Ég er hæstv. ráðh. algerlega sammála að þessu leyti. Ég tel að það sé kannske kjarni málsins í þessu efni, t. d. að velja stóru fyrirtæki, hvort sem það er álver eða eitthvað annað, stað á landsbyggðinni yfirleitt, hvaða áhrif það hefur á nánasta umhverfi og samfélagið. En þá bendi ég líka á þá staðreynd, að það er hvergi öflugra samfélag, hvergi öflugri iðnaður, hvergi öflugra þjónustuumhverfi á gervallri landsbyggðinni utan Suðvesturlands en einmitt í Eyjafirði. Það er í mínum huga nánast útilokað að velja slíku fyrirtæki stað annars staðar án verulegrar röskunar á samfélagslegum háttum. Það er kannske kjarni málsins að því er þetta atriði varðar.

Ég tók það mjög skýrt fram, að ég teldi að umhverfisþáttinn þyrfti að skoða mjög nákvæmlega, en það tekur sinn tíma. Það þarf langan aðdraganda að ákvörðun um staðarval slíkra fyrirtækja og þess vegna er á það lögð áhersla að þessar athuganir séu unnar með fullum krafti. Þó að við leggjum á það áherslu, að slíkar athuganir fari fram samhliða öðrum möguleikum á uppbyggingu atvinnulífsins vísa ég algerlega á bug að það sé vegna þess að við séum svartsýnir á framtíð íslenskra bjargræðisvega eða þeirra fyrirtækja sem fyrir eru.

Hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að ég hefði sagt í framsögu minni að ég teldi enga möguleika, ekki neina möguleika, eins og hann orðaði það, á eflingu atvinnulífs með því að stækka þau fyrirtæki sem fyrir væru t. d. á Akureyri. Ég vakti athygli á því, sem er mjög alvarleg staðreynd að atvinnulíf á Akureyri hefur orðið einhæfara undanfarin tíu ár. Nú eru sjö af hverjum tíu vinnufærum mönnum á Akureyri hjá sjö fyrirtækjum. Það vinna hjá sjö fyrirtækjum sjö af hverjum tíu. Þetta var þó fyrir áratug þannig að það voru þá ekki nema sex af hverjum tíu hjá ellefu fyrirtækjum. Ég taldi þessi fyrirtæki upp, sem bera svo mikinn ægishjálm í atvinnulífinu á Akureyri, og ég sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Öll fyrrnefnd fyrirtæki virðast ekki líkleg til að vaxa verulega.“ Þetta er ekki, Stefán Valgeirsson, að segja að það séu engir möguleikar að þessi fyrirtæki geti vaxið. (Gripið fram í.) Ég sagði þetta orðrétt. Hv. þm. getur flett upp í minni ræðu eins og hún kemur úr þingritun. Ég sagði þetta orðrétt. Ræða mín var að sjálfsögðu ekki almennt um það, hvaða möguleikar væru í allsherjaruppbyggingu hringinn í kringum landið.

Ég hélt að hv. þm. hefði kannske tekið eftir því, að það eru rúm tíu ár síðan ég vann að sérstakri áætlanagerð um uppbyggingu atvinnulífs á Norðurlandi. Í þeirri áætlun voru öll þau atriði sem hann var að nefna. Ég er alveg sömu skoðunar og hann og er sömu skoðunar og ég var þá. En hv. þm. er búinn að vera stuðningsmaður ríkisstj. síðan og það er spurning í mínum huga hvort hann ætti ekki aðeins að líta í eigin barm og meta hvernig hefur tekist til um að framkvæma þær ágætu hugmyndir sem hann var að þylja hér núna, en ég lagði fram fyrir 12—14 árum.

Ég held að það þjóni engum tilgangi að efna til meiri orðræðna um þetta mál. Ég vil að lokum taka heils hugar undir ýmislegt af því sem hér hefur komið fram í athugasemdum hv. þm. og hæstv. ráðh. um eflingu atvinnulífs almennt. Ég vil taka sérstaklega undir það, að mjög miklir möguleikar eru í því sem hæstv. ráðh. kallaði „áframhaldandi stóriðnað úr sjávarútvegi“, en ég held að við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við höfum þegar fleytt rjómann af þeim möguleikum. Það eru til margvíslegir fleiri möguleikar, t. d. með hagræðingu, með því að auka framleiðni í sjávarútveginum með fullnýtingu sjávarafla o. s. frv. En menn verða að gera sér grein fyrir að þetta er kostnaðarsamara en núverandi atvinnurekstur. Við fleytum rjómann, við tökum ekki undanrennuna. Þegar við ætlum að hagnýta undanrennuna kostar það meira, sem þýðir að hver sem vinnur að þeirri framleiðslu hefur ekki eins mikið í aðra hönd og nú. Þar liggur kannske hundurinn grafinn að þessu leyti. Það hefur ekki verið talið borga sig að vinna þannig að uppbyggingu stóriðnaðar úr sjávarútvegi, eins og hæstv. ráðh. sagði, hingað til. En þeir möguleikar eru til jafnvel þótt við hyggjum að öllum öðrum kostum þess að efla atvinnulíf okkar með orkufrekum iðnaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1982 (þskj. 45). — Frh. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Alllangt er nú um liðið síðan umr. fór síðast fram um þá skýrslu sem lögð hefur verið fram í Sþ. og ég fylgdi úr hlaði um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Í þessari umr., sem mun hafa verið 5. nóv. s. l., voru bornar fram til mín nokkrar spurningar sem ég skal svara.

Í fyrsta lagi var fyrirspurn frá hv. 3. þm. Norðurl. e. Hann minntist á, að hæstv. viðskrh. hefði lýst yfir að hann og þm. og ráðh. úr Framsfl. hefðu ákveðna fyrirvara í sambandi við frv. til fjárlaga fyrir 1982, og spurðist fyrir um hvort fleiri hefðu slíka fyrirvara í ríkisstj. Ummæli þau, sem hæstv. viðskrh. hafði um þetta, voru þau, að hann vitnaði til þeirra ummæla, sem hafa komið fram hér á Alþingi, að Framsfl. vildi athuga nokkru nánar skattamál atvinnuveganna. Sérstaklega nefni ég þar til skatta eins og launaskatt, aðstöðugjald og e. t. v. fleiri skatta. Svar mitt við fyrirspurn hv. þm. er á þá leið, að ég held að allir ráðh. í ríkisstj. séu sammála um þetta. Þeir hafa áhuga á að athuga nokkru nánar skattamál atvinnuveganna, hvort hægt sé að létta undir með atvinnuvegunum með því að draga úr einhverju af þeim sköttum sem á þeim hvíla. Þessi mál hafa verið mjög til umræðu í ríkisstj. og allir ráðh. hafa áhuga á að kanna þau sem nánast. Hins vegar er á þessu stigi ógerningur að fullyrða um hvort eða á hvern hátt slíkt er mögulegt.

Þá spurðist hv. þm. fyrir um annað atriði. Í grg. fjárlagafrv. segir að miðað sé við 33% hækkun verðlags og launa milli áranna 1981 og 1982. Komið mun hafa fram frá einum hæstv. ráðh. að þessi forsenda væri hrein reiknitala, en hjá öðrum að lögð væri áhersla að þrýsta

verðbólgunni niður til að ná hlutfallslega svipuðum árangri á næsta ári og í ár. Við þessu er því til að svara, að við samningu hvers fjárlagafrv. verður auðvitað að hafa viðmiðunar- eða reiknitölur og þegar fjárlagafrv. er undirbúið, en sá undirbúningur hefst fyrir mitt ár áður en fjárlögin eiga að taka gildi. Þá verður auðvitað að ákvarða — eða a. m. k. áður en frá fjárlagafrv. er gengið í ágúst eða sept. — einhverja viðmiðunartölu varðandi verð- og launahækkanir. Það er mjög sjaldan sem í slíkri reiknitölu felst spá ríkisstj. um að einmitt sú reiknitala muni verða sú sem sýni um leið þróun verðbólgunnar á því ári. Það er eins um það nú og ég held allajafna, að þessi tala, 33%, er reiknitala um hækkun verðlags milli þessara tveggja ára, en felur ekki í sér spá um verðbólguþróun á næsta ári. Það var ekki unnt á þeim tíma að gera slíka verðbólguspá og er í raun ekki unnt enn þá vegna ýmissa óvissuþátta í þeim málum.

Í þriðja lagi gerði hv. þm. að umtalsefni þar sem segir að fyrirhugað sé að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum alls 40 millj. kr. Hv. þm. spyr mig hvort það sé samstaða um að leggja þetta gjald á og hvernig það mundi verða. Hér er um að ræða fyrst og fremst kostnað vegna stofnlínanna eða byggðalínanna í landinu. Ríkisstj. hefur gert ráð fyrir að gera tillögur til Alþingis um sérstakan tekjustofn til að standa undir þeim kostnaði. Hvernig það gjald verður, hvernig því verður háttað, er ekki hægt að segja á þessari stundu, en þetta mál er í vinnslu hjá ríkisstj.

Þá spurðist hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, fyrir um nokkur atriði. Að vísu var það ýmist að hann bar fram fsp. eða hann sagðist vilja vekja athygli forsrh. á vissum atriðum. Var ég honum þakklátur fyrir þær ábendingar.

Hann spurðist fyrir um hvort gengisbreyting væri fyrirhuguð. Síðan hann spurðist fyrir um það hefur hann fengið svar í framkvæmd með ákvörðun Seðlabanka Íslands og ríkisstj. um breytingu á genginu nokkrum dögum eftir að hann flutti þessa fyrirspurn.

Þá gerði sami hv. þm. að umtalsefni þjóðhagsáætlun og það sem segir í lögum um hvað í henni skuli vera, m. a. að í þjóðhagsáætlun skuli gerð grein fyrir markmiðum ríkisstj. um efnahagsmál og hagþróun. Hann kvartaði yfir því, að hann fyndi hvergi þessi markmið í þjóðhagsáætlun. Nú er það svo, að í þjóðhagsáætlun er á 2. síðu efnisyfirlit og I. kafli skýrslunnar fjallar einmitt um markmið. Þau eru talin í fimm liðum í efnisyfirlitinu: atvinnuöryggi, frekari hjöðnun verðbólgu, launa- og kjaramál, jafnvægi í viðskiptum við útlönd, vöxtur framleiðslu — bætt lífskjör. Á bls. 3 er svo nánar farið í hvern einstakan lið þessara markmiða og um það fjallar skýrslan á bls. 3, 4, 5 og 6. Getur hv. þm. lesið sér til þar. Í næsta kaflanum þar á eftir er svo nánar farið út í ýmis atriði sem þessu tengjast, þ. e. stefnu og ráðstafnair, og er það á bls. 6—10 í þessari skýrslu.

Eins og ég gat um í upphafi skýrslu minnar um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er minni þörf á því nú en áður að flytja ítarlegar upplýsingar eða hefja umræður um efnahagsmálin vegna þess að nú eru bæði skýrsla um fjárfestingar- og þjóðhagsáætlun og frv. til lánsfjárlaga lögð fram beint í kjölfar fjárlagafrv. og þessi mál koma því til umr. í sambandi við þau frv. bæði, fjárlögin og frv. til lánsfjárlaga, auk þess sem skammt er síðan stefnuræða var flutt og umr. urðu í sambandi við hana. Á undanförnum árum hefur fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hins vegar ekki verið tilbúin fyrr en alllöngu eftir áramót eða jafnvel á vordögum. Þá var náttúrlega ástæða til að gefa ítarlegri skýrslu um ástand og horfur í efnahagsmálum vegna þess hve þá var langt um liðið frá hinum almennu umr. um fjárlög og stefnuræðu.

Ég sé ekki ástæðu til á þessu stigi að fara fleiri orðum um þetta mál. Hér er um að ræða skýrslu, sem ekki eru greidd atkv. um eða fer til nefndar, og læt ég þetta því nægja.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að svara þeim spurningum sem ég beindi til hans á dögunum. Því miður voru sum svörin ekki mjög glögg.

Ég gerði mér grein fyrir að allir hæstv. ráðh. hafa, sjálfsagt af mannkærleika sínum og stjórnvisku, áhuga á að lækka skatta á atvinnuvegunum. Ég spurði hvort einhverjir hefðu haft fyrirvara í ríkisstj. aðrir en ráðh. Framsfl. um þessi tilteknu atriði, hvort einhverjir aðrir hefðu látið bóka fyrirvara. Það var mín spurning. Ég segi aftur: Að sjálfsögðu var mér alveg ljóst þegar ég spurði þessarar spurningar að allir hefðu áhuga á skattalækkun, en á hinn bóginn ekki hvort þeir hefðu haft svo mikinn áhuga að þeir hefðu látið bóka formlegan fyrirvara, eins og mér skildist á hæstv. viðskrh. að ráðh. Framsfl. hefðu gert.

Í sambandi við það að hæstv. ráðh. gat hér um reiknitölu fjárlagafrv. og lánsfjáráætlunar, þá er hún, eins og hann gat um, 33%. Það er gert ráð fyrir 33% verðbreytingu milli ársins í ár og næsta árs. Það mundi þýða 25% verðlagshækkanir frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári. Ég get upplýst hv. þm. um það, að fulltrúar frá Vegagerð ríkisins komu til fjvn. í morgun og lýstu áhyggjum sínum yfir þessari verðlagsforsendu. Þeir töldu sig hafa í höndum áætlanir sem sýndu að það væri helst til mikil bjartsýni að gera ráð fyrir þessari verðlagsforsendu. Þá gátu þeir góðu menn þess, að t. d. 40% verðbreyting milli áranna, sem er sama og 30% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári, mundi skerða þeirra framkvæmdafé um, ef ég man rétt, 1—2 milljarða gkr. Það er þess vegna sem ég hef nokkrar áhyggjur af því, að lánsfjáráætlunin sé byggð upp með þessa reiknitölu úr fjárlagafrv. sem verðlagsgrunn. Það er dálítið annað með fjárlögin sjálf vegna þess að veltuskattarnir hækka, tekjur ríkissjóðs hækka ef verðlagsforsendan verður önnur en gengið er út frá þar. Þá hækka tekjur ríkissjóðs móti hækkandi útgjöldum. Í sambandi við framkvæmdaáætlanir, eins og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun er, þar sem gengið er út frá fastri krónutölu, a. m. k. að hluta til, þýða óraunsæjar verðlagsforsendur aftur á móti svo og svo stórfelldan sjálfvirkan niðurskurð framkvæmda.

Ég vil þess vegna vekja athygli á því, að að er ekki aðeins sú spurning, hvort hér sé um efnahagsmarkmið ríkisstj. að ræða. Í fyrra setti ríkisstj. fram efnahagsmarkmið og það kom fram í hennar reiknitölu. Nú hefur hæstv. ríkisstj. gefist upp á því, a. m. k. segir hæstv. fjmrh. það, og setur fram ákveðnar reiknitölur. Hæstv. viðskrh. vildi telja að það væri markmið ríkisstj. Er forvitnilegt út af fyrir sig að vita hvor þeirra hefur lög að mæla fyrir hönd hæstv. ríkisstj. En alvarlegast við þetta atriði er það, að þær áætlanir, sem gerðar eru nú og halda fastri krónutölu út næsta ár og eru aðeins miðaðar við 33% verðbreytingu milli ára, munu stórkostlega rýrna að framkvæmdagildi ef verðbólga fer fram úr 25% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

Kornrækt, þáltill. (þskj. 74). — Fyrri umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 74 flyt ég ásamt Þórarni Sigurjónssyni, Steinþóri Gestssyni og Jóni Þorgilssyni svohljóðandi till. til þál. um kornrækt:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna nú þegar hvað hægt er að gera til að stuðla að því, að kornrækt verði arðbær og fastur þáttur í búskap íslenskra bænda þar sem skilyrði eru fyrir hendi.

Að fengnum niðurstöðum þeirrar könnunar geri ríkisstj. þær ráðstafanir sem vænlegastar eru taldar í þessu skyni."

Eins og fram kemur í grg. till. flutti ég ásamt Þórarni Sigurjónssyni og Friðrik Sophussyni till. til þál. um kornrækt til brauðgerðar á þinginu 1979. Þá hafði Hermann Bridde bakarameistari hafið framleiðslu á brauðum sem að nokkrum hluta voru bökuð úr íslensku byggi. Við flm. þeirrar till. töldum að möguleikar á slíkri framleiðslu úr byggi kynnu að geta aukið áhuga á byggrækt, ef ríkisvaldið veitti einhvern stuðning til að hrinda slíku af stað. Því miður náði þessi till. ekki fram að ganga á þingi þá. Nú er till. um kornrækt flutt á ný og þá nokkru víðtækari, m. a. með tilliti til þeirrar reynslu sem bæst hefur við á þeim árum er liðið hafa síðan.

Þótt till. yrði ekki samþykkt fyrir þremur árum hygg ég að þær umr., sem áttu sér stað að nokkru leyti kringum þá till., hafi stuðlað að því, að meira hefur verið gert á þessu sviði á síðustu árum.

Eins og fram kemur í grg. hefur bygg verið ræktað á Sámsstöðum í Fljótshlíð allt síðan Klemens Kristjánsson hóf þá ræktun þar árið 1927 og enn fremur á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum síðustu 20 árin. Á þessum stöðum hefur verið nokkuð árviss árangur, sérstaklega hin síðari ár, vegna betri afbrigða, og gefur það nokkra vísbendingu um hversu árviss þessi ræktun getur orðið.

Það fylgdu nokkrir bændur í fótspoor Klemensar Kristjánssonar með ræktun á byggi í smáum stíl kringum 1940, en þeir gáfust fljótlega upp. Ástæðuna hygg ég vera fyrst og fremst þá, að þeir höfðu aðeins frumstæð verkfæri við uppskeruna svo vinnan við hana var mjög mikil, en fullkomin uppskerutæki voru allt of dýr fyrir slíka smáræktun.

Vegna reynslu þessara brautryðjenda hefur, eins og ég sagði, verið síðustu árin vaxandi áhugi á þessari ræktun. Bygg hefur verið ræktað með góðum árangri í Norðurhjáleigu í Álftaveri síðustu tvö árin og í vor byrjuðu sjö bændur í Austur-Landeyjum á kornrækt. Árangur þeirra var nokkuð misjafn, eins og við er að búast þegar byrjað er á nýrri grein, en hann var ágætur þar sem best var.

Sama kornafbrigði, sem nefnist Mari, hefur verið notað til sáningar á öllum þessum stöðum síðastliðin ár. Er það vegna þess að það hefur reynst jafnbest í ræktun hér, sérstaklega vegna þess hve veðurþolið afbrigðið er og stendur vel af sér storma. Uppskeran á Sámsstöðum telst allgóð og hefur verið að jafnaði um 2.5 tonn af hektara. Til samanburðar má geta þess, að danskir bændur munu fá 30—60 tunnur eða 3—6 tonn af hektara og telja að ræktunin borgi sig orðið fjárhagslega þegar uppskeran nær 30 tunnum. Fyrir þá skiptir það vitanlega nokkru meira máli en okkur að uppskera sé sem mest af hverjum hektara vegna þess að þar er landrými takmarkað, en hjá okkur er, í sumum sveitum a. m. k., má segja ótakmarkað land sem hægt er að nota í þessu skyni.

En hvernig er þá fjárhagsgrundvöllur þessarar byggræktunar hér á Íslandi? Samkvæmt upplýsingum, sem Kristinn Jónsson tilraunastjóri á Sámsstöðum hefur gefið, telur hann að með 2600 kg uppskeru af hektara hafi kostnaður nú á þessu ári við sáningu, ræktun, uppskeru og þurrkun verið 6290 kr. á hektara, en það eru um 2.40 kr. á kg. Af þessum kostnaði eru 38% eða um 90 aurar á kg við þurrkun kornsins eftir að uppskera hefur farið fram. Samkvæmt upplýsingum Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins er talið öruggt að geyma megi korn með súrsun án þurrkunar og gefa skepnum það þannig ómalað. Er það í samræmi við niðurstöður sem fengist hafa erlendis. Ef hægt er að nota með góðum árangri þá geymsluaðferð lækkar framleiðslukostnaðurinn verulega. Þessu til viðbótar er hér ekki reiknað til frádráttar það verð sem fæst fyrir hálminn. Sá hálmur, sem fengist hefur hér síðustu árin, hefur verið seldur garðyrkjubónda í Borgarfirði til svepparæktar, en hann hefur stundað svepparækt í smáum stíl síðustu áratugina. Sú ræktun hefur ekki getað vaxið vegna þess, hversu framboð á hálmi er lítið, þannig að þessi íslenska svepparæktun nægir aðeins að litlum hluta fyrir hina innlendu neyslu, þrátt fyrir að innlendir sveppir séu bæði lægri í verði og betri að gæðum en innfluttir að því er talið er. Ef ræktun á byggi ykist þannig að meira framboð yrði á hálmi yrði það grundvöllur fyrir stóraukna svepparækt, sem yrði þá viðbótaratvinnugrein við þá gróðurhúsaræktun sem fyrir er í landinu. Ef verð hálmsins er dregið frá kornverðinu mundi verð á ómöluðu byggi með þessari uppskeru, 2600 kg á hektara vera í kringum 1 kr. á kg. Bygg er sambærilegt að fóðurgildi við maís. Nú er hann seldur hér til bænda á um kr. 3.90 kg, þ. e. á fjórföldu verði. Það er því augljóst hversu mikill ávinningur það er fyrir bændur, ef hægt væri að fá þetta fóður heimaræktað á þessu verði, miðað við að flytja það inn í landið og greiða það margföldu verði. Hér á því sannarlega við máltækið, að hollur er heimafenginn baggi.

Korn frá Tilraunastöðinni á Sámsstöðum og einnig það, sem bændur hafa ræktað í Landeyjum, hefur verið flutt til grasþögglaverksmiðjunnar á Stórólfsvelli þar sem það hefur verið þurrkað og malað og því blandað saman við grænfóður og köggla. Þannig hefur það orðið mjög aðgengilegur og góður fóðurbætir sem kýr eru mjög sólgnar í. En þessari vinnslu fylgir vitanlega viðbótarkostnaður, sem eins og ég sagði áður er talið að megi losna við með því að súrsa kornið.

Sú spurning hlýtur að vakna, af hverju bændur hafi ekki þegar farið af stað með kornrækt miklu almennara en raun hefur á orðið. Ýmsar ástæður er sjálfsagt hægt að benda á sem valda því. Fyrir um það bil tveimur áratugum var reynt að fara af stað með kornrækt í stórum stíl bæði á Rangárvöllum og austur á Egilsstöðum. Sú ræktun varð fyrir mjög miklum áföllum rétt í byrjun og það olli því, að þar var ekki haldið áfram. Ég hygg að það hafi einnig haft þær afleiðingar, að menn misstu trú á þessu og það dró kjarkinn úr mönnum. En einnig veldur það atriði, sem ég benti á að hefði valdið því að bændur hættu í kringum 1940, þ. e. að ekki var kostur á hentugum uppskeruvélum. Uppskeruvélar þær, sem nú eru algengastar erlendis a. m. k., eru mjög dýrar, kosta mörg hundruð þús. kr. Það eru vitaskuld allt of dýr tæki til þess að hver einstakur bóndi, sem vill fara af stað í smáum stíl meðan hann er að ná tökum á þessu, hafi efni

á að kaupa slík tæki. Þetta er því sá þröskuldur sem þarf að komast yfir á sem auðveldastan hátt. Þar sýnist mér að sé tvennt sem þarf að gera:

Það þarf að vinna að því, að bændur myndi félagsskap um kaup á slíkum tækjum, og síðan þarf að styðja þá til þessara kaupa með hagkvæmum lánum og styrkjum meðan þetta er að komast af stað. Þetta er eitt atriði sem við flm. höfum í huga að skoðað verði og reynt að vinna að þegar við óskum eftir að ríkisstj. vinni að framgangi þessa máls.

Annað mikilvægt atriði er leit að nýjum kornafbrigðum. Eins og ég sagði áður er nú einkum notað Mari-afbrigðið, en það er vegna þess að reynslan hefur sýnt að það er miklu betra en þau afbrigði, sem áður voru notuð, og hefur gert uppskeruna árvissari. En þarna er hægt að gera miklu meira. Á síðustu 30 árum hefur tekist að tvöfalda uppskeru korns í Vestur-Evrópu með kynbótum, og það gefur okkur vísbendingu um hve langt er hægt að ná á þessu sviði.

Nokkur undanfarin ár hefur verið í smáum stíl unnið að slíkum kynbótum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti. Sú vinna hefur náð það langt að á s. l. sumri var sáð mjög mörgum afbrigðum í tilraunareiti austur á Rangárvöllum og í haust sást greinilega hversu mikill mismunur var á þessum afbrigðum. Eitt virtist skera sig þar nokkuð úr með það, hvað það var mikið þroskað í byrjun sept. Það var greinilegt að það var komið lengra á veg en Mari-byggið sem almennt er sáð. Virðist því vera augljóst að til eru afbrigði sem sem taka Mari-byggi fram. Það er því vitanlega mikilvægt, að sem fyrst verði hafin ræktun á þeim þannig að sáðkorn fáist svo að hægt sé að hagnýta kosti þessara afbrigða. Og það þarf að semja við erlenda aðila um ræktun á þeim til þess að við fáum þau sem fyrst. Jafnframt er brýn þörf á að starfi okkar ágætu sérfræðinga hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins verði haldið áfram með eins miklum krafti og unnt er. Þetta kostar mikla vinnu, en árangurinn getur orðið mikill og kostnaðurinn fengist margfaldlega borgaður.

Tilraunastöðvar á Norðurlöndum semja t. d. við slíkar stöðvar á Nýja-Sjálandi um að þeim sé sent sáðkorn að hausti. Er það ræktað þar meðan vetur er hjá okkur. Kornið kemur síðan aftur til baka að vori tilbúið til sáningar. Þannig tekst að flýta því um helming að not verði af þeim tilraunum sem árangur bera. Við munum einnig hafa möguleika á að komast í slíkt samstarf, en það kostar vitanlega einhverja fjármuni, þó að geta megi þess, að e. t. v. getur þessi tilraunastarfsemi orðið beinlínis atvinnugrein, því ef okkur tekst hér á landi að fá fram afbrigði sem reynast vel við svipuð skilyrði í öðrum löndum kemur markaður fyrir þetta korn þar einnig. Er reglan sú, að þeir, sem tekst að framleiða slíkt sáðkorn, fá vissar prósentur fyrir það sem selt er af því næstu árin.

Það hefur mikið verið rætt um erfiðleika landbúnaðar á Íslandi síðustu árin vegna þeirra takmörkuðu markaðsskilyrða sem hann hefur átt við að búa. Ég tel að við því sé aðeins eitt svar: Við þurfum að snúast við þessum vanda á jákvæðan hátt, þ. e. að leita nýrra leiða og hagnýta alla þá möguleika sem aðstæður hér bjóða íslenskum landbúnaði. Þarna tel ég möguleikana einmitt vera mikla. Á síðustu árum hefur verið flutt inn erlent kjarnfóður í mjög miklum mæli, 60—80 þús. tonn á ári. Það er því auðséð að mikill markaður er á Íslandi fyrir þessa vöru og ef okkur tekst að framleiða kjarnfóður hér innanlands er um mikinn atvinnurekstur að ræða. Ef okkur tekst einnig að framleiða vöruna á lægra verði en okkur gefst kostur á að fá hana frá öðrum löndum er þar vitanlega um margfaldan ávinning að ræða.

Við megum einskis láta ófreistað til að reyna að yfirstíga þær hindranir sem eru á því að kornrækt verði arðbær og hagkvæm búgrein íslenskra bænda. Það er sannfæring okkar flm., að möguleikar séu þarna fyrir hendi og við getum náð þar árangri ef rétt er að málum staðið. Við væntum þess, að þessi þáltill. fái góðar undirtektir hér á Alþingi og verði afgreidd á jákvæðan hátt og þá jafnframt að það takist að halda þannig á málum eftir að tillagan hefur verið samþykkt, að jákvæðar leiðir finnist sem stuðli að því að þessu markmiði verði náð.

Ég vil svo leggja til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til síðari umr. og atvmn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég á nú það erindi í ræðustól fyrst og fremst að taka undir þessa till. sem er fullrar athygli verð. Það var reyndar annað sem rak mig upp í ræðustólinn. Það átti við mig erindi fyrir skömmu ráðunautur þeirra Austur-Skaftfellinga og var einmitt að ræða kornræktartilraunir sem þeir stunduðu í sumar með árangri sem hann kvað hafa verið framar öllum vonum. Þeir voru með tilraunir með kornrækt á Mýrum, á einum þremur bæjum þar, og einum bæ í Öræfum í sumar. Hann segir mér að þrátt fyrir að júnímánuður hafi verið mjög óhagstæður, verið mjög þurrt þar eystra, sem er óhagstætt á þeim tíma, og septembermánuður í lakasta lagi hafi hann verið tiltölulega ánægður með þann árangur, sem af þessari tilraun varð, og ætli sannarlega og þeir bændur þar eystra að halda því áfram þar í sandinum. Hann sagði það, sem reyndar kom sérstaklega fram í máli hv. frsm. áðan, að hér gilti kannske fyrst og fremst að finna það kornafbrigði sem stæðist haustrokin sem væru þarna hvað hættulegust. Hann var í raun og veru að koma að máli við mig til þess m. a. að óska eftir því, að rödd að austan heyrðist í umr. um þessa till. til hvatningar á samþykkt hennar. Hann taldi hana hina bestu og merkustu, og ég get fyllilega tekið undir með honum í því efni.

Hv. frsm. vék einnig að þeim mikla kornræktaráhuga sem á tímabili var á Austurlandi og hvernig hefði þar til tekist. Því til viðbótar má auðvitað greina frá því, að í bestu árunum þar gekk þetta undravel, enda á blómatímabili miklu sem það gerðist.

Ég ætla ekki að víkja neitt frekar að þessu, en vil aðeins segja það, að hver tilraun, sem horfir til aukinnar fjölbreytni í íslenskum landbúnaði og má telja honum til styrktar og eflingar í framtíðinni, er vissulega af hinu góða. Möguleikarnir í þessu efni voru ítarlega raktir af hv. frsm. Það, sem hann greindi okkur frá í sínu ítarlega máli, gefur vonir um árangur ef vel er að unnið, eins og hann vék að, varðandi rannsóknaþáttinn alveg sérstaklega, varðandi alla fyrirgreiðslu, sem þarna þarf auðvitað til að koma vegna þess, hve skammt við erum á veg komnir, og auðvitað kannske fyrst og fremst með sameiginlegu félagslegu átaki bændanna sjálfra.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki skal ég lengja þessar umr. að neinu ráði, en vildi lýsa stuðningi við þessa till. vegna þess að hér er hreyft ákaflega þörfu og nauðsynlegu máli.

Satt best að segja hef ég á undanförnum árum oft undrast hvers vegna ekki hafa fleiri bændur snúið sér að kornrækt. Raunar koma fram á því ýmsar skýringar í grg. svo og í ræðu frsm. fyrir þessari till.

Ég ítreka það, að hér er hreyft mjög nauðsynlegu máli. Eins og réttilega var hér fram tekið hafa, að því er vísindarannsóknir á þessu sviði varðar, orðið gífurlegar framfarir, ótrúlegar framfarir að því er varðar kynbætur á korni. Þótt ástandið í matvælamálum veraldarinnar sé nægilega slæmt í dag, þá væri það miklu verra ef ekki hefðu á síðustu árum komið til þessarar rannsóknir, en árangri sumra hverra má nánast líkja við kraftaverk.

Ég tek undir það, sem hér hefur verið sagt, að ég vona að þessi tillaga fái greiðan gang í gegnum hið háa Alþingi og jákvæða afgreiðslu.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þessar undirtektir og þá um leið, af því að hv. 2. þm. Austurl. minntist á kornræktina á Austurlandi sem gekk mjög vel þegar vel áraði, láta í ljós þá skoðun mína, að ég held að þetta geti gengið víðar en á Suðurlandi vegna þeirra framfara í kynbótum sem orðið hafa síðan kornrækt var reynd á Austurlandi. T. d. skiptir miklu máli hver dagur sem þroskunartíminn styttist. Vísindamenn okkar telja að það sé auðvelt að ná a. m. k. þeim árangri í kynbótum að stytta hann um einn dag á hverju ári næstu árin. Ég held sem sagt að ekki sé fyrir fram a. m. k. hægt að útiloka að þessi ræktun geti gengið í öllum landshlutum. Það hefur gengið mjög vel t. d. í Mosfellssveitinni þar sem tilraunareitir eru.

Það er vitanlega við ýmsa erfiðleika að glíma. Mér datt það í hug vegna þess, sem hv. 2. þm. Austurl. sagði um kornræktina í Austur-Skaftafellssýslu, að þar urðu áföll líka, þ. e. í Flatey á Mýrum. Þar mun hafa verið sáð í 10 hektara, en svo þegar átti að fara að uppskera var allt kornið horfið því að gæsin hafði hirt það. Það er aðeins eitt dæmi um þann mikla skaða sem gæsin veldur bændum og getur orðið nokkurt vandamál ef akrar stækka og verða í nokkurri fjarlægð frá bæjum. En þá er það þroskunartíminn, sem þar hefur mikið að segja, því að gæsin leitar meira á eftir því sem líður fram á haustið.

Ég þakka þær góðu undirtektir sem tillagan hefur fengið og vænti þess, að svo verði almennt hjá hv. alþm.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir stuðningi við þessa till., því að ég hygg að það, sem kemur fram í grg. með þessari till., verði til þess að mönnum aukist bjartsýni um að þarna geti verið einhver meiri möguleiki en talið hefur verið til að gera landbúnaðinn fjölbreyttari. Það er auðvitað ýmis vandamál sem þarf þarna að yfirstíga eins og í öðrum greinum. Það má náttúrlega benda á að þegar kornrækt var reynd t. d. norðanlands fyrr á árum voru annað veifið ár sem ræktunin mistókst. En fyrst og fremst var ástæðan, eins og hv. flm. gat um, að það var allt mjög frumstætt. Það sem ég óttast í þessu sambandi, er að fjármagnskostnaður hér verði nokkuð mikill og þar af leiðandi þurfi margir að sameinast um slíkt. En þá þarf fyrst og fremst að gera tilraunir með þetta. Ég er tiltölulega bjartsýnn á að kornrækt eigi eftir að verða lyftistöng í landbúnaði. Kartöflurækt og önnur ræktun hefur orðið misfellasöm líka út af tíðarfari, þannig að það kann að vera að kornrækt á Íslandi verði eins árviss eða árvissari en t. d. kartöfluræktin.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjónvarp á vegum einkaaðila, þáltill. (þskj. 106). — Ein umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 106 mæli ég fyrir till. til þál. um sjónvarp á vegum einkaaðila, sem nefnt hefur verið vídeó, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Finnur Torfi Stefánsson, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson og Jóhanna Sigurðardóttir. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó — sem hafi að markmiði að breyta útvarpslögum þannig að a) ótvírætt sé heimilt að senda sjónvarpsefni eftir lokuðum rásum gegn greiðslu og b) tryggt sé að sanngjarnar greiðslur komi til eigenda höfundaréttar."

Nú er það svo, eins og fram hefur komið í umr. að undanförnu, að ég hygg að á vegum hæstv. menntmrh. séu tvær nefndir að starfi vegna þeirrar nýju þróunar sem átt hefur sér stað í þessum efnum. En það er svo með þessar nefndir tvær, að þær eru á vegum framkvæmdavaldsins, og auðvitað er alveg undir hælinn lagt á þessu stigi málsins, að hvaða niðurstöðum þeim er ætlað að komast, og í annan stað, að hvaða niðurstöðu þær kunna að komast. M. ö. o.: þær hafa ekkert pólitískt markmið, ekkert stefnumótandi markmið að því er þessa nýju þróun í fjölmiðlun varðar. Hér er verið að leggja annað til, að nefndinni, sem lagt er til að Alþingi skipi að tilnefningu þingflokkanna og kemur auðvitað til með að starfa þannig að leita sér ráðunauta og ráðgjafa utan þingsins, er beinlínis fyrir lagt að vinna að ákveðinni stefnumótun, að það sé heimilt að senda sjónvarpsefni eftir þessum lokuðu rásum gegn greiðslu. M. ö. o.: hvað varðar þessi litlu fyrirtæki, sem hafa verið að rísa vítt og breitt um landið í þessu skyni og deilt hefur verið um hvort lögmæt séu eða ekki, séu tekin af öll tvímæli með að þessi starfsemi sé lögleg, en í annan stað sé einnig tryggt að sanngjarnar eða réttar greiðslur komi til eigenda höfundarréttar. Það er auðvitað skiljanlegt, enda komu ábendingar fram í fsp.-tíma hér fyrir nokkru um þessi efni, að menn taki því ekki ef svo er háttað nú um stundir að hér geti verið um hreinan og kláran þjófnað að ræða. Það verður að tryggja réttindi þeirra sem búið hafa þetta efni til og eiga það þar með í hreinum og beinum skilningi eignarréttar.

Sú þróun, sem átt hefur sér stað að undanförnu í sambandi við það sem nefnt hefur verið vídeóvæðing og á öðru þskj. nefnt myndvarp, hefur gerst með ótrúlega miklum hraða. Það er ljóst að komin eru upp lítil fyrirtæki sem þó ná til heilla byggðarlaga. Ég hygg að svo sé t. d. um Vestmannaeyjar og fleiri staði. Svo er um stóran hluta af Breiðholtinu í Reykjavík. Löggjafarvaldið hefur að minni hyggju verið allt of seint að taka við sér í þessum efnum. Ég tel raunar alveg fráleitt að ætla sér á þessu stigi málsins að snúa við, því að hvað sem öðru líður hefur þessi þróun verið að eiga sér stað um árs skeið eða á annað ár. Ég hygg að þó að ekki væri nema af þeirri ástæðu einni verði þessari þróun ekki snúið við. Þessi þróun verður ekki dæmd ólögleg úr því sem komið er. Af hverju má segja svo? Af þeirri einföldu ástæðu, að við búum við lýðræðisfyrirkomulag og lög eru auðvitað ekki

sett gegn fólki, hagsmunum þess og vilja. Hinn eiginlegi tilgangur lagasetningar á auðvitað að vera sá, að þau séu sett fyrir fólk, fyrir hagsmuni þess og með vilja þess. Það má enn fremur segja í þessum efnum, að verði lögum breytt í þá veru, sem hér er verið að leggja til að nefnd geri, verði það ekki lagabreytingar sem skerði hagsmuni eins eða neins, það feli þvert á móti í sér að heimila og auka frjálsræði án þess að hagsmunir eins eða neins verði skertir.

Það væri út af fyrir sig fróðlegt að velta því fyrir sér hver kemur til með að verða framtíðin í þessum efnum. Spá mín er sú, að hvort sem mönnum líkar betur eða verr verði sú þróun í þessum efnum að þessi minni háttar fyrirtæki sendi út slíkt efni á lokuðum rásum. Það hafa risið upp fjölmörg slík fyrirtæki að undanförnu og á áreiðanlega eftir að gerast í framtíðinni einnig. Það er hins vegar ljóst, að greiðslur fyrir þetta hafa verið litlar. Ein ástæðan er efalítið sú, að það koma ekki til réttar greiðslur fyrir efnið. Verð neytenda á því, sem er ofureðlilegt, á því eftir að hækka á næstunni. En spá mín er sú, að þessi þróun eigi eftir að halda áfram og það sé með engum hætti hvorki æskilegt né gerlegt að löggjafinn sé að setja hindranir í þessu efni, miklu skynsamlegra væri að setja slík heimildarákvæði í lög sem hér er lagt fyrir þessa nefnd, en jafnframt efalítið að þyrfti að setja ýmis önnur ákvæði í slík lög. Það eru ákvæði sem t. a. m. reistu skorður við misnotkun hvers konar, kennske pólitískri misnotkun, ákvæði um með hverjum hætti eða hvort megi nota auglýsingar og margháttuð önnur ákvæði jafnframt.

Almennt talað tel ég mjög óskynsamlegt ef löggjafinn ætlaði að reyna að snúast gegn þessari þróun, að ég ekki tali um ef hugmyndir kynnu að vera uppi um að dæma þetta ólögmætt og stíga ofan á þá þróun sem átt hefur sér stað. Af hverju væri það óskynsamlegt? Auðvitað er ekki hægt að segja annað en fólkið vilji þetta. Sá hluti fólksins, sem notar sér þessa þjónustu nú þegar, vill þetta því að annars hefðu menn ekki tekið vídeó inn á heimili sín. Það má rökleiða sem svo, að það fólk, sem vill nota þessa þjónustu, líti á það sem betri lífskjör. Hvað sem mönnum finnst um slíkt er auðvitað enginn dómari í eigin málum nema sá sem hlut á að máli.

Í umr. hér um daginn var þessi þróun kölluð ýmsum ónöfnum, kölluð „vídeóbarbarismi", eins og hæstv. menntmrh. komst að orði. Ég segi fyrir mig, að mér þykir orðanotkun af því tagi beinlínis vera óleyfileg. Hér er um að ræða lokaðar rásir sem sumir taka við af því að þeim líkar það, aðrir þá ekki, og í slíkum efnum er enginn dómari nema sá sem nýtur. Þetta er hans mál. Þetta á að vera hans mál.

Það er staðreynd, að það hefur orðið mjög veigamikil tæknibylting í þessum efnum í þeim skilningi að þetta fyrirkomulag er að verða stöðugt ódýrara. Ég held að ég fari rétt með það, að fyrir aldarfjórðungi eða svo varð önnur tæknibylting sem sumpart er þessu lík og skyld. Hún var með tilkomu segulbanda. Þá urðu menn hræddir af ýmsum ástæðum og það skiljanlegum ástæðum og töldu að það yrði auðveldara að taka efni traustataki sem ekki tilheyrði mönnum. Mér sýnist að sá ótti, sem þá var uppi, sé að ýmsu leyti svipaður þeim ótta sem er látinn í ljós út af þessari nýju þróun. En ég held að fullyrða megi að sá ótti, sem menn létu í ljós í sambandi við segulböndin fyrir svo og svo mörgum árum eða áratugum, hafi reynst vera gersamlega ástæðulaus. Þau voru tækninýjung á þeim tíma, sem sumir notuðu og hafa notað og aðrir ekki, urðu hluti af hinu daglega lífi og skipta suma máli og aðra ekki. Sá mikli ótti, sem einhverjir létu í ljós á þeim tíma, reyndist vera ástæðulaus með öllu.

Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér, hvað verður um sjónvarpið, hið ríkisrekna sjónvarp, ef lög af því tagi sem hér er lagt til að þingkjörin nefnd semji ná fram að ganga. Hvað verður þá um hið ríkisrekna sjónvarp? Í fyrsta lagi er augljóst að einokunarréttur Sjónvarpsins verður afnuminn. En ég segi fyrir mig, vil hafa það alveg skýrt í framsöguræðu með þáltill. og er sannfærður um að það er einnig vilji annarra flm. að henni, að Ríkisútvarpið — sjónvarp kemur auðvitað til með að hafa mjög veigamiklu hlutverki að gegna. Það kemur til með að vera hinn drottnandi fjölmiðill sem Sjónvarpið á sviði sjónvarps, þó ekki væri nema af þeirri einföldu ástæðu að það nær um landið allt. Það verður hinn eini fjölmiðill af þessu tagi sem væri landsmiðill. Ég hygg að það sé hollt að Sjónvarpið fái samkeppni frá þeim litlu fyrirtækjum sem gert er ráð fyrir. Nú þegar hefur raunar borið á því, að slík samkeppni hafi verið af hinu góða, því að sýndar eru aukakvikmyndir í ríkissjónvarpinu seint á laugardagskvöldum,

Ég vil að það sé alveg ljóst, að Sjónvarpið nýtur auðvitað margháttaðra forréttinda eins og það er nú. Ríkisvaldið getur á hverjum tíma aukið til þess fjárveitingar, gert því auðveldara að starfa. Þó svo að lög verði sett, sem auðveldi þessa þróun, er það ekki hugsað til að draga úr Ríkisútvarpi-Sjónvarpi, ekki til þess að draga úr sjónvarpinu eins og það er nú, heldur þvert á móti til að auka því heilbrigða samkeppni. Ríkisvaldið hefur það í hendi sér á hverjum tíma, hversu miklu fjármagni það ver til þeirrar stofnunar, hvernig það hagar hennar gjaldskrá og öðru slíku.

Ég vil gera það að mínum lokaorðum í framsögu fyrir till., að þessum hugmyndum er vitaskuld ekki stefnt gegn Sjónvarpi. Þessu nýja fyrirkomulagi er ætlað að vinna við hliðina á því. Ég hygg að það sé hugmynd flm. allra, að hið ríkisrekna sjónvarp muni um næstu framtíð a. m. k. bera höfuð og herðar yfir þessi litlu fyrirtæki, en engu að síður sé bæði hollt og heilbrigt að hin nýja fjölmiðlavæðing starfi við hlið hins ríkisrekna sjónvarps.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leggja til að umr. um þessa till. til þál. verði frestað og hinni í millitíðinni vísað til allshn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki efast ég um góðan hug þeirra hv. þm. sem eru flm. að þessari till. Hins vegar finnst mér nokkuð á það skorta að þetta mál hafi verið hugsað til hlítar. Í tillgr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skipa nefnd fulltrúa þingflokkanna um sjónvarp á vegum einkaaðila — vídeó — sem hafi að markmiði að breyta útvarpslögum þannig að a) útvírætt sé heimilt að senda sjónvarpsefni eftir lokuðum rásum gegn greiðslu" hér hnaut ég um vegna þess að mér sýnist ekki alveg ljóst hver eigi að greiða hverjum hvað og með hvaða hætti —„og b) að tryggt sé að sanngjarnar greiðslur komi til eigenda höfundaréttar."

Þetta er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt. En eigi að skipa nefnd til að vinna að þessu máli held ég að hún þurfi, eins og frsm. vék raunar aðeins að, að fjalla um ótal margt fleira og þá kannske fyrst og fremst um hvaða skilyrðum þeir aðilar þurfi að fullnægja, sem leyfi fá sem einkaaðil-

ar, eins og það er orðað hér, til að reka sjónvarp, og í öðru lagi um hvernig tryggja eigi aðild almennings, þ. e. aðild neytenda, að slíku sjónvarpi. Mér finnst að það hljóti að vera eitt meginatriði þessa máls hvernig hinum raunverulegu notendum verði tryggð aðild að slíku sjónvarpi.

Raunar held ég að till. sem þessi sé ekki ákaflega brýn nú vegna þess að svo vill til að á rökstólum situr nefnd sem þingflokkarnir tilnefndu fulltrúa í á næstliðnu sumri og hefur það markmið að endurskoða útvarpslögin. Þessi nefnd hefur þegar starfað töluvert mikið. Mér er kunnugt um það þó að ég eigi ekki sæti í henni. Ég hef áður vikið að því í umr. í Sþ., að eðlilegasta leiðin væri að þessi nefnd, sem fulltrúar allra þingflokka eiga sæti í, tæki í sinni endurskoðun á útvarpslögunum þetta verkefni sérstaklega út úr og fjallaði um það. Ég held að það verði það sem gerast muni í þessu efni.

Í grg. með þessari till. er látinn í ljós vafi á því, hvort sá svokallaði „sjónvarpsteksur", sem nú er, sé lögbrot. Ég held að um það þurfi ekki að fletta neinum blöðum eða fara í neinar grafgötur. Auðvitað er það lögbrot. Ég tel mig hafa orðið mjög áþreifanlega varan við að fólk, sem notfærir sé þetta, vill að um það verði settar reglur. Það vill ekki vera lögbrjótar. Það vill ekki vera þjófsnautar og vill ekki vera lögbrjótar. Þess vegna er auðvitað mjög brýnt að um þetta verði settar reglur. En mér finnst það ekki eiga að leiða af sjálfu að settar verði reglur um að þessi rekstur heldi áfram eins og hann er. Ég tel að það þurfi að setja mörg og margvísleg skilyrði um hvernig að slíkum rekstri skuli staðið, fyrst og fremst til þess að tryggja hagsmuni almennings. Það á auðvitað að vera það sem haft er að leiðarljósi.

Enn má á það benda, að í hv. Nd. hefur verið flutt frv. um héraðsútvarp sem gerir ráð fyrir að einkaréttur Ríkisútvarpsins verði afnuminn. Nú er ég raunar sannfærður um að einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarps er úr sögunni. Hann er úr sögunni af margvíslegum tæknilegur ástæðum og verður aldrei endurheimtur. En vel að merkja: Það frv., sem nokkrir þm. Alþfl. í Nd. hafa flutt um héraðsútvarp, á einnig við um sjónvarp vegna þess að skilgreining laganna á orðinu útvarp er sú, að það tekur bæði til þess, sem kallað er hljóðvarp — og ég hef aldrei getað fellt mig við það satt að segja vegna þess að í mínum huga þýðir hljóðvarp allt annað, og það tekur líka til sjónvarps. Ég held að þar séu ákvæði sem mjög séu athugunarverð varðandi það, hvernig að þessu skuli standa.

Það hefur verið vikið að því, að þar sem þessi þjónusta er á boðstólum sé öllum frjálst hvort þeir vilji taka þátt í eða vera áskrifendur að þessum einkarekstri eða ekki. Því miður held ég að það sé staðreynd, að í Breiðholtinu t. d., þar sem þetta er hvað algengast í fjölbýlishúsum, skapist alls konar óeðlilegur og mjög óæskilegur þrýstingur á þá aðila í fjölbýlishúsunum sem eru ófúsir að gerast áskrifendur að þessu. Ég veit dæmi þess, að fólk hefur orðið fyrir verulegu aðkasti af þeim ástæðum vegna þess hvað þessi starfsemi einmitt er öll löglaus og skipulagslaus. Sú hlið á þessu máli er því vissulega einnig athugunarverð.

Hv. frsm. vék að því áðan, að menn hefðu haft þungar áhyggjur af því þegar segulbönd komu fram á sjónarsviðið. Það er alveg rétt. Þær áhyggjur hafa með vissum hætti reynst mjög rökstuddar og það reyndist mjög rík ástæða til að hafa þær áhyggjur. Það er geysilega erfitt vandamál, sem tæknimönnum nútímans hefur ekki tekist að ráða bót á, hvernig eigi að koma í veg fyrir ólöglega fjölföldun efnis á segulböndum hvort sem það er klassísk tónlist, kennsluefni eða popptónlist. Það hefur ekki tekist að finna neina aðferð til að koma í veg fyrir ólöglega fjölföldun af þessu tagi. Mun vera talið að um það bil helmingur af öllum tónkasettum og hljómplötum, einkum af popptónlist, sem seldar eru í Bretlandi, sé falsaður. Tónverkaþjófar hirða milljónir sterlingspunda á hverju ári með þessari ólöglegu iðju sinni. Alveg það sama á við varðandi ólöglega fjölföldun á myndefni á kasettum. Hér hefur það viðgengist, að heilar dagskrár heil kvöld hafa verið teknar upp úr sjónvarpsstöðvum erlendis og sendar hér um lokuð sjónvarpskerfi. Að vísu viðurkenna þeir, sem reka hið stærsta þessara kerfa núna, að þeir séu hættir þessu. En auðvitað er þetta dæmi um fáheyrða ósvífni og hreinan þjófnað.

Það er auðvitað rétt, að það er tæknibylting sem hefur átt sér stað og er að eiga sér stað. Við sjáum í rauninni minnst af henni enn þá þó að þetta sé orðið svona. Í allmörgum borgum Bandaríkjanna er það orðið þannig, að þeir, sem eru þátttakendur í svona kaplasjónvarpi, hafa möguleika á að senda skilaboð heiman frá sér til baka til stöðvarinnar, m. a. um hvað þeim finnst um það efni sem er á boðstólum. Sjónvarpið er því ekki lengur einstefnufjölmiðill, heldur er þar orðið um tvístefnu að ræða. Þetta er auðvitað feiknalega athyglisvert.

Hér segir í grg., með leyfi forseta: „Framtíðin verður væntanlega sú, að hið nýja sjónvarp verður rekið af einstaklingum í litlum einingum."Ég held að svo verði ekki. Ég held að það orki mjög tvímælis að fá einstaklingum þennan rétt án þess að þar séu um miklar takmarkanir að ræða, eins og t. d. er í Bandaríkjunum. Í því frelsisins landi, sem margir kalla, gilda afar strangar reglur og skilyrði um hverjir fá að reka slíkt. Ég held að það sé miklu frekar að þarna komi til greina félagasamtök. Af tæknilegum ástæðum verður hér aldrei, held ég, um mikinn fjölda lítilla eininga að ræða. Tæknin segir til um það. Þegar menn þurfa að fara að greiða öll þau gjöld, sem lög segja til um að greiða skuli af efni sem flutt er með þessum hætti, bara svo nefnd séu STEF-gjöld, fyrir utan greiðslu til annarra þeirra sem réttindi kunna að eiga, held ég líka að fjárhagsgrundvöllur slíkra fyrirtækja verði ákaflega erfiður. Sjálfsagt verður það þróunin að margir fara af stað, eins og gjarnan er, að margir verði kallaðir, en ég hygg að það verði líka þróunin að tiltölulega fáir verði útvaldir. Þá held ég að skipti afskaplega miklu máli að ýmis heildarsamtök almennings eigi þarna aðild að. Þá neita ég því ekki, að mér detta fyrst í hug samtök eins og Alþýðusamband Íslands, Verkamannasamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkisins og bæja, Neytendasamtökin og ótal mörg önnur samtök almennings. Ég held að það væri ákaflega illa farið ef samtök kaupsýslumanna og þeirra, sem fjármagninu ráða fyrst og fremst yrðu allsráðandi á þessu sviði.

Það er sem sagt mín skoðun, að þessa till. hefði þurft að grunda töluvert betur. Það hefði þurft að orða með öðrum hætti sjálfa tillgr., þótt ég efist ekki um þann hug sem liggur að baki hjá flm., en þar að auki held ég að því verkefni, sem þessari till. er ætlað að sjá um að sinnt verði, sé þegar sinnt í þeirri nefnd sem þingflokkarnir eiga fulltrúa í og fjallar um endurskoðun útvarpslaga.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir málefnalega umfjöllun um þessa till. Ég hygg þó að það sé ekki alveg nákvæmt að segja að þessi till. til þál. sé ástæðulaus þar sem þegar sé verið að sinna þessu verkefni. Það, sem skilur þessa till. frá þeirri vinnu sem þegar á sér stað, er sú einfalda staðreynd, að sú nefnd, sem hv. þm. nefndi, hefur engin fyrirmæli um hvað henni er ætlað að gera. Er henni ætlað að banna þetta — eða eru það fyrirmæli að hér sé um að ræða „barbarisma", eins og svo smekklega var komist hér að orði af hæstv. ráðh. í umr. fyrir nokkrum dögum? Hér er verið að leggja til að Alþingi gefi nefnd — annað hvort nýrri nefnd eða að till. verði breytt og þessum fyrirmælum beint til þeirrar nefndar sem þegar situr, ekki mundi það skipta mig neinu máli — fyrirmæli um að stefnumörkun eigi sér stað í þessum efnum. Það er mismunurinn.

Hér fóru fram fyrir ekki mörgum dögum ítarlegar umr. um þessi efni þar sem hver hv. þm. á fætur öðrum reis upp og talaði um þjófa og þjófsnauta, lögbrjóta og bryndi hæstv. dómsmrh. á því að láta til skarar skríða. Af hverju á Alþingi er vera í óvissu um þessi mál og þar með þjóðfélagið allt? Hér situr undir gersamlega stefnulausum menntmrh. og lítt skörulegum nefnd sem ég hef ekki hugmynd um hvað er að vinna. Er hún að leggja til að þetta verði allt bannað eða allt leyft — eða hvað er hún að gera? Það er þetta sem er málið og það sem í þessari till. felst. Það skiptir ekki máli hvort hér er um að ræða nýja nefnd eða skipanir til nefndar þeirrar sem er þegar skipuð. Það er algert aukaatriði í málinu. Það er verið að leggja til að Alþingi lýsi skoðun sinni á þessum efnum. Þeir fimm þm., sem að þessari till. standa, eru þeirrar skoðunar, að lögunum skuli breyta í þá veru að gert sé ótvírætt heimilt að sjónvarpa með þessum hætti, höfundaréttur, bæði peningalega og í öðru tilliti, sé umfram allt tryggður. Það er grundvallarbreytingin í þessari till. umfram það sem þegar hefur verið gert í þessum efnum. Það er þetta sem mér finnst vera kjarni málsins.

Að því var vikið að óskýrt væri í till. hverjum ætti að greiða hvað. Mér finnst það ekki vera. Það er augljóst að það eru neytendur og notendur sem greiða sendendum. Það er það sem lagt er til að heimilað verði.

Hins vegar komu margar mjög nýtar ábendingar fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. Í fyrsta lagi að það ætti að vera verkefni slíkrar nefndar, eins og hann orðaði það, að ég held, að tryggja aðild neytenda. Þetta er auðvitað mjög gott að gera með skynsamlegum hætti. En ég leyfi mér hins vegar að draga í efa að mörg af þeim samtökum, sem nefnd voru, mundu verða miklu lýðræðislegri en markaðurinn býður upp á. En það er annars konar félagslegt vandamál sem þar er við að etja. Segjum svo að Dagsbrún í Reykjavík fengi einkaleyfi til að reka sjónvarp. Nógu víða þvælist hann nú fyrir manni, hv. 7. þm. Reykv., þó að hann yrði ekki einvaldur um sjónvarpsrekstur í Reykjavík líka. Ég leyfi mér að efast um að það færi fram mjög lýðræðislegur gjörningur í sjónvarpsefnum þó svo Dagsbrún í Reykjavík fengi einkaleyfi til að senda út sjónvarpsefni. Það er vegna þess, ekki bara í slíkum félögum, heldur er það almennur félagslegur vandi, hvernig lýðræði og ákvarðanatöku er háttað. En það er svo annað og miklu flóknara mál en hluti af svona breytingum sem orðið hafa á samfélaginu.

Hins vegar er það rétt að mjög ber að athuga með hverjum hætti hægt verði, eins og það er orðað, að tryggja aðild neytenda, hvort það eigi að setja upp einhver sérstök eignarákvæði til að tryggja að vald sé hjá fólki, — þetta „næsta lýðræði", nærdemokrati, sem í Skandinavíu er svo nefnt.

Annað, sem hv. þm. vék að, er spurningin um litlar og stórar einingar. Nú dreg ég enga dul á það sjálfur að vera hlynntur og hrifinn af — og það ber að skilja sem heimspekilega afstöðu um þjóðfélagsmál — hinum litlu einingum og tel að lög eigi að hníga að því að vernda þær gegn stórum einingum. Vel má hugsa sér að setja einhver stærðarmörk í þessum efnum, hvað þetta megi ná til margra eða eitthvað slíkt. Allt af þessu tagi ætti nefnd vitaskuld að athuga, og allar ábendingar af þessu tagi eru af hinu góða. (Gripið fram í.) Ég skil áhyggjur hv. þm. Ég hef oft líka áhyggjur af vinum mínum. — En kjarni málsins er sá í þessum efnum, að það, sem er verið að leggja til hér og er óöruvísi en lagt hefur verið til áður, er að Alþingi kveði upp úr með það hið fyrsta, hvað séu lög í landinu að því er þetta varðar. Þetta er ekki í fyrsta eða eina skiptið sem breytingar á samfélagsháttum eða breytingar í tækniefnum hlaupa einfaldlega fram úr lögum í landinu. Tæknin breytist og samfélagið breytist. Lög, sem standa, eru gersamlega úrelt af þessum ástæðum. Þá má löggjafinn ekki standa uppi sem nátttröll væri með steinbarn í maganum og neita að horfast í augu við að samfélagið breytist í þessum efnum. Hvað sem okkur finnst um svokallaðan einkarétt Ríkisútvarps, og er bæði átt við hljóðvarp — ég vil taka undir með hv. þm. að það er vont orð — og sjónvarp, þá er tæknin að gera þennan einkarétt að engu. Það er ekki aðeins verið að tala um það í þessum efnum. Það er verið að tala um það vegna sendinga frá útlöndum af ýmsu tagi að tæknin sé að breyta þessu.

Ég er þeirrar skoðunar, að ekkert hafi unnið eins með þeim, sem minna mega sín, bæði á hinu efnalega sviði og því menningarlega sviði, og tæknilegar framfarir. Hér er um að ræða tæknilegar framfarir sem bæta lífskjör neytenda, launafólksins, almennings. Það eru bætt lífskjör að geta valið á milli margra kvikmynda í staðinn fyrir að vera gert að horfa á eina. Það er lífskjarabati sem í því felst. Afstaða Alþingis á ekki að vera sú að snúast gegn þessu, heldur að vinna með þessari þróun og láta þessa þróun vinna með sér til heilla fyrir fólkið í þessu landi.

Ég endurtek að það, sem hér er verið að leggja til og ekki hefur verið lagt til áður, er að Alþingi lýsi hið fyrsta yfir vilja sínum um að það geri lögin í landinu þannig úr garði að það sé ljóst, hvort hér sé um að ræða lögbrot eða ekki, og svo hitt, að það lagi lögin í landinu að þessari nýju þróun, bæði til þess að leyfa það, sem það vill leyfa, og endilega að hafa heimil á hinu sem það telur vera óæskilega þróun. Ef ekkert verður að gert og ef þær nefndir, sem nú hafa verið skipaðar, draga störf sín á langinn — enginn veit hvenær þær koma til með að skila og hverju þær koma til með að skila — getur þetta orðið naglfast í sérhverju byggðarlagi á landinu og jafnvel um alla höfuðborgina. Hvað ætla menn þá að gera? Á að eyðileggja gífurlegt verðmæti með því að rífa þetta upp með rótum? Það getur ekki verið æskileg þróun. Þess vegna skiptir máli að hafa snar handtök í þessum efnum.

Hér var að því vikið, að í grg. segði að um það mætti deila, hvort hér væri um lögbrot að ræða eða ekki. Það, sem ég hef fyrir mér í þeim efnum, eru samtöl við ærimarga, m. a. lögfræðinga, þar um, og ég hef orðið var við

skiptar skoðanir um margt í þeim efnum. M. a. er deilt um skilgreiningu á hvort um sé að ræða mismunun, m. ö. o hvort einkaréttur t. d. sjónvarps eigi einungis við um opna kerfið, en á hinn bóginn sé eðlismunur hér á vegna þess að um lokaðar rásir sé að ræða. Um þetta felli ég engan dóm, hvorki kann ég það né hef neinar aðstæður til þess. En Alþingi verður að kveða upp úr með það, það eitt getur gert það, hvað eigi að vera lög í landinu og hvað ekki.

Herra forseti. Ég vil ekki tefja þessa umr. meira, en legg enn og aftur áherslu á að enn sem komið er hafa engar stefnumarkandi ákvarðanir eða ályktanir af einu eða neinu tagi komið frá valdhöfum í þessu efni, eins og var vikið að áðan. Við getum orðað það svo, að þúsundir og aftur þúsundir manna í landinu búa í óvissu um hvort þær séu þjófar eða þjófsnautar eða ekki. Það getur ekki verið vilji eða ætlun Alþingis að láta það óvissuástand vara lengi. Ef ekkert verður að gert og einasta þessar nefndir halda áfram að starfa undir hæstv. ráðh., þá held ég að ég vísi til nokkurrar reynslu í þeim efnum. Það gæti nú tekið tímann sinn að eitthvað kæmi þaðan. Þess vegna er þessi till. flutt, að Alþingi, sem er annað en framkvæmdavaldið í landinu, lýsi hið fyrsta yfir vilja í þessum efnum og haldi svo áfram og breyti lögunum í þann farveg sem það vill. Ég hygg að skynsamlegast væri að gera það í þann farveg sem lagt er til í þessari till. í tveimur liðum, en að sjálfsögðu er ýmislegt fleira sem taka þarf tillti til, og ég hygg að flestar skynsamlegar ábendingar hafi komið fram um það í þessari umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það má heita að hér sé um nýtt mál að ræða — málefni sem almenningur hefur ekki mikinn kunnugleika af og ég fyrir mitt leyti hef ekki mikil persónuleg kynni af. Mér er strax ljóst að tilkoma vídeósjónvarps er vandamál sem þarf að ráða fram úr og víkja inn á hagstæðar brautir í okkar þjóðfélagi.

Það hefur komið hér fram, að starfandi sé nefnd sem á að hafa það verkefni að endurskoða lög um útvarp. Hv. 1. flm. þessarar till. hafði þau orð um þá nefnd, að hún hefði engin fyrirmæli um það, hvernig hún ætti að starfa. Nú má vel vera að svo sé. Ég tel nauðsynlegt og eðlilegt að umræða fari fram um þessi nýju vandamál sem að steðja í þessu efni og eru komin yfir okkur. Þess vegna er ekki nema gott eitt um það að segja að fram komi tillögur um með hvaða hætti verður gengið þar að verki. En mér þykir að í þeirri till., sem við erum hér að ræða, sé um of fá fyrirmæli að ræða til viðbótar fyrir þessa nefnd, sem engin fyrirmæli hefur, eða þá nefnd, sem talað er um að stofna hér til, hvort sem heldur er.

Mér sýnist að hér sé fyrst og fremst verið að leysa tvennt, eins og stafliðirnir segja til um: annars vegar rétt þeirra, sem senda út efni, og hins vegar rétt þeirra höfunda, sem eiga efnið sem sent er út. Annað er ekki rætt um. En þyngst á metunum finnst mér vera á eftir þessu það, að þeir, sem sjónvarpsefni senda út, hafi ákveðnar skyldur, þeir verði að ganga undir að rækja vissar skyldur til að eiga sinn rétt. Ég held að fram hjá því verði ekki litið.

Í annan stað finnst mér að það þurfi líka í þessu sambandi að auka rétt þeirra sem ætlað er að falla inn í þessi kerfi. Þó að ég hafi ekki mikið kynnt mér þessi mál veit ég um nokkur heimili sem hafa þvælst til að koma inn í þetta kerfi, kunna ekki við að hætta að greiða sínar leigur, en vilja ekki sjá það efni, sem hér er á boðstólum, og allra síst hanga yfir því fram undir morgna eftir að íslenska sjónvarpinu lýkur, en víðast hvar mun vera þannig staðið að. (Gripið fram í.) Já, það er búið að greiða fyrir nokkuð sem það notar þó ekki. Ég veit að hv. flm. þekkir það mætavel, ef hann á annað borð opnar nokkurn tíma sjónvarp, hann fer að horfa á eina ákveðna mynd og hann vonar, þangað til hún er búin, að hún muni verða góð, glápir til einskis. Þetta er eitt af þeim atriðum sem ég tel fulla ástæu til fyrir Alþingi að gefa slíkri nefnd fyrirmæli um að hafa til athugunar.

Ég ætla ekki, herra forseti, að ræða þetta í lengra máli. Ég tel mig í fyrsta lagi alls ekki bæran um það umfram þau almennu efni sem ég hef hér minnst á. Ég vænti þess, að það verði tekið til greina af þeirri nefnd, sem um málið fjallar, að við þurfum miklu fleiri fyrirmæli í nefndinni, en eru í þessari þáltill.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Í menntaskóla fyrir aldarfjórðungi eða svo var einu sinni samið gamansamt leikrit af nemendum. Þetta leikrit var um valdatöku í landinu. Það átti að gerast um aldamótaárið 2000. Það var einn nemandi í skólanum sem var höfuðpersónan í leikritinu og var að taka völdin. Það var ekki með því að verða forsrh. eða forseti Sþ. eða neitt annað, heldur tók hann völdin með því að verða útvarpsstjóri. Það er kannske ekki hægt að segja það, en nemandinn, sem var höfuðpersónan í þessu leikriti, hét Ólafur Ragnar Grímsson. Útvarpið, sem hann sóttist svo eftir og vildi stýra, bjó yfir einni tæknibrellu. Það var ekki hægt að slökkva á því. Þessi tæknibrella skipti auðvitað miklu máli. Leikritið gerðist í kennarastofu í þeim skóla þar sem þetta var, þar sem kennararnir bjuggu við útvarp sem ekki var hægt að slökkva á. Leikritið fjallaði um baráttu þar á milli. — En þetta er kjarni málsins. Það er hægt að slökkva á sjónvarpi og útvarpi.

Mér finnst koma fram hjá hv. þm. Steinþóri Gestssyni einkennilegt vantraust á fólk sem neytendum og notendum. Ég held að þetta vantraust sé algerlega ástæðulaust. Því meira úrval sem verður í þessum efnum, hvort sem um er að ræða blöð, útvarp eða sjónvarp, þeim mun betra. Vitaskuld velur fólk og hafnar. Það á ekki að vera okkar hlutverk að setja fólki reglur í slíkum efnum. Auðvitað held ég að framtíðin verði í þessum efnum í átt til aukins frjálsræðis. Hitt er rétt, að það er ástæða til að óttast drottnun fjármagns. Það getur vissulega verið viðbótarverkefni fyrir nefnd þá, sem hér er verið að leggja til, eða nefnd, sem þegar situr, að hún verði skikkuð til að leggja til frekari sérstakar reglur, t. d. um stærðarmörk slíkra fyrirtækja. En það hefur orðið umsnúningur í pólitík þegar ótti af þessu tagi kemur fram hjá manni í þeim flokki sem hv. þm. er fulltrúi fyrir, en að maður úr mínum flokki skuli vera viljugri til að treysta fólkinu sjálfu. Ég held að fólkið sé fullkomlega traustsins vert. Þróunin verður sú, að úrvalið verður meira. Fólkið sjálft er ekki hættulegt í þeim efnum. Það er besti dómarinn í eigin málefnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 16. fundur.

Mánudaginn 30. nóv., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 26. nóv. 1981:

„Þar sem ég sökum lasleika get ekki sinnt þingstörfum á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Sjálfstfl. í Suðurlandskjördæmi, Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri, Hellu, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Steinþór Gestsson,
2. þm. Suðurl."

Sigurður Óskarsson hefur áður átt sæti á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans verið samþykkt og býð ég hann velkominn til starfa.

Afgreiðsla þingmála.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Áður en gengið er til dagskrár vil ég vekja athygli á því, sem öllum hv. þdm. er að sjálfsögðu vitanlegt, að ekkert álit hefur enn borist frá nefndum um þau mál, sem nefndir hafa til meðferðar, ekki eitt einasta. Það sneiðist mjög um tíma hv. deildar. Forsetar Alþingis hafa ákveðið að stefna að því, að þingfundum ljúki eigi síðar en föstudaginn 18. des., og þess vegna eru tæpar þrjár vikur til stefnu. Ég vil enn fremur vekja athygli hæstv. ríkisstj. á því, að hún gái að því hjá sér, hvort einhver þau mál eru til meðferðar sem hún hefur áhuga á að nái fram að ganga fyrir jólaleyfi, því að þá er ekki seinna vænna að bregða við, því að aðalmál hin tímafreku, sem eftir er að afgreiða á hinu háa Alþingi fyrir jólaleyfi, eru vitanlega fjárlög og svo lánsfjáráætlun og lánsfjárlög lánsfjáráætlun tengd.

Þetta vildi ég að menn og alveg sérstaklega nefndarformenn tækju til rækilegrar athugunar.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 102). — 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 102 hef ég ásamt hv. 5. þm. Vestf. og hv. 5. þm. Norðurl. v. lagt fram frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem hljóðar þannig:

„1. gr.: Við 4. gr. laganna bætist 8. liður, svohljóðandi:

Félagsheimili byggð samkv. 1. gr. laga nr. 54/1979, um félagsheimili.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það hefur komið í ljós, að skattyfirvöld hér á landi hafa ákveðið að leggja tekjuskatt og eignarskatt á félagsheimili sem byggð hafa verið víðs vegar um land samkv. lögum um félagsheimili, nr. 54/1979 og eru í eigu sveitarfélaga og félagasamtaka á viðkomandi stöðum, en í lögum þessum segir svo í 1. gr.:

„Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi, enn fremur samkomuhús sveitarfélaga. Sama gildir um sjómannastofur, sem sömu aðilar eiga og reka, sjálfstætt eða í tengslum við aðra starfsemi."

Eins og öllum má ljóst vera er það sammerkt með öllum félagsheimilum, að þau hafa verið og eru fjölbreytilegar menningarmiðstöðvar og leysa úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu í viðkomandi sveitarfélögum. Nú munu vera í landinu 173 félagsheimili í 134 bæjar- og sveitarfélögum, sem svarar því að rúmlega 59% bæjar- og sveitarfélaga njóti félagsheimila. Þá eru auk ofangreindra í byggingu nú um 12 félagsheimili eða í undirbúningi.

Svo sem alþjóð er kunnugt eru þessi félagsheimili að mörgu leyti mjög mismunandi. Má þar nefna aldur, stærð, starfsemi, legu o. fl. Elstu húsin, sem enn eru notuð, eru gömlu góðtemplara- og ungmennafélagshúsin sem byggð voru af hugsjón og dugnaði fyrir mörgum áratugum. Svo sem nærri má geta er aðstaða öll þar verulega bágborin í samanburði við þær kröfur sem við gerum til félagsheimila nú. Stærð félagsheimilanna er mismunandi og ræðst að verulegu leyti af íbúafjölda héraðsins og þeirri starfsemi sem því er ætluð. Sum þessara félagsheimila eru í þéttbýli og í stöðugri notkun hvern einasta dag. Í tengslum við þau er oft og tíðum hótelrekstur, kvikmyndasýningar o. fl. Önnur eru á fámennari stöðum og oft að verulegu leyti notuð í tengslum við skóla, bæði sem kennslustofur og íþróttahús. Að þeim flestum standa auk sveitarfélaganna áhugamannafélög sem leggja fram til þeirra allt sitt fjármagn. Með tilkomu félagsheimila víðs vegar um landið hefur skapast aðstaða til hvers konar menningarlífs, sem telja verður eina af forsendum nútímalífshátta.

Lögin um félagsheimili hafa gert mögulegt að koma slíkum byggingum upp og nýta um leið sjálfboðastarf ungra og gamalla í flestum byggðarlögum, ekki aðeins á byggingartíma þeirra, heldur einnig við rekstur þeirra.

Flestir hafa litið svo á, að ákvæði skattalaga gæfu ekki tilefni til álagningar tekju- og eignarskatts á félagsheimili sem byggð hafa verið samkv. lögum um félagsheimili.

Stjórn Félagsheimilasjóðs hefur í okt. s. l. ritað alþm. eftirfarandi bréf, sem ég vil lesa hér með grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Efni: Um álagningu tekjuskatts og eignarskatts og aðstöðugjalds á félagsheimili.

Í júní s. l. úrskurðaði ríkisskattanefnd að félagsheimilið Festi í Grindavík skuli greiða tekjuskatt, eignarskatt og aðstöðugjald vegna starfsemi sinnar á árinu 1979. Félagsheimilið Tjarnarborg, Ólafsfirði, hefur nýlega fengið samsvarandi kröfu frá skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

Af þessu tilefni leyfir stjórn Félagsheimilasjóðs sér að vekja athygli hv. alþm. á máli þessu og jafnframt að leggja fram þá ósk, að hv. Alþingi sjái til þess, að félagsheimili verði ekki skattlögð með þessum hætti.

Sveitarfélög og ýmis félagasamtök hafa með stuðningi Félagsheimilasjóðs reist félagsheimili um allt land. Félagsheimilin hafa verið fjölbreytilegar menningarmið-

stöðvar og leyst úr brýnni þörf fyrir félagslega aðstöðu. Rekstur þeirra hefur hins vegar verið fjárhagslega erfiður og verða því nýjar álögur, eins og um er getið hér að framan, mikið reiðarslag fyrir rekstrarstjórnir félagsheimilanna.

Í rökstuðningi umboðsmanna félagsheimilisins Festi er m. a. eftirfarandi tekið fram:

„Félagsheimilið er starfrækt á grundvelli laga um félagsheimili nr. 107/1970, en með tilvísum til 8. gr. þeirra laga voru settar reglur um félagsheimilið, nr. 260/1972. Markmiðið með rekstri félagsheimilisins er félagsstarfsemi í samræmi við 1. gr. áðurnefndra laga, sem felst í ýmiss konar samkomuhaldi, svo sem kvikmyndasýningum og dansleikjum. Í starfseminni felst einnig önnur þjónusta, svo sem veitingasala, sem óhjákvæmileg fylgir slíkri félagsstarfsemi sem þjónar hlutverki félagsmiðstöðvar fyrir byggðarlagið.

Í 5. gr. áðurnefndrar reglugerðar er kveðið svo á, að húsdeild skuli „sjá til þess að tekjur hrökkvi fyrir rekstrargjöldum", og er því reksturinn miðaður við að hægt sé að uppfylla þetta ákvæði innan ramma 1. gr. laganna. Eigendur félagsheimilisins líta svo á, að hér sé ekki um atvinnurekstur að ræða, heldur einungis félagsstarfsemi í þjónustu byggðarlagsins. Rekstur félagsheimilisins falli því undir ákvæði 6. gr. laga nr. 68/1971, um skattfrelsi félaga sem ekki stunda atvinnurekstur, og er þess því krafist, að álagður tekjuskattur, eignarskattur og aðstöðugjald árið 1979 verði felld niður."

Stjórn Félagsheimilasjóðs er sammála þessum rökum og væntir þess, að hv. Alþingi finni lausn í þessu máli og setji sérstök ákvæði um skattfrelsi félagsheimila í viðeigandi lög, ef lausn fæst ekki á annan hátt.

F. h. stjórnar Félagsheimilasjóðs
Reynir Karlsson,
íþróttafulltrúi."

Mér finnst ástæða til að víkja aðeins að rökstuðningi, sem fram kemur í úrskurði ríkisskattanefndar í framhaldi af því sem um er fjallað í bréfi frá stjórn Félagsheimilasjóðs. Má geta þess, að félagsheimilið Festi er samkv. stofnsamningi í eigu sameignarfélags eftirtalinna aðila: Grindavíkurhrepps, eignarhluti hreppsins er 75%, Kvenfélags Grindavíkur, eignarhluti þess er 13%, Ungmennafélags Grindavíkur, eignarhluti er 6%, og Verkalýðsfélags Grindavíkur, eignarhluti er 6%.

Í úrskurði ríkisskattanefndar kemur fram að ríkisskattanefnd hefur klofnað í þessu máli. Meiri hluti nefndarinnar segir svo í sínu áliti, með leyfi hæstv. forseta:

„Kærandi fellur undir lög nr. 107/1970, um félagsheimili, en í 8. gr. þeirra laga segir að sérhvert félagsheimili, sem byggt er með styrk úr Félagsheimilasjóði, skuli vera sjálfstæð stofnun og skuli settar reglur um rekstur og afnot þess hvers og eins og menntmrh. staðfesta þær.

Um kæranda hefur verið sett reglugerð nr. 260/1972, en í lokamgr. 4. gr. hennar segir að kærandi skuli rekinn sem sjálfstæð stofnun með sérstöku reikningshaldi og skuli almanaksárið vera reikningsár þess.

Að þessu virtu verður að telja kæranda falla undir ákvæði e-liðs 1. mgr. 5. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, en honum hefur ekki verið veitt skattfrelsi með sérlögum. Þegar litið er til reglna þeirra, sem um kæranda gilda, svo og til þeirra upplýsinga, er fram koma í ársreikningi kæranda fyrir árið 1978 um starfsemi hans á því ári, þá verður ekki séð að í 5. eða 6. gr. nefndra laga séu nein ákvæði sem leysi hann undan skattskyldu vegna gjaldársins 1979. Er því úrskurður skattstjórans staðfestur að öðru leyti en því, að eigi þykir rétt, eins og hér stendur á, að beita viðbótarálagi, sbr. 47. gr. sömu laga, við ákvörðun stofna til tekjuskatts, eignarskatts og aðstöðugjalds."

Minni hl. ríkisskattanefndar skilaði svofelldu áliti:

„Í 1. gr. laga nr. 107 28. okt. 1970, um félagsheimili, er tekið fram að með félagsheimilum í lögunum sé átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög, búnaðarfélög og hvers konar önnur menningarfélög, er standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundahalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama skal gilda um samkomuhús sveitarfélaga.

Megintilgangur laga þessara er að setja reglur um ráðstöfun fjár úr Félagsheimilasjóði til styrktar byggingu slíkra húsa, er lögin taka til, svo og um fjárhagslegan stuðning við menningarstarfsemi félagsheimila. Þá eru í lögunum ákvæði um afnot húsa þessara og aðgang að þeim, hömlur á sölu og veðsetningu þeirra húsa er styrkt hafa verið úr Félagsheimilasjóði, ráðstöfun húsa, þegar aðildarfélög eru lögð niður, og forgang sveitarstjórna til rekstrar slíkra húsa. Lúta ákvæði laganna mjög að því að tryggja hagsmuni styrkveitanda, Félagsheimilasjóðs, og þá opinberu hagsmuni sem styrkveitingum þessum er ætlað að styðja. Þessa eðlis sýnist og vera það ákvæði, er greinir í 8. gr. laganna, um að sérhvert félagsheimili, sem byggt hefur verið með fjárstuðningi úr Félagsheimilasjóði, skuli vera sjálfstæð stofnun og settar um það reglur er ráðherra staðfestir.

Hluttaka sveitarstjórna í byggingu og rekstri félagsheimila sýnist falla undir lögbundið hlutverk sveitarfélaga samkv. sveitarstjórnarlögunum. Þá fellur starfsemi sú, sem ætlað er að fari fram samkv. lögunum í félagsheimilum, að tilgangi þeirra félaga sem greind eru í 1. gr. laganna, að því er best verður séð.

Að öllu framansögðu virtu tel ég að ekki beri að líta á hús þessi sem sjálfstæða skattaðila, enda ekki fært að mínu mati að niðurstaða að því er þetta snertir ráðist af því, hvort samkomuhús þessi hafa notið byggingarstyrks úr Félagsheimilasjóði eða ekki. Þegar af þessari ástæðu tel ég að fella beri niður álagðan tekjuskatt og eignarskatt á kæranda.

Þá tel ég að fella beri niður álagt aðstöðugjald þegar af þeirri ástæðu, að svo sem atvikum er háttað verður eigi séð að samrekstur um hús þetta geti talist sjálfstæður aðili varðandi hugsanlega aðstöðugjaldsskyldu."

Þetta var álit minni hl. ríkisskattanefndar, en eins og ég tók fram klofnaði nefndin og meiri hlutinn vísaði kærunni frá.

Eins og ég tók fram og kom fram í bréfi stjórnar Félagsheimilasjóðs voru einnig lögð gjöld á félagsheimilið Tjarnarborg á Ólafsfirði. Þar kemur fram að skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra hefur krafið félagsheimilið um efnahagsreikninga og rekstrarreikninga til álagningar og gert félagsheimilinu aðvart um að á það muni verða lögð gjöld. Kemur það fram í bréfi sem skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra skrifar 27. júlí s. l. Þar segir:

„Skattstjóri hefur móttekið rekstrar- og efnahagsreikning vegna félagsheimilisins Tjarnarborgar, en þar

sem telja verður að rekstur félagsins sé skattskyldur samkv. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 40/ 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er yður hér með gert viðvart um að fyrirhugað er að skattleggja félagið samkv. því. Er yður því gefinn kostur á að senda framtalsblað og önnur nauðsynleg gögn innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs. Berist ekki umbeðin gögn innan þessa frests munu skattstofnanir áætlaðir og gjöld lögð á félagið samkvæmt því."

Þessu svaraði stjórn félagsheimilisins með bréfi 19. ágúst s. l. Segir í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Félagið er stofnað og rekið samkv. lögunum um félagsheimili, nr. 107/1970, og er hús félagsins félags- og menningarmiðstöð kaupstaðarins. Stjórn hússins hefur ætíð litið svo á, að þar væri ekki rekin atvinnustarfsemi önnur en sú sem eðlileg verður að teljast til að viðhalda góðu félags- og menningarlífi og viðhaldi hússins, og telur því að félagið falli sem fyrr undir 6. tölul. 4. gr. laga nr. 40/1978, um tekju- og eignarskatt.

Þá bendum vér á að hömlur eru lagðar á ráðstöfun á eignum félagsins, en þeim ber að ráðstafa í samræmi við lög nr.107/1970, um félagsheimili. Jafnframt segir svo í 19. gr. laga fyrir sameignarfélagið Tjarnarborg í Ólafsfirði, sem samþykkt voru 17. apríl 1955:

„Arður skal eigi greiddur félögum. Sé um tekjuafgang að ræða skal hann fyrst um sinn renna til að greiða byggingarskuldir, en að þeim greiddum renna að hálfu í varasjóð til að mæta rekstrarhalla, en að hálfu í endurbótasjóð, er nota má til endurbóta eftir því sem þurfa þykir."

Samkv. þessu teljum vér einnig að félagið heyri undir 5. tölul. 4. gr. laga nr. 40/1978.

Samkv. framansögðu mótmælum vér algerlega fyrirhugaðri skattlagningu."

Þessu svaraði skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra 1. sept., þar sem hann tekur þetta ekki til greina, en ákveður að áætla skatt á félagið. Segir í bréfi hans m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki verður fallist á sjónarmið yðar í bréfi, dags. 19. ágúst s. l., varðandi það, að undanþáguákvæði frá skattskyldu samkv. ákvæðum 4. gr. fyrrnefndra laga eigi hér við. Telja verður að starfsemi félagsins sé byggð upp sem atvinnurekstur, þar sem aðaltekjur félagsins séu af veitingasölu og kvikmyndasýningum auk leigutekna, tekna af dansleikjum o. s. frv. Verður því ekki séð að starfsemi félagsins skuli vera undanþegin skyldu til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, enda þótt starfsemin sé tengd félagslegri þjónustu í þágu byggðarlagsins.

Samkv. því hefur skattstjóri Norðurlands eystra lagt áætluð gjöld á félagsheimilið Tjarnarborg, sem nú eru í innheimtu, þ. e. tekjuskattur 19 500 kr., eignarskattur 20 400 og aðstöðugjald 6 500 kr."

Á s. l. hausti kom einnig álagningarseðill á félagsheimilið Breiðablik á Snæfellsnesi, þar sem skattstjóri Vesturlands áætlar eignarskatt á félagið 15 885 kr. og segir að í skattalögunum séu ekki nægilega skýr ákvæði um undanþágu frá skatttöku á félagsheimilið. Eigendur félagsheimilisins að Breiðabliki í Miklaholtshreppi eru sveitarfélagið með 50%, kvenfélagið 25% og ungmennafélagið 25%. Félagsheimilið að Breiðabliki er rekið algerlega á ábyrgð og kostnað sveitarsjóðs og hefur verið rekið með halla undanfarin ár.

Herra forseti. Það væri freistandi að rekja hér fleiri dæmi um þessa skatttöku. En yfirleitt hafa skattstjórar litið svo á á undanförnum árum, að félagsheimili væru undanþegin tekju- og eignarskatti, og þess vegna hefur ekki verið um mikla álagningu að ræða á slík félagsheimili. Það má því skoða sem nokkurs konar prófmál á vissan hátt að fara inn á þessa braut, og ef ekki verður skýrt kveðið á um þetta má reikna með því, að skattstjórar muni gera almenna ráðstöfun til þess að leggja á félagsheimili. Og raunar veit ég um skattstjóra í einu skattumdæmi, sem nú hefur skrifað öllum félagsheimilum á viðkomandi svæði og gert þeim aðvart um það, að svo gæti farið að tekin verði upp skattheimta á þessa aðila, og viljað fá þá ákveðnar upplýsingar þar um.

Mér þykir rétt í þessu sambandi að víkja hér að einum úrskurði sem hefur fallið um skattheimtu á félagsheimili. Að vísu er það annars eðlis. Þar er um að ræða fasteignaskatt af fasteign hér í Reykjavík, félagsheimili. Það er húseign Ungmennafélags Íslands að Mjölnisholti 14. Þar hefur yfirfasteignamatsnefnd kveðið upp úrskurð 29. sept. s. l. sem mér finnst ástæða til að vekja athygli hv. alþm. á, þó að það sé ekki beint í sambandi við lögin um tekju- og eignarskatt. En það sýnir hvernig ábyrgir aðilar hér í þjóðfélaginu túlka lögin um félagsheimili nokkuð vel og vísa þar í lög um tekjustofna sveitarfélaga. Í þessum úrskurði segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1981, þriðjudaginn 29. sept., var í málinu nr. 6/1981 kveðinn upp af yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi úrskurður:

Mál þetta er risið af ágreiningi Ungmennafélags Íslands og Reykjavíkurborgar um skyldu nefndra samtaka til að svara fasteignaskatti af fasteign þeirra að Mjölnisholti 14 í Reykjavík. Telja samtökin fasteignina undanþegna fasteignaskatti, en borgaryfirvöld telja 5. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, ekki verða skýrða svo rúmt að undanþáguákvæði þeirrar greinar taki til umræddrar fasteignar.

Húsakynni Ungmennafélags Íslands að Mjölnisholti 14 hafa notið framlaga og hlotið viðurkenningu með þeim hætti sem ráð er fyrir gert í 2. mgr. 2. gr. laga nr. 107/1970, um félagsheimili. Verða þau því að teljast félagsheimili í skilningi 5. gr. laga nr. 73/1980, sbr. áður 5. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972, um fasteignaskatt. Samkv. þessu og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja er fasteignin undanþegin fasteignaskatti.

Úrskurðarorð: Ungmennafélagi Íslands er óskylt að svara fasteignaskatti af fasteign sinni að Mjölnisholti 14 í Reykjavík.

Gaukur Jörundsson. Pétur Stefánsson.
Guðmundur Magnússon."

Þó að ekki sé beint í sambandi við tekju- og eignarskatt, þá sýnir þetta skilning þessara merku manna á lögum um félagsheimili að því er varðar ákvæði í lögum um tekju- og eignarskatt.

Það er skoðun okkar flm. þessa frv., herra forseti, að nauðsynlegt sé að taka þarna af allan vafa í sambandi við skattheimtu á félagsheimili. Hér er ekki um að ræða stórar fjárhæðir fyrir ríkissjóð, en hér er um að ræða mjög óþægilega skattheimtu á aðila, sem eru að reyna að reka félagsheimili víðs vegar um landið sem hafa ekki tekjustofna nema mjög takmarkað og flest þeirra rekin með tapi sem er jafnað út með framlögum úr sveitarsjóði. Í mörgum tilfellum og sennilega flestum, öllum nýrri félagsheimilum, eru sveitarsjóðir meirihlutaaðilar, í sumum tilfellum einu aðilar að slíkum húsum og ákvæði

undanþágugreina í skattalögum verða ekki túlkuð öðruvísi en þar sé ekki um skattamöguleika að ræða að því er varðar tekju- og eignarskatt. Þess vegna ætti þetta í raun og veru ekki að vefjast fyrir skattayfirvöldum. En það gerir það og vegna þess að það gerir það tel ég nauðsyn bera til að Alþingi kveði hér upp úr og setji inn í skattalögin þetta ákvæði, að félagsheimili, sem byggð eru samkv. félagsheimilalögum, séu algerlega undanþegin þessari skattheimtu.

Ég vil í þessu sambandi fara þess á leit við hæstv. fjmrh. að meðan ekki er sýnt hvaða úrslit þetta mál fær hér á hv. Alþingi verði gefin út af hálfu fjmrn. fyrirmæli til innheimtumanna ríkissjóðs um að innheimta ekki að sinni þá skatta, sem hafa verið lagðir á þau félagsheimili sem ég hef þegar minnst á, og ef um fleiri slík er að ræða, þar til úrslit þessa máls eru til lykta leidd. Mér finnst það eðlilegt og vil nota tækifærið hér til að fara fram á með fullri vinsemd að svo verði gert.

Ég vil svo, herra forseti, fara fram á að þessu máli verði vísað að lokinni þessari umr. til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tel það þakkarvert að vakin hefur verið athygli á þessu máli og málið verið borið hér inn á hv. Alþingi í frv.-formi. Í 4. gr. skattalaga er komist svo að orði, að þeir aðilar skuli ekki greiða tekjuskatt eða eignarskatt, sem eru lögaðilar samkv. 2. gr. laganna og eiga hér heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkv. samþykktum sínum. Síðan segir í 6. tölul. sömu greinar, að félög, sjóðir og stofnanir, sbr. 5. tölul. 2. gr., sem ekki reka atvinnu, skuli ekki greiða tekjuskatt eða eignarskatt.

Rekstur félagsheimila hefur valdið ágreiningi í þessu sambandi milli skattyfirvalda og rekstraraðila. Vissulega eru félagsheimili rekin í landinu með ýmsum hætti og víst má telja að til séu þau félagsheimili sem rekin eru með verulegum hagnaði, ef vel tekst til um dansleikjahald, og veit ég þá ekki hvað verður um þann hagnað í slíkum tilvikum. Hitt þykir mér þó líklegra, að almenna reglan sé sú, að rekstur félagsheimila sé ekkert gróðafyrirtæki og að þau séu fyrst og fremst rekin til almenningsheilla og verji hagnaði sínum öllum í þágu almennings og þau geti því vel fallið undir þær skilgreiningar sem ég áður nefndi.

Það hefur þó ekki orðið mat ríkisskattanefndar, að tekjuskattslög séu nægilega ótvíræð hvað þetta atriði snertir, og því hefur ríkisskattanefnd úrskurðað að félagsheimilum beri að greiða tekjuskatt. Þessu má að sjálfsögðu breyta með ótvíræðu ákvæði í skattalögum og að því stefnir þessi brtt. við lögin.

Ég tel mjög gott að þetta mál kemur til sérstakrar athugunar hér í þinginu. Mér sýnist fljótt á litið að í yfirgnæfandi fjölda tilvika eigi það fyllsta rétt á sér, að tekjuskattur og eignarskattur sé ekki krafinn af slíkum húsum, og kannske getur það verið alveg ótvírætt almenn regla. Það er sjálfsagt að athuga það nánar í nefnd.

En varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi, að innheimta færi ekki fram á álögðum tekjuskatti, þá vil ég upplýsa í þessu sambandi að fjmrn. gerir almennt enga tilraun til að stöðva innheimtu löglegra aðila á skatti. Skattur er lagður á samkv. lögum og síðan fer innheimta fram í samræmi við álagningu. Við teljum það ekki vera í okkar verkahring að gefa þessum lögskipuðu aðilum fyrirskipanir um það, hvenær skuli innheimta skatt og hvenær ekki, og breytir þar engu þótt fram komi tillögur á Alþingi um að breyta tilteknum ákvæðum skattalaga. Hins vegar kemur það fyrir, ef mál eru komin þannig í hnút að um er að ræða fógetaaðgerðir, uppboð eða önnur stórvandræði, að talið er eðlilegt að fresta slíku þar til málið hefur fengið endanlega úrlausn. Ég held að sjálfsagt sé að koma í veg fyrir að sú skattaálagning, sem þarna fer fram, valdi stórfelldum vandræðum. En ég treysti mér ekki til að gefa fyrirskipanir um það, þó að fram komi hér á Alþingi till. um að breyta ákveðnu ákvæði skattalaga, að innheimtan skuli með öllu stöðvuð í slíkum tilvikum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það hefur ekki verið venjan fram undir þetta að leggja tekjuskatt og eignarskatt á félagsheimili, en nú er að hefjast, að því er virðist, sá háttur hjá ýmsum skattstjórum, að þessar stofnanir skuli vera skattskyldar. Ég ætla ekki að deila við skattstjóra um það, hvernig skilja beri lög um tekjuskatt og eignarskatt. Það er ekki ástæða til að standa í slíkum deilum hér, þó að ég verði að telja að hér sé kannske seilst helst til langt, miðað við þá venju sem ríkt hefur allt frá því að félagsheimilalög voru samþykkt fyrir meira en 30 árum.

Ég skil þetta frv. þannig, að það sé flutt til þess að taka af öll tvímæli um það, hvort félagsheimili séu skattskyld eða ekki, og að því leyti til verð ég að telja að frv. sé tímabært og flutt af eðlilegum ástæðum. Ég hygg að það sé ekki eftir miklu að slægjast fyrir ríkissjóð í þessu sambandi. Hins vegar munar ýmis félagsheimili vafalaust mjög um þann skatt sem á er lagður, eins og fram hefur komið hér í máli hv. 1. flm., þannig að ég held að það sé nú einboðið að rétt sé fyrir Alþingi að taka þarna af öll tvímæli og samþykkja frv. af þessari gerð, frv. sem gerir ráð fyrir, svo að ljóst sé að félagsheimili séu ekki skattskyld.

Þetta mál gengur að sjálfsögðu sína leið gegnum þingið. Ég vænti þess, að því verði vel tekið og jákvætt eins og það er fram borið hér og eins og það hefur verið túlkað af hv. 1. flm.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með öðrum hv. þm., sem hafa tekið til máls um það frv. sem hér er til umr., að ég tel sjálfsagt að fá úr þessu skorið og þarf ekki að hafa mörg orð um það. En það er athyglisvert, að bæði hæstv. menntmrh. og hæstv. fjmrh. koma hér upp og leggja blessun sína yfir þetta frv. þar sem um er að ræða skerðingu á tekjum til ríkissjóðs, á sama tíma og þessir hæstv. ráðh. tveir leggja það fyrir hv. Alþingi í frv. til lánsfjárlaga að skerða verulega tekjur til Félagsheimilasjóðs, eins og gert er ráð fyrir í 22. gr. frv. til lánsfjárlaga. Þar er um það að ræða að þau félagsheimili, sem eiga lögum samkv. að fá úr Félagsheimilasjóði fjármagn til að standa straum af byggingarkostnaði, fá ekki það fjármagn. Nú horfir svo að Félagsheimilasjóður sé nánast gjaldþrota. Samt sem áður tekur ríkissjóður til sín skemmtanaskattinn, sem á lögum samkv. að fara í Félagsheimilasjóð, og notar hann til allt annarra þarfa ríkisins.

Ég hefði haft miklu meira gaman af því að heyra þessa ágætu hæstv. ráðh. koma hér og segja nokkur orð af því tilefni, því að þar er auðvitað verið að fara illa með þá sem enn hafa ekki getað byggt félagsheimili til þess að

koma á fót starfsemi sem síðan er skattlögð og verið er að kvarta undan í þessu sambandi.

Ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli, því að tvískinnungurinn er alveg stórkostlegur, þegar þetta mál er tekið þessum tökum. Í reynd — og það er það sem ég vil leggja aðaláhersluna á — tel ég að sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, þurfi að kanna þetta mál alveg frá grunni, kanna jafnframt fasteignagjöld sem falla á fasteignir af þessu tagi og hvort ekki sé kominn tími til að breyta lögum um Félagsheimilasjóð þannig að húsnæði t. d. stjórnmálaflokka falli a. m. k. undir þau ákvæði sem varða fasteignagjöld, þau losni undan slíkri gjaldtöku. Því til viðbótar tel ég vera fulla ástæðu til þess að kannað verði í hv. nefnd hvort ekki sé kominn tími til að fara rækilega ofan í saumana á því þegar í orlofsbúðum er rekin þjónusta við almenning sem ekki er skattlögð eins og önnur sambærileg þjónusta sem rekin er af öðrum aðilum. Það er ástæða til að kanna þessi mál öll í heilu lagi og átta sig á niðurstöðunni.

Að öðru leyti vil ég aðeins taka undir það sem hér hefur verið sagt varðandi þetta ákveðna frv., en lýsa yfir að ég sakna þess, að ekki skyldi vera minnst á skerðinguna sem kemur fram í lánsfjárlagafrv., þar sem þeir aðilar, sem nú eru með félagsheimili í byggingu, verða að horfa fram á það á næstu árum eða áratugum að fá ekki til sín það fjármagn sem lögbundið er að renni til þeirra. Það mætti bæta úr því vandamáli t. d. með því að leggja skemmtanaskatt jafnframt á þær skemmtanir, sem fara fram í félagsheimilum utan þéttbýlis, og afla þannig meiri tekna, enda sé ég ekki nokkra ástæðu til að þeir, sem búa í þéttbýli og sækja skemmtanir þar, þurfi að greiða skemmtanaskatt, en ekki hinir, sem í strjábýlinu búa.

Umr. frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 112). — 1. umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þeir sem úti á landi búa finna oft harkalega fyrir því, hve tilkostnaður þar er miklum mun hærri á ýmsum sviðum en á Reykjavíkursvæðinu. Flestar neysluvörur og reyndar aðrar vörur koma frá Reykjavík. Ofan á verð þeirra þar leggst því flutningskostnaður út á land og það furðulega: söluskattur á flutningskostnaðinn. Þannig leggst fullur söluskattur á flutningskostnað matvæla þótt þau sem slík séu undanþegin söluskatti. Flutningi neysluvara frá landsbyggðinni til Reykjavíkur er aftur á móti jafnað á landsmenn alla og á það við um garðávexti, kjötvörur, mjólkurvörur og annað því um líkt. Söluskattur á ferða- og flutningskostnað innanlands er að langmestu leyti sérskattur á dreifbýlisfólk. Sama má segja um flugvallaskatt í innanlandsflugi og reyndar margt annað.

Verulegur munur í búsetukostnaði fólks liggur í ferðakostnaði innanlands. Flestir, sem úti á landi búa, þurfa oft til Reykjavíkur að fara. Þangað verður margt að sækja hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Á það t. d. við um viðskipti hvers konar, listir og skemmtanir, nám ýmiss konar, opinbera þjónustu, og margir þurfa til Reykjavíkur til að leita sér lækninga. Þannig mætti lengi telja.

Á móti ferðakostnaði innanlands kemur verulegur kostnaður við innanbæjarferðir á Reykjavíkursvæðinu, hvort sem strætisvagnar eru notaðir eða einkabílar. Flestir telja þó að verulega halli á landsbyggðina í þessum efnum, þó mjög mismunandi mikið.

Út yfir allan þjófabálk tekur þó hinn hrikalegi mismunur á upphitunarkostnaði húsa eftir landshlutum. Hann getur verið allt að 10 á móti 1. Hann getur verið 10 sinnum meiri í einum landshluta en öðrum. Olíustyrkurinn bætir þetta ekki nema að sáralitlu leyti og margfaldur munur er á gjaldskrám hinna ýmsu hitaveitna. Þar getur munurinn verið 8:1. Fer það mest eftir því, hvort þær eru gamlar orðnar og að mestu afskrifaðar eða nýlegar og þurfa þá að standa undir mjög miklum fjármagnskostnaði.

Orkujöfnunargjaldið, sem upphaflega var sett á til að bæta úr neyð þeirra, sem kynda með olíu, þegar olíuverðhækkanir urðu mestar árið 1979, siglir nú hraðbyri í að verða hreinn viðbótarskattur til ríkissjóðs á sama hátt og viðlagasjóðsgjaldið á sínum tíma. Í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir að innheimta í orkujöfnunargjaldi 190.1 millj. kr., en af því á aðeins að nota 30 millj. kr. í olíustyrki.

Í því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að jafna út mismun á búsetukostnaði fólks eftir landshlutum í gegnum skattakerfið með því að hækka eða lækka eftir atvikum persónuafslátt og barnabætur við álagningu tekjuskatts. Gert er ráð fyrir að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út einu sinni á ári sérstaka framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað utan Reykjavíkursvæðisins og hverja sýslu. Ef framfærslukostnaður á einum stað reynist t. d. 5% hærri en almenna framfærsluvísitalan gerir ráð fyrir þarf að hækka persónuafslátt og barnabætur á viðkomandi stað um 15% til að mæta þessum viðbótarkostnaði nokkurn veginn að fullu hjá lágtekjufólki, en minnkandi eftir því sem tekjurnar aukast, enda er um að ræða fasta krónutölu, og er það sýnt í töflu sem fylgir grg. frv. Ef kostnaður á einhverjum stað er 10% hærri en almenna framfærsluvísitalan segir til um þarf að hækka persónuafslátt og barnabætur um 30% til að ná sama árangri. M. ö. o.: það þarf að hækka persónuafsláttinn og barnabæturnar þrisvar sinnum meira í prósentum talið en sem nemur hækkuðum tilkostnaði. Þó verður að hafa það í huga, að ef við þurfum að reikna með jafnmikilli verðbólgu í framtíðinni og hefur verið síðustu árin dugar þetta varla til vegna þess að tekjuskattur er lagður á eftir á og allt sem honum fylgir. Ef við gefum okkur að verðbólgan verði jafnmikil áfram þyrfti í staðinn fyrir að þrefalda þetta hlutfall að fjórfalda það til að bæta þetta að fullu hjá þeim sem lægri tekjur hafa.

Ýmsir munu halda því fram, að framkvæmd laga sem þessara verði bæði dýr og erfið. Svo þarf þó ekki að vera, a. m. k. ekki þegar frá líður. Í byrjun verður það auðvitað talsvert verk fyrir Hagstofuna að meta ýmsa þætti, sem þungt vega víða á landsbyggðinni, en eru varla eða ekki með í grundvelli hinnar almennu framfærsluvísitölu. Þetta á einkum við um ferða- og flutningskostnað innanlands. Auðvelt er að reikna út mismunandi hitunarkostnað eftir byggðarlögum þótt hitaveitugjöld í Reykjavík séu nú einráð í grundvelli framfærsluvísitölunnar. Samanburður á verði almennra neysluvara ætti og að vera auðveldur og hefur reyndar verið framkvæmdur.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að á undanförnum allmörgum árum hafa margir þm. úr öllum flokkum talið nauðsynlegt að öruggt mat fari fram á mismun tilkostnaðar við búsetu eftir landshlutum. Það

eitt út af fyrir sig er mjög þýðingarmikið og mundi leysa úr mörgum ágreiningi sem nú er uppi. Gert er ráð fyrir því, að þessar sérstöku framfærsluvísitölur verði reiknaðar út einu sinni á ári, ekki fjórum sinnum eins og hin almenna framfærsluvísitala, enda er upphæð persónuafsláttar og barnabóta ákveðin einu sinni á ári. Útreikningur tekjuskattsins er nú unninn í tölvum og skiptir því engu máli þótt persónuafsláttur og barnabætur verði breytilegar eftir landshlutum. Tölvurnar munar ekki neitt um slíka smámuni. Þó að höfuðtilgangur tekjuskatts sé að sjálfsögðu tekjuöflun fyrir ríkissjóð er hann öðrum þræði tæki til tekjujöfnunar á milli manna, þótt ekki hafi í þeim efnum eins vel til tekist og flestir vildu.

Eitt einkenni tekjuskattsins hefur ávallt verið það, að tekjur fyrir nauðþurftum, sem er að vísu mjög teygjanlegt hugtak, hafa verið undanþegnar skattlagningu. Í núgildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt er svokölluðum persónuafslætti og barnabótum ætlað að sjá fyrir þessari hlið mála. Ef kostnaður við öflun lífsnauðsynja er mismunandi mikill í hinum ýmsu landshlutum hlýtur það að vera bæði eðlilegt og sanngjarnt að tekið sé mið af því við ákvörðun persónuafsláttar og barnabóta. Út á það gengur frv. sem hér er til umr. og flutt er af mér ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, hv. þm. Karvel Pálmasyni og hv. þm. Sighvati Björgvinssyni.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að þessu frv. verði eftir þessa umr. vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í því frv., sem hér er til umr., er lagt til að framfærsluvísitala verði reiknuð út á fleiri stöðum en aðeins á Reykjavíkursvæðinu. Það hefur áður komið fram að ég er hlynntur því að það verði gert. Ekki á seinasta þingi heldur þar áður flutti ég þáltill. þar sem þetta var lagt til, en hún náði ekki afgreiðslu.

Hitt er svo annað mál, að þegar kemur að framkvæmdinni, hvernig eigi að hagnýta sér þær upplýsingar sem fengjust með því móti að reikna út framfærsluvísitöluna á fleiri en einum stað., vaknar sú spurning, hvort það, sem hér er lagt til, sé fullnægjandi í því sambandi. Vissulega er það svo, að gagnvart þeim aðilum, sem bera tekjuskatt, ætti að vera hægt að ná árangri að þeirri leið sem hér er lögð til. Að vísu er hún að hluta til takmörkuð, það verður um skerta leiðréttingu að ræða. En það eru fleiri hópar í þjóðfélaginu en þeir sem bera tekjuskatt sem búsettir eru úti á landi og af ýmsum ástæðum hafa viljað eiga þar heima þrátt fyrir að margt bendi til að framfærslukostnaður þar sé meiri en annars staðar. Mér er ljóst að hv. flm. gerir sér grein fyrir að þær tillögur, sem hér eru fram settar, ná þess vegna aðeins til hluta alls þess hóps sem rétt væri að taka inn í þetta dæmi.

Ég fagna því engu að síður, að hreyft skuli vera við þessu máli á þann hátt sem hér er gert, og efa ekki vilja hv. flm. að vinna að leiðréttingu á þessu sviði. Ég held að það eitt að reikna framfærsluvísitöluna út gæti undir sumum kringumstæðum orðið til að draga úr misklíð innanlands. Vissulega er það svo, að sumir kostnaðarþættir í lífi manna eru óhagstæðari hér á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna þarf alveg skilyrðislaust, þegar farið yrði í að reikna út framfærsluvísitölu fyrir hin ýmsu svæði, að gera sér grein fyrir því, að framfærslugrunnurinn undir vísitölunni getur ekki í öllum tilfellum verið sá sami. Ég vil nefna sem dæmi í því sambandi, að fargjöld utan af landi til Reykjavíkur, t. d. með flugi, hlytu að koma inn í það mál gagnvart framfærsluvísitölunni úti á landi, en mikill ferðakostnaður Reykvíkinga við að komast til vinnu sinnar á að sjálfsögðu að vera inni í framfærsluvísitölunni hér á höfuðborgarsvæðinu.

Ég held einnig að þegar upplýsingar lægju fyrir um útreikninga á framfærsluvísitölunni væri rétt að snúa sér að þessu verki á breiðari grunni en hér er lagt til. Þar vil ég t. d. minna á gjaldskrár opinberra fyrirtækja. Það er mikil spurning hvort ekki er hægt í beinu framhaldi að stuðla að því, að þær gjaldskrár séu þannig upp byggðar að þær taki tillit til þjónustunnar að stórum hluta, hvaða þjónustu þær inna af hendi fyrir hinn einstaka mann, en minna verði gert úr hinum þættinum, þ. e. deilunni um hvað sú þjónusta kosti hið opinbera á hinum ýmsu stöðum. Í sumum tilfellum hefur orðið breyting á upprunalegum kostnaði á þeim grunni sem hefur verið lagður þegar ákveðið hefur verið að þjónustan skuli efld eftir vissu kerfi. Það má nefna t. d. símann í þessu sambandi. Það er náttúrlega orðið úrelt að miða gjaldskrárkerfi hans aðeins við vegalengdir eftir að farið var að senda boð hans í gegnum loftið, en ekki eftir þráðum. Það er líka spurning í þessu sambandi hvort hinir ýmsu félagsmálapakkar, sem verið er að afgreiða í tengslum við kjarasamninga, eiga ekki að koma inn í þetta dæmi til að leiðrétta og jafna framfærsluvísitöluna í landinu. Ég læt mér detta í hug að það gæti verið, að á Alþingi Íslendinga sé breiðari grunnur fyrir því, að það verði samþykkt þáltill. í svipuðu formi og ég lagði til á sínum tíma. Ég hefði haft áhuga á að koma henni á framfæri á nýjan leik til að kanna hvort um breytt viðhorf er að ræða í þinginu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 28. fundur.

Mánudaginn 30. nóv., kl. 3 síðdegis.

Útboð verklegra framkvæmda, fsp. (þskj. 41). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 41 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. og er hún svohljóðandi:

„1. Hvaða verk hafa verið boðin út á almennum verktakamarkaði árin 1980 og 1981 hjá eftirtöldum stofnunum:

a. Vegagerð ríkisins.
b. Pósti og síma.
c. Vita- og hafnarmálaskrifstofunni.
d. Flugmálastjórn?

2. Hversu stór hluti af heildarframkvæmdum þessara stofnana var boðinn út 1980 og 1981 og hversu stór hluti var unninn af verktökum samkv. samningum án útboðs?"

Ég bar fram fsp. svipaðs efnis hér í hv. Sþ. 22. apríl 1980 til hæstv. samgrh. og náði sú fsp. yfir árin 1978 og 1979. Þá kom fram í svörum, sem hæstv. ráðh. gaf, að tiltölulega mjög lítill hluti af verkum þessara stofnana er boðinn út á almennum verktakamarkaði þrátt fyrir mjög

skýr og ég vil segja ótvíræð lagaákvæði þar um. Hæstv. samgrh. var þá nýtekinn við embætti og hann lét í ljós í þeim umr., sem þá fóru fram, áhuga á því að reynt yrði að taka upp útboð í ríkara mæli þótt hann hefði vissulega á því ákveðna fyrirvara. Þess vegna er fróðlegt að fá það fram nú, hver þróun hefur orðið í þessum efnum hjá þessum fjórum ríkisstofnunum sem undir hæstv. ráðh. heyra, en allar þessar stofnanir hafa með höndum umfangsmikla starfsemi á sviði verklegra framkvæmda og hafa, að því er ég tel, í of ríkum mæli sjálfar haft tilhneigingu til að framkvæma verkin.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 41 spyr hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, um útboð verklegra framkvæmda nokkurra ríkisstofnana. Eins og kom fram í máli hans áðan er fsp. í tveimur liðum, annars vegar hvaða verk hafi verið boðin út á almennum markaði verktaka 1980-1981 hjá Vegagerð ríkisins, Pósti og síma, Vita- og hafnarmálastofnun og Flugmálastjórn, og í öðru lagi hversu stór hluti af heildarframkvæmdum þessara stofnana er boðinn út 1980-1981 og hversu stór hluti var unninn af verktökum samkv. samningum án útboðs. Ég mun reyna að svara þessu í þeirri röð sem um er spurt hjá stofnununum, en fyrir hverja stofnun er svarinu slegið saman, þ. e. bæði 1. og 2. lið.

Ég vil taka það fram í upphafi, að í mörgum tilfellum er satt að segja dálítið erfitt að greina nákvæmlega á milli þegar um smáverk er að ræða. T. d. er í dreifbýlinu e. t. v. ekki hægt að segja að um almennt útboð sé að ræða þó leitað sé til fleiri verktaka á svæðinu um að taka verkið að sér. Í mjög mörgum tilfellum er um svo lítið verk að ræða, vegna þess hvernig fjárveitingum er háttað, að jafnvel þótt talið væri æskilegt að bjóða verkið í heild sinni út er það beinlínis ekki unnt vegna þess hvað verkið er sundur slitið með litlum fjárveitingum.

Hjá Vegagerðinni er svarið eins og ég skal nú lesa. Þar segir:

„Spurningar þm. varða annars vegar verk sem boðin voru út á almennum verktakamarkaði 1980 og 1981 og hins vegar hlutfall verktakaverka, útboðsverka og samningaverka af heildarframkvæmdum Vegagerðar ríkisins þessi ár. Útboðin verk þessi ár eru sem hér segir.

Árið 1980 Vesturlandsvegur á Kjalarnesi og grjótnám í Borgarfirði. Árið 1981 Suðurlandsvegur við Hvolsvöll, Eyrarbakkavegur, Gaulverjabæjarvegur, slitlag í Árnessýslu, Bláfjallavegur, Hafnarfjarðarvegur um Hraunsholt, Vesturlandsvegur á Kjalarnesi, Vesturlandsvegur í Hvalfirði, Vestfjarðavegur við Búðardal, Grenivíkurvegur. Auk þeirra verka, sem boðin voru út, var mikið af verkum unnið af verktökum á grundvelli samnings án útboðs. Er hér einkum um að ræða efnisvinnslu, framleiðslu olíumalar, lagningu bundinna slitlaga og uppgræðslu lands."

Fellur slíkt undir það, sem ég sagði áðan, að þótt æskilegt hefði verið að bjóða slíkt út hafa heildir verið of litlar og í mörgum tilfellum ekki um marga aðila að ræða. — Síðan segir áfram, með leyfi forseta:

„Heildarkostnaður við útboðsverk og samningsverk og hlutfall þeirra verka að heildarframkvæmdum í nýjum vegum og brúm verður á þessa leið:

Árið 1980 eru útboðsverk 274 millj. kr., hlutfallið 2.1%, samningsverk 2207 millj. kr., hlutfallið 16.7%, samtals 2482 millj. kr. og hlutfallið 18.8%. Þetta var 1980. Árið 1981 eru útboðsverkin 14.26 millj. kr." — Þarna er að vísu breytt á milli gkr. og nýkr. og væru sem sagt 1426 millj. gkr. — „Þarna er um mjög mikla aukningu að ræða og hlutfallið orðið 7.1%, samningsverk 26.15 millj. kr., hlutfallið 13.1%, samtals árið 1981 40.41 millj. nýkr. Hlutfallið 20.2%." — Síðan segir í bréfi Vegagerðarinnar:

„Rétt er að taka fram, að hér er ekki talið með útboð á efni, vörum og tækjum sem keypt eru til framkvæmda. Þá eru heldur ekki taldir verksamningar sem gerðir eru við bæjarfélög, einkum Reykjavík og Akureyri, um framleiðslu og útlögn malbiks. Tölur eru á verðlagi hvors árs og fyrir árið 1981 er miðað við tilboðs- eða samningsupphæð. Endanlegur kostnaður þessara verka liggur enn ekki fyrir, en samkv. eðli málsins verður hann eitthvað hærri en tilgreindar tölur.

Hlutfall af heildarframkvæmdum miðast við fjárveitingar samkv. vegáætlun 1981. Hlutdeild verktaka í framkvæmdum Vegagerðar ríkisins hefur verið mjög breytileg undanfarinn áratug. Mest var hún á árunum upp úr 1970 eða 40% af nýjum framkvæmdum, en minnst 11% árið 1978. Eins og tölur hér að ofan bera með sér er hlutfall verktaka vaxandi bæði árin.

Samkv. vegalögum er það skylda Vegagerðar ríkisins að annast viðhald og rekstur vegakerfisins og sjá um framkvæmdir á því. Þeirri skyldu fylgja mörg verkefni sem ekki verða með góðu mót boðin út, eins og vetrarþjónusta, ýmsir þættir viðhalds o. fl. Verður því að vera fyrir hendi verulegur mannafli og tækjakostur hjá stofnuninni víðs vegar um landið. Hagkvæmt er að nýta þessa afkastagetu til margra verkefna sem í sjálfu sér mætti bjóða út. Í samræmi við þetta hefur hlutdeild verktaka verið í lágmarki þegar fjárveitingar eru í lágmarki, en vaxið með auknum fjárveitingum.

Hlutdeild útboðsverka verktaka í verkum eykst mjög mikið árið 1981 miðað við árið á undan, en útboð hafa ekki í langan tíma orðið minni en þá var. Orsök þess má einkum rekja til þess, að undanfarin ár hefur vegáætlun verið afgreidd síðustu daga þings á vorin og einungis gilt fyrir eitt ár í einu. Verður þá mjög lítið svigrúm til útboða og hefur það m. a. komið fram í því, að dæmi eru þess, að verktakar hafa sameinast um tilboðsgerð og skilað inn einu sameiginlegu tilboði. Með samþykkt vegáætlunar nú í vor varð nokkur breyting til batnaðar í þessum efnum. Er það von Vegagerðar ríkisins að þar með verði unnt að auka útboð og draga úr samningsverkum, en útboðsleiðin hefur marga kosti umfram samninga. Af ýmsum ástæðum verður þó áfram allmikið um samningsverk. Stafar það m. a. af því, að í sumum tilvikum er einungis að vænta tilboðs frá einum verktaka eða að erfitt er að skilgreina verk eða aðstæður verks."

Þá segir í svari frá póst- og símamálastjórninni:

„Eins og kunnugt er hefur þessi stofnun á að skipa sérfræðingum á sviði póst- og fjarskiptamála. Verkefni utan þess sviðs eru unnin af verktökum og hönnuðum eins og kostur er og hagkvæmt þykir.

1. Húsbyggingar stofnunarinnar eru boðnar út á almennum verktakamarkaði sem svarar til um 90%, en um 10% er unnið af verktökum samkv. sérstökum samningi þar sem það er talið hagkvæmt. Póst- og símahús, sem byggð eru samkv. útboði og hönnun verktaka, eru sem hér segir:

Múlastöð í Reykjavík: Verkið hófst 1979, en er ólokið. Kópavogur: Stækkun hófst 1979, verki lauk 1980.

Tálknafjörður: Nýtt hús. Verkið hófst 1979, verki lauk 1980. Húsavík: Stækkun. Verkið hófst 1980, verki lokið 1981. Sandgerði: Nýtt hús. Verkið hófst 1980, verki lauk 1981. Kirkjubæjarklaustur: Nýtt hús. Verkið hófst 1981, en er ólokið. Varmahlíð, Skagafirði: Nýtt hús. Verkið hófst 1981, verki ólokið.

Stofnunin hefur falið verktaka að smíða sérhönnuð smáhýsi, 5.76 fermetra og 9-18 fermetra að grunnfleti, fyrir fjarstöðvar og litlar sjálfvirkar símstöðvar til sveita. Húsin eru gerð með tilliti til flutnings á bílpalli og m. a. uppsetningu sjálfvirkra símstöðva heima við verkstæði áður en húsin eru flutt á ákvörðunarstað. Þannig sparst verulegur kostnaður við uppihald og ferðalög tæknimanna.

2. Jarðsímalagnir og þáttur verktaka í þeim efnum:

Árið 1980 var kostnaður við nýlagnir í þéttbýli 674 millj. gkr. Þar af var efniskostnaður 210 millj. kr. og hann er allur boðinn út, verktakar og vinnuvélaeigendur 180 millj. kr., kostnaður í sambandi við efnisflutninga og vinnuflokka línumanna og símsmiða og verkamanna þeim tilheyrandi 284 millj. kr. Kostnaður við nýlagnir í dreifbýli 1980 var 722 millj. kr., þar af efniskostnaður 390 millj., verktakar og vinnuvélaeigendur 106 millj., eigin vinnuflokkar og flutningar 226 millj. Árið 1981 er áætlaður heildarkostnaður við nýlagnir í þéttbýli 7.8 millj. kr. — og þar eru að sjálfsögðu komnar nýkr. — „efniskostnaður 2.6 millj. kr., verktakar 2.2 millj. kr., eigin vinnuflokkar og flutningar 3 millj. kr.

Dreifbýlið: Efniskostnaður 1.8 millj. kr., verktakar 1.4 millj., eigin vinnuflokkar og flutningar 1.4 millj.

Efnisútvegun er gerð samkv. útboði á veigamiklu efni og fylgir hér með sýnishorn af niðurstöðum: Í fjölsíma voru fengin tilboð frá 5 fyrirtækjum, radíótæki frá 12 fyrirtækjum, en jarðsímar frá 12 fyrirtækjum."

Síðan býðst stofnunin til að veita allar nánari upplýsingar, ef óskað er.

Vita- og hafnamálastofnunin veitir eftirfarandi upplýsingar:

Útboðsverk 1980:

Bolungarvík: Steyptur 27.5 m kantur, útboð 21.7 millj., en verkkostnaður varð 26 millj. Ólafsfjörður: Steypt þekja o. fl. 1456 fermetrar. Útboð var 35 millj. 450 þús., en verkkostnaður reyndist vera 40 millj. Fáskrúðsfjörður: Steypt þekja 900 fermetrar. Útboð var 19 millj. 200 þús., en verkkostnaður var 22 millj. Fáskrúðsfjörður: Brunnar, vatnshús o. fl. Útboð var 9 millj. 27 þús., en verkkostnaður varð 9 millj. 800 þús. Hafnarfjörður: Steyptur kantur 89 m. Verkútboð var 21 millj. 650 þús., en verkkostnaður var 25 millj. Hafnarfjörður: Ekið fyllingu í 21 200 rúmmetra. Útboðið var 63 millj. 573 þús. Verkkostnaður reyndist 65.3 millj. Rifshöfn: Ker vegna Töskuvita. Útboðið var 22.5 millj., verkkostnaður 28.9 millj. Vestmannaeyjar: Akkerisflötur o. fl. 15 millj. 800 þús., verkkostnaður 15.8 millj. Samtals vour boðin út 1980 verk fyrir 208.9 millj. og verkkostnaður reyndist 232.8 millj. Þar að auki voru keypt samkv. útboði stálþil, sem boðin voru út, upp á 512.6 millj., harðviður upp á 49.8 millj., vogir upp á 6.1 millj. og löndunarkranar upp á 34.8 millj. Í heild voru útboðsverkin 1980 því 836.1 millj. Framkvæmdir aðrar en dýpkanir voru 4.7 millj. Útboðsverk af framkvæmdum voru 17.8%, þar af innlend 5%, en erlend 12.8%.

Fyrir árið 1981 eru upplýsingar frá Vita- og hafnamálaskrifstofunni því miður mjög ófullkomnar, en ég mun geta þess sem ég hef frá þeim fengið á þessu stigi:

Boðið hefur verið út í Vestmannaeyjum fyrir um það bil 2.5 millj. í nýkr., á Eskifirði fyrir 500 þús., Ólafsfirði fyrir 450 þús., í Hafnarfirði fyrir 300 þús. Það eru samtals 3 millj. 750 þús. eða 375 gamlar millj. samanborið við 232 millj. á árinu 1980. Eru slík útboð innanlands 6¼% framkvæmda en voru 5% áður. Hins vegar hef ég ekki fengið upplýsingar um útboð á ýmiss konar efni, sem farið hefur í gegnum Innkaupastofnun ríkisins.

Síðan er spurt um Flugmálastjórn og þar segir:

1. Framkvæmdir á vegum Flugmálastjórnar eru einkum hjá þrem deildum stofnunarinnar, þ. e. flugvalladeild, flugöryggisþjónustu og Reykjavíkurflugvelli. Mjög fáar framkvæmdir eru þannig vaxnar að fært þyki að bjóða þær út á almennum markaði vegna þess hve þær eru litlar að umfangi, hve þær eru sérhæfðar og að ekki er nema takmarkað framboð af verktökum á framkvæmdasviðinu. Rétt hefur þótt að láta heimamenn njóta vinnu við framkvæmdir og er langoftast samið við þá á kjörum sem almennt tíðkast. Meginhluti framkvæmda Flugmálastjórnar er unninn af verktökum og þá án útboðs.

2. Eftirfarandi verk- og tækjabúnaður var samkv. útboði: 1980 flugleiðsögubúnaður 1 millj. 165 þús., 1981 891 þús 800. — Hér hygg ég að sé átt við nýkr. í báðum tilfellunum. — Síðan ljósabúnaður 1980 146.1, 1981 142 þús. og annað í flugstöðvar 1980 1 millj. 420 þús., 1981 2 millj.

3. Framkvæmdafé var árið 1980 14.5 millj. kr og 22 millj. 850 þús. kr. árið 1981. Hlutfall þess, sem unnið var samkv. útboði, var 1980 19%, 1981 13.2%.

4. Unnið var af verktökum án útboðs 1980 fyrir 5.2 millj. eða 36% af framkvæmdafé, en 1981 fyrir 12 millj. eða 52.5% af framkvæmdafé.

5. Verk, sem unnin eru af verktökum, eru þannig í heild: 1980 7 931 300 kr. eða 55% af heildarframkvæmdafé og 1981 15 033 800 kr. eða 66% af framkvæmdafé.

Herra forseti. Mér er ljóst að þessi lestur er dálítið erfiður að ýmsu leyti og margar tölur nefndar, en að sjálfsögðu er velkomið að afhenda fyrirspyrjanda ljósrit af þessum upplýsingum og útvega frekari upplýsingar ef hann óskar.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur hér gefið. Víst er að þessi lestur var nokkuð tormeltur, en engu að síður held ég að af honum megi þó draga ákveðnar ályktanir.

Ég held að það sé óhætt að segja, og ég fagna því, að hjá þessum ríkisstofnunum virðist gæta vaxandi tilhneigingar til að fara útboðsleiðina. Hins vegar er engan veginn nægilega að gert í þeim efnum. Það kom t. d. fram varðandi Vegagerð ríkisins, að um 18.8% verka ársins 1980 og 20.2% verka ársins 1981 voru boðin út eða unnin af verktökum samkv. samningi, sem reyndar er ekki það sama, en það er nokkru meira en bæði árin 1978 og 1979, þótt það sé lægra en hæst hefur orðið, sem var 1970, eins og hæstv. ráðh. gat um. Hins vegar fagna ég því, að það kom fram sem stefnuyfirlýsing af hálfu Vegagerðarinnar í þessu svari hæstv. ráðh. að hún hefði áhuga á að auka útboð á sínu sviði.

Sannleikurinn er sá, að þótt um smáverk sé að ræða, eins og vafalaust er oft hjá Vegagerðinni, og þó að áhugi

sé að að heimamenn sitji fyrir verkum, sem ég skil, er þar með ekki sagt að útboðsleiðin sé útilokuð. Ég vil í þessu sambandi aðeins geta mjög nýlegs dæmis um tilboð, sem barst í vegagerð, en þar var um að ræða að Landsvirkjun bauð út stuttan vegarkafla að Sultartanga, sem er lagður í tengslum við fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir þar og stíflugerð. Áætlun sérfræðinga við þessa vegagerð hljóðaði upp á 555 þús. kr., en lægst tilboð, sem barst, var upp á 380 500 kr. eða um 70% af kostnaðaráætlun við þetta verk. Þetta er ekki stórt verk, en það kom í ljós, þegar í það bárust allnokkur tilboð, að heimamenn stóðu þar best að vígi og komu með lægsta tilboðið. Hæsta tilboðið var hins vegar upp á 777 500 kr. Með því að bjóða út þetta litla verk sparaði Landsvirkjun sér allverulegt fé, eins og sjá má af þessum tölum. Þetta er dæmi um framkvæmdir eins og Vegagerð ríkisins framkvæmir úti um allt land á ári hverju og á að vera mjög auðvelt að bjóða út ef áhugi er fyrir hendi. Ég skil mætavel, að til þess verður Vegagerðin með nokkrum fyrirvara að vita í hvaða verk hún hefur fjármagn til framkvæmda. En það vill brenna við að þær ákvarðanir séu teknar mjög seint, og enginn vafi er á að mikið fjármagn fer forgörðum þegar þannig er að verki staðið.

Hjá Vita- og hafnamálaskrifstofunni virðast vera tiltölulega litlar útboðsframkvæmdir miðað við heildarframkvæmdir, og sama er reyndar að segja um Póst og síma, þó að þar sé greinilega vaxandi tilhneiging til útboðs í ákveðnum verkþáttum, eins og t. d. í sambandi við húsbyggingar.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég minni í þessu sambandi á að ég og hv. 10 þm. Reykjv. höfum flutt frv. sem á að gera það ótvíræðara en áður að útboðsleiðina skuli fara. Enginn vafi er á að ríkisstofnanir hafa tilhneigingu til að skjóta sér bak við óljós ákvæði í núgildandi lögum og hafa þess vegna ekki farið útboðsleiðina í eins ríkum mæli og æskilegt væri. Við viljum taka af öll tvímæli um það þótt að sjálfsögðu hljóti að verða undantekningar frá því, en undantekningarnar eiga ekki að verða aðalreglan eins og oft hefur viljað brenna við.

Sameinað þing, 29. fundur.

Mánudaginn 30. nóv., að loknum 28. fundi.

Starfslaun íþróttamanna, þáltill. (þskj. 123). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stóriðnaður á Norðurlandi, þáltill. (þskj. 11). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kornrækt, þáltill. (þskj. 74). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 32 shlj. atkv.

Sjónvarp á vegum einkaaðila, þáltill. (þskj. 106). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 21). — Ein umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt þessa þáltill. ásamt þm. Agli Jónssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Pétri Sigurðssyni, Steinþóri Gestssyni, Eggert Haukdal, Jósef H. Þorgeirssyni, Vigfúsi Jónssyni og Matthíasi Á. Mathiesen. Hér er lagt til að Alþingi feli ríkisstj. að beita sér fyrir tilteknum ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er.

Ég ætla ekki hér að fara að tíunda kosti votheysverkunar. Það er gert ítarlega í grg. með þáltill. þessari. Ég geri ráð fyrir að þm. þekki almennt kosti votheysverkunar. Með votheysverkun fá bændur öryggi svo sem frekast er unnt gegn duttlungum tíðarfarsins. Votheysverkun tryggir fóðuröflun í þurrkatíð. Votheysverkun firrir bændur áföllum og fjárhagstjóni, sem þeir verða fyrir á óþurrkasumrum sem ekki hagnýta þessa aðferð. En votheysverkun er ekkert neyðarúrræði til að mæta óþurrkum, þvert á móti. Auk öryggisins, sem þessi heyverkun veitir um fóðuröflunina, fylgja aðrir hinir mikilhæfustu kostir.

Votheysverkun tryggir fóðurgildi heyfengsins hvað sem líður tíðarfarinu. Þá krefst votheysverkun miklu minni vélakosts en þurrheysverkunin. Þurrheysverkun fylgir miklu meiri umferð um túnin auk þess sem galtar sitja tímunum saman á túnunum og valda skemmdum. Votheysverkun krefst minni vinnu en þurrheysverkun. Votheysverkun tryggir ekki einungis búpeningi hollt fóður, heldur eru og þeir menn, sem vinna við fóðrunina, firrtir óhollustu þeirri sem fylgir þurrheysfóðrun.

Með tilliti til þessa er það ámælisvert, hversu treglega hefur gengið að útbreiða votheysverkunina í landinu. Ekki eiga þó allir bændur landsins sammerkt í þessu efni. Um langt árabil hafa sumir bændur verið svo óháðir veðurfari um heyfeng sem verða má. Öll eða nær öll heyverkun þeirra hefur verið í vothey. Þess eru dæmi, að allir bændur í heilum byggðarlögum verki hey sín í vothey, svo sem í Strandasýslu og á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, en árið 1980 verkuðu Strandamenn 77.7% af heyfeng sínum í vothey. Samt sem áður er ástand þessara mála með öllu óviðunandi þegar litið er á landið í heild. En votheysverkun er ekki skilyrðislaust öruggasta og ódýrasta og fyrirhafnarminnsta heyverkunaraðferðin. Til þess að svo megi verða þurfa bændur að sérhæfa sig og aðstöðu sína í vélakosti og byggingum til votheysverkunar. Það þarf nægar haganlegar votheysgeymslur, réttan tækjabúnað og rétta meðhöndlun. Til þess að stuðla að þessu bar ég fram þáltill. árið 1976 svipaðs eðlis og þessi er. Þessari till. var þá vel tekið og samþykkt sem ályktun Alþingis. Stéttarsamband bænda lýsti þá yfir ákveðnum stuðningi við ályktun þessa og það

kom fram jákvæð afstaða frá Búnaðarfélagi Íslands. Ég gerði mér vonir um að þegar svo væri í pottinn búið mundi verða áþreifanlegur árangur af þessari ályktun Alþingis. En ég verð að segja, að ég hef orðið fyrir miklum vonbrigðum í þeim efnum.

Þrátt fyrir þessa samþykkt Alþingis hefur lítið sem ekkert, alls ekkert, áunnist. Árið 1975 var vothey 8.4% af heildarheyfeng landsmanna, en árið 1980 8.6%: 8.4% 1975 og 8.6% 1980. Tregðulögmálið um að taka upp bætta búskaparhætti hefur hér reynst sterkt. Það er fróðlegt að athuga nokkru nánar stöðu þessara mála á tímabilinu 1975—1980. Er þá rétt að líta á hina einstöku landshluta.

Á Reykjanessvæðinu var hlutur votheys 6.6% árið 1975, en er kominn niður í 5.4% árið 1980. Á Vesturlandi var hlutur votheys 1975 11.4% en 11.9% árið 1980. Vestfirðir voru 1975 með 33% í vothey, en höfðu náð árið 1980 42.2%. Norðurland vestra var 1975 með 72%, en 1980 með 7.5% í vothey. Norðurland eystra var 1975 með 3.7%, en 1980 4.4% í vothey. Austurland var 1975 með 4.2%, en 1980 með 5.2% í vothey. Suðurland var 1975 með 8.2% í vothey, en er með aðeins 6.3% árið 1980.

Þetta er ömurleg upptalning. Það er naumast ljós glæta í þessum efnum nema auðvitað á Vestfjörðum. Vestfirðingar bera af í þessum efnum eins og í mörgum öðrum. Þó eiga ekki allir Vestfirðingar sammerkt í þessu máli. Í raun og veru er það svo, að það er Strandasýsla fyrst og fremst sem gerir hlut þeirra betri en annarra landsmanna. Strandamenn höfðu sótt langt fram í þessu efni þegar árið 1975 og verkuðu þá 54.6% af heyfeng sínum í vothey. En síðan hafa Strandamenn enn sótt fram svo mjög að árið 1980 var vothey þeirra 77.3% af heildarheyfengnum. Ég skýt því hér inn, að það er álíka hlutfall og er í nágrannalöndum okkar Noregi og Svíþjóð.

Með hliðsjón af þeim staðreyndum, sem ég hef hér vikið að, þótti okkur flm. þessarar till. til þál., sem við nú ræðum, einsætt að flytja þyrfti á ný till. á Alþingi um ráðstafanir til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Þessi till. til þál., sem við nú ræðum, kveður ekki á um nefndarskipun til þess að athuga málið. Nei, alls ekki. Tillagan byggir á þeirri forsendu, að málið liggi nógu ljóst fyrir til stefnumörkunar á þann veg sem lagt er til. Með þessu er ekki verið að gera lítið úr rannsóknum. Almennar rannsóknir á heyverkunaraðferðum eru sjálfsagðar og raunar stöðugt verkefni Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. En slík starfsemi má ekki koma í veg fyrir eða tefja eðlileg viðbrögð við reynslu sem þegar liggur fyrir. Flm. vilja aðgerðir eða framkvæmdir til að efla votheysverkun og benda á leiðir til þess.

Í fyrsta lagi er lagt til að bændum verði kynnt reynsla þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða að mestu leyti á votheysverkun. Hér kemur bæði til reynsla, sem fengist hefur hér á landi, og reynsla, sem er að fá erlendis frá. Aðferðir til kynningar á þessari reynslu geta að sjálfsögðu verið með margs konar hætti. Má þar nefna útgáfu upplýsingarita eða bæklinga og kynnisferðir bænda. En að sjálfsögðu er mikilvægast aðstoð og ráðgjöf sérfræðinga og ráðunauta bændasamtakanna. Bændur, sem ekki hafa horfið að votheysverkun, þurfa ekki að þreifa sig áfram eða renna blint í sjóinn. Þeir geta fræðst um þessi efni hjá þeim bændum sem hafa kunnáttu og reynslu.

Í öðru lagi er lagt til að bændum séu kynntar nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun. Í þessum efnum sem öðrum hljóta alltaf að koma fram nýjungar og tæknilegar framfarir sem hagnýta verður. Dæmi eru til um þetta bæði hér heima og erlendis. Hér á landi hafa bændur á síðari árum tileinkað sér nýjungar og tækniframfarir við sjálfan heysláttinn og fóðurgjöf svo og gerð votheyshlaðnanna, sbr. flatgryfjurnar.

Athyglisverðar eru tilraunir þær sem Einar Guðjónsson í Bjargi hefur gert með votheysverkun. Frá árinu 1968 hefur hann unnið að tilraunum til að gera gras geymsluhæft í lofttæmdum grasgeymslum. Þessi grasverkunaraðferð er ekki ný. Hún hefur verið framkvæmd bæði í Nýja-Sjálandi og á Englandi og raunar víðar. Verkunaraðferð þessi er því viðurkennd og hefur gefist mjög vel þar sem heppilegri tækni hefur verið komið við um heygeymslur og aðferðir við lofttæmingu. Einar hefur unnið að því að samlaga þessa aðferð íslenskum aðstæðum. Nú hefur landbrn. viðurkennt þetta verk með því að veita Einari nokkurn styrk til tilraunar hans.

Í þriðja lagi gerir þáltill. þessi ráð fyrir að hærri stofnlán og framlög verði veitt til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna. Ég sagði áðan að lítill árangur hefði orðið af samþykkt þáltill. þeirrar sem ég bar fram um votheysverkun árið 1976. Frá árinu 1976 hafa lánveitingar úr Stofnlánadeild landbúnaðarins numið 55% af kostnaðarverði þurrheyshlaðna, en 40% af kostnaðarverði votheyshlaðna. Áður var lánshlutfallið 55% út á þurrheyshlöður, en 50% út á votheyshlöður, en styrkir hækkuðu verulega út á votheyshlöður á þessum árum.

Það er mjög fróðlegt að líta á lánveitingar út Stofnlánadeild landbúnaðarins út á heyhlöður, annars vegar votheyshlöður og hins vegar þurrheyshlöður, hvað lánað hefur verið út á margar hlöður af hvorri tegund um sig, hvað lánveitingar hafa numið hárri upphæð og hvaða hlutfall hvor tegundin um sig hefur haft af heildarlánveitingum til heyhlaðna. Þegar þetta er athugað kemur í ljós að árið 1975 var lánað út á 33 votheyshlöður, samtals 33 millj. 196 þús. kr. eða 20.8% af heildarlánveitingum til heyhlaðna. Lánað var út á 126 þurrheyshlöður samtals 149 millj. 7 þús. kr., sem nam 79.2% af heildarútlánum. Árið 1976 voru samsvarandi tölur: 27 votheyshlöður, 40 millj. 866 þús. kr. eða 25.2% til votheyshlaðna, en 80 þurrheyshlöður 154 millj. 441 þús. kr. og hlutfallið 74.8%. Árið 1977 er um að ræða 58 votheyshlöður samtals 135 millj. 290 þús. kr. að hlutfalli 33.7% til votheyshlaðna, en 114 þurrheyshlöður samtals 261 millj. 980 þús. kr. að hlutfalli 66.3%. Árið 1978 er um að ræða 56 votheyshlöður með samtals 123 millj. 907 þús. kr., er nemur 39.4% til votheyshlaðna, en 86 þurrheyshlöður með samtals 263 millj. og 17 þús. kr., er nam 60.6% af heildarlánveitingum. Fyrir árið 1979 eru samsvarandi tölur 24 votheyshlöður samtals 88 millj. 872 þús. eða til votheyshlaðna 29.6% af heildarlánveitingum, en 57 þurrheyshlöður og 238 millj. 938 þús. kr. eða 70.4% af heildarlánveitingum. Loks er á árinu 1980 um að ræða 18 votheyshlöður með samtals 88 millj. 270 þús. kr. lánum, sem nemur 34.6% til votheyshlaðna, en 34 þurrheyshlöður með samtals 217 millj. 692 þús. kr., eða sem svarar 65.4% af heildarlánveitingunni.

Af þessu má draga þá ályktun, að þróunin hafi verið hagstæð fyrir votheyshlöður á þessu umrædda tímabili að því er varðar sjálfar lánveitingar Stofnlánadeildarinnar. Þar hefur heldur miðað í rétta átt. Þó er þess að geta, að

hlutur votheyshlaðna kom best út árið 1978, en hefur síðan hrakað borið saman við þurrheyshlöður.

Auk lána Stofnlánadeildarinnar koma til ríkisframlög til heyhlaðna. A. m. k. síðan 1969 hafa ríkisframlögin til votheyshlaðna verið hærri en til þurrheyshlaðnanna. Styrkir til þurrheyshlaðna námu árið 1980 12.31 nýkr., en til votheyshlaðna 41.04 nýkr. á hvern rúmmetra. Samtals námu framlög til þurrheyshlaðna árið 1979 626 þús. 134 nýkr., en til votheyshlaðna 836 826 nýkr. Samsvarandi tölur fyrir árið 1980 voru 898 765 nýkr. til þurrheyshlaðna, en 1 083 990 nýkr. til votheyshlaðna. Árið 1980 námu þessir styrkir að því er varðar þurrheyshlöður 3.8% af heildarstyrk samkv. jarðræktarlögum, en að því er varðar votheyshlöður 4.6%.

Ég hef hér gert nokkurn samanburð á lánveitingum og styrkveitingum til bygginga á þurrheyshlöðum og votheyshlöðum. En sá samanburður segir ekki söguna alla, og bið ég nú hv. þm. að taka vel eftir. Hér þarf að taka með í reikninginn súgþurrkun og aðstoð við bændur til að koma upp súgþurrkunarkerfi. Ríkisframlag til súgþurrkunarkerfis nam árið 1980 112.86 nýkr. á hvern fermetra hlöðu. Styrkir geta verið veittir í þrennu lagi: á súgþurrkunarkerfi, á blásara og á aflvél, þ. e. þegar viðkomandi eining er sett upp. Opinberar aðgerðir hafa síðustu árin beinst mest að þeim þætti að koma upp súgþurrkun með föstum blásara. Fé, sem sparast hefur vegna samdráttar í jarðræktarframkvæmdum, hefur m. a. verið notað til aukaframlags út á súgþurrkunina sem nemur 20% og 65% af kostnaði við jarðstreng. Heildarframlög til súgþurrkunarkerfis námu á árinu 1979 1 683 867 nýkr. og árið 1980 1 454 938 nýkr. eða sem svarar 6.1% af heildarstyrk samkv. jarðræktarlögum.

Af því, sem ég hef nú sagt, er ljóst að hafa verður súgþurrkun í huga þegar metið er hvort af opinberri hálfur hefur verið stuðlað að aukinni votheysverkun í landinu. Ég hef fengið samanburð frá Búnaðarfélagi Íslands á kostnaði og fjármögnun annars vegar á þurrheyshlöðum og hins vegar á votheyshlöðum eins og málin standa nú. Þar er um að ræða þurrheyshlöðu annars vegar 1000 rúmmetra að stærð, 170 fermetra að flatarmáli með 800 rúmmetra stabba. Þar er gert ráð fyrir súgþurrkunarkerfi með vélum. Hins vegar er votheyshlaða sem er líka 1000 m^3 að stærð. Þar er gert ráð fyrir 400 m^3 stabba af votheyi. Hér er um sambærilegar stærðir að ræða. Tilgreindur er í þessum samanburði byggingarkostnaður í báðum tilfellum og fjármögnun, bæði lán og framlag svo og eigið fjármagn. Ég ætla ekki að fara að lesa upp þessar tölur, en læt mér nægja að skýra frá niðurstöðum þessa samanburðar Búnaðarfélagsins, en hann er jafnframt aðalatriði varðandi það sem ég hef hér verið að ræða um.

Samkv. þessum samanburði nema lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkisframlög samtals 66.7% af kostnaði þurrheyshlaðna, en einungis 54% af votheyshlöðum. Hér er reiknað með flatgryfju. Turnar munu koma eitthvað betur út fjárhagslega en flatgryfjur. En það eru flatgryfjurnar sem máli skipta eins og mönnum mun vera kunnugt. Þetta kemur í ljós þegar málin eru athuguð niður í kjölinn. Bæði ég og ýmsir aðrir, sem ég veit um, hafa haldið að af opinberri hálfu væri gert eitthvað raunhæft til að auka votheysverkunina. Þegar öll kurl koma til grafar kemur í ljós að það er þveröfugt. Það verður ekki um það deilt, að opinberar ráðstafanir hafa ekki stuðlað að því að hvetja bændur til votheysverkunar, nema síður sé. Það er því ekki að ófyrirsynju að þáltill. þessi, sem hér er lögð fram, leggi til opinberar aðgerðir til að gera bændum hægara um vik að byggja votheyshlöður en þurrheyshlöður.

Að lokum og í fjórða lagi gerir till. þessi til þál. ráð fyrir að veitt verði sérstök stofnlán og framlög til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Slíkt hefur mikla þýðingu. Í mörgum tilfellum er hægt að breyta hlöðum, sem upphaflega voru gerðar fyrir þurrheysverkun, svo að í þeim megi verka vothey. En slíkar breytingar kosta fjármagn og því er gert ráð fyrir sérstökum stofnlánum og framlögum til að gera bændum slíkar breytingar auðveldari.

Herra forseti. Þátill. þessi, sem við nú ræðum, fjallar um mál sem er aðkallandi og þolir ekki bið. Hér er of mikið í húfi til þess að aðgerðaleysi og tómlæti megi ríkja. Hér eiga ekki hlut að máli bændur einir, heldur og neytendur almennt. Hagkvæm fóðuröflun er ekki einungis höfuðmál landbúnaðrins, heldur kemur minni framleiðslukostnaður neytendum í hag í lægra verði landbúnaðarafurða. Þjóðarbúið hefur ekki efni á öðru en tekið sé til hendi í því máli sem till. þessi til þál. fjallar um.

Herra forseti. Ég legg til að að loknum þessum fyrri hluta umr. verði till. þessari vísað til hv. atvmn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Með till. þeirri, sem hér er á dagskrá, er hreyft mikilvægu máli. Á sama hátt og ræktun er undirstaða nútíma landbúnaðar hér á landi er fóðuröflun og fóðurverkun það sem hefur mikla þýðingu fyrir afkomu landbúnaðarins og hvers einasta bónda í landinu.

Það er ekkert vafamál, eins og fram hefur komið í framsögu 1. flm. till., að votheysverkun er öruggasta leiðin til að tryggja góða fóðurverkun. Sú staðreynd blasir hins vegar við, að votheysverkun er miklu minni hér á landi en ætla mætti, miðað við misjafnt tíðarfar og misjöfn skilyrði til þurrheysverkunar. Hvað hér veldur skal ég ekki fullyrða, og þrátt fyrir þessa staðreynd er engin ástæða til annars en að reyna að ýta undir að votheysverkun verði meira ráðandi í heyverkun og heyöflun landsmanna en raun ber vitni.

Í þessari till. er gert ráð fyrir að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfun til að stuðla að almennari votheysverkun en nú er. Þetta á að gera með tilteknum ráðum sem till. greinir. Það á í fyrsta lagi að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkun.

Stofnanir landbúnaðarins hafa með höndum hvort tveggja í senn: rannsóknarstarfsemi og leiðbeiningarstarfsemi. Þær afla nýrrar þekkingar og staðreyna vísindi, sem kunna að vera þekkt erlendis, við hérlendar aðstæður. Þessi starfsemi lýtur yfirstjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Rannsóknastofnun landbúnaðarins fékk það verkefni fyrir fáum árum að gera sérstakt átak til að rannsaka heyverkunaraðferðir. Búnaðarfélag Íslands hefur aftur á móti yfirumsjón þeirra þátta í landbúnaðarmálum sem lúta að því að miðla þeirri þekkingu sem til staðar er og aflað hefur verið með tilraunum, með vísindastarfsemi eða á annan hátt. Ég tel að þessar stofnanir hafi ýmislegt unnið að því að kynna bændum kosti votheysverkunar, en ég get tekið undir það með frsm. og 1. flm. till., að að þessu má vinna meira

en gert hefur verið. Ég get gjarnan sagt það hér, að ég tel eðlilegt að reynt sé að hafa áhrif á að þessi þekking, sem til er varðandi votheysverkun, verði kynnt bændum betur en gert hefur verið, enda þótt ég sé ekki að kasta rýrð á það starf sem hér hefur verið unnið.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því samkv. tillgr. að kynna bændum nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun. Það er ljóst að það hafa orðið nokkrar breytingar varðandi verkkunnáttu og aðferðir við votheysverkun á síðustu árum og áratugum, svo sem í öðrum framleiðslugreinum landbúnaðarins. Ég tel ekki ástæðu til að rekja þær breytingar hér. Það var sumpart gert í máli frsm. till., en það blasir við að þau mannvirki, sem nú eru víðast notuð fyrir votheysverkun, eru sum hver ákaflega dýr. Það hafa verið settar mjög harðar kröfur um öryggi þeirra bygginga sem notaðar eru til votheysverkunar. Ef til vill á þetta einhvern þátt í að halda aftur af bændum að nota þessa aðferð við heyverkun, þó um það verði ekki fullyrt. Ég vil taka undir það sem hér kom fram, að þær tilraunir, sem hafa verið í gangi á vegum einstaklings sem hér var nefndur, hafa án efa það í för með sér, að mannvirki þyrftu ekki að vera eins kostnaðarsöm og t. a. m. við venjulegar flatgryfjur. Þessa tæknilegu hlið málsins þarf einnig, eins og hér hefur verið sagt, að kynna ítarlega. Ástæða er til að stuðla að því að svo verði.

Í þriðja lagi er talað um að veita hærri stofnlán og framlög til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og í fjórða lagi að veita sérstök stofnlán til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður.

Nú er það svo, að samkvæmt jarðræktarlögum eru veitt hærri framlög til votheyshlaðna en til þurrheyshlaðna og munar þar verulega. Stofnlán eru á hinn bóginn ívið lægri til votheysgeymslna en þurrheyshlaðna, enda þótt mér hafi komið nokkuð á óvart þær tölur sem hv. flm. till. greindi frá áðan, að stofnlán og styrkir vegna þurrheyshlaðna gætu farið upp í 66.6% af byggingarkostnaði meðan sambærileg fjármagnsaðstoð gæti farið upp í 54% vegna votheyshlaðna. Samkvæmt gildandi lánareglum Stofnlánadeildar landbúnaðarins er lánað við byggingu þurrheyshlaðna allt að 55% af matsverði. Lán vegna kaupa á blásara er allt að 30% kostnaðar. Til viðbótar við þetta hafa verið veitt sérstök framlög af afgangsfé jarðræktarlaga nú í 2 ár vegna súgþurrkunar þar sem sérstaklega stendur á, þar sem verður um mjög mikinn kostnað að ræða við rafstreng vegna fjarlægðar frá spennistöð. Enn fremur er samkv. jarðræktarlögum nokkur styrkur á þurrheyshlöður. Lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins fela yfirleitt það í sér, að lán verða eigi hærri en 60% af byggingarkostnaði eða matsverði á útihúsum til sveita. Að reglurnar greina 55% af matsverði þurrheyshlöðu stafar af því, að þá er metið að framlagið samkv. jarðræktarlögum sé um 5%. Við votheyshlöður er lánað allt að um 40% af matsverði. Það stafar af því, að styrkurinn er talinn þeim mun hærri að styrkur og lán verði samtals allt að 60%. Með tilliti til þessara grundvallarforsendna sem eru ráðandi varðandi lánareglur Stofnlánadeildar landbúnaðarins, koma mér þær upplýsingar frsm. á óvart sem gáfu annað til kynna. Það er þó rétt, að í lánareglum varðandi votheyshlöður er sleginn sá varnagli, að lán verði þó aldrei hærri en sem nemi 30% umfram hámark samsvarandi þurrheyshlöðu, og gæti það í einstökum tilvikum aðeins takmarkað lánsupphæð. Lánstími er sá sami við framkvæmdirnar eða allt að 20 ár.

Ég tel að það þurfi að athuga gaumgæfilega hvort nauðsynlegt sé að haga lánareglum og framlögum þannig að þær verði samanlagt ívið hærri til votheysgeymslna en til þurrheyshlaðna. Til þess að það verði gert þarf annað tveggja til að koma: að breyta jarðræktarlögum eða breyta lánareglum Stofnlánadeildarinnar, og er eðlilegra að líta fyrst á þann þátt málsins. Ég tel að það hafi a. m. k. ekki verið ætlun ríkisvaldsins, þó að ég hafi í stuttan tíma verið í forsvari fyrir landbrn., né stofnana landbúnaðarins, að opinber aðstoð stuðlaði fremur að þurrheysverkun en votheysverkun. Þetta hef ég hvergi orðið var við og ég dreg í efa að sú sé niðurstaðan.

Hins vegar er greinilegt að það er meiri tregða hjá hinum almenna bónda að hverfa að votheysverkun en æskilegt væri og í rauninni hyggilegt væri í mörgum tilvikum. Það kann að vera að aukinn áróður gæti haft þarna nokkra þýðingu. Skal ekki slegið neinu föstu um að svo megi ekki til takast, við skulum segja í framhaldi af samþykkt till. af þessari gerð. Hvað sem því líður er að minni hyggju rétt að votheysverkun sitji a. m. k. við sama borð hvað fyrirgreiðslu snertir og þurrheysverkun og að unnið sé að því að kynna fyrir bændum ítrekað þá kosti sem votheysverkun fylgir. En að þessu slepptu verður bændum að sjálfsögðu aldrei fyrirskipað að þeir skuli taka upp votheysverkun umfram það sem þeir sjálfir kjósa.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta efni miklu frekar. Ég vil aðeins ítreka það, að fóðuröflun og fóðurverkun er það sem ræður framar öllu öðru afkomu hvers einasta bónda í landinu og þar með landbúnaðarins. Þess vegna er góðra gjalda vert og í raun þakkarvert að finna áhuga þeirra hv. alþm. sem vilja stuðla að því að efla þá grein fóðurverkunar sem telja má að öruggust sé á landi hér.

Það má aðeins bæta við, að þrátt fyrir að þetta liggi fyrir er í mörgum tilvikum svo að það kostar mikið fé að breyta mannvirkjum, sem fyrir eru, þannig að horfið verði frá þurrheysverkun til votheysverkunar. Gömlum byggingum er oft óhentugt að breyta í þessa átt. Fjárfestingarkostnaður landbúnaðarins er mikill og þess vegna ráðast bændur kannske ekki eins ört í framkvæmdir og vera þyrfti til að fullnægja þessu markmiði. Í mörgum tilvikum er auðvitað hyggilegt að nota þau mannvirki, sem fyrir eru, meðan þau þjóna sínu hlutverki. En það er sannarlega athugandi að taka upp lánveitingar í þessu skyni til að greiða fyrir því, að þetta geti verið fært.

Með þessum orðum tel ég mig hafa lýst því, að sú till., sem hér er á ferðinni fjalli um þýðingarmikið mál og sé allrar athygli verð.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur mælt hér fyrir þáltill. um votheysverkun. Í upphafi tillgr. segir svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfunum til að stuðla að almennari votheysverkum en nú er.“ Þar sem hér er um þýðingarmikið mál að ræða fyrir íslenskan landbúnað og um leið alla íslensku þjóðina vil ég fara nokkrum orðum um þessa þáltill.

Allar tillögur, sem ganga í þá átt að gera heyöflun og heyverkun betri og öruggari, tel ég að styðja beri svo sem framast er unnt. Það kemur bæði framleiðendum og neytendum til góða, ef rétt er að unnið, og þá er vel farið.

Till. gerir ráð fyrir að kynna bændum reynslu þeirra sem um árabil hafa byggt heyöflun sína að öllu eða mestu leyti á votheysverkuninni.

Votheysverkun hefur verið notuð hér á landi um margra ára skeið. Flestir eða allir bændur þekkja þessa heyverkun og hafa notað hana meira og minna á búum sínum, þ. á m. ég sem þekki þessa heyverkun vel. Ég notaði þessa heyverkun í nær 30 ár og tel mig því hafa nokkra reynslu þar sem ég verkaði tæplega helming heysins í vothey öll þessi ár til fóðurs handa á annað hundrað nautgripum. Reynsla mín hefur verið sú, að oftast tókst að verka vothey sem reyndist gott fóður til fóðrunar á nautgripum, en það kom greinilega í ljós að tíðarfar og grastegundir höfðu hér mikil áhrif á og hygg ég að flestir, sem verkað hafa vothey, geti staðfest það.

Mikil úrkoma gerir votheysverkun erfiðari og mun óvissari að því leyti að góð verkun fáist. Á Suðurlandi mælist úrkoma yfirleitt helmingi meiri en um norðanvert landið og mun það valda nokkrum erfiðleikum á verkun góðs fóðurs, jafnvel þó að íblöndunarefni séu notuð til að bæta heyverkunina. Mín skoðun er því sú, að misjöfn verkun hafi valdið mestu um að bændur nota ekki meira votheysgerð en nú er og að aukning hefur ekki orðið á þessari heyverkunaraðferð víðast hvar um landið. Einnig má benda á það, að ef verkun votheys misheppnast fylgir votheyi óþægileg og sterk lykt sem allflestir eða allir, sem umgangast fóðrun með votheyi, kunna illa og eiga erfitt með að losa sig við og eru því á móti notkun þess. Mun það hafa valdið miklu um að ekki hefur orðið meiri aukning á verkun votheys, að mínum dómi.

2. liður till. gerir ráð fyrir að kynna bændum nýjungar og tækniframfarir í votheysverkun og votheysfóðrun. Þetta atriði, að kynna bændum nýjungar og tækniframfarir, er mjög miklisverður þáttur, því öll vinna og þá sérstaklega fóðrun er þyngri og erfiðari ef verkað er vothey, nema tækni verði stóraukin frá því sem nú er víðast hvar á landinu.

3. og 4. liður till. gera ráð fyrir að veita hærri stofnlán og framlög til byggingar votheyshlaðna en þyrrheyshlaðna og veita sérstök stofnlán og framlög til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Tel ég þennan lið till. nauðsynlegan ef hann gæti orðið hvatning til betri heyverkunar og um leið til meira öryggis og nýtingar verðmæta sem búið er að kosta til stórkostlegum fjármunum með kaupum á tilbúnum áburði og fleira.

Þessi þáltill. er áminning um þann vanda sem við eigum við að búa hvað heyöflun varðar. Þar sem tíðarfar er mjög breytilegt og óstöðugt í okkar landi gerir það íslenskum landbúnaði oft mjög erfitt um vik, þó að tæki og vélar hafi stuðlað að meiri öryggi í heyöflun á undanförnum árum. Er því þörf á hvatningu og að leitað sé að nýjum og öruggari leiðum ásamt því að fullkoma þær heyverkunaraðferðir sem fyrir eru í landinu.

Helgi Seljan: Herra forseti. Það eru örstuttar hugleiðingar og um leið vissar upplýsingar sem ég vildi að fram kæmu hér varðandi þessa tillögu.

Heyöflun og heygæði eru vissulega einhver mikilvægustu atriðin í okkar landbúnaði og þar með afkomu bændastéttarinnar og því fyllsta ástæða til að gefa þeim málum sem allra bestan gaum.

Hv. frsm. og 1. flm. hefur gert glögga grein fyrir þessu máli eins og hans var von og vísa. Málið er hið merkasta og ætti miðað við staðreyndir, sem áður voru reifaðar og ræddar af frsm., alveg sérstaklega að hljóta gaumgæfilega athugun þeirra sem þarna eiga hagsmuna að gæta, þ. e. bænda sjálfra, því að þeim snýr málið og brennur heitast á þeim.

Á ferð í Strandasýslu í sumar kom mér á óvart hve bændur þar virtust rólegir þó þurrkatíð væri slök og spretta síðbúin, — óvænt þó ekki, því ég vissi um heyverkun þeirra, en ólíkt var þetta þó því sem ég átti að venjast. Einmitt þá spurði ég sjálfan mig enn einu sinni hvers vegna ekki væri meiri votheysverkun yfirleitt en raun ber vitni.

Við erum að spyrja um það enn í þessum umr. og hljótum að gera í sambandi við margvíslegar upplýsingar, sem hv. frsm. tilreiddi hér áðan, m. a.: Hvað veldur hjá bændum að votheysverkun er svo aftarlega svo víða? Það er viss tregða án efa. Leiðbeiningaþjónustan er eflaust ónóg að hluta. Gömul reynsla frá þeim tíma þegar votheysverkun fylgdu hvimleiðir annmarkar, svo sem sú ljúfa angan sem ég man glöggt frá æskudögum — eða jafnvel búfjárdauði, sem ég vissi til að um tíma olli því t. d. í mínu nágrenni að menn héldu að sér höndum og hættu jafnvel að verka í vothey. Stórstígar framfarir í gerð heyvinnslutækja, sem flýta mjög þurrkun heys, og almenn súgþurrkun og öruggari eiga líka sinn ríka þátt. Uppbygging á heygeymslum okkar hefur verið mjög mikil á s. l. áratug og þeim, sem hafa reist þurrheyshlöður fyrir allan heyfeng og vel það, þykir eflaust sem skuldabagginn sé nægur þó slæmt árferði sanni þeim að öll góðu heyvinnslutækin og súgþurrkunin og hlöðurnar stóru dugi skammt þegar verst lætur.

Til þess að koma fram markmiðum þessarar till. verður frumkvæðið að koma frá bændunum sjálfum og örvunin og leiðbeiningarnar frá samtökum þeirra, en aðstoðin frá lánasjóðum og með styrkjum af opinberu fé, eins og hér er minnst á.

Leiðbeiningarþjónusta landbúnaðarins er að vísu býsna virk og öflug og henni þarf markvisst að beita ef hér á að verða veruleg breyting á. Bitur reynsla af stóráföllum á ekki ein að vera hvetjandi fyrir bændur að verka í vothey. Það eiga skynsamlegar leiðbeinandi aðgerðir til að koma. Það, sem segir í fyrri liðum þessarar till. um stóraukna kynningu þessara mála meðal bænda, snýr fyrst og fremst að samtökum þeirra, ráðuneyti, búnaðarsamböndum, leiðbeiningarþjónustunni, og áhersla á þau atriði í formi samþykktar á Alþingi hlýtur að vekja athygli og vera af hinu góða.

Og þá er að hinum síðari liðum komið. Af því að ég á sæti í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins fór ég að kanna hvort við höfum e. t. v. ekki staðið okkur sem skyldi, t. d. á liðnum árum, þegar neita þurfti allverulegum hluta umsókna, — það gildir ekki um síðustu tvö ár að vísu, — hvort við hefðum þá um of haldið aftur af bændum hvað þetta varðar, hvort við hefðum t. d. látið þurrheyshlöður í einhverju ganga fyrir votheyshlöðum. Það var síður en svo. Á þeim árum þegar við vikum til hliðar nokkrum umsóknum var hlutfall þeirra, sem fengu jákvætt svar og voru með votheyshlöður, tiltölulega hærra en þeirra sem voru að sækja um styrk út á þurrheyshlöður.

Um allt þetta eru glöggar upplýsingar hjá Stofnlánadeildinni. Þær komu að miklu leyti fram í máli hv. frsm. Ég tók einmitt eftir því, að lægsta hlutfallið, sem var nefnt hér í sambandi við lánveitingar Stofnlánadeildar út á votheyshlöður, var hlutfallið 1975. Þá er það aðeins

rúm 20% af heildarmagninu. Það er sem sagt árið áður en við gerum lánabreytinguna hjá Stofnlánadeildinni og minnkum lánahlutfallið úr 50 í 40, en um leið gerist það, sem hv. 1. flm. kom inn á, að varð stórbreyting á styrkjum, nánar tiltekið á árinu 1976. Þegar við tókum þetta mál fyrir í Stofnlánadeild þá misminnir mig það held ég ekki og ég veit að formaður stjórnar Stofnlánadeildar leiðréttir mig á eftir ef ég fer ranglega með — þá minnir mig við fá um það upplýsingar frá þar til hæfum aðilum, og á þeim fundi voru bæði formaður Búnaðarfélagsins og formaður Stéttarsambands bænda, að þó að við lækkuðum þetta lánshlutfall væri engu að síður um mun hagstæðara hlutfall að ræða varðandi sameiginleg lán og styrki í votheyshlöðurnar en þurrheyshlöðurnar. Við fengum þetta útreiknað þá með skýrum dæmum — dæmum sem við trúðum og dæmum sem forustumenn bændasamtakanna í þessum tilfellum gerðu síður en svo athugasemd við og þar sem hlutfall styrkjanna var vitanlega miklu hærra en lánahlutfallið. Enn þá er svo, eins og reyndar kom fram í máli hv. 1. flm., að varðandi styrki á rúmmetra í þurrheyshlöðum og styrki á rúmmetra í votheyshlöðum er auðvitað ólíku saman að jafna. Áið 1980 var styrkur á rúmmetra í þurrheyshlöðum 12.31 kr., en í votheyshlöðum 41.04 kr., þ. e. rúmlega þrisvar sinnum hærri styrkur. Og þegar við erum komnir með fjárfestingarlánasjóð eins og Stofnlánadeildina núna með verðtryggingu og þeim álögum sem því fylgja, þá hljóta styrkirnir reyndar að skipta enn meira máli en jafnvel 1976 þegar við breyttum um.

Hins vegar kom það mjög skýrt fram í máli hv. 1. flm., þegar hann kom með tölur varðandi heildarkostnað og hlutfall í heildarkostnaði, að þurrheyshlöðurnar væru ofan á. Það munaði ekki neinu smáræði því hann talaði um 67% samanlagt magn láns og styrkja varðandi þurrheyshlöður, en 54% varðandi votheyshlöður. Þessar tölur eru, þrátt fyrir að ég hafi reynt að kynna mér þetta, algjör latína fyrir mér, og hefur aldrei verið kynnt af fulltrúum bændasamtakanna í stjórn Stofnlánadeildar að þarna gæti verið um þann mismun að ræða sem kom þarna mjög glöggt fram. Ég held að ég hafi ekki tekið rangt eftir, að miðað við 1000 rúmmetra hlöðu í báðum tilfellum, þ. e. flatgryfju í sambandi við votheyshlöðuna, væru hlutföllin 67% á móti 54. Það þóttu mér ljót hlutföll satt að segja, miðað við þá góðu trú sem ég stóð í varðandi þessi mál. Þarna er einhver skekkja sem ég átta mig engan veginn á í ljósi þeirra upplýsinga sem ég hef hér frá Stofnlánadeild landbúnaðarins, þar sem annars vegar er talað um styrki og hins vegar lán. Þetta liggur að nokkru leyti í súgþurrkuninni sé ég er, en að hlutfallið skekkist svo óskaplega gagnvart súgþurrkuninni, það skil ég ekki. Ég tel hins vegar alveg sjálfsagt í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram komu í máli hv. 1. flm. og eru komnar frá Búnaðarfélagi Íslands og ættu þá náttúrlega að berast til okkar í stjórn Stofnlánadeildarinnar frá forustumönnum Búnaðarfélags Íslands sem þar eiga sæti, ef skekkjan er svona gífurleg og þeir vita af svona gífurlegri skekkju í þessum málum, þá tel ég sjálfsagt að taka þetta mál upp í stjórn Stofnlánadeildarinnar. Ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. e. er mér fyllilega sammála um að vitanlega verðum við að skoða þetta í ljósi talnanna sem voru raktar hér af hv. 1. flm. og komu a. m. k. algjörlega flatt upp á mig varðandi þessi hlutföll. Ég hélt satt að segja að mál stæðu þannig, að með styrkjakerfinu í þessum efnum væri um að ræða fyllilega sambærilega aðstöðu eða betri í þessu efni. Það síðasta, sem ég heyrði um þetta, var að við værum með í heild í kringum 5% betra hlutfall sameiginlega út á þurrheyshlöður en votheyshlöður.

En ég tel sjálfsagt, eftir að hafa fengið eins hrikalegar viðmiðanir og hér hafa komið fram, að við tökum þetta upp og lítum þá til þess, hvort við eigum ekki enn betur að gera og hvort ekki sé nauðsynlegt að hækka á nýjan leik lánshlutfallið úr Stofnlánadeildinni í votheyshlöðurnar. Það er þó ekki þar sem þessi mismunur liggur aðallega. Hann liggur auðvitað aðallega í styrkjakerfinu. Það er greinilegt. Skekkjan hlýtur að koma þar fram að mjög verulegu leyti þegar dæmin hafa snúist svo við að tölurnar eru orðnar 67 á móti 54 þurrheyshlöðunum í vil.

Spurningin er svo aftur um það, hvort við getum gert enn þá betur og hvort að það eigi þá ekki einnig að huga betur að þessum styrkjum. Eftir þessu að dæma gæti það kallað á spurningar um hvort styrkir til súgþurrkunar væru ekki allt of háir miðað við þá styrki sem eru veittir í votheyshlöðurnar.

Ég vil hins vegar benda á það, þó að það sé sjálfsagt að athuga þessi mál í stjórn Stofnlánadeildarinnar, að Stofnlánadeildin fær nú til meðferðar nýja lánaflokka til nýrra búgreina, þó þangað renni einnig fjármagn annars staðar að, og þessum lánaflokkum er nauðsynlegt að sinna vel ef árangur á að verða sá sem til er ætlast til eflingar íslenskum landbúnaði.

Stofnlánadeild lánar í dag aðeins til dráttarvélakaupa og sláttuvéla eða þyrla ef þær eru samhliða keyptar. Það eru engin stofnlán til allra þeirra stórvirku og um leið dýru vinnuvéla varðandi bæði áburðardreifingu og heyvinnslu frá Stofnlánadeild. Er sannarlega kominn tími til að sinna þessu að ákveðnum hluta, einkum hvað varðar þá sem eru að hefja búskap. Þá ber að geta þess um leið, að jarðakaupalán eru í lágmarki, þó að húsnæðisstjórn muni nú að sjálfsögðu hefja veitingu G-lána eða lána til kaupa á eldri íbúðum í sveitum einnig, sem er mikil framför frá því sem verið hefur. Þetta er ekki sagt til að draga úr nauðsyn góðrar lánafyrirgreiðslu til votheysverkunar, heldur aðeins til að minna á að Stofnlánadeild stendur nú andspænis í raun og veru stórauknum verkefnum varðandi nýjar búgreinar, varðandi hinar dýru heyvinnuvélar og varðandi kaup á jörðum til þess að jarðir verði ekki í æ ríkari mæli að bráð einhverjum fjársterkum aðilum sem ætla sér ekkert með jarðirnar annað en braska með þær.

Hins vegar bendi ég á það, að varðandi lán annars vegar og styrki hins vegar fer auðvitað ekkert á milli mála hvor leiðin yrði meira hvetjandi til þess, að menn réðust í votheysverkun: hærri lán, sem eru verðtryggð, eða hærri styrkir. Þarna er fyrst og fremst komið að styrkjakerfinu, eins og ég benti á áðan, og kæmi í hlut Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrst og fremst, held ég, að koma inn í dæmið ef það sýndist verða til þess að efla votheysverkun á sem skjótastan hátt og gera hana enn snarari þátt í heyöflun en nú er, sem ég tek heils hugar undir með 1. flm. og þeim öðrum sem þessa till. flytja.

Varðandi síðasta liðinn í till., sem ég tel allrar athygli verðan og snertir okkur í stjórn Stofnlánadeildar mjög, þ. e. liðinn um endurbæturnar, að veita sérstök stofnlán og framlög til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður, þá vil ég til upplýsingar greina frá áliti Byggingastofnunar landbúnaðarins um breytingar á þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Ég legg engan dóm á þetta,

en ég tel að þetta eigi rétt á sér sem innlegg í þessa umr. Þar segir Gunnar M. Jónasson forstöðumaður Byggingastofnunarinnar á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirleitt má reikna með að örðugt sé að breyta gömlum þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Aðallega er það vegna þess, að mikil áraun er á veggi votheyshlöðu meðan verið er að hirða og troða heyið. Enn fremur er oft örðugt að koma við fullnægjandi frárennsli eftir á. Við athuganir á kostnaði hefur hann reynst órýmilega mikill, ef farið er eftir sömu reglum við breytingar og við nýbyggingar á votheyshlöðum. Ef til kæmi að lánað yrði út á svona breytingar hlýtur að verða að gera nokkurn veginn sömu gæðakröfur til breytinganna og nýbygginga. Það er meginregla, að ekki sé lánað til bráðabirgðaframkvæmda. Að öllu samanlögðu er ljóst, að ekki er ástæða til að hvetja menn í stórum stíl til að breyta hlöðum úr þurrheysverkun til votheysverkunar, þótt finna megi dæmi þess að slíkt sé framkvæmanlegt. Vitað er um bændur sem hafa verkað vothey í þurrheyshlöðum með sæmilegum árangri án nokkurra breytinga á þeim, en þá eru yfirleitt sérstakar aðstæður fyrir hendi og oftast óljóst með árangur fyrr en eftir vissa tilraunastarfsemi. Það gefur því ekki grundvöll fyrir lánveitingum. Það, sem hins vegar mætti gera, er að athuga hvert tilvik fyrir sig og reyna síðan að leiðbeina mönnum hvernig ganga mætti til verks með sem minnstum tilkostnaði án þess að lán kæmu til. Miðað við þá reynslu, sem er af hörðum áróðri fyrir votheyshlöðum, mun þó vera langt í land að svona breytingar nái almennri hylli".

Undir þetta skrifar Gunnar M. Jónasson forstöðumaður Byggingastofnunar landbúnaðarins. Hann leggur hér engan dóm á, en bendir á ýmsa annmarka sem koma inn í framkvæmd þessa. Ég vil láta athuga þetta betur. Ég vil líka láta kanna möguleika Stofnlánadeildarinnar á því að koma til móts við þriðja liðinn, en ég vil fyrst og fremst taka undir tillöguna sem slíka, sem tilllögu um örvun á þessari heyverkunaraðferð.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég verð að lýsa því yfir, að ég mun styðja þessa till. þó að mér finnist raunar að það mætti í sjálfu sér kanna fleiri leiðir til heyverkunar vegna þess hve aðstaða á landinu er misjöfn. Menn hafa t. d. á nokkrum bæjum, ég skal ekki segja hvað mörgum, sett upp súgþurrkun þar sem er heitt vatn og látið blása í gegnum element með mjög góðum árangri þrátt fyrir mikil votviðri. Þar sem ég er kunnugastur telja bændur að það komi yfirleitt betur út hjá sér að þurrka heyið og nota súgþurrkun en setja í vothey.

Það er á margt að líta í þessu efni. Það er mjög dýrt að hafa t. d. tæki bæði til votheysverkunar og þurrheysverkunar. Þar sem eru gamlar byggingar og ekki hefur verið gert ráð fyrir að gefa vothey er í mörgum tilvikum mjög óþægilegt að koma slíku við öðruvísi en breyta þá byggingunum, og það er oft erfitt og kostnaðarsamt. Þannig þarf að athuga þetta frá mörgum sjónarhornum. En séu menn að byggja upp t. d. gripahús og hlöður, ekki síst á þeim stöðum þar sem úrkoma er veruleg og hætta á óþurrkum, á þeim landssvæðum þar sem votviðri eru meiri en t. d. þar sem ég þekki til, þá er auðvitað sjálfsagt að hvetja menn til að byggja fyrst og fremst á votheysverkun og byggja þannig upp frá grunni. En hitt getur verið álitamál, hvernig eigi að fara með þar sem búið er að byggja upp áður, bæði vegna þeirra gripahúsa, sem eru fyrir hendi, og eins vegna heyhlöðu.

Mér kemur það mjög á óvart, sem kom fram hjá 1. flm. þessarar till., að styrkir og lán út á votheyshlöður væru minni en út á þurrheyshlöður. Það var árið 1977 sem við munum hafa breytt þessum reglum. Þá lágu fyrir útreikningar um þetta. Ef ég man rétt var talið að styrkurinn væri um 27% þegar við færðum lánin niður í 40%, þannig að styrkur og lán voru þá talin vera 67%. Mér koma þessar tölur því mjög á óvart og ég mun láta athuga þetta og fá nýjar upplýsingar hvernig þessi mál standa. Eins og kom fram hjá hv. þm. Helga Seljan eiga sæti í stjórn Stofnlánadeildar bæði formaður Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands og hafa aldrei komið frá þeim athugasemdir eða upplýsingar um þær breytingar sem hljóta að hafa orðið á styrknum á þessu tímabili. Ég get ekki skýrt hvernig á þessu stendur. En ef það kemur í ljós, að þessar tölur eru réttar, og ég veit að hv. 1. flm. stendur í þeirri trú, þá verður þetta athugað og því verður breytt í það horf sem við töldum að við hefðum gert 1977.

Ég hefði sem sagt talið að þessi till. hefði mátt vera með almennari orðum, þ. e. að athuga alla möguleika til að gera heyið — þetta fer eftir því hvar það er á landinu — þannig að það hafi meira fóðurgildi. Nú er t. d. verið að prófa nýja aðferð norður í Eyjafirði: að köggla þurrhey og blanda í það ýmsum efnum. Það er talið af fóðurfræðingum að búpeningur geti þannig umsett miklu meira fóður. Hver veit nema þarna sé komin leið til þess að við þurfum minna á kjarnfóðri að halda. Ég vil ekki fullyrða þetta, en þeir, sem standa að þessum tilraunum núna, telja að þarna sé mjög álitleg aðferð. Þórarinn Lárusson sagði í útvarpi eða sjónvarpi hér á dögunum, að hann hefði trú á að þessi aðferð mundi verða almenn innan tíðar í landinu.

Þessa till. styð ég heils hugar, en samt hefði ég verið enn þá ánægðari með hana ef hún hefði náð til annarra heyverkunaraðferða einnig, að það væri kannað hvaða leiðir væru bestar fyrir bændur í sambandi við almenna heyverkun.

Ég vil taka undir margt af því sem kom fram hjá 1. þm. Suðurl. áðan um misjafna reynslu bænda af að gefa votheý, sérstaklega sauðfé. Ég man eftir því, að þegar þessi heyverkunaraðferð ruddi sér til rúms fyrst í Eyjafirði voru ýmsir tregir til að gefa votheyið vegna þeirrar lyktar sem af því er. Á þeim stöðum var það oft sem votheysturnarnir voru ekki notaðir eða jafnvel sett þurrhey í þá. Þetta var sú reynsla sem Eyfirðingar höfðu af votheysverkun. Hins vegar hef ég talað við marga Vestfirðinga sem nota einvörðungu vothey og láta mjög vel af. En þegar er um sauðfé að ræða verða fjárhúsin að vera góð og með grindum. Það er margt á að líta í þessu efni. Það er ekki einungis nóg að breyta þurrheyshlöðunum. Það er misskilningur. Það þarf líka að kaupa tæki, það þarf líka að athuga húsin, og fleira kemur til. En allt, sem stuðlar að bættri heyverkun á hvaða sviði sem er, er stórt framfaraspor.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ánægjulegt til þess að vita, hverjar undirtektir sú till., sem hér er fjallað um, fær hér á Alþingi þar sem menn hver á eftir öðrum lýsa stuðningi við þennan tillöguflutning. Gefur það vissulega vonir um að héðan verði þessi till. afgreidd með myndarlegum hætti og megi sannarlega að gagni koma fyrir íslenskan landbúnað.

Ég get að sjálfsögðu tekið undir ákaflega margt sem

hefur komið hér fram í þessum umr., og þess vegna ætla ég að fjalla hér einkum um það sem mér finnst aðalatriði í þessu máli.

Þá er það fyrst hvers vegna ekki hefur náðst árangur í útbreiðslu á votheysgerð hér á landi þótt farið hafi fram mikil umræða og verið lögð á það mikil áhersla nú um a. m. k. tveggja áratuga skeið. Er þá vissulega þess vert að athuga hvers vegna sá árangur, sem að hefur verið stefnt, hefur ekki náðst. Ég hygg að sumt af því, sem kemur fram í till., sé þar nokkurt svar og ef gengið verður til verka eins og þar er gert ráð fyrir mundu þessi mál breytast.

Hér hefur verið fjallað nokkuð um samanburð á kostnaði við byggingu á þurrheyshlöðum og votheyshlöðum annars vegar. Þar hefur m. a. komið fram að fjármagn annars staðar frá en frá landbúnaðinum gengi að meiri hluta til þurrheysgeymsla. Ég hygg að skýringin á þessu sé sú, að á síðari árum hefur styrkur við súgþurrkun mjög verið aukinn. Það var reyndar gert líka við votheyshlöður árið 1972, en þá var jarðræktarlögunum síðast breytt hér á Alþingi. Hins vegar hefur súgþurrkun verið sérstaklega styrkt á síðari árum af hinu svokallaða hagræðingarfé í landbúnaði. Hlutur þeirrar heyverkunar er af þeirri ástæðu orðinn allgóður og var vissulega þörf á að ná þar góðum árangri. En á styrk til votheysframkvæmda hefur ekki orðið breyting og m. a. s. upplýst að árið 1976 hafi verið dregið úr lánveitingum til votheyshlöðubygginga. Ég get ekki fundið rök fyrir því, vegna þess að þá áttu sér ekki stað neinar breytingar á jarðræktarlögum, heldur áttu þær sér stað allmiklu fyrr, eða árið 1972 eins og ég sagði áðan, og þar af leiðandi var ekkert sérstakt tilefni fyrir Stofnlánadeild landbúnaðarins að gera þarna breytingu á einmitt árið 1976. En þetta held ég að sé ekki heldur ráðandi um að ekki hafi náðst árangur, heldur komi þetta m. a. til af því, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Suðurl. sem hefur ákaflega góða reynslu í þessum málum, að það hefur ekki verið lögð sú áhersla á tæknibúnað við votheysgerð eða fóðrun með votheyi sem sérstaklega er þörf á. Það er vissulega vert að minnast á það hér og þakka hversu mikinn áhuga einstakir menn hafa sýnt í þessum efnum og þá kannske fyrst og fremst Einar Guðjónsson, en hann hefur lagt mikið á sig til að útbúa sérstakan lofttæmingarútbúnað sem á að gera það að verkum að stórum auðveldara er að verka gott vothey en ella væri. Alveg með sama hætti hefur það gífurlega mikla þýðingu að fá góðan útbúnað við fóðrun á votheyi.

Ég hygg að það séu þessar þrjár meginástæður sem eru fyrir því, að vothey er ekki útbreiddara en raun ber vitni: Í fyrsta lagi er þessi heyverkun þung í meðförum og þarf góðan tækniútbúnað til að hún geti orðið skemmtileg fyrir bændurna í þessu landi að vinna að. Í öðru lagi þarf líka að bæta möguleika til góðrar verkunar, m. a. með lofttæmingu. Og í þriðja lagi þarf bætta aðstöðu og miklu meiri tækni í sambandi við fóðrun. Þetta held ég að séu þrjú áhersluatriði sem mundu miklu breyta ef hægt væri að koma í framkvæmd.

Þá er það spurningin, sem hér hefur verið minnst á, um lánveitingu úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, hækkun á lánum til bænda úr þeirri heiðursstofnun. Í sannleika sagt held ég að það breyti ekki mjög miklu því að menn eru alveg áreiðanlega farnir mjög að halda að sér höndum í sambandi við framkvæmdir upp á þau býti að fjármagna þær með fjármagni úr Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og það er uppfært nú. Eins og menn vita er þar allt fjármagn verðtryggt. Þetta skapar svo mikið misvægi á milli bændanna í þessu landi, þeirra, sem hafa lokið framkvæmdum, og hinna, sem eiga það eftir, að það er í raun og veru útilokað að það geti staðist. Ég get því ekki séð að það muni verða til verulegra bóta í þessum efnum þó að bændum væri heimiluð verðtryggð lántaka í stærri mæli en reglur Stofnlánadeildarinnar gera nú ráð fyrir. Það, sem mér sýnist að gæti komið að gagni og væri tiltækt í þessum efnum, er, eins og hv. 2. þm. Austurl. talaði um áðan, hið svokallaða hagræðingarfé og það er sannarlega mikil ástæða til þess hér á Alþingi að líta til með því, hvernig því fjármagni er varið.

Það er vert að minna á það hér í þessu sambandi, að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefur fengið ákveðinn hluta af þessu hagræðingarfé sem framlag til deildarinnar, sem hún hefur síðan aftur lánað út með 100% verðtryggingu. Þetta gerist á sama tíma og lögboðið framlag til deildarinnar er ár eftir ár skorið niður. Þetta er vissulega mikil ástæða til að hafa í huga þegar fjallað er um málefni í íslenskum landbúnaði, hvernig farið er að í þessum efnum.

Þá má líka benda á og vert að leggja á það áherslu hér, að þetta hagræðingarfé hefur aldrei skilað sér. Það eru fyrir því lög, að það eigi að miða það við meðaljarðræktarframlög árin 1978 og 1979 og síðan eigi að koma á það full verðtrygging. Hún hefur aldrei komið. Þetta fjármagn hefur aldrei komið til skila. Ég held að við gætum náð góðum áfanga í votheysgerð og komið á góðum tillögum sem mundu stuðla að nýjungum og auknum framförum í votheysgerð, þótt við gerðum ekkert annað hér á Alþingi en það eitt að standa við það sem var lögfest á Alþingi og er grunnurinn að hinu svokallaða hagræðingarfé. Þótt þessi till. sé allra góðra gjalda verð og verði væntanlega samþykkt hér á Alþingi held ég að við þyrftum ekki að bíða svo lengi til að ná árangri ef menn vildu bara standa að því, sem lög bjóða, að hagræðingarféð komi til skila við næstu fjárlagaafgreiðslu og þeim viðauka, sem þannig fæst, verði varið til eflingar votheysgerð í landinu. Þá hygg ég að fljótlega fáist góður árangur.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Á sama tíma og flm. hóf að tala fyrir máli þessu boðaði 1. þm. Vestf. okkur á fund út í Þórshamar til að ræða þar brýnt mál og því miður missti ég af framsöguræðunni. Ég hygg að það sé ekki hægt að túlka það á þann veg, að 1. þm. Vestf. hafi ekki fullan áhuga á því máli sem hér var flutt. Að minnsta kosti kom ekkert fram sem benti til þess.

Ég sakna þess hér í grg., að þær tölulegu upplýsingar, sem hér hafa mikið verið ræddar, um hlutfallið á milli stuðningsaðgerða annars vegar til votheysverkunar og hins vegar til þurrheysverkunar skuli ekki vera í grg. Það er nú svo, að ég og ábyggilega fleiri höfum verið þeirrar skoðunar, að þessi mál stæðu þó þannig að votheysverkunin hefði vinninginn hvað stuðning snerti, en ekki öfugt, þannig að mér kemur það atriði mjög á óvart.

Hins vegar gladdi það mig að sjálfsögðu mjög mikið þegar ég las grg., að hér eru landshlutarnir upp taldir og ein sýsla alveg sérstaklega, Strandasýsla. Það er margt sem við framsóknarmenn teljum að sé til fyrirmyndar í Strandasýslu. Ég verð að segja það eins og er, að þó að þm. ferðist um kjördæmið til að hafa áhrif er líka ánægjulegt þegar kemur í ljós að ferðalög þeirra hafa

orðið til þess að þeir hafa orðið fyrir áhrifum. Ég tel að það sé gleðilegt, að hér kemur það fram í máli manna m. a. að þeir hafa ferðast um Strandasýslu og orðið hissa á því, að þar hefðu bændur minni áhyggjur vegna verkunar síns heyafla en annars staðar. Þetta er alveg hárrétt. Þeir hafa fyrst og fremst áhyggjur af því, hvort grasið sprettur eða hvort það sprettur ekki. Þeir eru búnir að sjá við þeim lekanum. En ef það sprettur bjarga þeir því í sínar hlöður. Ég er hlynntur því, sem hér kemur fram, að við stuðlum að því að mun hærra hlutfall af heyverkun innanlands verði votheysverkun. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það er rétt.

Hins vegar kemur það fram í 4. liðnum í þessari þáltill., sem vekur kannske vissar spurningar, hvort sú stefna sé alfarið auðframkvæmanleg að breyta þurrheyshlöðunum í votheyshlöður. Ég held að undir mörgum kringumstæðum sé þetta fyrst og fremst spurningin um það, að þótt fyrir séu þurrheyshlöður verði leyft og að fullu stutt við bakið á mönnum fari þeir í að byggja votheyshlöður, jafnvel þó að hægt sé að benda á að heyfengur þeirra rúmist í þeim þurrheyshlöðum sem fyrir eru. Ég held að það sé raunverulega kjarnaatriðið ef á að fara í þessar breytingar.

Það blasir jafnframt við, að við lifum þá tíma núna að kvótakerfi og fleira kemur í veg fyrir þá framþróun, sem þarf að eiga sér stað, og menn hika við að fara í fjárfestingar vegna þess að þeir geta ekki horft fram á það um leið að þeir geti aukið sinn bústofn. Þetta blasir við og kemur inn í þetta mat. Hins vegar liggur það ljóst fyrir, ef við berum saman þróunina sem orðið hefur, að það hefur átt sér stað mikil og jákvæð þróun á vissum svæðum í þessu efni. M. a. má benda hér á í grg., að árið 1964 fara 35.8% af heyafla Strandamanna í vothey, en árið 1980 er hlutfallið komið upp í 77,3%.

Ég vil aftur á móti geta þess, að ég held að sum svæði á Íslandi muni ávallt vera með hátt hlutfall í þurrheysverkun. Ástæðurnar fyrir því eru m. a. þær, að þar eru önnur veðurfarsskilyrði. Þetta geta menn kynnt sér með því að skoða úrkomukort yfir Ísland, að því viðbættu, að þar sem svo er ástatt er þó nokkuð algengt að bændur selji það umframfóðurmagn sem þeir geta aflað. Það fóðurmagn er undantekningarlaust selt í því formi að það er selt sem þurrhey. Ég held þess vegna að á þeim svæðum muni það verða almennt áfram, að menn þurfi að eiga bæði tæki til að verka hey í þurrhey og vothey og sá sparnaður, sem hér er talað um að geti átt sér stað, komi e. t. v. ekki til greina á þeim svæðum.

En hitt vil ég taka undir, sem hefur komið fram hér í máli manna, að aðalatriðið er að við höldum áfram að þreifa okkur áfram um bætta heyverkun. Það hefur m. a. verið minnst hér á súgþurrkun sem fær stuðning frá heitu vatni á þann veg að það er blásið heitu lofti, en ekki aðeins köldu, eins og algengast mun vera. Í því sambandi er náttúrlega vert að horfa á þá staðreynd, að við erum með mjög mikla umframraforku vissan tíma ársins, yfir sumartímann, sem ekki væri óeðlilegt að bændur fengju á öðru verðlagi en verið hefur og ættu þannig kost á að vera með betri súgþurrkun, því að alhliða framþróun í heyverkunarmálum er aðalatriðið í þessu efni.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef ástæðu til að þakka öllum ræðumönnum fyrir undirtektir við till. þá sem hér er til umr. Það var að sjálfsögðu ekki við öðru að búast af hv. 11. landsk. þm. sem er meðflm. minn og flutti gagnlega ræðu, eins og hans var von og vísa, til stuðnings þessari till. Hann kom inn á ýmis atriði og lagði áherslu á sum atriði sem ég kom ekki sérstaklega inn á. En einkennandi við þessar umr. eru góðar undirtektir. Þó er ég ekki að öllu leyti ánægður með allt sem hér hefur verið sagt eða látið ósagt.

Hæstv. landbrh. tók vel undir þessa till., en mér fannst hans viðhorf vera allt of lítið ákveðið í þessu máli. Ég fann ekki hjá honum þann áhuga og þann baráttuvilja sem ég hefði gjarnan viljað finna hjá hæstv. ráðh. fyrir þessu máli. Hann lét orð falla á þann veg, að það mætti ætla að kannske væri ekki mjög mikill munur á því hvort bændur verkuðu hey sín í þurrhey eða vothey. Hæstv. ráðh. komst að orði eitthvað á þá leið, að votheysverkun ætti að sitja, eins og hann orðaði það, a. m. k. við sama borð og þurrheysverkun. Hann sagði fleira á þá lund, að það var ekki hægt að ætla annað en að hann teldi að það ætti ekki að vera mikill munur á milli þess sem hið opinbera gerði til stuðnings við þurrheysverkun og votheysverkun. Þetta finnst mér ekki nægilega gott. Ég held að það verði að koma forusta frá stjórnvöldum í þessu máli. Við getum ekki verið lengur algjörir eftirbátar annarra þjóða, sem er eðlilegt að gera samanburð við í þessu efni, eins og við erum núna. Það verður að taka það viðfangsefni föstum tökum sem er fólgið í því að breyta þeirri staðreynd, að við verkum núna 8.6% af heyfeng okkar í vothey meðan þjóðir eins og Norðmenn og Svíar verka um 70%. Halda menn að það sé einhver tilviljun?

Hv. 1. þm. Suðurl. ræddi af skilningi um þetta mál, en hann vék sérstaklega að því, að mikil úrkoma gerði votheysverkun erfiða. Ég get fallist á að svo geti verið að einhverju marki. En getum við ekki verið sammála um að mikil úrkoma geri þurrheysverkun erfiðari en votheysverkun? (Gripið fram í.)

Hv. 1. þm. Suðurl. vék aðeins að þeirri spurningu, hvað það væri sem hefði gert það að verkum að það væri misjafn árangur af votheysverkuninni. Ég held að meginástæðan sé sú, eins og ég kom inn á það í minni fyrri ræðu, að það má ekki líta á votheysverkunina sem einhvert neyðarúrræði sem sé tekið upp þegar ekki er hægt að þurrka, þegar búið er að bíða lengi eftir þurrki og gras er orðið úr sér sprottið og verður aldrei gott fóður, eða að verka hey, sem er orðið hrakið, sem vothey. Ég held að þetta sé höfuðástæðan og það þurfi að leggja áherslu á að votheysverkun sé ekkert neyðarúrræði. Votheysverkun er að áliti þeirra, sem best þekkja, betri heyverkun en þurrheysverkun. Þeir vilja ekki þurrka sitt hey. Ég kom nokkuð inn á það í ræðu minni, hvers vegna þetta er, og skal ekki koma frekar inn á það núna.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi einnig af miklum skilningi um málið. Mér þótti gott að heyra, því að ég gat ekki annað skilið, að hann væri í viðbragðsstöðu til að vinna málinu gagn í stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Það er auðvitað ákaflega þýðingarmikið að sé jákvætt viðhorf hjá mönnum sem eru í slíkum trúnaðarstöðum, eins og hv. 2. þm. Austurl. í þessu tilfelli.

Það er sama um hv. 2. þm. Norðurl. e. Hann ræddi líka af skilningi um málið. En ég vil víkja aðeins að einu atriði sem hann kom inn á. Hann sagði að votheysverkunin væri ekki eina aðferðin sem kæmi til greina við heyverkun og það ætti að líta á aðrar leiðir. Ég kom dálítið inn á þetta atriði. Auðvitað erum við flm. þessarar till. ekkert á móti því, að það sé rannskað ýmislegt í þessu efni. En ég lagði áherslu á að við erum ekki með till. um að setja

einhverja nefnd til að athuga votheysverkunina. Við byggjum á þeirri reynslu, sem við teljum að ótvírætt liggi fyrir, og viljum strax athafnir, en ekki neina athugun. Við teljum að það þurfi ekki.

Hv. 2. þm. Norðurl. e. var að tala um að það þyrfti að gera meira en líta til heyhlaðnanna, að breyta þeim, og það væri misskilningur ef menn héldu það. Her er enginn misskilningur á ferðinni. Till. gerir ráð fyrir að það séu veitt sérstök lán til að breyta hlöðum. En ég lagði einmitt áherslu á það í minni ræðu, og það er líka í grg. með till., að það eru fjöldamörg önnur atriði sem þarf að líta á. Ég vona að það þurfi enginn misskilningur að vera í þessu efni.

Þá kem ég að hv. 5. þm. Vestf. Hann var vinsamlegur í málinu, eins og við mátti búast. En mér urðu það nokkur vonbrigði að hv. þm. taldi að ég hefði ekki getað kynnst votheysverkun, að því er ætla mátti af hans tali, nema af því að ég hefði farið um Strandasýslu. Að vísu hefur það verið ómetanlegt. En það vill nú svo til, að það er sveit í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem stendur ekki að baki Strandamönnum í þessu efni. Það er leitt til þess að vita ef hv. 5. þm. Vestf. hefur ekki vitað um þetta.

Hv. 5. þm. Vestf. sagði að það hefði verið betra að þær tölulegu upplýsingar, sem ég gaf í ræðu minni, hefðu verið í grg. með till. Ekki hefði ég neitt haft á móti því. Ég leitaðist við að hafa grg. allítarlega og vona að hv. þm. hafi ekki sérstaklega út á grg. að setja. En það er nú svo, að við segjum oft margt í ræðustól sem ekki er í grg. með till. eða frv.

Ég hef hér vikið að nokkrum atriðum hjá öllum ræðumönnum. Má kannske segja að það séu ekki höfuðatriði og hafi ekki verið höfuðatriði í því sem þeir sögðu, en sé þó þess virði að eðlilegt sé að koma að því. En hvað er það sem vakið hefur í þessum umr. mesta athygli og umtal af því sem ég sagði í framsöguræðu fyrir málinu? Það eru þær upplýsingar sem ég gaf um opinberan stuðning við votheyshlöður og þurrheyshlöður og hlutfallið þar á milli. Menn segja að þetta hafi komið þeim á óvart. Það er kannske ekki nema eðlilegt. Mér kom það sjálfum á óvart. Ég hélt að till., sem ég flutti og var samþykkt á Alþingi 1976, hefði haft einhver áhrif þannig að mér kom þetta líka á óvart. En ég tók eftir því, að þegar hv. þm. voru að ræða um þetta töluðu þeir alltaf um samanburð milli þurrheyshlaðna og votheyshlaðna og orðuðu það þannig, að votheyshlöðurnar hefðu í þessum samanburði betur. Þetta er rétt ef samanburðurinn er bara milli votheyshlaðna og þurrheyshlaðna. Þetta kom fram í þeim upplýsingum sem ég gaf. En ég lagði áherslu á það og undirstrikaði, að þegar inn í dæmið kæmi stuðningur við súgþurrkunina og lán og framlög til súgþurrkunar og þurrheyshlaðna lögð saman kæmu út lokatölur, sem ég vitnaði til, að lán og framlög væru 66.7% af kostnaði við þurrheyshlöður og súgþurrkun. (**HS:** Ekki á rúmmetra?) Nei, ekki á rúmmetra. Ég tók fram að þetta væri útreikningur á ákveðnum hlöðum. Ég nefndi stærð hlaðnanna í minni ræðu. Þetta er í mörgum liðum. Ég ætla ekki að lesa upp allar tölurnar. Það eru gefnar upp tölur um kostnaðinn við að byggja hlöðu af ákveðinni stærð, gera ákveðnar framkvæmdir í sambandi við súgþurrkun og að byggja hliðstæða votheyshlöðu. Þannig er dæmið sett upp. Þá kemur út að bóndi, sem fer þá leið að byggja þurrheyshlöðuna og kemur sér upp súgþurrkun, fær 66.7% af sínum kostnaði frá hinu opinbera, en bóndi, sem fer í votheysgerðina, fær 54% af kostnaðarverði þessara ákveðnu framkvæmda, sem eru sambærilegar að mati sérfræðinga Búnaðarfélagsins. Þannig er dæmið sett upp. Menn verða að hafa í huga að það er súgþurrkunin sem ræður úrslitum í þessum samanburði vegna þess að til súgþurrkunnar er lánað mikið og mikil framlög eru til súgþurrkunar. Bóndi, sem setur upp súgþurrkun, þarf ekki að leggja til nema 25% af kostnaðinum. Hitt fær hann að láni eða í ríkisframlögum. Þessi upphæð lækkar enn þá meira, að því er mér skilst, þegar það fé sem kemur með sparnaði á jarðræktarframlögum er líka komið inn í dæmið, eins og ég vék að í minni frumræðu.

Það er ágætt og ég fagna því, að menn athugi þessar tölur. Ég stend í þeirri meiningu að þær séu réttar, að ég hafi kunnað að lesa rétt þau plögg sem ég fékk frá Búnaðarfélaginu. En þetta undirstrikar það sem ég vil helst af öllu og vil að lokum leggja áherslu á og er grundvöllur fyrir þessum tillöguflutningi, að það verði að gera núna verulegt átak til að rétta hlut votheysverkuninnar til að stuðla að því, að hún verði eins almenn hér á landi og ég vil telja eðlilegt, a. m. k. að það sé hliðstætt því sem er í nágrannalöndum okkar og ég hef hér gefið upplýsingar um.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta hér örlítinn misskilning sem kom fram í ræðu 4. þm. Vestf. Það kom skýrt fram í orðum 2. þm. Austurl., að hann hafi orðið fyrir áhrifum á ferðalagi um Strandasýslu. Ég nafngreindi aldrei 4. þm. Vestf. þegar ég fagnaði þeim áhrifum. Hins vegar má það aftur á móti magnað vera hafi hann ferðast um Strandasýslu og ekki orðið fyrir áhrifum. Það læt ég þó liggja á milli hluta.

Mér er fullkunnugt um það, að í þeirri ágætu sveit á Ingjaldssandi hefur verið verkað vothey lengi. Ég kom þangað ungur að árum og varð hrifinn af þeirri verkunaraðferð sem þar var stunduð. Ég vil bæta því við, að ég veit ekki betur en formaður kjördæmissambands framsóknarmanna á Vestfjörðum verki mikið í vothey. Það mættu fleiri formenn kjördæmasambanda á Vestfjörðum taka til fyrirmyndar.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. minntist á Ingjaldssand og vildi tengja Ingjaldssand Framsfl. á þann veg, að formaður kjördæmisráðs Framsfl., sem er búsettur á Ingjaldssandi, verki í vothey. Hann er búsettur að Hrauni á Ingjaldssandi. En má ég gefa þær upplýsingar, að sá sem hér stendur var sjö sumur smali í Hrauni á Ingjaldssandi og þekkir því eins vel til þeirrar sveitar og hver annar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 16. fundur.

Miðvikudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78, n. 135). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um það frv. sem hér er til umr. Það felur í sér breytingar á samningi sem Norðurlandaþjóðirnar höfðu áður gert sín á milli. Leggur nefndin eindregið til að frv. verði samþykkt og samningurinn, eins og hann hefur verið endurskoðaður, þannig staðfestur af Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86, n. 137). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. Ed. um frv. till. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Nefndin fjallaði um frv. á tveimur fundum og leggur eindregið til að það verði samþykkt óbreytt.

Rétt er að komi fram að þetta frv. fékk ítarlega umfjöllun í allshn. Ed. á síðasta þingi, en þá var það flutt af 1. flm. þess nú. Frv. var ekki afgreitt úr nefnd þá þar sem samkomulag var innan nefndarinnar um að láta það bíða og nota tímann milli þinga til að athuga betur þá þætti sem þóttu orka tvímælis eða athugasemdir höfðu verið gerðar við.

Við endurflutning frv. nú voru gerðar á því breytingar vegna þessara athugasemda og ábendinga sem fram komu ýmist skriflega eða munnlega í viðræðum við nefndina og voru taldar til bóta.

Þar er fyrst að nefna varðandi 1. gr. frv., að fellt var út atriðið um að ekki aðeins námsmenn erlendis skuli færðir af kjörskrá, heldur einnig aðrir Íslendingar sem um stundarsakir dveljast erlendis vegna starfa sinna. Það kom í ljós, að til þess að bæta úr þessu atriði þarf breytingu á 33. gr. stjórnarskrárinnar, en í upphafi þeirrar greinar stendur, með leyfi forseta: „Kosningarétt við kosningar til Alþingis hafa allir karlar sem konur, sem eru 20 ára eða eldri þegar kosning fer fram, hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi". Til að veita þessum aðilum rétt til að kjósa þarf því að fella út „og eiga lögheimili hér á landi". Það eru tilmæli nefndarinnar, að stjórnarskrárnefndin taki þetta atriði til umfjöllunar. Það hlýtur að vera réttlætismál að íslenskir ríkisborgarar fái að nota kosningarrétt sinn, ef þeir óska þess, þó að þeir dveljist tímabundið erlendis vegna starfa sinna.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. gat ég þeirra breytinga sem gerðar voru á því frá fyrra frv. Ég tel því ekki ástæðu til að fara nánar út í þær breytingar hér nú. En ég vil leggja áherslu á að 4. og 5. gr. frv. eru þýðingarmestu atriðin, að kosningar fari fram á laugardögum í stað á sunnudögum, eins og nú er, sem er samkv. 4. gr., og að notaðir verði stimplar við utankjörstaðarkosningu, sem er mikið réttlætismál gagnvart blindum og handarvana, sem eiga erfitt með að skrifa hjálparlaust. Það væri til sóma fyrir Alþingi að afgreiða þetta mál nú á ári fatlaðra.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 hlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 42, n. 133, 140 og 142, 46, 134, 143). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað allítarlega um það frv., sem hér liggur fyrir, og fengið umsagnir um það frá Seðlabanka Íslands, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda og Sölusamlagi skreiðarframleiðenda. Fulltrúar flestra þessara aðila hafa einnig mætt á fund nefndarinnar til að ræða frv. við nefndarmenn.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt ásamt brtt. sem fluttar eru á sérstökum þskj., en aðrir nefndarmenn skila séráliti í tvennu lagi. Þær breytingar, sem við leggjum til að gerðar verði á frv., eru í samræmi við bréf sem nefndinni hafa borist, í fyrsta lagi frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og í öðru lagi frá Seðlabanka Íslands.

Eins og hv. deildarmönnum er kunnugt flutti hæstv. forsrh. brtt. við frv. fyrr á þessu þingi. Nefndin hefur tekið þá brtt. upp í sínar brtt. með einni breytingu. Sú breyting felst í því, að upphæðin, sem var í brtt. forsrh. 26 millj. kr., er í okkar brtt. orðuð á þann veg: „allt að 29 millj. kr." í samræmi við eftirfarandi ábendingar sem komu fram í bréfi frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, dags. 16. nóv. s. l., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögð hefur verið fram brtt. við frv. þar sem gert er ráð fyrir tiltekinni greiðslu af gengisuppfærslu á endurkeyptum afurðalánum Seðlabankans vegna gengisbreytingarinnar 26. ágúst 1981. Sú upphæð, sem nefnd er, byggist á áætlun sem gerð var um það leyti þar sem endanlegt uppgjör lá þá ekki fyrir. Nú er fyrirsjáanlegt að upphæðin, sem greiða þarf til freðfisksdeildar Verðjöfnunarsjóðs, verður hærri svo að nauðsynlegt er að hækka upphæðina í brtt. í allt að 29 millj. kr., en endanleg upphæð mun verða á bilinu 28-29 millj. kr."

Hin brtt., sem við flytjum, er í samræmi við bréf frá Seðlabanka Íslands, dags. 17. nóv. s. l., og er á þann veg, að til viðbótar við ákvæði 1. mgr. 1. gr. komi, að gengismunarhlutfallið 2.286% verði eftir 9. nóv. 1981 2.136%, í samræmi við þá breytingu sem gerð var á viðmiðunargenginu fyrr í nóvembermánuði.

Herra forseti. Meiri hl. nefndarinnar leggur til að með

þessum tveimur brtt. verði frv. samþykkt. Verði seinni brtt. á þskj. 134 samþykkt fellur eðlilega brtt. frá forsrh. niður.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það frv. til laga, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er staðfesting á brbl. með ýmsum viðaukum sem hafa tekið breytingum á undanförnum vikum. Það er skemmst frá að segja, að þetta frv. ásamt þeim brtt., sem við það eru fluttar, felur í sér enn eina bráðabirgðaaðgerðina af hálfu stjórnarinnar, ríkisstj. og stjórnarsinna. Með því er ætlunin að fleyta atvinnulífinu í fáeinar vikur en jafnframt að heimila ríkisstj. að framvísa reikningum fyrir stjórnleysið til skattborgaranna einhvern tíma síðar.

Í þessu frv. og þeim brtt., sem við það eru fluttar af meiri hl. nefndarinnar og að efnisatriðum til hafa áður verið fluttar af hæstv. forsth., eru í raun þrjú atriði: Í fyrsta lagi upptaka á gengismun af framleiðslu sem kemur til útflutnings. Í annan stað opin heimild til fjmrh. til þess að veita ríkisábyrgðir á lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Og í þriðja lagi millifærsla á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum, sem endurgreidd yrðu af Seðlabanka Íslands milli deilda í Verðjöfnunarsjóðnum eða kannske nánar tiltekið frá einstökum framleiðendum í mismunandi greinum og fyrst og fremst til deildar í Verðjöfnunarsjóðnum sem hefur með frystingu að gera.

Í þessu síðasttalda atriði felst það, að eignir verða fluttar frá einni verkunargrein í sjávarútvegi til annarrar, saltfisks- og skreiðarframleiðslan er látin greiða með frystingunni. Með þessu munu saltfisksneytendur í Portúgal og þeir, sem kaupa skreiðina og neyta hennar í Nígeríu, í rauninni standa undir niðurgreiðslu á frystum fiski ofan í ríkustu þjóð álfunnar, ríkustu þjóð veraldar vildi ég sagt hafa — standa undir niðurgreiðslu á frystum fiski handa Bandaríkjamönnum.

Það þarf tæpast að taka það fram, að aldrei fyrr hefur það verið gert að flytja til verðmæti á milli deilda sjávarútvegsins með þessum hætti. Fyrir því er ekkert fordæmi. Lög Verðjöfnunarsjóðsins og eðli hans gera ekki ráð fyrir því, að menn hagi sér með þessum hætti. Í þessu felst jafnframt eignaupptaka hjá verkendum í einni grein til styrktar framleiðslu í annarri grein. Í þessu felst jafnframt niðurgreiðsla á frystingunni. Undir henni eru verkunaraðilar í saltfiski og skreið látnir standa. Þetta er með öllu ótækt og stefnir grundvelli Verðjöfnunarsjóðsins þar að auki í voða.

Í annan stað eru ákvæði um skil á gjaldeyri með þeim hætti, að gera skuli upptækan gengismun upp á 2.286% á framleiðslu sem hefur verið framleidd fyrir 9. nóv. 1981, en þar á eftir 2.136%. Upptaka á gengismun af þessu tagi á sér fordæmi, en það hefur þá verið gert við þær aðstæður að um verulega gengisbreytingu hafi verið að ræða og þannig hugsanlega verulegan hagnað hjá einstökum aðilum sem ástæða þætti til að jafna út yfir greinarnar.

Þegar ákveðið var að afurðalán yrðu veitt með viðmiðun í erlendri mynt eða í erlendri mynt, þá var því heitið, að upptöku á gengismun af þessu tagi yrði hætt. Það eru ekki heldur fordæmi fyrir því að upptaka fari fram með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þ. e. þegar um svo óverulegan mun er að ræða miðað við það, að hér er í rauninni og hefur verið gengissig og sveiflur í gengi svo miklar sem raun ber vitni, enda hefur þurft að fikta með þessar tölur fram og aftur, og þá eru engin eðlileg rök fyrir því að taka upp þennan gengismun og flytja hann í Verðjöfnunarsjóðinn og ástæðulaust með öllu.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því, að fjmrh. geti veitt heimild til ríkisábyrgðar fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðsins og ef slík ríkisábyrgð liggi fyrir sé stjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa undir greiðslum.

Þessar aðgerðir eiga sér ekkert fordæmi. Í lögum um Verðjöfnunarsjóðinn kemur skýrt fram að honum er ekki ætlað að greiða umfram getu sína á hverjum tíma, honum er ekki ætlað að taka lán. Tilganginum með Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er breytt a. m. k. og sem hagstjórnartæki verður hann tiltölulega gagnslítill þegar farið er inn á þessa braut. En það sem meira er, varðandi þetta tiltekna atriði og hvernig nýta skuli í því tilviki sem þegar hefur komið upp, þá er upplýst að skilmálarnir fyrir því, að greinin endurgreiði það lán sem hér á að veita með ríkisábyrgð, eru slíkir, að það verður að teljast útilokað með öllu að til endurgreiðslunnar komi. Þá mun greiðsla lánsins falla á ríkissjóð.

Þeir forsvarsmenn í greininni, sem best þekkja til og hafa um þessi mál vélað, töluðu afdráttarlaust um að þannig mundi fara að ríkissjóður stæði undir þessu láni. Þar með er reikningnum framvísað til skattborgaranna, þar með er sjávarútvegurinn kominn á sömu braut og landbúnaðurinn um það, að landsmenn séu skattlagðir til þess að greiða niður verð á útflutningsafurðum. Fordæmið úr landbúnaðinum er nógu slæmt, en út yfir tekur ef þetta á nú að gerast í sjávarútveginum líka.

Ég ítreka það, að þær aðgerðir, sem hér er ætlunin að lögfesta, eru í algjörri andstöðu við eðli og tilgang Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og algjört fráhvarf frá þeim lögum sem um hann hafa gilt. Þetta frv. leysir engan vanda, en það frestar því að leitað sé raunhæfra úrlausna. 1. minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til að þetta frv. verði fellt.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er til staðfestingar á brbl. frá 28. ágúst s. l. Það er fylgifiskur bráðabirgðaúrræða ríkisstj. í efnahagsmálum, en slíkar smáskammtalækningar hafa einkennt störf og stefnu hæstv. ríkisstj. frá upphafi. Það er dæmigert um þessar smáskammtalækningar, að nú áður en þessi brbl. vegna gengisfellingarinnar 26. ágúst s. l. hafa verið staðfest hefur orðið önnur gengisfelling og þarf að breyta frv. í samræmi við það.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið fyrir fjórum formlegum gengisbreytingum á ferli sínum, þar af þrem á yfirstandandi ári, en eins og menn muna var í áramótaboðskap hennar gert ráð fyrir stöðugu gengi fyrstu mánuði ársins og verulega aðhaldssamri gengisstefnu upp frá því.

Þessar gengisbreytingar voru 3.85% 29. maí, 4.76% 26. ágúst og 6.5% 10. nóv. Þessu til viðbótar hefur gengið sigið mikið á árinu og um þessar mundir fæst um 50% minna af erlendum gjaldeyri fyrir nýkrónu, en lög um nýkrónu tóku gildi um síðustu áramót sem kunnugt er. Engu að síður hafa kostnaðarhækkanir innanlands verið svo gífurlegar að nánast allir atvinnuvegir þjóðarinnar eru reknir með stórfelldu tapi og skuldasöfnun. Þar kemur til öfugsnúin stefna ríkisstj. í efnahagsmálum í heild, þó þar vegi þyngst stefnan í verðlagsmálum, vaxta- og gengismálum.

Þegar fjallað er um gengisskráninguna og efnahagsstefnu undanfarin ár er það einkar athuglisvert, að á valdatíma Alþb. og Framsóknar í ríkisstj. frá 1978 hafa erlendir gjaldmiðlar hækkað miðað við 1. ágúst 1978 um 190% rúm í krónum ef miðað er við meðalgengi, en 213.9% ef miðað er við dollara. Það kemur því úr hörðustu átt þegar talsmenn þessara flokka ásaka aðra um að þeir séu gengisfellingarflokkar og krefjist gengislækkunar.

Sjútvrh. Steingrímur Hermannsson hefur látið greinilega á sér skilja í fjölmiðlum að fyrir næstu áramót sé þörf enn einnar gengisfellingar, svo að ekki er úr vegi að staðfesta þessi brbl. áður en til fjórðu gengisfellingarinnar kemur á þessu ári og nauðsynlegt verður að breyta þessu frv. enn.

Það frv., sem hér er til umr., og brtt. hæstv. forsrh., sem lagt er til að breyta enn með brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., felur í sér þrjú meginatriði:

1. Ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, framleiddra fyrir 1. sept. s. l., og sjálfdæmi ríkisstj. til handa á því, hvort sá gengismunur sé gerður upptækur eða ekki.

2. Heimild til fjmrh. til að ábyrgjast lán, sem upplýst hefur verið að verði um 42 millj. kr., til handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, sem ekki verður séð sakir skilmála að endurgreiðist úr sjóðnum og lendir því á ríkissjóði sem ábyrgðaraðila. Hér er um að ræða hreint uppbótakerfi, millifærslu á sköttum, sem síðar hlýtur að þurfa að leggja á almenning til þess, að halda uppi fölsku gengi, eins og stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands segir í bréfi sínu til nefndarinnar sem fylgir með áliti okkar minnihlutamanna.

3. Fyrirmæli um eignaupptöku. Frv. felur í sér fyrirmæli um eignaupptöku á endurgreiðslum Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyptra afurða- og rekstrarlána. Bróðurpartur þessarar endurgreiðslu, sem mun nema rúmlega 34 millj. kr. í heild á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem í raun eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru fyrirmæli í frv. um að allt að 29 millj. kr. skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins án tillits til þess, að endurgreidd gengisuppfærsla útfluttra sjávarafurða ætti að skiptast með allt öðrum hætti ef hún er reiknuð af hverri afurð fyrir sig.

Í frv. sjálfu er að vísu gert ráð fyrir að þessi tala sé lægri, en samkv. nýjustu útreikningum og brtt. meiri hl. n. er hér um að ræða 29 millj. kr. Með þessari brtt. er verið að ganga þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar lagasetningu um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hefur verið stefna stjórnar sjóðsins og stjórnvalda síðan, þ. e. að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og að algert grundvallaratriði sé að verðmæti verði ekki færð milli deilda sjóðsins með mismunun, eins og stefnt er að með þessari tillögu.

Það hlýtur að vekja verðskuldaða athygli þegar þessar ráðstafanir eru athugaðar, að hvergi er tekið á vanda fiskiskipa sem verða fyrir stórfelldri byrði af gengisfellingunni vegna gengistryggðra lána og aðfangakostnaðar sem sumpart hækkar vegna gengisfellingarinnar. Hagsmunir sjómanna eiga ekki heldur upp á pallborðið í þessu frv. Á árum áður, t. d. 1975, var gengismun að hluta ráðstafað til að lækka skuldir útgerðarinnar vegna þáverandi gengisfellingar og jafnframt komið til móts við sjómenn í þeirra hagsmunabaráttu. Þannig var leitast við að draga úr vanda í framtíðinni og minnka víxlverkun gengisbreytingarinnar. Nú er þessu snúið við. Vandi útgerðarinnar var í raun aukinn með þessari gengisbreytingu, sem varð til þess m. a. að grípa þurfti til nýrrar gengisbreytingar 10. nóv. s. l. eins og kunnugt er. Þannig má segja að með þessum ráðstöfunum hafi hæstv. ríkisstj., sem ætlaði að fylgja aðhaldssamri gengisstefnu á þessu ári, jafnvel föstu gengi í nokkra mánuði, komið sér upp eins konar svikamyllu gengisbreytinga.

Að undanförnu hefur ríkt góðæri í sjávarútvegi. Áætlað er að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar 1981 verði 5.4 milljarðar kr. og hafi aukist um 2.6% að magni til frá því í fyrra. Útlit er fyrir að enn verði eitt metárið í þorskveiðum. Það er athyglisvert að þorskur hefur veiðst sem hér segir undanfarin ár:

1978	320 þús. tonn.
1979	360 þús. tonn.
1980	428 þús. tonn.

Á árinu í ár, 1981, er áætlað að þorskveiðin verði a. m. k. 450 þús. tonn. Verður þá þorskveiðin í ár a. m. k. 130—150 þús. tonnum meiri en hún var 1978. Úr öllum þessum afla höfum við verið að moða á undanförnum árum. Samt sem áður hefur þjóðarframleiðslan sáralítið aukist síðan, kaupmáttur kauptaxta sigið verulega og lífskjör versnað. Segir það sína sögu um stjórnarfarið í landinu.

Verðhækkanir á sjávarafurðum hafa orðið verulegar í ár á erlendum mörkuðum. T. d. eru saltfiskur og skreið í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi er talið að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar hafi aukist einungis vegna verðhækkana erlendis um 3% frá því í fyrra. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði ætti einnig að öðru jöfnu að skila sjávarútveginum drjúgum tekjuauka svo og þjóðarbúinu í heild.

Því miður hefur gefið á bátinn engu að síður í íslenskum sjávarútvegi undanfarin ár, þrátt fyrir slíkt góðæri, aflabrögð og ytri skilyrði. Að mati Þjóðhagsstofnunar voru rekstrarskilyrði fiskveiðiflotans eftir síðustu fiskverðshækkun þau, að 12.4% halli var talinn vera á stærri togurum, 4.1% halli á minni togurum og 0.9% á bátum sem ekki stunda loðnu, þ. e. 3.1% meðalhalli af tekjum fiskveiðiflotans, auk loðnubáta sem augljóslega eru verr staddir en önnur útgerð. Þá er talið að tap á því að frysta fisk nemi nú 4% af tekjum. Öllum er ljóst, sem nálægt þessum hlutum og atvinnurekstri koma, að hér er um tölur að ræða sem ekki segja allan sannleikann. Ástandið er því miður orðið þannig í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar í miðju góðærinu að ríkisstj. er nú með á prjónunum öflun hallærislána til þess að koma í veg fyrir stöðvun tuga fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu í landinu vegna taprekstrar.

Það er dæmigert fyrir skammsýni og óraunsæi og ranga stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum, að undanfarin þrjú ár hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verið gerður nánast gjaldþrota. S. l. þrjú ár hafa verið greiddar inn í sjóðinn 17.3 millj. kr., en út úr honum 239 millj. Þessi þróun hefur átt sér stað þótt ekki hafi verið um verulegt verðfall að ræða á þessu tímabili og oft á tíðum mjög hátt og gott verð á sjávarafurðum, svo sem ég hef áður rakið. Í fyrra var t. d. gott verð á loðnuafurðum, en þá var ekki greitt neitt af því í Verðjöfnunarsjóð. Sama er að segja um saltfisk á þessu ári og í fyrra. Hér er um að ræða dæmi um það, hvernig hátt verð á

afurðum okkar hefur ekki verið nýtt til þess að efla Verðjöfnunarsjóðinn og þaðan af síður sú hagstæða þróun sem orðið hefur á gengi dollarans að undanförnu. Þannig hefur algerlega verið látið vaða á súðum að þessu leyti með framangreindum afleiðingum.

Höfuðið er svo bitið af skömminni með þessu frv. Þar er í góðæri farið að fikta með millifærslur og miðstýringu með lagabreytingum sem varða Verðjöfnunarsjóð. Það er því að vonum að hagsmunaaðilar að Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins höfðu margir hverjir þau orð á fundum fjh.- og viðskn., þegar fjallað var um þetta frv., að með því væri verið að leggja í rúst verðákvörðunarkerfi sjávarútvegsins og kasta fyrir róða þeirri grundvallarhugsun sem upphaflega var á bak við stofnun Verðjöfnunarsjóðs.

Herra forseti. Við sjálfstæðismenn, sem skipum 2. minni hl. fjh.- og viðskn., erum mótfallnir þeirri stefnu sem kemur fram í þessu frv. Til að freista þess, að haldið verði áfram á þeirri braut sem upphaflega var mörkuð þegar lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins voru samin og samþykkt á Alþingi, vil ég að lokum geta brtt. sem við hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flytjum á sérstöku þskj. Þetta er brtt. við brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., við nýja grein sem komi inn í frv. og verði 2. gr. Við leggjum til að gr. orðist svo:

„Nú ákveður Seðlabanki Íslands að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytinga á gengi íslensku krónunnar hinn 26. ágúst 1981 og skal þá sá gengismunur skiptast hlutfallslega á hlutaðeigandi deildir sjóðsins."

Með þessari brtt., ef samþykkt yrði, yrði komið í veg fyrir það slys að hverfa algerlega frá upphaflegum tilgangi Verðjöfnunarsjóðs og þeirri grundvallarstefnu að mismuna ekki hinum einstökum deildum sjóðsins.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður þó að ég vilji koma að fáeinum atriðum sem hv. stjórnarandstæðingar fluttu hér. Þeir tala um það báðir, að hér sé um nánast óguðlega millifærslu á milli greina að ræða, og það má skilja á máli þeirra, að ekki séu fordæmi fyrir því sem hér er verið að gera, þó að það kæmi vissulega fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að það hefði verið gert áður, en þá var um mikla gengisfellingu að ræða. Mér skilst að gengisfellingin þurfi að verða mikil til þess að gengishagnaðurinn sé upp tekinn.

Ég vil vekja athygli á því, að í jan. 1978 stóð hv. þm. Matthías Bjarnason, þáv. sjútvrh., að upptöku á gengismun og færði það yfir í deildir Verðjöfnunarsjóðs, frystideild og að mig minnir mjöldeild. Var ekki þá verið að kippa grundvelli undan starfsemi Verðjöfnunarsjóðs? Ég held ekki. Ég get fyrir mitt leyti tjáð mig samþykkan því sem þá var gert. — Eða hv. þm. Kjartan Jóhannsson, þáv. sjútvrh. Í sept. 1978 var eitt af hans fyrstu verkum að setja ásamt mér og fleirum brbl. um að taka gengishagnað til að greiða hugsanlega skuld sem frystideild Verðjöfnunarsjóðs stefndi í. Það kom að vísu ekki til þess, ef ég man rétt, en hugur fylgdi sannarlega því máli.

Hver er munurinn hér? Nú er ekki gengishagnaður tekinn að vísu af atvinnugreininni. Það er eignaupptaka, eins og segir í 3. lið hjá hv. þm., en eignaupptakan er frá Seðlabankanum. Það er kannske það sem brennur svo á hv. þm., að gengismunurinn skuli vera tekinn af Seðlabankanum, en ekki tekin þessi 52% sem atvinnuvegurinn var látinn halda. Hann var látinn halda því, það var ekki tekið. Það var tekið af atvinnuveginum áður, nú af Seðlabankanum. Jú, jú, við berum allir Seðlabankann og hag hans fyrir brjósti. En niðurstaða mín var nú sú, að Seðlabankinn hefði fremur efni á því að skila sínum gengishagnaði en atvinnuvegurinn. Þess vegna var það tekið af Seðlabankanum. Eins og áður hefur verið gert er ekki gert ráð fyrir því að greiða það jafnt á deildir Verðjöfnunarsjóðs. Ég kynnti mér vandlega þau fordæmi sem lágu fyrir, bæði í sept. 1978 og í jan. 1978. Er það ekki líka millifærsla þegar gengismunur er tekinn og greitt í Stofnfjársjóð fiskiskipa? Ég er sammála því sem kom fram hér áðan, að það er oft þörf á slíku við gengisfellingar og kannske sérstaklega þegar þær eru miklar. Ég hygg að það eigi þá alveg sérstaklega við. En gengisfellingar hafa hins vegar ekki verið svo miklar að ég hafi treyst mér til að leggja slíkt til, og alveg sérstaklega af því að lánin eru gengistryggð. Sá er munurinn orðinn á allra síðustu tímum.

Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að mér finnast sumir menn gerast ærið bláeygir þegar þeir eru komnir úr ábyrgð og orðnir stjórnarandstæðingar. Hér er sem sagt farið nákvæmlega í sömu hjólförin og menn hafa verið í áður. Menn tala hér um skammtímalausnir. Hvað hafa verið margar skammtímalausnir í þessu verðbólguþjóðfélagi í gegnum árin, gegnum áratugina? Hafa menn ekki staðið frammi fyrir því aftur og aftur, þegar ný holskefla dynur yfir, að menn hafa orðið að grípa til ráðstafana til þess að tryggja afkomu atvinnuveganna? Ég veit ekki betur. Við gætum líklega þulið upp slíkar ráðstafanir hér í allan dag. Ég verð að segja það, að hvort sem ég hef verið stjórnarsinni eða stjórnarandstæðingur hef ég ætíð skilið að það sé nauðsynlegt. Vitanlega væri gaman að geta með einu pennastriki strikað út verðbólguna og þurfa ekki að gera neinar ráðstafanir til þess að halda atvinnuvegunum gangandi. Ef hv. þm. geta bent mér á ráð til þess vil ég gjarnan heyra það.

Hér er hneykslast á því, að heimild skuli vera veitt, ef stjórn Verðjöfnunarsjóðs ákveður að taka lán. Það er alveg rétt, að það var gert vegna stórfellds vanda sem loðnuveiðar og vinnsla stóðu og standa frammi fyrir. Mig langar til að heyra frá hv. stjórnarandstæðingum hvað þeir hefðu gert í þessu tilfelli. Ég skil það helst svo að þeir hefðu bara fellt gengið. Það er talað um að það sé verið að halda uppi fölsku gengi. Við hefðum líklega átt að fella gengið til að brúa þennan 33% mun eða halla sem var á vinnslunni. Það væri lagleg kollsteypa sem fylgdi þá. En ég spyr: Er það virkilega tillaga hv. stjórnarandstæðinga að gengið hefði átt að fella til að mæta erfiðleikum einstakrar greinar eins og þessarar?

Það er einnig rætt um það hér, og undir það get ég tekið, að of lítið sé í Verðjöfnunarsjóði. Menn eru að furða sig á því. Ég vil einnig taka undir það, að vitanlega hefði þurft að greiða inn í Verðjöfnunarsjóð af saltfiski, eins og staðan er núna, og vonandi verður það mál tekið upp við næstu ákvörðun Verðjöfnunarsjóðs eftir áramótin. En ég vek athygli manna á því, að frystingin hefur staðið þannig undanfarin tvö ár að þar hefur ekki verið um neitt slíkt að ræða. Staðreyndin er sú, að þar til s. l. vor var nánast engin hækkun á frystum afurðum okkar á Bandaríkjamarkaði í eitt og hálft ár, og þetta ræður mestu um það að ekki hefur komið fjármagn inn í Verðjöfnunarsjóð.

Enn einu sinni heyrist að forsendur fyrir Verðjöfnun-

arsjóði séu brostnar ef Verðjöfnunarsjóður tekur lán. Verðjöfnunarsjóðurinn getur að sjálfsögðu eins og aðrir brúað bilið frá mínusi upp í plús. Í raun og veru er þarna um þá eina breytingu að ræða, að mennirnir, sem þar sitja í stjórn, geta ákveðið að reyna að brúa þá sveiflu, sem skapast niður fyrir núllið, með lántökum. Áður var gert ráð fyrir að sveiflan væri eingöngu fyrir ofan núllið, ef ég má orða það svo. En ég endurtek: Það er á valdi stjórnar sjóðsins hvort notuð er slík heimild.

Ég vil því segja að lokum að ég er mjög undrandi á sumu sem fram kemur hjá hv. stjórnarandstæðingum og mér sýnist það vera gleymt sem þeir hafa áður staðið að. Ég held að þeir ættu að skoða þær gerðir betur.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. gefur hér í skyn að það sé margfalt fordæmi fyrir því sem verið er að gera með þessum lögum. Það er ekkert fordæmi fyrir því, að Verðjöfnunarsjóður taki lán eins og hér er gert ráð fyrir að heimila honum með lögum. Það hefur engin slík lagaheimild fundist og það er ekkert fordæmi fyrir því. Það er ekkert fordæmi fyrir því heldur að menn séu í sjónhverfingaleik með prósentur sem eigi að taka upp í gengismun af birgðum á mánaðarfresti, einhverjar smáprósentur. Þetta er náttúrlega komið út í algerar öfgar. Auk þess var greininni heitið því, að svona yrði ekki farið að eftir að upp var tekið að afurðalánin væru miðuð við erlenda mynt.

Hæstv. sjútvrh. er þannig að gefa í skyn það sem er alrangt. Auk þess talar hann um að það sé allt í lagi með upptökuna eða með endurgreiðsluna á gengisuppfærslu af endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna þess að það sé verið að taka úr Seðlabankanum. Það hefur ekki nokkur maður verið að tala um það. Hér eru lán sem einstakir aðilar hafa tekið. Það er verið að tala um að breyta skilmálunum á þeim lánum. Það eru skilmálar við einstaka aðila. Þetta eru í rauninni samningar milli Seðlabankans og einstakra framleiðenda úti í bæ. Þessum skilmálum er breytt og það sem gerist er að hæstv. sjútvrh. ætlar að taka með krumlu sinni þann mismun sem er á þessum skilmálum. Hann er ekki að taka það af Seðlabankanum. Hann er að taka það af þessum framleiðsluaðilum úti í bæ. En hann gerir meira en að taka það af hinum einstöku framleiðsluaðilum, sem er eignaupptaka af mjög óvenjulegu tagi og sjálfsagt vafasöm með tilliti til stjórnarskrárinnar. Hann ætlar svo að úthluta í Verðjöfnunarsjóðinn eftir allt, allt öðrum reglum en nokkurn tíma áður hefur verið gert, því að hann ætlar ekki einu sinni að láta þessa sömu framleiðendur njóta þessa síðar í heild, heldur ætlar hann að flytja það á milli vinnslugreina. Það hefur aldrei verið gert áður. Svo stendur hæstv. sjútvrh. hér upp og talar um það með hofmóði, að það séu margföld fordæmi fyrir því sem nú er verið að gera. Það eru ekki nein fordæmi fyrir þessu.

Ég held að hæstv. sjútvrh. farist ekki að tala um augnalit í þessu sambandi. Ég minnist þess ekki, að ég eða aðrir þm. hafi gefið yfirlýsingar um það, að við höfum verið plataðir af aðilum úti í bæ ef við höfum glapist til þess að fylgja stefnu eins eða annars. En við viljum horfa á þessi vandamál eins og þau liggja fyrir á hverjum tíma. Og ég segi það afdráttarlaust sem skoðun mína, að hér er farið út á stórvarasama braut. Hér er verið að fleyta hlutum í fáeinar vikur, en brjóta allar meginreglur, sem hafa verið viðhafðar á undanförnum árum, og mola grunninn undan Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins sem hagstjórnartæki, rýra traustið á honum, gera hann meira og minna ónýtan. Þetta eru auðvitað alvarlegir atburðir. Maður getur ekki bara horft á þetta og farið að tala um augnalit. Það er fráleitt.

Það er kannske ekki nema von að illa sé komið að því er varðar loðnudeildina. Þar hefur verið haldið á af einstakri skammsýni. Bæði hefur viðmiðunarverðið verið ákveðið vitlaust á undanförnum misserum þannig að útgreiðslur hafa átt sér stað þegar engin þörf var á þeim, eins og reyndar líka gerðist um saltfiskinn. Síðan, þegar það liggur fyrir að loðnustofninn er í stórhættu, er öllum kvótanum úthlutað í einu vetfangi, og nú á að kóróna allt saman með því að greiða niður þessa atvinnugrein til þess væntanlega að drepa seinustu loðnuna. Þetta ber ekki vott um mikla stjórnvisku. Auðvitað hefði átt að halda allt öðruvísi á þessum málum. Það átti að safna fé í sjóðinn þegar svigrúm var til þess. Það átti ekki að úthluta öllum kvótanum í einu lagi. Það átti að fækka skipunum, sem voru í þessum kvóta, þegar sást hvernig horfði, og það sást fyrir langa löngu hvernig horfði með útlitið í þessari grein. Það er ekki bara seinasta verðákvörðun varðandi loðnu sem er gagnrýniverð, heldur líka hin sem er næst á undan. Þá strax var tækifæri til þess að grípa í taumana og gera eðlilegar og skynsamlegar ráðstafanir.

En hitt er auðvitað hárrétt hjá hæstv. sjútvrh., að það er hægt að þylja margar skammtímalausnir frá þessum Framsóknaráratug. Og það sem meira er, það er ekkert hægt að þylja í efnahagsmálum annað en skammtímalausnir, ekkert annað en bráðabirgðalausnir á bráðabirgðalausnir ofan. Menn hrekjast með þessi vandamál úr einu víginu í annað. Úrlausnirnar eru engar. Það er ekki bara að því er varðar sjávarútveginn sem þetta er svona. Þetta á við á öllum sviðum. Var það ekki stórkostlegt bjargræði ríkisstj. 1. nóv. að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum til þess að hækka þær enn þá meira 1. des.? Hvers konar stjórnkerfi er þetta eiginlega? Það er það sem er að hjá okkur, hvað listinn á bráðabirgðaráðstöfununum er langur. Og það sem verra er, núna horfum við fram á að lausnirnar séu ekki nema til tveggja mánaða, eins og talað er um núna. Hæstv. ráðherrar neyðast til, eins og hæstv. sjútvrh., að viðurkenna opinskátt varðandi það, sem við erum að gera núna, að við megum þakka fyrir að það endist til áramóta. Það er gegn þessu bráðabirgðaástandi, gegn þessum bráðabirgðalausnum sem þarf að snúa sér. Og það er gegn því, að menn hjakki sífellt í þessu bráðabirgðafari, sem við Alþfl.-menn höfum verið að berjast. En við segjum líka: Meðan menn fara að eins og hér er gert, þá búa þeir til eina bráðabirgðaráðstöfunina enn á grundvelli þeirrar bráðabirgðaráðstöfunar sem þeir eru að gera í dag. En ég er hæstv. sjútvrh. þakklátur fyrir að varpa ljósi á og viðurkenna í hvert efni er komið með þetta bráðabirgðakák.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki vera mjög langorður. Hæstv. ráðh. var nokkuð úrillur og talaði um að við ömuðumst við skammtímalausnum. Við höfum þurft að horfast í augu við margar skammtímalausnir á undanförnum árum í efnahagsmálum, bæði í sjávarútvegi og öðru. Þetta er hárrétt hjá hæstv. ráðh. En það er eins og mig minni að hans flokkur hafi lumað á einhverjum varanlegum úrræðum í efna-

hagsmálum og haldið því fram upp á síðkastið, að þessi úrræði væru nú að sýna árangur. Í ljósi þess, að niðurtalningin er í fullu gildi, að mér skilst, að ná verðbólgunni niður í sama stig og í nágrannalöndunum, og hæstv. ríkisstj. hefur lýst yfir þessari stefnu, þá hélt ég að hæstv. ráðh. þyrfti ekki að amast við því, þótt bent sé á að hæstv. ríkisstj. hefði vikið út af þessari niðurtalningarleið sinni með þessum bráðabirgðalausnum sí og æ.

Hæstv. ráðh. hélt því fram að við hefðum talað um óguðlega millifærslu og að það væri fordæmi fyrir gengisupptöku, upptöku gengismunar í janúar árið 1978, þegar Matthías Bjarnason hefði verið sjútvrh., — gengismunar sem þá hefði verið greiddur í Verðjöfnunarsjóð. Það er talsverður munur á því ef gengismunur einstakra sjávarafurða er gerður upptækur og færður í viðkomandi deildir. (Gripið fram í.) Það kann að vera að hæstv. ráðh. hafi þar eitthvað um fjallað. Ég skal ekkert um það segja. En á hinn bóginn er þar um að ræða grundvallarmun ef um það er að ræða að hver deild fái sitt í sinn hlut. Ég hygg nú að gengið hafi verið þannig frá því á þessum tíma, að þar hafi hver fengið sitt, að út úr því hafi verið reiknað að deildirnar fengju sinn gengismun. En ég er fús til þess að hafa það sem sannara reynist í þessu og fús til þess að fá upplýsingar um það.

Formaður Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins mætti á okkar fundi í fjh.- og viðskn. og hann staðfesti það, þegar við spurðum hvort þarna væri um að ræða nokkurt fordæmi, að svo virtist ekki vera, og ég vil trúa því þangað til annað kemur í ljós, að hann hafi sagt okkur satt og rétt frá. Eins og kemur fram í till. okkar Eyjólfs Konráðs teljum við síður en svo við það að athuga, hvort sem gengismunur er tekinn á þann hátt sem gert er ráð fyrir í brtt. meiri hl. n., úr Seðlabankanum, eða hann er tekinn eins og gert er samkv. 1. gr. — þá teljum við síður en svo við það að athuga, að framleiðendur einstakra sjávarafurða njóti þessa gengismunar, annaðhvort með því að fá hann í hendur sjálfir eða þá að viðkomandi deild Verðjöfnunarsjóðs njóti þessa gengismunar, vegna þess að okkar grundvallarskoðun er sú, að hver og einn framleiðandi sé eigandi þess fjármagns sem hver deild Verðjöfnunarsjóðs á þá og þá. Þess vegna talaði ég um eignaupptöku.

Ég vil upplýsa hvernig þessu fjármagni hefði verið ráðstafað samkv. þessari till., ef hver og einn framleiðandi hefði fengið gengisuppfærslunni skipt í hlutfalli við það sem hann hafði flutt út af sjávarafurðum. Þá hefðu skreiðarframleiðendur fengið 10.9 millj. og saltfisksframleiðendur 7.5 millj. En þeir fá samkv. þessu frv. 5 millj. í sinn hlut af þessari gengisuppfærslu sem á að vera uppbót á þeirra óhagræði vegna gengistryggðra afurðalána. Þeir fá 5 millj. í staðinn fyrir það, að ef reiknað hefði verið af þeirra útflutningi hefðu þeir fengið 18 millj. kr. rúmlega. Það er þetta sem við erum að gagnrýna. Það er þarna sem er verið að færa í milli. Nákvæmlega sama væri að ákveða að taka gengismun sjávarútvegsins og nota hann til þess að styðja við bakið á ullariðnaðinum. Hér er um að ræða tilfærslu milli greina sem hefur ekkert fordæmi. Með þessum lagafyrirmælum er verið að taka fé af skreiðar- og saltfisksframleiðendum og raunar fleirum og færa yfir til Verðjöfnunarsjóðsdeildar frystiiðnaðarins, gera þetta fjármagn að þeirra eign.

Ég skal ekki orðlengja þetta miklu frekar. Ég lagði áherslu á það í mínum málflutningi, að í 1. gr. væri komið inn á nýmæli sem aldrei hefði sést í lögum áður. Það er sjálfdæmi ríkisstj. um það, hvort hún tekur gengismuninn eða ekki. Mér skilst að hæstv. ríkisstj. hafi notað þessi ákvæði brbl. þannig að hún hafi ekki tekið gengismun af frystum sjávarafurðum. Þar er um að ræða nýmæli. En ég endurtek það, að hefði sú grein verið eingöngu um að taka gengismun í réttu hlutfalli af framleiðendum og greiða með því skuldir Verðjöfnunarsjóðs, þá hefðum við út af fyrir sig ekki haft neitt við það að athuga.

Ég vil svo að lokum segja það, að oft á tíðum hafa ýmsar greinar sjávarútvegsins lent í vandræðum. Hvað skeði þegar ekki var hægt að flytja skreið úr landinu á annað ár eða jafnvel þriðja ár? Var þá gripið til þess ráðs að taka gengismun af frosnum fiski og greiða til skreiðarframleiðenda? Ég held að hæstv. ráðh. geri sér grein fyrir því, á hve hálum ís hann er í þessu efni. Hann hlýtur að hafa þau tengsl við framleiðendur sjávarafurða og við þá sem standa yfirleitt í sjávarútvegi, að hann hlýtur að vita það — og það skulu vera mín lokaorð, að allir hagsmunaaðilar, sem ég hef rætt við um þetta mál, telja þetta vera á ystu nöf um það að leggja núverandi verðákvörðunarkerfi og kerfið, sem við höfum komið okkur upp, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, leggja það hreinlega í rúst.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend eingöngu upp til þess að lofa hv. 3. þm. Norðurl. e. því, að hann skal fá ítarlegar og sundurliðaðar upplýsingar um það, hvernig gengishagnaði var ráðstafað í jan. 1978. Það er hér í þskj. Það er misskilningur, vil ég bara segja á þessari stundu, hjá hv. þm., að þá hafi ekki verið um mikla millifærslu að ræða. Ég gerði grein fyrir þessu í ræðu við 1. umr. og gerði þá grein fyrir því, hve skuldin hjá frystideild Verðjöfnunarsjóðs var mikil og hafði þá reyndar fallið á ríkissjóð, verið greidd úr ríkissjóði, en var endurgreidd með upptöku gengishagnaðar. Sömuleiðis var greidd skuld hjá lýsis- og mjöldeild. En það er óþarfi að vera að þjarka um það hér. Ég skal fá þessar upplýsingar. Ég get gengið hér fram og náð í þær og kannske upplýst það þegar við 3. umr. um þetta mál.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. Það væri fróðlegt að koma inn á margt sem talað hefur verið um, niðurtalningu og fleira. Niðurtalningin er náttúrlega ekki leiftursókn og það tekur nokkurn tíma að koma verðbólgunni niður, en á sama tíma er ætlast til að atvinnuvegirnir starfi.

ATKVGR.

Brtt. 134,1 samþ. með 9:2 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 9:7 atkv.
Brtt. 143 felld með 11:5 atkv. — 46 tekin aftur.
Brtt. 134,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 9:7 atkv.
2.—4. gr. (verða 3.—5. gr.) samþ. með 9:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:4 atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 138). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Um leið og ég mæli fyrir frv. til l. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins vil ég leyfa mér, ef forseti hefur ekkert við það að athuga, að fjalla einnig um frv. til l. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, því að frv. þessi eru nátengd og verða að fylgjast að í gegnum hv. Alþingi. Reyndar get ég haft framsöguræðu mína í styttra lagi því ég mælti ítarlega fyrir þessum frv. á síðasta Alþingi. Frumvörpin fóru þá til nefndar og voru alllengi í meðferð hjá nefnd, ítarlegri meðferð. Í ljós kom, eftir að umsagnir höfðu fengist frá ýmsum aðilum sem þessum málum eru tengdir, að athugasemdir voru margar við frv. og ósamkomulag um málið eins og það var þá.

Fyrst og fremst komu mjög ákveðnar athugasemdir frá Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins vegna þess að gert var ráð fyrir að settur yrði á fót sérstakur slíkur sjóður fyrir grásleppuafurðir, en þær ekki hafðar í hinum almenna Aflatryggingasjóði.

Í öðru lagi gerði Fiskveiðasjóður athugasemdir við ákvæði frumvarpanna, sem skuldbundu Fiskveiðasjóð að vissu leyti umfram það sem almennt er til að veita lán til kaupa á bátum og til annars stofnkostnaðar vegna grásleppuveiða.

Í þriðja lagi var gerð athugasemd við ráðstöfun á hluta af því útflutningsgjaldi sem um er fjallað í því frv. sem er 2. mál á dagskrá, til samtaka grásleppuveiðimanna og einkum til ráðstöfunar í birgðaskemmu sem samtökin hugðust koma sér á fót. Þessi mál urðu því ekki afgreidd. En þau voru tekin til meðferðar í sjútvrn. í sumar og hefur verið mjög ítarlega farið í gegnum allar athugasemdir. Fundir hafa verið haldnir með þeim, sem athugasemdir gerðu, og frv. síðan unnin upp að nýju með fulltrúum samtaka grásleppuveiðimanna og eru nú lögð fram hér í allmjög breyttu formi.

Helstu breytingarnar snúa reyndar að þeim atriðum sem ég nefndi áðan í því frv. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins sem hér liggur fyrir. Er nú gert ráð fyrir að grásleppuhrognaframleiðendur verði sérstök deild í þessum sjóði. Þeir eru ekki sjálfstæð deild og hygg ég að um það sé orðin samstaða. Að vísu skal þess getið, að fulltrúar samtaka grásleppuhrognaframleiðenda hefðu heldur kosið fyrri háttinn en sætta sig við það sem hér er gert ráð fyrir.

Í öðru lagi er felld burt öll tilvísun til Fiskveiðasjóðs og hann á engan máta skuldbundinn. Hins vegar renna eins og frá öðrum útflutningsafurðum í sjávarútvegi 22% til Fiskveiðasjóðs, og fer síðan eftir reglum sjóðsins hvað hann lánar til báta vegna grásleppuveiða. Gert er ráð fyrir að útflutningsgjald verði 3.5% af þessum afurðum, en það er 5.5% af öðrum. Hins vegar er, eins og fram kemur í ákvæði til bráðabirgða í frv. um útflutningsgjald sem ég leyfi mér að fjalla hér um einnig, gert ráð fyrir að 2.5% verði lögð á og renni til þess að koma upp geymsluskemmu fyrir grásleppuhrogn, en þetta gjald fari síðan smáminnkandi og hverfi á 10 árum.

Þetta eru, herra forseti, meginbreytingarnar á þessu frv. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa um það lengra mál. Ég vil þó segja að lokum að þau vandræði, sem grásleppuveiðimenn hafa orðið fyrir af markaðsástæðum, eru mjög mikil. Því miður hefur aðeins tekist að selja um það bil helminginn af framleiðslu þessa árs. Hinn helmingurinn liggur jafnvel undir skemmdum. Því er á vegum sjútvrn. og grásleppuhrognaframleiðenda nú verið að athuga hvort unnt sé að ná þessum hrognum saman og koma þeim í örugga geymslu. Slík geymsla mun vera fengin. Ég geri ráð fyrir að fjárhagsleg aðstoð verði veitt til að ná þessari framleiðslu saman og koma henni í betri geymslu en nú er. Engu að síður fer því víðs fjarri að skaði grásleppuveiðimanna og framleiðenda sé ekki mikill og framtíðin af þessum ástæðum óviss. Það er alls óvíst, að það takist að selja þessa framleiðslu í bráð, og alls ekki tryggt, að það takist að geyma hana lengi þannig að ekki verði skaði af. Með þetta í huga held ég að mönnum hafi orðið ljósara en áður að mikil þörf er á því að koma upp slíkri geymslu og styrkja slík samtök. Ég held að á því sé ekki nokkur vafi. Það er þess vegna m. a. sem samtök grásleppuhrognaframleiðenda leggja á það mikla áherslu, að frv. þessi fáist nú afgreidd. Vil ég leyfa mér að styðja þá beiðni þeirra og mælast eindregið til þess, að frv. verði afgreidd og það fyrr en seinna.

Að þessu mæltu, herra forseti, legg ég til, ef ég má í einni ræðu, að báðum frv. verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 139). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til sjútvn. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 2. des., að loknum 16. fundi.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem var hér áðan við 2. umr. um þetta mál, vil ég upplýsa að 9. febr. 1978 voru samþykkt hér lög um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu. Hér var um að ræða að tekinn yrði í sérstakan reikning í Seðlabankanum gengishagnaður í sjávarútvegi af þessari gengisbreytingu. Í 2. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta, um ráðstöfun á þessum gengishagnaði þegar fjallað hefur verið um greiðslu á flutningskostnaði og öðru slíku eins og venja er: „Enn fremur skal endurgreiða ríkissjóði það sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð."

Því miður hef ég ekki einstök atriði hér hjá mér. Ég hef það í rn. hvað þar er um háa upphæð að ræða, en hún er töluverð. Þetta var skuld, sem frystideild Verðjöfnunarsjóðs hafði stofnað til, og vegna ríkisábyrgðar, sem var veitt fyrir þeirri skuld, hafði hún fallið á ríkissjóð, en var endurgreidd að fullu áður en ráðstöfun á því, sem eftir var, kom til umræðu, sem svo er fjallað um í 3. gr. Í 3. gr. er 65% af því, sem eftir er, skipt jafnt á allar greinar. Síðan er reyndar 35% tekið til sérstakra þarfa, þ. e. til hagræðingar í fiskiðnaði, og 57% til að létta stofnfjárkostnað eigenda fiskiskipa. Í því tilfelli, sem nú er um að ræða, gegnir að því leyti öðru máli, að hér er gengishagnaður Seðlabankans gerður upptækur, en í fyrra tilfellinu var gengishagnaður fiskvinnslunnar gerður upptækur. Vitanlega hefði mátt orða þessa grein svo í því frv. sem hér er til umr., að skuldin væri fyrst greidd og síðan hinu skipt jafnt. Það mætti að sjálfsögðu gera. Í þeim lögum sem hér eru til umræðu, er þess meira að segja ekki getið hvað þessi upphæð sé há, en að sjálfsögðu liggur það fyrir.

Í brbl., sem sett voru 5. sept. 1978, er nákvæmlega eins farið að. Þar eru fyrst teknar af óskiptu skuldir sem kann að þurfa að greiða vegna framleiðslu áranna 1977 og 1978 í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og það voru skuldir sem stefndi í hjá frystideild, en það kom ekki til þessarar greiðslu þar sem tekjur sköpuðust hjá sjóðnum áður en á þessu þurfti að halda.

Herra forseti. Þetta vildi ég aðeins upplýsa út af þeirri umr. sem hér var áðan.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar. Að sjálfsögðu var mér um þetta kunnugt. En mér var tjáð að í hvorugt þetta skipti hefði komið til þess. Það stendur þarna í annað skiptið „kann" skuldin að verða. Síðan stendur í þessum lögum: „Enn fremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976" o. s. frv. Þar er um að ræða spurninguna um það hvort þetta hefur verið greitt. Í fyrra skiptið var það greitt, segir hæstv. ráðh., og það getur vel verið. En þá er spurningin þessi, hvort hafi verið um það að ræða, að það hafi verið samkomulag við framleiðendur sjávarafurða og að þarna hafi verið um að ræða mjög svipað hlutfall og þeir áttu í raun af þessum gengishagnaði. Um þetta skal ég ekki deila við hæstv. ráðh. En meginatriði þessara laga felast í 3. gr. og þar er þetta orðað svo: „65% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskmjöls, loðnumjöls og loðnulýsis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins". Þetta hefur verið meginstefnan í gegnum árin.

Ég skal ekki segja hvort út af þessu hefur verið brugðið í einhverjum litlum mæli og þá kannske í samráði við framleiðendur sjávarafurða. Það skal ég ekkert um segja. En það er höfuðatriði, sem kom fram í gagnrýni minni við 2. umr., að út af þessari stefnu er nú fyrst verulega brugðið. Mér kemur ekki í hug að framleiðendur sjávarafurða, stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og þeir aðilar, sem hafa upplýst okkur um að nú sé í fyrsta sinn verulega frá þessari stefnu brugðið, þeir fari ekki með rétt mál.

Í þessum lögum segir líka, — og það kom fram í mínu máli, að ég gagnrýndi að engu af þessum gengismun er ætlað að létta byrði þeirra sem verða fyrir áföllum vegna gengisbreytingarinnar, — í þessum lögum er gert ráð fyrir að 35% af þessum gengismun gangi til hagræðingar í fiskiðnaði og 57% til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Það eru þessi meginatriði, sem oftast hefur verið lögð áhersla á þegar ráðstafað hefur verið gengismun, og í langflest skiptin hefur verið reynt að létta þeim byrðina sem sérstaklega verða fyrir áföllum af gengisbreytingu. Það er ekki gert núna. Það er farið þarna inn á nýja braut. Ég skal ekki fullyrða hvort hæstv. ráðh. hefur rétt fyrir sér að því leyti til, að í einhverju hafi með samráði við gagnaðila verið farið inn á þá braut að greiða skuld Verðjöfnunarsjóðs almennt. En þeir hafa allir lagt á það áherslu við okkur nm. í fjh.- og viðskn., að hér er um nýmæli að ræða.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að í umræddum lagagreinum, sem hér hefur verið vitnað til, er hvergi sagt að það, sem renni til Verðjöfnunarsjóðsins, sé tekið áður en skipt er milli greinanna. Eins og greinarnar hljóða er verið að tala um skuld Verðjöfnunarsjóðs við ríkissjóð eðu hugsanlega skuld. Þessar skuldir er hugmyndin að greiða af þeim gengismun sem þarna er tekinn upp. Það er ekkert samkv. þessum greinum sem segir að það skuli gert án tillits til þess, úr hvaða grein sjávarútvegsins um er að ræða gengismun.

Það stendur í 2. gr. t. d. í brbl. frá 1978: „Enn fremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann kann að þurfa að greiða" — þetta var ekkert nýtt eins og þegar hefur verið upplýst, — „til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð." Og síðan kemur í 3. gr. „að fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 2. gr. umfram greiðslur samkv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar" — sem eru um annað — „ skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti." Þess vegna er ekkert í þessum lögum sem segir að það sé ekki tekið af einni grein fyrir aðra grein, ef skuldir séu í frystingu, þá sé tekið af frystingunni til að greiða þær

skuldir. Ég stend eindregið á þeirri skoðun, að þannig hafi þetta verið framkvæmt. Þar styðst ég við það, að þeir, sem hafa starfað í greininni og í Verðjöfnunarsjóðnum, hafa einmitt talað um það alveg afdráttarlaust á nefndarfundum, að aldrei hafi verið flutt á milli deilda með þeim hætti sem brtt. við 2. gr. felur í sér. Það má reyndar upplýsa líka, að í bréfi frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins kemur fram að stjórn sjóðsins hafi ekki mælt með því, að tekin yrðu lán, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. þessa frv.

Það má enn fremur vitna til þess, að í bókun fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins frá 7. nóv. 1980 bókar formaðurinn afdráttarlaust, „að samkv. lögum sjóðsins sé hvorki heimilt að færa fjármagn á milli afurða né greiða umfram innistæðu.“ Hér er því greinilega verið að fara inn á nýja braut. En það er ekki bara það sem ég vil vekja athygli á vegna þessarar umr., heldur ekki síður hitt, að það ákvæði, sem hér er sérstaklega gert að umtalsefni, fjallar ekki um gengismunarsjóð í þeim skilningi sem við höfum verið að fjalla um hann áður, heldur fjallar það um endurgreiðslu á gengisuppfærslu á afurða- og rekstrarlánum. Afurða- og rekstrarlánin eru samningur milli bankanna og framleiðandans. Síðan er ákveðið að breyta þeim samningi. Það fé, sem þarna er verið að taka, er í rauninni frá framleiðandanum sjálfum, og þar er farið inn á það að flytja milli greina með þeim hætti sem ekki eru fordæmi fyrir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:6 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 17. fundur.

Miðvikudaginn 2. des., kl. 2 miðdegis.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, frv. (þskj. 83). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Á þskj. 83 hef ég ásamt hv. þm. Geir Hallgrímssyni leyft mér að flytja frv. um flugstöð á Keflavíkurflugvelli. Málefni þessarar væntanlegu flugstöðvar er alkunnugt og varla þörf að gera því ítarleg skil.

Það er skemmst frá að segja, að þetta mál hefur verið ofarlega á baugi í meira en áratug án þess að í rauninni sé búið að taka nokkrar ákvarðanir um framkvæmdir við byggingu stöðvarinnar eða tilhögun hennar. Ekki þarf að lýsa því fyrir hv. þm., að núverandi flugstöð á Keflavíkurflugvelli er með öllu ófær til að gegna hlutverki sínu. Hún er gömul timburbygging sem meira hefur verið byggt við en reglur leyfa. Í henni er óhjákvæmileg eldhætta, sem gæti leitt til stórslyss ef slys kæmi fyrir þegar farþegafjöldi er mestur í stöðinni. Aðstaða er mjög léleg til allra starfa. Má segja að þessi gamla stöð hafi flesta eða alla þá galla sem hugsanlegir eru við eina alþjóðlega flugstöð.

Þó á þessi stöð að heita anddyri Íslands. Þangað koma hundruð þúsunda af farþegum, sem ýmist hafa þar skamma viðdvöl eða koma til landsins og fara frá því. Hér sem annars staðar er því nauðsynlegt að þetta sé myndarlegt og menningarlegt mannvirki svo og allt umhverfi og afgreiðsla sé sem þægilegust miðað við þær aðstæður sem hér eru, m. a. veðurfar. Það verður því ekki deilt um þörfina á byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Þar til koma kröfur um öryggi, starfsaðstöðu og síðast en ekki síst sómi okkar Íslendinga varðandi það, hvernig anddyri þjóðarinnar lítur úr.

Meira en áratugur er liðinn síðan utanrrh. tók mál þetta upp og lét hefja rannsóknir á lausn þess. Fyrst í stað var leitað til alþjóðlegra aðila í Frakklandi og Danmörku og teiknuð mikil og stór flugstöð sem reisa mætti á Keflavíkurflugvelli, jafnframt því sem ákveðinn var nýr staður fyrir stöðina. Hefur sá staður þann kost að aðskilja stöðina algerlega frá athafnasvæði varnarliðsins. Það er enn ein hlið á þessu máli sem ég hygg að Íslendingar leggi allir mjög mikla áherslu á. Núverandi sambland á athafnasvæðum varnarliðsins og flugstöðvarinnar er með öllu óviðunandi og verður að skilja þar á milli eins fljótt og kostur er.

Nú þegar munu einar fimm ríkisstjórnir hafa fjallað um þetta mál, en snemma komust menn að þeirri niðurstöðu, að hér væri um svo dýrt mannvirki að ræða að Íslendingar hefðu ekki bolmagn til að ráðast í það einir. Skipti ekki máli þó að upprunalegar teikningar væru endurskoðaðar og stöðin minnkuð til mikilla muna frá því sem í fyrstu var gert ráð fyrir. Enn stóð það að mannvirkið er of dýrt til að við Íslendingar getum reist það á viðunandi tíma. Því var það að ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar komst að þeirri niðurstöðu sem ég nefndi. Var því lögð fram ósk um að varnarliðið tæki þátt í byggingu stöðvarinnar. Var það og er ekki talið óeðlilegt sökum þess að það verður varnarliðinu sýnilega til mikilla hagsbóta ef flugstöðin verður fjarlægð frá varnarsvæðinu og varnarliðið fær til yfirráða og afnota núverandi flugstöð sem það getur notað á margvíslegan hátt.

Lengi var um þetta mál fjallað og fyrst í stað tekið illa í það af amerískum yfirvöldum, að varnarliðið tæki nokkurn þátt í byggingu stöðvarinnar. Svo kom þó að ákveðið var af þeirra hálfu að varnarliðið skyldi leggja fram í fyrsta lagi þann kostnað, sem er við sjálfar flugbrautirnar að stöðinni, og í öðru lagi rúmlega hálfan áætlaðan kostnað við byggingu hússins eða um 160 millj. kr. Þetta boð stendur nú sem svar við óskum íslenskra ríkisstjórna, en það er takmarkað hvað tíma snertir og mun vera nauðsynlegt að láta hendur standa fram úr ermum, taka ákvarðanir og byrja framkvæmdir innan næstu 11 mánaða ef þetta framlag á ekki að glatast.

Miklar deilur hafa risið, ekki um að reisa alþjóðlega flugstöð á Keflavíkurflugvelli, heldur hvernig fjármagna eigi stöðina. Alþb. hefur beitt sér gegn því, að nokkrir peningar frá varnarliðinu verði notaðir til að koma þessum mannvirkjum upp, en svo er að sjá að allir hinir flokkarnir hafi, a. m. k. á einhverjum tíma, verið þeirrar skoðunar, að í þessu tilviki væri eðlilegt að varnarliðið tæki þátt í fjármögnun mannvirkisins, bæði með því að leggja flughlað á sinn kostnað og leggja fram eitthvert fé til byggingarinnar.

Í tíð núv. ríkisstj. hefur hins vegar farið svo, að Alþb. hefur komsit yfir neitunarvald í þessu máli. Það var sett í stjórnarsamning að ekkert skyldi aðhafst í þessu máli nema stjórnarflokkarnir væru allir um það sammála. Ég tel að þetta atriði í núgildandi stjórnarsamningi sé í raun og veru andstætt stjórnarskránni og andstætt eðlilegu lýðræði, þar sem minnihlutaflokkur, sem hefur rúmlega

1/5 af kjósendafylgi í landinu, getur komið fram skoðunum sínum og þær verða ráðandi og eru teknar fram yfir skoðanir, er aðrir flokkar sem hafa um 80% kjósenda á bak við sig, hafa haft. Neitunarvald þetta er þó staðreynd og bæði Framsfl. og þeir sjálfstæðismenn, sem standa að ríkisstj., virðast ætla að standa við ákvæði stjórnarsáttmálans og láta Alþb. ráða því að ekki verði tekið á móti neinum framlögum til þessarar stöðvar frá varnarliðinu. Ég vil leyfa mér að mótmæla þessari málsmeðferð og ítreka að hún er algerlega ólýðræðisleg. Með stjórnarþátttöku er minnihlutaflokki gert kleift að ráða gegn augljósum vilja meiri hluta.

Ég skal ekki ræða hvort rétt sé að varnarliðið taki þátt í byggingu stöðvarinnar eða ekki. Teljum við flm. eðlilegt að varnarliðið leggi fram nokkurt fjármagn í þessum tilgangi, bæði vegna þess að það hefur sjálft hag af því að stöðin verði reist og það er eðlilegt að þeir, sem varnarlið hafa á Keflavíkurflugvelli, taki þátt í að leysa þann vanda sem hér er á ferðinni. Ég tel það vera mikinn misskilning að áhrif Bandaríkjamanna hér á Íslandi í sambandi við varnarmálin aukist að nokkru leyti þó að þeir leggi þetta fé fram. Þvert á móti tel ég að færa megi rök að því, að áhrif þeirra minnki og aðstaða okkar verði sterkari þegar við höfum sjálfstæða flugstöð sem er algerlega aðskilin frá athafnasvæði varnarliðsins. Báðir aðilar hafa hag af því, að þetta mannvirki komist sem fljótast upp. Við Íslendingar getum ekki fjármagnað það á viðunandi tíma. Því er eðlilegt að nota það boð, sem fyrir liggur, um að varnarliðið fjármagni flughlaðið og leggi 20 millj. dollara til sjálfrar byggingarinnar eða rúman helming áætlaðs byggingarkostnaðar eftir síðustu áætlunum sem mér eru kunnar.

Flm. hafa því ákveðið að leggja mál þetta fyrir Alþingi í frv.-formi og verður þá að ráðast hvort þingið er svo skaplítið að láta minni hluta ráða málinu, en gefa frá sér hið eðlilega vald meiri hlutans, sem er að taka ákvörðun um mál sem þetta og hrinda því í framkvæmd.

Ég sé ekki ástæðu til að fara ítarlega í gegnum frv. því það er stutt.

Í 1. gr. er gert ráð fyrir að reisa skuli og starfrækja flugstöð fyrir farþega- og vöruafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli. Stöðin skal vera algerlega aðskilin frá mannvirkjum varnarliðsins og tryggja skal henni landrými svo að þar geti síðar risið aðrar byggingar til sömu eða skyldra þarfa svo og til samgönguæða að og frá stöðinni.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir að utanrrh. hafi stjórn á byggingu og rekstri stöðvarinnar. Hann á að tryggja fé til framkvæmdanna, og felst auðvitað í því að gert er ráð fyrir að til komi framlag frá varnarliðinu þó að það sé ekki sagt berum orðum. Veitt er heimild til að taka lán fyrir hluta Íslendinga, sem mun vera áætlaður eitthvað nálægt 160 millj. kr. miðað við síðustu teikningar af stöðinni, en hún hefur verið minnkuð til mikilla muna frá því sem var á fyrri stigum. Þá er gert ráð fyrir að utanrrh. skipi byggingarnefnd, er hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd verksins, og hann taki allar endanlegar ákvarðanir um gerð flugstöðvarinnar.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að flugstöðin verði undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum, allt efni til smíði hennar skuli undanþegið aðflutningsgjöldum.

Að lokum er í 4. gr. gert ráð fyrir að utanrrh. setji reglur um rekstur stöðvarinnar, reikningshald og fjárreiður, daglega stjórn og annað sem þörf krefur.

Þrátt fyrir nokkurt fjárhagslegt framlag varnarliðsins mundi þessi flugstöð verða alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip sem Íslendingar sjálfir setja á hana.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Þetta frv., sem hér liggur frammi til umr., er allrar athygli vert, þó trúlega sé nokkuð sérstakt að flytja frv. um einstakar byggingar. En staða málefnisins, þ. e. flugstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli, er slík að það eitt gæti réttlætt slíka málsmeðferð. Skoðun mín á flugstöðvarmálinu er ljós. Ég vil láta reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli, — flugstöð sem getur annað hlutverki sínu bæði fyrir starfsmenn sem farþega, flugstöð sem fullnægir þeim öryggiskröfum sem gera verður til slíkrar byggingar auk þess, sem ekki er minnsta atriðið, að aðskilja her og þjóð, eins og sumir hafa viljað kalla það. Þetta er einnig skoðun flm.

Ég þarf ekk að fara mörgum orðum um forsögu flugstöðvarmálsins. Hún er öllum kunn. Einnig er öllum ljós staða þess samkv. núverandi stjórnarsáttmála, þ. e. að ekki verði ráðist í byggingu flugstöðvarinnar án samkomulags innan ríkisstj. Í sumar var unnið að þessu máli innan ríkisstj. til að reyna að finna lausn á því. Árangur þess starfs er 10 millj. kr. lántökuheimild í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 vegna flugstöðvarinnar í Keflavík. Í samræmi við það, sem sagt er um málið í athugasemdum við fjárlagafrv., hefur hæstv. utanrrh. skipað þriggja manna nefnd til að taka flugstöðvarmálið til athugunar, eða eins og segir í skipunarbréfi nefndarinnar: „Í 6. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir allt að 10 millj. kr. lántöku vegna flugstöðvarinnar í Keflavík. Jafnframt því að taka ákvörðun um þessa lánsfjárheimild ákvað ríkisstj. að fela nefnd þriggja manna að taka flugstöðvarmálið til athugunar, m. a. hönnun byggingarinnar og hugsanlega áfangaskiptingu. Gert er ráð fyrir því, að nefndin geri tillögur um það, hvernig fyrrgreind lántaka verði nýtt."

Í þessa nefnd var ég skipaður ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni alþm. og Edgar Guðmundssyni verkfræðingi. Nefndin hefur þegar komið saman og er að safna að sér þeim gögnum sem fyrir liggja. Nefndin hefur þegar haldið nokkra fundi, m. a. með þeim aðilum sem mest hafa unnið að undirbúningi þessa máls, þ. e. hönnuði byggingarinnar, Garðari Halldórssyni húsameistara ríkisins, og formanni byggingarnefndarinnar, Helga Ágústssyni deildarstjóra. Á þessum fundum hefur mest verið rætt um hvernig staða málsins er. Hafa þeir tekið að sér að afla ýmissa upplýsinga fyrir nefndina til að reyna að finna lausn á þessu máli. Við skulum gera okkur fulla grein fyrir því, að sú lausn, sem þarf að finna, er pólítísk lausn á málinu. Um það er, held ég, einhugur að vinna að því í nefndinni. Ég fullvissa hv. alþm. um að ég hef tekið sæti í þessari nefnd vegna þess að ég met það sem raunhæfa leið til að koma flugstöðinni á framkvæmdastig. Ég hef ástæðu til að ætla að svo sé einnig um meðnefndarmenn mína.

Ég get tekið undir öll þau rök, sem hv. 1. flm. frv. rakti áðan, rök þess að reisa nýja flugstöð á Keflavíkurflugvelli. En ég bendi á, og tek undir orð hans varðandi fjárframlag til byggingarinnar, að það er mikið fjármagn sem til þarf og það er vafasamt að menn séu reiðubúnir að taka í einum áfanga þó ekki væri nema þann hluta sem er rætt um sem íslenskt framlag 160 millj. ísl. kr., eins og

fram kemur í frv. þeirra, samkvæmt því samkomulagi sem liggur fyrir við Bandaríkjamenn um bygginguna. Mér er til efs að menn séu reiðubúnir að taka það í einum áfanga. Ég held því að menn verði að reyna að finna einhver áfangaskipti að þessari byggingu.

Í framhaldi af því, sem ég hef hér sagt um bygginguna, sé ég ekki ástæðu til að lengja þetta mikið. Ég tel ekki tímabært að meta þörf slíkrar lagasetningar sem hér er gerð tillaga um. þar sem þegar er unnið að málinu innan ríkisstj. af fullum krafti, að ég tel.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að gera nokkra athugasemd við þetta frv. til laga á þskj. 83. Tek ég þó strax fram að ég er samþykkur efni frv. og byggingu flugstöðvarinnar, sem þar getur. En ég tek undir með 1. flm. og frsm. að það kemur ekki til mála, eins og ég hef áður getið um í þingnefnd, að einn flokkur eða hópur manna á Alþingi eða í nefnd Alþingis geti komið í veg fyrir þann rétta framgang mála, að mál verði rædd á opnum þingfundum og afstaða til þeirra mála tekin þar. Í mínum huga getur því enginn málefnasamningur ráðið um vilja Alþingis, heldur er málefnasamningur eingöngu sáttmáli milli þeirra, sem hann samþykkja, og ekkert annað. Hann bindur ekki Alþingi eða alþm. í heild. Þess vegna tel ég eðlilegt að þetta mál, eins og önnur lík sem hugsanlega geta komið upp, verði rætt á opnum fundum Alþingis og alþm. taki þar afstöðu.

Við frv. sjálft vil ég leyfa mér að gera athugasemd, — ekki við 1. gr., ég get fellt mig við hana óbreytta. En ég vil gera athugasemd við 2. gr., með leyfi forseta, en hún hljóðar svo: „Utanrrh. hefur stjórn á byggingu og rekstri stöðvarinnar.“ — Ég tel, eins og margundirstrikað er af flm. og öllum þeim sem eru hlynntir byggingu flugstöðvarinnar nýju, að hún eigi samkv. íslenskum lögum að heyra undir samgrn. og Flugmálastjórn á sama hátt og allir aðrir flugvellir og flugstöðvarbyggingar á Íslandi og þar með líka talin sú flugstöð sem nú er á Keflavíkurflugvelli þó þar sé um að ræða samnotkun varnarliðsins og íslenskra aðila. Ég legg áherslu á að þetta er ekki vantraust á utanrrh. né heldur embættismenn utanrrn. né varnarmálanefnd sem slíka, en varnarmálanefnd er íslenski hlutinn af þeim sem ráða varnarmálum á Keflavíkurflugvelli og fyrir landið allt. Ef við tengjum utanrrn. við byggingu og rekstur á þessari stöð erum við ekki að aðskilja íslenskan flugrekstur og varnarliðið. Ég vil biðja hæstv. utanrrh. að taka vel eftir þegar ég undirstrika að það er ekki af vantrausti á hann eða embættismenn hans að ég geri þessa athugasemd, heldur eingöngu vegna þess að ég tel að íslensk lög séu þess eðlis, að samgrn. eigi að fara með stjórn á flugstöðvarbyggingunni eða Flugmálastjórn undir samgrn. og ráðh. þess.

Þá er einnig athugasemd við 3. gr. Þar segir: „Flugstöðin skal undanþegin öllum sköttum og opinberum gjöldum.“ Ég er ekki reiðubúinn að samþykkja að flugstöðin verði undanþegin þessu eftir að hún er byggð. Ég get fellt mig við að allt, sem þarf að nota af tækjum og efni til að koma henni í endanlegt rekstrarhorf, verði undanþegið sköttum og opinberum gjöldum. Það heyrir þá undir þau lög sem ná yfir varnarliðið sjálft núna. Það borgar engin aðflutningsgjöld af þeim tækjum sem það notar, enda koma þessi nýju tæki í staðinn fyrir önnur sem varnarliðið er að taka við í gömlu byggingunni. En að byggingartímabilinu loknu og þegar rekstur er hafinn veit ég ekki hvort er rétt að undanþiggja þann rekstur frekar en annan rekstur í landinu þeim sköttum og skyldum sem á hvíla gagnvart opinberum aðilum. Er ég þá m. a. og ekki síst með sveitarfélagið og tekjur þess í huga.

Með leyfi forseta vil ég enn fremur benda á að í 4. gr. er tekið fram að utanrrh. setji reglugerð um rekstur stöðvarinnar. Ég vil ekki gera neina sérstaka athugasemd við það, en ég tel að samgrh. ætti þar að koma inn í, a. m. k. með utanrrh.

Ég undirstrika að í grg. kemur fram að mannvirkið skuli vera undir alíslenskri stjórn og aðskilið frá athafnasvæði varnarliðsins. Með þessum orðum í grg. hljóta flm. að vera að undirstrika að tengslin við varnarliðið verði engin í rekstri á eftir. Það undirstrikar enn betur þann málflutning sem ég er hér með, að samgrh., en ekki utanrrh., á að fara með þessi mál.

Það kemur líka fram í grg., að sú flugstöð, sem nú er í notkun, er gömul timburbygging sem meira hefur þegar verið byggt við en reglur leyfa. Ég held að ekkert hafi verið byggt þarna án heimilda. Reglunum hefur þá verið breytt með leyfunum. Varnarliðið er að taka yfir þessa stöð og ég lít á það sem sölu til varnarliðsins, ekki framlag varnarliðsins til nýju byggingarinnar. Ég hefði helst ekki viljað kalla það að það fjárfesti í nýju flughlaði og öðru sem þarf til flugrekstrar og rekstrar stöðvarinnar og leggi þar að auki 20 millj. dollara til sjálfrar byggingarinnar. Þetta er ekki framlag. Við erum að selja gömlu stöðina með flughlaði og öllu saman og fá fyrir það þessa greiðslu. Hér er því ekki um framlag að ræða, heldur hreina sölu. Hvort hægt er að meta söluna góða fyrir okkur og slæma fyrir þá eða öfugt skal ég ekkert dæma um. Ef hún er góð fyrir okkur og við getum byggt með eigin fé og 20 millj. dollurum að viðbættu því, sem kostar að gera flughlað, erum við að selja á góðu verði og ættum að fagna því, en ekki að reyna að flækja það með öðrum málflutningi um að hér sé eitthvert framlag erlendra aðila sem séu óhreinir peningar sem við eigum ekki að taka við. Ég vil breyta hugsunarhættinum í þessu, því það fer ekkert á milli mála að alveg er sama hvort hús er sérhannað eða ekki sérhannað. Ef hús eða skýli er til þar sem slys á sér stað er það notað hvernig sem það er útbúið. Það er skjól. Og ef við getum útbúið þessa nýju byggingu sem betra skjól og fullkomnara til að taka við slösuðu fólki og veita því fyrstu aðstoð ber okkur skylda til að hafa þá framsýni að geta búist við því að einhvern tíma verði slys, jafnvel flugslys, á Keflavíkurflugvelli og að stöðin gæti þá hugsanlega verið vel undir það búin að taka við þeirri starfsemi sem þá þarf skyndilega að setja í gang.

Ég vil undirstrika að í síðustu línum í þessari grg. stendur, með leyfi forseta:

„Flugstöðin verður alíslenskt mannvirki, rekið eingöngu af Íslendingum og mun bera þann svip, sem Íslendingar setja á hana.“

Með þessum orðum vil ég undirstrika enn þá einu sinni að okkur ber að hafa hvorki varnarliðið, varnarmáladeild né utanrrn. með í þessu. Ef þetta verður samþykkt á Alþingi erum við að slíta starfsemi íslensku flugfélaganna, íslenska starfsemi í alíslensku mannvirki, frá starfseminni eins og hún er nú á Keflavíkurflugvelli.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka þeim hv. 5. þm. Reykn. og 3. þm. Reykv. undirtektir þeirra undir þetta frv., sem við hv. þm. Benedikt Gröndal flytjum og er nú til umr. Ég hafði

beðið með að kveðja mér hljóðs þar til aðrir þm. hefðu haft tækifæri til að tjá sig um þetta mál, a. m. k. fulltrúar allra þingflokka. En ég tek eftir því, að enginn fulltrúi Alþb. befur kvatt sér hljóðs um málefni þetta, og það sem meira er, að þegar ég skyggnist um í þingsölum er fátt um þm. Alþb. í sætum sínum og enginn ráðh. þess. Það er nauðsynlegt að undirstrika, að hvorki fjarvera þm. Alþb. úr þingsölum hér að þessu sinni né vera þeirra í núv. ríkisstj. má koma í veg fyrir að slík nytjamál komist í framkvæmd eins og bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli.

Það er rétt til viðbótar greinargóðri framsöguræðu 1. flm., hv. þm. Benedikts Gröndals, að geta um nokkrar þær mótbárur sem fluttar hafa verið gegn byggingu þessarar flugstöðvar, úr því að þeir, sem þær hafa haft í frammi, hafa ekki manndóm í sér til að mæta á þessum þingfundi og flytja þær sjálfir.

Það hefur verið rætt um að þessi flugstöð væri samkvæmt teikningum og útboðslýsingum of stór með tilvísum til þeirrar óvissu sem ríkti varðandi framhald Norður-Atlantshafsflugs. Í því sambandi er og vitnað til ákvæðis í málefnasamningi núv. ríkisstj. um að endurskoða skuli teikningar og hönnun flugstöðvar með tilvísun til þessarar óvissu. Ég vil að þessu gefna tilefni taka það fram og láta koma hér fram í umr., að undirbúningur þessarar flugstöðvar hefur verið mjög ítarlegur og vandaður og margir erlendir sérfræðingar og ráðunautar komið þar við sögu. Fyrst voru fengnir franskir sérfræðingar til að leggja á ráðin um stærð og hönnun flugstöðvarinnar. Þeir þóttu nokkuð stórhuga í áætlunum sínum, sérstaklega varðandi áætlun um farþegaflutninga um Ísland í lofti, og því voru þessu næst fengnir danskir ráðunautar til að fara yfir tillögur hinna frönsku og varð sú yfirferð til þess að stærð og umfang flugstöðvarinnar minnkaði. Þá tóku næst við íslenskir hönnuðir, sem enn á ný minnkuðu flugstöðina um rúmlega 30% frá hinum dönsku tillögum eða úr 23700 m² í 16358 m². Loks er þess að geta, að það ákvæði í málefnasamningi núv. ríkisstj. að endurskoða stærð flugstöðvarinnar leiddi til þess, að hinir íslensku hönnuðir komu fyrir flugeldhúsi í flugstöðinni án þess að stækka bygginguna og varð byggingin ásamt flugeldhúsi tæpir 14000 m² eða minnkaði enn um rúma 2000 m². Þannig er ljóst að stærð flugstöðvarinnar hefur verið ítarlega könnuð og er útilokað að mínu mati að búast við því, að unnt sé að draga mjög úr stærð byggingarinnar miðað við þær fyrirætlanir sem nú liggja fyrir. Það má taka það fram, að núverandi flugstöð er áætluð 7000 m², en fyrirhuguð flugstöð mun nú vera 12384 m² eða stækkun miðað við núverandi flugstöð er 75%, þegar rými samsvarandi starfsþátta er borið saman.

Ég hygg að það þyki ekki of í lagt þegar á það er litið, hve þrengslin eru mikil í núverandi flugstöð og hve allur aðbúnaður í núverandi flugstöð er ófullnægjandi og raunar alls ekki bjóðandi því fólki, sem starfar í flugstöðinni, eða þeim farþegum, sem þurfa að hafa afnot af henni. Ég hygg líka að við hljótum að byggja á því, að flug yfir Norður-Atlantshaf verði þó ávallt að lágmarki til þess að fullnægja þörfum okkar Íslendinga sjálfra, og við vonumst til þess, að birti aftur og farþegum taki að fjölga á þessari leið. Vísasti vegurinn til að auka flugumferð um Ísland er auðvitað að skapa fullnægjandi skilyrði fyrir þá flugfarþega sem leggja leið sína um landið. Það er því liður í því að halda uppi flugsamgöngum um Norður-Atlantshaf að byggja nýja flugstöð. Bygging flugstöðvarinnar er einmitt veigamikil forsenda fyrir framtíð Norður-Atlantshafsflugsins. Hér tengist saman flugið sjálft og mannvirki við flugvöllinn.

Það hefur og verið nefnt, að svo mörg verkefni væru áríðandi varðandi endurbætur á aðbúnaði farþega á flugvöllum víða úti um land að þessi framkvæmd ætti ekki að vera í fyrstu röð. Ég dreg ekki í efa að mörg og mikil verkefni séu nauðsynleg varðandi byggingu flugstöðva á flugvöllum víða úti um land. En ég hygg þó að það hljóti að vera forgangsverkefni í þessum efnum að anddyri, það sem við byggjum gagnvart umheiminum, sé sómasamlega úr garði gert. Hér á ég ekki eingöngu við að við hljótum að taka vel eða sæmilega á móti þeim er sækja okkur heim eða héðan fara, heldur á ég ekkert síður við aðbúnað Íslendinga sem munu takast ferð á hendur til útlanda. Sem betur fer eru ferðalög landsmanna til útlanda vaxandi og er þar enginn skilsmunur á íbúum strjálbýlis og þéttbýlis, þannig að þessi flugstöð kemur öllum landsmönnum jafnt að gagni, auk þess sem hér er um að ræða nauðsynlega þjónustustöð gagnvart erlendum ferðamönnum. Við höfum verið sammála um það hér í þessum sölum að efla þjónustuna við ferðamenn þar sem hér er um mikilvægan atvinnuveg að ræða fyrir landsmenn alla.

Nú sé ég ekki betur en að sá eini þm. Alþb., sem var hér við upphaf umr., sé horfinn á braut. Ég var að gera mér vonir um að hæstv. iðnrh., sem stakk hér inn nefi sínu, ætlaði að ílengjast hér, en hann hvarf jafnskjótt á braut og hann heyrði hvert umræðuefnið var. En hv. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, sem er flugmálum mjög vel kunnugur, er nú hér kominn og er ánægjulegt að þeir hafa þá vaktaskipti fyrrv. og núv. fulltrúi Alþb. í flugráði.

Af hálfu þm. Alþb. hefur sú mótbára verið uppi höfð, að það sé fyrir neðan virðingu okkar að Bandaríkjamenn taki þátt í byggingarkostnaði þessarar nýju flugstöðvar. Hér hefur þessari mótbáru verið andmælt af öðrum ræðumönnum. Vil ég aðeins undirstrika að það er ekki nema eðlilegt að Bandaríkjamenn taki þátt í byggingarkostnaði þessarar flugstöðvar. Það lá ávallt fyrir að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir að kosta að öllu leyti leiðslur og flugvélastæði er nauðsynleg væru í tengslum við flutning flugstöðvarinnar frá þeim stað, þar sem hún er nú, og til þess staðar sem nýrri flugstöð hefur verið ákveðinn. Sá kostnaður er mjög umtalsverður og hef ég ekki heyrt neina mótbáru, ekki heldur frá þm. Alþb., við að þessi kostnaður falli í hlut Bandaríkjamanna. Með sama hætti er eðlilegt að Bandaríkjamenn greiði sem svarar 20 millj. dollurum í byggingarkostnaði nýrrar flugstöðvar, sem áætlaður er um 43 millj. dollara. Styðst það við það, að hvorir tveggja, Bandaríkjamenn og Íslendingar, hafa hagsmuna að gæta vegna aðskilnaðar varnarsvæðisins annars vegar og þess svæðis, sem einkum er nýtt til almennrar umferðar um flugvöllinn, hins vegar. Með þessum hætti verður varnar- og eftirlitsstörfum betur fyrir komið, og er það bæði í þágu Bandaríkjamanna og ætti að gera framkvæmd þeirra starfa ódýrari svo og í þágu Íslendinga þar sem við höfum lagt áherslu á að skilja þarna sem skýrast á milli.

Það var því mjög ákveðin og ítrekuð áhersla á það lögð í viðræðum og samningum við Bandaríkjamenn, að Bandaríkjamenn ykju þátttöku sína í kostnaði við flutning og byggingu nýrrar flugstöðvar. Við töldum ekki rétt í ríkisstjórninni 1974—1978 að láta sitja við að hlutdeild

Bandaríkjamanna í kostnaði við flutning og byggingu flugstöðvarinnar takmarkaðist við leiðslur og gerð flugvélastæða, heldur töldum við eðlilegt og sjálfsagt að þeir tækju þátt í kostnaði við bygginguna sjálfa. Eftir að Bandaríkjamenn höfðu hafnað slíkri hlutdeild oftar en einu sinni gengu þeir loks að því að taka þátt í þessum kostnaði að þessu marki. Heimild þar að lútandi hefur verið sett í fjárlög Bandaríkjanna, en því skilyrði bundin að af hálfu okkar Íslendinga liggi fyrir að framkvæmdir séu hafnar eða fjárveitingar séu heimilaðar fyrir 1. okt. næsta ár. Það er svo, að þótt margt sé þungt í vöfum hér á Alþingi Íslendinga mun ekki síður vera þungt í vöfum að fá fram fjárveitingar í bandarísku fjárlögunum, og þess vegna skiptir það miklu máli að við Íslendingar, eftir að hafa fengið Bandaríkjamenn til þess að taka þátt í þessari framkvæmd, látum ekki á okkur standa og nýtum loforð þeirra um hlutdeild í byggingarkostnaði. Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að líta má á þessa hlutdeild sem nokkurs konar endurgjald fyrir afnot þau sem Bandaríkjamenn fá af gömlu flugstöðinni og því svæði, sem þar er um að ræða, með tímabundnum hætti.

Það er ástæðulaust nú að fjalla í einstökum atriðum um athugasemdir þeirra hv. 5. þm. Reykn. og 3. þm. Reykv. við lagafrv. þetta, þar sem eðlilegt er og sjálfsagt að nefnd sú, sem fær frv. til meðferðar, kanni þær athugasemdir.

Ég er í engum vafa um að unnt verður að ná samkomulagi um innihald og gerð þessa frv. Hér er um sérstaka og sérstæða framkvæmd að ræða sem ekki er óeðlilegt að sérstök lög gildi um, m. a. vegna þess að þessi framkvæmd er byggð á samningum og samkomulagi við Bandaríkjamenn og er að því leyti sérstaks eðlis. Á þeirri forsendu byggist það, að utanrrh. er falin framkvæmd málsins, svo og því, að samkvæmt starfsskiptingu ráðh., er nú gildir fer utanrrh. með öll málefni Keflavíkurflugvallar og gegnir í raun og veru hvað hann snertir öllum fagráðherraembættum þótt á hinn bóginn sé ætlunin, þegar flugstöðin er komin í gagnið, að hér verði auðvitað um almenna íslenska starfsemi að ræða. En verkaskiptingu að þessu leyti má athuga frekar í nefnd.

Það leiðir svo af því sem ég sagði í upphafi máls míns varðandi stærð flugstöðvarinnar fyrirhuguðu, að það yrði erfitt annað en að byggja flugstöðina upp í einum áfanga þótt áfangaskipti geti verið varðandi innréttingavinnu og varðandi það að taka einstaka hluta flugstöðvarbyggingarinnar í notkun. Þetta leiðir af því, að fæstum mundi þykja það mikil stækkun eða mikil úrbót á núverandi vandræðum og þrengslum í gömlu flugstöðinni ef stækkun flugstöðvarinnar væri ekki a. m. k. 50—75%. Ég er svo bjartsýnn varðandi framtíð flugsamgangna um landið að ég tel eðlilegt og sjálfsagt að gera ráð fyrir að afnot flugstöðvarinnar aukist mjög hratt þegar hún er komin upp og skilyrði skapast fyrir að taka á móti fleiri flugvélum og farþegum.

Það er svo íhugunarefni hvernig á því skuli standa, að Alþb. beitir sér gegn byggingu nýrrar flugstöðvar. Alþb. hefur þó verið í ríkisstjórn og látið sér lynda ýmsar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli sem Bandaríkjamenn hafa fjármagnað. Ég nefni lengingu flugbrauta, byggingar ýmiss konar, þótt þeir á hinn bóginn hafi sett sig upp á móti byggingu flugstöðvar sem er einmitt til þess fallin að skilja á milli varnarliðsins og Íslendinga í daglegu lífi. Það skyldi þó ekki vera að Alþb. megi ekki til þess hugsa að missa glæpinn sinn, að það megi ekki til þess hugsa að hafa ekki möguleika til þess að reyna að koma óorði á samskipti Bandaríkjamanna og Íslendinga til þess að skapa tortryggni ekki eingöngu milli þessara þjóða, heldur gagnvart nauðsynlegu varnar- og eftirlitsstarfi sem fram fer í þágu Íslendinga sem annarra vestrænna þjóða frá Keflavíkurflugvelli. Það var gamall foringi þeirra Alþb. sem sagði við mig, þegar við ræddum þessi mál og raunar fleiri á breiðari grundvelli, að hann hefði varað sína menn, Alþb.-menn, við að vera með þessa þráhyggju varðandi varnarliðið á Keflavíkurflugvelli. Hann sagði: Hvað ætlið þið nú að gera ef svo skyldi fara að friðvænlega liti út í heiminum og varnarliðið hyrfi brott? Þá hafið þið ekkert að berjast fyrir og þá hafið þið á engu að lifa.

Ég vek enn á ný athygli á því, að þeir einstöku Alþb.-menn, sem hér voru, fyrrv. og núv. fulltrúar þess í flugráði, hafa ekki setið hér undir þessum umr. og eru flúnir af hólmi. Alþb. er mállaust. Við skulum vona að það viti á gott og sinnaskipti séu í aðsigi á þeirra heimili vegna þess að auðvitað ættu þeir ekki síður en aðrir alþm. að leggja áherslu á að þessi framkvæmd komist í höfn. Það má auðvitað gagnrýna það, að í nefnd þá, er skipuð er til að fjalla um byggingu þessarar flugstöðvar, séu eingöngu skipaðir 3 menn frá núverandi ríkisstjórnaraðilum. En ef tilgangurinn með því er að reyna að fá Alþb.-menn til að taka sinnaskiptum í þessum efnum skal ég ekki fetta svo mjög fingur út í þessa nefndarskipun þótt hún sé út af fyrir sig lítt þingleg og lýðræðisleg.

Ég vil að lokum leggja á það megináherslu, sem fram kom hjá 1. flm., hv. þm. Benedikt Gröndal, að það er algerlega óviðunandi ef innan við fimmtungur þm. ætlar sér að ráða ferðinni í þessu máli, og það er virðingu Alþingis og alþm. algerlega ósamboðið ef einn þingflokkurinn hefur stöðvunarvald í slíku þjóðnytjamáli sem hér er um að ræða. Það er að vísu ákaflega óvenjulegt að í málefnasamningi ríkisstj. sé sérstakt ákvæði um að einn flokkur hafi neitunarvald um tiltekna framkvæmd í landinu, eins og byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Það er venjan að í slíkum málefnasamningum sé tekið fram hvaða framkvæmdir skuli komast í höfn fremur en hitt, hvaða framkvæmdir skuli ekki verða að veruleika, eins og um er að ræða í sambandi við byggingu flugstöðvar. Ég skora á þm. Framsfl. og þá þm. Sjálfstfl., sem styðja núv. ríkisstjórn eða veita henni hlutleysi, að standa við sannfæringu sína og tryggja meiri hluta Alþingis til að koma þessu þjóðþrifamáli í höfn. Ég held að það sé ekki ofætlun að gera það, þrátt fyrir 160 millj. króna kostnað, þar sem rekstrarkostnaðaráætlanir gera grein fyrir því, að hagnaður verði af rekstri flugstöðvarinnar. Þótt í þeim áætlunum sé ekki tekið inn vextir og afborganir af stofnkostnaði er hér um rekstrarafgang að ræða svo að töluvert ætti að vera til þess að greiða fjármagnskostnað af byggingarkostnaði. Og með vaxandi flugumferð, sem ný flugstöð skapar skilyrði fyrir, er ég í engum vafa um að sú fjárhagslega byrði, sem af byggingu þessarar flugstöðvar leiðir, verði minni en engin þegar hún er komin upp og tekin í notkun.

Má ég bæta því við, að ég tók svo eftir að hv. 1. flm. gerði um það tillögu að samgn. fengi málið til meðferðar. Ég hef aðeins borið mig saman við hann lítillega og sú ábending hefur fram komið, að með því að hér er um töluvert fjárhagsmál að ræða, eins og um getur í 2. gr.

frv., sé ef til vill eðlilegra að fjh.- og viðskn. fái málið til meðferðar. Vil ég beina því til hæstv. forseta að meta það og vega.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hér er um mjög stórt og mikilvægt mál að tefla og þess vegna út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að lagasetning komi til varðandi það. Reyndar er trúlegt að þyrfti alltaf þegar til framkvæmda kemur varðandi flugstöð að koma til lagasetning eða heimild.

Ég fagna út af fyrir sig þeim áhuga sem hv. flm. hafa sýnt á þessu máli. Ég tel um mjög mikilvægt þjóðþrifamál að ræða og ætla ekki að eyða orðum að því. Ég hef sagt mína skoðun á því áður.

Ég held að það sé mjög þarflegt að Alþingi taki málið til meðferðar, bæði hér í þingsal á fundum og ekkert síður að nefnd fái málið til umfjöllunar. Ég held að það geti verið gott að því leyti, að það vekur menn til umhugsunar um þetta og málið skýrist. Því er ekki að neita, að að ýmsu leyti hefur þetta mál verið talsvert afflutt. Þess vegna held ég að það sé af hinu góða að um það sé talað og hið sanna komi í ljós.

Hitt er annað mál, að þó að hér sé flutt þetta frv. til laga um flugstöð á Keflavíkurflugvelli er margs að gæta í sambandi við hvenær samþykkt eða setning slíkra laga er tímabær. Það er ekki rétt að stinga höfðinu í sandinn í þessu sambandi, og það er ekki rétt að gleyma hvernig ákvæði eru í stjórnarsáttmálanum um þetta, þó að það sé auðvitað öllum ljóst, að Alþingi getur sett lög um þetta hvenær sem er — nota bene: ef þingfylgi er fyrir hendi. Ég held því að það verði erfitt í þessu máli að horfa fram hjá því pólitíska ástandi sem er, því pólitíska viðhorfi sem ríkir hér, og menn verði að líta raunsætt á það og athuga það, þeir sem áhuga hafa á málinu, sem ég hygg að séu velflestir þm., með hvaða hætti líklegast er að þoka málinu áfram og koma fram því sem helst þarf að koma.

Þetta er ekki einfalt mál að því leyti til, að það blandast inn í þau sjónarmið sem hér hafa komið fram hjá hv. ræðumönnum, að mönnum vex nokkuð í augum sú fjárhæð, sem á að verja í þessu skyni, þegar þeir horfa á hjá sér og í sínu nágrenni og í sínu kjördæmi flugvelli sem eru mjög illa í stakk búnir vegna fjárhagsvandræða. Ég skil því ákaflega vel að menn íhugi þessi mál frá ýmsum sjónarmiðum. En ég get algjörlega tekið undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni, að það þarf vitaskuld að líta á þetta mál með nokkuð öðrum hætti, sem sé þeim, að þetta er mál þjóðarinnar allrar, þetta er flugvöllur og flughöfn þjóðarinnar allrar.

En eins og ég sagði verður náttúrlega að hafa opin augun fyrir þeim staðreyndum sem hér eru fyrir hendi varðandi pólitískt ástand. Eins og menn rekur minni til var flutt hér í fyrra brtt. við lánsfjáráætlun þar sem gert var ráð fyrir heimild til 10 millj. kr. lántöku. Hún fékkst ekki samþykkt. Ég greiddi þeirri till. atkv., gerði grein fyrir atkv. mínu í því sambandi og taldi að samþykkt slíkrar heimildar bryti ekki á nokkurn hátt í bága við stjórnarsáttmálann, það ákvæði hans er lýtur að þessu. Við nánari og rólega athugun á þessu hlýtur náttúrlega öllum að vera ljóst, og allir hljóta að fallast á það að athuguðu máli, að það er ekki brotið í bága við stjórnarsáttmálann þó að veitt sé heimild til lántöku. Það er aðeins um framkvæmdirnar sem áskilið er samþykki allra ráðh. Nú hefur það gerst, sem mér þykir gleðilegt, að það hefur verið algjörlega fallist á þetta sjónarmið mitt í ríkisstj. og nú er í fjárlagafrv. heimild til lántöku sem gæti verið undirstaða að fyrsta skrefinu í þessu máli.

Það er að vísu jafnframt tekið fram, að skipuð skuli nefnd til að athuga alla hönnunina og athuga m. a. hvort verði komið við einhverri áfangaskiptingu í sambandi við þetta mál. Það má segja um þetta mál að það verður seint of vel athugað. Að sjálfsögðu tel ég rétt að slík nefnd starfi. Hún hefur þegar verið skipuð og tekið til starfa og ég efast ekki um að hún starfi vel. Hitt er eftir að sjá, hvort hún getur komist að annarri niðurstöðu en þeirri, sem fyrir liggur varðandi þetta mál, af því að það hefur verið unnið mikið að því eins og hér hefur komið fram.

Hv. síðasti ræðumaður benti á að það væri nokkuð óeðlilegt að í þessari nefnd væru aðeins fulltrúar frá stjórnarflokkunum, en ekki frá stjórnarandstöðuflokkunum. Út af fyrir sig get ég tekið undir þetta sjónarmið því það er æskilegt að sameina um svona mikla framkvæmd alla aðila. En það verður að stíga fyrst yfir neðstu rimina áður en komist er upp í þá næstu. Það, sem fyrir liggur núna í málinu, er að athuga og kanna hvort ekki getur orðið samkomulag innan ríkisstj. um að hefja framkvæmdir. Það fer sjálfsagt eftir því, vona ég, hverjar tillögur koma frá þeirri nefnd sem málið hefur nú til athugunar.

En það dugar ekki annað en að horfa raunsætt á þetta. Á meðan núv. stjórn situr, og það eru engin feigðarmerki á henni enn þá að sjá, verður ekki ráðist þarna í framkvæmdir samkv. stjórnarsáttmálanum nema allir flokkarnir eða við skulum segja allir ráðh. samþykki það. Auðvitað er svona ákvæði í stjórnarsáttmála ekki bindandi fyrir hv. alþm. En hitt vitum við, að í raunveruleikanum víkja stjórnarstuðningsmenn ógjarnan frá slíku ákvæði sem þessu. Ég held því að enn verði að reyna að þoka þessu máli áfram með samkomulagi. Og miðað við það sem ég sagði áðan, að skipt hefði verið um skoðun frá því í fyrra á því, hvern skilning ætti að leggja í stjórnarsáttmálann, ætti ekki að vera útilokað að gera sér von um að menn gætu skipt um skoðun og fallist á að framkvæmdir hæfust kannske með einhverjum breytingum frá því sem menn hafa upphaflega gert sér í hugarlund.

Þetta vildi ég aðeins taka fram, en endurtek það sem ég hef þegar sagt, að ég fagna því út af fyrir sig að þetta frv. er komið fram og málið er vakið á Alþingi. Þetta frv. fer náttúrlega til nefndar. Þá gefst kostur á að upplýsa málið þar enn betur og gefa nefndinni upplýsingar. Það getur verið álitamál kannske til hvaða nefndar frv. ætti að ganga. Ég hafði hugsað með mér, áður en ég heyrði tillögu 1. flm., að frv. mundi fara í fjh.- og viðskn., en það er auðvitað álitamál og ekki neitt aðalatriði. Þar verða að sjálfsögðu athuguð einstök atriði í þessu sambandi. —

Mér finnst t. d. fullmikið á utanrrh. lagt í 2. gr., þar sem honum er boðið að tryggja fé til byggingarinnar. Það væri kannske rétt að hafa eitthvað mildara orðalag á því. Ekki treysti ég mér til að leggja fram eigin lánsfé ef á þyrfti að halda. Vonandi verður möguleiki á að fá lánsfé til þess, en er þó hvergi nærri kannað vegna þess að ekki hafa verið tök á að kanna það fyrr en lægi fyrir hvort í framkvæmdir yrði ráðist eða ekki.

Það er auðvitað fullkomið álitamál, hvort þessi flugstöð og flugstöðvarbygging og rekstur hennar heyrir undir samgrh. eða utanrrh. Má auðvitað lengi um það deila. En sá háttur hefur verið á hafður á Keflavíkurflugvelli að mál hafa færst undir einn ráðh., og það hefur orðið hlutskipti vil ég segja utanrrh. að fara með þau mál. Það hefði svo sem mátt hugsa sér að þau væru öll í heild

lögð undir einhvern annan ráðh. Af minni reynslu tel ég að það sé heppilegast að hafa þessi mál undir einum og sama ráðh., en hvort það er utanrrh. eða einhver annar getur verið álitamál. En auðvitað getur Alþingi í lögum ákveðið að þessi bygging, rekstur þessarar stöðvar skuli heyra undir einn og sama ráðh.

Ég vil út af því, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði, benda honum á að þetta er bundið í lögum nú. Það er ekki aðeins að það komi til greina að þessi starfsemi heyri undir ráðh., heldur er það beinlínis bundið í lögum að þessi mál skuli heyra undir utanrrh. Vitaskuld má breyta því eins og öðru. Er reyndar ákvæði í stjórnarsáttmála um að tekin skuli til athugunar verkaskipting að því er varðar Keflavíkurflugvöll, en það hefur ekki komið til framkvæmda.

Ég skal svo, herra forseti, ekki blanda mér meira í þessa umr. Það má vera að það gefist tilefni til að tala eitthvað nánar um þetta í sambandi við afgreiðslu fjárlaga og þá lántökuheimild sem þar er að finna og ég tel allmikinn ávinning fyrir þann málstað sem ég barðist fyrir.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Um alllangt skeið hefur mönnum verið ljóst að flugstöðin á Keflavíkurflugvelli er orðin alls ófær um að gegna því hlutverki sem henni er þar ætlað. Það skiptir ekki máli hvort um er að ræða hlutverk flugstöðvar vegna utanlandsflugs okkar Íslendinga eða það þýðingarmikla hlutverk sem þessi flugstöð gegnir í öryggis- og varnarmálum okkar svo og það samstarf sem við erum í með vestrænum þjóðum. Það er því fullkomin ástæða til að Alþingi fjalli um þetta mál og taki um það ákvörðun og ákveði að hrinda af stað þeirri framkvæmd sem er lögð til í því frv. sem hér er til umr.

Það voru vissulega vonbrigði fyrir okkur, sem erum fylgjandi þessu máli og teljum nauðsynlegt að það nái fram að ganga, hvernig einum þingflokka tókst á síðasta þingi að koma í veg fyrir að málið næði fram að ganga. Hæstv. utanrrh. sagði réttilega áðan að hér væri um að ræða mikilvægt málefni og hér væri um að ræða málefni þjóðarinnar allrar, en skömmu síðar í sinni ræðu kom hann þar máli, að menn mættu ekki gleyma því, hvað stæði í stjórnarsáttmálanum, og þess vegna væri erfitt að koma þessu máli fram á Alþingi. Hv. 1. flm., Benedikt Gröndal, benti réttilega á hvernig farið hefur verið með þetta mál, hvernig fulltrúar mikils minni hluta þjóðarinnar hafa verið látnir ráða ferðinni og sýnast enn vera látnir ráða ferðinni í máli sem er mál þjóðarinnar allrar, eins og hæstv. utanrrh. sagði. Ég held að hæstv. ráðh. hafi orðað það svo, að ekki væri rétt að gleyma því sem í stjórnarsáttmálanum stæði. Ég er sannfærður um að það væri gott fyrir íslenska þjóð ef menn gleymdu því, sem í stjórnarsáttmálanum stæði í þessum efnum, og greiddu atkv. í samræmi við skoðanir sínar á þessu máli. Þá efast ég ekkert um að þetta frv. yrði samþykkt.

Það er búið að kanna þetta mál í alllangan tíma og hv. 2. flm., 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, gerði grein fyrir því, hver þróunin hefði verið í þeim efnum. Hann vék jafnframt að þeim mótrökum, sem fram hafa komið í sambandi við þessa framkvæmd, og sýndi fram á hve haldlítil þau eru.

Hæstv. utanrrh. segir að það sé ekkert í stjórnarsáttmálanum um, að ekki megi afla heimildar til lántöku, og það megi sjá á fjárlagafrv. að menn hafi breytt um skoðun frá því á síðasta þingi. Ég held að það sé viðtekin venja, að ef Alþingi veitir heimild til lántöku er Alþingi þar með að samþykkja að framkvæmdir skuli hefjast. Við könnumst mjög vel við að það eru settar inn í fjárlagafrv. örlitlar upphæðir til undirbúnings framkvæmdum, eins og það er orðað. En þegar aflað er heimildar til lántöku hefur það verið skilið svo og framkvæmt að Alþingi hafi ákveðið að framkvæmdir skuli hefjast.

Það mátti heyra á ræðu hæstv. utanrrh. að málið, eins og það liggur fyrir hjá ríkisstj., eigi ekki greiða leið til samþykktar. Ég efast ekki um skoðanir hans og vilja í málinu. Það kom fram á síðasta þingi í atkvgr. hver afstaða hans þá var. Ég hefði viljað að hans áhrifa hefði þá gætt meira í flokki hans en raun bar vitni. Við skulum vona að þegar þetta mál fær afgreiðslu nú á þingi verði fleiri hendur á lofti með málinu í hópi þeirra framsóknarmanna en reyndust vera á síðasta þingi.

Sú nefndarskipun, sem nú hefur átt sér stað með fulltrúum þeirra sem aðild eiga að ríkisstj., sýnir að vísu ekki að hér sé mál þjóðarinnar allrar, það er ljóst. En ég trúi að a. m. k. hluti nefndarmanna hafi vilja til að fá þetta mál fram og sú vinna, sem þessari nefnd er ætlað að leggja í athugun enn á ný, verði ekki til að tefja þetta mál.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um frv. Ég vildi láta þetta koma fram hér sem skoðun okkar sjálfstæðismanna í Reykjaneskjördæmi.

Ég held að þegar skoðað er, hvað er hér um að ræða, sé eðlilegast að þetta frv. fari til fjh.- og viðskn. Hér er um að ræða fjárfestingu á vegum ríkissjóðs, lántöku á vegum ríkissjóðs. Svo geta menn deilt um það eftir á, þegar byggingin er komin upp, undir hvaða ráðh. hún á að heyra. En samkv. þeim lögum, sem um þessi mál gilda, hlýtur flugstöðin að heyra undir utanrrh. að mínum dómi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þetta mál, bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, hefur svo oft komið til umr. hér á Alþingi og umr. orðið það langar að í rauninni liggja öll rök með og á móti þeirri framkvæmd ljós fyrir. Það er því alveg þarflaust að bæta frekar í þann bauk.

Ég vil hins vegar taka fram, að það er rétt hjá hæstv. utanrrh., að þrátt fyrir framlagt fjárlagafrv. eru Alþingi og þjóðin raunar engu nær. Engu hefur verið breytt, þrátt fyrir framlagningu fjárlagafrv. með heimildinni til lántöku til byggingar flugstöðvarinnar, vegna þess að í grg. með frv. er ítrekuð sú afstaða sem tilkynnt var við stofnun ríkisstj., að sú heimild og aðrar heimildir verði ekki notaðar nema fullt samkomulag takist um það í ríkisstj. Vitað er að einn flokkurinn í ríkisstj. hefur í stjórnarsáttmálanum tryggt sér neitunarvald í þeirri stofnun. Það er því rétt hjá hæstv. utanrrh., að það hefur raunar ekkert breyst í málinu af hálfu hæstv. ríkisstj. Menn eru engu nær nú en þeir voru í fyrra, og nú eru aðeins eftir 11 mánuðir sem menn hafa til stefnu til þess að geta hafið framkvæmdir eigi samþykkt Bandaríkjaþings á fjárframlagi ekki að falla úr gildi.

Hæstv. utanrrh. orðaði það einhvern veginn svo áðan, að þennan tíma yrði að nota til að reyna að stíga yfir fyrirstöðuna í áföngum — eða svo skildist mér hann orða

það. Við skulum gera okkur fyllilega ljóst í þessu sambandi, að einn þingflokkurinn, sem aðeins hefur innan við 20% kjósenda á bak við sig, hefur í þessu tiltekna máli stigið yfir meiri hl. Alþingis í einu skrefi. Það eina skref var tekið þegar til myndunar núverandi ríkisstjórnar var gengið. Þá steig Alþb. í einu fótmáli yfir allan meiri hl. þingheims. Og spurningin er sú, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það, hvort líklegt sé að menn geti stigið það eina skref til baka í áföngum. Auðvitað verður reynslan ein að skera úr um hvort það er hægt, en ég held að það sé varla hægt að víkja svo af þessu þingi að Alþingi verði ekki sjálft að taka ákvörðun um hvort það vill láta það á sig sannast, að einn þingflokkurinn með 11 þm. innanborðs geti í þessu tiltekna máli stigið yfir alla aðra þingflokka í einu skrefi.

Vakin hefur verið athygli á því, að þeir aðilar, sem telja sig mestu ráða um þetta mál, hafa nú verið fjarverandi frá þingfundi þegar málið hefur verið tekið til umr. Ráðh. Alþb. hafa ekki verið í salnum. Enginn Alþb.-maður hefur tekið til máls. Þeir hafa flestir verið á göngu utan salar. Þeir hafa m. ö. o. hagað sér svipað og þeir haga sér þegar formaður þingflokks þeirra ræðir utanríkismál hér í þinginu. Þá velja þeir sér gjarnan þá afstöðu að vera ekki við. Þessi fjarvera þeirra Alþb.-manna er annaðhvort til marks um að þeir hafi afráðið að taka þátt í lausn vandans, og ber þá auðvitað að fagna því, ellegar hún er til marks um að þeir telji þarflaust að hafa nokkur frekari afskipti af málinu þar sem úrslit þess séu þegar ráðin. Auðvitað getur enginn skorið úr um það annar en reynslan ein. En e. t. v. er það til marks um „Finnlandiseringu" þeirra sjálfstæðismanna, sem í ríkisstj. sitja, og framsóknarmanna líka að sterkasta aflið, sem setur þessum aðilum stólinn fyrir dyrnar í núverandi hæstv. ríkisstj., þarf ekki einu sinni að vera viðstatt þar sem ákvarðanirnar eru teknar og umr. fara fram.

Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. þm. Jóhann Einvarðsson mæltist áðan til þess, að ekki yrði gengið til afgreiðslu þessa frv. nú þegar. Ég skil orð hans svo, að hann telji vænlegt og geri að tillögu sinni að beðið sé með afgreiðslu frv. á Alþingi fram eftir vetrinum, þangað til séð verður hvort samkomulag tekst í ríkisstj. um framkvæmdina, en Alþingi fari ekki svo brott frá fundum nú í vetur að málið sé ekki tekið upp og afgreitt og þá væntanlega með samþykkt Alþingis og þingmeirihlutinn fái vilja sinn fram, ef ekki tekst það samkomulag í hæstv. ríkisstj. sem hæstv. utanrrh. orðaði eitthvað í þá veru að taka eigi til baka í áföngum það eina skref sem stigið var yfir meiri hluta Alþingis við stofnun núv. hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 102). — Frh. 1. umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í framhaldi af umr., sem urðu um þetta frv. þegar það var tekið til 1. umr. á síðasta þingfundi deildarinnar, vil ég aðeins bæta litlu við.

Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem frv. fékk hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh. Hér er ekki um stórt mál að ræða, en samt mjög þýðingarmikið fyrir rekstraraðila félagsheimila í landinu. Frv. er flutt til að taka af öll tvímæli að því er varðar álagningu á félagsheimili, og hafa skattstjórar beinlínis óskað eftir að hér væru tekin af öll tvímæli um framkvæmd laganna.

Ég vil taka undir ummæli hv. 10. þm. Reykv. um nauðsyn þess að efla Félagsheimilasjóð. Ég er reiðubúinn að vinna að því máli, m. a. með því að endurskoða álagningu skemmtanaskatts.

Vegna tilmæla, sem ég beindi til hæstv. fjmrh. um að innheimtumenn ríkissjóðs fengju fyrirmæli um að fresta innheimtu álagðra gjalda á þau félagsheimili sem ég nefndi í framsöguræðu minni, vil ég taka það fram, að hér er ekki um að ræða að fresta almennri innheimtu á gjöldum, heldur er hér um að ræða frestun á innheimtuaðgerðum sem þegar hafa verið boðaðar af skattyfirvöldum eða innheimtumönnum ríkisins á umræddd félagsheimili, þ. e. lögtaksaðgerðum og því sem þeim fylgir. Ég vil ítreka það hér, að ég tel réttlætismál og raunar sjálfsagt að frestað sé innheimtuaðgerðum á þessa aðila meðan beðið er eftir afgreiðslu þessa frv. hér á Alþingi.

Ég vil að lokum skora á hv. alþm. að sameinast um að afgreiða þetta mál, helst fyrir þinghlé, og vísa svo til framsöguræðu minnar að öðru leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 112). — Frh. 1. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 1. flm og frsm fyrir þessu frv. er innihald þess einn þátturinn í því að jafna aðstöðu fólks þannig að minnkaður sé sá mikli munur sem nú er á lífskjörum eftir því hvar einstaklingar búa á landinu. Þetta mál kemur mjög inn á samningamál þeirra aðila innan verkalýðshreyfingarinnar sem hafa ekki nú þegar kokgleypt ASÍ samkomulagið eins og frá því var gengið, t. d. Alþýðusambands Vestfjarða. Það kemur mjög inn á þetta svið einmitt, og það hefur óskað eftir viðræðum við hæstv. ríkisstj. og svörum um tiltekin efni. Ég hefði því gjarnan viljað, herra forseti, að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umr. um þetta mál. Sé hann ekki nálægur vildi ég gjarnan að umr. yrði frestað.

Umr. frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 114). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem ég flyt á þskj. 114 ásamt hv. 7. landsk. þm., Halldóri Blöndal, um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt.

Þetta frv. er raunar aðeins ein grein, og það, sem þar er lagt til er að orðin „sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni", sem er að finna í 11. lið 6. gr. laganna, falli niður.

Það, sem hér er um að ræða samandregið, er að nái þetta frv. fram að ganga er lagt til að öll blöð og tímarit verði undanþegin söluskatti. Undanfarin ár hefur blöðum og tímaritum verið mjög verulega mismunað í þessum efnum. Í söluskattslögunum er að finna þessi orð: „sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni". Þetta er hins vegar mjög veik skilgreining, enda hefur fjmrh. eða embættismönnum í fjmrn. verið gert að útfæra þessi orð. Það er ljóst t. a. m. að dagblöð hafa ekki verið söluskattskyld. Nú er það auðvitað á allra vitorði, að rekstur dagblaða hefur gengið mjög mismunandi. Ég hygg að það sé ekki neitt leyndarmál t. a. m. að blað eins og Morgunblaðið er fyrirtæki sem skilar miklum hagnaði, gengur vel, borgar drjúgan arð til þeirra sem í því eiga. Dagblöð hins vegar, a. m. k. þau sem eru ekki gefin út af stjórnmálaflokkunum, ganga brösulega, svo ekki sé meira sagt, eða eru rekin með allmiklu tapi.

Þegar kemur að tímaritum hins vegar þá hefur þetta verið skilgreint þannig, að þau tímarit, sem gefin eru út af félagasamtökum, hafa verið undanþegin söluskatti. Nægir þar að nefna t. d. tímarit sem gefin eru út af Frjálsu framtaki, sem er fyrirtæki sem hefur mikið umfang í útgáfustarfsemi, en öðrum tímaritum eða blöðum sem gefin eru út á hálfs mánaðar eða mánaðar fresti, hefur verið gert að borga söluskatt. Verður þó ekki séð í raun og veru að um nokkurn mismun á ritum sé þarna að ræða. Þetta hefur orðið til þess, og að sumu leyti af mjög skiljanlegum ástæðum, að mikillar óánægju hefur gætt hjá aðilum sem í útgáfustarfi standa. Þeim finnst réttilega — og hafa skrifað um það blaðagreinar aftur og aftur — að ritum, sem í raun og veru eru gefin út á mjög líkum ef ekki alveg sömu forsendum, sé mismunað. Þegar þetta mál er skoðað er ekki hægt annað en að taka undir í þessum efnum.

Því má svo bæta við, að í því felst ákveðin hætta, að ráðuneyti hafi vald til að skilgreina hvaða útgáfustarfsemi sé menningarleg og hvaða útgáfustarfsemi sé ómenningarleg. Ég hygg að í raun hafi þessi skattlagning — þar sem þessi söluskattur er lagður á suma og aðra ekki — tekið mið af þeim sjónarmiðum, að útgáfustarfsemi, er þeim, sem um framkvæmd reglnanna fjalla, þykir ómenningarleg að einhverju leyti, sé skattlögð, þar séu slík sjónarmið sem liggi til grundvallar. Ég vil aðeins undirstrika það, hversu hættuleg svona sjónarmið geta orðið og hafa í raun orðið hjá okkur.

Eins og segir í grg. með frv. þá kann mjög að orka tvímælis hvort og þá með hverjum hætti skuli veita undanþágur frá söluskatti. Síðan segir að leiða megi að því rök, að allt prentað mál skuli undanþegið þessum skatti, þ. e. söluskatti, og sé þá stuðst við prentfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Alla vega er ljóst að það hefur valdið miklum vandræðum á undanförnum árum fyrir suma þá, sem í slíkri starfsemi hafa staðið, að þeir hafa verið óvissir um hvort slíkan skatt ætti að greiða eða ekki. Nefna má sem dæmi að fyrir að ég hygg einu ári eða svo var hafist handa um útgáfu blaðs sem bar nafnið Núna. Útgefendur þessi vissu ekki fyrr en þeir voru vel komnir af stað með útgáfuna hvort þeir væru söluskattskyldir eða ekki. Þeim var gert að greiða söluskatt og „það reið útgáfunni að fulli," svo vitnað sé í blaðaviðtöl við þessa útgefendur.

Spurt kann að vera af hverju sé verið að fella niður orðin „sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni" og hvort það sé verið að hlaða undir gróðastarfsemi sérstaklega. Ég hygg að þetta sé á misskilningi byggt. Vitaskuld er margháttuð útgáfustarfsemi í landinu, sem af er verulegur hagnaður, en vegna þess að útgáfunni er öðruvísi komið fyrir, vegna þess að gerðir eru samningar við félagasamtök og þau látin standa að útgáfunni, þá hafa lögin verið túlkuð svo, að slíkir aðilar þurfi ekki að greiða söluskatt. Hygg ég að með örfáum dæmum væri hægt að sýna fram á að hér er í raun um hróplegt ranglæti og hróplega misnotkun að ræða. Það skal viðurkennt, að ætíð er umdeilanlegt hvort veita eigi undanþágu frá söluskatti, og undanþágufrumskógur er auðvitað ekki góður og oft af hinu illa. En hér er búið að ryðja brautina. Allur þorri blaða og tímarita er undanþeginn söluskatti. Það er mikill minni hluti í slíkri útgáfustarfsemi sem enn greiðir slíkan skatt. Og það felst í því mjög ákveðin hætta, að embættismönnum í rn. sé falið að framkvæma þetta þó að hæstv. ráðh. taki hina endanlegu ákvörðun. Eins og öll þessi mál eru í pottinn búin sýnist sanngirnismál og langsamlega einfaldast, að sú regla sé gerð almenn og undantekningarlaus, að prentað mál sé undanþegið söluskatti. Herra forseti. Það er í því skyni, að sú breyting komist á, sem þetta frv. er fram lagt.

Ég legg svo til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til 2. umr. og til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 30. fundur.

Fimmtudaginn 3. des., kl. 2 miðdegis.

Orkubú Suðurnesja, þáltill. (þskj. 125). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sjálfsforræði sveitarfélaga, þáltill. (þskj. 127). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 21). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, þáltill. (þskj. 118). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér er til umr., mun heimila ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd samkomulag við Norðmenn um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen. Samkomulagið var undirritað í Osló 22. okt. s. l. Undirritunin var meðal fyrstu embættisverka utanrrh. hinnar nýju norsku ríkisstj. Með samkomulagi þessu og samkomulaginu frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál er fundin lausn á þeim deilum sem staðið hafa milli Íslands og Noregs síðustu ár um lögsögu á hafsvæðinu við Jan Mayen.

Með lögum nr. 41/1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn, var gert ráð fyrir að efnahagslögsaga á landgrunni Íslands næði 200 sjómílur í áttina að Jan Mayen, en fjarlægðin milli Íslands og Jan Mayen er um 290 sjómílur. Norðmenn töldu hins vegar að skipta ætti svæðinu eftir miðlínu. Samkv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 41/1979 skal afmörkun efnahagslögsögu og landgrunns milli Íslands og annarra landa ákveðin með samningum og skulu þeir háðir samþykki Alþingis. Árangur samningaviðræðna við Norðmenn var fyrrgreint samkomulag frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál.

Í því samkomulagi var sú leið farin að gera fyrst um sinn aðallega ráðstafanir um fiskveiðimál á svæðinu. Það samkomulag hefur Alþingi samþykkt og það hefur hlotið staðfestingu. Skal ég ekki ræða um það hér frekar, nema hvað ég vil segja að það er mín skoðun, að miðað við allar aðstæður sé það samkomulag hagkvæmt fyrir okkur Íslendinga.

Í þessu samkomulagi, sem ég nefndi, voru settar nokkrar meginreglur um landgrunnið, um ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og vegna rannsókna og vinnslu auðlinda á landgrunninu. Ég mun síðar aðeins víkja að þeim áfanga. Um sjálfa afmörkun landgrunnsins var ákveðið að fjalla í framhaldsviðræðum. Í því skyni var samþykkt að skipa sáttanefnd þriggja manna til að gera tillögur til ríkisstjórnanna um skiptingu landgrunnssvæðisins. Tillögur þessar áttu ekki að vera skuldbindandi, en ríkisstjórnirnar hétu því að taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

Fljótlega eftir gildistöku samkomulagsins frá árinu 1980 gengu ríkisstjórnir Íslands og Noregs frá skipun sáttanefndar. Hans G. Andersen sendiherra var skipaður í nefndina af Íslands hálfu, Jens Evensen sendiherra af Noregs hálfu og Elliot L. Richardson, þáv. formaður sendinefndar Bandaríkjanna á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, var skipaður formaður sáttanefndarinnar.

Nefndin tók til starfa í ágúst 1980 og skilaði tillögum sínum í maímánuði s. l. Eftir ítarlega athugun samþykktu ríkisstjórnir Íslands og Noregs að ganga að tillögum nefndarinnar og er meginefni þeirra tekið upp í því samkomulagi sem hér er til umr.

Nefndin byggði álitsgerð sína að miklu leyti á niðurstöðum vísindamannafundar sem hún boðaði til. Meðal þátttakenda voru dr. Guðmundur Pálmason forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar og Karl Guðmundsson jarðeðlisfræðingur hjá Orkustofnun.

Þegar athugað er, hvernig skipta ber landgrunnssvæði milli tveggja landa, skiptir miklu hvort líta má á einstaka hluta landgrunnsins sem „náttúrulegt framhald" annars hvors ríkisins. Vísindamennirnir athuguðu þetta sérstaklega, bæði sem landmótunarlegt atriði og sem jarðfræðilega byggingu. Þeir töldu norðurhluta Jan Mayen-hryggjarins landmótunarlegt framhald af Jan Mayen-landgrunninu, en ekki Íslandi. Hins vegar töldu þeir hrygginn hvorki náttúrulegt framhald Jan Mayen né Íslands hvað snertir jarðfræðilega byggingu. Vísindamennirnir voru beðnir að gera grein fyrir því, hvar á svæðinu væru líkur fyrir að olíuefni fyndust. Almennt töldu þeir líkur ekki miklar, en mestar þó á norðurhluta Jan Mayen-hryggjarins.

Á grundvelli niðurstaðna vísindamannanna og að lokinni ítarlegri athugun á öðrum hliðum málsins lagði sáttanefndin til að mörk landgrunnsins yrðu þau sömu og mörk efnahagslögsögunnar. Gert yrði ráð fyrir sameiginlegri nýtingu Íslands og Noregs á 45 þús. km² svæði á Jan Mayen-hryggnum, þar sem líkur voru taldar mestar að olíuefni fyndust. Íslendingar fengju 25% hlutdeild í auðlindum á norska hluta svæðisins og Norðmenn 25% í íslenska hlutanum. Fyrsta stig rannsókna á öllu svæðinu yrði kostað af Norðmönnum. Um aðra þætti tillagna nefndarinnar leyfi ég mér að vísa til athugasemda með þáltill. þar sem niðurstöður sáttanefndarinnar eru birtar í heild, og vegna þess, hve grg. með till. er ítarleg, mun ég leyfa mér að fara fljótar yfir en ella mundi gert.

Eins og fyrr er sagt ákváðu íslensk og norsk stjórnvöld að fara eftir tillögum sáttanefndarinnar við gerð samnings um landgrunnið, auk þess sem þeir samþykktu að fjalla sérstaklega um mengunarvarnir. Samkomulagið, eins og það nú liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi höfuðatriðum:

Í fyrsta lagi: Mörk landgrunnsins verða þau sömu og ytri mörk efnahagslögsögu Íslands, sbr. 1. gr. samkomulagsins.

Í öðru lagi: Ákveðið sameiginlegt nýtingarsvæði, sbr. 2. gr. samkomulagsins. Tæpir 33 þús kr² liggja innan norskrar lögsögu og um 13 þús. innan íslenskrar lögsögu. Ísland á rétt á 25% þátttöku í nýtingu auðlinda á norska hlutanum og Norðmenn 25% þátttöku í íslenska hlutanum, sbr. 5. og 6. gr. samkomulagsins. Tekið er sérstaklega fram að Íslendingar geti gengið að sínum hluta jafnvel eftir að komið hefur í ljós að um arðbært svæði sé að ræða.

Meginreglur um rannsóknir og nýtingu auðlinda á svæðinu eru í 3.-8. gr. samkomulagsins og eins og ég sagði áðan er þar m. a. gert ráð fyrir að Norðmenn kosti fyrsta þátt rannsókna, sbr. 3. gr. samkomulagsins.

Um mengunarvarnir er fjallað í 9. gr. samkomulagsins. Eins og ég nefndi í upphafi voru einnig ákvæði þar um í samkomulaginu frá 1980. Þar er gert ráð fyrir nánu samstarfi um nauðsynlegar öryggisreglur til að koma í veg fyrir mengun. Samkv. því samkomulagi verður hvor aðili um sig að leggja fyrir hinn fastmótaðar áætlanir um framkvæmdir varðandi rannsóknir eða vinnslu auðlinda með hæfilegum fyrirvara. Þetta ákvæði gildir auðvitað áfram. En í því samkomulagi, sem hér um ræðir, er nánar kveðið á um þessi mál hvað varðar rannsóknir og vinnslu á sameiginlega nýtingarsvæðinu. Telji annar aðilinn, að reglur hins um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd veiti ekki nægilega vernd, má að undangengnum viðræðum vísa málinu til sáttanefndar. Ekki skal hefja eða halda áfram rannsóknum eða vinnslu á svæðinu fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji, þ. e. ekki nema óhjákvæmilegra aðgerða sé þörf, t.

d. til að fyrirbyggja alvarlega mengunarhættu, ef einhver bilun kæmi fram í sambandi við borun eða því um líkt.

Tillögur sáttanefndarinnar eru ekki skuldbindandi, en aðilar skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra og frekari rannsókna.

Herra forseti. Ég hef hér á undan reynt að gera í stuttu máli grein fyrir þeim meginatriðum sem er að finna í þessu samkomulagi. Að öðru leyti leyfi ég mér að vísa til athugasemda við það og skýrslu sem þar er að finna frá sáttanefndinni.

Samkv. 10. gr. þessa samkomulags öðlast það ekki gildi fyrr en það hefur hlotið staðfestingu hjá báðum löggjafaraðilum. Tillaga um staðfestingu af Noregs hálfu verður lögð fyrir norska Stórþingið á næstunni. Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, er leitað samþykkis Alþingis á staðfestingu af Íslands hálfu.

Ég leyfi mér svo að leggja til að að loknum umræðum nú verði umr. frestað og till. vísað til utanrmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir eindregnum stuðningi Alþfl. við það samkomulag milli Íslendinga og Norðmanna, sem hæstv. utanrrh. leggur hér fram til staðfestingar Alþingis, og hvetja þingið til að staðfesta þetta samkomulag fljótt og vel.

Um er að ræða hvernig skipta eigi réttindum til auðæfa í botni hafsins á svæðinu milli Íslands og Jan-Mayen. Farin var sú leið, sem áður hafði orðið samkomulag um, að skipa sáttanefnd með einum fulltrúa okkar, öðrum Norðmanna og oddamanni frá þriðja ríki. Skiladi sú nefnd áliti um það, hvernig best yrði að leysa þessi mál.

Til greina hefði komið að reyna að finna einhverja línu sem mætti kalla markalínu á milli Íslendinga og Norðmanna, annaðhvort þá sömu og 200 mílna línuna eða einhverja aðra. En það nýstárlega gerðist, að sáttanefndin stakk upp á því, að ekki yrði reynt að skipta á þann hátt, heldur yrði afmarkað það svæði, þar sem mestar líkur eru á að olía finnist á hafsbotni á milli Íslands og Jan Mayen, og því svæði yrði síðan skipt, en að allt svæðið báðum megin við 200 mílna línuna verði rannsakað og olía þar unnin, ef hún finnst, af báðum aðilum sameiginlega. Ég tel því að það séu tvær veigamiklar ástæður fyrir því, að Alþingi geti með góðri samvisku staðfest þetta samkomulag. Í fyrsta lagi er samkomulagið mjög hagstætt okkur Íslendingum. Í öðru lagi er á alþjóðlegan mælikvarða til fyrirmyndar að leggja til slíkt samstarf. Munu vera fá eða engin dæmi um það annars staðar enn sem komið er.

Ég vil skjóta því inn, að við erum hér að hugsa til langrar framtíðar. Dýpi er svo mikið á þessu svæði að það mun ekki vera tæknilega líklegt að olíuvinnsla komi til greina þar á allra næstu árum, en þar verður hægt að gera fljótlega mikilsverðar rannsóknir. Verði þær rannsóknir jákvæðar erum við með þessu samkomulagi að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar um aldamót og langan tíma eftir þau að minni hyggju. Það er ekki minna virði að afgreiða gott mál þó það sé ætlað til slíkrar framtíðar. Er algengara að við af núlifandi kynslóð tökum út á framtíðina heldur en hitt, sem við gerum með þessu máli, að við leggjum inn eitthvað sem getur komið komandi kynslóðum til gagns og tekna.

Það, sem við þurfum að hafa í huga í sambandi við framkvæmdir bæði á rannsóknum og hugsanlegri vinnslu á þessu svæði, er að sjálfsögðu mengun, og hefur í umr. í utanrmn. verið á það mál bent og tekið tillit til þess, þannig að ég vænti að séð sé við þeirri hættu.

Ég ítreka að þetta mál er hagstætt okkur Íslendingum. Í öðru lagi er það fyrirmynd hvað alþjóðleg samskipti snertir, og ég lýsi stuðningi við það.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það kemur að vísu nokkuð flatt upp á mig, að mál þetta skuli vera tekið til umr. nú á þessum örstutta fundi, 25. eða 26. mál eða hvar það nú er á dagskránni. Engu að síður ætla ég að segja hér nokkur orð.

Ég þarf auðvitað ekki að hafa um það mörg orð, að Sjálfstfl. styður þetta samkomulag. Ef aðdragandi þess er rakinn í örstuttu máli, þá vita allir hv. þm. að á haustþingi 1978 var flutt þáltill. um að samningar yrðu teknir upp við Norðmenn um hafréttarmálefni og Jan Mayen-svæðið. Það voru raunar þrjú fyrstu mál þess þings sem öll fjölluðu um hafréttarmál, og það er upphaf þess að nú er þetta mál komið á lokastig.

Ég held að engum geti blandast um það hugur, að við Íslendingar höfum unnið mjög mikinn pólitískan sigur sem mun til þess fallinn að gæta þýðingarmestu hagsmuna okkar um alla framtíð. Menn sjá það kannske nú, þegar loðnustofninn virðist vera mjög á undanhaldi, hvaða gífurlega þýðingu það hefur að við skyldum ná samkomulagi um loðnuveiðarnar á Jan Mayen-svæðinu og að við skyldum fá að ákveða hámarksafla loðnunnar. Það eitt hefði verið nægilegt til að réttlæta að þessi baráttа var tekin upp.

Við skulum ekki fara í neina flokkadrætti um það, hverjum sé að þakka sá ávinningur sem náðst hefur. Undir lokin stóðu menn meira og minna saman, og þegar menn fóru að átta sig á því, að við Íslendingar ættum réttindi á þessum svæðum og að við gætum haldið á okkar málstað gagnvart frænd- og vinaþjóð okkar, þá bættust ætíð fleiri og fleiri í hópinn sem vildu halda þessum rétti til haga og gera heilbrigða og skynsamlega samninga við okkar nánustu vina- og frændþjóð. Og eins og hæstv. utanrrh. hefur réttilega lýst hefur þessi lokaáfangi nú náðst og annar stór áfangi vorið 1980, eins og mönnum er enn í fersku minni.

Það er einnig rétt sem kom hér fram hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að það samkomulag, sem nú liggur fyrir til samþykktar, hefur mikla þýðingu að þjóðarétti. Því var haldið fram á upphaflegum fundi Norðmanna og Íslendinga hér í Ráðherrabústaðnum sumarið 1980, 30. júní minnir mig að það hafi verið, af hálfu norskra ráðamanna, að ef um sameign eða sameiginlega nýtingu yrði að ræða, þá kynni að vera um að ræða nýja þjóðréttarreglu og jafnvel brot á anda hafréttarsáttmálans. Þetta var auðvitað alrangt. Þetta var einmitt í anda hafréttarsáttmálans, að þjóðirnar reyndu að leysa sín deilumál með hverjum þeim hætti sem skynsamlegt væri.

Hitt er alveg augljóst, að þetta samkomulag, sem staðfest verður nú væntanlega, gerir það að verkum að ýmsar aðrar þjóðir víða um veröld munu skoða hug sinn á ný og vita hvort þær geti ekki leyst sín deilumál út af sundum, út af eyjum, út af hafsbotni, út af veiðum o. s. frv. með einhvers konar svipuðum aðgerðum og Íslendingar og Norðmenn nú hafa gert.

Ég hygg að það sé rétt sem Hans G. Andersen ambassador, sem á auðvitað gífurlega mikinn þátt í þessu máli öllu, sagði í blaðaviðtali, að það væri leitun að þjóðum sem hafa leyst sín deilumál með slíku sam-

komulagi, en það verður kannske ekki leitun að þeim þjóðum þegar fordæmið er fengið.

Svo ég víki nú frá Jan Mayen-málinu beint og að því sem er miklu mikilvægara nú — því að Jan Mayen-málið heyrir fortíðinni til — þá er það Rochall-málið svonefnda. Það kom fram í viðræðum við fulltrúa Breta á Genfar-ráðstefnunni í sumar, að þeir höfðu mjög rækilega kynnt sér Jan Mayen-samkomulagið og töldu það hið merkilegasta, því að þar er verið að leysa deilumál nágranna- og vinaþjóða með samkomulagi um samnýtingu og í rauninni sameign. Ég lít svo á að hin sameiginlega nýting hafsbotnsins sé í rauninni sameign, þar er um helmingaskipti að ræða, og það eru einnig helmingaskipti að því er varðar fiskveiðar. Það eru ótalmörg ákvæði í upphaflega Jan Mayen-samkomulaginu sem styrkja það að Íslendingar eigi helmingsrétt á Jan Mayen-svæðinu öllu, jafnt til fiskveiða sem hafsbotns, og þetta nýja samkomulag um helmingsréttindi styrkir auðvitað hið upphaflega samkomulag. Og nú þegar við höfum samþykkt einróma á Alþingi á s. l. vori að taka upp samninga við Breta, Íra og Færeyinga — eða Dani fyrir þeirra hönd — um hagnýtingu Rochall-svæðisins, þá ber auðvitað mjög að halda á lofti þessu samkomulagi, þessu fordæmi sem fengið var í samningunum við Norðmenn.

Það var haldinn einn fundur fulltrúa Breta og Íslendinga á Genfar-ráðstefnunni. Það var fyrsti formlegi fundurinn til þess að reyna að leysa Rochall-deiluna og nú er nauðsynlegt að vinda að því bráðan bug að halda fleiri slíka fundi með Bretum einmitt fyrir næstu hafréttarráðstefnu og knýja á um einhvers konar sameiginlega lausn þessa máls áður en endanlega er gengið frá hafréttarsáttmálanum. Það er hagsmunamál allra þessara fjögurra þjóða að þetta geti auðnast áður en endanleg samþykkt verður gerð á þeirri merku ráðstefnu. Að vísu hafa Írar færst undan því að svara tilmælum íslenskra stjórnvalda um viðræður nú á þessu stigi, en það gerir að mínu mati ekki mjög mikið til, því að réttindi Íra hygg ég að muni vera minnst þegar metnar eru landfræðilegar aðstæður og náttúruleg framlenging landa, eins og það er kallað í hafréttarsáttmálanum eða uppkastinu að honum. Samvinna er hins vegar við Færeyinga, með þeim hafa allmargir fundir verið haldnir og þeir vilja halda því samstarfi áfram. Það hefur orðið misbrestur á því, því miður, allt frá því í ágústmánuði, að þessi fundur var annars vegar með Bretum og hins vegar með Dönum og Færeyingum, að halda málinu gangandi og halda nægilega miklum hraða á því. Ég veit að það hefur verið í ýmsu að snúast, og það var svo með Jan Mayen-málið og er með Rochall-málið nú, að menn eru lengi að taka við sér, segja jafnvel fyrst í stað: Við eigum þarna engin réttindi, þetta þýðir ekki neitt. Þeir eiga þetta allt saman. Hvað erum við að reyna að teygja okkur yfir það sem okkur varðar ekki um og við eigum ekki? Eru þetta landvinningar, er þetta einhvers konar imperialismi?

En það er aldeilis ekki svo. Ég tel að réttindi Íslendinga á Rochall-svæðinu séu örugglega meiri en réttindi Íra, meiri en réttindi Breta, mundi ég halda, kannske ekki meiri en réttindi Færeyinga. Hvað sem því öllu líður eru þarna fjórar þjóðir sem gera tilkall til yfirráða yfir landgrunninu. Þessar fjórar þjóðir eiga í anda uppkastsins að hafréttarsáttmála að leita samninga, þær eiga að leitast við að ná samkomulagi. Um það höfum við Íslendingar haft forustu og samþykkt einróma á síðasta þingi að fylgja málinu fram með þessum hætti. Það hefur verið gert að nokkru, eins og ég gat um áðan, með viðræðum á Hafréttarráðstefnunni, en því hefur ekki verið fylgt nægilega eftir. Þess vegna leyfi ég mér nú að spyrja hæstv. utanrrh, — ég ætlaði raunar ekki að gera það fyrr en á fundi í utanrmn. á mánudaginn kemur, en af því tilefni að þetta mál er tekið á dagskrá nú í dag leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann geti svarað því nú, hvenær næsti fundur með Bretum verði haldinn um Rochall-málið, hvort hugsanlegt sé að koma honum á fyrir áramót eða hvort utanrrn. muni beita sér fyrir því, að formlegur fundur Íslendinga og Breta verði haldinn ekki síðar en strax í byrjun næsta árs.

Þetta mál, Rochall-málið, er ekki þýðingarminna en Jan Mayen-málið. Ég hygg að hver einasti Íslendingur geri sér nú grein fyrir því, hve gífurlega þýðingarmikið Jan Mayen-málið er og hve gífurlega miklum árangri við höfum náð þar, því að það voru ótalmargir sem sögðu: Þetta þýðir ekki neitt, Norðmenn eiga þetta allt saman, — og töluðu jafnvel um miðlínur í því sambandi. En auðvitað er það svo í þessu eins og öðru að hver gætir sinna hagsmuna. Þannig er það á Hafréttarráðstefnunni. Það er enginn að gæta hagsmuna annarra þar, það verður hver og einn að gæta eigin hagsmuna. Ef við berum okkur ekki eftir björginni, ef við höldum ekki fram okkar réttindum, þá gera ekki aðrir það. Við höfum lýst því yfir, að við viljum hafa samvinnu við Færeyinga og styrkja málstað þeirra, en þá ætlumst við líka til að þeir hafi samvinnu við okkur og við komumst að sameiginlegri niðurstöðu. Alveg á sama hátt ætlumst við til að Bretar ræði málin við okkur, enda hafa þeir fallist á að gera það og við höfum þegar haldið einn formlegan fund. En þeir hafa ekki átt frumkvæði að öðrum fundi og þess vegna eigum við að gera það. Það er meginmálið. Það er fyrst og fremst þess vegna sem ég kom hér í ræðustól til að spyrja hæstv. utanrrh. að því, hvort utanrrn. muni ekki beita sér fyrir að formlegur fundur bresku og íslensku ríkisstjórnanna, Breta og Íslendinga, verði haldinn hið allra bráðasta til að knýja á það, reyna á það, hvort unnt sé að leysa deilumálið um Rochall-svæðið með samningum a. m. k. milli tveggja þjóða, Íslendinga og Færeyinga, sem eiga þarna mest réttindi, og einnig Breta, sem hugsanlega eiga réttindi, og leyfa Írum að koma inn í þá samninga síðar ef þeir óska, en ella að þessar þrjár þjóðir komi sér saman um hagnýtingu þessa gífurlega viðáttumikla hafsbotnssvæðis sem talið er mjög líklegt að geti verið auðugt af olíugasi, jafnvel málmum. En það er ekki aðalatriðið að við ætlum að vinna þessa málma eða olíu. Þess er líka að gæta, að öll botnlæg dýr, sem fylgja hafsbotninum, krabbadýr, skeldýr og slíkt, sem hreyfa sig ekki öðruvísi en með snertingu við botn, fylgja hafsbotninum eftir skilgreiningu hafréttarsáttmála. Þar geta verið gífurleg auðæfi. Þar að auki er kannske aðalatriðið að við Íslendigar eigum slíka hlutdeild í þessu hafsvæði að við getum hindrað jarðrask þar, að við getum hindrað að þar verði farið ógætilega að, eins og við nú höfum tryggt okkur á Jan Mayen-svæðinu. Þess vegna er ófyrirgefanlegt að draga þetta mál á langinn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, að ég átti ekki von á því að þetta mál kæmi hér til umræðu á þessum stutta fundi, en hef svo sem ekkert á móti því. En það hefur óhjákvæmilega í för með sér að nánari umræða verði um þetta mál

þegar álit kemur frá utanrmn.

Ég vil í upphafi minna á það, að þegar Jan Mayen-málið var til umræðu hér á síðasta ári og árið 1979, þá lýsti Alþb. þeirri grundvallarafstöðu, að kröfur Íslendinga í því máli ættu að byggjast á helmingsrétti okkar á móti Norðmönnum hvað snertir auðæfi hafs og hafsbotns á þessu svæði. Á þessum tíma tóku allir aðrir stjórnmálaflokkar í landinu undir þetta grundvallarviðhorf. Síðan var gerður samningur um Jan Mayen sem fyrst og fremst snerti fiskveiðarnar og fól í sér afneitun á þessu grundvallarviðhorfi. Sá samningur byggðist á því, að Norðmenn hefðu fullan yfirráðarétt yfir fiskstofnunum í kringum Jan Mayen, en viðurkenndu síðan samráðsrétt við Íslendinga um heildarveiðar úr loðnustofninum. Við í Alþb. töldum, þegar þessum viðræðum var lokið í Osló, að það ætti að halda þeim áfram — og fluttum um það tillögu hér á Alþingi — til þess að knýja fram grundvallarviðurkenningu Norðmanna á þessari helmingsréttarreglu hvað snertir auðæfi hafs og hafsbotns á þessu svæði. Því miður var samningurinn um fiskveiðarnar afgreiddur án þess að út í slíkar áframhaldandi viðræður væri farið, og við stóðum þess vegna ekki hér á Alþingi að afgreiðslu þess samnings. Síðan var haldið áfram viðræðum um skiptingu auðæfa hafsbotnsins, og ég tel fagnaðarefni að í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er — gagnstætt því sem var með fyrri samninginn hvað snertir fiskveiðarnar — gengið verulega í átt að viðurkenningu á þessari grundvallarreglu um jafnan rétt Íslendinga og Norðmanna til auðæfa hafsbotnsins á þessu sviði. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni, sem sagði áðan að hann vonaðist til að sá skilningur, sem fram kemur í texta þessa samnings, leiddi til þess, að menn viðurkenndu einnig að Íslendingar ættu helmingsrétt varðandi auðæfi sjávarins ofar hafsbotninum á þessu svæði, þ. e. varðandi fiskveiðarnar.

Ég fagna því sérstaklega, að þessi yfirlýsing skyldi koma fram, vegna þess að það var afstaða okkar Alþb.-manna fyrir um það bil ári að það ætti að halda áfram að vinna að viðurkenningu á helmingsrétti Íslendinga til fiskveiða á þessu svæði einnig. Ég tel að Norðmenn hafi með því að fallast á þær grundvallarreglur, sem eru lagðar í þessum samningi, stigið verulegt skref í þá átt.

Því er hins vegar ekki að leyna, að í 9. gr. þess samkomulags, sem hér liggur fyrir, er ekki nægilega skýrt orðalag hvað snertir rétt okkar Íslendinga ef við teljum að olíuboranir eða önnur umsvif á þessu umræddu svæði kunni að stefna fiskstofnum eða auðæfum hafsins í hættu. Ég held að það sé mjög mikilvægt, að í meðferð Alþingis á þessu máli, í hv. utanrmn. og síðan í afgreiðslu Alþingis á málinu endanlega, komi skýrt fram skilningur Íslendinga á þessu ákvæði. Það er alveg rétt sem hv. þm. Benedikt Gröndal sagði áðan: við erum að ræða hér mikið framtíðarmál, stórt og afdrifaríkt framtíðarmál. Það er bæði stórt hvað snertir réttinn til að vinna auðæfin á hafsbotninum, en það er líka stórt til þess að tryggja að Íslendingar hafi rétt til að bægja frá sér þeirri stórfelldu mengunarhættu sem olíuboranir og önnur umsvif á svæðinu kunna að hafa í för með sér í framtíðinni.

Megingagnrýni okkar Alþb.-manna á Jan Mayen-samninginn á sínum tíma var annars vegar, að þar væri ekki viðurkenndur helmingsréttur Íslendinga gagnvart auðæfum hafs og hafsbotns, og svo hins vegar að í samningnum væru ekki nægileg tryggingarákvæði sem gerðu rétt okkar tvímælalausan í framtíðinni. Þótt sá samningur, sem hér liggur fyrir, gangi verulega til móts við fyrra sjónarmið sem við lýstum þá og hafði reyndar verið stefna allra íslensku flokkanna fram að þeim tíma, þá tel ég að því miður sé ekki nægilega vel gengið frá ákvæðunum í 9. gr. og afstaðan til þessa samnings fari þess vegna að verulegu leyti eftir því, hvort Íslendingar geti sameinast um þann skilning sem þeir leggi í þessa grein.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, að áður en viðræðurnar í Osló sem leiddu til fiskveiðisamningsins um Jan Mayen, síðustu viðræðurnar, hófust gerði þingflokkur Alþb. sérstaka samþykkt sem birt var öðrum flokkum og þjóðinni allri. Í 3. og 4. lið þeirrar samþykktar sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Réttindi Íslendinga til auðlinda hafsbotnsins á Jan Mayen-svæðinu verði tryggð með afdráttarlausri skiptingu, sem tilgreind verði í samningi, og Norðmenn fallist á að færa ekki út efnahagslögsögu við Jan Mayen fyrr en slíkur samningur hefur verið staðfestur af báðum aðilum. Í fjórða lagi, að olíuboranir á Jan Mayen-svæðinu verði háðar samkomulagi beggja þjóðanna."

Eins og þegar hefur komið fram í mínu máli tel ég að sá samningur, sem hér liggur fyrir nú, gangi verulega í þá átt að fullnægja þeim 3. lið sem hér er settur fram, en varðandi olíuboranirnar hefði verið æskilegra að fá skýrari afstöðu. Ég vil í því sambandi minna á að við umræður um Jan Mayen-samkomulagið á sínum tíma hér á Alþingi sagði ég á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Til viðbótar öllu þessu verðum við svo að trúa því, að Norðmenn vilji taka sanngjarnt tillit enn á ný til skoðana okkar hvað snertir olíuboranir og aðrar aðgerðir á Jan Mayen-svæðinu, sem kunna að valda röskun á lífríki svæðisins, ef illa fer, og stofna fiskveiðum okkar í hættu. En ég held að það sé rétt að minnast þess, þegar menn vega og meta hvert hald er í slíku ákvæði, að norsk stjórnvöld höfðu ákveðið olíuboranir úti fyrir ströndum Norður-Noregs gegn mótmælum íbúa Noregs sjálfs, gegn hörðum mótmælum byggðasamtaka og íbúasamtaka í Norður-Noregi. Er líklegt að ríkisstjórn, sem hlítir ekki samhljóða mótmælum eigin byggðarlaga, komi til með að hlíta mótmælum okkar, þegar ákvæðin eru jafnóljóst orðuð og hér er?"

Enn fremur sagði ég í þessari ræðu, með leyfi hæstv. forseta: „Mikilvægt væri að afla afdráttarlausra tryggingarákvæða um að olíuboranir og aðrar aðgerðir í þessu umhverfi, sem gætu stofnað lífríki þess í hættu, væru háðar samþykki Íslendinga."

Við meðferð þess samnings um hafsbotninn, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, settu fulltrúar Alþb. fram bæði í utanrmn. og ríkisstj. ábendingar um breytt orðalag á þessum texta, eins og hann var þá, sem miðuðu að því að tryggja nánar að þetta neitunarvald okkar gagnvart umsvifum á svæðinu, sem gæti stofnað lífríkinu í hættu, væri í heiðri haft. Orðalagið tók að vísu nokkrum breytingum, en í þeirri mynd, sem samkomulagið birtist okkur hér, er tekið skýrt fram í fyrsta lagi, að verði aðilar ekki sammála í slíkum samráðum skal málinu vísað til sáttanefndar þriggja manna. Aðilar skulu eigi hefja slíkar aðgerðir eða halda þeim áfram fyrr en tillögur sáttanefndar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji. Og í öðru lagi: Tillögur nefndarinnar eru án skuldbindingar fyrir aðilana, en þeir skulu taka sanngjarnt tillit til þeirra í frekari málsmeðferð.

Það er m. ö. o. ekki kveðið á um það, að við höfum algert og afdráttarlaust neitunarvald í þessum efnum,

heldur eingöngu — eins og í ákvæðum fyrri samningsins — talað um sanngjarnt tillit til þeirra niðurstaðna sem koma frá sáttanefndinni.

Herra forseti. Það hefði verið ástæða til að fjalla nokkru ítarlegar um þetta atriði hér, en ég held að það sé afar mikilvægt gagnvart framtíðarmeðferð málsins, að í utanrmn. og í því áliti, sem frá henni kemur, verði kveðið nokkuð skýrt á um þann skilning sem við Íslendingar leggjum í þetta ákvæði. Ég ítreka það sérstaklega vegna þess — þótt enginn af fyrri ræðumönnum hér í dag hafi viljað nefna það — að varnaðarorð þau, sem Alþb. setti fram fyrir um það bil ári varðandi loðið orðalag í fyrra samkomulaginu, hafa því miður reynst rétt. Ég ætla ekki að nota þennan tíma hér til þess að rifja upp þá atburðarás sem varð í ágúst og september s. l., þegar nokkrar þjóðir Efnahagsbandalagsins fóru inn á Jan Mayen-svæðið til loðnuveiða. Þrátt fyrir það, að Íslendingar hefðu gert samninga við Norðmenn um að loðnuveiðar á þessu svæði væru mál Norðmanna og Íslendinga einna, hófu Norðmenn einhliða viðræður við Dani um þessar loðnuveiðar án þess að hafa fullkomlega og formlegt samráð við Íslendinga um þær viðræður. Í öðru lagi beittu Norðmenn ekki eðlilegri og fullri hörku í að hindra veiðar þjóða Efnahagsbandalagsins á þessu svæði, sem hafði þó verið meginröksemd þeirra fyrir því, að Íslendingar ættu að viðurkenna rétt þeirra til yfirráðaréttar yfir svæðinu, þar eð Norðmenn vildu þá tryggja að engar aðrar þjóðir kæmu til loðnuveiða á þessu svæði.

Í þeirri umræðu, sem varð hér í ágúst og septembermánuði s. l., kom m. a. fram frá hæstv. sjútvrh. hörð gagnrýni á framkomu Norðmanna í loðnuveiðum Efnahagsbandalagsins á Jan Mayen-svæðinu og yfirlýsingar um það, að hann harmaði að Norðmenn skyldu ekki treysta sér til að framfylgja þeirri útfærslu og þeim samningi sem þeir hefðu gert við Íslendinga um þetta efni. Ég held að þessi atburðarás í ágúst og septembermánuði s. l. sýni okkur það, sem við héldum fram hér á sínum tíma, að ákvæði fyrra samkomulagsins voru þannig orðuð, að þau mátti túlka á ýmsan veg. Og atburðarásin s. l. sumar sýndi það, að Norðmenn gagnvart loðnuveiðunum þá túlkuðu þetta samkomulag á annan veg en við hefðum talið rétt að túlka það og íslenskur sjútvrh. taldi þá rétt að túlka það. Þess vegna held ég að sé mjög nauðsynlegt að það liggi fyrir skýrt og skorinort gagnvart framtíðinni, þegar Alþingi tekur afstöðu til þess samnings sem nú liggur fyrir um skiptingu hafsbotnsins og sérstaklega um rétt þjóðanna til þess að hamla gegn óeðlilegri röskun á lífríki hafsins, að skilningur okkar á þessu ákvæði sé algerlega ótvíræður, svo að þeir, sem á eftir okkur koma, þurfi ekki að naga sig í handarbökin eða harma það, að hér á Alþingi skyldi ekki hafa verið nægilega tryggilega gengið frá skilningi Íslendinga á rétti okkar til þess að hamla gegn þeim olíuborunum eða öðrum aðgerðum á svæðinu sem geta stofnað lífríki okkar í hættu. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli þingheims á sérstakri ályktun og sérstakri skýrslu sem var lögð fyrir síðasta þing Evrópuráðsins í Strasbourg, þar sem fjallað var sérstaklega um tjón og skaða og hafsmengun sem orsakast af olíuborunum á úthafinu. Ég held að það væri mjög gagnlegt fyrir hv. utanrmn. að kynna sér þessa ályktun og þessa skýrslu í meðferð okkar á þessu máli.

Herra forseti. Það hefði verið æskilegra að fjalla ítarlegar um þetta mál, en ég vil draga hér saman að lokum afstöðu mína til þess eins og það liggur fyrir nú. Ég fagna annars vegar því, að í þessum samningi skuli vera stigið spor í þá átt að viðurkenna helmingsréttindi Íslendinga og Norðmanna til auðæfa hafs og hafsbotns á þessu svæði. Ég tel það framfaraspor frá fyrra samningi, sem gerður var um þetta efni, á líkan hátt og hv. síðasti ræðumaður, en í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að í utanrmn. Alþingis verði fjallað vandlega um 9. greinina og um tryggingu okkar gagnvart mengunarhættu í framtíðinni, vonandi á þann veg að Alþingi geti allt sameinast um ákveðinn skilning á þessari grein.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. ræðumönnum, sem hér hafa talað, fyrir jákvæðar undirtekir við þetta mál. Ég mun ekki fara út í þær einstöku athugasemdir sem komu fram í sambandi við málið, heldur verður tækifæri til þess þegar málið kemur aftur úr höndum utanrmn. Ég mun því ekki fara að rekja neina sögu hér. Ég legg meira upp úr því, hvað framtíðin segir um þetta, heldur en hvernig aðdragandinn að þessu öllu hefur verið.

Ég vil aðeins segja það út af orðum hv. síðasta ræðumanns, að ég held að það sé misskilningur hjá honum að Norðmenn hafi túlkað ákvæðin í fyrra samkomulaginu á annan veg en við höfum gert. En það verður kostur á að upplýsa það nánar í utanrmn. og enn fremur að ræða nánar um helmingaskiptareglu, enda er kannske heppilegra að ræða það í utanrmn. en hér ef út í þá sálma á að fara.

Viðvíkjandi spurningu, sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson bar fram, vil ég segja það, að ég get ekki sagt til um það nú, hvenær næsti formlegi fundur með Bretum verður. Það er sjálfsagt að athuga það á utanrmn.-fundi, og þá er hægt að ræða það nánar þar. Hitt vil ég segja, að málinu hefur með vissum hætti verið haldið vakandi, og ég vil segja það líka í sambandi við það mál, að formlegir fundir eru ekki alltaf meginatriðið, heldur getur þurft að vinna að málinu með öðrum hætti.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar hans. Það gleður mig að heyra að unnið hefur verið að málinu meira en ég vissi, og ég efast ekki um að hæstv. ráðh. muni upplýsa það á utanrmn.-fundi. Enn fremur get ég lýst því yfir, að ég treysti honum til að taka málið enn fastari tökum, ef þörf er á. Það kemur í ljós n. k. mánudag þegar fundur utanrmn. verður haldinn. En hitt er alveg ljóst, að við getum ekki látið málið kyrrt liggja. Úr því að breska ríkisstj. hefur samþykkt formlegar viðræður og þegar mætt til eins fundar hljótum við að halda þeim fundum áfram. Það getur verið að réttindi, sem við nú höfum, og tækifæri til að ná samkomulagi við nágrannaþjóðir okkar verði ekki fyrir hendi síðar. Þess vegna má engan tíma missa.

Ég vil enn fremur láta í ljós ánægju mína yfir því, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson túlkar ákvæði þessa nýja samkomulags eins og ég, á þann veg að það styrki rétt okkar til 50% réttinda yfir öllum auðæfum Jan Mayen-svæðisins og það styrki þau ákvæði í fyrra samkomulagi, sem í þá átt benda. Auðvitað hljótum við Íslendingar að halda fram þeim skilningi og hvika hvergi frá honum, að við eigum í einu og öllu jafnan rétt og Norðmenn á þessu svæði og meiri rétt að því er varðar ákvörðun um

meiri rétt að því er varðar ákvörðun um heildarmagn loðnu, enda er það berum orðum fram tekið. Ef við stöndum sameinaðir um þennan skilning er sigurinn eins og hann átti að vera og eins og að var stefnt, fullnaðarsigur í vináttu við frændþjóð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980. Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1981. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1982.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu annarri en til húshitunar og nemur gjaldið 19% og er lagt á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er sem kunnugt er varið til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og gera þessum orkuveitum kleift að halda niðri verðlagningu sinni umfram það sem ella væri. Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins, en Orkubúið 20%. Lagt er til að upphæð gjaldsins verði áfram 19%, en hins vegar er sú breyting lögð til frá gildandi lögum, að verja skuli allt að þrem prósentustigum af gjaldinu til þess að greiða eftirstöðvar af kostnaði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða sem þessi fyrirtæki voru neydd til að taka á sig vegna framleiðslu á raforku með dísilvélum á s. l. vetri.

Mönnum er væntanlega enn í fersku minni sá raforkuskortur sem varð í landskerfinu á næstliðnum vetri. Vatnsaflsstöðvar landsins önnuðu þá engan veginn raforkuþörfinni. Var afhendingu á allri afgangsorku hætt og forgangsorka skert, bæði til stóriðju og almenningsrafveitna. Skerðingin til rafveitnanna var m. a. bætt með framleiðslu á raforku í olíukyntum stöðvum og var þannig komist hjá beinni rafmagnsskömmtun til almennings. Fyrir þessum málum er nánari grein gerð í grg., en ég vil þó fara nokkrum orðum frekar um þennan kostnað.

Heildarkostnaður við þessar aðgerðir var talinn nema rúmum 24 millj. kr. auk þess sem Landsvirkjun varð fyrir verulegu tekjutapi með minnkandi sölu. Hluti þessa kostnaðar var greiddur með almennri verðhækkun á rafmagni í þrjá mánuði. Það, sem upp á vantaði, var tekið að láni af Rafmagnsveitunum og Orkubúinu, en góð staða Laxárvirkjunar gerði henni kleift að komast hjá lántöku. Aðrar rafveitur fengu útgjöld sín að fullu bætt með verðhækkunum, þ. á m. Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Hafnarfjarðar.

Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúinu var gefið fyrirheit um að lánin yrðu endurgreidd af verðjöfnunargjaldi næsta árs. Því er lagt til að varið verði allt að 3% af verðjöfnunargjaldinu á árinu 1982 til að greiða niður lán þau sem tekin voru vegna orkuskortsins, en þau námu 6.1 millj. kr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 4.7 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 90.2 millj. kr. 3% þar af nema 14.2 millj. kr., en það ætti að nægja til greiðslu á áðurnefndum lánum auk vaxtakostnaðar.

Vegna raforkuskortsins á liðnum vetri og hins mikla kostnaðar, sem af honum leiddi, reyndist ekki fært að nýta heimild, sem þá var í gildandi lögum, um að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16% á miðju ári eða frá 1. júní, eins og það mun hafa verið orðað í lögum. Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins reyndist það slæm, þegar metið var hvort nýta ætti áðurnefnda heimild, að ekki þótti fært að skerða þennan tekjustofn. Verður fyrir lok næsta árs endurmetið hvort fært þykir að lækka verðjöfnunargjaldið og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins og stefnumörkun um verðlagningu á raforku í landinu í heild. Slík athugun á verðlagningarstefnu orku fer nú fram og ég vænti þess, að unnt verði að taka ákvarðanir í því máli til breytinga frá núverandi horfi.

Önnur breyting frá gildandi lögum, sem lögð er til nú, er sú, að iðnrh. verði á árinu 1982 heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar. Í umr. um framlengingu á verðjöfnunargjaldi fyrir ári kom fram að Rafveita Siglufjarðar átti í miklum fjárhagserfiðleikum. Fór rafveitan þá fram á að fá hluta af verðjöfnunargjaldinu greiddan til sín. Þótti ekki fært þá að verða við þeirri ósk, þar sem m. a. lá ekki fyrir greining á fjárhagsvanda fyrirtækisins. Sú athugun fór fram fyrr á þessu ári og kom þá m. a. fram að lánstími á lánum þeim, sem tekin höfðu verið, var of stuttur og lánakjör óhagstæð. Við þessu var brugðist með útvegun láns til langs tíma, en á lánsfjáráætlun hafði verið gert ráð fyrir slíkri lántöku. Síðar hefur komið í ljós að aðgerðir þessar nægðu ekki til að rétta af greiðslustöðu fyrirtækisins, og er viðbúið að til frekari aðgerða þurfi að koma. Nú er unnið að uppgjöri á stöðu Rafveitu Siglufjarðar það sem af er árinu og verður þörfin á að nýta greiðsluheimild þá, sem hér er lagt til að veitt verði, metin í ljósi niðurstöðu þeirrar athugunar.

Fjárhagsstaða Rafveitu Siglufjarðar er m. a. háð atvinnulífi á staðnum og hversu miklar tekjur koma inn til veitunnar frá atvinnurekstri. Minnkandi loðnuafli og stöðvun loðnuveiða nú að verulegu leyti mun m. a. leiða til allverulegs tekjutaps hjá veitunni. Með endurgreiðslu verðjöfnunargjaldsins ætti að vera hægt að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækisins allverulega. Það skilyrði verður þó sett fyrir endurgreiðslunni, að gjaldskrá Rafveitunnar verði a. m. k. ekki lægri en gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, Orkubús Vestfjarða og annarra þeirra rafveitna er halda verða uppi tiltölulega háu raforkuverði.

Þriðja breytingin, sem lagt er til að gerð verði frá því sem var í gildandi lögum, er að dráttarvextir af því, sem ógreitt er frá gjalddaga af verðjöfnunargjaldi, verði þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Í gildandi lögum, 5. gr. laga nr. 83/1974, eru dráttarvextir ákveðnir 1.5% fyrir hvern byrjaðan mánuð talið frá gjalddaga. Eins og kunnugt er hafa vextir stórhækkað frá 1974 og munu dráttarvextir nú vera 4.5% á mánuði. Undanfarið hefur innheimta gjaldsins dregist úr hófi og mun ástæðan m. a. vera lágir dráttarvextir. Í þeim tilgangi að flýta innheimtu gjaldsins er þessi breyting lögð til.

Um fjárhagsstöðu Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, en þessi fyrirtæki njóta nú verðjöfnunargjaldsins, má m. a. greina frá eftirfarandi:

Allar rafveitur landsins fengju 10% gjaldskrárhækkun um síðustu áramót. Eftir þá hækkun hafa gjaldskrár Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins hækkað um 41.3%

og Rafmagnsveitu Reykjavíkur um 42.6%. Aðrar rafveitur hafa hækkað sínar gjaldskrár frá 57.5% til 68.6%. Hefur verið dregið úr gjaldskrárhækkunum Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins í samanburði við það sem orðið hefur hjá nokkrum öðrum rafveitum auk þess að draga enn frekar úr þeim mun sem verið hefur á gjaldskrám þessara veitna og annarra og þá fyrst og fremst Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Nú er svo komið að tæpast verður gengið lengra í þessu efni miðað við fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubús Vestfjarða, þó að sá munur, sem þarna er á rafmagnsverði, sé enn þá of mikill og stefna þurfi að því að draga enn frekar úr honum. Á gjaldskrá fyrir heimilisnotkun er munurinn milli Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitna ríkisins nú um 20% eða á bilinu 20—25% eftir því við hvaða nýtingartíma er miðað. Þessar aðgerðir, að draga úr þessum mun, hafa hins vegar eðlilega rýrt fjárhagsstöðu fyrirtækjanna umfram það sem ella hefði verið. Þannig er m. a. gert ráð fyrir að allverulegur rekstrarhalli verði hjá Rafmagnsveitunum á yfirstandandi ári, eða allt að 20 millj. kr., og nálægt 8 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða. Hin bága afkoma þessara fyrirtækja, sem sjá verða fyrir margháttuðum þörfum dreifbýlisins, bæði stofnframkvæmdum og erfiðum rekstri, rennir stoðum undir það mat, að halda beri verðjöfnunargjaldinu í því horfi sem nú er. Af þeim sökum var ekki talið fært að nýta heimild til lækkunar þess á miðju yfirstandandi ári.

Herra forseti. Það mætti margt segja um verðlagningarmálin og þann verulega mun sem ríkt hefur og enn ríkir milli einstakra landshluta. Það hefur hins vegar tekist á undanförnum árum að minnka þennan mun verulega í sambandi við taxta fyrir almenna heimilisnotkun raforku. Enn ríkir hins vegar mjög mikill munur sem kunnugt er í sambandi við verðlagningu á orku til húshitunar, og það er fátt sem hefur meiri áhrif á mismunandi aðstöðu manna í landinu en einmitt sá munur. En ég ætla ekki að fara að fjölyrða um það efni hér og nú því að það er utan við ramma þess frv. sem hér er til umr. Hins vegar snertir það verðjöfnunarmál á orku almennt. Þau mál eru nú til sérstakar athugunar í nefnd skipaðri fulltrúum allra þingflokka, að ég best veit, og tillagna frá henni mun að vænta innan ekki mjög langs tíma. Á þeim málum þarf vissulega að taka og ná fram leiðréttingu umfram það sem nú er og henni helst allverulegri.

Þetta frv. fjallar um efni sem hefur verið árviss liður hér, þar sem lögin eru framlengd frá ári til árs, og vænti ég þess, að það fái góðar viðtökur hér í hv. þd. Að lokinni þessari umr. legg ég til, herra forseti, að því verði vísað til hv. iðnn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að ræða aðalefni þessa frv. Það er eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta er gamall kunningi sem kemur hér í heimsókn á jólaföstu á ári hverju og stundum hefur hann fitnað yfir árið, en því er sem betur fer ekki til að dreifa í þetta skipti. Hins vegar hefur þetta mál batnað og það er þess vegna sem ég stend hér í pontunni til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur nú tekið af skarið um að Rafveita Siglufjarðar fái nokkrar úrbætur á því óréttlæti, sem ég vil kalla, sem viðgengist hefur gagnvart því fyrirtæki. Því er þannig varið, eins og menn vita, að Siglfirðingar sjá sjálfir fyrir sinni raforkuþörf. En allan þann langa tíma, sem þetta orkugjald hefur verið á lagt, hafa þeir þurft að greiða gjald af eigin orkuöflun og ekkert fengið í staðinn. Nú er sem sagt lagt til að þessu verði breytt og ráðh. verði heimilað að greiða upphæð sem svarar til þess gjalds sem Siglfirðingar greiða á næsta ári og væntanlega næstu árum og sé sambærilegt við að endurgreiða það, má segja. Ég efast ekki um að hæstv. ráðh. muni nota þessa heimild, enda væri hann ekki að leggja til að hún yrði í lög sett nema hann hygðist nota hana. Því ber að fagna.

Það er alveg rétt, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh. og fram kemur í grg., að hagur Rafveitu Siglufjarðar hefur verið mjög bágborinn. Virkjunin í Fljótaá varð dýrari en á horfðist og áætlað var og erfiðleikar nokkrir hafa verið í rekstrinum. Við þekkjum öll orsakir þess að mannvirki verða hér dýrari en ætlað var. Síðan koma til þeir háu vextir sem verið hafa. Rn. og hæstv. ráðh. hafa aðstoðað við lánaútvegun og leyst brýnasta vanda, en það nægir engan veginn og þess vegna er nauðsynlegt að lögfesta ákvæði 2. mgr. 1. gr. þessa frv. Þá ætti hagur þessa fyrirtækis að vera nokkuð góður, því að auðvitað verður lánum að einhverju leyti breytt líka til samræmis við það sem er hjá öðrum orkustofnunum. Þetta hef ég að sjálfsögðu rætt við forustumenn á Siglufirði. Formaður veitustjórnar, Knútur Jónsson, sem þetta mál hefur að sjálfsögðu einna mest mætt á, samhliða því að rafveitustjórinn, Sverrir Sveinsson, hefur auðvitað haft af þessu þungar áhyggjur, — Knútur hefur leyft mér að skýra frá því, að þeir Siglfirðingar muni sæmilega við þetta una eins og málum er nú háttað. Þess vegna er ég hér til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir þessa tillögugerð hans.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að þetta mál hefur að því leyti til batnað, að ekki er mismunað eins og áður þeim aðilum sem eiga að njóta þessa skatts sem er innheimtur. En ég vil á það benda, að verðjöfnunargjaldið, eins og það er hugsað, hefur frá öndverðu verið dálítið undarlegt að því leyti til, að þeir, sem borga hæsta raforkuverðið, borga hæsta verðjöfnunargjaldið. Að þessu leyti hefur þessi skattur verið ýmsum mönnum þyrnir í augum og oft hefur verið um það rætt að finna aðra leið til að jafna verð á raforku í landinu, að ég tel fyrst og fremst á þeim forsendum að á þessu gjaldi er verulegur galli.

Það var þó ekki fyrst og fremst það sem ég ætlaði að ræða nú, heldur almennt um gjaldtöku, skattlagningu til raforkumála og á raforku og þá kannske nokkur orð um verðlagningu á raforku, sem hæstv. ráðh. gat um að væri verið að athuga í heild sinni. Þá vildi ég spyrja hann hvort það sé rétt skilið hjá mér t. d., að þannig sé ástatt nú með verðlagningu á raforku að gert sé ráð fyrir að Rafmagnsveita Reykjavíkur þurfi að taka verulegt erlent lán til að standa undir rekstri á þessu ári.

Hæstv. ráðh. gat þess í sinni frumræðu, að það væri verulegur halli á Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og jafnframt að þessi veitufyrirtæki veittu mikla þjónustu fyrir dreifðar byggðir landsins. Að því leyti til getur maður kannske skilið að þegar ekki árar vel skuli vera þarna nokkur halli á. En þeim rafmagnsveitum, sem þjóna þéttbýlinu, ætti að vera í lófa lagið að reka sitt fyrirtæki og það skýtur skökku við þegar þær eru reknar með verulegum halla. Þess vegna spyr ég hvort það sé rétt, að gert sé ráð fyrir að Rafmagnsveita Reykjavíkur þurfi að taka allverulegt erlent lán til þess að reka starfsemi sína í ár.

Svo er annað atriði sem mér er forvitni á að vita um. Í grg. með fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 segir svo, með leyfi forseta:

„Þá er þess að geta, að fyrirhugað er að leggja sérstakt gjald á raforkusölu eftir stofnlínum, alls 40 millj. kr. Er það gert til þess að draga úr lántökum vegna fjármagnskostnaðar við þær framkvæmdir."

Ég vil spyrja hæstv. ráðh. — ég hef reynt að fá upplýsingar um það áður — hvort ætlunin sé að leggja þetta gjald á, hvernig ætlunin sé þá að þessi nýi skattur að upphæð 40 millj. nýkr. leggist á og hvort það verði þá ekki gert ráð fyrir honum í tekjuáætlun fjárlaga fyrir árið 1982. Þar á hann að sjálfsögðu heima þar sem um er að ræða skatt, gjaldtöku eða skatt, og þá tekjur fyrir ríkissjóð. Þessi skattur á að sjálfsögðu heima í fjárlögum en ekki utan fjárlaga í lánsfjáráætlun. Ég spyr sérstaklega vegna þess að í ár er gert ráð fyrir að skera verulega niður olíustyrki frá gildandi fjárlögum. Þeir eru skornir niður, samkv. bréfi sem viðskrn. sendi fjvn., um allt að 20 millj. nýkr. og á yfirstandandi ári rennur í ríkissjóð verulegur afgangur af orkujöfnunargjaldi þegar frá eru dregnar beinar fjárveitingar til olíustyrkja og til orkumála. En í frv. fyrir næsta ár er gert ráð fyrir að hvorki meira né minna en um 100 millj. nýkr. verði afgangs af orkujöfnunargjaldi ef frá er dreginn olíustyrkur og fjárveitingar til orkumála. Í ár er þessi afgangur óverulegur þegar þessar fjárveitingar eru bornar saman, vegna þess að þá var gert ráð fyrir verulegum beinum fjárveitingum til greiðslu á fjármagnskostnaði vegna Kröflu og fleiri slíkra atriða. En samkv. fjárlagafrv. á næsta ári fæ ég ekki betur séð en þessi afgangur verði þegar búið er að draga frá fyrirhugaðan olíustyrk, beinar fjárveitingar til Orkusjóðs og ýmissa orkuframkvæmda, t. d. fjárhagsbyrði ríkissjóðs af því að greiða afborganir og vexti af lánum Rafmagnsveitna ríkisins. Ég hef dregið þessa liði alla samviskusamlega frá þessari tölu, en beinar fjárveitingar til orkumála eru ekki það háar og af 190 millj. kr. orkujöfnunargjaldi, sem ætlunin er að leggja á samkv. frv., verða eftir um 100 millj. til almennra þarfa ríkissjóðs. Þá er spurningin hvort ekki sé heiðarlegra að breyta þessu orkujöfnunargjaldi, ef það á að vera í þessum mæli, í almenna fjáröflun fyrir ríkissjóð.

Ég vildi aðeins í þessu sambandi óska eftir að fá þessar upplýsingar frá hæstv. ráðh. þar sem öll þessi atriði, sem ég kom hér inn á, varða skattlagningu á orku og til orkumála. Ég skal aðeins geta þess, að mér sýnist að beint framlag, bein fjárveiting ríkissjóðs til Orkusjóðs lækki að raungildi meira en um helming frá árinu í ár miðað við fjárlagafrv. Það er sjálfsagt ein meginskýringin á því, hvað mikið verður eftir af orkujöfnunargjaldinu til handa ríkissjóði á næsta ári. — Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðh. gæti svarað þessu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Vegna fsp. frá hv. 3. þm. Norðurl. e. skal ég reyna að svara honum nokkru. Hins vegar býst ég við að hæstv. fjmrh. hefði getað leyst úr fsp. hans nákvæmar en ég get hér án þess að afla mér upplýsinga þar að lútandi.

Hv. þm. nefndi það í upphafi síns máls, að oft hefði verið gagnrýnt varðandi verðjöfnunargjald af raforku að það væri lagt sem prósentugjald á söluskattsstofn. Ég get út af fyrir sig tekið undir þau orð og hef gert það stundum áður þegar þetta gjald hefur verið til umræðu. Ég stóð að því að leita leiða til þess að finna annað form á þessu með gjaldi sem til athugunar var að leggja á allar tegundir orku í landinu, en ekki varð að ráði að framkvæmt yrði. Það kom hins vegar fram hjá sérfróðum aðilum hjá rafveitum, að mjög erfitt væri að finna form fyrir jafna álagningu slíks gjalds, krónuálagningu slíks gjalds, án þess að það hefði skekkjandi áhrif á taxtauppbyggingu fyrr en varði, og þeir réðu frá þessu m. a. af þeim sökum. En segja má að þegar mismunur á heimilistaxta og töxtum almennt, sem gjaldið leggst á, er þó ekki meiri en hann er, þá er þetta ekki lengur eins tilfinnanlegt og það var þegar mismunurinn á heimilistaxta í gjaldskrám var 80—90%, eins og hann var mestur á árinu 1978.

Einnig má vissulega benda á að gjaldið rennur til tiltekinna fyrirtækja og er notað til að halda niðri hækkunarþörf þeirra, en þeir aðilar, sem greiða gjaldið og njóta þess ekki í endurgreiðslu, eru margfalt, margfalt fleiri en hinir sem eru aðnjótandi gjaldsins. Þannig er það út af fyrir sig notað til jöfnunar þó að auðvitað komi alltaf spánskt fyrir sjónir þegar menn sjá þetta sem hærri tölu á orkueiningu hjá þeim sem hærri útgjöld hafa fyrir. Ekki meira um þetta atriði. Hv. þdm. er eflaust öllum ljóst hvernig þetta verkar.

Hvað viðvíkur fsp. hv. 3. þm. Norðurl. e. varðandi byggðalínugjaldið, þá er af minni hálfu um það að segja, að um það hafa engar ákvarðanir verið teknar, hvort sú heimild verður notuð eða ekki. Það hefur ekki mikið verið um það rætt til þessa. Ég vil hins vegar ekki útiloka í því sambandi, að þessi heimild verði notuð, en í mínum huga kemur það einkum til álita í sambandi við þá samninga sem nú standa yfir milli ríkisins og Landsvirkjunar um hugsanlega útfærslu þess fyrirtækis og yfirtöku þess á byggðalínum sem er til umræðu. Í tengslum við það getur þurft að koma til ýmissa fjárhagslegra skuldbindinga af ríkisins hálfu og samninga um fjárhagsleg atriði við Landsvirkjun í sambandi við stofnkostnað og fjárhagsbyrðar þessara stóru mannvirkja. Þá gæti komið til álita m. a. að nota þessa heimild varðandi byggðalínugjaldið til þess að auðvelda þá samningsgerð. — Þetta vildi ég aðeins nefna sem ábendingu, en taka fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um notkun þessarar heimildar.

Hitt gjaldið, sem hv. þm. nefndi, orkujöfnunargjaldið sem kallað var og lagt var á, að mig minnir, fyrri hluta árs 1980, var í reynd hækkun á söluskattsstofni um 1.5%. Ég hefði gjarnan viljað á þeim tíma sjá þann tekjustofn markaðan með skýrara hætti til orkumála og orkujöfnunar en þá var gert af hv. Alþingi. En strax og gjaldið var lagt á var nokkuð ljóst að tekjum af því yrði ekki með beinum hætti varið í því skyni nema að hluta til, og þannig hefur það verið síðan. Þessi tekjuliður hefur runnið, má segja, saman við söluskattinn sem tekjustofn fyrir ríkissjóð, en stendur þó að hluta eftir sem áður undir verjöfnunaraðgerðum, sem betur fer, og gjarnan mætti meira renna til þeirra.

Hvað snertir olíustyrkina og að dregið hafi verið úr þeim, eða að viðskrn. hafi talið fært að lækka áætlaða upphæð vegna olíustyrkja, þá þarf það út af fyrir sig ekki að koma á óvart miðað við að styrkirnir væru óbreyttir. En ég hygg að þau mál séu nú til athugunar. Þeim fækkar sem betur fer frá mánuði til mánaðar, frá ársfjórðungi til ársfjórðungs, sem þurfa á olíustyrkjunum að halda, þannig að þörfin fyrir niðurgreiðslu á olíu til þeirra, sem þar eiga hlut að máli, fer minnkandi, væntanlega einnig að raungildi, á meðan ekki eru teknar ákvarðanir um að

hækka þessar greiðslur eitthvað verulega til þeirra sem enn búa við olíukyndingu. Ég ætla ekki að ræða það efnislega frekar.

Ég tel að ég hafi með þessu reynt að leysa eitthvað úr fsp. hv. þm. Eftir stendur þó lántaka sem hann spurði um til Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hvort rétt væri að Rafmagnsveita Reykjavíkur hefði tekið erlent lán eða sótt um að taka erlent lán til starfsemi sinnar. Ég hef það ekki nógu fast í minni til þess að fullyrða það. Þó man ég eftir slíkri lántöku hjá Hitaveitu Reykjavíkur, og má vera að slík umsókn liggi fyrir frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur þó að ég vilji ekki fullyrða um það. Slík lántaka hjá þessum fyrirtækjum getur sumpart verið vegna rekstrar. En þess skulum við minnast, að þessi fyrirtæki standa vissulega í verulegum fjárfestingum. Við vitum að Rafmagnsveita Reykjavíkur er að byggja yfir sig allmyndarlegt húsnæði, og dreg ég ekkert úr þörfinni fyrir það að búið sé vel að þessum fyrirtækjum. Þegar verið er að líta á verðlagningarmál orku í landinu almennt tel ég einmitt þörf á stefnubreytingu að því leyti, að bæði meginorkuöflunarfyrirtækin og eins smásölufyrirtækin geti aflað meiri tekna, náttúrlega til að standa undir rekstri, en einnig til sinna framkvæmda, og það þurfi því að endurskoða þessi mál nokkuð róttækt og í heild sinni.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það frv. sem hér er til umr., en vegna þess að af eðlilegum ástæðum hafa spunnist nokkrar umr. um jöfnnun hitunarkostnaðar vil ég leyfa mér að segja örfá orð.

Það kom fram í framsöguræðu hæstv. iðnrh. að nefnd væri að störfum til að endurskoða einmitt þau mál. Sem formaður þeirrar nefndar, sem fjallar um endurskoðun á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, vil ég stuttlega gera grein fyrir því, á hvaða stigi sú endurskoðun er.

Því miður hafa störf þessarar nefndar tafist allnokkuð og meira en góðu hófi gegnir. Ég á svo sem engar sérstakar skýringar á því, en ýmissa hluta vegna hafa störf nefndarinnar tafist meira en góðu hófi gegnir. En nefndin er nú að störfum af nokkru kappi. Við höfum hugað að ýmsum leiðum sem til greina geta komið til að jafna hitunarkostnað, en eins og allir vita er um mikið misrétti að ræða eftir því, hvort menn kynda hús sín með olíu eða með orku frá ódýrustu hitaveitunum. Reyndar virðist okkur að hitunarkostnaður með raforku sé að verða nokkuð hár líka, og vandamálið, eins og það hefur legið fyrir hjá nefndinni að undanförnu, er einmitt að veruleg niðurgreiðsla á olíu þýðir að niðurgreidd olía rekur sig fljótt á hitunartaxta með raforkunni.

Við höfum m. a. rætt við forstjóra Rafmagnsveitna ríkisins, Kristján Jónsson, um þessi mál og erum, eins og ég segi, að velta fyrir okkur ýmsum leiðum í þessu sambandi. Það hafa vissulega komið til umræðu leiðir eins og orkuskattur á alla orku, sem hæstv. iðnrh. nefndi hér áðan. Ég tel að það þurfi að skoða það mál vel, en eins og er munum við beita okkur sérstaklega að því að fjalla um olíuna sem slíka og þau áhrif sem hún hefur á hitunarkostnaðinn. Olíustyrkirnir hafa í raun lækkað nokkuð frá því að við samþykktum lög um lækkun og jöfnun hitunarkostnaðar, sem einkum tóku til olíustyrkja, og felst það í því, að þeir hafa ekki hækkað í krónutölu; það er sama upphæð greidd, hver styrkur er jafnhár og ákveðið var í upphafi. Nefndin er nú eingöngu að fjalla um hvernig haga megi niðurgreiðslu olíu án þess að rekist verulega á aðra hitunarkosti, að við förum ekki að greiða olíu svo niður að hún verði ódýrari en aðrir hitunarkostir og þá að sjálfsögðu innlendir, raforka eða dýrari hitaveitur.

Hér er um verulegan mun að ræða, eins og allir vita, á olíukyndingu og ódýrustu hitaveitunum, og því verður misréttið eða mismununrinn svo gríðarlega mikill. Þess vegna verður að taka þessi mál föstum tökum. Ég vonast til að nefndinni auðnist innan ekki allt og langs tíma að skila frá sér áliti þar sem einhver lína verði mörkuð í því að jafna hitunarkostnað, en eins og ég segi, erum við nú eingöngu að athuga olíustyrkina sem slíka og hvernig leysa megi þann brýna vanda.

Þetta vildi ég aðeins að kæmi fram í þessum umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og sérstaklega fagna því sem mér fannst koma fram í hans máli, að hann væri ekki sáttur með þá verðlagningarstefnu sem ríkt hefur á þessu sviði þjónustu, þ. e. raforkusölu, um nokkurt skeið. Við vitum að verðlagning á raforkusölu ýmissa þjónustufyrirtækja, t. d. Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, hefur orðið til þess að fyrirtækin, sem ættu að geta byggt sig upp af eigin aflafé að verulegu leyti, hafa verið rekin með tapi. Þetta hefur verið gert á þeim forsendum, að ekki mætti hækka verð þessarar þjónustu vegna þess að það leiddi til aukinnar verðbólgu. En ef þetta verður til þess að fyrirtækin taki þeim mun meira af erlendum lánum, þá sýnist mér frá mínum leikmannssjónarhóli að árangurinn í slagnum við verðbólguna verði ekki mikill. Ég held því að það sé mjög brýnt að taka þau mál til endurskoðunar, og ég vil sannarlega fagna þeim skilningi sem mér fannst brydda hjá hæstv. ráðh. í þeim efnum.

Í sambandi við byggðalínugjald og hugmyndir um álagningu þess vil ég enn og aftur undirstrika það, að það væri að fara mjög langt aftur í tímann. Því miður eru fordæmi fyrir því, að slíkir skattar hafi verið lagðir á utan fjárlaga til þess kannske að komast hjá því að fjárlög hækki. En þar held ég að sé um mjög varhugaverða leið að ræða, svo að ekki sé meira sagt. Það er nógu erfitt að gera sér grein fyrir umfangi ríkisins í þjóðfélaginu þó að ekki sé verið að leika sér að því að taka slíka skatta, — því að sjálfsögðu yrði þarna um skatt að ræða — og leggja þá á utan fjárlaga. Auðvitað er þetta gert í ýmsu formi, hefur verið gert stundum, kannske meira í seinni tíð en áður. En ég vara mjög við því og tel að ef um það er að ræða, að heimild yrði notuð til þess að leggja byggðalínugjald, þá sé rétt og eðlilegt að það sé talið með öðrum sköttum ríkisins teknamegin á fjárlögum. Ég geri mér fyllilega ljóst það sem hæstv. ráðh. sagði, að það var ekki skilgreint mjög nákvæmlega að orkujöfnunargjaldið ætti að renna til niðurgreiðslu á verði olíu og til orkumála. En rökstuðningurinn var í rauninni einvörðungu sá, þegar þetta gjald var lagt á, og á það lögð mikil áhersla, man ég var, í umr. á Alþingi. Þess vegna er sá mikli misbrestur, sem orðinn er á því núna að þetta fé skili sér til þeirra upphaflegu markmiða sem því voru ætluð, mjög athyglisverður og sker í augu að það skuli vera 10 milljarðar gkr. sem með þessum hætti renna í ríkissjóð undir því yfirskini að verið sé að afla fjár til orkumála og til olíustyrkja.

Að lokum vil ég taka að sumu leyti undir það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. þegar hann ræddi um

olíustyrkina. Ég held að það sé varhugavert að þeir séu svo háir að það verði ekki hvatning til þess að nýta innlenda orku til upphitunar húsa. En tæplega held ég þó að það geti talist eðlilegt, að styrkirnir skuli standa í stað að krónutölu svo langan tíma sem þeir hafa gert. Ef það hefur verið vit í því á sínum tíma að hafa þá svona háa, — ég held að þetta hafi byrjað árið 1980, — þá er náttúrlega lítið vit í að borga sömu styrkina að krónutölu í dag eða kannske eitthvað eilítið hærri en gert var þá. Ég vek athygli á því að í fyrra var á fjárlögum gert ráð fyrir að 50 millj. nýkr. yrði varið til þess að greiða niður kostnað við upphitun húsa með olíu, en í frv. í ár er aðeins gert ráð fyrir að um 30 millj. kr. verði að ræða, enda í reynd ekki um hærri tölu í ár að ræða sem greidd hefur verið úr ríkissjóði í þessu skyni.

Ég vil enda mitt mál á því að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er einvörðungu út af því, að orkujöfnunargjaldið hefur blandast inn í þessa umr, að ég kveð mér hér hljóðs. Og þá vek ég fyrst og fremst athygli á því, hvernig umr. — ekki einungis hér, heldur í margan annan tíma — hefur breyst í sambandi við orkujöfnunargjaldið. Þegar um það var fjallað hér á Alþingi og reyndar víðar var sérstaklega lagður til grundvallar sá mismunur sem er á milli fólksins í hinum einstöku byggðum, lífskjaramismunur, á því að hita upp híbýli sín með heitu vatni og hins vegar að hita þau upp með olíu. Þetta var í rauninni grundvallaratriði í sambandi við lagasetningu, sem hér fór fram, og tillögugerð þar að lútandi.

Nú er hins vegar farið að blanda öðrum atriðum inn í þetta, eins og raforkutöxtum. Og menn eru þá gjarnan farnir að gleyma þeim ákaflega mikla mismun sem enn er á milli byggðarlaga og um leið lífskjara fólksins í landinu, þeim mikla mismun sem er á upphitun með hitaveitu annars vegar og olíu hins vegar. Þetta keyrir svo úr hófi fram, að þótt nálega allir sjóðir, sem vitað er um, séu orðnir galtómir, þá safnast nú fyrir fjármagn í húshitunarsjóði, ef ég má kalla hann því nafni, í viðskrn., þannig að það eru horfur á að af því fjármagni, sem þangað berst samkv. síðustu fjárlagaafgreiðslu, verði ekki nema helmingnum dreift. Þessi niðurstaða skýrist af því, að raforkuverðið, raforkutaxtarnir séu það háir, að það sé ekki hægt að greiða niður hina rándýru olíuupphitun af þessari ástæðu. Það er ekki hægt annað en mótmæla þessu hvar sem það kemur fram. Mismunur á milli byggðarlaga, mismunur á lífskjörum fólksins af þessari ástæðu er fyrir hendi og framkvæmdin, eins og hún er, er bókstaflega uppgjöf frá því marki að taka tillit til þessa og leitast við að jafna það út.

Þegar fjallað var um þessi mál hér á Alþingi bar ég fram brtt. sem fólu aðeins í sér útvíkkun á heimildum til niðurgreiðslu á olíukostnaði. Þetta átti þá sérstaklega við varðandi heilsugæslustöðvar og spítala á þeim svæðum þar sem þarf að kynda með olíu. Jafnvel tillögur um þessar heimildir voru felldar hér á Alþingi. Og nú standa menn andspænis því, að vegna þessarar skattheimtu, sem var 1.5% hækkun á söluskatti, aukast tekjur ríkissjóðs að verulegum hluta. Menn standa líka gagnvart þeirri staðreynd, að það, sem ætlað er til þessara mála á fjárlögum, er ekki notað nema að hálfu. Það er af þessari ástæðu sem að sjálfsögðu er ekki hægt annað en vekja athygli á þessu og mótmæla því hvar sem þessi mál koma til umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs út af þeim umr. sem hér hafa farið fram utan við beint efni frv., en vegna þess að ég stend hér vil ég samt nota tækifærið til að lýsa ánægju minni með þetta frv. Ég hef fagnað því árlega þegar það hefur komið, og ég geri það enn. Ég sé líka sérstaka ástæðu til að lýsa ánægju minni með þau ákvæði frv., að 3% af verðjöfnunargjaldinu skuli varið til þess að greiða sérstakan kostnað Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða af keyrslu varafstöðva vegna rafmagnsskorts á s. l. vetri. Af því að ég er að tala um þetta vil ég einnig lýsa mig samþykkan því ákvæði sem hér er um Rafveitu Siglufjarðar. Rafveita Siglufjarðar og hennar mál hafa komið til umræðu við framlengingu verðjöfnunargjaldsins á undanförnum árum, og okkur eru vel kunnir þeir erfiðleikar sem Rafmagnsveita Siglufjarðar hefur staðið í. Ég verð að segja það, að mér finnst eftir atvikum að það sé eðlileg leið sem farin er með þessu frv., þ. e. að gera ráð fyrir að Rafveitu Siglufjarðar verði endurgreitt það verðjöfnunargjald af raforku sem fyrirtækið greiðir.

Það gæti verið tilefni til að ræða mikið um þau mál sem hér hafa verið rædd utan við beint efni frv., en ég skal neita mér um slíkt. Hér var verið að tala um orkujöfnunargjald. Það var vel að orði komist hjá hæstv. iðnrh. þegar hann sagði áðan að þetta gjald hefði verið „kallað því nafni", eins og hann komst að orði. Það var lítið meira en kalla það því nafni, vegna þess að í raun og veru var þetta ekki annað en almenn skattheimta, nýr skattur lagður á söluskattsstofn. Þetta var ljóst þegar gjaldið var lagt á, og ég og fleiri gerðum okkur satt að segja ekki miklar vonir um að skattgjald þetta yrði til sérstaks gagns fyrir framkvæmdir í orkumálum.

Um olíustyrkinn, sem hér hefur sérstaklega borið á góma, væri ástæða til að fara nokkrum orðum. En hv. 11. lands. þm., sem var að ljúka máli sínu, tók ómakið af mér í því efni, því að hann lagði áherslu einmitt á þau atriði sem ég hefði viljað leggja áherslu á.

Hér var vikið að því, að ekki yrði ráðstafað á þessu ári, ef fram héldi sem nú horfir, nema um helmingnum af því fjármagni sem Alþingi ætlaði í olíustyrki á þessu ári, um helming af 50 millj. sem áætlað var. Þessi staðreynd er í sjálfu sér mjög ámælisverð. Í raun og veru er þetta í mínum huga stórhneyksli. Það er vegna þess að fá dæmi eru um meiri ójöfnuð í þessu þjóðfélagi en ójöfnuðinn sem er milli þeirra, sem hita híbýli sín með olíu, annars vegar og þeirra hins vegar, sem hafa hagkvæmari upphitun. Þetta þarf ekki að fara að ræða hér, en það er með ólíkindum að olíustyrkirnir skuli ekki hafa verið hækkaðir. Samkv. lögum um lækkun og jöfnun hitunarkostnaðar frá 1980 var gert ráð fyrir að hver olíustyrkur næmi 200 kr. á ársfjórðungi. Einnig var gert ráð fyrir því í lögunum, að það væri heimilt að hækka þennan styrk í hlutfalli við breytingar á olíuverði. Þessi styrkur hefur verið á ársfjórðungi 200 kr. frá því 1. jan. 1980 og fram á þennan dag. Ef þessi styrkur hefði verið hækkaður í hlutfalli við hækkaða olíu hefði hann átt að vera 360 kr. á ársfjórðungi. Fyrir nokkrum dögum varð verðhækkun á olíu þannig að miðað við það ætti styrkurinn að vera enn þá hærri. Styrkurinn ætti m. ö. o. að vera nálægt því að vera tvöfaldur á við það sem hann er. Alþingi hefur tekið ákvörðun um að veita fjármagn til að jafna mismuninn í

upphitunarkostnaðinum og þessu fjármagni er ekki ráðstafað nema að hálfu leyti. Þó eru allir að tala um við hvert tækifæri að það sé óþolandi að horfa upp á þann ójöfnuð sem viðgengst á þessum vettvangi.

Ég ætla ekki að fara að ræða um það hér, en ég vil aðeins gefa þær upplýsingar, að ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um það, hverjar ástæður kynnu að geta legið fyrir því, að ekki hafi verið notað og ekki hafi verið ætlunin að nota allt það fé sem ráðstafað hefur verið til niðurgreiðslnanna. Í öðru lagi hef ég viljað leggja áherslu á það, að ríkisstj. sæi um að allt þetta fé yrði notað á þessu ári. Það mundi verða með þeim hætti, að það væri eðlilegt að hækka upphæð olíustyrksins fyrir síðasta ársfjórðung þessa árs sem ekki hefur verið greiddur út, en auk þess ætti að veita viðbót við olíustyrki á fyrri ársfjórðungum þessa árs. Það væri góður jólaglaðningur fyrir það fólk sem hefur orðið að bera uppi byrðar olíuupphitunarinnar og þann ójöfnuð sem viðgengist hefur. Ég sagði að það yrði góður jólaglaðningur, en auðvitað væri ekkert gert í þessu efni, ef þetta væri gert, nema það sem ríkisstj. ber skylda til að gera.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka þær góðu undirtektir sem fram hafa komið við frv. það sem ég mælti hér fyrir áðan um verðjöfnunargjald af raforku, og þykir mér vel horfa um framgang þess miðað við það sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. En vegna þeirra umr., sem hér hafa síðan spunnist um verðjöfnun á orku til húshitunar, vil ég bæta við örfáum orðum.

Mér finnst nú sem oft áður gæta nokkurs misskilnings og tilhneigingar til einföldunar í máli sumra hv. þm. sem hér hafa til máls tekið um þetta efni, eins og hv. 11. landsk. þm. og hv. 4. þm. Vestf. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir alla hv. alþm. að átta sig á því, að niðurgreiðslu á orku fylgir margháttaður vandi. Það er um býsna margslungið mál að ræða, og dreg ég þó síður en svo úr þörfinni á að ná árangri og mun meiri árangri en orðið hefur í að jafna upphitunarkostnað í landinu. Annað væri ekki eðlilegt, þar sem ég þekki mjög vel til þess í mínu kjördæmi, minni heimabyggð, hversu mjög sá mismunur bitnar á fjölda manns þegar tekið er tillit til og tekið mið af meiri hluta þjóðarinnar sem býr við margfalt, margfalt minni kostnað í þessum efnum, a. m. k. fjórfalt minni kostnað miðað við meðaltalstölur eða nálægt því. Tölur í þessu efni eru hins vegar nokkuð vandmeðfarnar vegna þess að það fer auðvitað eftir mörgu hversu hár reikningurinn verður í reynd, bæði stærð og gerð húsnæðis, og þegar um olíukyndingu og niðurgreidda olíu er að ræða fer það eftir fjölskyldustærð líka. Því eru menn yfirleitt með meðaltalstölur. Ef þeir vilja gæta hófsemi og sanngirni í málflutningi, þá er eðlilegt að beita slíkum tölum. Það má alltaf finna jarðtilvik, sem skera sig allverulega úr og þar sem sýna má fram á meiri mismunun, og það þarf þá að breyta reglum þannig að þær verki með eðlilegum hætti.

Ég ætla ekki að fara út í viðtækar umr. um þetta mál. Sérstök nefnd skipuð fulltrúum manna úr öllum flokkum, sumpart skipuð þm., er að fjalla um þessi mál og leggja mat á þau. En ég vil vekja athygli á eftirfarandi tölum sem við höfum um áætlaðan húshitunarkostnað miðað við verðlag í okt. 1981. Það hafa að vísu orðið gjaldskrárbreytingar síðan, en ég hygg að það raski ekki því sem ég greini hér frá. Þetta eru vissulega meðaltalstölur. Það eru áætlaðar tölur um húshitunarkostnað á ýmsum stöðum á landinu miðað við 400 rúmmetra stærð íbúðar og hitunarkostnað sem hlutfall af kyndingarkostnaði með olíu að teknu tilliti til niðurgreiðslu, til oíustyrksins eins og hann er nú. Þá kemur fram að rafhitunin er 80% af kyndingarkostnaði niðurgreiddrar olíu miðað við þessa stærð íbúðarhúsnæðis. Það munar því ekki ýkjamiklu. Það hlýtur því að vera álitamál hvort þessi munur er nógu mikill til þess að fyrir liggi eðlileg hvatning til að breyta í innlendan orkugjafa.

Hitt er svo annað mál og umhugsunarefni, verðlagið á raforkunni sem slíkri. Er það of hátt? Það er eflaust hægt að fá mismunandi svör í þeim efnum. En vísir menn, sem á þessi mál hafa litið, fullyrða — og ég hef flutt þær tölur hér inni á Alþingi í umr. um þessi mál — að raforku til húshitunar sé í reynd seld undir framleiðslukostnaði, undir því sem viðkomandi fyrirtæki þyrftu að fá til þess að bera uppi framleiðslukostnaðinn. En inni í því dæmi er vissulega sá hluti sem hvergi kemur inn þegar við erum að innheimta verðjöfnunargjald og ekki kemur mikið inn í þessa umr. Það er verðlagning á orku til stóriðju í landinu sem er sannarlega býsna langt undir framleiðslukostnaði og skekkir þetta dæmi ekki lítið. En þegar það er tekið út úr fullyrða þeir, sem fyrir orkuframleiðslunni standa, að raforkan sé seld á undirverði, sé seld undir framleiðslukostnaði.

Þarna er sem sagt 20% munur, miðað við þessa íbúðarstærð, á rafhituninni og olíukyndingunni. En þetta segir ekki alla sögu, því að við erum að leggja hitaveitur í landinu. Það hefur gerst mikið í þeim efnum og eftir því sem við náum lengra þar fækkar þeim sem þurfa á olíu að halda til upphitunar. Einnig er unnið að því eftir rafhitunarleiðinni. Við höfum hitaveitur sem eru í verðlagningu sinni yfir rafhituninni og jafnvel yfir olíukyndingunni. Ég hef dæmi um hitaveitu austur á landi, Hitaveitu Egilsstaða, sem samkv. þeim tölum, sem ég hef er nokkuð yfir hitunarkostnaði með olíu að teknu tilliti til olíustyrks. Sama gildir um Hitaveitu Suðureyrar sem hefur fengið sérstakan stuðning til þess að greiða niður sinn kostnað og er yfir kostnaði við olíuhitun að teknu tilliti til olíustyrks. Og við höfum hér hitaveitur, sem eru ekki langt frá og eru yfir rafhitunartaxtanum, eins og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, nýja hitaveitu. Hún er með 90% af kyndingarkostnaði með olíu samkv. sinni verðlagningu. Þetta er ný hitaveita sem hefur lagt í mikla fjárfestingu, og þeir, sem fyrir henni standa, hafa tekið ákvarðanir um að hafa þessa gjaldskrá og fengið leyfi til þess. Fleiri hitaveitur eru svo mjög nálægt verðlagningu á raforku, nálægt þessum 80% af upphitunarkostnaði með olíu. Þetta tel ég rétt að komi hér fram.

Hv. 4. þm. Vestf. talar hér sem oft áður um að stórauka þurfi niðurgreiðslu á olíu. Hann flutti fyrir tveimur árum eða svo tillögur sem voru þannig, þegar búið var að fara yfir þær og greina, að hann var kominn með niðurgreiðslu á olíu sem nam, að mig minnir, um 60% af kyndingarkostnaði með rafmagni. Þá er náttúrlega ljóst að menn yrðu að fara að safna í alldigran sjóð til jöfnunar til að greiða niður innlendu orkugjafana líka.

Það er þetta sem menn þurfa að gæta sín á. Það er ósköp einfalt að segja: Við skulum bara greiða niður olíuna og greiða niður olíuna. — Það hljómar vel í eyrum þeirra sem búa við þennan dýra hitunargjafa. En við verðum að gá að því, hvert við erum að fara. Við verðum að gá að því, hvað fylgir með og að við drögum ekki úr

möguleikum til þess að útrýma olíunni líka úr húshitun, sem er eitt fremsta markmið okkar og á að vera það í sambandi við þessi mál.

Það er fleira sem hefur hækkað en olían á tímabilinu síðan lögin um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar voru sett. Hv. þm. vitnaði hér til að olíustyrkurinn ætti að nema 360 kr., minnir mig, í staðinn fyrir 200. Það hefur fleira hækkað á því tímabili frá því að lögin voru sett. Þá var nefnilega teflt á tæpasta vað hvað snertir að hafa einhvern hvata til að menn skiptu yfir á innlendan orkugjafa. Það stóð nokkurn veginn á jöfnu á þeim tíma. Og það er kannske ein meginskýringin á því, að ekki hefur verið talið rétt að bæta þarna við. Ég tel hins vegar mjög eðlilegt að yfir það mál sé farið af fullu raunsæi og athugað hvort ekki sé réttlætanlegt og skynsamlegt að hækka þessa upphæð eitthvað. Síðan er það enn annað mál, hvort fjármununum, sem veittir voru til niðurgreiðslna á olíu, yrði ráðstafað til annarra hluta í sambandi við verðjöfnun á orku. Það gætu menn út af fyrir sig litið á sérstaklega.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að taka til máls um frv. sem hér er til umr. um verðjöfnunargjald af raforku. En að gefnu tilefni vegna ræðu hv. 4. þm. Vestf. vil ég segja nokkur orð um olíustyrkinn sérstaklega og upphitunarmálin einnig.

Ég vil þá fyrst undirstrika það og taka undir það með öðrum þm., að upphitun húsnæðis er eitt af stóru málunum í okkar þjóðmálum og í okkar þjóðfélagi. Það eru auðvitað sérstakar ástæður fyrir því, að þarna hefur orðið verulega mikil röskun á tiltölulega skömmum tíma. Hún hófst með fyrri olíukreppunni 1973 og síðan óx þessi skekkja með síðari olíukreppunni 1978. Á árinu 1974 voru teknir upp með lögum olíustyrkir, eins og kunnugt er, og þá voru, þeir og hafi raunar alltaf verið greiddir sem eins konar nefgjald eða nefstyrkur og voru þá líklega milli 90 og 95 þús. talsins, minnir mig vera. Það hefur verið lögð á það höfuðáhersl, með tilliti til þess, hversu dýr olían er orðin, að hraða framkvæmdum í orkumálum og þá ekki síst hitaveituframkvæmdum. Það hefur orðið mikil og ör uppbygging á þessu sviði sem hefur valdið því, að olíustyrkjunum fer sífellt fækkandi. Nú er svo komið, að eftir að Akranes, Stokkseyri og Eyrarbakki hafa verið tengd við hitaveitur að olíustyrkirnir verða í kringum 20 þús., eftir því sem mér hefur verið sagt. Upphitun með olíu hefur minnkað þegar litið er á það sem mál þjóðarheildarinnar, en ekki hefur minnkað vandi þeirra sem þurfa að hita híbýli sín með olíu.

Sú meginstefna hefur verið ríkjandi að hafa hliðsjón af upphitunarkostnaði með innlendum orkugjöfum og að hafa olíustyrkinn ekki hærri en svo, að upphitun með olíu verði ekki ódýrari en upphitun með rafmagni eða með hitaveitu, til að stuðla að því og hvetja til þess, að menn reyni að losa sig við olíuna og hita upp híbýli sín og hús með innlendri orku.

Það hefur komið hér fram og er alveg rétt, að olíustyrkurinn er nú 200 kr. á mann miðað við ársfjórðung og hefur verið nú um sinn. Það kom til tals í sumar að hækka olíustyrkinn, en ekki varð af því. Ég hafði áhuga á að þessi mál yrðu athuguð nokkuð nánar og fram færi heildarathugun á þeim, vandleg athugun, sem síðan væri hægt að byggja á, þegar teknar yrðu ákvarðanir um þessi mál, áður en árið væri liðið. Þess vegna skipaði ég nefnd, sem í sitja fulltrúar frá öllum þingflokkum, til að endurskoða lögin og athuga þessi mál öll nánar. Ég taldi rétt og skynsamlegt að allir þingflokkar fengju tækifæri til að taka þátt í þessu starfi. Þessi nefnd hefur setið að störfum um nokkurn tíma. Hv. 4. þm. Vestf. á einmitt sæti í þeirri nefnd. Hann er áhugamaður um þessi mál. Einu sinni um skamman tíma var ég í stjórnarandstöðu, en hann eiginlega bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, ef ég man það rétt. Þá fluttum við frv. um þessi mál saman ásamt fleiri mönnum. Hann er mikill áhugamaður í þessum efnum eins og við margir fleiri.

Ég vil leggja áherslu á að árinu er ekki lokið og það er til nokkurt fé umfram það sem þarf til að greiða 20 þús. gkr. fyrir ársfjórðunginn, og það er vel að svo er. Það er nú alltaf gott að hafa peninga í handraðanum frekar en að vanta peninga. Þarna er því nokkurt svigrúm. Ég hef fullan hug á að leita mér ráðgjafar einmitt hjá nefndinni, sem hefur verið að athuga þessi mál vandlega, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um upphæð olíustyrksins fyrir árið í heild. Ég er alveg opinn fyrir að hækka olíustyrkinn, og hef raunar gert ráð fyrir að það þyrfti að gera. Þegar lögin voru sett, sem nú gilda um þessi mál, hygg ég að munurinn á upphitunarkostnaði frá Rafmagnsveitum ríkisins og þeirra sem hituðu upp með olíu að viðbættum styrknum hafi verið um 20%, ef ég man það rétt. Mig minnir að það hafi verið um 20%. Er það rangt hjá mér? (Gripið fram í.) Meðalkostnaður. (Gripið fram í.) Mismunurinn, já. Var það sett þegar lögin voru samþykkt? (**Gripið fram í:** Samkv. byggingarvísitölunni.) Nú, er það svo. Það fer ég skakkt með að það hafi staðið á jöfnu. En núna er orðinn mismunur á þessu því að innlend orka hefur hækkað. Ég hef ekki fengið enn frá nefndinni hennar álit, hún hefur ekki lokið störfum. Þess vegna er ég ekki við því búinn að ræða þessi mál til neinnar hlítar, en ég er opinn fyrir því að hækka olíustyrkinn. Þó álít ég að það sé nauðsynlegt að taka mið af kostnaði við upphitun frá öðrum orkugjöfum. Það held ég að sé nauðsynlegt með tilliti til þess að hvetja menn til að útrýma olíunni eins og frekast er unnt. Við verðum að gæta að því, að við getum staðið frammi fyrir því hvenær sem er að það skelli á olíukreppa, hin þriðja í röðinni. Það eru ekki miklar líkur á að það verði alveg á næstu mánuðum, en í raun og veru veit enginn um það. Það þurfa ekki að gerast nema hættulegir atburðir, sem geta gerst í einni svipan eins og við þekkjum mörg dæmi um, til þess að svo verði. Þá er auðvitað þýðingarmikið að minnka olíuneysluna til upphitunar húsnæðis.

Ég skal ekki við þetta tækifæri, ég þarf að athuga það betur, láta í ljós neina skoðun á því, hvað til greina kæmi að hækka olíustyrkinn mikið. Mér finnst koma til greina í fyrsta lagi að hækka styrkinn frá því, sem verið hefur, og í öðru lagi að greiða uppbót. Ég hygg að þau sjónarmið hafi komið fram í nefndinni sem starfar að þessum málum. En ég legg áherslu á að árinu er ekki lokið og enn ráðrúm til að athuga þetta nánar.

Varðandi þessi mál öll um lengri framtíð er náttúrlega alveg ljóst að okkur tekst sennilega seint að jafna þennan mun til fulls, eins og á að vera stefnumarkið, nema með hraðri uppbyggingu stórra orkuvera sem veita svigrúm til að lækka upphitunarkostnað á híbýlum manna með rafmagni svo að sá kostnaður geti orðið jafn alls staðar á landinu. Það þarf hann að verða. Hann verður kannske aldrei alveg jafn, vegna þess að það stendur misjafnlega á

með þessi mannvirki og aðstöðu. Það er auðvitað það mark sem verður að stefna að í þessum málum, að hann verði jafn þegar á heildina er litið. Ef það verður ekki gert er alveg augljóst mál að upphitunarkostnaður í landinu hefur áhrif á búsetu. Þess vegna held ég að það sé mjög gott, að úr þingsölum heyrist einmitt þessi sjónarmið, að það þarf að stefna að því að þessi kostnaður verði jafn um allt landið, fólk heyri það að menn hagi málum á þá leið að það verði unnt. Þá er ég ekki aðeins að tala um upphitunarkostnað með olíu. Ég er að tala um upphitunarkostnað með hitaveitu og með rafmagni. Ég held að það verði aldrei til fulls gengið frá því máli nema með hraðri uppbyggingu stórra orkuvera þannig að það verði svigrúm til að lækka hreinlega taxta á upphitun raforku til húsahitunar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir það sem hann sagði um lækkun og jöfnun húshitunarkostnaðar með olíu. Ég heyri ekki að það sé mikill ágreiningur eða raunar neinn ágreiningur um markmiðið í þessu efni. Mér þótti gott að heyra að hæstv. ráðh. sagðist vera að hugsa sig um hvort ætti ekki að hækka olíustyrkinn fyrir fjórða ársfjórðung þessa árs og veita svo viðbótarstyrk fyrir fyrri ársfjórðunga. Þetta kemur alveg heim við hugmyndir mínar og þær tillögur sem ég vildi gera í þessu efni. Ég vona að hæstv. ráðh. komist að réttri niðurstöðu.

Auðvitað er það rétt sem hæstv. ráðh. var að segja, að við þyrftum nægilega stór og mörg orkuver til að sjá svo um að þessi mál, jöfnun orkuverðs og hitunarkostnaðar, væru í lagi til frambúðar. Um það getum við verið sammála. Þó að ég hafi talað mikið um jöfnun orkuverðs vil ég ætla að ég hafi ekki látið þann hlut eftir liggja eða samflokksmenn mínir. Það er ekki langt síðan við bárum fram í þessari deild frv. um að reisa orkuver sem þyddi tvöföldun á uppsettu afli í orkuverum landsins. En það, sem nú skiptir máli, er orkujöfnunin, verðjöfnunin og lækkun og jöfnun hitunarkostnaðar með olíu sérstaklega.

Hæstv. iðnrh. segir að það gæti hjá mér og hv. 11. landsk. þm. einföldunar á þessum málum þegar við séum að ræða um þau. Hæstv. ráðh. færði enga stoð undir þessa fullyrðingu. Hann sagði að þessu máli fylgdi margháttaður vandi og það væru jaðartilvik sem þyrfti að líta á þegar við værum að tala um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar með olíu. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er nokkuð betur að sér um þessi jaðartilvik og þennan vanda en hv. 11. landsk. þm. eða ég. Það kom ekki fram í hans ræðu. En maður heyrir oft talað um þessi mál í þeim anda, sem þarna kom fram, og kannske sérstaklega af þeim sem eru á móti eða gefa lítið fyrir alla verðjöfnun í þessu efni. Nú er ég ekki að segja að hæstv. ráðh. sé í hópi þeirra manna. Þess vegna kemur mér málflutningur hans harla einkennilega fyrir sjónir og sá úrtöluandi sem fram kom í hans ræðu.

Auðvitað verður að líta á annað en upphitunarkostnað með olíu. Það þarf að líta á upphitunarkostnað með rafmagni og með hitaveitu. Hæstv. iðnrh. vék að því, að ég hefði ekki alls fyrir löngu verið með frv. Hann nefndi mig. En ég man eftir því, að annar flm. á þessu frv. var hæstv. viðskrh. Við viðskrh. höfum ekkert að fyrirverða okkur fyrir. En það lá í orðum hæstv. iðnrh. að þarna hefði verið um einhverja fjarstæðu að ræða, vegna þess að það hefði verið gert ráð fyrir að olíuverðið þá, þegar frv. þetta var lagt fram, yrði greitt niður um 60% samtals. Það voru 59% sem frv. gerði ráð fyrir. En hvernig var það fengið? Í þessu frv. var gert ráð fyrir ákveðinni viðmiðunarreglu. Það skyldi taka mið af því, þegar ákveðin væri niðurgreiðsla á olíu, hver væri kostnaður við upphitun húsa sem byggju við hitaveitu. Samkv. frv. var gert ráð fyrir að miða við að upphitunarkostnaður með olíu næmi sem svaraði 2.5 af vegnu meðalverði af upphitunarkostnaði hitaveitna í landinu. Það var ekki farið lengra en þetta í verðjöfnuninni. Það hneykslar hæstv. iðnrh. — En hann var að tala um jaðartilvik. Ef olían hefði á þessum tíma verið greidd þetta mikið niður, um allt að 59%, voru þrjár hitaveitur í landinu, einungis þrjár, sem voru við þau mörk að það var nálægt eða yfir því verði sem upphitun með olíu hefði kostað. Það var hitaveitan á Suðurnesjum, sem hér var nefnd áðan, það var Hitaveita Siglufjarðar og það var Hitaveita Blönduóss. Við, sem stóðum að þessu frv., töldum að það ætti ekki að setja almennar reglur um niðurgreiðslu olíu sem tækju mið af þessum afbrigðilegu hitaveitum. Þannig litum við á þetta þá, ég og hæstv. viðskrh. og aðrir meðflm. okkar að þessu frv. Þó að hæstv. iðnrh. kunni að hneykslast á þessu þurfum við hæstv. viðskrh. ekki að fyrirverða okkur fyrir þetta frv. okkar. Og ég heyri hér rödd eins meðflm. okkar, Stefáns Jónssonar, og ég veit að hann er sammála mér um þetta efni.

Mér hefur stundum fundist að menn gerðu of mikið úr hættunni á því, að ef það væri ærleg niðurgreiðsla á olíu til upphitunar hættu menn að hafa áhuga á að taka innlenda orkugjafa. Mér hefur fundist þeir, sem vilja þvælast fyrir þessum málum og eru ekki áhugasamir, svo að ekki sé meira sagt, fyrir verðjöfnuninni, leggja mikla áherslu á þetta. En ég held að þarna sé mjög ofgert í þessu efni. Ég er ekkert hræddur við að greiða olíuna svo mikið niður að kostnaður með olíukyndingu verði nálega sá sami og með rafmagninu. Hvers vegna? Vegna þess að eins og hæstv. viðskrh. sagði áðan getur hvenær sem er komið þriðja olíukreppan og olían farið upp úr öllu valdi frá því sem hún er núna. Því er spáð, að eftir ákveðinn árafjölda, jafnvel ekki nema einn eða tvo áratugi, verði þurrð á þessum orkugjafa í heiminum. Það er ýmislegt annað, eins og þægindi og öryggi, sem þeir hafa sem ekki nota olíuna til uppkyndingar. Ég held að menn þurfi ekki alltaf að vera að óttast þetta.

Ég held að málið sé svo einfalt að það sé hafið yfir allan vafa að nú á að hækka niðurgreiðslu á olíu til upphitunar og gera það strax. Ég vænti þess, að það komi ekkert það fyrir sem afvegaleiði hæstv. viðskrh. í þessu efni svo að af þessu verði raunverulega.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig nokkuð fróðlegt að heyra hér tvo ráðh., báða kjörna á þing með atkv. Austfirðinga, tala um orkumál og húshitunarmál. Það vekur kannske á vissan hátt upp gamlar og ánægjulegar minningar frá því að haldnir voru framboðsfundir í Austurlandskjördæmi, en þetta mál var þar nokkuð títt til umræðu. Ég verð að segja það eins og er, að miðað við ræður þessara tveggja hæstv. ráðh finnst mér að viðskrh. muni öllu betur eftir sínum málflutningi fyrir síðustu alþingiskosningar einmitt í sambandi við þetta mál.

Það er engin furða þótt alþm. af Austurlandi, bæði á framboðsfundum og í annan tíma, muni eftir þessu sérstaka máli því að ég hygg að það séu tvö kjördæmi sem

skera sig úr varðandi orkukostnað til húshitunar. Það eru þá væntanlega Vestfirðir og Austurlandskjördæmi. Það er ekkert að undra þótt úr þeim kjördæmum heyrist raddir um þessi mál og það sé kannske eftir því hlustað á Alþingi hvað menn hafa sagt fyrir alþingiskosningar. Ég verð að segja það alveg eins og er, að sá úrtölutónn, sem kom hér fram hjá hæstv. iðnrh., veldur mér vonbrigðum, ekki síst vegna þess að þessi hæstv. ráðh. er að öðru leyti jákvæður að eðlisfari.

Það verður væntanlega stutt í að í ljós kemur hversu boðskapur hæstv. viðskrh. hér stenst. En það er ákaflega mikilvægt hvað hér fengust fram ótvíræðar yfirlýsingar um að úr þessum málum verði betur greitt nú fyrir árslok. Það er satt að segja ekki lítill árangur sem þessi umr. skilar, a. m. k. að því er varðar skýringar á þessu máli, þar sem komnar eru fram alveg ótvíræðar yfirlýsingar af hendi viðskrh. um að olíustyrkurinn verði hækkaður. Ég gat ekki skilið mál hans öðruvísi en að það yrðu greiddar uppbætur á olíustyrkinn á þessu ári, enda sannast sagna að allt annað væri óforsvaranlegt miðað við stöðu þessa máls.

Það er svo kannske rétt að víkja örfáum orðum að röksemdum hæstv. iðnrh. Hann talar m. a. um samanburð á raforkuverði og kostnaði við olíukyndingu og þá er að sjálfsögðu að ýmsu að hyggja í þeim efnum. Í fyrsta lagi er það, að ég hygg, óumdeilanlegt að nýting á raforku sem orkugjafa sé að öðru jöfnu betri en á olíu. Það gerir einfaldlega það, að eftirlit með tækjabúnaði varðandi kyndingu með olíu er margbrotnara en þegar um raforku er að ræða. Ég hef fyrir mér mörg dæmi um að fólk hefur bætt sinn hag, sem betur fer, með því að breyta úr olíukyndingu yfir í raforku og það umfram það sem taxtar segja til um. En svo er líka á það að líta, sem skiptir ákaflega miklu máli í þessu sambandi, að hæstv. ráðh. segir að raforka til húshitunar sé seld á undirverði. Þá er spurningin: Við hvað er miðað í þessum efnum? Þetta stenst því aðeins að raforka seljist á hærra verði. Nú vitum við að í sumum tilvikum hefur þurft að reka sum raforkuver með olíu og þá vita allir hvað það kostar. Í öðru lagi hefur ekki verið fyrir hendi nægileg raforka til að selja með betri kjörum. Allir vita að undir þeim kringumstæðum er ekki hagnaður af því að selja raforku til húshitunar. En eins og ástæðurnar eru væntanlega í raforkumálum eftir að Hrauneyjafossvirkjun hefur komist í gagnið er fyrir hendi raforka sem ekki nýtist með öðrum hætti en þeim að selja hana til húshitunar. Þá er alveg öruggt að það er betra að selja hana við lægra verði til þess að hægt sé að færa húshitunina yfir í raforku sem allra víðast. Hér er sannarlega ekki um neitt einfalt dæmi að ræða.

Það er óþarft að taka það frekar fram en hér hefur komið í ljós í sambandi við umr., að þegar lögin voru sett og styrkur til húshitunar ákveðinn var raforkuverð nokkuð sambærilegt og niðurgreitt olíuverð. Hlutur olíuupphitunar hefur því versnað verulega frá því að lögin voru sett.

Það væri að sjálfsögðu hægt að fara um þetta fleiri orðum. Ég á von á að þessi mál verði rædd meira á Alþingi. Þessi umr. hefur skilað að því leyti jákvæðum árangri, eins og ég hef áður minnst á, að fengist hafa fram yfirlýsingar af hendi hæstv. viðskrh., mjög mikilvægar yfirlýsingar, um hækkun á olíustyrk. En það er til viðbótar við það, sem ég hef sagt, vert að undirstrika það alveg sérstaklega, sem kom reyndar fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf., að það er ekki alveg sama fyrir hvað menn eru að borga. Hér hafa verið taldar upp hitaveitur, m. a. ein slík í Austurlandskjördæmi, sem selja orku sína jafnvel hærra verði en nemur kostnaði við kyndingu með olíu. En þá mega menn ekki gleyma því, að þarna er líka verið að borga niður fjármagn. Þarna er verið að stórbæta aðstöðu þessara byggðarlaga og fólkið, sem greiðir þetta, veit vel að innan fárra ára, þegar búið er að greiða niður lán og stofnkostnað, bíða þess í þessum efnum betri tímar. Þegar menn meta þessi mál út frá byggðasjónarmiðum finna þeir að þetta eykur gífurlega mikið á styrk þessara byggðarlaga. Það hafa menn m. a. séð í sambandi við uppbyggingu á Egilsstöðum. Merki um það var t. d., að því er mér hefur verið tjáð, hversu mikið jókst eftirspurn eftir íbúðarlóðum þegar hitaveitan þar var í undirbúningi.

Það má sem sagt alls ekki blanda því tvennu saman, hvort menn eru að byggja upp verðmæt fyrirtæki, sem stórauka hag byggðarlaganna, eða hvort menn eru að kynda hús sín á stöðum þar sem ekki er hægt að eignast slík fyrirtæki og njóta þeirra lífsþæginda sem af þeim leiðir. Það er alveg nauðsynlegt að menn geri sér ljóst að það er sama þörf nú og var fyrir tveimur árum að jafna aðstöðu fólksins í þessu landi að því er varðar upphitun híbýla sinna. Það er sama þörf og ekki síðri en þá var, og menn mega ekki vanmeta það, þótt þeim fækki sem betur fer sem í þeirri þörf eru.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er aðeins vegna þeirra umr. sem hér hefur teygst úr. Mér þykir það koma úr nokkuð harðri átt ef orð mín eru túlkuð svo, að ég vilji ekki berjast fyrir jöfnun á orkukostnaði í landinu og þá til húshitunar. Ég vil að hér komi mjög skýrt fram, að það er mikil rangtúlkun á mínum orðum ef þau eru lögð út með þeim hætti. Ég vildi koma á framfæri upplýsingum hv. þm. til umhugsunar um stöðu þessara mála og um að það þyrfti að mörgu að hyggja þegar greiddir eru niður orkugjafar.

Hv. 4. þm. Vestf. minnti á frv. sem hann flutti hér af góðum hug í þessum efnum um allt að 60% niðurgreiðslu á olíu. Hann sagði seinna í sínu máli, að hæfilegt væri að sínu mati að hafa verð á olíu til upphitunar nálægt rafhitunartaxta. Þessi till. gerði á þeim tíma miklu meira en það. Hún hefði fært olíuna langt niður fyrir þá verðlagningu sem þá gilti um raforku. Það er einmitt það sem ég vildi koma á framfæri, að menn vöruðu sig á því að draga úr hvata einstaklinga og byggðarlaga til að hagnýta sér innlenda orkugjafa, gengju ekki lengra í niðurgreiðslu á olíu, innfluttri orku, en sem því næmi.

Ég ætla ekki að fara hér út í sögulega upprifjun, enda hef ég áhuga á að þetta mál komist til nefndar. En ég held að það væri hollt fyrir hv. 4. þm. Vestf. og hv. 11. landsk. þm. að rifja upp þróun olíustyrks á árabilinu 1974—1978 áður en þeir fara að hafa uppi mjög stór orð um þá stefnu sem núv. ríkisstj. og ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar hafa viðhaft í þessum efnum. Ég vil aðeins koma því á framfæri.

En það er önnur leið til að draga úr kostnaði en að greiða niður. Hana þyrfti að meta meir en gert hefur verið og verja til hennar meira fjármagni að mínu mati og jafnvel einhverju af því fjármagni sem sumir hyggja að sé betur varið til beinnar niðurgreiðslu. Það er leið til orkusparnaðar. Það er að gera húsnæði þannig úr garði með einangrun að betur haldist á orkunni innan veggja.

Einnig teldi ég mjög æskilegt að hvetja menn til að skipta yfir í innlenda orkugjafa með því að veita mönnum hagstæð lán og styrki til að breyta frá olíukyndingu yfir í t. d. beina rafhitun, sem hefur allverulegan kostnað í för með sér. Það mun vera byrjað á slíkum greiðslum hjá Húsnæðisstofnun í einhverjum mæli, og ég held að það þurfi að hyggja sérstaklega að því.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég held að það sé misskilningur hjá hæstv. iðnrh. ef hann telur að ég hafi verið að bera það á hann að hann væri á móti verðjöfnun á upphitunarkostnaði. Ég tók einmitt fram að ég teldi hann ekki í hópi þeirra manna. En ég hafði ýmislegt að athuga við það sem hann sagði því að þá fannst mér hann vera kominn í hóp útölumanna. Það var það sem ég gerði aths. við og átti ekki von á því hjá hæstv. ráðh. að hann hagaði svo máli sínu í þessum umr.

Hann vék aftur að frv. mínu og minna félaga um niðurgreiðslu á olíu um 60% og sagði að það hefði verið óraunhæft, m. a. með tilliti til rafmagnskostnaðar. Ég hef ekki tíma hér til þess að fara að ræða þetta merka frv., en minni aðeins á að samkv. þessu frv. átti líka að koma stuðningur við rafveitur.

Hæstv. ráðh. minntist á orkusparnað. Auðvitað erum við allir með orkusparnaði, en ég ætla ekki að fara að ræða þær ráðstafanir sem mér virðast núna vera uppi til orkusparnaðar.

Ég hef sagt það í öðrum umr. að mér virtist að það mundi taka 100 ár að vinna þau verk sem nauðsynlegt væri að vinda bráðan bug að ef viðhöfð væru þau vinnubrögð sem hæstv. iðnrh. hefur mótað. (**StJ:** Var það ekki örstutt aths.?) Þetta er örstutt aths., segir minn ágæti meðflm. að því frv. sem hér hefur borið á góma. Örstutt aths. er örstutt alveg jafnt hvort ég flyt þá aths. eða hæstv. iðnrh. Og nú skal ég ekki orðlengja þetta frekar vegna þess að þetta á að vera örstutt aths.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 18. fundur.

Mánudaginn 7. des., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 3. des. 1981.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Sigurgeir Bóasson endurskoðandi í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Steingrímur Hermannsson."

Sigurgeir Bóasson hefur áður átt sæti á þessu þingi og þarf því kjörbréf hans ekki athugunar við. Býð ég hann velkominn til starfa.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78). — 1. umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum. Frv., ef samþykkt verður, heimilar ríkisstj. að staðfesta breytingu á Norðurlandasamningi frá 1972 um aðstoð í skattamálum. Samkv. 2. gr. frv. fengi breytingin lagagildi hér á landi þegar viðbótarsamningurinn hefur öðlast gildi.

Breyting sú, sem hér um ræðir, var undirrituð í júní s. l. og er hún birt sem fskj. með frv. Sé ég því ekki ástæðu til að fjölyrða um hana, en vísa til fskj. með frv. Í stuttu máli má segja að hún fjallar annars vegar um upplýsingaskyldu varðandi fasteignir og hins vegar um ráðstafanir til að tryggja greiðslu á skattkröfum. Gert er ráð fyrir að breyting þessi auðveldi innheimtu skatta og skattaeftirlit.

Þetta frv. hefur fengið afgreiðslu í Ed., var samþykkt þar óbreytt.

Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 72, n. 144) — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Hér er til 2. umr. 69. mál, frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum. Efni þessa frv. er aðallega þrenns konar:

Í fyrsta lagi er í 1. gr. frv. ákvæði um að sjútvrh. sé heimilt að ákveða að draga frá fob-verði verð umbúða og hjálparefna við framleiðslu saltsíldar. Frv. þessa efnis hefur verið lagt fram hér á hverju ári, en er nú gert þannig að þess á ekki að vera þörf í framtíðinni að gera það aftur. Í öðru lagi er hér um að ræða lækkun á útflutningsgjaldi af loðnumjöli og loðnulýsi, sem er í tengslum við verðákvörðun á loðnu í haust. Og í þriðja lagi er ákvæði um að ekki skuli tekið útflutningsgjald af 1600 tonnum af þurrkuðum saltfiski.

Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um þetta frv. á þremur fundum sínum og vegna þess að þetta frv. er að ýmsu leyti efnismikið og um atriði, sem þurfti að skoða mjög vandlega, var þess hreint ekki kostur að afgreiða það fyrr en gert var. Þetta nefni ég vegna athugsemda hæstv. forseta um daginn um að nál. hefðu ekki komi fram nefndum í hv. deild. En nú er fyrsta nál. komið frá sjútvn. og er líklega fyrsta mál sem kemur til 2. umr.

Í stuttu máli sagt var frv. sent ýmsum aðilum, sem málið skiptir verulega, til umsagnar, þ. e. Aflatryggingasjóði, Tryggingasjóði fiskiskipa og Fiskveiðasjóði Íslands, og eins og segir í nál. á þskj. 144 kom fram í umsögn Fiskveiðasjóðs að hann sæi ekki ástæðu til að gera athugasemd við frv. þar sem efni þess hefði ekki mikil áhrif á tekjur hans.

Í umsögn Tryggingasjóðs fiskiskipa kemur fram athugasemd við 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða.

Það var einmitt þessi 3. mgr. í ákvæðum til bráðabirgða sem nefndarmenn þóttust hafa mesta ástæðu til að athuga og fékk hv. sjútvn. til sín á fund fulltrúa frá Verðjöfnunarsjóði og fékk upplýsingar um þetta atriði. M. a. fengum við upplýsingar frá aðalfundi Sambands ísl. fiskframleiðenda sem haldinn var í júlí á þessu sumri, þar sem þeir sjálfir telja að halli, sem kynni að verða af þurrkun á saltfiski, yrði borinn uppi af saltfiskspúlíu vetrarvertíðarinnar í ár. Sá texti segir að þeim þyki ekki ástæða til að fella niður útflutningsgjald af þessum þurrfiski.

Þegar nefndin hafði athugað þetta á tveimur fundum kom bréf frá sjútvrn. með ósk um að nefndin hlutaðist til um að 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða yrði felld úr frv. Nefndin hafði þá þegar ákveðið að fella þessa grein niður, og var auðvitað sjálfsagt að verða við þessari ósk þar sem hún féll saman við skoðanir okkar í þessum efnum.

Sjútvn. leggur þess vegna til eftirfarandi breytingar:

Í 2. gr. falli 3. mgr. ákvæða til bráðabirgða niður og upphaf 4. mgr. ákvæða til bráðabirgða hljóði svo:

„Sjútvrh. er heimilt að ákveða“ — í staðinn fyrir: „Enn fremur er ráðh. heimilt að ákveða.“

Að lokum leggur nefndin til að 3. gr. frv. orðist á þessa lund: „Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.“ — Þessi brtt. er komin til vegna þess, að síðan þessi lög voru samþykkt í febr. 1976 hafa orði fjöldamargar breytingar, meira en árlegar breytingar, á þessum lögum og ef menn ætla að hafa í höndunum gildandi lög varðandi þetta málefni þarf að sanka að sér heilmörgum sérprentuðum lögum. Við förum því fram á að sú breyting verði gerð að þessar breytingar verði allar settar á einn stað.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta efni. Nefndin varð ásátt um þessa afgreiðslu og var sammála eins og oft áður.

Það segir einnig í nál. að hv. þm. Halldór Ásgrímssson hafi verið fjarverandi afgreiðslu málsins, en ég vil upplýsa hér að það var varla hans sök vegna þess að fundarboðun misfórst.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru örfá orð til viðbótar því sem hv. frsm. nefndarinnar sagði. Ég ætla ekki að fara að endurtaka neitt hér, en út af því, að nefndir séu hvattar til að hraða störfum, þá getur það verið tvíeggjað hversu hratt nefndir eigi að vinna. Ég held að meðferð á þessu frv. sé dæmigerð fyrir að nefndir eigi ekki að ryðja frá sér frv. athugunarlítið. Eins og formaður nefndarinnar og frsm. gat um komu strax athugasemdir varðandi niðurfellingu útflutningsgjaldsins á 1600 tonnum af þurrkuðum saltfiski, og þá var ákveðið að ræða við aðila sem þekktu þessi mál vel. Árangurinn varð sá, að sjálft ráðuneytið sem lagði þetta til, tekur sína tillögu aftur. Ef nefndin hefði flýtt sér um of hefði hún vafalaust klofnað í afstöðu til málsins, hluti nefndarinnar hefði verið ráðh. hollur og sagt já og amen við því sem hann lagði til, en meiri hl. nefndarinnar hefði örugglega verið þessu andvígur. En fyrir það að formaður nefndarinnar hafði rétt vinnubrögð á afgreiðslu málsins athugar ráðuneytið sinn gang og kemst að réttri niðurstöðu og sömuleiðis nefndin í heild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 144,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 144,2 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Þóknun fyrir innheimtu gjalda, frv. (þskj. 117). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson:) Herra forseti. Ég hef á þskj. 117 ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni leyft mér að leggja fyrir hv. deild frv. til laga um þóknun fyrir lögboðna innheimtu gjalda. Er 1. gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hvarvetna þar sem atvinnurekendum er með lagaboði gert skylt að innheimta opinber gjöld eða aðrar greiðslur hjá starfsfólki sínu eða kaupendum vöru þeirra eða þjónustu skal greiða þeim þóknun fyrir innheimtuna er nemi 3% — þremur af hundraði — af upphæðum innheimtra gjalda. Þóknun greiðist um leið og innheimtufénu er skilað til réttra aðila, enda sé það gert innan þeirra tímamarka sem lögboðið er.“

Það er ljóst að lagaheimildum og lagaboðum um slíka innheimtuskyldu hefur fjölgað gífurlega hin síðari ár og að þessu starfi atvinnurekenda fylgir mikil og vaxandi vinna og ábyrgð. Það er auðvitað íhugunaratriði hvort 3% sé rétt tala eða ekki og mun ég víkja aðeins að því síðar í minni framsögu.

Þess skal getið, að Skúli Guðmundsson alþm. flutti á 88. löggjafarþinginu frv. svipaðs efnis, en það tók til innheimtu opinberra gjalda og þar var nefnd upphæðin 3%. Því frv. var síðan vísað til ríkisstj. 1968 um vorið, en ekkert hefur gerst í málinu síðan.

Í grg. með þessu frv. eru taldir upp nokkrir þeirra skatta sem atvinnurekendum er gert skylt að heimta inn í sínum rekstri. Þar er minnst á tekjuskatt launþega, útsvar launþega, söluskatt, launaskatt, iðnaðargjald, Iðnlánasjóðsgjald, slysatryggingu I og II, atvinnuleysistryggingagjald, lífeyrissjóðsgjald, lífeyristryggingagjald, sjúkrasjóðsgjald og orlofsfé. Auk þess heimta atvinnurekendur inn félagsgjöld til launþegasamtaka og orlofsheimilasjóðsgjald, en þeirra er ekki getið í upptalningunni þar sem þar er um að ræða samningsatriði milli atvinnurekenda og launþega.

Ég sagði áðan að það væri íhugunaratriði hvort nefna ætti 3% eða einhverja aðra tölu. Nýlega var lagt fram á Alþingi frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda á þskj. 75 og í því frv., 46. gr., er gert ráð fyrir að innheimtuaðilar fái 3% af því fé sem heimt er inn, eins og þar greinir. Með leyfi forseta vil ég vitna til 46. gr. þessa frv., en hún er í VII. kafla frv., sem ber nafnið: Skipting á innheimtufé staðgreiðslu. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundraðshlutum (3%) af því fé sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.“

Síðar í sömu grein, í lok 2. mgr., segir svo orðrétt, með

leyfi forseta: „Ríkisskattstjóri skal þó ætíð halda eftir þrem hundraðshlutum (3%) af því fé, sem greitt er öðrum rétthöfum þessara skatta og gjalda en ríkissjóði, til að standa undir kostnaði við innheimtu þeirra og álagningu.“

Í 46. gr. frv. til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda er því að finna sterkan rökstuðning fyrir því lagafrv. sem við höfum lagt hér fram og nú er til umr. Í grg. með frv. um staðgreiðslukerfi skatta kemur fram glöggur og greinargóður rökstuðningur fyrir því, að þetta hlutfall sé 3%. Er það rökstutt með beinum tölum, sem fundnar eru m. a. hjá ríkisbókhaldi. Verður því að ætla að það hlutfall, sem nefnt er í frv. okkar hv. þm. Alberts Guðmundssonar, sé ekki fjarri lagi. Það skiptir þó ekki öllu máli því að aðalatriðið er að viðurkenna þá gífurlega miklu vinnu sem lögð er á herðar atvinnurekenda sem gert er með lagaboði að innheimta opinber gjöld.

Einn langstærsti liðurinn í slíkri innheimtu er að sjálfsögðu söluskatturinn, en hann var fyrst leiddur í lög hér á landi árið 1948 með svipuðu sniði og nú gildir. Fyrst um sinn var hann tímabundinn, en árið 1960 eða með lögum nr. 10 frá 1960 var skatturinn hins vegar gerður varanlegur og varð þá skatthlutfallið 3%. Nú er söluskatturinn kominn upp í 23,5% og er það gífurlega mikil hækkun svo sem augljóst er. Hækkanir á söluskatti hafa átt sér stað í áföngum frá 1. apríl 1960, þegar hann var ákveðinn 3%. 1964 varð hann 5,5%, 1965 varð hann 7,5%, 1970 fór hann upp í 11% og 1973 upp í 13%, en þá bættist 2% viðlagagjald við. 1974 varð enn breyting á söluskattslögum. Þá kom olíugjaldið til sögunnar. 1974, síðar á árinu, hækkaði söluskatturinn upp í 17%. 1974 um haustið fór enn fram breyting á söluskatti. 1975 var hann hækkaður um eitt prósentustig í 20%. Árið 1978 var hins vegar felldur niður söluskattur af matvælum, sem auðvitað gerir innheimtuna og útreikninginn enn þá flóknari en ella. Árið 1979 hækkar hann um tvö prósentustig til viðbótar, verður 22%. Og 1980, 14. apríl, hækkar söluskatturinn upp í 23,5%, þegar 1,5% orkujöfnunargjaldi er bætt við.

Eins og fram kemur í þessum tölum hefur hlutfalli söluskatts verið breytt tíu sinnum á síðastliðnum 20 árum og skattbyrðin er tæplega átta sinnum meiri árið 1980 en hún var 1960. Auk þessara breytinga, sem hafa orðið á upphæð söluskatts, hefur skilafresti verið breytt vegna aukinnar verðbólgu og meiri fjárþarfar ríkisins.

Árið 1960 var skilafrestur á söluskatti ársfjórðungslega og gjalddagi var 15. dagur næsta mánaðar, eindagi mánuði síðar. Árið 1970 var þessu breytt. Þá var uppgjör á tveggja mánaða fresti og gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar, eindagi mánuði síðar. 1. mars 1973 verður enn breyting á skilafresti. Þá var uppgjör mánaðarlega, gjalddagi 15. dagur næsta mánaðar, eindagi tíu dögum síðar. Þannig hefur uppgjörstímabilið verið stytt úr þremur mánuðum í einn mánuð og tímabil frá gjalddaga til eindaga verið stytt úr 30 dögum í 10 daga.

Ekki hefur eingöngu verið breytt upphæð söluskatts og skilafresti, heldur jafnframt viðurlögum. Árið 1960 voru viðurlögin þau að greiða skyldi 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga. Árið 1973 var þessari upphæð breytt í 2% af vangreiddri upphæð og allt upp í 10%, en í öðru lagi lagðir á dráttarvextir fyrir byrjaðan mánuð frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir eindaga. Árið 1978 hækka vaxtaviðurlög í 4% fyrir hvern byrjaðan dag og af vangreiddri upphæð upp í að 20%. Og í nýju frv., sem nú liggur fyrir hv. Alþingi, eru enn hert viðurlögin með hækkun sektar og gert er ráð fyrir í því frv. að enn eigi að herða á innheimtunni.

Til að gefa hugmynd um, hvernig söluskattur hefur hækkað sem hlutfall af tekjum ríkissjóðs, má geta þess, að árið 1961 var söluskatturinn 13,6% af tekjum ríkisins, en 1981 milli 38 og 39%. Á þessum tölum sést hve gífurleg hækkun hefur orðið á söluskattinum miðað við aðra skattheimtu. Til viðbótar hefur það gerst, að undanþágum hefur fjölgað. Auðvitað gerir það allan útreikning og skil miklu erfiðari en ella. Á Alþingi liggur frammi tillaga um að sleppa flutningskostnaði út úr söluskattsstofni, sem talið er vera sanngirnismál fyrir þá sem búa út á landsbyggðinni, en auðvitað hlýtur útreikningur á söluskatti að verða enn flóknari nái sú tillaga fram að ganga.

Allt þetta gerir það að verkum, að útreikningur og innheimta gjalda til ríkisins í formi söluskatts eru miklu erfiðari nú en áður. Það er ljóst að mikil vinna og kostnaðar eru samfara söluskattsuppgjöri. Þessi kostnaður fer að sjálfsögðu vaxandi eftir því sem undanþágum fjölgar, eins og ég sagði áður, og innheimtan verður flóknari. Í eina tíð var því svarað til af opinberum aðilum, að kaupmenn væru ekki of góðir að taka á sig þennan kostnað þar sem þeir fengju lánaðar stórar fúlgur vaxtalaust. Þetta var þegar söluskattur var gerður upp ársfjórðungslega. Nú er söluskattur gerður upp mánaðarlega og hefur í mörgum tilfellum ekki fengist greiddur þegar ber að skila honum til ríkisins, eins og títt er í afborgunarkaupum. Þannig hafa hlutirnir snúist við. Kaupmenn eru farnir að standa skil á söluskatti til ríkisins sem neytendur hafa ekki enn greitt til kaupmanna.

Erfitt er að ákvarða einhvern algildan mælikvarða á vinnu og kostnað samfara innheimtu á söluskatti. Hlýtur það að vera einstaklingsbundið og háð aðstæðum hverju sinni. Hins vegar má með nokkurri vissu ákvarða þá þætti í kostnaði verslunarinnar sem tengdir eru söluskattsinnheimtu þeirra. Það er í fyrsta lagi vinna við álagningu söluskatts, í öðru lagi geymsla söluskattsskyldra vara, húsnæðiskostnaður, ljós, hiti og rafmagn, í þriðja lagi móttaka söluskatts og vinna við að halda honum til haga, í fjórða lagi vinna við bókhald, uppgjör og skil söluskatts, aðstaða og vélar til slíks, og í fimmta lagi sending söluskatts til innheimtuaðila. Þó að segja megi að sumir þessir liðir séu ekki beinlínis tengdir söluskatti má benda á, að ef sú vinna og kostnaður, sem þar um getur, eru ekki fyrir hendi verður innheimta söluskatts ekki heldur möguleg. Því er sanngjarnt að söluskattur beri sinn hluta af þessum kostnaði.

Ég hef nú, herra forseti, rakið nokkra þætti varðandi söluskatt sérstaklega, en auðvitað gegnir sama máli um aðra skatta og önnur gjöld sem atvinnurekendum er gert með lagaboði að skila til ríkissjóðs. Það er ljóst að allt önnur viðhorf hljóta að gilda um 23,5% söluskatt en um 3% söluskatt, en þrátt fyrir þetta hefur þó lítið breyst í innheimtu- og álagningaraðferðum, er varða söluskatt, á s. l. tveimur áratugum. Ýmsar tillögur hafa komi fram um úrbætur í þessum málum. Auk þeirrar tillögu, sem hér er mælt fyrir, hefur verið bent á að söluskattur ætti að miðast við greiðsludag vöru, en ekki söludag eins og nú er. Bent hefur verið á að nauðsynlegt sé að vörur séu verðmerktar án söluskatts þar sem því verður við komið þannig að almenningur, neytendur sem kaupa vöruna, geti séð hverju sinni hvað varan kostar út úr búð án skatts

og síðan að hve miklu leyti fólk er að borga skattinn þegar það gengur í verslanir til að greiða þá vöru sem það vanhagar um. Loks má nefna, og í því sambandi er rétt að minna á stjórnarsáttmála ríkisstj., virðisaukaskattinn, sem lítið hefur farið fyrir í þingsölum að undanförnu og ýmsir eru hræddir um að hæstv. ríkisstj. sé hætt við að fylgja eins og ýmsu öðru í stjórnarsáttmálanum. Ef skilja mátti hæstv. fjmrh. rétt, þegar hann ræddi þetta mál á síðasta þingi, má gera ráð fyrir að hæstv. ríkisstj. láti ekki verða af því að flytja frv. um virðisaukaskatt á yfirstandandi kjörtímabili. Er það í stíl við annað sem segir í þeim alræmda sáttmála.

Ég hef, herra forseti, farið nokkrum orðum um efnisinnihald þessa frv., bent á ýmsar leiðir til úrbóta og rökstutt þá leið, sem kemur fram í frv., að greiða innheimtumönnum, þ. e. atvinnurekendum í landinu, þóknun fyrir innheimtu opinberra gjalda. Ég vonast til, að þessu máli verði vel tekið hér á hv. Alþingi, og geri að tillögu minni að það verði sent hv. fjh.- og viðskn. til afgreiðslu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Mál þetta var flutt á síðasta Alþingi. Við flm., ég og hv. 3. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson, fluttum þá frv. um breytingu á lögum um lögheimili, þess efnis, að orðin „elliheimili eða annarri slíkri stofnun" í 2. gr. laganna væru látin ná yfir stærra svið eða þeim yrði breytt í það horf að vera: sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra og heilsugæslustöð.

Allshn. þessarar hv. deildar, sem fékk málið til athugunar, sendi það til umsagnar. M. a. var það sent stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem mælti með samþykkt þess. Það var líka sent hagstofustjóra, sem lagði til að það orðalag, sem þá var í gildandi lögum, héldi sér, en efnislega væri brtt. okkar tekin inn í greinina. Um þetta var allshn. þessarar hv. deildar sammála og þannig afgreiddi Nd. Alþingis frá sér þetta frv. seint á síðasta þingi.

Þegar málið kom hins vegar til afgreiðslu í Ed. Alþingis tel ég a. m. k. að það hafi verið miklar annir, sem þá voru hjá þm., og mikið álag, sem olli því, að málið hefur hreinlega ekki fengið nógu góða athugun þar. Alla vega var málið afgreitt þaðan mikið breytt frá því sem Nd. hafði afgreitt það. Í Ed. var tekið út úr frv. það ákvæði sem við flm. höfðum stefnt að með flutningi þess, en ákvæði sett inn í staðinn sem verða að teljast óþörf vegna annarra ákvæða í þessum sömu lögum.

Þegar svo málið kom aftur hingað til Nd. samkv. þingsköpum var það ekki sent til nefndar að nýju, en afgreitt án athugasemda í hv. deild sem lög frá Alþingi. Bæði ég og meðflm. minn vorum þá fjarverandi — með leyfi frá forseta hv. deildar í opinberum erindagjörðum erlendis — og gátum ekki fylgst með málinu eða bent á hvað hér væri að ske. Því höfum við kosið okkur það og teljum okkur skylt reyndar að endurflytja frv. okkar, en þó í þeirri mynd sem allshn. þessarar hv. deildar afgreiddi það héðan á s. l. vori.

Ég sé ekki ástæðu til að vera að þreyta þm. á því að endurtaka rök okkar fyrir flutningi þessa frv., enda eru þau dregin fram skýrt og skilmerkilega í grg. frv. Í raun má segja að þetta frv. hefði ekki neitt að gera til hv. allshn. því það er flutt nákvæmlega eins og hv. allshn. afgreiddi frv. Ég tel þó, að það sé rétt hefðarinnar vegna, og legg því til að frv. verði vísað til allshn. og 2. umr. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til hv. allshn. með 21 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86). — 1. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Úr því að enginn ætlar að taka til máls um þetta frv. vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. þm. á 5. gr. frv., en þar er atriði sem menn reka ekki fyrst augun í þegar litið er á efni þessa frv. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn." — Ég vil leyfa mér að upplýsa hv. þm. um að hér er á ferðinni mikið kjaramál og mikið áhugamál fólks, sem er fatlað, og einkum blindra. Hér kann að vera að einhverjum þyki í nokkurn tilkostnað ráðist, að þessir stimplar skuli keyptir, en mér þykir rétt að vekja á því athygli, að þetta er mikið hagsmunamál blindra og ekki úr vegi að hið háa Alþingi sinni þeim málum á ári fatlaðra.

Að öðru leyti vil ég lýsa ánægju minni með þetta frv. og fagna því, að það er komið frá hv. Ed., og mun styðja það eins og það er. En einkum vildi ég vekja athygli á því atriði sem ég hef hér nefnt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 136). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lokunartíma sölubúða, sem er 129. mál sem fyrir þessu þingi liggur.

Þetta er í rauninni að formi til mjög einfalt frv. 1. gr. þess hljóði svo: „Lokunartími sölubúða skal vera frjáls." Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að niður falli lög nr. 17/1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, en í þeim lögum eins og þau þá voru samþykkt er gert ráð fyrir flóknum reglugerðarheimildum til handa sveitarstjórnum um það með hverjum hætti þessum málum skuli skipað í einstökum byggðarlögum. Það má raunar segja að að stofni til séu þessi lög raunar enn eldri eða frá 1917. Það var þá eða í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar sem sú skipan komst á, og þá fyrir beiðni frá kaupmannasamtökum, að Alþingi setti þau lög að heimila einstökum sveitarstjórnum að fara með þessi mál.

Eins og öllum er auðvitað kunnugt hafa mjög oft risið um það deilur í einstökum byggðarlögum hvernig með þessi mál skuli farið. Hins vegar er hægt að fara fljótt yfir

sögu í þeim efnum. Á s. l. sumri urðu eina ferðina enn allmiklar deilur um það í Reykjavík, hvernig úr öllum þessum reglugerðum skyldi unnið. Bæði komu þar fram kröfur frá neytendum og eins virtist augljóst að það voru mismunandi sjónarmið uppi meðal kaupmanna um, hvernig þessum málum væri best fyrir komið, og einkum deilt um hvort verslanir mættu eða mættu ekki vera opnar á laugardögum.

Nú er það alveg ljóst, að síðan þessi lög voru sett, hvort sem við miðum við 1917 eða 1936, hafa orðið hér í verulegum atriðum grundvallarbreytingar. Í fyrsta lagi má segja að mjög verulegar breytingar hafi orðið með tilkomu stórmarkaða. Af deilum, sem orðið hafa opinberlega um þessi efni, er alveg ljóst að það eru skiptar skoðanir meðal kaupmanna sjálfra. Virðist manni í grófum dráttum að þær deilur séu svofelldar, að þeir, sem reki stærri verslanir, séu áfram um að hafa um þetta strangar reglugerðir, en hins vegar séu smærri kaupmenn, sem geta kannske eðli málsins samkvæmt auðveldar veitt þjónustu utan við hinn venjulega opnunartíma, sem er nánast á skrifstofutíma, meira áfram um að meira frelsi ríki í þessum efnum.

Það er augljóst að í vaxandi mæli eru það hagsmunir neytenda að meira frjálsræði ríki í þessum efnum. Ég hygg að þar komi fyrst til sú augljósa staðreynd, að það færist æ meir í vöxt, sem auðvitað er fullkomlega eðlilegt, að bæði hjóna vinni utan heimilis. Það er hluti af okkar þjóðfélagsveruleika, *en fyrir vikið er augljóst að þegar* svona háttar til á heimilum hefur fólk iðulega ekki aðstöðu til að versla á þeim tíma sem áður var venjulegur opnunar- eða lokunartími verslana. Þessar breyttu þjóðfélagsaðstæður kalla beinlínis á það fyrir æ fleiri neytendur, og þá kannske einkum þá neytendur sem yngri eru, vegna þess að það er á þeim aldursskeiðum sem þessar breytingar hafa átt sér stað, það eru beinlínis þarfir þessa fólks, að meiri sveigjanleiki og meira frjálsræði ríki í þessum efnum.

Í annan stað hefur verið spurt um hverjir séu hagsmunir starfsfólks í verslunum í þessum efnum. Þó svo það kunni að hafa verið mjög eðlilegt á árum áður að fólk, sem starfaði í verslunum, nyti sérstakrar lagaverndar, og slíkar voru röksemdir með þessum lögum þegar þau voru sett á sinni tíð, hefur feikilega margt breyst síðan. Ef t. d. tekið er mið af langsamlega stærsta hagsmunafélagi í þessum efnum, Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, eru ekki nema 25 ár síðan það varð hreint launamannafélag.

Þegar öll þessi saga er skoðuð sýnist vera ástæðulaust að vernda þetta fólk eitt með lögum. Sýnist vera miklu heilbrigðara og eðlilegra að hagsmuna þessa fólks um vinnutíma sé ekki gætt með lögum og reglugerðum eins og verið hefur, heldur sé þeirra hagsmuna gætt í almennum kjarasamningum, eins og er auðvitað með flestar eða allar aðrar starfsgreinar. Þessi lög og síðan reglugerðir, sem fylgt hafa í kjölfarið í einstökum bæjarfélögum og eru til þess hugsuð að vernda hagsmuni starfsfólks, kunna að hafa átt við á sinni tíð áður fyrr, en virðast ekki eiga við lengur, enda er það svo, að auðvitað vinnur fjöldinn allur af slíku starfsfólki sína vinnu utan þessa venjulega vinnutíma, er ýmiss konar vaktavinnufólk sem afgreiðir í annars konar verslunum, söluturnum og öðru slíku.

Þá standa eftir hagsmunir hinna þriðju aðila sem nefna má, þ. e. hagsmunir kaupmanna og eigenda verslana. Eins og ég þegar hef drepið á er augljóst að skoðanir eru skiptar á meðal þeirra, og í grófum dráttum hygg ég að *segja megi að óskir um aukið frjálsræði og meiri* sveigjanleika í þessum efnum hafi einkum komið frá smærri aðilum. Eins og þessi lög hafa verið úr garði gerð kváðu þau á um að afhenda valdið einstökum sveitarstjórnum. Nú er það svo, að það er misjafnt hvernig sveitarstjórnir hafa farið með það vald. Þetta er auðvitað alþekkt deiluefni hér í Reykjavík. Hins vegar hefur frjálsræði verið meira í nágrannabyggðarlögum. Menn þekkja það, að á laugardögum er t. d. straumur bifreiða úr Reykjavík yfir á Seltjarnarnes, þar sem menn hafa getað verslað á þeim tímum. Hins vegar hygg ég að bæði í Keflavík og í Vestmannaeyjum hafi sveitarstjórnir ekki nýtt sér heimildir til að setja slíkar reglugerðir. Eftir því sem ég best fæ séð ríkir um það bæði almennt samkomulag og almenn ánægja í þessum tveimur kaupstöðum, sem nefndir hafa verið, og mér vitanlega hefur ekki komið til neinna árekstra þar.

Það var raunar í bréfahólfi hér í morgun bréf frá Kaupmannasamtökum Íslands vegna þessa framlagða frv., sem hér er verið að mæla fyrir, og þar er greint frá fundi í fulltrúaráði Kaupmannasamtaka Íslands sem haldinn var hinn 3. des. s. l., þar sem þetta fulltrúaráð lýsir furðu sinni á fram komnu frv. til l. varðandi lokunartíma sölubúða. Síðan er í þessu plaggi frumvarpinu lýst, en því harðlega mótmælt. En ástæður, sem fulltrúaráð Kaupmannasamtakanna gefur, eru a. m. k. fyrstar taldar þær, og ég vísa í þetta plagg, „að það fólk, sem vinnur verslunarstörf, eigi fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess". M. ö. o.: Kaupmannasamtökin eru orðin sérstakur varnaraðili starfsfólks í verslun og eru þá væntanlega einu hagsmunirnir sem þeir eru að hugsa um í þessum efnum hagsmunir þess.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér þykir það furðuleg bíræfni af fulltrúaráði Kaupmannasamtaka Íslands að senda frá sér grg. af þessu tagi af þeirri einföldu ástæðu, að það er vitað af þeim deilum, sem risu s. l. sumar, þó ekki væri nema af fjölmiðlum til að mynda, að það eru mjög skiptar skoðanir um þetta á meðal kaupmanna. Í annan stað geri ég fastlega ráð fyrir því og þykist vita það af nokkurri reynslu, að svo sé einnig á meðal starfsfólks sem við verslanir vinnur. Hér höfum við hins vegar séð mótmæli sem Kaupmannasamtökin hafa sent hingað við þessu frv. og bera fyrir sig hagsmuni starfsfólks í verslunum fyrst og fremst.

En kjarni þessa máls er að hér er um mjög gömul lög að ræða — lög sem sett voru fyrir beiðni kaupmanna á sinni tíð og raunar vel fyrir þann tíma sem starfsfólk í verslunum hafði skipulagt sig í félög og alla vega ekki í launþegafélög því að það gerist ekki fyrr en 1955. Það er sannfæring mín í sambandi við þetta mál, að það sé í grundvallaratriðum röng röksemdafærsla að þessi lög og þessar ströngu reglur, eins og þær hafa t. a. m. orðið hér í Reykjavík, séu settar eða yfir höfuð til þess hugsað að varðveita hagsmuni starfsfólks fyrst og fremst, enda vinnur fólk auðvitað alls konar störf utan við þennan tíma, í annars konar verslunum og í alls konar öðrum störfum. Mínar hugmyndir eru þær, að því valdi í raun og veru allt aðrar ástæður en hagsmunir starfsfólksins, enda eru þetta yfir höfuð að tala ekki lög sem vernda starfsfólk, a. m. k. ekki með þessum hætti, gegn óhóflegu vinnuálagi. Slíku er eðlilega miklu auðveldar og miklu

betur fyrir komið í almennum kjarasamningum.

Verði opnunartíminn gefinn frjáls og verði þessi heimildarlög afnumin, eins og hér er lagt til, leggur það auðvitað auknar skyldur á herðar þeim verkalýðsfélögum, sem með samningsrétt fyrir þetta fólk fara, til þess að hagsmunir þess verði á engan hátt fyrir borð bornir. Eins hygg ég að eðlilegra yrði að allur grundvöllur samninga breyttist, t. a. m. í þá veru að samið yrði um hærri laun og betri kjör fyrir eftirvinnu, og ef einhverjir koma til með að vilja vinna slíka vinnu, eins og gengur, og aðrir ekki, þá er það auðvitað á færi einstaklinga þegar þar að kemur.

Ég hygg að það sé alveg ljóst, að hvað sem menn segja um sögu þessara laga, og þau hafa efalítið af mörgum ástæðum verið eðlileg þegar þau voru sett á sinni tíð, hafi hagsmunir allra aðila gerbreyst síðan. Í fyrsta lagi hefur þegar verið nefnt að það eru augljósir hagsmunir neytenda að frjálsræði sé aukið í þessum efnum, m. a. vegna þeirrar þróunar að það gerist æ algengara að báðir aðilar, t. a. m. bæði hjóna, vinni utan heimilis. Þarf eiginlega ekki að fara fleiri orðum um hversu augljósa hagsmuni neytenda hér er um að ræða. Í annan stað hafa þær breytingar orðið í sambandi við hagsmuni þess starfsfólks, sem við þetta vinnur, að síðan þessi lög voru sett hafa félög þeirra orðið hrein launþegafélög og ætti að vera fullkomlega treystandi til að fara með og vernda og verja hagsmuni síns fólks. En í þriðja lagi hafa orðið miklar breytingar á högum kaupmanna og eðli verslunar síðan þessi lög voru sett.

Af verslunum má segja að þær flokkast í tvo meginflokka: annars vegar eru það stórmarkaðirnir, hinar stærri verslanir, og hins vegar smákaupmennirnir, sem stundum eru kallaðir „kaupmaðurinn á horninu". Það er auðvitað alveg ljóst, að nái þessar tillögur til lagabreytinga fram að ganga verða slíkar breytingar til að styrkja mjög verulega samkeppnisaðstöðu hinna smærri kaupmanna. T. d. eru víða í Reykjavík að hverfa verslanir sem gegna mjög mikilvægu þjónustuhlutverki hver á sínum stað.

Það er ljóst að mjög víða eru hinir smærri kaupmenn áfram um að þessar breytingar eigi sér stað. Þeir vilja fá að ráða því sjálfir hvort þeir hafi opið eitt eða tvö kvöld í viku. Ég ger ráð fyrir að þróunin verði sú, að fólk í hverfunum viti hvenær hverfisverslun þess er opin og með hverju hætti það er. Þessar verslanir gegna oft mjög mikilvægu hlutverki og þeirra hagsmunir eru augljósir í þessum efnum.

Síðan má almennt segja, að þó svo lög og afleiddar reglugerðir hafi verið eðlilegar á árum áður hefur það almennt breyst. Það eru augljósir hagsmunir neytenda, að slíkt frjálsræði sem hér er verið að leggja til eigi sér stað. Þegar af þeirri ástæðu ætti raunverulega fyrir löngu að vera búið að koma breytingu eins og þessari á.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og til hv. allshn.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég mun veita þessu frv. brautargengi til nefndar og veit að í nefndinni leita menn upplýsinga um málið, eins og það liggur nú fyrir, og fá að sjálfsögðu þau sjónarmið sem komið hafa fram í umræðum um þessi lokunartímamál undanfarið í borgarstjórn Reykjavíkur og víðar. Ég mun því ekki á þessu stigi tala langt mál.

Hér er mikið talað um og margminnst á hagsmuni neytenda, að þeir séu augljósir. Ég er ekki viss um að þeir séu augljósir. Það er mikil kostnaðaraukning við að hafa fyrirtæki opin fram eftir á kvöldin. Það þarf að lengja vinnutíma starfsfólks. Það eru ekki bara augljósir hagsmunir neytenda. Það getur vel verið að verðlag þurfi að breytast. Það hefur verið rætt. Það hafa komið rök með og rök á móti. En það, sem ég held að sé hvað mest áberandi, er að ekki er hægt að aðskilja neytendur og atvinnurekendur eða verslunarmennina sjálfa og verslunareigendur. Þeir eru líka neytendur. Þeir þurfa líka að komast í aðrar búðir en þær sem þeir starfa í. Hvar endar þetta hagsmunakapphlaup? Fyrir hvaða neytendur er unnið? Það er eins og sé verið að skipta fólkinu í neytendur annars vegar og einhverja aðra sem ekki eru neytendur. Af hverju koma þá ekki þessir hugdjörfu talsmenn frjáls vinnutíma með tillögur um að gefa verslunina frjálsa á allan hátt og hætta forsjá opinberra aðila með þeim, sem kallaðir eru neytendur, og hinum, sem ekki eru viðurkenndir neytendur?

Ég mun sem sagt ekki ræða þetta mál frekar. Ég er alveg sannfærður um að þegar málið hefur fengið málefnalega athugun í nefnd verða flm. þessa frv. komnir á aðra skoðun en kemur fram í frv.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki eyða tíma hv. þm. í langt mál um það frv. sem hér liggur fyrir og ég hef gerst meðflm. að.

Ég held að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, að lög þau nr. 17 frá 1936, sem nú eru í gildi um lokunartíma sölubúða, eru með öllu úrelt og gagnslítil eða gagnslaus eins og þau nú eru. Eins og getið var áðan hefur borgarstjórn Reykjavíkur rætt þessi mál töluvert og hefur sitt sýnst hverjum um margumrædda lokunartíma og þeir verið ákafastir talsmenn laga og reglna um það mál sem síst skyldi, sem sagt talsmenn hins frjálsa framtaks, og hafa mál snúist þar nokkuð einkennilega.

Nú er það svo, að t. d. borgarráð Reykjavíkur — mér er ekki eins vel kunnugt um hvernig þessu er háttað úti á landsbyggðinni — situr nú tvisvar í viku og ákveður hvaða tiltekinn kaupmaður má hafa verslun sína opna á einhverjum tilteknum tíma einhvern ákveðinn vikudag. Ég held að þarna sé illa farið með vaskan og góðan starfskraft.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að auðvitað hafa allar þjóðfélagsaðstæður gerbreyst. Nú eru konur ekki lengur húsmæður sem hafa allan daginn til að versla, eins og áður var. Um 80% giftra kvenna og líklega meira stunda vinnu utan heimilis og sennilega allar einstæðar mæður, þannig að þessir aðilar komast hreinlega ekki til að versla á öðrum tíma en utan venjulegs vinnutíma.

Þau sjónarmið, sem Kaupmannasamtökin hafa frá upphafi aðhyllst í þessu máli, eru m. a. þau, að vinnuöryggi starfsmanna sé ógnað. Þessir menn virðast algerlega gleyma því, að á síðasta þingi voru samþykkt lög um lágmarkshvíldartíma. Ég held því að það sé nokkuð öruggt að starfsfólkið hafi allan rétt á því að hvíla sig lögboðinn tíma. Í öðru lagi held ég að það geti komið sér ákaflega vel fyrir marga þjóðfélagsþegna, ekki síst t. d. einstæðar mæður, að vinna einmitt á þessum tíma, sem er utan venjulegs dagvinnutíma. Sannleikurinn er sá, eins og við könnumst vel við sem rekum dagvistarheimili borgarinnar, að engir eru í meiri vandræðum með að nýta þá þjónustu í raun og veru vegna langs vinnutíma en

einmitt verslunarfólk. Stjórn dagvistar í Reykjavík hefur raunar skrifað Verslunarmannafélaginu bréf vegna þess máls. Við kannanir, sem gerðar hafa verið á ákaflega löngum og að allra mati óeðlilega löngum dvalartíma barna á dagvistarheimilum, hefur komið í ljós, að þar er einkum og sér í lagi um að ræða börn verslunarfólks. Ég held því að starfsmenn verslananna hafi ekki síður hér hagsmuna að gæta.

Um vinnu í landinu almennt gilda að sjálfsögðu lög, og um kjör starfsmanna gilda m. a. lög um lágmarkshvíldartíma. Ég held að ég megi fullyrða að lög um hvernig störfum sé háttað við hinar ýmsu atvinnugreinar, séu ekki endilega talin nauðsynleg að öðru leyti, og mér kemur það ákaflega á óvart að Kaupmannasamtökin skuli ekki treysta sér til að hafa um það einhverjar reglur innan sinna vébanda hvernig þessum málum sé skynsamlega fyrir komið. Menn minnast kannske deilu um bókasölu í landinu ekki alls fyrir löngu, á síðasta vetri minnir mig. Ég veit ekki annað en bóksalar í landinu séu búnir að leysa þetta sín á milli. Þar var uppi sama sjónarmiðið, að verslun, stórmarkaður, eins og Hagkaup mætti ómögulega selja bækur. Síðan hefur auðvitað komið í ljós að bóksala er ekki hvað minnst einmitt í þessari verslun, þar sem fólk, sem hefur lítinn tíma til að versla á auðveldast með að koma og nýtur nú þessara þæginda, getur keypt sem flestar vörur í sömu verslun-inni.

Það eru á þessu margar hliðar. Ég er alveg sammála 1. flm., hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, um að smákaupmennirnir, þ. e. þeir sem reka minni verslanir, eiga hér líka að sjálfsögðu hagsmuna að gæta, eins og þeirra að geta haldið verslunum sínum opnum þegar þeir treysta sér til.

Mér er alveg fyrirmunað að skilja hvers vegna menn eru svona mikið á móti því, og einkum Kaupmannasamtökin, að menn fái að haga þessum málum sínum nokkuð að eigin hyggjuviti og reynslu. Ég vil enn minna á deilu, sem varð nokkur í borgarstjórn Reykjavíkur, um sölustarfsemi á götum úti í miðbænum. Kaupmenn héldu að tilveru sinni væri ógnað með markaði þeim sem þar hefur risið. Í ljós hefur komið að þetta þrífst aldeilis prýðilega hvað við hlið annars. Við, sem trúum á frelsið í landinu, eins og ég, hv. þm. Vilmundur Gylfason og Árni Gunnarsson, viljum styðja við þetta frjálsa framtak og leyfa mönnum að nota eigið hyggjuvit, en teljum jafnsjálfsagt að Alþingi Íslendinga setji lög um lágmarkshvíldartíma svo að vinnuþreki fólks sé ekki ofboðið. Ég vænti þess, að menn reyni að hugsa þessi mál í alvöru og þeir, sem vilja hag verkafólks í landinu sem bestan, verði ekki til þess að tefja að þetta mál fái skjótan framgang.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þar er fyrst til máls að taka, að maður hlýtur að lýsa ánægju sinni yfir þeirri óvæntu yfirlýsingu hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, að hún vilji styðja við frjálst framtak í landinu. Ekki efast ég um að hún hafi meint þetta þegar hún sagði það. Ég óttast hins vegar að þessi hugljómun hennar muni ekki standa lengi og þess verði skammt að bíða að menn heyri aftur þá gömlu rauðu íhaldsrödd sem stundum kveður við úr því horni.

Ég vil segja það fyrst, að það er auðvitað afskaplega einfalt að samþykkja með handaupprettingu að lokunartími sölubúða skuli vera frjáls. Við gætum líka breytt þessu og sagt að vinnutími manna skuli vera frjáls. En eins og við vitum hefur staðið um það nokkur barátta alllengi hversu háttað skuli vera vinnutíma verslunarfólks, og ég held að það sé alveg nauðsynlegt í sambandi við þetta frv. að hafa um það fullt samráð við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband verslunarmanna, hvernig heppilegast sé að breyta lögum um þessi efni. Nú er það svo, að lokunartími sölubúða er mjög mismunandi víðs vegar um landið. Þar sem ég er kunnugastur hefur langur opnunartími valdið því, að mjög hefur verið gengið á rétt fólks sem kannske hefur unnið lengi við verslun og því verið gert að vinna á stundum á þeim tímum sólarhrings sem því hefur ekki þótt æskilegt að vinna á.

Ég skal ekki fara langt út þessa sálma, en ég get á hinn bóginn ekki skilið hvers vegna það ætti að vera betra fyrir einstæða foreldra að vinna á kvöldin en aðra þjóðfélagsþegna. Ég get ekki fundið að það sé holl stefna eða heilbrigt að reyna að byggja upp þvílíkt þjóðfélag, að einstæðir foreldrar geti ekki einu sinni haft frí og hvíldarstundir að loknum kvöldmat. Ég skil ekki þennan röksemdaflutning frá þm. sem þykist vera umfram aðra hér inni sérstakur málsvari smælingjanna.

Hitt er rétt, að það vill oft brenna við hjá því fólki, sem hefur lægst launin, að það hefur orðið að taka vinnu jafnvel á kvöldin eða næturnar, vaktavinnu, með takmörkuðum orlofsréttindum t. d., til að drýgja tekjurnar. Sérstaklega er það áríðandi fyrir lægst launaða fólkið núna eins og komið er að finna einhver ráð til að endar nái saman. Það er að vísu rétt, að samkomulag tókst um nýja kjarasamninga til vorsins, 3%. Það var engin hrifning yfir þeim samningum, og hver og einn getur fundið það á almenningi að hann skilur hvers vegna þessir samningar voru gerðir. Þeir voru vitasklud gerðir vegna þess að það var ekki neitt að bjóða. Það liggur fyrir yfirlýsing frá ríkisstj. um að gengið verði fellt eftir áramótin. Við höfum séð að það á að hækka fasteignagjöldin um 55% hjá vinstri borgarstjórninni í Reykjavík. Það á áfram að hækka beinu skattana þrátt fyrir loforðin í fyrra. Þess vegna má það vel vera rétt hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttir, að það sé afskaplega brýnt fyrir einstætt fólk að finna sér sem mesta vinnu á kvöldin og kannske langt fram á nótt til að eiga fyrir nauðþurftum.

Erindi mitt var fyrst og fremst að brýna það fyrir þeirri nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, að leita álits ekki aðeins Kaupmannasamtakanna, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir bar mest fyrir brjósti, heldur fá líka upplýsingar frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur og Landssambandi verslunarmanna um þessi mál og rasa ekki um ráð fram í lagasetningu varðandi vinnutíma verslunarmanna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að hv. 8. þm. landsk. þm., Guðrún Helgadóttir, hafi misskilið mig áðan. Ég var ekki að mæla á móti frelsi. En úr því að frelsishugsjónin er eins rík og fram hefur komið hjá virðulegum flm. þessa frv. til l. á þskj. 136 lýsi ég því yfir, að ég mun standa þeim við hlið og stefna að algeru frelsi, en vil ekki gefa fólkinu frelsi í smáskömmtum og þá ekki hluta af fólkinu. Þjóðfélagið byggist ekki eingöngu á launþegum. Fólkið er fleira og hefur haslað sér völl á fleiri stöðum en vera launþegar. Það eru líka atvinnurekendur. Við erum þingmenn þjóðarinnar. Ég skal því vera þátttakandi í því að gefa hér algert frelsi því fólki sem er við verslun og verslunarstörf og annars staðar, en

takmarka þann rétt sem ríkið hefur tekið sér, þann ráðstöfunarrétt sem hið opinbera hefur tryggt sér á tíma og vinnu og afrakstri fólks almennt. Hér greinir okkur ekki á um neitt annað en það, að ég vil ekki gefa frelsi í smáskömmtum, heldur taka skrefið að fullu og hafa allt frjálst í öllu sem lýtur að verslun.

Ég vil taka það fram, vegna þess að Guðrún Helgadóttir, hv. 8. landsk. þm., er í borgarstjórn, en ekki í borgarráði nema afskaplega sjaldan, að það er samkv. samkomulagi milli allra aðila sem ákveðnar verslanir mega hafa opið í öllum hverfum borgarinnar á ákveðnum dögum. En það eru samtökin, bæði verslunarfólks og Kaupmannasamtökin, sem ákveða hverju sinni hvaða verslanir eru opnar í borginni, og það er tilkynnt borgarráði. Borgarráð tekur ekki neina ákvörðun um það. Það er farið eftir samkomulagi sem var niðurstaða mikillar vinnu sem í þessi mál var lögð af borgarráði og borgarráðsmönnum undir forystu Alþb., m. a. í þeim meiri hl. sem nú er í borgarstjórn, og allir aðilar í borgarstjórn samþykktu þetta samkomulag.

Mér fannst hv. þm. tala gegn frv. sínu áðan þegar hún benti á að það væri einmitt verslunarfólk sem væri í hvað mestum vandræðum með að ná því að versla og það kæmi fram hjá starfsfólki á dagvistarheimilum m. a., vegna þess að verslunarfólk ætti hvað erfiðast með að sækja börn sín. Hvernig verður það þá ef verslunarfólki er gert að skyldu að vinna lengri vinnutíma en nú er? Það verður enn þá erfiðara fyrir verslunarfólk að sækja börn sín á réttum tíma. Og þá erum við komnir að öðru. Af hverju skyldi þá dagvistarfólkið endilega fara heim svo snemma að verslunarfólkið sé í vanda með að ná til dagvistarfólksins og sækja sín börn? Dagvistarfólkið og það, sem vinnur hjá því opinbera, kemst á háa yfirvinnutaxta við það að bíða eftir starfsfólki úr verslunum svo að hægt sé að loka stofnununum. Þetta á sér stað á hverjum einasta degi, mér er nær að segja á hverri einustu dagvistarstofnun. Af hverju eigi þá opinberar stofnanir að loka kl. 4? Af hverju eiga þá ekki starfsmenn hjá opinberum aðilum að vinna sama vinnutíma og verslunarfólk? Og af hverju á verslunareigandi, atvinnurekandi, að þola að fólk sé að fara úr vinnu á miðjum vinnudegi á fullu kaupi hjá honum til að standa skil á opinberum gjöldum? Hvað á þetta að þýða? Er verið að loka ráðuneytinu til þess að ráðuneytisstarfsmenn, ríkisstarfsmenn, hvar sem þeir eru í stétt, geti komist í verslun? Á verslunarfólkið ekki að geta staðið í skilum nema þá á kostnað atvinnurekandans? Þetta er hrigavitleysa. Hvað kemur það þessu máli við að taka sem dæmi að nú sé allt í lagi hjá bóksölum vegna þess að Hagkaup sé farið að selja bækur? Það er bara ein vörutegund til viðbótar sem er afgreidd í hinum hefðbundna vinnutíma og ekkert annað. Það kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Ég hjó eftir því, að borgarfulltrúinn, hv. 8. landsk. þm. Guðrún Helgadóttir kom hér að útimarkaði. Það er mál sem varðar Alþingi. Þar er alls ekki farið að lögum. Þetta er að verða hrein paradís fyrir innflytjendur og umboðssala sem ekki losna við vörur sínar eða vilja jafnvel ganga svo langt að losna við söluskattsgreiðslu. Þeir umboðssalar, sem hasla sér völl á Lækjartorgi, borga engin opinber gjöld. Þeir koma, setja upp sínar vörur og vöruafgreiðsluborð, selja og fara. Enginn hefur eftirlit með hvað þeir selja, á hvaða verði þeir selja eða hvort opinber greiðsla er innt af hendi samkv. lögum. Þetta er stóralvarlegt mál. En við hliðina á þeim söluborðum, sem þar eru, eru verslanir sem borga aðstöðugjald og allar þær skyldur og kvaðir sem á þeim hvíla, bæði frá sveitarfélagi og ríkinu, og eru bókhaldsskyldar og þurfa að sjálfsögðu að standa skil á sínum opinberu greiðslum. Ef ekki, þá er þeim hreinlega lokað og þær gerðar ábyrgar fyrir opinberum gjöldum, jafnvel starfsfólks. Við höfum ekkert slíkt eftirlit við Lækjartorg. Ég bað nýlega um reikninga og sundurliðun á leigutekjum o. fl. frá þeim aðilum sem leigja út aðstöðu á Torginu því leigusalan er rekin sem einkafyrirtæki af aðilum sem áttu hugmyndina að því að setja markaðinn upp. Ég fékk alls ekki fullnægjandi svör. Ég hef ekki komist í að biðja um þau betri, en það mun ég að sjálfsögðu gera. Þetta eru mál sem hv. 8. landsk. þm. kom á framfæri við þetta tækifæri.

Ég vona að hér í nefnd verði málið vel kannað, umsagna leitað og menn taki svo ákvörðun í þessu máli þegar þeir hafa kynnt sér það vel og í góðu næði.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal viðurkenna fúslega að það, sem að er stefnt með þessum frv.-flutningi, verður vissulega að teljast til bóta fyrir hinn almenna borgara í Reykjavík ef því fylgdi að hægt væri að ná því fram að fólk, sem vinnur langan bundinn vinnutíma, geti komist í þær verslanir, sem það þarf á að halda, og þá að sjálfsögðu ekki síður í þjónustustofnanir hins opinbera, eins og hv. síðasti ræðumaður benti á, en því miður ganga á undan með slæmu fordæmi, vil ég halda fram. Það eru auðvitað engin rök með þessu frv., að fólk, sem vinnur á dagvistarstofnunum, þurfi öðru frekar að fara í verslanir. Auðvitað væri sjálfsagt að taka þar upp breytilegan vinnutíma á þann veg að sumt af starfsfólkinu byrjaði síðar á morgnana, en gæti þá unnið fram eftir á kvöldin og komið á móti vandamáli verslunarfólks og þá um leið eigin og leyst vandamálið þannig. En ég held að það hafi verið af hinu góða að þetta frv. var flutt og þessi umr. er komin inn á hv. Alþingi einnig, en hún hefur raunar fram til þessa verið bundin við borgarstjórnina í Reykjavík og farið fram milli hagsmunaaðila þar.

Það hefur komið hér fram hjá ræðumönnum réttilega að þetta mál þurfi að fara til athugunar og senda þurfi það til umsagnar beggja hagsmunaaðila. Því miður virðist nú vera þannig ástatt, að hagsmunir allra, sem kaupmanna megin standa, fara ekki saman, sem líka er skiljanlegt vegna þess að annars vegar eru þeir, sem eru með stóru verslanirnar og þurfa eingöngu að byggja sína starfsemi á aðkeyptu vinnuafli, hins vegar koma þeir, sem eru kannske einir með sinni fjölskyldu við sinn rekstur og vilja nýta eigið vinnuafl og fjölskyldunnar betur en þeir oft og tíðum telja sig hafa fengið leyfi til. En við skulum ekki gleyma því, að þau vandkvæði, sem hefur verið bent hér á varðandi lengingu vinnutíma, eru auðvitað fyrir hendi. Ég minntist, þegar þessi umr. hófst áðan eða reyndar undir þessari umr. ýmissa vandamála sem aðilar hafa bent á. Hv. 3. þm. Reykv. benti t. d. áðan á aukinn kostnað á vöruna því að unnið yrði í dýrari tíma á kvöldin. Það kom líka fram sá ótti hjá verslunarfólki, að þegar það færi heim eftir venjulegan vinnudag og þá kannske lögboðinn eða lögverndaðan vinnudag væri farið að taka fólk til vinnu sem hægt væri að þvinga til að taka lægri laun, — fólk sem þyrfti vissulega á vinnunni að halda, eins og hér hefur komið réttilega fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal. Kannske verður aldrei meiri hætta á

því en í næstu framtíð, ef núv. hæstv. ríkisstj. fær að sitja öllu lengur, að fólk leiti vegna hreinnar neyðar eftir því að ná sér í lengri vinnutíma og þá verði tök á að undirbjóða þá taxta sem stéttarfélagið hefur samið um.

Þá kem ég að þeim orðum um hámarksvinnutíma sem féllu hjá hv. 8. landsk. þm. Það er alls ekki nóg að það séu lög um hámarksvinnutíma. Ég leyfi mér að benda þessum hv. þm. og reyndar öðrum þm. á þá staðreynd, að það hefur verið vakin athygli a. m. k. tveggja ábyrgra ráðh. í hæstv. ríkisstj. á því, að það eru þverbrotin lög og hafa verið árum saman, sem hafa verið í gildi í áratugi, um hámarksvinnutíma sjómanna á togurunum. Þeir hafa ekkert gert í því, og mér er ekki kunnugt um að núverandi stjórnarstuðningsmenn hafi heldur gert nokkurn skapaðan hlut í því. Á okkar raddir er ekki hlustað, sem höfum vakið athygli á þessu, og því miður hafa stéttarfélögin ekki reynst hafa styrk til að hrinda þessum ófögnuði af höndum sér.

Aftur á móti er e. t. v. rétt að vekja sérstaka athygli á þeim orðum hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, sem hún sagði um lögin um lokunartíma sölubúða, að þau væru frá 1936, gagnslaus með öllu og úrelt. Við höfum eytt miklum tíma í vetur í að ræða önnur lög sem voru sett aðeins tveimur árum síðar og eru því á sama aldursskeiði og þessi, en eru orðin gagnslaus og úrelt vegna aldurs. Það eru lögin um stéttarfélög og vinnudeilur. Hafa m. a. flokksbræður þessa hv. þm. talið það af hinu góða, að þau væru orðin gömul og komin nokkur reynsla á þau og þannig ættu þau helst að standa til eilífðarnóns.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég get ekki látið hjá líða að harma ef málflutningur minn áðan var svo óskýr sem fram kom í ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals. Ég var ekki sérstaklega að hafa áhuga á því, að einstæðir foreldrar í landinu, eins og hann leyfði sér að segja, ynnu einkum lengri vinnutíma en annað fólk til að afla tekna, heldur var ég að tala um annað, svokallaðan sveigjanlegan vinnutíma sem mjög hefur verið ræddur hér einmitt í sambandi við það sem menn vilja nú á dögum kalla fjölskyldupólitík. Við þurfum ekki að ræða það hér — við vitum það öll — að vinnutími manna á Íslandi er of langur og allur vinnutími fólks er settur og ákveðinn án alls tillits við börn landsins. Er mál til komið að þau kæmu aðeins inn í þá mynd. Með aukinni útivinnu beggja foreldra verður æ meiri þörf á því, að vinnutími fólks verði sveigjanlegur. Ef hv. þm. Halldór Blöndal vildi hugsa málið aðeins nánar er vel hægt að hugsa sér að það gæti verið til þæginda m. a. verslunarfólki að annað foreldrið gæti unnið til e. t. v. 3 eða 4 á daginn og hitt þá kannske frá 4 til 8 o. s. frv. Hér er enginn að tala um að fólk vinni nótt og dag. Ég býst ekki við að gera þurfi ráð fyrir slíku. Það, sem ég átti við, var sveigjanleiki í vinnutíma. Ég hafði heldur engin orð hér um að starfsfólk dagvistarstofnana ætti öðrum erfiðara með að komast í verslanir. Það var ekki það sem ég sagði, heldur hafa athuganir sýnt að börn verslunarfólks eru lengur á dagvistarstofnunum en talið er heppilegt barnanna vegna. Það var þetta sem ég var að segja, hv. þm. Halldór Blöndal.

Menn eru að bera hér saman, og ekki alveg að ófyrirsynju, lokunartíma opinberra stofnana og verslana. Það er alkunna, að fjölmargt vinnandi fólk í landinu á erfitt með að komast í opinberar stofnanir, en það vill nú til að þetta er ekki alveg sambærilegt. Menn eiga verulega færri erindi til opinberra stofnana en til verslana, þangað sem þeir sækja nauðþurftir sínar daglega, þannig að sá samanburður er ekki með öllu eðlilegur.

Ótti manna um að fólk verði látið vinna á lægri launum á eftirvinnutíma, eftir því sem ég hef skilið af þessum umr., er auðvitað þessu máli alveg óviðkomandi. Það er kjaramál sem ég vænti að stéttarfélögin annist þegar þar að kemur.

Að lokum aðeins um það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um óinnheimtan söluskatt af markaðinum á Lækjartorgi. Ég vil aðeins segja þetta: Ef það eru verstu söluskattssvikin í landinu ættu þau mál að vera í sæmilegu lagi. Ég hygg að þau séu aftur á móti önnur saga, sem ástæða væri til að ræða í annarri umr., en ég held að það sé stórmál sem áhyggjuvert sé.

Þetta þótti mér rétt að leiðrétta nú. En auðvitað fer þetta mál sína leið til nefndar. Ég get tekið undir með hv. þm. um að þetta mál þarf að sjálfsögðu skoðunar og er eðlilegt að senda það til umsagnar allra hagsmunaaðila: neytenda, verslunarfólks og kaupmannasamtaka. Að sjálfsögðu kemur málið síðan hér aftur til endanlegrar ákvörðunar.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það hefur oft farið fyrir mér eins og hv. 8. landsk. þm., að ég hef furðað mig á að talsmenn hins frjálsa framtaks skuli endilega vilja fá stjórnun að ofan á þessu sviði.

Hv. 1. flm. kom inn á dæmi utan af landi og ég get sagt frá reynslu okkar úti í Eyjum. Það hafa oft komið fram beiðnir frá kaupmönnum í Eyjum um að beita þessum reglum, að setja reglur eins og þessi lög gera ráð fyrir. Bæjarstjórn hefur alltaf neitað því, alfarið neitað því, með tilliti til hagsmuna þeirra sem við verslanirnar skipta, þ. e. með tilliti til hagsmuna neytenda.

En ég vil undirstrika það, að það hefur aldrei komið ein einasta beiðni frá neinum sem vinna við verslun, þ. e. launþegum. Þeir hafa sín félög í Eyjum. Þeir hafa verið beðnir um umsögn. Þeir hafa aldrei óskað eftir neinum slíkum reglum. Það þarf því ekki að óttast að þeirra hlutur sé svo afskaplega mikið fyrir borð borinn þó að þessar reglur séu ekki notaðar, þó að þessi lög séu afnumin.

Það hefur ekkert öngþveiti skapast. Það hefur verið nokkur sveigjanleiki í þessum málum úti í Eyjum, en öngþveiti er ekkert, alls ekki neitt. Mér finnst sjálfsagt að leggja niður þessi lög, sem eru orðin úrelt, eins og það frv. gerir ráð fyrir sem hér er til umr.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Frv. það, sem hér liggur fyrir, er um að afnema lög sem heimila sveitarstjórnum að setja reglur um lokunartíma sölubúða. Hvers vegna er allt þetta brambolt um frelsi og ég veit ekki hvað sem stendur hér upp úr hv. 9. þm. Reykv. og hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur? Þetta er á valdi stjórnar viðkomandi sveitarfélaga.

Stundum hefur verið rýmkað þarna mjög til ákveðin tímabil. Reynslan af því hefur verið ákaflega slæm. Hún hefur verið í mörgum tilfellum þannig, að verslanir hafa verið opnar laugardaga og sunnudaga, og sér í lagi hafa verslanir, eins og hv. 1. landsk. þm. tók fram, sem menn geta unnið í með fjölskyldum sínum, verið opnar 12-14-16 tíma á dag. Allt þetta ástand var orðið þannig, að

menn vildu bókstaflega afnema þetta fyrirkomulag. Hitt er svo allt annað mál, og Alþingi á ekkert að vera að skipta sér af því, þó að borgarstjórn Reykjavíkur geti ekki með nokkru móti komið sér saman um einhverjar þokkalegar reglur í þessum efnum.

Ég held að það sé alveg augljóst, að þarna verða að vera heimildarákvæði til staðar. En ég mun fylgja þessu máli til nefndar vegna þess að ég er sannfærður um að í umsögnum aðila, verslunarfólks og annarra, koma fram upplýsingar sem að mínu mati leiða til þess, að lög þessi verða ekki afnumin.

Þegar rætt er um opinberar stofnanir má til sanns vegar færa að menn þurfa ekki að sækja í þær margar hverjar jafndaglega og verslanir, en þar er nú ekki frelsi fyrir að fara. Þar ákveða bankastofnanir að lokað skuli klukkan fjögur að degi til, og fólk, sem fær borgað í ávísun eftir þann tíma, hefur þarna ekki nokkra minnstu möguleika. Ég held að það sé einn dag í viku, opið eitthvað lengur. Þarna er tekin ákvörðun hjá bönkunum og þessi opnunartími er mun styttri en hjá verslunum. Það eru náttúrlega þrælatök sem bankar beita þarna.

Hitt er hins vegar annað mál, að það má vel vera að rétt sé að rýmka reglur um verslunartíma frá því sem nú er t. d. í Reykjavík. Það var upplýst hér af hv. 5. þm. Suðurl. hvernig þetta væri í Vestmannaeyjum. Þar er vinnutími t. d. mun lengri í frystihúsunum oft og tíðum eða a. m. k. stóran hluta ársins en hjá verslunum hér í Reykjavík. Ég held að það væri eðlilegast, að þetta væri metið og vegið, og alveg sjálfsagt að borgarstjórn Reykjavíkur reyni að rýmka þarna lokunarákvæði, en borgarfulltrúar séu ekki að hlaupa hér og heimta að vandinn sé tekinn af þeim og öll lög í þessu efni afnumin. Það er aldeilis fráleitt.

Ég endurtek það, að ég held að þessi heimildarákvæði eigi að vera til. Sú reynsla, sem fékkst af þessu í fleiri en eitt skipti, var að það var opið yfir helgar og vinnutími verlunarfólks var orðinn svo óhóflega langur að það voru bókstaflega gagnaðgerðir beggja aðila að reyna að koma þarna einhverju hófi á. Ég ítreka að ég held að Kaupmannasamtökin og samtök verslunarmanna, þ. e. Verslunarmannafélag Reykjavíkur, mættu gjarnan endurskoða þennan lokunartíma eitthvað og reyna þarna eitthvað að breyta.

Það er rétt, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir segir, að það eru nokkur vandkvæði á mörgum dagvistarheimilum í Reykjavík vegna þess að þar er lokað fimm eða hálfsex. Til dæmis tek ég einstæðar mæður sem losna úr verslunum kl. 6. Þá eiga þær eftir að komast kannske bæjarendanna á milli. Þetta skapar ákveðin vandkvæði. Víða í verslunum t. d. er tekinn einn og hálfur klukkutími í mat til þess að geta nýtt tímann frá 5-6 án aukagreiðslu. En ef verslunartími væri hins vegar ótakmarkaður og allar reglur þarna settar af væri ég nú hræddur um að fyrst færi að hrikta í dagvistarstofnunum Reykjavíkurborgar, ef það á að fara að leysa vanda þeirra með því að hafa ótakmarkaðan opnunartíma.

Ég viðurkenni fúslega að það eru ýmsir þættir þarna sem þarf að skoða, t. d. þjónusta við almenning. Það þarf líka að skoða þá fullyrðingu kaupmanna og fyrirtækja að þetta muni leiða til hærra vöruverðs vegna lengri vinnutíma. Það er sjálfsagt að skoða öll þessi mál og þeir aðilar, sem um þau eiga að semja, eiga að gera það. Borgarstjórnir eða bæjarstjórnir eiga ekki að vera að hlaupa frá þessum vanda, heldur stjórna sínum bæjarfélögum og koma ekki klagandi inn á Alþingi. (Gripið fram í.) Ég er víst farinn að verða dálítið ógætinn í orðum og get fengið bágt fyrir, svo að ég skal fara að ljúka máli mínu. Ég mun styðja málið til nefndar og er nokkuð sannfærður um að eftir nál. verði þetta frv. fellt.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Mitt innlegg í þessar umr. verður ekki stórt þar sem í minni heimabyggð hefur þetta ekki verið vandamál frekar en í Vestmannaeyjum. En ég vildi aðeins benda á örfá atriði eins og ég lít á málið.

Það væri ekki ósennilegt að stangaðist á við kröfuna um lífvænleg laun fyrir dagvinnu að afnema þessi heimildarlög til sveitarstjórna. Við vitum að þetta frjálsræði mundi hafa tilhneigingu til að lengja vinnutíma og lengri vinnutími í verslun merkir ekki lægra vöruverð í verslunum.

Ég fæ það ekki heim og saman hvernig afnám þessara laga kæmi til með að bæta úr dagvistunarvandamálum. Það á eftir að sannfæra mig um það. Þessi heimildarlög munu vera síðan 1936. Mér sýnist að svo gæti farið að með afnámi þessara heimildarlaga væri e. t. v. verið að brjóta niður „vökulög" í versluninni, ef svo mætti segja. Það voru sett vökulög á togurunum. Þau voru nauðsynleg. Þar var unnið langan vinnudag. — Ég minnist þess að í minningum Óskars Clausens, þar sem hann fjallar um störf sín við verslun í Stykkishólmi á sínum tíma, stendur að þá var vaknað kl. 6 á morgnana og verið að til 11-12 á kvöldin eða unnið meðan möguleiki var á og á þurfti að halda.

Ég held að þessi lög þurfi lagfæringa við eins og önnur lög og önnur mannanna verk. Þau gilda ekki að eilífu. Það er rétt, sem kemur fram í grg. með frv., að þjóðfélagið, samfélagið, hefur tekið grundvallarbreytingum síðan 1936, en það á eftir að sannfæra mig um að þau hafi tekið þeim grundvallarbreytingum að lög, sem þótti nauðsynlegt að setja þá, skuli afnumin nú. Ég held að lögin þurfi breytinga við og þannig beri að vinna að málinu, en ekki með afnámi þeirra fyrir fullt og allt.

Það er ástæðulaust fyrir mig að ræða mikið um þetta hér. Það er till. um að þessu frv. verði vísað til allshn. og þar á ég sæti. Ég hef því nóg tækifæri til að fjalla um málið, en ég ætla aðeins að benda á þau atriði, að ákvæði laganna munu að mínu mati ekki stytta til færri klukkustunda daglega vinnu og munu ekki styðja kröfuna um sómasamleg laun fyrir dagvinnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 31. fundur.

Þriðjudaginn 8. des., kl. 2 miðdegis.

Harðindi norðanlands, fsp. (þskj. 66) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hinn 16. nóv. s. l. barst okkur þm. Norðurlandskjördæmis eystra svohljóðandi bréf frá stjórn Félags kartöflubænda við Eyjafjörð:

„Með bréfi þessu vill stjórn Félags kartöflubænda við Eyjafjörð beina þeirri eindregnu ósk til þingmanna kjördæmisins, að þeir hafi samstöðu og samvinnu um að

knýja á um lausn þess mikla fjárhagsvanda sem hefur skapast hjá kartöflubændum í Eyjafirði vegna uppskerubrests nú á s. l. hausti og árið 1979. Meðfylgjandi er afrit af bréfi okkar til ríkisstj., dags. 6. nóv. s. l. Þar kemur fram hvert áætlað heildartjón varð í Eyjafirði nú í haust svo og óskir okkar um lausn þess vanda.

Í greinargerð með því bréfi er lýst hvernig og hvers vegna aðstoð Bjargráðasjóðs árið 1979 reyndist harla lítil aðstoð. Það er einnig á það bent, að kartöfluræktin skili háum fjárhæðum í sameiginlegan útflutningsbótasjóð landbúnaðar, en það var á s. l. ári t. d. um 7 millj. nýkr. Hins vegar hafa ekki verið fluttar út kartöflur s. l. 20-30 ár ef frá er talið vorið 1962, þegar flutt voru út 300 tonn til Bretlands. Árið 1980, þegar uppskera var góð um land allt, komu fram óskir um útflutning, enda var þá vitað að víða í Evrópu var skortur á kartöflum. Hvers vegna var það þá ekki gert? Það var einfaldlega vegna þess að löggjafarvaldið og framkvæmdaaðilar þess brugðust. Það þurfti nefnilega heilbrigðisvottorð með vörunni og ræktunarlöndin hefðu þurft að vera undir eftirliti með tilliti til sjúkdóma.

Á þennan vegg ráku bændur sig og varð þetta til þess að fleygja þurfti að óþörfu miklu magni kartaflna á haugana. Því teljum við okkur hafa fullan siðferðilegan rétt til að bera fram þær óskir er um getur í bréfi okkar til ríkisstj. Þá má geta þess, að fjöldi bænda á enn ógreiddar afborganir og vexti af lánum Bjargráðasjóðs frá 1979 sem bændum bárust ellefu mánuðum eftir að tjónið lá ljóst fyrir. Hvernig úr því verður leyst er enn óskrifað blað. En eitt er víst, að heildarvandinn er hrikalegur.

Í annan stað óskum við eftir að þið þingmenn okkar kjördæmis sameinist um að koma fram á Alþingi því sjálfsagða réttlætismáli að bjargráðasjóðslán og aðrar reiknaðar skuldir bænda, sem sannanlega má rekja til veðurfars, verði undanskildar við útreikning til verðbreytingarfærslu á skattframtali. Við getum ekki séð nein rök fyrir því, að skuldaaukning bænda vegna harðæris verði þeim tekjustofn á framtali ári síðar. Með þessu móti er verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Veðurfarinu ræður enginn, en mannleg mistök má leiðrétta. Gjaldþrota bændur, hættir búskap, verða sveitinni að litlu gagni. En þannig mun fara að öllu óbreyttu.

Í bréfi okkar til ríkisstj. lögðum við áherslu á skjóta afgreiðslu málsins. Það viljum við endurtaka hér og leggja á það ríka áherslu, að mál þessi komist í höfn fyrir jólaleyfi þingmanna. Hér er um að ræða afkomu fjölda heimila, svo að skiptir tugum í kjördæmi ykkar, og því treystum við á að þið, hv. þingmenn hafið samstöðu um lausn málsins. Óskið þið frekari upplýsinga eða viðræðna vegna þessa erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til þess hvenær sem er." Undir þetta ritar stjórn Félags kartöflubænda við Eyjafjörð.

Í því bréfi til hæstv. forsrh. sem vitnað er til, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjölmennur fundur í Félagi kartöflubænda við Eyjafjörð, haldinn 5. nóv. 1981, lýsir þungum áhyggjum sínum vegna nær algers uppskerubrests á s. l. hausti og þar af leiðandi erfiðar fjárhagsstöðu kartöflubænda. Skorar því fundurinn á hæstv. ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að bæta bændum hið gífurlega tjón vegna þess, en það mun vera um 12-13 millj. nýkr. hér í Eyjafirði. Telur fundurinn óhjákvæmilegt að sú aðstoð verði í formi óafturkræfra framlaga þar eð lánakjör þau, sem nú gilda, yrðu þeim óviðráðanleg. Fundurinn leggur til að til grundvallar framlagi verði lögð uppskera hvers einstaks bónda af flatareiningu á árunum 1976, 1977 og 1978, framreiknað til samræmis við stærð garðlanda á þessu ári. Frá því yrði dregin sú uppskera sem náðist upp nú í haust. Telur fundurinn brýnt að aðstoð berist hið allra fyrsta vegna mikillar vaxtabyrði fjölmargra bænda. Þá telur fundurinn fulla ástæðu til þess, að einungis njóti framlaga þeir framleiðendur sem búa á lögbýlum, enda vart ástæða til að styrkja sportmennsku þéttbýlisbúa í kartöflurækt."

Þetta bréf er dagsett 6. nóv. s. l. og fylgdi því grg. þar sem þessi mál eru nánar rakin. Skal ég ekki rekja það nánar. Þetta tjón og þessi fsp. gaf mér á hinn bóginn ástæðu til þess að fylgja málinu eftir, og beinum við Lárus Jónsson, hv. 3. þm. Norðurl. e., svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að meta:
a) tjón kartöflubænda við Eyjafjörð,
b) afurðatjón vegna harðindanna í haust,
c) annað tjón vegna harðindanna í haust?
2. Hvenær er þess að vænta, að niðurstaða fáist?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að Bjargráðasjóður geti hlaupið undir bagga í samræmi við hlutverk hans og tilgang, eins og lög segja til um?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu fyrirspyrjanda var bréf dagsett, ef ég tók rétt eftir, 16. nóv. undirrót þess, að þessi fsp. er borin fram um tjón kartöflubænda við Eyjafjörð. Undir lok októbermánaðar hafði ég hins vegar óskað eftir að þetta tjón væri metið. Tilnefndir voru Guðbjörn Einarsson af hálfu Framleiðsluráðs landbúnaðarins og Ævar Hjartarson héraðsráðunautur á Akureyri til að gera úttekt á því tjóni sem orðið hafði á garðlöndum bænda við Eyjafjörð.

Þessir menn skiluðu úttekt og matsgerð vegna skemmda á kartöflum í Eyjafirði, hinn 3. nóv. s. l., eða um einni til tveimur vikum síðar. Í grg. þessari kemur fram að könnunin var framkvæmd dagana 29. okt. til 3. nóv. 1981. Var farið um héraðið og mældir upp garðar á þessu svæði. Sundurliðun var gerð á óuppteknu og uppteknu landi. Þeim til aðstoðar við mælingar á garðlöndum voru ráðunautar Búnaðarsamband Eyjafjarðar. Miðað var við að taka ekki með minni garðlönd en ca. 3 500 fermetra hjá hverjum einstaklingi. Mestur hluti garða var mældur eða stærð tekin samkvæmt túnakortum. Á örfáum stöðum var mæling ekki framkvæmd, en garðstærð tekin niður samkvæmt umsögn bónda. Uppskerutölur og útsæðismagn var tekið samkvæmt umsögn bænda sjálfra. Garðar voru flestir að meira eða minna leyti undir snjó, mjög blautir og var frost víða komið í jörð. Allt bendir til þess, að svo til öll uppskera, sem eftir var, sé mjög skemmd eða nánast ónýt. Meðfylgjandi eru listar yfir upptekin atriði sem að þessu lúta, flokkuð eftir hreppum. Örfáir garðeigendur munu vera eftir, dreift um héraðið, innan við tíu, með lítils háttar magn hver. Nokkrir aðilar óskuðu ekki eftir mælingu á görðum eða athugun varðandi þetta. Voru það aðallega þéttbýlismenn á Grenivík. Nokkrir eru þó á meðfylgjandi listum sem ekki búa á lögbýlisjörðum. Samkvæmt þessum mælingum og athugunum voru garðlönd samtals 225.61 hektari, þar af óuppteknir 85.06 hektarar eða sem næst 37.7%.

Það, sem að framan er greint, er úr skýrslu eða greinargerð matsmanna, sem undirrituð er á Akureyri 3.

nóv. 1981 af Guðbirni Einarssyni og Ævari Hjartarsyni. Með grg. þessari fylgja skýrslur um hvern einstakling, sem garðland var mælt hjá, og hversu mikið var óupptekið þegar snjór lagðist yfir. Er ekki ástæða til að rekja það nákvæmlega. Erfitt er að meta á þessu stigi hvað afurðatjón hjá kartöflubændum við Eyjafjörð hefur verið mikið og hvort það tjón, sem varð vegna þess að kartöflur náðust ekki upp vegna snjóa, er það tjón sem einvörðungu hefur þarna orðið, eða hvort meta á tjón vegna uppskerubrests af völdum harðinda. Í grg. þessara úttektarmanna er ekki að finna tillögur um hvernig á því máli skuli tekið.

Mér þykir rétt í tengslum við þetta mál að greina frá því, sem raunar hefur áður komið fram, að 20. ágúst s. l. skipaði ég nefnd þriggja manna til þess að kanna heyfeng og fóðurbirgðir á þessu hausti vegna hins erfiða árferðis. Nefndin hefur skilað bráðabirgðatillögum til rn. um nauðsynlegar úrbætur vegna heyskaparástandsins. Ég skal ekki rekja þær bráðabirgðatillögur en með tilliti til þess, að nefndin var að starfi og hefur enn eigi skilað endanlegum tillögum ákvað ég að óska eftir tilnefningu fulltrúa frá Landssambandi kartöflubænda til þess að fjalla um þetta mál ásamt fóðurbirgðanefndinni. Fulltrúi kartöflubænda í þessu verki er Sveinberg Laxdal, og verður fundur um þetta tiltekna málefni væntanlega haldinn á fimmtudaginn kemur. Fóðurbirgðanefnd var á fundum um s. l. helgi og hafði þá hug á að taka einnig þetta mál til sérstakrar athugunar, en því var eigi við komið að Sveinberg gæti sótt fundi nefndarinnar á þeim tíma og varð þess vegna bið á niðurstöðum og tillögum frá nefndarinnar hálfu um þetta efni.

Ég skal ekki á þessu stigi gera því skóna á hvaða lund tillögur nefndarinnar verða, en væntanlega hafa þær í för með sér að gert verði ráð fyrir fjárútvegun til að mæta þessu tjóni af hálfu Bjargráðasjóðs.

Ég get búist við því, að tillögur um fjárútvegun vegna fóðurskorts og vandræða, sem orðið hafa vegna erfiðleika við heyskap á s. l. sumri, verði jafnvel um minni upphæð en búast hefði mátt við, e. t. v. á bilinu 7-9 millj. kr., en enn hef ég eigi fengið neinar tölur um það, á hvern hátt nefndin muni gera tillögur um úrbætur vegna þessa tjóns á uppskeru garðávaxta.

Ég tel að með þessum orðum sé í rauninni meginefni fsp. svarað. Í 2. tölul. er spurt: Hvenær er þess að vænta, að niðurstaða fáist ? Ég vænti þess, að tillögurnar, sem verða teknar til athugunar í ríkisstj., geti legið fyrir alveg á næstunni, e. t. v. í lok þessarar viku, eða þá a. m. k. í næstu viku. Ég mun svo á hinn bóginn í framhaldi af því ítreka það sem rætt hefur verið innan ríkisstj., að nauðsynlegt er að afla Bjargráðasjóði fjármuna til að mæta þessum vanda. Bjargráðasjóður býr nú við þröngan kost, eftir að mæta varð afleiðingum af harðindunum á árinu 1979 og miklu tjóni, sem varð vegna ofviðris í febrúar á þessu ári, með framlögum og lánum úr Bjargráðasjóði. Ég vænti þess að takast megi að bæta það tjón, sem hér hefur orðið, að þeim hluta sem tilkvaddir nefndarmenn gera tillögur um.

Hitt er annað mál, að tjón verður aldrei að fullu bætt og verða aldrei gerðar tillögur um það af minni hálfu að neitt það tjón, sem hlýst af völdum náttúruafla í landinu, verði bætt að fulli. Við búum við þær aðstæður í okkar landi, að við eigum alltaf á hættu að misjafnt tíðarfar geri strik í reikninginn, og við erum vanir því, bændur, að þurfa að mæta því að hluta sjálfir þegar áföll verða vegna tíðarfars. Á hinn bóginn er nauðsynlegt, þegar meiri háttar skakkaföll verða, að hið opinbera komi til aðstoðar. Svo er einnig að vænta að gert verði nú.

Ég vil svo aðeins bæta við þetta svar mitt að ég tel eðlilegt — og að því er unnið — að undirbúa breytingar á lögum um Bjargráðasjóð. Sú vinna verður að minni hyggju að haldast að nokkru leyti í hendur við endurskoðun laga um viðlagatryggingu, en jafnframt hefur verið gert ráð fyrir því, að það kunni að verða nokkur breyting á hlutverkum þessara tveggja sjóða. Hlýtur þess vegna að verða að nokkru leyti a. m. k. að haldast í hendur endurskoðun í lögum um þessa tvo sjóði.

Þessi endurskoðun má þó ekki tefja fyrir því, að sú aðstoð verði veitt sem þörf er á vegna þessa harðæris. Þarf það ekki að fylgjast að.

Ég vænti að með þessum orðum sé fyrirspurn hv. þm. svarað.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. svör hans og fæ ekki betur sé en þessi mál eigi að vera í góðu horfi nú. Ég vonast til að svo verði áfram og að ráðstafanir verði gerðar til þess að Bjargráðasjóður geti hlaupið undir bagga þegar niðurstöður hafa fengist um það tjón sem orðið hefur fyrir norðan.

Ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að það hlýtur að koma til álita nú, vegna þess að kartöflubændur fyrir norðan hafa orðið fyrir tjóni með mjög skömmu millibili, að reynt verði að ganga lengra til móts við þá en ella mundi, en tek undir þau orð hæstv. landbrh. samt sem áður, að ekki er eðlilegt að Bjargráðasjóður bæti tjón af náttúruhamförum að fullu.

Ég geri svo ráð furir því, að við munum taka það til athugunar, þm. Norðurlandskjördæmis eystra, hvort ekki sé rétt að lán Bjargráðasjóðs verði undanskilin við útreikning tekjufærslu á skattframtali. Við höfum aðeins tekið það mál til umfjöllunar okkar á milli og ég geri ráð fyrir að við munum gera það áfram og athuga hvort ekki náist um það samkomulag okkar á milli.

Ég vil sem sagt þakka þessi svör og vonast til að málið haldi áfram í réttum farvegi.

Greiðslufyrirkomulag fjárveitinga til opinberra framkvæmda, fsp. (þskj. 64). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Í viðræðum við fulltrúa ríkisendurskoðunar hefur komið frama að svo virðist sem ekki séu nægjanlega fastmótaðar reglur um hvernig greiðslu á framkvæmdafé til opinberra framkvæmda samkv. fjárlögum er háttað. Virðist Innkaupastofnun ríkisins taka fjárveitingar til opinberra framkvæmda út án beinna tengsla við raunverulega framkvæmdastöðu, sem ætti að vera í höndum framkvæmdadeildar stofnunarinnar samkv. lögum um skipan opinberra framkvæmda.

Sé þetta rétt verður að ályktа að Innkaupastofnun ríkisins hafi þetta fjármagn meira og minna í sínum daglega rekstri, sem hlýtur að vera algjörlega óraunhæft og kynni að valda því, að stofnunin gæti ekki greitt á réttum tíma til þeirra framkvæmdaþátta sem fjármagnið er veitt til í fjárlögum.

Taldi umræddur fulltrúi ríkisendurskoðunar nauðsynlegt að fjárhagur væri algjörlega aðskilinn milli fram-

kvæmdadeildar og almennrar deildar Innkaupastofnunarinnar og ríkisfjárveitingar væru greiddar beint til þeirra framkvæmda sem þær eru veittar til í fjárlögum hverju sinni. Vegna þessa hef ég leyft mér, herra forseti, að beina eftirfarandi spurningum til hæstv. fjmrh.:

1. Hvernig er háttað greiðslu á framkvæmdafé samkv. fjárlögum til opinberra framkvæmda sem framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sér um?

2. Hvernig er farið með geymdar eða ónotaðar fjárveitingar til opinberra framkvæmda samkv. fjárlögum milli ára?

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa hér um langt mál. Þetta er mál sem ætti að vera að hægt að skýra hér, og ég vænti að hæstv. fjmrh. veiti skýr svör.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, hefur borið hér fram fyrirspurn um greiðslufyrirkomulag fjárveitinga til opinberra framkvæmda:

Í fyrsta lagi, hvernig háttað sé greiðslu á framkvæmdafé samkv. fjárlögum til opinberra framkvæmda sem framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins sér um.

Svarið er þetta: Gerður er verksamningur um nær öll verk sem unnin eru á vegum framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins. Í verksamningi, sem undirritaður er af fagráðuneyti og fjmrn. áður en hann öðlast gildi, er tekið fram hvernig greiðslum fyrir verkþætti skuli hagað. Eftir því sem verki miðar áfram senda verktakar inn reikninga til framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar sem yfirfer reikninga og kannar að þeir séu í samræmi við ákvæði verksamnings. Að yfirferð lokinni eru reikningar sendir Innkaupastofnun ríkisins sem annast útborgun reikninga fyrir framkvæmdadeild stofnunarinnar. Jafnframt lætur framkvæmdadeildin viðkomandi ráðuneyti vita um þá upphæð sem nauðsynlegt er að ávísa hverju sinni sem greiðslu úr ríkissjóði til Innkaupastofnunar þannig að unnt sé að greiða reikninga vegna viðkomandi verka.

Heimildir til greiðslu á fé af ákveðnum fjárlagaliðum eru einungis gefnar út af því ráðuneyti sem fer með viðkomandi málaflokk. Dragist ávísun á fjárveitingu frá einhverju ráðuneytanna getur slíkt haft í för með sér að vandræði skapist hjá Innkaupastofnun og geri henni erfitt fyrir að greiða reikninga. Reynt er í lengstu lög að forðast að slíkt komi niður á verktakagreiðslum. Eru starfsmenn framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar í nánu sambandi við þá aðila sem gefa út greiðsluheimildir hjá ráðuneytum.

Rétt er að taka fram að eftir að fjmrn. hefur áritað verksamning hefur það talið sér skylt að sjá til þess, að greiðslufall yrði ekki vegna viðkomandi verks. Áður en fjmrn. áritar verksamning hefur verið kannað hvort nægjanleg fjárveiting sé til, að teknu tilliti til upphæðar verksamnings og verðbóta á þeim tíma sem framkvæmdin á að standa. Fari svo, að fjárveiting sé ekki nægjanleg til að greiða kostnað við framkvæmd, sem gerður hefur verið verksamningur um, er ætlast til að það ráðuneyti, sem fer með viðkomandi málaflokk, sæki um umframfjárveitingu. Því miður vill oft dragast að ráðuneytin gangi frá þeim málum, en fjmrn. hefur engu að síður talið sér skylt að inna greiðslur af hendi hafi það áritað verksamning, eins og fyrr segir.

Önnur spurning hv. þm. er svohljóðandi: Hvernig er farið með geymdar eða ónotaðar fjárveitingar til opinberra framkvæmda samkv. fjárlögum milli ára?

Svarið er þetta: Telji ráðuneyti að það eigi ónotaða fjárveitingu frá fyrra ári er sótt um heimild til að fá fjárveitinguna geymda. Umsókn um geymslu á stofnkostnaðarfjárveitingu er send fjárlaga- og hagsýslustofnun sem síðan tilkynnir viðkomandi ráðuneyti ásamt gjaldadeild fjmrn. um geymsluheimild. Geymd fjárveiting er síðan sett inn í greiðsluáætlun og kemur til útborgunar eftir samkomulagi milli fagráðuneytis og fjmrn.

Herra forseti. Ég vænti þess, að með þessum orðum sé fsp. hv. þm. svarað.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar við þessari fsp., þó að ég verði að lýsa því, að mér finnst það skjóta nokkuð skökku við þær upplýsingar sem fram hafa komið frá fulltrúa ríkisendurskoðunar. Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að ekki sé um það að ræða að Innkaupastofnunin hafi með höndum fjármagn öðruvísi en í viðkomandi framkvæmd sem þá og þá er í meðferð. Ef þetta er rétt er það í andstöðu við þær upplýsingar sem ég hef með höndum.

Einnig finnst mér athyglisvert að ef um seinagang er að ræða í þessum málum, þá virðist mega rekja það til annarra ráðuneyta sem viðkomandi verkþáttur er tengdur.

Ég ætla ekki að fara í umr. hér og nú um þetta atriði sérstaklega. Ég spuði um þetta á sínum tíma í upphafi þings vegna þeirra upplýsinga sem ég hef í höndum um þetta mál frá ríkisendurskoðun. Ég vil þó lýsa því hér yfir, að ég tel fulla ástæðu til að taka lögin um skipan opinberra framkvæmda til rækilegrar endurskoðunar og mun síðar beita mér fyrir að það verði gert.Ég tel einnig ástæðu til í þessu sambandi að láta ríkisendurskoðun gefa skýrslu um þann þátt mála sem ég hef hér spurt um. Ég mun einnig beita mér fyrir því, ekki síst með tilliti til þess, að þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, sem ég er ekkert að draga í efa að eru réttar miðað við það sem fjmrh. hefur fengið upplýst, stangast mjög á við það sem komið hefur fram í samtölum við fulltrúa ríkisendurskoðunar.

Ráðstafanir vegna myntbreytingar, fsp. (þskj. 52). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Styrktaraðgerðir við iðnað í viðskiptalöndum okkar, fsp. (þskj. 66). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram til viðskrh. fsp. um styrktaraðgerðir við iðnað í viðskiptalöndum okkar. Fsp. þessi er í tveimur liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta.

„1. Hvað líður störfum nefndar sem átti að kanna til hvaða styrktaraðgerða hafi verið gripið í húsgagnaiðnaði í fríverslunarbandalagslöndum okkar?

2. Hvað hyggst ríkisstj. gera í vanda húsgagna- og innréttingaiðnaðarins?“

Tilefni þessarar fsp. er það, að eins og öllum þingheimi

er kunnugt hefur verið gripið til margháttaðra styrktaraðgerða við iðnað í ýmsum viðskiptalöndum okkar, ýmsum löndum sem við erum í fríverslunarbandalagi við. Í þessum löndum hafa verið gefnar út leiðbeiningabækur um það, hvernig og hvaða styrktaraðgerða viðkomandi iðngreinar geta leitað til og leitað eftir. Hér á landi hafa bæði Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna gert sér far um að reyna að fylgjast með þessum styrktaraðgerðum og tekið saman yfirlit yfir þær helstu. Eins og menn vafalaust vita eru þessar aðgerðir í flestum þessara landa flokkaðar ýmist undir atvinnuaukandi aðgerðir eða byggðasjónarmið.

Ég hef áður gert það að umræðuefni hér í þinginu, að t. a. m. í Svíþjóð er gefin út sérstök bók, sem heitir Stödhandboken, sem fjallar um þessar styrktaraðgerðir, og í Danmörku hef ég séð bók sem heitir Offentlige stödbeordninger. Í tengslum við þetta mál er rétt að geta þess enn einu sinni, að t. a. m. í Svíþjóð er sérstakur listi yfir þær styrktaraðgerðir sem tréiðnaður þar í landi getur leitað eftir. Þessar styrktaraðgerðir eru í þeirri bók, sem ég hef séð, taldar upp í fernu lagi. Í fyrsta lagi omstellningsstöd, sem kallað er, eða nokkurs konar aðlögunarstyrkur. Í öðru lagi strukturgarantien, sem mun vera lán þar sem bæði er unnt að fella niður vexti og afborganir ef vissum skilyrðum er fullnægt. Í þriðja langi er um að ræða exportstöd eða sérstakan útflutningsstyrk og í fjórða lagi utbildningsstöd, sem e. k. menntunar- og stjórnunarfræðslustyrkur.

Í viðbót við þetta eru skilgreiningar á fjölmörgum styrkjum. Til að mynda í Svíþjóð eru greiddir flutningastyrkir til fyrirtækja, — flutningastyrkir sem geta numið um 15-35% af heildarflutningskostnaði. Í Svíþjóð vitum við að mörg fyrirtæki úti um landsbyggðina fá greiddan styrk á hverja vinnustund sem starfsmenn yfir 50 ára aldri vinna. Í Finnlandi vitum við að veitt er nokkurs konar ríkisábyrgð vegna áhættu sem fyrirtæki lenda í vegna innlendra kostnaðarhækkana. Í Noregi vitum við að veitt eru vaxtalaus fjárfestingarlán. Og í sumum löndum eru fjárfestingarstyrkir sem nema allt að 15% af heildarfjárfestingu. Hér er um nokkuð vandasamt mál að ræða, en það er þó alveg ljóst, að þar sem við erum í fríverslunarbandalagi við önnur lönd, fríverslunarbandalagi þar sem við og þessi lönd höfum gengist undir að fella niður innflutningsgjöld af vörum, þá tala menn um samkeppni, fríverslun á jafnréttisgrundvelli. Sá jafnréttisgrundvöllur er auðvitað ekki til ef síðan er beitt sérstökum styrktaraðgerðum til þess að lækka raunverulegan kostnað þessara iðnaðarvara, en þær síðan fluttar inn til okkar undir yfirskini fríverslunar.

Snemma á þessu ári hygg ég að viðskrn. hafi skipað nefnd til að kanna með hverjum hætti slíkar styrktaraðgerðir væru í okkar nágrannalöndum. Niðurstaða þeirra nefndar gæti síðan orðið eða ætti að geta orðið grundvöllur að því, með hverjum hætti ætti að bregðast við þessu og hvort til að mynda ætti að leggja á sérstaka jöfnunartolla. Litlar fréttir hafa borist af starfi þessarar nefndar og ég verð að játa það, að mér þykir sá tími vera orðinn nokkuð langur sem liðið hefur, því að lengi er búið að ræða þessar styrktaraðgerðir hér á landi.

Það er rétt að geta þess, að þó að þessi fsp. fjalli sérstaklega um vandamál húsgagnaiðnaðarins, þá er hann ekki einn á báti, heldur eru fjölmargar aðrar iðngreinar styrktar í okkar viðskiptalöndum. Ég vil þar sérstaklega nefna fataiðnað og vefjariðnað margs konar. Ég tel algerlega óhjákvæmilegt að íslenska ríkisstj. bregðist við þessum styrktaraðgerðum í viðskiptalöndum okkar, enda samrýmast þær ekki ákvæðum um fríverslun. Ég hef því lagt fram þessa fsp. í von um að fá greið svör um hvað ríkisstj. hyggist gera í þeim vanda sem þessi iðngrein stendur frammi fyrir nú.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 66 hefur hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson beint til mín eftirfarandi spurningum:

1. Hvað líður störfum nefndar sem átti að kanna til hvaða styrktaraðgerða hafi verið gripið í húsgagnaiðnaði í fríverslunarbandalagslöndum okkar?

2. Hvað hyggst tíkisstj. gera í vanda húsgagna- og innréttingaiðnaðarins?

Í framhaldi af viðræðum, sem fram hafa farið við forustumenn Félags ísl. iðnrekenda, var ákveðið að kanna hverjar væru helstu styrktaraðgerðir í húsgagnaiðnaði á Norðurlöndum. Þá er jafnframt ákveðið að í framhaldi af slíkri könnun mundi íslenska ríkisstj. taka erindið upp hjá EFTA ef nauðsyn bæri til.

Aflað hefur verið gagna, bæði með tilstuðlan Félags ísl. iðnrekenda og eins hefur sendiráðum Íslands á Norðurlöndunum verið falið að afla slíkra gagna frá viðkomandi löndum. Nú er verið að vinna úr þessum gögnum.

Hv. þm. gerði nokkra grein fyrir styrktaraðgerðum t. d. í Svíþjóð og ég hygg að þær upplýsingar, sem liggja fyrir og hann drap á í sinni fsp., séu til í rn. í höndum þeirrar nefndar sem er að vinna úr þessum málum. En það verður að segja það eins og er, að það hefur ekki verið sérlega greiður aðgangur að því að fá upplýsingar af þessu tagi. Deilur um þessi mál hafa staðið árum saman og það hefur ekki verið greiður aðgangur að því, það verður að segja það eins og er.

Í umr. um vandamál iðnaðarins er oft á það minnst, að styrkveitingar til iðnaðar samrýmist ekki reglum fríverslunar. Í EFTA-samningnum eru ítarleg ákvæði um ríkisstyrki, þar sem segir m. a. að ekki megi greiða slíka styrki til útflytjenda. Enn fremur segir þar að ekki megi beita nokkurri aðstoð, sem hefur það í för með sér að spilla þeim hagsbótum sem vænta megi af fríverslun milli aðildarríkjanna. Það er með hliðsjón af þessu ákvæði sem opinberar styrktaraðgerðir til iðnaðar eru metnar hjá EFTA. Erfiðleikarnir eru þeir, hve erfitt getur reynst að sýna fram á að einstakir styrkir brjóti beint í bága við EFTA-samninginn. Reyndar hafa aðildarríkin oftast reynt að koma þessum styrkjum þannig fyrir að svo sé ekki.

Á undanförnum árum hafa ríkisstyrkir til iðnaðar og annarra atvinnugreina færst verulega í vöxt með auknu atvinnuleysi og samdrætti á ýmsum sviðum efnahagslífsins. Þeir hafa haft í för með sér hömlur á alþjóðaviðskiptum sem geta engu síður verið skaðlegar en tollar og innflutningshöft. Þess vegna er þetta mál mjög til umræðu á vegum alþjóðasamtaka og þó sérstaklega innan EFTA og Efnahagsbandalagsins. Viðskiptanefnd EFTA, er vann að endurskoðun ríkisstyrkja, fór yfir þær styrktaraðgerðir sem beitt er í aðildarríkjum EFTA. Meginniðurstaða nefndarinnar varð sú, að ekki væri hægt að sýna fram á að styrkir í einstökum EFTA-löndum spilltu þeim hagsbótum sem vænta megi af fríverslun milli aðildarríkja, eins og ég gat um áðan. Hins vegar var bókuð athugasemd um það, að ekki væri full-

komlega ljóst að einstök EFTA-ríki hefðu ekki brotið þessi ákvæði samningsins, og áskildu m. a. Íslendingar sér rétt til að kanna þau mál frekar. Ítarlega hefur verið um það fjallað bæði í ríkisstj. og einstökum rn. til hvaða ráða megi grípa til hjálpar iðnaðinum.

Ekki þarf að fjölyrða um að nokkrar greinar íslensks iðnaðar telja sig ekki sitja við sama borð og sams konar iðnaður í öðrum fríverslunarlöndum vegna mikilla ríkisstyrkja þar. Ég er sammála um , að íslenskir iðnrekendur geti ekki sætt sig við annað en að sitja við sama borð í þessum efnum og keppinautar þeirra annars staðar. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um hvernig bregðast megi við þessum vanda. Komið hefur fram hugmynd um að leita ígildis aðlögunargjalds á innfluttum húsgögnum. Komið hefur fram hugmynd um að lækka aðstöðugjöld og auk þess fleiri gjöld á iðnaðinum og að verðlagsmál iðnaðarins verði endurskoðuð. Væri eðlilegast að auka frjálsræði í verðlagsmálum iðnaðarins, sérstaklega þess iðnaðar sem selur framleiðslu sína á innlendum markaði.

Á ráðherrafundi EFTA, sem haldinn var í Genf dagana 26. og 27. nóv. s. l., fjallaði ég sérstaklega um ríkisstyrki í EFTA-löndunum og benti á að ýmiss konar ráðstafanir, sem orka tvímælis, hafa skotið upp kollinum, þó ekki sé beinlínis hægt að sýna fram á að þær brjóti í bága við ákvæði EFTA-sáttmálans. Ég vakti þar athygli á því, að ýmsar opinberar styrktaraðgerðir við iðnað hafi óheppileg áhrif á samkeppni og veiki varnir gegn þeim öflum sem óska eftir verndaraðgerðum. Ég vakti einnig athygli á því, að í EFTA-sáttmálanum eru ákvæði sem viðurkenna þörf fyrir byggðaaðgerðir. Í flestum EFTA-löndum eru landshlutar sem eiga í miklum efnahagslegum erfiðleikum. Íbúafjöldi þeirra er í sumum tilfellum meiri en allir Íslendingar. Iðnaður á þessum svæðum nýtur oft sérstakra opinberra styrkja og hagstæðra lánskjara. Í framhaldi af þessu varpaði ég fram þeirri spurningu, hvar væru takmörk þessara opinberu styrktaraðgerða sem geta haft bein áhrif á fríverslun okkar. En eins og kunnugt er er heimilt samkv. EFTA-sáttmálanum að beita t. d. aðgerðum til styrktar einstökum svæðum og einstökum byggðum sem eiga í erfiðleikum, án þess að það brjóti í bága við sáttmálann.

Á ráðherrafundinum gerði ég einnig grein fyrir sérstökum vanda íslensks húsgagnaiðnaðar. Af þeim ástæðum teldi ríkisstj. nauðsynlegt að taka upp aftur sama kerfi um innborgunarskyldu og var hér í gildi árin 1979 og 1980. Í framhaldi af því var framkvæmdastjórn EFTA send tilkynning hinn 26. nóv. s. l. þar sem óskað er eftir að EFTA heimili í eitt ár innborgunarskyldu á innflutt húsgögn og innréttingar. Gert er ráð fyrir að EFTA-ráðið fjalli um málið á fundi sínum 10. des. n. k. Samkv. þessari innborgunarskyldu verða innflytjendur að greiða 35% innflutningsverðs á sérstakan reikning í Seðlabankanum þar sem fé verður geymt í 90 daga. Þetta á við um innflutning húsgagna frá öllum löndum. Er þess vænst, að með þessari aðgerð muni draga úr innflutningi og hún verði til þess að hjálpa innlendum húsgagnaiðnaði við uppbyggingu sína.

Til þess að gera grein fyrir þessu máli hjá EFTA þarf að senda þar inn skýrslu og greinargerð um stöðu húsgagnaiðnaðarins hér í landinu. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um stöðu húsgagnaiðnaðarins, verður að segja það eins og er, að hann er ákaflega misjafnlega á vegi staddur. Sum fyrirtæki, sem hafa vélvæðst og hagrætt sínum rekstri á undanförnum árum, standa sæmilega vel. Síðan eru önnur, og þá alveg sérstaklega minni fyrirtæki, sem standa miklu verr og eiga frekar í vök að verjast.

Í þessum málum öllum þarf að gæta tvenns: Í fyrsta lagi að staða viðkomandi atvinnuvegar sé viðunandi þannig að hægt sé að reka hann með eðlilegum hætti. Hins vegar er svo sjónarmið neytandans um að fá góða vöru við sem lægstu verði og með góðri þjónustu. Það eru auðvitað þessi tvö sjónarmið sem þarf að samræma til þess að fá eðlilega niðurstöðu.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. hefur með þessari fsp. hreyft mjög mikilvægu máli sem skiptir íslenskan iðnað og framtíð hans mjög miklu. Á mjög fjölmennum fundi, sem haldinn var á vegum Félags ísl. iðnrekenda á föstudaginn var hér í Reykjavík og ýmsir þm. a. m. k. voru boðnir til, var gefið yfirlit yfir stöðu ýmissa helstu iðngreina sem eru stundaðar hér á landi. Þar kom fram að þessar svokölluðu stuðnings- eða styrktaraðgerðir, sem beitt er í ýmsum þeim löndum sem við eigum í samkeppni við, hafa leitt til þess, að iðnaðarvörur erlendis frá eru nú fluttar hér inn niðurgreiddar í meira eða minna mæli, en það er að sjálfsögðu í algerri andstöðu við anda fríverslunarsamningsins. Það er þess vegna mjög mikilvægt að hæstv. viðskrh. taki mjög fast á þessu máli innan EFTA. En ég fékk það á tilfinninguna af þeim svörum sem hann gaf hér, að svo væri ekki gert, þetta væri meira á skrifborðsstiginu. Það þyrfti að taka mun fastar á í þessu máli.

En það er fleira en þessar stuðningsaðgerðir sem hér kemur til athugunar. Það eru ýmiss konar aðrar aðgerðir, óbeinar hömlur á innflutningi frá Íslandi til sumra þessara landa. Mér er t. d. kunnugt um að eitt íslenskt iðnaðarfyrirtæki, sem framleiðir innréttingar, hugðist notfæra sér þennan frjálsa markað og hefja útflutning á sínum varningi til Svíþjóðar. Það fékk þá þau svör í Svíþjóð, að slíkur varningur þyrfti að fara í sérstaka gæðaprófun áður en leyft væri að flytja innréttingarnar til Svíþjóðar. Sýnishorn var sent út í mars s. l., en nú er þetta ár að verða liðið og síðan hefur ekkert heyrst og enn stendur á því að svokölluð gæðaprófunarnefnd í Svíþjóð gefi heimild til að þetta fyrirtæki geti flutt út sinn varning til Svíþjóðar. Hér er að sjálfsögðu beitt óbeinum hömlum sem mér finnst vera mjög andstætt því sem gilda eigi í viðskiptum milli ríkja sem eru aðilar að EFTA.

Það væri út af fyrir sig ástæða til þess að fjölyrða um þetta mál frekar, en tíminn leyfir það ekki hér, t. d. að fjalla svolítið um húsasmíði og innflutning á húsum og mismunandi aðstöðu íslenskra fyrirtækja og innflytjenda að því leyti. En tími minn leyfir það ekki á þessu stigi og ég geymi mér það þangað til síðar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt að ég komi aðeins inn í þessar umr. þó að tíminn sé naumur.

Vandamál íslensks húsgagnaiðnaðar hafa verið til meðferðar á vegum stjórnvalda og ekki síst iðnrn. í samvinnu við hagsmunaaðila um langan tíma. Um það leyti sem innborgunargjald var sett á innflutt húsgögn 1979 var ákveðið að ráðast í sérstakt þróunarátak til eflingar greininni. Í þessu þróunarátaki hafa tekið þátt um tveir tugir húsgagnaframleiðenda og innréttingaframleiðenda, flestir ef ekki allir hinir stærstu á þessu sviði. Það stendur enn þá yfir og hefur gefið mjög góða

raun hjá þeim fyritækjum sem í hlut eiga. Til stuðnings þessu átaki hefur verið veitt fjármagn af iðnþróunarfé, sem kom inn vegna aðlögunargjalds sem í gildi var um tíma, og einnig hafa sjóðir, svo sem Iðnrekstrarsjóður, stutt mjög við þetta átak. Í fyrirtækjum, sem tekið hafa þátt í því, hefur orðið stórfelld framleiðniaukning og sum þessara fyrirtækja eru að búa sig í útflutning húsgagna og hugsa til þess og telja raunsætt að nýta sína framleiðslugetu til þess að flytja út húsgögn, en styrkja sig auðvitað um leið á innanlandsmarkaði.

Ekki alls fyrir löngu flutti ég till. um það í ríkisstj., að til sérstakra aðgerða yrði gripið vegna húsgagnaiðnaðar. Hæstv. viðskrh. hefur getið hér um einn þáttinn sem fellur undir hans svið, þar sem það varðar samskipti við fríverslunarsamtökin, þ. e. að innleiða á nýjan leik innborgunarskyldu á innflutt húsgögn. Þar er um væga verndaraðgerð að ræða sem getur komið að gagni á meðan hún er í gildi, og ég tel hana alveg réttlætanlega og eðlilega á meðan þetta markaðsátak er að skila árangri. Hitt er svo annað mál, að EFTA-samþykktin gerir ráð fyrir möguleikum á að leggja á jöfnunartolla, ef um sérstakar styrktaraðgerðir er að ræða sannanlega frá einstökum löndum. Það er sú athugun sem hv. fyrirspyrjandi vék hér að að kanna þyrfti og er í könnun í nefnd á vegum viðskrn. En það þarf að vera hægt að sanna það með sæmilega gildum hætti, að um slíkar aðgerðir sé að ræða. Ég tel eðlilegt og sjálfsagt að við beitum slíkum ákvæðum fríverslunarsamningsins þegar ljóslega er á okkur brotið í þessum efnum.

Þá hefur verið samþykkt af ríkisstj. að stuðla að því, að hér verði tekin upp gæðaprófun á húsgögnum bæði innlendum húsgögnum og einnig innfluttum, og það verði notað sem neytendavernd í þessu samhengi og einnig til verndar okkar iðnaði sem fullyrt er og ég hygg með réttu að hvað snertir gæði sé á marga lund betri og taki fram mjög mörgu af því sem flutt er inn í landið, sem alls ekki er sniðið við innlendar aðstæður, þ. á. m. það rakastig sem ríkir í þessu landi og er verulega annað en víða framleiðslulöndum. Þá var einnig samþykkt af ríkisstj. um miðjan nóv. að beina því til fjvn. að bæta stöðu Iðntæknistofnunar til gæðaprófunar og til að efla tréiðnideild Iðntæknistofnunar, sem mikil nauðsyn er á til þess að styðja við innlenda framleiðendur svo að þeir búi við svipaðar aðstæður og keppinautar þeirra erlendis. Sama gildir um fleiri þætti, sem voru í þessari samþykkt, svo sem athugun á lánakjörum, að lánasjóðir leituðust við að styðja innlenda framleiðendur og veita þeim greiðslufrest á afborgunum og vöxtum, fyrirtækjum sem eru í sérstöku átaki í sinni grein, og raunar hafa sjóðirnir boðið slík kjör, eins og t. d. Iðnlánasjóður. Einnig á að fara ofan í saumana enn frekar á aðflutningsgjöldum til framleiðenda, þar sem enn þá er eitthvað að finna í tollskrá sem eðlilegt er að verði fellt niður af aðflutningsgjöldum, auk almennrar athugunar á starfsskilyrðum þessarar greinar, sem fellur saman við þá athugun á starfsskilyrðum iðnaðarins sem stendur nú yfir.

Aðlögunargjald á innfluttar vörur féll niður um síðustu áramót. Ég taldi mjög miður að það gerðist. Við það rýrnaði samkeppnisstaða innlends iðnaðar. En það náðist ekki samstaða um að halda þessu gjaldi áfram og þrepa það niður í áföngum, eins og ég hefði talið eðlilegt.

Hér var minnt á innflutt hús og mismunun í sambandi við það. Ég tek mjög eindregið undir það, að þar er mál á ferðinni sem þarf að bregðast við mjög fljótt, því að það eru flutt hér inn í landið heil hús með búnaði, sem er tollaður ef hann er fluttur inn einstakur, en kemur inn ótallaður ef hann er inn í slíkri fasteign. Slík mismunun gengur að sjálfsögðu ekki og er unnið að því að bregðast við því af hálfu stjórnvalda.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. svörin og vil jafnframt nota þetta tækifæri til að þakka honum fyrir þá hörðu ræðu, sem hann flutti á ráðherrafundi EFTA, og ummæli hans um styrktaraðgerðir nágrannaþjóðanna þar, sem Norðmenn töldu samkv. blaðaviðtölum reyndar högg fyrir neðan belti, að mínu viti mjög ranglega. Ég held að íslenskir fulltrúar þurfi á erlendum vettvangi að gera þessi mál að umræðuefni og það í fullri alvöru.

Ég verð að segja það eins og er, að mér þykir nefndarstörf eins og þau, sem hér um ræðir, ganga hægt. Ég skal fyrstur manna viðurkenna það, að menn þurfa að undirbyggja sínar ákvarðanir vel, en endalaus nefndarvinna nær auðvitað alls ekki nokkurri átt. Það má vel vera og er sjálfsagt rétt, að innborgunargjald, innborgunarskylda um 35% í eitt ár mun hjálpa eitthvað til að byrja með. Það dregur úr innflutningi fyrst eftir að slíkt gjald kemur á. En það þarf meira til, það þarf miklu meira til. Ég hef verið eindregið þeirrar skoðunar, að það þurfi að leggja jöfnunartolla á í slíkum tilvikum sem hér er um að ræða. Ég á erfitt með að skilja að það geti verið svo mikið mál og ekki sé greiður aðgangur að því að fá upplýsingar um þessi mál í nágrannalöndum okkar, þegar ég hef sjálfur undir höndum heilar leiðbeiningabækur um styrktaraðgerðir við þessar iðngreinar. Það eru opinberar bækur og mér þykir undarlegt ef ekki er hægt að festa hendur á þeim.

Ég er þeirrar skoðunar, að Íslendingar eigi að leggja jöfnunartolla á, t. a. m. 10% jöfnunartolla á innflutt húsgögn á grundvelli þessara leiðbeiningabóka, og tilkynna okkar viðskiptalöndum, þessum fríverslunarbandalagslöndum, að þeir verði ekki teknir af fyrr en þau hafi með öruggum hætti sýnt fram á að þessar styrktaraðgerðir séu ekki lengur til

Iðnrh. kom hér að því, að ríkisstj. hefði samþykkt að koma á sérstöku gæðamati á innflutt húsgögn. Það er ábyggilega mjög gott mál, og mér er ekki grunlaust um að það, sem hv. 6. þm. Reykjv. kom hér inn á og kallaði óbeinar hömlur á innflutningi, sé slíkt gæðamat sem nágrannaþjóðir okkar og viðskiptaþjóðir hafa komið á og kalla bara, hygg ég, beint út hjá sér „momentary barriers". Hins vegar er ýmsum spurningum varðandi slíkt gæðamat ósvarað. Á það að vera skylda að öll innflutt húsgögn undirgangist slíkt gæðamat, að innflutt húsgögn t. a. m. uppfylli ákveðin skilyrði? Eða á þetta að vera þannig, eins og mér skilst að það sé meira í mörgum öðrum löndum, að gæðamerki vinni sér sess þannig að neytendur viti að það sé óráðlegt að kaupa vöruna nema hún sé gæðamerkt. Þarna er mikill munur á.

Varðandi innfluttu húsin vil ég aðeins segja það, að það virðist stóraukast nú að flytja inn tilbúin timburhús til Íslands. Það er enginn vafi á því, að þarna þarf gæðamat að koma til og að ýmis ákvæði í íslenskum byggingarsamþykktum þurfa að koma alveg sérstaklega til athugunar í þessu sambandi. Það er ekki tími til að rekja það hér, en við þurfum að reikna með meiri vindstyrk en gert er í þessum löndum. Þess vegna þarf að akkera þak

hér á Íslandi betur niður en gert er í þessum löndum. Og við þurfum að reikna með slagregni hér sem gerir vatnsþéttingar miklu erfiðari og nákvæmari en gert er í þessum löndum. Þar eru því ýmis ákvæði sem nauðsynlegt er að taka á. Slíkar aðgerðir eru hrein neytendavernd, að það séu ekki flutt inn hús sem uppfylla ekki þær kröfur, sem íslenskt veðurfar útheimtir að gerðar séu.

Ég vil alveg sérstaklega hvetja íslensku ríkisstj. til að taka fast á þessu máli. Ég tel alveg nauðsynlegt að leggja jöfnunartolla á í slíkum tilvikum sem þessum. Það er ábyggilegt, að íslenskur iðnaður verður að njóta sömu grundvallaraðstæðna og sá iðnaður sem hann keppir við erlendis. Til þess þarf að mæta þessum jöfnunar- og styrktaraðgerðum auk þess sem auðvitað er alveg nauðsynlegt að bæta þau starfsskilyrði sem innlendur iðnaður býr við hér. Þá á ég sérstaklega við þá mismunun á milli grunnatvinnuvega þjóðarinnar sem fram kemur í launaskatti og aðstöðugjaldi.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Aðeins örstutt. — Ég vil byrja á því að þakka hv. 12. þm. Reykv. fyrir að hreyfa hér merku og þörfu máli og vil aðeins bæta hér við og leggja áherslu á mikilvægi þess, að tekið verði upp þetta sem við köllum gæðaeftirlit á innfluttum iðnaðarvörum til landsins.

Hæstv. iðnrh. gat þess, að þetta mál væri í athugun hvað varðar innflutning á húsgögnum, en ég legg kannske enn þyngri áherslu á að þetta gæðaeftirlit verði tekið upp við innflutning á tilbúnum húsum. Ég held að það sé jafnvel enn brýnna að það sé gert og ég kem hér fyrst og fremst upp til að leggja áherslu á við hæstv. iðnrh. að það mál verði tekið mjög vel til athugunar jafnframt því að gæðaeftirlit verði tekið upp á innflutt húsgögn.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég hef í höndum greinargerð um jöfnunartolla. Hún er allt of löng til þess að gera grein fyrir henni hér og skal ég ekki gera það. En það er aðalregla samkv. okkar tollskrárlögum og GATT-samningunum, sem við erum aðilar að eins og kunnugt er, að það verða að vera a. m. k. þrjú skilyrði til þess að hægt sé að setja á jöfnunartoll. Í fyrsta lagi verður varan, sem er innflutt, að njóta ríkisstyrkja erlendis, í öðru lagi verður innlendum atvinnurekstri að hafa verið stefnt í verulega hættu eða hann torveldaður að mun vegna þess og í þriðja lagi verður að vera orsakasamband milli þess, að innflutt vara fær slíkan styrk erlendis, og þess, að innlendum atvinnurekstri sé stefnt í hættu eða hann torveldaður.

Áður en til álagningar kemur verður innflutningsland að láta fara fram rannsókn er sannar að öll framantöld skilyrði séu til staðar. Í tollskrárlögum er fátt sagt um hvernig stjórnvöld, þ. e. fjmrn. sem þetta heyrir undir, skuli standa að álagningu jöfnunartolls. Samkv. lögunum getur fjmrh. sett nánari reglur um jöfnunartolla og um skil á þeim, en þessar reglur hafa enn ekki verið settar. Af lögum og ákvæðum GATT-samningsins er ljóst að jöfnunartoll má aðeins leggja á innflutta vöru, ef skilyrði álagningar eru sannanlega fyrir hendi, sbr. það sem ég sagði áður. Þessir tollar eru yfirleitt lagðir á yfir tiltekið tímabil og hámarkið er samkv. okkar lögum sex mánuðir, ef ég man rétt. Þetta er auðvitað aðgerð sem kemur til greina, og hér hefur verið minnst á eitt mál sem er sláandi í þessum efnum og sýnir í raun og veru hvað okkar — ég vil segja: tollalög og kannske lagaástand er úrelt, og það er það, að þegar flutt eru heil hús inn í landið eru fjöldamargir hlutir í þeim húsum tollfrjálsir, sem sæta allháum tollum ef þeir eru fluttir inn sérstaklega. Ég hefði haldið að það væri mögulegt í þessu sambandi að framkvæma lögin þannig að tolla sérstaklega slíka hluti án þess að breyta lögum, en skal ekkert um það fullyrða. En í öllu falli er það alveg ljóst, að við getum sjálfir lagfært hjá okkur ýmislegt sem ekki er sanngjarnt í garð iðnaðarins þegar um er að ræða innflutning á vöru sem er framleidd hér í landinu, eins og hús, og sjálfsagt að leita allra leiða í þeim efnum.

Ég vil svo að lokum segja það, að þetta er auðvitað mjög þýðingarmikið mál fyrir okkur. Við eigum í vök að verjast með veikan iðnað, lítinn heimamarkað og harða samkeppni, við eigum mjög í vök að verjast. Og það háttar þannig til hjá okkur, eins og ég gat um áður, að svæði, sem eru talin jarðarsvæði í ýmsum EFTA-löndum og eiga við byggðavandamál að stríða, njóta ýmislegra styrkja og stuðnings, sem heimilt er samkv. EFTA-lögum eða EFTA-sáttmálanum. Þessi svæði eru kannske fjölmennari en Ísland og við auðvitað eigum í vök að verjast við samkeppni iðnaðarframleiðslu frá þessum svæðum. Það er því eðlilegt að við gerum kröfur um það, að menn reyni að finna mörk í þessum efnum, sem eru þess eðlis, að við sem aðildarríki að Fríverslunarbandalagi Evrópu getum sæmilega við unað og höfum skilyrði til þess að þróa okkar iðnað með eðlilegum hætti.

Kröfluvirkjun, fsp. (þskj. 94). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það eru orðin allmörg ár síðan umr. um Kröfluvirkjun stóð hvað hæst hér á Alþingi, en ég tel að sú umr. hafi áþreifanlega leitt í ljós að hér hafi verið um að ræða einhverja vanhugsuðustu og verst undirbúnu framkvæmd, sem dæmi þekkjast til úr íslenskri framkvæmdasögu, og jafnframt um einhverja mestu ævintýrapólitík í fjárfestingarmálum sem nokkur ríkisstj. hefur rekið.

Síðan þessar umr. fóru fram hefur það gerst til viðbótar, að saga Kröfluvirkjunar er notuð í erlendum háskólum sem skólabókardæmi um hvernig ekki eigi að standa að virkjun jarðgufu. Íslendingar eru komnir á blað í slíkum sérfræðistofnunum sem dæmi um hvernig ekki á að halda á málum.

Undir lok þessara umr. var lögð fram hér á Alþingi samkv. minni beiðni og fleiri þm. mjög ítarleg skýrsla um Kröfluvirkjun, þar sem m. a. komu fram allar þær áætlanir, sem hafðar hafa verið uppi um virkjunina, og kostnaður henni samfara. Síðan hefur lítið um Kröfluvirkjun verið fjallað hér á Alþingi, nema að jafnan við afgreiðslu lánsfjárlaga og fjárlaga hefur verið gert talsvert veður út af því, að nú stæðu líkur til að virkjunin mundi komast í gagnið ef Alþingi samþykkti að verja verulegum hluta til viðbótar af sameiginlegu fé landsmanna til framkvæmda við virkjunina. Minna hefur hins vegar orðið úr því, að þessar tilraunir hafi skilað árangri.

Herra forseti. Ég tel að nauðsynlegt sé fyrir Alþingi að fá nú enn upplýst hvað hefur gerst frá því að síðast var um Kröfluvirkjun fjallað með þeim hætti sem gert var í hinni ítarlegu skýrslu. Hef ég því leyft mér að bera fram á þskj. 94 svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Hver er orðinn heildarframkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun ásamt fjármagnskostnaði?

2. Hver eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur virkjunarinnar á yfirstandandi ári? Hvert þyrfti orkuverðið að vera frá Kröflu, miðað við áformaða orkuframleiðslugetu virkjunarinnar í ár, til þess að orkuverðið gæti staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði? Séu upplýsingar ekki tiltækar fyrir yfirstandandi ár er spurt um hliðstæðar upplýsingar fyrir árið 1980.

3. Hvenær er talið líklegt að Kröfluvirkjun nái fullri orkuframleiðslugetu, hvað er ráðgert að til virkjunarinnar þurfi að kosta miklu fjármagni til þess að svo geti orðið, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af borunum, og hvenær má áforma að virkjunin geti sjálf af tekjum sínum staðið undir: a) rekstrarkostnaði, b) rekstrar- og fjármagnskostnaði?"

Ég vil aðeins bæta því við, hæstv. forseti, að nýverið urðu talsverðar deilur um þá ráðstöfun hæstv. ríkisstj. að taka fjármagnskostnað vegna Kröfluvirkjunar út úr ríkissjóði, út úr A-hluta fjárlagafrv. og færa þennan kostnað undir B-hluta fyritæki, þ. e. fyrirtæki með sjálfstæðan fjárhag. Á bak við þessa ákvörðun hlýtur að liggja ákvörðun um það, að Kröfluvirkjun sé ætlað að fara að greiða þennan fjármagnskostnað, a. m. k. einhvern tíma í fyrirsjáanlegri framtíð. Einhverjar upplýsingar hlýtur hæstv. ríkisstj. að hafa sem gera það að verkum að hún tekur þessa ákvörðun við gerð fjárlagafrv. nú. Hafi hún engar slíkar ákvarðanir að byggja þessa afstöðu sína á og engar frekari upplýsingar en eru almennt á vitorði alþm., þá er að sjálfsögðu ljóst að sú ákvörðun að flytja fjármagnsútgjöld Kröflu úr A-hluta ríkisreiknings yfir í B-hluta fjárlaga er aðeins til þess gerð að láta líta svo út á pappírnum, að hagur ríkissjóðs sé betri en hann raunverulega er.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég svara hér fsp. frá hv. 3. þm. Vestf. varðandi Kröfluvirkjun, en eins og hann gat um er nokkuð umliðið síðan málefni hennar hefur borið hér á góma. Vorið 1980 svaraði ég fsp. skriflega með yfirliti sem lagt var fram hér á Alþingi, en varðandi svör við þessari fsp. nú hef ég leitað til umsjónaraðila virkjunarinnar, Rafmagnsveitna ríkisins, sem falið var í ársbyrjun 1979 að annast rekstur hennar og standa fyrir framkvæmdum og gera tillögur um framkvæmdir vegna Kröfluvirkjunar. Frá sama tíma var afnumið það skipulag sem áður gilti um Kröflunefnd, sem lögð var niður, og fyrirmæli til Orkustofnunar sem orkuöflunaraðila í því formi sem verið hafði.

En ég ætla að þessum inngangi loknum að ganga beint að því að svara fsp. hv. fyrirspyrjanda. Hver er orðinn heildarframkvæmdakostnaður við Kröfluvirkjun ásamt fjármagnskostnaði? er fyrsta spurning hans.

Svar: Heildarframkvæmdakostnaður ásamt fjármagnskostnaði við Kröfluvirkjun miðað við árslok 1981 er áætlaður 616.9 millj. kr. Er þá miðað við verðlag á miðju þessu ári. Samkv. samantekt ríkisbókhalds, sem nær til ársloka 1980. Ef þessi upphæð er talin til verðlags á miðju þessu ári nemur hún 543 millj. kr. Framkvæmdir 1981 við Kröfluvirkjun eru áætlaðar 33.6 millj. kr. samkv. fjárlögum og 3.8 millj. kr. þar til viðbótar eiga að koma úr rekstri Kröfluvirkjunar eða alls 37.4 millj. kr. Þá eru áætlaðar vaxtagreiðslur samkv. fjárlögum 1981 36.5 millj. kr., þannig að úr þessum tveimur þáttum ársins 1981 verður bókfærð aukning Kröfluvirkjunar 73.9 millj. kr. og heildarfjárfesting miðað við þetta við Kröfluvirkjun í árslok 1981 þannig áætluð 616.9 millj. kr. á áætluðu meðalverði 1981.

Önnur spurning er svohljóðandi: Hver eru áætluð rekstrarútgjöld og rekstrartekjur virkjunarinnar á yfirstandandi ári? Hvert þyrfti orkuverðið að vera frá Kröfluvirkjun, miðað við áformaða orkuframleiðslugetu virkjunarinnar í ár, til þess að orkuverðið gæti staðið undir rekstrar- og fjármagnskostnaði?

Svar í a-lið: Rekstraráætlun fyrir árið 1981 er þannig: Raforkusala 14.7 millj., rekstrargjöld 10.9 millj., rekstrarafgangur á árinu 1981 áætlaður 3.8 millj. kr. Raforkusala er reiknuð á verði Landsvirkjunar inn á Norðurlínu, eftir byggðalínunni, og rekstrargjöld sundurliðast þannig: Stjórnun 1 millj. 270 þús., launatengd gjöld 3 millj. 110 þús., rekstur og viðhald 1 millj. 530 þús., rekstrarrannsóknir 350 þús., bifreiðar og vinnuvélar 380 þús., mötuneyti 460 þús., Kröfluvegur 190 þús., húseignir í Kröflu 360 þús., stöðvarvarðarhús 140 þús., umbætur vegna rekstrar 890 þús., hreinsun borhola 390 þús. og vélaupptekt 1 millj. 830 þús. kr., samtals 10.9 millj. kr. eins og áður getur. Engar afskriftir eru áætlaðar né bókfærðar í rekstrargjöldum. Fjármagnskostnaður er eignfærður á virkjunina, en er ekki gjaldfærður.

Í b-lið er svarið: Ef afskriftir af öllur fjárfestingarkostnaði kæmu til og væru metnar 3.5% á ári mætti áætla afskriftir 1981 21 millj. 640 þús. kr. Fjármagnskostnaður samkv. fjárlögum 1981 áætlaður 36 millj. 450 þús. kr. Heildarrekstrar- og fjármagnskostnaður yrði því rekstrargjöld 10.9 millj. kr., afskriftir 21 millj. 640 þús. og fjármagnskostnaður 36 millj. 450 þús. eða alls 68 millj. 990 þús kr. Samkv. þessum tölum þyrfti verð frá Kröfluvirkjun að hækka um 369% frá því verði sem hefur gilt á árinu 1981. Þess ber þó að geta, að ekki er öll fjárfestingin í notkun enn sem komið er og er það raunar vel kunnugt. T. d. er búið að reisa stöðvarhús fyrir báðar vélasamstæður virkjunarinnar og kaupa báðar vélasamstæður fyrir alllöngu.

Þriðja spurning: Hvenær er talið líklegt að Kröfluvirkjun nái fullri orkuframleiðslugetu, hvat er ráðgert að til virkjunarinnar þurfi að kosta miklu fjármagni til þess að svo geti orðið, miðað við þá reynslu sem fengist hefur af borunum, og hvenær má áforma að virkjunin geti sjálf af tekjum sínum staðið undir: a) rekstrarkostnaði, b) rekstrar- og fjármagnskostnaði?

Svar: Í bréfi Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens hf. og Virkis hf. er gerð grein fyrir áætlun um viðbótarstofnkostnað vegna Kröfluvirkjunar á árunum 1982—1990. Tímans vegna rek ég ekki þetta bréf, en get afhent hv. fyrirspyrjanda ljósrit af því. Heildarfjárfesting í árslok hvers árs fyrir árin 1982—1990 óafskrifuð yrði sem hér segir á verðlagi 1981:

Framkvæmdir áranna 1982—1990 eru áætlaðar 344 millj. kr. alls eða að jafnaði 38 millj. 222 þús. kr. á ári. Miðað við árslok 1980 eru það 542 millj. 993 þús., og síðan er það rakið frá ári til árs og er á árinu 1990 960 millj. 883 þús. kr. Áætlun þar að lútandi liggur fyrir sundurliðuð og er hægt að afhenda hv. fyrirspyrjanda hana ef hann hefur áhuga á. Forsendur áætlunarinnar eru þessar helstar: Magn raforku er samkv. áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, verð raforku er meðalverð Landsvirkjunar fyrir raforkusölu inn á Norðurlínu, byggðalínuna, og er 0.239 kr. á kwst. eða tæplega 24 aurar. Rekstrargjöld hafa verið áætluð í

samráði við Einar Tjörva Elíasson yfirverkfræðing við Kröfluvirkjun. Afskriftir eru áætlaðar 3.5% á ári að meðaltali af allri fjárfestingu í Kröfluvirkjun, og fjármagnskostnaður er áætlaður 4.25% á föstu verðlagi.

Þetta eru svör við spurningum hv. fyrirspyrjanda. Um Kröfluvirkjun, forsögu og horfur mætti vissulega margt segja svo og þýðingu virkjunarinnar í sambandi við rekstur á núverandi línukerfi landsins, en ég ætla ekki að fara út í þá þætti hér nema sérstakt tilefni gefist til.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Mér er alveg ljóst og var ljóst þegar ég gerði þessa fsp., að hún er mjög ítarleg, óvenjulega ítarleg og krefst óvenjulega ítarlegra svara. Ég vil því strax færa hæstv. iðnrh. sérstakar þakkir fyrir þau svör sem hann hefur gefið, sem eru mjög ítarlega og skýr. Ég vil jafnframt vekja athugli á nokkrum staðreyndum sem koma fram í hans máli.

Hann upplýsti að ljóst væri að framkvæmdakostnaður við þetta ævintýrafyrirtæki, Kröflu, væri áætlaður 960 millj. kr. til ársins 1990. Þessi virkjun, verði hún búin þá sem alls ekki liggur ljóst fyrir, mun þá hafa kostað á verðlagi miðs árs 1981 960 millj. nýkr. eða 96 milljarða gkr. Framlag virkjunarinnar sjálfrar til framkvæmda og til fjármagnskostnaðar eru 3.8 millj. í ár, sem er aðeins um það bil 10% af fjármagnskostnaðinum einum, vaxtakostnaðinum einum. Þurfa þá $^{9}/_{10}$ fjármagnskostnaðarins á hverju ári að koma úr vasa landsmanna, fyrir utan allar fjárhæðir sem þarf að verja til frekari framkvæmda við Kröfluvirkjun. Til þess að þetta fyrirtæki gæti staðið undir sér á framkvæmdatímanum þyrfti orkuverðið þaðan að vera tæplega 370% hærra en það er. Hvaða 240 þús. manna þjóð annarri skyldi vera gert að borga slíkan reikning fyrir aðra eins ævintýrapólitík og þá sem stóð á bak við gerð þessarar virkjunar? Það er nokkuð ljóst dæmi um ástandið í íslensku þjóðfélagi, að þeir aðilar, sem báru ábyrgðina á og stjórnuðu því, að þessi óskapaframkvæmd varð til, sitja nú við stjórnvölinn á okkar þjóðarskútu. Hæstv. þáv. iðnrh. er nú forsrh. og Kröflunefndarmennirnir eru annar ráðherra vísindamála á Íslandi, æðsti yfirmaður allra vísindamála í landinu, hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason, og hinn æðsti yfirmaður opinberra fjármála, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds. Ef einhvern tíma hefur verið til réttmætt heiti á ríkisstj., þá ber þessari ríkisstj. heitið Krafla, og ætlar að verða jafndýr mistök þjóðarheildinni og framkvæmdin ætlar að reynast, og mætti þó sjálfsagt bæta við mörgum núllum fyrir aftan þegar reikningarnir verða gerðir upp.

Ég tek enn og aftur fram að hæstv. núv. iðnrh. var enginn aðili að þessari framkvæmd á sinni tíð. Ég býst við því, þó að ég viti það ekki, að hann hafi verið meðal þeirra flokksmanna Alþb. sem voru sammála okkur Alþfl.-mönnum á sinni tíð um afstöðu til þeirrar virkjunar. Ég þakka hæstv. iðnrh. enn og aftur fyrir þær mjög skýru og greinargóðu upplýsingar sem hann gaf við fsp. minni áðan.

Olíustyrkir til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til viðskrh. um olíustyrki til jöfnunar og lækkunar hitunarkostnaðar.

Það er sprut um í fyrsta lagi: Hverjar ástæður geta verið fyrir því, að ekki sé ráðstafað til olíustyrkja nema um helmingi af þeim 50 millj. kr., sem fjárlög 1981 gera ráð fyrir að sé varið í þessu skyni?

Í öðru lagi er spurt hvort ríkisstj. vilji sjá til þess, að greidd verði viðbót við olíustyrki árið 1981, þannig að ráðstafað verði öllu því fjármagni sem fjárlög gera ráð fyrir til olíustyrkja á þessu ári.

Í fjárlögum fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að verja 50 millj. kr. í styrk vegna olíunotkunnar til húshitunar. Frá 1. jan. 1980 hefur hver olíustyrkur numið 200 kr. á ársfjórðunginn. Meðaltalsfjöldi styrkja á árinu 1981 er áætlaður um 29 þús. Yrði þá kostnaður, miðað við óbreyttan olíustyrk, fyrir árið 1981 um 23 millj. kr. Auk þess er olíustyrkur greiddur til rafveitna og skóla og áætlast þær greiðslur 2—3 millj. kr. á þessu ári. Upphæð olíustyrkja hefur verið óbreyett síðan lög nr. 53/1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, voru sett. Í lögunum segir að heimilt sé að breyta olíustyrknum miðað við breytingu á verði gasolíu og annarra orkugjafa. Ef olíustyrkurinn hefði verið hækkaður í hlutfalli við olíuverð hefði hann átt að vera 360 kr. á ársfjórðungi þegar fyrir síðustu olíuverðshækkun nú að dögunum, miðað við það olíuverð sem var þegar frv. að lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar var samþykkt. Með tilliti til þessara staðreynda lýsir það ekki mikilli umhyggju fyrir því fólki, sem þarf að bera byrðar olíuupphitunar, og er raunar reginhneyksli að ríkisstj. skuli ekki hafa notað heimild laga til þess að hækka olíustyrkinn og nýta allt það fjármagn sem Alþingi hefur ákveðið að varið skuli í þessar þarfir.

Fsp. mín veit að því annars vegar að fá skýringar á þessu framferði ríkisstj. og hins vegar að því að fá úrbætur í þessu efni. Ég legg áherslu á að ríkisstj. sjái til þess, að greidd verði viðbót við olíustyrkinn fyrir árið 1981, þannig að ráðstafað verði öllu því fjármagni sem fjárlög gera ráð fyrir til olíustyrkja fyrir fjórða ársfjórðung og jafnframt uppbót á styrki hinna fyrri ársfjórðunga. Ákvörðun um þetta þarf að taka strax. Það væri góður jólaglaðningur fyrir þá sem búa við olíuupphitun. Reyndar er þetta ekki annað en það sem ríkisstj. ber nú skylda til að gera.

Ef einhver er í vafa um réttmæti þess, sem hér er farið fram á, má vísa til staðreynda. Það er að sjálfsögðu af mörgu að taka, en ég læt mér nægja að benda á að samkv. niðurstöðum könnunar Fjórðungssambands Vestfirðinga er mismunurinn á útgjöldum sambærilegrar fjölskyldu í Reykjavík, sem býr við hitaveitu, og á Ísafirði, sem býr við húshitun með olíu, sem nemur andvirði 13.73 vinnuvikna. Það tekur á Ísafirði 13.73 vinnuvikur að vinna fyrir upphituninni samkv. þessu fram yfir það, sem það tekur Reykvíkinginn, sem býr við hitaveituna. Þessir útreikningar hafa ekki verið vefengdir. Þetta er sambærilegt við það sem allir þurfa að þola sem við olíukyndingu búa, hvar sem þeir eru á landinu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf. hefur gert fsp. um olíustyrki á þskj. 132, svohljóðandi:

„Hverjar ástæður geta verið fyrir því, að ekki sé ráðstafað til olíustyrkja nema um helmingi af þeim 50 millj. kr. sem fjárlög 1981 gera ráð fyrir til olíustyrkja á þessu ári?“

Við ákvörðun um lækkun ríkisútgjalda á s. l. sumri ákvað ríkisstj. að lækka þennan fjárlagalið í 46 millj. kr. Ástæða þess, að olíustyrkur hefur ekki verið hækkaður, er sú, að ekki þykir rétt að greiða olíuna það mikið niður að olíuhitun verði ódýrari en hitun með innlendum orkugjöfum. Olíustyrkur hefur verið 200 kr. á ársfjórðungi. Fyrir síðustu hækkun olíunnar nú í byrjun desember er talið að olíuhitun hafi verið um 10% dýrari en rafhitun, ef olíustyrkur hefði verið 253 kr. á ársfjórðungi. Mér finnst eðlilegt að olíuhitun sé eitthvað dýrari en hitun með innlendum orkugjöfum, þannig að í því felist hvatning til notkunar þeirra. En það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því í sambandi við þessi mjög svo alvarlegu mál, sem varða miklu um afkomu fólks, að það er býsna dýrt að hita upp híbýli og hús í sumum tilvikum með innlendum orkugjöfum.

Fyrirspyrjandi spurði til viðbótar: „Vill ríkisstj. sjá til þess, að greidd verði viðbót við olíustyrkinn 1981, þannig að ráðstafað verði öllu því fjármagni sem fjárlög gera ráð fyrir til olíustyrkja á þessu ári?"

Ég er þeirrar skoðunar, að eðlilegt sé að úthluta þeirri fjárhæð sem hverju sinni er til ráðstöfunar, en þó verði að gæta þeirra sjónarmiða sem ég gat um hér að framan. Ég skipaði á s. l. sumri nefnd fulltrúa allra þingflokka til þess að endurskoða lögin um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Ég hef óskað þess við nefndina, að hún væri mér til ráðuneytis um olíustyrkinn, og er mér kunnugt um að hún er nú með það mál í athugun, eins og hv. fyrirspyrjandi veit, en hann á einmitt sæti í nefndinni. Árið er ekki liðið og enn færi á því að hækka olíustyrkinn, þannig að ég hef verið að hinkra við eftir niðurstöðum og ráðleggingum frá nefndinni áður en ég eða ríkisstj. tæki endanlega ákvörðun í þessu máli.

Ég get fallist á að það sé eðlilegt að greiða viðbótarstyrk fyrir 1981 ef það þykir ráðlegt með tilliti til framangreindra sjónarmiða, sem ég gerði hér grein fyrir og í raun og veru eru grundvöllur að þeirri stefnu sem mörkuð var í lögunum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, þ. e. að stefnan sé sú, að upphitun með olíu að viðbættum olíustyrk sé yfirleitt ekki ódýrari en upphitun með innlendum orkugjöfum, til þess að hvetja menn til að nýta innlenda orkugjafa til upphitunar. En þeir eru í sumum tilfellum býsna dýrir og það er auðvitað skylt mál, en þó nokkuð annað mál og stærra. Að óbreyttum olíustyrk mundi ég áætla að greiðsla fyrir árið í ár mundi nema allt að 30 millj. kr., þannig að þarna er nokkurt svigrúm.

Það er ástæða til að geta þess, að olíustyrkjum hefur farið mjög verulega fækkandi á undanförnum árum. Þegar fyrri olíukreppan skall á 1973 var lögleitt hér á hv. Alþingi á árinu 1974 að innleiða olíustyrki til upphitunar. Þá voru þeir samtals hartnær 95 þús. að tölu. Á undanförnum árum hefur verið unnið mjög kappsamlega að því að byggja hitaveitur og yfir höfuð raforkuver og auka innlenda orkuframleiðslu í öllum efnum. Niðurstaðan hefur orðið sú, að nú eru olíustyrkir samtals 25 þús., en voru nær 95 þús. 1974. Og þegar búið verður að tengja Akranes, Stokkseyri og Eyrarbakka, sem verður gert bráðlega, fara olíustyrkir niður fyrir 20 þús. Það er því býsna mikill árangur sem náðst hefur í þessum efnum á undanförnum árum, og er ástæða til að benda á það, að við getum fengið olíukreppu hvenær sem er. Þær skullu á í raun og veru án þess að gera boð á undan sér og hafa verið tvær, eins og við þekkjum, aðallega á síðasta áratug. En við getum allt eins staðið frammi fyrir þeirri staðreynd hvenær sem er að fá þriðju olíukreppuna með stórhækkuðu olíuverði. Við skulum vona að svo verði ekki, en um það getur enginn sagt.

Ég vil að lokum segja þetta: Í fyrsta lagi, að ég bíð eftir ráðgjöf frá nefndinni, sem hv. fyrirspyrjandi á sæti í, áður en endanlega verða teknar ákvarðanir um ráðstöfun þess fjár sem er til og er nú heldur meira vegna þess að það hefur miðað hraðar í þessum framkvæmdum en áætlað var þegar ákvarðanir voru teknar um upphæðina í fjárlögum hér í fyrra. En þetta mál allt saman er stórt mál og miklu stærra mál en varðandi olíustyrkina, vegna þess að menn búa við ákaflega misjöfn kjör að því er snertir upphitun með innlendri orku. Það er annað og stærra mál, en engu þýðingarminna en hitt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði að það væri ekki rétt að hafa olíustyrkina svo háa, að það yrði ódýrara að kynda með olíu en að nota innlenda orkugjafa, og átti þá auðvitað við raforku. Það er alveg rétt, að raforkan er dýr, og það eru sumar hitaveitur líka. Sumar hitaveitur eru sjö sinnum dýrari en t. d. á Reykjavíkursvæðinu. Það þyrfti víðar að jafna.

Ég vil vekja athygli á því, að á þessu ári er reiknað með 130 millj. í orkujöfnunargjald. Við settum sérstök lög til þess að bjarga neyð fólks, sem bjó við olíuupphitun, — settum sérstök lög snemma á árinu 1980 um sérstakan skatt til þess. Við innheimtum á þessu ári 130 millj., ættum að nota 50 samkv. fjárlögum, en gerum það ekki. Á næsta ári er reiknað með að innheimta 190.1 millj. í þennan sérstaka neyðarskatt fyrir fólk sem kyndir með olíu, en það á ekki að nota samkv. fjárlögum nema 30 millj. Ég vek athygli á því, að hér er verið að breyta þessum neyðarskatti í eyðsluskatt fyrir ríkissjóð á sama hátt og gert var á sínum tíma með viðlagasjóðsgjaldið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að nota beri það fé, sem innheimt er í þessu skyni, til þess að jafna upphitunarkostnaðinn í landinu. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að til þess að það sé hægt, svo að viðunandi sé, verður að grípa inn í gjaldskrárkerfi Landsvirkjunar og ætla henni að selja orku til rafmagnsupphitunar á lægra verði en gert er í dag. Það mál hlýtur að koma hér til umfjöllunar í sölum þingsins, m. a. í tengslum við hugmyndir manna um ódýra raforku til iðjuvera. Það fær ekki staðist, að hinn almenni borgari eigi að búa við þann mikla orkuverðsmun sem er í dag á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis og þeirri raforku sem seld er til stórra iðnaðaraðila í landinu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég tek undir þau orð sem hv. 5. þm. Suðurl. viðhafði hérna um orkujöfnunargjaldið. Ég tek líka undir það sem hv. 5. þm. Vestf. sagði um nauðsyn jafnaðar á orkuverðinu. En vegna tímans ætla ég að halda mig við svar hæstv. viðskrh. og byrja á því að þakka honum fyrir það.

En ég hef nokkrar aths. við sumt af því sem hann sagði.

Hann sagði að það væri fé afgangs af því sem hefði verið ákveðið í fjárlögum til olíustyrkja, vegna þess að það hefði miðað hraðar hitaveituframkvæmdum en gert hefði verið ráð fyrir. Ég leyfi mér að efast um þetta. Ég held að það hafi legið nokkuð ljóst fyrir, hverjar hitaveituframkvæmdir yrðu á þessu ári og hvað olíustyrkirnir

lækkuðu af þeim ástæðum. Það hefur legið ljóst fyrir. Það, sem lá ekki ljóst fyrir, var að upphæð olíustyrksins skyldi vera látin óbreytt frá því 1. jan. 1980. Og það er það sem ég finn að og ásaka hæstv. ríkisstj. fyrir að hafa látið viðgangast. Það er þess vegna sem við eigum nú fé eftir af þeirri upphæð sem fjárlög gera ráð fyrir til olíustyrkja.

Hæstv. ráðh. fór nokkrum orðum um það, að vafasamt gæri verið að hækka olíustyrkinn eða a. m. k. þyrfti að vara sig á því, að olíuupphitun yrði ekki ódýrari eða jafnódýr og rafmagnsupphitun, því að þá mundi hverfa hvatinn til þess að taka upp innlenda orkugjafa til húshitunar. Ég kannast við þessi sjónarmið. Ég kannast einkum við þau hjá þeim sem ég hef efast um að hefðu mikinn áhuga á að greiða niður olíuverð til þess að jafna hitunarkostnaðinn. En það verður minna vart við það hjá þeim sem vilja þó jöfnuð þarna á, eins og ég efast ekki um að hæstv. viðskrh. vilji. En hvers vegna eru menn alltaf með þessar úrtölur, hræðslu við þetta? Það skil ég ekki, því að þarna er mikill munur á. Samkv. útreikningum, sem ég hef hér og eru gerðir á vegum viðskrn., má hækka olíustyrkinn núna upp í 381 kr. á ársfjórðungi úr 200 kr. til þess að upphitun með olíu kosti það sama og upphitun með rafmagni. Það má nærri tvöfalda styrkinn til þess. Er ekki óhætt úrtölulaust að gera eitthvað til þess að jafna þetta bil? Ég læt mér ekki til hugar koma, þó að öllu því fjármagni, sem við eigum nú óráðstafað, verði ráðstafað til þess að hækka olíustyrki og í viðbót við olíustyrk eins og ég vék að áðan, að nokkur hætta sé á að nokkuð verði skertur hvati fólks til að hagnýta innlenda orkugjafa. Það er fjarstæða.

Auðvitað geri ég mér grein fyrir mismun á innlendum orkugjöfum og olíu. En ég skal ekki fara að ræða frekar um það. Ég vil í þessu sambandi aðeins minna á það, að jafnvel þó að verðið sé það sama, þá er svo margt sem mælir með því, að fólk vilji heldur greiða rafmagnsupphitun á sama verði en olíuupphitun, eins og þirfnaður og það öryggi að vera óháður olíunni. Olíuverðið getur hækkað upp úr öllu valdi hvenær sem er og talað er um að þessi orkugjafi verði kannske ekki fyrir hendi eftir tiltölulega skamman tíma. Ég held að það þurfi ekkert að óttast í þessu efni.

Hæstv. ráðh. vék að nefnd sem væri að athuga þessi mál og hann sagði réttilega að ég væri í. Ég hef rætt þessi mál í þeirri nefnd nú síðustu daga og hef ekki fundið annað en jákvæðar undirtektir undir þetta. Fyrst ráðh. er að bíða eftir kveðju frá nefndinni, þá mun ég á næsta fundi leggja til að nefndin leggi það til sem felst í tillögu þessari og ég hef hér gert ráð fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Enda þótt búið sé að gera hér á Alþingi og víðar grein fyrir útreikningum á mismun á upphitunarkostnaði eftir því, hvaða orkugjafi er valinn, þá held ég samt sem áður að menn geri sér ekki fulla grein fyrir hvílíkum lífskjaramun þetta veldur. Mér er kunnugt um einstök dæmi þess, þegar t. d. fullorðið fólk á í hlut sem hefur lítið fyrir sig að leggja, að þetta fullorðna fólk, sem hefur þurft að búa við dýrustu tegund kyndingar, hefur þurft að neita sér um allar brýnustu lífsþurftir, eins og við teljum þær vera í dag, til þess eins að geta haft í sig og á. Mér er kunnugt dæmi þess, að gamall einsetumaður hefur orðið að segja upp bæði blaðinu, sem hann keypti, og sjónvarpinu, sem hann hafði, vegna þess að kyndingarkostnaðurinn við húsið hans hafði hækkað svo mikið að hann hafði ekki lengur efni á að standa undir því að fæða sig og klæða og geta veitt sér þessi mannréttindi einnig. Þó svo að búið sé að gera ýmsan samanburðarútreikning, sem m. a. leiðir í ljós að um geti verið að ræða nífalt meiri útgjöld fyrir launþegafjölskyldu að vera búsett vestur á Ísafirði heldur en hér í Reykjavík með tilliti til hitunarkostnaðar, þá held ég samt sem áður að hv. alþm. margir hverjir geri sér ekki grein fyrir þeim gríðarlega lífskjaramun sem hér er um að ræða. Er raunar hneisa að hæstv. ríkisstj. skuli við þessar aðstæður leggja fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir að aflað verði sérstakra tekna til orkujöfnunar á Íslandi sem eiga að nema 190 millj. kr. á næsta ári, en af því fjármagni eigi aðeins að ráðstafa 30 millj. kr. í því skyni sem látið er í veðri vaka að verið sé að afla peninganna til, en 160 millj. kr. fara í ríkishítina. Þetta tel ég, herra forseti, vera hreint hneyksli.

Ég vil einnig leyfa mér að vekja athygli á því í lokin, að því miður er því ekki að fagna, að hér sé aðeins svona mikill munur á upphitunarkostnaði annars vegar með olíu og hins vegar með innlendum orkugjöfum, því að því miður hefur tekist svo til að jafnvel þó að innlendir orkugjafar eigi í hlut, þá getur kostnaðurinn við notkun þeirra í einstökum minni sveitarfélögum verið álíka mikill fyrir einstaklingana og heimilin eins og kostnaður af innfluttum orkugjöfum. Það þarf því að líta á meira en bara olíukostnaðinn í þessu sambandi. Rafhitunin og fjarvarmaveiturnar sumar hverjar standa þar ekki langt að baki hvað kostnað varðar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég held að það sé enginn ágreiningur milli mín og hv. fyrirspyrjanda um þessi mál almennt séð, enda stóðum við saman hér á sínum tíma að því að flytja frv. einmitt um þessi málefni. En málið er stærra en svo að það varði einvörðungu upphitun með olíu. Stefnan hlýtur og á að verða sú, þegar til lengri tíma er litið, að menn búi við svipuð kjör í þessum efnum hvar sem menn búa í landinu. Ef mikill munur er á til langframa hlýtur það að hafa áhrif á byggðina, hlýtur að raska byggðinni. Menn vilja frekar búa þar sem ódýrara er að hita upp híbýli, vegna þess að þetta er svo stór liður í allri framfærslu. Þetta er auðvitað mjög stórt mál og brýnt að ná pólitískri samstöðu hér á hv. Alþingi um þetta upphitunarmál allt, en ekki einvörðungu það sem varðar upphitun með olíu, sem ég hygg þó að við séum flestir hverjir sammála um að reyna að útrýma, vegna þeirra óvissu og þeirrar áhættu, sem bundin er við olíuverðið, og raunar öryggið í þeim efnum einnig.

Ég mun bíða eftir því, að nefndin, sem ég skipaði, skili af sér og geri tillögur í þessum efnum. Það er ástæðan fyrir því, að ég hef hinkrað við í þessum málum. Ég var þeirrar skoðunar í sumar, þegar ákvörðun var tekin um þriðja ársfjórðunginn, að hækka bæri svolítið olíustyrkinn, en gerði það ekki með tilliti til þess, að mér þótti rétt að fram færi endurskoðun á lögunum, sem sett voru fyrir tæpum tveimur árum, til þess að átta sig betur á því, hvað skynsamlegt væri að gera í þessum efnum, en alls ekki til hins, að komast hjá því að greiða það fjármagn, sem er í fjárlögum til þeirra sem á því þurfa að halda og þeim er ætlað. Ég vonast til þess að hv. þm. verði — ja, ég veit ekki hvort ég á að segja: fljótari til að skila af sér í nefndinni en að gera þessa fsp. hér á Alþingi.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér finnst nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn þegar hæstv. viðskrh. er að láta liggja að því, að dráttur á aðgerðum ríkisstj. í þessu máli sé mér að kenna. Hæstv. ráðh. skipaði mig í þessa nefnd. Hann skipaði líka fleiri. Ég hef gengið út frá því, að störf nefndarinnar hafi verið unnin í samráði við ráðh., þó að ráðh. hafi ekki haft samband við mig í því efni. En ég lofaði ráðh. því áðan, að ég skyldi á næsta fundi nefndarinnar leggja til að nefndin legði þegar í stað til að orðið yrði við þeim tillögum sem ég hef lagt fram í þessu efni.

Hæstv. ráðh. talaði um að þetta væri mjög viðtækt mál. Auðvitað er þetta viðtækt mál, upphitunarmálin. Ég hef hér aðeins verið að ræða um olíuupphitun, en hæstv. ráðh. minntist á frv. sem við vorum flm. að, ég 1. flm. og hann 2. flm. og fleiri sómamenn á eftir okkur. En hæstv. ráðh. er búinn að gleyma því, að í þessu frv. var um fleira að ræða en bara niðurgreiðslu á olíu til beinnar olíuupphitunar. Þar var um að ræða niðurgreiðslu á olíu til fjarvarmaveitna, rafveitna til rafmagnsframleiðslu o. s. frv. Þetta vil ég minna hæstv. ráðh. á. En hæstv. ráðh. var þess mjög minnugur, hve gott frv. þetta var, vegna þess að þegar sett var sú löggjöf, sem nú gildir um þetta efni, var því lofað af hálfu ráðh. að löggjöfin yrði hið bráðasta endurskoðuð og þá skyldi taka tillit til þess frv. sem við ásamt félögum okkar lögðum fram og ég var að vitna til áðan.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hér er aðeins í þessu máli um að ræða einn hlutann af því stóra vandamáli, sem er á leiðinni að valda einhverri mestu byggðaröskun í landinu. Þegar menn tala um upphitunarkostnað vegna olíu er ljóst að það eru fleiri þættir sem þarf að taka tillit til. Það er orðinn æðimikill munur á upphitunarkostnaði annars vegar hér á þessu hitaveitusvæði t. d. og á rafmagnsupphitun úti á landi og á fjarvarmaupphitun líka. Þessa þrjá þætti á því að ræða saman, en ekki einskorða sig við olíuupphitun.

Ég heyrði að hæstv. viðskrh. sagði að það mundi ekki vera ágreiningur milli hans og hv. þm. Þorvalds Garðars í þessu máli. En ég vil benda á að það er þegar, hefur verið lengi og er vaxandi ágreiningur milli stjórnvalda, hæstv. viðskrh. og fólksins sem þarf að búa við þessi illu kjör. Hæstv. ríkisstj. hefur nýlega svarað fyrir sig í þessu máli. Ég veit að hv. þm. er það kunnugt, að ein meginkrafan í sambandi við þá samninga, sem voru á döfinni á s. l. hausti af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða, var um jöfnun orkuverðs og kröfu um úrbætur beint til hæstv. ríkisstj. Hér er um að ræða mál sem menn hafa talað um svo árum skiptir, en lítið sem ekkert orðið af framkvæmdum.

Ríkisstj. hefur nú neitað þessu, neitað ekki bara Vestfirðingum, þó að þeir hafi sett fram kröfuna og vildu fá lagfæringu, hún hefur neitað öllu því fólki sem hér á hlut að máli, um leiðréttingu. Ég vænti þess þó, að það verði hægt að knýja hæstv. ríkisstj. til þess að gera hér úrbætur á. Það yrði einhver mesta og raunhæfasta kjarabótin sem launafólk úti um land fengi, ef þarna yrði gerð leiðrétting á. Ég trúi því ekki, þó að þessa stundina verði maður að horfa á svarið á blaði neikvætt, að ekki verði með einhverjum hætti hægt að knýja hæstv. viðskrh. og aðra hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. og meiri hl. hér á Alþingi til að fallast á þessar sjálfsögðu kröfur fólksins sem við þetta býr. Því verður ekki unað lengur að hér fáist ekki leiðrétting. Það verður að ske. Og ég bið hæstv. viðskrh., ef hann í hjarta sínu er sammála okkur í þessu, að beita þá þeim áhrifum sem hann getur innan ríkisstj. til þess að neiið verði afturkallað, því að neiið er komið fram af hálfu hæstv. ríkisstj., en jáið verður að knýja fram.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Nú gerist skammt stórra högga milli, er ég heyrði það af vörum hv. þm. Karvels Pálmasonar nú að synjað hafi verið þverlega fyrir af hálfu ríkisstj. að jafna heldur kjör fólksins sem býr á köldu svæðunum. Hér gæti verið um að ræða framhald umr. sem fram fóru í Ed. í gær. Það má vel vera, að stílbreytingin, sem orðið hefur á umr. frá hv. Ed. ofan í Sþ., sé eðlileg. En áherslumunur var alveg greinilegur á ræðu hæstv. viðskrh. frá Ed. og hingað ofan í Sþ.

Í Ed. sagði hæstv. ráðh. í gær að hann væri mjög svo því fylgjandi að styrkurinn yrði hækkaður, hann hefði það til íhugunar og það væri ekki öll nótt úti enn, það væri enn tími til ársloka, manni skildist að þau væru ekki fyrr en um mánaðamótin, og þá hafði hann ekki uppi neinn ugg um það, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gerði tilraunir til þess að bregða fæti fyrir þetta mál í nefndinni, víðs fjarri. En hitt þykir mér augljóst mál, að ef svo á að halda fram sem horfir nú í umr. um þetta mál, þá sé miklu betra fyrir hvaða ráðh. sem er í núv. hæstv. ríkisstj. að taka afdráttarlausa afstöðu til þessa máls, því að starfstíminn er ekki til ársloka, eins og mér skilst að sumir hæstv. allra mestu ráðamenn ætli. Ég er þeirrar skoðunar, að við eigum ekki nema eina níu daga eftir af starfstíma til þess að fjalla um þetta mál.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að láta í ljós undrun mína yfir því, hve ríkisstj. er í rauninni treg í þessu máli. Það hefur legið fyrir alllengi að mismunurinn á húshitunarkostnaðinum er eitthvert mesta byggðavandamálið hér á landi. Á hinn bóginn hefur það komið fram, ekki aðeins í þessu máli, heldur ýmsum öðrum þjóðþrifamálum, að ríkisstj. er býsna seig að halda eftir í ríkissjóði smáskildingi til þess að hafa fallegri stöðu um áramótin. Þannig var það um hækkun orkujöfnunargjaldsins á sínum tíma, sem olli því að nokkrir aurar fengust í afgang um áramót. Um næstu áramót á að nota Framkvæmdasjóð öryrkja til að bæta stöðu ríkissjóðs og þannig mætti áfram telja.

Auðvitað hefur skattheimtan orðið svo mikil í landinu, að það eru nógir peningar til til þess að jafna húshitunarkostnaðinn, það er engin spurning um það. Skattheimtan var þyngd á þessu ári þvert ofan í yfirlýsingu forsrh. um áramótin. Skattheimtan verður enn þyngd stórlega á næsta ári, það bera fjárlög með sér og þjóðhagsáætlun ríkisstj. En það er annað sem skortir, og það er viljinn. Það er annað sem ríkisstj. lætur sitja fyrir. Ef það væri jafnmikill áhugi á því að koma til móts við húseigendur úti á landsbyggðinni eins og að endurreisa Hólastað, þá vantaði ekki peninga í fjárhirslu ríkissjóðs. Ef það væri jafnmikill áhugi á þessu máli og að borga fram hjá fjárlögum stórfé til Siglósíldar, þá væri ekki vandi hjá húsbyggjendum. Ef það væri jafnmikill áhugi á þessu máli og að byggja án heimildar nýtt strandferðaskip, þá mundi þetta mál komast í höfn. Þannig er hægt að halda lengi áfram að telja upp hvernig þetta mál liggur fyrir. En staðreyndin er sú að viljann vantar.

Oft nær viljinn ansi skammt,
um er þörf að vanda.
Úrbæturnar allar samt
á sér láta standa.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það hefur borist hér í tal að umr. hafi átt sé stað í Ed. um þetta sama efni og nú er rætt. Það er að sjálfsögðu alveg rétt. Ég verð að segja það alveg eins og er, að miðað við þau orð, sem hæstv. viðskrh. lét falla þá, finnst mér nú kveða við nokkuð annan tón. Ég ætla ekki að endurtaka þessar umr. efnislega, en ég vil aðeins benda á það, að nú er viðskrh. farinn að bera það fyrir sig, að ekki sé hægt að hækka olíustyrkinn vegna þess að tiltekin nefnd hafi ekki lokið sínum störfum. Ég má þá kannske minna hæstv. ráðh. á það sem hann sagði þegar málið var til umr. fyrir tæpum tveimur árum, þegar hann hét því, að það yrði sitt fyrsta verk að skipa nefnd þá þegar til þess að endurskoða lögin. Hér er þannig um hreinan fyrirslátt að ræða hjá hæstv. ráðh.

Að öðru leyti vil ég bara vona að það, sem hæstv. ráðh. sagði í Ed., fái að gilda sem hans afstaða, því að hann sagði þá alveg berum orðum að það væri leikur einn og fyllilega réttlætanlegt að hækka olíustyrkinn fyrir þetta síðasta tímabil, og ekki einungis það, heldur að greiða uppbót aftur í tímann fyrir allt þetta ár. Ég vona að þegar ráðh. verður búinn að leggja sig á rétta hlið næstu nótt og vaknar upp til starfa á nýjum degi muni hann eftir því sem hann sagði í gær, en ekki því sem hann sagði hér áðan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur komið fram í þessari umr., að til er fjármagn til að leysa úr þessum vanda. Spurningin er því aðeins hvort sami vilji er hjá hæstv. ríkisstj. til að leysa þetta mál — með fjármunum sem hún hefur — eins og kom í ljós hjá hæstv. ríkisstj. til að leysa ýmsan vanda, sem skapaðist á s. l. ári, án samráðs við Alþingi — með fjármunum sem hún hafði ekki og gat ekki ráðstafað.

Hæstv. ríkisstj. hóf feril sinn á þessu ári undir kjörorðinu: Vilji er allt sem þarf. — Hún ætlar nú að enda uppgjörið eftir árið undir kjörorði sem er nokkuð áþekkt, en raunar þveröfugt og væri einhvern veginn á þá leið: Vilji er allt sem hvarf.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Meðan á verkfalli bókagerðarmanna stóð fyrir skömmu var hringt í starfandi prest í Hafnarfirði síðla kvölds og hann spurður: Af hverju sitja allir Hafnfirðingar niðri í fjöru? Prestur hváði og spurði þessa rödd sem talaði við hann í símanum: „Ha, sitja allir niðri í fjöru? Hefur eitthvað komið fyrir?“ — Þá var svarað: „Þeir eru að bíða eftir jólabókaflóðinu.“ — Og síðan lagt á.

Það hefur komið hér fram, að það er hægt að hækka þær greiðslur, sem hér er verið að ræða um, og það er hægt að greiða aftur fyrir sig allt árið, og menn vita að vilji er allt sem þarf. Eftir hverju er hæstv. viðskrh. að bíða?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mig langar að koma á framfæri nokkrum upplýsingum varðandi það mál sem hér er á dagskrá eða alla vega upplýsingum sem snerta það mál náið og styðja að sjálfsögðu þann málstað sem komið hefur fram hjá hv. fyrirspyrjanda.

Eins og allir þm. vita er lagt orkujöfnunargjald á landsins lýð. Í ár er ráðgert að orkujöfnunargjald skili 130 millj. kr. í ríkisskjóð. Síðan er það notað til þess að standa undir greiðslum til orkumála. Á næsta ári er gert ráð fyrir að um það bil 190 millj. komi til innheimtu af sama gjaldi. Ef litið er á útgjöld til orkumála, eins og beinar fjárveitingar til Orkusjóðs að frádregnu verðjöfnunargjaldi, þá eru það 47.5 millj. sem fara í þann þátt á yfirstandandi ári, og gert ráð fyrir sömu upphæð í fjárlögum næsta árs. Krafla hefur horfið úr þessu dæmi, en 36.5 millj. runnið til fjármagnskostnaðar vegna Kröflu. Félagslegar framkvæmdir RARIK, en það er afborgun af lánum vegna rekstrartaps RARIK sem ríkissjóður hefur tekið á sig, voru á yfirstandandi ári um 10 millj., verða 5 millj. á næsta ári. Olíustyrkir, sem hér er verið að ræða um, eru 30 millj. á þessu ári, þrátt fyrir þær 50 sem áttu að renna til verkefnisins, og áfram er gert ráð fyrir 30 á næsta ári. Ýmislegt annað, sem snertir orkumálin, er gert ráð fyrir að verði 6.3 millj. á næsta ári, en voru 2 millj. 650 þús. á yfirstandandi ári. Niðurstaðan af þessu reikningsdæmi og þessum samanburði þýðir það, að af orkujöfnunargjaldinu renna á næsta ári væntanlega um 100 millj. kr. beint í ríkisskjóð. Þjóðin er skattlögð til þess að jafna orkuverð, Skatturinn er tekinn í ríkissjóð og notaður til allt, allt annarra hluta. Þetta er það, sem hefur gerst í þessu máli. Þetta er það sem er óyggjandi. Og þetta er það sem hlýtur að standa eftir að þessum umr. loknum, þar sem bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar hafa beint spjótum sínum að hæstv. ríkisstj.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá atriði. — Ég vil minna á að lögin, sem nú gilda um þessi mál, voru sett í fyrra og í vor skilaði ég skriflegri skýrslu til alþm. um framkvæmd laganna. Það var gert ráð fyrir að endurskoða þessi lög fljótlega með tilliti til þeirrar reynslu sem af þeim fengist, og í samræmi við það starfar nú nefndin, sem hér hefur verið rætt nokkuð um, að því að gera tillögur í þessum efnum. Það kann að vera ástæða til að breyta ákvæðum í lögunum, t. d. því ákvæði að einhverju leyti, að menn eiga ekki kost á því lögum samkv. að fá olíustyrk ef menn geta fengið rafmagn frá rafveitu. En það er ekki alveg vandkvæðalaust. Það kostar mikið fé að gera slíkar breytingar á húsum og það kann að vera ástæða til þess að létta undir með mönnum í þessu efni. En þannig er þetta lagaákvæði nú.

Hv. þm. Egill Jónsson minntist á umr. í Ed. Ég held að ég hafi verið alveg sjálfum mér samkvæmur í málflutningi þar og hér. Ég er opinn fyrir því að hækka olíustyrkinn og enn fremur að greiða uppbót. En eins og ég hef margsagt hér áður, þá bíð ég eftir að heyra frá nefndinni hvað hún telur vera ráðlegt.

Karvel Pálmason blandaði saman tveimur málum í máli sínu hér áðan. Annars vegar er spurningin um það, hvort ríkisstj. vilji hafast að í þessum málum. Auðvitað hefur hún gert það, en hvort hún vilji hafast frekar að í þessum málum. Hins vegar er spurningin um það hvort hún vilji gera það í sambandi við launasamninga Alþýðusambands Vestfjarða. Það er það sem ríkisstj. hefur ekki viljað. Hún hefur ekki viljað blanda þessum málum saman og telur það ekki skynsamlegt, vegna þess að auðvitað varða þessi mál miklu fleiri en Vestfirðinga, þó að þau brenni mjög á þeim eins og líka fólki í mínu kjördæmi á Austurlandi. Þar eru þessi mál mjög brennandi víða eins og kunnugt er, og svo er víðar.

Varðandi greiðslu út á seinasta ársfjórðung, þá hefur venjan verið sú, að það hefur ekki verið ákveðin greiðsla fyrr en í janúarmánuði fyrir síðasta ársfjóðung árið á undan. Það á því að vera nægur tími til að framkvæma þau mál, greiða það sem menn telja skynsamlegt að greiða. Ég vonast til þess að sjónarmið nefndarinnar og ríkisstj. falli saman þegar þau hafa verið borin nánar saman og menn hafa ráðgast um hvað skynsamlegt væri að ákveða að lokum fyrir árið sem er að líða.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv ráðh. sagði að ég hefði hér blandað saman tveimur málum og það mætti ekki gera að áliti hæstv. ríkisstj. Samkv. kröfu okkar Vestfirðinga var ekki um það að ræða að ríkisstj. ætti bara að gera þetta fyrir okkur. Hverjum dettur það í hug, ef það hefði orðið úrbót í gegnum slíkt samkomulag, að það hefði ekki gilt fyrir alla sem eins er ástatt um? En það er kannske ekki sama hvaðan krafan kemur fram með þessum hætti. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstj. — án þess að ég sé á nokkurn hátt að ásaka hana fyrir það — hafi leyst einmitt hliðstætt mál í kjarasamningum á s. l. ári hér á Suðurlandi. Hvar var þessi afstaða hæstv. ríkisstj. og hæstv. viðskrh. þá? Þá var einmitt veitt fjármagn til uppbyggingar á fjarvarmaveitum með upphitun á Suðurlandi, það þarf ekki að tiltaka það nánar. Ég er ekki með þessu að deila á nokkurn mann í þeim efnum, en þá var því blandað saman. Af hverju þá, en ekki nú? Staðreyndin er sú, að stjórnvöld hafa þverskallast það lengi við þessu máli, að það verður að fara að beita öðrum vinnubrögðum og þrýstingi heldur en í gegnum Alþingi, það er augljóst mál. Og það verður gert, hæstv. ráðh., þannig að það er alveg eins gott fyrir hæstv. ríkisstj. að fara að átta sig á því, að frá þessu verður ekki hlaupið.

Það er annað sem ég vil aðeins koma að. Hæstv. ráðh. vitnaði mikið í endurskoðunarnefndina. Á ekki að borga olíustyrk fyrir þetta ár eftir gildandi lögum og með því fjármagni sem til þess er aflað? Það liggja núna 14 eða 16 millj. inni sem ætti að greiða út í olíustyrkjum, en hefur verið fryst. Það var vikið að því hér áðan. 50 millj. voru ætlaðar á fjárlögum ársins í ár. Eftir niðurskurð stóðu eftir, að mig minnir, 46 millj. En það er hámark, að það hafi verið greiddar út 30 millj. á árinu. Þetta eru upplýsingar frá viðskrn., starfsmönnum hæstv. ráðh.: 14 millj. frystar, ekki borgaðar fólkinu sem átti að fá þær. En óyggjandi vilji, segir hæstv. ráðh. eigi að síður, er hjá honum og hæstv. ríkisstj. að gera sitt besta í þessum efnum. Það, sem stendur á til lagfæringar í þessum efnum, er að hæstv. ríkisstj. er þversum í málinu og því verður að breyta, — og er ekki fyrsta málið, segir hæstv. forseti Nd., sem hæstv. ríkisstj. er þversum í. Það er rétt. En þetta er kannske með því stærsta. Hér er spurningin þessi: Vilja menn jafna lífskjörin með þessum hætti eða ekki? Hæstv. ríkisstj. hefur neitað því með hæstv. viðskrh. og forsrh. í broddi fylkingar og menn sjá nú hvað gerist þegar þeir tveir leggja saman. Þá er algert nei. En ég get upplýst hæstv. ráðh. um það, að frá þessu máli, eins og það stendur í dag, verður ekki hlaupið án þess að hæstv. ríkisstj. fái þá að finna fyrir því.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það voru þau ummæli hæstv. viðskrh., að ekki mætti lækka orkuverðið fyrir Vestfirðinga, sem olli því að ég kvaddi mér aftur hljóðs. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að stærstu verkalýðsfélögin eru flest á svæðum þar sem hitaveita er komin meira og minna, og af þeim sökum er sú krafa ekki eins vakandi hjá þeim. Á hinn bóginn er enginn vafi á því, að þessi krafa Vestfirðinganna bergmálar í brjóstum ýmissa annarra verkamanna og sjómanna víðs vegar úti um landið, ekki síst á Austfjörðum. Ég held því að það sé alveg óhætt að taka þessa kröfu alvarlega. Einu sinni var því ekki spáð, að ættjörðin frelsaðist á Álftanesi. Það má vera að húshitunarmálin bjargist á Vestfjörðum og væri ekkert nema gott um það að segja og mundi gleðja innilega hv. 4. þm. Vestf.

Hitt vil ég svo aðeins segja, að auðvitað er óþolandi að efna til skattheimtu undir yfirskini orkujöfnunar og eyða peningunum í annað. Það er algerlega óþolandi fyrir skattborgarana, fyrir launþegana og mest óþolandi fyrir þá sem fyrir mestu ranglæti verða. Ef Alþingi og ríkisstj. vilja efna til skattheimtu undir yfirskini orkujöfnunar, þá á að nota peningana til hennar, ekki annars. Ef ríkisstj. og Alþingi vill efna til skattheimtu í Framkvæmdasjóð aldraðra, þá á að láta þá peninga renna í byggingar fyrir aldraða um leið og þeir koma inn. Það er alveg óþarfi að geyma þá og láta þá eyðileggjast í fjárhirslum ríkisins. Þannig er hægt að halda lengi áfram.

Kjarni málsins er sá, að núv. ríkisstj. fær ekki frið fyrr en þetta mál kemst á hreint. Verkalýðshreyfingin úti á landi mun ekki una því, að þetta misrétti haldi áfram. Krafan verður öflugri og sterkari með hverju misserinu sem líður, vegna þess að það eru orðnir svo margir hér á landi, sem búa við lægri orkukostnað, og vegna þess, að vísitalan miðast við Reykjavík, hitaveituna í Reykjavík, en hæstv. forsrh. — sem mest hrósaði sér af því að hafa búið hana til, ég held að hann dreymi það stundum á nóttunni — leggur sig mest fram um það núna að banna henni skynsamlegar hækkanir svo að hún getur ekki unnið með eðlilegum hætti.

Sameinað þing, 32. fundur.

Þriðjudaginn 8. des., að loknum 31. fundi.

Atvinnutækifæri á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 145). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Liðsinni við pólsku þjóðina, þáltill. (þskj. 153). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, þáltill. (þskj. 118). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Nú eru tæplega tvær vikur til hefðbundins jólaleyfis. Enn hefur ríkisstj. ekki haft samband við stjórnarandstöðu um hvernig þinghaldi skuli háttað til jóla, hvaða mál ríkisstj. leggi áherslu á að fá afgreidd fyrir jól, hvernig jólaleyfi skuli háttað og hvenær þm. komi saman til funda á nýja árinu. Og með því að ríkisstj. hefur ekki kunngert að hún hyggist bera fram frv. um frestun jólanna að þessu sinni, þá hef ég kvatt mér hljóðs utan dagskrár og beini þess vegna öllum þessum spurningum til hæstv. forsrh. eða staðgengils hans og eða annarra ráðherra. Ég sé að þeir eru allir farnir nema hæstv. landbrh., en ég sendi þeim öllum orðsendingu þessa efnis inn á ríkisstjórnarfund fyrir hádegi í dag.

Tilefni þessara fsp. minna er eðlilegt, þar sem venjulega er löngu fyrr búið að hafa samráð milli flokka um störf Alþingis, en nú hefur enn ekki örlað á slíku samráði. Þessu til viðbótar er til þess að taka, að um helgina voru viðtöl bæði í sjónvarpi og hljóðvarpi við formann og nefndarmann í svokallaðri efnahagsmálanefnd ríkisstj., þá Jón Orm Halldórsson aðstoðarmann forsrh. og hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson, en auk þeirra á sæti í þessari nefnd hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Á þessum tveim nefndarmönnum, sem viðtal var haft við í sjónvarpi og hljóðvarpi, var að skilja að von væri á efnahagsaðgerðum sem þyrftu lagastoð, vegna þess að verðbólgan færi vaxandi og voði væri á ferðum. Þessi viðtöl gefa einnig tilefni til ýmissa fyrirspurna.

Hæstv. forsrh. og ýmsir ráðherrar hafa lýst yfir stórfenglegum árangri efnahagsaðgerða frá síðustu áramótum og að verðbólgan væri á niðurleið í krafti þeirra. Þeir hafa sagt að allt væri í himnalagi, sbr. stefnuræðu forsrh. fyrir einum og hálfum mánuði, en stefnuræðu forsrh. yfirfara allir aðrir ráðherrar og standa því ábyrgir að þeirri ræðu eins og kunnugt er. Hvernig fær þetta samræmst staðhæfingum efnahagsnefndarmanna, að verðbólgan sé á uppleið og þörf sé nú nýrra aðgerða, einum og hálfum mánuði eftir að allt var í lagi? Ekki getur ástæðan verið nýir kjarasamningar, því að forsrh. og aðrir ráðh. hafa dásamað þá og talið þá ábyrga kjarasamninga og spor í rétta átt. Því er spurt: Er von efnahagsaðgerða sem krefjast nýrrar löggjafar? Ef svo er, hvenær er von þess lagafrv. sem nauðsynlegt er talið að fram komi?

Um þetta er spurt nú til þess að vara hæstv. ríkisstj. við að sams konar vinnubrögð verða ekki þoluð nú og beitt var um síðustu áramót, þegar þingi var frestað og það sent heim til þess að ríkisstj. afgreiddi málin með brbl.

Alþingi og alþm. er freklega misboðið ef varpa á efnahagsaðgerðum á borð þriggja manna og senda þingið heim. Athygli vekur raunar að fækkað hefur verið um helming í efnahagsmálanefndinni frægu, sem ríkisstj. mun hafa sett fyrir líklega meira en 1 ½ ári. Varaformaður Framsfl., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður Framkvæmdastofnunar, hv. þm. Eggert Haukdal, og formaður fjvn., hv. þm. Geir Gunnarsson, virðast vera settir út úr nefndinni. Hvers eiga þeir að gjalda? Þeir hljóta þó að vera taldir skynsamari helmingur upprunalegu efnahagsnefndarinnar. Með slíkum samanburði er að vísu ekki mikið sagt.

En hvers konar nefnd er þetta? Ekki er þetta undirnefnd ríkisstj., nokkurs konar starfsnefnd? Þá mundi hún gefa skýrslu sína á ríkisstjórnarfundi. En í stað þess eiga nefndarmenn viðtöl í fjölmiðlum, berja sér á brjóst og klappa sér á kollinn þótt holrúm sé inni fyrir og ekkert á viðtölum að græða fyrir almenning. En með þessu á sjálfsagt að yfirlögðu ráði að færa þjóðmálaumræður út af Alþingi og gera tilraun til að drepa þjóðmálaumræðum á dreif. Með þessum hætti sýnir hæstv. núv. ríkisstj. Alþingi lítilsvirðingu. Ríkisstj., sem að eigin mati var mynduð til að bjarga sæmd Alþingis, er hrædd við Alþingi, sniðgengur Alþingi og fer á bak við Alþingi. Fáar eða engar ríkisstjórnir hafa þannig afhjúpað greinilegar feluleik sinn og undanbrögð sem til þess eru fallin að rýra þingræði í landinu og virðingu almennings í landinu fyrir löggjafarsamkomu sinni sem er hornsteinn lýðræðisins.

Hliðstæða sögu er að segja af meðferð iðnrh. á orkumálum. Umr. um fsp. um virkjun Blöndu eru stöðvaðar hér á Alþingi þótt iðnrh. af alkunnum hégómaskap og auglýsingaskrumi hafi pantað sjónvarpið niður í Alþingi til að meðtaka boðskap sinn, en sent sjónvarpsmenn að nokkrum stundum liðnum aftur erindislausa til baka. Innan sviga má spyrja: Hvað kostaði það? Iðnrh. áttaði sig nefnilega á því, að hann þurfti ekki að deila sjónvarpsskerminum með öðrum á Alþingi, heldur gat hann einn sýnt sig á skerminum með því að boða til blaðamannafundar. En það er ekki aðalatriðið, heldur hitt, að þjóðmálaumræðan og ákvörðunarvaldið er fært úr höndum Alþingis í hendur vikadrengja framkvæmdavaldsins, þeirrar ríkisstj. sem misboðið hefur virðingu Alþingis meira en nokkur önnur ríkisstj.

Þess vegna segi ég nú þegar: Þm. Sjálfstfl. una því ekki að ríkisstj. láti undir höfuð leggjast að afgreiða mál til Alþingis til þess svo að senda alþm. heim og klambra síðan saman brbl. Sé ríkisstj. ekki tilbúin að leggja mál sín fyrir Alþingi fyrir jól eru þm. Sjálfstfl. tilbúnir að sitja þingfundi milli jóla og nýárs og allan janúarmánuð og áfram ef þörf krefur, svo lengi sem nauðsyn er lagaheimilda til efnahagsaðgerða til að tryggja rekstur atvinnuveganna, afstýra atvinnuleysi og koma í veg fyrir verðbólguvöxt, en allt þetta þóttist núv. ríkisstj. hafa gert með efnahagsráðstöfununum í byrjun ársins og ítrekaði til skamms tíma að allt væri í lagi þótt reynslan segi allt annað.

Herra forseti. Ég hef hér varpað fram fsp. til hæstv. forsrh. eða staðgengils hans og/eða annarra ráðh., sem ég vona að hæstv. forseta sé jafnmikið áhugamál og mér og öðrum þm. að svarað sé skýrt og skorinort, til þess að gæta megi sóma Alþingis og eðlilegrar málsmeðferðar er leiði til farsælla ákvarðana.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Um hádegisbil í dag fékk ég skilaboð á ríkisstjórnarfund þess efnis, að hv. 1. þm. Reykv. óskaði eftir að leggja fram fyrirspurnir utan dagskrár á fundi hér í dag um tiltekin málefni. Ég hafði við hann símasamband og kynnti honum þau sjónarmið mín, að ég teldi eðlilegt að þessar fsp. væru ræddar að forsrh. sjálfum viðstöddum, en hv. þm. taldi að ekki væri unnt að verða við því, að þessum málum væri frestað. Þær frsp., sem hér eru kynntar á blaði til mín sem staðgengils forsrh., eru svo hljóðandi:

„1. Hverjar eru fyrirætlanir ríkisstj. er snerta þinghaldið fyrir jól eða jólaleyfi?

2. Væntanlegar efnahagsaðgerðir, sem tilkynntar hafa verið í viðtölum við efnahagsmálanefndarmenn?"

Varðandi fyrri liðinn vil ég taka það fram, að ríkisstj. hefur ekki tekið endanlega ákvörðun um hvenær jólaleyfi Alþingis hefst. Hún telur æskilegt að það geti orðið fyrir helgina 19.-20. des., en ella að loknum fundum á mánudag 21. des. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um samkomudag Alþingis að loknu jólaleyfi. Ég tel eðlilegt að um þessi efni verði rætt við fulltrúa þingflokkanna og forseta Alþingis í þeim tilgangi að leita eftir samkomulagi þar um. Jafnframt tel ég eðlilegt og nauðsynlegt að ríkisstj. leggi fram lista yfir þau mál sem hún óskar að koma í gegnum Alþingi áður en jólaleyfi hefst. Ég mun því koma því áfram til forsrh. að það verði gert, en hans er von á fimmtudaginn kemur.

Í öðru lagi vil ég gera aths. við orðalag þeirrar fsp. sem ég las hér í 2. tölul. Ég veit ekki til þess, að neinar væntanlegar efnahagsaðgerðir hafi verið tilkynntar í viðtölum við efnahagsmálanefndarmenn, eins og fram kemur í fsp. sem mér var send, enda tæpast þeirra hlutverk að gefa slíkar tilkynningar. Um þennan lið fsp. vil ég taka það fram efnislega, að ríkisstj. fylgist náið með framvindu efnahagsmála og á hennar vegum er unnið að athugunum á hinum ýmsu þáttum efnahagslífsins, m. a. af efnahagsmálanefnd. Á þessu stigi er á hinn bóginn ekki tímabært að gefa neinar yfirlýsingar um hugsanlegar efnahagsaðgerðir á vegum ríkisstj., enda öll þau mál á umræðustigi. Ríkisstj. mun að sjálfsögðu gera Alþingi og þjóðinni grein fyrir tillögum sínum og hugsanlegum aðgerðum í efnahagsmálum á þeim tíma sem þær kunna að liggja fyrir.

Efnislegar umr. um efnahagsmál eða köpuryrði hv. 1. þm. Reykv. í garð efnahagsnefndarmanna læt ég liggja á milli hluta að þessu sinni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er ósköp eðlilegt að þessi mál séu tekin til umr. á Alþingi og hefði fyrr mátt vera, því að svo mörg tilefni hafa stjórnarsinnar gefið með ummælum sínum á opinberum vettvangi, og ég vil taka í því sambandi fram: ekki aðeins þeir tveir efnahagsmálanefndarmenn hæstv. ríkisstj., sem nýlega hafa rætt þessi mál við fjölmiðla, heldur jafnframt ráðh. í sjálfri ríkisstj.

Það mál, sem hér er til umr., snýst um tvennt: Annars vegar um efnahagsaðgerðir og tillögur hæstv. ríkisstj. og hins vegar um þinghaldið til jóla. Um s. l. áramót — eftir næstum því heils árs ósamkomulag og aðgerðaleysi — greip hæstv. ríkisstj. til mjög gamalkunnugra ráða. Hún framkallaði hratt gengissig og gengislækkun á íslensku krónunni í lok ársins. Jafnframt tilkynnti hún um 7% kauplækkun 1. mars og enn fremur að beitt yrði sérstöku verðlagsaðhaldi eða verðstöðvun framan af árinu. Allt voru þetta mjög gamalkunnug viðbrögð, sem aðrar ríkisstjórnir, þ. á m. ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og Framsfl., höfðu áður beitt. Ekkert af þessu var nýtt. Við Alþfl.- menn sögðum, eftir að Alþingi kom saman og þessar ráðstafanir höfðu verið lagðar fyrir það, að miðað við þá reynslu, sem menn hafa af slíkum ráðstöfunum sem iðulega hefur verið gripið til hér á landi, gætu menn gert ráð fyrir að þær hefðu einhver áhrif á verðbólgumælingar ríkisstj. fram eftir þessu ári, hins vegar væri þess ekki að vænta, að ráðstafanirnar um s. l. áramót, sem eru dæmigerðar bráðabirgðaráðstafanir dæmigerðra ríkisstjórna á Íslandi, mundu hafa nein veruleg áhrif.

Nú liggur fyrir dómur reynslunnar. Að vísu átti ríkisstj. því að fagna, að hagstæð þróun í utanríkisviðskiptum kom óvænt til liðsinnis við hana og okkur Íslendinga alla eftir að fyrstu mánuðir ársins voru liðnir, og þessar aðstæður hjálpuðu hæstv. ríkisstj. við að halda jafnvægi á s. l. sumri en lengur ekki. Nú eru þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. gerði um s. l. áramót, gersamlega brostnar og það sem meira er: raunar nokkuð langt liðið frá því að þær þrutu. Nú stöndum við í nákvæmlega sömu sporum og við stóðum á sama árstíma í fyrra. Þá er enn hafinn af hálfu hæstv. ríkisstj. nákvæmlega sami leikurinn, verið að ræða út og suður um efnahagsnefndir, um ráðherranefndir, um undirnefndir og guð má vita hvað, sem eru að reyna að leysa málið.

Allt hafa þetta reynst vera dæmigerð bráðabirgðaúrræði og bráðabirgðaviðbrögð fjölmargra íslenskra ríkisstjórna. Í þeim er ekkert nýtt og það hefur allt ræst sem við Alþfl.-menn sögðum á s. l. vetri, að nú eftir þetta stöndum við í sömu sporum og við stóðum, hv. alþm., hér á Alþingi fyrir 12 mánuðum. Horfurnar eru svipaðar fram undan og staða hæstv. ríkisstj. svipuð og þá.

Ég ætla engum getum að leiða að frekari framgangi þessara mála. Ég tel að hæstv. ríkisstj. sé allra ríkisstj. ólíklegust til að grípa til annarra ráða en einhverra slíkra bráðabirgðaráðstafana, þeirra einu ráðstafana sem hún hefur gripið til á valdaferli sínum og hafa útvegað henni starfsfrið, ef starfsfrið má kalla, um 3-6 mánuði í senn. Hins vegar vek ég aðeins athygli á því, hversu undarleg þau vinnubrögð hæstv. ríkisstj. eru, að menn skuli vera að frétta það utan að sér, ekki aðeins í útvarpi og öðrum fjölmiðlum, heldur t. d. af fundum ýmissa hagsmunasamtaka úti um borg og bý, að ábyrgir menn í ríkisstj. skuli þar vera að gefa út alls konar yfirlýsingar um aðgerðir, sem væntanlegar séu, og koma þannig gersamlega í þversögn við samstarfsfélaga sína í hæstv. ríkisstj. Síðast mun það t. d. hafa gerst, að formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., mun hafa flutt ræðu á fundi eða ráðstefnu sem Samband ísl. samvinnufélaga hélt með kaupfélagsstjórum víðs vegar að af landinu. Fréttabréf var gefið út um þann fund og þar var frá því skýrt, að hæstv. ráðh. hefði lýst yfir með margra vikna fyrirvara, að fiskverðshækkun um n. k. áramót verði 14% og henni muni síðan fylgja tilsvarandi ráðstafanir til breytingar á íslenskri krónu o. s. frv., o. s. frv. Eru það nú orðin harla einkennileg viðhorf, þegar farið er að ræða slíkar ráðstafanir opinberlega á fundum kaupfélagsstjóra víðs vegar að af landinu og síðan gefa út tilkynningar af þessu tagi í fréttabréfum Sambands ísl. samvinnufélaga. Það er ekki vonum fyrr þó einhver hv. þm. finni hjá sér hvatningu til þess að spyrjast nokkru nánar fyrir um ætlanir hæstv. ríkisstj., þó svo mér komi ekki til hugar — ef þær verða einhverjar sem ég ekkert um veit — að þær verði með einhverjum öðrum hætti en þær hafa orðið til þessa hjá þessari hæstv. ríkisstj.

Hitt er svo annað mál, að ríkisstj. og einstakir ráðh. hafa gefið út ýmsar yfirlýsingar frá því að þing kom saman um þau mál sem ríkisstj. og ráðherrarnir töldu nauðsynlegt að afgreiða áður en Alþingi færi í jólaleyfi. Auk fjárlaga og lánsfjárlaga hefur t. d. í því sambandi verið nefnd þáltill. um skipan orkumála, eða réttara sagt röðun orkuframkvæmda, og mér er ekki kunnugt um að sú þáltill. sé komin fram.

Ég vek athygli hæstv. forseta á því, að forsetar Al-

þingis hafa þegar tilkynnt að þeir stefni að því að þinghaldi verði lokið 18. þ. m. Það þýðir að 6-7 starfsdagar Alþingis eru nú eftir. Þegar er ljóst að af þeim 6 eða 7 dögum munu a. m. k. þrír fullir vinnudagar Alþingis aðeins fara í það að afgreiða fjárlög og lánsfjárlög, verði þau þá afgreidd. Það eru því ekki eftir nema fjórir vinnudagar til annars.

Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert tal haft af okkur, formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar, né nokkrum stjórnarandstöðuþm. um vinnubrögðin þessa fjóra starfsdaga sem ríkisstj. hefur til ráðstöfunar til þess að afgreiða önnur mál. Er ekki auðvelt um vik fyrir hæstv. ríkisstj. að gera það, því að ég vek athugli á því að forsrh. ríkisstj. er fjarverandi. Staðgengill hans sem venjulega er, hæstv. dómsmrh., er einnig fjarverandi. Formaður Framsfl., öflugasta stjórnarflokksins, hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson, hefur vikið af þingi fyrir örfáum dögum, tekið inn varamann og er ekki væntanlegur, að því er ég best veit, fyrr en einhvern tíma síðla næstu viku, skyldi hann koma þá. Og ekki aðeins eru þessir hæstv. ráðh. og forvígismenn ríkisstj. og stjórnarflokkanna fjarverandi þannig að ekki næst til þeirra til þess að ræða við þá um þinghaldið, heldur eru þingflokkaformenn beggja stjórnarflokkanna einnig í burtu. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., er ekki í landinu og mér er ekki kunnugt um hvenær hann kemur til landsins. Hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks Framsfl., er einnig fjarverandi og mér er ekki kunnugt um hvenær hann kemur til landsins, en mér er sagt að hann sé væntanlegur upp úr helgi. M. ö. o.: það er engar ráðstafanir hægt að gera, hvorki af hálfu ríkisstj., af hálfu forseta Alþingis né af hálfu þeirra stuðningsmanna ríkisstj. sem eftir sitja á Alþingi Íslendinga í dag, til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi um þinghaldið til jóla og samkomudag þingsins að jólum loknum. Mér er ekki kunnugt um að það verði hægt að vinna það verk fyrr en undir næstu helgi, þegar eftir lifa af starfstíma Alþingis tveir dagar eða svo, fyrir utan þann tíma sem menn ætla að taka til þess að afgreiða fjárlög og lánsfjáráætlun.

Herra forseti. Þetta er að sjálfsögðu ekki viðunandi og þá því síður þegar hæstv. ríkisstj., a. m. k. einstakir ráðherrar láta í það skína að nauðsynlegt sé að afgreiða ekki aðeins mál, sem þeir hafa þegar skýrt frá opinberlega hver verði, heldur e. t. v. fjölmargar aðrar mikilvægar aðgerðir til viðbótar. Auðvitað er þetta ekki viðunandi ástand hér í þinginu, enda hafa fréttamenn bæði útvarps og sjónvarps vakið sérstaka athygli á því afbrigðilega ástandi sem nú ríkir í þingsölunum.

Ég vil aðeins að lokum leyfa mér að benda mönnum á eitt atriði varðandi þann þátt þinghaldsins sem hlýtur að vekja menn til nokkurrar umhugsunar og styður mjög nauðsyn þess, að menn reyni að ná fljótlega samkomulagi ekki aðeins um þinghaldið til jóla, heldur einnig um samkomudag Alþingis að jólaleyfi loknu.

Eins og öllum er ljóst er fyrirsjáanlegt að a. m. k. einar kosningar verða á komandi vori, þ. e. sveitarstjórnarkosningar. Þær kosningar eiga fram að fara á síðasta helgidegi í maímánuði á undan uppstigningardegi eða í kringum 20.-23. dag maímánaðar, ég man ekki nákvæmlega hvenær maímánaðar það er, en það er um þetta leyti. Menn sjá auðvitað í hendi sér að ekki er unnt að halda þinghaldi áfram við þær aðstæður jafnlengi og menn gera venjulega á vorin eða nokkuð fram yfir mánaðamótin apríl — maí. Það er ekki unnt að halda þinghaldi áfram til 5.-10. maí eins og menn gera iðulega á Alþingi, heldur verða menn að miða við það að láta þingi lokið ekki síðar en einum mánuði fyrir sveitarstjórnarkosningar, og raunar mjög hæpið að hægt sé að halda þingi svo lengi áfram. Það þýðir að Alþingi hefur nú til ráðstöfunar miklu skemmri starfstíma en vani er við þessar aðstæður. Því er, herra forseti, alveg bráðnauðsynlegt að menn reyni að koma sér saman um að nýta þann tíma, sem Alþingi hefur til stefnu, m. a. með þeim hætti að stytta mjög það frí, sem Alþingi tekur sér kringum nýárið og jólin, og undirbúa þm. undir að þurfa að koma fyrr saman á nýju ári en vanalegt er, ekki bara til þess að fjalla um einhverjar till. frá ríkisstj., sem enginn veit enn hvort koma fram né hverjar eru, heldur ekki síður til þess að Alþingi geti lokið hefðbundnum viðfangsefnum sínum á tilsettum tíma, sem hlýtur að verða mun skemmri á þessu þingi vegna í hönd farandi sveitarstjórnarkosninga en vani er.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þegar útvarpsumræður fóru fram, að mig minnir 22. okt., um stefnuræðu forsrh., kom það mjög ljóslega fram í þeirri stefnuræðu og sömuleiðis í ræðum Alþb.-manna og þeirra sjálfstæðismanna, sem töluðu í þeim umr. og eiga sæti í ríkisstj., að allt væri með eðlilegum hætti. Atvinnulífinu og gangi þess var lýst með ákaflega fögrum orðum. Saltfisksverkun og skreiðarverkun er rekin með hagnaði, afkoma frystingar er lakari, var sagt í stefnuræðunni. Það voru aðeins fulltrúar Framsfl. sem töluðu af sér í þessum umr., fóru út af línunni og sögðu að það væri ekki allt með felldu í þjóðfélaginu. Þeir höfðu áhyggjur af ýmsu, bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh. Því má kannske ætla og þjóðin ætlar kannske að það sé ekki þörf á neinum efnahagsaðgerðum fyrst allt var í svona góðu lagi 22. okt. Það var allt slétt og fellt og stefnuræðan var sett í mjög góðan búning, enda smekkmaður sá sem er aðalhöfundur þeirrar ræðu þó að aðrir hafi lagt henni eitthvað til.

Hv. síðasti ræðumaður, sem var að ljúka máli sínu, minntist á að þrír ráðherrar væru nú erlendis þó að nú væri komið að afgreiðslu fjárlaga og jafnvel fleiri mála. Það er nú þannig með þessa hæstv. ríkisstj., að það er aldrei minna í burtu eða úr landinu en þrír ráðherrar og upp í sjö. Formenn þingflokka beggja stjórnarflokkanna, Alþb. og Framsfl., eru einnig erlendis, sagði síðasti ræðumaður, sem er rétt. Er að búast við því, að þjóðin líti á Alþingi sem stofnun, sem taki málefnin alvarlega, þegar þannig er kastað til höndunum á öllum sviðum?

Ég get mætavel skilið hæstv. landbrh. þegar hann óskaði eftir því við 1. þm. Reykv., formann Sjálfstfl., að hann biði með þessa fsp. þar til hinn reglulegi forsrh. væri kominn heim. Það er ekkert gaman að svara fyrir svona stjórnleysi, og það er mikil tryggð, sem hann sýnir, að standa upp og reyna að svara þó að svarið hafi auðvitað verið ákaflega lítið, enda var ekki við öðru að búast, það er eins og efni standa til. Hitt líkar mér ekki, þegar er starfandi nefnd á vegum ríkisstj., að þeir annaðhvort óski eftir eða láti draga sig í fjölmiðla til þess að gefa þar yfirlýsingar. Ég hélt að þetta væru undirsátar ríkisstj. Það eru þessir menn sem tala, en ríkisstj. er mállaus, a. m. k. hér á Alþingi, gersamlega. Að vísu er hún ekki mállaus, eins og síðasti ræðumaður sagði, þegar hæstv. ráðherrar koma út í bæ, þegar þeir ávarpa einhverja aðra fundi,

eins og formaður Framsfl. Í þessu bréfi, sem heitir Sambandsfréttir og er fréttabréf Sambands ísl. samvinnufélaga, sem hlýtur að fara með áreiðanlegar heimildir af ræðu sjútvrh., segir: „Hann ávarpaði fundinn og ræddi einkum efnahagsmál og baráttuna við verðbólguna. Hann kvað verðbólguna í ár verða um 40% sem væri talsverður árangur, því að hún hefði stefnt í 70-80% s. l. haust. Hins vegar kvaðst hann sannfærður um að fiskverðshækkunin, sem nú er fram undan, yrði ekki undir 13-14%, sem væri hækkun sem atvinnuvegirnir gætu augljóslega ekki tekið á sig án aðstoðar. Ljóst væri að á næsta ári færi verðbólga yfir 50%, ef ekkert yrði að gert, og yrði slíkt að teljast algert skipbrot svo áfram væri nauðsynlegt að beita varnaraðgerðum."

Þegar þetta var ljóst lét formaður Alþb. í sér heyra og var ekki ánægður með yfirlýsingu formanns Framsfl.

Ég spyr: Varðar Alþingi Íslendinga ekkert um efnahagsmál? Varðar Alþingi Íslendinga ekkert um það, að slíkar yfirlýsingar séu gefnar? Er það hyggilegt fyrir einn ráðh. að tala um, áður en hin réttu samtök koma saman, hvað fiskverð eigi að hækka eða hvað landbúnaðarafurðir eigi að hækka eða einhverjar aðrar vörur, — tala um það við fólk úti í bæ? Á ekki að leita samninga og samstarfs á milli þeirra aðila sem eiga að ráða fram úr vandanum með ríkisvaldinu? Hér er sem sagt verið að gefa boltann. Það er lágmark, að ég tel, að fiskverðið hækki um 13-14%. Þeir, sem vilja fá hækkað fiskverð, grípa þetta vitaskuld fegins hendi og segja: Meira að segja ráðh. sagði 13-14% lágmarkshækkun. Þá held ég að þeir geti nú hækkað eitthvað fram yfir það til að koma til móts við okkur og okkar sjónarmið. — Þetta er ekki talinn hygginna manna háttur í samningum.

Nú er ég ekki að segja að fiskverð eigi ekki að hækka, ég vil taka það fram. Á meðan þessar víxlhækkanir eru, þá er ekki hægt að ráðast á eina stétt, sjómenn og útgerðarmenn, eins og hefur verið gert af hæstv. ríkisstj. nú við síðustu fiskverðsákvarðanir.

Það er eftirrektarvert að þegar slík umr. sem þessi fer fram, þá situr aðeins inni staðgengill forsrh. af ráðherrum ríkisstj. og hæstv. viðskrh. Ráðherrar Alþb. taka sprettinn. Maður sér bara í afturendann á þeim hér út úr þingsalnum, þeim sem ekki voru komnir út áður en umr. byrjuðu. Fjmrh. spratt upp úr sæti sínu þegar farið var að tala um efnahagsaðgerðir. Hvað varðar hann um að ræða efnahagsaðgerðir við Alþingi Íslendinga? Hann er ráðamaðurinn uppi í Arnarhvoli. Þar eru ráðin tekin. Hér er talað um það af töluverðu steigurlæti af hæstv. landbrh., að ríkisstj. hefur ekki ákveðið hvenær Alþingi fari í jólafrí. Ég vil benda hæstv. ráðh. á að það er Alþingi sem á að taka þessa ákvörðun en ekki ríkisstj. Það er Alþingi sem á að samþykkja hvenær það fer í jólafrí og hvað það verður lengi. Og það kemur ekki til greina, ef hér á að ríkja þingræði í þessu landi, að þm. verði sendir heim þegar ríkisstjórninni passar, hvor sem ráðh. verða hér á landi eða annars staðar. Alþingi á kröfu til þess og þjóðin á kröfu til þess, að vandamál þjóðarinnar séu lögð fram á Alþingi, en ekki á fundum hingað og þangað úti í bæ, og að þar séu ekki gefnar mikilvægustu yfirlýsingarnar. Þetta verða þessir ágætu menn að hafa í huga.

Hv. frummælandi hér sagði að þegar núv. ríkisstj. var mynduð hefði það verið gert til þess, að sagt var af þeim, að bjarga heiðri Alþingis. Hvað er orðið um heiður Alþingis núna, þegar litið er á Alþingi sem ómerkilega afgreiðslustofnun fyrir það sem ríkisstj. í lítillæti sínu leggur fyrir það, en að öðru leyti virðast þeir ráða alveg sjálfir ferðinni hver fyrir sig? Það er stundum hægt að nota Alþingi, ef menn vilja hægja á einhverjum málum, en það er hægt að afgreiða fram hjá Alþingi milljónir og tugi milljóna kr. á sama tíma og framlög og ákvarðanir Alþingis eru hundsaðar á mörgum sviðum. Þetta vitum við að er satt og rétt og hér er komið undir því, hvort þeir þm., sem enn þá hafa þrek til að styðja núv. ríkisstj., ætla að láta nota sig lengur til slíkra verka og láta líta á sig sem jafnþýðingarlausa persónu og ríkisstj. lítur á sitt þinglið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Hún var athyglisverð ræða hæstv. landbrh. Ég veit ekki hvort menn tóku eftir því, hvað ráðh. var í raun og veru að segja. Í fyrsta lagi vildi hann helst fresta þessum umr. þangað til hæstv. forsrh. þóknaðist að vera hér á fundi. Hann sagði einnig að það hefði engin ákvörðun verið tekin um hvenær þm. færu í jólaleyfi, það hefði engin ákvörðun verið tekin um það hvenær þm. kæmu úr jólaleyfi, það hefði ekkert verið rætt við þingflokkana um þessi mál. Engar efnahagsaðgerðir hafa verið tilkynntar af efnahagsmálanefnd. Það hafa engar yfirlýsingar komið frá ríkisstj. nú, en ríkisstj. ætlar þó að fylgjast með framvindu mála, það sagði þó hæstv. ráðh., og tilkynna þjóðinni ákvarðanir sínar þegar henni hentar, eftir því sem manni skildist helst. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort þetta þýði að þær ákvarðanir, sem hæstv. ríkisstj. kann að koma sér saman um, verði lagðar fyrir þingið áður en jólaleyfi verður gefið eða ekki. Það er grundvallaratriði að fá svör við því. Mér fannst ræða hæstv. ráðh. bera vott um þann hroka sem mjög hefur einkennt athafnir núv. hæstv. ráðh. Þinginu kemur það eitt við sem þeim ráðherrunum þykir hæfa.

Eins og hér hefur komið fram hefur í dag, 8. des., ekkert verið talað við stjórnarandstöðuna um þinghaldið fram að jólum. Það eina, sem við vitum, er tilkynning hæstv. forseta Nd. um að að því sé stefnt, að jólaleyfi verði gefið 18. þ. m. Annað höfum við ekki heyrt. Af fram komnum þskj.. má að vísu ráða að það verði harla lítið að gera í þinginu fram að jólum. Við getum ekki séð að nokkurt mál sé svo mikilvægt, sem fram er komið, að það þurfi að ná fram að ganga fyrir jól. Það er þá helst sinfónían og grásleppan. Ég man ekki eftir öðrum. Það er að vísu hvort tveggja hin merkustu mál, en ég held að þau skipti þó ekki sköpum í sambandi við þau vandamál sem fram undan eru. En séu einhver mál ókomin fram, sem ríkisstj. telur sig þurfa að fá afgreidd fyrir jól, er tíminn orðinn of naumur og alveg sérstaklega þegar tekið er tillit til þess, að við stjórnarandstöðuna hefur ekkert verið rætt — nákvæmlega ekki neitt.

Það verður ekki heldur séð að það sé yfirleitt nokkuð í undirbúningi af hálfu hæstv. ríkisstj. Það er allt látið reka á reiðanum. Kannske stafar þetta aðgerðaleysi, eins og það blasir við okkur þm., af því að enginn samstaða er innan ríkisstj. um úrræði. Kannske er það líka svo, að ekkert sé að og þess vegna engin þörf á aðgerðum yfirleitt. Það mætti ætla að það væri skoðun ríkisstj. Það má benda í því sambandi á stefnuræðu hæstv. forsrh. Það er þó ekki nema einn og hálfur mánuður síðan hún var flutt. Hún er vissulega vitnisburður um að það sé skoðun hæstv. ríkisstj., að það sé allt í himnalagi. Það væri freistandi að taka upp nokkur atriði úr þessari ræðu, en ég ætla þó að stilla mig um það. En í stuttu máli sagt: Ég hef nýlega lesið þessa ræðu yfir mér til upprifjunar, og

komst ég að þeirri niðurstöðu, sem ég komst að þegar ég las hana fyrst og heyrði hana flutta, að það væri allt í himnalagi í þessu þjóðfélagi. Það er freistandi að spyrja hvort það sé líka skoðun efnahagsnefndarmanna. Ég sé að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gengur hér í salinn. Er það skoðun hans að það sé allt í lagi og engra aðgerða sé þörf í efnahagsmálum? Er hann sammála því sem virðist vera skoðun hæstv. ríkisstj.?

En þó hæstv. forsrh. hafi borið sig mannalega þegar hann flutti stefnuræðu sína verður að ætla að einhverjir ráðh. geri sér grein fyrir að nokkur vandi sé fram undan. Þess vegna er spurt hér í dag hvað sé ætlunin að gera. Hvað er í bígerð? Þess vegna er því líka lýst yfir af hálfu okkar í stjórnarandstöðunni, að við séum reiðubúnir að sitja áfram á þingi, við séum reiðubúnir að sitja á milli jóla og nýárs og við séum reiðubúnir að sitja hér á þingi strax í byrjun janúar, enda er alveg ljóst að fyrir jól verður ríkisstj. ekki tilbúin með neinar tillögur. Fyrir því eru sjálfsagt margar ástæður.

Ég nefndi áðan að kannske væri engin samstaða í ríkisstj. um nein úrræði. Svo má náttúrlega nefna það líka, að ráðherrarnir virðast ekki mega vera að því að stjórna þessu landi. Það hefur verið gerð nokkuð glögg grein hér fyrir fjarvistum ekki bara ráðh., heldur sumra annarra sem virðast þó vera ríkisstj. nokkuð mikilvægir, eins og t. d. formanns fjh.- og viðskn. Ed. Það er nú svo komið að tveir af nefndarmönnum í fjh.- og viðskn. Ed. eru erlendis, bæði formaðurinn og hæstv. forsrh. Það kann kannske einhver að segja að bættur sé skaðinn, en ég held þó að ríkisstj. veiti ekki af að hafa þessa herra heima.

Við mótmælum hins vegar alveg sérstaklega að hæstv. ríkisstj. taki sér vald, sem hún raunverulega ekki hefur, meðan þingfundum er frestað um skamman tíma, eins og er í jólahléum. Við mótmælum vaxandi tilhneigingu ríkisstj. til að seilast inn á valdsvið löggjafans. Þetta er virðingarleysi við löggjafarvaldið. Þetta er hættulegt þingræðinu. Það er til skammar fyrir stuðningsmenn hæstv. ríkisstj. að láta stilla sér hvað eftir annað upp að vegg og samþykkja eftir á orðinn hlut. Það er óþolandi fyrir Alþingi að heyra skrifstofumenn úti í bæ vera að ræða við fréttamenn um ráðstafanir sem hugsanlega eigi að gera, — um ráðstafanir sem ræða á á Alþingi og hvergi annars staðar. (**Gripið fram í:** Og ekki við kaupfélagsstjóra.) Og ekki við kaupfélagsstjóra heldur, nei. Jafnvel ekki við kaupfélagsstjóra þó mikilvægir séu, a. m. k. í augum formanns Framsfl. — Alþingi hefur ekki framselt þetta vald sitt og ætlar sé ekki að gera það. Það er allt annað þó að nefndir starfi á vegum ríkisstj. Ég er ekki að finna að því. En þær eiga ekki að vera talandi um það úti í bæ sem á að ræða á hv. Alþingi.

Þótt það sé kannske til of mikils mælst að hæstv. ráðherrar fari að skýra frá því hér í dag, hverjar ráðagerðir séu í vændum, væri fróðlegt að heyra hver væri skoðun ríkisstj. á horfum í þjóðmálum almennt. Það er skoðun mín að það sé fullkomið tilefni til að Alþingi sitji að störfum ef ákvarðanir þarf að taka um aðgerðir nú, hvort sem það er fyrir áramót, um áramót eða strax á eftir.

Forsrh. sagði fyrir 1 1/2 mánuði að þjóðarframleiðsla mundi vaxa um 1% á næsta ári. Er það skoðun hæstv. ríkisstj. nú ? Ég held að allt bendi til minnkandi þjóðarframleiðslu. Það eru gerbreytt viðhorf, m. a. vegna þess að fiskimið okkar virðast vera gernýtt, þorskafli eykst ekki. Þetta vita allir. Og það vita allir að markaðir okkar erlendis eru að þrengjast. Við þessu mátti búast og þetta var séð fyrir löngu, þótt hæstv. ríkisstj. styngi höfðinu í sandinn og virtist ekki sjá nokkurn skapaðan hlut. Þegar ástandið er svona er haldið áfram að fjölga fiskiskipum eftir einhverjum geðþóttaákvörðunum ráðh..

Á þessum sama tíma er svo talað um auknar virkjanir. Náttúrlega eigum við að kosta sjálfir þessar auknu virkjanir af fé orkufyrirtækjanna. Um leið er þeim haldið í algeru fjársvelti. Þau verða að ganga á eigið fé og taka jafnvel erlend lán til þess að greiða rekstrarútgjöld.

Viðskiptakjör okkar versna að flestra dómi einfaldlega vegna þess að staða dollarans mun versna. Það er samróma álit manna. Þjóðartekjur hækkuðu í ár fyrst og fremst vegna hækkunar dollarans, en það stendur ekki lengur. Meðalhækkun verðlagsvísitölu er 50% hærri árið 1981 en 1980. Það voru tímabundnar ástæður sem lágu að baki lækkuninni um tíma, eins og t. d. 7% kjaraskerðingin, sem þessi hæstv. ríkisstj. getur hælt sér af, og svo hækkun dollarans. Aukning peningamagns, 60-70% á árinu, er líka mælikvarði á það sem er að gerast. Versnandi afkoma atvinnulífsins hefur algerlega snúið við hagstæðri peningaþróun sem varð um tíma meðan innlán voru vaxandi.

Fjármál ríkisins eru sögð í lagi og af því gumar hæstv. fjmrh. alveg sérstaklega. En hvað er það sem hér liggur að baki? Ýmsum þáttum er haldið utan við ríkissjóð. Erlendar lántökur eru auknar og gilda um þessar erlendu lántökur geðþóttaákvarðanir ráðh. Greiðslum er frestað eins og hér kom fram í umr. fyrr í dag um það sem fer í ríkissjóð, en á að fara til niðurgreiðslu á olíukyndingarkostnaði. Svona mætti lengi telja.

Hvernig fer um ákvörðun fiskverðs nú um áramót? Hafa ráðherrarnir ekkert heyrt hvað sjómenn hyggjast fyrir? Skilja þeir ekki neitt hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi? Gera ráðh. sér grein fyrir hver gengisfellingarþörfin var orðin, áður en gengið var til nýgerðra kjarasamninga, eða hver hún er orðin núna og hvaða áhrif þetta allt hefur á verðbólguþróunina? Hafa framsóknarmenn ekki enn áttað sig á því, að hin svokallaða niðurtalningarstefna þeirra hefur beðið algert skipbrot? Hafa þeir ekki áttað sig á því? Ætla þeir áfram að stinga höfðinu í sandinn og þurfum við áfram að lesa leiðara Þórarins Tímaritstjóra um blessun niðurtalningarinnar?

Það eru fjölmargar fleiri spurningar sem nú þarf að fá svör við og þau svör á að gefa hér á hv. Alþingi. Hér á umr. að fara fram, en ekki í spjalli milli einhverra efnahagsnefndarmanna ríkisstj. og fréttamanna.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er afar eðlilegt að hv. 1. þm. Reykv. kveðji sér hér hljóðs og ræði um hvað fram undan sé og hvaða ákvarðanir ríkisstj. hafi tekið um jólaleyfi þm. og hvernig standa skuli að hugsanlegum efnahagsaðgerðum. Ég átti satt að segja frekar von á að hæstv. landbrh. kæmi fyrr í ræðustól og gerði þingheimi betur grein fyrir því, sem hann sagði í véfréttarstíl í ræðu sinni, en hann kysi að sitja og þegja undir þessum ræðum. Hvað þýðir það þegar hæstv. ráðh. kemur í ræðustól og segir að þjóðinni og þinginu verði gerð grein fyrir tillögum ríkisstj.? Þýðir þetta, eins og hv. síðasti ræðumaður spurðist fyrir um, að þinginu verði sýndar þessar tillögur áður en þær verða gerðar að lögum? Þetta er sú spurning sem þingheimur bíður eftir að fá svar við. Auðvitað búast allir við því, að þingið verði sent heim, og það vitum við öll að er vegna þess að

hæstv. ríkisstj. er logandi hrædd um að eigin fylgismenn hennar hér á hv. Alþingi séu ekki tilbúnir að fylgja henni yfir hvað sem er um þessi áramót.

En það eru fleiri hæstv. ráðherrar í salnum en hæstv. landbrh. Hér hinum megin situr hæstv. viðskrh. og hann þegir líka þunnu hljóði. Hann flutti ræðu þegar fjárlög voru til 1. umr. og sagði þá m. a. að nú væri kominn tími til að telja verðbólguna niður og það ætti ekki að gera eingöngu með því að telja niður verðlagið, heldur líka — og ég undirstrika það — verðbætur á laun. Ef þessi orð hæstv. viðskrh. á að skilja eins og hverja aðra íslensku get ég ekki séð annað en efna verði til efnahagsaðgerða sem styðjast eiga við lög um kjaraskerðingu verkalýðsins í landinu. Sé þetta ekki rétt skilið finnst mér ástæða til þess að hæstv. viðskrh. komi í ræðustól og geri þingheimi grein fyrir því, hvað hann átti við.

Í dag, seinni partinn, lætur enginn hæstv. ráðh. Alþb. sjá sig. Meðal okkar er þó einn talsmaður Alþb., hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson. Hvað ætlar þessi hv. þm. að gera í jólafríinu? Ætlar hann að bíða eftir að ríkisstj., sem hann styður, efni til efnahagsráðstafana eins og hún gerði um síðustu jól? Ætlar hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að mæta í Austurbæjarbíói á fund hjá Dagsbrún og lofsyngja slíkar aðgerðir? Eða ætlar kannske hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson að panta sé far með bíl til Stykkishólms og dvelja þar um jólin? Vissulega væri ástæða til þess, að hv. þm. kæmi hér upp og svaraði þessum spurningum. Ætlar hann enn á ný að láta yfir sig ganga efnahagsráðstafanir eins og gerðar voru um síðustu jól og eru sams konar ráðstafanir og hæstv. viðskrh., Tómas Árnason, boðaði í ræðu sinni hér á hv. Alþingi?

Hér á hv. Alþingi situr jafnframt einn af nm. í efnahagsmálanefnd ríkisstj., hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson. Hann sést hér í svip, hleypur hér um dyr og er líklega að leita að samstarfsmönnum sínum í nefndinni, þeim hv. þm. Ólafi Ragnari og Jóni Ormi Halldórssyni. Ég get upplýst þennan hv. þm. um að þeir eru báðir erlendis eins og ráðh. Það væri kannske ástæða til að taka mark á framíkalli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, því að hann gaf ríkisstj. þar ágætishugmynd, að það væri best að setja aðflutningsgjald á allt þetta lið, bæði hæstv. ráðh. og stuðningsmenn hennar, þegar þeir eru að fara utan og heim. Það væri áreiðanlega nýr og góður tekjustofn fyrir ríkisstj. (Gripið fram í). Mér heyrðist hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson segja að við ættum frekar að spara með því að kosta bara aðra leiðina. Hafi hann sagt það er það tillaga líka.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en ég óska eftir því, að þeir menn, sem ég hef beint spurningum til, komi hingað og geri frekari grein fyrir sjónarmiðum sínum og nýjum uppástungum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hefði haldið að fleiri ráðh. og fleiri stjórnarsinnar mundu kveðja sér hljóðs við þessar umr., en það sést á málleysi þeirra hve mjög þeir eiga að verjast. Ég vil þó ekki láta hjá líða að þakka hæstv. landbrh., þrautavaraforsrh., svör hans áðan. Það var ekki von á skýrari svörum e. t. v. af hálfu þrautavaraforsrh., jafnvel þótt taka megi undir það, sem einu sinni var sagt hér í þingsölunum af manni náskyldum hæstv. landbrh., að á varamönnum væri vaxandi trú. Víst er að ég efast um að hæstv. forsrh. hefði svarað nokkru skýrar eða betur en hæstv. landbrh.

Það liggur alveg ljóst fyrir, að engin fyrirhyggja hefur verið af hálfu ríkisstj. varðandi þau mál er ég spurðist fyrir um. Hæstv. landbrh. sagði að það væri eðlilegt að fsp. mínar yrðu ræddar að forsrh. viðstöddum. En ég vek athygli á að forsrh. er ekki von hingað til lands fyrr en seinni hluta á fimmtudegi. Nú er alveg óvíst hvort nokkur fundur verður á föstudegi eða laugardegi, sem venjulega eru ekki fundardagar Alþingis. Talað hefur verið um að 2. umr. fjárl. fari fram á fimmtudegi, en síðan er talað um föstudag, þá laugardag, og nú er jafnvel ekki talað um að þessi umr. fari fram fyrr en eftir helgi. Það er alveg gagnslaust að fara að gera slíka fsp. eftir helgi þegar vika er eftir af venjulegum þingtíma fyrir jól. Það er þó nú einhver von e. t. v. fyrir hæstv. ríkisstj. að krafsa í bakkann.

Eins gagnrýnisvert og það er af hálfu ráðh. að dveljast svo lengi erlendis sem raun ber vitni um á annatíma þingsins, þá er það þó einkum gagnrýnisvert að þeir hafa ekki úthlutað þeim verkefnum, sem vinna þarf á þessum tíma, til starfsbræðra sinna eða annarra þm. stjórnarliðsins. Það liggur ljóst fyrir af svörum hæstv. landbrh. að svo hefur ekki verið gert. Hann telur sig ekki hafa umboð til að kalla saman formenn þingflokkanna eða óska eftir viðræðum við forseta þingsins til að skipuleggja vinnubrögðin þá fáu daga sem eftir eru til jóla, heldur á þetta að bíða eftir heimkomu þeirra ráðh. sem erlendis eru og þá á, segir hæstv. landbrh., að ræða við formenn þingflokkanna og þá á að semja lista um þau þingmál sem afgreiðslu verða að hljóta fyrir jól. Það er vandi úr að ráða þegar formenn þingflokkanna eru einnig staddir erlendis. Husgið ykkur þann lista sem saminn verður um þingmál sem þm. eiga að afgreiða á færibandi á minna en viku. Ég er hræddur um að eins og staðið hefur verið að málum sé það t. d. alveg borin von að fylgt sé í raun og veru lagaákvæðum um að lánsfjár- og fjárfestingaráætlun sé afgreidd með fjárlögum. Ég held einnig að það sé í raun og veru virðingarleysi gagnvart alþm. að ætla þeim að afgreiða ýmis þau skattafrv. sem farið er fram á að verði samþykkt fyrir áramót, jafnvel þótt þau skattafrv. séu endurnýjun á skattaálagningarheimildum sem eru í lögum á yfirstandandi þingi. Þar á meðal eru umdeildar skattaálögur sem m. a. eru mismunandi skoðanir um innan stjórnarliðsins.

Það var að heyra á ræðu hæstv. landbrh. að það væri svo sem ekkert víst að það væru væntanlegar neinar efnahagsaðgerðir, a. m. k. hefði ríkisstj. ekki gefið út neina tilkynningu um það. Ræðumenn á undan mér hafa skýrt frá ummælum ýmissa ráðh., auk þeirra ummæla nm. í efnahagsnefnd sem ég vitnaði til. Gott væri ef ekki þyrfti að gera neinar efnahagsaðgerðir. En hræddur er ég um að ríkisstj. og ráðherrar vakni upp við vondan draum fljótlega ef þeir eru svo sofandi að álíta að slíkra aðgerða sé ekki þörf og enn sé allt í lagi.

Ég vil leggja á það megináherslu, að alþm. láti ekki bjóða sé það aftur að vera sendir heim og í fjarveru þeirra séu brbl. sett sem að réttu þingræði eiga að vera rædd og afgreidd meðan þing situr. Aðvörun mín lýtur að því, að þau vítaverðu vinnubrögð, sem viðhöfð voru um s. l. áramót, verði ekki endurtekin. Það er alveg ljóst að þm. Sjálfstfl. munu ekki greiða atkv. með frestun funda Alþingis nema ljóst sé og frá gengið að sagan endurtaki sig ekki.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég ítreka

það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að ég mun ekki fara út í almennar efnahagsumræður við þessar umr. utan dagskrár. Ég tel ekki tilefni til þess, enda þótt út af fyrir sig sé ærin ástæða til að ræða efnahagsmál á Alþingi. Það mun verða gert í annan tíma.

Hér hefur hv. 1. þm. Vestf. til að mynda sagt að ég hafi svarað af nokkru steigurlæti eða jafnvel hroka þegar ég svaraði fyrri fsp. hv. 1. þm. Reykv., sem var um hverjar væru fyrirætlanir ríkisstj. er snerta þinghaldið fyrir jól eða jólaleyfi. Ég sagði að ákvarðanir hefðu ekki verið teknar, en tíkisstj. teldi æskilegt að jólaleyfi gæti hafist fyrir helgina 19.-20. des., en ella að loknum fundum á mánudag 21. des. Er það steigurlæti eða ber það vott um *hroka að láta það í ljós, sem ríkisstj. telur æskilegt í* þessum efnum, og jafnframt að láta það koma fram, að hún hefur ekki tekið neinar ákvarðanir? Vitaskuld á að taka slíkar ákvarðanir í samráði við forseta Alþingis og eðlilegt að það sé gert í samráði við fulltrúa þingflokkanna. Það sagði ég einnig í minni fyrri ræðu.

Hér var sagt af sama ræðumanni að ráðherrar væru erlendis a. m. k. þrír til sjö í senn. Það er rétt að þrír ráðh. eru erlendis nú. Ég veit ekki hvort þessi hv. þm. getur nefnt dæmi þess, að sjö ráðh. úr þessari ríkisstj. hafi verið erlendis í senn. Það væri æskilegt að hann nefndi þá dæmi um það þó seinna verði. Hitt er a. m. k. ljóst, að það er alls ekki regla að einhver ráðh. sé erlendis, enda þótt það hafi gilt um allar ríkisstjórnir og einnig þessa að ráðh. þurfi ýmsum erindum að sinna erlendis og verði ekki undan því vikist.

Ég ætla ekki að ræða sérstaklega ræðu Ólafs G. Einarssonar. Væri ekki unnt að gera það án þess að ræða efnahagsmál almennt. En hér hefur verið nokkuð að því vikið, eins og raunar kom fram t. a. m. hjá síðasta ræðumanni, hv. fyrirspyrjanda, að Alþingi og stjórnarandstaðan mundu ekki þola það að verða send heim ef ætti að gera einhverjar ráðstafanir í efnahagsmálum á þeim tíma sem jólaleyfi stendur. Er þá vitnað til þeirra aðgerða sem ríkisstj. greip til um áramót í fyrra. Það hefur raunar verið sagt að nú standi ríkisstj. í sömu sporum hvað snertir útlit í efnahagsmálum. Það sagði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson. Ég skal ekki fara út í það mörgum orðum, en ég tel, að verulegur árangur hafi orðið í baráttu við verðbólguna, og skal ekki útlista það nánar. Það er öllum kunnugt.

En hvað snertir tillögur um efnahagsmál, hvort þær skuli lagðar fyrir Alþingi eða afgreiddar áður en þær koma til kasta Alþingis, eins og hér var nefnt, vil ég aðeins segja að allar tillögur ríkisstj., sem varða löggjafaratriði, eru vitaskuld lagðar fyrir Alþingi. Ég er ekki á nokkurn hátt að gefa í skyn að núv. ríkisstj. muni grípa til þess að setja brbl. í þinghléi. En það liggur jafnframt ljóst fyrir, að hvorki þessi ríkisstj. né nokkur önnur mun afsala sér rétti til slíkra ákvarðana ef til þess liggja nauðsynlegar orsakir. Ég minni á að um áramótin síðustu, þegar sett voru brbl. og kynntar efnahagsráðstafanir, var það gert í tengslum við myntbreytingu. Það var gert á þeim tíma vegna þess að nauðsynlegt var að tengja það *myntbreytingunni eins nákvæmlega og mögulegt var.* Ég tel líka að það hafi verið hyggilegt og ég tel að þær efnahagsráðstafanir hafi skilað verulegum árangri. Án þess að fara frekar út í efnahagsmál og þann árangur, sem af þeim efnahagsráðstöfunum spratt minni ég aðeins á að um þetta leyti á síðasta ári var spáð 70-80% verðbólgu á yfirstandandi ári. Sumir, jafnvel einstakir þm., tóku munninn nokkru fyllri og töldu útlit fyrir allt að 100% verðbólgu. En verðbólgan verður í kringum 40%. Nú er spáð 50-55% verðbólgu. Það er þó verulegur munur á því útliti, sem nú er hvað þetta snertir, og því sem þá var. Við stöndum að því leyti alls ekki í sömu sporum.

Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu. Ég vil aðeins ítreka það, að ríkisstj. mun kynna Alþingi og þjóðinni tillögur sínar og aðgerðir í efnahagsmálum þegar þær liggja fyrir. Ég heyrði að hv. þm. Ólafur G. Einarsson sneri út úr þessu orðalagi eins og fleiru í minni ræðu og þarf ég ekki að svara því. En engin ríkisstj. mun kynna efnahagsúrræði í fyrirspurnartíma utan dagskrár á Alþingi. Það mundi hún gera við önnur tækifæri. Og svo er einnig um þessa ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er árvisst að eiga í orðaskiptum við einhverja úr hæstv. ríkisstj. út af einföldum málefnum, sem þó liggja alveg ljóst fyrir. Nú er aftur byrjað á þeim söng í sambandi við jólaleyfi þm., að hvorki þessi ríkisstj. né nokkur önnur muni afsala sé rétti til að setja brbl. Það er enginn að tala um að ríkisstj. afsali sér neinum rétti. Spurningin er hvort Alþingi afsali löggjafarvaldi sínu til ríkisstj. Um það er spurt og um það verður barist á næstu dögum. Það þarf enginn maður að láta sér detta það í hug eftir reynsluna frá s. l. vetri, að þm. taki því orðalaust, að ríkisstj. hlaupi með löggjafarvaldið hér út úr þingsölunum á jólaföstu og fagni svo nýju ári með annarri eins sendingu og við fengum í byrjun þessa árs. Það er varla að hann hafi rétt almennilega úr sér einn helsti verkalýðsleiðtoginn hér inni síðan. Honum varð svo bumbult við þær ráðstafanir og varð svo kjarklaus.

En það er annað sem mér þykir líka ástæða til að leiðrétta hjá hæstv. landbrh. Hann sagði að fyrir ári hefði því verið spáð, að verðbólgan yrði 70-80%. Nú býð ég honum að fara með honum í gegnum fréttatilkynningar forsrh. frá s. l. hausti. Ætli hæstv. forsrh. hafi ekki boðið upp á jólaköku og kaffi og hveitisnúð uppi í stjórnarráði u. þ. b. hálfum mánuði áður en við tölum saman nú, kannske þrem vikum, einhvern tíma um miðjan nóvember. Þá var því sérstaklega fagnað, hversu mikill og góður árangur hefði náðst í baráttunni við verðbólguna. Ég man ekki eftir annarri eins viðhöfn og átti sér stað af því tilefni. Ég man eftir því raunar líka, að ég átti um það mörg orðaskipti við hæstv. viðskrh., hvort forsrh. segði satt, og hann sagðist trúa hæstv. forsrh. Hann var ekki jafntrúgjarn, nafni hans í guðspjöllunum forðum.

Auðvitað er það rétt, að þessi ríkisstj. hefur ekki hugmynd um hvort hún kemur sér saman um efnahagsráðstafanir né hvernig þær verða. Það eina, sem liggur ljóst fyrir, er að hæstv. varaforsrh., sá sem er utan þings, hefur skýrt frá því í ríkisfjölmiðlum að ríkisstj. nái ekki markmiði sínu í efnahagsmálum. Það liggur alveg ljóst fyrir. Jafnvel þótt hæstv. landbrh. sé yfir sig hrifinn af því, hversu vel hafi til tekist í verðbólgumálunum, jafnvel þótt hann láti í ljós ánægju sína yfir því, að nú sé aðeins spáð 50-55% verðbólgu á næsta ári, liggur fyrir að varaforsrh. er ekki jafnánægður og hefur sagt í Ríkisútvarpinu, að ríkisstj. hafi staðið sig illa að þessu leyti, og viðurkennt það. Og þá er spurningin: Hver eru þau markmið sem ríkisstj. setur sér nú? Ég geri ráð fyrir að við verðum að bíða næsta árs til að vita það. Ætli það liggi ekki fyrir um jólaleytið næsta ár hvaða markmið ríkisstj.

setti sér á þeim dögum sem eru að líða? Ætli það verði ekki eins um verðbólguna: þeir uppgötvi ári seinna hver hún var á þessum tíma.

Annars er næsta broslegt þegar verið er að tala um að verðbólgan sé 40% frá árinu 1980 til 1981. Ég skora á ráðh. að benda á eitt einasta ríkisfyrirtæki — hæg eru heimatökin og þar eiga þeir að geta fylgst með og beitt sínum áhrifum — þar sem tilkostnaður á þessu ári er ekki nema 40% hærri en í fyrra miðað við sama rekstur. Skyldi það vera tilfellið um landbrn., að kostnaður við það hafi aðeins hækkað um 40% í ár miðað við í fyrra? Skyldi það vera tilfellið um viðskrn.? Það má vera að olíustyrkurinn hafi ekki hækkað nema um 40%. (**Gripið fram í:** Verðstöðvun á olíustyrk.) Verðstöðvun er á olíustyrk. Það er rétt. En að öðru leyti liggur alveg ljóst fyrir að verðhækkanirnar eru miklu meiri og einkanlega þó á því sem snýr að atvinnurekstrinum. Þar er verðbólgan miklu, miklu hærri, 55 eða 60%. Auðvitað er það skýringin á því, hvers vegna verkalýðshreyfingin treystir sér ekki núna til að setja fram kröfur um kjarabætur.

Ég spurði oft að því hér í þinginu í fyrra, m. a. talsmenn Alþb. í verkalýðsforustunni, bæði stjórnarmenn í BSRB og Verkamannasambandinu, hvaða kröfur þeir mundu gera um grunnkaupshækkanir á því hausti sem nú er liðið. Ég hélt því fram, þegar við stóðum frammi fyrir því að samþykkja kjaraskerðinguna 1. mars, að verkalýðshreyfingin mundi ekki treysta sér til þess við samningsgerðina á þessu hausti að taka aftur upp þráðinn að nýju og krefjast þeirrar grunnkaupshækkunar, sem ranglega var af henni tekin um síðustu áramót, vegna þess að verkalýðsforingjarnir væru búnir að gera sér grein fyrir að ríkisstj. mundi ekki láta þá komast upp með það, hún mundi hrifsa kauphækkunina óðar til baka, af því að hún þykist hafa lögl og hagldir í verkalýðshreyfingunni og vegna þess að þeir menn, sem þar ráða mestu, eru ekki menn til þess að verja hendur sínar.

Nú vil ég taka það alveg skýrt fram til þess að það valdi ekki misskilningi, að ég er ekki þeirrar trúar að grunnkaupshækkanir nú mundu skila árangri, jafnvel þótt heilbrigð ríkisstj. væri við völd. En hitt er náttúrlega staðreynd, að til þess hlýtur hinn almenni launþegi og almenni borgari að ætlast, að dregið sé úr skattheimtunni. Það er kjarni málsins.

Það liggur ekki fyrir hvort þinginu ljúki degi fyrr eða síðar og skiptir kannske ekki öllu máli. Það getur dregist til 22. desember. Það getur vel verið að við verðum hér saman á Þorláksmessu eða verðum hér milli jóla og nýárs til að afgreiða fjárlög. Það veit enginn á þessari stundu. En það munum við í sambandi við fóðurbætisskattinn, að hæstv. landbrh. er þeirrar skoðunar, a. m. k. í sumum málum, að þeim verði ekki almennilega komið fram nema Alþingi sé víðs fjarri, og sum mál séu þess eðlis að þau þoli ekki skoðun Alþingis, þess vegna sé best að koma sér saman um það í einhverju makki uppi í ráðuneyti og láta svo borgarana og síðan dómstólana og svo loks Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut. Því stefnir ríkisstj. að núna í efnahagsmálum, í dýrtíðarmálum, að koma Alþingi heim, fá af sér litasjónvarpsmynd á nýju ári á undan og eftir hæstv. forseta, til þess að menn sjái hvað þeir eru myndarlegir og virðulegir, ráðherrarnir, í staðinn fyrir að hafa djörfung til að leggja málin fyrir Alþingi með þinglegum hætti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð.

Nú eru allar líkur á því, að fram undan séu alllangir fundir á Alþingi, og hæstv. forseti hefur m. a. boðað fund í kvöld. Ég vil í því sambandi leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að ráðherrar Alþb. eru nánast hættir að taka þátt í þingstörfum og sitja þingfundi hér á Alþingi, nema því aðeins að um sé að ræða mál sem varða þá sjálfa. Séu slík mál ekki á dagskrá hverfa þeir af þingfundi þegar í stað og hann hefur verið settur. Séu slík mál á dagskrá hverfa þeir af þingfundi og úr húsinu þegar umr. um þessi mál er lokið. Einnig er það orðið í augu stingandi, að þm. Alþb. sitja mjög illa þingfundi og eru yfirleitt ekki viðstaddir umr. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á því, að þessi afstaða Alþb. getur þýtt að hv. Alþingi komi ekki fram afgreiðslu mála þar eð stjórnarsinnar og hæstv. ráð. gæta ekki þingskyldu sinnar. Ég vil einnig benda hæstv. forseta á að hinar miklu fjarvistir stjórnarsinna og utanlandsferðir þeirra gera það að verkum að nefndir þingsins, t. d. í hv. Ed., sem hæstv. forsrh. á sæti í, eru nánast óstarfhæfar, ef um *mikilvæg ágreiningsmál er þar að ræða, á meðan þessir* hv. þm. eru fjarverandi. Ég vil eindregið skora á hæstv. forseta, að hann ásamt deildarforsetum geri ráðstafanir til að þessir hæstv. ráðherrar sinni þingskyldum sínum, eins og okkur öðrum þm. er ætlað að gera, svo að hægt sé þó að ljúka þeim málum sem ríkisstj. kann að koma sér saman um að ljúka þurfi.

Í annan stað vil ég taka undir það, sem menn hafa hér sagt, að það er ekki sanngjarnt að beina spurningum um væntanlegar efnahagsaðgerðir, ef einhverjar slíkar eru á döfinni, til hæstv. landbrh. eða manna úr Sjálfstfl. sem eiga aðild að ríkisstj., því ef marka má blaðafréttir og frásagnir af þeim umr., sem eiga sér stað í hæstv. ríkisstj., eru hæstv. landbrh. og flokksbræður hans í ríkisstj. varla aðilar að þeim málum. Því er ekki sanngjarnt að beina spurningum til hæstv. ráðh. og flokksbræðra hans um þau mál, en erfitt um vik að beina spurningum til annarra þar sem formaður þingflokks stærsta stjórnarflokksins er erlendis og forustumenn hins stjórnarflokksins mæta ekki á þingfundum. Vil ég taka undir með mönnum um að ekki er sanngjarnt að ætlast til þess, að hæstv. landbrh. upplýsi Alþingi um þessi mál.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því í lokin, að hv. þm. Geir Hallgrímsson upplýsir okkur alþm. um að flokkur hans, Sjálfstfl., hafi tekið þá afstöðu að þm. Sjálfstfl muni ekki greiða atkv. tillögu um frestun á fundum Alþingis ef ekki liggi fyrir að ekki sé ætlunin hjá hæstv. ríkisstj. að endurtaka þau vinnubrögð um setningu brbl. í jólaleyfi sem ríkisstj. viðhafði í fyrra. Þar með liggur fyrir afstaða eins flokkanna í þinginu til þessa máls. Nú er alveg ljóst, að þessi afstaða nær ekki til þeirra þm. í Sjálfstfl. sem jafnframt eru ráðherrar í hæstv. ríkisstj. Spurningin er þá sú, til hvaða þm. Sjálfstfl. þessi afstaða tekur. Tveir aðrir af þm. flokksins hafa, a. m. k. í sumum málum, verið stuðningsmenn ríkisstj., hv. þm. Eggert Haukdal og hv. þm. Albert Guðmundsson. Við alþm. hljótum að vilja fá það upplýst frá formanni Sjálfstfl. eða formanni þingflokks Sjálfstfl., hvort uppi er sama á teningnum og oft áður, að þessir tveir þm. telji sig þess umkomna að taka aðra afstöðu en kynnt hefur verið sem afstaða flokks þeirra.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það hefur komið hér fram, að hæstv. ráðherrar þurfa mjög að sinna alþjóða-

málum um þessar mundir, og væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að ræða um það hér. En ég sé, að hæstv. viðskrh. hefur setið hér og hlýtt á þessar umr., og ég ætla að nota tækifærið til að ræða aðeins við hann því að það getur varðað þinghaldið nokkru.

Í morgun gengu á fund okkar í fjvn. sérfræðingar frá Þjóðhagsstofnun og komu með tekjuáætlun fjárlaga eins og hún mun líta út frá þeirra sjónarhóli. Þá gerðu þeir okkur grein fyrir því í fjvn., að það væru áætlaðar sömu tekjur af ýmsum sköttum, sem hæstv. ráðherrar Framsfl. höfðu fyrirvara um þegar fjárlagafrv. var lagt fram í ríkisstj., svo sem launaskatti, skatti af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og þar fram eftir götunum. Nú mundi það að sjálfsögðu tefja þingstörf ef breyta þyrfti skattalögum að verulegu leyti og t. d. að þessu leyti, því að þá þyrfti að hafa hraðar hendur um að breyta skattalögum. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. viðskrh., hvort hæstv. ráðherrar Framsfl. hafi fallið frá fyrirvara sínum um þessar skattaálögur á næsta ári, og ef svo er ekki, hvort ekki sé þá að vænta frv. um breytingar á skattalögum fyrir jólaleyfi.

Enn fremur vil ég enn spyrja um hvort hæstv. ríkisstj. hyggist flytja frv. til l. um þann nýja skatt sem gefið er í skyn að verði lagður á á næsta ári, þ. e. svokallað byggðalínugjald upp á 40 millj. kr., sem áætlað er í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun að sá skattur muni gefa af sér, og hvort meiningin sé þá að afgreiða frv. um þann skatt fyrir jólaleyfi. Þetta finnst mér skipta verulegu máli, bæði vegna vinnu við fjárlagaafgreiðsluna og eins vegna vinnu nefnda, sem þurfa þá að fjalla um frv. af þessu tagi.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér finnst vinur minn, hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, heldur bjartsýnn að ætlast til að fá svör frá þessum hæstv. ráðherrum um efnisleg atriði. Það hefur ekki verið venja þeirra að svara slíku, síst þegar mikið er fram undan í efnahagsmálum. Þeim finnst ekki nein ástæða til að virða Alþingi Íslendinga svars, og er auðvitað hæstv. forsrh., sá sem erlendis er nú, fremstur í þeim flokki. En hver dregur dám af sínum sessunaut, og þessir hæstv. ráðh., sem hér eru inni, eru sýnilega sama marki brenndir. En það eru ákveðnar spurningar sem ég hygg þó að þessir hæstv. ráðh. muni svara og hljóta að verða að svara.

Þá er það fyrst, að upplýst er hér að hæstv. sjútvrh. muni ekki koma heim fyrr en seinni part næstu viku, en hann er formaður aðalstjórnarflokksins, Steingrímur Hermannsson. Ég spyr hæstv. viðskrh. eða hæstv. landbrh.: Er þetta rétt, að formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh., muni ekki koma til landsins fyrr en seinni part næstu viku eða sem sagt um það leyti sem þing á að fara í jólafrí, eftir því sem ríkisstj. hefur gefið út?

Ég spyr í annan stað: Hvenær kemur hæstv. dómsmrh. heim? Er það vitað?

Ég spyr í þriðja stað: Hvenær kemur þingflokksformaður Alþb. heim? Er það vitað? (**GJG:** Hann kemur á morgun.) Það er vitað. (**HBl:** Þeir verða allshugar fegnir þegar þeir geta svarað einhverju.)

Þá er spurt: Hvenær kemur formaður fjh.- og viðskn.? Það er sami maðurinn. Hann mun þá líka koma á morgun. Þetta getur líklega passað vegna þess að það er búið að boða fund í fjh.- og viðskn. á morgun og bæði á fimmtudegi og föstudegi, en þar hefur ekki verið haldinn fundur í viku. Er það varla von þegar formaðurinn er að stjórna heiminum og annar nm., eins og hér hefur verið upplýst, hæstv. forsrh., er með honum í því.

Þá er spurt: Hvenær kemur þingflokksformaður Framsfl. heim? Er það vitað?

Og þó að þar sé ekki um þm. að ræða leyfi ég mér líka að spyrja: Hvenær kemur aðstoðarmaður forsrh. heim, formaður efnahagsmálanefndarinnar hvorki meira né minna?

Vonandi fást nú svör við þessu. Það er ekki svo að skilja, að ég sakni þessara manna neitt sérstaklega, og kannske væri best að ráðherrarnir væru allir erlendis, en þá verða náttúrlega einhverjir aðrir að taka þeirra sæti. En það er kannske annað sem er enn meiri þörf á að fá svör við, og það er þetta: Er enginn forsrh. á Íslandi í nærri því vikutíma? Hæstv. forsrh. fór af landinu í síðustu viku, á fimmtudaginn hygg ég að það hafi verið. Þá hitti ég hæstv. dómsmrh. og spurði hann hvort hann væri forsrh., og ég skildi hann svo að svo væri. Er það unnt, hæstv. forseti eða hæstv. ráðherrar, að enginn forsrh. sé á landinu? Að vísu kemur hæstv. landbrh. hér upp þegar nefndur er staðgengill forsrh., en hann er héðan úr forsetastúku ávallt ávarpaður landbrh. Er enginn forsrh. á Íslandi í heila viku? Samrýmist það stjórnarskipun landsins? Ég óska eftir að hæstv. forseti tjái Alþingi hvort enginn forsrh. sé á landinu? Ég held að fólkið eigi heimtingu á að fá að vita hvort enginn hafi formlegt vald til að boða ríkisstjórnarfundi hvað sem kynni að gerast í landinu (**Gripið fram í:** Og rjúfa þing?) Já, jafnvel það.

Nei, þetta er nefnilega allt saman á sömu bókina lært, og þótt menn brosi hér og ég gerði mig sekan um það áðan að eiga dálítið erfitt með að tala vegna þess að ýmislegt hlægilegt gerist, þá er um fullkomin alvörumál að ræða. Alþingi Íslendinga er lamað, gersamlega lamað, hálfum mánuði fyrir jólaleyfi, á þeim tíma sem venjulega eru mestu annirnar. Hvers vegna er það lamað? Vegna þess að ráðamenn þjóðarinnar sinna ekki skyldustörfum sínum. Þeir eru út og suður. Þeir sjást ekki í þingsölum ráðherrarnir nema endrum og eins. Þeir virða Alþingi ekki svars. Þeir virða þjóðina ekki svars. Þeir blaðra kannske eitthvað út og suður utan þings. Skyldi það vera að hæstv. sjútvrh. hafi verið sendur út til þess að hann talaði ekki út og suður, alls staðar annars staðar en í Alþingi? Það er kannske ekki alveg öruggt að hann hafi komist nógu langt, vegna þess að símasambönd eru enn þá til. En þetta eru sem sagt þær spurningar sem ég er hér um bil viss um að annar hvor hæstv. ráðh. muni svara.

Hæstv. forsrh., — vonandi réttilega, ég vona að svo sé, að það sé hér inni sitjandi hæstv. forsrh., — talaði áðan um að það hefðu verið köpuryrði af hálfu hv. 1. þm. Reykv. þegar hann sagði að þrír bestu mennirnir í efnahagsnefndinni eða eitthvað slíkt, þeir sem hæfastir hefðu verið, væru nú viknir burt. (**Gripið fram í:** Skynsamari helmingurinn.) Skynsamari helmingur, endilega það. Ætlar einhver maður t. d. að halda því fram, að Eggert Haukdal sé ekki skynsamari maður en Jón Ormur Halldórsson eða Halldór Ásgrímsson ekki skynsamari maður en Guðmundur G. Þórarinsson eða Geir Gunnarsson ekki skynsamari maður en Ólafur Ragnar Grímsson? Auðvitað er það skoðun hver er skynsamur og hver ekki skynsamur. Ég er sömu skoðunar og hv. 1. þm. Reykv. Ég tel ekkert vafamál að þeir þrír sem fóru séu skynsamari en þeir þrír sem eftir eru. Og hvers vegna skyldu þeir hafa farið? Af því að þeir eru skynsamir. Þeir eru það skynsamir að fara. Þeir vilja ekki taka þátt í þessu.

Auðvitað víkja mennirnir þess vegna. Þeir eru nægilega skynsamir til að sjá að þetta gengur ekki lengur, blaðran er sprungin. Þess vegna ætla þeir auðvitað ekki að taka þátt í hringavitleysunni, en láta hinum það eftir, sem eru ekki nógu skynsamir til þess að neita að sinna þessum störfum. Þetta er það sem við blasir. Þetta veit öll þjóðin. Þetta á auðvitað eftir að koma á daginn.

Vonandi fer ekki þessi stjórn að hrökklast frá strax. Ég skal gera mitt til að halda í henni lífinu svolítið lengur, vegna þess að það þarf að sjá enn þá betur framan í andlitið á þessum ósköpum.

Forseti (Karl Steinar Guðnason): Vegna þess að spurningu var til mín beint áðan vil ég segja frá því, að mér á vinstri hönd situr í ráðherrasæti starfandi forsrh. er stýrði ríkisstjórnarfundi í morgun.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er sjálfsagt og þarf ekki að hafa um það mörg orð og það er eðlilegt að ráðherrar í ríkisstj. svari til saka í þinginu um sínar gerðir og sína stefnu og sín mál. Hvort þeim beri beinlínis skylda til að taka til máls utan dagskrár um mál sé orðum ekki sérstaklega til þeirra beint er annað mál og verður ekki talið, held ég, vanræksla af þeirra hálfu sem ráðherra þó að þeir láti hjá líða að taka þátt í umr. um málefni utan dagskrár sé orðum ekki alveg sérstaklega til þeirra beint í upphafi. (**GH:** Spurningunum var beint til allra ráðh.) Jú, það eru ákveðnar reglur um það í þingsköpum hvernig ráðherrar eru spurðir. Ég segi fyrir mig sem ráðh.: Ég er reiðubúinn að svara fyrir mig samkv. þingsköpum, en menn eru ekki skyldugir til þess að ganga í ræðustól hér á hv. Alþingi og taka þátt t. d. í almennum umr. um efnahagsmál utan dagskrár.

Ég vil upplýsa það, ef það hefur ekki komið fram, — ég held að það hafi ekki komið fram hér áður, — að ég veit ekki betur en hæstv. forsrh. sé erlendis að taka þátt í forsætisráðherrafundi Norðurlanda. Það er ein af skyldum forsrh. að gera það. Hefur ekki verið fundið að því hingað til þó að forsrh. hafi farið til úrlanda til að taka þátt í fundum sem heyra til hans starfi. Hæstv. sjútvrh. og samgrh. er á fundum með samgrh. Norðurlanda, að því er ég ætla, og ég veit ekki betur en hann komi heim um næstu helgi. Ég vil ekki dagsetja það hér, vegna þess að ég er ekki alveg viss um það, en ég held að hann komi heim um næstu helgi. Hæstv. dómsmrh. gegnir því starfi að vera samvinnuráðherra í samstarfi Norðurlanda og er að sinna þeim skyldum sínum. Ég tel að það sé ekki réttmæt gagnrýni að gagnrýna ráðh. fyrir að gegna skyldum sínum erlendis. Það er alveg ljóst, að störf ráðh. eru með þeim hætti nú orðið í miklu alþjóðlegu samstarfi og Norðurlandasamstarfi að þeir þurfa að sinna sínum skyldum. Sjálfsagt er að upplýsa um það.

Í umræður varðandi fyrirætlanir ríkisstj. í efnahagsmálum ætla ég ekki að blanda mér hér og nú. Ríkisstj. hefur að sjálfsögðu vald til að setja brbl. í jólaleyfi þingsins eins og jafnan hefur verið. Ég man ekki eftir því að ríkisstjórnir hafi afsalað sér slíku valdi. Löggjafarvaldið er, eins og kunnugt er, samkv. stjórnarskránni hjá Alþingi og ríkisstj., ef ég man það rétt. Hjá ríkisstj. er brbl.-vald sem síðan er lagt fyrir Alþingi til endanlegrar ákvörðunar.

Um þetta þarf ekki að fjölyrða hér á hv. Alþingi, en ég taldi rétt að upplýsa það hér í þinginu, hvað hæstv. ráðherrar væru að gera erlendis, og get ekki stillt mig um að minnast þess, að á undanförnum árum, og án tillits til ráðh. og án tillits til ríkisstjórna, hefur verið allur gangur á utanferðum ráðh. Ég skal ekkert um það dæma, hvort þær eru meiri í þessari ríkisstj. en verið hefur áður. Ég veit það ekki, en hygg að það sé eitthvað svipað, a. m. k. er það svo í mínu rn. Það eru nokkrar ráðstefnur á hverju ári sem viðskrh. þarf að sækja samkv. sinni stöðu, og það hefur verið gert um árabil. Ég held að það sé enginn munur á því um þessa ríkisstj. og þá ráðherra sem í henni sitja hvað snertir að sækja alþjóðlegar ráðstefnur. Ég tel að utanferðum ráðh. í opinberum erindagjörðum hafa ekki fjölgað frá því sem verið hefur á undanförnum árum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er náttúrlega tilgangslaust að vera að þrátta um þetta og segja alltaf það sama. En hér eru a. m. k. tveir ráðherrar úr ríkisstj., sem sat frá 1979—1980, sem ekki hafði löggjafarvald, ef ég man rétt, vald til útgáfu brbl. Hvers vegna hafði sú ríkisstj. ekki vald til að gefa út brbl.? Var það vegna þess að hún gaf einhverja yfirlýsingu hér á Alþingi? Hér er forsrh. þeirrar ríkisstj. Gaf hann einhverja yfirlýsingu hér á Alþingi um að hann hefði afsalað sér löggjafarvaldinu í jólaleyfinu? Ég man ekki eftir því. Hann fór einfaldlega ekki fram á að Alþingi afsalaði sér löggjafarvaldinu. Það var það sem ekki gerðist. Löggjafarvaldið var áfram í höndum Alþingis. Þetta er kjarni málsins.

Ég ætla ekki að rifja það upp við þetta tækifæri, herra forseti, hver það er sem les faðirvorið aftur á bak, en við vitum hverjir lesa lagasafnið aftur á bak og stjórnarskrána. Það dylst engum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en mér datt í hug, þegar hæstv. viðskrh. var að tala hér áðan, að erfiðar hafi honum þótt spurningarnar um efnahagsmál og væntanlegar aðgerðir í þeim, en þó enn þá erfiðara að svara því, hvenær ferðalangarnir kæmu heim aftur. Á sama hátt kann mér að reynast dálítið erfitt að svara hv. þm. Sighvati Björgvinssyni þegar hann spyr um afstöðu hv. þm Alberts Guðmundssonar og Eggerts Haukdals varðandi frestun þingfunda. Ég get eiginlega ekki svarað því öðruvísi en svo, að a. m. k. í öðru tilvikinu kunni það að fara eftir því, hvernig kaupin gerast á eyrinni.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að ég hefði snúið út úr ræðu sinni. Ég kannast ekki við að ég hafi snúið út úr ræðu hæstv. ráðh. Ég dró saman í örstuttu máli það sem mér fannst hann segja, túlkaði það kannske á minn hátt. Það getur vel verið að ég hafi misskilið eitthvað, en að um útúrsnúning hafi verið að ræða er ekki rétt og ég vísa því á bug.

Ég get alveg á sama hátt dregið saman í örstuttu máli það sem hæstv. ráðh. sagði í seinni ræðu sinni. Það var þetta: Hann ítrekaði að hann færi ekki út í almennar umr. um efnahagsmál. Hann taldi eðlilegt að það yrði haft samráð milli ríkisstj. og forseta Alþingis um frestun þingfunda. Hann sagðist ekki ræða það, sem ég hefði verið að tala um í minni ræðu, vegna þess að til þess þyrfti að fara út í almennar umr. um efnahagsmál. Hann talaði um að það hefði orðið verulegur árangur í baráttu hæstv. ríkisstj. við verðbólguna. — Um það gætum við deilt, svo að ekki sé meira sagt. — Hann sagði að þessi ríkisstj. ætlaði sér ekki að afsala sér rétti til útgáfu brbl. — Um það hefur hv. þm. Halldór Blöndal farið nægilega mörg-

um orðum og ég þarf ekki að bæta þar neinu við. En hæstv. viðskrh. ráðlegg ég að lesa eitt og annað sem hæstv. ráðh. Ólafur Jóhannesson hefur skrifað um útgáfu brbl. meðan á frestun þingfunda stendur. Þar kann að koma ýmislegt annað upp en hæstv. ráðh. hefur haldið fram í umr. í dag. — Að lokum tilkynnti svo hæstv. forsrh., að tilkynningar um úrræði sín í efnahagsmálum gæfi ríkisstj. ekki í utandagskrárumr. á þingi.

Þetta var megininntakið í seinni ræðunni, og nú kann að verða sagt að ég sé að snúa út úr. Ég er ekki að því. Ég er að draga saman í stuttu máli það sem hæstv. ráðh. hafa haft fram að færa í þessum umr. í dag, og það er ekki merkilegra en þetta.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 32). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Í þriðja sinn leggjum við sjálfstæðismenn á Alþingi fram till. til þál. um stefnumótun í landbúnaði og er till. nánast óbreytt frá fyrra flutningi. Áður höfðu sjálfstæðismenn á Alþingi tvívegis flutt till. um hliðstætt efni.

Þótt landbúnaðurinn hafi frá upphafi sögu Íslands búið með þjóðinni og þannig lengst af verið á marga vegu ákvarðandi um kjör hennar og áform hafa á tímum breyttra þjóðlífshátta síðustu áratuga leiðir landbúnaðar og þjóðarheildar ekki ætíð rekist saman svo sem áður var. Á síðustu árum hefur jafnvel svo hart að kveðið að margháttuð gagnrýni og efasemdir hafa grafið um sig í þjóðfélaginu að því er varðar gildi landbúnaðar og þörf þjóðarinnar fyrir þann atvinnuveg. Þess vegna m. a. þarf og er raunar nauðsynlegt fyrir stjórnmálafokk að skýra fyrir þingi og þjóð viðhorf sín til málefna landbúnaðarins. Þess vegna flytjum við 19 þm. Sjálfstfl. á þskj. 32 till. til þál. um stefnu í landbúnaðarmálum. Þessi stefnumótun kemur fram í sjö greinum í sjálfri till. Helstu þættir hennar eru:

Lögð er áhersla á að treysta sjálfseignarábúð bænda og landbúnaðurinn sé metinn sem sjálfstæður atvinnurekstur.

Að grundvöllur landbúnaðar, sem felst í ræktun landsins, verði treystur.

Að fullnægt sé þörfum þjóðarinnar fyrir landbúnaðarvörur, bæði til neyslu og iðnaðar.

Að miða við að hefðbundnar búgreinar ásamt aukinni nýtingu hlunninda leggi grundvöll að núverandi byggð í sveitum landsins og að ný viðfangsefni treysti enn frekar en nú er sveitabyggðirnar.

Að lífskjör sveitafólks og félagsleg réttindi þess verði tryggð.

Að lokum er lögð á það áhersla, að gætt sé hófsemi í umgengni við landið og náttúru þess og að öllum Íslendingum verði gefinn kostur á að njóta samskipta við náttúru Íslands.

Tilefni þeirrar umr., sem átt hefur sér stað um landbúnaðarmál og að hefur verið vikið, ber einkum að rekja til hinnar svokölluðu umframframleiðslu í landbúnaði. Segja má að stefna í landbúnaðarmálum hafi verið óbreytt í tvo áratugi. Með breytingum á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins árið 1960 var landbúnaðinum tryggður réttur til bóta á útfluttar búvörur er að upphæð máttu nema allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarvara. Þessi lögboðna verðtrygging nægði til að verðbæta útfluttar búvörur allt til ársins 1976. En þá hófst sá vandi, sem síðan hefur vaxið, að óverðtryggðar birgðir búvara hafa aukist ár frá ári. Vöntun útflutningsbóta á þessu tímabili á verðlagi hvers árs um sig hefur numið verðlagsárið 1976—1977 500 millj. kr., verðlagsárið 1977—1978 1.8 milljarði kr., verðlagsárið 1978—1979 3.5 milljarði kr., verðlagsárið 1979—1980 4.5 milljarði kr., og fyrir síðasta verðlagsár mun vöntunin nema 4.4 milljörðum kr. — Hér er að sjálfsögðu átt við gamlar krónur.

Til að unnt sé meta þá þróun í framleiðslumálum, sem hér hefur átt sér stað, er nauðsynlegt að skýra hverjar séu þær ástæður sem til grundvallar liggja. Samkvæmt yfirliti frá Þjóðhagsstofnun, sem birtist sem fskj. með þáltill., kemur í ljós að meðalútflutningsverð á síðustur tveimur áratugum hefur numið ca. 52% af innanlandsverðinu. Fróðlegt er að bera saman hlutfallið í upphafi þessa tímabils, þ. e. upp úr árinu 1960, við verðlagið nú. Við þann samanburð kemur í ljós, að í fyrra tilvikinu gaf erlendi markaðurinn ca. 75% af verðinu hér innanlands. Á árinu 1978, sem er síðasta samanburðarárið, er hliðstæð tala innan við 40%. Breytingin, sem varð á þessu tímabili, er m. ö. o. sú, að erlendi markaðurinn gaf á árinu 1978 helmingi minni verðmæti miðað við innanlandsverð búvaranna en hann gerði fyrir tveimur áratugum.

Til að skýra ástæðurnar ætla ég enn að vitna til Þjóðhagsstofnunar og Hagstofu Íslands, en álit þeirra stofnana kemur m. a. fram í tveimur fskj. sem fylgja tillögunni.

Á áratugnum 1960—1970, þegar verðlag í landinu var stöðugt, reyndust útflutningsbótaheimildir í flestum tilvikum fullnægjandi. Á síðasta áratug varð tvívegis mikilvæg breyting í verðlagsþróuninni. Allt til ársins 1972 fylgjast þrír mikilvægir verðlagsferlar að, þ. e. vöru og þjónustu, búvöruverðs og útflutningsbótaréttar, en þá fara þeir líka að greinast að. Árið 1976 skiptist svo verðlagsferill útflutningsbótaréttar og þarfa, jafnframt því sem á þeim verður mikil hækkun. Frá þeim tíma til dagsins í dag nær það tímabil í búvöruframleiðslu sem kennt hefur verið við offramleiðslu búvara.

Frá framleiðsluárinu 1969 til ársins 1979 var framleiðsluaukning í landbúnaði tæp 30%. Þessi framleiðsluaukning er jafnan talin orsök þeirrar birgðasöfnunar í landbúnaði sem átt hefur sér stað síðan. Að hinu ber þó að gá, eins og áður er frá sagt, að sá vandi varð ekki til fyrr en í árslok 1976, en frá þeim tíma er aukning í framleiðslu búvaranna á milli 3 og 4% og raunar minni sé miðað við síðasta ár.

Þá er ekki síður fróðlegt að virða fyrir sér magnferil útfluttra landbúnaðarvara. Þannig hefur á síðasta áratug hlutfall útfluttra búvara af heildarframleiðslu landbúnaðarins verið lægra en það var fyrir 10 árum. Árið 1980, sem er síðasta viðmiðunarárið, nemur þessi mismunur ca. 10%.

Mikilvægt er að athuga tölu búfjár í landinu og þær breytingar sem orðið hafa á bústofninum á síðari árum.

Sauðfjártalan í landinu hefur jafnan verið háð árferði eins og það hefur verið á hverjum tíma. Þannig fækkaði sauðfé á áratugnum milli 1960 og 1970. Þá var árferði fremur óhagstætt fyrir landbúnað, m. a. vegna kals í túnum. Aftur á móti hefur sauðfé fjölgað á síðasta áratug, þar til á allra síðustu árum, þegar harðna tók í ári á nýjan leik, að sauðfé hefur fækkað og er nú að fjölda til

svipað og áður var. Öðru máli gegnir um mjólkurkúastofninn, en þar hefur átt sér stað stöðug fækkun og er nú svo komið að mjólkurkýr á fóðrum eru færri en verið hefur nokkurt ár frá árinu 1960.

Í grg. með till. er gerð nákvæm grein fyrir áhrifum kjarnfóðurs í búvöruframleiðslunni. Það kemur m. a. fram að kjarnfóðurverð á síðustu árum hefur verið sérlega hagstætt. Á árunum upp úr 1960 var verð á 1 kg af mjólk og 1 kg af kjarnfóðri svipað, en á síðustu árum hafa þessi verðhlutföll breyst þannig að verð á hverju kg af mjólk er svipað og verð 2 kg af kjarnfóðri.

Augljóst er að kjarnfóðurverðið á hverjum tíma hefur mikil áhrif á notkun kjarnfóðurs, sérstaklega við mjólkurframleiðslu. Samkv. þeim forsendum, sem miðað er við í grg., þ. e. niðurstöðu búreikninga, nemur kjarnfóðurnotkun að meðaltali á síðasta áratugnum um 26% af fóðurnotkun mjólkurkúa og hefur aukist úr ca. 20% í upphafi hans í ca. 30% í lok áratugsins. Samkv. sömu heimildum hefur kjarnfóðurnotkun í sauðfjárrækt hins vegar ekki aukist, en hún nemur ca. 15% af fóðurþörf sauðfjárins.

Hér að framan hef ég gert nokkra grein fyrir framleiðsluþróun í landbúnaði á s. l. tveimur áratugum og þeim orsakaþáttum sem snerta landbúnaðarframleiðsluna. En til að auðvelda mat á því vandamáli, sem gjarnan er nefnt offramleiðsla á búvöru, er vert að athuga sérstaklega þróun þessara mála á fimm síðustu árum, þ. e. frá þeim tíma sem útflutningsbótaréttur inn nægði ekki lengur, en miðað við verðlag, eins og það hefur verið á hverjum tíma, hefur umframþörfin aukist úr hálfum milljarði króna í tæplega 4.5 milljarða króna, þ. e. nífaldast. Umreiknuð til sama verðlags ársins 1977 hefur aukningin hins vegar tæplega tvöfaldast sé miðað við síðasta verðlagsár.

Engan veginn verður vöntunin á útflutningsbótafé skýrð með þeirri framleiðsluaukningu búvara sem átt hefur sér stað á þessu tímabili, en hún nemur, eins og áður hefur verið sagt, á milli 3 og 4%. Á árinu 1977 var verðbólgan hér á landi á ársgrundvelli ca. 30% og hefur því á þessu tímabili, sem hér hefur sérstaklega verið fjallað um, nálega tvöfaldast.

Þegar þessar staðreyndir eru metnar er augljóst að það er verðbólgan í landinu sem er sú orsök sem mest áhrif hefur haft. Þess vegna ber að leggja áherslu á að dreifing byggðar og búseta kunna frekar að ráðast af verðbólguþróuninni í landinu en nokkru öðru. Þrátt fyrir þessa staðreynd verður ekki hjá því komist að viðhafa nokkra stjórn á búvöruframleiðslunni.

Augljóst er að framleiðsluskömmtun í þeirri mynd, sem hún birtist í innan hins svokallaða kvótakerfis, samræmist ekki stefnu Sjálfstfl. Enn fremur verður að hafa hugfast að með tilliti til þess, að búfé er að tölu til í lágmarki, eru ekki rök fyrir frekari búfjárfækkun. Sem viðmiðun er í till. lagt til að kjarnfóður, sem þarf til búvöruframleiðslunnar innanlands, verði ekki skattlagt, en að heimilt verði að taka gjald af toppnum af kjarnfóðurnotkuninni. Lögð er á það áhersla, að því fjármagni, sem þannig fæst, verði varið til niðurgreiðslu á áburði eða annarra hliðstæðra nota. Í till. er lögð áhersla á að ná fram þeim markmiðum í búvöruframleiðslunni er leiði til jafnvægis án þess að byggð skerðist.

Landbúnaðurinn býr við sterk félagsleg samtök, og á það ekki síst við um búnaðarfélagsskapinn heima í héraði. Mikilvægt er að færa í ríkara mæli skipulagningu framleiðslumála heim í hérað. Þar með væri vandinn færður nær bændunum sjálfum. Áhrifamesta aflið til að ná framangreindum markmiðum er að koma á umbótum í framleiðslumálum landbúnaðarins þegar leiðbeiningaþjónustan, sem fram til þessa hefur verið lítils megnug hvað snertir að móta stefnuna í framleiðslumálum, hefur verið löguð að breyttum aðstæðum. Um leið og ákveðin stefna er mótuð, sem m. a. felst í ákveðnari stjórn á framleiðslunni, umbótum í sölu og vinnslu búvara, stórbættri fóðurframleiðslu og víðtækari heimildum um ráðstöfun þess fjármagns, sem nær einvörðungu hefur verið bundið við að verðbæta búvöru til útflutnings, er leiðbeiningaþjónustunni gert kleift að beita áhrifum sínum til samræmis við þau viðhorf er breytt stefna í málefnum landbúnaðarinns felur í sér.

Umræða um niðurgreiðslu búvöruverðs á frumstig hefur jafnan átt sér stað og þá m. a. með það í huga að dragi úr kostnaði við framleiðslu búvaranna. Í till. er lagt til að slíkar heimildir verði fyrir hendi og þá sérstaklega varðandi kaup bænda á tilbúnum áburði. Sérstök áhersla er lögð á að kjarnfóðurgjald, sem innheimt kann að verða, fari beint til niðurgreiðslu á áburðarverði og verði þannig til að færa á milli rekstrarliða í landbúnaði í stað launagreiðslu eins og nú er. Þá er enn fremur bent á það, að dragi úr búvöruframleiðslunni þannig að ekki þurfi að nýta 10% verðtryggingarheimildina verði heimilt að nota hluta hennar til niðurgreiðslu á áburðarverði og fleiri þeirra nota sem draga úr verði á búvörum hér innanlands, en auðveldi um leið sölu þeirra til annarra nota heima fyrir.

Þessar breytingar hefðu mikil áhrif ef þær kæmust til framkvæmda, bæði á nýtingu útflutningsbótafjármagns og einnig varðandi hina raunverulegu stefnu í framleiðslumálum, sem fremur mundu með þessu móti leita inn á umbætur og hagræðingu í landbúnaði en hina óþvinguðu framleiðslustefnu svo sem verið hefur.

Herra forseti. Hér að framan hef ég skýrt afstöðu okkar flm. til þeirra viðfangsefna og vandamála sem landbúnaðurinn stendur sérstaklega frammi fyrir nú. Ástæðan fyrir því er sú, að til þess að unnt sé að tryggja óskerta byggð er nauðsynlegt að skilgreina vandamálin, eins og þau eru, og meta viðbrögðin út frá því. Í máli mínu hef ég einkum lagt áherslu á að skýra viðhorf, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir nú, og þær leiðir, sem fram koma í till. til að mæta þeim vanda.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að rétt notkun hvers konar lyfja byggist á vitneskju um eðli þeirra meinsemda sem við er að fást hverju sinni. Í till. koma fram margar ábendingar um möguleika á nýjum viðfangsefnum í landbúnaði, hagræðingu í rekstri og viðskiptum.

Einn mesti ágallinn við útflutningsvandamál landbúnaðarins hefur verið að núverandi fyrirkomulag hefur ekki haft hvetjandi áhrif varðandi öflun hagstæðra markaða, þar sem verðtryggingin tryggði að vissu marki fullt útborgunarverð og umboðslaun eru greidd án tillits til söluverðs erlendis. Þegar svo er komið að framleiðendur búvara fá hluta þeirra greiddan á útflutningsverði verður að skapast mikill þrýstingur frá þeirra hendi um að þessum málum sé vel fyrir komið. Eðlilegt er því að ákvarðanir varðandi útflutninginn verði í ríkara mæli bundnar bændasamtökunum en nú er.

Sama máli gegnir um vinnslu landbúnaðarafurða til útflutnings. Þannig hafa íslenskar gærur verið unnar erlendis og seldar á mörkuðum þar. Hér er um nýlendu-

viðskipti að ræða sem engan veginn eru forsvaranleg. Öflugt átak í sölu og vinnslu landbúnaðarvara getur haft mikil áhrif til að auka gildi landbúnaðarins.

Ákvörðun Búnaðarfélags Íslands um ræktun feldfjár er lofsvert framtak, sem áhugavert verður að fylgjast með.

Þar sem stofnlán til landbúnaðar eru nú að fullu verðtryggð hlýtur að koma til álita hvort ekki sé brostinn grundvöllur fyrir því gjaldi sem greitt hefur verið til Stofnlánadeildar landbúnaðarins af búvörum til lánajöfnunar.

Eitt mikilvægasta verkefnið í landbúnaði er stórbætt heyverkun. Fóðuriðnaður hefur þegar náð fótfestu. Mikil þörf er á að efla þá starfsemi og tengja hana störfum bændanna eða félagssamtökum þeirra.

Nýjar búgreinar hafa mikið verið til umræðu. Varast ber að tengja þá umræðu úrræðum um skjóta lausn á framleiðsluvandamálum landbúnaðarins. Þrír áratugir eru liðnir frá því að umræður hófust um innflutning á holdanautum. Nú hins vegar er fyrst farið að gæta áhrifa þeirrar baráttu.

Nýjum búgreinum þarf að finna ákveðið form í landbúnaðinum, bæði að því er varðar uppbyggingu, rekstur og sölu framleiðslunnar. Hér þurfa m. a. til að koma nýir þættir rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi.

Ræktun landsins og gróðurvernd eru nú sem fyrr veigamestu þættirnir í íslenskum landbúnaði. Landgræðsla ríkisins hefur fyrir löngu sannað fyrir alþjóð hversu mikilvægu hlutverki hún hefur að gegna. Ný landgræðsluáætlun er verðug viðurkenning til þeirra starfa. Þau viðfangsefni, sem hér eru nefnd, eru dæmi um þá möguleika sem felast í störfum bændanna í þessu landi og mörg hver verða að mótast og vinnast af djörfum áformum. Það verður að varðveita það umhverfi í sveitum landsins sem á eftir að verða vettvangur ókominna kynslóða. Þegar tímar líða mun það reynast traustur grundvöllur þeirra áforma að byggja Ísland allt.

Ég vil svo, herra forseti, gera það að tillögu minni að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í upphafi ræðu 1. flm. þessarar till. er hér um gamlan kunningja að ræða á Alþingi. Við höfum rætt þessa till. ítrekað á undanförnum þingum eða sambærilega till., sem var fyrirrennari þessarar till. til þál. Ég mun því ekki fara á þessum fundi, við fámenni í þingsal, að ræða till. með mörgum orðum. Ég skal og reyna að haga máli mínu þannig að ekki þurfi að vekja upp deilur, enda er það mála sannast að grundvallaratriði þessarar till. eru þess eðlis að þar er ekki ágreining um að ræða af minni hálfu.

Ég vil gjarnan geta þess, vegna þeirra orða sem hv. frsm. hafði er hann rakti það sem vantað hefði á útflutningsbótafé til þess að fullt verð næðist vegna útflutnings á landbúnaðarvörum varðandi síðasta verðlagsár, að gert er ráð fyrir, eins og fram kom, að skorti um 44 millj. nýkr. til að ná endum saman. Þessu hefur verið mætt á þann hátt, að af kjarnfóðurgjaldi hefur verið greitt um 12 millj. kr. og samkvæmt lánsfjáráætlun, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir að útvegað verði lán til þess sem nemur að upphæð 20 millj. kr. Eftir stendur því nálægt 12 millj. kr. og ekki horfur á öðru en að bændur verði að taka það á sig. Þetta tel ég eðlilegt að komi fram í þessu sambandi.

Það er hárrétt, sem fram kemur hjá hv. frsm. till., að meginorsök þess vanda, sem við hefur verið að etja í framleiðslumálum og verðlagsmálum landbúnaðarins er verðbólguþróun hér innanlands sem hefur á síðustu árum og raunar áratugum verið miklu hraðfleygari en í öllum okkar helstu viðskiptalöndum. Þetta er ekki sérmál fyrir landbúnaðinn, að verðbólgan hér innanlands hafi valdið erfiðleikum því að hún hefur auðvitað valdið ómældum erfiðleikum í þjóðfélaginu öllu og er atvinnuvegum landsins háskaleg. Þess vegna er það auðvitað meginkeppikefli í íslenskum stjórnmálum að fást við þennan verðbólguvanda og reyna að haga svo málum að úr verðbólguþróuninni dragi.

Ég tel að þær aðgerðir, sem beitt hefur verið til að hafa hemil á framleiðslunni á síðustu árum, hafi verið nauðsynlegar. Ég tel að það hafi verið nauðsynlegt í góðæri, eins og var á vordögum 1980, að grípa til þess að setja á kjarnfóðurgjald til þess að við lentum ekki í enn þá meiri vanda við að koma framleiðslunni í eitthvert verð, — framleiðslu sem sprottið hefði af mikilli kjarnfóðurgjöf í því ákjósanlega árferði sem þá gekk yfir land okkar. Ég er sannfærður um að það hefðu orðið meiri erfiðleikar fyrir landbúnaðinn við að fá ekkert verð fyrir þá framleiðslu sem kjarnfóður hefði verið notað til að framleiða. Það er alveg rétt, sem fram kemur hjá flm., að kjarnfóðurverð hefur mikil áhrif á kjarnfóðurnotkun og þar með framleiðslu, einkum í mjólkurframleiðslunni. Þess vegna var þetta nauðsynlegt úrræði og það hefur sýnt sig að það verkaði og hefur náð tilætluðum árangri.

Ég tel að þrátt fyrir að nú sé ekki við offramleiðslu að etja í landbúnaðinum hvað snertir mjólkurafurðir sé vafasamt að hverfa frá kjarnfóðurgjaldi, a. m. k. í blóra við samtök bænda. Bændasamtökin hafa ekki lagt fram tillögur um að fella þetta gjald niður eða hverfa frá þeim ráðstöfunum sem beitt hefur verið á allra síðustu árum. Ég vil aðeins geta þess í sambandi við kvótakerfið, að eftir því sem dregið hefur úr framleiðslu verður minni þörf fyrir kvótakerfið. Það verkar þannig, að það þarf minna að skerða verð til bænda til samræmis við það kerfi eins og það liggur fyrir. Þetta atriði er auðvitað þess eðlis, að bændur þurfa að átta sig á því nægilega vel, því að sumir hverjir standa í þeirri meiningu að skerðingarákvæðum kvótakerfisins verði beitt að fullu hvað sem framleiðslu líður. Það er auðvitað hinn mesti misskilningur.

Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að haga þessum málum öllum í sem nánustu samráði við félagskerfi landbúnaðarins, og það hefur verið reynt að gera þann tíma sem ég hef farið með þessi mál í núv. ríkisstj.

Um notkun á því fé, sem innheimtist vegna kjarnfóðurgjalds, er ég á þeirri skoðun, að nauðsynlegt sé að nota það öðru fremur til að jafna þann halla sem verður á útflutningi búvara, vegna þess að það er landbúnaðinum afar nauðsynlegt að geta fengið sem næst fullt verð fyrir framleiðslu sína. Ef það mark næðist eftir öðrum leiðum tel ég mjög koma til greina að verja kjarnfóðurgjaldi til niðurgreiðslu á einstökum rekstrarliðum, t. a. m. áburði, en þó e. t. v. umfram allt fjármagnskostnaði því að varla er á öðrum sviðum meiri mismunur á kjörum bænda en á því sviði sem stafar af mismunandi fjármagnskostnaði. Þeir, sem hafa staðið í fjárfestingu eða vélakaupum á síðustu árum, eftir að fjármagn varð svo dýrt í þjóðfélaginu sem raun ber vitni, bera feikilega þungar byrðar vegna fjármagnskostnaðar, en aftur eldri bændur margir hverjir, sem höfðu áður komið sér fyrir og ekki hafa lagt í

verulegar framkvæmdir á allra síðustu árum, eru þannig settir, að þeir bera mjög óverulegar byrðar vegna fjármagnskostnaðar. Í þessu er fólginn mjög mikill mismunur og væri mjög þarft verkefni að finna leiðir til að jafna nokkuð úr þessum mismun. En meðan enn skortir á að við náum fullu verði fyrir útfluttar landbúnaðarvörur er a. m. k. hæpið að draga fé úr kjarnfóðurgjaldinu til annars en til að tryggja bændum fullt verð eftir því sem við verður komið.

Tæplega er hægt að búast við að framhald verði á því til langframa, að Alþingi verji fjármagni til að bæta upp útflutning á búvörum umfram það sem ákvæði í framleiðsluráðslögum gera ráð fyrir. Ég skal ekkert um það fullyrða, en það hefur þurft á miklum velvilja að halda af hálfu Alþingis og ríkisstj. til að ná þeim fjármunum til bænda sem náðst hafa á allra síðustu árum, og það er mjög vafasamt að þeir fjármunir næðust ef við völd væri ríkisstj. sem væri landbúnaðinum óvilhallari en sú ríkisstj. sem nú situr.

Ég vil aðeins segja það í sambandi við þau orð hv. flm., að útflutningur á gærum væri í slæmu horfi, að þær gærur væru eins konar nýlenduvara erlendis, að auðvitað er mikið keppikefli fyrir okkur Íslendinga að vinna sem allra best iðnaðarvörur úr innlendum hráefnum og mikið keppikefli fyrir okkur að byggja upp íslenskan iðnað þannig að hann vinni sem ítarlegast framleiðsluvörur, iðnaðarvarning, úr þeim hráefnum sem framleiðslugreinar okkar leggja til. Því miður er það svo með skinnaiðnaðinn, að erfiðleikar hans hafa verið því meiri sem vinnslan gengur lengra og þau fyrirtæki í skinnaiðnaði standa langsamlega best sem hafa flutt út sínar vörur hálfunnar. Við getum ekki horft fram hjá þessari staðreynd, en það væri sannarlega æskilegt og ákjósanlegt ef fullvinnslukostnaður í þessari grein sem og öðrum væri ekki meiri en svo í okkar þjóðfélagi að við gætum verið þeim mun betur samkeppnisfærir á erlendum markaði því meira sem varan er unnin. Þarna kemur enn að því vandamáli, sem hrjáir okkar þjóðfélag og hefur gert undanfarin ár og áratugi, en það er verðbólgan sem hefur áhrif á þennan þátt mála.

Á síðustu árum hefur, jafnhliða þeim framleiðslutakmörkunum sem settar hafa verið á, verið unnið að uppbyggingu nýrra búgreina. Það má sjálfsagt um það deila, hvernig á þeim málum hefur verið tekið, en víst er að við það eru vonir bundnar og verulegum fjármunum hefur verið varið til að styðja að uppbyggingu nýrra búgreina, bæði í fiskrækt, í loðdýrarækt, í nýtingu hlunninda, jafnvel nokkuð í garðrækt, og í athugun eru meiri háttar viðfangsefni í ylrækt. Enn fremur hefur verið verulega unnið að hagræðingarverkefnum, svo sem til að stuðla að bættri fóðurverkun. Ég tel að áfram þurfi að halda á þessari braut. Ræktun svo og fóðuröflun eru grundvallarforsendur fyrir íslenskum landbúnaði. Þess vegna þarf að gefa þeim þáttum landbúnaðarins góðar gætur og skal ekki fullyrt annað en að það er reynt að styðja að þessum viðfangsefnum þó auðvitað megi enn um bæta.

Hv. flm. minntist á nýja landgræðsluáætlun. Væntanlega verður ný landgræðsluáætlun lögð fyrir Alþingi nú allra næstu daga. Tel ég það mjög mikils virði og mun fjalla um hana þegar þar að kemur.

Stefnan, sem fylgt hefur verið nú allra síðustu árin í íslenskum landbúnaði, hefur miðast við það í höfuðdráttum að miða framleiðsluna við að Íslendingar væru sjálfum sér nógir um mjólk og mjólkurafurðir og við þyrftum ekki að flytja út mjólkurafurðir, vegna þess að erlendu markaðirnir fyrir þessa vöru hafa í rauninni brugðist vegna þeirra orsaka sem að framan er getið. Jafnframt hefur verið stefnt að því að reyna að halda einni aðalbúgrein landsmanna, sauðfjárframleiðslunni, í svipuðu horfi og verið hefur, vegna þess að ef samdráttur yrði í báðum þessum greinum væri erfitt að halda uppi kjörum fólksins í sveitum landsins og þá væri byggðin í hættu. Jafnhliða þessu hefur verið unnið að eflingu nýrra búgreina og unnið að hagræðingarverkum í landbúnaðinum. Þetta er nauðsynlegt að gera til að varðveita og styrkja landbúnaðinn sem einn meginstofn íslenskra atvinnuvega og íslensks þjóðlífs. Ef byggðin dregst að einhverju marki saman í sveitum landsins og landbúnaðarframleiðslan hrynur væri mikil vá fyrir höndum í þjóðfélagi okkar.

Miklar sveiflur í árferði, sem gengið hafa yfir nú síðustu árin, valda miklum erfiðleikum í öllum áætlunum um framleiðslu og markaðsmál. Þessar miklu sveiflur gera allar þessar áætlanir og þessar aðgerðir erfiðar. En við þurfum samt að miða framleiðslu okkar við þær markaðsforsendur sem við teljum mögulegt að fara eftir. Að því marki verður að keppa hvað sem öllum áferðissveiflum líður.

Ég vil svo aðeins segja það, að á vegum landbrn. hefur verið unnið að gerð till. um stefnu í íslenskum landbúnaði. Nefnd, sem skipuð var af ráðuneytinu, skilaði áliti á þessu ári, og hefur þótt nauðsynlegt með tilliti til breytinga, sem raunar hafa síðar orðið, að bæta við meiri upplýsingum en þar liggja fyrir. Er nú unnið að því, og vænti ég þess, að till. um þetta efni verði lögð fram á því þingi sem nú stendur yfir.

Ég skal ekki fjalla um þetta mál í lengra máli. Ég vænti þess, að orð mín hafi ekki orðið til að kveikja neinn neista til deilna um þessi mál að þessu sinni. Ég þykist þess fullviss, að 1. flm. till.ber hag landbúnaðarins mjög fyrir brjósti og um það séum við sammála. Ég fann það ekki heldur á máli hans áðan að okkur greindi svo mjög á um þær leiðir sem fara þarf til að styðja íslenskan landbúnað.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þau orð sem hann lét hér falla. Ég er honum að sjálfsögðu alveg hjartanlega sammála um að hvorki ræða hans né mín né þessi tillöguflutningur geti orðið til mikils ágreinings okkar á milli. Það er reyndar svo, að mjög stór hópur fólks í þessu landi á samleið með þeirri stefnu sem mótuð er í þessari tillögu.

Á síðasta vetri var fjallað um þessa till. í atvmn. Sþ. og hjá nefndarmönnum öllum ríkti góður andi gagnvart þessum tillöguflutningi. Þá er vert að leggja á það áherslu, að bændasamtökin, Stéttarsamband bænda, Búnaðarfélag Íslands, Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landnám ríkisins, — þessar stofnanir hafa allar fjallað um þessa till. og hafa mælt með samþykkt hennar.

Ég tel að þetta sé ákaflega mikilvægt mál. Jafnvel þótt hæstv. landbrh. flytji síðar á Alþingi till. um stefnu í landbúnaðarmálum fæ ég ekki séð annað en þessa till. eða till. svipaðs eðlis sé unnt að afgreiða frá Alþingi. Þeir, sem hafa verulegan áhuga á því á öðrum stöðum en í þessum ræðustól á hinu háa Alþingi ættu þá að bera gæfu til að standa saman að jákvæðri afgreiðslu á þessu mikilvæga máli.

Að sjálfsögðu sleppi ég því að fara út í hin smærri

atriði, sem eru raunar ekki stefnumótandi, heldur framkvæmdaratriði í vissum tilvikum, eins og hæstv. landbrh. fjallaði um, þ. e. framkvæmd kjarnfóðurgjaldsins og ráðstöfun þess. En ég undirstrika alveg sérstaklega það, sem hæstv. landbrh. sagði, og ég fagna því, sem hann sagði um þörfina á að færa til innan landbúnaðarins, miðað við hverra kjara bændurnir í þessu landi njóta í sambandi við lántökur úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, því að eins og það mál horfir nú og hæstv. ráðh. tók alveg sérstaklega fram er trúlega einmitt þar á ferðinni mesta misvægi innan landbúnaðarins. Ég fæ ekki séð hvernig ungir menn, sem hafa reist bú á síðustu árum, ráða við fjármagnskostnað við þær aðstæður sem eru nú í þjóðfélaginu. Ég fagna þessari ábendingu hæstv. landbrh. alveg sérstaklega.

Hæstv. ráðh. minntist hér á ýmislegt fleira og m. a. að viðbótarútflutningsbótafé til landbúnaðarins hefði ekki náðst nema vinveitt ríkisstj. hefði verið við völd. Ég geri mér vel ljóst að það eru vissir erfiðleikar á að komast út úr slíku umhverfi sem þessu, og ég ætla ekki að ræða sérstaklega hversu núv. ríkisstj. er vinsamleg í garð bændanna í þessu landi. En það verður að skýrast með öðrum hætti en þeim einum að meta aukaútflutningsbótagreiðslur og þá ekki síst með því að sjá og reyna hvernig fjárveitingar kunna að falla m. a. til Búnaðarfélags Íslands og þá ekki síst í sambandi við núverandi fjárlagagerð, því að eins og við vitum stöndum við gagnvart þeirri staðreynd, að sú stofnun og þau félagasamtök, sem eru tengd þeirri starfsemi, eru mest ákvarðandi um hvernig íslenskur landbúnaður hefur þróast og hvernig hann mun þróast. Ég vildi helst geta dæmt hug ríkisstj., bæði þessarar ríkisstj. og annarra ríkisstj., út frá því, hvernig afgreidd eru þau málefni sem sérstaklega snerta þessa starfsemi í landbúnaðinum.

Herra forseti. Ég orðlengi þetta ekki frekar. Ég vona, eins og ég sagði áðan, og legg á það þunga áherslu, að það sé ekki einungis á þessum stað, í þessum ræðustól á hv. Alþingi, sem menn hafi áhuga á að móta afstöðu Alþingis til dreifbýlisins, til landbúnaðarins og til bændanna, en menn leggi í það vinnu á þessum vetri að ná samstöðu og samkomulagi. Það er alveg augljóst, með tilliti til afstöðu bændasamtakanna til þessarar till., að hún getur þar í engu orðið ásteytingarsteinn ef menn aðeins vilja í þessum efnum vera sjálfum sér samkvæmir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattafrádráttur, þáltill. (þskj. 47). — Fyrri umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Okkur þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu er löngu ljóst að efnahagsstefna ríkisstj. er byggð á sandi og blekkingum, og æ fleiri stuðningsmönnum ríkisstj. er þetta einnig ljóst, jafnvel þeim sem eru komnir í salinn í kvöld, og reyndar hlýtur sumum hæstv. ráðh. sjálfum að vera þetta ljóst, þótt þeir komi ekki hingað á þennan fund til að viðurkenna það, enda hafa þeir ekki manndóm í sér til að viðurkenna það þótt til þess þurfi ekki annað en vilja. Í stað þess, eins og kom fram í umr. síðdegis í dag, hefur aðstoðarmaður forsrh. verið sendur fram í fjölmiðlum til að viðurkenna hrun efnahagsstefnu ríkisstj. og viðurkenna þá staðreynd um leið, að niðurtalningin er orðin að upptalningu. Nýja krónan rýrnar með hverjum degi. Talið er af fróðum mönnum að a. m. k. 3—5 verðbólgustig eða jafngildi þeirra séu fljótandi ofan á þeirri óðaverðbólgu sem mælist og dagprísar eru á fjölda vörutegunda.

Fjölmenn launþegasamtök telja sig á stjórnartímabilinu frá 1978 til dagsins í dag, en ég tel þetta vera samfellt stjórnartímabil vinstri flokka, búa við um 20% lakari kaupmátt en þá, og er þó miðað við úreltar neysluvenjur. Fyrir þessu virðast opinberar stofnanir, eins og verðlagsyfirvöld og Þjóðhagsstofnun, loka augum og eyrum og því miður oft tala eins og ráðh. óska. Ein af fáum stofnunum ríkisins, sem allur landslýður treystir, Hagstofa Íslands, er of bundin skylduverkefnum til þess að hægt sé að leita þar ásjár um hlutlausar og áreiðanlegar upplýsingar sem annars staðar er að unnið. Við þessar aðstæður, sem er aðeins lauslega lýst með þessum orðum mínum, er að sjálfsögðu tæplega við að búast að þm. stjórnarandstöðu séu ýkjafúsir til að leggja sig fram um að kanna leiðir sem leysa megi hluta þeirra vandamála sem alls staðar blasa við. Þeir vita að ráðh. og þm. stjórnarinnar telja það höfuðskyldu sína að hafna öllu sem frá stjórnarandstöðunni kemur, sérstaklega þó ef það er eyrnamerkt flokkssamþykkt viðkomandi þingmanna.

Auðvitað láta þm. ekki þetta hræða sig og við flm. þessarar þáltill. viljum leggja fram nokkuð til þess að máske geti orðið ákveðin umræða um vandamál sem blasa við á vinnumarkaðinum ekki aðeins núna, heldur þó enn frekar um næstu áramót, og er það kannske ekki mikill vandi á við þann sem menn sjá fyrir sér þegar kemur fram á vorið og núverandi bráðabirgðasamningar Alþýðusambands Íslands og annarra launþegasamtaka við samtök vinnuveitenda eru gengnir úr gildi.

Við flm. viljum með flutningi þessarar þáltill. benda á, að það sé meira en tímabært að kanna nýjar leiðir sem styrkja stöðu ýmissa hópa með jákvæðum aðgerðum ríkisvaldsins — starfshópa sem m. a. eru að lenda í vinnudeilu, en hafa ekki möguleika á að rétta sinn hlut eftir venjulegum samningaleiðum, m. a. vegna samanburðarkrafna annarra hópa. Úrlausn eftir þeirri leið, sem við bendum á með þessum þáltill.-flutningi, hefur m. a. það í för með sér að okkar mati, að félagslegt réttlæti mun aukast og kostnaður ríkisins kemur ekki fram fyrr en eftir á, sem óhjákvæmilega hlýtur að leiða af þessu.

Við vitum og kunn er sú staðreynd og hefur verið um nokkuð langan tíma, að það virðist vanta 15—20% í að náist saman það sem vinnuveitendur telja sig þurfa til að geta rekið fyrirtæki sín — og hér er það almennt talað — og það sem launþegar telja sig vanta upp á til að halda þeim kaupmætti sem þeir telja sér nauðsynlegt að hafa og hafa náð fram í samningum áður en farið var markvisst að skerða þann kaupmátt af stjórnvöldum.

Við erum með þessari till. að benda á hugsanlega leið til lausnar á einum hluta vandamála sem Alþingi og ríkisstj. hafa áratug eftir áratug verið að glíma við. Það væri að vísu full ástæða til að taka fleiri þætti inn í en þá sem við bendum hér á, og ég hefði satt að segja búist við að á þessu hausti hefðu orðið jákvæðari umræður um þessi mál af hendi sumra þm. stjórnarliðsins, sem hafa öðrum fremur staðið í baráttu fyrir sína félagsmenn á vinnumarkaðinum, en því miður er því ekki að heilsa.

Það hefur t. d. nýlega verið bent á að frá því að núverandi stjórnarsamfylking komst til valda 1978 hafi lánskjaravísitalan ekki verið skert þrátt fyrir endurtekin kauprán og valdbeitingu til að breyta gerðum kjara-

samningum á þessu tímabili, sem hefur haft það í för með sér, að kaup hefur ekki haldist í hendur við skráð verðlag, hvað þá lánskjaravísitölu. Hefði mátt búast við að þm. stjórnarliðsins, a. m. k. sumir hverjir, hefðu beitt sér fyrir því, að t. d. ríkisbankarnir fetuðu í fótspor SAL, lífeyrissjóðanna almennu, sem hafa skilað nokkru af hagnaði sínum til lántakenda sem hafa búið við þessi lánskjör.

Það hefur ekkert verið unnið að því á þessu sama stjórnartímabili að flytja fjármuni og um leið framkvæmdagetu og vald heim í sveitarfélögin, heldur hefur þvert á móti verið stefnt æ hraðar og markvissar í miðstýringarátt. Það eru fleiri en við sjálfstæðismenn sem hafa bent á nauðsyn sjálfsábyrgðar í meðferð skatttekna í héruðunum sjálfum, auk þess sem flestir menn viðurkenna að þar er fyrir hendi hin staðlæga þekking á vandamálum héraða og einstakra sveitarfélaga og því eðlilegt að þetta vald sé þar. Ef slíkt væri flutt heim í héruð, sá háttur yrði tekinn upp, þá mætti búast við miklu raunverulegri og virkari þátttöku og eftirliti borgaranna sjálfra bæði um meðferð og stjórnun, að ég tali ekki um áætlanagerð að fyrirhugðum framkvæmdum hjá sveitarstjórnarmönnum. Þetta mundi allt stóraukast.

Við höfum lifað það nú ár eftir ár að miklum fjármunum er varið til niðurgreiðslu landbúnaðarvara. Samkv. fjárlögum nú eru ætlaðar til þess um, að mig minnir, 160 millj. nýkr. og virðist ekki nein breyting vera fyrirhuguð hjá ríkisstj. eða stjórnarflokkum á þessu kerfi. Ég hefði talið, með hliðsjón af því sem blasir við á vinnumarkaðinum, að það hefði kannske verið alvarlega athugað hvort þetta væri ekki hægt. Það hefur náðst fram nýlega gamalt baráttumál okkar sjálfstæðismanna í launþegasamtökunum um lágmarkslaun verkafólks, en um áratugaskeið hafa bændur búið við þessi kjör. Þeir hafa haft tryggð lágmarkslaun og tekjur þeirra verið miðaðar við ákveðnar stéttir. En þessu lágmarkskaupi bænda hefur verið náð með gerviverði á framleiðsluvörum þeirra. Þær hafa verið stórlega niðurgreiddar og hafa þar af leiðandi skert fjölda þátta í þjóðarbúskap okkar.

Fyrst við erum búnir að stíga það spor að koma á lágmarkskaupi fyrir flesta þegna þjóðfélagsins, því þá ekki að stíga sporið til fulls og borga bændum lágmarkskaup og láta þá svo reka sín fyrirtæki, eins og aðrir framleiðendur verða að gera, í samræmi við framboð og eftirspurn? Þessi fyrirtæki — búin — yrðu síðan að greiða skatt og skyldur eins og önnur fyrirtæki og þar á meðal að sjálfsögðu líka auðlindaskatt af sínum rollum, sem ganga á jarðeignum almennings inn til fjalla, þegar upp verður tekinn auðlindaskattur á fiskiskipin.

Ég gladdist við þegar ég heyrði það í umr. um daginn að hæstv. heilbr.- og félmrh. hafði haft í huga þá leið sem við erum hér að benda á að verði athuguð, ég og hv. þm. Halldór Blöndal, í sambandi við skattafrádrátt. Hann sagði mér hins vegar frá því á eftir í einkaviðtali, að hann hefði fengið heldur óblíðar móttökur hjá ýmsum embættismönnum sem hefðu fundið því allt til foráttu að fara slíka leið. Það hafa fleiri en hann. Ég hef lengi haft þá skoðun, að það væri hægt að fara þessa leið. Ég hef orðið var við að það hefur verið flutt frv. nú um að auka hlutdeild skattborgaranna í skattafrádrætti. Það hafi verið flutt frv. í hv. Nd. um það. En það er eftirtektarvert, að í hvert skipti sem breytingar hafa verið gerðar á skattalögunum á liðnum árum höfum við alltaf hreint fengið að heyra frá embættismönnum, sem hafa fjallað um þessi mál, að sérstakir frádráttarliðir sem aðeins ná til lítils hluta skattgreiðenda, væru til mikils ama í öllu skattheimtukerfinu. Það er um mikla aukavinnu að ræða í þessu sambandi og margir erfiðleikar á skattúrvinnslu af þessum sökum. Þetta álit embættismanna og stjórnmálamanna, þ. á m. fyrrverandi fjmrh., sem ég hlustað á tala um þetta og þetta mál hefur heyrt undir, hefur verið ein meginástæðan fyrir niðurfellingu frádráttarliða og samruna annarra. En það eru samt sem áður til slíkir liðir sem halda sér og ná til þrengri hópa, fyrst og fremst vegna þess að það er verið að ná fram félagslegu réttlæti sem illmögulegt er að ná öðruvísi. Ég bendi sérstaklega á sjómannafrádráttinn, sem fyrst og fremst er vegna hinnar sérstöku vinnuaðstöðu, sem sá hópur manna hefur, og stöðugrar sannanlegrar hættu í því starfi. Því fylgja líka sannanleg dauðsföll sem eru marktæk í prósentum árlega og hafa verið um áratugaskeið hér á Íslandi.

Ég skal viðurkenna að fyrir fækkun og samruna slíkra frádráttarliða á liðnum árum megi finna mörg jákvæð rök, en það eru líka, þegar rætt er um að taka upp nýja liði, þessi sömu rök til að ná fram lagfæringu á þjóðfélagslegum vandamálum.

Úrvinnsluvandi, sem á hefur verið bent, getur ekki lengur verið fyrirstaða í augum þeirra sem fylgjast með þeim möguleikum sen nútímatæknibúnaður býður. Við, sem erum á miðjum aldri, höfum lifað hverja byltinguna á fætur annarri, sem hefur gengið yfir í sambandi við tölvubúnað og tölvuvinnslu, og nú síðast örtölvubyltinguna. Þessar tækniframfarir hafa haft í för með sér svo miklar breytingar og reyndar enn ófyrirséða möguleika á úrvinnslu gagna þegar leita þarf svara við ótrúlegustu vandamálum, að ég tel að slíkur fyrirsláttur sem úrvinnsluvandi geti tæplega staðist. Alla vega tel ég að þingmenn, sem óska eftir að þessi leið verði könnuð, séu orðnir það margir að þeir eigi orðið fulla heimtingu á því að fá bæði það sem mælir með og móti slíkum leiðum í sambandi við skattheimtuna. Það gera sér að sjálfsögðu allir þess grein, að það fylgir mikill kostnaður tölvuvæðingu, bæði tæknibúnaðurinn sem til þarf, nám starfsmanna, upplýsingasöfnun og launakostnaður o. fl., o. fl. En við flm. teljum að þótt um kostnað sé að ræða í sambandi við slíka fjárfestingu eigi ekki að setja hann fyrir sig þegar haft er í huga að allur þessi búnaður og nám, sem notkun hans fylgir, er ekki bundið neinu einu verkefni, en má nota sem nauðsynlegt hjálpartæki á nær öllum sviðum okkar daglega lífs og kemur að margs konar gagni í okkar flókna nútímaþjóðfélagi.

Það hefur verið talað um að ein meginandstaðan gegn því að fjölga slíkum frádráttarliðum væri fyrirhugað staðgreiðslukerfi skatta. Ég verð ekki var við annað en hvar sem er, hjá launþegasamtökum og öðrum, sé vaxandi andstaða gegn staðgreiðslukerfi skatta. Er stutt síðan ég var á fjölmennum fundi, þar sem forustumenn launþega voru, þar sem allir lögðust gegn því, en töluðu hins vegar um að það mætti þá frekar fara styttri áfanga, styttri leið, sem menn hafa kallað samtímagreiðslu skatta, að mig minnir. Ef við sníðum staðgreiðslukerfi skatta eftir því kerfi sem við búum við í skattheimtu, þegar við erum með tuttugu til þrjátíu tegundir skatta, en hjá þeim þjóðum, sem miðað er við þegar leitað er fordæma að staðgreiðslukerfi skatta, eru kannske tíu, tólf skattar sem þarf að spanna yfir, þá sjáum við að það mun kosta stórfé, svo mikið fé að við getum ekki mælt það enn, að taka þetta kerfi upp, bæði í mannahaldi og

tækjabúnaði.

Í þessari tillögu okkar er vikið að tveimur meginatriðum sem við höfum óskað eftir að láta kanna samkvæmt þingsályktunartillögu okkar um aukinn skattafrádrátt, sem við flytjum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að kanna möguleika þess að nota skattafrádrátt til frekari jöfnunar á skattbyrði þjóðfélagsþegnanna.

Nefndin skal sérstaklega athuga hvort aukning frádrátta hjá þeim, sem vinna langan vinnutíma fyrir sömu laun og þeir fá sem vinna miklu skemur, geti dregið úr samanburðarstríði milli stétta og um leið úr verðbólguhvata.

Enn fremur hvort sérstakur frádráttur hjá þeim, sem búa öldruðu fólki heimili, geti dregið úr vistrýmisþörf stofnana sem mikill skortur er á, enda mjög dýrar í byggingu og rekstri.

Nefndin skal njóta aðstoðar og fyrirgreiðslu ráðuneyta og embættismanna sem til er leitað. Hún skal skila áliti til Alþingis áður en þing kemur saman haustið 1982.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Við flm. höfum dregið fram í grg. þann vanda sem fylgir þessum málaflokkum. Annars vegar er um að ræða stöðugt samanburðarstríð, sem er á launamarkaðinum, og misrétti í skattheimtu og óréttlæti sem því fylgir. Hins vegar erum við með þessu að benda á óbeina aðstoð við áldraða og þeir fái dvalist sem lengst á eigin heimilum án þess að leita til dýrra stofnana.

Það hefur verið mikið talað, og sérstaklega á undanförnum vikum, um þann hluta þjóðarinnar sem hjá sumum hefur fengið samheitið „láglaunafólk". Þótt það sé ekki algilt munu flestir sammála um að efnislega flokkist í þann hóp þeir sem vegna langvarandi veikinda, aldursfötlunar eða annarrar vanhæfni til starfa á hinum almenna vinnumarkaði ná ekki einhverju ákveðnu tekjulágmarki. Um þá fjallar þessi till. ekki sérstaklega, enda næsta auðsætt hverjir flokkast þannig. Það er líka sérstakt tillit tekið til afkomu þeirra í lögum, þótt mörgum, þ. á m. okkur alþm., þyki að þar sé ekki nóg að gert nú frekar en endranær.

Ég hef áður haft orð á því hér á Alþingi, að mér hefur þótt skorta á skilgreiningu þess hjá mönnum, þegar er verið að tala um láglaunafólk, hvaða hópar það séu á hinum almenna vinnumarkaði sem eiga að flokkast undir láglaunahugtakið og hvort ómanneskjulegur vinnutími, sem ég kalla, eigi að skera úr um hvort svo sé eða ekki. Við vitum um hvað gert var í samningum fyrir skömmu. Þá var reynt að bæta launakjör þeirra sem ekki eiga þess kost að afla tekna fram yfir dagvinnutíma með yfirvinnu. Það er farin mjög áþekk leið í þessum samningum og farin var af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar veturinn og vorið 1978. Það er auðvitað öldungis rangt hjá forseta Alþýðusambands Íslands þegar hann lætur hafa eftir sér í fjölmiðli að það eigi alls ekki við að bera þetta saman. Ef það er gert lauslega má sjá að þessir samningar, sem gerðir voru núna, hafa ekki áhrif á eftir- og næturvinnu. Nú eru lægstu laun hækkuð, en í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar voru hæstu laun lækkuð. Sameiginlegt með báðum þessum aðgerðum er að eftir- og næturvinna og álög eru skert, en það er verið að leitast við að bæta lág laun.

Við bendum á það í grg. okkar, að flestir horfi á samanlagðar tekjur í árslok eða á styttri tíma og þannig sé litið á það af alltsjáandi auga skattheimtunnar hvar menn standi í þessum launastiga, hvort þeir séu láglaunamenn eða ekki. Það er ekki tekið tillit til þess við skattheimtuna, hver vinnutímafórn er að baki hjá þeim sem teknanna afla. Það hefur oft valdið gremju minni að þegar verið er að tala um láglaunafólk vilja menn ekki gera sér grein fyrir því, að það er ekki réttlát skattheimta þegar verið er að leggja sama skatt á tvo sambærilega einstaklinga sem hafa aflað jafnhárra tekna, annar með því að vinna sjö til átta klukkustunda vinnu á dag fimm daga vikunnar, en hinn 10—12 klst. á dag sex til sjö daga vikunnar. Það er ekki heldur tekið tillit til þessa þegar farið er í tekjusamanburð sem undanfara kröfugerðar við gerð launasamninga. Okkar hugsun er sú, að ef skattafrádráttur verður tekinn upp hjá þeim sem t. d. verða að vinnu yfirvinnu hvernig sem á stendur, og hér á ég bæði við fiskimenn og fólk sem vinnur í fiskvinnslu, — það verður að koma þegar kallað er til að bjarga verðmætum sem eru verðmæti allrar þjóðarinnar, — okkar hugsun er að það eigi að vera hægt að veita skattafrádrátt, ekki fyrir krónurnar sem fást fyrir þessa vinnu, heldur fyrir klst., sem unnar eru, og búa til einhverja viðmiðunartölu þar.

Ég geri mér fulla grein fyrir því, að það eru margir annmarkar á þessu, en við förum fram á að kannað sé, hvort hægt sé að fara þessa eða áþekka leið til að koma í veg fyrir þetta vandamál, og höfum, eins og ég tók fram áðan, í huga vandamál sem fram undan eru á vinnumarkaðinum.

Hitt vandamálið er m. a. og fyrst og fremst vegna þeirra miklu breytinga sem hafa orðið á allri okkar þjóðfélagsbyggingu á síðustu áratugum, — þjóðfélagsbyggingunni, lífsháttum, atvinnu, búsetu og fjölskyldulífi, eins og við segjum í grg. okkar, sem hafa haft meiri áhrif á þá, sem teljast til eldri kynslóðarinnar, en flesta aðra.

Þessar breytingar eru ekki bundnar ákveðnum árum, heldur má fullyrða að hver einstaklingur, sem náð hefur því aldursskeiði að teljast til aldraðra á síðari helmingi tuttugustu aldarinnar, hafi lifað einhverjar af framangreindum breytingum sem veruleg áhrif hafa haft á líf hans. Stöðugar framfarir á sviði rannsókna, lyfjagerðar og lækninga, samfara fyrirbyggjandi aðgerðum gegn sjúkdómum og hrörnun, auk alhliða heilsuverndar, stuðla að auknu langlífi og hafa í för með sér hækkaðan meðalaldur og mikla fjölgun í efri aldurshópunum. Meðalaldur karla á Íslandi er nú um 73 ár og kvenna 79 ár. — Þar er „sexið" sem skilur eins og oftar áður.

Það má líka leiða rök að því, að stöðubreyting konunnar síðustu áratugina og stóraukin þátttaka hennar í störfum utan heimilis hafi á þéttbýlissvæðum a. m. k. gert hugmyndir fólks um endurnýjun „stórfjölskyldunnar " endanlega að engu. Það má einnig nefna ýmis hegðunarform, sem yngri kynslóðir temja sér, og eitt og annað, sem fylgir, sem eldra fólki er ekki að skapi. Flest af þessu hefur í för með sér einangrun aldraðra frá börnum sínum, ef þau eru til staðar, eða frá fjölskyldu sinni. Einangrun þeirra, sem hvorki eiga börn né fjölskyldu, verður enn þá tilfinnanlegri að sjálfsögðu. Þessari sömu einangrun fylgir ótti og öryggisleysi, en þessir þættir eru auk sjúkdóma meginástæða þess hve margir aldraðir á Íslandi sækja í það samfélag, sem ég vil kalla, sem finna má innan veggja á dvalar- og elliheimilum og í öðrum sérhönnuðum íbúðum fyrir aldrað fólk.

Það hefur verið gert mikið á undanförnum árum að því að byggja slíkt húsnæði, og fyrir dyrum stendur að gera stórátak í þeim efnum og eru allir alþm. sammála um það, að ég hygg. En það mun ekki verða nóg samt sem áður. Eins og öllum er kunnugt ríkir hér á höfuðborgarsvæðinu neyðarástand, sérstaklega vegna þeirra sem þurfa á sérstakri umönnun og hjálp og eftirliti og hjúkrun að halda. Það er unnið að þessum málum núna af ríkisskipaðri nefnd, sem mun leggja fram frv. þegar þing kemur saman væntanlega úr jólaleyfi, ef jólaleyfi verður veitt, og geri ég ráð fyrir að þá verði teknar upp umr. um þessi mál almennt. Skal ég ekki fara frekar út í þau að sinni.

En við erum sammála um það, og það eru flestir, að æskilegt sé fyrir þá, sem eru komnir á efri ár, að geta búið á eigin heimili þar til yfir lýkur. Það, sem við viljum láta kanna í öðru lagi í þessari till., er hvort slíkur hvati sem skattafrádráttur geti orðið til hjálpar við að leysa þann vanda sem hér er drepið á.

Það hefur oft verið drepið á það af aðilum, einstaklingum og félagasamtökum, að hugsanlegt væri að greiða fólki beint fyrir þetta. Ég hef stundum rætt þetta við aldrað fólk og við félög aldraðra, og þeim ber öllum saman um að þetta mundi í augum þeirra sjálfra og þeirra, sem í kringum þá stæðu, verka sem ölmusa, alla vega hjá mörgum þeirra. Því tel ég að það sé fyllilega þess virði að athuga hvort leið skattafrádráttar megi ekki fara.

Það þekkjast mörg dæmi þess, að það hefur tekist að ná því, sem við bendum á, að aldrað fólk sem býr í eigin húsnæði fái til sín til búsetu yngra fók eða aðra sem eru húsnæðisþurfi, einnig að fólk, sem er heilbrigt, en komið yfir miðjan aldur og börn þess farin að heiman og býr í rúmu húsnæði, geti tekið inn á heimili sitt aldrað fólk sem leitar úr einveru til öryggis og nokkurrar hjálpar. Þetta gildir að sjálfsögðu einnig um yngra fólk sem hefur komið sér upp húsnæði í rýmra lagi. Það er oft sem konur eiga í slíkum tilfellum ekki heimangengt vegna ungs barns eða barna. Þessa finnast líka dæmi hér í Reykjavík og hefur reynst vel. Hefur það fólk kannske ekki sést áður en slík sambúð var tekin upp.

Ég endurtek að ég tel það þess virði að athuga hvort skattafrádráttur geti orðið heppilegri leið en beinar greiðslur til að slíkar leiðir séu farnar. Því er þetta annað meginefni þessarar till. minnar og hv. þm. Halldórs Blöndals.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þessa till., nema sérstök ástæða gefist til, og ég legg til að þegar umr. lýkur verði málinu vísað til allshn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þau ummæli hv. þm. að nauðsynlegar efnahagsráðstafanir þessarar ríkisstj. væru kauprán og valdbeiting. Hins vegar fór hann viðurkenningarorðum um þær nauðsynlegu efnahagsráðstafanir sem við stóðum báðir að 1978, og ég get tekið undir það með honum, en mér finnst þá ekki gæta mikils samræmis í málflutningi hans að kalla aðgerðir núv. ríkisstj. kauprán og valdbeitingu, en mér skilst að þessi þáltill. sé m. a. flutt af því tilefni.

Í fljótu bragði sýnist mér að í þáltill. sé reynt að draga fram tvo efnisþætti, þótt vikið sé að ýmsum vandamálum í grg., sem ég vil gjarnan taka undir, en það er í fyrsta lagi það vandamál, hvort hægt sé að finna upp sérstakan frádrátt til þeirra sem búa öldruðu fólki heimili. Það vill svo til, að menn hafa reynt að gera þetta og reynt að finna því form. Það hefur ekki verið auðvelt að finna þessu ákveðið form vegna þess að það eru mjög mismunandi aðstæður og það eru mjög mismunandi útgjöld sem verða vegna slíkra aðstæðna. Þær eru mjög misjafnar. Þær þarf oft og tíðum að meta. Þess vegna hefur þótt nauðsynlegt að taka slík tilfelli sérstaklega inn í 66. gr. skattalaga, sem er heimild til lækkunar á tekjuskattsstofni, en þar kemur fram að skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns, þegar svo stendur á sem hér greinir — og þar er m. a. í 3. lið: ef maður er með foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu. — Nú er það afskaplega mismunandi hvernig menn líta á „ að hafa fólk á framfæri". Hins vegar mun þessi grein hafa verið túlkuð þannig, að það mun vera heimilt að taka tillit til þess þegar aldrað fólk er t. d. á heimilum barna sinna eða annarra vandamanna. Þannig er það ekki alveg rétt að í skattalögum hafi ekki verið gerð tilraun til að finna slíka leið.

Hitt er svo annað mál, að það er alltaf mjög vafasamt hvað á að ganga langt í því að nota skattalöggjöfina til jöfnunar á öllum sviðum. Það er að mínu mati rétt og nauðsynlegt á mörgum sviðum, en menn mega ekki ofmeta gildi tekjuskattslaga svo að menn ætli að það sé hægt að jafna allt, sem menn vildu jafna, í gegnum þá löggjöf. Það er því miður ekki hægt og þess vegna eru aðrar leiðir oft farnar. Menn hafa t. d. orðið sammála um það hér á Alþingi að betra sé að greiða hærri tekjutryggingu en aldrað fólk hafi sérstakan frádrátt vegna aldurs síns. Það eru mjög mismunandi aðstæður hjá fólki og þess vegna ekkert sem réttlætir það út af fyrir sig að menn fái sérstakan frádrátt aðeins vegna þess að þeir hafa náð tilteknum aldri. Sá frádráttur er að mínu mati ekki réttlætanlegur. Hins vegar er mjög nauðsynlegt að tryggja öllu fólki viðunandi lífskjör, og þess vegna tel ég þá leið rétta að tryggja þessu fólki ákveðnar lágmarkstekjur í stað þess að reyna að leysa vandamál þess í gegnum skattalög.

Í öðru lagi er annað efnisatriði í þessari þáltill., að það skuli kannað hvort auka megi frádrátt hjá þeim sem vinna langan vinnutíma fyrir sömu laun og þeir fá sem vinna miklu skemur, geti það dregið úr samanburðarstríði milli stétta og um leið úr verðbólguhvata. Það er út af fyrir sig sjálfsagt að athuga þetta, en ég hefði gjarnan viljað að flm. gerðu nánari grein fyrir því, með hvaða hætti þeir hafa hugsað sér að þetta fari fram. Ég held að það sé afskaplega erfitt að hafa skráningu á því hver vinnutími manna er. Það eru í gangi margs konar launakerfi í landinu. Sum byggja á því að menn vinni ákveðinn vinnutíma, sum byggja á því að menn skili ákveðnum afköstum, önnur byggja á því að menn sinni ákveðnu embætti, t. d. eins og á hv. Alþingi. Ég er ekki viss um að flm. séu tilbúnir að nefna tölur um hvað þeir telji t. d. að hv. þm. eigi að hafa í sérstakan frádrátt fyrir að vera hér í kvöld. Það eru einnig til launakerfi, eins og hjá sjómönnum, sem byggja á því að menn afli ákveðinna verðmæta. Vinnutími er því afskaplega mismunandi. Það er mismunandi mat og mismunandi skráning vinnutíma eftir þessum launakerfum.

Ég er þeirrar skoðunar, að því miður sé þetta ekki fær leið og sé út af fyrir sig óþarfi að setja sjö menn í að skoða það. Mér finnst afskaplega einfalt að líta á hið íslenska launakerfi og íslenska þjóðfélag til að sjá að slíkt er ekki fær leið.

Ég vildi aðeins, herra forseti, að þessar skoðanir mínar kæmu hér fram, og sé ekki ástæðu til að rekja þetta mál frekar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Austurl., að því miður er ekki hægt að jafna allt gegnum skattalög. Lög um tekju- og eignarskatt eru alls ekki einhlít til að jafna kjör manna í þjóðfélaginu. Ég veit að hann er jafnkunnugur því og ég, enda hefur það oft borið á góma hér á Alþingi, m. a. s. löngu áður en við settumst á þing, að það fer alls ekki saman skattskráin t. d. og skrá yfir þá menn sem veita sér mest í utanferðum eða hafa haft tök á því að búa best um sig í þjóðfélaginu. Það kemur nefnilega í ljós, að þeir menn, sem greiða hæsta skatta, þurfa ekki endilega að hafa mestar ráðstöfunartekjur. Það er einfaldlega vegna þess að ýmsir, þar á meðal þeir menn sem best eru settir í þjóðfélaginu, þeir sem mest völd hafa, hafa haft tök á því að búa betur í haginn fyrir sig en aðrir menn.

Ég get tekið afskaplega einföld dæmi um þetta. Varla er það nein tilviljun að maður, sem hefur verið allt þrennt á lífsleiðinni: ráðherra, háttsettur embættismaður og alþm., býr við betri eftirlaun en aðrir þegnar í þjóðfélaginu. Hvernig skyldi standa á þessu? Svarið er auðvitað það, að hann hefur sjálfur búið til þessi lög, sjálfur skammtað sé þennan aukna rétt fram yfir aðra þegna í þjóðfélaginu.

Vitaskuld beita valdastéttirnar áhrifum sínum til til að veita sér margvísleg fríðindi fram yfir aðra. Það á ekki síst við um ýmsa menn í ríkiskerfinu. Við skulum ekki heldur loka augunum fyrir því, að sumar stéttir manna hafa löghelgaðan rétt á skattfríðindum sem aðrir menn fá ekki notið. Gott dæmi um þetta er t. d. staða landmanns við dagróðrabát í Eyjafirði og staða landmanns við dagróðrabát á Suðurnesjum eða Vestmannaeyjum. Á síðasta Alþingi vorum við nafnarnir sammála um að hæstv. fjmrh. hefði brotið lög þegar hann gaf út reglugerð þess efnis að sjómenn nyrðra skyldu ekki halda þeim rétti sem þeir áður höfðu haft varðandi fiskimannafrádrátt og sjómannafrádrátt. Engu tauti varð við hæstv. fjmrh. komið. Þetta mál gekk svo langt, að þm. kjördæmisins voru handjárnaðir til þess að sjómenn við Eyjafjörð fengju ekki leiðréttingu sinna mála. Sjálfur gaf hæstv. fjmrh. þá skýringu, þegar hann var aðþrengdur mjög, að ekki væri hægt að veita sjómönnum við Eyjafjörð þessi réttindi af því að þeir hefðu ekki samið um þau í kjarasamningum Sjómannafélags Akureyrar og útvegsmanna fyrir norðan, en á hinn bóginn væri samið um það í kjarasamningum hér syðra að beitingarmenn á dagróðrabátum, ef þeir byggju við hlutaskipti, skyldu fá sérstakan sjómanna- og fiskimannafrádrátt.

Ég get nefnt annað dæmi. Í 30. gr. laganna er sérstaklega talað um að menn í vissum stéttum skuli njóta sérstaks frádráttar, alveg án tillits til þess í framkvæmdinni, hvort þeir hafi stofnað til þeirra útgjalda sem þar er fjallað um. Ef menn eru ekki í þessum löggiltu félögum hafa þeir engin tök á því að njóta sams konar frádráttar, jafnvel þó hægt sé að sýna fram á að þeir þurfi við störf sín ekki síður að stofna til sambærilegra útgjalda, ég tala ekki um ef í hlut á réttur og sléttur verkamaður, þá hefur hann engin tök á því að ná þessum rétti, sem ýmsar löggiltar iðngreinar hafa náð.

Það er því síður en svo, að það hafi tekist að jafna allt gegnum skattalögin. Ég er hv. 3. þm. Austurl. algerlega sammála um það. Ég efast ekki um að hann muni vilja standa að því með okkur hv. 1. landsk. þm., að ekki skuli ráða því tilviljanakenndir samningar hvort borgarar landsins njóti skattfrádráttar, heldur skuli hið sama gilda fyrir alla borgara landsins í þeim efnum. Skattalög eiga að vera almenn. Menn eiga ekki að geta komið því svo fyrir, að þeir njóti skattfríðinda sem nágranninn, náunginn, getur ekki notið ef hann býr við sams konar kjör.

Við tölum hér um að nota skattfrádrátt til frekari jöfnunar á skattbyrði þjóðfélagsþegnanna. Við vitum að hér á Alþingi er oft mikið rætt um með hvaða hætti mætti takast að jafna byrði þjóðfélagsþegnanna. Ástæðan er náttúrlega sú, að menn eiga við mjög ólík skilyrði að búa víðs vegar um landið. Það var t. d. gert að umtalsefni hér í dag hvort rétt væri að taka verkalýðssamtökin á Vestfjörðum svo alvarlega að krafa frá þeim gæfi tilefni til þess að sérstakt átak yrði gert til að jafna húshitunarkostnað. Þrýstingurinn kemur frá landsfjórðungi sem er fjarlægur Reykjavík, fámennum landsfjórðungi, og þrýstingurinn, sem hægt er að hafa á æðstu stjórn landsins, er þeim mun minni, eins og við vitum, sem færri þrýsta á og þeir eru lengra í burtu. Hins vegar eru ekki mörg misseri síðan menn settust hér á Arnarhólstúnið, jafnvel inni í ráðuneyti, og fóru fram á að fá sérstakan skattfrádrátt í sambandi við húsaleigu. Sá skattfrádráttur var góðfúslega veittur. Hefði ég þó gaman af að sjá tölur *um hvort meiri ástæða hafi verið til að veita þann frádrátt* en t. d. að taka húsaleigukostnaðinn inn í tekjuskattslögin og athuga með þeim hætti hvort ekki væri hægt að jafna byrðum þegnanna meir en gert er. Þarna er um sama „prinsipmálið" að ræða, kostnaðinn við að búa sjálfum sér og fjölskyldu sinni sómasamlega þak yfir höfuðið. Ég vil enn fremur benda á að nokkur vaxtafrádráttur er, þó hann sé hvergi nærri nógur, fyrir þá menn sem sjálfir búa í sínum íbúðum.

Í þessu sambandi vil ég enn fremur minna á hversu mikill viðhaldskostnaður ríkisins hefur verið á ýmsum íbúðum sem reknar eru fyrir opinbert fé. Við þurfum ekki lengi að fletta þeim fjárveitingarbeiðnum, sem liggja fyrir fjvn., til að sannfærast um að fátt er jafndýrt fyrir opinbera aðila og eftirlitslausir embættismannabústaðir. Það er afskaplega mikil tregða hjá kerfinu til þess að halda húsum sæmilega við og engin skipan eða skikkan er komin á þau mál. Hins vegar vitum við að einhver verðmætasta vinnan sem til er í þjóðfélaginu er viðhald á eignum. Við þurfum ekki annað en að ganga um göturnar þegar komið er fram í maí og júní. Þá sjáum við menn hvarvetna dytta að húsum sínum, halda þeim við og reyna að hafa þetta í sem bestu lagi. Nú hefur niðurstaðan orðið sú, að þetta viðhald skuli ekki vera frádráttarbært við tekjuskatt, á sama tíma og veitt er stórkostlega af opinberu fé til þess að koma á fót leiguíbúðum. Ekki þarf að fara mörgum orðum um ósamræmið í þessu, einkanlega á þeim tíma þegar vaxtafrádrátturinn er afnuminn, eins og gert hefur verið, og er íhugunarefni hvort ekki sé einmitt leiðréttingar þörf þarna vegna aðstöðumunar þegnanna í þjóðfélaginu. En eins og ég sagði: Þrýstingurinn í sambandi við leiguhúsnæði var meiri á ráðamenn en þrýstingurinn frá sjómönnunum fyrir vestan í sambandi við húshitunina. Þess vegna hefur húsaleigan orðið að frádráttarlið. Þess vegna er mismunandi hár húshitunarkostnaður ekki frádráttarliður.

Ég vil minna á eitt mál enn. Á sínum tíma var samþykkt hér á Alþingi ályktun um hvaða leiðir skyldi fara til að jafna flutningskostnað. Lítið hefur orðið úr efndunum. Ég sé þó að tveir hv. þm. Framsfl. hafa lagt fram fsp. á Alþingi um hvort ekki sé rétt að setja þá reglu að flutningskostnaður skuli ekki vera söluskattsstofn. Vel kemur til álita hvort réttara væri að veita mönnum sérstakan skattfrádrátt eftir því, hvar þeir eru búsettir á landinu miðað við flutningskostnað, enda man ég ekki betur — ég hygg að hæstv. forseti sé því kunnugri en ég — en menn, sem eru staðsettir langt frá höfnum, hafi árlega fengið nokkurt fé af fjárlögum til að jafna þann mun borið saman við aðra sem búa við betri hafnaraðstöðu. Það er ekki allur munur á hvort reynt er að jafna milli þegnanna með beinum fjárútlátum úr ríkissjóði eða tilhliðrun í skattalögum.

Við tökum hér tvö dæmi sérstaklega til, sem við teljum nauðsynlegt að athuga sérstaklega í sambandi við skattafrádráttinn. Í fyrsta lagi nefnum við að athuga skuli hvort aukning frádráttar hjá þeim, sem vinna langan vinnutíma fyrir sömu laun og þeir fá sem vinna miklu skemur, geti dregið úr samanburðarstríði milli stétta og um leið úr verðbólguhvata. Varla dylst nokkrum manni að þessi þekking okkar víkur beint að þeim láglaunastéttum sem erfiðast eiga með að koma undir sig fótunum, skapa sér efnahagslegan, fjárhagslegan grundvöll. Við vitum ofurvel að hinn ómenntaði almúgamaður hefur ekki nein önnur tök á því að verða fjárhagslega sjálfstæður en leggja á sig mikla vinnu. Nú vitum við að hæstv. ríkisstj. hefur markað þá stefnu að auka tekjur ríkissjóðs af beinum sköttum. Skattþrepin eru allt of kröpp. Hæstu skattar koma allt of snemma. Ég hygg að þeir, sem eru hér í þessari hv. deild, kunni allir að nefna dæmi um hversu illa þessi miskunnarlausa skattheimta á þá, sem lengsta hafa vinnudagana, hafi leikið þá í baráttu þeirra við að koma þaki yfir höfuð sér.

Ég get ekki skilið hvers vegna það skuli ekki tekið til sérstakrar athugunar, hvort við höfum gengið of langt í skattheimtunni á þá þegna sem mest leggja á sig. Þeir eiga líka nokkurn rétt. Við erum allir sammála um það hér inni, að nauðsynlegt sé að veita sérstök skattfríðindi þeim mönnum sem hafa tök á því að fara úr landi til mennta, fá sérstök námslán til að koma þessu fram, fá jafnvel sérstaka námsstyrki. Að námi loknu sitja þeir síðan fyrir hæstu stöðum oft og tíðum og það er leikið við þá eins og hægt er til að skapa þeim aðstöðu í lífinu. Hvers vegna skyldum við þá ekki líka athuga hvort þeir menn, sem að framleiðslugreinunum vinna, þurfi á sérstökum skattfríðindum að halda — mennirnir sem skapa verðmætin, frumeininguna, sem allt annað er byggt á?

Við tölum hér sérstaklega um hvort ekki sé nauðsynlegt að athuga hvort sérstakur frádráttur hjá þeim, sem búa öldruðu fólki heimili, geti dregið úr vistrými ýmissa stofnana sem mikill skortur er á, enda mjög dýrar í byggingu og í rekstri. Fyrr á þessu ári vorum við allir sammála um það, — ekki allir, ég var nú ekki í hópi þeirra sem héldu að það mundi bera árangur, — en meiri hluti deildarinnar og meiri hluti Alþingis var sammála um að leggja á sérstakan nefskatt til að flýta fyrir því að dvalarheimili aldraðra geti risið. Því miður hefur ríkisstj. ekki sýnt þessu máli neinn áhuga. Mér er sagt að það fé, sem inn hafi komið af þessum nefskatti, liggi allt ónotað í ríkissjóði og eigi m. a. að verða til þess að brúa bilið um áramótin til þess að hægt sé að guma af því að staðan sé ögn betri en hjá Seðlabankanum. Meiri hluti Alþingis kom sér m. ö. o. saman um að rétt væri að auka skattheimtuna til að búa í haginn fyrir þá sem aldraðir eru. Hví skyldum við þá ekki líka vera sammála um að ástæða sé til að glöggva sig betur á því, hvernig hægt sé að stuðla að því að létta þeim byrðar sem taka það á sig að hafa aldrað fólk og sjúkt heima hjá sér? Höfum við komist að hinum endanlega sannleika í þeim efnum? Er ekki ástæða til að fara ofan í það mál sérstaklega. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að menn geri sér grein fyrir að hér er mikið í húfi. Það er ekki aðeins mannúðarmál gagnvart því fólki, sem verst er statt í þessum efnum, heldur en þetta réttlætismál til að minnka misræmið hjá þegnunum og síðast en ekki síst vegna þess að ég veit að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar horfa mjög til skattpeningsins. Þá er hér um það að ræða að koma á sparnaði, draga úr eftirspurn eftir dýru húsnæði.

Ég ítreka enn að auðvitað er ekki hægt að ná fram fullum rétti í gegnum skattalög, en ég legg áherslu á það, að eftir því sem skattheimtan er meiri í beinum sköttum og ósveigjanlegri er meiri ástæða fyrir okkur alþingismenn að vera vakandi og hyggja ávallt að þeim þáttum sem viðkvæmastir eru í þjóðfélaginu. Að því beinist þessi tillaga.

Sigurður Óskarsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega vekja athygli á 2. mgr. í þeirri till. sem hér er til umr., þ. e. að fyrirhuguð nefnd skuli athuga sérstaklega hvort ekki megi með auknum frádrætti hjá þeim, sem vinna langan vinnutíma fyrir sömu laun og þeir fá sem vinna miklu skemur, draga úr samanburðarstríði milli stétta.

Mér er kunnugt um að oft þegar talað er um laun við tilteknar starfsgreinar verkafólks gæti ótrúlega mikillar vanþekkingar á þeim vinnutíma og þeim aðstæðum sem liggja að baki launaöflunar. Þessa hefur vissulega gætt hvað varðar störf verkafólks, t. d. verkafólks sem vinnur við virkjanaframkvæmdir. Mér er það sérstaklega kunnugt. Allir þekkja umræður um laun sjómanna, þar sem ævinlega er bent á þá sem hæst laun hafa. Hinum almenna sjómanni með meðallaunatekjur er sleppt úr og ekkert tillit tekið til aðstöðu fjarri heimilum og ótrúlega löngum vinnudegi hjá þessum starfsstéttum — þeim sem ég nefndi og fjölmörgum öðrum. Þess vegna tel ég að hér sé flutt gott mál, að horft sé til þessa fólks.

Ég verð að segja að það hefur furðað mig í umr. hér í kvöld, að þar til nú hafa fulltrúar úr þeim stjórnmálaflokki, sem mest hefur kennt sig við láglaunafólkið og hæst hefur til þess höfðað, ekki til þessa tekið þátt í umr. um þetta mál, sem ég tel að sé ákaflega mikilsvert fyrir láglaunafólk, láglaunamanninn sem á engra kosta völ annarra en leggja á sig óhóflegan vinnutíma til að geta lifað sómasamlegu lífi. Það er nýbúið að semja um lágmarkslaun fyrir dagvinnu, og það dettur engum lifandi manni í hug, sem vill ræða það mál eða hugsa í fullri alvöru, að það sé verið að tala um laun þar sem nægja til sómasamlegrar framfærslu. Þetta fólk á einskis annars úrkosti, ef það á að lifa sómasamlegu lífi, en leggja á sig aukna vinnu ef aukna vinnu er að fá. Það er ekkert ósanngjarnt og ekkert óeðlilegt að tillit sé tekið til þessara aðstæðna og þessa álags þegar lagðir eru á skattar. Ég tel útilokað annað en þm. styðji þær hugmyndir sem í þessari till. felast.

Ég tel að aðrar mgr. þessarar till. séu allrar athygli verðar þó ég ætli ekki að eyða tíma Alþingis í að fjalla um

það. Aðrir menn hér þekkja þau mál betur og hafa reifað þau. — En ég fagna því, að á þessi mál er drepið, þau eru hér til umr. og flutt till. til þál. um þau. Þau eru allra góðra gjalda verð.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Það kom mér ekki á óvart, fyrst einn tollheimtumaður fannst í salnum, að hann mundi vera á móti þessu máli. Það er að sjálfsögðu hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Þótt við höfum unnið vel saman í fjögur ár, árin 1974-1978, og staðið þá sameiginlega að ýmsum efnahagsaðgerðum sem ég taldi af hinu góða, að minnsta kosti verið að reyna að byggja upp atvinnuvegina sem nú er markvisst unnið að að brjóta niður, — þó hann hafi þá unnið vel, sem ég veit hann gerir endranær, er það að nokkru leyti eðlilegt því þá var hann í góðum félagsskap, en hann hefur lent í slæmum félagsskap síðan og þar af kemur að hann kannske metur ekki þær staðreyndir, sem fyrir okkur liggja sem förum með hagsmunamál launþega, eins og við gerum nú. Hins vegar er það misskilningur að ég hafi ekki verið að hrósa því sem gerðist á launamarkaði fyrir stuttu. Ég var einmitt að hrósa því, að það tókst að vinna nokkurn áfangasigur fyrir þá sem ekki hafa náð fram á þeim vettvangi til þessa.

Það er hægur leikur að snúa nokkuð út úr orðum hv. þm. þegar hann fór að bera saman það mál, sem við flytjum, ég og hv. þm. Halldór Blöndal, og svo það, að hann skuli ekki fá skattafrádrátt fyrir að vinna á kvöldin á Alþingi við fundarstörf. En auðvitað veit ég og við *vitum allir að það er ekki það sem þm. átti við, heldur var* hann að taka þetta sem dæmi um erfiðleikana á því að ná fram réttu framtali vinnustundanna sem um er að ræða. Það kemur mér satt að segja mjög á óvart að hann, sem hefur að sérmenntun endurskoðun, skuli láta efnislega þau orð falla hér að það sé mjög lítil regla á vinnutímaskráningu. Ég spyr: Hvernig fara þeir, sem hann hefur þessa reynslu af, að því að gefa upp til skatts? Hvernig fara þeir að því að standa skil á lögbundnum greiðslum af vinnutíma og launum? Ég hélt satt að segja að í hverri einustu atvinnugrein væri skráður vinnutími nema þar sem tveir hæstv. ráðh. hafa viðurkennt að það væri logið til og falsaður vinnutími manna,, þótt lögbundinn væri, og þar á ég við vinnutímann á fiskiskipunum. Að vísu eru þeir hinir bestu drengir og bjóðast til að bæta um og eru búnir að setja nefnd í málið að sjálfsögðu til að rannsaka hvernig þetta megi vera. Ég er alveg viss um að auðvitað kemur bónusfólkið þessu ekki við. Ef það er ekki til klukkustundaskráning þar sem fólkið vinnur í ákvæðisvinnu segi ég eins og fleiri verkalýðsleiðtogar hafa sagt: Er ekki orðið tímabært að sett verði *löggjöf um hámarksvinnutíma fyrir þá sem vinna* ákvæðisvinnu — eða gerir fólk sér ekki neina grein fyrir því, hvað ákvæðisvinna er? Ákvæðisvinna er vinnan þar sem miklu meira álag er lagt á menn en undir öðrum *kringumstæðum. Því fá þeir bónus greiddan eða álags*kaup. Auðvitað á það fólk ekki að fá að vinna nema ákveðinn klukkustundafjölda. Eg er hins vegar að tala um þá sem ekki búa við þær kringumstæður, en verða að vinna samkv. lögum. Þeir eru kallaðir „sjóræningjar" annars um borð í skipum, og það eru lög sem skipa þeim að taka við hverri skipun sinna yfirmanna um vinnu þótt hún sé langt yfir það manneskjulega. Þetta vita allir og það veit ég að þessi hv. þm. veit manna best sjálfur því hann kemur úr kjördæmi þar sem þetta er vel þekkt.

Í marga áratugi hefur verið síendurtekin krafa launþegasamtakanna, á Alþýðusambandsþingum og fleiri þingum þar sem launþegar koma saman og ræða sín mál, að það ætti að veita skattaívilnanir vegna eftir- og næturvinnu við framleiðslustörf þjóðarinnar. Guði sé lof að íslenskir launþegar, sem vinna þessa vinnu, hafa enn þá það mikla samvisku að þeir telja að það sé nauðsynlegt að bjarga undan skemmdum þeim verðmætum sem komið er með að landi og þeir hafa ekki talið eftir sér að koma þegar kall kemur um að vinna þessa vinnu. Það er þetta fólk sem við flm. erum að leitast við að koma á móti. Við leggjum til að það verði athugað hvort ekki sé hægt að koma á móti óskum þessa fólks. Ég hef heyrt margs konar rök gegn þessu, m. a. frá sveitarstjórnarmönnum, um að ef þetta væri tekið bæði af tekjuskatti og tekjuútsvari mundu lítil sveitarfélög ekki þola það. Auðvitað mundu þau þola slíkt ef ríkið flytti til þeirra eitthvert fé, eitthvað af sinni skattheimtu allri. Við vitum auðvitað að það er aldrei hægt að brúa það bil, sem er á milli þess, sem vinnuveitendur geta greitt almennu verkafólki, og þess, sem það þarf að hafa til að sjá sér farborða, öðruvísi en taka úr *ríkissjóði og flytja það til* fólksins eða atvinnuveganna á einn eða annan hátt. Endar nást ekki saman öðruvísi. Ég tel að fyrir ríkissjóð, í þeirri stöðu sem hann er í, væri þetta kannske skyn*samlegasta leiðin ef hægt væri að fara hana.* Nú segir þessi þm.: Þetta er ekki hægt, lögin eru svona. Lögin eru svona og það má auðvitað ekki breyta þeim. Ég veit auðvitað að samstarfsmaður hans, hæstv. heilbrmrh., *mundi benda okkur á að fara í kjallarann til hv. þm. og ná* í það sem þar er, í Seðlabankann, en ég geri ráð fyrir að það sé ekki einhlítt ráð heldur.

Hv. þm. hefur sjálfsagt eitthvað misskilið mig í sambandi við gamla fólkið sem kæmi inn á heimilið. Ég endurtek að okkur er öllum kunnugt um að aldrað fólk fær sína tekjutryggingu, en okkur á líka að vera kunnugt um að aldrað fólk, sem hefur ekkert annað en ellilífeyrinn og fær sína tekjutryggingu, þarf að fá miklar fjárhæðir til viðbótar ef það fer inn á dvalarheimili aldraðra eða elliheimilin. Það, sem ég á við, er auðvitað ekki það, að gamla fólkið ætti að fá viðbót ef það væri tekið inn á og því væri búið heimili hjá ungu fólki. Ég átti við að fólkið, sem væri að búa hinum öldruðu heimili, fengi nokkurn skattafrádrátt fyrir, jafnvel þótt hinn gamli einstaklingur borgaði því líka af sínu umráðafé, en það mundi jafnframt gera honum kleift að hafa meira handa á milli en *ella.*

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til að hafa fleiri orð um þetta. Það hafa verið farnar ýmsar leiðir til að koma á móti einstökum hópum. Sumir hafa verið þrýstihópar. *Hv. þm. Halldór Blöndal benti á það áðan hvernig þeir* hefðu farið að. Ég minnist þess líka að á sinni tíð var ein stétt manna ekki nógu hörð í sínum þrýstingi. Þegar hv. núv. stjórnarflokkar tóku við eftir 1971 var breytt tekjuskattslögunum. Fyrir þann tíma höfðu sjómenn skattafrádrátt sem náði bæði yfir tekjuskatt og tekjuútsvar. Hér í Reykjavík fengu farmenn þetta t. d. líka, enda höfðu farmenn samið um í kjarasamningum að fá þann frádrátt. En þetta var afnumið á einni nóttu af vinstri stjórninni sem tók við af viðreisnarstjórninni. Auðvitað hefðu farmenn átt að stöðva flotann og ganga þá í land og segja: Það er verið í fyrsta sinn um margra ára skeið að rjúfa þá kjarasamninga sem við höfum gert. — Því hefur svo verið haldið áfram æ síðan og enginn af þessu liði

lætur sér blöskra lengur þótt það sé gert nær vikulega.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér virðist, á þessum síðustu og verstu tímum, að menn séu búnir að gleyma því, hvað er til umræðu. Allt og sumt, sem er til umr., er till. til þál. um að Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd, síðan eru tekin tvö aðalatriði sem flm. vilja m. a. að nefndin athugi, þá kemur hvaðan hún eigi að taka greiðslur og svo búið. Mér virðist sem hv. þm. séu komnir í nefndina og farnir að deila um hin ýmsu atriði sem til greina kemur að nefndin fjalli um sem slík. Það er verið að leggja fyrir okkur hvort við eigum að kjósa nefnd eða ekki. Mér finnst það í sjálfu sér ágætt, ef mönnum þykir það farsæl lausn á mjög mörgum vandamálum sem eru að þvælast fyrir okkur í skattkerfinu enn þá þó þar sé maður eftir mann búinn að leggja höfuðið í bleyti og tala um skatt. Menn eru hér alla daga að tala um jöfnun í þessu þjóðfélagi og að allir séu þeir jafnaðarmenn. Allir sverja af sér að vera kommúnistar eða íhaldskurfar. — En það vakti athygli mína þegar ég hlustaði á þessar umr., að menn eru alls ekki að tala um það sem till. fjallar um. Menn eru komnir í hasar sem nefndarmenn, en ekki að fjalla um till. um að kjósa nokkra menn í nefnd til að kanna ákveðið mál. Ég vil benda á þetta, en ekki taka þátt í að kalla menn tollheimtumenn, farísea eða annað slíkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjúkraflutningar, þáltill. (þskj. 40). — Ein umr.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 40 hef ég ásamt fimm öðrum þm. Framsfl. leyft mér að leggja fram till. til þál. um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nú þegar nefnd til að gera breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 57/1978, með því að setja í lögin skýr ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Enn fremur að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um greiðslu kostnaðar við sjúkraflutninga og ferðakostnað sjúklinga, þau verði einfölduð og gerð aðgengilegri og aðstöðumunur sjúklinga í sambandi við kostnað sjúkraflutninga verði jafnaður."

Núgildandi lög gera engan aðila í landinu ábyrgan fyrir sjúkraflutningum eða skipulagi þeirra. Sjúkrabifreiðar eru ýmist í eigu sveitarfélaga, sýslufélaga eða félagasamtaka. Rauði krossinn á nú stóran hluta sjúkrabifreiða í landinu og hefur sýnt lofsvert framtak í þessum málum. En til eru læknishéruð sem eiga enga sjúkrabifreið. Rekstri þessara bifreiða er hagað með ýmsu móti. Jafnvel eru dæmi þess, að slíkar bifreiðar eru geymdar ónotaðar þar sem enginn ábyrgur aðili vill sjá um rekstur þeirra. Einkum eru laun ökumanna erfitt vandamál, en víða greiða sveitarfélög þessi laun.

Ég vil geta þess, að víðs vegar um landið hafa heilsugæslustöðvar neyðst til að taka að sér verkefni umfram lagaskyldu með því að sjá um sjúkraflutninga og með greiðsluþátttöku í ferðakostnaði vegna vitjana lækna. Má til nefna Egilsstaðaumdæmi í þessu sambandi, en þar er innheimt sérstakt jöfnunargjald á hlutdeild sjúklinga án tillits til vegalengdar.

Það væri hægt að tala langt mál um ófremdarástand sjúkraflutninga hér á landi og öll afbrigðin sem koma fyrir í rekstri þeirra. Ég tala nú ekki um það, sem ég minntist á áðan, að víða eru tæki, sem keypt hafa verið eða gefin í þessu skyni, ónotuð. Í mörgum tilfellum hefur skipulag þessara mála byggst á fórnfúsu starfi áhugamanna, m. a. í Rauðakrossdeildum eða björgunarsveitum. Sveitarfélög hafa þó í vaxandi mæli haft afskipti af þessum málum sem og öðrum velferðarmálum í umdæmum sínum. Þetta á m. a. við um gerð sjúkraflugvalla, og eins og áður sagði hafa sveitarfélög, sem sjá um rekstur heilsugæslustöðva, reynt að framkvæma sjúkraflutninga á landi. Endurgreiðslur sjúkrasamlaga hafa hvergi nærri nægt til að greiða tap á þessari starfsemi. Meðan sveitarfélög sáu um löggæslu var lögreglan látin sjá um framkvæmd sjúkraflutninga, en eftir að lögreglan fluttist alfarið yfir á ríkisrekstur var öll þessi þjónusta afnumin.

Það er ekkert heildarskipulag til um framkvæmd sjúkraflutninga nema helst í Reykjavík, þar sem slökkviliðið sér um slíka flutninga. Á þessu þarf að verða breyting. Að mati flm. er eðlilegt að um þetta séu sett skýr ákvæði í lög um heilbrigðisþjónustu þar sem ákveðið sé hver eigi að vera ábyrgur fyrir sjúkraflutningum.

Um ferðakostnað sjúklinga tel ég rétt að kynna hér nokkrar reglur sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið út. Það er ljóst að þegnar landsins búa við alvarlegt misrétti. Þeir, sem búa langt frá sjúkrahúsum, þurfa við núgildandi reglur að greiða óeðlilega háan kostnað vegna sjúkraflutninga. Þessu þarf að breyta. Ákvæði almannatrygginga eru óréttlát og flókin hvað þetta varðar og er því nauðsynlegt að þetta ákvæði laganna verði endurskoðað með jafnan kostnað í huga og reglurnar gerðar aðgengilegri. Þær reglur um ferðakostnað sjúklinga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið út hafa í mörgum greinum oftlega verið á undanförnum árum teknar til meðferðar í Tryggingastofnuninni og gefnar út að nýju endurskoðaðar. En sem sýnishorn af því, hve þessar reglur geta verið flóknar og óaðgengilegar, vil ég lesa upp úr reglugerð sem Tryggingastofnunin hefur gefið út og sent út. Þar segir í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

Þegar sjúklingur þarf ítrekað að takast ferð á hendur til þess að njóta óhjákvæmilegrar sérfræðilegrar meðferðar eða eftirlits á spítala eða göngudeild spítala tekur sjúkrasamlag þátt í ferðakostnaði hans svo sem segir í næstu greinum.

2. gr.: Um endurgreiðslu ferðakostnaðar getur orðið að ræða þegar sjúklingur er talinn þurfa að koma til meðferðar eða eftirlits a. m. k. þrisvar á 12 mánaða tímabili, en tvisvar á 12 mánuðum eftir fyrsta árið, ef þá verður þörf á framhaldsmeðferð.

3. gr.: Eftir fyrstu ferðina leggur sjúklingurinn inn hjá sjúkrasamlagi sínu skýrslu frá sérfræðingi við þá stofnun sem meðferðina veitir, þar sem gerð sé grein fyrir sjúkdómnum og nauðsynlegri meðferð, hversu títt sjúklingurinn þurfi að koma og — ef unnt er — hversu oft. Skýrsluna má, ef henta þykir, senda Tryggingastofnuninni beint, en annars sendir samlagið stofnuninni skýrsluna til greiðslu og ákvörðunar.

4. gr.: Tryggingastofnunin sendir samlaginu ákvörðun um greiðsluheimild samkv. skýrslunni, en samlagið geymir hana ásamt afritum af greiðslukvittunum. Eftir

að önnur ferðin er farin endurgreiðir samlagið fyrstu ferð að frádregnum 200 nýkr. frá 21. 3. 1981, en síðari ferðir að frádregnum 100 kr. í nýkr. Til endurgreiðslu reiknast aðeins fargjald með áætlunarferðum. Fargjald fylgdarmanns telst því aðeins til ferðakostnaðar að sjúklingur sé 12 ára eða yngri eða ósjálfbjarga.

5. gr.: Endurgreiðsla ferðakostnaðar kemur einkum til greina: 1) vegna geislameðferðar æxla, 2) lyfjameðferðar æxla, 3) nýrnabilunar, 4) glákuaðgerða eða jafnvel eftirlits, 5) stafs vegna blindu, 6) sjónhimnuloss af völdum sykursýki, 7) lýtalækninga í brýnum tilfellum, 8) dreyrasýki, 9) bæklunarlækninga þegar um barn er að ræða og 10) hvítblæðis og annarra sambærilegra tilfella. Læknisvottorð skal lagt fram eftir hverja slíka ferð.

Þessar reglur, sem ég hef nú verið að lesa upp úr, voru samþykktar af tryggingaráði og staðfestar af heilbrmrh.

Ég ætla ekki að þreyta hv. þm. á því að lesa úr þessum margvíslegu reglum og þessum margítrekuðu og endurteknu ákvörðunum Tryggingastofnunar ríkisins og orðsendingum til sjúkrasamlaga um breytingar á reglum og allt sem því fylgir, en ljóst er af þessari upptalningu að hér er um mjög flóknar reglur að ræða og ekki á færi venjulegs fólks að átta sig í öllum tilfellum á því, hvaða rétt það hefur, né á því, hvernig það getur leitað réttar síns í sambandi við þessi mál almennt.

Í 43. gr. almannatryggingalaga eru eftirtalin atriði varðandi sjúkraflutninga:

„i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands skal greiða að 3/4 hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu þess sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sé fylgd nauðsynleg greiðast 3/4 af fargjaldi fylgdarmanns, þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að vera á um í lögum um heilbrigðisþjónustu.

j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum, sem tryggingaráð setur og ráðh. staðfestir, fyrir sjúklinga, sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða á sjúkrahúsi, með eða án innlagningar."

Þessi ákvæði laganna eru háð þeim reglum er tryggingaráð eða Tryggingastofnun setur um framkvæmdina, sem er í mörgum tilfellum flókin og eins og ég áður sagði tekur ekki nægjanlega til aðstæðna sjúklinga. Í þessari lagagrein stendur m. a.: „Um kostnað flutnings milli sjúkrahúsa fer eftir því, sem kveðið kann að verða á um í lögum um heilbrigðisþjónustu." En eins og hv. alþm. sjálfsagt vita eru engin slík ákvæði til í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978 og hefur þessi grein ein sér valdið talsvert miklum ágreiningi og oftast auknum útgjöldum sjúklinga. Fram hefur komið og raunar staðfest að sjúkrahús í Reykjavík hafa jafnvel neitað að greiða þennan kostnað sem í þeim tilfellum hefur allur fallið á viðkomandi sjúkling eða sjúklinga að greiða.

Það er skoðun flutningsmanna að þennan þátt í greiðslu sjúkrakostnaðar hljóti að vera hægt að hafa í einföldu og aðgengilegu formi án þess að sífellt þurfi til að koma úrskurðaratriði og reglur sem gera málið flóknara og erfiðara fyrir sjúklinga. Auðvitað hlýtur það að vera réttlætiskrafa og sjálfsagt mál, að almannatryggingakerfið greiði alla sjúkraflutninga, og fellur þá niður að mestöllu leyti eða öllu leyti allt hið mikla kerfi vottorða og skriffinnskufargan sem nú gildir í þessum málum.

Á heilbrigðisþingi 1980 urðu talsvert miklar umræður um sjúkraflutninga. Það kom fram í máli þingfulltrúa og starfshópa, sem fjölluðu um þessi mál, að skipulagsleysi í framkvæmd sjúkraflutninga er víðast stórt vandamál í læknishéruðum landsins, aðstöðumunur og kostnaður gífurlegur. Á þinginu komu fram margar athyglisverðar hugmyndir um hvernig ætti að leysa þetta mál. Aðalhugmyndin var að vísu sú, sem ég hef áður nefnt, að það hljóti að vera eðlilegt að sjúkraflutningar falli að öllu leyti undir greiðslu sjúkrasamlaga eða sjúkratrygginga almennt. Þó kom einnig fram sú hugmynd, að ef ekki næðist það stig í þessum málum væri hægt að hugsa sér að sjúklingar greiddu aldrei meira fyrir sjúkraflutninga en sem svaraði venjulegu sætafargjaldi á sömu flutningsleið með áætlunarbifreið eða flugvél.

Herra forseti. Tilgangur með þessari þáltill. er fyrst og fremst sá, að þessi mál verði tekin til meðferðar og breyting gerð á lögum eftir því sem með þarf til að koma framkvæmd og skipulagi sjúkraflutninga í landinu í viðunandi horf og jafna um leið aðstöðumun þess fólks sem þarf á sjúkraflutningum að halda. Það er skoðun mín og flutningsmanna allra, að það hafi dregist allt of lengi að koma þessum málum í viðunandi horf. Ég gæti hér rakið ótal dæmi þess, hvernig þetta mál hefur valdið bæði erfiðleikum hjá mörgum sjúklingum og mörgu fólki, sem hefur yfir sér þá ógæfu að þurfa að fara kostnaðarsamar ferðir á sjúkrahús og allt sem því fylgir, og ég veit mörg dæmi þess, hvernig úrskurðir, sem fallið hafa, bæði hjá sjúkrasamlögunum sjálfum og hjá Tryggingastofnun ríkisins, hafa verið þess eðlis að í raun og veru hefur verið um skort á mannréttindum að ræða. Ég vil þess vegna vonast til þess, að hér á Alþingi náist samstaða um að koma þessum málum, hvort sem það verður með þáltill. eða við aðrar aðgerðir eða e. t. v. þá endurskoðun sem stendur yfir í sambandi við almannatryggingakerfið, í það horf að viðunandi sé og við hættum þessu skriffinnskubákni og þessum sparðatíningi, sem viðgangist hefur allt of lengi í sambandi við að jafna aðstöðu fólks. Þess vegna vonast ég til þess, að þáltill. verði til að hreyfa eitthvað þessu máli í átt að því réttlæti sem ég hef hér talað um.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði þessari till. vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Tillagan snertir tvö brýn svið sem bæði eru þó samtengd. Það er full ástæða til að taka út af fyrir sig undir með flutningsmönnum varðandi bæði þessi atriði, en um leið að minna á hvernig þau eru á vegi stödd nú.

Varðandi fyrra atriðið geri ég mér fastlega vonir um að okkur takist að koma því atriði í löggjöf á þessu þingi. Endurskoðunarnefnd sú, sem vinnur nú að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu, er komin vel á veg með endurskoðun þeirra laga. Til viðbótar við ákveðnar tillögur frá rn. og starfsmanni þess í nefndinni, sem er formaður nefndarinnar, Ingimar Sigurðssyni, um nánari ákvæði um greiðslur og skipulag sjúkraflutninga mun nefndin einróma taka upp ákvæði, m. a. fyrir sérstaka áherslu 2. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar, í þeirri grein heilbrigðislaganna sem fjallar um bein hlutverk heilbrigðisþjónustunnar, þ. e. að inn í ákvæði um það, hvað skuli teljast heilbrigðisþjónusta,

komi orðið „sjúkraflutningar", sem yrðu teknir þar beint inn. Þeir verði sem sagt ómissandi hlekkur í allri okkar heilbrigðislöggjöf.

Varðandi nánari útfærslu á skipulagi þessarar þjónustu og reglum varðandi hana á nefndin að vísu eftir að fjalla kannske enn nánar um það, en þó er kominn góður vísir að því skipulagi sem ég held að eigi að duga og ætlast er til með tillöguflutningi þeim sem hér hefur verið rakinn. Ég trúi ekki öðru og vænti þess fastlega að ráðh. og ríkisstj. muni fallast á þær tillögur nefndarinnar, sem ég hygg að fari einróma frá henni um frv. til l. um breyt. á heilbrigðislöggjöfinni og beinlínis lúta að þessu atriði um sjúkraflutningana, þær komi hér inn fyrir vorið og hljóti lagagildi.

Með skýrari ákvæðum um greiðslu sjúkratryggginganna á sjúkraflutningum, svo sem við leggjum til, er að sjálfsögðu stigið stórt spor, en það er líka rétt að hitt aðalatriðið snertir annan lagabálk, sem er almannatryggingalöggjöfin. Það vill verða svo í sambandi við þann stóra bálk, að menn taki sér góðan tíma í endurskoðun á honum. Við höfum kannske beðið of lengi eftir því.

Hv. 1. flm. þessa máls kom inn á atriði um ferðakostnað þeirra sjúklinga sem ítrekað þurfa á fund sérfræðinga. Að því tilefni gefnu vil ég rifja það upp hér, að þetta mál var nokkuð lengi á leiðinni í gegnum þingið og gekk býsna erfiðlega. Ég man eftir því, að ég flutti þetta mál t. d. í frumvarpsformi tvívegis í Ed. án sérstakra undirtekta þar, ef frá er talinn góður stuðningur þeirra hv. þáv. þm. Odds Ólafssonar, og Eggerts G. Þorsteinssonar, sem töldu að þetta frv. ætti að fá stuðning. En því var þá borið við, m. a. í nefndarstarfi að því frv., að þarna væri um mikla misnotkunarhættu að ræða og það væri varla vogandi að setja þau ákvæði í lög, en það voru nokkurn veginn þau ákvæði sem einmitt er vikið að beint í þessari till. nú.

Það var svo loksins úr þessu bætt, eins og menn þekkja, að hluta. En þá var þetta ákvæði þrengt mjög frá því frv. sem ég hafði áður flutt. Mér þótti það að mörgu leyti eðlilegt því að ég viðurkenndi að það gat verið viss hætta í þessu sem ekki væri rétt að horfa fram hjá. En í staðinn fyrir að hafa þarna ákveðin ákvæði um það í lögunum, meginákvæði um hvernig með skyldi farið, þá var eins og svo oft áður ákveðið að sett skyldi reglugerð, þarna skyldu settar ákveðnar reglur sem Tryggingastofnunin ákvæði. Það er rétt hjá hv. 1. flm. að þessar reglur eru of þröngar. Ég benti á það strax við setningu laganna að ég væri hræddur um að jafnóskýr og lögin væru, jafnlítt afmörkuð og þau væru að mínu viti, með þetta miklu valdi tryggingaráðs til þrengingar eða til ákveðinna vottorðagjafa og annars slíks, væri um of þrengt að þessu. Ég þekki dæmi um það, eins og hv. 1. flm. rakti, að menn hafa snúið til baka varðandi þetta. Ég þekki líka dæmi af hinu góða í sambandi við þetta, að menn hafa náð fram sínum rétti. Þetta fer nokkuð eftir tryggingaumboðinu t. d. á hinum ýmsu stöðum eða hversu menn sækja þennan rétt sinn fast eða þá hvort menn lenda á réttum manni í kerfinu, — kannske alveg eins, — sem vill verulega greiða úr fyrir fólki. En þegar menn hafa komist inn í þetta kerfi hef ég, með þeim dæmum sem ég þekki til, ekki orðið var við að málið gengi ekki nokkurn veginn snurðulaust fyrir sig.

En um þetta mál í heild fjallar heilbr.- og trn. Ed. nú einmitt því að hún athugar nú frv. frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni o. fl., sem lýtur nákvæmlega að síðari lið þessarar till. Frv. þetta fékk mjög góðar undirtektir í Ed., þ. e. meginhugsun þess frv. Menn tóku undir það. M. a. lýsti formaður viðkomandi n., heilbr.- og trn. Ed., Davíð Aðalsteinsson, yfir stuðningi við þá meginhugsun, sem þarnna væri fram sett, og nauðsyn þess að þarna yrði úr bætt og þetta mál yrði að fá jákvæða afgreiðslu án þess að menn segðu beint að frv. óbreytt næði fram að ganga. Þetta gerði ég einnig þar.

Eins og oft vill verða bíðum við stjórnarliðar gjarnan eftir því á hverjum tíma, að þær nefndir, sem ráðuneytin eru að setja á stofn varðandi endurskoðun, ljúki sínu starfi, komi því í framkvæmd, og við bíðum oft allt of lengi eftir því, að þessar nefndir skili áliti sínu. Ég veit að hér er um viðkvæman lagabálk að ræða. Ég dreg ekkert úr því, að þarna er um lög að ræða sem taka ekkert smáræði af sameiginlegum fjármunum okkar, samfélagslegum fjármunum. Vissulega er það rétt. Það verður því að hafa alla gát á þegar þau lög eru endurskoðuð. En ég held hins vegar að sú nefnd, sem vinnur mjög samviskusamlega að þessu verki, held ég, á sinn hátt, hafi í raun og veru ekki valið réttu leiðina, því að í stað þess að taka nokkur þau atriði út úr, sem knýja mest á til jafnréttis allra sem njóta eiga og eru kannske ekkert sérstaklega fjárfrek, þá hefur nefndin farið út í að endurskoða allan lagabálkinn og ákveða að taka allt fyrir og skila engu áliti fyrr en allt málið lægi fyrir og þeir gætu skilað nokkurn veginn nýjum tillögum að almannatryggingalögum. Ég er ekki alveg sáttur við þetta. Þetta kom m. a. fram á nefndarfundi í heilbr.- og trn., þar sem formaður þessarar endurskoðunarnefndar, Jón Ingimarsson, mætti og greindi okkur frá því,, að það væri stefna nefndarinnar að taka þetta allt saman í heild í stað þess að taka þau atriði út úr sem væru brýnust. Ég held að þess sé að vænta, að engu að síður muni menn ekki bíða hér. Við báðum formann nefndarinnar um það á þessum fundi í heilbr.- og trn. að gera tilraun til þess í nefndinni að skila okkur áliti um þennan afmarkaða þátt sem frv. þeirra Alþfl.-manna í Ed. lýtur að. Ég vonast til þess, að þær tillögur komi og þess sé að vænta að þessi liður verði tekinn út úr.

Ég hef séð drög, ekki frá þessari nefnd, en ég hef séð drög sem ég fer ekki nánar út í hér, en eru úrbótatillögur varðandi þennan lið sérstaklega og eru komin frá þeirri stofnun sem um þetta sér, þ. e. Tryggingastofnuninni. Ég tel það mjög mikilvægan áfanga þar sem hlutur sjúklings yrði lækkaður um helming, þ. e. úr 1/4, sem hann er í dag, niður í 1/8. Þetta væri vissulega mikill áfangi ef það næðist fram. Þarna er komið að vali á því, að sjúklingur greiði 1/8, hafi þá einhverja ábyrgð, eins og menn tala um í þessu sambandi, þó ég sé kannske ekki alveg sáttur við það, eða þá að sjúklingurinn sé leystur að fullu undan greiðsluskyldu, eins og frv. í Ed. ber með sér. Sannleikurinn er auðvitað sá, að enn er þessi hluti, 1/8, ef þetta næði nú fram, alltillfinnanlegur fyrir þá sem lengstar vegalengdir og dýrastar ferðirnar fara. Ef horfið yrði t. d. að þessu ráði, mönnum sýndist það einna tiltækast í þessu, kæmi líka til greina, að mér fyndist, að miða við eitthvert ákveðið hámark þannig að sjúklingar greiddu aldrei nema mjög óverulega fjárhæð þó um langan veg þyrfti að fara með dýrasta ferðamáta.

Ég vil skoða þessi drög, sem ég minnti á áðan, samhliða frv. þeirra Alþfl.-manna í Ed. Ég vænti lykta á þessu þingi í því máli, alla vega til mikilla hagsbóta fyrir

þá sem hér verða harðast úti, og að því ber okkur að stefna eindregið. Þessi till. fjallar um þessa tvo þætti og ég vænti þess, að þeir geti báðir á vissan hátt öðlast lagagildi þegar á þessu þingi og við getum allir orðið þar sammála um.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram fjallar þessi þáltill. á þskj. 40 um tvennt skylt og þó óskylt, þar sem um sitt hvora löggjöfina er að ræða.

Hv. síðasti ræðumaður greindi frá því, að væntanlega yrði lagt fram frv. til 1. varðandi hinn fyrri þátt þessarar till. á þessu þingi, og ber vissulega að fagna því, enda held ég að ekki sé um það neinn ágreiningur, að brýnt er að í lögum séu skýr og greinargóð og ótvíræð ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga.

Ég get raunar verið töluvert stuttorðari en ég hafði hugsað mér hér í fyrstu, þar sem hv. 2. þm. Austurl. ræddi að nokkru það sem ég hafði hugsað mér að vekja hér máls á, en það er sú staðreynd, að síðari liður þessarar þáltill. lýtur að því að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um greiðslu kostnaðar við sjúkraflutninga og ferðakostnað sjúklinga, þessi ákvæði verði einfölduð og gerð aðgengilegri, aðstöðumunur sjúklinga í sambandi við kostnað við sjúkraflutninga verði jafnaður. Töluvert áður en þessi þáltill. þeirra hv. flm. kom hér fram var búið að flytja hér á Alþingi frv. um þetta mál á þskj. 28 og gerðu það þrír þm. Alþfl. í Ed. Það frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar hefur þann tilgang að jafna kostnað af sjúkraflutningum og læknisvitjunum þannig að íbúum vissra landshluta sé ekki íþyngt sérstaklega eins og nú er.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. með því að rekja mörg hláleg dæmi sem hér eru rakin í grg., en það er alveg ljóst að gildandi reglur fela í sér margs konar misræmi og óréttlæti, og það er skoðun flm., að enginn eigi að þurfa að kvíða því vegna efnahags að hann fái ekki notið bestu sjúkrahúsþjónustu sem völ er á. Það eiga allir að hafa sama rétt til læknisþjónustu og hjúkrunar án tillits til efnahags eða búsetu. Þessi markmið verða raunar, svo sjálfsögð sem þau eru, að teljast fjarri því að vera uppfyllt hér á landi, því miður. Því var það frv. flutt, sem ég hef hér gert nokkuð að umtalsefni. Ég fagna þeim orðum hv. 2. þm. Austurl., sem hann mælti áðan úr þessum ræðustól, er hann lýsti því, hverjar undirtektir þetta frv. hefði fengið í nefnd í Ed., og treysti því, að það nái fram að ganga og framgangur þessa réttlætismáls verði þannig tryggður á þessu þingi.

Flm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég þakka þær umr. sem hér hafa þegar farið fram um þetta mál. Ég efast ekkert um að hv. alþm. hafa áhuga á þessu máli, eins og raunar hefur komið fram áður hér á Alþingi. Í sambandi við þá þáltill., sem hér er flutt, kom fram að hún er flutt af algerri tilviljun á mjög svipuðum tíma og frv. sem flutt er í Ed. af hv. þm. Alþfl. og ég er efnislega mjög sáttur við. Þessi till. varð fyrst og fremst til vegna nýrra áskorana og erinda, sem höfðu borist, og enn fremur í sambandi við það, sem kom fram á heilbrigðisþingi og hefur þegar verið kynnt og margir hv. þm. hafa sjálfsagt undir höndum, og jafnframt af því að flm. fannst eins og fleirum að þær starfandi endurskoðunarnefndir eða laganefndir, sem eru í þessum málum, ekki síst að því er varðar endurskoðun á almannatryggingum og endurskoðun á heilbrigðislöggjöfinni, væru nokkuð seinar eða þunglamalegar þegar þess er gætt, eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að sviðið, er þessar nefndir taka, er allt of yfirgripsmikið, í stað þess að taka út úr þau atriði, sem mest gildi hafa, til að leysa úr vanda, jafna misrétti og gera framkvæmd þessara laga aðgengilegri og um leið réttlátari.

Ég fagna því sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., sem ég raunar vissi um, að sú nefnd, sem er að endurskoða lögin um heilbrigðisþjónustuna, hefur þegar lagt fram drög að frv. Ég hef lesið þau yfir og ég hef gert það vegna þess að þetta er búið að vera nokkuð lengi í meðferð hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hún hefur gert nokkuð margar tilraunir til að fá fram vissar leiðréttingar á lögunum um heilbrigðisþjónustu og sent frá sér til heilbrmrn. ákveðnar tillögur um lagfæringar á heilbrigðislöggjöfinni, þ. á m. að því er varðar skipulag og framkvæmd á sjúkraflutningum. Eins og ég sagði í framsöguræðu er þetta mál sem hefur verið mjög erfitt viðureignar hjá mörgum sveitarfélögum í landinu. Sveitarfélögin hafa þá sjálfsögðu skyldu að bera kostnað af sjúkraflutningum, en þetta mál hefur verið ákaflega erfitt viðureignar á undanförnum árum og hefur alls ekki verið auðvelt að leysa fyrir mörg sveitarfélög í landinu og þess vegna hefur Samband ísl. sveitarfélaga unnið að því um nokkurt skeið að reyna að hafa áhrif á að lög um heilbrigðisþjónustu yrðu endurskoðuð og þetta atriði sérstaklega ásamt mörgum fleiri, sem ég ætla ekki að nefna hér, yrði tekið inn í þessa endurskoðun.

Ég fagna því, að drög að lagabreytingu hafa þegar verið send til kynningar hjá stjórnarflokkunum a. m. k. Þó að margt sé þar sem þarf enn að athuga að mínu mati, sýnist mér þó sá kafli, sem fjallar um sjúkraflutninga, fljótt á litið a. m. k. fullnægja því sem fyrir okkur flm. vakir að því er varðar ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga. Ég vænti þess, að áfram verði haldið á þeirri braut að reyna að koma þessari lagabreytingu á þó margt annað í þessu frv. muni að vísu þurfa mikillar skoðunar við og ég efist ekkert um að margir séu ekki sammála um ýmislegt sem þar er.

Að því er varðar hitt atriðið, sem hér hefur borið á góma, um greiðslu kostnaðar eða jöfnun á þeim mikla aðstöðumun sem fólk í landinu býr við, er hér um að ræða atriði sem er löngu tímabært að taka til afgreiðslu því að þær reglur og reglugerðir sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gefið úr og starfað eftir, eru allt of flóknar og allt of þunglamalegar í öllum tilfellum og hafa bakað, eins og ég sagði í minni framsögu, mjög mikil vandamál víða í meðferð. Ég tel þess vegna að það komi til greina, að út úr þessum umr. öllum og frv. og þáltill., sem hér hafa verið sett fram, ætti að geta komið að Alþingi ætti að geta afgreitt þetta mál þannig að við fáum viðunandi breytingar á lögum um almannatryggingar sem leysi síðara atriðið, sem þáltill. fjallar um, þannig að sjúkrasamlögin greiði kostnað vegna flutnings sjúklinga á þann hátt að hægt verði að ná því réttlæti sem allir virðast nú vera sammála um að verður að ná fram í þessari löggjöf.

Ég vænti þess, að Alþingi fylgi þessu máli eftir og áður en þingi lýkur verði komin viðunandi skipan á þessi mál í báðum atriðum er þáltill. fjallar um.

Verðlagning á orku, þáltill. (þskj. 115). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef á

þskj. 115 flutt till. til þál. um verðlagningu á orku og er hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja lagafrv., sem lagt verði fyrir Alþingi, um almennar reglur, sem fylgja skuli við verðlagningu á orku frá orkufyrirtækjum í landinu. Þar sé m. a. kveðið á um arðgjöf og afskriftir til að tryggja eðlilega eiginfjármyndun og sjóðstreymi. Stjórnir orkufyrirtækja ákveði sjálfar orkuverð innan lagarammans, en að öðru leyti sé hann bindandi fyrir orkufyrirtækin svo og yfirvöld verðlagsmála. Hafa skal samráð við Samband ísl. rafveitna og Samband ísl. hitaveitna um samningu ofangreinds frv."

Ástæðan fyrir því, að þessi þáltill. er nú flutt hér, er sú, að um alllangt skeið hafa farið fram miklar umræður hér á landi um verðlagningu á orku, bæði raforku og hitaorku. Verðstöðvunarlög hafa verið meira og minna í gildi um 10 ára skeið og þau hafa tekið ákvörðunarvaldið um verðlagningu orku úr höndum eigenda orkufyrirtækjanna, sem í langflestum tilvikum eru sveitarfélögin í landinu, og selt það í hendur verðlagsyfirvalda. Oft hafa ríkisstjórnir átt síðasta orðið í þeim efnum. Sjónarmið ríkisins við þessa verðlagningu hafa yfirleitt á hverjum tíma verið bundin við skammtímasjónarmið og miðast við að halda vísitölu niðri næsta vísitölutímabil. Hagsmunir orkufyrirtækjanna eða orkuiðnaðarins í heild hafa þá oft verið látnir víkja.

Undanfarinn áratug hefur mikil uppbygging átt sér stað í orkumálum. Þrátt fyrir það hefur orkuverð frá stærstu orkufyrirtækjunum lækkað miðað við vísitölu byggingarkostnaðar. Afleiðingar þess eru lítil eiginfjármögnun, en miklar erlendar lántökur sem leitt hafa af sér gífurlega skuldasöfnun og ört vaxandi greiðslubyrði. Oft virðist gleymast að miklar erlendar lántökur kalla á hærra orkuverð síðar vegna aukinnar greiðslubyrðar. Arðgjöf þessara fyrirtækja er langt undir því marki sem eðlilegt má teljast. Sum þessara fyrirtækja horfa fram á alvarlega rekstrarerfiðleika og eru engan veginn í stakk búin til að takast á við mikilvæg verkefni sem bíða á sviði orkumála.

Ég skal nefna hvernig staðan er hjá þremur stórum orkufyrirtækjum landsins, þar sem ég þekki sjálfur svolítið til, og skal fyrst nefna Landsvirkjun. Landsvirkjun er langstærsta fyrirtækið á orkusviðinu og hefur staðið fyrir mikilvægustu áföngum í rafvæðingu landsins undanfarinn áratug með byggingu þriggja stórvirkjana. Samt er það svo, að rafmagnsverð hefur lækkað að tiltölu frá þessu fyrirtæki og var í árslok 1980 um 70% af því sem það var fyrir um 10 árum.

Í lánssamningum Landsvirkjunar og Alþjóðabankans, en Alþjóðabankinn lánaði bæði til Búrfellsvirkjunar og Sigölduvirkjunar, var af bankans hálfu gerð ákveðin krafa um arðgjöf á hverju ári og voru ákvæði um það fest í lánasamninga. Með því vildi bankinn að sjálfsögðu tryggja sig. Hann vildi með því að setja slík ákvæði, sem eru algeng hjá bankanum, tryggja að fyrirtækið hefði þann arð að það gæti greitt lánin þegar að gjalddaga kæmi. Reynslan hefur og sýnt að það er gott fyrir okkur Íslendinga að einhverjir aðrir reyni að hafa vit fyrir okkur í þessum efnum því að sannast sagna reynumst við vera mikil börn í fjármálum og rekstri slíkra fyrirtækja. Þrátt fyrir þetta samningsákvæði hefur það ekki dugað til. Arðgjöf hefur sjaldan náð umsömdu marki og samningarnir því að þessu leyti verið brotnir. Síðustu árin munar verulega í þessum efnum. Ég skal nefna dæmi: Árin 1978-1980, þ. e. þau þrjú ár, var umsamið mark arðgjafar 8% miðað við ákveðnar reglur sem ég skal ekki skýra nánar hér. Í reynd var það 1978 5%, 1979 5.2% og 1980 5.8%. Í krónum talið er tekjutap Landsvirkjunar vegna þessa, þ. e. samansöfnuð arðgjafarvöntun miðað við síðustu áramót, 6.9 milljarðar eða má segja tæpir 7 milljarðar gamalla króna. Ef arðgjafarvöntun hvers árs er færð til verðlags 1. okt. 1980 nemur tekjutapið 14.4 milljörðum gkr.

Rekstrarafkoma hefur og verið eftir þessu og hún hefur farið versnandi. Rekstrarhalli hefur s. l. þrjú ár verið 1978 597 millj. kr., 1979 966.4 millj. kr og 1980 1470 millj. kr. Þetta er allt í gkr. talið. Samtals nemur rekstrarhalli þessara ára 4278 millj. gkr. á verðlagi 1. okt. 1980. Enn er útlit fyrir rekstrarhalla á þessu ári, og þær áætlanir sem fyrirtækið hefur gert um næsta ár, benda og til að rekstrarhalli verði þá, nema sérstakt átak verði gert, en endanlegar tölur, hvorki um 1981 né áætlun 1982, eru enn fyrir hendi.

Þetta hefur auðvitað haft gífurleg áhrif á lántökuþörf þessa fyrirtækis. Ég hef hér í höndum töflu sem sýnir yfirlit um fjárfestingar Landsvirkjunar árin 1970 — 1981 og fjármögnun þeirra. Mörg árin hefur lánsfé verið meira en árlegar fjárfestingar, þannig að fé úr rekstri til framkvæmda hefur verið minna en ekki neitt. Tökum dæmi á þessu ári, en þá eru fjárfestingar áætlaðar tæpir 52 milljarðar, en lánsfé er 54 milljarðar, þ. e. 104% miðað við fjárfestingar. Að auki eru framlög eigenda þannig, að 5.4% af heildarfjárfestingum vantar upp á að fé úr rekstri nægi fyrir afborgunum lána. Þetta þýðir auðvitað auknar lántökur sem þessu nemur.

Þegar Landsvirkjun tók á sínum tíma ákvörðun um byggingu Hrauneyjafossvirkjunar var það markmið sett að fyrirtækið gæti fjármagnað með eigin fé úr rekstri um 20% af byggingarkostnaði þeirrar virkjunar. Við það markmið hefur ekki verið unnt að standa. Líkur eru á að fjármögnun þeirrar virkjunar af eigin fé verði minni en ekki neitt, þannig að sú virkjun verði byggð alfarið fyrir lánsfé og meira að segja þurfi jafnframt að taka lánsfé fyrir afborgunum eldri lána.

Ég skal næst nefna Rafmagnsveitu Reykjavíkur, en orkuverð Rafmagnsveitu Reykjavíkur er nú um 75% af því sem það var fyrir 10 árum. Hefur það sem sagt lækkað sem þessu nemur á þessu árabili. Á árinu 1980 voru engar verðhækkanir leyfðar á orkusölu frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur nema til að mæta hækkun á heildsöluverði frá Landsvirkjun og var það þó ekki að fullu. Það sígur því ört á ógæfuhlið hjá þessu fyrirtæki. Erlend lántaka 1981 var 17 millj. kr. Líklegt er að fyrirtækið þurfi að taka a. m. k. um 20 millj. kr. að láni á næsta ári. Fjárvöntun 1982 eftir hækkun, sem varð 1. nóv. 1981, er 73.4 millj. kr. Hækkunarþörf er 42% miðað við 1. febr., en ef tekið er tillit til þeirra 20 millj. kr., sem óskað er eftir að mega taka að láni erlendis, verður hækkunarþörf samt 31% og er þá hækkun í heildsölu ekki með talin. Fjárfestingar Rafmagnsveitu Reykjavíkur eru að miklu leyti bundnar útþenslu byggðarinnar á þessu svæði. Það þarf að leggja rafmagn í ný byggðahverfi jafnóðum og þau eru byggð. Það er mjög óeðlilegt að fjármagna með erlendum lánum slíkar framkvæmdir sem eru árvissar framkvæmdir vegna eðlilegrar stækkunar. Á tveggja ára tímabili, þ. e. frá okt. 1979 til okt. 1981, hefur gjaldskrá Rafmagnsveitu Reykjavíkur hækkað um 94%, en á sama tíma hefur

verðbólgan numið 110—120% eftir því hvaða vísitölu er miðað við.

Ef við tökum Hitaveitu Reykjavíkur er orkuverð frá Hitaveitu Reykjavíkur nú 53% af því sem það var fyrir 10 árum en það var um 60% í árslok 1980. Þarna hefur því enn sigið á ógæfuhlið að þessu leyti. Fjárhagsáætlun er nú í undirbúningi hjá Hitaveitunni og talið er að hækkunarþörf sé um 37%. Hlutfall vatnsverðs og olíuverðs til húshitunar er rúmlega 12%, þ. e. verðið á heitu vatni er um 12% af olíuverði, en þetta hlutfall mundi hækka í tæplega 16% ef heimild fengist til hækkunar á hitaveituverði. Framtíð Hitaveitu Reykjavíkur er mjög í hættu. Ástand eldri veitukerfa í borginni er mjög slæmt, bilanir eru tíðar og stöðugt yfirvofandi. Á s. l. fjórum árum hefur ekki verið unnt að vinna að neinum fyrirbyggjandi aðgerðum í formi viðgerða eða endurbóta á eldri kerfum. Margar nauðsynlegar framkvæmdir hafa þurft að sitja á hakanum ár eftir ár. Það hefur verið látið hafa forgang að leggja í ný hverfi, en vatnsöflunin, þ. e. virkjun vatns, hefur setið á hakanum. Hérna stefnir því mjög í ógæfuátt, en fyrirtækinu hefur verið sniðinn svo þröngur fjárhagslegur stakkur að ekki hefur verið unnt að leggja í slíkar grundvallarframkvæmdir.

Í sumum nágrannalöndum okkar hafa verið sett lög eins og er hér getið um. Ég skal nefna sem dæmi, að árið 1977 voru sett lög um rafmagnsframleiðslu í Danmörku og þar er verðlagning á orku sett í hendur sérstakrar nefndar, en í henni eru fulltrúar orkufyrirtækjanna, orkuneytenda svo og fulltrúar ríkisins. Í lögunum eru leiðbeinandi reglur um til hvaða þátta eigi að taka tillit þegar orkuverð sé ákveðið. Í meginatriðum eru þeir eftirfarandi: Venjulegur rekstrarkostnaður, stjórnunar- og sölukostnaður, afskriftir og vextir af lánsfé, enn fremur arður af eigin fé fyrirtækjanna og framlag af eigin fé til nýrra fjárfestinga. Viðskrh. Danmerkur skal innan ramma laganna setja nánari reglur um afskriftir, um eigið fjármagn til nýrra framkvæmda og arð af eigin fjármagni. Þessar reglur viðskrh. tryggja mikið eigið fjármagn í uppbyggingu nýrra orkuvera. Aðalreglan er sú, að allt að 75% stofnkostnaðar hvers orkuvers kemur úr eigin fjármagni á fimm ára tímabili, þ. e. á næsta fimm ára tímabili áður en orkuver er tekið í notkun. Sá hluti stofnkostnaðar, sem ekki kemur í gegnum eigin fjármögnun, er afskrifaður með jöfnum upphæðum á minnst 15 árum. Af þessu má ljóst vera að Danir eru miklu forsjálli í þessum efnum en við Íslendingar og hafa þeir þó átt við verðbólgu að stríða að undanförnu ekki síður en við.

Nú kann einhver að spyrja hvort það sé ekki uppgjöf frá því, sem áður hefur verið haldið fram, að leggja til að slíkar reglur séu settar af hálfu ríkisvaldsins, en eigendur orkuvera hafa mjög haldið þeirri stefnu á loft undanfarin ár, að þeir ættu að hafa sjálfsforræði um verðlagningu orkunnar, en eins og ég sagði áðan eru það fyrst og fremst sveitarfélögin sem hér eiga hlut að máli, en ríkið er að vísu einnig eigandi í stórum orkufyrirtækjum eins og Landsvirkjun og Laxárvirkjun. Ég skal vissulega viðurkenna að hér er um að ræða visst fráhvarf frá þeirri stefnu, en reynslan hefur hins vegar sýnt okkur að á s. l. 10 árum hefur verðlagning orku farið eftir geðþóttaákvörðun verðlagsyfirvalda og ríkisstjórna á hverjum tíma og því stefnir nú í algent óefni varðandi fjárhag þessara fyrirtækja og þau eru alls ófær um að takast á við þau miklu og stóru verkefni sem okkar bíða á sviði orkumála. Þessari skoðun, sem fylgt er í þessari þáltill., hefur því vaxið mjög fylgi að undanförnu. Ég skal nefna sem dæmi að á vetrarfundi Sambands ísl. rafveitna 3. nóv. s. l. var þetta mjög til umræðu og menn urðu sammála um slíka stefnu. Þetta var einnig mjög til umr. á aðalfundi Sambands ísl. rafveitna á s. l. sumri.

Þáltill. þessi miðar að því að reglur um verðlagningu orku verði festar í lög, en það mundi skapa mikið öryggi fyrir orkufyrirtækin og þau gætu þá gert raunhæfar áætlanir um rekstur og fjárfestingar og haldið lántökum innan eðlilegra marka. Slíkar reglur gætu verið liður í því að koma fjárhag orkufyrirtækja landsins á heilbrigðan grundvöll og búa þau undir ný stórátök á sviði orkumála.

Ég legg til, herra forseti, að þegar þessari umr. hefur verið frestað verði þessari till. til þál. vísað til allshn. Sþ.

Starfslaun íþróttamanna, þáltill. (þskj. 123). — Ein umr.

Flm. (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Friðrik Sophussyni, Helga Seljan og Árna Gunnarssyni að flytja till. til þál., sem kemur fram á þskj. 123, um starfslaun íþróttamanna. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að skipa þriggja manna nefnd til þess að semja frv. til l. um starfslaun íþróttamanna.

Nefndin skal vera þannig skipuð: Formaður Íþróttasambands Íslands, formaður Ungmennafélags Íslands og Íþróttafulltrúi ríkisins og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar."

Áhugi á frjálsum íþróttum virðist vera almennari úti á landi en hér á höfuðborgarsvæðinu. Þetta má vafalaust að nokkru skýra með því, að aðstaða til almennra íþróttaiðkana hefur óvíða verið fyrir hendi nema þá til knattspyrnu. Fyrst og fremst er þó skýringin sú, að ungmennafélögin hafa lagt mikla áherslu á þessa grein íþrótta.

Það hefur verið stefna ungmennafélaganna að stuðla að sem almennastri þátttöku í íþróttastarfinu, fá sem flesta til að vera með, en leggja minna upp úr afrekunum. Með þessu hefur fengist veruleg breidd í þann hóp, sem íþróttir stundar, þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður víða. Slík breidd er undirstaða þess, að unnt sé að koma auga á hæfileikamennina. Þetta starf hefur líka skilað góðum árangri.

Sú stefna ungmennafélaganna að leggja megináherslu á breiddina er tvímælalaust rétt, en hinu er ekki að leyna, að þessi stefna hefur ásamt aðstöðuleysinu fram að þessu verið nokkuð á kostnað afrekanna. Hingað til hafa flestir sigurvegarar á mótum verið hæfileikafólk, sem hefur haft mjög takmarkaða aðstöðu til þjálfunar.

Á síðasta landsmóti ungmennafélaganna var greinilegt að á þessu hefur orðið veruleg breyting. Í fyrstu sæti raðaði sér nú fólk sem haft hefur aðstöðu til að stunda æfingar og þjálfun um lengri eða skemmri tíma, enda munu ekki hafa verið sett færri en 16 landsmótsmet. Þetta er mjög gleðileg þróun og ætti að gefa von um glæsilegan árangur á sviði frjálsíþrótta á næstu árum. En óhjákvæmilega vaknar sú spurning, hvað taki við hjá þessu efnilega fólki og hvaða aðstöðu það hafi til áframhaldandi þjálfunar. Það vekur einnig þá spurningu, hvort tími algjörrar áhugamennsku sé ekki liðinn og hvort ekki

beri skylda til að styrkja þetta fólk sérstaklega til frekari dáða.

Það hefur verið mjög áberandi á undanförnum árum, hve stuttur ferill margra efnilegra frjálsíþróttamanna hefur orðið. Menn hafa tekið þátt í keppni nokkur sumur með góðum árangri, en eru svo allt í einu horfnir af keppendaskránni. Skýringin er oftast sú, að menn hafa stofnað heimili, eru að byggja, önnum kafnir við nám eða uppteknir við vinnu. Út yfir tekur þó þegar okkar bestu afreksmenn verða að hætta keppni vegna féleysis.

Fyrir nokkrum vikum var frá því sagt, að Óskar Jakobsson, kastarinn snjalli, sem dvaldist s. l. vetur í Bandaríkjunum við æfingar, væri farinn austur á land í símavinnu til að vinna fyrir skuldum og hefði ekki efni á frekari þátttöku í keppni að sinni. Þetta dæmi sýnir okkur, svo ekki verður um villst, að komið er að þáttaskilum í þessu efni. Við getum ekki lengur farið svona með okkar bestu íþróttamenn. Við verðum að gera okkur ljóst, að afreksíþróttir verða ekki stundaðar í tómstundum með fullri vinnu eða námi.

Flm. telja að ekki verði lengur komist hjá því að stofna til „starfslauna íþróttamanna", sem úthlutað yrði til besta íþróttafólks okkar. Við höfum þegar nokkra skákmenn á launum hjá ríkinu og þykir sjálfsagt og árlega er úthlutað starfslaunum til hóps listamanna. Það gæti því varla talist nein fordild þótt við hefðum íþróttamenn á launum í svo sem þremur til fimm stöðugildum. Hversu langt gæti Einar Vilhjálmsson, sem setti glæsilegt met í spjótkasti á landsmótinu, náð ef hann fengi aðstöðu til að helga sig íþróttum eingöngu í nokkur ár — eða Kristján Harðarson, ungi pilturinn frá Stykkishólmi sem sigraði í langstökki þótt hann sé aðeins 16 ára gamall og er af mörgum talinn efnilegasti stökkvari sem komið hefur fram í mörg ár?

Hér hefur eingöngu verið rætt um frjálsíþróttir, en hið sama gildir auðvitað um aðrar einstaklingsíþróttir, svo sem lyftingar, júdó og sund. Í þessum greinum eigum við afreksmenn sem ástæða væri til að styrkja á sama hátt.

Það kynni kannske einhver að spyrja, hvort ekki væri bara verið að þenja hér út kerfið, færa út kostnaðarliði ríkissjóðs. En ég vil minna þm. á að það muna sjálfsagt allir eftir þeirri gleðibylgju, sem fór um landið þegar Vilhjálmur Einarsson vann hið glæsilega afrek í Melbourne á sínum tíma, og hina ýmsu sigra sem við höfum unnið á íþróttasviðinu, bæði í flokka- og einstaklingsíþróttum.

Við flokkaíþróttir, svo sem knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik, blak, verður varla komið við slíkum starfsstyrkjum, en kanna mætti hvort þjálfarar og leiðbeinendur í slíkum íþróttagreinum gætu ekki komið til greina við úthlutun „starfslauna íþróttamanna".

Að lokum legg ég áherslu á að gæta þarf vel að því, að áhugamannaréttindum verði ekki kasttað fyrir borð. Við erum sennilega ein af fáum þjóðum sem enn eru eingöngu með áhugamennsku í íþróttunum. Frá því vil ég ekki víkja. Ég tel það að vísu verkefni þeirrar nefndar, sem till. gerir ráð fyrir að verði skipuð, að finna m. a. lausn á því vandamáli.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til allshn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni fyrir frumkvæði að flutningi þessarar þáltill. um starfslaun íþróttamanna. Hér er máli hreyft sem vissulega er ástæða að skoða af verulegri kostgæfni. Margur unglingurinn, sem velur sér skóla, tekur gjarnan ákvörðun um skólastað með tilliti til þeirrar aðstöðu sem til íþróttaiðkana er. Aðstöðu til íþróttaiðkana úti á landsbyggðinni er víða ábótavant, þótt verulega hafi þar áunnist á síðustu árum. Þótt það sé þessu máli að nokkru óviðkomandi er hér þó um þann grunn að ræða sem á skal byggja.

Það má heyra æðioft að mikið fjármagn fari frá ríkissjóði til íþróttahreyfingarinnar í landinu, og mönnum sýnist sitt hvað um ágæti þess. Á árinu 1979 nam framlag ríkisins til hvers iðkanda íþrótta 2200 gömlum krónum. Þetta er langlægsta framlag sem Norðurlandaþjóð greiðir til þessarar starfsemi. T. d. er framlag Færeyinga, nágranna okkar, um 100% hærra og framlag Svía hvorki meira né minna en um 230% hærra.

Það mun láta nærri, að um 80—85 þús. manns iðki íþróttir hér á landi, og kostnaður til rekstrar íþróttahreyfingarinnar mun trúlega verða um 4—5 milljarðar gamalla króna á þessu ári. Ef við ætlum íþróttafólki okkar að standa jafnfætis milljónaþjóðum er ljóst að verulegra aðgerða er þörf. Ég er sannfærður um að það fjármagn, sem varið er til íþróttastarfsemi í landinu, er skynsamleg fjárfesting sem skilar ríkulegum vöxtum.

Með flutningi þessarar till. er reynt að gera afreksmönnum íþrótta kleift að stunda æfingar af kostgæfni. Hér er ekki verið að leggja það til sem kallast atvinnumennska í íþróttum, heldur er um að ræða stuðning og skilning á mikilvægi þess að afreksmenn okkar á sviði íþrótta geti helgað sig íþróttum frekar en verið hefur. Það má öllum ljóst vera að tómstundirnar einar sér duga skammt afreksmönnum okkar til þjálfunar eigi árangur að verða sá sem efniviður þeirra býður upp á og við væntum af þessu stórefnilega fólki.

Herra forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. En ég harma það vissulega að ekki skuli verða fleir þm. til þess að leggja orð í belg við þessar umr., því sannarlega er hér athyglisvert mál á ferðinni. Ég vona að það fái jákvæða meðferð á hinu háa Alþingi og ég endurtek enn og aftur þakkir mínar til 1. flm. fyrir að hreyfa þessu svo sannarlega ágæta máli.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orkubú Suðurnesja, þáltill. (þskj. 125). — Ein umr.

Flm. (Jóhann Einvarðsson): Herra forseti. Á þskj. 125 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ólafi G. Einarssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Salome Þorkelsdóttur, Geir Gunnarssyni og Kjartani Jóhannssyni að flytja þáltill. um Orkubú Suðurnesja. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. til laga um Orkubú Suðurnesja.

Nefndin skal þannig skipuð: Tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnrn. Iðnrh. skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Nefndin hraði svo störfum að frv. verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi."

Með lögum nr. 100 frá 31. des. 1974 var ákveðið að stofna Hitaveitu Suðurnesja, sem hafa skyldi það mark-

mið að leysa húshitunarmál á Suðurnesjum. Eignaraðild að félaginu var ákveðin á þann veg, að sveitarfélögin sjö á Suðurnesjum skyldu hafa 60% eignaraðild, en ríkið 40%. Í byrjun febrúar 1975 var stjórn félagsins skipuð og tók hún strax til starfa við uppbyggingu fyrirtækisins. Nú er þessu verkefni að mestu lokið, þar með talin tenging flugvallarsvæðisins. Jafnframt því meginmarkmiði að hita upp hús á svæðinu hefur Hitaveita Suðurnesja framleitt raforku til eigin nota og fyrir almennan markað. Afkastagetan er nú 8 mw. í þremur gufuhverflum, þ. e. tveimur 1 mw. og einum 6 mw. hverfli. Möguleikar eru nú taldir á aukinni rafmagnsframleiðslu í Svartsengi án frekari borana um allt að 8—10 mw. Þá væri uppsett afl í Svartsengi komið í 16—18 mw. og framleiðslugetan væri á milli 80—90 gwst. á ári. Á þessu ári er áætlað að raforkunotkun á Suðurnesjum verði 62.1 gwst. til sveitarfélaganna, en á Keflavíkurflugvelli 50.5 gwst., alls 112.6 gwst. Af því má því sjá hversu framleiðslugetan í Svartsengi hefur verið og gæti orðið stór hluti af raforkuþörfinni, ef ráðist yrði í uppsetningu fjórða gufuhverfilsins.

Hér hafa eingöngu verið ræddir þeir möguleikar til raforkuframleiðslu sem fyrir hendi eru nú í Svartsengi, en ekki getið um aðra möguleika á raforkuframleiðslu á Suðurnesjum, sem taldir eru vera umtalsverðir, t. d. með tilkomu sjóefnavinnslu á Reykjanesi, en ráðh. getur heimilað því fyrirtæki að reisa og reka raforkuver allt að 10 mw. að stærð í tengslum við starfrækslu þess. Er ástæða til að ætla að slíkt verði leyft og verði hagkvæmt.

Fyrirkomulag raforkudreifingar á Suðurnesjum er nú í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Heildsalan er í höndum Landsvirkjunar, sem selur Rafmagnsveitum ríkisins orkuna, en þær selja síðan rafveitum sveitarfélaga orku til dreifingar í smásölu til neytenda.

2. Rafmagnsveitur ríkisins annast þó smásöludreifinguna í Hafnahreppi og sölu til Keflavíkurflugvallar frá riðbreytistöð.

3. Starfandi eru á svæðinu sex sveitarfélagarafveitur, en þær eru: Rafveita Keflavíkur, Rafveita Njarðvíkur, Rafveita Grindavíkur, Rafveita Miðneshrepps, Rafveita Gerðahrepps og Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps.

Fram hafa farið allítarlegar umræður um sameiningu rafveitna sveitarfélaganna. Allir þeir, sem um málið hafa fjallað, hafa verið sammála um hagkvæmni sameiginlegrar rafveitu, enda liggja til þess mörg rök. Í viðræðum þeim, sem fram fóru á milli sveitarfélaganna, kom fram að litið er á sameiningu rafveitnanna sem áfanga að *stofnun orkubús á Suðurnesjum — eða eins og segir í nál.* sem nefnd á vegum sveitarfélaganna á Suðurnesjum hefur gert um sameiningu rafveitnanna, með leyfi forseta:

Nefndin lítur ekki á sameiningu rafveitnanna sem afgerandi takmark, heldur sem nauðsynlegan lið í stofnun orkubús á Suðurnesjum og telur að hraða beri sameiningunni með það að leiðarljósi. Nefndin álítur, að með sameiningu rafveitnanna náist hagkvæmari rekstur en nú er, og bendir á eftirfarandi:

1. Orkukaup rafveitnanna með einni mælingu yrðu 5% hagkvæmari en við núverandi fyrirkomulag, þar sem orkan er keypt samkv. 6 orkusölumælum.

2. Efniskaup yrðu 20—30% hagkvæmari, þar sem keypt yrði í meira magni og þá beint frá framleiðanda. Nú kaupa rafveiturnar sitt efni eftir hendinni, þó í takmörkuðu magni, frá seljanda í Reykjavík.

3. Stjórnun yrði í þá veru, að einn rafveitustjóri hefði yfirumsjón með svæðinu. Undir hann heyrði hönnun, verklegar framkvæmdir, innkaup, birgðahald, rafmagnseftirlit, orkusala og innheimta. Það er allt á einum stað. Æskilegt er að rafveitustjóri sé rafmagnsverkfræðingur. Rafveitunefnd yrði skipuð einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og skiptust þeir á um formennsku í eitt ár í senn. Núverandi fyrirkomulag er þannig, að á svæðinu eru 3 rafveitustjórar, 6 rafveitunefndir, birgðabókhald ófullnægjandi, nema hjá Rafveitu Keflavíkur, framkvæmdir takmarkast af fjármagnsgetu á hverjum stað, hönnun er aðkeypt eða þá ófullnægjandi, innheimta, aflestur og bókhald á 6 stöðum.

4. Tækjabúnaður og mælitæki. Tækjaeign er mjög takmörkuð og mikið til sú sama á hverjum stað. Mælitæki eru svo til engin fyrir hendi, heldur hafa verið fengin lánuð annars staðar frá. Með stærri einingu er mögulegt að festa kaup á nauðsynlegum mælitækjum og byggja upp hagkvæmari tækjakost.

5. Bókhald, innheimta og aflestrar eru framkvæmd á hverjum stað. Í Sandgerði, Keflavík og Njarðvík eru rafveiturnar með sérskrifstofur, en í hinum sveitarfélögunum eru þessir þættir framkvæmdir á skrifstofum sveitarfélaganna. Við sameiningu yrði ein skrifstofa sem sæi um alla þessa þætti. Innheimt yrði með gíróseðlum líkt og hjá hitaveitunni. Aflestur færi fram tvisvar á ári, en þess á milli innheimt jafnaðargjald. Starfsmenn yrðu tveir til þrír.

6. Verklegar framkvæmdir yrðu á hverjum stað ýmist með föstum starfsmönnum eða aðkeyptri vinnu. Við sameiningu leggur nefndin til að sérstakur vinnuflokkur verði til að sjá um allar nýlagnir, en í hverju sveitarfélagi séu menn til að sjá um viðgerðir og almenna þjónustu.

7. Eignaraðild sveitarfélaganna væri í hlutfalli við íbúatölu á hverjum tíma. Framlag sveitarfélaganna til sameiningar er dreifikerfið ásamt spennistöðum og búnaði í því ástandi sem það er, annað ekki. Aðrar eignir væru eign viðkomandi sveitarfélags. Við sameiningu nyti Rafveita Suðurnesja arðs af raforkusölu frá þeim degi sem hún tæki til starfa, en sveitarfélögin til þess tíma. Þær skuldir, sem stofnað hefur verið til vegna rafveitna sveitarfélaganna, eru alfarið mál viðkomandi sveitarfélaga.

Í upphafi þessarar grg. er tekið fram, að nefndarmenn telji sameiningu rafveitnanna nauðsynlegan lið í stofnun orkubús á Suðurnesjum og leggi á það megináherslu.

Raforkukaup eru frá Rafmagnsveitum ríkisins sem kaupa orkuna frá Landsvirkjun. Til skamms tíma hefur RARIK lagt 12% á orkuna frá Landsvirkjun vegna flutnings frá spennistöð við Elliðaár. 1. nóv. 1980 var orka frá RARIK hækkuð í 17% ofan á Landsvirkjunarverð og nú nýlega bætt við 6 aura gjaldi á selda kwst. vegna aukins kostnaðar við rekstur dísilstöðva úti á landi. Með tilkomu orkubús á Suðurnesjum, þar sem Hitaveita Suðurnesja, Rafveita Suðurnesja og RARIK mynduðu sameininguna (Rafveita Suðurnesja 60% og RARIK 40% í þeim prósentuhluta sem ákveðið yrði að rafveiturnar hefðu á móti Hitaveitu Suðurnesja, þannig að eignarhluti sveitarfélaganna á Suðurnesjum yrði 60% á móti 40% hluta ríkisins) yrðu aðstæður allt aðrar.

Í fyrsta lagi fengist raforka keypt á Landsvirkjunarverði. Í öðru lagi yrði aukin raforkuframleiðsla í Svartsengi á vegum Orkubús Suðurnesja. Í þriðja lagi yrðu innkaup, innheimta og bókhald á vegum orku-

búsins. Í fjórða lagi ykist fjármagn til varanlegra framkvæmda. Og í fimmta lagi hefðu Suðurnesjamenn frjálsar hendur með nýtingu þeirrar orku, sem fengist frá háhitasvæðum við Svartsengi, til atvinnuuppbyggingar og annarra hagsbóta fyrir heimamenn.

Ef sveitarstjórnarmenn samþykkja sameininguna leggur nefndin til að auglýst sé eftir rafveitustjóra sem fyrst og hann ráðinn til að kynna sér rafveitumálin, eins og þau eru nú, svo að hann geti gert tillögur um nýtingu þess mannafla, sem nú starfar á vegum rafveitnanna, og rekstrarform, svo að sem minnst röskun yrði við sameininguna.

Nefndin álítur að hraða beri ákvörðun. Sé ákvörðun jákvæð ber að ákveða dagsetningu þegar sameining fer fram, en nefndin telur að áramótin 1981—1982 séu heppilegur tími. Fram að þeim tíma verði rekstur rafveitnanna óbreyttur."

Eins og kemur fram í þessu nál., sem ég nú hef lesið, var það hugsað sem megintilgangur með sameiningu rafveitnanna að þær gangi síðan til sameiningar og stofnunar á Orkubúi Suðurnesja. Þegar þessi skýrsla kom fram hjá sveitarfélögunum kom fram sú skoðun hjá a. m. k. tveimur sveitarfélögum, að réttara væri að stíga skrefið til fulls, og í framhaldi af því og þeim rökstuðningi, sem ég tel mig hafa flutt hér að framan, höfum við flm. lagt fram þessa þáltill. um að skrefið verði stigið til fulls nú og orkubúið stofnað með sameiningu Hitaveitu Suðurnesja og rafveitnanna. Er það skoðun okkar, að það sé til mikilla hagsbóta fyrir Suðurnesjasvæðið.

Herra forseti. Að loknum þessum hluta umr. legg ég til að till. verði vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 9. des., kl. 2 miðdegis.

Lyfjalög, frv. (þskj. 62, n. 154). — 2 umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lyfjalögum, nr. 49/1978. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt, með þeirri breytingu þó að 2. gr. frv. falli brott, en þar var gert ráð fyrir að tillögum stjórnar Lyfsölusjóðs um ráðstöfun fjár sjóðsins skyldi vísað til ráðh. til umsagnar. Það er sem sagt gert ráð fyrir að þetta verði eins og það áður var, að það fari um ráðstöfun fjárins svo sem stjórn Lyfsölusjóðs segir til um.

Eins og hv. þm. vafalaust er í fersku minni gerði ráðh. grein fyrir þessu frv. á sinni tíð. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um það frekar.

Undir nál. rita allir nm. að undanskildum hæstv. forsrh. Gunnari Thoroddsen sem var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 154 (2. gr. falli brott) samþ. með 13 shlj. atkv.
3.—4. gr. (verða 2.—3. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 141). — 1. umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem ég hef ásamt tveim hv. þm. í þessari deild leyft mér að flytja á þskj. 141, fjallar um breytingu á lögum um framkvæmd eignarnáms. Frv. um svipað efni hafa raunar áður verið flutt hér á Alþingi, en eigi náð fram að ganga. Síðast var frv. sama efnis flutt á síðasta þingi og var þá vísað til nefndar, en hlaut eigi afgreiðslu.

Nú er þetta frv. flutt enn að nýju og að þessu sinni í svolítið breyttri mynd frá því sem var, þó að efnislega sé þar ekki um miklar breytingar að ræða, heldur hafa verið sniðnir af nokkrir, einkum tæknilegir annmarkar sem að mati lögfróðra manna voru á hinu fyrra frv. Svo er nú og gert ráð fyrir að fyrirsögn eða heiti laganna breytist þannig að þau heiti: „Lög um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta."

Þær breytingar, sem á frv. hafa verið gerðar frá því í fyrra, eru í skemmstu máli þær, að nánar er nú en áður stuðst við lög um þetta efni, sem um nokkurt skeið hafa verið í gildi í Noregi og hafa þar þótt gefa góða raun.

Þegar frv. um þetta efni var hér til umr. á Alþingi í fyrra sendu flm. frumvarpið til allra oddvita á landinu. Frá þó nokkrum þeirra bárust umsagnir um frv. og voru þær almennt jákvæðar. Mig langar að vitna hér í eina af þessum umsögnum, sem er frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Í bréfi frá Fjórðungssambandinu, sem dags. er 19. maí 1981, segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Með þessu bréfi er sent ljósrit af umsögn stjórnar Fjórðungssambandsins um framangreint frv., en nái mál þetta ekki fram að ganga á þessu þingi er þess vænst, að þér takið það upp á næsta þingi."

Umsögnin er svohljóðandi:

„Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga fjallaði um framangreint frv. á fundi sínum hinn 16. þ. m. og samþykkti einróma að mæla með því að frv. þetta verði að lögum.

Umsagnir annarra, sem fengu frv., voru mjög á sömu lund.

Oft áður hefur hér verið gerð grein fyrir meginefni þess sem þetta frv. hefur í för með sér. Meginatriði málsins er auðvitað það, að frv. er fyrst og fremst ætlað að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta í þá veru að afnema það óréttlæti sem flm. telja að nú viðgangist. Því er sömuleiðis ætlað að stuðla að eðlilegri þróun byggðar og gera það að meginreglu íslenskra laga og meginreglu við ákvörðun eignarnámsbóta, að ekki skuli taka tillit til þeirra verðbreytinga er rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Að þessu leyti er því í frv. þessu mörkuð ný stefna frá því sem verið hefur, — stefna sem hefur það fyrst og fremst að markmiði að tryggja einstaklingum sanngjarnt verð fyrir eigur sínar, sem kunna að verða teknar eignarnámi, og tryggja jafnframt ríka hagsmuni samfélagsins.

Það er og megintilgangur frv. að eignarnámsbætur skuli miða við þá notkun sem eign er í þegar eignarnemi tekur málið til umfjöllunar og tilkynning þar að lútandi er send eignarnámsþola, og enn fremur að ekki séu metnar þær verðbreytingar sem rekja megi beint til til-

gangs eignarnámstökunnar. Það er vissulega alkunna hverja erfiðleika sveitarfélög í þéttbýli hafa oftlega átt við að etja þegar þar hefur þurft að taka land eignarnámi vegna eðlilegs vaxtar og þróunar viðkomandi sveitarfélags.

Í frv. er einnig gerður nokkur greinarmunur á því, hvort um er að ræða land eða fasteignaréttindi, sem tengd eru landi, eða byggingar og önnur mannvirki. Er þetta sömuleiðis til samræmis við þær reglur sem eru í norskri löggjöf um þetta efni.

Í grg. með frv. um þetta efni, sem sömu flm. fluttu á Alþingi í fyrra, var birt í heild erindi eftir Jón G. Tómasson hrl., borgarlögmann í Reykjavík, þar sem hann fjallaði um ákvörðun eignarnámsbóta. Ég vil leyfa mér að vitna hér til nokkurra setninga úr þessu erindi hans. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þeim reglum, sem taldar hafa verið í gildi, hefur eignarnámsþoli vissulega átt möguleika á mikilli hagnaðarvon vegna verðhækkana sem stafa af fjárfestingu eða framkvæmdum hins opinbera. Þetta hefur skapað ójöfnuð og vandamál í þjóðfélagi nútímans sem nauðsynlegt er að leysa. Samhliða því, að ríki og sveitarfélög leggja mikið fjármagn í opinberar framkvæmdir, hafa einstakir landeigendur gert háar kröfur um bætur fyrir verðmætisaukningu sem rekja má til þessara sömu framkvæmda.

Skattgreiðandinn þarf því ekki aðeins að borga fyrir framkvæmdirnar, heldur er einnig gerð krafa um að hann greiði fyrir þá verðhækkun á eigninni sem framkvæmdirnar sjálfar leiða af sér. Þessi sjónarmið hafa vissulega reynst sveitarfélögunum erfið. Þau hafa haft takmarkaða tekjumöguleika og vaxandi skyldum að gegna, m. a. við undirbúning á nýjum byggingarsvæðum og uppbyggingu alhliða þjónustukerfis fyrir íbúana þar. Vandamál, sem leitt hefur af háu landverði, hvort heldur það byggðist á eignarnámsmati eða samningsverði, sem oftast hlýtur að taka mið af áætluðum eignarnámsbótum, hefur leitt til seinkunar á framkvæmdum eða til þess, að hagstæðari kosturinn er ekki alltaf valinn. Spurningin, sem leita þarf svars við, er sú, hvort hið opinbera skuli við eignarnám greiða bætur fyrir þau verðmæti, sem það sjálft hefur skapað eða leiðir af athöfnum þess, m. ö. o. hvort sækja eigi í vasa skattborgaranna greiðslur fyrir verðmæti sem þeir hafa þegar greitt fyrir." — Þetta er auðvitað mergur þessa máls.

En þá er þess að geta, að flm. töldu nauðsynlegt að frv. fylgdi ákvæði til bráðabirgða að því er varðar greiðslu fasteignagjalda fyrir land sem svo háttar um. Það var skoðun okkar, sem erum flm. þessa frv., að nauðsynlegt væri að í lögum væri ákvæði til bráðabirgða, sem tæki til þess, þegar eignarnámsbætur samkv. lögum reyndust lægri en fasteignamat á landinu hefði verið árin þar næst á undan, næstu 10 ár er hér miðað við, en fasteignagjöld hafa þá auðvitað verið greidd samkv. því fasteignamati. Í þeim tilvikum, þar sem slíkt kæmi til, sem er afar auðvelt að hugsa sér ef þetta frv. verður að lögum, væri auðvitað ranglátt gagnvart eigendum lands, þegar eignarnámsbætur eru lækkaðar samkv. þeim reglum sem hafðar eru til viðmiðunar hér, en þeir hafa greitt fasteignagjöld árin á undan samkv. allt öðrum reglum, — þá er auðvitað eðlilegt og sanngjarnt að menn fái það að nokkru bætt. Því er hér gert ráð fyrir að bæta sérstaklega þann mismun, sem eignarnámsþoli hefur greitt í fasteignagjöldum á þessu tímabili, þ. e. umfram það sem verið hefði ef fasteignamatið hefði verið jafnhátt bótaupphæðinni. Er gert ráð fyrir að þetta bráðabirgðaákvæði til öryggis gildi í 15 ár frá gildistöku laganna.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Hv. þingmönnum í þessari deild er þetta mál mætavel kunnugt. Það hefur verið flutt hér oft áður. Þótt nú sé það í svolítið breyttri mynd að forminu til er það einungis vegna þess, eins og ég áður sagði, að að mati lögfróðustu manna hafa verið sniðnir af því annmarkar, sem e. t. v. mátti áður finna á því, og nú er í langtum ríkari mæli en áður stuðst við ákvæði norskra laga um framkvæmd eignarnáms og ákvörðun eignarnámsbóta og teknar upp þær meginreglur sem þar hefur verið fylgt í þessum efnum og í norsku réttarfari hafa þótt gefa góða raun.

Ég legg svo til að lokum, herra forseti, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til allshn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er rétt, sem komið hefur fram, að frv. um sama efni var til umr. hér í hv. deild á liðnum vetri. Ég tók þátt í þeirri umr. og gerði þá grein fyrir mínum skoðunum varðandi þetta mál svo að þær eru í megindráttum kunnar hv. 1. flm. sem og öðrum í þessari hv. deild. Vil ég leyfa mér að vísa til þess sem ég sagði í þeim umr.

Ástæðan fyrir því að ég stend hér upp nú í þessu svo að segja sama máli er ekki sú, að ég ætli að bæta þar betur um, heldur hitt, að eftir því sem mér sýnist gengur þetta frv. lengra í þá átt að þrengja rétt einstaklingsins heldur en frv. sem lagt var fram og rætt á liðnum vetri.

Ég hygg að menn séu allir sammála um að það sé mjög sérstæð athöfn í raun og veru þegar eign er numin af einstaklingi. Hún er af honum tekin hvort sem einstaklingnum líkar það betur eða verr. Við skulum hafa það í huga, að það er ekki sök einstaklings að samfélagið þurfi í einhverjum tilfellum á viðkomandi eign að halda. Þá mætti kannske spyrja: Er sanngjarnt að einstaklingur, sem er e. t. v. neyddur til þess að láta af hendi eign sína, verði að þola það bótalaust í sjálfu sér fyrir utan það hámarksverð, sem aðrir ákveða honum fyrir eignina í ljósi þess verklags sem lagt er til í því frv. sem hér er til umr.? Mín skoðun er sú, að það sé ekki sanngjörn meðferð. Raunar er það þannig, að 1. liður 2. gr. frv. lýsir megintilgangi frv., en þar stendur, með leyfi forseta:

„Eignarnámsbætur fyrir land eða fasteignaréttindi tengd landi skal ákveða á grundvelli þeirrar notkunar, sem landið er í þegar umsókn um eignarnám er lögð fyrir viðkomandi rn. eða annan samþykktaraðila."

Það mætti í sjálfu sér taka dæmi og spyrja í þessu sambandi. Nú hygg ég að flestir líti svo á, að þéttbýli hljóti alltaf að gera landið verðmætara í sjálfu sér, land nálægt þéttbýli. En ef við skoðum þetta nánar þar sem vísað er til fyrri notkunar, hinnar eiginlegu notkunar sem landið hefur verið í. Nú er það staðreynd, að búskapur leggst mjög gjarnan af í nálægð þéttbýlis. Það leiðir þá af sjálfu sér, að það er ekkert framkvæmt á viðkomandi jörð, kannske svo árum skiptir, það er ekki ræktað á jörðinni né heldur byggt þar neitt sem tilheyrir búskap, jörðin er sem sagt að engu leyti nytjuð. Nú kemur til kastanna samkv. frv. að meta þessa jörð. Ég geri ráð fyrir að miðað við það dæmi, sem ég hef nú tilfært, verði fasteignamat jarðarinnar mjög lágt. Það er væntanlega haft til hliðsjónar í þessu sambandi, eins og gert er ráð fyrir í frv., og söluverð ákvarðað í ljósi fyrri nota og í ljósi þeirra nota sem almennt eru um land eins og talað er um

hér: „á viðkomandi svæði". Mat reynist lágt á nefndum forsendum. Að þessu leyti — og ég ítreka það — getur svo farið að viðkomandi aðili beinlínis gjaldi þéttbýlisins.

Í 2. lið 2. gr. stendur: „Við ákvörðun eignarnámsbóta skal ekki taka tillit til möguleika á hækkun landverðs í framtíðinni." Þá vil ég spyrja: Getur ekki hagað svo til, er ekki hugsanlegt að það hagi svo til að einhverjar aðstæður, sem eru ekki í neinum tengslum við viðkomandi eignarnema, ekki í neinum tengslum við opinbera aðila heldur, gefi fyrirheit um verulega hækkun landverðs? Í slíku tilviki teldi ég óhæfu að ekki yrði tekið tillit til hækkunar.

Í 4. lið 2. gr. er getið um „fasteignaréttindi tengd landi á viðkomandi svæði, miðað við venjulega notkun þeirra." Mig langaði til þess að fá frekari skýringar á og e. t. v. tilfærð dæmi um það sem nefnt er „viðkomandi svæði", vegna þess að þá leiði ég hugann að því, hvort hv. flm. hefur í huga bæjarmörk eða heila landshluta — eða hvað á hann við? Þetta getur skipt verulegu máli vegna þess að landareignir geta verið innan bæjarmarka þar sem verulegur eða mestur hluti landsins og verð á landi er metið í ljósi lóðaverðs. Þetta þarf því að skilgreina betur.

Í 6. lið stendur, með leyfi forseta: „Því aðeins er tekið tillit til verðmætisaukningar þegar sú notkun, sem verðmætisaukningin á rætur að rekja til, er í samræmi við samþykkt skipulag á því svæði sem tekið er eignarnámi." Mig langaði jafnframt að fá tilfært dæmi í þessu tilviki. Ég átta mig ekki alveg á, hvað hér er átt við, og gaman að fá það skýrt örlítið nánar.

Þá kem ég að 9. lið og raunar rúsínunni í pylsuendanum og ástæðunni fyrir því e. t. v. að ég stóð hér upp við þessa umr. Ég lít svo á að þessi liður sé af því tagi, að hann þrengi allverulega rétt einstaklingsins. Þar stendur:

„Verðhækkun á þeim hluta fasteignar, sem eignarnámið nær ekki til en leiðir af eignarnáminu, skal koma til frádráttar frá eignarnámsbótum."

Þá vil ég spyrja: Hver á að meta þá verðhækkun ef einhver er? Er hér átt við nýtt mat í ljósi breyttra aðstæðna — eða við hvað er átt?

Ég sagði það í upphafi, að ég hefði í sjálfu sér ekki þurft að lýsa á ný viðhorfum mínum til þessa frv. eða þess máls sem hér er til umr. Ég taldi það þó skyldu mína vegna þess að ég tel, eins og ég gat um, að frv. þetta sé heldur þrengra og gangi lengra í þær áttir sem mér eru ekki alveg að skapi. En ég vil taka það fram, eins og ég gerði við umr. á liðnum vetri, að það þarf að setja skorður við óhóflegum gróða einstaklinga. Það eru dæmi þess, að einstaklingum hlotnast gífurlegar fjárhæðir, miklu, miklu hærri fjárhæðir en nokkur leið er raunar að ljá máls á, án þess að sá aðili, sem telst eiga viðkomandi fasteign, hafi hreyft svo mikið sem hönd eða fót til þess að auka verðmæti eignarinnar. En þarna vil ég fara einhvern milliveg. Ég sætti mig ekki við það, að eignir, hvort sem þær eru land eða eitthvað annað, séu teknar úr höndum einstaklinga. Sá gerningur er þess eðlis, að ég sætti mig ekki við annað en einstaklingurinn fái einhverja umbun fyrir.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar. Ég geri ráð fyrir því að hv. 1. flm. svari einhverju af því sem ég spurði um.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Í fyrra, þegar mál um þetta sama efni kom hér til umr., áttum við einnig nokkur orðaskipti, við hv. 3. þm. Vesturl. Það kemur raunar ekkert á óvart að í þessari ágætu deild komi töluvert fram sjónarmið þeirra sem telja sig eiga landið sérstaklega og um aðra. En það má ekki horfa fram hjá því sem er auðvitað höfuðatriði þess máls. Höfuðatriði þessa máls er ekki að ganga á rétt eða eigur manna. Höfuðatriði málsins er að tryggja rétt samfélagsins og tryggja rétt einstaklinganna, en koma í veg fyrir óeðlilegan hagnað, óeðlilegt brask, koma í veg fyrir að einstakir landeigendur, sem af tilviljun eiga land í grennd við þéttbýli, hagnist stórlega á kostnað samfélagsins og vegna tilverknaðar samfélagsins. Það er meginatriði þessa máls.

Ég er ósammála hv. síðasta ræðumanni, 3. þm. Vesturl., um að þetta frv. gangi of langt. Raunar gengur þetta frv. kannske nokkru skemmra en norsk lög um hliðstætt efni. Við höfum mjög sniðið okkar löggjöf um mýmörg efni eftir norrænum lögum, og raunar er mikið samstarf ævinlega á döfinni til að samræma norræna löggjöf. Ég get því ekki fallist á þá skoðun hv. þm., að hér sé of langt gengið. Og þær fjölmörgu umsagnir, sem mér bárust frá ýmsum sveitarstjórnarmönnum víðs vegar um landið og ekki kannske síður í dreifbýlishreppum, hnigu mjög í þá átt, svo sem ég hef áður að vikið, að hér væri um eðlilegt mál að ræða sem ætti að fá framgang. Ýmsir bentu að vísu á það, að þarna mætti ekki ganga of langt. Það er ekki heldur hugsunin í þessu. Það er ekki verið að hugsa um að svipta menn einu eða neinu bótalaust. Hins vegar er í stjórnarskrá gert ráð fyrir þessum rétti til að taka eignarnámi. Auðvitað er það ekki gert fyrr en í síðustu lög. Og auðvitað er það ekki heldur gert nema brýnir hagsmunir samfélagsins komi til . Og auðvitað er það ekki heldur gert nema fyrir komi bætur.

Hv. 3. þm. Vesturl. bar hér fram ýmsar spurningar varðandi suma liði frv., t. d. varðandi 4. lið hinnar verðandi 12. gr. Þar er tekið til orða á þennan veg: „en almennt gildir um hliðstæðar landareignir eða fasteignaréttindi tengd landi á viðkomandi svæði". Þetta getur auðvitað verið matsatriði hverju sinni. Það er mjög erfitt, held ég, að setja þarna föst mörk vegna þess að aðstæður eru mismunandi. Það er ekki sama hvort um er að ræða land á því sem kallað er Stór-Reykjavíkursvæðið, við skulum segja nágrennið hér, milli Reykjavíkur og Garðabæjar og Kópavogs, — hvort um er að ræða land á þessu svæði eða hvort um er að ræða land í 50 km fjarlægð eða 100 km fjarlægð frá þéttbýlisstað úti á landi. Ég held að þarna verði að vera svolítið svigrúm, og ég held að það sé erfitt að setja um þetta alveg fastar og afmarkaðar reglur.

Hv. 3. þm. Vesturl. spurði einnig um þá reglu sem gert er ráð fyrir í 9. lið. Ég skal fúslega viðurkenna að ég er ekki sérfróður um þessi mál þó að ég sé 1. flm. frv. og vilji fá þessum reglum breytt. Hins vegar benti hv. 5. landsk. þm., sem er maður lögvís og lögfróður, mér á það, að sú meginregla, sem er í 9. gr., væri lögfest í vegalögum. Gengið hafa dómar í málum í samræmi við þessa meginreglu þannig að hér er ekki um nýlundu að ræða. Og ef mér ekki skjátlast mun sú regla í vegalögunum raunar vera gerð eftir norskri fyrirmynd nákvæmlega eins og þetta. Ég hygg að það muni rétt vera. Í rauninni held ég að okkur hv. 3. þm. Vesturl. greini kannske ekki verulega á í þessum efnum. Auðvitað er það matsatriði hversu langt skuli ganga. Hann telur hér fulllangt gengið. Ég og aðrir flm. þessa frv. teljum hins vegar hér hæfilega langt gengið til að vernda rétt samfélagsins og hagsmuni

sveitarfélaga. Einkum eru það þéttbýlissveitarfélögin, sem þetta mál snertir, vegna þess að það getur í ákaflega mörgum tilvikum skipt sköpum fyrir vöxt þeirra og viðgang að geta fengið að þróast með eðlilegum hætti, — þeim hætti sem er þeim hagstæðastur og því fólki sem þar býr. Það má segja að hér vegist á hagsmunir fjöldans og hagsmunir þeirra tiltölulega örfáu einstaklinga sem tilviljanirnar hafa gert að landeigendum í nánd við þéttbýli. En ég á von á að sú nefnd, sem fær frv. til umfjöllunnar, muni skoða þetta mjög gaumgæfilega og huga að þeim ábendingum sem fram komu í máli hv. 3. þm. Vesturl. Ég held að í ágreiningi okkar sé um stigsmun frekar en eðlismun að ræða.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr., en geri það að gefnu því tilefni að ég hvíslaði hér að sessunaut mínum að regla í þessa áttina mundi vera í vegalögum, sem hún víst örugglega er, þ.e. í þá veru að ef landareign hækkar mjög í verði vegna nýs vegar, sem um hana er lagður, skuli hafa hliðsjón af verðhækkun landsins við bætur vegna vegagerðarinnar. Þetta tel ég raunar alveg eðlilegt að sé í lögum, og að vissu marki er sú hugsun ekki alveg fráleit sem fram kemur, að þegar vegagerðir af hálfu opinberra aðila auka mjög verðmæti eigna sé eðlilegt að hafa hliðsjón af því við mat þeirra. En allt er þetta miklu flóknara og erfiðara mál viðureignar en svo, að það verði allt leyst með lögum á borð við þau sem þeir Alþfl.-menn hafa barist fyrir, Álitamálin eru gífurlega mörg, og menn hafa stundum hliðsjón af því líka, þegar þeir kaupa eignir, að kannske sé öruggt að þær muni hækka í verði síðar o. s. frv. Og allir vitum við það, sem höfum byggt í úthverfum og eigum síðan allt í einu orðið heima kannske nærri miðbæ, að okkar hús hafi hækkað í verði o. s. frv. Allt er þetta miklu flóknara mál en svo, að það verði leyst í einu lagi.

En auðvitað er sjálfsagt að hafa hliðsjón af slíkum atriðum í sambandi við eignarnám. Þegar rætt er um, við skulum segja auðlegð eins og jarðhita á háhitasvæðum, þá er ekki óeðlilegt, finnst mér, að hafa hliðsjón af því, að þetta var ekki eign áður en nútímatækni kom til, t. d. hinn gífurlegi náttúruauður langt í jörð niðri, kannske svo kílómetrum skiptir. Ég tel það í rauninni ekki skerðingu eignarréttar þó að ekki sé virtur slíkur réttur. Og þar sem miklir almannahagsmunir eru í veði á auðvitað að vera unnt að beita ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarnám. Og lög eiga ekki að miðast við það, að þessi verðmæti séu gífurleg vegna þess að þau verða skyndilega nýtt, þegar enginn annar en ríkið sjálft getur nýtt þessi verðmæti. Ég held að það séu kannske fáir hlynntari eignareinkarétti en ég og sjálfstæði borgaranna sem allra flestra, einmitt fjárhagslegu sjálfstæði þeirra. Engu að síður tel ég að sú þvermóðska að vera ekki fús til þess að láta lönd af hendi, þar sem það er nauðsynlegt vegna almannaheillar, hljóti að leiða til þess, að sjónarmið eins og þau, sem þm. Alþfl. halda uppi, vinna fylgi, og sjónarmið okkar hinna, sem viljum varðveita eignarrétt einstaklinga, muni víkja ef menn gera sér ekki grein fyrir sanngirni í þessu efni. Það mættu vera viðvörunarorð til ýmissa þeirra sem of langt ætla að ganga í því að varðveita svonefndan eignarrétt. Þarna er best að fara bil beggja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Flutningsráð ríkisstofnana, frv. (þskj. 147). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 147 hef ég leyft mér ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að flytja enn á ný frv. til 1. um flutningsráð ríkisstofnana.

Í 1. gr. frv. segir: „Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti. Forsrh. skipar formann og varaformann flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna“

Í 2. gr. segir: „Hlutverk flutningsráðs ríkisstofnana er:

a) að vera Alþingi, ríkisstj., ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana,

b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,

c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar, sbr. b-lið,

d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.“

Nánari útfærsluatriði er svo að finna í 3.—7. gr. frv. Frv. hefur þrisvar áður verið flutt. Það má vera, að mönnum þyki verið að bera í bakkafullan lækinn með endurflutningi nú. Forsendurnar eru raktar í frv. Tillögur mþn. frá 1975 um þessi mál, þar sem fulltrúar allra flokka og allra landshluta lögðu mikla vinnu í tillögugerð almennt og formleg frv.-uppköst um það sem mikilvægast var, voru settar fram í nál. og í þetta frv. er beint tekið upp úr því nál. það sem er talið brýnasta upphaf allra raunhæfra aðgerða.

Ég ætla ekki hér og nú að rekja störf nefndarinnar. Ég ætla ekki heldur að fara út í að nefna það sem einkenndi nefndarstarfið mest, þ. e. tregðu stofnananna til þess að taka — að ég vil segja — nokkrum sönsum í þessum efnum, að vilja í raun og veru nokkru hnika til. Það var þá helst að menn tækju í mál einhverjar valdlausar deildir frá stofnunum eða valdlítil útibú. Þannig hefur það líka verið frá þeim tíma sem þetta nál. kom fram, að fáar stofnanir hafa í alvöru reynt að dreifa valdinu út í héruðin. Vegagerð ríkisins hefur verið hér nokkuð á undan öðrum stofnunum, en engu að síður eru mörg þau útibú eða deildir, sem Vegagerðin rekur úti á landi, vægast sagt valdaminni en þær ættu að vera.

Ég tek rétt sem dæmi að þær stofnanir, sem hafa verið úti á landi, hafa margar hverjar viljað komast með sína starfsemi annað. Allir þekkja dæmið um Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og vita hvernig þar var að staðið, þar sem sú starfsemi hefur smám saman flust öll hingað til Reykjavíkur. Og ég get nefnt sem sérstakt dæmi varðandi það, að mér er kunnugt um að nú stendur einmitt til að flytja þýðingarmikinn hluta af starfseminni, sem enn þá hefur þó verið á Siglufirði, hingað til Reykjavíkur — eða það eru a. m. k. áform uppi um það enn frekar en verið hefur. Sýnir það best að hér er ekki auðsóttur róðurinn varðandi meira að segja þær stofn-

anir sem þegar eru úti á landsbyggðinni með sínar miðstöðvar að nokkru leyti.

Það dylst engum nauðsyn valddreifingar á vegum hins opinbera sem víðast úti á meðal fólksins til þjónustudreifingar og samhliða og engu síður til þjónustusköpunar. Stofnanir ríkisins hljóta að vera bundnar ákveðinni lágmarksskyldu um þjónustu við landsbyggðina, sem ekki er rækt sem skyldi í dag. Heilbrigð dreifing þessa valds og stóraukin almenn þjónusta eru einhver drýgsti þáttur eðlilegrar byggðaþróunar. Því hafa aðrar þjóðir sannarlega komist að. Hið opinbera þarf á æ fleiri sviðum að færa sig til fólksins. Fólkið á ekki endilega að ganga erfiða braut og illkleifa hingað suður í þéttbýlið til að ná fram málum sínum og rétti hvers konar. Það þarf að færa þjónustuna út á land, út til fólksins. Viðleitni í þá átt hefur hvarvetna gefið góða raun og skilað jákvæðum árangri, ekki aðeins fyrir fólkið eða viðkomandi grein á svæðinu sem þjónustan hefur snert, heldur ekki síður fyrir hið opinbera og stofnanir þess. Reynsla annarra þjóða bendir mjög eindregið í þá átt.

En stofnana- og þjónustudreifing á ekki að vera skipulagslaus og af handahófi einu. Þar þarf áætlunargerð og skipulega yfirstjórn. Flutningsráð ríkisstofnana er ein leiðin — og ég tek skýrt fram: ekki endilega sú eina. Það er langt frá að sú leið, sem þarna er bent á, sé einhver heilög kýr í augum okkar flm. En ef sú leið er ekki farin, þá þarf að finna aðra leið og fara hana. Það hefur stundum verið talað um að þetta mætti skipuleggja hjá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins. Ég vil athuga það má svo sannarlega, ef mönnum þykir það skynsamlegra, í tengslum þá við heildarathugun á þeirri stofnun allri.

Fólk spyr eðlilega úti á landsbyggðinni hvort ekki sé fram undan eitthvert skipulegt átak í þessu efni, og um þetta liggja fyrir fjölmargar ályktanir einstakra samtaka. Ber þar hæst mjög eindregnar stuðningsyfirlýsingar samtaka sveitarfélaganna bæði á Norður- og Austurlandi. Ég tel því enn skylt og rétt að hreyfa þessu máli. Ég tel líka að ef menn geta bent á aðra betri, auðveldari og skjótvirkari leið til skipulegs átaks, þá sé það vel. Ég skal verða fyrsti maður til að styðja aðra leið í þessum efnum ef hún sýnist færari og betri, aðeins að fá þessi mál á hreyfingu, það er ætlunin með þessum tillöguflutningi.

En dæmið frá Siglufirði, sem ég benti á áðan og hef um nokkrar heimildir, er einmitt dæmi um það, að meira að segja þar sem stofnanir hafa haft vissar rætur, þar er sótt á um að flytja vald og áhrif frá þeim hingað á höfuðborgarsvæðið í stað hins gagnstæða sem ætti að vera.

Ég ætla ekki að hafa ítarlega framsögu um þetta mál hér. Ég hef áður flutt um málið ítarlega framsögu og óþarft að kynna það hér frekar. Menn vita um hvað það snýst í raun og veru. Ég bið menn um að benda á nýjar leiðir eða aðrar leiðir í þessu efni, sem þeim þykja heppilegri, og bið svo hv. allshn. að kanna allar leiðir í þessu efni, sem gætu leitt til niðurstöðu Alþingis í þessu að ég tel brýna máli. Ég vil svo leggja til að málinu verið að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir með 1. flm. og frsm., að hér er mál sem vissulega er þörf á að íhuga og fylgjast vel með og það af tveimur ástæðum eða kannske mörgum. En mér detta í hug sérstaklega tvær. Annars vegar ef hægt er að dreifa opinberum stofnunum um landið, þá er það æskilegt út frá byggðasjónarmiði. Og svo getur líka verið að það sé beinlínis hagkvæmara að hafa stofnanir einhvers staðar annars staðar en hér í Reykjavík, enda þótt samgöngukerfi landsins geri það nauðsynlegt í mörgum tilfellum með stofnanir sem eiga að þjóna landinu öllu, þar sem samgöngukerfið er allt, má segja, skipulagt út frá Reykjavík, allar aðalleiðir liggja hingað en minna á milli annarra landshluta.

Hins vegar er ég ekki hlynntur því að fara að búa til nýjar stofnanir fyrir þetta verkefni, og það var fyrst og fremst þess vegna sem ég vildi taka undir það sem flm. sagði, að það væri athugað að fela þetta einhverri stofnun sem fyrir er. Mér finnst þetta vera alveg kjörið verkefni fyrir Framkvæmdastofnun ríkisins. Hún á að vera ríkisstj. til ráðuneytis um byggðamál og önnur skipulagsmál og þess vegna álít ég að eigi ekki að fara að ráða sérstaka starfskrafta, eins og segir í frv., í þessu skyni, ekki búa til nýjar stofnanir, heldur nota þær sem fyrir eru. Nú er einmitt verið að endurskoða lög um Framkvæmdastofnun ríkisins og þá held ég að það sé sjálfsagt að taka það til athugunar, ef nauðsyn er á einhverjum lagabreytingum til þess að sú stofnun hafi þetta verkefni með höndum, þó að mér sýnist að þetta sé svo stór hluti í almennum byggða- og skipulagsmálum, að það væri eitt af því fyrsta sem stofnun, sem um það ætti að fjalla, þyrfti að athuga.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér líst nú heldur illa á þetta frv. þó að kannske megi segja, að „meningen sé god nok". Ég hugsa að flestir hv. þdm. séu sammála því, að það þurfi að dreifa meira völdum ríkisins og áhrifum ríkisstofnana einmitt með því að þær séu styrktar í hinum ýmsu landshlutum og því komið til vegar að þær séu þar í ríkari mæli fremur en hér í Reykjavík. Ég held að það væri ekki til neinna bóta að setja á fót sérstakt flutningsráð ríkisstofnana. Enn þá síður held ég að væri til bóta að fela Framkvæmdastofnun ríkisins þetta hlutverk, því að það er stofnun sem er brýn þörf á að leggja niður. Það er ein mesta óþurftarstofnun þessa þjóðfélags og það þarf að koma að því fyrr en síðar að hún verði niður lögð og Byggðasjóður starfi sjálfstætt, starfi með örfáum mönnum og starfi þannig að unnt sé að hafa viðskipti við hann, t. d. álíka og var hér þegar atvinnumálanefndarfé var úthlutað á árunum 1968-1969, sem var þá, hygg ég, meira en árlegt ráðstofnunarfé Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar nú er — eða Byggðasjóðs alla vega. Þá sáu um það tveir menn og ein stúlka. Það má víst ekki lengur greina frá því, hvors kyns starfsmenn eru, en svona var þetta nú samt, tveir karlar og einn kvenmaður. Ég man ekki nafn konunnar, kynntist henni raunar ekki, en ég man nöfn karlanna. Það voru Jónas Haralz og Kristinn Zimsen. Þeir sáu um að greiða fyrir þeim sem voru að opna ný atvinnufyrirtæki sem höfðu verið lokuð svo og svo lengi, og það var gífurlega mikið fé, sem varið var í þessu skyni, ekki síst til Norðurlands þar sem atvinnuleysi hafði verið mikið.

Ég kynntist þessu þegar ég var að byrja að starfa á Norðurlandi að stjórnmálum og atvinnumálum. Menn fengu yfirleitt svar innan viku eða svo, já eða nei um það, hvort ætti að byggja upp þetta fyrirtækið eða hitt. Venjulega var þessu hagað þannig, að fjármagnið nægði til þess, að fyrirtækin fóru í gang og þau gátu verið rekin af einhverju viti. Þetta hefur allt saman horfið nú með ofstjórnarbrjálseminni á síðustu árum. Nú er það helst

leiðin að úthluta einhverjum bjargráðapeningum frá viku til viku og mánuði til mánaðar og sérstaklega ef fyrirtækin eru svo illa rekin að engin von sé til þess, að þau verði nokkurn tíma arðbær, þá eru peningar á lausu. En ef arðbæra hluti á að gera, þá er skipulagið þannig að þar er ekki hægt að hjálpa. Og alltaf er séð um að nægilega lítið sé af fjármununum til þess að öruggt sé að fyrirtækin komist ekki á almennilegan rekspöl. Sérstaklega hefur það lýst sér núna síðustu mánuðina, það þekkja allir sem við þetta bákn hafa þurft að glíma.

Ég held að það sé ekki til bóta að bæta á einu ofstjórnarbákninu hér þó að það heiti þessu góða nafni og eigi að sinna þessu góða hlutverki. Það er einu sinni hlutverk Alþingis að ákveða hvar ríkisstofnanirnar eiga að vera. En það er nú komið svo að alþm. hafa minni og minni áhrif þó að þingtíminn sé lengdur, þó að fundir séu lengdir, vegna þess að embættismennirnir eru með allar skýrslurnar sem þeir dengja yfir okkur. Jafnvel þó að við viljum einhverju ráða er ekkert mark tekið á því. Svona er þróunin í þeim efnum.

Gleggsta dæmið er einmitt það sem hæstv. forseti nefndi hér áðan, Siglufjarðarmálið. Það er í landsins lögum að aðalskrifstofa Síldarverksmiðja ríkisins skuli vera á Siglufirði. Það er líka í landsins lögum að skrifstofa síldarútvegsnefndar skuli vera á Siglufirði. Embættismennirnir gerðu sér lítið fyrir á sínum tíma og fluttu alla starfsemi síldarútvegsnefndar suður. Það kann að hafa verið hyggileg ráðstöfun. En þá átti Alþingi að taka um það ákvörðun og breyta lögunum. Nei, nei, nei. Engum datt í hug að það þyrfti að breyta lögum, bara brjóta þau eins og þurfa þykir.

Í lögum nr. 1/1938 segir í 4. gr.: „Yfirstjórn verksmiðjanna“ — og er þar átt við Síldarverksmiðjur ríkisins — „er í höndum verksmiðjustjórnar. Hefur hún aðsetur og varnarþing á Siglufirði.“ Það varðar engan um þetta, hvað Alþingi er að dútla við að samþykkja. Við bara flytjum þarna suður, stjórnarmennirnir sjálfir ákveða það, og ráðh. gerir ekkert í því — ekki enn þá. Ég vona að ráðh. sjávarútvegsmála hindri þetta lögbrot.

Ég held að við hér á Alþingi eigum ekki alltaf að vera að afsala okkur valdi, ekki til einhverrar flutningsstofnunar ríkisins. Hvernig haldið þið að hún verði? Hún verður lítið betri en Framkvæmdastofnunin. Við eigum sjálfir að hafa þessi völd. Við getum á kannske klukkutíma komið okkur saman um það, hvar eigi að hafa einhverja ákveðna ríkisstofnun. Við eigum ekki að láta taka þetta vald af Alþingi eða hlífast við að taka ákvarðanir. Til þess eru menn kosnir á Alþingi að þeir eiga að vera æðsta vald í löggjafarmálum þjóðarinnar. Þeir eiga að ráða þessu, en ekki einhverjar stofnanir sem er hrúgað upp úti um allan bæ. Það eru ábyggilega hundruð manna sem gætu farið til annarra starfa ef allri þessari ráðstjórn linnti. Flutningsráð heitir það, það er ekki óeðlilegt, miðað við hverjir eru flm., að þeir kalli þetta ráð, og náttúrlega ætti þessi Framkvæmdastofnun að heita framkvæmdaráð, sovét. En að öllu gamni slepptu greiði ég að sjálfsögðu atkv. gegn þessu frv.

Ég held að við ættum nú að nota þetta tilefni, og af því að hér er nú einn hæstv. ráðh. staddur, þá efast ég ekki um að hann muni beita sér fyrir því, að hindrað verði síðasta ofbeldið: að flytja skrifstofur Síldarverksmiðja ríkisins frá Siglufirði til Reykjavíkur og þverbrjóta með því landsins lög. Ég efast ekkert um að hæstv. utanrrh. muni í ríkisstj. beita sé gegn því, að slíkt gerræði endurtaki sig eins og gerðist við flutning síldarútvegsnefndar á sínum tíma. Ef flutningur þessa máls verður til þess, að þetta gerræði verði stöðvað, þá er vel farið. Þá er vissulega ómaksins vert að sýna þetta mál. Og ég veit það, að eins og kom fram hjá hv. 1. flm. í ræðu hans áðan, þá mun hann beita sé gegn því að þetta síðasta gerræði nái fram að ganga. Það, sem á að gera, er þá að styrkja skrifstofu verksmiðjanna á Siglufirði. Það er búið að flytja hana að miklu leyti hingað suður. Það á að flytja hana aftur norður. Það segja landsins lög. Ef menn sameinast nú um það, að Alþingi krefjist þess af framkvæmdavaldinu að það standi við landsins lög, og það er gert af tilefni flutnings þessa frv., þá er það, eins og ég sagði áðan, þess virði að hafa verið flutt. En við skulum sjá hvað gerist í því máli þangað til þetta mál væntanlega kemur aftur til umr. A. m. k. ætla ég að bíða með frekari aths. þangað til ég sé hvað verður um mál Síldarverksmiðja ríkisins.

Ég vona að menn fari að gera sér grein fyrir því, að stanslaus flutningur á þeim völdum, sem eiga að vera hjá Alþingi, sem Alþingi á ekki að skjóta sé undan að hafa, ákvörðunum sem Alþingi á ekki að skjóta sér undan að taka, ákvörðunum sem Alþingi á að taka, — það sé ekki stanslaust verið að flytja það til einhverra og einhverra úti um allan bæ. Ég væri alveg til í að borga þessum hundruðum manna laun ef þeir lofuðu að gera ekki neitt.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það má margt gott segja um þá hugsun sem býr að baki þessu frv. En ég ætla ekki að fara mjög út í almenna greinargerð um það efni. Þetta var kannað á sínum tíma og sett upp sérstök nefnd, eins og sjálfsagt kemur fram í grg. frv., til að kanna hvort ekki væri rétt að vinna að flutningi ríkisstofnana. En ég vil segja það um þetta frv. og form þess, að mér hrýs svolítið hugur við að fara að setja upp þetta sérstaka flutningsráð og held að það gæti orðið dálítið óeðlilegt bákn í þessu sambandi og með þeim öngum sem því er ætlað að hafa. Þess vegna held ég að það þurfi að leita annarra leiða og reyna að gera þetta með einfaldari hætti. Þá er að vísu sú leið til, sem hér hefur verið bent á, að setja þetta undir Framkvæmdastofnun ríkisins. Ekki get ég vel fellt mig við þá hugsun. Ég hygg að hún hafi sitthvað á sinni könnu og muni hafa um sinn. (Gripið fram í.) Ja, vafalaust á hún langt líf fyrir höndum þó að nafni hennar mætti breyta að ósekju. Ég held fyrir mitt leyti að það gæti verið einfaldast að skipa þessum málum undir forsrn. og fara ekki að setja upp neinn sérstakan aðila til þess að hafa hönd í bagga með þessum málum. En það kemur til athugunar.

Ég átti ákaflega lítið erindi hér í pontuna. Ég ætla þó áður en ég kem að því erindi að víkja að því sem hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson vék að, flutningi síldarverksmiðjanna eða starfsstöðva þeirra, ekki verksmiðjanna sjálfra, frá Siglufirði. Ég hef alltaf verið andvígur öllum flutningi þaðan og ég er tilbúinn að styðja að því, að haldið verði fast við lög, ef slíkt kemur til kasta ríkisstj. Ég hef ekki orðið var við að þetta mál væri þar til umfjöllunar. En einfaldast væri sjálfsagt, þar sem hér er um skýr lagaákvæði að tefla, að þm. kjördæmisins skrifuðu viðkomandi ráðh. og bentu honum á þetta lagaákvæði. Þá ætti ekki að vera nein fyrirstaða á því að farið verði eftir lögum.

En það, sem ég vildi leyfa mér að benda hv. allshn. á, sem fær þetta mál til meðferðar, er hvort hún mundi ekki telja að það væri rétt að orða 6. gr. svo:

„Flutningsráði er heimilt að ráða starfsfólk til þess að annast tiltekin verkefni."

Það ber tvennt til, að mér finnst þetta orð, starfskraftar, ekki sérstaklega fallegt og annað það, að mér er ekki alveg ljós greinarmunurinn á sérstökum starfskröftum og almennum starfskröftum. Þetta var nú erindi mitt, að benda hv. nefnd á það að rétt væri að hagræða þessu orðalagi.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég get raunar gert orð hæstv. utanrrh. að mínum, að ég á ekki ýkjalangt erindi í ræðustól við umfjöllun þessa lagafrv. Var það þó hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sem gaf mér efnið til þess að taka hér öðrum fremur til máls.

Ég skildi til hlítar yfirlýsingu hv. 1. flm. Helga Seljans um það, að þeir flm. bitu sig ekki endilega fast í stofnun flutningsráðs, eins og það er nefnt í þessu frv., og leituðu liðsinnis allshn. að finna — ef finnanleg væru — einhver önnur ráð betri sem líkleg væru til þess að alþm. sameinuðust um þau til þess að koma fram meginefni þessa frv., sem er í fyrsta lagi valddreifing, dreifing á þjónustu út um landið með eðlilegum hætti, og í öðru lagi að sporna við vaxandi miðstýringu og þeirri áráttu, sem embættismenn virðast nú hafa til þess að flytjast hingað suður með skrifstofurnar sínar á hlýja svæðið við Faxaflóa. Ég tek undir með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, að ég má ekki til þess hugsa að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið þetta mjög þýðingarmikla hlutverk. Ég er hræddur um að viðfangsefnin muni deyja með þeirri stofnun og ég er þess mjög fýsandi — ef slíkt er leyfilegt, þegar talað er um stofnun sem óhæfilegt væri um menn — ég er þess fýsandi að flýtt verði fyrir andláti hennar.

Ég tel þarflaust að rifja upp í ítarlegu máli með hvaða hætti áætlanadeild Framkvæmdastofnunar hefur unnið að sínum viðfangsefnum og til hvers störf áætlunardeildar hafa leitt. Við getum minnt á byggðaáætlun fyrir Norður-Þingeyjarsýslu sem ákveðið var að setja í vinnslu áætlunardeildar í mjög svo frómum tilgangi og með háleitu og skynsamlegu markmiði. Það, sem ekki vantaði, var hið skrifaða mál, hið ritaða mál. Meginniðurstaðan raunar af öllu því starfi varð sú, að rétt væri að sleppa út úr áætluninni — í þessu öflugasta sauðfjárræktarhéraði landsins — öllu því sem lyti þar að landbúnaði. Meginmarkmiðinu með eflingu byggðar á Þórshöfn var lýst svo, að mælikvarðinn, hvort náðst hefði, væri sá, að þar settist að rakari og komið yrði upp skemmtanamiðstöð. Ég vil rétt aðeins minna á það með hvaða hætti þessi sama áætlunardeild varði verulegum tíma og þar að auki allmiklum peningum í að reikna Austfirði út í mannkílómetrum. Jafnvel þótt við ætluðum Framkvæmdastofnun ríkisins — sem ég ítreka að ég ætla ekki, — langra lífdaga, þá vildi ég ekki að þetta starf yrði unnið þar. Við verðum að leita annarra ráða.

Við vitum það fullvel, að tregðan er ærin fyrir hendi af hálfu embættismanna, þar sem við erum raunverulega að véla um kannske ekki búsetu þeirra sem slíkra, heldur völd þeirra og verksvið. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson kvað fast að orði og ég hygg að hann geti staðað við þau orð. Ég hef rökstuddan grun um það, með hvaða hætti embættismenn brjóti skýr og óvefengjanleg landslög sem varða staðsetningu ríkisstofnana. Við munum ekki koma í veg fyrir það með lagasetningu að embættismenn haldi áfram að þráast við framkvæmd laga og jafnvel brjóta þau. Ein af mörgum tilvitnunum í sjálfan Konfúsíus, sem kunnugir kalla Kung-fú-tse, sem maður hefur hvað víðast lesið, var á þessa lund: „Aldrei mun keisari miðríkisins setja svo viturleg lög, að mandarínunum takist eigi að brjóta þau." Og verulegur hluti af okkar laganýsmíð hér á Alþingi stendur í nánum tengslum við þessa hugsun Konfúsíusar. Af því þurfum við að semja svo mörg lög, að skálkarnir brjóta svo mikið af þeim.

Ég vildi fá ítarleg ákvæði um það, með hvaða hætti hin fámenna deild — og ég tek undir með hæstv. utanrrh. um það, að ég vil að til verði kvaddir fáir menn, en þeim mun duglegri og gáfaðri — til þess að leggja á ráðin um það, með hvaða hætti við getum beitt því valdi sem hér er um að tala, á þann hátt að embættismennirnir, mandarínarnir, fái ekki komið í veg fyrir framkvæmd laganna. Ég vildi að kveðið væri á um það með ljósum orðum, hvert valdsvið þessara aðila, sem eru í forsrn., verði, og skiptir þá litlu máli hvort þessari fámennu nefnd yrði valið nafnið flutningsráð ríkisstofnana eða gefið eitthvert annað kannske yfirlætisminna heiti. Ég er efalaus um það, að viðgangur byggðanna í hinum einstöku landshlutum er undir því kominn reyndar, að við eflum sjálfræði þeirra í mjög mörgum málum og þá ekki síst fjárhagslegt sjálfræði þeirra og fjárhagslega ábyrgð náttúrlega þá um leið. Það er ég viss um. Og kynnu ýmsar hurðir að falla fyrirhafnarminna að stöfum hjá okkur ef við hefðum sinnt því efni fyrr, en hér er um að ræða anga af Parkinsonslögmálinu, þar sem aðalskrifstofur, sem að eðlilegum hætti eru staðsettar í Reykjavík, hafa tilhneigingu til þess að draga sér umboð og vald frá fólki sem álítur miklu þægilegra hér innandyra syðra heldur en að senda fulltrúa með umboð út til fólksins og starfa á meðal þess. (**EKJ:** Getur ræðumaður svarað því hvað mannkílómetrinn muni vera langur?) Hann er hlutfall af íbúafjölda. Sé íbúum Austurlands skipað niður á þann hátt sem áætlunardeildinni þótti skynsamlegast til þess að koma á samræmdum vegalengdum á milli einstakra Austfirðinga, þ. e. hv. þm. deilir íbúafjöldanum, ungum sem öldnum, í sennilega í senn ferkílómetrafjölda og lengdarkílómetra milli hinna fjarlægustu staða.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Eins og hefur áður komið fram í þessari umr. hefur þetta frv. þrívegis verið flutt áður hér á Alþingi, en hefur eigi náð fram að ganga. Í sjálfu sér sýnist ekki vera mála brýnast að setja á stofn sérstakt ráð eða stofnun til að annast þau verkefni sem í þessu frv. er fjallað, og raunar heyrist mér máli þeirra hv. þm., sem hér hafa þegar talað, að á það séu menn nokkuð sáttir.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki ástæða til að stofna sérstakt ráð eða stofnun til að fjalla um þessi mál. Hins vegar vil ég á það benda, að nokkrir þm. Alþfl. í Nd. hafa flutt frv. til l. um mörkun byggðastefnu og byggðaþróunaráætlana og í því frv. er fjallað um Byggðastofnun ríkisins, sem samkv. frv. skal starfa í tveimur deildum, áætlanadeild og lánadeild. Auðvitað væri mjög eðlilegt að mál af þessu tagi heyrði undir Byggðastofnun ríkisins. Í 7. gr. þess frv. segir, með leyfi forseta, þar sem fjallað er um áætlunardeild, að sú deild fjalli einnig um áhrif opinberra aðgerða á byggðaþróun og geri tillögur til úrbóta ef þörf krefur. Þannig finnst mér að megi með nokkrum hætti segja að gert sé ráð fyrir því í þessu frv. um byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlunar, að Byggða-

stofnun ríkisins hafi það hlutverk sem þessu flutningsráði er ætlað samkvæmt því frv. sem hér er til umr. Nú hefur það komið fram í þessum umr. að þótt svo í lögum séu ákvæði um það, hvar ákveðnar stofnanir skuli hafa aðsetur og höfuðstöðvar, þá er þeim ákvæðum ekki hlýtt. Ég tek undir þá hugmynd, sem hér kom fram hjá hæstv. utanrrh. í sambandi við þær umr. og þau ummæli sem hér hafa fallið um aðalskrifstofu Síldarverksmiðja ríkisins, að þm. þess kjördæmis taki sig nú saman og riti viðkomandi ráðh. bréf og bendi honum á að fara að lögum landsins. Þetta finnst mér vera sjálfsagt mál og hefði raunar átt að gera fyrir löngu, strax og þetta mál kom upp, vegna þess að séu þetta landslög, þá er hitt auðvitað ekki til umræðu að óbreyttum lögum. (Gripið fram í.) *Við skulum vona að hann láti skipast við það og hlíti* landslögum.

Aðeins, herra forseti, eitt að lokum varðandi þau ummæli sem hæstv. utanrrh. viðhafði hér um 6. gr. þessa frv. Ég er honum fullkomlega og algerlega sammála og mun beita mér fyrir því, verði þetta mál afgreitt frá allshn., að þá verði það örugglega ekki afgreitt með þessu orði, starfskraftar. Satt best að segja er þetta ónefni sem ekki ætti að heyrast eða sjást og er óþarft vegna þess að þess í staðinn geta komið ágætisorð eins og starfsfólk og starfsmenn. Mér finnst oft umr. um þetta og sú hlægilega viðkvæmni, sem hjá sumum gætir gagnvart þessu bera það með sér að menn gleyma því, að samkv. íslenskri málvenju eru konur menn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég kem fyrst og fremst í þennan ræðustól til þess að fjalla efnislega um þetta frv. Það hefur verið gert hér af mörgum og tel ég það allbærilegt innlegg til nefndar sem fær málið til umfjöllunar. *Ég get þó sagt það, að það er gott við frv. að* það rumskar við mönnum og fær þá kannske til að hugsa um þessi mál meira en menn hafa gert fram að þessu.

Ég tek undir ummæli utanrrh., eins og fleiri hvað varðar Síldarverksmiðjur ríkisins. Vitaskuld höfum við rætt við viðkomandi ráðh. um þetta atriði, en Eyjólfur Konráð lýsti því hér yfir, að nú mundi ráðh. verða skrifað. Ég tel víst að Eyjólfur beiti sér fyrir því í samráði við settan forsrh., að við setjumst niður og stílum bréf til ráðherra vegna þessa máls.

Annars var þetta ekki ástæðan fyrir því að ég kom hingað upp, heldur að segja nokkur orð og þó fyrst og fremst vegna ummæla hv. þm. Eyjólfs Konráðs — og ég verð að taka *Stefán Jónsson þar með. Mér fannst þeir* ganga nokkurn veginn í takt, en ég skil hvernig stóð á því, að Framkvæmdastofnun ríkisins var allt í einu komin hér í pontuna. (**Gripið fram í:** Frsm. gat um hana.) Já, ég held að það væri þá ástæða til að ræða sérstaklega um Framkvæmdastofnun ríkisins. Það virðist vera mikið í tísku í dag að ræða um Framkvæmdastofnun ríkisins og finna henni flest til foráttu. M. a. sagði hv. þm. Eyjólfur Konráð: Mesta óþurftarstofnun sem nú starfar er Framkvæmdastofnun ríkisins. (**EKJ:** Ég stend við það.) Ef arðbæra hluti á að gera er fjármagnið ekki til. Sennilega stendur það líka. Það vantar ekki að hv. þm. sé kokhraustur. Ég vildi bjóða honum að við spjölluðum einhvern tíma um Framkvæmdastofnun ríkisins í okkar kjördæmi. Ég hef grun um að stóru orðin yrðu öðruvísi sett fram þar en þau voru sett fram hér í þessum ræðustól. Ég skil ekki þennan málflutning hjá þessum annars prúða og rólega manni Eyjólfi Konráð, hverslags offors þetta er. Ég gæti náð áttum í þessu máli, ef kommissar Hermannsson væri í annarri fylkingu en hv. þm. en nú er það ekki. Eitthvað annað alvarlegra virðist liggja hér að baki.

Ég vil segja að þeir, sem nú hrópa hæst um að leggja eigi niður þessa stofnun, sem vissulega — og ég segi: vissulega — hefur unnið vel að byggðamálum í þessu landi, hafa fengið hér óvænta liðsmenn. Ég hef ekki trú á að sú atlaga, sem nú er gerð að Framkvæmdastofnun ríkisins, sú leiftursókn sem þar virðist í smíðum og sýnilega er stefnt gegn þeirri stofnun, beri árangur. Þar virðast hafa svarist í fóstbræðralag hinir ólíklegustu menn. Ég vona að axarskaftasmíðum þessarar sóknar muni seint vinnast verkið.

Forseti (Helgi Seljan): Ég er nú í nokkrum vanda. Ég hef ekki hér menn til þess að setjast í minn stól nú, þeir eru báðir á áríðandi fundi, en hefði gjarnan viljað koma inn í þessar umr. Ég mun þó freista þess að halda þeim nokkuð áfram, en tel mér ekki annað fært en segja hér nokkur orð a. m. k. áður en umr. lýkur. (**Utanrrh.:** Má ekki tala úr forsetastól?) Nei. Ég kann heldur ekki við það. Þó að þetta sé vinsamleg og ágæt till. frá hæstv. utanrrh., þá hygg ég að annar stóll sé til þess bærari að flytja þau orð sem ég mun flytja í sambandi við þetta mál.

Þrír hv. þm. hafa kvatt sér hljóðs. Eins og ég tók fram áðan er ætlunin að setja nýjan fund hér á eftir, en hann verður mjög stuttur, þannig að ég mun freista þess að þeir fái allir rætt um þetta mál nú.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég lofa því ekki að hafa hér eins lífleg orð í frammi og síðustu ræðumenn, en mig langaði til að víkja sérstaklega að einu atriði sem ég man ekki til að hafi komið fram í umr. um frv. til l. um flutningsráð ríkisstofnana. Það er sú staðreynd, að staðsetning flestra, ef ekki allra þjónustustofnana eða yfirstjórnar þeirra er hér í Reykjavík, og leiðin liggur því til Reykjavíkur hvort eð er í ýmsum tilgangi. Þetta hefur þróast svona í gegnum langa tíð. Ég ætla mér ekki að rekja þá sögu, við þekkjum hana allir nokkurn veginn jafnvel. En mig grunar það, að ef til kæmi að menn hygðust ætla að ganga til verulegs flutnings, ganga til þeirra verka að flytja stofnanir í stórum mæli út á land, gera að því gangskör, þá rækju menn sig á ýmsa annmarka.

Ég er hræddur um það, svo að ég taki dæmi, að það *væri snúið hjá okkur Borgfirðingum að fara alltaf austur* á Hallormsstað, yrði Skógrækt ríkisins t. a. m. flutt þangað, sem ég var á tímabili mjög hrifinn af að framkvæmt yrði. Hins vegar lýsi ég mig samþykkan því, að það sé hreyfing á þessum hlutum, þ. e. að athugað sé gaumgæfilega í hverju tilviki hvað er hægt að færa án þess að af því leiði óhagræði sem í miklu fleiri tilfellum, hygg ég, fylgir slíkum flutningi.

Það hafa verið stofnuð útibú opinberra stofnana og það hefur gefist nokkuð vel. Ég vil líta svo á t. a. m. að fræðsluskrifstofurnar séu tengiliður á milli heimamanna og stjórnunaraðila hér syðra. En ég hef aðeins orðið var við það, t. d. í sambandi við fræðsluskrifstofurnar, að það *getur í sumum tilfellum verið fljótlegra að fá úrlausn* sinna mála með því að taka sér ferð á hendur til Reykjavíkur og tala beint við þá sem æðstu ráðin hafa. Hinn mátinn getur tekið allverulegan tíma og miklu lengri tíma en að færa fyrirtækin til Reykjavíkur og ganga beint

á vit þeirra sem æðstu ráðin hafa í hverri stofnun. Ég vildi aðeins drepa á þetta.

Hitt er það, að hið háa hlutfall opinberra stjórnunarstofnana hér í Reykjavík skekkir að sjálfsögðu atvinnuskiptingu. Það er mál út af fyrir sig og að mínum dómi mjög skaðlegt og gerir það að verkum, að bilið hlýtur óhjákvæmilega að breikka í viðhorfum fólksins hér í Reykjavík annars vegar og hins vegar úti á landi. Ég vil ekki fara lengra út í þetta. Ég hygg að hv. þm. viti hvað ég meina.

Til viðbótar þetta um atvinnuskiptinguna: Mér hefur stundum gramist þegar umr. um atvinnumál hafa snúist um það hér í Reykjavík, — nú er ég farinn að tala eins og Reykvíkingur, — að í Reykjavík mætti helst ekki vera nein undirstöðuatvinnustarfsemi. En það er einmitt þetta, sem þarf að breytast í einhverjum mæli. Það má ekki hallast mjög á um atvinnuskiptingu. Ef svo er og ef svo fer í enn ríkari mæli en er á milli byggðarlaga — og þá tala ég sérstaklega um Reykjavíkursvæðið og landsbyggðina — þá er miklu meiri hætta á togstreitu milli þess stóra og sterka þéttbýlis og dreifbýlisins.

Að lokum um þetta frv.: Ég held að það hljóti að fyrirfinnast í stjórnkerfinu einhvers staðar nú þegar einhverjir þeir aðilar sem geta haft puttann á því sem hér er lagt til. Ég held að við þurfum ekki nýjar stofnanir. Það er ekki lausn í sjálfu sér vegna þess að þá gæti flutningsráð, ef til kæmi, lagt eitthvað til og hnýtt menn í fjötra og komið mönnum í sjálfheldu, þröngvað mönnum smátt og smátt til að gera ákveðna hluti sem væri kannske ekki vit í. Það er þörfin, sem á að vera leiðarljós í þessu efni, en ekki það að sinna einhverjum stofnunum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er áreiðanlega rétt, sem fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að það eru ýmiss konar erfiðleikar samfara flutningum ríkisstofnana. Hann benti réttilega á að þegar menn koma utan af landi, þá geta þeir komist í samband við æðimargar af æðstu stofnunum einmitt hér í Reykjavík. En einmitt með hliðsjón af þessu er alveg ljóst að t. d. að því er varðar Síldarverksmiðjur ríkisins, þá er það allt öðruvísi vaxið. Á Siglufirði er langstærsta síldarverksmiðjan, þar er mesta framleiðslan og Siglufjörður er ekkert fjær öðrum síldarverksmiðjum ríkisins heldur en Reykjavík. Það er engin ástæða til þess, að aðalskrifstofa Síldarverksmiðja ríkisins sé í Reykjavík — nákvæmlega engin. Með þeim fjarskiptum, sem nú eru, mætti gjarnan hafa hér einn eða tvo menn á skrifstofu. Það getur vel verið að það væri þægilegt til ýmiss konar útréttinga. En auðvitað á aðalskrifstofan og öll aðalstarfrækslan að vera á Siglufirði eins og líka lög mæla fyrir um.

Ég gat um það áðan, að það hefði kannske verið réttlætanlegra að flytja síldarútvegsnefnd eða hennar aðalaðsetur hingað suður þegar síldin var horfin frá Norðurlandi og allar síldveiðar. En það átti auðvitað ekki að gera með þeim hætti sem gert var. Það átti þá að gera það með því að breyta lögunum, en ekki brjóta þau. Það er þar sem hnífurinn stóð í kúnni að því leyti.

En að sjálfsögðu er sú ábending, sem hæstv. utanrrh. kom hér fram með, að þm. kjördæmisins skrifuðu hæstv. sjútvrh., alveg rétt. Við höfum talað við hann, en ég veit ekki til að þetta hafi verið stöðvað. Ég geri ráð fyrir því, að ef hann fái slíkt bréf þá leggi hann það fyrir ríkisstj. og þá muni þetta verða stöðvað. Ég get varla ímyndað mér annað þegar búið er að vekja svo rækilega athygli á að allt annað væri lögbrot. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þá ábendingu. En hún leiðir einmitt til þess, að það er ekki ástæða til að hafa enn eina slíka stofnun eins og hér um ræðir, flutningsráð ríkisins eða hvað það nú heitir. Það er auðvitað í verkahring stjórnarinnar, viðkomandi ráðh. eða ríkisstj. í heild, að sjá til þess, að þeim lögum sé framfylgt sem undir viðkomandi rn. heyra. Þess vegna er það auðvitað Alþingi sem á að gæta þess, að ekki sé gengið á hag og hlut borgaranna og þeim lögum sé hlýtt sem Alþingi hefur sett. Þess vegna er það nákvæmlega rétt sem hæstv. utanrrh. segir, eins og hans er von og vísa þegar um stjórnskipun og lögfræði er að ræða, að það á að beita sér við viðkomandi ráðh., hæstv. sjútvrh. í þessu tilfelli, og það munu þm. kjördæmisins vafalaust gera.

Það er líka rétt sem hæstv. ráðh. segir, að það má hugsa sér að fella slíkt vald alfarið undir forsrn., að það hafi yfirstjórn þessara málefna, sem við erum sammála um, að það beri að reyna að flytja ríkisstofnanir út á land eins og hægt er. Það má hugsa sér að það verði sérstaklega ákveðið að forsrn. sinni þessari eftirlitsskyldu og leitist við að beita sér fyrir því, að þessi þróun nái fram að ganga.

En þá er komið að hv. 3. þm. Norðurl. v. Ég segi það alveg hreinskilnislega, að mér þótti mjög leitt að orð mín skyldu særa þann ágætismann jafnmikið og raun ber vitni — þau orð sem ég hér lét falla. Ég sagði ekkert annað en það sem ég alla tíð hef sagt. Ég hef alltaf verið á móti Framkvæmdastofnun ríkisins og er enn í dag. Þegar ég studdi ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, þá varð ég að sjálfsögðu að láta í minni pokann að vissu leyti. Það var auðvitað samsteypustjórn og skiptar skoðanir um það í mínum flokki líka. Ég hef aldrei skilið tilgang þessarar stofnunar og það segi ég nákvæmlega eins í mínu kjördæmi og hér, enda geri ég ekki ráð fyrir að hægt verði að vitna öðruvísi í Alþingistíðindi í mínu kjördæmi.

Ég sagði í ræðu minni áðan að það bæri að koma málefnum Byggðasjóðs fyrir með öðrum hætti, eitthvað svipað því sem gert var þegar atvinnumálanefndirnar störfuðu hér á sínum tíma, þ. e. að Byggðasjóður starfaði sjálfstætt eins og hann þá gerði. Það var vísir að byggðasjóði og svo var Atvinnujöfnunarsjóður. Hann mundi geta starfað undir þingkjörinni stjórn. En Framkvæmdastofnun er allt annað. Nú er búið að innbyrða Byggðasjóð í Framkvæmdastofnun og fjármunirnir notaðir til að byggja eitt mesta hneykslishús sem byggt hefur verið á landinu. Það mátti bæta því við líka, hv. þm., að það er hneykslishús. Það er hreint hneyksli að nota fé Byggðasjóðs til þess að byggja þetta skrauthús hér í Reykjavík í staðinn fyrir að nota það til þess t. d. að styrkja Útgerðarfélag Skagfirðinga og frystihúsin í Skagafirði. Það eru þessi hneyksli sem ég er að benda á. Byggðasjóður á að starfa sjálfstætt, og fé Byggðasjóðs á að vera til að styrkja byggðir landsins, en ekki að byggja skrauthýsi í Reykjavík og valsa með peninga. (**StefG:** Þú vilt láta braskara í Reykjavík hirða húsaleigugróðann.) Braskara í Reykjavík hirða húsaleigugróðann? Ég ætlast ekki til að það sé neitt húsnæði nema 3—4 herbergi, það nægir. Og þá er heldur ekki pláss fyrir allt fólkið sem hleðst í kringum þetta. En það bætist nú við þegar búið er að útvega allt þetta húsnæði. Það er það sem ég er að segja. Það átti að segja upp a. m. k. helmingnum af hinu húsnæðinu á Rauðarárstíg, a. m. k. hefði ein hæð nægt, vegna þess að að það er ekki nokkur vafi á því, að það er

nægilegt að 3—4 menn sjái um að innheimta þar og úthluta lánum Byggðasjóðs og annað slíkt.

Ef það er stjórnskipuð nefnd sem á að veita lánin, þá þarf áreiðanlega ekki meira en 3—4 menn til þess að kanna að allt sé með felldu varðandi lánsumsóknir, fara í gegnum mat á eignunum og tryggingar og annað slíkt. Síðan þarf auðvitað ekki nema einn mann og varla það til þess að sjá um að innheimta af þessum tiltölulega fáu lánum. Ég veit að vísu að hv. þm. Stefán Guðmundsson skilur þetta. En það fer bara einhvern veginn þannig, að þegar menn eru kosnir í einhverjar nefndir og ráð, þá halda þeir að þeirra meginhlutverk sé að þenja stofnunina út, en ekki það að hún sinni þeim hlutverkum sem hún er stofnuð til að gegna. Það er þar sem skilur á milli feigs og ófeigs. En ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Ég bið hv. þm. Stefán Guðmundsson fyrir að tilgreina í mínu og okkar kjördæmi hvert einasta orð sem ég hef um þetta sagt. Ég tek ekkert af þeim aftur. Þetta er mín sannfæring og við hana hlýt ég að standa.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Enn mun það fara svo, að erindi mitt í ræðustólinn liggur svo nærri erindi hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar að ég þarf ekki að segja ýmislegt af því sem hann sagði hér. Aftur á móti kem ég hingað upp í ræðustólinn til þess að leggja áherslu umfram allt á þetta atriði. Þegar hv. þm. Stefán Guðmundsson fer að greina frá umr. að þessu sinni norður í landi hafði ég svolitlar áhyggjur vegna þess að blæ ber frá Norðurlandi vestra yfir í Norðurland eystra. Þá má hann ómögulega leggja orð mín — og raunar alls ekki sannleikanum samkv. orð Eyjólfs Konráðs Jónssonar — út á þann veg, að við viljum leggja Byggðasjóð niður. Af því að hv. þm. gaf okkur skoðanabræðrum einkunnina axarskaftasmiðir, þá má ég e. t. v. nota hina sömu fornu líkingu þegar ég greini á milli hlutverks og gagnsemi Byggðasjóðs og Framkvæmdastofnunar á þá lund, að öxin er Byggðasjóður, axarskaftasmiðjan hefur aftur á móti reynst vera Framkvæmdastofnun.

Vel má það vera — og ég vil raunar þakka hv. þm. Davíð á Arnbjargarlæk fyrir innlegg hans í málið — það er alveg rétt, að það er erfitt fyrir Borgfirðinga, sem sinna skógrækt, að leita erindisloka austur á Hallormsstað, og eins og hann gaf í skyn er það, sem liggur til grundvallar, að koma málunum ekki þannig fyrir að menn þurfi að endasendast um allt landið. Það liggur ekki fyrir útreikningur á Borgarfjarðar- og Kjósarsýslu í mannkílómetrum, en það vil ég fullyrða, að enn þá fráleitara er að þeir Austfirðingarnir, sem sinnt hafa skógræktinni af mestu þoli og þar sem flestar hafa verið gerðar tilraunirnar um nytsemi skógræktar, þurfi að sækja lausn erinda sinna til Reykjavíkur varðandi skógræktina. Ætlunin var að reyna að koma þessu skynsamlegar fyrir en svo, að menn þyrftu að vera svo í förum á milli landsfjórðunga.

Loks aðeins þetta. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég sagði áður, að það beri brýna nauðsyn til að við dreifum þjónustu í einstökum greinum sem mest um landsbyggðina og setjum til menn með fullkomið umboð frá æðstu stöðum til þess að leysa úr hinum almennu málum úti í byggðunum.

Umr. frestað.

Efri deild, 20. fundur.

Miðvikudaginn 9. des., að loknum 19. fundi.

Lyfjalög, frv. (þskj. 167). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 19. fundur.

Miðvikudaginn 9. des. kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að beina fyrirspurn til staðgengils hæstv. forsrh. út af einu tilteknu atriði og spyrja hvernig á því standi, að þm. fá ekki í hendur áfangaskýrslu starfsskilyrðanefndar sem rn. skipaði. Nefndin sendi frá sér þessa skýrslu, að því er ég best veit, í septembermánuði s. l.

Formaður nefndarinnar er Jóhannes Nordal seðlabankastjóri og í henni munu vera þrír menn auk hans. Á fundi í Félagi ísl. iðnrekenda, sem haldinn var 4. des. til þess að ræða um stöðuna og horfur í iðnaðinum, barst þessi skýrsla í tal. Ég hygg að öllum þm. hafi verið boðið til þessa fundar, en við sátum hann aðeins þrír þm. og einn var inni eina klst. eða svo. Þarna var spurt hvað þessu máli liði, hvað þm. hugsuðu sér að gera og af hverju þeir létu ekkert í sér heyra. Menn urðu nokkuð hvumsa þegar við sögðum að við hefðum ekki fengið að sjá þessa áfangaskýrslu. Okkur er ljóst að hún hefur verið send til nokkurra manna, ég veit ekki hversu margra, framámanna í atvinnurekstri, en þó bítur nú höfuðið af skömminni þegar blöðin eru farin að birta kafla úr skýrslunni eins og átti sér stað í einu dagblaðanna fyrir u. þ. b. 10 dögum.

Athugasemd mín er sú, að ég tel að það eigi engir fyrr að fá að sjá slík verkefni sem þessi, þó að um áfangaskýrslu sé að ræða, en alþm. og auðvitað ríkisstj. Það er hart undir því að liggja að fá ákúrur fyrir það, að þm. taki ekkert við sér þegar slík gögn liggja fyrir, og geta engu svarað á þeim vettvangi öðru en því, að við sem þm. höfum ekki séð þessa skýrslu. Ég ræddi þetta lauslega við staðgengil forsrh. í morgun og sagði honum að ég óskaði eindregið eftir að fá formlegt svar við þessari fsp. Jafnframt leyfi ég mér að gera, a. m. k. fyrir mína hönd, kröfu um að fá þessa skýrslu í hendur, því að ég tel að sem þm. eigi ég ekkert síður rétt á að fá hana í hendur en ýmsir framámenn í atvinnulífi sem hafa haft hana undir höndum undanfarna mánuði.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég tel að heppilegt væri að taka upp sem meginreglu að senda Alþingi álit stjórnskipaðra nefnda, sem fjalla um hin

þýðingarmestu mál, þegar þau liggja fyrir. Engin venja hefur þó skapast um þessi efni. Öðru máli kann að gegna þegar um er að ræða bráðabirgðaálit eða áfangaskýrslu frá nefndum sem oft taka breytingum í endanlegri gerð þegar nefndir hafa lokið störfum. Dreifing slíkra gagna, sem stundum eru vinnuplögg, getur jafnvel í einstökum tilvikum torveldað lokavinnu þeirrar nefndar sem hlut á að máli.

Starfsskilyrðanefnd atvinnuveganna, sem skipuð var af forsrh., sendi áfangaskýrslu ásamt bréfi til forsrh. 22. sept. s. l. Bréf þetta er svohljóðandi:

„Herra Gunnar Thoroddsen forsrh., Reykjavík.

Skýrsla sú, sem yður er send með þessu bréfi, er áfangaskýrsla starfsskilyrðanefndar. Horfur eru á því, að endanlegt álit nefndarinnar liggi fyrir innan sakmms. Vegna umræðna um þörf á aðgerðum til jöfnunar á starfsskilyrðum hefur nefndin þó talið rétt að senda yður þá kafla skýrslunnar sem lengst eru komnir í vinnslu. Fjalla þeir um tekjuöflun hins opinbera, opinbera fyrirgreiðslu og lánamál.

Virðingarfyllst,
f. h. starfsskilyrðanefndar
Jóhannes Nordal."

Í bréfi þessu kemur fram að um áfangaskýrslu er að ræða og horfur eru á að endanlegt álit liggi fyrir innan skamms, jafnframt að þeir kaflar, sem fram koma í skýrslunni, séu lengst komnir í vinnslu. Þetta gefur til kynna að efni skýrslunnar kunni að taka breytingum við endanlega gerð, enda hafa fulltrúar atvinnuveganna í starfsskilyrðanefnd heimild til þess að bera þau efnisatriði, sem fram koma innan nefndarinnar, undir forustumenn sinna atvinnugreina sem trúnaðarmál og taka við athugasemdum af þeirra hálfu. Á þessu stigi hefur því verið litið svo á innan ríkisstj. að um trúnaðarmál sé að ræða. Ég tel mér ekki fært í fjarveru forsrh. að slá því föstu að þessari bráðabirgðaskýrslu verið útbýtt.

Ég tek á hinn bóginn undir það, sem fram kemur í máli hv. fyrirspyrjanda, að það er mjög óviðfelldið, ef rétt er, að margir aðilar hafi þessa skýrslu undir höndum. Það mun vera rétt, að kafli úr skýrslunni hafi birst í einu dagblaðanna fyrir nokkru. Þetta atriði og eins ef ýmsir aðilar hafa skýrsluna undir höndum virðist mér benda til þess, að ekki hafi allir haldið trúnað svo sem þeim var falið.

Ég mun greina hæstv. forsrh., sem kemur heim á morgun, frá ósk hv. 1. þm. Vestf., og ég mun minnast þessarar umræðu og styðja það að skýrslunni verði dreift þegar nál. liggur fyrir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans við þessari fsp. Ég hef í raun og veru ekkert við það að athuga sem hann sagði. Það er eðlilegt að hann vilji láta það bíða heimkomu forsrh. hvort eigi að afhenda þm. þessa skýrslu þar sem hann er væntanlegur heim á morgun. En ég vil vekja athygli á því, að það er óeðlilegt að nefnd, sem ríkisstj. skipar, sem er trúnaðarnefnd og vinnur trúnaðarstörf, sendi áfangaskýrslu sína um stöðu allra atvinnuvega til framámanna atvinnuveganna. Það er í mesta lagi að hún geti sent tiltekna kafla, sem snerta viðkomandi atvinnugrein, til þess að fá umsagnir eða svör við einhverjum fyrirspurnum. Hitt er óþolandi, að ef eitthvert mál er stimplað trúnaðarmál er alveg gefið að það er komið í dagblöð innan ekki langs tíma. Og þegar svo er komið finnst mér réttur þingmanns vera orðinn afar *lítill* og auvirðilegur, er hann þarf að ganga til ritstjórnarskrifstofu blaða og biðja um að fá að lesa trúnaðarmál sem varðar atvinnulífið í landinu og það sem helst þarf þar að gera. Ég lít svo á að í þingræðislandi, sé réttur þingmanns það mikill, að hann eigi rétt á að fá slík gögn fyrst á eftir ríkisstj. á hverjum tíma. Þetta er ekki bundið við þetta eina mál. Ríkisstjórnin, hver sem hún er, hvort sem það er þessi ríkisstj. eða önnur, verður að huga betur að hvernig samskiptum ríkisstj. er varið við Alþingi. Alþingismenn geta ekki gert sig ánægða með slík vinnubrögð.

Þessi áfangaskýrsla er afhent ríkisstj., að mér skilst samkv. upplýsingum hæstv. landbrh., 22. sept. Það eru því liðnir tveir og hálfur mánuður síðan. Allan þennan tíma er hún til umfjöllunar hjá hinum og þessum forustumönnum í atvinnulífinu og farið að birta úr henni kafla í dagblöðunum. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það að hann sýndi þann skilning, að þessi vinnubrögð eigi ekki að eiga sér stað. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. sjái svo um, þó að hér sé um áfangaskýrslu að ræða, að hún verði send alþm. öllum, ekki mér einum heldur öllum þm., því að við eigum fullan rétt á því að fá hana í hendur.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er full ástæða til að þetta mál sé rætt hér utan dagskrár. Ég vil taka hér til máls um það atriði, einkum og sér í lagi af því að ég ætla að sýna þessa skýrslu. Hún er svona, lítur svona út. Ég hef fengið skýrsluna í hendur frá aðilum sem eru óviðkomandi þeim sem framleiddu þetta plagg, enda gengur þessi skýrsla manna á meðal hér í bænum og virðast flestir hafa séð hana aðrir en alþm. Ástæðan er auðvitað sú, að skýrslan var send fjölmörgum aðilum til umsagnar, fulltrúum atvinnuveganna, stjórnar samstarfsnefndar um iðnþróun og nokkrum öðrum. Síðan er liðinn talsverður tími og skýrslan hefur verið til umsagnar hjá þessum aðilum. Slíka umsögn er ekki hægt að gefa nema fleiri aðilar en einn hafi skýrsluna undir höndum.

En það, sem er dálítið skemmtilegt við þetta mál, er að þetta er eitthvert mesta handarbakamál sem ríkisstj. hefur komið nærri. Ég ætla að lýsa sögunni. Hún er þessi:

Hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson kemur á stjórnarfund hjá ríkisstjórn lýðveldisins Íslands hinn 30. mars 1980 og flytur langa og ítarlega tillögu um þetta mál. Í tillögunni er skýrt tekið fram að það eigi að skila skýrslunni fyrir 1. júlí sama ár, — ég endurtek: 1. júlí 1980. Þessi tillaga er samþykkt. Svo líður apríl og maí, júní, júlí, ágúst og kemur september. Hinn 9. sept. þóknast ríkisstj. að skipa nefndina sem átti að skila 1. júlí. Það er hæstv. forsrh. sem skipar nefndina. Síðan líður þetta ár. Um áramótin gefur hæstv. ríkisstj. út boðskap. Í 13. gr. svokallaðra efnahagsaðgerða um s. l. áramót — ég er hérna með Hagtölur mánaðarins — segir svo:

„ Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði að starfsskilyrði iðnaðar verði ekki lakari en annarra atvinnugreina."

Hér er beinlínis verið að óska eftir því, að þessu starfi sé hraðað. Svo líður febrúar eftir janúar, mars, apríl og maí. Það er spurst fyrir um þessa skýrslu og þm. er sagt að hún komi í síðasta lagi í júní. Júní kemur, júlí, ágúst og september. Þá skilar nefndin áfangaskýrslu til hæstv. ríkisstj. Og nú er árinu að ljúka og von á nýjum áramóta-

aðgerðum. Ætli komi ekki önnur klausa þá um að þessu verði hraðað? Það er náttúrlega alger skrípaleikur sem hér á sér stað, einfaldlega vegna þess að hæstv. ríkisstj. er bara ekki fær um að starfa að málum eins og þessum.

En eitt hefur gerst sem er ástæða til að taka inn í þetta mál líka. Það er að hæstv. ríkisstj., a. m. k. hæstv. forsrh., skipaði nefnd í framhaldi af þessari nefnd — það er nefnd embættismanna undir stjórn Þórðar Friðjónssonar — til að vinna úr þessari skýrslu frekari tillögur áður en alþm. fá að sjá skýrsluna. Fyrst hæstv. landbrh. ætlar að vera svo góður að tala við hæstv. forsrh. þegar hann kemur heim, þá vill hann kannske bæta við spurningunni, hvort ekki væri ástæða til að gefa hv. Alþingi einhver svör um það, hvað sé að gerast í þessum málum, fyrst búið er að skipa embættismenn í nefnd um þetta efni. Læt ég svo umfjöllun lokið um þessa skýrslu, sem er hér til afnota fyrir þá sem vilja skoða hana, því það er auðvitað ekkert leyndarmál sem í henni er.

Kem ég þá að annarri skýrslu sem ég hef hér. Hún heitir Tillögur til fjmrh. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Hún er líka gefin út í sept. 1981. Eins og hv. alþm. muna hefur tvívegis á tveimur árum verið flutt af nokkrum þm. frv. um svokallaða tollkrít. Hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sem ég sá hér í sal rétt áðan, lýstu því yfir við umr. um tollkrítarmálið, að von væri á frv. um tollkrít, og s. l. vor var sagt að sú nefnd, sem sett var á laggirnar til að vinna að þessu máli, mundi skila s. l. vor. Nefndin hefur unnið mikið og gott starf og skilaði af sér í sept. s. l. Þessu plaggi var dreift til stjórnarþm., en ekki til þeirra sem fluttu málið inn á Alþingi. Síðan hefur ekkert heyrst um þetta mál. Það liggur bara í skýrslu.

Það getur vel verið að þetta sé einhver ný aðferð í stjórnsýslunni. Kannske er hún gömul. En óskaplega hlýtur það að vera stórt herbergi sem geymir allar þessar skýrslur ólesnar hjá hæstv. ríkisstj. Ég veit hins vegar að skýrsluhólfið í iðnrn. er stórt og mikið. Þar virðist allt fullt af skýrslum. Þar er heill herskari af fólki til að lesa þessar skýrslur. Og þeir komast ekki yfir annað en að lesa. Engar ákvarðanir eru teknar. En nú virðast fleiri hafa tekið upp þennan hátt. Það eru gefnar út skýrslur, þær sendar örfáum úrvalsgæðingum og látnar liggja. Þingmenn fá ekki að sjá skýrslurnar. Mál, sem liggur á að koma í gegnum þingið, eru geymd í skýrslum.

Ég skora á hæstv. ríkisstj. og hæstv. landbrh. að koma þeim skilaboðum til hæstv. ríkisstj., að það fari fram vinna á borð við þá, sem liggur í tillögum til fjmrh., og þá, sem liggur í skýrslum til hæstv. forsrh., til þess að hægt sé að koma góðum og gildum málum í gegnum þingið. Þessi vinnubrögð þurfa að breytast.

Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að taka til máls utan dagskrár um þetta mál. Ég vil jafnframt þakka hæstv. landbrh. fyrir að ætla að koma þessum skilaboðum til hæstv. forsrh. og ríkisstj.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að hæstv. landbrh. skuli ætla að gefa hæstv. forsrh. skýrslu um málið þegar hæstv. forsrh. kemur heim. Vænti ég þess þá, að hæstv. landbrh. geri það skriflega svo það verði alveg ljóst að hæstv. forsrh. fái það í hendur ásamt öðrum skýrslum sem hann hefur til umráða. Annars minnir þessi saga mig á það, að fyrir nokkuð mörgum árum var Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins að gera ýmsar nýstárlegar tilraunir. M. a. komst stofnunin að þeirri niðurstöðu, að öndvegisefni til þess að framleiða einingar í milliveggi væru gamlar skýrslur sem hefðu safnast saman hjá ýmsum stjórnsýslustofnunum og lægju þar lítt eða ekki lesnar. E. t. v. er það merkasta framlag núv. hæstv. ríkisstj. til iðnaðarmála í landinu að skilja eftir sig slíkt skýrslufargan að það gæti enst byggingariðnaðinum, a. m. k. hér í Reykjavík, um allnokkurt áraskeið til þess að framleiða úr því milliveggjaeiningar í innveggi.

En það er nú ekki málið heldur hitt, að ég vil mjög taka undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, að það gengur að sjálfsögðu ekki að alþm. verði að afla sér upplýsinga um stöðu efnahagsmála í þjóðfélaginu með því að reyna að hafa samband við og leita upplýsinga hjá aðilum utan þingsins og utan ríkisstj. Það hefur oft gerst áður að ríkisstj. hafi látið gera athuganir og rannsóknir á stöðu atvinnuveganna og ýmsum viðkvæmum málum í þjóðarbúskapnum, svo sem vísitölumálum o. fl. Ríkisstj. hefur venjulega talið sér ávinning að því að hafa eitthvert samstarf við Alþingi um slík mál. Hafa ríkisstjórnir þess vegna oft haft þann hátt á að senda þingflokkum slík gögn sem trúnaðarmál, jafnvel á meðan gögnin voru í vinnslu. Ég þekki ekkert dæmi þess, að flokkar Alþingis hafi nokkurn tíma rofið slíkan trúnað gagnvart ríkisstj., jafnvel þótt mál hafi verið miklu viðkvæmari en þau sem hér er verið að fjalla um. Man ég í þessu sambandi t. d. eftir því, að á meðan starf svokallaðrar vísitölunefndar fór fram fengu þingflokkar ýmis gögn um mjög viðkvæm málefni sem trúnaðarmál fyrir atbeina ríkisstjórnar. Enn fremur í þau mörgu skipti sem gerð hefur verið könnun á stöðu einstakra atvinnuvega, t. d. sjávarútvegs, hafa þingflokkum verið gefnar trúnaðarupplýsingar um atriði sem vörðuðu fólk miklu meira en jafnvel sú skýrsla sem hér er um að ræða. Ég man aldrei eftir að þingflokkar hafi rofið trúnað við ríkisstj. í því sambandi.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið upp alveg nýja siði. Hún er gjörsamlega hætt að hafa samráð við Alþingi, jafnvel um starfsemi þingsins sjálfs, eins og kom fram í umr. hér í gær. Og það er ekki aðeins að þingmenn þurfi að verða sér úti um þær upplýsingar, sem hv. þm. Friðrik Sophusson flaggaði með hér áðan, hjá einhverjum aðilum úti í bæ, eins og sá þm. hefur væntanlega gert, heldur kom einnig fram í umr. á Alþingi í gær að ráðherrar í ríkisstj. og formenn flokka, sem standa að hæstv. ríkisstj., eru að mæta á fundum ýmissa aðila sem ekkert eiga skylt við stjórn efnahagsmála í landinu, — fundum sem haldnir eru úti í bæ — og eru þar að gefa upplýsingar og láta hafa eftir sér í fréttabréfum fregnir um aðgerðir í efnahagsmálum og stefnu ríkisstj. í efnahagsmálum sem þessir sömu hæstv. ráðherrar fást alls ekki til að ræða við Alþingi og varla við eigin flokka. Kemur mönnum það væntanlega nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar t. d. formaður Framsfl., eins og kom fram hér í umr. í gær, mætir á fundi kaupfélagsstjóra, sem koma víðs vegar að af landinu, til þess að greina kaupfélagsstjórum frá því, hvað væntanlegt sé að fiskverð verði hækkað mikið um n. k. áramót, og síðan eru þær upplýsingar prentaðar í fréttabréfi frá Sambandi ísl. samvinnufélaga og m. a. sendar þingmönnum. Þar fá þingflokkarnir og þm. á Alþingi Íslendinga upplýsingar sínar um málefni eins og það hvað fiskverð eigi að hækka mikið núna um áramótin að mati hæstv. sjútvrh., form. Framsfl. Það er ekki verið að ræða þessi mál við aðila að fiskverðsákvörðun, hvorki sjómenn, útvegsmenn né fiskkaupendur. Það er ekki verið að greina frá þessu hér í þinginu. Nei, þessar

upplýsingar eru gefnar á fundum með kaupfélagsstjórum á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, síðan gefnar út í Sambandsfréttum og berast Alþingi og hugsanlega öðrum ráðherrum með þeim hætti.

Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem eru algjörlega forkastanleg og fordæmanleg og fyrir neðan allar hellur að einstakir ráðherrar skuli komast upp með að temja sér. Auðvitað á hæstv. forsrh. að grípa inn í, ef hann ætlar að hafa einhverja stjórn á sínu liði, og beina þeim vinsamlegu tilmælum til samstarfsmanna sinna í ríkisstjórn að þeir sýni aðilum eins og Alþingi Íslendinga og stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar í þinginu ekki þá óvirðingu að haga sér eins og þessi hæstv. ráðh. hefur gert í þessu tiltekna máli, sem er hneyksli.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að ég hafði ekki hugsað mér að leyfa almennar eldhúsdagsumræður vegna þessarar fsp. og því síður að utandagskrárumræður frá í gær verði endurteknar.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja það, að mér þykir þarflaus fyrirgangur í þessum umr. utan dagskrár í fjarveru forsrh. sem vitað er að kemur heim á morgun. Ég vil jafnframt segja það út af sagnfræði hv. þm. Friðriks Sophussonar, að það er engin nýlunda að nefndarstörf taki lengri tíma en ætlað er. Enda þótt vissulega megi reka á eftir nefndum, þá taka þau oft alllangan tíma vegna þess að það þarf að viða að gögnum o. s. frv. eins og menn þekkja. En ef það er svo sem hér er hermt, að þessi áfangaskýrsla sé í höndum mjög margra aðila í landinu og þar á meðal í höndum eins þm. a. m. k., þá mun ég hvetja til þess, að henni verði dreift, þó að ég taki ekki um það ákvörðun hér og nú.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þegar ég kvaddi mér hljóðs var hæstv. iðnrh. hér í salnum. Hann hefur kannske skroppið út fyrir landsteinana svo ekki er von að hann sé hér inni enn þá. En ég vil aðeins í þessu samhengi gagnrýna þau almennu vinnubrögð þessarar ríkisstj. að taka frekar á sig ómak heldur en ekki til þess að koma í veg fyrir að þm. gefist kostur á að fylgjast með málum eins og eðlilegt er.

Það, sem ég hef hér sérstaklega í huga, er málefni sem bæði Fjórðungssamband Norðlendinga og bæjarstjórnin á Húsavík hafa óskað eftir við þm. Norðurl. e. að þeir fylgdust með, þ. e. hversu athugunum á pappírsverksmiðju miðaði áfram. Á fundi, sem hæstv. iðnrh., sem nú er fjarstaddur og kannske ekki von á honum, boðaði til með þm. að eigin frumkvæði uppi í ráðuneyti, lýsti hann áhuga sínum á þessu máli. Þá spurði ég hann hvort ekki mætti treysta því, að þm. fengju að fylgjast með málinu. Því var að sjálfsögðu lofað. En lítið hefur orðið úr efndum. Hins vegar hefur það oftar en einu sinni borið við, að ég hef lesið í blöðum sitthvað um hugsanlega pappírsverksmiðju við Húsavík. Það hafa einnig verið skrifaðar skýrslur um það mál sem dreift hefur verið. En þrátt fyrir það að ég hafi óskað eftir að þm. stjórnarandstöðunnar í Norðurlandskjördæmi eystra yrðu afhent þessi plögg eins og öðrum, — plögg sem hafa verið gerð opinber með einum eða öðrum hætti, — hefur ekki einu sinni fengist svar um það frá iðnrn., hvort mér væri heimilt að fá þessa skýrslu í hendur eða ekki.

Það er náttúrlega, eins og ég sagði við sveitarstjórnarmann á Norðurlandi, algjörlega út í bláinn að vera að óska eftir fundi með þingmönnum ef svo er haldið á framfaramálum byggðarlaganna af ríkisstj. eða trúnaðarmönnum hennar, að þm. séu þeir menn sem allra seinast frétta af því, hvernig málum vindur fram. Vinnubrögð af þessu tagi kunna ekki góðri lukku að stýra.

Þar sem hæstv. iðnrh. er nú kominn í salinn vil ég ítreka fsp. mína, hvort breyting verði þar á, hvort við þm. Norðurl. e. megum vænta þess að fá að fylgjast með þróun rannsókna á hugsanlegri pappírsverksmiðju við Húsavík, eins og lofað var af hæstv. iðnrh. á fundi með þm. og sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi, eða á áfram að halda þannig á málinu að okkur sé algjörlega hulið hversu málum vindur fram? Ég þarf ekki að taka það fram, að afgreiðsla fjárlaga er á næstu grösum og mjög þýðingarmikið áður en kemur til 2. umr., ég tala ekki um lokaafgreiðslu fjárlaga, að fyrir liggi skýrt og skilmerkilega, hvernig þau mál standa, vegna erinda sem komið hafa fram um þessi mál.

Ég get nefnt fleiri dæmi um slíka erfiðleika. Það er að verða eitthvert mesta umhverfisvandamál þessa lands hvernig á að haga viðskiptum sínum við ríkisstj. Yfirvofandi Blönduvirkjun í Húnavatnssýslum er smámunir hjá því, jafnvel í augum formanns þingflokks Framsfl., svo ekki sé lengra vitnað. Væri óskandi að einhver lausn fyndist á þessu máli og svo kynni að fara í bráð að menn gætu a. m. k. ímyndað sér að það kæmi að einhverju gagni að tala við þingmann sinn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég treysti mér ekki að fullu til að verða við ósk forseta um að blanda hér ekki saman þeim umr., sem fram fóru í gær, og þeim, sem fara fram nú. Þar sem hv. 3. þm. Vestf. hefur hafið þann leik þykir mér rétt að koma hér við skýringum.

Hv. 1. þm. Vestf. og 3. þm. Vestf. vitnuðu báðir í Fréttabréf samvinnumanna og gátu um þá frétt sem þar er og víkur að fiskverði. Sá stóri munur var þó á málflutningi þessara tveggja manna, að annar las upp orðrétt hvað þar stóð og fór rétt með. Það þarf sennilega varla að taka það fram, að það var 1. þm. Vestf. Hinn aftur á móti gjörbreytti merkingu þeirrar greinar sem vitnað var til og fullyrti að þar hefði staðið hvert fiskverð yrði eftir áramót. Það er alrangt. Ég vænti þess, að menn hafi tekið eftir því, hvernig þetta var upp lesið af hv. 1. þm. Vestf. í gær og það þurfi ekki frekari skýringa við.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. forsrh. mun ég hafa framsögu fyrir þessu máli.

Það frv., sem hér liggur fyrir, 42. mál, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., er frv. til staðfestingar á brbl. sem voru gefin út 28. ágúst s. l.

Til þess að greiða fyrir erfiðri ákvörðun um fiskverð, sem gilti frá 1. jan. á þessu ári til 31. maí, samþykkti ríkisstj. að beita sér fyrir ráðstöfun til þess að gera frystideild Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins kleift að standa við greiðsluskuldbindingar vegna viðmiðunarverðs 5% yfir markaðsverði. Í þessari samþykkt fólst þó ekki skuldbinding af hálfu ríkissjóðs um að leggja fram óafturkræft framlag í þessum tilgangi.

Ríkisstj. ákvað einnig að beita sér fyrir ráðstöfunum til

þess að gera frystideild Verðjöfnunarsjóðs kleift að standa við greiðsluskuldbindingar vegna sumar- og haustvertíðar. Til þess að gera Verðjöfnunarsjóði unnt að standa við skuldbindingar sínar voru sett brbl. í tengslum við gengisbreytingu krónunnar 26. ágúst. Í þeim lögum var kveðið svo á að gengismun, 2.286%, skuli draga frá gjaldeyrisskilum vegna framleiðslu sjávarafurða fyrir 1. sept. 1981, sem afgreidd eru á nýju gengi krónunnar. Þessi gengismunur rann svo óskiptur í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

Þá var Verðjöfnunarsjóði veitt heimild til lántöku til þess að standa við skuldbindingar sínar, en fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs var veitt samkv. lögunum heimild til að veita slíka ábyrgð fyrir lánum að hámarki 70% af innistæðu sjóðsins. Hinn 15. október ákvað ríkisstj. með vísun til brbl. að innheimta ekki gengismun á framleiðslu frystra fiskafurða nema af hörpudiski og humar. Jafnframt ákvað ríkisstj. að endurgreiða framleiðendum framangreindra fiskafurða það fé sem þá þegar hafði verið innheimt samkv. 1. gr. brbl.

Það efni, sem ég hef flutt, felst í fjórum greinum frv. 1. gr. fjallar um gengismuninn, að þeim gengismun, sem varð til við gengisbreytinguna, verði varið til þess að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Í 2. gr. eru svo ákvæði um það að ef Seðlabankinn ákvæði að endurgreiða gengisuppfærslu á endurkeyptum afurða- og rekstrarlánum vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981, þá skuli 29 millj. kr. þeirrar endurgreiðslu, sem kemur á afurðir sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tekur til, renna til freðfiskdeildar sjóðsins, en afgangurinn skiptast hlutfallslega á aðrar hlutaðeigandi deildir sjóðsins. 3. gr. fjallar síðan um ríkisábyrgðina, sem ég gerði grein fyrir áður, og 4. gr. um að ríkisstj. sé heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

Á síðustu árum hafa ríkisstjórnir nokkrum sinnum gripið til hliðstæðra ráðstafana til að rétta hag Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins.

Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr og hv. fjh.- og viðskn., en eins og hv. alþm. er kunnugt kemur þetta frv. hér inn í deildina frá Ed.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. ráðh. lagði til að þessu frv. yrði vísað til fjh.- og viðskn. Skal ég því vera stuttorður um það því að ég hef tækifæri innan nefndarinnar til að ræða málið og þá síðar við 2. umr. þessa máls.

Hér er verið að fara nokkuð inn á nýjar brautir. Þetta frv. er til staðfestingar á þeim brbl. sem gefin voru út í ágústlok. Það er eitt af fylgifrumvörpum eða málum um bráðabirgðaúrræði hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum sem hafa einkennt störf hennar allt frá þeim tíma að hún tók við. Það er dæmigert um skammtímalækningar sem þessi stjórn hefur látið sér nægja og ætlar sennilega að láta sér nægja á meðan hún tórir.

Í Ed. var samþykkt við þetta frv. brtt., sem hæstv. forsrh. flutti og er í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðarins. Hún fjallar um ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða, sem framleiddar voru fyrir ágústlok, og gerir ráð fyrir að ríkisstj. fái um það sjálfdæmi sér til handa, hvort gengismunur á einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.

Hér er gert ráð fyrir heimild fyrir ríkisstj. eða fjmrh. til að ábyrgjast lán að upphæð 42 millj. kr. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það verður ekki séð, vegna þeirra skilmála sem settir eru, að sjóðurinn geti nokkurn tíma endurgreitt þetta lán. Því lendir það á þeim aðila sem tekur ábyrgð á láninu, sem er ríkissjóður, innan tveggja ára. Hér má því segja að sé um hreint uppbótakerfi að ræða. Þau skilyrði, sem eru fyrir ábyrgðinni vita allir menn um á þessari stundu. Þau eru þess eðlis, að þau gera ekki ráð fyrir að sjóðurinn geti endurgreitt lánið, vegna þess að það er skilyrði að 30% verðhækkun verði á þessum tilteknu afurðum á næstu tveimur árum í erlendum gjaldeyri. Það vita allir menn, og hæstv. viðskrh. líka, að er ekki fyrir hendi. Hér er þess vegna um dulbúið ríkisframlag að ræða, millifærsluleið sem er afleiðing af því, að ríkisstj. hefur viðhaldið fölsku gengi íslensku krónunnar þetta ár.

Svo þegar menn benda á að gengið hafi verið ranglega skráð, þá fara hæstv. ráðherrar eins og köttur í kringum heitan graut. Hæstv. forsrh. segir: Við höfum ekkert með gengisskráninguna að gera, það er Seðlabankinn. — Þetta er alltaf viðkvæðið hjá honum. Eða þá ef menn benda á þessa röngu gengisskráningu, þá stökkva þeir upp — þá sjaldan þeir geta stokkið, núv. hæstv. ráðherrar — og segja: Þessi eða hinn er að heimta gengislækkun. — Hér er enginn að heimta gengislækkun. Gengisbreyting er afleiðing af verðbólgunni innanlands. Og það liggur ljóst fyrir, að verðbólgan er það mikil innanlands, hún bitnar svo mjög á útflutningsatvinnuvegunum að þeir hafa ekki fengið nógar tekjur fyrir sínar afurðir. Afleiðingin er sú, að vandamálið, verðbólgan, er geymt í fyrirtækjunum í landinu og auk þess stórfyrirtækjum ríkisins. Þar er vandinn geymdur. Hann er leystur með því að veita svona smáskammtalækningu eftir því sem við á hverju sinni.

Eigin fjármagn fyrirtækjanna í landinu er að brenna upp alls staðar, bæði í sjávarútvegi og iðnaði. Stórfyrirtæki ríkisins, sem eru í B-hluta fjárlaganna, eru rekin með halla og það eru mýmörg dæmi þess, að erlend lán eru tekin. Þau hafa aldrei verið tekin neitt í námunda við það sem gert hefur verið á þessu ári. Og þau eru ekki tekin til þess að byggja upp ábatasöm fyrirtæki, sem þjóðin sparar gjaldeyri á, heldur eru erlend lán nú tekin til þess að greiða halla tiltekinna fyrirtækja. Það er verið að éta upp það sem þessi fyrirtæki eiga fyrir. Og þetta tala menn um að séu einhver bjargráð sem þessi hæstv. ríkisstj. sé að finna.

Þetta er örugglega einhver versta og lélegasta ríkisstj. sem hefur setið á Íslandi, sennilega sú allélegasta sem hefur setið í nokkru vestrænu ríki. Það má kannske finna einhverja hliðstöðu í Suður-Ameríku. En svo óskammfeilin er þessi ríkisstj. að hún neitar því að það sé vandi í þjóðfélaginu. Hún heldur því alveg statt og stöðugt fram, að verðbólgan sé 40%, af því að þeir samþykktu það á gamlárskvöld í fyrra að verðbólgan yrði frá byrjun til loka árs 40%. Þeir, sem reikna út verðbólguna, mæla hana með ýmsum hætti. En það má líka fela verðbólguna inni í atvinnurekstrinum í auknum halla og inni í rekstri ríkisstofnana eins og gert hefur verið. Þetta vita allir menn. Og þessir menn eru ekki svo skyni skroppnir að þeir viti það ekki. En með þeirri aðferð tekst aldrei að vinna á vandanum, komast fyrir rætur meinsins. Fyrsta skilyrði þess er að segja þjóðinni satt. Og þá frómu ósk á ég til þessar ríkisstj., þó ég beri ekkert traust til hennar, að hún manni sig nú upp í að fara að segja þjóðinni satt. Þá fyrst er hægt að fara að leita og grafa fyrir meinsemdir

efnahagslífsins í landinu. En það er kannske ákaflega gróf ósk að fara fram á það við hæstv. ríkisstj. að hún segi þjóðinni satt. Ég sé ekki að þingræðið hefði beðið skaða af þó það hefði beðið einhvern tíma að mynda alvöruríkisstjórn, ekki þessa sem lifir í þykjustunni eins og börn í sandkassaleik.

Með þessari ráðstöfun á gengishagnaði er verið að fara inn á nýja braut hvað snertir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Í fyrsta lagi er eytt alveg úr þeirri deild Verðjöfnunarsjóðsins, sem tilheyrir loðnu og loðnuafurðum, með þeim hætti að það er allt greitt úr deildinni, því það hefur legið svo mikið á að greiða úr öllum sjóðum sem hefur verið safnað í og með þeim ágæta árangri að loðnan var yfirkeypt. Verksmiðjurnar höfðu það rúmar hendur að þær yfirkeyptu loðnuna í fyrra. Og nú þarf að taka lán sem ríkissjóður á að borga eftir tvö ár. Þá verður þessi ríkisstj. löngu dauð, þegar á að fara að borga lánið. Þetta er árangurinn af stjórnarstefnunni. Hann er allur með þessum hætti. Það er allt handarbakavinna, sem unnin er, þá sjaldan þeir setjast niður hérlendis og reyna eitthvað að krunka saman.

Svo er þverbrotinn tilgangur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins með þessu. Það er rétt, sem hæstv. viðskrh. sagði, að ríkissjóður hefur áður tekið ábyrgð. Það hefur áður verið gert. Og þess hefur verið krafist, þegar ríkissjóður veitti þá ábyrgð, að Verðjöfnunarsjóður greiddi aftur þá ábyrgð sem félli á ríkissjóð. Það er alveg rétt. Og það er líka rétt, að það var ekki upprunalegt hlutverk Verðjöfnunarsjóðs að ganga til slíkrar ábyrgðar, þar erum við allir sekir meira og minna. En þetta er í fyrsta skipti sem megintilgangur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er sniðgenginn með því að færa á milli deilda. Hér er um eignaupptöku að ræða.

Hver deild í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins á það fjármagn sem hefur verið tekið af afurðum hennar til þeirrar deildar á hverjum tíma. Það er ekki leyfilegt að færa það til á milli deilda. Það er komið í bakið á þeim sem hafa lagt þetta fjármagn til Verðjöfnunarsjóðsins. Það er þetta sem aldrei verður samkomulag um að afgreiða hér á hv. Alþingi. Það hafa oft verið erfiðleikar í þessum efnum, en aldrei verið gripið til þess ráðs að svíkja hlutverk Verðjöfnunarsjóðs með þeim hætti sem nú er gert. Ég fullyrði að Sjálfstfl. muni ekki standa að því, og ég lýsi furðu minni yfir því, að þeir menn, sem teljast til Sjálfstfl. og eru í ríkisstj., skuli leggja slíkt til. Sjálfstfl. stóð heill og óskiptur ásamt fleiri stjórnmálaflokkum að lagasetningunni um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þessir menn hafa aldrei gert nokkra athugasemd við þennan megintilgang laganna. Hæstv. forsrh. sat í ríkisstj. 1974—1978. Þá var oft þörf á því að geta fært á milli, t. d. frá saltfiskdeild yfir í frystideild. Það hvarflaði aldrei að mér sem sjútvrh. í 4 ár að fara fram á slíkt. Enginn ráðh. í þeirri ríkisstj. benti á það sem lausn á vandanum. Þar sátu fjórir sjálfstæðismenn og fjórir framsóknarmenn. Það er ekki fyrr en nú að þetta er orðin „patent"-lausn, að stela hreinlega því fjármagni sem hefur verið aflað heiðarlega til þessarar deildar með því að færa það í annan sjóð. Þetta er ekki fallegt. Þetta er ljótur verknaður sem menn eiga eftir að sjá eftir síðar að hafa staðið að að framkvæmda.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Bjarnason ræddi nokkuð almennt um stjórnmálin í sambandi við það mál, sem hér er til umr., og skammaði ríkisstj., eins og hann er vanur, og fann henni flest til foráttu. Það mætti nú segja ýmislegt um stjórnarandstöðuna. Hún hefur haft sitthvað að gera í sumar og haust annað en að standa í eðlilegum landsstjórnarmálum og stjórnarandstöðu á þeim vettvangi. En ég skal ekki fara nánar út í það hér. (Gripið fram í.) Ég get ítrekað það sem ég sagði í útvarpsumr., að það eru tvö atriði sem eru sérstök áhyggjuefni. Ég hef ekki farið leynt með það og hæstv. sjútvrh. ekki heldur. Það er annars vegar rekstrargrundvöllur atvinnuveganna og hins vegar vaxandi skuldasöfnun við útlönd. Það er því enginn nýr sannleikur sem hér kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni. Við höfum viðurkennt þetta og talið þetta vera vandamál sem þarf að snúast gegn og leysa.

Það hefur oft verið um það rætt, sérstaklega í málflutningi stjórnarandstæðinga, að opinber fyrirtæki væru illa á vegi stödd vegna of mikils aðhalds af hálfu ríkisstj. í verðlagsmálum. Hafa alveg sérstaklega verið tekin til fyrirtæki eins og t. d. Hitaveita Reykjavíkur og Landsvirkjun í því sambandi. Ég get ekki stillt mig um að minna á það, að hækkanir, sem hafa verið leyfðar á töxtum Hitaveitu Reykjavíkur á tveimur árum, þessu ári og seinsta ári, nema samtals 135%. Og hækkanir, sem hafa verið leyfðar á töxtum Landsvirkjunar, nema samtals 193% á þessum tveimur árum. Ég hef þess vegna ekki trú á því, að þessi fyrirtæki hafi verið að safna vanda á þessum tveimur árum. Hins vegar veit ég að þau söfnuðu vanda áður, það er kannske sá vandi sem við er að fást. En að t. d. Landsvirkjun, þegar menn eru að leggja áherslu á að standa gegn hækkun verðlags og verðbólgu, hækki taxta sína meira en um 193% samtals á tveimur árum, miðað við þá verðlagsþróun sem á sér stað í landinu, efast ég stórlega um að sé skynsamlegt. Hins vegar eru sum önnur opinber fyrirtæki í vanda, ég skal ekki andmæla því. En það er ekki alveg nýtt.

Hv. þm. gerði verðbólguna að umræðuefni. Það hefur farið fram lauslegur framreikningur á stöðunni í þeim málum. Þjóðhagsstofnun hefur gert slíkan framreikning og samkv. honum er gert ráð fyrir að verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði um 42% og verðbólgustigið í lok ársins milli 45 og 50%. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort þetta reynist rétt þegar upp er staðið, það leiðir auðvitað tíminn í ljós. En ég geri ráð fyrir að þeir menn, sem þetta unnu, hafi gert það eftir bestu samvisku. Hins vegar er rétt að taka það fram, að það er ekki auðvelt verk fyrir þessar stofnanir, sem standa í því að áætla t. d. verðbólguna, að gera það rétt, eins og þróunin hefur verið hjá okkur mörg undanfarin ár. Það er miklu auðveldara að gagnrýna þá eftir á vegna þess að spár þeirra hafi ekki staðist, vegna þess að það er ákaflega erfitt að spá um þetta.

En það, sem ég vildi aðallega minnast á í þessum orðum, er að það er sagt að farið sé inn á nýja braut með þessu frv. Ég er ekki sammála því, vegna þess að ég álít að þegar hv. þm. Matthías Bjarnason var sjútvrh. hafi hann einmitt tekið þátt í því — ég studdi það og margir fleiri þm. að sjálfsögðu og ráðh. á þeim tíma, — tekið þátt í því að gera upptækan gengismun og flytja sérstaklega yfir til frystideildar og mjöldeildar. Þetta var gert vorið 1978. Þá var stofnaður gengismunarreikningur vegna gengisbreytingarinnar sem gerð var í febr. 1978. Þá hafði Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins stofnað til skuldar við ríkissjóð, sem var þá að upphæð rúmar 173

millj. gkr. og skiptist þannig, að vegna freðfisks voru 83 millj. og vegna loðnumjöls um 90 millj. Um ráðstöfun gengishagnaðarins sagði m. a. í 5. mgr. 2. gr. laga nr. 2 frá 1978 orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Enn fremur skal endurgreiða ríkissjóði það sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð."

Við endanlegt uppgjör á umræddum gengishagnaði 10. nóv 1978 var skuld Verðjöfnunarsjóðs við ríkissjóð greidd auk vaxta að upphæð 53 millj. gkr. eða samtals rúmar 226 millj. gkr. Og eins og lögin kváðu á um var skuld þessi greidd af óskiptu. Það er ástæða til að undirstrika það. Allar gengismunarskyldar afurðir áttu að bera þetta í réttu hlutfalli við innstreymi gengismunarfjárins. Þess vegna er ég ekki sammála hv. þm. um að hér sé farið inn á nýja braut, heldur eru farnar svipaðar leiðir og stundum hefur verið gert áður þegar gerðar hafa verið skammtímaráðstafanir til að leysa vanda af þessu tagi.

Ég er sammála hv. þm. um að það á að reyna að forðast millifærslur eins og unnt er. En stundum getur verið óhjákvæmilegt að beita þeim í smáum stíl, eins og hér er gert og eins og gert var 1978. En aðalreglan álít ég að eigi að vera sú, að það eigi yfirleitt ekki að beita miklum millifærslum, vegna þess að það skapar ævinlega vissan vanda. Það leysir kannske í bili vanda, en þá venjulega þannig að menn skapa nýtt vandamál. En höfuðatriðið er þetta, að hér er ekki farið inn á nýjar brautir, heldur eru hér þræddar brautir sem hafa verið farnar áður, m. a. af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni þegar hann var sjútvrh.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það, sem kemur mér til að taka þátt í þessum umr., eru þau orð ráðh., að hér sé rætt um ráðstöfun gengishagnaðar. Ég skil ekki hvað ráðh. meinar með því, að hér sé um gengishagnað að ræða. Frv. þetta til l., sem er á þskj. 42,42. mál, fjallar um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslensku krónunnar hinn 26. ágúst 1981. Það, sem ég vil undirstrika — ég hef gert það áður úr þessum ræðustól, þá að sjálfsögðu ekki í sambandi við umr. um þetta sérstaka frv. — er að þeir, sem framleiða og flytja út afurðir sem eru undirstaða að velferð og velmegun þjóðarinnar, fá ekki greitt út á sama gengi og aðrir þeir sem fá greiðslu í erlendum gjaldeyri. Það er alveg sama hvaða þjónustugrein er tekin til samanburðar, hvort það eru innflytjendur sem fá greitt fyrir þjónustu sína, aðilar sem fá umboðslaun eða annað, allir þessir aðilar fá greitt út úr bönkunum á daggengi og ekkert dregið frá. En þegar kemur að undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar er dregið frá daggenginu og mismunurinn settur í þá sjóði sem Seðlabankinn gerir tillögu um, í þessu tilfelli Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þetta þýðir að sú prósenta, sem hér um getur og greinir frá eðlilegum greiðslum fyrir gjaldeyrisskil undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar, er ekki fyrir hendi þegar tilkostnaður allur hækkar. Það vantar a. m. k. það sem dregið er frá Verðjöfnunarsjóði til þess að reksturinn á undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar standi í stað, t. d. um orkukaup o. fl. Af hverju er þetta gert?

Ég vil vekja athygli á því að með þessum vinnubrögðum er Seðlabanki Íslands með samþykki ríkisstjórnar Íslands að skapa þörf fyrir nýja gengislækkun, vegna þess að það vantar upp á kostnaðarhliðina hjá fyrirtækjunum af þessum ástæðum. Og þetta er því furðulegra þegar þess er gætt, að við það að tilkostnaðurinn eykst, annaðhvort innlendis eða erlendis, þá skal ríkið alltaf halda sinni prósentuálagningu á allt saman og þar með auka tilkostnað við rekstur og fleira sem þar kemur inn í. Ég vil aðeins benda á þetta atriði. Ég tel að með þessum lögum og með þessum aðgerðum Seðlabankans komi fram slík hugsanavilla í rekstri á þjóðfélaginu að furðu sætir. Aðgerðirnar nær kalla á aðrar keðjuverkandi neikvæðar aðgerðir.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. fjallaði um það mál, sem hér liggur fyrir, og vildi svo halda því fram, að hér væri um hliðstæðar aðgerðir að ræða og gerðar hefðu verið t. d. 1978 og fyrr. Þetta er alger misskilningur hjá hæstv. ráðh. Ráðstöfun gengishagnaðar á þessum árum — því að gengi íslensku krónunnar hefur oft verið breytt vegna verðbólgunnar, — ráðstöfun gengishagnaðar var með allt öðrum hætti þá en nú, eins og hann veit mætavel.

Þá var tekin — og löngu áður — sú stefna í fyrsta lagi að bæta þeim, sem yrðu fyrir stórfelldum hækkunum vegna gengisbreytinga á hverjum tíma, t. d. eigendum þeirra fiskiskipa sem skulduðu í erlendum gjaldeyri, lán þeirra hækkuðu við gengisbreytingu þá eins og þau gera nú — þeir fengu hluta gengishagnaðarins til lækkunar á erlendum lánum þannig að þeir yrðu ekki fyrir jafnþungum búsifjum af völdum gengisbreytingar. Nú er þetta ekki gert. Sömuleiðis var sjómönnum ekki heldur gleymt á þeim árum. Þeir fengu ákveðin framlög til lífeyrissjóðs, orlofshúsa o. fl. Það var m. ö. o. viðurkennt þá, að þeir, sem höfðu aflað þessarar útflutningsvöru sem gengishagnaður var á, ættu að fá hlutdeild í þeim hagnaði. Um það mátti þá deila og má enn, hvort þessi skipting hafi verið réttmæt í alla staði. En þá var ekki farið að kalla það félagsmálapakka, þegar sjómenn fengu þetta í sinn hlut, heldur var þetta bara kallað því nafni sem því var ætlað í lögum. Og þetta fengu sjómenn, þetta fengu útgerðarmenn. Það var ekkert verið að mismuna mönnum í þessum efnum. Þetta gekk jafnt yfir öll erlend lán allra skipa og var reiknað út af Fiskveiðasjóði og enginn ágreiningur um.

Nú er alveg gengið fram hjá þessu. En það má líka bæta því við, að nú eru afurðalánin í erlendri mynt. Því er kannske ekki hægt að gagnrýna ráðstöfun þessa gengishagnaðar, að það sé ekkert tillit tekið til hækkunar á erlendum lánum vegna kaupa og smíði fiskiskipa eða til sjómanna. Því ætla ég að láta þá gagnrýni liggja á milli hluta. En væru þessi lán í innlendri mynt, þá mundi ég gagnrýna harðlega þessa heildarráðstöfun.

En þegar við lítum á Verðjöfnunarsjóðinn einan, þá er það hörmulegt sem þar hefur skeð og er auðvitað dæmigert hvernig ráðstafanir hafa verið gerðar, ekki eingöngu síðan þessi stjórn kom, heldur s. l. þrjú ár, varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það er hreinlega markvisst að því stefnt að gera þann sjóð gjaldþrota.

Á s. l. þremur árum hafa verið greiddar inn í sjóðinn aðeins 17.3 millj. kr. en út úr honum 239 millj. kr. Það þætti ekki góður bankarekstur það. Og þessi þróun á sér stað á sama tíma og verið hefur mjög hagstætt árferði og hagstætt verð á sölu fjölmargra sjávarafurða, m. a. saltfisks og skreiðar. Þrátt fyrir einhver hagstæðustu ytri skilyrði sem hafa verið til saltfisksverkunar og á salt-

fisksmörkuðum hefur saltfisksframleiðslan ekki verið látin borga neitt á þessu ári í Verðjöfnunarsjóð. Þetta er nú ráðslag í lagi. Ég sagði frá því í áðan og ætla ekki að endurtaka það, hvernig var farið með loðnuafurðirnar. Það var borgað út úr sjóðnum í fyrra.

Það er lítið gagn að því að hafa ríkisstjórnir sem stefna að því að mynda sjóði til þess að eyða þegar áföll verða, ef svo koma svona sandkassakrakkar til þess að stjórna og eyða öllu og sóa. Það er eins og það megi ekki vera nokkurs staðar króna til, svo að það sé ekki tekið og því sé eytt og sóað. Og svo hrökklast þeir frá og aðrir koma sem byrja að safna á nýjan leik og rétta við.

Þetta er sannleikur málsins, hæstv. viðskrh. Ég er ekki að kenna hæstv. viðskrh. um þetta einum, en óneitanlega á hann þó nokkra sök. Það er ekkert gaman að vera í slæmum félagsskap, jafnvel þó að það séu góðir drengir og bestu börn upprunalega sem lenda þar. Og þetta er sannleikur málsins.

Ég skal, hæstv. viðskrh., fjalla um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins við 2. umr. þessa máls. Ég skal sýna ríkisstj. fyllstu sanngirni í því sem eru vandræði sem hún fær kannske ekki að öllu leyti við ráðið. En við vitum að ástæðan fyrir vandræðum freðfiskdeildarinnar er röng gengisskráning. Það er ekki hægt með jafnmikilvæga atvinnugrein, mikilvægustu atvinnugrein landsmanna, frystinguna, að halda áfram á þessari sömu braut.

Við skulum ekki bera þetta saman við það sem gerðist fyrri hluta árs 1974, þegar varð verðfall á okkar mörkuðum í aðalviðskiptalandi okkar með freðfisk, Bandaríkjunum. Það verðfall hélt áfram út það ár allt, allt árið 1975 og fór ekki að rétta við fyrr en á fyrsta fjórðungi ársins 1976. Það var töluvert annað að standa þá frammi fyrir því að rétta við freðfiskdeildina. Því miður tókst okkur það aldrei á árunum 1974 — 1978. Þetta er höfuðástæðan fyrir því. En aðrar deildir Verðjöfnunarsjóðsins réttu úr kútnum á þessu tímabili vegna þess að þar var ólíkt hagstæðari rekstrarstaða. Allt þetta gerðist þrátt fyrir tíðar gengisbreytingar. Þá voru ekki gengisbreytingar eingöngu af völdum heimatilbúinnar verðbólgu, heldur einnig vegna verðlækkana og áhrifa í okkar viðskiptalöndum.

Við vitum það og þurfum ekkert að vera að pexa um það, að bölvaldur alls þess, sem er að gerast í okkar þjóðfélagi er, að hér er margfalt meiri verðbólga en í okkar viðskiptalöndum. Ef við höldum áfram á þeirri sömu braut er engin önnur lausn á þeim vanda, ef ekki er ráðist á verðbólguna, en að skrá gengi krónunnar rétt hverju sinni. Höfuðvandinn er að vinna bug á verðbólgunni þannig að hún verði ekki meiri hér en í okkar viðskiptalöndum. Þá verður okkar gjaldmiðill traustur, þegar við höfum náð því marki, en fyrr ekki. Við náum því marki ekki með því að reka höfuðið niður í sandinn og segja að þetta sé með allt öðrum hætti en það er. Það getur enginn læknir læknað meinsemd í nokkrum manni, ef hann segir sjálfum sér að viðkomandi sjúklingur sé ekkert lasinn, hann sé alheilbrigður, eins og núv. ríkisstj. segir í sambandi við hið sjúka íslenska efnahagslíf.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála eftir ræðu hv. síðasta ræðumanns, 1. þm. Vestf., að með þessu frv. er farið inn á nýjar brautir og í raun og veru verið að ganga af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins dauðum og ómerkum, svo fjarri hlutverki hans sem efnishlið þessa frv. er til þess fallin að gegna. Ég kveð mér því aðallega hljóðs til þess að vekja athygli á tveim atriðum í málflutningi hæstv. viðskrh. þegar hann var að bera blak af sér og hæstv. sjútvrh., að þeir gerðu sér þrátt fyrir allt grein fyrir því, að það væri ekki allt í lagi, þeir hefðu báðir látið í ljós áhyggjur út af rekstrargrundvelli atvinnuveganna og vaxandi erlendri skuldasöfnun. En þá kemur manni í hug það sem sagt hefur verið: Það góða sem ég vil, það geri ég ekki, en það illa sem ég vil ekki, það geri ég, vegna þess að þessi hæstv. ráðh. ásamt með hæstv ríkisstj. í heild hafa stefnt rekstrargrundvelli atvinnuveganna í voða. Hæstv. ríkisstj. hefur beinlínis staðið að erlendum lántökum í vaxandi mæli til lausnar aðsteðjandi vandamálum til að fleyta sér viku, mánuð eða misseri í senn fram á tímans leið án þess að horfast í augu við vandann í raun og veru.

Hvað veldur því, að atvinnuvegirnir berjast í bökkum og atvinnugreinar flestar eru reknar með tapi? Hvað er það annað en stefna ríkisstj. í gengismálum, í skattamálum, í verðbólgumálum og í verðlagsmálum? Ríkisstj. hefur ekkert aðhafst, sem í raun og veru hefur varanleg áhrif í baráttunni gegn verðbólgunni, enda sjáum við það nú þegar spáð er vaxandi verðbólgu.

Þessi vandamál atvinnuveganna eru m. a. leyst með því að benda atvinnufyrirtækjum á erlend lán. Og svo slær hæstv. viðskrh. sér á brjóst og segist vera á móti vaxandi erlendri skuldasöfnun. Hæstv. viðskrh. taldi það afskaplega vel af sér vikið hjá hæstv. ríkisstj. að hafa hækkað taxta Hitaveitu Reykjavíkur og Landsvirkjunar, Hitaveitunnar um 135% og Landsvirkjunar um 193%, s. l. tvö ár. Ég skal ekkert draga í efa að þær tölur sem hæstv. ráðh. vitnaði til, séu réttar. En ég vek athygli hans á því, að ef við gerum ráð fyrir 60% verðbólgu hvort árið, þá sé ég ekki betur en það þurfi 156% hækkun taxta eingöngu til þess að halda í við verðbólguna og kostnaðarhækkunina innanlands. Þessar taxtahækkanir eru afleiðing af verðbólgustefnu núv. ríkisstj. en ekki orsök.

Það verður að segjast eins og er, að það er auðvitað orsök verðbólgu þegar þessum fyrirtækjum er bent á að taka erlent lán og auka þannig þensluna innanlands í stað þess að fá hækkun á taxta sína. Það er verðbólgumyndandi og til lengdar auðvitað til þess fallið, að þjónustugjöld þessara fyrirtækja verða hærri en ella, þegar þeim er bent á að taka erlend lán, ekki eingöngu vegna framkvæmda heldur og vegna rekstrargjalda, eins og er í tilviki Landsvirkjunarinnar. En það er líka mála sannast, að með þjónustufyrirtæki eins og Hitaveitu Reykjavíkur, þar sem fjárfestingarþörfin er jöfn og mikil frá ári til árs án þess að stór stökk verði í tekjuöflun fyrirtækisins, þá er gersamlega þýðingarlaust að vísa slíkum fyrirtækjum á erlend lán, vegna þess að afborgunarbyrðin og vaxtabyrðin vex svo hröðum skrefum að gjaldgeta fyrirtækisins verður fljótt engin og þá þarf að hækka taxtana enn meir en verðbólgustigi nemur. En hæstv. ríkisstj. hugsar ekki lengra en næstu daga fram í tímann og ætlar sér að fleyta sér þannig fram yfir hjallana og skerin sem fyrir stafni eru.

Það er auðvitað alveg ljóst, einmitt vegna þess sem hæstv. viðskrh. sagði þar sem hann tilgreindi hækkanir á töxtum þessara fyrirtækja, að svokölluð niðurtalningarstefna Framsóknar hefur beðið algert skipbrot. Og þegar við erum að skilgreina orsök vaxandi erlendrar skuldasöfnunar, þá er hún ekki eingöngu fólgin í hallarekstri atvinnufyrirtækja. Hún er ekki eingöngu fólgin í erlendum lántökum opinberra fyrirtækja bæja og ríkis,

eins og Landsvirkjunar og Hitaveitu Reykjavíkur, heldur er hún líka fólgin í vaxandi erlendri skuldasöfnun og lántökum ríkissjóðs sjálfs eða fyrirtækja sem beint eru rekin á vegum ríkisins. Það er alkunna og hefur oft verið á það bent, hvernig núv. hæstv. ríkissj. stendur að gerð fjárlaga og lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar. Það er þannig að þeim málum staðið, að sífellt er fleiri og fleiri útgjaldaliðum vikið út af fjárlögum og tekin lán til þess að standa undir fjárfestingu og jafnvel rekstrarkostnaði. Það er alkunna að mörkuðum tekjustofnum er, í stað þess að verja þeim til þeirra þarfa sem þeir eru ætlaðir til, varið til almennra rekstrarútgjalda. Allt þetta leiðir af sér vaxandi erlenda skuldasöfnun. Svo kemur hæstv. viðskrh. og segist hafa áhyggjur af vaxandi erlendri skuldasöfnun.

Ég vildi, herra forseti, vekja athygli á glámskyggni hæstv. viðskrh. og hinni uggvænlegu stefnu núv. ríkissj. sem felst í því að veikja atvinnugrundvöll landsmanna og gera landsmenn almennt háða erlendum lántökum í mesta góðæri sem við Íslendingar höfum í raun notið.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þessi umr. hefur breyst nokkuð eins og oft vill verða og ekkert er í sjálfu sér óeðlilegt. Ég vil fara nokkrum orðum um erlendu lánin í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Reykv. og gera grein fyrir því, hvers vegna erlend lán hafa vaxið á undanförnum árum. Það er ekkert nýtt að þau hafi vaxið, en þau hafa vaxið meira núna en áður um sinn og eru ýmsar ástæður sem valda því fyrst og fremst.

Ég vil nefna eina ástæðu sem er okkur gersamlega óviðráðanleg. Það er hækkun vaxta á erlendum lánamörkuðum. Vextir hækkuðu upp undir 20%, þegar þeir voru hæstir í Bandaríkjunum, en geysimikið af okkar erlendu lánum er í dollurum eins og kunnugt er. Þetta hefur valdið því, að greiðslubyrði okkar vegna erlendra lána hefur auðvitað farið verulega vaxandi og það hefur áhrif á okkar stöðu.

Í öðru lagi er þess að geta, að lögð hefur verið mikil áhersla á framkvæmdir í orkumálum og menn hafa að sjálfsögðu stofnað til innlendra skulda vitandi vits vegna þeirra framkvæmda. Það hefur orðið mikill árangur, sem kemur þó til með að skila sér enn þá betur þegar til lengri tíma er litið, eins og t. d. í sambandi við upphitun húsa. Þegar upphitunarstyrkur var tekinn upp fyrst vegna olíuhitunar 1974 voru styrkir samtals 95 þús. Nú eru þeir komnir niður í 25 þús. og verða eftir örskamman tíma komnir niður fyrir 20 þús. Þetta stafar af því, að það hefur verið hraðað gífurlega mikið framkvæmdum m. a. í uppbyggingu og stækkun á hitaveitum. Auðvitað hefur þetta kostað gífurlega mikið fé og það hefur auðvitað aukið á erlendar skuldir í stórum stíl. Þetta hafa menn gert með opin augun. Menn hafa talið skynsamlegt, enda þótt erlendar skuldir ykjust um sinn vegna þessara stórframkvæmda, að ráðast í þær með tilliti til þess, að það mundi skila sér þegar til lengri tíma er litið.

Við höfum lent í erfiðleikum sem hafa haft áhrif á stöðu okkar í gjaldeyrismálum og erlendri skuldastöðu, þar sem eru okkar stórkostlegu erfiðleikar í samgöngumálum við útlönd, hallarekstur inn í sambandi við samgöngur við útlönd, sem er gífurlegur eins og kunnugt er. Það hefur þurft að grípa til alveg sérstakra ráðstafana til að bjarga þar við málum og sjá menn þó ekki fram úr því enn þá, hvort því verði bjargað til fulls, en við skulum vona það.

Það kostar náttúrlega mikið fé að halda uppi framkvæmdum og greiða stofnkostnað af Kröflufram-kvæmdum. Það kostar mikið fé. Fyrst var þetta greitt úr ríkissjóði, t. d. árið 1979 voru greiddir beint úr ríkissjóði, að því er mig minnir, 2 milljarðar gkr. til þess að greiða fjármagnskostnað við Kröflu. Frá þeim tíma hefur þetta verið tekið að láni vegna þess að virkjunin hefur ekki skilað arði. Þetta eru orðnar býsna miklar fjárhæðir og þetta hefur áhrif í þessum málum einnig. Síðan eru framlög til framkvæmda eins og t. d. til Járnblendiverksmiðjunnar, sem hafa verið veruleg. Ég nefni þetta af handahófi án þess að fara að gera allsherjar úttekt á þessum málum. Það eru margar ástæður fyrir þessu sem eru fullkomlega réttlætanlegar, og verður ekki hægt að gagnrýna ríkisstj. fyrir það.

Varðandi erlend eyðslulán, þá hefur nú ekki verið mikið um þau svo að mér sé kunnugt um. Eitthvað hefur það stundum verið áður, en ekki mikið. Langsamlega mest hefur farið til orkuframkvæmda, til framlaga ríkisins til þess að greiða fjármagnskostnað við Kröflu, til þess að greiða hækkaða vexti, og síðan hafa komið til erfiðleikar í fluginu við útlönd, svo að dæmi séu nefnd.

Viðskiptajöfnuðurinn hjá okkur stendur mjög sómasamlega, vil ég segja. Hann var neikvæður í fyrra um líklega 2.4% af þjóðartekjum, en ég held að óhætt sé að fullyrða að hann verði hagstæðari á þessu ári en hann var í fyrra. Ég skal engu spá um það, hver hann verður endanlega, það kemur í ljós við áramót. En ég held að það séu allar horfur á að hann batni miðað við fyrra ár, ef miðað er við birgðastöðu, og það er miklu betri staða en hægt er að segja um mörg okkar nágranna- og viðskiptalönd sem eiga í miklum erfiðleikum vegna stórkostlegs halla á viðskiptum við útlönd.

Ég vil hins vegar ekki á neinn hátt draga úr því, að það er vandi í efnahagsmálum. Það er mikill vandi í efnahagsmálum hjá þjóð sem býr við 40—50% verðbólgu. Það er engin spurning og ég skal ekki draga neitt úr því að neinu leyti. Og sá vandi fer vaxandi eftir því sem verðbólgan verður lengur svona mikil, m. a. vegna þess að þjóðin sparar ekki nægilega mikið í svona mikilli verðbólgu og það hefur þau áhrif, að menn verða að leita út fyrir landssteinana til þess að taka erlend lán í bráðnauðsynlegar framkvæmdir í stað þess að nota innlendan sparnað. Ég skal ekkert draga úr þeim erfiðleikum. Það er engin ástæða til þess og væri rangt, vegna þess að auðvitað verður þjóðin að vita um og gera sér grein fyrir þeim erfiðleikum sem hún stendur í og fram undan eru til þess að menn taki þátt í því að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leysa þann vanda.

Varðandi þetta sérstaka mál, sem hér er um að ræða, erum við algjörlega ósammála. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé verið að fara svipaða leið og farin var af ríkisstj. hv. 1. þm. Reykv. vorið 1978. Þá var gengishagnaður eða gengismunur gerður upptækur með lögum. Það höfðu stofnast skuldir í freðfiskdeild og loðnudeild Verðjöfnunarsjóðs og gengishagnaðinum var ráðstafað að óskiptu til að greiða upp þessar skuldir. Það var um að ræða tilfærslu frá öðrum greinum til freðfisksins og loðnuvinnslunnar á þeim tíma. Hér er að mínu mati um að ræða mjög hliðstæða stefnu og þá var gripið til. Í báðum tilfellum var um að ræða skammtímaráðstafanir. Það má sjálfsagt deila um það, hvort skynsamlegt sé að leysa mál með þessum hætti um sinn. Menn hafa gripið til þess, en ég get ekki fallist á að hér sé um að ræða nýlundu í

þessum efnum, heldur fari menn hér troðnar slóðir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er sérstakt gleðiefni, þó að ekki séu nema tveir hæstv. ráðh. hér við umr., að það er þó einn af hæstv ráðh. Alþb. mættur hér. Eru það sjaldséðir gestir á þessum stað.

Hæstv. viðskrh. taldi sig þurfa að gera það að sérstöku umræðuefni, að hann ásamt hæstv. sjútvrh. gerðu sér fullkomlega grein fyrir að ekki væri allt í lagi í þjóðfélaginu, gerðu sér fullkomlega grein fyrir því, að um rekstrarvanda atvinnuveganna væri að ræða og sérstaka og aukna skuldasöfnun við útlönd. Þetta hljóta menn að verða að skilja sem svo, að hinir átta hæstv. ráðh., sem í ríkisstj. eru, geri sér ekki grein fyrir þessu. Ella væri ekki ástæða til þess fyrir hæstv. viðskrh. að taka sérstaklega fram að hann og hæstv. sjútvrh. gerðu sér fullkomlega grein fyrir þessu. En hvort sem þessir hæstv. tveir ráðh. hafa gert sér grein fyrir þessu eða ekki, þá hafa þeir þó látið draga sig með í því stjórnarfari sem staðið hefur verið að undir forustu núv. hæstv. ríkisstj. Við vitum að það eru til ráðh. í hæstv. ríkisstj. sem telja að ekkert sé að og halda því fram, þ. á m. hæstv. félmrh. sem hér situr inni. Það væri annars gott að fá að heyra frá hæstv. félmrh. hvernig hann telur ástand atvinnuveganna í landinu vera. Það er sérstök ástæða til að vekja athygli á þessu og þá spurningunni um það, hvort hér sé fyrirboði þess, að einhver brestur sé að koma í stjórnarsamstarfið, hvort hæstv. ráðh. Framsfl. séu orðnir eitthvað órólegir í því samstarfi, hvort hæstv. viðskrh. sé hér að boða einhver stórtíðindi í sambandi við stjórnarfar í landinu. Ekki kæmi mér á óvart þó að óróleika væri farið að gæta hjá sumum hverjum hæstv. ráðh. í þessari ríkisstj. Ég tek ummæli hæstv. viðskrh., sem hann viðhafði hér áðan í þeim dúr sem hér hefur verið lýst, sem merki þess að menn séu ekki alls kostar ánægðir í samstarfinu.

Það frv., sem hér er um að ræða, er enn ein bráðabirgðaráðstöfunin sem verið er að gera. Og það er augljóst mál, að það virðist vera stefna núv. hæstv. ríkisstj. að lifa á þeim sjóðum sem til eru í landinu meðan hægt er að lifa á þeim. Spurningin er hversu lengi er hægt að lifa á þeim sjóðum sem búið er að safna upp á undangengnum árum, hversu lengi er hægt að lifa á þeim án þess að allt bresti.

Hæstv. viðskrh. og hv. þm. Matthías Bjarnason virðist greina á um það, hvort hér sé verið að fara inn á nýjar leiðir að því er varðar Verðjöfnunarsjóðinn. Ég ætla ekki að blanda mér í þær deilur þeirra. Það varðar mig engu hvort þetta hefur verið gert áður eða ekki, ef hér er um ranga aðgerð að ræða, og það tel ég vera. Hér er beinlínis gengið þvert á það sem verið hefur eðli og tilgangur Verðjöfnunarsjóðsins til þessa. Og þá skiptir engu hvort hv. þm. Matthías Bjarnason sem ráðh. eða einhver annar hefur gert slíkt áður. Sé það rangt, þá á ekki að gera það. Það er því haldlítil rök hjá hæstv. viðskrh. að einhver annar hafi gert þetta áður.

Þetta frv. skiptist í meginatriðum í tvo liði. Það er annars vegar um tilfærslu innan Verðjöfnunarsjóðs, sem ekki á að gera, og í öðru lagi um lántöku — og það er þó sérkafli í málinu — lántöku til hækkunar fiskverðs, ávísun á framtíðina til skattborgaranna.

Það mun vera rétt að áður hefur það gerst að ríkissjóður ábyrgðist slíkar lántökur, en ekki í þeim tilfellum að fyrirsjáanlegt hafi verið að Verðjöfnunarsjóður mundi ekki greiða lánið. Það er yfirlýst af aðilum og ljóst að þessi lántaka kemur til með að verða greidd af ríkissjóði algjörlega, og það er nýtt í málinu. Það má segja að hér sé verið að ávísa á fiskverð í framtíðinni, því að auðvitað hlýtur það að þýða skerðingu á tekjum sjómanna, þó að það sé greitt í skattaformi með öðru en því að fiskverðið lækki. Þetta er enn ein sönnun þess, að hæstv. ríkisstj. stjórnar með bráðabirgðaráðstöfunum frá degi til dags, situr meðan sætt er og ætlar sér greinilega að halda því áfram og lifa á og tæma alla þá sjóði sem til eru og ætlast til þess að það dugi út kjörtímabilið. (**Gripið fram í:** Það voru engir sjóðir.) Það voru greinilega til sjóðir því að hæstv. viðskrh. meðal annarra ráðh. hefur gengið í þá sjóði.

Það er augljóst mál og meira en það, að það er svo um hnúta búið og haldið um stjórnvölinn af hæstv. ríkisstj., að það er engu líkara en hún stefni að því að gera upptækar eignir borgaranna í þeim sjóðum sem þeir hafa lagt til. Það verður ekki annað séð á þeim fyrirætlunum sem nú eru uppi t. d. varðandi lífeyrissjóðina. Þar er það ríkissjóður sem gengur á undan og hirðir alla þá fjármuni, sem þar eru til ráðstöfunar, í skuldabréfakaupum áður en hinir atvinnuvegasjóðirnir, eins og Framkvæmdasjóður, koma þar til greina. Krumla ríkisvaldsins í skattheimtunni seilist í allar hugsanlegar áttir og enginn verður þar undanskilinn. (**Viðskrh.:** Það eru borgaðir vextir.) Borgaðir vextir, já. Er það ekki líka til atvinnuvegasjóðanna? Var ekki meiningin að það væru borgaðir vextir þar líka? (**Viðskrh.:** Þeir eru á sérsamningum.) Ekki aldeilis. Það liggja fyrir skýrslur um það, hæstv. ráðh., að það er ríkissjóður sem hefur tileinkað sér viðskipti og krafist viðskipta við þá lífeyrissjóði sem best eru staðir og mest fjármagn hafa, en skilið síðan atvinnuvegasjóðina eftir og ætlar þeim að skipta við hina litlu og vanmegnugu sjóði sem ekki geta, þótt þeir vildu, staðið við það sem um hefur verið rætt. Þetta ætti hæstv. viðskrh. að vera ljóst.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu fleiri orðum um þetta. En mér þótti rétt að koma inn á þessi atriði vegna sérstaks tilefnis sem hæstv. viðskrh. gaf, fyrst það hvort nýrra tíðinda væri að vænta á stjórnarheimilinu, sem hann gaf fyllilega tilefni til að ætla að væri, og svo hins, að hér er farið inn á nýjar brautir að minnsta kosti að því leyti, að verið er að taka lán sem ríkissjóður á að greiða í framtíðinni, en það hefur ekki verið gert áður.

Ég tel að um þetta verði frekar fjallað, þegar málið hefur fengið athugun í nefnd, og þá gefist kannske tækifæri til að ræða frekar um það sem hér er verið að fjalla um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 158). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99, n. 149 og 156, 157). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum hefur verið tekið fyrir og rætt í fjh.- og viðskn. á undanförnum fundum nefndarinnar. Við undirritaðir nefndarmenn, meiri hl. fjh.- og viðskn. alveg óvefengjanlegur, en auk mín eru það Sighvatur Björgvinsson, Matthías Á. Mathiesen og Albert Guðmundsson, teljum að þetta tímabundna vörugjald hafi aðeins átt að standa mjög takmarkaðan tíma eins og heiti laganna ber vott um. Fyrirheit voru gefin um að afnema þetta gjald í áföngum. Á s. l. ári var það aftur hækkað verulega og þar með var gengið þvert á yfirlýsta stefnu um að draga úr þessu. Nú er lagt til af minni hl. eða stjórnarliðinu að þetta gjald verði framlengt allt árið 1982. Þessu erum við *mótfallnir* sem stöndum að áliti meiri hl. nefndarinnar. Við leggjum því til að frv. verði fellt. Við höfum áður lýst því yfir að við höfum talið að þetta hefði átt að fella niður í áföngum. En ekkert hefur orðið úr því.

Í athugasemdum með fjárlagafrv., sem bráðum kemur til afgreiðslu, gerir stjórnarliðið ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili ríkissjóði tekjum er nemi 519 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að tekjur af þessu sérstaka vörugjaldi muni nema 368 millj. kr., og í endurskoðaðri tekjuáætlun er gert ráð fyrir að þær verði tæplega 383 millj. kr. Öll slík gjöld eru verðbólguhvetjandi, og til þess að standa nú með ríkisstj. í baráttunni við verðbólguna leggjum við til að allar slíkar verðbólguhvetjandi ráðstafanir verði niður felldar. Því leggjum við eindregið til að frv. verði fellt. Ég veit að undir þetta taka margir stjórnarliðar sem frá morgni til kvölds og jafnvel næturnar líka eru að berjast við verðbólguna.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Það er orðið alllangt síðan þetta tímabundna vörugjald var upp tekið. Ég man ekki nákvæmlega hvenær það var, en ég hygg að hv. frsm. meiri hl. hafi verið ráðh. í þeirri ríkisstj. sem stóð að því og ég stuðningsmaður þeirrar ríkisstj. Nú háttar svo til að hæstv. ráðh. hefur gerst talsmaður meirihlutaálits hér á Alþingi um að fella það niður. Harma ég þau sinnaskipti. En ég vil aðeins ítreka það, að minni hl. nendarinnar, ég ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni og hv. þm. Ingólfi Guðnasyni, leggur eindregið til að málið verði samþykkt, og við erum þess fullvissir, að meiri hl. deildarinnar er okkur sammála í þeim efnum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér á þskj. 157 litla brtt. við frv. um sérstakt tímabundið vörugjald, sem efnislega felur það í sér, að fellt verði niður 30% vörugjald á hljómplötum. Ástæðan fyrir þessu er sú, svo ég fari nokkrum almennum orðum um þessa till. fyrst, að hljómplötur eru einhver mikilvægasti menningarmiðill sem við nú höfum yfir að ráða. Ný tækni til upptöku og afspilunar hefur gert tónlist að almenningseign. Fólk getur nú hlýtt á alla tegund tónlistar í stofunni heima hjá sér og slík tæki eru nú til á flestum heimilum. Þetta er einnig mikilvæg tómstundaiðja ungs fólks sem ég held að sé bæði holl og góð.

Tollur á hljómplötum er 75%, en 30% vörugjald hefur verið á þessum varningi frá því í sept. 1978 þegar vörugjaldið var tekið upp. Það er staðreynd, sem innflutningsskýrslur sýna, að eftir að vörugjaldið var sett á dró mjög úr hljómplötusölu. Sú þróun hefur verið niður á við allan tímann síðan. Svo ég upplýsi hvernig þessar tölur eru, þá voru árið 1977 flutt inn 76.6 tonn. Árið 1978, en þá byrjaði vörugjaldið og hafði áhrif síðasta ársfjórðung þess árs, var innflutningurinn 71.6 tonn. Árið 1979, fyrsta heila árið eftir að vörugjaldið komst á, var hann 58.6 tonn, og 1980 var það enn niður á við, 48.5 tonn.

Hér hefur orðið um 37% samdráttur í innflutningi á hljómplötum. Í einingum mælt, þ. e. ef reynt er að færa þetta yfir á venjulegar hljómplötur, þá hefur innflutningur minnkað úr 410 þús. hljómplötum 1977 niður í 260 þús. hljómplötur á árinu 1980. Svipaða sögu er að segja um íslenskar hljómplötur. Þó hefur vörugjald af *hljómplötum með íslensku efni verið fellt niður, en engu* að síður hefur sala þeirra minnkað á þessu tímabili. Aðalástæðan er auðvitað sú, að þessi vörutegund sætir óhóflegri skattheimtu. Almenningur hefur ekki lengur efni á að kaupa þessa vöru hér á landi, enda er verð á hljómplötum nú tvöfalt til þrefalt miðað við verð á þessum vörum í nágrannalöndum okkar og þeim löndum sem íslenskir ferðamenn helst sækja heim. Ég held að það sé alveg ljóst, það ber öllum saman um, að sá varningur, sem íslenskir ferðamenn kaupa hvað helst — og þá á ég við venjulegar fjölskyldur á ferðalögum erlendis — eru hljómplötur. Sala á þessum varningi hefur því flust úr landi að miklu leyti.

En sagan er ekki öll sögð með þessu, því að um síðustu áramót tók hér til starfa sérstakt fyrirtæki sem pressar hljómplötur. Þetta fyrirtæki er þjónustuaðili fyrir íslenska hljómplötuútgefendur og umboðsmenn erlendra hljómplötufyrirtækja. Í febrúar á þessu ári var byrjað að pressa hér á landi hljómplötur með erlendu efni. Hafa síðan verið pressaðir allmargir titlar sem hafa nú þegar umtalsverðan hluta af markaðnum. Þetta var m. a. vörn þeirra, sem í greininni starfa, gegn þessari miklu skattheimtu. En nú hefur brugðið svo við, að í októbermánuði s. l. ákvað fjmrn. að 30% vörugjaldið skyldi jafnframt vera á plötum sem framleiddar væru hér á landi, ef þær væru með erlendu efni. Þetta var því skammgóður vermir. Lögin eru nú túlkuð á þann veg, að 30% vörugjald er einungis fellt niður á plötum sem framleiddar eru hér á landi og eru með íslensku efni.

Ég er alveg sannfærður um það, að ef þessi till. yrði samþykkt mundi sala á hljómplötum að nýju aukast hér á landi. Þessi verslun mundi flytjast inn í landið að nýju og tolltekjur ríkissjóðs vegna þessa varnings mundu vega upp á móti þeim tekjum sem töpuðust vegna afnáms vörugjaldsins.

Þetta er ekki mikið mál, hvorki fyrir ríkissjóð né hv. Alþingi. Hins vegar er þetta töluvert mikið mál fyrir stóran hóp fólks. Sannleikurinn er sá, að hljómplötur eru orðnar nokkuð stöðug neysluvara mjög margra fjölskyldna hér á landi og því skiptir þetta ótrúlega stóran hóp manna miklu máli.

Ég vænti þess, að hv. deild treysti sér til að samþykkja þessa litlu brtt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 20. fundur.

Fimmtudaginn 10. des., kl. 2 miðdegis.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103, n. 150). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forsteti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja og hefur skilað nál. á þskj. 150. Hér er um það að ræða að heimila þessum lánasjóði að lána til allt að 25 ára. Sú eina breyting, sem hér er gert ráð fyrir, er að lengja þessa heimild úr 12 árum í 25 ár.

Fjh.- og viðskn. leggur einróma til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104, n. 151). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur einnig fjallað um frv. um Stofnlánadeild samvinnufélaga, sem er sama eðlis, og skilar nál. á þskj. 151. Nefndin leggur eindregið til, með sömu rökum og áður greindi, að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99, n. 149 og 150, 157). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 157 felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓ, VG, AG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SvH.

nei: SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA.

3 þm. (ÁG, BGr, PP) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér er um að ræða brtt. sem kom fram eftir að nefnd lauk störfum, og má segja að það hafi einnig gerst á s. l. ári. Sérstakt tímabundið vörugjald hefur verið til athugunar hjá fjmrn. og er enn, — ekki aðeins varðandi breytingar á gjaldi á þennan vöruflokk, heldur kemur inn í þá athugun hvort ekki sé rétt að breyta vörugjaldi á öðrum vörutegundum. Það er ekki fengin niðurstaða í því máli. Ég vildi aðeins nefna það hér, en vegna þess, sem ég áður hef sagt, og af þessum orsökum segi ég nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það má vera að stuðningsmönnum þessarar ríkisstj. þyki gott að sofa á þessu máli enn um hríð í nefnd, en fyrir því að hafa tollskrárnúmer á hljómplötum eru hvorki fjárhagsleg rök né menningarleg og fyrir því segi ég já.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu hreinn fyrirsláttur þegar menn bera fyrir sig að geta ekki tekið ákveðna afstöðu til tillagna sem hér eru fluttar í einu og öllu samkv. þingsköpum, og ættu þm. að kynna sér þær áður en þau orð eru viðhöfð þegar afstaða er tekin til mála í atkvgr. Afstaða mín er ekki bundin af mennta- eða listahroka. Ég styð þetta mál, sem hefur verið hér til umr. nokkuð lengi, og segi já.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það má til sanns vegar færa að gjöld á innfluttar hljómplötur, vörugjöld og tollar, séu óeðlilega há. Þetta sjónarmið hefur m. a. komið fram í mínum flokki og á þar miklu fylgi að fagna. En það má vissulega benda á, að heildarinnflutningsgjöld á mörgum vörutegundum eru allt of há. T. d. má nefna algeng heimilistæki og búsáhöld og margt fleira sem ekki getur talist til sérstakra lúxusvara. Ég held að óhjákvæmilegt sé að stefna að því, að þessi háu gjöld verði lækkuð, en hitt er augljóst, að þarna er um verulega fjármuni að ræða og verður ekki auðvelt að leggja þessi gjöld niður öðruvísi en til þess sé hugsað að afla annarra tekna í staðinn eða að lækka útgjöld ríkisins með öðrum hætti. Það er auðvitað algert ábyrgðarleysi að koma með till. um stórfellda lækkun á ríkisútgjöldum án þess að einhver grein sé gerð fyrir því, hvernig á að afla tekna í staðinn eða hvað á að skera niður í staðinn.

Ég tek undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, að þessi mál hafa verið til athugunar. Það er sérstök nefnd að vinna að jöfnun á innflutningsgjöldum, og ég vænti þess, að árangur verði að því starfi innan tíðar. En meðan niðurstaða liggur ekki fyrir af þeirra athugun er algerlega ótímabært að taka þennan sérstaka vöruflokk út úr án þess að aflað sé þá annarra tekna á móti eða einhver frekari grein gerð fyrir hvernig á að fylla það skarð sem þarna myndast. Því segi ég nei.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég lýsi aðdáun minni á þeirri endurhæfingu sem hæstv. ráðh. hefur orðið aðnjótandi í fjmrn. í sambandi við afstöðu til fjármála og efnahagsmála almennt. Engu að síður held ég að þetta litla mál skipti ekki ríkissjóð sköpum og segi því já.

1. gr. samþ. með 20:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PJ, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ.

nei: HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SÓ, VG, AG, BÍG, FrS, GeirH, SvH.

3 þm. (PP, ÁG, BGr) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég hef frá upphafi verið andvígur vörugjaldi og tel það mjög óréttlátt. Í ljósi þeirrar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. áðan, að vörugjald á hinum ýmsu vörutegundum sé allt of hátt og þurfi að lækka og afnema, segi ég nei.

2. gr. samþ. með 19:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Neðri deild, 21. fundur.

Fimmtudaginn 10. des., að loknum 20. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:6 atkv. og afgr. til Ed.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.
Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 33. fundur.

Fimmtudaginn 10. des., að loknum fundum í Nd.

Kolbeinsey, þáltill. (þskj. 163). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefnumörkun í landbúnaði, þáltill. (þskj. 32). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjúkraflutningar, þáltill. (þskj. 40). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skattafrádráttur, þáltill. (þskj. 47). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Verðlagning á orku, þáltill. (þskj. 115). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Starfslaun íþróttamanna, þáltill. (þskj. 123). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Orkubú Suðurnesja, þáltill. (þskj. 125). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, þáltill. (þskj. 9). — Ein umr.

Flm (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 9 leyft mér ásamt þremur öðrum hv. þm. að flytja till. til þál. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni."

Þessi till. var flutt á síðasta þingi, en svo seint þingsins að hún náði því ekki að koma hér til umr. Því er hún nú endurflutt.

Ísland hefur tekið þátt í störfum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, frá því að sú stofnun var sett á laggirnar árið 1960. Undanfari þeirrar stofnunar var Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, OEEC, en Ísland tók einnig þátt í starfi þeirrar stofnunar frá upphafi hennar eða frá árinu 1948.

Árið 1974 var komið á fót sjálfstæðri stofnun innan

vébanda OECD, Alþjóðaorkustofnuninni, IEA (International Energy Agency). Þessi stofnun var sett á laggirnar með ákvörðun ráðs OECD. Fulltrúi Íslands í ráði OECD greiddi atkv. með þeirri ákvörðun.

Á árunum næst þar á undan hafði athygli ríkjanna innan OECD í mjög vaxandi mæli beinst að hinu ótrygga ástandi í olíuviðskiptum í veröldinni. Árið 1971 var í OECD-ráðinu samþykkt tillaga þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem allra fyrst því marki að eiga hvert um sig a. m. k. 90 daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkv. með þeirri tillögu. Árið 1972 samþykkti ráð OECD ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartímum á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi einnig atkv. með þeirri ákvörðun.

En þegar á reyndi kom í ljós að þetta viðbúnaðarkerfi, sem OECD-ríkin höfðu komið sér upp, dugði ekki vegna þess að það brást að mjög verulegu leyti í olíukreppunni á árunum 1973 og 1974. Sú staðreynd leiddi hins vegar til þess, að þá var ákveðið að koma þessu samstarfi ríkjanna á traustari grunn en áður hafði verið. Það var gert með því að koma á fót Alþjóðaorkustofnuninni. Aðilar að henni eru öll aðildarríki OECD nema þrjú. Þessi þrjú eru Frakkland, Ísland og Finnland. 21 aðildarríki af 24 taka sem sé þátt í þessu orkusamstarfi. Vert er að leggja áherslu á að á meðal ríkjanna, sem taka virkan þátt í þessu samstarfi, eru Noregur, Svíþjóð og Danmörk.

Grundvöllur Alþjóðaorkustofnunarinnar er Samningur um alþjóðaorkuáætlun sem greinist í 10 meginþætti. Hinn fyrsti fjallar um neyðarbirgðir olíu, annar um takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum, sá þriðji um úthlutun á olíu á neyðartímum, fjórði um framkvæmd neyðarráðstafana, fimmti um upplýsingamiðlun um alþjóðaolíumarkaðinn, sjötti um aðstöðu til samráðs við olíufélög, sjöundi um langtímasamstarf í orkumálum, áttundi um tengsl við olíuframleiðslu- og notkunarlönd, í hinum níunda eru ákvæði um stjórnun og almenn atriði, en í tíunda kafla eru lokaákvæði. Viðauki er um neyðarbirgðir olíu.

Samkv. I. kafla samningsins skulu aðildarríkin eiga a. m. k. 90 daga neyðarbirgðir af olíu. Ég vek athygli hv. þm. á því, að í grg. með þessari till. hefur slæðst inn villa. Þar á að standa: Miðað við það, sem var árið 1979, hefur Ísland 54 daga birgðir af olíu, en ekki, eins og er prentað hér, að Ísland skorti 54 daga birgðir. — Ísland hafði 54 daga birgðir er þetta var kannað á árinu 1979.

Áreiðanlega er enginn ágreiningur um það hér á landi, að nauðsyn sé að efla og auka olíubirgðir í landinu, og auðvitað fylgir því nokkur kostnaður. Hins vegar fæst með því nauðsynlegt öryggi, — öryggi sem okkur er brýnt að skapa ekki aðeins fyrir atvinnulíf í þessu landi, heldur og fyrir mannlíf. Að mati flm. þessarar tillögu verður því markmiði að tryggja hér nægar olíubirgðir best náð með því, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni og taki þátt í þessu alþjóðlega samstarfi.

Í lok októbermánaðar 1979 ákvað íslenska ríkisstjórnin að efna til könnunarviðræðna við Alþjóðaorkustofnunina um hugsanlega aðild Íslands. Í jan. 1980 var skipuð nefnd til að kanna náið málefni þessarar stofnunar. Sú nefnd hefur skilað ítarlegri skýrslu (Skýrsla nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar) og var sú skýrsla birt í júní 1980 og var í fyrstu trúnaðarmál, en er það nú ekki lengur. Í niðurstöðukafla þeirrar skýrslu segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Ef af aðild Íslands verður má búast við að það jafngildi hálfu viðbótarstarfi við sendiráð Íslands í París og vissri starfsaukningu í viðskrn., iðnrn. og undirstofnunum þess svo og hjá olíufélögum, m. a. vegna upplýsingaskyldu um olíumál og orkumál almennt. Þessu fylgir viss kostnaður. Ef Ísland kýs að taka þátt í einstökum rannsóknarverkefnum geta fylgt því talsverð útgjöld. Þá má búast við að áhersla verði lögð á að auka fjárframlög hér á landi til orkurannsókna, svo að dæmi séu nefnd. Löndum þeim, sem taka þátt í orkusamstarfi Alþjóðaorkustofnunarinnar, hefur farið fjölgandi og eru þau almennt ánægð með starf stofnunarinnar, eins og einkum má merkja á ráðherrafundum. Er athyglisvert að Bandaríkin, Bretland, Japan, Kanada og Sambandslýðveldið Þýskaland hafa fylgt þeirri föstu reglu að vísa málum, sem snerta alþjóðlegt orkusamstarf, til Alþjóðaorkustofnunarinnar. Nefna má að t. d. Danir og Svíar leggja mikið upp úr hinu aukna olíuöryggi sem fæst vegna aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni þar eð þeir verða ekki eins háðir sveiflum í aðdráttum frá einstökum viðskiptalöndum sínum. Sama máli gegnir um afstöðu þeirra til sjálfvirkni í framkvæmd neyðarráðstafana, upplýsingastarfsemi stofnunarinnar um olíumálefni og orkumál almennt og orkusparnaðarstarf hennar."

Að sjálfsögðu er unnt að benda á atriði sem til bóta mega horfa. Nefndu Danir og Svíar t. d. að æskilegt hefði verið að setja landsmarkmið varðandi olíuinnflutning fyrir árið 1980 fyrr en gert var, í des. 1979. Norðmenn taka þátt í starfi stofnunarinnar samkv. sérsamningi og ákveður norska ríkisstjórnin t. d. á grundvelli hans hvernig Noregur standi að framkvæmd neyðarráðstafana. Er gert ráð fyrir því, að í reyndinni verði framlag landsins til olíuneyðarkerfis stofnunarinnar svipað og af hálfu hinna ríkjanna. Síðan segir í þessari skýrslu:

„Ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni felur það í sér samþykki á samningnum um alþjóðaorkuáætlun og ákvörðunum stjórnarnefndar stofnunarinnar frá byrjun. Þar eð nauðsyn er á löggjöf hér á landi til framkvæmda samningsins þykir rétt að leggja frv. til l. fram þegar í upphafi, þannig að fá megi heildaryfirlit yfir málefni stofnunarinnar þegar afstaða er tekin til þess, hvort sækja skuli um aðild að henni eða ekki. Af hálfu aðildarríkja stofnunarinnar," segir hér í skýrslunni, „hefur verið gefið óformlega til kynna að Íslandi mundi veittur 5 ára aðlögunartími til að auka olíugeymarými og olíubirgðahald í áföngum við hagkvæmar aðstæður. Í bréfi, þar sem sótt yrði um aðild, yrði þá formlega farið fram á 5 ára aðlögunartíma miðað við inngöngu Íslands, en jafnframt væri væntanlega rétt að koma að aths. af Íslands hálfu varðandi þrjú atriði í ákvörðun stjórnarnefndar stofnunarinnar á svipaðan hátt og Norðmenn hafa gert. Það hefur verið tekið fram, að Íslandingar teldu V. kaflann í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um áætlun um langtímasamstarf hafa að geyma almennar meginreglur sem væru ekki lagalega bindandi. Í þessu sambandi yrði undirstrikað í samræmi við upphafsákvæði kaflans, að Ísland hefði rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum sínum og efnahag svo og vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna og mundi framkvæma V. kafla á þann hátt sem samræmdist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum."

Fleiri atriði eru hér rakin varðandi þetta, en síðan

segir:

„Ísland gæti sagt samningnum um alþjóðaorkuáætlun upp með 12 mánaða fyrirvara hvenær sem er eftir að það gerðist aðili að stofnuninni.

Á Íslandi og í öðrum löndum er eins og áður segir lögð aukin áhersla á orkumál og nauðsyn virkra aðgerða. Kemur þetta m. a. fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens, þar sem vikið er að öryggi í olíumálum, orkusparnaði, þróun innlendra orkugjafa, orkurannsóknum og orkustefnu. Eru markmiðin þar svipuð og hjá Alþjóðaorkustofnuninni.

Þegar tekin er afstaða til hagkvæmni aðildar þarf fyrst og fremst að meta hina fjárhagslegu hlið málsins, m. a. tjón fyrir atvinnulíf og þjóðarbú ef til tímabundins olíuskorts kæmi, kostnað við aukið olíubirgðahald til að uppfylla 90 daga neyðarbirgðaskyldu Alþjóðaorkustofnunarinnar, nauðsyn þess að auka olíubirgðahald til muna hvort sem af aðild yrði eða ekki og hvort auknar líkur yrðu á olíusparnaði ef Ísland nyti aðhalds frá stofnuninni og fengi þar jafnóðum nýjustu upplýsingar um olíumál og orkumál almennt. Í þessu sambandi má nefna, að réttar upplýsingar á réttum tíma geta komið að notum í sambandi við stefnumótun og þá um leið haft fjárhagslega þýðingu fyrir Íslendinga."

Ég hef vitnað hér til skýrslu þessarar nefndar, sem var skipuð til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Þessi skýrsla er mjög ítarleg og fróðleg og væri vissulega ástæða til að þm. kynntu sér efni hennar rækilega.

Það er tiltölulega nýtt seinni ára fyrirbæri að menn hafi verulegar áhyggjur af þeim efnum sem hér er um fjallað, af orkumálum. Orkustefna er í rauninni nýtt hugtak — sem var ekki til fyrir fáeinum árum. Á vettvangi OECD hefur verið skapaður grundvöllur alþjóðasamvinnu á þessu sviði. Sá grundvöllur er innan Alþjóðaorkustofnunarinnar. Það er að mörgu leyti einstæð samvinna sem þarna hefur tekist að skapa. Markmiðið með tillöguflutningi okkar er að stuðla að því, að Ísland gerist aðili að þessari alþjóðlegu samvinnu. Með því mundum við auka mjög verulega öryggi okkar í orkumálum. Það, sem átt er við þegar talað er um öryggi í orkumálum, er beinlínis lífshagsmunamál þjóðarinnar, undirstaða atvinnuveganna, olía fyrir flotann, olía fyrir fiskimjölsverksmiðjur og svo mætti áfram telja.

Nú er það vitað að einn stjórnarflokkanna, Alþb., hefur verið því andvígur og er að Íslendingar gerist aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Ekki hafa hins vegar komið fram af hálfu þeirra Alþb.-manna haldbær rök fyrir því, hvers vegna þeir telja að við Íslendingar eigum ekki að taka þátt í þessu samstarfi, nema ef vera kynni að Alþb., þessi flokkur, sem er arftaki Kommúnistaflokksins gamla hér á landi, hefur alla tíð, eins og fyrirrennarar hans, verið andsnúinn því, að Íslendingar stofnuðu til náinna tengsla og samningagerðar við ríki í Vestur-Evrópu, í hverri mynd sem það hefur verið, hvort sem það hefur verið um viðskiptamál með samningum við EFTA eða Efnahagsbandalag Evrópu, hvort sem það hefur verið um varnarmál og Atlantshafsbandalagið eða yfirleitt hvað sem verið hefur um að ræða. Slíkum samningum við þjóðirnar í Vestur-Evrópu hefur á síðum Þjóðviljans og í munni þeirra Alþb.-manna nær ævinlega verið jafnað til föðurlandssvika. Andstaða við slíka samvinnu má vera að sé hin raunverulega ástæða þess að Alþb.-menn vilja ekki að Íslendingar taki þátt í samstarfi ríkjanna sem mynda Alþjóðaorkustofnunina. Mín skoðun og flm. þessarar till. er hins vegar sú, að það sé brýnt að Íslendingar gerist aðilar að þessu samstarfi, komi hér upp neyðarbirgðum af olíu og njóti þeirra hagsbóta og þeirrar tryggingar sem aðild að Alþjóðaorkustofnuninni hefur í för með sér.

Nú er það svo, að mér býður í grun að hæstv. viðskrh. sé ekki fráhverfur því og raunar hlynntur því, að Íslendingar gerist aðilar að þessari stofnun, og það sama gildi um hans flokk í heild. Um afstöðu þeirra sjálfstæðismanna, sem ríkisstj. mynda, veit ég ekki og er raunar ekki viss um að þeir hafi neinar skoðanir á þessu máli frekar en öðrum. Það virðist vera að það sé andstaða Alþb. í ríkisstj. sem hefur fram til þessa komið í veg fyrir að þetta mál næði fram að ganga. Ég ítreka það, að ég tel mér kunnugt um að hæstv. viðskrh. hafi áhuga á að Íslendingar geti skapað sér það öryggi sem þessari aðild fylgir, og þess vegna spyr ég: Á að láta fulltrúa Alþb. í ríkisstj. koma í veg fyrir að þetta hagsmuna- og öryggismál þjóðarinnar nái fram að ganga? Hafa þeim verið fengin völd í þessu efni? Hefur þeim verið fengið neitunarvald um þetta mál eins og ýmis önnur? Við þessari spurningu vildi ég gjarnan fá svar: Ætlar hæstv. viðskrh. e. t. v. að beita sér fyrir því, að þetta mál nái fram að ganga, þessi till. verði samþykkt, eða er hann reiðubúinn að leggja fram frv. til l. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni?

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég tel afar mikilvægt — og við flm. — að þetta mál nái fram að ganga. Ég legg til, þegar þessari umr. verður frestað, að þessu máli verði vísað til utanrmn. til umfjöllunar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. 1. flm. þessa máls hefur gert grein fyrir því, með hverjum hætti þetta mál hefur verið athugað af Íslands hálfu. Þegar ég tók við embætti viðskrh. var starfandi sérstök nefnd sem hafði það verkefni að athuga þetta mál, athuga hvort það væri æskilegt að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég ákvað að halda því starfi áfram og sendi m. a. menn til Parísar snemma um vorið 1980 til að ræða við fulltrúa frá Alþjóðaorkustofnuninni og afla upplýsinga og fá svör um stofnunina og starfsemi hennar. Síðan samdi þessi nefnd ítarlega skýrslu sem ber heitið: Skýrsla nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Skýrslan er dagsett í júnímánuði 1980.

Eins og raunar þegar hefur komið fram er þessi stofnun sjálfstæð stofnun innan vébanda Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem Ísland er aðili að, og hún hefur aðsetur, eins og kunnugt, er í París. Þessari stofnun var komið á fót 15. nóv. 1974 með ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og greiddi fulltrúi Íslands í ráðinu atkv. með þeirri ákvörðun. Hinn 18. nóv. 1974 var samningur um alþjóðaorkuáætlun, sem starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar hefur grundvallast á frá þeim degi, síðan undirritaður af fulltrúum 16 af 24 aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Ísland var ekki í þeirra hópi.

Í skýrslu til ríkisstj. frá því í sept. 1979 gerði fimm manna olíuviðskiptanefnd, sem dr. Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans var formaður fyrir, m. a. almenna grein fyrir Alþjóðaorkustofnuninni, skipulagi, starfi og aðildarskilmálum. Nefndin mælti með því, að Ísland óskaði eftir aðild að stofnuninni. Einn nm. hafði þó fyrirvara um þessa afstöðu.

Nú er það auðvitað svo, að eftir að orkukreppan skall á höfum við Íslendingar auðvitað, eins og allar þjóðir, áhuga á að treysta stöðu okkar í orkumálum. Þarf ekki að fara um það við þetta tækifæri fleiri orðum.

Ég vildi gera nokkra grein fyrir því, hvernig staðan er í sambandi við birgðarými fyrir olíuvörur, en hún hefur breyst nokkuð og einnig hefur neyslan breyst á seinustu tveimur árum. Styðst ég aðallega við umsögn sem Vilhjálmur Jónsson forstjóri Olíufélagsins hf. hefur gefið.

Það er ljóst, að það er nokkuð útbreidd skoðun að besta ráðið til að tryggja hér á landi nægar olíubirgðir sé að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Hefur verið vísað til þess, að aðildarríkin þurfa, ef þau verða aðilar, að skuldbinda sig til að eiga jafnan a. m. k. 90 daga birgðir af olíu, en Ísland hefur hingað til skort töluvert á til að ná því marki. Mig minnir að það komi fram í skýrslunni að þetta mark hafi verið rúmlega 50 dagar, líklega 54—55 dagar, þegar skýrslan var lögð fram. En það hafa orðið nokkrar breytingar á síðustu tveimur árum bæði á birgðarými olíufélaganna miðað við sölu og einnig á neyslunni.

Gasolíusala í landinu hefur minnkað um 6000 tonn á mánuði að meðaltali eða birgðaþörf minnkað um 18 þús. tonn miðað við þriggja mánaða birgðir. Þetta stafar fyrst og fremst af því, að margar hitaveitur hafa leyst olíuna af hólmi við upphitun húsa og einnig hafa mörg hús verið tengd rafmagni á s. l. tveimur árum. Á sama tíma hafa verið byggðir tveir geymar á innflutningshöfnum sem rúma 16 þús. tonn. Og á ströndinni a. m. k. geymar sem rúma 1500 tonn. Samkv. þeim upplýsingum, sem Vilhjálmur Jónsson hefur gefið, rúmar þetta birgðarými samtals 216 347 tonn. Meðaltalssala síðustu 9 mánuði nemur 1320 tonnum á dag, og þá miða ég við fyrstu 9 mánuði þessa árs, af þessum helstu neyslutegundum, þ. e. gasolíu, bensíni og svartolíu. Jafnvel þótt nýtni birgðarýmisins færi niður í 60% mundi það samt svara til 98 daga birgða. Þannig er ljóst að við eigum að hafa nú þegar aðstöðu til að rúma 90 daga birgðir í landinu. Það er nokkuð veruleg breyting á frá því sem kemur fram í þeirri skýrslu sem hefur verið dreift frá nefndinni sem kannaði málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Ég hafði mikinn áhuga á því, strax eftir að ég tók við embætti viðskrh, að kannaðar yrðu allar leiðir til að tryggja að viðunandi birgðir af olíuvörum væru ávallt fyrir hendi í landinu, enda í samræmi við ákvæði stjórnarsamningsins. Ég ritaði olíufélögunum bréf 13. mars 1980 og spurðist fyrir um hvernig félögin mundu standa að aukningu á birgðarými hvert um sig sem næmi 30 daga sölu. Þarna var raunar aðeins verið að leita svara við þeirri spurningu, hvort olíufélögin væru tilbúin að reisa og fjármagna viðbótargeymarými, ef á þyrfti að halda. Svör þeirra allra voru á þá lund, að þau væru reiðubúin til þess.

Þegar samningar tókust við Sovétríkin á þessu hausti um aukin kaup á svartolíu á þessu ári rituðu olíufélögin viðskrh. bréf þar sem óskað var eftir að félögunum yrði gert fjárhagslega kleift að taka við auknum birgðum af svartolíu sem samkv. samningum ættu að vera fyrir hendi um n. k. áramót. Ég hef tekið þessum tillögum olíufélaganna vel og vonast til þess, að þær nái fram að ganga. Auðvitað verða menn að gera sér grein fyrir að það kostar talsvert fé að auka birgðir af olíuvörum vegna þess að það þarf að greiða vexti af því fjármagni sem liggur í birgðunum. Ég hef ekki komið auga á aðra leið í þeim efnum en landsmenn verði að standa undir því til þess að tryggja eigið öryggi í þessum málum. Finnst mér það eðlilegt.

Það er auðvitað verulega mikilsverðum áfanga náð ef tryggðar eru öryggisbirgðir af þeim olíuvörum, sem aðallega eru notaðar í atvinnulífinu, og einnig af bílabensíni. Þessar þrjár mismunandi tegundir af olíuvörum, sem ég hef minnst hér á, eru þýðingarmestar í þessum efnum. Til að þetta verði mögulegt þarf í fyrsta lagi að heimila tollgeymslu á bensíni þannig að hinn hái verðtollur verði greiddur við sölu, en ekki innflutning. Það gæti auðveldað lausn á þessu máli og gæti komið nokkuð til móts við neytendur að því leyti, að þeir þyrftu þá ekki að greiða allan kostnað af aukningu birgða á olíuvörum.

Ég skal ekki við þetta tækifæri tjá mig um hvernig væri eðlilegt að standa undir þessu. Ég kem ekki auga á aðrar leiðir en þessar: annars vegar að verðtollur verði greiddur seinna af viðbótinni en verið hefur og síðan að neytendur hreinlega standi undir þeim kostnaði til viðbótar sem nauðsynlegur er til að tryggja nægilegar birgðir. En þetta er út af fyrir sig hægt að gera þó að við séum ekki aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni.

Ég taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram til upplýsingar í sambandi við þetta mál.

Ég hef fyrir mitt leyti verið hlynntur því, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Þetta mál hefur verið nokkuð lengi fyrir ríkisstj. Nú er verið að kanna þetta sérstaklega af nefnd sem í eru fulltrúar stjórnaraðilanna. Hún hefur aflað frekari gagna og er að afla frekari gagna, m. a. gagna frá Norðurlöndunum um upplýsingar sem varða þessa þátttöku og hvernig þeir hafa staðið að þessum málum öllum. Það er of snemmt að segja um hver verður niðurstaðan í þessu máli. Ég skal ekkert um það segja. Stjórnarflokkarnir hafa ekki tjáð sig formlega um þetta mál og ég skal ekkert um það segja hver niðurstaðan verður, hvort ríkisstj. verður sammála um að leggja til við Alþingi að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni, en það kemur að sjálfsögðu í ljós. En eftir að hafa skoðað allt málið og gert mér grein fyrir því, að það er miklu víðtækara en það snerti einvörðungu olíuvörur hef ég verið þeirrar skoðunar, að það væri skynsamlegt fyrir Íslendinga að gerast aðilar. Hitt er annað mál, að það er spurning um hvernig sú aðild geti orðið, hvort hún yrði með sérstakri aðlögun o. s. frv. En eins og ég sagði er málið ekki komið á lokastig athugunar hjá ríkisstj. og stjórnaraðilarnir hafa ekki tekið ákvörðun um hvað gera skuli í málinu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður um þá till. til þál. sem hér liggur frammi og er til umr. á þessum fundi.

Ég vil taka undir efni till. og fagna því, að hún er lögð fram á Alþingi. Ég tel afar líklegt að það sé meirihlutafylgi á Alþingi við þessa tillögu.

Eins og fram hefur komið í þessum umr. skilaði nefnd skýrslu um þetta mál í júní 1980 eða fyrir 1½ ári. Samt sem áður hefur málið ekki hreyfst meira en svo að nú þarf stjórnarandstaðan að leggja fram till. til þál. á Alþingi til að kalla fram svör hæstv. ríkisstj. En það hefur ekki komið fram í þessum umr., að fyrir tæpu ári var samið nýtt lagafrv., annað lagafrv. en það sem er í skýrslu nefndarinnar sem skilaði áliti í júní 1980, — nýtt sérstakt lagafrv. sem tók tillit til nýrra aðstæðna, og það frv. hefur legið í skúffu hjá hæstv. viðskrh. líklega í tæpt ár. Höf-

undur þess frv. mun vera Jón Ögmundur Þormóðsson. En ekkert bólar á framlagningu þess. Ástæðan er auðvitað sú sem hér hefur komið fram einnig, að Alþb. hefur í þessu máli, eins og sumum öðrum mikilvægum málum, stöðvunarrétt í ríkisstj. Ég vonast til þess, af því að ég veit að hv. 8. landsk. þm. tekur til máls hér á eftir mér, að hann komi hér í ræðustól og lýsi því yfir fyrir hönd Alþb., en hv. þm. Guðrún Helgadóttir er talsmaður Alþb. í þessu máli, að stefna Alþb. hafi breyst í málinu og Alþb. hafi nú skilning á því, hvert gagn geti verið af aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni.

Það kom fram hjá hæstv. viðskrh., að enn á ný hefði verið sett á stofn ný nefnd til að kanna málið. Ef ég þekki málið rétt get ég ímyndað mér að það sé ekki aðeins vegna viðhorfa Alþb., heldur einnig vegna ímyndaðra hagsmuna olíufélaganna, sem slík nefnd er sett á laggirnar. Þá gæti það gerst, að lagt yrði fram á Alþingi frv. sem ekki tæki til aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni, heldur væri aðeins um neyðarbirgðir olíu í landinu án þess að við gerðumst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Þetta veit auðvitað hæstv. ráðh., en þetta kærði hann sig ekki um að láta koma fram á þessum fundi.

Ég ræddi fyrir nokkrum mánuðum, líklega hálfu ári, við hæstv. ráðh. um þetta mál og sagði honum, að mér væri kunnugt um að samið hefði verið frv., og gat þess jafnframt, að ástæða væri til að það frv. kæmi fram án þess að beðið væri eftir hæstv. ríkisstj. Vera kann að það sé ástæða til þess fyrir okkur, sem teljum okkur vera í meiri hl. á Alþingi í þessu máli, verði ekki annað hægt, að fara til hæstv. ráðh. og fá lánað það frv. sem hann hefur falið í skrifborðsskúffunni hjá sér.

Ég vil þó að lokum þakka hæstv. ráðh. fyrir að þora að segja sína skoðun í þessu máli, þrátt fyrir andstöðu Alþb., því að hann sagði skýrt og greinilega að hann væri meðmæltur því, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Nú er spurning hvort kjarkur ráðh. dugir til að koma málinu inn á Alþingi með þeim hætti að það reyni á hvort meirihlutavilji Alþingis fái að koma fram í málinu eða hvort í þessu máli á það að gerast, eins og í sumum öðrum mikilvægum málum, að stjórnmálaflokkur, sem nýtur liðsinnis sjöttungs þm., eigi að ráða ferðinni í þessu máli. — Ég býst við að þingheimur bíði eftir því með eftirvæntingu, að talsmaður Alþb. í þessu máli, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, komi hér upp og geri grein fyrir afstöðu Alþb., því að ég geri fastlega ráð fyrir að hún sé hér komin til að lýsa yfir stefnubreytingu Alþb. Sé svo fagna ég því.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég er hrædd um að ég verði að valda hv. þm., sem hér hafa talað, sárum vonbrigðum þar sem ég tala hér hreint ekki sem talsmaður þingflokks Alþb. Hins vegar er ég lögformlega kjörinn þm. og leyfi mér að hafa skoðun á þessu máli. Mér hefur ekki tekist eins vel og þeim hv. þm. Eiði Guðnasyni og Friðrik Sophussyni að fá heildarskoðun þingflokks Alþb. á þessu máli. Ég hef hins vegar leyft mér að mynda mér nokkra skoðun á því og henni vil ég lýsa hér.

Alþjóðaorkustofnunin eða International Energy Agency, eins og það heitir á erlendu máli, er afrakstur fundar sem Nixon Bandaríkjaforseti boðaði til árið 1974, en til þess fundar voru boðnar ríkisstjórnir landa innan Efnahagsbandalags Evrópu auk Japans og Noregs. Þessi lönd eru ríkustu þjóðlönd veraldar og nú skyldu þau ræða saman um hina alvarlegu orkukreppu sem við heimsbyggð blasti. Á þessum fundi var stofnuð nefnd, svokölluð Energy Cooperation Group, sem skila skyldi áliti um hvernig þessi ríki gætu tryggt forréttindi sín, þ. e. forréttindi framleiðsluríkja olíu og kaupenda olíunnar. IEA var síðan stofnað 15. nóv. 1974 og þessi stofnun er nefnd Alþjóðaorkustofnunin á íslensku máli. Einu OECD-ríkin, sem eru utan hennar, eru Frakkland, Ísland og Finnland, eins og hér hefur komið fram.

Einungis um 20% jarðarbúa eiga þó aðild að þessari alþjóðastofnun, sem svo er nefnd, en þau ráða jafnframt yfir 64% af framleiðslunni. Alþjóðaorkustofnunin er auðvitað stofnun OECD-ríkja og þar með voru fátækustu þjóðir jarðar útilokaðar. Það skal upplýst hér, ef hv. þm. hafa ekki fylgst með þessum málum, að að mínu viti er ekkert fjær þessari stofnun í raun og veru en vinna að jöfnuði á skiptingu veraldarauðsins, heldur þvert á móti að viðhalda forréttindum og arðráni þeirra sem verða ríkari á kostnað hinna nauðstöddustu á jarðarkúlunni. Að sjálfsögðu var ekki að ófyrirsynju að Nixon Bandaríkjaforseti boðaði til þessa fundar. Hinir ríku óttast það eitt að hinir fátæku rísi upp, eins og ríki þriðja heimsins hafa smám saman sýnt tilburði til. Víetnamstyrjöldin kenndi mönnum að engin vopn geta brotið á bak aftur samstöðu fjöldans, hversu fátækur sem hann er. En Nixon sá í hendi sér að vissara var að afla fylgis annarra þjóða sem einnig vildu halda forréttindum sínum á kostnað hinna snauðu. Með minnkandi framboði olíu styrktust að sjálfsögðu einnig yfirburðir þeirra þjóða sem ráða yfir tækniþekkingu varðandi aðra orkugjafa t. d. kjarnorku.

OPEC-ríkin eru að sjálfsögðu ekkert hrifin af stofnun Alþjóðaorkustofnunarinnar og eygðu þar ógnun um áframhaldandi forréttindi hinna ríku. Auðvitað kom til átaka, og eru kannske átökin í Íran ekki alveg laus við það mál — í þessu landi þar sem eru olíulindir, í vellríku landi sem samt hýsir milljónir af hungruðu og fáfróðu fólki. Þessi þjóð er kannske nærtækt dæmi um ástandið. Við gætum einnig nefnt Saudi-Arabíu. Kannske væri ekki úr vegi að tengja atburðina í Afganistan þessari þróun líka þó að út í það skuli ekki farið hér.

Norðmenn hafa verið heldur vandræðalegir í aðild sinni af þessari mjög svo umdeildu stofnun. Helst hafa þeir viljað hafa sem hljóðast um þáttöku sína. En hvort sem þeim líkar það betur eða verr eru þeir orðnir stórútflytjendur olíu og þar með komnir í þennan leik. Frakkar hafa hins vegar tekið skýra afstöðu. Þeir hafa einfaldlega neitað að gerast aðilar og eflaust á sú afstaða sér sögulega skýringu. Viðskipti þeirra við nýlendur sínar eru þeim eflaust nægilega bitur lexía til að halda þeim frá þáttöku. Viðskiptahagsmunir við OPEC-ríkin eiga þar eflaust einnig hlut að máli og enn til viðbótar tortryggni þeirra í garð Bandaríkjamanna.

Ég held að við hljótum í máli sem þessu að reyna að líta svolítið á það í heild. Ég á a. m. k. á þessu stigi málsins erfitt með að sjá nauðsyn þess að Íslendingar gerist aðilar að þessum samtökum. Ég skal vera fús til að skipta um skoðun ef nefnd sú, sem nú er að störfum, kemst að öðrum niðurstöðum sem ég get sætt mig við. Ég held að við Íslendingar ættum fremur að leggja okkar litla lóð á vogarskálarnar til jöfnunar auðskiptingar í heiminum en að ganga í lið með þeim sem vilja viðhalda misskiptingu og óréttí sem endanlega verður dauði okkar allra ef áfram heldur.

Hæstv. viðskrh. gat þess réttilega hér áðan, að aðild að þessum samtökum, Alþjóðaorkustofnun, fylgdu að sjálfsögðu veruleg útgjöld, þetta kostaði stórfé. Mín skoðun er sú, og það þarf töluvert til að sannfæra mig um annað, að þeim fjármunum væri betur varið til að virkja okkar eigin orku en að eyða þeim peningum í aðild að Alþjóðaorkustofnuninni.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ræða sú, sem hv. 8. landsk. þm. flutti hér, kom ekki á óvart. Það er ævinlega svo, að þegar einhver viðkvæm mál fyrir þennan flokk, Alþb., ber á góma er talað í norður er aðrir tala í suður. Það er talað um allt annað en það sem til umr. er. Nú, þegar verið er að ræða um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, kemur þessi hv. þm., Guðrún Helgadóttir, hér og talar um Nixon og talar um að þarna sé verið að viðhalda forréttindum og arðráni. Það er ekki talað um það sem máli skiptir. Það er ekki talað um efni málsins. Það er ævinlega snúið út úr og talað út í hött. Hins vegar er ekki ófróðlegt að heyra að hún tali ekki fyrir munn Alþb. í þessu máli. Ég sé að formaður þingflokks Alþb. er staddur á landinu og m. a. s. í þessum sal núna. Ég óska eftir að fá að heyra annaðhvort frá honum eða hæstv. iðnrh. og orkumálaráðh., sem hefur verið hér staddur líka, hver sé afstaða Alþb. til þessarar tillögu. Hver er afstaða Alþb. til aðildar Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni? Og ég spyr enn: Ef Alþb. er því andsnúið að Íslendingar tryggi hagsmuni sína með aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, hver eru þá rökin gegn því, að við gerumst aðilar að þessari stofnun?

Mér finnst það aldeilis furðulegur málflutningur þegar því er haldið fram hér, að þessi stofnun hafi það markmið umfram annað að tryggja forréttindi og áframhaldandi arðrán. Nú vitum við að misskipting auðs í þessari veröld er mikil og margir eru þeir sem svelta heilu hungri og töluverð er sú aðstoð sem þau ríki, sem eiga aðild að OECD og Alþjóðaorkustofnuninni, láta af hendi rakna til hins sveltandi heims, þótt sú aðstoð mætti og ætti vissulega að vera meiri. Hún er hins vegar margföld á við það sem þau ríki á meginlandi Evrópu, sem ekki hafa kosið að gerast aðilar að þessari stofnun, austantjaldsríkin, láta af hendi rakna til hins sveltandi heims. Heldur hv. þm. Guðrún Helgadóttir að sú aðstoð, sem þessi ríki veita þróunarlöndunum, mundi aukast ef hagkerfi þeirra hryndi í rúst vegna olíubrests á neyðartímum? Heldur hún að það mundi hjálpa upp á aðstoð okkar við íbúana á Grænhöfðaeyjum ef hér yrði olíukreppa og olíuneyð? Heldur hv. þm. það? Það er auðvelt að koma í þennan ræðustól og slá um sig með þessum gömlu arðráns- og forréttindaslagorðum sem þeim Alþb.-mönnum eru ákaflega tungutöm, en með því er verið að horfa fram hjá kjarna málsins og því sem þetta mál snýst um.

Hv. þm. sagði að við ættum að nota það fjármagn, sem þetta kostaði, til að virkja eigin orkulindir. Það er enginn ágreiningur um að við eigum að virkja eigin orkulindir. Það, sem á hefur staðið í þeim efnum, er seinlæti, tómlæti Alþb. sem fer með þessi mál í ríkisstj. Það stendur ekki á stjórnarandstöðunni að ljá liðsinni sitt til þeirra mála, a. m. k. stendur ekki á Alþfl. í þeim efnum. En þessi ræða hv. þm. var enn eitt dæmið um hvernig þm. Alþb. tala ævinlega fram hjá efninu þegar þeir geta. Landsmenn fengu raunar ágætt dæmi um það, þeir sem horfðu á sjónvarpið í gærkvöld og hlustuðu þar á formann þingflokks Alþb. tala fram hjá því efni sem um var að ræða. Það var áhugaverð lexía og væntanlega lærdómsrík fyrir þá sem með því fylgdust.

Ég vil gjarnan segja það við hæstv. viðskrh., að ég þakka honum þær upplýsingar sem hann hefur veitt hér og mér finnst að því beri að fagna að hér skuli hafa aukist rými til olíugeymslu. Hins vegar og þó svo við komum okkur upp hér auknum birgðum af olíu leysir það ekki allan vanda í þessu efni og með því verðum við ekki aðnjótandi allra þeirra kosta og allra þeirra upplýsinga og þess samstarfs og þeirrar tryggingar sem aðild að Alþjóðaorkustofnuninni veitir. Það er ljóst að Ísland hefur frá upphafi greitt atkv. með öllum þeim ákvörðunum sem leitt hafa til þessa samstarfs. Þess vegna er eðlilegt í framhaldi af þeirri afstöðu Íslands að við gerumst aðilar að þessu samstarfi, eins og t. d. Norðmenn, Danir og Svíar. Það kemur fram í þessari skýrslu að þessar þrjár grannþjóðir okkar telja sig hafa haft verulegan hag af aðild að þessari stofnun. Það er líka augljóst af hvaða ástæðum Finnar eru ekki aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. (**ÓRG:** En Frakkar?) Frakkar hafa, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson veit, að nokkru farið eigin leiðir um sumt í Evrópusamstarfi. Sjálfsagt telja þeir m. a. að með samningum við sínar fyrri nýlendur og öðrum olíusamningum hafi þeir tryggt hagsmuni sína í þessum efnum. Ég hygg hins vegar, að aðstaða þeirra og aðstaða okkar í þessum efnum sé svo ólík að um það þurfi ekki að fara mörgum orðum. En hv. þm. kemur væntanlega að því á eftir því að ég heyrði ekki betur en hann hefði verið að kveðja sér hljóðs.

Það kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. og varaformanni Sjálfstfl. að hann er hlynntur þessari till. Ég vænti þess að hann hafi talað í umboði síns flokks. Það hefur líka komið hér fram, að hæstv. viðskrh. er þessu máli í grundvallaratriðum fylgjandi. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hans. Það er því ljóst, að á Alþingi er meirihlutavilji fyrir því, að þessi till. nái fram að ganga og Ísland taki þátt í þessu samstarfi. Ég trúi því ekki, að Alþb. hafi verið selt einhvers konar neitunarvald í þessum efnum í ríkisstj. Ég veit að hæstv. viðskrh. er kjarkmaður í pólitík, og ég veit og treysti því að hann muni flytja hér á Alþingi frv. það sem fram hefur komið að er tilbúið í hans skjalaskáp um aðild Íslands að þessari stofnun. Tryggt er að það frv. muni ná fram að ganga hér á Alþingi og með því fái íslenskir atvinnuvegir og íslenskt þjóðlíf nauðsynlega — ekki aðeins æskilega, heldur nauðsynlega tryggingu, tryggingu sem 21 ríki af aðildarríkjum OECD hefur talið sér skynsamlega og nauðsynlega. Ég fagna þeim ummælum sem hæstv. viðskrh. viðhafði áðan í þessum ræðustól. En afstaða Alþb., sem ég geri fastlega ráð fyrir að sé sú sama og hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, kemur ekki á óvart.

Það er orðið athyglisvert hér á Alþingi, að þegar utanríkismál eða mál, sem varða stefnu Íslendinga í utanríkismálum, eru hér til umr. flýja að öllum jafnaði þm. Alþb. úr sölum þingsins, a. m. k. sumir hverjir, og þó sérstaklega ráðherrar þess flokks. Þeir virðast ekki hafa áhuga á að ræða þessi mál. Þeir forða sér úr þingsölum. Það getur vel verið að þeim þyki ekki rétt að gæta þingskyldu sinnar. Raunar hefur það borið á góma hér í umr. að undanförnu hversu illa þm. þessa flokks gæta þingskyldu sinnar vegna þess að þeir hafa lagst í ferðalög eða eitthvað annað kemur þar kannske til. (Gripið fram í.) Það hefur orðið tilefni umr. hér. (**ÓRG:** Það eru þrisvar sinnum fleiri Alþb.-menn hér í salnum en framsóknar-

menn.) Ja, það er e. t. v. ekki mælikvarði á gæðin. En það hefur orðið hér tilefni umr. hversu illa þm. þessa flokks gegna þingskyldu sinni. Ég ítreka það enn, að það er vissulega athyglisvert að þegar utanríkismál ber hér til umr. — (Gripið fram í.) Vill ekki hv. þm. bíða með aths. sínar þangað til hann kemur í ræðustól á eftir? Það er vissulega athyglisvert að ráðherrar Alþb. skuli ævinlega víkja burt úr salnum þegar utanríkismál koma hér til umræðu. Það hlýtur að eiga sér skýringar. Væntanlega skýrir formaður þingflokksins, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, ástæður þess hér á eftir. Það er eitt sem víst er, að þetta hefur orðið fleiri þm. umhugsunarefni en mér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Alltaf eru þeir seinheppnir, Alþfl.-mennirnir, í málflutningi sínum. Þegar hv. þm. Eiður Guðnason fór að lýsa því áðan hvað væru margir Alþb.-menn fjarverandi kom í ljós að það er einhver fjölmennasti þingflokkurinn sem er í salnum. Þingflokkur Alþb. á hér inni margfalt fleiri þm. í dag og á þessari stundu en þingflokkar sem eru helmingi stærri eða svo. (**Gripið fram í:** Hvar eru ráðherrarnir?) Ráðherrarnir eru að stjórna landinu og gengur vel. (Gripið fram í.) Formaður flokksins er mættur hér í salnum og hann og formaður Sjálfstfl. eru einu formenn stjórnmálaflokka á Íslandi sem heiðra hv. þm. Eið Guðnason með því að vera hér. (Gripið fram í.)

Hins vegar er skiljanlegt að hv. þm. Eiður Guðnason skuli minnast á utanferðir varðandi þessa þáltill., vegna þess að þessi þáltill. fæddist nefnilega og fékk eins konar skemmri skírn í utanlandsferð hv. þm. Eiðs Guðnasonar. Hann var sendur til útlanda á vegum Alþingis í fyrrasumar og sat nokkra daga í París ásamt öðrum góðum mönnum.(**Gripið fram í:** Þér.) Já, ég ætlaði að koma að því. Hann kom umsvifalaust heim og flutti þessa till. Hann var ekki að kynna sér málið. Hann var ekki að eyða miklum tíma í að skoða það vandlega. Nei, honum dugðu tvær dagstundir í París til þess að öðlast allan sannleikann um þetta mál.

Við, sem viljum hafa vandaðri málsmeðferð, höfum haft annan hátt á. Við athugum ekki eingöngu mál í París, við gerum það líka hér á Íslandi. Það hefur komið í ljós, því miður, að í þeirri skýrslu, sem gerð var og vikið hefur verið að í þessum umr., reyndust ýmsar veigamiklar upplýsingar vera rangar. Það verður því miður að horfast í augu við það að þegar málið var nánar kannað og rætt við sérfróða aðila á þessu sviði kom í ljós að ýmsar grundvallarupplýsingar í málinu, eins og t. d. um það geymarými, sem til væri í landinu, — upplýsingar sem hv. þm. gerir að meginuppistöðu í grg. sinnar till., — voru rangar. Öll sú talnagerð sem tillöguflutningurinn byggist á, reyndist ekki rétt.

Fulltrúar ríkisstj. komust að raun um að sú skýrsla, sem þarna hafði verið unnin, var því miður ekki nægilega vel úr garði gerð, hefur orðið m. a. hv. þm. Eiði Guðnasyni og félögum hans til þess að flytja hér grg. sem er efnislega röng. Ég er ekki að saka þá um það. Það er sjálfsagt því að kenna, að þeir sérfræðingar, sem áttu að vinna málið, gerðu það ekki nægilega vel. Sett var á laggirnar nefnd, eins og hæstv. viðskrh. hefur skýrt hér frá. Það er nefnd valinkunnra manna. Það eru sömu mennirnir og eru í efnahagsmálanefnd ríkisstj. Sú nefnd hefur verið að afla sér greinargerða frá þeim aðilum innanlands sem eru miklu kunnugri olíuviðskiptum en hv. þm. Eiður Guðnason og allur þingflokkur Alþfl. samanlagður. Við höfum fengið frá þessum aðilum upplýsingar og greinargerðir sem við erum nú að skoða og meta, sem draga upp töluvert aðra mynd en gerð er í þessari skýrslu og í þessari grg. Veröldin er því miður stundum flóknari en hún virðist líta út fyrir að vera úr þingflokksherbergjum Alþfl. Við höfum enn fremur fengið mjög ítarlega skýrslu frá Noregi um meðferð þessa mál þar og þá reynslu, sem Norðmenn hafa haft af aðild sinni að þessari stofnun, og mat manna þar í landi á þátttöku í henni. Þess vegna fer nú fram á vegum stjórnarflokkanna, eins og hæstv. viðskrh. sagði frá áðan, ítarleg efnisleg athugun á þessu máli. Það er verið að reyna að fá fram réttar upplýsingar, réttan talnalegan grundvöll og réttar efnislegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka afstöðu til þess: Í fyrsta lagi, hvort menn vilji ganga í þessa stofnun, og þá í öðru lagi, hvaða skilyrði Íslendingar eiga að setja þegar þeir ganga í stofnunina. Það hefur ekki verið minnst á það í þessum umr., en hins vegar er rétt að það komi fram, að þegar Norðmenn gengu í þessa stofnun gerðu þeir það með skilyrðum. Það er nauðsynlegt að Íslendingar geri upp við sig áður en þeir taka afstöðu til þessa máls, hvaða skilyrði ætlunin er að setja. Það er alveg ljóst að þær skuldbindingar, sem þarna er ætlast til að menn uppfylli, er mjög vafasamt að Íslendingar geti tekið allar á sig. Slíkt krefst þess vegna mun ítarlegri athugunar en hefur greinilega farið fram af hálfu þeirra sem að þessari þáltill. standa, vegna þess að þeir orða það hvergi hvaða skilyrði það eru sem þeir vilja setja.

Í þriðja lagi þarf að athuga með hvaða hætti það frv., sem væntanlega yrði lagt fyrir þingið að lokinni slíkri athugun, yrði úr garði gert. Það er alls ekki einfalt mál að ganga frá því, m. a. vegna þess að í því frv. yrðu að vera ákvæði um eignarnám á olíubirgðum, olíugeymslustöðvum og jafnvel þeim skipum og öðrum flutningstækjum sem flytja og bera olíu hér á landi. Sumir hafa jafnvel skilið það uppkast að frv., sem hv. þm. Eiður Guðnason var að vitna til áðan, á þann veg, að ef það yrði samþykkt mundi felast í því heimild til að taka á einni stundu umsvifalaust eignarnámi öll þau olíuskip sem hér væru innan landhelgi og lögsögu. (**HBl:** Það væri ekki ónýtt.) Það væri ekki ónýtt fyrir hv. þm. Halldór Blöndal, en það er kannske ekki víst að Sjálfstfl. sé allur reiðubúinn að skrifa upp á það. A. m. k. hafa sjálfstæðismenn ekki verið miklir talsmenn eignarnáms af því tagi til þessa. (**Gripið fram í:** Eru þau ekki flest sovésk?) Nei, þau eru ekki flest sovésk. Sum þeirra eru í eigu Sambands ísl. samvinnufélaga. (**HBl:** Er einhver munur á því tvennu?) Ég vænti þess, að þeir þm., eins og Eiður Guðnason, sem hafa sérstaklega hælt viðskrh. í þessum umr., geti svarað Halldóri Blöndal því, hvort það sé einhver munur á Sovét og hæstv. viðskrh. Tómasi Árnasyni. Ég ætla ekki að svara því.

Ég held að menn verði í allri hreinskilni að gera sér grein fyrir því, að það er sjálfsagt að athuga þetta mál. Það er ekki eins einfalt og hv. flm. hefur látið í skína. Það er hægt að hafa á ýmsan hátt uppi efasemdir og athugasemdir um þessa aðild, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir gerði hér, og þær röksemdir eiga fyllilega rétt á sér. Þær röksemdir, sem hafa verið fluttar með skilyrðislausri aðild hér í umr., geta sjálfsagt líka átt rétt á sér. Málið er í eðli sínu flóknara, eins og ég hef verið að gera hér grein fyrir, einkum og sér í lagi vegna þess að sú grundvallarskýrsla, sem hefur verið lögð innanlands til grundvallar í

meðferð málsins, reyndist ekki eins vel unnin og nauðsynlegt var.

Hins vegar væri skemmtilegt að rifja upp í umr. afskipti formanns Alþfl. og formanns Sjálfstfl. af olíuviðskiptum Íslendinga á s. l. tveimur árum, þegar þessir tveir flokkar virðast nú sameinast hér um að flytja þjóðinni nýjan fagnaðarboðskap í orkumálum. Hverjar voru kröfurnar sem hv. þm. Geir Hallgrímsson og hv. þm. Kjartan Jóhannsson fluttu fyrir tveimur árum — kröfur um það sem átti að bjarga olíuviðskiptum Íslendinga? Það var að gera samning við Breta um kaup á olíu. Það var eitt helsta baráttumál Alþfl. og Sjálfstfl. í tilhugalífinu í kringum minnihlutastjórn Alþfl. og fyrstu mánuðina á stjórnarandstöðutímanum í tíð núv. ríkisstj. Það var farið eftir þessum ráðum. Það var gert fyrir þessa herramenn m. a. að gera samninga við Breta um kaup á olíu. Hver hefur reynslan orðið? Reynslan hefur orðið sú, að þessi olía hefur orðið miklu dýrari, miklu óhagkvæmari en önnur olía sem keypt hefur verið til landsins. Það hefur reynst þjóðinni mjög dýrt að fara að ráðum þessara herramanna. Það er skiljanlegt að þeir hafi lítið upp á síðkastið rifjað upp frumkvæði sitt í olíuinnkaupamálum íslensku þjóðarinnar fyrir um það bil tveimur árum. Það væri æskilegt, að hæstv. viðskrh. gerði þjóðinni við tækifæri grein fyrir því, hvað þetta olíuævintýri þessara heiðursmanna hefur kostað þjóðina, hver er sá umframkostnaður sem íslenska þjóðin hefur orðið að borga af bresku olíunni á undanförnum árum? (**ÓE:** Hver gerði þennan samning?) Ég sagði áðan að þetta væri eitt af því fáa sem við hefðum gert fyrir þessa herramann. Það sýnir okkur að vit þessara manna á olíuviðskiptum er ekki þess eðlis í ljósi reynslunnar að þeir séu með eitthvað „patent" um það, hvað sé íslenskum þjóðarhagsmunum fyrir bestu. Allir þeir, sem vit hafa á þessum málum, eru sammála um að þessir olíuviðskiptasamningar hafi verið óhagstæðir þjóðinni. Ég ætla ekki að gera þá að umræðuefni við þessa umr., en það væri vissulega tilefni til að gera það við gott tækifæri og lesa þá upp hér fínu ræðurnar, sem voru haldnar af hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímssyni, og Kjartani Jóhannssyni, og þau skrif, sem komu í málgagni Alþfl. og Morgunblaðinu um það efni.

Það væri að vísu freistandi að bera fram ýmsar spurningar til hv. þm. Eiðs Guðnasonar um ýmis efni sem kannske heyra ekki beint undir þennan dagskrárlið. Ég hef saknað þess dálítið undanfarið að þm. skuli vera hættur fyrirspurnum sínum um hinn sovéska kafbát sem hann gerði að umræðuefni hér fyrir nokkru í fjölmiðlum. (**HBl:** Það er strandaði kafbáturinn, var það ekki?) Ég sakna þess mjög, að hann skuli ekki hafa gengið á eftir upplýsingum frá varnarliðinu og NATO og öðrum þeim aðilum sem hann hafði hér stór orð um. Það hefur allt í einu orðið undarleg þögn í þjóðfélaginu á undanförnum tveimur vikum um þessa kafbáta. Það virðist sem bæði ríkisfjölmiðlarnir og blöðin og Alþfl. hafi sameinast um að tala ekkert meira um þessa kafbáta. (**Gripið fram í:** Hann var kannske aldrei til.) Ég óska eftir því, vegna þess að það hefur verið mikið baráttumál Alþb. að fá ítarlegar og nákvæmar upplýsingar um alla þá kjarnorkukafbáta, sem hér eru innan fiskveiðilögsögunnar, og vegna þess að tilvera þessa sovéska kafbáts er enn ein röksemdin fyrir málflutningi okkar um nauðsyn þess að taka upp kjarnorkuvopnalausa fiskveiðilögsögu, að hv. þm. Eiður Guðnason manni sig nú upp í að halda áfram baráttu sinni fyrir nákvæmari upplýsingum um sovéska og aðra kafbáta í íslenskri landhelgi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við það sem ég sagði áður um málið sjálft.

Ég sé ástæðu til þess að gefnu tilefni að segja það sem mína skoðun, að ég álít að þeir menn, sem voru skipaðir í nefnd til að kanna þetta mál á sínum tíma og skiluðu skýrslu, hafi unnið sitt verk samviskusamlega. Það hafa orðið ýmsar breytingar á því ástandi sem var þegar þeir öfluðu upplýsinga t. d. um birgðarými, um neyslu á olíuvörum og ýmislegt fleira, sem vitanlega breytir niðurstöðum slíkrar skýrslu, og ég fæ ekki sé að það sé beinlínis ástæða til að segja að skýrslan sé ósamviskusamlega unnin. Ég held að hún hafi verið unnin af samviskusemi. Ég bar að vissu leyti ábyrgð á þessari nefnd þó að ég skipaði hana ekki. Hún hélt áfram störfum eftir að ég tók við starfi viðskrh. og þá að sjálfsögðu á mína ábyrgð. Hún var ekki pólitísk. Embættismenn unnu þetta starf. Ég held að engin ástæða sé til þess að segja að þeir hafi ekki unnið sitt starf samviskusamlega. Ég vil láta það koma fram að þeir eru ekki hér viðstaddir til að bera hönd fyrir höfuð sér. Hins vegar hafa orðið verulegar breytingar síðan skýrslan var gerð. Þarf auðvitað að taka tillit til þess þegar borið er saman ástandið eins og það er nú og það ástand sem var þegar þeir menn, sem unnu þessa skýrslu, öfluðu upplýsinga.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að það skuli koma fram hjá formanni þingflokks Alþb. að þeir Alþb.-menn hafi tekið tillit til þeirra ábendinga minna að hvetja þá til að sinna frekar þingskyldum sínum, bæði ráðh. og óbreytta þm., en þeir hafa gert á umliðnum vikum, þegar þeir hafa nánast vart sést í þingsalnum nema þegar þingfundir hafa verið settir. Hins vegar virðist það vera alger forsenda þess, að Alþb.-menn sitji á fundum, að hv. formaður þingflokks Alþb. taki alls ekki til máls, því að vart hafði hann stigið í ræðustól þegar flestallir þeir þm. Alþb., utan tveir, sem í salnum voru þegar hann hóf sína ræðu, viku af fundi. Á meðan hv. þm. flutti ræðu sína komu þessir þm. og fleiri Alþb.- menn nokkrum sinnum í gættina, en um leið og þeir sáu hver í stólnum stóð og flutti tölu hurfu þeir á braut. Forsenda þess, að þm. Alþb. sinni þingskyldum sínum og sitji hér á fundum, virðist sem sé vera sú, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., flytji ekki ræður hér í þinginu. Vænti ég þess, að það hafi verið ákveðið nokkuð jafnsnemma af þeim Alþb.-mönnum að ráðherrar og þm. Alþb. tækju á ný að sinna þingskyldum sínum hér á Alþingi og að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks þeirra, talaði ekki mjög mikið, mjög oft og mjög lengi hér á Alþingi Íslendinga.

Hins vegar vil ég aðeins vekja athugli á því, að hv. þm. Eiður Guðnason spurði þingflokksformann Alþb. einnar spurningar. Hann spurði þingflokksformanninn að því, hvort ræða sú, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flutti hér, þar sem hún kynnti sína afstöðu, væri til marks um afstöðu Alþb. eða ekki. Formaður þingflokks Alþb. var spurður þeirrar einföldu spurningar, hvort þm. Guðrún Helgadóttir túlkaði stefnu Alþb. í málinu eða hvort hún gerði það ekki. Hv. þm., formaður þingflokks Alþb., kvaddi sér þegar í stað hljóðs og sú fsp. hafði verið borin

fram og flutt langa ræðu. En ég heyrði ekki annað en hann forðaðist að svara þeirri fsp. sem til hans var beint. Hann hefur kannske í öllum orðaflaumnum gleymt fsp. og er þá skiljanlegt að hv. þm. hafi ekki svarað henni. Þess vegna vil ég endurtaka þá fsp. sem hv. þm. Eiður Guðnason bar fram til þingflokksformanns Alþb.: Var hv. þm. Guðrún Helgadóttir í ræðu sinni að lýsa afstöðu þingflokks Alþb. til þessa máls? Ef hún var ekki að gera það, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, hver er þá afstaða þingflokks Alþb.?

Um ferðir erlendra kafbáta við strendur annarra landa vitum við þm. Alþfl. ekki meira en við lesum í fréttum. Hins vegar er formaður þingflokks Alþb. landskunnur heimshornaflakkari og er rétt nýlega kominn úr ferð til útlanda, þannig að fyrst í morgun var hægt að taka til við nefndarstörf í fjh.- og viðskn. Ed. þingsins um mál sem lögum samkv. ber að afgreiða fyrir jól. Hv. þm., sem dvelst svo mjög erlendis og er nýkominn að utan, gæti e. t. v. frætt þingheim eitthvað um ferðir erlendra kafbáta meðfram ströndum annarra landa.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að lýsa yfir að ég er mjög fylgjandi aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni og tek undir það sem hv. 10. þm. Reykv. Friðrik Sophusson sagði um þetta mál efnislega.

Ég hafði ekki hugsað mér að kveðja mér hljóðs um þetta mál við fyrri hluta umr. um þessa þáltill., þar sem ég geng út frá því, að þessi till. fari til meðferðar hjá utanrmn. þar sem ég hef aðstöðu til að fjalla um till. í einstökum atriðum. En óneitanlega eru þær umr. einkennilegar, sem hér hafa farið fram, og sýna viðkvæmni þeirra Alþb.-manna og vandræði þeirra. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst einungis vænt um að þessi viðhorf þeirra Alþb.-manna komi fram við þessa umr.

Til marks um vandræði Alþb. er að einn þm. þess, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, lýsti andstöðu sinni við þáltill., en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, aðspurður um afstöðu þingflokks Alþb., veitti ekkert svar og sló úr og í. Hann er ekki búinn að gera upp við sig með hvaða hætti hann getur rökstutt andstöðu sína við þessa þáltill. eða aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. Þar sýnir best að rök gegn aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni eru vandfundin. Hann er að reyna að leita að þeim rökum og hann hefur nú fengið hæstv. ríkisstj. til að fela sér og öðrum þeim tveim mönnum, sem skipa svokallaða efnahagsmálanefnd ríkisstj., að fara yfir málið. Ég hlýt að segja að ég hef ólíkt meiri trú á að utanrmn. sé treystandi að fjalla um þetta mál en þessari starfsnefnd ríkisstj., jafnvel þótt einn maður sé í báðum nefndum, svo miklu betur treysti ég þeim mönnum í utanrmn. sem ekki eru í efnahagsmálanefnd ríkisstj.

En í þessum starfsháttum ríkisstj. felst það, sem við í stjórnarandstöðunni höfum gagnrýnt undanfarna daga og oft áður, að það er verið að færa valdið úr höndum Alþingis og alþm. í hendur vikapilta framkvæmdavaldsins, ríkisstjórnarinnar. Alþingi ber að gæta sóma síns og ber að vera á verði gegn því, að vald sé dregið úr höndum alþm. eða ákvörðun tekin gagnstætt vilja meiri hluta Alþingis. Það er alvarleg þróun mála ef það á að líðast að innan við fimmtungur alþm. með innan við fimmtung af fylgi þjóðarinnar á bak við sig beiti neitunarvaldi þegar hagsmunamál Íslendinga eru annars vegar.

Ég ítreka og undirstrika, að það er vitað mál að frv. til l. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni hefur legið tilbúið hjá hæstv. viðskrh. Ég verð að beina þeirri áskorun til hans, að hann láti ekki undir höfuð leggjast í tengslum við afgreiðslu þessarar þáltill. að flytja slíkt frv. Hæstv. viðskrh. hygg ég vera hlynntan aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni og því verð ég að treysta honum til þess, þangað til annað kemur í ljós, að hann fylgi fram þeirri sannfæringu sinni með því að flytja slíkt frv. til l. hér á Alþingi. Ég heiti því að beita mér fyrir því í utanrmn. að nefndin fjalli ítarlega um þessa þáltill. og vinnsla utanrmn. verði með þeim hætti til styrktar happasælum lyktum þessa máls.

Ég hlýt að gefnu tilefni að svara hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni þar sem hann fjallaði um afskipti mín af því, að sett var á stofn olíuviðskiptanefnd. Það er alveg rétt, að ég átti frumkvæði að því í nafni Sjálfstfl. að beina þeirri tillögu til þáv. ríkisstj. á árinu 1979, að því er mig minnir, að slík olíuviðskiptanefnd yrði skipuð. Þá var viðskrh ekki orðinn formaður Alþb., en er núv. formaður Alþb. Hann féllst á það ásamt öllum ráðherrum þáv. ríkisstj. að slík olíuviðskiptanefnd skyldi skipuð og fjalla um það, með hvaða hætti unnt væri að tryggja örugg olíukaup og hagkvæm olíukaup. Ef framkvæmd þessara mála hefur farið svo illa úr hendi, sem hv. þm. vildi vera láta, að árangurinn hafi orðið sá, að við höfum stórtapað á olíuinnkaupum frá þeim tíma, er ríkisstjórnum og viðskiptaráðherrum og þeim, er úrslitavald hafa í þessum efnum, um að kenna. Það er auðvitað ljóst mál, að olíuviðskiptanefnd lagði til að við ættum fleiri kosta völ í olíuinnkaupum til landsins en tíðkast hefði um langt skeið. Ég tók eftir því, að hæstv. viðskrh. sagði síðast fyrir nokkrum vikum að það væri einmitt nauðsynlegt að við ættum fleiri kosta völ í þessum efnum. Að sjálfsögðu ættu aðrir en þeir, sem telja sínum málstað nauðsynlegt að hafa olíuinnkaup eingöngu frá Sovétríkjum, að geta skilið þetta. Ég held að hv. þm. hafi ekki getað dulið þau vonbrigði sín, að við erum ekki lengur að þessu leyti háðir einu ríki, að vísu uppáhaldsríki hv. þm. Við höfum í fleiri hús að venda. Það er víst og áreiðanlegt að það er happadrýgst fyrir Íslendinga að eiga fleiri kosta völ í þessum efnum sem öðrum.

Þegar litið er á verðlag olíuinnkaupa til landsins er ljóst að það verður að miða við lengri tíma en eitt eða tvö ár. Við höfum á s. l. áratug reynt tvær olíukreppur með miklum verðsveiflum olíuinnkaupa til landsins. Það verður að ganga svo frá málum, að við séum ekki ávallt háðir duttlungum annarra í þessum efnum, heldur verðum við að tryggja okkur bæði hvað snertir öruggar birgðir, innkaup og verðlag. Þess vegna vísa ég heim til föðurhúsanna þeim ummælum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að stofnun olíuviðskiptanefndar hafi verið Íslendingum til tjóns. Þvert á móti hygg ég að þá hafi þessi mál verið tekin til nauðsynlegrar endurskoðunar og endurmats sem hafi leitt til þess, að við eigum fleiri kosta völ í þessum efnum en áður, en það er okkur lífsnauðsyn. Það má vel vera að við þurfum að leita fleiri leiða og nýrra innkaupalanda en hingað til hefur verið gert. Við eigum að hafa augun opin, en auðvitað verður það svo annaðhvort að vera á valdi þeirra, sem kaupa inn olíuna og selja á eigin ábyrgð, eða á valdi stjórnvalda, ef þau á einhvern hátt ábyrgjast þessi olíuinnkaup, hvernig til tekst þegar til lengdar lætur í þessum efnum. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé mjög mikilvægt hagsmunamál Íslendingum, ákaflega mikilvægt öryggismál. Meðan

við þó erum svo háðir innflutningi á olíu sem sú staðreynd ber vitni um að um helmingur orkunotkunar okkar er innfluttur þrátt fyrir vaxandi nýtingu innlendra orkulinda, þegar svo standa sakir, skiptir okkur miklu máli að vel sé á málum haldið. Þær upplýsingar og þau tengsl og það öryggi, sem skapast með aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, er í þessum efnum, hygg ég, ómetanlegt.

Við munum vissulega, þegar við fáum þessa þáltill. til meðferðar í utanrmn., fjalla ítarlega um hana. Um leið og við munum hafa samráð við hæstv. utanrrh., eins og nefndarinnar er venja í öllum hennar störfum, mælist ég til þess að eiga samráð og samvinnu við hæstv. viðskrh. Ég er ekki í vafa um að niðurstaðan verður sú, að meiri hluti þm. muni telja hér um brýnt hagsmunamál Íslendinga að ræða. Það kann svo að vera úrvinnsluatriði með hvaða hætti við eigum að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni og hvað aðlögunartíma við eigum að ætla okkur og önnur slík framkvæmdaatriði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þessar umr. hafa verið fróðlegar og hafa leitt margt í ljós í sambandi við okkar olíu- og orkumál og það er ekki að ófyrirsynju. Hér er um að ræða mjög stóran og þýðingarmikinn málaflokk, sem skiptir mjög verulegu máli í öllum lífskjörum landsmanna.

Á árinu 1979 gerðist það, að olíuverð margfaldaðist þannig að við urðum að verja 20% af útflutningstekjum okkar til innkaupa á olíu í staðinn fyrir 10% áður. Þar var um að ræða efnahagslegt högg sem þjóðarbúið varð fyrir og var mjög tilfinnanlegt og var mjög erfitt fyrir þjóðina að glíma við og hafði alvarleg áhrif á alla efnahagþróun, kaup og kjör í landinu líka, og m. a. á verðbólguþróun, þetta gerði þeirri ríkisstj., sem þá sat í landinu, mjög erfitt fyrir hvað það mál varðar, eins og kunnugt er, og varð síðan til þess að einn af þáverandi stjórnarflokkum sprakk á limminu á haustdögum 1979.

Varðandi það mál sem hér hefur verið rætt um, hefur mér stundum fundist eins og menn telji sjálfgefið að Íslendingar eigi skýlaust, þegar svona mál koma upp, að segja: Já, takk. Við eigum að ganga inn í þessa stofnun. Menn eigi í raun og veru ekki að þurfa að rökstyðja það mikið vegna þess að ýmsar aðrar þjóðir séu þegar orðnar þarna aðilar og vegna þess að Alþb. sé á móti því. Það eru þau meginrök sem hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur yfirleitt þegar hann talar um mál af þessum toga hér á Alþingi t. d. Það eru alveg nægjanleg rök, að ef Alþb. sé andvígt einhverju máli hljóti hv. þm. Geir Hallgrímsson að vera með því.

Varðandi þetta mál efnislega vil ég segja það, að það eru tvö meginatriði sem hafa verið borin fram sem rök sem ég tel fullgild í málinu. Annað er birgðahald á olíu og hitt er aðgangur að upplýsingarstreymi, aðgangur að upplýsingum í sambandi við þróun olíu- og orkumála í heiminum. Ég verð að segja það, að ég hef ekki séð neitt sem útilokar að við getum tryggt þetta hvort tveggja þó að við séum ekki aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég held að við getum vel tryggt auknar birgðir í landinu af olíu þó að við séum ekki aðilar að þessari stofnun. Spurningin þar er um hver á að borga kostnaðinn við birgðahaldið, hvernig það á að dreifast á olíunotendur í landinu á hverjum tíma. Það er ljóst að það kostar mjög verulegar upphæðir ef við ætlum t. d. að tvöfalda birðgarými og tvöfalda brigðir hér í landinu. Það eru mjög verulegar upphæðir í fjármagnskostnaði sem menn þurfa þá að horfa fram í.

Við í Alþb. höfum að okkar leyti langt frá því hafnað þeim möguleika að við stóraukum birgðir okkar af olíu. Þvert á móti. Ég minni á að hæstv. núv. fjmrh. flutti um það frv. hér á Alþingi hvað eftir annað fyrir nokkrum árum að Íslendingar kæmu sér upp auknu birgðarými og auknum birgðum af olíu. Það varð ekki vart við það þá, að hv. þm. úr öðrum flokkum sýndu þessu máli verulegan áhuga, því miður. Ég held að slík ákvörðun hefði betur verið tekin fyrir alllöngu. Ég tel að hún sé brýn, að við reynum að birgja okkur upp í þessum efnum. En þá þurfum við að svara þeirri spurningu um leið, hver á að bera kostnaðinn. Kostnaðurinn verður í raun ekki borinn uppi öðruvísi en í olíuverðinu sjálfu. Þá yrðu menn að taka ákvörðun um að hækka mjög verulega olíuverð. Menn þurfa þá að horfa framan í þá ákvörðun. Það hefur ekki bara áhrif á lífskjörin, á vísitöluna á hverjum tíma, vegna þess að þetta er ekki aðeins spurningin um bensínið, heldur er þetta líka og sérstaklega spurning um gasolíu og svartolíu fyrir fiskiskipaflota okkar. Þetta er annað atriðið sem menn hreyfa sem rökum.

Hitt atriðið, sem menn nefna sem rök í þessu efni, er aðgangur að upplýsingum í orkumálum. Ég segi: Er það fullvíst að ekki sé hægt að ná þessum upplýsingum með öðrum hætti en að gerast einmitt aðili að þessari stofnun? Ekkert hefur komið fram um að það sé ekki hægt að ná þessum upplýsingum t. d. í tengslum við OECD og það orkumálasamstarf, sem þar er um að ræða og orkumálaumræður, eða aðrar alþjóðlegar stofnanir, sem Íslendingar eru aðilar að eða eiga aðgang að, t. d. Sameinuðu þjóðirnar ellegar Norðurlandaráð. Þess vegna finnst mér að menn geti ekki gefið sér að við hljótum að verða aðilar að þessari stofnun af þeim ástæðum sem hér hafa verið nefndar og eru oftast bornar fram sem rök.

Hvað er það þá fyrst og fremst sem er á móti því, að Íslendingar verði aðilar að þessari stofnun? Ég tel að það sé fyrst og fremst á móti aðild að þessari stofnun, sem nefnt hefur verið, að hún er þannig skipulögð, að ef einhver þjóð er þar aðili gefur það öðrum þjóðum kost á íhlutun um hvernig ráðstöfun birgða verður hagað á tímum þegar um er að ræða þrengingar eða neyðarráðstafanir. Ég tel að þetta sé mál sem við þurfum að athuga mjög vandlega, og mér finnst það satt að segja ekki ábyrg afstaða að slá því föstu að við getum samþykkt hér og nú fyrirvara- og skilyrðislaust till. eins og þessa:„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.“ Ég gæti ekki samþykkt svona tillögu. Ég get ekki annað en greitt atkv. á móti till. eins og hún er hér. Hins vegar vil ég ekki útiloka að við getum samið þarna um skilyrði sem væru aðgengileg fyrir Íslendinga, en það þurfum við að athuga mjög vandlega. En till. eins og þessa gæti ég ekki samþykkt fyrir mitt leyti. Það er útilokað.

Varðandi þau mál önnur, sem hér hafa verið rædd, hefur margt fróðlegt komið fram. Það, sem ýtti við mér að koma upp í stólinn, var m. a. ákveðin setning sem hv. 1. þm. Reykv. viðhafði áðan um Alþb. Það kemur fyrir aftur og aftur í umr. hér á hv. Alþingi, að þegar rætt er um Alþb. og afstöðu þess segir hv. 1. þm. Reykv., sem hefur gegnt forsætisráðherrastarfi í þessu ríki um fjögurra ára skeið, að það sé í raun og veru hneykslí og fráleitt að taka mark á Alþb. Innan við fimmtungur þjóðarinnar, segir hann aftur og aftur, þessi hv. þm., og á þá við að það sé fráleitt í rauninni að gera við Alþb. nokkra samninga um

nokkurn skapaðan hlut í stjórnmálum þessa lands. Hér er um að ræða ólýðræðislegt viðhorf, ólýðræðislegt og forkastanlegt viðhorf, sem á rætur að tekja til kaldastríðstímans þegar þessi hv. þm. meðtók uppeldi sitt í stjórnmálaskólum Heimdallar. Hér er um að ræða það viðhorf, að við fokkk, sem hefur á bak við sig jafnvíðtækan stuðning og Alþb., sem fer vonandi vaxandi, eigi ekki að tala í sambandi við stjórn landsins á hverjum tíma og það sé í raun og veru fráleitt að slíkur flokkur sé hafður með í ráðum nokkurs staðar. Ég ætla ekki að lýsa þeirri fyrirlitningu sem ég tel að komi fram í þessari afstöðu þm., ekki aðeins á okkar lýðræðislega þjóðskipulagi á Íslandi, heldur einnig á einstökum alþm. Ég segi: Hver einasti einn alþm. hefur sinn lýðræðislega rétt, þó að hann sé ekki nema 1/60 partur af löggjafarsamkomu þjóðarinnar. (Gripið fram í.) 1/60 partur. Þetta grundvallaratriði eiga menn að hafa í huga.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, sem iðkar aðallega pólitísk afskipti á Alþingi með framiköllum, er hins vegar annarrar skoðunar, þeirrar sömu og hv. 1. þm. Reykv., að það eigi að útiloka þm. Alþb. sem kosnir eru með lýðræðislegum hætti. Þessi viðhorf sýna fyrirlitningu á lýðræðislegum grundvallaratriðum þessa þjóðfélags. Ég hlýt að fordæma þessi viðhorf vegna þess að þau eiga ekkert skylt við þau meginatriði mannhelgi og virðingar fyrir mannréttindum sem samfélag okkar á að byggjast á. Ég get vel skilið að menn eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson eða hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson telji stundum að fjármagnið eigi að hafa hér meiri rétt en maðurinn, að fjármagnið eigi að meta meira en fólkið og vald fjármagnsins, vald hlutabréfanna sé meira virði en áhrif og lýðræðislegur réttur fólksins. Ég er ósammála þeim sjónarmiðum. Ég stóð hér upp vegna þess að ég andmæli enn og aftur þeim ólýðræðislegu sjónarmiðum sem aftur og aftur koma fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni í garð Alþb.

Á kaldastríðsárunum þótti það góð latína hér á hv. Alþingi að útiloka Alþb. og Sósíalistaflokkinn frá aðild að ýmsum nefndum þingsins, utanrmn. m. a. Þegar þessir flokkar, sem skreyta sig með nafninu „lýðræðisflokkarnir þrír" ætluðu að vera allra lýðræðislegastir létu þeir kjósa til Norðurlandaráðs í báðum deildum þingsins, í sitt hvorri deildinni, til þess að það væri tryggt að sósíalistar kæmust ekki í Norðurlandaráð. Aftur og aftur, þegar fjallað hefur verið um utanríkismál á hv. Alþingi, hafa þessir menn komið hér upp með yfirlýsingar eins og þær, að það sé fráleitt að rætt skuli vera við Alþb. um utanríkismál, þegar þó skyldi ætla að það ætti að vera skylda hvers einasta alþm., sem tekur sitt starf sæmilega alvarlega, að stuðla að sem víðtækastri umræðu og helst sem víðtækastri samstöðu um þau mál sem fjallað er um á hverjum tíma gagnvart öðrum þjóðum. Það kæra þessir hv. þm. sig ekki um sem skreyta sig með nafni lýðræðisflokkanna þriggja. Þeir hika ekki við að fótumtroða grundvallarsjónarmið lýðræðisins ef það má verða til þess að halda Alþb. utan við áhrif í íslenska þjóðfélaginu.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson vék síðan að því kraftaverki, sem hann vann sumarið 1979 þegar hann telur sig hafa bjargað því hneykslí í olíumálum sem ég hafði verið skrifaður fyrir þá hann hafi í raun og veru verið sá maður sem leiddi þjóðina gæfuveginn þrátt fyrir að á viðskrh.-stóli sæti maður af mínu tagi. Geir Hallgrímsson má gjarnan þakka sér eitt og annað. Hann má gjarnan gera það og sjálfsagt veitir hv. þm. ekki af. Ég ætla ekki að fara að taka eitt eða neitt af honum í þeim efnum. En ég vil minna á að það hefði verið bókstaflega hættulegt ef við hefðum á árinu 1979, eins og sviptingarnar voru þá í olíuheiminum, rofið viðskiptatengslin við Sovétríkin án þess að vera áður búnir að tryggja okkur jafnhagstæð og jafnörugg olíuviðskipti. Slík pólitík — að rjúfa þannig áratugagömul viðskiptasambönd — hefði verið ábyrgðarlaus ævintírapólitík og alveg fráleit. Hitt hefur alltaf verið mín skoðun í þessum efnum, að Íslendingar eigi að haga innkaupum sínum á olíu þannig að þeir séu ekki einum aðila háðir. Hann má ekki heita Sovétríkin, hann á ekki að heita Noregur, hann á ekki að heita Bretland. Við eigum ekki að vera einum aðila háðir. Við þurfum að haga okkar olíuinnkaupastefnu þannig að við getum sem víðast leitað fanga. Það er mitt grundvallarsjónarmið í þessum efnum. En það er tiltölulega auðvelt að halda slíku sjónarmiði fram á tímum eins og núna þegar ekki er mjög mikil spenna í olíuviðskiptum. T. d. höfum við á þessu ári getað keypt einstaka farma af bensíni og olíu af vestrænum olíufélögum. Við höfum keypt olíu frá Portúgal o. s. frv. En það er mjög erfitt að ná slíkum samningum við marga aðila þegar spenna er í olíuviðskiptaheiminum, eins og var á árinu 1979. Þess vegna þarf að halda þannig á olíukaupamálum Íslendinga á tímum eins og þeim sem nú eru, að við undirbúum að við getum tekið á móti þeim tímum þegar spennan er mest í þessum efnum og þurfum þá ekki að vera einum sérstökum aðila háðir. Það má ekki verða. Lægð eins og nú er í olíuviðskiptaheiminum er heppilegur tími að mínu mati til að undirbúa að við getum tryggt að við getum leitað sem víðast fanga þegar þrengir að á þessu sviði.

Auðvitað var það ekki þannig á árinu 1979, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson lét liggja að áðan, að við værum í rauninni að pína Íslendinga til að skipta við Sovétríkin á því ári. Ég er sannfærður um að við gátum losað okkur við þau viðskipti hvenær sem var. En það alvarlega, sem við stóðum frammi fyrir á árinu 1979 í þessum efnum, var að á stjórnartíma ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar 1974-1978 var ekkert gert til að tryggja Íslendingum sæmilega traustan aðgang að olíuviðskiptum víðar í heiminum en einmitt í Sovétríkjunum. Enginn slíkur undirbúningur hafði farið fram. Ekkert hafði verið gert af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar heldur til að tryggja olíubirgðarými hér í landinu. Það var sá alvarlegi vandi sem við stóðum frammi fyrir. Þarna leið tími andvaraleysis. Það var ekkert gert. Svo öskruðu menn 1979, þegar vandinn kom upp: Nú skulum við rjúfa þessi viðskiptatengsl við Sovétríkin. — Á því ári hefði slíkt verið óábyrg ævintýrapólitík eins og sakir stóðu. En ég endurtek: Nú tel ég að við eigum að nota þá lægð, sem með vissum hætti er í olíuviðskiptaheiminum, til að búa okkur undir að við getum tekist á við vanda eins og þann sem upp kom 1979 og 1973 því að slíkur vandi getur komið upp hvenær sem er.

Því er spáð núna, að það líði ekki mjög mörg ár þangað til verð á olíuvörum fari mjög verulega hækkandi. Ég nefndi áðan að verðið hefði tvöfaldast í raun miðið við útflutningstekjur okkar á árinu 1979. Því er spáð, að verðið fari enn hækkandi. Ég veit að hv. þm. átta sig á því, hvað það getur þýtt fyrir þjóðarbú okkar ef olíuverðið fer eins hækkandi þegar staðan er þannig að 20% af tekjum fiskiskipaflotans, 20%, fimmti hver fiskur, fara í að borga olíu eins og sakir standa. Ef olíuverð á eftir að hækka í raun mjög verulega sjáum við allir á

þessum stað hvaða afleiðingar það getur haft fyrir þjóðarbú okkar og lífskjör. Undir það þurfum við að búa okkur og undir það hefur núv. hæstv. ríkisstj. búið þjóðina með vissum og ákveðinum hætti með þeim ákvörðunum sem liggja þegar fyrir að því er varðar orkumál. Meginatriði þessara mála er að Íslendingar verði sjálfstæðir í orkumálum um næstu aldamót þannig að þar getum við staðið á eigin fótum og þurfum ekki að verða neinum einum háðir í þeim efnum.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég get ekki að því gert, að það fer alltaf svolítið um mig þegar fulltrúar Alþb. koma í ræðustól og eru að tala um grundvallarreglur lýðræðisins og hin helgustu mannréttindi og þar fram eftir götunum. Það fer svolítið um mig af þeirri ástæðu, að Alþb. og fyrirrennarar þess í íslenskum stjórnmálum hafa litið til ríkjanna í Austur-Evrópu, kommúnistaríkjanna, með sérstakri aðdáun og líta sumir hverjir enn. Menn skyldu hafa það í huga, að margir af forvígis- og forustumönnum Alþb., — ekki allir, en sumir, — hafa hlotið menntun sína og þjálfun undir handarjaðri kommúnistaflokkanna í Austur-Evrópu, og þess vegna þykir mér það hlálegt þegar þessir menn koma hér og belgja sig út af lýðræðisást í þessum ræðustól.

Ég held því fram, að það sé ólýðræðislegt í hæsta máta ef 1/10 hluta þm. er fengið neitunarvald í veigamiklum málum. Mér er alveg sama hvernig menn snúa því til eða frá. Það getur ekki samrýmst því sem menn vilja kalla lýðræðisleg vinnubrögð. Það er alveg útilokað, hvernig sem á málið er litið. Það eru ólýðræðisleg vinnubrögð ef lítill minni hluti er látinn ráða ferðinni í veigamiklum málum, eins og gert er í stjórnarsáttmálanum þar sem Alþb. er að hluta til fengið neitunarvald um ýmis málefni. Það er alveg sama hvernig menn reyna að snúa því til eða frá. Þau vinnubrögð verða aldrei kölluð lýðræðisleg. Þess vegna finnst mér hlálegt þegar formaður Alþb., hæstv. félmrh., bólgnar út af lýðræðisást í þessum ræðustól.

Ég ætla ekki að gerast langorður hér, herra forseti, en mér fannst nokkuð á skorta þegar hæstv. félmrh. var að telja upp það sem hann teldi að gæti verið til hagsbóta með aðild að Alþjóðaorkustofnun. Hann lét t. d. undir höfuð leggjast að geta þess sem er í samningnum um alþjóðarorkuáætlun, 3. liður, og heitir: Úthlutun olíu á neyðartímum.

Auðvitað er það rétt, að við eigum að skoða þetta mál, og auðvitað er það undirskilið og auðvitað felst það í þessari till., að við gerumst ekki aðilar að þessari stofnun nema því aðeins að þau skilyrði, sem við kunnum að setja, verði uppfullt. Það er svo augljóst og liggur svo í hlutarins eðli að um það þarf ekki að hafa mörg orð. Það felst auðvitað í því, að ríkisstj. er falið að gera ráðstafanir til þess að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Auðvitað gerist það ekki nema það verði með þeim skilyrðum og á þann hátt sem við getum sætt okkur við. Ég hélt satt að segja að um þetta þyrfti ekki að fara mörgum orðum.

Það hefur verið gagnrýnt hér, að gerður var olíukaupasamningur við Breta. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gagnrýndi það. Hæstv. félmrh. valdi þann kostinn að fara aðra leið í sinni umfjöllun um það mál og olíukaup okkar annars staðar. Það hefur líka komið fram í þessum umr., að Alþb. bar auðvitað ábyrgð á þeirri ákvörðun að gerðir voru olíusamningar við Breta eins og fleiri. En hið venjulega gerðist hér. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi áðan, er hann flutti hér sína ræðu, að Alþb. hefði ekki borið ábyrgð á þessu: „Við létum það eftir þessum herramönnum," sagði hann, en við berum enga ábyrgð. — Það kann vel að hafa farið svo að olíuverð samkv. þessum samningi hafi reynst eitthvað hærra en menn ætluðu er hann var gerður. En gæti ekki verið að beinir eða óbeinir kostir þess að hafa gert þennan samning hefðu létt okkur róðurinn á einhverjum öðrum miðum og kannske gert okkur auðveldara fyrir í viðskiptum og samningum við Sovétríkin um ýmislegt annað? Það skyldi þó aldrei vera. En það er venjan, að ef Alþb.-menn telja að eitthvað hafi farið á annan veg og lakari en ætlað var, þá bera þeir enga ábyrgð. Það er sjálfsagt þeim að þakka núna að sparifé hefur streymt inn í bankana þótt svo þeir hafi alla tíð lýst sig andsnúna þeirri vaxtastefnu sem hefur leitt til þess, að sparifjármyndun hér í landinu hefur aukist. Það kann að vera að þeim þyki þetta sumum góður málflutningur, en ég hygg að almenningi þyki það yfirleitt ekki.

Það er svo með hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, að hans eftirlæti í ræðum á Alþingi er að halda því fram, að aðrir þm. hafi ekki kynnt sér mál, hann hafi hins vegar kynnt sér mál öðrum mönnum betur. Gjarnan tekur hann þm. í kennslustundir er sá gállinn er á honum. Ég held að við þurfum ekki á hans fræðslu um þessi mál eða önnur að halda. Þm. þurfa ekki að gerast hans nemendur um eitt eða neitt.

Ég vék að því áðan, að það væri eftirlætisiðja þeirra Alþb.-manna að tala í suður þegar aðrir töluðu í norður. Þegar hér voru umr. um utanríkismál fyrir allnokkru var talað um Menningarstofnun Bandaríkjanna og starfsemi hennar á Íslandi. Þegar vakin var athugli á þeim straumhvörfum sem gerst höfðu í umræðum um utanríkismál á Norðurlöndum þegar sovéskur kafbátur með kjarnorkuvopn strandaði í njósnaferð á bannsvæði sænska flotans, þá töluðu Alþb.-menn um Menningarstofnun Bandaríkjanna. Nú var verið að spyrja formann þingflokks Alþb. ákveðinna spurninga um stefnu þess flokks. Þá kemur hann hér og talar um sovéska kafbáta. Það stendur ekki á mér frekar en öðrum þm. að halda þeirri umr. áfram. (Gripið fram í.) Það er ekki langur tími liðinn síðan þessi umr. átti sér stað. Það var óskað eftir ákveðnum upplýsingum. Það stendur ekkert á okkur að halda þeirri umr. áfram. En við ræðum ekki þau mál undir þessum dagskrárlið. Við skulum halda okkur við skipuleg og skynsamleg vinnubrögð. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skal ekki þurfa að kvarta yfir að það standi á umr. frá okkur um utanríkismál, um sovéska kafbáta í grennd við landið. Það er hins vegar ástæðulaust að hafa þau mál í flimtingum, eins og hann og hans flokksmenn hafa allajafna gert. Þeir hafa til þessa ekki verið sérlega fúsir til að ræða umsvif Sovétríkjanna, hvort sem það er hér á landi eða í höfunum við Ísland. Þessi flokkur hefur talið það sérstaka skyldu sína og telur enn að halda verndarhendi yfir hagsmunum þessa stórveldis og hefur gert utanríkismálastefnu þess að ýmsu leyti að sinni. Það hefur verið rakið hér oftlega að utanríkisstefna Alþb. hefur um áratugaskeið og þegar sá flokkur nefndi sig öðrum nöfnum verið bergmál af utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það undir þessum dagskrárlið. En á það skal ekki skorta, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að menn séu

reiðubúnir að ræða utanríkismál við Alþb. Það væri hins vegar kostur ef fleiri hv. þm. og ráðh. Alþb. tækju þátt í þeirri umr. Einhverra hluta vegna hafa þeir valið þann kostinn að láta formann þingflokksins, hv. 11. þm. Reykv., standa einan í þeirri umr. Við viljum gjarnan tala við fleiri.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er alveg greinilegt að hv. þm. Eiður Guðnason hefur sofnað algerlega á verðinum hvað snertir að grennslast eftir örlögum fyrirspurna sinna um sovéska kafbáta — og reyndar bandaríska og franska og breska kafbáta. Kannske er þm. alveg sama þó að það séu hér breskir kjarnorkukafbátar og bandarískir kjarnorkukafbátar og franskir kjarnorkukafbátar. Það skyldi þó ekki vera ástæðan fyrir því, að þaggað hefur verið niður í hv. þm. um þetta mál, að einhver hafi hvíslað því að honum, að það séu jafnan tveit bandarískir kjarnorkukafbátar við hliðina á þeim tveimur sovésku kjarnorkukafbátum sem eru hérna í landhelginni? Það skyldi þó ekki vera ástæðan fyrir því, að NATO-liðið hér á landi hafi allt í einu steinþagnað um þetta mál, að það vildi ekki fá fram upplýsingarnar um bandarísku kjarnorkukafbátana sem eru þarna líka? Ég fagna því hins vegar, að hv. þm. Eiður Guðnason segist ætla að halda þessari baráttu áfram, og ég býð honum allt liðsinni Alþb. til að reka þetta mál til enda og fá fram frá bandaríska hernum, sem á að veita íslenskum stjórnvöldum upplýsingar um þetta, hvað margir kjarnorkukafbátar hafa verið í hafinu hér í kringum Ísland s. l. ár, hvað margir sovéskir, hvað margir bandarískir, hvað margir breskir, hvað margir franskir. Vonandi getum við allir sameinast um að krefjast þessara upplýsinga. (Gripið fram í.) Já, en þið hafi ekki ítrekað þá ósk. Þetta var forsíðuefni í Alþýðublaðinu hvað eftir annað, og ég vil minna hv. þm. Eið Guðnason á að þm. Alþb., Stefán Jónsson, stóð upp umsvifalaust á Alþingi og tók undir ósk hans, en það kom enginn frá Sjálfstfl. og tók undir þá ósk, ekki einn einasti maður. Það hefur enginn þm. frá Sjálfstfl. óskað eftir að fá upplýsingar um kjarnorkukafbáta í hafinu kringum Ísland. (**Gripið fram í:** Hver gefur þessar upplýsingar?) Hv. þm. Eiður Guðnason.

Það er gaman að þessu með Sovétríkin. Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði áðan að Sovétríkin væru uppáhaldsríki mitt. Það er algjör misskilningur. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. hefur þetta. En ég vil gjarnan segja hv. þm. hvað er uppáhaldsríki mitt svo að hann hafi það á hreinu í eitt skipti fyrir öll. Það er það ríki sem fjölskyldufyrirtæki hv. þm. Geirs Hallgrímssonar hefur grætt mest á að flytja inn varning frá. Það er Bretland. (**Gripið fram í:** Ekki Ísland.) Menn voru að tala um erlend ríki. Auðvitað voru menn að tala um erlend ríki í þessum efnum. — Það er ósköp skiljanlegt að þetta komi þm. mjög á óvart. Bretland getur nefnilega verið uppáhaldsríki fyrir margra hluta sakir. Það er uppáhaldsríki um þessar mundir m. a. fyrir þær sakir, að þar er verið að sýna leiftursóknina í framkvæmd. Þar geta menn kynnt sér leiftursóknina í framkvæmd. Menn þurfa ekkert að velta fyrir sér lengur hver sé stefna Sjálfstfl. Menn geta bara kynnt sér Bretland og gengið úr skugga um hana.

En varðandi Sovétríkin, sem hér er oft verið að tala um, sérstaklega hv. þm. Eiður Guðnason sem er með Sovétríkin á heilanum og talar sýknt og heilagt um Alþb. og fyrirrennara þess, þá legg ég til að hv. þm. Eiður Guðnason taki sér nú sæti á flokksskrifstofu Alþfl. í nokkra daga og lesi það sem málgögn Alþfl. skrifuðu um Sovétríkin í 20 ár, hann kynni sér þá lofgjörð, það hól og þær dýrðarlýsingar sem málgögn Alþfl. fluttu um Sovétríkin. Það vill nefnilega svo til, að það hafa ekki málgögn neins stjórnmálaflokks á Íslandi flutt jafnlengi lofgjörðir um Sovétríkin og málgögn Alþfl. Það er að vísu nokkuð langt síðan, en það er sérkennilegt með núverandi þm. Alþfl., að það er eins og þeir kunni ekki skil á sögu eigins flokks. (**EG:** Á nú að fara að kenna okkur einu sinni enn?) Já, hv. þm. Eiður Guðnason er nefnilega í þeirri sérkennilegu stöðu, að það er alveg sama í hvaða máli hann talar hér, hann virðist alltaf þurfa á kennslu að halda. Það er sérkennilegt. (**HBl:** Er hv. þm. að hugsa sér til hreyfings að fara í Alþfl. — og farinn að kynna sér söguna þess vegna?) Það gæti vel komið til greina að kenna þm. Alþfl. nokkuð þeirra sögu, en ég hefði haldið að hv. þm. Halldór Blöndal, sem er lítið hér í þingsölum, hefði ekki þurft að spyrja að þessu vegna þess að ég upplýsti það hér fyrr í vetur, að þegar hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var eitthvað að velta þessu fyrir sér að hann þyrfti ekki að óttast að ég hygði á þetta, a. m. k. ekki meðan hann ætti fullt í fangi með að hemja þá þm. sem væru nú í þingflokki Alþfl.

Ég ætla að vona að menn fari að hefja umr. á Alþingi um utanríkismál og önnur mál af þessu tagi upp af þessu gamla kaldastríðskarps-dellustigi sem hv. þm. Eiður Guðnason er á og stundum líka einnig hv. þm. Geir Hallgrímsson og sérstaklega varaþm. hans sem kom hér inn um daginn í hálfan mánuð. Þá fór Geir Hallgrímsson einn dag á fund til útlanda og þurfti að taka sér frí í hálfan mánuð frá Alþingi vegna þess. (**PS:** Hann var þá kauplaus.) Var það kauplaust? Jæja, var það kauplaust? Hv. þm. Geir Hallgrímsson vann það kauplaust. (Gripið fram í.) Pétur Sigurðsson fullyrti að það hefði verið kauplaust. Ég fæ ekkert svar. Ég legg til að það verði rætt á næsta þingflokksfundi í Sjálfstfl., hvort formaður flokksins hafi fengið borgað fyrir þetta eða ekki. En mig minnir að það hafi verið tilkynnt hér í þingsölum að hann hafi farið utan í opinberum erindum og samkv. reglum hér fá menn greidd laun fyrir það. Ég held því að þetta hljóti að vera misskilningur hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni og algjörlega fyrir neðan okkar virðingu að fara að draga það inn í umr. Auðvitað er hv. þm. Geir Hallgrímsson fullsæmdur af því kaupi sem hann fær á Alþingi.

Það er sérkennilegt hvað mönnum er illa við að það sé minnst á þessar utanferðir hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, vegna þess að ég var í burtu tvo vinnudaga, mætti hér á þriðja vinnudegi, sat í tvo daga á fundi erlendis á sama hátt og hv. þm. Geir Hallgrímsson, en mætti hér á þriðja vinnudegi. Hann sat, að því er mér er tjáð, einn vinnudag og varð það honum tilefni til að vera í burtu hálfan mánuð. Það er hins vegar virðingarvert að hann skuli hafa staðið hér upp nánast um leið og annar dagurinn var liðinn frá heimkomu hans til að kvarta sérstaklega yfir því, að við hinir værum ekki mættir. Það kvartaði enginn yfir því um daginn að hv. þm. Geir Hallgrímsson væri ekki mættur. Þannig má náttúrlega margt um þessi mál segja.

En framganga hv. þm. Geirs Hallgrímssonar í olíuviðskiptamálum er með mjög sérkennilegum hætti og mjög nauðsynlegt að hún sé ávallt til á spjöldum sögunnar. Afskipti hv. þm. Geirs Hallgrímssonar af olíuviðskiptamálum þjóðarinnar hafa reynst henni mjög dýr.

Það var hér lengi ákveðið verð á þeirri olíu sem var keypt til landsins, en í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar var breytt um verðlagsgrundvöll og farið með olíuna yfir á svokallað Rotterdam-verð samkv. kröfu ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Þegar olíuerfiðleikarnir komu til sögunnar, eins og hæstv. félmrh. gerði rækilega grein fyrir áðan, þegar hann var viðskrh., var það hinn breytti verðlagsgrundvöllur, sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar hafði samið um, þ. e. Rotterdam-verðið, sem olli Íslendingum fyrst og fremst erfiðleikum í þeirri kreppu. Ef það hefði verið í gildi sami verðlagsgrundvöllur og var áður en ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar kom til valda 1974, þá hefðu Íslendingar ekki þurft að greiða það háa verð fyrir olíuna sem þeir þurftu þegar þessir olíuerfiðleikar komu til sögunnar. Það er svo sérkenni sögunnar, að þegar næst er farið eftir ráðum þessa hv. þm. og gerðir samningar við breska olíufélagið um verðlagsgrundvöll þess, þá skuli það gerast skömmu síðar að sá verðlagsgrundvöllur verður einnig sá óhagstæðasti. Ég skal ekki leiða að því neinum getum hvaða samhengi er þar á milli, en það er a. m. k. athyglisvert, að tvisvar á undanförnum árum hefur hv. þm. Geir Hallgrímsson lagt til að þjóðin breytti verðlagsgrundvelli sínum í olíuviðskiptamálum. Fyrst gerði hann það þegar hann var forsrh. og það reyndist þjóðinni mjög dýrt. Það hefði verið mun ódýrara að halda fyrri verðlagsgrundvelli í olíuviðskiptum við Sovétríkin. Síðan gerði hann það þegar hann var kominn í stjórnarandstöðu og krafðist þess að við gerðum olíusamninga við Breta á þeim verðlagsgrundvelli sem Bretar nota. Það var ekki um neitt annað að ræða en að nota þann verðlagsgrundvöll sem þeir nota. Ekki voru liðnir nema örfáir mánuðir þangað til sá verðlagsgrundvöllur var orðinn hinn óhagstæðasti. Ég vil fá reiknað út hvað þessar verðlagsgrundvallartillögur hv. þm. Geirs Hallgrímssonar í olíumálum hafa kostað. Hver er verðlagsmunurinn frá fyrri verðlagsgrundvelli í olíuviðskiptunum við Sovétríkin, áður en ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar breytti grundvellinum, og hver hefur hann verið síðan? Hver er svo kostnaðurinn við að hafa þurft að greiða bresku olíuna á þeim verðlagsgrundvelli sem hún er verðlögð á? Það er hins vegar alrangt hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, eins og hæstv. félmrh. og fyrrv. viðskrh. hefur nú þegar leiðrétt, að Alþb. hafi ekki verið fylgjandi því, að Íslendingar öfluðu olíu sem víðast. Það er mikill misskilningur, að við höfum viljað láta binda olíuviðskiptin við einhvern einn aðila.

Hv. þm. Albert Guðmundsson er á mælendaskránni á eftir mér. Hann skýrir vonandi frá tillögum og upplýsingum sem hann flutti í utanrmn. varðandi aðrar leiðir sem Íslendingum stæðu kannske til boða í olíuviðskiptum við Arabalöndin. Ég óska eftir því, að hv. þm. Geir Hallgrímsson upplýsi í umr. hvort hann studdi hv. þm. Albert Guðmundsson í utanrmn. í þessum tillöguflutningi eða hugmyndir Alberts Guðmundssonar. Ég get upplýst um mína afstöðu. Samkv. þingsköpum get ég ekki upplýst um afstöðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Það væri fróðlegt að gera það hér. Ég skora á hann að upplýsa þingið um hvaða afstöðu hann hafði, hvaða afstöðu Eyjólfur Konráð Jónsson hafði og hvaða afstöðu aðrir þm. Sjálfstfl. en Albert Guðmundsson höfðu þá í nefndinni. Ég studdi eindregið að þær hugmyndir og þær tillögur, sem Albert Guðmundsson flutti í utanrmn., yrðu skoðaðar nánar. Ég tel enn að það hefði átt að athuga þær. Ég tel að það hafi verið á ferðinni athyglisverðar hugmyndir sem menn hefðu átt að skoða. Sú tilraun til að finna olíuviðskiptum Íslendinga víðtækari grundvöll strandaði ekki á Alþb. þá. Það væri æskilegt að hv. þm. Geir Hallgrímsson upplýsti á hverjum það hefði strandað í utanrmn., að það hefði fengist stuðningur við þær hugmyndir sem hv. þm. Albert Guðmundsson var með.

Það er margt fleira sem mætti segja um afskipti hv. þm. Geirs Hallgrímssonar af olíuviðskiptamálum allt frá því að hann fór að breyta verðlagsgrundvellinum í tíð ríkisstjórnar sinnar og þar til hann fjallaði um hugmyndir Alberts Guðmundssonar í utanrmn. Öll þau afskipti hafa að mínum dómi verið Íslendingum í óhag. Það er sú saga sem ég taldi nauðsynlegt í umr. áðan að yrði rifjuð upp.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson fór að reyna þvæla málið með því að tala um olíuviðskiptanefndina. Það er ekki það sem ég var að vitna í áðan, heldur voru það þær ræður og þau blaðaviðtöl sem þm. flutti á sínum tíma þar sem hann krafðist þess, að breski samningurinn yrði gerður. Hann þarf því ekkert að vera að skjóta sér á bak við olíuviðskiptanefnd í þeim efnum, nema hann þori ekki lengur að standa við viðtöl sín í Morgunblaðinu og þær ræður sem hann flutti hér á Alþingi.

Varðandi þá till., sem hér er til umr., er það vissulega fagnaðarefni að hv. þm. Eiður Guðnason og hv. þm. Geir Hallgrímsson skuli nú allt í einu, eftir þær ræður sem við fulltrúar Alþb. höfum flutt í þessum umr., vera farnir að tala um að auðvitað þurfi að athuga vel hvaða skilyrði Íslendingar eigi að setja. Það var ekki mikið talað um það í þeirra fyrri ræðum. Það hefur ekki einkennt mikið málflutning þessara manna í málinu til þessa. En þeir eru þó búnir að læra það í þessari umr. að málið sé kannske ekki eins einfalt og þeir hafa haldið og það sé nauðsynlegt að athuga vel og vandlega og hyggja að því, hvaða skilyrði Íslendingar ættu að setja. Í þessari till., sem hér er til umr. og menn lýstu hér fyrr í dag að þeir vildu láta samþ. óbreytta, er ekki talað um neina fyrirvara eða skilyrði þó það hafi verið gert nú í seinni hluta umr. Þar er ekki um neina slíka fyrirvara að ræða. Þess vegna mun utanrmn. væntanlega fjalla ítarlega um það, og ég veit að sú nefnd, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem nú er hér í salnum, veitir forstöðu, skoðar það mál líka mjög vandlega. Þess vegna er það alveg út í hött hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni að vera að tala um að það sé eitthvað verið að flytja vald í þessum efnum út fyrir sali Alþingis. Aðalforganga þessa máls og athugun núna er í höndum sessunautar hans hér í þingsölum. Væntanlega ber ekki að skoða þessi orð hv. þm. Geirs Hallgrímssonar sem sérstakt vantraust á hans ágæta sessunaut.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur gert það töluvert að umræðuefni að 1/20 hluti þjóðar og þings eigi ekki að hafa rétt til að fjalla um mál og það eigi ekki að hlýða skoðunum svo lítils minni hluta. Ég held að þeir, sem búa í glerhúsi, ættu ekki að kasta steinum. Skoðanakannanir hér í landinu hafa sýnt það hvað eftir annað, að fylgi hv. þm. til formennsku í Sjálfstfl. meðal kjósenda og stuðningsmanna Sjálfstfl. er miklu minna en þau 20% sem Alþb. hefur í landinu. Það getur því vel verið að komi sá tími að hv. þm. Geir Hallgrímsson telji að 20% stuðningur geti dugað til ýmissa verka.

Það vita allir hér að þetta tal hv. þm. Geirs Hallgrímssonar um Alþb. er ýmist hræsni eða látalæti. Auðvitað var hann ákafur að fá Alþb. með sér í ríkisstjórn á sínum tíma. Það vita allir. Hér situr í hliðarherbergjum ritstjóri

Tímans, Þórarinn Þórarinsson, sem hefur hvað eftir annað, síðast í dag, minnt á tillögur frá mr. X, sem lagðar voru fram í þeim ríkisstjórnarviðræðum. Hv. þm. Geir Hallgrímsson hefur Þórarin Þórarinsson í návígi við sig í þingsölum þó að Þórarinn sitji í hliðarherbergi. Það væri æskilegt að hv. þm. svaraði í þingsölum því, sem Þórarinn Þórarinsson er að spyrja um í leiðurum Tímans í dag um till. mr. X sem sendar voru Alþb. og Framsfl. sem trúnaðarmál. Það væri skemmtilegt ef hv. þm. Geir Hallgrímsson rekti sögu mr. X í þeim stjórnarmyndunarviðræðum. Við skulum ekkert vera að látast í þeim efnum. Staðreyndin var auðvitað sú, að í röskan mánuð gerði Geir Hallgrímsson allt sem hann gat til þess að fá sjálfur að vera forsrh. í ríkisstjórn sem Alþb. ætti sæti í. Sagan um mr. X, sem líka má lesa um í mjög skemmtilegum kafla í nýútkominni ævisögu Gunnars Thoroddsens, er til vitnis um það. Auðvitað verður hv. þm. Geir Hallgrímsson tilbúinn að mynda stjórn með Alþb. ef hann fær einhvern tíma tækifæri til þess.

Herra forseti. Þessar umr. hafa nú farið dálítið á víð og dreif. (Gripið fram í.) Það er kannske ástæða til að svo sé vegna þess að inn í þessa umr. hafa komið fullyrðingar um Alþb., um ríkisstjórnarþátttöku, um olíuviðskipti og fjölmargt annað. En ég vænti þess, að hv. þm. Geir Hallgrímsson svari þeim spurningum, sem ég hef beint til hans, svari því, hver var afstaða hans í utanrmn. þegar frásögn og greinargerð Alberts Guðmundssonar kom þar fram. (**Gripið fram í:** Hver var afstaða ríkisstj. til þessara hugmynda?) Því svara þeir sem voru þar að verki fyrir ríkisstj. Þeir gera það. Ég lýsti minni afstöðu. Við Geir Hallgrímsson fjölluðum báðir um málið í utanrmn. Ég er bara að biðja hann um að lýsa sinni afstöðu í utanrmn. Það er einu sinni þannig, að oft og tíðum fá sumir þm. Sjálfstfl. meiri stuðning frá okkur Alþb.-mönnum en sínum samherjum. Það er oftast nær í hinum bestu málum sem það gerist.

Ég vona, herra forseti, að sú umr., sem hér hefur farið fram í dag, verði mönnum tilefni til þess að átta sig á að í þessari þáltill., sem hér er til umr., er aðildin að Alþjóðaorkustofnuninni einfölduð allt of mikið. Það er alveg nauðsynlegt fyrir Alþingi að skoða þau mál miklu betur en flm. till. og þeir, sem hafa lýst yfir nú þegar stuðningi við hana, hafa gert. Alþb. hefur, af því að hér hefur verið spurt um afstöðu þess og þingflokksins, ákveðið að kynna sér þetta mál vel og rækilega og athuga öll þau gögn málsins sem verið er að afla og hafa komið fram. En þegar Alþb. mótar sína endanlegu afstöðu til málsins verður það fullbúin afstaða, en ekki hálfkák, eins og hjá þeim mönnum sem nú þegar hafa lýst yfir stuðningi án þess að hafa hugmynd um hvaða skilyrði þeir ætla að setja, þótt þeir séu allt í einu núna farnir að tala um að það þurfi að setja skilyrði, en hafi síðan ekki orðað,eina einustu setningu um hver þessi skilyrði eigi að vera. Það verður í þessu máli eins og öðrum, að þegar afstaða Alþb. liggur fyrir verður hún vönduð og ítarlega rökstudd. Við höfum ekki lagt það í vana okkar að hlaupa út á völl og þykjast hafa ráð undir rifi hverju án þess að hafa gaumgæfilega athugað þau mál sem verið er að fjalla um.

Hitt hefur verið athyglisvert við þessar umr., eins og mér skilst að hafi gerst á Alþingi eftir að Geir Hallgrímsson kom til baka úr hálfsmánaðarhvíld sinni eftir eins dags fundinn í Genf, að það hefur gerst bæði í dag og áður, að þegar hv. þm. Friðrik Sophusson stendur upp og heldur góða ræðu, nýkjörinn varaformaður Sjálfstfl., eins og hann gerði í dag og gerði fyrir nokkrum dögum, þá gerist það alltaf að hv. þm. Geir Hallgrímsson biður um orðið á eftir og reynir að halda jafngóða ræðu, tókst það ekki í dag, tókst það ekki heldur fyrr í þessari viku. En það er skemmtilegt að sjá að valdabaráttan um næsta formann Sjálfstfl. skuli þegar vera byrjuð í þingsölum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að þessari till. til þál. á þskj. 9, um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, verði vísað til utanrmn. og þar fái hún venjulega meðferð og komi þá til baka með þeim orðabreytingum sem þarf að gera til þess að þingheimur geti sameinast um till., ef talið er rétt af meiri hlutanum að taka þátt í Alþjóðaorkustofnuninni. Að sjálfsögðu verða að koma inn í till. þau skilyrði sem kröfuhörðustu þm. gera til þess að Ísland gerist þarna aðili.

Þessar umr. hafa gengið vítt og breitt um stjórnmál almennt, en ég ætla að reyna að halda mig að efninu og skal koma að þeim hugmyndum og þeirri tillögu sem ég lagði fram á sínum tíma í utanrmn. Ég vil taka það strax fram, að þar fóru fram umr. um tillöguna og enginn var á móti þeirri málsmeðferð sem tillagan fékk, þó ekki hafi hugmyndin náð fram að ganga. Það fór aldrei fram nein atkvgr. í utanrmn., enda ekki til þess ætlast. Þó að menn lýstu afstöðu sinni til tillögunnar var þar ekki atkvgr.

Ég sé hér, með leyfi forseta, að Ísland hefur greitt atkv. með þeirri tillögu að stofna til IEG. Hér segir: „Á árunum næst á undan“ — ég grípa þarna inn í grg. — „hafði athygli ríkjanna innan OECD í vaxandi mæli beinst að hinu ótrygga ástandi í olíuviðskiptum í veröldinni. Árið 1971 var í ráði OECD samþykkt tillaga þar sem aðildarríki stofnunarinnar voru hvött til að ná sem fyrst því marki að eiga 90 daga olíubirgðir. Ísland greiddi atkv. með þeirri tillögu. Árið 1972 samþykkti ráð OECD ákvörðun um neyðaráætlanir og ráðstafanir og úthlutun olíubirgða á neyðartíma á svæði stofnunarinnar í Evrópu. Ísland greiddi einnig atkv. með þessari tillögu.“

Síðan heldur áfram: „Þegar á reyndi kom hins vegar í ljós að þetta viðbúnaðarkerfi OECD-ríkjanna dugði ekki.“ Ég vil halda því fram, að hvort sem um OECD eða alþjóðastofnanir er að ræða koma þær ráðstafanir, sem ráð eða nefndir á vegum þessara stofnana gera, ekki til með að duga nokkurn skapaðan hlut ef ófriður brýst út.

En það segir líka hér, með leyfi forseta, og grípég þá inn í grg.: „Grundvöllur Alþjóðaorkustofnunarinnar er Samningur um alþjóðaorkuáætlun sem greinist í tíu meginþætti: 1. Neyðarbirgðir olíu. 2. Takmörkun á eftirspurn eftir olíu á neyðartímum. 3. Úthlutun á olíu á neyðartímum. 4. Framkvæmd neyðarráðstafana. 5. Upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn. 6. Aðstaða til samráðs við olíufélög. 7. Langtímasamstarf í orkumálum. 8. Tengsl við olíuframleiðslu- og notkunarlönd. 9. Ákvæði um stjórnun og almenn atriði. 10. Lokaákvæði.

Viðauki: Neyðarbirgðir af olíu.

Samkv. fyrsta kafla samningsins skulu aðildarríka eiga a. m. k. 90 daga neyðarbirgðir af olíu. Miðað við það, sem var árið 1979, hefur Ísland 54 daga birgðir til að ná þessu marki.“

Það má segja að það ríki hér neyðarástand í birgðasöfnun alla tíð. Nú skal ég koma að því sem ég er að stefna að.

Við verslum á nákvæmlega sama hátt með þess vöru-

tegund og aðrar vörutegundir. Frá því 1962 hef ég staðið í uppbyggingu á tollvörugeymslu og hún er orðin staðreynd. Hún er viðurkennd. Hún er ekki bara viðurkennd hér innanlands. Hún er viðurkennd af erlendum framleiðendum. Erlendir framleiðendur eiga margir hverjir sínar vörur hér á landi, og eina tryggingin, sem þeir hafa fyrir því að varan seljist, er að hún er til á staðnum á þeirra kostnað. — Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hæstv. viðskrh. beini athygli sinni að því að hlusta á ræðumenn sem tala til hans fyrst og fremst um að koma á þeim viðskiptamáta sem er viðurkenndur um heim allan, að olíuframleiðslulöndin eða þau erlend olíufélög, sem hér hafa markaði, hafi birgðir sínar íslensku þjóðinni að kostnaðarlausu í tollvörugeymslu eða í fríhöfn hér á landi og Ísland fjárfesti ekki í dropa af olíu nema því sem þarf til daglegrar notkunar og tekið er af olíutönkum hinna erlendu framleiðsluríkja hér. Nú gerist það þannig að við erum með dýra fjárfestingu að óþörfu. Ef Ísland setur olíufélögunum skilyrði um að þau hafi aðgang að íslenskum markaði gegn því að þau hafi hér olíubirgðir, þá fullnægja þau þeim skilyrðum.

Annað vil ég benda á. Ég stjórna litlu skipafélagi. Við höfum enga samninga. Við höfum boðið út olíukaup. Við höfum fengið lækkandi verð vegna þess að við höfum boðið út til allra olíufélaganna. Við höfum reynt að ná samkomulagi við önnur farmskipafélög um sameiginlegt útboð á olíu fyrir skipafélögin, sem er gríðarlega miklu meira magn en við notum sjálfir. Við vitum að við getum fengið enn þá betri og hagkvæmari innkaup ef við gerum það. Við höfum hugsað um að reyna að ná samkomulagi við fiskiskipflotann líka og taka saman heildarmagn, sem Ísland notar bæði til farmskipa- og fiskiskipaflotans, og bjóða það út í einu lagi. Þá væri hægt að lækka olíuverðið um stóran prósentuhluta. en það fæst ekkert samstarf frekar en samkomulag innan ríkisstj. um að gera þetta á þann hátt sem er hagkvæmastur fyrir alla aðila. Við rífumst innbyrðis, félögin rífast innbyrðis. Það er ekki samkomulag á neinu sviði neins staðar. Það er dýrt að geta hvergi komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut.

Við gerðum tilraunir — og þá tala ég um það skipafélag sem ég stjórna — um breytingar á tryggingamarkaðinum. Það varð til þess að við lækkuðum tryggingar okkar um 200—400 þús. dollara á ári eftir því hvað við erum með mörg skip í gangi í einu á hverju tímabili um sig. Það munar líka um það. Það sýnir hvað er hægt að ná miklum árangri ef allir sameinast um tryggingamarkaðinn. — Það er ekki þar með sagt að þetta bitni á íslensku olíufélögunum vegna þess að þau fá sínar birgðir eins og er frá sama framleiðandanum.

Það er eins og það sé gersamlega útilokað að fá íslenska hugsun til að ná fram fyrir tærnar. Við getum hugsað um það sem snertir okkar næsta nágrenni, en þegar við þurfum að fara að hugsa hátt og eiga samstarf við aðrar þjóðir erum við eitthvað alveg sérstakt. Þá þolum við ekki samskipti við aðra menn eða höfum ekki hæfileika, vil ég segja, til að hugsa þannig. Og þá kem ég að því sem ég var beðinn um að segja frá, þeirri hugmynd sem ég var með í utanrmn. Það er engin hugmynd. Ég skal rekja gang málsins eins og ég man. Það væri kannske betra að taka þetta mál sérstaklega á dagskrá þegar ég og viðskrh. höfum gögn fyrir framan okkur þannig að ekkert fari milli mála að rétt sé farið með, en ég ætla að reyna að fara eftir minni.

Ég er staddur erlendis, í London, og franskur aðili, sem ég þekki, hringir til mín og spyr hvort ég vilji taka á móti manni sem er búsettur að vísu í Englandi, en búsettur víðar, — þetta er maður sem heimurinn allur er starfsvöllur fyrir, — og ég játa því. Maðurinn kemur — og hvert er erindið? Erindið sjálft í upphafi er það alvarlegasta. Hann hafði sem fulltrúi olíuframleiðsluríkjanna reynt að ná sambandi við tvo forustumenn olíunefnda á vegum ríkisins, en ekki tekist að ná sambandi við þessa aðila. Hann var ekki að biðja mig um neitt annað en að koma á sambandi við opinbera aðila því honum hefði ekki tekist að fá samband við tvo formenn olíunefnda.

Ég fór heim að loknu erindi mínu í London. — Ég tek það fram að það var ekki á vegum Alþingis. Ég hef aldrei farið út á vegum Alþingis eða annarra opinberra aðila. — Þegar ég kom heim bað ég um viðtal við forsrh., utanrrh. og viðskrh. og bað þá þessa hæstv. ráðh. að taka á móti þessum manni og hlusta á erindi hans. Í millitíðinni hafði ég kynnt erindið í utanrmn. Maðurinn kom, var hér í nokkra daga og gerði sitt tilboð. Hann átti viðræður við viðskrh. og gerði tilboð, fyrst munnlega, en síðan skriflega, átti viðræður við ráðuneytisstjóra, beið hér eftir einhvers konar svari, en fékk ekki. Hann fór til baka og síðan leið nokkur tími þangað til svar barst. Svarið var þá frá viðskrn., að Ísland sæi ekki ástæðu til að fylgja þessu máli eftir. En erindið var einvörðungu það, að íslenska ríkisstjórnin tæki upp beint samband við Saudi-Arabíu og önnur olíuframleiðslulönd um þá möguleika sem hann gat um. Hverjir voru svo þessir möguleikar? Nú fer ég eftir minni, en ég á þetta í bréfi heima.

Þeir buðu að Ísland gæti hugsanlega fengið 15—20 þús. tunnur af olíu á dag, kvóta. Þetta er þó nokkuð meira en Ísland þarf á að halda. Það, sem var umfram Íslands þörf, gat Ísland látið hreinsa í þeirri olíuhreinsunarstöð sem íslenskir aðilar sjálfir völdu á meginlandinu. Ef einhverjir erfiðleikar voru á því að koma í verð eða selja það umframmagn sem Ísland átti þá eftir í annaðhvort hreinsaðri olíu eða bensíni eða öðrum efnum þá buðust þeir til að skuldbinda sig til að sjá um að Ísland yrði ekki fyrir tjóni, þeir mundu útvega markað fyrir það. Þetta buðu þeir vegna þess að þeir voru að úthluta kvótum, en ekki bara það, heldur buðu þeir líka að láta fara hér fram könnun á sinn kostnað á því, hvort rétt væri að staðsetja hér olíuhreinsunarstöð sem væri svo stór að hún tæki við af þeim olíuhreinsunarstöðvum sem nú eru í Evrópu og eru gamaldags, úreltar, og fást ekki endurnýjaðar vegna þess að byggð er komin svo nálægt þeim að viðkomandi lög leyfa ekki endurnýjun. Þeir vildu flytja héðan út bæði til Evrópu og til Bandaríkjanna á sinn kostnað. Allar frumkannanir voru á kostnað þessara aðila. Þetta er staðfest í bréfi sem hæstv. viðskrh. hefur. Staðsetning yrði í samráði við og að sjálfsögðu undir eftirliti íslenskra aðila. Öll fjármögnun yrði á vegum þessara olíuframleiðsluríkja. Eignaraðild gat verið í ákvörðunarvaldi íslenskra aðila, hvort Íslendingar ættu eitthvað í þessari stóru hreinsunarstöð eða ekki neitt og allt þar á milli. Ef Ísland vildi eiga stöðina alla eða að einhverju leyti buðust þeir til að útvega langtímalán. Þeir gerðu meira. Ef úr þessu yrði vildu þeir tryggja Íslandi með samningum til 15 ára ódýrari olíuvörur en eru á heimsmarkaðinum hverju sinni.

Ég ætla ekki að halda þessari upptalningu áfram lengur. Það tók vikutíma eða svo fyrir Ísland að hafna því að hefja viðræður. Hér var ekki verið að tala um að

ganga til samninga, heldur hefja viðræður við þessa aðila. Það var meira að segja dregið í efa að þessi maður væri með heimild til að bjóða þetta. Það er sett í gang athugun í London hvort þessi maður væri heiðarlegur eða ekki. Slík meðferð er ekki Íslandi sæmandi.

Ég hélt að þetta mál væri að komast á eitthvert athugunarsvið þegar ég las í blöðum nokkru seinna að Ísland hefði tekið upp beint stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu. Mér þætti vænt um að fram kæmi í þessum umr. hvort Ísland hefði í huga að taka upp þessar viðræður beint, taka upp þráðinn þar sem hann var slitinn þegar þetta tilboð barst.

Þetta er í stórum dráttum það sem kom fyrir utanrmn., þetta er í stórum dráttum það sem kom fyrir ríkisstj. og þetta er það boð sem hér kom til umræðu áðan og ég sé enga ástæðu til að leyna því. Það var ekki lagt fram sem trúnaðarmál við ríkisstj., og ég er ekki hér að upplýsa það sem kom fyrir utanrmn. vegna þess að málið kom ekki fyrir utanrmn. á því stigi sem ég er að tala um hér. Hitt er annað mál, að ég sagði utanrmn.-mönnum frá málinu.

Ég tel að hér hafi verið mikil mistök á ferð. Það er með eindæmum hvað íslensk hugsun nær skammt. Ég ætlaði að fara að segja að hún næði ekki út fyrir þessa veggi, en við eigum að vera hvað færastir að láta hugann reika og grípa tækifærin þegar þau gefast.

Nú vil ég segja frá öðru sams konar máli sem sýnir allt að því sömu meðferð mála. Hingað til lands hafa komið í níu ár ákveðnir verslunaraðilar til veiða í Norðurá. Ég hef kynnst þessum mönnum, þekki þá nokkuð vel. Þá, sem skipta máli í því sem ég ætla að segja, þekki ég hvað best. Ég var beðinn um að koma nýlega sem heiðursborgari Nizza í fjarveru borgarstjórans og vera viðstaddur stofnun samtaka ákveðinna stórmarkaða í Evrópu. Þeir eru nú um 50. Þar er annað fyrirtæki rekið af öðrum kunningjum mínum. Þeir hafa í sínu umráðasviði um 400 stórmarkaði. Ég gerði tilraun til að fá þessa aðila til að kaupa íslenskar afurðir, sem ekki þekkjast í þeirra verslunum sem eru dreifðar vítt og breitt um Evrópu. Það átti að vera eins konar vinargreiði við mig að þeir keyptu íslenskar afurðir í þessar verslanir eða alla vega ætluðu þeir að athuga gæði og verð. Ég var úti í október og gerði tilraun til að fá ráðamenn héðan til að ræða við þessa menn á staðnum. Það var ekki hægt þá. Ég gerði tilraun til að fá hina erlendu menn til að koma hingað. Þeir lofuðu að koma hingað og voru búnir að tímasetja komu sína 3.—4. des. Ég var búinn að gera ráðstafanir til að opinberir aðilar hefðu á einhverjum einum stað í Reykjavík allar þær vörutegundir og upplýsingar um verð sem við gætum hugsað okkur að flytja út, niðursuðuvörur, ullarvörur o. fl. Hvað skeður? Þetta er ekki tilbúið. Það er ekki gengið frá neinu af því sem ætlast var til að gengið yrði frá. Ég fæ tímatöflu á blaði þar sem er tímasett heimsókn þessara manna hingað og þangað, manna sem eiga að vera hér í 24 tíma, og er þá aðallega talað um að heimsækja stórhringa sem þessir aðilar skipta ekki við vegna þess að viðskiptahættir hafa breyst, en við drögumst aftur úr. Það er orðið þannig að þeir, sem hafa sambönd, persónuleg eða önnur, við stóraðila erlendis sem geta komið afurðum okkar í verð og á markaði, hafa ekki aðgang að þeim sem ráða hér heima fyrir. Af hverju er það? Hvernig stendur á þessari framkomu? Málin eru ekki einu sinni könnuð. Gerum við okkur ekki grein fyrir því, hvort sem við erum í rn. eða ekki rn., að til þess að hér megi ríkja sú velmegun, sem allt okkar líf byggist á, þurfum við að koma vörunum í verð? Við erum fastir í gömlu kerfi sem nýju kerfin erlendis versla ekki við. Er það eitthvað fráleitt, þegar við erum að tala um stóriðju og gríðarlega dýr mannvirki í þeim málum og erum að leita að einhverjum til að kaupa okkar orku, að hugsa sér að til séu stórhuga erlendir menn sem séu á leiðinni með t. d. eins orkufrekan iðnað og er í olíumálum, það stóran að við erum hræddir við að hugsa til þess, hræddir við að tala við þessa menn af því að þeir eru að tala um Ísland? Ísland er hlutlausasta landið, sem þeir finna í Evrópu og öruggasta svæðið landfræðilega til þess að hafa á hinar stóru nýju olíuhreinsunarstöðvar og til að selja bæði til austurs og vesturs. Við erum svo litlir að við þorum ekki að tala við stórhuga menn.

Formaður Sjálfstfl. sagði áðan að það ætti að leita fleiri leiða en hingað til hefðu verið valdar eða verið á okkar valdi. Það er einmitt það sem ég hef verið að tala um. Það eru aðrar á borð við þessa. En við erum hræddir við þær þegar þær bjóðast. Þó rætt sé um smærri stöð en olíuhreinsunarstöðina sem ég talaði um erum við smeykir. Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að 20% af öllum okkar afla fari í olíukaup fyrir veiðiflotann. En það er staðreynd að unnt er að bjóða út alla þessa olíu í einu innkaupi og hún getur lækkað verulega í verði. Af hverju kemur ekki forusta um þetta einhvers staðar frá? Síðan er hægt að ganga í opinbera sjóði og segja: Nú er olían þetta og þetta dýr. Nú verður ríkisstj. að borga. — Og ríkisstj. borgar.

Ég ætla ekki að hafa þennan lestur miklu lengri, en ef með þarf, virðulegi forseti, mun ég óska eftir að fá að koma upp utan dagskrár, ef tilefni gefst til, og kynna betur þetta olíumál, þetta tilboð og lesa þá þau bréf sem ég hef og hæstv. viðskrh. hefur að hluta — alla vega hefur hann tilboðið — og kynna þingheimi þá beint með bréfunum þannig að ekkert fari á milli mála að ég fer með rétt mál.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði réttilega að þessar umr. væru komnar á kaldastríðs- og dellustig. En ég legg það í dóm hv. þm. hver það er sem hefur komið þessum umr. á dellustigið. Ég veit ekki betur en það sé hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Það var hann sem byrjaði fyrst að tala um kafbáta. Og úr því að hann talar um kafbáta má geta sér þess til, hvað þessi mesti loftbelgur meðal alþm. hefur vit á kafbátum. Skýringin er sjálfsagt fólgin í því, að innan flokka þeirra, sem hann hefur starfað í, er hann hinn mesti kafbátur að sögn samherja sinna á hverjum tíma. En í málflutningi sínum hér á Alþingi á hann það sammerkt með loftbelg að það er nóg að stinga hann með títuprjóni og þá er allur vindur úr honum.

Það var merkilegt og sýnir umræðustig hv. þm., að hann tilgreinir Bretland sem sitt uppáhaldsland, jafnvel umfram fósturjörðina. En látum það vera. Forsendurnar, ástæðurnar voru alveg með eindæmum. Hann tilgreindi tvær. Önnur var sú, að þaðan hefði fjölskyldufyrirtæki mitt flutt inn vörur sem það hefði grætt mest á. Hin ástæðan var að í Bretlandi væri einmitt verið að reyna leiftursóknina. Vel vissi ég um umhyggju og velvild hv. þm. í minn garð og áhyggjur hans af fjárhagsafkomu minni og fjölskyldu minnar. Og ekki ber að draga í efa heldur að honum er umhugað um tilraunina

með leiftursóknina. Hann hefur áhuga á leiftursókninni, enda er jafnvel sagt sem svo að að sumu leyti líkist stefna núv. ríkisstj. á Íslandi í nokkrum tilbrigðum stefnu ríkisstj. í Bretlandi. En ég held því miður að það sé helst í þeim tilvikum sem síst skyldi.

Þessi hv. þm. fór að tala um tillögur þær sem ég flutti við stjórnarmyndunartilraunir í janúarmánuði 1980, og hv. þm. vitnaði í leiðara Tímans í dag. Ég efast nú um að hv. þm. sé reiðubúinn að vitna í leiðara Tímans upp á hvern dag, vegna þess að leiðarahöfundur Tímans annars vegar og Þjóðviljans hins vegar berast nú á banaspjótum um stefnumótun ríkisstj. í yfirstandandi deilum um efnahagsmál. En úr því að hann telur sér ávinning í því að vitna í leiðara Þórarins Þórarinssonar í Tímanum í dag, þá má segja sem svo, að þær tillögur, sem ég flutti við stjórnarmyndunartilraunirnar í ársbyrjun 1980, hafi verið að efni til samkv. mati Þjóðhagsstofnunar þá til þess fallnar, ef í framkvæmd hefðu komist, að koma verðbólgustiginu niður í 26—30% þegar haustið 1980. Og það er víst og öruggt, að kaupmáttur verkafólks hefði verið meiri, ef þær tillögur hefðu komist í framkvæmd, heldur en raun ber vitni nú. Ég er því mjög fús að gangast við þessum tillögum og ákaflega ánægður með að þær skuli komast til umræðu., einkum og sér í lagi þegar haft er í huga hvert stefnir nú í verðbólgu- og efnahagsmálum. (Gripið fram í.) Það er ég sem hef orðið. Ég vænti þess, að forseti sjái til þess, að ég hafi frið til að flytja mína ræðu. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þarf ekki að vera svo ókyrr undir orðum mínum eða ræðu að hann þurfi að taka fram í fyrir mér.

Hv. þm. nefndi það að ég hefði farið utan til að sækja fund einn dag og hefði tekið mér hálfs mánaðar frí. Mála sannast er að þessi fundur var fundur þm. í EFTA-ríkjunum til þess að hitta þm. í Efnahagsbandalagsríkjunum. Þessir fundir stóðu í þrjá daga og fundarsóknin tók með ferðalögum heila vinnuviku. Við erum hér tveir þm. íslenskir sem tökum þátt í þessu samstarfi. Það er hæstv. forseti Sþ., Jón Helgason, og ég. Við gerðum báðir það sama, að taka okkur leyfi frá störfum í tvær vikur, sem er skemmsti tími sem þm. geta tekið sér leyfi. Og við gerðum báðir það sama, að taka varamann inn í staðinn fyrir okkur. Ég held að það sé sæmra að taka inn varamann, sem gegnir störfum þm., heldur en að fara á flandur út um lönd og taka ekki inn varamann í sinn stað sem gæti þá gegnt skyldustörfum þm. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem formaður þingflokks Alþb. hefur vanrækt það ásamt með formanni þingflokks framsóknarmanna og ásamt með ríkisstj. í heild sinni að ráðgast við stjórnarandstöðuna hvernig haga skuli þingstörfum nú áður en til jólaleyfis kemur. Það var gagnrýnt hér á fundum í fyrradag og raunar einnig nokkuð í gær.

Það er svo sem ekki að furða að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kveinki sér við það, að ég tók inn varamann í minn stað. Varamaðurinn, frú Ragnhildur Helgadóttir, hirti hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, að því er mér er tjáð, í umr. um utanríkismál. Það er von að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kveinki sér. Það furðar sig enginn á því sem hlustaði á umr., eftir því sem mér er sagt.

Þá sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að afskipti mín af olíuviðskiptamálum hefðu reynst þjóðinni dýr. En hann bætti við: ekki vegna þess að ég væri höfundur að stofnun og tilkomu olíuviðskiptanefndar. Nei, það var ekki vegna þess, heldur vegna ákvörðunar ríkisstj. í olíuviðskiptum annars vegar og vegna skrifa minna og viðtals um olíuviðskipti hins vegar. Ég vildi gjarnan verja nokkrum tíma ásamt með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni og fá jafnvel sérfróða menn til að reikna út hver ábatinn eða tapið var af því sem farið var eftir mínum tillögum. Ég er ánægður með að vera talinn höfundur að stofnun olíuviðskiptanefndar. Ég er ekki síst ánægður yfir því eftir ræðu hæstv. félmrh. sem ítrekaði það, að stefna sú, sem ég boðaði með tillögu um stofnun olíuviðskiptanefndar, að við yrðum að eiga fleiri kosta völ í olíuviðskiptum en viðskipti við Sovétríkin ein, hefur nú hlotið samþykki og fylgi jafnvel Alþb.-manna sem þangað til þessi olíuviðskiptanefnd var komin á fót einblíndu svo á Sovétríkin í þessum efnum — sem og í svo mörgum öðrum efnum — að þeir gátu ekki hugsað sér neitt annað. En batnandi mönnum er best að lifa og við skulum vona að þessi bati sé varanlegur. En ég held að til þess að svo sé þurfi þeir Alþb.-enn töluvert aðhald.

Þá var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að spyrja mig um afstöðu mína til hugmynda Alberts Guðmundssonar, þeirra er hann flutti í utanrmn. og hann skýrði hér áðan. Albert Guðmundsson hefur svarað þeirri fyrirspurn hvað mig snertir. En það kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar að málið strandaði á ríkisstj., þeirri ríkisstj. sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson styður og er málsvari fyrir. Þess vegna réð ríkisstj. úrslitum, enda er það ekki á verksviði utanrmn. að kveða á um hvert beina skuli olíukaupum. Það ætti hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að vita.

Það er merkilegur útúrsnúningur sem hæstv. félmrh. viðhefur hér þegar hann heldur því fram, að mín orð í ræðu hér fyrr í dag hafi átt að túlka sem svo, að ég vildi alls ekkert tillit taka til nær 20% þjóðarinnar eða 11 þingmanna Alþb. af 60 þingmönnum. Það, sem ég sagði, var að 20% þjóðarinnar eða minna en fimmtungur þjóðarinnar ætti ekki að ráða ferðinni gegn vilja yfir 80% þjóðarinnar, að 11 þingmenn Alþb. ættu ekki að hafa neitunarvald þegar 49 þingmenn væru sammála um að koma máli í framkvæmd. En það er þetta merkilega lýðræði sem hefur verið komið á. Og þá er það „lýðræði", eins og þeim Alþb.-mönnum og sósíalistum er svo tamt að nota orðið, að minni hlutinn eigi að ráða ferðinni og minni hlutinn eigi að hafa stöðvunarvald. Það er þetta fyrirkomulag sem núv. ríkisstj. hefur undirgengist með leynisamningnum alkunna. Ef Alþb. sem minnihlutaaðili á Alþingi eða í ríkisstj. fellir sig ekki við að mál nái fram að ganga, þá er það rétt þingræðis- og lýðræðisregla, að Alþb. geri upp við sig hvort það vill starfa áfram í ríkisstj. eða segja af sér ráðherraembættum. En það á ekki að hafa vald til þess að stöðva framgang mála sem meiri hluti þingmanna fylgir. Og ég treysti því bæði hvað snertir það mál, sem nú er á dagskrá, og önnur mál sem mikilvæg eru fyrir íslenska þjóð, að það takist ekki að beita þessari einkennilegu „lýðræðis"-reglu og set ég þá það orð enn á ný innan gæsalappa. Það er auðvitað gamall og nýr leikur kommúnista að nota almenn orð í allt annarri merkingu til þess að villa mönnum sýn. Svo hættulegt og skaðlegt sem það út af fyrir sig er, þá er þó enn hættulegra og skaðlegra ef þeim tekst í framkvæmd það sem þeir hafa þó ekki komist upp með í lýðræðisríkjum nema í orði hingað til. Það er þessi tvískinnungur og skilgreining orða og hugtaka sem er nógu skaðlegt í orði þótt þeir komist ekki upp með það í framkvæmd.

Það má geta sér nærri um það, hvernig kommúnistar

mundu hegða sér ef þeir væru 49 á þingi og ættu 11 andstæðinga. Þeir mundu ekki taka neitt tillit til þessara 11 þingmanna af 60 ef staða þeirra væri orðin svo sterk. En sem betur fer er ekkert útlit fyrir að fylgi kommúnista vaxi. Þess eru engin dæmi að kommúnistar hafi náð meiri hluta þar sem lýðræði ríkir. Það er eingöngu þar sem þeir hafa komist til valda með ofbeldi sem þeir nú ráða. En við skulum vera á verði gegn undirróðursstarfsemi þeirra, gegn ólýðræðislegum vinnubrögðum. Og við skulum umfram allt gæta sóma og virðingar Alþingis og þess, að meirihlutavilji Alþingis fái að njóta sín og ráða ferðinni, en ekki örlítill minni hluti, eins og um er að ræða þegar núv. ríkisstj. á í hlut.

Hæstv. félmrh. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ítrekuðu báðir að þeir væru ekki búnir að gera upp hug sinn varðandi aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, gagnstætt því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir tilkynnti þingheimi, að hún væri andvíg þeirri aðild. Þess vegna gegnir það meiri furðu hve þessir þm., hæstv. ráðh. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, æstu sig mikið upp þegar um þetta mál var rætt. Það hefur aldrei staðið til annað en að þetta mál yrði rannsakað í nefnd, í utanrmn., og allar hliðar þess kannaðar. Ég er sannfærður um að það er mjög mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni.

Hæstv. félmrh. taldi mögulega tvo kosti við aðild, þ. e. varðandi birgðasöfnun og upplýsingamiðlun, en velti fyrir sér hvort ná mætti þeim kostum með öðrum hætti. Þetta voru fullkomlega eðlilegar vangaveltur. En hann tiltók einn annmarka eða verulegan galla, að því er mér skildist að hans mati, á aðild að Alþjóðaorkustofnun. Sá galli væri að aðildinni fylgdu kvaðir t. d. varðandi miðlun á olíubirgðum. En í því felst að mínum dómi e. t. v. einhver stærsti kostur aðildarinnar, einmitt sá kostur að þessi Alþjóðaorkustofnun er með nokkrum hætti gagnkvæmt tryggingarfélag þeirra þjóða sem taka þátt í stofnuninni. Ég hygg að það sé e. t. v. meiri ávinningur fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga en jafnvel fjölmennari þjóðir að taka þátt í slíkri gagnkvæmri tryggingastarfsemi heldur en að standa utan stofnunarinnar.

Herra forseti. Ég vænti þess, að till. verði vísað til utanrmn., nefndinni gefist kostur að fara vel yfir málið og gera till. hér á Alþingi sem flestir alþm. geti sameinast um.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þessar umr. um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni hafa tekið nokkuð aðra stefnu en þá að ræða sérstaklega það mál og hefur verið drepið verulega á dreif. Þar á meðal hafa komið inn í þessar umr. verulegar umr. um olíuviðskipti. Olíuviðskiptin eru stór þáttur í okkar utanríkisviðskiptum og vissulega ástæða til að ræða þau hér á hv. Alþingi. E. t. v. væri skynsamlegt að gera það þegar umr. fara fram um utanríkismál árlega og að þá sé gefin skýrsla sérstaklega um olíuviðskiptin. Að vísu er hún í þeim hluta skýrslu utanrrh. sem fjallar um viðskiptamál, en það gæti verið ástæða til að gefa sérstaka skýrslu um olíuviðskiptin. Ekki skal ég skorast undan því og þó að fyrr verði.

En það hefur ýmislegt komið fram í þessum umr. sem ég sé ástæðu til að gera að umræðuefni. Sérstaklega á ég þá við ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Hann staðhæfði í sinni ræðu að hægt sé að lækka olíuverðið frá því sem nú er og verið hefur.

Ég er þeirrar skoðunar eftir kynni mín af þessum viðskiptum, að þau séu ákaflega vandasöm og erfitt að segja fyrir um hvað rétt sé að gera, vegna þess að ástandið í þessum málum á hinum alþjóðlegu mörkuðum er þannig og það eru svo margir óvissuþættir í þessum málum, að það er erfitt að ákveða fyrir fram með fullri vissu hvað rétt sé að gera. Auðvitað verða menn að meta stöðuna hverju sinni og byggja ákvarðanir á því mati.

Ég held t. d. að ef horfið hefði verið að því ráði á árinu 1980 að kaupa hráolíu — á þeim tíma þegar margir voru þeirrar skoðunar að það væri e. t. v. skynsamlegt að láta hreinsa hana og flytja til landsins — hefðum við fengið af því stórkostlegan skell fjárhagslega af því að þessi mál þróuðust í aðra átt en menn áttu þá von á. Ég held þess vegna að menn eigi að tala varlega um þessi mál og gera sér grein fyrir því, að þau eru ekki einföld og margir óvissuþættir koma þar inn í.

Varðandi viðskipti við einstaka aðila vil ég aðeins víkja að því atriði sem hv. þm. Albert Guðmundsson ræddi um, hugsanlegum viðskiptum við Saudi-Arabíu. Á þeim tíma sem þessi umboðsmaður leitaði hófanna hér, sem vildi hafa milligöngu milli Íslendinga og Saudi-Araba um olíuviðskipti, hafði ég samráð við aðra sem höfðu nokkra reynslu af slíkum viðskiptum. Ég hafði t. d. samráð við orkumálaráðherra Danmerkur, sem hafði talsverða reynslu af þessum viðskiptum, og hann ráðlagði mér eindregið að við skyldum ekki taka upp viðskipti við Saudi-Arabíu nema við opnbera aðila þar. Ég játa það, að ég tók tillit til þess arna. En það háttaði þannig til á þessum tíma, að við höfðum ekki stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu. Þess vegna ræddum við það, ég og hæstv. utanrrh., og höfðum raunar gert það áður en þessir atburðir gerðust, að skynsamlegt væri að við hlutuðumst til um að tekið yrði upp stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu. Utanrrn. undir forustu utanrrh. hófst þegar handa um það mál. Það tekur alllangan tíma að koma á stjórnmálasambandi og segja má að það sé ekki að fullu komið á enn. Við höfum að vísu sendiherra, Ingva Ingvarsson, sem situr í Stokkhómi, og hann hefur skilað sínum erindisbréfum, að ég hygg, til Saudi-Arabíu. En Saudi-Arabía hefur ekki tilnefnt sendiherra af sinni hálfu. Það eru því ekki komin á enn þá fullkomlega formleg stjórnmálaviðskipti eða stjórnmálasamband milli þessara tveggja ríkja.

Ég hef fullan hug á að kannaðir séu allir möguleikar í sambandi við olíuviðskipti við Saudi-Arabíu. Ég held að það sé sjálfsagt og eðlilegt mál. En ég tel að það þurfi að gerast eftir opinberum leiðum, en ekki gegnum umboðsmenn sem starfa sem „forretningsmenn“ á þessu sviði.

Það verður auðvitað að gæta þess, að olíuviðskiptin eru einn þáttur í okkar utanríkisviðskiptum. Þau eru einn þáttur þeirra og það verður að líta á þessi mál með tilliti til þess.

Það hafa farið fram á undanförnum tveimur áratugum mjög ítarlegar kannanir á því, hvort skynsamlegt væri fyrir okkur Íslendinga að reisa olíuhreinsunarstöð hér í landinu. Niðurstaðan af þessum könnunum hefur alveg tvímælalaust verið neikvæð. Það var ekki ýkjalangt frá því á tímabili, á árunum milli 1960—1970, að menn hugsuðu til þess að reisa hér olíuhreinsunarstöð. Góðu heilli var það ekki gert. Ég hygg að þeir aðilar, sem þá var rætt við, hafi reist olíuhreinsunarstöð á Nýfundnalandi. Sú olíuhreinsunarstöð fór á hausinn og kostaði þá, sem þar áttu hlut að máli, stórkostlega fjármuni. Hvort að-

stæður hafa breyst í þessum efnum skal ég ekki fullyrða, en þeir menn, sem eru kunnugir olíuviðskiptum, telja ekki skynsamlegt, að Íslendingar ráðist í að reisa olíuhreinsunarstöð, og hafa m. a. skýrt frá því, að margar olíuhreinsunarstöðvar í Vestur-Evrópu hafi ekki nægilega mikil verkefni. Ég dreg það þess vegna mjög í efa en skal þó ekkert um það fullyrða. Það er sjálfsagt að hafa opin augu fyrir öllum möguleikum í þessum efnum.

Þá kom hv. þm. Albert Guðmundsson inn á það að athuga möguleika á viðskiptum við Frakka. Hann minntist meira að segja á þetta mál við mig á sínum tíma og það er allrar athygli vert. Ég benti honum á það, að við höfum viðskiptafulltrúa í París og hvort ekki væri ástæða til að hann athugaði þessi mál með hv. þm. Mér finnst það sjálfsagt. Það eru auðvitað algjörlega opin viðskipti milli okkar og Frakka og sjálfsagt og eðlilegt að íhuga alla möguleika á viðskiptum ef þau eru hagkvæm. Það er sjálfsagt.

Að öðru leyti vildi ég segja það, að ég hef ekki við höndina þau gögn sem varða sérstaklega þetta mál, viðskipti við Saudi-Arabíu, olíuviðskipti við Saudi-Arabíu. Ég get skýrt frá því, að hér hafa verið menn frá Saudi-Arabíu nú nýlega. Þeir hafa átt viðræður við utanrrh., utanrrn., þeir hafa átt viðræður við viðskrn., þeir áttu t. d. viðræður við mig í gær og starfsmenn viðskrn. Það er í ráði að setja upp sérstaka sýningu þar austur frá sem verður í janúarmánuði, og ég hygg að íslenskir aðilar einhverjir hafi hug á að taka þátt í henni og verða þar viðstaddir. Það er sjálfsagt að athuga alla möguleika á viðskiptum við þessar þjóðir, svo framarlega sem þau viðskipti eru okkur hagkvæm. En ég vara við því og tel vafamál að hægt sé að staðhæfa að við getum lækkað okkar olíuverð verulega með því að breyta til frá því sem verið hefur.

Við verslum við margar þjóðir. Við verslum mikið við Sovétríkin. Þau viðskipti hafa yfirleitt verið hagstæð og alveg sérstaklega hagstæð nú upp á síðkastið, miðað við þá þróun sem mál hafa tekið. Við verslum við ýmsa aðila hér í Vestur-Evrópu. Við höfum nú rætt við Norðmenn um möguleika á olíuviðskiptum. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa ekki getað boðið okkur jafnhagkvæmt verð og staðið hefur til boða annars staðar. Það hefur komið á daginn að viðskipti við breska hlutafélagið BNOC hafa verið veruleg og að sumu leyti góð viðskipti. Þau hafa samt ekki verið eins hagstæð og ástæða hefði verið til að ætla að þau gætu orðið. Þess vegna höfum við núna beint meiri viðskiptum til Portúgals með olíuinnkaup. Síðan hafa verið olíuviðskipti við ýmsa aðra aðila hér á Vesturlöndum. Portúgal er ákaflega þýðingarmikið viðskiptaland fyrir Íslendinga. Við seljum þangað á þessu ári saltfisk fyrir um 100 millj. dollara. Það er ekkert óeðlilegt að Portúgalir hafi áhuga á að selja okkur vörur. Þess vegna vil ég láta í ljós ánægju yfir því, að við skulum hafa aukið olíuviðskipti okkar við Portúgal. Að sjálfsögðu kemur til greina að auka viðskipti við þá, en það verður auðvitað að gerast eftir eðlilegum leiðum.

Ég vil aðeins segja það í tilefni af ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar, að ekki mun viðskrn. eða aðrir íslenskir aðilar vilja leggja stein í götu þess, að einstakir aðilar nái hagkvæmum viðskiptum við aðrar þjóðir eða aðra aðila hjá öðrum þjóðum, síður en svo. Ég segi fyrir mig, að ég vil greiða fyrir slíku eins og framast er unnt.

Varðandi málið sem er á dagskrá, aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, þá hefur komið fram í þessum umr. að það mál er til athugunar. Mér sýnist að það sé opið mál af hálfu allra flokka að hugsa til aðildar að Alþjóðaorkustofnuninni. Menn hafa dálítið misjafna afstöðu til málsins, en mér sýnist að það sé til athugunar. Hver niðurstaðan verður skal ég ekki fullyrða, en ég hefði þó haldið að ástæða væri til að hraða frekar en seinka þeirri upplýsingasöfnun sem við teljum nauðsynlega áður en við tökum endanlegar ákvarðanir um það, hvernig best sé að vinna að þessu máli.

Ég hef lítið vikið að efnisatriðum í sambandi við hugsanlega aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. En það er enginn vafi á því, að með slíkri aðild mundum við njóta góðs af upplýsingum á sviði orkumála utan við olíuviðskiptin og þeim óháð. Við höfum þegar talsverð samskipti við Efnahags- og framfarastofnunina í París um orkumál. Iðnrh. og fjórir menn með honum sátu t. d. ráðstefnu á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París á s. l. sumri um orkumál, og við höfum tekið þátt í orkusamstarfi innan OECD. Þess vegna er það kannske rökrétt framhald að við gerumst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni og njótum góðs af því samstarfi. Þær þjóðir, sem þegar hafa gerst aðilar, 21 þjóð, eru helstu iðnríki veraldarinnar, þær þjóðir sem lengst eru komnar á sviði orkumála. Við getum áreiðanlega sitthvað af þeim lært og eigum að geta notið góðs af margvíslegum upplýsingum og margvíslegu samstarfi á sviði orkumála.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég átti þess því miður ekki kost að heyra upphaf þessarar umr. Ég varð þess hins vegar aðnjótandi að fá að hlusta hér á endalausa þvælu og rangfærslur í máli hv. 11. þm. Reykv. Síðan hef ég líka orðið þess aðnjótandi að fá að heyra hæstv. viðskrh. flytja hér vangaveltur til staðfestu á því, að hugmynd hans er að velta þessum málum fyrir sér með sama hætti og hann hefur gert undanfarin tvö ár, en tefja fyrir framgangi þeirra og gera ekkert í þeim. Mér finnst þetta ill örlög fyrir hæstv. viðskrh. Ég veit ekki hvort þau eru sjálfráð eða hvort einhverjir aðrir ráða yfir honum í þessum málum.

En að því er varðar hv. 11. þm. Reykv. og þá þvælu og þær rangfærslur sem hann fór með, að vísu ekki í fyrsta skipti, þá er það spurning hvort maðurinn veit ekki betur eða hvort hann er að gera sér leik að því að fara með rangt mál. Ég er hræddur um að það sé reyndar hvort tveggja. Hvort heldur sem er, þá er það mjög slæmt, en að það skuli vera hvort tveggja er auðvitað verst af öllu.

Við getum tekið fáein atriði sem komu hér fram í ræðu hv. þm. Hann sagðist t. d. vera fylgjandi því og þeir Alþb.-menn að fá olíu sem víðast að. Í leiðinni gaf hann svo sérstaka yfirlýsingu um það, að hann væri ekki vinur Rússa heldur Breta. En hver er afstaða Alþb. í reynd í þessu máli? Þeir Alþb.-menn hafa aldrei verið fúlli á ævinni heldur en þegar verið var að reyna að pína Rússa til þess að breyta samningunum um olíuviðskiptin. Það ætti að vera allri þjóðinni í fersku minni þegar Svavar Gestsson, þáv. viðskrh., neitaði með öllu að vera oddviti íslenskrar sendinefndar til þess að fylgja málum eftir þegar sendinefnd var send til að vinna að samningum í Moskvu. Það vildi hann alls ekki. Hann vildi ekki beita sér á stjórnmálalega sviðinu.

Ég minnist þess líka, að þegar ég bar fram till. um þessi mál í ríkisstj., hvernig afstöðu og vinnubrögðum skyldi háttað, þá höfðu þeir Alþb.-ráðherrar allt á hornum sér.

Og það sama gerðist í þriðja sinn, þá lak af þeim fýlan, þegar ég lenti í því sem viðskrh. að reyna að knýja Rússana til að breyta samningsákvæðunum. Þá voru þeir ekki glaðir, Alþb.-menn. Þá var allt ómögulegt.

En hvernig samningar voru það sem við bjuggum við við Rússana? Ég ætla að rifja það upp. Þeir voru þannig að við urðum að ákveða fyrir fram hversu mikið magn við keyptum yfir allt árið. Og í annan stað urðum við að búa við verðklásúlur sem áttu sér engin fordæmi í olíuviðskiptum af því tagi sem við vorum með. Við vorum með öll olíuviðskipti okkar við þessa þjóð og við höfðum staðið í viðskiptum við Sovétmenn í 25 ár. Engu að síður létu þeir sig hafa það að vilja ekki breyta þessum samningum. Þetta voru hreinir nauðungarsamningar. Það var beitt afli til þess að halda okkur við þessa samninga, beitt allri aðstöðu sem möguleg var. Á sama tíma höfðu Írar langtum betri kjör. En það tókst þó í þessum samningaviðræðum, eftir mikla vinnu og mikið þref, að fá inn það ákvæði, að við gætum dregið úr olíuinnkaupunum ef við tilkynntum það með þriggja mánaða fyrirvara. Það tókst eftir mikið þref í nóv. eða des. 1979.

Komum þá að öðru atriðinu í málflutningi þeirra Alþb.-manna. Þeir gagnrýna sérstaklega samningana sem gerðir voru við BNOC, við Breta um olíukaup þaðan. Hver er saga þeirra samninga? Um leið og það náðist fram að við gætum dregið úr olíuviðskiptum við Rússa með fyrirvara, þá setti ég í gang samningaviðræður við Breta. Ekki mótmælti Alþb. þá einu orði. Hvað gerðist svo? *Ríkisstj. Alþb. og Framsóknar gekk frá* þeim samningum og þessum verðklásúlum sem enginn annar hefði haft áhuga á að standa að. Alþb. mótmælti ekki þá, það skrifaði undir í ríkisstj. En nú segjast þeir vera á móti þessum samningum. Af hverju? Af því að þeir sjá að þeim tókst ekki að gera svo hagstæða samninga sem hefði átt að gera og aðstaða var til. Þeir eru á móti því sem þeir bera ábyrgð á sjálfir í þessum efnum. En svo ráðast þeir á aðra, sem sköpuðu möguleikana til þess að ná viðskiptunum á fleiri hendur, til þess að öll eggin þyrftu ekki að vera í einni körfu. Það eru Alþb.- og Framsóknarráðherrarnir sem bera ábyrgð á þessum samningum að því er verðklásúlurnar varðar og hvernig frá þeim var gengið. Það er auðvitað hart í þessu sambandi að uppáhaldslandið hans Ólafs Ragnars Grímssonar skuli eiga í hlut, en þetta er sannleikurinn í málinu.

Ég er ánægður með að ég skyldi eiga hlut að því, að settar voru í gang samningaviðræður við Breta. Ég er enn þá ánægðari með að ég skyldi eiga hluta að því í ríkisstj. Alþfl., að það tókst þó að knýja fram að við værum ekki bundnir á klafann allt árið og til eilífðar að því er varðaði olíuviðskipti við eitt land. En þeir bera ábyrgðina á verðklásúlunni *sem gengu frá samningnum.*

Ég held að þrátt fyrir allan málflutning þeirra Alþb.-manna hér í dag hafi reynslan sannað að þeir vildu að olíukaupin væru áfram frá Rússlandi. Þeir mótmæltu ekki í upphafi samningaviðræðna við Breta. Það var vegna þess að þeir þorðu það ekki. Það var kjarkleysið á þeim tíma. Nú er nákvæmlega það sama upp á teningnum. Fyrir sakir kjarkleysis kannast þeir ekki við það sem þeir hafa gert sjálfir og við eigin ábyrgð. Þetta er mottó hjá Alþb., að kenna öðrum um og kannast ekki við ábyrgð sína. En það er annað mottó sem maður tekur líka eftir hjá Alþb., og það er það, að ef á að ræða við þá á málefnalegum grundvelli eru þeir horfnir úr húsinu, eins og herra forseti hefur sjálfsagt tekið eftir.

Að því er Alþjóðaorkustofnunina varðar, sem hér er flutt till. um, þá er saga Alþb. í því máli nákvæmlega af sama toga. Þegar Svavar Gestsson var viðskrh. gerði hann ekkert til þess að láta kanna það mál. Það þoldi ekki einu sinni ljósið. Og hvenær sem þetta bar á góma þvældist hann fyrir því. Það lenti í hlut okkar í ríkisstj. Alþfl. að setja þessa könnun í gang. Þá fyrst komst einhver hreyfing á málin. Og nú er það eins með Alþb. Það hefur þetta mál á hornum sér. Það, sem að vísu kemur fram í umr. núna, er að þeir eru svolítið tvístígandi. Það liggur í málflutningi þeirra að þeir séu eiginlega á báðum áttum. Það kemur mér ekkert á óvart. Þeir munu haga sér í þessu máli eins og öðrum, nefnilega firra sig ábyrgð ef eitthvað skyldi á bjáta í þessu máli. En ef þetta skyldi hins vegar ganga vel, þá munu þeir vitanlega hrósa sér af því. Þetta er bara þeirra aðferð. Þetta er það sem við munum kynnast eftir á. Þetta er það sem reynslan mun kenna okkur. Það hefur auðvitað verið gott að fá sýnikennslu í því í dag, hvernig menn haga málflutningi sínum á þeim bæ, að menn skuli hlaupast undan ábyrgð á því sem þeir hafa staðið að og hafa gert, en reyna svo að kenna öðrum um annað, sem þeir, sem um eru sakaðir hafa alls ekki gert. Þeim mun meira sem hv. þm. Alþb. tala í þessu máli þeim mun skýrar kemur tvískinnungurinn í ljós.

Að síðustu langar mig til að benda alveg sérstaklega á það, að einmitt núna, einmitt á þeim tíma sem Tómas Árnason hefur verið viðskrh. hefur verið lag til þess að standa í samningum um olíukaup. Þegar mikil kreppa var á olíumarkaðnum var aðstaðan auðvitað mjög erfið. En núna, þegar slaknað hefur á, er besta aðstaðan til að vinna í þessum málum, ekki bara íhuga þau og ekki bara láta þetta danka einhvern veginn eins og hefur verið gert að undanförnu. Þetta lag á að nota. (**Viðskrh:** Það er verið að vinna í þessu.) Hæstv. viðskrh. segist vera að vinna í því. En hann hefur lýst því hér í langri ræðu hvernig hann vinni í því. Hann hefur flækt sig í formsatriðum allt frá því að hann tók við embættinu fyrir tveimur árum, flækt sig í formsatriðum, ekki getað fengið sig til þess einu sinni að kanna hvaða möguleikar væru á viðskiptum við Saudi-Araba. Það er allt fast í formsatriðum. Ég er ekki að segja að við eigum að hoppa upp og gera samninga við þá. En ég veit ekki hvort maður, sem bauðst til fyrir tveimur árum að ræða þessi mál, hoppar hæð sína af gleði þegar hæstv. viðskrh. verður búin að þvælast með þetta í þrjú, fjögur ár og segir: Núna er ég tilbúinn. — En svona eru vinnubrögðin á þessum bæ. Og ef þetta er ekki að vera rasssíður í málinu, þá veit ég ekki hvað það er.

Að því er varðaði önnur viðskipti, þá sagði hæstv. viðskrh. *að hann væri að íhuga þau. Það gilti um Frakka* og það gilti um Norðmenn og það gilti um Finna. En þessi innhverfa íhugun hefur ekki skilað ýkjamiklum árangri enn þá. Og við skulum bara gæta að því, að það er ekki óendanlegt svigrúm í tíma sem við höfum í þessum efnum. Það getur komið að því aftur að það herði að í olíumálunum, og þá verður ekki nokkur maður til viðtals.

Ég tók líka eftir því áðan að haft var á orði að það væri voðalegt að það væru kvaðir um miðlun ef menn tækju þátt í þeirri Alþjóðaorkustofnun sem hér er till. um. En hver getur gert ráð fyrir því, ef hann ætlar að njóta tryggingar, að hann sé ekki fullur þátttakandi í því sem

þar er um að ræða? Ég veit ekki betur en menn borgi iðgjald yfirleitt í sambandi við tryggingar. Hér á bara að heimta og heimta, en ekki sýna neina samstöðu með öðrum. Ég er næsta sannfærður um það, að þeir möguleikar, sem við eigum í sambandi við þessa miðlun, eru langtum, langtum meiri en hugsanlegar kvaðir.

Þessi þáltill. er auðvitað liður í því að við tökum olíuinnkaupamálin til almennilegrar meðferðar einmitt þegar best lag er. Við börðumst í þessum málum með ýmsum hætti þegar aðstæður voru sem verstar. Nú er betra lag. Og það er augljóst mál, að það samstarf, sem hér er um að ræða, er af hinu góða. Það mun gagnast Íslandi og það mun verða til þess að við eigum auðveldara með að halda á þessum málum. Þess vegna mæli ég eindregið með því, að þessi till. til þál. verði samþykkt. Ekki veitir af að reka á eftir hæstv. viðskrh.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil undirstrika eitt atriði í framhaldi af minni fyrri ræðu um þetta mál. Ég las upp úr grg. um grundvöll Alþjóðaorkustofnunarinnar, sem er samningur um alþjóðaorkuáætlun og greinist í tíu meginþætti. Ef úr samningum hefði orðið við þann fulltrúa sem bauð samstarf milli Íslands og olíuframleiðslulanda, þá hefði Ísland fullnægt öllum þeim skilyrðum sem eru takmarkið með Alþjóðaorkustofnuninni. Ég vil að þetta komi hér fram.

Hæstv. viðskrh., okkar olíumálaráðherra, veitti þær upplýsingar, sem eru ekki nýjar, að olíuviðskipti eru stór þáttur í okkar utanríkisviðskiptum. Að sjálfsögðu vita það allir þingmenn. En einmitt vegna þess, hve stór þáttur olíuviðskiptin eru, er þeim mun meira atriði að við náum sem hagkvæmustum og bestum samskiptum beint við þá aðila sem framleiða hráefnið ef tækifæri gefst til að skipta við þá milliliðalaust. En það er því miður staðreynd, að embættismenn eru bundnir við hefð í makindum og allt nýtt er óþægileg viðbót og raskar ró þeirra daglegu „rútínu“ ef ég má nota það orð.

Og það get ég sagt, að svo langt á eftir tímanum getur enginn verið, hvorki ráðh. né alþm., að halda að framsæknir viðskiptaaðilar, sem eru störfum hlaðnir og tími þeirra dýr, fari að ganga í sendiráð Íslands erlendis og tala þar við viðskiptafulltrúa, sem hefur bréfasamband og gefur skýrslu til utanrrn. sem sendir skýrsluna til viðskrn. um væntanleg viðskipti. Þessi hugsunarháttur og þessi starfsaðferð er aftan úr forneskju. Þessir menn koma hingað af vinskap við mig persónulega. Þeir koma, þeir skoða það sem við höfum að bjóða, þeir spyrja nokkurra spurninga: hvað kostar þetta? kynna sér gæðin, taka ákvörðun og fara. Og annaðhvort skipta þeir við okkur eða tala aldrei við okkur aftur. Það er hraði í viðskiptum í dag sem leyfir okkur ekki þau vinnubrögð sem viðhöfð eru í okkar þjóðfélagi yfirleitt.

Ég staðhæfi ekki að það sé hægt að lækka olíuverð með því sem ég gat um áðan. Ég staðhæfi það ekki. En ég staðhæfi hér og nú að það er hægt að lækka olíuverð bara með því að lækka innlendan kostnað, þó ekki væri neitt annað, með útboðum, eins og ég gat um að ég hef persónulega reynslu af fyrir það skipafélag sem er undir minni stjórn, og með því að setja olíuframleiðendum og olíusöluaðilum, sem við skiptum við, kosti um að þeir eigi birgðir hér sjálfir á sinn kostnað eins og aðrir aðilar eiga í öðrum vörutegundum í tollvörugeymslu, vegna þess að fjármagnskostnaðurinn einn, vextir af því fé, sem olíufélögin þurfa að draga á viðskiptabankana, eru 54%. Það er hægt að spara þann fjármagnskostnað ef verulegur kraftur er í þeim, sem ráða þessum málum, að setja skilyrði fyrir að olíufélögin hafi hér aðgang að íslenskum sölumarkaði. Þó ekki væri nema vegna fjármagnskostnaðarins eins væri hagkvæmt að íslenskir dreifiaðilar gætu keypt hér af erlendum birgðum, sem eru staðsettar á Íslandi, en ekki af birgðum sem staðsettar eru úti í heimi. Það þyrfti ekki að bæta við neinum tönkum eða geymslurými, þeir eru til fyrir.

Hæstv. ráðh. gaf góð ráð, að menn skyldu tala varlega um málin vegna þess að óvissuþættir, sem koma þar inn í, eru margir. Þetta er á diplómatísku máli að segja: Skiptið ykkur ekkert af þessu máli, ykkur kemur það hreinlega ekkert við. — Ráðherra hlær. Ég er búinn að vera konsúll í 15 ár og meira, ég er ekki að hlusta á diplómatískt tal í fyrsta sinn. Það er hægt að segja ýmislegt á margan hátt: Talið þið varlega um málin vegna óvissuþátta sem koma þar inn í. Sem sagt, skiptið ykkur ekkert af þessu, ykkur kemur þetta ekkert við. — Ég vara við slíkum hugsunarhætti.

Hvað mundu íslenskir aðilar hugsa ef erlendir menn tækju á móti íslenskum sölumönnum sem vildu selja fisk eða kjöt eða niðursuðuvörur, með þeirri tortryggni að það þyrfti að kynna sér sérstaklega hjá ráðherrum annarra landa hvort mennirnir eru í raun þeir sem þeir segjast vera eða hvort þeir hafi umboð til að bjóða það sem þeir eru að bjóða. Við mundum ekki taka því vel. Hér var viðkomandi ekki umboðsmaður. Hæstv. ráðherra getur ekki kallað þann aðila það sem kom hingað og bauð að koma á viðræðum. Hann bauð ekki olíu. Hann gat um möguleika, sem væru fyrir hendi, og bað um að íslenskir aðilar rituðu viðkomandi stjórnvöldum bréf þar sem íslenskir aðilar lýstu sig reiðubúna til að taka upp viðræður. Og hann gat um að viðkomandi aðilar væru reiðubúnir að veita ákveðið magn, ákveðinn kvóta. Hann var ekki hér til að semja um eitt eða neitt. Hann var hér til að bjóða íslenskum aðilum, ríkisstjórninni, að taka upp viðræður við ríkisstjórn annars lands. Ég vil leiðrétta hér það sem rangt er, að kalla þennan mann umboðsmann eins eða neins, að öðru leyti en því, að hann var umboðsmaður ríkis sem óskaði eftir að Ísland tæki upp viðræður um viðskipti.

Hæstv. viðskrh. talaði við ráðherra Dana til að fá hjá honum upplýsingar um viðskipti umboðsmanna og fékk að sjálfsögðu ráðleggingar um að skipta ekki við neina umboðsmenn, hafa enga milliliði, heldur ræða beint við ríkisstjórn Saudi-Arabíu. Erum við ekki komnir undan pilsfaldi gömlu dönsku mömmu? Þarf ríkisstjórnin eða ráðherra í ríkisstjórn Íslands að leita til ráðherra í ríkisstjórn Danmerkur til að fá ráð hjá honum hvort rétt sé að taka upp viðskiptasamband við önnur lönd eða þá hvort rétt sé að nota sem millilið aðila sem kemur hingað í heimsókn eða hvort eigi að fara beint? Íslenska ríkisstjórnin hefur tekið við góðum ráðum hjá ráðherra Dana og ekki haft samband við ríkisstjórn Saudi-Arabíu eftir það boð sem barst í gegnum þann aðila sem heimsótti Ísland eftir krókaleiðum, en hefur nú tekið upp stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu. Ég vona að það sé þá árangur af þessari heimsókn og þeim bréfaskiptum og staðfestingu sem rn. hefur fengið um vilja olíuframleiðslulandanna til að skipta beint við Ísland. Þá er að vísu vissum árangri náð af heimsókn þess aðila sem hingað kom.

Ég vil ekki taka undir það, að núv. hæstv. viðskrh. hafi

ekki verið ágætur viðskrh., því hann hefur verið það og hefur haft gott samband við þá íslensku aðila sem við hann þurfa að hafa samband. En ég vil biðja hæstv. viðskrh. að nota ekki oftar þau rök, að kannað hafi verið hvort rétt væri að reisa hér olíuhreinsunarstöð og að komið hafi í ljós, þegar sú könnun fór fram, að tvímælalaust væri það ekki rétt, það hafi verið neikvæð niðurstaða sem fékkst. Ég vil biðja hann að blanda ekki saman könnun sem fór fram um það hvort reisa ætti olíuhreinsunarstöð fyrir íslenska markaðinn, fyrir innanlandsnotkun: Sú könnun sýndi, eftir því sem ég hef heyrt hæstv. ráðh. segja áður og áðan, ekki þá niðurstöðu að hér bæri að reisa olíuhreinsunarstöð á þeim tíma. En það var fyrir íslenskar þarfir, það var fyrir innanlandsmarkað. Ég er hins vegar að tala um orkuver sem er mörgum sinnum stærra en við þurfum líklega nokkurn tíma að nota. Ég er að tala hér um olíuhreinsunarstöð sem kom til greina samkv. þeim viðræðum sem fóru fram, að olíuframleiðsluríki reistu hér í staðinn fyrir þau gömlu orkuver eða olíuhreinsunarstöðvar sem nú eru á meginlandi Evrópu og ekki er rými fyrir lengur, eru orðnar úreltar og þeir fá ekki að endurbyggja eða endurskipuleggja.

Ísland er talið nokkuð hlutlaust ríki, utan við átök stórveldanna, þrátt fyrir þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Og Ísland er þannig staðsett líka, að talið var í þessum umræðum að staðsetning hér væri æskileg til þess að dreifa frá á markaði bæði í Evrópu og í Bandaríkjunum. Olíuhreinsunarstöð, sem athugun var gerð á hér, og sú olíuhreinsunarstöð, sem ég er að tala um, eru því alls ekki sambærileg fyrirtæki og niðurstaða af þeirri könnun, sem var gerð á sínum tíma, á ekkert erindi inn í umræður um þessi mál nú. Það að einhver olíuhreinsunarstöð á Nýfundnalandi hafi farið á hausinn, eins og ráðh. tók til orða, skiptir hér engu máli. (**Viðskrh.:** Hún átti eftir að gera það.) Það skiptir ekki nokkru máli — og jafnvel ekki hvort sú stöð, sem hér yrði byggð ef samið yrði við þessa aðila, færi á hausinn eða hausinn ekki, vegna þess að íslensks fjármagns, íslenskrar þátttöku er ekki sérstaklega óskað. Það veltur bara á trú íslenskra aðila á fyrirtækið hvort þátttaka Íslendinga verður einhver, lítil eða mikil. Ísland þarf því ekki að taka neina áhættu þar miðað við þau samtöl sem fram fóru.

Ég ætla ekki að hafa þetta miklu lengri ræðu, virðulegi forseti. En það gleður mig að heyra hæstv. viðskrh. undirstrika að viðskrn. muni ekki leggja stein í götu þeirra sem vilja ná hagkvæmum kjörum við aðra aðila. Er ég þá sérstaklega með í huga einn aðila úti í bæ sem fagnar þessum ummælum hæstv. ráðh. Ég veit ekki betur en hún, þessi aðili, hafi haft talsverð sambönd bæði við Portúgal og annað Evrópuríki án þess að ná nokkru samkomulagi við viðskrn.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þetta eru orðnar nokkuð langdregnar umr. og ég skal ekki lengja þær mikið. Ég vildi aðeins taka það fram til þess að enginn misskilningur komi upp varðandi þær upplýsingar sem ég fékk frá danska orkumálaráðherranum, að það er engin stefna í viðskrn. að leita til Dana sérstaklega og taka ákvarðanir í samræmi við það sem þeir ráðleggja. Ástæðan fyrir því, að þetta var gert, var sú, að Danir voru einmitt að taka upp stjórnmálasamband við Saudi-Arabíu og höfðu verið að því nokkuð lengi og ég vildi gjarnan fylgjast með því hvernig það hefði gengið til og hvaða reynslu þeir hefðu öðlast af þessum viðskiptum. Þegar Norðurlandaráðsfundur fór fram hér ræddi ég við orkumálaráðherrann, sem var hér staddur, og hafði svo samband við ráðuneytið. Hann bauð að láta okkur í té upplýsingar um reynslu þeirra í sambandi við viðskipti við Saudi-Arabíu, og með það í huga tók ég þá ákvörðun, að það væri ekki skynsamlegt fyrir okkur að skipta við aðra þar, heldur að hafa a. m. k. sambönd til að byrja með við ríkisstjórnina sjálfa. Ég skal ekkert um það segja, hvað kann að verða síðar þegar við höfum komið þarna á sambandi sem hægt er að styðjast við.

Varðandi nokkur ummæli hv. þm. Kjartans Jóhannssonar um viðskipti við breska félagið BNOC vil ég aðeins upplýsa það, sem ég hef raunar gert áður, að samningar við það félag voru byggðir á niðurstöðum olíuviðskiptanefndar. Hv. þm. hrósaði sér af því að hafa átt þátt í að koma þeim samningum á, en vildi svo enga ábyrgð bera á samningunum og vildi varpa því frá sér, þar sem fjallað var um verð í þeim samningum, að hann bæri nokkra ábyrgð á því. Ég man ekki nákvæmlega á hvaða stigi þetta var þegar ég tók við embætti viðskrh., en ég fullyrði að þessir samningar voru gerðir í framhaldi af störfum olíuviðskiptanefndar. Það er svo annað mál, að mál hafa þróast á talsvert annan veg en menn gerðu ráð fyrir þá. Við gerðum þá ráð fyrir að olían á uppboðsmarkaðinum í Rotterdam mundi hækka meira en reyndin hefur orðið. Verðið hefur verið miklu stöðugra en menn gerðu ráð fyrir þá. Það er þetta sem ég á við þegar ég vara menn við því að tala gáleysislega um þessi mál. Þau eru vandasöm, hvað sem hver segir, og það þarf að hafa hliðsjón af því.

Ég vil svo ljúka mínum þætti í þessum umr. með því að upplýsa það, að ég held að staða okkar í þessum efnum í dag sé góð. Við eigum nægar olíuvörur og ég held að viðskiptin hafi verið frekar hagstæð þegar á heildina er litið. Það má að sjálfsögðu deila um einstök atriði í þessum málum sem öðrum. Ég er þó þeirrar skoðunar, að það sé rétt stefna — ég var sammála olíuviðskiptanefnd um það — að dreifa þessum viðskiptum nokkuð til þess að tryggja okkur. Ég held að það eigi að halda áfram í þá stefnu.

Hins vegar held ég að olíuviðskipti okkar við Ráðstjórnarríkin, Sovétríkin, hafi verið hagstæð, a. m. k. síðan ég tók við embætti viðskrh. og það verði ekki á neinn hátt hægt að gagnrýna með rökum þau viðskipti. En ég held að það sé hyggilegt fyrir okkur eins og flestar aðrar þjóðir að dreifa þessum viðskiptum nokkuð til þess að tryggja okkur í framtíðinni.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. talaði um að það væri ekkert vit í öðru en að hafa samband við stjórnvöld í landi eins og Saudi-Arabíu. Það var svar ráðh. við þeim ábendingum sem komu hér fram í máli hv. þm. Alberts Guðmundssonaar. En það vill nú svo vel til, að því er varðar viðskipti við þetta land, að á borði hans, þegar hann tók við embættinu af mér, lá tilboð fyrir milligöngu sendiherra Saudi-Arabíu. Ég veit ekki betur en að hann sé fulltrúi ríkisstjórnarinnar í því landi. Samt eru bráðum tvö ár liðin í viðskrh.-tíð Tómasar Árnasonar sem hafa farið í að flækja því fram og aftur hvort þyrfti að vera stjórnmálasamband eða ekki, en þessi fulltrúi viðkomandi ríkisstjórnar var tilbúinn til þess að ræða málið strax. En það mátti ekki, það þurfti að flækja þessu í formsatriði. Ég endurtek það, að ég efast um að hæstv. ráðh. sé sjálfrátt í þessu efni. Það hljóta

einhverjir aðrir að ráða yfir honum.

Hæstv. viðskrh. talaði um það hér áðan, að ég hefði hrósað mér af því að koma á samningum við Breta. Það, sem ég hrósa mér af, er kannske fyrst og fremst að hafa opnað smuguna í viðskiptum við Rússa til þess að geta tekið upp samninga við aðra. En ég gat þess líka, að ég setti í gang samningaviðræðurnar við Breta. Hæstv. viðskrh. sagðist ekki muna nákvæmlega á hvaða stigi þessir samningar voru þegar hann tók við þeim. Það væri kannske ekki úr vegi að minna hæstv. viðskrh. á það, að hann fór meira að segja sjálfur sérstaka ferð til Bretlands til að skrifa undir þessa samninga. Þá voru samningarnir gerðir, þegar skrifað var undir þá, og það var eftir að hann hafði verið nokkra hríð í embætti. Það fer því ekkert á milli mála hver gekk frá þessum samningum. Þessi utanför og blaðamannafundir og ljósmyndun og viðhöfn hjá hæstv. viðskrh. á þeim tíma er fullkomlega til sannindamerkis um hver það var sem gekk frá þessum samningum.

Ég hef líka talið að það ætti að kanna möguleika í sambandi við olíuhreinsun, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson hefur gert hér að umtalsefni, og ekki binda sig þar endilega við innanlandsmarkaðinn einan. Auðvitað á að athuga þessi mál.

En það, sem var hættulegast í málflutningi hæstv. viðskrh. hér seinast, var hvað hann var ánægður með sjálfan sig, hvað hann taldi að staðan væri góð og hvað við værum í hagstæðum viðskiptum við Ráðstjórnarríkin. Það er einmitt sinnuleysi af þessu tagi sem hefur komið íslensku þjóðinni í koll. Það var einmitt fyrir það, að menn voru svo lukkulegir með Rotterdam-samningana þegar slaki var í olíuviðskiptunum, sem við lentum í þessum hrikalegu hrakningum á sínum tíma, þegar verðið á þessum markaði var margfalt á við kostnaðarverðið og margfalt á við það sem aðrar þjóðir greiddu, sem höfðu komið sér upp langtímasamningum með eðlilegum hætti. Þess vegna ítreka ég það enn og aftur, að það er einmitt núna sem á að vinna í þessum málum, en ekki að hrósa sér og vera í sæluvímu yfir að nú sé allt í lagi. Það er ekki í lagi vegna íslenskra aðgerða. Það er í lagi af því að heimsmarkaðsverðið hefur stöðvast í bili. (**Viðskrh.:** Það er sem sagt allt í lagi.) Það er þægilegt ástand, en einmitt þá á að nota það lag sem gefist hefur. Og það er það sem hefur brugðist hjá hæstv. viðskrh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 21. fundur.

Föstudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mun mæla hér fyrir tveimur málum, á þskj. 103 og 104, frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja og frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild samvinnufélaga. Ég vil — með leyfi hæstv. forseta — mæla fyrir þessum frv. báðum í einu. Þau eru ákaflega svipuð. Ég gerði það í Nd. og ég vona að það geti gengið eins hér í hv. Ed. (**Gripið fram í:** Það gengur allt í Nd.)

Það frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, sem nú er á dagskrá, er lagt fram að ósk bankaráðs Verlsunarbanka Íslands hf., samhliða hinu frv. sem ég minntist á, um breyt. á lögum nr. 45 frá 1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja starfar sem sjálfstæð deild við bankann undir stjórn bankaráðs og er hlutverk hennar að styðja að verslun landsmanna með hagkvæmum stofnlánum. Veitir stjórn deildarinnar slík lán til öflunar búnaðar og áhalda fyrir verslunarfyrirtæki, byggingar verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur getur stjórnin, ef sérstakar ástæður mæla með, heimilað að þessum aðilum séu veitt stofnlán til kaupa á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

7. gr. laganna kveður á um að lánstími megi eigi vera lengri en 12 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn árið 1972 og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt og eðlilegt á þeim tíma. Miðað við þær breytingar, sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum með tilkomu fullrar verðtryggingar á lánum, þykir eðlilegt að leggja til að lánstími sé lengdur, m. a. til þess að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkslánstími verði miðaður við 25 ár.

Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Hitt frv., sem er hliðstætt þessu, frv. til laga um breyt. á lögum um Stofnlánadeild samvinnufélaga, fjallar um það að lánstími megi eigi vera lengri en 25 ár og lánin skuli endurgreidd með jöfnum afborgunum. Þetta frv. er lagt fram að ósk bankaráðs Samvinnubanka Íslands hf., samhliða því frv. sem ég var að mæla fyrir um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja. Stofnlánadeild samvinnufélaga starfar sem sjálfstæð deild við Samvinnubankann undir stjórn bankaráðs og er hlutverk hennar að styðja verslunarrekstur samvinnufélaga með hagkvæmum stofnlánum. Veitir stjórn deildarinnar slík lán til byggingar verslunar- og skrifstofuhúsnæðis samvinnufélaga og fyrirtækja innan þeirra vébanda, sem verslun stunda, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Enn fremur getur stjórnin, ef sérstakar ástæður mæla með, heimilað að þessum aðilum séu veitt stofnlán til kaupa á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.

7. gr. laganna kveður á um að lánstími megi eigi vera lengri en 12 ár. Hámarkslánstími þessi var ákveðinn árið 1972, á sama tíma og lánstími hjá Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, og var þá í samræmi við það sem þótti hagkvæmt á þeim tíma. Miðað við þæt breytingar, sem orðið hafa almennt á lánskjörum á síðustu misserum vegna fullrar verðtryggingar á lánum, þykir eðlilegt að lánstími sé lengdur, m. a. til þess að létta greiðslubyrði lántaka. Af ofangreindum ástæðum er lagt til að hámarkslánstími verði miðaður við 25 ár.

Ég mun svo leyfa mér, þegar tímabært er, að leggja til að þessu frv. verði einnig vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Helgi Seljan): Út af því, sem kom fram í réttmætri athugasemd frá hv. 4. þm. Vestf., vil ég taka fram að það hefur ekki verið vani í þessari hv. deild að menn mæltu hér fyrir mörgum frv. samtímis. (**Gripið fram í:** Sumir banna það.) M. a. neitaði ég hæstv. heilbrmrh. um það hér fyrr. Hann minnist þess greinilega

vel. (**Gripið fram í:** Það er ekki heimilt samkv. þingsköpum.) Það hagaði svo til að þau mál voru mjög óskyld og mér þótti það með öllu ótækt þá. Hér er í raun og veru um nákvæmlega sams konar breytingu að ræða varðandi bæði málin og því hafði ég nú, áður en hæstv. viðskrh. tók til máls, gert þessa undantekningu. Hafði ég fyrir mér fagurt fordæmi úr Nd. varðandi það. Við hlítum þá þeim fordæmum einnig hér.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104). — 1. umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að sú athugasemd sé rétt, að það sé ekki heimilt að mæla fyrir tveimur málum í einu. Ég lít þess vegna svo á að framsöguræða hæstv. ráðh. hafi einungis verið um fyrra málið en ekki hið síðara. En ég geri enga athugasemd við það að engin framsaga sé flutt fyrir því síðara og mun styðja að framgangi þess.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég leyfi mér í sambandi við þetta frv. um Stofnlánadeild samvinnufélaga að vísa til þeirra ræðu sem ég flutti við umr. um frv. til l. um breyt. á lögum um Stofnlánasjóð verslunarfyrirtækja. Hef ég ekki neinu við þá ræðu að bæta, en legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er lagt fram, fjallar um sjúkratryggingagjald og framlengingu þess frá því sem það er nú á árinu 1981. Í frv. er gert ráð fyrir að á árinu 1982 skuli skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald sem sé þannig, að af gjaldstofni sem er 101 250 kr. og þar fyrir ofan greiðist 2%, en ekkert af því sem þar er fyrir neðan í tekjum á árinu 1981. Álagt gjald á árinu 1981 nemur 33.8 millj. kr. og er áætlað að af þeirri fjárhæð innheimtist 32 millj. kr. Talið er að álagning sjúkratryggingagjalds á árinu 1982 nemi með þeim hætti, sem hér er gerð till. um, 49.5 millj. kr. og er það venjulegur framreikningur miðað við aðrar skattaforsendur sem fjárlagafrv. ársins 1982 hvílir á. Þær breytingar voru gerðar á sjúkratryggingagjaldi á fyrri hluta þessa árs, að það var fellt niður af lægri tekjum. Að mati Þjóðhagsstofnunar og Reiknistofu háskólans, sem hafa skoðað það mál lítillega fyrir mig, hefur sú ákvörðun, sem tekin var snemma á þessu ári, það í för með sér, að sjúkratryggingagjald á árinu 1982 verður 130—140 millj. kr. lægra en ella hefði verið.

Hér er um að ræða framlengingu á skatti og frv. lagt fram til þess að unnt verði að taka mið af því við afgreiðslu fjárlaga. Ég hygg að það hafi yfirleitt verið svo, a. m. k. þau ár sem ég man eftir, að sams konar frv. hafi ekki orðið að lögum fyrr en eftir áramót þó að þau hafi verið sýnd fyrir áramót.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., þar sem hér er um að ræða skatt. Það er í samræmi við þá afstöðu sem hv. þingdeildir tóku á s. l. ári að minni till., að þetta fari ekki til heilbr.- og trn., heldur til fjh.- og viðskn. þingsins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152, n. 172). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. þessarar hv. deildar hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum. Hæstv. iðnrh. mælti að sjálfsögðu fyrir þessu frv. og ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir því. Það setti e. t. v. öðruvísi svip á umfjöllun iðnn. um þetta mál en verið hefur að við fengum engar heimsóknir norðan úr landi í þetta sinn. En eins og kunnugt er er gert ráð fyrir í frv. að iðnrh. sé heimilt að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald sem innheimt verður á árinu 1982. Að sjálfsögðu hörmuðum við það mjög að fá ekki neinar slíkar gleðiheimsóknir rétt fyrir jólin, menn eru orðnir svo vanir því, en við þökkum fyrir kveðjur. Það er þó skemmtilegra að tala auglitis við menn.

Iðnn. mælir með samþykkt þessa frv. eins og það var lagt fram. Að vísu hefur það komið fram hér í umr., enda þótt það væri ekki tekið til ítarlegrar umfjöllunar í iðnn., að fjárhagsstaða Rafmagnsveitna ríkisins er alls ekki of góð, því miður, en ég fer ekki út í að ræða þau mál hér nú. Undir þetta nál. skrifar Kjartan Jóhannsson með fyrirvara.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef fallist á að mæla með þessu frv. þó með nokkrum semingi sé, vegna þess að það form, sem hér um ræðir til verðjöfnunar á raforku, er áreiðanlega að ýmsu leyti meingallað. Jafnframt vil ég vekja athygli á því, að talað hefur verið um og í framkvæmd verið að jafna þann aðstöðumun rafveitna, sem hér um ræðir, með því að líta til þess, hversu stór hluti framkvæmda á hverjum tíma væri af félagslegum toga, og greiða það þá niður þegar í stofnkostnaði. Það hafa ekki séð dagsins ljós af hálfu ríkisstj. heilsteyptar tillögur um endurskoðun af þessu tagi enda þótt óskir hafi komið fram um það hér á hv. Alþingi.

Ég leyfi mér að mæla með þessu frv. í trausti þess, að slík endurskoðun á því, með hvaða hætti þetta aðstöðujöfnunarkerfi geti verið betra en það er núna, fari fram á árinu, svo að um skýrar og skilmerkilegar línur verði að ræða þegar þetta mál kemur næst til afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 158). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum, var lagt fram og afgreitt með nokkrum breytingum frá Nd. og liggur nú hér fyrir á þskj. 158.

Með þessu frv. voru lagðar fram ítarlegar athugasemdir og mjög ítarleg grg. Leyfi ég mér að vitna til þeirrar grg. því að þar er að finna mjög glöggar skýringar á ákvæðum frv. og rakin nokkuð saga þessara mála.

Frv. gerir ráð fyrir að sjútvrh. verði heimilt að ákveða að áður en gjald er lagt á saltsíld samkv. 2. gr. skuli draga frá fob-verði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Á sama hátt er ráðh. heimilt að ákveða að gjald samkv. 2. gr. skuli ekki innheimt af ediksöltuðum síldarflökum og öðrum síldarflökum sem verkuð eru á svipaðan hátt. Við lögin bætist svo nýtt ákvæði er orðist svo:

„Ákvæði til bráðabirgða: Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu 1. okt. til 31. des. 1981 nema 3.575% af fob-verðmæti útflutnings.

Tekjur af gjaldinu skiptast sem hér segir:

1. Til Aflatryggingasjóðs, áhafnadeildar 32.3%
2. Til Tryggingasjóðs fiskiskipa og til úreldingarstyrkja:

a) Til greiðslu á hluta af vátryggingarkostnaði fiskiskipa samkv. reglum sem sjútvrn. setur 30.8%.

b) Til aldurslagatryggingar til úthlutunar samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, 4.6%.

3. Til Fiskveiðasjóðs Íslands og Fiskimálasjóðs:

a) Til Fiskveiðasjóðs 27.7%.

b) Til Fiskimálasjóðs 1.2%.

4. Til sjávarrannsókna og Framleiðslueftirlits sjávarafurða samkv. reglum, sem sjútvrn. setur, 1.6%.
5. Til Landssambands ísl. útvegsmanna 0.9%.
6. Til samtaka sjómanna 0.9%.

Sjútvrh. er heimilt að ákveða að ekki skuli innheimt gjald samkv. 2. gr. af skreið sem unnin er úr kolmunna, sem veiddur er á árunum 1981—1982, og að endurgreiða það gjald, sem þegar kann að hafa verið greitt af afurðum unnum úr kolmunna sem veiddur var á árinu 1981."

Lög þessi öðlast þegar gildi, sbr. 3. gr. frv., en þegar þau hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

Ég mæli fyrir þessu frv. fyrir hönd sjútvrh., sem er fjarstaddur, og leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til sjútvn. með 11 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í fjarveru hæstv. fjmrh. leyfi ég mér að mæla hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um sérstakt tímabundið vörugjald með áorðnum breytingum, eins og það heitir. Hér er sem sagt um að ræða löggjöf sem á rætur nokkur ár aftur í tímann og hefur verið framlengd á ári hverju. Það er gert ráð fyrir þessum skatti í fjárlagafrv. ársins 1982, og í athugasemdum við fjárlagafrv. kemur fram að gert er ráð fyrir að sérstakt vörugjald skili ríkissjóði í tekjur um 519 millj. kr. Til samanburðar má geta þess, að samkv. fjárlögum fyrir árið 1981 var gert ráð fyrir að tekjur af sérstöku vörugjaldi yrðu 368 millj. kr., en í endurskoðaðri tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að hið sérstaka tímabundna vörugjald skili 383 millj. kr.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða ítarlega um þetta mál, enda er það nokkuð kunnugt hér í þingsölum. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Síðasta mál á dagskrá var stjórnarfrumvarp, sem — maður getur sagt — sá ráðh., sem ekki átti að mæla fyrir frv., mælti fyrir. Það kom til af því, að hæstv. sjútvrh. dvelst erlendis eins og upplýst hefur verið. Ég vildi ekki verða þess valdandi að tefja það mál, þótt óeðlilegt sé að viðkomandi ráðh. mæli ekki fyrir sínum frv. Þess vegna greiddi ég fyrir því að það mál færi til nefndar og að 1. umr. lyki.

Nú leyfi ég mér að spyrjast fyrir um það, hvar hæstv. fjmrh. muni vera niður kominn, hvers vegna hann mælir ekki fyrir því frv., sem honum ber að mæla fyrir, og hvort forseti getur upplýst hvar hæstv. fjmrh. muni vera niður kominn. Er hann farinn af landi burt líka? (**Forseti:** Nei, hann er hérlendis.) Hyggst hann ekki mæta til að mæla fyrir sínum frv.? (**Forseti:** Ég vil vísa þessu til hæstv. ráðh. á eftir.) Ef hæstv. fjmrh. kemur ekki hér til að mæla fyrir þessu frv., sem er ágreiningsmál, óska ég eftir að umr. sé frestað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ástæðan fyrir fjarveru hæstv. fjmrh. er sú, að hann var í nótt á samningafundum ásamt opinberum starfsmönnum og fyrir dyrum stendur undirritun þeirra samninga nú kl. 4. Af þeim ástæðum sá ráðh. sér ekki fært að koma hér til fundarins. Ef hv. stjórnarandstaða óskar eftir að málið verði ekki rætt nema að fjmrh. viðstöddum, þá tel ég sjálfsagt að verða við því fyrir mitt leyti. Hins vegar tel ég að það sé í rauninni óþarfi af hv. stjórnarandstöðu að gera slíka kröfu og teldi að það væri hægt að koma öllum athugasemdum á framfæri við hæstv. fjmrh. við 2. umr. málsins. En stjórnarandstaðan ræður því að sjálfsögðu sjálf hvernig hún býr um sig.

Forseti (Helgi Seljan): Vegna þeirra orðaskipta, sem hér hafa farið fram, er sjálfsagt að verða við mjög eindregnum óskum varðandi þetta. Ég tók þetta mál á dagskrá með framsögu hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna þess að ég vissi um erfiðar aðstæður hjá hæstv. fjmrh. til að mæla fyrir þessu frv. nú og reiknaði með að hv. dm.

mundu geta komið athugasemdum sínum fram, eins og hæstv. ráðh. tók fram, við 2. umr. þessa máls, sem oft hefur verið rætt hér og mikið er deilt um, eins og réttilega kom fram hjá hv. 5. landsk. þm. Ég vil nú fara þess á leit til þess að greiða hér fyrir fundum — vegna þess að ég hafði hugsað mér að við héldum fund þegar að loknum þessum fundi og tækjum þá fyrir það eina mál sem er hér til 3. umr., þ. e. verðjöfnunargjald af raforku, og síðan væri deildin laus í dag og við þyrftum trúlega ekki heldur að mæta hér á morgun — að reynt yrði að greiða þannig fyrir þingstörfum að við gætum komið þessu máli til nefndar. Ég vil þess vegna óska eftir því við hv. 5. landsk. þm., að hann falli frá ósk sinni, að því tilskildu að fjmrh. verði að sjálfsögðu viðstaddur 2. umr. málsins og svari öllum þeim athugasemdum sem þar kunna fram að koma.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal játa það, að ég á mjög erfitt með að neita hæstv. forseta um þá ósk sem hann hefur hér fram borið, því að hann hefur stjórnað fundum af einstakri prýði og ljúfmennsku. Verð ég þess vegna við ósk hans.

Ég lýsi því hins vegar yfir, að vinnubrögð í þinginu eru með algjörri óhæfu. Ráðh. eru út og suður, sinna ekki sínum skyldustörfum, mæta ekki á fundum og formenn nefnda halda ekki fundi sem þeim ber að halda í nefndum. Og ráðh. mæta ekki til að mæla fyrir sínum málum. Það er algjört upplausnarástand í störfum þingsins og raunar í stjórn þjóðmála yfirleitt, eins og við var að búast, eins og til var stofnað frá upphafi, þar sem allt var byggt á undirferlum og svikum. Þetta er nú allt saman að koma í ljós og mun koma betur í ljós á næstu vikum og mánuðum. En störf þingsins eru með algjörri óhæfu, þ. á m. það, að nú skuli tvö stjórnarfrumvörp vera flutt og mælt fyrir af tveimur ráðh. sem ekki eiga að mæla fyrir þeim. En ég verð við þessari ósk.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. 5. landsk. þm. sérstaklega fyrir þetta og ég vona að það skapist þá ekki miklar umr. út af þessu máli. En hv. 11. þm. Reykv. hefur kvatt sér hljóðs.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég skal ekki stuðla að miklum umr. um þetta mál. Ég vildi aðeins láta það koam fram hér í þingsölum, að fjarvera hæstv. fjmrh. stafar af því, að hann — (**Gripið fram í:** Það er komið fram.) Nú, það er mjög gott að það er komið fram, að fjmrh. hafi í nótt lokið við samningagerð við opinbera starfsmenn. Hann verður kominn hér til starfa í þinginu síðar í dag eða strax á morgun og þá getum við haldið áfram afgreiðslu þessa máls. Ég skal enn fremur heita hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni því, að hjá fjh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar, verði tryggilega gengið frá því, að allar þær upplýsingar og annað, sem hann óskaði eftir, verði látið í té.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil ítreka þau sjónarmið sem komu hér fram hjá hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni um það, að vinnubrögð hér í þinginu eru fyrir neðan allar hellur. Ég hefði haft fulla ástæðu til að bera fram sömu ósk og hann bar fram varðandi það, að sá ráðh., sem hefur með þetta mál að gera, verði viðstaddur þær umr. sem um það fara fram. En úr því að hv. þm. Eyjólfur Konráð hefur fallið frá þeirri kröfu sinni mun ég ekki gera það að máli né setja þá kröfu fram.

En það er ekki einungis að því er þetta varðar, utanfarir ráðh. og að ráðh. gefi sér ekki tíma til að vera viðstaddir umr. um þau mál sem varða þeirra málaflokka, hvað þá að mæla fyrir þeim, eins og nú er gert, heldur hefur það sannast mjög áþreifanlega síðan þessi ríkisstj. tók til starfa, að það háttalag t. d. að kjósa ráðh. í nefndir hefur leitt til þeirrar niðurstöðu sem við var að búast, nefnilega að ráðh. sinna ekki nefndarstörfum sínum. Ég man t. d. eftir því, að í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar voru á s. l. þingi haldnir um 60 fundir og sá ráðh., sem sæti átti í þeirri nefnd, mætti, ef ég man rétt eftir talningu, á fjórum eða fimm fundum af þessum 60.

Ég gagnrýndi það mjög þegar þetta háttalag var upp tekið og taldi ekki eðlileg vinnubrögð að ráðh. létu kjósa sig í nefndir, þeir mundu ekki geta sinnt verkefnum sínum í nefndarstörfumog mundu ekki sinna þeim. Þá voru gefnar hátíðlegar yfirlýsingar um það, að auðvitað mundu þessir ráðh. gera það og mæta á fundum. En ég tel rétt, úr því að verið er að tala hér um vinnubrögð í þinginu og þann seinagang sem kemur fram af hálfu ráðh. gagnvart þinginu, að þetta komi líka fram, sem ég gerði hér sérstaklega að umræðuefni á sínum tíma, að þessir ráðherrar mæta ekki á nefndarfundum. Hæstv. forsrh. sem hefur verið kjörinn til að mæta í þessari nefnd, fjh.- og viðskn. þessarar deildar, hefur mætt þar á innan við 10% funda.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil taka það fram út af þessum orðum og þeim umr. sem hér hafa farið fram, að ég hef ávallt leitast við að verða við óskum þm. um það, að þeir ráðh., sem fara með hin einstöku mál, séu viðstaddir umr. hér þegar þess hefur verið óskað. Ég held að óhætt sé að segja að menn hafi ævinlega orðið við því og ráðherrar hafi mætt hér til andsvara. Og ég mun áfram halda þeirri reglu. Þrátt fyrir það að svo hafi staðið á í dag, að ég hafi talið óhjákvæmilegt að koma þessum tveimur málum nú til nefndar, mun ég áfram halda þeirri reglu að sleppa hæstv. ráðherrum í engu við að svara hv. þdm. þegar þeir óska eftir því.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er að vísu rétt hjá hv. þm. Kjartani Jóhannsyni, að fjh.- og viðskn. Ed. mun vera með þeim nefndum þessa þings fyrir utan fjvn. sem flesta fundi hefur haldið. Þó er það þannig, að margir þessara funda eru stuttir og nánast afgreiðslufundir til þess eins að ákveða til hvaða aðila þau frv. og till., sem til nefndarinnar koma, eru send. Sá talnareikningur, sem hann var með hér áðan, gefur því ekki alveg rétta mynd af þátttöku manna í störfum nefndarinnar. Ég fullyrði að þátttaka hæstv. forsrh. í störfum þessarar nefndar er efnislega miklu meiri en þær tölur bera með sér sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson fór hér með. Hins vegar hef ég leitast við sem formaður nefndarinnar að taka tillit til óska einstakra nm. um fundarhöld. Það hefur m. a. komið fram á þessu þingi sem og á fyrra þingi, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson er svo upptekinn við önnur störf utan Alþingis að það hefur orðið að haga fundartíma nefndarinnar sérstaklega með tilliti til þess, að hann geti þar mætt. Ef nefndin héldi fundi á tímum sem hentuðu öðrum nm. betur, en henta honum ekki vegna starfa hans við Háskóla Íslands, þá gæti hann ekki mætt á fundum. Ég tel alveg sjálfsagt að taka áfram tillit til þess, að Kjartan Jóhannsson geti haldið áfram að

starfa utan þings, sinna störfum þar, kenna við Háskóla Íslands, og hafa fundartímum nefndarinnar í samræmi við það. En ég er nokkurn veginn viss um það, að ef nefndarfundir yrðu haldnir á þeim tíma sem gæti hentað öðrum nm., en hentar ekki kennnslutímum hv. þm. við Háskóla Íslands, þá yrðu fjarvistir hans af nefndarfundum líka nokkuð miklar.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Menn hafa hér fengið sýnishorn af málflutningi hv. 11. þm. Reykv. Honum er einkar lagið að halda sig ekki við málefnin, heldur tala með skætingi út og suður og stundum af hreinni vanþekkingu. En að því er varðar það málefni sem hann gerir sérstaklega að umræðuefni, þá lýsi ég því hér með yfir, að ef hann óskar eftir að halda fundi á einhverjum öðrum tímum, þá skal ekki standa á mér. Hv. formaður nefndarinnar spurði mig að því bæði í upphafi þessa þings og í upphafi síðasta þings, hvort það væru einhverjir tímar vikunnar sem ekki hentuðu mér, og það hefur aldrei verið neitt ósamkomulag um þetta. Ég get ósköp vel gert kröfu um að fundir í nefndinni séu haldnir á sama tíma og fundir í ríkisstj., en ég hef aldrei gert kröfu um það. Það skal ekki standa á mér að hv. formaður geti fengið að breyta sínum fundartíma út og suður. Ég skil ekki að tveir klukkutímar á viku ráði neinum úrslitum. Auk þess er rangt að hæstv. forsrh. hafi tekið efnislega sérstaklega mikin þátt í störfum nefndarinnar, nema það hafi gerst við búktal í gegnum formann nefndarinnar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom áðan vorum við í stjórnarandstöðunni, báðir flokkar, reiðubúnir að greiða fyrir því að mál þetta næði að ganga til 2. umr. og til nefndar samkvæmt ósk hæstv. forseta, þó að ráðh. hafi ekki gegnt þeirri skyldu sinni að mæla fyrir því, eða þá að málinu væri frestað þangað til hann gæti mætt, ef hann væri alveg upptekinn. Ef eftir þau vinnubrögð og þá ósvífni, sem hér hefur fram komið af hálfu formanns þingflokks Alþb. sérstaklega, mun ég ekki — og vonandi enginn í stjórnarandstöðunni greiða fyrir því, að málið fari til nefndar í dag.

Forseti (Helgi Seljan): Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og verður freistað að ganga til atkvgr. um dagskrármálið. Ég óskaði eftir því við hv. þdm. áðan, að þetta mál mætti ganga til nefndar, og ber litla ábyrgð á þeim umr. sem hér hafa farið fram.

Ég mun freista þess að láta fara fram atkvgr. um dagskrármálið, tímabundið vörugjald, þ. e. að málið megi fara til 2. umr. og til hv. fjh.- og viðskn. Þetta stafar einfaldlega af því, að ég hafði ekki hugsað mér að fresta fundi vegna þess að ég ætlaði að taka á dagskrá þegar á eftir 6. dagskrármálið, þ. e. 3. umr. um það ágreiningslausa mál, verðjöfnunargjald af raforku, en að deildin væri síðan laus.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 22. fundur.

Föstudaginn 11. des., að loknum 21. fundi.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv. Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 22. fundur.

Föstudaginn 11. des., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignaskattur, frv. (þskj. 112). — Frh. 1, umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. tók mjög vel undir efni þess frv. sem hér er til umr. og er ég honum þakklátur fyrir. Hann minntist á nauðsyn þess, að flugfargjöld innanlands væru með í útreikningsgrundvelli hinna sérstöku framfærsluvísitalna byggðarlaganna svo og opinber þjónusta og minntist hann sérstaklega á símaþjónustuna. Allt er það hárrétt hjá hv. þm. og til þess er vissulega ætlast í frv., enda segir þar að taka beri tillit til afgerandi þátta á hverjum stað þótt þeir séu ekki í grundvelli hinnar almennu framfærsluvísitölu. Með þessu er auðvitað átt við m. a. flugfargjöld innanlands og önnur innanlandsfargjöld og hvers konar opinbera þjónustu.

Hv. 5. þm. Vestf. taldi að frv. gengi of skammt á sumum sviðum og er ég honum sammála um það. Hann sagði að frv. næði aðeins til þeirra sem hefðu það háar tekjur að þeir greiddu tekjuskatt. Það er ekki alls kostar rétt. Sá persónuafsláttur, sem ekki nýtist til greiðslu tekjuskatts, gengur til greiðslu sjúkratryggingagjalda, eignarskatts og útsvars og eldri skulda vegna þessara gjalda. Auk þess jafngildir hækkun persónuafsláttar í mjög mörgum tilvikum hækkun útborganlegra barnabóta til viðbótar við þá hækkun sem þetta frv. gerir ráð fyrir, en barnabætur, sem ekki nýtast til greiðslu opinberra gjalda, eru, eins og kunnugt er, útborganlegar í peningum, eru greiddar í peningum.

Hitt er svo annað mál, að ónýttur persónuafsláttur ætti auðvitað að greiðast út á sama hátt og ónýttar barnabætur, og kæmi það mest til góða þeim sem allra minnstar hafa tekjurnar. Þetta höfum við Alþfl.-menn lagt til m. a. við afgreiðslu laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu í febrúar mánuði á þessu ári. Tillaga okkar þá um útborgun ónýtts persónuafsláttar, m. ö. o. neikvæðan tekjuskatt, hlaut ekki stuðning þm. annarra flokka.

Flm. þessa frv. hugleiddu að taka þá tillögu Alþfl. upp í þetta frv., en féllu frá því, bæði vegna þess að það hefði gert frv. flóknara og því tafið afgreiðslu þess og vegna þess að ekki er við því að búast, að þm. annarra flokka hafi breytt afstöðu sinni til útborganlegs ónýtts persónuafsláttar frá því sem var fyrr á þessu ári. Með því að hafa

þá tillögu með í þessu frv. töldum við að minni líkur væru á að það fengi jákvæða afgreiðslu, og því var það ekki tekið með. Aftur á móti höfum við hugleitt að endurflytja þá tillögu okkar í sérstöku frv. og býð ég hv. 5. þm. Vestf. hér með að vera meðflm. að því.

Umr. frestað.

Grunnskólar, frv. (þskj. 113). — 1. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Þetta frv. er nú flutt í þriðja sinn hér í deildinni. 1. flm., Ragnhildur Helgadóttir, hefur nú horfið af þingi svo það kemur í minn hluta að fylgja frv. úr hlaði, en ásamt okkur er hv. 10. þm. Reykv. flm. að þessu frv.

Efni frv. er í raun og veru mjög einfalt og vil ég í ræðu minni vitna til ræðu 1. flm. er hann flutti á síðasta Alþingi um þau efni, en þar sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalatriði þess er að tryggja rétt foreldra til þess að fylgjast betur með því starfi, sem fram fer í grunnskólunum, og eiga aðild að þeim ákvörðunum sem þar eru teknar og varða börn þeirra. M. ö. o.: þetta frv., ef samþykkt verður, á að stuðla að því, að foreldrar geti sinnt þeirri skyldu og ábyrgð sem á þeim hvílir í uppeldi barna þeirra.

Þessi ábyrgð hefur verið viðurkennd víða um heim með því að viðurkenna foreldrum til handa rétt til þess, að þær stofnanir, sem starfa við hlið og til hjálpar heimilum að uppeldi barna, taka mið af þeirri ábyrgð sem hvílir á foreldrum að þessu leyti. M. ö. o.: það hefur verið viðurkennt í t. d. mannréttindasáttmála Evrópuráðsins, að virða skuli rétt foreldra til að tryggja að uppeldi og fræðsla sé í samræmi við trúar- og lífsskoðanir þeirra. Þetta atriði þykir vera mjög sjálfsagt í öllum lýðræðisríkjum Evrópu, og þar sem við höfum verið aðilar að mannréttindasáttmála Evrópuráðsins um langt skeið þykir eðlilegt að sú skuldbinding, sem við tökumst á hendur með aðild að þeim sáttmála, sé staðfest í lögum landsins. Það er ekki einasta að það sé eðlilegt eða að það sé mitt álit að það sé eðlilegt, heldur er það beinlínis skylda sem löndin takast á hendur þegar þau gerast aðilar að slíkum yfirlýsingum. Það er þjóðréttarleg skuldbinding. Það er útbreiddur misskilningur að *mannréttindasáttmálinn hafi lagagildi á Íslandi. Svo er* ekki. En hitt er annað mál, að við erum skuldbundin til að sjá svo um að ákvæði laga séu í samræmi við innihald hans.

Það er ástæða til þess á þeim tímum sem hið opinbera kerfi þenst sífellt út að tryggja einstaklingunum þann rétt, sem sjálfsagður er, að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem þar eru teknar, því að það eru einstaklingarnir sem byggja upp þetta kerfi og standa á bak við það. Þess vegna er í 1. gr. þessa frv. lagt til að í stefnumörkunargrein grunnskólalaganna verði bætt þessu atriði sem ég nefndi og tekur mið af mannréttindasáttmála Evrópuráðsins og er fólgið í því að virða rétt foreldra eða forráðamanna, svo að notað sé orðaval grunnskólalaganna, til að tryggja að menntun og fræðsla gangi ekki gegn trúar- og lífsskoðunum þeirra. Enn fremur er í þessari grein kveðið á um að í skólastarfinu skuli forðast einhliða áróður um slíkar skoðanir eða um álitaefni og ágreiningsmál í þjóðfélaginu. Þetta eru atriði sem ég get varla ímyndað mér annað en að samviskusamir uppfræðarar og kennarar hljóti að vera samþykkir. Auk þessa er þarna um atriði að ræða sem tryggir sjálfsögð mannréttindi foreldra og barna á þann veg að uppeldisaðilar, bæði heimilin og skólarnir, séu samstiga í uppeldismarkmiðum sínum. Það er alveg ljóst, að það atriði er til þess fallið að stuðla að andlegu öryggi barnanna sem námið stunda. Ég hygg raunar að þetta atriði sé svo sjálfsagt að það sé nánast af vangá að það sé ekki þegar skráð í grunnskólalögum."

Ég hef endurtekið ummæli 1. flm. þegar hann gerði grein fyrir þessu máli á síðasta þingi. Um 2. gr. er það annars að segja, að hún felur í sér breytingu á 2. málsgr. 57. gr. grunnskólalaga, sem nú hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Óheimilt er að veita upplýsingar um vitnisburði nemenda öðrum en þeim sjálfum og forráðamönnum þeirra, nema nauðsyn beri til vegna flutnings nemenda milli skóla. Þó skal heimilt að veita öðrum þessar upplýsingar vegna fræðilegra rannsókna, enda sé krafist fullrar þagnarskyldu."

Hér er lagt til að fyrra atriðið standi óbreytt, en um undanþágur sé tekið fram að skólastjóri veiti þær og að krafist skuli samþykkis forráðamanna nemenda. Byggist þetta á þeirri skoðun, að ástæðulaust of raunar rangt sé að nemendur séu hafðir til fræðirannsókna án vitundar og samþykkis forráðamanna þeirra, nema sérstaklega standi á. Er það nánar skýrt í nýrri viðbót við málsgr. Er þar ráðgert að menntmrn. geti veitt rannsóknaleyfi án samþykkis skólastjóra og forráðamanna ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Ástæða sýnist vera til að um slík leyfi sé almenningi gert kunnugt of að glöggar reglur séu um ábyrgð þeirra sem fyrir rannsóknum standa og við þær starfa. Er orðum greinarinnar ætlað að ná þessum tilgangi.

Í 3. gr. er lagt til að ný grein bætist við grunnskólalög og fjallar fyrri málsgr. hennar um rannsóknir sem starfsmenn í menntmrn. og við grunnskólana hyggjast framkvæma. Þar er leitast við að setja sem gleggstar reglur, sem bæði geri mikilvægar rannsóknir framkvæmanlegar og séu í samræmi við hagsmuni nemenda og annarra, að ekki séu kannaðir hagir þeirra án brýnnar ástæðu. Í 2. málsgr. er rætt um rannsóknir annarra aðila. Er lagt til að þeir þurfi að uppfylla strangari skilyrði en skólamenn. Varða skilyrðin bæði efni rannsókna og rannsókarmenn. Sérstök ástæða hefur þótt vera til að taka fram að rannsóknir á viðhorfum og einkalífi skuli ekki leyfa nema sérstaklega standi á. Hið sama er um rannsóknir á tilteknum atburðum sem nemendur hafa orðið vitni að. Fræðimenn, sem kunna að vilja gera slíkar kannanir, hafa sjaldnast til slíks miklar ástæður, og rannsóknirnar geta, einkum ef þær varða umtöluð atriði, haft óæskileg áhrif á unga nemendur.

Þegar þetta mál var til meðferðar í menntmn. Nd. Alþingis á síðasta þingi barst m. a. umsögn frá Guðmundi Magnússyni rektor Háskóla Íslands sem ég tel nauðsynlegt að vekja athygli á um leið og ég mæli fyrir þessu frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frv. er stefnt að því að hamla gegn áróðri og vernda friðhelgi einkalífs. Hvort tveggja er þarft og tímabært. Á báðum þessum málasviðum hafa á seinustu árum risið mál sem betur hefði mátt vanda til. Háskólanum er m. a. nauðsyn að geta fylgst með árangri nemenda á lægri skólastigum til þess að vita hvers konar efnivið hann færi til sín. Ákvæði frv. setja aðeins eðlilegar

skorður við slíkum könnunum, en hindra ekki að þær séu gerðar ef þörf krefur.

Þá er ýmsum aðilum innan Háskólans nauðsyn að stunda rannsóknir er falla undir 2. og 3. gr. frv. Hér virðast heldur ekki óeðlilegar skorður settar sem hamli gegn því að rannsóknir geti farið fram. Til álita kemur að fela ákveðnum aðila vörslu gagna að rannsókn lokinni. Aðrir gætu viljað nota gögnin en upphaflegi rannsóknaraðilinn. Víða erlendis er háskólum falið að varðveita upplýsingar af þessu tagi á númerum nafnlaust um tiltekinn tíma.

Umsögn þessi er skoðun undirritaðs og hefur ekki verið borin undir háskólaráð."

Enn fremur barst menntmn. umsögn frá fræðslustjóra Austurlandsumdæmis, undirskrifuð af Guðmundi Magnússyni, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég er sammála megininntaki frv. og tel að breytingarnar ættu að ná fram að ganga í samræmi við endurskoðun laganna, sem nú stendur yfir. Til staðfestingar skoðunum mínum á nefndu frv. leyfi ég mér að senda yður ljósrit af hluta blaðagreinar er ég ritaði í eitt dagblaðanna í janúar 1977. Ég er enn sama sinnis."

Í þeirri blaðagrein, sem fræðslustjórinn á Austurlandi sendi menntmn., segir m. a., en hún ber yfirskriftina: Áróður, uppeldi og fjölmiðlar, með leyfi hæstv. forseta:

„Nokkrar umræður hafa farið fram að undanförnu í blöðum um rétt eða réttleysi almennra skóla — eða kennara þeirra — til að ákveða sjálfir kennslubækur í samfélagsfræði (þjóðfélagsfræði). Hófust umræður þessar að gefnu tilefni sem kunnugt er.

Enda þótt hér sé vonandi um undantekningu frá meginreglu að ræða er samt hreyft hér við máli sem gæti komið skólunum í mikinn vanda, ef illa tækist til.

Áróður er eitt, uppeldi annað. Að vísu getur þetta tvennt að nokkru farið saman við fræðslu þeirra hluta sem enginn ágreiningur er um (áróður fyrir hreinlæti, gegn eiturlyfjum o. s. frv.).

En megininntak góðs uppeldis hlýtur að vera efling persónuþroska og glæðing heilbrigðrar dómgreindar nemenda andstætt óvönduðum áróðri sem leggur aðaláherslu á þrælslund og múgsefjun.

Áreiðanlega vilja langflestir Íslendingar viðhalda því lýðræði, sem þeir nú búa við, og efla það eftir föngum. Ein af máttarstoðum þess er hlutlaus fræðsla í skólum og þjóðlegt uppeldi byggt á víðsýni og sannleiksást. Allar tilraunir til flokkspólitísks áróðurs í kennslustundum eru því tilræði við það lýðræði sem er undirstaða frelsis og mannréttinda.

Gagnrýni á slíkt er því ekki aðeins æskileg — heldur nauðsynleg — og tek ég heils hugar undir hana. Hitt er svo jafnsjálfsagt, að í framhaldsskólum — sé áhugi fyrir því — fari fram kynning á hinum ýmsu stjórnmálastefnum á jafnréttisgrundvelli og umræður um þær.

Allt uppeldi á að miða að alhliða þroska barnsins. Það á að fá tækifæri til að svala eðlislægri forvitni sinni, til að spyrja, skoða, skilgreina og öðlast með því sem víðtækasta reynslu. Með þeim hætti er best tryggt að hver einstaklingur fái notið sín í framtíðinni og verði fær um að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á eigin dómgreind.

Má ég heldur biðja um einstaklinga, sem hafa þor og vilja til að gagnrýna sjálfan sig og aðra og skipta jafnvel oft um skoðun, heldur en heilaþvegnar brúður — eins konar já-menn — sem hafa orðið flokkspólitískum áróðri að bráð í uppeldi sínu.

Það kynni að vera styttra en okkur grunar yfir í ófrelsi og skoðanakúgun og þar með endalok lýðræðisins ef flokksáróður fær að leika lausum hala í skólakerfinu."

Svo mörg voru þau orð. Skal ég ekki að þessu sinni tilfæra dæmi um það eða gera að sérstöku umtalsefni þá tilhneigingu, sem í ríkum mæli hefur orðið vart við, að nota skólana, bæði menntaskóla, grunnskóla og jafnvel háskóla, sem flokkspólitískan vettvang.

Það sýnir raunar hvað við höfum verið sofandi á verðinum í þessum efnum að ekki eru mörg ár síðan Þjóðviljinn, meðan hann var undir stjórn núv. hæstv. félmrh., birti um það opinskáar yfirlýsingar með hvaða hætti Alþb. hygðist notfæra sér sína stuðningsmenn til að gera menningarlega og pólitíska innrás í skólakerfið. Má vel vera að einhvern tíma sýnist ástæða til að rifja þessi ummæli upp. Sams konar ályktanir frá innviðum Alþb. virtust á þeim tíma einnig í Norðurlandi, sem nú hefur að vísu lagst undir græna torfu, og á kannske ekki að vitna til þess þess vegna, heldur leyfa því blaði að hvíla í friði.

En okkur er að sjálfsögðu mikið í mun, frjálshyggjumönnum, að börnin og unglingarnir fái sem lengst og mest að vera í friði. Að vísu vitum við það, og það er skýringin á því, hvað við höfum í raun látið þessi mál afskiptalaus, að íslensk æska er heilbrigð, hún hefur óbrenglaða dómgreind. Upplýsingastreymi kemur víðs vegar að og þess vegna hefur sá hömlulausi áróður, sem víða hefur viðgengist, minni áhrif en ella mundi.

Auðvitað er það sjálfsögð sanngirniskrafa, sem námsstjórinn á Austurlandi kemur inn á, að Alþingi og yfirvöld skólamála séu vakandi yfir því, að námsefni, bæði kennslugögn og umfjöllun kennara, sé sæmandi því glæsilega húsnæði og þeim mikla tilkostnaði sem við verjum til menntamála. Það eru hér á landi öll ytri skilyrði til að veita unglingum góða fræðslu, fyrsta flokks fræðslu. Ég vænti þess líka, að þessi háa þingdeild taki undir það, að Alþingi setji fyrir þann leka einnig, að með óvandaðri rannsóknarstarfsemi verði farið inn í skólana og gerðar kannanir, sem eru annars eða þriðja flokks og gefa rangar eða villandi upplýsingar, ásamt því sem þar er verið að forvitnast um einkalíf fólks, sem er friðhelgt og viðkvæmt mál fyrir börn og unglinga á fermingaraldri eða upp úr því.

Ég tek skýrt fram til að forðast misskilning að í ummælum mínum felst ekki gagnrýni á yfirstjórn skólamála síðan núv. hæstv. menntmrh. settist í það ráðuneyti. Það er síður en svo að ég hafi ástæðu til að ætla að ástandið í þessum efnum hafi versnað síðan hann settist í það sæti. Ég vil að það sé alveg skýrt, að með þessum ummælum mínum er ég ekki á einn eða neinn hátt að gagnrýna hans embættisfærslu.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta mál er ekki alveg nýtt. Það var a. m. k. flutt í fyrra, og þá man ég að ég tók til máls um þetta efni og lýsti viðhorfum mínum til þess sem mér virðist vera tilgangur þessa frv. Ég held að mér sé óhætt að segja að ég hafi greint frá því, að viðhorf mín í þeim efnum, sem eru tekin fyrir í þessu frv., séu á engan hátt frábrugðin því sem fram hefur komið í grg. fyrir frv. og í ræðum þeirra hv. þm. sem talað hafa fyrir málinu. — Ég man að í fyrra talaði Ragnhildur Helgadóttir fyrir málinu.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram, að ég tel að það sé grundvallaratriði í sambandi við skólarekstur og samkv.

skólamálastefnu að vernda friðhelgi einkalífs. Það er svo mikilvægur þáttur í þjóðfélagi okkar að fram hjá því verður ekki gengið. Vissulega ber skólunum að virða friðhelgi einkalífsins og að umgangast þannig nemendurna að ekki sé á neinn hátt gengið gegn helgum skoðunum þeirra eða friðhelgi einkalífs yfirleitt. Ég vona satt að segja í lengstu lög að það sé almenn stefna þeirra, sem starfa í skólunum, að framkvæma kennslu með þeim hætti.

Þá kröfu hef ég ævinlega gert til kennslu, til kennara og til kennslustarfa, að beitt sé því sem ég vil kalla hlutlægni. Það er auðvitað ekki hægt að komast hjá því að það sé rætt um hvers konar efni í skólum, þjóðfélagsmál t. d., trúarefni og pólitík. Það er ekki hægt að útiloka slík efni í skólafræðslu, í samfélagsfræði, sögu og öðru slíku. Hins vegar er það list kennarans að tilreiða kennnslu sína af hlutlægni, sem ég vil kalla. Þá kröfu verður að sjálfsögðu að gera til kennara að þeir vinni í slíkum anda. Ég endurtek það, að ég vona að almennt sé það svo að á þessu sé enginn misbrestur. Sama er auðvitað að segja um það sem kalla mætti þá og í beinu framhaldi af þessu flokkspólitíska áróður. Hann á ekki heima í skólum landsins. Ég tel að kennarar verði í því sambandi að temja sér hlutlægni í kennslustörfum, hlutlægni í frásögn og umfjöllun um viðkvæm mál eins og stjórnmál og sundurgreiningu á þjóðfélagslegum málum og flokkastefnum o. s. frv. Þetta er mikill vandi, en ég vona að almennt séu kennarar þeirrar skoðunar, að sú skylda hvíli á þeim að fara þarna með gát og tilreiða efni sitt af hlutlægni.

Ég hef að vísu ekki verulega orðið var við það, eftir að ég kom í embætti menntmrh., nema kannske í einu tifelli, að pólitískum áróðri hefði átt að vera beitt í skóla. Í þessu eina tilfelli, sem ég nefni og ætla þó ekki að rekja hér, lét ég fara fram mjög nákvæma athugun á því máli fyrir mitt leyti og á vegum þeirrar stofnunar þar sem þetta átti að hafa gerst. Ég get fullyrt að niðurstaðan var sú, að þarna væri ekki ástæða til að væna um hlutdrægni í kennslu eða um það væri að ræða að reynt væri að beita flokkspólitískum áróðri. Ég hef ekki ástæðu til að vefengja þá niðurstöðu, m. a. vegna þess hverjir stóðu að þeirri athugun. Það voru menn af margs konar pólitískri gerð og pólitískum skoðunum. Ég tel því ekki ástæðu til að gera mikið úr því, að þarna hafi verið um pólitískan áróður eða tilraun til pólitísks áróðurs að ræða, enda á hann ekki að líðast í kennslu. Hann er óþarfur og á ekki að líðast í því þjóðfélagi sem við búum í, við það margflokkakerfi, sem við búum að, og þær margbreytilegu skoðanir sem okkar þjóðfélag krefst að séu virtar.

Eitt af því mikilvæga, sem hér er fjallað um, varðar rannsóknir, skólamálarannsóknir getum við sagt eða ýmsar rannsóknir sem eiga sér stað innan skólanna og á högum nemenda. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða. Og ég hef ekki oft þurft að standa frammi fyrir því að veita slík rannsóknarleyfi. Þó minnist ég nýlegs dæmis um að ég þurfti að fjalla um slíkt leyfi. Ég framkvæmdi það á þann veg að hafa sem allra víðtækust samráð við þá aðila sem þetta snerti. Rannsóknarleyfið, sem snerti Háskóla Íslands, var ekki veitt fyrr en Háskólinn hafði fjallað rækilega um málið og gefið jákvætt svar við veitingu leyfis. Þannig vona ég reyndar að alltaf verði staðið að í sambandi við mál sem þessi, að það verði farið með mikilli gát í þessum efnum og að virt verði svo sjálfsögð atriði sem friðhelgi einkalífsins og að reynt sé að sporna við því að gera óþarflega viðkvæmar upplýsingar um einstaklinga, jafnvel unglinga. Þannig mun ég a. m. k. reyna að framkvæma þessi mál, og ég vona að svo verði gert í framtíðinni.

Hér hefur verið minnst á grunnskólalögin. Þau eru í endurskoðun og hafa verið það. Þeirri endurskoðun er á vissan hátt lokið eða að því leyti til, að nefndin, sem sérstaklega var falið að fjalla um endurskoðunina, hefur skilað áliti. Í framhaldi af því, að nefndin skilaði áliti, lét ég í haust efna til fjölmennrar ráðstefnu um grunnskólann og framkvæmd grunnskólalaga. Þessi ráðstefna var fjölmenn og umræður þar miklar. Nú liggja þessar umræður fyrir í einni bók og getur verið fróðlegt fyrir hv. alþm. að kynna sér þær umræður sem þar fóru fram. En eftir er að fara nánar yfir nefndarálitið og þær umr., sem urðu á þessari allfjölmennu ráðstefnu skólamanna um þessi efni, og kanna hverjar breytingar skuli gera á grunnskólalögunum sem eru ekki gömul, en eru þó, eins og vill verða um flesta löggjöf, ekki óháð því að breytingar þurfi að gera á þeim öðru hverju. Ég held að það sé alveg ljóst, að hvorki grunnskólalög né önnur skólalög séu svo heilög eða svo vel úr garði gerð að þau séu ekki háð ýmsum breytingum. Þessu verki er lokið að hluta, en þó ekki að öllu leyti, því eftir er að kanna nánar í ráðuneytinu og af minni hálfu, hvaða breytingar skuli gera á grunnskólalögunum, og taka þá mið af því, sem endurskoðunarnefndin hefur gert í þessu efni, og einnig því sem fram kom á þeirri fjölmennu ráðstefnu sem haldin var um grunnskólalögin í haust.

Ég hef ekkert á móti því að þau mál, sem eru sérstaklega rædd í þessu frv., komi til athugunar í þessu sambandi, enda gengur frv. vafalaust til þingnefndar nú og án efa munu í framhaldi af því spinnast meiri umr. um það. Vafalaust myndast þá einhver tengsl við ráðuneyti mitt í þessu sambandi, og hef ég ekki á móti því, að þessi mál og önnur, sem snerta grunnskólann og framkvæmd grunnskólalaga, verði rædd í menntmn. þegar þetta mál kemur þar til sérstakrar athugunar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164). — 1. umr.

Flm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar sem er flutt á þskj. 164. Auk mín er flm. hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Þetta frv. er ekki mikið að vöxtum, en ég tel býsna nauðsynlegt að þessum málum sé komið í viðunandi horf og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa frumvarpstextann eins og hann er á þskj.:

„1. gr.: Við 12. gr. laganna bætist: Þegar kosning er óhlutbundin er kjörstjórn skylt, að talningu lokinni, að setja alla notaða kjörseðla undir innsigli kjörstjórnar. Að kærufresti loknum eða að fullnaðarúrskurði uppkveðnum varðandi kosninguna, ef kosningin hefur verið kærð, skal kjörstjórn eyða hinum innsigluðu kjörseðlum og telst störfum hennar ekki lokið varðandi kosninguna, fyrr en svo hefur verið gert og yfirlýsing þar um innfærð í kjörbók og undirrituð af kjörstjórn.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Stjórnarskráin, lög um kosningar til Alþingis svo og lög um sveitarstjórnarkosningar leggja mikla áherslu á þá leynd sem skylt sé að við sé höfð þegar um kosningar forseta, Alþingis, sveitarstjórna og sýslunefnda er að ræða.

Í 5. gr. stjórnarskrárinnar segir: „Forseti skal kosinn beinum, leynilegum kosningum af þeim, er kosningarrétt hafa til Alþingis."

Í 66. gr. laga um kosningar til Alþingis, sem fjallar um utankjörstaðaratkvæðagreiðslu, er lögð rík áhersla á að leynd sé yfir kosningu. Sams konar leynd skal vera um kosningu á kjörstað samkv. lögum um kosningar til Alþingis.

Í 1. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar er ákvæði um að lög um kosningar til Alþingis skuli gilda um kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda eftir því sem við eigi, með þeim frávikum sem sveitarstjórnarlög ákveða.

Í 11. gr. sömu laga er enn ítrekað að kosningin skuli vera leynileg.

15. gr. sveitarstjórnarlaga fjallar um kosningu sveitarstjórna. 1. mgr. hljóðar svo: „Sveitarstjórnarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum."

IV. kafli sveitarstjórnarlaga fjallar um sýslufélög. Í þeim kafla er 95. gr. laganna, en 1. mgr. er svohljóðandi: „Sýslunefndarmenn skulu kosnir með leynilegum almennum kosningum."

Eins og tilvitnaðar lagagreinar sýna er mikil áhersla lögð á leynd kosninga þegar þær fara fram, og er sú leynd raunar einn af hornsteinum lýðræðisins.

Hin almenna regla um kosningar er sú, að kosið er um einstaklinga eða framboðslista með merki eða listabókstaf.

Í 11. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar og í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir óhlutbundinni kosningu til sveitarstjórna og sýslunefnda. Reynslan hefur sýnt að óhlutbundnar kosningar til sveitarstjórna og sýslunefnda hafa tíðkast víða um land, sérstaklega í fámennari sveitarfélögum, og má telja líklegt að svo verði enn um sinn.

Þegar óhlutbundnar kosningar eru viðhafðar rita kjósendur nöfn þeirra manna, sem þeir kjósa, eigin hendi á þar til gerða kjörseðla, brjóta þá síðan saman og leggja í kjörkassa á venjulegan hátt. Ekkert er í lögunum að finna um varðveislu notaðra kjörseðla að talningu lokinni eða eyðingu þeirra. Óeðlilegt verður að teljast, þrátt fyrir hina miklu áherslu sem lög leggja á leynilegar kosningar fyrir kjördag, þ. e. utankjörstaðarkosningu, og á kjördegi, að ekki séu ákvæði í lögum um þessa þætti, þ. e. um varðveislu eða eyðingu notaðra kjörseðla að kosningum loknum.

Í lögum er ekkert að finna sem hindrar að þeir, sem notaða kjörseðla hafa undir höndum að kosningum loknum, geti tekið þá til athugunar síðar og gefið sér nægan tíma til þess. Þar sem kjörseðlar þessir eru ritaðir eigin hendi með nöfnum og heimilisföngum þeirra sem viðkomandi kaus, sbr. 11. gr. laga um sveitarstjórnarkosningar, og a. m. k. í hinum fámennari sveitarfélögum, þar sem menn gjörþekkja skrift flestra kjósenda í sveitarfélaginu, virðist sem sú leynd, sem stjórnarskráin og kosningalög gera ráð fyrir að við sé höfð þegar kosið er, sé upphafin að mestu leyti að kosningum loknum samkv. því sem ég hef sagt að framan.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun á vitneskju fenginni af atkvæðaseðlum eftir að kosning hefur farið fram og kosningaúrslit ákveðin, enda er ekkert sem mælir með að þessi gögn séu til eftir að þeirra er ekki lengur þörf sem sönnunargagns við kosninguna sjálfa.

Hér er ekki verið með aðdróttun að kjörstjórum eða kjörstjórnum sem hafa þessi störf með höndum, enda væri ég þá jafnframt að ásaka sjálfan mig því ég þykist þekkja nokkuð til þessara starfa þar sem ég hef annast störf kjörstjóra við allar kosningar í s. l. 20 ár eða rúmlega það, nema að sjálfsögðu ekki við síðustu alþingiskosningar þar sem ég var í framboði. Ég þykist jafnframt vita að kjörstjórnarmenn sýni að jafnaði fyllstu gætni í meðferð kjörgagna, bæði fyrir og eftir kosningar. En með lögfestingu þessa frv. ætti að vera tryggt að gögn varðandi kosninguna lendi ekki að talningu lokinni af vangá eða óvart í höndum einhverra manna sem ekki ættu að hafa þau undir höndum. Eins og áður er sagt er tilgangurinn með frv.-flutningi þessum að koma í veg fyrir hugsanlega misnotkun þessara gagna.

Herra forseti. Að umr. lokinni um frv. óska ég eftir að því verði vísað til allshn. þessarar hv. deildar og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 23 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 136). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 167). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða lítið frv., sem flutt er til breytinga á lyfjalögum, nr. 49/1978, og fjallar einkum um Lyfsölusjóð.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að stjórn Lyfsölusjóðs sé skipuð til fjögurra ára í senn, en eins og lögunum er háttað nú er þar ekki um að ræða tímatakmörkun á skipun stjórnar Lyfsölusjóðs.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir að það verði nokkuð breytt til varðandi fjárframlög í Lyfsölusjóð. Samkv. gildandi lögum frá 1978 á að greiða 1% af cif-verði innfluttra lyfja í Lyfsölusjóð. Þessi lög voru sett vorið 1978, eins og ég gat um, og hefur komið í ljós að það hefur reynst óframkvæmanlegt að innheimta þetta með þeim hætti sem lögin gerðu ráð fyrir. Þess vegna hefur það ekki verið gert. Auk þess hefði það hækkað lyfjaverð mjög verulega og valdið ríkissjóði þar af leiðandi auknum útgjöldum sem stærsta lyfjagreiðanda landsins.

Fyrir því er hér lagt til að hinn markaði tekjustofn verði felldur niður, en ákveðið að ríkissjóður leggi Lyfsölusjóði til árlegt framlag samkv. fjárlögum. Í samræmi við þessa stefnu er gert ráð fyrir að undir heilbr.- og trmrn., lið 399 — 0144 í fjárlagafrv., fái Lyfsölusjóður á næsta ári 160 þús. kr.

Herra forseti. Frv. þetta hefur fengið afgreiðslu í hv. Ed. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 69, n. 174, 175). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti iðnn. um frv. til laga um iðnráðgjafa, 66. mál þessarar hv. deildar.

Þetta mál fékk góðar undirtekir hér í hv. deild þegar það var til 1. umr., og sömu sögu er að segja um athugun þess og umræður í iðnn. Frv. var sent til umsagnar til Sambands ísl. sveitarfélaga, Iðntæknistofnunar, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Alþýðusambands Íslands og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Allir þessir aðilar sendu umsagnir, þrátt fyrir mjög takmarkaðan tíma sem þeim var veittur til þess, og ber sérstaklega að þakka hvað skýr og greið svör komu.

Umsagnirnar voru allar jákvæðar og eru án athugasemda frá Alþýðusambandi Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Iðntæknistofnun. Fjárlaga- og hagsýslustofnun gerði athugasemd við kostnað ríkissjóðs, þ. e. *launakostnað vegna iðnráðgjafanna*, án þess að beinar tillögur væru þar um breytingar, þótt bent væri á að takmarka mætti framlag ríkissjóðs við föst laun iðnráðgjafa. Nefndin sá þó ekki ástæðu til að leggja til viðvíkjandi þessum þætti frv. að neinu yrði breytt.

Félag ísl. iðnrekenda og Landsamband iðnaðarmanna bentu á að æskilegt væri að frv. kvæði ákveðnar á um að iðnráðgjafar skyldu hafa samstarf við samtök iðnaðarins. Nefndin varð sammála um að leggja til að 4. gr. frv. yrði breytt á þann hátt að þar yrði þeirri ósk þessara aðila fullnægt. Kemur fram á þskj. 175 sú breyting, þ. e. að samkv. tillögum nefndarinnar skal greinin orðast þannig: Tryggð skuli tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins og störf þeirra samræmd o. s. frv.

Þá varð nefndin sammála um að leggja til að í 1. mgr. 1. gr. frv. yrði bætt inn orðunum: á sínum vegum. Er það til aukinnar áherslu á stjórnun þeirra aðila sem í greininni eru nefndir, þ. e. samtök sveitarfélaga og iðnþróunarfélög, og yrði sú grein þá samkv. þskj. 175 þannig: Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum er heimilt o. s. frv.

Þarna er bætt inn í „á sínum vegum“. Þessar brtt. báðar eru á þskj. 175. Með þessum breytingum mælir iðnn. með samþykkt frv.

Við 1. umr. um þetta frv. flutti hæstv. iðnrh. ítarlegar skýringar á frv. Ég sé því ekki ástæðu til að ræða það efnislega. Ég vil þó lýsa þeirri skoðun minni, að með samþykkt þessa frv. verði stigið framfaraspor til stuðnings atvinnuuppbyggingu og að það auðveldi vinnu að og framgang hinna ýmsu áætlana sem hv. Alþingi hefur samþykkt að gerðar skuli í sambandi við atvinnuuppbyggingu, m. a. ýmissa iðnþróunaráætlana, t. d. þeirrar samþykktar sem gerð var á síðasta þingi fyrir Vesturland, jafnframt því að styðja að og styrkja á ýmsan máta þann atvinnurekstur sem fyrir er.

ATKVGR.

Brtt. 175,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 175,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 23. fundur.

Föstudaginn 11. des., að loknum 22. fundi.

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 183). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Sameinað þing, 34. fundur.

Mánudaginn 14. des. kl. 2 miðdegis.

Stuðningur við pólsku þjóðina, þáltill. (þskj. 191). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sameinað þing, 35. fundur.

Mánudaginn 14. des., að loknum 34. fundi.

Stuðningur við pólsku þjóðina, þáltill. (þskj. 191). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ríkisstjórn Íslands gerði á fundi í dag svolátandi ályktun vegna atburða í Póllandi síðustu daga:

„Setning herlaga og afnám mannréttinda í Póllandi er atburður sem vakið hefur óhug víða um heim. Ríkisstjórn Íslands fordæmir beitingu slíks ofríkis og lætur þá von í ljós, að Pólverjum takist þrátt fyrir allt að leysa vandamál sín án blóðugra átaka. Sérstök ástæða er til að vara við þeirri hættu sem friði og öryggi í Evrópu getur stafað af utanaðkomandi íhlutun í atburðarásina í Póllandi."

Þetta leyfi ég mér fyrir hönd ríkisstj. að tilkynna Alþingi.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Á fundi utanrmn. í morgun voru rædd þau viðhorf sem hafa skapast eftir atburði gærdagsins í Póllandi, þá uggvænlegu atburði sem nú hafa markað þáttaskil í mannréttindabaráttu pólsku þjóðarinnar. Það varð samkomulag í utanrmn., að hún skyldi sameiginlega flytja till. til þál. er farið væri fram á að fengist afgreidd hér í dag. Mér var falin framsaga málsins og er framsaga mín fyrst og fremst fólgin í því að greina frá þeirri þáltill. sem nefndin gekk frá til Alþingi en hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir samúð Íslendinga með pólsku þjóðinni og stuðningi við mannréttindabaráttu frjálsra pólskra verkalýðssamtaka og harmar algera valdatöku kommúnistaflokksins og hersins í Póllandi.

Slík valdbeiting og ofbeldi í skjóli erlends valds kemur í veg fyrir friðsamlega þróun í lýðræðisátt, sem hafin var í Póllandi, og kann að leiða til blóðugra átaka með hörmulegum afleiðingum, um leið og friði í Evrópu er stofnað í hættu.

Á örlagastundu óska Íslendingar þess af einlægni, að Pólverjar fái aukin réttindi og taki sjálfir ákvarðanir um framtíð sína í frjálsum kosningum á grundvelli opinna umræðna, en séu ekki sviptir mannréttindum með valdbeitingu og ógnun um innrás."

Ég tel ekki ástæðu til að flytja frekari framsögu með þessari till., en tek það fram, að auðvitað hlýtur að koma til kasta Alþingis og ríkisstj. í kjölfar samþykktar slíkrar till. að íhuga vel í hverju geti falist stuðningur okkar við pólsku þjóðina sem nú berst fyrir lífi sínu og þarfnast stuðnings allra frjálsborinna manna.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þeir atburðir, sem gerst hafa á síðustu klukkustundum í Póllandi, hafa vissulega vakið óhug með okkur Íslendingum eins og öðrum. Þeir atburðir hafa óhjákvæmilega vakið menn til alvarlegrar umhugsunar m. a. um, eins og hæstv. utanrh. lét um mælt í gær, að það þjóðskipulag, sem menn búa við í þessum hluta heims, þolir auðsjáanlega ekki frelsi.

Ég hafði tal af hæstv. forsrh. um miðjan dag í gær og óskaði eftir því, að hann greindi Alþingi frá afstöðu ríkisstj. til þessara atburða. Hæstv. forsrh. hefur orðið við þessari beiðni og ég færi honum kærar þakkir fyrir.

Á fundi þingflokks Alþfl. í morgun áttum við þm. Alþfl. m. a. kost á að ræða við fulltrúa Samstöðu í Póllandi sem nú er hér gestur alþýðusamtakanna á Íslandi. Í kjölfar þeirra viðræðna gerði þingflokkur Alþfl. svohljóðandi samþykkt:

„Þingflokkur Alþfl. ítrekar stuðning sinn við pólsku verkalýðshreyfinguna og baráttu hennar fyrir auknum lýðréttindum, frjálsræði og bættri afkomu pólskrar alþýðu. Þingflokkurinn fordæmir þá ákvörðun ríkisstjórnar pólska kommúnistaflokksins að afnema mannréttindi, hneppa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar í fangelsi, banna vinnustöðvanir og leggja hömlur á starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga í landinu. Þetta er ofbeldisaðgerð gegn pólsku þjóðinni og alvarlegt brot á alþjóðlegum sáttmálum um lýðréttindi og mannhelgi sem Pólland er aðili að.

Þingflokkur Alþfl. hvetur ríkisstjórn Íslands til þess að koma á framfæri hörðum mótmælum við pólsk stjórnvöld og lýsa stuðningi Íslands við hina frjálsu verkalýðshreyfingu Póllands og frelsisbaráttu hennar. Jafnframt óskar þingflokkurinn eftir því við aðra flokka Alþingis að þeir fallist á að taka höndum saman og samþykkja með allsherjarsamstöðu á Alþingi Íslendinga stuðningi við pólsku þjóðina í þrenginum hennar. Bendir þingflokkurinn í því sambandi sérstaklega á till. til þál. um efnahagsaðstoð við pólsku þjóðina, sem þm. Alþfl. hafa nýverið lagt fram á Alþingi."

Herra forseti. Í nafni þingflokks Alþfl. lýsi ég yfir eindregnum stuðningi við þá till., sem utanrmn. hefur lagt fyrir þennan þingfund, og ítreka óskir okkar við aðra flokka þingsins um samstöðu þingflokkanna um frekari aðgerðir Alþingis til að styðja frelsisbaráttu pólskrar alþýðu.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hörmulegir atburðir hafa gerst í Póllandi. Herlög hafa verið sett, landinu hefur verið lokað, fundafrelsi, félagafrelsi og málfrelsi afnumið. Forustumenn hinna frjálsu verkalýðsfélaga haf verið hnepptir í fangelsi og máske fleiri. Þetta er sú mynd sem blasir við nú. Fregnir eru annars allar óljósar enn frá Póllandi.

Það má segja að þeir atburðir, sem nú hafa gerst, hafi ekki komið algerlega óvænt. Á síðustu dögum hefur verið nokkuð ljóst að blikur voru á lofti og að vel gat til tíðinda dregið.

Við Íslendingar hljótum að lýsa djúpri hryggð yfir

þessum atburðum og við vottum pólsku þjóðinni samúð okkar. Margar hörmungar hafa dunið yfir pólska þjóð bæði fyrr og síðar. Íslendingar hafa dáð pólsku þjóðina og hetjulega baráttu hennar á ýmsum tímum.

Á milli Íslands og Póllands haf löngum verið góð tengsl. Þess vegna hafa ótíðindin frá Póllandi nú valdið Íslendingum miklum sársauka og Íslendingar harma þau og fordæma það ofríki sem þar í landi hefur verið beitt. Það hefur verið stefna okkar, að Pólverjar ættu að fá að vera í friði og reyna sjálfir að finna lausn á vandamálum sínum án íhlutunar utan frá. Við höfum viljað vinna að því, að Pólverjar gætu fengið og ættu að fá sjálfsákvörðunarrétt um sín málefni, þ. á m. um sitt stjórnarform og efnahagskerfi. Þó að það hafi verið stefna og sé stefna, að Pólverjar eigi að reyna að leysa þessi vandamál sín sjálfir og það sé ekki alveg loku skotið fyrir að enn kunni það að geta tekist, því að eftir því sem maður veit best eru viðræður í gangi þar, hlýtur það samt að vera svo, að þegar þvílíkir atburðir sem þessir gerast hljóta menn að lýsa í orðum afstöðu sinni til þeirra. Það hljóta Íslendingar að gera. Það hefur ríkisstj. þegar gert með sinni ályktun, og það er gert í þeirri till. sem hér liggur fyrir. Það er vel að mínum dómi að Alþingi Íslendinga, æðsta stofnun íslensku þjóðarinnar, láti í ljós með ótvíræðum hætti vilja sinn og afstöðu til atburðanna sem þarna hafa gerst.

Ég lýsi fullu samþykki við þá till. sem hér liggur fyrir til umr. og atkvgr. síðar, og mér er ljúft að lýsa því yfir í nafni Framsfl. að hann stendur einhuga að þessari ályktun.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hefur alþýða Pólands barist fyrir auknum mannréttindum og lýðræði í landi sínu. Eins og öllum hér er kunnugt hefur sú barátta verið hneppt í helfjötra með þeirri valdatöku sem framkvæmd var í Póllandi fyrir tveimur nóttum.

Það hefur komið fram hér í ályktun ríkisstj. og till. frá utanrmn., að Alþingi Íslendinga og stjórnvöld standa einhuga á bak við stuðningsyfirlýsingar við pólsku þjóðina og samúðaryfirlýsingar vegna þeirra atburða sem þar hafa orðið. Þingflokkur Alþb. kom saman til fundar í gærkvöld. Á þeim fundi gerði þingflokkurinn svohljóðandi samþykkt:

„Þingflokkur Alþb. fordæmir harðlega tilraunir pólskra stjórnvalda til þess að stöðva mannréttindabaráttu pólskrar alþýðu. Þingflokkurinn tekur undir fyrri ályktanir flokksráðs og miðstjórnar Alþb. þar sem lýst var stuðningi við baráttu Einingar fyrir lýðræði, mannréttindum og jafnrétti. Þingflokkurinn skorar á landsmenn að fjölmenna til fundar Alþýðusambandsins í Reykjavík á morgun, mánudag."

Herra forseti. Hér hafa þegar verið flutt af hæstv. forsrh., hæstv. utanrrh. og formanni utanrmn. afdráttarlausar lýsingar á því sem hlýtur að búa í huga Íslendinga þegar við fréttum um þá atburði sem orðið hafa í Póllandi. Seinna í dag efna verkalýðssamtökin á Íslandi til útifundar á Lækjartorgi, þar sem fulltrúi Einingar, verkalýðssamtakanna í Póllandi, tekur til máls. Ég held að það væri verðug aðgerð og stuðningsyfirlýsing, sem væri í senn táknræn og afgerandi, að Alþingi Íslendinga gerði hlé á fundum sínum, meðan fundur Alþýðusambandsins á Lækjartorgi fer fram og allir hv. þm. sameinuðust um að sækja fund Alþýðusambandsins á Lækjartorgi og sýna með návist sinni þar, sérstaklega vegna ræðu fulltrúa Einingar sem þar verður flutt, stuðning sinn í verki við málstað verkalýðssamtakanna í Póllandi.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 54 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 194).

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 1, n. 179, 180 og 181, 155, 161, 182, 187, 188). — 2. umr.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Þess er óskað að veitt verði afbrigði til þess að 2. umr. um fjárlög geti farið fram. Ég vek athygli á því, að ekki hefur fyrr verið farið fram á slíkt við Alþingi, að veitt verði afbrigði til þess að 2. umr. um fjárlög geti farið fram.

Þegar þm. komu í salinn fyrir tæpum klukkutíma lágu fyrst á borðum brtt. sem lagðar eru fram við 2. umr. fjárlaga frá fjvn. og reyndar fleiri. Það hefur því enginn tími gefist fyrir þm. til að athuga þessar brtt. Okkur þykir þess vegna til of mikils mælst að þessi umr. fari fram hér í dag. Að sönnu hafði verið rætt við formenn þingflokka fyrir helgina eða í síðustu viku um að 2. umr. fjárlaga gæti farið fram í dag, en þá hafði verið gert ráð fyrir að þingskjölum yrði útbýtt á sérstökum fundi s. l. laugardag. Það varð ekki og er ekki þar við stjórnarandstöðuna að sakast.

Ég efast ekkert um að stuðningsmenn ríkisstj., stjórnarliðar á þingi, þekki þessar till. sem við stjórnarandstæðingar sjáum fyrst í dag, en þar er ólíku saman að jafna. Þess vegna hefur þingflokkur sjálfstæðismanna ákveðið að styðja ekki fram komna beiðni um að 2. umr. fari fram í dag, heldur mun hann sitja hjá við atkvgr. þannig að það verði alfarið á ábyrgð stjórnarliða eða þeirra, sem vilja greiða þessu atkvæði, að umr. fari fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur áður komið fram að ekkert hafi verið rætt við þingflokka stjórnarandstöðunnar um þinghaldið til jóla. Það hefur einnig áður komið fram, að engar óskir hafa okkur borist af hálfu hæstv. ríkisstj. um þau mál sem hún mun óska eftir afgreiðslu á fyrir jólaleyfi. Hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson tók það að sér, þegar hann gegndi forsrh.-störfum í liðinni viku, að koma þessum ábendingum áleiðis til hæstv. forsrh. Staðan er engu að síður óbreytt. Við okkur stjórnarandstæðinga hefur ekkert verið talað og ekkert samráð hefur verið við okkur haft um þinghaldið eða hvernig ríkisstj. hugsar sér afgreiðslu mála þá fáu daga sem eftir eru af starfstíma Alþingis fyrir jól.

Ég hygg að það muni vera algert einsdæmi að 2. umr. um fjárlagafrv. sé látin hefjast án þess að þm. hafi gefist kostur á að skoða, þó ekki væri nema rétt í svip, þær umfangsmiklu till. sem fjvn. gerir. Raunar er varla hægt fyrir almenna þm. að taka þátt í 2. umr. fjárlaga án þess að hafa fengið tækifæri til þess. Við heyrðum á skotspónum, formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar, að til stæði að halda fund í Alþingi s. l. laugardag til að útbýta till. fjvn. Okkur var ekki annað kunnugt en þessi útbýtingarfundur yrði haldinn, enda veit ég ekki betur en þá hafi þessar till. verið reiðubúnar af hálfu fjvn. og ekkert í veginum af nefndarinnar hálfu að leggja þær þá fram og

útbýta þeim á fundi s. l. laugardag. Það var hins vegar ekki gert, hvers vegna veit ég ekki. Okkur var ekki tjáð um það neitt frekar en um annað varðandi þetta þinghald. Ég vek hins vegar athygli á því, að hafi þetta verið rétt, að till. fjvn. hefðu verið tilbúnar strax á laugardag, þá hefði mætavel verið unnt að senda þm. þessar till. núna um helgina svo að þeir gætu a. m. k. verið búnir að átta sig eitthvað á till. þegar að því kæmi að hefja 2. umr. fjárlaga nú. Það var hins vegar ekki gert heldur svo þm. koma algerlega ókunnugir málunum til umræðunnar.

Ég vek athygli á því, að í umr. rétt áðan lýsti formaður þingflokks Alþb. þeirri skoðun sinni, að réttast væri að fella niður um skeið fundi Alþingis í dag vegna útifundar um málefni Póllands á vegum verkalýðshreyfingarinnar íslensku. Ég bendi hæstv. forseta þingsins á þessa ábendingu formanns þingflokks Alþb. og vil spyrja hæstv. forseta hvort hann muni verða við þessum tilmælum þingflokksformannsins og þá einnig hvort hann muni þá hugsa sér að hafa þann háttinn á að láta ekki ljúka 2. umr. í dag þannig að þm., sem eru að sjá till. fjvn. nú fyrst, geti a. m. k. eitthvað ráðrúm haft til að skoða þau mál. Fáist ekki fullnægjandi svör við því mun þingflokkur Alþfl. að sjálfsögðu ekki greiða atkvæði með þeim afbrigðum sem nú á að veita. Ég vek enn athygli á því, að ekkert samráð hefur um þessi mál verið við okkur haft.

Forseti (Jón Helgason): Ég hef gengið út frá því, að það yrði reynt að ljúka framsöguræðum fyrir nál. og síðan yrði fundi í Sþ. frestað til kl. hálfníu í kvöld.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Á fundi með forsetum Alþingis í síðustu viku var ákveðið að hafa útbýtingarfund á laugardaginn síðasta og ég vissi ekki annað en að sá fundur yrði haldinn og þá yrði útbýtt till. frá fjvn. Síðan var ekkert samband haft við mig um þetta frekar, en þær fréttir bárust út í Þórshamar að af þessum fundi yrði ekki og þá var vinnu nefndarinnar hagað í samræmi við það. En þegar á þeim fundi, sem ég sat með forsetum Alþingis í síðustu viku, lá fyrir þskj. 155 með 158 brtt. frá nefndinni sem fjvn. hafði ákveðið að bíða með að láta útbýta þar til á laugardaginn á þeim fundi sem ekki varð af og ég vissi ekki um annað en að yrði haldinn.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil geta þess vegna umræðu um fund á laugardaginn, eins og hv. 4. þm. Reykn. hefur gert grein fyrir, að gengið var út frá fundi. Hins vegar tjáðu okkur svo starfsmenn þingsins að brtt. fjvn., þá aðrar en þær sem hv. 4. þm. Reykn. gat um, yrðu ekki tilbúnar til útbýtingar á laugardag og því væri ekki um það að ræða að útbýta þeim á fundi þá.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur nú komið fram hjá formanni fjvn., hv. þm. Geir Gunnarssyni, að ekkert var því til fyrirstöðu að halda útbýtingarfund á laugardaginn s. l. og útbýta þar þorra þeirra till. sem fjvn. flytur, þ. e. öllum þeim till. sem fjvn. flytur sameiginlega. Af þessu varð hins vegar ekki og ekki frekar haft samráð við formann fjvn. og fjvn. um þá ákvörðun eða aðra þm. ríkisstj. og stjórnarandstöðu. Þetta sýnir aðeins hvers konar stjórnleysi ríkir nú í störfum Alþingis þegar ekki er einu sinni haft samráð við fjvn. og formann hennar um hvernig haga skal 2. umr. fjárlaga.

M. ö. o. liggur fyrir að af hálfu fjvn. var ekkert því til fyrirstöðu að þm. gætu fengið í hendur þær till. og þau gögn sem þeir þurfa að hafa með höndum til að geta staðið með þokkalegum hætti að 2. umr. fjárlaga. Að fengnum þessum yfirlýsingum treystumst við þm. Alþfl. alls ekki til að greiða atkv. með þeim afbrigðum sem nú er krafist af hálfu hæstv. ríkisstj. til að geta gengið til umr. með þessum undarlega hætti.

ATKVGR.

Afbrigði um nál. og brtt. 182 og 188 samþ. með 31 shlj. atkv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er vegna ummæla í umr. áðan um að af hálfu ríkisstj. hefði ekki verið haft samband við stjórnarandstöðuna um hvaða þingmál það væru, sem ríkisstj. legði áherslu á að afgreidd yrðu fyrir jól, sem ég tel ástæðu til að segja örfá orð.

Það eru í rauninni fyrst og fremst tvö frv. sem ríkisstj. leggur áherslu á að verði afgreidd fyrir jól. Það er frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Ég hélt sannast sagna að ekki þyrfti að hafa sérstaka fundi með stjórnarandstöðunni til að ræða um það mál. Í síðustu tvo áratugi hefur sú regla gilt og verið framfylgt með samkomulagi allra að fjárlög yrðu afgreidd fyrir jól, en áður, þ. e. fyrir 1960, hafði verið nokkuð algengt að það var dregið fram yfir áramót, jafnvel fram á vor, að afgreiða fjárlög. Þetta er hins vegar orðin svo föst hefð nú að mér datt ekki í hug að þyrfti að ræða um það sérstaklega við stjórnarandstöðu, enda mun þess ekki þurfa. — Hitt frv. er frv. til lánsfjárlaga fyrir næsta ár. Ríkisstj. telur mjög æskilegt að takist að afgreiða það frv. fyrir jól. Um það þurfti ekki sérstaklega að ræða við stjórnarandstöðuna af þeirri einföldu ástæðu að fulltrúar hennar í sameinuðum fjh.- og viðskn. beggja deilda höfðu að fyrra bragði tekið fram að þeir óskuðu eftir því, að lánsfjárlögin yrðu afgreidd fyrir jól, teldu það beinlínis skyldu og vildu gera allt sem í þeirra valdi stæði til að greiða fyrir því.

Þetta eru þau tvö frv. sem ríkisstj. leggur áherslu á að séu afgreidd fyrir jól og hafa ekki gefið tilefni til sérstakra funda með stjórnarandstöðunni. Að öðru leyti er um að ræða kannske tvö, þrjú mál sem ganga sinn eðlilega gang. T. d. er það frv. um staðfestingu á brbl. frá því í haust um gengi íslenskrar krónu sem er búið að ganga í gegnum hv. Ed. og er nú komið frá fjh.- og viðskn. Nd. Hefur, held ég, ekki verið neitt ágreiningsmál að það yrði afgreitt. Það gengur sinn eðlilega gang. Sama er um frv. um tímabundið vörugjald. Það er 96. mál. Það er búið að ganga í gegnum aðra deildina og mun vera komið til nefndar í seinni deild.

Það er því ekkert sem hefur gefið sérstakt tilefni til að leita samninga við stjórnarandstöðuna um framgang mála. Ég endurtek: Það eru þessi tvö stórmál sem við leggjum áherslu á. Ég vona að full samstaða sé í þinginu um það.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. forsrh. talaði á undan mér og eiginlega kom fram í máli hans ástæðan fyrir því, hvers vegna nauðsynlegt er að kveðja sér hljóðs. Það er óþarfi að rifja það upp, að okkur þm. var skýrt frá því fyrir 10 dögum eða svo að þinghaldi mundi ljúka á föstudegi í þessari viku. Jafnframt var frá því

skýrt hér frammi á gangi að ekki yrði við því að búast að lánsfjáráætlun yrði afgreidd fyrir áramótin, en einmitt í sambandi við lánsfjárlögin eru ýmis mál þeim tengd sem veruleg ástæða er til að ræða ítarlega og nauðsynlegt að fái mjög góða skoðun í þinginu, eins og m. a. um fjárþörf Bjargráðasjóðs, svo ég taki eitthvert dæmi, og önnur mál mætti nefna.

Vitaskuld er það rétt hjá hæstv. forsrh., að meðan hann nýtur meirihlutastyrks hér á Alþingi þarf hann ekki frekar en hann vill að láta stjórnarandstöðuna fylgjast með því, hvernig hann hugsar sér að biðja sína menn að haga þingstörfum. En reynslan hefur kennt mönnum sem ekki hafa setið á þingi jafnlengi og hann, að vitaskuld er hyggilegra að sýna líka andstæðingum sínum kurteisi og háttvísi. Þess vegna kemur mér það á óvart, líka vegna þess að ég veit að hæstv. forsrh. er mjög háttprúður maður, að hann skuli nú hafa brugðið á það ráð að sýna stjórnarandstöðunni ekki lágmarkskurteisi varðandi afgreiðslu lánsfjárlaga og fjárlaga að þessu sinni.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu seinlegt verk er að bera einstakar brtt. saman við fjárlög og gera sér grein fyrir hvað í þeim felst. Það er auðvitað ljóst, að 2. umr. fjárlaga verður ekki með sama sniði og hún ætti að vera vegna þess að þm. gefst ekki færi á að undirbúa sig sem skyldi eftir að brtt. meiri hl. liggja fyrir. Ég vil enn fremur bæta því við, að það er borin von að lánsfjárlög geti orðið neitt nema leikaraskapurinn einn þegar á að kasta höndunum til þeirra eins og sýnilegt er að hæstv. ríkisstj. ætlar sér.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég veit satt að segja ekki hvort hæstv. forsrh. þykir það líklegast til árangurs til að koma frá þingstörfum á þeim fáu dögum, sem eftir lifa af starfstíma Alþingis fyrir jól, að hefja umr. hér á Alþingi um þau mál, sem ríkisstj. óskar eftir afgreiðslu á, í staðinn fyrir, eins og aðrir forsrh. hafa gert og hann fram að þessu, að efna til sérstakra funda með þingliði eða þingflokksformönnum stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga utan þingfunda. Ég hef ekki trú á að það sé líklegast til að greiða fyrir störfum Alþingis á þessum fáu dögum, sem eftir lifa, að hefja umr. um þessi mál á Alþingi. En hæstv. forsrh. hefur talið þann kostinn vænlegastan. Sjálfsagt verður okkur þá öllum að ósk okkar um að það sé greiðasti gangurinn fyrir þau mál sem ríkisstj. hyggst afgreiða á Alþingi.

Hæstv. forsrh. skýrði okkur þm. frá því, að það væru aðeins tvö mál sem þyrfti að afgreiða fyrir áramót frá Alþingi, fjárlög og lánsfjáráætlun. Ég ætla að skýra hæstv. forsrh. frá því, að aðrir ráðh. í ríkisstj. hans hafa borið fram við ýmsa þm. beiðni um afgreiðslu fleiri mála. Ég hlýt þá að túlka yfirlýsingar hans áðan þannig að ríkisstj. sé fallin frá þeim óskum, m. ö. o. að hæstv. dómsmrh. sé fallinn frá þeirri ósk sinni, sem hann hefur komið á framfæri við allshn. beggja deilda, að afgreiða nú fyrir áramót frv. um breyt. á lögum um Hæstarétt Íslands, en á það hefur hæstv. dómsmrh. lagt þunga áherslu. Hæstv. félmrh. hefur rætt við mig um mál sem hann óskar eftir að fá afgreiðslu á. Þau mál voru ekki í upptalningu forsrh. Ég lít svo á, að ráðh. séu fallnir frá ósk sinni við okkur stjórnarandstæðinga um að það mál verði afgreitt.

Þá vek ég enn athygli á því, að það eru fjölmörg skattheimtumál í tengslum við fjárlög óafgreidd á Alþingi, en þarf að afgreiða fyrir áramótin og framlengja til þess að hægt sé að afgreiða fjárlög með þeim tekjustofni. Hæstv. forsrh. kom engum óskum á framfæri um afgreiðslu þeirra mála, og lít ég þá svo á að hæstv. ríkisstj. sé fallin frá því að þau mál þurfi að afgreiða, væntanlega þá vegna þess að hún sé með því móti að falla frá því að umrædd skattheimtumál verði framlengd.

Þá vek ég enn athygli á því, að hæstv. iðnrh. hefur, bæði hér á Alþingi og á opinberum vettvangi, lýst því yfir, að ríkisstj. stefni að því að afgreiða þáltill. um röðun orkuframkvæmda, sem lögð var fyrir Alþingi á síðasta fundi. Hæstv. iðnrh. hefur engum breytingum á þeim óskum sínum komið á framfæri við Alþingi. Ég lít svo á eftir yfirlýsingar hæstv. forsh., að þess sé ekki lengur óskað af ríkisstj. að það mál sé tekið hér fyrir.

Þá vil ég enn fremur vekja athygli á því, að í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að sérstakt gjald, byggðalínugjald, verði lagt á byggðalínur eða á sölu raforku frá byggðalínum. Á það að gefa ríkissjóði 40 millj. kr. í tekjur. Til þess að hægt sé að áætla þessar tekjur í fjárlögum þarf að sjálfsögðu að afgreiða það mál með einhverjum hætti. Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert frv. lagt fram á Alþingi um það gjald. Ég lít svo á, eftir yfirlýsingar hæstv. forsrh., að ríkisstj. muni engum óskum koma fram við stjórnarandstöðuna um að slíkt mál verði tekið fyrir á Alþingi Íslendinga þá daga sem eftir lifa af þingfundatímanum. M. ö. o. eru það aðeins tvö mál sem hæstv. ríkisstj. biður um afgreiðslu á, fjárlög og lánsfjáráætlun, og mun stjórnarandstaðan að sjálfsögðu hegða störfum hér í þinginu í samræmi við þær óskir.

Hæstv. forsrh. lét svo um mælt, að við stjórnarandstæðingar hefðum sérstaklega óskað eftir því, að annað þessara mála, lánsfjárlögin, væri afgreitt. Þetta er ekki alls kostar rétt. Samkv. lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. frá vorinu 1979 ber ríkisstj. skylda til að leggja tiltekin mál fram um leið og hún leggur fram fjárlagafrv. Eitt af þeim málum, sem ríkisstj. ber þannig skylda til að leggja fram með fjárlagafrv., er lánsfjáráætlun og í kjölfar hennar frv. til lánsfjárlaga. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki fullnægt þeirri lagaskyldu sinni fyrr en fyrst nú. Fyrst núna sköpuðust aðstæður til að afgreiða lánsfjárlög fyrir áramót, því að hæstv. ríkisstj. lagði lánsfjáráætlun sína og frv. til lánsfjárlaga fram á tilsettum tíma. Við þm. stjórnarandstöðunnar lítum því svo á, að það sé skylda okkar eins og annarra þm. að afgreiða það mál fyrir áramót. Fyrir nokkrum dögum lýsti hins vegar formaður fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis, sem er stjórnarsinni, yfir í sjónvarpi að hann teldi mjög hæpið að hægt yrði að afgreiða þessi lög fyrir áramót. Þess vegna báðum við stjórnarandstæðingar í fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþingis ríkisstjórnina að upplýsa okkur um hvort þessar yfirlýsingar formanns fjh.- og viðskn. Nd. hefðu við þau rök að styðjast, að hæstv. ríkisstj. stefndi ekki að afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir áramót, eins og við töldum að henni bæri skylda til. Við fengum ekki svör við þessum tilmælum okkar fyrr en mig minnir fyrir tveimur dögum, þegar hæstv. forsrh. tjáði okkur á fundi í fjh.- og viðskn. beggja deilda að ríkisstj. óskaði eftir að þessi afgreiðsla yrði gerð. En við fengum ekki endanlegt svar frá þeim framsóknarmönnum um afstöðu þeirra í málinu fyrr en fyrir 1½ sólarhring. Þetta vildi ég láta koma fram hér til að leiðrétta ummæli hæstv. forsrh.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh.

taldi hér upp þau mál sem ríkisstj. legði áherslu á að afgr. Mál eins og ráðstafanir vegna ákvörðunar um breytingu á gengi íslensku krónunnar og frv. um tímabundið vörugjald eru það langt komin að það á ekki að taka gífurlegan tíma Alþingis að afgr. þau mál. Alþingi deilir ekki um afgreiðslu fjárlaga. Það er venja, sem hefur haldist lengi, að afgreiða fjárlög áður en Alþingi fer í jólafrí, þó að nú sé með óeðlilegum hætti tekið til 2. umr. fjárlagafrv. þar sem þm. er almennt ekki gefinn kostur á að lesa þskj., eins og alltaf hefur verið.

Eitt er þó það mál sem ég vil gjarnan nefna nokkrum orðum. Það er lánsfjáráætlun og lánsfjárlög. Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að nm. í fjh.- og viðskn. úr stjórnarandstöðuflokkum lýstu yfir að þeir væru fúsir til að leggja að sér við afgreiðslu þess máls í nefnd með það fyrir augum að hægt yrði að afgr. það fyrir áramót. Ég legg áherslu á að við sögðum „fyrir áramót", en á milli jóla og nýárs eru þrír vinnudagar sem hægt er að nota. Ég tók þetta alveg sérstaklega fram á fundi og var það samviskusamlega bókað af skrifara fjh.- og viðskn. Nd. og við það verður staðið. Hitt tel ég mjög hæpið, ef á að gera hlé á störfum Alþingis á laugardag eða jafnvel á mánudag, að hægt verði að láta þetta mál fá eðlilega meðferð í fjh.- og viðskn.

Þau tíðindi gerðust á fundi nefndarinnar rétt áðan, að formaður nefndarinnar í Ed. taldi eiginlega enga þörf á því að ræða um tiltekin efnisatriði þessa frv. í nefndinni, það mætti gera þegar frv. kæmi inn í þingið. En þá verður líka horfið frá því loforði a. m. k. hvað mig snertir, sem gefið var í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Ég lít svo á að störf þingnefnda eigi að vera með þeim hætti að það eigi að fjalla um efnisatriði frv., en ekki að fara eftir því þó að mismunandi framhleypnir menn í formannsstörfum lýsi því yfir við nm. að þeir skuli þegja innan nefndar um málin, en megi aftur blása eitthvað þegar komið er í þingsalina. Þetta verður ekki til þess að greiða fyrir afgreiðslu mála. Þegar ríkisstj. og þingmeirihluti hennar tefla fram slíkum mönnum til að afgr. mál er það ekki vísasti vegurinn til að ná samkomulagi um afgreiðslu mála. Við vitum að við deilum um afgreiðslu mála og höfum mismunandi skoðanir á málum, en við deilum ekki um það, stjórn og stjórnarandstaða, að ef við ætlum að afgr. mál, hleypa málum fram, þá gerum við það. En þá reyna allir aðilar að sýna samvinnulipurð við afgreiðslu máls. Þá reynir meira á stjórn en stjórnarandstöðu að sýna lipurð í samvinnu því í raun og veru ræður stjórnarandstaðan mjög miklu þegar knappur tími er. Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. og ríkisstj. í heild, að slík vinnubrögð verði tekin upp ef á að koma málum fram.

Það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, að það hefði kannske ekki verið ástæða til, fyrst ekki er nema um þessi fjögur mál að ræða, að fara að ræða við stjórnarandstöðuna um þau. Tvö þeirra eru komin langt á veg. Allir hafa vitað að það yrði að afgreiða þau fyrir áramót. Það er engin andstaða við að fjárlög verði afgreidd. Það þykir stjórnarandstöðu jafnsjálfsagt og stjórninni. En lánsfjáráætlunin er eina málið sem vegna tímaskorts er mjög illt að afgreiða fyrir jól, en ætti að vera möguleiki að afgreiða fyrir áramót. Hitt er svo annað mál, að það hefur alltaf verið siður, og það ætti hæstv. forsrh. að vita sem búinn er að sitja á Alþingi meira en tvisvar sinnum lengur en nokkur annar sem hér er, að ríkisstj. á hverjum tíma ræði við stjórnarandstöðuna, hvenær þinghlé verði gert fyrir jól, og reyni að fá menn til samvinnu og samkomulags um það. Það er hægt að gagnrýna ríkisstj. fyrir að það hefur ekki verið gert þó að örfáir dagar séu eftir þess tíma sem hugsað er að þingið starfi fram að jólum.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég óska eftir því að hér sé gott samstarf í þinginu um framgang mála. Það er sjálfsagt öllum ljóst og ég veit ekki til þess að það hafi verið ágreiningur um það, að heppilegt væri að afgreiða fjárlög á hverjum tíma fyrir áramót. Mér þykir sennilegt að talsmenn stjórnarandstöðunnar séu mér sammála um það. Það er enn fremur mjög æskilegt, ef nokkur tök eru á, að afgreiða lánsfjáráætlun fyrir jólin. Það fer að styttast tími til jóla og þess vegna held ég að okkur sé mjög nauðsynlegt að nota þennan tíma vel og láta hann ekki fara í ónauðsynlegt og tímafrekt karp. Við eigum að geta komið okkur saman um þetta.

Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki það gaumgæfilega til athugunar, hvort ekki sé mögulegt að verða við óskum formanns þingflokks Alþfl. um að haga þannig vinnu að 2. umr. verði ekki lokið hér í kvöld, heldur verði unnið hér fram eftir nóttu og menn tali eftir því sem þeir hafa áhuga á og þekkingu, en síðan lesi menn sér til í nótt og í fyrramálið og ef eitthvað nýtt kemur fram í þeim lestri, sem þeir þyrftu nauðsynlega að koma að, hefðu þeir tækifæri til þess á fundi kl. 2, síðan yrði farið í atkvgr. á fundi síðdegis. Nú er mér ekki alveg fullkomlega ljóst hvort það eru tæknilegir örðugleikar á þessari tilhögun hjá starfsmönnum þingsins, en mér þykir þó frekar ólíklegt að svo þurfi að verða. Ég vil því óska eftir því við hæstv. forseta, að hann kannaði hvort ekki væri einhver leið að fara svona að.

Ég held að þm. séu yfirleitt ekki mjög ókunnugir þeim tillögum sem hér var útbýtt í dag, þeir hafa verið að vinna að þessum málum undanfarnar vikur, og ég held að það ættu ekki að þurfa að verða mjög miklar umræður á morgun, menn séu orðnir nokkuð fróðir um þessi mál.

Ég endurtek svo óskir um mjög gott samstarf, sem allra best samstarf við þm. stjórnarandstöðunnar. Ég teldi heppilegt að við formenn þingflokkanna hittumst og reyndum að finna okkur stund í dag til að ræða um meðferð mála og síðan í framhaldi af því e. t. v. að hafa samband við forseta þingsins um vinnutilhögun í vikunni.

Hvað viðkemur frásögn hv. 1. þm. Vestf. af sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. kom mér afskaplega mikið á óvart að þeir skyldu geta látið skerast þar í odda. Hv. formaður fjh.- og viðskn. Ed., Ólafur Ragnar Grímsson, er eins og menn vita þjóðkunnur maður að hófsemi og gætni í orðavali og hv. 1. þm. Vestf. er mjög þingvanur maður og auk þess sérstaklega samvinnulipur.

Forseti (Jón Helgason): Eins og ég skýrði frá áðan er ætlunin að fresta umr. Ég hélt að mögulegt yrði að ljúka framsögum fyrir nál. fyrst en síðan yrði umr. frestað til kl. 8.30 í kvöld og þá fram haldið. Vegna eindreginna óska mun umr. ekki verða slitið í nótt, en lokið á morgun.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma hér fram, að við störf fjh.- og viðskn. beggja deilda að frv. um fjárfestingar- og lánsfjármálefni hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar sýnt mikla sanngirni og samvinnulipurð í meðferð mála. Við höfum haldið þar langa fundi og menn lagt á sig mikið starf. Það er ekki

undan neinu atriði að kvarta í þeim efnum. Ég vil þakka fyrir þá samvinnu sem þar hefur átt sér stað. Það er að vísu rétt, að smástund á fundinum í morgun varð smámisskilningur milli okkar Ísfirðinganna, sem í nefndinni sitjum tveggja. Við þurfum ekki aðstoð neinna ófriðarseggja úr Húnavatnssýslu, sem nú egna bændur til andstöðu við ýmsar tillögur, til að leysa þau mál. Það varð misskilningur sem stafaði af því, að hv. þm. Matthías Bjarnason misskildi orð mín eða ég hans. Þann misskilning leiðréttum við við fyrsta tækifæri. Ég vil svo að lokum vonast til þess, að við eigum áfram góða samvinnu um þessi mál og okkur takist að láta þau fá vandaða þinglega meðferð.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er búið að ræða allmikið um afgreiðslu þingmála og ég sé ekki ástæðu til að bæta þar neinu við á þessu stigi málsins. Ég vil víkja að fundahaldinu.

Það hefur komið hér fram, að hæstv. forseti hefur ákveðið að 2. umr. um fjárlagafrv. verði ekki lokið í dag eða í nótt, heldur fram haldið á morgun. Ég fagna því. En við þm. eigum nokkuð vantalað við hæstv. forseta samt varðandi þinghaldið, varðandi þennan þingfund. Það kom fram fyrr á fundinum ósk um að gert yrði fundarhlé meðan fundur Alþýðusambands Íslands verður haldið á Lækjartorgi í dag. Það var spurt um það hér af öðrum þm. hvað hæstv. forseti ætlaði að gera. Það hefur ekkert svar komið. Mér virðist á tilsvörum forseta og fyrirætlunum sem það sé nokkur hætta á að það verði ekki gefið fundarhlé meðan á fundi Alþýðusambands Íslands stendur. (**Forseti:** Ég vildi aðeins segja til að leiðrétta þennan misskilning: Ég sagði áðan að ég vænti þess — eða var áður búinn að segja það — að frsm. hefðu lokið máli sínu fyrir þann tíma sem þessi fundur yrði haldinn.) Já, ef það er í valdi hæstv. forseta að framsöguræðunum verði lokið fyrir kl. 5.30 getur þetta orðið. En ég vænti þess, að ef framsöguræðunum verði ekki lokið verði gefið þrátt fyrir það fundarhlé.

Við sjálfstæðismenn töldum svo sjálfsagt að það yrði gefið fundarhlé og undirstrikað mikilvægi þeirrar ályktunar, sem Alþingi samþykkti fyrr í dag til stuðnings við pólsku þjóðina, að við töldum að ekki þyrfti að nefna þetta. En hv. 11. þm. Reykv. bar fram formlega ósk um þetta og ég vænti þess, að málið verði ekki látið gjalda þess af hálfu hæstv. forseta þó að hv. 11. þm. Reykv. hafi borið þá ósk fram.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. kom saman til starfa hinn 1. okt. s. l. og átti viðtöl við fulltrúa um 60 sveitarfélaga áður en Alþingi var sett hinn 10. okt. Síðan hefur nefndin haldið 41 fund auk funda í undirnefndum sem hafa unnið að afgreiðslu einstakra málaflokka. Nefndinni hafa borist erindi sem taka til um 1000 efnisatriða, og hún hefur átt viðtöl við um 200 aðila frá því að hún hóf störf hinn 1. okt. Þrátt fyrir öll þessi fundarhöld og þann mikla tíma sem nefndin ver til afgreiðslu fjárlagafrv. skortir á að nægilegt ráðrúm gefist til að kanna einstök málefni til þeirrar hlítar sem nefndarmenn kysu, svo umfangsmikið er það svið sem fjárlagafrv. spannar. Þess má t. d. geta, að í núgildandi fjárlögum eru þær framkvæmdir sem ríki og sveitarfélög standa að í sameiningu og veita þarf fé til á fjárl. um 750, auk þeirra verkefna sem ríkið annast eitt. Forstöðumenn ríkisstofnana og hvers konar félagssamtaka eiga jafnan margt vantalað við fjvn. þegar fjárlagafrv. hefur verið lagt fram og í viðræður fer mikill tími. En óhætt er að segja að eftir að sá háttur var tekinn upp, að viðtöl við sveitarstjórnarmenn fari fram fyrir þingsetningu hefur þó gefist mun lengri tími til að fjalla um einstök erindi, afla upplýsinga og meta og vega þau mál sem fyrir liggja. Að þessu sinni afgreiðir nefndin fyrir 2. umr. alla framkvæmdaflokka, B-hlutafyrirtæki og tekjuáætlun. Óafgreidd eru þá nokkur málefni, svo sem vegamál, byggingarmál Landspítala, framlög til landbúnaðar, málefni Háskóla Íslands og heimildagrein.

Í störfum sínum hefur nefndin notið mjög góðrar og mikilsverðrar aðstoðar Magnúsar Péturssonar, sem nýlega hefur tekið við starfi hagsýslustjóra, og starfsliðs hans og hins ágæta starfsmanns nefndarinnar, Magnúsar Ólafssonar, og þakka ég þeim fyrir hönd nefndarinnar ágæt störf fyrir nefndina. Ég flyt öllum samstarfsnefndarmönnum mínum, bæði stjórnarsinnum og stjórnarandstæðingum, þakkir fyrir mjög gott samstarf og umburðarlyndi í minn garð, en allir hafa samstarfsnefndarmenn mínir lagt sig fram um að störf nefndarinnar gætu gengið sem greiðast.

Ég hef getið þess áður í fjárlagaumr., að nefndin hafi auglýst að erindi skuli hafa borist fyrir tiltekinn tíma og að á því hafi verið nokkur misbrestur. Ég tel þó að verulega hafi áunnist í þessu efni, enda þótt nokkrir aðilar séu enn seint á ferð og þ. á m. sum ráðuneyti. Fer ekki hjá því, að það er undir hælinn lagt hvað verður um afgreiðslu slíkra erinda. Þegar viðkomandi aðilar ákveða með seinlæti sínu að sending erinda þoli bið langt umfram auglýstan tíma er hætt við að nefndin álykti á hliðstæðan hátt að afgreiðsla þeirra þoli þá einnig nokkra bið, t. d. eitt ár eða svo.

Við gerð fjárlagafrv. eru beiðnir ríkisstofnana og þeirra ýmsu aðila, sem leita eftir fjármunum úr ríkissjóði, metnar og mældur skammturinn. Það fer ekki hjá því, að nm. í fjvn. finni fyrir því, að á þeim standa öll spjót frá þeim sem hefur þótt sinn hlutur rýr, og æðioft og oftast verður hlutskipti nefndarinnar í augum umsækjenda að fara með hlutverk þess sem fæst ekki til að skilja og meta þær brýnu þarfir sem „illgirni og skilningsleysi“ fjárlaga- og hagsýslustofnunar hefur bitnað á. Flestum finnst þeir fara í geitarhús að leita sér ullar þegar þeir reyna að bæta sinn hlut við afgreiðslu nefndarinnar á fjárlagafrv. Einkum sýnist ýmsum furðulegt, að nefndin skuli ekki skilja hversu lítið muni um þær fáu þúsundir eða millj. kr., sem viðkomandi biður um til viðbótar, þegar haft er í huga að fjárlagatalan er gríðarlega há. Að vísu er það svo, að sú tala er eins og allar aðrar safntölur m. a. byggð á því marga smáa sem gerir eitt stórt.

Sjálfsagt hafa ýmsir ástæðu til að hafa hátt vegna þess, hvernig með þá er farið við samningu fjárlagafrv., og því ekki ástæða til að undrast þó að þeir noti sér athvarf ríkisfjölmiðla til að lýsa skoðun sinni á gáfnafari þeirra, sem setja saman fjárlagafrv., og hefni þess þá í útvarpi sem hallast á í frv. En skyldi samt sem áður ekki vera orðið tímabært að huga að því, hver er stefnan í þjóðfélaginu með rekstrarútgjöldum ríkissjóðs, og lesa á þann mæli sem fjárlög eru í þeim efnum? Við höfum á undanförnum árum í mjög ríkum mæli notað verulegan hluta af afrakstri þjóðarbúsins til að byggja upp þjónustustofnanir og efla hvers kyns þjónustu og félagsleg réttindi. Í þeim efnum hefur markið verið sett hátt og fyrirmyndir sóttar til þeirra þjóða sem ríkastar eru og

gera mestar kröfur. Það er engin aðstaða til þess á þessari stundu að fjalla rækilega um stöðu okkar í þessu efni nú, en örfá atriði má benda á.

Undirstaða allrar getu til að standa undir félagslegri þjónustu í landinu, hvort heldur er í skólamálum, heilbrigðismálum eða öðrum efnum, er verðmætasköpunin í þjóðfélaginu, undirstöðuframleiðslan, og því aðeins er unnt að auka sífellt við þjónustuþættina að verðmætaöflunin aukist að sama skapi eða í einhverju sé dregið úr þeirri sóun sem kann að eiga sér stað á ákveðnum sviðum, t. d. í verslun hér á höfuðborgarsvæðinu. Ef við leggjum fjármagnið fyrst og fremst í þjónustustofnanir, án þess að efla grundvallarframleiðsluna, veltur þessi sístækkandi yfirbygging fyrr eða síðar, hversu nauðsynlega og óhjákvæmilega sem menn telja hana. Hún stendur ekki ein sér. Það nægir ekki að tryggja fjármagn í uppbyggingu þjónustuaðstöðu, svo báglega sem flestum finnst það takast við afgreiðslu hverra fjárlaga. Á hitt verður einnig að líta, að þegar t. d. byggingu sjúkrahúss eða heilsugæslustöðvar er lokið jafngildir árlegur rekstrarkostnaður, sem við tekur, að jafnaði þriðjungi byggingarkostnaðar. Það jafngildir því að slík stofnun væri reist þriðja hvert ár um alla framtíð.

En þó að litið sé fram hjá því, hvað þessar framkvæmdir kalla síðar á rekstrarfé, mætti gæta að því, að ástæðan til þess að það þrengist um framkvæmdafé er m. a. sú stóraukna margvíslega félagslega þjónusta sem bæst hefur í útgjaldaþáttinn hjá ríkissjóði á undanförnum árum. Það eru ekki mörg ár síðan farið var að greiða tannlækningar úr ríkissjóði. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 nema þessar greiðslur 45.3 millj. kr. Sama er að segja um fæðingarorlof. Það er stutt síðan það kom til. En það kostar á næsta ári um 65.2 millj. kr. Ýmsum hefur þótt of lítið fjármagn fara til byggingar grunnskóla, sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Samtals er veitt til þessara framkvæmda í fjárlagafrv. 107.4 millj. kr. Þá upphæð mætti meira en tvöfalda fyrir þá fjármuni, sem nú er varið til þeirrar félagslegu þjónustu sem ég áðan nefndi og ekki var greidd fyrir nokkrum árum.

Framlag til Lánasjóðs ísl. námsmanna nam ekki háum upphæðum fyrir fáum árum. Í fjárlagafrv. nú nemur það 117.1 millj. kr. eða álíka upphæð og ætlað er í frv. samanlagt til hafnarframkvæmda, flugvallagerðar, byggingar dagvistunarheimila og íþróttamannvirkja. Stöðugildi á ríkisspítölum eru um 1830 og gætu jafngilt áhöfnum 110—120 togara. Jafnframt eykst þjónusta á heilsugæslustöðvum og nýjum sjúkrahúsum hvarvetna í landinu eins og að hefur verið stefnt. Allt þetta, sem hér hefur verið nefnt, eru bætt lífskjör. En á hvern veg reiknast það þegar borinn er saman kaupmáttur launa frá einu tímabili til annars?

Ég er ekki að benda á þessa rekstrarliði sérstaklega vegna þess að ég telji þá ekki eiga rétt á sér, heldur nefni ég þá til þess að mönnum sé ljóst að það eru takmörk fyrir því, hversu skip verður hlaðið án þess að menn stækki það, og það eru takmörk fyrir því, hve stóran hlut þjóðarteknanna við getum notað ár eftir ár til að auka þjónustuþáttinn og þá um leið þjónustuútgjöldin í framtíðinni án þess að raunverulegur verðmætisauki sé fyrir hendi. Ef við höldum áfram að hlaða lífsgæðapinklunum í skipið án þess að stækka það og bæta gæti svo farið, ef gáraði sjó, að við yrðum að kasta einhverju af þessum farmi útbyrðis, eins og þær þjóðir eru farnar að gera sem við tókum okkur helst til eftirdæmis þegar leitað var fyrirmynda um þær ströngustu kröfur sem fundust um þjónustugæðin. Því nefni ég þetta að svo miklu leyti sem unnt hefur verið þarna úti í Þórshamri að fylgjast með því, sem gerist hér í Kirkjustræti, ber ekki á öðru en í fullum gangi sé að venju framleiðsla á tillögum um bætt mannlíf með liprum greiðslum úr ríkissjóði. Á sama tíma sýnast þær tillögur vera merkastar í skattamálum að leggja niður tekjuskatt, en vegna þess að hann gegnir nokkru hlutverki til tekjujöfnunar, megi snarlega bæta úr því í staðinn með útborgun úr almannatryggingum.

Þetta teljast líklega orðnar nokkrar úrtölur og vissulega væri vænlegra, að ég tali nú ekki um skemmtilegra, að brjóta fremur heilann um nýja og aukna þjónustu sem almenningur nyti góðs af, en ríkið greiddi, og fá sagt frá þessum áhuga sínum og veglyndi í fjölmiðlum, heldur en stunda helst niðurskurð og neitanir.

Það er að sjálfsögðu svo, að þingmenn hafa einlægan áhuga á framgangi hagsmunamála þeirra sem höllustum fæti standa í þjóðfélaginu. Ég veit ekki hvaða hópa á helst að nefna: börn, gamalmenni, öryrkja, drykkjusjúklinga og fanga. En ég er á hinn bóginn ekki viss um að það sé heppilegt eða viðeigandi að þingmenn gerist framámenn í einstökum slíkum hagsmunahópum. Ég hef þá skoðun, að þingmenn þurfi að geta staðið algerlega óháðir og án beinna tengsla við einstaka aðila og samtök þegar gera þarf upp og meta innbyrðis við lagasetningar og við afgreiðslu fjárlaga þarfir, óskir og kröfur hinna einstöku hópa og samtaka. Þótt faðmur fjárveitingavaldsins, sem er Alþingi, sé stór rúmar hann því miður ekki allt sem hann þyrfti að umlykja. Ég held líka að það sé hvorki heppilegt né viðeigandi að þm. gerist beinir aðilar að hagsmunasamtökum og verði helstu forsvarsmenn félagasamtaka sem stefna að stofnun og rekstri atvinnufyrirtækja sem beinlínis eru byggð á þeim grundvelli að hljóta fjármagn frá ríkissjóði að láni eða sem bein framlög. Það þykir ekki við hæfi að bankastjórar sitji í stjórn fyrirtækja sem hafa viðskipti við bankann sem þeir stjórna. Þeir, sem með lagasetningu fara, þ. á m. fjárveitingar í fjárlögum, og ráða því, hvernig hagsmunakröfum félagssamtaka og fyrirtækja reiðir af, ættu á hliðstæðan hátt að standa persónulega utan við öll slík samtök. Það þykir náttúrlega lofsvert að þm. sýni áhuga á framgangi baráttumála góðra félagssamtaka með þátttöku í þeim, og eftir atfylgi þeirra er að sjálfsögðu sóst. En þegar að er gáð eru fleiri hliðar á því máli eins og öðrum. — Ýmsum kann að þykja að ég sé kominn nokkuð út fyrir það efni sem hér er á dagskrá, afgreiðslu fjárlagafrv., en það er ég vissulega ekki og e. t. v. nær því en margur hyggur.

Ég sný mér þá að því að gera grein fyrir þeim brtt., sem fjvn. flytur sameiginlega, og þeim till., sem meiri hl. n. flytur sérstaklega.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu fjárlagafrv. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar skila séráliti og eins og venjulega hafa fulltrúar hennar í fjvn. fyrirvara um fylgi við einstakar tillögur, sem nefndin flytur sameiginlega, og hafa áskilið sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

1. till., sem nefndin flytur sameiginlega, varðar Alþingi. Þar er gjaldfærður stofnkostnaður hækkaður um 3 millj. 280 þús. kr. til endurnýjunar á loftræstikerfi og símakerfi og til undirbúnings samkeppni um byggingar á lóð Alþingis.

Hjá forsrn. er till. um að hækka liðinn Öryggismála-

nefnd um 200 þús. kr. í 700 þús. kr. Hann var óbreyttur á fjárlagafrv. frá því sem hann er á fjárl. í ár. — Gjöf Jóns Sigurðssonar: Þar er lagt til að liðurinn hækki um 102 þús. kr. og verði 180 þús. kr., en það hefur verið venja að þessi fjárlagaupphæð miðaðist við jafngildi prófessorslauna við Háskólann.

Þá er liður hjá Þjóðhagsstofnun hækkaður um 65 þús. kr. Þar er um að ræða hækkun annarra rekstrargjalda um 130 þús. kr., en á móti koma sértekjur 65 þús. kr. Þar er um að ræða endurnýjun húsgagna og Seðlabanki Íslands greiðir helminginn.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Þar er lagt til að gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 90 þús. kr. vegna útgjalda við líffræðirannsóknir á Þingvallavatni, en sértekjur frá Landsvirkjun hækka um helming, 45 þús. kr., svo að heildarhækkunin verður 45 þús. kr.

Flestar till. varða menntmrn. og nokkrar af þeim till. varða tilfærslu á launaupphæðum við ýmsa framhaldsskóla. Launagreiðslurnar hækka ekki í heild, en breyting er gerð innbyrðis vegna þess að nú er ljósara en við samningu frv. hver verður nemendafjöldi í hverjum skóla.

Raunvísindastofnun háskólans: Þar er gerð till. um að liðurinn Önnur rekstrargjöld hækki um 380 þús. kr. og verði ráðstafað á sérstök verkefni, þ. e. athugun á notkun vindorku til hitaframleiðslu og rannsóknir á orkunýtingu. Hliðstæð fjárveiting er í fjárl. í ár, en var ekki í fjárlagafrv.

Liðurinn Laun hjá Kennaraháskóla Íslands er hækkaður um 32 300 kr. Þar er um að ræða fjárveitingu til lektorsstöðu í sérkennslufræði frá 1. okt. 1982.

Launaliður hjá Æfinga- og tilraunaskóla er einnig hækkaður um 94 200 kr. Þar er um að ræða að ráða húsvörð við skólann.

Framlag til Íþróttakennaraskóla Íslands hækkar í fyrsta lagi um 150 þús. kr. vegna viðhalds sem hafði fallið niður við samningu frv., og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 4 millj. kr. Er ætlunin að verja því fé til byggingar íþróttahúss. Er þá gert ráð fyrir að byggingarframkvæmdum verði hagað þannig, að útboð á næsta ári miðist við að íþróttahúsið verði steypt upp á tveimur árum.

Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Fjölbrautaskóla Suðurnesja hækkar um 1 millj. kr. og verður 1 millj. 260 þús., og gjaldfærður stofnkostnaður hjá Fjölbrautaskólanum á Akranesi hækkar um 1.9 millj. og verður 3.4 millj.

Framhaldsskóli í Vestmannaeyjum: Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 160 þús. og verður 400 þús.

Hjá Fjölbrautaskólanum á Selfossi hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 1 millj. 650 þús. og verður 2.3 millj.

Þá eru tillögur varðandi Námsgagnastofnun. Önnur rekstrargjöld eru hækkuð um 210 þús. kr. Þar er annars vegar um að ræða 200 þús. kr. vegna útgáfu námsgagna fyrir börn með sérþarfir og 10 þús. kr. á að verja til að vinna að mótun stefnu varðandi notkun myndbanda í skólum til að stuðla að samræmingu í tækjanotkun.

Liðurinn Iðnfræðsluráð er hækkaður um 300 þús. í 655 þús. kr. vegna útgáfu námsgagna fyrir fatlaða.

Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Stýrimannaskólanum í Reykjavík er hækkaður um 235 þús. kr. og verður 500 þús. kr.

Liðurinn Iðnskólar almennt: Stofnkostnaður hækkar um 250 þús. kr., en sundurliðun á einstaka skóla kemur fram í brtt.

Gjaldfærður stofnkostnaður hjá Hótel- og veitingaskóla Íslands er hækkaður um 183 þús. kr. Skólinn er í leiguhúsnæði svo að hér er fyrst og fremst um tækjakaup að ræða.

Liðurinn Tónlistarskólar, stofnkostnaðarstyrkir er hækkaður um 120 þús. kr. og verður 320 þús., en á hinn bóginn er felldur niður liður sem heitir Tónlistarskólinn í Reykjavík og Tónmenntaskóli Reykjavíkur, byggingarstyrkur. Þessi liður var 38 þús. kr. og fellur niður. Stofnkostnaðarstyrkirnir til tónlistarskóla eru því í heild hækkaðir um 82 þús. kr., en að þessu sinni hefur fjvn. ekki skipt fjárhæðinni á einstaka skóla, heldur er gert ráð fyrir að menntmrn. annist skiptinguna og áfram verði við það miðað að styrkirnir séu einungis vegna stofnkostnaðar húsnæðis, en ekki til hljóðfærakaupa.

Viðhaldsliðir á sjómannaskólahúsinu eru hækkaðir um 734 þús. kr., en í frv. eru fyrir 600 þús. kr. sem eru ætlaðar til endurbóta og viðhalds á sjómannaskólahúsinu. Í heild er því gert ráð fyrir að til þess verði varið 1 millj. 334 þús. kr. á næsta ári, en á því er mikil þörf.

Héraðsskólar almennt: Gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 2 millj. 750 þús. kr. og verður 5 millj. 250 þús. kr. Sundurliðun á einstaka skóla kemur fram í brtt. Langstærsta upphæðin fer til Héraðsskólans að Eiðum.

Liðurinn Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækkar um 11 millj. 909 þús. kr. og verður 66 millj. 309 þús. kr., en sundurliðun á einstaka skóla kemur fram í brtt.

Liðurinn Stofnanir afbrigðilegra barna hækkar um 265 þús. kr. Það er hækkun til Öskjuhlíðarskólans til viðgerða á gluggum í húsinu, sem ekki er ýkjagamalt, en hefur þó lekið.

Heyrnleysingjaskólinn: Þar eru laun hækkuð um 75 þús. kr. og er það gert til að auka það kennslumagn sem gert er ráð fyrir.

Lánasjóður ísl. námsmanna hækkar um 127 þús. kr., launaliður á skrifstofu, og þá verður yfirfærslan í heild 117 251 800 kr.

Liðurinn Náms- og fræðimenn, framlög: Þar hækkar Starfsemi stúdenta um 1500 kr. og Menntastofnun Bandaríkjanna á Íslandi hækkar um 15 þús. kr. Styrkur til útgáfustarfa hækkar um 108 þús. kr., en þessari upphæð hefur fjvn. þegar skipt.

Fullorðinsfræðsla: Heimilisiðnaðarskólinn hækkar um 8400 kr. og verður 35 þús. kr. Þar kemur inn nýr liður: Félagsmálanámskeið 40 þús. kr. Þessi liður var í fjárl. 1981, en ekki í fjárlagafrv.

Þjóðminjasafn Íslands: Yfirfærslur til sveitarfélaga hækka um 50 þús. kr. Fjvn. hefur þegar skipt þeirri upphæð. Nýr liður kemur inn: Sjóminjasafn Íslands, Hafnarfirði, 600 þús kr. Þessi liður er í fjárl. 1981, en hefur fallið niður í fjárlagafrv.

Lagt er til að viðhaldsliður hjá Safnahúsinu við Hverfisgötu hækki um 103 þús. kr. og verði 133 þús. kr.

Liðurinn Náttúruverndarráð hækkar um 275 þús. kr. og verður 392 400 kr. Hér er um að ræða fjárveitingu til greiðslu kostnaðar við endurbætur á prestssetrinu að Skútustöðum.

Byggingarsjóður Þjóðarbókhlöðu hækkar um 2 millj. kr. og verður 12 millj. Þar er um að ræða yfirfærslu til B-hluta sem séð verður fyrir með lántöku.

Liðurinn Listir, framlög hækka í heild um 575 þús. kr. í 15 100 800 kr.

Liðurinn Óperustarfsemi. Þar er textanum breytt og liðurinn nefndur Íslenska óperan og hækkar um 300 þús. kr. Það eru 300 þús. kr. fyrir í fjárlagafrv. og gert verður ráð fyrir að af þessum 600 þús. kr. verði 300 þús. kr. rekstrarstyrkur, en 300 þús. kr. verði vegna stofnkostnaðar.

Myndlistarskólar, styrkur: Textanum verði breytt og heiti liðurinn Myndlistarskólar og námskeið og hækki um 220 þús. kr. í 820 þús. kr. Þar af eru 200 þús. kr. ætlaðar vegna flutnings Myndlistaskólans í Reykjavík í nýtt húsnæði. Liðurinn Listasöfn hækkar um 25 þús. kr. í 175 þús. kr. Listir og menningarmál almennt hækka um 30 þús. kr. í 250 þús. Hér er um að ræða lið sem menntmrn. ráðstafar.

Liðurinn Ýmis vísindaleg starfsemi. Þar hækkar Surtseyjarfélagið um 7000 kr., Íslensk málnefnd um 50 þús. kr. vegna lausráðins starfsmanns, Íslenska stærðfræðifélagið um 3000 kr. og Hið íslenska náttúrufræðifélag um 1000 kr.

Íþróttasjóður: Rekstrarstyrkir hækka um 35 þús. kr., verða 700 þús. kr., og framlag til byggingar íþróttamannvirkja hækkar um 1 millj. 117 þús. kr. og verður 10 millj. 117 þús. kr. Sundurliðun á einstök mannvirki kemur fram í brtt.

Liðurinn Æskulýðsmál hækkar í heild um 175 500 kr. í 1 703 500. Þar af hækkar Æskulýðsráð ríkisins um 16 þús. kr., Æskulýðssamband Íslands um 2 þús. kr., Ungmennasamband Íslands um 137 þús. kr., Bandalag ísl. skáta um 11 þús. kr., Bandalag ísl. skáta vegna Úlfljótsvatns um 2 þús. kr., Bandalag ísl. farfugla um 500 kr., Íslenskir ungtemplarar um 3 þús. kr., KFUM, starfsemi í Vatnaskógi um 2 þús. kr. og KFUK, starfsemi í Vindáshlíð um 2 þús. kr. Hér er fyrst og fremst um að ræða að hækka þessa liði til samræmis við breytingar á verðlagi.

Liðurinn Ýmis íþróttamál hækkar í heild um 473 þús. kr. Íþróttasamband Íslands hækkar um 400 þús. kr. Íþróttamál fatlaðra: Liðurinn hækkar um 50 þús. kr. í 250 þús. Alþjóðaskákmót, styrkir hækkar um 8 þús. kr. Gerð er tillaga um nýjan lið: Skákskólinn á Kirkjubæjarklaustri 15 þús. kr.

Liðurinn Ýmislegt í menntmrn. hækkar í heild um 1 millj. 82 þús. kr. Þar er um að ræða aðallega hækkanir á liðum til samræmis við verðlag. Náttúrugripasafn Akureyrar hækkar um 7 þús. kr., verður 27 þús. kr. Náttúrugripasafn Neskaupstaðar hækkar um 3 þús. kr., verður 12 þús. Náttúrugripasafn Vestmannaeyja hækkar um 6 þús. kr., verður 15 þús. kr. Reykholtsstaður hækkar um 40 þús. kr., verður 100 þús. kr. Geysir í Haukadal, umbætur hækka um 3 þús. kr., verður 10 þús. kr. Hús Guðmundar Böðvarssonar hækkar um 6 þús. kr., verður 21 þús. kr. Liðurinn Dýrasafn hækkar um 2 þús. kr., verður 4 þús. kr. Safnahús á Blönduósi hækkar um 2 þús. kr., verður 13 þús. kr. Safnahús á Sauðárkróki hækkar um 2000 kr., verður 13 þús. kr. Safnahús á Húsavík hækkar um 2000 kr., verður 13 þús. kr. Safnahús í Borgarnesi hækkar um 10 þús. kr. og verður 30 þús. kr. Og Safnastofnun Austurlands hækkar um 300 þús. kr., verður 400 þús. kr. Í till. nr. 28 á þskj. 161 varðandi þennan lið er prentvilla. Þar stendur 4 millj. kr., en á að vera 400 þús. kr. Svo rausnarleg er fjvn. ekki. — Bandalag ísl. skáta, hjálparsveitir: Liðurinn hækkar um 200 þús. kr. Dýraverndunarfélag Íslands hækkar um 2 þús. kr. Fuglaverndunarfélag Íslands hækkar um 200 þús. kr. Kvenfélagasamband Íslands hækkar um 60 þús. kr., verður 150 þús. kr., en á móti falla niður framlög til nokkurra landsfjórðungssambanda kvenna. Kvenréttindafélag Íslands hækkar um 3 þús. kr., verður 8 þús. kr., en eins og ég áðan sagði falla niður nokkrir liðir. Samband norðlenskra kvenna, 1000 kr., fellur niður, og Samband norðlenskra kvenna vegna námskeiða í heimilisgarðrækt, 500 kr., fellur niður. Samband austfirskra kvenna: Liðurinn fellur niður, 1000 kr. Samband vestfirskra kvenna, 1000 kr., fellur niður. En í stað þeirra liða kemur þeim mun meiri hækkun á liðnum Kvenfélagasamband Íslands. Landakotsskóli: Rekstrarstyrkur hækkar um 50 þús. kr., verður 130 þús. kr. Hlíðardalsskóli: Rekstrarstyrkur hækkar um 200 þús. kr., verður 300 þús. kr. Samband ísl. náttúruverndarfélaga hækkar um 2 þús. kr., verður 5 þús. kr. Liðurinn Nemendaskipti hækkar um 5 þús. kr. og verður 13 þús. kr. Liðurinn Ýmis framlög hækkar um 100 þús. kr. og verður 400 þús. kr., en hér er um að ræða lið sem menntmrn. ráðstafar. Liðurinn Hljóðbókasafn hækkar um 140 þús. kr. og verður 220 þús. kr. Byggðasafn að Reykjum hækkar um 5 þús. kr., verður 16 þús. kr. Náttúrugripasafn á Selfossi hækkar um 4 þús. kr., verður 13 þús. kr.

Hjá utanrrn. er ekki um neinar hækkanir að ræða, heldur einungis breytingar á liðum innbyrðis. Í stað textans Alþjóðalandbúnaðarþróunarsjóðurinn, IFAO, 100 þús. kr. kemur Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA, og verður 30 þús. kr. Á hinn bóginn hækkar liðurinn Alþjóðamatvælabirgðasjóðurinn, IEFR, í 100 þús. kr. úr 30 þús. kr., svo að hér er ekki um neina heildarhækkun að ræða.

Hjá landbrn. kemur nýr liður inn á Búnaðarfélag Íslands: Landþurrkun 166 þús. kr. Þessi liður var áður á landgræðsluáætlun, en færist nú til Búnaðarfélagsins og hækkar úr 125 þús. kr. í 166 þús. kr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins: Þar kemur inn nýr liður: Tilraunabú, óskipt 1.2 millj. kr. Þessi liður er í fjárlögum ársins 1981 900 þús. kr., en ekki í fjárlagafrv. fyrir árið 1982. Auk þess er lagt til að veittar verði 130 þús. kr. til að byggja bifreiða- og vélaskýli við Korpu.

Liðurinn Skógrækt ríkisins hækkar um 200 þús. kr. í 904 þús. kr. Þessi hækkun kemur til í samhengi við endurskoðun á landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir næstu 5 ár.

Næsta till. er einnig í samhengi við endurskoðun landgræðslu- og landverndaráætlunar, þ. e. Landgræðsla ríkisins. Þar hækkar liðurinn samtals um 1 millj. 540 þús. kr. Laun hækka um 140 þús. kr. þar sem gert er ráð fyrir ráðningu gróðureftirlitsmanns, en gjaldfallinn stofnkostnaður hækkar um 1.4 millj. kr. Við endurskoðun landgræðslu- og landverndaráætlunar fyrir næstu 5 ár, sem sérstök nefnd, sem þingflokkarnir tilnefndu menn í, hefur unnið að, varð samkomulag um að auk þess að hækka fjárveitingu til landgræðslu- og landverndaráætlunar um 33% frá fjárlögum ársins í ár, en á það skortir í frv., væru framlög til Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins einnig færð til jafngildis við framlög til þessara stofnana eins og þau voru áður en fyrri landgræðsluáætlun kom til. Niðurstaðan varð sú, að lagt er til að framlög til Skógræktar ríkisins hækki um 200 þús. kr., eins og ég áðan nefndi, og til Landgræðslu ríkisins um 1 millj. 540 þús. kr.

Liðurinn Yfirdýralæknir, dýralæknisbústaðir, byggingarframkvæmdir hækkar um 220 þús. kr., verður 750 þús. kr.

Eins og ég áðan sagði hefur nefnd, sem hefur fjallað um endurskoðun á landgræðslu- og landverndaráætlun, fjallað um það mál. Í samræmi við tillögur hennar er lagt til að liðurinn Landgræðslu- og landverndaráætlun hækki um 1 millj. 932 þús. kr., en þessar breytingar fela í sér að framlag til áætlunarinnar hækkar um 33% frá núgildandi fjárlögum, eins og ég áðan sagði, og þar að auki hækki framlag til fyrirhleðslna sérstaklega um 700 þús. kr. og inn komi nýr liður: Sjóvarnargarðar 500 þús. kr. Er það í samræmi við þær tillögur sem nefnd hefur unnið að og nú hafa verið lagðar fram sem þskj. á Alþingi varðandi nýja landgræðslu- og landverndaráætlun.

Bændaskólinn á Hvanneyri: Það er gerð till. um að liðurinn Gjaldfærður stofnkostnaður hækki um 250 þús. kr. til þess að hefja framkvæmdir við byggingu rannsóknarhúss. Liðurinn Garðyrkjuskóli Íslands, viðhald hækki um 70 þús. kr., en sértekjur lækki hins vegar um 300 þús. kr. Heildarkostnaðarauki af þessu er því 370 þús. kr.

Sjútvrn.: Þar er lagt til að framlag til Hafrannsóknastofnunar hækki samtals um 681 þús. kr. á þann veg, að laun lækka um 1 215 100 kr., önnur rekstrargjöld hækka um 636 100 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 1 millj. 260 þús. kr. Hér er sú brtt. gerð, að í stað þess að Hafþór verði gerður út í 9 mánuði verði skipið gert út í 6 mánuði á næsta ári. Þá verða önnur rekstrargjöld hækkuð vegna hækkana á olíuverði. Framlagið til stofnunarinnar hækkar þá í heild um 681 þús. kr. vegna þess að jafnframt er lagt til að keyptur verið sérstakur tækjabúnaður til magnmælinga á stofnstærð uppsjávarfisks sem kostar 1 millj. 260 þús. kr.

Þá er lagt til að gerð verði breyting á texta sem er svo orðaður í fjárlagafrv.: Fiskleit, vinnslutilraunir og markaðsöflun. Í staðinn komi: Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir í útgerð og fiskvinnslu. Hér er gert ráð fyrir heldur rýmri heimildum til notkunar á þessu fjármagni.

Liðurinn Ýmislegt á sviði sjávarútvegs: Lagt er til að framlagið hækki um 50 þús. kr. Þar er um að ræða nýjan lið: Tækninámskeið, en það eru námskeið um notkun örtölva í fjarskipta- og fiskleitartækjum.

Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna. Sértekjur eru lækkaðar um 300 þús. kr. í 200 þús. kr., en hér er um að ræða leiðréttingu á villu í fjárlagafrv.

Liðurinn Almannavarnir ríkisins hækkar um 422 þús. kr. Hér er um að ræða útgjöld við uppsetningu fjarskipta- og viðvörunarkerfis fyrir Vestfirði, Breiðafjörð og Austfirði.

Sjómælingar Íslands: Laun eru hækkuð um 111 þús. kr. vegna lausráðningar starfsmanns til að vinna að gerð fiskikorta í samræmi við samþykkta þáltill. frá Alþingi.

Fangamál: Ýmis kostnaður hækkar um 480 þús. kr. og fer á tvo liði, annars vegar liðinn Fangahjálp, sem hækkar um 154 þús. kr. í 200 þús. kr., og til nýs liðar, sem nefndur er Vistun kvenfanga, 326 þús. kr.

Nokkrir liðir, sem heyra undir þjóðkirkjuna, eru hækkaðir. Lagt er til að liðurinn Alþjóðasamvinna hækki um 78 þús. kr., Skálholtsstaður hækki um 50 þús. kr., verði 150 þús. kr., Hallgrímskirkja hækki um 500 þús. kr., verði 750 þús. kr., Útgáfustarfsemi hækki um 5 þús. kr., verði 10 þús. kr., liðurinn Hólar í Hjaltadal hækki um 20 þús. kr., verði 120 þús. kr., það er vegna hitaveituframkvæmda, liðurinn Embættisbústaðir, viðhald hækki um 1 millj. 739 þús. kr. og verði 4 millj. kr. og að endingu að liðurinn Útihús á prestssetrum hækki um 36 þús. kr. og verði 100 þús. kr.

Þá er komið að félmrn. Þar er lagt til að framlag til Erfðafjársjóðs hækki um 832 þús. kr. vegna hækkunar erfðafjárskatts í nýrri tekjuáætlun.

Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra: Lagt er til að liðurinn hækki um 1 millj. 410 þús. kr. og hækka þá framlög frá árinu í ár um 40%, en í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að þau hækkuðu um 33%.

Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta: Gert er ráð fyrir að hækka þann lið um 1 millj. kr. og hann verði 6 millj. 174 þús. kr.

Liðurinn Vinnumál: Kjararannsóknarnefnd hækki um 140 þús. kr. vegna stofnkostnaðar við sérstaka könnun á kjörum sjómanna.

Liðurinn Ýmis framlög: Þar hækki einstök atriði sem hér segir: Félag heyrnarlausra hækki um 70 þús. kr. til þess að gera félaginu unnt að ráða prest í hálft starf. Heyrnarhjálp hækkar um 13 þús. kr. Geðverndarfélag Íslands hækkar um 50 500 kr., en niður fellur byggingarstyrkur 35 þús. kr. Mæðrastyrksnefnd hækkar um 4 þús. kr. í 14 þús. kr. Rauði kross Íslands hækkar um 6 þús. kr. SÍBS hækkar um 13 þús. kr. Sjálfsbjörg, landsamband fatlaðra hækkar um 215 þús. kr., en niður fellur liður til byggingarframkvæmda 15 þús. kr. Slysavarnarfélag Íslands hækkar um 390 þús. kr. í 1 millj. 360 þús. kr. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra hækkar um 80 þús. kr. í 308 þús. kr. Og liðurinn Sjómannastofur hækkar um 42 þús. kr. í 148 þús. kr., en fjvn. mun síðan skipta þessari fjárhæð á einstakar sjómannastofur. Liðurinn Öryrkjabandalag Íslands hækkar um 24 þús. kr. í 84 þús. kr. og liðurinn Ferlinefnd fatlaðra hækkar um 15 þús kr. í 25 þús. kr. Blindrafélagið hækkar um 60 þús. kr. í 150 þús. kr. Foreldra- og styrktarfélag heyrnardaufra hækkar um 2500 kr. í 10 þús. kr. Þroskahjálp, landssamtök hækkar um 19 þús. kr. í 50 þús. kr. Foreldrafélag barna með sérþarfir hækkar um 4 þús. kr. í 14 þús. kr. Náttúrulækningafélag Íslands hækkar um 20 þús. kr. í 70 þús. kr. Blindravinafélagið hækkar um 5 þús. kr. í 17 þús. kr. Og liðurinn Alþjóðaár fatlaðra hækkar um 100 þús. kr. í 200 þús. kr., en þó að alþjóðaári fatlaðra ljúki um næstu áramót er hér verið að veita fé til þess að hægt verði að fara út á land með sýningu sem haldin var hér í Reykjavík í ár. Samtök aldraða hækka um 140 þús. kr. í 940 þús. kr. Og gerð er till. um nýjan lið: Gigtarfélagið 50 þús. kr., og annan nýjan lið: Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar 70 þús. kr., en hér er um að ræða útgjöld vegna starfsmanns í hálfu starfi.

Hjá heilbr.- og trmrn. er gert ráð fyrir að hækka framlög til Tryggingastofnunar ríkisins um 66 millj. 900 þús. kr., en hér er um að ræða endurmat á útgjöldum lífeyristrygginga, hækkun um 1.6 millj., og útgjöldum sjúkratrygginga um 65.3 millj. kr. í samræmi við reynslutölur í ár. Liðurinn Ríkisspítalar, skrifstofa: Önnur rekstrargjöld hækka um 50 þús. kr. Rannsóknastofa háskólans: Önnur rekstrargjöld hækka um 200 þús. kr. Blóðbankinn: Önnur rekstrargjöld hækka um 200 þús. kr.

Liðurinn Heyrnar- og talmeinastöð: Laun hækka um 150 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 750 þús. kr. í 2 millj. 920 þús. kr., en þörf fyrir þjónustu þessarar stofnunar hefur reynst verulega meiri en gert var ráð fyrir við samningu fjárlagafrv.

Landspítalinn: Önnur rekstrargjöld hækka um 3 millj. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 685 þús. kr., en hér er um að ræða hækkun á framlagi til byggingar dagheimilis Sumargjafar. Að öðru leyti bíða málefni Landspítalans, byggingarframkvæmdir, 3. umr. Liðurinn Landspítalinn, kvennadeild: Önnur rekstrargjöld hækka um 2.4 millj. kr. Kleppsspítalinn: Önnur rekstrargjöld hækka um 1 millj. 240 þús. kr. Vífilsstaðaspítali: Önnur rekstrargjöld hækka um 460 þús. kr. Kristneshæli: Önnur rekstrargjöld hækka um 700 þús. kr. Kópavogshæli: Önnur rekstrargjöld hækka um 400 þús. kr. Vistheimilið að Gunnarsholti: Þar hækka önnur rekstrargjöld um 350 þús. kr.

Þá er liðurinn Sjúkrahús og læknisbústaðir. Þar er gert ráð fyrir að liðurinn hækki í heild um 11 millj. 390 þús. kr. í 84.141.200 kr. Þar af hækkar liðurinn Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða annarra en ríkissjúkrahúsa um 10.3 millj. kr., en sundurliðun kemur fram í brtt. Í sambandi við þessa afgreiðslu vil ég taka fram, að gert er ráð fyrir að við 3. umr. komi fram till. frá fjvn. um sérstaka heimild þar sem ríkisstj. verði heimilað að ábyrgjast lán sem Akureyrarbær kynni að taka vegna byggingarframkvæmda við fjórðungssjúkrahúsið þar. Enn fremur er í sambandi við framkvæmdir við sjúkrahúsið á Ísafirði við það miðað af hálfu fjvn., að á *næsta ári verði heimilað að panta röntgentæki í sjúkrahúsið* þannig að það tæki komi til greiðslu á árinu 1983. Framlag til sjúkrahúss Franciscusarreglunnar í Stykkishólmi hækkar um 350 þús. kr. í 1.5 millj. kr. DAS, Hrafnista, Hafnarfirði, byggingarstyrkur hækkar um 520 þús. í 1 millj. 820 þús. kr. Hjúkrunarheimili aldraðara í Kópavogi hækkar um 220 þús. kr. í 1 millj. kr.

Ýmis heilbrigðismál: Þar er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Hjarta- og æðaverndarfélag Reykjavíkur, tækjakaup 250 þús. kr. Liðurinn Hjartavernd hækkar um 400 þús. kr. og Krabbameinsfélag Íslands um 500 þús. kr. Liðurinn Kostnaður samkv. farsótta- og sóttvarnarlögum og lögum um ónæmisaðgerðir hækkar um 200 þús. kr. vegna berklavarna. Í fjárlagafrv. hefur verið felld niður fjárveiting til embættis berklayfirlæknis, en talið er óráðlegt annað en ætla fé í einhverjum mæli til að sinna berklavörnum.

Liðurinn Sjúkraflug hækkar úr 300 þús. kr. í 450 þús. kr. og skiptist þannig, að veitt er til flugfélagsins Arna, Ísafirði 150 þús. kr., til Flugfélags Norðurlands 100 þús. kr., til Flugfélags Austurlands 120 þús. kr., til Eyjaflugs 50 þús. kr. og óráðstafað er af liðnum 30 þús. kr.

Liðurinn Félag astmasjúklinga hækkar um 1000 kr. Liðurinn Exem- og psoriasissjúklingar hækkar um 1000 kr. Tekinn er upp nýr liður: Vegna brjóstkrabbaleitar 70 þús. kr. Enn fremur er tekinn upp að nýju liður sem heitir Starfslaun Ófeigs J. Ófeigssonar 50 þús. kr., en þessi liður hefur verið á fjárl., en féll niður í frv.

Liðurinn Ýmis framlög hækkar um 30 þús. kr. í 130 þús. og liðurinn Mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum, sem er 500 þús. kr., hækkar um 1 millj., en gert er ráð fyrir að ákveðin heimild varðandi þetta mál í 6. gr. falli niður og mun það þá koma fram við 3. umr.

Gæsluvistarsjóður: Viðfangsefni sem heyra til Gæsluvistarsjóði er lagt til að hækki sem hér segir: Blá a bandið um 7 þús. kr. í 24 þús. kr., Vernd, félagssamtök um 6 þús. kr. í 21 þús. kr. og Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið hækki um 40 þús. kr., en hér er einungis verið að hækka þessa liði til samræmis við verðlagsbreytingar.

Liðurinn Bindindisstarfsemi: Þar er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Stórstúka Íslands 150 þús. kr., en þessi liður féll niður við gerð fjárlagafrv.

Á liðnum fjmrn. eru aðeins brtt. um uppbætur á lífeyri. Það eru tvær tillögur. Önnur er um uppbætur á lífeyri, sem hækkar um170 þús. kr., vegna lífeyris til starfsmanna stjórnmálaflokkanna. Liðurinn Styrktarfé og eftirlaun, sem er í tveimur liðum, hækki í heild um 308 700 kr., en þessi liður er óbreyttur í fjárlagafrv. frá því sem hann er í fjárl. í ár.

Samgrn: Vegagerð ríkisins: Þar er gert ráð fyrir að framlag til einstaklinga og samtaka hækki um 70 þús. kr., en sá liður er óbreyttur í fjárlagafrv. frá fjárlögum. Hér er um að ræða styrk til að halda uppi gistingu og byggð og fjvn. hefur skipt þessum lið á einstaka aðila.

Vita- og hafnamálastofnun, aðalskrifstofa: Gjaldfallinn stofnkostnaður er hækkaður um 450 þús. kr., en hér er um að ræða fjárveitingu til að endurbyggja og breyta þaki á húseign stofnunarinnar við Seljaveg.

Hafnarmál: Liðurinn Hafnarmannvirki og lendingarbætur hækkar um 8 millj. kr. í 48 millj. 850 þús. kr. Liðurinn Ferjubryggjur hækkar um 585 þús. kr., verður 1.3 millj. kr. Hér er annars vegar um að ræða lánagreiðslur 1 millj. kr. og viðhaldskostnað 300 þús. kr. Hafnarbótasjóður: Liðurinn hækkar um 885 þús. kr. í *framhaldi af hækkun á liðnum Hafnarmannvirki* og lendingarbætur. Sjóvarnargarðar: Þar hækkar liðurinn um 80 þús. kr. og verður 835 þús. kr., en auk þess eru á liðnum Landgræðsla og landverndaráætlun 500 þús. kr. til sjóvarnargarða. Liðurinn Landshöfn Keflavík — Njarðvík, framkvæmdir hækkar um 500 þús. kr. í 2 millj. og hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar hækka um 500 þús. kr. í 15.5 millj. kr.

Hjá Siglingamálastofnun ríkisins hækka laun um 121300 kr., önnur rekstrargjöld um 280 þús. kr. og gjaldfærður stofnkostnaður um 800 þús. kr. Það er vegna flutnings stofnunarinnar í nýtt hús og til tækjakaupa.

Sjóslysanefnd: Yfirfærslur hækka um 20 þús. kr. Það er til kynningar á notkun öryggisnets. Þessi liður var einnig í fjárlögum ársins í ár.

Framlag til framkvæmda við flugvelli hækkar um 2 millj. 24 þús. kr. í 33.1 millj. kr., en skipting á einstaka framkvæmdaþætti kemur fram í brtt. nefndarinnar.

Flugbjörgunarsveitir: Gerð er till. um að liðurinn hækki um 130 þús. kr. í 200 þús. kr. vegna lögboðinnar endurnýjunar á fjarskiptabúnaði.

Landmælingar Íslands: Gert er ráð fyrir að liðurinn hækki um 374 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður. Þar er um að ræða tæki til kortagerðar.

Iðnrn.: Iðntæknistofnun Íslands: Þar er gert ráð fyrir að heildarhækkun verði 350 þús. kr., þ. e. laun hækki um 300 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 200 þús. kr., en á móti komi hækkun sértekna um 150 þús. kr. Hér er um að ræða framlag vegna verkefna ráðinna starfsmanna við trétækni- og trefjaiðnað.

Liðurinn Jöfnunargjald: Lagt er til að liðurinn hækki um 3 millj. 66 þús. kr. og nemur þessi útgjaldaliður þá 2/3 hlutum af innkomnu jöfnunargjaldi.

Liðurinn Iðnráð og önnur starfsemi á sviði iðnaðar: Gert er ráð fyrir að liðurinn orðist þannig að hér sé aðeins nefnt Iðnráð, en ekki önnur starfsemi á sviði iðnaðar. Þessi upphæð er varla til skiptanna, en liðurinn hækki um 35 þús. kr. og verði 70 þús. kr. Enn fremur er lagt til að liðurinn Byggingarþjónustan hækki um 70 þús.

kr. og verði 200 þús. kr.

Orkustofnun: Þar er gert ráð fyrir að liðurinn hækki um 500 þús. kr., önnur rekstrargjöld vegna húsaleigukostnaðar. Þessi upphæð kemur þá aftur til tekna á liðnum Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Enn fremur hækki önnur rekstrargjöld um 3.5 millj. kr. Þetta er heildarhækkun um 4 millj. kr., annars vegar vegna þessa húsaleigukostnaðar og síðan 3.5 millj. kr. til rannsókna á háhitasvæðum á Reykjanesskaga og Þeistareykjum.

Þá er lagt til að tekinn verði upp nýr liður: Rafmagnsveitur ríkisins. 7 millj. 750 þús. kr. Sú breyting er gerð á framlagi ríkissjóðs til Rafmagnsveitna ríkisins vegna félagslegs þáttar í framkvæmdum, að greiðsla á 5 millj. kr. vöxtum og afborgunum af lánum verði felld niður, en í staðinn kemur beint framlag til Rafmagnsveitnanna, 7 millj. 750 þús. kr., þannig að heildarhækkunin verði 2 millj. 750 þús. kr. og í samræmi við það verði breyting á liðnum Ýmis lán ríkissjóðs hjá fjárlaga- og hagsýslustofnun, vextir lækki um 1.5 millj. kr. og lánahreyfingar út lækki um 3.5 millj. kr.

Á þskj. 182 flytur meiri hl. fjvn. brtt. um fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja sem hafa verið endurskoðaðar síðan fjárlagafrv. var lagt fram.

Ný rekstrar- og fjárfestingaráætlun Ríkisútvarps, hljóðvarps og sjónvarps, byggist á áætluðu verðlagi 1982 í samræmi við forsendur fjárlagafrv. Hækkun á gjaldskrá fyrir auglýsingar hjá stofnuninni á árinu 1981 hefur skilað verulegri raungildisaukningu tekna. Rekstraráætlun fyrir árið 1982 miðast við að gjaldskrá fyrir auglýsingar hækki um 18% 1. febr., 18%. 1. júní og 18% 1. nóv. og að afnotagjald útvarps og sjónvarps hækki um 15% á fyrri árshelmingi og aftur um 15% á síðari árshelmingi.

Rekstraráætlun fyrir Áburðarverksmiðju ríkisins hefur verið endurskoðuð. Útgjaldaáætlun fyrirtækisins hefur með tilliti til kaupa á aðföngum verið hækkuð í samræmi við verðlags- og gengisforsendur og aðrir liðir breytast á hliðstæðan hátt.

Í endurskoðaðri áætlun um fjárfestingu Pósts og síma er gert ráð fyrir að almenn fjárfesting nemi alls 63 millj. kr. og á því byggt, að samþykkt verði í fjárlögum heimild til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum. Mun till. um slíka heimild verða flutt við 3. umr. Fjárfesting við lagningu sjálfvirks síma í sveitum samkv. lögum nr. 32/1981 er áætluð 34.2 millj. kr. á næsta ári. Sú útgjaldatala er miðuð við eftirgjöf aðflutningsgjalda og söluskatts, eins og gert er ráð fyrir í lögunum. Samkvæmt þessu er um að ræða mjög verulega aukningu framkvæmda Pósts og síma á næsta ári. Lántökur, vörukaupalán til framkvæmda, hækka um 4.2 millj. kr. og nema alls 41.2 millj. kr. Tekjuáætlun fyrirtækisins er við það miðuð að gjaldskrá hækki um 10% 1. febr., 6% 1. maí, 5% 1. ágúst, og 5% 1. nóv.

Í brtt. meiri hl. fjvn. varðandi Skipaútgerð ríkisins er gert ráð fyrir að framlag ríkissjóðs til fyrirtæksins verði óbreytt frá því sem greinir í fjárlagafrv. eða 23 millj. 250 þús. kr. Gjalda- og tekjuáætlun hefur verið endurskoðuð og er áætlunin sett fram á verðlagi næsta árs í samræmi við forsendur fjárlagafrv. og gert ráð fyrir eftirtöldum gjaldskrárhækkunum á árinu 1982: 9% 1. febr., 5% 1. maí, 4% 1. ágúst og 3% 1. nóv.

Þá hefur rekstrar- og fjárfestingaráætlun Rafmagnsveitna ríkisins verið endurskoðuð miðað við áætlað verðlag næsta árs í samræmi við forsendur fjárlagafrv. Áætluð framlög úr ríkissjóði nema um 7 millj. 750 þús. kr. og er ætlað til þess að standa undir afborgunum og vöxtum tveggja tiltekinna lána sem fyrirtækið hefur tekið. Á árinu 1981 hefur myndast verulegur rekstrarhalli og er í rekstraráætlun fyrir næsta ár gert ráð fyrir 15.9% hækkun gjaldskrár fyrirtækisins um næstkomandi áramót og síðan 7% hækkun 1. febr., 6% 1. maí, 5% 1. ágúst og 3% hækkun 1. nóv.

Þá flytur meiri hl. fjvn. einnig brtt. við tekjuhlið fjárlagafrv. í samræmi við endurmat Þjóðhagsstofnunar á tekjuáætlun frv. Endurskoðun Þjóðhagsstofnunar er gerð á grundvelli innheimtutalna fyrstu tíu mánuði ársins 1981, en meginforsendur um breytingar verðlags, launa, gengis og þjóðarútgjalda eru hins vegar óbreyttar frá fjárlagafrv. Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs árið 1982 hækki um 149 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv. eða úr 7 milljörðum 799.3 millj. kr. í 7 milljarða 948.3 millj. kr. Helstu breytingar eru: Aðflutningsgjöld hækka um 47.4 millj. kr., innflutningsgjald af bensíni hækkar um 14.2 millj., söluskattur og orkujöfnunargjald um 27.5%, rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins um 10 millj., stimpilgjald um 17 millj., gjald á ferðalög til útlanda um 10 millj. og annað um 22.9 millj. Þjóðhagsstofnun tekur fram að ástæður til þessara hækkana megi fyrst og fremst rekja til gleggri vitneskju um innheimtuþróun tekna á árinu 1981, en meginforsendur eru óbreyttar.

Verði brtt. þær, sem fjvn. öll og meiri hl. fjvn. flytja við þessa umr., samþykktar hækka rekstrarútgjöld ríkissjóðs um 175 279 200 kr. og verða 7 823 488 200 kr., en tekjur 7 milljarðar 948 millj. 300 þús. kr., eins og ég áður sagði.

Frsm. 1. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Í upphafi vil ég fyrir hönd okkar þremenninga, sem skrifum undir nál. 1. minni hl. fjvn., þakka formanni nefndarinnar fyrir lipurð og þolinmæði í okkar garð. Ég þakka ritara nefndarinnar og hagsýslustjóra fyrir ómetanlega aðstoð. Starfsmönnum hagsýslunnar og meðnefndarmönnum okkar þakka ég fyrir mjög ánægjulegt samstarf.

Starfið í fjvn. er erilsamt. Þar eru teknar ákvarðanir um viðkvæm mál. Ég vil taka undir það með formanni nefndarinnar, að samstarfið í fjvn. hefur þrátt fyrir þetta verið til mikillar fyrirmyndar undanfarin ár.

Fjvn. flytur að venju sameiginlegar till. til breytinga á frv. með venjulegum fyrirvara af hálfu minni hlutans sem áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. Minni hluti nefndarinnar er á hinn bóginn algerlega andvígur stefnu frv. og þeirri efnahagsstefnu ríkisstj. og stuðningsmanna hennar á Alþingi sem frv. endurspeglar. Í nál. okkar er þessi miðstýringar- og haftastefna gagnrýnd. Hún hefur leitt til stöðnunar og versnandi lífskjara, þrátt fyrir vaxandi afla ár frá ári og góð ytri skilyrði þjóðarbúsins. Því er þörf á gerbreyttri stefnu, jákvæðri uppbyggingu í anda frjálshyggju, eins og sú grundvallarstefna er sem Sjálfstfl. hefur boðað frá öndverðu.

Í nál. minni hl. fjvn. fyrir árið í ár segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Núverandi ríkisstjórn fylgir eindregnari vinstri stefnu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum en þær ríkisstjórnir á síðasta áratug sem sjálfar hafa kallað sig vinstri stjórnir.“

Þessi staðreynd kemur æ betur í ljós eftir því sem tíminn líður. Forustumenn Alþb. hafa staðfest þetta opinberlega. Einn þeirra sagði í blaðaviðtali s. l. vor orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Efnahagsstefna ríkisstj. ber mjög svipmót þeirrar afstöðu sem Alþb. hefur haft síðan 1978. Sú afstaða varð undir í ríkisstjórninni 1978-1979, þ. e. vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar. Nú hefur hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþb. og árangurinn er að koma í ljós."

Hér er skýrt að orði kveðið og ekki um að villast að íslenskir vinstri sósíalistar og kommúnistar í Alþb. telja stjórnarstefnuna sér þóknanlegri en stefnu vinstri stjórna sem setið hafa fyrr. Hvað sem þessu líður hafa Alþb.-menn og framsóknarmenn ráðið mestu um stjórnarstefnuna í rúm þrjú ár eða frá hausti 1978. Á þessu tímabili hafa ríkt illvíg verðlagshöft, afturhaldsstefna gagnvart atvinnuvegunum, smáskammtalækningar í verðbólgumálum, gegndarlaust skattahækkunarflóð, aukin ríkisafskipti og ríkisumsvif.

Ríkisfjármálin og stefna fjárlaga eru á hverjum tíma óaðskiljanlegur hluti efnahagsstefnu viðkomandi ríkisstj. Það er ætlun mín við þessa umr. að ræða stefnuna í ríkisfjármálum og efnahagsmálum á þessu valdaskeiði Alþb. og Framsóknar. Ég vík hér fyrst að nokkrum aðalatriðum efnahagsstefnunnar síðan haustið 1978 í örstuttu máli, en ræði síðan nánar hvert og eitt atriði.

Þegar litið er yfir þetta tímabil blasa við eftirfarandi efnahagsstaðreyndir:

1. Sjávarafli hefur stóraukist vegna friðunaraðgerða fyrr á árum. T. d. veiðist sennilega í ár um 130-150 þús. tonnum meira af þorski en 1978. Verðlag á sjávarafurðum okkar erlendis hefur yfirleitt verið gott. Þrátt fyrir þennan stórkostlega búhnykk hefur þjóðarframleiðsla aukist sáralítið og kaupmáttur taxtakaups launþega rýrnað að mun. Svo er einnig um kaupmátt lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega. Þessi kaupmáttarrýrnun nemur allt að 10% frá þriðja ársfjórðungi 1978 til sama tíma í ár.

2. Verðbótavísitala hefur tíu sinnum verið skert á þessu tímabili, samtals um rúm 26%. Verðbólgan var, þegar ríkisstj. tók við, um eða yfir 50% yfir árið. Hún er í raun í sama illkynja farinu. Hinn 1. nóv. var hækkun framfærsluvísitölu síðustu 12 mánuði tæp 48% og verðbólguhraðinn fer vaxandi, eins og talsmenn ríkisstj. viðurkenna. Seðlabanki Íslands segir í bréfi til fjh.- og viðskn. Alþingis dagsettu 8. des. s. l., að verðbólgustigið sé nú nálægt 50%. Á miðju ári 1977 komst verðbólgan niður fyrir 30% og var í byrjun áratugarins tæp 4%.

3. Gengi íslensku krónunnar hefur verið formlega fellt fimm sinnum síðan í ágúst 1978, bæði með gengislækkunum og gengissigi. Bandaríkjadollar hefur hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213.9% á þessu tímabili. Verðgildi nýkrónunnar, sem átti að verða stöðugt, hefur minnkað svo að verð á Bandaríkjadollar í nýkr. hefur hækkað yfir 30% frá því hún kom í umferð um síðustu áramót.

4. Skattaálögur á almenning hafa aukist svo mjög, að á næsta ári greiðir hver fimm manna fjölskylda í landinu um 20 þús. kr., 2 millj. gkr. hærri beina og óbeina skatta en sama fjölskylda hefði gert að óbreyttum skattalögum sem giltu 1977. Skattbyrðin þyngist enn 1982 samkv. fjárlagafrv. og nýr skattur er enn boðaður, svonefnt byggðalínugjald.

5. Skattbyrði eignarskatta til ríkisins er nú tvöföld miðað við það sem hún var 1977 og tekjuskatta 50% meiri.

6. Þensla eyðsluútgjalda ríkissjóðs er gífurleg. Aukin ríkisumsvif hafa átt sér stað með skattahækkunum og að auki með stórauknum lántökum til hins opinbera. Erlend lán til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hafa rúmlega þrettánfaldast samkv. fjárlagafrv. frá árinu 1978.

7. Greiðslubyrði erlendra lána hefur aldrei verið meiri en nú og hefur þyngst verulega undanfarin ár, þótt stórfelldur samdráttur verði í ár og einkum á næsta ári í stóriðju- og orkuframkvæmdum. Samkvæmt lánsfjáráætlun eru erlendar skuldir taldar verða 39% af þjóðarframleiðslu í árslok 1982 að mati Seðlabankans og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. Þetta hlutfall var 31.6% 1977.

8. Fjárveitingar til framkvæmda- og atvinnuvegasjóða hafa ár eftir ár verið skornar miskunnarlaust niður að raungildi og eru lægri nú í ár samkv. fjárlagafrv. t. d. til grunnskóla og hafnargerða, en verið hefur a. m. k. frá árinu 1974.

9. Fjárfesting í atvinnulífinu hefur dregist saman, nema e. t. v. í fiskveiðiflotanum, og svo er þrengt að atvinnuvegunum að allar undirstöðugreinar atvinnulífsins eru reknar með stórfelldum halla og skuldasöfnun. Jafnvel ríkisfyrirtækin ná aðeins endum saman með því að slá erlend lán, svo sem Sementsverksmiðja ríkisins. Flest ríkisfyrirtæki í atvinnurekstri eru rekin með verulegum halla, svo sem fram kom í svari iðnrh. á Alþingi fyrir nokkru.

10. Íbúðabyggingar á vegum einstaklinga hafa dregist saman ár eftir ár og enn má búast við stórfelldum samdrætti í íbúðabyggingum einstaklinga á næsta ári.

Það er sérstakleg athyglisvert, þegar litið er yfir þetta tímabil, hversu mjög hefur þrengt að einstaklingum og frjálsum félagasamtökum þeirra. Það er ótvírætt erfiðara en áður fyrir unga menn að ráðast í að byggja sér íbúðir eða leggja út í nýjan atvinnurekstur við núverandi aðstæður. Þannig er í reynd komið í veg fyrir að atorka einstaklinganna verði virkjuð á hagkvæman hátt fyrir þjóðfélagið, en þá frumorku er ekki síður þörf að virkja en aðrar auðlindir lands og þjóðar.

Ég vík þá að stefnu fjárlaga undanfarinna ára og stefnu fjárlagafrv. fyrir árið 1982.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1982 felur í sér sömu meginstefnu og fjárlög undangenginna ára, þ. e. frá árinu 1979. Það felur í sér þenslu eyðsluútgjalda ríkissjóðs, aukna skattbyrði, niðurskurð fjárveitinga til framkvæmda og framlaga til sjóða atvinnuveganna. Áfram er haldið á þeirri braut að taka markaðar tekjur og skatta, sem lagðir voru á til ákveðinna verkefna, til almennrar eyðslu ríkissjóðs og taka lán til opinberra þarfa í stórum stíl og ýta þannig vandanum á undan sér. Koma tímar og koma ráð, gætu verið einkunnarorð hæstv. fjmrh. og ríkisstj. undangengin ár að þessu leyti, svo rík er sú árátta að koma af sér óþægilegum vanda og færa yfir á þá sem síðar taka við stjórnartaumunum.

Fjárlagafrv. er byggt á þeirri meginforsendu sem svo er lýst í grg. þess, með leyfi hæstv. forseta: „Reiknitala fjárlagafrv. varðandi hugsanlega hækkun verðlags og launa er miðuð við 33% milli áranna 1981 og 1982." Sérstaklega er tekið fram að reiknitalan sé „ekki hugsuð sem verðbólguspá fyrir komandi ár". Á það lagði hæstv.

fjmrh. af einhverjum ástæðum sérstaka áherslu við 1. umr. Þessu var öfugt farið í fyrsta fjárlagafrv. núv. hæstv. ríkisstj. fyrir árið 1980. Þar er „niðurtalningunni" lýst nákvæmlega. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stjórnarsáttmálanum eru boðaðar eftirtaldar aðgerðir í verðlagsmálum í því skyni að draga úr verðbólgu:

1. Verðhækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1 nóv. 5%. Á árinu 1981 verði ákveðin tímasett mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Um verðhækkanir af erlendum uppruna, sem ekki rúmast innan ofangreindra marka að mati verðlagsráðs, setur ríkisstj. sérstakar reglur. Þessar sérstöku reglur hafa ekki áhrif á gildandi ákvæði um útreikning kaupgjaldsvísitölu.

2. Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981.

3. Fyrir maí/júní 1980 skulu afgreiddar sérstakar hækkunarbeiðnir fyrirtækja og stofnana sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að verðbreytingar slíkra aðila geti síðan fallið innan þess ramma sem framangreind mörk setja."

Hér er ekkert verið að skafa utan af nákvæmri forskrift niðurtalningarinnar, hvernig nákvæmlega skuli telja niður verðlag. Síðan segir orðrétt í grg. frv. fyrir 1980, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samræmi við þetta er frv. miðað við það, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði um 31% og meðalhækkun verðlags 1979-1980 verði 45-46%."

Því má kannske skjóta hér inn í að það er svo með meiri háttar bröndurum í íslenskri pólitík upp á síðkastið, að nú keppast hæstv. ráðherrar ríkisstj. við að segja að þessi niðurtalningarforskrift, sem þeir tíunduðu svo nákvæmlega í fyrsta fjárlagafrv. sínu, hafi gefist svo vel að það hafi stefnt í 70% verðbólgu í staðinn fyrir 30% sem þeir settu sér sem markmið. Og verðbólgan er nú 50% eins og um getur í bréfi Seðlabankans.

Í öðru frv. til fjárlaga frá núv. hæstv. ríkisstj., fyrir árið 1981, segir svo einnig orðrétt, með leyfi forseta:

„Meginforsendur þessa frv. eru eftirfarandi:

4. að verðlagshækkanir frá miðju ári 1980 til miðs árs 1981 verði um 42%, sem er nokkru minni verðbólga en verið hefur nú um skeið."

Þannig var í tveimur fyrstu fjárlagafrv. hæstv. núv. ríkisstj. sett fram ákveðin stefna. Þar var alla vega leitast við að hafa stefnu og setja fram markmið í verðlagsmálum á því ári sem viðkomandi fjárlagafrv. fjallaði um. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982, sem hér er til umr., er hvergi minnst á „niðurtalningu", ekkert markmið er lengur til í viðureigninni við verðbólguna, að eins „reiknitala" út í bláinn. Þetta er augljóslega staðfesting á algerri uppgjöf ríkisstj. á þeirri margfrægu niðurtalningu, enda átti verðbólgan að vera 31% árið 1980 samkv. henni og fara niður í 10% á þessu ári. En því miður eru litlar líkur til þess, svo vægt sé til orða tekið.

En hvað þýðir þessi reiknitala? Í bréfi frá Þjóðhagsstofnun til fjvn. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hækkunin dreifist jafnt yfir árið felur þetta í sér 27% hækkun frá upphafi til loka ársins. Ferlarnir yfir árið gætu verið með ýmsum hætti, hækkunin gæti verið tiltölulega meiri framan af ári og minni á síðari hluta ársins, en til þess að meðalhækkun fari ekki yfir 33% yrði hækkunin frá upphafi til loka ársins að vera töluvert minni." Sem sagt, reiknitalan þýðir að verðbólgan má í hæsta lagi verða 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári ef reiknitalan á að standast.

Miðað við þær aðstæður, sem nú eru í efnahagsmálum og öllum eru ljósar, jafnvel talsmönnum ríkisstj. og sérfræðingum þeirra, vekur það athygli að þessi reiknitala stenst alls ekki nema stórlega dragi úr verðbólgunni og hún verði ekki meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka, eins og ég sagði áðan. Bresti þær forsendur og verðbreytingin reynist meiri milli ára en 33% og 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári hlýst augljóslega af því verðrýrnun allra fjárveitinga að raungildi sem eru fastar í krónutölu, t. d. allra framkvæmdaframlaga í landinu.

Hér skal tekið dæmi sem Vegagerð ríkisins reiknaði og forráðamenn hennar tóku með sér á fund fjvn. til að lýsa áhyggjum sínum yfir.

Fjárvöntun, til þess að framkvæmdagildi fjárveitinga til vegagerðar haldist, yrði sem hér segir: Í fyrsta lagi, ef verðhækkun verður 33% milli áranna, eins og frv. gerir ráð fyrir, vantar 3.7 millj. kr. á að vegáætlun haldi framkvæmdagildi sínu. Í öðru lagi, ef verðbreyting verður 40% milli ára vantar 17.3 millj. kr. Og í þriðja lagi, ef verðbreyting verður 45% milli ára vantar hvorki meira né minna en 34.4 millj. kr. til þess að fjárveiting til vegagerðar haldi raungildi sínu. Þannig hefur slíkur reiknitöluútreikningur sjálfvirkan niðurskurð í för með sér á framkvæmdafé í fastri krónutölu ef verðbólgan verður meiri en 27% frá ársbyrjun til ársloka á næsta ári.

Að því er vikið í grg. frv., að heildarútgjöld samkvæmt því verði 28.1% af þjóðarframleiðslu, eða svipað hlutfall og er í ár. Þessi útreikningur er auðvitað villandi og gefur alranga mynd af aukningu ríkisumsvifanna. Eyðsluútgjöld ríkissjóðs hafa hækkað langt umfram verðlagshækkanir á síðustu árum. Samkv. fjárlögum fyrir árið 1981 hækkuðu rekstrarliðir samtals um 55.7% frá fjárlögum fyrra árs en þá var miðað við 42% verðhækkun milli ára. Samkv. frv. hækka rekstrarliðir um 44.5% en reiknitala almennra verðhækkana um 33%. Fjárveitingar til stofnkostnaðar og fjármagnstilfærslna hækka samkv. frv. einungis um 20.4% frá árinu í ár. Þar er m. a. um að ræða framlög af skatttekjum til fjárfestingarsjóða. Þessi útgjöld eru stórkostlega skorin niður en atvinnuvegasjóðirnir látnir taka lán í staðinn. Á þennan hátt er fjárveitingum ýtt út fyrir A-hluta ríkisgeirans og heildarútgjaldatölur í honum gerðar ósambærilegar milli ára. Hefðu útgjaldaliðir frv., sem nefnast fjárfestingar og fjármagnstilfærslur, hækkað um 33%, þ. e. um almenna verðlagsforsendu frv., hefðu útgjöld þessi í heild hækkað í 7977 millj. kr., sem er 29.5% af áætlaðri þjóðarframleiðslu á næsta ári.

Þensla ríkisútgjalda og umsvifa í heild sést einnig á því, hve ráðstöfunarfé ríkisins og fyrirtækja þess hefur aukist bæði að því er varðar skatta og auknar lántökur, svo sem ég mun víkja að síðar. Þróunin er því augljós og furðulegt að með talnablekkingum sé reynt að fela þá staðreynd. Á það má m. a. benda í þessu sambandi, að í ræðu fjmrh. við 1. umr. um frv. kom fram að tekjur og gjöld ríkissjóðs hafa hækkað fyrstu níu mánuði yfirstandandi árs um hvorki meira né minna en 60—61%. Varla verður annað sagt en það sé úr takt við almenna verðþróun í landinu og sýni hvað ríkisumsvifin aukast, enda kom það fram, — það má kannske bæta því við, það kom mjög glöggt fram

í ræðu formanns fjvn. að hann hefur einmitt þungar áhyggjur af þessari þróun ríkisfjármálanna, að rekstrar- og eyðsluútgjöld ríkissjóðs, aukist langt fram úr öllum öðrum stærðum.

Undanfarin ár hefur skattbyrði aukist ár eftir ár, ýmist vegna álagningar nýrra skatta, t. d. gjalds á ferðalög til útlanda, orkujöfnunargjalds, skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða hækkana söluskatts, vörugjalds, tekju- og eignarskatts. Þá hafa skattar til sveitarfélaga hækkað á sama tíma. Skattar til ríkisins voru 25% af þjóðarframleiðslu 1977, en samkv. frv. í ár telur Þjóðhagsstofnun að þeir verði 28.5%. Hér er um að ræða hækkun sem nemur 3.4% af þjóðarframleiðslu eða 920—930 millj. kr., þ. e. tæplega 100 milljörðum gkr. Þetta þýðir 20 þús. kr. aukna skattbyrði á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Ég mun síðar og í öðru samhengi víkja nánar að þessum mikla aukaskattreikningi til almennings frá ríkisstjórnum sem setið hafa síðan 1978.

Samkv. nýrri tekjuspá Þjóðhagsstofnunar hækka innheimtir skattar til ríkisins á árinu 1982 um 44%, og er þá um að ræða sömu verðforsendur og miðað er við í útgjaldahliðinni, þ. e. 33%. Skattarnir aukast því fram yfir þær verðlagsforsendur og nánast í takt við eyðsluútgjöld ríkissjóðs, eins og ég hef vikið að áður.

Á yfirstandandi ári hækka skattar til ríkissjóðs vegna hækkandi tollhlutfalls af innflutningi. Ástæðan er talin mikill innflutningur hátollavöru, jafnvel kaupæði, vegna yfirvofandi gengisbreytinga á árinu, auk þess sem innfluttum bifreiðum fjölgar. Á árinu 1980 voru fluttar inn 8650 bensínbifreiðar en í ár um 9000. Og í tekjuáætlun er gert ráð fyrir svipaðri tölu innfluttra bíla. Þessi hagstæða þróun fyrir ríkissjóð kemur að sjálfsögðu fram gagnvart almenningi sem aukin skattbyrði. Nú er álitið að tekjur hækki almennt milli ára 1980—1981 um a. m. k. 51—52%, í stað þess að í forsendum frv. var gert ráð fyrir 50% tekjubreytingu og skattvísitölu 150 í samræmi við það. Fulltrúar Þjóðhagsstofnunar gáfu fjvn. þær upplýsingar, að þessi hækkun tekna almennings mundi hafa í för með sér 5—6 millj. kr. auknar tekjur fyrir ríkissjóð, ef skattvísitölu yrði breytt í 152, en 20—30 millj. kr. tekjuauka að óbreyttri skattvísitölu. Hvert skattvísitölustig, sem er lægra en tekjubreyting, er áætlað að auka tekjur ríkkissjóðs um 15—16 millj. kr. Hér er því um varfærna áætlun að ræða. Það skal tekið fram, að ekki hefur enn verið gert ráð fyrir að hækka tekjuáætlun ríkissjóðs vegna þessara breyttu forsendna um hækkun tekjuskatts.

Öll kurl virðast ekki heldur komin til grafar um nýja skattheimtu. Í grg. fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar er frá því skýrt, að í athugun hjá ríkisstj. sé að leggja á svonefnt byggðalínugjald. Á það samkv. grg. að nema 40 millj. kr. Ekki hefur enn verið gerð grein fyrir þessu gjaldi í tekjuáætlun ríkissjóðs.

Eignarskattar hækka enn samkv. frv. langt umfram aðra skatta til ríkisins, en svo hefur verið í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Samkv. nýrri áætlun Þjóðhagsstofnunar hækka eignarskattar um 61.6% frá fjárlögum í ár en tekjuskattar einstaklinga um 53.6%. Skattbyrði þessara skatta á greiðsluári eykst verulega frá því í fyrra miðað við þessar áætlanir.

Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar eykst skattbyrði eignarskatta einstaklinga 1982 samkv. þessum áætlunum, miðað við tekjur greiðsluárs og forsendur frv., þannig að í prósentum af tekjum greiðsluárs eru eignarskattar á árinu 1981 0.51% af tekjum en á árinu 1982 verða þeir 0.58% samkv. frv. Séu eignarskattar einstaklinga, tekjuskattur, sjúkratryggingargjald og nefskattur lögð saman, þá telur Þjóðhagsstofnun að skattbyrði þessara skatta aukist þannig að í prósentum af tekjum greiðsluárs hafi þessir skattar verið 6% í ár en verði 6.7% samkv. frv.

Það vekur sérstaka athygli í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 að dyggilega og markvisst er haldið áfram á þeirri braut að taka í síauknum mæli skatta, sem lagðir hafa verið á í sérstöku skyni, til þess að standa undir almennum eyðsluútgjöldum ríkissjóðs. Þar má t. d. nefna erfðafjárskatt, sem á að renna m. a. til endurhæfingar fatlaðra, skemmtanaskatt, sem á að renna til Félagsheimilasjóðs o. s. frv. Þá er byggingarsjóðsgjald, sem áður reiknaðist af ýmsum skattstofnum, fellt inn í almenna skattkerfið án lækkunar þeirra álaga. Það rennur nú í raun í ríkissjóð en fór áður í Byggingarsjóð ríkisins.

„Orkujöfnunargjald", 1.5% á söluskattsstofn, sem er áætlað að gefi af sér 1982 192 millj. kr., var lagt á í því skyni að afla fjár til olíustyrkja til húshitunar og orkumála. Það fer samkv. frv. að verulegum hluta í ríkissjóð til almennra þarfa. Í ár, 1981, rennur þetta gjald þó að miklu leyti í beinar fjárveitingar til orkumála og olíustyrkja, en samkv. frv. verður þessu öfugt farið árið 1982. Í nál. okkar minnihlutamanna er þetta dæmi skýrt í tölum. Þar er niðurstaðan sú, að hvorki meira né minna en 105 millj. nýkr. eða 10.5 milljarðar gkr. fari til eyðslu ríkissjóðs af þessu gjaldi þegar frá hafa verið dregnar beinar fjárveitingar til orkumála og olíustyrkja. En þetta gjald var lagt á í þessu skyni árið 1980 og er ekki lengra síðan að svo frómur rökstuðningur var fyrir álagningu þess. Það er því ekki á eina bókina lært hvernig fjármunir eru teknir af skattborgurunum í eyðsluhít ríkissjóðs.

Herra forseti. Var ætlunin að fresta umr.? (**Forseti:** Já, ekki seinna en kl. 5, ef vel stæði á þá.) Það getur alveg eins verið hér. (**Forseti:** Já, þá held ég að það sé ágætt.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég held áfram ræðu minni. En ég vek athygli hæstv. forseta á því, að hæstv. ríkisstj. virðist ekki hafa mikinn áhuga á að hlýða á málflutning þingmanna í þessu eina máli sem hún hefur lagt sérstaka áherslu á að þyrfti að afgreiða fyrir jól og er stærsta mál hvers Alþingis. Ég sé engan hæstv. ráðh. hér við umr.

Samkv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir lántökum til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja sem nema 1 215.9 millj. kr. Þar af eru erlend lán að upphæð 695.9 millj. kr., sem er rúmlega þrettánföldun frá 1978. Þessi upphæð hefur hækkað nokkuð í meðförum hv. fjvn. Lántökur verða nú 13.5% af heildarráðstöfunarfjármagni ríkissjóðs, þ. e. samanlögðum tekjum og lántökum, en þetta hlutfall var 1978 6.9%. Þannig hafa umsvif ríkissjóðs aukist fram yfir skattahækkanir. Tekjur ríkissjóðs og áætlaðar lántökur til A- og B-hluta eru samtals 9015 millj. kr. eða 33.4% af þjóðarframleiðslu. Þessu fjármagni ráðstafar ríkisstj. og meiri hl. Alþingis og raunar miklu meiru með lánsfjárlögum í heild. Tekjur fjárlaga að viðbættum lántökum samkv. lánsfjáráætlun nema í ár hvorki meira né minna en 10 milljörðum nýkr. eða 1000 milljörðum gkr., en það jafngildir 37% af allri þjóðarframleiðslunni sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. Alþingis ráðstafar.

Það vekur sérstaka athygli hve erlend lántaka til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hefur aukist á

undanförnum árum. Erlend lán til A- og B-hluta voru sem hér segir á viðkomandi árum: árið 1978 48 millj. 660 þús., árið 1979 56 millj. 480 þús., árið 1980 213 millj. 600 þús., árið 1981 283 millj. 840 þús. og 1982 samkv. frv. 695 millj. 970 þús. og hefur þessi upphæð, eins og ég sagði áðan, hækkað enn. Þetta er rúmlega þrettánföldun, eins og ég sagði áðan, og að raungildi miðað við byggingarvísitölu hafa erlend lán til A- og B-hluta þrefaldast á tímabilinu frá 1978.

Lántökur til A- og B-hluta voru sem hlutfall af heildarráðstöfunarfjármagni ríkissjóðs hverju sinni, þ. e. samanlögðum tekjum og lántökum, sem hér segir: 1978 voru lántökurnar 6.9% af ráðstöfunarfjármagni ríkissjóðs, 1979 6.8%, 1980 10.2%, 1981 10.4%, og nú hækkar þetta hlutfall mest eða upp í a. m. k. 13.5% samkv. frv. Hér er augljóslega hættuleg þróun á ferðinni og er greinilegt að skattahækkanir undanfarinna ára hafa ekki nægt til þess að auka ríkisumsvifin, heldur er sífellt gripið til aukinnar lántöku sem er auðvitað ávísun á skattahækkanir síðar. Að heildarlántökum þjóðarbúsins erlendis mun ég koma síðar.

En ríkissjóði virðist ekki nægja að auka lántökur erlendis. Samkv. frv. fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að spariskírteinaútgáfa ríkissjóðs innanlands aukist um 66.6% frá því í ár, þótt fyrir liggi að einungis þriðjungur af spariskírteinum, sem selja átti á þessu ári, hafi selst, lántökur í bankakerfinu aukist um 102% og verðbréfakaup lífeyrissjóða verði meiri en í ár, þótt fyrir liggi að ekki hefur tekist að afla nærri því allra þeirra lána í lífeyrissjóðum til opinberra þarfa sem stefnt var að í lánsfjáráætlun fyrir yfirstandandi ár. Ríkissjóður er í harðri samkeppni við atvinnuvegina á þessum lánamarkaði, þ. e. öflun lánsfjár úr lífeyrissjóðakerfinu. Vegna yfirburðaaðstöðu sinnar hefur ríkissjóður í ár tryggt sér það fjármagn sem hann ætlaði að nálgast úr lífeyrissjóðakerfinu. Aftur á móti skortir mjög á að Framkvæmdasjóður og þar með sjóðir atvinnuveganna hafi fengið það fé úr lífeyrissjóðunum sem stefnt var að með lánsfjáráætlun. Þannig hefur fjármagninu verið beint frá atvinnuvegunum til ríkisins, til hins opinbera, og er hér aðeins um að ræða einn þáttinn í því að auka miðstýringu og ríkisafskipti í þjóðfélaginu.

Til marks um fullkomið ábyrgðarleysi ríkisstj. í lánsfjáröflun skortir nú milli 90 og 100 millj. kr. á að takist að afla fjár til Byggingarsjóðs ríkisins og Framkvæmdasjóðs í ár samkv. lánsfjáráætlun, og er þá gripið til þess ráðs, sem er óþekkt fyrirbrigði áður, að láta Byggingarsjóð ríkisins, sem verður að sætta sig við niðurskurð á framlagi úr ríkissjóði, taka 40 millj. kr. lán í Seðlabankanum. Og Framkvæmdasjóði er vísað á erlendar lántökur til þess að standa að nokkru við lánsfjárloforð sín til atvinnuvegasjóðanna.

Lántökugleði hæstv. ríkisstj. virðast lítil takmörk sett. Þannig hefur Sementsverksmiðja ríkisins verið látin taka 10 millj. kr. erlent lán til þess að endar nái saman í rekstrinum. Byggðasjóði, sem fær skert ríkisframlag ár eftir ár, er sagt að taka stórlán í Seðlabankanum til að fleyta þeim tugum fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu sem rekin eru með mestu tapi. Í nýútkominni skýrslu Landsvirkjunar kemur fram að síðustu ár hefur fyrirtækið orðið að taka lán vegna hallarekstrar og nemur sú fjárhæð 1470 millj. gkr. fyrir árið 1980. Slík dæmi mætti lengi rekja.

Flestar leiðir hafa verið reyndar í lántökum ríkissjóðs og skuldasöfnun. Þannig hefur skuldastaða ríkissjóðs við almannatryggingar versnað verulega á undanförnum árum. Í árslok 1980 var skuldastaðan við almannatryggingar 92.8 millj. nýkr. eða rúmir 9 milljarðar gkr. Þessi skuld var einungis 12.7 millj. 1977 og hefur því rúmlega sjöfaldast á þessu tímabili. Skuld ríkissjóðs við sjúkrasamlög er ekki meðtalin í þessum tölum og ekki sá skuldabaggi daggjaldasjúkrahúsa sem hefur vaxið umfram verðlag að undanförnu og lendir að mestu á ríkissjóði ári eftir að til hans er stofnað.

Samkv. fjárlagafrv. er haldið áfram þeirri stefnu að skerða framlög úr ríkissjóði til stofnlánasjóða, bæði hreinna fjárfestingarlánasjóða og sjóða sem hafa félagsleg markmið. Stofnlánasjóðir eiga að sjálfsögðu að ávaxta fé sitt á eðlilegan hátt og verðtryggja, en skerðing fjárveitinga til þeirra á að koma fram í skattalækkun, sérstaklega á atvinnuvegina, en ekki verða til þess að auka svigrúm til eyðsluútgjalda ríkissjóðs, svo sem gert hefur verið ár eftir ár undanfarið.

Í nál. okkar minnihlutamanna er ítarlegt yfirlit um skerðingu fjárveitinga til hefðbundinna sjóða. Þar er m. a. sýndur útreikningur fjárlaga- og hagsýslustofnunar á því, hvernig skerðing þessara sjóða hefur aukist á föstu verðlagi á undanförnum árum. Skerðing fjárveitinga til Fiskveiðasjóðs miðað við lög er nú 21.7 millj. kr. og hefur hún tvöfaldast að raungildi síðan 1978. Sé tekið dæmi af Stofnlánadeild landbúnaðarins er skerðing framlaga til hennar 10.2 millj. kr. og hefur aukist um 50% að raungildi síðan 1980.

Í frv. er að finna miklu fleiri dæmi um niðurskurð fjárveitinga til mikilvægra sjóða en hefðbundinna fjárfestingarsjóða. Þar er t. d. um að ræða Byggðasjóð, Orkusjóð, Byggingarsjóð ríkisins, Iðnlánasjóð og Erfðafjársjóð. Framlög til þessara sjóða eru skert miðað við lög og raungildi fyrri fjárveitinga og skal nú vikið að því.

Samkv. lögum um Byggðasjóð skal ríkisframlag til sjóðsins ekki vera minna en svo, að ráðstöfunarfé hans nemi 2% af útgjaldafjárhæð fjárlagafrv. Í grg. frv. er þess getið, að fjárveitingin 1982 sé miðuð við að ráðstöfunarfé hans sé 1.6% af útgjaldahlið frv., með því að sjóðurinn taki 50 millj. kr. lán. Ef fullnægja ætti lögum yrði framlag til sjóðsins 84 millj. kr. hærra en frv. gerir ráð fyrir og 34 millj. kr. hærra þótt lántakan sé viðurkennd sem framlag.

Í nál. okkar minnihlutamanna eru sýndar fjárveitingar til Byggðasjóðs undanfarin ár. Niðurstaðan er sú, að fjárveitingar til sjóðsins hafa lækkað að raungildi ár eftir ár og um helming síðan 1978. Fjárveiting 1982 þyrfti að vera 96.9 millj. kr. í stað 52.5 millj. ef hún hefði átt að hafa sama raungildi og fjárveitingin 1978. Svo harkaleg er meðferð hæstv. ríkisstj. á Byggðasjóði. En eins og kunnugt er hefur ríkisstj. falið Byggðasjóði nú um þessar mundir að veita eins konar kreppulán til tuga fyrirtækja í sjávarútvegi í viðbót við venjulega lánafyrirgreiðslu sjóðsins.

Sama gildir um fjárveitingar til Orkusjóðs. Þær hafa lækkað síðan nýja „orkujöfnunargjaldið" var lagt á 1980 og alveg sérstaklega samkv. fjárlagafrv. Verðjöfnunargjald á raforku er fært til tekna í fjárlagafrv. og er innifalið í fjárveitingum til Orkusjóðs, en greiðist þaðan til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Að frádregnu verðjöfnunargjaldinu er hrein fjárveiting til Orkusjóðs sem hér segir undanfarin ár: 1980 59 millj.,

1981 83.9 millj., en þá var greiddur af þessari fjárveitingu hluti fjármagnskostnaðar fyrir Kröflu, 1982 er svo fjárveiting til Orkusjóðs aðeins 45.1 millj. kr. að frádregnu jöfnunargjaldinu, en þyrfti að vera 106 millj. kr. ef raungildi fjárveitingar 1980 ætti að haldast, þ. e. skerðingin er 54 millj. kr. eða rúmlega 100%.

Um Iðnlánasjóð gilda ekki lagaákvæði um ríkisframlög. Það er til marks um stefnuleysi niðurskurðar á framlögum til sjóðanna samkv. frv. að fjárveitingar eru ákveðnar þannig, að til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hækka þær um 40% á fjárlögum í ár, til Fiskveiðasjóðs um 40%, en til Iðnlánasjóðs er fjárveitingin lækkuð í krónutölu um 88%. Hún er í fjárlögum í ár 4 millj. 250 þús. kr., en í frv. er einungis gert ráð fyrir að fjárveiting til Iðnlánasjóðs verði 500 þús. kr. Séu báðir sjóðir iðnaðarins, Iðnlánasjóður og Iðnrekstrarsjóður, skoðaðir saman kemur í ljós að fjárveiting til beggja sjóðanna var í fjárlögum í ár 11.2 millj. kr. og er þá meðtalinn hluti aðlögunargjalds, sem gekk til Iðnrekstrarsjóðs. En í ár er fjárveiting til beggja sjóðanna 10.5 millj., hún lækkar um 6.7% að krónutölu.

Iðnrekstrarsjóður er ekki fjárfestingarlánasjóður. Hann sinnir útflutningsaðgerðum og vöruþróun. Þess vegna ber í raun að líta á þessa sjóði sinn í hvoru lagi. Á hinn bóginn stingur í augu sú stefna sem fram kemur í þessum fjárlagatillögum gagnvart þeim atvinnuvegi sem þarf fyrst og fremst að vaxa og taka við viðbótarvinnuafli sem kemur á vinnumarkaðinn á næstu árum. Hér er enn eitt dæmið um afturhaldsstefnu hæstv. ríkisstj. og stuðningsliðs hennar á Alþingi gagnvart atvinnuvegunum.

Þá vil ég víkja að málum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í lögum um launaskatt, sem er 3.5% á launaskattsstofn, er kveðið svo á að 2% af skattinum skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins. Auk þess rann í sjóðinn svonefnt byggingarsjóðsgjald sem var 1% álag á tekju- og eignarskatt og aðflutningsgjöld. Launaskatturinn var beinlínis lagður á á þeim forsendum að hann gengi í Byggingarsjóð ríkisins, enda var um það samið milli verkalýðshreyfingarinnar og vinnuveitenda á sínum tíma.

Árið 1979 var tekið upp á því að skerða þessi mörkuðu gjöld. Skerðing launaskatts var 620 millj. gkr. 1979 og 3660 millj. gkr. 1980. Árið 1981 var eitt prósentustig fellt niður, tekið í ríkissjóð, en hluti skattsins látinn renna í Byggingarsjóð verkamanna, þ. e. 1%. Í lögum um húsnæðismálastjórn o. fl., sem breytt var 1980, voru afnumin bein ákvæði um hversu mikill hluti launaskatts gengi til húsnæðismála, nema 1% skyldi renna í Byggingarsjóðs verkamanna, byggingarsjóðsgjald var afnumið sem markaður tekjustofn, en áðurnefndir skattar, sem það lagðist á, ekki lækkaðir. Eftir stendur þó enn í lögum um launaskatt að 2%-stig af 3½% alls eða rúmlega helmingur hans skuli renna í Byggingarsjóð ríkisins, enda hefur sá hluti skattsins ætíð verið lagður á með þeim rökstuðningi.

Allar þessar tilfæringar hafa skert beinar fjárveitingar til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna þótt skattarnir hafi áfram verið lagðir á. Séu beinar fjárveitingar í báða sjóðina lagðar saman kemur í ljós að þær þyrftu að vera 30—33% hærri að raungildi í ár ef þær ættu að halda framkvæmdagildi sínu, sama framkvæmdagildi og árið 1978. Sé á hinn bóginn athugað, hvernig fjárveitingar skiptast milli sjóðanna, hefur raungildi fjárveitinga hækkað til Byggingarsjóðs verkamanna en minnkað svo stórkostlega til Byggingarsjóðs ríkisins að raungildi fjárveitinga til hans samkv. fjárlagafrv. er einungis 1/7 þess sem það var 1978. Þessi stefnubreyting varð 1981, þegar ákveðið var að 1% af launaskatti rynni í Byggingarsjóð verkamanna, en fjárveiting til Byggingarsjóðs ríkisins var skorin niður um hærri fjárhæð en sem því nam.

Við fjárlagaumr. í fyrra gagnrýndi ég harðlega þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur í húsnæðismálum. Það er auðvitað gott og blessað að auka svokallaðar félagslegar byggingar. En á það er að líta, að það eru ekki allir sem eiga kost á að búa í slíku húsnæði. Og það er algjör kúvending í grundvallarstefnu þeirri, sem fylgt hefur verið á Íslandi í húsnæðismálum, að auka þessar félagslegu byggingar alfarið á kostnað fjárveitinga og fyrirgreiðslu til íbúðabygginga á vegum einstaklinga.

Reynslan sýnir ótvírætt nú hvernig þessi stefna er í framkvæmd. Íbúðabyggingar í heild, bæði félagslegar byggingar og íbúðabyggingar á vegum einstaklinga, hafa dregist saman ár eftir ár samkv. upplýsingum úr sjálfri skýrslu ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun síðustu ára. Þessi samdráttur er orðinn að magni til nærri 14% á tveimur til þremur árum. Og ekkert bendir til að hann minnki á næsta ári, þótt spár í fjárfestingaráætlun ríkisstj. séu þær, að íbúðabyggingar haldist í horfinu næsta ár.

Það segir einnig sína sögu þegar um húsnæðismálin er að ræða, að nú á þessu ári bárust húsnæðismálastjórn 20—25% færri umsóknir um ný lán úr almenna byggingarsjóðnum fram til 1. okt. heldur en henni bárust á sama tíma í fyrra. Augljóst er að ungu fólki, sem vill koma yfir sig þaki, finnst ekki árennilegt að ráðast í slíkt við ríkjandi aðstæður, og lái ég það engum satt best að segja. Það er svo kapítuli út af fyrir sig að í fyrsta skipti í sögunni þarf húsnæðismálastjórn að taka 40 millj. kr. lán í Seðlabankanum, bráðabirgðalán, og geyma sér þann vanda til næsta árs til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar fram að áramótum. Þetta sýnir hug ríkisstj. til húsnæðismála. En þetta er líka dæmigert bjargráð þessarar hæstv. ríkisstj.: að fresta öllum hlutum, taka lán og fresta öllum vanda eins lengi og frestað verður. Framtíðinni er ætlað að leysa hann og greiða úr þeirri upplausn sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur skapað í þjóðlífinu.

Þótt ríkisumsvifin hafi þanist út með aukinni skattheimtu og lántökum hafa fjárveitingar til ýmissa viðkvæmra framkvæmda dregist sífellt saman á ýmsum sviðum. Þetta á einkum við um framkvæmdir sem eru mikilvægar flestum minni byggðarlögum í landinu. Raungildi fjárveitingar til hafnarframkvæmda, grunnskólabygginga og íþróttamannvirkja hefur dregist saman ár eftir ár frá 1978. Á yfirstandandi ári skortir 27% á að raungildi fjárveitinga til hafnarframkvæmda haldist frá 1978, 12% til grunnskólamannvirkja og 19% til íþróttamannvirkja.

Samkv. fjárlagafrv. áttu öll þessi framkvæmdaframlög að lækka enn verulega. Í meðförum fjvn. og samkv. till. hennar varð nokkur hækkun þessara viðkvæmu fjárlagaliða. Erfitt er að meta hvort þessar fjárveitingar halda raungildi sínu frá fyrra ári eða fyrri árum vegna þess að raunveruleg verðbólga á næstunni skiptir sköpum í því efni. Reynslan verður að leiða það í ljós, en þróun síðustu ára sem ég hef greint frá, talar sínu máli um þá byggðastefnu sem þessi hæstv. ríkisstj. hreykir sér

stundum af.

Í fjárlagafrv. er haldið áfram á þeirri braut að gera upptækar í ríkissjóð tekjur sem samkv. lögum er aflað í tilteknu skyni. Svo er t. d. um erfðafjárskatt, skemmtanaskatt og launaskatt. Þessi tekjuupptaka ríkissjóðs sundurliðast þannig samkv. frv.:

	þús. kr.
1. Hluti erfðafjárskatts	4 000
2. Hluti skemmtanaskatts	3 145
3. Hluti launaskatts	54 114
Samt.	61 259

Erfðafjárskattur er innheimtur á þeim forsendum að efla Erfðafjársjóð, en hlutverk hans er m. a. að styrkja endurhæfingu fatlaðs, lamaðs eða sjúks fólks. Þess má geta, að erfðafjárskattur á yfirstandandi ári var áætlaður 8 millj. kr., en verður 9—10 millj. kr. samkv. nýjustu upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Hins vegar fer föst krónutala af skattinum 6 millj. kr., í Erfðafjársjóð. Skerðing hans verður því í reynd 3—4 millj. kr. á ári fatlaðra, en samkv. fjárlögum átti að vera um 2 millj. kr. niðurskurð að ræða og upptöku í ríkissjóð.

Hliðstæð vinnubrögð hafa verið viðhöfð síðan 1979. Lánsfjárlög takmarka framlög á mörkuðum tekjustofnum við ákveðna krónutölu, en ríkissjóður hirðir kúfinn sem venjulega myndast vegna krónutöluhækkunar tekjustofnsins frá fjárlagaáætlun. Þannig hefur farið um erfðafjárskattinn, launaskattinn og skemmtanaskattinn. Miklu hærri fjárhæðir af þessum sköttum en fjárlög greina renna í raun í ríkissjóð. Skemmtanaskatturinn á að efla Félagsheimilasjóð og virðist því sumum mönnum þykja bera brýna nauðsyn til að skerða þann tekjustofn og gera upptækan hluta hans í ríkissjóð. Fleiri skattar, sem lagðir eru á eða lagðir voru á gjaldendur í ákveðnu skyni, hafa verið teknir í ríkissjóð, ýmist um stundarsakir eða að fullu og öllu. Má nefna byggingarsjóðsgjald, sem ég minntist á áðan, það er innheimt en hefur breytt um nafn. Orkujöfnunargjald hefur áður borið á góma. Sama er að segja um aðlögunargjald. Það hefur legið í ríkissjóði langtímum saman áður en því hefur verið varið til þeirra verkefna sem það er lagt á til. Þegar þessi skattur er innheimtur bókast hann sem tekjur í ríkissjóð, en ekki til skuldar og gjalda. Slík framkvæmd skattlagningar sýnir ranga mynd af raunverulegum ríkisrekstri, auk þess sem raungildi skattsins rýrnar til þeirra hluta sem hann var ætlaður til, en hyglir ríkissjóði að sama skapi.

Í nál. okkar minnihlutamanna er rakin innheimta aðlögunargjalds og ráðstöfun þess sem dæmi um það, hvernig slík skattheimta hefur verið notuð til þess að sýna betri mynd af ríkisrekstrinum um stundarsakir. Ríkisreikningur er gerður upp á greiðslugrunni. Þó eru þar veruleg frávik. T. d. eru söluskattstekjur og aðrar tekjur, sem stafa af veltu desembermánaðar, bókfærðar á viðkomandi ár þótt þær komi inn í janúar á næsta ári. Ýmis gjaldfallin rekstrarútgjöld ríkissjóðs, sem ekki greiðast á viðkomandi ári, eru ekki bókfærð fyrr en þau eru greidd. Þetta er í samræmi við lög.

Ég hef fyrr tíundað hversu miklar fjárhæðir eru færðar út úr A-hluta ríkisreiknings yfir í B-hluta eða út fyrir ríkisreikninginn. Heita má að ekki sé hægt að henda reiður á samanburði ríkisútgjalda samkv. A-hluta nema með miklum aukalegum debet- og kreditfærslum af þessum sökum ef bera á saman milli ára. Sum fjármagnsútgjöld ríkissjóðs, t. d. vegna byggðalína, færast ekki sem vextir, a. m. k. ekki á fjárlögum. Lán eru einfaldlega tekin fyrir framkvæmdum, afborgunum og vöxtum og allt fært á lánsfjáráætlun sem fjárfesting. Augljóst er að marklítið er annars vegar að leggja mikið upp úr bókhaldslegum jöfnuði á rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs, þegar þannig er í pottinn búið, og þaðan af síður að mæla umsvif ríkisgeirans með útgjöldum A-hluta ríkisreiknings eða fjárlaga og bera saman milli ára og við þjóðarframleiðslu þegar það virðist stefnuatriði að gera þessar stærðir ósambærilegar. Brýn nauðsyn er að undirbúa nýja löggjöf um ríkisreikning og fjárlagagerð þannig að betri yfirsýn og samanburðargrundvöllur sé á rekstrar- og greiðslustöðu ríkissjóðs milli ára og betri mælikvarði fáist á raunveruleg ríkisumsvif. Flest ríki fara í þessu efni að samræmdum reglum um ríkisreikningsuppgjör sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið saman og þykir hafa gefið góða raun.

Herra forseti. Eins og ég hef áður lýst, þá er stefna sú, sem fram kemur í þessu fjárlagafrv., óaðskiljanlegur hluti af stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum almennt. Ég mun nú víkja nánar að þeirri efnahagsstefnu og þeirri reynslu sem við höfum af henni á s. l. árum.

Eins og menn muna tók ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar við völdum eftir kosningar 1978. Sú ríkisstj. kallaði sjálfa sig vinstri stjórn og var önnur ríkisstj. á síðasta áratug sem svo gerði. Hún hrökklaðist frá eftir eins árs hávaðasaman valdaferil. Eftir desemberkosningar 1979 var núv. ríkisstj. mynduð. Í báðum þessum ríkisstj. hafa Alþb.-menn og framsóknarmenn haft úrslitavöld. Þeir hafa stjórnað með úrræðum hafta, banna, miðstýringar og skattafargans svo sem áður er lýst. Ég vík nú nokkru nánar en ég gerði í upphafi ræðu minnar að árangri eða öllu heldur afleiðingum þessarar vinstri stefnu. Nú erum við orðin reynslunni ríkari. Hver er þessi reynsla?

Sjávarafli hefur aukist ár frá ári á þessu tímabili, sérstaklega þó þorskafli, sem er mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins. Þetta má rekja til víðtækra friðunaraðgerða og útfærslu landhelginnar í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og Matthíasar Bjarnasonar sem sjútvrh. Þróunin hefur orðið sem hér segir:

Botnfiskafli alls var 1978 479 þús. tonn, 1979 578 þús. tonn, 1980 659 þús. tonn og 1981 er áætlað að hann verði 680 þús. tonn. Þar af var þorskafli 1978 320 þús. tonn, 1979 360 þús. tonn, 1980 428 þús. tonn og 1981 450 þús. tonn samkv. forsendum þjóðhagsáætlunar í ár. Óhætt er því að fullyrða að þjóðin geti nýtt sér 130—150 þús. tonna meiri þorskafla í ár en árið 1978 eða nærri 50% meiri afla af þessu mikilvægasta hráefni fiskiðnaðarins.

Verð á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum hefur einnig verið gott þegar á heildina er litið, t. d. eru saltfiskur og skreið í mjög háu verði. Þótt nokkurrar stöðnunar á verði frystra afurða hafi gætt og verðlækkunar á mjöli og lýsi er talið að verðmæti sjávarafurðaframleiðslunnar hafi aukist í ár um 3% vegna verðhækkana erlendis. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði hefur og bætt ytri skilyrði sjávarútvegsins og þjóðarbúsins.

Þjóðarframleiðslan hefur þrátt fyrir þetta aukist sáralítið á þessu tímabili, þrátt fyrir alla aflaaukninguna og góðæri sem ríkt hefur í sjávarútveginum. Á árunum 1977 og 1978 óx þjóðarframleiðslan á mann samtals um 9% á þessum tveimur árum. En árin 1979 til og með 1982 er

þessi aukning á tvöfalt lengri tími talin verða 3.7% í heild. Vöxtur þjóðarframleiðslunnar á mann verður aðeins 1.6% 1980 og 0.2% 1981, og síðustu spár benda til að þjóðarframleiðslan á mann fari stórlega minnkandi á næsta ári.

Kaupmáttur taxtakaups launþega og bóta elli- og örorkulífeyrisþega hefur öll þessi ár „sigið", eins og formaður Verkamannasambands Íslands kýs að kalla þá þróun. Miðað við þriðja ársfjórðung 1978 hefur kaupmáttur launþega innan ASÍ rýrnað um 7% á sama ársfjórðungi í ár og opinberra starfsmanna um 10.4%. Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu njóta eilítið lakari kaupmáttar nú en á þriðja ársfjórðungi 1978, en kaupmáttur almenns ellilífeyris er 9.5% minni en á þriðja ársfjórðungi 1978. Á töflu í minnihlutaáliti okkar sjálfstæðismanna kemur þessi þróun greinilega í ljós í smærri atriðum, en hún er unnin upp úr upplýsingum frá Þjóðhagsstofnum.

Það er kaldhæðnislegt, að nú telja forustumenn launþega að allt að 20% skorti á að kaupmáttur „sólstöðusamninganna" frá 1977 náist, sbr. kröfugerð opinberra starfsmanna á dögunum. Sú krafa var gerð í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að þessir samningar „tækju gildi" árið 1978, þ. e. að kaupmáttur þeirra næðist þá. Þeirri kröfu var framfylgt með ólöglegum vinnustöðvunum og útflutningsbanni, auk þess sem hún var gerð að höfuðinntaki kosninganna 1978 með slagorðunum: „kosningar eru kjarabarátta", „samningana í gildi".

Viðskiptakjör versnuðu talsvert á árinu 1979, eða um 9.2% vegna síðari olíuverðshækkunar á heimsmarkaðinum. Síðan hafa viðskiptakjör sáralítið versnað í heild þar sem batinn í ár vegur verulega á móti því sem hallaðist á árið 1980. Þessi rýrnum viðskiptakjara 1979 skýrir á engan hátt það lífskjarastig sem orðið hefur á sama tíma sem úr er að spila nærri 50% meiri þorskafla í landinu í ár en 1978.

Athyglisvert er að ólíku er saman að jafna, rýrnum á viðskiptakjörum 1979 eða 1974—1975, en viðskiptakjör rýrnuðu um tæp 26% samtals á þeim árum, enda var þá um að ræða eitt stærsta utanaðkomandi áfall sem Íslendingar hafa orðið fyrir, álíka og þegar síldin hvarf af miðunum á sínum tíma.

Ég vík þá að verðbólgunni og þeim gífurlegu verðhækkunum sem orðið hafa undanfarin ár. Áratugurinn 1960—1970 einkenndist af stöðugleika í efnahagsmálum. Menn töldu þó verðbólguna skaðvald, en hún var oft innan við 10% á ári. Á síðasta áratug varð verðbólgan að allt öðrum og illkynjaðri sjúkdómi. Sú þróun hófst á valdatíma fyrri vinstri stjórnarinnar 1971—1974. Verðbólgan fór þá úr tæpum 4% 1971 í tæp 50% árið 1974. Úr verðbólgu dró verulega fram að kjarasamningunum 1977, en þá var verðbólguhraðinn talinn vera 26%. Eftir það seig á ógæfuhliðina og undanfarin ár hefur verðbólgan verið á milli 50 og 60%.

Í nál. okkar sjálfstæðismanna, 1. minni hl. fjvn., er hækkunarferill framfærsluvísitölunnar sýndur frá 1. nóv. 1978. Þar kemur fram að á þessum árum hefur mældur framfærslukostnaður vísitölufjölskyldunnar hækkað um hvorki meira né minna en 268.2%. Hækkunin á hverjum ársfjórðungi hefur sveiflast frá 8 og upp í 16%. Augljóst er að ekkert lát er á verðbólgunni þótt þær ríkisstjórnir, sem setið hafa frá hausti 1978, hafi talið það eitt af höfuðmarkmiðum sínum að hamla gegn henni.

Núv. ríkisstj. hefur gripið til hugvitssamlegri og rótækari aðgerða til þess að hafa áhrif á útreikning og viðmiðun vísitölunnar en aðrar ríkisstjórnir í seinni tíð. Þessar aðgerðir fela í sér ferns konar tilbrigði:

1. Beina skerðingu verðbótavísitölu.
2. Hörðustu verðlagshöft sem um getur í tvo áratugi.
3. Frestun á verðhækkunum fram yfir útreikningsdag vísitölunnar.
4. Nýja viðmiðun um síðustu áramót sem skekkir samanburð vísitalna milli ára.

Á undanförnum þremur valdaárum Alþb. og Framsóknar hefur verðbótavísitalan á laun verið skert tíu sinnum. Skerðingin nemur samtals 26.4% í verðbótum og er þá skerðingin 1. des. 1978 ekki meðtalin, en hún átti að „bætast" með niðurgreiðslum 3%, skattalækkunum 2% og félagsmálapökkum 3%. Þetta eru athyglisverðar staðreyndir um stjórnarferil manna sem fyrr á árinu 1978, fundu upp slagorðið „kauprán" um skerðingu verðbóta á laun. Hér skal nú rakinn ferill þessara verðbótaskerðinga:

1. des. 1978 8,01%, 1. júní 1979 3.16%, 1. sept. 1979 4.40%, 1. des. 1979 2.65%, 1. mars 1980 2.46%. 1. júní 1980 1,53%, 1. sept. 1980 1.55%, 1. des. 1980 1.34%, 1. mars 1981 1.37% og sama dag með brbl. um síðustu áramót 7%.

Þegar framangreind afrek Alþb. og Framsóknar eru skoðuð varðandi vísitölumöndl og verðbótaskerðingu á laun hlýtur sú spurning að vakna, hvort forustumenn þessara flokka trúi því sjálfir að núverandi vísitölukerfi sé slík vörn fyrir launamenn sem þeir hafa stundum viljað vera láta, t. d. þegar Alþb.-menn eru í „kaupráns"-ham og boða slík „skipti".

Auk framangreindra skerðinga verðbótavísitölu hefur ríkisstj. beitt svo hörðum verðlagshöftum, að t. d. Sementsverksmiðja ríkisins þarf að fá taprekstur bættan með erlendum lánum. Útvarpið og Póstur og sími eru ár eftir ár rekin með tapi sem fyrr eða síðar þarf að mæta, og þannig má áfram telja. Ákvörðun ríkisstj. um verðhækkanir á ýmiss konar vörum og þjónustu er skotið á frest fram yfir útreikningsdag vísitölunnar. Þetta hefur verið sérstaklega áberandi á þessu ári, t. d. varðandi bensínhækkanir og opinbera þjónustu. Þá fann ríkisstj. upp það snjallræði í baráttunni við verðbólguna að hækka margháttaða þjónustu um síðustu áramót og láta reikna þær hækkanir inn í vísitölu gamla ársins. Með því móti var vísitala nýja ársins betri í samanburði en ella, sérstaklega þegar öllum fyrirsjáanlegum og nauðsynlegum verðhækkunum var skotið eins lengi á frest og mögulegt var. Spurningin er á hinn bóginn sú, hvort slíkar aðfarir eigi nokkuð skylt við efnahagsstefnu eða stjórn.

Að hluta til minnkaði verðbólgan nokkuð á yfirstandandi ári vegna styrkingar bandaríska dollarans á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði, lækkun Evrópumynta hafði í för með sér lækkun innflutningsverðs og þar með verðbólgu í bili, auk þess sem 7% skerðing verðbóta 1. mars hafði sín áhrif. Verðhækkanir síðustu vikur og mánuði sýna á hinn bóginn ótvírætt að þrátt fyrir þessa skerðingu verðbóta, hagstæð ytri skilyrði og framangreint vísitölumöndl er verðbólgan nú vaxandi og er í sama farinu og þegar ríkisstj. tók við, enda telur Seðlabankinn að verðbólgan nú sé um 50%, og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári. Niðurtalningin hefur því algjörlega brugðist.

Á valdatíma Alþb. og Framsóknar frá haustinu 1978 hefur gengi íslensku krónunnar verið fellt fimm sinnum

formlega og þar af nýkrónunnar þrisvar. Samkv. efnahagsáætlun ríkisstj. um síðustu áramót átti sérstaklega að styrkja gengi nýkrónunnar og stöðva gengisfall a. m. k. um hríð. Nú eru horfur á að Bandaríkjadollar kosti a. m. k. 30—40% meira í nýkr. um áramót en þegar myntbreytingin tók gildi, og formaður Framsfl. hefur komist þannig að orði, þegar hann ræðir um fiskverðsákvörðun um áramót, að nýkr. sé enn í fallhættu.

Því miður hefur myntbreytingin orðið fyrst og fremst að villuljósi og blekkingum í höndum hæstv. ríkisstj. í stað þess að verða tákn nýrri og betri tíma, eins og orðið hefði ef varanlegar aðgerðir til stöðvunar skrúfugangs verðlags, launa og kostnaðar hefðu orðið undanfari breytingarinnar. Í þess stað missti almenningur allt verðskyn út í veður og vind þegar myntbreytingin bættist við verðbreytingarnar.

Þær fimm formlegu gengisfellingar, sem gripið hefur verið til síðan í sept. 1978, voru sem hér segir: 4. sept. 1978 15% gengisfelling, 31. mars 1980 3% gengisfelling, 29. maí 1980 3.85% gengisfelling, 26. ágúst 1981 4,76% gengisfelling og 10. nóv. 1981 6.50% gengisfelling.

Í bréfi Seðlabanka Íslands frá 27. nóv. segir svo orðrétt: „Frá 1. ágúst 1978 til 24. nóv. 1981 hafa erlendir gjaldmiðlar vegið með landavog hækkað gagnvart íslenskri krónu um 191.7%. A sama tímabili hefur gengi Bandaríkjadollars hækkað gagnvart íslenskri krónu um 213.9%."

Hækkun gengis Bandaríkjadollars dró vitanlega verulega úr þörf gengisbreytinga vegna innlendra kostnaðarhækkana á þessu ári. Engu að síður hefur þessi þróun orðið á undanförnu ári og undanfarin ár, eins og ég hef hér rakið.

Frá því vinstri stjórnin komst til valda haustið 1978 hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstj. hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekjuskatta og eignarskatta var lokið, en með brbl. ákvað ríkisstj. að bæta 50% viðauka á tekju- og eignarskatt einstaklinga með meiru. Þessir afturvirku skattviðaukar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þeirra skatta hefur þyngst mjög.

Samkv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun hefur skattbyrði eignarskatta einstaklinga sem hlutfall af tekjum á greiðsluári tvöfaldast frá árinu 1977 til ársins 1982 samkv. fjárlagafrv. Þessi skattbyrði var sem hlutfall af tekjum greiðsluárs 1977 0.29%, en verður 1982 0.58%.

Skattbyrði tekjuskatta hefur aukist um rúm 50%. Hún var 1977 3.9% af tekjum greiðsluárs, en verður samkv. fjárlagafrv. 6.1% árið 1982. Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta: Gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20% í 22%, haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir sem hefur aukist síðan án þess að nokkru sem nemi af þeirri skattahækkun hafi verið varið til vegamála.

Núv. hæstv. ríkisstj. hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjald er ekki innheimt lengur, en það er fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald", sem í raun er 1.5% söluskattur, og kom söluskatti þar með í 23.5%. Það eitt eykur skattbyrði á næsta ári um 192 millj. nýkr., en það jafngildir rúmlega 400 þús. gkr. nýrri skattbyrði á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur ríkisstj. hvergi slakað á skattaálögum vinstri stjórnarinnar heldur þvert á móti aukið þær að mun.

Það er fróðlegt að skoða þennan viðbótarskattreikning til almennings frá árinu 1978, sem er á ábyrgð Alþb., Framsfl. og raunar Alþfl. líka sem bar ábyrgð á skattstefnu vinstri stjórnar. Ég rek nú einstaka liði þessa skattreiknings. Tölur eru á verðlagi fjárlagafrv.:

1. Hækkun eignarskatta einstaklinga 53 millj.
2. Hækkun tekjuskatta einstaklinga 368 millj. Þar frá dregst lækkun sjúkratryggingagjalds tvívegis, 126 millj. Út úr þessu dæmi koma 295 millj. kr. í skattahækkun beinna skatta.
3. Söluskattur 2%, sem hækkaði haustið 1979, 256 millj. kr.
4. Vörugjald, sem hækkaði á sama ári um 6%, 107 millj. kr.
5. Gjald á ferðalög samkv. frv., 47 millj. kr., en þar er um nýjan skatt að ræða.
6. Innflutningsgjald á sælgæti, sem verður í gildi að hluta á þessu ári, á næsta ári 3 millj. kr.
7. Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem er nýr skattur, 32.1 millj. kr. samkv. frv.
8. Hækkun verðjöfnunargjalds á raforku um 6% 28.5 millj. kr.
9. Skattahækkun á bensíni umfram verðlagsbreytingar 217 millj. kr.
10. Orkujöfnunargjald 191 millj. kr.
11. Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra 13.5 millj. kr.
12. Markaðar tekjur, teknar í ríkissjóð, sem eru álagðar til annarra þarfa, 61 millj.

Samtals er hér um að ræða 1 252 millj. kr. Frá þessu dregst niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978, 224 millj. kr., og lækkun tolla og aðflutningsgjalda, 97 millj. kr. Samtals nemur þessi aukaskattreikningur nettó 931 millj. nýkr. Allar þessar upphæðir eru, eins og ég sagði áðan, á fjárlagaverðlagi ársins 1982 samkv. verðforsendum fjárlagafrv.

Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núv. ríkisstj. heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. nýkr. í viðbótarskatt á almenning fram yfir það sem um hefði verið að ræða að óbreyttum reglum.

Ég vil sérstaklega taka fram að sú skattahækkun á bensíni, sem hér er tíunduð umfram fast verðlag, er í samræmi við upplýsingar frá Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun. Hún stafar að mestu af hækkun tolla og söluskatts vegna mikillar verðhækkunar á bensíni í innflutningi, en að mjög litlu, sáralitlu leyti af hækkun bensíngjalds til Vegasjóðs að raungildi.

Í nál. minni hl. fjvn., þ. e. okkar sjálfstæðismanna, er á fskj. súlurit sem sýnir bensínskattahækkunina að raungildi síðustu ár í ríkissjóð og borið saman við framlög til vegamála sem að raungildi hafa ekki aukist úr ríkissjóði á þessu tímabili. Svo til öll aukning, sem orðið hefur í vegaframkvæmdum síðan 1979, en þá var hún í lágmarki, í samgönguráðherratíð hæstv. núv. fjmrh., Ragnars Arnalds, hefur orðið vegna meiri lántöku á þessu tímabili, árin 1980 og 1981.

Þróun fjármunamyndunar í landinu á valdatíma Alþb. og Framsfl. frá 1978 er einkar athyglisverð. Fjármuna-

myndun í atvinnuvegum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári samkv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis. Fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár eða um 13.6% frá árinu 1978 til 1981 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin aukast á sama tíma um 24.6%, þ. e. frá árinu 1980 til 1982, samkv. spám fjárfestingaráætlunar fyrir næsta ár.

Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnu þá sem ríkt hefur í landinu. Þegar vinstri stjórnin tók við 1978 voru umtalsverðar stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmdir þegar hafnar, m. a. virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun Álversins og Járnblendiverksmiðjunnar. Þessar framkvæmdir fóru vaxandi á árunum 1978—1980, eða alls um 38.7% þessi þrjú ár að meðtöldu árinu 1977. Á hinn bóginn drógust þessar framkvæmdir saman í ár um 3.2% og er spáð að þær dragist saman á næsta ári um 43.5% að magni til. Sömu sögu er að segja um hitaveituframkvæmdir. Þær jukust 1979 og 1980, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári 31.5%. Allt er þetta samkv. upplýsingum úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj. Þá er fjármunamyndun atvinnuveganna talin dragast saman um 8.1% í ár og spáð er að hún dragist saman um 9.1% á næsta ári.

Þegar þessar staðreyndir eru hafðar í huga um samdrátt stórvirkjana- og stóriðjuframkvæmda, hitaveituframkvæmda og fjármunamyndunar í atvinnuvegunum er það ískyggilegt, hversu erlendar lántökur hafa aukist mikið að undanförnu. Auðvitað hafa erlend lán verið tekin að hluta til framkvæmda sem skila arði. Þjóðarbúið er þá betur í stakk búið að mæta aukinni greiðslubyrði af þeim. Þetta getur verið og er oftast réttlætanlegt. En því miður sýna dæmin síðustu ár að þessu er oft ekki svo farið. Nú eru jafnvel tekin erlend lán til að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og opinber lántaka er með ýmsu marki brennd, en hún hefur vaxið stórkostlega, eins og ég gerði grein fyrir hér í upphafi máls míns. Þegar erlend lán hafa verið tekin samkv. lánsfjáráætlun fyrir árið 1982, og eru þó ekki öll kurl komin til grafar því að hún kvað hækka verulega í meðförum Alþingis, þá telur Seðlabankinn að greiðslubyrði erlendra lána muni hækka í 18% af útflutningstekjum og skuldastaðan verða verri en nokkru sinni fyrr, þ. e. 39% af þjóðarframleiðslu, en samsvarandi tölur 1977 voru 13.7% greiðslubyrði af útflutningstekjum og 31.6% skuldastaða miðað við þjóðarframleiðsluna. Frá því 1978 hafa löng erlend lán nær því tvöfaldast í Bandaríkjadollurum eða hækkað um 78% á aðeins fjórum árum miðað við áform um lántöku í lánsfjáráætlun 1982.

Um erlendar lántökur Íslendinga sagði Jóhannes Nordal seðlabankastjóri í grein í fjármálatíðindum 1980, en þá var skuldabyrðin 35% af þjóðarframleiðslu, með leyfi forseta:

„Þótt greiðslubyrðin af þessum skuldum hafi hingað til reynst viðráðanleg hljóta svo miklar erlendar skuldir að hafa í för með sér verulega áhættu ef á móti blæs í efnahagsmálum eða skyndilegar breytingar verða á erlendum lánsfjármörkuðum."

Hafi þessi varnaðarorð verið gild á þeim tíma, þá eru þau það svo sannarlega nú, þegar fyrir liggur samdráttur í stóriðju- og orkuframkvæmdum, og vegna þeirrar óvissu sem fram undan er í efnahagsmálum innanlands og utan.

Verulegur halli hefur verið á viðskiptajöfnuði síðan 1978, en þá var hann jákvæður um 7 170 millj. gkr. á þágildandi verðlagi. Hallinn jókst á árunum 1979—1980 og nýjar spár benda nú til þess, að á árinu 1982 geti orðið um stórfelldan viðskiptahalla að ræða þótt framkvæmdir dragist svo saman í landinu sem ég hef vakið athygli á.

Að lokum vil ég fara nokkrum orðum um hvernig efnahagsstefna Alþb. og Framsfl. frá 1978 hefur leikið atvinnuvegina. Þar er áreiðanlega komið að einum svartasta og alvarlegasta þætti efnahagsframvindunnar á síðustu árum. Vinstri stjórnin, sem tók við haustið 1978, og núv. ríkisstj. hafa átt það sammerkt eins og fleira að framfylgja neikvæðri afturhaldsstefnu gagnvart atvinnuvegunum. Þó tók steininn úr með svokallaðri „efnahagsáætlun" ríkisstj. sem kunngerð var um síðustu áramót. Um þessa efnahagsáætlun og brbl., sem henni fylgdu, segir svo í nál. okkar sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. frá 22. febr. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Ákvæði 1. gr. um „herta" verðstöðvun, hækkun raunvaxta samkv. 3. gr. og nýtt millifærslukerfi, sem þýðir falskt gengi, ásamt sífelldri hækkun skatta á atvinnuvegina og landsfólkið er augljóslega eins og uppskrift fyrir atvinnuleysi."

Allar þessar ráðstafanir voru gerðar undir því yfirskini að þær ættu að lækka verðbólguna því að hún væri versta mein fyrir atvinnuvegina. Út af fyrir sig er það rétt. En versta uppspretta verðbólgu fyrir atvinnuvegina eru ráðstafanir, sem beinlínis fela í sér kostnaðarhækkun, t. d. fjármagnskostnaðar, og minni eða enga hækkun tekna, t. d. vegna harðvítugra verðlagshafta eða gengisskráningar sem í engu tekur tillit til innlendrar verðbólgu og kostnaðarhækkana.

Þessi efnahagsáætlun er tvímælalaust afturhaldssamasta stefna sem fylgt hefur verið gagnvart atvinnuvegunum í a. m. k. tvo áratugi, enda blasa afleiðingarnar við: Útflutnings- og samkeppnisiðnaður hefur verið rekinn með svo miklum halla að það hefur verið eitt helsta fréttaefni í sumar og haust að skýra frá því með hrikalegum dæmum. Öll útgerð og undirstöðugrein fiskvinnslunnar, frystingin, hafa búið við slíkan taprekstur að nú þarf að útvega í stórum stíl fyrirtækjum hallærislán, annaðhvort erlendis eða með seðlaprentun, til þess að þau stöðvist ekki þótt góðæri ríki á flestum sviðum í sjávarútvegi. Með slíkum „ráðstöfunum" verður atvinnuöryggi ekki lengi tryggt.

Herra forseti. Í bréfi, sem Seðlabanki Íslands skrifar þingnefnd um ástand og horfur í peningamálum o. fl. og fylgir nál. okkar sjálfstæðismanna, segir að peningar streymi úr bankakerfinu, líklega vegna þess, orðrétt með leyfi hæstv. forseta, „hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum". Þá segir í bréfinu að „verðbólgustig sé nálægt 50%".

Efnahagssérfræðingar ríkisstj. og ráðherrar boða þörf nýrra ráðstafana í efnahagsmálum um áramót, nokkrum vikum eftir að hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðu sinni að allt væri í himnalagi á Íslandi svo að maður hélt að hann væri að tala um þúsund ára ríkið. Öll sólarmerki benda til þess, að verið sé að búa þjóðina undir nýja kollsteypu í kringum hátíðarnar. Kannske verður hún tilkynnt í sjónvarpinu á gamlárskvöld. Forsendur þess frv., sem hér er til umr., til fjárlaga fyrir árið 1982 eru þegar foknar út í veður og vind, en stefna þess bendir til þess, að ekki séu í uppsiglingu nýjar leiðir í íslenskum efnahagsmálum. Það

er því miður ekki að búast við þeirri jákvæðu stefnubreytingu í ríkisfjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar sem augljóslega er nú þörf fremur öllu öðru og flestum er ljóst — nema e. t. v. ráðherrum og stuðningsliði þeirra á Alþingi.

Herra forseti. Að lokum þetta: Það er ljóst að nauðsynlegur undanfari æskilegra breytinga í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum almennt er að núverandi ríkisstj. víki og við taki stjórn sem ekki aðeins hefur vilja, heldur einnig kjark og þor til þess að takast á við vandamálin.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Frá því var greint í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í kvöld, að hv. þm. Lárus Jónsson og ég mundum hér mæla fyrir minni háttar álitum að því er varðar 2. umr. fjárlaga. Einhvern tíma hefði verið sagt að ekki þyrfti að fara í grafgötur um það, hvar þeir væru í pólitík sem hefðu uppi slíkan fréttaflutning, en ekki ætla ég mönnum það. Hér mun að sjálfsögðu, eins og hv. þm. Lárus Jónsson hefur raunar sannað, hafa verið um mismæli að ræða hjá fréttamanni, eins og mér heyrðist að væri á fleiri sviðum í kvöld að því er varðaði fréttaflutning. En eftir þessu var vissulega tekið.

Ég vil í upphafi míns máls færa meðnm. mínum þakkir fyrir ágætt samstarf, sérstaklega formanni fjvn., hv. þm. Geir Gunnarssyni. Það er ekki góð staða að lenda í því að stýra vinnubrögðum í sambandi við fjárlagaafgreiðslu, ég tala nú ekki um undir handarjaðri hæstv. núv. ríkisstj. Ég færi einnig mínar þakkir fyrir ágætt samstarf og góða þjónustu bæði hagsýslustjóra og starfmanni nefndarinnar, Magnúsi Ólafssyni.

Við 1. umr. fjárlaga hér fyrr í haust var af hálfu stjórnarandstöðunnar bent rækilega á það og rökstutt, hversu hæpnar þær forsendur væru sem eru lagðar til grundvallar í fjárlagafrv. Síðan hefur það komið enn betur í ljós, að þær forsendur, sem þar eru gefnar, fá a. m. k. ekki staðist sé miðað við það ástand sem nú ríkir.

Það hefur áður komið fram, að hin margnefnda reiknitala frv., þar sem gert er ráð fyrir verðhækkunum og kauphækkunum milli ára upp á 33%, fær vart staðist því að í nýgerðri spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að að óbreyttum aðstæðum verði verðbólga á árinu 1982 a. m. k. 55%. Það er því alveg ljóst að annað tveggja verður að gerast ef mark á að taka á afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982: að byggja frv. og fjárlögin á þeirri spá, sem Þjóðhagsstofnun lætur frá sér fara um verðlagsþróunina á næsta ári, eða hæstv. ríkisstj. verður að leggja á borðið þær efnahagsaðgerðir sem hún telur sig verða að gera til þess að forsendur fjárlagafrv., sem hún leggur fram, standist. Hvorugt þetta hefur gerst. Það er því augljóst að frv., eins og það nú liggur fyrir, er óraunhæft og yrði að taka tillit til miklu frekari og nýrri upplýsinga um þessi mál heldur en gert hefur verið ef taka á mark á fjárlögum fyrir árið 1982. Það er því hreint öfugmæli þegar því er haldið fram, að það frv., sem hér er nú til 2. umr., sé stefnumarkandi frv. að því er varðar fjárlagadæmi og efnahagsstefnuna í landinu. Verði fjárlög fyrir árið 1982 afgreidd á grundvelli þessa frv. eins og það nú liggur fyrir, þá er augljóst að það verður a. m. k. marklítið plagg, ef ekki marklaust, og öllu verður þá í óvissu stefnt að því er varðar ríkisfjármál og efnahagsmál. Það er lágmarkskrafa, sem ég held að verði að gera til hæstv. ríkisstj., ætli hún sér að halda sig við forsendur fjárlagafrv., að hún upplýsi hvaða efnahagsaðgerðir hún hefur í bígerð svo að það liggi ljóst fyrir, áður en fjárlög fyrir árið 1982 eru afgreidd, hvernig að þeim málum á að standa.

Í athugasemdum með fjárlagafrv. segir að meginforsendur frv. — og þá efnahagsstefnu ríkisstj. fyrir næsta ár — séu að draga úr verðbólgu og halda uppi viðunandi kaupmætti almennra launa, að tryggja afkomu atvinnuveganna og að tryggja fulla atvinnu um land allt. Það er því ekki tilefnislaust að velta fyri sér hvernig þessi mál, sem ríkisstj. sjálf telur meginforsendur að fjárlagagerðinni, standa nú í árslok.

Ríkisstj. heldur því fram og hefur margoft gert það undanfarið, að verðbólgustigið hér á þessu ári verði í kringum 40%. Ég hygg að þeir séu æðimargir sem eru vantrúaðir á þessar tölur hjá hæstv. ríkisstj. Auðvitað er hægt að mæla verðbólgu með mörgum mælistikum og nánast hægt að fá margs konar útkomu eftir því hvaða mælikvarða menn leggja á þá hlið málsins. Ég held að eina raunverulega mælistikan og sú, sem best er trúandi, sé budda almennings í landinu og heimilanna. Það er sú mælistika sem allflestir þekkja og trúa á, og það er raunar sú eina mælistika sem segir í raun og veru sannleikann um þennan þátt málsins. Og sú mælistika segir allt aðra sögu en þá sem hæstv. ríkisstj. hefur haldið fram og heldur fram enn. Öllu launafólki í landinu ber saman um það, að aldrei hafi verið erfiðara eða jafnerfitt að framfleyta heimilum og nú þannig að tekjur nægðu fyrir brýnustu nauðþurftum. Sú skoðun fer ekki eftir því, hvar menn standa í pólitískum flokki eða hvaða pólitíska skoðun menn hafa. Almennt er launafólk sammála um að staða þess sé nú verri en verið hefur mörg undangengin ár. Og það er ekki annað að sjá á því, sem nú liggur fyrir varðandi þessi mál, en að áfram verði haldið á þeirri braut að ráðstöfunartekjur heimilanna verði skertar og kaupmáttur fari minnkandi frá því sem nú er. Og hvað með það að tryggja afkomu atvinnuvega landsmanna sem er ein af forsendum frv.?

Það hefur varla farið fram hjá nokkrum manni á undangengnum vikum og mánuðum, og það raunar sjá allir sem sjá vilja, að fjöldi fyrirtækja í aðalatvinnugreinum landsmanna, fiskveiðum og fiskvinnslu, er að stöðvast og sum þegar stöðvuð vegna rekstrarerfiðleika. Við blasir stöðvun fiskveiðiflotans nú um áramót eða raunar nú eftir örfáa daga. Togarafloti landsmanna hefur verið gerður út hálft árið á skrapfiskerí og þó er togurum fjölgað sem á færibandi sé. Ekki væri það talin skynsamleg stefna af öðrum sem hæstv. ríkisstj. fylgir nú í þeim efnum með hæstv. sjútvrh. í broddi fylkingar. Þetta er gert þó að vitað sé að hver nýr togari þýðir versnandi afkomu fyrir launafólk og versnandi afkomu fyrir þjóðarheildina. Kreppuástand blasir við í iðnaði landsmanna og svo mætti áfram telja. Dæmi um það, hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar sér að hlúa að iðnaðinum, er niðurskurður sá sem birtist í fjárlagafrv. á Iðnlánasjóði, sem er upp á 88% miðað við árið í ár.

Þriðja meginforsendan, sem ríkisstj. byggir fjárlagafrv. á er að tryggja fulla atvinnu um land allt. Það má raunar segja að það sé sú forsenda sem nokkurn veginn hefur staðist af þeim meginforsendum sem fjárlagafrv. byggist á. Þó er ljóst að tíma- og staðbundið atvinnuleysi hefur átt sér stað og atvinnuástand er um þessar mundir mjög ótryggt. Því hefur verið haldið fram af hálfu talsmanna ríkisstj. og hæstv. ríkisstj. hefur hælt sér af því,

hversu atvinnuástand hér væri gott miðað við atvinnuástand í okkar nágrannalöndum. Það mætti því spyrja hvernig á því standi, að hér hafi ekki verið fjölda-atvinnuleysi. Ég held að það sé ljóst að Ísland er orðið láglaunasvæði. Það er nánast kreppuástand hjá láglaunafólki. Samanburður við nágrannalöndin að því er varðar atvinnu er ekki raunhæfur vegna þess að það er augljóslega auðveldara að halda uppi atvinnu, þar sem kaupgjald er mjög lágt, heldur en í nágrannalöndum okkar, þar sem kaupgjald er miklum mun hærra og tekjur nýtast því betur, kaupmáttur er betri. Ég held að það sé tímaspursmál hvenær atvinnuleysi og þá alvarlegt atvinnuleysi kemur hér til, verði áfram haldið á þeirri braut sem hæstv. ríkisstj. hefur markað sér, hefur fylgt og ætlar sér að fylgja að því er best verður séð.

Þá segir í athugasemdum með frv. hæstv. ríkisstj. að ítrasta sparnaðar og aðhalds í ríkiskerfinu sé gætt. Hverjir trúa slíku þegar það liggur fyrir að í sama frv. og hæstv. ríkisstj. ætlar öðrum að búa við 33% hækkun milli ára og þaðan af minna ætlar hún sjálfri sér, þ. e. yfirstjórn ráðuneytanna, — sjálfir ráðherrarnir ætla sér frá 40% og allt upp í 97.2% hækkun milli ára. Annaðhvort ætla hæstv. ráðherrar að nota aðra mælistiku á verðbólguna í ráðuneytunum en hjá öðrum eða þá að þetta sýnir okkur fram á það, að ríkiskerfið tútnar út og vex undir handarjaðri núv. hæstv. ráðh. Það hefði einhvern tíma þótt saga til næsta bæjar undir íhaldsstjórn ef eitthvað þessu líkt hefði birst í fjárlagafrv., að öllum öðrum en ráðherrunum sjálfum væri ætlað að búa við 33% breytingar milli ára en einstakir ráðherrar ætluðu sér að ná í allt að 97% hækkun milli þessara sömu ára. Kannske er hér á ferðinni niðurtalningarstefna Framsfl. í ráðuneytunum sem hann hefur boðað lengi? Augljóst er að hæstv. ríkisstj. og ráðherrar ætla sér að ná ríflega þeim skammti og jafnvel margföldum sem þeir ætla öðrum.

Það er líka athyglisvert fyrir launafólk og verður auðvitað eftir því tekið, hvaða grundvöllur það er sem frv. gerir ráð fyrir og byggist á varðandi einstakar ríkisstofnanir. Það liggur t. d. fyrir að frv. gerir ráð fyrir að hækkun á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins verði frá ársbyrjun til ársloka 42.2%. Strax 1. jan. n. k., eftir um hálfan mánuð, á að hækka gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins um 16%, og áfram skal haldið 1. febr. og hækka þá um 7% til viðbótar. Ekki þarf hér um að kenna grunnkaupshækkunum eða öðru slíku, ekki a. m. k. hjá hinum almenna launþega í landinu, þó að hæstv. fjmrh. lýsi nú yfir að það sé hægt að borga starfsmönnum ríkisins innan BSRB miklu hærri laun en um var samið við þá nú fyrir nokkrum dögum. (**Fjmrh.:** Það hefur enginn sagt.) Það er haft eftir hæstv. fjmrh. og hann hefur ekki borið það til baka enn. Hann gerir það þá væntanlega ef það er rangt. Svona mætti fara í gegnum þau fyrirtæki þar sem hæstv. ríkisstj. ætlar strax í ársbyrjun að stórhækka gjaldskrár og taxta hjá almenningi á sama tíma og hún skammtar sem skít úr hnefa kauphækkun til láglaunafólks í landinu.

Strax 1. febr. á gjaldskrá hjá Pósti og síma að hækka um 10%, þ. e. símtekjurnar um 10%, og pósttekjur eiga að hækka 1. mars um 10%. Það á því augljóslega ekki að linna því forustuhlutverki hæstv. ríkisstj. að ganga á undan í því að hækka alla þjónustu af hálfu ríkisins sem landsmenn og þá ekki síst láglaunafók í landinu verður að bera. Það er athyglisvert að eins og allir menn vita er verðstöðvun hér á landi. Hún birtist með þeim hætti undir handarjaðri hæstv. ríkisstj. að á árinu í ár hafa auglýsingatekjur Ríkisútvarpsins hækkað um 89.9%. Og það er gert ráð fyrir að sami tekjuliður hækki á árinu 1982 um 52.1%. Að því er varðar sjónvarpið, þá hefur hækkun auglýsinga þar numið 89.9% á árinu í ár og á árinu 1982 er byggt á það, að þessar tekjur hækki um 64.3%.

Hvar sem gripið er niður í ríkiskerfinu að því er varðar álögur á almenning í landinu er um margfaldar hækkanir að ræða miðað við það sem hæstv. ríkisstj. sjálf byggir fjárlagafrv. á í hækkun milli áranna 1981 og 1982. Þessi dæmi sýna, svo að ekki verður um villst, að hér eftir sem hingað til ætlar hæstv. ríkisstj. að ganga á undan með geigvænlega hækkunarskriðu á hendur almenningi strax í byrjun ársins 1982. Ekki hefur farið fram hjá neinum að undanfarna daga hafa dunið yfir verðhækkanir á vörum og þjónustu hins opinbera svo að segja daglega ef ekki oft á dag. Þessu á bersýnilega að halda áfram á næsta ári. Launum skal haldið niðri, a. m. k. skal launum láglaunafólksins haldið niðri. Það er stefna hæstv. ríkisstj. á sama tíma og öll vara og þjónusta af hálfu hins opinbera undir forustu hæstv. sömu ríkisstj. á að hækka margfalt í álögum á almenning. Allar þessar hækkanir, sem orðið hafa og boðaðar eru, eiga sér stað þrátt fyrir það að svo til engar grunnkaupshækkanir hafa átt sér stað hjá láglaunafólki, enda fer kaupmáttur ráðstöfunartekna ört minnkandi.

Ég hef hér farið örfáum almennum orðum um þá efnahagsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt og ætlar að fylgja, og þær forsendur sem frv. og fjárlög fyrir árið 1982 væntanlega, haldi fram sem horfir, eiga að byggjast á. Hér má kannske frekar segja að ekki sé verið að ræða um stefnu hæstv. ríkisstj., heldur væri nær sanni að nota orðtakið stefnuleysi í efnahagsmálum, sem er að sjálfsögðu í beinum tengslum við þær hæpnu forsendur sem frv. byggist á.

Það er margt athyglisvert í þessu fjárlagafrv. sem ástæða væri til að víkja að örfáum orðum.

Eitt er það, að hæstv. ríkisstj. hrósar sér af þeim jákvæða árangri að innlán í bönkum og sparisjóðum landsins hafa stóraukist. Þetta gerir hæstv. ríkisstj. þó að öll þjóðin viti að ástæðan fyrir þeim jákvæða árangri, sem náðst hefur á þessu sviði, er sú verðtryggingarstefna, sem Alþfl. fékk samþykkta og verið hefur í gildi í þrjú ár, þó að sumir hverjir hæstv. ráðh. hafi orðað það svo, að þeir hafi verið glaptir til þess að samþykkja hana og standa að henni, þeir hafi látið glepjast. Það er því óskammfeilni af hæstv. ríkisstj. að falsa svo staðreyndir sem hér er um að ræða: að eigna sér þessa jákvæðu þróun.

Hæstv. ríkisstj. hefði hins vegar átt að láta þess getið í frv., samhliða því lofi sem hún ver á sjálfa sig, að hún hefur svikið þann þátt verðtryggingarstefnunnar sem fylgja átti með og varðar breytingu á útlánum með lengingu lánstíma og þannig léttari greiðslubyrði, fyrst og fremst hjá því fólki sem stendur í húsbyggingum, fyrst og fremst hjá launafólki. Þetta hefur hæstv. ríkisstj. svikið. En að sjálfsögðu lætur hún þess ógetið.

Ég held að öllum sé það ljóst, sem um þessi mál hugsa, að verði fram haldið þeirri stefnu sem hefur berið byggt á og er bersýnilega ætlað að byggja á að því er varðar fjárlagafrv. og stefnuna í efnahagsmálum, þá er vissulega vá fyrir dyrum. Það er augljóst mál, að samkv. þessu fjárlagafrv. mun skattbyrði aukast milli ára þrátt fyrir

gefin loforð um hið gagnstæða. Verkalýðshreyfingunni og launafólki hafa verið gefin loforð um skattalækkanir, en hér er bersýnilega stefnt í hækkun skattbyrðar á milli ára. Og enn ætlar hæstv. ríkisstj. að auka skattálögur. Nú skal tekinn upp nýr skattstofn, nýr skattur sem á að nema um 40 millj. kr. og á að leggjast á rafmagn sem flutt er eftir byggðalínum. Hér er um nýjan skatt að ræða sem hefur ekki verið fyrir hendi áður. Það er því ljóst, sem áður hefur verið haldið fram, að skattkrumla hæstv. ríkisstj. teygir sig í allar hugsanlegar áttir og enginn mun geta forðað sér þar ef á að halda áfram á sömu braut. Þá er augljóst að stórar fjárhæðir vantar í ýmsa stóra málaflokka við afgreiðslu þessa fjárlagafrv. Það er t. d. ljóst að Tryggingastofnun ríkisins vantar a. m. k. 240 millj. ef hún á að sinna því hlutverki sem henni er ætlað. Miðað við þær fjárhagsáætlanir, sem sú stofnun sjálf hefur gert, mun vanta 240 millj. í þann lið-fjárlagadæmisins.

Og enn ætlar hæstv. ríkisstj. að svíkjast aftan að þeim íbúum landsins, sem búa við hvað hæst orkuverð, og ætlar að verða þess valdandi, að einhver mesta byggðaröskun eigi sér stað í landinu ef áfram verður haldið sem horfir. Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að orkujöfnunargjald, sem nú er búið að gera að sérstökum tekjustofni fyrir ríkissjóð, en var í upphafi á lagt til þess að jafna kostnað vegna húshitunar, gefi tekjur til ríkissjóðs er nemi rúmlega 191 millj. nýkr. eða rösklega 19 milljörðum gkr. En af þeirri upphæð ætlar hæstv. ríkisstj. einungis á pappírnum að verja um 30 millj. kr. eða 3 milljörðum gkr. til jöfnunar á húshitun. 160 millj. kr. eða 16 milljarða gkr. ætlar hæstv. ríkisstj. að svíkja út úr þessu fólki í hít ríkissjóðs sjálfs. Það væri freistandi — ef einhverjir hæstv. ráðh. mættu vera að að hlýða hér á umr. um fjárlög, enginn þeirra sést í þingsalnum nú— að ræða öllu frekar um þennan þátt mála, ekki síst við hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. hefðu þeir haft tíma til að hlýða á þessar umr. eða vera viðstaddir. Eigi að síður skal það gert og vonandi berst þeim það þá til eyrna frá stuðningsliði þeirra héðan út þingsölum.

Ég veit ekki hvort þm. almennt hér á þessu svæði hafa gert sér grein fyrir því, hversu gífurlega þungar byrðar eru lagðar á þetta fólk. Þessa dagana er verið að rukka inn fyrir nóvembermánuð kostnað við upphitun á Vestfjörðum þar sem fjarvarmaveita er notuð sem á að vera talsvert ódýrari en olíuverðið segir til um og þeir þurfa að borga sem kynda hús sín með olíu. Kostnaður fyrir nóvembermánuð, upphitunarkostnaður á þessu svæði með fjarvarmaveitu, er á bilinu frá 900 upp í 1600 nýkr., þ. e. á bilinu frá 90 þús. gkr. og upp í 160 þús. á mánuði sem fólk verður að borga vegna kostnaðar við upphitun á ósköp venjulegu íbúðarhúsnæði. Er það meining hæstv. rikisstj., ég tala nú ekki um: er það meining hæstv. viðskrh., sem tilheyrir Framsfl. sem frá upphafi hefur talið sig sérstakan byggðaflokk, byggðastefnuflokk, jöfnunarflokk fyrir landsbyggðina, — er það meining þessa flokks að halda áfram á þeirri sömu braut að svíkja fjármuni út úr þessu fólki og láta það standa uppi með þessa byrði á bakinu svo árum skiptir? Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. viðskrh. um það, hvort hann ætli að fara eftir að ég best veit sameiginlegri niðurstöðu þeirrar nefndar sem hann skipaði til þess að endurskoða greiðslu olíustyrksins. Hæstv. ráðh. hafði við orð hér um daginn að hann hefði ekki getað gert það vegna þess að nefndin hefði ekki starfað. Ég hefði viljað spyrja hæstv. ráðh. hvort hann ætlaði sér að fara að þeim tillögum sem þar hafa verið settar fram, sameiginlegum tillögum og sameiginlegri niðurstöðu nefndarinnar um ca. 150% hækkun á þessum styrk sem á að verka aftur fyrir sig allt árið 1981. Það væri fróðlegt að fá svör við því frá hæstv. viðskrh., hvort hann ætlaði að fara eftir þessu. Eða ætlar hann að halda áfram að halda nokkrum tugum eða hundruðum milljóna í ríkiskassanum sem þetta fók á rétt og heimtingu á að fá greiddar vegna þess þáttar sem hér um ræðir? En það er athyglisvert, og því vil ég koma inn í þessa umr., að hæstv. ríkisstj. hefur hafnað þessu á formlegan hátt. Ég vil minna á það, að heill landshluti er með lausa samninga vegna þessa þáttar málsins. Á Vestfjörðum hefur ekki verið gengið frá kjarasamningum vegna þess að ríkisvaldið hefur daufheyrst við réttlátum kröfum fólks, sem þar býr, um að jöfnuður eigi sér stað að því er varðar orkuverð. Það væri gaman að fá um það vitneskju í þessum umr., ekki bara frá hæstv. ráðh., heldur þeim stjórnarsinnum sem hér sitja inni, hvort þeir ætli að þverskallast við því áfram að þessum byrðum verði af fólkinu létt? Ætla þeir að koma í veg fyrir að þetta fólk fái sjálfsagða leiðréttingu sinna mála að því er varðar þennan þátt? Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að þm. landsbyggðarinnar, t. d. þm. þeirra kjördæma sem álíka eru sett og Vestfirðir, láti hafa sig til nánast að stela því fjármagni, sem búið er að taka af fólkinu, í aðra þætti og þá í hít hæstv. ríkisstj., í ríkissjóð. Það verður gaman að fylgjast með afstöðu þessara hv. stjórnarþingmanna til þessa máls, bæði við umr. sjálfar og ekki síður við afgreiðslu málsins hér í þinginu.

Ég ítreka það að verði ekki spyrnt við fótum og jöfnuður gerður, þá er hér um að ræða mál sem kemur til með að valda mestu byggðaröskun sem um getur í landinu. Ef menn ætla að loka augum og eyrum fyrir því, þá verður það fólk, sem við þetta þarf að búa, að sjálfsögðu að grípa til annarra ráða en þeirra að málið verði afgreitt hér á Alþingi. Þá verður að fara aðrar leiðir og þeir að sjálfsögðu að taka út refsinguna sem beina málinu inn á þær brautir, ef til kemur.

Það verður ekki fjallað um fjárlagafrv. eða lánsfjáráætlun, sem nú er talað um að afgreiða fyrir jólaleyfi, án þess að minnast á þá fyrirætlun hæstv. ríkisstj. að auka bindiskyldu hjá bönkum og sparisjóðum og auka kaupskyldu lífeyrissjóða úr 40 í 45% og lögleiða sérstök refsiákvæði í því sambandi, ef ekki fangelsisvist, ef ekki verður við því orðið. Að því er varðar lífeyrissjóðina er það mín skoðun að stefnt sé að hreinni eignaupptöku og fjársektum ef með þessum hætti á að haga sér í því máli. Mér skilst á hæstv. fjmrh. eða því sem haft er eftir honum, að verði ekki orðið við þessum kröfum ríkisvaldsins, þá verði beitt viðurlögum, fjársektum, ef ekki einhverju öðru verra, á hendur því fólki sem þetta fjármagn á, ef það reynir að bera hönd fyrir höfuð sér og verja þá fjármuni sem hér um ræðir. Það er furðulegt að hugsa til þess, að í fylkingarbrjósti þessara aðfara að lífeyrissjóðunum skuli vera hæstv. fjmrh., einn af foringjum Alþb. og fulltrúi félagshyggjunnar og lítilmagnans í þjóðfélaginu að eigin sögn. Hér er um að ræða hreina aðför að þessu fjármagni fólksins, sem það sjálft á og á að hafa rétt til að verja með þeim hætti sem það telur skynsamlegast.

Þá er ljóst að verði fjárlagafrv. afgreitt eins og nú stefnir í, þá eru flestir atvinnuvegasjóðir landsmanna tómir og lifa á erlendum lántökum. Svo langt er gengið að meira að segja á að taka erlend lán til rekstrar ríkis-

fyrirtækja. Öll vitum við dæmi þess síðustu vikur að hvert lánið á fætur öðru er tekið erlendis til þess að halda hæstv. ríkisstj. á floti enn um sinn. Talið er að Byggingarsjóð ríkisins vanti a. m. k. 40 millj. eða 4 milljarða gkr. á þessu ári til að ná saman endum. Stofnlánasjóði atvinnuveganna vantar a. m. k. 65 millj. kr. eða 6.5 milljaðra gkr. á þessu ári til að endar nái saman. Og fyrirsjáanlegt er að á næsta ári verður þörf á fjármagni umfram það sem hér er nefnt.

Stjórnarmenn í Framkvæmdastofnun ríkisins sitja svo að segja daglega með sveittan skallann við að bjarga hinum ýmsu fyrirtækjum sem ramba á barmi gjaldþrots, til þess að þau geti haldið líftórunni frá degi til dags. Hér er um að ræða björgunaraðgerðir, kreppulán til hinna ýmsu mikilvægustu fyrirtækja sem eru komin í þröng og er ekki að sjá að geti haldið rekstri áfram öðruvísi en að bjarga sér með þessum hætti. Það er Byggðasjóði ætlað á sama tíma og hæstv. ríkisstj. sker niður tekjur þessa sama sjóðs frá ári til árs og á sama tíma og ríkissjóður með sjálfan hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar hirðir hvern lífeyrissjóðinn á fætur öðrum, hina stóru og tiltölulega megnugu lífeyrissjóði til sín, en lætur atvinnuvegasjóðunum það eftir að versla við þá vanmáttugu og litlu lífeyrissjóði sem eftir eru.

Talið er að það vanti a. m. k. 100-120 millj. kr. til þess að atvinnuvegasjóðirnir fái það sem þeim var ætlað í lánsfjáráætlun fyrir árið í ár. Svo hart hefur hæstv. ríkisstj. og ríkissjóður gengið að lífeyrissjóðunum, þeim stærri, og tileinkað sér öll viðskipti við þá, að atvinnuvegasjóðirnir fá ekki það fjármagn, sem í raun og veru var ætlað þeim frá lífeyrissjóðunum, vegna aðgangshörku ríkisstj. og ríkissjóðs. Hér er sem sagt um að ræða björgunaraðgerðir frá degi til dags til ýmissa hinna þörfustu fyrirtækja í landinu.

Það mætti halda áfram að telja upp og gera að umræðuefni það ástand sem ríkir í þessum efnum. Ég held að það sé ekki ofmælt þó að sagt sé að núv. hæstv. ríkisstj. lifi fyrir það eitt að sitja meðan sætt er. Þar virðist engu breyta þó að efnahagslífið og efnahagsstefnan hafi margoft beðið skipbrot. Enn skal haldið áfram, erlend lán tekin og lifað á þeim þann tíma sem eftir er af lífdögum þessarar hæstv. ríkisstj. sem vonandi verða ekki margir. Það er alveg augljóst, að fyrr en síðar kemur að því, að menn sjá raunveruleikann og staðreyndirnar naktar fyrir augum sér. Því fyrr sem hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hér á Alþingi gerir sér grein fyrir þeim ógöngum sem málin eru komin í, þeim mun betra.

Núv. hæstv. ríkisstj. er líklega þekktust allra ríkisstjórna að því að leika millifærslufeluleik með fjármagn. Það er ekki undarlegt þegar til þess er litið, að Alþb. hefur æðisterk ítök í stjórnarsamstarfinu. Og allir þekkja af gamalli reynslu efnahagshugmyndir þess flokks. Það er því ljóst að staðreyndir þeirrar efnahagsstefnu, sem núv. ríkisstj. fylgir og ætlar sér að fylgja, ætlar að byggja fjárlagafrv. á, eru þessar: Verðbólga fer vaxandi. Hún verður a. m. k. 55% á næsta ári. Kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna fer ört minnkandi. Ísland er orðið láglaunasvæði, sem verður þess valdandi að 500-1000 manns yfirgefa landið árlega. Vöruverð undir verðstöðvun hæstv. ríkisstj. æðir fram úr kaupinu og hækkar um 68% á sama tíma og kaup hækkar um 50%. Íbúðaverð hækkar um 80% á sama tíma og kaup hækkar um 50%. Atvinnuvegasjóðir landsmanna eru tæmdir, alger stöðvun fiskiskipaflotans er fram undan, grundvöllur atvinnulífsins er á hverfanda hveli. Efnahags- og fjármálalífið er undir þessari ríkisstj. helsjúkt.

Þetta er í sem skemmstu máli sú mynd sem frv. gerir ráð fyrir og efnahagsstefna ríkisstj. ber í skauti sínu verði henni fram haldið sem lagt er til.

Það væri hægt að fara miklu fleiri orðum um ýmsa þætti þess frv. sem hér er nú til 2. umr. Ég vil aðeins benda á tvo til þrjá málaflokka til viðbótar þessum.

Ég held að það sé öllum ljóst, sem athugað hafa í frv. það fjármagn sem ætlað er t. d. héraðsskólunum í landinu, að það sé málaflokkur sem ástæða sé til að velta vöngum yfir og reyna að fá úrbætur í. Ég hugsa að Íþróttasjóður og héraðsskólaþátturinn séu þeir málaflokkar sem verst er farið með að því er varðar fjárveitingar verði frv. afgreitt eins og hér er lagt til. Verði Íþróttasjóður afgreiddur eins og nú má ætla að verði er að myndast margra ára hali á greiðslum ríkisvaldsins, sem það á að inna af hendi samkv. lögum á móti sveitarfélögunum og öðrum framkvæmdaaðilum. (**GJG:** Þetta hefur nú verið álitið fyrr.) Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni. En þó að ástandið hafi einhvern tíma verið slæmt, þá er ekki þar með sagt að nauðsynlegt sé að stefna að því að hafa það enn þá slæmt núna. Þetta var leiðrétt á árunum 1973-1974. Þá var allur hali Íþróttasjóðs gerður upp og dæmið stóð rétt. Síðan hefur farið á þennan veg, og ég hygg að ástandið hafi aldrei verið jafnslæmt og það er nú ef afgreiðslan verður á þann hátt sem lagt er til. Sömu sögu má raunar segja um framhaldsskólaþáttinn og héraðsskólana. Héraðsskólarnir eru margir hverjir í niðurníðslu. Mannvirki, sem voru og eru að vissu leyti myndarleg, eru eins og fleira í höndum ríkisins látin grotna niður vegna hirðuleysis og vegna þess sjónarmiðs að aldrei má eyða fjármagni í að halda við eignum ríkisins.

Ég held að það sé alveg augljóst mál, að ef fjárlagafrv. verður afgreitt með þessum hætti verði sett upp annað fjárlagafrv. við hliðina með aukafjárveitingu. Með því að afgreiða fjárlög á svo óraunsæjan hátt sem hér er lagt til og hefur verið gert áður er verið að setja upp önnur fjárlög við hliðina á þeim sem Alþingi setur, þ. e. með aukafjárveitingum sem meira og minna ráðast af því, hvað embættismannakerfið í landinu vill. Það er mál sem ástæða er til að ræða, að í raun og veru er svo komið — þó að það sé hart að segja það — að það skiptir tiltölulega litlu máli hvað fjárveitingavaldið, Alþingi, ákvarðar að því er varðar fjárveitingar. Embættismannakerfinu er eftirlátið að ráðsmennskast með þetta meira og minna að eigin geðþótta, burt séð frá því hvað fjárveitingavaldið hefur ákveðið. Það er orðið að mínu viti nauðsyn á því að alþm. geri sér fulla grein fyrir þessari staðreynd.

Það er furðulegt að hugsa til þess, að í kjördæmi eins og Vestfjarðakjördæmi, sem allir viðurkenna að er langsamlega einangraðasta kjördæmið samgöngulega séð og verður að byggja svo til einvörðungu á flugsamgöngum stóran hluta úr árinu, skuli ekki vera framkvæmt fyrir 60 millj. gamlar af þeim fjárveitingum sem hægt væri að vinna fyrir. Það eru skildar eftir 60 gamlar millj. og ekki framkvæmt fyrir þær af því að embættismönnunum datt það í hug, þó að fjárveitingavaldið væri búið að ákveða það. Svona mætti telja upp ótal dæmi þess, sí og æ er verið að draga valdið úr höndum Alþingis til embættismannanna og þeim er eftirlátið að ráðsmennskast með hlutina.

En fari svo sem allt bendir til, að hæstv. ríkisstj. haldi

áfram á þessari villubraut og láti afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 án tillits til þeirra staðreynda sem fyrir liggja og sýnt hefur verið fram á og ekki hefur verið mótmælt, þá er hér verið að afgreiða fjárlög sem lítið mark verður á takandi. Það verður að gera þá kröfu til ríkisstj., ég tala nú ekki um Alþingis sjálfs, að það sýni raunsæi í afgreiðslu jafnmikilvægs málaflokks og fjárlög eru og sé ekki með blindingsleik sýknt og heilagt, ár eftir ár, við afgreiðslu þess máls. Ef á að afgreiða fjárlagafrv. á grundvelli 33% hækkunar á milli ára, á ímynduðum efnahagsráðstöfunum ríkisstj. sem treysta þann grundvöll, þá á hæstv. ríkisstj. að leggja þær ráðstafanir fram svo að þm. sjái á hverju er byggt. Ef ekki, þá á á hinn bóginn að gera ráð fyrir þeirri spá, sem Þjóðhagsstofnun hefur sett fram og hefur í flestum tilvikum staðist nokkuð vel undanfarin ár, það hafa ekki verið mikil frávik. Þá á að byggja fjárlagafrv. og forsendur þess á þeirri spá og það er 55% hækkun milli ára en ekki 33%. Það verður því annað tveggja að gerast, ef einhverju viti á að koma í fjárlagaafgreiðsluna, annaðhvort verður hæstv. ríkisstj. að gera svo vel að gera grein fyrir þeim efnahagsaðgerðum, sem hún ætlar að gera til þess að skjóta styrkari fótum undir frv., og miða við 33%, eða byggja á þeirri spá sem fyrir liggur um 55% hækkun milli ára. Þetta er allur sannleikur málsins og öllum augljós sem um málið vilja hugsa og skoða það af raunsæi. Það er vissulega mikill ábyrgðarhluti hjá hæstv. ríkisstj. að beita þeim blekkingum sem hún hefur beitt um að allt sé í besta lagi, allt sé slétt og fellt. Það á eftir að koma á daginn, kannske fyrr en margan grunar, að menn standi frammi fyrir allt öðrum staðreyndum en þeim að allt sé í lagi. Þjóðin á heimtingu á að henni sé sagður sannleikurinn. Það kemur fyrr en seinna að skuldadögunum og hæstv ríkisstj. verður að standa ábyrg gerða sinna.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í umr. um frv. sem slíkt, forsendur þess og efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. En ég held að nauðsynlegt sé að víkja með örfáum orðum að því sem ég sagði áðan um fjárlögin sjálf og hins vegar hættuna á því, ef þau yrðu afgreidd óraunhæft, að upp verði sett við hliðina á fjárlögum nokkurs konar aukafjárlagafrv. sem felur í sér aukafjárveitingar, líklega í vaxandi mæli. Ég hef fengið um það upplýsingar, að á árinu 1980 námu heildaraukafjárveitingar 234 millj. nýkr., þ. e. 23 gömlum milljörðum kr. 24 milljarðar eru þannig teknir fram hjá fjárlagaafgreiðslunni og afgreiddir í aukafjárveitingu. Og því meiri hætta er á að þetta fari vaxandi sem fjárlögin sjálf eru afgreidd óraunsæjar og reynt að halda þeim niðri með alls konar blekkingum. Á árinu 1980 hefur t. d. menntmrn. fengið rúmar 23 millj. í aukafjárveitingum. Heilbrmrn. hafði fengið 155 millj. í aukafjárveitingum á árinu 1980, fjmrn. nærri 13 millj., iðnrn. 13.5 millj., dómsmrn. yfir 9 millj. og svona mætti halda áfram að telja. Það er ekki lítið fé að taka fram hjá fjárlögum í aukafjárveitingum á einu ári 23 milljarða gkr. Það er þetta sem ég held að hæstv. ríkisstj. sé að undirbyggja með því að afgreiða fjárlögin svo óraunsætt sem raun ber vitni. Afleiðingin verður bara þessi: Fjármögnun fer fram í formi aukafjárveitinga sem Alþingi verður ekki spurt álits á fyrr en seint og um síðir, og þá standa þm. frammi fyrir gerðum hlut. Það er sú hætta sem boðið er upp á með afgreiðslu fjárlaga á þann hátt sem hér er lagt til.

Að síðustu, herra forseti, vil ég fara örfáum orðum um þær brtt. sem ég flyt hér á sérstöku þskj. og eru allar innan ramma þeirrar stefnu sem Alþfl. hefur fylgt að undanförnu að því er varðar fjármál ríkisins og efnahagsstefnuna í landinu. Það hefur oftast verið svo, að stjórnarandstaðan hefur yfirleitt verið með tillögur til hækkunar frá því sem stjórnarliðið hefur gert ráð fyrir. Því fer fjarri að Alþfl. sé hér að flytja tillögur til útgjaldaauka. Hér er fyrst og fremst um að ræða flutning á fjármagni milli hinna ýmsu málaflokka og svo skilið eftir talsvert fjármagn eða um 64 millj. kr. sem svigrúm fyrir menn til að flytja brtt. við afgreiðslu frv.

Meginefni þessara brtt. er lækkun tekjuskatts um 192 millj. kr., en það er stefnumörkunaratriði Alþfl. að tekjuskatt á almennar launatekjur beri að leggja niður í áföngum. Hér er um 20% lækkun á tekjuskatti að ræða sem þýddi óbreytta greiðslubyrði á árinu 1982 miðað við árið 1981. Þá er einnig um að ræða lækkun á eignarsköttum einstaklinga um 18 millj. kr. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að eignarskattar eru orðnir ærið þung byrði á mörgum í landi hér. Með raunvöxtum og verðtryggingarstefnu ætti að vera minni þörf á jafnmikilli skattheimtu og uppi hefur verið höfð á undangengnum árum.

Þá er einnig lagt til að söluskattur verði lækkaður um 1%, sem þýðir lækkkun um 128 millj. frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Enginn þarf að vera hissa á því, þó að fram komi tillögur eða hugmyndir um lækkun á söluskatti, svo hár sem hann er orðinn hér á landi.

Allar þessar þrjár tillögur beinast að því stefnumiði Alþfl. að lækka skatta á launafólki, þar sem skattalækkun er, miðað við þær aðstæður sem við búum við í dag, raunhæfasta kjarabótin til handa launafólki, fyrst og fremst láglaunafólki.

Það er gert ráð fyrir að skattur á skrifstofu- og verlsunarhúsnæði verði lækkaður um 50% eða um 16 millj. Er það tvennt sem um er að ræða og rökstyður þá tillögu. Það er annars vegar, eins og ég minntist á áðan, raunvaxtastefnan. Fasteignamat hefur stórlega hækkað eða um 55% á þessu ári og eðli málsins samkv. og í ljósi þeirra staðreynda er ekki óeðlilegt að gerð sé tillaga um lækkun þess skatts.

Þá er gerð hér tillaga um hækkun á hagnaði Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Ég held í ljósi fenginnar reynslu og þeirrar spár sem uppi er sé ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að hagnaður af Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins verði a. m. k. sá sem hér er miðað við. Er lagt til að hann hækki um 40 millj. kr., úr 522 í 562.

Þá er hér um að ræða nokkrar tillögur um tilfærslu að því er varðar landbúnaðarmálin. Það eru tillögur sem eru vel kunnar. Hliðstæðar tillögur voru fluttar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1981. Þær eru í fyrsta lagi um að auka tekjur Jarðasjóðs um 2 millj., úr 802 þús. í 2 millj. 802 þús., og að framlög samkv. jarðræktarlögum verði lækkuð. Það er í fyrsta lagi til fyrirtækja og atvinnuvega, það verði lækkað um 6 millj. kr., Jarðrækt, húsabætur og vatnsveitur verði lækkaðar um 9 millj. kr., og liðurinn Framræsla verði lækkaður um 2 millj. kr. Á móti þeim lækkunum, sem þarna er um að ræða, er síðan gert ráð fyrir að hækka liðinn Nýjar búgreinar um 5 millj. kr. Það hefur verið og er stefna Alþfl., sem nýtur vaxandi skilnings og fylgis, að það beri að verja fjármagni til að auka við nýjar búgreinar og hagræðingu í þeim málum. Þessu var fjandsamlega tekið lengi vel af ýmsum aðilum, en ég held að það sé nokkuð ljóst að þessari stefnu hefur aukist fylgi. Alþfl. mun halda áfram tillöguflutningi og byggja á

þeirri forsendu, sem hann telur vera rétta, að það þurfi breytta stefnu í landbúnaðarmálum hér á landi.

Þá er hér lögð til lækkun á liðnum Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, sem nemur 24 millj. Einnig er lagt til að lækka liðinn Niðurgreiðslur á vöruverði um 200 millj. kr. Allt eru þetta þekkt viðhorf og sjónarmið í stefnumörkun Alþfl. að því er varðar landbúnaðarmálin og útflutningsuppbótagreiðsluna. Þá er lagt til að liðurinn Framleiðslueftirlit sjávarafurða lækki um 4 millj. kr. Það er byggt á þeirri nauðsyn sem við teljum vera á því að endurskipuleggja þá stofnun ef hún á að þjóna þeim tilgangi sem henni var ætlað. Það stendur mikill styrr um þessa stofnun og víða á landinu er málum þannig komið, að sjómenn blátt áfram sætta sig ekki við þær starfsaðferðir sem þar er beitt. Þessi tillaga okkar er fyrst og fremst gerð í ljósi þeirrar staðreyndar sem við teljum vera, að skipulagsbreyting þurfi að verða í málefnum stofnunarinnar.

Varðandi liðinn Bifreiðaeftirlit ríkisins er gerð till. um að lækka laun um 3 millj. kr. Það er einnig að okkar áliti nauðsyn á skipulagsbreytingu hjá þeirri stofnun. Hefur það verið rætt nokkrum sinnum í þinginu og skipuð sérstök nefnd til þess að rannsaka þá stofnun og gera tillögur til úrbóta. Það er skoðun okkar að með skynsamlegri skipulagsbreytingu og hagræðingu megi koma þar við talsverðum sparnaði. Þess vegna er hér gerð till. um að lækka launaliðinn um 3 millj. og önnur rekstrargjöld um 1 millj. Það sama á við um liðinn Framleiðslueftirlit sjávarafurða. Þar er lagt til að launin verði lækkuð um 4 millj. og önnur rekstrargjöld um eina millj.

Þá er lagt til að liðurinn Vegna launa- og verðlagsmála, sem nemur 140 millj. ef ég man rétt, verði felldur niður. Það er ekki að okkar áliti ástæða til að hafa slíkt inni miðað við þær aðstæður sem eru í dag. Því er lagt til að liðurinn verði felldur niður.

Hér er um að ræða lækkun á ýmsum liðum fjárlagafrv. upp á 424 millj. Síðan er ráðstafað með hækkunartilfærslum 360 millj. kr. Hér er því svigrúm upp á 64 millj. kr., sem eftir eru miðað við þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði. Það er tiltölulega nýtt í sögunni að flokkur í stjórnarandstöðu flytji tillögur annars vegar um millifærslu á ýmsum liðum fjárlagafrv. og hins vegar um beina lækkun. Þetta er nýtt í stjórnmálasögunni, enda er það staðreynd sem ekki verður á móti mælt, að Alþfl. vill breytta stefnu í efnahagsmálum, — breytta stefnu sem er skynsamlegri og verður þess valdandi að við getum, ef rétt er á málum haldið, rétt úr kútnum og farið að búa í þessu landi með þeim eðlilega hætti að hér búi ekki stór hópur launafólks og örorku- og ellilífeyrisþega við hin kröppustu kjör sem um getur.

Ég geri ráð fyrir að aðrir þm. Alþfl. ræði frekar suma þætti þessara mála hér á eftir, en ég hef gert í örfáum orðum grein fyrir þeim meginbrtt. sem ég flyt á sérstöku þskj. í nafni Alþfl. Þessar tillögur miða að því, eins og ég áður sagði, að færa til betri vegar nokkra þætti frv. og eru jafnframt hlekkur í þeirri skynsamlegu og nauðsynlegu stefnu sem Alþfl. hefur boðað að þurfi að taka upp við stjórn efnahags- og fjármála. Ég er sannfærður um að því fyrr sem upp er tekin sú skynsamlega stefna í efnahags- og fjármálum sem Alþfl. hefur boðað og berst fyrir, því betra. Því fyrr eygjum við lausn í þeim erfiðu vandamálum sem nú blasa við og hafa raunar blasað við lengi.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 189, 195 og 201, sem voru of seint fram komnar, samþ. með 32 shlj. atkv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 181 stöndum við framsóknarmenn að því meirihlutaáliti. Ég get tekið undir það með hv. formanni fjvn. og frsm. meiri hl. sem hann sagði í framsögu hér í dag, þar sem hann gerði skilmerkilega grein fyrir nál., og ég tel ekki ástæðu til að ræða sérstaklega efnislega frv. eins og það liggur fyrir. En áður en ég kem að því, sem ég ætlaði að segja hér, vil ég að gefnu tilefni fullvissa hv. 6. landsk. þm. um, varðandi þær fsp. sem hann bar fram áðan til okkar þm. í stjórnarliðinu, sérstaklega til okkar þm. Framsfl., að við þm. Framsfl. erum með hæstv. viðskrh. í broddi fylkingar að vinna að því að jöfnun orkuverðs í landinu verði staðreynd. Við munum ekki hlaupa frá því verkefni.

Við fjárlagaafgreiðslu fyrir yfirstandandi ár, 1981, vakti ég athygli á nauðsyn þess að fjvn. kæmi meira inn í undirbúning fjárlagagerðar, fengi aðstöðu til þess, jafnframt því að taka ýmsar opinberar stofnanir til meðferðar, og rakti dæmi þessu til sönnunar. Að mínu mati tel ég þetta vera grundvallaratriði við fjármálastjórn ríkisins. Hæstv. fjmrh. gat þess við 1. umr. um fjárlagafrv., að á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar og ríkisendurskoðunar væri unnið að margs háttar hagsýsluverkefnum og nefndi þar til nokkrar stofnanir sem hafi verið til skoðunar, svo sem Þjóðleikhús, Sinfóníuhljómsveit, Orkustofnun o. fl. Þetta er vissulega spor í rétta átt og hefur skilað nokkrum árangri, en alls ekki hefur verið fylgt nægjanlega eftir einfaldlega vegna þess að framangreindir aðilar hafa ekki til þess nægjanlega góða aðstöðu og skipulag þeirra hamlar aðgerðum. Um þetta eru mörg dæmi.

Á s. l. sumri tók undirnefnd fjvn. til sérstakrar athugunar rannsóknarstofnanir atvinnuveganna, en þessar stofnanir eru allar mjög þýðingarmiklar fyrir atvinnuvegina og þjóðarbúið í heild. Þær stofnanir, sem undirnefnd fjvn. skoðaði sérstaklega, voru Iðntæknistofnun, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnarins, Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ég er ekki í vafa um að þessi vinna undirnefndar var á margan hátt nauðsynleg. Var það sameiginlegt álit nefndarinnar og forustumanna viðkomandi stofnana að verkefnaval ætti að ráða umfangi þessara þýðingarmiklu rannsóknastofnana atvinnuveganna og miða þá við þau verkefni sem eru mikilvægust fyrir þjóðarbúið hverju sinni. Þannig nýtist það fjármagn, sem til þess er hægt að verja hverju sinni, á jákvæðan hátt. Undirnefnd fjvn. lét lagfæra í fjárlagafrv. nokkur veigamikil atriði fyrir þessar stofnanir, áður en það var lagt fram, á grundvelli þessara athugana. Þessu þarf að halda áfram í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins.

Ég nefni þetta hér og nú vegna þes að ég tel að þörfin fyrir meira starf Alþingis á þessu sviði sé mjög mikil. Það grípur inn á það svið, sem oft hefur verið rætt við afgreiðslu fjárlaga, að Alþingi þarf í fyrsta lagi að hafa aðstöðu til að fylgjast með gerð fjárlaga og í öðru lagi, sem er mikilvægast, að fylgjast með hvernig fjárveitingum Alþingis er varið. Í efnahagslögum nr. 13, svokölluðum Ólafslögum, stendur í 12. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisendurskoðun skal fylgjast með fram-

kvæmd fjárlaga í umboði Alþingis." — Í sömu efnahagslögum er, eins og hv. alþm. er kunnugt, kveðið á um hvernig unnið skuli að fjárlagagerðinni. Þar með eru stjórnvöld skylduð til að leggja lánsfjáráætlun fram með fjárlögum. Jafnframt er skilgreint í þessum lögum hlutverk hagsýslustofnunar og ríkisendurskoðunar. Með þessu ákvæði var stefnt að meiri og nákvæmari vinnu við fjárlagagerðina en áður var. M. a. á hlutverk ríkisendurskoðunar að verða mjög afgerandi.

Undirnefnd fjvn. taldi nauðsynlegt að fá að heyra álit ríkisendurskoðunar á því, hvernig þetta ákvæði 12. gr. Ólafslaga hefði verið í framkvæmd. Það var vissulega fróðlegt að heyra hvernig fulltrúi ríkisendurskoðunar túlkaði þetta atriði, en jafnframt hversu erfitt það virðist vera að hans mati að ná til sumra ríkisstofnana í raunverulega endurskoðun. Það kom fram, að ríkisendurskoðun telur eðlilegt að hún heyri beint undir Alþingi, en samkv. gildandi lögum heyrir hún beint undir fjmrh. Þetta setur ríkisendurskoðun miklar skorður og torveldar í raun og veru vinnutilhögun við öflun þeirra upplýsinga sem Alþingi — í þessu tilfelli fjvn. — ætti að láta ríkisendurskoðun afla varðandi opinberar stofnanir eða fjárveitingu til þeirra og opinberra framkvæmda.

Það er að mínu mati nauðsynlegt að ríkisendurskoðun starfi við hlið hagsýslustofnunar. Þannig hlytu að fást miklu raunhæfari upplýsingar um ríkisfjármálin. Mitt mat er það, að mikið skorti á að ríkisendurskoðun og fjárlaga- og hagsýslustofnun vinni saman. Milli þessara mikilvægu stofnana ríkisfjármála eru mjög lausleg tengsl, svo ekki sé meira sagt. Þessu þarf að breyta. Ég minni á þetta nú við afgreiðslu fjárlaga. Ég tel að Alþingi og þá ekki síst fjvn. þurfi á stofnun að halda eins og ríkisendurskoðun á að vera við fjárlagagerðina og ekki síst við upplýsingaöflun um meðferð fjárveitinga til opinberra framkvæmda og stofnana sem slíkra.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur vissulega unnið sífellt og með vaxandi þunga að því að gera fjárlagagerðina marktækari með meiri kröfugerð á hendur stofnana um nákvæmari upplýsingar um fjárbeiðnir. Samt sem áður er ljóst að aðkallandi er að ýmsar stofnanir séu teknar til sérstakrar úttektar. Það blasir við að verkefni sumra stofnana rekast á, aðilar eru raunar að vinna að sama verkefninu. Þetta rekum við okkur oft og mörgum sinnum á við fjárlagagerðina. Þessu þarf að breyta. Það er allt of mikil sjálfvirkni í útþenslu á mörgun opinberum stofnunum. Hér er verk að vinna sem Alþingi með stuðningi ríkisendurskoðunar þarf að fara rækilega ofan í. Þetta tekur að vísu langan tíma, en eftir því sem það er dregið verður málið erfiðara í meðferð.

Ég gæti nefnt mörg dæmi um hversu augljós þörfin er að farið sé ofan í þessi mál. Eins og fram kemur í fjárlagafrv. eru útgjöld til tryggingamála 2071 millj. kr. eða yfir 207 milljarðar kr., en þau eru fyrirferðarmest allra ríkisútgjalda. Forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins kom á fund fjvn. og óskaði eftir hækkun til tryggingganna upp á 303 millj. kr. sem hann taldi að vantaði til þess að hægt væri að reka tryggingarnar með eðlilegum hætti. En það, sem var alvarlegast við þessa hækkunarbeiðni, var sú blákalda staðreynd, að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, þessarar stærstu stofnunar í opinberum rekstri, viðurkenndi að hann hefði alls ekki möguleika á að upplýsa um raunverulega fjárhagsstöðu tryggingakerfisins, t. d. frá mánuði til mánaðar, þar sem kerfið væri það seinvirkt í uppgjöri. M. a. væru öll sjúkrasamlög í landinu „á floti" í þessu efni, eins og hann orðaði það. Og hvað hafði hann til ráða í sambandi við þetta stóra fyrirtæki? Það þurfti að hans mati að setja upp fullkomið tölvukerfi í þetta mikla bákn, leggja niður sjúkrasamlögin í landinu, breyta húsaskipan stofnunarinnar o. s. frv. Tryggingastofnun ríkisins er ein þýðingarmesta stofnun í ríkiskerfinu, en er bákn sem augljóst er að hefur vaxið sjálfkrafa yfir höfuð stjórnenda. Fjvn. hækkaði framlag ríkisins til rekstrar stofnunarinnar um 67 millj. kr. í stað 303 millj., sem stofnunin telur sig þurfa.

Það væri vissulega freistandi að nefna margar opinberar stofnanir í þjóðfélagskerfi okkar sem augljóslega er þörf á að séu teknar til rækilegrar meðferðar og skipulagðar upp á nýtt við breyttar aðstæður. Ég er ekki í vafa um að hægt væri að ná fram miklum sparnaði og lækka útgjöld ríkisins stórlega ef það væri gert.

Ég vil undirstrika að ég tel nauðsyn bera til að Alþingi taki þetta mál fastari tökum. Það kemur vissulega vel til greina að fela fjvn. ákveðnara hlutverk og skapa henni aðstöðu til þessa verkefnis.

Árangur af góðri stjórnun ríkisstofnana lætur ekki á sér standa. Við höfum fylgst með hvernig fjárhagsstaða ríkisútvarpsins hefur stórbreyst á tiltölulega stuttum tíma. Þar hefur farið saman góð stjórnun og ákveðinn vilji til að bæta og hagræða rekstri. Stjórnendur þessarar stofnunar ná yfir verkefni sín, vita hvernig fjárhagurinn stendur og hvað má gera, og það gerir þeim kleift að rökstyðja sínar áætlanir og fjárþarfir á sannfærandi hátt.

Margar aðrar B-hluta stofnanir eru vissulega á réttri braut hvað varðar hagræðingu í rekstri. Ég nefni Vegagerð ríkisins, Póst og síma, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun. Samt sem áður hef ég þá skoðun, að í þessum stofnunum öllum sé þörf á að gera betur, yfirbygging þeirra sé of stór.

Ég tel ástæðu til að nefna hér skerðingu framlaga til stofnlána- og fjárfestingarsjóða. Eins og hv. alþm. er kunnugt þarf árlega lagabreytingu, þ. e. lánsfjárlög, vegna þess að gengið er gegn lögum um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna þar sem ekki er talið fært að fullnægja þessari lagaskyldu. Þar stendur upp á Alþingi að taka þessi mál til meðferðar.

3. júlí 1980 skilaði stjórnskipuð nefnd áliti til fjmrh. um þessi mál. Samkv. skipunarbréfi nefndarinnar var verkefni hennar þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin sem skipuð var til að athuga og endurskoða ákvæði laga sem kveða á um skyldu ríkissjóðs til fjárframlaga til sjóða og einstakra verkefna með föstum reglubundnum hætti, sbr. 8. gr. laga nr. 13 1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., sbr. og bréf fjmrn. dags. 31. ágúst 1979."

Þessi nefnd skilaði nál. sem er um margt athyglisvert. Mér finnst fullkomin ástæða til þess við 2. umr. fjárl. fyrir árið 1982 að lesa hér kafla úr nál., en ég geri það einnig vegna þess að þessi nefnd var stjórnskipuð með sérstökum hætti. Í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá öllum stjórnmálaflokkunum, þ. e. Halldór E. Sigurðsson, Helgi Seljan, Matthías Á. Mathiesen og Sighvatur Björgvinsson. Það er rétt að geta þess, að hér er um þrjá fyrrv. fjmrh. að ræða. En þeir segja svo um þetta endurskoðunarverkefni, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau sjónarmið, sem bjuggu að baki gildandi lagafyrirmælum, skyldu vera hagkvæmari en önnur fjárfestingarlán. Af þessum sökum var talið brýnt að eigið fé þeirra sjóða, er stofnlán veittu, yrði að minnsta kosti

verulegur hluti þess fjármagns sem þeir lánuðu, en síður að um endurlán væri að ræða. Samfara verðlagsþróun undanfarinna ára hafa stofnlánasjóðir, þrátt fyrir það sem að framan segir, orðið að taka verulegan hluta af ráðstöfunarfé sínu að láni og þó einkum hjá Framkvæmdasjóði Íslands. Þessi lán, sem ýmist eru verðtryggð eða gengistryggð, hafa þeir síðan endurlánað. Ákvarðanir á útlánakjörum sjóðanna hafa að sjálfsögðu í æ ríkari mæli tekið mið af þeim lánskjörum sem sjóðirnir þurfa að hlíta sjálfir og er nú svo komið að útlán þeirra eru að fullu verð- og gengistryggð. Þessar breytingar hafa leitt til þess, að sjónarmið þau, sem bjuggu að baki lagaákvæðum um tekjur sjóðanna, og þá einkum um óafturkræf framlög ríkissjóðs, hafa minna gildi en áður þar sem eiginfjárstaða sjóðanna ætti að verða að miklu leyti trygg með fullri verðtryggingu útlána þeirra. Þetta atriði, ásamt því að æskilegt er að fjárveitingavaldið hafi frjálsari hendur til fjárveitinga til sjóðanna en nú er, mælir fyrst og fremst með því að breytingar verði gerðar á gildandi löggjöf um framlög ríkissjóðs til stofnlánasjóða."

Og í niðurlagi álitsins segja þessir aðilar að í meginatriðum felist brtt. nefndarinnar í eftirfarandi atriðum:

„Ákvæði um föst framlög ríkissjóðs til stofnlánasjóða verði í flestum tilfellum felld niður. Dregið verði úr skyldu ríkissjóðs til mótframlaga við aðra aðila sem leggja fram fé til sjóðanna, en þar er oftast um beina hagsmunaaðila að ræða. Enn fremur verði skert og afnumin hlutdeild sjóðanna í tekjum af mörkuðum tekjustofnum, sé um þá að ræða, og þeir, sem veigalitlu hlutverki gegna, verði felldir niður eða sameinaðir í sjóði sem hliðstæðu hlutverki gegna.

Í þessu sambandi skal á það bent, að gildi hinna mörkuðu tekjustofna er mjög mismunandi. Margir þeirra gefa af sér tiltölulega litlar tekjur og skipta í raun ekki grundvallarmáli fyrir þær stofnanir sem þeirra njóta. Því leggur nefndin til að mörkun sumra þeirra verði felld niður, en ákvörðun um fjárframlög til þeirra stofnana, sem nú njóta m. a. tekna af þessum tekjustofnum, verði alfarið falin Alþingi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni."

Ég vil endurtaka hér, að það, sem var merkilegt við þetta nál. að mínu mati, er fyrst og fremst að það eru fulltrúar flokkanna sem vinna þetta verk og gera þessa ályktun, og það sem meira er, að það eru þrír fyrrv. fjmrh. sem skrifa undir þetta nál., Halldór E. Sigurðsson, Matthías Á. Mathisen og Sighvatur Björgvinsson, auk Helga Seljans.

Það má vissulega deila um niðurstöðu nefndarinnar en að mínu mati er augljóst að ekki verður lengur frestað að taka málið til afgreiðslu. Ákvörðun gæti í sumum tilfellum gert fjárlagagerðina raunhæfari jafnframt því að sérstaða ákveðinna sjóða yrði viðurkennd og staða þeirra gerð sterkari.

Þegar við athugum þessa opinberu sjóði hafa þeir oft verið hér til umræðu. Þetta eru margir hverjir góðir sjóðir sem við viljum gjarnan vernda og teljum að hafi mikilvægu hlutverki að gegna fyrir þjóðfélagsuppbyggingu okkar. Ég nefni Byggðasjóð, Félagsheimilasjóð, Fiskveiðasjóð, Iðnrekstrarsjóð. Skerðing þeirra hefur verið á undanförnum árum mjög mikil. Ef við tökum dæmi um skerðingu ríkissjóðs til stofnlána- og fjárfestingarsjóða reiknaða á föstu verðlagi í sambandi við þetta frv. kemur m. a. í ljós að Fiskveiðasjóður hefur verið skertur um 21.7 millj., Félagsheimilasjóður um 3.1 millj. og Byggðasjóður um 32 millj. Ég er ekki að segja með þessum orðum að ekki sé eðlilegt að þessir sjóðir hafi verð skertir að einhverju leyti. Það, sem mér finnst neikvætt í þessu máli, er að Alþingi skuli láta dragast ár eftir ár að taka ákvörðun um hvort þessum lögum eigi að breyta og hvort ekki sé eðlilegt að færa þessa sjóði í ákveðnara form, annaðhvort með því að fella suma þeirra niður eða styrkja stöðu annarra.

Eins og ég tók fram í upphafi máls míns ætla ég ekki að ræða efnislega fjárlagafrv., enda stöndum við að afgreiðslu þess og því meirihlutaáliti sem hér liggur fyrir. Enn fremur get ég vísað til ítarlegrar ræðu hæstv. viðskrh. við 1. umr. fjárlaga um afstöðu Framsfl. til frv. í heild.

Samvinna í fjvn. hefur verið mjög góð að vanda og málin vandlega skoðuð og rædd. Ég vil þó sérstaklega nefna tvö atriði af fjölmörgum sem við fulltrúar Framsfl. í nefndinni lögðum mikla áherslu á að fengju viðunandi afgreiðslu. Það er í fyrsta lagi lagning sjálfvirks síma. Í lögum nr. 32 1981, um lagningu sjálfvirks síma, sem samþ. voru á s. l. vori, stendur í 3. gr.:

„Póst- og símamálastofnun er heimilt að taka lán, allt að 20 millj. kr. árlega í 5 ár, til fjármögnunar framkvæmda samkv. 1. gr. Lántökuheimild þessi skal breytast í samræmi við breytingar á byggingarvísitölu."

Og í 2. gr.: „tæki og búnaður til lagningar og uppsetningar sjálfvirks símasambands, samkv. áætlun þeirri sem gerð verður, sbr. 1. gr., skulu undanþegin aðflutningsgjöldum og söluskatti við innflutning."

Til að halda verðgildi framkvæmda á árinu 1982 þurfti fjárhæð í fjárlögum og lánsfjáráætlun að hækka í 34.2 millj. kr. það er 3.2 millj. hækkun. Um þetta varð samkomulag í nefndinni. Jafnframt var samþ. að fjmrh. væri heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af sjálfvirkum símstöðvum sem fluttar eru inn á vegum Póst- og símamálstofnunarinnar. Þetta er mjög mikilvægt mál að okkar mati og mun tryggja framkvæmd 5 ára áætlunar um lagningu sjálfvirks síma um landið, en fjárfesting og framkvæmdir Pósts og síma munu verða um 124 millj. kr. á árinu 1982 í stað 54 millj. á yfirstandandi ári.

Hitt málið, sem ég nefndi sérstaklega, er bygging íþróttamiðstöðvar á Laugarvatni. Samkomulag varð um 4 millj. kr. fjárveitingu á árinu 1982 til byggingar íþróttahúss Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni. Fyrir var 1 millj. í fjárlögum þessa árs. Jafnframt er ákveðið að bjóða verkið út næsta vor, þ. e. að gera bygginguna fokhelda í einum áfanga sem yrði lokið 1983, og þar með í opinberum verksamningi fyrir fram bundin fjárveiting 1983 til verksins, en kostnaðarverð þess áfanga er á verðlagi næsta árs áætlað um 8 millj. kr. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna úrslitum þessa máls sem er mjög þýðingarmikið ekki aðeins fyrir skólana á Laugarvatni, heldur fyrir allt íþróttastarf í landinu.

3. umr. bíða ýmis mikilvæg mál ýmissa stofnana. Ég nefndi Vegagerð ríkisins, vegaframkvæmdir samkv. vegáætlun og samþykktri þál. um hækkun vegaframkvæmda í 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu. Við framsóknarmenn leggjum höfuðáherslu á að staðið verði við þetta atriði við afgreiðslu fjárlaga. Það er grundvallarmál. Jafnframt þarf sérstaka afgreiðslu vegna verkefna við hina svokölluðu Ó-vegi.

Málefni Háskóla Íslands eru í brennidepli. Ljóst er að

ekki hefur verið tekið fullt tillit til fjölgunar háskólanemenda við fjárlagagerðina. Þetta þarf að leiðrétta. Jafnframt þarf að tryggja viðhald eða endurbyggingu stúdentagarðanna, sem lokið er fyrir nokkru á Gamla Garði, en Nýi Garður er ekki mönnum bjóðandi í því ástandi sem húsið er í. Það höfum við fengið að sjá.

Þá eru ýmsir þættir landbúnaðarmála óafgreiddir svo og byggðalínur.

Rekstur löggæslunnar í landinu er í miklum vanda, virðist vera eitt af þeim málefnum í opinberum rekstri sem sprengir sjálfvirkt allar fjárhagsáætlanir. Hér er um að ræða mál sem verður að taka föstum tökum. Útþenslu löggæslukostnaðar hlýtur að verða að setja vissar skorður. Þetta er eitt af dæmum um stofnanir, sem ég nefndi í byrjun míns máls og er vissulega nauðsynlegt að skoða vandlega. Þetta er vandasamt mál. Vissulega eru gerðar miklar kröfur og vaxandi til löggæslunnar í landinu og dómsmála yfirleitt. En einmitt þess vegna tel ég vera mjög áríðandi að það sé tekist á við þennan vanda og reynt að finna lausn á honum svo að kostnaður hækki ekki eins sjálfvirkt og komi ekki eins aftan að öllum fjárskuldbindingum og nú virðist vera.

Rekstur tónlistarskóla, akstur skólabarna og jöfnun námskostnaðar eru meðal mála sem er eftir að afgreiða, en hafa mikla þýðingu fyrir sveitarfélög og fólk í dreifbýli þessa lands.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar ýmsa þætti fjárlaganna þó það væri vissulega freistandi eftir að vera búinn að vinna við þetta í langan tíma. Við framsóknarmenn höfum lagt okkur fram um að vinna við fjárlagagerðina með tilliti til þeirra meginforsendna sem koma fram í athugasemdum fjárlagafrv. og að ekki yrði raskað því markmiði að afgr. fjárlög án greiðsluhalla. Jafnframt er okkur að sjálfsögðu ljóst að efnahagshorfur eru slíkar að fjárlög næsta árs gætu raskast verulega. Samt sem áður tel ég að þessi fjárlög með breytingum fjvn. séu nær því en oft áður að vera raunhæf fjárlög. Minna er um óvissuþætti og tekist hefur að auka verulega framkvæmdaframlög, sem hækka milli 40—60%.

Fram undan eru mikilvægar ákvarðanir í efnahagsmálum ef tryggja á lífskjör þjóðarinnar. Það væri vissulega skammsýni og um leið þjóðarógæfa ef landsmenn gerðu sér ekki fulla grein fyrir þeirri staðreynd, að kröfurnar um lífsgæðin verður að byggja á þeirri verðmætasköpun, sem atvinnuvegir lands okkar eru færir um, og því markaðsverði sem í boði er. Við erum háðari utanríkisviðskiptum en flestar nágrannaþjóðir okkar. Það þarf engum að koma á óvart að ráðstafanir í efnahagsmálum til að ná jákvæðum árangri við núverandi aðstæður segi til sín í daglegu lífi allra landsmanna. Full verðtrygging peninga kalla á ný viðhorf í viðskiptum. Meira aðhald og sparnaður í atvinnurekstri verða að koma til, meiri og nákvæmari hagræðing, meiri framleiðni og miklu, miklu meiri vöruvöndun. Öll þessi mál þarf að ræða af fullri hreinskilni fyrir opnum tjöldum. Ríkisstj. ræðir efnahagsvandann og leiðir til að ná fram því markmiði sem allir eru sammála um að hljóti að vera aðalmál: að ná niður verðbólgunni. Þjóðin ætlast til þess, að ríkisstjórn og alþingismenn geri ráðstafanir sem tryggi lífskjörin í landinu. Til þess þarf að vinna bug á verðbólgunni og koma í veg fyrir afleiðingar hennar.

Ég vil að lokum þakka formanni fjvn., fjvn.-mönnum og starfsmönnum hagsýslustofnunar fyrir ágætt samstarf og ánægjulega samvinnu í fjvn. Hvað sem við segjum um þessi fjárlög og um efnahagsástandið almennt er það von mín og raunar vissa, að þessi fjárlög marki tímamót til framfara í landinu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Margt mætti að sjálfsögðu um fjárlagafrv. segja og yrði það ekki allt fjármálastjórn núv. hæstv. ríkisstj. til hróss. Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári, en hin svokallaða reiknitala frv. er 33%. Hvað þýðir þetta? Það þýðir m. a. að allt framkvæmdafé í frv. er í reynd 14.2% lægra að raungildi en látið er í veðri vaka í frv. og forsendum þess til viðbótar við þá magnminnkun sem frv. sjálft gerir ráð fyrir á flestum framkvæmdasviðum. Sama er að segja um öll framlög til annarra aðila en ríkisfyrirtækja. Allar þessar fjárveitingar þyrfti að hækka um 16.5% til að ná því raungildi sem gert er ráð fyrir í frv.

Mestur hluti tekna ríkissjóðs vex með hækkandi verðbólgu og öll bein rekstrarútgjöld, en framlög til annarra aðila lækka stórlega til viðbótar við þá lækkun sem frv. og þjóðhagsáætlun gera ráð fyrir á flestum sviðum. Þetta á við um framlög til fjárfestinga á vegum ríkissjóðs og þetta á við um öll framlög til framkvæmda sem eru sameiginleg á vegum ríkis og sveitarfélaga, öll framlög til fjárfestingarlánasjóða, öll framlög til líknarfélaga, til menningarmála, til íþróttamála og þannig mætti lengi telja. Allar þessar fjárveitingar þyrfti að hækka um 16.5% frá fjárlagafrv. til að halda verðgildi því sem frv. gerir ráð fyrir, sem þó er í flestum tilvikum stórskert frá fjárlögum þessa árs, eins og áður hefur verið sagt. Það verða því víða á næsta ári erfiðleikar í samskiptum sveitarfélaga og annarra aðila annars vegar og ríkissjóðs hins vega.

Annað bendi ég á, sem er mjög áberandi, en það er áframhald á þeirri þróun frá því að núv. hæstv. ríkisstj. tók við völdum, að tekjuskattur fyrirtækja minnkar stórlega frá ári til árs sem hlutfall af heildarálagningu tekjuskatts og er áætlað í fjárlagafrv. að þáttur fyrirtækja verði innan við helming þess sem hann var árið 1979. Það ár var tekjuskattur félaga 25% af heildarskattinum, árið 1980 18%, árið 1981 14% og á næsta ári er hann áætlaður 12%. Vel af sér vikið það.

Ég minnist þess, að á árum áður gagnrýndi núv. hæstv. fjmrh. það mjög, hve fyrirtæki greiddu lítinn tekjuskatt, og birti árlega langa lista um tekjuskattslaus fyrirtæki máli sínu til stuðnings. Nú er enginn slíkur listi birtur, en langur yrði hann ef það væri gert og miklu lengri en þeir listar sem hæstv. fjmrh. birti á árum áður. Hæstv. ráðh. hefur tekist að minnka hlut fyrirtækja í tekjuskatti um fullan helming á þremur árum, þrátt fyrir að hann var of lítill fyrir að dómi hæstv. ráðh. og margra fleiri.

Það, sem veldur mér einna mestum áhyggjum í sambandi við fjárlagafrv., er staða hins almenna lántakanda hjá Byggingarsjóði ríkisins og staða sjóðsins sjálfs og þar með þeirra sem á lánum þurfa að halda næstu árin, því annað er ekki sýnt en að stefnt sé í greiðsluþrot sjóðsins innan fárra ára ef svo heldur fram sem horfir.

Það er talað um byggingu verkamannabústaða sem allsherjarlausn á húsnæðisvanda landsmanna. Sú lausn er góð svo langt sem hún nær, en það eru aðeins um það bil 30% þeirra, sem byggja þurfa eða kaupa íbúðarhúsnæði, sem réttindi eiga í því kerfi. Við megum ekki gleyma öllum hinum. Ég er auðvitað ánægður með verkamannabústaðakerfið sem slíkt, enda er sá kafli í

lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins efnislega óbreyttur frá því frv. sem ég lagði fram á sínum tíma. Hitt er ég aftur mjög óánægður með, að aukning lána til verkamannabústaða er alfarið á kostnað almennra húsbyggjenda. Sama er að segja um mörg ný og góð hlutverk Byggingarsjóðs ríkisins. Þau eru eins og málum er nú háttað alfarið á kostnað hins almenna húsbyggjanda. Þetta sést best á því, að á yfirstandandi ári standa útlán sjóðanna beggja, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, svo til í stað eða minnka jafnvel frá fyrra ári og svo mun enn verða á næsta ári samkv. fjárlagafrv. ef miðað er við að spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgustig sé rétt. M. ö. o.: öll aukning hjá Byggingarsjóði verkamanna og öll ný verkefni Byggingarsjóðs ríkisins eru á kostnað hins almenna húsbyggjanda. Eitt lán á vegum Byggingarsjóðs verkamanna jafngildir nokkurn veginn fjórum lánum til almennra húsbyggjenda. Eitt lán á vegum Byggingarsjóðs verkamanna kostar jafnmikið og 50% hækkun átta lána Byggingarsjóðs ríkisins. Það er fráleitt að allar umbætur í lánamálum skuli í reynd koma niður á hinum almenna húsbyggjanda og húskaupanda. Til þess var vissulega ekki ætlast í samþykktri stefnumótun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í húsnæðislánamálum.

Í lánsfjáráætlun segir að útlán Byggingarsjóðs ríkisins muni hækka um 24.6% á næsta ári miðað við yfirstandandi ár. Þetta er í reynd mjög veruleg lækkun. Ef spár Þjóðhagsstofnunar um 55% verðbólgu á næsta ári eru réttar jafngildir þetta 20% lækkun á útlánum sjóðsins frá því sem er á þessu ári.

Í þjóðhagsáætlun segir að heildarsamdráttur íbúðabygginga hafi verið 3% árið 1980 og 5% til viðbótar árið 1981. Í lánsfjáráætlun segir að útlán Byggingarsjóðs ríkisins muni dragast saman á þessu ári og aftur á því næsta vegna minni eftirspurnar eftir lánum. Þetta eru örgustu öfugmæli. Hið rétta er, að vegna þess hve lán Byggingarsjóðs ríkisins til almennra húsbyggjenda og húskaupenda eru forkastanlega lág treystir venjulegt fólk sér ekki lengur til að byggja eða kaupa íbúðarhúsnæði nema hafa annað húsnæði til að selja eða hafa óvenjugóða lánsmöguleika í lífeyrissjóðum og góðan aðgang að bönkum. Margir hafa lítinn eða engan aðgang að lífeyrissjóðum og geta því hvorki byggt né keypt. Fasteignasalar segja að unga fólkið sé horfið af fasteignamarkaðinum, og segir það sína sögu.

Þegar verðtrygging innlána var tekin upp og þá auðvitað einnig útlána var augljóst að stórhækka þurfti lán Byggingarsjóðs ríkisins. Það er mjög vel viðráðanlegt að greiða afborganir og vexti af verðtryggðum jafngreiðslulánum til 20 ára eða meira, jafnvel þótt þau séu fyrir mestum hluta byggingarkostnaðar eða kaupverðs. Það er aftur á móti með öllu útilokað að standa undir svo nokkru nemi 2-4 ára vaxtaaukalánum eða sambærilegum lánum sem bankakerfið nú veitir búsbyggjendum ef þeir á annað borð fá þar nokkur lán. Það er því í hæsta máta þversögn, sem segir í lánsfjáráætlun, að draga megi úr útlánum Byggingarsjóðs ríkisins vegna minnkandi eftirspurnar. Það verður að hækka útlánin til hvers og eins verulega svo að venjulegt fólk geti byggt eða keypt þak yfir höfuð sér.

Spyrja mætti hvort nægilega væri byggt af íbúðarhúsnæði, hvort markaðurinn sé mettur. Því fer víðs fjarri. Í öllum þeim áætlunum og útreikningum, sem gerð hafa verið hin síðari ár, er komist að þeirri niðurstöðu að byggja þurfi a. m. k. 2000 íbúðir á ári. Í spá Framkvæmdastofnunar ríkisins frá 1977 segir að byggja þurfi 2400 íbúðir á ári til að anna eftirspurn. En hvernig hafa þessi mál þróast síðan? Árið 1979 og 1980 voru innan við 1700 íbúðir byggðar hvort árið. Nú liggur fyrir að í ár verði þær aðeins um 1200. Á næsta ári er aðeins reiknað með lánum til 1175 fokheldra íbúða. Það þarf engan spámann til að sjá hvert stefnir. Það stefnir í algjört óefni ef ekki verður fljótlega spyrnt við fótum og það myndarlega.

Ég hef aðallega rætt, herra forseti, þá hlið málsins sem snýr að lántakendum í dag, en mun nú fara nokkrum orðum um það, hvernig málin snúa að Byggingarsjóði ríkisins sjálfum, stöðu hans nú og í framtíðinni að óbreyttri stefnu og þá auðvitað jafnframt stöðu lántakenda næstu ára, því það fer vitanlega eftir stöðu sjóðsins hvernig þeim vegnar í framtíðinni.

Það er stanslaust verið að skerða opinber framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og húsnæðiskerfisins í heild. Markaðir tekjustofnar voru skertir um 35% 1980 og er þá átt við kerfið í heild, þ. e. Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Á þessu ári var sama skerðing þrátt fyrir mjög aukin verkefni. Og á næsta ári er reiknað með hvorki meira né minna en 45% skerðingu á opinberu framlagi til kerfisins í heild frá fyrri mörkuðum tekjustofnum og öðrum lögboðnum opinberum framlögum, og alltaf er verið að bæta nýjum og nýjum verkefnum á lánasjóðina. Ríkisstj. hæstv. hugsar sér að bæta þetta allt upp með síauknum lántökum til sjóðanna. Framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins eru áætluð lægri í fjárlagafrv. fyrir næsta ár í krónum talið en þau voru árið 1979, en tekin lán til sjóðsins hafa meira en fertugfaldast á sama tíma. Árið 1979 voru tekin lán til Byggingarsjóðs ríkisins álíka há og framlög ríkissjóðs til sjóðsins. Á næsta ári verða tekin lán 46 sinnum hærri en framlög ríkissjóðs. Það vantar samkv. fjárlagafrv. 130 millj. kr. á næsta ári upp á að opinber framlög verði jafnhá og fyrri markaðir tekjustofnar og önnur lögboðin framlög hefðu verið með óbreyttum lögum. Það vantar 200 millj. kr á næsta ári í opinber framlög til að ná samþykktri stefnumótun ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar í húsnæðislánamálum. Slíkt getur hugsanlega gengið í örfá ár, en í reynd er verið að pissa í skóna sína og það rækilega.

Húsnæðislánakerfið tekur lán með 3.25% vöxtum til 15 ára, en lánar út ýmist með 2% vöxtum til 26 ára eða með 0.5% vöxtum til 42 ára. Vaxtamismunurinn einn sér, sem sjóðirnir þurfa að greiða, er hvorki meira né minna en 6.33 millj. árlega fyrir útlán hvers einstaks árs, en framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins er áætlað 57.2 millj. og til Byggingarsjóðs verkamanna 111.3 millj. Það líða ekki ýkjamörg ár, kannske liðlega 10, þar til allt framlag ríkissjóðs til beggja sjóðanna fer í það eitt að greiða vaxtamismun inn- og útlána. Það er ekki aðeins verið að binda þetta frá ári til árs. Það er verið að binda sjóðunum bagga 26-27 ár fram í tímann. Það endar með því, herra forseti, og er reyndar ekki ýkjalangt þangað til, að við sitjum uppi með kerfi sem bindur fjárframlög ríkissjóðs áratugi fram í tímann án þess að koma húsbyggjendum framtíðarinnar eða húskaupendum að nokkru minnsta gagni. Það fær ekki eyri frá ríkinu miðað við svipuð framlög og nú eru til útlána. Það fer allt eins og það leggur sig í að borga vaxtamismun.

Ég skora á hv. fjvn. að taka þessi mál nú þegar til

rækilegrar endurskoðunar. Ef það verður ekki gert mun ég freista þess að bera fram brtt. varðandi þetta við 3. umr. fjárlaga.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Við þessa umr. flutti hv. 3. þm. Norðurl. e., Lárus Jónsson, ítarlega ræðu þar sem hann gerði grein fyrir viðhorfum okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu til þessa fjárlagafrv. Ég sé ekki ástæðu til að bæta neinu við þá ítarlegu ræðu sem hann flutti.

Ég vil hins vegar sérstaklega vekja athygli á því nál. sem hv. þm. Lárus Jónsson, Friðrik Sophusson og Egill Jónsson hafa látið frá sér fara á þskj. 179. Hér er um að ræða óvenjulega ítarlegt nál., um 30 bls., þar sem gerð er ítarleg grein fyrir efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj., og þar kom fram mjög margar og merkar upplýsingar um fjármál ríkisins og efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. Það er ekki oft sem við sjáum hér á hv. Alþingi jafnítarlegt nál. og hér kemur fram, og er höfundum þessa nál. mikill sómi að því. Það er þakkarvert þegar einstakir þm. leggja jafnmikla vinnu af mörkum og raun ber vitni um þar sem um þetta nál. er að ræða. Ég vil sérstaklega hvetja hv. þm. til að kynna sér þetta nál. ítarlega því það er að vissu leyti grundvallarplagg varðandi stefnu núv. hæstv. ríkisstj. og stöðu efnahagsmála í landinu og fjármála ríkissjóðs.

Ég kem fyrst og fremst upp í þennan ræðustól til að mæla fyrir tveimur brtt. sem fram koma á þskj. 189, en þær brtt. eru frá mér og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Salome Þorkelsdóttur og Matthíasi Bjarnasyni. Önnur þessara till. er brtt. við framlag í Erfðafjársjóð og hin um framlag í Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra. Ég ætla fyrst að víkja að síðari tillögunni.

Ég rifja það upp, að á árinu 1979 voru sett á Alþingi lög um aðstoð við þroskahefta. Þetta var ítarlegur lagabálkur og var takmark og markmið þeirra laga að tryggja þroskaheftum jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi í samfélaginu. Ástæða þessara laga var sú, að það var talin með réttu mjög mikil þörf á að sinna málefnum þroskaheftra í ríkari mæli en gert hafði verið, en þessi málaflokkur hefur verið vanræktur árum saman. Það hafa fyrst og fremst verið áhugasamir einstaklingar sem sinnt hafa þessum málum af frábærum dugnaði, en æ fleirum var ljóst að þörf væri á myndarlegu átaki og skipulegu átaki fyrir forgöngu ríkisins.

Í þessum lögum eru greind margvísleg verkefni sem nauðsynlegt sé að sinna varðandi þroskahefta, hvernig skipulagi starfsemi í þeirra þágu skuli háttað, hvaða tegundir af stofnunum skuli byggja og reka svo og hvers konar þjónustu skuli veita á hinum einstöku stofnunum og hinum einstöku starfssvæðum. Þetta skal ekki rakið hér, en á það minnt, að til að tryggja verulegt átak í þessum efnum var stofnaður sérstakur sjóður, Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra, sem kveðið er á um í lögunum.

Aðaltekjustofn þessa sjóðs skyldi vera framlag ríkissjóðs og segir um það orðrétt í þessum lögum, með leyfi forseta:

„Tekjur sjóðsins eru: a) Ríkissjóður skal árlega leggja sjóðnum til a. m. k. 1000 millj. kr. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni."

Hér er mjög skýrt og ákveðið til orða tekið um hvernig ríkissjóður eigi að leggja þessum sjóði til tekjur. Þessi lög voru samþykkt vorið 1979 og tóku gildi í lok þess árs. En þrátt fyrir þetta skýra lagaákvæði hefur þetta ekki reynst annað en orðin tóm því að í þeim fjárlögum, sem síðan hafa verið samþykkt, hefur þetta framlag verið skert og um það efni sett sérstök lög í hvert skipti og þá í tengslum við afgreiðslu lánsfjárlaga. Þær vinstri stjórnir, sem hér hafa setið, hafa ekki haft meiri áhuga á framgangi þessa mikilvæga nauðsynjamáls en raun ber vitni um.

Eins og ég gat um er í lögunum kveðið á um að framlagið eigi að vera 1000 millj. kr. og eigi að hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni. Meðalvísitala byggingarkostnaðar árið 1979, sem hlýtur að vera sú vísitala sem miða á við, var 318 stig. Í fjárlagafrv., eins og það hefur legið fyrir, er reiknað með vísitölu byggingarkostnaðar. Sú vísitala, sem reiknað er með í framkvæmdaliðum þessa fjárlagafrv., er 1.011 stig fyrir árið 1982. Samkv. þessu ætti framlagið því að vera 31.8 millj. kr. Í fjárlagafrv., eins og við höfum haft það til meðferðar hingað til, er þetta framlag skert um 5 millj. kr. og sett niður í 26.7 millj. Þessu fylgir texti í lánsfjárlögum sem kveður nánar á um þessa skerðingu.

Í brtt. fjvn., eins og þær koma fram á þskj. 187, er gert ráð fyrir nokkurri hækkun á þessu framlagi, en þó ekki sem nemur skerðingu þeirri sem ég gat um, miðað við þá vísitölu sem gilti 1979 og mun gilda 1982. Hins vegar, svo það sé skýrt hvernig sú nýja tala er fengin út sem fjvn. gerir nú till. um, er fundin ný og sérstök vísitala sem miðað er við, og sú vísitala er meðaltal byggingarvísitölu áranna 1979 og 1980 og það meðaltal er notað sem grunnur og síðan reiknað ofan á það upp í þá vísitölu sem gildir samkv. fjárlagafrv. 1982. Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óleyfilegt því að lögin um þroskahefta segja nákvæmlega til um hvernig hér skuli með fara. Sú brtt., sem nú hefur verið lögð fram af hálfu fjvn., er því ekki nægileg í þessu efni ef halda á sér við það markmið sem upphaflega var sett þegar þessum Framkvæmdasjóði voru markaðar tekjur með lögum.

Það er athyglisvert, að þeir hæstv. ráðh., sem ábyrgð bera á þessum málaflokkum, Ragnar Arnalds fjmrh. og Svavar Gestsson félmrh., eru forustumenn Alþb. og ráðh. þess í þessari hæstv. ríkisstj. Þessir hæstv. ráðh., sem á tyllidögum vilja gjarnan láta líta á Alþb. sem sérstakan málsvara þess fólks sem hér um ræðir, halda nú sérstaklega upp á ár fatlaðra með því að skera niður þetta framlag þrátt fyrir ótvíræð lagaákvæði um hvað framlagið eigi að vera.

Við flm. þessarar till. viljum að í fjárlögum fyrir árið 1982 verði þessu fjárframlagi að nýju komið upp í raungildi þeirrar fjárhæðar sem upphaflega var stefnt að og kveðið er á um í lögunum um þroskahefta.

Hin brtt., sem við flytjum, er við framlag í Erfðafjársjóð og það er reyndar önnur grein á sama meiði. Á sínum tíma var myndaður sérstakur erfðafjársjóður og átti erfðafjárskatturinn að ganga í þennan sjóð. Fé úr þessum sjóði á að verja til að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni. Í reynd hefur þetta verið á þá leið, að Endurhæfingarráð hefur veitt úr þessum sjóði og lagt áherslu á endurhæfingarstofnanir bæði fyrir aldraða og öryrkja, enda þörfin mjög brýn á þessu sviði. Samkv. því fjárlagafrv., sem hér liggur nú fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir að allverulegur hluti erfðafjárskattsins fyrir árið 1982 verði tekinn og lagður beint í ríkissjóð til almennrar eyðslu

ríkisins, en ekki í Erfðafjársjóð. Samkv. endurskoðaðri tekjuáætlun, eins og hún kemur fram í brtt. fjvn., er nú gert ráð fyrir að erfðafjárskattur árið 1982 muni gefa í tekjur 13 millj. kr. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að lagt verði til Erfðafjársjóðs af þessu fjármagni meira en 9 millj. kr., og það er nánar áréttað í lánsfjárlögum.

Ég held að allir geri sér grein fyrir því, að miðað við þau miklu verkefni, sem þarna eru óleyst, veiti ekki af þessu fjármagni, sem erfðafjárskatturinn gefur í Erfðafjársjóð, til þeirra verkefna sem Erfðafjársjóður á að standa undir. Þeir hæstv. ráðh. Alþb., sem ábyrgð bera á þessari tillögugerð, eru þó greinilega á annarri skoðun því að þeir leggja til að 4 millj. kr. af erfðafjárskatti verði að þessu sinni teknar úr Erfðafjársjóði og settar beint í ríkissjóð.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessar brtt. Ég held að þær skýri sig sjálfar, ekki síst þegar haft er í huga það sem ég hef nú sagt um þær. Sé ég ekki ástæðu til þess, eins og ég gat um áðan, að fjalla nánar almennt um þetta fjárlagafrv., en vísa til þess sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði í sinni ítarlegu ræðu áðan.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þó ærin ástæða væri til að ræða hér þetta frv. til fjárlaga í löngu máli og sýna fram á hvað Alþingi er um það bil að fara að samþykkja óraunhæf fjárlög á sannkölluðum brauðfótum er augljóst tilgangsleysi þeirra umr., því stjórnarliðar eru staðráðnir í að blekkja þjóðina og gefa henni ranga mynd af stöðunni í fjármálum ríkisins og útgjöldum og tekjum ríkisins á næsta ári. Bæði tekju- og útgjaldaliðir þessa frv. eru stórlega vanmetnir og þarf ekki frekar vitnanna við en komið hefur hér fram fyrr í dag og kvöld í ræðum stjórnarandstæðinga. Hver er tilgangurinn með því að samþykkja svo óraunhæf fjárlög, þegar fyrirsjáanlegt er að hvorki tekju- né útgjaldaáætlanir fjárlaganna munu standast og langur vegur þar frá?

Það er vitaskuld tilgangslaust að karpa hér tímum saman til að reyna að sannfæra stjórnarsinna um að þeir séu vísvitandi að blekkja þjóðina með villandi upplýsingum um stöðu fjármála og áætlana á útgjöldum og tekjum fyrir næsta ár, því stjórnarsinnar eru staðráðnir í að halda sér við blekkinguna og ná henni fram hér á hv. Alþingi. Það er auðvitað ótækt að útgjalda- og tekjuhlið fjárlaganna skuli vera svo stórlega vanmetin, sem þýðir að fjmrh. fær að ráðskast með stórfelldar aukafjárveitingar utan við fjárlögin og fram hjá Alþingi. Ég segi: fram hjá Alþingi, vegna þess að stórlega vanáætlaður fjárlagagrunnur þýðir miklar aukafjárveitingar á næsta ári og þegar fjárlagaárið er gert upp í ríkisreikningi stendur Alþingi frammi fyrir gerðum hlut í því efni. Afleiðingin af stórlega vanmetnum fjárlagagrunni er sú, að þjóðin býr í reynd við tvenns konar fjárlög: annars vegar hefðbundin fjárlög samþykkt á Alþingi og hins vegar stórfelldar fjárveitingar sem að mestu eru í höndum framkvæmdavaldsins því þegar upp er staðið stendur löggjafarvaldið, sem ber ábyrgð á fjármunum ríkisins, frammi fyrir gerðum hlut að því er varðar ráðstöfun aukafjárveitinga.

Það hlýtur að vera tími til kominn að löggjafarvaldið fari að átta sig á þessari staðreynd og það fari að glíma við raunhæf fjárlög eins og er skylda þess, fjárlög sem gefa rétta mynd af stöðu ríkisbúskaparins á komandi fjárlagaári, í stað þess að karpa endalaust um óraunhæf og dulbúin blekkingafjárlög sem allir hljóta að sjá í gegnum.

Ég skal standa við það sem ég sagði hér í upphafi míns máls, að ég mun ekki eyða löngum tíma í almenna gagnrýni á þetta marklausa pappírsplagg, sem Alþingi er um það bil að fara að staðfesta. Í stað þess vil ég gera grein fyrir nokkrum brtt. sem ég flyt ásamt nokkrum þm. Alþfl. og fram koma á þskj. 189.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Alþb.-menn nota hvert minnsta tækifæri í fjölmiðlum til að hrósa sér af því að stórfelldar framfarir hafi átt sér stað á félagsmálasviðinu í tíð þeirra í ríkisstj. Það hefur ljóslega komið fram hér í umr., að fjárlagagrunnur margra þátta á félagslega sviðinu er byggður á mjög ótraustum grunni. En þegar Alþb.-menn eru að hrósa sér af framförum á félagsmálasviðinu væri slíkt sjálfshól meira virði ef þeir beittu sér fyrir fjármagni til að standa við fyrirheit þessara framfara á félagsmálasviðinu. Nefnd hefur verið hér t. d. staða Byggingarsjóðs ríkisins sem dæmi um hve framfarir á félagslega sviðinu eru reistar á ótraustum og hæpnum grunni. Þær brtt., sem ég flyt hér, og skýringar við þær munu enn frekar renna stoðum undir á hve ótraustum grunni ýmis mál á félagslega sviðinu standa í þessu fjárlagafrv. — fjárlögum undir liðnum Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta er um svo mikla vanáætlun að ræða að nauðsynlegt er að fá fram leiðréttingu nú við meðferð fjárlaga hér á Alþingi. Í fjárlögum eru áætlaðar rúmar 5 millj. til framkvæmdar laga um aðstoð við þroskahefta. Í meðförum fjárlagafrv. hjá fjvn. hefur þessi liður hækkað um 1 millj., en fjárhagsáætlun félmrn., sem fer með þessi mál, er um 11—12 millj. kr. Ég vil freista þess að gera brtt. við nokkra veigamikla liði í þeim viðfangsefnum sem heyra undir framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta.

Með lögunum um aðstoð við þroskahefta var landinu skipt í átta starfssvæði hvað málefni þroskaheftra varðar. Á hverju starfssvæði skyldi vera 5 manna svæðisstjórn. Í lögunum um aðstoð við þroskahefta og reglugerð fyrir svæðisstjórnir er svæðisstjórnum ætlað mjög veigamikið hlutverk í framkvæmd laganna. Er verksvið þeirra mjög umfangsmikið svo nauðsyn hefur verið á að svæðisstjórnir hefðu skrifstofuaðstöðu og starfsmann. Grundvöllurinn fyrir uppbyggingu þjónustu fyrir þroskahefta á svæðunum er undir því kominn að svæðisstjórnum sé búin viðunandi aðstaða, en starfssvið svæðisstjórna eru áætlanagerða, eftirlit með stofnunum þroskaheftra og að fylgjast með húsnæðis- og atvinnumálum svo dæmi sé tekið. Vegna starfa svæðisstjórna er á fjárlögum gert ráð fyrir 112 þús. kr., en félmrn. ætlar að til þurfi að koma um 1.7 millj. til þessarar starfsemi. Hér er því langur vegur frá að gert sé ráð fyrir að svæðisstjórnir geti haldið uppi sinni starfsemi. Ég vil minna á að fyrir Alþingi liggur nú frv. til l. um málefni fatlaðra þar sem umfang verkefna svæðisstjórna er stórlega aukið. Grundvöllurinn í skipulagningu þeirri, sem það frv. gerir ráð fyrir svo og lögin um aðstoð við þroskahefta, er starfsemi svæðisstjórna og að þær séu vel virkar. Verði þessi liður á fjárlögum varðandi svæðisstjórnir ekki stórlega aukinn er borin von að lögum um aðstoð við þroskahefta eða frv. um fatlaða, sem liggur fyrir Alþingi, nái þeim árangri sem til er ætlast.

Ég legg því til í brtt. við frv. til fjárlaga að liðurinn Svæðisstjórnir hækki úr 112 þús. í 1 millj., sem er 700 þús. undir áætlun félmrn. um kostnað, en ég tel tilgangslaust að freista þess að reyna að hækka hann frekar

miðað við þá meðferð, sem þessi liður fékk nú hjá fjvn., og þá upphæð sem ráð er fyrir gert í fjárlögum.

Í annan stað er það rekstur sambýla. Lögin um aðstoð við þroskahefta gera ráð fyrir að sett séu á fót sambýli og þessum lið á fjárlögum. Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta, er ætlað að standa undir rekstri þeirra. Á sambýlum dveljast þroskaheftir einstaklingar sem eru sæmilega sjálfbjarga og geta séð um sig sjálfir með nokkurri aðstoð. Áður en sambýli komu til sögunnar, sem eru nýjung í málefnum þroskaheftra hér á landi, þurftu þessir einstaklingar oft að dveljast á vistheimilum fyrir þroskahefta. Rekstur sambýlanna er margfalt ódýrari en vistgjald það sem greiða þarf á vistheimilum þroskaheftra, auk þess sem sambýli eru veigamikill þáttur í svokallaðri „normaliseringu", sem er að þroskaheftum sé gert kleift að aðlagast sem mest eðlilegum lífnaðarháttum. Þó Íslendingar séu skammt á veg komnir varðandi uppbyggingu sambýla hafa nágrannaþjóðir okkar lagt höfuðáherslu á þetta mál í þjónustu við þroskahefta.

Í nýsettum lögum í Svíþjóð kemur fram að innan fimm ára frá gildistöku þeirra skuli öll börn og ungmenni flytjast af stofnunum í smáar heimiliseiningar, svokölluð sambýli, og svipuð stefna er uppi á hinum Norðurlöndunum. Hér á landi eru nú rekin fjögur sambýli og fyrirhugað er að taka tvö í notkun á næsta ári. Stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, sem úthlutar fjármagni Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra, hefur lagt mikla áherslu á að koma á fót sambýlum, og sennilega verður byrjað á þrem til fimm nýjum sambýlum á næsta ári. Kannanir, sem gerðar hafa verið, sýna að útskrifa mætti fjölda einstaklinga af vistheimilum væru sambýli fyrir hendi. Gefur það auga leið að rekstur sambýlis fyrir hvern einstakling er mun ódýrari fyrir ríkissjóð en rekstur vistheimila.

Kostnaður ríkissjóðs vegna stofnana þroskaheftra á hvern einstakling er á ári, miðað við meðalkostnað á vistheimili, um 108 þús. á einstakling, en rekstur sambýla aðeins rúmur þriðjungur þeirrar upphæðar. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 464 þús. í rekstur sambýla, en á fjárhagsáætlun félmrn. eru um 2 millj. kr. Forráðamenn sambýlanna, sem t. d. hér í Reykjavík eru rekin á vegum Styrktarfélags vangefinna, hafa upplýst að fáist ekki leiðrétting á þessu í meðförum þingsins sæju þeir sér ekki annað fært en að leggja reksturinn niður á næsta ári. Það mundi þýða að vistheimilin yrðu að taka aftur við þessum einstaklingum, sem yrði mun dýrara fyrir ríkissjóð eins og ég hef gert hér grein fyrir. Ég vil því freista þess að flytja sparnaðartillögu sem fram kemur á þskj. 189. Till. er um að hækkað verði framlag til rekstrar sambýla úr 464 þús. í 2 millj., en liðurinn hefur einungis verið hækkaður í 764 þús. í meðferð fjvn.

Ég þarf varla að rökstyðja hér nauðsyn þess fyrir öryrkja að vernduðum vinnustöðum verði skapaður rekstrargrundvöllur. Á fjárlögum er gert ráð fyrir 350 þús. til rekstrar verndaðra vinnustaða, og í meðferð fjvn. hækkaði upphæðin í 450 þús., en fjárhagsáætlun félmrn. er um 1 millj. vegna verndaðra vinnustaða. Ég flyt því brtt. ásamt nokkrum öðrum þm. Alþflm. um að fjárframlag til rekstrar verndaðra vinnustaða hækki úr 350 þús. í 1 millj. kr.

Full ástæða væri til að flytja brtt. við fleiri þætti undir þessum lið um framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta. Nefna má t. d. rekstur leiktækjasafna og kostnað við 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta, sem er stórlega vanáætlaður.

Ég vil t. d. nefna 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta, sem kveður á um að framfærendur þroskahefts einstaklings, sem eingöngu dvelst í heimahúsum og þarfnast umönnunar eða gæslu, eigi rétt á fjárhagslegri aðstoð. Kostnaður vegna þessa ákvæðis verður um 1 millj. kr. fyrir þetta ár og hógvær áætlun félmrn. vegna þessa ákvæðis er um 1.1 millj. vegna næsta árs, en á fjárlögum 1982 er gert ráð fyrir 600 þús. Ég vil enn og aftur minna á frv. um málefni fatlaðra, sem fyrir Alþingi liggur, en það kveður á um mun víðtækari aðstoð að því er þetta varðar. Verði það frv. að lögum verður kostnaður vegna þessa ákvæðis á árinu 1982 enn meiri en áætlun félmrn. nú bendir til, um 1.1 millj., en fjárlögin gera nú aðeins ráð fyrir 600 þús. kr. til að standa straum af þessu. Vænti ég að fjvn. taki mið af þessum lið og hækki hann og skoði vel milli 2. og 3. umr.

Ég mun a. m. k. ekki við 2. umr. þessa máls flytja fleiri brtt. við þennan lið, Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta, heldur hef ég valið að draga út núna við 2. umr. þrjá veigamikla þætti, þ. e. kostnað við starfrækslu svæðisstjórna, kostnað við rekstur sambýla og skotnað við rekstur verndaðra vinnustaða, og flyt um það brtt. nú við 2. umr. Vona ég að þessi hógværð verði til þess, að brtt. nái fram að ganga.

Ég mæli hér einnig fyrir brtt. sem felur í sér að Tryggingastofnun ríkisins fái fjármagn til að geta mætt þeim greiðslum er varða hópskoðanir, krabbameinsleit á vegum Krabbameinsfélags Íslands. Tryggingastofnun ríkisins hefur um árabil þurft að standa straum af þessum kostnaði án þess að ráð sé fyrir honum gert í tekjum Tryggingastofnunar ríkisins. Tryggingastofnun hefur margsinnis á þetta bent og óskað eftir að stofnunin þyrfti ekki að standa straum af þessum útgjöldum, enda stofnuninni ekki séð fyrir fjármagni til þess.

Á fundi tryggingaráðs 13. nóv. 1980 var gerð eftirfarandi samþykkt, sem ég vil fá að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Tryggingaráð fellst á að Tryggingastofnun ríkisins greiði Krabbameinsfélagi Íslands árið 1981 með sama hætti og áður gjald fyrir hvert frumusýni vegna hópskoðana kvenna. Jafnframt leggur ráðið þunga áherslu á að þetta sé í allra síðasta sinn sem slík greiðsla verði innt af hendi af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins."

Í bréfi, sem Krabbameinsfélag Íslands sendi fjvn. 6. nóv. s. l., kemur fram að Tryggingastofnun ríkisins geti fallist á að greiða fyrir umræddar rannsóknir verði henni ætlað fjármagn á fjárlögum til að mæta þeim. Í sama bréfi Krabbameinsfélagsins til fjvn. fór félagið þess á leit við fjvn. að Tryggingastofnuninni yrði framvegis ætlað fjármagn á fjárlögum til að mæta greiðslum er varða hópskoðanir er fara fram á vegum Krabbameinsfélagsins, enda líti stjórnin svo á að greiða ætti fyrir þær hópskoðanir eins og fyrir hver önnur læknisverk.

Í áætlun Krabbameinsfélagsins fyrir árið 1982 kemur fram að vegna leitarstöðvarinnar er áætlað að þær greiðslur, sem kæmu frá Tryggingastofnuninni, þyrftu að vera 1 millj. 927 þús. og vegna frumurannsókna um 574 þús. kr. eða samtals um 2.5 millj. kr. Á fjárlögum fyrir árið 1982 eru ætlaðar til Krabbameinsfélagsins 1.2 millj. kr. Er það sama upphæð og félagið fékk fyrir árið 1981, en í meðförum fjvn. hefur hún hækkað í 1.7 millj. kr. Þessir fjármunir, sem veittir hafa verið á fjárlögum, auk gjafafjár og ágóða af happdrætti Krabbameinsfélagsins,

hafa staðið straum af öðrum kostnaði í rekstri Krabbameinsfélagsins, svo sem almennu skrifstofuhaldi, fræðslustarfsemi og söfnun upplýsinga í krabbameinsskrár sem er veigamikill þáttur í öllu starfi félagsins. Krabbameinsskrá hefur verið haldin frá 1954, en þessi skrá er undirstaða undir allar krabbameinsrannsóknir, en í sambandi við hana eru gerðar faraldsfræðilegar rannsóknir á sjúkdómstíðni, eðli þeirra o. fl. Ég vek sérstaklega athygli á henni vegna þess að kostnaður við hana er mikill og er áætlað að á árinu 1982 þurfi til hennar um 1.1 millj. kr. eða sem næst þeirri fjárhæð sem ráð var gert fyrir á fjárlögum. Auk þessa þarf, eins og áður kom fram, 2.5 millj. til viðbótar við þá upphæð til að standa undir hóprannsóknum. Er því sýnt að það, sem ætlað var á fjárlögum til Krabbameinsfélagsins, getur ekki staðið undir hópskoðunum á vegum félagsins. Auk krabbameinsskrárinnar stendur þessi upphæð, sem ráð er fyrir gert í fjárlögum, undir almennu skrifstofuhaldi og rekstri og að einhverju leyti fræðslustarfsemi. Sú brtt., sem ég flyt á þskj. 189 ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni og Eiði Guðnasyni, er þess efnis, að sérgreint verði framlag til Tryggingastofnunar ríkisins til þessa verkefnis að upphæð 2 millj. kr.

Ég vil, með leyfi forseta, vitna í bréf til Tryggingastofnunarinnar, sem undirritað er af formanni Krabbameinsfélagsins, Gunnlaugi Snædal, og dagsett er 20. nóv. 1981, en í því bréfi segir, með leyfi forseta:

„Þó svo að allir sem við hefur verið rætt í heilbrigðisstéttum hjá ríki og borg, læknar og alþm. virðast vera sammála um að mikilvægt sé að halda rannsóknunum áfram og að Krabbameinsfélagið sé æskilegur aðili til að reka þær hefur ekkert gerst sem gerir félaginu kleift að halda þeim áfram. Eigi að nást ákjósanlegur árangur af hópskoðunum er nauðsynlegt að auka þær um allt að 50% frá því sem nú er. Komi ekki til einhver fastur fjárhagsgrundvöllur fyrir þennan þátt starfseminnar er sýnt að Krabbameinsfélagið hefur ekki bolmagn til að reka hópskoðanir öllu lengur. Til að standa undir þeim hefur félagið þurft að verja gjafafé, ágóða af happdrættum og hluta af ríkisstyrk til viðbótar þeim greiðslum sem Tryggingastofnunin hefur inni af hendi."

Ég þarf varla að eyða löngum tíma til að rökstyðja mikilvægi þess fyrir hv. alþingismönnum hve brýnt það er að Krabbameinsfélaginu verði gert kleift að halda áfram krabbameinsleit, svo óyggjandi eru skýrslur um árangur hópskoðana sem gerðar hafa verið hjá félaginu. Frá 1964—1979 hafa verið framkvæmdar 154 þúsund skoðanir víðs vegar um landið og greind hafa verið á þessu 15 ára tímabili 294 illkynja æxli, en auk þess milli 300 og 400 staðbundin krabbamein. Þessar tölur tala sínu máli um nauðsyn þess, að Krabbameinsfélaginu verði skapaður viðunandi rekstrargrundvöllur til að halda þessari starfsemi áfram.

Fyrirsjáanlegt er að rekstrargrundvöllur verður ekki fyrir hendi nema sérstaklega verði gert ráð fyrir því nú við fjárlagagerðina. Vísa ég enn og aftur í því sambandi í bréf tryggingaráðs til Krabbameinsfélagsins, sem undirstrikaði að ekki kæmu til frekari greiðslur frá Tryggingastofnuninni til Krabbameinsfélagsins í þessu skyni nema gert væri ráð fyrir tekjum til Tryggingastofnunarinnar til að standa straum af kostnaðinum. Ljóst er einnig að stórlega vantar á að Tryggingastofnunin geti staðið undir útgjöldum sínum á næsta ári, en eins og fjárlögin eru nú úr garði gerð vantar 240 millj. kr. til að fjármunir samræmist útgjaldaáætlun stofnunarinnar fyrir 1982, og sjá allir að hún getur ekki að óbreyttu bætt á sig þeim kostnaði sem af hópskoðunum Krabbameinsfélagsins leiðir.

Ég vil benda á að heilbr.- og félmrn. leggur áherslu á að Tryggingastofnunin geti áfram greitt til Krabbameinsfélagsins vegna þessa verkefnis, og vil ég — með leyfi forseta — vitna til bréfs rn. til Tryggingastofnunar því til staðfestingar, en þetta bréf er undirritað af hæstv. ráðh. Svavari Gestssyni og Jóni Ingimarssyni, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Rn. telur nauðsynlegt að þessi starfsemi haldi áfram á næsta ári, og því er það ósk rn. að tryggingaráð taki þetta mál til endurskoðunar, og mælir rn. með því, að Krabbameinsfélaginu verði greitt fyrir þessar rannsóknir sem næst því gjaldi sem taxti Læknafélags Íslands segir til um á hverjum tíma."

Ég vil að lokum, með leyfi forseta, vitna í áður greint bréf Krabbameinsfélagsins til fjvn. og tel ekki að málið þurfi frekari skýringa við en þar kemur fram. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta, en þetta bréf er undirritað af Gunnlaugi Snædal og Hirti Hjartarsyni:

„Ísland hefur vakið heimsathygli fyrir leghálskrabbameinsrannsóknir og mikið vitnað til þeirra. Það er bjargföst trú þeirra, sem við þessar rannsóknir starfa, að hægt sé að útrýma leghálskrabbameini á Íslandi. Margir aðrir möguleikar eru fyrir hendi varðandi krabbameinsleit, sem ekki hefur verið hægt að hrinda í framkvæmd vegna aðstöðuleysis. Þar er í forgangi stóraukin leit að brjóstkrabbameini og leit að ristilkrabbameini. Það er almennt viðurkennt að stefna beri að fyrirbyggjandi aðgerðum, m. a. með greiningu sjúkdóms á byrjunarstigi í stað sjúkrahúsvistar og kostnaðarsamra lækninga, og í mörgum tilfellum dregur þar úr þjáningum fólks. Allar þessar gífurlegu upplýsingar, sem safnað hefur verið allt frá árinu 1964 varðandi hópskoðanir, og þær upplýsingar, sem krabbameinsskráin hefur að geyma frá 1954 ásamt faraldsfræðilegum rannsóknum, eru ómetanlegur grundvöllur allra krabbameinsrannsókna hér á landi.

Á þessu ári hefur Krabbameinsfélag Íslands starfað í 30 ár. Stjórnendur félagsins veltu því fyrir sér hvaða rekstur svona áhugamannafélag ætti að hafa með höndum. Þessi mál voru rædd á nokkrum fundum með fulltrúum aðila frá ríki og borg í vor. Niðurstaðan hefur orðið afdráttarlaus. Öll starfsemi Krabbameinsfélagsins hefur sannað gildi sitt. Aðrir aðilar eru ekki tilbúnir að taka við henni og því verður að gera félaginu kleift fjárhagslega að sinna þessum verkefnum sínum."

Ég hef lokið máli mínu, herra forseti, og ég vona að hv. alþingismenn veiti þeim brtt. brautargengi sem ég hef hér lýst.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég mun nú mæla fyrir brtt. á þskj. 189, sem ég flyt ásamt Matthíasi Bjarnasyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Halldóri Blöndal, Jósef H. Þorgeirssyni, Karvel Pálmasyni, Salóme Þorkelsdóttur, Sigurði Óskarssyni og Sverri Hermannssyni. Þessar brtt. varða þýðingarmikinn þátt orkumála: annars vegar framlög til Orkusjóðs og hins vegar niðurgreiðslu á olíu til húshitunar.

Það er svo, að till. þeim, sem orkuráð gerði um framlög til orkusjóðs, hefur verið lítill gaumur gefin af hæstv. ríkisstj., svo mjög að það er til mestu háðungar. Þetta

segi ég með tilliti þess, hve þýðingarmikið er að Orkusjóður hafi fjármagn til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem honum eru ætluð. Tillögur orkuráðs eru um framlög til Orkusjóðs, þ. e. framlög til styrkingar dreifikerfa í sveitum, til jarðhitaleitar, til hitaveitulána og til sveitarafvæðingar, en þetta eru þýðingarmestu þættir sem Orkusjóður hefur með að gera. Tillögur orkuráðs um framlög til þessara hluta námu um 143 millj. kr., en í fjárlagafrv. eru aðeins veittar í þessar þarfir tæplega 46 millj. kr. Þetta nemur um 30% af því sem orkuráð taldi að væri nauðsynlegt og raunar lágmark þess sem þyrfti. Það eru 30% af þessu fjármagni sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, og þó er þetta í málaflokki sem hæstv. ríkisstj. segir að eigi að hafa forgang. Hvað halda menn að sé um aðra málaflokka þegar svo er um þá sem eiga að hafa forgang samkv. sjálfum stjórnarsáttmálanum?

1. till. varðar styrkingu dreifikerfa í sveitum. Í till. orkuráðs til fjárlaga fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir samtals 48.5 millj. kr. til styrkingar dreifikerfa í sveitum. Var sú tala byggð á áætlunum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Þessar áætlanir miðuðust við upphaflega tímaáætlun orkuráðs frá 1. mars 1979 um lúkningu styrkingarinnar á átta árum. Var gert ráð fyrir að vinna upp á árinu 1982 þann drátt sem varð á aðgerðum 1980 og 1981 frá tillögum ráðsins. Í grg. með tillögum orkuráðs fyrir árið 1982 eru leidd rök að því, að ekki megi verða dráttur á styrkingu dreifikerfis sveitanna frá áætlun ráðsins vegna mikilvægis þess að losna sem fyrst við hina dýru húshitun með olíu í sveitum landsins og geta tekið upp fulla rafhitun í staðinn alls staðar þar sem aðstæður leyfa ekki hagkvæma nýtingu jarðvarmans. Orkuráð gerði það því að tillögu sinni, að 58.5 millj. kr. yrði varið til styrkingar sveitakerfanna á næsta ári, en til vara gerði orkuráð tillögu um 34.18 millj. kr. í þessu skyni. Það er sú fjárhæð sem það kostar að bæta ástand dreifikerfanna þar sem það er allra verst og óhæft til að gegna hlutverki sínu öllu lengur að mati Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Það er þessi upphæð sem við flm. þessarar brtt. leggjum til að tekin verði upp, þ. e. sú upphæð sem orkuráð telur að sé algjört lágmark þess sem þarf að gera á næsta ári og er fjarri því að vera sú upphæð sem var aðaltillaga orkuráðs.

Önnur till. okkar, sem varðar Orkusjóðinn, er um sveitarafvæðinguna. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar 7.2 millj. kr. til sveitarafvæðingar í heild, bæði til nýrra veitna og viðbótar við eldri veitur. Þessi fjárhæð gerir ekki betur en að duga til að kosta viðbætur við eldri veitur, eins og þær horfa nú við, og raunar mjög óvíst hvort upphæðin dugir til þess þegar til kemur. Ekkert verður þá eftir til að tengja órafvædd býli við samveitur. Nú eru ótengd nálega 30 býli alls á landinu af þeim býlum sem orkuráð telur að tengja eigi við samveitur. Tillögur ráðsins gera ráð fyrir að verja 12.6 millj. kr. til nýrra veitna í sveitum. Sú fjárhæð var áætlaður kostnaður á framreiknuðu verðlagi um mitt ár 1982 við að tengja þessi um 30 býli samveitum.

Löngu er orðið tímabært að ljúka þessu verki og láta fólkið, sem býður eftir rafmagni, ekki bíða lengur. Hér er ekki um meira átak að ræða en svo, að með öllu er ástæðulaust að draga lengur en til ársins 1982 að ljúka þessu verki. Frekari dráttur verður til þess eins að gera það enn dýrara. Orkuráð leggur því mjög eindregið til að tillaga þess um 12.6 millj. kr. til nýrra veitna verði tekin upp í fjárlög og þar með ljúki endanlega lagningu nýrra veitna í sveitum landsins. Auk þess veitir ekkert af þeim 8.4 millj. kr. í viðbætur við eldri veitur sem ráðið lagði til, þannig að heildarfjárhæðin til sveitarafvæðingar þarf að vera 21 millj. kr. Það er einmitt þessi upphæð sem við flm. þessarar brtt. leggjum til að tekin verði upp. Það er aðaltillaga okkar varðandi sveitarafvæðingu.

En við erum einnig með till. til vara og hún er sú, að upphæðin verði 15.5 millj. kr. Í báðum tilfellum er um að ræða hækkun á því sem er í fjárlagafrv. 2.7 millj.: í aðaltill. í 21 millj., en í varatill. 15.5 millj. En varatill. byggist á því, að gert er ráð fyrir því í lánsfjáráætlun að þar komi með lántöku 4.5 millj. kr. til sveitarafvæðingar. Það er að vísu mjög óeðlileg ráðstöfun að ætla Orkusjóði að taka lán til sveitarafvæðingar, en ráðstafa því fjármagni sem óafturkræfu framlagi til sveitarafvæðingarinnar, en að sjálfsögðu er það betra en ekki í því neyðarástandi sem ríkir í þessu efni og þess vegna er hér um að ræða þá varatill. sem ég hef nú greint frá.

Þá er hér till. um að hækka styrk vegna olíunotkunar til húshitunar úr 30 millj. í 50 millj. kr. Olíustyrkirnir hafa nú á síðustu dögum verið nokkuð til umræðu hér í hv. Alþingi, bæði í hv. Ed. og í Sþ. Mönnum ætti því að vera í fersku minni hvernig ástand þessara mála er. Í fjárlögum fyrir árið 1981 er gert ráð fyrir að 50 millj. kr. sé varið til niðurgreiðslu á olíu vegna húshitunar. En það er upplýst, ef engin breyting verður á eins og nú horfir, að ekki verði ráðstafað á þessu ári nema um helmingi þessarar upphæðar. Það er upplýst að olíustyrkirnir hafi ekki hækkað frá því 1. jan. 1980 og hafi allan tímann síðan numið 200 kr. á ársfjórðungi. Á sama tíma hefur orðið stórkostleg hækkun á olíuverði þannig að sú aðstoð, sem það fólk þarf að fá sem ber byrðar olíuupphitunarinnar, er orðin miklu minni en ráð var fyrir gert í ársbyrjun 1980.

Ég gerði fsp. varðandi þetta mál nú á dögunum og lagði árherslu á að það væri nauðsynlegt að hækka þessa olíustyrki nú þegar. Hæstv. viðskrh. tók því ekki fjarri og talaði raunar þannig, einkum í Ed., að það mætti ætla að hann ætlaði að verða við þessum óskum, en það heyrir undir hæstv. viðskrh. að taka ákvörðun í þessu efni og það getur hann gert að óbreyttum lögum. En hæstv. viðskrh. sagði, að hann óskaði eftir áliti nefndar, sem er að vinna að endurskoðun laga um lækkun og niðurgreiðslu olíu til jöfnunar á húshitunarkostnaði, og vildi heyra álit þessarar nefndar, sem var ekki skipuð til að gefa slíkt álit, heldur til að endurskoða gildandi lög. Nefndin lét ekki á sér standa og gerði samþykkt strax daginn eftir að þetta bar við hér á hv. Alþingi. Nefndin gerir það að tillögu sinni að olíustyrkurinn fyrir 4. ársfjórðung þessa árs verði hækkaður um 75% og auk þess að greidd verði viðbót við olíustyrki á fyrri ársfjórðunga þessa árs þannig að orkustyrkurinn hækki fyrir allt árið hliðstætt. Síðan nefndin gerði þessa tillögu hefur ekkert heyrst frá hæstv. viðskrh. Ef hæstv. viðskrh. ætlar að verða við þessu er nauðsynlegt að ráðstafa öllu því fé sem fjárlög gera ráð fyrir í þessu skyni á þessu ári, um 50 millj. kr.

Nú er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 gert ráð fyrir einungis 30 millj. kr. M. ö. o.: ef orðið verður við sjálfsagðri hækkun olíustyrkjanna í ár yrði að lækka þá aftur á næsta ári ef við samþykkjum einungis 30 millj. í þessu skyni. Það sjá allir hvílík óhæfa slíkt væri. Með tilliti til þess er hér gerð sú brtt., að upphæðin til niðurgreiðslu olíu verði hækkuð úr 30 millj. í 50 millj. kr.

Þetta eru þær till. sem við flm. gerum varðandi orkumálin. Við gerum ekki beinar till. um hvernig skuli fjármagna þessa hækkun. Við teljum að það þurfi ekki að gera með tilliti til þess, að orkujöfnunargjaldið, sem lagt er á til að verja til orkumála og er áætlað 190 millj. kr. á næsta ári, fer ekki nema að minni hluta til orkumála.

Á því ári, sem nú er að líða, fór meginhluti þeirrar upphæðar, sem orkujöfnunargjaldið gaf, til Orkusjóðs eða hliðstæðra verkefna nema um 90 millj. kr. af 190 millj. kr. Með tilliti til þessa þykir okkur einsýnt, að því, sem eftir stendur af orkujöfnunargjaldinu, verði varið til að mæta þeim kostnaðarliðum sem við leggjum til í till. okkar að verði hækkaðir.

Af því, sem ég hef nú sagt, má mönnum vera ljóst að þeim till., sem við flm. gerum, er mjög í hóf stillt. Það er vegna þess að við viljum freista þess, að þessar till. nái fram að ganga og að stjórnarherrarnir sjái sóma sinn í því að gera það sem er raunar í algjöru lágmarki og þeir ættu að gera í þessum efnum.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það gerist nú áliðið og ástæðulaust að hafa hér mörg orð um. Ég ætla ekki, þótt e. t. v. væri tilefni til, að gera það fjárlagafrv. sem hér er til meðferðar, að umræðuefni almennt eða þá stefnu eða stefnuleysi sem þar kemur fram. Ég ætla í mjög stuttu máli að gera grein fyrir örfáum brtt. sem ég ásamt fleiri þm. Alþfl. hef flutt við þessa 2. umr. fjárlaga fyrir árið 1982.

Í fyrsta lagi vík ég þá að brtt. við 4. gr. fjárlaga um það, að þar komi nýr liður undir menntmrn. og sá liður heitir: Sérstök viðurkenning til íþróttafélaga og afreksmanna í íþróttum samkv. ákvörðun Alþingis 1 millj. kr.

Ég þarf ekki að fara um það mörgum orðum, við hverja örðugleika íslensk íþróttahreyfing á að etja í mörgum efnum, og sömuleiðis er hv. þm. vel kunnugt hver afrek íslenskir íþróttamenn hafa unnið við oft mjög erfiðar aðstæður. Það gildir jafnt um einstaka afreksmenn sem um íþróttafélög og nægir þar að minna á frammistöðu Íslendinga í handknattleikskeppninni nú síðustu daga. Þetta er hugsað sem sérstök viðurkenning bæði til íþróttafélaga og einstakra íþróttamanna, — fé sem Alþingi skipti og úthlutaði eftir á sem viðurkenningu fyrir unnin afrek og vel unnin störf.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, sem ég hef raunar minnst á, við hverja erfiðleika íslensk íþróttahreyfing á að etja og hve mikill munur er á aðstöðu íslenskra íþróttamanna og erlendra íþróttamanna sem margir hverjir njóta fullra launa og það meira að segja mjög góðra launa, þar sem íslenskir íþróttamenn þurfa að stunda sína vinnu og leggja mikið á sig og fórna miklu fyrir sínar íþróttagreinar. Þess vegna er þessi till. hér flutt. Ég vonast eindregið til að hún eigi skilningi og velvild að mæta hér á Alþingi. Er ástæðulaust að hafa um þetta fleiri orð.

Þá kem ég að till. sem ég hef flutt við 6. gr. fjárlagafrv., að þar bætist við nýir liðir. Það er þá í fyrsta lagi, að fjmrh. verði heimilt að endurgreiða Ríkisútvarpinu söluskatt af auglýsingum. Það er alkunna og þarf ekki um það mörgum orðum að fara yfir þeim hv. þm. sem hlýða á þessar umr., sem raunar eru nú ekki mjög margir, við hverja fjárhagsörðugleika Ríkisútvarpið hefur átt að etja. Raunar má segja, að af hendi hæstv. ríkisstj. hafi ríkt menningarfjandsamleg stefna gagnvart málefnum Ríkisútvarpsins. Það er býsna hlálegt og raunar hjákátlegt að hlusta á hæstv. menntmrh., eins og hann gerði á nýafstöðnu leiklistarþingi, kenna verkalýðsforustunni um að ekki skuli vera meira íslenskt efni í sjónvarpinu en raun ber vitni með því að halda því fram og segja fullum fetum að verkalýðsforustan standi gegn öllum breytingum á vísitölugrundvelli, afnotagjald Ríkisútvarpsins sé inni í vísitölunni og að verkalýðsforustan standi gegn öllum breytingum þar á. Þar af leiðir: Það er verkalýðsforingjunum að kenna að ekki skuli vera fleiri íslensk leikrit í sjónvarpinu. — Þetta er furðulegur málflutningur, en engu að síður staðreynd og heyrðu allir sem hlýddu á mál hæstv. menntmrh. á nýafstöðnu leiklistarþingi.

Mér þykir vænt um að hæstv. fjmrh. skuli hafa gengið í salinn og heyra einmitt umfjöllun um þá till. að honum skuli heimilað að endurgreiða Ríkisútvarpinu söluskatt af auglýsingum. Eins og nú háttar er Ríkisútvarpið eini fjölmiðillinn hér á landi sem er gert að greiða söluskatt af auglýsingum. Dagblöðin eru þar undanþegin og greiða ekki söluskatt af sínum auglýsingum. Hæstv. fjmrh. hefur tekið því mjög vel í orðum, að leysa þurfi fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins, hækka afnotagjöldin o. s. frv., en hefur jafnframt bent á að afnotagjöldin séu þáttur af margumtalaðri vísitölu. Það er hins vegar miklu einfaldari og auðveldari leið, sem kemur ekkert við vísitölunni, en mundi leysa fjárhagsvanda Ríkisútvarpsins um sinn, að endurgreiða þennan söluskatt af auglýsingum. (Gripið fram í.) Jú, það er nú borð fyrir báru í fjárlagafrv. hæstv. ráðh. svo að þetta mundi ekki kollkeyra þó svo að samþykkt væri. Hins vegar er þetta sanngirnismál og ég veit að hæstv. fjmrh. sem fyrrv. menntmrh. er þessari stofnun velviljaður. Ég a. m. k. tel mig vita það. Það er býsna hart að Ríkisútvarpið, þessi sameignarstofnun okkar landsmanna, skuli nú t. d. ekki hafa efni á að nýta sér þá þjónustu Landssíma Íslands, sem til boða stendur með tilkomu jarðstöðvarinnar Skyggnis, að fá erlent fréttaefni og erlenda dagskrárþætti hingað til lands samtímis og atburðirnir gerast erlendis. Ríkisútvarpið hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að hagnýta sér þessa þjónustu.

Það mætti tala langt mál um það, hvernig menningarfjandsamleg stefna þessarar ríkisstj. gagnvart Ríkisútvarpinu hefur leikið þessa stofnun. Það hefur þurft að skerða dagskrá sjónvarps. Það hefur þurft að skera niður innlenda dagskrárgerð, sem á þó að vera ein af meginstoðunum í dagskrárgerð og efnisflutningi sjónvarpsins. Þessi ríkisstj. á sér engar afsakanir, engar málsbætur. En það er aldrei of seint að iðrast, og nú gefst tækifæri til þess við afgreiðslu fjárlaga að sýna lit á að viðurkenna mikilvægi Ríkisútvarpsins með því t. d. að endurgreiða því söluskatt af auglýsingum, en á þessu ári eru allar horfur á að söluskattur af auglýsingum í Ríkisútvarpinu nemi 11.5 millj. kr. Aðeins fyrstu 10 mánuði ársins nemur söluskatturinn í kringum 6 millj., að ég hygg, og síðustu tvo mánuðina nemur hann þá samkvæmt þessu 5.5 millj. kr. Þar sem engum öðrum fjölmiðli í landinu er gert að greiða þetta gjald er sjálfsögð sanngirniskrafa að þessu sé létt af Ríkisútvarpinu.

Önnur brtt., sem ég hef leyft mér að flytja hér ásamt Árna Gunnarssyni og Benedikt Gröndal, er sú að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps.

Uppbygging dreifikerfis sjónvarpsins og endurnýjun stöðvanna í því hefur goldið þeirrar fjárhagskreppu sem þessari stofnun hefur verið haldið í. Það að reka og

viðhalda þessu kerfi gerir það að verkum að dagskrá sjónvarpsins nær hlutfallslega til fleiri fjölskyldna hér en hún gerir í mörgum öðrum löndum, t. d. í Frakklandi, Bretlandi, Skotlandi, svo dæmi séu nefnd, og meira að segja í Noregi og Svíþjóð. Hefur okkur tekist betur að koma dagskrá útvarps og sjónvarps um landið en þessum þjóðum þótt fjölmennari og ríkari séu. Það er þess vegna byggðastefnumál að aflétta þessum gjöldum af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva á sama hátt og gert hefur verið nú varðandi símstöðvar og á sama hátt og gert hefur verið um ýmis aðföng til rafvæðingar landsins.

Því verður ekki trúað fyrr en á því er tekið að hæstv. ríkisstj. muni beita sér fyrir því að fella þessar till., sem báðar horfa til þess að bæta þjónustu Ríkisútvarpsins við landsbyggðina, við þjóðina, og að létta þeim fjárhagshömlum sem lagðar hafa verið á þessa stofnun, leysa þá fjötra peningaleysis sem Ríkisútvarpið hefur verið heft í af hæstv. núv. ríkisstj.

Í síðasta lagi vil ég gera grein fyrir brtt., sem ég flyt ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal, við sömuleiðis 6. gr. fjárlaga, að þar bætist við nýr liður: Að breyta vanskilaskuldum Skallagríms hf. vegna Akraborgar í föst lán. — Þessa till. flutti ég einnig við afgreiðslu síðustu fjárlaga, en hún var felld. Nú vill svo til, að samvinnunefnd samgöngumála hefur borist ítarlegt bréf frá stjórnarformanni Skallagríms, flokksbróður fjmrh., Arnmundi Backman lögfræðingi. Þar eru mjög ítarlega og í nokkuð löngu máli tíunduð rök fyrir því að gera nákvæmlega það sem þessi till. mín gerir ráð fyrir, þ. e. að breyta þessum skuldum í föst lán, fella niður og breyta refsivöxtum, sem hlaðist hafa upp, breyta þeim í venjulega bankavexti.

Á árinu 1980 varð hagnaður af rekstri Akraborgar og þessi hagnaður hefur verið notaður til að greiða upp hluta af þeim skuldum sem safnast hafa fyrir. Í lok nóv. s. l. var skuld Akraborgar við ríkisábyrgðasjóð 12.3 millj. kr. Á árinu greiddi Skallagrímur hf. 1250 þús. kr. til ríkisábyrgðasjóðs, en í ársbyrjun var þessi skuld 8.3 millj. kr. Við upphaf ársins var skuldin sem sagt 8.3 millj. kr. Það hafa verið greiddar 1250 þús. kr. á árinu, en í lok nóvember var skuldin 12.3 millj. Það er skylt að geta þess hér og láta það koma fram, að þessi skuld varð upphaflega til vegna þess, að fyrstu mánuðina eftir komu skipsins til landsins nýttist það ekki sem skyldi vegna þess að ekki var fyrir hendi aðstaða til að aka bílum um borð og var því aðeins hægt að flytja örfáa bíla með hverri ferð.

Það verður með einhverjum hætti að leysa þennan skuldahala. Raunar munu hafa legið fyrir yfirlýsingar á sínum tíma um að það yrði gert, en hins vegar hefur það dregist úr hömlu. Ríkissjóður er að meiri hluta til eigandi Akraborgar og hér er því í rauninni aðeins um millifærslur að ræða.

Ég vonast eindregið til þess, að unnt verði að fallast á þessa till., og bind raunar vissar vonir við að í samvinnunefnd samgöngumála megi takast að ná samkomulagi um till. í þessa átt. Mun ég þá að sjálfsögðu draga þessa till. mína til baka. En það er brýnt að leysa þetta mál ekki aðeins að því er varðar Akraborg, heldur og að því er varðar fleiri ferjur sem svipað og jafnvel enn verr er ástatt fyrir.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það frv. til fjárlaga, sem hér er til umr., er það þriðja er núv. ríkisstj. leggur fram á Alþingi. Þar með hefur verið lagður grundvöllur að efnahagsstjórn og stefnu fyrir þrjú af fjórum árum kjörtímabilsins sem ríkisstj. hyggst hafa stjórnmálalega forsjá fyrir. Fyrsta fjárlagaárið, árið 1980, gat tæpast gefið vísbendingu um stefnu núv. ríkisstj. þar sem aðstæður í efnahags- og fjármálum hlutu að mótast að nokkru af stjórnarstefnu þeirra vinstri stjórna sem setið höfðu að völdum næstu ár á undan. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár kastaði ríkisstj. teningnum varðandi mótun þeirrar efnahagsstefnu sem hún hlaut að fylgja, og nú liggur fyrir að fjárlagafrv. það, sem nú er til umr., staðfestir óbreytta stefnu eða öllu heldur stefnuleysi núv. ríkisstj., — þeirrar sömu sem sagðist hafa á síðustu stundu bjargað virðingu Alþingis, ríkisstj. sem lofaði að leiða íslenska þjóð inn á nýjar brautir nýs tíma, niðurtalningar á verðbólgu og bættra lífskjara.

Hér sem endranær sannast að allt er þá þrennt er. Í þeim efnum er þriðja fjárlagafrv. engin undantekning. Lengur verða staðreyndir ekki faldar fyrir íslensku þjóðinni. Augljóst er hvert hefur stefnt í efnahags- og verðlagsmálum því að engin breyting er fyrirhuguð. Afgreiðsla fjárlaga, sem nú fer fram hér á Alþingi, er mikilvæg sönnun þess. Tvö ár eru að baki og tvö sams konar ár fram undan, ef ríkisstj. situr eins lengi að völdum og hún hefur gefið fyrirheit um. Menn hafa nú reynt fyrirheitin um samningana í gildi og að kosningar séu kjarabarátta, og nú stendur Framsfl. yfir moldum stefnu sinnar sem hann kallaði „niðurtalningu“ og þjóðinni var í síðustu kosningum talin trú um að væri hreint töfrabragð gegn verðbólgunni í þessu landi. Einu sinni talaði Framsfl. um „hina leiðina“. Til skamms tíma hefur hann talað um „niðurtalningu“. Hvaða snjallræði kemur næst?

Þrátt fyrir aukin ríkisumsvif, sem verið hefur eitt af einkennum núverandi stjórnarstefnu, hafa framlög til hinna ýmsu framkvæmdaþátta í þjóðfélaginu farið síminnkandi. Þetta á þó einkum við um fjárveitingar til grunnskóla, íþróttamannvirkja og hafna. Þessi samdráttur leiðir til vaxandi erfiðleika hjá sveitarfélögum sem leitast við að fjármagna það er vantar á framlög ríkisins svo að framkvæmdum geti miðað áfram með sem eðlilegustum hætti. Með svipuðum hætti eru áhrif þeirra verðlagsforsendna sem frv. byggir á. Samkvæmt áliti Hagstofunnar verður verðbólga að komast niður í 27% á næsta ári svo fjárveitingar verði að raungildi þær hinar sömu og frv. gerir ráð fyrir. Hér eins og víða annars staðar er full óvissa á ferðum þar sem ríkisstj. hefur brugðist fyrirheiti sínu um að verðbólgan verði komin niður í 10% á næsta ári.

Eitt gleggsta dæmi um áhrif verðbólgunnar á framkvæmdir kemur fram í útreikningum Vegagerðar ríkisins, sem lagðir voru fyrir fjvn.-menn. Þar segir að verði verðlagshækkun 33% lækki framkvæmdagildi vegaframkvæmda um 3.7 millj. kr., við 40% hækkun verðlags nemi framkvæmdarýrnunin 17.3 millj. kr. og við 45% hækkun verðlags milli ára mundi framkvæmdagildi rýrna um 34.4 millj. kr. Að sjálfsögðu gildir hið sama varðandi aðrar framkvæmdir.

Fyrir liggur að fjárveitingar vegna laga um búfjárrækt hafa verið allt of litlar á síðari árum og með engu móti unnt að framkvæma lögin með eðlilegum hætti. Á árinu 1980 skorti 1124 millj. kr., á þessu ári nemur vöntunin svipaðri upphæð, en nú loks er tólfunum kastað því að samkv. fjárlagafrv., sem nú er til umr., hefur þessi vöntun nálega þrefaldast frá fyrra ári, en áætlað er að hún nemi samkv. fjárlagafrv. 3112 millj. kr. svo að unnt verði að

framkvæma búfjárræktarlögin.

Á árinu 1969 var lögum um jarðrækt breytt. Framlög samkv. þeim voru skert, en á móti kom að heildarfjárveiting samkv. lögunum var ákveðin til fimm næstu ára sú sama og verið hafði að meðaltali árin 1978 og 1979. Auðvitað var skýrt tekið fram að framlögin héldu fullu framkvæmdagildi og væru þannig verðtryggð. Það er skemmst frá því að segja, að við þetta fyrirheit hefur aldrei verið staðið. Árið 1980 nam vöntunin 200 þús. kr., á þessu ári 1.8 millj. kr. og samkv. frv. vantar tæpar 15 millj. kr. Verði hér ekki bætt úr er ekki lengur til staðar það fjármagn sem landbúnaðinum var gefið fyrirheit um árið 1979. Hvað er þá orðið um stóru orðin um nýja stefnu í landbúnaði frá þeim tíma?

Margt fleira mætti segja um þá köldu kveðju sem kemur fram í fjárlagafrv. í garð bændanna í þessu landi, en þar sem endanleg umfjöllun um landbúnaðarmálin bíður 3. umr. verða ekki fleiri þættir þeirra mála ræddir að þessu sinni. Hitt er alveg ljóst, að engin ríkisstj., sem setið hefur að völdum á Íslandi á síðari árum, hefur með sama hætti og núv. ríkisstj. gengið þvert gegn fyrirmælum þessara tvennra þýðingarmiklu laga í íslenskri landbúnaðarlöggjöf með því að veita ekki til framkvæmda þeirra það fjármagn sem lögboðið er.

Í dagblöðum að undanförnu hefur verið á það bent, að landbúnaðarvörur hafi hækkað verulega umfram kaupgjald í landinu. Samkv. því mætti ætla að hlutur landbúnaðarins hefði batnað fram yfir þær stéttir er kjör bænda taka mið af. Þessi skoðun er ekki óeðlileg þegar þess er gætt, að í stjórnarsáttmála ríkisstj. er mælt svo fyrir að niðurgreiðslur skuli vera fast hlutfall af útsöluverði landbúnaðarvara. En hér eins og annars staðar hafa orð og efndir farið í sitt hvora átt.

Samkv. upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun námu niðurgreiðslur árið 1979 31.6% af búvöruverði, árið 1980 26.4% og á þessu ári lækka niðurgreiðslur enn og eru nú áætlaðar 22%. Frá árinu 1979 hafa því niðurgreiðslur minnkað úr ca. 1/3 niður í ca. 1/5 af búvöru verðinu. Þannig hefur uppgjör þessa fyrirheits stjórnarsáttmálans komið fram í reynd.

Augljóst er að núv. ríkisstj. stendur ráðþrota frammi fyrir þeim vanda í efnahagsmálum sem þjóðin hefur búið við að undanförnu. Þótt umr. um þau mál hafi komið upp á yfirborðið að undanförnu eru engar nýjar aðstæður fyrir hendi. Heyrst hefur að núverandi vandi sé meiri en menn áttu von á, og er það e. t. v. ein gleggsta sönnun þess, hve bláeygt stjórnarliðið hefur verið í þessum efnum. Engu er líkara en í þeim herbúðum hafi verið lagður trúnaður á hjalið við verðbólguna og að menn fyrst farið að ranka við sér þegar stjórnarstefnan hafði nálega komið atvinnuvegum þjóðarinnar í hreint þrot. Fjarlagafrv. staðfestir óbreytta stefnu: áframhaldandi verðbólgu, erfiðleika í atvinnurekstri og rýrnandi lífskjör.

Mönnum er að verða það ljósara með hverjum degi sem líður, hve stefna þessarar ríkisstj. er afturhaldssöm og nánast hættuleg fyrir framtíð þessarar þjóðar. Menn standa frammi fyrir því, að aukningu þjóðarframleiðslu eru viss takmörk sett við núverandi aðstæður. Þess vegna er höfuðnauðsyn að taka rösklega til hendi til eflingar framleiðslu í þessu landi. Með aukinni þjóðarframleiðslu er lagður grundvöllur að bættum kjörum fóksins. Hún er forsenda þess, að meira verði til skiptanna, og þar með eina raunhæfa leiðin til að unnt sé að draga úr skattheimtu í þessu landi um leið og með þeim hætti er lagður grundvöllur að auknu sjálfræði einstaklinganna, fastur grundvöllur til að byggja á trausta sókn gegn verðbólgunni í landinu. Þannig hefur íslenska þjóðin e. t. v. meiri þörf fyrir frjálslynda og víðsýna framleiðslustefnu, en nokkru sinni fyrr.

Hér hefur ríkisstj. brugðist. Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um næstu stórvirkjun og er augljóst að stefna ríkisstj., sem fram kemur í þáltill. um þau mál sem nýlega hefur verið lögð fram á Alþingi, verður ekki afgreidd fyrir jólaleyfi þm., eins og ríkisstj. gaf þó fyrirheit um.

Tvö ár af starfsferli ríkisstj. líða án þess að hafist sé handa um raunhæft átak í uppbyggingu stóriðju í landinu og í raun hefur engin marktækur undirbúningur í þeim efnum átt sér stað. Þannig líða árin eitt af öðru og ný tækifæri í atvinnuuppbyggingu renna út í sandinn. Þjónustugreinar í þjóðfélaginu þarfnast síaukins fjármagns. Við núverandi aðstæður er leitast við að koma til móts við þá fjárþörf með samdrætti í framkvæmdum og aukinni skattheimtu. Það er stefna ríkisstj.

Nú eru aðeins fáeinir dagar eftir af þessu ári og brátt rennur nýtt ár upp. Nú sem fyrr eru margar spurningar bundnar ókomnum tíma, nýju ári. Að því er varðar stjórnmálin í þessu landi skapar fjárlagafrv. ekki nýjar spurningar. Það gefur ekki ný fyrirheit. Það segir hins vegar enn skýrara mál en nokkru sinni fyrr að núv. ríkisstj. veldur ekki því hlutverki sem hún hefur tekið að sér, þ. e. að hafa með höndum stjórnmálalega forsjá í þessu landi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn þeirra þriggja sem standa að nál. 1. minni hl. fjvn. og get því farið fljótt yfir sögu varðandi það nál., enda hefur hv. þm. Lárus Jónsson gert glögga grein fyrir því sem í því nál. stendur. Ég tel samt ástæðu til þess við 2. umr. fjárlaga að gera grein fyrir nokkrum sjónarmiðum, sem hafa leitað á hugann í starfi í hv. fjvn., og vík ég þá fyrst að forsendum fjárlagafrv.

Verðbólgumarkmiðin, sem ríkisstj. setti fram í stjórnarsáttmálanum, voru 10—15% á árinu 1982, sem jafngildir því að verðbólgan færi niður í sama stig og í nágranna- og viðskiptalöndunum. Í fjárlagafrv. er markmiðið greinilega rýmkað og þar er reiknað með 25% verðbólgu á árinu 1982. Spá Þjóðhagsstofnunar er hins vegar á þá leið, að verðbólgan verði a. m. k. 55% á næsta ári nema ríkisstj. efni til efnahagsaðgerða sem gætu breytt þessari spá. Af þessari ástæðu er ekkert að marka þetta fjárlagafrv. nema viðhlítandi efnahagsaðgerðir verði gerðar, og þess vegna er eðlilegt að spurt sé í þessum umr. strax í upphafi hvort ríkisstj. hafi ákveðið slíkar aðgerðir og hvenær vænta megi að þær verði lagðar fyrir Alþingi og hvernig skilja beri orð hæstv. landbrh. þegar hann tilkynnti hér á hinu háa Alþingi að till. hæstv. ríkisstj. yrðu kynntar þingi og þjóð.

Undanfarna daga hafa hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. innbyrðis deilt um það í blöðum og útvarpi, í hverju slíkar aðgerðir eigi að vera fólgnar, og eins um hitt, hvort þeir hafi staðið í vegi hvor fyrir öðrum þegar rætt hefur verið um efnahagsaðgerðir innan hæstv. ríkisstj. fyrr á þessu ári. Í þessum ágreiningi á milli ráðh. Alþb. og Framsfl. hefur komið fram, að hæstv. viðskrh. vill hefja svokallaða niðurtalningu eftir áramótin, þ. á m. niðurtalningu á verðbótum launa, og hann kennir hv. Alþb.-ráðh. um að hafa stöðvað niðurtalninguna á miðju

yfirstandandi ári. Hæstv. félmrh. Svavar Gestsson er annarrar skoðunar. Hann sendir hæstv. viðskrh. og öðrum framsóknarmönnum tóninn og segir að ásakanir hæstv. viðskrh. eigi við engin rök að styðjast. Þannig er jólakærleikurinn að komast í hámark hjá hæstv. ríkisstj.

Hæstv. félmrh. bendir á að miðstjórn Alþb. hafi lýst yfir á fundi sínum, sem haldinn var nú um helgina, að efnahagsaðgerðir, sem snerti við kjarasamningum, komi ekki til greina að þessu sinni. Þessi yfirlýsing er ákaflega merkileg með tilliti til þess, að Alþb. hefur tíu sinnum — ég endurtek: hvorki meira né minna en tíu sinnum á yfirstandandi valdatímabili Alþb. frá 1978 hróflað við kjarasamningum. Síðast þegar ríkisstj. efndi til stórfelldra efnahagsaðgerða, þ. e. um síðustu áramót, þar sem skorin voru niður 7—9% af launum frá 1. mars, voru slíkar aðgerðir kallaðar „slétt skipti".

Eins og sést á þessu er úr vöndu að ráða því að ef verðbólgan á að nást úr 55% á næsta ári í 25%, eins og frv. gerir ráð fyrir, verður að draga úr eftirspurninni. Efnahagssérfræðingar hafa látið þá skoðun í ljós, að slíkt verði ekki gert án þess að skerða ráðstöfunartekjur almennings annaðhvort með skattahækkunum eða launalækkunum. Í þessu sambandi er rétt að benda á að aðeins sumar skattahækkanir hafa ekki áhrif til verðlagshækkana, þ. e. hækkanir beinna skatta. Erfitt virðist þó fyrir hæstv. ríkisstj. að hrófla við beinu sköttunum umfram það sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv., en þar er skattvísitalan enn í 150 stigum en þyrfti líklega að vera í 152 stigum ef skattbyrðin á ekki að hækka milli áranna 1981 og 1982.

Í öðru lagi er það augljóst, að bein launalækkun, sem kölluð var „kauprán" árið 1978, en hlaut við upphaf þessa árs nýtt og fallegt nafn, þ. e. „slétt skipti", og kemur ekki til greina að áliti Alþb., eins og áður sagði. Í þessu felst stefnubreyting Alþb., sem hefur haldið því fram og það er í raun inntak hugtaksins „slétt skipti", að lægri nafnlaun eða peningalaun, eins og Þjóðviljinn kallar launin, leiði til minni verðbólgu án þess að kaupmátturinn skerðist, en það sé hann sem sé aðalatriðið.

Af því, sem hér hefur verið talið, sést best að mikill ágreiningur virðist vera innan hæstv. ríkisstj. um þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru við upphaf næsta árs ef verðbólgustigið á að fara niður í það sem frv. gerir ráð fyrir, og er þá ekki minnst á verðbólgustig stjórnarsáttmálans, enda virðist það plagg vera lítt til þess fallið að veifa því á hinu háa Alþingi eða meðal kjósenda eins og sakir standa.

Það er athyglisvert, að ágreiningur innan hæstv. ríkisstj. virðist einnig taka til fiskverðsákvörðunar um áramótin og síðast í morgun, — ég ætti kannske heldur að segja í gærmorgun því að klukkan er nú farin að ganga tvö — lýsti Svavar Gestsson, hæstv. félmrh., yfir að hægt væri að ákveða fiskverð óbreytt, en samt að láta sjómenn hafa 17.5% kjarabætur með því að taka olíugjald og stofnfjársjóðinn frá útgerðinni og færa hann til sjómanna. Slíkar og þvílíkar tillögur, sem koma frá ráðh., sýna glöggt hve lítinn skilning ráðamenn þjóðarinnar hafa á atvinnurekstri um þessar mundir.

Rétt er að minna á, að olíugjaldið var hækkað úr 2.5% í 7.5% af núv. ríkisstj. Fiskverð á erlendum mörkuðum hefur hækkað um 42% á yfirstandandi ári og olían hefur hækkað um 60%. Ef ætlun hæstv. ráðh. er að greiða 7.5% til útgerðarinnar úr ríkissjóði er rétt að það komi fram að það hefði kostað ríkissjóð 150 millj. á yfirstandandi ári og ef sömu aðferð hefði verið beitt við stofnfjársjóðinn hefði slíkt kostað 200 millj. á sama tíma, en það mun jafngilda 500 nýjum millj. á næsta ári. Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst hvers konar ráðherrarugl er hér á ferðinni, en þetta gefur hins vegar tilefni til þess, að hæstv. fjmrh. sé spurður að því til hvers eigi að nota þær 140 millj. kr. sem teknar eru frá í fjárlagafrv. til efnahagsaðgerða. Hafi ríkisstj. einhverja hugmynd um það eða hafi hún sett sér eitthvert mark í þeim efnum er full ástæða til að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að koma hér við lok þessarar umr. og gera hv. Alþingi grein fyrir skoðun sinni og skoðun hæstv. ríkisstj. í þeim efnum. En ég tel, eins og ástandið er á kærleiksheimili hæstv. ríkisstj., að honum vefjist tunga um tönn, því að eins og ég hef lýst áður í minni ræðu koma þeir sér illa saman um hvað gerst hefur á liðnum tímum, hvað þá muni gerast á komandi tíð, hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh., sem eru á hverjum morgni í útvarpsþáttum til að skemmta almenningi með mismunandi einkennilegum viðhorfum frá stjórnarheimilinu.

Þá sný ég mér næst að nýjum aðferðum við gerð fjárlaga.

Við 2. umr. fjárlaga undanfarin tvö ár hef ég rætt nokkuð nýjar aðgerðir við gerð fjárlaga. Sjálfsagt hafa þær ræður farið fyrir ofan garð og neðan hjá hv. þm., en nýlega var samt á hinu háa Alþingi rifjuð upp hugmyndin um svokallaða „núllgrunnsáætlanagerð" og „sólseturslöggjöf". Reyndar gerðist það af sérkennilegu tilefni því að þessar hugmyndir voru teknar upp í ræðu formanns þingflokks Alþb. sem sérstök dæmi þess, að bandarísk hugarfarsmengun ætti sér stað á Íslandi og að henni væri unnið með skipulegum hætti á vegum Menningarstofnunar Bandaríkjanna á Íslandi.

Í fyrsta lagi skal það tekið fram, að hv. fjvn. samþykkti á s. l. ári samhljóða að gera tilraun með núllgrunnsáætlanagerð. Í samráði við fjárlaga- og hagsýslustofnun var efnt til þessarar tilraunar í samstarfi við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins. Enn hafa ekki fengist haldbærar niðurstöður né heldur hefur verið gefin skýrsla til hv. fjvn. um þetta efni, en vonandi er hennar ekki langt að bíða. Það var að sjálfsögðu hugmyndin með þessari tilraun að kanna hvort hægt væri að beita nýjum aðferðum við fjárlagagerð. Ef niðurstaðan verður að slíkt sé hægt er það staðfesting á því að tilraunin hafi verið þess virði að til hennar var stofnað.

Í öðru lagi hefur verið lítið rætt um „sólsetursaðferðina" eða „sólseturslöggjöfina" svokölluðu, en í henni felst að gert er ráð fyrir að lögbundin verkefni taki aðeins ákveðinn tíma og falli síðan niður, t. d. eftir 4-5 ár, og komi þá til endurskoðunar löggjafans. Það er þó glætu í þessu máli að sjá því að í einu stjórnarfrv., þ. e. frv. um iðnráðgjafa, mun þessi aðferð vera notuð. Er það þakkarvert og vissulega athyglisvert í þokkabót að ráðh. úr þingflokki hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar skuli ríða á vaðið með þessa nýjung sem formaður þingflokks Alþb. telur vera dæmi um bandaríska hugarfarsmengun.

Í fyrsta tölublaði Fjármálatíðinda árið 1981 birtist grein eftir Kirstínu Pálsdóttur Flygenring um áætlanagerð frá núllgrunni. Grein þessi er að stofni til prófritgerð Kirstínar og er full ástæða til að þm. kynni sér einfalda núllgrunnstækni, en víkur síðan að „sólarlagsaðferðinni" og fleiri atriðum sem til úrbóta eru. Ég hygg ómaksins vert að lesa smákafla úr þessari ritgerð við afgreiðslu fjárlaga og hefst hér lesturinn, með leyfi

forseta:

„Bandaríkjamenn hafa löngum verið hugkvæmir á sviði áætlanagerðar. Sólarlagsaðferðin er ein þeirra aðferða, sem fram hafa komið þar vestra, og á hún ýmislegt skylt við núllgrunnstækni.

Þessi aðferð hefur mest verið notuð innan opinbera geirans. Hún felur í stuttu máli í sér að veita má fé til ákveðinna verkefna tiltekinn árafjölda — oft á tíðum 5—6 ár. Eftir það er árangurinn metinn og tekin ákvörðun um, hvort halda skuli áfram fjárveitingu. Þyki árangurinn minni en ætlast var til, „gengur sólin til viðar", þ. e. verkefnið er lagt niður. Annars er fjárveitingaleyfið framlengt um önnur 6 ár.

Hugsanlega gætu Íslendingar beitt svipuðum aðferðum við hin illræmdu lögbundnu framlög."

Í næsta kafla, sem heitir: Regluleg endurskoðun grunnsins, segir Kirstín, með leyfi forseta:

„Aðrar hugmyndir ganga enn lengra en sólarlagsaðferðin. Samkv. þeim ber að endurskoða allan fjárlagagrunninn með reglubundnu millibili. Þess á milli á að beita hefðbundnum áætlunaraðferðum. Þessi endurskoðun þarf ekki að gerast öll samtímis og má fara misört fram, allt eftir eðli fjárveitingar.

Þetta er nokkurs konar sameining á núllgrunnstækni og hefðbundnum aðferðum. Ætti þetta að kalla fram kosti beggja aðferðanna.

Hér á Íslandi gæti þetta hentað vel. Margir gallar núllgrunnsáætlanagerðar sníðast af, svo sem árleg pappírsvinna og mjög snöggar breytingar á mannafla. Þetta ætti líka að vera vel framkvæmanlegt við þær verðbólugaðstæður sem hér ríkja. Kosturinn væri að mat fengist á árangri fjárveitinga og markmið stofnana yrðu endurskoðuð. Það ætti aftur að leiða til betri stefnumótunar og hagkvæmari rekstrar.

Pólitíska hliðin: Það er ríkisstjórnarinnar að setja fram þá meginstefnu sem fylgja skal við samningu fjárlaga. Æskilegt er að sú stefnumótun sé eins skýr og unnt er. Það auðveldar gerð fjárbeiðna innan stofnana svo og alla aðra vinnu við fjárlögin. Þetta hefur líka þau áhrif, að höfuðmarkmið stjórnarsamstarfsins verða greinilegri en ella.

Sú spurning hlýtur að vakna meðal þeirra, sem veitt hafa athygli refskák stjórnmálanna, hvort nýjar aðferðir séu yfirleitt til bóta. Skiptir ekki pólitísk togstreita það miklu máli í fjárlagagerðinni og ræður ráðstöfun gæðanna burt séð frá öllum vinnuaðferðum?

Þótt svo væri, þá er samt hagur að nýjum aðferðum. Með reglulegri endurskoðun grunnsins ætti a. m. k. að vera bitist um gagnlegri fjárveitingar en áður.

Engar umbætur geta orðið á fjárlagagerðinni nema með fullum vilja og einlægum stuðningi stjórnmálamanna. Þeir mega ekki láta sitja við orðin tóm, heldur verða að axla sinn hlut ábyrgðarinnar burt séð frá tímabundnum vinsældamissi."

Og í lok greinar sinnar segir Kirstín:

Eftir stendur þó sú staðreynd, að fjárlagagerð í dag er gölluð og hagkvæmni og virkni opinbera geirans ábótavant.

Ef bæta ætti úr þessu þyrfti m. a. að:

1) Hafa skýrari stefnumörkun og láta stofnunum og rn. í té betri meginstefnu í sambandi við fjárlagagerð.

2) Endurskoða a. m. k. fastar fjárveitingar og helst allan fjárlagagrunninn reglulega.

3) Einbeita sér meira að verkefnum, eftir því sem kostur er.

4) Fylgjast með afköstum ríkisgeirans og út frá því leitast við að bæta reksturinn hjá hinu opinbera.

Til að ná framanskráðum markmiðum að nokkru eða öllu leyti mætti nota einhverja eða einhverjar eftirtalinna aðferða:

Sólarlagsaðferðina, hefðbundna áætlunargerð og núllgrunnsaðferðina beitt saman og loks verkefnamat.

— Hér lýkur litlum kafla úr ritgerð Kirstínar Pálsdóttur Flygenring sem ég tel að eigi fullt erindi til hv. þm. þegar rætt er um fjárlög, því að oftast verða þær umr. fyrst og fremst karp um einstök viðfangsefni, einstök verkefni, en sjaldnar um það sem skiptir kannske mestu máli. Það er sjálft fjárlagakerfið, undirbúningur fjárlaga og vinnubrögð, bæði í rn. og ekki síður í fjvn. og loks í sölum hv. Alþingis.

Varðandi nýjar aðferðir við gerð fjárlaga er rétt að minna jafnframt á nauðsyn þess, að samræmd verði gerð ríkisreiknings og fjárlaga og endurskoðuð verði lög sem fjalla um þessi atriði. Víða erlendis hafa breytingar verið gerðar í þessum efnum, sem full ástæða er til að skoða, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að fjárlög sýni og lýsi betur en nú er þeim viðfangsefnum, sem ríkisvaldið fer með á hverjum tíma, og stöðunni í fjármálum ríkisins, Enn fremur er ástæða til að minnast á ríkisendurskoðun í þessu sambandi og vil ég þá sérstaklega benda á hugmyndir sem fram hafa komið á Alþingi, þ. á m. frv. hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem hann síðast lagði fram á þinginu 1978-1979 þegar hann var varaþm. Framsfl., en hefur af einhverjum ástæðum ekki séð sér fært að leggja fram eftir að hann kom inn sem þm. eftir haustkosningarnar 1979. Það er full ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. að því, hvort verið sé að kanna þessi efni hjá fjmrn. og það sé skýringin á aðgerðaleysi hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, sem er öllum þm. betur að sér í þessum málefnum. Þetta mál ræddi hv. þm. Alexander Stefánsson fyrr í kvöld í sinni ræðu, og held ég að full ástæða sé til að kanna til hlítar með beinni fsp. til hæstv. fjmrh. hvort að þessu máli sé unnið. (**Fjmrh.:** Hvaða máli?) Ef hæstv. fjmrh. hefur ekki hlýtt á mál mitt skal ég gjarnan endurtaka það, enda er tími minn nægur og nans vonandi líka, en það var rætt um það mál, sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson hreyfði hér á þingi fyrir nokkrum árum, reyndar tvisvar fremur en einu sinni, að færa ríkisendurskoðun úr núverandi sessi sínum og undir valdsvið Alþingis og gera þannig ríkisendurskoðunina virkari við eftirlit með fjárveitingum. Ég ætla ekki að segja eins og einn ágætur ræðumaður sagði úr þessum stól, að ég hafi heyrt fjmrh. hæstv. hrista höfuðið til merkis um að hann skildi þetta, en ég sá að hann gerði það.(**Fjmrh.:** Kinkaði kolli.) Kinkaði kolli, ætlaði ég að segja. Annars hefði það heyrst.

Það er ein af afleiðingum verðbólgunnar að breyta innbyrðis hlutfalli á milli útgjaldaliða í fjárlögum. Þess vegna er mjög áberandi í þessu frv. hve fjármunamyndun dregst saman, en rekstrarliðir hækka. Rekstrarliðir fjárlaga, a. m. k. laun, hækka með sjálfvirkum hætti í takt við hina raunverulegu verðbólgu, en fjármagn til fjármunamyndunar, bæði á vegum ríkisins sjálfs eða í samstarfi við aðra aðila, rýrnar verulega þar sem hin raunverulega verðbólga er oftast meiri en verðlagsforsendur fjár-

laganna. Af þessum ástæðum hefur skuldavandi ríkissjóðs aukist gífurlega og honum tekst engan veginn að standa undir lögbundnum framlögum á móti öðrum aðilum, t. d. sveitarfélögum eða einkaaðilum, og má þar nefna málaflokk eins og fræðslumál, heilbrigðismál, dagvistarmál, hafnamál, íþróttamál o. s. frv. Í raun og veru er núverandi verkaskiptingarkerfi ríkisins og sveitarfélaga úr sér gengið, en ekkert bólar samt á hugmyndum um breytta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og er það furðulegt, m. a. með tilliti til þess, að á þeim tíma, sem núv. hæstv. forsrh. var félmrh., var talsvert unnið að þessum málum í rn. hans.

Þegar horft er til þeirra útgjaldaþátta, sem mynda ríkisútgjöldin, kemur í ljós að u. þ. b. 55-57% hafa á undanförnum árum gengið til aðila utan ríkisgeirans. Helstu útgjaldaþættir þeirra fjármuna, sem ekki eru í umsjá ríkisins, eru rekstrartilfærslur vegna heilbrigðismála. Framlög vegna verðmyndunar í landinu eru há og enn fremur beinir styrkir til einstaklinga og sjóða. Af þessu sést að ríkisfjármálin og fjárlagafrv. eru veigamikill þáttur í tilfærslu fjármuna milli aðila í þjóðfélaginu. Hér hlýtur því að koma til álita, á hvern hátt leysa megi ríkissjóð undan þessu millifærsluhlutverki sem hann gegnir, og jafnframt hvort ekki sé verið með þessum hætti að nota ríkisfjármálin til að byggja upp eða reka starfsemi í landinu sem hvorki er samkeppnishæf né arðsöm.

Á undanförnum árum hafa farið fram víðtækar viðræður milli ríkisvaldsins og sveitarfélaga um verkefnaskiptingu þessara aðila. Hins vegar hafa ákvarðanir og framkvæmdir þeirra hugmynda, sem þar hafa séð dagsins ljós, engar orðið og situr allt við það sama. Telja má líklegt að helsta hindrun þess, að ekki hefur orðið að framkvæmd þessara mála, sé að staða sveitarfélaga er mjög mismunandi og flest þeirra eru ekki það stórar rekstrareiningar að þau hafi bolmagn til að taka að sér viðamikil verkefni. Þá má spyrja hvort forustumenn sveitarfélaga hafi í raun mikinn áhuga á að fá verkefni til sín þar sem þeir margir hverjir telja núverandi skipan besta kostinn til öflunar fjár.

Á síðustu tveimur áratugum hefur sú stefna verið ríkjandi t. d. á hinum Norðurlöndunum að færa verkefni, sem ríkið hafði farið með, til sveitarfélaga sða samtaka þeirra og var með því ætlunin að ná fram ódýrari þjónustu, virkari ákvarðanatöku og dreifingu valdsins. Nú hin síðari ár hafa komið fram raddir um að ekki hafi náðst fram þau atriði sem stefnt var að, stjórnsýsla ríkisvaldsins hafi ekki minnkað, sveitarfélög hafi þurft að sameinast um verkefni og það leitt af sér eitt stjórnsvið til viðbótar og niðurstaðan orðið seinvirkari ákvarðanataka, stærri hluti framlaga hafi farið í stjórnunarþætti, síðar hafi myndast samkeppni milli sveitarfélaga um þjónustumagn og aðstöðu sem leitt hefði til hærri útgjalda en ríkisvaldið hefði reiknað með og áætlað. Þegar staða þessara mála er skoðuð hér á landi og hún borin saman við nálægar þjóðir verða menn að hafa í huga fjölmenni þjóðarinnar og dreifða búsetu. Sú sérstaða, sem við búum við, kallar bæði á hagkvæmni í því að einum aðila sé falið verkefni fyrir þjóðina í heild á hinum ýmsu sérsviðum, en jafnframt er vegna dreifðrar byggðar og fámennis nauðsynlegt að staðarþekking sé nýtt. Vegna stærðar landsins er oft og tíðum verið að búa til sömu aðstöðu og þjónustu á mörgum stöðum, sem nýtist illa bæði að því er varðar fastafjármuni og sérþekkingu.

Telja verður þó helsta galla á núverandi skipulagi að ekki er fyrir hendi hrein verkefnaskipting milli aðila. Oft og tíðum eru þessir tveir aðilar að vasast í því sama án þess að saman fari fjárhags- og rekstrarábyrgð. Þetta skipulag hefur oft leitt til þess, að meiri fjármunum er varið til viðkomandi málefna en nauðsynlegt er. Þegar takast þarf á við breytingar á jafnveigamiklum verkefnum og ríki og sveitarfélög fara með er nauðsynlegt að feta hvert skref til breytingar með aðgát. Hins vegar er nauðsynlegt að gera breytingar sem fyrst og ganga í þá átt að einum aðila sé falin fjárhagsábyrgð og framkvæmd viðkomandi viðfangsefnis. Því er bent á í þessari ræðu minni að fyrsta skrefið í þá átt að fela sveitarfélögunum aukna hlutdeild í þjónustu þeirra viðfangsefna, sem nú eru í höndum ríkisvaldsins, sé að fela þeim alfarið rekstur og fjárhagsábyrgð er varðar grunnskólakerfið, ríkið taki aftur á móti stærri hlut í heilbrigðismálunum. Þannig væri hægt að fá reynslu í að fela sveitarfélögum verkefni á eigin ábyrgð.

Jafnframt þessu er mikilvægt að bætt sé stjórnun hjá ríkinu og að ábyrgð Alþingis, er varðar endanlega ákvörðun og eftirlit með fjármunum sem ganga til einstakra málaflokka, sé efld til muna. Í ræðu, sem ég flutti við sama tækifæri fyrir ári, ræddi ég talsvert um svokallað skilamat sem gert er ráð fyrir að fari fram samkv. lögum um opinberar framkvæmdir. Af þessu tilefni er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig það mál standi. Ég hafði á síðasta ári samband við ríkisendurskoðun og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og var mér þá tjáð að skilamat yrði tekið upp innan skamms. Þetta er afar mikilvægt stjórntæki fyrir opinbera aðila. Skilamat getur verið fjvn. veigamikið tæki við ákvarðanir um fjárveitingar til einstakra framkvæmda. Það er þess vegna bein spurning mín til hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur skilamatið sem framkvæma á samkv. lögum og forstöðumenn tveggja ríkisstofnana hafa lýst yfir að taka ætti upp í byrjun þessa árs? Hvernig hefur það farið fram og hvernig gengur það mál? Ég veit að ef hæstv. fjmrh. kannast ekki við þetta mál getur hann spurt forstöðumenn þeirra ríkisstofnana sem ég nefndi og þá munu þeir kannast við að hafa gefið út slíkar og þvílíkar yfirlýsingar, en ég hef ekki séð að eftir þeim hafi verið farið.

Eins og fram hefur komið í brtt. meiri hluta er gert ráð fyrir að tekjur í áætlun 1. gr. fjárlagafrv. hækki um 149 millj. á milli 1. og 2. umr. Ljóst er að talsverður hluti þessa tekjuauka stafar af auknum innflutningi, en aðflutningsgjöld eru meiri á yfirstandandi ári en ráð var fyrir gert. Ástæðan er m. a. sú, að viðskiptajöfnuðurinn er óhagstæður. Meira er flutt inn til landsins en gert var ráð fyrir, aðallega vegna gengisfellingavæntinga hjá almenningi. Það er athyglisvert, að í frv. er ekki gert ráð fyrir minni aðflutningsgjöldum á næsta ári en í ár vegna niðurfellingar á aðflutningsgjöldum vegna aðfanga iðnaðarins. Þetta á sér stað þrátt fyrir marggefin loforð ráðh. og ríkisstj. um úrbætur í þessum málum fyrir iðnaðinn. Í þessu sambandi má benda á ákvæði í þáltill. hæstv. ríkisstj. um iðnaðarstefnu, þar sem sagt er að nú þegar verði felld niður aðflutningsgjöld aðfanga iðnaðarins. Það er ástæða til að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvað líður þessu máli? Er ætlunin að fella að fullu niður aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðarins, eins og gert er ráð fyrir í tillögu

hæstv. ríkisstj., sem hún hefur þrívegis lagt fyrir Alþingi, þótt hún hafi ekki enn náð fram að ganga?

Á sama hátt virðist ekki vera gert ráð fyrir að nýtt tollkrítarfrv. nái fram að ganga og lög um það efni taki gildi á næsta ári. Þetta er athyglisvert í ljósi þess, að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. lýstu því yfir, t. d. haustið 1979 og vorið 1980, að frv. um tollkrít yrði lagt fram árið 1980 um haustið eða í síðasta lagi haustið 1981. Mér er kunnugt um að slíkt frv. er tilbúið og virðist það starf, sem undirbúningsnefnd hefur unnið í þeim efnum, eiga að liggja í skýrslu um sinn eins og mörg önnur þjóðþrifamál. En til þess að þetta komi skýrt og skorinort fram óska ég eftir að hæstv. fjmrh. geri grein fyrir því í lok þessarar umr., hvað hæstv. ríkisstj. ætlast fyrir í svokölluðum tollkrítarmálum, vegna þess að fyrir liggur beint loforð hæstv. forsrh. um að slíkt frv. verði flutt. Reyndar átti að flytja það fyrir meira en ári. Ekkert kemur fram í fjárlagafrv. sem bendir til að hæstv. ríkisstj. ætli að standa við þetta loforð fremur en mörg önnur.

Þá er athyglisvert, að frv. gerir ráð fyrir að launaskattur og skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði verði áfram þrátt fyrir síendurteknar yfirlýsingar ráðh. Framsfl. um niðurfellingu þessara gjaldstofna ríkisins. Síðast kom þetta fram við 1. umr. fjárlaga sem fram fór fyrr í haust, og mér er kunnugt um að framsóknarmenn höfðu fyrirvara um fjárlagafrv. hvað snertir þessa tvo tekjustofna ríkisins. Það er enn fremur athyglisvert, að launaskatturinn skuli vera í tekjuáætlun frv. þegar tillit er tekið til þess, að svokölluð starfsskilyrðanefnd hefur skilað áfangaskýrslu þar sem rækilega er lögð áhersla á að launaskatturinn sé stór liður í mismunun á milli atvinnuveganna iðnaðinum í óhag. Hérna er kannske komin skýringin á því, hvernig á því stendur, að sú skýrsla fæst ekki send hv. alþm. Það væri fróðlegt að heyra af vörum hæstv. fjmrh. hvað hann segir um síendurteknar yfirlýsingar um fyrirvara framsóknarþingmanna og reyndar hæstv. ráðh. um launaskatt og skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og hvort stefna Alþb. eða stefna Framsfl. hafi sigrað í þeim efnum.

Það hefur komið fram hjá fyrri ræðumönnum og oftsinnis áður á hv. Alþingi, að sífellt er gert ráð fyrir að fjárframlög séu reidd af hendi án þess að það sjáist á fjárlögum, a. m. k. á þeim tíma sem ákvörðun um fjárframlag er tekin. Ég ætla ekki að fara ítarlega út í þessa sálma hér. Mig langar samt til að spyrja hæstv. fjmrh. að því eða hæstv. iðnrh., sem ég sé að er ekki hér í salnum, hvernig á því standi að í 4. gr. lánsfjárlagafrv. sé gert ráð fyrir að Iðnrekstrarsjóður taki 10 millj. kr. lán til að standa undir endurlánum til rannsókna vegna orkunýtingar. Spurningin er þessi: Hver á að fá þessa peninga til ráðstöfunar, hver á að endurgreiða þetta lán? Ástæðan fyrir þessari spurningu er sú, að stjórn Iðnrekstrarsjóðs er alls ókunnugt um hvernig nota skuli þessa fjármuni og látið hefur verið að því liggja að iðnrn. ætli að ráðstafa fjármagninu. Það læðist því að manni sá grunur, að þessa fjármuni eigi að endurgreiða með fjárveitingum á fjárlögum næstu ára. Þannig er í raun takmarkað það fjármagn sem þá hefði annars orðið til ráðstöfunar. Ég óska þess vegna eftir því, að hæstv. fjmrh. gefi í lok þessarar umr. viðhlítandi svör við þessari spurningu.

Það er ekki ætlun mín að ræða í þessari ræðu um einstök atriði frv. umfram það sem aðrir hafa gert og koma til með að gera því að umr. verður ekki slitið í nótt, heldur á morgun, og má þá gera ráð fyrir að fleiri taki til máls. Ég vil þó drepa á örfá atriði.

Ég vil benda á að enn einu sinni skerðist það fjármagn, sem átti að renna til húsnæðismála, með því að launaskattur, sem samkv. lögum á að renna til þessara mála, er notaður til allt annars. Þarna er í raun gengið á viðkvæma samninga milli aðila vinnumarkaðarins. Um þetta mál hefur verið rætt fyrr í umr. og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Í öðru lagi vil ég minnast á Lánasjóð ísl. námsmanna. Hæstv. ríkisstj. hefur legið á frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna í heilt ár og hefur nú fyrir tveimur eða þremur dögum lagt það frv. fram þannig breytt að námsmenn geta ekki sætt sig við, enda höfðu þeir gert samning við hæstv. menntmrh. um að taka á sig hertari og þyngri endurgreiðslureglur ef frv. gerði ráð fyrir að hækka lánshlutfall upp í 100% fjárþarfarinnar. Þessu hefur verið harðlega mótmælt af námsmannasamtökunum og því lýst yfir, að þau séu óbundin af samkomulagi sínu við hæstv. menntmrh. Þetta er þeim mun furðulegra þegar tillit er tekið til þess, að með þessu nýja frv. er í raun og veru verið að styrkja stöðu ríkissjóðs eða lánasjóðsins þegar fram í sækir. Ég ætla ekki, herra forseti, að taka tíma í að lesa ályktanir frá stúdentum og námsmönnum um þetta efni, en leyfa mér þess í stað að lesa upp ummæli ágæts hv. þm. frá árinu 1978 úr Stúdentablaðinu þar sem hann sagði svo, með leyfi forseta:

„Við töldum og teljum enn að löngu sé orðið tímabært að umframfjárþörf námsmanna sé mætt að fullu, og miðað við þetta markmið og aðrar breytingar, sem við teljum nauðsynlegt að gerðar verði á úthlutunarreglum sjóðsins, er ljóst að óhjákvæmilegt er að veita auknu fjármagni til sjóðsins".

Í þessari tilvitnun kemur skýrt og skorinort fram hvert álit þessa hv. þm. er á þessu máli. Hver skyldi nú þessi hv. þm. vera? Hver skyldi hafa skrifað í 1. tölublað Stúdentablaðsins 1978 um þetta mál? Það skal ég upplýsa hv. þingheim um. Það var þm. í stjórnarandstöðunni, hv. þm. sem síðar varð menntmrh. og svo hæstv. fjmrh. Hann er það enn og situr í hæstv. ríkisstj. sem ekkert hefur gert í þessu máli fyrr en nú og þá með því sem stúdentar kalla að svíkjast að námsmönnum. Hvernig fer þetta heim og saman? Það er ástæða til að spyrja þennan hv. þm. og núv. hæstv. fjmrh. hvernig hann komi þessum viðhorfum heim og saman. Vænti ég þess og hlakka mikið til að heyra skýringar hans við lok umræðunnar.

Það er ástæðulaust til að fara mörgum orðum um starfsemi sem skyld er lánasjóðnum, þ. e. Háskóla Íslands. Ég geri ráð fyrir að það mál verði tekið til frekari skoðunar í hv. fjvn. á milli 2. og 3. umr. Sömu sögu má örugglega segja um svokallaða K-byggingu á Landspítalalóð, sem mikið hefur verið rætt um og sýnt fram á að bráðnauðsynleg er við spítalann. Um þessi mál tel ég ekki ástæðu að fara mörgum orðum að sinni vegna þess að þau eru og verða væntanlega áfram til umfjöllunar í hv. fjvn.

Ekki mun ég heldur, þótt full ástæða sé til, enda hefur hv. þm. Lárus Jónsson gert glögga grein fyrir því, fjalla hér um skerðingarákvæði lánsfjárlaga og hvernig það gerist hjá hæstv. núv. ríkisstj. að heimtir eru inn skattar í nafni hins og þessa mannúðarmálefnis og síðan er fjár-

mununum varið til allt annarra og ólíkra og óskyldra málefna.

Ég vil hins vegar, herra forseti, ræða örstutt um málefni Reykjavíkur og fyrst segja frá því, að í 6. gr. frv., sem jafnframt verður tekin til umfjöllunar á síðari stigum, er áfram gert ráð fyrir að samið verði á milli Reykjavíkur og ríkisins um skuldagreiðslur ríkisins. Um þetta mál ætla ég ekki að fjalla hér að sinni, enda standa samningar yfir, þeir eru á viðkvæmu stigi og nauðsynlegt að tillögugreinin standi áfram í 6. gr. eða heimildargrein fjárlaganna.

Það er jafnframt ljóst að B-álma Borgarspítalans fær ekkert fé af fjárlögum með venjubundnum hætti, enda er gert ráð fyrir að fjármagn fáist til B-álmunnar úr Framkvæmdasjóði aldraðra, og ég hef vissu fyrir því, að fjvn. fær það mál til meðferðar á milli 2. og 3. umr. G-álman svokallaða fær ekkert, en hins vegar er gert ráð fyrir að 900 þús. renni til heilsugæslustöðva í Reykjavík.

En það, sem ég vil sérstaklega gera hér að umtalsefni, er hin sérkennilega brtt. nokkurra hv. þm., þeirra Guðmundar J. Guðmundssonar, Guðrúnar Helgadóttur og Ólafs Ragnar Grímssonar, á þskj. 195 þar sem gert er ráð fyrir að nýr liður bætist við upp á 2.5 millj. um skipaverkarstöð í Reykjavík. Það er athyglisvert og í raun og veru stórkostlega fréttnæmt að hv. þm. úr sama flokki og hv. formaður fjvn. skuli þurfa að flytja till. eins og þessa, og vil ég fara nokkrum orðum um hana til að gefa viðhlítandi skýringar á því, hvernig á þessu stendur. Ástæðan er þessi: Hæstv. félmrh. sagði fyrir u. þ. b. mánuði í hópi þingmanna og borgarfulltrúa Reykjavíkur að hann hefði gert samning við hæstv. samgrh. um að málefni skipaverkstöðvar í Reykjavík fengi framgang í fjárlagafrv. ríkisstj. og yrði sett í endanlega gerð fjárlagafrv. Málinu hefur hins vegar verið klúðrað í ríkisstj. og nú reyna flokkssystkin hæstv. félmrh. að hysja upp um hann buxurnar með þessum hætti. Ég legg til að hv. fjvn. skoði þetta mál á milli 2. og 3. umr. og komi þannig í veg fyrir að hæstv. félmrh. verði gerður ómerkur orða sinna eða að það verði sagt, að hæstv. samgrh., þegar hann kemur til landsins (**Gripið fram í:** Ef hann kemur.) — ef hann kemur, hafi brugðist samráðh. Mér skilst að hann komi. Ég held að það sé aðalfundur hjá skíðadeild Framsfl. innan tíðar svo að hann hlýtur að koma. — Til þess að ekki verði sagt að hann hafi brugðist samráðherra sínum og hér sé um mikla svikamyllu að ræða treysti ég því, að formaður fjvn., sem er sáttfús maður og mikill sáttamaður, taki þetta mál og finni út hvernig hæstv. ráðh. og þeir menn, sem vinna fyrir þá, gátu klúðrað jafneinföldu máli og því sem hér er á ferðinni.

Herra forseti. Ég hef farið örfáum orðum um nokkur atriði er varða fjárlög, forsendur fjárlagafrv., nýjar aðferðir við gerð fjárlaga, hlutfallslegar breytingar á milli útgjaldaliða, verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég hef fjallað um tekjuáætlun fjárlaga og rætt um einstök atriði sem koma fram í fjárlagafrv. Full ástæða hefði verið til að ræða þetta mál ítarlegar, en þar sem ég kýs heldur að þingheimur fái notið svara hæstv. fjmrh. það sem eftir lifir nætur lýk ég hér með máli mínu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 36. fundur.

Þriðjudaginn 15. des., kl. 2 miðdegis.

Kolmunni og vinnslustöð á Austurlandi, þáltill. (þskj. 173). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86, þáltill. (þskj. 184). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 1, n. 179, 180 og 181, 155, 161, 182, 187, 188, 189, 195, 201, 202). — Frh. 2. umr.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. við 4. gr., 19. lið, um hækkun á stofnkostnaði til tveggja héraðsskóla, annars vegar til Héraðsskólans að Núpi í Dýrafirði, að fyrir 300 þús. komi 550 þús., og í öðru lagi til Héraðsskólans í Reykjanesi, fyrir 150 þús. komi 400 þús. Meðflm. þessarar till. er hv. 4. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf.

Okkur flm. þessarar brtt. er ljóst að oft er úr vöndu að ráða hjá fjvn. um skiptingu til verkefna í hinum ýmsu málaflokkum. Við því er ekkert að segja þó að skorið sé verulega niður og gert nokkurt hlé á framkvæmdum á hinum einstöku stöðum. En hér skýtur nokkuð skökku við því að framlög til þessara tveggja héraðsskóla hafa árum saman verið skorin niður þannig að litlar framkvæmdir hafa verið þar um alllangt árabil. Héraðsskólinn að Núpi er 75 ára um þessar mundir og þar hefur lítið verið gert á undanförnum árum. Í Reykjanesi var bætt við skólahúsi en aðstaða til íþróttastarfsemi er engin. Viðbrögð manna eru þau, að það sé mikil óvissa um framtíð héraðsskóla. Kerfið hefur haldið þessum skólum í svelti og ekki lagt fram neinar ákveðnar tillögur. Nú nýverið áttum við þm. Vestfirðinga fund með fulltrúum ráðuneytis, héraðsskólanna, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, fræðslustjóra Vestfjarða og framkvæmdastjóra Fjórðungssambandsins. Þar var rætt um stöðu þessara skóla og þar kom mönnum almennt saman um að vafalaust mundi annar þessara skóla gegna því hlutverki sem hann gegnir nú og jafnvel báðir, en þörf væri fyrir þessi mannvirki á þessum stöðum í þágu menntamála. Skal ég ekki eyða tíma þingsins í að ræða þetta hér frekar.

Með þessari till. viljum við minna á að á þessum tveimur stöðum, þessum tveimur menningarmiðstöðv-

um, annars vegar á Núpi í Vestur-Ísafjarðarsýslu er nánast mjög fátækleg aðstaða til íþróttaiðkana og í Reykjanesi má segja að sé nánast engin aðstaða. Það eru liðin sennilega um 12 ár síðan farið var að tala um endurbyggingu sundlaugar þar. Á þessum stöðum báðum verður áfram grunnskóli sem hefur verið byggður upp á síðustu árum, svo að það er sjáanlegt á öllu að þessir staðir verða áfram miðstöð mennta- og menningarmála fyrir þessar sýslur. Sömuleiðis er vaxandi aðsókn kaupstaðarfólks eða þéttbýlisfólks að njóta orlofs á stöðum sem þessum. Því er nauðsynlegt að halda þeirri uppbyggingu þarna áfram sem var hafin fyrir allmörgum árum. Hér er ekki gerð tillaga um háar upphæðir, heldur fyrst og fremst til þess að koma af stað undirbúningi undir þær framkvæmdir sem taldar eru mest aðkallandi, svo að hægt verði að hefja þær á þessu ári, ef till. verður samþykkt, sem ég vona að hv. alþm. sýni þann skilning að verða við, þar sem hér er borin fram hófleg beiðni eftir margra ára hlé í uppbyggingu þessara skóla.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 203, sem var of seint fram komin, samþ. með 40 shlj. atkv.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni þess efnis, að á fjárlögum verði veittar 300 þús. kr. til að standa undir stofnkostnaði vegna kannana á launakjörum kvenna og karla. Verði þessi liður færður undir félmrn., undir viðfangsefnið Vinnumál. Í sjálfu sér þarf ekki að rökstyðja þessa till. ítarlega fyrir hv. alþm. Um það hefur verið margoft fjallað hér á hv. Alþingi, hve brýn nauðsyn væri á að slíkar kannanir færu fram. Nægir hér að vitna til nál. félmn. Nd. frá 19. maí 1981 er fjallað var um breytingu á lögum um jafnrétti kvenna og karla. Vil ég fá að vitna í það nál., með leyfi forseta. Þar segir.

„Félmn. hefur haft til meðferðar frv. um breyting á lögum um jafnrétti kvenna og karla, nr. 78/1976.

Með tilliti til aths., sem fram komu í umsögnum um málið, telur nefndin ekki tímabært á þessu stigi að taka afstöðu til annarra ákvæða frv. en 4. gr. sem felur í sér að framlög skuli veitt til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla.

Nefndin telur brýnt að þessar kannanir verði gerðar til þess að Jafnréttisráði sé unnt að fylgjast með að virt sé 2. gr. jafnréttislaganna sem m. a. kveður á um að greidd séu jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Samkv. 10. gr. jafnréttislaganna frá 1976 kemur fram að eitt af verkefnum Jafnréttisráðs sé að taka til rannsóknar af sjálfsdáðum hver brögð kunni að vera að misrétti í jafnréttismálum.

Í þessu ákvæði felst að Jafnréttisráð, sem skipað er samkv. 9. gr. laga nr. 78/1976, rannsaki þessi mál. Framkvæmdaaðili þessarar könnunar gæti þó verið Kjararannsóknarnefnd sé það talið hagkvæmara. Leggja verður þó áherslu á að samráð verði haft við Jafnréttisráð um alla framkvæmd og undirbúning á þessum könnunum.

Nefndin hefur því orðið sammála um að leggja til að frv. verði afgreitt með eftirfarandi rökstuddri dagskrá:

Í trausti þess, að ríkisstj. beiti sér fyrir því nú þegar, að kannanir verði gerðar á raunverulegum launakjörum kvenna og karla svo og að kannanir þessar verði gerðar reglulega og Kjararannsóknarnefnd, Jafnréttisráði eða öðrum aðila verði gert kleift með fjárframlögum eða á annan hátt að standa fyrir þeim, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Herra forseti. Með þessari rökstuddu dagskrá liggur því þegar fyrir viljayfirlýsing Alþingis um að slíkar kannanir fari fram og að til þeirra verði veitt fjárframlag. Einnig má benda á samþykkt Alþingis vorið 1980 á þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum sem fól m. a. í sér að kannanir færu fram á raunverulegum launakjörum kvenna og karla til að fá fram, hve mikil brögð væru að misrétti í launamálum milli kvenna og karla, og leita leiða til úrbóta. Þegar liggur því fyrir ótvíræð viljayfirlýsing Alþingis í þessu máli.

Þessi brtt. er flutt til þess að hafinn verði undirbúningur að þessum könnunum, en lítið virðist hafa verið gert frá því að þáltill. um kannanir á tekjuskiptingu og launakjörum var samþykkt eða sú rökstudda dagskrá sem ég greindi frá.

Kjararannsóknarnefnd hefur upplýst í bréfi til félmrn. að ef nefndinni ætti að vera fært að vinna kannanir og upplýsingar um tekjuskiptingu og launakjör, þá væri óhjákvæmilegt að sá þáttur starfseminnar, sem umrædd þáltill. kvað á um, yrði að mestu fjármagnaður úr ríkissjóði. Framkvæmd á könnunum yrði því undir því komin hvaða fjárhagslega aðstöðu Kjararannsóknarnefnd fengi til þess að auka starfskrafta nefndarinnar og leggja í þann kostnað sem af tölvuvinnslu leiddi.

Á Alþingi s. l. vor upplýsti hæstv. félmrh. að ein ástæða þess, að kannanir þessar væru ekki komnar af stað, væri að ekki hefði verið gert ráð fyrir fjármagni til þeirra á síðustu fjárlögum. Ekki verður heldur séð að ráð hafi verið fyrir þeim gert í fjárlögum nú fyrir árið 1982. Þessi till. er flutt til að bæta úr því og vænti ég fastlega liðsinnis hæstv. félmrh. í þessu máli. Upphæðin er ekki há, 300 þús. kr., en þetta verður að teljast lágmarksfjárveiting til að hægt sé að hrinda af stað nauðsynlegum undirbúningi við kannanirnar. Er þá um að ræða kostnað við kerfishönnun og laun eins starfsmanns sem sæi um ýmsan undirbúning að þessu verkefni. Þó æskilegt væri að meira fjármagn fengist til verkefnisins en þessi brtt. gerir ráð fyrir, þá er brtt. mjög í hóf stillt ef verða mætti til þess að þingheimur gæti sameinast um stuðning við hana til að hrinda af stað nauðsynlegum undirbúningi við þær kannanir sem Alþingi hefur margoft lýst yfir vilja sínum til að láta framkvæma.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil í lok þessarar umr., 2. umr. um fjárlög, þakka hv. fjvn. fyrir vel unnin störf og afgreiðslu hennar á fjárlagafrv. til 2. umr. Ég held að fullyrða megi að nú við 2. umr. málsins sé meira verk unnið af hálfu fjvn. en oftast áður við 2. umr. og að tiltölulega færri atriði séu nú óútkljáð og verði að koma til athugunar fyrir 3. umr. en oft hefur áður verið. Hitt er svo annað mál, að fáir dagar eru til stefnu og stefnt hefur verið að því að ljúka fjárlagaafgreiðslunni fyrir næstu helgi.

Í máli stjórnarandstæðinga hafa komið fram ýmsar ábendingar og ýmis gagnrýni. En ég held að ég geti líka leyft mér að fullyrða að þar kom ekkert það nýtt fram sem ekki hefur áður verið svarað. Og þar sem um það er

samið, að umr. ljúki nú, og margt er annað á dagskrá og vegna þess að ég vil ekki fara að vekja hér frekari umr. um málið, þá sé ég ekki ástæðu til að svara því sem fram hefur komið í máli stjórnarandstæðinga þótt vissulega mætti þar gera margar aths. við. En ég held að allar þær aths. hafi þegar komið fram áður.

Hv. þm. Friðrik Sophusson lagði allnokkrar spurningar fyrir mig í ræðu sinni í nótt. Ég vil svara þessum spurningum í eins fáum orðum og hægt er að komast af með.

Hann spurði í fyrsta lagi hvað liði framkvæmd 20. gr. laga nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda, en 20. gr. fjallar um skilamat. Í greininni segir:

„Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því, hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar. — Ríkisendurskoðandi eða ríkisendurskoðun setur nánari reglur um fyrirkomulag skilamats og sér um það að greinargerðir um skilamat séu lagðar fyrir fjvn. Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila."

Þótt nú séu 11 ár síðan þessi lög voru sett hér á Alþingi hefur þessi grein laganna ekki komist til framkvæmda og eru vafalaust ýmsar skýringar á því sem hér skulu ekki tíundaðar. En þetta er staðreynd málsins.

Hv. þm. vitnaði til yfirlýsinga sem gefnar hefðu verið um að skilamat hæfist í byrjun þessa árs og vinna við það. Ég missti af því hverjir hefðu gefið þessar yfirlýsingar. Ég held að þessi yfirlýsing hafi alls ekki verið gefin af mér. En ég tek undir það með hv. þm., að það er afskaplega brýnt og auðvitað löngu tímabært að farið sé að framkvæma þessa lagagrein og það hefur verið til umræðu í fjmrn. Það er m. a. til umræðu þessa dagana hvernig þetta skuli skipulagt, og ég vænti þess fastlega, að skriður komist á framkvæmd málsins. Ég get hins vegar ekki nákvæmlega fullyrt hvenær framkvæmd þessa lagaákvæðis verður komin í fullkomið lag, en það er fullur vilji til þess hjá ríkisendurskoðun, fjárlaga- og hagsýslustofnun og framkvæmdadeild Innkaupastofnunar, en það eru þeir þrír aðilar sem hér koma við sögu, að koma þessu í framkvæmd. Það hafa farið fram viðræður um þetta mál og skipulagningu þess svo að ég vænti þess, að framkvæmd þess sé á fullum skrið.

Hv. þm. spurði að því í öðru lagi, hvort unnið hefði verið að undirbúningi þess að ríkisendurskoðun yrði sett undir stjórn Alþingis, en fram hafa komið hugmyndir og tillögur um að ríkisendurskoðun heyri beinlínis undir Alþingi og verði undir stjórn sérstakrar þingkjörinnar stjórnar. Um þetta mál get ég aðeins sagt það, að þetta er eitt af því sem rætt hefur verið um á fundum sem hafa verið haldnir nokkrir með forustumönnum fjmrn., fjárlaga- og hagsýslustofnunar og ríkisendurskoðunar, þar sem rætt hefur verið um hugsanlega endurskipulagningu á starfsemi þessara stofnana. M. a. hefur á þessum fundum verið rætt um hagsýslustarfsemi sem nú fer fram bæði á vegum fjárlaga- og hagsýslustofnunar og á vegum ríkisendurskoðunar. Það hefur verið rætt um skipulag endurlánareiknings og starfsemi ríkisábyrgðasjóðs og hefur þá verið drepið á að hugmyndum hafi verið varpað fram í þessa veru. Ég held að ljóst sé að þessi endurskipulagning hafi bæði kosti og galla. Alþingi hefur vissulega mikil afskipti af ríkisendurskoðun þar sem það kýs yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og yfirskoðunarmenn hafa náið samstarf við ríkisendurskoðun. En hvort gagn sé að því að sérstök þingkjörin stjórn sé yfir þessari stofnun skal ég láta ósagt. Það eru áreiðanlega bæði kostir og gallar á því. Málið hefur sem sagt verið til umræðu en engin ákveðin stefna verið mörkuð til breytinga á þessu atriði.

Hv. þm. spurði hvort ekki yrði um að ræða frekari niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af aðföngum iðnaðarins. Í þessu sambandi er rétt að rifja það upp, að um s. l. áramót voru teknar ákvarðanir um útgáfu reglugerðar um niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af ýmsum aðföngum iðnaðarins sem ekki hafa áður verið felldir niður tollar og aðflutningsgjöld af, en sem kunnugt er eru felld niður aðflutningsgjöld af mestöllum aðföngum iðnaðar. Þarna var þó um að ræða allmarga vöruflokka sem ekki hafði verið tekin ákvörðun um að skyldu vera innan ramma þeirra vörutegunda sem tollur er felldur niður af, og deilt hafði verið um það um margra ára skeið, hvort þessar vörur ættu að falla í þann flokk.

Auðvitað segir það sig sjálft, að ávallt er erfitt að draga skýr mörk þegar um er að ræða að flokka vörur í aðföng eða rekstrarvörur og fjárfestingarvörur. Í mörgum tilvikum getur verið um að ræða óskýr skil á milli. Í þessu tilviki var gengið til móts við kröfur iðnaðarins og felld niður gjöld og aðflutningsgjöld í allstórum stíl, svo að tekjutap ríkissjóðs á árinu 1980 mun hafa numið 10 millj. kr. eða 1 milljarði gkr. Það eru ekki uppi áform nú um frekari niðurfellingu á aðflutningsgjöldum í þessu sambandi á næstu vikum eða mánuðum. Hins vegar er ljóst að þegar kemur að endurskoðun tollskrárinnar, sem gæti orðið á þessu ári, annaðhvort síðar í vetur eða á næsta hausti, þá er þetta eitt af þeim atriðum sem fjallað verður um. Endurskoðun tollskrárinnar er í fullum gangi. Nefnd hefur unnið að henni ásamt allmörgum starfsmönnum og embættismönnum og ég tel að vænta megi niðurstöðu af því starfi innan tíðar.

Hv. þm. spurði, hvað liði undirbúningi að upptöku svonefndrar tollkrítar, og vitnaði til þess, að áform hefðu verið uppi um að leggja frv. um tollkrít fram hér í þinginu á þessum vetri. Ég vil skýra frá því hér, að nefnd, sem skipuð var til að fjalla um þetta mál, hefur lokið störfum og skilað ítarlegu áliti um málið. Á grundvelli þess nefndarálits og í samvinnu við nefndina var samið allítarlegt frv. um þetta efni. Frv. hefur verið til umræðu og athugunar í ríkisstj. og meðal samstarfsaðila ríkisstj.

Hv. þm. spurði um launaskatt og hvort fyrirhugaðar væru breytingar á honum. Eins og kunnugt er er hann í því fólginn að lagður er 3.5% skattur á allar launagreiðslur sem fram fara hér á landi. Ég vil svara þessu þannig, að þó að fram hafi komið hugmyndir í þessa átt er samt ekki í undirbúningi nein breyting á ákvæðum um launaskatt.

Hv. þm. spurði hvort áformaðar væru breytingar á skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Eins og kunnugt er hefur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verið lagður á til eins árs í senn og núgildandi lög renna út um næstu áramót. Ríkisstj. hefur lagt fram frv. hér á Alþingi um framlengingu á þessum skatti. Vitað er að fram hafa komið óskir um endurskoðun á þessum skatti og umræður um það mál standa nú yfir. Ég geri ráð fyrir að það verði þá fyrst og fremst til meðferðar, þegar þetta frv. kemur til afgreiðslu hér í þinginu, hvort einhverjar

breytingar verða gerðar á þessum skatti. Ég vil ekki útiloka það. En um það hafa engar ákvarðanir verið teknar.

Herra forseti. Ég tel mig hafa svarað spurningum hv. þm. og sé því ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör við mörgum þeirra spurninga sem ég varpaði fram í umr. sem fóru hér fram á hv. Alþingi í nótt þegar klukkan var langt gengin í tvö. Hann hefur svarað nokkrum þeirra spurninga, allflestum reyndar sem ég beindi til hans, en kosið að sleppa öðrum. Það er kannske ástæða til að benda á hvaða spurningar það eru sem urðu afgangs, og eflaust er hægt að réttlæta þögn ráðh. með því, að ekki er vitað hvernig hæstv. ríkisstj. ætlar að bregðast við varðandi þau málefni.

Ein spurningin var sú, hvort hæstv. ríkisstj. hefði einhverjar hugmyndir um það, hvernig hún ætlaði að nota þær 140 millj. kr. sem eru til ráðstöfunar í fjárlagafrv. til efnahagsaðgerða, ekki síst með tilliti til þess, að nú hefur um langan aldur starfað efnahagsmálanefnd á vegum hæstv. ríkisstj. sem hlýtur senn að fara að skila einhverju áliti.

Það voru fróðlegar upplýsingar sem komu fram frá hæstv. ráðh. um ríkisendurskoðun og stöðu hennar í kerfinu. En spurning mín beindist að því að fá um það svör, hvað orðið hefði um hugmynd hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem hann á sínum tíma flutti inn á Alþingi.

Varðandi skilamatið, sem var efni annarrar fyrirspurnar og hæstv. ráðh. gat um, skal það tekið fram og ítrekað, að sá, sem hér stendur, hafði samband við Halldór V. Sigurðsson og Skúla Guðmundsson um þessi atriði og gerði grein fyrir því við 2. umr. fjárlaga í fyrra. Kom þá fram að þá var enn fremur sagt að fullur vilji væri fyrir hendi að taka þennan hátt upp sem reyndar hefur verið í lögum á annan áratug.

Það var fróðlegt að heyra hæstv. fjmrh. segja að ekki væru uppi áform um að fella frekar niður aðflutningsgjöld af aðföngum til iðnaðar, á sama tíma og meðráðherra hans úr sama þingflokki, þingflokki Alþb., stendur fyrir því, að hæstv. ríkisstj. leggur fram þáltill. um iðnaðarstefnu þar sem segir í 13. lið: „Felld verði niður aðflutningsgjöld af aðföngum þess iðnaðar sem er í samkeppni við erlenda aðila.“ Það eru ekki uppi áform um það innan hæstv. ríkisstj. að efna það sem þarf að gera verði þáltill. þessarar sömu hæstv. ríkisstj. samþykkt á hinu háa Alþingi. Þá vitum við með hvaða hugarfari slíkar þáltill. eru lagðar fram á hinu háa Alþingi. Og það er hollt fyrir hæstv. iðnrh. að gera sér grein fyrir því, hvernig tekið er á þeim málum sem hann skrifar í einni ályktun en hæstv. fjmrh. svarar síðan í umr. um fjárlög.

Um tollkrít spurði ég ekki vegna þess að uppi hafi verið ráðagerðir um að leggja fram tollkrítarfrv. nú í vetur, heldur vegna hins, að vorið 1980 sagði hæstv. forsrh. í ræðustól á Alþingi, að stefnt væri að því að leggja fram tollkrítarfrv. haustið 1980, og hæstv. fjmrh. spilaði aðra fiðlu í því máli. Í apríl 1981 er síðan skipuð nefnd, nefnd skilar skýrslu, þm. fá að sjálfsögðu ekki skýrsluna nema þeir sem sérstaklega biðja um hana, þá eftir nokkurra vikna bið, fjárlagafrv. er til umr. og hvergi er ráð fyrir því gert að slíkt frv., frv. um tollkrít, taki gildi. Það er athyglisvert með tilliti til yfirlýsinga, sem heyrst hafa úr röðum hæstv. ríkisstj. um tollkrítarmálefni, að ekki er gert ráð fyrir gildistöku slíks frv. á næsta ári.

Þá kom fram hjá hæstv. fjmrh. að ekki er í undirbúningi að fella niður launaskatt. Hér er á ferðinni enn ein orðsending, orðsending frá hæstv. fjmrh. til hæstv. viðskrh. um það, að allt tal um niðurfellingu launaskatts sé út í bláinn. Þess vegna þarf hæstv. viðskrh. ekki að hafa fyrir því við 1. umr. fjárlaga á næsta ári að skýra frá að Framsfl. hafi fyrirvara um launaskattinn. Og hann þarf ekki heldur að fara á fund úti í bæ hjá hinum og þessum samtökum atvinnulífsins og skýra frá því, að hann og aðrir framsóknarmenn í ríkisstj. séu hlynntir því að fella niður launaskatt, einfaldlega vegna þess að hæstv. fjmrh. segir í ræðu hér á Alþingi að það sé ekkert í undirbúningi varðandi þetta mál.

Hitt ber að virða og þakka, að í ræðu hæstv. fjmrh. kom fram að í athugun sé, ef ég hef skilið hann rétt, að fella niður eða endurskoða skatt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en það mál er til meðferðar á Alþingi nú. Langbesta lausnin á því máli er auðvitað að þetta frv. dagi uppi vegna þess að þá fellur skatturinn af sjálfu sér niður. Að öðrum kosti verð ég að vona að gerðar verði viðhlítandi breytingar á þessum málum, enda mega menn muna það, að skattur var lagður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að fyrirtæki í landinu nýttu sér verðbólgugróða til þess að byggja glerhallir. Verðbólgugróðinn var skýrður með því, að þar væri á ferðinni mismunur á þeim eignum, sem menn geta fest í steinsteypu, annars vegar og þeim vaxtagreiðslum, sem þeir yrðu að standa skil á, ef þeir fengju lán til þess að byggja, hins vegar. Eins og öllum er ljóst hefur ný vaxtastefna rutt sér til rúms hér á landi. Þess vegna er þessi skattur, rétt eins og nýbyggingargjaldið sáluga, úreltur skattur sem að sjálfsögðu á engan rétt á sér. Ég fagna þess vegna yfirlýsingu hæstv. ráðh. því að hana má skilja á þann veg, að það sé ætlun hæstv. ríkisstj. að fella niður skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, þótt enn sé nú við 2. umr. að finna á tekjuáætlun í 1. gr. frv. upphæð sem gerir ráð fyrir að sá skattur verið heimtur inn á næsta ári. En það hefur að sjálfsögðu gerst áður, að breytingar hafa orðið á slíku milli 2. og 3. umr., og ég sem fjvn.-maður hlýt að hlakka til þess að taka þátt í að skera niður þessa upphæð, svo mikið sem hún hefur farið í taugarnar á ýmsum hv. þm., hvað þá hinum, sem þurfa að standa skil á þessum ósanngjarna skatti, sem allir sjálfstæðismenn, hver og einn, greiddu atkv. gegn á sínum tíma þegar hann var lagður á haustið 1978.

Ég spurði hæstv. ráðh. síðan tveggja spurninga til viðbótar sem ég veit ekki hvort hann hefur ekki tekið eftir eða hvort hann kærir sig ekki um að svara. Læt ég honum eftir að ákveða hvort var.

Fyrri spurningin varðaði 4. gr. lánsfjárlaga, sem snertir fjárlagagerðina, vegna þess að þar er gert ráð fyrir því, að Iðnrekstrarsjóður taki 10 millj. kr. lán sem síðan á að endurlána til orkunýtingarrannsókna. Spurning mín var: Á þetta fé að greiðast til baka á fjárlögum næstu ára og hver á að fá þessa upphæð? Mér býður í grun að hér sé verið að fara á bak við fjárlög og í stað þess að afhenda iðnrn. þessa upphæð — og það komi fram í fjárlögum — sé Iðnrekstrarsjóður notaður sem eins konar milliliður til þess að ná fjármagni til iðnrn. sem auðvitað ætti að fara

eftir öðrum leiðum.

Loks spurði ég viðkvæmrar spurningar sem ég skil vel að hæstv. ráðh. vilji ekki svara. Hún var á þá leið, að ég rifjaði upp ummæli hv. þá óbreytts þm. Ragnars Arnalds, þegar hann var í stjórnarandstöðu 1978 og sagði að það væri löngu kominn tími til, að umframfjárþörf í námslánalögum yrði brúuð 100%, og hann og hans flokkur mundu að sjálfsögðu vinna að því sem allra fyrst. Síðar varð hv. venjulegur óbreyttur þm. Ragnar Arnalds að hæstv. menntmrh. og síðar að hæstv. fjmrh. En af einhverjum ástæðum hefur þetta mál tafist og ég gerðist svo djarfur að spyrjast fyrir um það, hvernig á þeirri töf stæði, því að um það var samið milli námsmanna og hæstv. ríkisstj., a. m. k. milli hæstv. menntmrh. Ingvars Gíslasonar og námsmanna, að frv. um námslán yrði lagt fram á síðasta þingi og það gengi fram í áföngum þannig að fullkomlega yrði brúuð umframfjárþörf haustið 1982. En í því frv., sem nú liggur fyrir, er þessu skotið á frest um tveggja ára skeið. Þessari spurningu varpaði ég fram m. a. vegna þess að hér hefur um eins mánaðar bil legið fsp. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um þetta mál og þar hefði ég auðvitað kosið að ræða þetta mál. En af einhverjum ástæðum hefur hæstv. menntmrh. ekki viljað svara þeirri fsp. og hefur nú nýlega lagt fram frv. sitt óbreytt að öðru leyti en þessu, sem auðvitað er stórkostlegt rýrnunaratriði fyrir þá lánþega sem njóta eiga lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna.

Nú mætti halda að með þessu væri ég að gera auknar kröfur á hendur ríkissjóði til frambúðar. Svo er þó aldeilis ekki, því að samkv. þessu nýja frv. má gera ráð fyrir að öll skil endurlána lánþega Lánasjóðs ísl. námsmanna verði mun betri en ella, samkv. nýju lögunum, a. m. k. þegar fram líða stundir.

Þetta voru þau atriði sem ég minntist á í ræðu minni í nótt. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við nokkrum hluta þessara spurninga. Þau voru athyglisverð. En jafnframt er það íhugunarefni, að hann hefur kosið að svara ekki öllum spurningunum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Við þessa 2. umr. vil ég leyfa mér að vekja athygli á því, að talsvert er um að ekki sé búið að taka afstöðu til tekjustofna sem ráð er fyrir gert í frv. til fjárl. að ríkissjóður hafi tekjur af á næsta ári. Aðeins eitt af þessum málum hefur hæstv. ríkisstj. óskað eftir að verði afgreitt. Það er framlenging á tímabundnu vörugjaldi. Öðrum málum hefur hæstv. ríkisstj. ekki óskað eftir afgreiðslu á. Þar á meðal er verðjöfnunargjald af raforku sem á samkv. frv. að gefa ríkissjóði 90 millj. kr. í tekjur á næsta ári. Ég vek athygli á því, að í tilmælum hæstv. forsrh. til stjórnarandstæðinga, sem hann flutti úr ræðustól í gær, óskaði hann eftir afgreiðslu á því máli, sem þýðir þá að gjaldið eigi að falla niður.

Í annan stað hefur hæstv. fjmrh. upplýst að ekki sé samkomulag í ríkisstjórnarliðinu um að framlengja skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði óbreyttan. Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt, áður en endanlega er gengið frá áætlun fjárlagafrv. til 3. umr., að hæstv. ríkisstj. sé búin að gera upp hug sinn til þess, hvernig hún hyggst standa að þessari skattheimtu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það er auðvitað algerlega út í hött að ætla sér að afgreiða fjárlög, sem byggja á slíkri skattheimtu, ef málin standa þannig, eins og hæstv. fjmrh. skýrir okkur frá, að ekki sé samstaða í ríkisstjórnarliðinu um þessa skattheimtu. Það er út af fyrir sig afsakanlegt með skattheimtu sem ekki er tímabundin, að ríkisstj. láti hjá líða að afgreiða framlengingu á slíkri skattheimtu fyrir áramót sé ríkisstj. hvort sem er staðráðin í að fá slíka framlengingu samþykkta og þurfi ekki vegna álagningar að fá hana samþykkta fyrir áramót. Það er hins vegar algerlega óverjandi að gera ráð fyrir óbreyttum tekjum af tilteknum tekjustofni sem hæstv. fjmrh. upplýsir að ágreiningur sé um í ríkisstjórnarliðinu. Þann ágreining verður að leysa áður en frá fjárlagafrv. er gengið svo að menn geti treyst því, að sú áætlun, sem kemur fram í frv., sé rétt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í ræðu hv. 10 þm. Reykv., Friðriks Sophussonar, komu fram nokkur atriði þar sem hann hafði misskilið mig eða ekki tekið alveg rétt eftir því sem ég sagði. Ég tel því óhjákvæmilegt að leiðrétta það sem þar var um að ræða.

Það var ekki alveg rétt eftir mér haft, að ekki væru uppi áform um frekari niðurfellingu á aðflutningsgjöldum af aðföngum iðnaðarins. Ég sagði að vísu þetta en bætti við: á næstu vikum eða mánuðum. Sem sagt, það kemur til greina í tengslum við endurskoðun tollskrár síðar á þessum vetri eða á næsta hausti að taka atriði af þessu tagi inn í afgreiðslu málsins eða meðferð þess. Þetta mál snýst aðallega um það, hvað eigi að teljast aðföng iðnaðarins. Það er umdeilt hvað geti flokkast undir þetta heiti. Ég nefni bara sem dæmi mál sem búið er að deila um í mörg ár. Það eru vörulyftarar. Eru vörulyftarar aðföng iðnaðar eða eru þeir hluti af fjárfestingu fyrirtækisins? Um þetta hefur verið deilt í mörgum ríkisstjórnum milli fjmrh. og talsmanna iðnaðarins. Ég held að hægt sé að rekja þá sögu allt aftur til ársins 1977. Um þetta mál er enn deilt og viðræður verða áfram um það. Það eru fyrst og fremst svona atriði sem getur komið til greina að tekin verði á ný afstaða til. En í öllum meginatriðum hafa þegar verið felld niður aðflutningsgjöld af aðföngum iðnaðar. Og það er ekki rétt, að þetta komi ekkert frekar til umr., heldur verður þetta einmitt til nánari athugunar í tengslum við afgreiðslu tollskrár.

Hv. þm. fullyrti að draga mætti þá ályktun af máli mínu hér áðan, að gildistaka tollkrítar á næsta ári sé útilokuð. Ég vil ekki samþykkja þessa ályktun. Ég viðurkenni hins vegar að í fjárlagafrv. er ekki gert ráð fyrir neinum tekjumissi vegna tollkrítar. En af því þarf ekki endilega að draga þá ályktun að ekki sé hugsanlegt að málið verði afgreitt á þessu þingi með gildistöku á næsta ári. En ég tel að þá þyrfti að gera ráð fyrir einhverri tekjuöflun til þess að fylla í það skarð sem myndast við tilkomu tollkrítar.

Hv. þm. vék að því, að ég hefði ekki svarað fsp. um efnahagsaðgerðir. Það er rétt, að mér hafði láðst að svara þeirri spurningu. Ég vil fyrst og fremst vekja athygli á því, að það er enginn liður í fjárlögum sem heyrir til efnahagsaðgerða. Það er misskilningur hjá fyrirspyrjanda að svo sé. Og það er reyndar líka misskilningur sem fram kemur í nál. frá hv. þm. Karvel Pálmasyni, sem skipar 2. minni hl. fjvn., þar sem hann segir að liðurinn Til efnahagsaðgerða verði felldur niður af hálfu Alþfl. Slíkur liður er hvergi sérgreindur í fjárlagafrv., eins og

raunar kom fram þegar frv. var lagt fram. Aftur á móti segir á bls. 229 í frv., í aths. við liðinn Vegna launa- og verðlagsmála, — þar segir:

„Í fjárlögum 1981 voru veittar 18 millj. kr. til þess að mæta óvissuþáttum. Að þessu sinni eru áætlaðar undir þessum lið 140 millj. kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum."

Að þessi áætlun sé fyrir hendi í sambandi við launa- og verðlagsmál er ekki það sama og að ákvörðun hafi verið tekin um að veita 140 millj. kr. til efnahagsaðgerða. Það mál er sem sagt enn á sama stigi og var þegar fjárlagafrv. var lagt fram. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um þetta efni og því ekki neinu hægt að svara til um hvernig þessu fé verði ráðstafað. En það verður vissulega að viðurkenna, að í efnahags- og kjaramálum er enn töluverð óvissa ríkjandi varðandi komandi ár.

Hv. þm. kvartaði yfir því, að ég hefði ekki svarað spurningu hans um Iðnrekstrarsjóð, hvort ætlunin væri að greiða til baka þetta lán Iðnrekstrarsjóðs á fjárlögum næstu ára. Ég vil svara þessari spurningu neitandi, það hefur ekki staðið til. Hér er um að ræða að Iðnrekstrarsjóður útvegar fé af þessu láni til að hægt sé að framkvæma ýmis undirbúningsstörf í sambandi við orkufrekan iðnað. Gert er ráð fyrir að iðnfyrirtækin, sem hér er um að ræða, standi síðan undir þessum kostnaði og að lánin verði þá flutt yfir á þau. Það er því ekki um það að ræða, eins og hv. þm. grunaði, að hér sé einhver tilraun til þess að falsa fjárlög. Það hefur aldrei komið til tals að þessi kostnaður verði greiddur af fjárlögum næstu ára. Þarna er sem sagt um að ræða lánsfyrirgreiðslu sem gert er ráð fyrir að verði bókuð sem kostnaður á þau fyrirtæki sem byggð verða upp á sviði orkufreks iðnaðar.

Hv. þm. vék að Lánasjóði ísl. námsmanna og minnti á að ég hefði gefið yfirlýsingu fyrir þremur árum um það, að löngu væri kominn tími til að umframfjárþörf námsmanna væri að fullu brúuð, og spurði hvort ég væri enn sama sinnis eða hvort skoðanir mínar á þessu máli hefðu breyst eftir að ég varð menntmrh. og síðan fjmrh. Ég svara þessari spurningu alfarið neitandi og minni á það, að í tíð minni sem menntmrh. beitti ég mér einmitt fyrir samkomulagi við námsmenn sem gerði ráð fyrir að umframfjárþörf þeirra yrði að fullu brúuð, að 100% markinu yrði náð. Það var samið frv. um þetta efni og lagt fram hér í þinginu tvívegis, bæði vorið 1979 og haustið 1979. Ég hef líka samþykkt þetta markmið um leið og ákveðið var að flytja það frv. til l. um Lánasjóð ísl. námsmanna sem menntmrh. hefur nýlega flutt. Því fer þess vegna víðs fjarri að skoðanir mínar á þessu máli hafi neitt breyst á undanförnum árum. Og ég vænti þess, að við hv. þm. berum gæfu til að standa saman um að koma þessu markmiði fram.

Hv. þm. dró þá ályktun af máli mínu áðan að áformað væri að fella niður skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég vil lýsa því yfir, að ég veit ekki til að nein slík ákvörðun sé uppi, en það gætu komið til greina einhverjar breytingar á skattinum. Það hefur fyrst og fremst verið talað um einhverjar breytingar á því frv. sem verður til meðferðar og afgreiðslu eftir nýár, en að fella þennan skatt niður er ekki á dagskrá. Þess vegna er fullkomlega eðlilegt að hans sé getið í tekjuhlið fjárlagafrv. Það hafa engar ákvarðanir verið teknar um hvaða breytingar verði gerðar á frv. Hins vegar lét ég þess getið áðan að það gæti komið til greina að um einhverjar breytingar yrði að ræða.

Ég vil vekja á því athygli, að oft áður hefur það gerst að skattamál hafa ekki verið að fullu afgreidd þó að skatttekna sé getið í tekjuhlið fjárlagafrv. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson dró þá ályktun af umræðum seinustu daga að ekki stæði til að afgreiða frv. um verðjöfnunargjald nú fyrir jól. (**SighB:** Það kom fram hjá forsrh. í gær.) Ég held að sú ályktun sé ekki rétt og að ekki hafi mátt draga þá ályktun af orðum hæstv. forsrh. Hann lagði áherslu á að það væru einkum og sér í lagi tvö mál sem þyrftu að ná fram að ganga, þ. e. fjárlögin og lánsfjáráætlunin. En að sjálfsögðu fólst ekki í hans máli nein útilokun á því, að mál eins og verðjöfnunargjald verði afgreitt fyrir jól, enda er þar um að ræða skattgjald sem fellur niður um áramótin og því liggur í augum uppi að það verður að taka endanlega afstöðu til málsins fyrir jól. Mér fannst satt að segja, þó að ég léti vera að kveðja mér hljóðs þá, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson nokkuð djarfur að draga ályktanir af máli hæstv. forsrh. hér í gær. Hann dró af því miklu víðtækari ályktanir en ástæða var til.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það eru einkum þrjú atriði sem mig langar til að minnast á og raunar óhjákvæmilegt að minnast á tvö þeirra hér við lok 2. umr.

Ég skildi hæstv. fjmrh. svo áðan að ýmislegt væri óvíst í sambandi við skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þegar ráðh. úr þessari ríkisstj. tala um að sitthvað sé óvíst í sambandi við skattamál þýðir það ævinlega hækkun skatta. Ég óska því eftir að fyrir liggi yfirlýsing við þessar umr., að hvað svo sem í kann að skerast komi ekki til greina að hækka þann skattstofn sem nú er lagður á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, því að vitanlega er það atvinna eins og hver önnur að vinna skrifstofustörf eða verslunarstörf. Sannleikurinn er raunar sá, að það fólk, sem vinnur þessi störf, er einna lægst launaða fólkið í landinu núna vegna þess hversu illa er að því búið. Hef ég oft áður gert það að umtalsefni að t. d. félmrh. lítur á það fólk sem þriðja flokks fólk.

Sú umfjöllun, sem hæstv. fjmrh. hafði hér áðan um kjaramál, var eftirtektarverð. Ég vil enn undirstrika það sem ég hef oft gert áður, að nú er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga hækki enn og eignarskatturinn hækki enn. Jafnframt liggur það fyrir að fasteignagjöld eiga að hækka a. m. k. um 55% hér í Reykjavík. Það varð að samkomulagi milli hæstv. ríkisstj. og launafólks á þessu ári að launafólk sætti sig við að 7 stig kaupgjaldsvísitölu væru skorin af launum 1. mars gegn því að um verulega skattalækkun yrði að ræða. Nú liggur það fyrir og er m. a. staðfest hér á þskj. 179, að tekjuskattar einstaklinga hafa sem hlutfall af tekjum greiðsluárs lækkað sama sem ekki neitt frá því í fyrra, en miðað við árið 1977 eru tekjuskattar sem hlutfall af tekjum greiðsluárs á þessu ári 5.6% á móti 3.9% hið síðasta ár sem hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. og mjög er til vitnað. Og nú er gert ráð fyrir að hækka tekjuskattana enn upp í 6.1%. Jafnframt er gert ráð fyrir að hækka eignarskatta einstaklinga úr 0.51% í 1.58% til viðbótar við þá hækkun sem boðuð hefur verið af sveitarfélögunum á fasteignagjöldum.

Þetta eru þakkirnar sem launafólk fær fyrir að koma til

móts við ríkisstj. núna með lágum kaupkröfum, með því að sætta sig við 3.25% kjarabætur nú í árslok, þegar fyrir liggur að helmingurinn af því verður tekinn til baka með lækkun kaupgjaldsvísitölunnar 1. mars. Eins og allt er í pottinn búið, eins og ástandið er m. a. hjá sjómönnum núna, eins og ástandið er á vinnumarkaðinum almennt, eins og hljómgrunnurinn er sem till. fær núna hjá kennurum t. d. eða hjúkrunarkonum, væri skynsamlegra af þessari ríkisstj. að standa við áramótahugvekjuna frá því í fyrra og hækka a. m. k. ekki skattana frá árinu 1981—1982, þá beinu skatta sem að ríkinu snúa, reyna að standa við fyrirheitið að því leyti.

Loforðið, sem hæstv. forsrh. gaf um síðustu áramót, er ekki úr gildi. Það hafa ekki farið fram heildarsamningar við launþega. Hér er einungis um bráðabirgðasamkomulag að ræða. Og ég skildi það svo að út frá því væri gengið af aðilum vinnumarkaðarins, að ríkisstj. mundi a. m. k. ekki þyngja skattbyrðina. En það er gert ráð fyrir því með þeim fjárlögum sem nú er verið að afgreiða. Ég vil vara við þessu. Ég vil mælast til þess að formaður fjvn. athugi það milli umr., hvort ekki sé hægt að hækka skattvísitöluna, minnka útgjöldin og hæstv. ríkisstj. og Alþingi sýni þó launafólki a. m. k. þá lágmarkskurteisi að níðast ekki á því meira en orðið er og hækka ekki skattana frá því sem þeir eru í dag. Þeir eru ærnir fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á því, að sá væri tilgangur ríkisstj. að fella niður verðjöfnunargjald af raforku. Ég vakti aðeins athygli á þessu máli til að sýna þingheimi og öðrum fram á hvernig að stjórn þinghaldsins er staðið af hæstv. ríkisstj. þessa síðustu daga. Það er ekki lengra síðan en í gær að hæstv. forsrh. skýrði frá því hér úr ræðustól í Sþ., að það væri alveg þarflaust að ræða nokkuð við þingflokkana um framhald þingmála því ekki stæði til að afgreiða nema tvö mál fyrir jól, og nefndi hann þá sérstaklega fjárlagafrv. og frv. til lánsfjárlaga. Auk þessara tveggja mála nefndi hæstv. forsrh. framlengingu á vörugjaldsheimtunni og staðfestingu brbl. um ráðstöfun vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu. Ég gerði ekki annað en leyfa mér að taka mark á því, að þegar hæstv. forsrh. segði: fjögur mál, þá ætti hann við fjögur mál og ætti þá ekki við einhver önnur mál sem ekki væru með í hans upptalningu. En auðvitað var mér það ljóst strax og ég hlustaði á hæstv. forsrh. í gær, að þessi upptalning hans og frásögn var síður en svo tæmandi.

Ég vil aðeins vekja athygli á því, hvernig að þinghaldinu er staðið af hálfu hæstv. ríkisstj., að þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf Alþingi í gær um óskir ríkisstj. um afgreiðslu mála, standast ekki daglangt.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Aðeins örfá orð hér í lokin og þá fyrst og fremst út af því sem hæstv. fjmrh. sagði í sinni síðustu ræðu. Hann taldi að það væri misskilningur hjá mér að nefna það í nál., að liðurinn Vegna launa- og verðlagsmála félli niður, því að ekkert slíkt væri að finna í frv., og þá líklega enn frekari misskilningur að bera hér fram formlega till. um að þessi liður félli niður.

Í frv. hæstv. fjmrh. undir fyrirsögninni Fjármálaráðuneyti, sem er 09, er undirbúinn 989 sem ber yfirskriftina „Vegna launa- og verðlagsmála." Það er rétt að lesa þennan lið, þetta er stutt en gæti rifjað upp fyrir hæstv. fjmrh. hvað hér er um að ræða og hversu mikill misskilningur hér er á ferðinni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Til þess að mæta launabreytingum á árinu 1982 í samræmi við frv.-forsendur eru nú veittar 270 millj. kr. á þessum lið. Sambærileg fjárhæð í fjárlögum 1981 var 259.7 millj. Í fjárlögum 1981 voru veittar 18 millj. kr. til þess að mæta óvissuþáttum. Að þessu sinni eru áætlaðar undir þessum lið 140 millj. kr. til að mæta óvissum útgjöldum í efnahags- og kjaramálum."

Hvað er þetta annað en hér hefur verið flutt till. um og nefnt í nál.? Ég átti síst von á því, að hæstv. fjmrh, færi að koma hér upp til þess að bera brigður á það, að rétt væri með farið og upp sett í hans eigin frv., enda liggur þetta ljóst fyrir. Hér er liður ætlaður til þessara hluta og það er ástæðulaust að vera neitt að breiða yfir það, nema þá því aðeins að hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. í heild ætli sér að nota þessa fjármuni til einhvers alls annars í ríkiskerfinu. (**Fjmrh.:** Það heitir ekki „Til efnahagsaðgerða".) Ég hef ekki nefnt það á nafn, hvorki í nál. né í brtt., vegna efnahagsaðgerða. Vill ekki hæstv. ráðh. lesa þetta betur? (**Fjmrh.:** Liður til ráðstafana vegna efnahagsaðgerða.) Þetta er fskj. með brtt. í nál. Í nál. og í brtt. sjálfri í liðnum stendur: „Vegna launa- og verðlagsmála." Þetta getur hæstv. fjmrh. lesið ef hann vill. Það er ástæðulaust að vera að tíunda það frekar hér.

Aðeins í lokin af því að hér hefur launamálin borið á góma og vegna þess sem síðasti ræðumaður sagði, hv. þm. Halldór Blöndal. Ég held að því fari víðs fjarri að launafólk hafi sætt sig við 3.25%. Ég tala nú ekki um kjarabætur. Það er ekki um neinar kjarabætur að ræða. Hæstv. ríkisstj. var búin að taka þetta fyrir fram og hefur tekið enn frekar og meira eftir að þessir samningar voru gerðir. Ég hygg að það sé einsdæmi í sögu verkalýðshreyfingarinnar að samkomulag, sem gert hefur verið af hálfu heildarsamtaka, fengi aðra eins meðferð, umfjöllun og afgreiðslu í hinum ýmsu stéttarfélögum innan Alþýðusambandsins eins og það samkomulag sem gert var fyrir stuttu. Ég hygg að það séu engin dæmi þess áður, að í stéttarfélagi hafi samkomulag verið samþykkt með aðeins einu greiddu atkv., og það formannsins, engir aðrir tóku þátt í atkvgr. Svona mætti rekja afgreiðslu mála í hinum ýmsu stéttarfélögum vegna þessarar samningsgerðar.

Það er því alveg fráleitt að tala um að launafólk hafi sætt sig við þetta, ég tala nú ekki um þegar menn eru að tala um að það hafi sætt sig við þessar kjarabætur, því að þær eru minni en ekki neitt, ef menn ætla að mæla á þeirri vogarskál. Og ég minni menn á að það er enn heill landsfjórðungur sem ekki hefur samið, ekki hefur viljað semja og hefur neitað að gangast undir það jarðarmen sem þetta samkomulag er. Og hann mun ekki gera það, það er alveg ljóst. Ég hygg að eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. við undirskrift kjarasamninga hjá BSRB, þar sem hann taldi ríkissjóð geta borgað launþegum innan vébanda BSRB talsvert meira kaup, sé augljóst að menn sækja á þau mið, sé svo mikið fjármagn í ríkissjóði að hægt sé að borga talsvert meira en það samkomulag innifelur, sem gefur fólki innan BSRB þó snöggtum

skárra og meira en það samkomulag sem Alþýðusambandið stóð að. Ég held því að veður séu öll válynd að því er varðar launa- og kjaramálin í landinu og það sé víðs fjarri að launafólk, hinn almenni launþegi innan verkalýðshreyfingarinnar, hafi sætt sig við það samkomulag sem var gert fyrir stuttu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 208, sem var of seint fram komin, samþ. með 34 shlj. atkv. — [Fundarhlé.]

Brtt. 182 1-2 samþ. með 31:16 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv.
Brtt. 188,1 felld með 31:27 atkv.
— 182,3 samþ. með 31:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ. RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.

nei: MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SÓ, ÞK, AG, BÍG, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ.

MHM, SighB, VG, ÁG, BGr, EG, JS, KSG, KP, KJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þm. Alþfl. hafa flutt till. um lækkun á tekjuskatti og lækkun á útgjöldum á móti. Sú till. hefur verið felld. Hins vegar fylgir ekki þessari afgreiðslu, ef þessi till. yrði felld, nein afgreiðsla um tekjulækkun á móti, svo að þm. Alþfl. neyðast til þess að taka ekki þátt í þessari atkvgr. og greiða ekki atkv.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Með þessari till. er verið að gera ráð fyrir að eignarskattur aukist og að skattbyrði eignarskatta aukist, en hún hefur tvöfaldast síðan 1978. Ég segi nei.

Brtt. 188,2-3 felld með 30:25 atkv.
— 182,4-7 samþ. með 31:18 atkv.
— 188,4 felld með 28:23 atkv.
— 182,8-9 samþ. með 30:13 atkv.
— 188,5 felld með 30:9 atkv.
— 182,10 samþ. með 30:1 atkv.
— 182,11 samþ. með 31:21 atkv.
— 182,12-14 samþ. með 30:12 atkv.
— 182,15 samþ. með 31:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, JHelg.

nei: AG, BGr, BÍG, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SÓ, VG, ÞK.

ÁG, EG, JS, KSG, KP, KJ, MHM, SighB greiddu ekki atkv.
2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 182,16 samþ. með 31:8 atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 208,1 tekin aftur.
— 161,1 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 208,2 tekin aftur.
— 161,2 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 155,1 samþ. með 54 shlj. atkv.
— 187,1 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 155,2 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 161,3 samþ. með 51 shlj. atkv.
— 155,3-8 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 161,4-5 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 187,2 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 161,6-7 samþ. með 52 shlj. atkv.
— 155,9-10 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 161,8 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 155,11 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 161,9 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 155,12 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 161,10 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 155,13-14 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 161,11 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 155,15 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 161,12-18 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 155,16-20 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 201 felld með 31:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, VG, ÞK, AG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ.

nei: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JHelg.

ÁG greiddi ekki atkv.
2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 161,19-21 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 155,21 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 161,22-23 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 155,22-28 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 161,24 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 155,29 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 161,25 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 155,30-37 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 161,26-27 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 155,38-46 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 161,28 samþ. með 50 shlj. atkv.
— 189,1 tekin aftur.
— 155,47-65 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 161,29 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 155,66-70 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 155,71 samþ. með 31:6 atkv.
— 155,72-82 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 161,30-31 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 188,6 felld með 31:14 atkv.
— 155,83 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 161,32-33 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 155,84-89 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 161,34 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 188,7-8 felld með 32:9 atkv.
— 161,35 samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 155,90 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 161,36-39 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 188,9 felld með 32:10 atkv.
— 161,40 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 155,91-92 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 188,10 felld með 31:9 atkv.
— 155,93 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 161,41 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 155,94 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 187,3 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 155,95-99 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 189,II tekin aftur.
— 161,42 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 155,100 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 161,43 samþ. með 41:1 atkv.
— 202 tekin aftur.
— 189,III.1 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK.

nei: HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, JH.

2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 161,44 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,III.2 felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK.

nei: HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, JHelg.

2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 187,4 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 189,IV.1.a tekin aftur.
— 161,45. a samþ. með 44 shlj. atkv.
— 189,IV.1.b tekin aftur.
— 161,45.b samþ. með 44 shlj. atkv.
— 189.IV. 1.c tekin aftur.
— 161,45.c-e samþ. með 44 shlj. atkv.
— 155,101 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 203,II felld með 31:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGr, EG, GJG, HBl, JS, KSG, KP, KJ, MHM, PS, SighB, SÓ, VG, ÁG.

nei: DA, EH, EgJ, FÞ, GS, GeirG, GB, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, JHelg.

BÍG, EKJ, FrS, GeirH, GK, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, SalÞ, ÞK, AG greiddu ekki atkv.

2 þm. (StJ, SvH) fjarstaddir.

Brtt. 155,102-124 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 189,IV.2 tekin aftur
— 155,125-128 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 161,46 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 155,129-136 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 161,47 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 187,5 samþ. með 42 shlj. atkv.
Brtt. 155,137 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 187,6 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 155,138-141 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 161,48 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 155,142-146 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 161,49 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 155,147-150 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 189,V tekin aftur.
— 155,151 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 161,50-51 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 188,11 felld með 30:9 atkv.
— 161,52 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 155,152 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 161,53-56 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 187,7 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 161,57 samþ. með 42 shlj. atkv.
— 155,153.a tekin aftur.
— 161,58.a samþ. með 35 shlj. atkv.
— 155,153.b tekin aftur.
— 161,58.b-c samþ. með 41 shlj. atkv.
— 155,154 samþ. með 41 shlj. atkv.
— 195 tekin aftur.
— 161,59 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 155,155 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 161,60 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 187,8 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 161,61 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 155,156 samþ. með 38 shlj. atkv.
— 161,62-64 samþ. með 35 shlj. atkv.
— 189,VI.1.a felld með 30:22 atkv.
— 189, VI.1.b tekin aftur.
— 188,12 felld með 29:9 atkv.
— 189,VI.2 tekin aftur.
— 161,65 samþ. með 30:1 atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 182,17-21 samþ. með 31:1 atkv.
— 187,9 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 155,157 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 189,VII tekin aftur.
— 155,158 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 182,22-28 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 187,10 samþ. með 45 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Brtt. 189, VIII—IX teknar aftur.
6. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv.

Liðsinni við pólsku þjóðina, þáltill. (þskj. 153). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Við stönd-um agndofa frammi fyrir síðustu atburðum í Póllandi. Alþingi hefur þegar fordæmt valdbeitingu kommúnista-flokksins þar í landi og þá heljargreip herlaga sem hann hefur hneppt þjóðina í. Við höfum harmað og fordæmt þessa atburði og lýst stuðningi okkar við hina frjálsu verkalýðshreyfingu í Póllandi og baráttu hennar fyrir lýðréttindum og frelsi.

Það væri freistandi að fjalla sérstaklega um frelsiskúgunina og rangsleitni þess kerfis sem Pólverjar eins og aðrar austantjaldsþjóðir búa við. Ég ætla samt ekki að gera það. En það er önnur hlið á þessu máli, á þeirri atburðarrás sem hefur átt sér stað í Póllandi. Það eru hinar efnahagslegu þrengingar fólksins í landinu, hungrið sem þar sverfur að. Þar er skortur á mat, hreinlætisvörum og lyfjum. Þetta mál kemur okkur við alveg eins og frelsissviptingin og herlögin, sem þar voru sett, koma okkur við. Við eigum sem þjóð að bregðast fljótt og vel við í þessum efnum. Það er sagt að 100 þús. Pólverja vanti mat til þess að lifa af veturinn. Það segir fulltrúi Samstöðu, Magdalena Wojcik sem dvelst hér nú til að tala máli félaga sinna og meðbræðra og meðsystra í Póllandi.

Margar grannþjóðir okkar hafa sent mikla hjálp að undanförnu og röðin er svo sannarlega komin að okkur og hefði fyrr mátt vera. Þáltill., sem ég mæli hér fyrir, fjallar um þessa hlið mála. Hún var lögð fram fyrir um það bil tveimur vikum. Ég verð að játa að þótt ég þættist vita að ástandið væri þá slæmt er það miklu verra en mig grunaði, enda hafa fréttamiðlar hér tæpast gert því nægileg skil.

Mér barst fyrir skömmu bréf frá manni sem hafði verið á ferð í Póllandi í ágústmánuði s. l. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að leyfa mér að lesa lýsingu hans á ástandinu eins og það horfir við af hans sjónarhóli. Hann segist hafa ferðast víða um Pólland og segir svo:

„Ég kynntist því ástandinu af eigin raun, auk þess sem ég ræddi við fjölda manns um hag þjóðarinnar. Í stuttu máli má segja þetta: Hagkerfi og atvinnulíf þjóðarinnar er í rúst, ríkiskerfið er lamað. Flokkurinn sem valdastofnun er hruninn og tvístraður. Í flokknum teljast 3 millj. félaga. Þar af starfar um 1 millj. í Solidarnosc og sá hluti einn er virkur.

Rússar krefjast þess af yfirvöldum, að þau ráði niðurlögum Solidarnosc, en ef þau reyna það kostar það alvarleg innanlandsátök. Þegar í ágúst á þessu ári var hungur í landinu. Matvælaverslanir voru tómar, þar var yfirleitt engan mat að fá. Allur almenningur eyddi þó meginhluta af tíma sínum í það að standa í biðröðum við matarbúðir í þeirri von, að einhver smápíringur kæmi til sölu, sem var lítið og sjaldan.

Orkuskortur er alvarlegur og jafnvel kolanámumenn fengu ekki nægan mat og höfðu ekki líkamsburði til að vinna. Rafmagn, gas og vatn var skammtað svo að heilir borgarhlutar voru án þessara gæða heilu dagana. Á járnbrautarstöðvum og opinberum matsölustöðum var yfirleitt engan mat að fá nema í nokkrum lúxushótelum í Varsjá. Eini rétturinn, sem fram var borinn, var sykurlaust te og — ef heppnin var með — viðbitslaust brauð.

Foreldrar héldu börnum sínum innandyra og helst í rúmunum til þess að þau yrðu ekki eins svöng. Á spítölum og öðrum heilbrigðisstofnunum var algjört svartnættisástand, því að engin lyf var önnur að fá en þau sem framleidd voru í landinu, en það er lítill hluti þeirra lyfja sem þörf er á. Sjúklingar, gamalt fólk og veikburða hrundi niður. Foreldrar með smábörn voru í hreinustu örvæntingu því að engan barnamat var að fá. Fólk fór út um sveitir með þá von í huga að geta fengið mat hjá bændum í skiptum fyrir einhverjar vörur eða peninga, en bændur voru lítt aflögufærir. Hvarvetna sem ég kom horfði fólk með ógn og skelfingu og kvíða til vetrarins því við blasti enn meira hungur, kuldi og myrkur."

Síðan segir: „Fólk svalt þegar í sumar er leið heilu hungri. Einstaklingar og alþjóðlegar hjálparstofnanir víða um heim hafa nú í marga mánuði sent mat, lyf og fatnað til Póllands. Rauði kross Íslands og Hjálparstofnun kirkjunnar hafa þegar brugðist við.

Ég vona að Alþingi samþykki ofannefnda þáltill. og að við Íslendingar hjálpum Pólverjum sem við getum í þrengingum þeirra."

Sá, sem þetta bréf ritar, er dr. Arnór Hannibalsson.

Við höfum líka heyrt frásagnir fulltrúa Solidarnosc, sem er í heimsókn hér á Íslandi. Lýsingu hennar má m. a. lesa í dagblöðum í dag. Hún segir:

„Nú vantar 100 þús. Pólverja mat til að geta lifað veturinn af. Það vantar allar brýnustu nauðsynjar: mat, hreinlætisvörur, lyf. Flestar fæðutegundir eru skammtaðar og fólk verður að bíða klukkustundum saman, jafnvel sólarhring, eftir mat. Einnig vantar okkur kol og koks, sem þýðir að flestar íbúðir eru kaldar og óupphitaðar."

Og á öðrum stað stendur:

„Börn og gamalmenni eru verst stödd, því að þau geta ekki staðið tímunum saman í biðröðum, e. t. v. í hörkufrosti, til þess að fá eitt kg af sykri á mánuði, 1/2 kg af kjöti á mánuði eða 1/2 kg af hrísgrjónum fyrir hverjar þrjár máltíðir. Á sjúkrahúsunum er ástandið geigvænlegt, þar eru oft ekki til nauðsynlegustu lyf, skortur er á hreinlætisvörum og hjúkrunarvörum. Mörgum sjúkrahúsum verður e. t. v. lokað. Ungbarnadauði fer greinilega í vöxt. Smitsjúkdómar verða æ tíðari."

Ég held, herra forseti og hv. alþm., að ekki þurfi að rekja það nánar, hversu alvarlegt ástandið er í Póllandi. Þegar um þessi mál, seinustu atburði í Póllandi, var fjallað í gær var ástandið að ýmsu leyti óljóst. Og það er það kannske líka að ýmsu leyti í dag. En matvælaskortur er staðreynd. Og eitt er ljóst núna og það er að gjafasendingar komast leiðar sinnar. Það er líka ljóst núna að ýmsar grannþjóðir okkar hafa brugðist alveg sérstaklega við þessa dagana. Frá því er t. d. greint í útvarpsfréttum, að 100 bíla lest hafi farið með gjafasendingar til Póllands frá Hollandi í dag og fengið að fara leiðar sinnar.

Till., sem ég mæli hér fyrir, fjallar um að beina því til ríkisstj. að kanna með hvaða hætti við Íslendingar getum rétt pólsku þjóðinni hjálparhönd í þessum vanda. Ég óska eftir því, að samstaða allra flokka náist um liðsinni af þessu tagi við pólsku þjóðina. Ég óska eftir því, að allir stjórnmálaflokkar hér á Alþingi sameinist um að færa þessa till. í þann búning sem samstaða á og hlýtur að geta náðst um. Ég óska eftir því, til þess að það verði ekki bara orð og ályktanir sem frá þessu Alþingi berist, heldur líka áþreifanlegur stuðningur í mikilli neyð.

Ég legg til, að þáltill. verði vísað til utanrmn., og ég óska eftir því, að fulltrúar allra flokka hér á þingi sameinist þar um farsæla lausn málsins og afgreiðslu fyrir jól, því að jólaleyfi okkar er nokkuð langt og neyðin er stór í Póllandi. Með þeim hætti á og hlýtur íslenska þjóðin að sýna samhug sinn og samstöðu með henni og skilning á hennar vandamálum og stuðning við hana í mikilli neyð.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þær fréttir, sem borist hafa frá Póllandi síðustu daga, eru að mínu áliti verstu fréttir af erlendum vettvangi um árabil. Greinilegt er að Rússar standa þarna á bak við þó öðrum sé á

foraðið att. Stjórnvöld í Póllandi mundu aldrei ótilneydd þora að bjóða miklum meiri hluta þjóðarinnar byrginn ef Sovétmenn stæðu ekki þar að baki. Líklegast er að aðgerðirnar séu ekki aðeins gerðar að undirlagi Rússa, heldur vegna beinnar fyrirskipunar frá þeim með viðeigandi hótunum um valdbeitingu.

Það er hætt við að sá bati í samskiptum landa í milli, sem vissulega hefur átt sér stað síðustu árin, hverfi nú eins og dögg fyrir sólu og að við færumst árátugi aftur í tímann í þeim efnum, allar götur til kaldastríðsáranna. Ég tel að vesturveldin og sem allra flestar þjóðir heims verði að beita öllum sínum áhrifamætti, öllum þeim þrýstingi sem þær hafa yfir að ráða, auðvitað þó ekki herstyrk, *til að þvinga Rússa og leppa þeirra í Póllandi til* að breyta afstöðu sinni og til að taka upp skynsamlegri vinnubrögð.

Við Íslendingar eigum að aðstoða Pólverja á ýmsan hátt. T. d. eigum við að lána þeim andvirði loðnumjöls til að bæta mjög alvarlegt matvælaástand. Þetta hefðum við auðvitað átt að gera strax og ljóst var að þeir gátu ekki staðgreitt loðnumjölið og báðu um greiðslufrest.

Pólverjar hafa verið mjög góðir viðskiptavinir okkar á þessu sviði og við eigum að hjálpa þeim, þegar þeir þurfa mest á því að halda, með því að lána þeim andvirði mjölsins þegar ljóst er að þeir geta ekki staðgreitt það. Við eigum einnig að lána þeim eða helst gefa talsvert magn af umframframleiðslu okkar á kjöti og öðrum landbúnaðarvörum. Það er ólíkt betra að gefa þær til þurfandi og hálfsveltandi Pólverja en að gefa þær eða hálfgefa ríkum þjóðum eins og við höfum gert fram að þessu. Við eigum 1000-1400 tonn af kjöti, umframbirgðir af kjöti sem er óráðstafað í landinu, og það kostar ekki svo ýkjamikið fyrir okkur að gefa verulegan hluta af þessu kjöti. Við þurfum að borga útflutningsbætur hvort eð er. Það er kannske einhvers staðar nálægt 18 eða 19 kr á kg eða 18—19 þús. kr. tonnið sem það mundi kosta okkur að gefa þetta kjöt til Póllands. Pólverja sárvantar feitmeti og vítamín. Við gætum gefið þeim lýsi. Þá sárvantar eggjahvítuefni. Við gætum gefið þeim þurrmjólk. Þessi vöntun kemur harðast niður á börnum. Þá vantar kolvetni. Við gætum gefið þeim kjöt. Ef við treystum okkur ekki til að gefa þessar vörur í allstórum stíl gætum við lánað andvirði þeirra til einhvers tíma eins og flestar aðrar þjóðir hafa gert.

Ýmsir munu segja að þetta sé ekki tímabært nú, eftir atburði síðustu daga. Fulltrúi Samstöðu, sem hv. 2. þm. Reykn. ræddi um og hér er staddur í boði ASÍ, var spurður að því í gærmorgun, hvort öruggt væri að matvæli, lyf og aðrar vörur, sem gefnar væru til Póllands, kæmust til þeirra sem gefendur ætluðust til, þ. e. til barnaheimila, elliheimila og sjúkrahúsa. Fulltrúinn svaraði því til, að í byrjun hefðu verið nokkur brögð að því, að þessar vörur færu á almennan markað, en nú væru þessi mál komin í mjög gott lag.

Spurningunni um það, hvort hægt væri að treysta því, að svo yrði áfram, svaraði fulltrúinn þannig að ríkisstj. mundi ekki þora að hrófla við dreifingu á þessum vörum, almenningur vissi um þessar sendingar erlendis frá og ríkisstj. mundi ekki þora að baka sér enn frekari reiði almennings með því að stöðva eða trufla á nokkurn hátt dreifingu þessara vara.

Síðustu fréttir erlendis frá herma að engin breyting hafi orðið á dreifingu matvæla, lyfja og annars slíks varnings. Pólska kirkjan hefur tekið að sér það hlutverk Samstöðu að koma varningi þessum til skila til þeirra sem gefendur hafa óskað eftir. Það virðist vera í góðum höndum, a. m. k. enn sem komið er. Við megum ekki heldur gleyma því, að barátta pólskra stjórnvalda gegn Samstöðu — og þá ekki síður barátta Rússa gegn Samstöðu — hefur að hluta verið fólgin í því að láta þjóðina búa við skort á sem allra flestum sviðum. Við eigum því — og þá ekki síst mannúðarinnar vegna — að hjálpa Pólverjum í erfiðri baráttu þeirra með því að gefa þeim þær nauðsynjar, sem þá vanhagar mest um, og lána þeim andvirði annarra nauðsynja. Samtímis eigum við að beita þeim þrýstingi sem við höfum yfir að ráða, til að *þvinga stjórnvöld í Póllandi og Sovétríkjunum* til skynsamlegri vinnubragða. Okkar áhrif vega ekki þungt að vísu, en safnast þegar saman kemur.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Neyð Pólverja er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið þekkt um nokkurn tíma og á ég þá ekki við það pólitíska ástand sem skapast hefur við þau átök sem átt hafa sér stað milli þjóðarinnar og Kommúnistaflokks Póllands og hersins.

Það eru líklega 2—3 mánuðir síðan ég bar fram till. í utanrmn. sem allir þeir, sem sæti eiga í utanrmn., tóku undir. Till. var einmitt um aðstoð við Pólverja vegna þeirrar neyðar sem þar ríkti. Utanrrh. var á fundi og utanrmn. varð sammála um að vísa málinu til utanrrn. og viðskrn. til þess að reyna að finna lausn á þeim vanda, sem þá blasti við, og finna leið til þess að fjármagna þær íslensku afurðir sem Pólverjar vildu gera viðskiptasamninga um. Beiðnin hljóðaði upp á nokkuð margar milljónir dollara. Óskað var eftir að fá þessar vörur afgreiddar nú þegar gegn greiðslufresti til 2—3 ára. Pólverjar sjálfir höfðu ekki lánstraust, en voru að biðja um afgreiðslu út á nokkurs konar víxilviðskipti, þannig að við Íslendingar skrifuðum sem ábekingar á víxilinn, en útveguðum erlent lán annars staðar frá til að fjármagna viðskiptin. Málið var rætt og allir nm. urðu sammála um að vísa því til meðferðar þessara tveggja ráðuneyta sem ég gat um.

Næstu fréttir, sem mér bárust, voru að ekki væri hægt að verða við óskum Pólverja um þennan greiðslufrest. Málið féll í gleymsku þangað til nú, að pólitískar breytingar til hins verra í Póllandi draga að sér athygli. Þá verður uppi fótur og fit á hv. Alþingi og allir eru reiðubúnir til að bera fram till. um að hlaupa undir bagga með Pólverjum. (Gripið fram í.) Þessi till. er einum til tveim mánuðum yngri. Hér eru utanrmn.-menn sem geta tekið undir og staðfest það. Neyð pólsku þjóðarinnar er ekkert meiri en hún var, en samúðin með henni hefur vaknað nú síðustu daga. Og ég tek undir það og er reiðubúinn til þess — eins og ég var þegar ég gerði þetta mál að umræðuefni í utanrmn. — að standa að aðstoð við Pólverja.

Ég tek undir þá till., sem hér er flutt, og mun veita henni brautargengi eins og ég get, ef henni verður vísað — eins og mér skilst að sé áformað — til utanrmn. til frekari meðferðar. Ég vona að allir stjórnmálaflokkar á Alþingi verði jafnreiðubúnir til þess að leysa málið nú eins og þeir voru sammála um að vísa því til athugunar þegar ég bar sams konar till. fram í utanrmn. fyrir u. þ. b. tveimur mánuðum.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Málefni pólsku þjóðarinnar eru ofarlega í hugum manna um allan heim þessa dagana. Í gær samþykkti Alþingi ályktun þar sem lýst var yfir samúð Íslendinga með pólsku þjóðinni og stuðningi við mannréttindabaráttu hinna frjálsu pólsku verkalýðssamtaka og þar sem hörmuð var valdataka kommúnistaflokksins og hersins í Póllandi. Í kvöld er til umr. till. sem fjallar um með hvaða hætti Íslendingar gætu rétt pólsku þjóðinni hjálparhönd í þeim sérstöku efnahagsvandræðum sem hún býr nú við.

Ég vil lýsa því yfir fyrir hönd þingflokks sjálfstæðismanna, að við erum reiðubúnir að gera það sem í okkar valdi stendur til þess að samstaða megi takast um ályktun og athafnir sem verði pólsku þjóðinni að gagni. Við teljum sjálfsagt að þessari till. verði vísað sem fyrst til nefndar svo að þar megi fara fram frekari könnun á málinu. T. d. mundi gefast þar tækifæri til þess að ræða við þá aðila sem nú gangast fyrir fjársöfnun til hjálpar pólsku þjóðinni.

Ég lýsi stuðningi okkar sjálfstæðismanna við framgang þessa máls.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Sú þáltill., sem hér er til umr., er vissulega tímabær, var það einnig þegar hún var flutt, en hefur verið undirstrikuð enn frekar með þeim atburðum sem síðar hafa gerst og aukið hafa á þá neyð sem ríkt hefur í Póllandi á undanförnum mánuðum í vaxandi mæli, en birtist ekki aðeins í skorti á efnislegum gæðum, heldur er nú breytt í nakta valdbeitingu og sviptingu þeirra takmörkuðu lýðréttinda sem pólsk alþýða hafði barist fyrir og tekist að tryggja sér um skamma hríð.

Það hefur verið mikið um þessi mál rætt hérlendis sem erlendis síðustu sólarhringa og samstaða og vilji íslensku þjóðarinnar í þessu máli hefur komið skýrt fram. Það gildir jafnt um ríkisstj. og Alþingi, stjórnmálaflokkana í landinu og íslenska verkalýðshreyfingu. Þessari samstöðu ber sannarlega að fagna og hún ætti að vera trygging fyrir því, að menn láti ekki við orðin ein sitja, enda hygg ég að sú fjársöfnun, sem nú stendur yfir í nafni íslenskra verkalýðssamtaka og kirkjunnar, eigi eftir að sýna hug alþýðu í landinu í þessum málum. Það er ekki óeðlilegt að íslensk stjórnvöld og þing láti einnig að sér kveða.

Ég get fullyrt að Alþb. mun leitast við að taka höndum saman við aðra flokka um að finna skynsamlegar leiðir til þess að greiða úr efnahagslegri neyð pólsku þjóðarinnar með hjálparsendingum og öðrum tiltækum ráðum, eins og vikið er að í þessari þáltill. En hitt skiptir ekki minna máli, að við leitumst við að beita áhrifum okkar svo sem frekast er unnt til þess að því harðræði og þeirri kúgun, sem þar ríkir nú í landi á nýjan leik, verði létt fyrr en síðar.

Atburðir síðustu sólarhringa í Póllandi þurfa ekki að koma okkur sérstaklega á óvart miðað við þá þróun sem við höfum séð framan í þarlendis og í nágrannalöndum Pólverja, svokölluðum bandalagsríkjum þeirra, á meðan vaxandi barátta pólsku þjóðarinnar fyrir auknum lýðréttindum hefur staðið yfir. Við þekkjum það af alllangri sögu hvernig slíkri baráttu hefur verið mætt í löndunum austan járntjalds. Við þekkjum það af dæmum frá síðustu áratugum. Við sjáum líkindin með atburðunum í Tékkóslóvakíu 1968, þegar frelsishreyfing studd af yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar þarlendis var kæfð af vopnuðu utanaðkomandi ofbeldi. Enn er það ofbeldi, sem beitt er í Póllandi, ekki utanaðkomandi með beinum hætti, og við skulum vona að það gerist ekki. En við hljótum samt að vera við því búin að slíkt geti gerst. Einnig það þarf því miður ekki að koma á óvart, að við ættum eftir að sjá framan í slíka atburði. Enginn Íslendingur væntir að svo fari, þvert á móti hljótum við að leggja okkar lóð á vogarskál til að svo verði ekki. Okkur ber skylda til þess að sýna pólsku þjóðinni samhug í verki og einnig siðferðilega séð.

Þegar rætt er um matarsendingar og hjálp við pólsku þjóðina, þá hygg ég að það sé sami andi sem ríki hér og á öðrum Norðurlöndum. En það er því miður ekki alls staðar sem þannig er tekið á málum. Við verðum vitni að því, hvernig atburðirnir í Póllandi fléttast inn í valdatafl risaveldanna og hvernig tekið er á málum í þeim efnum, einnig þegar mannúðarmál eru annars vegar. Sem betur fer er ekki þannig litið á málin hér, og ég vona að svo verði ekki.

Ég vona að um efnisatriði þessarar þáltill. takist góð samstaða eins og í öðrum mótmælaaðgerðum hérlendis og samstöðuyfirlýsingum með pólskri alþýðu innan þings og utan.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vill einungis lýsa vilja okkar framsóknarmanna til þess að verða Pólverjum að liði og taka þátt í því með öðrum flokkum hér á Alþingi. Við Íslendingar höfum átt töluverð samskipti á undanförnum árum við Pólverja, gagnleg samskipti. Nú erum við aflögufærir og lifum í velsæld, og mér þykir líklegt að við getum fundið heppilega leið eða heppilegar leiðir til þess að verða þeim að liði.

Þingflokkur framsóknarmanna hefur gert ályktun vegna atburðanna í Póllandi og ég vil með leyfi forseta fá að lesa hana hér úr ræðustól. Hún hljóðar svo:

„Þingflokkur Framsfl. harmar hina uggvænlegu atburði í Póllandi síðustu dægur. Sjálfsögð mannréttindi hafa verið fótum troðin, málfrelsi, ritfrelsi og fundafrelsi afnumið og starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga bönnuð og forustumönnum þeirra varpað í fangelsi. Þingflokkur Framsfl. vonar að með þessu verði ekki lagt í rúst það umbótastarf sem unnið hefur verið af Samstöðu í Póllandi á síðustu mánuðum. Lýsir þingflokkurinn dýpstu samúð með pólsku þjóðinni í raunum hennar."

Svona hljóðaði ályktunin sem við samþykktum í gær.

Heimurinn er dapurlegri vegna þess sem gerst hefur í Póllandi. Ég tel rétt að við athugum það mjög gaumgæfilega hér á Alþingi, hvernig við getum orðið Pólverjum að liði.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil einungis þakka þær góðu undirtektir sem efnisatriði þessarar þáltill. okkar Alþfl.-manna hafa fengið. Eins og fram kom í framsöguræðu minni, sem allir hafa kannske ekki heyrt, var þessi þáltill. lögð fram fyrir tveimur vikum, en hún hefur auðvitað orðið undirstrikuð af þeim atburðum sem gerst hafa síðan. Ég lét það líka koma fram í framsöguræðu minni, að ástandið í Póllandi væri enn verra að því er matvælaskort og slíkt varðaði heldur en ég hafði í

rauninni gert mér grein fyrir þegar till. var samin.

Ég vil að lokum einungis ítreka þá ósk sem ég lagði fram hér í upphafi, að fulltrúar allra flokka hér á þingi sameinist um farsæla lausn þessa máls og um að færa það í þann búning sem þeir geta náð saman um, svo að unnt verði að ganga frá þeirri aðstoð, sem hér um ræðir, fyrir jól og verk okkar í þessum efnum fylgi fyrri orðum og það megi sjást áður en við förum í jólaleyfi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnutækifæri á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 145). — Ein umr.

Flm. (Sigurður Óskarsson): Herra forseti. Í annað sinn legg ég fram hér á Alþingi ásamt hv. 9. landsk. þm., Guðmundi Karlssyni, till. til þál. um atvinnumál á Suðurlandi. Fyrri till. var lögð fram í apríl 1980 og fjallaði um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland. Var henni að umr. lokinni vísað til atvmn. Sþ. Ekki mun umfjöllun þeirrar nefndar hafa leitt til annarrar niðurstöðu en að málið var svæft. Í stað þess að taka þá á vandamálum atvinnulífs Sunnlendinga með þeim ráðum m. a., sem í þeirri till. voru tilgreind, hefur ekkert raunhæft verið aðhafst. Þörf nýrra atvinnutækifæra er víða mjög mikil, en þar sem saman fer mikill íbúafjöldi í sveitabyggð og hátt hlutfall ungs fólks gætir þessa með meiri þunga en annars staðar.

Á Suðurlandi eru fimm af sjö hafnlausum kauptúnum landsins og einn hafnlaus kaupstaður. Öllum hlýtur að vera ljóst að slíkar aðstæður þéttbýlisstaða veita mun minna svigrúm til atvinnusköpunar en þar sem hafnaraðstöðu nýtur. Hvað Suðurland varðar og sunnlenska þéttbýlisstaði markast vinnumarkaður þessara landssvæða verulega af því, að sveitirnar og landbúnaðurinn megna ekki að búa því fólki, sem á vinnumarkaðinn kemur, atvinnutækifæri. Stór hluti ungs fólks úr sveitum verður því óhjákvæmilega að leita sér atvinnu utan þeirra atvinnugreina sem foreldrarnir stunda.

Nú hefur það sýnt sig á síðustu tveim áratugum, að þetta fólk vill hvergi fremur velja sér búsetu en í nálægum kauptúnum. Allt frá því að hafist var handa um Búrfellsvirkjun þar til nú við lok Hrauneyjafossvirkjunar hefur ungt fólk af Suðurlandi haft þar verulega atvinnu og stofnað heimili og byggt hús og íbúðir í sunnlenskum þéttbýlisstöðum. Jafnframt því, sem þetta fólk hefur haft nær óslitna atvinnu við virkjanastörf, hefur verið látið að því liggja af stjórnvöldum og leiðandi atvinnumálastofnunum að möguleikar sunnlenskra virkjana yrðu nýttir til að skapa því atvinnuöryggi til frambúðar.

Nú þegar virkjunum á Suðurlandi er að ljúka, a. m. k. um sinn, er ljóst að á bak við allar viljayfirlýsingar um uppbyggingu á sunnlensku atvinnulífi liggur ekkert fyrir nema sú staðreynd, að meginþorri þessa fólks hefur að engri atvinnu að hverfa á heimaslóðum. Nýjar skýrslur, sem ég hef undir höndum, sýna ótvírætt að allar vonir Sunnlendinga um iðnþróun og ný atvinnutækifæri hafa brostið. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur samið ítarlegar skýrslur um þessi mál með margháttuðum upplýsingum, línuritum, töflum, súlum og tillögum sem bersýnilegt er að stjórnvöld hafa aldrei ætlað að framkvæma. Því til sönnunar get ég lyft hér upp fjórum allveglegum doðröntum sem fjalla um málefni sem gætu orðið til atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi. Þrír þeirra eru beinlínis fyrir Suðurland samdir. Manni verður því óneitanlega að spyrja: Til hvers er verið að halda fundi með atvinnumálanefndum, sveitarstjórnum, atvinnurekendum og launþegasamtökum og semja merkar skýrslur og gera góðar tillögur, ef þetta er síðan látið drasla í kompum og kytrum ónothæft vegna þess að viljinn til að fjármagna og skapa rekstrargrundvöll er ekki fyrir hendi?

Duglegir athafnamenn í einni sveit á Suðurlandi stofnuðu fyrr á þessu ári hlutafélag til þess að vinna vinsæla neysluvöru úr undirmálskartöflum sem til þessa hefur orðið að afskrifa og henda. Hlutafé var safnað á örskömmum tíma, vélar keyptar, tækni til framleiðslunnar tryggð og verksmiðjuhús byggt á nokkrum vikum. En hvað kemur þá í ljós? Raforka var ekki fyrir hendi til þess að knýja vélar verksmiðjunnar. Með góðum vilja viðkomandi stofnunar var málinu bjargað til bráðabirgða með því að spenna upp gamla, lélega línu. Kostnaðinn vegna þessa verður að greiða með því að draga úr öðrum raflínuframkvæmdum á svæðinu. Þetta er eitt dæmi um aðstöðu til iðnaðaruppbyggingar í orkuhéraðinu Suðurlandi. Á þessu landssvæði virðast einu nothæfu roforkulínurnar vera þær sem flytja orkuna burt úr héraðinu. Auðvitað er gott og blessað og nauðsynlegt að byggja þrefalt háspennulínukerfi til að flytja orkuna frá Þjórsár- og Tungnaársvæðinu þangað sem hún er notuð til atvinnusköpunar. En það er kaldhæðnislegt að fólkið, sem í orkuhéraðinu býr, getur ekki reist litla verksmiðju til þess að reyna að bjarga sér, nema því fylgi tjasl og bráðabirgðaframkvæmdir á ónýtri 30 ára raflínu sem á að flytja þessa dýrmætu orku. Þetta er eitt dæmi um iðnþróun á Suðurlandi tæknilega séð.

Ef við lítum á málin frá þeirri hlið sem snýr að orkuverði liggur við að hin tæknilegu vandamál gleymist og falli í skuggann. Í ársbyrjun síðasta árs var upphitun iðnaðarhúsnæðis margfalt dýrari, milli 6- og 7-falt dýrari á þeim svæðum sem bjuggu við olíukyndingu en upphitun þeirra sem bjuggu við verðlag Hitaveitu Reykjavíkur. Raforka til iðnaðar og heimilishalds á orkusvæði RARIK býður ekki upp á góða samkeppnisaðstöðu þeirra héraða sem næst eru Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Í skýrslu, sem samin hefur verið að tilhlutan verkalýðssamtaka á Suðurlandi um samanburð kyndingarkostnaðar, kemur m. a. fram að hér er um gífurlega mismunun á aðstöðu að ræða milli landshluta, svo mikla mismunun að engar líkur eru á að iðnþróun nái fram að ganga án sérstakra ráðstafana á þeim landssvæðum þar sem ástandið er lakast hvað þetta varðar. Sem dæmi má nefna að í umræddri skýrslu, sem miðar við verðlag 1. febr. á s. l. ári, var niðurstaða úttektar 420 rúmmetra húsnæðis á ársgrundvelli eftirfarandi:

Með orku á verði Hitaveitu Reykjavíkur 168 965 gkr., með olíu 1 139 600 kr., með olíu að frádregnum olíustyrk, þá miðað við fjögurra manna fjölskyldu, 848 400 kr. og með raforku frá RARIK á taxta 41 682 104 kr. Þessi skýrsla hefur gengið í gegnum mjög nákvæma rannsókn ráðandi manna og hefur enginn reynt að ve fengja hana, enda er hún samin af sérfróðum mönnum.

Samkv. þessu varði verkamaður á taxta almennra verkamannalauna 5.3% árslauna sinna í kyndingu

heimilis með hitaveitu á þessum tíma, með olíu 26.6% árslauna miðað við sömu orkunotkun og með raforkukyndingu var hlutfallið 24.4%. Hvaða líkur eru á að þessar aðstæður heilli dugandi athafnamenn til að setja fyrirtæki sín og heimili niður á landssvæðum sem þá aðstöðu bjóða sem hér hefur verið lýst, þegar svo í ofanálag vantar margháttaða aðstöðu sem atvinnurekstur þarfnast: iðnaðarhúsnæði, tæknilega þjónustu hvers konar og hagstæðan flutning á markaðssvæðin, svo að eitthvað sé nefnt?

Víða úti á landsbyggðinni er ekki fyrir hendi iðnaðarhúsnæði á leigukjörum. Fyrsta skref flestra þeirra bjartsýnu dugnaðarmanna, sem í atvinnurekstur ráðast þar, er því bygging atvinnuhúsnæðis, með vægast sagt vafasömum endursölumöguleikum, ef þörf krefur vegna aðstæðna sem upp kunna að koma. Dýr en jafnframt léleg fjárfesting er því fyrsta skrefið til atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni, þar sem ástand orkumálanna byggist á raforku frá RARIK og olíu einvörðungu, eins og reyndar er víða á Suðurlandi.

Því miður hefur stefna í afurðaúrvinnslumálum landbúnaðarins, a. m. k. hvað Suðurland varðar, verið sú síðustu áratugina að staðsetja og þróa úrvinnslu utan framleiðslusvæðanna. Ég hef gagnrýnt þessa stefnu. Ég tel hana ranga og þau rök, sem notuð hafa verið við staðsetningu úrvinnslufyrirtækja, meira en lítið vafasöm. Auðvitað hafa hinir raunverulegu stjórnendur þessara fyrirtækja, þ. e. framkvæmdastjórarnir og forstjórarnir sem flestir eru búsettir á Stór-Reykjavíkursvæðinu, alla aðstöðu og allan áhuga á því að gera staðsetningu og uppbyggingu þessara fyrirtækja sem girnilegasta einmitt þar. Sú aðstaða, sem sköpuð er til atvinnurekstrar víða úti á landsbyggðinni, auðveldar slíka tilreiðslu fyrir þá stjórnarfundi afurðasölufyrirtækjanna sem endanlega ákvörðun taka. Félagsleg hlið þessara mála virðist léttvæg fundin þegar hringlar í pyngjunni.

Þess er ekki að vænta, meðan dreifbýlið býr við óviðunandi samkeppnisaðstöðu nánast á öllum sviðum, að þessari þróun verði snúið við og unga fólkið úr sveitunum hætti að telja brottflutning til fjarlægra vinnumarkaða sjálfsagðan.

Ég minntist á það hér að framan, að Framkvæmdastofnun ríkisins hefði samið ítarlegar skýrslur um atvinnumálefni á Suðurlandi og að stjórnvöld hefðu beinlínis gefið tilefni til þess, að vænta mætti einhverra aðgerða til atvinnusköpunar. Þá vil ég einnig nefna till. til þál., sem samþykkt var 13. maí 1979, um eflingu smáiðnaðar í sveitum. Í framhaldi af þessari ágætu tillögu var Framkvæmdastofnun ríkisins falið af forsrh. að semja áætlun um framkvæmd mála. Í maí 1980, þ. e. fyrir rúmum 18 mánuðum, sendi stofnunin núv. ríkisstj. þessa áætlun til staðfestingar. Var henni ætlað að koma til framkvæmda á því ári sem nú er senn liðið. Það er þessi áætlun sem ég hef hér með mér í ræðustól á hv. Alþingi. Framkvæmdastofnun gaf umrædda áætlun út í takmörkuðu upplagi, en ákvað að framkvæmd hennar yrði komið á almennt framfæri þegar samþykkt ríkisstj. lægi fyrir. Ég endurtek: þessi áætlun var gefin út í takmörkuðu upplagi og henni átti að koma á almennt framfæri, hvað sem þetta nú þýðir, þegar samþykkt ríkisstj. lægi fyrir. Mér er ekki kunnugt um að sú samþykkt hafi verið gerð og hef nú lagt fram hér á hv. Alþingi fsp. um það mál.

Það er í hæsta máta undarlegur vilji til góðra verka í atvinnu- og uppbyggingarmálum dreifbýlisins, að látið skuli dragast að samþykkja slíka ályktun sem hér um ræðir þar til liðið er það ár sem framkvæmd hennar átti að gerast á. Formanni atvinnumálanefndar Rangárvallasýslu, þess héraðs landsins sem almennt er viðurkennt að eigi við sérstök atvinnuvandamál að stríða, var ekkert tilkynnt um þessa áætlun og fékk fyrst um hana að vita nú í lok nóvember s. l. og þá af tilviljun. Það var af tilviljun sem formaður atvinnumálanefndar Rangárvallasýslu fékk að vita að Framkvæmdastofnunin samdi fyrir 18 mánuðum áætlun um eflingu smáiðnaðar í sveitum. (**Gripið fram í:** Er það trúnaðarmál?) Það virðist vera, enda kemur fram í skýrslunni að hún var afhent í takmörkuðu upplagi. Og það er áhugavert að fá upplýst — það kemur vonandi að því þegar fsp. verður svarað hér á hv. Alþingi — hverjir þeir útvöldu voru, sem fengu eintök af þessu takmarkaða upplagi, og af hverju þeir hinir sömu hafa sætt sig við að áætlunin lægi óafgreidd hjá hæstv. ríkisstj. í 18 mánuði, þar af þá 12 mánuði sem nota átti til að framkvæma umrædda ályktun um smáiðnað í sveitum. Mér er alveg óskiljanlegt hvaða tilgangi er þjónað með slíkri áætlanagerð sem læst er niðri í skúffum óafgreidd þann tíma m. a. sem á að framkvæma hana á.

Hinn 11. apríl s. l. héldu atvinnumálanefnd Rangárvallasýslu og sýslunefnd Rangárvallasýslu fund um atvinnumál héraðsins að Hvolsvelli. Þar voru m. a. mættir fulltrúar iðnrn., Framkvæmdastofnunar ríkisins og þm. kjördæmisins. Þar var ekki einu orði minnst á þessa umræddu áætlun um smáiðnað í sveitum, sem felur þó í sér margar merkar tillögur er gætu leyst vandamál í sunnlensku atvinnulífi að vissu marki. Ég endurtek: mér er alveg óskiljanlegt að slík mál skuli beinlínis falin, — ég endurtek: þau eru falin fyrir þeim sem eiga að taka þátt í framkvæmd þeirra og njóta þeirra.

Við nánari athugun kemur ekki á óvart að vonir um eflingu iðnaðar á Suðurlandi hafa brostið. Aðstæður hafa ekki verið skapaðar og viljayfirlýsingar ráðamanna hafa reynst innantómar. Með till. þeirri, sem hér er lögð fram og flm. hafa unnið að í samráði við hv. alþm. Steinþór Gestsson, er ríkisstj. falið að grípa til beinna aðgerða sem tryggt geti ný atvinnutækifæri á Suðurlandi og forðað fólki, sem á Suðurlandi býr, frá atvinnuleysi, því fólki sem undangengin ár hefur verið með störfum sínum við virkjanabyggingar að leggja grunn að atvinnuöryggi í öðrum landshlutum. Hér er gert ráð fyrir að staðsetning orkufreks iðnaðar á Suðurlandi verði ákveðin. Ekkert er eðlilegra en að orka sunnlenskra fallvatna sé nýtt til atvinnusköpunar á Suðurlandi þar sem fátt er um kosti við hafnlausa strönd. Jafnframt gerir till. ráð fyrir að hlutast verði til um gerð iðnþróunaráætlunar fyrir Suðurland sem tryggi eðlilega þróun vinnumarkaðar á þessu landssvæði í framtíðinni.

Þá gerir till. ráð fyrir ítarlegri könnnun á möguleikum hefðbundinna atvinnuvega þessa landssvæðis til vinnumarkaðsuppbyggingar. Ljóst er að tvö síðast nefndu atriðin eru yfirgripsmikil og tímafrek og forða ekki sunnlensku atvinnulífi frá áföllum, einfaldlega vegna þess að árangur vegna þeirra er ekki að vænta fyrr en eftir nokkurn tíma. Ákvörðunartaka um staðsetningu orkufreks iðnaðar á Suðurlandi mundi aftur á móti þegar skapa ný viðhorf og glæða vonir íbúa þessa landshluta um tryggari framtíð.

Herra forseti. Ég legg til, að till. þessari verði að umr. lokinni vísað til atvmn., og vænti þess, að hennar bíði annað hlutskipti en hafna óafgreidd í bréfageymslum. Skýrslu- og áætlanagerð er löngu hafin. Það er mál að framkvæmdir hefjist.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er lítið gaman að koma illa undirbúinn í slíka umr. eftir svo vandaða og mikla og vísindalega ræðu sem hv. þm. Sigurður Óskarsson var að ljúka við. Hann sýndi okkur hluta af hinni miklu bókaútgáfu í landinu sem fer fram á vegum hinna ýmsu stofnana ríkisins. Þarna var hann með nokkra pésa frá hinni margfrægu Framkvæmdastofnun ríkisins sem er að mínu mati algerlega óþörf og allt of dýr og stór stofnun utan um hluti sem mætti koma fyrir annars staðar án þess að nokkurs staðar sæi högg á vatni og nokkurs staðar þyrfti að bæta við manni.

En þetta er einmitt eitt af því sem hefur verið aðalverkefni Framkvæmdastofnunar ríkisins, að semja alls konar landshlutaáætlanir sem enginn nýtir svo til eins eða neins, hvorki á Suðurlandi né annars staðar. Að vísu eru til undantekningar, en þær eru aðeins til þess að sanna regluna. Þar er reglan: bara pappír og meiri pappír.

Að undanförnu hafa Íslendingar orðið þeirrar ánægju aðnjótandi að hlusta á Norðlendinga og lesa þeirra skrif og Austfirðinga og kynna sér þeirra skrif í blöðum og tímaritum, þar sem þeir segja að ef virkjun kemur norður og ef Blanda verður virkjuð — sem ekki virðist nú útlit fyrir vegna þess að það eru einir 15—20 bændur sem neita að leyfa að framleiða rafmagn þar nyðra — þeir segja: Þegar Blanda verður virkjuð verður nóg af iðnaði, það verður undirstaða iðnaðaruppbyggingar á Norðurlandi. Það lyftir okkur úr körinni og eymdinni sem er reyndar ekki svo ýkjaslæm. Þangað hefur verið ausið peningum þjóðfélagsins undanfarin 10 ár á meðan sumir aðrir landshlutar hafa verið sveltir og dregnir niður í skítinn. Austfirðingar segja það sama: Ef við fáum Fljótsdalsvirkjun verða þar stóriðjufyrirtæki og iðnaðaruppbygging í hverjum stað.

Þessir herramenn hafa ekki fylgst betur með sögunni en svo, að þeir setja jafnaðarmerki milli virkjana í héraði og iðnaðaruppbyggingar.

Reynslan sýnir að það er skakkt.

Næstum því öll raforka, sem framleitt er í þessu landi, er framleidd í Suðurlandskjördæmi og hefur verið svo lengi. Hún er hins vegar flutt þaðan vestur yfir heiði. (**GJG:** Og eytt stórfé í að flytja hana.) Já, menn hafa lagt sig mikið fram um að flytja hana burt úr kjördæminu. Hún hefur hins vegar alls ekki komið okkur Sunnlendingum að gagni hvað varðar iðnaðaruppbyggingu, þaðan af síður að talað sé um orkufrek fyrirtæki í Suðurlandi og ekki heldur um það sem kallað hefur verið meðalstór iðnaðarverkefni, svo sem steinullarverksmiðja.

Þegar það barst aðeins í tal, að hugsanlega gæti komið til greina að eitthvert slíkt fyrirtæki yrði reist á Suðurlandi, þá gripu menn nú heldur betur við sér að safna gögnum um hvað nauðsynlegt væri að hafa það annars staðar. Alls ekkert mátti byggja hjá okkur hér syðra. Og menn gengu svo langt að sýna fram á það í þessari sömu Framkvæmdastofnun — með toppmönnum í fyrirtækinu sem hljóta auðvitað að vera verstir — að það væri meira að segja styttra að flytja steinullina frá Sauðárkróki til Reykjavíkur heldur en frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur — og allt er eftir því. Ég er hins vegar nýbúinn að lesa í þriðja skiptið steinullarverksmiðjubókina, eina af mörgum, trúi ég, þar sem hver einasti liður sem varðar framleiðslukostnað á þessu hráefni er hagkvæmari ef verksmiðjan rís í Þorlákshöfn heldur en á Sauðárkróki, allt frá sandi og skeljasandi upp í fullunna vöru. Það er alveg sama á hvað litið er. Og ég er næstum viss um að þessi verksmiðja verður reist fyrir norðan, ósköp einfaldlega vegna þess að hún er miklu óhagkvæmari þar og getur aldrei borið sig, hefur engan möguleika til útflutnings. Hún verður reist fyrir norðan vegna þess að það er vitlausasti kosturinn. Annað væri ekki í samræmi við það sem verið er að gera.

Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að hafa þetta langt mál. En maður kemst ekki hjá því að nefna þær áætlanir og þær tillögur sem þegar hafa verið framleiddar og samþykktar í þá veru að auka fjölbreytni í atvinnulífi á Suðurlandi sem er næsta fábreytt. Ég man ekki betur en ég hafi flutt hér mikla og margbrotna þáltill. fyrir nokkrum árum. Maður gleymir þessu auðvitað, því að það er alveg sama hvað hér er samþykkt um það sem á að ske á Suðurlandi, því er öllu hent í ruslakörfuna. Það hverfur allt á bak við nýju framleiðsluna í prentverksmiðju iðnrn. og annarra ráðuneyta hér. Þeir sjá ekki orðið hver annan fyrir pappír og þaðan af síður til sólar í þessum efnum.

Þar er oft fjallað um iðnaðartækifæri og atvinnutækifæri af ýmsu tagi, bæði til sjávar og sveita, framleiðslu úr grasi og grjóti og öllu þar á milli. Og hv. alþm. samþykktu þetta með því að rétta upp hendurnar, en það hefur auðvitað ekki verið litið á þetta, hvað þá heldur að nokkrum hafi dottið í hug að framkvæma það. Og enn er ekki að sjá annað en iðnaðaruppbygging á Suðurlandi verði aðeins á pappírnum, eins og margt annað hjá núv. hæstv. ríkisstj. og auðvitað öðrum ríkisstjórnum sem hafa setið á undan, hver annarri verri í þessum efnum. Ég sé ekki að það sé áhugi hjá núv. hæstv. ríkisstj. á öðru en koma í veg fyrir iðnaðaruppbyggingu á Suðurlandi. Vísustu menn þjóðarinnar eru látnir finna út, hvað það sé miklu óhagkvæmara og vitlausara frá öllum sjónarhornum, og teygja sín rök óendanlega í allar þær áttir sem hugsanlega gætu leitt til þess, að einhver iðnaður yrði til hér sunnan heiða. Það er hörmulegt að segja þetta, en ég get ekki séð annað en það sé satt.

Það er að vísu talsverður vandi að eiga við þetta, og það er meira en að segja það að koma upp öflugum iðnaði í þorpum á Suðurlandi. En menn skyldu athuga það, að á þessum miklu uppbyggingartímum á Íslandi, uppgangstímum í atvinnuvegunum þar sem kaupstaðir og þorp hringinn í kringum allt landið fengu betri og stærri veiðiskip, nýrri og fullkomnari frystihús, hafa þorpin á Suðurlandi ekki notið þess vegna þess að þar eru ekki hafnir. (Gripið fram í.) Þar eru ekki hafnir. Það eru t. d. tvö þorp á Suðurlandi sem höfðu hafnir, en hafa þær ekki nú. Það eru þorpin Stokkseyri og Eyrarbakki.

Hvað má eitt sjávarpláss síst missa fyrir utan fólkið náttúrlega? Það eru hafnirnar. Og það er einmitt það sem hefur skeð á Stokkseyri og Eyrarbakka. Þeir verða að láta sér nægja að brúka höfn annars staðar langt í burtu, þar sem er 100 km leið fram og til baka með aflann, sem á land kemur, og það sem þaðan fer aftur til

baka.

Til þess að bæta þetta ástand er ekki nema aðeins ein leið og hún er að setja brú yfir Ölfusá við ósana, ákaflega ómerkilega brú og ódýra, sem kostar margfalt minna en risafyrirtækið Borgarfjarðarbrúin. Þessi brú er ekki aðeins til verulegra samgöngubóta, hún kemur í staðinn fyrir tvær hafnir. Og hvað kosta tvær hafnir? Ein höfn kostar fimm svona brýr. (Gripið fram í.) Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson efast um mína reikningskúnst. En það er nú svo, að fyrir nokkrum árum reiknuðu menn út hvað það kostaði að gera höfn — eða „reisa höfn", eins og menn segja úr þessum ágæta ræðustóli nú til dags. Þeir „byggja vegi" og „reisa hafnir" og „smíða skurði" eða guð má vita hvað, allt ruglast þetta sem von er, því að þannig er tungumálið á þessum opinberu skýrslum — allt öfugt nema það sem er aftur á bak.

Það var sem sagt reiknað út að höfn á Eyrarbakka kostaði eins og þrisvar sinnum meira en brú yfir Ölfusá þá, og var höfnin af minnstu gerð. Það var nokkurs konar „mini"-höfn. Annað datt mönnum auðvitað ekki í hug að gera á Suðurlandi. En þessi brú — það er ekki byrjað á henni. Það er enn þá verið að kanna og rannsaka og safna meiri pappír, meira að segja ekki í iðnrn., það er í samgrn. að þessu sinni, en engar framkvæmdir auðvitað, — engar framkvæmdir. (Gripið fram í.) Ja, það kemur sér. Við sáum það í dag þegar við fengum formálann að starfsskilyrðanefndaráliti, svo að ég nefni svona langt nafn, það var bara formálinn, en hún er næstum því eins og Guðbrandsbiblía.

En til þess að koma í veg fyrir að þessi sjálfsagða framkvæmd komist á, að smíða brú yfir Ölfusá — ég segi smíða af því að menn tala um brúarsmíði eða gerðu það meðan menn töluðu íslensku — hafa verið fengnir sérfræðingar út og suður til þess að reikna út svokallaða hagkvæmni þessara brúa. Og hvernig er hún reiknuð? Með umferðartalningu. Það er af skiljanlegum ástæðum ekki mikið keyrt yfir Ölfusá neðanverða óbrúaða. Menn gera sér ekki grein fyrir því, að þegar brúin er komin hljóta auðvitað miklu fleiri að eiga erindi þessa leið. Þm. finnst þetta voðalega fyndið, þetta alvarlega mál. Ég harma það, að menn skuli ekki setja sig í alvarlega hugsandi stellingar. Ég get tekið dæmi úr mínum heimabæ.

Þegar við vorum ekki búnir að fá Herjólf okkar nýja, sem safnar á sig skuldum okkur Vestmanneyingum til skammar, að því er sagt er, þó engum hafi dottið í hug hingað til að láta Borgfirðinga borga brúna sína né Siglfirðinga gatið í gegnum fjallið sem ekki er opið nema bara eftir dúk og disk. Þetta dæmi, sem ég ætlaði að fara að segja ykkur frá, er um umferðina milli lands og Eyja með skipi. Áður voru fluttir með Herjólfi margfalt færri farþegar en nú á nýja Herjólfi, ágætu skipi með góðum mönnum, — margfalt færri farþegar en nú, því að eftir að menn gátu fengið skip sem gekk daglega milli lands og Eyja, höfðu örugga ferð svo gott sem næstum hvernig sem viðraði, — ég held að hann hafi aðeins einu sinni ekki komist í Þorlákshöfn öll þessi ár, — hefur farþegafjöldi vaxið úr kannske 10 þúsundum í yfir 40 þús. manns á ári. Og við skulum athuga það, að það er engin stórborg úti í Eyjum, það er aðeins 4700 manna bær. Og þetta skip flytur orðið allar vörur þarna á milli, 10 þús. tonn á ári, og alla bíla, ef ég man rétt, mörgum sinnum á ári í raun og veru.

En þegar verið var að reikna út hvernig gengi að reka þetta skip, þá voru hinir vísustu menn kvaddir til, meira að segja einn vís maður úr sömu stofnun og beitir öllum brögðum til þess að fá steinefnaverksmiðjuna norður, þ. e. forstjóri Ríkisskips sem þá var. Hann tók bara farþegafjöldann með gamla skipinu, bílaflutningamöguleikana með gamla skipinu — sem voru fimm bílar, núna flytjum við 50 — og reiknaði svo út hvað kostaði farið fyrir manninn og bílinn og fékk náttúrlega út voðalega útkomu, ekkert vit í þessu. En um leið og þessir möguleikar verða til eru þeir auðvitað líka notaðir. Það er hart að þurfa að glíma við slíka íhaldsdrauga úr öllum flokkum þegar svona sjálfsögð framfaramál eru á dagskrá.

Þetta var aðeins útúrdúr varðandi iðnaðarverkefni á Suðurlandi — og þó ekki útúrdúr, því að t. d. með brúartengingu tengjum við saman miklu stærra svæði sem getur verið eitt samfellt atvinnusvæði, þjónustusvæði, úrvinnsla úr landbúnaðarvörum, fiskiðnaður o. s. frv., o. s. frv.

Herra forseti. Ég gat þess í upphafi, að Norðlendingar og Austfirðingar hefðu hvorir tveggja byrjað að syngja þann fagra kór um það, hversu dýrlegt væri að lifa í viðkomandi fjórðungum eftir að þeir fengju virkjun, fyrir utan að þeir hefðu fengið tækifæri til að græða peninga, vinnandi myrkranna á milli uppi á heiðum — sem bændur eiga að vísu — og fengju allsherjar iðnaðaruppbyggingu og rafmagn út úr því. En á Suðurlandi, þar sem allt rafmagn landsmanna er framleitt, hafa íbúarnir í kjördæminu ekki einu sinni almennilegt rafmagn. Rafmagn er nefnilega misgott og mistryggt. Það er ekki sama hvort bændur í Suðurlandskjördæmi hafa tveggja eða þriggja fasa rafmagn. Það er ekki sama hvort þeir hafa svo handónýta línu að það er ekki hægt að mjólka nema kannske fjórða hvern dag yfir allan veturinn, enda verða þeir að hafa sérstakt kyn sem er sérhannað fyrir svo stopular mjaltir. (**Gripið fram í:** Hver þekkir þetta ekki í Eyjafirðinum?) Ég þekki lítið til búskapar í Eyjafirði, ekki nema það, að þeir geta ekki torgað landbúnaðarvörum sínum og flytja afganginn út fyrir ekki neitt. Samt eiga þeir sex dráttarvélar, fjóra bíla og eina flugvél á einum bæ sem ég sá í sjónvarpinu um daginn. Það er nú eitt dæmið um fáránlega stefnu hér í þjóðfélaginu. (**Gripið fram í:** Hún var orðin gömul.) Drottinn minn, já, og það voru sumir hv. þm. gamlir þegar þeir fæddust, það er auðheyrt.

En það er nú svo komið á Suðurlandi eftir allan þennan raforkuflutning um kjördæmið, að þar höfum við mjög lélega dreifingu á rafmagni — mjög lélega á stórum svæðum. Aðallínan austur er ekki einu sinni komin austur í Vík á mörgum, mörgum árum. Það er búið að flytja um þetta 144 ræður hér í þinginu, en aldrei gert neitt. Auðvitað eiga orðin að vera til alls fyrst, en þau eiga ekki bæði að vera byrjun og endir. Einhvern tíma verður að gera eitthvað.

Ég held að menn misreikni sig alvarlega ef þeir halda að það sé nóg að fá bara virkjun í sitt kjördæmi. (Gripið fram í.) Já, Austfirðingar, þeir fá hana líklega fyrst af vissum ástæðum. En ég vil skora á hæstv. iðnrh., sem virðist vera stunginn af úr salnum, — það er ákaflega vont að hlusta á svona ræðu sem ekki er neinn lofgerðarkór með blikkandi rauðbleikum ljósum og allt í dýrlegum fögnuði. Lífið er bara ekki þannig. Menn verða að gera svo vel að venja sig við að horfast í augu við stað-

reyndir, jafnvel þó það séu Alþb.-menn að austan.

Ég vil að endingu óska eftir því, að iðnrh. taki ekki aðeins sig hæstvirtan taki, heldur setji nú „skríbentana" í iðnrn. við borð til þess að skrifa einhvern knappan texta sem kæmist fyrir á tveimur blöðum, en ekki í þremur bindum, um það hvað eigi nú að reyna að gera til þess að aðhafast eitthvað gagnlegt og þarflegt og vitlegt nógu fljótt í Suðurlandskjördæmi.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það er erfitt að koma í ræðustól á eftir svona skemmtilegum ræðumanni. En ég vil byrja á því að taka undir það sem hann sagði um brúna. Það hefur vaxið þm. feikilega í augum þegar við höfum rætt um brú á Ölfusá. Þessi brú er áætluð á verðlagi dagsins í dag með malbikuðum vegum að og frá 42 millj. kr. En umtalið um brúna hefur orðið til þess, að ekkert hefur verið gert í höfnunum á Stokkseyri og Eyrarbakka. Ef þær fengju álíka mikla þjónustu og aðrar hafnir landsins kostar það að mati vita- og hafnamálaskrifstofunnar 185 millj. kr., meira en fjórum sinnum meira en brúin. Það er svona mikill sparnaður í reynd af brúnni, því að hún á að koma í staðinn fyrir báðar þessar hafnir. En menn hafa séð ofsjónum yfir þessum kostnaði af brúnni.

Erfiðleikar atvinnulífs á Suðurlandi stafa af mörgum ástæðum. Mestur hluti svæðisins er hafnlaus, en byggðastefna undanfarinna ára hefur svo til öll beinst að eflingu sjávarútvegs og iðnaðar. M. ö. o.: byggðastefnan hefur að mestu farið fram hjá Suðurlandi eða stærstum hluta Suðurlands. Suðurland er stærsta mjólkurframleiðslusvæði landsins. Samdráttur í mjólkurframleiðslu, sem vissulega hefur verið verulegur núna síðustu árin, kemur því harkalega niður á landshlutanum. Svo bætist það við, eins og fram kom mjög skýrlega í ræðu hv. 2. þm. Suðurl., að nú er verulegur samdráttur í virkjunarframkvæmdum sem þó hafa verið uppistaða í vinnu um áratugabil, liggur mér við að segja, þannig að vandinn vex enn.

Herra forseti. Þáltill. er mjög tímabær og ég styð hana eindregið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í tilefni þeirrar þáltill., sem hér er til umr., vil ég segja nokkur orð.

Ég hef reynt að leggja mig eftir því, þegar þm. úr hinum ýmsu landshlutum hafa flutt hér tillögur af svipuðu tagi og þá sem hér liggur fyrir, um eflingu atvinnulífs í sínum byggðarlögum eða sínum landshlutum, vegna þess að ég tel mér skylt að leggja þar við hlustir og er jafnframt að vænta þess, að í hópi þessara góðu manna sé að finna bandamenn í sambandi við þá viðleitni, sem ég tel að núv. ríkisstj. hafi, að reyna að efla atvinnulíf sem víðast á landinu.

Það mætti margt um efni þessarar þáltill. segja, eins og raunar við hliðstæð tækifæri þegar rætt er um atvinnuþróun einstakra landshluta. Mig langar að fara nokkrum orðum um Suðurland eins og mér kemur það fyrir sjónir út frá auðlindum og atvinnumöguleikum. Ég vil jafnframt taka það fram, að mér finnst, að það gæti helst til mikillar svartsýni og fordóma í máli þeirra hv. alþm. úr Suðurlandskjördæmi sem hér hafa talað, og vil beina þeim orðum til þeirra og annarra hv. þm., sem um atvinnumál fjalla, án þess að ætla að gerast einhver kennimaður á því sviði eða gera kröfur til þess, að orð mín séu tekin gildari en annarra, að menn reyni að hafa augun opin fyrir þeim möguleikum sem fyrir hendi eru á hverjum stað, á hverju svæði og hvetji fremur en letji til dáða. Ég held að þess hafi gætt of mikið og of víða, að menn hafa málað jafnvel skrattann á vegginn í sambandi við atvinnuþróun og atvinnumöguleika á sínu svæði, í stað þess að leita leiða til að ná saman um jákvæða uppbyggingu. Það er vissulega góðra gjalda vert að halda gamansamar ræður eins og við heyrðum hér og margt réttmætt sem þar kom fram. En menn mega bara ekki láta sitja við það eitt. Menn þurfa að reyna að taka höndum saman, fulltrúar hvers landshluta, ekki bara með þröng sjónarmið viðkomandi landshluta í huga, heldur með auga á þeim forsendum í þjóðfélaginu sem þurfa að vera til staðar til þess að jákvæð uppbygging geti átt sér stað, minnugir þess að Ísland er í reynd eitt þótt við séum talsmenn mismunandi kjördæma.

Ég sagði: Suðurland hefur sín sérkenni, og ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, fyrir utan Vestmannaeyjar, þá öflugu útgerðarstöð sem hefur orðið fyrir áföllum sem allir muna eftir, en náð hefur að rétta við furðuvel fyrir dugnað og harðfylgi og aðstoð, — réttmæta aðstoð annarra landshluta í þeim erfiðleikum sem þar var um að ræða. En hér var öðru fremur verið að ræða um landið, meginlandið, eins og ég hygg að Vestmannaeyingar tali stundum um. (**Gripið fram í:** Fastalandið.) Fastalandið, já. Þar höfum við, sem komum af Austurlandi, lært að væru blómlegri byggðir og meiri möguleikar til landbúnaðar en í öðrum sveitum. Og Suðurland ber þess líka merki, að þar eru blómlegar byggðir í hluta þess, öflugur landbúnaður sem hefur markað hér á þéttbýlissvæðinu við Faxaflóa. Vera má að of mikið hafi dregist af úrvinnslu landbúnaðarafurða hingað yfir í þéttbýlið, einmitt hérna megin heiðar. Það hygg ég að megi til sanns vegar færa. En þrátt fyrir það eru möguleikar Suðurlands í þessum efnum miklir og úr þeim hlýtur að vera hægt að vinna betur en orðið hefur til þessa.

Vissulega er það svo, að hluti Suðurlands hefur orðið landeyðingu að bráð vegna náttúrlegra aðstæðna og vegna ofnytjunar lands á nokkrum svæðum, en við því hefur verið brugðist með starfi ræktunarmannsins að hluta til þó að enn muni halla á í þeirri baráttu.

Fyrir utan þetta býr Suðurland yfir meira vatnsafli en nokkur annar fjórðungur í landinu og þar hefur verið meira að gert á því sviði heldur en annars staðar. En við heyrum frekar undan því kvartað heldur en hitt í máli margra hv. þm. þessa kjördæmis, að þessar framkvæmdir hafi ekki orðið sú búbót sem skyldi. Ég skil það vel, að þeim finnist nokkuð hart að sjá orkuna leidda að drjúgum hluta ofangarðs, án þess að vera aðnjótandi orku t. d. til iðnaðar innan sveitar á sambærilegum kjörum. En möguleikarnir eru þarna miklir og Sunnlendingar hljóta að hafa áhuga á að snúa þarna vörn í sókn, enda hygg ég að sá hugur þeirra hv. flm. sem standa að þessari þáltill.

En það er ekki bara vatnsaflið, sem þarna er í ríkara mæli en gerist í öðrum landshlutum, þannig að nú er það aðeins Austurland sem getur bent á eitthvað svipað hvað snertir magnorku í rennandi vatni, óvirkjaðri orku. Þá býr Suðurland yfir meiri jarðvarma en nokkur annar

landshluti, bæði lághita og einnig háhita. Nýting þessa jarðvarma er að sjálfsögðu stórfellt verkefni fyrir Sunnlendinga eins og aðra þar sem slíkar auðlindir er að finna, því að ekki búa menn í ríkum mæli að því á Austurlandi. Það má vera að við berjum okkur stundum, umbjóðendur þess kjördæmis, en ég held að við reynum a. m. k. að taka saman höndum til þess að ná landi í brýnustu hagsmunamálum okkar svæðis, stundum með árangri, og það trúi ég að þm. Suðurlands hafi einnig hug á að gera.

En af því að ég nefndi jarðvarmann er rétt að geta þess, að um alllangt skeið hefur verið áhugi á því af stjórnvalda hálfu og af hálfu heimamanna að hluta til að efla ylrækt á Suðurlandi. Það mál hefur verið til meðferðar hjá stjórnvöldum að undanförnu, reyndar árum saman, en nú alveg nýverið höfum við ákveðið að leitast við að hrinda því máli í framkvæmd þannig að unnt sé að stofna til ylræktarvers í grennd Hveragerðis með samvinnu garðyrkjubænda og útflutning fyrir augum. Ef það má takast að koma slíku af stað, þá er ég nokkuð viss um að víða muni slíkar ræktunarstöðvar spretta, því að möguleikarnir fyrir þær eru víðar en í Ölfusdal eða í grennd Hveragerðis, þar sem gróðurhúsarækt stendur traustum fótum miðað við innlendan markað.

Sunnlendingar hafa á undanförnum árum tekið myndarlega höndum saman í sambandi við iðnaðaráform, þannig að a. m. k. ég hef eftir því tekið, þar sem er stofnun félagsins Jarðefnaiðnaðar hf. með aðild samtaka sveitarfélaga á Suðurlandi til eflingar iðnþróun. Fyrir utan þessa félagsstofnun, sem hefur nokkur járn í eldi, og þeim vafalaust eftir að fjölga, hefur Samband sveitarfélaga á Suðurlandi efnt til iðnþróunarsjóðs til stuðnings iðnþróun í landshlutanum og sveitarfélögin, að ég hygg, undirgengist að leggja ákveðinn hluta af tekjum sínum í slíkan sameiginlegan sjóð. Þetta tel ég mjög til fyrirmyndar og þetta ætti að verða til stuðnings við iðnþróun innan svæðisins.

Alveg nýlega hefur Samband sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi ráðið sér iðnþróunarfulltrúa með stuðningi af iðnþróunarfé sem iðnrn. hefur getað látið af hendi sem hluta af svonefndu aðlögunargjaldi, sem ekki er lengur tekjustofn, því miður. En fyrir hv. Alþingi liggur nú frv. til l. um að festa þá skipan í sessi og tryggja ákveðinn stuðning af ríkisins hálfu til þessarar starfsemi. Ég held að verkefni fyrir slíka ráðgjafa séu ærin í öllum landshlutum, enda hef ég orðið var við að þetta mál hefur fengið góðar undirtektir. Og af því að hv. 1. flm. þessarar till. nefndi smáiðnað í sveitum, þá held ég að það sé ekki síst í tengslum við almennan iðnað, stuðning við uppbyggingu smáiðnaðar og minni fyrirtækja, sem þessir iðnþróunarfulltrúar geta orðið að liði, þó að ég ætli ekki að draga úr því að þeir geti einnig stutt að stærri fyrirtækjum. Þarna er gert ráð fyrir ákveðnum stuðningi af ríkisins hálfu, og þess er að vænta — þó að hv. alþm. sumir hverjir kvarti undan því að það gerist nokkuð þykkar skýrslurnar sem frá stjórnvöldum komi og lítið spretti af þeim og þeir hafi kannske takmarkaðan tíma til að lesa þær spjaldanna á milli — þá vænti ég að viðkomandi iðnráðgjafar geti nokkuð moðað úr þessu efni, sem fyrir liggur af opinberri hálfu, og kynni sér þá þætti.

Ég vil hins vegar vekja hér athygli á því sem mér fannst koma fram mjög skýrt í máli hv. 1. flm. og reyndar í máli annarra hv. þm. sem hér töluðu, að það væri fyrst og fremst horft eftir aðstoð og frumkvæði hins opinbera í sambandi við atvinnuuppbyggingu á Suðurlandi. Ég skal ekki gerast neinn sérstakur úrtölumaður þess, að hið opinbera komi þar við sögu, og ég hef reynt að hlúa að því í mínu starfi, að hið opinbera reyni að aðstoða við að menn átti sig á þeim möguleikum, sem fyrir hendi kunna að vera, og að skapaðar verði almennar forsendur til atvinnuþróunar. En ég vek sérstaka athygli á því, að hv. varaþm. Sjálfstfl., 1. flm. þessarar till., nefndi fátt annað til bjargræðis atvinnulífi á Suðurlandi en stuðning og frumkvæði af opinberri hálfu og hafði því einkum um að kenna, að lítið hefði gerst, að hið opinbera hefði ekki gáð að því að koma hugmyndum sínum í framkvæmd, því sem frá Framkvæmdastofnun væri komið og er í hennar doðröntum, það hefði sem sagt lítið af því sprottið.

Nú ætla ég ekki að vera með neinn gantaskap eða stríðni í garð þessa hv. þm. sem talar úr flokki sem hefur gjarnan litið á sig sem málsvara einkaframtaksins í landinu. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé ekki að vænta alls bjargræðis frá hinu opinbera, síst af öllu frá ríkinu. Ég er ekki þeirrar trúar. Ég held að það þurfi að koma fleira til, það þurfi að koma til samtök fólksins í byggðunum og einnig frumkvæði og áhugi einstaklinga í sambandi við atvinnuþróun. Og þar sem hið opinbera kemur við sögu, það verður að vera í okkar landi í sambandi við stærri verkefni, en það er ekki síst að greiða fyrir því, að samtök fólksins í byggðarlögunum geti notið sín, að menn geti náð þar höndum saman um skynsamlega úrlausn mála og atvinnuuppbyggingu með samvinnu og samhjálp. Og gjarnan mega einkaaðilar koma þar við sögu og spreyta sig í okkar hagkerfi. Ég tel að einkarekstur í landinu eigi fyllilega rétt á sér í sambandi við margháttuð minni verkefni. Þess er ekki að vænta hér, að hann færist mikið í fang, enda ber ekki sérstaklega að ýta undir það. En þetta þarf að geta dafnað hlið við hlið og menn þurfa áreiðanlega á því að halda í sambandi við atvinnuþróun hér að nýta þá kosti, bæði frumkvæði sem sprettur hjá einstaklingnum og ekki síður hjá einingum samfélagsins, samvinnufélögum, og svo einnig ríkisvaldinu sjálfu.

Ég get mjög vel undir það tekið, að af miklu af því áætlunarstarfi, sem unnið hefur verið af opinberri hálfu á undanförnum árum og jafnvel áratugum og gjarnan er kennt við Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild þeirrar stofnunar eða byggðadeild, hafi ekki sprottið það sem skyldi. Ég tel að það sé mikill meinbugur á því skipulagi sem ríkir í þessum efnum, tengslum þessarar góðu stofnunar. Ég ætla ekki að hallmæla henni eða þeim einstaklingum sem þar eru innan veggja. Þeir hafa áreiðanlega góðan hug. En það vantar mikið á að þar ríki þau tengsl sem þurfa að vera við framkvæmdavaldið í landinu, hin einstöku ráðuneyti og einnig við þá aðila úti í byggðunum sem þurfa að hrinda hugmyndunum í framkvæmd. Á þessu þarf sannarlega að verða bót og kannske getur liður í því verið verulegur uppskurður á þessari svonefndu Framkvæmdastofnun sem hefur ekki alltaf risið undir nafni.

Hér liggur á borðum hv. þm. lesefni sem kvartað var undan fyrir nokkrum dögum að væri eins konar leyniplagg. Hv. næstsíðasti ræðumaður líkti því við Guðbrandsbiblíu og átti von á að sitthvað ætti eftir að fylgja. Ég vænti þess, að hv. 4. þm. Suðurl. taki hluta af jólunum til að lesa þessa biblíu vel og það þeim mun frekar sem hann á sæti í atvmn. Sþ. Atvmn. Sþ. fékk í fyrra til

meðferðar þáltill. um iðnaðarstefnu frá ríkisstj. Þar var m. a. vikið að ýmsum þeim þáttum sem eru hindrun í atvinnuþróun í landinu og sérstaklega í iðnþróun í landinu og við þurfum að sjá til að kippa í liðinn. Þessi till. komst ekki lengra en til þessarar nefndar, ekki út úr henni. Fyrir henni hefur enn ekki verið mælt hér í hv. þingi þó að hún hafi legið hér frammi um nokkurt skeið. En ég vænti þess, að þingið sjái sér fært að fjalla um hana og marka í vetur iðnaðarstefnu og reyna að nýta það sem menn finna nýtilegt í þeim tillögum sem fyrir liggja þar að lútandi. Og þessi byrjun Guðbrandsbiblíu, „Áfangaskýrsla starfsskilyrðanefndar", sem liggur hér á borðum hv. þm., gæti væntanlega orðið mönnum nokkuð til leiðbeiningar og umhugsunar um vissa þætti sem hafa verið hemill í iðnþróun úti um byggðir landins og reyndar í þéttbýli líka.

Það er mikið talað um iðnaðarmál á Alþingi og þm. einstakra kjördæma flytja gjarnan þáltill. um eflingu iðnaðar. Svo koma þeir eðlilega til baka og spyrja: Hvað hefur nú orðið um þetta? Hver er uppskeran af þessum þáltill. sem við höfum fengið hér samþykktar? — Það er eðlilegt að þeir óski svara. En ég vil benda á að menn skyldu einnig hyggja að þeirri undirstöðu sem þarf að vera til þess að þessi atvinnuvegur nái að dafna og til þess að hér verði sú iðnþróun sem flestir eru að kalla eftir. Þá þurfum við m. a. að búa iðnaði í landinu þau vaxtarskilyrði sem þurfa að vera til að atvinnugrein af því tagi fái sprottið, oft og tíðum við býsna erfið ytri skilyrði. Hv. 1. flm. þáltill., sem hér er til umr., nefndi dæmi, að ég hygg, af kartöfluverksmiðju niðri í Þykkvabæ sem hefði verið reist, en þegar til átti að taka vantaði að koma raforkunni til hennar. Ég kannast við þetta dæmi. Ég held að það sé nokkrun veginn rétt. Nú veit ég ekki hvernig þeir framtakssömu menn, sem að þessu stóðu, gengu til verka í sambandi við sína fjárfestingu, hvort þeir byrjuðu á verksmiðjunni í góðri trú og uppgötvuðu þetta þegar komið var nálægt leiðarenda. Þessu var bjargað fyrir horn, ef svo má segja.

Það er alveg rétt hjá hv. 1. flm. till., að í sambandi við raforkukerfið á Suðurlandi er mörgu ábótavant eins og víðar úti um hinar dreifðu byggðir landins. En auðvitað verða menn að gæta þess að láta hlutina haldast í hendur í sambandi við bæði staðsetningu fyrirtækja og uppbyggingu raforkukerfisins. Í því efni hefur einnig mikið verið gert á Suðurlandi, í stofnlínum til að tengja byggðirnar þar innbyrðis. Það er veruleg fjárfesting sem hefur komið þar til á síðustu árum, því ættu menn ekki að gleyma.

Sunnlendingar þurfa ekki heldur að óttast að framkvæmdir í raforkumálum og virkjanamálum hverfi úr þeirra landsfjórðungi. Ekkert slíkt er á dagskrá, það veit hv. 1. flm. þessarar till. Það, sem er efst á blaði í sambandi við virkjunarframkvæmdir, eru einmitt áframhaldandi framkvæmdir við vatnsvirkjanir og í þágu vatnsvirkjana á Suðurlandi. Ég held einmitt að þó að það séu ekki þeir toppar fram undan sem stundum hafa verið, þá gefist Sunnlendingum kostur á að nýta sér það hlé, sem þar verður í því mikla álagi á atvinnumarkaðinn sem virkjanaframkvæmdirnar hafa kallað á, til þess að huga að öðru atvinnulífi, til þess að renna stoðum undir annan atvinnurekstur og þá einnig iðnað. Ég tek eindregið undir það, að að iðnþróun á Suðurlandi þarf að huga, bæði iðnaði, sem byggir á orkulindunum sem þar eru, þó að þar sé ýmislegt mótdrægt eins og takmörkuð hafnarskilyrði, en einnig iðnaði sem byggir á jarðvarma og þeim ríkulegu gæðum til landsins sem Suðurland býr yfir.

Ég læt, herra forseti, þetta nægja um mál sem gæfi tilefni til margra orða í viðbót. Ríkisstj. hefur sagt sína skoðun á atvinnumálum Suðurlands í ýmsum efnum. M. a. samþykkti hún till. 10. apríl s. l. og sendi til hinnar rómuðu Framkvæmdastofnunar, byggðadeildar Framkvæmdastofnunar. Það er kannske ekki illa til fundið að vitna til þeirrar till. hér áður en ég lýk máli mínu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. samþykkir að gerð verði úttekt á atvinnuhorfum og atvinnuþróun í Rangárvallasýslu og lagðar fram tillögur til úrbóta. Verði höfð hliðsjón af aðstæðum og horfum á aðliggjandi svæðum og líklega sveiflum við orkuframkvæmdir á Suðurlandi á komandi árum. Byggðadeild Framkvæmdastofnunar verði falið að vinna að þessu máli í samvinnu við hlutaðeigandi rn. og heimaaðila, m. a. atvinnumálanefnd Rangárvallasýslu og Samband sveitarfélaga í Suðurlandskjördæmi."

Þessu bréfi var komið á framfæri samdægurs, að ég hygg, við stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins. Þar er nú í forsvari enginn annar en hv. 6. þm. Suðurl., stjórnarformaður þeirrar stofnunar. Ég innti eftir framgangi málsins með sérstöku bréfi og fyrirspurn í byrjun októbermánaðar og vænti þess, að það heyrist frá Framkvæmdastofnun innan tíðar í þessu efni. Ég trúi ekki öðru, ef hv. þm. Suðurlands bera gæfu til þess að leggjast saman á árar, en þeim verði nokkuð ágengt í að nýta ríkulega möguleika og auðlindir í sínum fjórðungi. Að því vil ég stuðla.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég vil taka undir efni þessarar þáltill. um að athugun sé gerð á því, hvernig hægt er að greiða fyrir uppbyggingu atvinnulífs á Suðurlandi, og jafnframt taka undir með hæstv. iðnrh. um það, að ég tel að Suðurland bjóði upp á marga möguleika, eins og alls staðar er að finna hér á landi, þó að þeir séu nokkuð misjafnir eftir landshlutum, séu ekki alls staðar þeir sömu. Þessa möguleika til iðnaðaruppbyggingar á Suðurlandi höfum við vegna þeirra landkosta sem þar eru á ýmsum sviðum. Hér hefur verið nefnd orkan, bæði vatnsorka og jarðhiti. Við teljum einnig að við höfum jarðefni sem æskilegt og hagkvæmt sé að nýta. Ég vil benda á það, að ég ásamt fleiri þm. Suðurl. hef flutt hér á Alþingi till. til þál. um að stuðla að aukinni kornrækt á Suðurlandi, og þar tel ég að möguleikar séu einnig fyrir hendi í fleiri landshlutum, m. a. í Austurlandskjördæmi. En ég tel einnig að það séu miklir möguleikar á Suðurlandi til atvinnuuppbyggingar vegna þess að þar býr duglegt og framtakssamt fólk, ekki síður en annars staðar hérlendis, sem hefur vilja til að byggja upp atvinnulíf. Ég held að þess vegna sé ekki þörf á því fyrir okkur að kalla eingöngu til opinbera aðila og biðja þá um að gera allt, þar sem viljinn er til heima fyrir. En það, sem við erum að fara fram á, er að fá nauðsynlegan stuðning til þess að hagnýta möguleikana og hrinda vilja fólksins í framkvæmd.

Það er rétt, að samvinnufélögin á Suðurlandi hafa lyft grettistaki. Þau hafa á undanförnum áratugum sigrast á þeim margvíslegu erfiðleikum, sem þar var við að glíma, og allt aðrar aðstæður eru nú orðnar í dag. Samvinnufyr-

irtækin hafa þar eins og víða annars staðar verið burðarásinn í uppbyggingu atvinnulífs. En því miður hefur það gerst á síðustu árum, að það hefur þyngst fyrir fæti, t. d. fyrir dreifbýlisverslun, sem samvinnufyrirtækin annast, þannig að geta þeirra til áframhaldandi atvinnuuppbyggingar er ekki jafnmikil og æskilegt er. Ef koma á af stað atvinnufyrirtæki nú þarf í upphafi mikið fjármagn sem er svo dýrt hjá okkur að það er ákaflega erfitt fyrir einn eða örfáa einstaklinga að leggja það allt fram og standa undir því meðan verið er að byggja upp atvinnureksturinn. Þess vegna er þörf á stuðningi með samtökum einstaklinga í samvinnufélögum eða með samtökum sveitarfélaga, eins og iðnrh. benti á að Sunnlendingar hafa gert, þar sem þeir hafa bæði stofnað samtök allra sveitarfélaga á Suðurlandi til iðnaðar, athugunar á iðnaðaruppbyggingu, og enn fremur til að leggja í iðnþróunarsjóð sem einmitt er ætlað það hlutverk að létta undir fjármagnskostnaði við að koma svona verkefnum af stað. Möguleikana er sem sagt vafalaust víða að finna og það er víða að finna áhuga á að hagnýta þá.

Ég var t. d. í matarhléi núna að ræða við mann, útlending, sem var að benda á möguleika sem við hefðum til að byggja upp smáiðnað sem e. t. v. hefði þá kosti að ekki þyrfti að fara allt of stórt af stað, en hægt væri að byggja upp í áföngum.

En það, sem ég vil sérstaklega leggja áherslu á, er að opinberar stofnanir og starfsmenn þeirra mega ekki hafa allt of mikla vantrú á þeim möguleikum, sem eru á hagnýtingu landkosta á Suðurlandi, og getu Sunnlendinga til þess að hagnýta þá. Þær þurfa að treysta því, að það, sem þar er verið að reyna að byggja upp, sé á raunhæfum grunni byggt.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að segja mörg orð hér í viðbót, en kemst nú ekki hjá því að gera örfáar aths. við ræðu hæstv. ráðh., þó ekki væri nema til þess að leiðrétta misskilning, því að mér heyrðist að það væri alger misskilningur á ferðinni, eins og hæstv. forsrh. orðar það stundum.

Ég skil ekki hvað það kemur málinu við og hvernig í ósköpunum hæstv. ráðh. dettur í hug að ræða mín hér áðan, ef ræðu skyldi kalla, sagði nokkur orð óviðbúinn í þessum ræðustól, hafi verið eitthvað gamansöm ræða. Halda menn að ég hafi verið að gera að gamni mínu hérna? Heldur hæstv. ráðh. að við ætlum að sleppa honum átakalaust með það að hirða af okkur steinullarverksmiðjuna? Það er misskilningur. Hann getur áreiðanlega séð eftir því einhvers staðar annars staðar en hér í þinginu eftir að sú ákvörðun hefur verið tekin.

Nei, það eru engin gamanmál hér á ferðinni. Sannleikurinn er sá, að við höfum ekki sagt neinum ofsögum af því, hvernig Suðurland og atvinnulífið á Suðurlandi hefur verið leikið. Það er ekki aðeins áfall t. d. eins og hann nefndi í Vestmannaeyjum út af eldgosi, sem hafði næstum því komið Vestmanneyingum á kné, eins og margir héldu, en varð auðvitað ekki. Við gefumst ekki upp þó að við fáum á okkur eldgos, en okkur var auðvitað gert mjög erfitt um vik af stjórnvöldum á sínum tíma að ljúka uppbyggingunni eins og þörf var á.

Hér á hinu háa Alþingi var tekin ákvörðun um það, að frumkvæði manna sem ég minnist enn, samferðamanna minna hér árum saman, að skerða tekjur Viðlagasjóðs og fella niður mikinn hluta tekna Viðlagasjóðs á versta tíma, þegar Viðlagasjóður var í bullandi skuld í Seðlabankanum og borgaði fulla vexti fyrir. Vaxtagreiðslur Viðlagasjóðs til Seðlabankans námu næstum því sömu upphæð í krónutölu og öll gjöfin frá Norðurlöndum. Það er ljótt að heyra. Á þessum tíma ákváðu misvitrir menn hér í þinginu, — því miður er stundum dálítið af þeim þó að við hérna, örfáir raunsæismenn, teljumst auðvitað ekki til þeirra, — að hirða af Viðlagasjóði tekjurnar á þeim forsendum að hann ætti miklar eignir og gæti étið eignirnar, eins og á að éta gengismun Seðlabankans núna, eitthvað af því tagi. En Viðlagasjóður hafði keypt hús og lánað fólki fé til þess að kaupa þau, vegna þess að húsnæðislánakerfið neitaði að lána út á Vestmannaeyjahúsin, þá fékkst aldrei króna þar. Þess vegna voru peningarnir bundnir í skuldabréfum til langs tíma. Og enn eru eftir a. m. k. — hvað eigum við að segja? — 18 ár til lokagreiðslu á megninu af þeim skuldabréfum. Þau voru til 26 ára, á sömu kjörum og húsnæðismálastjórnarlánin, í því skyni að selja húsnæðismálastjórn þessi bréf smátt og smátt. Við ætlum ekki að heimta þetta af henni í einu lagi. Greiðslustaða sjóðsins lagaðist auðvitað ekki við það að missa tekjurnar. En það voru einhverjir svona spekingar með þykka skýrslubunka undir höndunum sem sönnuðu þetta hér, nægilega vel a. m. k. til þess að menn samþykktu þessa bölvaða vitleysu. Og auðvitað var stjórn Viðlagasjóðs, sem ég var í, skömmuð fyrir að hafa enga peninga. Þá voru menn að gera tilraun til þess að hengja bakara fyrir smið. En það tókst ekki, eins og allir hv. þm. geta séð.

Nei, það er satt að segja ekki aðeins vegna áfalla af eldgosinu sem ýmislegt hefur þróast á verri veg í Vestmannaeyjum. Það er nefnilega tilfellið, þó allir haldi að Vestmannaeyjar séu eitt gósenland í atvinnulegu tilliti, að þar er atvinnuástand býsna veikt, óstöðugt og alls ekki fulltryggt, vegna þess að það er ekki alltaf gengið að þeim fiski sem þarf að sækja í sjóinn. Það er ekki eins farið að því og að rölta út í fiskbúð og kaupa sér eitt flak. Það vill nefnilega svo til, að síldin er kannske fyrir norðan og austan þegar hún ætti að vera hér í kringum Eyjar, eins og öll heiðarleg síld gerði áratugum saman. Við höfum þess vegna misst af henni ár eftir ár. Loðnuveiði, sem var uppistaðan í vinnu fjöldamargra manna í Vestmannaeyjum um langt árabil, hefur minnkað. Loðnan hefur haldið sig annars staðar. Það er minna veitt af henni á Suðurlandi. Vestmannaeyjar voru í mörg ár langhæsta löndunarstöð loðnu. Þar sést varla loðnukvikindi lengur. Fólkið, sem vann við þetta, vinnur ekki við það þegar loðnan fæst ekki.

Eitt af því, sem hæstv. iðnrh. og aðrir þeir, sem eru að huga að iðnaðaruppbyggingu í landinu, ættu að muna, er hversu einhæft atvinnulíf er í næstum öllum verstöðvum landsins. Það er mjög vont að geta ekki boðið ungu fólki nokkurn skapaðan hlut annan en að standa í þrælabúðunum, eins og má kalla, og vinna myrkranna á milli í mikilli akkorðspressu. Það er erfiðasta vinna í heimi. Engum fangabúðastjóra í veröldinni hefði nokkurn tíma dottið í hug að leggja slíkt á sína undirsáta — aldrei. Fólk vill nefnilega hafa tækifæri til annars, ekki síst það fólk, sem síðar getur staðið í slíku erfiði, eða fólk sem er farið að eldast. Í þessum sjávarþorpum er um allt of fáa möguleika að ræða í atvinnulegu tilliti. Að því þarf að huga og reyna að gera sér grein fyrir hvað getur komið í

staðinn.

Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að bæði ég og aðrir hér inni — ég er alveg viss um það — eru tilbúnir að verða bandamenn hans í því að efla atvinnulíf í landinu á iðnaðarsviðinu. Það er auðvitað alveg fráleitt að teja að það, sem við höfum sagt hér, ég og aðrir þm. Suðurl., beri keim af svartsýni og það af síður af fordómum. Þetta eru bara staðreyndir sem við höfum verið að segja, og þær eru óþægilegar. En við eigum ekki að beita þeirri aðferð að loka augunum fyrir óþægilegum staðreyndum. Þeim mun opnari þurfa þau að vera sem erfiðara er að eiga við vandann.

Eitt af því, sem ég fann að hér áðan, var sú geysilega pappírsframleiðsla og allar þessar vangaveltur, og ég hef talað svolítið um steinullarverksmiðjuna. Hún er einmitt dæmi um fyrirtæki sem við hefðum getað verið byrjaðir á, á þeim eina og rétta stað þar sem hún á að koma, þar sem hún er heppilegust, þar sem hráefnið er ódýrast, þar sem ekki þarf birgðir á háum vöxtum til langs tíma, þar sem styttra er á markaðinn og þar sem möguleikar eru til útflutnings, ef hann gefst. Öll rök hníga að því, að hún eigi að vera þarna, og kannske ekki síst vegna þess, — ég bið menn að taka eftir því, — að ekkert kjördæmi í landinu hefur eins lágar meðaltekjur og Suðurland. Það er langlægst. Við vorum talsvert hærri en t. d. þeir á Norðurlandi vestra. Það situr hér ágætur maður og hlustar vandlega á það sem ég segi, sem von er, um það. Þeir voru lægstir. En ef við skoðum línuritið um meðaltekjur manna í kjördæmum, þá stígur þeirra línurit til himins og byrjaði á því fyrir alllöngu. Ég man ekki hallann nákvæmlega, ég gæti giskað á að hann væri ekki minni en 20%, það er býsna mikill halli. Hjá okkur sígur hann hægt en örugglega niður. (**Gripið fram í:** Það gera bændurnir.) Það gera bændurnir, segir hv. þm. og framsóknarmaður úr Sjálfstfl. að austan, að bændurnir séu svona slaklega launaðir. Ég veit ekkert um það, hvað þeir hafa miklar tekjur, en þeir virðast hafa það alveg sæmilegt, margir þeir sem ég þekki. Ég veit ekki betur en í landbúnaðarframleiðsluna fari býsna miklir peningar. Það eru komnir býsna miklir peningar í hana, jafnvel þó helmingurinn af ostinum sé gefinn til útlanda, þriðjungur af ketinu gefinn til útlanda fyrir verð sem dugar handa Sambandinu, uppáhaldsfyrirtæki þeirra framsóknarmanna í öllum flokkum. Það fara í hana útflutningsbætur upp á 20 milljarða, niðurgreiðslur upp á 46 milljarða. Þetta hefur komið frá allri þjóðinni. Það er ekki bara handa bændum, síður en svo, en þó aðallega handa bændum. Allt fer þó þetta til þess að kaupa landbúnaðarafurðir fyrir, beint og óbeint, fyrir utan alla þá peninga sem þeir þurfa að tína upp úr vösunum til þess að kaupa ketið. Það þýðir ekkert að vera með svarta leppinn fyrir báðum augum, hv. þm. Við skulum ekki fara út í landbúnaðinn hér að sinni. Þá er ég hræddur um að klukkan fari að fara yfir eitthvert óþægilegt strik þarna uppi á veggnum.

Það, sem ég átti aðallega við í sambandi við steinullarverksmiðjumálið, var hversu óskaplega seint þetta hefur gengið, þar sem margir geysilega fróðir og vitrir sérfræðingar hafa unnið að þessu, eins og forstöðumaður byggðadeildar í Framkvæmdastofnuninni sem allt vill auðvitað gera til þess að fá hlutina norður, því að hann er meiri Norðlendingur en nokkur Akureyringur, hvað þá annað, þó að hann sé auðvitað fæddur fyrir sunnan. En það er staðreynd. Þetta hefur þurft að rannsaka og rannsaka og ævinlega þegar að því hefur komið, að hæstv. ráðh. hefur þurft að taka einhverja ákvörðun í þessum efnum, þá hefur hann beðið um meiri pappír. Þetta er ekki skrök, þetta er bara satt. En á fyrsta blaðinu sem kom, á undan bókunum, á undan öllu því sem framleitt er í rannsóknarstofnunum nyrðra og syðra og ytra, á þessu eina blaði kom það fram í fáum og einföldum staðreyndum og fáum orðum hvar átti auðvitað að reisa verksmiðjuna. Það var ljóst. En menn vilja ekki vita það. (**Gripið fram í:** Og steinþögðu.) Já, það eru einmitt svona vinnubrögð, þar sem málin eru tafin og tafin og dregin og rannsökuð og skoðuð, þangað til allt er auðvitað orðið uppgefið. Það er siður hér í kerfinu að vera sífellt að fresta öllum málum þegar menn kannske nauðvantar peninga út úr kerfinu til þess að gera eitthvað alveg ákveðið og sérstakt. Þeir geta bjargað sér með því að koma fyrirtækinu í gang, halað inn peninga á fjárfestinguna. Þá þurfa þessir sérfræðingar að fá pappír, herra forseti, og meiri pappír. Og á meðan drepur fjárfestingarkostnaðurinn, í ónothæfri fjárfestingu, áður en fyrirtækið getur farið í gang.

Það er alveg skelfilegt hversu lítið jarðsamband er hjá mörgum stjórnmálamönnum hér á hinu háa Alþingi. Fjöldamargir þm. hafa komið beint af skólabekknum, án þess að hafa nokkurn tíma dýft hendinni í kalt vatn, inn í þessa stofnun og eiga að fara að ráðskast með alla skapaða hluti, atvinnuvegi þjóðarinnar o. fl., án þess að hafa svo mikið sem hundsvit á því, því miður. (**HBl:** Áttu við iðnrh.?) Þetta eru óskaplega gáfaðir og vel menntaðir menn, margir hverjir. (**Gripið fram í:** Áttu við ráðherrana?) Ég á við ráðh., bæði núv. og fyrrv. Ég ætlast nú til að hv. þm. Egill Jónsson noti ekki svo sérstaka mállýsku fyrir austan að hann skilji ekki hvað ég er að segja.

Herra forseti. Það er satt að segja alveg hárrétt, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh., að það er ekki nóg að kalla stöðugt á hið opinbera. Ég er alveg sammála því. Það er nú eitt af því sem er að drepa þá í Póllandi núna, að fyrirtæki, sem eru á hausnum, eru rekin af ríkinu, en hin lafa þó uppi þó að illa sé að þeim búið. (**EgJ:** Bragð er að þá barnið finnur.) Það segir hv. þm. Egill Jónsson satt, þó að hann sé ekki vanur því. Allir þurfa að hafa opin augu fyrir möguleikunum sjálfir. Frumkvæðið þarf auðvitað í flestum málum helst að koma frá heimamönnum. En hvað stoðar að hafa hugmyndirnar og frumkvæðið til þess að setja upp einhvern iðnað ef ekkert rafmagn er komið þangað, svo að ég tali nú ekki um að þegar það kemur er það helmingi dýrara en alls staðar annars staðar, á því svæði þar sem rafmagnið er framleitt? Ég er alveg tilbúinn að taka höndum saman við hæstv. iðnrh. Og það þarf ekkert að eggja okkur Sunnlendinga hér lögeggjan að við fórum að standa saman núna. Við erum ekki að byrja á því að standa saman. Við höfum staðið saman eins og einn maður, menn úr öllum stjórnmálaflokkum, að jarðefnaiðnaðarmálunum. Það sér enginn muninn lengur á mér og hv. fyrrv. þm. Ingólfi Jónssyni. Menn halda að við séum báðir komnir í Framsfl. eða einhvern annan flokk. Við leiðumst hönd í hönd, bæði inn á fundi og út af þeim aftur. Við erum svo sameinaðir í þessu markmiði. Og það er ekki okkur að kenna að við höfum ekki fengið leyfi til þess að byrja á þessu. Það er eitthvað annað. Það er einmitt í þessu dæmi um jarðefnaiðnað, um frumkvæði heimamanna, þar sem hið

hræðilega pappírstígrisdýr kerfisins liggur ofan á lokalausninni. Það er staðreyndin og hún er ekki falleg.

Ég held að það sé ekki svo óskaplega erfitt að gera sér grein fyrir hvað þarf að gera til þess að reyna að lyfta undir möguleika iðnaðarins. Það þarf ekki óskaplega langa rannsókn til að sjá hvernig er unnt að bæta stöðu hans. Það er auðvitað hægt að gera með ýmsum hætti. Eðlilegast er það í iðnaði eins og í öðrum atvinnuvegum að reyna fyrst og fremst að beita sér að því að gera aðföngin eins ódýr og mögulegt er, að hráefnið komi tollfrjálst í hendurnar á þeim, sem eru í samkeppnisiðnaði, og að þeir fái ódýra orku til að framleiða sína vöru, það séu ekki bara fyrirtæki í eigu útlendinga eða þá Íslendinga og útlendinga saman, sem fá ódýra orku, heldur að íslensk iðnfyrirtæki njóti þess að við höfum næga orku. Ég er ekki að stinga upp á því að þau fái orku við sama verði og stórfyrirtæki sem kaupa mikið magn langan tíma á ári, kannske 8000 nýtingartíma. Ég man nú ekki hvað eru margar klukkustundir í árinu. (Gripið fram í.) 8700, nýtingartíminn á rafmagni er kannske 8500 hjá þessu fyrirtæki. Auðvitað verður það að vera ódýrara en hjá þeim sem nota bara rafmagnið í 5000 stundir eða svo. Ég er ekki að heimta það. Hins vegar er alveg ástæðulaust að okra á þeim með rafmagnsverði og leggja svo alls konar skatta ofan á sem ríkið verður svo að skila einhvern tíma til baka á síðari stigum, þegar þetta háa verð hefur margfaldast í kerfinu á leiðinni gegnum prósessinn, skila því aftur til þeirra í formi styrkja og þess konar aðstoðar.

Það er auðvitað hægt að koma iðnaðinum til aðstoðar með því að létta innflutningsgjöldin af aðföngum og bjóða ódýrt rafmagn. Svo er líka hægt að þyngja svolítið róðurinn hjá þeim sem flytja inn vörur í samkeppni við Íslendinga þó að við megum ekki hækka á þeim tollana. Það gera flestar almennilegar þjóðir að grípa til þess, eins og kom hér fram um daginn með Svíana. Menn hér ætluðu að selja þeim stóla og borð og þar fram eftir götunum. En þeir láta hlutina fara í margra mánaða rannsókn, hvort þeir séu nógu góðir. Auðvitað er þetta miklu betra en hjá þeim og það vita þeir. En þeir tefja málið og tefja. Svona vefjast Þjóðverjar líka í kringum hlutina sem verið er að flytja til þeirra lands. Hæstv. iðnrh. ætti að þekkja svolítið til þeirra. Það eru ýmsar leiðir til þess að laga þetta þó að ég hafi það auðvitað ekki í höfðinu. Ég hef aldrei verið mjög nálægt iðnaði. En það er auðséð að þarna er hægt að taka víða á.

Það er eitt dálítið merkilegt við þetta plagg hérna, fyrir utan það að fjalla að talsvert miklum hluta um sjómannafrádrátt. Ég get ekki séð að það komi þessu máli mikið við þar sem er býsnast yfir því að sjómenn fengu sérstakan fiskimannafrádrátt. Það er talinn skaði fyrir iðnaðinn. Það sýnir sig hins vegar og kemur fram í þessari bók, að ef hann yrði felldur niður mundu sjómenn greiða 55% hærri skatta en þeir gerðu áður. Það þýðir ekkert að vera að taka sjómannafrádráttinn af sjómönnum. Þeir fengu hann í staðinn fyrir annað sem þeir gáfu eftir á sínum tíma. Þetta er samningsmál, og ég hefði gaman af að sjá iðnaðarormana rífa hann af sjómönnum. Það fer ekki hljóðlaust hér í gegn a. m. k.

Í þessari bók eru margir merkir kaflar, ég efast ekki um það, og töflur sem enginn les auðvitað. En það vantar hérna einn kafla í bókina, tvo í raun og veru. Og það sem vantar fyrst er III. kaflinn. Um hvað ætli hann fjalli? Skiptir hann kannske í augum hæstv. iðnrh. og annarra iðnaðarforka minnstu máli? Það er kaflinn um markaðsmálin. Í rauninni er enginn vandi í þessu nema markaðsvandinn. Og þar er farið skakkt að. Það er byrjað að framleiða hér og prjóna og spinna — eða hvað það nú heitir allt saman? — í landinu alls konar vörur úr lopa og þessu dóti, prjónavörur eins og okkur finnst fallegt. En við erum ekkert farin að kíkja á það, hvort útlendingarnir, sem eiga að kaupa þetta, vilja fara í þetta. Fyrst á auðvitað að kanna markaðinn: Hvað vantar markaðinn, hvað vill kúnninn kaupa? Það þýðir ekkert að framleiða bara skrautleg föt, sem útlendingum finnast ljót. Það er ekki hægt að selja lopapeysur til Nígeríu eða eitthvað þess háttar, það þýðir ekki. Menn verða að athuga eitt, ef menn ætla að vera í „bisness" og það er, hvað er hægt að selja, og síðan að framleiða það sem „kúnnarnir" vilja fá. Það er m. a. þess vegna sem við getum ekki haft fullvinnsluna á fiskréttunum hér heima. Við verðum að vera með verksmiðjurnar á markaðnum, þannig að við finnum alltaf strax hina minnstu breytingu, til þess að við getum snúið okkur að því sem fólkið vill éta. Það þýðir ekkert að framleiða það sem fólk vill ekki éta. Við fáum enga peninga fyrir það. Það, sem er aðalatriðið í þessum efnum, eru auðvitað markaðsmálin frá upphafi til enda.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. kveinkaði sér svolítið undan því, að ég hafði líkt þessu kveri hér við helga bók, og var ástæðulaust. Þessi bók er allt of þykk. Þeir, sem rannsaka þetta og vilja bera saman staðreyndir, eiga að gera það fyrir sig og halda staðreyndunum saman, taka síðan saman í miklu, miklu fyrirferðarminna kveri en þetta er, margfalt minna en alla skýrsluna, ekki bara formálann, niðurstöðurnar og helstu efnisatriðin. Og menn verða þá að treysta því, að rétt sé farið með heimildir. Sjálfur Jóhannes Nordal skrifar undir þetta. Allt staðar er hann.

Við skulum hugsa okkur það, að allir hæstv. ráðherrar væru jafnduglegir og hv. þm. og ráðh. Hjörleifur Guttormsson að koma með efni um allt það sem hann er að gera og skiptir geysilega miklu máli í þjóðfélaginu að sé vel unnið. Allir fá upplýsingar um virkjunarleiðir og flutning rafmagns til aldamóta — var það ekki? — hvernig svo sem farið er þangað með rafmagnið. Um þetta eru mjög nákvæmar bækur, töflur, skýrslur og línurit. Þær eru bara of þykkar. Ef þróunin verður nú eins og undanfarin ár í ráðherraefnum hjá okkur, að við erum komnir úr þremur ráðh. í tíu, það er sjötti hver þingmaður ráðh. og hlutfallið milli ráðh. og hinna er 1:5. Það er svo nú. Ef þeir framleiða allir svona mikið í sambandi við sín mál og allir svona þykkt og langt mál þá komumst við aldrei yfir að lesa allt þetta og verðum að ráða okkur menn á launum til að draga út úr þessu aðalkjarna málsins. Við höfum ekki efni á því. Það er að mínum dómi alls ekki þörf mikillar rannsóknar. Sannleikurinn er sá, að í þessum efnum er um pólitískar ákvarðanir að ræða í atriðum sem við þekkjum til að langmestu leyti. Þetta er ekki neinn frumskógur hérna: opinber gjöld og skattar, tollar, launaskattur, sem er ýjað að alls staðar núna, og fleira af því tagi. Það er ekkert flókið. Það eru ekki margir liðir í þessu dæmi. Ég held að það sé hægt að fá allt efni þessarar bókar, sem er sjálfsagt mörg hundruð síður, ég veit það ekki, maður vigtar þetta bara í kg, telur ekki bls., og kannske í tíunda partinum af þessu kæmist allt þetta efni fyrir án þess að þurfa að missa nokkurn

skapaðan hlut. Vildu menn kynna sér og kanna betur einhverjar þær forsendur sem að baki búa, þá geta þeir það sjálfsagt í vinnugögnum þeirrar nefndar sem að þessu vinnur. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að við lesum 10 þús. bls. á einu þingi. Ég hef hins vegar hugsað mér að lesa þetta, af því að ég rakst hér á langt og mikið mál um sjómannafrádrátt sem ég var að segja frá áðan, og það er alveg ótrúlegt að menn skyldu eyða svona löngu máli í það. Það tekur álíka mikið rúm og öll efnisatriði þessa máls gætu komist fyrir á öllu — og mætti sleppa úr formálanum. En ég skal lofa því að lesa þessa bók, meira að segja með góðu hugarfari og alls ekki náttúrlega eins og skrattinn les biblíuna. En ég vil endurtaka það, að það þarf ekki svona þykkar bækur til að koma þessu efni til skila.

Að lokum vil ég aðeins nefna það, að það er eiginlega ekki alveg nógu góð latína, eins og það var orðað í gamla daga, þegar menn koma hér upp og halda ræðu eins og hv. þm. gera og hæstv. ráðh. og fleiri og segja setningar eins og t. d. í fyrsta lagi: „að hyggja að þeirri undirstöðu" — og engin skýring hvað átt er við. Hver er undirstaðan? Og enn fremur setning eins og „að búa þeim vaxtarskilyrði". Hvað þýðir það? Þegar menn taka sér slík orð í munn verða þeir að gera ofurlitla grein fyrir við hvað er átt, jafnvel er hægt að koma því frá sér í stuttu máli. Ég tala aldrei lengi og það gerir hæstv. iðnrh. líka sjaldan hér. En ég held að menn geti, án þess að lengja mál sitt mikið, talað þannig að allir viti nákvæmlega hvað um sé rætt.

Herra forseti. Þáltill., sem hér liggur fyrir frá hv. þm. Sigurði Óskarssyni og Guðmundi Karlssyni, er flutt í þeim anda að stuðlað sé að iðnaðaruppbyggingu á Suðurlandi. Ég gæti vel fallist á till. eins og þessa ef í textanum sjálfum væri ekki eingöngu miðað við orkufrekan iðnað á Suðurlandi. (**Gripið fram í:** Stendur það ekki?) Það stendur hérna. (**Gripið fram í:** Þetta er annað.) Já, það er iðnþróunaráætlun og ítarleg könnun. Ég er vanur að hlaupa yfir þessi orð, það er satt. Það verður að hafa það. Svona eru menn orðnir að ég sleppi þeim. En aðalkjarninn í þessari till. er sem sagt að tryggja staðsetningu orkufreks iðnaðar á Suðurlandi. Ég gæti samþykkt þessa till. og talað fyrir henni þegar hún kemur hér aftur til umr. — Gerir hún það ekki, hæstv. forseti? (**Forseti:** Það vona ég.) Þá get ég verið undirbúinn, og ef við gætum orðið sammála um að breyta þessu þannig, að í staðinn fyrir orkufrekan iðnað einan kæmi t. d. — það er bara fyrsta uppástunga: tryggi staðsetningu meðalstórra og stórra fyrirtækja í iðnaði. — Þar væri auðvitað innifalinn orkufrekur iðnaður.

Sú ákvörðun, sem hv. alþm. hafa tekið í raun og veru með því að samþykkja að virkja þessi lifandi ósköp á næsta áratug, á ekkert að vefjast fyrir mönnum sérstaklega, hvernig röðun framkvæmda gengur. Hún er algert aukaatriði í raun og veru. Menn vilja bara keppast um það úti á landsbyggðinni að fá að verktaka svolítið og græða peninga. Ég skil það vel. Það er auðvitað ekki kjarni málsins og skiptir engu hvort við byrjum á Norðurlandi vestra, Austurlandi eða höldum áfram á Suðurlandi. Sá kostur blasir nú auðvitað við. (**EgJ:** Hvar þá?) Halda áfram á Suðurlandi, mér sýnist það. Það vill enginn þá virkjun. Með því að samþykkja að virkja svona mikið erum við jafnframt búnir að samþykkja að koma þessari orku í lóg. Ekki trúi ég því að nokkur maður hér sé svo galinn að hann ætli bara að virkja og virkja og ætlist til að landsbyggðarfólkið éti þetta rafmagn. Það er ekki hægt. Það verður að selja þetta rafmagn eða selja þær vörur sem eru framleiddar fyrir tilstilli þessa rafmagns. Það er aðeins tvennt í því. Við erum nefnilega búnir að samþykkja það með svona hröðum orkuframkvæmdum og örum virkjunarframkvæmdum á stuttum tíma að hafa mikið rafmagn hér til sölu, sem þýðir auðvitað, hvort sem menn vilja horfast í augu við það eða hlaupa í kringum það eins og heitan graut, mikla stóriðju í landinu á næstu árum. Og fyrst búið er að ákveða þetta þýðir ekkert annað en standa frammi fyrir því. Það er alveg sama hvar menn eru í flokki. Þetta er ekki flokksmál eða pólitískt mál. Þetta eru bara ósköp einfaldar, raunvísindalegar staðreyndir.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta að sinni. En þegar við komum óþreyttir til þings eftir jólin og erum búnir að lesa þessa ágætu bók og allar hinar, þá gæti kannske komið að því að við héldum hérna betri og lengri ræður.

Forseti (Jón Helgason): Ég ætlaði ekki að þreyta hv. alþm. með mjög löngum fundi í kvöld. Umr. hafa nú dregist nokkuð, en ég mun freista þess samt sem áður að ljúka þessari umr.

Flm. (Sigurður Óskarsson): Herra forseti. Því miður varð ég fyrir vonbrigðum þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. iðnrh. áðan. Ég hafði sannarlega búist við öðru þar sem örfáum dögum eftir að þessi till. var lögð fram hér á Alþingi bárust tilkynningar um það í fjölmiðlum, að komin væri nefnd frá Sunndalsverksmiðjunum í Noregi til þess að kanna hér staðsetningu álverksmiðju. Það hvarflaði ekki annað að mér en hæstv. iðnrh. hefði kallað þessa menn til eftir að þáltill. kom fram. En nú kemur í ljós að ég mun hafa haft rangt fyrir mér. Ég harma það.

Ég varð einnig fyrir ákaflega miklum vonbrigðum að hlýða á hæstv. iðnrh. taka svo til orða, að hann talaði um svartsýni og fordóma, að við lettum fremur en hvettum, við hefðum augun ekki opin og við hefðum þröng sjónarmið. Mér kemur ákaflega á óvart að heyra þetta frá hæstv. ráðh., þar sem honum má vera kunnugt um það betur en flestum öðrum, að þessar skýrslur um iðnþróunaráætlun í Rangárvallasýslu og áfangaskýrslan, skýrsla sem ég hef um iðnþróun í Skaftafellssýslu, þær eru samdar og gerðar að frumkvæði heimamanna og í samvinnu við heimamenn.

Ráðh. gat um bréf, sem hann sendi 11. apríl í vor fundinum sem haldinn var um iðnþróun í Rangárvallasýslu. Hann sendi það bréf einnig til byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins. Vitið þið hvaða svar við í atvinnumálanefnd Rangárvallasýslu fengum hjá forstjóra byggðadeildar varðandi það? Hann segir: „Mér er ómögulegt að finna hvernig stofnun mín á að fara að semja skýrslu sem við erum þegar búnir að semja." Hefur greinilega verið stefna þeirrar stofnunar og ekkert óeðlilegt að gæta að því, hvort eitthvað yrði ekki framkvæmt samkv. þeirri skýrslu sem afgreidd var 1978.

Ráðh. minntist einnig á það áðan, að við horfðum gjarnan til hins opinbera, en mér skildist á máli hans að við gerðum of lítið sjálf eða freistuðumst til þess að gera

of lítið, við værum ekki nógu áhugasamir, Sunnlendingar, um að hafa forgöngu og búa að einkaframtakinu eða byggja á því. Ég vil nú upplýsa hér, ef mönnum er ekki um það kunnugt, þm. og ráðh., að atvinnuuppbygging á Suðurlandi er fyrst og fremst í formi einkaframtaks og þeirra samvinnufélaga sem hafa verið að berjast við bæði iðnrekstur og þjónustu þar við ótrúlega erfið skilyrði.

Ég get nefnt dæmi um hvernig hið opinbera bregst við þegar einkaframtakið ætlar að reyna að bjarga sér á þessu landssvæði. Það var gerð tillaga um það af atvinnumálanefnd eins sveitarfélags í Rangárvallasýslu fyrir rúmu ári að reisa rafstöð við tiltölulega lítið fallvatn fyrir eitt kauptún. Samþykkt var að kanna hvort mætti gera þetta. Það kom greinilega í ljós, að alveg útilokað var að leyfi fengist til þess. Hvernig dettur nokkrum manni í hug, sem fjallar um atvinnumál á Suðurlandi, að dugandi athafnamenn og einstaklingar geti lagt af nokkru viti í atvinnuuppbyggingu við þær aðstæður, að orkan til iðnaðarkyndingar er á tæplega sjöföldu verði miðað við það sem gerist á samkeppnissvæðinu, fyrir utan allt annað sem vantar? Ég mótmæli því þess vegna og vísa fullkomlega heim til föðurhúsanna að það skorti áræði og framtaksvilja hjá einstaklingum og fyrirtækjum á Suðurlandi til þess að bjarga sér. Það, sem okkur vantar, og það, sem við viljum, er að þeim sé skapaður rekstrargrundvöllur og þau fái að standa jafnfætis þeim sem þau eru að keppa við á markaðnum. Það er það sem við viljum. Við erum ekki að biðja um gjafafé. Það er alrangt ef einhver heldur það. Við erum að biðja um að fá að keppa á jafnréttisgrundvelli. Þá verður uppbygging á Suðurlandi ef við fáum það.

Það var frumkvæði heimamanna sem hrinti af stað kartöfluverksmiðjunni í Þykkvabæ. Það var ekkert óeðlilegt eftir allar þær yfirlýsingar og öll þau fögru orð, sem látin hafa verið falla, að Þykkbæingar hefðu engar áhyggjur af því, að þeim yrði ekki séð fyrir rafmagni þessa 15 km. leið sem er frá spennistöðinni niður í Þykkvabæ. Hvernig í ósköpunum átti þeim að detta í hug í orkuhéraðinu að ekki yrði séð fyrir rafmagni í litla verksmiðju til þess að ekki þyrfti að henda dýrmætri vöru? Ég vil taka það fram, að Þykkbæingar hafa hingað til orðið að senda kartöflur sínar — þann oft litla hluta af þeim sem þeir fá að selja — suður til Reykjavíkur og ekki einu sinni fengið að pakka þeim sjálfir. Ef þær hafa ekki flokkast rétt hafa bílarnir verið sendir með þær til baka. Þannig er nú atvinnuuppbyggingin á Suðurlandi. Og þetta snertir auðvitað það sem ég sagði áðan um ýmsar greinar landbúnaðarins og úrvinnsluiðnaðinn, að það er búið að koma því að meginhluta til Reykjavíkur. Það er einmitt í framhaldi af þessum sérfræðikönnunum, þessum skýrslugerðum. Það eru sérfræðingarnir hjá þessum úrvinnslufyrirtækjum sem leggja þessar skýrslur á borðið fyrir stjórnendurnar, hina kjörnu stjórnendur, og sýnt fram á með vísindalegum rökum að hagkvæmnin er ekki úti á landi. Hún er hér í Reykjavík þar sem orkan og aðstaðan er miklu mun betri en úti á landsbyggðinni. Þess vegna flyst þetta í burtu. Sú þróun heldur áfram á meðan aðstaða er ekki sköpuð úti á landi. Það, sem við óskum eftir, er að við fáum að standa jafnfætis þeim landssvæðum sem við erum að keppa við.

Hér hefur verið minnst á steinullarverksmiðju. Það er nákvæmlega það sama sem skeði þar. Þar risu upp sérfræðingar og tíndu til óteljandi rök. Síðan stendur staðhæfing gegn staðhæfingu um hagkvæmni þessara tveggja verksmiðja. Það er með ólíkindum ef hin félagslega hlið fléttast ekki inn í þau mál, þegar hæstv. ríkisstj. fer að taka sína endanlegu ákvörðun í þeim efnum. Ég er tilbúinn að trúa því að sú hlið málsins — hin félagslega hlið — gleymist, og þá á ég að sjálfsögðu við hið fyrirsjáanlega atvinnuleysi á Suðurlandi. Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh. áðan, að það er ekki á næsta sumri og það er kannske lítið á þar næsta, en það er fram undan. Það vita allir, að það er enginn framtíðaratvinnuvegur að ætla sér að byggja virkjanir sem ekki er tekin ákvörðun um nema til tiltölulega fárra ára í senn og enginn veit fyrr en á síðustu stundu hvar borið verður niður næst.

Herra forseti. Ég vil lýsa yfir ánægju með ræður þeirra þm. sem hafa stutt þessar hugmyndir. Ég er sannfærður um að þessi till. fær afgreiðslu hér á Alþingi og þessar umr. um hana verða til þess að styrkja heimamenn í þeirri trú, að málum þeirra verði sinnt með eðlilegum hætti. Það er ekki meira sem við förum fram á en að málefnum okkar verði sinnt á eðlilegan hátt. Þá er okkur borgið í atvinnumálum.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Það fór nú svo, að ég missti að mestu af byrjun þessarar umr., enda er hv. 2. þm. Suðurl. fullfær um að tala fyrir okkar till. Ég vil samt láta í ljós ánægju mína yfir þeim undirtektum sem till. hefur fengið, og fyrir miklar umr. sem um hana hafa orðið.

Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs vegna ræðu hæstv. iðnrh. Ég vil ómögulega lesa út úr þessari till. svartsýnisraus eða einhvern svartagaldur um framtíð atvinnuvega á Suðurlandi. Það hefur farið svo, að þm. hafa hér hver eftir annan borið fram till. um uppbyggingu stóriðju í sínum kjördæmum, og það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að við þm. Suðurl. fetum í fótspor þeirra. Orð verða einu sinni til alls fyrst, og ég tel að það sé nauðsyn að vekja upp nokkrar umr. um uppbyggingu iðnaðar og þá fyrst og fremst stóriðnaðar á Suðurlandsundirlendinu. Ég ætla að láta í ljós þá ósk og þá von, að það verði framtíðaratvinna að byggja virkjanir á Suðurlandi og að því starfi verði ekki lokið á næstu árum, heldur verði það verkefni jafnvel tveggja næstu áratuga.

Ég vil taka undir með ráðh. um það, hvert verkefni stjórnvalda á að vera. Mér leiðast alltaf og það fara fyrir brjóstið á mér þær bænarskrár sem samdar eru og sendar til stjórnvalda um að þau taki að sér frumkvæði um uppbyggingu atvinnulífsins. Vissulega er það rétt, að það er fyrst og síðast verkefni stjórnvalda að skapa skilyrði. Síðan ætti það að vera hlutverk heimamanna að sjá um framkvæmdirnar og ráðast í verkefnin.

Mér finnst að Jarðefnaiðnaður sé gott dæmi um framtak og samvinnuvilja Sunnlendinga. Þar hefur ýmiss konar forustustarf verið unnið. Ég vil líka gleðjast yfir því að þegar ég hef farið um Suðurland á síðustu 2-3 árum hef ég orðið þess var, að þar er miklu öflugri smáiðnaður en ég hafði gert mér grein fyrir. Við höfum stofnað eigin iðnþróunarsjóð sem virðist fara vel af stað og lofa góðu um framhaldið, og ég sé ekki annað en hann geti orðið aflgjafi smærri fyrirtækja á næstu árum.

Ég vil líka taka undir orð ráðh. um það, að þarna hljóta að vera miklir möguleikar í jarðhitanum eða jarðvarm-

anum. Einhvern tíma hefði ég haldið að hann hlyti að skapa einhverja möguleika t. d. til efnaiðnaðar. En það, sem við erum að vekja athygli á og erum að óska eftir, er að stjórnvöld taki ákvarðanir og skapi skilyrði fyrir því, að slík fyrirtæki verði byggð upp, annaðhvort af okkur Íslendingum sjálfum eða þá að við gerum það í samvinnu við aðrar þjóðir. Það hefur verið svo, að stór hluti vinnuaflsins á Suðurlandi hefur verið bundinn við virkjunarframkvæmdir inni í hálendinu á síðustu árum. Ég ætla að vona að það horfi ekki til atvinnuleysis hjá þessu fólki á næstu árum og það geti horft með bjartsýni til komandi tíma.

Það hefur verið minnst hér á iðnþróunarfulltrúa og það hlutverk sem þeir vinna. Einhvern veginn finnst mér stundum spurning, þegar verið er að ræða um þessa fulltrúa og það átak sem þarna er gert, hvort ekki hefur verið farið í öfugan enda, hvort ekki hefði frekar verið ástæða til þess að byrja á að skapa verkefni fyrir markaðsfulltrúa. Og mér sýnist að núna, sérstaklega á síðustu tveimur árum, hafi verið farið af stað af miklu flaustri og óforsjálni í uppbyggingu lítilla iðnfyrirtækja sem síðan hafa ekki möguleika til að selja sína framleiðslu þegar framleiðslan er byrjuð. Það er ekki alltaf mikið vandamál að byggja upp fyrirtæki, byrja framleiðslu. Það eru aftur á móti sölumálin sem oftast nær eru aðalvandamálið. Því virðist okkur Íslendingum ekki hafa tekist sem skyldi á síðustu árum að skapa skilyrði til uppbyggingar verulegs iðnaðar í landinu vegna þess að okkur hefur ekki tekist nægilega vel um stjórn efnahagsmála. Ég held að því miður sé svo komið að við höldum ekki áfram að flytja út þá óðaverðbólgu sem hér ríkir í landinu.

Ég vil þakka hv. 4. þm. Suðurl., Garðari Sigurðssyni, fyrir að taka vel undir okkar tillögu. Hann tekur undir hana og talar sem sannur íhaldsmaður, eins og hann reyndar er. Hann minntist hér nokkuð á Viðlagasjóð og þau áhrif sem gosið hefði haft á byggðina í Vestmannaeyjum. Ég er sannfærður um að gosið tafði alla eðlilega atvinnuþróun í Vestmannaeyjum um 10—15 ár og við erum enn þá að súpa seyðið af því. Það eitt t. d., að árið 1973 var eitt besta ár sem gengið hefur yfir íslenska fiskvinnslu og fiskiðnað og við misstum af því, hafði gífurleg áhrif á okkar möguleika. Við vorum árið 1972 að vinna stór og mikil verkefni í hagræðingu í fiskvinnslunni, sem við urðum þá að gefast upp á, og við höfum ekki enn tekið til við þau verkefni að nýju. Það er fyrst um næstu áramót sem við gerum okkur vonir um að geta horft til þess verkefnis aftur. Og ég ætla að vona að þegar við ráðumst í það skili það okkur því sem við höfðum þá vonað og ætlað.

Menn hafa hér rætt nokkuð um uppbyggingu iðnaðar í sjávarplássunum. Ég held einhvern veginn að iðnaður og sjávarútvegur muni seint fara saman. Eðli þessara atvinnugreina er svo óskylt. Fólkið úti í sjávarplássunum á möguleika til þess að skapa sér gífurlegar tekjur á stuttum tíma, og ég held að iðnaði muni alla tíð haldast illa á starfsfólki í samkeppni við sjávarútveginn, því að iðnaður kemur aldrei til með að geta skilað þeirri afkomu sem þetta fólk gerir kröfur um, nema þá stóriðjan og stóriðnaðurinn. Við flytjum þessa till. að vissu leyti vegna þess, að við teljum að ef ráðist er í orkufrekan iðnað á Suðurlandi eða stóriðju, þá muni það skapa mikla möguleika til frekari uppbyggingar, það muni hafa mjög örvandi áhrif á uppbyggingu annarra iðnfyrirtækja og alla þjónustu einmitt í kringum slíkt fyrirtæki og vekja heimafólk til enn frekari átaka en það hefur ráðist í til þessa.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er leitt að hv. 4. þm. Suðurl. er farinn úr salnum, en ég hefði gjarnan viljað segja við hann, að ég er ekki sömu skoðunar og hann um gagnsemi áfangaskýrslu starfsskilyrðanefndar. Ég held að við verðum að aðlagast nýjum tíma. Vinnubrögðin eru öðruvísi núna og eiga eftir að breytast enn meira og verða allt öðruvísi en þau voru fyrir nokkrum árum, þegar ekkert var sett á blað áður en framkvæmdir hófust.

Ég vil taka undir með tillögumönnum og skil að þeir hafa vissar áhyggjur af atvinnuástandi í sínu kjördæmi. Ég vil undirstrika að það er meira en nauðsyn á nýjum atvinnutækifærum á Suðurlandi. Ég tel að ekki sé í neinum landshluta meiri þörf fyrir vel athugaða möguleika á nýjum atvinnutækifærum en einmitt á Suðurlandi.

Ég tek undir, ef ég má vitna hér í grg., með leyfi forseta, þar sem segir: „Svo langur óslitinn virkjanatími sem hér um ræðir hefur óhjákvæmilega leitt til þess, að hundruð fjölskyldumanna hafa byggt íbúðarhús í sunnlenskum kauptúnum í þeirri von, að möguleikar samfara þessum virkjunum yrðu nýttir til atvinnusköpunar á Suðurlandi."

Því segi ég þetta að mér er enn í minni Reykjavík fyrir árið 1940. Hér í höfuðborginni ríkti atvinnuleysi. Þetta var róleg og kyrrlát borg. Fátæktin var mikil. Margir heimilisfeður voru atvinnulausir. Unglingar veiddu í soðið við gömlu bryggjurnar sem nú eru löngu horfnar, og allir þekktu alla. Menn sátu hér í gamla verkamannaskýlinu dögum saman og biðu eftir að fá eina og eina klukkustund í vinnu. Menn á mínum aldri og eldri muna þá tíma. Síðan skall á heimsstyrjöldin síðari. Við komu hinna erlendu gesta, þ. e. breska hersins, varð Reykjavíkurborg að eins konar stóriðju og fyllilega sambærileg við það sem er að gerast í Suðurlandskjördæmi og hefur verið þar í gangi undanfarin nokkuð mörg ár. Fólk streymdi til höfuðborgarinnar í atvinnuleit. Peningaflóð streymdi í vasa fólksins, og í fyrsta skipti gátu landsmenn veitt sér þægindi, gátu keypt sér mat og drykk og síðan jafnvel komið sér upp þaki yfir höfuðið. En styrjöldinni lauk og atvinnuástandið breyttist. Þeir, sem komið höfðu langt að í atvinnuleit, fyrst til skamms tíma, en höfðu nú fest rætur, sest að í höfuðborginni, sáu nú drauma sína um bjarta framtíð, sem blasti við þeim við komuna til höfuðborgarinnar, annaðhvort rofna eða vera í hættu. Reykjavík var í hættu. Reykjavíkurborg sat uppi með miklu fleira fólk en hún gat á eðlilegan hátt brauðfætt. En allt blessaðist þetta einhvern veginn og vinnumarkaðurinn í Reykjavík jafnaði sig og hefur verið nokkuð traustur vegna þess að borgarstjórn tókst að finna lausn með nýjum verkefnum og svo er enn.

Því rifja ég þetta upp nú, að í gangi hafa verið í Suðurlandskjördæmi stóriðjuframkvæmdir hliðstæðar við það sem ég hef í huga og hef hér lýst, sem laðað hafa til sín fólk úr öllum áttum heim í hérað. Margt af því fólki hefur fest rætur í kjördæminu og byggt yfir sig á alveg nákvæmlega sama hátt og gerðist í Reykjavík. Byggðakjarnarnir á Suðurlandi hafa vaxið, eins og kemur fram í

grg. flm. En nú, þegar virkjunarframkvæmdir eru á lokastigi, verður að sjá þessu virkjunarfólki fyrir atvinnu í byggðakjörnunum á Suðurlandi ef komast á fyrir flótta úr héraði, og því blasir við að þörfin fyrir stóraukin atvinnutækifæri þar til að koma í veg fyrir flótta fólks til annarra staða er meiri en víða annars staðar. Lifnaðarháttum Reykvíkinga var raskað þegar vinnumarkaðurinn tók fjörkipp. Á nákvæmlega sama hátt hefur lifnaðarháttum í Suðurlandskjördæmi verið raskað með tilkomu þessara stóru vinnustaða og miklu tekjumöguleika.

Ég vil undirstrika það, að áður en stóriðja er sett niður í byggðarkjarna annars staðar á landinu, sem eru nú í nokkru jafnvægi, tel ég að eigi að skapa tryggan vinnumarkað fyrir fólkið í Suðurlandskjördæmi — fyrir það fólk sem hefur ekki lengur vinnu þegar virkjunarframkvæmdum lýkur. Ég held að á engan annan hátt getum við komið í veg fyrir að það fólk flytjist til annarra byggðarlaga og skapi þá vanda á þeim vinnumarkaði.

Ég segi þessi orð til þess og í von um að við getum lært eitthvað af reynslunni, því að ég finn skyldleika á milli þess ástands, sem var á tímabili í Reykjavík og blasti við, og þess ástands, sem hefur verið í Suðurlandskjördæmi. Það var rólegt hérað. Vinnumarkaðurinn var í nokkuð góðu jafnvægi. Síðan hefjast þessar miklu framkvæmdir í héraðinu. Nú eru þær á lokastigi og sama vandamálið blasir þá við heima í því héraði og blasti um tíma við hér í Reykjavík. Því vil ég beina því til hæstv. ráðh. iðnaðarmála, sem ég veit að er allur af vilja gerður, að hann hafi þetta í huga þegar hann velur nýrri stóriðju stað eða þarf að staðsetja nýja vinnustaði, hann taki þá þessi orð mín sem ábendingu og varnaðarorð. Við megum ekki raska ró og jafnvægi í þeim byggðarkjörnum þar sem fólkið óskar kannske eftir stóriðju án þess oft að gera sér grein fyrir hvað það hefur í för með sér, en þegar búið er að raska ró eins kjördæmis, eins og Suðurlandsins, verður að skapa fólkinu lífvænleg skilyrði á staðnum áður en fólksflótti á sér stað.

Ég held að okkur beri skylda til hér á hinu háa Alþingi að vera samtaka í þeirri viðleitni að skapa þessu fólki, sem ég hef hér rætt um og flm. hafa dregið athygli að, tækifæri til að halda velmegun uppi í héraði. Það gerum við ekki öðruvísi en hafa tilbúin eða í sjónmáli atvinnutækifæri í byggð þegar þetta duglega fólk kemur til baka úr óbyggðunum. Það er ekkert óeðlilegt heldur að einmitt í þessu héraði ætlist fólk til þess, að sú orka, sem þar er framleidd við bæjardyrnar, nýtist kjördæminu að verulegu leyti. Því vil ég lýsa stuðningi mínum við það, sem kemur fram í till. til þál. á þskj. 145, og tel að flm. hafi unnið þarft verk með því að draga athygli að þeirri miklu og brýnu þörf sem er fyrir ný atvinnutækifæri í Suðurlandskjördæmi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 23. fundur

Þriðjudaginn 15. des., kl. 3.15 síðdegis.

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 183). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um iðnráðgjafa. Það mál er komið frá hv. Nd. hingað og voru gerðar á því mjög óverulegar breytingar frá því að það var fram lagt, en þar komu fram tvær smávegis brtt. frá iðnn. Nd. við frv. eins og það var lagt fram. Liggja þær fyrir á þskj. frá iðnn. Nd.

Frv. þetta felur í sér ráðstafanir sem miða að því að efla ráðgjafarþjónustu í iðnaði landsmanna. Það tekur sérstaklega mið af þörfum landsbyggðarinnar í þessu efni um leið og það skírskotar til frumkvæðis samtaka sveitarfélaga, iðnþróunarfélaga og annarra áhugaaðila um uppbyggingu iðnaðar, ekki síst á landsbyggðinni. Heimildarákvæði frv. um stuðning ríkissins við ráðningu iðnráðgjafa taka þó einnig til höfuðborgarsvæðisins og þannig jafnt til allra landshluta eða kjördæma. Ráðstafanir þær, sem frv. gerir ráð fyrir, má skoða sem einn þátt í þeirri stefnu ríkisstj. að bæta aðstöðu til iðnrekstrar í landinu.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sem ákveða að ráða til sín iðnráðgjafa, geti notið til þess fjárstuðnings úr ríkissjóði. Heimild sú, sem frv. felur í sér um framlag ríkisins í þessu skyni, miðast við launakostnað við störf eins manns á starfssvæði hlutaðeigandi samtaka, þ. e. samtaka sveitarfélaga eða iðnþróunarfélags, þó þannig að umdæmi hvers iðnráðgjafa verði aldrei minna en eitt kjördæmi.

Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að iðnþróunarfélög, sem stofnuð yrðu, geti verið ráðningaraðilar iðnráðgjafa. Í 2. gr. frv. er kveðið á um þau skilyrði sem slík félög þyrftu að uppfylla í þessu sambandi.

Iðnráðgjöfunum er ætlað að starfa að fjölmörgum verkefnum, einkum á sviði ráðgjafar, upplýsingamiðlunar, tengsla af ýmsu tagi og fræðslu. Þeim er m. ö. o. ætlað að hafa mjög náin tengsl við tæknistofnanir. Til að tryggja þau tengsl í reynd er í 4. gr. frv. gert ráð fyrir að Iðntæknistofnun Íslands verði falið að hafa forustu um samræmingu á störfum þessara ráðgjafa.

Við undirbúning þessa frv. hefur verið leitast við að hafa sem víðtækast samráð við þá aðila sem málið einkum snertir. Þannig hefur efni frv. verið kynnt landshlutasamtökum sveitarfélaga á mótunarstigi á liðnu sumri og álit aðila, sem hafa tjáð sig um meginefni þess sem í frv. felst, hafa undantekningarlaust verið jákvæð það mér er kunnugt um.

Ég tel að sú umr., sem nú fer fram um eflingu iðnaðar í einstökum landshlutum og á landinu almennt, og undirbúningur sá, sem hafinn er að stofnun iðnþróunarfélaga, gefi ástæðu til bjartsýni að því er varðar jarðveg fyrir störf iðnráðgjafanna. Sama máli gegnir um það frumkvæði sem sveitarfélög í einstökum landshlutum hafa haft um myndun iðnþróunarsjóða.

Herra forseti. Ég vænti þess, að frv. þetta fái góðar viðtökur hér í hv. þingdeild eins og í Nd., og legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna frv. til laga, sem hér er mælt fyrir, um iðnráðgjafa. Það er sjálfsagt öllum ljóst, að víða er mikil þörf fyrir slíka starfsemi, ekki síst á tímum umbóta í atvinnulífinu. Ekki síst fagna ég þeirri ákvörðun sem fram kemur í 2. gr. frv., en þar er heimild til handa hverju kjördæmi landsins til að ráða sér sérstakan iðnráðgjafa.

Ég er sammála því er segir í grg. með frv., að ein meginforsenda þess, að stuðningur ríkisins við iðnþróun

í landshlutunum komi að tilætluðum notum, er öflugt starf og fjárhagslegur stuðningur af hálfu heimamanna. Trúa mín er sú, að ekki muni standa á heimamönnum að vinna af mætti að mótun þess starfs í þeirri von að með því megi aukast líkurnar á að rjúfa þá einhæfni atvinnulífsins sem nú virðast því miður vera.

Starf iðnráðgjafa hlýtur öðru fremur að byggjast á leiðbeiningarstarfi í iðnfyrirtækjum, sem starfandi eru, og ekki síður á ráðgjöf við ýmiss konar nýiðnaðarhugmyndir. Með ráðningu þessara manna má því vissulega ætla að víða takist að byggja upp fjölbreyttara atvinnulíf en verið hefur. Ef svo verður er hér sannarlega hreyft verðugu máli.

Ég vil mega vonast til þess, að þessi ágæta deild beri gæfu til að vinna hratt að framgangi þessa máls, þannig að við gætum afgreitt það héðan sem allra fyrst.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til iðnn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 24. fundur.

Þriðjudaginn 15. des., kl. 3.15 síðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á fundi þessarar hv. deildar 9. des. hreyfði hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, því utan dagskrár, hvort ekki væri eðlilegt að þm. fengju í hendur áfangaskýrslu sem svokölluð starfsskilyrðanefnd hefði samið. Ég var þá ekki hér staddur, var erlendis. Þetta mál er þannig vaxið, að í septemberlok skilaði starfsskilyrðanefnd svokallaðri áfangaskýslu sem trúnaðarmáli til ríkisstj. Hún mun svo um leið hafa látið fulltrúum þriggja atvinnuvega, þ. e. iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar, í té eintök af skýrslunni, en fulltrúar þessara samtaka höfðu aflað ýmissa upplýsinga fyrir nefndina. Hins vegar var gert ráð fyrir að nefndin héldi áfram störfum, og nú er gert ráð fyrir að hún ljúki störfum um áramót, að því er hún sjálf telur, og skili þá lokaskýrslu.

En eins og hv. 1. þm. Vestf. skýrði hér frá hafa þessi gögn borist víðar og þess vegna alveg sjálfsagt að verða við þeim tilmælum, að þessi áfangaskýrsla sé látin þm. í té. Það þurfti að fjölfalda og útbúa nægilega mörg eintök af skýrslunni þannig að hún hefur ekki verið tilbúin fyrr en nú í dag, en verður nú afhent öllum hv. alþm.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Þar sem ég spurðist fyrir um þetta mál hér um daginn og lét í ljós aths. mínar í sambandi við það, að þessi skýrsla væri komin í hendur margra annarra, þá vil ég þakka það sem vel er gert og þakka fyrir það, að fljótt var brugðist við og skýrslan útbúin og send þm. Ég vona að þetta tilfelli verði einnig til þess, að sjórnvöld á hverjum tíma, ekkert frekar þessi ríkisstj. en aðrar, gangi ekki fram hjá þinginu með upplýsingar sem á þarf að halda.

Ég endurtek þakkir mínar fyrir skjót viðbrögð við þessu máli.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 83 frá 1974, um verðjöfnunargjald af raforku, sbr. lög nr. 99/1979 og lög nr. 105/1980. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. sem gerði ekki á því neinar efnislegar breytingar, og ríkti góð samstaða, að mér er best kunnugt, um afgreiðslu málsins þar í hv. deild.

Í gildandi lögum um verðjöfnunargjald af raforku er ákveðið að lögin gildi til ársloka 1981. Með frv. þessu er lagt til að lögin verði framlengd um eitt ár og gildi til ársloka 1982.

Verðjöfnunargjald af raforku er innheimt af allri raforkusölu í smásölu, sem kunnugt er, annarri en raforku til húshitunar. Nemur gjaldið 19% sem lögð eru á sama stofn og söluskattur er lagður á. Gjaldinu er varið til að styrkja fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Rafmagnsveiturnar fá 80% gjaldsins en Orkubúið 20% og hefur þetta gjald gert það kleift að halda í horfinu, ef svo má segja, og ná nokkrum árangri í sambandi við verðjöfnun á raforku til almennra heimilisnota. Lagt er til að upphæð gjaldsins verði áfram 19%. Hins vegar er sú breyting lögð til frá gildandi lögum, að verja skuli allt að 3% af gjaldinu til þess að greiða eftirstöðvar af kostnaði Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða sem þessi fyrirtæki voru knúin til að taka á sig vegna framleiðslu á raforku með dísilvélum á s. l. vetri. Mönnum er eflaust í fersku minni raforkuskorturinn sem þá varð í landskerfinu, er vatnsaflsstöðvar önnuðu engan veginn raforkuþörfinni.

Heildarkostnaður við þær aðgerðir, sem þá þurfti að grípa til með olíukeyrslu, var talinn nema rúmum 24 millj. kr., auk þess sem Landsvirkjun varð fyrir tekjutapi með minnkandi sölu. Hluti þessa kostnaðar var greiddur með almennri verðhækkun á rafmagni um þriggja mánaða skeið. Það, sem upp á vantaði, var tekið að láni af Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúinu, en góð staða Laxárvirkjunar gerði henni kleift að komast hjá sérstakri lántöku. Aðrar rafveitur fengu útgjöld sín að fullu bætt með verðhækkunum, þ. á m. Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Hafnarfjarðar.

Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúinu var gefið fyrirheit um að lánin yrðu endurgreidd af verðjöfnunargjaldi næsta árs og þannig yrði þessi kostnaður, sem þjóðarbúið og landsmenn urðu fyrir vegna orkuskortsins í fyrravetur, jafnaður á raforkunotendur í landinu eftir því sem frekast er unnt og með eðlilegri sanngirni, eins og málið var lagt fyrir af hálfu ríkisstj. og stefna mörkuð um það af henni fyrr á þessu ári.

Nú er lagt til að varið verði allt að 3% af verðjöfnunargjaldinu á næsta ári til að greiða niður lán þau sem tekin voru í umræddu skyni, en þau námu 6.1 millj. kr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 4.7 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 er gert ráð fyrir að verðjöfnunargjald af raforku nemi 90.2 millj. kr. 3% þar af eru 14.2 millj. kr. og ætti það að nægja til greiðslu á áðurnefndum lánum auk vaxtakostnaðar.

Vegna raforkuskortsins á s. l. vetri og hins mikla kostnaðar, sem af honum leiddi, reyndist ekki unnt að nýta heimild þá sem er í gildandi lögum um að lækka verðjöfnunargjaldið út 19% í 16% frá 1. júní s. l. Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins reyndist það erfið, þegar metið var hvort nýta ætti áðurnefnda heimild, að ekki þótti fært að skerða þennan tekjustofn. Verður fyrir lok næsta árs að endurmeta hvort fært þyki að hækka verðjöfnunargjaldið og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins og ekki síður í sambandi við stefnumörkun um verðlagningu á raforku í landinu almennt. Það er knýjandi að fara betur ofan í þau mál en tekist hefur til þessa og þá bæði til þess að gera raforkuframleiðslufyrirtækjunum og dreififyrirtækum raforkunnar kleift að standa undir skuldbindingum sínum og jafnframt að ná fram eðlilegum markmiðum í sambandi við verðjöfnun á raforku í landinu. Er það þó aðeins hluti af því stóra dæmi sem er verðjöfnun á orku milli fólk og atvinnufyrirtækja í landinu þar sem vinna þarf að endurbótum og breytingu til bóta frá því sem nú er.

Önnur breyting frá gildandi lögum, sem lögð er til, er sú, að iðnrh. verði á árinu 1982 heimilt að fela Orkusjóði að endurgreiða Rafveitu Siglufjarðar verðjöfnunargjald af raforku sem nemi allt að þeirri upphæð sem innheimt verður af raforkusölu veitunnar. Fyrir þessu er talin gild rök. En skilyrði fyrir því, að þessi heimild verði notuð, er í fyrsta lagi að fyrir liggi úttekt á fjárhagsstöðu Rafveitu Siglufjarðar, ljósari en nú liggur fyrir, og að gjaldskrá hjá fyrirtækinu verði ekki lægri en hjá þeim rafveitum sem hvað hæsta gjaldskrá hafa, svo sem Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða.

Í þriðja lagi er lagt til að gerð verði sú breyting á gildandi lögum, að dráttarvextir af því, sem ógreitt er, verði frá gjalddaga þeir sömu í sambandi við verðjöfnunargjaldið og hjá innlánsstofnunum samkv. ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma. Er þetta gert til þess að tryggja eðlilega innheimtu og að ekki sé sótt í þetta fjármagn öðru fjármagni fremur. Tel ég það eðlilegt.

Herra forseti. Þetta frv. og verðjöfnunarmál á raforku, sem því tengjast, eru það vel kunn hér á hv. Alþingi, þar sem mál þetta hefur verið rætt árlega, að ég sé ekki ástæðu til að hafa þessa framsögu lengri. Legg ég til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í iðnn. þessarar hv. deildar mun ég ekki fara nákvæmlega út í þetta frv. nú. Ég vil þó strax lýsa því yfir, að ég er mjög sammála því jöfnunarsjónarmiði sem frv. gerir ráð fyrir. Ég tel hins vegar ekki rétt að beita prósentureglunni eins og þar er gert og eins og gert hefur verið með því móti greiða þeir hæst verðjöfnunargjald sem hæst raforkuverð þurfa að greiða í upphafi. Ég tel það ekki rétt. Ég tel að verðjöfnunargjaldið eigi að leggja sem ákveðið gjald á hverja selda orkueiningu, mismunandi eftir notkun að sjálfsögðu, en ekki eins og nú hefur verið gert, ekki hafa það þannig að þeir borgi mest sem þurfa að greiða hæst raforkugjald.

Ég endurtek það, að verðjöfnunarsjónarmiði frv. og höfuðefni þess er ég sammála.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessa umr. mjög, en ég tel rétt strax við 1. umr. að segja örfá orð, ekki endilega eða fyrst og fremst vegna þess takmarkaða þáttar sem þetta frv. gerir ráð fyrir af heildardæminu sem þarna er um að ræða. Ég er út af fyrir sig sammála því, að það á að gera ráðstafanir til jöfnunar á þessu sviði, en ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að það er a. m. k. takmarkaður jöfnuður í því að leggja prósentugjald í þessu tilfelli á þá sem mest greiða fyrir og koma þá til með að greiða líka mest af hinum þættinum í verðjöfnuninni. Það er alveg rétt, sem hann hér benti á, að hin leiðin er miklu eðlilegri, að setja fast verð á notkunina.

Út af þessu frv. og því, sem gerst hefur varðandi t. d. Orkubú Vestfjarða, þá er það löngu ljóst og hefur verið rætt hér oft áður, að Orkubú Vestfjarða hefur orðið fyrir talsverðum áföllum, ekki bara vegna þess sem gerðist á s. l. vetri, heldur líka þess sem gerðist í haust og óséð er fyrir hvort eða með hvaða hætti verður bætt Orkubúinu. Ég tel óréttlæti að ætlast til þess, að orkunotendur á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða þurfi að borga enn hærra orkuverð vegna þessa orkuskorts og þess, hvernig með það mál var farið á síðasta vetri. En það er staðreynd að þeir gera verði haldið á málum eins og hér er gert ráð fyrir. Það hefði því verið eðlilegast að ríkissjóður hefði bæði borgað þann aukakostnað, sem Orkubú Vestfjarða varð fyrir vegna orkuskortsins á s. l. vetri, og einnig þær skemmdir og það tjón, sem Orkubúið varð fyrir á s. l. hausti vegna tjóns á línu og staurum og öðru slíku. Að ég best veit er ekki enn séð fyrir hversu miklum upphæðum það kann að nema.

En þetta er aðeins hluti af þessu dæmi. Hæstv. ráðh. sagði réttilega áðan: Það þarf að gera meira í því að jafna orkuverð í landinu. Og ég vil koma því inn í þessar umr., að það er einmitt meginkrafan hjá því fólki, sem við þetta býr, að orkuverð í landinu verði jafnað þannig að einstaklingar, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, búi við sem sambærilegust kjör að þessu leyti. Ég vil benda á það — eins og ég gerði raunar hér s. l. nótt í umr. um fjárlagafrv., hæstv. ráðh. var ekki viðstaddur og fæstir af hæstv. ráðh. — að ég tel víðs fjarri að um jöfnuð sé að ræða. Þar er um svo hróplegt ranglæti að ræða að t. d. íbúðareigandi vestur á fjörðum, sem býr við fjarvarmaveitu sem á þó að vera talin skárri en olíukyndingin, þarf að borga frá 900 og upp í 1600 kr. s. l. mánuð t. d., nóvembermánuð, þ. e. frá 90 og upp í 160 þús. gkr. fyrir einn mánuð vegna kostnaðar við upphitun á sínu íbúðarhúsnæði, sem er mjög venjulegt íbúðarhúsnæði. Þetta er svo hrikalegt dæmi að ég held að hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. og stjórnvöld í landinu verði að fara að opna augun fyrir því, að hér verður að breyta til. Ég hef sagt áður og segi það enn, að ef þetta heldur áfram er þetta vísasti vegurinn til þess að hér eigi sér stað — ef ekki er þegar hafin — einhver mesta byggðaröskun sem um getur í landinu.

Ég veit ekki hvort það þarf að flytja alla hæstv. ráðh. út á land og láta þá borga reikningana þar í nokkra mánuði eða nokkur ár, til þess að þeir ranki við sér vegna þessa máls, eða hvort það þarf að flytja alla eða meiri hluta alþm. út af þessu svæði til þess að þeir sjái hversu geigvænlegur munur er á lífskjörum fólks að þessu leyti eftir landshlutum. Og ég bið menn að athuga það alvarlega, að verði ekki veruleg breyting hér á næstunni, þá brestur á fólksflótti frá þessum svæðum sem ekki verður stöðvaður ef hann fer af stað. Það er þjóðfélaginu nauðsyn, það er þjóðhagsleg nauðsyn að hér verði jöfnuður

fundinn. Ég heiti því á hæstv. iðnrh. að hann láti hendur standa fram úr ermum í hæstv. ríkisstj. og beiti sér fyrir því, að ráðstafanir verði gerðar til þess að jafna þetta nú þegar. Það er hægt að gera þetta. Það hefur verið lagt hér fram á Alþingi frv. af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og fleiri Alþfl.-þingmönnum sem jafnar þennan mun verulega. Það er hægt, ef vilji er fyrir hendi, að koma þessum jöfnuði á, létta þessum byrðum af því fólki, sem hér um ræðir, og gera því lífið að því leyti léttbærara. Hér er vissulega um kjaramál að ræða. Það er þess vegna sem t. d. Alþýðusamband Vestfjarða hefur tekið það upp í kröfugerð sína varðandi kjarasamninga og kjaramál, að hér verði jöfnuður gerður, og frá því verður ekki hvikað. Því fyrr sem stjórnvöld gera sér ljóst hversu stórt og mikið vandamál hér er á ferðinni, þeim mun betra og þeim mun fyrr verður hægt að leysa það.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og hæstv. iðnrh. gat um í sinni framsöguræðu er hér um að ræða gamlan kunningja sem kemur árlega á borð þm., en verðjöfnunargjald af raforku er framlengt með nýjum lögum frá ári til árs. Ég hef ávallt verið andvígur verðjöfnunargjaldinu í því formi sem það hefur verið lagt á. Ein rök gegn því, þau rök sem hér hafa verið flutt fram af hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og Karvel Pálmasyni, eru þau, að það er ekki í samræmi við merkingu eða eðli þessa gjalds að kalla þetta verðjöfnunargjald því að það leggst með meiri þunga á þá sem hæstu verði greiða rafmagnið. Það er þó ekki aðalástæðan fyrir því, að ég hef verið andvígur þessu gjaldi, heldur sú ástæða, að skattlagning á raforku keyrir úr hófi fram hér á landi, bæði með verðjöfnunargjaldi og með söluskatti. Hvergi nokkurs staðar í okkar nágrannalöndum er að finna jafngífurlega skattlagningu á orku og hér á landi. Þetta veldur m. a. því, að íslenskur iðnaður, sem á í harðri samkeppni við iðnað annarra landa, m. a. okkar nágrannalanda, sætir miklu lakari kjörum að þessu leyti en sá iðnaður nýtur í heimalandi sínu, því að orkuverð hér er mun hærra vegna þessarar skattlagningar. Orkuverð er stór hluti af framleiðslukostnaði margs konar iðnaðarvara sem við ýmist viljum flytja út eða erum í samkeppni við á heimamarkaði okkar, og þess vegna ber brýna nauðsyn til að taka þetta verðlagningarkerfi til endurskoðunar.

Það er annað atriði sem ég vil sérstaklega vara við í sambandi við verðjöfnunargjaldið. Það er sú staðreynd, að fjárhagur Rafmagnsveitna ríkisins hefur mjög batnað nú á allra síðustu árum, en verðjöfnunargjaldið var upphaflega fyrst og fremst lagt á til þess að vera tekjulind fyrir Rafmagnsveitur ríkisins sem reknar voru með mjög miklum halla. Ástæðan fyrir því, að Rafmagnsveiturnar hafa nú mun betri fjárhag en áður, er sú, að olíukeyrsla hefur mjög minnkað og ætti undir eðlilegum kringumstæðum nánast að vera óþörf. Sá gífurlegi kostnaður, sem því fylgdi fyrir Rafmagnsveitur ríkisins, hefur þar með fallið burt. Fjárhagur Rafmagnsveitnanna er þess vegna mjög batnandi og eru líkur á að hann geti orðið allgóður úr þessu og vonandi á næsta ári að öllu óbreyttu.

Á sama tíma sem þetta gerist halda stjórnvöld niðri með valdboði rafmagnsverði hér í Reykjavík. Sannleikurinn er sá, að ef við lítum á útsöluverð rafmagns frá hinum einstöku rafveitum í landinu, þá skortir lítið á að jöfnuður sé kominn í rafmagnsverðið, a. m. k. frá stærstu rafveitunum víðs vegar um landið. Ég hef ekki tölur hér við höndina, en ég skoðaði þetta nýlega og það er ekki hægt að segja að það sé verulegur munur á rafmagnsverði eftir því hvar á landinu er.

Hins vegar má verðjöfnunargjaldið ekki verða til þess að halda niðri rafmagnsverði hér í Reykjavík, að menn verði svo hræddir við vísitöluhækkanir, sem því fylgja, að menn haldi niðri rafmagnsverði hér í Reykjavík, og til þess þá jafnframt að rafveitur úti um land fái ekki hækkanir fái þær hins vegar uppi borinn sinn kostnað með verðjöfnunargjaldi þegar Rafmagnsveita Reykjavíkur er svelt og fær hvorki hækkun né verðjöfnunargjald. Ég vil sérstaklega vara við þessu. Mér er ekki grunlaust um að þegar sé farið að gæta nokkurrar tilhneigingar í þessa átt. Þess vegna held ég að það sé nauðsynlegt að taka þetta mál upp til rækilegrar endurskoðunar. Því hefur reyndar verið lofað hér ár eftir ár við afgreiðslu þessa máls, en ég held að nú sé kominn tími til þess, að það verði gert og fundið verði upp nýtt verðlagningarkerfi á raforku.

Ég á sæti í þeirri nefnd, sem fjallar um þetta mál, og mun að sjálfsögðu fara nánar ofan í það þar, en ég vildi nú strax við 1. umr. láta þessar aths. koma fram.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað málefnalega um þessi efni, og skil vel þau hvatningarorð sem féllu hjá talsmönnum af landsbyggðinni í sambandi við verðjöfnunarmál á orku almennt. Sannarlega er áhyggjuefni fyrir alla landsmenn sá mikli mismunur sem þar er á ferðinni varðandi upphitunarkostnað sérstaklega. En ég ætla ekki að taka það mál upp hér til umræðu frekar að þessu sinni.

En í sambandi við ábendingar frá hv. 5. þm. Suðurl. og fleirum, sem hér hafa talað varðandi prósentuálagninguna, þá er það alveg rétt, að það verkar undarlega í sambandi við álagningu gjalds sem þessa að þar skuli ekki vera komið við krónutöluálagningu. Þetta var auðvitað sérstaklega tilfinnanlegt á meðan verðmunurinn var langtum, langtum meiri en hann nú er, eða 80—90% fyrir þremur árum eða svo á almennum heimilistaxta. Þessi munur hefur nú minnkað svo að ekki munar meira en sem nemur 25% þar sem munur er mestur á þeim grunni sem verðjöfnunargjaldið er lagt á. Þessi prósentuálagning er því ekki jafntilfinnanleg og hún áður var. Þær athuganir, sem gerðar voru fyrir nokkru á vegum iðnrn. til að fá fram breytingu að þessu leyti, leiddu ekki til þess, að gerð yrði tillaga um krónutöluálagningu. Ástæðan var m. a. sú, að talið var af þeim aðilum, sem vel þekkja til gjaldskrármála, að það væri verulegum erfiðleikum bundið að koma slíkri fastri krónutöluálagningu við vegna taxtauppbyggingar, það leiddi fyrr en varði til breytinga milli taxta og væri erfitt að koma leiðréttingu við. Það varð sem sagt ekki úr að breyta þessu atriði.

Varðandi það sem fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv. um batnandi hag Rafmagnsveitna ríkisins, þá er það út af fyrir sig rétt, að verulega hefur ræst úr frá því sem áður var, þegar nánast varð ekki séð til botns í þeim erfiðleikum sem Rafmagnsveiturnar áttu við að stríða fjárhagslega. Auðvitað hefur þar komið til að olíukeyrsla hefur minnkað stórlega og er nánast úr sögunni nema þá sem varaafl. Þrátt fyrir þetta er fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna ekki betri en svo, að í ár er gert ráð fyrir um 20 millj. kr. rekstrarhalla hjá fyrirtækinu og 8 millj. kr. rekstrarhalla hjá Orkubúi Vestfjarða þrátt fyrir verð-

jöfnunargjaldið. Því miður eru þessi fyrirtæki ekki þannig stödd að fært sé að hverfa frá þessari skattlagningu enn sem komið er. En ég ítreka að það er mitt sjónarmið að það þurfi að fara ofan í verðlagningarmál raforkunnar skilmerkilega og það fyrr en seinna.

Ég hef nýlega átt fund með stjórn Sambands ísl. rafveitna, SÍR, þar sem þessi mál voru rædd. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú, að helstu raforkufyrirtækin í landinu ásamt stjórn SÍR legðu saman í að greina þá kostnaðarþætti sem liggja að baki framleiðslu raforku í landinu, reyndu að búa þar til sem heildstæðast módel, ef svo má að orði komast, þannig að tiltölulega auðvelt sé að sjá hvaða áhrif mismunandi aðgerðir hafa í þessu sambandi. Það er mjög knýjandi að fá slíkan grunn á að byggja til þess að geta leitað svara við mismunandi aðgerðum, þ. á m. varðandi skattlagningu á raforkuverð.

Varðandi þá ábendingu, sem fram kom hjá hv. 6. þm. Reykv., að það væri ekki gott ef verðjöfnunargjaldið yrði til þess að stjórnvöld héldu svo niðri taxta einstakra rafveitna að þær væru í svelti, og vitnaði til Rafmagnsveitu Reykjavíkur í því sambandi, þá er ég honum alveg sammála um þetta atriði. Það gengur auðvitað ekki að ætla að knýja rafveitur, sem eru með tiltölulega hagstæðan rekstur af ýmsum ástæðum, eins og ekki þarf að fjölyrða um hér í þéttbýlinu, þar sem markaðurinn er tiltölulega hagstæður, knýja þær til þess að fara að taka jafnvel erlend lán til þess að standa undir rekstrarþáttum með eðlilegu viðhaldi. Ég er síður en svo talsmaður þess, að þannig sé staðið að verðlagningarmálum á orku í landinu. Ég held að það sé kominn tími til að þessi mál séu tekin til athugunar og úrlausnar svo að hægt sé að fá fram tiltölulega róttækar breytingar til þess að raforkuiðnaðurinn og þau fyrirtæki, sem þar starfa og undir raforkuframleiðslu og dreifingunni standa, geti borið sig með viðunandi hætti, lagt eðlilegan hluta af eigin fjármagni í sínar framkvæmdir, og jafnhliða að sjálfsögðu að tryggð sé eðlileg jöfnun á milli þegna landsins um þessar grundvallarnauðsynjar í daglegu lífi og atvinnurekstri.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til iðnn. með 31 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 177). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv til l. um breyt. á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl. Sú meginregla er í sambandi við álagningu tolla hér á landi og víðar, að einn tollur er lagður á einn hlut, þ. e. samsettur hlutur er ekki flokkaður í marga tollflokka, heldur einungis samkv. einum tollflokki. Af þessari ástæðu getur tollflokkur fyrir ýmsar vörutegundir, sem notaðar eru við byggingu húsa, verið mismunandi eftir því hvort húsið er flutt í heilu lagi inn eða í sérgreindum pörtum. Þannig er ljóst að baðker, kranar, hitastillar, blöndunartæki, rafmagnsofnar, rafmagnsbúnaður, gólfteppi, veggflísar og margt annað, sem notað er við byggingu húsa, er flutt inn algerlega tollfrjálst ef hús er flutt inn í heilu lagi. Aftur á móti er töluvert mikill tollur og vörugjald á þessum vörum ef þær eru fluttar inn sér á parti.

Með þessu frv. er fjmrn. veitt heimild til þess að leggja jöfnunarálag á tollverð mannvirkja. Þessu gjaldi er ætlað að mæta uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði eða kostnaðarverði m. a. einingarhúsa sem framleidd eru hér á landi, þau sem ekki eru jafnframt innheimt við tollafgreiðslu sambærilegra innfluttra einingahúsa. Hér er sem sagt á ferðinni mál sem lýtur að því að skapa íslenskum iðnaði jafnréttisaðstöðu gagnvart innfluttum tilbúnum eða tilhöggnum húsum. Er ljóst að eins og málið er í dag er í raun og veru um að ræða — við getum sagt: neikvæða tollvernd. Það er minna en engin tollvernd á þessu sviði vegna þess að innfluttu húsin hafa forgang í tolli.

Ég verð að segja alveg eins og er, að mér kom mjög á óvart þegar ég frétti af því að tollalöggjöf á Íslandi væri jafnvitlaus og raun ber vitni og þessi lýsing mín ætti að sanna mönnum. Ég vissi ekki af þessu fyrr en í sumar, að á það var bent að hafinn væri mikill innflutningur húsa og að það tíðkaðist að flytja inn með húsunum ekki bara mikilvægar vörur eins og eldhúsinnréttingar og hreinlætistæki — og að þetta væri meira eða minna tollfrjálst ef það kæmi eftir þeirri leiðinni — heldur væru jafnframt dæmi þess, að fluttir væru inn ísskápar, þvottavélar, innbyggð sjónvarpstæki og ýmsar aðrar vörur í tengslum við þessi hús.

Við í fjmrn. töldum okkur hafa fulla heimild til þess að fyrirskipa að sá hluti húsa, sem ekki væri múr- og naglfastur, eins og t. d. þvottavélar eða sjónvarpstæki, yrði tollaður sér á parti þó að keypt væru hús í heilu lagi, og sú framkvæmd hefur verið á þessu nú í seinni tíð. En á hinn bóginn er ljóst að þegar svona hús eru flutt inn er margt fleira sem skapar þennan tollamismun en þær vörur sem ég áðan nefndi. Mér er kunnugt um það, að komin er af stað allveruleg skriða innflutnings á tilhöggnum einingahúsum, og ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að Alþingi grípi tafarlaust í taumana og komi í veg fyrir það svo að þessi mikla mismunun gagnvart innlendum byggingariðnaði og innlendum framleiðsluiðnaði einingahúsa sé stöðvuð. Þess vegna legg ég mjög ríka áherslu á að þetta mál verði afgreitt nú fyrir jól því að ef það verður ekki geta liðið alltaf einir tveir mánuðir þangað til frv. verður að lögum. Ég tel að svo óeðlilegt ástand sé ríkjandi á þessu sviði að alls ekki megi láta dragast stundinni lengur að kippa þessu í lag.

Það er rétt sem fram hefur komið, að þegar lýst var þeim málum, sem ná þyrftu fram fyrir jól, í viðræðum við stjórnarandstöðu mun þetta mál vegna mistaka ekki hafa verið með á listanum. En vegna þess að ég hef grun um að það sé býsna mikil samstaða hér á Alþingi um afgreiðslu þessa máls vil ég eindregið vænta þess, að menn sjái í gegnum fingur við ríkisstj. vegna þessara mistaka og láti málið ekki stranda hér fyrir jólin, heldur taki það til meðferðar í þingnefnd nú og þm. sjái til þess, að málið verði afgreitt fyrir jól.

Ég vil að vísu taka það fram, að komið hefur fram aths. við 4. mgr. þar sem segir: „Ráðh. skal heimilt að leggja jöfnunarálag á aðra innflutta vöruflokka til þess að vega upp á móti uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum í verksmiðjuverði“ o. s. frv. Þar er heimildinni ekki aðeins beint að innfluttu húsunum eða innfluttu mannvirkjunum, heldur er einnig veitt heimild til þess að rétta þetta af í öðrum sambærilegum tilvikum. Það getur átt við í sambandi við húsgögn og ýmsa aðra hluti sem eru fluttir til landsins. Ég hef heyrt, að sumum þyki þetta fullvíðtæk heimild, og ég tel að ekkert væri því til fyrirstöðu að

nefnd gerði breytingu á þessu atriði. Mín vegna mætti fella heimildina niður ef það gæti orðið til samkomulags, en einnig mætti breyta henni þannig að það væri þá eitthvað þrengra skilgreint til hvers heimildin nái.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það nauðsynjamál sem gerð er grein fyrir í aths. við frv. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Efri deild, 24. fundur.

Miðvikudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 158, n. 206). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sjútvn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 5 frá 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, með síðari breytingum.

Mörg orð þarf ekki um þetta mál. Hæstv. viðskrh. mælti fyrir þessu frv. í fjarveru sjútvrh. og kom fram í máli hans það er skiptir máli. Er ekki ástæða til að endurtaka það hér.

Afgreiðsla nefndarinnar var samhljóða og leggur hún til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Nd. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Guðmundur Karlsson, Egill Jónsson, Kjartan Jóhannsson og Gunnar Thoroddsen.

ATKVGR.

1. gr. samþ. 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um dagskrá vegna frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar sem við þm. Alþfl. fluttum í þessari hv. deild á fyrstu dögum þingsins. Frv. fjallaði annars vegar um flutningskostnað sjúks fólks og ferðakostnað samlagslæknis í þeim tilvikum að samlagssjúklingar væru ekki ferðafærir sakir sjúkdóms. Það kom fram hér í deildinni víðtækur stuðningur við þetta mál frá fulltrúum allra þingflokka. Við höfum lagt á það áherslu, flm. og þingmenn Alþfl., að þetta mál fengi greiða afgreiðslu. Nú vil ég spyrjast fyrir um hvað tefji. Við höfum óskað eftir að þetta mál yrði helst afgreitt fyrir áramót og kæmist áfram, en þess sér ekki stað enn að málið sé komið úr nefnd. Ég vil gjarnan beina þeirri spurningu til formanns heilbr.- og trn., sem hefur með þetta mál að gera, hvort þess sé ekki að vænta að þetta mál fái jafngreiða og góða afgreiðslu og undirtektirnar voru góðar þegar málið var flutt.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að þetta umrædda mál, 28. mál, fékk afskaplega góðar undirtektir hér í deildinni. Ég var einn þeirra sem tóku mjög undir þann málflutning sem uppi var hafður þegar mælt var fyrir málinu. Það voru margir fleiri sem tóku undir efni frv. og lýstu þeirri skoðun sinni, að þeir vildu gera það sem þeir gætu til að flýta afgreiðslu þess. Hins vegar gengust menn aldrei undir neina ákveðna dagsetningu í því efni.

Ég vil skýra frá því, að við héldum heilbr.- og trn.-fund í morgun og einmitt um þetta umrædda ágæta mál. Það hefur komið fram löngu áður, að endurskoðunarnefnd er starfandi til að endurskoða almannatryggingalögin, — slíkar nefndir hafa reyndar verið starfandi allar götur, hygg ég, síðan almannatryggingalöggjöfin var sett.

Það var um það getið af einum hv. ræðumanna hér við umr., þegar mælt var fyrir málinu, að vert væri að huga að því, hvaða tillögur þessi nefnd, sem í eiga sæti fulltrúar allra flokka, hefði fram að færa í þessu efni. Ég vil skýra frá því, að við í heilbr.- og trn. fjölluðum um drög að tillögum sem fram voru komnar frá nefndinni sem ég ræddi um áðan. Þessar tillögur fjalla um þann flutningskostnað sem frv. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og fleiri fjallar um. Það er skoðun okkar nm., ekki síst í ljósi þess, að þær tillögur eru ekki fyrir löngu komnar til nefndarinnar, að við þyrftum að fá ofurlítið lengri frest til að fjalla um þetta mál.

Hins vegar vil ég segja það hér og nú, að samþykkt var og bókað í fundargerðabók heilbr.- og trn. í morgun, að þetta mál yrði forgangsmál að loknu jólaleyfi Alþingis, við mundum taka það fyrir í heilbr.- og trn. svo fljótt sem möguleikar stæðu til og mundum afgreiða frv. með hugsanlega einhverjum breytingum í ljósi tillagna þeirrar nefndar sem er að endurskoða almannatryggingalögin. Sú samþykkt var gerð að hraða málinu eftir áramótin.

Nú vil ég segja það, að e. t. v. er í huga einhverra að hér sé um að ræða einhverja stífni vegna þess að hér sé á ferð frv. frá stjórnarandstæðingum. Ég held að það sé ekki um neitt slíkt að ræða. Það er alls ekki víst að við hefðum afgreitt þetta frv. eins og það liggur fyrir enda þótt það hefði komið frá þeirri ríkisstj. sem við sumir styðjum enn sem komið er. En ég segi þetta í framhjáhlaupi því að þetta eru staðreyndir. Það er frv. ríkisstj. til meðferðar í nefndinni og við erum ekki að afgreiða það. En ég segi það og það skulu vera mín síðustu orð: Við erum öll af vilja gerð — held ég þá að ég tali fyrir munn allra í heilbr.- og trn. — að sinna þessu máli, enda settum við aldrei og undirgengumst aldrei nein ákveðin tímamörk. Við erum nú einu sinni þannig skapi farin hér í Ed., að við viljum athuga málin mjög vel, og það ætlum við að halda áfram að gera.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hefði auðvitað kosið að það væru möguleikar á að afgreiða þetta mál fyrir jól, en ég verð engu að síður að fagna yfirlýsingu sem hér hefur verið gefin um að þetta mál skuli hafa algjöran forgang, skuli vera forgangsverkefni nefndarinnar að loknu jólaleyfi. Ég vænti þess, að það geti þá fengið greiða og skjóta afgreiðslu og hafi forgang með þeim hætti að það verði fyrsta mál sem fari úr nefndinni eftir áramót. Ég skil yfirlýsingu hv. formanns nefndarinnar þannig og vænti þess, að hann muni beita sér fyrir að svo geti orðið.

Efri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 16. des., að loknum 24. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 158). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 218).

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 183, n. 215). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur rætt um þetta frv., þ. e. frv. til laga um iðnráðgjafa. Eins og kunnugt er voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. frá því sem það upphaflega var lagt fram í Nd. Þessar breytingar eru kannske ekki stórvægilegar, en gefa þó frv. örlítið annan blæ.

Í 1. gr. var bætt við þar sem stendur: „Ákveði samtök sveitarfélaga eða iðnþróunarfélög, sbr. 2. gr., að ráða iðnráðgjafa til starfa á sínum vegum". Orðunum „á sínum vegum" var bætt inn í, ég hygg fyrst og fremst í ljósi umræðna sem urðu í tengslum við frv. um að það skyldi vera skýrt kveðið á um að iðnráðgjafarnir væru ráðnir til starfa á vegum heimaaðila. Orðin „á sínum vegum" eru af þeim toga.

Við höfum að sjálfsögðu engar athugasemdir við þetta né heldur við hina brtt. sem iðnn. Nd. gerði við frv. Hún er við 4. gr. þar sem stendur: „Tryggð skulu tengsl iðnráðgjafa við tækni- og þjónustustofnanir og samtök iðnaðarins". Orðunum „og samtök" var bætt inn í frv. frá því það var upphaflega lagt fram.

Iðnn. Ed. er að sjálfsögðu samþykk þessum tveimur breytingum sem að okkar dómi — ég veit að ég túlka viðhorf nefndarinnar rétt — þjóna í ríkari mæli þeim tilgangi sem ætlast er til af þessu frv. sem vonandi verður samþykkt og verður að lögum. Iðnn. leggur því til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Ég vil geta þess, að eins og kemur fram í nál. frá Nd.-nefndinni var leitað umsagna nokkurra aðila, svo sem sveitarstjórnarmanna og forsvarsmanna iðnaðarins sem og Alþýðusambands Íslands svo einhverjir séu nefndir. Það er mála sannast, að flestar þessar umsagnir eru jákvæðar í garð frv., sérstaklega þó sveitarstjórnarmanna og Alþýðusambands. Það var athugasemdir að finna í umsögn Félags ísl. iðnrekenda sem og Landssambands iðnaðarmanna. Ég lít svo á að meginathugasemdirnar, ef ég má svo að orði komast, sem þeir höfðu fram að færa, hafi verið teknar inn í frv. Ég hygg að það hafi verið aðaláhyggjuefni þeirra að í frv., eins og það var upphaflega lagt fram, var ekki gert ráð fyrir að það væru tryggð tengsl við samtök iðnaðarins. Eins og ég gat um áðan er það mjög eðlileg og sjálfsögð breyting, enda liggur í hlutarins eðli að iðnþróun verður ekki hrundið af stað, henni verður ekki fylgt eftir, nema menn hafi allajafna góða samstöðu með og samvinnu við þá aðila þar sem vafalaust er hin haldbesta og mesta þekking á þessum málum nú þegar.

Ég ætla ekkert að fjölyrða um þetta frekar. Það er skoðun mín a. m. k. að ráðning iðnráðgjafa sé skref fram á veginn. Ég vil ekki líta svo á að hér sé um aukna miðstýringu að ræða, eins og vikið hefur verið að. Ég vil minna á að það eru landshlutarnir eða iðnþróunarfélögin á hverjum stað sem ráða þessa aðila til starfa enda þótt öll gjöld skuli greidd úr ríkissjóði.

Hitt er ljóst að iðnráðgjafar, enda þótt þeir væru nú ráðnir — og þeir eru þegar ráðnir til starfa mjög víða, það er gert ráð fyrir átta ársstörfum í þessu sambandi, — þeir leysa náttúrlega ekki allan vanda. Þegar iðnaður á í hlut er um að ræða svo fjölþætta starfsemi að útilokað er að einn maður hafi yfirsýn yfir allt það svið sem þar er um að ræða. En það er skoðun mín að hér sé stigið a. m. k. eitt spor fram á við.

Herra forseti. Aðeins að lokum: Það er von mín og að sjálfsögðu annarra nm., að það verði tryggt á milli 2. og 3. umr. um fjárlög að fjármagn fáist til að greiða þau laun sem getið er um og þarf vegna ráðningar í þessi störf.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta. Eins og hv. frsm. nefndarinnar hefur greint frá skrifa allir nefndarmenn undir nál. og mæla með samþykkt frv.

Ég verð að segja, að ég tel, eins og reyndar kom fram í máli hv. frsm., að frv. hafi tekið breytingum til bóta í Nd. og þar hafi verið mætt a. m. k. að nokkru leyti athugasemdum sem fram hafa komið í umsögnum frá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna. En ég verð að segja það, að mér hefði fundist ástæða til að breyta fleiru í þessu frv. Ég hef þó ekki gert till. um slíkt og það er vegna þess að eins og kom fram í máli hv. frsm. er þess vænst, að frv. þetta verði samþykkt sem lög áður en kemur til 3. umr. um fjárlagafrv. fyrir næsta ár, vegna þess að í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði laun iðnráðgjafa, sem frv. gerir ráð fyrir, og slíkri fjárveitingu þarf að koma fyrir í fjárlögum fyrir næsta ár. Þess vegna hef ég nælt með þessu frv. eins og aðrir. Það er og hafið yfir allan vafa, að frv. fjallar um mál sem er merkilegt í sjálfu sér og þarflegt. Mönnum kemur saman um að atvinnuuppbygging í hinum ýmsu byggðum úti á landi sé ekki síst komin undir því, að hægt sé að efla þann iðnað, sem fyrir hendi er, og byggja upp nýjan iðnað.

Það hefur komið fram í umsögnum um þetta frv., að samtök sveitarfélaganna, landshlutasamtökin, eru eindregið þeirrar skoðunar, að það beri að samþykkja þetta frv., og einnig Samband ísl. sveitarfélaga. Með tilvísun til þessa hef ég lagt til fyrir mitt leyti að frv. verði samþykkt, og við sjálfstæðismenn væntum að það fái greiða afgreiðslu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 25. fundur.

Miðvikudaginn 16. des., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146, n. 193 og 207). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og við var að búast varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu á þessu máli. Meiri hl. n., sem í eru auk mín hv. 3. þm. Vestf., hv. 1. þm. Reykn. og hv. 3. þm. Reykv., skilaði séráliti þar sem við lýsum afstöðu okkar til þessa frv.

Þetta frv. er flutt á hv. Alþingi til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 28. ágúst s. l. í kjölfar gengisfellingar sem átti sér stað tveimur dögum áður. Á meðan þetta frv. var til afgreiðslu í hv. Ed. átti sér stað önnur gengisbreyting og því varð að gera nokkrar breytingar á frv. í Ed. í samræmi við þá gengisbreytingu. Þó að þetta mál sé ekki endanlega afgreitt hér á þingi eru einstakir ráðh. þegar farnir fyrir nokkru að boða eina gengislækkunina enn þá, sem er afleiðing af verðbólgunni, en það er auðvitað það sem allir reikna með, að í þeirri miklu verðbólgu, sem við búum við, verði ekki hægt að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi nema færa gengið til samræmis við stöðu útflutningsatvinnuveganna.

Þetta frv. felur í sér þrjú meginatriði:

Í fyrsta lagi er hér um að ræða ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða sem framleiddar voru fyrir 1. sept., og ríkisstj. hefur sjálfdæmi um hvort gengismunur á einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki.

Í öðru lagi er hér um að ræða eignaupptöku á endurgreiðslu Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyptra afurða- og rekstrarlána. Meginhluti þessarar endurgreiðslu, sem mun vera um 36.2 millj. kr., á ekki að renna til þeirra deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru bein fyrirmæli í þessu frv. um að allt að 29 millj. kr. skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins. Hér nefni ég hærri upphæð en kom fram í umr. og nál. í Ed. vegna þess að við endurskoðun hefur komið í ljós að þessi upphæð er nú 28.5 millj. kr., en heimildin í frv. er upp á 29 millj. Með þessu er gengið þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar setningu laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það hefur verið ófrávíkjanleg skoðun, bæði stjórnar sjóðsins og stjórnvalda á hverjum tíma, að hver deild þessa sjóðs sé sjálfstæð og að fjármuni eigi ekki að færa á milli deilda, eins og ákveðið er að gera með þessu frv.

Í 2. gr. þessa frv. er fjmrh. heimilað að ábyrgjast lán að fjárhæð 42 millj. kr. handa Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Verður ekki séð annað en að ríkissjóður verði að greiða þetta lán þegar metnir eru þeir skilmálar sem settir eru fyrir ábyrgð ríkissjóðs. Með slíkri lántöku sem þessari er verið að taka upp hreint uppbótakerfi eða millifærslukerfi sem almenningi er svo ætlað að greiða.

Hæstv. viðskrh. fylgdi þessu frv. úr hlaði í þessari deild við 1. umr., en hæstv. forsrh. fylgdi því úr hlaði við 1. umr. í Ed. Hvorugur þessara ágætu manna er við þessar umr. og því síður sjútvrh., sem er víðs vegar fjarri. Aðeins einn ráðh. situr nú inni í deildinni, hæstv. landbrh. Ég held, með allri virðingu fyrir honum, að hann sé ekki mjög mikið inni í þessu máli, og jafnvel þó að annar bætist við, hæstv. iðnrh., muni þeir vera sennilega minnst undir það búnir að ræða þetta mál. Ég lýsi furðu minni á því, að þeir ráðh., sem flytja mál og flytja framsögu fyrir málum, skuli ekki vera viðstaddir umr. í þingdeildinni. Ég ætlast því til þess, að hæstv. forseti láti hefja leit að öðrum hvorum framsögumanna málsins. Mér liggur ekkert á. Ég get beðið á meðan. (**Forseti:** Ég mun gera ráðstafanir til að finna viðkomandi ráðh.) Það nægir alveg að finna annan. Ef ríkisstj. ætlast til þess, að mál séu afgreidd og þau gangi fram hér á þeim knappa tíma sem eftir er til jóla, er það minnsta að viðkomandi ráðh. geti verið viðstaddir umr. um þau mál sem þeir hafa flutt. Það er lágmarkskurteisi við Alþingi og þingræðið. — Var fjmrh. eitthvað að spyrja? (Gripið fram í.) Ég vil hafa annan hvorn þann ráðh. sem mælti fyrir frv. Forsrh. mælti fyrir því í Ed. og viðskrh. í þessari deild. Ég vil að þeir séu hér viðstaddir. Þó hefði mér nægt ef sjútvrh. hefði verið á landinu. (**Gripið fram í:** Þó hann væri ekki viðstaddur?) Jafnvel, því hann heyrir svo vel og er snar í snúningum og hefur góða fætur. — Já, þá gengur hæstv. forsrh. í salinn og ég fagna því, að hann sem frummælandi þessa frv. í Ed. skuli koma þó að — og skiptir það ekki höfuðmáli — sá sem flutti frv. hér í Nd. sé ekki mættur. Ég vil þá koma inn á efnishlið þessa máls.

Í fyrsta lagi er verið að taka hér lán fyrir deild úr Verðjöfnunarsjóði sem er nú upp urin sem deild fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsafurða eða nánar tiltekið fyrir loðnumjöl og lýsi. Um það bil sem núv. hæstv. ríkisstj. tók við var innistæða í þessari deild 22 millj. 992 þús. kr., en 1. jan. 1981 er hún komin í 1492 þús. og 1. okt. 1981 er hún mínus 1474 þús. hvað snertir þessar afurðir, loðnumjöl og lýsi, þannig að sveiflan hefur orðið 24 millj. 466 þús. Nú leyfi ég mér að spyrja: Er nauðsynlegt að láta slíkt gerast í sambandi við þessar afurðir, eins og átti sér stað á s. l. ári? Þá var ákveðið of lágt viðmiðunarverð til Verðjöfnunarsjóðsins, svo lágt að lítið kom inn í sjóðinn, en svo rúmur var fjárhagur verksmiðjanna þá, að þær fóru í kapp að yfirbjóða hver fyrir annarri þessar afurðir. Á sama tíma gerðist það, að lítið sem ekkert var greitt í Verðjöfnunarsjóðinn og hann var tæmdur vegna þessa. Það, sem gerist á þessu ári, er ekki verðfall á þessum afurðum. Það er verðfall á gjaldmiðli þeirra þjóða sem kaupa þessar afurðir vegna þess að gengi íslensku krónunnar er rangt. Þó að þessar þjóðir, sem kaupa af okkur, kaupi í dollurum kaupa þær og miða sitt verðlag við eigin mynt, miða við eigin gjaldeyri, og í þjóðfélagi þar sem verðbólgan er 5—6—7 sinnum meiri en í þessum löndum, eins og hjá okkur, verður þetta auðvitað til þess, að hér verður um verulega lækkun á verðlagi að ræða. Í staðinn fyrir að leiðrétta gengi krónunnar er gripið til þess ráðs að taka lán fyrir þessar afurðir, 42 millj. kr., eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, því að í raun og veru er búið að lofa atvinnurekstrinum þessu og verður ekki aftur snúið með það. Það er mjög ljóst úr þessu. En undarlegt er að láta Verðjöfnunarsjóð taka þetta lán, að ekki sé meira sagt, vegna þess að ríksstj. hefur ákveðið að ábyrgjast þetta lán með þeim skilyrðum að Verðjöfnunarsjóðurinn endurgreiði það. ef hækkun á þessum afurðum verður 30% eða meiri innan tveggja ára, í þeim gjaldeyri sem notaður er þegar þessar þjóðir kaupa af okkur. Það vita allir menn, hver einasti maður, að það eru 999 líkur af 1000 á því, að þessi ábyrgð falli á ríkissjóð og ríkissjóður verði að taka þetta lán á sig. Þetta lán er því tekið út á framtíðina eins og fleira.

Ef við lítum aftur á stærstu deildina í Verðjöfnunar-

sjóði fiskiðnaðarins, deild fyrir frystar afurðir, var innistæða í þeirri deild 35 millj. 155 þús. 1. jan. 1980, 1. jan. 1981 er hún komin niður í 28 millj. 280 þús., en 1. okt. á þessu ári er hún komin í 1 millj. 114 þús. kr. Breytingin frá 1. jan. 1980 til 1. okt. á þessu ári er því hvorki meira né minna en mínus 34 millj. 41 þús. kr. Má því segja að það hafi heldur betur tekist til með stærstu greinar Verðjöfnunarsjóðsins. Þetta er langstærsta atvinnugrein okkar Íslendinga, frystiiðnaðurinn, og fram undan eru svo hrikalegir erfiðleikar sem ég mun koma að síðar.

Ég ætla ekki að ræða svo um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að geta þess ekki í leiðinni, að ein deild einkum, skreiðardeildin, hefur aukið innistæðu sína verulega eða úr 11.3 millj. í 43.7 millj., enda er þar um einstakt verðlag að ræða sem engum dettur í hug að haldi áfram með sama hætti og verið hefur síðustu 2—3 árin.

Hitt er svo annað mál, sem er alvarlegt, að í deild fyrir saltfiskafurðir var 1. jan. 1980 innistæða 28 millj. 982 þús., en hún er nú 1. okt. komin niður í 28 millj. 264 þús. Á sama tíma og hagstæðir markaðir hafa verið fyrir saltfisk er það látið gerast á þessu ári, að alla vertíðina er ekkert greitt í Verðjöfnunarsjóð af saltfisksframleiðslu og saltfiskssölu. Með þessu ráðslagi er verið að kippa grundvellinum undan Verðjöfnunarsjóði. Mér er alveg ljóst, og ég ætla ekki að vera ósanngjarn við hæstv. ríksstj. að það hafa verið og eru erfiðleikar á að byggja upp deildina fyrir frystar afurðir vegna þeirra aðgerða sem gerðar voru á árinu 1973, verðfallsins sem varð í aðalviðskiptalandi okkar með þessar afurðir. Á árunum 1974, 1975 og fram eftir ári 1976 varð að grípa til ábyrgða hvað eftir annað, og við því er í raun og veru ekkert að segja. Það eru fordæmi fyrir því að grípa til slíkra ábyrgða, en hitt er algjört ráðleysi, hvernig hefur verið farið bæði með deild fyrir saltfisksafurðir og deild fyrir afurðir síldar og fiskimjöls. Það er stórvítavert hvernig ríkisstj. hefur staðið þar að verki.

Þegar hæstv. viðskrh. flutti þetta mál í fjarveru forsrh. við 1. umr. hér í hv. deild sagði hann að það mætti líta á forsendur í fyrri gengisbreytingum og m. a. í aðgerðum sem áttu sér stað á árunum 1974—1978, þegar ég gegndi starfi sjútvrh. Þá var um allt annað að ræða. Þá var staðið að ráðstöfun gengishagnaðar með allt öðrum hætti en nú er gert.

Í fyrsta lagi var það viðurkennt af öllum, bæði stjórn og stjórnarandstöðu, að það bæri að skipta gengishagnaði ekki eingöngu til þeirra, sem ættu vöruna á síðasta stigi, heldur líka til þeirra sem hefðu aflað hennar. Þá var gengið það langt, — ég vil til að hressa upp á minni manna nefna það, — við gengisbreytinguna 1975, með samþykkt laga frá 14. maí það ár, var ætlað að tekjur af gengishagnaði, eftir að búið er að draga frá þeim skyldugjöld, eins og kallað er, yrðu 75 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna til að verðbæta örorku- og lífeyrisgreiðslur þeirra og aðrar tryggingarbætur. Þannig var komið til móts við sjómenn og þeim sýndur skilningur og viðurkennt að þeir ættu rétt á hluta af gengishagnaði sem myndaðist við gengisbreytingu.

Í öðru lagi var ákveðið að leggja fram hvorki meira né minna en 950 millj. kr. til að létta stofnfjárkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, með þeim skilyrðum sem sett voru. Þá var heimilt að ráðstafa 400 millj. kr. af heildarfjármagni samkv. þessum lið til lánveitinga í sjávarútvegi til 2—3 ára til að bæta lausafjárstöðu eigenda fiskiskipa og vinnslustöðva.

Þá voru einnig látnar af þessum gengishagnaði 300 millj. til Fiskveiðasjóðs til að greiða fyrir lánveitingum sjóðsins til tækjakaupa og endurbóta á eldri fiskibátum og 50 millj. kr. til að bæta eigendum fiskiskipa það tjón sem þeir verða fyrir er skip eru dæmd ónýt eða úrelt. Það var fyrsti vísirinn að aldurslaga- eða úreldingarsjóði, sem þá var tekinn upp með þessum hætti, þó að formlegur sjóður hafi ekki verið stofnaður.

Síðan var ákveðið að greiða til Tryggingasjóðs og Olíusjóðs fiskiskipa 180 millj., en þá voru einnig teknar 50 millj. af gengishagnaði til að greiða fyrir afurðir síldar- og fiskimjölsverksmiðja. Þær voru þá óseldar og tekið af gengishagnaði þessarar vöru til að verðbæta og ákvæði þá til bráðabirgða í því sambandi. Um þetta var fullt samkomulag í sambandi við ráðstöfun gengishagnaðar. Þá stóð þessi vinnsla með þeim hætti að skipin hefðu ekki annars látið úr höfn á vertíð og því var gripið til þessa ráðs.

Jafnframt voru þá veittar nokkrar millj. kr. m. a. til orlofshúsa sjómannasamtakanna, til styrkveitinga við að breyta vélbúnaði skipa til þess að geta nýtt svartolíu í stað gasolíu o. fl.

Síðan voru aftur teknar greiðslur til Olíusjóðs og Verðjöfnunarsjóðs af þessu, en núna er um það að ræða að láta gengishagnaðinn eingöngu renna í Verðjöfnunarsjóð, og þá er brugðið út af þeirri venju og brugðið út af því markmiði sem var fyrir setningu laganna um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, því að það er í raun og veru fært milli deilda. Það er alveg tvímælalaust eignaupptaka því að þeir aðilar, sem hafa greitt til sinna deilda, saltfisksframleiðendur til sinnar deildar o. s. frv., eiga það fjármagn og þeir eiga þessa hlutdeild í birgðunum og þess vegna hefur þessu verið mótmælt ekki eingöngu af fiskverkendum, heldur einnig af sjómönnum, sem hafa alfarið mótmælt því að fara inn á þessar brautir. Það er þetta sem ég gagnrýni þetta frv. langmest fyrir — auk þess að hafa komið Verðjöfnunarsjóðnum í þá stöðu að verða að taka til loðnudeildarinnar 42 millj. kr. að láni.

Allir þessir erfiðleikar eru afleiðing af ranglega skráðu gengi krónunnar allt þetta ár, eru afleiðing af því, að það er verið að fela verðbólguna með því að skrá krónuna röngu verði, eyða eigin fjármagni atvinnuveganna, fyrirtækjanna í landinu. Það er látið brenna upp. Útflutningsverðmætið hefur ekki hækkað nema að litlum hluta miðað við þann tilkostnað sem er við að afla þessa verðmætis og vinna það. Hér er því um ranga gengisstefnu að ræða. Hér er engin krafa um að lækka gengi krónunnar. Hér er aðeins krafa um að krónan sé skráð á því verði sem hún er í á hverjum tíma, en ekki sé verið að blekkja fólkið, því það kemur síðar að því að holskeflan skellur yfir og þá er verra að fá hana með þeim ógnarþunga, sem þá verður, en að mæta vandanum augliti til auglitis strax.

Þessi ríkisstj. virðist ekki hafa kjark eða þrek til að viðurkenna erfiðleika, viðurkenna það sem þarf og er óhjákvæmilegt að gera. Til að halda stöðugu gengi verðum við auðvitað að halda verðbólgunni niðri og það miklu meira en nú er gert. Í þeirri verðbólgu, sem nú er, fer ekki hjá því að gengið er rangt skráð. Síðan er gripið til þess seint og síðar meir að leiðrétta gengið, en alltaf of seint, alltaf á eftir, þannig að það er ekki hægt að rétta úr kútnum.

Atvinnulífið er núna víðast hvar stöðvað. Hvað er þá gert? Það er gripið til þess í fjölmörgum tilfellum og á eftir að grípa til þess í enn fleirum að taka lán hjá Seðla-

bankanum. Það eru prentaðir seðlar og Seðlabankinn keyrir hlössin út. Þessir seðlar eru svo lánaðir til atvinnufyrirtækja sem eru komin í algjört greiðsluþrot.

Byggðasjóður hefur verið gerður að afgreiðslustofnun nú að undanförnu fyrir þessar kreppuráðstafanir ríkisstj. Það eru tekin lán, sem eru sögð eiga að vera til 15 ára, til að greiða hallarekstur fyrirtækjanna á þessu ári. Svo koma menn og setja upp sakleysislegt andlit og segja að verðbólgan sé 40-42% á Íslandi í ár þegar hún er falin með þessum hætti!

Hvernig er með atvinnufyrirtæki á vegum ríkisins? Það vantar ekki gorgeirinn í hæstv. fjmrh. þegar hann er að lýsa afkomu ríkissjóðs, en hann tekur aldrei með í það dæmi nema A-hluta fjárlaga. Hann tekur aldrei með allt dæmið, B-hlutann og lánsfjáráætlunina. Ætli það sé eins góð útkoma og hann vill vera láta ef það er tekið með í dæmið? Hvernig er með stórfyrirtæki á vegum ríkisins? Þau taka meira að segja núna erlend lán til að standa undir hallarekstri. Hér er verið að taka lán fyrir framtíðina sem er svo annarra að taka við. Það er dæmigerð sýndarstjórn, sem er við völd í þessu landi, hvað efnahagsmálin snertir. Og nú kem ég að því, sem er skylt þessu máli, og það er hvað ríkisstj. ætli nú að gera.

Sjómannasamtökin hafa lýst yfir stöðvun alls flotans núna fyrir áramót, og útgerðin segist ekki geta haldið áfram og verði að stöðvast, sé sjálfstöðvað. Sjútvrh. sagði, áður en hann yfirgaf fósturjörðina, að hann sæi ekki fram á annað en það yrði að gera ráðstafanir, því það væri vitað mál að kaupendur gætu ekki greitt hærra fyrir fiskinn og seljendur þyrftu líka að fá hærra fyrir fiskinn, þess vegna yrði að gera ráðstafanir til að bæta stöðu útgerðar og sjávarútvegs.

Það er um meira að ræða en sjávarútveg. Það þarf ekki síður að hressa upp á útflutningsiðnaðinn. Hann stendur ekkert betur að vígi en sjávarútvegurinn.

Hvað var fyrsta svarið sem kom í þessum ummælum sjútvrh.? Jú, hæstv. félmrh. þurfti að svara sálufélaga sínum í ríkisstj. Hann fann strax ráð. Hann viðurkenndi strax að það þyrfti að bæta sjómönnum upp. Hann viðurkenndi að þeir hefðu orðið fyrir skerðingu að undanförnu og hann fann ráðið: að afnema olíugjaldið til fiskiskipanna og stofnfjársjóðinn. M. ö. o.: til þess að fá meira fjármagn til að skipta fyrir sjómenn ætlum við að taka af útgerðinni þannig að hún fari slétt út, þannig að staða hennar verði nákvæmlega sú sama eða jafnvel verri. Þetta er úrræði í lagi! Þegar þeir leggja saman þessir tveir afbragðshagfræðingar, félmrh. og sjútvrh., er von að fólk spyrji: Getur þetta gengið lengur?

Nú er lögð á það áhersla að halda þessu áfram, halda þessu til streitu. Alþingi á að fara í jólafrí og það er ekki vitað að það séu neinar aðgerðir í burðarliðnum. Fiskverðinu var fyrir nokkru vísað til yfirnefndar Verðlagsráðsins og yfirnefndin hefur verið sammála um eitt, bæði kaupendur og seljendur: Kaupendur eru sammála um, að seljendur þurfa að fá hærra fiskverð til þess að það sé hægt að koma til móts við óskir sjómanna og til þess að útgerðin geti haldið áfram starfrækslu, og seljendur eru sammála um, að kaupendur geti ekki greitt hærra fiskverð nema fá traustari grundvöll undir sinn atvinnurekstur, og þar við situr.

Ef ég þekki hæstv. forsrh. rétt og sjónvarpið kallar hann til sín og spyr: Hvað er nú að frétta af fiskverðsmálum? — þá mun hann svara eitthvað á þessa leið: Fiskverðið er í höndum Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Það hefur algjörlega með fiskverð að gera lögum samkv. — Þar með er samtalinu lokið og fréttamaðurinn segir: Þetta er gott og blessað. Þá er bara að snúa sér að Verðlagsráði sjávarútvegsisn. — Þannig hafa málin verið afgreidd. En þetta er ekki lausn á afgreiðslu mála. Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. hefur sagt og það oftar en einu sinni, að Verðlagsráð á að fjalla um verðlagningu sjávarafurða lögum samkv., en þegar Verðlagsráð er ekki sammála um verðlagningu er málinu vísað til yfirnefndar og þá kemur inn í yfirnefndina fulltrúi ríkisvaldsins, þjóðhagsstjóri, og hann kemur ekki inn í þetta á eigin vegum eða sem yfirmaður sinnar stofnunar. Hann kemur inn í þetta sem trúnaðarmaður ríkisstj. á hverjum tíma. Og það, sem hann gerir, gerir hann alltaf í samráði við aðgerðir og stefnu þeirrar ríkisstj. sem situr í það og það skiptið. Ég þekki þetta mjög vel og því er ekki hægt að blekkja mig í þessum efnum. Um leið og máli er vísað til yfirnefndar er það fyrst og fremst í höndum sjútvrh. fyrir hönd ríkisstj., og þegar hann þarf að taka ákvarðanir, sem snerta ríkisstj. í heild, ber hann þau mál upp við ríkisstj. Því hefði ég haldið að eins og ástand og horfur eru núna hefði ekki veitt af því, að öll ríkisstj. væri heima á Fróni og legði vel höfuðið í bleyti og velti fyrir sér hvað væri nauðsynlegt að gera og hvernig mætti taka á gífurlegum vanda, sem er alltaf að verða erfiðari og erfiðari, og sérstaklega hefði verið þörf á að sjútvrh. sæti nú og ræddi við alla þessa aðila um hugsanlega lausn á þessu mikla vandamáli.

Við vitum að sjómannasamtökin hafa mjög sterk rök að mæla þegar þau segja: Það hefur verið gengið á rétt okkar sjómanna við undanfarnar verðákvarðanir og hvað eftir annað. — Við vitum mætavel að það koma fyrir verðákvarðanir sem annar hvor aðilinn verður mjög óánægður með. En það spáir ekki vel fyrir málum frekar en forðum að höggva tvisvar í sama knérunn eða jafnvel oftar, og því er nú komið sem komið er, að sjómenn hafa reitt hátt til höggs.

Ég skal játa það fúslega að á þessu ári er hluti útgerðarinnar nokkuð vel settur þar sem er bátaflotinn, sérstaklega eldri flotinn. Mér dettur ekki í hug annað en að viðurkenna jafnaugljósa staðreynd og þá. En allur dýrari flotinn, sem er með hærri lánin, með meiri skuldir á herðunum, er í kröggum. Þar er skuldaaukningin og vaxtabyrðin svo mikil að þessir aðilar standa engan veginn við sínar skuldbindingar. Þess vegna fer þessi vandi vaxandi með hverri vikunni sem líður.

Ég spyr hæstv. forsrh. að því, hvort hann teldi nú ekki eðlilegt að eitthvað komi fram frá hæstv. ríkisstj. um hvað hún sé að gera og hvernig hún hugsi sér í stórum dráttum að leysa þessi mál. Ég fer alls ekki fram á það við hæstv. forsrh., að hann fari að lýsa því yfir hver hann telji að fiskverðshækkunin eigi að vera. Ég tel það mikið glapræði þegar ráðh. fara að nefna einhverja ákveðna prósentu. Hitt er annað mál, að það má gjarnan lýsa því yfir, hvort það sé ekki ákveðið að tefja ekki ákvörðun fiskverðs og ganga til þeirra aðgerða sem gera það að verkum að flotinn þurfi ekki að stöðvast.

Við vitum í raun og veru að hér ræður ein höfuðákvörðun mest. Það eina, sem er hægt að gera til að koma í veg fyrir langa stöðvun, er í fyrsta lagi að viðurkenna þann mikla vanda sem við er að glíma. Sá, sem viðurkennir ekki að hér sé um vanda að ræða og erfiðleika, getur aldrei læknað neitt. Það er fyrsta skilyrðið að sjáandi sjái menn og heyrandi heyri þeir. Það er fyrsta

skilyrði að viðurkenna að kostnaður við öflun og vinnslu á okkar útflutningsvörum hefur farið langt fram úr því sem söluverð á erlendum mörkuðum gerir okkur mögulegt að selja fyrir. Þess vegna verðum við að ganga djarflega til verks í þessum efnum.

Ég er sannfærður um að ef það verður löng bið á ákvörðun fiskverðs stöðvast atvinnurekstur víðast hvar úti um allt land. Fiskvinnsla er í raun og veru eini atvinnureksturinn á velflestum stöðum í landinu. Það er kannske helst hér í Reykjavík sem einna minnst ber á því, þó að þar sé auðvitað grundvöllur alls þess, sem gert er á öðrum sviðum, að þessi atvinnurekstur haldi áfram.

Mér finnst ég heyra á mönnum í atvinnurekstrinum, í sjávarútvegi og þá ekki síður í iðnaði, mikinn ótta og kvíða yfir því, hve lítið heyrist frá hæstv ríkisstj. og hvað lítið er gert til að ræða við menn um hugsanlegar leiðir til að ná sáttum og vinna að því að menn reyni að stilla öllum sínum kröfum í hóf. Þar vil ég standa með hæstv. ríkisstj. Menn verða allir að stilla kröfum sínum í hóf, því að við erum annars aðeins að minnka enn þá meir en þegar er orðið kaupmátt launa, og það kemur alltaf verst við þá sem lægstu launin hafa og verst eru settir.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur að mestu leyti gert grein fyrir störfum nefndarinnar. Ég mun því mjög stytta mál mitt þó að ég sé ekki sammála öllu sem fram kom í ræðu hans. Ég vil aðeins leggja áherslu á að ég veit að menn eru að sjálfsögðu ekki sammála um þetta mál, en það er afskaplega brýnt, að það hljóti afgreiðslu hið fyrsta, af þeirri einföldu ástæðu að ekki er hægt að ganga frá fjárhagslegri hlið þessa máls fyrr en frv. þetta hefur öðlast gildi sem lög frá Alþingi. Ég veit að allir eru sammála um að það sé rétt að greiða fyrir að það geti orðið.

Hér er um það að ræða, að Seðlabanki Íslands ákvað að falla frá gengisuppfærslu afurðalána, og jafnframt var ljóst að verulegur vandi væri fyrir hendi, eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Vestf., í Verðjöfnunarsjóði, þ. e. freðfisksdeild, deild fyrir frystar fiskafurðir. Var því ákveðið að tæpar 29 millj., nákvæmlega munu það vera 28 millj. 509 þús., skyldu renna inn í þessa deild. Það eru samtals 36.7 millj. sem koma í hlut sjávarútvegsins vegna þess að Seðlabankinn ákvað að falla frá gengisuppfærslunni, og þar af taka 28.5 millj. til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Það, sem eftir stendur, skiptist hlutfallslega milli þeirra aðila sem skulda þessi afurðalán.

Um það má að sjálfsögðu endalaust deila, hvort rétt sé að ganga frá málum með þessum hætti. Því hefur verið haldið fram, að það sé nýlega upp tekið í sjávarútvegi að framkvæma slíkar aðgerðir sem þessar. Það er ekki rétt, því að jafnvel þótt það hafi verið annars eðlis þegar svokallaður gengishagnaður af birgðum var látinn renna í sérstakan sjóð og honum var skipt á milli ýmissa aðila, eins og fram kom í máli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, þá var það svipaðs eðlis. Það var verið að skipta þeim upphæðum í öðrum hlutföllum, en þær hefðu runnið til manna sem áttu viðkomandi vörur. Þannig hefur þetta lengi tíðkast í sjávarútvegi með einum og öðrum hætti og þarf ekki að rekja það frekar hér.

Inn í þetta frv. kemur alls ekki neitt varðandi ákvörðun fiskverðs. Ég held að það sé mikilvægt að þær umræður fari fram í yfirnefnd þeirri sem hefur með þau mál að gera, en þær viðræður fari ekki fram hér á Alþingi, hvað þá í þeim fjölmiðlum sem starfa hér í landinu. Þetta eru viðkvæm mál sem erfitt er að halda á, og það spillir mjög fyrir úrlausn þeirra mála, eins og ég veit að hv. þm. Matthías Bjarnason er mér sammála um. Hann hefur tekist á við slík vandamál. Það hlýtur að spilla mjög fyrir úrlausn þeirra mála þegar menn eru með alls konar yfirlýsingar í því sambandi. Ég vil því fara þess á leit, að slíkar umræður verði mjög takmarkaðar varðandi þetta mál.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það, að við, sem skipum minni hl. þessarar nefndar, stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., skipum að vísu minni hl. í nefndinni, en við leggjum eindregið til að frv. þetta verði samþykkt og allt verði gert sem unnt er til að flýta afgreiðslu málsins héðan frá deildinni. Væri mjög æskilegt að endanleg afgreiðsla gæti átt sér stað í dag.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það hefur orðið að samkomulagi flokka þingsins að greiða fyrir því, að þetta frv. geti hlotið afgreiðslu fyrir jólaleyfi, og munum við að sjálfsögðu standa við það og haga okkar málflutningi hér á þingi þannig að við greiðum frekar fyrir því en hitt að málið hljóti afgreiðslu.

Hv. frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hefur þegar gert ítarlega grein fyrir efni þessa frv. svo og afstöðu okkar sem meiri hl. skipum og leggjum til að frv. verði fellt. Hann hefur einnig gert mjög ítarlega grein fyrir því ákvæði frv., sem er nýmæli, að færa fjármuni á milli deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ég aðeins ítreka þau orð hans, að þar er ríkisstj. að gefa mjög varhugavert fordæmi.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var stofnaður með lögum nr. 72 frá 28. maí 1969 að tilhlutan þáv. ríkisstj., sem var samstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Hlutverk Verðjöfnunarsjóðsins er, eins og segir í 1. gr. laganna, að draga úr áhrifum verðsveiflna er verða kunna á útflutningsafurðum fiskiðnaðarins. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var þannig hugsaður sem eitt þýðingarmesta hagstjórnartæki í voru landi til að jafna þær miklu hagsveiflur sem hljótast af því í íslenskum þjóðarbúskap hve atvinnulíf Íslendinga er einhæft og útflutningsframleiðsla landsins einhæf.

Hins vegar var þessu hlutverki sjóðsins ekki sinnt lengur en fram á árið 1971, þegar tveir flokkar, sem nú mynda einnig ríkisstj., komu til valda. Eitt fyrsta hlutverk þeirrar ríkisstj., sem kom til valda árið 1971, var að ganga með öllu fram hjá því hlutverki sem Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var stofnaður til þess að gegna. Innistæður sjóðsins voru orðnar talsverðar þegar sú ríkisstj. tók við völdum. Hennar fyrsta verkefni var að eyða öllum þeim innistæðum þrátt fyrir einmuna góðæri, bæði til sjávarins hvað aflabrögð varðar og hvað verðlag varðar á erlendum mörkuðum á íslenskum útflutningsvörum, sem þá átti sér stað. Strax árið 1971 má því segja að kippt hafi verið fótunum undan Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins og því hlutverki sem hann átti að gegna. Því hefur síðan verið haldið áfram með nokkrum hléum þannig að Verðjöfnunarsjóðnum hefur nánast aldrei verið heimilað að gegna hlutverki sínu nema mjög skamma hríð í senn.

Nú á að fara inn á enn nýjar brautir. Ég leyfi mér að efast um að lagalegar heimildir séu fyrir hendi. Það kemur mjög glögglega í ljós, ef menn lesa lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, að þegar þau lög voru sett kom

mönnum ekki einu sinni til hugar að slíkur sjóður gæti tekið lán til að greiða verðuppbætur á fisk eða fiskafurðir. Í 4. gr. og 5. gr. laganna er rætt um eignir Verðjöfnunarsjóðsins og tekjur hans. Ég vek athygli manna á því, að hvergi í lögunum um Verðjöfnunarsjóð er gert ráð fyrir að sá sjóður geti tekið fé að láni, enda væri slíkt og hlýtur að vera gjörsamlega að sniðganga hlutverk Verðjöfnunarsjóðsins. Sjóður eins og Verðjöfnunarsjóðurinn á að sjálfsögðu ekki að geta tekið fé að láni. Hann á eingöngu að ráðstafa þeim tekjum, sem hann hefur, til að jafna tímabundnar sveiflur í afurðaverði. Slíkur sjóður á ekki að geta tekið fjármuni að láni.

Nú er hins vegar gert ráð fyrir því í 3. gr. frv., eins og það kemur frá Ed., að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins taki fjármuni að láni erlendis frá til að greiða verðuppbætur á fisk til að halda uppi fiskverði sem ekki er grundvöllur fyrir að öðrum kosti. Auðvitað gefur auga leið að það er mjög hæpið, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti tekið erlend lán eða yfirleitt nokkur lán, og mjög hæpið, að það geti gerst nema um mjög skamman tíma, þegar ljóst er talið að til dæmis verðfall á fiskafurðum erlendis sé mjög tímabundið og fyrirsjáanlegt að miklar verðhækkanir verði aftur á þeim tilteknu afurðum. Þær aðstæður eru þær einu sem gætu hugsanlega réttlætt að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins tæki lán. Nú eru engar slíkar aðstæður fyrir hendi. Það er ekkert, sem bendir til þess, að ástandið á fiskmörkuðum okkar nú sé mjög tímabundið, og ekkert, sem bendir til þess, að verðlag t. d. á loðnuafurðum fari mjög hækkandi innan mjög skamms tíma. Jafnvel sú röksemd fyrir erlendri lántöku til handa Verðjöfnunarsjóði á því ekki við rök að styðjast. Þess vegna hefur hæstv. ríkisstj. gripið til þess ráðs að veita ríkisábyrgð fyrir lánum þessum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og hygg ég að einnig það sé nýmæli.

Nú hefur komið fram í fjh.- og viðskn. á fundum hennar með starfsmönnum Verðjöfnunarsjóðsins, að þeir telja harla ótrúlegt og raunar útilokað að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti greitt það lán sem sjóðnum er ætlað að taka. Þeir telja nær fullvíst að lánið muni falla á ríkissjóð. M. ö. o.: það, sem hér er að gerast, er að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins er á pappírnum skráður lántakandi að erlendu láni til að halda uppi fiskverði sem ekki væri hægt að halda upp að öðrum kosti, en í rauninni er það ríkissjóður sem er lántakandi og er ætlað að greiða lánið. Fyrir liggur að Verðjöfnunarsjóðurinn lýsir yfir að það sé nánast útilokað að hann muni geta greitt þetta lán.

Það er aðeins eitt fordæmi fyrir slíkri afgreiðslu og það fordæmi hefur einnig núv. hæstv. ríkisstj. gefið. Það var þegar ríkisstj. heimilaði þriðja aðila, Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem ég held að ég fari nærri um að hefur nær engar eigin tekjur, að taka erlent lán til að greiða viðbótarútflutningsbætur með útfluttum landbúnaðarafurðum umfram það hámark sem íslensk lög heimila ríkissjóði að greiða. Ríkissjóður gerðist síðan ábyrgðaraðili fyrir þessu láni sem fyrirsjáanlegt var að falla mundi á ríkissjóð, enda hefur það nú gerst og í fjárlagafrv. yfirstandandi árs er gert ráð fyrir tilteknum fjárhæðum, að mig minnir 2 milljörðum gamalla króna, í útgjöld úr ríkissjóði til að greiða vexti og afborganir af því láni. M. ö. o.: það er farið út á þá braut í fjármálalegri stjórnun að ríkissjóður gerist formlega ábyrgðaraðili fyrir lántöku þriðja aðila úti í bæ, sem liggur fyrir að ekki muni geta greitt svo mikið sem eina krónu af fjármagnskostnaði, afborgunum og vöxtum umræddS láns, sem óhjákvæmilega hlýtur að falla á ríkissjóð, og sama leikinn er nú verið að endurtaka hér gagnvart Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þessi leikur er aðeins leikinn til að fela þá staðreynd, að í fyrsta lagi er verið að greiða úr ríkissjóði meiri útflutningsuppbætur með landbúnaðarafurðum en lög leyfa og í öðru lagi er ríkissjóður einnig að taka að sér að greiða uppbætur á fiskverð í landinu. Ríkissjóður er þannig orðinn beinn aðili að niðurgreiðslum og uppbótargreiðslum á ýmsar helstu afurðir sem landsmenn framleiða. Þetta er algjört nýmæli, sem hæstv. ríkisstj. er farin að taka upp, og boðar satt að segja ekki gott og er mjög varhugavert og hættulegt fordæmi.

Í lokin er rétt að geta þess, svona aðeins til að sýna fram á hversu varhugavert þetta er og hversu fráleitt að til þess sé ætlast að ríkissjóður sé hér aðeins ábyrgðaraðili, en ekki raunverulegur greiðsluaðili, að ríkissjóður biður ekki einu sinni stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að gera greiðsluáætlun, að gera áætlun um hvernig sjóðurinn ætli að greiða það lán sem verið er að heimila honum að taka. Það er ekki einu sinni að ríkisstj. óski eftir því við stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, þegar hún veitir honum ríkisábyrgð fyrir lántöku, að hún geri nokkra grein fyrir hvernig hún hugsi sér að endurgreiða það lán sem er verið að veita ríkisábyrgð fyrir, né heldur spyrst ríkisstj. fyrir um hvaða tryggingar Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins geti sett ríkissjóði fyrir að geta staðið í skilum með þetta lán. Auðvitað er svarið við þeirri spurningu mjög einfalt. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins getur enga tryggingu sett frekar en Framleiðsluráð landbúnaðarins. Hér er aðeins um að ræða sams konar talnaleikfimi og varðandi Framleiðsluráð landbúnaðarins. Það er verið að fela þá staðreynd, að einnig á þessu sviði er verið að leggja til að ríkissjóður taki að sér að greiða uppbætur á fiskverð með sama hætti og ríkissjóður tekur að sér að greiða útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir fram yfir það sem íslensk lög heimila. Þetta er fóðrað þannig í báðum tilvikum um að þriðji aðili úti í bæ, í öðru tilvikinu Framleiðsluráð landbúnaðarins og í hinu tilvikinu Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, er að formi látinn taka erlent lán fyrir þessum uppbótar- og niðurgreiðslum, sem ríkissjóður er síðan látinn ábyrgjast. Þessir aðilar úti í bæ eru ekki einu sinni spurðir um hvernig þeir hyggist endurgreiða þau lán, sem ríkissjóður gerist ábyrgur fyrir, né heldur hvaða tryggingar þeir geti veitt til þess að hægt sé að ætla að þeir geti endurgreitt lánið, enda er þeim aldrei ætlað að endurgreiða þetta lán, þetta er allt saman ætlað að færist á ríkissjóð. Þetta eru dæmigerð vinnubrögð hæstv. fjmrh. til að láta líta svo út á pappírnum að afkoma ríkissjóðs og lántökur ríkissjóðs séu allt aðrar en þær í rauninni eru.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur komið í minn hlut að mæla fyrir þessu máli hér í hv. Nd., og ég vil gjarnan segja örfá orð, þau skulu ekki vera mörg.

Ég vil flytja hv. fjh.- og viðskn. þakkir fyrir, hve greiðlega hún hefur unnið að þessu máli og skilað nál. og skilað málinu aftur hingað inn í Nd., og einnig fyrir þær yfirlýsingar sem hafa komið fram um að stjórnarandstæðingar muni fyrir sitt leyti greiða fyrir að þetta mál geti fengið afgreiðslu hér í deildinni hið fyrsta.

Við 1. umr. málsins fóru fram nokkuð almennar umr. um þessi málefni og við skiptumst þar á skoðunum og vorum ekki alveg sammála, ég og hv. þm. Matthías Bjarnason. Við spjölluðum dálítið saman um þetta mál og ég geri ekki ráð fyrir að það hafi orðið á því í sjálfu sér nein breyting frá því að sú umr. fór fram.

Ég hef áður — a. m. k. tvívegis eða oftar — sagt hér í umr. á hv. Alþingi að það væru tveir þættir okkar efnahagsmála sem væru langveikastir um þessar mundir. Annars vegar er staða útflutningsatvinnuveganna og hins vegar er aðstaða hagkerfis okkar til að veita svigrúm fyrir fjármögnun á uppbyggingu og framförum í landinu sjálfu. Við höfum þurft að leita meira — ég vil segja: en góðu hófi gegnir til útlanda, á erlenda lánamarkaði, til að afla lánsfjár til nauðsynlegrar uppbyggingar og framfara. Hins vegar eru ýmsar ástæður fyrir því, sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. og skal ekki endurtaka við þetta tækifæri.

Það er einkum tvennt, sem veldur þeim vanda sem sjávarútvegurinn er í um þessar mundir, og þó raunar fleira. Það er í fyrsta lagi það, að olíukreppan, sú fyrri, sem skall á í árslok 1973, og ekki síður sú síðari, sem skall á árið 1978 og fór að hafa verulega mikil áhrif í hagkerfi okkar á árinu 1979, hefur valdið vissum þáttaskilum sérstaklega hjá hluta útgerðarinnar. Nu er það staðreynd, að um 25—30% af útgerðarkostnaði skuttogara fara í olíuútgjöld og líklega 7—10%, að því er mig minnir, hjá bátaflotanum. Þetta kemur ákaflega misjafnt niður eftir því, hvar skip eru staðsett á landinu og hvað menn þurfa að sækja sjó langt. Þetta hefur valdið miklum erfiðleikum í sambandi við útgerð, og við höfum alls ekki séð fram úr þessu máli sem ekki er von. Þetta er ein af ástæðunum fyrir mjög miklum erfiðleikum.

Nú er það svo í sambandi við ákvörðun á gengi, að þar er tilhögun þannig, eins og kunnugt er, að Seðlabankinn gerir tillögur til ríkisstj. um gengisákvarðanir. Þó að ég vilji ekki á neinn hátt draga fjöður yfir að vitanlega á ríkisstj. þátt í þessum málum er það samt svo, að Seðlabankinn hefur þetta verkefni og ríkisstj. hefur staðfest tillögur Seðlabankans í þessum efnum. En ég get endurtekið það, sem ég hef sagt áður einnig, að ég tel að við höfum teflt á tæpasta vað í þessum málum á þessu ári. Það stafar vitanlega fyrst og fremst af því, að ríkisstj. hefur lagt mikla áherslu á að reyna að halda genginu sem stöðugustu til að veita viðnám gegn verðbólgunni.

Nú er það auðvitað svo, að þegar þetta sérstaka mál, sem hér er til umr., er metið, þá verður að hafa í huga að nú er verið að vinna að ákvörðun um fiskverð og það er í raun og veru verið að fjalla um að leggja heilbrigðan grundvöll fyrir rekstri sjávarútvegsins. Auðvitað verður að taka tillit til þess þegar menn meta hvernig líkur séu á að þetta lán Verðjöfnunarsjóðsins, sem hér er til umr., verði greitt til baka eða ekki. Nú lá auðvitað ekkert fyrir um það t. d. 1978 að það yrði örugglega greitt til baka. Það lá ekkert fyrir um það fyrr en búið var að gera þessi mál öll upp. En það var greitt til baka og þurfti ekki þá að grípa til ríkisábyrgðar. Það er auðvitað staðreynd.

Varðandi horfurnar í sjávarútveginum sérstaklega og í útflutningsatvinnuvegum okkar er auðvitað eðlilegt að menn reyni að meta hvernig mál standi varðandi markaðsmál okkar. Eins og sakir standa og verið hefur á þessu ári má segja að staðan í þeim málum hafi verið tiltölulega góð þegar á heildina er litið og við höfum notið hagstæðs verðs í sambandi við okkar útflutningsafurðir.

Nú hef ég ekki aðstöðu til á þessari stundu að meta hvernig staðan verður í þessum efnum á næstunni. Hún er þegar á heildina er litið nokkuð sterk. Hvort hún versnar eða hvort hún batnar skal ég ekkert um segja. Það er ekki því að leyna, að umhverfis okkur, í þeim löndum, sem við skiptum mest við, og yfir höfuð í heiminum er auðvitað verulegur samdráttur og það hefur þau áhrif að ástæða er til að fara varlega í þessum efnum og gera frekar ráð fyrir hinu verra en hinu betra. Ég skal þó ekkert um það fullyrða hvað verður í þessum efnum á næstu mánuðum. En eins og sakir standa er staðan í þessum efnum sæmilega góð.

Við ákvörðun fiskverðs er auðvitað aðallega þrennt sem þarf að gæta: Það er í fyrsta lagi, að útgerðin, sem er e. t. v. númer eitt í þessu öllu, verði rekin með eðlilegum hætti, í öðru lagi, að sjómenn beri úr býtum það sem sanngjarnt er og eðlilegt miðað við sjávarútveginn og aðra landsmenn, og í þriðja lagi, að fiskvinnslan geti borið sig. Þetta eru auðvitað þau þrjú meginsjónarmið sem koma til greina við ákvörðun á fiskverði og ráðstöfunum í sambandi við það. Er að sjálfsögðu unnið að þessum málum með svipuðum hætti og gert hefur verið á undanförnum árum. Ég hef í nokkurra daga fjarveru hæstv. sjútvrh. fylgst náið með þessum störfum og ríkisstjórninni í heild. Ég skal ekki spá um hvernig mönnum gengur að ráða við þau vandamál sem við er að fást. Þau eru veruleg. Það er ástæða til að viðurkenna það. En ég ætla að vona að það verði hægt að fá lausn á þeim sem verður viðunandi.

Auðvitað er það svo, að þetta er ekki í fyrsta skipti og ekki annað og ekki þriðja sem við Íslendingar eigum í erfiðleikum með ákvörðun á fiskverði og í sambandi við ákvarðanir sem varða það að sjávarútvegurinn í heild verði rekinn með eðlilegum hætti. Það er síður en svo. Þetta er ekki aðeins árlegur viðburður, þetta er viðburður sem hefur átt sér stað öðru hvoru á hverju ári um langa hríð. Það stafar auðvitað m. a. af því, hvað mikil hreyfing er á þessum málum, hvað mikil hreyfing er t. d. á markaðsmálunum og hvað miklar sveiflur á þeim vettvangi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil endurtaka að ég er þakklátur nefndinni fyrir, hve greiðlega hún hefur unnið að þessu máli, og fyrir þær yfirlýsingar, sem hafa komið fram af hennar hálfu um að hún vilji greiða fyrir því, að þetta mál fái afgreiðslu hér í hv. þd. sem allra fyrst.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef verið að sinna ýmsum erindum utan þingsalar í sambandi við fjárlagagerðina og hef því ekki fylgst nákvæmlega með þessum umr., en ég hjó eftir því, þegar ég kom hingað inn undir lok ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að hann lýsti yfir að lán, sem tekið yrði samkv. heimild í 3. gr. frv., ætti að greiðast af ríkissjóði og hér væri enn ein tilraunin gerð til að falsa fjárlög með því að utanaðkomandi aðili væri að taka lán sem ætti á síðara stigi að greiðast af ríkissjóði.

Ég vil lýsa því yfir hér, að þetta er alrangt og ég kannast ekki við að á nokkurn hátt hafi verið samþykkt af ríkisstj. eða mér að þessi útgjöld yrðu færð á ríkissjóð á nokkru stigi þessa máls. Það segir í greininni, með leyfi forseta:

„Fjmrh. f. h. ríkissjóðs er heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Liggi ríkisábyrgð fyrir, er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs

heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meira en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni."

Hér er sem sagt einfaldlega opnuð leið til þess, að Verðjöfnunarsjóður geti á hverjum tíma tekið lán með ríkisábyrgð, en um er að ræða einfalda ríkisábyrgð, ekki sjálfskuldarábyrgð heldur einfalda ábyrgð, sem felur það í sér að þá fyrst er upphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila að skuldari sé gjaldþrota. Ég geri ráð fyrir að einhverjar aðrar ráðstafanir mundu koma til áður en Verðjöfnunarsjóður yrði gerður gjaldþrota. Það er alveg ljóst, að hér er eingöngu um að ræða ríkisábyrgðarheimild, en ekki að ríkissjóður sé að taka á sig þennan kostnað eða gefa neina skuldbindingu í þá átt.

Þetta vildi ég að kæmi hér alveg skýrt fram vegna þess að ef þessu væri látið ómótmælt kynnu menn að draga þá ályktun að sú fullyrðing, sem hv. þm. kom hér með, væri rétt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég lýsi því að sjálfsögðu yfir, að ég er sammála hæstv. fjmrh. um að það er algjörlega út í hött og fráleitt að standa þannig að málum að láta Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, taka erlent lán, sem hann lýsir yfir að hann geti ekki greitt, og síðan sé ætlunin að ríkissjóður greiði þetta lán, en Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins sé aðeins lántökuaðili formlega séð.

Ég vil lýsa því yfir, að það hefur komið fram alveg ótvírætt á fundum fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis af hálfu þeirra, sem þar hafa mætt frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, að það er skilningur þeirra að svona eigi að halda á málinu. Mér er ekki kunnugt um annað en það hafi verið skilningurinn í meðferð málsins allar götur sem það hefur verið í hv. Ed. Nú lýsir hæstv. fjmrh. því yfir, að þetta sé ekki tilgangurinn, og jafnframt, að ríkissjóður muni ekki greiða afborganir og vexti af þessu láni nema heildarinnistæður Verðjöfnunarsjóðsins dugi ekki fyrir því. M. ö. o.: það, sem kann að vera til af fjármagni í öðrum deildum Verðjöfnunarsjóðs en hér um ræðir, á þá að nota til að greiða fjármagnskostnað við þetta lán. Hér er komin upp algjörlega ný staða í málinu.

Ég hlýt að óska eftir því við hæstv. forseta, að enda þótt við föllumst á að afgreiða málið frá 2. umr. verði 3. umr. ekki hafin, málið ekki afgreitt endanlega fyrr en okkur hefur gefist tækifæri til að ræða málið við hæstv. sjútvrh., sem ég veit ekki betur en komi til landsins í dag. M. ö. o.: við þessar aðstæður tel ég alls ekki vera unnt að afgreiða málið endanlega þar sem algjörlega ný túlkun er komin fram hjá hæstv. fjmrh. Ég vil þó ítreka að ég styð hann í þeim skilningi sem hann lét frá sér fara úr ræðustól áðan.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég bjóst við að að lokinni þessari umr. yrði þetta mál jafnvel afgreitt út úr deildinni í dag og 3. umr. hefði þá getað farið fram á skömmum tíma, en eftir ræðu hæstv. fjmrh. held ég að það sé borin von. Ég sé ekki annað en að frv., eins og það liggur fyrir, sé komið í harðasta hnút.

Eftir því sem mér hefur verið sagt — hæstv. viðskrh. leiðréttir það þá ef það er ekki rétt — liggur fyrir loforð frá sjútvrh. þess efnis, að ríkisábyrgð verði veitt fyrir láni að upphæð 42 millj. til Verðjöfnunarsjóðsins, jafnframt að skilyrði fyrir þessu hafi verið þau, að verði á því tímabili, sem lánið á að standa, þ. e. tvö ár, hækkun á afurðum í þeim gjaldeyri sem þær eru seldar við, um 30% endurgreiði Verðjöfnunarsjóður lánið, ef ekki, þá falli ábyrgðin á ríkissjóð. Nú lýsir hæstv. fjmrh. yfir að hér sé um einfalda ábyrgð að ræða, en í lagagr., eins og hún liggur núna fyrir, segir að lán þessi megi þó aldrei nema samtals meira en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni. Með þessu orðalagi er verið að fara yfir á heildarinnistæðu Verðjöfnunarsjóðsins, m. ö. o. inn á allar deildir. Auðvitað rúmast þetta innan þeirra marka og þó um hærri upphæð væri að ræða.

En er þá litið svo á að það eigi að taka úr öðrum deildum til að greiða þetta lán ef þessi deild, loðnudeildin eða síldarafurðadeildin, er gjaldþrota? Er þá ætlun ríkisvaldsins að grípa inn í aðrar deildir? Þá finnst mér vera komið alveg nýtt viðhorf í þessu máli og það ekki lítið alvarlegt.

Í fjh.- og viðskn. var sá skilningur lagður í þetta, að hér væri um lán að ræða til þessarar ákveðnu deildar við Verðjöfnunarsjóðinn. Þegar við tölum um að það séu litlar sem engar líkur til að þetta lán verði endurgreitt miðum við auðvitað við stöðu þessarar deildar eins og hún er nú og líkur á að hún verði á næstu tveimur árum.

Ég sé ekki annað en að fjh.- og viðskn. verði að fá tækifæri til að boða til fundar að yfirlýsingu fjmrh. fenginni. Ég vil á engan hátt standa í vegi fyrir að þetta mál nái fram að ganga. Það má enginn taka mál mitt á þann veg. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er ég reiðubúinn að afgreiða frv. og gera það að lögum þegar í dag. En eftir yfirlýsingu fjmrh. er algjörlega útilokað að málið komi til 3. umr. Þetta verður að liggja alveg ljóst fyrir. Mér finnst undarlegt í alla staði, að við lokaafgreiðslu máls sé svona yfirlýsing flutt þvert ofan í skilning sem nefndir hafa lagt í málið og alveg örugglega hæstv. sjútvrh. og þá væntanlega líka hæstv. viðskrh.

Ég ætla svo aðeins með örfáum orðum að fjalla um þá hóflegu ræðu sem hæstv. viðskrh. hélt. Í efnahagsaðgerðum eða efnahagsáætlun ríkisstj., sem dagsett er á síðasta gamlársdag, segir að „Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins skal útvegað fjármagn til þess að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar, ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs." Mér finnst þetta ekki vera að útvega fjármagn, þessi yfirlýsing hæstv. fjmrh., heldur þvert á móti.

Ég vil líka minna á að hæstv. sjútvrh. sagði í þessari hv. deild 27. apríl, að mönnum væri að sjálfsögðu ljóst að staðan að þessu leyti væri óvenju erfið við fiskverðsákvörðun nú. Það væri meiri munur á afkomu frystingar annars vegar og hins vegar skreiðar fyrst og fremst og reyndar saltfisks einnig, sérstaklega eftir að meiri verðhækkun fékkst en menn höfðu gert ráð fyrir og verið hefði áður. Þarna væri hreinlega um það að ræða að lagfæra nokkuð fyrir frystinguna með öðrum leiðum en að fella gengið. „Ég held að menn verði hreinlega að horfast í augu við það," sagði hæstv. sjútvrh. „Ríkisstj. taldi sér ekki fært að fella gengið eins og nauðsynlegt hefði verið til þess að veita frystingunni lágmarksafkomugrundvöll." — Það var viðurkennt í lok aprílmánaðar að frystingin hafði ekki lágmarksafkomugrundvöll. Hann viðurkennir það hreinlega — og er virðingarvert af hæstv. ráðh. að gera það — að ríkisstj. hafi ekki tekið rétta ákvörðun.

Hæstv. forsrh. sagði í stefnuræðunni í fyrra, 23. okt. 1980, að ríkisstj. hefði gert ráðstafanir til að bæta frysti-

húsunum upp á einn eða annan hátt, einkum með aðlögun gengis, útgjaldahækkanir og tekjutap sem orðið hefðu síðan stjórnin var mynduð. Þetta er auðvitað ekki annað en að viðurkenna staðreyndir um verðbólguna sem ríkisstj. gerði á árinu 1980.

Þegar vinstri stjórn var mynduð 1978 var dollarinn 260.40 kr., í febr. 1980, þegar þessi ríkisstj. tók við, fór hann í 400.70 kr. miðað við gamlar krónur, en um áramótin síðustu, eftir 11 mánaða valdatíma þessarar stjórnar, er verð á dollaranum komið í 614.70 kr. Þetta hefði einhvern tíma þótt í frásögur færandi eða á meðan kommúnistar voru í stjórnarandstöðu. Síðan er tekin sú stefna að standa á bremsunni, eins og það er kallað, m. ö. o. — eða ég vil kalla það svo: að hætta að viðurkenna staðreyndir. — Og það segir í stefnuræðunni í haust: Gengi íslensku krónunnar hefur ekki verið jafnstöðugt um langt áragil. — Hugsið ykkur! Það er nú stöðugleiki eða hitt þó heldur! Gengið er stórlega falsað, það vita allir menn. Og hvað segir svo sjútvrh. á margumtöluðum kaupfélagsfundi: Hins vegar kvaðst hann sannfærður um að fiskverðshækkun, sem nú er fram undan, yrði ekki undir 13-14%, sem væri hækkun sem atvinnuvegirnir gætu augljóslega ekki tekið á sig án aðstoðar. — Þar játar hann alveg skilyrðislaust að hér verður eitthvað að koma til. Hvað kemur annað til, hvaða önnur aðstoð kemur til en að skrá gengi krónunnar rétt?

Hv. formaður fjh.- og viðskn. mælti að þessu sinni fyrir minnihlutaáliti. En þó að hann hafi orðið í þessu máli í minni hl. skeður það aldrei í fjh.- og viðskn. að ekki sé reynt að afgreiða mál með góðu samkomulagi þó að skiptar séu skoðanir um afstöðu til mála, enda held ég að það eigi aldrei að leggjast á það, að minni hl., ef hann vill, fái mál afgreidd, að hann geti fengið það ef málið hefur fengið sómasamlega meðferð í nefnd. Hann reyndi af veikum mætti að bera nokkuð í bætifláka fyrir þá ríkisstj. sem hann sennilega styður enn þá. Það er auðvitað háttur góðra manna, sem eru tryggglyndir að eðlisfari, að reyna það og við því er ekkert að segja. Þetta er ungur maður og þrekmikill og því hefur hann e. t. v. að mörgu leyti meira úthald en þeir sem eru orðnir þreyttir og lasburða. — En hann talaði um að við hér hefðum oft gert svipað áður, og það gerði líka flokksbróðir hans, hæstv. viðskrh. Það er alveg rétt, að þær ábyrgðir, sem ákveðnar voru, voru ákveðnar þá í ljósi þeirra staðreynda að það mundi vera nokkurn veginn — svona 90% — öruggt að þær féllu ekki. Eina er að það var vitað og lofað fyrir fram 1975 hvernig yrði farið með loðnu- og fiskimjölsverð næst þegar gengi yrði breytt, sem allir sáu þá fram á að yrði gert, en aldrei var farið í að hreyfa á milli deilda og því síður í eignaupptöku deilda því að það er að mínum dómi algjörlega ólöglegt.

Það er sjáanlegt að Seðlabankinn, en formaður fjh.- og viðskn. er formaður bankaráðs Seðlabankans, notar núna fjármagnið í formi lána til að jafna tap í atvinnurekstri. Og það er það sem er verið að gera: Það er verið að framfleyta þessu eitthvað um sinn í formi aukinnar seðlaprentunar. Ef þessi stefna á að halda áfram væri sennilega ein mesta þörf að flytja seðlaprentun inn í landið, en ekki láta þessa framleiðslu alla fara fram erlendis. Nú rembast menn, bæði innan ríkisstj. og utan, við að ávísa á endurmatsreikninga Seðlabankans sem þessum hv. þm. er nú mjög óljúft, eins og skiljanlegt er. Það er ekkert eftir annað en að Flugleiðir noti sér gengisbreytingar og borgi vinnulaun með hækkuðu verði á flugvélum sínum í ísl. kr. Þá finnst mér að Seðlabankinn ætti að geta sent þeim nokkur bílhlöss af seðlum alveg eins og öðrum.

Þetta er sú efnahagsstefna sem maður sér þarna í hnotskurn. En hvað snertir sjávarútveginn var hann með nokkuð öðrum hætti hjá Alþb. fyrir kosningarnar. Þegar barist var fyrir að fá samningana í gildi sagði ég að það þyrfti að gera áætlun um þróun sjávarútvegs og fiskiðnaðar á næstu 5-10 árum og stefna að því, að útflutningsverðmæti sjávarafurða, ykist verulega á þessu tímabili með öflugum stuðningi opinberra aðila. Efla bæri markaðsleit og sölustarfsemi á framleiðslu lagmetisiðnaðarins og stuðla að því, að verðmætustu hráefni sjávarafurð, svo sem grásleppuhrogn og síld, yrðu í vaxandi mæli seld úr landi sem fullunnin vara. Einnig yrði sérstaklega unnið að stórauknum útflutningi á niðursoðinni þorsklifur. — Hvað hefur gerst í þessu öllu? Aldrei hafa verið birgðir af grásleppuhrognum fyrr en núna, eftir að Alþb. er búið að vera í ríkisstjórn í þrjú ár. Aldrei hefur stuðningur til eflingar framleiðsluatvinnuvegunum — og þá síst sjávarútvegi — verið minni en einmitt núna. Það er verið að afgreiða fjárlög þar sem ekkert er gert til þess að auka eða efla útflutningsverðmæti, hvorki sjávarafurða né útfluttra iðnaðarvara.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég get vel tekið undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að ástæða sé til að koma á meiri fjölbreytni í atvinnulífi landsmanna með því að færa seðlaprentunina alfarið inn í landið. En varðandi málið að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að endurtaka það sem ég hef áður sagt, enda ástæðulaust. Við höfum lýst skoðunum okkar í þessum efnum og skoðunum á því sem gerst hefur áður og samanburði á þessu tvennu og er engin ástæða til að ræða það í sjálfu sér frekar.

Mér finnst eðlilegt varðandi meðferð málsins, að málið verði afgreitt við 2. umr. og síðan fái það meðferð á milli 2. og 3. umr. og hv. stjórnarandstæðingar fái þá tækifæri til að ræða við sjútvrh. um málið. Mér finnst það eðlileg ósk og get fyrir mitt leyti vel á hana fallist.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það hafa kannske ekki allir gert sér ljóst hversu góður stuðningsmaður hv. 1. þm. Vestf. væri atvinnulífinu í heild og ekki síst iðnaðinum. Hann hefur verið mikið tengdur sjávarútvegi, sýnt þar brennandi áhuga, en hann undirstrikaði nú í ræðu sinni hvað iðnaðurinn er honum ofarlega í huga, því að í ræðu sinni hér í dag hefur hann flutt í rauninni tvær tillögur. Önnur er sú, að gegni íslensku krónunnar verði stórlega lækkað, sem þýðir náttúrlega mjög aukna seðlaprentun, og í öðru lagi, að um leið verði seðlaprentunin flutt inn í landið.

Hv. þm. beindi til mín fsp. um hvernig við hugsuðum okkur að leysa vandamálin um áramót, þ. e. vandamál fiskverðs, vandamál útgerðar og fiskvinnslu. Hann tók fram sjálfur réttilega, að hann ætlaðist auðvitað ekki til þess að fá svör varðandi prósentur um fiskverð það sem helst væri í hugum manna eða helst til lausnar, né heldur skildist mér að hann ætlaðist beinlínis til svara um sjálfa gengisskráninguna. Ég held að þegar menn ræða um þetta mál sé nauðsynlegt að gera sér nokkru nánari grein og gleggri en oft kemur fram í umræðum um málið af hálfu stjórnarandstæðinga og málgagna þeirra.

Okkur er auðvitað öllum ljóst að við stöndum frammi

fyrir miklum vanda í ýmsum mikilvægum greinum atvinnulífsins. Ef við tökum sjávarútveginn er það þannig, að útgerðin stendur í heild samkv. áætlunum Þjóðhagsstofnunar og hefur staðið á þessu ári heldur skár en undanfarin 10 ár, þ. e. þegar afkoma hennar í heild er metin. Þess vegna eru það auðvitað órökstuddar staðhæfingar þegar talað er á þann veg, eins og stundum er gert, að útgerðin sé á heljarþröm. M. a. kemur sú fáviska fram í hæðnishlátri ritara þessarar deildar.

Það var t. d. tekið skýrt fram og réttilega af hv. 1. þm. Vestf., að hluti útgerðarinnar væri vel settur, þ. e. bátaflotinn yfirleitt. Það er alveg rétt, að bátaflotinn hefur í heild haft allgóða afkomu. Hins vegar er ljóst að togararnir og náttúrlega sumir nýrri bátarnir, sem hafa mikinn fjármagnskostnað, en fyrst og fremst togararnir, hinir nýrri, sem þurfa að greiða miklar fúlgur í vexti og afborganir og stynja þannig undir þungum fjármagnskostnaði, eiga við ákaflega mikla erfiðleika að etja. Þá kemur strax upp sú spurning í sambandi við fiskverðið: Þarf útgerðin í heild á mjög hækkuðu fiskverði að halda? Eftir þeim staðreyndum, sem fyrir liggja, og upplýsingum hv. 1. þm. Vestf., sem er mjög kunnugur þessum málum, ætti a. m. k. verulegur hluti bátaflotans ekki að þurfa á að halda verulegri fiskverðshækkun. Hins vegar er spurning með aðrar greinar útvegsins, þ. e. fyrst og fremst togarana, þó ekki alla, sem vafalaust mundu þurfa til þess að bera sig á mjög mikilli fiskverðshækkun að halda. En þá er spurningin: Eru hugsanlegar einhverjar aðrar leiðir til að greiða úr erfiðleikum togaranna, a. m. k. að einhverju leyti, þannig að fiskverðshækkun þyrfti þeirra vegna ekki að verða eins mikil? Þetta er mikið vandamál sem hefur verið kannað rækilega að undanförnu.

Ef við snúum okkur að fiskvinnslunni, þá er hún eins og kunnugt er þrjár greinar: frysting, skreiðarframleiðsla og saltfiskur. Það er vitað að saltfisksframleiðsla og skreiðarframleiðsla hafa á þessu ári gengið yfirleitt vel og skilað og skila enn hagnaði, báðar þessar greinar. Hins vegar er vitað um frystinguna að hún stendur mjög höllum fæti og þarf verulegra aðgerða við á næstunni til að rétta sem best hennar hlut. Hins vegar er það þannig, að það er vafamál, hvort á jafnan við jafnþýðingarmiklar ákvarðanir og fiskverðsákvörðun að taka hverja grein um sig og krefjast þess, að grundvöllur rekstrar hverrar einstakrar greinar sé þannig að fyllilega beri sig, eða hvort á að meta greinarnar í heild.

Nú er ljóst að allmörg fyrirtæki í landinu hafa fyrst og fremst frystingu, en lítið og sum ekkert af hinum tveim greinunum sem skilað hafa hagnaði. Þess vegna eiga þessi fyrirtæki auðvitað við mjög mikla erfiðleika að etja. Hins vegar er vitað að miklu fleiri fyrirtæki hér á landi og yfirleitt þau stærstu stunda allar þessar þrjár greinar. Þau hafa því haft hagnað af skreiðarframleiðslu og saltfisksframleiðslu og spurning hvort það er þá eðlilegt og sanngjarnt gagnvart þessum fyrirtækjum að krefjast þess, að ráðstafanir séu gerðar með verulegum gengislækkunum eða á annan veg til þess, að frystingin beri sig, og um leið að stórauka hagnaðinn bæði af skreið og saltfiski.

Vitanlega þýðir ekki að afgreiða svona mál með einhverjum fullyrðingum, eins og oft hafa heyrst að undanförnu. Þessi mál verður auðvitað að meta málefnalega. Það, sem gerir þennan vanda mjög erfiðan viðfangs, er einmitt að mörg fyrirtæki í landinu hafa allar þessar þrjár greinar, græða á tveim en tapa á einni, en aftur á móti stunda önnur aðallega eða svo að segja eingöngu frystingu sem víðast hvar stendur sig illa.

Þriðja atriðið í þessu, sem er auðvitað ákaflega mikilvægt eru tekjur og afkoma sjómanna. Sjómenn telja að þeir eigi rétt á kjarabótum til jafns við launamenn í landi og í samanburði við þá, eigi þeir rétt á verulegum bótum nú. Þá kemur upp spurningin: Er eina leiðin til að rétta hlut sjómanna sú að hækka fiskverðið þannig að kjarabæturnar fáist eingöngu með hækkun þess, eða eru hugsanlegar aðrar leiðir til að rétta hlut sjómanna án þess að fiskverðið í heild og þá til útgerðarinnar í heild sé um leið hækkað mjög verulega? Öll þessi atriði hafa verið til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj.

Vegna ummæla um hæstv. sjútvrh. og þeirra orða, að kvartað hafi verið yfir því, að lítið hafi verið talað við aðila sjávarútvegsins, þá er mér kunnugt um að áður en hæstv. sjútvrh. fór af landi brott, sem mun hafa verið 3. des., hafði hann vikum saman varið afar miklum tíma einmitt í samtöl við fulltrúa allra þeirra aðila, sem hér eiga hlut að máli, til að kynna sér viðhorf þeirra og reyna að finna hagkvæmustu leiðir til að leysa úr þessum mikla vanda. Nú hafa samtök þessara aðila: sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslufyrirtækja, a. m. k. ýmis þeirra, boðað stöðvun útgerðarinnar um áramót ef nýtt fiskverð verði ekki komið. Það vill nú svo til að þetta eru einmitt sömu aðilar sem velja fulltrúa í Verðlagsráð sem á samkv. lögum að ákveða fiskverð. Það er auðvitað ágætt að reka þannig á eftir sjálfum sér. Það er gott að slá í hjá sjálfum sér og getur vafalaust verið gagnlegt. Vitanlega verður ríkisvaldið hér, eins og hv. 1. þm. Vestf. tók réttilega fram, að koma inn í þessi mál til að greiða úr. En það má ekki velta öllum vandanum yfir á ríkisvald og ríkisstj. Það gengur ekki að þeir aðilar, sem samkv. lögum skipa Verðlagsráð og eiga samkv. þeim að ákveða fiskverðið, semja um það sín á milli, velti vandanum af sér og segi: Það er ríkisstj. og Alþingi eitt sem eiga að leysa hann. Hér verður auðvitað að vera samstarf og samvinna og allir að leggjast á eitt.

Umr. frestað um stund.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt er nýlokið samningagerð ríkisins við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og fer nú fram atkvgr. í BSRB-félögunum. Í viðtali við Morgunblaðið í dag kvartar forseti Alþýðusambands Íslands yfir þessu samkomulagi og lætur í það skína, að við hæstv. ríkisstj. sé að sakast að hún hafi gert hagkvæmari samning við BSRB en gert hafi verið við ASÍ-félögin og að þannig sé frá málum gengið, að félögin innan Alþýðusambands Íslands geti enga leiðréttingu fengið á kjörum sínum á samningstímanum þó að þorri annarra launþega fái mun meiri kjarabætur. Að sjálfsögðu er ekki við hæstv. ríkisstj. að sakast þó svo hafi verið samið hjá ASÍ, því að samkv. yfirlýsingu forseta Alþýðusambandsins kom hún þar hvergi nálægt. Sé við einhvern að sakast þar um er það að sjálfsögðu við forustu Alþýðusambands Íslands sjálfs sem þannig hefur gengið frá samningunum. Ég held að eftir þessa yfirlýsingu forseta ASÍ sé óhjákvæmilegt að hæstv. fjmrh. geri Alþingi nokkra grein fyrir samningunum sem hann hefur gert við Bandalag

starfsmanna ríkis og bæja.

Mér skilst að auk 3.25% grunnkaupshækkunar hjá BSRB og lágmarkslaunatryggingar, eins og samið var um við Alþýðusamband Íslands, hafi samningarnir við BSRB falið í sér eftirtalin atriði sem ekki eru sambærileg samningum við Alþýðusamband Íslands:

Í fyrsta lagi, að fólk í BSRB, sem starfað hefur þrjú ár eða lengur hjá ríkinu, fær nú í desember sérstaka desemberlaunauppbót sem nemur 1760 kr. á hvern og einn. Fyrr fengu menn þessa uppbót eftir átta ára starf, en nú hefur verið samið um að menn fái þetta eftir þriggja ára starf. Þýðir þetta að um það bil fjórði hver opinber starfsmaður fær nú í desember 1760 kr. greiddar, sem hann hafði ekki átt rétt til áður.

Í öðru lagi skilst mér að einnig hafi verið um það samið, að í staðinn fyrir að menn þurftu áður að starfa í 15 ár í þjónustu ríkisins til þess að hækka um einn launaflokk þurfi menn eftir þessa samninga aðeins að starfa í 13 ár.

Í þriðja lagi skilst mér svo að í febrúarmánuði n. k. eigi að falla úrskurður kjaranefndar um sérkjarasamninga einstakra félaga innan BSRB og þar eigi að taka til meðferðar og úrskurðar allar sérkröfur hinna einstöku félaga. Þessum sérkröfum var, eins og menn muna, ýtt út af borði aðila vinnumarkaðarins í þeim samningum, sem gerðir voru við ASÍ fyrir skemmstu, og verða ekki teknar upp aftur fyrr en að þeim samningstíma loknum.

Af þeim gögnum, sem ég hef fengið, virðist vera ljóst að ríkisstarfsmenn hafi þegar fengið mjög verulegar hækkanir umfram aðra aðila vinnumarkaðarins og fyrirheit um að í febrúarmánuði n. k. falli úrskurður um sérkröfur einstakra félaga innan BSRB og þá bætist enn við þann kjaramismun. Á sama tíma hefur forusta Alþýðusambands Íslands gert kjarasamning til vors, þar sem öllum sérkröfum var í fyrsta lagi ýtt úr af borðinu og í öðru lagi var þannig frá samningum gengið að Alþýðusamband Íslands getur engar kröfur gert um kjarabætur á tímabilinu þó að samið sé við aðra fjölmenna launþegahópa um mun meiri launahækkanir en félögin innan Alþýðusambands Íslands hafa fengið. Ég bið hæstv. fjmrh. að gera grein fyrir samningunum, ég spurði um þá.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefur spurst fyrir um samning BSRB og fjmrh., sem undirritaður var nú fyrir skemmstu, og óskaði eftir að nánari grein yrði gerð fyrir samningnum hér á hv. Alþingi. Mér finnst satt að segja að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sé nokkuð seinn að spyrja þar sem nú eru fimm dagar liðnir síðan samningur þessi var undirritaður. Hann er ekki vanur að vera svona seinn á sér svo að ég átta mig ekki á því, hvers vegna dregst svo mjög hjá honum að spyrja tíðinda af þessum samningum.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda og flestum landsmönnum mun kunnugt, að hinn 11. des. s. l. var undirritaður nýr aðalkjarasamningur milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og BSRB. Samningur þessi er að meginuppistöðu sambærilegur við samninga þá sem aðildarfélög Alþýðusambands Íslands gerðu við vinnuveitendur í fyrra mánuði. Kjarni samningsins er sá, að samið er um 3.25% grunnkaupshækkun frá 1. nóv. og að lágmarkstekjutrygging þeirra, sem laun höfðu undir 5213 kr., miðað við 1. nóv. s. l., er hækkuð til samræmis við þá hækkun sem varð á lágmarkstekjutryggingu hjá félagsmönnum í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands. Til viðbótar kemur svo hitt, sem hv. þm. nefndi réttilega, að gert er ráð fyrir sérkjarasamningum aðildarfélaga BSRB. Vegna þess að hv. þm. gerði mjög mikið úr því atriði í máli sínu áðan neyðist ég til að gera frekari grein fyrir því, hvers vegna gerðir eru sérstakir sérkjarasamningar á næstu mánuðum við BSRB. Það er ósköp einfaldlega vegna þess að lagaskylda knýr okkur til þess. Í 2. gr. laga um kjarasamninga BSRB segir: „Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.“ Og í 7. gr. laganna segir: „Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka svo og þau kjaraatriði sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin“. Í 9. gr. segir: „Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérkjarasamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.“ Og í 16. gr. segir: „Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.“ Það er því alveg ljóst af þessum tilvitnunum, að aðalkjarasamningur verður ekki gerður milli ríkisins annars vegar og BSRB hins vegar að óbreyttum lögum nema sérkjarasamningur fylgi. Um þetta hefur að sjálfsögðu enginn ágreiningur verið. Lögin eru skýr og ótvíræð og því hlýtur að verða unnið að sérkjarasamningum í kjölfar þessa aðalkjarasamnings. Hitt er rétt að benda á, að aðildarfélög Alþýðusambands Íslands hafa ekki verkfallsrétt um sérkjarasamning, en verði ágreiningur milli ríkisins og aðildarfélaga BSRB skal kjaranefnd taka málið til úrskurðar. Hún er eins konar gerðardómur í slíkum ágreiningsmálum. En af þessu leiðir að ekkert verður um það fullyrt á þessu stigi hvað út úr sérkjarasamningum kemur.

Ég vil bæta því við, að þessi samningur við BSRB er vissulega ekki að öllu leyti nákvæmlega eins og samningurinn sem gerður var við Alþýðusambandið. Ég held að ég megi fullyrða að samningur við BSRB hafi aldrei verið nákvæmlega eins og samningur við Alþýðusambandið. Árið 1977 voru gerðir samningar við báða þessa aðila, annars vegar af vinnuveitendum og hins vegar af ríkinu, og þá var talið að BSRB hefði fengið jafnvel heldur meira út úr þeim samningum en Alþýðusambandið. Aftur á móti er enginn vafi á því, að í þeim kjarasamningum, sem áttu sér stað á árinu 1980, kom allverulega miklu meira í hlut félagsmanna í aðildarfélögum Alþýðusambandsins heldur en í aðildarfélögum BSRB, enda voru samningar þeirra síðarnefndu gerðir þremur mánuðum áður en samningar hinna fyrrnefndu. Talið var að niðurstaða úr samningum við BSRB hefði gefið beina kauphækkun um 2—3% að jafnaði, í einstaka tilviki upp í 4½%, en eins og kunnugt er varð niðurstaðan sú í hinum almennu samningum ASÍ-félaganna síðar þetta haust, að samið var hækkun sem var á bilinu frá 7 og upp í 12%.

Eins og áður segir er það rétt, að samningur BSRB við fjmrh. er ekki nákvæmlega eins og samningur sem ASÍ-félögin hafa gert. Skiptir þar mestu máli og ber hæst að samningurinn gildir til nokkru lengri tíma. Hann gildir til 31. júlí n. k. sem er 2½ mánaðar lengri samningstími. Aftur á móti eru tvö atriði sem BSRB-menn gætu talið sér sérstaklega til tekna. Það er í fyrsta lagi sú persónuuppbót sem greidd hefur verið mörg undanfarin ár í desembermánuði og hefur verið einskorðuð við að viðkomandi hafi átta ára starf að baki sér. Þetta starfsaldursmark er nú lækkað í þrjú ár. Það er vissulega aðeins

lítill hluti félagsmanna BSRB sem nýtur þessa samningsákvæðis. Mikill meiri hluti þeirra naut þessarar persónuuppbótar áður en þessir samningar höfðu verið gerðir. En það þótti eðlilegt og sanngjarnt að rýmka þennan rétt þannig að hann næði til fleiri félagsmanna en áður var. Kostnaður ríkisins af þessu mun vera um 4 millj. kr. eða sem svarar 0.36% miðað við árslaun félagsmanna BSRB. Í öðru lagi var um það að ræða að 15 ára starfsaldurshækkun lækkaði í 13 ár, þ. e. að sú starfsaldurshækkun, sem átti að koma við 15 ára starfsaldur, er nú miðuð við 13 ára starfsaldur. Þetta gildir þó ekki fyrr en frá 1. maí 1982. Talið er að kostnaður fyrir ríkið af völdum þessa sé um 2 millj. eða sem svarar um 0.19% gjaldaauka miðað við þau laun sem greidd eru félagsmönnum BSRB.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða miklu frekar um þetta mál. Þó er kannske rétt að láta þess getið, að samkv. útreikningum fjmrn. mun aðalkjarasamningur þessi kosta 3.85% launaaukningu miðað við þau laun sem greidd hafa verið félagsmönnum BSRB á ári. Einnig vil ég nota þetta tækifæri til að árétta það — vegna þess að til þess hefur verið vitnað m. a. hér á Alþingi, að ég hafi sagt ekki alls fyrir löngu að nógir peningar væru til til þess að greiða opinberum starfsmönnum hærra kaup, og þessi tilvitnun hefur heyrst hjá stjórnarandstæðingum næstum að segja daglega — að ég hef nú þegar leiðrétt þetta og andmælt því að ég hafi orðað þetta nokkurn tíma á þennan veg. Hins vegar komu þessi mál til umræðu á samningafundi. Þessi orð eru ekki höfð eftir mér. Ég hef ekki sagt þetta við fjölmiðla. Hins vegar mun einhver samninganefndarmaður í BSRB hafa orðað þetta við fjölmiðla og síðan hefur það verið afflutt í hvert sinn sem það hefur borist manna á milli og er nú orðið víðs fjarri því sem það var þegar ég lét það frá mér fara. Það, sem ég sagði, var að kjör félagsmanna BSRB réðust ekki af því, hvort fjárhagur ríkisins væri bágborinn eða stæði vel á hverjum tíma. Ef rekstrarhalli er á ríkissjóði er ekki líklegt að fjmrh. segi við þær aðstæður: Nú geta félagsmenn BSRB ekki fengið neina breytingu á sínum launakjörum þótt aðrir hafi fengið slíkt, því að það eru ekki peningar í ríkissjóði til að greiða það. Ég er viss um að enginn fjmrh. mundi segja slíkt. Eins er hitt, að þó að einhver afgangur kunni að vera í ríkissjóði annað árið, þá ræður það engu um hvaða laun BSRB-menn fá. Það, sem ég var því að segja, var ósköp einfaldlega að kjör BSRB-manna réðust af öðrum lögmálum. Þessi lögmál eru þær breytingar og hreyfingar sem verða á hinum almenna vinnumarkaði. Sem sagt, ef hreyfing verður á launum sem nemur milli 3 og 4%, þá er eðlilegt að samningar séu gerðir í þeim dúr.

Hins vegar er ljóst að með tíð og tíma vill skapast nokkurt ósamræmi milli launakjara, sem starfsmenn ríkisins hjá BSRB njóta, og þeirra launakjara, sem í gildi eru á hinum almenna vinnumarkaði, og þá ber að reyna að samræma þessi kjör og minnka þetta bil. Ef einhverjar breytingar eiga sér stað við gerð sérkjarasamninga, þá mun það fyrst og fremst stafa af því, að menn komast að þeirri niðurstöðu, að einhver munur sé á þeim kjörum, sem BSRB-menn njóta, annars vegar og hins vegar þeim sem boðin eru á hinum almenna vinnumarkaði. Sú hreyfing, sem hugsanlega gæti orðið í sérkjarasamningum BSRB, er þá fyrst og fremst leiðrétting og samræming miðað við aðra.

Ég býst við að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sé sammála mér um það, enda fyrrv. fjmrh. sjálfur, að ekki sé gæfulegt fyrir ríkið að bjóða starfsmönnum sínum lakari kjör en gengur og gerist á hinum almenna vinnumarkaði og ef í ljós kemur, að um mismunun sé að ræða, þá sé eðlilegt og sjálfsagt að leiðrétta það. Ég er sannfærður um að við erum innilega sammála um það. Eins erum við áreiðanlega innilega sammála um að lög á ekki að brjóta. Ef það stendur í lögum, að sérkjarasamningar skuli fara fram í tengslum við gerð aðalkjarasamnings, þá hljótum við að framfylgja þeim lögum. Þar duga engin undanbrögð.

Að lokum við ég bera fram eina spurningu. Vegna þess að ég átta mig ekki alveg á tilefni þessara umr. og vegna þess að ég hygg að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., hljóti að fylgjast það vel með fréttum að hann viti um allt efni samninga ríkisins við BSRB — ég held að honum hljóti að vera fullljóst hvað þar var um samið — þá vil ég leggja fyrir hann þessa spurningu — og ég veit að fjölmiðlar munu fylgjast mjög grannt með svörum hans: Er hann með því að vekja máls hér á Alþingi á samningum BSRB að koma á framfæri þeirri skoðuin Alþfl., að of vel hafi verið gert við opinbera starfsmenn? Ég er sannfærður um að það eru fleiri en ég og það eru fleiri en fjölmiðlamenn hér sem hafa áhuga á svari formanns þingflokks Alþfl. við þessari spurningu. Það kynni vel að vera að þeir félagsmenn BSRB, sem eru að greiða atkvæði nú þessa dagana um samning þann sem þeir hafa gert við ríkið, hefðu áhuga á að heyra svar hv. þm. Sighvats Björgvinssonar við þessari spurningu.

Forseti (Alexander Stefánsson): Eins og þingdeildarmönnum er kunnugt er liðið fram yfir þann tíma sem við höfum til umráða hér. Það eru þegar nokkrir á mælendaskrá og ég sé ekki annað ráð en að fresta þessum umr. — [Fundarhlé.]

Lyfjalög, frv. (þskj. 167, n. 205). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur skilað nál. á þskj. 205 um frv. til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 49/1978. Þetta mál er ekki eitt af meiri háttar málum þingsins. Þó ber að útskýra það lítillega.

Hér er um að ræða í 1. gr. breytingu á lyfjalögum í þá veru, að ráðh. skipi, eins og áður hefur verið, þrjá menn í stjórn sjóðsins, þ. e. Lyfsölusjóðs, til fjögurra ára í senn, en það er nýmæli. Áður hafa menn getað setið í stjórninni um allan aldur. Eru allir sammála um að þessi breyting sé til bóta.

Sú orðalagsbreyting, sem gert var ráð fyrir í 2. gr. frv., hlaut ekki stuðning í hv. heilbr.- og trn. Ed., enda teljum við í Nd.-nefndinni ekki heldur ástæðu til breytinga þar.

Meginbreytinguna er að finna í 3. gr. frv. Þar er sú breyting lögð til, að í stað þess að framlag til Lyfsölusjóðs sé 1% af áætluðu cif-verði innfluttra lyfja og lyfjaefna verði um að ræða beint framlag úr ríkissjóði sem samsvari áætlaðri þessari upphæð. Ástæðan fyrir þessu mun vera sú, að framkvæmd þessa ákvæðis hefur gengið ákaflega illa og það er talið dýrara að reikna þetta 1% af cif-verði út og innheimta það heldur en að veita þetta beint úr ríkissjóði.

Þetta mál hefur hlotið umfjöllum í hv. heilbr.- og trn. Nd. Þar eru menn einhuga um að það verði samþykkt

með þeim breytingum sem gerðar voru í Ed.

Herra forseti. Ég vil taka það fram, að á nál., sem lagt var hér fram á þskj. 205, varð það slys að nafn hv. þm. Péturs Sigurðssonar var ekki undir nál. Það hefur verið leiðrétt og skjalið verður prentað upp. Hann var sannarlega viðstaddur afgreiðslu málsins. Þetta er mér að kenna, ég mun hafa gleymt að biðja hann að skrifa undir nál.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs til að vekja athygli á þessu, það er langt frá því. Ég get vel skilið það, að þegar annir eru miklar hjá þm. og hraði mikill í öllum störfum geti eitt lítið nafn fallið niður. Það, sem ég vildi vekja athygli á við afgreiðslu þessa máls, er að ekki eru margar klst. síðan hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir fyrir hönd sinnar ríkisstj. — og stjórnarliðsins væntanlega — að ríkisstj. hefði ekki óskir um að önnur mál gengju fram fyrir jól en tvö, fjárlögin og lánsfjárlögin. Undir það var tekið af þm., að reynt yrði að verða við þessu, þótt hins vegar sé komið í ljós síðan að einn af stuðningsflokkum ríkisstj. kæri sig lítið um að lánsfjárlögin gangi fram fyrir jól. Ég vil hins vegar taka það fram, að þetta er eitt af þeim málum sem við höfum setið á fundum utan venjulegs fundartíma til þess að ná fram að ósk ráðh. Mikinn fjölda drífur nú að af málum sem óskað er eftir að nái fram. Við höfum verið boðnir og búnir til að reyna að leysa þetta, en höfum hins vegar fengið ákúrur fyrir að afgreiða ekki frá nefndum mál þegar stöðugir fundir eru í deildum og nefndum.

Ég minnist þess, að fyrir nokkrum árum var þetta alls ekki leyft. Bæði þingflokksformenn og forsetar sögðu: Ef næturfundir eru tvo daga í röð, þá verða ekki næturfundir þann þriðja. Sá maður, sem barðist hvað harðast fyrir þessu, var fyrrv. formaður Alþb., Lúðvík Jósepsson. Ég veit að ef hann sæti á þingi nú væri hann búinn að kalla í Eyjólf Sæmundsson til þess að láta kanna málið. Og væntanlega mun núv. formaður Alþb. gera honum viðvart. Það er ekki vegna þess að ég sé að telja eftir mér að koma hér og vinna, heldur verða nefndarformenn og ráðherrar að ætla þm. tíma til að afgreiða málin. Við getum ekki bæði tekið þátt í umræðum í deild og setið á nefndarfundum við að ræða mál og reyna að ná samkomulagi um ágreining þar. Það er útilokað.

Ég stóð upp að gefnu tilefni. Þetta er eitt af þeim málum sem hæstv. forsrh. bað ekki um og taldi ekki þurfa að afgreiða, en við afgreiðum núna sérstaklega fyrir hæstv. heilbrmrh.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu á valdi forseta hvernig hann hagar fundarstörfum. Hins vegar hefur það ekki þótt kurteisi, allra síst þegar einstakir ráðherrar eru mjög ertandi í málflutningi og fara svona frjálslega með sannleikann — svo ekki sé meira sagt, að taka mál þá umsvifalaust út af dagskrá áður en þingflokksfundir eru haldnir og setja annað mál á dagskrá öllum að óvörum, fresta síðan fundi til hálfsex, svo að ekki gefst einu sinni sá tími sem er venjulegur fundartími þingflokka, og byrja þá umr. um enn annað mál.

Ég vil vekja athygli á því, að ég er hér að tala um mál sem frsm minni hl. fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., óskaði sérstaklega eftir að yrði hraðað hér í deild, — mál sem samkomulag var um, að menn héldu, að greiða heldur fyrir. En eftir ræðu tveggja ráðherra hér í deildinni í dag er óhjákvæmilegt að taka þetta mál allt til nýrrar umræðu og athugunar og algerlega óþolandi að stjórnarandstöðunni sé með þessum hætti sýnd lítilsvirðing.

Við vitum að það er greiður aðgangur að fréttamönnum hér fram að þingflokksfundum, fram til kl. fjögur, og auðvitað átti að gefa stjórnarandstöðunni kost á að svara þeim ummælum sem fram komu í ræðu hæstv. forsrh. áðan. Auðvitað veit ég það ósköp vel eins og ég sagði áðan, að einstakir þm. eiga erfitt um vik ef fundum er þannig stjórnað. En ég vil vænta þess, að annað tveggja verði þetta mál tekið af dagskrá og bíði næsta fundar eða það verði þegar í stað tekið á dagskrá, svo að halda megi áfram að ræða málið, og gerðar séu ráðstafanir til að hæstv. forsrh. sé við.

Ég vil vekja athygli á því jafnframt, að það komi hér upp ágreiningur á milli tveggja hæstv. ráðh., hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds og hæstv. viðskrh. Tómasar Árnasonar, um hvernig bæri að skilja þær skuldbindingar sem ríkissjóður hefði í sambandi við lántökuheimild. Eðlilegt hefði verið að hæstv. forsrh. hefði skorið úr þeim ágreiningi í stað þess að koma með fimm aura brandara um seðlaprentun í Seðlabankanum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að bera eilitla hönd fyrir höfuð hæstv. forseta í þessu máli. Hæstv. forseti átti ekki von á öðru, þegar þingfundur hófst, en að samkomulag væri um afgreiðslu mála á þessum deildarfundi og hafði fallist á þá beiðni mína, sem ég hafði rætt við fjmrh. eins og vandi er, að ég fengi að leggja tilteknar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. kl. hálffjögur. Hins vegar gerðist það á fundinum, að hæstv. forsrh. hóf ræðuflutning sem var þess eðlis að hann hlýtur að vekja mjög harkaleg viðbrögð stjórnarandstæðinga. Sá ræðuflutningur hæstv. forsrh. var gjörsamlega að tilefnislausu og mun hafa komið hæstv. forseta þessarar deildar jafnmikið á óvart og öðrum hv. þm. M. a. af þeim sökum frestaðist það þangað til klukkuna vantaði rúmlega 9 mínútur í fjögur að ég gæti beint tiltekinni fyrirspurn til hæstv. fjmrh. Hef ég ekkert um það að sakast við hæstv. forseta.

Ég vil aðeins láta það koma fram, að þeir atburðir, sem gerst hafa hér í dag og urðu til þess að tefja málsmeðferð í þessari hv. deild, voru ekki af völdum hæstv. forseta, síður en svo, heldur vegna furðulegrar framkomu hæstv. forsrh. sem flutti gjörsamlega að ástæðulausu þá ræðu sem segja má að hafi hleypt öllu þessu máli í strand.

Forseti (Alexander Stefánsson): Áður en ég gef næsta manni orðið vil ég aðeins segja það, að það er komið að 42. máli aftur. Hins vegar vil ég undirstrika þær skýringar sem hér hafa komið fram. Ég hef gert ráðstafanir til þess, að forsrh. verði viðstaddur umræður um 42. mál, vegna þess að ég geri ráð fyrir að framhald umræðnanna beinist að honum. Ég vænti þess, að hann verði mættur innan fárra mínútna.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er enn önnur aðfinnsla við þingstörfin sem ég vildi gera hér. Hún er sú, að stjórnarandstöðunni gefst ekki færi á að tjá sig í

málum sem hér eru tekin á dagskrá. Það gerðist í gær, að tekið var fyrir það mál sem er núna nr. 2 á dagskrá, 150. mál, um tollskrá o. fl. Hæstv. fjmrh. fékk tækifæri til þess að flytja sína framsöguræðu en enginn úr stjórnarandstöðunni fékk tækifæri til þess að tala. Umr. var slitið, enda þá komið að fundum þingflokka. Síðan ekki meir. Nú er liðið langt á þennan þingdag og þetta mál hefur enn ekki komist á dagskrá. Enginn úr stjórnarandstöðunni hefur enn fengið tækifæri til að tjá sig um þetta mikilvæga mál. Það er að sjálfsögðu alveg ófært, að grautað sé á þennan hátt í dagskrá, að hæstv. ráðherrar fái hér hver um annan þveran að flytja framsöguræður í stórum málum, en síðan sé skrúfað fyrir stjórnarandstöðuna svo að hún fái ekki tækifæri til að tjá sig.

Forseti (Alexander Stefánsson): Örfá orð út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. Það má vel vera að það flokkist undir mistök að hafa látið taka þetta mál fyrir, 2. dagskrármálið í dag, á síðasta fundi. En til þess lágu ýmsar orsakir. Ég get vel tekið það á mig, að það hafi verið mistök. En oft hefur það gerst hér á Alþingi, að framsaga hefur verið flutt en máli síðan frestað. Og hér var um það að ræða að taka málið aftur upp á þessum fundi.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146, n. 193 og 207). — Frh. 2. umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get að sjálfsögðu hafið þessa ræðu mína á sama veg og með sömu orðum og ég viðhafði í því máli sem við höfum nýlega lokið umr. um, en ég sé ekki ástæðu til að tefja tímann vegna slíkrar endurtekningar. Ég vil hins vegar vitna til orða hæstv. forseta deildarinnar nú fyrir skömmu er hann bendir réttilega á það, að orð forsrh. hér í umr., áður en við gengum til þingflokksfunda, hafi verið þannig að hann hafi séð sig til neyddan að óska eftir að hann væri viðstaddur þessa umr. til þess að gera nokkru nánari grein fyrir þeim orðum sem hann lét falla. Reyndar má segja hið sama um yfirlýsingu hæstv. fjmrh. sem er einnig á þann veg, að ég fæ ekki séð annað en að til aðila, sem þessi mál varða, hagsmunaaðila sem þegar hefur verið leitað til, þurfi að leita aftur og bera málið undir þá með hliðsjón af yfirlýsingum þessara hæstv. ráðh. sem virðast nota tækifærið til þess að slá undir belti hæstv. sjútvrh., sem fjarstaddur er, og tala þvert ofan í það sem hann hefur jafnvel gefið yfirlýsingar um.

Ég hafði satt að segja ákveðið, þegar ég kvaddi mér hljóðs við umr. áðan, að vekja aðeins athygli á tveimur atriðum, öðru frekar smávægilegu en hinu miklu þyngra.

Það fyrra var að í Ed. var hv. þm. og formanni þingflokks Alþb., Ólafi Ragnari Grímssyni, bent á ákveðna staðreynd. Sú staðreynd er fólgin í því, að hann hefur hvað eftir annað talið sig vera hér hinn eina sanna umboðsmann og talsmann fátæku þjóðanna í þriðja heiminum, og ekki aðeins hér í þingsölum, heldur líka í fjölmiðlum og nú fyrir stuttu í sjónvarpinu. Þegar málið, sem við erum nú að ræða, er skoðað niður í kjölinn kemur í ljós að það, sem verið er að gera, er að láta skreiðarneytendur í þriðja heiminum — í hinum fátækustu þjóðum sem í heiminum búa í dag — borga niður frosna fiskinn sem fer til ríkustu þjóðar heimsins, til Bandaríkjanna. Um þetta flytur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson till. og mælir fyrir og greiðir atkv. með — og reyndar stjórnarflokkarnir allir saman.

Hitt atriðið, sem ég ætlaði að benda á — og þótt á það hafi verið bent af hv. 1. þm. Vestf. þótti mér ekki alveg nóg að saumað — er sú umsögn sem barst frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands til Ed. og er prentuð sem fskj. með nál. fulltrúa sjálfstæðismanna í fjh.- og viðskn. þar, þeirra hv. þm. Lárusar Jónssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Þar sem mér er kunnugt um að nákvæmleg sömu skoðanir ráða í hugum þeirra sem eiga heima innan Sjómannasambands Íslands, þá tel ég rétt að nú þegar fái hv. deild að heyra hvað þessir aðilar segja. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa þetta bréf. Það hljóðar svo:

„Á fundi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 16. nóv. 1981 var tekið fyrir bréf fjh.- og viðskn., dags. 4. nóv. s. l., þar sem leitað er umsagnar sambandsins um frv. til l. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingar á gengi íslenskrar krónu hinn 26. ágúst 1981 o. fl., ásamt brtt. við frv.

Um frv. þetta vill sambandsstjórn taka eftirfarandi fram:

Þar sem gengi er ein af meginforsendum fiskverðsákvarðana og þar með ráðandi þáttur um tekjuskiptingar í sjávarútvegi og þá ekki síst um tekjur sjómanna telur sambandsstjórn nú eins og fyrr að við ráðstöfun gengismunar, sem um getur í 1. gr. frv., beri sjómönnum fullur réttur til hlutdeildar í honum.

Samkv. ákvæðum 2. gr. er veitt heimild til sérstakrar lántöku Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Sambandsstjórn telur að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fölsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar.

Um „millifærslu“ fjár af uppfærðum gengismun afurðarlána milli deilda sjóðsins vill sambandsstjórn ekki segja annað en það, að allar slíkar millifærslur hljóta mjög að orka tvímælis og ber því að varast þær í lengstu lög.“

Þetta er bréf stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Nú skal það viðurkennt af mér, að það hafa verið skiptar skoðanir um fyrri mgr. þessa bréfs, hvort það sé algerlega rétt hugsun sem þar liggi að baki eða ekki, og skal ég ekki fara út í það. Hins vegar hlýtur það að leiða hugann að orðum hv. 1. þm. Vestf. og síðan þeim orðum sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. Hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, margundirstrikaði að það þyrfti að skrá krónuna rétt. En rétt á eftir leyfði hæstv. forsrh. sér að halda því fram, að Matthías Bjarnason hefði gert hér háværa kröfu um gengisfellingu. Ég hef að vísu orðið þess var, eftir að hafa flett nokkuð söluhæstu bókum jólamarkaðarins og þar á meðal bók hæstv. forsrh., að sagnfræði og sannfræði hans er ekki með því allra besta sem við þekkjum. En að leyfa sér að koma hér fram fyrir okkur á sama fundi í þessari deild, nokkrum mínútum eftir að við hlustuðum á orð Matthíasar Bjarnasonar, það vissulega færir okkur þá trú, — ekki trú, við skulum segja skoðun, að ekki sé allt með felldu sem þar hafi verið sagt, vegna ágreinings sem hafi komið upp um sannmæli í þeirri ágætu bók. En það, sem auðvitað kallar á frekari umr., eru þau orð sem féllu hjá hæstv. forsrh.

Við skulum láta vera það sem hæstv. viðskrh. sagði þegar hann þakkaði þingnefnd fyrir hennar störf. En

vissulega hefði hann mátt þakka þm. líka fyrir að koma hér og sitja yfir vitleysunni í hæstv. ráðherrum nótt eftir nótt og dag eftir dag, þegar þeir sjálfir létu ekki svo lítið að geta verið hér við þær umr. sem fjalla um þeirra eigin mál, þarf reyndar að koma með þá helst í böndum hingað niður í þing til þess að halda þeim í stólum sínum meðan verið er að ræða þessi mál þeirra. En látum það vera.

Rétt eftir að hæstv. fjmrh. gaf sína yfirlýsingu þess efnis, að það væri nú aldeilis ekki ríkissjóður sem mundi taka á sig greiðslu þess láns sem ákveðið er að taka vegna Verðjöfnunarsjóðsins, og það fólst í máli hans að allar aðrar deildir sjóðsins mundu verða gerðar gjaldþrota áður — þá er náttúrlega ekki annað en ganga næst að aðilum hans, sem eru útgerðin og sjómennirnir, það er væntanlega hugur hans sem fylgir þessum orðum hans, — þá stendur hæstv. forsrh. upp og flytur furðulegustu ræðu sem hefur verið haldin um langan tíma hér á Alþingi. Vegna þess að þessi orð hans og reyndar málið í heild beinist mikið að því sem fram undan er á vinnumarkaðinum — þar á ég að sjálfsögðu við samningana við sjómannastéttina, bæði yfir- og undirmenn — þá komumst við ekki hjá því að nota þetta tækifæri nú til þess að ræða það sem ég álít vera væntanlega áramótaaðgerð ríkisstj. sem forsrh. er hér að boða að sjútvrh. fjarstöddum. Og þar sem það stendur líka fyrir dyrum, þrátt fyrir mótmæli okkar sjálfstæðismanna, að þingið verði sent heim þó að við höfum boðist til að koma hér til fundar milli jóla og nýárs og strax í byrjun janúar, þá er náttúrlega enn þá meiri ástæða til að ræða þessi mál nú.

Ég held að það sé full ástæða til að fjölmiðlar taki orðrétt upp ræðu forsrh. til þess að láta íslenska sjómannastétt vita hvaða hugur býr að baki hjá honum og um leið sjálfsagt hæstv. ríkisstj. Það mætti jafnvel taka um leið og birta í heild þann furðulega kafla sem hefur verið unninn fyrir hæstv. forsrh. í þeirri bráðabirgðaskýrslu sem var lögð á borð okkar í gær og kallast skýrsla starfsskilyrðanefndar. Sú nefnd er skipuð fimm eða sex forstjórum undir stjórn seðlabankastjórans Jóhannesar Nordals, sem forsrh. hefur væntanlega skipað til þess að finna einhverjar leiðir til að ná af sjómönnum því sem kallast hefur skattfríðindi sjómanna. Þá, sem lesa þetta, hlýtur auðvitað að reka í rogastans ef þetta á að verða annað tveggja: björgunarleið ríkisstj. í fjármálum eða þá útgöngudyr til þess að hamra á og beita sem vopni í samningum við íslenska sjómannastétt, sem ég trúi miklu frekar að eigi að vera.

Ég vil láta það koma fram hér strax af þessu gefna tilefni, — og reyndar öðrum tilefnum sem hafa verið gefin hér á Alþingi á liðnum árum, — að það er auðvitað rétt sem fram kemur, að það hefur oft og tíðum verið samið um þennan skattafrádrátt sem enn er í gildi. Það hefur líka verið samið um annan og meir skattafrádrátt sem hefur verið svikinn. Hann hefur verið svikinn t. d. af þeirri vinstri stjórn sem tók við eftir að viðreisnarstjórnin fór frá. Þá byrjuðu fyrstu svikin þegar tekið var af mönnum sem höfðu áunnið sér með samningum ákveðinn skattafrádrátt. Hæstv. þáv. ráðherra, Lúðvík Jósepsson, beitti sér fyrir því, að sá hluti skattsins væri tekinn af. Þar á ég við hluta af skattfríðindum farmanna. En ég bendi á það, að ef ríkisstj. tekur þetta af standa menn auðvitað frammi fyrir því, að það þarf að meta stöðu sjómanna hjá útgerðarfyrirtækjunum að nýju vegna þess sem liggur að baki þessu hjá sjómönnum, alveg sama hvað skattafrádráttarliðurinn er kallaður í sjálfu sér. Það verður aldrei hægt fyrir útgerðina sem slíka og yrði mjög slæmt fordæmi vegna annarra vinnustétta, sem vinna í landi, ef ætti að taka inn í sjálft launakerfið það sem þarna liggur að baki. Þar á ég að sjálfsögðu við vinnuaðstöðuna og hættuna. Ég hef aldrei heyrt þess getið, að margir seðlabankastjórar eða bankastjórar almennt eða forstjórar létu lífið í sínu starfi. Hins vegar hef ég margoft bent á það hér, að það er ákveðin prósenta af starfandi sjómönnum á hverju ári sem kemur ekki til hafnar aftur. Það er nýbúið að ræða þetta í framsöguræðu fyrir þáltill. sem einn skynsamasti þm., sem fram hefur komið á vegum Framsfl. frá því að Björn Pálsson sat hér, hélt fyrir nokkrum dögum og fjallaði m. a. um slys í höfnum.

Ég bendi á að þessir tveir þættir hafa verið látnir liggja í láginni í samningum sjómanna þótt þeir séu alls staðar teknir undir mat þegar metin eru störf nú á dögum í þjóðfélögum um allan heim. Þar er tekin inn starfsaðstaðan og hættan sem fylgir starfinu. Sjómannastéttin hefur hins vegar látið þetta liggja á milli hluta fram til þessa, vegna þess að sjómenn hafa notið nokkurra skattfríðinda á móti, sem hafa kannske frekar verið huggun þeim, sem heima eru, en þeim sjálfum. Það er kannske ofsagt hjá mér, en það er nú svona samt. Hins vegar hefur aldrei verið viðurkennt af sjómönnum að þessi skattafrádráttur kæmi á móti þeirri miklu fjarveru sem þeir búa við fram yfir allar aðrar stéttir þjóðfélagsins. Þegar allar aðrar stéttir eru að fara hér út fyrir borgarmörk, sama hvort það er iðnaðarmaður eða embættismaður, þá kemur sérgreiðsla fyrir það.

Það skyldi þó aldrei vera að í sérkjarasamningum, sem hæstv. fjmrh. hefur gert við opinbera embættismenn, séu einhver ákvæði um það, ef embættismennirnir eru fjarverandi? Og það skyldi þó aldrei vera, að það sé orðinn einhver samningur á milli ráðh. um það — vegna þeirrar áherslu sem hæstv. fjmrh. lagði á sérkröfur og sérkjarasamning opinberra starfsmanna — að þeir séu búnir að finna þarna leið til þess að ná samkomulagi í sambandi við sjómannasamningana um næstu áramót? Kannske verða gerðir sérsamningar um trosið og sjómenn fari þá að hirða trosið eins og í gamla daga og það verði þeirra búbót á móti því sem opinberir starfsmenn fá. En við skulum láta það gott heita, enda var það undir öðrum dagskrárlið.

En það, sem auðvitað verður að ræða hér miklu frekar, er furðuleg ræða hæstv. forsrh. Hann leyfði sér að halda því fram hér enn einu sinni, að það væri í raun allt í lagi með atvinnumál landsmanna. Það væru nokkrir erfiðleikar hjá nýju togurunum og nýrri skipum vegna mikils fjármagnskostnaðar, en yfirleitt væri allt annað í lagi nema það væru einhverjir smáerfiðleikar í frystingunni. Þetta fáum við að heyra á sama tíma og við heyrum frá stjórnarmönnum í Framkvæmdastofnun ríkisins og Byggðasjóði að það hafi aldrei í sögu stofnunarinnar fylgst að jafnmargar neyðarbeiðnir um björgun frá verkum þessarar hæstv. ríkisstj. og í raun liggi nú fyrir til úrlausnar neyðarbeiðnir sem nemi að fjármagni miklu hærri upphæð en allt það fjármagn sem Byggðasjóður hefur yfir að ráða á einu ári.

Síðan kemur hæstv. forsrh. hér og segir: Þetta er allt í lagi. — Hver er nú lausn hæstv. forsrh. á þessum vanda? Jú, hann ætlar að koma á mismunandi fiskverði, hann ætlar að koma á svona 120—130 fiskverðum. Ég fæ ekki séð annað og skilið af orðum hans. Það á að borga

fiskverð eftir því í hvaða vinnslu fiskurinn fer, það á að borga fiskverð eftir því af hvaða bátum fiskurinn kemur, hvaða togurum og reyndar líka eftir því á hvaða stöðum honum er landað. Ég er hræddur um að þeir verði orðnir rasssíðir einhverjir sem fást við þetta fiskverð um áramótin áður en þeir verða búnir að ná lausn. Og kem ég þá auðvitað að þeim orðum sem ég lýsi megnustu vanþóknun á hjá hæstv. forsrh., þegar hann talar um að þeir séu að reka á eftir sjálfum sér, fulltrúar sjómannasamtakanna sem eru í Verðlagsráði sjávarútvegsins.

Þessi hæstv. ráðh. veit mætavel að þessir menn eru valdir til fjögurra ára. Og þótt þeir sitji þar sem einstaklingar og hafi eitthvert samband við sína félaga á sjónum og við sína flokksbræður í ráðherrastólunum, þá er málið ekki lengur í þeirra höndum. Málið er komið í hendur sjómannafélaganna sjálfra og hvers einstaks félagsmanns sem í þeim er. Það er komið þangað núna og það verður í þeirra höndum eftir 25. des. þegar allsherjarverkfall fiskiskipaflotans skellur á. Og það verkfall er hvorki komið til af óskum þeirra, sem sitja í stjórn Verðjöfnunarsjóð, né annarra forustumanna sem vel vilja þessum útvegi og sínum umbjóðendum, heldur eru þeir reknir út í þetta af hæstv. ríkisstj. Ætli þeirra lausnir eigi ekki að verða eitthvað í líkingu við það sem t. d. kemur fram í reglugerð hæstv. félmrh., sem ég var að fá í hendur í dag, þar sem verið er að betrumbæta lögin um rétt sjómanna til ellilífeyris, sem er ein bótin á loforðasvikaferil ríkisstj. í þeim loforðum sem gefin voru sjómönnum þegar þeir voru — án þess að fá tækifæri til þess að semja um sína félagsmálapakka — látnir byrja á að borga þá að fullu allt frá haustinu 1978. Þegar verið er að reyna að bæta nokkuð þar úr og skila hluta þeirra milljarða, sem hafa verið teknir af þeim á þessu tímabili, þá neyðist hæstv. félmrh. til að gefa út reglugerð sem m. a. hefur þetta inni að halda, með leyfi forseta:

„Nú er skriflegri sönnun um starfstíma sjómanns ekki til að dreifa og er þá heimilt að meta til slíkrar sönnunar vitnisburð tveggja valinkunnra manna eða fleiri um starfstíma sjómanns. Slíkur vitnisburður verður að bera með sér hvar, hvenær og hve lengi sjómennska sú er stunduð, sem sönnunin nær til."

Ég bið til guðs að þeir séu ekki allir dauðir, þeir valinkunnu menn sem störfuðu með þessum gömlu sjómönnum sem eiga að njóta þessa. Og ég segi fyrir sjálfan mig — og ég veit að ég mæli þar fyrir nær alla starfandi sjómenn — ég bið til guðs þeirra vegna að jafnvalinkunnir menn og hæstv. forsrh. og fjmrh. verði ekki til þess kvaddir að dæma um og úrskurða kaup og kjör sjómanna eftir að næstu áramót eru liðin.

Hæstv. forsrh. — ég veit að nú verður allt sett á fulla ferð í Þjóðhagsstofnun og öðrum þjónustustofnunum ríkisstj. — talaði um góðar tekjur og afkomu sjómanna. Nú vil ég bara vegna hæstv. ráðherra — og þá á ég líka við hæstv. viðskrh. — þegar þeir fara að koma með þann samanburð vara þá við þessari endurteknu vitleysu sem þeir alltaf eru að gera þegar þeir tala um góðar tekjur sjómanna. Það var hæstv. viðskrh. sem sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Sjómenn eiga að bera úr býtum það sem sanngjarnt er og eðlilegt miðað við hag útgerðar og launamál í landi." En má ég þá biðja hæstv. viðskrh. — af því að þetta voru hans orð en ekki forsrh., nógu mikið var af vitleysunni hjá forsrh., — má ég þá ekki biðja hann um að taka sjálfsagðar staðreyndir inn í þetta mat, eins og ég er búinn að biðja um á undanförnum árum og hæstv. sjútvrh. hefur lofað að láta gera, vegna þess að hann er loksins farinn að skilja að það verður að liggja til grundvallar hver vinnutímafórnin er við launin sem mennirnir fá. Hver er vinnutímafórnin? Hver er fjarvistin að heiman? Hver er fjarvistin frá heimilinu? Þetta eru atriði sem verða að koma þarna inn. Það hefur verið viðurkennt af sjútvrh. Að sjálfsögðu situr hæstv. dómsmrh. enn þá og gerir ekki neitt í því þótt hann viti að lögbrot séu framin á hverjum einasta degi, og á ég þá að sjálfsögðu enn einu sinni við vökulögin. (**HBl:** Hann er upptekinn við kirkjumálin.) Ég veit ekki hvort hann er upptekinn við kirkjumálin eða í samkór lögreglukóra á Norðurlöndum eða hvar það er, en hann á auðvitað að vita þetta og veit það, hæstv. dómsmrh.

Það er reyndar ein spurning enn þá sem ég hefði viljað varpa fram til hæstv. fjmrh. í sambandi við yfirlýsingu hans um lánið sem Verðjöfnunarsjóður á að taka með einfaldri ábyrgð ríkissjóðs: Ef ekki verður hægt að greiða þetta lán, á þá að vera hægt að ganga að öðrum deildum sjóðsins til þess að borga það? Þetta er auðvitað meginspurning. Eiga aðrar deildir sjóðsins að borga fyrir þá deild sem verður gjaldþrota, — áður en rætist hugsjón þeirra ráðherranna sem stefna að því að koma öllum þessum rekstri undir ríkið eins og sjálfstæðismennirnir í ríkisstj. og framsóknarmenn stefna drjúgum að með kommúnistum, — eiga aðrar deildir að borga þetta, taka þátt í þessari greiðslu áður en gengið verður að útgerðinni og sjómönnum, sem er auðvitað næsta stig?

Ég hef drepið hér á nokkur þeirra atriða sem urðu mér tilefni til að taka til máls nú. Hér var alger friður um það í deildinni að láta þetta mál ganga fram. Við héldum allir í stjórnarandstöðunni að samkomulag væri um að málið gengi fram á skaplegum tíma í dag. En þá taka þessir tveir hæstv. ráðh., forsrh. og fjmrh., að núa okkur því enn um nasir, að við í stjórnarandstöðunni höfum verið opnir fyrir því að flýta þinghaldi og greiða fyrir þingmálum og það með þessum hætti. Þeir kalla á það með sínum yfirlýsingum og gefa í skyn að hverju sé stefnt núna í ráðuneytunum, að hverju sé unnið og hvernig eigi að kaffæra þær kröfur sjómannastéttarinnar sem eru ekki aðeins réttlátar og sanngjarnar og hafa verið viðurkenndar af sjútvrh., m. a. með yfirlýsingum hans um nýja gengisfellingu. Það er fyrsta yfirlýsingin sem kemur fram opinberlega eftir síðustu gengisfellingu. Hún kemur frá hæstv. sjútvrh. á fundi kaupfélagsstjóranna. Og hann viðurkennir það og bendir meira að segja á ákveðna upphæð gengisfellingar sem verður aldrei snúið upp á hvorki hv. þm. Eyjólf Konráð eða Lárus Jónsson í Ed. né á hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, þó að hann hafi bent á að gengið þyrfti að vera skráð rétt. En það getur svo sem verið að þeir séu ákveðnir í að gera þetta. Það er mjög undarlegt hvað það stendur orðið mikið hér fyrir framan af splunkunýjum ráðherrabílum. Þeir eru kannske að undirbúa þetta strax. Ég held að fjölmiðlafræðingar, sem hér sitja inni, ættu að fara út fyrir dyrnar og telja hvað nýju bílarnir eru margir og hverjir eiga þá.

Nei, það er auðvitað enginn ráðherrabíll hér nú, það er rétt, nema kannske þeirra sem koma á hjólunum. Þeir eru farnir að fela nýjustu reiðskjótana í næstu húsasundum.

Ég vil að lokum, herra forseti, enn endurtaka það, að sú umr., sem nú verður, skrifast auðvitað á reikning þessara tveggja hæstv. ráðherra. Og ég tek undir það sem hér var sagt af þm. áðan utan dagskrár, að það er hart að

fá slíkar yfirlýsingar og umr. frá ráðherrum í lok fundartíma og svo hlaupa þeir burt og láta ekki sjá sig fyrr en eftir dúk og disk. Svo er komið til okkar og sagt við okkur: Þið skuluð standa hér og vinna, vera bæði á tveimur nefndarfundum í einu og á fundi í ykkar þingdeild. Mönnum er boðið upp á slíkt. Ég minnist þess hér í fyrri tíð, að hæstv. forsrh. tókst miklu betur hreinlega að segja ekki neitt þegar mikið lá við og kappræður voru í þinginu. Hann lét þá vera svo ótímabærar og vitleysislegar fullyrðingar sem hann viðhafði hér áðan.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Umræður um þetta dagskrármál hafa tekið óvænta stefnu nú eftir hádegið. Ráðherrar rása út og suður og kemur þá smátt og smátt í ljós að það er ekki öll sagan sögð við stjórnarandstöðuna þó að stjórnarsinnar séu spurðir um eitthvað viðvíkjandi þeim málum sem á að afgreiða, eins og glöggt kom fram í ummælum hæstv. fjmrh. áðan. Skal ég ekki að sinni gera það að umtalsefni, en vil fyrst ræða nokkuð ýmislegt af því sem fram kom í ræðu hæstv. viðskrh. í dag.

Það var eftirtektarvert að svo virtist sem hæstv. viðskrh. hefði tekið að sér að vera talsmaður ríkisstj. í þessu máli nú við 2. umr. þess, sem er óvenjulegt þar sem þau brbl., sem hér eru til umfjöllunar, voru gefin út af hæstv. forsrh. Það hefði þess vegna verið miklu eðlilegra að hæstv. forsrh. hefði svarað þeim atriðum, sem spurt var um varðandi túlkun frv. og önnur efnisatriði, hefði ekki skorast undan því. En ég hygg að hann hafi verið upptekinn við annað. Ég man nú eftir að það hafi komið fyrir áður að einstakir ráðh. hafi flutt framsögu, en ég vænti þess, að sá maður, sem gaf lögin út, hafi eitthvað um þau að segja. Þegar hann er lagaprófessor ofan í kaupið og doktor í þriðja lagi, þá ætti hann a. m. k. að hafa viðsýni til að vita hvað hann hefur sjálfur gefið út í samráði við ríkisstj. Var þetta ekki í endaðan ágúst? Ég held að hann sé búinn að flytja eina brtt. síðan í Ed. og gott ef hún var ekki tekin til baka, svo að hann er orðinn allkunnugur þessu. Mér finnst allt í lagi að hann fái einu sinni aðeins að kannast við eigin króga, alger óþarfi sé að vera alltaf að taka af honum ómakið að svara fyrir eigin gerðir. Þó kann ég náttúrlega vel að meta þá miklu umhyggju sem þessi ráðh. Framsfl. ber fyrir hæstv. forsrh., sem er sennilega til komin af því að hæstv. viðskrh. hefur orðið var við að forsrh. dregur yfirleitt taum Framsfl. í ríkisstj., ef á þarf að halda, og eins aðstoðarforsrh., Jón Ormur, því að við vitum náttúrlega að ekki mundu þessir menn mjög hallast á sveif með erkifjandanum Alþb., án þess að ég fari fremur út í það.

Ég vil í fyrsta lagi gera athugasemd við það orðalag ráðh. — ekki aðeins í dag, heldur oft endranær — þegar þeir eru að tala um að Seðlabankinn ákveði gengisbreytingar. Við vitum það allir sem hér erum inni, að Seðlabankinn kemur ekki með tillögur um að breyta genginu án þess að hafa fyrst kannað hvaða hljómgrunn slíkar tillögur hefðu hjá ríkisstj. Ef Seðlabankinn þykist hafa reynt það til þrautar, að ríkisstj. sé ekki til viðtals um breytingar á gengi krónunnar, gefur Seðlabankinn náttúrlega ekki út auglýsingu þess efnis, að hann telji nauðsynlegt að breyta gengi krónunnar. Þetta veit hæstv. viðskrh. Það er þess vegna verið að skorast undan ábyrgð þegar ríkisstj. er að kenna Seðlabankanum um að gengið fellur, auk þess að ríkisstj. ber hina þinglegu ábyrgð. Það getur vel verið að hægt sé að vera með svona undanbrögð á kaupfélagsstjórafundum hjá Sambandinu, en það er alveg þýðingarlaust að vera að halda því fram hér á Alþingi, að hin pólitíska ábyrgð á gjaldeyrispólitíkinni hvíli á herðum seðlabankastjóranna. (**Gripið fram í:** Ég sagði það ekki.) Það var gefið í skyn. Hálfsannleikur oftast er óhrekjandi lygi. Ég þekkti gamla konu norður í Norður-Þingeyjarsýslu sem sagði mér að það væri ekkert betra þegar verið væri að gefa í skyn.

Auðvitað ber ríkisstj. fulla ábyrgð á gjaldeyrispólitíkinni. (**Gripið fram í:** Hver setti lögin um Seðlabankann?) Alþingi. (**Gripið fram í:** Hver var þá forsrh.?) Ólafur Thors. Nú skulum við aðeins rifja upp hvaða markmið það voru sem hæstv. viðskrh. vildi helst hafa í sambandi við útgerðina. Hann setti sér það markmið í fyrsta lagi að útgerðin yrði rekin með eðlilegum hætti. Hann fór ekki nánar út í það, við hvað hann ætti með því að útgerðin yrði rekin með eðlilegum hætti. Nú getum við spurt sjálfa okkur að því. Telur hæstv. viðskrh. að útgerðin sé rekin með eðlilegum hætti ef vel stæð útgerðarfyrirtæki, t. d. í hans kjördæmi, við getum sagt 36—40 tonna bátar eða 50 tonna bátar, vel reknir, sem eru búnir að borga sig niður og skila dálaglegum hagnaði, — ef þeir geta ekki endurnýjað sig, telst útgerðin þá vera rekin með eðlilegum hætti? Hæstv. viðskrh. hristir höfuðið.

Ástandið er þannig í dag, að það getur enginn ungur, duglegur, efnilegur skipstjóri ráðist í skipakaup, eins og áður hefur verið, vegna þess að fjármagnskostnaðurinn er of mikill. Eigum við að nálgast það öðruvísi? Mér skildist á hæstv. forsrh., sem hefur mikið víðsýni og langa reynslu í stjórnmálum og er fljótur að átta sig á hlutunum, — mér skildist á honum áðan að stór og mikil útgerðarfyrirtæki, sem rækju allt í senn: hraðfrystingu, skreiðarframleiðslu og saltfisksverkun, væru mjög vel stödd. Nú skulum við hugsa okkur slíkt fyrirtæki sem rekið væri með fyrirmyndarbrag, það væri viðurkennt af öllum, og væri búið að greiða sín skip vel niður. Stendur þessi rekstur með eðlilegum hætti ef þetta fyrirtæki leggur ekki í að endurnýja sinn togaraflota, leggur ekki í að láta gamlan togara í skiptum fyrir nýjan af því að reksturinn ber það ekki, þrátt fyrir það að eigið fé sé langt yfir þau mörk sem talin eru góð? Auðvitað telst þetta ekki að útgerðin sé rekin með eðlilegum hætti. Telst það að útgerð sé rekin með eðlilegum hætti þegar maður rekst hér í Reykjavík á menn sem fyrir nokkrum misserum komu hér sjaldan, en eru nú orðnir algengir farþegar í flugvélum og eru að ganga hér á milli stofnana, búnir að fá „konverteringu" á lánum og fara upp í sjútvrn. og spyrja: Hvað meintuð þið með því sem þið voruð að segja við okkur í vor eða í haust? Áttum við að fá eitthvað meira? Áttum við t. d. að fá rekstrargrundvöll? — Hvað er svo sagt við þá uppi í sjútvrn.? Það er sagt við þá: Farið í sjóðina og semjið um það, hvernig þið getið bjargað lambsskinnunum. Þið fáið ekki meira. Ef þið hefðuð skuldað olíu en ekki sjóðunum, þá fengjuð þið kannske „konverteringu". En úr því að þú skuldar ekki olíu færð þú enga „konverteringu".

Er þetta að hafa eðlileg rekstrarskilyrði, að það sé ekki sama hver rekstrarkostnaðurinn sé sem skuldaður er? Telst útgerð í landinu vera rekin með eðlilegum hætti þegar það liggur fyrir að einstakir ráðherrar hafa komið að máli við innheimtumenn opinberra gjalda og farið fram á það við sýslumenn að innheimta ekki með eðlilegum hætti opinber gjöld til þess að hlífa útgerðarfyrirtækjum, þegar farið hefur verið fram á það af stjórnar-

ráðinu við Póstgíróstofu að láta ekki standa í skilum með orlof, þegar talað er um það af löggiltum endurskoðanda, að viðstöddum fulltrúum ríkisstj., að fyrirtæki séu kannske með mjög góða eiginfjárstöðu en útilokað sé að komast yfir rekstrarörðugleika? Hvernig skyldi standa á því, að öll þessi mörgu grónu fyrirtæki, sem risið hafa upp á s. l. árum, eiga nú í erfiðleikum? Af hverju skyldi ganga á eignirnar?

Hæstv. forsrh., sem hefur óvenjumikla yfirsýn og hefur kynnt sér málin vel, sagði áðan að tapið á bátaflotanum væri minna í ár en það hefði verið í 10 ár, — ég man ekki hvað það var, ég held að það hafi ekki verið í öldum reiknað, stæði heldur skár en undanfarin 10 ár, — afkoma sjávarútgerðarinnar í heild. Ef þetta er rétt, hvenær urðu þá þær miklu eignir til sem eru í útgerðinni? Ég get nefnt fjölmörg útgerðarfyrirtæki sem skiluðu ágætum hagnaði, ég tala nú ekki um fyrstu árin eftir að viðreisnin hætti og aftur þegar 1. þm. Vestf. var sjútvrh. og hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. Þá var töluvert um eignamyndun í sjávarútveginum. En nú er alltaf verið að ganga á eignirnar. Þannig hefur þetta breyst. Ég kann ekki að reikna, kann ekki á neinar reikningskúnstir, en ég á bók heima sem ég kíki annað slagið í þegar ég er að átta mig á Þjóðviljanum. Hún heitir: „Hvernig lýgur þú með statistik." Það skyldi nú ekki fara svo, að maður yrði að rifja þessa bók upp líka til þess að skilja ræður hæstv. forsrh.?

Auðvitað vitum við það öll, sem hér erum inni, að þær miklu eignir, sem til allrar hamingju eru til í sjávarútveginum, sýna að raunverulegt tap hefur ekki verið öll þessi ár í sjávarútvegi. Hvers vegna skyldu allir þessir menn leggja leið sína núna upp í Framkvæmdastofnun sem jafnvel hafa aldrei komið þangað áður, — duglegir menn, gætnir menn, sem reka sín fyrirtæki vel, eru vaknir og sofnir yfir rekstrinum, leggja sig fram um nýtni, leggja sig fram um að framleiða þær réttu tegundir sem best verð fæst fyrir? Samt sem áður þurfa þeir að fara og biðja um einhver hungurlán inni í Framkvæmdastofnun. Svo er sagt við okkur hér að afkoman sé betri núna, heldur skárri en hún hafi verið undanfarin 10 ár. Þetta er einhver flatur reikningur. Ætli þetta sé ekki álíka reikningur og þegar hæstv. forsrh. gaf út eftirfarandi fréttatilkynningu fyrir ári, þegar hann var að tala um hvað verðbólgan hefði lækkað mikið? Verðbólgan hefur þannig hjaðnað úr rúmlega 60% í 51% á starfstíma ríkisstjórnarinnar, segir þar, reiknuð á ársgrundvelli. Ríkisstjórnin mun vinna að áframhaldandi hjöðnun verðbólgu á næstu misserum og stuðla að því að tryggja sem best kaupmátt launafólks.

Ég biðst afsökunar, herra forseti, ég gleymdi að biðja leyfis að fá að lesa upp drottins orðið.

En hvert var framhaldið af þessu? Stóð ríkisstj. við að vernda þann kaupmátt sem var 12. nóv. 1980? Fjallaði ræða hæstv. forsrh. um að vernda þann kaupmátt? Ætli þetta sé ekki viðlíka reikningur og reikningurinn um það að eignamyndunin í sjávarútveginum hafi öll orðið á þessu ári? Eða hvernig bar að skilja þetta? Auðvitað vitum við að sjávarútvegurinn er ekki, hvorki togaraflotinn né bátaflotinn, rekinn með hagnaði eins og nú standa sakir. Það væri fróðlegt að sjá þær tölur sem hæstv. forsrh. hefur um október-grundvöllinn í sambandi við bátaflotann, ef hann framreiknaði þann grundvöll í samræmi við lægra gengi og kauphækkanir. Hvað skyldi koma út úr því? Það mætti segja mér að út úr því kæmi að hallinn á bátaflotanum væri í kringum 5—6% ef rétt væri reiknað. Væri fróðlegt að heyra hvað hann fengi út úr því, t. d. ef hann hefði fyrir því að hringja upp í Þjóðhagsstofnun eða tala við alla efnahagssérfræðinga sína sem eru komnir á laun í forsrn. Annars sagði hæstv. forsrh. fyrir tæpu ári, á gamlársdag, og þóttist góður, þegar hann fullyrti við þjóð sína að hann væri að segja satt, með leyfi hæstv. forseta: „Að undanförnu hefur ríkisstj. reynt að búa þannig um hnúta, að útflutningsatvinnuvegir geti lifað og dafnað við stöðugt gengi. Nú í árslok hefur það gerst í fyrsta sinn um alllangt skeið, að allar greinar fiskvinnslunnar hafa jákvæða afkomu. Frystiiðnaðurinn, sem átt hefur á þessu ári í alvarlegum erfiðleikum, hefur nú að mati Þjóðhagsstofnunar um 3.5% í afgang." Ef þessi orð voru sögð til þess að upplýsa almenning í landinu en ekki til að vekja rangar hugmyndir, væri þá staða fiskvinnslunnar í dag eins og hún er? Er hægt að útskýra stöðu fiskvinnslunnar þannig? Hefur eitthvað óvænt gerst, síðan þessi orð voru sögð, sem veldur því, að staða fiskvinnslunnar ætti að vera verri? Ég man ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi einmitt talað um það á næstu vikum eftir að hæstv. forsrh. sagði þetta, að staða fiskvinnslunnar væri betri en vænta mætti vegna hagstæðrar stöðu dollarans. Sá mikli viðskiptabati, sem varð á þessu ári, ætti þess vegna einmitt að hafa valdið því, að það væru alls ekki erfiðleikar núna hjá fiskvinnslunni, ef þessi ummæli hefðu við rök að styðjast, ef þau hefðu staðist og haft merkingu deginum lengur.

En hvernig stóð þá á því, að hæstv. forsrh. treysti sér til að segja þetta? Það stóð þannig á því, að hann notaði jólaleyfið — það er annasamur tími oft hjá hæstv. forsrh. — til þess að láta gengið síga jafnt og þétt. Hann lét lækka gengið jafnt og þétt. Síðan átti ný fiskverðsákvörðun að taka gildi 1. jan. Ummælin áttu m. ö. o. við allan þann fisk sem frystur var á gamlársdag. Er það forsvaranlegt að tala með þessum hætti? Hvernig eiga menn að trúa orðum valdhafanna ef þeir tala með þessum hætti, ef hver einasti maður í landinu, sem ætlar að hlusta á hæstv. forsrh. sinn sem honum þykir vænt um og langar að vita hvað hann meinar, þarf alltaf að vera að spekúlera í hvað hann skyldi nú meina annað en það sem hann segir? Til langframa er áreiðanlega heppilegra að menn reyni nokkurn veginn að segja það sem þeir hugsa, noti merkustu ræður sínar til að segja satt og gefa rétta mynd af ástandinu eins og það er. Það er enginn vafi á því.

Það væri hins vegar skemmtilegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. viðskrh. hvaða breytingar hann telur nauðsynlegt að gera á rekstrargrundvelli útgerðarinnar til þess að hægt sé að reka bátana með eðlilegum hætti. Telur hann t. d. að þetta skipti svo miklu máli að hann sé reiðubúinn að fórna sínum stól fyrir það? Hefur hann nokkrar meiningar í atvinnumálum og Framsfl. yfirleitt? Ég nenni ekki að tala um þá hina sem sitja í ríkisstj. En hafa þeir framsóknarmenn yfirleitt nokkrar meiningar um það, að atvinnureksturinn þurfi að bera sig, þurfi að ganga, að það sé óskynsamlegt að slátra mjólkurkúnni? Ekki gerir Stefán í Auðbrekku það við sínar kýr. Ekki slátrar hann þeim. Hann er einn stærsti bóndi landsins síðan Björn á Löngumýri. Nei, það er ekki háttur framsóknarbænda í Eyjafirði að byrja á því að slátra mjólkurkúnum. Og ég hef orðið var við það fyrir norðan, að mörgum þar þykir undarlegt hvernig þrengt er að atvinnurekstrinum hér fyrir sunnan. Þeim finnst sínir fulltrúar ekki nógu kokhraustir hér fyrir sunnan, að þeir tali

ekki nógu vel upp í ráðamennina um það, hvernig eigi að standa að atvinnurekstrinum.

Vegna þess að ég veit að hæstv. forsrh. vill gjarnan líkjast þeim mönnum öðrum úr Sjálfstfl. sem hafa gegnt hans stöðu, þá langar mig til að rifja það upp, að einn slíkur maður talaði um að það væri höfuðskylda stjórnvalda að sjá um að undirstöðuatvinnuvegirnir hefðu vaxtarskilyrði og rekstrargrundvöll. Þessi forveri hæstv. forsrh. sagði líka að ríkisstjórn, sem ekki gæti gert þetta, væri ekki vanda sínum vaxin og ætti að segja af sér.

En það er náttúrlega varla við því að búast, að hæstv. ráðh. vilji fara að tala við okkur af hreinskilni um rekstrarvanda útgerðarinnar. Ætli verði ekki haldið áfram að fara með fimmaurabrandarana um seðlaprentunina og Matthías Bjarnason? Sama daginn eða sömu vikuna og iðnaðurinn snýr sér til Alþingis vegna þess, hversu bág staða hans er, er hæstv. forsrh. að gera grín að þeim erfiðleikum hér í þingsölum til þess að reyna að hitta Matthías Bjarnason, en það var nú „búmerang" og hitti þann mann fyrir sem tók upp á því gráa gríni, því að auðvitað er það ekkert spaug hvernig búið hefur verið að iðnaðinum í þessu landi. Skal ég ekki fara út í það nú.

Hæstv. viðskrh. talaði um að sjómenn ættu að fá eðlileg kjör, og skal ég taka undir það, og að fiskvinnslan ætti að geta borið sig, og skal ég líka taka undir það. Auðvitað hangir þetta allt þrennt saman. Og það er náttúrlega munurinn á þessum tveim mönnum, að hæstv. viðskrh. gerir sér grein fyrir að það er erfitt um vik að ákveða fiskverð þegar fiskvinnslan getur ekki tekið á sig meiri byrðar, útgerðin er rekin með tapi og sjómenn hafa dregist aftur úr. Hvernig á að skipta engu? Það er enginn afgangur. Þá er auðvitað erfitt fyrir fiskvinnsluna að samþykkja hærra fiskverð. En það sýnir náttúrlega hversu hringavitlaust þetta kerfi okkar er, að hlutirnir hækka á víxl, alveg burt séð frá því, hvort nokkur afgangur er í þjóðarbúinu. Og það er einmitt sú skekkja þessarar ríkisstj. sem verst var, að hún hefur aldrei gert minnstu tilraun til að stilla útgjöldum þjóðarbúsins í heild svo í hóf að það væri í samræmi við afrakstur þess. Það er þess vegna sem sígur á ógæfuhliðina. Á sama tíma og öll teikn benda til að afraksturinn verði minni hrósar hæstv. fjmrh. sér af því að hafa seilst enn dýpra ofan í vasa skattborgaranna.

Ég gat ekki að mér gert að fara að hlæja undir ræðu hæstv. forsrh. þegar hann var að tala um að útgerðin stæði betur núna en hún hefði staðið s. l. 10 ár — eða skár, svo rétt sé haft eftir. Hæstv. forsrh. sagði að bátaflotinn í heild hefði allgóða afkomu, en tók sig þó á. Hann sá að þetta gat ekki alveg staðist svo hann tók sig eitthvað á og fór að tala um að sumir nýrri bátarnir hefðu kannske einhvern fjármagnskostnað. En hvað þýðir það ef nýju bátarnir hafa svo mikinn fjármagnskostnað að þeir geta ekki borið sig? Það þýðir auðvitað að það getur engin endurnýjun orðið í flotanum. Það er sá alvarlegi hlutur. Það er ekki hægt að endurnýja bátana eins og ráðherrabílana. Hvaða skoðanir skyldi hæstv. viðskrh. hafa á því eða hæstv. sjútvrh., sem ég veit nú ekki hvar er, hann er a. m. k. ekki hér á landi frekar en vant er um þetta leyti árs? Hvernig skyldu þeir telja eðlilegt að ráðast gegn þessum vanda, hvernig eigi að endurnýja bátana? Um allt land eru ungir og duglegir skipstjórar og útgerðarmenn sem gjarnan vilja fá nýja báta. Og á það hefur verið bent, að ógjörningur sé að endurnýja þá nema með því að annaðhvort verði af opinberri hálfu efnt til sérstakrar raðsmíði á bátum hér innanlands, sem yrði styrkt af opinberu fé eða nyti sérstakrar fjármagnsfyrirgreiðslu, eða með því að heimila kaup á nýlegum bátum erlendis frá. Auðvitað má ekki blanda því saman, að togaraflotinn er of stór, og hinu, að nauðsynlegt er að endurnýja bátaflotann. Hvernig standa nú þessir menn að vígi sem þurfa að fá leyfi fyrir nýjum bát? Hefur sá maður mesta möguleika til að fá nýja bátinn sem hefur best staðið sig? Eru það meðmæli í augum þessarar hæstv. ríkisstj. með manni sem vill fá nýjan bát, að hann hafi rekið sinn bát með góðum hagnaði, aflað mikið með litlum tilkostnaði? Eða er vænlegra í þessum efnum að vera með einhverja hallærisútgerð, kaupfélagsútgerð? Þegar allt er undir leyfum og pólitískum hrossakaupum komið má auðvitað litli skipstjórinn sín lítils. Þó hann kunni að ganga um sinn bát úti á sjó, þó hann viti hvar eigi að leggja netin, þó að fiskurinn sé fyrsta flokks, þá veit hann ekki hvernig hann á að ganga hér um stjórnarráðið til þess að fá heimild fyrir nýjum bát, af því hann er ekki í klíku, af því hann hefur ekki selt sál sína, af því hann kann ekki að fóta sig í þessu vonda þjóðfélagi pots og sérréttinda sem við erum að búa til. Þess eru jafnvel dæmi að frekjast hafi verið til að kaupa togara á staðina og það látið bitna á þeim duglegu útgerðarmönnum sem búa á viðkomandi stöðum.

Nú var það auðvitað eftirtektarvert í ræðu hæstv. forsrh., sem hefur brugðið sér frá, að hann talaði um að öll skip þyrftu ekki á jafnháu fiskverði að halda, sum skip væru nýrri en önnur, eins og nýju togararnir. Þau þyrftu að greiða miklar fúlgur í vexti og afborganir. Og hann varpaði fram þeirri spurningu, hvort öll skip þyrftu jafnhátt fiskverð. Þetta er náttúrlega afskaplega merkileg yfirlýsing. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því, hvernig hæstv. forsrh. hugsar sér það. Hann getur náttúrlega hugsað sér að ríkið greiði háar fjárfúlgur upp í fjármagnskostnað nýjustu togaranna. Það má vel vera að það sé í athugun og verði gert nú um áramótin. En við erum að afgreiða fjárlög þessa dagana sem eiga að taka gildi 1. jan. Ef til stendur að greiða úr ríkissjóði háar fjárfúlgur vegna fjármagnskostnaðar togaraflotans, af hverju er þá ekki farið að ræða um það í fjvn.? Svo er annað. Vera má að það hafi verið rætt um það á fundi fjh.- og viðskn. Ed. áðan að setja inn í lánsfjáráætlun ríkisstj. að það ætti að taka einhver sérstök erlend lán eða lán í Seðlabankanum eða lán hjá lífeyrissjóðunum eða lán hjá litlu börnunum, að ríkissjóður taki á sig fjármagnskostnaðinn með lántökum. Hæstv. forsrh. leggur mikla áherslu á það núna að afgreiða lánsfjáráætlunina. Ég vænti þess þá, ef það stendur til, að sá möguleiki hafi verið ræddur á sameiginlegum fundum fjh.- og viðskn. Ég á ekki sæti þar. Ég á hins vegar sæti í sjútvn. og ég veit að það mál hefur ekki borið á góma þar. Og þegar ég hef farið upp í ráðuneyti og annað til að fá einhverjar upplýsingar, þá hefur ekki verið talað um neinar upphæðir í þessu sambandi sem máli skipta. Það var eitthvert lítilræði í sambandi við framlag ríkissjóðs í Fiskveiðasjóð sem talað var um, annað ekki, ekkert sem máli skiptir í sambandi við þann gífurlega halla sem er á togararekstrinum. Það er miklu, miklu meiri halli en svo að menn geti leyft sér að tala bara um það í framhjáhlaupi án þess að gera grein fyrir sínu máli.

Ef könnuð er fjárvöntun í rekstri meðalskips, og tekin þau 19 úrtaksskip sem könnuð voru nú í október, — það er síður en svo að talan 19 sé endanleg tala um þau skip

sem eiga í mestum erfiðleikum, þetta er einungis sá fjöldi togara sem sendir fullnægjandi gögn til þess að hægt sé að gera sómasamlegt yfirlit um þeirra rekstur, — þá kemur í ljós að fjárvöntunin í rekstri meðalskips er 2 531 017 kr. á ári eða um 16% af heildartekjunum. Í þessari skýrslu segir enn fremur að til þess að meðalskip í úrtakinu væri rekið hallalaust þyrfti fiskverð að hækka um 33.3% miðað við aðalforsendur rekstraráætlunar. Á sama hátt þyrfti aflamagn að aukast í 5 500 tonn á ári í 4 162 tonnum til þess að hallalausum rekstri yrði náð, hvorki meira né minna. Svo talar hæstv. viðskrh. um það í forföllum sjútvrh., að markmiðið hjá ríkisstj. sé að koma útgerðinni á eðlilegan grundvöll. Það er út af fyrir sig gott að opna viðræður um það. En við hvað er átt með því? Er þetta bara til að láta prenta hjá Þjóðviljanum og Tímanum að markmiðið sé að fá einhvern eðlilegan grundvöll? Eða stendur til hjá hæstv. ríkisstj. að gera eitthvað til þess að sá eðlilegi grundvöllur náist? Það skyldi þá ekki fara svo eftir nokkur misseri, að sá Herakles fyndist sem gæti hreinsað fjósið?

Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. forsrh. sem hann sagði í dag, að það hefur enginn hagnaður verið af hraðfrystiiðnaðinum á þessu ári, nema síður sé. Það er vitaskuld alveg hárrétt. Ég hafði pínulítið gaman af því, þegar hann var með vangaveltur um stóru fyrirtækin sem rækju allar greinarnar, skreiðarframleiðslu, saltfiksframleiðslu og frystingu. En ég skildi ekki þegar hæstv. forsrh. varpaði fram þeirri spurningu, hvort eðlilegt og sanngjarnt væri gagnvart þessum fyrirtækjum að krefjast þess, að ráðstafanir væru gerðar með verulegum gengislækkunum eða á annan veg til að frystingin bæri sig og þar með um leið að stórauka hagnaðinn bæði af skreið og saltfiski. Ég skildi ekki alveg við hvað hann átti. Nú vitum við náttúrlega um skreiðina, að verðið á henni hefur alls ekki verið jafnhátt á þessu hausti og reiknað hafði verið með á s. l. vetri. Nígeríumenn hafa látið standa á því að opna ábyrgðir, með þeim afleiðingum að fjármagnskostnaðurinn hefur aukist og birgðakostnaðurinn hefur aukist. Enn fremur hefur verðið lækkað og þar að auki hafa orðið innbyrðis breytingar á skreiðinni sem valda því, að við höfum borið minna úr býtum en ella. Þannig hefur langan fallið í verðflokki og er núna með ýsunni í staðinn fyrir að hún var áður með þorskinum. Svo er mér ekki kunnugt um annað en að t. d. hausaverkunin standi mjög illa. Það eru miklar birgðir víða í landinu af hausum. Hins vegar hefur ekki opnast ábyrgð fyrir hana. Þarna festa menn sitt fé og mér er ekki alveg ljóst hver niðurstaðan verður þegar upp er staðið. (Gripið fram í.) Á hinn bóginn vil ég minna á það, að Skreiðarsamlagið hefur farið fram á það við ríkisstj. hvað eftir annað að sendiráð verði opnað í Nígeríu — eða a. m. k. reynt að ráða þar ræðismann, þó ekki væri annað, til að gæta íslenskra hagsmuna. Við eigum auðvitað mjög mikil viðskipti við Afríku og það væri ekkert óeðlilegt að við veldum Nígeríu sem það land sem við opnuðum sendiráð í til að gæta hagsmuna okkar þar, því að Nígería er að verða eitt af okkar stærstu viðskiptalöndum og þýðingarmikið sérstaklega fyrir þá sök, að Nígeríumenn greiða okkur í beinhörðum gjaldeyri en ekki er um vöruskipti að ræða af einu eða öðru tagi.

Nú geri ég ráð fyrir að hæstv. forsrh. viti á þessari stundu allt um það hvernig skreiðarverðið verður á næsta ári í Nígeríu. En ýmsir aðrir menn vita minna um það. Ég geri t. d. ráð fyrir að hæstv. viðskrh. sé ekki reiðubúinn að tala um það á þessari stundu, hvaða verð hann muni fá á Nígeríumarkaðnum á næsta ári. Ég veit ekki betur en þaðan sé komin sendinefnd nú nýverið sem hafi ekki komist langt áleiðis í sínum þreifingum, enda voru Norðmenn nýbúnir að vera þar á ferðinni og það hefur aldrei verið neitt heillamerki að eiga í harðri samkeppni við þá á fiskmörkuðunum. Ég held því að það séu allt ágiskanir út í loftið og raunar úr tómri tunnu talað þegar verið er að halda því fram, að skreiðarframleiðslan standi um þessar mundir sérstaklega vel. Þetta minnir mig hálfpartinn á skemmtilegar umræður sem fóru fram í Ed. vorið 1974 þegar þáv. hæstv. forsrh. var að tala um að hengja upp fyrir fluguna.

Þegar hæstv. forsrh. talar um það í dag, að það sé bjart fram undan á saltfiskmörkuðum og að saltfisksverkunin geti greitt svo og svo hátt fiskverð eftir áramótin og jafnvel greitt upp tapið á frystingunni, þá miðar hann kannske við það, að meðalverðið á dollar verði svipað á næsta ári og það hefur verið á þessu. Vel má vera líka að hæstv. forsrh. reikni með sama dollaraverði t. d. í Portúgal. En ég er ekki viss um að það náist heldur. Þarna er talað af allt of mikilli óskhyggju og ábyrgðarleysi. Auðvitað liggur ekkert fyrir á þessari stundu um hvernig næsti vetur muni koma út. Hitt er auðvitað rétt, að það bætir stöðuna og gefur svigrúm að allar greinar sjávarútvegsins skuli þó ekki vera á hausnum. Það er nú talsvert undrunarefni og það er ekki vafi á því, að ef stjórnin lifir til haustsins verður ekki einu sinni hægt að benda á þorskhausana.

Hér vék hv. 1. landsk. þm. áður að því, hvernig tónninn hefur verið frá þessari hæstv. ríkisstj. til sjómannanna. Skal ég ekki fara inn á það. En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að ræða hæstv. forsrh. bar það með sér að nú er í athugun hjá ríkisstj. — hann verður ekki öðruvísi skilinn — að færa á milli fyrirtækja í landinu. Ef hæstv. ríkisstj. telur að eitt fyrirtæki sé aflögufært á að taka peninga frá því og setja í annað fyrirtæki sem er ekki eins aflögufært. Ef skreiðarframleiðandinn er samkv. tölum Þjóðhagsstofnunar talinn græða eitthvað á skreiðinni, þá á að klípa af því ögn og setja í Sambandsfrystihúsin o. s. frv.

Auðvitað er ekki hægt að reka þjóðfélag með þessum hætti. Auðvitað verðum við að byggja útflutningsframleiðsluna þannig upp að hún standi undir sér. Og auðvitað voru þeir menn, sem kosnir voru á þing fyrir Sjálfstfl. í síðustu kosningum, ekki til þess kjörnir og hafa ekki til þess umboð að koma aftur á uppbótakerfi hér á landi, fölskum gjaldmiðli og mismunandi gengi krónunnar eftir því hvaða framleiðsla eða hvaða menn eiga hlut að máli, síður en svo.

Ég sé að tíminn hefur hlaupið frá mér, herra forseti. Það hefði vissulega verið ástæða til að ræða þessi mál miklu ítarlegar, ræða hæstv. forsrh. gaf tilefni til þess. Á hinn bóginn er ég ekki óánægður yfir þeirri ræðu. Það kom bara á daginn að í athugun eru hjá ríkisstj. ýmsar ráðstafanir sem átti að halda leyndum á meðan þingið situr. Síðan á að fara fram á það fyrir jólin að Alþingi afsali sér löggjafarvaldinu, það á að senda menn heim. Síðan á að takast á við sjómenn. Síðan á að gera eitt og annað. Ég veit ekki hvort eða hvar það verður gert. (**Gripið fram í:** Það verður mikil glíma.) En ég geri ráð fyrir því, að viðkomandi menn verði ekki afskaplega háreistir þegar þeir eftir á þurfa að gera grein fyrir sínum málum hér á Alþingi, ef þeir þá koma sér saman um

nokkurn skapaðan hlut, sem er náttúrlega mesta spurningin, því að auðvitað eru þessar bollaleggingar hæstv. forsrh. af því tagi, að maður finnur að ekki hefur náðst samstaða um þær innan ríkisstj. Hann langar til að stíga í vænginn við hæstv. félmrh. Svo er bara spurningin hvert þrekið verður. Ég veit að þeir eru hraustir og og stæðilegir, ýmsir af ráðherrum Framsfl. Best treysti ég hæstv. utanrrh. til að standa sig þegar í nauðirnar rekur. Hann er vanur að kljást við þá suma hverja sem kveinkuðu sér undan honum meðan við höfðum forsrh. í landinu sem menn höfðu ástæðu til að kveinka sér undan ef þeir höguðu sér ekki vel. Það má vel vera að í þessu máli verði hann að taka að sér það hlutverk undir lokin að verða í reynd sá maður sem ber eitthvað saman, einhverja *niðurstöðu. Sú niðurstaða verður þó ekki í samræmi við* ummæli hæstv. forsrh., að færa á milli greina, flækja efnahagskerfið, rugla rekstrargrundvöllinn og skekkja þjóðlífsmyndina. Það er ekki sú leið sem hæstv. utanrrh. vill fara. Eins og áður verðum við að leggja okkar traust á hann, því að við vitum að hann á það til að láta til sín heyra ef hann telur ástæðu til.

Umr. frestað.

Efri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 17. des., kl 9.30 árdegis.

Iðnráðgjafar, frv. (þskj. 183). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 225).

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 58, n. 222 og 223, 129, 221). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 221. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar vann að athugun frv. í samvinnu við fjh.- og viðskn. Nd. Ég byrja á að þakka nm. í báðum þessum nefndum fyrir mikla vinnu og mikla fórnfýsi þeirra við að taka þetta frv. til athugunar og meðferðar, sérstaklega nú á síðustu 7-8 dögum þegar nefndirnar hafa lagt mjög mikið starf af mörkum í því skyni að geta afgreitt þetta frv. fyrir hátíðar.

Samkv. venju hafa nefndirnar átt viðræður við fulltrúa fjölmargra aðila, sérstaklega Seðlabanka Íslands, Þjóðhagsstofnunar, fjmrn., og forsvarsmenn samtaka banka, sparisjóða og lífeyrissjóða sem og fulltrúa frá Húsnæðisstofnun og Framkvæmdastofnun. Nefndinni hafa einnig borist fjölmörg erindi frá margvíslegum aðilum. Þeir, sem standa að minni hl. n., hafa verið svo elskulegir að prenta þorra þessara álita í nál. sínu. Ég tel því ekki ástæðu til að fjölyrða mikið um það hér, þau erindi liggja fyrir í prentuðum þskj. Ég mun hins vegar víkja síðar nokkrum almennum orðum að meðferð nefndarinnar á þeim.

Frá því að frv. var lagt fram og þar til nefndin afgreiddi það bárust henni ýmsar beiðnir um hækkanir á heimildum til erlendrar lántöku og telst okkur til að þær beiðnir nemi óskum um tæplega 200 millj. kr. viðbót í erlendum lántökum af nýju tagi. Það er ljóst að erlendar lántökur eru orðnar allmiklar hér í landi og nauðsynlegt að menn spyrni við fótum hvað snertir framtíðarþróun þeirra. Þess vegna ákvað meiri hl. n. að hafna því að taka til greina óskir um 200 millj. kr. hækkun á erlendum lántökum, sem er samanlögð tala þeirra margvíslegu beiðna sem *bárust nefndinni eftir að frv. var lagt fram.*

Þótt meiri hl. n. hafi þar með hafnað því að auka erlendar lántökur í samræmi við þessar miklu beiðnir er ekki þar með sagt að erindi þau öll, sem til nefndarinnar hafa borist, séu þar með tekin af dagskrá. Því var lýst yfir í nefndinni, og ég vil endurtaka það hér, að hvað snertir vanda nokkurra þessara aðila, og á það einkum og sér í lagi við annars vegar Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og hins vegar Hitaveitu Rangæinga, er ætlunin að skapa svigrúm fyrir þá aðila til að taka þau erlend lán, sem þeir þurfa að taka, innan þess heildarramma erlendrar lántöku til framkvæmda á sviði orkumála sem þegar var búið að ákveða áður en frv. var lagt fram. Frv.-upphæðin er ekki hækkuð vegna þessara þarfa, en annað verður þá að skera niður að sama skapi.

Ýmsir aðrir aðilar, sem sendu okkur óskir, þurfa að fá leiðréttingu sinna mála eftir öðrum leiðum. Má þar einkum benda á aðila sem eru að sækja um erlendar lántökur vegna rekstrarerfiðleika. Við teljum eðlilegt að leysa þann vanda með gjaldskrárhækkunum en fara að stuðla að stórauknum erlendum lántökum til að leysa rekstrarvanda fyrirtækja. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið, að ýmsir aðilar, sem á þessum viðbótarlista eru, verða að bíða með að fá þörfum sínum fullnægt því að það er ljóst að þjóðin getur ekki haldið áfram að leysa vanda einstakra aðila einfaldlega með því að auka heildarlántökur Íslendinga erlendis. Það er nauðsynlegt að einhvers staðar sé slegið striki og ákveðið að fara ekki lengra á þessari braut, og þess vegna varð niðurstaða meiri hl. n. á þann veg sem ég hef nú þegar greint.

Í meðferð nefndarinnar var allmikið fjallað um með hvaða hætti ætti að orða kaup lífeyrissjóðanna á skuldabréfum að jafngildi um 40% af ráðstöfunarfé sjóðanna. Það er ljóst að heilbrigð efnahagsstefna hlýtur að grundvallast á því, að innlend sparifjármyndun sé í sem ríkustum mæli undirstaða þeirra framkvæmda sem í landinu eru. Lífeyrissjóðakerfið hefur vaxið svo á undanförnum árum að það er óhjákvæmilegt að framlög þess til hins innlenda sparnaðar verði allveruleg. Það hafa verið nokkrar deilur um það á undanförnum árum með hvaða hætti ætti að skylda lífeyrissjóðina til að taka þátt í þessum kaupum. Ljóst er að það verður að vera um víðtæka samvinnu opinberra aðila og lífeyrissjóða að ræða. Við meðferð nefndarinnar á þessari grein fóru fram ítarlegar viðræður við fulltrúa samtaka lífeyrissjóðanna um þann hátt sem þeir vildu hafa á þessum samskiptum og þessum lagatextum. Ég tel óhætt að fyllyrða það eftir viðræður mínar við þá, að sá lagatexti, sem hér liggur fyrir, mætir ekki andstöðu af þeirra hálfu þótt auðvitað geti verið skiptar skoðanir um einstaka orðalag. Það er von mín, að

niðurstaðan af þeim ítarlegu viðræðum, sem hafa farið fram milli stjórnvalda og nm. og fulltrúa lífeyrissjóðanna á síðustu dögum, verði til þess að árangursrík samvinna fari fram á næsta ári milli stjórnvalda og lífeyrissjóðanna um þessi efni.

Ég vil geta þess sérstaklega hér, vegna þess að slíkt kemur ekki fram í lagatextanum beint, að við meðferð málsins kom í ljós að einstakir lífeyrissjóðir hafa áhuga á að kaupa skuldabréf af fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna — við getum nefnt Fiskveiðasjóð sem dæmi — milliliðalaust án þess að slík viðskipti fari í gegnum Framkvæmdasjóð og Framkvæmdasjóður taki þá þóknun fyrir sinn milliliðaþátt. Því hefur verið lýst yfir af fulltrúum ríkisstjórnaraðilanna í nefndum þingsins og enn fremur á þeim fundum sem við höfum átt með forsvarsmönnum þeirra opinberu stofnana sem um þessi mál fjalla, að við teljum rétt að taka upp þann hátt á næsta ári, að óski lífeyrissjóðirnir eftir að kaupa bréf frá þessum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna án milligöngu Framkvæmdasjóðs og séu þær ráðstafanir almennt í samræmi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sé sjálfsagt að stuðla að því, að það geti átt sér stað, þannig að beinni tengsl skapist milli lífeyrissjóðanna og fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna en verið hafa til þessa. Ég vil sérstaklega taka þetta fram hér því að ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram með skýrum og afdráttarlausum hætti. Hins vegar var ekki nauðsynlegt að breyta lagatextanum til að þetta gæti átt sér stað. Hér er um að ræða breytingu á framkvæmd lagatextans, en að mínum dómi hins vegar mjög mikilvægri framkvæmd.

Eins og hv. dm. er kunnugt voru uppi hugmyndir um að auka kaupskyldu lífeyrissjóðanna í 45%, það var horfið frá þeim áformum og tala fyrra árs, 40%, stendur áfram í þessum texta. Það þýðir óhjákvæmilega að innlend fjármögnun verður minni að sama skapi. Þess vegna þurfti að auka erlendar lántökur í frv. sem þessu nemur. Út af fyrir sig er hægt að skilja sjónarmið lífeyrissjóðanna hvað þetta atriði snertir. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að allir átti sig á því, að þeim mun meiri tregða sem verður á að mæta innlendri fjármögnunarþörf, þeim mun meiri líkur eru á að þrýstingur til erlendrar lántöku aukist. Það er vandamál sem stjórnvöld munu standa frammi fyrir, hvort sem það er þessi ríkisstj. eða önnur.

Enn fremur hefur meiri hl. n. gert í sínum brtt. tillögur um að inn verði tekin 50 millj. kr. lántaka vegna Byggðasjóðs og aðstoðar hans við atvinnuvegina, bæði sjávarútveg og iðnað, og ennfremur 50 millj. í viðbót vegna ýmiss konar breytinga sem nauðsynlegt er að gera með hliðsjón af þeim breytingum sem fjárlagafrv. hefur tekið í meðferð Alþingis. Meiri hl. n. leggur því til að heildarupphæð af erlendum lántökum í frv. hækki um u. þ. b. 160 millj. Það munu vera rúm 7% af þeirri heildarupphæð sem í frv. er. Rétt er þá að vekja athygli á því sem ég sagði fyrr í minni ræðu, að við höfnuðum að bæta þarna við 200 millj. í viðbót þótt óskir lægju fyrir um það í nefndinni. Ef horfið hefði verið að því að verða við þeim óskum hefði heildarhækkunin þurft að vera einhvers staðar á bilinu 350-400 millj. kr., sem að mínum dómi hefði verið allt of mikil hækkun og efnahagslega hættuleg hækkun.

Ég hef sagt það áður í þessari ræðu og vil endurtaka það hér, að það er alveg ljóst að á næstu mánuðum, misserum og árum verður að fara mjög varlega í aukningu á erlendum lántökum, sérstaklega hvað snertir þær freistingar ýmissa aðila í þessu þjóðfélagi, bæði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera, að reyna að leysa tímabundin rekstrarvandamál sín með erlendum lántökum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að allir sameinist um að hamla gegn slíkri þróun. Ef hún heldur áfram mörg ár í viðbót getur það leitt til langvarandi efnahagslegra erfiðleika sem verði mjög erfitt að komast út úr. Við þurfum því að sameinast um að auka innlenda sparifjármyndun og hamla gegn tilhneigingu fjölmargra aðila til að leysa vandamál sín með sífelldum erlendum lántökum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að sala spariskírteina ríkissjóðs geti orðið allmiklu meiri á næsta ári en hún hefur orðið á þessu ári. Það er ljóst að þeir nýju sex mánaða verðtryggðu reikningar, sem teknir voru upp í bankakerfinu, hafa orðið til þess að almenningur, sem áður fyrr keypti verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, hefur horfið í mjög ríkum mæli að því að tryggja fé sitt með því að leggja það inn á hina 6 mánaða verðtryggðu reikninga, en eins og fram kom í viðtali við Jóhannes Nordal bankastjóra Seðlabankans í sjónvarpinu í gærkvöld er verið að íhuga ýmsar nýjar leiðir, bæði með því að bæta kjörin á spariskírteinum ríkissjóðs og þau ákvæði sem um þessi spariskírteini gilda, til að hvetja á næsta ári almenning í landinu til að nota þetta sparnaðarform í jafnríkum mæli og gert var áður.

Herra forseti. Það mætti margt fleira segja um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég ætla hins vegar ekki að gera það að sinni, en vil endurtaka þakkir mínar til meðnm. minna, bæði hér í hv. nefnd og í Nd., sem hafa lagt á sig mikla vinnu, bæði um helgidaga, kvöld og nætur, til að koma þessu frv. áleiðis.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti hv. minni hl. í fjh.- og viðskn. sem í eru ásamt mér þeir hv. þm. Eyjólfur Konráð og Kjartan Jóhannsson.

Ég vil taka undir það með formanni, að hv. nefndir hafa unnið drjúgt starf á stuttum tíma. Fhj.- og viðskn. fékk þetta frv. til lánsfjárlaga til athugunar fljótlega eftir þingbyrjun, en vinna í nefndinni var ekki hafin fyrr en fimmtudaginn 10. des. s. l. Þá var loks ljóst að hæstv. ríkisstj. óskaði eftir að þetta frv. yrði afgreitt fyrir jól Nefndin hélt fundi á föstudagsmorgun og laugardag, en þá komu fram veigamiklar tillögur frá fylgismönnum ríkisstj. um ákvæði í frv. sem forráðamenn lífeyrissjóðanna töldu hreina eignaupptöku og varða við stjórnarskrá. Fór nær allur tími nefndarinnar í að ræða við fulltrúa lífeyrissjóðanna og þetta vandamál sem upp kom, en sáralítill tími hefur gefist til að kanna þetta viðamikla mál að öðru leyti.

Á sinn hátt er frv. til lánsfjárlaga ekki síður mikilvægt og stefnumarkandi í ríkisfjármálunum en fjárlagafrv. Það gefur auga leið að þeir fáu dagar, sem hv. fjh.- og viðskn. beggja deilda hafa haft til að fjalla um þetta veigamikla mál, eru allt of skammur tími til þess að hægt sé að segja að þessi afgreiðsla sé með skaplegum hætti.

Í sambandi við fram komnar hugmyndir hæstv. ríkisstj. um að taka fyrst 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna með lögbindingu til að fjármagna lánsfjáráætlun og síðari hugmyndir meiri hl. n. vil ég taka það fram, að þarna komu fram hugmyndir sem lífeyrissjóðamenn, eins og ég sagði áðan, litu á sem hreina eignaupptöku. Ég

vil benda á það í þessari hv. deild, að tekjur fjárlaga á þessu ári eru áætlaðar um 8 milljarðar íslenskra nýkr. og niðurstöðutölur lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga eru eitthvað nálægt 2000 millj. kr. Meginatriði þessara tveggja lagabálka, fjárlaga, sem gera ráð fyrir 8 milljörðum kr., og lánsfjárlaga, sem gera ráð fyrir 2000 millj. kr. í lántökur, koma frá ríkisstj. hverju sinni. Þetta eru 10 milljarðar kr., 1000 milljarðar gkr. eða 37% af þjóðarframleiðslunni. Þannig má segja að ríkisstj. ráðstafi með atbeina meiri hl. Alþingis að sjálfsögðu á hverjum tíma upp undir 40% af því sem við höfum til skipta í þjóðarbúinu. Þess vegna skil ég mætavel að forráðamenn þeirra stofnana, sem telja þær vera sjálfseignarstofnanir og eign viðkomandi sjóðsfélaga, reyni að sporna við fótum þegar lengra á að ganga í því að ríkisvald seilist til að taka fjármagn af sjálfstæðum aðilum. Ég hef hér greint frá því, að 37% af þjóðarframleiðslunni er í raun ráðstafað með þessum hætti, auk þess sem ríkisstj. á hverjum tíma hefur auðvitað áhrifavald yfir miklu meiri fjármunum en ég hef greint frá.

Ég vil draga saman nokkur aðalatriði í stefnu frv. til lánsfjárlaga og benda á helstu vinnubrögð í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

1. Forsendur þessa frv. eru þær, að það verði 33% verðbreyting milli áranna 1981 og 1982, en það þýðir 25-27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka 1982. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala" fjárlagafrv., eins og kunnugt er. Frá því að þessi reiknitala var ákveðin hefur orðið 4.25% meiri launahækkun en reiknað var með á þeim tíma, þ. e. bæði grunnkaupshækkun og meiri verðbótahækkun á laun. Augljóst er að verðbólga umfram þessa forsendu hefur miklu meiri röskun í för með sér, þegar um er að ræða lánsfjárlög, en gerist um fjárlög. Í lánsfjárlögum er kveðið á um ákveðna krónutölu til tiltekinna verkáfanga. Verði verðbólga umfram forsendur þarf því annað tveggja að koma til: niðurskurður framkvæmda eða meiri lántaka. Seðlabanki Íslands segir í bréfi til fhj.- og viðskn., að verðbólgustig nú sé 50%, og Þjóðhagsstofnun spáir 55% verðbólgu á næsta ári. Það er því alveg ljóst að verðbólgan er ekki á niðurleið. Hún er í sama farinu og hún var þegar hæstv. ríkisstj. tók við. Það er því byggt á mikilli bjartsýni að byggja afgreiðslu lánsfjárlaga á „reiknitölu" fjárlagafrv. og getur haft miklu afdrifaríkari afleiðingar í rekstri þjóðarbúskaparins en þótt þessi reiknitala sé grundvöllur í fjárlögum, einfaldlega vegna þess sem ég sagði áðan. Tekjur fjárlaga hækka sjálfkrafa, ef verðbólgan verður meiri, að 90%-hlutum, en ekkert slíkt skeður í sambandi við lánsfjárlög.

Annað atriðið, sem ég vildi nefna sem höfuðatriði, er að innlend fjáröflun er augljóslega í lausu lofti og stórlega ofmetin samkv. þessu frv. T. d. er ætlunin að selja spariskírteini á næsta ári fyrir 150 millj. kr., en salan í ár verður að hámarki 40-50 millj. Það er sem sagt ætlunin að selja þrefalt meira af spariskírteinum á næsta ári en tókst að selja í ár. Úr lífeyrissjóðunum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóðanna, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í ár var þessi fjáröflun 1. nóv. aðeins 227 millj. Það er gert ráð fyrir að fara inn á nýja braut með innlenda fjáröflun í þessu frv. og fylgigagni þess, sem er fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, þ. e. leggja á nýjan skatt, byggðalínugjald, og það á að gefa 40 millj. kr. En engar upplýsingar hafa fengist um hvernig þessu gjaldi á að haga eða yfirleitt hvort þetta verður lagt á, þannig að þessi liður innlendrar fjáröflunar er algerlega í lausu lofti.

Erlend fjáröflun er aukin með þessu frv. um nálægt því 170 millj. kr., en hún var ærin fyrir, einkum þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman á árinu 1982 um 40-50% að magni til. Hv. formaður fjh.- og viðskn. talaði áðan um erlendar lántökur. Ég tek undir margt af því sem hann sagði, en ég vil benda honum á að sú aukning á erlendum lántökum, sem hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hv. n. féllst á, er að verulegu leyti í því fólgin, sem hann vildi vara við, að það er verið að taka lán til að veita ýmsum fyrirtækjum hallærisfyrirgreiðslu og fjármagna taprekstur. Á sama tíma sem það er gert er settur alveg járnharður rammi um að orkuframkvæmdir skulu ekki fara fram yfir ákveðið mark, og þær dragast saman, eins og ég sagði, um 40-50%. Þessi erlenda lántaka, sem verið er að auka hér, er m. a. til þess að Byggðasjóður geti veitt lán til að fleyta sjávarútveginum nokkrar vikur í viðbót.

Í fjórða lagi er alger óvissa um fjármögnun Framkvæmdasjóðs samkv. þeim fjáröflunarhugmyndum sem í þessu frv. eru. Á næsta ári skortir hann samkv. þessu helming þess lánsfjár sem hann átti að fá í ár úr lífeyrissjóðunum. Hann fékk einungis un 63 millj. af 123 sem hann átti að fá í ár samkv. lánsfjáráætlun. Hér er gert ráð fyrir að hann fái 110 millj. kr. úr lífeyrissjóðunum. Í ár má heita að hafi verið öngþveiti vegna þess, hve fjáröflun til Framkvæmdasjóðs og þar með atvinnuvegasjóðanna brást. Er augsýnilegt að það á að halda þessu enn áfram á næsta ári.

Í fimmta lagi er það meginatriði í þessu frv., að fjármögnun húsnæðissjóðanna er algerlega vonlaus eins og hugmyndir eru hér í þessu frv. og lánsfjáráætlun. Þeim er ætlað að afla hjá lífeyrissjóðakerfinu 297 millj. kr. á næsta ári, en höfðu fengið þaðan 110 millj. kr. á yfirstandandi ári. (**EKJ:** Er ekki eðlilegt að fjmrh. hlustaði á þetta?) Hæstv. fjmrh. sér ekki ástæðu til að hlusta á þetta. Hann sagði við fjárlagaumr. fyrir nokkrum dögum að það væri ekki ástæða til að fara neinum orðum um það, sem stjórnarandstaðan hefði sagt við þá umr., vegna þess að það væri búið að svara því öllu áður. Ég hélt að hæstv. fjmrh. hefði verið það lengi í stjórnarandstöðu að hann vissi að það þyrfti stundum að segja það sama nokkuð oft til þess að stjórnarherrarnir hlustuðu. (Gripið fram í.) — En ég held áfram með fjármögnun húsnæðissjóða. Þeir fengu úr lífeyrissjóðakerfinu 110 millj. á yfirstandandi ári, en það er ætlunin að þeir nái þaðan 300 millj. á næsta ári. Hv. þm. Stefán Jónsson, er þetta ekki mikil fjármálaspeki? (**StJ:** Röskir strákar.) Skyldusparnaður er áætlaður þannig í þessari lánsfjáráætlun og frv. til lánsfjárlaga til húsnæðissjóðanna að þar nái húsnæðissjóðirnir í um 25 millj., ef ég man rétt, eða jafnvel hærri tölu, en í ár fæst nákvæmlega ekkert nettó út úr skyldusparnaðinum. Það er svo kannske ástæða til að geta þess, að húsnæðissjóðirnir standa frammi fyrir þeim vanda, sem þeir hafa aldrei staðið frammi fyrir áður í sögunni, að um áramót verði 40 millj. kr. yfirdráttarskuld hjá þeim í Seðlabankanum.

Sjötta meginatriðið, sem ég vil leggja áherslu á í sambandi við þessi lánsfjárlög, er að íbúðum byggðum á vegum einstaklinga hlýtur að fækka enn á næsta ári fjórða árið í röð vegna fjárskorts sjóðanna, sérstaklega almenna byggingarsjóðsins, þ. e. Byggingarsjóðs ríkis-

ins. Stjórn hans gerði ráð fyrir í að nálægt 50 millj. kr. meira ráðstöfunarfé yrði varið til hans en þessi lánsfjárlög gera ráð fyrir, en það hefði tryggt að 1175 frumlán hefði verið hægt að veita á næsta ári til íbúðabygginga. Þessi áætlun er húsnæðismálastjórnar, en 1978 voru þetta 1665 frumlán, þannig að þessi áætlun gerði ráð fyrir rauninni 30—40% færri frumlánum til íbúðarhúsabygginga en 1978. Þessi tala, frumlán til íbúðabygginga, hefur farið sílækkandi á undanförnum árum einfaldlega vegna þess að ungt fólk telur ekki árennilegt að byggja með þeim kjörum sem því eru veitt í þessu kerfi. Það má geta þess, að út á staðalíbúð fá menn 17.4% af byggingarkostnaði í lán úr almenna byggingarlánakerfinu, en 90% ef þeir byggja í verkamannabústöðum. Það eru náttúrlega ekki allir sem fá lán úr verkamannabyggingasjóðakerfinu. Það er spurning fyrir þá, sem hafa miðlungstekjur, hvernig þeir eiga að snúa sér í því að koma sér þaki yfir höfuðið þegar þannig er í pottinn búið eins og ég hef hér sagt, að það fjármagn er skorið niður á alla enda og kanta sem á að fara til einstaklinga þegar þeir eru að byggja yfir sig hús.

Sjöunda meginatriðið, sem ég vil leggja áherslu á í sambandi við afgreiðslu þessa máls, er það, að fjölmargir lausir endar eru í þessari áætlun. Hv. formaður nefndarinnar kom raunar inn á þetta. Það vantar hér fjármögnun til ýmissa aðila sem sent höfðu erindi til nefndarinnar. Í raun gafst nefndinni ekkert tóm til að athuga hvort hér væri um það að ræða að væri verið t. d. að stöðva með þessum ákvörðunum mikilvægar framkvæmdir. Hv. formaður talaði einungis um tvær hitaveitur, Hitaveitu Borgarfjarðar og Hitaveitu Rangæinga. Þar voru beiðnir um verulega háar fjárhæðir sem var hreinlega hafnað, en vísað til þess, að þær gætu e. t. v. rúmast innan orkurammans, að fjármagn til orkumála mætti ekki fara fram úr einhverjum ákveðnum ramma og það yrði að rúmast innan hans. Engin afstaða var tekin til þess, hvort þetta væri hægt eða hvort þessar framkvæmdir mundu koma í gagnið fyrr en eftir svo og svo langan tíma. Tapast á þessu stórfé vegna þess að orkuframkvæmdir eru það sem er arðbærast, a. m. k. í opinberum framkvæmdum í landinu. En svona var unnið að þessu máli.

Sama má segja t. d. um Landsvirkjun, þar vantaði allverulegar fjárhæðir upp á áætlanir, og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, sem hefur ekki fengið að hækka sína taxta að undanförnu og er rekin með stórtapi. Mér skilst á forráðamönnum þess fyrirtækis, að þeim hafi verið vísað á að þeir gætu fengið lán. Þeir hafa fengið neitun um hærri taxta. Svo þegar þeir biðja um lán fá þeir neitun þar. Hv. fjh.- og viðskn. gafst enginn kostur á að vita hvað mundi nú ske. Verður lokað fyrir rafmagnið hjá Reykvíkingum eða hvað skeður? Það er tæpast hægt að segja að það sé sæmandi fyrir stjórnvöld að haga sér þannig, segja við opinbert fyrirtæki sem er svona mikilvægt: Þið megið ekki hækka ykkar taxta. Þið skuluð taka lán. Þið verðið að reka fyrirtæki ykkar, þó það sé gott, með halla vegna þess að við erum í vísitöluleik. — En svo þegar fyrirtækið kemur og biður um lán, þá er sagt: Nei, því miður. Það er of mikil erlend lántaka. — Ég er alveg sammála því. Auðvitað á að segja þetta við svona fyrirtæki. Það er ekkert vit í því að reka fyrirtæki eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur með erlendum lánum, enda hefur það síður en svo upp á sig í baráttunni við verðbólguna. Verðbólgan magnast auðvitað þeim mun meir sem tekið er meira af erlendum lánum til að reka fyrirtæki eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Það er hægt að hugsa sér að halda verðbólgu niðri þó að það sé mikill innflutningur á erlendu fjármagni. Ef það fjármagn er notað til uppbyggingar og til að auka þjóðartekjurnar og bæta þar með lífskjör er hægt að ráðast gegn verðbólgunni með ýmsum hætti með slíkum fjármagnsinnflutningi. En það er útilokað þegar menn taka erlend lán til að reka fyrirtæki eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur eða til að reka skipaflotann eða fiskvinnsluna, eins og hæstv. ríkisstj. hefur gert.

Í áttunda lagi vil ég taka undir það með hv. formanni, að erlendar lántökur eru ískyggilegar þegar á heildina er litið. Í þessu frv. er gert ráð fyrir mjög miklum erlendum lántökum. Ég sé að hæstv. viðskrh. ekur sér í sætinu. Hann hefur líka sagt að erlendar lántökur væru of miklar við núverandi skilyrði. En í árslok 1982 verður skuldastaða erlendra lána 39% og hefur aldrei verið svo há í sögu landsins, einmitt á því ári sem á að skera orkuframkvæmdir niður um 40—50% og greiðslubyrði erlendra lána í prósentum og útflutningstekjum verður komin í 18% í árslok. Auðvitað er ekki hægt að segja að erlend lántaka sé alltaf af hinu illa, síður en svo. Ef erlend lán eru tekin til að auka þjóðarframleiðsluna og gera þjóðarbúið betur í stakk búið til að standa undir erlendum lánum, betur í stakk búið til að standa undir bættum lífskjörum fólksins, þá er hægt að réttlæta erlendar lántökur, jafnvel meiri en nú er. En því miður er erlend lántaka í stórum stíl núna í því skyni að fleyta undirstöðuatvinnuvegunum áfram, að fleyta fyrirtækjum eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Landsvirkjun og slíkum fyrirtækjum áfram, jafnvel Sementsverksmiðju ríkisins eða Siglósíld norður á Siglufirði, í kjördæmi hæstv. fjmrh. Þetta eru ær og kýr núv. ríkisstj. í erlendum lántökum, og það er það sem er fyrst og fremst gagnrýnivert.

Á yfirstandandi ári fóru lánsfjáráætlun og lánsfjárlög mjög úr böndum. Þessi lög voru samþykkt í vor. Þau eru aðeins nokkurra mánaða gömul. En viðbætur við þessa áætlun eingöngu að því er varðar opinber fyrirtæki eru a. m. k., að mér sýnist í þeirri skýrslu fyrir framan mig sem nefndinni barst frá fjmrn., 7, 8 og 9 veigamikil atriði. Þessu hefur verið bætt inn í opinberar framkvæmdir samkv. lánsfjárlögum 1981 á yfirstandandi ári. Þar eru t. d. þrjú atriði sem alls ekki eru í gildandi lánsfjárlögum. Þar er 37.4 millj. varið til stofnkostnaðar virkjana sem ekki eru í lánsfjárlögum. Þar er Byggingarsjóður Listasafns Íslands með 4 millj. kr. Það er alls ekki heimild til þess í lánsfjárlögum. Þar er Sjóefnavinnslan með 4 millj. kr. Það er alls ekki heimild til þessa heldur í lánsfjárlögum. Alls eru viðbætur þessar upp á 165 millj. kr. í lögum sem samþykkt voru fyrir aðeins nokkrum mánuðum. Nú vil ég benda hæstv. ríkisstj. á að hún hefur ekki óskað eftir heimild til að þetta verði löglegt, hún hefur ekki óskað eftir heimild í 28. gr. þessa frv. Þar er aðeins óskað heimildar fyrir því, að lánsfé í ár megi fara 42 millj. fram úr lánsfjárlögum, en ríkisstj. hefur alls ekki óskað eftir heimild til þess, að þessar lántökur, sem farið hafa fram úr áætluninni í ár, séu henni heimilar, að Alþingi heimili þær. Hæstv. ráðh. grettir sig í framan og segir jú. Þetta er samt alls ekki rétt. Fram kom í hv. nefnd að þarna skortir allverulega á fjárhæðina. Ég vil benda hæstv. ríkisstj. á að skoða þetta. Ef rétt er að hæstv. ríkisstj. hafi heimildir fyrir þessu skulum við hafa það sem sannara reynist.

En spurningin er, þegar þannig er staðið að fram-

kvæmd lánsfjárlaga, hvort það sé í rauninni ómaksins vert fyrir Alþingi að vera neitt að grauta í þessu. Ég sé ekki að framkvæmd lánsfjárlaga í ár gefi yfirleitt tilefni til þess. Þó að það sé hart að segja það sem þm. sem vill að Alþingi láti meira að sér kveða gagnvart framkvæmdavaldinu og meira en það hefur gert, þá sýnist mér framkvæmdavaldið hafa hagað sér þannig í ár og hugsi sér að komast upp með svo mikið í framkvæmd lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga að það sé tæpast ómaksins vert fyrir hv. Alþingi að standa að því að leggja mikla vinnu í að afgreiða lánsfjárlög.

Í sambandi við lánsfjáráætlun í ár segir svo í skýrslu fjmrn.: „Sala spariskírteina og happdrættisbréfa hefur ekki gengið vel. Af þeim 90 millj. kr., sem áætlað var að selja fyrir, er einungis búið að selja bréf að upphæð 32 millj. 679 þús. kr. Vöntun er tilfinnanleg eða 57 millj. 321 þús. kr. Væntanlega má rekja minnkandi áhuga á spariskírteinum og happdrættisbréfum til nýrra verðtryggðra sparnaðarforma sem bjóða upp á minni bindingu. Virðist sem það atriði vegi þyngra en þau góðu kjör sem boðin eru á spariskírteinum."

Hv. formaður nefndarinnar sagði að hæstv. ríkisstj. væri að hugleiða að bjóða betri kjör á þessum bréfum. Ég held að það sé umhugsunarvert fyrir hæstv. ríkisstj. að fara mjög mikið inn á þá braut að slást á öllum þeim mörkuðum sem hún slæst á til að ná peningum, hvort það væri ekki eðlilegra að láta bankana um að ná í fé frá sparifjáreigendum. Bankakerfið gæti þá liðsinnt ríkisstj. í fjárþörf hennar að einhverju leyti meira en gert er nú, en það yrði þá þannig að það væru ekki þau slagsmál á milli ríkisins og bankanna sem við vitum að hafa verið undanfarin ár um sparifé. Það er ekki útilokað að mörg sparnaðarform geti kannske aukið sparnaðinn eitthvað, en í raun er þarna um að ræða sama fjármagn.

Í þessari skýrslu segir einnig um framkvæmdina á lánsfjáráætluninni í ár:

„Um fjármagn frá lífeyrissjóðunum almennt er fjallað sérstaklega á öðrum stað í þessari skýrslu, en sá hluti, sem hér er til umfjöllunar, þ. e. þeir sjóðir sem kaupa af endurlánum ríkissjóðs, en þar er aðallega um að ræða „opinberu sjóðina" ásamt Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda, hafa staðið það vel við sínar kaupskyldur að kaup á árinu gætu hækkað um liðlega 5 millj. kr. Minnt er þó á að samkvæmt lánsfjáráætlun áttu þessi kaup að nema 60 millj. kr. sem síðan voru lækkuð í 56 millj. í meðförum framkvæmdavaldsins."

Hér er sem sagt verið að fjalla um þátt ríkissjóðs í því að ná fé úr lífeyrissjóðakerfinu í ár. Það verður að segja að ríkissjóður hefur staðið sig hér með mikilli prýði. Hann hefur gengið hér fram fyrir skjöldu og náð inn öllu *sínu fjármagni úr lífeyrissjóðakerfinu, en nota bene:* skilið Framkvæmdasjóð, sem á að fjármagna atvinnuvegina, eftir á köldum klaka og Byggingarsjóð ríkisins, sem á að fjármagna íbúðabyggingar í landinu, en síðan hefur orðið að taka lán í Seðlabankanum. Að sjálfsögðu tekur ekki ríkissjóður það lán, hæstv. ráðh. — er það? Þegar það kemur skýrsla um áramótin um stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann, þá tekur ekki Seðlabankinn það lán. Húsnæðismálastjórn tekur það þó að ríkissjóður hafi í raun tekið það fé úr lífeyrissjóðakerfinu sem húsnæðismálastjórn hefði átt að fá.

Á árinu 1980 byrjaði ríkissjóður að slást við Framkvæmdasjóð og Byggingarsjóð ríkisins um fé úr lífeyrissjóðum. Þá tókst það illa. Ríkissjóður ætlaði að ná þarna 60 millj. nýkr., en náði ekki nema 11.8, ef ég man rétt. Nú hafa verið tekin upp önnur vinnubrögð. Ákveðnum opinberum sjóðum, sem eiga að hafa mikið fé, er sagt: Þið borgið þetta í ríkissjóð. — Þar með hefur ríkissjóður með sínum yfirburðum náð þessu fé frá Framkvæmdasjóði í raun og Byggingarsjóði ríkisins. Síðan er Byggingarsjóði skipað að taka lán í Seðlabankanum til að jafna þetta. Það er náttúrlega ekki lántaka sem ríkissjóður stendur að eða verður bókaður fyrir.

Þegar fjallað er um framkvæmd lánsfjáráætlunar í ár er fróðlegt að kynna hér hvernig Framkvæmdasjóður Íslands hefur farið út úr viðskiptum sínum við aðila í sambandi við hana og raunar þá um leið sjóðir atvinnuveganna. Í bréfi, sem nefndinni barst frá Framkvæmdasjóði, segir svo, með leyfi forseta.:

„Framkvæmd fjáröflunarþátta útlánaáætlunar Framkvæmdasjóðs fyrir árið 1981 hefur reynst mjög erfið og einn veigamikill þáttur hefur brugðist verulega, en það eru skuldabréfakaup lífeyrissjóða. Af áætluðum kaupum sjóðanna af Framkvæmdasjóði, 123 millj. kr., er útlit fyrir að einungis um 60 millj. kr. muni fást á árinu og mun því vanta um 63 millj. á fjáröflun samkvæmt lánsfjáráætlun. Um mál þetta er nánar fjallað í orðsendingu til fjmrh., dags. 20 nóv. s. l. Eftir viðræður við fjmrh. um lausn þessa máls er niðurstaða þessi:

a) Framkvæmdasjóður taki erlent lán að jafnvirði 25 millj. kr. Er það lágmarksfjárhæð til lausnar máli þessu.

b) Framkvæmdasjóður dragi nokkuð úr fyrirhuguðum *lánum til stofnlánasjóða með fullu samþykki viðkomandi* sjóða.

c) Skuldabréfakaup banka af Framkvæmdasjóði verði aukin til hins ítrasta í desembermánuði.

e) Sjóðstaða Framkvæmdasjóðs um áramót verði í lágmarki."

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort þessi bráðabirgðalausn á fjármálavanda Framkvæmdasjóðs hafi tekist og hvort bankarnir telji sig geta fjármagnað sjóði að því marki sem fram kemur í þessum atriðum. Ég vil vekja athygli á því, að að því er varðar niðurskurð á lánum Framkvæmdasjóðs til atvinnuvegasjóðanna fékk t. d. Iðnlánasjóður ekki það fé sem þar var áætlað. Í fjárlagafrv., sem nú er milli 2. og 3. umr., er gert ráð fyrir að skera Iðnlánasjóð niður um 88%. Hann fékk í fyrra 4 millj. kr. rúmar úr ríkissjóði í ríkisframlag, en núna fær hann 500 þús. kr. Og á þessu ári er skorið niður til hans úr Framkvæmdasjóði vegna þessarar fjárvöntunar. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort hæstv. ríkisstj. hafi sérstaklega illan bifur á iðnaðinum og fjárfestingu í iðnaði. Það er gert ráð fyrir að Fiskveiðasjóður og Stofnlánadeild landbúnaðarins hækki í fjárframlögum frá ríkinu um 40% í fjárlagafrv. í ár, en svona er farið með stofnlánasjóð iðnaðarins. Ég vek athygli hæstv. ráðh. á því, að þótt hann segi að fjárframlög til Iðnrekstrarsjóðs hafi hækkað er Iðnrekstrarsjóður allt annað. Hann er ekki stofnfjársjóður. Spruningin er sú, hvort í þessu felist fjárfestingarstefna hæstv. ríkisstj. Er þarna um að ræða einn þátt í þeirri afturhaldsstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur í atvinnumálum, að stöðva fjárfestingu í iðnaði?

Ég vík þá aðeins að lánsfjáráætluninni í ár nánar og fyrst þá að innlendri lánsfjáröflun.

Innlend lánsfjáröflun skiptist fyrst og fremst í þrjá meginþætti samkv. lánsfjáráætlun: Í fyrsta lagi er þar um

að ræða fjáröflun úr lífeyrissjóðskerfinu. Þar er um langveigamestu fjáröflunina að ræða. Í öðru lagi er fjáröflun úr bankakerfinu. Og í þriðja lagi er um að ræða að afla fjár með spariskírteinasölu ríkissjóðs. Í fjórða lagi er raunar gert ráð fyrir að lagt verði á byggðalínugjald, en eins og ég gat um áðan liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það.

Ef fyrst er rætt um lífeyrissjóðina er ráðstöfunarfé þeirra á næsta ári áætlað 1 milljarður 180 millj. kr. Þar sem fallið var frá því að lögbinda 45% ráðstöfunarfé þeirra verður einungis um að ræða 472 millj. kr. fjáröflun í lífeyrissjóðakerfinu í ár. Fyrir 1980 voru aðeins tveir aðilar frá hinu opinbera sem sóttust eftir þessu fjármagni, þ. e. Framkvæmdasjóður og Byggingarsjóður ríkisins. (**EKJ:** Má ég vekja athygli frsm. á því, að bæði forsrh. og fjmrh. eru horfnir á braut. Væri ekki rétt að bíða? — **Forseti:** Ég vil taka það fram, að ef menn óska sérstaklega eftir úr ræðustól, að ráðh. verði kallaðir til, mun það að sjálfsögðu verða gert.) Herra forseti. Ég er nú orðinn ýmsu vanur af hæstv. ráðh. og kippi mér lítið upp við það þó þeir séu ókyrrir í sætum sínum, enda kannske ekki von að þeir vilji yfirleitt hlusta á almenna þm. tala um fjármál. Ég held að það sé hvorki þeirra sterka hlið að hlýða á þegar talað er um fjármál né yfirleitt fjalla um fjármál. Það sýnir öll stefna hæstv. ríkisstj. og fjármálagutl hennar að slíkt er ekki hennar sterka hlið.

Herra forseti. Ég held áfram ræðu minni. Á næsta ári verða það fjórir aðilar sem sækjast eftir fjármagni úr lífeyrissjóðum, en eins og ég sagði áðan voru það aðeins tveir árið 1980. Nú eru þetta Framkvæmdasjóður, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna og ríkissjóður. Bygginarsjóður verkamanna áætlar að ná úr lífeyrissjóðakerfinu á næsta ári hvorki meira né minna en 111 millj. kr., en í ár er það óverulegt fjármagn sem hann fær úr þessu kerfi. Nú vil ég benda hv. þm. á, sem vilja eitthvað velta því fyrir sér hvað er að gerast að þessu leyti í fjármálakerfinu, að það er mjög sennilegt að ýmsir sjóðir verkalýðsfélaganna vilji fyrst og fremst kaupa bréf af Byggingarsjóði verkamanna. Það er mjög skiljanlegt. En þegar þessi fjórði sterki aðili er kominn inn á þennan markað er engu líkara en eigi að fara að nota fjármagn lífeyrissjóðanna tvisvar og þrisvar því að þarna eru komnir aðilar sem sækjast eftir þessu fjármagni sem ég veit að ýmsir sjóðir hafa mjög mikinn áhuga á að efla. Að sjálfsögðu hafa verkalýðsfélögin áhuga á að kaupa t. d. bréf af Byggingarsjóði verkamanna, en sjóðir þeirra kaupa þá ekki bréf af öðrum. Þau kaupa þá ekki bréf fyrir sömu peninga af ríkissjóði eða almenna byggingarsjóðnum. Það er þessi þróun sem ég held að sé varhugaverð og sé engu síður rétt fyrir stjórnvöld að athuga en að höggva alltaf í þann sama knérunn að reyna að binda með lögum lífeyrissjóðina. Ég held menn ættu að líta sér nær og hafa einhvern skikk á því hvaða opinberir aðilar það eru sem ætla sér stóran hlut úr lífeyrissjóðakerfinu. Þegar allir þessir aðilar eru komnir og berja á dyrnar hjá lífeyrissjóðunum æsist leikurinn, eins og ég sagði áðan. Það er gert ráð fyrir í þessum lánsfjárlögum, að opinberu sjóðirnir taki nú úr lífeyrissjóðunum 422 millj. kr. lán á þessu ári, en þeir fengu aðeins 227 í fyrra. Í þessu plaggi hér er gert ráð fyrir að hið opinbera nái yfir 100% meira fé úr lífeyrissjóðakerfinu 1982 en gerist í ár.

Ég vek athygli á því, að í nál. minni hluta n. er tafla frá Seðlabanka Íslands um lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs á undangengnum árum. Þar er það mjög athyglisvert, að öll árin frá 1976 til 1979 kaupa lífeyrissjóðir af fjárfestingarlánasjóðum mjög í átt við það sem ætlast er til samkv. lánsfjáráætlun.

Það skeikar afskaplega litlu. 1980, þegar ríkissjóður kemur líka inn í myndina, fer þetta pínulítið að skekkjast, og á þessu ári, þegar ríkissjóður gengur svona hart fram að ná sínu á þurru úr lífeyrissjóðakerfinu brestur önnur fjáröflun úr böndum.

Ein innlend fjáröflunarleið er sú, að bankakerfið hefur veitt lán til Framkvæmdasjóðs og ríkissjóðs með því að kaupa skuldabréf af þessum aðilum, fyrir 4% af innlánsaukningu af Framkvæmdasjóði og 3% af ríkissjóði. Á fund fjh.- og viðskn. komu bankastjórar viðskiptabanka, sparisjóða og fulltrúar Seðlabanka. Þeir voru sammála um að bankakerfið hefði „siglt kjörleiði", eins og einn þeirra orðaði það fyrstu mánuði ársins. Síðan túlkuðu nm. það og því var ekki mótmælt, að það hefði verið skoðun manna að bankakerfið hefði siglt inn í þoku eftir kjörleiðið og væri að sigla í strand. Sumir vildu ekki fallast alveg á þá túlkun, en allá vega að bankakerfið væri inni í þessari þoku, sem sumir töldu að væri rauð, en aðrir höfðu einhvern annan lit á þokunni. En það kom mjög skýrt fram hjá þessum mönnum, að bankakerfið og peningamálin hefðu þróast mjög til hins verra á seinni hluta þessa árs. Raunar er komið svo að margar innlánastofnanir eru komnar í vanskil við Seðlabankann. Í skýrslu Seðlabankans um þessi atriði segir svo um útlán bankakerfisins:

Svo nefndar séu tölur um aukningu heildarútlána, þá var hún um 58% á árinu 1980, 53% á tólf mánuðum til marsloka, en 72% á 12 mánuðum til loka október mánaðar. Líklega stafar þessi breyting að verulegu leyti af því, hve rekstrar- og greiðsluafkoma fyrirtækja er léleg, einkum í útflutnings- og samkeppnisgreinum. En eftir mitt ár jókst almenn lánsfjáreftirspurn, að líkindum einnig vegna ótta við væntanlegar gengisbreytingar og verðlagshækkanir."

Sem sagt: Í mæltu máli þýðir þetta að fé streymir úr bönkunum í fyrsta lagi vegna taprekstrar atvinnufyrirtækjanna og í öðru lagi vegna þess að fólk er hrætt við verðbreytingar og gengisfellingar.

Í skýrslunni segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Raunvextir hafa verið of lágir til að viðhalda jafnvægi á peningamarkaði, enda eru nú horfur á að verðbólgustig sé nálægt 50%, en fyrir þremur mánuðum var það metið 42%. — Ég endurtek: enda eru horfur á að verðbólgustig sé nálægt 50%, segir í skýrslu Seðlabankans til nefndarinnar.

Um innlán segir í þessari sömu skýrslu:

„Aukning heildarinnlána með áföllnum vöxtum skoðuð á hverju 12 mánaða tímabili hefur verið yfir 70% á þessu ári og náði hæst 78% í lok ágústmánaðar."

Næstu tvo mánuði dró heldur úr aukningunni og til október loka nam hún 73%. Mér er tjáð að hún sé eitthvað í kringum 70% um þessar mundir eða eilítið undir útlánaaukningunni, sem þýðir að bankakerfið er í raun að sigla í strand. Í þessu sambandi vil ég því benda hæstv. ríkisstj. á það, vegna þess að mér skilst að hún hafi

hugsað sér að reyna að ná í einhverja aura úr bankakerfinu til að ná innlendu fjáröfluninni eitthvað betur á veg en henni hefur tekist til þessarar lánsfjáráætlunar, að það virðist ekki vera þar um auðugan garð að gresja. Ég býst við að hæstv. viðskrh. sé mér sammála í þessum efnum þó að lítið sjáist á svip hans um það.

Þriðja atriði innlendrar fjáröflunar er spariskírteinasalan. Ég hef hér farið nokkrum orðum um það, en ég hef í höndum bréf frá Seðlabankanum til hv. fjh.- og viðskn. um það atriði og vil gjarnan lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram að yfirstandandi ári var unnt að áætla sölu spariskírteina með nokkurri nákvæmni, enda var eftirspurn lengst af mun meiri en talið var rétt að anna með bréfaútgáfu. Þetta hefur breyst mjög, annars vegar við kaupskyldu lífeyrissjóða á sérstökum bréfum, og kaupa þeir þá frekar þau bréf, og hins vegar með opnun verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum.

Á þessu ári var áformað að selja skírteini fyrir 90 millj. kr., en aðeins hefur verið selt fyrir 38 millj. kr., auk 5 millj. kr. happdrættisbréfa, alls 43 millj. kr., og ekki horfur á verulegum fjörkipp fyrir áramót." Þetta gerist þrátt fyrir innlausn eldri bréfa um 60 millj. kr., en upplýst er að mjög lítið var tekið af nýjum bréfum í stað eldri við innlausn.

Allt þetta segir sína sögu. Ég held áfram, með leyfi forseta, lestri mínum úr bréfi Seðlabankans:

„Frumáætlun Seðlabanka var, að á árinu 1982 gætu selst spariskírteini fyrir 120 millj. kr. Hins vegar mun innlausn væntanlega nema sömu fjárhæð. Með hliðsjón af því, svo og væntanlegu hertu söluátaki, hneigist fjmrn. til þess að áætla 150 millj. kr. sölu. Síðan hefur komið í ljós mun óhagstæðari reynsla en áður var gert ráð fyrir, svo sem að framan greinir. Er nú til nánari athugunar, hvernig unnt muni að örva sölu spariskírteina að mun, svo að komist verði nærri settu marki."

Það er alveg ljóst hvað hér er á ferðinni. Meira að segja Seðlabanki Íslands hefur ekki gert ráð fyrir að tækist að selja nema fyrir 120 millj. á næsta ári af spariskírteinum, en hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið sjálf að setja markið í 150 þrátt fyrir að ekki seljist fyrir nema 30—40 millj. í ár. Þetta er mikil fjármálasnilli.

Auðvitað er alvarlegasti þátturinn í fjáröflunarhugmyndum, sem að baki þessari lánsfjáráætlun búa, erlendu lántökurnar. Ég fór nokkrum orðum um það í upphafi ræðu minnar og skal ekki bæta þar miklu við öðru en því, að ítreka að sú braut, sem farið er inn á nú, að taka erlend lán til að fleyta atvinnuvegunum áfram nokkrar vikur og til að fjármagna rekstrartap stæltustu þjónustufyrirtækja þjóðarinnar, er náttúrlega forkastanleg, eins og kom raunar fram í ræðu hv. formanns nefndarinnar. En ég vil vekja athygi á að erlend lántaka til ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja hefur farið stórkostlega vaxandi á undanförnum árum. Ég las upp tölur um þetta í fjárlagaumr. Að raungildi hefur erlend lántaka til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja þrefaldast. Hún hefur þrefaldast að raungildi síðan 1978. Þar er á ferðinni einn þátturinn í því, að ríkisfjármálin eru komin í þann farveg, að það er ekki einvörðungu um stórfelldar skattahækkanir að ræða árlega, heldur er alltaf verið að fara meira og meira inn á þá braut að taka lán til ýmis konar þarfa hins opinbera og auka þannig umsvif ríkisins fram yfir skattahækkanir. Þetta hefur eitt veigamikið í för með sér, að þessi lán þarf að borga, hv. þm. Þessi lán þarf að borga og þá þarf að leggja á skatta til þess að hið opinbera geti greitt þessi lán. Þetta er ávísun á skattahækkanir í framtíðinni. Þetta er frestun á vanda. Það er grundvallarstefna hæstv. ríkisstj. að taka lán og fresta vandanum. Þeir, sem taka við, verða svo að leggja á skatta til greiðslu lánanna.

Ég benti á það áðan, að á næsta ári er gert ráð fyrir stórfelldum samdrætti í orkuframkvæmdum, en að erlend lántaka væri samt sem áður gífurleg. Ég vil vekja athygli á því, að geri maður sér grein fyrir því, hve skuldabyrði þjóðarbúsins hefur aukist í erlendri mynt, var hún í árslok 1977 aðeins 632 millj. dollara, en hún verður í árslok 1982 1320 millj. dollara. Hún hefur rúmlega tvöfaldast á þessum tíma í erlendri mynt. Það, sem er kannske alvarlegast við þetta, er að nú horfir einu sinni enn illa fyrir íslensku þjóðarbúi. Fjh.- og viðskn. fékk í hendur skýrslur frá Þjóðhagsstofnun um utanríkisviðskipti, horfurnar í þjóðarbúskapnum á næsta ári og utanríkisviðskipti. Þar kom fram að á þessu ári er gert ráð fyrir miklu meiri viðskiptahalla en í fyrri þjóðhagsspá, því miður, en á næsta ári tekur steininn úr. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa úr þessari skýrslu fyrir árið 1982 um spá um útflutningsframleiðslu frá Þjóðhagsstofnuninni. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 er sett fram spá um rúmlega 4% aukningu útflutningsframleiðslu á árinu 1982. Í þessari spá var miðað við nokkurn veginn óbreyttan afla frá þessu ári, en um 2% aukningu á framleiðsluverðmæti sjávarafurða á föstu verðlagi. Enn fremur var gert ráð fyrir, að álverksmiðjan og járnblendiverksmiðjan gætu starfað með fullum afköstum á árinu, en markaðsástand var þó talið ótryggt. Á þessum forsendum var talið að útflutningsframleiðslan í heild gæti aukist um rúmlega 4% og útflutningur um rúmlega 3%.

Frá því þessi spá var gerð hafa horfur versnað að því er varðar ál- og kísiljárnsmarkað, og einnig ríkir nú mikil óvissa um framhald loðnuveiða á næsta ári. Nú er útlit fyrir að framleiðslan á kísiljárni á næsta ári verði einungis um 44 þús. tonn, en afkastageta er 55 þús. tonn. Ástæða þessa samdráttar er minnkandi notkun á kísiljárni í heiminum vegna almenns efnahagssamdráttar. Í spám alþjóðastofnana um mitt ár var talið, að hagvöxtur í heiminum væri að glæðast á ný seint á þessu ári eða í byrjun næsta árs. Sú hefur þó ekki orðið raunin á. Nú eru horfur á, að hagvöxtur nái sér ekki á strik í helstu iðnríkjum fyrr en seint á næsta ári eða jafnvel ekki fyrr en á árinu 1983. Þetta mun m. a. hafa áhrif á markað fyrir ál og kísiljárn auk þess sem það mun hafa margvísleg áhrif á íslenska þjóðarbúskapinn. Í spá um útflutningsframleiðslu 1982 er þannig varla unnt að reikna með því, að álverksmiðjan starfi með fullum afköstum á næsta ári, þótt framleiðslan gæti orðið svipuð eða heldur meiri en á þessu ári. Álbirgðir hafa aukist á þessu ári og líklegt að þær vaxi enn á næsta ári.

Í þjóðhagsáætluninni var m. a. gert ráð fyrir svipuðum loðnuafla á næsta ári og á þessu ári, enda þá útlit fyrir að unnt yrði að veiða þann kvóta, sem ákveðinn var í sumar, og að kvótinn á næsta ári yrði a. m. k. ekki minni. Síðustu mælingar á loðnustofninum hafa hins vegar kollvarpað

þessum forsendum. Alger óvissa ríkir nú um loðnuveiðar á næsta ári. Er því einungis unnt að taka dæmi til þess að gefa hugmynd um afleiðingar af verulegum samdrætti loðnuveiða. Sé t. d. miðað við að einungis verði veidd um 50 þús. tonn af loðnu í vetur (samanborið við 150 þús. tonn á s. l. vetri), fyrst og fremst til frystingar og hrognatöku, og aflinn á næstu haustvertíð verði aðeins helmingur af aflanum í haust eða um 250 þús. tonn, þá jafngildir það 5% samdrætti sjávarafurðaframleiðslunnar í heild. Þessi minnkun loðnuveiða mundi sennilega með einum eða öðrum hætti leiða til aukinnar sóknar í aðra fiskstofna, fyrst og fremst þorsk, sem þá kæmi niður á annarri útgerð, ef takmarka á heildaraflann. Hér verður einnig að líta til þess, að karfi hefur nú um skeið verið ofveiddur að áliti fiskifræðinga og gæti því þurft að draga úr þeim veiðum. Þegar á allt þetta er litið, virðist nú líklegast, að sjávarafurðaframleiðslan dragist saman á næsta ári í stað þess að í þjóðhagsáætlun var reiknað með 2% aukningu. Sé tekið dæmi af 3—4% minni framleiðslu 1982 en 1981, þá mundi útflutningsframleiðslan í heild dragast saman um nálægt 1.5% miðað við það sem áður var sagt um ál og kísiljárn. Í þjóðhagsáætlun var reiknað með rúmlega 4% vexti útflutningsframleiðslunnar. Í þessu dæmi yrðu útflutningstekjur því 5—6% minni en í fyrri áætlun eða um 500 millj. kr. minni. Þetta mundi vafalaust að einhverju leyti hafa þau áhrif, að innflutningur yrði minni en ella. Þó er ljóst, að á þessum breyttu forsendum stefnir í viðskiptahalla á næsta ári, einnig í ljósi þess að viðskiptahallinn á þessu ári verður talsvert meiri en áður var reiknað með. Þessi samdráttur útflutningsframleiðslunnar mundi einnig leiða til þess að öðru óbreyttu, að þjóðarframleiðslan yrði minni en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun.

Herra forseti. Það er einmitt þetta sem er hættulegt við erlendar lántökur af þessu tagi, sem hæstv. ríkisstj. stendur nú fyrir, að þegar svo syrtir í álinn, eins og hér er gefið í skyn að muni gerast á næsta ári og undir það rennt gildum stoðum, verður skuldabyrðin meiri, en geta þjóðarbúsins til að standa straum af skuldabyrðinni minnkar vegna þess að það er stórfelldur samdráttur í þeim framkvæmdum er gætu malað okkur gull og gætu staðið undir áföllum af þessu tagi, sem væri stórkostleg minnkun loðnuaflans og annarra útflutningsafurða. Ljóst er af þessu, að greiðslubyrði erlendra lána, ef útflutningstekjurnar hrapa svo sem kemur fram í þessari skýrslu, verður ekki 18% í lok næsta árs, heldur gæti hún orðið 20%, þ. e. að fimmti hver fiskur, sem við veiðum, færi í að greiða erlend lán.

Ég vil þá víkja örlítið að ráðstöfun á því fjármagni, sem ég hef hér fjallað um, samkv. lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun, og skal þó í því sambandi vera stuttorður.

Ég hef sýnt fram á hve fjáröflun til sjóðakerfisins er hæpin, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni, og er raunar sýnilegt að allt stefnir í að ekki verði hægt að standa við skuldbindingar Framkvæmdasjóðs á næsta ári annað árið í röð, eins og gerðist í ár, og þaðan af síður við skuldbindingar húsnæðissjóðanna eða lánsfjárþörf þeirra sem standa í húsbyggingum. Ef vikið er að Framkvæmdasjóði, þá fékk fjh.- og viðskn. í hendur áætlanir sjóðsins fyrir næsta ár. Þar er tíunduð fjáröflun. Lán frá lífeyrissjóðum eru 170 millj., en sú tala lækkar í 110 millj. í samræmi við að hætt var við að lögbinda 45% af ráðstöfunarfé sjóðanna og hækkuð erlend lántaka að sama skapi til sjóðsins. Það vekur athygli í þessum tölum, að gert er ráð fyrir að veita fé úr Framkvæmdasjóði sem hér segir: Stofnlánadeild landbúnaðarins 54 millj. Fiskveiðasjóður 165. Iðnlánasjóður 85. Lánasjóður sveitarfélaga 55. Ferðamálasjóður 12. Verslunarlánasjóður 9. Stofnlánadeild samvinnufélaga 9. Landflutningasjóður 3. Útflutningslánasjóður 5. Lán til bætts aðbúnaðar á vinnustöðum 10. Bein útlán Framkvæmdasjóðs 7. Framleiðsluráð landbúnaðarins 20. — Það vekur athygli í þessu sambandi, þegar gluggað er í skýrslu hæstv. ríkisstj. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982, hvað naumt er skorið í útlánum til atvinnuvegasjóðanna sem eiga að standa undir fjárfestingu atvinnuveganna. Hér segir, með leyfi forseta, í þessari skýrslu um Fiskveiðasjóð, og það er í samræmi við útlánaáætlun Framkvæmdasjóðs: „Eigin fjármögnun Fiskveiðasjóðs verður sífellt erfiðari. Samkv. áætlun ársins 1981 er hún neikvæð um 74 millj. kr. og 1982 neikvæð um 133 millj. kr. og þrátt fyrir 88 millj. kr. framlög af skatttekjum það ár verður hún því enn neikvæð um 45 millj. kr. Með yfirteknum erlendum lánum vegna skipakaupa, skipasmíða, tækja og viðgerða 278 millj. kr. og láni Framkvæmdasjóðs 165 millj. kr. verða útlán Fiskveiðasjóðs 1982 398 millj. kr. Getur sjóðurinn þá lánað til vinnslustöðva 74 millj. kr., en til þessa verkefnis lánaði sjóðurinn 25 millj. kr. á árinu 1980 og mun væntanlega lána 65 millj. kr. á árinu 1981." — Ég endurtek: Getur sjóðurinn þá lánað til vinnslustöðva fiskiðnaðarins í landinu 74 millj. kr.? Það er allur obbinn sem á að leggja í þessa grundvallaratvinnugrein. Það er svipuð fjárhæð og hæstv. fjmrh. hrifsar úr lífeyrissjóðunum í ár í sína hít.

Um húsnæðissjóðina er það að segja, að Byggingarsjóður ríkisins gerði áætlun í ágúst í sumar um fjárþörf til sjóðsins. Hún var 47 millj. kr. hærri en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Samt sem áður er ekki gert ráð fyrir nema eftirtöldum lánveitingum til nýbygginga innan ramma áætlunar húsnæðismálastjórnar: 1175 frumlán. Það gerir 62.9 millj. Viðbótarlán 97.3. Þarna er um að ræða 160.2 millj. kr. í útlán til nýbygginga. — Sé borin saman niðurskorin fjáröflun, sem er í lánsfjáráætlun, og tekið tillit til yfirdráttarskuldar hjá Seðlabankanum um áramót kemur það í ljós, að gert er ráð fyrir að auka tekjuinnstreymið í byggingarsjóð almenna húsnæðiskerfisins, Byggingarsjóð ríkisins, frá ríkissjóði, skyldusparnaði, lífeyrissjóði og Atvinnuleysistryggingasjóði um 89.5% frá því í ár til að fjármagna þessa niðurskornu lánsfjáráætlun. Vandi Byggingarsjóðs ríkisins er því þríþættur á næsta ári: Hann vantar 40 millj. kr. til að borga Seðlabankanum bráðabirgðalán, hann vantar kannske 100—150 millj. kr. vegna ofáætlaðs innstreymis fjár miðað við reynsluna í ár og hann vantar 47 millj. kr. til þess að hann geti staðið við að lána 1175 frumlán, sem eru 30—40% færri lán en gerðust fyrir tveimur eða þremur árum. Þetta er sá vandi sem almenna húsnæðismálakerfið í landinu stendur frammi fyrir. Það er ekki að furða þótt húsnæðismálastjórn hafi hreinlega neitað bæði mér sem fjvn.- manni og fjvn. og fjh.- og viðskn. um að leggja fram sínar áætlanir um útlán á næsta ári. Þarna er stórfellt vandamál á ferðinni. Hæstv. ríkisstj. er að skilja við almenna húsnæðislánakerfið í rúst.

Sé almennt litið á þróun fjármunamyndunar og fjár-

festingar í landinu að undanförnu er það einkar athyglisverð þróun sem þar hefur átt sér stað. Fjármunamyndun í atvinnuvegunum, stóriðju og orkuframkvæmdum dregst stórlega saman í ár og á næsta ári samkv. skýrslum um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. sem fylgja þessu frv. Sama er að segja um byggingar íbúðarhúsnæðis. Fjárfesting í þeim hefur dregist saman ár eftir ár, bæði félagslegum byggingum og byggingum á vegum einstaklinga, og samdrátturinn er 13.6% að magni til frá árinu 1979-1981 að báðum árum meðtöldum. Á hinn bóginn er fjárfesting í opinberum byggingum talin aukast á sama tíma um 24.6%, þ. e. á árunum 1980—1982, samkv. spám fjárfestingaráætlunar til næstu ára. Þessar staðreyndir segja sína sögu um stjórnarstefnuna í landinu. Framkvæmdir við virkjun við Hrauneyjafoss, stækkun álversins og járnblendiverksmiðju voru hafnar þegar ríkisstj. tók við. Þessar framkvæmdir fóru vaxandi að undanförnu, en á hinn bóginn dragast þær saman í ár um 3.5% og er spáð að þetta dragist saman að magni til um 43.5% á næsta ári. Sömu sögu er að segja um hitaveituframkvæmdir. Þær jukust undanfarin ár, en dragast saman í ár um 3.7% og á næsta ári um 31.5%. Allt er þetta samkv. upplýsingum úr fjárfestingar- og lánsfjáráætlun hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ef farið er gegnum þetta frv. til lánsfjárlaga er I. kafli þess um fjárútveganir til ýmissa aðila, en II. kafli öllu ítarlegri og lengri. Hann fjallar um það að breyta öðrum lögum. Það er þessi frægi kafli: Þrátt fyrir ákvæði þessara og þessara laga skulu þau breytast svona og svona. Við hv. þm. höfum talað um það undanfarin ár að það væri Alþingi vanvirða að breyta ekki þessum lögum fremur sjálfum en flytja slíkan bandorm, sem kallaður hefur verið, um að hin og þessi ákvæði gildandi laga skuli vera ógild ár eftir ár. Mér skilst að við séum sammála um þetta. Þrátt fyrir það hefur þetta ekki verið gert. Það er þó ekki það sem ég ætlaði að tala um, heldur aðeins eitt atriði í þessu.

Hér eru skornir niður svokallaðir félagslegir sjóðir, þ. e. sjóðir sem eiga að leggja fé til félagslegra mála, m. a. Erfðafjársjóður, sem á að leggja fé til endurhæfingar lamaðra og fatlaðra og sjúklinga. Það er ár fatlaðra í ár svo að það er við hæfi að haldið sé áfram að skera þennan sjóð niður eins og áður. En hér er einn sjóður sem hefur staðið undir því að greiða tjón, hlaupa undir bagga með mönnum þegar verður tjón, aðallega í landbúnaði, þ. e. Bjargráðasjóður. Nú hefur svo skipast að það hafa orðið allmörg tjón á undanförnum árum. M. a. var tjón af óveðri á Suðvesturlandi bætt úr þessum sjóði í ár samkv. sérstökum lögum um það að afla Bjargráðasjóði láns til að hlaupa undir bagga í þessu sambandi. Lögum um Bjargráðasjóð var breytt á síðasta þingi, ef ég man rétt. Þar voru tekjustofnar hans auknir til að standa að einhverju leyti undir þessum böggum sem hann hefur tekið á sig að undanförnu. En á hverju ári hefur viðkomandi hæstv. ríkisstj., bæði núv. ríkisstj. og fyrrv., séð ástæðu til að skerða framlög í þennan sjóð, sem þýðir náttúrlega ekkert annað en að það er verið að ýta þarna á undan sér, fresta ákveðnum vanda. Er það náttúrlega alveg í takt við allt það sem hæstv. ríkisstj. gerir í efnahagsmálum. Enn er vegið í þennan sama knérunn nú. Það er sem sagt um skerðingarákvæði hér að ræða hvað varðar framlag ríkisins til Bjargráðasjóðs.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh. Fyrir skömmu urðu norðlenskir bændur fyrir allmiklu tjóni vegna þess að vetur gekk óvenjusnemma í garð og var harður, kartöflubændur misstu mikla uppskeru og fóðurvöntun er veruleg hjá sumum. Mér er kunnugt um að núna, annaðhvort í gær eða dag, hefur skýrsla borist til hæstv. landbrh. um mat á þessu tjóni. Ég óskaði eftir að það kæmu fram upplýsingar í hv. fjh.- og viðskn. um það, með hvaða hætti Bjargráðasjóði yrði gert kleift að bæta þetta tjón. Þær upplýsingar fengust ekki. En þar sem þetta tjón hefur verið metið og mér skilst að það sé metið á 13 millj., og þá er búið að skera niður á alla enda og högva, og auðvitað verður það ekki nema hluti af tjóninu sem verður bættur með 13 millj., vil ég spyrja hæstv. ráðh. hvernig hæstv. ríkisstj. hugsi sér að mæta þessum *vanda. Ég vænti þess, að hann geti svarað því ákveðið* hér. Ég geymi mér að flytja um það brtt. við þetta frv., að Bjargráðasjóður fái heimild til að hlaupa á einhvern hátt undir bagga í þessu sambandi. Ef hann getur gefið mér ákveðin svör mun ég hins vegar ekki flytja brtt. og treysta því, að hæstv. ríkisstj. muni sinna þessu eins og gert hefur verið. Ég vil sem sagt biðja hæstv. ráðh. að upplýsa mig um það og hv. þd., hvernig hæstv. ríkisstj. hefur hugsað sér að standa að þessu máli.

Herra forseti. Svo sem fram kemur í nál. okkar minnihlutamanna felur þetta frv., sem hér er til umr., í sér óraunsæi í innlendri fjáröflun og stórauknar erlendar lántökur m. a. til að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja og atvinnuvega í góðæri, eins og fram hefur komið hjá mér í þessari ræðu. Það einkennist af bráðabirgðaúrlausnum og frestun efnahagsvanda sem hrannast upp. Önnur vandamál eru látin reka á reiðanum, svo sem fjáröflun til almenna húsnæðismálakerfisins, sem augljóslega er í rúst, og fjármögnun atvinnuvegasjóðanna stefnt í fullkomna tvísýnu. Alvarlegust er erlend skuldasöfnun samtímis stórfelldum samdrætti í framkvæmdum sem gætu staðið undir aukinni greiðslubyrði erlendra lána. Þessari stefnu frv. erum við andvígir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þau mál, sem hér eru til umfjöllunar, eru einhver mikilvægustu mál sem Alþingi hefur um að fjalla. Í sambandi við lánsfjáráætlun eru teknar að mínum dómi ákvarðanir, sem eru efnahagslega mikilvægastar þeirra allra sem teknar eru hér á þinginu. Lánsfjárlögin eru hér til umr., en þau styðjast við lánsfjáráætlun. Hæstv. forsrh. hafði framsögu fyrir lánsfjáráætluninni og með hliðsjón af því, hvað hér er um mikilvægar ákvarðanir að ræða hefði ég talið mjög æskilegt að forsrh. hefði gefið sér tóm til að hlusta á a. m. k. hluta af því sem ég hef hér fram að færa. Óska ég eftir því við forseta að hann kanni hvort hæstv. forsrh. gæti gefið sér tíma til að hlusta hér á nokkrar athugasemdir sem ég hef varðandi þetta mál. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. gengur nú hér í deildina. Ég vona að hann geti gefið sér tíma til að hlýða á ræðu hv. þm.)

Eins og ég sagði, herra forseti, þá tel ég að hér sé um mjög mikilvægan málaflokk að ræða. Ég tel að þetta sé í rauninni mikilvægasta mál sem er til umfjöllunar á Alþingi. Efnahagsleg áhrif þess eru áreiðanlega ekki minni en af fjárlögum og að mínum dómi mun meiri.

Mér er það nokkuð til efs, að þm. og þjóðin í landinu

hafi í rauninni gert sér nægilega grein fyrir því, hvert stefnir með þeim lánsfjárlögum sem hér er hugmyndin að samþykkja, hvert stefnir samkv. þeirri lánsfjáráætlun sem hér er hugmyndin að komi til framkvæmda. Hafa menn t. d. gert sér grein fyrir því, að erlendar lántökur vaxa langt umfram allt sem áður hefur gerst? Það er hægt að leggja á þetta fáeina tiltölulega einfalda mælikvarða. Nettólán þjóðarbúsins erlendis sem hlutfall af öllum orkuframkvæmdum og öllum stóriðjuframkvæmdum var 55% á árinu 1976. En samkv. því, sem hér er til umfjöllunar, eiga þessi lán að fara yfir 100% af þessari sömu tölu, því sem fjárfest er í öllum orkuframkvæmdum og allri stóriðju.

Það má líka líta yfir skemmra tímabil. Það má líta á það, að á árinu 1980 voru nettó-lántökur 686 millj. kr. en orkuframkvæmdirnar í stóriðju, virkjunum og hitaveitu voru 703 millj. kr. Nettó-lántökurnar voru þannig á árinu 1980 97,5% af þessu og var þá orðiðærið hátt. En samkv. því, sem nú er áformað fyrir árið 1982, eiga þessar erlendu lántökur að vera 152% af fjárfestingum í virkjunum, stóriðju og hitaveitu. Nettó-lántökurnar eiga að vera 1270 millj. kr., en framkvæmdirnar í þessum hlutum, sem eru þeir arðgefandi, sem eru þeir sem við getum sagt með vissu að standi undir lántökum, — þessar fjárfestingar eru 823.8 millj. kr. Það á að taka 1 1/2-falt þetta að láni erlendis. Þessar fjárfestingar, sem við höfum ætlast til og getum gert ráð fyrir að standi undir erlendum lántökum og afborgunum af þeim, eru ekki nema $^2/_3$ hlutar af þeirri upphæð sem nú er hugmyndin að taka að láni erlendis. Þetta er alvarlegt mál.

Við getum líka litið á erlendu lántökurnar sem bruttó lán erlendis, sem prósent af orkuframkvæmdunum í heild. Ef við lítum t. d. til ársins 1976, þá var þetta svipuð tala. En núna samkv. frv. 1982 er hugmyndin að bruttólánin séu helmingi hærri en fjárfestingarnar í öllum orkuframkvæmdum, að stóriðjuframkvæmdum ekki meðtöldum. Þannig er alveg sama hvaða mælikvarði er tekinn. Ef litið er á þær fjárfestingar, sem eiga að standa undir greiðslum af erlendum lánum, þá er ljóst að með þessu frv. er verið að fara stórkostlega fram úr því sem nokkurn tíma hefur áður gerst. Og hver er skýringin? geta menn spurt. Skýringin er einfaldlega sú, að það er verið að taka hundruð millj. kr. að láni til þess að standa undir eyðslu, ekki til þess að standa undir fjárfestingu, sem muni skila aftur greiðslum af þessum lánum, það er auðvitað eðlilegt að erlend lán séu tekin til slíkra hluta, heldur er augljóslega samkv. þessu verið að taka lán í innlenda eyðslu. Og ég vil ítreka það, að innlend lán nettó voru þó innan við 100% af fjárfestingum í virkjunum, stóriðju og hitaveitum á árinu 1980, en samkv. því, sem hér er á borðið lagt, eiga þetta að verða 152% af þeirri hækkun. Ég tel að þetta sé það alvarlegasta í því frv. sem við höfum hér fyrir framan okkur, þetta sé það alvarlegasta sem komi fram í lánsfjáráætluninni, vegna þess að það er eins og stjórnarstefnan, sem hefur kannske að undanförnu einkennst ekki hvað síst af því að eyða sparifé frá kynslóðum sem eru að ganga fyrir ætternisstapa, eigi nú að byggjast á því að eyða fyrir sig fram frá börnunum okkar. Það má orða það svo, að það sé allt gert sem mögulegt er til þess að gera ómögulegt að stjórna hér í framtíðinni.

Ég tók eftir því í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni, þegar litið er á þær tölur sem hér eru til umfjöllunar varðandi erlendar lántökur, að sívaxandi hluti þeirra fer í að greiða af lánum sem þegar hafa verið tekin. Árið 1980, sem var ekki sérlega gott ár, fóru 35% af þeim löngu erlendu lánum, sem við tókum í greiðslur afborgana af eldri lánum. En samkv. þessu eiga það að verða 44% af þeim bruttó-lánum sem menn taka, sem fara til þess að framlengja í rauninni þau lán sem menn hafa tekið áður. Og ég vek athygli á því, að sú tala, sem ég var að tala um áðan að yxi upp í 152%, var af nettó-lántökunum. Það er fyrir þetta sem verið er að taka til þess að standa undir lánum sem áður hafa verið tekin. Alveg sérlega athyglisvert er þetta í sambandi við atvinnuvegina, eins og kemur fram á bls. 37 í lánsfjáráætlun. Þar er gert ráð fyrir að innkomin lán verði 535 millj. kr., en afborganir eru 495 millj. kr. 92% af þeim lánum, sem tekin eru samkv. þessum gögnum til atvinnuveganna á árinu 1982, er lánsfjáráætlun nær til, — 92% af þeim fara til þess að framlengja í rauninni gömul lán, að velta byrðinni fram fyrir sig. Þetta er líka mjög alvarlegt mál.

Það eru líkur á að með þessum vinnubrögðum séum við að festast í þeim farvegi að sístækkandi hluti lánanna sé tekinn til þess að framlengja gömlu lánin. Við höfum lent í þeirri efnahagslegu ógæfu að festast í 40-60% verðbólgu, og það hefur reynst erfitt að ná sér niður úr þeim verðbólgufarvegi. Á það nú fyrir okkur að liggja líka að festast í þeim farvegi, að meira en helmingurinn af þeim lánum, sem tekin eru erlendis, sé til þess að framlengja fyrri syndir, sé til þess að standa undir afborgunum af þeim lánum sem við eigum að standa skil á ? Líkurnar á þessu fara vaxandi eftir því sem menn fara ógætilegar í þessum efnum, og nú sýnist mér keyra um þverbak að því er varðar það hve ógætilega menn fara.

Það, sem hefur verið að gerast á árinu 1981 og 1982, hefur gerst í miklu góðæri, við sérstaklega góð ytri skilyrði á þessu ári, 1981. En hvað ef kemur hallæri? Hvernig komumst við þá úr þessum farvegi? Sökkvum við þá ekki enn dýpra í þetta far? Það er búist við því, að viðskiptakjör fari versnandi þegar á næsta ári. Það er ekki bjart útlit t. d. um loðnuveiðarnar. Við höfum farið ógætilega í veiðum á þeim fiskstofni og reyndar fleirum. Það verður þannig minna til þess að standa undir þeim skuldbindingum sem þjóðin hefur tekið á sig. Greiðslubyrðin, ef svo fer fram sem horfir varðandi næsta ár, verður því enn þyngri en hún hefur verið hingað til, og það verður enn þá meiri ástæða til þess, að við lendum í þeim farvegi að við séum að taka erlend lán til þess að greiða niður þær skuldbindingar sem við eigum að standa undir á því ári.

Það er athyglisvert og ég held að allir hv. alþm., sérstaklega þeir sem eru stuðningsmenn núv. ríkisstj., ættu að gera sér grein fyrir því, hvað erlendar lántökur hefðu með eðlilegum hætti verið miklar á árinu 1982 ef menn hefðu sett sér það markmið að halda í sama horfi og bara á árinu 1980. Þá hefðu erlendu lántökurnar bruttó átt að vera 1639 millj. kr. en ekki 2248. Þær hefðu átt að vera um 600 millj. kr. lægri ef menn hefðu sett sér sömu markmið um að taka ekki lán umfram virkjanir, stóriðju og hitaveitu, með sama hætti og gert var árið 1980. Það eru 600 millj. kr. sem menn ætla að bæta við í erlendum lánum umfram það sem menn leyfðu sér á árinu 1980. Þetta er sú viðmiðunartala sem ég tel að sérstaklega

hæstv. stjórnarsinnar ættu að hafa í huga. Ég ítreka það að þessi þróun í erlendum lántökum er uggvænleg.

Það vill reyndar líka svo til, að það er til stefnumörkun af hálfu ríkisstj. um það, hversu erlendar lántökur skuli vera miklar. Ég minnist þess, að í stjórnarmyndunarviðræðunum 1979 talaði Framsfl. um að það væri hæfilegt að greiðslubyrðin yrði um það bil 14% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Það var eitt af grundvallaratriðum í stefnumörkun Framsfl. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens, dags. 8. febr. 1980, segir um þetta mál á bls. 6: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum." Er þá greiðslubyrðin innan þessara 15% marka samkv. þeim áformum sem nú eru uppi? Nei, greiðslubyrðin er ekki innan þessara 15% marka. Greiðslubyrðin er ekki heldur innan þessara 15% marka á yfirstandandi ári. Á yfirstandandi ári áætlar Seðlabankinn að greiðslubyrðin sé 16-17%. Áætlunin fyrir árið 1982, sem hér er til umfjöllunar, er 18%. Þetta er langt yfir því marki sem menn hafa sett sér. Þetta er 4% yfir því marki sem Framsfl. lagði til að haft yrði til viðmiðunar á árinu 1979. 4% þykja kannske ekki sérlega mikið. En við skulum gæta að því, að það er um 18% hækkun umfram það sem ætlað var á þeim tíma, — það er langtum meira, fyrirgefið þið. Mér brást í hugarreikningnum, því að 4% af 14 nálgast það að vera fjórðungur. Menn eru að stefna í greiðslubyrði, sem er upp undir það fjórðungi meiri en menn settu sér fyrir tveimur árum drjúgum. Þetta er mjög alvarlegt mál.

Menn kunna að velta því fyrir sér, hvort þetta sé einstakt eða hvort þetta hafi oft komið fyrir áður. Um greiðslubyrðina á undanförnum árum má t. d. lesa í bókinni Verðbólguvandinn sem út hefur verið gefin. Á árunum 1965-1966 var þetta á bilinu 7.7-8.7% af útflutningstekjunum. Árin 1967-1973 er þetta yfirleitt 10-11%. Eitt árið fer það niður í 9.1%, eitt árið fer það upp í 16.7%, það er hæsta talan og það er árið 1969, þegar við urðum fyrir miklu efnahagslegu áfalli. Árin þar á eftir, árin 1974-1976, er þetta 11, 14, 13.8%. Árin 1976 og 1977 eru þetta annars vegar 13.8% og hins vegar 13.7%. Árið 1979 er þetta 12.8%, árið 1980 14.1%.

Við höfum aldrei stefnt í það að binda okkur bagga með þessum hætti. Einu sinni hefur þetta farið yfir 16%. Það var þegar eitthvert mesta hallæri, sem við höfum nokkurn tíma lent í, skall yfir þjóðina. Síldin hvarf eins og loðnan gæti horfið núna. Frystu afurðirnar stórféllu í verði. Ég er ekki viss um að markaðsástandið sé allt of tryggt í frystum afurðum hjá okkur heldur núna. Og ef bætist nú hallæri ofan á, hvar stöndum við þá, þegar svo skal sigla sem hér er gert ráð fyrir og eins og hefur verið gert í undanfarandi góðæri?

Skuldastaðan er líka orðin hærri en nokkru sinni fyrr. Skuldastaða þjóðarinnar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur aldrei komist í þær tölur sem nú er gert ráð fyrir. Skuldastaða þjóðarinnar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu á árunum 1964-1967 var 18-21%. Nú er áætlað að skuldastaðan í árslok 1982 samkv. upplýsingum frá Seðlabankanum verði nær 40%, helmingi meiri skuldir miðað við þjóðarframleiðslu en voru á þessum tíma. Þessar skuldir hafa auðvitað sveiflast til í samræmi við þær tölur sem ég las hér upp um greiðslubyrðina. En þær hafa öll árin fram til 1974 verið í kringum 25% eða fjórðungur af þjóðarframleiðslunni, að einu ári undanteknu, árinu 1969, þegar þær fóru í 34%. Seinustu árin hefur þetta farið vaxandi: 31.6% 1977, 34.6% 1979, 35.2% 1980, 37% á yfirstandandi ári og stefnir í 40%. Þær skuldir, sem að er stefnt, eru að verða næstum jafnhá tala og allar útflutningstekjurnar eru áætlaðar á sömu forsendu fyrir árið 1982.

Það er áætlað að skuldastaðan í árslok 1982 verði 10.600 millj. kr. Á sömu forsendum voru útflutningstekjur alls áætlaðar 11.850 millj. kr. á árinu 1982, og það er áður en farið er að líta til þess, hvert áfall kunni að vera fram undan í þessum efnum. Þessi skuld er þá 46 þús. kr. á hvert mannsbarn í landinu eða 184 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Það eru 18.4 millj. gamlar í erlendum skuldum á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu. Þetta er einstaklega alvarlegt ástand.

Þessar tölur, sem ég er að tala um og verið er að líta á fyrir næsta ár, gera í rauninni ráð fyrir að við séum ekki með viðskiptahalla sem neinu nemur. En nú er spáð 500 millj. kr. viðskiptahalla á þessu ári, um það bil. Og í rauninni felst í þeim spám, sem verið er að gera, að við skulum búast við 500 millj. kr. til viðbótar í lækkun útflutningstekna vegna þeirrar þróunar sem virðist vera fram undan á næsta ári. Hérna eru 1000 millj. kr. bara í þessum tveimur tölum. Og hvernig förum við að þegar viðskiptahallinn hleðst upp á þessu ári og hinu næsta? Þá verður að mæta honum líka með erlendum lántökum. Hvar stöndum við þá að standa í skilum?

Nei, ég held að hv. stjórnarsinnar ættu að taka til viðmiðunar að því er nettó-lántökur varðar þó ekki væri nema árið 1980. Þeir ættu að taka til viðmiðunar það sem segir í stjórnarsáttmálanum, að greiðslubyrðin skuli ekki fara fram úr um það bil 15%. Það er raunverulegt og eðlilegt markmið. En fram úr því er farið núna með geigvænlegum hætti.

Því miður er það svo, að innlend lánsfjáröflun hefur heldur ekki gengið sem skyldi á árinu 1981. Það hefur verið rakið hér áður, að skuldabréf ríkissjóðs hafi ekki verið keypt nema í mjög takmörkuðum mæli. Það hefur verið keypt fyrir um 33 millj. kr. þegar gert var ráð fyrir 90 millj. Mismunurinn hefur í rauninni verið brúaður með erlendri lántöku. Það hafði líka verið gert ráð fyrir miklu fé frá lífeyrissjóðum. Það hefur brugðist í mjög verulegum mæli. Það vantar 72 millj. kr. upp á að þar hafi verið staðið við á þessu ári, og það eru líka verulegir peningar. Hvernig hefur því verið mætt? Jú, því hefur verið mætt að verulegu leyti með lántöku í Seðlabankanum. Lántaka í Seðlabankanum endar í erlendu láni fyrr eða síðar, þannig að á yfirstandandi ári hafa menn verið að fara æ meir ofan í þann farveg að þurfa að byggja fjárfestingaráform sín og jafnvel rekstur og eyðslu á erlendum lánum.

Það hefur áreiðanlega verið reynt á þessu ári að ná meira út úr innlenda peningamarkaðinum en hann í rauninni getur skilað við núverandi aðstæður. Og nú er, samkv. þeim tölum sem hér liggja fyrir og tillögur eru gerðar um, enn ætlunin að halda áfram á þeirri sömu braut. Þrátt fyrir það að ríkisskuldabréfin seljist ekki er hugmyndin að gera ráð fyrir tekjum af þeim upp á 150 millj. kr. Verður það svo, eins og á yfirstandandi ári, að

þegar út af ber með söluna á ríkisskuldabréfunum verði gripið til erlendrar lántöku líka á næsta ári? Er þá útlit fyrir að þær tölur, sem ég hef farið í gegnum hér og mér þykja hrikalega háar, verði hækkaðar um kannske 100-200 millj. kr. meðan árið er að líða, vegna þess að sú fjáröflun, sem gert er ráð fyrir, stenst ekki, hún bregst? Það vantaði 160 millj. upp á það hinn 20. nóv. s. l., að fjáröflun hefði tekist þrátt fyrir erlendar lántökur til þess að standa við þau áform sem uppi voru. Samt var búið að taka fyrir hönd Framkvæmdasjóðs erlent lán. Samt var búið að veita ýmsum fyrirtækjum á landinu erlend lán til þess að standa undir rekstri sínum. Samt hafði húsnæðislánakerfið fengið að komast í prentsmiðju Seðlabankans. Þetta gefur manni auðvitað tilefni til að ætla að reynslan sýni manni að stöðugleikinn í stjórn þessara mála sé ekki meiri en svo, að undan sé látið og á sé bætt erlendum skuldum umfram það sem þó er hér gert ráð fyrir í lánsfjáráætlun og lánsfjárlögum á árinu 1982.

Annars er athyglisvert að líta á hve miklar viðbætur hafa verið gerðar við lánsfjáráætlunina á árinu og með hvaða hætti þær hafa verið gerðar. Það er t. d. lán vegna Krófluvirkjunar. Það er viðbót, eftir að áætlunin hafði verið afgreidd, upp á 33.2 millj. kr. hér undir 7. lið í bréfi frá fjmrn. Það eru aðrar 3 millj. á 10. lið. Það er líka til Lagmetisiðjunnar Siglósíldar sérstaklega 2.4 millj. kr., sem hefur verið bætt við fram yfir lánsfjáráætlun í lánum, til byggðalína 15.5 millj. kr., til stofnkostnaðar virkjana 37.4 millj. kr., til byggingarsjóðs Listasafns Íslands 4 millj. og til Sjóefnavinnslu 4 millj. Svo er önnur viðbót undir lið 14, til byggðalína, þar sem heitir Orkusjóður, upp á 35.7 millj. kr. Orkubú Vestfjarða 5.6, Kísiliðja 3 millj. Þannig mætti áfram telja smærri upphæðir til ýmissa hitaveitna. Þetta gefur til kynna að menn hafi ekki treyst sér til að standa við lánsfjáráætlunina, heldur hafi talið nauðsynlegt að fara fram úr henni. Og það að menn fara fram úr hefur m. a. bitnað á erlendu lántökunum. Þær hafa náttúrlega aukist. Þrýstingurinn hefur aukist þess vegna, hvernig svo sem þessa lánsfjár var að öðru leyti aflað. Og það er það, sem maður óttast sérstaklega í sambandi við þessa lánsfjáráætlun, að enn verði beitt sömu vinnubrögðum og á undanfarandi ári — og sjálfsagt undanfarandi árum — að taka erlend lán, láta undan, gera viðbætur við lánsfjáráætlunina þannig að útkoman geti orðið enn hryllilegri, liggur mér við að segja, heldur en þær tölur benda til sem ég hef rakið hér að undanförnu.

Ég held, hæstv. forseti, að þessi þáttur erlendu lánanna sé alveg einstakur, bæði sú þróun, sem hefur átt sér stað á árinu 1981, og það, sem menn eru að stefna í á árinu 1982. Ég vara sterklega við því, vegna þess að við höfum verið að ganga í gegnum góðæri, en það er ekkert sem bendir til þess að það góðæri haldist áfram. Þetta mundi valda því, að við stæðum mjög illa ef hallæri kæmi. Þá mundi aukast verulega eftirspurn eftir hallærislánunum, sem hefur þó verið úthlutað nú í góðæri að undanförnu.

Ég held að það sé óþarfi fyrir ríkisstj. að hrósa sér af jafnvægi í ríkisbúskapnum þegar svona er staðið að erlendum lántökum. Það hefur átt að vera ein af skrautfjöðrum ríkisstj. að það væri jafnvægi í ríkisbúskapnum. En það er ekkert jafnvægi í búskap landsmanna þegar á að fara svona að í sambandi við erlendar lántökur. Og vel að merkja, þetta jafnvægi í ríkisbúskapnum er reyndar fengið með bellibrögðum, tilflutningi milli A- og B-hluta fjárlaga, þannig að það er marklaust með öllu. Dæmi um það má í sjálfu sér lesa hér t. d. í töflu 5 í lánsfjáráætluninni. Þar kemur mjög glögglega fram hvað verið er að gera.

Lánsfjárþörf opinberra aðila samkv. lánsfjáráætlun 1982 breytist ósköp lítið að því er A-hluta fjárlaganna varðar eða bara úr 244 í 319 millj. En þegar kemur að B-hlutanum, þá meira en tvöfaldast hún, úr 319 í 806. Þetta segir auðvitað að sínu leyti líka sína sögu.

Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að menn vilji fá sér matarhlé, og þar sem hér geta heitið nokkur kaflaskil í ræðu minni, komið að innlendum hlutum ýmsum, húsnæðismálum og því um líku, þá mundi ég vera reiðubúinn til að fresta nú máli mínu. (**Forseti:** Vegna orða hv. þm. vil ég geta þess, að ætlunin var að fresta hér fundi milli 12 og 2, fundinum yrði frestað til 2. Ég er þakklátur hv. þm. fyrir það að hann fresti nú ræðu sinni og haldi henni áfram eftir að fundur hefst að nýju kl 2). — [Fundarhlé]

Herra forseti. Í þeim hluta ræðu minnar, sem ég flutti hér fyrir hádegi fjallaði ég að langmestu leyti um erlendar lántökur og benti á hversu alvarlegt ástandið væri í þeim efnum. Það, sem mér finnst vera sá mælikvarði sem menn eigi sérstaklega á þetta að leggja og gefur hvað skýrasta mynd, er að líta á erlendu lántökurnar sem hlutfall af framkvæmdum í orkugeiranum, í virkjunum, stóriðju og hitaveitu. Slíkur samanburður gefur til kynna að meðan þetta hlutfall var þannig að innkomin löng erlend lán nettó, tekin erlend lán, voru innan við 100% á árinu 1980 og rétt um 100% eða rúmlega 100% á árinu 1981, þá skuli vera gert ráð fyrir því 1982, að þetta fari upp í 152%, að þriðjungurinn af lántökum erlendis nettó skuli fara í annað en þessar framkvæmdir og þá í ýmiss konar eyðslu. Og ég gerði grein fyrir því, að ef halda ætti svipuð markmið og 1980 í þessum efnum, þá ættu lántökur erlendis að vera 600 millj. kr. lægri en gert er ráð fyrir í þeim lánsfjárlögum og þeirri lánsfjáráætlun sem hér er til umfjöllunar.

Ég lít svo til að þessi mælikvarði sé sérstaklega athyglisverður. En ég benti líka á að það væri vaxandi áhyggjuefni hve stór hluti af lántökunum erlendis sem heild færi í rauninni til þess að endurnýja lán. Þetta hlutfall hefur farið sívaxandi á undanförnum árum og er nú að nálgast það, að helmingur lána, sem tekin eru erlendis, eða um 1000 millj. kr. samkv. áætlun 1982, fari bara í að framlengja þau lán sem menn hafa áður tekið, að halda þeirri súpunni gangandi. Þetta eru þeir þættir sem sérstaklega eru varhugaverðir. Þetta varðar þó einkum og sér í lagi það, hve þetta hlutfall hefur farið hækkandi í því góðæri sem við höfum búið við að undanförnu. Hvernig mundi þá fara fyrir okkur ef færi að halla undan fæti, eins og ýmsir mælikvarðar og vísbendingar koma nú fram um?

Maður hefur orðið þess var, og þarf ekki að fara lengra aftur en í áætlunina 1981, að fram úr áætlun sé farið í erlendum lántökum. Á árinu 1981 hefur það verið gert í mjög ríkum mæli. Þá er sérstök ástæða til þess að vara við ef hinar háu tölur, sem hér eru sýndar, eiga nú enn að hækka vegna þess að fram úr verði farið. Ástæða til þess að vara við í þeim efnum er líka sú, að hinn innlendi lánsfjármarkaður hefur ekki skilað því sem menn höfðu uppi áform um á árinu 1981, og verður ekki annað séð, sérstaklega með tilliti til þess, hvernig árið 1981 lítur út,

en enn frekar stefni í sömu átt á árinu 1982, að það sé verið að ætla hinum innlenda markaði of mikið með innlendri lánsfjáröflun. Nú sýnir reynslan okkur það, að ríkisstj. hefur leyst slík viðfangsefni með því að fara í erlendar lántökur. Hver er trygging okkar fyrir því, að svo verði ekki á komandi ári? Öllu nær væri að ætla og óttast að svo yrði enn. Og þá yrði þetta hlutfall enn þá óhagstæðara.

Ég gat þess líka hvað greiðslubyrðin væri mikil. Miðað við það, að hún fari upp í 18% á þessu ári, er það 28% meiri greiðslubyrði en Framsfl. miðaði við í stjórnarmyndunarviðræðunum 1979 og milli 20 og 25% meira en gert er ráð fyrir í stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens.

Þetta eitt, hvernig horfir um hinar erlendu lántökur og hvað geysast eigi mjög fram í þessum efnum, væri í sjálfu sér nóg, ætti eitt sér að nægja til þess að menn stöldruðu við og áttuðu sig á því, að ekki væri rétt að afgreiða þetta frv. til lánsfjárlaga eins og hér er gert ráð fyrir. Mér býður reyndar í grun að ýmsum hv. stjórnarsinnum sé ljóst að hér sé óvarlega farið, að ýmsum hv. stjórnarsinnum sé ljóst að hér sé ekki vel að verki staðið, að þeim sé ljóst að hér sé of geyst að farið og að þetta séu ekki skynsamleg vinnubrögð. Það er kannske eins og örlögin hafi gripið inn í í þeim efnum vegna þess að prentvillupúkinn hefur komist í nál. minni hl. nefndarinnar. Þar sem átti að standa: „Minni hl. n. telur að við svo búið megi ekki standa, minni hl. n. er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst" — stendur í hinu prentaða þskj.: „Mikill hluti nefndarinnar." Það skyldi þó ekki vera að þar hefði prentvillupúkinn hitt á að segja í rauninni sannleikann, að það væri mikill hluti nefndarinnar sem væri andvígur þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð, það væri mikill hluti nefndarinnar sem teldi að hér væri ekki rétt að farið. Mig grunar að svo sé í raun og sannleika, að samviska manna hljóti að vera að vakna í þessum efnum, að menn sjái að hér er ekki rétt að farið.

En það kemur fleira til. Ég man ekki eftir því áður í sambandi við umr. í nefnd um mál eins og þetta að heyra þvílíkan uppgjafartón eins og einkenndi ýmislegt það sem fulltrúar ríkisstj. í nefndinni höfðu um þessi mál að segja. Ég minnist þess tæpast að hafa svo oft fengið óljós svör við því, hvað í frv. fælist. Ég minnist þess ekki, að það hafi komið fyrir áður á nefndarfundum, að formaður fjh.- og viðskn. hafi þurft að svara spurningum ítrekað á þá leið að hann vissi það ekki, að aftur og aftur skyldi svar hans við einföldum spurningum nm. vera: Ég bara hreinlega veit það ekki. — En þetta er annað einkennið á því frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir, að þar er ekki um eiginlega stefnumörkun að ræða, þar eru ekki teknar ákvarðanir varðandi ýmis þau mál sem fyrir liggja. Þess vegna ber frv. mjög mikil bráðabirgðaeinkenni. Það eru ekki teknar ákvarðanir um margvísleg atriði og eins og þetta er úr garði gert grunar mann að það sé ekki hugmyndin að fara eftir þessu frv., að menn muni taka þetta til endurskoðunar mjög fljótlega. Og ég ætla nú reyndar að vona að það verði gert og þá til gagngerrar endurskoðunar þar sem hin þjóðhagslegu markmið séu höfð í hávegum.

Til marks um það hversu oft málin voru skilin eftir og hversu oft var svarað: Ég veit það ekki — má nefna fáein dæmi. Það var minnst á Járnblendiverksmiðjuna. Svörin voru þessi: Jú, auðvitað er þar um vandamál að ræða, en það vandamál ætlum við að geyma okkur, það vandamál verður geymt. — Það var minnst á vandamál Rafmagnsveitu Reykjavíkur, hvað yrði gert að því er þau varðaði og þá uggvænlegu stöðu sem þar er upp komin. Þar var svarið líka að það yrði geymt, ákvörðun um það yrði tekin seinna. Spurningum varðandi Landsvirkjun var svarað með svipuðum hætti. Þar var sagt: Við hreinlega vitum ekki hvernig verður tekið á því máli. Það var líka erindi frá Skipaútgerð ríkisins. Það fékkst hvorki já né nei sem svar við því erindi, engin ákvörðun. Það var talað um hitaveituframkvæmdir, það lágu fyrir ýmis erindi um það efni. Þar var svarað að því yrði að mæta með því að skapa svigrúm innan þess ramma sem fyrir hendi væri. Nú getur verið svolítið torráðið að skilja hvað átt er við í þeim efnum. Í framsöguræðu formanns fjh.- og viðskn. áðan var reyndar leitast við að svara þessari spurningu, og það var þá ýmist að það áttu að verða gjaldskrárhækkanir eða það átti bara að skilja sem svo, að það, sem veitt væri til hitaveituframkvæmda í heild, yrði þá að skiptast öðruvísi en ráð væri fyrir gert — eða það sem veitt væri til orkuframkvæmda í heild ætti þá að skiptast öðruvísi en ráð væri fyrir gert.

Nú verður ekki fundinn neinn sérsmíðaður rammi í þessu frv. til lánsfjárlaga utan um hæstv. iðnrh. En það er einhver hugarsmíð sem hér er verið að gera ráð fyrir að sé fyrir hendi og innan þessa ramma eigi þá væntanlega hæstv. iðnrh. að tolla. Ég veit ekki hver liðsafnaður verður hafður uppi til þess að tryggja að hæstv. iðnrh. tolli innan þessa ramma, en venjulegast hefur hugmyndin verið sú, að Alþingi tæki ákvarðanir af þessu tagi. Mér er fyllilega ljóst að auðvitað er ekki hægt að segja já við öllu. Ef það væri hægt væri engin ástæða til að vera með raunverulega ákvarðanatöku. Þá þyrftum við hvorki Alþingi né ríkisstj. Þá nægði í rauninni grammófónplata til þess að stjórna, sem segði bara já við öllu sem um væri beðið. Það, sem um er að ræða í afgreiðslu á lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun, er að menn geri upp við sig hvað þeir ætli að gera, þannig að menn fái að vita hvar þeir standa, ákvarðanirnar séu teknar. Sumt er fallist á, öðru er neitað, enn öðru er skipt með öðrum hætti en óskir komu fram um. Við því er ekkert að segja. En hér erum við skildir eftir í algerri óvissu. Það eru ekki teknar ákvarðanir og öll svör eru eins óljós og ég hef hér rakið.

Ég veit t. d. ekki hverju hv. þm. Davíð Aðalsteinsson á Vesturlandi á að svara þegar hann kemur í sitt kjördæmi og verður spurður hver sé staðan varðandi hitaveituframkvæmdir Akraness og Borgarness. Á hann að svara því, að málið hafi verið afgreitt í lánsfjárlögum? Ég get ekki séð, miðað við þau svör sem hafa verið gefin, að hann geti einu sinni svarað því, vegna þess að það er allt saman laust eftir sem áður. Hann verður í rauninni að svara því, að það hafi verið afgreitt án þess að afgreiða það. Hann hafi ekki hugmynd um það. Þó að hann hafi tekið hér þátt í þessari stefnumörkun — hann er líka kjörinn til þess að taka ákvarðanir af þessu tagi — þá hafi það í rauninni ekki verið nein ákvörðun og hann hafi, með þeim afgreiðsluhætti sem hér er tíðkaður, með þeim yfirlýsingum sem gefnar eru með fyrirvörum og þar fram eftir götunum, verið sviptur möguleika til þess að taka ákvörðun um þetta efni, til þess að gera upp hug sinn, vera þátttakandi í því, að menn geri upp hug sinn um hvað þeir ætli að gera.

Sama gildir væntanlega um annan hv. þm. þar sem er erindi frá Hitaveitu Hvammstanga. Ekki fær hann heldur nein svör. Hann fær hvorki já né nei, hann fær enga

ákvörðun um það, hvernig með það mál verði farið. Og þannig má áfram upp telja. Hlutunum er ýtt út af borðnu, það á að geyma þá, það á að skapa svigrúm innan ramma til þess að flytja til hluti með einhverjum hætti sem Alþingi er ekki gerð grein fyrir að því er hitaveiturnar varðar. Það fást engin svör varðandi Landsvirkjun eða Skipaútgerð ríkisins eða Framkvæmdasjóð öryrkja, hvort eitthvað eigi að gera með þetta eða ekki. Og t. d. varðandi málefni Bjargráðasjóðs var svarið að vísu ekki að þetta yrði geymt, heldur hét það í umr. í nefndinni að það vandamál yrði tekið sér.

Nú er ég búinn að telja upp æðimörg atriði, sem engar ákvarðanir eru teknar um við þessa afgreiðslu, og það er auðvitað mjög alvarlegt mál. En ég ítreka það, að það á einmitt að vera hlutverk lánsfjárlaganna og þeirrar afgreiðslu, sem við nú stöndum frammi fyrir, að taka þessar ákvarðanir svo menn viti hvar þeir standa. Ýmsar þær framkvæmdir, sem menn standa í, þurfa svo og svo mikinn undirbúning. Það þarf líka aðdraganda og undirbúning ef menn ætla að draga úr framkvæmdunum. Það er ekkert síður ef hugmyndin er sú að draga úr framkvæmdastiginu sem menn þurfa að fá að vita hvernig málin standa. Þetta er mjög alvarlegur ljóður á þeim tillögum, sem hér eru uppi, og eiginlega ekki sæmandi Alþingi að afgreiða mál með þessum hætti. Það er hugmyndin að stefna sé mörkuð með lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun. Það er ekki gert og menn fá ekki svör um það, hvernig með ýmis vandamál verði farið sem upp hafa komið.

Mig langar til í þessu sambandi að benda samt á einn lið sem spurt var um og lítil svör fengust reyndar um líka, þar sem verið er að veita fé samkv. þessum lögum til hluta, sem ekki er hægt að gera grein fyrir, á sama tíma og öðrum er ekki svarað vegna þess að fé sé ekki fyrir hendi. Í 4. og 5. gr. frv. eru samtals 25 — og eru reyndar orðnar 28 millj. kr. sem eru veittar með mjög litlum rökstuðningi. Í 4. gr. er um að ræða 10 millj. til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar. Og í 5. gr. er um að ræða 15 — sem reyndar eru orðnar 18 millj. kr. sem ráðstafa á samkv. síðari ákvörðun fjmrh. Skýringar var óskað á því, hvaða hugmyndir væru uppi um ráðstöfun þessa fjár. Því miður gátu fulltrúar ríkisstj. í fjh.- og viðskn. engu öðru svarað en því að vísa í bls. 13 í fjárfestingar- og lánsfjáráætluninni fyrir árið 1982. (**Gripið fram í:** Hvaðan hefurðu þetta?) Þetta eru þeir liðir sem eru í 4. og 5. gr. frv. til lánsfjárlaga, samtals 25 samkv. upprunalegum frv.-drögum, en 28 millj. með þeirri breytingu sem meiri hl. fjh.- og viðskn. leggur til. Skýringarnar, sem við fengum á þessu eftir eftirgrennslan, er að finna á bls. 13 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982. Þær eru ein setning fyrir hvora fjárhæð, ein setning til þess að skýra út 10 millj. kr., önnur setning til þess að skýra út 15 millj. kr. Sú setning, sem varðar útskýringu á 10 millj. kr., hljóðar svo: (**Fjmrh.:** Þetta er sem sagt á bls. 13.) Já, þar stendur reyndar fyrst: „Unnið er að athugun og undirbúningi á ýmsum framkvæmdum á sviði orkufreks iðnaðar.“ Svo kemur skýringin: „Í þessu tilliti er gert ráð fyrir að Iðnrekstrarsjóður afli 10 millj. kr. lánsfjár og endurláni síðan til áframhaldandi athugana á þessu sviði.“ Þessi texti segir mér ekkert umfram það sem stendur í rauninni í frvgr. Við báðum um, fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjh.- og viðskn., að fá hugmyndir um hvað þarna væri um að ræða, hvað menn væru að fást við, hvernig menn hefðu hugsað sér að verja þessum fjármunum, hvaða verkefni það væru sem þættu álitlegust. Við fengum engin svör um það önnur en tilvísun í þessa bls. 13. Það verður að teljast mögur útskýring á þessari fjárhæð.

Svo kemur önnur fjárhæð, að upphæð 18 millj. kr., í 5. gr. Þar er skýringin þessi og kemur í beinu framhaldi af hinni fyrri: „Að síðustu ber að geta 15 millj. kr. lánsfjár, þar sem ráðstöfun hefur ekki verið endanlega mótuð.“ Ég gat nú ekki séð að fyrri ráðstöfun hefði verið neitt frekar endanlega ákveðin en sú síðari. En þetta eru vægast sagt mjög magrar upplýsingar um svo háar fjárhæðir.

Nú held ég að raunverulegur áhugi sé á því hér á hv. Alþingi að vinna að því, að fundin verði tækifæri í orkufrekum iðnaði. En það hefur gengið heldur hægt og reyndar langtum hægar en t. d. við fulltrúar Alþfl. hér á Alþingi höfum talið eðlilegt, hvað þá að það nái þeim hraða sem við hefðum talið æskilegan í því sambandi. Það er eins og hugmyndir manna um virkjanir og reipdráttur um virkjanastað yfirskyggi það sem meira er þó virði, að menn taki ákvarðanir um það, með hvaða hætti skuli nýta orkuna, og séu með raunverulegt tækifæri af því tagi á reiðum höndum áður en í virkjanirnar er ráðist. Engu að síður hefði mér fundist lágmark að gerð væri einhver grein fyrir þessum 25—28 millj. kr. — reyndar fyrir þessum 25, því að það er fullnægjandi skýring fundin á þeim 3 millj. sem þarna eru til viðbótar, — að gerð væri einhver grein fyrir því, hvernig hugmyndin væri að ráðstafa þessu fjármagni. Hér er fulltrúum í fjvn. gert að búta niður í hinar smæstu summur fjárframlög af ýmsu tagi. En síðan megum við búa við það, að hér séu 25 millj. kr. sem við fáum engar skýringar á aðrar en þann texta sem liggur fyrir í prentuðum gögnum. Alþingi á með þessu að afsala sér ákvörðunaríhlutun um þessar 25 millj. kr. Það er væntanlega algerlega í höndunum á hæstv. iðnrh. og fjmrh. Þetta er þeim mun einkennilegra þegar öðrum er sagt að það sé ekki hægt að svara þeim, það sé ekki hægt að taka ákvarðanir um hvaða úrlausn þeir geti fengið í sínum málum.

Ég hef í þessum þætti ræðu minnar fjallað um það, í hverri óvissu málin eru skilin eftir, þrátt fyrir það að þetta frv. til lánsfjárlaga yrði afgreitt, — þá algeru óvissu sem ríkir um marga þætti. Og ég hef fjallað um það, að það verður að gera kröfu til þess, að afdráttarlaus svör fáist. Ýmist hefur málum verið ýtt út af borðinu, þau geymd eða ákvörðun ekki tekin. Það eru bæði framkvæmdaaðilarnir, sem eiga kröfu á því að fá svör til þess að geta undirbúið sig, og svo eiga alþm. auðvitað kröfu á því að fá að taka þátt í þessari ákvarðanatöku, en skilja ekki eftir óskrifaðan tékka og allt í lausu lofti. Alþm. eru skildir eftir í mjög erfiðri og óþægilegri aðstöðu með því að afgreiða mál með þessum hætti, auk þess sem ég tel það vera niðurlægjandi fyrir Alþingi og alþm. að halda svona á málum. Og ég verð að segja það, að ég vorkenni alveg sérstaklega hv. stjórnarsinnum, þar sem hafa komið brýn erindi úr þeirra kjördæmum sem skipta menn miklu máli, t. d. hv. þm. Davíð Aðalsteinsson eða hv. þm. Stefán Guðmundsson. Hverju eiga þeir að svara um það, að mál hafi verið afgreidd? Þeir verða að svara því að þau hafi verið afgreidd án þess að afgreiða þau. Það er líka af þessum sökum sem við í Alþfl. teljum, að ekki sé stætt á því að afgreiða frv. til lánsfjárlaga eins og það er nú úr garði gert, og erum því algerlega andvígir.

Mig langar því næst að víkja fáeinum orðum að hús-

næðislánakerfinu. Ég hef oft haft á orði hér úr þessum ræðustól að mér þætti við sem þjóðfélag koma mjög illa fram við ungt fólk um þessar mundir. Ég hef kallað það villimannlegar aðfarir að ætla mönnum að eignast þak yfir höfuðið með þeim hætti, að 3/4 hlutum af íbúðarverðinu yrði kannske að mæta með skammtímalánum og með óheyrilegu vinnuálagi. Ég kalla þetta villimannleg vinnubrögð. Ég skil ekki hvernig menn geta ætlast til að ungt fólk rísi undir þessu. Mér finnst þetta hrein hneisa.

Nú vitum við það auðvitað, að menn björguðust á verðbólgunni í þessum efnum um langa hríð og það mátti bjóða mönnum hinar furðulegustu tölur. En nú er öld snúin að þessu leyti. Nú höfum við tekið upp verðtryggingu og raunvaxtastefnu. Og þó að ýmsir talsmenn ríkisstj. bölvi henni hátt og í hljóði, þá eru þeir samt að framfylgja henni. Hún er auðvitað rétt. Kerfið, sem við bjuggum við áður, hefði hvort sem er hrunið. En þáttur í því að taka upp ný vinnubrögð í þeim efnum, framfylgja verðtryggingar- og raunvaxtastefnu, verður að vera að lengja lánstíma og auka lánshlutfall. Þetta er ég búinn að segja svo oft, bæði í þessari hv. deild og eins hér utan dyra, að það ætti að fara að verða ljóst hve mikið grundvallaratriði við Alþfl.-menn teljum að það sé að komið sé til móts við einkanlega íbúðabyggjendur í þessum efnum. Við höfum líka flutt hvert frv. á eftir öðru til að reyna að fá fram úrlausn þessara mála. En þess sér ekki stað að það sé gert. Og það sem verra er, eins og haldið hefur verið á fjármögnun húsnæðislánakerfisins er sífellt að draga úr fjölda nýrra íbúða sem bætast við.

Ég óskaði eftir því í hv. fjh.- og viðskn. að fá yfirlit frá Húsnæðisstofnun ríkisins um fjölda íbúða sem veitt hefðu verið lán út á árin 1978—1981. Hér er á ferðinni þróun sem ég held að menn verði að horfast mjög alvarlega í auga við, vegna þess að ef menn gera það ekki geta menn staðið uppi með mikil húsnæðisvandræði áður en menn vita af. Þó að landflótti sé mikill, því miður, þá er það samt svo, að þjóðinni fer fjölgandi. Þessar tölur eru lýsandi. Nýbyggingar, fyrsti hluti sem kemur inn á árinu 1978, eru 1883 íbúðir. Síðan fer það nokkuð fallandi á árunum 1979—1980, fer niður í 1687 og 1665 íbúðir, en á árinu 1981 fer að nálgast að þær séu bara helmingur af því sem þær voru 1978, nefnilega 1075. Samkv. þessari áætlun Húsnæðisstofnunar lækkar heildartala íbúðanna sem veitt eru lán út á, — þá eru gamlar íbúðir og allt með, verkamannabústaðir og þar fram eftir götunum, — hún lækkar úr 4854 árið 1979 í 3728 árið 1981. Þetta er fækkun um 1100 íbúðir á þessu tveggja ára bili. Og þetta gerist á sama tíma og þjóðinni er að fjölga.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að þær breytingar, sem hafa verið gerðar á fjármögnun húsnæðislánakerfisins, eiga hér verulegan þátt í. En þegar litið er á þessa tölu, sem er 1100 íbúðum lægri en árið 1979, þá hafa samt verið notaðar 40 millj. kr., sem fengust að láni í Seðlabanka Íslands, þannig að fjármögnunin nær ekki einu sinni þessum 3728, sem er 1100 íbúðum færra en var fyrir tveimur árum. Og hvernig á svo þróunin að verða á komandi ári? Er ætlunin að Húsnæðisstofnunin greiði af því takmarkaða fé, sem hún fær, þær 40 millj. kr. sem hún hafði fengið að láni í Seðlabankanum á yfirstandandi ári? Hvernig skyldi þá svigrúmið verða? Það liggur við að maður óttist að með þessu sé beinlínis verið að stuðla að því, að enn þá fleiri hrekist hér úr landi, ekki vegna þess að það sé léleg atvinna, eins og var hér t. d. 1968 og 1969, það var skiljanlegt, ekki vegna þess að kjörin séu svo slæm að því er kaupið varðar, og eru þau þó verulega fyrir neðan ýmislegt sem gerist í kringum okkur, heldur beinlínis vegna þess að það er verið að gera ungu fólki ókleift að koma sér fyrir hér hjá okkur.

Það kemur líka fram í gögnum frá Húsnæðisstofnun, að heildarfé, sem hún hafði haft til ráðstöfunar á árinu 1981 eða muni hafa, nemi um það bil 400 millj. kr.: 300 millj. í Byggingarsjóði ríkisins og 100 millj. í Byggingarsjóði verkamanna. Þessar upplýsingar voru veittar á fundi nefndarinnar. Við skulum líta svolítið á þessar tölur og það, að þessar 400 millj. hafa verið notaðar til þess að standa undir lánveitingum út á 3728 íbúðir. Nú er áætlað að til Byggingarsjóðs ríkisins fari 373.7 millj. kr. og til Byggingarsjóðs verkamanna 268.3 millj. kr. Þetta eru samtals 642 millj. kr. Mun þetta hrökkva til að snúa þessari þróun við?

Það voru 300 millj. hjá Byggingarsjóði ríkisins. Ef við drögum frá þær 40 millj. sem hann skuldar í Seðlabankanum, þá eru eftir 333.7 millj. sem eru ætlaðar fyrir árið 1982, það er 10% aukning. Reiknitala fjárlaga gerir að vísu einungis ráð fyrir 33% verðbólgu, en ýmislegt bendir til þess að hún geti orðið meiri. Hér er því raunverulega um mjög verulegan samdrátt að ræða hjá Byggingarsjóði ríkisins frá þeim tölum sem ég var að lesa upp áðan. Mér reiknast svo til að það fé, sem hér er til ráðstöfunar, muni þýða fækkun á íbúðum, sem unnt sé að veita lán út á, frá því sem er í tölum ársins 1981 sem nemur 550 íbúðum. Þessar tölur, miðað við 800 þús. kr. íbúðarverð og þau lánshlutföll sem í gildi eru, svara til þess, að það ætti að vera hægt að fjölga íbúðum í verkamannabústöðum um 175 eða því sem næst, en að öðrum lánveitingum til íbúða yrði að fækka um 725. Þetta gerir samtals samdrátt um 550 íbúðir. Ég spyr: Eru menn sannfærðir um að þetta sé rétt stefna? Eru menn sannfærðir um að eftir samdrátt upp á 1100 íbúðir eigi nú að bæta öðrum samdrætti upp á 550 íbúðir? Halda menn að þessi stefna gangi upp? Vilja menn þetta í raun og sannleika? Eða er hér verið að búa til vandamál sem muni reynast álíka erfitt úrlausnar á yfirstandandi ári — eða helmingi erfiðara úrlausnar og brugðist verði við með sama hætti og á yfirstandandi ári, nefnilega með yfirdrætti í Seðlabankanum og tilheyrandi þrýstingi á erlendar lántökur í íslenska hagkerfinu — og þá umfram það sem ég gerði grein fyrir fyrr í ræðu minni? Ég held að þessi stefna muni ekki ganga. Ég er sannfærður um að þessi stefnumörkun muni ekki geta gengið, að menn muni ekki geta unað þessu, að það sé í raun og sannleika ekki meining manna að hrekja fólk úr landi með þessum hætti.

Ég hef hér sérstaklega fjallað um þrjá þætti í lánsfjáráætlun. Það væri auðvitað ástæða til að fjalla um langtum, langtum fleiri þætti. Ég hef fjallað um erlendar lántökur, lítils háttar um hinn innlenda fjáröflunarmarkað í því sambandi, bara til þess að styðja það mál, og ég hef fjallað um húsnæðislánakerfið sérstaklega. Ég hef einnig fjallað um ákvarðanatökuleysið og þá málsmeðferð að hv. þm., t. d. Davíð Aðalsteinsson og Stefán Guðmundsson, séu sendir heim í hérað og verði að svara því til, að að vísu hafi mál verið afgreidd, en það hafi ekki verið afgreiðsla varðandi þau mál sem menn bíða með mestri óþreyju í þeirra kjördæmum. En ég vil ítreka það aftur, að lánsfjárlögin eiga að vera stefnumarkandi og þau eru það ekki. Og ég vil ítreka það aftur, að það er hörmulegt til þess að vita, að þetta góðæri árið 1981 skuli

ekki hafa nýst betur en raun ber vitni. Þegar lánsfjáráætlun þess árs var til afgreiðslu leyfði ég mér í nál. mínu að fjalla svolítið um almennar þjóðhagshorfur. Þá var aðeins komið fram á árið 1981. Ég ætla að leyfa mér að lesa hér örstuttan kafla úr því, vegna þess að mér sýnist það hafa gengið eftir sem þar var spáð. Þar sagði:

„Almennar þjóðhagshorfur á árinu 1981 verða að teljast allgóðar. Miðað við nær óbreytt verð á sjávarafurðum hefur Þjóðhagsstofnun áætlað að verg þjóðarframleiðsla verði óbreytt frá fyrra ári. Nú hafa hins vegar verið gerðir samningar um skreiðarsölu, sem eru 10% hærri en á fyrra ári, og um saltfisksölu sem eru um 70% hærri. Þá er vitað að fiskmjölsverð er ívið hærra en að jafnaði árið 1980, og verðlagsþróun í Bandaríkjunum gefur ástæðu til að ætla að verð í íslenskum krónum á frystum fiski, sem seldur er þar í landi, muni hækka innan tíðar. Það styðst m. a. við það, að gengi Bandaríkjadollars hefur verið að styrkjast á þessu ári, og það hefur vitaskuld feikileg jákvæð áhrif á þjóðarbúskap okkar. Að öllu samanlögðu verða því ytri skilyrði þjóðarbúskapar okkar að teljast góð. Þessi góðu ytri skilyrði veita sérstakan möguleika á því að ná meiri stöðugleika í íslensku efnahagslífi án þess að rýra lífskjör. Sér í lagi skapa þessi ytri skilyrði einstakar aðstæður til að draga úr verðbólgu án almennrar kjaraskerðingar. Talsmenn ríkisstj álíta að verðbólga sé nú 35% á ársgrundvelli."

Hér staldra ég við. Þegar umr. fóru fram um seinustu lánsfjáráætlun var það sérstakur boðskapur talsmanna ríkisstj., einkum og sér í lagi hæstv. forsrh., að verðbólgustigið væri 35%, svo að eitthvað hefur þeim nú hrakað frá þeirri mælingu.

„Sé gengið út frá því og með tilliti til hinnar hagstæðu þróunar í markaðsmálum og gengis dollarans ætti því að vera lag til þess að ná verðbólguhraðanum vel niður fyrir 30%. Spurningin er hvort ríkisstj. ber gæfu til að nýta þessar einstöku aðstæður til að ná verulegum árangri í verðbólgumálunum, sem hlýtur að teljast innan seilingar samkv. þeim yfirlýsingum sem talsmenn ríkisstj. hafa gefið um það að verðbólgustigið væri einungis 35%.

Ef það tekst ekki dynur gengisfelling yfir," segir hér.

„Ríkisstj. hefur vitaskuld yfir að ráða þeim stjórntækjum, t. d. í ríkisfjármálum, peningamálastjórn og í fjárfestingarmálum, sem úrslitum ráða um það, hvort það svigrúm ytri skilyrða, sem nú hefur gefist, nýtist til þess að draga úr verðbólgunni. Spurningin er hvort þessum stjórntækjum verður beitt á réttan hátt."

Nú hefur þetta tækifæri runnið okkur úr greipum. Ég harma það, að þetta tækifæri skuli ekki hafa nýst betur en þetta. Þróunin hefur orðið langtum verri samkv. framlögðum plöggum en hinar ytri aðstæður þjóðarbúsins gáfu tilefni til að ætla. Framlögð plögg sýna stórvaxandi erlendar lántökur. Framlögð gögn sýna yfirdrátt í Seðlabanka. Það er margstaðfest, að mörg fyrirtæki hér á landi hafa fengið erlend lán til þess að framfleyta sér, annaðhvort beint eða í gegnum Byggðasjóð.

Að því er peningamálin varðar var mjög athyglisvert að hlusta á málflutning fulltrúa bankakerfisins í hv. fjh.- og viðskn. Það kom fram í málflutningi þeirra, eins og flestum hv. alþm. er væntanlega ljóst, að staða bankanna hefði hríðversnað á síðustu mánuðum, að útlán hefðu aukist stórlega, en að innlán hefðu hætt að vaxa og heldur dregist saman, að bankarnir væru komnir í óviðunandi stöðu. Hv. nm. leituðu auðvitað skýringar hjá þessum aðilum á þessari þróun sem ein sér verður að teljast mjög uggvænleg. Þeir gáfu þær skýringar, að tvennt hefði gerst að því er innlánin varðar. Trú sparifjáreigenda á því, að þeir fengju raunvexti, væri greinilega minnkandi. Tekist hefði á síðari hluta ársins 1980 og vaxandi fram á árið 1981 að byggja upp trú sparifjáreigenda á það, að þeir væru að fá raunvexti fyrir fé sitt. En nú hefði þessi trú horfið. Nú væri hún að hverfa. Það væri ein aðalskýringin á því — og mjög eðlileg skýring, að innlánin hefðu hætt að vaxa.

Skýringin á útlánunum lá í augum uppi. Það var hin slæma staða ýmissa atvinnufyrirtækja í landinu fyrst og fremst, en sjálfsagt líka að einhverju leyti bæði slæm staða ýmissa heimila í landinu og svo það óvissuástand sem hefur skapast með gengisfellingum, sem koma á eins til tveggja mánaða fresti og skapa auðvitað mikla spennu og óvissu hér í þjóðfélaginu. Skýringin á þessu fyrirbæri liggur þannig í augum uppi. En ráðin til úrbóta hafa ekki séð dagsins ljós. Þau verða ekki fundin í þeim gögnum sem hér liggja fyrir hv. deild. Þau verða ekki fundin í því frv. til lánsfjárlaga, sem hér er hugmyndin að afgreiða, og þeirri lánsfjáráætlun sem því fylgir.

Ég verð að segja að þær skýringar, sem fulltrúar bankakerfisins gáfu, komu mér auðvitað ekki á óvart. Ég verð að segja það líka, að mér þótti heldur dapurlegt að hlusta á ýmsa bankastjóra og framámenn í peningamálakerfinu hér á landi gefa skýringar á því, hvernig þeir ætluðu að bjargast út úr árinu 1981. Það má alveg sérstaklega vitna til þess sem fulltrúi Framkvæmdasjóðs hafði fram að færa sem skýringar af sinni hálfu um það, hvernig hann ætlaði að bjargast á árinu 1981. Það var sambland af skuldasöfnun, erlendum lántökum, sérstöku nauðungaruppgjöri við bankakerfið í landinu og því að setja sjóðinn því sem næst á hausinn um áramót með því að hafa stöðu hans mjög lélega.

Það ástand, sem við búum við í þjóðmálunum, er að mínu mati mjög alvarlegt. Að vísu hafa menn þóst vera með 40% verðbólgu þó að ýmsir mælikvarðar bendi til þess, að hún sé mun meiri. Ýmsir opinberir mælikvarðar benda til þess, að hún sé 50—55%. En ég held að ef tekið er með í reikninginn það stórkostlega svindl sem átti sér stað varðandi myntbreytinguna og verðlagningu í því sambandi og hæstv. forseti þessarar deildar hefur m. a. gert glögg skil bæði í ræðum hér á Alþingi og eins með blaðaskrifum, þá muni koma í ljós að verðbólgan hafi í raun og sannleika verið langtum, langtum meiri. Og ef við tökum þann mælikvarða sem ólygnastur er, sem er buddan, þá sýnir hún okkur langtum meiri verðbólgu. Það, sem menn hafa státað af í þessum efnum, reynist þess vegna vera falsið eitt.

Ég hef áður minnst á það, að ein skrautfjöðrin ætti að vera greiðsluafgangur eða jafnvægi í ríkisfjármálum. Það er ekki jafnvægi í ríkisfjármálunum. Þar eru sýndartölur sem gefa alls ekki rétta né raunhæfa mynd og standast ekki samanburð við tölur af sama tagi sem settar eru upp erlendis. Ég held að hæstv. fjmrh. ætti frekar að snúa sér að því að innleiða þær reglur varðandi færslu á þessum hlutum, sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lagt til, en að stunda hártoganir varðandi þetta og bellibrögð um uppfærslu. Peningamálastjórnin hefur ekki heldur tekist. Sjóðir hafa verið tæmdir. Það var nýlega til umr., í gær trúi ég, í hv. Nd. hvernig væri komið fyrir Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, hvernig hann hefði verið gersamlega tæmdur á rúmlega einu ári. Og nú, þegar sjóðirnir hafa verið tæmdir, bankakerfið hefur verið þanið til hins

ítrasta þannig að það er að þrotum komið, þá er komið upp aukabankakerfi í gegnum Byggðasjóð og veitt sérstök hallærislán, — hallærislán sem eru farin að ná til stórs hluta atvinnufyrirtækja í landinu í einhverju mesta góðæri sem yfir okkur hefur gengið.

Það er skýrt frá því að tugir fyrirtækja hafi fengið sérstaka fyrirgreiðslu, eins og það er kallað, í þessum efnum. Það er ekki gæfuleg stefna að allt skuli vera rekið meira og minna á fyrirgreiðslu af ýmsu tagi. Að mínum dómi er hér um stórhættulega þróun að ræða. Menn hafa farið svo langt á þessari braut, að þeir, sem eru ábyrgir í rekstri sínum og hafa verið það, eru óðum að gefast upp við það. Ég varð var við það í samtali við merkan mann af Austurlandi nýlega, að hann hafði áhyggjur af því að ýmsir aðilar á því landssvæði gengju á það lagið að fara í opinbera sjóði til þess að fjárfesta ótæpilega og gefa á bátinn hinn raunverulega rekstrarárangur. Hann hafði áhyggjur af því vegna þess að fyrirtækið í hans heimabyggðarlagi hafði verið rekið af ábyrgð, en nú sæju þeir ekki ástæðu til þess lengur að ástunda ábyrgð í sínum rekstri. Þeir mundu bara fara að ganga í sjóðina eins og hinir, eins og þeir á grannfjörðunum.

Þetta er sjúkdómur sem er að smita okkar þjóðfélag. Það er verið að gera menn gersamlega ábyrgðarlausa. Það er verið að koma mönnum upp á það, að ekki borgi sig að ástunda góð vinnubrögð í rekstri sínum, menn geti bara komið með vandamál sín á ríkisjötuna og beðið um opinbera fyrirgreiðslu. Þetta, að atvinnurekendur skuli vera farnir að finna það, að þeir þurfi ekki að sýna ábyrgð í rekstri sínum, heldur geti bara gengið í opinbera sjóði til þess að fá fyrirgreiðslu af hinu eða þessu taginu, er alvarlegt mein sem stendur í vegi fyrir raunverulegum framförum, því að eitt aðalframfaraaflið er auðvitað það að mönnum nýtist hugvit sitt og þekking til þess að gera hlutina með sem bestum hætti og ástundi það frekar en sláttumennsku út um allar jarðir. Við þessu meini vil ég vara alveg sérstaklega.

Að því er þetta ástand varðar vil ég að lokum minna á að það er óþolandi í þjóðfélagi að búa við bráðabirgðalausnir sem eiga að gilda til tveggja eða þriggja mánaða, það er óþolandi með öllu. Þetta sögðum við Alþfl.-menn 1978. Þetta höfum við Alþfl.-menn sagt allar götur síðan. Við töldum að það væri meginnauðsyn að menn fikruðu sig út úr þessu ástandi eilífra bráðabirgðalausna. Brýnt var það þá, en enn þá brýnna er það nú. (Gripið fram í.) Jú, það var skárra, það var langtum skárra viðfangs, það er komið í langtum verri farveg, eins og ég tel að hafi reyndar komið fram mjög greinilega í því sem ég hef vitnað til í ræðu minni, því að mjög oft hefur reyndar viðmiðunarárið verið 1978. En hvað um það, ég get ekki lokið svo þessari umfjöllun um lánsfjáráætlun að minnast ekki nokkuð á vissa grundvallarþætti, sem mér finnst að þurfi að taka upp að því er varðar stefnumörkun í efnahagsmálum, og ég kýs að gera það undir þessum þætti með tilvísan til þess sem ég sagði í upphafsorðum mínum fyrir hádegi, að ég tel að í lánsfjáráætlun og með lánsfjárlögum sé verið að taka einhverjar veigamestu efnahagsákvarðanir sem nokkru sinni eru teknar af Alþingi.

Ég vil telja það fyrst sem efnahagsráðstöfun, að sú stefna verði tekin upp að menn verði að vera ábyrgir gerða sinna, að það sé afnumið að menn geti sífellt heimtað að ríkið bjargi taprekstri hvers einasta atvinnurekanda. Mín skoðun er sú, að þessar bakávísanir á ríkið geri atvinnurekendur gersamlega ábyrgðarlausa. Og meðan svo er fæst ekki árangur. Nákvæmlega það sama á við og kannske í enn ríkara mæli í ríkisstofnunum og í málefnum sem sveitarfélög fara með, eins og í raforkumálum og þess háttar. Til þess að breyta þessu verður að eiga sér stað kerfisbreyting. Það verður í raun og sannleika að koma á aukinni valddreifingu. Það verður að færa meira af þessari ákvarðanatöku til hinna einstöku stofnana, til hinna einstöku rekstraraðila, til hinna einstöku sveitarfélaga, en um leið að gera þessar stofnanir, hvort heldur það eru sveitarfélög eða ríkisfyrirtæki, ábyrg gerða sinna og taka fyrir alla bakreikninga og kröfur um ríkisfyrirgreiðslu. Valddreifing af þessu tagi held ég að sé ákaflega mikilvæg, en þó fyrst og fremst það, að menn verði ábyrgir gerða sinna. Við Alþfl.-menn höfum einmitt flutt frv. með tilliti til valddreifingar af þessu tagi að því er varðar málefni sveitarfélaganna, um að fela þeim aukið sjálfsforræði. Það er liður í þeirri stefnumörkun sem við teljum vera nauðsynlega í efnahagsmálum.

Í öðru lagi er ég eindregið þeirrar skoðunar, að breyta þurfi gildandi verðlagskerfi í landinu. Ég tel að hér sé í rauninni ekkert verðlagseftirlit eða verðlagsaðhald. Það, sem við höfum, er einungis ríkisuppáskrift á verðhækkanir. Verðbólgan er með þessum hætti staðfest og uppáskrifuð af ríkisstj. Sjálfvirkar útreikningsformúlur eru notaðar til þess að framlengja verðbólguna með ríkisforsjá og hver tapkróna er endurheimt með sérstakri blessun ríkisins. Þar sem samkeppni er næg á að breyta kerfinu í frjálsræðisátt, en í mörgum tilvikum verður að breyta kerfinu þannig að hið almenna aðhald fái að njóta sín. Það er hlutverk ríkisins að skapa skilyrði til aðhalds, en ekki að skrifa upp á tapreikningana og velta þeim svo yfir á almenning.

Í þriðja lagi vil ég telja að gerbreyta þurfi ríkisbúskapnum. Núna eru tekjurnar og þar með álögurnar ákveðnar eftir að óskalistinn hjá ráðherrunum hefur verið lagður saman. Í þess stað á að nota ríkisfjármálin og þá sérstaklega skattakerfið til þess að jafna kjörin og treysta kaupmáttinn hjá heimilunum. Skattaálögurnar eiga að miðast við það að ná árangri í verðlagsmálum. Það er mesta blekking, sem hver fjmrh. étur upp eftir öðrum, að einhver meira og minna misvísandi jákvæð afkoma ríkissjóðs, sem a. m. k. núna er fengin með bellibrögðum, hafi afgerandi áhrif til þess að halda aftur af verðbólgunni. Reynslan hefur líka afsannað þetta raus svo kirfilega að ekki verður um villst.

Í fjórða lagi verður að vera öryggi og festa í stjórn peningamálanna. En þá verða líka að vera skilyrði í þjóðfélaginu til þess að halda því uppi. Og það er eitt af því sem brást núna á þessu ári. Þeir, sem fóru með stjórn sjóðanna og bankakerfisins, gátu ekki staðið undir þeim álögum sem á þá voru lagðar, þeim þrýstingi sem á þá var lagður. En aðalatriðið er að hætta að taka eyðslulán erlendis, eins og þriðjungurinn af nettó-lántökunni núna virðist vera, samkv. þeim mælikvarða sem ég hef hér lagt á og gerði sérstaklega að umtalsefni samkv. útreikningum sem ég gerði fyrr í ræðu minni. En nú hefur það verið gert í sívaxandi mæli og keyrir alveg um þverbak að því er varðar áformin fyrir 1982.

Í fimmta lagi tel ég það þátt í efnahagsstefnu að koma til móts við ungt fólk að því er varðar íbúðakaup og íbúðabyggingar. Skoðun mín er sú, að meðan svo stór hluti þjóðarinnar sem raun ber vitni verður í rauninni að

horfa upp á það, að eina björgunin til þess að koma þaki yfir höfuðið væri að verðbólgan yrði meiri en ráð var fyrir gert, þá séum við þar líka með verðbólguþrýsting. Auk þess er þetta efnahagsaðgerð vegna þess, að með þeirri stefnu, sem haldið er uppi í þessum málum, er verið að hrekja ungt fólk, starfsamt gott fólk úr landi, og það er auðvitað efnahagslegur skellur að hrekja vel menntað ungt fólk, góða starfskrafta úr landi.

Í sjötta lagi vil ég telja það sem ég hef oft gert að umtalsefni hér áður, að það verður að taka upp nýja atvinnustefnu. Hvaða gagn er í því, að Alþingi leggi sig í það — eða meiri hluti Alþingis — að skerða kaupið um 7%, þegar hæstv. sjútvrh. fellir gengið og skerðir kjörin um sömu 7% í ofanálag og eykur verðbólguna um 7% með ákvörðunum sínum um togarakaup, eins og ég hef sýnt fram á hér í deildinni. Til hvers á að vera að leggja sig í það að krukka í kaupið til þess að ná verðbólgunni niður, þegar svo einn ráðh. í ríkisstj. eykur verðbólguna jafnmikið með ákvörðunum sínum um skipakaup á þessu sama ári? Það er efnahagsleg staðreynd, að stækkun skipastólsins við núverandi aðstæður er hrein gengisfelling, er hrein verðbólguaðgerð. Þess vegna er það meginatriði að því er þennan þátt varðar, að ný vinnubrögð verði upp tekin.

Við skulum þá taka hinn næsta þátt, fiskvinnsluna. Þar eru feikileg tækifæri til þess að treysta lífskjörin í landinu með aukinni fjárfestingu og hagræðingu. Á árinu 1979 tókst að auka fjárfestinguna í fiskvinnslunni um 20% að magni til. Allar götur síðan er fjárfestingin í fiskvinnslunni minnkandi hlutfallslega ár frá ári. Þarna eigum við hagvaxtarmöguleika sem var verið að reyna að byrja að nýta árið 1979, en er nú kominn í skítinn aftur.

Ég skal taka þriðja atvinnuþáttinn, ég get ekki stillt mig um það, landbúnaðarmálin. Hugsið ykkur það, að við skulum enn þá vera að greiða niður landbúnaðarafurðir ofan í útlendinga með stórfé í skattaálögum á okkur. Þetta getur ekki gengið til lengdar. Mér finnst að skilningur á þessu sé að vaxa. En samt er það svo, að á þessu ári og á s. l. ári verða menn að láta sig hafa það að taka erlend lán til þess að greiða niður umfram það sem lögboðið er, taka erlend lán til þess að greiða niður þetta kjöt ofan í útlendinga. Og nú er svo komið, að farið er að taka erlend lán til þess að greiða af erlendu lánunum sem menn tóku til þess að greiða niður landbúnaðarafurðir ofan í útlendinga. Þetta er algerlega óviðunandi vítahringur. Og ég þykist sjá það af viðtölum mínum við ýmsa bændur, að þeir uni í raun og sannleika alls ekki því, að kerfið skuli vera svona. Við eigum auðvitað að leggja áherslu á ýmsar aðrar búgreinar. Tilraunir í þá átt eru hafnar. En við verðum að setja okkur fastan ramma um það, hve miklu fé verði varið í útflutningsuppbætur af þessu tagi, og greinin verður að standa frammi fyrir því, að slíkar ákvarðanir standi. Ég minnist þess t. d. þegar ég ræddi þessi mál við fyrrv. landbrh., Ingólf Jónsson, sem er nú reyndar höfundur þessarar 10% reglu og ábyrgðarmaður, — það var í sambandi við umræður um kvótakerfið, — að hann var nákvæmlega sömu skoðunar og ég um það, að menn yrðu að standa frammi fyrir fastákveðnum mörkum í þessum efnum og það mætti ekki fara fram úr þeim. En þetta hefur ekki heldur tekist hjá okkur.

Við fluttum um það frv. Alþfl.-menn, að tekin yrði upp niðurtalning útflutningsbóta. Ég vil skora á aðra þm. að líta á þær hugmyndir sem þar eru um það að fikra sig út úr þessu kerfi, en að þetta sé grundvallarstærðin sem menn verði að aðlaga sig. Hér kemur aftur að ábyrgðinni sem ég talaði um, að menn verða að standa frammi fyrir því í þessari grein eins og öðrum, að það séu ákveðin mörk, en ekki að þau séu bara flutt til ef ekki er staðið við mörkin. Það er sams konar fyrirbæri og hjá atvinnurekendunum sem koma með bakreikningana og heimta fyrirgreiðslu ríkissjóðs.

En til þess að mæta þeim breytingum, sem við þurfum að gera í þessum greinum tveimur, í útgerðinni og í landbúnaði, verður auðvitað að eiga sér stað uppbygging í annarri atvinnustarfsemi. Sú uppbygging ætti að vera hafin fyrir löngu og það er í orkufrekum iðnaði. Nú erum við í algeru samdráttarskeiði á þessu sviði. Hugsið ykkur öfugþróunina sem við stöndum frammi fyrir. Við höfum verið með vaxandi framleiðslu í landbúnaðarafurðum sem við verðum að greiða niður ofan í útlendinga með skattaálögum á okkur. Við erum sífellt að stækka skipastólinn, sem þýðir gengisfellingar og meiri verðbólgu, en það er samdráttur í orkufrekum iðnaði, sem er vaxtarbroddurinn, og það er samdráttur í fiskvinnslunni, þar sem vaxtarbroddurinn er að því er sjávarútveginn varðar.

Sú stefna, sem beitt er, er eins vitlaus og nokkur atvinnustefna getur verið. Hún er þveröfug við þau markmið að treysta kaupmáttinn og lífskjörin í landinu. Þess vegna segi ég: Það þarf að snúa henni við í öllum þessum atriðum. Meðan það er ekki gert, meðan menn halda fram þeirri stefnu, sem fylgt hefur verið í atvinnumálum að undanförnu, munu menn ekki vinna neina varanlega sigra í verðbólgumálum. Hversu oft sem menn láta leiða sig til þess leiða verks að krukka í kaupið dugar það ekkert ef með hinni hendinni er sífellt verið að rýra lífskjörin og skapa þannig aukna verðbólgu.

Herra forseti. Ég taldi nauðsynlegt að ýmsir þættir stefnumörkunar í efnahagsmálum kæmu fram hér vegna þess að þar er fylgt þveröfugri stefnu við það sem er raunverulega til hagsbóta fyrir íslenska alþýðu. Og ég taldi sérstaka ástæðu til þess að gera þetta að umræðuefni einmitt núna, vegna þess að þau plögg, sem okkur er ætlað að afgreiða hér núna, eru framhald á þeirri alvitlausu stefnumörkun í atvinnumálum sem fylgt hefur verið að undanförnu, vegna þess að menn munu engum árangri ná í efnahagsmálum almennt, í verðbólgumálum, sem alltaf er verið að kljást við, ef þeirri stefnu er fylgt í atvinnumálum sem menn hafa fylgt til þessa, og sjútvrh. og viðskrh. leggjast á eitt um að fella gengið með skipainnflutningi jafnóðum og aðrir þykjast vera að berjast við verðbólguna, og þær gengisfellingar valda jafnmikilli verðbólgu og það sem mönnum tókst að strika út um stundarsakir með því að krukka í kaupið.

Og nú er enn fram haldið þessari sömu vitlausu atvinnustefnu í þessu frv. til lánsfjárlaga og í þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem gilt hefur í þessum efnum. En þar á ofan á þriðjungurinn af nettó-lántökum erlendis að vera hrein eyðslulán, eins og ég sýndi fram á í upphafi máls míns. Á sama tíma og samdráttur er í þeim greinum þar sem helst er vaxtarbroddur með því að leggja í fjárfestingu, þá eru þessi lán stóraukin. Að hugsa sér það, að miðað við fjárfestingu í orkuframkvæmdum, miðað við fjárfestingu í virkjunum og stóriðju og hitaveitum skuli nettó-lántakan eiga að fara 50% fram úr þessari fjárfestingu og þessi 50% skuli vera umfram það sem menn hafa nokkurn tíma gert áður. Að hugsa sér

það, að ofan á það að fylgja kolvitlausri atvinnustefnu skuli auka greiðslubyrðina um 20—28% frá því sem sett var fram sem stefnumið þessarar ríkisstj., að menn skuli vera komnir 20—28% fram úr því sem þeir töldu stefnu sína í þessum efnum fyrir tveimur árum eða svo, að menn skuli vera að velta þannig bagga á framtíðina, — ekki einasta að fylgja rangri atvinnustefnu, heldur líka að binda framtíðinni þá bagga í eyðslulánum sem ég hef hér sýnt fram á, að menn skuli vera að færa sjálfstæði þjóðarinnar fram á þennan barm þannig að lítið þarf til að hrinda henni fram af.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt á mjög ítarlegar og ég vil segja nærri því frábærar ræður, framsöguræður manna. Ég kalla þá báða frsm. minni hl., þó að annar sé það að forminu til, og ég vil segja það, að það yfirlit, sem þeir hafa gefið um stöðu mála, er með afbrigðum gott og skýrt. Ég harma að sjálfsögðu að þeir, sem mesta þörf hefðu fyrir að fræðast um þessi mál, þ. e. hæstv. ráðherrar, skyldu ekki geta nema endrum og eins setið hér inni, því að ljóst er að þeir gera sér sáralitla grein fyrir því, í hve alvarlegt efni er stefnt í fjármálum, efnahags- og atvinnumálum þjóðarinnar, og virðast ætla að sigla þjóðarskútunni á sama strikinu — og það strik er víst norður og niður, ef lengi er þannig siglt.

Ég vil í upphafi aðeins lítillega ræða um málsmeðferð. Ég held að öllum sé hollt að hugleiða örlítið hvernig framgangi málsins er unnt að haga og hvaða vinnubrögð séu heppilegust. Það hefur því miður verið sáralítill tími til að fjalla um þetta mál í fjh.- og viðsk.-nefndunum. Málið er í rauninni fyrst fyrir tekið fimmtudaginn 10. des. eða fyrir réttri viku. Þá hafði enginn fundur verið haldinn í fjh.- og viðskn. Ed. frá 30. nóv. eða í 10 daga þótt þetta sé mesti annatími þingsins einmitt á sviði fjárlagagerðar og lánsfjáráætlun sé ekkert annað en hluti fjárlaga. Það er sem sagt ekkert í nefndinni unnið í 10 daga. Á þessu eru auðvitað meðfram þær skýringar, að tveir nm., hæstv. forsrh. og hv. formaður nefndarinnar, voru eitthvað af þessum tíma erlendis, annar víst allan tímann eða svo til, og þess vegna var enginn meiri hl. stjórnarsinna í þessari nefnd. Það kann að hafa valdið einhverju um að ekki voru boðaðir þar fundir. Hitt hygg ég þó að sé sanni nær, að ríkisstj. hafi ekki haft minnstu hugmynd um hvað hún vildi í þessu máli, hvort hún yfirleitt hafi ætlað að láta það ganga fram, og ef hún ætlaði að láta það ganga fram, þá með hverjum hætti, hvernig að því skyldi staðið, hvað lántökur ættu að vera miklar, hvernig þeim skyldi vera háttað og hvort þær skyldu vera innlendar eða erlendar, hvaða möguleikar væru á þessum lánum og hvernig peningunum skyldi verja. Ég held að þetta hafi kannske allt farið saman.

En svo gerist það s. l. fimmtudag, að fundur er boðaður, sameiginlegur fundur, held ég þá strax, fjh.- og viðsk.-nefndanna. Þar er formaður fjh.- og viðskn. Ed. að því spurður, hvort það sé hugmynd ríkisstj. að þetta mál nái fram að ganga. Hann getur ekki gefið um það upplýsingar en segist munu reyna að afla þeirra. Síðan gerist hvorki meira né minna en það, að sá nm., sem yfirleitt sést aldrei á nefndarfundum, sjálfur hæstv. forsrh., mætir á fundi á föstudagsmorgni 11. des. og tjáir okkur þá að það sé meiningin að málið nái fram að ganga, eða sér mundi a. m. k. þykja það mjög æskilegt. Og það vil ég segja hv. formanni fjh.- og viðskn. Ed. til hróss, að hann setti þá allt í gang — ég mun nota það orðalag — til þess að reyna að hjálpa okkur við að afla upplýsinga og fá skýringar á ýmsum þáttum málsins. Og áfram er unnið á laugardegi og þar mætir meira að segja hæstv. forsrh. í annað sinn á nefndarfundi og situr með okkur lengi dags. Þá er sem sagt unnið verulegt starf.

Við buðumst til þess, nm. stjórnarandstöðunnar, að vinna allan sunnudaginn, en því boði var ekki tekið, hvort sem menn hafa talið að það væri þýðingarlítið að vinna þá eða þeir hafi haft öðrum hnöppum að hneppa. Síðan má segja að unnið hafi verið myrkranna á milli, en því miður ekki með þeim árangri sem æskilegast hefði verið, vegna þess að bæði er málið flókið og þar að auki er engin yfirstjórn í sambandi við upplýsingaöflun og samræmingu þeirra mörgu talna og þeirra mörgu sjónarmiða sem fram koma að sjálfsögðu í lánsfjáráætlun. Mér er tjáð að áður, t. d. í fyrra, hafi Þjóðhagsstofnun verið falið að hafa yfirstjórn með því að safna þessum upplýsingum saman og stýra vinnunni, að sjálfsögðu í samráði við fjh.- og viðskn. Ekkert slíkt átti sér stað núna. Þjóðhagsstofnun kom ekkert meira nálægt þessu máli en aðrar stofnanir. Þar voru Framkvæmdasjóður, Framkvæmdastofnun, Seðlabanki, fjmrn., Þjóðhagsstofnun o. s. frv., en allar eiginlega sitt í hverri áttinni. Það var varla á nokkurs færi að samræma þessi vinnubrögð, og ég er ekki í því efni að ásaka okkar formann. Hann reyndi að koma fyrirspurnum okkar á framfæri. Hitt er svo annað mál, að það gafst sáralítill tími til að ræða allar þær greinargerðir sem við fengum. Þær eru hér í 30—40 skjölum komnar í möppu, sem við að sjálfsögðu getum lesið, en það vakna enn þá fleiri spurningar við að lesa slíkt mál heldur en svarað er. Það vakna kannske spurningar sem þyrfti að fá svarað með því að hafa munnlegar viðræður við alla þessa fjölmörgu menn.

Einhver kynni nú að halda að ein vika í stríði og starfi kynni að nægja til þess að gera sér grein fyrir þessu máli. En þess er þó fyrst að gæta, að það er rétt sem hér hefur komið fram, að kannske er afgreiðsla lánsfjáráætlunar enn þá mikilvægari en sjálfra fjárlaganna, því að hún er stefnumarkandi í fjármálapólitík ríkisins. Fjárlög eru í nokkuð föstum skorðum og kannske fastari en stundum áður. Menn vita nokkurn veginn hvernig þau muni breytast þó að viðmiðunartölur o. s. frv. séu náttúrlega stundum út í bláinn. Í raun réttri ætti lánsfjáráætlunin að vera hluti fjárlaga. Þannig hygg ég að gert sé upp meðal annarra þjóða. Og þá er þetta kannske mikilvægasti þáttur fjárlaganna, ekki síst erlendu lántökurnar, því að þrátt fyrir allt höfum við Íslendingar lengst af reynt að haga okkar erlendu lántökum þannig, að við værum nokkuð öruggir um að geta í venjulegu árferði staðið við skuldbindingar okkar og gætt þess mjög rækilega, að heimildir til erlendrar lántöku væru einungis fyrir hendi ef Alþingi samþykkti. Það er kannske eitt af því tiltölulega fáa sem hefur verið nokkuð fast og öruggt í okkar stjórnskipun og löggjöf.

En ef þetta væri nú svo, að lánsfjáráætlun væri felld inn í fjárlög, eins og vera ætti, þá er ljóst í fyrsta lagi að ríkissjóður er rekinn með gífurlegum halla, eitthvað yfir 20%. Þannig mundi vera talið meðal annarra þjóða. T. d. voru menn mjög undrandi á því þegar það upplýstist að sænsku fjárlögin væru með 30% hækka. En þess ber að gæta, að þá voru þau gerð upp þannig að allar tölur, sem ríkisfjármálin varða, eru teknar þar inn, þ. á m. það sem við köllum lánsfjáráætlun. En þetta er kannske önnur

hlið málsins.

Hitt er öllu alvarlegra, að einnig erlendar lántökur eru orðnar meira en 1/5 hluti af hinum raunverulegu fjárlögum. Á það hefur verið bent af mörgum hér, m. a. frsm. meiri hl. og gladdi mig að heyra hann segja að hann væri farinn að óttast miklar erlendar lántökur, ég veit að hann gerir það, við gerum það allir — og einnig af okkur stjórnarandstæðingunum, að þegar farið er að reka ríkissjóðinn í raun réttri að kannske 1/5-1/4 hluta með erlendum lántökum, þá er náttúrlega orðið um gífurlega eyðslu að ræða, þá er verið að afla fjár til daglegrar neyslu en ekki til fjárfestingar einvörðungu, sem er auðvitað réttlætanlegt þegar sú fjárfesting er skynsamleg.

En það fór svo, að mig minnir s. l. mánudag á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn.-nefndanna, að á það var bent, að umræður í nefndunum gætu ekki orðið mjög ítarlegar þar sem tími væri skammur og hægt væri að færa þær inn í deildir og hafa þessar umræður og upplýsingasöfnun hér í Ed. fyrst og fremst og þá í Nd. sjálfsagt líka. Þess vegna hlýtur svo að fara að ræður okkar verði lengri en ella hefði orðið og fyrirspurnir verði töluvert margar sem við hljótum að beina til hæstv. ráðh., ýmist þá þegar þeir heiðra okkur með nærveru sinni eða þá að þeim verður komið á framfæri með öðrum hætti milli 2. og 3. umr., af því að væntanlega hugsa menn sér að reyna að láta 3. umr. fara hér fram á morgun. Þess vegna er ljóst að það verður að vinna mikið í dag og fram eftir kvöldi og í nótt og þá í fyrramálið til þess að leita eftir svörum og leitast við að greiða fram úr þeim flækjum sem hér eru óteljandi margar á ferðinni, eins og allir vita sem tekið hafa þátt í þessum störfum. Það hefði auðvitað verið æskilegt og ég vona nú að svo fari, að fljótlega muni einhver ráðh. koma hér í ræðustól og svara einhverjum af þeim fjölmörgu spurningum, sem beint og óbeint hafa þegar verið bornar fram til þeirra af þeim hv. ræðumönnum sem þegar hafa talað, reynt að greiða í sundur þær flækjur sem ég áðan var um að tala. Og raunar hafa þeir skýrt þessi mál betur en áður hefur verið gert, enda hafa ekki síst þeir tveir lagt mjög mikla vinnu í þetta mál. Kannske verður tal manna að einhverju leyti sundurlausara fyrir það, að ekki skuli hafa verið neitt skipulag á þeirri vinnu, sem unnin hefur verið, og málið allt í brotum þegar það hingað kemur. T. d. hefur ekki unnist tími til að skoða þau 20-30 erindi, sem okkur bárust, og greinargerðir.

Nú er að vísu sagt að það eigi að draga strik yfir það allt saman og halda sig nokkurn veginn við lánsfjáráætlunina eins og hún var fram lögð, en þó hefur í hina röndina verið látið í það skína, að það yrði að leysa eitt og annað með öðrum hætti eftir á. En við vitum að í ráðherrastólunum eru dugandi menn og drengir góðir, eins og sagt hefur verið, og þeir vinna þá væntanlega núna um helgina þannig að einhver von verði til að afgreiða málið fyrir jól. Af hálfu okkar í stjórnarandstöðu og sérstaklega Ed.-manna í fjh.- og viðskn. hefur verið gefin um það yfirlýsing, að við munum leitast við að greiða fyrir afgreiðslu málsins fyrir áramót, en auðvitað helst fyrir jólin, ef ráðherrarnir geta gefið sér tíma til að sitja hér með okkur stund og stund a. m. k. og taka við fyrirspurnum og reyna að svara þeim. En málið vinnst auðvitað seint og illa, ef t. d. sá háttur verður á hafður sem sýndur var frsm. minni hl. í morgun, að t. d. hæstv. forsrh. gat sáralítið setið inni til að hlusta á ræðu hans. Hefði þó engum verið nauðsynlegra að fá þær upplýsingar og greinargóðu yfirlit yfir málin en einmitt hæstv. forsrh. svo að einhver von væri til að hann botnaði eitthvað í þeim. En öll höfðum við gott af að heyra þá ágætu ræðu og ekki síður ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. En ef ráðherrar geta hvorki sinnt þeirri þingskyldu sinni að sitja fundi í deildum né heldur nefndarfundi vinnast málin auðvitað seint og illa.

Ég vék hér að því, að jafnvel frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefði látið að því liggja, að erlendar lántökur væru orðnar mjög miklar. Ég efast ekki um að hann sé mér sammála um að það sé. Ég man ekki hvort hann sagði þetta beinum orðum, en hann sagði, held ég, orðrétt, að hann vildi fremur leyfa gjaldskrárhækkanir en erlendar lántökur til að standa undir útgjöldum fyrirtækis eins og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Um það er ég honum innilega sammála og það segir hann að sjálfsögðu vegna þess að hann telur erlendar lántökur einmitt í slíkum tilfellum, þ. e. til neyslu, vera orðnar a. m. k. nægilega miklar. Um þetta held ég að við ættum ekki að þurfa að deila. Það sjá auðvitað allir í hendi sér, að það getur ekki gengið til langframa að ætla að reka fyrirtæki eins og rafmagnsveitur og þjónustustofnanir með erlendum lántökum. Raunar gengur það ekki að reka slíkar stofnanir með lántökum. Þær verða auðvitað að borga sín daglegu rekstrargjöld af sínum töxtum. En sök sér er það ef hægt er að fá innlent fé til að reka þessar stofnanir. Það getur verið réttlætanlegt tímabundið að gera það að einhverju marki. En ég held að aldrei verði hægt að réttlæta það að gera það með erlendum lántökum, enda sjá allir að í óefni er komið eftir að nú um tveggja ára skeið, og þá einkum og sér í lagi á þessu ári, hefur verið farið í æ ríkara mæli inn á þá braut að reka allar ríkisstofnanir með bullandi halla og fjármagna þær með lántökum erlendis.

Þetta leiðir aftur hugann að því, sem ætti að vera kannske helst til umræðu um þessar mundir, að þessar innilokuðu hækkunarþarfir, ekki síst ríkisfyrirtækjanna og raunar einkafyrirtækja líka, eru þess valdandi, að verðbólgan er ekki 50% eins og Seðlabankinn nú telur hana vera, hún er í raun miklu meiri. Ég gæti trúað að verðbólguhraði á Íslandi væri núna þessa dagana meiri en nokkurn tíma áður í sögunni. Ég held að það sé nokkurn veginn öruggt, að ef allt væri talið sé verðbólgan nú meiri en nokkurn tíma áður hefur hent á þessu landi. Það er afraksturinn af niðurtalningunni og stjórnsemi þessarar hæstv. ríkisstj. Seðlabankinn segir að verðbólga sé nú 50%, og við vitum um allar þær innilokuðu hækkunarþarfir og allt það sem skríður fram hjá vísitölutalningu og þessum opinberu stofnunum sem reikna út. Því held ég að það væri óhætt að hækka þessa upphæð talsvert. Það veitti varla af því að 10% yrði bætt ofan á, að verðbólguhraðinn væri nú um 60%. T. d. bara sú rafmagnshækkun, sem þyrfti til þess að rafveiturnar væru reknar hallalaust og Landsvirkjun, og svo hækkun á símaþjónustu og öðru slíku gera æðimörg prósentustig þegar það er allt saman talið.

En þó að ég hafi ekki glöggar tölur og raunar enginn, því að enginn veit hvað erlendar lántökur verða miklar á næsta ári eða hver raunverulegur halli verður á fjárlögunum, þá held ég að það fari ekki á milli mála, að hvort tveggja verði a. m. k. um 20%, þ. e. að halli fjárlaga, þegar allt er fram talið á næsta ári, yrði ekki minni en 1/5 hluti allra samanlagðra fjárlaga og lánsfjárætlunar. Og

erlendar lántökur hafa þrefaldast frá árinu 1977, hvorki meira né minna. Þess vegna er sannarlega vá fyrir dyrum í efnahagsmálunum. En í þessu sambandi er athyglisvert að nú er talað um að það þurfi nýjar efnahagsráðstafanir — og vafalaust þyrfti þær, en þær gætu naumast orðið nú með sama hætti og áður ef vel ætti að farnast. Hér segir í einu af þessum skjölum sem við fengum, það er dags. 9. nóv. 1981 og heitir „Framreikningur verðlagsþróunar *næstu misserin, frá Þjóðhagsstofnun*" — Þar *segir* orðrétt, með leyfi forseta: „Hækkun kauptaxta milli áranna 1981 og 1982 er 49% að meðaltali og kaupmáttu kauptaxta yrði því 2.5% minni en á árinu 1981. "Það er sem sagt þegar komin fram 2.5% kaupmáttarskerðing á næsta ári með þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið. En þegar þetta er nánar skoðað lítur dæmið svona út: Verkalýðsfélögin semja um 3.25% kauphækkun. Þegar í stað eru 2.5% af þessari kauphækkun tekin burt. Samningarnir hljóða sem sagt upp á 0.75%. Það er sú hækkun sem launþegar í raun réttri eru taldir hafa fengið. En raunar fengu þeir ekkert og miklu minna en það, því að það var búið að taka það allt af áður og kauphækkunarskriðan er nú í fullum gangi. Ég sé ekki satt að segja, hvernig unnt sé að skerða meira en orðið er kjör láglaunafólks. Ef niðurtalning á að byggjast á því einu að skerða ætíð kjör láglaunamanna, þá er það ekki björgin. Það er víst búið að skerða kjör núna á síðustu tveimur árum 10-12 sinnum með ýmsum hætti. Sá leikur gengur ekki. Það verður að brjóta í blað, það verður að taka upp gerbreytta efnahagsstefnu ef vel á að farnast. Og þá má *raunar oft hafa stefnu núv. ríkisstj. til viðmiðunar og gera* allt þveröfugt við það sem hún gerir. Þá held ég að mætti komast æðilangt. En ég vík nánar að því síðar í ræðu minni hvað ég tel að ætti að gera þveröfugt, ýmsu af því.

Það er eitt, sem hefur ekki verið rætt hér kannske nægilega enn þá, og það er 28. gr. frv. þar sem segir að fjmrh. f. h. ríkissjóðs sé heimilt að taka þessi og þessi lán árið 1982. Mér skilst, þó að ekki fáist um það glöggar upplýsingar fremur en annað, að þegar muni vera búið að taka meiri lán á árinu 1981 en heimildir eru fyrir. Ein af þeim spurningum, sem raunar hafa komið fram óbeint hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, en ég ber fram beint nú, er um það, hvað erlendu lántökurnar á þessu ári séu miklar. Það gleður mig að hæstv. fjmrh. gengur nú inn í salinn. (**Fjmrh.:** Ég hef heyrt mál hv. ræðumanns.) Gott. Ég spurði hverjar erlendu lántökurnar muni vera í heild á þessu ári og hvort sú upphæð, sem tilgreind er í 28. gr., *nægi til þess að örugglega sé þó haldið við þá gömlu* reglu, sem ég held að nokkurn veginn hafi verið ófrávíkjanleg, að slíkar lántökur væru samþykktar á Alþingi. Menn hafa þá heldur viljað horfast í augu við staðreyndir og samþykkja kannske hærri lántökuheimildir en að lán væru tekin ólöglega og fram hjá vilja Alþingis. Þetta er eitt af grundvallaratriðunum sem við þurfum að fá upplýst fyrir 3. umr. málsins, áður en við göngum sameiginlega í það að reyna að greiða okkur í gegnum frumskóginn og komast niður á jörðina um megintölur í allri þessari flækju.

Það hefur verið rætt nokkuð um að þetta væru neyslulán að mjög miklu leyti. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson taldi að u. þ. b. þriðjungur erlendu lánanna muni verða bein neyslulán. Hann gat einnig um það, að tekin væru erlend lán til þess að borga útflutningsbætur á landbúnaðarafurðir. Ég er innilega sammála hv. ræðumanni um að það er illt að taka erlend neyslulán fyrir almenning á Íslandi. En það er þó hálfu alvarlegra að taka erlend neyslulán fyrir erlenda menn, fyrir útlendinga. Ég er ekki með þessu að segja að það þurfi ekki að greiða einhverjar útflutningsbætur. Við vitum að landbúnaðurinn hefur átt í miklum erfiðleikum og langmestum núna, þegar búið er að koma á hálfgerðu lénsskipulagi og í allri þeirri ofstjórn sem er að sliga bændur og einkum þó efnaminni bændurna, af því að það eru alltaf þeir sem verða fyrir barðinu á ofstjórnarmönnunum, hvort sem er á Íslandi eða annars staðar. Það er auðvitað stóralvarlegt. Við verðum að horfast í augu við það, að ef við erum að borga útflutningsbætur, þá eigum við að gera það af íslenskum fjármunum. Þar er ég hlynntur skattlagningu. Ef við ætlum að greiða slíka peninga á auðvitað að gera það með sköttum en hvorki innlendum né erlendum lánum. Það á að gera með sköttum. Menn verða þá bara að gera það upp við sig, hvort þeir vilji standa undir þessum útgjöldum, þó það kosti skatta, eða þeir vilji alls ekki sinna þessum útgjöldum. Hitt er auðvitað svo skaðvænlegt að það tekur ekki tali, að ætla sér að fjármagna þetta til langframa með erlendum lántökum og síðan aftur afborganir og vexti af þeim lánum með nýjum erlendum lánum. Þetta er slík svikamylla að það getur alls ekki gengið.

Eitt er það, sem mig langar að fá upplýst frá hæstv. *ráðherrum. Það er hvað líði umræðum um aukna bindi*skyldu í viðskiptabönkunum. Leyfi ég mér að beina því til hæstv. utanrr., að hann komi því á framfæri t. d. við viðskrh., sem ekki er hér staddur, hvort hann muni geta *við 3. umr. upplýst okkur um þær viðræður, sem munu* hafa farið fram milli ríkisstj. og viðskiptabanka og kannske Seðlabanka líka um aukna bindisskyldu til þess að standa undir fjármögnun ríkissjóðs að einhverju leyti. Ég þykist vita að þessar viðræður muni hafa farið fram í gær og jafnvel aftur í dag og jafnvel að þetta muni hafa verið rætt á ríkisstjórnarfundi í dag. Það veit ég þó auðvitað ekki, en mér finnst það ekki ótrúlegt. Þetta mun vera í tengslum við það, að ákveðið var að falla frá því að hækka skuldabréfakaup lífeyrissjóðanna úr 40% af ráðstöfunarfé í 45, það var hætt við að hækka það, og þá hafi komið upp sú hugmynd að reyna að bæta ríksisjóði þetta upp með því að auka bindiskyldu viðskiptabankanna. Þetta fæst væntanlega upplýst annaðhvort í þessari umr. eða við 3. umr. þegar hún fer fram.

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi bindiskylda í Seðlabankanum sé til mikillar óþurftar og sé röng stefna. *Seðlabankinn þarf auðvitað að hafa einhver stjórntæki.* Hann þarf að geta ráðið vöxtum og kannske bundið einhverja prósentu við viðskiptabanka, mismunandi eftir tímabilum frá mánuði til mánaðar, einhvers konar sveigjanlega bindiskyldu eins og var tekin upp ofan á annað í sumar. En það á að vera mjög lítil prósenta af veltufé viðskiptabankanna. Ég held að það væri miklu heppilegra að afurðalán og yfirleitt almenn lánaviðskipti færu fram í gegnum viðskiptabankana, sem eru þó allmargir, og sparisjóðina, það væri a. m. k. að nafninu til einhver samkeppni á því sviði og menn gætu snúið sér til síns banka, heldur en ætla að binda þetta með þeim hætti sem gert hefur verið. Það er kannske nokkuð langt gengið að fara að tala um hagfræðikenningar í þessu efni. Við vitum að á verðbólgutímunum síðasta áratuginn — að vísu er verðbólga ekki bara hjá okkur, heldur annars staðar líka, þó hér hafi þetta allt keyrt um þverbak — *hefur þessi peningamálastefna af sumum hagfræðingum*

verið talin líklegust til þess að bjarga öllu. „Monitarismi" er það víst kallað. Ég hef aldrei getað skilið þetta. Ég held að öll ofstjórn, hvort heldur er á sviði fjármála eða annarra viðskiptamála yfirleitt, leiði um síðir til skelfingar, eins og nú er að koma á daginn í lok ofstjórnartímabilsins á Íslandi. Vegna þess að ég held að nú sé komið að niðurlotum og komið að lokum þessa ofstjórnar- og upplausnaráratugar, það geti varla orðið æðilengi úr þessu sem unnt verði að halda áfram á þessari braut. Því væri áreiðanlega það besta, sem hæstv. ríkisstj. gæti gert, að snúa af þeirri braut eða þá að segja af sér, sem væri auðvitað langbest frá pólitísku sjónarmiði, flokkspólitísku alla vega. Þó hef ég ekkert á móti því að hún sitji nokkra mánuði í viðbót svo að menn almennt sjái til hvers ófarnaðar svona stjórnarstefna, óheilindi og sviksemi leiða, þannig að ekki verði til þess gripið aftur í náinni framtíð. Sem betur fer eru margir stjórnarstuðningsmenn þegar farnir að átta sig á þessu og eru lítt hrifnir af framhaldi slíkra vinnubragða.

Þeir ágætu frsm., sem hér töluðu áðan, véku, að mér fannst, of lítið að einu máli. Það voru allar umræðurnar í nefndunum um lífeyrissjóðina og þá aðför sem að þeim átti að gera, — aðför sem var gerð að vísu þó að henni væri hrundið. Þar birtist ofstjórnaræði og heimtufrekja ríkisvaldsins allsnakin fyrir stjórnum lífeyrissjóðanna og okkur í nefndinni. Ég held að ekki verði hjá því komist að gera nokkra grein fyrir upphaflegum tillögum meiri hl. fjh.- og viðskn. í þessu efni og lesa þá kannske nokkrar málsgreinar, með leyfi hæstv. forseta. Þetta skjal er með þeim hætti, að stjórnarmenn lífeyrissjóðanna brugðust mjög hart við. Þeir létu orð falla á þann veg, að þessi lög mundu verða ómerk og fengju ekki staðist, að það mundi verða leitað til réttra aðila í réttarkerfinu til að hrinda þessari ofsókn. Þeir mótmæltu því að taka með þessum hætti sjálfræði af sjóðunum. Og þegar þar var komið sýndi hæstv. forsrh. þá stjórnvisku þó að lýsa yfir, að heppilegra væri að fara samningaleið en að beita þvingunum, og óskaði eftir tillögum lífeyrissjóðanna, enda var þá í mikið óefni komið, sem ekki er furða og menn átta sig nú á, þegar ég les hér nokkrar málsgreinar í þessu plaggi. Þar segir t. d. að við upphaf hvers árs skuli lífeyrissjóðirnir skila fjmrh. áætlunum um heildarráðstöfunarfé sitt á árinu og hvernig það skiptist á einstaka mánuði ársins. Áætluninni skuli fylgja óskir lífeyrissjóða um það, hvaða aðilar óska eftir að kaupa skuldabréf til að fullnægja kaupskyldu sinni samkv. 1. mgr. Að því marki, sem óskir lífeyrissjóðanna í heild til að kaupa af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal rn. leita samkomulags við sjóðina um aðra kauptilhögun og hefur úrskurðarvald um það efni ef ekki næst samkomulag.

Það á sem sagt að ræða góðlátlega við menn. Þarna var orðalagi breytt. Í staðinn fyrir að „leita samkomulags" kom nú bara: eiga viðræður, en hefði síðan úrskurðarvald um kaup lífeyrissjóðanna. Síðar segir: „Engum fjárfestingarlánasjóði samkv. 1. mgr. er heimilt að selja lífeyrissjóðum skuldabréf umfram þá heildarfjárhæð sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir." Það átti sem sagt að vera á valdi ráðh. — og náttúrlega Alþingis að því er lánsfjáráætlun varðar — að ákveða nákvæmlega af hvaða fjárfestingarlánasjóðum mætti kaupa. Lífeyrissjóðirnir skyldu sviptir öllum rétti til að ákveða eitt eða neitt um það sjálfir, taka átti af þeim öll ráð og síðan átti ráðh. að ákveða lánstíma og lánskjör. Það hefur raunar verið svo, sem er þó óeðlilegt. Og svo er klykkt út með því, að ráðh. geti með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd þessara greina, þ. á m. hvernig skilgreina skuli ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. Það er sem sagt algerlega tekið af allt sjálfræði lífeyrissjóðanna. Ég fæ ekki skilið að það sé ekki stjórnarskrárbrot að ganga þannig fram. Raunar má kannske segja að strax í 1. mgr. stappi nærri því að um stjórnarskrárbrot sé að ræða þegar sagt er að sjóðunum skuli vera skylt að verja svo og svo miklu ráðstöfunarfjár síns til ríkisins og ríkisstofnana eða sjóða. En það er þó nokkuð annað, þó að það orðalag standi heldur en slíkt alræðisvald sem þarna á að vera. Sjóðirnir hafa þó haft töluvert frjálsræði. Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur getað keypt af verslunarlánasjóði, Lífeyrissjóður samvinnumanna af samvinnulánasjóðum og iðnaðarmanna af Iðnlánasjóði o. s. frv. Það hefur þó verið ákveðið frjálsræði þarna. En nú átti að fara inn á markvissari brautir, eins og formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, komst að orði þegar hann kynnti þetta plagg. Þar voru sannarlega markvissari brautir. Og hann bætti því við, að í þessum áfanga yrði ekki gengið lengra en að taka 45% með þessu valdboði.

Nefndin vann mjög mikið einmitt að þessu máli með þessum árangri þó sem ég hér lýsti. Þeir komu á nokkra fundi, aðallega tvo fundi allir saman, helstu ráðamenn lífeyrissjóðanna og þar mjakaðist málið þannig fram, að það er nú komið í allt annan og heilbrigðari farveg. Skal ég ekki fara öllu lengra út í það að öðru leyti en því, að mig langar til að varpa þeirri spurningu fram við hæstv. fjmrh., sem hér er nú staddur, og vonast til að hann svari henni síðar í umr. eða þá við 3. umr. — helst við þessa umr., hvað valdi því, að nú stendur í brtt. að sjóðirnir, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af, skuli viðurkenndir af fjmrn. og Seðlabanka Íslands. Í lögunum frá í fyrra er einungis: sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands. Hvað veldur því, að því er hér skotið inn í að það þurfi einnig að viðurkenna þessa sjóði af fjmrn? Ég hef ekki séð það í löggjöf áður. Þetta er nýtilkomið og okkur yfirsást það í umfjöllun nefndarinnar að þessu hafði verið skotið inn í. Þetta er í 1. mgr. þar sem segir: „til kaupa af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum, sem viðurkenndir eru af fjmrn. og Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979." Hér er skotið inn þessum orðum: „fjmrn. og ".

Ég veit ekki til þess að fjmrn. gefi sérstakar viðurkenningar til sjóða eins og t. d. Fiskveiðasjóðs, Iðnlánasjóðs, Iðnþróunarsjóðs og hvað þeir nú allir heita, Verslunarlánasjóðs o. s. frv., o. s. frv. Eru einhverjar sérstakar viðurkenningar af fjmrn. hálfu fyrir því, að þessir sjóðir megi starfa? Þetta kann að vera af kunnáttuleysi mínu, en það upplýsist þá hvað hér er á ferðinni. Er hugsanlegt að hér sé verið að sniðganga allt sem í öðrum mgr. er verið að fallast á við forustumenn þessara sjóða, að það þurfi ekkert annað en bara litla neitun fjmrn. á því að viðurkenna sjóðina, að hæstv. fjmrh. — og er ég þá ekkert að sneiða að núv. hæstv. fjmrh. — hver sem hann er, gæti bara sagt einn daginn: Ég viðurkenni ekki ykkar sjóð. — Samkv. Ólafslögum, sem eru gölluð — ég er ekki viss um að hæstv. utanrrh. hafi einn verið höfundur þeirra laga — er það á valdi Seðlabanka að veita slíka viðurkenningu. Það er alveg skýrt tekið fram í þeim lögum. En þar er fjmrn. mér vitanlega hvergi nefnt á

nafn. Þetta þarf alveg nauðsynlega að fá skýrt.

Í annan stað vil ég gjarnan til öryggis benda á það, að í 3. mgr. brtt. þeirrar, sem nú hefur verið fram lögð, hefur verið skotið inn einu orði í lok mgr., þar sem segir: „Að því marki, sem áform lífeyrissjóðanna í heild um kaup af einstökum aðilum samrýmast ekki lánsfjáráætlun, skal ráðuneytið eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um aðra kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun“ — og síðan er bætt við: „sinni“, „áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum.“ Þessi breyting var gerð að ósk forustumanna lífeyrissjóðanna og mér finnst rétt að undirstrika það hér í umr. til að festa það í þingtíðindunum, að með þessu er að sjálfsögðu átt við það, að þetta er áætlun rn., sem það eitt ber ábyrgð á, og hefur ekkert gildi annað en það, að rn. geri sína áætlun. Lífeyrissjóðirnir eru ekki bundnir í einu eða neinu tilliti af þessari áætlun rn. Þess vegna er fallist á að bæta inn þessu orði: áætlun „ sinni“. Áætlun rn. er lífeyrissjóðunum algerlega óviðkomandi að þessu leyti. Þeir eru ekki bundnir af þeirri áætlun að einu leyti eða neinu.

Nú er hæstv. forsrh. vikinn brott. Ég ætlaði að víkja nokkuð að honum en það getur beðið. Ég get þá vikið að öðru á meðan hann ekki er hér inni.

Það er kannski hægt að nota tímann til þess að fara yfir þær spurningar sem hér hafa beint og óbeint komið fram og ég hef sumar skrifað hjá mér, þar sem hæstv. fjmrh. er hér og mundi sjálfsagt leitast við að svara þeim. Þá er fyrst þetta, sem báðir frsm. hafa mikið rætt um: Verður dregið verulega úr orkuframkvæmdunum? Miðað við það, að brtt. hafi ekki náð fram að ganga og yfirlýsingar um það, að þetta verði leyst innan þess ramma sem þegar sé fyrir hendi, er útlit fyrir að verulega dragi úr orkuframkvæmdum. Að þessu spyr ég sérstaklega vegna þess að ég hygg að allir muni vera sammála um að reiknitalan, sem stuðst er við, 33% eða 27% meðalhækkun, muni alls ekki geta staðist. Menn getur greint á um það, hvort verðbólga verði á næsta ári 40, 50, 60, eða 70%, en þessi tala getur ekki staðist. Allar upphæðir í lánsfjáráætluninni eru í íslenskum krónum, þannig að þegar við bætist að ekki á að heimila frekari lántökur en voru í upphaflega frv., þá er spurningin þessi: Er útlit fyrir að verulega dragi úr framkvæmdum á sviði orkumála frá því sem áætlað var þegar áætlunin var framlögð? — Nú er hæstv. fjmrh. líka farinn. (**Forseti:** Ef vel stæði á í ræðu hv. þm. væri kannske tækifæri til þess að gera nú hlé. Það er fyrirhugað að veita hlé til þingflokksfunda kl. 4 til kl. 4.30 og fresta fundi í deildum til kl. 4.30. Þm hafa þá örstutta stund til þess að fá sér kaffisopa, smákaffihlé til kl. 4, þingflokksfundur kl. 4 til 4.30, síðan verður fundi fram haldið í deildum kl. 4.30.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Áðan ræddi ég lítillega um, hver framvindan yrði á umræðum um þetta mál, og lagði þá til að stjórnarandstæðingar og stjórnarliðar reyndu að sameinast um það að vinna skipulega að málum. Forsendur þess taldi ég þá, að ráðherrar og stjórnarliðar mættu sæmilega hér í þingsölunum og hlustuðu á ábendingar og fyrirspurnir og reyndu að leggja lið við að afla upplýsinga og starfa þá á milli 2. og 3. umr., þannig að eitthvað greiddist úr hinum mörgu flækjum sem eru á þessu geysilega þýðingarmikla máli. Mér sýnist nú að misbrestur ætli að verða á því eins og fyrri daginn að stjórnarliðar, einkum og sér í lagi ráðherrar, verði við slíkum tilmælum. Þó vill nú svo til að hæstv. forsrh. er hér mættur. Mun ég nokkuð víkja orðum til hans að lítilli stundu liðinni.

Ég vil benda á það, að svo mikil upplausn er nú í öllum þessum málum að sama daginn og okkur er tilkynnt að allar þær beiðnir, sem fram hafa komið og greinargerðir í 30 erindum eða svo verði strikaðar út, eins og það var kallað, — sama daginn er þess óskað af hálfu fjmrn. að eitt af þessum málum, áreiðanlega það langvitlausasta, verði tekið inn. Það er lánsfé til byggingar borpramma sem á að kosta eftir áætlun 1.5 milljarð gkr., og verða sjálfsagt einir 3 milljarðar ef það fer eftir öðru hjá Vita- og hafnamálastofnuninni, og samkv. áætlun á reksturinn að kosta álíka og allar fjárveitingar í hafnir í mínu kjördæmi árlega. Þennan borpramma átti að strika út. En nú eru komin fyrirmæli til fjvn. um að fjárveiting eða lánsfjáröflun til hans verði tekin inn á heimildagrein fjárlaga. Þegar hún felst ekki inni í lánsfjáráætlun, þegar á að hindra frekari erlendar lántökur, að okkur er sagt, með því að strika allt þetta út og það fæst ekki einu sinni rætt í fjh.- og viðskn., þá gera menn sér lítið fyrir og fara inn um hinar dyrnar, hvort á að kalla þær bakdyr eða hvað, til að koma því inn á fjárlög. Þetta er allt á sömu bókina lært. Fjmrh., sem biður okkur að strika þetta allt saman út, ræða það ekki einu sinni, láta málið ekki koma hér fyrir, án þess að við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum beðið um, snýr sér til fjvn. með skriflega beiðni um að þessu verði potað þar inn í staðinn — og sjálfsagt vegna þess að þetta er áreiðanlega vitlausasta málið af öllum þeim sem til nefndarinnar haf komið, þá er sjálfsagt að taka það fram yfir orkuframkvæmdir og annað slíkt. Þetta er lítið dæmi um vinnubrögð í þessari hæstv. ríkisstj.

Af því að tveir hæstv. ráðh. ganga nú í salinn vil ég gjarnan láta þá heyra þetta, ef þeim skyldi ekki vera um það kunnugt, að sama daginn og okkur í fjh.- og viðskn. er tilkynnt að það eigi að strika út þær 30 beiðnir sem voru til okkar lagðar, að draga yfir þær strik, eins og það var orðað, þ. á m. vitlausasta málið, sem er borprammi sem er talinn munu kosta 1.5 milljarð gkr. til Vitamálaskrifstofunnar, en verða sjálfsagt 3 ef á málum er haldið þar eins og venjulega, og reksturinn á þessum pramma á að kosta árlega eins og allar fjárveitingar til hafna í mínu kjördæmi, þá er hann einn tekinn út úr og fjmrh. sendir skriflega beiðni til fjvn. um að þessi fjárveiting verði tekin inn á heimildargrein í fjárlögum, sama daginn og okkur er sagt að alls ekkert eigi að hugsa um þetta mál. Þetta er sem sagt allt á sömu bókina lært. Það er engu að treysta sem sagt er. Það er alltaf reynt að fara aftan að mönnum, svíkjast að mönnum. Það hefur svo sem verið til stjórnarinnar stofnað með þeim hætti og þá eðlilegt að framhaldið sé slíkt hið sama.

Og hér er annað mál komið á daginn. 16. des. skrifar iðnrh. Landsvirkjun í tilefni af því, að Landsvirkjun hefur skrifað iðnrh. þar sem segir: „Stjórn Landsvirkjunar hefur nú ákveðið að farið skuli í framkvæmdir við stíflugerð við Sultartanga miðað við að henni verði lokið 1983.“ Þá gerist það, þegar ákvörðun er tekin um að strika yfir ýmsar orkuframkvæmdir í lánsfjáráætlun, að hæstv. iðnrh. skrifar bréf til Landsvirkjunar, dags. 16. des. 1981, sem hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Vísað er til bréfs Landsvirkjunar, dags. 20. okt. 1981, þar sem óskað er eftir leyfi iðnrh. til að hefja framkvæmdir við Sultartangastíflu.“

Síðan eru bollaleggingar um hvort nauðsynlegt sé að

fara svona fljótt í þetta o. s. frv. Og niðurlagið er svona orðrétt: „Ráðuneytið telur nauðsynlegt að tryggja sem best rekstraröryggi og raforkuframboð í landskerfinu á næstu árum og óskar eftir mati Landsvirkjunar um orkuþörf á árunum 1982—1984 í ljósi ofangreindra viðhorfa. Að því fengnu mun rn. taka afstöðu til beiðni Landsvirkjunar varðandi framkvæmdir við Sultartangastíflu."

Þetta er kurteislegt orðalag að hætti hæstv. iðnrh., en þarna er verið að segja að nú komi til greina að fresta þessari framkvæmd. Og þá er sjálfsagt að nota þá peninga án þess að Alþingi fái um að fjalla hvernig þeim verði varið til þeirra millifærslna sem okkur var tjáð í hv. fjh.- og viðskn. að þyrfti að gera og mundu bjarga fjármálum iðnrn. Það voru nefndar millifærslur og tilfærslur á milli liða sem samþykktir eru. Engar upplýsingar voru gefnar um það, hvernig ætti að ráðstafa þessu fé, t. d. samkv. 4. og 5. gr. lánsfjárlaga, og eins fé til framkvæmda við hitaveitur, bæði í mínu kjördæmi og öðrum.

En úr því að hæstv. forsrh. er nú hér staddur langar mig að benda einnig á það, að uppi eru bollaleggingar um það — ef ég skil það rétt í ræðu sem hæstv. ráðh. flutti í Nd. í gær — að taka jafnvel upp mikið og víðtækt millifærslukerfi í sjávarútveginum eins og var hér í gamla daga. Þá yrðu ekki neinar smáupphæðir sem þyrfti að útvega að láni eða með einhverjum hætti til styrktar. — Nú gengur ráðh. úr salnum og þá verð ég víst að víkja að öðru. (Gripið fram í.) Já, það er beðið sérstaklega um ráðh. í annarri deild en hann á sæti í. Við skulum bíða og sjá til hvort hann kemur hér þótt síðar verði. Ég get þá rætt svolítið um atvinnumálin almennt á meðan. Til þess er vissulega fyllsta ástæða og ég þekki þau auðvitað best í mínu kjördæmi.

Það voru t. d. þingmenn á yfirreið í haust og töluðu við forustumenn atvinnufyrirtækja og kynntu sér reikninga og uppgjör þessara fyrirtækja. Því er haldið fram m. a. í þeirri ræðu forsrh., sem ég geri hér grein fyrir á eftir að honum viðstöddum, að eiginlega sé allt í stöku lagi hjá sjávarútveginum. Ég gat ekki betur séð en þau fyrirtæki, sem mest hafa umleikis, hefðu á þessu ári og hinu síðasta tapað um það bil fjórðungi til þriðjungs heildareignar sinnar. Tapið var svo geigvænlegt að þau voru öll komin í þrot. En þeim hefur verið fleytt áfram frá viku til viku eða mánuði til mánaðar með hengingarlánum og bráðabirgðalánum án þess að um nokkrar raunhæfar aðgerðir sé að ræða. Á þeim slóðum kemur því allt annað upp á teningnum en stjórnarsinnar og ráðamenn vilja vera láta. Þar blasir við hrun í atvinnumálum ef ekki verði gerðar varanlegar ráðstafanir til þess að tryggja rekstrargrundvöll. Það var orðið rekstrargrundvöllur sem allir útvegsmenn og sjómenn höfðu á vörunum þegar við vorum að ræða við þá, þó að þeir að sjálfsögðu væru því fegnir að reynt yrði að greiða fyrir með lánsútveganir til bráðabirgða. Þetta á við um svo til allan atvinnurekstur í þessu kjördæmi, og ég hygg að ekki sé verr að atvinnurekstri staðið þar en annars staðar á landinu. Þessi mynd blasir við. Og fleira heldur uggvænlegt blasir við einmitt í því kjördæmi. Það er t. d. með hvaða hætti haldið hefur verið á virkjunarmálum, þeim tvískinnungi og hálfvelgju, sem þar hefur verið ríkjandi, þar sem allir hafa fengið á tilfinninguna að ríkisstj. meinti ekki nokkurn skapaðan hlut með stórvirkjunum. Og raunar er það ekki furða þegar hliðsjón er höfð af ummælum hæstv. iðnrh. í því efni, þar sem hann vildi helst loka álverksmiðjunni og hafa engar framkvæmdir í sambandi við stórvirkjanir eða stóriðju. Síðasta staðfestingin á fyrirætlunum hans í þessu efni er það bréf sem ég vitnaði til áðan og hann ritaði Landsvirkjun í gær. Nú á nefnilega að nota lánsfé, sem hægt er að fá erlendis, til neyslu innanlands en ekki til stórvirkjana, eins og rakið var ítarlega áðan af framsögumanni.

Ég ætla nú á meðan ég bíð eftir hæstv. forsrh. að ítreka nokkrar fleiri spurningar, sem mundi líklega einna helst vera beint til hæstv. fjmrh. á meðan hann er hér inni með okkur, þannig að því sé þó í öllu falli aflokið. Ég þykist vita að hann muni verða við þeim tilmælum mínum að athuga af hvaða sökum orðið fjmrn. sé komið inn í greinina um lífeyrissjóðina. Ætla ég að ég hafi skýrt það svo vel að hann hafi skilið þá fyrirspurn mína og muni svara henni. Hún er kannske sú mikilvægasta á þessu stigi.

Þá vildi ég kannske ekki síst fá svör hans við því, hvort hugmyndin sé að loka eigi fyrir rafmagnið í Reykjavík eða hvort Rafmagnsveitu Reykjavíkur verði veitt veruleg hækkun — og mér skilst að hún þurfi að vera a. m. k. 100% á næsta ári að viðbættri þeirri verðbólgu sem þá yrði, ef hún ætti að geta staðið undir skuldbindingum sínum. Þetta eru munnlegar upplýsingar sem ég hef fengið og sel ekki dýrara en ég keypti. Verður það sem sagt leiðin til að bjarga Rafmagnsveitunni eða verða einhverjar ráðstafanir gerðar til þess að útvega innlent lán að einhverju leyti? Mér er tjáð að svo sé komið í viðskiptabanka fyrirtækisins, Landsbankanum, að bankastjórar sjái sér ekki fært að halda fyrirtækinu gangandi öllu lengur. Það eru einnig munnlegar upplýsingar sem ég hef, en ég hygg að þær hljóti að vera réttar, því að skuldirnar munu vera gífurlegar og vaxandi dag frá degi. Þetta eru sem sagt þessar tvær spurningar varðandi Rafmagnsveitu Reykjavíkur, ef hæstv. fjmrh. vildi svara þeim.

Þá er það þriðja spurningin, sem ég get einnig beint til hans og er í tilefni af því sem ég áðan gat um, bréfi iðnrh. Hún er á þennan veg: Verður mjög dregið úr orkuframkvæmdum frá því sem fyrirhugað hefur verið, miðað við það, að ekki fáist afgreiddar þær lánbeiðnir sem fyrir liggja, og miðað við þessa óbeinu ósk iðnrh. um frestun á framkvæmdum við Sultartanga? Mun fjárskortur valda því, að ekki verði unnt að standa við fyrirætlanir þær sem verið hafa um orkumál að því er varðar virkjanir og línulagnir og hitaveitur. (**Fjmrh.:** Óbein ósk?) Þessi óbeina ósk, já, hún er svohljóðandi í bréfi iðnrh. Í gær svarar hann bréfi Landsvirkjunar — ráðh. hefur kannske ekki verið hér inni þegar ég gat um það — bréfi Landsvirkjunar, sem er reyndar frá 20. okt. 1981, þar sem Landsvirkjun tilkynnir í alllöngu máli, en ég les aðeins aðalatriðin, orðrétt:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur nú ákveðið að farið skuli í framkvæmdir við stíflugerðina," þ. e. Sultartangastíflu, „miðað við að henni verði lokið 1983 og hlutaðeigandi verk boðin út um næstu áramót." Mér skilst að útboðið sé þegar í gangi.

Síðan er bréf hæstv. iðnrh. sem er dags. í gær, 16. des. Upphafsorð þess eru svohljóðandi, — ég bið ráðh. afsökunar á því að hann var víst ekki inni þegar ég gat um þetta áðan, en ég endurtek það þess vegna: „Varðandi Sultartangastíflu" er yfirskriftin:

„Vísað er til bréfs Landsvirkjunar, dags. 20. okt. 1981, þar sem óskað er eftir leyfi iðnrh. til að hefja framkvæmdir við Sultartangastíflu."

En í niðurlagi bréfs Landsvirkjunar er óskað eftir þessu leyfi þar sem segir: „Er það von Landsvirkjunar, að þér, hæstv. iðnrh., getið fyrir hönd ríkisstj. fallist á umræddar framkvæmdir við Sultartangastíflu samkv. 1. gr. laga um raforkuver, nr. 60 frá 4. júní 1981."

Og niðurlag bréfs iðnrn. er svo hljóðandi: „Ráðuneytið telur nauðsynlegt að tryggja sem best rekstraröryggi og raforkuframboð í landskerfinu á næstu árum og óskar eftir mati Landsvirkjunar um orkuþörf á árunum 1982—1984 í ljósi ofangreindra viðhorfa. Að því fengnu mun ráðuneytið taka afstöðu til beiðni Landsvirkjunar varðandi framkvæmdir við Sultartangastíflu."

Ég tel mig vita að þetta bréf sé skrifað af því tilefni, að í fjh.- og viðsk.-nefndum var í gær ákveðið, eins og hæstv. ráðh. veit, að strika yfir, eins og það var nefnt, allar þær beiðnir sem hér lágu fyrir á 30 fylgiskjölum eða 40 eða hvað þau eru nú mörg orðin. Viðbrögð rn. eru þá þau að leita eftir því við Landsvirkjun, að framkvæmdum við Sultartanga verði frestað. Öðruvísi get ég ekki skilið þetta. Ef það er misskilningur væri það mjög ánægjulegt. Það mundi þá upplýsast í svari hæstv. fjmrh. Enginn yrði glaðari en ég ef það upplýstist að ekki væri meiningin að draga úr orkuframkvæmdum. En mér sýnist að því stefnt, kannske af neyð, það sé ekki hægt að auka erlendar lántökur þar sem mikið af þeim fer til neyslu, en ekki til varanlegra framkvæmda, og menn hafi komist að þeirri niðurstöðu, að við svo búið mætti ekki standa. Þá er að taka því og horfast í augu við það. En þá þarf það líka að liggja fyrir og þingheimur á heimtingu á því að fá að vita hvort það sé tilfellið að stjórnin hafi komist að þeirri niðurstöðu, hæstv. ríkisstj., að erlendar lántökur séu orðnar svo miklar að ekki sé á það hættandi að auka þær, jafnvel þó til svo nytsamlegra framkvæmda sé sem orkuframkvæmda.

Þá er spurningin hvernig hugmyndin sé að ráðstafa því fé sem getið er um í 4. og 5. gr. frv. til lánsfjárlaga, þ. e. fjármagni til Iðnrekstrarsjóðs, 10 millj., og til fyrirtækja með eignaraðild ríkisins, 15 millj. kr. lántökuheimild sem nú er raunar orðin 18 millj. Þessi fyrirspurn mun raunar hafa komið fram hjá frsm. líka, en ég ítreka hana þá hér með.

Þá er það ein spurning, sem ég vék raunar að efnislega í ræðu minni fyrr: Hve miklar eru erlendar lántökur orðnar á árinu 1981 og hverjar verða þær um áramót og hverjar eru lántökuheimildir? Eru heimildir í lögum fyrir þeim lántökum, sem eru fyrirhugaðar eða þegar hafa farið fram, og nægir þá heimildin í 28. gr. til þess að ekki séu heimildarlaust tekin erlend lán. Ég vona að þessi spurning sé líka skýr og við fáum þetta upplýst og sundur greint annaðhvort núna við umr. eða þá á milli umræðna.

Ég beindi svo spurningu til hæstv. viðskrh., sem hæstv. utanrrh. mun hafa komið á framfæri við hann, varðandi umræður um bindiskyldu bankanna um þessar mundir.

Þá er það spurning til hæstv. fjmrh., hvort það muni vera hugmyndin að ríkissjóður beini til Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs þeim peningum sem hann hefur fengið af fjármagni lífeyrissjóðanna. Ef ég hef skilið ráðuneytisstjóra fjmrn. rétt, þá mun það hafa verið tiðkað, að þegar einhverjir af þessum opinberu sjóðum höfðu fengið allt sitt í lántökum frá lífeyrissjóðunum, þá hafi þeir beint því, sem umfram hafi verið, til þeirra sjóða sem samkv. áætlun áttu að fá ákveðna hlutdeild. Hins vegar er kannske ekki jafnljóst, þegar ríkissjóður hefur tryggt sig algerlega en sjóðir atvinnuveganna og húsbyggjenda eru hins vegar mjög langt á eftir og hafa ekki fengið nándar nærri það fjármagn sem þeim var ætlað, hvort hugmyndin sé þá sú, að þegar upp verði staðið fyrir áramótin verði hlutfallið hið sama, sama hlutfall af áætluninni verði eftir í ríkissjóði og hjá hinum sjóðunum, eða hvort ríkissjóður hyggist hafa allt sitt á þurru en skilja hina sjóðina eftir í svelti. Vænti ég að hæstv. ráðh. muni geta svarað þessu, en eins og ég sagði skildi ég ráðuneytisstjórann þannig, að á fyrri árum hafi tíðkast, ef einhver sjóðurinn var búinn að fá meira eða átti kost á meiru en hinum hafði verið ætlað, að það væri látið ganga til annarra sem ekkert höfðu fengið samkvæmt áætlun.

Það voru raunar aðrar spurningar hér sem ég hafði helst viljað hafa hæstv. forsrh. viðstaddan við. (Gripið fram í.) Þá vildi ég beina því til forseta, hvort hann gæti beitt áhrifum sínum til þess. (**Forseti:** Já, það mun verða gerð tilraun til þess. Ég vil biðja hv. ræðumann að hinkra við á meðan. — **ÓRG:** Hv. þm. Matthías Bjarnason hafði óskað eftir forsrh. í Nd. — **Forseti:** Leggur hv. ræðumaður áherslu á að forsrh. komi? Hann mun vera bundinn eins og er í Nd. Við getum þá hinkrað við og frestað fundi.)

Þá gengur hæstv. forsrh. í salinn. Ástæðan til þess, að ég óskaði þess sérstaklega að hæstv. ráðh. væri hér viðstaddur, er sú, að ég hef borið hér fram nokkrar spurningar sem ég hef mestmegnis beint til hæstv. fjmrh. og hann mun örugglega leitast við að svara. En það er svo margt óljóst í lánsfjáráætlun og í afgreiðslu fjárlaga og lánsfjáráætlunar, sem raunar er kannske eitt og sama málið eða ætti að vera það, að við nm. erum að reyna — og höfum verið að því undanfarna sólarhringa — að gera okkur grein fyrir hinni raunverulegu stöðu. Og það eru alltaf að bætast við nýjar upplýsingar, eins og ég gat um áðan og ráðh. mun hafa heyrt að einhverju leyti.

Það voru mjög athyglisverðar upplýsingar, sem komu fram í ræðu hæstv. forsrh. í Nd. í gær, — ræðu sem vakti þar mikla athygli og mun vafalaust gera í þjóðfélaginu öllu um það er lýkur. Og þar sem hæstv. ráðh. á nú sæti hér í hv. Ed. finnst mér að sú góða deild eigi ekki að vera afskipt, að hún eigi að fá að vita um þær upplýsingar og skoðanir. Ég mun þess vegna taka að mér að koma þessum upplýsingum á framfæri og kannske lesa upp nokkrar málsgreinar í þessari stuttu og gagnmerku ræðu hæstv. forsrh., með leyfi forseta. En ástæðan til þess, að ég tel algerlega nauðsynlegt að ræða einmitt það mál, sem hann víkur þar að, við umfjöllun um lánsfjáráætlunina og lánsfjárlögin, er sú, að mér sýnist hann að nokkru leyti a. m. k. — hún er að vísu nokkur véfrétt, þessi ræða hans, en í öðru orðinu virðist mér hann gera ráð fyrir að komið geti til víðtæks uppbótakerfis í sjávarútvegi. Það þarf að styrkja ákveðnar greinar en aðrar ekki. Ef svo væri yrði náttúrlega um gífurlega fjármuni að ræða. Nú er verið frá viku til viku og mánuði til mánaðar að fjármagna atvinnufyrirtæki til að halda þeim gangandi, með miklum taprekstri að vísu, til þess að þau stöðvist ekki algerlega. Þar er um að ræða erlend lán mestmegnis, sem að vísu ganga í gegnum Byggðasjóð. En ef svo fer nú sem hæstv. forsrh. gerir skóna, í öðru orðinu a. m. k. í þessari merku ræðu, að tekið verði upp einhvers konar uppbótakerfi, þá sé ég ekki — miðað við allan þann fjárskort, sem er til framkvæmda samkv. lánsfjáráætlun, og allan þann niðurskurð, sem nú er boðaður og framkvæmdur, — að þessu verði við bjargað nema þá með því að stórauka enn töku neyslulána er-

lendis. Þess vegna þyrfti endilega að fá núna upplýst, eftir því sem hægt er, hve stórum fjárhæðum þetta mundi nema. Þær hljóta að verða gífurlegar ef bjarga á vanda útvegsins kannske að mestu leyti með slíkum lántökum. Það er útilokað að ljúka þessari 2. umr. án þess að fá svör hæstv. forsrh. í þessu efni og hans útlistingar á því, hvað hann á við með orðum sínum í þessari merku ræðu sem ég mun nú rekja nokkuð, en þar segir hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Það hafa kannske ekki allir gert sér ljóst hversu góður stuðningsmaður hv. 1. þm. Vestf. væri atvinnulífinu í heild og ekki síst iðnaðinu, því að hann hefur verið mikið tengdur sjávarútvegi, sýnt þar brennandi áhuga, en hann undirstrikaði það nú í sinni ræðu, hvað iðnaðurinn er honum ofarlega í huga.

Í ræðu sinni hér í dag hefur hann gert í rauninni tvær tillögur. Önnur er sú, að gengi íslensku krónunnar verði stórlega lækkað, sem þýðir náttúrlega mjög aukna seðlaprentun, og í öðru lagi að um leið verði seðlaprentun flutt inn í landið."

Hér skýt ég því nú inn, að ég held að það hafi verið hæstv. sjútvrh. Steingrímur Hermannsson sem — að vísu utan þings — boðaði stórfellda gengisfellingu um áramótin. Það voru ekki stjórnarandstæðingar sem það gerðu. Þótt við höfum að vísu á það bent, að gengisfelling sé orðin og enginn mannlegur máttur geti til langframa neitað þeirri staðreynd, þá höfum við hvorki staðið að gengisfellingum né boðað þær. Þetta skot hlýtur því að hafa átt að hitta hæstv. sjútvrh. þó því væri beint að nafninu til í aðra átt. Síðan segir áfram:

„En hv. þm. beindi til mín fsp. um það, hvernig við hugsum okkur að leysa vandamálin um áramót, þ. e. vandamál fiskverðs, vandamál útgerðar og fiskvinnslu. Hann tók fram sjálfur réttilega að hann ætlaðist auðvitað ekki til þess að fá svör varðandi prósentur um fiskverð það, sem helst væri í hugum manna eða helst til lausnar, né heldur skildist mér að hann ætlaðist beinlínis til svara um sjálfa gengisskráninguna. En ég held að þegar menn ræða um þetta mál sé nauðsynlegt að gera sér nokkru nánari grein og gleggri en oft kemur fram í umr. um málið af hálfu stjórnarandstæðinga og málgagna þeirra. Okkur er það auðvitað öllum ljóst, að við stöndum frammi fyrir miklum vanda í ýmsum mikilvægum greinum atvinnulífsins."

Og síðan kemur: „Ef við tökum sjávarútveginn, þá er það nú þannig að útgerðin í heild stendur samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar og hefur staðið nú á þessu ári heldur skár en undanfarin 10 ár, þ. e. þegar afkoma hennar er metin. Þess vegna eru það náttúrlega órökstuddar staðhæfingar þegar talað er á þann veg, eins og stundum er gert, að útgerðin sé á heljarþröm, og m. a. kemur náttúrlega sú fáviska fram í hæðnishlátri ritara þessarar deildar.

Það er t. d. tekið skýrt fram og réttilega af hv. 1. þm. Vestf., að hluti útgerðarinnar sé vel settur, þ. e. bátaflotinn yfirleitt. Það er alveg rétt, að bátaflotinn hefur í heild haft allgóða afkomu. Hins vegar er það ljóst að togararnir og náttúrlega sumir nýrri bátarnir, sem hafa mikinn fjármagnskostnað, en fyrst og fremst togararnir, hinir nýrri, sem þurfa að greiða miklar fúlgur í vexti og afborganir og stynja þannig undir þungum fjármagnskostnaði, eiga við ákaflega mikla erfiðleika að etja. Þá náttúrlega kemur strax upp sú spurning í sambandi við fiskverðið: Þarf útgerðin í heild á mjög hækkuðu fiskverði að halda? Eftir þeim staðreyndum, sem fyrir liggja, og hv. 1. þm. Vestf. er mjög kunnugur þessum málum, ætti a. m. k. verulegur hluti bátaflotans ekki að þurfa á að halda verulegri fiskverðshækkun. Hins vegar er spurning um aðrar greinar útvegsins, þ. e. fyrst og fremst togarana, þó ekki alla, sem vafalaust mundu þurfa til þess að bera sig á mjög mikilli fiskverðshækkun að halda. En þá er spurningin: Eru hugsanlegar einhverjar aðrar leiðir til þess að greiða úr erfiðleikum togaranna, a. m. k. að einhverju leyti, þannig að fiskverðshækkun þyrfti þeirra vegna ekki að verða eins mikil? Þetta er mikið vandamál sem hefur verið kannað rækilega nú að undanförnu."

Þá er komið að þessari brennandi spurningu: Að hverju hefur þessi könnun beinst og hver er niðurstaða þessarar könnunar? Er það hugmynd hæstv. ríkisstj. í samræmi við þessar bollaleggingar að greiða fyrir hluta bátaflotans og a. m. k. togaraflotans með einhvers konar styrkjum? Og hvernig kemur það heim og saman við tillögur hæstv. ráðh. Svavars Gestssonar um það, að nú væri eðlilegast að afnema bæði olíugjaldið og stofnfjárgjaldið. Mér þætti mjög vænt um að fá greinargóð og skýr svör, eins og vænta má af hæstv. forsrh., þannig að menn skilji hvernig þetta dæmi gengur upp, hvernig á að reikna það. Ef ekki er verið að tala um stórfelldar uppbætur, hvernig er þá dæmið reiknað, að hverju hafa þessar rannsóknir beinst og er ekki eðlilegt að Alþingi fái a. m. k. einhverja hugmynd um það, hvað í þessum víðtæku könnunum og rækilegu rannsóknum að undanförnu er fólgið? Ég efast ekki um að hæstv. forsrh. muni a. m. k. greina okkur hér í deildinni, sem hann á sæti í, frá þessu öllu saman síðar í umr., og munu menn áreiðanlega bíða með eftirvæntingu eftir að heyra þau greinargóðu svör sem vænta má frá honum. — En þá er haldið hér áfram:

„Ef við snúum okkur að fiskvinnslunni, þá er hún, eins og kunnugt er, þrjár greinar, þ. e. frysting, skreiðarframleiðsla og saltfisksframleiðsla. Það er auðvitað að saltfisksframleiðsla og skreiðarframleiðsla hafa á þessu ári gengið yfirleitt vel og skilað og skila enn hagnaði, báðar þessar greinar. Hins vegar er það um frystinguna, að hún stendur mjög höllum fæti og þar þarf verulegra aðgerða við á næstunni til þess að rétta sem best hennar hlut."

Og þá er spurning aftur: Hverjar eru þessar aðgerðir sem eiga að rétta hlut fiskvinnslunnar, ef það er skoðun hæstv. forsrh. eins og formanns Alþb., að það eigi að fella niður olíugjaldið og stofnfjárgjaldið þannig að sjómenn gætu fengið — mig minnir að hann hafi nefnt 17% kauphækkun? Þá er varla mikið eftir hjá útgerðinni, og hvar á þá að taka peningana til að bæta hlut fiskvinnslunnar? Þetta hljóta þær rækilegu greinargerðir, sem unnið er að og ráðh. hér vikur að, að leiða í ljós, og bæði við hér í hv. deild bíðum eftir og þjóðin öll, ekki síst sjómennirnir sem hafa hugsað sér að sýna tiltrú sína á ríkisstj. núna um jólin, á jóladaginn með sérstæðum hætti. Eftir þessu bíður öll þjóðin, og við erum náttúrlega mjög heppnir hér í hv. Ed. að verða þeir fyrstu sem fá nú á eftir að vita þetta leyndarmál, í hverju það muni vera fólgið.

Svo heldur áfram: „Hins vegar er það þannig, að það er vafamál, hvort á jafnan við jafnþýðingarmiklar ákvarðanir og fiskverðsákvörðun að taka hverja grein fyrir sig og krefjast þess, að grundvöllur rekstrar hverrar

einstakrar greinar sé þannig að fyllilega beri sig, eða hvort á að meta greinarnar í heild.

Nú er það ljóst, að allmörg fyrirtæki í landinu hafa fyrst og fremst frystingu, en lítið, sum ekkert af hinum tveim greinunum sem skilað hafa hagnaði. Þess vegna eiga þessi fyrirtæki auðvitað við mjög mikla erfiðleika að etja. Hins vegar er vitað að miklu fleiri fyrirtæki hér á landi og yfirleitt þau stærstu stunda allar þessar þrjár greinar. Þau hafa því haft hagnað af skreiðarframleiðslu og saltfisksframleiðslu. Er þá eðlilegt og sanngjarnt gagnvart þessum fyrirtækjum að krefjast þess, að ráðstafanir séu gerðar með verulegum gengislækkunum eða á annan veg til þess, að frystingin beri sig, og þar með um leið að stórauka hagnaðinn bæði af skreið og saltfiski? Vitanlega þýðir ekki að afgreiða svona mál með einhverjum fullyrðingum eins og oft hafa heyrst að undanförnu." — Kannske er þetta líka kveðja til sjútvrh.

„Þessi mál verður auðvitað að meta málefnalega, og það, sem m. a. gerir þennan vanda mjög erfiðan viðfangs, er einmitt þetta, að mörg fyrirtæki í landinu hafa allar þessar þrjár greinar, græða á tveim en tapa á einni, en aftur á móti önnur sem svo að segja eingöngu stunda frystinguna sem víðast hvar stendur sig illa."

Þarna er véfrétt sem þarf að fá greitt úr. Það er að vísu svo, segir hæstv. ráðh., að tvær greinarnar stórgræða og þetta er allt í blómanum og sómanum, en þó á eitthvað að gera fyrir frystinguna.

„Þriðja atriðið í þessu, sem er auðvitað ákaflega mikilvægt, eru tekjur og afkoma sjómanna. Sjómenn telja að þeir eigi rétt á kjarabótum til jafns við launamenn í landi, að í samanburði við þá eigi þeir rétt á verulegum bótum nú. Þá kemur upp spurningin: Er eina leiðin til þess að rétta hlut sjómanna sú að hækka fiskverðið þannig að kjarabæturnar fáist eingöngu með hækkun þess, eða eru hugsanlegar aðrar leiðir til þess að rétta hlut sjómann án þess að fiskverðið í heild og þá til útgerðarinnar í heild um leið sé hækkað mjög verulega? Öll þessi atriði hafa verið til rækilegrar athugunar hjá ríkisstj." — Það kemur hér enn þá. Mér sýnist að í þessu felist það, að hæstv. forsrh. hallist nú heldur að kenningu formanns Alþb., halli sér á þá hliðina, en ekki skoðunum sjútvrh., sem þessi mál eiga samt að falla undir. En hvað sem því líður, þá er ekki nokkur lifandi leið að gera sér grein fyrir stöðu ríkissjóðs, hvort heldur er í fjárl. eða lánsfjáráætlun, nema vita eitthvað um það, hvort viðtækt styrkjakerfi eigi að taka upp eða uppbótakerfi.

Ég skal nú fara að stytta þennan upplestur á ræðunni. Þetta er nú meginmál hennar. Ég vil aðeins mega bæta hér við smásetningu:

„Nú hafa samtök þessara aðila, sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslufyrirtækja, a. m. k. ýmis þeirra, boðað stöðvun útgerðarinnar um áramót ef nýtt fiskverð verði ekki komið. Það vill nú svo til að þetta eru einmitt sömu aðilar sem velja fulltrúa í Verðlagsráðið sem á samkv. lögum að ákveða fiskverð. Það er auðvitað ágætt að reka þannig á eftir sjáflum sér, það er gott að slá í hjá sjálfum sér og getur vafalaust verið gagnlegt."

Eru svona sendingar til sjómanna, útvegsmanna og þeirra, sem standa fyrir fiskvinnslunni, af hálfu sjálfs forsrh. landsins líklegar til að vera gagnlegar við lausn þess gífurlega vanda sem fram undan er? Ég held að þær eigi eftir að gera mikið ógagn, því miður. Við stöndum frammi fyrir kannske mesta vanda, sem steðjað hefur að meginatvinnuvegi Íslendinga og raunar öllum íslenskum atvinnuvegum, einmitt nú um áramótin og þá kemur þessi kveðja frá hæstv. forsrh. til allra þeirra sem eru að berjast í þessum erfiðasta atvinnuvegi um þessar mundir. Efnislega er þetta svo sem ekkert annað en það, sem þessi hæstv. ráðh. hefur verið að segja alla sína ráðherratíð. Mér er nær þó að hafa annað forskeyti. En það hefur verið sagt af þessum ráðherrum að það sé Seðlabankinn sem ráði gengi og bindingu krónunnar og ráði vöxtum, ríkisstj. hafi svo sem ekkert með það að gera. Verðlagsráðið á að ákveða þetta. Það er ekki ríkisstj. að kenna hvernig verðlag er á þessu eða hinu. Ekki ber ríkisstj. ábyrgð á því, að verðbólgan æðir áfram. Þar eru önnur öfl alls staðar að verki.

Til hvers er þessi ríkisstj.? Á ekki ríkisstj. að reyna að marka einhverja forustu, að hafa einhver áhrif á löggjafarstörf og framkvæmd? Á alltaf að vera að skjóta sér á bak við einhverja aðra? Til hvers erum við þá að burðast við að hafa ríkisstj. ef það er embættiskerfið sem á að ráða ferðinni? Og þegar fulltrúar í Verðlagsráði hreinlega gefast upp af eðlilegum ástæðum og óska eftir leiðbeiningum af ríkisvaldsins hálfu, þá fá þeir ekkert nema dylgjur og skæting.

Áður en þetta mál verður afgreitt hljótum við að krefjast svara við því, hvað við sé átt með þeim ummælum sem hér eru á ferðinni. Það má gjarnan einnig benda á það hér, og vænti ég að hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson staldri hér við á meðan úr því að hann er hér inni, að í nýrri skýrslu Þjóðhagsstofnunar um framreiknaða verðlagsþróun næstu misserin stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hækkun kauptaxta milli áranna 1981 og 1982 er 49% að meðaltali og kaupmáttur kauptaxta yrði því 2.5% minni en á árinu 1982 en á árinu 1981."

Ég leyfi mér að beina því til hæstv. forsrh., hvort hann og ríkisstj. ætli að láta sér nægja svona smámuni, kjaraskerðingu um bara 2.5%. Hún var 7% í fyrra. Á ekki að gera einhverjar ráðstafanir til að taka meira af verkalýðnum? Er það ekki helsta úrræðið alla tíð? Kauphækkanirnar núna voru 3.25%. Þegar þessi 2.5% eru dregin þar frá hafa þær sem sagt átt að vera 0.75, og var það þó allt farið nokkru áður. Það væri líka æskilegt að fá það skýrt og skorinort upplýst af hæstv. forsrh., hvort þessi kjaraskerðing eigi núna að nægja, hvort það eigi ekki að grípa til einhverra svolítið hressilegri aðgerða. Það var ekki svo lítið grobbað af aðgerðunum síðast, 7% kjaraskerðingunni, að manni finnst með ólíkindum að nú eigi bara að láta sér nægja 2.5%.

Það er óteljandi margt annað herra forseti, sem mig hefði langað til að víkja að hér, en ég er þegar orðinn of langorður. Ég ber ekki sök á því einn. Ég hef orðið að slíta í sundur ræðu mína vegna fjarveru ráðh. Ég ætlaði ekki að tala svona lengi, enda voru ræður frsm. með þeim ágætum að við þær út af fyrir sig var engu að bæta. En ef á að auðnast að hraða þessu máli er það auðvitað krafa okkar í stjórnarandstöðunni og væntanlega allra í fjh.- og viðskn.-nefndum, að við fáum svör við þeim spurningum, sem við berum fram, eftir því sem er á valdi hæstv. ráðh. að veita. Ég veit að þeir eru í miklum vanda vegna þess að embættiskerfið ræður ekki orðið við upplausnina og alla erfiðleikana. Þeir geta ekki upplýst okkur, einfaldlega vegna þess að þrátt fyrir allar tölvurnar og alla tæknina er ekki hægt að svara spurningunum mörgum hverjum, sem ráðherrar þurfa að fá úr leyst, vegna þess að stofnanirnar eru orðnar svo margar að hægri höndin

veit ekki hvað sú vinstri gerir. En frumskilyrðið er að við finnum þó inn á það, að það sé vilji til þess af hálfu hæstv. ráðh. að greiða fyrir framgangi málsins og að upplýsa helstu atriði þess og reyna að komast að niðurstöðu um megindrætti í fjármálaþróuninni, þróun bæði fjárlaga og lánsfjárlaga. Ef þau vinnubrögð verða hér viðhöfð nú á eftir, þá skal ekki standa á okkur stjórnarandstæðingum að greiða fyrir því, að málið nái fram að ganga, en ella hljótum við að ítreka spurningar okkar.

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum hv. síðasta ræðumanns um setu ráðherra hér í deildinni, að fjarvistir þeirra úr deildinni hér stafa að miklu leyti af því, ef ekki öllu, að þeir hafa verið mjög stíft kallaðir til áheyrnar og andsvara í Nd. einnig og það mun vera mjög erfitt að sinna hvoru tveggja. (Gripið fram í.) Já, en þeir hafa ítrekað verið kallaðir héðan úr deildinni. Mér er fullkunnugt um það.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Við höfum nú hlýtt í þessum umr. á mjög ítarlegar og upplýsandi ræður hjá fulltrúum stjórnarandstöðunnar, og þeir hafa rætt málin frá almennu sjónarmiði. En ég stend hér upp til þess að mæla fyrir till. sem ég ber fram á þskj. 224. Það er brtt. og hún fjallar um það, að 15. gr. frv., sem við ræðum hér, falli niður.

Það hefur verið nokkuð vikið hér að eðli lánsfjárlaga og mikilvægi þeirra. Það er eðlilegt, að það þurfi að setja slík lög. Það er eðlilegt og nauðsynlegt að ríkisstj. fái heimild til lántöku í ýmsum tilfellum, og er ekkert að athuga við það form. En það er óeðlilegt þegar lánsfjárlög eru beinlínis notuð til þess að taka stefnumarkandi ákvarðanir í hinum þýðingarmestu málum sem á að gera með öðrum hætti. Ég segi þetta ekki að tilefnislausu. Ég segi þetta vegna þess að sú brtt., sem ég legg hér fram, veit að máli sem ekki er eðlilegt að sé í frv. sem hér um ræðir, og þá á ég við að 15. gr. er svo stefnumarkandi í húsnæðismálunum almennt að það er í hæsta máta óeðlilegt og óþinglegt að ætla að ráða þeim málum til lykta með ákvæðum í lánsfjárlögum, eins og hér er gert ráð fyrir. Þessi grein er ein af þeim greinum í þessu frv. sem hefjast með orðunum: „Þrátt fyrir ákvæði" í þessum og þessum lögum skuli tekjur viðkomandi sjóða ekki fara fram úr ákveðnu hámarki. En þó að þessi sama aðferð sé höfð varðandi marga sjóði, sem frv. þetta fjallar um, er langt frá því, að eins sé ástatt um alla þessa sjóði, og þá á ég við að forminu til, að það sé eins ástatt varðandi þær takmarkanir sem frv. gerir ráð fyrir á fjármagni til þessara sjóða. Við verðum að gera greinarmun á því, hvort hér er verið að takmarka tekjur til sjóða, sem hafa markaða tekjustofna samkv. sérstökum lögum, eða hvort hér er verið að setja takmarkanir á framlög til sjóða sem eru greidd beint úr ríkissjóði og lúta ekki sérstökum lögum og eru ekki markaðir tekjustofnar.

Ef við lítum á þessar greinar sumar með hliðsjón af þessu sjáum við að t. d. í 17. gr. frv., sem lýtur að takmörkun á framlagi til Lánasjóðs sveitarfélaga, er ekki verið að skerða markaða tekjustofna til þessa sjóðs. Það er verið að skerða bein framlög úr ríkissjóði. Sama er að segja um 19. gr. frv., sem fjallar um skerðingu á tekjum Bjargráðasjóðs. Bjargráðasjóður hefur ekki markaða tekjustofna. Það er ekki ákvæði að finna um slíkt í lögum um Bjargráðasjóð. Hins vegar er gert ráð fyrir að ákveðið fjármagn sé lagt árlega til Bjargráðasjóðs úr ríkissjóði, og það er sú fjárveiting sem ætlað er að takmarka með ákvæðum 19. gr. þessa frv.

Ég nefni í þessu sambandi 20. gr. frv., sem fjallar um framlög til aðstoðar við þroskaheftra eða til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra. Þar er ekki um að ræða heldur markaðan tekjustofn sem þessi sjóður hefur, heldur er verið að takmarka það fjármagn sem á að ganga beint úr ríkissjóði til þessa sjóðs. Sama má segja um 51. gr., sem varðar Hafnabótasjóð. Og svona mætti benda á fleira.

Aftur á móti er svo ástatt um 22. gr., sem fjallar um framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs, að þar er um að ræða markaðan tekjustofn sem er ætlaður Félagsheimilasjóði. Nú ætla ég ekki að ræða frekar um þessa grein, því að ég vænti þess, að hún verði felld niður, og ég vil lýsa stuðningi við brtt. á þskj. 228, frá ríkisstj., sem útbýtt hefur verið, en þessi brtt. er um að 22. gr. frv. falli niður. Mér þykir aðeins miður að það skuli ekki vera fleiri brtt. frá hæstv. ríkisstj. um að þessar skerðingargreinar falli niður. Að sjálfsögðu hefði verið mestur fengur í því, að brtt. hefði komið frá hæstv. ríkisstj. um að fella niður 15. gr. frv., en við því var reyndar ekki að búast að hún kæmi nú a. m. k., vegna þess að ég hef þegar borið fram brtt. um þetta efni. En ef ástæða er til að fella niður 22. gr. frv., eins og hæstv. ríkisstj. gerir till. um, þá hefði ég haldið að það væri ástæða til að fella niður 15. gr. frv. Og hver veit nema hæstv. ríkisstj. styðji þá brtt., sem ég hef lagt fram í því efni, ef hún vill vera sjálfri sér samkvæm.

Ég vík þá að 15. gr. Ég hef verið að segja, að það væri mikill munur á þeim skerðingarákvæðum, sem frv. gerir ráð fyrir, eftir því hvort um er að ræða markaða tekjustofna eða ekki. Nú er svo með 15. gr. frv., sem varðar Byggingarsjóð ríkisins, að þar er um markaðan tekjustofn að ræða, því að samkv. lögum um launaskatt á að greiða 2% launaskattsins til Byggingarsjóðs ríkisins. En sérstaða 15. gr. er miklu meiri en þessi. Hinar skerðingargreinarnar, eins og t. d. þær sem ég nefndi á nafn áðan, varða flestar mjög takmarkað svið sem hefur ekki almenna þýðingu, þó að ég vilji ekki gera lítið úr þeim sjóðum sem þar er um að ræða, heldur þvert á móti. Þeir eru hver á sinn hátt hinir þýðingarmestu. En þeir varða ekki mál sem er eitt af höfuðmálum þjóðarinnar á hverjum tíma, alls almennings í landinu, eins og húsnæðismálin eru.

Nú þarf ég ekki að fara að ræða hér um það sérstaklega eða færa rök fyrir því, að húsnæðismálin séu einn þýðingarmesti málaflokkur. Ég geri ráð fyrir að við séum öll sammála um það. Ég sé ekki heldur ástæðu til að fara að gefa hér almenna lýsingu á ástandi þessara mála í dag, þó ekki væri nema vegna þess að fulltrúar stjórnarandstöðunnar, sem hér hafa talað á undan mér, hafa komið ítarlega inn á þau mál og ég geri ráð fyrir að við ættum öll að geta verið sammála um það, að ástand húsnæðismálanna í dag sé ekki einungis mjög alvarlegt, heldur óþolandi og stefni í fullkomið óefni. Og hvers vegna stefnir það í fullkomið óefni? Höfuðástæðan er sú, að það hefur ekki verið veitt nægilegt fjármagn til íbúðarlána. Og nú er það einmitt svo, að í staðinn fyrir að ráða bót á þessu gengur 15. gr. frv. í þá átt að skerða tekjur Byggingarsjóðs ríkisins meir en nokkru sinni fyrr.

Það verður ekki komist hjá því, þegar vikið er að húsnæðismálunum í þessu sambandi, að líta nokkuð á það, hvað hefur gerst á undanförnum árum og ég vil segja áratugum, hver stefnan hefur verið, að hverju

hefur verið reynt að stefna í lánamálum húsbyggjenda. Það kerfi, sem við búum núna við, var sett á stofn árið 1955. Það er hið almenna veðlánakerfi sem við búum enn við. Sú löggjöf, sem þá var sett, var stefnumarkandi í þessum málum, og með þeirri löggjöf hófst nýtt tímabil í húsnæðismálum og byggingarmálum hér á landi. Það er enginn vafi á því, að þessi löggjöf og Byggingarsjóður ríkisins hafa skapað grundvöll fyrir því gífurlega átaki sem Íslendingar hafa gert í húsnæðismálunum frá því að þessi löggjöf var sett. En þó að væri stefnt í rétta átt var þessi löggjöf ekki fullkomin í upphafi og ekki við því að búast. En menn hafa alltaf gert sér grein fyrir hvert þeir vildu stefna í húsnæðismálunum, og það hefur lengst af, þ. e. fram til ársins 1980, stefnt markvisst í rétta átt. Það hefur ekki gætt ágreinings um það í hvaða átt ætti að stefna í þessum málum. T. d. hefur ekki gætt ágreinings hér á Alþingi fyrr en nú, fyrr en með setningu laga um Húsnæðisstofnun ríkisins 1980.

Um hvað er þessi ágreiningur? Hver var grundvallarhugsunin þegar löggjöfin um almenna veðlánakerfið var fyrst sett? Hún var sú, að það ætti að koma upp kerfi sem gæti stutt að því að almenningur í landinu gæti komið sér upp eigin húsnæði á þann veg að það væri mögulegt að standa undir því af almennum launatekjum. Nú hafa á undanförnum árum verið gerðar öðru hvoru breytingar á húsnæðislöggjöfinni, og þessar breytingar hafa fyrst og fremst snúið að því að gera mögulega framkvæmd á þessari stefnu, að almenningur í landinu geti komið sér upp eigin húsnæði af almennum launatekjum. Þetta hefur verið gert með því að auka tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins annars vegar og hins vegar að leitast við að bæta kjörin á lánunum. Það hefur verið markmiðið, að vextir geti verið sem lægstir af þessum lánum, að lánstími geti verið sem lengstur og að lánsupphæðin geti verið sem hæst og mestur hluti af byggingarkostnaði. En höfuðatriðið og það, sem hefur skapað grundvöll fyrir því, að það væri hægt að miða í þessa átt, hefur verið tekjuöflun íbúðalánakerfisins. Þess vegna hefur það verið jafnan meginatriðið, þegar löggjöfin hefur verið endurskoðuð, og hefur verið skotið fótum undir kerfið með því að útvega Byggingarsjóði ríkisins nýja og aukna tekjustofna. Þýðingarmesta aðgerðin í því efni er launaskatturinn.

Það var mikil samstaða um þetta, og launaskatturinn sem tekjustofn fyrir almenna veðlánakerfið kom samkv. samkomulagi, beinu samkomulagi, sem var gert að tilhlutan þáverandi ríkisstj. við lausn vinnudeilu milli aðila vinnumarkaðarins. Það var þá litið svo á, að það væri forsenda fyrir samningum sem þá voru gerðir, að Byggingarsjóði ríkisins yrðu tryggðar stórauknar tekjur með launaskattinum til þess að gera almenningi, verkalýðnum og öðru launafólki í þessu landi, mögulegt að koma sér upp eigin húsnæði af almennum launatekjum.

Ég sagði áðan að það hefði miðað jafnan í rétta átt í húsnæðismálunum við hverja endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar sem fram hefði farið frá því að hún var fyrst sett árið 1955. En frá þessu verður svo það frávik í tíð núv. ríkisstj., að það er ekki einungis að við höfum verið stöðvaðir á framfarabraut í þessu efni, heldur hefur verið rifið niður það sem byggt hefur verið upp. Það gerðist margt alvarlegt við endurskoðun húsnæðislöggjafarinnar 1980. Ég skal aðeins víkja að því.

Í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 var tekið upp aukið verkefni fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Það voru margs konar verkefni, sem Byggingarsjóðurinn gegndi ekki áður, sem þá voru tekin upp í húsnæðislöggjöfina. Ég nefni sem dæmi að lögin gera nú ráð fyrir sérstökum lánum til tækninýjunga í byggingariðnaði. Þau gera ráð fyrir láni til orkusparandi breytinga á húsnæði. Þau gera ráð fyrir lánum til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar eldra húsnæðis. Sumar þessar heimildir voru áður, en þær eru miklu víðtækari. Og það má telja upp fleira. Nú geta allir verið sammála um það, að það sé mjög gagnlegt og þarflegt að sinna þessum verkefnum. Sjálfur hef ég lagt áherslu á að þetta þurfi að gera. En að gera þetta með þeim hætti, sem gert var með löggjöfinni frá 1980, er alger óhæfa. Vegna hvers? Það er vegna þess að það voru engar ráðstafanir gerðar til þess að auka tekjustofna Byggingarsjóðs ríkisins til þess að mæta þessum auknu útgjöldum. Og hvað voru þessi útgjöld metin hátt?

Árið 1979 var gert ráð fyrir að aukafjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins vegna aukinna verkefna næmi þá 10 milljörðum kr. En það var ekkert gert til að útvega sjóðnum nýtt fjármagn til að mæta þessum þörfum. En það var ekki nóg með þetta. Það, sem var brýnasta viðfangsefnið við endurskoðun húsnæðislaganna 1980, enn þá brýnna en að taka upp þessi þörfu verkefni sem ég taldi hér upp, var að auka fjármagn Byggingarsjóðs ríkisins til þess að hann gæti sinnt betur þeim verkefnum sem hann hafði áður. Af hverju var það? Það var vegna þess að á undanförnum áratug var sjóðurinn alltaf að verða verr og verr fær um að gegna sínu hlutverki. Í hverju kom þetta fram? Það kom fram í því, að hin almennu lán Byggingarsjóðs ríkisins voru stöðugt að lækka, við vorum á stöðugri vegferð frá því takmarki að sjóðurinn gegndi sem best því hlutverki að gera almenningi í landinu kleift að koma sér upp eigin húsnæði.

Lengi framan af vorum við á réttri leið í þessu efni. Þegar hin almenna löggjöf um húsnæðismálin var sett upphaflega munu lánin hafa numið um 20% af byggingarkostnaði íbúða. En við sóttum fram með þeim árangri, að 1971, í lok viðreisnartímabilsins, eru lánin komin upp í 45% af byggingarkostnaði. En síðan hefur sigið á ógæfuhliðina og nú er svo komið að lánin nema ekki 45%, þau nema ekki 40% og þau nema ekki 30% af byggingarkostnaði og fara stöðugt minnkandi.

Á sama tíma og þetta gerist og ástand húsnæðismálanna er eins og hér hefur verið lýst af mér og öðrum ræðumönnum stjórnarandstöðunnar í þessum umr. leggur ríkisstj. til að tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins verði takmarkaðir. Í stað þess að spyrna við fótum gegn þessari óhugnanlegu þróun á að halda áfram á sömu braut og svipta Byggingarsjóð ríkisins langþýðingarmesta tekjustofninum. Nú veit ég hvað stjórnarherrarnir segja þegar bent er á þessar staðreyndir. Þá segja þeir alltaf: Við ætlum að beina fjármagni frá lífeyrissjóðunum til Byggingarsjóðs ríkisins í staðinn. Því hefur nokkuð verið lýst hér í umr. áður, hvernig það hefur gengið, og það hefur verið leitast við að gera þetta nú 2—3 undanfarin ár. En á þessum tíma hefur mest sigið á ógæfuhlið. Á þessum tíma hafa möguleikar Byggingarsjóðsins verið minni en nokkru sinni fyrr og alltaf minnkandi. Og það eru engar horfur á því, að þetta mál verði leyst með þessum aðgerðum einum. Auk þess er þess að geta, að ekki er allt fengið með því þó að Byggingarsjóður ríkisins fengi ráðstöfunarfé frá lífeyrissjóðunum þegar litið er á það, að þau lán, sem Bygging-

arsjóður ríkisins þarf að taka frá lífeyrissjóðunum, eru með 3.25% vöxtum og lánin tekin til 15 ára, en samkv. lögum verður Byggingarsjóðurinn að veita sín lán með 2% vöxtum til 25 ára. Sjá allir, sem vilja sjá, til hvers þetta leiðir. M. ö. o.: þó að þessi fjáröflunarleið sé alls ófullnægjandi með tilliti til þarfa húsbyggjenda er með henni verið að eyðileggja Byggingarsjóð ríkisins, grafa undan fjárhagslegri stöðu hans þannig að hann verður allsendis ófær að gera nokkurt gagn í framtíðinni borið saman við það sem verið hefur.

Þegar þetta allt er haft í huga má heita furðulegt að hæstv. ríkisstj. skuli leyfa sér að leggja til það sem 15. gr. þessa frv. gerir ráð fyrir: að svipta Byggingarsjóð ríkisins algerlega launaskattinum. En til þess að bæta gráu ofan á svart fer hæstv. ríkisstj. þá óeðlilegu leið, eins og ég vék að í upphafi orða minna hér, að leggja þetta til í frv. til lánsfjárlaga, gera till. í máli sem er mjög stefnumarkandi fyrir húsnæðismálin í heild. Ef ríkisstj. hefur þá stefnu að veikja Byggingarsjóð ríkisins, eins og fram hefur komið í verki hjá hæstv. ríkisstj., á hún að fara eðlilegar og þinglegar leiðir í því efni. Hver er sú leið eða leiðir? Það er augljóst: að gera tillögu um að þeim lögum, sem nú gilda um launaskatt ríkisins, verði breytt. En ríkisstj. hefur ekki gert þetta. Ég átti orðaskipti á síðasta ári við hæstv. fjmrh. um þetta efni, bæði við 2. og 3. umr. fjárl. fyrir árið 1981. Hæstv. ráðh. viðurkenndi í þeim orðaskiptum að auðvitað ætti að breyta lögum um launaskatt. Ég skildi hæstv. ráðh. þá þannig, að ef þessari stefnu yrði haldið áfram: að svipta Byggingarsjóð ríkisins launaskattinum, þá mundi ríkisstj. gera till. um að breyta lögunum um launaskatt.

Í umr. hér í hv. deild við 1. umr. um þetta frv. vék ég enn að þessu atriði, og það var ekki hægt að skilja hæstv. fjmrh. á annan veg en að hann teldi óeðlilegt að gera þessa breytingu á ráðstöfun launaskattsins með lánsfjárlögum, það væri eðlilegt að gera það með breytingu á lögum um launaskatt. Hann segir þetta hvenær sem minnst er á þessi mál. En hann gerir það ekki. Það verður að ætla að hæstv. fjmrh. meini ekki nokkurn skapaðan hlut með því sem hann er að segja í þessu efni. Það er tvennt til: Að annaðhvort vilji hæstv. ráðh. ekki breyta lögum um launaskatt vegna þess að hann geri ráð fyrir að það geti komið að því, kannske á næsta ári, að lögin verði látin gilda í þessu efni varðandi Byggingarsjóð ríkisins, og því sé ekki rétt að breyta þeim. Ég verð að segja, að þó ég vildi gjarnan trúa þessari skýringu á ég erfitt með að gera það. Hin skýringin er sú, að hæstv. ráðh. veigri sér við og vilji ekki gera formlega breytingu á lögum um launaskatt, sem eru til komin upphaflega í samningum milli aðila vinnumarkaðarins. Launaskattur var þess vegna í upphafi lagður á til stuðnings við húsbyggjendur, almenning í landinu. Hæstv. ráðh. veigrar sér við að ganga beint til verks og rifta þessu formlega með því að breyta lögunum. Hann kýs þá leið að leggja á launaskattinn — ekki til að efla Byggingarsjóð ríkisins, ekki til að styðja almenning í landinu til að koma sér upp eigin húsnæði, heldur til fjáröflunar fyrir ríkissjóð. Það er þetta sem er að ske. En það er furðulegt, að þó að hæstv. ráðh. hagi sér á þennan veg og skirrist ekki við að afla ríkissjóði tekna á fölskum forsendum og með þeim afleiðingum sem hér hefur verið bent á, þá skuli hann hafa fylgi stjórnarþingmanna til að vinna þetta verk, því að fátt er það sem hv. þm. verða meira varir við af erfiðleikum almennings í landinu heldur en einmitt það, hvílíkar óskapabyrðar og örðugleikar hvíla á þeim sem þurfa að standa í byggingu eigin húsnæðis. En það er rétt að reyna það til þrautar, hvort hv. stjórnarstuðningsmönnum er alls varnað í þessu efni. Þess vegna er þessi till. borin fram. Hún er borin fram í trausti þess, að þrátt fyrir allt megi vænta þess, að það geti orðið stuðningur við að fella niður skerðingu á tekjustofnum Byggingarsjóðs ríkisins.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson óskaði upplýsinga um viðræður mínar við bankana um stöðu þeirra og afkomu.

Stjórn sambands bankanna gekk á minn fund í gærmorgun og ræddi um stöðu og afkomu bankanna. Í framhaldi af þeim viðræðufundi óskaði ég eftir að fá álit frá sambandinu um stöðu og afkomu bankakerfisins. Ég fékk það í dag og ég mun gera ráðstafanir til að það álit verði hv. fjh.- og viðskn. til ráðstöfunar. Ég hygg að það hafi verið það sem hv. þm. bað um, og ég mun afhenda það í nægilega mörgum eintökum formanni hv. fjh.- og viðskn. (**EKJ:** Er fyrirhuguð aukin binding?) Aukin binding? Nei, það eru ekki fyrirhugaðar neinar breytingar á lögum í því efni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það hefur verið athyglisvert að fylgjast með málflutningi hæstv. ráðh. og stjórnarliða í umr. um frv. til fjárlaga og nú frv. til lánsfjárlaga. Það hefur komið fram, að viðmiðunarprósentan vegna hækkunar fjárlaga á milli ára 1981 og 1982 er 33% og að það sé í fullu samræmi við þá efnahagsstefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur fylgt frá því að hún kom til valda, þ. e. að draga úr verðbólgu. Það má vel vera að í fílabeinsturni hæstv. ríkisstj. hafi tekist að draga úr verðbólgu, þar hafi tekist að telja hana niður. En meðal almennings í landinu er annað uppi á teningnum. Þar hefur engin niðurtalning átt sér stað. Þrátt fyrir ýmsar hagstæðar ytri aðstæður hefur hæstv. ríkisstj. ekki tekist þetta markmið sitt að ná verðbólgunni niður á sama stig og í helstu viðskiptalöndum, eins og einhvers staðar var sett á prent í sáttmála.

Það er víða verið að semja fjárhagsáætlanir fyrir árið 1982 um þessar mundir. Í öllum sveitarfélögum er unnið að fjárhagsáætlunum. Sveitarfélögin eru smækkaðar stjórnsýslueiningar af þjóðarheildinni, en hvernig skyldi vera staðið að samningu fjárhagsáætlana þeirra? Að sjálfsögðu lægi þá beinast við að taka til fyrirmyndar viðmiðunartölur hæstv. fjmrh. í þessu efni. Hann ætti að vera til fyrirmyndar og eftirbreytni, en sú er ekki raunin.

Sveitarfélögin eru raunsærri að þessu leyti en hæstv. fjmrh. Þau nota því ekki 33% viðmiðunarhækkun milli ára, heldur 50—55%. Þannig er nefnilega raunveruleikinn sem snýr að hinum almenna þjóðfélagsþegni í þessu landi, enda var sú prósentutala gefin upp á fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna nú í haust við gerð væntanlegra fjárhagsáætlana sveitarfélaganna. Það er slæmt þegar staðið er þannig að málum af stjórnvöldum að almenningur hættir að trúa nokkrum sköpuðum hlut sem þaðan kemur. Úr fílabeinsturninum er hrópað: Verðbólgan er á niðurleið. Við erum að telja niður. Það er ekkert að. Allt er slétt og fellt. — Á sama tíma horfa menn á verðmiðana á vörunni sem þeir eru að kaupa nú, þessa dagana er mikið keypt vegna jólanna, og þeir bera það þá saman við vöruverð frá því fyrir seinustu jól. Það er misskilningur að almenningur fylgist ekki með, budd-

an hjálpar til við það.

Og áfram ætlar hæstv. ríkisstj. að búa í haginn fyrir eftirkomendur okkar með því að stórauka erlendar lántökur til að nota sem eyðslufé fyrir hið opinbera. Það kom fram í framsöguræðu frsm. 1. minni hl. fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Norðurl. e., að lán til íbúðabygginga fara lækkandi og verst kemur þetta niður á einstaklingum sem vilja byggja á eigin vegum. Þá er lánafyrirgreiðsla ekki nema rúm 17% af byggingarkostnaði staðalíbúðar, en ef byggt er af félagslegum ástæðum, þ. e. verkamannabústaðir, er hún 80%. Þarna er farið inn á alranga braut og verið að draga úr sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég sé á móti því að byggðar séu íbúðir á félagslegum grunni fyrir þá sem þess þurfa með. Það er langt frá því. Það á vissulega að koma til móts við slíkar þarfir og gera það vel. En það þarf jafnframt að gera einstaklingum kleift að byggja á eigin vegum með hagstæðum lánakjörum. Hrædd er ég um að margir geri sér ekki grein fyrir öllum þeim kvöðum sem eru á íbúðum sem byggðar eru af félagslegum ástæðum. Viðkomandi getur ekki sjálfur ákveðið hversu rúmt hann vill búa, og þar er ekki alltaf hægt að tala um sanngjarnar og eðlilegar viðmiðanir eða reglur. Dæmi þekki ég um hjón sem voru í fyrsta sinn að eignast húsnæði í verkamannabústað, komin á efri ár. Þau voru tvö í heimili og máttu því ekki fá stærri íbúð en tveggja herbergja. En rétt áður en þau áttu að fá íbúðina sína dó maðurinn. Og hvað skeður? Jú, þar sem makinn var dáinn, varð eiginkonan að láta sér nægja einstaklingsíbúð, eins herbergis, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá leiðréttingu sinna mála. Hér var augljóst að engin sanngirni var í þessari ráðstöfun. Þessu varð ekki þokað. Búslóðin var auðvitað sú sama hjá ekkjunni, en hið opinbera ákvað að hún mætti ekki eiga meira en svo að búslóð þeirra hjóna kæmist í eitt herbergi. Það var að vísu til lausn með því að fara í kringum lögin og fá einhvern til að skrifa sig með lögheimili hjá ekkjunni þó að hann ætti ekki heima þar. Slíkt vildi hún ekki sætta sig við. Hún neitar að fara í kringum lögin til að fá leiðréttingu sinna mála og þar við situr.

Þessi saga er aðeins dæmi um það, hvernig getur farið þegar einstaklingarnir fá ekki að ráða högum sínum sjálfir vegna aðgerða hins opinbera.

Það væri freistandi að fjalla um einstaka þætti þessa frv. til lánsfjárlaga, en þeim hafa verið gerð ítarleg skil af þeim hv. þm. sem hér hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar á undan mér. Þó get ég ekki látið hjá líða að mótmæla því, að ríkissjóður sé að seilast í sérsjóði eins og Erfðafjársjóðinn til að verða sér úti um eyðslufé. Það kemur úr hörðustu átt, að á ári fatlaðra skuli ríkissjóður með skerðingarlögum næla sér í 7.5 millj. kr. úr þessum sjóði. Erfðafjárskattur var kominn í 13.5 millj. 1. des. s. l., en spáin var 7 millj. kr. tekna og þar af átti sjóðurinn að fá 6. Hvað nælir ríkissjóður sér í þarna óvænt? Jú, 7.5 millj. kr. í eyðsluhítina á ári fatlaðra. Er þetta vilji hæstv. ríkisstj. á borði? Það er ekki nóg að tala fallega. Það verður meira að fylgja á eftir. Það verður að sýna viljann í verki. Erfðafjársjóður er að langmestu leyti styrktarsjóður til að koma upp aðstöðu fyrir endurhæfingu sjúklinga og verndaða vinnustaði. Getur því engum blandast hugur um hvaða þýðingu það hefur að þessi sjóður fái sínar lögbundnu tekjur til að hægt sé að sinna þessu mikilvæga hlutverki sem ég hef haft ástæðu til að halda að allir væru einhuga um að ætti að hafa forgang umfram flest annað. Þannig er a. m. k. talað og ritað þegar þessi mál ber á góma.

Ég veit líka að margir hv. þm. innan stjórnarliðsins eru ekki ánægðir með þessa skerðingu á Erfðafjársjóðnum. En það er ekki að ástæðulausu að ég talaði um að hæstv. ríkisstj. sæti í fílabeinsturni. Það eru að vísu komnar fram brtt. við fjárl. varðandi tekjur af erfðafjárskatti úr 11.9 í 13 millj., sem er allt of lágt áætlað. Það mætti trúlega hækka þessa spá um 50% eða í 20 millj. En þetta þýðir að þarna ætlar ríkissjóður að næla sér í hvorki meira né minna en liðlega 10 millj. miðað við þá brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. að skerðingin samkv. lánsfjárlögum sé aðeins minnkuð. Áður fyrr fékk þessi sjóður að safna upp milli ára. Það er ekki fyrr en 1979 sem farið er að skerða hann og nota til að afla ríkissjóði þannig aukins eyðslufjár.

Ég nefndi að raunhæft hefði verið að áætla tekjur sjóðsins 20 millj. eða um 50% umfram það sem fjárlög gera nú ráð fyrir. Hækkun tekna í þennan sjóð fylgir venjulega hækkun fasteignamats af eðlilegum ástæðum, og það er ekki langt síðan upplýsingar lágu fyrir um að fasteignamat í landinu hefði hækkað um 55% að meðaltali og sums staðar meira.

Nú hefur verið lagt fram í hv. Nd. frv. til l. um málefni fatlaðra, og ég efast ekki um að þetta frv. fái góðan stuðning hv. þm. Ætla ég að vona að meiri hugur fylgi máli hjá hæstv. ríkisstj. varðandi þetta frv. eða það sem snýr að fjármálahlið þess þegar þar að kemur, en skerðingartillögur í frv. til lánsfjárlaga gefa tilefni til að efast um að hugur fylgi máli.

Herra forseti. Ég á erfitt með að sætta mig við þá staðreynd, að það skuli vera fastur liður við gerð fjárlaga að sett séu lög, skerðingarlög, til að ógilda tilgang laga sem í gildi eru um ýmsa sérsjóði. Það eru ekki traustvekjandi aðgerðir.

Varðandi það, að Erfðafjársjóður skuli hlíta skerðingu eins og aðrir sjóðir, mætti frekar sætta sig við ákvæði um prósentuviðmiðun heldur en fasta krónutölu. Þannig kæmi þá óvænt hækkun tekna báðum til góða, en ekki aðeins ríkissjóði eins og nú með fastri krónutölu.

Ég vil að lokum segja það, að því miður er engin von til þess, að hæstv. ríkisstj. takist að leysa efnahagsvanda þjóðarinnar. Það er engin lausn að velta vandanum áfram, að fresta honum með auknum erlendum lántökum. Það kemur að skuldadögum og lán verður að greiða ef þjóðin ætlar að halda sjálfstæði sínu gagnvart erlendum lánardrottnum. Auknar erlendar lántökur er ekki hægt að greiða nema með hækkun skatta, og landsmönnum þykir nú þegar nóg komið af slíkum álögum.

Rétt áðan var að berast á borð okkar hér í Ed. brtt. frá hæstv. ríkisstj. við frv. til lánsfjárlaga um að fella burt 22. gr. frv. Mér er kunnugt um vanda Félagsheimilasjóðs og hann má ekki við skerðingu frekar en aðrir sjóðir eigi hann að vera hlutverki sínu vaxinn. En mér verður að spyrja: Hvers vegna 22. gr.? Hvers vegna ekki 20. gr., um málefni þroskaheftra? Hvers vegna ekki 18. gr.? Ég hefði talið jafnbrýnt eða brýnna að taka þarna með t. d. 18. gr. sem fjallar um að skerða Erfðafjársjóð. Ég hef því nú þegar lagt fram brtt. við frv. til l. um lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 og hún er hógvær því að hún varðar aðeins eina grein, 18. gr., að hún verði felld burt á sama hátt og 22. gr. Ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar hafi jafngóðan skilning á hlutverki Erfða-

fjársjóðs og nauðsyn þess, að hann fái að halda sínum tekjum óskertum, og styðja því þessa till. þó að hún sé komin frá þm. stjórnarandstöðunnar. Ég vænti þess, að hv. þm. geti fallist á að þessu sinni að það er sama hvaðan gott kemur.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til þess, að við í þessari hv. deild gefum okkur góðan tíma til að fjalla um það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umr., svo mjög sem það mun snerta alla þróun og gang efnahagsmála næsta árið og raunar lengur. Það fer ekki hjá því nú þessa síðustu starfsdaga þingsins fyrir jól við þessar umr., að inn í þær blandist nokkuð staða og horfur í efnahagsmálum almennt.

Um þetta leyti í fyrra var mjög að því spurt, til hverra ráðstafana hæstv. ríkisstj. hygðist grípa í efnahagsmálum, svo sem fyrirsjáanlegt var og raunar höfðu verið boðaðar. Þá varð næsta fátt um svör hjá hæstv. ráðherrum þótt eftir væri gengið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar, enda var það svo sem ekki skrýtið því engin samstaða var þá um úrræði í efnahagsmálum. Raunar kom rækilega fram síðar að samkomulag náðist ekki milli hæstv. ráðh. fyrr en á gamlársdag og þá náðist samkomulag um það eitt nánast að skerða laun launafólks í landinu um 7%. Það kallaði Alþb. og talsmenn þess „skipti á sléttu". Hefði einhvern tíma þótt og þykir enn og mun væntanlega þykja um nokkuð langa framtíð athyglisvert hvernig Alþb., sem allajafna og ætíð telur sig málsvara launafólks í landinu, telur sig málsvara þeirra sem lægst hafa launin, — hvernig Alþb. í þessari ríkisstj. stóð fyrir aðför að launanum.

Síðan þetta gerðist hefur margt og mikið gerst. Frá ráðherrum þessarar ríkisstj. hefur það raunar eitt heyrst það sem af er árinu, að nú verði verðbólgan 40% og þar með sé allt á þurru, öllum markmiðum náð, ríkisstj. standi við allt sem hún hafi sagt. En það er nú vert, vegna þess að hér er verið að ræða frv. til lánsfjárlaga fyrir næsta ár, að huga aðeins að því, hvernig að þessu hefur verið staðið á þessu ári.

Það er athyglisvert, að um skeið virtist sem þessi fullyrðing hæstv. forsrh. um 40% verðbólgu um áramót mundi standast reikningslega. Nú er það svo, að ef almennt launafólk væri spurt um hvernig krónurnar í launaumslaginu endist miðað við það sem var í fyrra, þá hygg ég að þau svör mundu verða mjög á eina lund. Þegar horft er til baka og hugað að þróun efnahagsmála á þessu ári kemur það nefnilega í ljós, að hvað sem menn vilja kalla þá þróun, sem orðið hefur, hefur hæstv. ríkisstj. haft næsta lítið með þau mál að gera. Það, sem annars vegar hefur ráðið og stjórnað þróun á þessu ári, er auðvitað fyrst og fremst þróun gengismála erlendis. Það, hversu Bandaríkjadollar styrktist, var sterkur og hélt áfram að styrkjast fram eftir öllu ári, olli því, að við fengum sífellt hækkandi verð fyrir okkar útflutningsafurðir. Samtímis þessu gerðist það svo og var að gerast allt árið, að Evrópumyntir lækkuðu gagnvart dollar þannig að verulega stór hluti innflutnings okkar varð ódýrari. Enn bættust svo við hin hagfelldu skilyrði sem þessari ríkisstj. voru búin af markaðsöflun erlendis að olíuverð hækkaði hvergi nærri eins og við hafði verið búist. Í raun má segja að olíuverð hafi lækkað. Þessari ríkisstj. gekk því allt í haginn á þessu ári að því er hin ytri skilyrði varðaði. En það hefur hvergi nærri verið nóg. Nú stefnir enn í óefni. Nú stefnir enn í sama sullumbullið í efnahagsmálum, sömu bráðabirgðalausnirnar til tveggja, þriggja mánaða sem verið hafa haldreipi ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens frá því að hún hóf störf.

En andstætt því, sem var í fyrra þegar spurt var og spurt um hvað gera ætti í efnahagsmálum, stangast nú yfirlýsingar hæstv. ráðh. á um það hvað gera skuli. Alþb. lýsir því hátíðlega yfir að núna verði ekki hreyft við kaupinu, hins vegar eigi að taka gjaldeyrisvarasjóðinn og væntanlega dreifa honum til fyrirtækja í sjávarútvegi sem eiga við margvíslega rekstrarörðugleika að etja. (**Gripið fram í:** Við búum á gulleyjunni.) Þetta verður nú væntanlega gert. — Já, við búum víst á gulleyjunni að mati hæstv. fjmrh. Betur ef satt væri. Aðrir ráðh. í hæstv. ríkisstj. hafa enn aðrar hugmyndir um hvað gera skuli.

En meðan um þetta er þráttað og karpað sígur enn á ógæfuhlið. Hæstv. forsrh. ræðir það í löngu máli, hve afkoma fyrirtækja í sjávarútvegi sé yfirleitt ágæt og hversu lítið þar þurfi að gera. Það er sjálfsagt rétt ef hin gullna meðaltalsregla er látin gilda um allt. Þetta minnir á þegar hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar var að ræða hér um Flugleiðamálið í fyrra eða hittiðfyrra og talaði um hið fræga meðalfargjald Flugleiða sem átti að vera mjög lágt, en gallinn var bara sá, að það gat enginn maður keypt farseðil á þessu fræga meðalfargjaldi. Eins er nú hætt við, þegar hæstv. forsrh. er að ræða í löngu máli og ítarlegu, sem mér er tjáð að hafi borist vítt og breitt um landsbyggðina nú þegar, um ágæta afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi og beitir þar meðaltalinu, að ekki séu allir alveg sáttir við það og einhvers staðar séu erfiðleikar svo miklir að þar þurfi sérstakar ráðstafanir til að koma og það ekki litlar.

Ég minntist áðan á að frá ríkisstj. og ráðh. heyrðist gjarnan það eitt, að nú væri verðbólgan 40% og síðan væri allt í himnalagi þó að raunar væri allt í kaldakoli býsna víða og stefndi í óefni. En ég hygg að þegar litið verður til baka verði mönnum þetta ár nokkuð minnistætt og að þetta ár verði mönnum minnistætt fyrir þær sakir fyrst og fremst, að þetta er árið sem mesta svindl- og plataðgerð, mesta svindl- og „blöffaðgerð" — ef nota má þá slæmu slettu — efnahagsmála var leikin. Þar á ég við myntbreytinguna. Það leynir sér ekki, þegar rætt er við fólk um hver þróun verðlagsmála hafi verið á þessu ári og hvernig launin endist, að öll svör eru á eina lund. Raunar hafa margir hv. alþm. gert þessi mál að umtalsefni. Þar vil ég sérstaklega nefna hv. 2. þm. Austurl., forseta þessarar deildar, sem gert hefur þessi mál mjög rækilega og skilmerkilega að umræðuefni, hvernig almenningur var í rauninni hlunnfarinn með myntbreytingunni — hlunnfarinn þannig að svo virðist sem verðlagseftirlit hafi gersamlega brugðist, einkum að því er varðar verð á ýmsum smærri varningi. Segir mér ekki aðeins svo hugur um, heldur eru þess skjalfest dæmi, að ýmsir verslunarmenn — þeir eiga þar þó ekki allir jafna eða óskipta sök — notuðu tækifærið við myntbreytinguna og hækkuðu ýmsar vörur ekki aðeins ríflega, heldur margfalt. Það má kannske segja að ríkið hafi undir forustu hæstv. fjmrh. gengið þar á undan með góðu eftirdæmi, því að hér var lögleitt fyrir atbeina ríkisstj. að afnema notkun aura úr öllum opinberum greiðslum. Það var þá sýnt hvert stefndi um alla þróun verðlagsmála. Raunar má segja að ríkið hafi þarna skapað fordæmi.

Það er áreiðanlegt, að þessi myntbreyting hefur valdið launafólki í landinu meiri kjaraskerðingu en nokkur

önnur aðgerð efnahagmála á þessu ári. Þá á ég bæði við þá 7% launaskerðingu, sem ríkisstj. lét sig hafa það að bjóða almenningi um s. l. áramót, þá á ég einnig við þær hækkanir, sem leyfðar voru, bæði umbeðnar og óumbeðnar, um síðustu áramót, þá á ég líka við allar þær gengisfellingar, sem ríkisstj. hefur staðið fyrir á árinu, síðast nú nýlega, sem gerði það raunar að verkum að það, sem um var samið í samningum, þau 3.25% fóru þar fyrir lítið. Ég hygg að þessi aðgerð, myntbreytingin og það hvernig að verðlagsmálum hefur verið staðið á árinu, hafi valdið fólki meiri kjaraskerðingu en nokkur önnur aðgerð. Þetta er vissulega alvarlegt mál.

En svo er ekki bara það, heldur ber að hafa í huga líka að vísitala framfærslukostnaðar, sem nú er notast við og nú er hampað og nú er veifað, mælir alls ekki lengur hvað það kostar fólk að lifa. Þar er langur vegur frá. Þar er miðað við 20 ára gamla neyslukönnun sem er ekki í neinu samræmi við lífshætti í dag og það, hvernig útgjaldaskipting venjulegra fjölskyldna nú er. Þetta er vissulega ástæða til að hafa í huga þegar rætt er um þessi mál. — Og þegar verið er að fjalla um þetta er ekki úr vegi að geta þess, að það var verið að leggja í pósthólf þm. fréttabréf Kjararannsóknarnefndar fyrir nóvembermánuð 1981. Þar segir raunar um tímakaup og kaupmátt á bls. 12, með leyfi forseta:

„Kaupmáttur greidds tímakaups jókst verulega á 4. ársfjórðungi 1980 og gætti þar áhrifa nýrra kjarasamninga, sem flestir tóku gildi í lok október 1980."

Og þá víkur að árinu 1981: „Á 2. ársfjórðungi ársins 1981 rýrnaði kaupmáttur greidds tímakaups í dagvinnu um 0.8% hjá verkamönnum og um 1.8% hjá iðnaðarmönnum, en stóð í stað hjá verkakonum miðað við 1. ársfjórðung ársins 1981."

Þá er ógetið þeirrar kaupmáttarrýrnunar, sem ekki hefur verið mæld, en vissulega væri ástæða til þess að gerð yrði ítarleg rannsókn á, eins og ég raunar hygg að hv. 2. þm. Austurl., forseti þessarar deildar, hafi gert tillögur um. Sú kaupmáttarrýrnun, sú kjararýrnun er bein afleiðing myntbreytingarinnar um s. l. áramót og þess, hvernig verðlag á ýmsum varningi hefur verið margfaldað. Það mætti nefna um það ýmis dæmi, en ég ætla ekki að gera það hér að þessu sinni. Til þess gefst tækifæri síðar þegar um þau mál verður nánar fjallað.

Það eru ýmis atriði varðandi þetta frv. til lánsfjárlaga sem ástæða er til að gera hér að sérstöku umtalsefni, og mun ég þó aðeins víkja að fáum.

Í ítarlegu nál., sem minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar leggur fram og rætt hefur verið hér í dag, er m. a. vikið að hinni uggvænlegu þróun varðandi erlendar lántökur. Það má vel vera, að þm. stjórnarliðsins þyki það vera að bera í bakkafullan lækinn að gera þau mál enn að umtalsefni hér. Ég hygg þó að svo sé sannarlega ekki. Að því hafa verið leidd gild rök, ekki aðeins í þessari umr. í dag, heldur oftlega áður, og ekki aðeins í tíð þessarar hæstv. ríkisstj., heldur síðustu ríkisstj. og þar áður og þar áður, hver hætta fylgdi því, ef erlendar lántökur færu um of vaxandi, en okkur eru kunn dæmi úr sögunni þar sem þjóðir hafa beinlínis glatað sjálfstæði sínu þegar siglt hefur verið of krappt í þeim efnum og menn ekki sést fyrir.

Í því Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar, sem ég vitnaði til áðan, er yfirlit yfir þróunina að því er varðar erlend lán. Þar er yfirlit um greiðslubyrði af erlendum lánum í prósentum af útflutningstekjum. Sé horft aftur í tímann gefur það býsna fróðlega mynd af þeirri þróun sem hér er um að ræða. 1972 var greiðslubyrði af erlendum lánum í prósentum af útflutningstekjum 11.4%. 1973 var þessi sama tala 9.1%, 1974 var hún 11.2%, 1975 hækkar hún nokkuð, upp í 14.2%, 1976 lækkar hún í 13.8 og lækkar síðan næstu ár: 1977 13.7, 1978 13.3, 12.8 fyrir árið 1979, 14.1% fyrir árið 1980. Síðan fer enn að síga meir á ógæfuhlið samkvæmt þeim tölum sem birtar eru í nál. minni hl., því að fyrir árið 1981 er talið að hliðstæð tala, greiðslubyrði erlendra lána sem prósenta af útflutningstekjum, verði 16—17% og á næsta ári enn hærri tala, sú hæsta nokkru sinni, eða 18%. Þetta er vissulega alvarlegt mál. (**Forseti:** Ég vildi spyrja hv. ræðumann hvenær hann hygðist fresta ræðu sinni. Hann hefur það í raun og veru á valdi sínu varðandi kaflaskipti.) Já, ég er, herra forseti, reiðubúinn að fresta ræðu minni nú þegar og halda henni áfram þegar fundur hefst að nýju. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var þar kominn í máli mínu, þegar fundarhlé var gert hér fyrr í kvöld, að ég var nokkuð að fjalla um erlendar lántökur og hvernig greiðslubyrðin hefur verið vaxandi prósentuhlutfall af útflutningstekjum allar götur síðan 1972, en tölur hafði ég ekki tiltækar yfir lengri tíma. Í ítarlegu áliti minni hl. er töluvert rækilega fjallað um erlenda lánsfjáröflun. Það gefur auðvitað auga leið, að á því er grundvallarmunur hvort um er að ræða erlendar lántökur, sem ætlaðar eru til framkvæmda sem skila arði, eða hvort um er að ræða eyðslu- og neyslulán. Nú er það því miður svo, að sívaxandi hluti af þeim erlendu lánum, sem við tökum, eru eyðslulán, og það sem er enn óskyggilegra er að sívaxandi hluti þessara erlendu lána er tekinn til að standa undir hallarekstri ríkisfyrirtækja. Það er svo kapítuli út af fyrir sig, sem vissulega væri ástæða til að ræða hér í töluvert löngu máli, hvernig núv. ríkisstj. stendur að rekstri fjölmargra ríkisfyrirtækja sem gætu verið öflug fyrirtæki ef rekstri þeirra væri sýndur eðlilegur skilningur og ef þessi fyrirtæki fengju að hækka gjöld fyrir þjónustu sína með eðlilegum hætti. En á það skortir mjög verulega og því er gripið til þeirrar gervilausnar, sem hlýtur auðvitað að leiða til ófarnaðar áður en langt um líður og í sumum tilvikum innan tiltölulega skamms tíma, að reka þessi fyrirtæki fyrir erlent lánsfé og fjármagna þannig stórfelldan hallarekstur.

Í áliti minni hl. segir um þetta, að nú séu tekin erlend lán til að fjármagna taprekstur ríkisfyrirtækja, og samkv. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn. við þetta frv. er bætt við lánsfjáráætlun 50 millj. kr. erlendu láni til handa Byggðasjóði til að veita hallærislán, eins og það er kallað hér, til undirstöðuframleiðslugreinar þjóðarbúsins, til sjávarútvegsins, og svo er einnig um iðnaðinn. Staðreynd er, að erlend lántaka hefur þrefaldast að raungildi til A- og B-hluta ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja undanfarin ár eða síðan 1979. Nú eru tekin erlend lán til að framlengja erlend lán. Í því sambandi er kannske sérstök ástæða til að vekja athygli á 9. gr. þessa frv. til lánsfjárlaga þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta.

„Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka erlent lán á árinu 1982 að fjárhæð 144 millj. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Framkvæmdasjóður mun jafnframt annast lántöku sem Framleiðsluráði landbúnaðarins er heimilt að taka að fjárhæð allt að 20 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með

sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar."

Það er ástæða til að staldra þarna svolítið við. Við Alþfl.-menn höfum hvað eftir annað varað við afleiðingum þess að stofna til stórfelldrar lántöku til að greiða útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, heldur eigi að fylgja þeim reglum sem eru í lögum um það mark sem þar er sett og við eigum — og um það höfum við raunar flutt tillögur — að reyna að draga úr því fjármagni sem fer til þess að borga með matvælum á erlendum mörkuðum. Nú eru 16 milljarðar gamlir í fjárlagafrv. til þessa. Hér er reiknað með 2, og enn er í fjárlagafrv. reiknað með 2 til að borga af eldri lánum vegna þessa sama. Hér stefnir auðvitað í fullkomið óefni.

Þau eru mörg, plöggin sem berast á borð okkar þm. núna á aðventu, og ekki gefst tími til að lesa þau öll, því miður. Eru þar ekki fyrirferðarminnstir miðarnir frá hæstv. iðnrh., en fleiri leggja hér gott til. Hæstv. forsrh. hefur einnig sent þm. þykkar bækur. Er þar á meðal áfangaskýrsla starfsskilyrðanefndar sem ég veit ekki hvort mönnum hefur gefist tækifæri til að kynna sér, en þar er margvíslegan fróðleik að finna, m. a. um mál sem ég ætla hér að gera að umtalsefni, framleiðslumál landbúnaðarins, sem gera nauðsynlegar þær stórfelldu lántökur sem gert er ráð fyrir í 9. gr. þessa frv. til lánsfjárlaga. Hér er í upphafi kaflans lýsing á því kerfi sem hæstv. núv. ríkisstj. stefnir að að taka upp. Ég ætla að leyfa mér að vitna til skýrslunnar með örfáum orðum, með leyfi hæstv. forseta. (**StJ:** Ekki samt lesa alla skýrsluna.) Það er sjálfsagt að verða við því, hv. þm. Stefán Jónsson. Við getum byrjað hér, þar sem stendur: „Skipun nefndar og afmörkun verkefnis", fyrst tilmæli hafa komið þar um, en það gæti reynst drjúglangur lestur. En ég get með glöðu geði lesið fyrir hv. þm. og fleiri hvernig þessi nefnd er til komin. Það er upphafið að þessa nefnd skipaði forsrh. (Gripið fram í.) Já, það gæti orðið það. En þessi nefnd er skipuð 9. sept. 1980 til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar með tilliti til samkeppnisaðstöðu í útflutningi og á heimamarkaði. Að öllu gamni slepptu ætla ég að vitna til þeirra orða sem ég var að byrja á áðan, en það getur vel verið að ástæða verði til að lesa frekar úr skýrslunni í kvöld. En hér segir frá því kerfi sem núv. ríkisstj. er að leiða stjórn efnahagsmála inn í og leiða okkur inn í. Það segir hér í niðurstöðukaflanum.

„Á stríðsárunum og eftir þróaðist hér hafta- og millifærslukerfi, sem fól í sér mjög misjöfn starfsskilyrði fyrir atvinnugreinarnar. Sjávarútvegur aflaði á þessum árum um 90% af verðmæti útflutningsafurða. Rekstrarstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina var oft erfið, þar sem verðbólga og óraunhæf gengisskráning þrengdu sífellt að." Allt á þetta við núna og það meira að segja mjög vel. „Sem ráð við því urðu millifærslur og ýmis fríðindi í skattlagningu og fjármögnun helst fyrir valinu." Þetta er nákvæmlega það sem okkur er sagt að standi nú fyrir dyrum. — „Iðnaður var svo að segja alveg bundinn heimamarkaði og samkeppnisstaða hans varin með tollum og beinum innflutningshömlum á samkeppnisvörum. Að nokkru leyti vegna þessara aðstæðna var iðnaður yfirleitt settur skör lægra í opinberri fyrirgreiðslu, skattmeðferð og aðgangi að lánsfé." — Ég hygg að menn geti verið sammála um að það sé enn satt. „Reynt var að ná ákveðnu tekjustigi fyrir bændur" — og þá kem ég að þessu „fyrst með einokun innlenda markaðarins og síðar einnig útflutningsuppbótum á umframframleiðslu." Allt á þetta við. „Við bættust ýmsar ívilnanir, sérstkalega varðandi fjáröflun." Þetta er ekki fortíðin. Þetta er nákvæmlega það sem á sömuleiðis við núna.

Í kafla, sem mertkur er 2.1 og heitir „Niðurstöður með tilliti til atvinnugreina", er rætt fyrst, með leyfi forseta, um landbúnað. Þá er rétt að hafa í huga að landbúnaður er eina meginframleiðslugreinin sem ekki hefur þurft að taka þátt í niðurtalningunni. Þar hefur ekki verið um sömu skerðingu að ræða og hefur verið gagnvart öðrum greinum einhverra hluta vegna. En þar segir svo:

„Landbúnaður býr við nær algera markaðsvernd, sem engin hinna atvinnugreinanna gerir. Þetta á þó ekki við nokkrar smærri búgreinar, svo sem loðdýrarækt, sem er útflutningsgrein, og mjög hliðstæð útflutningsiðnaði í samkeppnisaðstöðu.

Sé litið á önnur skilyrði en markaðsstöðu, er landbúnaður ýmist verr eða betur settur en aðrar greinar, sem nefndinni var falið að athuga.

a) Landbúnaður greiðir hærri aðflutnings- og sölugjöld af innfluttum matföngum en sjávarútvegur og iðnaður.

b) Uppsöfnun söluskatts er meiri en í öðrum greinum og er ekki bætt."

Þegar litið er á önnur skilyrði en markaðsstöðu er landbúnaður ýmist betur eða verr settur en aðrar greinar, sem nefndinni var falið að athuga, segir hér. Hér kemur og fram, að landbúnaður er undanþeginn launaskatti og bein framlög úr ríkissjóði til landbúnaðar eru meiri en til annarra greina. Fjárfestingar eru fjármagnaðar hlutfallslega minna með lánsfé, en lánskjör bæði til fjárfestingar og rekstrar eru landbúnaði hagstæð.

Ég ætla ekki að sinni að vitna frekar í þessa löngu og ítarlegu áfangaskýrslu. Það er rétt að benda á að þetta er aðeins áfangaskýrsla. Það má guð vita hversu stórt það plagg verður sem þm. fá í hendur þegar þessi nefnd skilar endanlegri skýrslu. Í þessu sambandi væri kannske ekki úr vegi að koma því á framfæri við hæstv. forsrh. og til þeirrar nefndar, sem þarna á hlut að máli, að ólíkt hygg ég að væri skynsamlegra og vænlegra til árangurs og vænlegra til þess að menn kynntu sér málin ef niðurstöðum á borð við þetta væri skilað samandregnum í styttra mál. Þá væri þó von til þess, að menn læsu það. Ég held að því miður fari ekki hjá því í öllu pappírs- og gagnaflóði, sem þm. berst í viku hverri, að ýmislegt verði út undan, ýmislegt sé ekki lesið sem vissulega væri ástæða til að lesa. Þess vegna ber ég þessa ósk fram og á raunar við fleira. Mætti hæstv. iðnrh. t. d. taka sér það til eftirbreytni að skila þm. skýrslum sem væru gagnorðari, aðgengilegri og læsilegri en verið hefur.

Ég hef hér nokkuð fjallað um erlendar lántökur og gagnrýnt það eins og aðrir stjórnarandstæðingar, hvert stefnir þar. En það er ekki þar með sagt að ekki sé ástæða til að afla erlendra lána til arðbærra framkvæmda. Það eru eyðslulánin og rekstrarlánin sem ég hef verið að gagnrýna.

Þá kem ég að því, sem vissulega er ástæða til að fara hér um nokkrum orðum og hefur raunar verið drepið stuttlega á, en það er beiðni frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um fyrirgreiðslu í sambandi við lánsfjáráætlun. Það hefur ekkert svar fengist við því, hvort orðið verður við þessu. Það er ljóst, að það verður ekki gert í

lánsfjáráætlun, en hins vegar er forsvarsmönnum Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sagt í öðru orðinu að það sé vonandi að hún geti rúmast annars staðar, hún geti rúmast innan orkumálaþáttar fjárlaga. Hér er sem sagt allt óljóst og svör öll mjög þokukennd, hvorki sagt í rauninni af né á. Þó svo amast sé við erlendum lántökum á það ekki við um skynsamlegar orkuframkvæmdir sem sannanlega skila þjóðarbúinu miklu og ástæða er til að hraða fremur en að draga á langinn. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna hér til beiðni frá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar sem þm. Vesturl. barst í byrjun þessa mánaðar. Það er beiðni sem er undirrituð af hitaveitustjóra Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar og er á þessa leið:

„Ég sendi hér með beiðni Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar um rýmkun á lánsfjárheimild þessa árs í von um að þú getir liðkað fyrir því að þetta fáist samþykkt.

Beiðni þessi var send iðnrn. þeir kváðust leggja hana fyrir fjh.- og viðskn. Alþingis. Á síðasta ári kom upp sama staða af svipuðum ástæðum. Þá var erindið sent beint til fjmrh. Ljósrit fylgir af því bréfi og grg. Í fyrra var málið afgreitt þannig, að leyft var að taka lán sem var svipað í dollurum og upphafleg áætlun hafði gert ráð fyrir, en að sjálfsögðu var það verulega hærra en nam krónutölu lánsfjáráætlunar.

Framkvæmdir við hitaveituna hafa gengið vel í ár. Dæling hófst í Deildartungu 27. okt. Þar er þó eftir um viku vinna við virkjun á hvernum o. fl. Útlit er fyrir að takist að fylla lögnina til Akraness í dag, 1. des., og hægt verði að hleypa vatni á hús eftir um það bil vikutíma."

Af hálfu Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar var iðnrn. skrifað hinn 25. nóv. núna í haust og þar segir, að ljóst sé orðið að lán samkv. lánsfjáráætlun 1981 nægi ekki til að standa skil á greiðslum sem falla til áramóta. Nauðsynleg viðbótarlán virðast vera um 15 millj. kr. Fjárhagsáætlun, sem gerð var 30. okt. 1980 og síðan uppreiknuð miðað við 1. jan. 1981, gerði ráð fyrir að framkvæmdakostnaður ársins yrði 63 millj. 560 þús., þar af væri fjármagnskostnaður 18.8 millj., tekjur 14.9 og lánsfjárþörf 67.4 millj. Í lok þessa bréfs segir á þá leið, að nú sé orðið ljóst að greiðslur vegna framkvæmda muni dragast eitthvað fram á næsta ár og ætti því að duga hitaveitunni að fá heimild til 15 millj. kr. viðbótarlántöku eins og fram er tekið í byrjun. „Ekki ætti að þurfa," segir hér, „að hrófla við áætlun næsta árs af þeim sökum, þar sem gera má ráð fyrir að þau stofngjöld, sem ekki hafa innheimst á þessu ári, náist inn á því næsta og gangi á móti þeim kostnaði sem flyst á milli ára."

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu þjóðhagslega hagkvæma framkvæmd hér er um að ræða. Það er hæstv. forsrh., veit ég er, mætavel kunnugt því að hann fylgdist gerla með öllum undirbúningi þessa máls og átti raunar mikinn þátt í að þetta komst af stað, sem vissulega ber að þakka. Þess vegna þykir mér það miður að þetta ágæta fyrirtæki, sem íbúar Vesturlandskjördæmis eiga mikið undir að komist sem allra fyrst í gagnið, skuli ekki njóta velvildar í ríkisstj. núna svo sem það áður gerði. Það þarf ekki að færa mörg rök fyrir þessu. Það nægir hversu hagkvæmt þetta er. Það nægir að vitna í örstuttu máli í grg. sem fylgdi með beiðni um rýmkun lánsfjárheimildar í fyrra, en þar segir, með leyfi forseta:

„Olíusala á starfssvæði Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er röskir 3 milljarðar kr. á ári miðað við núverandi verðlag. Eftir að hitaveitan tekur til starfa eru árlegar tekjur veitunnar áætlaðar 1.6 milljarðar kr. á ári. M. ö. o.: á svæðinu munu sparast um 1.4 milljarðar kr. á ári, en orkuverð er áætlað um 55% af viðmiðurnarverði olíukyndingar. Það má því ljóst vera að mikið er í húfi að ekki dragist að tengja hús við veituna frá fyrirhuguðum áætlunum.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar hefur frá öndverðu notið mikils skilnings stjórnvalda. Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar er enn fremur ljóst, að við mikla erfiðleika er að etja í efnahagsmálum. Þess vegna vill hitaveitan nú óska eftir viðræðum við hv. rn. með það fyrir augum að finna farsæla lausn á fyrirséðum greiðsluerfiðleikum veitunnar áður en í nauðir rekur."

Þessi orð eiga nákvæmlega eins vel við núna og þau áttu fyrir ári, og það er sannarlega miður að þetta þjóðþrifafyrirtæki skuli ekki hafa fengið svör við þessari beiðni. Hér er um gífurlegt hagsmunamál að ræða fyrir alla þá sem búa í suðurhluta kjördæmisins. Þeir, sem búa í norðurhluta Vesturlandskjördæmis, nánar tiltekið í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi, eiga ekki því láni að fagna enn sem komið er að eiga aðgang að hitaveitum. Hins vegar hafa verið gerðar áætlanir um fjarvarmaveitur þar, þar sem vatn yrði hitað með raforku, en þar stendur allt fast. Ég hef í Sþ. borið fram fsp. til hæstv. iðnrh. um hvað líði ákvörðun um orkuverð til fjarvarmaveitna á þessu svæði. Í öndverðum desembermánuði í fyrra bar ég fram sams konar fsp. og fékk þá þau svör hjá hæstv. iðnrh., að hann mundi stuðla að því, að mjög fljótlega yrði mótuð stefna að því er þessi orkumál þéttbýlisstaðanna á norðanverðu Snæfellsnesi varðaði. Síðan hefur hins vegar nákvæmlega ekkert gerst í því máli. Því miður er hæstv. iðnrh. ekki viðstaddur, annars hefði ég beint til hans spurningu af þessu tilefni. Það gefst e. t. v. tækifæri til þess síðar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð að sinni, en vara mjög alvarlega við því að haldið sé áfram á þeirri braut, sem hér er mörkuð og þessi hæstv. ríkisstj. fetar, að taka sífellt meira af erlendum lánum til rekstrar og eyðslu, en að síminnkandi hluti lánanna skuli fara til arðbærra framkvæmda, svo sem orkuframkvæmda. Þetta er hættulegt og ég hygg að öllum hv. þm. sé það ljóst.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Mig langar fyrst að bera fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh., ef hann væri viðstaddur. (**Forseti:** Já, ég hef gert ráðstafanir til þess, enda gengur ráðh. í salinn.) Svo er mál með vexti, að á undanförnum — ég held að ég fari rétt með — 10 árum hefur verið unnið að því að byggja upp í Vestmannaeyjahöfn skipalyftu. Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum sendi beiðni um fjármagn til þessa fyrirtækis og fjármögnun þess til samgrn., sem dags, var 2. sept. s. l. Þar segir, með leyfi forseta:

„Með vísun til fyrri bréfaskrifa vegna fjármögnunarframkvæmda við skipalyftuna í Vestmannaeyjum viljum vér hér með óska eftir því, að ráðuneyti yðar hlutist til um að hafnarsjóði Vestmannaeyja verði útvegað og heimilað að taka allt að 6.5 millj. kr. lán á næsta ári svo að ljúka megi við 1. áfanga framkvæmda við skipalyftuna. Óskað er jafnframt eftir 4 millj. fjárveitingu úr ríkissjóði til framkvæmdanna. Ofangreindar upphæðir eru miðaðar við það, að heildarframkvæmdakostnaður á næsta ári verði um 10.5 millj. kr. samkv. kostnaðaráætl-

un sem fylgir hjálögð. Við höfum auknar upplýsingar og er okkur ljúft að veita þær verði um það beðið."

Nú er það svo að framkvæmdir hafa gengið mjög vel við þetta fyrirtæki. Dokkin er tilbúin. Fyrirtæki, sem hefur tekið að sér reksturinn á þessu, er að reisa þarna hús. Það eru veittar 4 millj. til verksins á fjárlögum. Mig langar að spyrjast fyrir um það hjá fjmrh., hvað hann hafi hugsað sér að gera til að leysa þetta mál eða hvernig því verði haldið áfram. Það var ætlað að ljúka verkinu 1. júní á næsta ári samkv. þar til gerðum samningum og tilboðum. Þetta mál brennur því æðimikið á bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum og hafnarstjórn. Ég vildi gjarnan fá, ef hægt væri, svar við þessu áður en umr. lýkur.

Annað er hitt, að mig langar líka að bera fram fsp. til hæstv. iðnrh. Er hann hér? (**Forseti:** Ég skal að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að hæstv. iðnrh. verði hér viðstaddur. Hann mun vera í Nd.) Mig langar að spyrjast fyrir vegna þess að ég hef fengið afrit af bréfum sem farið hafa á milli stjórnar Landsvirkjunar og iðnrn. Það er ekki lengra síðan en í fyrrakvöld að í Sþ. var rædd þáltill. okkar hv. þm. Sigurðar Óskarssonar um orkufrekan iðnað á Suðurlandi og yfirleitt um atvinnumál Sunnlendinga. Ég held að flestir, sem til þekkja, telji fulla ástæðu til að hafa nokkrar áhyggjur af þróun mála þar. Okkur skildist í þeim umr. að til stæði að halda áfram framkvæmdum við Sultartangastíflu á komandi vetri og því hefði fólk, sem hefur unnið þarna inni í hálendinu, ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af atvinnu sinni. Satt að segja töldum við okkur geta verið ánægða með útlit og horfur þar á næstunni. Nú sýnist vera búið að bjóða þessi verk út eða þau séu tilbúin til framkvæmda. Þarna hafa farið fram bréfaskriftir og hér segir:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur nú ákveðið að fara skuli í framkvæmdir við stíflugerðina, miðað við að henni verði lokið árið 1983, og fullnægjandi verk boðið út um næstu áramót. Stíflugerðin mun auka til muna rekstraröryggi orkuvera Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu, og eftir tilkomu stíflunnar verður sú hætta úr sögunni, að Búrfellsstöð geti orðið fyrir alvarlegri rekstrartruflun af sökum ísvandamála í Þjórsá."

Ráðuneytið svarar þessu. Í því bréfi er vísað til þessa bréfs Landsvirkjunar og þar segir í niðurlagi: „Ráðuneytið telur nauðsynlegt að tryggja sem best rekstraröryggi og raforkuframboð á landskerfinu á næstu árum og óskar eftir mati Landsvirkjunar um orkuþörf á árunum 1982-1984 í ljósi ofangreindra viðhorfa. Að því fengnu mun rn. taka afstöðu til beiðni Landsvirkjunar varðandi framkvæmdir við Sultartangastíflu."

Nú langar mig að spyrjast fyrir um það, hvort raunverulega sé verið að hverfa frá áætlunum eða að draga það að í þessar framkvæmdir verði ráðist á næstunni, eins og við höfum talið að til stæði.

Það kom fram í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann talaði fyrir áliti meiri hl. n. í dag, að innlend sparifjármyndun væri undirstaða framkvæmda í landinu og að það yrði að hverfa frá því að leysa tiltekin rekstrarlán með erlendum lántökum. Ég get vel fallist á að þetta sé vissulega það sem nauðsynlegt sé. Og því miður er ástandið þannig í íslenskum sjávarútvegi, að þar eru fyrirtæki í hópum að taka dýr erlend lán. Mig langar þess vegna að fara örfáum orðum um ástandið í íslenskum sjávarútvegi.

Í stjórnarsáttmálanum frá því í febr. 1980 segir í kaflanum um sjávarútveg, með leyfi forseta:

„Lögð verði áhersla á að auka nýtingu hráefnis og draga út kostnaði, jafnt við veiðar og vinnslu. Gerð verði áætlun um framleiðniaukningu í fiskiðnaði og sérstök áhersla lögð á, að fiskverkunarfyrirtæki nái almennt því marki í hagkvæmum rekstri, sem nú þekkist best. Ráðstafanir verði gerðar til þess að beina fjármagni til þessa verkefnis.

Aukin verði hagnýting þeirra fiskstofna, sem nú eru lítið nýttir, samhliða því að fjölbreytni í fiskverkun og hagnýtingu sjávarfangs verði aukin."

Ég held að það vanti ákaflega mikið á að þessum markmiðum verði náð með nokkrum hætti. Ef við viljum líta á sjávarútveginn, þá verður því ekki neitað, að þar hefur verið verulegur rekstrarhalli á s. l. tveimur árum. Sama er óhætt að segja um samkeppnisiðnaðinn, sem býr við svipuð skilyrði og verður að selja sína vöru á erlendum markaði. Ástandið er slíkt, að fyrirtækin éta upp eigið fjármagn sitt. Þetta bitnar auðvitað harðast á einkarekstrinum. Það má segja að sú starfsaðstaða, sem þessi atvinnuvegur hefur átt við að búa á síðustu árum, sé bein aðför að einkarekstrinum í sjávarútvegi.

Iðnaðurinn hefur á síðasta ári verið talinn rekinn með 10—19% halla. Verðstöðvun þessarar ríkisstj. hefur komið gífurlega hart niður á mörgum iðnfyrirtækjum. Talið er að til þess að þessi fyrirtæki verði rekin með sæmilegum hætti þurfi allt að 10-11% gengisfellingu.

Ég held að ef rétta ætti við mörg af þeim fyrirtækjum sem erfiðast eiga í sjávarútvegi í dag, þá veitti hreint ekki af 20% gengisfellingu. Frystihúsin hafa verið í stöðugum taprekstri að undanförnu og þau hafa safnað feiknalegum óreiðuskuldum. Það er ekki nema eðlilegt að svo sé þegar kostnaðarhækkanir eru 40-50%, en tekjur hafa auðvitað markast af gengi íslensku krónunnar og verðlagi erlendis á afurðunum. Áætlað verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar árið 1981 er 5.4 milljarðar. Ætlað er að það hafi aukist um 59.1% frá fyrra ári. Magnaukningin er í þessu tilviki aðeins um 2.6%. Það er vel þess vert að gera sér grein fyrir því, hvað þessi aukning er í raun og veru ákaflega lítil og takmörkuð. Erlendar verðhækkanir eru reiknaðar um 3%, en fall nýkrónunnar um 50.5%. Það er ekki hægt að segja annað en að á síðasta ári hafi verðlag á erlendum mörkuðum í flestum tilvikum verið mjög hagstætt. Við verðum að líta svo á, að aflabrögð hafi verið með besta móti á þessu ári, því að það er útlit fyrir að þetta ár verði jafnvel fjórða mesta aflaár síðan útgerð hófst hér.

Ég held að óhætt sé að segja að hækkun Bandaríkjadollars gagnvart Evrópugjaldmiðlum hafi orðið til þess að draga úr verðbólgu hér á Íslandi um 12-14%. Það hafa komið fram efasemdir um að útgerð hér á Íslandi stæði illa í dag, en ég vil fullyrða að rekstrarstaða útgerðar sé slæm. Fyrir síðustu fiskverðshækkun var talið samkv. tölum Þjóðhagsstofnunar að halli á stærri togurum væri 12.4%, halli á minni togurum væri 4.1%, en hagnaður á bátaflotanum um 0.9%, á þeim hluta hans sem ekki stundar loðnuveiðar. En nú er mér sagt að komin sé ný skýrsla frá Þjóðhagsstofnun, sem ég hef reyndar ekki séð sjálfur, og þarna sé orðin veruleg breyting á og bátaflotinn skili alls ekki þeim hagnaði sem reiknað var með. Okkur er öllum ljóst hve gífurlegt tap og erfiðleikar eru í sambandi við rekstur loðnuflotans. Þetta eru mörg ný og góð skip sem eru dýr í rekstri og þungar afborganir af. Nú er útlit fyrir að þau geti ekki stundað veiðar á þann hátt sem þeim er nauðsynlegt. Ég

held að þarna sé feiknalegur vandi óleystur.

Það er enginn vafi að það þarf að leggja í feiknalega miklar fjárfestingar í sambandi við mörg þessi skip, ef þau eiga að breyta um veiðiaðferðir og taka upp veiði með nýjum veiðarfærum. Það heyrist að ákveðið sé að *breyta a. m. k. fjórum stærri skipanna.* En ég held að mörg þessara skipa séu þannig búin að vélakosti að á þeim verði ekki stundaðar togveiðar nema vélabreyting komi til. Þá sér hver maður hver kostnaður getur orðið af því. Vafalaust eru mörg þeirra mjög illa löguð til togveiðanna. Þarna held ég að íslenskur sjávarútvegur standi frammi fyrir gífurlegu vandamáli.

Meðalhalli flotans er 3.1% af tekjum.

Því miður virðist ríkisstj. ætla að taka upp þann hátt að beita gömlu millifærsluleiðinni. Ef einhvers staðar gengur sæmilega, þá á að bæta þeim upp sem verr gengur. Mér finnst þetta í rauninni óraunhæf stefna. Það er ekki nema eðlilegt að þær greinar, sem ganga sæmilega í dag, greiði í Verðjöfnunarsjóð. Það verður auðvitað að miða afkomuna við þá grein, sem mikilvægust er fyrir sjávarútveginn og mikilvægust er fyrir þjóðarbúið og byggðalögin úti á landsbyggðinni sem eiga afkomu sína undir sjávarútveginum.

Því miður er ástandið í Verðjöfnunarsjóði þannig að nær allar deildir sjóðsins eru tómar, en samt er verið að greiða úr honum. Síðustu þrjú árin hafa verið greiddar inn í sjóðinn 17.4 millj. kr., en út 232.9 millj. Þetta er ákaflega óeðlileg og óæskileg þróun. Merkilegast er þó það, að þegar talað er um að bæði skreið og saltfiskur skili verulegum og góðum hagnaði, og ég held að menn trúi almennt að svo sé, er enn verið að greiða með saltfisksframleiðslunni úr Verðjöfnunarsjóði. Það er hörmulegt til þess að vita, hvernig þetta hagstjórnartæki, sem hefði getað orðið til að byggja verulega upp sjávarútveginn og hefði getað skapað verulegt öryggi fyrir þjóðarbúið, hefur verið misnotað til að kynda undir verðbólgunni hér á Íslandi. Ég held að það sé ekki ofmælt, að mestur hluti vanda íslensks sjávarútvegs sé heimatilbúinn, en skapist ekki af vandamálunum á erlendum mörkuðum, þó þau séu vissulega mörg og mikil og flest það, sem aflaga hefur farið, eigi rætur að rekja til stjórnvaldsaðgerða og þeirra rangra. Það er ekki hægt að segja annað en að gengisþróunin hafi verið jákvæð á dollarnum, sem hefur mest gildi fyrir okkur, gagnvart Evrópumyntunum, en manni sýnist að ef haldið verður áfram sem horfir í íslenskum sjávarútvegi stefni í algert öngþveiti og kreppuástand.

Ef við viljum líta á greinarnar nokkurn veginn hverja fyrir sig er ekki hægt að segja annað en fjárfesting hafi verið gífurlega mikil í frystiiðnaðinum á s. l. áratug og hann hefði átt að vera vel búinn til að svara kröfum kaupenda um aukin gæði framleiðslunnar. Það er nú einu sinni svo, að allur atvinnurekstur verður að skila þeim hagnaði og þeirri afkomu að hann geti lagt í nýjar fjárfestingar, að hann geti fylgt þeirri tækniþróun sem á sér stað, að hann geti haldið fyrirtækjunum eðlilega í horfinu og haldið þeim við. En svo verður ekki sagt að hafi verið búið að íslenskum frystiiðnaði á síðustu tveimur árunum. Því miður hefur lítið verið unnið á *þessum árum að hagræðingarstarfi. Það er eitt af því sem* nauðsynlegast er, ef við ætlum að halda stöðu okkar, ætlum að halda samkeppnishæfni okkar við erlendar þjóðir, að hafa afl til og beina kröftunum að hagræðingarverkefnum á hverjum tíma og halda fyrirtækjunum í sem bestu ástandi. Við verðum að stefna að aukinni framleiðni og aðlaga okkur á hverjum tíma að breyttum framleiðsluháttum. Við vitum að aðrar þjóðir leggja gífurlega mikið upp úr þessu. Við getum ekki litið öðruvísi á en að fiskiðnaðurinn sé einmitt samkeppnisiðnaður sem verður að standa sig í samkeppni við fiskiðnað annarra þjóða og vera tilbúinn að svara kröfum. Við getum í fæstum tilvikum séð langt fram í tímann hvert stefnir um þróun á mörkuðunum, og við verðum að vera við því búnir á hverjum tíma að svara kalli og svara kröfum markaðanna og þeim breytingum sem á þeim verða.

Þá er á það að líta, að það er verkefni frystiiðnaðarins að tryggja atvinnuna úti á ströndinni og í sjávarútvegsplássunum. Það er ekki annarri atvinnu þar til að dreifa og því verður að skapa þessum iðnaði sæmileg og viðunandi starfsskilyrði. Eg held að mér sé óhætt að segja að frystiiðnaðurinnn einn muni skapa þrefalt fleira fólki atvinnu en t. d. saltfisksvinnsla og skreiðarvinnsla. Þetta er atvinnurekstur sem stefnt hefur verið að að gera að eins konar iðnaðarrekstri. Það hefur verið stefnt að því að reyna að skapa þessum iðnaði jafnt aðstreymi hráefnis allt árið um kring og að fólk gæti þar búið við eðlilegt atvinnuöryggi. Því miður hefur það viljað loða við íslenskan sjávarútveg að fólkið, sem hefur bundið starf sitt við hann, hefur orðið að taka því að búa við mjög skert starfsöryggi. Það hefur verið kallað á þetta fólk þegar afli og hráefni hafa gefið tilefni til, en síðan er því fleygt á dyr um leið og aðstreymi minnkar. Það er *frystiiðnaðurinn einn sem hefur reynt að aðlaga sig* breyttum tíma og skapa fólkinu, sem í sjávarútveginum vinnur, svipað öryggi og er í öðrum íslenskum atvinnugreinum. Þetta er helsta undirstaða atvinnulífs okkar úti um landsbyggðina. En því miður hefur það verið stefna núv. ríkisstj. að láta frystiiðnaðinn drabbast niður. Það verður ekki séð annað en horfi til þess, að frystihúsin geti allflest ekki einu sinni sinnt nauðsynlegasta viðhaldi. Þetta tel ég að sé stórhættuleg stefna, því að eins og nú er hafa þessi fyrirtæki engan möguleika til þess að bregðast við þeim breytingum sem verða á mörkuðum.

Ég held að það sé almennt viðurkennt að í iðnaði og þá ekkert síður í fiskiðnaði eigi sér stað tæknibylting á 5—7 ára fresti. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að þessi bylting á eftir að eiga sér stað í fiskvinnslunni á næstu árum ekkert síður en annars staðar. Það má sjá þess nokkur merki t. d. í tölvuvæðingu fyrirtækjanna. Nú er reynt að stefna að miklu betri stjórnun, miklu betra eftirliti í þessum fyrirtækjum og miklu betri rekstri, og til þess er tölvubúnaður notaður. Mér er óhætt að segja að þau fyrirtæki, sem hafa haft aðstöðu til að verða sér úti um þennan búnað, skila nú þegar miklum mun betri árangri en hin sem má segja að beiti happa- og glappaaðferðinni við sinn rekstur. Við megum ekki líða að það gerist, að við drögumst aftur úr öðrum þjóðum í tæknibúnaði og uppbyggingu þessara fyrirtækja.

Við getum hver og einn gert okkur grein fyrir því hvað gerist ef þessi fyrirtæki verða ekki með neinum hætti samkeppnishæf við fyrirtæki annarra þjóða. Við eigum í stöðugt harðnandi samkeppni við fiskvinnslu og fiskiðnað annarra þjóða. Þess sjáum við merki alls staðar *hvar sem við lítum á markaðina.* Við verðum þess áskynja og sjáum hvað er að gerast t. d. í Kanada, þar sem gerðar eru stórkostlegar áætlanir um uppbyggingu þessara fyrirtækja og þessa iðnaðar, bæði á austurströndinni og á vesturströndinni. Bæði er það ríkis-

stjórnin þar sjálf, sem gerir þarna stórkostlegar áætlanir og leggur í það mikið fé, og eins fylkisstjórnirnar hver í sínu fylki. Það eru bæði fiskvinnslufyrirtækin og það eru útgerðarfyrirtækin sem fá styrki og ódýr lán til að byggja sig upp, enda sjáum við hve gífurlegum árangri þau hafa náð á síðustu árum í samkeppni við okkur á Bandaríkjamarkaðinum. Ef svo heldur sem horfir tekur ekki langan tíma að ryðja okkur kannske mikið til út af markaði. Við sjáum Kanadamenn líka keppa við okkur á Evrópumarkaði, ryðja okkur út af síldarmörkuðunum, t. d. eins og í Þýskalandi. Við sjáum þá, bæði Kanadamenn og jafnvel Bandaríkjamenn, bjóða okkur byrginn í ufsasölum í Þýskalandi.

Þannig mætti lengi telja. Við sjáum hvert stefnir hjá Norðmönnum. Norðmenn styrkja fiskiðnað sinn og fiskvinnslu stórlega og þeir vinna þetta samkv. ákveðnum áætlunum. Þeir gera sér grein fyrir mikilvægi þess að halda í þessum fyrirtækum uppi miklum og góðum rekstri. Eins er með Færeyinga, frændur okkar og næstu nágranna. Þeir gera sér fulla grein fyrir því, að færeyska þjóðin fær ekki lifað í landi sínu öðruvísi en þessi fyrirtæki geti skilað sæmilegum hagnaði. Það er ekki langt um liðið síðan einn af framkvæmdastjórum fiskiðnaðarins þar var hér á ferðinni. Hann sagði mér þá, að áður en til þess kæmi að ákveða fiskverð eða starfsskilyrði þessara fyrirtækja reiknuðu þeir þeim 36% framlegð í vinnslu ýsu og þorsks, en 42% framlegð í vinnslu ufsa og annarra þeirra tegunda sem skila lægra verði. En ef við höldum áfram sem horfir í þessum efnum hljóta lífskjörin í þessu landi að versna og við að dragast aftur úr á flestum sviðum.

Við ættum ekki að gleyma því, að í raun og veru er fiskvinnslan og þá fyrst og fremst frystiiðnaðurinn eini raunhæfi stóriðnaðurinn sem við Íslendingar stundum. Ég get ekki séð að á því verði stætt, að þessum iðnaði séu ekki sköpuð sæmileg og viðunandi starfskilyrði. En ég held að það verði ekki gert nema skoða þetta mál frá öllum hliðum. Vissulega verður að viðurkenna sérkenni landshlutanna. Það eru á margan hátt allt önnur skilyrði t. d. á Vestfjörðum en á Suðvesturlandi og suðvesturströndinni. Norðurland hefur sín sérkenni, bæði vegna veðurfars, snjóa og ýmissa annarra orsaka. T. d. geta Austfirðingar, Norðlendingar og líklega Vestfirðingar ekki heldur verkað mikla skreið. Það er verið að skipa mönnum að setja í skreið vegna þess að þeir geti ekki skilað fyrirtækjum sínum með sæmilegum hætti ef þeir vinna í frystingu, en því miður geta þessir menn alls ekki verkað skreið mikinn hluta af vetrinum vegna snjóþyngsla. Þeir komast hvorki að skreiðarhjöllum sínum né frá þeim og fiskinn hreint og beint snjóar í kaf þegar búið er að koma honum á hjalla snemma á hausti. Það er ekki nema mjög takmarkaðan tíma sem þessir aðilar geta stundað slíka vinnslu.

Ég held að það sé líka annað sem er vel þess virði að við athugum, og það er að botnfiskafli hefur aukist á s. l. þremur árum um 50%. Því fremur er ástæða til að efast um ágæti þeirrar stjórnarstefnu að kreppa svo að þessum iðnaði. Ég hygg, að það sé hreint afrek íslenskra fiskvinnslumanna og fiskiðnaðarfólks að hafa getað skilað vinnslu þessa afla með sæmilegum hætti við þau skilyrði sem því eru búin. En ég held að við þurfum líka að gæta þess, að við getum búist við að með skynsamlegri og sæmilega varfærinni stjórnarstefnu í sjávarútveginum verði hægt að halda áfram að auka þennan afla.

Við höfum séð það gerast, að loðnustofninum er sennilega ofgert. Því miður berast okkur þær válegu fréttir í dag, að okkar ágæti fiskifræðingur Jakob Jakobsson hafi verið að koma úr rannsóknarleiðangri Hann hefur á hverju hausti farið til að fylgjast með þróun íslenska síldarstofnsins. Það kemur fram hjá honum, að þetta er í fyrsta skipti sem hann finnur ekki síldina nema í mjög litlum mæli. Hvað þarna er að gerast veit náttúrlega enginn, en þetta hlýtur að skapa okkur verulegar áhyggjur. Við vitum að það var gert töluvert að því á. s. l. hausti að kasta á smásíld inni á fjörðunum fyrir austan og hvolfa smásíldinni við. Það vita allir, sem hafa reynt að fylgjast með því, hvað það þýðir ef fiski, sem lifir í sjó, er misboðið. Það þurfa ekki nema 1-2 hreistur að detta af fiski til þess að hann sé dauður. Ég hef séð þetta sérstaklega núna undanfarið. Við höfum verið að reyna að ala fisk í sjó, eldisfisk, í Vestmannaeyjum, og það eru ákveðnar reglur fyrir því, hvernig með þennan fisk á að fara, og eru þær bundnar fyrst og fremst við ferskvatn. Það er hægt að fara með þennan ágæta fisk eins og fótbolta þegar verið er með hann í ferskvatni. Það var beitt slíkum vinnubrögðum og slíkum aðferðum. En í ljós kemur að þegar hann er í sjónum skapast eins og brunasár undan hverju því sem við hann kemur og hann tærist upp og deyr á tiltölulega stuttum tíma. Ég held að þetta sé það sem hefur því miður gerst allt of mikið í veiðum uppsjávarfiska. Okkar ágætu fiskimenn eru fyrst og fremst veiðimenn. Auðvitað reyna þeir að verða sér úti um veiðina hvar sem hennar er helst von. Það er ekki hægt að ásaka þá í sjálfu sér fyrir það. En ég held að þarna séu því miður upplýsingar sem við höfum ástæðu til að hafa verulegar áhyggjur af.

Það er fyrst og fremst botnfiskurinn og það er vinnsla botnfisks sem við munum byggja afkomuna á í íslenskum sjávarútvegi. Því miður má segja að skip hafi orðið að sigla með nokkuð af þeim botnfiskafla sem aflað hefur verið, en það eru ýmsar orsakir til þess. Hreint og beint hefur afkoma margra vinnslufyrirtækjanna verið svo léleg að þau hafa ekki einu sinni getað tekið á móti þessum afla til vinnslu og þess vegna orðið að senda skipin á erlenda markaði og þar með hefur íslenskt verkafólk misst atvinnu sína að óþörfu. En ég held að það sé staðreynd sem við getum ekki gengið fram hjá, að það er íslenskur frystiiðnaður sem er okkar eina stóriðja. Þar eru ótalin atvinnutækifæri fyrir vinnufúsar hendur á komandi árum. Við erum í raun og veru að misbjóða þeim atvinnurekstrinum sem við ættum helst að hlúa að og byggja upp. Ég held að það sé staðreynd, að íslensk fiskvinnsla og íslenskur frystiiðnaður séu einmitt sá vaxtarbroddur sem nærtækastur sé fyrir íslensk stjórnvöld þegar þau vilja byggja upp atvinnuna í landinu. En því miður hefur sú stjórn, sem nú situr, hundsað þennan atvinnurekstur og látið hann drabbast niður algerlega að óþörfu.

Þá er þess líka að geta, að í íslenskum sjávarútvegi og í íslenskri fiskvinnslu er rekin svokölluð núllgrunnsstefna, eitthvert útreiknað meðalfyrirtæki. Það eru reglustrikustrákarnir hérna uppi á Rauðarárstíg sem reikna sér út með reiknistokk eitthvert meðalfyrirtæki og það fyrirtæki skal rekið á núlli. En því miður hefur þessi núllgrunnsstefna ekki reynst okkur sem skyldi. Hún skapar fyrirtækjunum ekki þá afkomu sem nauðsynleg er, og hún kemur ekki aðeins niður á fyrirtækjunum, heldur hlýtur hún að koma niður á íslenskum launþegum og

íslenskri alþýðu þegar til lengdar lætur. Það eigum við eftir að sjá ef svo verður haldið áfram sem nú horfir. Þessi núllgrunnsstefna bannar fyrirtækjunum alla möguleika til endurnýjunar véla, tækja, húsa og búnaðar og skapar enga fjármunamyndun í þessum mikilvægasta atvinnuvegi okkar. Vissulega hljóta allir stjórnendur, sem reka slík fyrirtæki, að óska eftir að þau geti skapað sér heilbrigðan rekstur og haft eðlilegt eigið fé og að þeir geti stundað atvinnu sína með eðlilegum hætti og stjórnað fyrirtækjunum, en ylji ekki endalaust pínubekkina í bankastofnunum og opinberum fyrirtækjum í ölmusuferðum hingað til Reykjavíkur. Þessi núllgrunnsstefna, sem rekin er og rekin hefur verið, hvetur ekki til aukinnar framleiðni og mun aldrei gera, heldur stefnir til stöðvunar, samdráttar og lakari lífskjara í landi okkar.

Það má segja, að ef við höldum áfram óbreyttri stjórnarstefnu og bætum ekki stjórnun íslensks efnahagslífs hljótum við að verðleggja okkur út af öllum fiskmörkuðum sem við nú störfum á. Við höfum séð þetta gerast, fyrst og fremst á síðasta ári, á síldarmörkuðum. Ef svo heldur fram sem horfir hlýtur það að gerast líka á öðrum mörkuðum.

Það er hægt að viðurkenna að sú samkeppni, sem við eigum við að stríða á mörkuðunum, er auðvitað óheiðarleg samkeppni. Norðmenn reka auðvitað gagnvart okkur óheiðarlega samkeppni með því að styrkja fiskiðnað sinn mjög mikið. Ég held að ég fari rétt með að á síðasta ári hafi styrkir þeirra til sjávarútvegsins numið álíka upphæð og var allur hráefniskostnaður íslenska sjávarútvegsins. Ef íslensk fiskvinnsla hefði átt við svipuð skilyrði og kjör að búa og Norðmenn búa sinni fiskvinnslu hefði hún unnið með fríu hráefni og ekki þurft að taka tillit til stærsta kostnaðarþáttarins í útgjöldunum.

Það er staðreynd, að í íslenskum sjávarútvegi höfum við notið nokkurs forskots á mörkuðum okkar fyrir það, að íslenskur sjávarútvegur hefur haft miklu meiri framleiðni en samkeppnisþjóðirnar og gæði íslensku framleiðslunnar hafa verið mikil og sölustarfsemi okkar hefur verið frábærlega vel skipulögð. Ég tel að það, sem mikilvægast er núna, sé að halda þessu forskoti okkar og hjá því verði ekki komist eða undan því vikist að svo verði.

Það bárust fréttir fyrir ekki alllöngu frá miðstjórnarfundi ákveðins stjórnmálaflokks. Þar skilst manni að hafi verið rætt um að stofna til eins konar stormsveita sem áttu að fara um landið og fylgjast með rekstri íslenskrar fiskvinnslu. Hvort þetta eru sannar fregnir eða lognar ætla ég ekki að dæma um, en ég held að íslensk fiskvinnsla og íslenskur sjávarútvegur verði aldrei rekin af neinu viti með slíkum stjórnunaraðgerðum eða aðferðum.

Mig langar að fara fáum orðum um ræðu sem mjög hefur verið umrædd tvo síðustu daga og hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen hélt í gær. Þar koma fram ýmsar hugleiðingar og hugmyndir um íslenskan sjávarútveg sem eru þess virði að eftir sé tekið og um sé fjallað. Hér segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Ef við tökum sjávarútveginn, þá er það nú þannig, að útgerðin í heild stendur samkv. áætlun Þjóðhagsstofnunar og hefur staðið nú á þessu ári heldur skár en undanfarin 10 ár, þ. e. þegar afkoma hennar í heild er metin. Þess vegna eru það náttúrlega örökstuddar staðhæfingar þegar talað er á þann veg. eins og stundum er gert, að útgerðin sé á heljarþröm. M. a. kemur sú fáviska fram í hæðnishlátri ritara þessarar deildar."

Því miður held ég að sé óhætt að fullyrða að útgerðin standi einmitt mjög illa núna. Þær fréttir, sem voru að berast í dag af nýrri skýrslu Þjóðhagsstofnunar, styðja einmitt þessa fullyrðingu mjög og umfram það sem ég hafði átt von á eða búist við.

Hæstv. forsrh. segir í ræðunni að bátaflotinn hafi í heild haft allgóða afkomu. Eins og fram hefur komið áður er þetta ekki rétt. Því miður hefur bátaflotinn, þegar litið er á hann sem heild, alls ekki skilað þeirri afkomu sem menn höfðu gert sér í hugarlund og búist við.

Þá segir hér: „Hins vegar er það ljóst, að togararnir og sumir nýrri bátarnir, sem hafa mikinn fjármagnskostnað, en þó fyrst og fremst togararnir, hinir nýrri, sem þurfa að greiða miklar fjárfúlgur í vexti og afborganir og stynja þannig undir þungum fjármagnskostnaði, eiga við ákaflega mikla erfiðleika að etja. Þá kemur strax upp sú spurning í sambandi við fiskverðið: Þarf útgerðin í heild á mjög hækkuðu fiskverði að halda?"

Ég held að það sé ekki nokkur spurning. Ég held að enginn maður, sem hefur yfirleitt hugleitt íslensk sjávarútvegsmál og þá stöðu sem íslensk útgerð er í, efist um að útgerðin þurfi á verulegri fiskverðshækkun að halda — ég tala nú ekki um ef þær hugmyndir yrðu að raunveruleika, sem um hefur verið talað, að taka af útgerðinni olíustyrkinn og stofnfjársjóðinn. Held ég að það yrði æðiþröngt í búi hjá einhverjum útgerðarmanninum og hann lenti í verulegum erfiðleikum með að reka sín útgerðarfyrirtæki ef af því yrði.

Hér segir hæstv. forsrh. líka í ræðu sinni: „Ef við snúum okkur að fiskvinnslunni, þá er hún eins og kunnugt er þrjár greinar: þ. e. frystingin, skreiðarframleiðslan og saltfiskframleiðslan. Það er vitað, að saltfisksframleiðsla og skreiðarframleiðsla hafa á þessu ári gengið yfirleitt vel og skilað og skila enn hagnaði, báðar þessar greinar. Hins vegar er það vitað um frystinguna, að hún stendur mjög höllum fæti og þar þarf verulegra aðgerða við á næstunni til að rétta sem best hennar hlut. Hins vegar er það þannig, að það er vafamál hvort á jafnan við jafnþýðingarmiklar ákvarðanir og fiskverðsákvörðun að taka hverja grein fyrir sig og krefjast þess, að grundvöllur rekstrar hverrar einstakrar greinar sé þannig að fyllilega beri sig, eða hvort á að meta greinarnar í heild."

Þarna er um fullyrðingu að ræða sem er í raun og veru algerlega órökstudd. Mér sýnist að margt bendi til þess, að saltfisksverkun skili sér alls ekki jafnvel og við hefur verið búist. Vil ég þá vísa í viðtal við núverandi forstjóra Bæjarútgerðar Reykjavíkur, Björgvin Guðmundsson, sem við hann var haft í útvarpi nú í morgun. Þar kvartaði hann einmitt undan því, að saltfisksverkun Bæjarútgerðarinnar skilaði sér engan veginn eins og við hefði verið búist og til hefði verið ætlast, en aftur á móti skilaði skreiðarverkunin sér með ágætum.

Aðstaða fyrirtækja í þessum iðnaði er ákaflega misjöfn og eins er hitt, að þó að smærri verkunaraðferðir skili sér með sæmilegum hætti komumst við aldrei hjá því að taka fullt tillit til markaðanna. Við getum ekki hlaupið út af stærstu fyrstimörkuðum okkar og farið með allt það, sem þangað er selt, yfir í saltfisk eða skreið. Hvert einasta markaðssvæði á sín takmörk, hver einasti markaður hefur sitt þanþol, en ef því þoli er misboðið hrynur viðkomandi markaður. Því miður höfum við of oft reynt það, að ýmis skilyrði og ýmis atriði hafa valdið breytingum á skreiðarmörkuðum okkar og þeir hafa hrunið og

orðið að engu á stuttum tíma. Það er ekki mjög langt síðan skreiðarframleiðendur urðu að eiga alla sína framleiðslu hér á Íslandi í tvö ár og geyma hana. Það er ekki heldur langt síðan Norðmenn áttu í feikilegum erfiðleikum með sína skreið og það kostaði þá mikið fé og því meiri fyrirhöfn að geyma hana og selja.

Þess er líka að gæta, að þegar reiknuð er framlegð í fiskvinnslunni er 14% framlegð í frystingu til 1. nóv., en þyrfti í raun og veru að vera 25% ef vel ætti að vera. Þar fyrir utan eru vextir 8%, stjórnunarkostnaður 1.5%, aðstöðugjald 1% og eignarskattur og afskriftir 3%. Þarna erum við komnir í 23.5%. Ef við drögum 14% frá er tapið um 10% á frystingunni á fyrstu 11 mánuðum þessa árs.

Það hefur verið reiknað út hvað miklu betri árangri „blönduð" hús skila eða blönduð vinnsla, þar sem bæði er rekin frysting, saltfisksverkun og skreiðarverkun. Það kemur í ljós að ekki er nema 2% betri afkoma í þessum fyrirtækjum, svo að tapið er 7—8%. Ég gef satt að segja ekki afskaplega mikið fyrir það. Þetta eru því miður staðreyndir sem verður að horfa til. Það er staðreynd, að saltfiskur kemur ekki til með að skila þeim hagnaði sem margur hafði reiknað sér. En ég býst við að ef nákvæmlega er reiknað gæti verið að saltfisksverkunin, sem allir eru nú að horfa til og telja að skili miklum og góðum hagnaði, skilaði kannske 2% hagnaði á þessu ári. Ef við viljum líta á skreiðina út af fyrir sig skilar hún mönnum ákaflega misjafnri útkomu. Fyrirtæki, sem eiga mikil hús og hafa góða aðstöðu og byggja á gömlum grunni, skila góðum hagnaði, ef þau geta hagað sínum rekstri svo að birgðahaldið sé ekki meira en um það bil 4 mánuðir. En fari svo sem oft vill verða, að fyrirtækin þurfi að liggja með vöru sína í um það bil 10 mánuði og hafi ekki bestu aðstöðu, þurfi að leggja í einhverjar fjárfestingar bæði í húsnæði, sem skreiðarverkun útheimtir mjög mikið, og þurfi að viðhalda og fjárfesta í nýjum hjöllum, þá er útkoma þessarar greinar alls ekki eins og við hefði verið búist og aðeins fáir aðilar hér á landinu skila hagnaði svo að um munar í skreiðarverkun. Eins og ég vék að áður byggist það mjög á ólíkum skilyrðum og aðstæðum milli landshluta og fyrirtækja.

Það er staðreynd, sem við getum aldrei gengið fram hjá, að fyrirtækin hljóta alltaf að skila mjög misjafnri afkomu. Svo held ég að þetta sé ekkert vafamál. Auðvitað hljótum við að verða að reikna afkomu sjávarútvegsins út frá þeirri greininni sem mikilvægust er. Og eins og ég kom að áðan er staða Verðjöfnunarsjóðsins með þeim hætti, að það væri enginn skaði skeður þó að þær minni greinar, sem talið er að skili hagnaði, greiddu nú í Verðjöfnunarsjóðinn, en ekki væri haldið áfram þeim skrípaleik að telja greinar skila hagnaði og vera þá að greiða til þeirra úr Verðjöfnunarsjóðnum. En þarna verður að taka tillit til atvinnusjónarmiða og ýmissa annarra staðbundinna hagsmuna fólksins í landinu.

Þá segir hæstv. forsrh. enn: „Þriðja atriðið í þessu, sem er auðvitað ákaflega mikilvægt, eru tekjur og afkoma sjómanna. Sjómenn telja að þeir eigi rétt á kjarabótum til jafns við launamenn í landi og í sambandi við það eigi þeir rétt á verulegum bótum nú. Þá kemur upp spurningin: Er eina leiðin til þess að rétta hlut sjómanna sú að hækka fiskverðið þannig að kjarabæturnar fáist eingöngu með hækkun þess, eða eru hugsanlegar aðrar leiðir til að rétta hlut sjómanna án þess að fiskverðið í heild sé hækkað mjög verulega?"

Satt að segja leiðist mér alltaf að heyra goðsagnirnar um hin miklu laun sjómanna. Ég tel að sjómenn eigi fullan rétt og fulla kröfu á hverjum þeim launum sem þeir fá, þeim sé alls ekki ofborgað hér á Íslandi. Við skulum bara hafa í huga aðstöðumun sjómannanna og okkar hinna sem í landi störfum. Við skulum bara hafa í huga fjarvistir þeirra frá heimili, vosbúðina sem þeir mega búa við. Það er ekki lítil áreynsla að velkjast, hvort sem er í litlum eða stórum skipum, úti í hafi vikum og mánuðum saman. Það reynir ekki lítið á líkamann. Þessir menn slitna langt umfram það sem eðlilegt er og gerist með öðrum atvinnustéttum. Við skulum líka taka tillit til þess, hve hættulegt þetta starf er. Þetta er hættulegasta starf sem stundað er hér í landinu. Ef við, sem komnir erum kannske á miðjan aldur eða svo, lítum yfir farinn veg skulum við rifja upp fyrir okkur hve margir af okkar fyrri félögum, kunningjum og vinum, sem hafa verið í þessum atvinnuvegi, eru horfnir og þá einmitt í starfi. Það er ekkert starf á Íslandi við sömu skilyrði og sjómennskan.

Þá er til annars að líta. Það eru þær aflatakamarkanir sem stjórnvöld eru núna stöðugt að setja á útgerðina og sjómennina. Sjómennirnir verða fyrir stórkostlegri tekjurýrnun. Þeirra tekjur eru skertar langt umfram það sem eðlilegt er. Og það er gert bótalaust og virðist engum detta í hug að ástæða sé til að bæta þeim eitt eða neitt, þegar stjórnvöld taka upp á því að skerða þeirra hlut.

Þá er til þess að líta, að forsrh. spyr hvort engin önnur aðferð sé til. Ég tel að það hafi verið til aðferð og hún hafi staðið opin strax þegar þessi ríkisstj. tók til starfa. Hún var sú að hefta stækkun flotans, kaupa ekki inn eða láta byggja miklu fleiri skip en þá höfðu verið byggð. Ég held að sú aflaaukning, sem orðið hefur á síðustu þremur árum, hefði ekkert orðið minni þó svo hefði verið gert. Sú verðmætaaukning og verðmætasköpun, sem átt hefur sér stað í sjávarútveginum, hefði skipst á miklu færri hendur sjómanna og miklu færri útgerðir og báðir aðilar búið við góðan hlut. Þetta var sú stjórnunaraðgerð sem hefði þurft að grípa til strax við myndun stjórnarinnar, en ekki halda áfram að byggja skip endalaust og jafna þetta allt saman út á þann hátt sem gert hefur verið. Ég held að ef til þessarar aðgerðar hefði verið gripið í þeim mæli sem ástæða hefði verið til, þá hefði verið hægt að hefta verðbólgu hér á Íslandi svo, að hún hefði ekki þurft að vera mjög miklu meiri en í okkar næstu viðskiptalöndum.

Síðan segir hæstv. forsrh. í þessari ræðu: „Nú hafa samtök þessara aðila, sjómanna og útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja, a. m. k. ýmissa þeirra, boðað stöðvun útgerðarinnar um áramót ef nýtt fiskverð væri ekki komið. Það vill nú svo til að þetta eru einmitt sömu aðilar sem velja fulltrúa í Verðlagsráð sem á samkv. lögum að ákveða fiskverð. Það er auðvitað ágætt að reka þannig á eftir sjálfum sér. Það er gott að slá í hjá sjálfum sér og getur vafalaust verið gagnlegt. Vitanlega verður ríkisvaldið, eins og hv. 1. þm. Vestf. tók réttilega fram, að koma inn í þessi mál til þess að greiða úr, en það má ekki velta öllum vandanum yfir á ríkisvald og ríkisstj. Það gengur ekki að þeir aðilar, sem samkv. lögum skipa Verðlagsráð og eiga samkv. þeim að ákveða fiskverð, semja um það sín á milli, velti vandanum af sér og segi að það sé ríkisstj. og Alþingi eitt sem á að leysa það. Hér verður auðvitað að vera samstaða og samvinna og allir að leggjast á eitt."

Ég get fallist á það, að auðvitað verða allir að leggjast á

eitt að leysa þann vanda sem fram undan er. En við skulum bara skoða hvernig þessum málum er háttað. Það er hæstv. ríkisstj. sem ræður þeim grunni sem byggt er á. Hún skipar oddamann í Verðlagsráði og það er hann sem í flestum tilfellum dæmir á annan aðilann. Það er sjaldnast að um samninga sé að ræða milli hagsmunaaðilanna. Og það er hæstv. ríkisstj. sem ákveður líka gengisskráninguna í landinu. Það er ekki svo að íslenskir sjómenn og íslenskir aflamenn fái tækifæri til þess að selja framleiðslu sína á báða vegu á frjálsum markaði. Þeir mega selja fiskframleiðsluna, en fyrir þann gjaldeyri, sem þeir afla, verða þeir að sitja við það verð sem Seðlabanki og ríkisstj. skammta á hverjum tíma. Það er ekki lögmálið um framboð og eftirspurn sem þar ræður. Og ég held að ég fari ekki með neinar ýkjur þó ég segi það, að oddamaður í Verðlagsráði, eins og hann hefur í flestum tilvikum unnið á undanförnum árum, verður fyrst og fremst að skoðast sem erindreki ríkisstj. á hverjum tíma og sendisveinn hennar til þess að reka hennar erindi.

Svo er líka til þess að líta, að ef of lítið er til skiptanna nást aldrei samningar. En ef nægilegt og sanngjarnt er til skiptanna er enginn vafi að þeir aðilar, sem í sjávarútveginum starfa, ná saman og gera með sér þann samning sem auðvelt verður að halda.

Ég vil benda á það, að við getum viðurkennt að það eru aðeins fáir bátar sem koma til með að skila sæmilegum hagnaði á þessu ári, og þá eru það helst bátar hérna við suðurströndina, vertíðarbátar. En við skulum líka hafa það í huga, að þessir bátar voru búnir að búa við mjög skarðan hlut á undanförnum árum vegna lélegrar vertíðar og lítils afla. Fiskgengd hefur ekki verið við suðurströndina á síðustu árum. Þeir áttu í mjög miklum erfiðleikum, flestir þessir menn sem stunda sinn atvinnurekstur og eru á þessum bátum. Við getum viðurkennt það, að eftir þessa síðustu stóru vertíð hafa þeir vissulega getað lagað mjög mikið fyrir sér. En þar er ekkert um of.

Svo er líka annað sem við getum haft í huga þegar við erum að tala um fiskverðið, að framreikningar eru alls ekki tilbúnir til Verðlagsráðsins í dag. Ríkisstj. hefur verið með hugmyndir um það að laga nú á einhvern hátt til fyrir þessum rekstri. Þar á meðal hefur hún verið með hugmyndir um að breyta afurðalánunum í innlend lán. Fiskvinnslan og fiskiðnaðurinn hefur átt við þann kost að búa á undanförnum árum að verða að taka erlend lán til síns rekstrar og afurðalánin hafa verið í erlendri mynt. Ef við viljum aðeins líta á vaxtaútreikning á afurðalánum á þessu ári, árinu 1981, þá voru 4% vextir greiddir af Seðlabankaláninu, sem er, hygg ég, 1.5% af skilaverði og þá um 2.06% af framleiðsluverðmæti fyrirtækjanna. Viðbótarlánin, sem af verður að borga 36% vexti, eru 22.7% af skilaverði og það gerir 8.172% á ári. Þetta þýðir 10.23% á ári, en miðað við fjögurra mánaða birgðir og greiðslutíma verður þetta 3.41% af skilaverði. Hugmyndir Seðlabankans, sem nú eru uppi, eru um 29% vexti af 51.5% skilaverðsins, sem gera þá 14.9%. Ef við bætum við það 8.1%, þá eru þetta 23.1%, sem þýðir á fjórum mánuðum 7.7%. Ef úr þessu verður, að fiskiðnaður verður látinn sitja við þetta borð og verður að borga þessa háu vexti, þá útheimtir þetta að öllum líkindum að bæta þarf tekjur fiskvinnslunnar um 4.29% og það verður þá að gera með gengisbreytingu eða á einhvern annan hátt.

Það hefur komið fram, að fiskvinnslan og fiskvinnslufyrirtækin búa við þau skilyrði, að okkur berast fréttir af því, að þau sæki nú mjög á Byggðasjóð um fyrirgreiðslu. Þar er ekki boðið annað en erlend lán eða lán sem byggjast á lánskjaravísitölu. Það er farið að hafa það að gamanmálum í hópi fiskvinnslumanna að kalla þá menn sjálfsmorðssveitina sem taka þessi lán við þær aðstæður sem eru í dag. Þeir reka fyrirtækin með gífurlegu tapi, þeir eiga í feiknalegum erfiðleikum og þeir ætla að bæta á fyrirtækin lánum sem eru á þeim kjörum sem þeir gera sér sjálfir grein fyrir að þeir koma aldrei til með að geta borgað. Og það er sagt nú að þeir menn, sem ætli sér að halda áfram rekstri, taki ekki þessi lán og það sé hreint sjálfsmorð að sæta þeim kjörum sem þarna eru í boði. Ég held að það sé ekki misminni hjá mér, að hæstv. fjmrh. sagði nú fyrir fáum dögum í umr., að það væri ekki góður rekstur sem ætti ekki í nokkrum erfiðleikum. Ég get vel fallist á það út af fyrir sig, að á misjöfnu þrífist börnin best. En ég vil samt halda því fram að fyrr megi rota en dauðrota.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil svara hér fyrirspurn frá hv. 9. landsk. þm. í sambandi við framkvæmdir Landsvirkjunar á Suðurlandi. Hann beindi þeirri fsp. til mín, hvort þar væri breytinga að vænta frá því sem ráð hefði verið fyrir gert, og vitnaði til erindis sem ég hef nýlega skrifað Landsvirkjun í sambandi við framkvæmdir við Sultartangastíflu. Það er ljúft og skylt að svara þessari fyrirspurn hv. þm.

Það er, eins og kunnugt er, gert ráð fyrir mjög verulegum orkuöflunarframkvæmdum og framkvæmdum til öryggis fyrir þær virkjanir, sem fyrir eru á Suðurlandi, á næstu árum. Þar er efst á blaði svonefnd Sultartangastífla. Landsvirkjun hefur sett fram áætlanir um að hún verði reist á næstu tveimur árum. Þær áætlanir hafa verið miðaðar við tiltekna orkunýtingu, um hraða í uppbyggingu markaðar auk öryggis. Iðnrn. hefur tekið undir öryggissjónarmiðið í þessu, eins og hv. þm. vék að, og það eina, sem menn þurfa að átta sig á, er hversu hratt er ástæða til að fara í sambandi við þessa uppbyggingu. Er það tveggja ára verk eða er það þriggja ára verk sem þarna er um að ræða? Hvað meta menn öryggisþáttinn mikils og hvað þarf að ganga hratt fram í að auka orkuframboðið? Ég hef óskað eftir því, að Landsvirkjun leggi fram sitt mat á þessum þáttum áður en heimild verður formlega veitt fyrir þessu mannvirki, en ég geri ekki ráð fyrir að þar verði um neinn drátt að ræða frá þeim meginhugmyndum sem fyrir hafa legið. Spurningin er aðeins um tveggja eða þriggja ára framkvæmdatíma og Landsvirkjun hefur þegar velt því fyrir sér. Miðað við forsendur þess markaðar, sem nú liggur fyrir, höfum við óskað eftir að þeir fari yfir þetta dæmi og gefi okkur svör þar að lútandi áður en formlega verður frá málinu gengið. Það er augljóst, að verulegar framkvæmdir verða á næsta ári við Sultartangastíflu og þar næsta ári, og vel líklegt að við mannvirkin verði lokið á árinu 1983. En það þarf að meta út frá öryggislegum og fjárhagslegum forsendum.

Ég minni aðeins á það í þessu sambandi, að því hefur verið varpað fram opinberlega, að það væri fyrirsjáanlegt að svo og svo mikið fjármagn rynni til sjávar í ónotaðri orku á komandi árum. Það er að sjálfsögðu ekki hugmynd okkar að svo verði. Við hljótum að leitast við að stilla saman orkuframleiðsluna og nýtinguna jafnhliða því sem við höfum glöggt auga á öryggisþættinum. Og með tilliti til reynslu síðustu ára að því leyti er okkur

ljóst að við þurfum að taka tillit til breyttra aðstæðna, m. a. í veðurfari hérlendis. Landsvirkjun telur ástæðu til að horfa verulega á þá þætti, því að margt í sambandi við áætlanir og hugmyndir um vatnsbúskapinn hefur breyst í ljósi þeirrar reynslu sem við höfum orðið fyrir á undanförnum árum vegna breyttra aðstæðna.

Þetta mál mun skýrast innan tíðar. Það liggja engar tillögur fyrir í sambandi við fjárfestingar- og lánsfjáráætlun um að skerða það fjármagn sem Landsvirkjun hefur óskað eftir og gert ráð fyrir á næsta ári. Eins og hv. þdm. vita eru engar tillögur hér í sambandi við afgreiðslu fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar þar að lútandi.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það er orðið áliðið og mönnum hefur orðið tíðrætt um lánsfjáráætlun sem hér liggur fyrir. Er það ekki að ófyrirsynju, því að hér er um að ræða botnlaust plagg, merki þeirrar stjórnarstefnu sem hér ríkir, og því eðlilegt að menn hafi sitthvað við það að athuga. Er athyglisvert að í þessari áætlun er, eins og komið hefur fram hér áður, gert ráð fyrir að neyslulán verði 1/3 af þessari áætlun. Og það, sem er sorglegast við þetta, er að nú eru tekin lán fyrir útflutningsbótum, fyrir vörum sem við seljum útlendingum fyrir svo til ekki neitt. En þetta er í dúr við það sem gengur og gerist hér í þjóðfélaginu. Það virðist allt vera á niðurleið. Í þeim efnum virðist niðurtalningin ætla að skila sér. Kaupmáttur hefur ekki verið eins lítill og nú í langan tíma. Fyrirtækin kveinka sér og barma, allir nema verslunin, sem vafalaust hefur stórgrætt á myntbreytingunni sem aftur hefur orðið til mikils óhagræðis fyrir almenna launþega.

Hvað gerir ríkisstj. til þess að stjórna? Eina leiðin, sem hún sér, er í raun að rýra kjör launþega, skera af kaupinu, krukka í kaupið. Það virðist vera höfuðmarkmið þessarar ríkisstj. að koma verðbólgunni niður í 40% á meðan aðrar ríkisstjórnir áttu þá ósk heitasta — og landsmenn reyndar allir — að koma verðbólgunni enn þá neðar en það. Ekki hefur þó betur til tekist en það, að nú er verðbólgan komin langt upp fyrir það mark aftur, því að það tókst aðeins að lækka verðbólguna vegna hagstæðrar gengisþróunar dollarans, en síðan hefur þetta allt farið upp á við og spáir Þjóðhagsstofnun því, að verðbólgan á næsta ári verði 55%. Vafalaust er þar varlega spáð, enda hefur raunin orðið sú, að Þjóðhagsstofnun hefur alltaf verið fyrir neðan það sem veruleikinn hefur orðið síðar.

Ef ég vík nú sérstaklega að lánsfjáráætlun, þá er það mjög athyglisvert að núv. ríkisstj., sem gerir mikið að því að kenna sig við félagshyggju, virðist vera mjög hörð í því að skera niður þá fjármuni sem renna eiga til félagslegra mála. Mætti þar margt til tína. Þar má minnast á t. d. hvernig farið er með Byggingarsjóð ríkissins, sem hefði samkv. eldri lögunum átt að fá 222.6 millj., en samkv. þessari áætlun er reiknað með að Byggingarsjóður fái aðeins 57.2 millj. til sinna þarfa, sem aftur verður til þess, að þeir, sem byggja eftir þessu kerfi, fá að láni aðeins um 17% af byggingarkostnaði.

Núv. ríkisstj. lauk við að setja í lög aukna aðstoð við byggingu verkamannabústaða og lauk þá því verki sem Magnús H. Magnússon hafði hafið. Samkv. þeim lögum, sem sett voru, er ætlað að menn fái 80% af húsnæðiskostnaðinum að sem sett voru, er ætlað að menn fái 80% af húsnæðiskostnaðinum að láni. En því miður var það hlutverk þessarar ríkisstj. að stórskemma það frv. sem áður hafði verið lagt fram af fyrri félmrh., gera það á allan hátt óhagkvæmara fyrir húsbyggjendur. Og nú kemur það fram í 16. gr., að það er ekki einu sinni ætlað að standa við þau lög sem þá voru sett. Það er tilgreint að til þessara þarfa skuli fara 111 millj. 314 þús. kr. og er þá miðað við þá reiknitölu sem lánsfjáráætlun er byggð á, þ. e. 33%, en það vita allir sem vilja vita, að verðbólgan verður meiri, sem þýðir aftur að hagur húsbyggjenda verður lakari en til var stofnað. Þetta er náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Þetta eru svik við verkalýðssamtökin. Þetta eru svik við þá launþega sem bundu vonir við það, að hér ætti að hefja stórfellt átak til uppbyggingar í húsnæðismálum, og er sorglegt til þess að vita, að menn skuli hafa sig til slíks.

Það má víða koma við í þessari áætlun. Það er t. d. tilgreint í 20. gr. að framlög til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra skuli skert. Þau eru að vísu komin ofar eftir 2. umr. fjárlaga og liggur fyrir brtt. í samræmi við það frá meiri hl. nefndarinnar. En þrátt fyrir að það verði samþykkt er um skerðingu að ræða, því að áætlað er að Framkvæmdasjóður þroskaheftra hefði átt að fá 31.8 millj. til sinna þarfa.

Það má víðar bera niður í þessu frv., en allt á það sammerkt að því leyti til, að það er um óraunhæfa hluti að ræða sem þar birtast. Það hafa því sem betur fer átt sér stað ýmsar breytingar frá því að þetta frv. var lagt fram. Það var ætlun ríkisstj. að binda fjármagn lífeyrissjóða þannig, að 45% af ráðstöfunarfé yrði að fara til kaupa á skuldabréfum. Hvarvetna um landið hafa heyrst mótmæli við þessari ráðstöfun og nú hafa ríkisstjórnarmenn verið svínbeygðir þannig að nú ætla þeir að fara niður í þau 40% sem þeir voru í áður. En gerðin er söm eða ætlunin sú sama. Það má ekkert vera í friði. Það skal taka allt sem mögulegt er til að setja í hít ríkisstj.

Ég vék að kjaramálum áðan og því, hversu allt væri þar á niðurleið. Reyndar segir í grg. Þjóðhagsstofnunar að á næsta ári sé reiknað með að kaupmáttur rýrni um 2.5% og er það vissulega afleiðing af stjórnarstefnunni. Enn er ekki vitað hvað ríkisstj. hyggst gera til þess að bæta úr þeim vanda sem hvarvetna er í atvinnulífinu. Verður fróðlegt að sjá hvað í þeim efnum verður gert. Mig grunar að farin verði sama leiðin og áður, að krukka í kaupið og láta þar við sitja, en gera ekki neitt sem marktækt er. 7% fóru um síðustu áramót. Spurningin er: Hvað er ætlunin að taka nú um þessi áramót eða stuttu síðar?

Þessi ríkisstj. hóf feril sinn á því að lofa mönnum að hér yrði full atvinna. Það er nú svo, að þrátt fyrir að við búum betur en aðrar þjóðir er hér staðbundið atvinnuleysi alltaf annað slagið. Nú er svo málum komið, að þar sem ég bý eru um 100 manns atvinnulausir. Nú í dag voru mönnum að berast uppsagnir frá helstu fyrirtækjum þar í bæ og væri fróðlegt að vita hvers þetta fólk má vænta hvað varðar atvinnu.

Ef við lítum á kaupmáttinn, þá er svo komið að við erum litlu betur settir en árið 1971. Við erum raunar verr settir en árið 1972. Þá var meðalkaupmáttur kauptaxta allra launþega 110.6 stig, en í ár hefur hann aldrei farið svo hátt. Reyndar er reiknað með að í ár verði hann langtum lægri en þá var, og ef svo verður sem Þjóðhagsstofnun spáir þurfi enn lengra niður á við. Það er greinilegt að þarna er meiningin að láta niðurtalninguna takast. Sjálfsagt tekst þeim það ef ekki verður spyrnt ærlega við fótum. Ég vona því að svo verði gert, þegar líða tekur á árið, og þá verði sótt til baka sú rýrnun sem

átt hefur sér stað fyrir tilverknað ríkisstj., sú rýrnun á kaupmætti sem nú er staðreynd.

En svo að ég víki aftur að skerðingu á framlögum til félagsmála, þá er það mjög fróðlegt, að á meðan skert er framlag til Framkvæmdasjóðs þroskaheftra og til húsbyggjenda og annarra þátta ætlar ríkisstj. sér á fjárlögum fjárveitingu sem er 97.2% hærri en var á síðasta ári. Þetta sýnir hugarfar, sem er langt út fyrir það sem eðlilegt fólk gerir ráð fyrir og er aðalsmerki ríkisstj., það er að hugsa fyrst um sig, síðan skiptir ekki máli hvernig öðrum líður.

Á þessu ári hafa ytri skilyrði verið með besta móti. Það hefur verið mjög athyglisvert að t. d. olíuverð hefur verið frekar hagstætt miðað við það sem áður hefur verið, sem gerir það aftur að verkum að eðlilegt hefði verið að bæta kjör launþega. En nú virðist vera ætlunin að fara öðruvísi að. Það mætti tína margt til í þessari áætlun sem gagnrýnivert er. Eitt er það sem mig furðar á. Það er að meiningin er að byggja svo og svo margar byggðalínur, eins og Suðurlínu, sem mér er sagt að sé afskaplega umdeild hjá þeim sem um þessi mál fjalla. Þar er gert ráð fyrir 60 millj., sem er með ólíkindum þegar svo er komið að menn hafa ekki einu sinni enn þá áttað sig á því, hvert skal stefna í orkumálum, nú þegar skortir 150 mw. í virkjanakeðjuna til að fullnægja eftirspurn í meðalári. *Það segir okkur að við þurfum að virkja meira og ekki* liggi á að byggja þessa línu fyrr en það er búið þannig að sinnt sé brýnustu frumþörfum manna.

Ég ætla ekki að orðlengja frekar. Þetta hefur verið alldrjúg umræða og menn hafa rætt ítarlega um málið. En ég sé ekki annað en að við séum að ræða um plagg sem er markleysa ein. Hún er miðuð við allt aðrar forsendur en menn vita að eru fyrir hendi, og því er ekkert annað til en taka þetta sem markleysu og fella það. Ég vonast til að sem flestir geri það.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég ætla í þessari umr. að velja mér þann texta sem að sjálfsögðu stendur mér næst og það er að fjalla um landbúnaðarmál. Það er ekki oft sem á hinu háa Alþingi gefast sérstök tilefni til slíkrar umr., því að engin, nákvæmlega engin mál sem snerta framfarir í landbúnaði koma fram frá núv. hæstv. ríkisstj. Einu tækifærin, sem fyrir hendi eru til að meta viðhorf núv. ríkisstj. í garð landbúnaðarins, eru í sambandi við fjárlagagerð og afgreiðslu fjárlaga þá um leið og í sambandi við lánsfjáráætlun, en að sjálfsögðu er sú umr., sem fer fram um þessa *þýðingarmiklu málaflokka*, ákaflega stefnumótandi um afstöðu stjórnvalda til atvinnuveganna, og gildir að sjálfsögðu um landbúnað það sama og aðra atvinnuvegi.

Menn hafa gert nokkuð að því að kalla til ráðh. þegar sérstaklega hefur verið rætt um þeirra málaflokka, og ráðherrar hafa verið á þönum á milli deilda til að hlusta. Þetta er að sjálfsögðu þingleg hefð. En ég hef satt að segja þá reynslu af öllum þessum hlaupagangi að ég hafði alveg sérstaklega metið það með sjálfum mér að ég óskaði ekkert sérstaklega eftir því, ég mundi ekki færa fram neinar óskir um það, að hæstv. landbrh. yrði hér viðstaddur. Það gæti að sjálfsögðu farið eftir áhuga hans í sambandi við stefnumótandi umr. um landbúnaðarmál, en vegna þess að við erum í sama flokki og á milli mín og hans er mjög gott persónulegt samband hefði ég að sjálfsögðu alveg eins kosið að hann væri viðs fjarri þessari umr.

Það er mér aftur mikið ánægjuefni, að ég sé á skakk við mig til vinstri handar situr ráðh. kjörinn af Austurlandi í hliðarherbergi, hæstv. iðnrh. Mér þykir vænt um ef hann má á mál mitt hlýða. Kannske tala ég eitthvað svolítið um iðnaðarmál. En því segi ég þetta að kannske gæti það orðið til þess, að í þessari ríkisstj. yrði þó einhver málsvörn fyrir íslenskan landbúnað.

Það liggur ekki enn þá fyrir niðurstaða í sambandi við afgreiðslu landbúnaðarmála í fjvn. og kannske liggur ekki enn þá fyrir afstaða ríkisstj. varðandi afgreiðslu þess málaflokks. En það hefur borist á milli herbergja í Alþingi, að ástæðan fyrir því, að ekki hefur í nokkra daga verið kallaður saman fundur í fjvn. Alþingis, sé sú, að ríkisstj. sé ekki búin að koma sér niður á það, hver hlutur landbúnaðarins eigi að vera við fjárlagagerð. Meðan það liggur ekki alveg ljóst fyrir er að sjálfsögðu bæði eðlilegt og skylt að láta þann þátt mála skýrast til fulls. En vegna þess að það er verið að tala hér um stefnumótun og stefnumótandi ákvarðanir verður ekki með nokkru móti komist hjá því að rifja aðeins upp hver hugur núverandi ríkisstj. er í garð landbúnaðarins, í garð bændanna í þessu landi, *í garð íslenskra sveitabyggða, eins og hann* kemur fram í fjárlagafrv. núverandi ríkisstj.

Það má að vísu segja frá því hér, að fulltrúi landbrn. gekk á fund fjvn. og bar þar fram ábendingar um nauðsynlegar breytingar við fjárlagagerð til að fá þar vissar leiðréttingar fyrir landbúnaðinn. Er skemmst frá því að segja, að þar fjallaði hann um og bar fram óskir um breytingar á nálega öllum fjárveitingaliðum sem snertu íslenskan landbúnað. Svörin koma til með að birtast þegar tillögur fjvn. og þá væntanlega meiri hl. fjvn. liggja fyrir. Það, sem hlýtur þó að brenna þyngst á baki, og það, sem með engu móti er unnt að víkja sér undan að fjalla hér um, er hið svokallaða hagræðingarfé, sem árið 1979 var með lögum ákveðið að ætti að ganga til landbúnaðarins. Þá var núverandi formaður Framsfl. landbrh. Hann hefur viljað láta mikið orð af því fara, að hann hafi m. a. með þeirri lagagerð verið að skapa nýja tíma í íslenskum landbúnaði. Þar var m. a. ákveðið að framlög til landbúnaðar samkv. jarðræktarlögum skyldu vera þau hin sömu í fimm ár og þau voru að meðaltali árin 1978 og 1979 og þau skyldu verðtryggð. Það er kannske gaman að rifja það hér upp, að m. a. sagði þáv. landbrh. frá því austur í Hornafirði á fundi sem hann sjálfur boðaði til að daginn eftir ætti að fara fram umræða um það við núverandi formann Alþfl., sem þá átti sæti í þeirri ríkisstj., að *þessi tilhögun skyldi upp tekin og að Alþfl. hefði* jákvæða afstöðu einmitt til þessarar breytingar. Það þarf ekki frá því að segja, að það var skýrt tekið fram, að þetta fjármagn ætti að fara til að leita að nýjum viðfangsefnum í íslenskum landbúnaði, það ætti með þessu fjármagni að leggja inn á nýjar leiðir til að treysta íslenskar sveitabyggðir.

Ég átti kost á því að fjalla um þessi mál þá á Búnaðarþingi og Sjálfstfl. fjallaði um þessi mál hér á Alþingi. Ég ætla ekki að leyna því, að ég var á móti þessu, því að inn í þetta samkomulag gekk sú lögboðna ákvörðun að jafnframt þessu skyldu framlög til landbúnaðarins verða skert. Ég hafði að sjálfsögðu ákaflega illan bifur á því, að það yrði staðið við þátt hins opinbera í þessum efnum. Ég vissi vel að ekki mundi standa á að skerða þann þátt sem snertir framlögin til bændanna sjálfra. Hver skyldi svo reynslan vera af þessari löggjöf, af þessum fyrirheitum, sem allir vinstri flokkarnir stóðu að? Hún er sú, að á

fyrsta ári voru framlögin skert um 200 þús. kr., sem út af fyrir sig var ekki ýkjahá tala. Á næsta ári, árinu 1981, sem nú er senn að líða, var hagræðingarféð skert um 1.8 millj. kr. En samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir og verður afgreitt innan fárra daga, nemur skerðingin 15 millj. kr., 1.5 milljarði gkr. Þar hafa menn fengið dæmið uppgert. Þarna er hagræðingarféð á einum stað. Það hefur staðið í ríkisstj. og meiri hl. fjvn. að ganga frá þessum lið.

Herra forseti. Ég ætla ekki sérstaklega að fjalla meira um þetta að þessu sinni. 3. umr. fjárlaga er eftir og enn þá hefur meiri hl. fjvn. ekki gengið frá sínum málum. (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Það væri gaman að fá vitneskju um það hér, hæstv. ráðh., hvernig þau mál standa í meiri hl. fjvn. Það hefur ekki verið boðað til fundar í þeirri virðulegu nefnd um nokkurra daga skeið, en ég á von á að þau mál skýrist þar. (**Fjmrh.:** Það fer eftir því hvenær þm. lýkur máli sínu). Það hefur ekki verið boðaður fundur í nefndinni á þessu kvöldi. Það var alveg óþarft að bíða með fundarboðun þess vegna. Það hefur ekki heldur staðið á mér að mæta á fundi í fjvn., síður en svo. Það hefur staðið á ýmsum öðrum í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Það þykir reyndar nokkuð einkennilegt að alveg sérstaklega skuli þurfa að fjalla um það í ríkisstj., hver hlutur bændanna og landbúnaðarins eigi að vera. Ekki síst þykir það undarlegt, vegna þess að það er æðioft búið að segja frá því í fjvn., að þetta fjárlagafrv. sé frv. ríkisstj. allrar. Það sætir þannig nokkurri furðu að það skuli þurfa einmitt vegna landbúnaðarþáttarins í því að fara í alveg sérstaka umræðu í ríkisstj. þar á eftir. En annað mál er að nú er hæstv. ráðh. væntanlega með mikilvægar upplýsingar, að því er virðist, eftir því sem hefur komið fram úr sæti hans, og þá verður dæmið væntanlega skýrt á eftir.

En það er að sjálfsögðu um ýmislegt fleira að tala í sambandi við landbúnaðarþáttinn í fjárlagafrv. Af því að hæstv. ráðh. er svona kotroskinn þá má kannske rifja upp ýmislegt fleira. Ef ég man orð hans rétt, sem ég hef ekki farið yfir fyrir þessa umr., man ég ekki betur en hæstv. ráðh. hafi sagt við 1. umr. fjárlagafrv. að mikið af fjármagninu, sem gengi út í gegnum fjárlagafrv., færi þar sjálfkrafa eftir ákveðnum, lögboðnum leiðum. Þar af leiðandi og sérstaklega með tilvísan til þessara ummæla hæstv. fjmrh. og þess innleggs, sem hann hefur átt í umr. úr sæti sínu, er kannske hægt að líta á aðra þætti í sambandi við fjárlagagerðina. Þá eru að sjálfsögðu búfjárræktarlögin nærtækasta dæmið.

Þannig lítur það dæmi út, að árið 1980 vantaði 1.24 millj. til þess að hægt væri að standa við lögboðnar greiðslur samkv. búfjárræktarlögunum. Á s. l. ári, þótt búið væri að sarga í ríkisstj. um aukafjárveitingar upp í þennan lögboðna lið, vantaði álíka háa upphæð, milli 1.2 og 1.3 millj. kr. Þetta hefði kannske mátt álíta að væri nægur skóli fyrir hæstv. núv. fjmrh., en svo virðist þó ekki vera, því að samkv. fjárlagafrv. hefur þessi tala hér um bil þrefaldast. Þetta skeður í tíð sama hæstv. fjmrh. og segir frá því við 1. umr. fjárl. að lögboðin gjöld samkv. lögum gangi sjálfvirkt fyrir sig. Þetta eru þó enn þá sögulegri yfirlýsingar þegar þess er gætt, að fjárveitingar til þessarar löggjafar hafa staðist nálega alla tíð síðan þessi lög voru samþykkt á Íslandi. Það er ekki fyrr en í tíð núv. ríkisstj. sem þessi lög eru brotin.

Það er að sjálfsögðu hægt að tala um margt fleira í sambandi við fjárlagaafgreiðsluna og núv. ríkisstj. En hún á sín tækifæri. 3. umr. er enn eftir. Fjvn. hefur ekki enn þá gengið frá sínum tillögum og það er þess vegna best að láta hana á þessu kvöldi sleppa með skrekkinn. En svo að það gleymist ekki má nefna ýmislegt fleira. Það má nefna yfirlýsingar um nauðsynlegan stuðning við nýjar búgreinar, við eflingu hlunninda og annað þess háttar, og það má líka minna á Stofnlánadeild landbúnaðarins, hvernig sá leikur er leikinn, þar sem framlög til hennar hafa verið skorin niður, en aftur á móti hefur verulegum hluta af hinu svokallaða hagræðingarfé verið smeygt þar inn bakdyramegin á sama tíma og öll lán til landbúnaðarins, hvort heldur þau eru til nýrra búgreina eða hinna eldri, hafa verið að fullu verðtryggð. Það má líka vel minna á það svona rétt í lokin, hverjar efndir eru í sambandi við forfallaþjónustuna. Þar var um ákveðinn félagsmálapakka að ræða þar sem bændurnir í þessu landi gáfu eftir ákveðinn hlut af því búvöruverði sem þeir áttu. Það væru kannske tök á því síðar að fjalla aðeins um þau mál, þegar þau hafa betur skýrst við afgreiðslu fjárlaga.

Það var hv. þm. Kjartan Jóhannsson sem gaf mér ákveðið „stikkorð". Hann sagði frá því sem dæmi um ranga stefnu núv. ríkisstj. í landbúnaðarmálum, að það væri haldið áfram að auka framleiðsluna og það væri haldið áfram að auka framlög vegna útfluttra landbúnaðarvara. Sannleikurinn er sá, að landbúnaðarframleiðslan hefur verið að minnka. Hún hefur alls ekki verið að aukast. Hún hefur verið að minnka. Ef við gerum samanburð á sjö ára tímabili, þ. e. frá árinu 1975 til ársins 1981, líta þessar tölur þannig út:

Árið 1975 var mjólkurframleiðslan 108.3 millj. kg, 1976 108.7, 1977 115.5, 1978 120.2 1979 107.2, 1980 107 og nú í ár, árið 1981, er áætlað að mjólkurframleiðslan verði 103 millj. kg. Þá hafa menn það, að á þessu ári er mjólkurframleiðslan rúmlega 5 millj. kg minni en hún var árið 1975. Það er kannske út af fyrir sig ekki tala sem veldur straumhvörfum, heldur mjólkurneyslan í þessu landi, en á árinu 1980 nam hún 105.7 millj. kg. Ef menn bera þessar tölur saman, 105.7 millj. kg og mjólkurframleiðsluna eins og hún er í ár, sjá menn að mjólkurframleiðslan í ár er hér um bil 3 millj. kg minni en neyslan var á síðasta ári.

Ef menn vilja svo bera saman á sama tímabili kjötframleiðsluna í landinu líta þær tölur þannig út, og þær tölur eru gefnar upp í þúsundum tonna: Árið 1975 var framleiðslan 14 þús. tonn, árið 1976 13.9 þús. tonn, árið 1977 13.9 þús. tonn og árið 1978 15.3 þús. tonn, 1979 15.1 þús. tonn, 1980 13.5 þús. tonn og á þessu ári 14.2 þús. tonn. Ef við lítum á tvö fyrstu árin og tvö síðustu árin í þessum samanburði kemur í ljós að framleiðslan er minni núna þessi tvö ár en hin tvö fyrstu. Það, sem er þó kannske vert að minnast alveg sérstaklega á í þessu sambandi og getur gefið okkur nokkra vísbendingu um hvernig þróun þessara mála verður, er að sú aukning, sem hefur orðið á milli þessa árs og síðasta, byggist á því, að nú kemur á markað miklu meira af ærkjöti en áður hefur verið svo að augljóst er að bændur hafa gengið á sauðfjárstofninn. Þetta er umhverfið í framleiðslumálunum.

Það er svo annað mál, að útflutningsbótaþörfin hefur aukist. Menn geta náttúrlega reiknað það með ýmsum hætti. En þar gefa krónutölurnar að sjálfsögðu alranga hugmynd. Hins vegar liggur það fyrir, að þrátt fyrir að við höfum minni framleiðslu í landbúnaði núna en við

höfðum í upphafi þessa tímabils hefur útflutningsbótaþörfin, umframþörfin, hér um bil tvöfaldast miðað við það sem hún var í upphafi þessa tímabils, en menn hafa gjarnan viljað tala um níföldun í þeim efnum. Það er hægt að finna slíkar tölur ef menn miða við krónutölur, en ekki raungildi.

Ég er hv. þm. Kjartani Jóhannssyni þakklátur fyrir „stikkorðið". Það, sem hann sagði í sambandi við lántökur til útflutningsbóta, tek ég undir. Ég held að það sé eitt það vitlausasta, sem hefur verið gert, að taka lán með þessum hætti til að borga út hluta af umframþörfinni, sérstaklega vegna þess að það hefur ekki verið ágreiningsmál, eins og hv. þm. sagði hér frá, að menn hafa viljað leggja nokkuð á sig til að telja niður þessa umframþörf. Ég minnist þess vel, að Alþfl. hefur lagt fram um það tillögur á Alþingi. En hér hefur hins vegar verið farin vitlausasta leiðin sem var hægt að finna. Er ég þar alveg sammála hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Ástæðan fyrir því er sú, að það hefur verið út frá því gengið, að þegar búið væri að koma landbúnaðinum það langt niður að ekki þyrfti lengur að greiða vegna þessarar umframframleiðslu, umfram 10%, ætti að nota það fjármagn til að greiða erlendu lánin. Þetta gerir alveg augljóslega að verkum að bændurnir halda sig sem næst því að vera í kringum 10% mörkin og frekar fyrir ofan þau en neðan, vegna þess að ef þeir lenda niður fyrir þessi 10% mörk er farið að taka af þeirra lögboðnu réttindum til að greiða upp þessar skuldir. Ég hefði talið miklu þýðingarmeira fyrir landbúnaðinn að þessi 10% mörk hefðu verið lögbundin sem slík og að þær heimildir, sem þar er um getið, væru útvíkkaðar þannig að ef landbúnaðarframleiðslan færi niður fyrir það mark, að ekki þyrfti á þessu að halda, væri heimilt að nota það fé til annars, til hagræðingar, til niðurgreiðslu á rekstrarvörum eða einhvers annars, þannig að það hefði komið fram jákvætt viðhorf gagnvart landbúnaðinum og að bændurnir í landinu hefðu haft jákvætt viðhorf gagnvart þessum ráðstöfunum.

Það, sem hér hefur verið sagt, og það, sem hér hefur verið bent á í sambandi við landbúnaðarstefnu, er alveg augljóslega engin hending. Það er alveg augljóst að það er stefna núv. ríkisstj. að koma landbúnaðarframleiðslunni þannig niður að ekki þurfi á þessari umframfjárþörf að halda, þannig að sá lögboðni réttur, sem landbúnaðurinn hefur núna, fari til að greiða þessa fjárvöntun niður. Það hefur komið fram í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 ákaflega skýr og ótvíræð stefna núv. ríkisstj. varðandi íslenskan landbúnað. Þar segir svo m. a., þar sem fjallað er um fjárfestingu í atvinnuvegunum:

„Í landbúnaði hefur fjárfesting farið minnkandi undanfarin tvö ár og enn gert ráð fyrir nokkrum samdrætti á þessu ári. Samkvæmt spánni fyrir árið 1981 verður landbúnaðarfjárfesting svipuð og á árinu 1971, en um fimmtungi minni en hún var að meðaltali árin 1972—1980. Þessi samdráttur á m. a. rætur að rekja til þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið í landbúnaði að undanförnu, að draga úr framleiðslu búfjárafurða."

Þarna eru sannarlega tekin af öll tvímæli og meira en það. Þessar setningar skýra vissulega þá afstöðu ríkisstj. sem kemur fram í fjárlagafrv. um hagræðingarfé, um nýjar búgreinar og um loforðin frá 1979. Það á að beita stjórnun í sambandi við framkvæmdir og framfarir til að ná landbúnaðarframleiðslunni niður. Það er engin tilviljun að einmitt þetta ártal, árið 1971, skuli vera valið. Þá hafði nefnilega um skeið gengið yfir íslenskan landbúnað erfitt árferði. Líklega hefur íslenskur landbúnaður á þeim árum átt í meiri erfiðleikum og bændurnir í þessu landi þurft að þola meira og taka meira á sig en hefur gerst í annan tíma á s. l. þremur áratugum. Þetta kom fram í því, að á árunum í kringum 1970 dró úr umbótum í sveitum landsins vegna kals og alls konar harðæris. Það er af þessu árferði sem hæstv. ríkisstj. tekur mið. Það árferði hefur orðið íslenskum landbúnaði hvað erfiðast á þremur síðustu áratugum og leiddi til þess, að þá dró úr framkvæmdum og framförum í sveitum landsins. Af því tekur ríkisstj. sérstakt mið og segir að það sé sú viðmiðun sem hún vilji hafa til að koma landbúnaðarframleiðslunni í eðlilegt horf.

Ég dreg mjög í efa að ríkisstj. hafi í þessu plaggi eða nokkru öðru tekist að lýsa hug sínum til eins af atvinnuvegunum í þessu landi með jafnskýrri og ótvíræðri framsetningu og hér hefur verið gert. En það er þá kannske vert að segja frá því hér, hvað skilur á milli og hvað er verið að yfirgefa í íslenskri landbúnaðarpólitík. Þegar þessi ár, árin í kringum 1970, eru undan skilin hefur fjárfesting í landbúnaði allt frá árinu 1965 og líklega þótt eitthvað lengra sé farið aftur á bak verið hin sama að raungildi. En tvö síðustu ár hafa skorið sig úr í þessum efnum og eru sambærileg við harðindatímabilið. Fjárfesting hefur að raungildi verið sú sama öll þessi ár. Það er ákaflega mikill misskilningur að hún hafi orðið til að valda þeirri 3—4% framleiðsluaukningu sem hefur orðið í landbúnaði frá árinu 1975.

Það er vert að segja líka frá því hér, hverjir það eru sem hafa borgað þessa fjárfestingu. Það vill svo til að það er fyrir hendi úttekt á því frá Þjóðhagsstofnun, hvernig sú fjárfesting, sem hefur fallið til landbúnaðarins, hefur skipst. Þetta er nákvæmlega útreiknað miðað við hvert ár þessa tímabils. En þegar litið er á meðaltölur fyrir tímabilið kemur í ljós að hlutur bændanna í þessu landi er $^2/_3$ hlutar af þessari fjárfestingu. $^1/_3$ hluti hennar hefur verið opinber framlög eða hefur verið fjármagnaður með fé sem síðan hefur verið endurgreitt í afurðaverði. Hitt hefur verið lagt fram frá bændunum sjálfum í þessu landi. Menn geta enn og aftur velt því fyrir sér, hvað hugsað er í þessum efnum í núverandi stjórnarsamstarfi, þegar það á beinlínis að verða stefna samkv. þessari lánsfjáráætlun að koma í veg fyrir að bændurnir fjárfesti af eigin fé. En hinu má þá ekki heldur gleyma og það verður að sjálfsögðu að koma hér fram, til hvers þessi fjárfesting í landbúnaðinum hefur leitt. Hefur hún leitt til hækkaðs vöruverðs? Hefur hún leitt til þess, að birgðir hafi safnast upp? Hvað hefur orðið um hana? Það liggja fyrir um það tölur, það liggur fyrir um það úttekt frá Þjóðhagsstofnun, að á svipuðum tíma og þessi fjárfesting hefur átt sér stað í landbúnaðinum, sem bændurnir í þessu landi hafa fjármagnað að $^2/_3$ hlutum sjálfir, hefur framlegð í landbúnaðinum ferfaldast. Hvar ætli þessi hagnaður birtist? Hvar ætli hans sé að leita? M. a. í lægra verði á landbúnaðarvörum eins og það birtist í viðskiptum hér innanlands. Nú liggur fyrir samkvæmt þeirri stefnu, sem mótuð er hér í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982, að þessu á öllu að snúa við, þetta á allt að ganga með öðrum hætti en verið hefur.

Herra forseti. Ég stytti nú mál mitt varðandi umr. um íslenskan landbúnað hér í kvöld. Ég vitna til þess, sem ég áðan sagði, að enn þá hefur ekki verið lokið við fjárlagaafgreiðslu og þar hlýtur það að koma virkilega fram,

hver hugur og stefna ríkisstj. er, en það verður ekki annað séð en fulls jafnræðis gæti í afstöðu ríkisstj. bæði í sambandi við fjárlagaafgreiðslu og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Þó að það séu að sjálfsögðu ekki margir efnisþættir sem eru skýrir í stefnu núv. hæstv. ríkisstj. fer ekki milli mála að afstaða hennar í sambandi við landbúnaðarmál er alveg skýr, alveg ótvíræð. Það er alveg augljóst að ríkisstj. getur sparað sér að bera fram sérstaka þáltill. um stefnu eða stefnumótun í landbúnaðarmálum því að hún er komin fram í þskj. — Að sjálfsögðu er það hvort sem er að verða of seint. Það er tilgreint í stjórnarsáttmálanum, sem sumir þm. lesa að morgni og kvöldi og ég held um miðja nótt, að stefnu í landbúnaðarmálum eigi að ákveða með ályktun frá Alþingi. Ríkisstj. er búin að móta sína stefnu til þriggja ára, en það bólar ekkert á þessari stefnumótun enn í dag. Eins og ýmislegt annað í þeim sáttmála verður hún ekki annað en minnisvarði um það sem átti að gera, en aldrei hefur verið gert.

Herra forseti. Það eru búnar að fara fram á þessum degi í þessari hv. deild miklar umr. um fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Það held ég að þurfi engum að koma á óvart þó að það sé tekin upp nokkur umr. um þau mál á Alþingi, því að það hefur verið frá því sagt og m. a. komið fram í fjölmiðlum hjá ýmsum af þm. Framsfl., að þeir hafi alls ekki áttað sig á efnahagsvandanum, þeir hafi alls ekki áttað sig á umhverfinu í íslenskum atvinnumálum fyrr en fyrir um tveimur mánuðum. Það er kannske ekki að undra þótt ýmislegt sé á skakk í kringum þessa málaafgreiðslu hér á Alþingi, fjárlög og lánsfjárlög, þegar fyrir liggja yfirlýsingar um það frá þm. stjórnarflokkanna, að þeir hafi ekki verið búnir að átta sig á vandanum í sambandi við afgreiðslu þessara mála. Það er þá kannske hægt að vænta þess, að menn rumski oftar en 2. nóv. Það hefur verið um það talað, að þá hafi þingflokkur Framsfl. átt vökunótt. Það er út af fyrir sig merkilegt að það skyldi einmitt vera þennan dag, mánudaginn 2. nóv., daginn eftir landsfund Sjálfstfl., sem framsóknarmenn þurftu að fara að vaka og vinna, fram að þeim degi hefðu þeir ekki þurft að hafa áhyggjur. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá framsóknarmönnum um að þeir hafi ekki vitað fyrr en um það leyti hvað mundi mæta íslenskri þjóð í sambandi við atvinnumál og efnahagsmál. Ef þetta skyldi verða annar dagurinn síðan núv. ríkisstj. var mynduð sem menn fara að hugsa og taka til hendinni í stjórnarherbúðunum væri það að sjálfsögðu ofurlítið batamerki.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar að þessu sinni, en undirstrika það, sem ég hef áður sagt, að hvergi er eins gengið gegn nokkrum atvinnuvegi í fjárlagagerð og í sambandi við lánsfjárlög og íslenskum landbúnaði. Það er að sjálfsögðu með öðrum hætti, sem stjórnarstefnan hefur snert aðra atvinnuvegi, eins og þjóðin hefur orðið vitni að. Það hefur gerst með því, að t. d. sjávarútvegurinn og iðnaðurinn hafa komist í greiðsluþrot. En að landbúnaðinum á að sækja með öðrum hætti, með þeim hætti að draga úr framkvæmdum, draga úr framförum, draga úr vilja bændanna í þessu landi til að halda áfram þeirri viðleitni sinni að byggja upp íslenskar dreifðar byggðir, að styrkja íslenskan landbúnað.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Þar var mjög rösklega að verki staðið og menn tóku saman höndum um að reyna að koma málinu fram, enda allir sammála um að það þyrfti að ná fram að ganga fyrir áramót.

Ég hefði ekki staðið upp að sinni, vegna þess hversu áliðið er kvölds og mikil nauðsyn að hraða þessu máli, ef ekki hefðu verið bornar upp nokkrar fyrirspurnir og mjög eindregið óskað eftir að svör væru gefin við þeim. Ég skal fúslega reyna að svara þeim í sem allra stystu máli og ætla þá að vona að ég hafi örugglega párað þær allar rétt hjá mér.

Í fyrsta lagi var spurst fyrir um framkvæmd lánsfjáráætlunar á árinu 1981 og gefið í skyn að ekki væri víst að heimildir væru fyrir öllum þeim umframlántökum sem átt hefðu sér stað á árinu og nema — eins og réttilega hefur verið bent á hér — 166 millj. kr. Ég held þó að ef nánar er að gáð komi í ljós að fullar heimildir eru fyrir hendi að samþykktum þessum lánsfjárlögum. Það er þó kannske rétt að fara lauslega yfir það dæmi.

Það er í fyrsta lagi umframlántaka upp á 16 millj. vegna Járnblendifélagsins. Þetta mál kom ekki til fyrr en í septembermánuði og reið þá mikið á að brugðið væri skjótt við og útvegað væri þetta lán, enda hefði orðið greiðslufall hjá Járnblendifélaginu ella. En sem betur fer er greiðsluheimild í lögum fyrir þessari lántöku upp á 16 millj. þannig að þar er fullnægjandi heimild fyrir hendi.

Þegar kom að næsta lið, sem er lán vegna Kröfluvirkjunar upp á 33 millj., er þar einfaldlega um að ræða „konverteringu" lána frá fyrri árum og þá sérstöku grein í lánsfjárlögum fyrir árið 1981 sem heimilaði þá „konverteringu", þannig að segja má að sú tala, 33.2 millj., hafi verið í lánsfjárlögum fyrir árið 1981 og þar sé ekki um neina viðbót að ræða.

Lagmetisiðjan Siglósíld fékk 2.4 millj. að láni. Þar er um að ræða lánveitingu sem aflað er heimilda til í þeim lánsfjárlögum sem hér eru til umr.

Þegar við komum svo að framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins, en þar er um að ræða byggðalínur og framkvæmdir við Kröfluvirkjun, hvort tveggja umframkostnað sem ekki var reiknað með, gildir það sama, að hér er leitað heimilda til þeirrar lántöku.

Næst komum við að stofnkostnaði virkjana upp á 37.4 millj. Í virkjanalögum, sem samþykkt voru á s. l. vori, er heimild til þeirrar lántöku.

Um Byggingarsjóð Listasafns Íslands og Sjóefnavinnsluna gegnir sama máli og um ýmislegt sem ég hef þegar nefnt, að leitað er nú heimilda til þeirrar lántöku.

Næst kemur stór upphæð, sem er Orkusjóður vegna byggðalína. Þar er um að ræða „konverteringu" á lánum. Fullnægjandi heimild var fyrir því í lánsfjárlögum fyrir árið 1981. Þar er því ekki um aukningu að ræða, heldur einfaldlega upphæð sem gert var ráð fyrir í gildandi lánsfjárlögum.

Aftur á móti gildir það um Orkubú Vestfjarða og Kísiliðjuna, að leitað er heimilda vegna þeirra framkvæmda í lánsfjárlögum sem nú eru til umr. og eru hér á dagskrá.

Þá eru sem sagt eftir hitaveiturnar. Þar gegnir svipuðu máli og ég hef nú nefnt, að heimildir eru fyrir hendi í gildandi lánsfjárlögum þeirra vegna. Ég vil þó sérstaklega taka það fram, að viðbót vegna hitaveitu Hóla var tekin af liðnum Annað í lánsfjáráætluninni, og varðandi Hitaveitu Seyðisfjarðar og Hitaveitu Hafnar í Hornafirði er um að ræða skuldauppgjör fyrir árið 1980, þannig að þar er ekki um að ræða framkvæmdir á árinu, heldur

upphæðir sem tilheyra raunverulega lánsfjáráætlun fyrir árið 1980.

Mér er sem sagt tjáð af kunnugum og þeim sem yfir þetta mál hafa farið, að það séu fullnægjandi heimildir fyrir öllum þessum viðbótarlántökum þegar þau lánsfjárlög hafa verið samþykkt sem eru hér til umr.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson spurði að því, hvernig leyst yrði úr fjárvöntun Framkvæmdasjóðs þar sem í ljós hefði komið að lífeyrissjóðir hefðu ekki keypt það magn af skuldabréfum sem ráðgert hafði verið. Það var alveg rétt hjá hv. þm., að fjárvöntun Framkvæmdasjóðs er um 60 millj. kr. Þetta kemur mjög ljóslega fram í bréfi því sem fjmrn. sendi til fjh.- og viðskn., þar sem gerð var grein fyrir fjárvöntunum vegna lánsfjáráætlunar 1981. Ég hélt að svarið við þessari spurningu kæmi líka fram í þessu sama bréfi, en kannske hefur þar ekki verið um að ræða alveg ótvíræð svör, heldur meira áform. Ég man nú ekki alveg hvernig þetta var orðað. En þessi vandi hefur verið leystur þannig, að vegna þess að það vantar upp á lífeyrissjóðaféð hefur Framkvæmdasjóur tekið erlent lán að upphæð 25 millj. kr. samkv. heimildum sem sjóðurinn hefur og þarf ekki að afla sérstakrar heimildar þess vegna, en afgangurinn, þ. e. í kringum 35 millj., sem er fjárvöntun Framkvæmdasjóðs nettó, hefur verið fenginn með niðurskurði, þ. e. að viðkomandi stofnlánasjóðir hafa ekki fengið það fé sem ráð var fyrir gert í upphafi ársins.

Þetta leiðir hugann að afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir árið 1982 og þeim vanda sem við stöndum þar frammi fyrir. Það er rétt sem á hefur verið bent, að í drögum að lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðir skiluðu 45% af ráðstöfunarfé sínu til opinberra aðila eða til sameiginlegra þarfa. Nú, þegar við höfum fallið frá þessu áformi okkar og miðum við 40% af ráðstöfunarfé, þýðir þetta meiri erlendar lántökur. Það er hárrétt ályktun sem hér hefur verið dregin. En ég held að þetta sé ekki annað en það sem við verðum að horfast í augu við, að þegar brestur verður í innlendri fjáröflun verður erlend fjáröflun að koma þar á móti.

Ég man ekki alveg hvaða hv. þm. það var sem spurði um 5. gr. frv., sem sagt liðinn: „Fyrirtækjum með eignaraðild ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1982 samkv. síðari ákvörðun fjmrh. um lántökuaðila allt að 15 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt." Það var spurt hvaða lán gætu þarna komið til greina. Liðurinn er orðaður á þennan veg vegna þess að honum er ekki ráðstafað nema að hluta til og bíður því síðari ákvörðunar að ráðstafa af þessum lið. Þau fyrirtæki, sem þarna gætu komið til greina, eru þau fjöldamörgu fyrirtæki sem ríkissjóður á aðild að. Sérstaklega eru það hlutafélög sem ríkissjóður á nokkurn hlut í, stóran eða smáan. Ég vil sérstaklega nefna Kísiliðjuna, Járnblendifélagið, Þormóð ramma, Slippstöðina, Norðurstjörnuna og Rafha. Ég held að reynslan sýni að það er alltaf leitað töluvert til ríkisvaldsins um lánsfjárheimildir af hálfu fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og slíkur liður hefur þá verið notaður í þessum tilgangi.

Ef spurt er frekar um ráðstöfun af þessum lið er rétt að taka það fram, að eitt fyrirtæki hefur nú þegar fengið vilyrði fyrir því, að lánveiting verði til fyrirtækisins af þessum lið og það er Þormóður rammi. Í júnímánuði s. l. samþykkti ríkisstj. tillögu nefndar, sem skipuð var á s. l. vetri til að fjalla um málefni Þormóðs ramma, og í tillögu nefndarinnar var gert ráð fyrir að útvegað yrði sérstakt lánsfé til að ljúka byggingu frystihúss Þormóðs ramma sem hefur verið í byggingu í tæpan áratug. Lán í þessu skyni yrði væntanlega tekið af þessum lið lánsfjáráætlunar. Að öðru leyti hafa ekki verið teknar ákvarðanir um þennan lið.

Hv. þm. spurði í sambandi við lífeyrissjóðina hvernig ætti að skilja orðið „fjmrn." í 1. mgr. 29. gr., sem fjallar um lífeyrissjóðina. Ég held að ég verði að svara því ósköp einfaldlega, að það verður að skýra þetta orð af samhengi textans. Það er ljóst að málið í heild snertir fyrst og fremst þessa tvo aðila, þ. e. annars vegar fjmrn. og hins vegar Seðlabanka Íslands, og að lífeyrissjóðirnir almennt heyra undir fjmrn. og að skipulagning á lánsfé er á verksviði fjmrn. Því held ég að mönnum hafi þótt eðlilegt að fjmrn. væri nefnt í þessu sambandi. Ég held að ég geti ekki gefið neina frekari skýringu á því en að mönnum hafi fundist eðlilegt að Seðlabankinn og fjmrn. væru nefnd í sömu andrá í þessu sambandi.

Hv. þm. spurði hvað átt væri við með orðalaginu, að rn. skuli eiga viðræður við sjóðina í því skyni að ná samkomulagi um kauptilhögun og ganga frá endanlegri áætlun sinni um kaup lífeyrissjóðanna að loknum þeim viðræðum. Ég held líka að þetta orðalag skýri sig alveg sjálft og að það sé alveg ljóst hvað þarna er verið að fara. Það er gert ráð fyrir að leitað sé eftir samkomulagi við lífeyrissjóðina um þetta mál. Ég held að allir geri sér grein fyrir því, að það er afar þýðingarmikið að gott samkomulag sé við lífeyrissjóðina og að framkvæmd þessa lagaákvæðis velti á því, að það samstarf sé snurðulítið eða sem snurðuminnst. Auðvitað er alltaf hætta á einhverjum ágreiningi, en það er mjög þýðingarmikið að þetta samstarf geti orðið sem best. Það eru ekki í lagagreininni nein viðurlög sett ef skil eru ekki í fullkomnu lagi, og það er ekki heldur nein aðfararheimild af hálfu fjmrn. til að fylgja eftir vanskilum, þannig að auðvitað er fjmrn. í heldur veikri stöðu hvað þetta snertir. Ég hef persónulega talið að það hefði getað komið til greina að hafa þetta snarpara. Eins og mönnum er kunnugt setti ég fram hugmyndir í þá átt sem ekki áttu upp á pallborðið hjá talsmönnum lífeyrissjóðanna. Miðað við að menn vildu ná sem bestu samkomulagi um þessi mál almennt var fallið frá því að halda þeim hugmyndum til streitu. En ég held að þessi texti skýri sig nokkuð sjálfur, að það er ætlast til þess af fjmrn., að það hafi sem ítarlegastar viðræður við lífeyrissjóðina og freisti þess í lengstu lög að ná samkomulagi um þetta mál. Auðvitað verður svo einhver endir að vera á hverri deilu. Þar sem ekki er um að ræða að málinu sé vísað til gerðardóms eða til neins þriðja aðila er þarna gert ráð fyrir að fjmrn. geti gengið endanlega frá sinni áætlun um kaup lífeyrissjóðanna að þessum viðræðum loknum og taka þá að sjálfsögðu tillit til þess sem fram hefur komið í þeim viðræðum.

Það var spurt hérna um Bjargráðasjóð og hvort hægt væri að gefa einhverja yfirlýsingu um ráðstafanir til að tryggja að hann gæti veitt bændum fyrirgreiðslu til fóðurkaupa og vegna afurðatjóns á árinu sem er að líða. Ég vil lýsa því yfir, að ég beitti mér einmitt fyrir því, að tekin væri inn í fjárlagafrv. heimild í þessum tilgangi, þar sem segi alveg ótvírætt að fjmrh. hafi heimild til að útvega Bjargráðasjóði lán sem verði til endurlána til bænda sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum kals eða hafa orðið fyrir afurðatjóni vegna harðinda og kulda að undanförnu. Ég man ekki nákvæmlega hvernig þessi grein er orðuð, ég er ekki með hana fyrir framan mig, en ég get fullvissað

menn um að tillaga þess efnis kemur fram við fjárlagaafgreiðsluna á morgun sem ein af till. fjvn. við 6. gr. frv.

Herra forseti. Ég held ég muni það rétt, að ég hafi ekki verið spurður fleiri spurninga. Jú, ég hef líklega verið spurður aðeins fleiri spurninga. Ég var spurður spurninga varðandi Rafmagnsveitu Reykjavíkur af hv. þm. Eyjólfi Konráð. Ég held að öllum sé ljóst að þar er um ákveðinn vanda að ræða. Rafmagnsveita Reykjavíkur sótti um að fá að koma inn á lánsfjáráætlun með lántöku til að fylla í skarð í rekstri sínum. Niðurstaðan var að taka ekki slíkt lán inn. Ég held að allir geti verið sammála um að lántaka opinbers fyrirtækis vegna rekstrarerfiðleika eigi ekki rétt á sér nema í einhverjum óvenjulegum undantekningartilvikum. Vissulega getur það gerst að slíkt verði að gera, en ég held þó að menn hljóti að vera sammála um að það verði að leita allra leiða áður en til slíks er gripið og það verði þá að reyna að leysa þennan vanda eftir annarri leið.

Hv. þm. spurði, hvor ekki mætti skilja bréf frá iðnrn. á þann veg, að framkvæmdum við Sultartanga hefði verið frestað, og það væri þá vegna þess að strikað hefði verið yfir allar beiðnir í meðferð fjh.- og viðskn. á þessari lánsfjáráætlun. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þetta er á misskilningi byggt. Ég held að bréf iðnrh. til Landsvirkjunar standi ekki í neinu sambandi við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og að ekki sé ástæða til að ætla að þar sé neitt samhengi á milli, enda vil ég benda á að í virkjanafrv., sem við samþykktum á s. l. vori, eru sjálfstæðar heimildir til lánsfjárútvegunar vegna virkjunarframkvæmda og strangt tekið þurfum við ekki að taka það inn í þessa lánsfjáráætlun.

Að lokum var hér ein fyrirspurn frá hv. þm. Eyjólfi Konráð þess efnis, hvort ríkissjóður mundi ekki færa til afgang, sem hann fengi af lífeyrissjóðafé, til Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins, ef afgangur yrði hjá ríkissjóði. Ég vil svara þessari spurningu játandi. Ef ríkissjóður fær meira en honum var ætlað samkv. lánsfjáráætlun finnst okkur eðlilegt að færa þann afgang yfir til Framkvæmdasjóðs og Byggingarsjóðs. En svo fremi að ríkissjóður fái það sem honum er ætlað í lánsfjáráætlun býst ég nú ekki við að við sjáum ástæðu til að jafna því frekar út, enda skiptir þetta kannske ekki heldur máli í sjálfu sér. Við höfum þegar gert ráðstafanir til að leysa vanda Framkvæmdasjóðs á ákveðinn máta og höfum því ekki gert ráð fyrir tilfærslum af þessu tagi, enda ekki búist við að afgangur yrði af lífeyrissjóðafé hjá ríkinu. Það er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að ríkissjóður hefur komið inn í þessa lánsfjáröflun hjá lífeyrissjóðunum núna í seinni tíð. Menn geta haft þau orð um, að ríkissjóður sé að ryðjast inn á annarra verksvið. Það má nota yfir það hvaða orð sem menn vilja. Það er staðreynd að ríkissjóður hefur komið inn á þetta svið núna í seinni tíð. En hver var tilgangurinn? Tilgangurinn var að reyna að draga úr erlendum lántökum ríkissjóðs. Þess vegna kom ríkissjóður inn í þessa mynd lífeyrissjóðanna. Svo er það allt annað mál, að ríkissjóður hefur átt auðveldara með að afla síns hluta af þessu lífeyrissjóðafé vegna þess að hann er auðvitað í svo náinni snertingu við Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna hefur greitt sitt lífeyrissjóðsfé að talsvert miklu leyti til ríkissjóðs og svo að sjálfsögðu til Byggingarsjóðs ríkisins.

Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað öllum spurningum sem fram komu. (Gripið fram í.) Já. Má ég biðja hv. þm. að lána mér bréfið sem hann var að lesa úr. Ég heyrði nefnilega ekki fyrri hlutann. — Það bréf, sem hv. þm. vitnaði til áðan, er bréf til samgrn. Það grunaði mig einmitt. Ég kannaðist ekki við að hafa fengið þetta bréf sjálfur. Þetta bréf er til samgrn., stílað á Ólaf Stein Valdimarsson skrifstofustjóra, og það er skrifað 2. sept. Þar er sem sagt vísað til fyrri bréfaskrifta og óskað eftir að ráðuneytið hlutist til um að hafnarsjóði Vestmannaeyja verði útvegað eða heimilað að taka allt að 6.5 millj. kr. lán á næsta ári svo að ljúka megi við 1. áfanga framkvæmda við skipalyftuna. Ég kannast ekki við að þetta bréf hafi borist til fjmrn., og ég hef enga aðstöðu haft til að hugleiða það erindi sem hér er á ferðinni. Hins vegar má vel vera að þetta erindi hafi verið sent til hafnarmálaskrifstofunnar eða til fjvn., þar sem það á ekkert síður heima. Ég hlutaðist til um það, og átti ágæta samvinnu við samgrh. um það, að inn í fjárl. var tekin ein upphæð til hafnarframkvæmda vegna skipaiðnaðar, 15 millj. Að því loknu hef ég ekki komið neitt frekar nærri þessum málum vegna þess að það er alfarið á verksviði fjvn. að skipta slíkum safnliðum og á verksviði samgrn. og kannske félmrn. sem ráðuneytis sveitarstjórna í landinu að hafa með að gera fjárvöntun einstakra sveitarfélaga vegna síns hluta af framkvæmdunum. Mér er kunnugt um að það sveitarfélag í mínu kjördæmi, sem stendur í viðlíka framkvæmdum og Vestmannaeyjakaupstaður gerir, leitar t. d. til Iðnlánasjóðs og fær þar lán, og það hefur ýmis önnur úrræði til að afla láns vegna síns hluta af þessum framkvæmdum. Ég veit ekki hvað hafnarsjóður Vestmannaeyja hefur gert samsvarandi, en auðvitað verðum við að ganga út frá því sem meginreglu að ríkissjóður leggi fram sinn hluta og sveitarfélögin bjargi sér svo aftur með sinn hluta, annaðhvort með beinum framlögum úr viðkomandi bæjar- eða hreppssjóði ellegar með einhvers konar lántökum. Vel er hægt að hugsa sér að ríkið hlaupi þar undir bagga í undantekningartilvikum. En þetta erindi hefur sem sagt ekki komið til mín og ég get engu svarað um þetta. Ég get ekki einu sinni neitt sagt um hvort fjallað hefur verið um málið í fjvn. Það er þá miklu frekar að ræða það í sambandi við 3. umr. fjárlaga á morgun. Ég óska eftir því að fjvn.-menn geri grein fyrir því, hvort þessi beiðni hefur komið þangað.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér fyrst og fremst hljóðs til þess að þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Þau voru prúðmannleg og alúðleg, og það sýnir að hæstv. ráðh. getur, ef hann leggur sig fram, verið prúðmannlegur. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. ráðh. fyrir það, að hann hefur beitt sér fyrir að tekið verði sérstakt heimildarákvæði inn í fjárlög um það, að Bjargráðasjóði verði gert kleift að bæta mönnum tjón sem ég gerði að umtalsefni í ræðu minni í dag og menn hafa orðið fyrir á Norðurlandi vegna harðæris.

Ég ætla ekki að fara út í frekari umr. hér efnislega, aðeins segja það, að hæstv. ráðh. minntist hér á að það væri staðreynd að ríkissjóður væri kominn á þennan markað, að afla fjár úr lífeyrissjóðakerfinu, og það hefði verið gert vegna þess að ríkissjóður væri að forðast erlendar lántökur með þessum hætti. Að sjálfsögðu hlýtur þetta að þýða það, að þá þrengir að öðrum aðilum, sem þarna voru fyrir og eru fjárvana, þannig að þetta út af fyrir sig minnkar ekki þrýstinginn á erlendar lántökur í heild sinni.

Ég ætla ekki að efna til efnislegra umr. hér frekar út af þessu máli. Þær umr., sem hér hafa orðið í hv. deild í dag, hafa verið málefnalegar. Þær hafa verið mjög ítarlegar og góðar umr., vil ég segja. Þær hafa sýnt að þetta frv. er ekki vel unnið, svo að vægt sé til orða tekið. (Gripið fram í.) Og í því er sú stefna sem ég og þeir, sem hér hafa talað í dag, geta ekki sætt sig við. Þess vegna er afstaða okkar sú, að við erum andvígir þessu máli, og það mun koma fram í atkvgr.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef ekki miklu við þetta að bæta. Hæstv. ráðh. gaf nokkrar skýringar á fáeinum atriðum, en meginstefnumörkun og stefnuleysi frv. stendur jafnóhaggað eftir sem áður, nema þá að það hefur upplýstst enn betur af þeirri umr. sem hér hefur farið fram.

Það er ætlast til að hér séu afgreidd lög án þess að ákvarðanir séu teknar, að hv. þm. fari heim í sín kjördæmi með það veganesti, að málið hafi verið afgreitt án þess að afgreiðsla og ákvörðun hafi átt sér stað að því er mjög marga liði varðar.

Í annan stað hefur ekki komið neitt nýtt fram sem varðar t. d. þann þátt, sem ég gerði mjög að umtalsefni og reyndar aðrir fleiri hér, *húsnæðismálin og það öngþveiti* sem fram undan virðist vera að því er það varðar. En það stendur óhaggað, að hér er stefnt á feikilegar erlendar lántökur, langt umfram það sem nokkurn tíma hefur verið gert áður, ef valinn er raunhæfur mælikvarði á það og það sett í samband við aðrar þjóðhagsstærðir, hvort heldur er greiðslubyrði eða útflutningsframleiðslu eða heildarlán miðað við þjóðarframleiðslu eða nettólán, sem tekin eru, sem hlutfall af því sem lagt er í framkvæmdir í virkjunum, orkufrekum iðanði og hitaveitu. Það var meira að segja svo, að ýmsir höfðu hér í umr. af *því áhyggjur, að á því ári, sem nú er að líða, hefði reyndin* verið sú, þegar innlend lánsfjáröflun brast, að auka erlendar lántökur og spurðu: Er það virkilega svo, að við eigum þetta enn á hættu? Þetta er eina spurningin af þeim meginspurningum, sem hér hafa verið bornar fram, sem hæstv. fjmrh. svaraði játandi. Hann tók það sérstaklega fram, að þegar brestur væri í innlendri fjáröflun, þá væri það svo, að það yrðu að koma erlendar lántökur.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þar sem ég bar fram allmargar og kannske flestar af þeim fsp. sem hæstv. ráðh. hefur hér svarað tel ég mér skylt að þakka honum fyrir hans svör. Ég var ánægður með þau að því leyti til, að þau voru sett fram á skiljanlegan hátt og kurteislega, eins og hér var haft orð á, og þarf ekki að hafa um það öllu fleiri orð. Ég beindi að vísu fyrirspurn til hæstv. forsrh. líka og bað hann um skýringar, en hann hefur ekki séð ástæðu til þess að svara né heldur að skýra mál sitt fyrir þessari hv. deild sem hann þó á sæti í, og raunar bjóst ég ekki við að hann mundi gera það.

En það er aðeins eitt atriði sem ég vil fá, ef unnt er, aðeins skýrari grein gerða fyrir, þ. e. þetta með lífeyrissjóðina, orðalagið „sem viðurkenndir eru af fjmrn. og Seðlabanka." *Ef ég hef skilið hæstv. fjmrh. rétt, að* þetta breyti efnislega engu, það hafi verið talið eðlilegt að setja inn fjmrn. líka en efnislega verði túlkunin sú sama og í núgildandi lögum, þetta séu þeir sjóðir sem viðurkenndir eru af Seðlabanka Íslands og heimild hafa til verðtryggingar, sbr. VII. kafla laga nr. 13 10. apríl 1979, — ef engin efnisbreyting er þó að því sé skotið inn að þeir séu viðurkenndir af fjmrn., þ. e. að fjmrn. muni viðurkenna alla sömu sjóðina og Seðlabanki Íslands gerir og hefur gert, þá tel ég ekki ástæðu til að flytja brtt. En ef þessi skilningur minn er rangur, þá væri að mínum dómi alveg nauðsynlegt að flytja brtt. og fella út þessi orð: „fjmrn. og ".

Ég leyfi mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort ég hafi skilið hann rétt, að þarna sé ekki um neina efnisbreytingu að ræða. Ef svo er mun ég ekki flytja brtt. Ég vona að hann geti svarað því með jái eða neii úr sæti sínu. (**Fjmrh.:** Ég veit nú ekki hverju skal svara.) Ég skal reyna að orða þetta svolítið skýrar: hvort það væri hugsanlegt að fjmrn. mundi neita viðurkenningu einhverjum sjóðum sem Seðlabankinn viðurkennir lögum samkvæmt, þannig að um einhverja sjóði, sem núna eru viðurkenndir, kynni fjmrn. að segja: Nei, þennan sjóð viðurkennum við ekki. — Ef svo er, að það er um efnisbreytingu að ræða, held ég að deildin verði að fella þessi orð niður. A. m. k. er ég sannfærður um að forustumenn lífeyrissjóðanna gengu út frá því. Þeir höfðu ekki gert sér grein fyrir því, að þessu orðalagi hafði verið skotið þarna inn. Þess vegna held ég að það væri sjálfsagt að fella þessi orð niður ef þetta á að þýða einhverja efnisbreytingu. Ég held meira að segja að *mér sé óhætt að fullyrða það, að bæði formaður okkar* nefndar og aðrir hafi litið á þessa mgr. sem óbreytta, að enginn annar hafi eftir þessu tekið en ég í gær eða nótt þegar ég var að lesa þetta nákvæmlega saman. Ráðh. treystir sér ekki til að svara þessu úr sæti sínu? (**Fjmrh.:** Ég hef kvatt mér hljóðs.) Já.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég var ekki viðstaddur þær viðræður sem áttu sér stað við lífeyrissjóðina og verð því að byggja heimildir mínar á frásögnum annarra. En mér er sagt að þetta orð hafi verið í textanum þegar hann var sýndur lífeyrissjóðamönnum og hann hafi verið samþykktur með þessum hætti. Ég treysti mér ekki til að gefa þá yfirlýsingu, að þetta feli ekki í sér neina efnisbreytingu. Mér finnst að ég væri að segja nokkuð mikið ef ég segði að það að skjóta inn orðinu „fjmrn." í þennan texta þýddi enga efnisbreytingu. Það hlýtur auðvitað að þýða það, að fjmrn. komi við sögu í þessu samhengi. Það hlýtur að þýða það. Það er ekki hægt að skilja það öðruvísi eins og það stendur hér.

Ég held hins vegar að hv. þm. geri kannske meira úr þessu máli en efni standa til, en ég treysti mér ekki til að svara spurningu hans algerlega neitandi. Ég held að það sé ljóst að orðið hlýtur að hafa merkingu í þessu samhengi og að menn hafi vísvitandi sett þetta orð inn. En ég sé ekki ástæðu til að gera alveg eins mikið úr þessu máli og hann gerir.

Ég geri ráð fyrir að Seðlabankinn fari áfram með það hlutverk sem hann hefur gegnt í þessu sambandi. Það er auðvitað nokkuð ljóst, að Seðlabankinn hefur þær heimildir sem hann hefur haft í þessu sambandi, að hafa þau afskipti af fjárfestingarlánasjóðum sem hann hefur haft. En sem sagt, ég verð að svara þessari spurningu neitandi, *ef gengið er á mig með það, að auðvitað hefur það* efnislega merkingu, að orðinu „fjmrn." er skotið þarna inn í.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svar hans. Ég get ósköp vel skilið að hann hefur ekki hugleitt málið. Það kemur honum sjálf-

sagt spánskt fyrir sjónir nú, eins og það kom mér spánskt fyrir sjónir í gærkvöld þegar ég var að bera þetta saman. Ég hygg að það hafi enginn veitt þessu athygli og við höfum gengið út frá því, allir í fjh.- og viðskn. Ed., að 1. mgr. væri óbreytt frá gildandi lögum. En ég hef tekið þá ákvörðun að flytja ekki brtt. á þessu stigi, vegna þess að málið er ekki komið á lokaafgreiðslustig, hvorki í þessari deild og því síður náttúrlega í Nd., svo að það gefst tími til að kanna þetta betur. Ég efast ekki um að ráðh. muni gefa fullnægjandi yfirlýsingar eða þá að brtt. mætti flytja í Nd. ef málið yrði endanlega afgreitt hér án þess. Ég vil sem sagt ekki tefja fyrir málinu með því að hafa frekari umr. um þetta á þessu stigi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef flutt hér brtt. á þskj. 224 um að 15. gr. falli niður. Ég varð ekki var við að hæstv. fjmrh. tjáði sig neitt um þessa brtt., og kannske mætti ályktа sem svo að þögn væri samþykki.

Þá vil ég vekja athygli á því, ég held að ég fari rétt með, ég hef a. m. k. ekki orðið var við það, að brtt., sem lögð hefur verið fram á þskj. 228, hafi verið rædd hér eða gerð grein fyrir henni. Þó er það hvorki meira né minna en ríkisstj. sem ber fram þessa brtt. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það megi vænta þess, að það verði mælt fyrir þessari brtt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt, að ég fór ekki út í efnislegar umr. um málið hér áðan og svaraði eingöngu spurningum sem að mér var beint. En þó tek ég fram að ég er ekki samþykkur till. hv. þm. um að fella niður 15. gr. Ég taldi að við hefðum rætt svo ítarlega um það mál við 1. umr. málsins, ef ég man rétt, að sú afstaða mín hafi verið nokkuð skýr. Ég taldi þá grein óhjákvæmilega og við ræddum það nokkuð við 1. umr. (**ÞK:** Brtt. var ekki borin fram fyrr en við 2. umr.) Nei, nei, en hugmyndin kom fram við 1. umr. (**ÞK:** Hún var löngu komin fram.)

Það liggja hérna fyrir tvær tillögur sem snerta þessa lánsfjáráætlun, og ég hygg að hvorugrar þeirra hafi verið getið í þessum umr. Ég heyrði ekki nákvæmlega mál frsm. nefndarinnar, og var ekki viss um hvort hann hefði eitthvað minnst á þetta mál. En það hefur líklega ekki verið, enda man ég núna að a. m. k. önnur till. er síðar til komin. En brtt. á þskj. 228 er á þá leið, að 22. gr. frv. falli burt. Þar er um að ræða að skerðing á Félagsheimilasjóði sé felld niður. En ég minni á í þessu sambandi að Félagsheimilasjóður hefur ekki verið með í þeim skerðingarákvæðum sem hafa verið í lánsfjárlögum á undanförnum árum. Það er í fyrsta sinn núna sem hann er tekinn þar upp, og það hefur orðið að samkomulagi að fella það aftur út. Ég held að ég þurfi ekki að gefa frekari skýringar á því. Þarna er sem sagt um það að ræða, að sú skerðing, sem var fyrirhuguð á Félagsheimilasjóði, kemur ekki til framkvæmda. Og það eru auðvitað mörg rök fyrir því í sjálfu sér.

Ég vil geta þess hér, að ég flyt ásamt sjútvrh. till. um breytingu á lánsfjárlögum, sem felur í sér heimild fyrir ríkisstj. til að samþykkja að framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs gangi til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Þessi till. er fyrst og fremst komin frá sjútvrh. sem hafði með þetta mál að gera þegar samið var um fiskverð. Það varð niðurstaða í samningum um fiskverð, m. a. í góðu samkomulagi við Landssamband ísl. útvegsmanna, að þessi tilfærsla ætti sér stað. Úr því að verið er að óska eftir að nefndar séu hér allar tillögur sem fyrir liggja, þá er rétt að láta ekki þessarar till. ógetið.

ATKVGR.

Brtt. 221,1 samþ. með 11:9 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 11:9 atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,2 samþ. með 11 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 221,3 samþ. með 11 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,4 (ný 10. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 129 samþ. með 11 shlj. atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 224 felld með 11:6 atkv.
15. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 230 felld með 11:7 atkv.
Brtt. 221,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
19. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,6 samþ. með 13 shlj. atkv.
20. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,7 samþ. með 11 shlj. atkv.
21. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 228 (22. gr. falli burt) samþ. með 13 shlj. atkv.
23. gr. (verður 22. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
24.—28. gr. (verða 23.—27. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 221,8 (ný gr., verður 28. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
29. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:9 atkv.

Neðri deild, 26. fundur.

Fimmtudaginn 17. des., kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146, n. 193 og 207). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu var langt komið að ræða hér í hv. deild við 2. umr. í gær og sjáanlegt að umr. mundi ljúka innan nokkurra mínútna þegar upp hófust ræðuhöld tveggja ráðh.: Í fyrsta lagi fjmrh. sem gaf hér seinheppna og ákaflega vanhugsaða yfirlýsingu varðandi ábyrgð ríkissjóðs vegna lántöku sem gert er ráð fyrir í þessu frv. vegna loðnuafurða. En þó beit höfuðið af skömminni ræða forsrh. þar á eftir. Ég held að vart hafi heyrst vitlausari ræða af vörum ráðh. en

ræða forsrh. hér í gær. Hún gerði það að verkum, og ræður þessara tveggja ráðh., að málinu er engan veginn lokið. Þetta frv. hefði orðið að lögum fyrir klukkan fjögur í gær ef þeir hefðu annaðhvort kunnað að haga málflutningi sínum með stillingu og hógværð og notað skynsemi eða setið á sínum rassi, sem hefði farið þeim báðum mun betur.

Hitt var annað mál, hvernig hæstv. viðskrh. tók á málinu. Hann mælti fyrir þessu máli við 1. umr. Það eru skiptar skoðanir hér á milli stjórnar og stjórnarandstæðinga um afgreiðslu á þessu máli, en það voru ekki skiptar skoðanir um að það bæri að afgreiða þetta mál. Um það var ekki ágreiningur, og hæstv. viðskrh. hagaði sínum málflutningi á þann veg, að umr. var að ljúka þegar hinir köstuðu sprengjunni.

Herra forseti. Ætli það sé engin leið að fá þessa hæstv. ráðh. til þess að sitja hér við umr. þegar mál sem þeir hafa verið að mæla fyrir og láta til sín heyra um, eru hér til umr. — eða er ekki ætlun þeirra að afgreiða nein mál? (**Forseti:** Ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. sé tepptur undir lóð í hæstv. Ed. vegna 2. umr. um lánsfjárlög þar, en yfirþingvörður hyggst ganga á vit hæstv. forsrh. og gera honum viðvart.) Já, ég þakka fyrir.

Það er nú svo komið á Alþingi, að formaður þingflokks Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, telst með hógværari þm. eftir ræður þessara tveggja ráðh. hér í deild í gær. Og hann má sannarlega spjara sig síðustu dagana ef hann ætlar að komast með tærnar þar sem þessir tveir hafa hælana. (Gripið fram í.) Nei, þegar verið er að tala við þá á hann að vera við. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. er bundinn við umr. í hv. Ed. og er þess vegna spurningin hvort hv. ræðumaður vill gera hlé á máli sínu þar til hæstv. forsrh. hefur tök á að vera viðstaddur umr. því að hér er nóg að vinna. Já, ég þigg það. — [Frh.]

Umr. frestað.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78, n. 178). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. til að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norðurlandasamning um aðstoð í skattamálum. Þessi samningur var upphaflega undirritaður árið 1972 og veitti Alþingi þá ríkisstj. heimild til að fullgilda hann. Síðan var staðfestur viðbótarsamningur við aðstoðarsamninginn 1977.

Þær breytingar, sem hér er gert ráð fyrir að verði á þessum samningi, lúta annars vegar að upplýsingarskyldu varðandi eignarhald á fasteignum og hins vegar að ráðstöfunum til tryggingar greiðslu á skattkröfum.

Fjh.- og viðskn. leggur einróma til að ríkisstj. fái þessa heimild og staðfesti þennan viðbótarsamning í framhaldi af því.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 167, n. 205). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152, n. 213 og 214). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir áliti meiri hl. iðnn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum. Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir meiri hl. n. með samþykkt frv. eins og það kom frá Ed. Iðnn. hv. Ed. stóð saman að nál. og mælti með samþykkt frv. eins og það lá þar fyrir.

Þeir, sem mæla með samþykkt frv. án sérálits eru Magnús H. Magnússon, Páll Pétursson, Pálmi Jónsson, Guðmundur G. Þórarinsson ásamt þeim sem hér stendur.

Magnús H. Magnússon og Guðmundur G. Þórarinsson undirrita nál. með fyrirvara.

Jósef H. Þorgeirsson og Birgir Ísl. Gunnarsson skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Við hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, skilum séráliti um frv. til 1. um breyt. á lögum nr. 83/1974, um verðjöfnunargjald af raforku, ásamt síðari breytingum. Við teljum að þetta sé ákafleg ósanngjörn gjaldtaka og byggjum það fyrst og fremst á þeim sjónarmiðum, að gjaldtaka á raforkusölu hér á landi sé úr hófi mikil.

Á raforkusölu er hér lagður 23.5% söluskattur og einnig 19% verðjöfnunargjald. Samtals eru þessi gjöld til muna hærri en þekkist í nokkru nálægu landi við Ísland. Einnig teljum við að sú aðferð, sem viðgengist hefur lengi, að hafa þetta gjald í prósentutölu, sé framúrskarandi ósanngjörn og leiði til þess, að þeir, sem fyrir búa við hátt raforkugjald, verði að greiða enn þá hærra gjald eftir að gjaldið er lagt á. Við teljum sem fyrr, að það sé eðlilegt og sjálfsagt að leitað verði annarra úrræða til þess að leysa vanda Rafmagnsveitna ríkisins, og bendum á að verulegur hluti af framkvæmdum Rafmagnsveitna ríkisins verður beinlínis að teljast til félagslegra framkvæmda og eigi þar af leiðandi að greiðast beint úr ríkissjóði. Ekki sé hægt að ætlast til þess að slíkar framkvæmdir greiðist af notendum raforkunnar.

Þrátt fyrir þessi sjónarmið okkar höfum við ákveðið að sitja hjá við atkvgr. um frv. og er það í samræmi við afstöðu okkar á s. l. ári.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skrifa undir nál. meiri hl. með fyrirvara og vil skýra ástæður þess.

Ég tel að verðjöfnunargjaldið eigi að vera ákveðið gjald af orkueiningu, mismunandi þó eftir notkun, en ekki hundraðshluti á útsöluverð eins og nú er og eins og lagt er til í þessu frv., því að þá greiða þeir mest verðjöfnunargjald sem hæst raforkuverðið hafa.

Hæstv. iðnrh. sagði við 1. umr. um málið hér í þessari hv. deild, að þetta skipti minna máli en áður því að nú væri minni munur á verði. Nú væri t. d. verð hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða ekki eins miklu hærra og áður var. Þetta er út af fyrir sig rétt. Nú er raforkuverð hjá Rafmagnsveitum ríkisins aðeins 25% hærra en raforkuverð í Reykjavík og raforkuverð hjá Orkubúi Vestfjarða aðeins 18% hærra en í Reykjavík, og er þá miðað við heimilistaxta. En þetta eru þau fyrirtæki sem eiga fyrst og fremst að njóta góðs af verðjöfnunargjaldinu. Þetta er rétt. En nú er bara svo komið, að það eru margar rafveitur á landinu sem eru með hærra raforkuverð en Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða og verða að vera með hærra raforkuverð. Hér um bil helmingurinn af rafveitum landsins er kominn með hærra raforkuverð til heimilisnota heldur en Orkubú Vestfjarða og margar þeirra eru með hærra raforkuverð en Rafmagnsveitur ríkisins.

Heimilistaxti í Vestmannaeyjum er t. d. 7% hærri en hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 14% hærri en hjá Orkubúi Vestfjarða. Og ef við förum í taxta fyrir stórar vélar er munurinn miklu meiri. Þá er í Vestmannaeyjum 35% hærra verð en hjá RARIK og 24% hærra en hjá Orkubúi Vestfjarða. Þetta háa verð í Vestmannaeyjum stafar fyrst og fremst af því, að það vantar mjög mikið á að Rafveita Vestmannaeyja hafi bitið úr nálinni með það hrikalega tap sem hún varð fyrir í eldgosinu 1973. Það halda ýmsir að Vestmanneyingar hafi grætt á gosinu, en því fer víðs fjarri. Auk þess greiðir Rafveita Vestmannaeyja nokkru hærra innkaupsverð en aðrar rafveitur vegna neðansjávarrafstrengsins.

En það er ekki aðeins Rafveita Vestmannaeyja sem er með hærri gjaldskrá en Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, það eru ýmsar aðrar rafveitur sem þurfa að gera það sama. Og í framhaldi af því má spyrja: Er réttlætanlegt að skattleggja sérstaklega menn, sem borga 1.07 kr. á kwst., til þess að lækka verð hjá þeim sem borga 94 aura, eins og nú er gert? Ég tel að það verði að fara varlega í það.

Ég er samþykkur verðjöfnunargjaldinu í grundvallaratriðum en tel að það þurfi endurskoðunar við. Auk þess tel ég miklu réttara að nota verðjöfnunargjaldið annaðhvort sem ákveðið gjald á orkueiningu eða þá sem gjald á heildsölu, því að erfiðleikar rafveitnanna koma aðallega fram í því, að ef skuldirnar eru miklar verður að leggja meira á en hjá hinum. Það er því miklu réttara að leggja gjaldið á sem ákveðna prósentu af innkaupsverðinu heldur en sem prósentu af útsöluverðinu.

En þó að ég sé óánægður með fyrirkomulagið á þessu vil ég ekki setja fót fyrir þetta frv. Það verður að samþykkja fyrir áramót vegna þess að annars félli verðjöfnunargjaldið niður. En ég skora á hæstv. iðnrh. að endurskoða þetta, taka ekki stórar upphæðir af þeim, sem borga hærra rafmagn, til þess að borga til þeirra sem borga lægra, heldur að nota jöfnunina á miklu víðtækari hátt en gert hefur verið. Ég skora á hann að endurskoða þetta og sömuleiðis hvort ekki sé réttara að leggja skattinn á innkaupsverð heldur en útsöluverð. Með þeim fyrirvara og á þeirri forsendu styð ég þetta frv.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Varðandi það nál. sem tveir nm., sem skipa minni hl. iðnn. í þessu tilfelli, hafa lagt fram, þá er það rétt sem þeir segja, að í hvert skipti, sem þetta gjald hefur verið framlengt, hafa komið fram yfirlýsingar um að leysa eigi fjárhagsvanda Rafmagnsveitna ríkisins — og nú í seinni tíð Orkubús Vestfjarða — á annan hátt. En lítið hefur orðið úr framkvæmdum. Engar breytingar hafa verið gerðar.

Við 1. umr. kom fram fsp. til iðnrh. um hvað liði tillögum um verðjöfnun á orku, eins og er gert ráð fyrir og samið var um í stjórnarsáttmálanum, en þar segir orðrétt: „Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar." Vitaskuld er lögð á það áhersla af þeim aðilum, sem stóðu að þessari ríkisstj., að jafna orkuverðið um allt land, sem er sanngirnismál, og þá auðvitað ekki síst hinn almenna heimilistaxta og sömuleiðis orkuverð til atvinnurekstrarins.

Þrátt fyrir það að ekkert af þessu hefur verið lagt fram mun ég greiða atkv. með þessu frv., eins og ég hef jafnan áður gert, en ég ítreka þessa spurningu til iðnrh.: Hvenær má búast við framlagningu frumvarps frá ríkisstj. um verðjöfnun á orku, eins og hún ákvað í sínum málefnasamningi?

Ég ætla ekki að lengja umr. um þetta atriði. Ég skil vel sjónarmið minni hl. iðnn., en hér er mönnum stillt upp við vegg á síðustu stundu, því að þetta frumvarp verður að hljóta afgreiðslu fyrir þann tíma sem Alþingi fer í jólafrí.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir viðhorfum mínum til þessarar gjaldheimtu. Ég tel að hún sé að vissu leyti réttlætanleg, þó að ég teldi að enn réttara væri að fara þá leið, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon hefur hér gert að umræðuefni, og það kæmi réttlátlegar niður.

En ég tel nauðsynlegt að í hvert skipti sem mál sem þetta ber hér á góma á Alþingi sé vakin athygli á hinum stóra vanda sem enn er óleystur að því er varðar jöfnun á orkuverði í landinu. Menn geta ekki endalaust vikið sér undan að leysa það vandamál.

Ég sagði hér við 1. umr. að líklega þyrfti að flytja alla hæstv. ráðh. út á land og láta þá búa þar og borga það sem landslýður úti á landsbyggðinni þarf að borga fyrir upphitun á sínum híbýlum. Og þó að það munaði kannske ekki miklu af ráðherralaunum þá sæju þeir að minnsta kosti hver mununinn væri. Ég ítreka það, að ekki verður undan því vikist lengur að hér sé gerð bót á. Ég vil því spyrja hæstv. iðnrh. hvort uppi séu einhverjar hugmyndir og þá hverjar og hvenær um að jafna þennan kostnaðarmun. Og ég ítreka það enn einu sinni, að enn hefur heill landshluti ekki gert samninga á vinnumarkaðinum vegna þess að engin vitneskja fæst um það, engin fyrirheit einu sinni frá hæstv. ríkisstj. um að hún ætli sér að gera eitthvað í því að jafna þennan mun. En það er ein af meginkröfum þessara samtaka beggja, bæði Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða, að þarna verði tekið til hendinni. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. forsrh. hefði líka verið hér til að hægt væri að spyrja hann um þetta mál, því að viðræður voru við hann af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða og Vinnuveitendafélags Vestfjarða einmitt um þennan þátt mála. Það hefði verið æskilegt að hæstv. forsrh. hefði verið hér við og greint okkur frá því, hvaða hugmyndir hann hefði eða hæstv. ríkisstj. um þetta mál. En fyrst svo er ekki og ljúki umr. án þess að hæstv. forsrh. komi hér,

þá vil ég beina þessari fsp. til hæstv. iðnrh.: Eru uppi einhverjar hugmyndir um það, og hverjar og hvenær, að jafna eigi þennan óréttláta skatt sem íbúar hinna ýmsu landshluta verða að borga og eru nú að kikna undir.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð af þessu tilefni. Fjölmargar vörur í landinu eru seldar á sama verði hvar sem er, allir landsmenn greiða sama verð fyrir þær vörur. T. d. er bensín, olíur, mjólk eða aðrir orkugefandi vökvar seldir við sama verði um allt land. Sama gildir um marga aðra vöru og þjónustu. Það er skoðun mín að ríki og ríkisstofnanir megi alls ekki selja sömu vöru eða þjónustu með misháu verði og mismuna þannig landsmönnum. Þetta hefur verið lengi ljóst, en engir hafa enn þá haft manndóm í sér til þess að samræma þetta eins og skylt er. Það er sjálfsagt réttlætismál. Hins vegar lít ég svo á, að verðjöfnunargjald, sem hér er rætt um, sé skref í átt til verðjöfnunar, og þess vegna fylgi ég því. En á þessu formi eru verulegir gallar. Ég tel að hæstv. iðnrh. eigi að setja sína menn í það verk að sníða hnökrana af þessu formi. En umfram allt, herra forseti, vil ég leggja áherslu á að sama orkuverð verði um land allt.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. iðnn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, meiri hlutanum fyrir stuðning við málið og minni hl. fyrir þann skilning sem hann sýnir, að málið fái hér afgreiðslu án þess að ganga gegn málinu. Þetta tel ég fulla ástæðu til að þakka.

Þetta mál er vel kunnugt af árlegri umræðu um það og ég ætla ekki að taka langan tíma til að ræða það frekar efnislega en gert hefur verið. En vegna fsp., sem hér hafa verið fram bornar, vil ég nefna tvennt: Í fyrsta lagi það, að á undanförnum árum hefur verið beitt öðrum aðferðum en verðjöfnunargjaldinu til þess að ná niður kostnaði hjá þeim fyrirtækjum tveimur sem verðjöfnunargjaldsins njóta og mest er á lagt varðandi félagslegar aðgerðir í sambandi við uppbyggingu raforkukerfis og dreifingu raforku. Þetta á sérstaklega við um Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa fengið samkv. fjárlögum á undanförnum árum bein framlög úr ríkissjóði, í fyrsta sinn á árinu 1979 6 millj. kr., á árinu 1980 10 millj. kr. og á árinu 1981 14.25 millj. kr. til að standa undir kostnaði við félagslegan þátt framkvæmda. Á árinu 1982 er fyrirhugað að yfirtaka lán sem nemur 7.75 millj. kr. vegna félagslegra framkvæmda á vegum fyrirtækisins. Er þetta þó til muna minna en ástæða væri talin til af stjórn fyrirtækisins og iðnrn., en kemur þó til móts við það sjónarmið, sem gert er ráð fyrir í stjórnarsamningi, að fylgja fram þeirri stefnu varðandi félagslegan þátt framkvæmda að þessu leyti.

Einnig hefur verið greitt fyrir því af hálfu ríkisvaldsins með tilstuðlan iðnrn. og fjmrn. að framlengja skuldabyrði Orkubús Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda. Er það bæði skylt og nauðsynlegt, því að það fyrirtæki stendur undir verulega kostnaðarsömum þætti, sem er félagslegs eðlis og ekki skilar sér í markaði, nema þá með aldeilis óhóflegu orkuverði. Með samþykkt þessa frv. er í raun inni jafnað niður þeirri byrði, sem féll á raforkuiðnaðinn og raforkunotendur með olíukeyrslu á s. l. ári, og það sjónarmið viðurkennt sem þá voru gefin fyrirheit um. Stuðning við þetta vil ég þakka.

Varðandi húshitunarþáttinn, sem hér hefur verið vikið að og hefur verið mikið ræddur í báðum deildum Alþingis að undanförnu, bæði í tengslum við þetta mál og í tengslum við sérstaka fsp. í Sþ. þar að lútandi, vísa ég til þess, sem þá kom fram hjá hæstv. viðskrh., að lögin um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, eða húshitunarkostnaðar eins og það mun heita, eru til endurskoðunar. Einn þáttur þeirra, þ. e. olíustyrkurinn eða niðurgreiðsla á olíu til húshitunar, hefur verið til meðferðar og er gengið út frá því, að hann verði hækkaður frá því sem verið hefur þannig að miðað við meðaltalstölur verði munurinn á rafhitunarkostnaði og kyndingarkostnaði með olíu ekki meiri en sem nemur 10%, sem olíukyndingarkostnaðurinn væri hærri. Ég geri ráð fyrir að ákvarðanir um þetta verði tilkynntar innan skamms. Ég hygg að allir hv. þm. séu á því, að ekki sé óeðlilegt að ákveðinn hvati sé til þess að breyta yfir á innlenda orkugjafa, þannig að þarna sé ekki alveg farið í sömu mörk hvað snertir olíukyndinguna og rafhitunina.

En eins og ég hef oft vakið athygli á er þessi jöfnun á hitunarkostnaði ekki mjög einfalt mál viðfangs, vegna þess að það eru margir aðilar sem þarna eiga hluta að máli, þar sem eru sjálfstæðar hitaveitur sem gera sínar tillögur og taka sínar ákvarðanir, en þær eru vissulega háðar verðlagsákvörðunum stjórnvalda. Og það hefur verið orðið við hækkunarbeiðnum víða úti um landið. Hins vegar er vísitöluviðmiðunin einskorðuð við Hitaveitu Reykjavíkur, sem ég tal vera óeðlilega skipan og þátt í því, að verð á orku til húshitunar í Reykjavík og nágrenni, því svæði sem Hitaveita Reykjavíkur sér fyrir, er óeðlilega lágt að mati þeirra sem fyrir þeirri veitu standa. Ég tel að þarna þurfi að fást leiðréttting á til þess að leitast verði við að jafna þennan mun úr báðum áttum, ef svo má setja. Ég vek athygli á því, að það eru þó nokkrar hitaveitur í landinu, jarðvarmaveitur sem eru með sinn kostnað yfir rafhitunarverðinu og jafnvel yfir meðaltalskostnaði miðað við niðurgreidda olíu. Á þessu öllu þurfa menn að hafa gát. Ef menn eru að tala um að jafna út húshitunarkostnaðinn í landinu í heild held ég að það hljóti að vera til umhugsunar hvort ekki sé ástæða til að koma þar upp einu heildstæðu fyrirtæki sem fyrir slíku standi. Meðan við erum með þessi dreifðu fyrirtæki, sem vilja axla sína ábyrgð og vilja vera sjálfstæðir aðilar, hljótum við að ætla þeim ákveðið svigrúm til sjálfstæðra ákvarðana.

Ég tek undir það mjög eindregið að þarna þarf að nást árangur. Það er mjög langt frá því að náðst hafi fullnægjandi árangur í sambandi við húshitunarkostnað. Þar er um hróplegt misrétti að ræða milli manna eftir landshlutum. En hann er ekki eingöngu fólginn í mismunandi kostnaði við olíukyndingu og rafhitun. Einnig hitaveiturnar og ekki síst nýju veiturnar koma inn í það dæmi líka, og menn þurfa að gæta þess að draga ekki úr sókn að notkun innlendra orkugjafa í stað olíunnar.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst þetta ekki nægjanleg svör frá hæstv. iðnrh., og ég fagna því að hæstv. forsrh. er genginn í salinn, því að það, sem hér er verið um að tala, heyrir ekki síður undir hann og hans rn. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. iðnrh. að RARIK hefur fengið nokkur undanfarin ár fjármagn úr ríkissjóði vegna hins svokallaða félagslega þáttar sem RARIK sinnir vissulega. En engu slíku er til að dreifa varðandi

Orkubú Vestfjarða. Það hefur ekki á nokkurn hátt mér vitanlega fengið neitt sambærilegt til að sinna félagslegum þætti á því svæði þar sem það sér um þessi mál. Og að því er varðar framlengingu lána sem hæstv. iðnrh. vék að áðan, er það ekki styrkur eða fjárveiting af ríkisins hálfu til þess að létta byrði eða taka þátt í félagslegum þáttum á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða. Þeim áföllum, sem Orkubú Vestfjarða hefur orðið fyrir, hefur í raun og veru verið velt yfir á orkunotendur á þessu svæði með hærra orkuverði. Eykur það því enn mismuninn milli orkunotenda á því svæði og t. d. hér á þessu landshorni.

Ég hef vikið að því hér margoft áður, að jöfnun orkuverðs er meginkrafa þess fólks sem býr við þetta háa orkuverð. Mesta kjarabótin, sem hægt er að veita þessu fólki, er að jafna orkuverð á þessum svæðum. Það er ein meginkrafa af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða og af hálfu Vinnuveitendasambands Vestfjarða. Um það hefur verið rætt við hæstv. forsrh. en ekkert úr þeim viðræðum komið annað en nei, og vísað á þá nefnd sem hæstv. iðnrh. gerði hér að umtalsefni og sagði að væri að vinna í málinu. Sú nefnd hefur til þessa, að ég best veit, einvörðungu fjallað um olíukostnaðinn sem er aðeins einn þáttur þessa stóra vandamáls. Ég spyr því hæstv. forsrh.: Er virkilega ekki hægt að fá fyrirheit um það af hálfu hæstv. ríkisstj., að hraði verði settur á endurskoðun þessara mála og að jöfnun orkuverðs verði stefnt á einhverjum tilteknum tíma?

Það er staðreynd, sem ég held að menn verði að horfast í augu við, og því fyrr því betra, að verði þetta ekki gert — og það nú þegar — er hér verið að stefna að mestu byggðaröskun sem átt hefur sér stað í landinu. Og það verður enginn hægðarleikur að stöðva þá skriðu eftir að hún er komin á stað. Þess vegna er þetta brennandi mál þess fólks sem við þetta þarf að búa. Ég spyr enn, og vænti þess að hæstv. forsrh. gefi hér haldbetri svör eða yfirlýsingar en hæstv. iðnrh. Ég trúi því að hæstv. forsrh. sé ljóst þetta vandamál, hann hefur um það gögn, og ríkisstj. raunar öll, hver þessi munur er, svo að menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir því, að það verður ekki undan því vikist að gera ráðstafanir til þess að leiðrétta þetta.

Hæstv. iðnrh. sagði að það væri ekki einfalt mál að jafna þetta. Það má vel vera að það sé ekki einfalt mál. En til þess eru stjórnmálamenn — ég tala nú ekki um hæstv. ráðherrar — einu sinni settir, að fást við hin ýmsu og jafnvel flóknustu vandamál. Hér liggur fyrir frv. núna í hv. deild sem bendir á eina leið til lausnar á þessu máli, að ég held afskaplega einfalda, sem er hreinlega að heimila fólki að draga frá skatti þann kostnað sem það þarf að borga vegna upphitunar á húsnæði. Ég held að þetta sé afskaplega einföld leið og ætti að vera hægt að fara hana ef vilji væri fyrir hendi. En ég ítreka: Ég vænti þess að fá einhver viðbrögð eða svör frá hæstv. forsrh., því að það getur oltið á því hvort svör fást og þá hvaða svör við þessum þætti mála, hvort heill landshluti verður í verkfalli nú strax upp úr áramótum eða ekki. Ég er viss um að það er hægt nú þegar og það var hægt fyrr, að veita þau svör sem tryggðu það, að við eygðum lausn á þessu mikla vandamáli innan tiltölulega stutts tíma.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, beindi til mín fsp. sem sjálfsagt er að svara, varðandi jöfnun á orkukostnaði í landinu. Eins og hann gat um er það mál náttúrlega margþætt. Einn þátturinn, sem kannske brennur mest á ýmsum landsmönnum, er olíukostnaðurinn.

Þegar hv. þm. ásamt fleiri fulltrúum Vestfirðinga kom til mín fyrir nokkru út af þessu máli skýrði ég þeim að sjálfsögðu frá því, að sérstök nefnd manna væri að verki til að gera tillögur um olíustyrkina og að öðru leyti væri þetta mikla mál til könnunar. Nú get ég skýrt frá því, að ríkisstj. hefur samþykkt allverulega hækkun á olíustyrknum. Sú fjögurra manna nefnd, sem hefur fjallað um það mál, hefur nýlega skilað tillögum og í samræmi við þær tillögur hefur ríkisstj. nú tekið ákvörðun um verulega hækkun á olíustyrknum fyrir þetta ár. Verður nánar skýrt frá því af hálfu viðskrh. í tilkynningu frá hans ráðuneyti.

Varðandi verðjöfnun á orku að öðru leyti er hv. fyrirspyrjanda eins ljóst og öðrum þm. að hér er um stórkostlegt vandamál að ræða sem snertir ekki aðeins Vestfirðinga, heldur meira og minna alla landsmenn. Sumir hafa kannske þær hugmydir að það eigi að jafna þetta verð með því að hækka verulega orkuverð þar sem það er lægst. Ég býst við að aðrir telji það ósanngjarnt. Sumir telja að ríkissjóður eigi að verja fé til þess og þá kostar það náttúrlega miklar fjárfúlgur. Allt þetta mál er svo stórt í sniðum að það er ekki sanngjarnt að ætlast til þess — eins og mér virtist hv. þm. gera — að því sé svarað þegar á stundinni, hvernig þeim málum verði hagað. Þessi þáttur málsins, hækkun olíustyrksins, er leystur, a. m. k. í bili. Að öðru leyti er málið til nánari könnunar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þessar umr. hafa nú færst yfir á breiðara svið en efni þess frv. gefur tilefni til sem hér er á dagskrá. Engu að síður sýnist mér að hér hafi svo margt verið sagt að það sé ástæðulaust annað en að fylgja málinu örlítið betur eftir og leita eftir svari við því sem brennur náttúrlega á fjöldanum úti á landi. Það er einfaldlega þessi spurning: Á hvaða verði verður raforka til upphituanr íbúðarhúsnæðis seld á næstu árum? Í hugum íbúa landsbyggðarinnar er spurningin ekki fyrst og fremst um það, hvort verið sé að taka eitthvað af þeim svæðum sem hafa komið sér allvel fyrir í þessum efnum. Spurningin er fyrst og fremst þessi: Við hvaða borð á hinn íslenski neytandi að sitja í þessu landi?

Við erum að tala um iðnaðaruppbyggingu og við erum með orkufyrirtæki sem kaupa raforku á mjög lágu verði. Okkur er ljóst að það þarf að ná meiri miðlunarmöguleikum í því raforkukerfi sem við erum með. Það næst þess vegna ekki viðunandi árangur nema með nýjum stórvirkjunum sem eru betri en þær sem eru á Þjórsársvæðinu á þann veg, að þar verði um meiri miðlun að ræða. Hins vegar breytir það engu um það, að almenningur í landinu, í hinum dreifðu byggðum, verður að fá svar við því sem allra fyrst, hver stefnan sé þegar horft er til lengri framtíðar í þeim efnum. Á hvaða verði á að selja raforkuna til upphitunar íbúðarhúsnæðis? Við þessu verður að fást svar. Og ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt, að ef ekki fæst svar við þessu og ef haldið verður áfram með þann mikla mun sem er, þá leiðir það til byggðaröskunar. Það getur aldrei leitt til annars en mikillar byggðaröskunar, meiri byggðaröskunar en hefur átt sér stað til þessa í landinu. Svo mikil er alvara þessa máls.

En um leið og ég segi þetta vil ég þakka það sem áunnist hefur í leiðréttingu á töxtum á rafmagni til almennrar notkunar. Þar hefur vissulega þó nokkuð mikið áunnist í tíð núv. iðnrh.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem hæstv. forsrh. sagði. Það er öllum ljóst að þetta er vandamál á fleiri svæðum en bara á Vestfjörðum. Ekki hefur mér dottið í hug og okkur Vestfirðingum að þetta mál yrði bara leyst fyrir okkur. En þetta er svo stórt vandamál að ekki verður horft fram hjá því að það verður að leysa.

Hæstv. forsrh. sagði að það kostaði mikla fjármuni úr ríkissjóði ef þetta ætti að gerast. Það er þegar innheimt gjald til ríkissjóðs sem var ætlað til þess að jafna þennan mun. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 eru 192 millj. sem voru á sínum tíma lagðar á í skattformi til þess að jafna þennan mun. Og ég er alveg handviss um það, að lægi fyrir yfirlýsing af hálfu hæstv. forsrh. eða iðnrh., ég tala nú ekki um ríkisstj. í heild, um að þessum fjármunum yrði varið til þess að jafna þennan orkuverðsmun á næsta ári, sem fólk er skattlagt fyrir, þá mundi það greiða mjög fyrir og létta miklum byrðum af þessu fólki. En slíka yfirlýsingu virðist ekki vera hægt að fá fram. Ég sé ekki betur, bæði af orðum hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., en að ekkert liggi fyrir um það, hvort eitthvað verður gert í þessum málum eða þá hvenær. En það er þessi yfirlýsing sem verður að fást. Það er lágmarkskrafa hjá því fóki, sem er skattlagt til þess að jafna svona verðmismun, að þeir fjármunir, sem teknir eru með slíkri skattheimtu, *séu notaðir til þess sem á að verja þeim til.* Það er lágmarkskrafa.

Þó að ekki hafi fengist svör frá hæstv. forsrh. eða hæstv. iðnrh. að því er varðar þetta mál, þá eru fleiri mál hér í þinginu sem koma inn á þetta, snerta það, og það verður haldið áfram að knýja út svör eða yfirlýsingar frá hæstv. ráðh. um það, hvað þeir ætli sér að gera til þess að jafna þann geigvænlega mun sem hér er um að ræða.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Mér finnst svörin frá tveimur hæstv. ráðh. vera ákaflega loðin. Í málefnasamningi ríkisstj., sem er næstum tveggja ára gamall, 8. febr. á næsta ári er hann orðinn tveggja ára, er sagt: „Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.“ Forsrh. segir núna: Þetta er mikið vandamál. — Þetta var líka vandamál þegar stjórnarsáttmálinn var gerður, og eitthvað hefur verið rætt um það, hvernig eigi að leysa þetta vandamál, hvernig og með hvaða hætti eigi að vinna að verðjöfnun á orku. Ef það hefur ekki verið gert ítarlega þá, við myndun ríkisstj., hefur þá ekkert verið gert síðan? Er þetta sama óleysta vandamálið og sama óvissan og hefur verið? Til hvers er verið að semja um slíkt við myndun stjórnar ef það á aðeins að vera í málefnasamningi og ekkert meira?

Vitaskuld er um margar aðferðir að ræða. Verðjöfnun á orku verður auðvitað ekki gerð nema með því að allir greiði sama verð fyrir orku eða farið verði inn á þá braut að greiða úr ríkissjóði. Ég hélt að fyrra atriðið hefði verið það sem um var rætt, en kannske eru menn að guggna á því. En það er líka annað sem kemur til með að auka sífellt þennan ójöfnuð. Það er að annars vegar er orkuverðinu haldið niðri á þeim stöðum þar sem það er lægst vegna þess að vísitölufjölskyldan býr í Reykjavík. Þar er stigið á bremsuna, bæði hvað snertir rafmagnsverð og hitaveitu, til þess að geta falsað vísitöluna. Þetta vita allir menn. En svo má aftur fara upp með það hjá öðrum. Þetta bil er því sífellt að verða meira og meira.

Árið 1980 var orkujöfnunargjaldið 130 millj., en í fjárlagafrv. fyrir 1982 er það áætlað 190 millj. Bein fjárveiting Orkusjóðs að frádregnu verðjöfnunargjaldi til hans var 47 millj. 520 þús. á árinu 1981, en er 45 millj. 100 þús. 1982. Olíustyrkirnir eru reiknaðir 30 millj. af þessari upphæð til niðurgreiðslu á olíuverði. Hér er verið að taka í ríkara mæli inn í ríkissjóðinn af orkujöfnunargjaldinu. Orkujöfnunargjaldið var sett á á sínum tíma með það fyrir augum að jafna þennan kostnað, en ekki til að vera skattur í sjálfan ríkissjóð. Afgangurinn af orkujöfnunargjaldinu á árinu 1981 var 3 millj. 380 þús., en í fjárlagafrv. fyrir árið 1982 á að taka í ríkiskassann 103 millj. 600 þús. M. ö. o.: ríkið ætlar að taka 100 millj. af orkujöfnunargjaldinu. Þetta er stefna ríkisstj. í því að jafna orkuverðið í landinu. Það er lagður á þessi skattur, orkujöfnunargjald, sem hefur verið innheimtur nú í nokkur ár, og eftir því sem lengra líður á starfstíma núv. ríkisstj. er þetta gjald notað í æ ríkara mæli til þess að fá peninga í ríkissjóð á fölskum forsendum.

Alþingi afgreiddi þessi mál á sínum tíma, um orkujöfnunargjaldið. En nú er farið að leika sér að þessu á annan hátt og svíkja þau fyrirheit sem voru gefin. Svo kemur forsrh. landsins og segir: Þetta er mikið vandamál. — Hann segir ekki: Ég samdi um það með stjórnarsáttmálanum frá 8. febr. 1980 við þá hina að stefna að jöfnuði í þessu. — Nei, í staðinn er stefnt að því að taka *þetta gjald inn í ríkissjóðinn með þessum hætti.* Svo er annað mál hvort þm., sem eru kjörnir af því fólki sem verður að búa við þennan ójöfnuð, gera sér þetta að góðu, hvort þessir þm. ætla að vera svo sálarlitlir eða sálarlausir að láta bjóða sér þetta. Það sjáum við við afgreiðslu fjárlaga nú innan eins eða tveggja daga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 33 shlj. atkv.

Umboðsþóknun og gengismunur gjaldeyrisbankanna, frv. (þskj. 199). — 1. umr.

Flm. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 199 frv. till. um breyt. á lögum nr. 40/1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

1. gr. hljóðar svo:

„1. gr. laganna orðist svo:

Bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. jan. 1982 greiða ríkissjóði 60% af nettóheildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 60% af nettó-þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar

ábyrgðarlaun, innheimtulaun og aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir.

Seðlabankinn hefur eftirlit með því, að hlutaðeigandi bankar inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi".

Með leyfi forseta vil ég lesa grg., en hún hljóðar svo:

„Skattur á gjaldeyrisviðskipti var innleiddur með lagasetningu árið 1958 og kom til framkvæmda árið 1960 og var þá 50% af mismun á kaup- og sölugengi erlends gjaldeyris svo og 50% af þóknun af erlendum viðskiptum. Frá og með 1. jan. 1969 var gjaldið hækkað í 60%.

Á þeim árum, sem gjaldeyrisskatturinn var innleiddur, var eiginlegt sölugengi ekki til á erlendum gjaldeyri, heldur voru auk skráðs sölugengis yfirfærslugjöld, mismunandi eftir greiðslum og vöruflokkum.

Þessi lagasegning var nýlunda og raunar fráleit ráðstöfun að taka ákveðna prósentu af innkomnum tekjum vegna þjónustu án nokkurs tillits til þess, hversu háar fjárhæðir viðkomandi þjónusta kostaði gjaldeyrisbankana.

Stjórnendur gjaldeyrisbankanna hafa allt frá fyrstu tíð mótmælt þessari skattlagningu á gjaldeyrisviðskipti og farið fram á að hún yrði afnumin eða þá að skattstofnuninn yrði nettó-hagnaður af gjaldeyrisviðskiptum, en ekki brúttó-tekjur eins og nú er, en engin leiðrétting hefur fengist.

Þessi mótmæli hafa verið rökstudd með greinargerðum um afkomu gjaldeyrisviðskipta. Í skýrlsu um þetta efni, sem Útvegsbanki Íslands sendi bæði forsætis- og viðskiptaráðherra 22. ágúst 1980, kom fram að skatturinn nam 520 millj. gkr. á ári og að honum greiddum vantaði 180 millj. gkr. á það, að bankinn hefði fyrir kostnaði af starfseminni. Allar fyrri kannanir hafa leitt til neikvæðrar niðurstöðu.

Lengur verður ekki unað við þessa skattlagningu og er frv. þetta því flutt.

Meðan bankarnir almennt greiða ekki meiri skatt en nú er til ríkisins telur flm. þó sanngjarnt að gjaldeyrisbankarnir greiði a. m. k. fyrst um sinn einhvern skatt af gjaldeyrisviðskiptum til ríkissjóðs, að því leyti sem þeir hafa hagnað af þessum viðskiptum.

Breytingin er í því fólgin, eins og fram kemur í sjálfu frv., að gjaldeyrisbönkunum beri að greiða í ríkissjóð 60% af nettó-heildartekjum sínum vegna gjaldeyrisviðskipta, þ. e. af heildartekjum að frádregnum kostnaði.

Rétt er að taka fram að stjórnvöld ákveða einhliða upphæð þóknunar og gjaldtöku vegna erlendra viðskipta. Stjórnir gjaldeyrisbankanna geta því ekki bætt sér upp skattinn með hækkun."

Til viðbótar vil ég benda á fskj. sem hagdeild Útvegsbanka Íslands hefur gert, dags. 14. des., og er prentað hér með. Það er áætlun um tap á gjaldeyrisviðskiptum bankans á árinu 1981. Ég tel ástæðulaust að lesa það upp hér fyrir hv. þm. en eins og þar kemur fram er nettó-tap Útvegsbanka Íslands áætlað 295 millj. gkr. Þá vil ég leyfa mér þessu til viðbótar að benda á fylgiskjal, sem er prentað hér sem fskj. nr. 2 og er líka frá hagdeild Útvegsbankans, dags. 14. des. þetta ár. Það er um gjöld til ríkissjóðs vegna gjaldeyrisviðskipta 1960—1981. Tel ég ekki heldur ástæðu til að gera þá skrá að umræðuefni.

Herra forseti. Ég lít á starf mitt sem formanns bankaráðs Útvegsbanka Íslands sem trúnaðarstarf fyrir hv. Alþingi. Því tel ég skyldu mína að benda hv. alþm. á það sem miður fer í rekstri þeirrar stofnunar og þau vandamál sem skapast fyrir reksturinn vegna þeirra laga sem bankanum er gert að starfa eftir.

Ég bið hv. þdm. að skoða þetta frv. vel og hjálpa til að hraða afgreiðslu málsins svo að það nái fram að ganga áður en hv. Alþingi fer í jólafrið þó tíminn sé naumur. Mér er ljóst að ríkissjóður verður hér af nokkrum tekjum. En hæstv. ríkisstj. skilur að gjaldeyrisbankarnir eru að tapa eigin fé vegna þjónustu sem þeir veita í gjaldeyrisviðskiptum við landsmenn alla.

Útvegsbankinn fékk myndarlega fyrirgreiðslu á þessu ári, en með þessum skatti er öll sú fyrirgreiðsla tekin af bankanum á skömmum tíma, skemmri tíma en ríkissjóður endurgreiðir þá fyrirgreiðslu sem Seðlabankanum var gert að veita Útvegsbankanum fyrr á þessu ári. Mér er ljóst að ríkissjóður má illa við að missa þessar tekjur og eins og fram kemur í frv. eru aðrar réttlátari leiðir til þess að bæta ríkissjóði upp tekjumissinn vegna samþykktar þessa frv. sem ég hér leyfi mér að flytja.

Ég vil að lokum leggja til, herra forseti, að frv. verði vísað til fjh.- og viðskn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 177). — Frh. 1. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Í fyrradag flutti hæstv. fjmrh. framsögu hér í deildinni fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum. Að framsöguræðu hans lokinni var umr. frestað og heldur hún nú áfram.

Á undanförnum árum hafa risið upp hér á landi myndarleg fyrirtæki sem framleiða tilbúin hús og húseiningar. Forráðamenn þessara fyrirtækja og samtök þeirra hafa haft vaxandi áhyggjur að undanförnu vegna óeðlilegrar samkeppni erlendis frá — óeðlilegrar vegna þess að þegar húsin eru framleidd hér á landi þarf að greiða toll af ýmsum hlutum til þeirra, en ef húsin eru flutt inn er enginn tollur greiddur, hvorki af húsunum sjálfum né fylgihlutum. Forustumenn samtaka iðnaðarins hafa þess vegna undanfarnar vikur snúið sér til ýmissa þm. og þingflokka reyndar líka með beiðni um að leiðréttingar verði á þessu gerðar. Landssamband iðnaðarmanna sendi formönnum þingflokkanna bréf 4. des. s. l., sem ég ætla að leyfa mér að lesa, en það er stutt, með leyfi forseta, en þar segir:

„Svo sem kunnugt er hafa tollar af innfluttum húsum og öðrum mannvirkjum verið felldir niður í samræmi við fríverslunarsamningana við EFTA og EBE. Í kjölfar þessa hefur innflutningur tilbúinna húsa aukist. Einkum virðist sýnt að innflutningurinn verði mjög mikill á þessu ári. Í þessu sambandi vísast til meðfylgjandi yfirlits um innflutning einingahúsa 1975—1980. Tekið skal fram að mikill innflutningur á árinu 1975 mun að verulegu leyti eiga rætur að rekja til innflutnings bráðabirgðahúsa vegna framkvæmda við Sigölduvirkjun. Auk þess er vitað að innflutningur heilsárshúsa hefur vaxið mjög á

undanförnum misserum.

Segja má að það sé í fullu samræmi við efni fríverslunarsamninganna að innlendir framleiðendur verði fyrir samkeppni erlendis frá. Hins vegar er þessi samkeppni að því leyti ósanngjörn að umrædd hús hafa verið flutt inn tollfrjáls með ýmsum búnaði og efnivöru sem er hátollavara sé hún flutt inn sér í lagi, þar með talið þegar íslenskir framleiðendur einingarhúsa kaupa þessar vörur. Til nánari upplýsinga um þetta vísast til meðfylgjandi yfirlits um aðflutningsgjöld á efnivöru til framleiðslu timburhúsa.

Landssamband iðnaðarmanna og Samband einingarhúsaframleiðenda, sem er aðili að landssambandinu, telja að í ofangreindri tollameðferð felist óviðunandi mismunun sem stefni samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda í voða. Hafa samtökin óskað eftir því við fjmrh. að misrétti þetta verði með einhverjum hætti leiðrétt hið allra fyrsta. Hér með er þess farið á leit við yður, herra formaður þingflokks, að þér og flokkur yðar beitið yður fyrir farsælli lausn þessa máls."

Þessu fylgir síðan yfirlit yfir innflutning einingahúsa 1975—1980, en þar kemur fram að mikil aukning hefur orðið á þessum innflutningi á allra síðustu mánuðum. Á þessu ári frá janúar til sept. voru flutt inn 864.2 tonn að verðmæti 7 millj. og 18 þús., en til samanburðar voru á síðasta ári flutt inn á þessum sama tíma 304.5 tonn, en í verðmætum 2.2 millj. Þessu fylgir jafnframt skrá yfir hluta til íbúðarhúsa, sem bera aðflutningsgjöld við innlenda framleiðslu, en ekki við innflutning á fullbúnum einingahúsum. Ég skal ekki lesa þá skrá, en hún er ærið fjölbreytileg. Veggflísar eru t. d. með 35% tolli, en 24% vörugjaldi, en eru tollfrjálsar séu þær hluti af innfluttu húsi. Sama er með baðker og hreinlætistæki, krana, rafmagnsofna, þakjárn og þar fram eftir götunum. Allt er þetta tollað og með vörugjaldi, en þó í mismunandi tollflokkum.

Verktakasamband Íslands hefur einnig látið þetta mál til sín taka og óskaði eftir fundi fyrir nokkru með fulltrúum þingflokkanna og fór þess á leit, að þingflokkarnir beittu sér fyrir leiðréttingu á þessu. Þar með létu þeir í té yfirlit um þetta mál sem ég skal ekki lesa hér upp, en það ber að sama brunni. Þeir benda á aukinn innflutning nú á allra síðustu mánuðum og hvernig tollur sé lagður á einstaka hluti, sem notaðir eru við framleiðslu á húsum hér innanlands, en eru tollfrjálsir ef þeir eru hluti af innfluttu húsi.

Félag ísl. iðnrekenda hefur einnig látið þetta mál til sín taka. Á fjölmennum fundi, sem þingmenn voru boðaðir til og sumir þm. mættu á fyrir nokkru í Reykjavík, var þetta eitt af þeim málum sem var tekið upp og eindregið farið fram á það við þm. að þeir beittu áhrifum sínum til þess að leiðrétting fengist á þessu máli.

Það er því ánægjuefni að hæstv. fjmrh. skuli flytja frv. sem felur í sér úrbætur í þessum efnum. Ég vil segja það sem mína skoðun, að ég er samþykkur þeirri meginstefnu, sem í þessu frv. felst, og meginefni þess. Hitt er annað mál, að frv. þetta er mjög gallað og greinilega mjög kastað til þess höndum. Í fyrsta lagi er frv. nánast illskiljanlegt. Það er á ákaflega slæmu máli og það úir og grúir af málvillum í þessu frv., auk þess sem orðalagið er svo knúsað og óljóst að ég varð að lesa þetta frv. margsinnis yfir til að skilja hver meiningin væri í því. Ég skal aðeins lesa, með leyfi forseta, upphafið að 2. málsgr., en þar segir:

„Ráðh. skal heimilt að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Jöfnunarálagið skal byggt á áætlun um hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleitt er hér á landi."

Þessi setning er ákaflega illskiljanleg og svo er um margar aðrar setningar í þessu frv. Hér er t. d. notað sagnorðið „að sérinnflytja", sem ég hef aldrei heyrt áður, og þar fram eftir götunum.

Að auki eru ákveðin efnisatriði í þessu sem mér finnst nauðsynlegt að hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, taki til athugunar. Mér finnst að í 4. málsgr. sé ráðh. lagt of mikið vald í hendur og það sé opnað fyrir ráðh. að leggja jöfnunarálag á í of ríkum mæli. Þess vegna vil ég biðja hv. n. að taka þetta sérstaklega til athugunar og vænti þess jafnframt, að hún leitist við að koma þeirri hugsun, sem í þessu frv. felst, á skiljanlegra og einfaldara mál. Ég held að það eigi að vera auðvelt. Ég tel að hv. Alþingi verði að sjá sóma sinn í því, að þau lög, sem afgreidd eru héðan, séu á sem bestu máli og almenningur eigi auðvelt með að skilja hvað Alþingi er að fara með lagasetningu sinni.

Með þessum athugasemdum er ég reiðubúinn að greiða fyrir þessu máli. Ég tel að það sé mjög brýnt að tekið verði á þessu og að hv. Alþingi reyni að samþykkja frv. til l. í þessa átt eins fljótt og mögulegt er.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vænti þess að ég þurfi ekki einu sinni fimm mínútur.

Ég vil fyrst og fremst lýsa stuðningi við þetta frv., sem leiðréttir óréttmæta samkeppni við veikburða íslenskan iðnað, sem mjög hefur átt undir högg að sækja ásamt með öðrum iðngreinum, eins og húsgagna- og innréttingariðnaði, sem nú er nánast að lognast út af í landinu vegna erlendrar samkeppni. En óréttmæti, sem felst í innflutningi þeirra húsa sem hér um ræðir, er einkum það, að þeim fylgja ýmsir hlutir, svo sem heimilistæki, teppi, flísar, hreinlætistæki og gólfdúkar, sem ekki lenda í tollaflokkum vegna þess að þeir munir fylgja húsunum sjálfum. Ég hefði gjarnan viljað beina einni fsp. til hæstv. fjmrh., — hann er nú ekki í salnum, en ég mun koma þeirri fsp. til hans, — en hún er sú, að mér þykir gæta nokkuð í athugasemdum við lagafrv. að þar sé ekki nógu skýrt kveðið á um þann rétt, sem við höfum samkvæmt samningum við Fríverslunarsamtök Evrópu, að breyta svo til sem hér er gert ráð fyrir. Í athugasemdunum segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með álagningu jöfnunarálags er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur" o. s. frv.

Ég hefði viljað beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort það væri ekki tryggt að hér væri ekki farið út fyrir þau takmörk sem í athugasemdunum er getið. Mér finnst ekki nægilega tryggilega til orða tekið í frv. og hefði þess vegna viljað mælast til þess við hæstv. fjmrh. að hann gerði nánari grein fyrir þessu atriði málsins. Að öðrum kosti styð ég frv. og vænti þess, að það fái góða meðferð í nefnd.

Ég hef ekki notað nema tvær mínútur, herra forseti. — [Fundarhlé.]

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er auðvitað lauk-

rétt, sem stendur í þessu frv., að tollskráin, framleiðslugjaldið og raunar gjaldeyrispólitíkin í heild eru þannig byggð upp að það verkar sem verndartollar eða tollmúr fyrir erlendar iðnaðarvörur. Innflutt hús eru þar engin undantekning. Það er m. a. ástæðan fyrir því, hversu illa iðnaðurinn stendur. Á hinn bóginn er náttúrlega erfitt að sætta sig við það, þegar verið er að rétta hlut íslensks iðnaðar, að það verði að tekjulind fyrir ríkissjóð. Ég vil þess vegna biðja þá nefnd, sem fær þetta frv. til athugunar, að athuga hvort ekki sé unnt að verja því fé, sem inn kemur, til iðnþróunar þannig að þetta jöfnunargjald verði til eflingar íslenskum iðnaði. Vitaskuld er það erfiður kostur að sæta því að óskynsamleg og tilviljanakennd tollalöggjöf verði til að hækka húsnæðiskostnaðinn að óþörfu.

Ég vil enn fremur benda á það, að þótt að sumu leyti sé kannske sanngjarnt eða óhjákvæmilegt að innflutningsgjöld séu á þeim vörum, sem til húsbygginga eru, get ég ekki fallist á að tollalöggjöfin sé réttlát að öðru leyti. Ég vil taka handlaugar sem dæmi. Ég sé ekki að það sé óhjákvæmilegt að handlaugar í baðherbergi til dæmis séu með 80% tolli eða klósettskál á sama tíma og eldhúsvaskar eru tollfrjálsir. Ég get nefnt fleiri dæmi að þessu leyti. Ég get ekki séð að það sé nauðsynlegt t. d. að eldhúsviftur séu með háum tolli og verði til þess m. a. að gera samkeppnisstöðu Rafha-eldavéla erfiðari en ella. Það nægir að eldhúsviftur séu tengdar við eldavél með einni skrúfu til þess að þær séu tollfrjálsar. (**Gripið fram í:** Er það lausa skrúfan?) Ætli það sé ekki lausa skrúfan í Alþfl. Ef þær eru ekki tengdar með þessari skrúfu Alþfl. er á þeim 80% tollur.

Ég get nefnt fleiri dæmi af þessu tagi, sem öll sýna okkur hversu fáránleg tollalöggjöfin er. Á bls. 2 í athugasemdum við lagafrv. þetta er t. d. talað um að kranar og þess háttar séu með 35% tolli. Það er nú undir ýmsu komið, og oft eru kranar tollfrjálsir þó þess sé ekki getið hér. Hér er talað um að tengibúnaður sé með 35% tolli. Oft og tíðum eru þeir líka tollfrjálsir þó þess sé ekki getið hér. Hér er talað um að tengibúnaður sé með 35% tolli. Oft og tíðum er hann líka tollfrjáls þó þess sé ekki getið hér. Fleira af þessu tagi er í tollalöggjöf okkar. Ég vil þess vegna beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, hvort ekki sé rétt og nauðsynlegt að fara ofan í tollalöggjöfina í þessu samhengi og gera þá nauðsynlegar breytingar með það m. a. að markmiði að lækka byggingarkostnaðinn og koma til móts við húsbyggjendur.

Ég vil svo að síðustu aðeins geta þess, að það mátti skilja svo af ræðu hæstv. fjmrh. sem m. a. ísskápar og sjónvarpstæki væru tollfrjáls ef þau væru flutt inn í þessum tilbúnu húsum. (**Fjmrh.:** Það sagði ég ekki.) Ég sagði að það mætti skilja það. Það var gefið í skyn. Ég skal lesa það til þess að lýður megi heyra. En það er góður siður hjá þessari ríkisstj. að gefa eitt og annað í skyn til að fegra málflutning sinn. Með leyfi hæstv. forseta hljómar þetta svo:

„Ég vissi ekki af þessu fyrr en í sumar, að á það var bent að hafinn var mikill innflutningur húsa og að það tíðkaðist að flytja inn með húsunum ekki bara mikilvægar vörur, eins og eldhúsinnréttingar og hreinlætistæki, og að þetta væri meira eða minna tollfrjálst ef það kæmi eftir þeirri leiðinni, heldur væru jafnframt dæmi þess að fluttir væru inn ísskápar, þvottavélar, sjónvarpstæki, innbyggð sjónvarpstæki, og ýmsar aðrar vörur í tengslum við þessi hús."

Þetta er orðrétt. Þetta er að gefa eitt og annað í skyn. — Hæstv. fjmrh. heldur áfram:

„Við í fjmrn. töldum okkur hafa fulla heimild til þess að fyrirskipa að sá hluti húsa, sem ekki væri múr- og naglfastur, eins og t. d. þvottavélar eða sjónvarpstæki, yrðu tollaður sér á parti —" (Gripið fram í.) Ég sagði að hæstv. fjmrh. hefði gefið í skyn. Hann er greindur maður og gegn og fer ekki með rangt mál viljandi. — Hann heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta.: „Þó að keypt væru þannig hús í heilu lagi, og sú framkvæmd hefur verið á þessu nú í seinni tíð. Á hinn bóginn er ljóst að þegar svona hús eru flutt inn er margt fleira sem skapar þennan tollamismun, eins og þær vörur sem ég áðan nefndi."

Hann nefndi þessar vörur og talar þarna um tollamun. Ég vil einnig benda á að hann talar þarna um að þessi hús hafi verið flutt inn og þessi tæki hafi verið flutt inn tollfrjáls. Ég gekk úr skugga um þetta í dag með því að hringja í tollstjóraskrifstofuna. Það eru alveg hreinar línur um það, að hvað sem framkvæmdinni hefur liðið fyrst í stað er eftirlitið með þessum innfluttu húsum orðið miklu harðara en það var áður. Og þó svo að hafi verið að sjónvarpstæki eða ísskápar hafi fyrst í stað verið tollfrjáls, sem hæstv. fjmrh. gefur í skyn, á það ekki að geta verið lengur.

Kjarni þessa máls er auðvitað sá, að þarna er boðið upp á hús sem hönnuð eru og framleidd í miklum og stórum verksmiðjum erlendis, þarna hefur mikilli framleiðni verið komið við. Á hinn bóginn hefur mikið á það skort að framleiðni íslenskra fyrirtækja hafi verið eins og best verður á kosið og er margt sem veldur því. Í fyrsta lagi veldur því náttúrlega sú tilviljanakennda gjaldeyrispólitík, sem hefur gert framleiðni iðnfyrirtækja að engu í einu vetfangi, með því að hlaðið er upp gjaldeyristollmúr fyrir erlendar iðnaðarvörur. Þegar verðbólgan er hér þetta 50 og 60% á ári verður lítið úr framleiðniaukningu, sem er kannske 2 eða 3% á ári, þegar fjármagnskostnaðurinn er eins mikill og hann er hér á landi, þegar vaxtapólitíkin er tilviljanakennd, þegar verðlagspólitíkin fer eftir því, hvernig liggur á þeim í stjórnarráðinu, þegar fyrirtæki verða að safna skuldum eitt misserið og þá kannske að greiða þær niður hið næsta, þegar atvinnupólitíkin er í raun og veru engin í landinu, þá er eðlilegt að smátt og smátt fari að halla á atvinnureksturinn. Erfiðleikar okkar núna í iðnaðinum eru einmitt af þessu sprottnir, að iðnfyrirtækin hafa ekki getað gert áætlanir fram í tímann. Þess vegna tel ég að við þurfum að leggja miklu meira fé í iðnþróun en við höfum gert og eigum að hjálpa þessum fyrirtækjum til að komast úr þeirri lægð sem þau eru núna í. Einungis ef þannig verður unnið að málunum er hægt að una því, að sú leið verði farin, sem hér er lagt til, að hækka verð þessara húsa.

Auðvitað væri hitt miklu viðkunnanlegra og skemmtilegra, ef við gætum farið þá leið að jafna samkeppnisaðstöðuna með því að lækka byggingarkostnaðinn hér innanlands, því byggingarkostnaðurinn er orðinn svo mikill á íbúðum að ungt fólk er farið að veigra sér við því að leggja í húsbyggingar við samsvarandi eigna og tekjustöðu og fyrir nokkrum árum. Ef maður vill vera hreinskilinn verður að viðurkenna þá staðreynd, að það er eins og hvítt og svart kjör þessa fólks, sem hafði náð efnahagslegu sjálfstæði áður

en hávaxtastefna var tekin upp, og kjör þess fólks, sem er að reyna að koma undir sig fótunum eftir að hávaxtastefna varð að veruleika.

Þetta vitum við öll. Þess vegna vona ég að hæstv. fjmrh. muni nota það sem eftir lifir vetrarins til að hraða þeirri endurskoðun sem fram fer á tollskrá og innflutningsgjöldum yfirleitt og þess megi vænta síðar á þinginu, að ný tollskrá verði lögð fram hér á Alþingi, þar sem fyrir það verði girt að innlendar framleiðsluvörur þurfi eða geti átt það á hættu að verða að borga háa tolla fyrir hluta af sínu hráefni. Þetta hefur viðgengist. Skýringin á því, að *húsin eru tekin hér undan, er auðvitað sú, að þetta sker* mest í augu af því að húsin eru dýrust. Á hinn bóginn er eldavél t. d., svo ég taki það dæmi, miklu ódýrari og eldhúsviftan er tollfrjáls undir vissum kringumstæðum og hefur, — ég get nefnt dæmi þess — í vissum tilvikum *komið í veg fyrir að Rafha-eldavélar hafi fengið markað.*

Ég veit, að hæstv. fjmrh. hefur á þessu fullan skilning, og skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vil biðja þá nefnd, sem fær þetta til meðferðar, að athuga í fyrsta lagi, hvort ekki sé nauðsynlegt að gera breytingar á tollskrá í samhengi við þetta frv., og í öðru lagi hvort ekki sé ástæða til að leggja drög að því, að auknu fé verði varið til iðnþróunar hér á landi í tengslum við þessi gjöld.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég talaði um þetta mál fyrr í dag í röskar tvær mínútur og beindi þá fsp. til hæstv. fjmrh. sem ekki var viðstaddur. Ég vil taka það fram, að ég er í höfuðdráttum samþykkur þessu frv. og tel að það geti a. m. k. jafnað nokkuð kjör þeirra fyrirtækja sem nú eru að basla við að framleiða m. a. einingahús hér á landi við mjög erfiðar aðstæður, eins og raunar margur annar íslenskur iðnaður á við að búa, og nefndi ég t. d. húsgagna- og innréttingaiðnað sem lepur dauðann úr skel vegna samkeppni við erlendan varning.

Ég vil einnig taka undir það, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði, að það er ekki forsvaranlegt að senda *þetta frv. með því orðalagi sem á því er, þ. e. íslenskulega* séð, frá þinginu. Það verður að gera þá kröfu til nefndarinnar, sem fær frv. í hendur, að hún bæti orðalag frv. þannig að allur almenningur skilji það.

En sú spurning, sem ég vildi beina til hæstv. ráðh., er varðandi setningu á 3. síðu í athugasemdum við lagafrv., en þar finnst mér ekki vera tekið nógu tryggilega til orða. Ég vildi fá svar frá ráðh. um það, hvort hann teldi að búið væri að ganga þannig frá málinu og sjá til þess að þarna væru ekki nein vafaatriði á ferðinni, en hér segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Með álagningu jöfnunarálags er ekki talið að farið sé út fyrir þau takmörk sem aðildarsamningur Íslands að Fríverslunarsamtökum Evrópu og samningur við Efnahagsbandalag Evrópu setur okkur, svo framarlega sem jöfnunarálagið er ekki hlutfallslega hærra en nemur þeim kostnaðarauka sem leggst á innlenda framleiðslu vegna uppsöfnunar aðflutningsgjalda og gerir hana að því leyti ósamkeppnisfæra við innfluttar vörur.“

Hér er sagt: „er ekki talið“. Þess vegna vil ég spyrja ráðh. að því, hvort ekki sé búið að ganga úr skugga um *það, þegar frv. af þessum toga spunnið er lagt fram á hinu* háa Alþingi, hvort lög sem yrðu væntanlega sett í framhaldi af því, kynnu að brjóta í bága við þá samninga sem Íslendingar hafa undirritað og gert við m. a. Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA. (**Fjmrh.:** Svarið er jú.) Svarið *er jú. Þá þarf ég ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti,*

og vænti þess, að þetta einfalda jú ráðh. tryggi að það sé búið að ganga fyllilega úr skugga um að þetta brjóti ekki í bága við samningana.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð til að lengja þessar umr. ekki allt of mikið.

Ég er hlynntur þessu frv. Ég tel efni þessa frv. gott og í rauninni alveg nauðsynlegt að fá frv. um þessi mál hér fram. Það er algerlega óviðunandi fyrir íslenskan iðnað að tollskrá geti á þann hátt, sem hér hefur komið fram, mismunað innlendum iðnaði og innfluttum. Það er algerlega óviðunandi að einstakir hlutar í slíkri heild sem þarna eru um að ræða, eins og heilum innfluttum húsum, geti komið þar inn tollfrjálsir, en gífurlega mikið tollaðir með vörugjaldi ef þeir eru fluttir inn sérstakir og innlendir húsaframleiðendur nota þá í sínum húsum og sinni vöru. Ég held þess vegna að það sé alveg rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði hér í umr., að tollskráin er að þessu leyti ótrúlega vitlaus og það er enginn vafi á að hún verkar beinlínis sem tollvernd fyrir erlendan iðnað, fyrir innfluttar vörur. Þetta bendir til þess, að tollskráin þurfi víðar endurskoðunar við.

Ég vil sérstaklega taka það fram, að ég er hlynntur 4. málsgr. í 1. gr., þar sem tekið er fram að ráðh. sé heimilt að leggja jöfnunarálag á aðra innflutta vöruflokka, vegna þess að um er að ræða fleira en bara innflutt hús. Það má vel vera að þessi grein eða heimildarákvæði eigi að fela í sér samráð við viðskrn., en ég vil benda á að ýmsar iðnaðarvörur, sem fluttar eru inn, lúta sömu lögmálum og innflutt hús að þessu leyti. Ég vil sérstaklega benda á það, sem húsgagnaframleiðendur gera sér tíðrætt um að hjónarúm, sem seld eru með útvarpstæki eða — öðrum elektrónískum hlutum í, eru flutt inn með slíkum hlutum tollfrjálsum, en vilji innlendir aðilar keppa við slík húsgögn verða þeir að greiða há aðflutningsgjöld af slíkum hlutum ef þeir setja þá í sína framleiðslu.

En það, sem ég vildi segja, er að gott er að fá þetta frv. fram. Það er nauðsynlegt. Ég þakka fjmrh. hversu fljótt hann hefur brugðist við í þessu máli þegar ljóst var í hvert óefni stefndi hér. En þetta er ekki nóg. Það eru fleiri atriði sem þarna þurfa athugunar við en álagning þessa aðlögunargjalds. Ég vil í því sambandi alveg sérstaklega nefna gæðamat á innfluttum húsum. Við höfum heyrt iðnrh. lýsa því hér í þinginu, að ríkisstj. hafi samþ. að koma upp gæðamati á húsgögnum. Slíkt gæðamat tíðkast mjög í iðnríkjunum og mér er ekki grunlaust um að í mörgum löndum í kringum okkur sé slíkt gæðamat notað sem hömlur á innflutning eða nokkurs konar„ non-tariff barrier“. Það er a. m. k. alveg ljóst, að þau iðnfyrirtæki, sem hafa viljað flytja út innréttingar og húsgögn héðan, hafa margsinnis lent í því að vörur þeirra eru settar í gæðamat og síðan líða mánuðir ef ekki hálft ár eða lengri tími áður en nokkurt svar fæst. Þannig vernda löndin í kringum okkur sinn iðnað. Það er alveg nauðsynlegt líka fyrir okkur að koma upp slíku gæðamati þannig að innflutt séu ekki húsgögn og aðrar iðnaðarvörur sem eru af lakari gæðum en seljast í löndunum í kringum okkur.

Sérstaklega hefur þetta mikla þýðingu þegar um er að ræða innflutt hús, vegna þess að af ýmsum ástæðum þurfa byggingareglugerðir hjá okkur að vera nokkru strangari en í nágrannalöndunum. Ég vil nefna það alveg sérstaklega í þessu sambandi, að gæðamat á innfluttum húsum er beinlínis neytendavernd. Íslendingar þurfa að

reikna með meiri vindstyrk en nágrannaþjóðirnar. Það þýðir það, að þak þarf að festa betur niður en gert er í löndunum í kringum okkur. Það þarf hér meiri festingar á húsunum niður á sökklana en aðrir hafa. Ef húsin eru flutt inn án þess að slíkt sé athugað getur af því hlotist mikið tjón og mikill skaði. Samhliða þessum mikla vindi, sem við höfum, og vindálagi getur fylgt mikið regn eða slagregn þannig að nánast rigni lárétt. Það þýðir aftur að allar samsetningar í þessum húsum þurfa að vera sérstaklega þéttar og öll vatnsvörn mjög góð. Það eru því miður allt of mörg dæmi um að einstaklingar hafi keypt hús af þessu tagi og lent síðan í gífurlegum lekavandamálum eftir á. Við þetta vil ég bæta sérstaklega því, að það er nokkuð séríslenskt fyrirbrigði þessi þurri fínkornaði íslenski snjór sem í fokvindi fýkur inn í allar smugur og leitar sérstaklega inn á þök þessara húsa. Snjógildrur þurfa því að vera mjög vel útfærðar og betur en í þessum framleiðslulöndum almennt til þess að ekki hljótist tjón af. Það er algengur galli í þessum innfluttu húsum að slíkur snjór fýkur við vissar veðuraðstæður inn á þökin og bráðnar þar og veldur síðan miklu tjóni í loftum. Við þetta bætist auðvitað það, að þegar hús með vatnshitakerfum eru flutt inn á hitaveitusvæði þurfa ofnar að vera stærri en eru í löndum í kringum okkur, þar sem einföld hitaveitukerfi eru, sérstaklega til að fá meiri kælingu á vatnið. Við höfum aðrar kröfur og yfirleitt strangari í rafmagnsmálum en löndin í kringum okkur og jafnframt erum við með lofthæð 2.45, sem er skylda hér á Íslandi, en sum Norðurlöndin samþykkja lofthæð 2.40. Þarna er því ýmislegt, sperrubil og fleira, sem þarf athugunar við.

Þegar innflutningur húsa er kominn á það stig sem hér er og hefur farið hraðvaxandi undanfarið er alveg ljóst að það er nauðsynlegt að komið sé upp neytendavernd, að komið sé upp gæðamati, þannig að þessi sérstöku álagsatriði vegna íslensks veðurfars þurfi einhverja samþykkt í landinu. Ég vil sérstaklega benda á þessi atriði, að það er ekki fullnægjandi að legga á þetta gjald þó að nauðsynlegt sé. Þarna eru fleiri atriði sem þurfa að koma til og er nauðsynlegt að taka föstum tökum nú þegar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð vegna þeirrar athyglisverðu ræðu sem hv. síðasti ræðumaður var hér að flytja, hv. 12. þm. Reykv. Ég held að samkvæmt hans orðum komi í ljós að það sé ekki nema hálfsögð sagan með því frv. sem við erum að ræða hér. Ég vil heilshugar taka undir þau orð sem hann var að flytja okkur. Að öllum líkindum mundi slíkt eftirlit eiga heima hjá iðnrn. Ég vil leyfa mér að mælast til þess við hæstv. ráðh., sem voru fljótir til að leggja það frv. fram sem við erum að ræða hér nú. — Ég hef óljósan grun um að það sé jafnframt vegna þess að það eru nokkrar tekjur fyrir ríkissjóð samfara því að það verði samþ. og því hafi hæstv. fjmrh. brugðið svo skjótt við.

Hins vegar, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, skulum við líka hafa í huga vernd neytandans. Það, sem hér var bent á, er svo athyglisvert í sambandi við innflutning slíkra húsa að mér finnst næsta skylt fyrir hæstv. ráðh. að taka þær ábendingar til athugunar sem hér komu fram áðan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 146, n. 193 og 207). — Frh. 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason) [Frh.]: Herra forseti. Eins og ég sagði í dag gerðust þeir atburðir hér í gær að tveir ráðh. töfðu mjög framgang þessa máls.: Í fyrsta lagi hæstv. fjmrh. sem lýsti því yfir að hér væri aðeins um einfalda ábyrgð að ræða hvað snertir lántöku verðjöfnunarsjóðsins þvert ofan í það sem áður hefur verið rætt um. Það skrýtna átti sér stað, að þegar fulltrúar frá Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins mættu að beiðni okkar á fund fjh.- og viðskn. í morgun kemur fram að tregða fjmrh. hefur legið fyrir í alllangan tíma. Fram var lögð þar orðsending frá Verðjöfnunarsjóði til fjmrh., sem er dagsett 8. des., en fjh.- og viðskn. þessarar deildar er ekki skýrt frá því, hvernig þessum málum er varið. Það er ekki fyrr en kreist er yfirlýsing út úr fjmrh. í gær af hv. 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, að þessi yfirlýsing kemur. Það er því sjáanlegt að eins og þessi grein er núna í frv., eins og það liggur hér fyrir við 2. umr., getur engan veginn gengið. Þegar brbl. voru gefin út var upphæð þessi óþekkt og því ekki hægt að gagnrýna þó að hún hafi ekki verið nefnd í brbl., en vitaskuld er hægt að breyta brbl. í meðferð Alþingis. Um alllangt skeið hefur legið fyrir að hér er um 42 millj. kr. að ræða. Því átti að koma upphæðinni að þegar í meðferð nefndarinnar. En það var ekki gert. Því er sú breyting eðlileg núna. Hins vegar er einnig að fengnum yfirlýsingum fjmrh. nauðsynlegt að þessari grein verði breytt eftir að hann lýsti því yfir að hér er eingöngu um einfalda ábyrgð að ræða. Þess vegna er nauðsyn að breyta því orðalagi í sjálfskuldarábyrgð. Verðjöfnunarsjóður mun ekki taka þetta lán nema hér sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

Það er undarlegt að eftir því sem á undan er gengið í þessum efnum eru þessi loforð sett. Þó að við séum á öndverðum meiði í sambandi við afstöðu og afgreiðslu þessa frv. ættum við ekki að vera á öndverðum meiði við það, að ríkisstj. beri að standa við orð sín. Það er skuldbinding sem ríkisstjórnin sem ríkisstjórn hefur gefið aðilum í Verðlagsráði sjávarútvegsins þegar verð var ákveðið, að ríkissjóður ábyrgðist lán, og afstaða og atkv. fulltrúa seljenda í Verðlagsráði byggðust á þessu ótvíræða loforði ríkisstj. Þetta lorforð kemur á borð Verðlagsráðsins frá oddamanni Verðlagsráðsins. Hann gefur þessa yfirlýsingu fyrir hönd sjútvrh., sem Verðlagsráð heyrir undir og er fyrst og fremst tengiliður á milli yfirnefndar og ríkisstj. þegar um deilur verður að ræða. Mér finnst hæstv. fjmrh. koma heldur betur í bakið á hæstv. sjútvrh., sem nú er kominn til landsins að nýju, — og ég nota tækifærið og býð hann hjartanlega velkominn til að ræða frekar um málefni sjávarútvegsins, — því að hann gefur þessa yfirlýsingu vafalaust eftir samþykkt ríkisstj. Fjmrh. er ekki eingöngu að koma í bakið á sjútvrh., hann kemur einnig í bakið á forsrh. Það er forsrh. sem mælir fyrir brbl. þegar þau koma til umr. í Ed. Það segir tvímælalaust í brbl., og er endurprentað í því frv. sem liggur fyrir Alþingi, að hér sé um ábyrgð ríkissjóðs að ræða. Þar með hefur verið gengið frá þessu. Þetta er skjalfest loforð til þeirra aðila sem á grundvelli þessa loforðs greiða atkv. með verðlagningunni á s. l. hausti. Við þetta ber auðvitað að standa. Alþingi verður að taka af allan vafa um hvernig verður farið með þetta í sambandi við fram-

kvæmd málsins. Það er ekki nóg hér eftir að hafa þessa grein í heimildarformi til fjmrh., heldur verður að vera í henni bein fyrirskipun til hans að fjmrh. skal o. s. frv. og jafnframt að hér sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða, en ekki einfalda ábyrgð.

Eins og fjmrh. sagði í gær telur hann að það komi aldrei til greiðslu frá hendi ríkisins nema að gera Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins gjaldþrota. Ég skil ekki þá hugsun, hvernig hann hugsar sé að gera Verðjöfnunarsjóðinn gjaldþrota. Ég held að Verðjöfnunarsjóður geti aldrei greitt meira en hann á inni. Hins vegar getur hann komið honum í svipaða stöðu. Hann getur orðið greiðsluþrota þannig að hann geti ekki greitt meira þegar hann á ekki meira til. Er það þá ætlun fjmrh. að þennan sjóð sem á að taka á sig sveiflur sem verða á mörkuðum fiskafurða, eigi að leika þannig að hann verði greiðsluþrota? Það er ekki fyrr en sjóðurinn í heild, allur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, er orðinn greiðsluþrota að fjmrh. ætlar fyrst að greiða það lán, þegar það er fallið á ríkissjóð. Þetta sér auðvitað hver heilvita maður að getur ekki gengið og á sér enga stoð. Það er furðulegt frumhlaup þessa hæstv. ráðh. í gær við þessa umr. Og það er mikið langlundargeð sem hæstv. sjútvrh. er gefið ef hann lætur bjóða sér þetta. Vitaskuld er það hrein fjarstæða. Ef breyting verður gerð á þessari grein, sem verður að gera, verður að setja hér inn sjálfskuldarábyrgð, en ekki ábyrgð ríkissjóðs nema þá að fjmrh. lýsi því yfir að hann muni líta svo á að hér sé um sjálfskuldarábyrgð að ræða, en geri ekki kröfu til að Verðjöfnunarsjóður í heild verði greiðsluþrota.

Hæstv. forsrh. hélt hér dæmalausa ræðu í gær og hún var eðlilega mikill fréttamatur, enda lítið sagt frá öðru, því það hefur sennilega ekki þótt fréttamatur í ríkisfjölmiðlum eða einkum í hljóðvarpi, en þessari vitlausustu ræðu sem nokkur forsrh. hefur flutt. Annað, sem rætt var, var ekki fréttamatur. Það er því helst vitleysan sem hefur eitthvað að segja í fréttamati hljóðvarpsins.

Hæstv. forsrh. sagði að ég hefði í rauninni gert tvær till. Önnur væri sú, að gengi ísl. kr. yrði stórlækkað, sem þýðir náttúrlega mjög aukna seðlaprentun, og í öðru lagi yrði seðlaprentunin flutt inn í landið um leið. Þetta voru sem sagt *mínar tillögur*.

Ég hef enga kröfu gert um gengislækkun og það gerir enginn kröfu um gengislækkun. Þegar gengislækkanir hafa átt sér stað í þessu landi hefur það yfirleitt verið eftir að gengi krónunnar hefur fallið. Þá hafa flestar ríkisstj. *játað staðreyndir og skráð krónuna þá í bili* — sjaldan hefur það nú staðið lengi — því verði sem hún á að vera í. Þetta gerði ég að umræðuefni og ég spyr nú hæstv. forsrh.: Hvers vegna lét ríkisstj. gengið síga, sem kallað er, sem er auðvitað nákvæmlega sama og láta gengið falla, allt árið 1980 og þá ekki minnst dagana milli jóla og nýárs? Þá var sagt að það væri nauðsynlegt vegna útflutningsatvinnuveganna, að gengið væri fellt með þessum hætti allt árið 1980 vegna þess að tilkostnaðurinn við framleiðsluna hér innanlands væri meiri en hækkun á verði á erlendum mörkuðum, og þá var gripið til þess að láta gengið síga og þá ekki minnst alveg fram á gamlársdag. Þá þótti þetta eðlilegt og gerði enginn maður kröfu til að þetta gengissig eða gengisfall yrði með þeim hætti, heldur sá ríkisstj. sína sæng uppreidda. Hún réð ekki við verðbólguna betur en það að gengið varð að síga eða falla til þess að útflutningsatvinnuvegirnir gætu gengið. Þetta var það sem gerðist.

Svo er tekin upp ný stefna á gamlárskvöld, sem er hálfgert áramótaskaup og eiginlega það eina sem þessi stjórn hefur gert sem allir skynsamir og hugsandi menn hafa getað hlegið að. Það var áramótaskaupið sem forsrh. lék á gamlárskvöld í útvarpinu og kynnti þar efnahagsáætlun ríkisstj. Þar segir hann um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins að honum skuli útvegað fjármagn til að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar ef þörf krefur vegna stöðvunar gengissigs.

Á hliðstæðan hátt, segir líka í þessari efnahagsáætlun, verður útvegað fjármagn til að tryggja afkomu samkeppnisiðnaðar og útflutningsiðnaðar. Þetta hefur verið svikið allt árið. Samkeppnisiðnaðurinn er rjúkandi rústir. Enginn stjórnarliði hafði tíma eða gaf sér tíma til að sitja ráðstefnu Félags ísl. iðnrekenda þar sem rædd voru vandamál iðnaðarins. Ráðh. brá sér úr bænum og hélt á Alþb.-fund austur á fjörðum. Enginn kom í hans stað. Enginn kom frá Framsfl. Að vísu kom formaður þingflokks Alþb. á þessa ráðstefnu, en stóð stutt við. Þar komu greinilega fram iskyggilegar horfur samkeppnisiðnaðarins, sem er spegilmynd af því sem hefur gerst, að kostnaðurinn við framleiðsluna hefur verið miklu meiri, m. ö. o. verðbólgan innanlands hefur verið margföld á við verð sem hægt er að selja þessar vörur á til viðskiptalanda. Ég hygg að þegar litið sé á samkeppnisiðnaðinn í heild sé staða hans jafnvel lakari en heildarstaða sjávarútvegsins, þó að einstakar greinar í sjávarútvegi standi mjög höllum fæti af þessum ástæðum.

Nú segja menn: Er ástæða til þess að vera að fella gengið? — Gengið hefur í för með sér hækkun á innflutturn vörum, það er alveg rétt. Það má því segja að ef stjórnin hefur aðrar lausnir eigi hún auðvitað að koma með þær. Hún hefur svo sem haft tímann til að koma með aðrar lausnir. Hún hefði getað komið með þá lausn að lækka útgjöld á atvinnuvegunum. Þá er kannske ástæðulaust að lækka gengið. En hvað hefur verið gert? Það, sem hefur verið gert, er að *velflest atvinnufyrirtæki í* útflutningi hafa verið rekin með miklum halla á þessu ári. — Er nú forsrh. horfinn? (**HBl:** Það fer lítið fyrir honum upp á síðkastið.) Ég var að koma að ræðu hans og þá dugir ekki að hásetarnir séu einir. (Gripið fram í.) Það er *svona að vera umsetinn*.

Ég veit ekki af hverju hæstv. forsrh. var svona reiður þegar hann kom í ræðustólinn í gær. Ég held sannast að segja að hann hafi verið reiðastur fjmrh. fyrir að hann skyldi leyfa sér að lítillækka forsrh. og sjútvrh. með þeim hætti sem fjmrh. gerði.

Forsrh. sneri reiði sinni fyrst og fremst að mér og var afskaplega reiður yfir því, að ég skyldi hafa minnst á vandamál iðnaðarins. Hann hefur aldrei heyrt að ég hefði nokkrar áhyggjur af neinu öðru í atvinnumálum en í sjávarútvegi. Ég hélt að það væri skylda þm. að víkka sjónarsvið sitt og fylgjast yfirleitt með öllum hræringum í þjóðfélaginu, líta á hvað væri að gerast og hvað nauðsynlegt væri að gera. Ég sé því enga ástæðu til þess fyrir hann að vera reiðan við mig út af þessu atriði. Ég held að þeir hafi ekki staðið sig svo vel, hvorki hann né Hjörleifur Guttormsson, hæstv. iðnrh., að það sé ekki þörf á að fleiri fari að huga að málefnum iðnaðarins en þessir tveir menn, miðað við þá lýsingu sem við heyrum af málefnum iðnaðarins. — Og svo var forsrh. reiður að hann segir orðrétt: „Þess vegna er það náttúrlega órökstuddar staðhæfingar þegar talað er á þann veg, eins og

stundum er gert, að útgerðin sé á heljarþröm, og m. a. kemur náttúrlega sú fáviska fram í hæðnishlátri ritara þessarar deildar.“ — Meira að segja sérstakur vinur forsrh. fer í taugarnar á honum.

Ég sagði í ræðu minni í gær að ég teldi að hluti útgerðarinnar, hluti bátaflotans, hefði staðið sig nokkuð vel á þessu ári. Þá átti ég við vertíðarflotann og þó einkum hér sunnanlands. Forsrh. greip auðvitað þetta strá eins og hver annar drukknandi maður hefði gert. Það er gripið í það sem hægt er að grípa í. Þetta var það eina sem hann gat gripið í og breitt sig yfir. Ég endurtek það: Hluti bátaflotans hafði það fjárhagslega gott á þessu ári, en ekki vegna aðgerða ríkisstj., heldur fyrst og fremst vegna stórfelldrar aflaaukningar sem átti sér stað hjá þessum sama flota. Á því byggðist það. En þessi sami bátafloti hefur víðast hvar orðið að búa við miklu minni afla á undanförnum árum og oft á mörgum undanförnum árum og undanförnum áratug. Loksins þegar góð veiði á sér stað á svo að ganga út frá því sem vísu og það á að vera punkturinn sem skal ganga út frá þegar talað er um fiskveiðar almennt. Þetta sýnir hvílíkt óskaplegt rugl getur átt sér stað í kolli hæstv. forsrh.

Hann viðurkenndi að það væri ljóst að togararnir og náttúrlega sumir nýrri bátarnir, eins og hann sagði, sem hafa mikinn fjármagnskostnað, en fyrst og fremst nýrri togararnir, sem þurfa að greiða miklar fúlgur í vexti og afborganir, stynja undir þungum fjármagnskostnaði. — Og hann fann eina lausn í sambandi við fiskverð: að mismuna mönnum eftir því, hvernig skip væru gerð út til veiða, að fiskverðið þyrfti að hækka til sumra þessara skipa og áhafna þeirra, en ekki til annarra, og það færi líka eftir því, hvort sá fiskur, sem væri fiskaður, færi í herslu, salt eða frystingu. M. ö. o.: það gætu auðveldlega orðið 70-100 fiskverð í gangi upp úr áramótunum ef forsrh. Íslands ætti að ráða ferðinni. Það yrði gaman fyrir sjútvrh. að standa frammi fyrir sjómönnunum, sem fiska á ódýru bátana og hafa haft góða afkomu, og horfa aftur á hina, sem eru á skuldugu skipunum, sem mega fá mun hærra fyrir fiskinn, horfa svo aftur á fiskvinnslustöðvarnar eftir því: Ert þú að leggja upp í frystingu? Þá getur þú ekki fengið mikið því að frystingin stendur svo illa. Það verður að lækka fiskverðið til þín. En ef þú ert að leggja upp til herslu og selja til Nígeríu færðu miklu hærra fiskverð. — Það er vit í þessum körlum! Ef annað fer eftir því í þessu þjóðfélagi, er þá við öðru að búast en þjóðarskútan sé farin að hallast, að það sé farið að koma á dekkið?

Hugsa sér ógæfu þessarar þjóðar! Hugsa sér hvað menn hafa á samviskunni sem komu þessum skapnaði á og gerðu þennan skapnað að veruleika, núv. hæstv. ríkisstj., því að þeir ættu einhvern tíma að liggja andvaka um nætur þegar þeir hugsa misgerðir sínar fyrir tæpum tveimur árum.

Hvað segir sjútvrh. um þessa merku tillögu forsrh. síns um mismunandi fiskverð eftir bátum og vinnslu? Líst honum ekki vel á að framkvæma þetta og fá aðra til þess? Forsrh. sagði að hann væri búinn að tala við marga menn og undirbúa mjög fiskverðsbreytinguna. Ef það er nokkur maður í þessu landi sem ég öfunda ekki er það hæstv. sjútvrh.: að sitja í svona ríkisstjórn og undir þessu forsæti. Guð minn góður!

Hæstv. sjútvrh. skipaði á s. l. sumri nefnd til athugunar á rekstri skuttogara. Í þessari nefnd voru ágætir menn frá bæði rn., lánasjóðum og útgerðarmönnum. Þeir gerðu úttekt á reikningum 19 togara, unnum úr ársreikningum þeirra frá árinu 1980. Þegar við lítum á þessa 19 úrtakstogara verður ekki hægt að segja annað en að rekstur þeirra hafi verið erfiður á árinu 1980. Heildartap þessara 19 úrtakstogara á árinu 1980 nam 52.5 millj. kr. eða sem samsvarar 4.6 millj. kr. á hvern togara. Í hlutfalli við tekjur nemur þetta 30.9% tapi til jafnaðar. Þetta er útkoman á togurunum samkvæmt þessari úttekt.

Í rekstraryfirlitum, sem fylgdu frá þessari nefnd, kemur fram að hagnaður hinna einstöku togara er mismunandi. Er einn togarinn t. a. m. rekinn með hagnaði á árinu 1980. Í því tilfelli var eigið fé, eigið framlag viðkomandi útgerðar, mjög verulegt eða um 50% af kaupverði skipsins og útgerð skipsins hafði verulegar vaxtatekjur af ógreiddu hráefni. Samkvæmt þessu úrtaki hefur verið „konverterað“ lánum af þessum skipum um 10 millj. og 200 þús. kr. í Fiskveiðasjóði og 4.8 millj. í Byggðasjóði. Í fskj. 2 með þessari úttekt segir um rekstraryfirlit úrtakstogaranna 19, að miðað við að afskrifað sé 7.5% af vátryggingarverðmæti í stað skattalegra afskrifta samræmist slíkt endurmat afskrifta útkomu Þjóðhagsstofnunar á afkomuútreikningum. Samkvæmt því er útkoman þessi: 30.9% tap til jafnaðar, en í krónutali er tapið 5 milljarðar 233 millj. 570 þús. kr. Þetta er staða nýrri hluta togara okkar, 19 að tölu — togara sem eru skrásettir á árunum 1977 — 1980. Það er því risavaxið dæmi sem þarna á sér stað. Sama er að segja auðvitað um öll önnur skip sem eru nýleg, eru með áhvílandi miklar skuldir, þar með talin skip í loðnuflotanum.

Þegar forsrh. greip hálmstráið í ræðu minni í gær talaði hann jafnan um allan bátaflotann, en loðnuflotinn er allstór hluti af bátaflotanum eða liðlega 50 skip. Sá floti er rekinn með miklum halla vegna þess að grundvellinum hefur verið kippt undan þeirri útgerð vegna þeirra aðgerða sem hefur orðið að beita í sambandi við takmörkun veiða. Þessi skip verða því að fara á aðrar veiðar í ríkara mæli en áður, en það fullyrði ég að þar er um geigvænlegan taprekstur að ræða þegar við lítum á þau í heild.

Ég vil líka vekja athygli á því, að bátaflotinn, togaraflotinn og loðnuflotinn eru með gífurlegar lausaskuldir í sínum rekstri. Þegar vitnað er til útreikninga Þjóðhagsstofnunar, eins og forsrh. gerði, finnst mér að það beri vott um mikinn ókunnugleika og óvitaskap, nema það sé viljandi gert að vera að blekkja menn, að þessir útreikningar eru framreikningar frá árinu 1979. Það eru framreiknaðar tekjur, það eru framreiknuð gjöld, það er ekkert tillit tekið til taprekstrar sem orðið hefur á því tímabili, frá því að þessir útreikningar eiga sér stað. Vextir og dráttarvextir af því tapi eru hvergir teknir með.

Hér er ekki nema hálfsögð sagan frá hendi forsrh., þegar hann vitnar í þessa útreikninga Þjóðhagsstofnunar. Ég er ekki að gagnrýna Þjóðhagsstofnun út af fyrir sig, en þessi aðferð er ekki einhlít og það veit ég að hæstv. sjútvrh. skilur og viðurkennir. Það er langt frá því að hún sé einhlít. Það eru ekki litlar skuldir sem hvíla á útgerðinni og kaldar eru þær kveðjur sem útgerðin fær nú frá hverjum ráðh. á fætur öðrum, fyrst hæstv. félmrh., en síðan forsrh., að hún þurfi eiginlega ekki á neinum hækkunum að halda, og annar telur að eigi að leggja niður olíugjaldið og stofnfjársjóðinn. Forsrh. skellti sér auðvitað strax upp að hliðinni á félmrh. og tók mjög undir að það væri mjög til athugunar að breyta þessu

formi. Ég er ekki á þeirri skoðun, að þetta svokallaða olíugjald eigi að vera um alla framtíð, og ef ríkisstj. vill benda á aðrar tekjur til útgerðarinnar er mér þetta olíugjald ekkert heilagt. En að ætla að svipta útgerðina olíugjaldinu og stofnfjársjóðsgjaldinu er um leið að kippa grundvellinum undan rekstri útgerðarinnar almennt. Þetta vita allir menn. Og hvað hefur svo gerst núna að undanförnu? Hvernig ætlar ríkisstj. að sannfæra sjómenn og útgerðarmenn? Síðast þegar olíugjaldinu var breytt á valdatíma hennar var það þrefaldað frá því sem áður var. Það var hækkað úr 2.5% í 7.5%. Frá því að þessi aðgerð er gerð hefur olían hækkað um 60%, en fiskverð um 42% — og ætla svo menn að koma og segja okkur alþm., við útgerðarmenn og sjómenn að við þessar breytingar einar hafi opnast möguleiki á að afnema olíugjaldið með öllu? Ég spyr: Hvers konar menn stjórna þessu landi? Geta þessir menn hugsað fyrir sjálfa sig? Það efast ég um, hvað þá heldur fyrir alla þjóðina. Ég trúi því ekki að sjútvrh. taki undir þessa vitleysu. En þetta bauð forsrh. okkur þm. upp á að hlusta í gær.

Það væri rétt að koma aðeins inn á fiskvinnsluna. Fiskvinnslan er á heljarþröm. Það er verið að gera ráðstafanir. Það er verið að segja hvað allt sé gott og slétt og fellt, eins og forsrh. sagði í stefnuræðu sinni fyrir ekki tveimur mánuðum, 22. okt. 1981. Þá lýsir hann afkomunni í fiskvinnslunni og hann lýsir henni með þessum orðum: „Verkun saltfisks og skreiðar er rekin með verulegum hagnaði. Afkoma frystingar er lakari". — Ég hygg að það megi leita lengi að öðrum eins snillingi í blekkingum, að geta komið yfirliti og horfum í aðalatvinnuvegi okkar landsmanna fyrir í jafnfáum orðum og ljúga engu, en segja samt ekki neitt satt. Þetta er sennilega mikið rannsóknarefni og mætti gjarnan gefa út heila bók um það sem þarna er á bak við og hvernig menn geta leyft sé að blekkja þjóðfélag sitt. En þetta er flutt á ábyrgð ríkisstj. Þeir tóku undir þessa glansmynd, aðrir stjórnarsinnar, meðreiðarsveinar forsrh. báðir. Annar fór í spor Eiríks rauða, kom lítið inn á þessi mál, en Alþb. tók auðvitað undir þessa glansmynd.

Það mega þó framsóknarmenn eiga, að þeir lýstu því yfir að hér væri um alvarlegt vandamál að ræða, bæði hæstv. sjútvrh. og enn fremur hæstv. viðskrh. Þeir mega eiga það, en þeir eyðilögðu auðvitað að verulegu leyti ræður sínar þegar þeir fóru út í þá vitleysu að segja að niðurtalningin hefði tekist með ágætum. Þegar allt verðlag er að fara upp á við segjast þeir alltaf telja niður á við, Steingrímur og Tómas. Allur Framsóknarflokkurinn er farinn að hlæja, en þjóðin hristir höfuðið. Þar þurfa þeir að taka sig á. Það er engin niðurtalningarleið til. Hún er bara til á vörum örfárra manna, en allt heldur áfram í öfuga átt. Er kannske niðurtalningarleið á bensínverðinu alltaf eða almennu verðlagi, smjörinu, kjötinu o. fl.? Er furða þó að margir þjóðfélagsþegnar segi núna: Það þarf að koma á alvöruríkisstjórn og losa sig við þessar leikbrúður, gefa þeim frí. Það mundi margborga sig fyrir þjóðina að láta þá fá frí á fullu kaupi, bara ef þeir færu strax, því þeir geta ekki stjórnað. Þeir hafa sýnt það. Það er löngu búið að sjást. Og þeir ná engri samstöðu. Það sést hérna. Þegar stjfrv. eru lögð hér fram og eru til afgreiðslu á lokastigi standa þessir menn upp og gefa yfirlýsingar hver gegn öðrum.

Ég held að Eyjólfur Konráð sé búinn að nota forsrh. Ég sé að Eyjólfur er þarna. (Gripið fram í.) Já, mætti ég þá fá hann lánaðan. (**Forseti:** Hæstv. forsrh. veit að hans nærveru er óskað hér. Svo oft hefur þeim skilaboðum verið komið á framfæri við hann að ég sé ekki ástæðu til að ítreka það.) Er hann kannske hættur? Þá gæti ég nú lokið máli mínu ef ég væri viss um það. Jæja, mikið er nú sterk forustan í ríkisstj. (**HBl:** Hann er að hlusta á Þorvald Garðar.) Það var kastað hér fram fullyrðingum og vitleysu í gær. Það er búið að margóska eftir því við hann að vera viðstaddur þessar umr. Hann passar sig á því að flýja af hólmi hvað eftir annað. En ég ætla ekki að standa lengur í því að bíða eftir þeim sem ekki þorir að ræða málefnin eftir vitlausu ræðuna í gær.

Hann sagði, hæstv. forsrh.: „Nú hafa samtök þessara aðila, sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslufyrirtækja, a. m. k. ýmis þeirra, boðað stöðvun útgerðarinnar um áramót ef nýtt fiskverð verði ekki komið. Það vill nú svo til að þetta eru einmitt sömu aðilar sem velja fulltrúa í Verðlagsráðið sem á samkvæmt lögum að ákveða fiskverð."— Og hann bætir við: „Það er auðvitað ágætt að reka þannig á eftir sjálfum sér, það er gott að slá í hjá sjálfum sér og getur vafalaust verið gagnlegt." — Þetta fá nú fulltrúar sjávarútvegsins frá forsrh. Íslands, fulltrúar stærstu atvinnugreinar í landinu. Hann kemur fram í sjónvarpi og útvarpi hverju sinni og er spurður: Hvað verður nú gert í sambandi við fiskverð? Þá setur hann upp sama andlitið og birtist á skjánum í sambandi við nýju bókina, sakleysislega spariandlitið, og segir: Það varðar okkur ekkert um í ríkisstj. Það er í höndum yfirnefndar Verðlagsráðs. Yfirnefnd Verðlagsráðs hefur algjörlega lögum samkvæmt með fiskverð að gera. — Hann veit þó að um leið og máli er vísað til yfirnefndar er það komið í hendur ríkisstj. En að láta sér detta í hug að segja þjóðinni satt hvarflar ekki að honum. Málið er eingöngu á ábyrgð ríkisstj. eftir að hennar fulltrúi er kominn inn. Þar er sjútvrh. á hverjum tíma tengiliður á milli Verðlagsráðs og ríkisstj. Nú hefur yfirnefnd Verðlagsráðs lýst því yfir að sjómenn hafi verið afskiptir, eigi rétt á fiskverðshækkun. Það hefur verið gengið á rétt þeirra að undanförnu. Það er alltaf gengið mest á rétt þeirra sem minnst mega sín þegar kommarnir eru í stjórn með Framsókn. (Gripið fram í.) Ég skal tala við þig á eftir.

Það er líka þannig að Verðlagsráð sjávarútvegsins bíður eftir aðgerðum stjórnvalda vegna þess að útgerðin þarf fleiri krónur vegna þeirra verðbólgu sem er. Sjómenn og útgerðarmenn þurfa því hækkað fiskverð til þess að geta staðið undir rekstrinum. Þetta viðurkenna fiskkaupendur, fiskvinnslan. Söluaðilarnir, sjómenn og útgerðarmenn, segja: Okkur er ljóst að fiskvinnslan getur ekki tekið á sig meira. — Þannig standa málin. Báðir aðilar viðurkenna að þeir þurfi að fá hækkun og hinir að þeir geti ekki hækkað. Um þetta eitt er Verðlagsráðið sammála. Af hverju er þessi staða svona? Vegna þess að verðbólgan fer þannig með. Það er sífellt minna ráðstöfunarfé heimilanna og þá ekki síst sjómanna, sem hafa verið afskiptir umfram aðra launþega, og útgerðar í hækkuðum rekstrarkostnaði, í hækkuðum kauptryggingum. Allir fá sínar verðbætur á þriggja mánaða fresti. Það er hækkun á viðhaldi. Það er hækkun á öllum aðföngum til útgerðar, öllum innfluttum vörum. Fiskvinnslan verður að taka á sig hækkanirnar innanlands og hún fær ekki nema brot af þeim hækkunum í hækkuðu verði á erlendum mörkuðum.

Þetta er það sem hefur skapað þá stöðu sem er og Verðlagsráð stendur frammi fyrir. Annars vegar er það,

að stjórnvöld ákveða verðbætur og það fyrirkomulag sem er á verðbótum á laun. Stjórnvöld hafa ákveðið að stöðva gengi að verulegu leyti. Stjórnvöld hafa tekið í sínar hendur þessa stjórn og stjórnvöld hafa skapað þennan vanda og bera alla ábyrgð á honum. Svo kemur þessi ábyrgðarlausi forsrh. og segir: Mér kemur þetta ekkert við. — Þetta þykir formanni Verkamannasambands Íslands bara gott því hann hlýðir hverju kalli sem kemur frá þessum körlum. Ja, nú er Bleik brugðið. (**HBl:** Hann hressir sig á Svartahafsströndinni á meðan.) Nú er ekki lengur umhyggjan fyrir hinum vinnandi manni. Hvað er nú orðið af ævistarfi formanns Verkamannasambands Íslands? Kastaði hann því einn góðan veðurdag út um gluggann og gerist svo allt í einu taglhnýtingur þessarar ríkisstj. sem er að ganga á rétt hins vinnandi manns hvað eftir annað? Nú þykir mér karli vera brugðið frá því að hann var útflutningsbannsstjóri á sínum tíma.

Hvernig getur ein ríkisstj. haldið áfram með slíkum vinnubrögðum og túlkað slíkan endemisþvætting sem forsrh. gerði hér í gær, að aðilar í sjávarútvegi séu á þennan hátt að reka á eftir sjálfum sér og það sé gott að slá í hjá sjálfum sér og geti vafalaust verið gagnlegt? Allt er botnfast hjá úrræðalausri ríkisstj., og svo segir forsrh.: Það er að vísu svolítið vandamál núna. — Það er mikil breyting frá stefnuræðunni 22. okt. Nú er viðurkennt. Hvað leið langur tími frá því að sú stefnuræða var flutt og þangað til neyðarópin komu frá fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum í landinu? Þá var fundið upp það „patent" að Framkvæmdastofnunin ætti að afgreiða þessi lán. Voru það fyrirtækin, sem voru með þessa „blönduðu" vinnslu, sem forsrh. var að tala um í gær, sem ættu að standa undir sér? Þau ættu að standa vel. Þau fyrirtæki, sem fyrst leituðu kreppulána, voru fyrirtæki með þessa „blönduðu" vinnslu. Hún var ekki betri en þetta. Forsrh. segir 22. okt.: Það er allt slétt og fínt í þessu þjóðfélagi. — Með öðrum orðum gat hann alveg sagt: Hjá okkur er allt blúndulagt. — En litlu síðar tilkynna fyrirtækin hvert á fætur öðru: Við erum að stöðva. Við getum ekki borgað út vinnulaun á föstudaginn kemur nema fá aðstoð. — Hvað er verið að gera? Það er verið að taka núna um 40 millj. að láni og þarf að taka miklu meira. Meira að segja sjútvrh. orðaði það einu sinni að sennilega þyrfti að taka allt upp í 200 millj., en hann hafði auðvitað fyrirvara á vegna þess að dæmið lá ekki fyrir. Það er búið að taka 40 millj. að láni í Seðlabankanum. Það er búið að lána til þó nokkuð margra fyrirtækja með verðtryggðum lánum, — fyrirtækja sem eru að taka þessi lán til að greiða með halla. Það, sem er að gerast í þessu þjóðfélagi, fyrst og fremst vegna verðbólgunnar og vegna þess að gengi okkar gjaldmiðils er skráð röngu verði, er að það er verið að framleiða taprekstur og það er svo tekið lán til að borga þennan taprekstur, lán allt að 15 ár fram í tímann. Þetta er efnahagsstefna í lagi! Þetta er stefna sem þjóðin ætti að hrópa húrra fyrir!

Meira að segja þeir, sem hafa gengið harðast fram að verja aðgerðir þessarar ríkisstj. og hæla henni, hafa hægt verulega á sér núna síðustu daga, þeim er farið að verða um og ó. Eins og ég sagði í dag hefur nú verið skipt um hlutverk. Sá vígreifi og djarfi stuðningsmaður núv. ríkisstj., formaður þingflokks Alþb., gerist nú með hógværustu mönnum. Fjmrh. og forsrh. hafa nú tekið að sér forustuhlutverkið í kapphlaupinu um að etja öllum atvinnurekstri út í taprekstur þannig að formaður þingflokks Alþb. kemst ekki með tærnar þar sem þessir tveir hlaupagikkir eru með hælana.

Ég endurtek að nauðsynlegt er að afgreiða þetta mál. Það væri orðið að lögum fyrir rúmum sólarhring ef þeir hefðu kunnað að sitja á rassinum, þessir tveir ráðh., og ekki látið til sín heyra. En það er nú einhvern veginn þannig, að í því tímahraki sem Alþingi er í að afgreiða þau mál sem ríkisstj. óskaði eftir, eru einstakir ráðh. sjálfir að eyðileggja tímann og tefja fyrir eigin málum. Það er í samræmi við allt annað. Handarbakavinna er þeirra aðalsmerki frá því þeir vakna á morgnana og þangað til þeir sofna á kvöldin.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. hefur gert nokkra grein fyrir því máli, sem hér er til umr., og vék sérstaklega að þeim ræðum sem fluttar voru hér í gær þegar 2. umr. um málið hófst. Það er vissulega rétt, að þær tvær ræður sem hæstv. ráðherrar, forsrh. og fjmrh., fluttu hér, voru furðulegar. Það var furðuleg yfirlýsing, sem hæstv. fjmrh. gaf varðandi þá ríkisábyrgð sem gert er ráð fyrir í frv., og fávíslegar voru hugleiðingar hæstv. forsrh. þegar hann fjallaði í ræðu sinni um stöðu mála í dag og hvernig mögulegt væri að hans dómi að koma til móts við atvinnuvegi þjóðarinnar, til móts við sjávarútveginn og með einum eða öðrum hætti að rétta þar hjálparhönd, sem vissulega þarf og enginn maður efast um.

Það er ekki úr vegi að hugleiða, þegar við ræðum þetta frv., sem er um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslensku krónunnar hinn 26. ágúst 1981, að þá hefur enn ein gengisfellingin átt sér stað. Alþingi hefur því ekki haft tækifæri til þess að fjalla um ráðstafanir vegna einnar gengisbreytingar þegar önnur hefur dunið yfir. Þannig hefur þetta verið allt frá upphafi valdatíma þessarar ríkisstj. Það er um að ræða að vísu samfelldar ráðstafanir, en samfelldar bráðabirgðaráðstafanir, og það hefur verið eins í þessu máli, þ. e. varðandi sjávarútveginn, og í öðrum málaflokkum.

Einn þátturinn í þessu frv. er að heimila tilfærslu á fjármagni frá einni verkunargrein í sjávarútveginum til annarrar með því að saltfisks- og skreiðarframleiðslan er látin greiða með frystingunni. Ef við virðum þessa hluti fyrir okkur aftur í tímann skulum við átta okkur á því, að við fiskverðsákvörðunina frá því um seinustu áramót, sem reyndar kom ekki fyrr en 14. febr., var gerð ákveðin breyting í sambandi við stærðarflokkun á fiski í því skyni að létta af frystingunni hráefnishækkuninni sem þá átti sér stað, en þyngja hana að sama skapi hjá söltuninni sér í lagi. Jafnframt var verð á einstökum tegundum fisks hækkað meira en á öðrum. Þetta var líka gert til þess að létta á frystingunni, fyrst og fremst á kostnað skreiðarinnar. Og það var ekki látið þar við sitja hjá núv. hæstv. ríkisstj., heldur var lögunum um útflutningsgjald af sjávarafurðum breytt í marsmánuði á þann veg, að útflutningsgjald af skreið var hækkað úr 5½% af fob-verðmæti í 10%, en jafnframt lækkað í 4% af frystingunni.

Af þessu má vera ljóst að ákveðnar greinar fiskvinnslunnar, þ. e. saltfisksvinnslan og skreiðarvinnslan, hafa axlað byrðar vegna frystingarinnar og sýnist ekki klyfjum þar á bætandi eins og hér er gert ráð fyrir. Það, sem hér hefur verið að gerast, er dæmigert fyrir ráðstafanir núv. hæstv. ríkisstj. í sambandi við efnahags- og atvinnumálin. Afkoma frystingarinnar, sem hefur verið

slæm, hefur ekki verið tryggð með raunhæfum ráðstöfunum. Þar vegur að sjálfsögðu þyngst röng gengisskráning, sem ekki hefur verið miðuð við afkomu atvinnuveganna, heldur fyrst og fremst óljósar hugmyndir ríkisstj. til þess að koma fram svokallaðri niðurtalningu á verðbólgunni, þannig að hægt væri með einum eða öðrum hætti að sýna falska mynd og fá töluna 40—41 sem hækkun framfærsluvísitölu frá upphafi árs til loka.

Það liggur ljóst fyrir, að við slíkar aðstæður eiga stjórnendur fyrirtækja erfitt með að skipuleggja rekstur fyrirtækja sinna. Starfsskilyrðin, sem þeim eru ákveðin, eru nánast frá degi til dags. Þetta er stefnulaus ríkisstj. sem gerir ráðstafanir eins og ég sagði áðan, frá degi til dags. Það eru eingöngu bráðabirgðaráðstafanir.

Það er svo næsta furðulegt þegar hæstv. forsrh. kemur fram fyrir alþjóð og afgreiðir afkomu atvinnuveganna með einni setningu í stefnuræðu sinni, eins og hv. 1. þm. Vestf. benti á hér áðan. Hann sýnist annaðhvort ekki gera sér grein fyrir hvernig að málunum hefur verið staðið eða þá að um er að ræða vísvitandi blekkingu.

Það nákvæmlega sama er uppi á teningnum þegar hæstv. fjmrh. kemur fyrir Alþingi og fyrir alþjóð með fjárlagafrv. og víkur þar að stöðu mála og segir í athugasemdum við fjárlagafrv., með leyfi hæstv. forseta: „Um það verður ekki deilt, að efnahagsstefna ríkisstj. hefur skilað árangri á því ári sem nú er að líða.“ Þetta er prentað í septembermánuði. Nú er komið fram yfir miðjan desember. Allir sjá hvert stefnuleysi ríkisstj. er í efnahagsmálunum. Við stöndum frammi fyrir geysilegu vandamáli við fiskverðsákvörðun sem á að taka gildi 1. jan. Þeir aðilar, sem eiga að búa við fiskverðið, hafa gert grein fyrir sinni afkomu. Ég held því að ekki verði um það deilt, að efnahagsstefna ríkisstj. — eins og þeir kalla það, hæstv. ráðherrar — hefur skilað mjög slæmum árangri, eins og hér hefur verið rakið. Sá árangur er að atvinnureksturinn er nánast stöðvaður. Fölsk gengisskráning veldur því, að nú verður að grípa til innborgana á innflutningi til þess að koma til móts við íslenskan iðnað. Sjávarútvegurinn, aðalútflutningsatvinnuvegurinn, stendur þannig að eftir örfáa daga er útgerðin búin að lýsa yfir veiðistöðvun. Þannig er staða mála þegar þetta ár er að renna á enda.

Síðan stendur í greinargerð með fjárlagafrv.: „Tekist hefur að rétta fjárhag ríkissjóðs við og lækka skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann verulega.“ Svo kemur viðbótin: „að raungildi“. Þarna er mergurinn málsins. Þeim hefur tekist, með því að kynda undir bál verðbólgunnar, að lækka skuldir ríkissjóðs hjá Seðlabankanum að raungildi. Staðreyndin er sú, að krónutalan hefur hækkað. En stefnuleysi ríkisstj. hefur valdið því, að verðbólgan árið 1980 er nærri 60%. Og þó að framfærsluvísitalan frá upphafi árs til loka teljist 41—42% er verðbólgan töluvert yfir 50%. Það hefur komið fram í þeim skýrslum sem Þjóðhagsstofnun hefur látið frá sér fara.

Í umr. í gær flutti hæstv. fjmrh. næsta furðulega ræðu, eins og ég gat um áðan, og gaf þar furðulega yfirlýsingu varðandi þá ríkisábyrgð sem þetta frv. gerir ráð fyrir að veitt verði í sambandi við verðákvörðun á loðnu á s. l. hausti. Hæstv. fjmrh. sagði, með leyfi forseta, eftir að hafa lesið greinina upp eins og hún var og er í frv., furðuleg í alla staði þegar hún er skoðuð: „Hér er sem sagt einfaldlega opnuð leið til þess að Verðjöfnunarsjóður geti á hverjum tíma tekið lán með ríkisábyrgð. En um er að ræða einfalda ríkisábyrgð, ekki sjálfskuldarábyrgð heldur einfalda ábyrgð, sem felur það í sér, að þá fyrst er upphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila að skuldari sé gjaldþrota.“

Það hefur komið fyrir áður að ríkisábyrgð hafi verið veitt í sambandi við verðákvörðun á sjávarafurðum. En það hvarflaði að sjálfsögðu ekki annað að neinum en að um væri að ræða sjálfskuldarábyrgð ef til ábyrgðar kæmi. Þessi mál voru þá leyst með gengismun, hann var þá látinn ganga alfarið til þeirra sem aflað höfðu þeirra afurða sem gengisbreytingin hafði áhrif á. Hér er áformað að fara inn á alveg nýjar leiðir í þessum málum. Og eins og fram kom í ræðu hv. 1. þm. Vestf. kom í ljós á fundum fjh.- og viðskn. í morgun að hér bar ekki saman þeim aðilum, sem tekið höfðu ákvörðunina á sínum tíma, og því, sem hæstv. fjmrh. sagði á þingfundi í gær.

Í fyrsta lagi gerir greinin ráð fyrir að alfarið sé heimil ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Eðlilegt er að hér sé um hreint undantekningarákvæði að ræða og sú ábyrgð, sem ríkisstj. gaf á s. l. hausti, sé þess vegna sérstaklega tekin fram í þessari grein. Í framhaldi greinarinnar segir, með leyfi forseta: „Liggi ríkisábyrgð fyrir“ — ég veit nú ekki hvar hún á að liggja, en það er sjálfsagt hugsað að ríkisábyrgð verði samþykkt — „er sjóðsstjórn Verðjöfnunarsjóðs heimilt að taka lán í því skyni að gera einstökum deildum sjóðsins kleift að standa við skuldbindingar sínar. Lán þessi mega þó aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni.“ Hér er gert ráð fyrir að lán sé tekið með ríkisábyrgð til þess að leysa vanda einnar deildar Verðjöfnunarsjóðs, en eignir annarra deilda eiga að standa og vera þar að veði.

Sú málsmeðferð, sem hér er lagt til að samþykkt verði, reyndist síðan alls ekki í samræmi við þá yfirlýsingu sem oddamaður yfirnefndarinnar kom með frá hæstv. sjútvrh. Í gögnum, sem dreift var til nefndarmanna, var ljóst í hverju ábyrgðin var fólgin sem hæstv. sjútvrh. hafði gefið oddamanni yfirnefndarinnar að veganesti. Mig furðar að slík tilvik geti komið upp — og furðar það þó ekki — með tilvísun til þeirra vinnubragða sem viðhöfð eru á stjórnarheimilinu. En í því tilfelli, sem slík ábyrgð hafði áður verið gefin, var ekkert um það að villast, í hverju hún var fólgin. Þar var um að ræða samþykkt ríkisstj., textinn, sem samþykktur hafði verið, látinn í hendur þeim aðila, sem þá fjallaði um þessi mál, til þess að fá fram lausn á þessu dæmi.

Það kom svo í ljós, þegar hæstv. sjútvrh. mætti á fundi nefndarinnar í morgun, að ekki bar saman því, sem hæstv. fjmrh. sagði í gær, að því, sem hæstv. sjútvrh. taldi sig hafa sagt þegar hann gaf oddamanni yfirnefndarinnar veganesti á sínum tíma.

Þetta frv. ásamt brtt., sem forsrh. flutti, felur í sér þrjú meginatriði.

Það er í fyrsta lagi ráðstöfun á hluta gengismunar útfluttra sjávarafurða framleiddra fyrir 1. sept. s. l. og sjálfdæmi ríkisstj. til handa um það, hvort gengismunur af einstökum afurðum sé gerður upptækur eða ekki. Hér er farið inn á alveg nýjar brautir í þessum efnum. Þessu hefur verið mótmælt af þeim aðilum sem við þetta eiga að búa. En það er í þessu eins og öllu öðru, á þá aðila er ekki hlustað, heldur fara menn sínu fram og halda að þeir séu þar með að leysa vanda. Það er að vísu verið að leysa vanda einnar viku. Þetta er svipað og með strútinn sem stingur höfðinu í sandinn og heldur að það sjái hann enginn.

Í öðru lagi er heimildin til þess að ábyrgjast lán vegna Verðjöfnunarsjóðs, þ. e. loðnudeildarinnar. Í frv. er engin upphæð, eins og fram hefur komið. Hins vegar er nú ljóst að hér er um að ræða 42 millj. kr. En með hvaða hætti, með hvaða skilmálum ríkisábyrgðin verður veitt liggur ekki ljóst fyrir. Það er vitað, að upp á það skuldabréf, sem þessi deild Verðjöfnunarsjóðs hefur gefið út, hefur hæstv. fjmrh. ekki viljað rita vegna þess að hann hefur ekki viljað fallast á greiðsluskilmála. Hér er í raun og veru um að ræða hreint uppbótakerfi, millifærslu sem síðar hlýtur að sjálfsögðu að þurfa að leggjast á almenning í sköttum til þess að halda uppi fölsku gengi, eins og fram kemur m. a. í fskj. með nál., sem er álit stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

Í þriðja lagi er hér um að ræða eignaupptöku á endurgreiðslum Seðlabanka Íslands af gengisuppfærslu endurkeyptra afurða- og rekstrarlána. Bróðurparturinn af þessum endurgreiðslum, sem munu nema rúmum 34 millj. kr., á ekki að renna í þær deildir Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem í raun eiga þessar endurgreiðslur, heldur eru fyrirmæli í frv. um að allt að 29 millj. kr. skuli greiddar til freðfiskdeildar sjóðsins, án tillits til þess að endurgreidd gengisuppfærsla útfluttra sjávarafurða ætti að skiptast með allt öðrum hætti ef hún væri reiknuð af hverri afurð. Samkv. greinargerð, sem kom frá starfsmanni Verðjöfnunarsjóðs, sýndi það dæmi allt, allt annað. Með þessari brtt. er verið að ganga þvert á þá stefnu sem lá til grundvallar lagasetningu um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hefur verið stefna stjórnar sjóðsins og stjórnvalda síðan, þ. e. að hver deild sjóðsins sé sjálfstæð og að algert grundvallaratriði sé að verðmæti verði ekki færð milli deilda sjóðsins eins og stefnt er að með þessari tillögu.

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli, þegar þessar ráðstafanir eru athugaðar, að hvergi er tekið á vanda fiskiskipa sem verða fyrir stórfelldri byrði af gengisfellingunni vegna gengistryggðra lána og aðfangakostnaðar og síðan hafa orðið enn fyrir stórfelldri byrði af nýrri gengisfellingu sem átt hefur sér stað. Þvert á móti hugleiðir hæstv. forsrh. það hér í gær í ræðu sinni, og tekur undir með hæstv. félmrh., að vel komi til greina að fella niður olíusjóðinn, vel komi til greina að fella niður ákvæðið um greiðslu í stofnfjársjóð. Mér er ekki nokkur leið að skilja að þær ráðstafanir, sem hér er verið að hugleiða, verði til annars en að þyngja enn fyrir útgerðinni. Það liggur að sjálfsögðu ljóst fyrir, að niðurfelling á olíusjóði og niðurfelling á stofnfjársjóðsframlagi gerir það hvort tveggja að verkum, að útgerðin, sem er þó grundvöllurinn að þessu öllu saman, kemur ekki til með að geta borið sig. Og hvað hyggjast menn þá gera? Jú, það var helst á hæstv. félmrh. að skilja í útvarpsviðtali fyrir nokkru, að ef þetta væri gert væri þó a. m. k. ekki til úrlausnar vandi nema hjá einum aðila, þ. e. útgerðinni. Það er auðvitað aðilinn sem allt þetta byggist á. Ef ekki er róið, þá fiskast ekki. Það liggur ljóst fyrir.

Hagsmunir sjómanna eiga ekki upp á pallborðið í þessu frv., það liggur ljóst fyrir. Gjarnan hefur það verið svo, að það hefur verið með einhverjum hætti ráðstafað til sjómanna. T. d. var árið 1975 gengismun að hluta til ráðstafað til þess að lækka skuldir útgerðarinnar vegna þáverandi gengisfellingar og jafnframt komið til móts við sjómenn í þeirra hagsmunabaráttu. Þannig var leitast við að draga úr vanda framtíðarinnar, minnka víxlverkun gengisbreytingar. Nú er þessu öllu saman snúið við, enda þurfti að grípa til nýrrar gengisbreytingar nokkrum vikum síðar.

Það er ljóst að góðæri hefur ríkt í sjávarútvegi að undanförnu. Áætlað er að verðmæti sjávarvöruframleiðslunnar 1981 verði 5.4 milljarðar og hafi aukist um 2.6% að magni til frá því í fyrra. Útlit er fyrir enn eitt metárið í þorskveiðum. Það er athyglisvert, að þorskveiði hefur aukist hér töluvert á undanförnum árum. Árið 1978 veiddust um 320 þús. tonn, árið 1980 var talan 428 þús. tonn og gert ráð fyrir á árinu 1981 um 450 þús. tonnum. Þorskveiðin í ár verður því 130 þús. tonnum meiri en hún var 1978. Samt hefur þjóðarframleiðslan sáralítið aukist síðan og segir það sína sögu um stjórnarfarið í landinu.

Verðhækkanir á sjávarafurðum hafa orðið verulegar í ár á erlendum mörkuðum t. d. á saltfiski og skreið. Þótt nokkur stöðnun hafi verið á verði frystra afurða og verðlækkunar gætt á mjöli og lýsi er talið að verðmæti vöruframleiðslunnar hafi aukist vegna verðhækkana erlendis um 3% frá því í fyrra. Stórfelld hækkun á gengi Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði ætti einnig að öðru jöfnu að skila sjávarútveginum drjúgum tekjuauka svo og þjóðarbúinu í heild.

Því miður hefur gefið á í íslenskum sjávarútvegi að undanförnu þrátt fyrir slíkt góðæri og hagstæð ytri skilyrði. Að mati Þjóðhagsstofnunar voru rekstrarskilyrði fiskveiðiflotans eftir síðustu fiskverðshækkun þau, að 12.4% halli var talinn vera á stærri togurunum, 4.1% halli á minni togurunum og 0.9% á bátunum sem ekki stunda loðnuveiðar, þ. e. 3.1% meðalhalli á rekstri fiskveiðiflotans, auk loðnubáta sem augljóslega eru verr staddir en önnur útgerð. Þá er talið að tap á frystingunni nemi 4% af tekjum. Þrátt fyrir þessa staðreynd er rætt um að fella niður olíugjaldið, rætt um að fella niður stofnfjársjóðsgjaldið og gera útgerðinni þar með miklu erfiðara fyrir.

Það er dæmigert fyrir skammsýni og óraunsæi og ranga stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum að undanfarin þrjú ár hefur Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins verið gerður gjaldþrota. Í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. kemur þetta glöggt fram í skýrslu þeirri sem starfsmaður Verðjöfnunarsjóðs lagði fram á fundum nefndarinnar. S. l. þrjú ár hafa verið greiddar inn í sjóðinn 17.3 millj. kr. en úr honum 239 millj. kr. Þessi þróun hefur átt sér stað þótt ekki hafi verið um verulegt verðfall að ræða á þessu tímabili og oft og tíðum mjög hátt og gott verð á sjávarafurðum, eins og ég vék að áðan. Í fyrra var t. d. gott verð á loðnuafurðum, en þá var ekki greitt neitt af því í Verðjöfnunarsjóðinn. Sama er að segja um saltfiskinn í ár og enn fremur í fyrra. Þetta eru dæmi um það, að hátt verð á afurðum okkar hefur ekki nýst til að efla Verðjöfnunarsjóðinn og þaðan af síður sú hagstæða þróun sem hefur verið á gengi dollarans að undanförnu. Þannig hefur verið látið vaða á súðum að þessu leyti með framangreindum afleiðingum.

Ég geri ráð fyrir að á milli 2. og 3. umr. þessa máls komi fjh.- og viðskn. saman til þess að fjalla um þá grein sem ég gerði að umræðuefni áðan, 3. gr. frv., um ríkisábyrgðina. Það liggur í augum uppi að sú grein verður að vera í samræmi við þá yfirlýsingu, sem hæstv. sjútvrh. gaf, og þá leiðbeiningu, sem hann gaf oddamanni yfirnefndarinnar. Það er ekki möguleiki á að greinin, eins og hún er í dag, samræmist þeirri yfirlýsingu. Þar verður að koma til breyting. Í fyrsta lagi tel ég ekki rétt að hér verði

gefin almenn heimild til ríkisábyrgðar fyrir Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Ég tel að þessi heimild verði að vera einskorðuð við þá yfirlýsingu sem hæstv. sjútvrh. gaf og oddamaður nefndarinnar upplýsti á funndi hennar þegar verðákvörðunin átti sér stað. Það liggur nú ljóst fyrir, að um var að ræða 42 millj. kr. og tekið fram að sú ríkisábyrgð verði veitt þeirri deild sem lánið tekur.

Ég tel enn fremur að hér verði að vera skýrt að um sjálfskuldarábyrgð sé að ræða. Að tala um einfalda ábyrgð, þegar verið er að ræða um ábyrgð fyrir Verðjöfnunarsjóð, er að mínum dómi að tala út í loftið. Það er að sjálfsögðu hægt að hafa tiltekinn frest og verði um verðhækkun að ræða á ákveðnum tíma renni sú verðhækkun til þess að greiða þá ábyrgð sem ríkissjóður hefur gengið í. Mér er tjáð að í því skuldabréfi, sem legið hefur hjá hæstv. fjmrh., sé talað um að verði hækkun á næstu tveimur árum umfram 30% skuli af því renna fjármagn til endurgreiðslu á láninu. Það hlýtur að sjálfsögðu að verða matsatriði. Mér sýnist að slíkt sé út af fyrir sig eðlilegt, en ef um það verður ekki að ræða, að þau skilyrði séu uppfyllt, liggur í augum uppi, að ríkissjóður lætur ekki gera Verðjöfnunarsjóð gjaldþrota. Ég á eftir að sjá þann fjmrh. sem sendir tilkynningu til yfirvalda og óskar eftir gjaldþrotaskiptum á Verðjöfnunarsjóði til þess að hann geti samvisku sinnar vegna greitt þá upphæð sem ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir.

Ég tel og veit reyndar að formaður fjh.- og viðskn. muni á milli umr. nú gera sitt til þess að ná fram því sem hér þarf að taka skýrt fram, hver ábyrgðin sé. Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir lágu á nefndarfundi í morgun, var að mínum dómi fullkomlega skýrt hver ábyrgðin var sem þarna var gefin. Það liggur ljóst fyrir að mínum dómi að við það verður að standa.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram hafa tveir hæstv. ráðh., þ. e. hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., orðið þess valdandi að það frv., sem hér er nú til umr., var ekki orðið að lögum fyrir röskum sólarhring, og má það eitt út af fyrir sig furðulegt telja að hæstv. ráðh. komi í veg fyrir að mál nái hér fram að ganga, þeirra eigin mál. En þetta mál er búið að fara í gegnum hv. Ed., gegnum þrjár umr. þar, og komið til 2. umr. hér, að því er mér sýnist eftir yfirlýsingu hæstv. fjmrh. á algjörlega fölskum forsendum. Það verður ekki annað séð því að þá virðist greina verulega á, hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh.

Nú vill svo vel til að sagt er að hæstv. sjútvrh. sé staddur hér á landi um þessar mundir. Að vísu er ekki vitað um hversu löng dvöl það muni verða, en það ætti að vera hægt að fá um það vitneskju af hans hálfu hvort nokkuð hefur breyst hans viðhorf eða hans meining í þessu máli, því ef það er rétt, sem hæstv. fjmrh. segir að því er varðar ábyrgð ríkisins vegna þessarar margumtöluðu 42 millj. kr. lántöku, þá hefur bæði sjómönnum og útvegsmönnum verið gefið fyrirheit og falskar vonir að því er varðar ákvörðunarverð á loðnu nú í haust. Það er því alveg nauðsynlegt að fá um það vitneskju frá hæstv. sjútvrh., hvort þau fyrirheit og sá boðskapur, sem oddamaðurinn í yfirnefndinni flutti þessum aðilum í Verðlagsráði frá hæstv. sjútvrh., standa ekki enn óhögguð. Um það held ég að sé nauðsynlegt að fá vitneskju. — Það er eins og fyrri daginn, að það er fátt um hæstv. ráðh. hér, hvorki hæstv. fjmrh., hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. er hér, en allir hafa þeir meira og minna blandast inn í þetta mál. Það má raunar furðu gegna að hæstv. ráðh. skuli ekki vera hér viðstaddir þessa umr. vitandi, svo augljóst sem það er, að það hlýtur að verða leitað upplýsinga hjá þeim um afstöðu í málinu.

Við 1. umr. þessa máls vék ég örfáum orðum að því sem hér er um að ræða. Þá greindi hæstv. sjútvrh., eða staðgengill alvörusjútvrh., hæstv. viðskrh., á við hv. þm. Matthías Bjarnason og raunar fleiri um hvort verið væri að fara inn á nýjar leiðir með því sem hér er lagt til í sambandi við ábyrgð ríkissjóðs á lántöku. Ég held að það sé gjörsamlega út í hött að ætlast til þess, að Alþingi sé í neinum vafa um hvað er meiningin að gera í sambandi við ábyrgðina á þessari lántöku. Ef það er meiningin, eins og hæstv. fjmrh. túlkar þetta mál, að ábyrgð ríkissjóðs komi ekki til fyrr en Verðjöfnunarsjóður er í raun og veru gjaldþrota fyrirtæki, þá er það allt annað en það sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið í skyn og fulltrúar í Verðlagsráði, bæði fulltrúar sjómanna og útvegsmanna, gera ráð fyrir. Það var a. m. k. svo í umr. í sjútvn. þessarar deildar, þar sem þessi mál bar á góma og fulltrúi útvegsmanna var mættur, að hann var þeirrar skoðunar, eins og hefur komið fram margítrekað, að hér væri um að ræða ótvíræða sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs vegna þessarar lántöku. Úr því verður auðvitað að fást skorið, og ég vil beina því til hæstv. forseta, hvort ekki væru nú möguleikar á að hæstv. sjútvrh. gæti verið hér viðstaddur og við fengjum enn einu sinni að vita hvort það hefur ekki verið rétt skýrt frá afstöðu hans í þessu máli, því að það er nauðsynlegt að svo verði gert.

Það hefur áður komið fram í þessum umr. að burt séð frá þessum ágreiningi um ábyrgð ríkissjóðs er með því, sem hér er verið að gera, einvörðungu um það að ræða að það er verið að fresta vandanum. Hér er um að ræða frestun vandans. Hér er lántaka sem er ávísun á fiskverð í náinni framtíð. Það er alveg augljóst, að verði sá háttur á hafður, sem hér er lagt til, er það ekki það sem upphaflega var ætlað með eðli og tilgangi Verðjöfnunarsjóðs. Það verður að teljast furðulegt, ef þetta hefur verið meining hæstv. fjmrh., að sú yfirlýsing, sem hann gaf við 2. umr. málsins í seinni deild í gær, skyldi ekki koma fram í fyrri deild í umr. þar um málið. Það er hins vegar ekkert nýtt, að hæstv. fjmrh. efni til mikilllar umr. undir það að Alþingi er að fara í jólaleyfi. Það gerðist rétt fyrir jólin í fyrra við umr. fjárlaga að hæstv. ráðh. hagaði málflutningi sínum með þeim hætti að umr. urðu langar. Einnig hefur hann gert slíkt hið sama núna í þessu máli, þannig að það er ekkert nýtt. En það, sem er nýtt, er hvernig hæstv. forsrh. hagaði sínum málflutningi hér í gær. Það má með eindæmum telja að hæstv. forsrh. skuli beinlínis í málflutningi hér á Alþingi egna hagsmunasamtök í landinu upp á móti bæði sér og hæstv. ríkisstj. með óskynsamlegum ummælum. Enn óskiljanlegra er þetta vegna þess að a. m. k. sjómannastéttin telur sig eiga margt vantalað við hæstv. ríkisstj. og ekki síst hæstv. forsrh., sem stýrir þeirri skútu, vegna þess að bæði hefur ríkisstj. gengið á hlut sjómannastéttarinnar að því er varðar kjaramál og ekki staðið við gefin fyrirheit og gefnar yfirlýsingar og nú líður óðum að því að á það reyni hvort í þriðja skipti á að svíkja þau gefnu fyrirheit og gefnu loforð sem hæstv. sjútvrh. hefur gefið sjómönnum að því er varðar olíugjaldið. Það eru örfáir dagar þar til nýtt fiskverð á að sjá dagsins ljós og það er eindregin krafa, hefur verið og er eindregin krafa sjómanna, að

olíugjaldið verði fellt niður. Því hefur hæstv. sjútvrh. lofað tvívegis og gefið fyrirheit um.

Það er því í hæsta máta óskynsamlegt af hæstv. ráðh. að vera að egna í þessu tilfelli sjómannastéttina og raunar líka útvegsmenn gegn stjórnvöldum. Það er óskynsamlegt ekki síst í ljósi þeirrar fenginnar reynslu, að á hlut sjómannastéttarinnar hefur verið gengið að því er varðar kjaramálin — eða hvernig halda menn að sjómenn og útvegsmenn túlki eftirfarandi í ummælum hæstv. forsrh., þegar hann segir, með leyfi forseta:

„Nú hafa samtök þessara aðila, sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslufyrirtækja, a. m. k. ýmis þeirra, boðað stöðvun útgerðarinnar um áramót ef nýtt fiskverð verði ekki komið. Það vill nú svo til, að þetta eru einmitt sömu aðilar sem velja fulltrúa í Verðlagsráðið sem á samkv. lögum að ákveða fiskverð. Það er auðvitað ágætt að reka þannig á eftir sjálfum sér. Það er gott að slá í hjá sjálfum sér og getur vafalaust verið gagnlegt."

Ég held að slík ummæli af hálfu hæstv. forsrh. séu ekki til þess fallin að greiða fyrir að lausn fáist á þeim mikla vanda sem fram undan er, lausn fáist í því, sem sjómenn telja að þurfi að gerast, að fiskverð hækki verulega og launakjör þeirra verði bætt, því að eins og margoft hefur verið ítrekað hafa sjómenn dregist aftur úr að því er varðar kjaramálin og telja að þeir muni nú láta sverfa til stáls og snúa þeirri þróun við. Ekki síst í ljósi þeirrar stöðu er afskaplega óskynsamlegt af hæstv. ráðh. að tala með þeim hætti sem hér hefur verið til vitnað.

En það er auðvitað fleira í þeirri ræðu, sem hæstv. forsrh. flutti hér í gær, sem gefur tilefni til umhugsunar um hvað hæstv. ríkisstj. sé að hugsa að því er varðar aðgerðir í efnahagsmálum og ákvörðun nýs fiskverðs. Það hefði vissulega verið full þörf og nauðsyn á að hæstv. forsrh. hefði greint frekar frá því, hvaða hugmundir þar væru uppi, en ekki talað með þeim hætti sem hann gerði, að gefa ýmislegt í skyn án þess að nokkrar frekari upplýsingar eða hugmyndir fylgdu þeim hálfkveðnu vísum. Það verður ekki annað séð af ummælum hæstv. forsrh. en að hann sé hugsanlega að gefa í skyn að gilda eigi mörg fiskverð í landinu. Enginn veit hversu mörg, en sum ummæli hans gefa tilefni til að ætla að það eigi ekki bara að vera eitt og hið sama fiskverð, heldur gætu þau orðið mörg, eftir því hvernig staða viðkomandi greinar væri. Ef það er ætlunin er verið að fara inn á það kerfi sem einu sinni var hér, hið margumtalaða millifærslukerfi og uppbóta, sem ég held að a. m. k. sjómenn óski ekki eftir eða sætti sig við. Það hefði því verið ástæða til þess af hæstv. forsrh., fyrst hann hóf að fyrra bragði umr. í þessum dúr, að gefa örlítið betri upplýsingar og gefa betur í skyn hvort í raun og veru væri ætlunin að taka upp þetta margumtalaða uppbóta- og millifærslukerfi. Þessi ummæli hæstv. forsrh. verða ekki skilin á annan veg en þann, að það kunni hugsanlega að gilda eitt fiskverð fyrir bátaflotann, annað fyrir smærri togarana og enn annað fyrir hina stærri. Þá sjá menn út í hvaða ógöngur er komið, ef hér verður a. m. k. þrenns konar ef ekki fleiri fiskverð til handa sjómönnum og útverðarmönnum. Ég held að það verði ekki hjá því komist að Alþingi fái frekari vitneskju um hvort það er í raun og veru ætlun hæstv. ríkisstj. að fara inn á þær brautir aftur.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í ræðuhöld vegna þessa, en ég vil ítreka að ég teldi mjög æskilegt og raunar nauðsynlegt að þessari umr. um þetta mál yrði ekki slitið án þess að hæstv. sjútvrh. fengist til að upplýsa hvaða afstöðu hann hefur til yfirlýsingar hæstv. fjmrh. Ef ekki hefur breyst skoðun eða viðhorf hæstv. sjútvrh. tala þessir hæstv. ráðh., fjmrh. og sjútvrh., sinn í hvora áttina og við það verður auðvitað ekki unað. Það verður að fást úr því skorið, hvort hæstv. ríkisstj. er einhuga í þessu máli og hvaða stefnu þar á að taka eða þá að Alþingi verður að skera úr með því að breyta og taka af öll tvímæli þegar þetta mál verður endanlega afgreitt hér í þinginu, þannig að það gildi engin geðþóttaákvörðun hvorugs þessara ráðh., heldur sé ótvírætt og ljóst hvað við er átt þegar málið verður afgreitt.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð varðandi brtt. á þskj. 231, sem ég hef flutt ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni, Ingólfi Guðnasyni og Albert Guðmundssyni. Síðan frv. var flutt hefur ýmislegt skýrst varðandi þessi mál, m. a. um upphæð þá sem hér er um að tefla, og hefur þótt rétt að taka það skýrt fram í 3. gr., en greinin orðast þannig samkv. brtt.:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð fyrir lánum að fjárhæð allt að 42 millj. kr. til þeirrar deildar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja, til þess að gera þessari deild sjóðsins kleift að standa undir greiðslum vegna verðbóta á loðnuafurðir af framleiðslu tímabilsins 1. okt. til 31. des. 1981."

Það kemur skýrt fram í fundargerð Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins skilningur þeirra aðila sem stóðu að ákvörðun loðnuverðs, en þar kemur m. a. fram, með leyfi hæstv. forseta: „Það er skilningur sjóðsstjórnar, að endurgreiðslukvöð sjóðsins falli endanlega niður 1. des. 1983, eins og kveðið er á um í skuldabréfinu" — þ. e. uppkasti sem gert hafði verið að skuldabréfinu. — „Þetta er forsenda ákvörðunar loðnuverðs og verðjöfnunar í okt. s. l." Þetta kemur fram í fundargerð dags. 1. des. 1981.

Hér er um það að ræða, að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs skal veita ríkisábyrgð á þessu láni. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins eða deild sem tekur til afurða síldar- og fiskimjölsverksmiðja er ábyrg fyrir greiðslu á þessu láni, enda verði markaðsverð með ákveðnum hætti eins og fram hefur komið. Ef deildin getur ekki staðið við þessa skuldbindingu liggur það fyrir, að ríkissjóður ber þar ábyrgð, en að sjálfsögðu mun fyrst þurfa að ganga að þessari deild. Hitt er svo annað mál, að að sjálfsögðu getur ríkisstjórn á hverjum tíma gripið til annarra aðgerða, svo sem tekjuöflunar í þessu skyni, til að standa undir þessari fjárhæð falli hún endanlega á ríkissjóð.

Herra forseti. Ég vildi aðeins taka þetta fram varðandi þessa brtt., en þeir þm., sem flytja þessa till., telja nauðsynlegt að þessi breyting verði gerð á 3. gr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við tillöguflutning sem þennan hljóta menn að hafa rétt til að ræða þá till., fyrr var það ekki hægt en hún kemur fram.

Ég vil lýsa því yfir bæði fyrir mig, Matthías Á. Mathiesen og Sighvat Björgvinsson, að við teljum þessa till., eins og hún er hér orðuð, tvímælalaust vera til bóta og skýrari en ákvæði 3. gr. frv. Hins vegar lítum við svo á, að hér sé um skuldbindingu að ræða sem ríkisstj. hafði gefið og hafði þau áhrif á aðila í Verðlagsráði að þeir voru fáanlegir til að samþykkja loðnuverðið á s. l. hausti.

Síðan er samið hið margumtalaða skuldabréf. Það er sent fjmrh. Það er bókað á fundi 1. des. í stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórnarmenn lýstu sig allir samþykka öllum efnisatriðum skuldabréfsins og sögðust fulltrúar veiða og vinnslu vilja árétta þann skilning sinn, að ekki komi til endurgreiðslu skuldarinnar nema því aðeins að markaðsverðið nái þeim viðmiðunarmörkum" — það er 9.25 dollarar í mjöli og 4.80 dollarar í lýsi — „sem greind eru í skuldabréfinu og þá innan þeirra tímamarka sem tekin eru fram í bréfinu."

Eftir nokkrar umr. var ákveðið að senda fjmrh. skuldabréfið til undirritunar og með því skyldi fylgja svohljóðandi bókun, sem allir stjórnarmenn stóðu að, bæði fulltrúar vinnslu og veiða og fulltrúar stjórnvalda:

„Það er skilningur sjóðsstjórnar, að endurgreiðslukvöð sjóðsins falli endanlega niður 1. des. 1983, eins og kveðið er á um í skuldabréfinu. Þetta er forsenda ákvörðunar loðnuverðs og verðjöfnunar í okt. s. l."

Þetta vildi ég að kæmi fram við umr. — Eins og ég sagði áðan teljum við að þessi till. sé til bóta, en við gátum ekki stutt hana eða flutt hana vegna þess að við vildum hafa skýr ákvæði um að hér væri um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs að ræða fyrir þessu láni vegna þeirrar skuldbindingar sem ríkisstj. gaf mönnum í sambandi við verðákvörðunina. Annað mál er afstaða okkar til frv. í heild, en ég endurtek að við teljum þessa till. til bóta þó við getum ekki greitt henni atkvæði af þessari ástæðu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 231) samþ. með 21. shlj. atkv.
1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 231 (ný 3. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 21 ahlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 27. fundur.

Fimmtudaginn 17. des., að loknum 26. fundi.

Norðurlandasamningur um aðstoð í skattamálum, frv. (þskj. 78). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. mað 31 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 238).

Lyfjalög, frv. (þskj. 167). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 239).

Verðjöfnunargjald af raforku, frv. (þskj. 152). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 240).

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86, n. 216). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis. Nefndin hefur athugað þetta mál á nokkrum fundum sínum og fengið í hendur álit frá Hagstofu Íslands, Ólafi W. Stefánssyni í dómsmrn. og Gunnari G. Schram prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Einnig hefur nefndin fengið á sinn fund Jón G. Tómasson borgarlögmann og formann Sambands ísl. sveitarfélaga, Gunnar G. Schram prófessor og Ólaf W. Stefánsson.

Niðurstaðan af þessum athugunum hefur orðið sú, að nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Nefndin vill engu að síður geta þess, að hún telur að orðalag í niðurlagi 1. gr. frv., en þar segir: „nema gild ástæða sé til annars" — þurfi skýringar við. Skýringin er sú, að frv. gerir ráð fyrir að námsmenn á Norðurlöndum haldi sínu lögheimili, en komi það fyrir, að foreldrar námsmanns, sem hefur hafið nám á Norðurlöndum en hefur áður verið heimilisfastur hjá foreldrum sínum, flytja meðan á námi hans stendur, þá sé eðlilegt að lögheimili námsmannsins flytjist með lögheimili foreldranna.

Enn fremur telur nefndin að það þurfi að vera skýrt, sem talað er um í 3. gr. frv., að strax eigi að tilkynna yfirkjörstjórn og sveitarstjórn þess umdæmis sem aðili er heimilisfastur í, ef kjörskrá hefur verið breytt varðandi þennan mann. Nefndin vill að litið sé svo á að þessi tilkynning verði að fara fram með sannanlegum hætti.

Nefndin er sammála um þetta álit, en Garðar Sigurðsson, 4. þm. Suðurl., ritar undir nál. með fyrirvara. Það hefur reyndar fallið niður í því áliti, sem dreift hefur verið, að geta þess, en fyrirvari þm. varðar það ákvæði í

frv. að kosningar til Alþingis skuli fara fram á laugardögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 22:2 atkv.
5—6. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 168). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér kost á því að mæla fyrir þessu frv. hér í þeim miklu önnum sem hv. Alþingi á nú við að glíma rétt áður en þm. fara í jólaleyfi. Ástæðan til þess, að ég lagði nokkra áherslu á að mæla fyrir málinu mjög stuttlega núna, var sú, að með þeim hætti á að vera unnt fyrir hv. nefnd, sem fær málið til meðferðar, að koma því til umsagnar og vinna þannig verulegan tíma svo að umsagnir ættu að geta farið að berast í janúarmánuði í stað þess að annars hefði það kannske ekki orðið fyrr en seint í febrúar.

Ég vil láta þess getið, herra forseti, að ég hafði tekið saman allítarlega framsöguræðu með frv. þessu þar sem ég fer yfir hverja einustu grein frv. nokkuð vandlega. Ég hafði einnig tekið saman texta þar sem ég gerði ítarlega grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til á alþjóðaári fatlaðra á Íslandi árið 1981. Ég ætla hins vegar ekki að flytja þennan texta og ætla mér að hafa þann óvenjulega hátt á að afhenda hv. þingnefnd og nm., sem með málið fara, þennan texta til yfirlestrar, til þess að afstaða ráðh. til einstakra greina og meðferðar málsins liggi sem gleggst fyrir. Í sumum tilvikum er um að ræða býsna flókin ákvæði í frv. þessu og nauðsynlegt er að taka af tvímæli um viðhorf ráðh. til þeirra eftir því sem kostur er.

Frv. þessu er ætlað að endurskipuleggja, samræma og einfalda löggjöf um félagslega þjónustu opinberra aðila við fatlað fólk á Íslandi. Frv. felur í sér að þrennum gildandi lögum, þ. e. lögum nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta, lögum nr. 27/1970, um endurhæfingu, og 2. og 3. gr. laga nr. 12/1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, er steypt saman í meginatriðum í einn lagabálk ásamt ýmsum lagfæringum og betrumbótum í frv. þessu. Með þessu er ætlunin að stuðla að því, að þjónusta opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga, svo og stjórnun þessara mála verði einfölduð og samræmd svo sem kostur er, auk þess sem lögð er áhersla á að hún nái til allra fatlaðra í landinu, alveg án tillits til þess hvar þeir búa og án tillits til þess hver fötlunin er.

Á 31. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1976 var samþykkt að lýsa því yfir, að árið 1981 skyldi verða alþjóðlegt ár fatlaðra. Með þeirri samþykkt ákvað þingið að árið skyldi helgað þeim markmiðum að bæta hag fatlaðra á hinum ýmsu sviðum sem nánar greindi í ályktun þingsins undir kjörorðinu „full þátttaka og jafnrétti." Á grundvelli þessa kjörorðs hefur verið starfað í fjölmörgum þjóðlöndum víðs vegar um heim á þessu ári svo og hér á landi. Hefur starfið í þeim efnum hvílt á fjöldamörgum aðilum, samtökum fatlaðra auðvitað alveg sérstaklega, sömuleiðis á stjórnskipuðum aðilum.

Ég vil þá víkja lauslega að helstu þáttum í frv. þessu. Ég endurtek að ég fer ekki yfir hverja grein um sig vegna þess hvernig aðstæður eru hér, enda held ég að það sé kannske óþarfi, ef hv. þm. fá það yfirlit, sem ég gat um áðan, í hendur að lokinni umr.

Ég vík fyrst að 3. gr. frv. Þar er fjallað um svokallaða stjórnarnefnd málefna fatlaðra. Sú nefnd tekur nokkurt mið af þeirri stjórnarnefnd sem starfar nú samkv. lögum um aðstoð við þroskahefta. Í frv. er gert ráð fyrir að samtök fatlaðra fái fulltrúa í þessari stjórnarnefnd og er það orðað á þessa leið:

„Samtök fatlaðra, Landssamtökin þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands, tilnefna þrjá menn samkv. nánari reglu sem ákveðin verður með reglugerð."

Ég vil af þessu sérstaka tilefni taka það fram, að það hefur verið ætlun mín og félmrn. að vinna þannig að þessu máli að samkomulag náist um tilnefningu þessara þriggja fulltrúa samtaka fatlaðra, Öryrkjabandalagsins og Þroskahjálpar meðan málið er til meðferðar á Alþingi. Mér þætti vænt um ef ég gæti notið aðstoðar hv. þingnefnda við að leita þessa samkomulags.

Þá vil ég vekja athygli á því, að í síðustu mgr. 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, að þegar fjallað er um vinnumál fatlaðra kalli stjórnarnefndin til fulltrúa frá aðilum vinnumarkaðarins eftir því sem ástæða er til. Þetta ákvæði er m. a. sett inn með hliðsjón af því að atvinnumál fatlaðra hljóta að koma mjög til kastanna hjá aðilum vinnumarkaðarins á hverjum tíma. Á þeim grundvelli hefur það verið byggt, að aðilar vinnumarkaðarins hafa átt aðild að svokölluðu Endurhæfingarráði sem mundi leggjast niður ef frv. þetta yrði samþykkt. Hér er beinlínis lagt til að tengsl við aðila vinnumarkaðarins verði engu að síður höfð í heiðri þegar um er að ræða atvinnumál fatlaðra.

Í 4. gr. er landinu skipt í starfssvæði. Er þar um að ræða sömu svæðaskiptingu og víða er kunn úr öðrum lögum.

Í 5. gr. er fjallað um svæðisstjórnirnar og hlutverk þeirra. Svæðisstjórnir eru skipaðar með svipuðum hætti og stjórnarnefnd um málefni fatlaðra samkv. 3. gr. Í gr. segir: „Á hverju svæði skal starfa sjö manna svæðisstjórn, er hefur það hlutverk að gera tillögur um þjónustu og samræma aðgerðir þeirra aðila sem með þessi mál fara á svæðinu, svo sem fræðslustjóra, héraðslækna, sveitarfélaga og samtaka fatlaðra."

Að gefnu tilefni tel ég ástæðu til að taka það fram, að það er ekki hlutverk svæðisstjórnanna sem slíkra að framkvæma faglegt mat á þjónustuþörf þeirra fötluðu einstaklinga sem nefndin fjallar um á hverjum tíma. Það faglega mat hlýtur að vera í höndum greiningarstöðvarinnar, sem síðar getur um í frv. þessu, eða annarra sérfróðra aðila sem við sögu koma.

Í 6. og 7. gr. er gerð grein fyrir því, hvers konar þjónusta skuli veitt á hverju svæði og hverjar skuli vera stofnanir fatlaðra. Hér eru tekin upp flest þau ákvæði sem eru í lögum um þroskahefta. Þó er bætt við nýjum ákvæðum. Vek ég sérstaklega athygli á ákvæðunum um atvinnuleit, sem bæði er að finna í 6. og 7. gr., en atvinnumálin eru ein þungamiðjan í baráttumálum fatlaðra um þessar mundir.

Í 7. gr. vil ég einnig vekja athygli á því, að þar er gert ráð fyrir að komið verði upp sumardvalarheimilum ef þörf krefur.

Ég vil, áður en lengra er haldið, geta þess, að enda þótt hér séu taldar upp þjónustutegundir og stofnanir fyrir

fatlaða, þá er það grundvallaratriði þessa frv. að sem mest sé um svokallaða blöndun, samskipun eða „integreringu" fatlaðra, þ. e. að þeir njóti þjónustu ásamt öðrum í skólum og á heilbrigðisstofnunum. Frv. telur að vísu upp ýmsar þjónustustofnanir fyrir fatlaða, en það er ekki stefna frv. að þessar stofnanir eigi að vera þannig að þær einangri fatlaða frá öðrum, heldur ber að leggja áherslu á að fatlaðir geti í lengstu lög notið almennrar þjónustu í hinum ýmsu þjónustuþáttum okkar samfélags.

Ég vil einnig, áður en lengra er haldið, leggja áherslu á annað grundvallaratriði frv., en það er að frumkvæði geti verið sem mest hjá einstaklingunum í landinu, í samtökunum og í landshlutunum. Ég teldi það miður farið, ef til þess kæmi að skipulag ríkisins á þessum málum yrði til þess að draga á einn eða annan hátt úr frumkvæði og áhuga samtakanna. Ég legg á þetta atriði mjög mikla áherslu, að þannig verði á málum haldið að frumkvæði og framtak félagasamtakanna verði virkjað áfram og það sem allra best. Í rauninni á frv. kannske framar öðru að stuðla að því að laða fram enn frekar en verið hefur þetta frumkvæði og skapa forsendur til þess að það fái að njóta sín enn betur en verið hefur.

Ég vil síðan varðandi 8. gr. frv. víkja aðeins að því, hvernig fer með umsóknir um þjónustu og vistun á stofnunum fatlaðra. Þar er ég alveg sérstaklega með stofnanir í huga sem reknar eru af öðrum en opinberum aðilum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að þar þurfi að koma til samþykki forstöðumanna viðkomandi stofnana og/eða stjórna þeirra. Hér er sem sagt um að ræða nokkru rýmri ákvæði en eru í gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta.

Þá vil ég, herra forseti, næst vekja athygli á 10. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir að fatlað barn, upp að 18 ára aldri, sem verður að dveljast í heimahúsum, eigi rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Kjósi framfærendur að annast það sjálfir og telji svæðisstjórn og greiningarstöðin þá til þess hæfa og aðstoðina nauðsynlega, skal greiða fyrir 20—175 klst. á mánuði, eftir mati svæðisstjórnar, samkv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Hér er um að ræða breytingu frá því sem er í 15. gr. gildandi laga um aðstoð við þroskahefta. Þar er nú gert ráð fyrir að í öllum tilvikum skuli greiða helmingsdaggjald, upphæð sem samsvarar helmingi daggjalds á stofnunum fyrir þroskahefta. En hér er gert ráð fyrir að þetta verði sveigjanlegra eftir mati á aðstæðum hvers einstaklings hverju sinni.

11. gr. fjallar um leyfi til að setja upp slíkar stofnanir og sömuleiðis 12. gr., þar sem gert er ráð fyrir reglugerðarsetningu í þessum efnum.

Þá kem ég að III. kafla, sem fjallar um tilkynningarskyldu, — og er ákaflega mikilvægur kafli í frv. Þar vil ég vekja athygli hv. þingdeildar á 14. gr. alveg sérstaklega. Þar segir að lokum: „Tilkynna skal niðurstöður frumgreiningar til Greiningarstöðvar ríkisins ef þurfa þykir." Ég fékk þetta frv. í hendur frá ákveðinni nefnd sem undirbjó það fyrir mig. Nefndin lagði til að ef grunur um fötlun reyndist ekki á rökum reistur bæri að eyðileggja frumgögnin. Ég felldi þessa setningu niður vegna þess, að ef síðar kemur í ljós eða vaknar grunur um að viðkomandi einstaklingur sé fatlaður, þá hlýtur að vera mjög æskilegt að eiga aðgang að þessum frumgögnum, auk þess sem hér hlýtur oft að vera um að ræða læknaskýrslur eða slíkar athuganir. Ég held að það sé mjög hæpið að setja lagaákvæði um það að eyðileggja beri slík gögn. En ég vek athygli hv. þingdeildar á þessu atriði til þess að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, geti metið það.

Í IV. kafla frv. er fjallað um Greiningarstöð ríkisins. Í lögum um aðstoð við þroskahefta er nokkuð nákvæm upptalning á því, hverjir eiga að starfa við Greiningarstöð ríkisins. Sú upptalning er í sjálfu sér felld hér niður, en sagt aðeins: „Forstöðumaður Greiningarstöðvar ríkisins skal hafa sérþekkingu á málefnum fatlaðra."

V. kafli frv. fjallar um hæfingu og endurhæfingu og er ákaflega þýðingarmikill kafli í augum þeirra sem hafa með málefni fatlaðra að gera. Þar held ég að ástæða sé til að vekja sérstaka athygli á 19. gr. Þar segir:

„Heimilt er að tillögu sveitarstjórna að veita aðstoð þeim sem lög þessi ná til sem hér segir:

1) Styrk, ef fjárhagsástæður þeirra eru með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og skyldulið sitt á meðan endurhæfing fer fram.

2) Styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni.

3) Styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkv. ákvæðum annarra laga.

Félmrn. veitir ofangreinda aðstoð samkv. 1. og 3. tölul., en lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins samkv. 2. tölul. í samræmi við 36. gr. þessara laga.

VI. kafli frv. fjallar um húsnæðis- og atvinnumál fatlaðra. Vil ég þar vekja sérstaka athygli á 23. gr., en þar segir:

„Á hverjum vinnustað skal ætla fötluðum a. m. k. tuttugasta hvert stöðugildi, enda hafi áður farið fram viðræður milli svæðisstjórnar, stjórnanda fyrirtækis og trúnaðarmanns hlutaðeigandi stéttarfélags og ljóst þyki að finna megi störf við hæfi."

Þetta ákvæði er komið inn vegna ákaflega þungrar áherslu frá samtökum fatlaðra, og það er fullyrt við mig af þeim mönnum, sem telja sig þekkja til, að þetta hafi víða gefið allgóða raun. Þetta er hins vegar umdeilt atriði sem nauðsynlegt er að hv. þingnefnd athugi vandlega.

Í 24. gr. er í raun og veru endurtekið ákvæði úr endurhæfingarlögum. Þó er bætt þar við nýrri setningu sem er á þessa leið:

„Sé að mati svæðisstjórnar bersýnilega gengið á rétt fatlaðs manns við veitingu starfs getur hún krafið veitingarvaldshafa um skriflega greinargerð fyrir ákvörðun sinni í sambandi við stöðuveitinguna." Þetta er nýlunda í ákvæðum af þessu tagi.

VII. kafli fjallar um kynningu á málefnum fatlaðra.

VIII. kaflinn er einn mikilvægasti og um leið kannske að sumu leyti flóknasti kafli frv. Hann fjallar um rekstur og kostnað. Um hann vil ég einfaldlega segja þetta:

Meginstefna kaflans er sú, að um sé að ræða óbreytta kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá því sem er nú samkv. gildandi lögum.

Varðandi rekstrarkostnað við framkvæmd þessa frv., ef að lögum verður, má segja það almennt, að sá kostnaður, sem verður til hverju sinni, sé í hendi Alþingis. Sjálfkrafa hefur frv. í raun og veru mjög óverulegan kostnað í för með sér að því er rekstur varðar á stofnunum fyrir fatlaða.

IX. kaflinn fjallar um Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem yfirtekur Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja og yfirtekur í raun og veru um leið Erfðafjársjóð.

35. gr. fjallar um hverjar tekjur sjóðsins eigi að vera,

en þar segir: „Ríkissjóður skal árlega, næstu fimm ár, leggja sjóðnum til a. m. k. 27 millj. kr. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins.“ Í öðru lagi er um að ræða tekjur Erfðafjársjóðs.

Nú kunna menn að staldra við og spyrja hvernig talan 27 millj. sé fundin. Svarið við þeirri spurningu er það, að hér er eingöngu tekið mið af þeirri tölu sem er í fjárlagafrv. fyrir árið 1982, en hefur reyndar nú verið breytt, ef ég man rétt, við þá meðferð sem fjárlagafrv. hefur þegar fengið hér á Alþingi. Ákvörðun um þessa tölu þarf að taka með tilliti til þess, hvenær gildistími frv., ef að lögum verður, verður ákveðinn. Í frv. stendur: „Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1982.“ Slíkt getur að sjálfsögðu ekki orðið og kannske er skynsamlegt að miða við að lögin taki gildi, ef frv. verður samþykkt, á miðju árinu 1982 eða 1. jan. 1983. Þá þarf að ákveða töluna með tilliti til þess, á hvaða tíma gildistaka frv. yrði ákveðin. Hér er sem sagt um að ræða bráðabirgðatölu.

Ég vil svo aðeins víkja hér aftur að 10. gr. sem inniheldur í raun og veru efnisatriði 15. gr. laga um aðstoð við þroskahefta. Við höfum framkvæmt þetta þannig að Tryggingastofnunin hefur greitt þeim einstaklingum, sem hafa haft fötluð börn heima hjá sér, ákveðna upphæð samkv. lögum um aðstoð við þroskahefta. Síðan á Tryggingastofnunin að endurinnheimta þetta hjá félmrn. Ég tel í ljósi fenginnar reynslu að eðlilegast sé að þessi kostnaður verði greiddur í gegnum Tryggingastofnun ríkisins og verði á hennar fjárlögum. Og ég fer fram á það við hv. nefnd að hún íhugi það fyrirkomulag fremur en ætlast til þess að félmrn. hafi með þetta að gera. Það gæti kostað mikla skriffinnsku þar. Forsendur þess eru ekki til á þeim bæ eins og stendur og óþarfi að koma þeim þar upp, þar sem Tryggingastofnun ríkisins á að hafa allar aðstæður til að fylgjast með málum eins og þessum.

Herra forseti. Þó að ég hafi farið hér hratt yfir sögu og ætli senn að ljúka máli mínu vil ég nota þetta tækifæri hér í sölum Alþingis til að þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum, a. m. k. tugum einstaklinga, sem komið hafa við sögu við undirbúning frv. þessa og veitt góð ráð af margvíslegum toga. Ábyrgðin á frv. er þó að sjálfsögðu fyrst og fremst mín. Það hefur tekið margvíslegum breytingum frá því að það varð til í upphafi. Mér þykir vænt um að hafa tækifæri til að koma þessu máli hér fram til umræðu á Alþingi í lok alþjóðaárs fatlaðra, þó að æskilegast hefði verið að geta afgreitt málið þegar á þessu ári. Mitt sjónarmið er þó það, að ekki sé rétt að rasa um ráð fram í þessum efnum og nauðsynlegt að vanda svona texta sem allra best. Ég vona að hv. Alþingi taki frv. vel og afgreiði það í vetur og leggi alúð og skilning í það verk sem þar er fram undan.

Ég vil leggja áherslu á tvö meginatriði í sambandi við málefni fatlaðra. Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að meðal þjóðarinnar skapist enn þá betri og víðtækari skilningur á málefnum þeirra en þegar liggur fyrir, enda þótt ljóst sé að mjög hafi miðað í rétta átt í þeim efnum á undanförnum árum. En í öðru lagi vil ég leggja á það áherslu, að við afgreiðslu á frv. eins og þessu setji Alþingi sér það að afgreiða málið af raunsæi. Það er ekki fötluðum til góðs að setja upp lagasmíð sem ekki stenst í tímanna rás, lagasmíð sem ekki verður hægt að koma í framkvæmd af ýmsum ástæðum, m. a. fjárhagslegum. Ég held að raunsæi sé góður liðsmaður fatlaðra eins og annarra þegar verið er að taka ákvarðanir eins og þær sem hér er um að ræða. Ég tel að Íslendingar hafi í málefnum þroskaheftra alveg sérstaklega verið ákaflega langt á eftir þjóðum í grannríkjum okkar. Ég hef stundum tekið þannig til orða, að við höfum verið lengra á eftir á því sviði í félagslegri framþróun en nokkurs staðar annars staðar. Það er mikið sagt, en ég held að það séu ekki verulegar ýkjur. Ég tel að stór skref hafi verið stigin til framfara í málefnum þroskaheftra og fatlaðra hér á landi, og ég tel að þetta frv., ef samþykkt verður, sé nýtt skref í rétta átt. Hins vegar er það ekki þannig, að þetta frv., ef samþykkt verður, gefi tilefni til þess að fyllast sjálfsánægju af einu eða neinu tagi. Það er skýlaust nauðsynlegt að við lítum þannig á, að þetta frv., ef samþykkt verður verði hvati til áframhaldandi starfs í þágu málefna fatlaðra, þar sem fatlaðir verði sjálfir kvaddir til liðs eins og kostur er undir kjörorði alþjóðaárs fatlaðra „full þátttaka og jafnrétti“.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Málefni fatlaðra hafa æ meir komist í sviðsljósið á undanförnum árum og menn æ betur gert sér grein fyrir því, að þau mál þarfnast miklu meiri athygli í þjóðfélaginu heldur en verið hefur raunin á undanförnum árum. Frumkvæði í þessum efnum hefur fyrst og fremst komið frá einstaklingum, komið frá áhugamannahópum, sem ýmist eru fatlaðir eða þurfa að umgangast fatlaða, og hefur margt mjög vel verið gert af þeirra hálfu í þessum málum undanfarin ár. Mönnum hefur þó smám saman vaxið skilningur á því, að það sé nauðsynlegt að gera skipulegra átak en gert hefur verið hingað til og þar þurfi forganga ríkisins til að koma. Ég vil því fagna því, að þetta frv. til l. um málefni fatlaðra skuli hafa verið lagt hér fram á hv. Alþingi. Í rauninni væri ástæða til þess að ræða þetta frv. ítarlega hér við 1. umr., en aðstaða hér í þinghaldinu, eins og hæstv. félmrh. rakti í sinni ræðu áðan, gerir það ekki mögulegt. Það er samkomulag um að koma þessu máli til nefndar svo að nefndin geti þegar tekið til starfa og leitað umsagna þannig að meiri líkur séu á en ella að frv. geti fengið afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil þó gera nokkrar athugasemdir við frv.

Ég fagna þeim markmiðum, sem sett eru í 1. gr. frv., að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegni best, enn fremur að tryggja heildarsamtökum fatlaðra og félögum þeirra áhrif á ákvarðanatöku um málefni sín, svo sem með því að leita umsagnar heildarsamtaka fatlaðra eða sérstakra félaga þeirra eða styrktarfélaga fatlaðra, sem hlut eiga að máli hverju sinni, við gerð og framkvæmd áætlana, laga og reglugerða er þau varða. Ég vil enn fremur lýsa ánægju minni með það sem fram kemur í grg. með frv., þar sem því er lýst sem öðru megineinkenni frv., að nú sé í fyrsta sinn komið á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk án tillits til þess hver fötlunin er. Ég held að mjög mikilvægt atriði sé að ekki sé gerður munur á þjónustu og réttindum fatlaðra eftir því hver fötlunin er, en á því hefur bryddað í okkar þjóðfélagi hingað til. Og ástæðan er að sjálfsögðu fyrst og fremst sú, að aðstandendur eða þeir, sem hafa tekið að sér að vinna fyrir hina einstöku hópa fatlaðra, hafa verið mismunandi

duglegir eins og gengur, og því hefur árangur af starfi fyrir hina mismunandi hópa verið mjög misjafn.

Ég vil sérstaklega fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. félmrh. hér áðan að hann telji að þetta frv. sé lagt fram og samið í þeim anda, að hin frjálsu samtök einstaklinganna í þjóðfélaginu eigi að fá að njóta sín til fulls og frumkvæði þeirra í þessum málum eigi að njóta sín á sama hátt og verið hefur. Ég held að þetta sé mikilvægt, ekki síst með tilliti til forsögunnar í þessum málaflokki, þar sem hin frjálsu félög einstaklinga hafa lyft grettistaki á ýmsum sviðum í þessum efnum og því sjálfsagt og nauðsynlegt að þjóðfélagið nýti sér þann kraft, sem í þessum samtökum býr, og þann mikla áhuga, sem þar ríkir til að leggja þessum málum lið.

Það, sem ég vil hins vegar sérstaklega gera athugasemdir við í frv. og gagnrýna, er fjármögnunarþáttur þess, þ. e. sá kafli sem fjallar um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Þar er gert ráð fyrir, að stofnaður sé sérstakur sjóður er nefnist framkvæmdasjóður fatlaðra og skuli hann vera í vörslu félmrn. og sá sjóður yfirtaki Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja samkv. lögum sem um málefni þroskaheftra gilda, og enn fremur að sjóður þessi taki við því hlutverki sem Erfðafjársjóður hefur haft til þessa. Þetta er gott og blessað, ágætt, að slíkur sjóður sé stofnaður, og eðlilegt að Framkvæmdasjóður þroskaheftra og öryrkja renni inn í þennan sjóð, vegna þess að þessi lög taka yfir það svið sem núgildandi lög um aðstoð við þroskahefta ná yfir. Hins vegar er alls ekki nægilega tryggilega frá því gengið í þessu frv., hverjar raunverulegar tekjur sjóðsins eigi að vera, og við höfum upplifað það hvað eftir annað, síðast nú fyrir tveimur dögum, að slík ákvæði í lögum eru ákaflega marklítil ef viðkomandi ríkisstjórnir hafa ekki áhuga á að halda ákvæði laganna að því er tekjuöflunina snertir.

Í núgildandi lögum um aðstoð við þroskahefta segir að ríkissjóður skuli árlega leggja þeim sjóði til a. m. k. 1000 millj. kr. eða 1 milljarð. Síðan segir: „Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni.“ Meðalvísitala byggingarkostnaðar árið 1979 var 318 og er eðlilegt að miða við þá vísitölu þegar fjallað er um grunninn sem byggja á ofan á þegar þessi upphæð er hækkuð sem í lögum um aðstoð við þroskahefta segir. Ef þessu væri fylgt ætti sú upphæð, sem nú ætti að vera í fjárlögum, að vera 31.8 millj. kr., vegna þess að vitað er að fjárlagafrv. miðast við að byggingarvísitala eigi að vera 1011 á árinu 1982. Það, sem hins vegar hæstv. ríkisstj. gerir, er að hún tekur meðaltal byggingarvísitölu áranna 1979 og 1980, tekur þessar tvær meðalvísitölur, deilir í með tveimur og leggur þar með grunninn sem byggt er ofan á. Þannig er fengin sú tala sem fjárlagafrv. er hækkað upp í, 28 millj. 140 þús. kr. Þetta er að sjálfsögðu algerlega óleyfilegt samkv. skýrum ákvæðum laga um Framkvæmdasjóð þroskaheftra og öryrkja, því að þar er ekki talað um meðalvísitölu ársins 1980, heldur verðlagsvísitölu miðað við árið 1979 að grunni, eins og segir ákveðið í þessum lögum. Sú upphæð, sem þarna á að vera raunverulega, ætti þess vegna að vera 31.8 millj. kr. og við nokkrir hv. þm. fluttum nú við 2. umr. fjárlaga um það brtt. sem var felld af hæstv. stjórnarliðum, af hæstv. ráðh. m. a. og öðrum stjórnarliðum.

Sama gildir um Erfðafjársjóðinn. Það eru alveg skýr ákvæði um það í lögum, að erfðafjárskattur svokallaður eigi að renna í Erfðafjársjóð og Erfðafjársjóður eigi að fjármagna stofnanir sem þar eru tilgreindar, sem í reynd hafa fyrst og fremst verið endurhæfingarstofnanir. Og það hefur verið Endurhæfingarráð sem hefur veitt fjármagn úr þeim sjóði. Hins vegar hefur það gerst núna æ ofan í æ undir forustu núv. hæstv. ríkisstj., að þetta fjármagn hefur verið skert. Og ég bæti við það sem ég sagði áðan varðandi Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem þessi hæstv. ríkisstj. hefur verulega skert það fjármagn sem lögum samkvæmt ætti að renna í þann sjóð. Það hefur verið regla hjá hæstv. ríkisstj. síðan þessi sjóður var stofnaður. Erfðafjárskatturinn á að gefa í tekjur samkv. fjárlagafrv. 13 millj. kr. Hins vegar er í frv. til lánsfjárlaga ákvæði um það, að erfðafjárskatturinn eigi ekki að renna allur í Erfðafjársjóð, heldur einungis 9 millj. kr., sem væntanlega mun þó hækka upp í 9 millj. 832 þús. kr. samkv. þeirri brtt. sem flutt var við fjárlagafrv. Þetta ættu að vera 13 millj. Afganginn tekur ríkissjóður sjálfur í sína eyðsluhít. Þetta finnst mér vera gagnrýnisvert. Ég tel, að það ætti að ganga mun tryggilegar frá því, og vil beina því til hv. nefndar, sem þetta mál fær til meðferðar, að reynt verði að ganga tryggilegar frá því en raun ber vitni um, að hér sé um raunverulegar tekjur að ræða, að hæstv. ríkisstj., hver sem hún er á hverjum tíma, geti ekki gengið í þessa sjóði eins og hún gerir í raun með því að taka hluta af þeim til eigin nota, til venjulegrar eyðslu ríkisins.

Ég sagði það við fjárlagaumr., þegar ég mælti fyrir þessari brtt., að mér fyndist það heldur kaldar kveðjur á ári fatlaðra, sem Alþb., hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. senda með því að flytja sérstakar tillögur um, leggja sérstaka lykkju á leið sína og flytja tillögur um að það fjármagn, sem verja eigi til stofnana í þágu fatlaðra, skuli skert eins og gert hefur verið. Sannleikurinn er sá, að verkefnin æpa alls staðar á okkur í þessum efnum. Það liggja fyrir nauðsynlegar beiðnir um margvíslegar stofnanir í þágu fatlaðra, sem er brýn nauðsyn að hefjast handa við. Þess vegna er það ósæmilegt, vil ég segja, að hæstv. ríkisstj. skuli hrifsa til sín hluta af þessu fjármagni andstætt því sem gildir í lögum. Ég tel því að þetta þurfi sérstakrar athugunar við. Ég bendi á til viðbótar að í rauninni er hér ekki um neina nýja tekjustofna að ræða frá því sem ætlað er nú til Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra eða í Erfðafjársjóð, heldur ívið lakari hlutur, sem þarna er á ferðinni, en þó er í gildandi lögum. Engu að síður eru aukin verkefni ætluð þessum sjóði nú miðað við þetta frv. Það er bæði fjölþættari þjónusta, sem þetta fjármagn á að standa undir, og fleiri stofnanir, eins og hæstv. félmrh. gat um í sinni ræðu.

Ég vildi sérstaklega gera þessar athugasemdir við þetta frv. á þessu stigi. En ég ítreka það, að ég tel sjálfsagt og nauðsynlegt að greiða fyrir því, að frv. komist nú til nefndar og það verði afgreitt á þessu Alþingi. Ég fagna því, að þetta frv. skuli nú komið fram, svo að hv. Alþingi geti nú næstu vikur unnið í því og vonandi samþykkt það áður en þingi lýkur að vori. Og ég vonast til að sú afgreiðsla verði til blessunar fyrir hið fjölmarga fatlaða fólk í landinu, en brýna þörf ber til að bæta aðstöðu þess.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þó að ástæða væri til að ræða þetta mál allítarlega skal ég við þessa umr. reyna að stytta mál mitt eins og kostur er.

Í grg. með frv., sem hér er til umr., kemur fram að ég hafi sem nm. í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra tekið þátt í lokavinnslu frumvarpsdraganna um málefni

fatlaðra. Af því mætti draga þá ályktun, að ég væri sæmilega sátt við þetta frv., eins og það hér liggur fyrir, og mundi því styðja það og veita því brautargengi. Ég vil strax láta það koma fram í upphafi míns máls, að eins og frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi hefur við endanlega gerð þess verið kippt stoðunum undan því — þeim stoðum að hægt sé að vænta árangurs í framkvæmd verði frv. þetta samþykkt í óbreyttri mynd. Þær stoðir eru vitaskuld fjármagnshlið þessa frv., sem er forsenda þess, að Alþingi geti staðið við þær skuldbindingar sem felast í þessu frv.

Hæstv. ráðh. talar um að hér séu bráðabirgðatölur varðandi Framkvæmdasjóðinn, endanleg tala muni taka mið af gildistímanum, en ég tel að líta verði ekki síður á fjárhagsskuldbindingar þær, sem þetta frv. felur í sér, og aukin verkefni. Ég vil undirstrika, að í endanlegri mynd sá ég ekki þetta frv. áður en það var lagt fyrir Alþingi. Sú breyting, sem þetta frv. hefur tekið frá síðustu frv.-drögum sem stjórnarnefnd málefna þroskaheftra fjallaði um, er svo veigamikil að mín afstaða við meðferð frv. nú á Alþingi mun fyrst og fremst mótast af því, að þetta frv. verði byggt á raunhæfum tölum í fjármögnun til þeirra framkvæmda, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, og á nýjan leik fái þetta frv. trygga fjárhagslega stoð. Ég segi: á nýjan leik, því að í síðustu frv.-drögunum, sem fjallað var um hjá stjórnarnefnd málefna þroskaheftra og ég vænti einnig hjá hagsmunasamtökum fatlaðra, byggði frv. á, það kom skýrt fram í frv.-drögunum, að ætlaðar voru 50 millj. kr. tekjur sem renna áttu í Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, auk þess sem fram kom að renna ættu til sjóðsins óskertar tekjur Erfðafjársjóðs. Í núverandi mynd kemur svo fram að einungis eiga að renna til sjóðsins 27 millj., eins og frv. er hér lagt fyrir okkur. En ég undirstrika að ráðh. hefur talað um að þetta væru bráðabirgðatölur, og ég vona að þessar tölur taki miklum breytingum við endanlega gerð þessa frv. Það var einnig talað um að tekjur Erfðafjársjóðs rynnu óskertar, en nú er einungis talað um tekjur Erfðafjársjóðs. Allir vita að nauðsynlegt er að hafa orðalagið „óskertar tekjur Erfðafjársjóðs", því að sjóðurinn er oftast skertur í meðförum fjárlaga á Alþingi.

Ég tel það mjög ámælisvert, að þeir, sem um þessi frv.-drög hafa fjallað, bæði stjórnarnefnd málefna þroskaheftra og hagsmunasamtök öryrkja og fleiri aðilar, sem um málið hafa fjallað, hafa hreinlega verið blekktir hvað fjármagn til sjóðsins varðar, eins og fram kemur í frv. Það segir sig sjálft, að afstaða þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, hefur tekið verulegt mið af þeim tekjum sem ætla mátti að rynnu til sjóðsins. Það er undirstaða þess að vænta megi árangurs af þeim breytingum sem lagðar eru til í þessu frv. Ég undirstrika því enn og aftur að stuðningur minn við þetta frv. er fyrst og fremst undir því kominn að tekjur til sjóðsins verði stórlega auknar og staðið verði við það loforð sem hlaut að felast í þeim frv.-drögum sem hagsmunaaðilar fjölluðu um, 50 millj. kr. framlag til sjóðsins auk óskertra tekna Erfðafjársjóðs.

Í grg. með þessu frv. kemur einmitt óbeint fram að þetta sé marklaust plagg nema fjárhagsgrundvöllur þess verði tryggður, en þar segir, með leyfi forseta, 35. gr., þar sem fjallað er um tekjur sjóðsins:

„Hér eru taldar upp þær tekjur, sem gert er ráð fyrir að framkvæmdasjóðurinn fái. Stærsti tekjuliðurinn verður tvímælalaust framlag ríkissjóðs og er ekki vafi á því að framkvæmdir samkv. lögunum, ef frv. verður að lögum, muni að verulegu leyti vera undir því komnar hversu mikið fjármagn ríkið veitir sjóðnum," segir í þessari grg. Þetta er einmitt kjarni þessa máls og kemur fram í grg. frv.

Ef hæstv. ríkisstj. ætlar sér í raun að leggja grunn að því með þessu frv., að stigið verði skref fram á við í málefnum öryrkja, er varla hægt að sjá að sú sé meiningin nema á pappírnum þegar ekki eiga að renna aðrar tekjur til málefna fatlaðra en nú er gert ráð fyrir í lögum um aðstoð við þroskahefta, en með þessu frv. eru lögð aukin verkefni og þar með skuldbindingar á Framkvæmdasjóðinn án þess að tryggja honum auknar tekjur. Sjóðurinn á að yfirtaka öll verkefni Erfðafjársjóðs og fá tekjur hans á móti. Þaðan virðist ekki eiga að koma viðbót við fjármagnið, auk þess sem aðrir þættir þessa frv., bæði í stofnkostnaði og öðru, leggja auknar skuldbindingar á sjóðinn sem hann að óbreyttu fjármagni getur ekki staðið við. Kjarninn er því sá, að í þessu frv. felast auknar framkvæmdir og viðfangsefni í þágu fatlaðra, en hvergi er gert ráð fyrir auknum tekjum til þess að hægt sé að standa við skuldbindingar þessa frv.

Ég get fullvissað hv. alþm. um og ég tel mig hafa töluverða reynslu af málefnum öryrkja, ekki síst þroskaheftra, til þess að fullvissa alþm. um að öryrkjar hafa fengið meira en nóg af dauðum lagabókstaf og fögrum fyrirheitum sem ekki hefur verið staðið við vegna þess að fjármagn vantar. Það er nægilegt að taka hér eitt dæmi, en það er uppbygging sérkennslunnar í landinu.

Í grunnskólalögunum frá 1974 og reglugerð þar að lútandi var lagður grundvöllur að markvissri uppbyggingu sérkennslunnar í landinu, bæði innan hins almenna grunnskóla og utan hans. Í skýrslu menntmrh. til Alþingis 1978 um framkvæmd grunnskólalaganna kemur fram, að áætlanir, sem voru gerðar, miðuðu við 10 ára framkvæmdaáætlun til að koma sérkennslumálum í sæmilegt horf. Á þeim tíma, 1978, þegar fjögur ár voru liðin af þessari framkvæmdaáætlun, hafði svo óverulegu fjármagni verið varið í sérkennslumálefni að lítið sem ekkert hafði verið framkvæmt. Svo var komið 1978, að 500—600 millj. gkr. á verðlagi 1978 þurfti að veita árlega fram til 1984 til að áætlanir menntmrn. stæðust, en það ár var einungis varið á fjárlögum til þessa verkefnis um eða innan við 100 millj. gkr. Hér er því ljóslifandi dæmi um fögur fyrirheit í reglugerð og lögum, sem ekki var staðið við af hálfu Alþingis.

Á þeim tíma, 1978, lagði ég því fram frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem standa átti undir þessum verkefnum ásamt því að fjármagna ýmis önnur verkefni í endurhæfingarmálum öryrkja. Framkvæmdasjóður þessi var síðan felldur inn í lög um aðstoð við þroskahefta, sem þá lá fyrir Alþingi. Í lögum um aðstoð við þroskahefta var lagður grunnur að stórfelldum breytingum í framfaraátt í þágu þroskaheftra hér á landi. Ekki var þó í frv., þegar það var lagt fyrir Alþingi, gert ráð fyrir neinum fjármunum í því skyni að standa undir verkefnum sem fram komu í því frv. Niðurstaða Alþingis varð þó sú að fella frv. um Framkvæmdasjóð öryrkja, sem þá var til umr. á Alþingi, inn í það frv. Átti sá sjóður að standa undir fjármögnun þess auk sérkennslunnar og veita einnig fjármagn til endurhæfingarmála öryrkja. Það er ljóst, að frá því að þessi sjóður komst á laggirnar vorið 1979 hafa orðið umtalsverðar breytingar í uppbyggingu á stofnunum og allri þjónustu við þroskahefta og öryrkja

því að þegar upp er staðið er það endanlega fjármagnið sem ræður því, hvað sem fögrum fyrirheitum í lagabókstaf líður, hvort hægt sé að standa við þær skuldbindingar sem lagabókstafurinn kveður á um.

Ég tel nauðsynlegt að undirstrika og rökstyðja enn frekar en hér hefur komið fram í máli mínu nauðsyn þess, að tekjur þessa frv., sem við fjöllum um hér, um málefni fatlaðra verði stórlega hækkaðar í meðförum Alþingis. Á fjárlögum fyrir árið 1982 var gert ráð fyrir 26 millj. rúmum, en í meðferð Alþingis hefur sú upphæð verið hækkuð í um 28 millj. Áður en Framkvæmdasjóður öryrkja og þroskaheftra kom til og lögin um aðstoð við þroskahefta var mjög lítil þjónusta við þroskahefta úti á landsbyggðinni. Sú takmarkaða þjónusta, sem fyrir hendi var, var mestmegnis hér á stór-Reykjavíkursvæðinu og nokkur á Akureyri, enda runnu sáralitlar upphæðir til þjónustu við þroskahefta bæði á fjárl. og eins í Styrktarsjóð vangefinna. Samkv. lögum um aðstoð við þroskahefta er landinu nú skipt í átta starfssvæði hvað málefni þroskaheftra varðar. Á hverju svæði starfar fimm manna svæðisstjórn sem gerir áætlanir um þjónustuþörf og framkvæmdir á hverju svæði fyrir sig. Gefur þó auga leið, að á mörgum svæðanna, þar sem enginn eða mjög takmörkuð þjónusta hefur verið fyrir hendi, er fjármagnsþörfin geysilega mikil, en í lögunum er kveðið nákvæmlega á um, hvaða þjónusta skuli veitt á hverju svæði, og hefur Alþingi þar með tekið á sig ákveðnar fjárhagslegar skuldbindingar.

Til að rökstyðja enn frekar nauðsyn þess, að leiðrétting fáist á tekjum sjóðsins sem ráð er fyrir gert í þessu frv. um málefni fatlaðra, er rétt að fram komi hér á hv. Alþingi upplýsingar um þær fjárhagsbeiðnir sem stjórnarnefnd sjóðsins hafa borist fyrir árið 1982. Ég ætlaði mér að gera grein fyrir þessum fjárhagsbeiðnum á hverju svæði og rökstyðja nauðsyn þeirra, en ég vil láta mér nægja, þar sem tími er naumur orðinn nú fyrir jólahlé, að gera aðeins grein fyrir heildartölunni sem er rúmar 70 millj. kr., en til ráðstöfunar í sjóðnum eru nú samkv. fjárl. um 28 millj. kr. Ég nefni hér töluna 70 millj. kr., en sú fjármagnsbeiðni hefur sjóðnum borist fyrir árið 1982, en enn þá vantar þó áætlanir varðandi Norðurland vestra og sumpart fyrir Austurland. Hér er því um mikla framkvæmdaþörf og skuldbindingar að ræða, sem sjóðurinn hefur samkv. lögum um aðstoð við þroskahefta, en framkvæmdaþörf á næsta ári hljóðar upp á, eins og ég segi, rúmar 70 millj., en ráðstöfunarfé er um 28 millj. Nú er ætlunin að leggja enn auknar skuldbindingar á sjóðinn án þess að til komi nokkurt fjármagn umfram það sem sjóðurinn hefur í dag. Breytist þessi upphæð ekki verulega í meðförum Alþingis standa öryrkjar enn einu sinni frammi fyrir því, að verið er að samþykkja fögur fyrirheit þeim til handa sem lítil trygging er fyrir að við verði staðið því að að sama skapi er ekki gert ráð fyrir auknum fjárveitingum.

Samkv. 7. gr. frv. koma fram þau viðbótarverkefni, að sjóðurinn á að fjármagna núna sumarbúðir fyrir fatlaða í öllum landshlutum. Í upptalningu stofnana fyrir þroskahefta er einnig talað um atvinnuleit. Er alls ófyrirséð hvaða stofnkostnað atvinnuleit í öllum landshlutum muni hafa í för með sér. Í 27. gr. koma fram einnig viðbótarverkefni á sjóðinn. Með því ákvæði á að veita styrk úr Framkvæmdasjóðnum til að stækka verndaða vinnustaði og bæta tækjabúnað. Einnig á að veita fé úr sjóðnum til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað sem tryggt geti fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði. Sjá allir í hendi sér að ef veita á fé úr sjóðnum til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað til að tryggja fötluðum vinnu á almennum vinnumarkaði er hér um að ræða ákvæði sem alls er ófyrirséð hvaða áhrif muni hafa á skuldbindingar og fjármagn úr sjóðnum.

Í 34. gr. kemur einnig fram, að heimilt er að greiða úr sjóðnum vegna framleiðslustarfsemi fatlaðra í heimahúsum, og er vísað þar til 19. gr., þar sem talað er um að veita styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni. Auk þess yfirtekur sjóðurinn skuldbindingar Erfðafjársjóðs varðandi uppbyggingu endurhæfingarstöðva og verndaðra vinnustaða fyrir öryrkja. Er ekki að sjá að sjóðurinn fái neitt viðbótarfjármagn í þessu skyni umfram það sem Erfðafjársjóður hefur nú. Er það athyglisvert í þessu sambandi sem fram kemur í grg. á bls. 26 í frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í 35. gr. frv. er fjallað um tekjur Framkvæmdasjóðs. Þar eru nýmæli" — ég undirstrika nýmæli — „frá gildandi lögum um aðstoð við þroskahefta, sem felur það í sér að til viðbótar við ríkisframlagið, frjáls framlög og vaxtatekjur renni til sjóðsins óskertar tekjur Erfðafjársjóðs." Er það í samræmi við fyrri frv.-drög, sem hagsmunasamtök fatlaðra fjölluðu um, að í frvgr. sjálfri stóð: óskertar tekjur Erfðafjársjóðs. Nú hefur orðið „óskertar" verið tekið úr frvgr. sjálfri og eftir stendur einungis: tekjur Erfðafjársjóðs, en í grg., sem ég las upp, á bls. 26 í þessu frv. er svo talað um „óskertar tekjur Erfðafjársjóðs". Því er nauðsynlegt að fá fram við þess umr. túlkun heilbr.- og trmrh. á þessu ákvæði. Er um að ræða að óskertar tekjur Erfðafjársjóðs eigi að renna til Framkvæmdasjóðsins, eins og fram kemur í grg. frv., og ef svo er, af hverju hefur orðið „óskertar" verið fellt út úr frv. við lokafrágang þess áður en það var lagt fyrir Alþingi?

Herra forseti. Ég taldi brýnt að eyða nokkrum tíma í ræðu minni í að rökstyðja og undirstrika rækilega hvað brýnt það er að fjármögnun til sjóðsins taki breytingum í meðförum Alþingis og verði hækkuð verulega. Ég vil ítreka, að afstaða mín til endanlegrar afgreiðslu þessa frv. mun byggjast á því, hvaða meðferð fjármögnunarþáttur þessa lagafrv. fær í meðförum Alþingis.

Ég hef ýmsar aðrar aths. fram að færa við þetta frv. sem ég skal ekki fara nákvæmlega út í að tíunda hér, enda á ég sæti í þeirri nefnd sem fær málið til meðferðar. Almennt vil ég segja um þetta frv., að ljóst er að fyrst og fremst er verið að steypa saman í einn lagabálk lögunum um aðstoð við þroskahefta og lögunum um endurhæfingu. Heppilegra hefði hugsanlega verið að fá meiri reynslu á lögin um aðstoð við þroskahefta og þá skipulagsbreytingu, sem þar átti sér stað, áður en tekin væri ákvörðun um að gera þau víðtækari og láta þau ná til allra öryrkja. Ljóst var þó, að lögin um endurhæfingu þurftu gagngerðrar endurskoðunar við og hefði mátt lagfæra þau og sníða af þeim agnúa og taka mið af fenginni reynslu í því efni. Ég vil — með leyfi forseta — vitna í bréf sem stjórnarnefnd málefna þroskaheftra sendi heilbr.- og trmrn. 5. febr. 1981, en þar kemur fram afstaða stjórnarnefndar til þeirrar fyrirhuguðu breytingar að steypa í eina löggjöf lögum um aðstoð við þroskahefta og lögum um endurhæfingu. Bréf þetta er undirrit-

að af öllum nefndarmönnum í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra, en í henni eiga sæti fulltrúi frá heilbr.- og trmrn., menntmrn. og félmrn., auk fulltrúa frá Öryrkjabandalagi Íslands og Landssamtökunum Þroskahjálp. Með leyfi forseta segir svo í þessu bréfi:

„Ljóst er, að þessi frumvarpsdrög fela það einkum í sér að felld eru saman lög um aðstoð við þroskahefta og í annan stað lögin um endurhæfingu. Glögglega kemur fram, að frv.-drögin eru að verulegu leyti byggð á nýsettum lögum um aðstoð við þroskahefta og er uppistaða að skipulagningu á þjónustu við öryrkja sótt í þau lög. Þegar litið er til þess, að með hinni nýsettu löggjöf um aðstoð við þroskahefta var komið á mjög breyttu skipulagi í allri þjónustu og aðstoð við þroskahefta, sem ekki hafði verið reynt áður, gefur það auga leið að allnokkurn tíma tekur að fá reynslu af slíkri löggjöf til að meta það fyllilega, hvort hún nái því markmiði sem að var stefnt, og þá að meta það, hvort betur mætti fara. Á þessu rúma ári, sem liðið er síðan lögin tóku gildi, "segir í bréfinu, „er varla að vænta að fullkomin reynsla sé fengin af þessari víðtæku skipulagsbreytingu, sem þá átti sér stað. Telur stjórnarnefndin því, að ef samræma á aðra löggjöf því skipulagi hefði verið æskilegra að meiri reynsla hefði fengist á lögin um aðstoð við þroskahefta þannig að sú samræming, sem nú er fyrirhuguð, gæti markast af nægri þekkingu, yfirsýn og reynslu af slíkri löggjöf."

Í aths., sem stjórnarnefndin sendi síðan frá sér um frv., kom fram fjöldi aths. um frv. og tillit var tekið til margra þeirra við endanlega gerð frv. og því ber að fagna. Frv. hefur þó tekið nokkrum breytingum í endanlegri gerð, sem ekki komu fram í þeim frv.-drögum sem stjórnarnefndin fjallaði um, fyrir utan þá breytingu sem ég hef rakið um fjármögnunina. Ég vil því geta helstu aths. sem ég hef fram að færa utan fjármögnunarinnar.

Varðandi 19. gr., sem kveður á um ýmsar styrkveitingar til fatlaðra, svo sem að þeir, sem séu í endurhæfingu, fái styrk ef þeir geti ekki framfært sig og skyldulið sitt meðan á endurhæfingu stendur, teldi ég réttara að slíkt ákvæði heyrði undir almannatryggingalögin. Styrkveitingar, sem fram koma vegna greiðslu námskostnaðar, sem lífeyrisdeild Tryggingastofnunar á að sjá um, teldi ég eðlilegra að féllu undir lög um framhaldsskóla eða fullorðinsfræðslu. Í þessari grein er einnig ákvæði um styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni. Öll þessi þrjú ákvæði um styrkveitingar, sem fram koma í þessari frvgr., tel ég að séu allt of opin ákvæði sem erfið muni reynast í framkvæmd. Inn í þetta ákvæði vantar alla skilgreiningu á skilyrðum sem uppfylla þarf til að njóta styrkja samkv. þessari grein, t. d.: Við hvað er miðað þegar talað eru um endurhæfingu? Hver á styrkupphæðin að vera? Á hún að ákveðast í reglugerð eða hver tekur ákvörðun um styrkfjárhæðir og fyrirkomulag lánveitinga samkv. 2. og 3. tölul. þessarar greinar?

Í 10. gr. kemur fram að fatlað barn á aldrinum 0-18 ára, sem dvelur í heimahúsi eða sem nýtur takmarkaðrar þjónustu, eigi rétt á aðstoð eftir því sem við verði komið. Skýringin, sem fram kemur í grg. á bls. 33 um aldurinn, er nokkuð furðuleg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ekki er talið eðlilegt að miða við hærri aldur en 18 ára varðandi þessar greiðslur þar sem réttur til örorkulífeyris byrjar frá og með aldrinum 18 ára samkv. almannatryggingalögunum."

Hér er talað um að réttur til örorkulífeyris miðist við 18 ára aldur, en í 12 gr. laga um almannatryggingar kemur fram að rétt til örorkulífeyris eiga menn frá 16 ára aldri. Hér skýtur nokkuð skökku við og þarfnast þetta sérstakrar skoðunar í nefnd og skýringar við þessa umr. frá hæstv. heilbrmrh.

Aths., sem fram koma við 34. gr., vildi ég einnig gjarnan fá skýringu á hjá hæstv. ráðh. Á bls. 40 í umsögn um greinina kemur fram, að heimilt sé að verja fé sjóðsins til rekstrarkostnaðar, og nefnt að fyrst og fremst sé um að ræða verkefni varðandi sérkennslu og endurhæfingu sem ríki eða sveitarfélögum beri sannanlega ekki að greiða. Af orðalaginu má skilja að ýmislegt fleira geti fallið undir greiðslur úr sjóðnum sem féllu undir rekstrarkostnað. Ég tel því að nauðsynlegt sé að fram komi við þessa umr. túlkun ráðh. á því, sem fram kemur í grg. um 34. gr., þegar talað er um að heimilt sé að verja fé sjóðsins til rekstrarkostnaðar.

Í síðustu mgr. 38. gr. kemur fram hvernig og hverjir skuli vinna framkvæmdaáætlanir og starfsáætlanir vegna fjárveitingu úr sjóðnum. Í greininni kemur fram, að fyrsta stigið sé að svæðisstjórnin safni upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkv. lögum þessum. Svæðisstjórnin sendir svo upplýsingar til viðkomandi ráðuneytia ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára. Síðan sendir rn. þessar áætlanir til stjórnarnefndar ásamt umsögnum um þær. Þessu er ég sammála. Ég tel að sé eðlileg aðferð vegna áætlana um framkvæmdir. Síðan segir að félmrn. vinni starfsáætlanir í samræmi við þessar áætlanir og sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Ég er þessu ósammála, að það sé félmrn. sem vinna eigi starfsáætlanir í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingar hverju sinni. Ég tel að það eigi að vera stjórnarnefndin sem hefur það hlutverk samkv. 3. gr. frv. að gæta þess, að ráðstafanir varðandi alla þjónustu opinberra aðila verði samræmdar, auk þess sem það er hlutverk hennar samkv. 36. gr. að ráðstafa fé sjóðsins og eins og segir í þeirri grein: að fengnum tillögum svæðisstjórna og umsögnum viðkomandi ráðuneyta, enda var það svo í frv.- drögunum, sem stjórnarnefndin fjallaði um, að þá var í 38. gr. gert ráð fyrir að stjórnarnefndin ynni þessar starfs- og framkvæmdaáætlanir og samræmdi tillögur frá ráðuneytunum þremur miðað við sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Ég vil benda hæstv. félmrh. á að í umsögnum um þessa grein í grg. á bls. 40 kemur þetta einnig mjög skýrt fram. Þar segir að svæðisstjórnir sendi sínar framkvæmdaáætlanir til ráðuneytanna þriggja, félmrn., menntmrn. og heilbrrn., að því búnu hefji rn. vinnslu á þessum upplýsingum og athugun á þessum áætlunum og sendi niðurstöðu vinnu sinnar til stjórnarnefndar, sem síðan vinni starfsáætlanir, eins og segir í lagagr. sjálfri, í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Ég tel því einsýnt að í stað félmrn. í síðustu mgr. 38. gr. eigi að koma stjórnarnefnd, enda eðlilegt að stjórnarnefndin fjalli um áætlanir frá þessum þremur ráðuneytum og geri starfsáætlanir í samræmi við þær, enda hlutverk hennar að samræma alla þjónustu við öryrkja. Þegar stjórnarnefndin hefur síðan gert sínar tillögur um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við tillögur svæðisstjórna og umsagnir ráðuneytanna ættu þær að þurfa að hljóta staðfestingu viðkomandi ráðherra. Um það er ákvæði í 26. gr. laga um aðstoð við þroskahefta að leita skuli staðfestingar viðkomandi ráðh. á úthlutuninni, en ég get ekki séð að það ákvæði sé í þessu lagafrv. Ég tel

að það vanti.

Ég tel nauðsynlegt að benda á eitt atriði til viðbótar í þessu frv. áður en það fer til nefndar. Það er auðvitað mikilvægt að menn geri sér fullkomna grein fyrir því, til hverra þessi lög eiga að ná og hvernig meta beri hverjir það eru sem aðstoðar eiga að njóta samkv. þessu lagafrv. Í 2. mgr. frv. er talað um að orðið „fatlaður" í þessum lögum merki þá sem eru andlega eða líkamlega heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks stuðnings. Hvernig ber að túlka þetta ákvæði? Nær það t. d. til allra fatlaðra? Nær það t. d. til allra aldraðra sem eru andlega eða líkamlega heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks stuðnings? (**Félmrh.:** Í hvaða grein er hv. þm. að vitna?) Ég er að vitna í 2. gr.

Í grg. um 2. gr. þessa frv., þegar reynt er að skýra hugtakið „fatlaður", kemur m. a. fram eftirfarandi skýring: „Skerðing (disability) sem er fólgin í hvers konar færnisskerðingu eða færnissviptingu vegna meins til að fást við viðfangsefnið á þann veg og innan þeirra marka sem mönnum er eiginlegt og ætlandi." — Þessi skýring ásamt orðanna hljóðan í lagagr. sjálfri, 2. gr., gæti þýtt að aldraðir sem eru andlega eða líkamlega heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks stuðnings, eigi að njóta þeirrar aðstoðar sem þetta frv. kveður á um. Því verður það að vera skýrt hvort svo á að vera eða ekki.

Ef við lítum svo á að svo muni vera, þá er umfang þessa frv. mun meira en kannske margur ætlar. Lítum t. d. í því sambandi á 9. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Fötluðum, sem af óviðráðanlegum ástæðum að mati svæðisstjórna njóta ekki kennslu eða þjálfunar utan heimilis, skal séð fyrir ókeypis kennslu og þjálfun við sitt hæfi."

Gæti þessi grein t. d. þýtt að allir aldraðir, sem ekki komast á stofnanir, en þurfa þess með, eigi rétt á sjúkraþjálfun og endurhæfingu t. d. í heimahúsum ef þeir fá ekki nauðsynlega meðferð á stofnunum? Mundi þetta þýða að aldraðir, sem eru andlega eða líkamlega heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi, eins og fram kemur í 2. gr. frv., ættu að njóta styrks samkv. 19. gr., sem kveður á um styrk ef fjárhagsaðstæður þeirra, sem fatlaðir eru, séu með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og skyldulið sitt meðan endurhæfing fer fram? Ef litið er svo á, að túlkun á 2. gr. frv. nái til aldraðra, mundi þetta þá þýða að Framkvæmdasjóður fatlaðra ætti að fjármagna t. d. hjúkrunarheimili fyrir aldraða samkv. 7. gr.? Svo mætti endalaust spyrja, ef menn leggja misjafna merkingu í skilgreiningu á orðinu „fatlaður," sem fram kemur í 2. gr., ef ekki liggur skýrt fyrir skilgreining löggjafans á þessari grein. Því þarf að koma mjög nákvæm skilgreining og túlkun, á þessu til að forðast allan misskilning og misjafna túlkun, verði frv. þetta að lögum.

Herra forseti. Ég get farið að ljúka máli mínu. Ég taldi nauðsynlegt að fjalla nokkuð ítarlega um þetta frv. nú við 1. umr. um þetta mál, þar sem ég hef verulegar aths. við ýmsar frvgr. Ekki síst er það fjármögnunin sem ég hef eytt hér nokkrum tíma í að fjalla um, en ég mun leggja höfuðáherslu á við meðferð þessa frv. hér á hv. Alþingi að stórlega verði aukið fjármagn til Framkvæmdasjóðsins. Það er forsenda þess, að Alþingi geti staðið við þær skuldbindingar sem það tekur á sig með samþykkt þessa frv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar fyrir góðar undirtektir við frv. þetta, þ. e. meginefnisatriði þess öll, og þá athygli sem kom fram á málinu í ræðum þeirra. Það, sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar gerðu aðallega aths. við, voru, eins og við mátti búast, fjármögnunarákvæði Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Um það hefur farið fram allnokkur umr. nú þegar og ég tel ekki ástæðu til að þreyta þingheim með því að bæta þar mjög verulegu við.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér að ganga frá þessum málum með ýmsum hætti í lagatexta, en auðvitað getur Alþingi alltaf breytt lögum. Jafnvel þó að í textanum stæði t. d. „óskertar tekjur Erfðafjársjóðs" gæti meiri hluti Alþingis hugsanlega ákveðið að breyta því hverju sinni við afgreiðslu lánsfjáráætlunar t. d. Ég vil minna á að markaðir tekjustofnar til félagslegrar þjónustu hafa átt mjög í vök að verjast. M. a. hefur það komið fram í tillögum nefndar sem fjallaði um þessi mál, m. a. þessa tvo sjóði, að sjóðirnir yrðu sameinaðir og mjög stórlega skertir jafnvel frá þeim tillögum sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram í fjárlagafrv. Það er þess vegna ljóst, að hv. Alþingi hefur verið þeirrar skoðunar, að markaðir tekjustofnar væru ekki af hinu góða. Þó hefur það verið þannig, að tekist hefur að halda mjög verulegum fjármunum — ég vil segja: mjög verulegum fjármunum — í þessi verkefni að undanförnu og það er vel, en það er nauðsynlegt að við áttum okkur á því, að um leið og við reisum stofnanir fyrir fatlaða, af hvaða tagi sem er, erum við líka að taka ákvörðun um að auka við rekstrarkostnað á slíkum stofnunum. Framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta hefur t. d. verið mjög til umræðu hér. Sú fjármögnun, sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. í sambandi við framkvæmd þeirra laga, eins og það liggur fyrir núna, er að mínu mati mjög knöpp og ég á von á nokkurri lagfæringu á því við 3. umr., en þessi staðreynd sýnir að það er nokkuð þungt að ná fram þeim stökkbreytingum sem við gjarnan viljum í málefnum fatlaðra hér á hv. Alþingi, einfaldlega vegna þess að við höfum auðvitað takmörkuðum fjármunum að skipta.

Ég ætla ekki að fara út í þessa fjármálaumræðu því að ég tel ekki að það sé við hæfi að ég sé að efna til langra umræðna þegar komið er undir nótt og hv. stjórnarandstæðingar hafa verið svo vinsamlegir að taka því vel að umr. yrði knöpp um þetta mál að sinni til þess að unnt væri að koma því til umsagnar fyrir hátíðarnar. En það er rétt, að það eru mörg viðbótarverkefni sem bíða. Á þessu ári er verið að vinna að 30 verkefnum á vegum Framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra um allt land. Í langflestum tilvikum er hér um að ræða ný verkefni. Á næsta ári má gera ráð fyrir að varið verði úr þessum sjóði, Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra, eitthvað 28-29 millj. kr., ef ég man rétt, eins og þetta liggur fyrir núna, og síðan er gert ráð fyrir verulegum framlögum til samtaka fatlaðra í fjárlagafrv., eins og það liggur fyrir nú, en engu að síður er ljóst að verkefnin munu kalla mjög á. Það, sem við þurfum að athuga mjög vandlega í þessu sambandi, er að framkvæmd og ákvarðanir um fjárfestingu haldist sem best í hendur og að við reynum að halda þannig á þessum málum, að framkvæmdirnar komi til nota jafnharðan og þær verða til.

Ég tel ekki að það sé við hæfi, eins og ég sagði, herra forseti, að fara yfir einstök atriði í aths. stjórnarandstæðinga við fjármögnunarákvæði frv. þessa, en það voru aðalaths. þeirra, og ég held að við verðum að eiga um það umr. á síðari stigum.

Varðandi aths. hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur að

öðru leyti um frv. þetta var það fyrst aths. við 19. gr., þar sem þm. var þeirrar skoðunar að 19. gr. ætti að fjármagnast annars vegar af almannatryggingunum og hins vegar samkv. lögum um framhaldsskóla eða lögum um fullorðinsfræðslu. Ég get út af fyrir sig tekið undir að það gæti verið mjög eðlilegt, að þetta væri fjármagnað af þeim tilteknu lögum sem þm. nefndi. En ég vil leggja á það áherslu, að reynsla okkar í þessum efnum er satt að segja ekki alveg nógu góð. Við erum með í gildi reglugerð um öryrkjavinnu, sem er búin að vera í gildi um langt árabil. Samkv. henni hafa verið gerðir tveir vinnusamningar öryrkja, alls tveir. Mér finns þetta sýna okkur það, að ef við ætlum að ná verulegu skrefi vegna fatlaðra hér í þessu landi geti verið réttlætanlegt um sinn að fjármagna og framkvæma verkið eftir sérlögum. Á þeim hugmyndum er þessi grein byggð eins og hún er núna. Ég tel hins vegar allar ábendingar í þessa veru þannig að rétt sé að skoða þær. Ég vil einnig taka alveg sérstaklega undir þá ábendingu hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, 10. landsk. þm. að ákvæði greinarinnar, eins og þau eru núna, eru of opin. Það þarf að vera betur skilgreint í lögum, ef frv. þetta verður að lögum, hverjir það eru sem þessarar þjónustu geta notið og hver á að úrskurða um það.

Varðandi 10. gr. og aths. við hana, sem hv. þm. las upp, er hér augljóslega um villu að ræða í grg., sem þm. benti á, en ég vil minna á að næstu daga mun ég leggja fram á Alþingi frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar sem felur í sér samræmingu á þeim lögum við nýsett barnalög.

Í 34. gr. er talað um að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins megi verja í ákveðnu skyni, m. a. til rekstrarkostnaðar. Þar er ekki bara talað um rekstrarkostnað, heldur er hér um að ræða allnákvæmt ákvæði því að hér segir:

„Heimilt er jafnframt að verja allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra verkefna varðandi sérkennslu og endurhæfingu svo og annarra verkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða".

Hér er sem sagt verið að taka fyrir það, að fötluðum einstaklingum verði neitað um þjónustu samkv. þessum lögum ef kostnaðarþræta milli ríkis og sveitarfélaga er með þeim hætti að ekki fáist úr henni skorið tafarlaust. Fyrst og fremst er hér um það að ræða. Það má ekki koma til, að slík kostnaðarþræta milli ríkis og sveitarfélaga, sem einlægt er hér í gangi, verði til þess að tafir verði á þeirri þjónustu við fatlaðan einstakling sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Varðandi skilgreininguna á hugtakinu fatlaður mætti margt segja og ég vísa þar til nokkuð ítarlegra aths. með frv. Þetta er afar vandmeðfarið mál. Þetta hefur verið rætt mjög mikið í raun og veru allt árið 1981, á ýmsum vettvangi: sérfræðinga, áhugamannasamtaka og fleiri aðila. Ég hef ekki séð á þessu skilgreiningu sem er fullnægjandi eða fullkomin að mínu mati. Ég held að þarna verði alltaf matsatriði og markatilfelli. Að því er varðar aldraða hlýtur að vera ljóst, það vil ég taka fram, að þetta frv. getur ekki átt við aldraða almennt. Hins vegar getur það auðvitað átt við aldraða í undantekningartilvikum. Það getur átt við aldraða sem verða fyrir slysum og þurfa á endurhæfingu að halda. Þeir geta átt rétt á henni á endurhæfingarstofnunum, sem eru ætlaðar fötluðum, vegna tímabundinnar hreyfihömlunar t. d. En að frv. þýði t. d. að hjúkrunarheimili fyrir aldraða eigi að reisa samkv. þessu frv. hefur mér aldrei komið til hugar. Ef eitthvað fer á milli mála í þeim efnum ber að taka þar af tvímæli

Herra forseti. Ég endurtek þakkir mínar til forseta og talsmanna stjórnarandstöðunnar fyrir annars góðar undirtekir sem frv. þetta hefur fengið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til félmn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 17. des.

Skilaverð á þorskafurðum.

Svar sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Skúla Alexanderssonar um skilaverð á þorskafurðum og magn hvers framleiðsluþáttar, á þskj. 160, sent þm. 17. des.

1. Skilaverð þorskafurða.

Í október 1980 var skilaverð afurða (án greiðslu úr eða í Verðjöfnunarsjóð) sem hér segir fyrir hvert tonn **afurða** í nýkrónum (gengi dollars krónur 5,56):

I.	Skreið	
	a) Ítalíuskreið	33 922
	b) Afríkuskreið A-flokkur	27 761
II.	Saltfiskur	
	a) 1. fl. stórfiskur	13 566
	b) 2. fl. stórfiskur	11 859
	c) 3. fl. stórfiskur	10 353
	d) 4. fl. stórfiskur	8 885
III.	Hraðfrystur fiskur	
	a) Þorskflök í neytendaumbúðum (10 × 5 lbs.)	15 329
	b) Þorskblokk	11 251

Hráefnisverð á þorski slægðum með haus var þá sem hér segir í nýkr. á kg, og er miðað við verðlagsráðsverð án þess að tekið sé tillit til stofnfjársjóðs, olíugjalds og uppbóta: Þorskur 4 kg eða þyngri 2,65 kr. á kg. Fyrir hvern fisk umfram 25 í 100 kg dragast frá 0,0104 aurar á fisk.

Heildarverð á 4 kg, 3 kg og 2,5 kg þorsks, að teknu tilliti til stofnfjársjóðs og olíugjalds, er því eftirfarandi á kg:

meðalþyngd	4 kg	3 kg	2,5 kg
Verð	3,11	3,01	2,93

Til þess að reikna út afurðaverðmæti úr hverjum 100 kg af 1. fl. þorski þarf að setja fram forsendur um nýtingu hráefnis og einnig um meðalþyngd hráefnis til þess að finna hráefnisverð. Þorskur af mismunandi stærð og þyngd hentar misvel í einstakar verkunaraðferðir. Samanburður á afurðaverðmæti sama þorksins eftir verkunaraðferðum gefur því villandi niðurstöður. Það er einmitt eitt meginverkefni þeirra, er fiskvinnslu stunda, að velja hráefni í einstakar verkunaraðferðir eftir því sem hagkvæmast er á hverjum tíma miðað við afurðaverð, hráefnisverð og annan tilkostnað.

2. Framleiðsla sjávarafurða 1980.

Meðfylgjandi töflur sýna framleiðslu 1980 í grófum dráttum. Upplýsingarnar eru fengnar hjá Fiskifélagi Íslands.

Fyrri taflan sýnir það magn (tonn upp úr sjó), sem tekið er til vinnslu í tilgreinda verkun. Seinni taflan sýnir sjálfa framleiðsluna á árinu.

Tafla 1: Vinnsla sjávarafla 1980: Yfirlit (Tonn).

	Fryst	Saltað	Hert	Brætt	Annað	Samtals	Verðmæti
Þorskur	201 018	143 740	59 960	266	23 360	428 344	94 569 202
Loðna	3 403	0	963	752 870	2 283	759 519	22 195 298
Annað	198 798	45 842	20 545	11 376	43 648	320 208	64 133 958
Samtals	403 219	189 582	81 468	764 512	69 291	1 508 071	180 898 458

Tafla 2: Framleiðsla sjávarafurða 1980: Yfirlit (Tonn):

	Frysting	Söltun	Hersla
Botnfiskafurðir	121 025	ca. 52 500	ca. 17 500
Þar af þorskur	66 144	ca. 46 000	ca. 8 000
Í %	54,7%	88%	ca. 45,7%

3. Nýtingarhlutföll.

3.1 Samkvæmt skýrslu Þjóðhagsstofnunar um athugun á afkomu frystihúsa haustið 1977 er nýtingarhlutfall þorsks í frystingu 1976 fyrir allt landið 36% miðað við slægðan fisk með haus. Nýtingarhlutfallið mun nú eitthvað hærra, en ráðuneytinu tókst ekki að afla upplýsinga frá sölusamtökunum nú um nýrri tölur.

Grófa hugmynd um nýtingu má fá með því að bera saman töflur 1 og 2 hér að ofan og taka þá tillit til þess, að í töflu 1 er um óslægðan fisk að ræða.

3.2 Samkvæmt upplýsingum SÍF mun nýtingarhlutfall þorsks til söltunar vera 41—42% yfir allt landið miðað við slægðan fisk með haus.

3.3 Samkvæmt skýrslu Rekstrartækni sf. frá því í júní á þessu ári um framleiðslukostnað við framleiðslu þorsks í skreið, er nýtingarhlutfallið talið 17% miðað við slægðan fisk með haus. Aðrir aðilar hafa staðfest þetta nýtingarhlutfall.

Efri deild, 27. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl 0.50 eftir miðnætti.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 242 (sbr. 58)). —3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv samþ. með 11:9 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 28. fundur

Föstudaginn 18. des., kl. 10 árdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 86). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 250).

Umræður utan dagskrár

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Frá dagskrám þingfunda er gengið daginn áður, eins og gert hefur verið nú, sem ljóst er af því, að sú dagskrá, sem við höfum hér fyrir framan okkur, er prentuð. Fjórða málið á dagskrá þessa fundar á að vera um tollskrá o. fl., 150. mál þessarar hv. deildar. Málið kom til umr. hér á fundi í gær. Eftir að þeirri umr. lauk var fundur í fjh.- og viðskn. boðaður kl. 9 í morgun þar sem átti að taka málið til umræðu og athugunar í hv. nefnd. Ég vil spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forseta, hvernig á því getur staðið, þegar menn vissu hvernig að málinu mundi verða starfað í nefndinni, að það skuli hafa verið sett á prentaða dagskrá þessa fundar sem væntanlega hefur verið útbúin í gær. Hvernig stendur á því að mál er sett á dagskrá sem vitað er að ekki verður fjallað um í nefnd fyrr en klukkutíma áður en fundur hefst? Er þetta gert með vitund hæstv. forseta eða hefur hann haft um þetta eitthvert samráð við formann viðkomandi nefndar?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 3. þm. Austurl. er formaður fjh.- og viðskn. Hann tjáði mér að vísu að hann gerði ekki ráð fyrir að ná saman nefndarfundi um 4. dagskrármálið — það er um það sem málið snýst — fyrr en nú í morgun. Að vísu var ég viðbúinn því, að málið gæti ekki komið hér til umr. og afgreiðslu, setti þetta þó á dagskrána vegna sérstakra tilmæla frá fjmrh. sem leggur mikla áherslu á að þetta mál nái fram að ganga fyrir jólahlé, en það er í fyrri deild enn þá. Því var það, að ég tók málið strax út af dagskrá og að ákveðinn er fundur kl. hálftvö í dag, þar sem þetta mál m. a. kemur fyrir. Verður þá gerð tilraun til þess að það nái lokaafgreiðslu í þessari hv. deild. Það er rétt, sem hv. þm. segir, að það er nokkuð hratt til höndum tekið að útbúa dagskrá með þessum hætti. En á því að 4. málið er hér á dagskrá ber ég ábyrgð, með þeim skýringum sem ég nú hef gefið.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 237 (sbr. 146)). — 3. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kom fram í umr. um þetta mál við 2. umr., sem fram fór hér í gær, var gert ráð fyrir að málið gæti gengið í gegn með fullu samkomulagi hér í hv. Nd. án breytinga. Í umr. um málið, eftir að frsm. nefnda höfðu gert grein fyrir afstöðu sinni til málsins og nefndanna eða nefndarhlutanna, gerðist það hins vegar, að tveir hæstv. ráðh. tóku til máls og með málflutningi sínum komu þeir í veg fyrir að málið næði fram að ganga eins og ráð hafði verið fyrir gert. Annar, sem til máls tók var hæstv. forsrh. og flutti hér nokkuð furðulega ræðu um afkomu greina í sjávarútvegi og afkomu útgerðaraðila. Stangast þau orð hæstv. forsrh. mjög á við þann málflutning sem m. a. hæstv. sjútvrh. viðhafði áður en hann fór til útlanda í byrjun þessa mánaðar.

Hæstv. forsrh. sagði m. a. í ræðu sinni eitthvað á þá leið, að ekki þyrfti að gera ráð fyrir að til mjög verulegra fiskverðshækkana þyrfti að koma til þess að rétta hag allra vinnslugreina í sjávarútvegi. Var þetta mjög í svipuðum anda og hæstv. félmrh. hefur talað þegar hann hefur viðhaft þau ummæli, að til þess að leysa vandamál sjómanna þurfi ekki annað að gera en breyta olíugjaldi og afnema það og ganga þannig til móts við launahækkanakröfur sjómanna. Þegar hann er svo spurður hvernig eigi þá að taka á vanda útgerðarinnar, sem mundi að sjálfsögðu aukast við slíkar ráðstafanir, hefur hæstv. félmrh. aðeins sagt að þann vanda verði að sjálfsögðu síðan að taka til athugunar. M. ö. o.: tillaga hæstv. félmrh. hefur verið fólgin í því að leysa kjaravanda sjómanna með því að búa til sambærilegan vanda hjá útgerðaraðilum og síðan eigi að taka þann vanda sem þannig hefur skapast hjá útgerðaraðilum, til sérstakrar athugunar. Væri þá ekki ráð að spyrja hæstv. félmrh. hvaða tillögur hann hefði fram að færa um þá sérstöku athugun, sem framkvæma ætti á þeim vanda sem hæstv. ríkisstj. hefur þar með skapað útgerðaraðilum í landinu. Það er hins vegar ekkert nýtt að hæstv. ríkisstj. starfi með þessum hætti, að ef hún á að leysa vanda einhvers ákveðins aðila í þjóðfélaginu geri hún það með því að skapa sambærilegt vandamál hjá öðrum með því að flytja vandann til. Menn hafa staðið í þeirri trú, að þarna hafi hæstv. ráðh. greint nokkuð á: annars vegar hæstv. sjútvrh., sem talið hefur nauðsyn til bera að til nokkurrar fiskverðshækkunar komi um n. k. áramót, og hins vegar formann Alþb., hæstv. félmrh., sem hefur viljað fara aðrar leiðir en þá fiskverðshækkunarleið sem hæstv. sjútvrh. hefur rætt um.

Á meðan hæstv. sjútvrh. var erlendis nú í þessum mánuði urðu umr. hér á Alþingi m. a. um ýmsar yfirlýsingar sem hæstv. ráðh. hafði látið frá sér fara. Nýlega var borið á borð hv. þm. hér í þessari deild fréttabréf frá Sambandi ísl. samvinnufélaga sem komið hefur til umr. hér áður á meðan hæstv. sjútvrh. var fjarverandi. Í því fréttabréfi er m. a. greint frá kaupfélagsstjórafundi þar sem segir að mættir hafi verið auk kaupfélagsstjóranna ýmsir forustumenn Sambands ísl. samvinnufélaga og aðrir starfsmenn Sambandsins, eins og þar segir. Ekki er þess sérstaklega getið, að hæstv. sjútvrh. sé ekki talinn í þeim hópi, m. ö. o. að hann gegni ekki embætti sem starfsmaður samvinnuhreyfingarinnar. Hins vegar er frá því sagt, að hann hafi á þessum fundi flutt kaupfélagsstjórum og þeim öðrum aðilum, sem fundinn sátu, boðskap sinn um stöðuna í íslenskum efnahagsmálum, þ. á m. hafi hæstv. sjútvrh. fjallað mjög um fiskverð og fiskverðsákvarðanir og væntanlegar ráðstafanir í framhaldi af því um n. k. áramót. Í þessu umræddu fréttabréfi er frá því sagt, að hæstv. sjútvrh. hafi skýrt frá því, að hann teldi að fiskverð um n. k. áramót mundi hækka um ekki minna en 13-14%.

Ég vil eindregið óska eftir því við hæstv. sjútvrh., sem hefur gefið slíka yfirlýsingu — að því að sagt er í þessu fréttabréfi — fyrir nokkrum vikum á fundi kaupfélagsstjóra á vegum Sambands ísl. samvinnufélaga, að hann greini Alþingi, sem ætti að fá að vita á undan kaupfélagsstjórum viðs vegar að af landinu, frá því, hvort hér sé rétt frá skýrt, hvort það sé hans mat að fara eigi þá leið í þeim vanda sem við er að fást, að fiskverð hækki um ekki minna en 13-14% um n. k. áramót.

Nú eru allar líkur á því að svo verði, eins og gjarnan er vani við slíkar aðstæður, að fiskverðsákvörðun verði skotið til yfirnefndar þar sem fulltrúi ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. sjútvrh. er oddamaður. Líklegt er því að sá oddamaður muni ráða mjög miklu um það, hvert endanlegt fiskverð verður ákveðið. Ég held að fyrst búið er að ræða þessi mál á vettvangi kaupfélagsstjóra og það fyrir nokkrum vikum sé ósköp eðlilegt að Alþingi óski eftir því við hæstv. sjútvrh., að hann greini alþm. frá því, — a. m. k. með sama hætti og kaupfélagsstjórum þó hinir síðarnefndu séu ekki kjörnir til að stjórna landinu, — greini alþm. frá því, hvort hann sem sjútvrh. muni leggja það fyrir fulltrúa sinn í væntanlegri yfirnefnd fiskverðs að starfa þar eftir þeirri skoðun hæstv. ráðh., að fiskverðshækkun verði ekki undir 13-14%. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þetta liggi fyrir ótvírætt af hálfu hæstv. sjútvrh. hér á Alþingi, en ekki aðeins á kaupfélagsstjórafundum, svo að aðilar að fiskverðsákvörðun geti vitað a. m. k. eitthvað um hvað hæstv. sjútvrh. hefur til þessara mála að leggja.

Annars þarf ekki endilega að vera, herra forseti, að það, sem hæstv. sjútvrh. sagði á þessum fundi með kaupfélagsstjórum landsins, sé sú skoðun sem ríkjandi er í hæstv. ríkisstj., því að þegar er vitað að formaður Alþb., hæstv. félmrh., er á allt annarri skoðun en hæstv. sjútvrh. í þessu efni og hefur einnig, eins og hann, lýst þeirri skoðun sinni opinberlega. Og nú hefur hæstv. forsrh. komið, sjálfur oddviti ríkisstj., og lýst því yfir á Alþingi

að ekkert þurfi að gera, væntanlega hvorki að hækka fiskverð um a. m. k. 13-14%, eins og sjútvrh. hefur sagt, né heldur að færa vandann yfir til útgerðarinnar og taka síðan vandamál útgerðarinnar til sérstakrar athugunar, eins og hæstv. félmrh. hefur haldið fram.

Hæstv. forsrh. hefur sem sé komist að sömu niðurstöðu nú í vísdómi sínum og hann komst að 20. dag októbermánaðar s. l., þegar útvarpað var umr. um stefnuræðu forsrh., að það sé enginn vandi í okkar atvinnulífi. Að vísu megi e. t. v. finna einhver fyrirtæki í landinu þar sem við vanda sé að eiga, en það sé í lagi því að önnur fyrirtæki standi vel. Og þegar beitt sé meðaltalsreikningi, þá sé útkoman sú að allt sé blúndulagt, allt sé slétt og fellt, eins og hæstv. forsrh. líkar svo vel. Og er þetta ekki í fyrsta skipti sem í ríkisstj. eru þrjár skoðanir uppi og öllum lýst nokkuð jafnsnemma: skoðun Framsfl., skoðun Alþb. og skoðun hæstv. forsrh. Eini munurinn er sá, eins og ég sagði áðan, að bæði hæstv. félmrh. og hæstv. sjútvrh. telja að við ákveðinn vanda sé að fást, þó að þá greini á um það, hvernig eigi að leysa þann vanda, en hæstv. forsrh. fær ekki séð að vandinn sé neinn og því þurfi ekki til neinna úrlausna að koma.

Ef hæstv. sjútvrh. tæki nú til máls og gerði Alþingi grein fyrir skoðunum sínum á fiskverðsmálum, — sem ég er nú ekki alveg viss um að hann geri því að e. t. v. telur formaður Framsfl. sig eiga minni skyldum að gegna við Alþingi en fundi kaupfélagsstjóra, — en ef hæstv. ráðh. skyldi taka til máls, þá hefði ég einnig svona í framhjáhlaupi ánægju af því að fara þess á leit við hæstv. ráðh., að hann gæfi nokkra skýringu á ummælum sem eftir honum eru höfð á öðrum vettvangi.

Í blaðinu Þjóðólfi, sem mun vera málgagn Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, birtist núna nýverið frásögn frá kjördæmisþingi framsóknarmanna í því stóra og virðulega kjördæmi, Suðurlandskjördæmi. Meðal ræðumanna þar var að sjálfsögðu formaður Framsfl., hæstv. sjútvrh. Ekki er þess getið frá þeim fundi, að hann hafi mikið rætt þar um fiskverð. Reyndar hafði hann þegar gert grein fyrir því á fundi kaupfélagsstjóra Sambandsins. Hins vegar ræddi hæstv. sjútvrh. á þessum fundi um efnahagsmál, m. a. um vexti og verðtryggingu. Blaðamaður Þjóðólfs, blaðs framsóknarmanna í Suðurlandskjördæmi, hefur augsýnilega hrifist mjög af málflutningi hæstv. ráðh., því að hann rekur ítarlega efni hinnar yfirgripsmiklu ræðu hæstv. ráðh. Á bls. 5 í þessu merka blaði er m. a. þar komið málum, er hæstv. sjútvrh. í yfirlitsræðu sinni á kjördæmisþingi framsóknarmanna í Suðurlandskjördæmi fjallaði um efnahagsmál í víðara skilningi og víðtækara samhengi. Þar segir blaðamaður svo frá ræðu hæstv. ráðh., með leyfi forseta:

„Sá tími er liðinn, sagði Steingrímur, þegar menn gátu fengið ódýrt fé til uppbyggingar. Ég tel að verðtrygging sparifjár sé rétt stefna.“ Svo segir blaðamaður, með leyfi forseta: „Steingrímur vék einnig að stöðu sjávarútvegsins og annarra atvinnuvega. Sagði hann að fjármagnskostnaður keyrði víða úr hófi.“

Nú leyfi ég mér að spyrja hæstv. sjútvrh. að því, þegar hann greinir okkur hér á eftir frá ummælum sínum á fundi kaupfélagsstjóra nýverið um fiskverð, hvernig menn eigi að skilja þessi ummæli sem frá er greint í blaðinu Þjóðólfi nokkuð jafnsnemma. Það er þarna aðeins ein setning á milli, ekki einn dagur eins og oft hefur viljað verða hjá hæstv. ráðh., heldur ein setning. Annars vegar lýsir hæstv. ráðh. yfir, að sá tími sé nú liðinn þegar menn gátu fengið ódýrt fé til uppbyggingar, og lýsir eindregnu fylgi sínu við verðtryggingu sparifjár, þ. e. verðtryggingu innlánsvaxta, en hefur svo þungar áhyggjur af verðtryggingu útlána og miklum fjármagnskostnaði atvinnuveganna. Hvernig getur það nú gengið upp hjá einum og sama manni að vera mjög fylgjandi háum innlánsvöxtum og verðtryggingu innlána en hafa mjög þungar áhyggjur af verðtryggingu útlánsvaxta og vera andvígur þeim? Að vísu hef ég heyrt einn hæstv. sjútvrh. halda slíkri skoðun fram. Það var hæstv. fyrrv. sjútvrh., Lúðvík Jósepsson, sem komist hafði að sömu niðurstöðu og núv. hæstv. sjútvrh. M. ö. o.: hann var eindregið fylgjandi verðtryggingu innlánsfjár en mjög andvígur verðtryggingu útlána. Og þegar hæstv. þáv. ráðh. var spurður um það, hvernig dæmið ætti að ganga upp, þá sagði hann að bankarnir ættu að sjálfsögðu að greiða mismuninn á verðtryggingu útlána, verðtryggingu innlána og lágum útlánsvöxtum af aflafé sínu, af gróða sínum vegna bankastarfsemi. E. t. v. hefur hæstv. sjútvrh. komist að sömu niðurstöðu, að hinn mikli ágóði í bankakerfinu eigi að fara til þess að jafna þann mun, sem hlýtur að verða á því, ef menn ætla að reka banka með verðtryggingu á innlánsfé en lágum útlánsvöxtum.

Hæstv. sjútvrh., sem hefur nú kvatt sér hljóðs og mun þá væntanlega gera þessari hv. deild grein fyrir skoðunum sínum á þessu máli, mun væntanlega gefa glögga skýringu á því.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mjög ítarlega út í hina merku ræðu hæstv. forsrh. sem hann flutti hér við 2. umr. þessa máls, enda hefur það þegar verið rækilega gert, þó svo hæstv. forsrh. hafi kosið að vera ekki viðstaddur þá umr. Ég vil aðeins láta þess getið, að mér er kunnugt um að flokksbræður hæstv. ráðh., sem hafa hann í miklu afhaldi, hafa gert ráðstafanir til þess að rekstraraðilar í sjávarútvegi fái í hendur þessa tímamótamarkandi ræðu hæstv. forsrh. og hefur hún vakið verðskuldaða athygli í þeim hópi. Þannig reyna flokksbræður hæstv. ráðh. ávallt að standa traustlega við bakið á honum og koma málflutningi hans til skila til réttra aðila, eins og þeirra var von og vísa, og skilst mér að hv. skrifari þessarar deildar standi þar manna fremstur í röðinni. Ég ætla ekki að fara frekar út í þá sálma.

En ég ætla að ræða með örfáum orðum um þá breytingu sem gerð var á 3. gr. þessa frv. við 2. umr. hér í gær. Eins og fram kom í máli mínu við 2. umr. var tvennt sem hafði verið gerð athugasemd við varðandi þessa grein. Í fyrsta lagi var þessi grein, eins og hún kom frá Ed., þannig úr garði gerð að verið var að veita fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs almenna heimild til að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Einu takmörkin, sem ráðh. voru sett eins og frá greininni var gengið, voru þau, að ábyrgðin yrði að takmarkast við að lánin megi aldrei nema samtals meiru en 70% af heildarinnistæðu í Verðjöfnunarsjóði hverju sinni, þ. e. samanlagðri innistæðu allra deilda Verðjöfnunarsjóðs. Látið var í veðri vaka í skýringum með þessari grein, að hér væri um að ræða ábyrgðarheimild vegna tiltekins láns sem veitt væri til þess að leysa úr tilteknum vandkvæðum, þ. e. verðákvörðun á loðnunni nú í sumar. Greinin, eins og hún var úr garði gerð og eins og hún kom frá hv. Ed., var hins vegar almennt orðuð þannig að fjmrh. — hverjum sem er, hverjum sem því embætti á eftir að gegna — var gefin almenn heimild til þess að veita ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fisk-

iðnaðarins ekki aðeins í þetta eina skipti heldur eins og hæstv. fjmrh. og ríkisstj. mundi hafa kosið hverju sinni. Þarna var sem sé verið að gefa hæstv. ríkisstj. almenna heimild til frambúðar — og ekki bara þessari ríkisstj. heldur hverri ríkisstj. sem á eftir henni mun koma — til þess að fjmrh. veiti ríkisábyrgð, veiti ábyrgð ríkissjóðs vegna lántöku til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þetta þýddi m. ö. o. að verið væri að gefa um það yfirlýsingu af hálfu Alþingis, að Alþingi teldi þau vinnubrögð rétt, að fjmrh. fengi almenna heimild til þess að veita ábyrgð ríkissjóðs fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að greiða uppbætur á fiskverð.

Það var gerð athugasemd við þetta í hv. Ed., en þar var talað fyrir daufum eyrum. Þó að óskir kæmu fram frá stjórnarandstæðingum þar um breytingu á þessari almennt orðuðu grein, þá var ekki á það fallist. Í umr. í fjh.- og viðskn. Ed. kom hins vegar í ljós, þegar rætt var við forsvarsmenn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, að þeir höfðu frá upphafi verið andvígir þeirri lántöku sem hér um ræðir. Þeir höfðu — alveg með sama hætti og ég — ekki talið það samrýmast hlutverki Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins að taka erlent lán til þess að greiða uppbætur á fiskverð, sem markaðurinn ekki þyldi að ákvarðað yrði eins hátt og samið hefði verið um. Stjórnarmenn í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins voru sem sé andvígir þessu og höfðu komið fram við hæstv. ríkisstj. mótmælum sínum við þessari ákvörðun, en höfðu orðið að láta í minni pokann, ef svo má segja, fyrir gerðum hlut, vegna þess að hæstv. ríkisstj. hafði ákveðið að svona skyldi með málið fara, þó svo að stjórnarmenn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins væru andvígir þessari ráðstöfun og teldu hana ekki samrýmast hlutverki Verðjöfnunarsjóðsins eins og það er tilgreint í lögum.

Því var haldið fram af hálfu stjórnarsinna í hv. Ed., að það væri ekkert að óttast þó svo að hæstv. fjmrh. fengi svona almenna heimild, eins og gert var ráð fyrir í greininni að veita honum, þar eð þessi heimild yrði ekki notuð til ríkisábyrgðar nema stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins óskaði eftir að fá ábyrgðina, m. ö. o.: það væri engin hætta á því að hæstv. ríkisstj. veitti ríkisábyrgð fyrir lánum til Verðjöfnunarsjóðsins nema stjórn Verðjöfnunarsjóðsins óskaði eftir slíkri afgreiðslu mála, óskaði eftir lántöku til að greiða uppbætur á fiskverð og ríkisábyrgð fyrir þeirri lántöku. Á fundinum kom það hins vegar fram, sem haldinn var í fjh.- og viðskn., m. a. með Davíð Ólafssyni, formanni sjóðsstjórnarinnar, að stjórn sjóðsins hafði ekki óskað eftir þessari afgreiðslu og verið andvíg henni, en hafði hins vegar orðið að láta undan ríkisstj. og sætta sig við orðinn hlut. M. ö. o.: ljóst var að það skipti ekki máli hvaða skoðun stjórn Verðjöfnunarsjóðsins hafði á slíkum afgreiðslum, hún yrði ávallt að láta í minni pokann ef ríkisstj. þóknaðist að taka þá ákvörðun að þannig skyldi að fiskverðsákvörðunum staðið að Verðjöfnunarsjóður yrði látinn taka lán til þess að borga uppbætur á fiskverðið.

Með þessari yfirlýsingu var allur grundvöllurinn undan almennri ábyrgðarheimild ráðh. hruninn, þar sem upplýst var að varðandi þetta tiltekna atriði hafði hæstv. ríkisstj. tekið ákvörðun gegn mótmælum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og ljóst var að slíkri starfsemi yrði haldið áfram ef almennar ábyrgðarheimildir yrðu veittar. Var þá ekkert hald og engin vörn í því, hver vilji stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins væri. Það lá m. ö. o. alveg ljóst fyrir eftir þennan fund í fjh.- og viðskn. Nd., að hæstv. ríkisstj. var þarna að búa sér til nokkurs konar eilífðarvél fyrir millifærslur af þessu tagi. Hún var ekki að óska eftir því við Alþingi, að Alþingi staðfesti þessa einu aðgerð út af fyrir sig, að taka 42 millj. kr. erlent lán til þess að greiða uppbætur á loðnu með ríkisábyrgð, heldur var hæstv. ríkisstj. í rauninni að óska eftir því við Alþingi, að Alþingi löggilti slíkar starfsaðferðir til frambúðar, hvaða skoðun sem stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hefði á því. Þegar þetta lá fyrir í fjh.- og viðskn. Nd. brugðust menn þannig við, fyrir tilhlutan og sérstaklega fyrir frumkvæði hv. þm. Alberts Guðmundssonar, að menn neituðu að fallast á þessa tillögu hæstv. ríkisstj. sem hún var með þessum hætti að reyna að lauma inn í frv., en tóku í staðinn þá ákvörðun að breyta greininni þannig að heimildin væri takmörkuð við þessa einu afgreiðslu og við þá fjárhæð sem þar hefði komið fram að nauðsynlegt væri að taka að láni, þ. e. 42 millj. kr. Þetta var meginefni þeirrar brtt. sem borin var fram og samþykkt hér í gær um nýja 3. gr. Og þessi breyting var vissulega til bóta, eins og hv. 1. þm. Vestf. tók fram í ræðu sinni hér í gær, þannig að sú tilraun ríkisstj. að lauma undir röngu yfirskini í gegnum Alþingi löggildingu Alþingis á þeim starfsaðferðum, sem ríkisstj. tók upp varðandi loðnuverðsákvörðunina á þessu hausti, rann út í sandinn. Það hefur verið komið í veg fyrir þá tilraun með breytingu umræddrar greinar. Er það vel og horfir vissulega til heilla.

En það var einnig annað sem kom fram mjög óvænt við 2. umr. málsins á hv. Alþingi í gær. Þá kom fram að fjmrh. lagði allt annan skilning í þá afgreiðslu, sem var verið að gera með þessari grein, en allir aðrir sem að málunum hafa staðið. Í öllum umr. málsins, gegnum þrjár umr. í Ed. og eina umr. í Nd., var málið lagt þannig upp varðandi þessa ríkisábyrgðarheimild, að forsendur fyrir því, að ríkisábyrgðin félli á ríkissjóð, væru þær, að á tveimur árum hækkaði afurðaverð á loðnu um innan við 30%, og öllum fjh.- og viðskn.-mönnum var gert ljóst að harla litlar líkur væru á að verðið mundi hækka um 30% eða meira, þannig að næstum fullvíst væri að ábyrgðin mundi falla á ríkissjóð og koma í hlut ríkissjóðs að greiða þetta 42 millj. kr. lán. Ég leyfði mér að vekja athygli á þessu við 2. umr. málsins, sem ég hélt að væri alkunn staðreynd og enginn drægi í efa. Ég leyfði mér að vekja athygli á því, að út frá því væri gengið af öllum aðilum, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins mundi aldrei greiða umrætt lán, heldur kæmi á ríkissjóð að greiða það eftir tvö ár, hér væri m. ö. o. um sambærilega afgreiðslu að ræða og þegar ríkissjóður heimilar Framleiðsluráði landbúnaðarins að taka erlend lán með ríkissjóðsábyrgð til þess að greiða viðbótaruppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir, vitandi að Framleiðsluráð landbúnaðarins muni ekki geta endurgreitt það lán, geti ekki einu sinni sett tryggingu fyrir ríkisábyrgðinni. Lánið fellur því á ríkissjóð, það kemur í hlut ríkissjóðs að greiða . (**HBI:** Bændahöllin er góð trygging.) Bændahöllin er ekki trygging sem Framleiðsluráð landbúnaðarins getur sett þar sem eignaraðili að þeirri ágætu byggingu mun vera Stéttarsamband bænda. Menn hafa leitað með logandi ljósi að tryggingu, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins gæti sett fyrir ríkisábyrgð, og hafa enga fundið nema ef vera skyldi formaður ráðsins, en ekki er víst að sú trygging yrði tekin til greina.

Ég leyfði mér að vekja athygli á því, að ljóst væri af því, sem fram hefði komið, að það væri þetta sem hæstv.

ríkisstj. stefndi að því að gera, að endurtaka ábyrgðina, sem veitt er Framleiðsluráði, til þess að fela það í ríkisbókhaldinu að þarna sé um að ræða lántökur ríkissjóðs. Þennan leik ætti að endurleika varðandi Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Það væri verið að skrifa hann fyrir láni, sem öllum væri ljóst að hann gæti ekki borgað og ríkissjóður veitti síðan ríkisábyrgð fyrir án nokkurra trygginga, það félli síðan á ríkissjóð og ríkissjóður tæki að sér að greiða.

Þá brá hins vegar svo við, að hæstv. fjmrh. kvaddi sé hljóðs og í hans ræðu komu fram nýjar upplýsingar. Hann lýsti í fyrsta lagi yfir að þessi niðurstaða væri alröng. Enn fremur sagði hann orðrétt, með leyfi forseta: „Ég kannast ekki við að á nokkurn hátt hafi verið samþykkt af ríkisstj. eða mér að þessi útgjöld yrðu færð á ríkissjóð á nokkru stigi þessa máls.“ M. ö. o.: hann kannaðist ekki við að það hefði nokkurn tíma verið samþykkt að útgjöldin vegna lántöku féllu nokkru sinni á ríkissjóð. Þetta var mjög afdráttarlaus yfirlýsing og gekk gersamlega þvert á það sem allir aðrir höfðu verið upplýstir um fram til þessa. Jafnframt lýsti hæstv. fjmrh. því yfir, að þá fyrst yrði lánsupphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila, þ. e. ríkissjóði, að skuldari yrði gerður gjaldþrota. Með leyfi forseta sagði hæstv. fjmrh. orðrétt: „Þá fyrst er upphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila, að skuldari sé gjaldþrota.“ Ég geri ráð fyrir að einhverjar aðrar ráðstafanir mundu koma til áður en Verðjöfnunarsjóður yrði gerður gjaldþrota, sagði hæstv. fjmrh. einnig.

Nú vil ég fyrst vekja athygli á því, að í fyrsta lagi stangast það á við þær upplýsingar, sem áður höfðu verið gefnar, að það hefði aldrei verið samþykkt í ríkisstj. að útgjöldin vegna lántökunnar yrðu á nokkru stigi málsins færð á ríkissjóð. Þvert á móti kemur það fram í þeim plöggum, sem við síðar fengum í fjh.- og viðskn. hv. Nd., að þar er ráð fyrir því gert, að útgjöldin falli alfarið á ríkissjóð á ákveðnu stigi málsins. Hæstv. ráðh. vill auðsjáanlega ekki samþykkja það. En ég held að það fari ekki á milli mála, að í þeim bréfum sem við höfum hér með höndum er þessi skilningur mjög afdráttarlaus. Ég vil aðeins leyfa mér í þessu sambandi að vitna í fundargerð 88. fundar stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins sem haldinn var 1. des. árið 1981. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta.:

„Eftir nokkra umræðu var ákveðið að senda fjmrh. skuldabréfið til undirritunar og með því skyldi fylgja svohljóðandi bókun sem allir stjórnarmenn stóðu að.“ Síðan kemur bókunin: „Það er skilningur sjóðsstjórnarinnar, að endurgreiðslukvöð sjóðsins falli endanlega niður þann 1. des. 1983, eins og kveðið er á um í skuldabréfinu. Þetta var forsenda ákvörðunar loðnuverðs og verðjöfnunar í október s. l.“

M. ö. o.: í fyrsta lagi var það forsenda ákvörðunar loðnuverðs og verðjöfnunar í október á þessu ári, að umrætt lán félli á ríkissjóð og endanlega niður 1. des. 1983 hafi ekki verið gerðar ráðstafanir af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins til þess að greiða það fyrir þann tíma. Þetta stangast gersamlega á við yfirlýsingar ráðh. um það, að aldrei hafi verið gert ráð fyrir að þetta lán félli á ríkissjóð á nokkru stigi þess máls, eins og ráðh. sagði orðrétt. Í bókun stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins kemur hins vegar fram, eins og ég hef leitt rök að, að menn sem stóðu að verðákvörðun loðnu, stóðu í þeirri trú, að a. m. k. 1. des. 1983 félli endurgreiðslukvöð sjóðsins niður og lánin að fullu á ríkissjóð hafi ekki komið til annarrar ráðstöfunar fyrir þann tíma. Þarna fer því eitthvað mikið á milli mála. Þarna stemmir ekki saman skilningur sá sem ríkt hefur í stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og hjá aðilum loðnuverðsákvörðunar allar götur frá því að loðnuverðið var ákveðið í okt. s. l. og þar til fjmrh. gaf yfirlýsingu sína við 2. umr. málsins á Alþingi fyrir einum sólarhring eða svo.

Í öðru lagi lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að þá fyrst yrði upphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila, ríkissjóði, að skuldari hefði verið gerður gjaldþrota. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi skilningur er einnig nýr. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og aðilar að loðnuverðsákvörðun hafa aldrei fyrr af því vitað, að sá væri skilningur hæstv. fjmrh. á málinu, að til þess að ábyrgðin gæti fallið á ríkissjóð yrði Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins að vera úrskurðaður gjaldþrota. Mér finnst harla undarlegt, að þessar upplýsingar skuli fyrst koma fram fyrir tilviljun við 2. umr. málsins í síðari deild, og enn undarlegra finnst mér það þegar allt frá því byrjun desembermánaðar, mig minnir 8. des., hefur legið fyrir að fjmrh. hefur neitað að undirrita skuldabréf vegna lántökunnar og veita ríkisábyrgð samkv. hljóðan þess skuldabréfs, en skuldabréfið hefur verið skrifað og fært samkv. þeim skilningi og þeim loforðum sem stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og aðilar að loðnuverðsákvörðun töldu sig hafa frá hæstv. ríkisstj. í októbermánuði s. l., — að það skuli hafa legið fyrir síðan 8. des., núna í hálfan mánuð, að fjmrh. neiti að ganga frá skuldabréfinu. Það voru nýjar fréttir fyrir Alþingi. Og það er alveg furðulegt með mál eins og þetta, að slíkum upplýsingum skuli rn. og formenn fjh.- og viðsk.-nefnda og stjórnarsinnar í þeim nefndum, sem hljóta að vita þetta, — slíkum upplýsingum skuli þessir aðilar hafa haldið leyndum fyrir Alþingi í gegnum alla meðferð málsins, þangað til mönnum hugkvæmdist eftir ræðu fjmrh. í gær að spyrjast fyrir um hvort það gæti nú verið að einhver slíkur hængur hefði upp komið.

Þá kom í ljós, þegar menn fóru að grennslast betur fyrir um það, að 8. des. s. l. hafði fjmrh. sent stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins minnisatriði til þess að útskýra hvers vegna hann neitaði að ganga frá skuldabréfinu vegna lántökunnar, þannig að síldar- og loðnumjölsverksmiðjurnar hafa ekki getað fengið krónu enn af því sem þær áttu að fá sem uppbætur úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins vegna þessarar lántöku og samkv. samningunum um loðnuverðið frá því í október. Þessi minnisatriði voru send 8. des. s. l. með neitun hæstv. fjmrh. á að ganga frá bréfinu, en hafa verið leynd Alþingi allan þennan tíma og voru ekki upplýst að fyrirlagi og frumkvæði ríkisstj. og fjmrh. sjálfs, heldur þá fyrst þegar menn töldu eftir ræðu hæstv. fjmrh. hér á Alþingi ástæðu til þess að grennslast nánar fyrir um það, hvaða maðkað mjöl hæstv. ráðh. hefði í pokanum í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Er þetta nú ekki of djúpt tekið í árinni?) Nei, þetta er ekki of djúpt tekið í árinni. Betur að svo væri, en það er ekki, því er nú verr.

Í þessum minnisatriðum segir hæstv. ráðh. m. a. að ekki sé heimilt samkv. brbl. að skilningi hæstv. ráðh. að ganga í ábyrgð fyrir lán Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins með þeim hætti sem aðilar að loðnuverðsákvörðun höfðu verið látnir standa í trú um að verða mundi. Fjmrh. skýtur sér á bak við það, að honum sé óheimilt samkv. lögunum að gera þær ráðstafanir sem aðilar að loðnu-

verðsákvörðunum töldu sig hafa loforð fyrir frá hæstv. ríkisstj. að gerðar yrðu allt frá því í októbermánuði s. l. Þess vegna hefur ekki verið frá málinu gengið enn. Og áður en menn afgreiða málið héðan við þessa umr. hljóta menn að krefjast þess að fá frekari skýringar frá hæstv. fjmrh. á afgreiðslu hans. Vil ég biðja virðulegan forseta að gera ráðstafanir til þess að hæstv. fjmrh. komi í salinn, því að ég hef ákveðna fsp. að bera upp við hann. (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh. er kominn. Það eru tvær spurningar, sem ég vildi fá að leggja fyrir hann.

Í fyrsta lagi hefur það komið í ljós, m. a. með minnisgrein frá hæstv. ráðh., að hann fellst ekki á að skrifa upp á skuldabréf vegna lántöku Verðjöfnunarsjóðsins með þeim skilmálum sem menn hafa staðið í trú um allt frá því í októbermánuði s. l. að þeim hafi verið lofað. Ég tel að það sé ekki hægt að afgreiða þetta mál svo frá þessari deild að ekki liggi fyrir svar hæstv. ráðh. um hvaða breytingar hann vill láta gera á umræddu skuldabréfi til þess að hann fallist á að skrifa upp á það. Hvaða breytingar vill hæstv. fjmrh. láta gera á skuldabréfinu til þess að hann ljái áritun sína? Og hvernig og hvenær mun það liggja fyrir af hans hálfu, að lántakan geti farið fram? Þetta er önnur spurningin sem ég hlýt að beina til hæstv. ráðh.

Þá kem ég að hinni spurningunni sem ég vil til hans beina. Í ræðu hans 16. des. s. l. sagði hann orðrétt að hann gerði ráð fyrir að einhverjar aðrar ráðstafanir yrðu látnar koma til áður en hann krefðist þess, að Verðjöfnunarsjóður yrði gerður gjaldþrota, svo að ábyrgðin félli á ríkissjóð. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðh.: Hvaða aðrar ráðstafanir er hæstv. ráðh. hér að tala um? Það eru fordæmi fyrir því við gengisbreytingar, þegar gengismunur hefur myndast af þeim sökum, að áður en gengismun hafi verið ráðstafað hafi hluti hans verið tekinn til að greiða lántökur Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins með sambærilegum hætti og hér gæti átt sér stað. Ég vil spyrja hæstv. ráðh.: Er það þetta, þessar aðrar ráðstafanir sem hann á við að gerðar verði áður en til þess komi að lántakan falli á ábyrgðaraðila, ríkissjóð? Er það það sem hæstv. fjmrh. á við, að áður en til þess komi, að ríkissjóður gangist við ábyrgð sinni, verði gerð gengisbreyting, og áður en gengishagnaði verði ráðstafað til annarra þarfa verði af honum tekið til þess að gera upp umrædda skuld?

Nú hefur hæstv. sjútvrh. látið svo ummælt, að búast megi við að í kjölfar fiskverðsákvörðunar um n. k. áramót þurfi að gera ýmsar ráðstafanir til þess að tryggja hag útgerðar og fiskvinnslu. Hann hefur bæði beint og óbeint rætt um gengisbreytingu eða gengisaðlögun í því sambandi, þannig að flestir þegnar þjóðfélagsins eiga von á því, að a. m. k. þessi hæstv. ráðh. og flokkur hans leggi til að meðal þeirra ráðstafana, sem gripið yrði til eftir áramótin, yrði gengisbreyting. Þá mun gengismunur að sjálfsögðu skapast. Er það tilgangur hæstv. fjmrh. og hugmynd hans, að hluta af þeim gengismun, sem væntanlega skapast ef farið verður að tillögu formanns Framsfl. um efnahagsráðstafanir, verði varið til þess að greiða lánið sem hér er verið að taka til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins?

E. t. v. vill hæstv. sjútvrh. víkja að þeirri spurningu einnig. Hann hefur mætt á fundi fjh.- og viðskn. Nd. Þar gaf hann engar afdráttarlausar yfirlýsingar um þessi efni, en hæstv. ráðh. talaði mjög í þá átt, að ætla mátti að hann horfði mjög á það að ráðstafa af væntanlegum gengismun vegna sennilegrar gengisbreytingar í upphafi næsta árs, — að ráðstafa af honum til þess að greiða þetta lán. Og ég vek aðeins athygli á því, að það voru aðrir fjh.- og viðskn.-menn en ég sem hlustuðu á ráðh. Ég ítreka að hann gaf ekki neina afdráttarlausa yfirlýsingu í þessa átt, síður en svo, heldur talaði um málið mjög á þessum nótum. T. d. vitnaði hæstv. ráðh. í það, að svona afgreiðsla, nákvæmlega svona afgreiðsla hefði áður verið gerð.

Ég á von á því, að þau ummæli hafi komið aðilum að loðnuverðsákvörðunum mjög á óvart, þeir eigi ekki von á að endurgreiðslan á umræddu láni verði með þessum hætti. Þeir hafa verið látnir standa í þeirri trú allt til þessa dags, að ekki kæmi til endurgreiðslu á láninu af hálfu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, heldur mundi ríkissjóður alfarið taka að sér að endurgreiða lánið. Meira að segja hefur hæstv. sjútvrh. lýst því yfir á fundi fjh.- og viðskn. Nd., að hann telji harla litlar líkur á að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins muni geta greitt þetta lán af eigin rammleik, harla litlar líkur á því að verð á loðnuafurðum hækki svo mjög sem gert er ráð fyrir að það verði að hækka til þess að verðjöfnunarsjóðurinn geti sjálfur greitt þetta lán. Hæstv. fjmrh. hefur lýst þveröfugri skoðun. En þetta er skoðun hæstv. sjútvrh. Þetta er ný frétt fyrir þá aðila sem hafa staðið að þessu máli og talið sig hafa ákvörðun og loforð ríkisstj. í höndunum. Og það er einnig ný frétt fyrir þessa aðila, að hæstv. ráðh. skuli báðir núna, bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., vera farnir að leika sér að þeim hugmyndum að ráðstafa hluta af væntanlegum gengismun vegna gengisbreytingar á næsta ári til þess að greiða þetta lán.

Herra forseti. Aðeins örfá orð að lokum. Hæstv. sjútvrh. hefur beðið um orðið, væntanlega til að svara þeim fsp. sem ég lagði fyrir hann, þ. á m. um stefnu hans í verðtryggingar- og vaxtamálum. Sú stefna að verðtryggja sparifé landsmanna var tekin með setningu laga um stjórn efnahagsmála vorið 1979. Má segja að frá upphaflegri gerð þess frv., sem þá var lagt fram af páv. hæstv. forsrh., hafi verðtryggingin verið það eina sem eftir stóð þegar frv. hafði hlotið meðferð hér í þinginu. Verðtryggingarstefnan var eitt af mörgum atriðum í stefnuskrá Alþfl. fyrir kosningarnar 1979, nánast einasta atriðið sem náðist fram í umræddum lögum um stjórn efnahagsmála, sem hefur skilað einhverjum árangri, og einasta atriðið í þeim lögum sem tekið var tillit til af stefnumálum Alþfl.

Hæstv. núv. ríkisstj. hefur setið við völd síðan 8. febr. árið 1980. Þau einu afskipti, sem hún hefur haft af verðtryggingarmálum sparifjár, hafa verið þau að fresta tvisvar sinnum að þau kæmust til endanlegra framkvæmda. Það eru einu afskiptin sem hæstv. ríkisstj. hefur af málinu haft. Hún hefur ekki framkvæmt þá lengingu lána og lækkun greiðslubyrðar sem var annað atriðið í verðtryggingarstefnu Alþfl. En hæstv. ríkisstj. má e. t. v. þakka það að hafa ekki afnumið þessa verðtryggingarstefnu þó að hún hafi frestað henni tvívegis.

Hæstv. sjútvrh. lét svo ummælt í sjónvarpi fyrir skemmstu um þessa verðtryggingarstefnu, að hann sagðist hafa glapist til þess að ljá fylgi sitt við verðtryggingarstefnu Alþfl. sem aldrei skyldi verið hafa. Þetta voru yfirlýsingar hæstv. sjútvrh. í sjónvarpinu fyrir nokkrum mánuðum sem flestum eru enn í fersku minni. Nú lýsir hann því yfir, að hann sé eindregið fylgjandi þessari verðtryggingarstefnu. Þannig segir hæstv. ráðh.

eitt í dag og annað á morgun. En ég vildi gjarnan fá það fram í eitt skipti fyrir öll frá hæstv. ráðh., ef það er hægt, hver er skoðun hans í verki og á að vera skoðun hans í verki á þessari verðtryggingarstefnu? Mun hann með atkvæði sínu, — það er að sjálfsögu það sem skiptir máli en ekki gagnstæðar yfirlýsingar hæstv. ráðh. eftir því hvort hann er í sjónvarpinu fyrir framan landslýð eða á fundi kaupfélagsstjóra eða Sambands ísl. samvinnufélaga, — mun hann með atkvæði sínu ljá verðtryggingarstefnunni lið áfram eða mun hann sem áhrifaaðili í þessari ríkisstj. fylgja þeirri afstöðu sinni, sem hann lýsti í sjónvarpi frammi fyrir alþjóð fyrir nokkrum mánuðum, að hann hafi glapist til fylgis við þessa stefnu og muni því að sjálfsögðu beita sér fyrir afnámi hennar? Hæstv. sjútvrh. hefur í þessum málum gefið svo margar og svo gagnstæðar yfirlýsingar og með svo stuttu millibili að það er löngu kominn tími til þess að hann geri hreint fyrir sínum dyrum og lýsi yfir hver sé raunverulega hans vilji og hvaða stefnu hann ætli sér að reyna að standa við í þessum málum. Gefst honum væntanlega tækifæri til þess þegar hann stígur í ræðustól hér á eftir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég stend fyrst og fremst upp til að þakka hv. þm. fyrir upplestur úr ræðum mínum. Ég get útvegað honum margar fleiri sem hann gæti þá einnig lesið úr, og hann mun sjá að það er fullt samræmi í því sem ég hef sagt um þau mál sem hann gerir hér að umtalsefni og beindi til mín spurningum um.

Í fyrsta lagi geri ég mjög mikinn mun — það hefur ætíð komið fram — á verðtryggingu og hávaxtastefnu. Ég var um tíma orðinn nokkuð hlynntur hugmyndum Alþfl. um hávaxtastefnu, en hef algerlega snúist gegn þeim og tel þær rangar. Sá mikli munur er á verðtryggingarstefnunni og hávaxtastefnunni, sem ég hef reyndar ekki heyrt hv. þm. nota um stefnu Alþfl. fyrr en nú, að með verðtryggingarstefnunni er gert ráð fyrir að endurlána verulegan hluta af höfuðstól við hverja greiðslu, en með hávaxtastefnunni er að sjálfsögðu, eins og hv. þm. er vel kunnugt um, gert ráð fyrir að greiða verðtryggingu í raun og veru og vextina að fullu.

Eg vil hins vegar taka undir það hjá hv. þm., að það er rétt að ekki hefur tekist að lengja þessi lán eins og þörf er á. Ég er honum sammála um það. Að vísu hafa lánin verið lengd nokkuð, en það þarf að gera töluvert meira. Það er enn galli á þessari verðtryggingarstefnu, sem eins og ég segi er allt annað en hávaxtastefna sú sem fulltrúar Alþfl. fluttu langar og miklar ræður um hér á hinu háa Alþingi á sínum tíma.

Það er líka töluverður munur á fjármagnskostnaði og verðtryggingu inn- og útlána. Fjármagnskostnaður felst í ýmsu öðru. Hann felst m. a. í því, hve vextir eru háir ofan á verðtrygginguna. Hann getur falist í því, hve dráttarvaxtagreiðsla er mikil. Ég hef áður lýst því hér, m. a. í þeim ræðum sem hv. þm. vísaði til, að ég tel að dráttarvaxtagreiðsla, greiðsla á stimpilgjöldum og alls konar bankakostnaði, sem ég hef m. a. lýst úr þessum ræðustól og tekið dæmi um, þar sem ein ákveðin útgerð varð að greiða 437 þús. kr. í alls konar stimpilgjöld og staðfestingargjöld, bankakostnað, áhættugjald o. fl., teljist allt saman til fjármagnskostnaðar. Í þeirri athugun, sem ég hef látið gera í sjútvrn. á stöðu 19 togara sem hér hefur æðioft verið vísað til, kemur einmitt fram að þessi fjármagnskostnaður ýmiss konar er orðinn óheyrilega hár, en ekki út af fyrir sig verðtryggingarkostnaðurinn. Ég hef hvað eftir annað lýst því, að ég tel að þessa ýmsu liði fjármagnskostnaðar þurfi að endurskoða og þurfi að lækka. Ég hef m. a. á fundi kaupfélagsstjóra lýst þeirri skoðun minni, að 54% dráttarvextir séu of háir, sérstaklega vegna þess að rekstrarfé hefur verið mjög af skornum skammti og fyrirtæki í verðbólgunni því lent í þeim vandræðum að geta ekki staðið í skilum með lán. Vitanlega verða dráttarvextir að vera einhverjir, það er alveg ljóst, en ég endurtek, að ég tel að 54% á ári sé fullhátt við þær aðstæður sem nú eru. Þannig eru ýmsir aðrir liðir en verðtryggingin sem slík sem fyrst og fremst valda miklum fjármagnskostnaði og mjög vaxandi á síðustu árum. Ég vona að ég hafi skýrt mín sjónarmið að þessu leyti.

Hv. þm. spurði um fiskverð. Ég hef sagt það á fjölmörgum stöðum, að ég tel sjálfsagt að sjómenn fái svipaða hækkun sinna tekna og menn fá í landi. Hv. þm. þarf ekki að leita á kaupfélagsstjórafund til að heyra þau ummæli. Ég hef sagt það á mörgum öðrum stöðum. Mig undrar ef hv. þm. er ósammála þessari skoðun minni. Það er alkunna, að laun hafa nú hækkað í landi í fyrsta lagi um 9.9% vegna vísitöluhækkunar og síðan um 3.25% vegna sérstakra samninga um grunnkaupshækkun. Þetta gerir samtals um 13—14% hækkun tekna, sem er sú tala sem ég hef notað í umr. um nauðsynlega tekjuhækkun sjómanna. Ég hef hins vegar sagt, bæði á þessum fundi kaupfélagsstjóra og öðrum fundum, að að sjálfsögðu verði um það rætt við sjómenn, hvort finna megi einhverjar aðrar leiðir til að þeir fái jafnmikla tekjuhækkun og menn í landi hafa fengið. T. d. er sjálfsagt að skoða hvort nauðsynlegt er svo hátt olíugjald eða olíugjald í því formi sem nú er. Olía hefur ekki hækkað á undanförnum mánuðum eins og gert var ráð fyrir. Fyrir sumar veiðar getum við sagt, t. d. bátaflotann, er olíugjaldið ekki orðið eins nauðsynlegt af þeim sökum og áður var. Þessi mál eru nú öll til umræðu í nefnd sem flokksbróðir hv. þm. skipaði til að athuga hlutaskipti. Þar eru lagðar fram ákveðnar tillögur nú um þetta mál og haldnir um þær fundir. Sömuleiðis hafa sjómenn og farmenn skipað viðræðunefnd sem er á fundum með mér og fleiri aðilum um þetta mál. Ég get upplýst t. d. að fundur í þeirri nefnd er n. k. mánudag. Þarna hefur að sjálfsögðu engin ákvörðun verið tekin þó að málin séu rædd. Ég endurtek því, að ég tel sjálfsagt að sjómenn fái svipaða tekjuhækkun og menn í landi hafa fengið. Hins vegar er nauðsynlegt að leita leiða til að veita þeim þá tekjuhækkun þannig að ekki þurfi að leiða til of mikils kostnaðarauka fyrir vinnsluna.

Þetta voru meginspurningar hv. þm. Ég held að ég hafi svarað þeim. Er það ekki rétt? Hins vegar vil ég, af því að ég er staðinn hér upp, fara örfáum orðum um það mál sem hér er til umr.

Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það, að hagsmunaaðilum hafi nokkurn tíma verið gefið loforð um að hér yrði um sjálfskuldarábyrgð að ræða. Ég verð að lýsa nokkurri undrun minni á þeirri umr. sem orðið hefur um sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs annars vegar og einfalda ábyrgð hins vegar. Hagsmunaaðilum var lofað að ríkisábyrgð yrði veitt. Ég vil vekja athygli hv. þm. á þeim fundargerðum Verðjöfnunarsjóðs sem liggja fyrir. Þar er ætíð talað um ríkisábyrgð. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því, hver munur er á sjálfskuldarábyrgð og einfaldri ábyrgð. Ég veit að hv. þm. gerir það, en ég vil þó

leyfa mér að vekja athygli á meginatriðum í því sambandi. Ef um sjálfskuldarábyrgð er að ræða getur lánveitandi gengið beint að ríkissjóði án þess að krefja Verðjöfnunarsjóð um greiðslu. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að það getur varla talist eðlilegt. Ef hins vegar er um einfalda ábyrgð að ræða er það rétt að ganga verður úr skugga um hvort lántakandinn, þ. e. Verðjöfnunarsjóður, geti greitt umrædda skuld. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega auðvelt. Það vill nú svo til að bankastjóri Seðlabankans er formaður Verðjöfnunarsjóðs. Honum er að sjálfsögðu ákaflega vel kunnugt um hvernig staða Verðjöfnunarsjóðs er áður en kemur til greiðslu á þessu láni.

Ég verð einnig að lýsa furðu minni á því, ef menn hafa skilið ummæli hæstv. fjmrh. svo að nauðsynlegt verði að gera Verðjöfnunarsjóð gjaldþrota áður en ríkissjóður greiði umrætt lán. Að sjálfsögðu er ríkissjóði fullkunnugt um hver staða Verðjöfnunarsjóðs er. Verðjöfnunarsjóður hefur af engu að taka nema innistæðu sem í honum kann að vera. Það eru engar eignir. Allur málatilbúningur út af þessu er því að mínu mati algerlega óþarfur.

Ég verð einnig að segja það, eftir að ég hef lesið ræðu fjmrh., að mér þykir undarlegt allt það moldryk sem út af hans orðum er þyrlað upp. Að sjálfsögðu hefur engin ákvörðun nú verið tekin um að þetta lán skuli falla á ríkissjóð. Hverjum dytti í hug að taka ákvörðun um það nú? Að sjálfsögðu gera menn sér vonir um að umræddri deild Verðjöfnunarsjóðs verði fært að greiða þetta lán. Það var gott að hv. þm. tók fram í framhaldsorðum sínum, en það lét ég mér um munn fara á fundi fjh.- og viðskn., að ég hefði langt frá því tekið fram að ákveðið væri að greiða þetta með gengisupptöku. Það er rétt, sem hv. þm. sagði, að ég vakti athygli á að skuld, sem stofnað var til af frystideild og reyndar loðnu- og mjöldeild á árunum 1976—1977 við ríkissjóð, var greidd með upptöku á slíkum gengishagnaði. Það hefur engin ákvörðun verið tekin í ríkisstj. um að slík leið verði nú farin.

Ég vil einnig leggja á það ríka áherslu, að hagsmunaaðilum hefur engu verið lofað um þetta efni nema því, að verði umræddri deild Verðjöfnunarsjóðs ekki kleift að greiða lánið verði það greitt úr ríkissjóði. En að sjálfsögðu gera allir sér vonir um að deildin fái þær tekjur að hún geti greitt þetta lán. Lánið er ráðgert til tveggja ára og er þá miðað við að tvær loðnuvertíðir verði liðnar áður en lánið fellur. Það er rétt, sem, hv. þm. sagði, að því miður tel ég útlitið eins og það er ekki gott á loðnumörkuðum, það kann því vel svo að fara að lánið falli á ríkissjóð. En ég endurtek, að engin ákvörðun hefur verið um það tekin frekar en gert var á árunum 1975, 1976 og 1977.

Ég vona að ég hafi svarað spurningum hv. þm.

Hv. þm. kom hér svo inn á ýmis atriði efnahagsmála sem ég ætla ekki að gera að umræðuefni. Ég held að það komi tækifæri til þess síðar. Mín stefna og stefna míns flokks í þeim málum hefur ætíð verið ljós. Við leggjum á það áherslu, eins og ríkisstj. öll, að verðbólgan þokist niður á við á næsta ári. Við teljum að svokölluð niðurtalningarleið sé æskilegust í því sambandi til þess jafnframt að tryggja fulla atvinnu. Þessi mál eru nú að sjálfsögðu til skoðunar hjá ríkisstj. og verður um þau fjallað á sínum tíma.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka það fram, að því var lýst yfir við 2. umr. þessa máls hér í deildinni, að hæstv. viðskrh. væri talsmaður ríkisstj. í þessu máli þar sem hann hefði mælt fyrir frv. í deildinni. Að vísu gaf hæstv. forsrh. út þau brbl. sem hér eru til umr., og að vísu er það rétt, að þetta mál snertir hæstv. sjútvrh. En þar sem svo mjög var um það talað í gær, að hæstv. viðskrh. væri talsmaður ríkisstj. í þessu máli og aðrir ráðh. mættu eiginlega ekki leggja þar orð í belg af því að hann hefði talað fyrir málinu, má furðu gegna að hann virðist vera víðs fjarri í dag. Það veldur kannske að einhverjir aðrir ráðh. hafa tekið yfir þetta hlutverk viðskrh. án þess að þess hafi verið getið. Annars skal ég svo sem ekki finna að því.

Ég vil hins vegar láta í ljós undrun mína yfir því, að hæstv. forsrh. skuli kominn í salinn. Það hefur verið svo um venjur hér á Alþingi á liðnum árum, að einstakir ráðherrar hafa reynt að gera stjórnarandstöðunni það til geðs að vera við umr. um mál sem þeir sjálfir bera ábyrgð á, einkanlega ef um það er beðið. Nú stóð svo á í gær að hæstv. forsrh. taldi sig ekki geta verið viðstaddan umr. hér í Nd. þar sem hann þyrfti að vera viðstaddur umr. í Ed. á sama tíma. Stjórnarandstaðan sýndi þá nærfærni og kurteisi að sætta sig við það og taka tillit til þess, að hæstv. forsrh. var upptekinn. Á hinn bóginn er engu líku til að dreifa það sem af er þessum fundi. Verður varla hjá því komist að líta svo á að hæstv. forsrh. telji aukaatriði hvort hann sjái ástæðu til að verða við beiðnum þm., svara fsp. þeirra og aths. og útskýra innlegg sitt til þeirra mála sem hann sjálfur ber ábyrgð á. Til þess að mönnum sé enn betur ljóst en ella hvers vegna við leggjum svo mikið upp úr því, að hæstv. forsrh. sé við, vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa upp inngang þann sem er fyrir þeim brbl. sem nú eru til umr. hér í deild, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsrh. hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að ákveða nú þegar ráðstafanir til þess að bæta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og gera honum kleift að þjóna markmiðum sínum og gæta hagsmuna þeirra, sem hlut eiga að máli. Fyrir því eru hér með sett brbl. samkv. 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið" — eins og síðar segir.

Nú hafa mál þróast með þeim hætti hér í deildinni, að varla verður undir það tekið að brbl. og það, sem fylgt hefur í kjölfar þeirra, verði sérstaklega til þess að treysta stöðu Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins og bæta stöðu hans til frambúðar. Það kom raunar berlega fram í ummælum hæstv. sjútvrh. áðan þegar hann var að reyna að segja okkur það annars vegar, að ekki kæmi til þess að ríkissjóður greiddi það lán, sem hér er til umr., nema Verðjöfnunarsjóðurinn yrði „fallit", en sagði á hinn bóginn að vitaskuld mundi ríkissjóður greiða þetta ef deildin væri ekki í aðstöðu til að gera það. Það má vera að ég hafi eitthvað misskilið það. En hafi ég misskilið það misskildi ég a. m. k. ekki ummæli hæstv. fjmrh. í gær. Ég er ekki með þau ummæli orðrétt og les þau ekki yfir kvölds og morgna, enda væri það vondur kristindómur. Hæstv. fjmrh. hefur raunar sagt ýmislegt geðþekkara en þetta um ævina. Hér stendur: Ég vil lýsa því yfir hér, að þetta er rangt og ég kannast ekki við að á nokkurn hátt hafi verið samþykkt af ríkisstj. eða mér að þessi útgjöld yrðu færð á ríkissjóð á nokkru stigi þessa máls. — Þetta eru ummæli hæstv. fjmrh. Nú er það hann sem metur þær tryggingar sem Verðjöfnunarsjóðurinn setur fyrir ríkisábyrgðinni, og væri þá fróðlegt að fá nánar að vita um þá

skilmála, ef ég hef skilið þetta mál rangt. Ég vil enn bæta hér við, með leyfi hæstv. forseta. Fjmrh. segir enn fremur: Hér er sem sagt einfaldlega opnuð leið til þess, að Verðjöfnunarsjóður geti á hverjum tíma tekið lán með ríkisábyrgð, en um er að ræða einfalda ríkisábyrgð, ekki sjálfskuldarábyrgð, heldur einfalda ábyrgð, sem felur það í sér, að þá fyrst er upphæðin kræf á hendur ábyrgðaraðila að skuldari sé gjaldþrota. Ég geri ráð fyrir að einhverjar aðrar ráðstafanir mundu nú koma til áður en Verðjöfnunarsjóður yrði gerður gjaldþrota. Það er alveg ljóst að hér er eingöngu um að ræða ríkisábyrgðarheimild, en ekki að ríkissjóður sé að taka á sig þennan kostnað eða gefa neina skuldbindingu í þessa átt.

Ég skil þessi ummæli hæstv. fjmrh. á þá lund, að hann ætlist til þess að Verðjöfnunarsjóðurinn í heild, allar deildir hans, leggi fram tryggingar fyrir greiðslunni á sínum tíma þar sem hæstv. fjmrh. talar allan tímann um Verðjöfnunarsjóðinn, en talar hins vegar ekki í þessu samhengi um loðnudeildina. Nú má vel vera að þetta sé misskilningur hjá mér, en hann er þá til kominn vegna þess að hæstv. fjmrh., sem annars er mjög skýrmæltur og hefur getið sér orð einmitt fyrir það, talar fullruglingslega í þessu máli. Það sýnir að hann er ekki í góðum félagsskap. Hann var ekki svona torskilinn á þeim tíma sem við umgengumst mest. Ég vil þess vegna óska eftir *því, að hæstv. fjmrh. geri alveg skýrt hér við 3. umr.* málsins hvernig hann hyggst halda á þessu máli.

Ég vil enn fremur í þessu sambandi minna á að m. a. sjómenn hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna stöðu Verðjöfnunarsjóðsins, eins og segir í ályktun Farmanna- og fiskimannasambandsins, en í bréfi þess segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsstjórn telur, að með lántökuheimild þessari sé farið inn á braut, sem ekki einasta gengur þvert á efni og markmið laga um sjóðinn, heldur sé jafnframt verið að halda uppi fölsku gengi með því að skuldbinda sjávarútveginn og þar með sjómenn inn í óvissu framtíðarinnar."

Við vitum að sjómenn eru búnir að boða til allsherjarverkfalls á jóladag. Auðvitað er mjög þýðingarmikið, til að reyna að greiða fyrir því að samningar takist um áramót til þess að vertíðarflotinn komist út, að frá þessum málum sé tryggilega gengið og skilmerkilega, þannig að menn viti að hverju þeir ganga, og koma þannig í veg fyrir hvers konar tortryggni.

Í tengslum við þessi mál er nauðsynlegt að taka sjávarútvegsmálin í heild enn einu sinni til rækilegrar umræðu, *ekki síst vegna þeirrar ræðu sem hæstv. forsrh. flutti hér í* gær, — ræðu sem valdið hefur miklum úlfaþyt um allt land, svo að menn hafa í rauninni ekki skilið hvar þessi maður hefur verið staddur undanfarið, hvað hann hafi verið að gera og hvort hann í raun og veru taki embætti sitt sem forsrh. alvarlega, eins og hann leyfði sér að komast hér að orði um helsta útflutningsatvinnuveginn. Það var svo, að þegar maður hafði hlustað á hæstv. forsrh. gat ekki hjá því farið að rifjaðist upp gömul vísa úr Norður-Þingeyjarsýslu:

Misskilur heimur mig,
misskil ég einnig hann,
sig skilið síst hann fær,
sjálfan skil ég mig ei.
Furða er því ei þótt okkar
hvorugur skilji skaparann.

Þannig held ég að hið sama megi segja í orðastað hæstv. forsrh., að hugsanagangur hans virðist á stundum vera í anda þessa norður-þingeyska skálds sem satt að segja var stundum raunamætt á lífsleiðinni.

Í Morgunblaðinu í dag er viðtal við Kristján Ragnarsson formann Landssambands ísl. útvegsmanna vegna þeirra ummæla sem hæstv. forsrh. hafði hér við 2. umr. málsins um útvegsmál, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef aldrei fyrr orðið var við jafnákveðin viðbrögð hjá útvegsmönnum og undanfarna daga vegna ummæla ráðh. Svavars Gestssonar og Gunnars Thoroddsens um góða afkomu útgerðarinnar. Svo virðist að þeir miði við gamlar upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun um afkomu útgerðar," sagði Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, þegar Morgunblaðið bar undir hann ummæli dr. Gunnars Thoroddsens forsrh. á Alþingi í fyrradag, en þá sagði forsrh. að útgerðin í heild stæði nú betur rekstrarlega en s. l. 10 ár og að útgerðarmenn og sjómenn væru að reka á eftir sjálfum sér með rekstrarstöðvun um áramót.

Kristján Ragnarsson sagði að svo virtist sem þeir Gunnar Thoroddsen og Svavar Gestsson miðuðu við niðurstöður Þjóðhagsstofnunar um afkomu útgerðar eftir síðustu fiskverðshækkun, sem gerð var áður en áhrif kauphækkana frá 1. nóv. og 1. des. væru talin með og *áður en olía hækkaði um 7% og áður en áhrif gengis*breytingarinnar hefði verið metin vegna erlendra aðfanga og gengistryggðra lána. Í þessu mati Þjóðhagsstofnunar væri gert ráð fyrir verulegri aflaaukningu, sem ekki hefði orðið í raun. Enn fremur væri miðað við framreikninga á kostnaði útgerðarinnar frá árinu 1979, sem ekki hefðu staðist.

„Nú er Þjóðhagsstofnun að meta útgerðarkostnað miðað við reikninga frá árinu 1980 og versnar þá afkomumyndin verulega. Það er því ljóst að útgerðin þarf sömu fiskverðshækkun og ekki minni en sjómenn og að stofnfjársjóður og olíugjald haldist óbreytt," sagði Kristján.

„Mjög alvarlegt er, að þeir, sem stjórna landinu, fylgist ekki betur með afkomu undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar en raun ber vitni." — Ég endurtek, herra forseti, ummæli formanns Landssambands ísl. útvegsmanna. Hann segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Mjög alvarlegt er, að þeir, sem stjórna landinu, fylgist ekki betur með afkomu undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar en raun ber vitni. Ég tel stöðu útgerðarinnar vera verri nú en í langan tíma, og endurspeglast það hjá viðskiptaaðilum útgerðarinnar og í vanskilum útgerðarinnar við Fiskveiðasjóð og Byggðasjóð," sagði Kristján enn fremur.

Um þá yfirlýsingu forsrh. að útgerðarmenn og sjómenn væru að reka á eftir sjálfum sér með rekstrarstöðvun um áramót sagði Kristján:

„Um þessa yfirlýsingu er fátt að segja, því að hún getur ekki hafa verið meint eins og eftir honum er haft. Forsrh. er ljóst að í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins sitja fulltrúar veiða og vinnslu og formaður nefndarinnar er fulltrúi ríkisstj. og hvorugur aðili getur ákveðið fiskverð nema með samþykki formanns nefndarinnar. Ég ætla ekki forsrh. að vera svo ókunnugur þessum málum að hann viti ekki að ríkisstj. ákveður gengi krónunnar og ekki er hægt að mæta hækkun innlends kostnaðar fyrirtækja í sjávarútvegi um 50% á ári, þegar gengi krónunnar breytist að meðaltali um 20%, eins og gerst hefur á þessu ári."

Nú er alveg óþarfi að leiða stjórnarandstöðuna til vitnis um hvort þessi síðustu ummæli formanns Landssambands ísl. útvegsmanna séu rétt eða ekki. Hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur við umr. hér á Alþingi, m. a. um fiskverðsákvörðun, tekið af skarið í þeim efnum og viðurkennt að útflutningsatvinnuvegirnir þurfa einnig á tekjuaukningu að halda ef kostnaðarhækkanirnar hér innanlands hlaupa fram úr tekjuaukningunni á útflutningsmörkuðunum, *og skiptir þá auðvitað engu máli hvort* sú tekjuaukning er orðin til vegna hækkaðs markaðsverðs eða vegna hækkaðs gjaldmiðils af einum eða öðrum sökum. — Hæstv. sjútvrh. sagði hér í ræðu í lok októbermánaðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef áður lýst þeirri sannfæringu minni, að enn megi draga úr fjármagnskostnaði útflutningsatvinnuveganna svo að ekki þurfi að mæta erfiðleikum þeirra í verðbólgunni að öllu leyti með gengisbreytingu. Ég hygg að hv. þm. skilji það mætavel, að í 40% verðbólgu verður ætíð að breyta gengi annað slagið. Það er einlæg von mín, að ekki þurfi að gera það á næstunni. En rekstrargrundvöll atvinnuveganna verður að tryggja og því er verið að kanna allar leiðir til þess.“

Svo mörg voru þau orð hæstv. sjútvrh. Nú hefur það komið á daginn að verðbólgan í ár er ekki 40%. Verðbólgan liggur einhvers staðar í kringum 50%. Ég hygg að ef tekin væri hækkun útgerðarkostnaðar sé hún enn þá hærri, ég skal ekki fullyrða, en kannske 55 eða 60%. Ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh. hefur aðrar hugmyndir um það en ég, en á það er auðvitað að líta að inn í útgerðarkostnaðinn kemur núna, eins og hann hefur sjálfur lagt mikla áherslu á, mjög aukinn fjármagnskostnaður, háir dráttarvextir og það sem hæstv. sjútvrh. hefur kallað „okur bankanna“, sem er alls konar fjármagnskostnaður. Nú spyr ég hæstv. sjútvrh. að gefnu tilefni, af því að hann talaði einmitt um það áðan og rifjaði upp þau ummæli sem hann hafði áður yfir hér í deildinni, að sér þætti bankarnir taka of mikið fyrir sína þjónustu þannig að þar myndaðist óeðlilega mikill gróði, og ég vil rifja það jafnframt upp að þegar hæstv. sjútvrh. talaði ítarlegast um þessi mál í síðasta mánuði baðst hann afsökunar á því, að hann skyldi þurfa að nota svo stórt orð sem okur í þessu sambandi: Hefur hæstv. sjútvrh. tekið upp viðræður um það við hæstv. viðskrh. að lækka þennan bankakostnað? Eru uppi viðræður milli viðskrn. — bankaráðuneytisins — og sjútvrn. um það, með hvaða hætti sé hægt að minnka kostnaðinn við útgerðarlánin? — Hæstv. sjútvrh. vill ekki svara þessu úr sæti sínu. Ég veit ekki hvort ætti að spyrja hæstv. forsrh. að því. Ætli það fari fram nokkrar viðræður um það með vitund forsrn. að það eigi að lækka fjármagnskostnaðinn hjá útgerðinni? *Ég veit ekki hvort hæstv. forsrh. var að hrista* höfuðið yfir sjálfum sér eða hvort það átti að vera svar við spurningunni, en eitthvað hristi hann höfuðið. Ætli hann viti nokkuð um það — eða eigum við heldur að segja að það þýði ekkert að spyrja þessa ríkisst. hér í deildinni um hvernig hún ætli að snúast við vandanum. Ég sé að hæstv. sjútvrh. er svo önnum kafinn við að tala við varamann sinn að hann má ekki vera að því að hlusta á þær spurningar sem ég ber fram. En látum það vera. Hann getur þá lesið þær seinna.

Ég vil líka spyrja hæstv. sjútvrh. um annað, vegna þess að hann er minnisgóður maður: Síðast þegar þessi mál bar hér á góma og hann var viðstaddur hér í hv. deild talaði hann um að það ætti að koma rekstrarstöðu útflutningsatvinnuveganna á núllið fyrir áramót. Ég sé ekki ástæðu til að rifja upp aftur núna við 3. umr. það sem hæstv. forsrh. sagði um núllið á gamlárskvöld í fyrra, sem var ágætt áramótaskaup í þann tíð. Ég hef raunar ekki athugað hvort hann hafi fengið greiðslur í samræmi við taxta leikarafélagsins fyrir það frá sjónvarpinu. En það væri gaman að fá hjá sjútvrh. eitthvað um það. Hefur hann fylgt því eftir innan ríkisstj. að gerðar verði ráðstafanir til að koma hraðfrystiiðnaðinum á núllið, að koma togaraútgerðinni á núllið nú fyrir áramótin, og með því staðið við þau ummæli sín frá því fyrr á þessu þingi að vinna að því að koma útflutningsatvinnuvegunum á heilbrigðan grundvöll — eða hefur þetta mál ekki komið til umræðu í ríkisstj.? Er kannske bara talað um þetta af Jóni Ormi við Ólaf Ragnar Grímsson eða eitthvað slíkt? Hvar er þetta mál statt? Hvað átti t. d. hæstv. sjútvrh. við þegar hann fór að tala um það enn einu sinni áðan að það verði að gera eitthvað í fjármagnskostnaðinum? Hvað átti hann við með því? Var það aðeins til að sýna góðan vilja, eins og ég man eftir um börnin þegar ég var að kenna? — Ég ætlaði að læra heima, en ég gleymdi því. — Hvað hefur verið gert í þessu máli? Við þessu fást engin svör.

Það lítur svo út sem þessir ráðh. líti svo á að það sé einkamál þeirra hvernig atvinnuvegirnir ganga hér í landinu, hvernig landinu er stjórnað. Þeir hafa auðvitað hendur til þess hér um hríð að veltast í þessum sólum, setja hönd undir kinn og sitja fast í stólum sínum. En það kemur að skuldadögunum. Það kemur að því að menn spyrja: *Hvað á að gera út af þessum mikla fjármagnskostnaði?* Ég veit að hæstv. forsrh. þykist vera rausnarlegur, af því að allt gengur svo vel og út af þessu smáræði, þessu litla tilleggi ríkisins til Fiskveiðasjóðs sem á að ganga upp í fjármagnskostnaðinn, nákvæmlega 25 millj. 960 þús. kr. Hvað ætli togararnir séu margir? Í kringum 100? Það eru eitthvað innan við 300 þús. kr. sem koma í hlut. Hvað segir það upp í vanskilaskuldirnar í Fiskveiðasjóði og vanskilaskuldirnar í Byggðasjóði? Hvað segir sjálfur sjútvrh. um það, hvernig reikningarnir hafa verið hjá Þjóðhagsstofnun og hvernig þeir hafa komið út í raun hjá togurunum? Hann talar hér um það úrtak sem gert var og hann segir í því sambandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég ætla ekki að lesa hvern einasta lið, því að satt að segja er hér mjög mikil nálægð, ef ég má orða það svo, eða mjög líkir liðir, eins og aflahluti, launatengd gjöld, veiðarfæri, olíur — olíukostnaður aðeins meiri, 3.9 millj. á móti 3.1, sem er ekki óeðlilegt út af fyrir sig — mörg þessi skip eru af stærri gerðinni af minni togurunum. En langsamlega mesti munurinn kemur fram á liðnum *vextir. Vextir eru hjá Þjóðhagsstofnun áætlaðir 1 millj.* 383 þús., en vextir í þessu 19 skipa úrtaki eru taldir vera 3 millj. 311 þús. Þarna er langsamlega stærsti munurinn sem veldur því, að tap hjá Þjóðhagsstofnun er í krónum talið 956 þús., en í þessu 19 skipa úrtaki 3 millj. 271 þús. Þessi munur liggur fyrst og fremst í fjármagnskostnaðinum. Það er einnig gegnumgangandi í þessari skýrslu, að fjármagnskostnaðurinn er yfirgnæfandi. Fjármagnskostnaðurinn er í einu tilfelli að vísu mjög lágur, aðeins um 3% — eða vaxtakostnaður réttara sagt, en er í mörgum tilfellum upp í 30 og jafnvel 40% — svo að ég tali ekki um alveg sérstök tilfelli sem mér sýnast varla vera marktæk, þar sem vaxtakostnaður er jafnvel yfir þetta. Í sumum tilfellum er um að ræða að skip hefur verið mikið

frá veiðum vegna bilana og aflaverðmætið þess vegna orðið lítið."

Þetta er það sem hæstv. sjútvrh. segir á einum stað um þessi mál. Nú efast ég ekki um að m. a. hæstv. forsrh. hafi kynnt sér þessa skýrslu. Ég var a. m. k. viðstaddur einu sinni þegar rætt var um vandamál útgerðarfyrirtækis úti á landi, og ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi þar mjög virðulega og hátíðlega sagt þeim mönnum, sem til hans komu, að þeir mundu fá úrlausn sinna mála. Svo fór samt, að þetta fólk varð að bíða atvinnulaust í margar vikur áður en svar kom frá rn., og það er enn einu sinni búið að segja þessum sjómönnum upp vinnunni. Þannig eru nú efndirnar á þeim bæ. Svo er enginn vandi að koma hér upp í pontuna og segja á eftir að allt gangi vel, tala fallega og þar fram eftir götunum, vera eins og klipptur út úr þjóðsögunum, en horfa algerlega fram hjá því, sem er kjarni þessa máls, að hjá ríkisstj. hefur legið skýrsla um að fjármagnskostnaðurinn sé verulega vanreiknaður og það um ekki neitt smáræði, og láta eins og þessi skýrsla sé ekki til. Það er einmitt þetta sem að er fundið. Það er að vita betur. Hæstv. ríkisstj. veit betur. Hún launar menn til að skrifa skýrslur, gera yfirlit, gera úrtök og fær útgerðarmenn um allt land til að senda sér ítarlegar upplýsingar og svara fsp., en gerir svo ekkert með upplýsingarnar þegar þær koma. Það er þetta sem við kunnum ekki að meta, og þetta er ástæðan fyrir því, að nú er svo komið að Byggðasjóður hefur orðið að sitja dag eftir dag á fundum á þessu hausti til að afgreiða hallærislán. Þetta er ástæðan fyrir því, að nú er svo komið að heiðarlegir, gegnir athafnamenn um allt land verða að fara í sultargöngur til Reykjavíkur til sín miklu minni manna af því að ríkisstj. stendur ekki við það sem hún á að gera og er að leika sér að lífi og fjármunum fólksins í landinu. Þetta er kjarni málsins. Og svo er alltaf sama tuggan. Eigum við að heyra hvað hæstv. sjútvrh. sagði um þessi efni 4. nóv. s. l., og eigum við að rifja upp hvort eitthvað hafi komið fram áðan í hans ræðu sem sýndi að hann hefði hugsað um þessi mál síðan? Þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú spyrja menn að sjálfsögðu hvað beri að gera til þess að lagfæra þennan grundvöll. Ég vil segja það í fyrsta lagi, að það á að lækka fjármagnskostnaðinn alveg tvímælalaust. Í öðru lagi á að lækka ýmis gjöld á útflutningsatvinnuvegunum, m. a. skatta og launatengd gjöld. Það á að taka á þeim málum af mikilli festu og alvöru. Og í þriðja lagi er alveg ljóst að nái þessar aðgerðir ekki að treysta grundvöll atvinnuveganna verður að laga gengi að þeim kostnaðarhækkunum sem þarna eru umfram."

Hvað ætli hæstv. forsrh. hefði kallað þessi síðustu ummæli ef hv. 1. þm. Vestf. hefði látið sér þau um munn fara, að það yrði að laga gengi að þeim kostnaðarhækkunum sem þarna væru umfram? Ætli hann mundi þá tala um seðlaprentun? Ætli hann mundi þá tala um að það ætti að kaupa nýja prentvél fyrir Seðlabankann? Það þarf ekki að spyrja um það, hvað hann mundi segja um þau efni. Við vitum það af hans fyrri ummælum.

En þessi ummæli sjútvrh. um að laga rekstrargrundvöllinn eru í rauninni alveg sömu ummælin og staðgengill hans, viðskrh., hafði hér yfir í fyrradag. Þá talaði hann um að það yrði að vera eðlilegur rekstrargrundvöllur fyrir útgerðina. Þá spurði ég hæstv. viðskrh. hvort hann teldi það eðlilegan rekstrargrundvöll þegar duglegir ungir skipstjórar, sem ættu skip sín skuldlítið eða skuldlaust, hefðu lágan útgerðarkostnað, hefðu engan möguleika á að endurnýja sín skip. Hvað skyldi hæstv. sjútvrh. segja um það? Skyldi honum finnast eðlilegt að nú hefur verið tekið fyrir þá þróun, sem verið hefur í sjávarútvegi fram að þessu, að útgerðarmannastéttin hefur endurnýjast með því að ungu aflaskipstjórarnir hafa komið í staðinn fyrir gömlu útgerðarmennina og ungu aflamennirnir hafa keypt sér ný og glæsileg skip, stundum í samvinnu við aðra, stundum einir, og smátt og smátt orðið vel stæðir menn og burðarásar í sínu héraði? Geta menn þetta í dag? Getum við sagt við ungan skipstjóra, sem aflar 800 tonn á 35 tonna bát, að hann hafi tök á að endurnýja sinn bát? Nei, vitaskuld hefur hann ekki tök á því. Og af hverju ekki? Af því að fjármagnskostnaðurinn er of mikill.

Nú viðurkennir hæstv. sjútvrh. þetta, því að hann er góður reikningsmaður og skilur þetta dæmi þegar hann sér það fyrir framan sig. Hann viðurkennir þetta og hann skilur þetta og hann vill bæta úr þessu. En samt sem áður gerist ekki neitt. Af hverju ekki? Vegna þess að hann er að vinna með mönnum sem láta sig þetta engu skipta? Vegna þess að valdamesti maðurinn í ríkisstj., formaður Alþb., grætur það þurrum tárum þótt öll skip flotans fari úr einkaeign, vegna þess að formaður Alþb. er þeirrar gerðar að hann getur ekki hugsað sér að einstaklingurinn nái að dafna í þessu þjóðfélagi og vegna þess að sá maður, sem á nú að heita höfuðið á ríkisstjórnarskepnunni, er að hugsa um annað og veit ekki hvað fram fer, þó að hann sé að upplagi góður og hafi fyrr meir gert margt gott. Upp á síðkastið finnst mér stundum eins og hann sé í álögum, ekki get ég að því gert, og þekki hann naumast fyrir sama manninn. Þau ummæli, sem hann hefur oft látið sér um munn fara í seinni tíð í hinu háa Alþingi, eru með öfugum formerkjum við það sem hann sagði hér áður meir. Þess vegna er það auðvitað harður kostur fyrir okkur sjálfstæðismenn að eiga allt okkar traust undir Framsókn og geta ekki búist við góðum verkum frá öðrum í þessari ríkisstj. en framsóknarmönnum, sjálfum erfðafjandanum. En svona er komið.

Ég get ekki að því gert, en eftir ummæli m. a. hæstv. forsrh. hefur sá grunur læðst að mér að hann ætli sér að nota þetta smáræði, þessar 26 millj. tæpar, sem eru framlag ríkissjóðs í Fiskveiðasjóð, ekki einu sinni, heldur oft. Ég hef einhvern veginn grun um það. Nú vitum við allir að þetta er þannig hugsað af hæstv. sjútvrh., að þessir peningar eigi, þó í litlu sé, að koma nokkuð til móts við þann mikla fjármagnskostnað sem er á skuttogurunum. Ég geri ráð fyrir að hann ætli sér ekki að láta þetta fjármagn renna til að greiða upp stofnfjárskuldir bátaflotans, loðnubátanna eða vertíðarbátanna. En frá sjónarmiði hæstv. sjútvrh. eru þessir peningar hugsaðir sem svo, að þeir séu nokkurs konar uppbót fyrir vanrækslusyndir ríkisstj., það eigi að hjálpa togurunum vegna þess hallarekstrar sem verið hefur á þessu ári og á undanförnum misserum. Það er þó að sýna lit. En á hinn bóginn er ég sannfærður um að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh., því að þeir sjást nú mjög saman í seinni tíð, hugsi sér að þessir peningar verði skálkaskjól fyrir því að stofnfjársjóðsframlagið falli niður. Ég er sannfærður um að sá bakþanki blundar þarna einhvers staðar, að það eigi að nota þetta sem skálkaskjól til að draga úr stofnfjársjóðsframlaginu. Væri nauðsynlegt að fá um það skýr svör við afgreiðslu þessa máls frá hæstv. sjútvrh., hvort hann geti á það fallist undir nokkrum kringumstæðum að það verði niður fellt.

Ég held, herra forseti, að nauðsynlegt sé fyrir matarhlé að rifja það upp orðrétt, sem ég raunar gat um áðan lítillega, sem hæstv. sjútvrh. sagði fyrir hálfum öðrum mánuði, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér sýnist vera sjálfsagt markmið að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna upp fyrir núllið fyrir næstu áramót. Það verða ætíð einhverjar sveiflur á rekstrargrundvelli atvinnuveganna, og við getum aldrei afstýrt að þeir falli niður fyrir núllið annað slagið. En það er von mín að þær athuganir, sem nú eru í gangi, geri okkur kleift að koma rekstrargrundvelli atvinnuveganna upp fyrir núllið um næstu áramót. Þá vil ég sérstaklega taka fram að ég á við frystinguna ekki síst sem slíka."

Nú hlýt ég að spyrja hæstv. sjútvrh.: Gerir hann sér enn þá vonir um að koma frystingunni upp fyrir núllið fyrir áramótin? Er hann enn jafnbjartsýnn á það og hann var að frystingin komist upp fyrir núllið fyrir áramótin? Hæstv. sjútvrh. gerir hvorki að játa því né neita. Eru einhverjar ráðstafanir í undirbúningi eða hefur ríkisstj. eitthvað í jólapokanum sínum, sem á að opna á aðfangadagskvöld og sýna þjóðinni, um að frystingin komist upp fyrir núllið fyrir áramótin? Það er nú ekki að sjá á hæstv. ráðh. að þeir séu verulega bjartsýnir á það. Þeir eru ekki verulega bjartsýnir. Það er rétt, að í nóvembermánuði var kannske hægt að friða kaupfélagsstjórana með þessu og slá þessu föstu í þingtíðindum. En síðan koma áramótin. Það er ekki eins og í Delerium búbónis að hægt sé að fresta jólunum og áramótunum. Áramótin koma, nema hæstv. sjútvrh. hafi ekki meint þessi áramót, heldur næstu áramót eða þar næstu áramót. — Og á að lækka launaskattinn? Um þessi mál fást auðvitað lítil svör og það er eðlilegt. Við erum daginn út og daginn inn í þinginu að fjalla um mál sem í sjálfu sér eru kannske óhjákvæmileg, en af hverju eru þessi mál lögð fyrir þingið? Hvers vegna erum við núna að tala um að lána og lána og lána og éta upp og éta upp og éta upp það sem búið var að safna? Er það vegna þess að við höfum átt við eitthvert sérstakt harðæri að búa? (**Forseti:** Á hv. þm. eftir langt af ræðu sinni?) Það getur dregist. Það getur teygst úr lopanum. (**Forseti:** Þá verð ég að biðja hann svo vel að gera að gera hlé á henni.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að enn hefur það borið við, að ráðh. er skotið inn á milli í umr. um önnur mál, án þess að stjórnarandstöðunni gefist svigrúm til að láta einnig í ljós sína skoðun um málið. Þar á ég að sjálfsögðu við 1. dagskrármálið, lánsfjárlagafrv. Ég hafði satt að segja búist við því, að sú gagnrýni, sem fram hefur komið á þvílíka málsmeðferð, mundi valda því, að ekki yrði aftur horfið að því ráði. En látum svo vera.

Ég vil aðeins ítreka það sem ég spurði um hér áðan, sem var í raun og veru kjarni þess sem ég sagði, og það er þetta: Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir við umr. hér í deild, — og þar sem ég sé að hann er viðstaddur er nú kannske rétt að varpa þeirri spurningu til hans sem ég vildi gjarnan ítreka svona í lokin, þetta er 3. umr. og það er ekki á það að treysta að maður geti endurnýjað fsp. við 4. umr. málsins. — Það eru orðnir einir þrír ráðherrar í fyrirsvari fyrir þetta mál. Nú sé ég að hæstv. dómsmrh. er sestur þarna. Kannske hann eigi að taka við málinu á lokastigi og maður eigi að beina máli sínu til hans? En það má auðvitað segja að tilgangslaust sé að hafa umr. um mál og gefa þm. kost á því að varpa fram einstökum fsp., það er borin von að fá einstaka ráðh. til að svara því sem um er spurt. Ef eina leiðin til þess að fá svör út úr ráðh. er sú að taka til máls utan dagskrár, þá fer maður nú varla að sjá til hvers þrjár umr. eru um mál. Það er kannske nóg að sé ein umr. í stjórnarráðinu um málin.

Herra forseti. Ég óska eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni þar til hæstv. sjútvrh. kemur í salinn. (**Gripið fram í:** Haltu nú heldur áfram.) Ég ætla ekki að gera það. Ég óska eftir því. Það er búið að leggja hér fram á Alþingi till. frá hæstv. forsrh. um að taka löggjafarvaldið úr höndum Alþingis nú um jólin rétt eins og í fyrra, og það er nauðsynlegt í því samhengi og vegna þeirra ummæla, sem hæstv. sjútvrh. hefur haft um þessi mál og ég hef áður vitnað til, að gera lokatilraun til þess að fá hann til að svara fyrirspurn.

Ég hélt að það væri samkomulag um það í þinginu að reyna að koma þessu máli frá fyrir jólaleyfi. Ég man að vísu eftir því, að hæstv. forseti flutti einu sinni fimm tíma ræðu hér í þessum stól. Ég veit ekki hvort ástæða er til að endurtaka þau ósköp. (**Forseti:** Ég neita.) Ég sé að þarna er kominn sá ráðh. sem mælti fyrir þessu máli í deildinni. Það er kannske freistandi þá, til þess að sýna lipurð og elskulegheit, að beina fsp. til hans í staðinn.

Svo stendur á, eins og ég gerði ítarlega grein fyrir fyrir hádegi, að hæstv. viðskrh. og einnig hæstv. sjútvrh. hafa látið í ljós þá skoðun hér í þingsalnum, að eðlilegt sé að útflutningsatvinnuvegirnir beri sig. Hann hefur sérstaklega tekið það fram, að vonir hans standi til þess að hægt sé að koma öllum greinum þeirra — og hann tekur sérstaklega fram hraðfrystiiðnaðinum — í núllið og helst upp fyrir núllið fyrir áramótin. Nú er spurning mín, hvort einhverjar ráðstafanir þar að lútandi hafi komið til meðferðar í ríkisstj., hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að hæstv. sjútvrh. hafi tekið það mál upp innan ríkisstj. að lækka fjármagnskostnaðinn á útflutningsatvinnuvegunum, og hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér, að hæstv. sjútvrh. hafi tekið það upp innan ríkisstj. að lækka skatta á sjávarútveginum. Enn fremur langar mig til þess að spyrja hvort fram hafi farið viðræður um það milli sjútvrn. og viðskrn. að lækka lánsfjárkostnaðinn.

Hæstv. sjútvrh. baðst að vísu afsökunar á orðalaginu, en hann kallaði stimpilgjöld og lánsfjárgreiðslur til bankanna okur í ræðu hér í þinginu 4. nóv. og hafði þá mörg orð um það, að nauðsynlegt væri að lækka þennan kostnað, þessi byrði væri of þung á útflutningsatvinnuvegunum en gróði bankanna óhæfilega mikill. Nú er það spurning mín, hvort innan ríkisstj. hafi komið til orða að lækka fjármagnskostnaðinn á útflutningsatvinnuvegunum, hvaða leiðir hafi verið hugsaðar í því efni og hvort við því sé að búast, að opinberum gjöldum, svo sem launaskatti, verði létt af útflutningsatvinnuvegunum í tengslum við efnahagsráðstafanir meðan þing situr heima í jólaleyfi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mér er ljúft að svafa fsp. hv. þm. Það hafa farið fram umræður milli mín og sjútvrh. um fjármagnskostnað á útgerðinni vegna lántöku og þau mál eru í athugun. Ég skal ekkert um það fullyrða á þessari stundu, hvaða niðurstaða verður að lokum. En þau mál eru sem sagt í athugun.

Varðandi skattamálin var ég spurður þessarar sömu spurningar í Ed. Ég var þeirrar skoðunar að endurskoða þurfi skattaálögur á atvinnuvegina, það þurfi að gera það. Hvort það verður gert í jólaleyfi þm. eða í sambandi við efnahagsráðstafanir, sem væntanlega verða gerðar, um það skal ég ekki segja og enn síður hver niðurstaðan

kann að verða. En ég get gjarnan svarað spurningu hv. þm. á þá leið, að ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að endurskoða skattaálögur á atvinnuvegina.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15:2, að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, SBó, SvG, ÞS, FÞ, GS, GJG, GGÞ, GHelg, HÁ.

nei: AG, FrS.

HBI, JS, JÞ, KP, MHM, MÁM, ÓE, PS, SighB, SÓ, VG, BGr, GÍG, GeirH, SvH greiddu ekki atkvæði.

8. þm. (HG, IGísl, JE, MB, PJ, AS, ÁG, EH) fjarstaddir.

Frv. endursent Ed.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég geri ráð fyrir að menn geti verið sammála um að ekki sé rúm eða tími fyrir umr. utan dagskrár eins og nú er komið högum hér á hinu háa Alþingi. Þó stendur þannig á að ég mun leyfa þær, en þó aðeins um örskamma stund, og bið ég viðkomandi vinsamlegast um að taka það til athugunar.

Sigurður Óskarsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár hér í Nd. Alþingis, er frétt sem birtist í einu morgunblaðanna nú í morgun þess efnis, að rn. hæstv. iðnrh. hafi synjað Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi fyrir Sultartangastíflu. Í frétt þessari segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Landsvirkjun ritaði iðnrn. bréf þann 20. okt. s. l. þar sem óskað var eftir framkvæmdaleyfi vegna Sultartangastíflu og um s. l. helgi var verkið boðið út. Svar iðnrn. til Landsvirkjunar barst hins vegar ekki fyrr en með bréfi dags. 16. des. Þar segir t. d. að ekki séu horfur á að nýr umtalsverður stórnotandi í orkukerfinu komi til, fyrr en þá á seinni hluta ársins 1984, m. a. vegna þess að frestað hefur verið byggingu þriðja ofnsins á Grundartanga um sinn. Þá segir í bréfinu að rn. muni ekki taka afstöðu til framkvæmda við Sultatanga fyrr en álitsgerð Landsvirkjunar liggi fyrir."

Fsp. mín til hæstv. iðnrh. er, hvort þessi frétt hafi við rök að styðjast, og sé svo, hvaða ósköp hafi á gengið varðandi orkusölumál í þessu landi og með þeim afleiðingum að ekki einungis er vafamál um framhald stórvirkjana í landinu, heldur einnig vafamál hvort fram skuli haldið eðlilegum öryggisframkvæmdum við þær virkjanir sem fyrir eru. Slík framkvæmd er Sultartangastífla. Hún er öryggisframkvæmd sem á næstu árum á að tryggja rekstur Búrfellsvirkjunar að vetrarlagi og forða frá þeim stóráföllum sem þar geta orðið við tilteknar aðstæður.

Annað atriði og ekki síður alvarlegt tengist þessu máli, þessum frestunarhugmyndum sem greinilega liggja hér að baki. Það er hin félagslega hlið. Hæstv. iðnrh. hefur margsinnis gefið um það yfirlýsingar, að vinna á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, a. m. k. næsta sumar, verði veruleg vegna framkvæmda við Sultartangastíflu. Sé sú frétt, sem ég vitna í hér að framan, rétt er verið að blekkja það virkjanafólk sem hefur trúað því sem hæstv. iðnrh. hefur sagt um þessi mál. Það er út í hött að benda á vatnsöflunarframkvæmdir við Þórisvatn og aðrar vatnsöflunarframkvæmdir sem lausn á atvinnuvandamálum þessa fólks. Þær framkvæmdir eru ekki mannaflafrekar og þær eru mun árstíðabundnari en sú vinna sem fyrirhuguð var við Sultartanga.

Það er einnig rangt ef því kann að verða haldið fram í svari við þessari fsp. að bygging Sultartangastíflu sé einvörðungu eða að afgerandi hluta tengd við aukna orkusölu. Öllum, sem eitthvað vilja um þessi mál vita, er fullljóst að Sultartangastífla er fyrst og fremst nauðsynleg nú til að tryggja öryggi Búrfellsvirkjunar vegna ísmyndunar og tryggja lágmarksvatnsneyslu úr miðlun Þórisvatns. Ákvörðun iðnrn. nú um að tengja þessa framkvæmd aukinni orkunotkun á orkuveitusvæði Landsvirkjunar kemur því vægast sagt óþægilega á óvart og vekur jafnframt upp spurningar hversu öryggismál Þjórsár- og Tungnaárveitanna eru hátt metin í hv. iðnrn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil strax í upphafi míns máls létta áhyggjum af hv. 2. þm. Suðurl. um að fyrirætlanir séu uppi um að fresta framkvæmdum við Sultartangastíflu. Staðhæfingar í þá átt eru úr lausu lofti gripnar. Eitt morgunblaðanna, Morgunblaðið, sem setur upp frétt á baksíðu í morgun undir fyrirsögninni: „Framkvæmdaleyfi ekki veitt" — gefur með þessu í skyn það sem hefur orðið tilefni fsp. hv. þm. og hefur vakið upp spurningar sem ekkert er óeðlilegt að fram komi, en hins vegar er nokkuð ljóst hver tilgangur þessa málgagns er með því að setja sitt mál upp undir þessari fyrirsögn.

Ég tel að þessu máli sé best svarað með því, að ég vitni — með leyfi hæstv. forseta — til þess bréfs sem ég ritaði Landsvirkjun 16. des. 1981 varðandi Sultartangastíflu, þar sem orðrétt segir, og les ég bréfið í heild:

„Vísað er til bréfs Landsvirkjunar, dags. 20. 10. 1981, þar sem óskað er eftir leyfi iðnrh. til að hefja framkvæmdir við Sultartangastíflu. Í greinargerð Landsvirkjunar með áðurnefndu bréfi segir m. a., að þörf sé orkuaukandi aðgerða þegar á árinu 1982 verði farið í stóriðju á borð við einn ofn á Grundartanga. Er þá gert ráð fyrir að sá ofn komist í rekstur á árinu 1983. Með hliðsjón af þessu svo og af öryggissjónarmiðum hefur Landsvirkjun lagt til að framkvæmdir við Sultartangastíflu hefjist vorið 1982, þannig að hún verði fullgerð eigi síðar en 1983.

Í greinargerð Landsvirkjunar segir jafnframt orðrétt:

„Komi hins vegar á daginn að orkuspá reynist lægri en áætlað var eða engin ákvörðun verði tekin um nýjan stórnotanda mætti endurskoða þessa tímasetningu og e. t. v. fresta stíflunni samkv. þeirri endurskoðun."

Ráðuneytið telur rétt að fram komi, að á fundi stjórnar *Íslenska járnblendifélagsins hf.* 26. nóv. s. l. var fjallað um byggingu þriðja ofnsins á Grundartanga. Niðurstaðan varð sú, að ekki væri rétt að taka ákvörðun um byggingu þriðja ofnsins að svo stöddu, en byggingartíma frá því að ákvörðun er tekin má áætla a. m. k. 1½ ár. Því eru horfur á að ekki komi til nýr umtalsverður stórnotandi í orkukerfinu fyrr en þá á seinni hluta ársins 1984. Samkv. spá Landsvirkjunar er hins vegar áætlað að umframorkuvinnslugeta á árinu 1983 verði 306 gwst. og á árinu 1984 175 gwst. án nýrrar stóriðju og miðað við vatnsárferði sem samsvarar fremur þurru ári þrátt fyrir að ekki komi til nýjar orkuaukandi aðgerðir.

Ráðuneytið telur nauðsynlegt að tryggja sem best rekstraröryggi og raforkuframboð í landskerfinu á næstu

árum og óskar eftir mati Landsvirkjunar á orkuþörf á árunum 1982—1984 í ljósi ofangreindra viðhorfa. Að því fengnu mun rn. taka afstöðu til beiðni Landsvirkjunar varðandi framkvæmdir við Sultartangastíflu."

Undir þetta rita fyrir hönd ráðh. Páll Flygenring og Kristmundur Halldórsson.

Þetta er erindi rn., þar sem sérstök áhersla er lögð á öryggisþætti í sambandi við raforkuframleiðsluna og hvergi látið að því liggja, að til frestunar framkvæmda við Sultartangastíflu komi á næsta ári. Því til áréttingar, að slíkar tillögur eru ekki uppi af hálfu iðnrn., er rétt að vitna til fjárhagsáætlunar Landsvirkjunar fyrir næsta ár og þess sem fram kemur varðandi Landsvirkjun í þeirri fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hér er til umr. Í erindi Landsvirkjunar er gert ráð fyrir og það á framreiknuðu verði, að vegna Hrauneyjafossvirkjunar verði áætlaðar 153 millj. kr. á næsta ári, vegna ármótastíflu, þ. e. Sultartangastíflu, sem hér er kölluð ármótastífla, 133.9 millj. kr. og vegna Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlunar 74.2 millj. kr. Aðrar framkvæmdir eru upp á 27.4 millj. kr. Samtals til framkvæmda 388.7 millj. kr. Auk þess er svo rannsóknar- og vaxtakostnaður, sem bætist við þessa upphæð. Þetta er sú áætlun sem iðnrn. lagði til og framsendi fjárlaga- og hagsýslustofnun á s. l. sumir og hefur ekki gert neina tillögu um að breytt verði og er hér í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun. Það ætti að létta áhyggjum af hv. þm. sem hafa farið að draga ályktanir af fyrirsögnum á útsíðum Morgunblaðsins í dag í sambandi við þetta mál.

Það má svo bæta því við, að margar tilraunir eru uppi hafðar af hálfu stjórnarandstöðu þessa daga — og ekkert undan því að kvarta — til að sá frækornum úlfúðar á hv. Alþingi í sambandi við eitt og annað í þeim umr. sem fram fara hér. Sem dæmi um það get ég nefnt það, að ég hafði ekki fyrr sent þetta erindi en hringt var í mig frá viðkomandi málgagni og spurt um hvort til stæði að fresta framkvæmdum við Sultartangastíflu. Ég svaraði þeirri spurningu afdráttarlaust neitandi, en blaðið sá ekki ástæðu til að koma því svari á framfæri, heldur bjó til þá frétt sem birt er á útsíðu Morgunblaðsins í dag.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, með tilliti til þingstarfa hér að eyða frekara orðum að þessu máli. Ég vænti að það sé hv. þm. ljóst. Ég vil aðeins leggja áherslu á að í sambandi við orkumál okkar og orkuframkvæmdir þurfum við að hafa auga í senn á öryggisþætti í raforkukerfi okkar og að sjálfsögðu á fjárhagsþáttum einnig og við hljótum að leitast við að stilla framkvæmdir þannig af að við verðum ekki með framkvæmdir í gangi sem ekki falla með eðlilegum hætti að þessum sjónarmiðum. Er nauðsynlegt að menn átti sig á hvert verið er að fara í sambandi við orkuframleiðslu hverju sinni. Vegna þess að fjárhagsþættir koma inn í svona mynd get ég nefnt það sem dæmi, að spurningin um tveggja eða þriggja ára framkvæmdatíma við Sultartangastíflu getur verið spurning um 30 millj. kr. í vaxtakostnað. Slík atriði í sambandi við framkvæmdir hljóta menn að vega og meta.

En það er sem sagt ástæðulaus ótti þeirra sem horfa á hinn félagslega þátt mála, eins og ég skil vel að hv. fyrirspyrjandi hefur ríkulega í huga, að ætla að ekki verði hafist handa við Sultartangastíflu. Ég geri ráð fyrir að það verði í samræmi við fyrirliggjandi áætlanir, nema eitthvað sérstakt komi fram af hálfu Landsvirkjunar sem gefi tilefni til annars.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Út af síðustu orðum hæstv. iðnrh. um að stjórnarandstaðan væri að sá frækornum til að spilla fyrir samstöðunni í stjórnarliðinu vil ég aðeins segja að hæstv. ráðh. er með sínum vinnubrögðum mesti hjálpari stjórnarandstöðunnar.

Þegar lögin um raforkuver voru sett á s. l. vori var í þeim gert ráð fyrir að unnið yrði áfram að orkuaukandi aðgerðum á Þjórsársvæðinu. Ein af þeim framkvæmdum var bygging Sultartangastíflu. Í þáltill., sem ríkisstj. hefur lagt fram, er einnig gert ráð fyrir að unnið sé að þessum framkvæmdum. Í lögunum frá í vor var gert ráð fyrir að Landsvirkjun gæti ráðist í þessar framkvæmdir með samþykki ríkisstj. — og það undirstrika ég: samþykki ríkisstj. Þessar hugmyndir um frestun framkvæmda virðast því stangast á við allar hugmyndir sem menn hafa gert sé um þessi mál.

Mér er spurn: Til hvers er hæstv. ráðh. að skrifa þetta bréf sem fréttist af hér á Alþingi í gær og nú er hér til umr.? Veit hann ekki um lögin sem samþykkt voru s. l. vor? Veit hann ekki um till. sem hann lagði fram á Alþingi um daginn? Veit vinstri höndin ekki hvað sú hægri gerir? Kappið við að drepa allt í dróma í orkumálunum virðist svo mikið hjá hæstv. ráðh. að hann sést ekki fyrir og fer langt út fyrir takmörk sín. Hefur ráðh. borið það bréf, sem hann skrifaði í gær, undir ríkisstj. og fengið samþykki fyrir því — eða er þetta einkaframtak hans? Það er nauðsynlegt að fá svar við þeirri spurningu og ég leyfi mér að óska svara hæstv. forsrh. við henni.

Hæstv. iðnrh. fékk mikla eldmessu yfir sig nýlega hér á Alþingi frá flokksbróður sínum, m. a. varðandi málefni Suðurlands. Hann virðist samt ekki læra neitt, heldur vegur áfram í sama knérunn. Það væri vissulega hægt að gera talsvert bál ef allar möppur hæstv. iðnrh. væru bornar saman í eina hrúgu og tendrað bál. Gífurleg orka myndi leysast úr læðingi í bili. En hætt er við að sú orka fjaraði út. Það fer víst ekki lengur fram hjá neinum, að nauðsynlegasta úrbót í orkumálunum sé að gefa hæstv. iðnrh. frí frá störfum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég læt hv. alþm. um að dæma þann málflutning sem hér kemur fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Mér finnst alþm. ekki samboðið að vera að gefa sér forsendur og ályktа síðan út frá þeim þegar allt annað liggur fyrir.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er með ólíkindum hvernig hæstv. iðnrh. getur vafið öllum málum um höfuð sé sem hann kemur nálægt. Landsvirkjun ritaði hæstv. iðnrh. bréf 20. okt. s. l. Var það nánast áréttíng á öllu því sem menn hafa talið sjálfsagt og eðlilegt, að Sultartangastífla yrði byggð og hafnar yrðu framkvæmdir við hana á næsta vori. Í samræmi við áætlanir Landsvirkjunar var útboð síðan auglýst í síðustu viku. En það er fyrst 16. des., rúmum tveimur mánuðum eftir að Landsvirkjun sendi bréf sitt, að hæstv. iðnrh. sendi Landsvirkjun svar sem er í algerum véfréttarstíl og enginn fær lesið út úr hvaða hugur liggur að baki.

Sannleikurinn er sá, að bréf ráðh., sem hann las upp hér áðan, er með röngum áherslum. Það eru rangar áherslur lagðar á tilvitnanir í greinargerð Landsvirkjunar þegar hann vitnar í þá greinargerð í sínu bréfi. Meginákersla og meginástæða Landsvirkjunar fyrir því að vilja hefja byggingu Sultartangastíflu á næsta ári er sú, að með

því er tryggt öryggi við Búrfell og tryggt að ekki komi til rekstrartruflana vegna ísvandamála. Þetta vita allir sem vilja vita. Ég skal ekki vegna tímaskorts lesa upp þær meginákerslur sem Landsvirkjun hefur lagt á þetta í greinargerð sinni, en þó væri full ástæða til þess eftir að hæstv. iðnrh. hefur sent Landsvirkjun sitt bréf.

Ráðh. segir að það sé hvergi látið að því liggja, að til frestunar komi á næsta ári, og að engin tillaga sé gerð um breytingu á lánsfjáráætlun. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. ráðh. og ég vona, að hún standist, og ég vona, að hæstv. iðnrh. gefi þá yfirlýsingu með góðri samvisku. En ég fullyrði að þetta bréf hefði ekki verið ritað á þann hátt sem það var ritað, með þeim texta sem hæstv. ráðh. las upp, ef ekki hefði eitthvað undir búið af hálfu hæstv. ráðh. *Þetta bréf er furðulegt og það vekur tortryggni og* það gefur vissulega tilefni til umræðna.

Ég þakka hv. 2. þm. Suðurl. fyrir að hann skuli hafa tekið mál þetta hér upp og vakið athygli á því.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er ánægður með að hæstv. iðnrh. hefur dregið mjög úr áhrifum Morgunblaðsfréttarinnar, dregið úr skilningi Morgunblaðsins á þessu bréfi. Satt að segja er mjög erfitt að skilja bréfið öðruvísi en þannig, að það komi til greina stöðvun á framkvæmdum um óákveðinn tíma. En nú vita allir að þessi stíflugarður eykur mjög rekstrarögyggi orkuvera á Þjórsársvæðinu og útilokar alvarlegar rekstrartruflanir Búrfellsvirkjunar, sem því miður hafa komið *fyrir, þannig að þessi framkvæmd er í öllum áætlunum* allra aðila talin vera sjálfsögð og sjálfsagt að hún væri númer eitt. Þar að auki held ég að rn. geti ekki stöðvað þetta vegna þess að ég held að lögin um Landsvirkjun taki af öll tvímæli. Þar stendur, — ég skal vera mjög fljótur, herra forseti:

„Landsvirkjun er jafnframt heimilt að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma." Síðan segir um rn.: „Getur ráðh. krafist þeirra breytinga á fyrirhugaðri tilhögun mannvirkjanna sem nauðsynlegar kunna að þykja vegna almenningshagsmuna."

Er nokkur leið að túlka þetta ákvæði þannig, að það beri að stöðva Sultartangastífluna vegna almenningshagsmuna? Ég held að það séu allir sammála um að stíflan við Sultartanga er nauðsynlegasta framkvæmd í raforkumálum vegna almenningshagsmuna.

Ég er sem sagt ánægður með að hæstv. iðnrh. hefur mjög reynt að draga úr því sem í þessu bréfi stendur.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, Sigurður Óskarsson, gat þess, að hann byggði fsp. sína fyrst og fremst á frétt í Morgunblaðinu í morgun. Þetta sýnir m. a. hversu menn mega vara sig á því að byggja mál, sem þeir flytja inn á þing, á óábyrgum fréttaflutningi. Í fyrirsögn þessarar fréttar í Morgunblaðinu í morgun á útsíðu segir feitu letri: „Framkvæmdaleyfi ekki veitt." *Þessi fyrirsögn er blekking.* Hv. þm. túlkaði það þannig, skildi það þannig að synjað væri um framkvæmdaleyfi.

Það er augljóst mál, að út frá því hefur verið gengið, að framkvæmdir við Sultartangastíflu og aðrar framkvæmdir við vatnsveitur á Þjórsársvæðinu ættu að hefjast næsta vor eða eins og segir í bréfi Landsvirkjunar frá 23. okt., að „það sé haft fyrir augum að hefja framkvæmdir við Sultartangastíflu af fullum krafti vorið 1982, þannig að hún verði fullgerð ekki síðar en 1983.

Í till. þeirri, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi um virkjanir, eru þessar framkvæmdir á Þjórsársvæðinu fyrsti liðurinn, orkuöflunarframkvæmdir á Þjórsár- og Tungnársvæðinu, *sem auki núverandi afkastagetu allt* að 750 gwst. á ári. Eins og hæstv. iðnrh. tók fram er í öllum fjárhagsáætlunum Landsvirkjunar og að sjálfsögðu þeim, sem við höfum hér til meðferðar á Alþingi, gengið út frá þessu. Iðnrn. hefur óskað eftir vissum upplýsingum frá Landsvirkjun. Þær ættu að geta legið fyrir innan nokkurra daga. Ég vil aðeins undirstrika að það er engin breyting á þeim fyrirætlunum og ákvörðunum sem áður hafa verið teknar, að strax á næsta vori hefjist þessar framkvæmdir á Þjórsársvæðinu.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Það, sem veldur því að ég stend upp nú, eru þau orð hæstv. iðnrh. hér úr ræðustól í hv. deild áðan, að hann ber það á okkur stjórnarandstöðuþm. að við séum að sá fræ kornum úlfúðar í þingsölum. Væntanlega á hann við þær umr. sem hafa orðið undanfarna daga. Þær hafa ekki verið að ófyrirsynju. Þegar höfð eru í huga þau vandamál, sem við horfum á að fram undan eru um næstu áramót, er vert á að minnast að þrír hæstv. ráðherrar hafa verið með sitt hvora lausnina á þessum vanda, bæði innan þings og reyndar í því sem sum stjórnarstuðningsblöðin hafa kallað „blaðrið utan þings". Þannig má segja að hæstv. *félmrh. vilji leysa sjómannadeiluna með því að fella* niður olíugjaldið. Hæstv. forsrh. leitar að lausn sem er einhvers staðar annars staðar en í hækkun fiskverðs eða þá með því að búa til mörg fiskverð. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir, að hann vilji fara gengislækkunarleið. Rétt í því, að hæstv. iðnrh. ber það á okkur að við séum að sá fræi úlfúðar í þingsölum, stendur upp einn stjórnarstuðningsþm., hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, og tekur heldur betur undir ráðh. — eða fannst hv. þm. það? Ónei. Hann sagði að það væri sjálfur hæstv. ráðh. sem hvað mest hjálpaði stjórnarandstöðunni hér innan þingsala og að vinstri hönd hans vissi ekki hvað sú hægri gerði. Hv. þm. Eggert Haukdal benti einnig á ræðu sem flutt var af flokksbróður hæstv. ráðh. hér í deildinni fyrir nokkrum kvöldum. Ekki var stjórnarandstaðan þá að sá fræjum úlfúðar og tortryggni á milli þm. eða hæstv. ríkisstj. Auðvitað munu lengi verða í minnum höfð hér í þingsölum þau orð hv. þm. Eggerts Haukdals, sem hann viðhafði um þennan ráðh. sinn, sem hann studdi til valda og styður enn í valdastól, að það mundi verða mikið bál, en það mundi ekki veita mikinn varma, ef tendrað væri bál í öllum þeim möppum sem ráðh. væri búinn að safna að sér. Það mætti ætla að samkv. þessu væru þessir tveir þm., hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Eggert Haukdal, komnir í stjórnarandstöðu. Það má vel vera að það séu fleiri. Fer þá að vænkast hagur strympu og fer að verða álitamál hvort ekki sé orðið tímabært að flytja hér vantrauststillögu ef hæstv. ríkisstj. er komin í minni hl. *hér í hv. deild.*

Ég fæ ekki séð að hæstv. forsrh. hafi í einu eða neinu svarað fsp. hv. þm. Eggerts Haukdals sem hann bar fram við hæstv. iðnrh. Lagði hæstv. iðnrh. þetta bréf fyrir ríkisstj. áður en hann sendi það þangað sem það fór? Það var meginspurning hv. þm. Eggerts Haukdals. Það kemur ekkert svar fram við því enn þá. Er hæstv. iðnrh. enn þá út og suður í öllum sínum aðgerðum, eins og hans

eigin stuðningsmaður bar á hann hér í ræðustól áðan?

Sigurður Óskarsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gaf í skyn í ræðu sinni áðan að fsp. þessi væri fyrst og fremst byggð á frétt Morgunblaðsins. Það er alveg rétt. Morgunblaðsfréttin er upphaf þess að fsp. kemur fram. En að sjálfsögðu skal ég upplýsa að ég hef í fórum mínum bæði þau bréf, sem hér hafa komið til umr., og eins hef ég í morgun og áður en ég lagði fram þessa fsp. kynnt mér hver voru viðbrögð þeirrar stofnunar sem fékk bréf iðnrn. sem dags. er 16. þ. m.

Nú hefur hv. þd. hlýtt á boðskap hæstv. iðnrh. um þetta mál. Það kemur mér ekki á óvart að í svarræðu sinni reyndi hann að breiða yfir bollaleggingar um frestun framkvæmda við Sultartanga. Það er alveg ljóst, eins og reyndar hv. alþm. Birgir Ísl. Gunnarsson kom hér inn á, að í bréfi iðnrn. eru áherslur með ólíkindum. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur nauðsynlegt að tryggja sem best rekstraröryggi og raforkuframboð í landskerfinu á næstu árum og óskar eftir mati Landsvirkjunar á orkuþörf á árunum 1982—1984 í ljósi ofangreindra viðhorfa."

Það, sem hér er að gerast, er einfaldlega það, að með tregðu til ákvarðana um hvers konar stóriðjuframkvæmdir hefur hæstv. ríkisstj. undir leiðsögn hæstv. iðnrh. í þessum málum tekist að koma í veg fyrir ákvarðanir um byggingu orkufrekra fyrirtækja eða stækkun þeirra sem fyrir eru. Að því loknu og við þær aðstæður sem ríkja virðist bollalagt um að fresta framkvæmdum við Sultartanga um a. m. k. eitt ár og til að sýna í bréfinu tilburði varðandi öryggisatriði þessara framkvæmda er á þau minnst lítillega og gersamlega samhengislaust við aðalatriði þessa bréfs.

Hæstv. iðnrh. virðist aukaatriði að tryggja öryggi Búrfellsvirkjunar og notenda á orkuveitusvæði Landsvirkjunar og hæstv. iðnrh. er algert aukaatriði það fólk sem treystir á atvinnu við framkvæmdir við Sultartangastíflu. Á þetta fólk eða vanda þess er ekki einu orði minnst í bréfi frá hv. iðnrh. Hin félagslega hlið þessa máls er ekki skoðuð. Vandamál sunnlenska vinnumarkaðarins og lífsafkoma hundraða verkamanna eru léttvæg fundin á taflborði þeirra sem hér ráða ferðinni. Allt tal hæstv. iðnrh. um verkefni til handa sunnlensku virkjunarfólki næsta sumar virðist hafa orðið til gegn betri vitund.

Hér er nú verið að bollaleggja um frestun Sultartangastíflu og leitað með logandi ljósi, að því er virðist, að frambærilegum ástæðum til þess. Ég skora á alla þm. Suðurl. að stöðva þær hugmyndir sem virðast vera uppi um að framlengja atvinnuleysi sunnlenskra verkamanna sem nú bíða heima eftir því að þessar framkvæmdir hefjist næsta vor, og ég skora einnig á aðra þm., sem eru umbjóðendur þess fólks sem á að búa við orku frá orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Þetta fólk er ekki öruggt með starfsemi sína og heimili sín fyrr en þessi framkvæmd hefur átt sér stað.

Herra forseti. Ég vil að lokum vekja athygli á því, að fsp. hv. þm. Eggerts Haukdals varðandi það, hvort ríkisstj. beri í heild ábyrgð á þessu bréfi eða hvort þetta er „prívat"-framkvæmd iðnrn., hefur ekki verið svarað.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er ekki að ófyrirsynju að þessar umr. fara fram. Hér er um að ræða einu umtalsverðu nýframkvæmdina sem til hefur staðið að vinna í valdatíð hæstv. núv. iðnrh., og nú stendur til að fresta þeirri framkvæmd eins og öllum öðrum framkvæmdum í orkumálum í hans tíð. Þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. forseta þessarar deildar. Hvenær áformar hann að þessum umr. verði haldið áfram? Ég óska eftir að þeim verði haldið áfram þannig að tími gefist til að fá svar við spurningu hv. þm. Eggerts Haukdals áður en menn fara í jólafrí.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þessari umr. verður haldið áfram við fyrstu þóknanlega hentugleika.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 242 (sbr. 58)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga sem nú hefur hlotið afgreiðslu frá hv. Ed. og kemur hér til 1. umr. Lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 var lögð fram í nóvembermánuði s. l. Í tengslum við hana var síðan lagt fram frv. til lánsfjárlaga þar sem leitað er heimildar Alþingis til þeirrar lántöku sem óhjákvæmileg er vegna A- og B- hluta fjárlaga, vegna fyrirtækja með eignaraðild ríkissjóðs og vegna lántöku sveitarfélaga og lántöku lánastofnana sem ríkið hefur milligöngu um.

Það má ræða um lánsfjáráætlun í víðari og þrengri merkingu. Segja má að lánsfjáráætlun í þrengri merkingu sé áætlun ríkisins og ríkisstofnana ásamt áformum sveitarfélaga og opinberra lánastofnana um lántökur. Lánsfjáráætlun í víðari merkingu er síðan áætlun um allar aðrar lántökur í þjóðfélaginu sem hugsanlega leiða til erlendrar lántöku. Hið fyrra er ákvörðun um lántökur einkaaðila.

Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir erlendum lántökum vegna opinberra aðila og vegna einkaaðila. Eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Ed., nema erlendar lántökur samtals 2235 millj. kr. Til samanburðar er rétt að nefna lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 þar sem um var að ræða lántökur að upphæð 1735 millj. Hækkunin er 500 millj. kr. frá lánsfjáráætlun seinasta árs og er það 29% hækkun milli ára. Til samanburðar er rétt að hafa það í huga, að lánsfjáráætlun er miðuð við 33% verðlagshækkun milli áranna 1981 og 1982. Er því ljóst að magn erlendrar lántöku á árinu 1982 er minna en nemur verðlagshækkun milli ára sem nemur nokkrum prósentustigum.

Í umr. um lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 og í grg. frv. til lánsfjárlaga og í heimildarákvæðum þess frv. er nokkuð vikið að framkvæmd lánsfjárlaga fyrir árið 1981. Þar kemur fram að áætlað er að lántökur vegna lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 nemi 166 millj. umfram niðurstöðutölur lánsfjáráætlunar fyrir það ár. Þó er rétt að benda á að þessi tala er kannske dálítið villandi vegna þess að í lánsfjáráætlun fyrir árið 1981 var full heimild til að „konvertera" lánum vegna Kröfluvirkjunar að upphæð 33 millj. og einnig full heimild til að „konvertera" lánum Orkusjóðs vegna byggðalína upp á tæpar 36 millj. Ljóst er því að til þess að átta sig á hvað við hefur bæst á árinu 1981 umfram raunverulega lánsfjáráætlun verður fyrst að draga frá þessar „konverteringar", sem fullar heimildir voru fyrir í lánsfjárlögum seinasta árs. Þær

nema þá samtals um 69 millj. svo að raunveruleg viðbót við lánsfjáráætlun 1981 er um 97 millj. Rétt er að taka það fram, að með samþykkt lánsfjárlaga er aflað heimilda til þeirrar lántöku sem ekki er skýr heimild fyrir í öðrum lögum.

Ríkisstj. hafði fulla heimild til mjög margrar lántöku sem átt hefur sér stað á árinu 1981, eins og t. d. láns til Járnblendifélagsins, sem nam 16 millj., og lána vegna stofnkostnaðar virkjana, sem námu 37.4 millj., en heimild til þeirrar lántöku var í virkjunarlögum sem samþykkt voru á s. l. vori hér á hv. Alþingi. Það, sem ekki er heimild fyrir, er sett inn í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982 og leitað heimildar Alþingis fyrir þeirri lántöku. Meðan Alþingi hefur ekki samþykkt þær heimildir er um að ræða bráðabirgðafyrirgreiðslu frá Seðlabankanum. Sú fyrirgreiðsla verður ekki formlega frá gengin með langtímaláni nema Alþingi veiti formlega heimild til þess, annaðhvort í lánsfjárlögum eða í fjárlögum. Nú er mjög tvísýnt um hvort tekst að afgreiða lánsfjárlög fyrir jólaleyfi. Þótt það hafi verið ásetningur ríkisstj. og fullur vilji, þá er óljóst hvort það tekst. Ég tel að rétt væri, ef menn sæju fram á að lánsfjárlög næðu ekki afgreiðslu fyrir jól, að veitt væri þá heimild í 6. gr. fjárlaga til að ganga frá þeim lánum sem ófrágengin eru í Seðlabanka, vegna þess að formlega heimild hefur vantað til þess og varðar lánsfjárlög fyrir árið 1981.

Eins og kom fram í umr. um málið í Ed. vantar töluvert mikið upp á að aflað hafi verið þess lánsfjár frá innlendum lífeyrissjóðum sem áformað var. Afleiðing þessa hefur orðið sú, að orðið hefur að skera áform lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 nokkuð niður. Gildir það þá einkum um lánsfjáröflun til Framkvæmdasjóðs og þar með til stofnlánasjóðanna, en þar var fjárvöntun upp á rúmar 60 millj. kr. Var hún leyst vegna þessarar fjárvöntunar frá lífeyrissjóðunum á þann veg, að 25 millj. voru teknar að láni erlendis í samræmi við þær heimildir sem Framkvæmdasjóður hefur, en afgangurinn kemur fram sem niðurskurður á fjármagnsútvegun til stofnlánasjóða í fullu samræmi við ákvörðun stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins og með samþykki ríkisstj.

Við undirbúning lánsfjáráætlunar og meðferð málsins á Alþingi hefur mjög ítarlega verið fjallað um lánsfjármögnun frá lífeyrissjóðum og er auðvitað tilefnið það, hversu illa hefur til tekist á þessu ári að afla þess fjár sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir. Uppi voru áform um að hækka lögbundin skuldabréfakaup lífeyrissjóða úr 40 í 45% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og auk þess að herða þau ákvæði laga verulega sem lúta að kaupskyldu sjóðanna. Þessi áform mættu hins vegar verulegri andspyrnu af hálfu lífeyrissjóða, og þar sem ríkisstj. lítur svo á, að það sé afar þýðingarmikið að gott samkomulag sé áframhaldandi við forustumenn lífeyrissjóða og ekki komi til alvarlegra árekstra þar í milli, og þar sem segja má að mjög merkileg þróun hafi átt sér stað á undanförnum árum í þá átt, að lífeyrissjóðir taki vaxandi þátt í lánsfjármögnun sameiginlegra þarfa landsmanna gegnum lánsfjáráætlun, þá varð að ráði að falla frá þessum áformun og breyta þeim ákvæðum sem upphaflega höfðu verið á dagskrá. Þó er rétt að vekja athygli á því, að 29. gr. lánsfjárlaganna hefur tekið verulegum breytingum við meðferð málsins í Ed. Þar er komið nýtt ákvæði, sem snýr að lífeyrissjóðunum, sem er allmiklu ákveðnara og ítarlegra en verið hefur fram að þessu varðandi kaupskyldu þeirra. Það er að vísu enn miðað við 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða. En það eru miklu ítarlegri fyrirmæli um það, hvernig leita skuli eftir samkomulagi við lífeyrissjóði og hvernig reynt skuli að áætla sem best ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna, og einnig eru heimildir til þess að bjóða eða ákveða ívilnun í kjörum þeirra skuldabréfa sem keypt eru á tilskildum tíma. Þetta á að vera hvati til forustumanna lífeyrissjóða að gera kaup á skuldabréfum snemma á árinu og að standa við þær áætlanir sem gerðar eru. Fleiri ákvæði eru í þessari grein sem nýmæli geta talist, og vísa ég í þskj. 242, þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem orðið hafa á 29. gr. lánsfjárlaganna.

Það er rétt að vekja athygli á því, að ýmsar fleiri mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á lánsfjárlögum í meðferð málsins í Ed. Upphæðir hafa hækkað og er meginástæðan sú, að ekki er gert ráð fyrir jafnmiklu lánsfé frá lífeyrissjóðum og áður var reiknað með, og hlýtur það að hafa áhrif til hækkunar á erlendum lántökum. Auk þess er gert ráð fyrir að aflað verði láns, sem ég vænti að verði innlent lán, til að standa straum af lánum Byggðasjóðs til fyrirtækja á sviðum útgerðar og fiskvinnslu og hugsanlega iðnaðar vegna rekstrarerfiðleika. Það mál hefur verið rætt töluvert hér á Alþingi og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það.

Eins er rétt að vekja athygli á því, að við meðferð málsins í Ed. var fellt út ákvæði lánsfjárlaga um skerðingu á framlögum ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs, en það ákvæði er nýmæli í lánsfjárlögum. Félagsheimilasjóður hefur ekki verið skertur undanfarin ár, enda er hann dálítið sérstaks eðlis, og það varð að samkomulagi í Ed. að fella niður þetta skerðingarákvæði, sem mun vera 22. gr. upphaflega frv.

Eins vil ég vekja athygli á ákvæði, sem nú er 13. gr. lánsfjárlaga, þar sem segir að framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs á árinu 1982 megi renna til Stofnfjársjóðs fiskiskipa. Tillaga þessa efnis var borin fram í Ed. af hæstv. sjútvrh. og mér og var samþykkt.

Herra forseti. Ég sé ekki að öðru leyti ástæðu til að fjölyrða um þetta frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. frestað.

Neðri deild, 29. fundur.

Föstudaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 177, n. 248, 249). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. fékk til meðferðar seint í gærkvöld 150. mál þessarar deildar. Kom nefndin saman til fundar snemma í morgun til að freista þess að afgreiða málið frá sér. Ég vil taka það fram, að að sjálfsögðu er hér um allt of skamman tíma að ræða, og ég vil þakka sérstaklega nm. hvað þeir tóku vel í það að taka þátt í því að nefndin freistaði þess að ljúka málinu.

Nefndin telur að hér sé um alvarlegt mál að ræða sem stefni nokkuð í hættu þeim iðnaði sem hér hefur risið upp

til framleiðslu á húseiningum, en hins vegar séu vissir annmarkar á máli þessu. Það var t. d. lagt til í 4. mgr. frv., að ráðh. skuli heimilt að leggja jöfnunarálag á aðra innflutta vöruflokka til þess að vega upp á móti uppsöfnuðum aðflutningsgjöldum. Það er nauðsynlegt að þetta atriði falli ekki niður. Það liggur fyrir að það geta verið ýmsir aðrir vöruflokkar sem þyrfti að vera hægt að meðhöndla með sama hætti. Að vísu eru ýmsar aðrar heimildir sem kunna að vera nægilegar í þeim efnum. En þetta og ýmislegt annað þarfnast nánari athugunar. Þess vegna taldi nefndin að ekki væri rétt að lög þessi giltu lengur en til ársloka 1982. Vill hún með því ítreka að áfram verði unnið að málinu og það lagt að nýju fyrir Alþingi.

Á fund okkar í morgun komu ráðuneytisstjórar fjmrn. og viðskrn., fulltrúar frá Landssambandi iðnaðarmanna, formaður þess og framkvæmdastjóri. Nefndin hafði einnig boðað til fundar við sig fulltrúa frá Verslunarráði Íslands. Þeir gátu því miður ekki komið, en hafa komið á framfæri við hv. alþm. ábendingum varðandi mál þetta þar sem þeir fara þess á leit við Alþingi, að afgreiðslu málsins verði frestað. Það komu ýmsar gagnlegar ábendingar fram hjá Verslunarráði Íslands og sjálfsagt að taka þær til athugunar. En með tilliti til þess, sem ég hef áður rakið, hvernig málum er komið, vildi nefndin ekki bera ábyrgð á að málið gæti ekki náð fram að ganga fyrir jól, en leggur á það mikla áherslu, að málið verði endurskoðað í ljósi þess sem fram hefur komið bæði hér í umr. á Alþingi og í ýmsum athugasemdum sem borist hafa. Ég veit að margir hv. þm. eru þessarar skoðunar, þó að ég vænti þess, að þeir og jafnvel ráðherrar sjái sér fært að spara umræður um málið eins og nokkur kostur er, til þess að það megi ná fram að ganga.

Nefnin leggur til að frv. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 249,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
— 249,2 (ný 2. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 76, n. 226, 227, 236). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn. sem er að finna á þskj. 226. Nefndin hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49/1981, um Framkvæmdasjóð aldraðra. Hér er um að ræða framlengingu á álagningu sérstaks skatts sem nota skal til uppbyggingar stofnana fyrir aldraða. Þær breytingar, sem er að finna í hinu nýja frv., eru í fyrsta lagi að nú er skattur þessi 200 kr. í stað 100 kr. á síðasta ári. Þar sem heildarendurskoðun á löggjöf um þjónustu fyrir aldraða hefur ekki verið lögð fram þótti nauðsynlegt að framlengja þennan skatt og jafnframt að hækka hann í 200 kr. Í 1. brtt. á þskj. 227 er breytt tölunni sem áður var 37 500 kr. og er lágmarkstekjuskattsstofn þeirra sem greiða skulu þennan skatt, og er sú tala nú 45 000 kr. Þessi breyting var gerð í samráði við Gest Steinþórsson skattstjóra í Reykjavík og samkvæmt hans ábendingu. Þá er nýmæli einnig í 1. gr. í brtt. n. á þskj. 227, að þetta gjald skal fella niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

2. brtt. n. er að á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

„Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsgr. sem orðist svo:

Fjmrn. skal skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega, á innheimtuárinu, 1/4 af áætluðum tekjum sjóðsins samkv. þessari grein.“ Nefndin telur nauðsynlegt að binda þetta í lögum þar sem í ljós hefur komið að tekjur sjóðsins hafa tilhneigingu til að koma inn mjög seint og getur það tafið veitingar úr sjóðnum.

3. brtt. á þskj. 227 er við 3. tölul. 2. gr., en 3. tölul. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Að greiða hlutdeild ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 57/1978, í byggingu sveitarfélaga á stofnunum fyrir aldraða, sbr. 3. gr. stafliði a) og b). Aftan við þetta bætist: „enda greiði ríkissjóður framlag beint í Framkvæmdasjóð, sbr. 2. tölul. 2. gr.“ Í þessu er raunverulega fólgið að verið er að tryggja að skattlagningin, sem er uppistaðan í tekjum Framkvæmdasjóðs, markaður tekjustofn, sé ekki notuð til þess að greiða ríkisframlag til byggingar sjúkrastofnana sem hvort sem er hefði átt að greiða að 85%.

Einn nm., hv. þm. Magnús H. Magnússon, skrifaði undir nál. með fyrirvara og hefur lagt fram brtt. ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur og Karvel Pálmasyni. Mun Magnús gera grein fyrir þeim breytingum. Heilbr.- og trn. fékk til viðtals við sig Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra og — eins og áður er sagt — Gest Steinþórsson skattstjóra og kann þeim þakkir fyrir aðstoðina. Að öðru leyti mæla sex nm. með því að frv. nái fram að ganga.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skal stytta mál mitt. Ég er vissulega samþykkur því hlutverki sem þessi sjóður hefur, en ég er óánægður með álagningu skattsins. Nefskattar eru bæði ranglátir og dýrir og erfiðir í álagningu og reyndar ekki síður í innheimtu. Hátekjumenn eiga að greiða meira en þeir sem lægstar hafa tekjurnar eða lágar tekjur hafa. Á þessu ári var þetta gjald lagt á þúsundir gamalmenna og unglinga sem engan annan skatt höfðu, og skattstjórar höfðu ekki heimild til að fella þetta gjald niður, hversu bág sem kjörin voru. Út af þessu urðu því mjög mikil leiðindi í mörgum tilvikum og ástæðulaust með öllu að vera að stofna til þess. Þetta hefur talsvert mikið verið lagfært í heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar þannig að þetta er ekki eins slæmt og verður vonandi ekki eins slæmt og það var á þessu ári. Eftir sem áður er skatturinn ranglátur og miklu ranglátari en ef hann kæmi sem viðbót við tekjuskatt, hlutfallsleg uppbót við tekjuskatt, eins og ég hef leyft mér að leggja til á sérstöku þskj. ásamt hv. þm. Karvel Pálmasyni og hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur.

Auk þess finnst mér satt að segja fáránlegt að við skulum núna vera að fjölga nefsköttum á sama tíma og til stendur að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Staðgreiðslukerfi skatta getur ekki náð til nefskatta, en á afskaplega auðvelt með að taka til skatta eins og við leggjum til í brtt. á þskj. 236.

Ég er sem sagt mjög samþykkur hlutverki sjóðsins en ósammála því, hvernig gjaldið er lagt á.

ATKVGR.

Brtt. 227,1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 236,1 kom ekki til atkv.
Brtt. 236,2 tekin aftur.
Brtt. 227,2 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 227,3 samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. (verður 3. gr.), svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Neðri deild, 30 fundur.

Föstudaginn 18. des., að loknum 29. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 259). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 260). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 28. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 1.30 miðdegis.

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103, n. 245). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og á sama hátt og nefnd Nd. mælti einhuga með því, að frv. yrði samþykkt, leggur þessi nefnd einnig til að svo verði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104, n. 246). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mér er það sérstök ánægja að mæla fyrir nál. hv. fjh.- og viðskn. sem einróma leggur til að mál þetta verði samþykkt.

Þetta er smávægilegt hagsmunamál fyrir samvinnuhreyfinguna, en vissulega er ástæða til að huga að því, að sú merka hreyfing á í skipulagslegum erfiðleikum og fjárhagslegum eins og flest fyrirtæki á Íslandi meira og minna. Ég hef um alllangt skeið, eins og menn kannske vita sumir hverjir, raunar á þriðja áratug, reynt að berjast fyrir því að endurskipulagning yrði í íslenskum atvinnufyrirtækjum og að endurlífgaður yrði sá áhugi sem var á félagarekstri hér snemma á öldinni þegar ný hlutafélagalög og samvinnufélög voru sett. Á grundvelli þeirra laga hefur atvinnulíf Íslendinga verið meira og minna upp byggt, hvort heldur var í hlutafélagaformi, hreinum einkarekstri eða samvinnurekstri.

Fyrir rúmlega tveim árum voru samþykkt ný lög um hlutafélög, hin merkustu lög. Í framhaldi af því flutti ég þáltill. um endurskoðun á samvinnufélagalögum sem samþykkt var af Alþingi, og nú fer einmitt fram endurskoðun þeirrar löggjafar. Í eðli sínu eru samvinnufélög og almenningshlutafélög mjög skyld og eiga að geta starfað hlið við hlið að uppbyggingu íslenskra atvinnuvega og í þeim tilgangi að bæta lífskjör þjóðarinnar. Það þarf nauðsynlega að samræma löggjöf í þessu efni og vekja tiltrú manna á félagarétti, á dreifingu þjóðarauðs og áhrifa yfir fjármagni þannig að sem allra flestir geti orðið þátttakendur í atvinnurekstri. Þetta tel ég að eigi að gera bæði með aukningu og eflingu samvinnufélaga og sérstökum skipulagsbreytingum í þeim félagsskap og eins með því að efla og stofna almenningshlutafélög sem helst allir landsmenn gætu orðið aðilar að.

Mér er það sérstkalega minnistætt, að á merkri ráðstefnu, sem haldin var um félagarétt í Bifröst fyrir um áratug eða svo, var sérstaklega rætt um skipulag samvinnuhreyfingarinnar annars vegar og almenningshlutafélaga hins vegar. Mér fannst að við tveir, sem fluttum þar erindi og tókum þátt í umr., ég og forstjóri Sambands ísl. samvinnufélaga, værum meira og minna sammála um hvernig byggja mætti upp hlið við hlið þessi tvö félagaform þannig að þau gætu starfað í samkeppni og á jafnréttisgrundvelli. Þetta er áreiðanlega eitt af meginviðfangsefnum okkar Íslendinga á næstu misserum og árum þegar rétta þarf við atvinnulíf þjóðarinnar sem nú er verið að keyra á kaf, eins og alkunna er og jafnvel stjórnarsinnar eru að gera sér grein fyrir, einkum og sér í lagi, hygg ég, framsóknarmenn. Síðustu tvo mánuðina hafa þeir sagt að þeir væru að sjá málin í öðru ljósi. Það verður því sameiginlegt átak íslensku þjóðarinnar að rétta við atvinnulífið og það á að gerast í mismunandi félagsformum sem starfa á jafnréttisgrundvelli. Vonandi verða skipulagsmál Sambandsins ekki einungis rædd, eins og mikið er gert að nú, í röðum samvinnumanna,

heldur og annarra, því að samvinnumenn erum við kannske öll að vissu marki. Út úr þeirri viðræðu verður vonandi aðhafst í málunum og skipulaginu breytt og félögin efld til nýrra átaka.

Þetta mál er sem sagt aðeins eitt lítið mál, sem er í þágu samvinnurekstrarins og samvinnufélaganna, en stóru skrefin eru eftir og við skulum vona að þau verði tekin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99, n. 244, 252 og 253). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta mál hefur áður verið til umr. hér á Alþingi og að þessu sinni leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt á líkan hátt og áður og þetta gjald þar með framlengt. Það er óþarfi að rekja sögu þess hér. Hún er öllum kunn hér á þinginu og ég sé ekki ástæðu til að rekja hana nánar hér. Ég mæli hins vegar með því að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Þegar mál þetta var hér til 1. umr. dró til nokkurra tíðinda, eins og menn minnast, þar sem hæstv. fjmrh. var ekki við höndina til að spyrja hann spurninga og ræða lítillega við hann. Þá lýsti hæstv. forseti því yfir, að hann mundi gæta þess að við 2. umr. yrði ráðh. hér til svara og til að hlusta á mál manna. Nú er hæstv. ráðh. ekki í húsinu, að mér sýnist á ljósi hans hér frammi, en ég tek sérstkalega fram, að ég geri enga kröfu til þess að hann sé viðstaddur þessa umr. þar sem sýnilegt er að ríkisstj. hefur þegar ákveðið þær aðgerðir og það framhald sinnar stefnu, að menn í stjórnarliðinu nenna sjálfsagt ekki að hlusta á það sem við sjálfstæðismenn vildum leggja til þessara mála. Engu að síður ætla ég mér að fara um málið örfáum orðum.

Að því er tímabundna vörugjaldið varðar er það orðinn gamall félagi okkar og hefur verið hækkað mjög mikið frá því sem upphaflega var. Það var gerð tilraun til þess fyrir hátíðarnar 1977 að byrja lækkun þessa gjalds. Það var lækkað þá lítið eitt sem vísbending um það, að þáv. stjórn hygðist reyna að byrja að lina á skattheimtu í þjóðfélaginu. Vildu margir að stærra skref yrði þá tekið, en þá var þó stefnt í rétta átt, enda var þá verðbólga á niðurleið og ýmislegt horfði til góðs í þjóðfélaginu. Því var síðan öllu kollvarpað með „sólstöðusamningunum" 1978 og því samsæri sem þá var gert, eins og alkunna er. En það var eitt af verkum ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar um það leyti sem vinstri stefna hóf innreið sína í íslenskt þjóðlíf í algleymingi sem varað hefur til þessa dags og farið sívaxandi með þeim afleiðingum sem öllum eru nú að verða ljósar, að hækka þetta gjald. Ýmis gjöld önnur voru þá líka hækkuð mjög mikið. Síðan hefur stefnan verið sú að færa fjármagn frá atvinnufyrirtækum og einstaklingum, sveitarfélögum og öðrum stofnunum í þjóðfélaginu í sem ríkustum mæli til ríkisins með þeim afleiðingum að verðbólgan er sívaxandi og er hraði hennar nú líklega meiri en nokkru sinni áður í sögu þjóðarinnar.

Í umr. um brbl. ríkisstj. frá gamlársdegi í fyrra lögðum við sjálfstæðismenn fram brtt. sem vísbendingu um hvert við vildum stefna í íslenskum efnahags- og atvinnumálum. Hún var kannske ekki mikil í sniðum þó að hún væri öllu stærra skref en 1977 þegar byrjað var aðeins að lina á skattáþján. Við lögðum þá til að skattvísitala yrði rétt þannig, að tekjuskattar og eignarskattar hækkuðu ekki frá því sem verið hafði að raungildi. Við lögðum þá til að vörugjald yrði lækkað úr 24% í 18%, við lögðum til að söluskattur yrði lækkaður um 2% eða söluskattsviðauki, eins og það heitir nú víst í lögum, og við lögðum til að nýir skattar á sælgæti og gosdrykki yrðu niður felldir. Þetta taldist okkur til að mundi þýða að verðbótavísitala, sem miðaðist við 1. maí og átti að greiðast 1. júní á þessu ári, mundi verða 2% lægri en ella. Þessi eina aðgerð hefði orðið þess valdandi, að mjög auðvelt hefði verið án frekari kjaraskerðinga en urðu með áramótalögunum að halda vísitölustigi verulega innan við 40% þannig að það yrði þá um raunverulega niðurtalningu að ræða. En stjórnarliðar hlustuðu ekki á okkur þá og ætla sýnilega ekki að gera nú og þess vegna flyt ég hér mun styttri ræðu en ég ella hefði gert ef hæstv. ráðherrar hefðu sýnt okkur þá tillitssemi að vera mættir þegar mikilvæg mál eru hér rædd. — Það er sérstaklega hæstv. forsrh., sem á sæti hér í deild, sem sést yfirleitt ekki við sín skyldustörf hér. Harma ég það auðvitað ekki vegna þess að hann mundi ekki heyra hvað ég segði eða aðrir þeir sem vilja benda á skynsamlegar leiðir til þess að leitast við að vinna bug á verðbólgu. Hann byggir öll sín sjónarmið og málflutning á rangtúlkunum og einhverri trú að mér heyrist jafnvel trúir stundum því sem hann segir, — einhverri trú á að vel hafi farnast í hans stjórnartíð.

Fyrir ári létum við sjálfstæðismenn ýmsa aðila vinna fyrir okkur að margháttuðum útreikningum og héldum nær daglega fundi í þingflokki fyrstu vikur þessa árs til að marka okkar stefnu í efnahags- og verðbólgumálum og birtum með brtt. okkar og málflutningi, þar sem við bentum á, að ríkið yrði að koma til móts við borgarana og atvinnulífið, og töluðum um að ríkið yrði að slaka á klónni, — þá birtum við tillögur okkar um að hægja verulega á verðbólguhraða hinn 1. júní með því að lina örlítið á skattheimtu. Allir reikningar bentu til þess, að verðbólga hefði orðið sæmilega viðráðanleg á þessu ári ef einungis hefði verið stigið þetta litla skref. En við létum líka athuga hvað það mundi kosta ríkissjóð í glötuðum tekjum að ná verðbólgu niður í svipað stig og hún er í nágrannalöndunum, 12-18% eða slíkt. Þessir útreikningar voru gerðir af mörgum aðilum og mönnum bar nokkurn veginn saman um að það mundi kosta ríkið í tekjumissi á þeim tíma um það bil 13 milljarða gkr. að ná verðbólgu niður um hvert stig, en síðan yrðu að sjálfsögðu margfeldisáhrif af þessari lækkun verðbólgustigsins eins og margfeldisáhrifin eru rík við hækkun um hvert verðbólgustig. Það lét nærri og mönnum bar saman um það, að ef ríkið gæti misst af þeim tekjuauka sem það hefur haft af aukalegum skattlagningum frá 1978, þeim sköttum sem við hafa bæst frá þeim tíma, væri með þeim hætti auðvelt að ná verðbólguhraðanum á

þessu ári niður í 12-18 stig í árslokin án þess að skerða nokkurs manns kjör. Þetta var sem sagt hægt ef ríkið gat hætt að innheimta þá nýju skatta sem á höfðu verið lagðir á þessum nýja vinstristjórnartíma. Þetta birtum við meira og minna í ræðum okkar og málflutningi og er sumt af þessum útreikningum aðgengilegt.

Við hugðumst við 1. umr. þessa máls benda á þessa leið, hvort hugsanlegt væri nú að jafnvel gæti tekist samstaða um það á Alþingi að sýna í verki, þannig að fólkið fengi trú á það, að hugmyndin væri að ganga til raunverulegrar niðurtalningar, það ætti ekki að sigla inn í stóraukna verðbólgu, eins og fyrirsjáanlegt er nú og allir sammála um að um sé að ræða, heldur gefa fólkinu trú á að einhver annar valkostur væri. Ráðherrar hafa ekki séð ástæðu til að hlusta á þessi sjónarmið og munu áreiðanlega ekki gera meðan þessi stjórn situr. Engu að síður vildi ég vekja athygli á því og greina hæstv. forseta og þm. frá því, hvað fyrir okkur vakti þegar við óskuðum eftir að hæstv. fjmrh. sinnti þingskyldum sínum og mælti sjálfur fyrir frv. úr því að hann var á næstu grösum.

En umr. um þessi mál bíður betri tíma. Það er enginn vandi að breyta um stefnu. Ég sagði víst í umr. í gær að það mætti hafa mið af aðgerðum núv. hæstv. ríkisstj. og eins af þeirri vinstri stjórn sem mynduð var 1978, sem er nú í rauninni ein og sama stjórnin, þó að persónur séu aðrar, og gera flest öfugt við það sem hún hefur gert.

Þessi stefna, að sölsa ætíð meira af fjármunum þjóðfélagsins inn í ríkishítina og ríkissjóðinn, hefur þegar leitt til ófarnaðar. Sú ofstjórnarstefna á sviði peningamála, þar sem menn halda að þeir geti með því einu að taka peningana af borgurunum, stofnunum þeirra og atvinnufyrirtækjum inn í ríkissjóð og seðlabanka, með því einu geti þeir haft svo sterka stjórn á fjármálunum að það sé hægt að ná verðbólgu niður, hún hefur reynst röng. Þetta er víst það sem sumir hagfræðingar hafa kallað peningamálastefnu eða „monetarisma" og mikið hefur verið skrifað um og var ætlað að gæti ráðið við verðbólgu í öðrum ríkjum sem er nú að vísu miklu minni. Ég held að flestir hafi nú fallið frá því, að þessi trúaratriði væru raunhæf. Þetta er að sumu leyti ekki ósvipað og hjá Margaret Thatcher í Bretlandi, en hún hóf feril sinn á því að hækka söluskatt úr 8% í 15% og dengja á stórfelldum orkuskatti ofan á olíuverðshækkanirnar og kynda þannig undir verðbólgu.

Það er sem sagt stefna Sjálfstfl., sem mörkuð var á fystu mánuðum þessa árs og hefur síðan verið í nánari útfærslu, að fara þveröfuga leið og skila aftur til borgaranna hluta þess ránsfengs sem til ríkisins hefur gengið, lækka bæði beina og óbeina skatta svo að við verðbólguna verði ráðið. Það hlýtur að verða hlutskipti sjálfstæðismanna og annarra frjálslyndra manna í þessu þjóðfélagi að feta þá braut þegar núv. hæstv. ríkisstj. geispar golunni.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. þm. tek ég fyllilega undir það með honum, að ég hafði reiknað með því og við hæstv. fjmrh. að hann yrði hér viðstaddur. Ég hefði að sjálfsögðu frestað fundi, ef hefði komið fram um það sérstök ósk, þangað til hann hefði komið. En ég vona að við séum sáttir, þó að á mismunandi grundvelli sé, um fjarveru hans úr deildinni.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hið tímabundna vörugjald átti aðeins að standa um takmarkaðan tíma. Í því fólust fyrirheit um afnám þess. Þetta er að mörgu leyti óheppileg skattheimta. Nú á enn einu sinni að framlengja það samkv. þessu frv. Ég er andvígur því, að það verði gert, og tel að tímabært sé orðið að afnema þetta tímabundna vörugjald og finna eðlilegri tekjugrundvöll fyrir ríkissjóð. Ég legg því til að frv. verði fellt.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vek athygli hv. dm. á því, að frv., sem hér er til umr., felur í sér m. a. hækkun á því tímabundna vörugjaldi frá hausti 1979 sem hefur verið framlengt undanfarin ár. Sú hækkun úr 18% í 24% leggur ein um 107 millj. nýkr. skattálögur á almenning á næsta ári. Það eru um 10.7 milljarðar kr. Allar skattahækkanir, sem orðið hafa síðan 1978, auka álögur á almenning um tæpar 931 millj. kr. eða 93.1 milljarð gkr. á næsta ári, en þetta jafngildir um 20 þús. kr. viðbótarálögum beinna og óbeinna skatta á hverja fimm manna fjölskyldu á árinu 1982. Þessu til viðbótar var fyrir skömmu heimiluð útsvarshækkun til sveitarfélaga og má áætla að hún leggi á menn 150 millj. kr. álögur á næsta ári.

Herra forseti. Ég ætlaði að tala við hæstv. viðskrh., ef hann mætti vera að því að doka við, og spyrja hann mjög einfaldra spurninga í tengslum við þetta mál.

Ég vek enn fremur athygli á því, að á sama tíma sem þessar miklu skattálögur hafa dunið yfir menn hafa þjóðartekjurnar ekki vaxið nema örlítið, þannig að að sjálfsögðu hafa þessar miklu skattálögur þrengt að mönnum og ekki síst þegar um er að ræða að þjóðartekjur hafa ekki vaxið og kaupmáttur taxtakaups hefur minnkað verulega.

En það var ekki tilgangur minn aðallega að vekja athygli á þessu, ég hef oft gert það áður og kom ekki í ræðustól að þessu sinni til þess, heldur af því að mér sýnist vera tími núna í tengslum við þetta mál til að ræða þessi skattamál örlítið nánar, þó að það sé ekki ætlun mín að efnt verði til neinna almennra umr. um skattamál.

Það kom fram í ræðu hæstv. viðskrh. við 1. umr. fjárlaga, að hæstv. ráðherrar Framsfl. hefðu haft fyrirvara um samþykkt frv. að því er varðaði ýmsar skattaálögur, sérstaklega á atvinnuvegina. Nú hefur það legið fyrir síðan við 2. umr. fjárlaga, að gert er ráð fyrir að þeir skattar, sem hæstv. ráðh. nefndi sérstaklega, launaskattur, skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og fleiri slíkir skattar, verði lagðir á samkv. tekjuáætlun fjárlagafrv. á sama hátt og áður. Þess vegna er það spurning mín til hæstv. ráðh., hvort hæstv. ráðh. Framsfl. hafi fallið frá þessum fyrirvörum eða hvort það sé ætlunin að endurskoða þessar skattaálögur síðar og hvernig það verði þá unnið upp fyrir ríkissjóð, annaðhvort með niðurskurði eða nýjum sköttum. En aðalatriðið er þetta: Hafa hæstv. ráðh. Framsfl. fallið frá þessum fyrir svörum sínum eða má búast við að þessum sköttum verði breytt?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal gjarnan svara hv. þm. Lárusi Jónssyni um þessi málefni.

Eins og ég skýrði frá við 1. umr. fjárlagafrv. höfðum við fyrirvara þegar fjárlagafrv. var samþykkt í ríkisstj. varðandi þessa sérstöku skatta, skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og launaskatt, og einnig gerðum við að umræðuefni að æskilegt væri að lækka aðstöðugjald af iðnaði þannig að það væri það sama og er á sjávarútvegi, þyrfti þá að lækka úr 1% niður í 0.65%. Ég hef ekki

breytt um skoðun á þessu á þessum tíma og tel að þetta væri æskilegt. Hvort samkomulag næst um það nú skal ég ekki um segja, en ég hef ekki breytt um skoðun á því, að þetta væri æskilegt að gera.

Ég hef ekki frekari svör varðandi þetta mál nú, en vil aðeins endurtaka það sem mína skoðun, að þessa skatta alla þarf að endurskoða.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég skil það svo, að það sé stefna Framsfl. að lækka þessa skatta, og ég fagna því sannarlega, að það eru fleiri en við sjálfstæðismenn sem lítum svo á að með þessari skattheimtu sé gengið feti framar en sæmilegt er og atvinnuvegunum mismunað að verulegu leyti einnig. Ég skil svar hæstv. ráðh. þannig, að það hafi ekki orðið samkomulag um þetta í ríkisstj. og því megi búast við því að þessir skattar verði óbreyttir a. m. k. um sinn.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 8:7 atkv.
2. gr. samþ. með 9:6 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:5 atkv.

Efri deild, 29. fundur.

Föstudaginn 18. des., að loknum 28. fundi.

Tímabundið vörugjald, frv. (þskj. 99). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 256).

Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja, frv. (þskj. 103). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 257).

Stofnlánadeild samvinnufélaga, frv. (þskj. 104). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 258).

Sameinað þing, 37. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 3 síðdegis.

Forseti tók öll dagskrármálin af dagskrá.

Sameinað þing, 38. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 3.35 síðdegis.

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 220). — Hvernig ræða skuli.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Samkomulag milli Íslands og Noregs um landgrunnið milli Íslands og Jan Mayen, þáltill. (þskj. 118, n. 235). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Mér er ánægja að vera frsm. hv. utanrmn. í þessu máli. Það náðist full samstaða og nm. eru allir sammála um að mæla með samþykkt þáltill. Með samþykkt þáltill. og staðfestingu samkomulagsins í báðum löndunum, Íslandi og Noregi, ætti full eining að ríkja með Íslendingum og Norðmönnum um hagnýtingu hafsins og hafsbotnsins milli Íslands og Jan Mayen. Á þessu svæði hafa Íslendingar frá upphafi talið sig eiga réttinda að gæta og kemur það t. d. glöggt fram í bréfi Jóns Þorlákssonar forsrh. 27. júlí 1927 til utanrrn. í Kaupmannahöfn, þar sem þess er óskað að sérstaklega sé tekið fram að Ísland sem næsti nágranni Jan Mayen eigi hagsmuna að gæta varðandi eyjuna. Í því bréfi er nefnt að þangað hafi verið sóttur rekaviður og veðurþjónusta þar skipti Ísland miklu. Síðan áfram orðrétt:

„En að því leyti sem til greina gæti komið að nota eyjuna í öðru skyni óski ríkisstjórn Íslands að áskilja íslenskum ríkisborgurum jafnan rétt við borgara hvaða annars ríkis sem er."

Í samkomulagi milli Íslands og Noregs um fiskveiði- og landgrunnsmál, sem gert var í Osló hinn 10. maí 1980, eru réttindi Íslands viðurkennd bæði í inngangi samkomulagsins og ýmsum greinum þess. En Íslendingar hafa í samræmi við yfirlýsinguna í bréfi forsrh. frá 1927 ætíð leitast við að gæta þess, að réttindi þeirra væru a. m. k. ekki minni en nokkurra annarra. Með því samkomulagi sem hér liggur nú fyrir til staðfestingar styrkjast enn þessi sjónarmið og því væri ánægjulegt ef Alþingi gæti nú sameinast um að tryggja enn frekar íslenska hagsmuni á þessu hafsvæði um alla framtíð með einróma samþykkt

þáltill.

Ég vil sérstaklega vekja athygli hv. þm. á því sem í nál. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði sérstaklega um mengunarvarnir, en um þær er m. a. fjallað í 9. gr. samkomulagsins, auk þess sem ákvæði um þau efni í samkomulaginu frá 1980 gilda áfram."

Hæstv. utanrrh. komst svo að orði í framsögu fyrir þáltill. hér á Alþingi:

„Telji annar aðilinn að reglur hins um öryggisráðstafanir og umhverfisvernd veiti ekki nægilega vernd má að undangengnum viðræðum vísa málinu til sáttanefndar. Ekki skal hefja eða halda áfram rannsóknum eða vinnslu á svæðinu fyrr en tillögur sáttanefndarinnar liggja fyrir, nema brýn þörf krefji, þ. e. ekki nema óhjákvæmilegra aðgerða sé þörf, t. d. til að fyrirbyggja enn alvarlegri mengunarhættu. Samkv. 9. gr. samningsins hafa íslensk stjórnvöld heimild til að stöðva framkvæmdir á svæðinu ef þær stofna lífríki hafsins í hættu. Í vinsamlegum samskiptum grannríkja er slíkt tryggingarákvæði vitnisburður um að hvorugur aðilinn mun standa að framkvæmdum sem hinn er andvígur."

Herra forseti. Það er afar ánægjulegt, að með því samkomulagi um sameign eða sameiginlega hagnýtingu, sem nú er komið á lokastig, hafa álitamál á sviði hafréttar í fyrsta sinn verið leyst með þessum hætti á grundvelli uppkastsins að hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Vonandi er að slík lausn geti orðið fordæmi fyrir aðra sem leysa þurfa erfið ágreiningsmál. Ég vona að alger samstaða megi takast með hv. þm. við afgreiðslu þessarar þáltill.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 43 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 45 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 264).

Ár aldraðra, þáltill. (þskj. 20, n. 197, 198). — Síðari umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Allshn. hefur fengið til meðferðar till. til þál. frá hv. 1. landsk. þm. ásamt fleiri þm. um ár aldraðra. Nefndin hefur fengið umsagnir um till. frá heilbr.- og trmrn. og Öldrunarráði Íslands og mælir með því að tillagan verði samþykkt með breytingum sem getið er á þskj. 198. Einn nm., hv. 8. landsk. þm., skrifar undir nál. með fyrirvara, þar sem hann taldi að réttara væri að formaður nefndarinnar yrði skipaður sérstaklega.

Eins og allshn. varð sammála um tillgr. skal hún orðast svo:

„Alþingi ályktar að tileinka árið 1982 málefnum aldraðra. Alþingi skal kjósa sjö manna nefnd til að vinna að framgangi þeirra og skal hún eiga samvinnu við stjórnskipaða nefnd, sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Skulu þessir aðilar marka frambúðarstefnu í þessum málum og meta þá þörf, sem er á brýnum úrbótum í einstökum byggðarlögum eða fyrir landið í heild og að vinna að undirbúningi fjáröflunar og framkvæmda á þessu sviði. Sérstaklega skal lögð áhersla á samvinnu og þátttöku þeirra samtaka, sem láta sig mannúðar- og menningarmál varða.

Í samræmi við ályktun þessa skal hin þingkjörna nefnd í samráði við sveitarstjórnir og hagsmunaaðila koma á fót undirnefndum til starfa innan landshluta kjördæma, heilsugæslusvæða eða einstakra sveitarfélaga."

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hversu brýnt er að málefni aldraðra séu tekin föstum tökum. Raunar sýnir saga okkar og margir bókmenntalegir dýrgripir að sú hugsun er ekki ný, að það sé bæði gott og göfugt að láta sig varða hina öldruðu. Í Auðunar þætti vestfirska segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er nú sagt einhverju sinni um vorið, að konungur býður Auðuni að vera með sér álengdar og kveðst mundu gera hann skutulsvein sinn og leggja til hans góða virðing.

Auðunn segir: „Guð þakki yður, herra, sóma þann allan, er þér viljið til mín leggja, en hitt er mér í skapi, að fara út til Íslands."

Konungur segir: „Þetta sýnist mér undarlega kosið."

Auðunn mælti: „Eigi má ég það vita, herra," segir hann, „að ég hafi hér mikinn sóma með yður, en móðir mín troði stafkarlsstig úti á Íslandi, því að nú er lokið björg þeirri er ég lagði til, áður en ég færi af Íslandi."

Konungur svarar: „Vel er mælt," segir hann, „og mannlega, og muntu verða giftumaður. Sá einn var svo hluturinn, að mér myndi eigi mislíka, að þú færir braut héðan, og ver nú með mér þar til er skip búast." Hann gerir svo."

Marga aðra dýrgripi eigum við sem víkja að þessari sömu ræktarsemi. Ég vil nefna einnig til kvæði Guðmundar Friðjónssonar: Ekkjan við ána, en einnig mætti minna á mörg ljóð, ekki síst þau ljóð sem skáld hafa ort til mæðra sinna og eru meðal mestu dýrgripa íslenskrar tungu. Í þessu ljóði segir, með leyfi hæstv. forseta.

„Sem vefstóll úti í horni hún var hin hinstu ár,
sem voðinni er sviptur, af ryki og elli grár.
En brýr og kinnar voru sem bókfell margra alda,
þær birtu langa sögu um marga daga og kalda.

Um héraðsbrest ei getur, þó hrökkvi sprek í tvennt,
er hríðarbylur geisar. Það liggur gleymt og fennt.
Og eins er lítill tregi og engin sorg á ferðum,
þó ekkja falli í valinn með sjötíu ár á herðum."

Það, sem við leggjum til, herra forseti, er að sinna þessu fólki, sem sver sig í ætt við ekkjuna við ána, að það megi eiga gott ævikvöld og við helgum því árið 1982.

ATKVGR.

Brtt. 198 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 265).

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 212, n. 233, 229, 232, 234, 241, 243, 247, 254). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Fjvn. hefur fjallað um fjárlagafrv. milli 2. og 3. umr. og

leggur sameiginlega fram brtt. á þskj. 243 varðandi ýmsa útgjaldaliði svo og 6. gr. frv., þ. e. heimildagrein. Auk þess flytur meiri hl. n. brtt. við 5. gr. og tekjuhlið frv. á þskj. 247.

1. till., sem nefndin flytur sameiginlega, er varðandi æðstu stjórn ríkisins, þ. e. embætti forseta Íslands, vegna endurbóta og viðhalds á húsinu nr. 72 við Laufásveg, en þetta hús gáfu hjónin Sigurliði Kristjánsson og Helga Jónsdóttir ríkinu í því skyni að það yrði höfuðborgarsetur forseta Íslands og að öðrum kosti aðsetur erlendra gesta ríkisstj. svo sem þjóðhöfðingja. Er lagt til að þessi liður hækki um 350 þús. kr.

Þá er forsrn.: Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Þingvallanefnd. Liðurinn viðhald hækki um 200 þús. kr. vegna kostnaðar við endurbætur, þ. e. einangrun á Þingvallabænum.

Menntmrn.: Háskóli Íslands. Liðurinn hækkar um 3 millj. kr. Þar af hækka laun um 1 millj. 895 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 1 millj. 105 þús. kr. Í þessum tillögum er gert ráð fyrir nokkrum nýjum stöðugildum við Háskólann.

Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi: Önnur rekstrargjöld. Liðurinn hækkar um 100 þús. kr. vegna bókmenntakynningar í Bandaríkjunum á næsta sumri.

Þá er nýr liður: Framhaldsskólinn í Neskaupstað. Gjaldfærður stofnkostnaður 700 þús. kr., en niður fellur undir liðnum Grunnskólar Gagnfræðaskólinn í Neskaupstað 700 þús. kr. Hér er einungis um að ræða tilfærslu á fjárveitingu til þessa skóla.

Iðnskólar almennt hækka um 500 þús. kr., gjaldfærður stofnkostnaður. Í sundurliðun hækkar Iðnskólinn í Reykjavík um þessa sömu upphæð, en hér er um að ræða fjárveitingu til endurbóta á mötuneytisaðstöðu í skólanum.

Liðurinn Tónlistarfræðsla: Aðrir tónlistarskólar. Laun hækka þar um 1 millj. kr. til að bætt verði greiðslustaða ríkissjóðs gagnvart þessum skólum.

Samvinnuskólinn: Laun hækka um 50 þús. kr., þar sem í frv. hefur verið gert ráð fyrir lægri tölu nemenda en reyndin verður.

Liðirnir Grunnskólar í hinum ýmsu fræðsluumdæmum úti á landi hækka samtals um 1 millj. kr. vegna kostnaðar við akstur skólabarna. Er með þessari till. ætlunin að bæta greiðslustöðu ríkissjóðs gagnvart grunnskólunum.

Stofnanir afbrigðilegra barna: Liðurinn hækkar um 1 027 200 kr. Það er í fyrsta lagi Öskjuhlíðarskóli, en þar hækka launin um 99.400 kr. og önnur rekstrargjöld um 250 þús. kr. Þjálfunarskólar: Laun hækka við Lyngás um 55.200 kr. á geðdeild Barnaspítala Hringsins um 31.100 kr., á Kópavogshæli um 427 þús. kr., hjá Sólborgu um 128.600 kr. og að Skálatúni um 35.900 kr.

Þá er rétt að geta þess varðandi málefni Félagsstofnunar stúdenta, að gert er ráð fyrir að stofnuninni sé heimilt að taka lán að upphæð allt að 3.6 millj. kr. á næsta ári til endurbóta á Nýja Garði á þeim grundvelli að lánið verði endurgreitt með framlögum á fjárlögum á hliðstæðan hátt og gert hefur verið varðandi Gamla Garð.

Þá er till. um nýjan lið: Safngripaviðgerðir, námsvistargjöld 200 þús. kr. Hér er um að ræða greiðslu á námsvistargjöldum fyrir fjóra Íslendinga sem stunda nám í viðgerðum á safngripum í Kaupmannahöfn.

Liðurinn Náttúruverndarráð: Launaliður, hækkar um 10 þús. kr. hjá Þjóðgarðinum í Skaftafelli.

Íslenska tónverkamiðstöðin hækkun um 100 þús. kr. og liðurinn verður þá 150 þús. kr.

Liðurinn Félagsheimilasjóður hækkar um 3 millj. 145 þús. kr. þar sem fallið hefur verið frá skerðingu á framlagi til sjóðsins.

Ólympíunefnd: Liðurinn er hækkaður um 25 þús. kr. og verður 100 þús. kr.

Liðurinn Eyðing vargfugls hækkar um 15 þús. kr. og verður 30 þús. kr.

Þá hefur fallið niður úr prentun ein tillaga frá nefndinni á liðnum ýmislegt hjá menntmrn. og verður flutt um það till. Það er Minningarstofa séra Bjarna Þorsteinssonar, Siglufirði, stofnkostnaður 85 þús. kr. Er gert ráð fyrir að þetta sé fyrri greiðslan af tveimur.

Aðalskrifstofa í utanrrn.: Inn í textann Kvikmyndir fyrir sendiráð til landkynningar bætist orðið „myndbönd" og verði: Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráð til landkynningar. Það hækki um 39.800 kr. og verði 100 þús. kr.

Á landbrn. hækkar Búnaðarfélag Íslands þar sem kemur inn nýr liður: Hlunnindaráðunautur í hálfu stöðugildi 75 þús. kr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Þar hækkar liðurinn Stóra-Ármót um 140 þús. kr., en þar er um að ræða laun tilraunastjóra samkv. lögum sem sett hafa verið um þessa tilraunastöð.

Á liðnum Veiðimálaskrifstofan hækka önnur rekstrargjöld um 100 þús. kr. til könnunar á úthafsveiðum á laxi.

Liðurinn Stofnlánadeild landbúnaðarins, vegna Lífeyrissjóðs bænda, hækkar um 1.5 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir skerðingu á framlagi til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en ekki er ætlunin að sú skerðing nái til framlags til Lífeyrissjóðs bænda sem er hluti af framlaginu til Stofnlánadeildarinnar, og því er þessi till. flutt um hækkun liðarins um 1.5 millj. kr.

Framlög samkv. jarðræktarlögum hækka um 2 millj. kr., liðurinn verður þá 48 295 200 kr. Liðurinn Til búfjárræktar hækkar um 200 þús. kr. og verður 5 547 800 kr.

Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu hækkar um 26.600 kr. og verður 50 þús. kr.

Á Bændaskólanum á Hólum hækka önnur rekstrargjöld um 200 þús. kr. og einnig gjaldfærður stofnkostnaður vegna hitaveitu um 200 þús. kr.

Hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu kemur nýr liður: Dómhús í Reykjavík 100 þús. kr., til að greiða gatnagerðargjald af lóð undir dómhús í nýja miðbænum.

Liðurinn Sýslumaður í Búðardal: Þar hækkar gjaldfærður stofnkostnaður um 400 þús. kr. vegna húsbyggingar.

Landhelgisgæslan. Þar hækkar liðurinn um 714.800 kr., en sú breyting felst í fyrsta lagi í því, að laun lækka um 1.801.600 kr., önnur rekstrargjöld hækka um 2.042.200 kr. og gjaldfærður stofnkostnaður hækkar um 474.200 kr. með þessum breytingum felst að Ægir og Týr verði í rekstri í 10 mánuði, Óðinn í 5 mánuði og Þór í 6 mánuði, en fluggæslan verði eins og er í fjárlagafrv. Liðurinn Önnur rekstrargjöld hækkar vegna breyttra verðforsendna á olíu, en hækkunin á gjaldfærðum stofnkostnaði er ætluð til að kaupa ljósavél í Ægi, olíueyðslumæli o. fl.

Liðurinn Bifreiðaeftirlit, önnur rekstrargjöld hækkar um 1.5 millj. kr., og liðurinn Almannavarnir ríkisins hækkar um 234 þús. kr. vegna Kröflu.

Liðurinn Ríkisfangelsi hækkar um 2 millj. kr., þ. e. bygging ríkisfangelsis.

Liðurinn Hið íslenska biblíufélag hækkar um 200 þús. kr.

Dómprófastsembættið í Reykjavík hækkar um 15 þús. kr., og Tónskóli þjóðkirkjunnar hækkar um 130 þús. kr. vegna ráðningar lausráðins raddþjálfara.

Liðurinn Kirkjubyggingasjóður hækkar um 420 þús. kr. og verður 820 þús. Annars vegar hækkar liðurinn um 320 þús. kr. vegna ákvæða um verðlagsbætur í lögum og hins vegar um 100 þús. kr. vegna sérstakrar skuldagreiðslu.

Hjá félmrn. hækkar liðurinn Framkvæmd laga um aðstoð við þroskahefta um 1 millj. kr. og verður þá 7 millj. 174 þús. kr.

Liðurinn Leigjendasamtökin hækkar um 20 þús. kr. og verður 40 þús. kr.

Hjá heilbrrn. hækka laun á aðalskrifstofu um 150 þús. kr. vegna ráðningar tæknifræðings sem á að sjá um eftirlit með greiðslum á framlögum til viðhalds á sjúkrahúsum. Í sambandi við útgjöld vegna rekstrar sjúkrahúsa má geta þess, að unnið hefur verið að því að undanförnu að rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri verði ekki fjármagnaður með daggjöldum, heldur fari um greiðslur á sama hátt og um ríkisspítala. Þar sem lagaheimildar hefur ekki verið aflað getur ekki orðið af breytingum nú við afgreiðslu fjárlaga, en fjvn. mun vinna að frekari athugun þessa máls á næstunni.

Landspítalinn hækkar um 4 millj. 614 þús. kr., þ. e. gjaldfærður stofnkostnaður, og verður 38 millj. 117 þús. kr. Á liðnum Landspítalinn, fjárfestingar verða þær aðalbreytingar frá því sem greinir á bls. 225 í fjárlagafrv., að hækkun verður á framlagi til byggingar geðdeildar um 3 millj. 109 þús. kr., framlag til barnaheimilis Sumargjafar hækkar um 685 þús. kr. — það var samþykkt áður við 2. umr. — og í stað liðarins K-bygging 1 millj. kr. kemur: Bygging vegna krabbameinslækninga 4 millj. kr Hér er um að ræða framlag til byrjunarframkvæmda við sérhæfða byggingu fyrir geislunar- og lyfjameðferð fyrir krabbameinssjúklinga, en heildarkostnaður við þær framkvæmdir er talinn nema 62.4 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1100.

Þá er tillaga um innbyrðis tilfærslu á stofnframlögum milli sjúkrastofnana á Suðurlandi, en heildarútgjaldaupphæðin breytist ekki.

Sjúkrahús og læknisbústaðir, viðhald samkv. lögum nr. 57/1978 hækkar um 12 millj. og er þá gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði áfram 85% viðhaldskostnaðar í stað þess að gert var ráð fyrir 50% greiðslu í frv., en jafnframt er í annarri brtt., eins og ég áðan gat um, ætlað fjármagn til að ráða tæknimenntaðan mann hjá heilbrmrn. til að hafa eftirlit með greiðslukröfum.

Heilsuverndarstöðvar, styrkur lækkar um 1 millj. kr. og verður 3 079 200 kr.

Hjá fjmrn. hækkar styrktarfé og eftirlaun ýmissa embættismanna um 9 þús. kr. vegna eins einstaklings sem bætist við.

Vegna launa og verðlagsmála, liður a. Laun: Þar er um að ræða hækkun um 25 millj. kr. vegna endurmats á útgjöldum vegna löggæslukostnaðar, þ. á. m. kostnaði við Rannsóknarlögreglu ríkisins. Og liður b. Til einstaklinga og samtaka: Þar lækkar liðurinn um 15 millj. kr. og verður 125 millj.

Vegagerð ríkisins. Liðurinn hækkar um 26 millj. 930 þús. kr. og verður 593 millj. 330 þús. kr., en sérstök sundurliðun kemur fram í brtt. Heildarupphæðin nemur þá 2.2% af vergri þjóðarframleiðslu miðað við verðlagsforsendur frv.

Hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar. Þar er nýr liður: Skipaverkstöð í Reykjavík 1.5 millj. kr.

Ferðamálaráð: Til fyrirtækja og atvinnuvega hækkar um 1 millj. kr., verður 1 millj. 330 þús. kr., þar af 1 millj. til hlutafjárkaupa í Hótel Stykkishólmi.

Iðnrn: Þar er nýr liður: Iðnráðgjafar 700 þús. kr.

Orkustofnun: Önnur rekstrargjöld hækka um 1.5 millj. kr. Þar er um að ræða hækkun á framlagi til jarðhitarannsókna á háhitasvæðum og verður liðurinn þá alls 5 millj. kr.

Liðurinn Hólsfjallabæir hækkar um 150 þús. kr. og liðurinn Setlagarannsóknir hækkar um 300 þús. kr. og verður 600 þús. kr.

Þá er breyting á 1. gr. frv., lánabreytingum út, hlutafjárframlög, Alþjóðaframfarastofnunin 900 þús. kr. til að greiða framlag Íslands á fjórum árum í stað fimm eins og gert var ráð fyrir áður.

Þá eru brtt. við 6. gr., heimildagrein. Þær eru birtar á síðustu blaðsíðum þskj. 243, á tveimur og hálfri síðu, og ég vísa til þeirra og tel óþarft að lesa þær upp orð fyrir orð.

Þá er komið að till. meiri hl fjvn. á þskj. 247:

Það er brtt. við 4. gr., Landnám ríkisins: Liðurinn Grænfóðurverksmiðjur lækkar um 450 þús. kr. Annars vegar er um að ræða hækkun um 300 þús. kr. á liðnum Vegna endurbóta á vélbúnaði Fóðuriðjunnar í Ólafsdal og hins vegar er fellt niður 750 þús. kr. framlag til Grænfóðurverksmiðjunnar í Saltvík, Þingeyjarsýslu, en þess í stað er gert ráð fyrir að ríkið leggi til 3 millj. kr. í hlutafé í fyrirtækinu og sú upphæð greiðist af liðnum Hlutafjárframlög í 1. gr.

Í B-hluta, 5. gr., eru flestar brtt. Þær eru flestar til samræmis við aðrar brtt. í A-hluta. Inn á Landhelgissjóð eru teknar greiðslur vegna kaupa á þyrlu sem keypt var á þessu ári. Þar er einnig um að ræða Sementsverksmiðju ríkisins. Lántaka hækkar á liðnum Fjárfestingar um 8 millj. í samræmi við lánsfjáráætlun. Þá hefur fallið niður ein tillaga, sem verður flutt síðar, um flugstöð í Keflavík vegna endurbóta á aðstöðu í eldhúsi. Það eru 800 þús. kr. í samræmi við lánsfjáráætlun. Hjá Rafmagnsveitum ríkisins hækkar liðurinn Tekin lán um 10 millj. kr. og fjárfestingar um sömu upphæð. Þessi liður féll niður við afgreiðslu fyrir 2. umr.

Er þá komið að tillögum meiri hl. við tekjuhlið frv. Aðflutningsgjöld hækka um 6 millj. kr. vegna lagasetningar um gjöld á innfluttum húsum sem er til umr. nú á Alþingi, og í öðru lagi er gert ráð fyrir að laga verði sem nemur hálfu núverandi innflutningsgjaldi á sælgæti og kex frá 1. mars, eins og byggt er á í fjárlagafrv. Vaxtatekjur, fyrst og fremst vegna þinggjalda, eru hækkaðar um 8 millj. kr.

Verði till. fjvn. og meiri hl. fjvn. samþykktar svo og tillögur samvn. samgm. varðandi framlög til flóabáta og vöruflutninga og till. menntmn. um heiðurslaun listamanna munu heildartekjur á fjárlögum ársins 1982 nema 7 milljörðum 967 millj. og 266 þús., en heildargjöld 7 milljörðum 908 millj. og 759 þús. kr. Rekstrarafgangur er þá 58 millj. 507 þús. kr. og að teknu tilliti til breytinga á lánahreyfingum nemur greiðsluafgangur 25 millj. 84 þús. kr.

Frsm. samvn. samgm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Samvn. samgm. hefur að venju fjallað um erindi þau sem Alþingi hafa borist um fjárframlög til stuðnings við rekstur flóabáta vegna vöru- og fólksflutninga á hinum einstöku svæðum, svo sem Faxaflóa, Breiðafirði, Ísafjarðardjúpi og til Vestmannaeyja, um Eyjafjörð allt til Grímseyjar og vegna samgangna milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar. Enn fremur hefur nefndin fjallað um erindi er borist hafa vegna flutninga á landi, svo sem til rekstrar snjóbifreiða eða vegna mikils snjómoksturs þar sem erfitt reynist viðkomandi byggðarlögum að standa straum af þeim kostnaði er þau verða að bera samkv. snjómokstursreglum Vegagerðarinnar. Þrátt fyrir að reglurnar hafi verið rýmkaðar á síðustu árum verða íbúar í snjóþungum héruðum fyrir verulegum kostnaði umfram aðra þegna þjóðfélagsins við að halda uppi nauðsynlegum samgöngum. Til að minnka þennan aðstöðumun hafa verið veitt á fjárlögum hvers árs fjárframlög til þeirra aðila, sem að dómi nefndarinnar eru verst settir að þessu leyti.

Nefndinni bárust umsóknir frá 54 aðilum. Halldór S. Kristjánsson deildarstjóri í samgrn. og Guðmundur Einarsson forstjóri Skipaútgerðar ríkisins mættu á fundum nefndarinnar og veittu henni margvíslegar upplýsingar sem komu nefndinni að verulegu gagni. Færir nefndin þeim sérstakar þakkir fyrir þeirra störf.

Í mörgum þessum umsóknum kemur glöggt fram hve aðstöðumunurinn er mikill hvað kostnað við allar samgöngur varðar, og er nefndinni fullkomlega ljóst að full ástæða væri að hafa þessa styrki verulega hærri til að minnka þennan mun. En á hitt ber að líta, að margir munu þeir vera sem eru ekkert eða lítið betur settir, en enga umsókn um slíka styrki hafa sent Alþingi.

Á þskj. 233 er ítarlega skýrt frá rekstri flóabátanna og rökum fyrir því að veita þessa styrki og fer ég ekki að greina frá því hér, en mér þykir ástæða til að vekja athygli á því, að t. d. skuld Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð var um síðustu mánaðamót orðin 12.3 millj. kr., en var 8.3 millj. í byrjun ársins, og hjá Herjólfi var þessi staða þannig að skuld var orðin um síðustu mánaðamót 36.6 millj., hafði hækkað um nálægt 16 millj. á þessu ári. Það urðu verulegar umr. um þetta í samvn. samgm. og var mér falið sem formanni nefndarinnar að ræða þessi mál við hæstv. fjmrh. Niðurstaða þeirra viðræðna er sú, að í 6. gr. fjárl. hefur hæstv. ráðh. lagt til að komi inn heimild til að semja við Herjólf hf. og Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækjanna hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. niðurfellingu vaxta og dráttarvaxta að hluta, með þeim skilyrðum sem talin eru nauðsynleg.

Við umfjöllun málsins kom fram, að æskilegt væri að samgrn. reyndi að fylgjast með því, hvernig þeir fjármunir nýtast þeim byggðarlögum sem fá styrki eftir till. nefndarinnar, til að fá vísbendingu um hvort þessir fjármunir mundu geta komið byggðarlögunum að meiri notum eftir öðrum leiðum.

Mjög ítarlega var fjallað um hverja umsókn og náðist full samstaða í nefndinni um hverja fjárveitingu.

Vil ég nú greina frá hverjir þessir styrkir voru. Þessi fjárlagaliður var á fjárl. yfirstandandi árs 12 millj. 483 þús., en eftir till. nefndarinnar yrði hann 17 millj. 296 þús. og hefur þá hækkað um 38.55%.

Það hafa orðið villur hér. Það á að standa í 1. lið: Til vetrarsamgangna í Breiðavíkurhreppi og enn fremur til vetrarsamgangna í Dalahéraði. Ég les áfram: Til vetrarsamgangna í Breiðavíkurhreppi 20 þús., til vetrarsamgangna í Dalahéraði 20 þús., snjóbifreið í Austur-Barðastrandarsýslu 10 þús., til mjólkurflutninga í Vestur-Barðastrandarsýslu 40 þús., til vetrarsamgangna í Rauðasandshreppi 20 þús., til vetrarsamgangna í Ketildalahreppi 15 þús., til vetrarsamgangna í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu 20 þús., til vetrarsamgangna við Ingjaldssand 20 þús., snjóbifreið í Önundarfirði 8 þús., snjóbifreið um Botnsheiði 20 þús. og stofnstyrkur 30 þús., til mjólkurflutninga í Önundarfirði, Dýrafirði, Súgandafirði og Djúpi 110 þús., til vetrarsamgangna í Álftafirði, Norður-Ísafjarðarsýslu 20 þús., til vöruflutninga í Árneshreppi 80 þús., til vetrarsamgangna í Árneshreppi 30 þús., snjóbifreið á Hólmavík 14 þús., snjóbifreið í Austur-Húnavatnssýslu 7 þús., snjóbifreið í Skagafirði 14 þús., til vetrarsamgangna í Haganes- og Holtshreppi í Skagafirði 20 þús., Grímsey, vegna vetrarsamgangna og flugs 80 þús., til vetrarsamgangna í Ólafsfirði 15 þús., stofnstyrkur 30 þús., til snjóbifreiðar í Dalvíkurlæknishéraði 8 þús., til vetrarsamgangna í Svarfaðardal 20 þús., til snjóbifreiðar á Akureyri 14 þús., Flugbjörgunarsveitin á Akureyri 12 þús., snjóbifreið í Hálshreppi, Suður-Þingeyjarsýslu, 14 þús., til vetrarsamgangna í Fjallahreppi 30 þús., snjóbifreiðar í Öxarfirði og Kópaskeri 16 þús., til vetrarsamgangna á Bakkafjörð 15 þús., til vetrarsamgangna á Vopnafirði 27 þús., til vetrarsamgangna í Borgarfjörð eystra 38 þús., til póst- og vöruflutninga á Jökuldal 11 þús., stofnstyrkur 20 þús., til vetrarsamgangna á Jökuldal 20 þús, snjóbifreið á Fljótsdalshéraði 14 þús., snjóbifreið á Fjarðarheiði 140 þús., snjóbifreið á Oddsskarði 130 þús., stofnstyrkur 20 þús., snjóbifreið á Fagradal 20 þús., stofnstyrkur 15 þús., snjóbifreið Stöðvarfjörður-Egilsstaðaflugvöllur 20 þús., til vetrarsamgangna á Breiðdalsvík 15 þús., til vetrarsamgangna Djúpivogur-Hornafjörður 40 þús., stofnstyrkur 40 þús., Svínafell í Nesjum 14 þús. og til vöruflutninga á Suðurlandi 120 þús. Þetta gerir 1 millj. 486 þús. kr.

Þá koma flóabátarnir. Það er fyrst Akraborg, til rekstrar 1 millj. og stofnstyrkur 800 þús. eða samtals 1.8 millj., Baldur 2.8 millj., Langeyjarnesbátur 16 þús., Mýrabátur 1 þús., Fagranes 2.2 millj., Dýrafjarðarbátur 13 þús., Hríseyjarferja, til rekstrar 400 þús. og stofnstyrkur 1 millj. 160, samtals 1 millj. 560 þús., Drangur, til rekstrar 1.5 millj., stofnstyrkur 1.4 millj., samtals 2.9 millj., en þannig stendur á að það er verið að kaupa nýtt skip fyrir gamla Drang og gengur gamli Drangur upp í þau kaup, Mjóafjarðarbátur 420 þús. og Herjólfur 4.1 millj.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ekki ástæða til að hafa mörg orð hér við 3. umr. fjárlaga, en ég vil þó nefna örfá atriði sem mér finnst ástæða til að koma á framfæri við þetta tækifæri. Það væri nóg að vísa til ítarlegs nál. 1. minni hl. fjvn. í sjálfu sér, en vegna nokkurra atriða, sem tekið hafa breytingum á milli 2. og 3. umr., kýs ég að nefna þau sérstaklega í þessari ræðu.

Það er ljóst, ef litið er á 1. gr. frv. — um tekjuáætlun ríkissjóðs — og þær breytingar sem á henni hafa verið gerðar milli 2. og 3. umr., að tekjur hækka um 19 millj. og hefur þá tekjuáætlunin hækkað um 168 millj. frá því að frv. var lagt fram. Einn stærsti þátturinn í aukningu áætlunartekna ríkissjóðs á næsta ári stafar af aðflutn-

ingsgjöldum, en þau hafa orðið meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir og þó einkum á síðari hluta ársins. Þetta er athyglisvert, vegna þess að á sama tíma er spáð verulega óhagstæðum viðskiptajöfnuði, og sýnir að fólk er að kaupa vöru frá útlöndum af ótta við fyrirhugaðar gengisfellingar.

Sé litið til þessara 19 millj., sem tekjuáætlunin hækkar um á milli 2. og 3. umr., ber fyrst að nefna tollabreytingar vegna álagðra tolla á innflutt hús, eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem nú er til meðferðar á hv. Alþingi. Hér er gert ráð fyrir að 6 millj. komi í ríkissjóð af þessum ástæðum, en sú tala er ekki fundin við neina skoðun málsins, heldur ágiskunartala sem erfitt er að henda reiður á. Það skal tekið fram, að nú er gert ráð fyrir að þessi sérstaki tollur á innflutt hús verði eingöngu til bráðabirgða, þ. e. til eins árs, á meðan þetta mál er kannað frekar. Vitnaði formaður fjh.- og viðskn. Nd., hv. þm. Halldór Ásgrímsson, í því sambandi til umsagnar Verslunarráðs Íslands sem gert hefur ýmsar aths. við frv.

Í öðru lagi, og það er athyglisvert, gerir meiri hl. fjvn. og um leið hæstv. ríkisstj. ráð fyrir að gjöldum á innflutning sælgætis og kex verði fram haldið frá 1. mars, en eins og öllum er kunnugt var gert ráð fyrir að það gjald félli niður frá 1. mars n. k. Mér er ekki kunnugt um að komið hafi fram raddir úr röðum framleiðenda um framlengingu þessa gjalds. Verður að telja af þeim ástæðum að hér sé um að ræða skatt sem sé til kominn fyrst og fremst eingöngu vegna tekna af honum í ríkissjóð.

Að lokum hefur liðurinn dráttarvextir verið hækkaður og segir það sína sögu.

Þá vil ég geta þess, að sú breyting hefur orðið á fjárlagafrv. í meðförum meiri hl. n. á milli 2. og 3. umr., að það, sem ætlað var til efnahagsaðgerða, 140 millj. kr., lækkar, verður 125 millj. og skerðist þannig um 15 millj. Þessum 15 millj. er ráðstafað til allt annars, til að koma til móts við þau útgjaldaáform sem meiri hl. samþykkti að leggja fyrir hv. fjvn. vegna þess hve frv. var illa unnið þegar það kom í þingsali.

Það er athyglisvert varðandi 1. gr. frv., að liðurinn Önnur innlend fjáröflun hækkar um 40 millj. Þar er á ferðinni svokallað byggðalínugjald, en gera má ráð fyrir að það verði lagt á á næsta ári, eins og fram hefur komið hjá hæstv. ríkisstj. Verður að telja að hér sé um fölsun á bókhaldi að ræða því að auðvitað hlýtur slíkur skattur að eiga að renna til ríkissjóðs sem tekjur í sama formi og aðrir orkuskattar, eins og orkujöfnunargjald sem var lagt á söluskattsstofn og verðjöfnunargjald raforku sem er lagt á raforkuverð. Á þetta vil ég minnast sérstaklega.

Þegar tekjuáætlun frv. í 1. gr. er skoðuð kemur í ljós eftirfarandi, sem mér finnst ástæða til að leggja sérstaka áherslu á:

Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því í frv., að tekið verði upp tollkrítarfyrirkomulag þrátt fyrir marggefnar yfirlýsingar hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. um að það yrði gert. Reyndar átti það að hafa gerst á s. l. ári. Með samþykkt fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir er ljóst að þeirri vinnu, sem fram hefur farið á s. l. sumri, er stungið undir stól og það frv., sem liggur nú tilbúið í fjmrn., á að liggja þar og verður ekki lagt fram a. m. k. á næsta ári.

Í öðru lagi er ljóst, að ekki verður um lækkun aðflutningsgjalda eða niðurfellingu á aðföngum til iðnaðar að ræða á næsta ári nema ef vera skyldi í sambandi við heildarendurskoðun á tollskrárlögunum, en ekki sést á frv. að slík endurskoðun komi til með að leiða til lækkunar aðflutningsgjalda.

Í þriðja lagi er ljóst, að launaskattur verður áfram einn af tekjustofnum ríkisins þrátt fyrir digrar yfirlýsingar ýmissa hv. þm. og meira að segja hæstv. ráðh. og þá einkum ráðh. Framsfl., sem höfðu fullan fyrirvara um launaskattinn. Þeir hafa þess vegna orðið undir í baráttu sinni fyrir þessu máli — og það sem merkilegra er: að enn á ný er launaskattinum ráðstafað til allt annarra þarfa en lög gera ráð fyrir.

Í fjórða lagi er það athyglisvert með tilliti til yfirlýsingar hæstv. fjmrh., að ekki er gert ráð fyrir neinum breytingum á tekjum vegna skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en eins og þingheimur veit sagði hæstv fjmrh. í ræðu við 2. umr. fjárlaga að það væri til skoðunar að breyta þeim skatti, og var á honum að skilja að sú breyting yrði til lækkunar. Þetta kemur ekki fram í fjárlagafrv. nú við 3. umr. og hlýtur að segja sína sögu.

Næst vil ég geta um yfirlýsingar hæstv. félmrh. sem hann hefur gefið varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra, en það mál er einnig til meðferðar á hinu háa Alþingi. Samkv. frv. renna í sjóðinn 24.5 millj. kr., þar af 11 millj. beint úr ríkissjóði, en samkv. yfirlýsingum hæstv. félmrh. áttu að renna í sjóðinn 4—6 millj. til viðbótar. Það sést ekki í frv. Hv. fjvn. kemur til með að fá þetta mál til frekari meðferðar eftir nýár og þá með tilliti til skiptingar á fjármunum Framkvæmdasjóðsins. Vil ég í því sambandi sérstaklega geta um gífurlegar þarfir svokallaðrar B-álmu við Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, en hún nýtur ekki fjárframlags beint af fjárlögum.

Annað mál, sem snertir Reykjavík sérstaklega, er svokölluð skipaverkstöð sem kemur nú inn í fjárlagafrv. með brtt. frá fjvn. þar sem gert er ráð fyrir að 1.5 millj. renni til svokallaðrar skipaverkstöðvar. Ég vil rifja það upp, að þetta mál var þannig til komið að hæstv. samgrh. og félmrh. höfðu gefið yfirlýsingu og samið um að skipaverkstöð í Reykjavík fengi ákveðna fjármuni til ráðstöfunar, en erindið týndist í kerfinu. Hér er verið að bjarga því máli í höfn og bjarga hæstv. ráðh. frá því að hafa gefið innihaldslausar yfirlýsingar.

Varðandi B-hlutann tel ég ástæðu til að nefna örfá atriði.

Varðandi Rafmagnsveiturnar er ljóst að eins og fjárlagafrv. er afgreitt má gera ráð fyrir gífurlegri gjaldskrárhækkunarþörf Rafmagnsveitnanna. Talað er um í því sambandi að Rafmagnsveita Reykjavíkur þurfi 57% gjaldskrárhækkun um áramót og aðrar rafveitur 67—85% gjaldskrárhækkun að viðbættri gjaldskrárhækkun Landsvirkjunar. Hér er um svo gífurlegt stökk að ræða í verðlagningu á raforku að full ástæða er til að minnast á það mál sérstaklega. Notendur rafmagns geta þess vegna gert ráð fyrir, að óbreyttum fjárlögum og að óbreyttri lánsfjáráætlun, að raforkuverð í landinu allt að því tvöfaldist á næsta ári.

Þegar minnst er á þjónustustofnanir hins opinbera er ástæða til þess að minnast á Póst og síma, sem safnaði skuldum upp á 14.5 millj. kr. á árunum 1980—1981, á Ríkisútvarpið, sem árin 1979 og 1980 safnaði skuldum upp á 20 millj. kr. á þáverandi verðlagi, og loks á tap Ríkisskips, sem tapaði á þessum sömu árum, 1979 og 1980, 12.5 millj. kr. Ekkert hefur unnist upp í tap Skipaútgerðarinnar á yfirstandandi ári þrátt fyrir 70—80% gjaldskrárhækkun á farmgjaldi og uppskipunargjöldum.

Það er ástæða til þess að minnast á það jafnframt, þegar rætt er um Skipaútgerð ríkisins, að framlag ríkissjóðs nær því jafngildir launakostnaði fyrirtækisins. Sýnir það eitt sér að málefni þessa fyrirtækis þarf að taka til ítarlegrar skoðunar á næstunni, ekki síst með tilliti til þess, að komið hefur fram af hálfu annarra skipafélaga að verkefni Skipaútgerðar ríkisins megi að verulegum hluta leysa af hendi hjá þeim skipafélögum.

Annars var ekki ætlunin að ræða hér sérstaklega um þau fjölmörgu mál sem ástæða er til að fjvn. eða undirnefnd fjvn. fjalli um á næstunni. Það er af nógu að taka.

Um 6. gr. frv. er fátt eitt að segja. Þar eru gífurlega margar brtt. á ferðinni og hefur frsm. nefndarinnar hv. þm. Geir Gunnarsson, gert grein fyrir þeim tillögum. Ég vil þó fyrir hönd þeirra sjálfstæðismanna, sem sitja í 1. minni hl. n., segja frá því, að varðandi till., sem á að vera nr. 3.7 í 6. gr., um heimild til að kaupa fleka til borunar og sprenginga fyrir Vitamálastofnunina, höfum við sérstakan fyrirvara.

Í 7. gr. fjárlagafrv. er fjallað um skattvísitölu. Hún er óbreytt frá því að frv. kom fyrst fram í haust eða 150 stig. Ég vil minna á að samkv. útreikningum Þjóðhagsstofnunar má gera ráð fyrir að launabreytingin á milli ára hafi orðið 52%. Það þýðir að skattvísitalan þyrfti að hafa verið í frv. 152 stig til þess að skattbyrðin ykist ekki. Í raun þýðir óbreytt skattvísitala milli 20 og 30 millj. kr. tekjuaukningu fyrir ríkissjóð á næsta ári og er þá vægt áætlað. Þetta leggst ofan á þá 931 millj. kr. skattaaukningu sem orðið hefur frá 1978. Má segja að aukin skattbyrði á landsins þegna sé um 1/8 af tekjum ríkissjóðs á þessum þremur árum.

Það, sem skiptir þó öllu máli varðandi þetta frv., er að ekkert er að marka verðlagsforsendur frv. um 33% verðlagshækkun á milli ára. Það þýðir í raun 25% verðbólgu frá áramótum til áramóta á næsta ári. Þetta gengur ekki upp nema hæstv. ríkisstj. efni til gífurlegra efnahagsaðgerða með því að lækka verðbólguna úr því sem spáð er að hún verði, þ. e. 55% í 25%. Slíkt verður ekki gert nema með „sléttari skiptum" en fóru fram um síðustu áramót, svo að notað sé nýjasta hugtak sem Alþb. hefur fundið upp um það sem það kallaði fyrir þremur árum því ágæta nafni kauprán. Með því að halda þessum verðlagsforsendum í frv. gerir ríkisstj. ráð fyrir að efnt verði til slíkra ráðstafana, en síðast í morgun sagði formaður þingflokks Framsfl. í Ríkisútvarpinu að engin samstaða hefði enn náðst um það mál.

Ég minntist á það áður, að sjúkdómseinkennin í þessu frv. koma m. a. fram í því, að ríkissjóður fær auknar tekjur af aðflutningsgjöldum vegna þess að viðskiptajöfnuðurinn er óhagstæður. Það gerist aðallega af völdum þess, að gengið er í raun rangt skráð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara mjög mörgum fleiri orðum um frv. eins og það lítur út núna, en vísa til nál. 1. minni hl. fjvn. sem í áliti sínu bendir á hver séu einkenni þessa frv. og stefnan í fjárl. Hún byggist á því, að gefist hefur verið upp á niðurtalningarleiðinni, að enn þá þenjast út eyðsluútgjöld ríkissjóðss, skattheimta er aukin, lántökur eru auknar, minni fjárveitingar renna til sjóða og framkvæmda og markaðar tekjur eru teknar til almennra útgjalda ríkissjóðs, auk þess sem umfang ríkisumsvifa hefur aukist að mun.

Áður en ég lýk máli mínu vil ég fyrir hönd okkar í 1. minni hl. þakka samnefndarmönnum okkar fyrir ágætt samstarf og þó sérstaklega hv. þm. Geir Gunnarssyni, formanni fjvn., sem af alkunnum skörungsskap og stjórnsemi hefur stýrt nefndarfundum í haust og vetur.

Frsm. 2. minni hl. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Það er ástæðulaust að hafa langt mál hér nú við lokaumræðu fjárlaganna og breytir sjálfsagt ekki miklu um hvað gerist í áframhaldi af þessari umr. Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar hér ætlar að afgreiða fjárlög fyrir árið 1982 á þann veg, að vægast sagt held ég að megi orða það svo, að þau standi a. m. k. á brauðfótum. Bæði við 1. og 2. umr. málsins hefur stjórnarandstaðan gert rækilega grein fyrir því, hversu mikið vantar upp á það að segja megi að afgreiðsla fjárlaga fyrir árið 1982 sé með eðlilegum hætti. Það er ljóst, að miðað við óbreyttar aðstæður verður ekki séð að fjárlög fyrir árið 1982 verði annað en að mestu leyti nokkurs konar pappírsgagn. Meðan ekki er sýnt fram á það af hálfu hæstv. ríkisstj., hvaða efnahagsráðstafanir hún ætlar að gera til þess að 33% reiknitalan milli ára fái staðist, þá er alveg augljóst mál að ekki er hægt að ætlast til þess, að stjórnarandstaðan leggi blessun sína yfir slíka afgreiðslu sem hér er lagt til.

Ég tók eftir því í samtalsþætti í Ríkisútvarpinu í morgun, að formaður þingflokks þeirra framsóknarmanna, hv. þm. Páll Pétursson, orðaði það svo, að það væri engin samstaða í ríkisstj. um aðgerðir sem dygðu, og hér er enn frekari áréttting á því sem við stjórnarandstæðingar höfum haldið fram, að það er engin samstaða um þær efnahagsráðstafanir sem þarf að gera, ef grundvöllur fjárlagafrv. á að standast, og það er auðvitað meginkjarninn í þessu máli. En um það þýðir sjálfsagt ekki að hafa öllu fleiri orð. En ljóst er að meðan ekki er sýnt fram á að þær efnahagsráðstafanir, sem þarf að gera, verði gerðar með þeim hætti að frv. — og þar með þá fjárlögin — fái staðist, þá er í raun og veru um tómt mál að tala að hægt sé að afgreiða málið frá Alþingi. Það er því augljóst mál, að hæstv. ríkisstj. og stuðningslið hennar á Alþingi verður að bera ábyrgð á þeirri afgreiðslu sem hér fer væntanlega fram að þessari umr. lokinni. En ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta. Það hefur verið gerð grein fyrir afstöðu Alþfl. til fjárlagafrv. og þeirrar efnahagsstefnu sem hæstv. ríkisstj. fylgir og er þar litlu sem engu við að bæta. En áður en ég lýk máli mínu vil ég aðeins koma að brtt. við 4. gr. sem ég flyt hér ásamt hv. þm. Sighvati Björgvinssyni.

Ég gat þess að ég held rækilega bæði við 2. umr. fjárlaga og raunar oftar í umr. hér undanfarna daga, að það væri brýn þörf á því að gera nú ráðstafanir til þess að jafna orkuverð milli landsmanna. Í fjárlagafrv., þ. e. liðnum viðskrn., er styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar. Orkujöfnunargjaldið, sem á sínum tíma var á lagt til þess að jafna orkuverð í landinu, gefur samkv. fjárlagafrv. 191.9 millj. kr. á næsta ári og einvörðungu 30 millj. af þessari upphæð, rúmlega 191 millj., ætlar hæstv. ríkisstj. að nota til þess að jafna þennan kostnað. Auk þess eru um 3 millj. sem ætlaðar eru í annars konar aðgerðir, orkusparandi aðgerðir o. fl. En eftir stendur að 158.9 millj. ætlar ríkisstj. sjálf að taka í ríkissjóð sem eyðslufé í aðra þætti en þá sem gjaldtakan var ætluð til. Ég á ekki von á að neitt mæli gegn því að það eigi að ráðstafa þessu fé í þann þátt mála sem það er innheimt til. Er því gerð tilraun til þess með þessari brtt. að láta a. m. k. á það reyna, hvort hæstv. ríkisstj. og stjórnarlið ætlar að halda sér við það — að ég hef fullyrt — að svíkja

þetta fé út úr viðkomandi aðilum á fölskum forsendum og nota það til annars.

Það er líklega ekki búið að útbýta þessari brtt., ég hef ekki þingskjalsnúmerið, en þetta er brtt. við 4. gr. 12 202. Fyrirsögn þessa liðs er núna: Styrkur vegna olíunotkunar til húshitunar, en ég legg til að fyrirsögnin verði: Til jöfnunar orkuverðs samkv. nánari ákvörðun Alþingis. Og tölur í þessari brtt. eru um það, að til þessa verkefnis verði varið 188.9 millj. kr. í stað þeirra 30 millj. sem hæstv. ríkisstj. ætlar samkv. fjárlagafrv. að verja til niðurgreiðslu á olíu. Með þessu er verið að útvíkka jöfnun á þessum þætti og talað um jöfnun orkuverðs.

Ég vænti þess fastlega, að hv. alþm. séu orðnir um það sannfærðir, að ekki verður lengur unað þeim ójöfnuði sem nú er búið við. Ég held raunar líka að hv. þm. sé um það kunnugt, að nú er starfandi nefnd, sem skipuð var til að skoða þessi mál, og hæstv. ríkisstj. hefur skírskotað til þess, að hún vilji bíða með sínar ákvarðanir þangað til ljóst verði hver niðurstaða mála fáist úr þeirri nefnd og þeirri endurskoðun. Þess vegna er hér lagt til að þessir fjármunir, 188.9 millj., verði teknir frá, en síðan, að lokinni þeirri endurskoðun, sem stendur yfir og væntanlega lýkur mjög fljótlega, verði það samkv. nánari ákvörðun Alþingis sem þessu fjármagni verði skipt, í því skyni að jafna orkuverð milli landsmanna.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri. En ég treysti því og raunar veit að meiri hl. er fyrir því hér á hv. Alþingi að fara þessa leið til að jafna þennan mismun. Einvörðungu er spurning um það, hvort meiri hluti, sem hér er ríkjandi, fær að láta sína sannfæringu í ljós og njóta sín. Það er meginspurningin í þessu máli. Ég efast ekki um að viljinn er fyrir hendi.

Ég vil svo að lokum ítreka það sem ég sagði hér við 2. umr., að ég ítreka þakkir mínar til minna samnefndarmanna. Sérstaklega þakka ég hv. þm. Geir Gunnarssyni, formanni nefndarinnar, fyrir mjög ánægjulegt og gott samstarf og að ég tel farsæla stjórn og styrka í því erfiða hlutverki að gegna formennsku í fjvn.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt., sem formenn allra stjórnmálaflokkanna flytja við 4. gr. fjárl., lið 03 399, um að þar komi nýr liður um aðstoð við pólsku þjóðina, 1 millj. kr.

Neyð pólsku þjóðarinnar er þekkt: hungur, matvælaskortur, hörgull á lyfjum og hjúkrunargögnum og fleiri vörum. Þetta bætist við aðrar hörmungar, sem pólska þjóðin hefur mátt þola að undanförnu, og ofbeldi, sem birtist okkur í fréttum á hverjum degi. Um þessi mál hefur verið ályktað hér á Alþingi og þróun mála fordæmd. Um neyð fólksins var fjallað þegar þáltill. okkar Alþfl.-manna var til umr. hér fyrir fáeinum kvöldum. Ég lagði þá áherslu á að nást mætti samstaða allra flokka til þess að rétta pólsku þjóðinni hjálparhönd. Hins vegar er ljóst nú að sú þáltill. nær ekki afgreiðslu fyrir jól. En það hefur tekist samkomulag milli allra stjórnmálaflokkanna um að veita pólsku þjóðinni liðsinni í þessum hörmungum með því að standa að þeirri till. sem ég mæli hér fyrir, um aðstoð við pólsku þjóðina 1 millj. kr. framlag af hálfu Alþingis.

Ég fagna því, að með þessum hætti mun Alþingi Íslendinga sýna í verki stuðning sinn við hina pólsku þjóð á þessum hörmungartímum. Vitaskuld leggja flm. áherslu á að þessi aðstoð komist til skila í réttar hendur. Sá fyrirvari er auðvitað á varðandi framkvæmd þessa máls. Ég vil leyfa mér að fagna þeirri samstöðu, sem náðst hefur um málið, og ég vænti þess, að Alþingi sameinist allt um samþykkt þessarar till. og sýni þannig hug sinn í verki til þessa þjáða fólks.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég hef tvívegis áður á Alþingi rætt nokkuð um málefni landbúnaðar og gert grein fyrir fjárlagafrv. og hvernig það snertir landbúnaðinn. Ég minni á það sem ég sagði hér við 2. umr., að sá þáttur fjárlaga væri enn í meðferð í fjvn. og ríkisstj. fjallaði alveg sérstaklega um þann þátt fjárlagafrv. Það verður að segjast alveg eins og er, að niðurstaðan úr þeirri umfjöllun var skopleg. Þar fengust nánast engar leiðréttingar sem orð var á gerandi.

Ég flutti þess vegna eða flyt þrjár tillögur við einmitt þennan þátt fjárlaganna þar sem þörfin er brýnust til úrbóta og þar sem óréttlætið er allra augljósast. Þessar tillögur eru í fyrsta lagi hækkun á framlagi til tilraunabúsins að Stóra-Ármóti, tilraunabús Búnaðarsambands Suðurlands og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Þar hefur þegar verið tekið til höndunum með myndarlegum hætti og enn hefur ekkert fjármagn þangað borist af hendi hins opinbera, hliðstætt því er heitið var og samþykkt hér á s. l. vori þegar lögin um þá stofnun voru samþykkt. Að vísu kemur fram hjá fjvn. hækkun sem svarar launum eins starfsmanns, en það er nánast það eina sem til þeirrar stofnunar barst. Ég geri tillögu um að þar komi hækkun upp í 300 þús. kr.

Þá geri ég líka till. um að búfjárræktarlögin verði virk og þó eru þær tillögur, sem ég legg þar fram, í fullu hófi. Búnaðarfélag Íslands hafði gert í sínum tillögum tillögu um hækkun frá því sem er í fjárlagafrv. sem nam liðlega 3 millj. kr. Ég athugaði hvað fólst í þeim hækkunum og komst m. a. að þeirri niðurstöðu, að þar væri um ný verkefni að ræða. Þess vegna er till. mín allmiklu lægri en hin upphaflega tillaga Búnaðarfélags Íslands, því að hún gerir einvörðungu ráð fyrir því að búfjárræktarlögin í núverandi mynd verði fjármögnuð. Till. mín er upp á 2 millj. kr.

Þriðja till., sem ég flyt, er um hagræðingarfé. Það er um að við ákvæði jarðræktarlaganna, sem voru samþykkt árið 1979 og ég hef hér áður lýst við afgreiðslu lánsfjáráætlunar og við 2. umr. fjárlaga, verði staðið. Þar var því heitið að jarðræktarlögin ættu að halda gildi sínu miðað við árin 1979 og 1980, meðaltal þeirra framlaga sem þá voru veitt til landbúnaðarins samkvæmt jarðræktarlögum. Núna hefur hins vegar komið í ljós að það vantar í fjárlagafrv. tæpar 15 millj. kr., til þess að staðið sé við þetta heit, og þar með kippt aftur nánast öllum loforðum um stuðning við bændur til hagræðingar í landbúnaði og til þess að færa landbúnaðinn að einhverju leyti yfir á nýjar búgreinar. Till., sem ég flyt um þetta, er nákvæmlega eins og lögin ákváðu og heitið var árið 1979.

Það eru, eins og ég hef áður sagt, fjölmörg önnur atriði, nánast við hvern einasta málaflokk sem snertir landbúnaðinn, þar sem um mjög tilfinnanlega skerðingu er að ræða og við mikilvæg loforð er ekki staðið. Nefni ég þar m. a. sem dæmi afleysingarþjónustuna sem menn væntanlega minnast að varð sérstakt samningsatriði og bændur féllust á að fella af búvöruverðinu ákveðinn hluta til þess að njóta þeirra réttinda. Ég hef sleppt því að flytja till. um þennan þátt og reyndar alla aðra í sambandi

við landbúnaðinn, en hef einungis tekið þessa þrjá þætti þar sem misréttið er allra augljósast.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér brtt. um að framlag til Krabbameinsfélags Íslands hækki úr 1 millj. 700 þús. upp í 2 millj. 700 þús. Mér er ljóst að brtt., sem lá fyrir við 2. umr. og dregin var til baka til 3. umr., er upp á 2 millj. kr. hækkun. Ég legg hér aftur til að þetta framlag hækki um 1 millj., svo að það má segja að þessi till. sé að vissu leyti varatillaga við þá till., ef hún nær ekki fram að ganga.

Í bréfi heilbr.- og trmrn. til Tryggingastofnunar ríkisins, sem skrifað var í haust, var talið nauðsynlegt að starfsemi Krabbameinsfélags Íslands héldi áfram varðandi krabbameinsleit og skoðanir. Mælir ráðuneytið með því við tryggingaráð, að Krabbameinsfélaginu verði greitt fyrir þessar rannsóknir sem næst því gjaldi sem taxti Læknafélags Íslands er á hverjum tíma. Í þessu bréfi ráðuneytisins segir að í lögum um heilbrigðisþjónustu sé gert ráð fyrir að ráðh. geti sett gjaldskrá um greiðslur sjúkrasamlaga fyrir rannsóknir og meðferð veitta á heilsugæslustöð, aðra en læknishjálp. Því er það skoðun þess ráðuneytis, að með því að Tryggingastofnun ríkisins greiði fyrir þjónustu Krabbameinsfélags Íslands sé ekki verið að fara út fyrir greiðsluskyldu sjúkratrygginga.

Þess má líka geta, að Tryggingastofnunin hefur um nokkurt árabil greitt Krabbameinsfélaginu vegna frumurannsókna fjármagn sem ákveðið hefur verið af tryggingaráði eitt ár í einu. Það gjald er hvorki byggt á einum né öðrum taxta, eins og segir í bréfi frá Tryggingastofnuninni til Krabbameinsfélagsins sem skrifað var í nóvember s. l. Þar segir orðrétt:

„Leggur tryggingaráð þunga áherslu á það, að þetta sé í allra síðasta sinn sem slík greiðsla verði af hendi innt af hálfu Tryggingastofnunarinnar."

Hins vegar hefur það komið fram, að Tryggingastofnunin kveður sig fúsa til að greiða fyrir umræddar rannsóknir verði henni ætlað fjármagn á fjárlögum til að mæta þeim, en svo hefur ekki verið hingað til. Það má því segja að alltaf sé óvissa um það frá ári til árs, hvort Tryggingastofnunin greiðir Krabbameinsfélaginu fyrir þessar hóprannsóknir. Ég hefði því talið eðlilegt að verða við beiðni Krabbameinsfélagsins til þess að þessar hóprannsóknir geti haldið áfram.

Það má segja að ekki síst fyrir atbeina þessa merka félagsskapar hefur Ísland vakið heimsathygli fyrir leghálskrabbameinsrannsóknir. Annars staðar er mikið vitnað til þeirra rannsókna, og það hefur verið trú þeirra, sem við rannsóknirnar starfa, að hægt sé að útrýma leghálskrabbameini í landinu. Margir aðrir möguleikar eru fyrir hendi varðandi krabbameinsleit sem ekki hefur verið hægt að hrinda í framkvæmd vegna þess að aðstöðu hefur víða vantað. Þar eru forgangsverkefni stóraukin leit að brjóstkrabbameini og leit að ristilkrabbameini.

Ég held að það sé almennt viðurkennt, að fyrirbyggjandi aðgerðir, bæði gegn þessum voveiflega sjúkdómi og öðrum, eru einstaklingum dýrmætar, dýrmætari en flest annað og sömuleiðis hvað snertir kostnað samfélagsins, því að eftir því sem komið er í veg fyrir fleiri veikindatilfelli, bæði af þessum sjúkdómi og öðrum, verður sjúkrahúsareksturinn ódýrari og sjúkrakostnaðurinn í landinu minni. Ég held að fyrirbyggjandi aðgerðir á þessu sviði og ekki síður ýmsum öðrum — svo að dæmi séu nefnd eins og starfsemi Hjartaverndar og fleiri slíkra félaga og starfsemi fjölmargra göngudeilda sem hafa hafið starfsemi á síðasta áratug — hafi orðið til mikils sparnaðar fyrir samfélagið í rekstri sjúkrahúsa og kallað á enn minni aðgerðir en ella hefði orðið að ganga í.

Mér er sagt það af fjárveitinganefndarmönnum, að vel hafi verið tekið undir þetta erindi í fjvn. og það hafi verið samhljóða álit nm., að nauðsynlegt væri að draga ekki úr þessari starfsemi. Hins vegar mun meiri hl. n. telja að það sé eðlilegt að ráðh. gefi Tryggingastofnuninni fyrirmæli eða sjái svo um að hún haldi þessum greiðslum áfram. En þá komum við aftur að því mikla vandamáli, hve oft er hægt að ávísa á sama fjármagnið. Talið er að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins vanti hvorki meira né minna en 240 millj. kr. til þeirrar starfsemi sem hún á að standa undir. Þetta gefur að vísu nokkra hugmynd um það, að fjárlög eru ekki víða raunhæf. Ég efast ekkert um að bæði núv. ríkisstj. og hver önnur ríkisstj. sem væri við völd mundi gera flest annað en að draga úr þjónustu við sjúkrahúsin. Því er mönnum nauðugur einn kostur að hækka þessi framlög. Það liggur í augum uppi nú í lok þessa árs, að hér er um allt of lága upphæð að ræða í þessu skyni. Og eftir því sem upphæðin er lægri og svið sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar þrengra er meiri óvissa um hvort tryggingaráð fellst á að halda þessum greiðslum áfram nema til komi sérstök samþykkt eða heimild ríkisstjórnar.

Ég tel að það sé miklu hyggilegra og eðlilegra að sjá fyrir þessum þörfum með fjárveitingu sem nemur kostnaði við þær rannsóknir sem Krabbameinsfélagið hefur áætlað að framkvæma á næsta ári. Þessi till. er því flutt sem varatillaga við till. hv. 10. landsk. þm. sem ég styð fyrir mitt leyti. En nái hún ekki fram að ganga kemur þessi till. til atkvæða.

Ég held að það eigi að vera sameiginlegt áhugamál þm. að stuðla að því, að þessi starfsemi dragist ekki saman, og jafnframt almenn stefnumörkun í fyrirbyggjandi aðgerðum í leit að sjúkdómum á byrjunarstigi, sem valda mörgum einstaklingum langvarandi veikindum eða dauða, og um leið að létta á kostnaði samfélagsins við rekstur sjúkrahúsa almennt.

Hina till. sem ég leyfi mér að flytja, flyt ég ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Guðmundi Karlssyni. Hún er þess efnis, að til orkujöfnunar verði varið 70 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru áætlaðar til húsahitunar eða í styrki til þeirra, sem kynda með olíu, 30 millj. kr. Brtt. sem flutt var við 2. umr. og er endurflutt hér — 1. flm. er Þorvaldur Garðar Kristjánsson, hv. 4. þm. Vestf. — gerir ráð fyrir að þessi styrkur hækki í 50 millj. kr. En till., sem ég flyt ásamt þeim þm. sem ég nefndi áðan, til orkujöfnunar, er upp á 70 millj. kr.

Í fjárlagafrv. eru tekjur af orkujöfnunargjaldi áætlaðar 191.9 millj. kr., og það kom fram hér í gær í umr. um annað mál að af orkujöfnunargjaldinu er ætlað að gangi til ríkissjóðs um 103.6 millj. kr. Hér hefur verið flutt till. í þessu efni af hv. 6. landsk. þm. sem talaði fyrir henni áðan. En ég tel að það sé ekki alls kostar rétt röksemdafærsla sem þar kom fram, að af orkujöfnunargjaldinu sé aðeins tekið til annarra þarfa en til ríkissjóðs olíustyrkir, 30 millj. kr. Allt frá því að orkujöfnunargjald var sett á hefur hluti af því, farið í raun og veru sem bein fjárveiting til Orkusjóðs. Sömuleiðis hafa farið til félagslegra framkvæmda á vegum Rafmagnsveitna ríkisins og til ýmissa orkumála verulegar upphæðir, sem mun

láta nærri að séu í áætlun um 56-57 millj. kr. fyrir utan olíustyrkinn. Ég tel því ekki ástæðu til að lengra sé gengið á hendur ríkissjóð en það, að hann á að skila til þessa verkefnis að mínum dómi orkujöfnunargjaldinu að mestu leyti, en ekki að nota þessa gjaldheimtu til framdráttar almennum ríkisútgjöldum. Þess vegna flytjum við þetta, enda getum við auðveldlega náð þar samkomulagi, stjórnarandstaða og stjórnarflokkar, því að í sáttmála núv. ríkisstj. segir að unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.

Hér hefur verið lýst yfir af ráðherrum í ríkisstj. að þeir séu fúsir að vinna að þessari verðjöfnun og telji hana vera eðlilega og sjálfsagða og sanngjarna. Þess vegna hafa þeir aðilar, sem standa að núv. ríkisstj., tekið þetta inn í sinn stjórnarsáttmála. Því eru ekki um það deilur. Stjórnarandstaðan, bæði Sjálfstfl. og sömuleiðis fulltrúi frá Alþfl., sem lauk hér máli sínu fyrir skömmu, telja eðlilegt að fara í auknum mæli inn á þessa braut. Og hvað er þá sjálfsagðara en að taka orkujöfnunargjaldið til þess að jafna hinn gífurlega mismun sem er á orkuverði til heimila og atvinnurekstrar á hinum ýmsu stöðum á landinu, sem hafa verið gerð svo góð skil hér á Alþingi nýlega að ég ætla ekki að eyða dýrmætum tíma til þess að fara frekar út í það?

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þessar brtt. En áður en ég lýk máli mínu vil ég láta í ljós ánægju mína með sérstaklega eina till. frá fjvn. nú við þessa umr., sem er veruleg hækkun á framlagi til byggingar húss fyrir krabbameinslækningar. Ég sé að nefndin hefur orðið ásátt um að hækka það framlag, sem var í fjárlagafrv. 1 millj., í 4 millj. Mér er ljóst að þetta er tiltölulega lág upphæð miðað við allan framkvæmdakostnað við þá byggingu, og ég er samþykkur þeirri stefnumótun fjvn. að taka krabbameinslækningarnar út úr, þá byggingu þar sem þeim er ætlað að vera. En þó er auðvitað ekki hægt að afmarka þær að öllu leyti því að sami grunnur hlýtur að vera fyrir þetta hús þó að þessi stefnumörkun sé sem ég tel rétta og sjálfsagða. Ég er sömuleiðis þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir það, að ég veit að hann hefur staðið að þessari hækkun sem aðrir. Þessu hefur verið fylgt eftir af mönnum úr öllum flokkum, enda er þetta eitt af þeim málum sem við hljótum að vera sammála um að eru mest aðkallandi í heilbrigðismálum, að þessar lækningar komist í betra horf en þær eru núna.

Ég ætla svo að síðustu að láta í ljós þakklæti mitt til allra þeirra manna sem í fjvn. starfa. Ég veit það og þekki af gamalli reynslu að það er mikið starf og síður en svo vinsælt. Þessi störf hvíla þungt á mönnum þann tíma, sem tekur að vinna að fjárlagafrv., og þá ekki síst á formanni nefndarinnar sem búinn er að sitja þar lengur en nokkur annar maður og hefur sýnt frábæra hæfileika til allrar vinnu þar og á skilið þakkir og hrós allra þm. fyrir sín óeigingjörnu störf við fjárlagafrv. bæði fyrr og nú.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga gerði ég grein fyrir brtt. sem ég endurflyt nú ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Magnúsi H. Magnússyni, Vilmundi Gylfasyni og Eiði Guðnasyni, varðandi 2 millj. kr. framlag til Tryggingastofnunar ríkisins til að standa undir hópskoðunum Krabbameinsfélagsins. Það er auðvitað mjög brýnt að Alþingi samþykki þetta framlag. Rökstuddi ég það allítarlega við 2. umr. fjárlaga og tel óþarft að endurtaka það nú, enda hefur hv. þm. Matthías Bjarnason nú rökstutt það enn frekar.

Það er auðvitað borin von að ætla að Tryggingastofnunin geti að óbreyttu staðið undir þessu, enda vantar nú um 240 millj. miðað við fjárlög til þess að endar náist saman á næsta ári hjá Tryggingastofnuninni samkvæmt áætlun stofnunarinnar fyrir árið 1982. Ekki hefur verið gert ráð fyrir útgjöldum vegna hópskoðana Krabbameinsfélagsins, hvorki í frv. til fjárlaga né brtt. frá fjvn., hvorki milli 1. og 2. umr. né nú við 3. umr., og þýðir lítið að benda á að svo sé nema um leið sé gerð grein fyrir hvaða útgjaldaliði sjúkratrygginga eigi að skera niður.

Ég tel einnig óþarft að ég endurtaki hér nauðsyn á aukningu fjármagns til framkvæmdar laga um aðstoð við þroskahefta því að það var ítarlega gert hér við 2. umr. Þó að nokkur breyting á framlagi hafi orðið til þessa verkefnis milli 2. og 3. umr., sem auðvitað ber að fagna, er augljóst að það hrekkur skammt.

Satt að segja vakti furðu mína sú afgreiðsla sem lítil brtt., sem ég flutti, fékk við 2. umr. fjárlaga. Það er sérkennilegt og verður vart trúað að Alþingi hafni því að veita litla upphæð til að hægt sé að hefja undirbúning að könnun á raunverulegum launakjörum kvenna og karla. Ekki síst hlýtur sú afgreiðsla að vekja furðu margra þegar Alþingi hefur margoft lýst yfir vilja sínum á því og samþykkt að slík könnun færi fram. Í jafnréttislögunum frá 1973 og aftur 1976 er lagagrein sem kveður á um það, að Jafnréttisráði skuli gert kleift að standa fyrir könnunum til að lögin um launajöfnuð karla og kvenna séu virt og nái tilgangi sínum. Þrátt fyrir það segir Alþingi nei við 300 þús. kr. fjárframlagi til að standa við fyrirheit Alþingis sem fólst í umræddri þingsályktun.

Fyrir liggur einnig rökstudd dagskrá, samþykkt á Alþingi s. l. vor, um að veitt skuli fjárlögin til að standa fyrir könnun á launakjörum kvenna og karla. Þrátt fyrir þetta ákvæði hafa ríkisstjórnir aldrei beitt sér fyrir fjárveitingu til að standa undir slíkum könnunum. Og þegar till. kemur fram á Alþingi um að veita lítið fjármagn til að ýta af stað slíkum könnunum segir hv. Alþingi nei.

Fyrir liggur einnig þingsályktun, er samþykkt var fyrir nær tveimur árum, um að slík könnun á launakjörum kvenna og karla fari fram. Þrátt fyrir það segir Alþingi nei við 300 þús. kr. fjárframlagi til að standa við fyrirheit Alþingis sem fólst í umræddri þingsályktun.

Fyrir liggur einnig rökstudd dagskrá, samþykkt á Alþingi s. l. vor, um að veitt skuli fjármagn til að standa fyrir könnunum á launakjörum kvenna og karla. Þrátt fyrir þá samþykkt segir Alþingi nei þegar á reynir að standa við slíka samþykkt. Þegar á reynir að standa við þann raunverulega vilja, sem bjó að baki slíkri samþykkt frumvarps og þingsályktunartillögu sem Alþingi hefur látið frá sér fara um nauðsyn á könnunum á launakjörum kvenna og karla, þá segja flestir alþm. nei eða taka ekki afstöðu. Þetta er aldeilis furðulegur tvískinnungsháttur. Hvers vegna er Alþingi yfirleitt að samþykkja svona ályktanir og frv. sem kveða á um slíka könnun ef aldrei var meiningin að standa við þau? Hvers vegna er verið að blekkja fólk með því að samþykkja frv. og ályktun um þetta efni ef ekki býr meira á bak við en raun ber vitni? Ég vil leyfa mér að ámæla löggjafarvaldið fyrir þessi vinnubrögð. Ég vil leyfa mér að ámæla harðlega þann tvískinnung sem lýsir sér í svona vinnubrögðum.

Það er engin furða þó að virðingu Alþingis hraki þegar Alþingi verður uppvíst að þessum og viðlíka vinnubrögðum og stendur fyrir svona skrípaleik. Það vantar ekki að hv. alþm. séu fúsir hvað eftir annað að lýsa yfir

vilja sínum til þess að uppræta launamisrétti með samþykkt laga, með samþykkt þál., með samþykkt rökstuddra dagskráa, með yfirlýsingum í nál. og yfirleitt í öllum þeim búningi sem þingsköp leyfa. En þegar á herðir, þegar til þess kemur að standa við öll loforðin í lögunum, þáltill., rökstuddu dagskránum og nál., þá leyfir Alþingi sér að segja nei. Þetta eru auðvitað forkastanleg vinnubrögð sem fleiri en ég hljóta að eiga eftir að átelja. Hvað bjó t. d. að baki því nál. sem nm. félmn. Nd. skrifuðu upp á s. l. vor?

Það skrifa allir nm. undir nál., þar sem fram kemur að félmn. telji brýnt að kannanir fari fram þegar á launakjörum kvenna og karla, enda var það í samræmi við eindreginn vilja sem fram kom í umsögnum sem nefndinni bárust frá heildarsamtökum launafólks, bæði BSRB og ASÍ auk Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri aðila. Formaður nefndarinnar, hv. þm. Alexander Stefánsson, sem er í stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, sagði já við þessari beiðni Sambands ísl. sveitarfélaga og fleiri aðila. Það kom fram í nál. sem hann sjálfur mælti fyrir og hann að sjálfsögðu greiddi atkv. Nál. þessi fylgdi rökstudd dagskrá, sem samþykkt var um þetta mál og kvað á um að veita fjárframlag í slíka könnun. En þegar á reynir að þm. standi við þetta loforð, þá segir hv. þm. Alexander Stefánsson nei.

Sama var um nokkra aðra þm. sem skrifuðu undir þetta nál. og sögðu já þar við að veita fjárframlag til verkefnisins, en sögðu svo ýmist nei eða tóku ekki afstöðu þegar á reyndi raunverulegan vilja þeirra um framlag til að standa við gefin fyrirheit. Undanskilja ber þó hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson sem greiddi því atkv. að fjárframlög yrðu veitt til þessa verkefnis, enda hefði keyrt um þverbak ef jafnvel hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson hefði ekki stutt þessa tillögu þegar meiri hluti þeirra samtaka launafólks, sem hann er í forsvari fyrir, er konur. Sama verður ekki sagt um félaga hans í Alþb. og stjórnarmann í BSRB, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur. Og þá tók nú fyrst steininn úr. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir hefur ekki einungis tekið þátt í atkvgr. þar sem samþykkt er að könnun fari fram á launakjörum kvenna og karla, heldur oft tekið þátt í umr. hér á hv. Alþingi og lýst yfir nauðsyn þess, að slík könnun fari fram. Þegar á reynir að veita fjárframlag til að standa við það sem sagt er og samþykkt hér á Alþingi í þessu sambandi, m. a. orð og yfirlýsingar hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þá segir þm. nei. Hvers lags skrípaleikur er þetta sem hv. þm. viðhefur hér á Alþingi? Og út yfir tekur þegar þm. flytur svo þáltill., sem nú er til umr. á hv. Alþingi og felur í sér að kannað verði sérstaklega hvort launamisrétti eigi sér stað milli kvenna og karla við sömu störf hjá félögum í BSRB og ríkisbönkunum. En svo segir þm. nei við að veita fjárframlag sem m. a. gæti staðið undir þeirri könnun. Mér satt að segja flökrar við tvískinnungnum sem fram hefur komið hjá hv. þm. í þessu máli.

Ég spyr: Er mark takandi á slíkum tillöguflutningi hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur? Er yfirleitt mark takandi á því sem hv. þm. segir hér á Alþingi um þessi mál, þegar engin alvara býr á bak við þennan málflutning þm. um nauðsyn þess að kanna launamisrétti kvenna og karla, eins og berlega kom í ljós við afgreiðslu fjárlaga við 2. umr. Ég hafði lýst yfir stuðningi við þessa umræddu till. þm. við umr. um þetta mál hér í deildinni fyrir nokkru. Mér er það til efs, það segi ég satt, að ég styðji þessa till. þm. þegar uppvíst er að ekkert býr á bak við hana. Hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því, að við höfum fyrir því margfalda reynslu, að launamisrétti kvenna og karla verður ekki upprætt með frumvörpum og þingsályktunum héðan frá Alþingi, sem — þegar á reynir — ekkert býr á bak við.

Afstaða hæstv. jafnréttismálaráðherra, Svavars Gestssonar, kom mér svo sem ekkert sérstaklega á óvart við afgreiðslu þessarar till. við 2. umr. fjárlaga. Ég get ekki séð að gerðir hans í stól jafnréttismálaráðherra bendi til að hann hafi minnst áhuga á jafnréttismálum. Flokkur hans, sem á tyllidögum telur sig flokka fremstan sem málsvara jafnréttismála hér á landi, hefur lítið til að skýla sér á bak við eftir þá afstöðu þm. hans og hug sem fram kom við 2. umr. fjárlaganna, þegar þeir fylktu liði til að fella fjárframlag til að standa fyrir könnun til að reyna að uppræta launamisrétti kvenna og karla. Hræsni þeirra og blekking hefur svo sannarlega opinberað sig. Breyti þeir ekki afstöðu sinni nú, við 3. umr. fjárlaga, fær fólkið í þessu landi að kynnast hvað í raun býr á bak við fagurgala þeirra um að uppræta verði launamisrétti kvenna og karla.

Sjálfsagt munu þeir reyna að skýla sér á bak við það, að á fjárlögum hafi Jafnréttisráði verið heimilað að ráða ritara til starfs. Það fíkjublað skýlir þeim lítið, það get ég sannfært þingheim um. Þó ritari fáist nú til starfa hjá Jafnréttisráði, mun það engu breyta um það nú, að Jafnréttisráð getur ekki staðið fyrir launakönnunum. Jafnréttisráð sótti um á fjárlögum að fá til starfa fulltrúa með viðskipta- eða hagfræðimenntun til að framkvæma kjararannsóknir og fylgjast með kjaramálum, auk þess fulltrúa með lögfræðimenntun, fræðslufulltrúa og stöðugildi ritara í 1 1/2 starf. Heildarframlög, sem ráðið sótti um, voru 800 þús. kr. sem ráðið taldi sig þurfa sem lágmarksfjárveitingu til að geta staðið fyrir því sem lögin um jafnrétti kvenna og karla kveða á um. Á fjárlögum eru nú áætlaðar til ráðsins um 370 þús. kr. Og þó að Jafnréttisráð geti ráðið í starf eins ritara, þá er það aðeins til að sinna daglegum skrifstofustörfum og engin von til þess, að ráðið geti staðið fyrir neinum kjararannsóknum.

Ég vil freista þess nú aftur við 3. umr. og endanlega afgreiðslu fjárlaga að leggja fram brtt. um 200 þús. kr. framlag til að standa fyrir launakönnunum á raunverulegum kjörum kvenna og karla. Brtt. er um 100 þús. kr. lægra framlag en fellt var við 2. umr.

Mér er skapi næst, eftir þá meðferð sem till. um 300 þús. kr. fjárveitingu fékk við 2. umr. fjárlaga, að halda hér langa ræðu og upplýsa þingheim enn einu sinni um nauðsyn þess, að þessi könnun fari fram. Ég hef undir höndum allmargar kannanir, sem þegar hafa verið gerðar á vegum einstakra stéttarfélaga og fleiri aðila sem renna stoðum undir að launamisrétti eigi sér stað, sem er óyggjandi sönnun þess, að heildarkönnun verði að eiga sér stað til að uppræta launamisrétti og leita leiða til úrbóta. (Gripið fram í.) Mér er skapi næst, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, að rekja þessar kannanir lið fyrir lið, svo að alþm. sjái að með því að hafna litlu framlagi til þess að standa fyrir könnunum á launakerfum eru þeir jafnframt að stuðla að áframhaldi þessa launamisréttis. Ég skal þó að sinni sleppa þm. við þá upptalningu, þann rökstuðning og gögn sem ég hef undir höndum og sýna hve knýjandi er að þetta fjárframlag fáist.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að margir þm. muni breyta afstöðu sinni nú við endanlega afgreiðslu fjárlaga. Þessi litla fjárveiting gæti orðið til þess, að hafinn verði sá nauðsynlegi undirbúningur sem þarf að vera til þess að

þessi könnun verði framkvæmd. Ég hef ekki tilgreint í þessari brtt. hverjum skuli veita þetta framlag til að standa fyrir þessari könnun. Eftir atvikum mætti hugsa sér að Kjararannsóknarnefnd væri heppilegur framkvæmdaaðili og nefndin hefði samráð við Jafnréttisráð um slíka könnun. Fyrir nokkrum mánuðum skipaði hæstv. félmrh. nefnd sem rannsaka skyldi kjör láglaunakvenna. Þessi nefnd hefur lítið starfað, enda ekki til hennar ætlað fjármagn til að hægt sé að rannsaka og leita úrbóta á kjörum láglaunakvenna. Enn einn tvískinnungurinn er þar á ferðinni. Þetta framlag gæti stuðlað að breytingu á því. Það er eindregin skoðun mín, að hafni Alþingi þessari tillögu sé ekki mikil von til þess, að konur geti vænst stuðnings Alþingis við að uppræta launamisrétti, og væri það harður biti að kyngja. Það er kominn tími til þess, að Alþingi geri sér grein fyrir því, að frv. og ályktanir, sem koma frá Alþingi um eindreginn vilja löggjafans til að stuðla að því að uppræta launamisrétti, eru konum einskis virði standi ekkert meira á bak við það en dauður bókstafur, eins og reynsla undanfarinna ára gefur glögglega til kynna, að ekki sé talað um að þegar á reyni að standa við loforðin og fyrirheitin skuli svo glögglega koma fram að ekki var meiningin að standa við þau, eins og afgreiðsla við 2. umr. fjárlaga gaf tilefni til að ætla.

Herra forseti. Það mun fást staðfest nú við atkvgr. við 3. umr., hvort ásetningur Alþingis sé að standa við marggefin loforð um að stuðla að því að uppræta það launamisrétti sem konur búa við eða hvort það sé afstaða alþm. að svíkja gefin fyrirheit í þessu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 251 og 263, sem voru af seint fram komnar, samþ. með 37 shlj. atkv.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 232. Það er brtt. frá menntamálanefndum beggja deilda. Auk mín skrifa á brtt. Ólafur Ragnar Grímsson (með fyrirvara), Ólafur G. Einarsson (með fyrirvara), Salome Þorkelsdóttir (með fyrirvara), Davíð Aðalsteinsson, Gunnar Thoroddsen, Halldór Blöndal (með fyrirvara), Þorv. Garðar Kristjánsson, Jón Helgason, Friðjón Þórðarson, Vilmundur Gylfason (með fyrirvara), Karl Steinar Guðnason (með fyrirvara) og Guðrún Helgadóttir (með fyrirvara).

Þessi brtt. er varðandi heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis. Gerum við þá breytingu við fjárlagafrv., að í stað 301 þús. kr. komi 405 þús. kr. og sundurliðist heiðurslaunin þannig: Ásmundur Sveinsson 33 750, Finnur Jónsson sama upphæð, Guðmundur Daníelsson sama upphæð, Guðmundur G. Hagalín sama upphæð, Halldór Laxness sama upphæð, Indriði G. Þorsteinsson sama upphæð, Kristmann Guðmundsson sama upphæð, María Markan sama upphæð, Snorri Hjartarson sama upphæð, Tómas Guðmundsson sama upphæð, Valur Gíslason sama upphæð, Þorvaldur Skúlason sama upphæð.

Ég vil geta þess, að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var ekki aðili að þessari afgreiðslu.

Það er árlegt verkefni menntamálanefnda beggja deilda að taka afstöðu til heiðurslauna listamanna. Nokkuð var rætt í nefndinni um fjölgun, en um það náðist ekki samkomulag, enda flytja 13 af 14 nm. þessa brtt. og þar af sjö með fyrirvörum sem ég hef greint.

Það vill svo undarlega til, að á þskj. 229 er einnig brtt. við fjárlagafrv. og er hún sama efnis. Flm. að þeirri till. eru m. a. Guðrún Helgadóttir og Halldór Blöndal sem flytja einnig hina brtt., en með fyrirvara. Það má þá telja víst að þau fái góðar undirtektir undir sitt mál, hvor till. sem verður samþ.

Fleira er í sjálfu sér ekki um þetta að segja, en fyrst ég er kominn í ræðustól og hæstv. fjmrh. hlýðir á umr. tel ég mér skylt, til þess að öllu réttlæti sé fullnægt, að geta fsp. sem ég fyrir nokkrum vikum bar fram til fjmrh., þar sem ég spurðist fyrir um hvenær væntа mætti afgreiðslu ríkisstj. á frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, en þar er gert ráð fyrir að sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafar af aðkeyptum flutningi hennar milli staða innanlands, skuli ekki mynda stofn söluskatts, en frv. var vísað til ríkisstj. 20. maí s. l. eftir 2. umr. málsins í Ed. Þar sem álagning söluskatts á flutningsgjald hefur afgerandi áhrif á búsetu manna í þessu landi og fjöldi þm. telur eflaust að menn eigi ekki að gjalda þess í skatti til ríkisins hvar þeir óska sér búsetu á þessu landi, þá hefði mátt álíta að eftir allan þennan tíma frá því að till. var vísað til ríkisstj., þ. e. 20. maí s. l., hefði eitthvað heyrst um afgreiðslu þessa máls. Einhverra hluta vegna — sennilega eru dagarnir of fáir og klukkutímarnir of fáir í hverjum sólarhring — hefur ekki unnist tími til að fá þessari fsp. minni svarað. En þess vegna minnist ég á það hér, að ef viðunandi úrlausnir fást ekki frá ríkisstj. varðandi þetta mál mun ég flytja eða fylgja frv. þessa efnis þegar þing kemur saman eftir jólaleyfi. Ég vil láta hæstv. fjmrh. og ríkisstj. vita um þessa fyrirætlan mína, þannig að áður en fullnaðarafgreiðsla fjárlaga fer fram geti hún gert ráð fyrir að frv. þessa efnis fáist samþykkt. Ríkissjóður mundi þar af leiðandi tapa nokkrum tekjum, sem ég veit í sjálfu sér ekki hvað eru miklar. Ég tel mér skylt, til að koma ekki aftan að hæstv. ríkisstj., að geta þessa þar sem ég mun, eins og ég gat um, flytja eða fylgja tillögum þess efnis, að flutningsgjald vöru milli innflutningshafnar eða framleiðslustaðar og neytenda myndi ekki söluskatt. Á ég von á að margir muni taka undir þá till., og þykist ég með þessum fáu orðum hafa gert hreint fyrir mínum dyrum við hæstv. ríkisstj. þannig að ég verði ekki sakaður um að koma í bakið á henni á einn eða neinn hátt með flutningi slíks frv.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. sem ég flyt ásamt hv. þm. Albert Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Halldóri Blöndal og Ólafi Þ. Þórðarsyni um heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis. Í þessari brtt. kemur fram að í heiðurslaunaflokki er fjölgað um þrjá listamenn; þá Ólaf Jóhann Sigurðsson, Stefán Íslandi og Svavar Guðnason. Samkvæmt tölulegum niðurstöðum hækkar framlagið til heiðurslaunaflokksins um liðlega 100 þús. kr., sem ekki er há fjárhæð miðað við þær upphæðir sem um hefur verið rætt hér á þingi undanfarna daga.

Mér er fullljóst að það er alltaf viðkvæmnismál þegar meta skal hverjir skuli skipa heiðurslaunaflokk listamanna. Þeir eru margir sem ugglaust gætu borið fram tillögur um menn sem sæti gætu átt í þessum hópi. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að með fámennri þjóð séu þeir ekki ýkjamargir listamennirnir sem flokka má í þennan heiðurslaunaflokk. Ég hef t. d. þau þing sem ég

hef setið fundið sárt til þess, að einn af okkar ágætustu listamönnum í söngvarastétt, Stefán Íslandi, skuli ekki hafa fyllt þennan flokk. Það finnst mér þinginu til háborinnar skammar. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur flutt ítrekað till. um að hann kæmi í þennan flokk. Hér hafa verið nefndir þrír menn og að öðrum listamönnum ólöstuðum tel ég að þeir séu þessum hópi til sóma. Ég sagði: að öðrum ólöstuðum. Það er þess vegna till. okkar flm., að við heiðurslaunahópinn bætist þrír menn.

Ég get ekki trúað því, að það sé sáluhjálparatriði hins háa Alþingis hvort í þessum hópi eru 12 eða 15 menn. Hér er um svo lága fjárhæð að ræða að um hana munar sáralítið, þetta eru 10 millj. gkr., en þessir fjármunir geta og munu vafalítið koma öllum þessum mönnum að umtalsverðum notum, auk þess sem heiðurinn er þeirra.

Ég vil þess vegna eindregið mælast til þess, að alþm. sjái nú sóma sinn í því að bæta þessum þremur mönnum í heiðurslaunaflokkinn. Mér er ómögulegt að sjá að það geti breytt nokkru hvort þessir menn eru 12 eða 15. Ég vil þess vegna leggja hart að hv. alþm., þegar að því kemur að greiða atkv. um brtt. við 3. umr. fjárlaga, að þeir styðji þetta mál. Þetta mál skiptir þingið sáralitlu og nánast engu peningalega, en þá skiptir það miklu og það skiptir líka þjóðina talsverðu að geta fjölgað í þessum flokki. Það er þinginu til sóma. Það væri hins vegar þinginu til vansæmdar að fella þessa brtt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Með örfáum orðum vil ég mæla fyrir nokkrum brtt. sem ég flyt við 3. umr. fjárlaga ásamt ýmsum fleiri hv. þm. Sumar af þessum till. voru fluttar við 2. umr., en dregnar þá til baka og eru nú fluttar að nýju.

Vil ég þá fyrst vekja athygli á till. sem er á þskj. 251 og er þar merkt með rómverskum I. Þessi till. er nú endurflutt við 3. umr. með nokkuð breyttu orðalagi og í hóp flm. hefur bæst hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson. Breyttur texti till. er nú á þann veg, að sú fjárupphæð, sem þar er um að ræða, er sérstök afreksviðurkenning til sérsambanda og íþróttafélaga samkvæmt ákvörðun Alþingis. Á það var bent og sjálfsagt með réttu, að eins og þessi liður var orðaður, er till. var flutt við 2. umr., kynni það e. t. v. að rekast á við áhugamannareglur ef afreksviðurkenning af þessu tagi væri veitt einstökum íþróttamönnum. Hér er sem sé lagt til að 1 millj. kr. verði varið til að veita sérstakar afreksviðurkenningar sérsamböndum og íþróttafélögum samkvæmt ákvörðun Alþingis. Ég tíundaði við 2. umr. þau rök, sem ég tel renna stoðum undir flutning þessarar till., og ætla ekki að endurtaka þau, enda hygg ég að öllum hv. þm. sé ljóst hvað hér er um að tefla.

Þá er brtt. á sama þskj., sem merkt er rómverskum III, varðandi utanrrn. Þar breytist texti liðar, sem merktur er 0107, og verði: Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráðin og ræðismenn til landkynningar. Þessi liður hækki um 100 þús. kr. Íslensk sendiráð erlendis nota mjög og hafa notað kvikmyndafilmur til að lána ýmsum aðilum til landkynningar og fræðslu um land og þjóð. Allt hefur þetta þó verið af vanefnum gert. Þess vegna er ástæða til að hækka þetta framlag og mæta nýrri tækni þar sem er notkun myndbandanna sem áreiðanlega mun vaxa mjög á þessum vettvangi. Ég sé að fjvn. hefur í sínum till., lið nr. 24, sett fram nýjan lið sem orðast svo: Kvikmyndir og myndbönd fyrir sendiráð til landkynningar 100 þús. kr. — Þó að þarna sé að vísu ekki gengið eins langt og ég geri í minni till. mun ég draga till. mína til baka þar sem hv. fjvn. hefur komið til móts við þessa hugsun. Er ég henni þakklátur fyrir það og till. er því dregin til baka.

Þá er á þskj. 251 till., sem ég hef leyft mér að flytja og er merkt rómverskum XVI. Hún er við 5. gr. fjárlaga, lið sem merktur er 31 321, Rafmagnsveitur ríkisins, fjárfestingar, á eftir liðnum Ólafsvík-Rif-Hellissandur, komi nýr liður sem merktur verði Vogaskeið-Stykkishólmur 2.2 millj. Þarna er um afar brýna framkvæmd að ræða í rafmagnsmálum að því er Stykkishólm varðar, að leggja nýja línu frá spennistöðinni þar og inn í byggðina. Raforka hefur verið mjög ótrygg þarna í vetur. Það er mat Rafmagnsveitna ríkisins að þessi framkvæmd sé svo brýn að hún megi ekki úr hömlu dragast. Hins vegar hefur ekki náðst um það samstaða í fjvn., að því er virðist, að taka upp þennan lið og því er um hann hér flutt till. sem ég treysti að mæti velvild og skilningi.

Þá vil ég víkja að brtt. við 6. gr. fjárlaga, sem merkt er hér með rómverskum XVII, og flm. eru Eiður Guðnason, Árni Gunnarsson og Benedikt Gröndal. Þar er lagt til — og er það endurflutt till. — að inn komi nýr liður sem orðist á þessa leið, með leyfi forseta: „Að endurgreiða Ríkisútvarpinu söluskatt af auglýsingum.“ — Ég fór um það nokkrum orðum við 2. umr. fjárlaga, að Ríkisútvarpið væri eini fjölmiðillinn í landinu sem gert er að greiða söluskatt. Raunar fjallaði ég einnig um hina almennu afstöðu þessarar ríkisstj. gagnvart Ríkisútvarpinu — þá menningarfjandsamlegu afstöðu sem ríkisstj. hefur tekið að því er varðar fjárveitingar til Ríkisútvarpsins. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því hér, en legg áherslu á að þessi till. nái fram að ganga. Þetta er mikið sanngirnismál og mundi vera stórt skref í þá átt að þessi rúmlega fimmtuga ríkisstofnun gæti rétt úr kútnum fjárhagslega. Þetta er enn einn prófsteinninn á það, hvort hjá núv. ríkisstj. ríkir raunverulegur vilji til að bæta stöðu Ríkisútvarpsins eða hvort um innantómt orðagjálfur er að ræða á hátíðastundum hjá hæstv. ráðh. Það kemur í ljós þegar greidd verða atkvæði um þessa tillögu.

Þá höfum við hinir sömu flutt till. um nýjan lið við 6. gr., um að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps. Það þarf ekki heldur að fara mörgum orðum um það, hversu brýnt þetta mál er. Það væri þá að hluta til leiðrétting á því ranglæti sem Ríkisútvarpið var beitt á sínum tíma þegar það var svipt tekjum af aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og búnaði til þeirra, — svipt þessum veigamikla tekjustofni sem aldrei hefur fengist bættur og núv. hæstv. ríkisstj. sýnir ekki heldur lit á að bæta.

Hv. fjvn. hefur í sínum brtt. tekið upp till., sem er liður 24, sem hljóðar svo: „Að endurgreiða innflutningsgjöld af tækjum sem flutt eru inn til aukningar á dreifikerfi sjónvarps samkvæmt nánari ákvörðun fjmrn.“ — Það skal fúslega viðurkennt að hér er stigið skref í rétta átt þótt ekki sé það stórt. Það er sem sagt aðeins um það að ræða að endurgreiða innflutningsgjöld af tækjum sem flutt eru inn til að auka dreifikerfi sjónvarpsins, þ. e. að bæta við það frá því sem nú er, ekki til þess, því miður, að endurbæta þegar úrelt og í sumum tilvikum afar léleg tæki í núverandi dreifikerfi. Enn lakara er þó það, að hér skuli ekki talað um dreifikerfi Ríkisútvarpsins, heldur aðeins dreifikerfi sjónvarps. Að því er varðar dreifikerfi Ríkisútvarpsins er fram undan mikið verk að koma stereo-útvarpi um landið allt og sömuleiðis að fjölga FM-stöðvum. Hjá hæstv. ríkisstj. og aðstandendum hennar

virðist ekki vera skilningur á því að koma stereo-væðingunni sem víðast um landið, því miður. Engu að síður, þótt lítið sé, er hér verið að fara í rétta átt og þess vegna höfum við flm. ákveðið að draga til baka þá till. sem við höfum flutt um að fella niður aðflutningsgjöld af tækjum og búnaði til endurvarpsstöðva útvarps og sjónvarps.

Að lokum, herra forseti, minni ég á till. sem ég flutti við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og þá var felld og endurflutti nú við 2. umr. Hún var í þá veru að heimila fjmrh. að breyta vanskilaskuldum Skallagríms hf. vegna Akraborgar við Ríkisábyrgðasjóð í föst lán. Þessa till. flutti ég við afgreiðslu fjárlaga í fyrra og endurflutti við 2. umr. fjárlaga núna. Ég sé í till. fjvn. að nefndin hefur gert þessa till. að sinni og bætt við, og fyrir það ber að þakka. Fjvn. gerir till. um að fjmrh. verði heimilt að semja við Herjólf hf. og Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækjanna hjá Ríkisábyrgðasjóði, m. a. niðurfellingu vaxta og dráttavaxta að hluta, með þeim skilyrðum sem talin eru nauðsynleg. Ég fagna því, að þetta mál skuli hafa náð fram að ganga.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég mæli fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 263 við 4. gr. fjárlagafrv., um að liðurinn Bygging grunnskóla o. fl., Vestmannaeyjar, nýr skóli hækki úr 1 millj. 125 þús. í 2 millj. 125 þús.

Það eru ákaflega augljósar ástæður fyrir flutningi þessarar till. Bygging þessa grunnskóla er þegar komin af stað. Það er rúmt ár síðan byggingarframkvæmdir hófust og bygging hefur gengið vel og fylgir verkið áætlun. Bæjarsjóður hefur þegar lagt í þessa byggingu 2.5 millj. kr. Það er nauðsynlegt að 1. áfangi þessa skóla verði tekinn í notkun á næsta hausti. Vegna þess að skólinn er staðsettur í nýju hverfi í bænum, sem er mjög barnmargt, mun þarna skapast hreint öngþveiti ef ekki fæst fjármagn til að ljúka þessum áfanga fyrir næsta haust. Sú er ástæðan fyrir flutningi þessarar tillögu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Við 2. umr. fjárlaga sýndi ég fram á tvennt varðandi húsnæðislánamál og mun ég ekki endurtaka það nema að sáralitlu leyti.

Í fyrsta lagi sýndi ég fram á það, að staða hins almenna húsbyggjanda hefur verið herfilega fyrir borð borin. Í stað þess að auka stórlega lán Byggingarsjóðs ríkisins þegar verðtrygging inn- og útlána var tekin upp, eins og bráðnauðsynlegt var, hafa lánin staðið í stað eða jafnvel minnkað. Verkamannabústaðakerfið, þótt gott sé, bætir þetta ekki nema að litlu leyti og aðeins fyrir tiltölulega fáa, enda er nú svo komið að bygging íbúða í landinu öllu er ekki nema helmingur þess sem allar áætlanir og spár seinni ára hafa sýnt fram á að nauðsynlegt væri. Á þetta einkum við um yfirstandandi ár og áætlanir fyrir það næsta. Auðvitað leiðir þetta til öngþveitis í húsnæðismálum landsmanna ef ekkert frekar verður að gert.

Í öðru lagi sýndi ég fram á það, að með óbreyttri stefnu siglum við hraðbyri í að íbúðalánakerfið í heild, þ. e. bæði Byggingarsjóður ríkisins og Byggingarsjóður verkamanna, komist í greiðsluþrot. Kerfið er nú að langmestum hluta fjármagnað með lántökum til styttri tíma og með mun hærri vöxtum en útlánin. Á næsta ári er áætlað að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins verði talsvert lægra í krónum talið en það var árið 1979, en lántökur sjóðsins hafa fertugfaldast á sama tíma. Árið 1979 voru framlög til Byggingarsjóðs ríkisins álíka há og lántökur sjóðsins. Samkvæmt fjárlagafrv. og lánsfjáráætlun eiga lántökurnar að verða 46 sinnum hærri en framlög ríkissjóðs á næsta ári. Með þessu erum við að búa okkur til kerfi sem bindur öll framlög ríkissjóðs áratugi fram í tímann við það eitt að greiða vaxtamismun tekinna og veittra lána. Þó að við viljum breyta þessu eftir nokkur ár erum við bundin í báða skó áratugi fram í tímann. Kerfið verður því með öllu ófært um að veita húsbyggjendum og húskaupendum framtíðarinnar nokkra aðstoð.

Til að freista þess að fá á þessu nokkra bót, bæði fyrir þá, sem nú og á næstu árum þurfa á lánum að halda, og fyrir byggingarsjóðina báða og þar með lántakendur framtíðarinnar, hef ég freistað þess að leggja fram brtt. á þskj. 251 um hækkun framlags ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins um 130 millj. kr. Fjárhæð tillögunnar er miðuð við að kerfið í heild, þ. e. báðir byggingarlánasjóðirnir, fái álíka mikil framlög og orðið hefðu að óskertum mörkuðum tekjustofnum og óskertum öðrum lögboðnum opinberum framlögum frá ríki og sveitarfélögum samkvæmt eldri lögum. Hér er vissulega um mikið fé að ræða, en þó ekki meira hlutfallslega en ríkissjóður lagði til skamms tíma fram. Ég minni einnig á að þm. Alþfl. hafa lagt fram sparnaðartill. við fjárlögin sem nema miklu hærri upphæðum en hér er um að ræða. Þar við bætist svo að hér er aðeins verið að leggja til að byggingarsjóðirnir fái sína mörkuðu tekjustofna óskerta eða ígildi þeirra, en um þá tekjustofna var á sínum tíma samið við verkalýðshreyfinguna og vafasamt hvernig hægt er að taka þá af án nýrra samninga.

Ef miðað væri við þá stefnumótun í húsnæðislánamálum, sem ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar samþykkti árið 1979, þyrfti að hækka opinber framlög um næstum 200 millj. kr. frá því sem fjárlagafrv. fyrir næsta ár gerir ráð fyrir. Þá stefnumótun samþykktu sex af núv. hæstv. ráðh.

Þessari brtt. er ætlað að freista þess að bæta tvennt: Í fyrsta lagi að hækka verulega lán húsbyggjenda og húskaupenda og þá einkum og sér í lagi þeirra sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn. Í öðru lagi er till. ætlað að bæta stöðu húsnæðislánakerfisins þannig að það geti áfram verið stuðningur við húsbyggjendur og húskaupendur.

Það er algert ábyrgðarleysi að stefna vísvitandi og með opin augu að því að eyðileggja hið opinbera veðlánakerfi um langa framtíð án þess að nokkuð annað komi í staðinn. Ég skora á hv. þm. að spyrna við fótum. Því lengur sem það dregst, því erfiðara verður það.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er sammála því sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði um ástand húsnæðismálanna og þarfir Byggingarsjóðs ríkisins. Í þinginu er frv. til lánsfjárlaga þar sem gert er ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins sé sviptur tekjustofni sínum af launaskatti. Það raunhæfa í þessu máli nú er að freista þess að koma í veg fyrir að þær fyrirætlanir nái fram að ganga. Þess vegna höfum við sjálfstæðismenn lagt fram till. um að fella niður þessa skerðingu. Því miður verð ég að segja það, að þegar greidd voru atkv. um þá till. í Ed. í gær sáu flokksmenn hv. 5. þm. Suðurl. ekki ástæðu til að greiða atkv. gegn skerðingunni. Ég segi þetta að gefnu tilefni um leið og ég tek fram að ég væni hv. 5. þm. Suðurl. ekki um óheilindi í þessu máli.

Ég stóð hér upp til að vekja athygli á brtt. sem ég ásamt

fleiri ber fram á þskj. 241. Þetta eru tillögur sem voru bornar fram við 2. umr. fjárlaga og ég mælti þá fyrir. Ég mun ekki endurtaka það sem ég sagði þá, en ég vil aðeins undirstrika mikilvægi þeirra með örfáum orðum.

Tillögur þessar eru tvær; annars vegar að því er varðar sveitarafvæðingu og hins vegar að því er varðar hækkun á olíustyrk vegna húshitunar.

Till. um sveitarafvæðinguna felur í sér að framlag til sveitarafvæðingar verði hækkað úr 2.7 millj. kr. í 21 millj. eða til vara í 15.5 millj.

Árið 1975 gerði orkuráð áætlun um sveitarafvæðingu landsins og þar var gert ráð fyrir að allir sveitabæir fengju rafmagn frá samveitu ef meðalvegalengd á milli þeirra færi ekki fram úr 6 km. Nú eru eftir um 30 sveitabæir til að ná þessu marki og ljúka sveitarafvæðingunni. Þetta fólk, sem hér á hlut að máli, hefur beðið mörg ár eftir því að fá þessi sjálfsögðu þægindi. Það hefur reiknað með því. Ég vil aðeins með þessum orðum vekja athygli á því, að ef þessi brtt. verður ekki samþykkt verður á næsta ári ekkert gert í sveitarafvæðingunni. Það má ekki koma fyrir og því vænti ég þess að hv. þm. greiði till. þessari atkv. og tryggi framgang hennar.

Hin till. varðar upphæð olíustyrkja. Hún felur í sér að upphæð í þessu skyni sé hækkuð úr 30 millj., sem frv. gerir ráð fyrir, í 50 millj. 30 millj. kr. duga til að veita styrki á næsta ári sem ekki eru hærri en ákveðið var 1. jan. 1980. En á þessu ári, árinu 1981, eru veittar 50 millj. kr. í þessu skyni. Ég vænti þess, að olíustyrkurinn verði hækkaður á þessu ári þannig að þá þurfi um 50 millj. kr. til þessa á árinu. Ef Alþingi ætlar hins vegar aðeins að veita 30 millj. kr. í þessu skyni á næsta ári þýðir það að lækka yrði olíustyrkinn á næsta ári frá því sem hann yrði í ár. Það sjá allir hvílík óhæfa það er, sérstaklega ef menn eru minnugir þess, sem menn hafa alltaf á vörunum þegar rætt eru um þessi mál, hve óskapleg byrði það sé sem það fólk þarf að bera sem býr á olíukyndingarsvæðunum. Þess vegna vænti ég þess, að hv. alþm. sjái hvílík óhæfa það er að fella þessa brtt. og viðbrögð þeirra verði þess vegna á þann veg að greiða till. atkv. og tryggja henni framgang.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Guðmundi J. Guðmundssyni að bera fram till. um hækkun á framlagi til Vinnueftirlits ríkisins sem er stofnun sem er til komin vegna samninga aðila vinnumarkaðarins um að gera gerbyltingu á sviði aðbúnaðarmála verkafólks. Hins vegar höfum við flm. fengið það staðfest, að það er skoðun þeirra, er að fjárlagafrv. standa, að gjaldskrá Vinnueftirlitsins muni sniðin að verðlagsbreytingu á árinu 1982 og þá miðað við desemberverðlag sem grunnviðmiðun og jafnframt að í grg. frv. er prentvilla, en þar segir í kaflanum um Vinnueftirlit ríkisins:

„Í fjárlögum fyrir árið 1981 var ákveðið að grunnheimildir Vinnueftirlits ríkisins skyldu vera 18 talsins. Í þessu frv. er hins vegar gert ráð fyrir því að 2 stöðugildi eftirlitsmanna bætist við hjá stofnuninni og verði grunnheimildir þar með 20 talsins.“ Í stað tölunnar 18 á að vera 20, en nú starfa einmitt 20 starfsmenn við stofnunina. Starfsmönnum mun því samkv. frv. fjölga um tvo á árinu og verða 22. Í ljósi þessa höfum við ákveðið að draga till. okkar til baka og treystum því, að svo verði haldið á málum sem ég geindi frá.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka það fram við þessa umr., að ég hef verið fullvissaður um það og eins Vigfús Jónsson, sem hér sat á þingi um hríð í vetur, að þrátt fyrir að frv. til nýrra dýralæknislaga hafi ekki verið lagt fram á Alþingi muni slíkt frv. verða lagt fram áður en þing fer í jólafrí. Ég hef jafnframt verið fullvissaður um það, að þótt á fjárlögum sé ekki að finna framlög til þess að tveir dýralæknar verði í Suður-Þingeyjarsýslu á næsta ári sé fyrir því séð og samkomulag um það innan ríkisstj., að annar dýralæknir verði ráðinn í dýralæknisumdæmið Suður-Þingeyjarsýslu á næsta ári. Ég hef tekið þessi orð trúanleg og það er skýringin á því, að ég hef hvorki hreyft þessu máli í frv.-formi né í formi fsp. á þessu þingi og ég hef ekki heldur flutt brtt. um þetta mál. Ég tel að um innanhéraðsmál og kjördæmismál sé sjálfsagt að hafa sem nánast samráð og samstarf milli þm. úr ólíkum flokkum og er þess vegna mjög þakklátur hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. fyrir þeirra undirtektir við þetta mál. En ég taldi nauðsynlegt, herra forseti, að þetta kæmi skýrt fram við 3. umr. málsins til að skýra líka hvers vegna þessu máli hefur ekki verið hreyft á þessu þingi, eins og boðað var á s. l. vori. Þetta mál hefur verið tekið upp í hópi okkar þm. Norðurl. e. Þar hefur komið fram að við stöndum allir í þeirri trú, að við þær yfirlýsingar, sem hafa verið gefnar í þessu máli hér á Alþingi, verði staðið, en eingöngu sé um það að ræða að þetta mál hafi nánast fyrir tilviljun ekki komið fram á þinginu, en um það sé full samstaða, og fyrir það er ég þakklátur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég fór að gá að brtt. sem ég er meðflm. að. Það er brtt. á þskj. 232 varðandi heiðurslaun listamanna. Ég ætla ekki að ræða efnislega þessa till., en ég finn mig knúinn til að vekja athygli hæstv. forseta á því sem ég ætla að sé ekki þinglegt við hana.

Ýmsir af flm. þessarar till. flytja hana með fyrirvara. Ég kannast ekki við það, að brtt., frumvörp eða þáltill. séu fluttar með fyrirvara. Ég hef ekki heldur orðið var við að þingsköp geri ráð fyrir slíku. Annaðhvort eru menn með till. og flytja till. eða flytja ekki till. Hins vegar geta menn gefið álit í nefndum með fyrirvara.

Ég vildi leyfa mér að vekja athygli hæstv. forseta á þessu, og það er hans að ákveða hvernig með skuli fara.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það má vera að á pappírnum séu á brtt. formgallar sem ekki falla í geð hv. 4. þm. Vestf. En ég vil einungis segja það, að það má mikið vera ef hann hefur aldrei staðið að brtt. í nefnd og skrifað með fyrirvara undir. Algilt er að menn standi að slíkum nál., mæli með samþykki frv., en áskilji sér allan rétt til að flytja eða fylgja brtt. Hitt má vel vera, að í þetta skipti sé um það að ræða að formsins vegna sé þetta ekki rétt. — En enginn maður, sem lagt er til á þessu þskj. að njóti heiðurslauna, er ekki verðugur að vera þar að mínu áliti. Ég hef lagt til að hver einasti maður sem þar er njóti heiðurslauna.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það eru aths. hv. 4. þm. Vestf. sem komu mér upp í stólinn, annars hafði ég ekki hugsað mér að taka hér til máls. En úr því að ég er kominn hingað vil ég lýsa ánægju minni með afgreiðslu hv. fjvn. á framlagi til Hins íslenska biblíufélags og dreg því til baka mína till. sem kemur fram á þskj. 241. Ef

virðulegur forseti hefur tekið eftir því sem ég sagði sé ég ekki ástæðu til að hafa lengra mál um það.

Þá vil ég einnig beina athygli manna að annarri brtt., sem ég flyt á sama þskj., 241, við 4. gr., þ. e. 3. brtt. I. liðar, og er styrkur til blaðanna. Ég er ekki í nokkrum vafa um, ef hv. þm. hafa haft tíma til að hugsa um það mál frá því að ég flutti slíka till. s. l. ár, að hún verður samþykkt. Ég tel það sjálfur hreint siðleysi að greiða slíkar upphæðir til blaðanna sem hér eru greiddar og hér um ræðir. Framlagið er nú komið upp í 2 millj. 150 þús. kr. samkv. till. fjvn. eins og fjárlögin eru nú fram sett. Það byrjaði sem saklaus smáupphæð og hefur líklega aldrei átt að verða annað.

Þá vil ég einnig vona að þm. hafi skilning á tilgangi þess uppeldisstarfs sem unnið er að í íþróttahreyfingunni. Ég beini þeirri ósk til þm. almennt, að þeir kynni sér vel till. á þskj. 251, I. lið, brtt. frá Eiði Guðnasyni, sem hann hefur nú talað fyrir, ásamt fleiri flm. sem þar eru skráðir, og er um sérstaka viðurkenningu til sérsambanda og íþróttafélaga samkv. ákvörðun Alþingis að upphæð 1 millj. kr. Það hefði fyrir löngu átt að vera komið inn í fjárlög.

Þá vil ég taka undir brtt. á þskj. 263, það er líka I. liður þar, frá Guðmundi Karlssyni og varðar byggingu grunnskóla o. fl. í Vestmannaeyjum. Ég þekki nokkuð til þar. Þó að það sé kannske ekki almennt álitið hlutverk Reykjavíkurþm. að flytja tillögur eða mæla með tillögum til fjárveitinga fyrir aðra staði geri ég það samt hér með því að undirstrika með málflutningi mínum þörfina þar á staðnum.

Þá kem ég að þeirri brtt. sem er á þskj. 229 við frv. til fjárl. fyrir árið 1982, frá Árna Gunnarssyni, Albert Guðmundssyni, Guðrúnu Helgadóttur, Halldóri Blöndal og Ólafi Þórðarsyni, við 4. gr. samkv. númeri sem þar er, heiðurslaun listamanna samkv. ákvörðun Alþingis, að a-liðurinn verði: fyrir 301 þús. komi 506 250 kr. Ég skildi ummæli hv. 4. þm. Vestf. þannig, — það getur vel verið að það hafi verið misskilningur hjá mér, — að í sinni stuttu ræðu og aths. við framsetningu á till. frá menntmn. væri hann að tala gegn þeirri till. vegna formgalla. Nú getur vel verið að þm. séu mismunandi vel upplýstir um formsatriðið þingsins. En þrátt fyrir formgalla á framsetningu er það sterk viljayfirlýsing, sem kemur fram hjá viðkomandi aðilum, sem undir þá till. skrifa með fyrirvara, og vilji þm. fer ekki milli mála.

Það kom fram hjá hv. 1. flm. að þessari brtt. okkar, hv. 6. þm. Norðurl. e., að ég hefði nokkrum sinnum mælt fyrir till., bæði í þingflokki, í samtölum við þm. og síðan flutt hana einn á þingi einu sinni. Það var m. a. og jafnvel eingöngu til þess að Alþingi Íslendinga og íslenska þjóðin sýndi Stefáni Íslandi, Stefáni Guðmundssyni, þá virðingu sem honum ber og okkur ber skylda til að sýna honum og hefði átt að vera búið að sýna honum fyrir löngu, en formið leyfði það ekki. Við erum fastir í einhverjum farvegi hefðar sem sagði: Það skulu vera 12 menn sem hljóta heiðurslaun og þá viðurkenningu sem er miklu meira virði en peningarnir sem bak við stóðu. — Ég hef aldrei verið formfastur maður og ég get ekki ímyndað mér að nokkur Íslendingur vilji vera svo formfastur eða láta hv. Alþingi festa sig í því formi, að íslenska þjóðin geti ekki eða hafi ekki efni á eða vilji ekki vegna formsins sýna sínum afreksmönnum þá virðingu sem þeim ber, að við séum það aum þjóð að við höfum ekki efni á að viðurkenna meira en 12 afreksmenn í heiðurslaunaflokki hverju sinni.

Stefán Íslandi bar hróður Íslands vítt um lönd um langan tíma og hefur veitt ónefndum Íslendingum margar ánægjustundir í langan tíma líka, mörg ár. Ég vil segja það vegna þess að ég hafði sjálfur tækifæri til að lifa nokkuð svipuðu lífi og Stefán Íslandi gerði, að vísu á öðru sviði, á sviði íþróttanna, og veit hvað ég er að tala um. Hann bar hróður landsins og fæðingarhéraðs síns vítt um heim. Menn spurðu: Hvaðan er hann af þessu litla landi? Ég vil segja að hann hafi gert íslensku þjóðina miklu stærri vegna þess að hann dró athygli að henni á löngum söngferli úti í hinum stóra heimi með sinni ljúfu rödd. Ég verð að segja að ef við viljum kalla okkur þá menningarþjóð sem við erum alla tíð að státa af að við séum, þá verðum við að geta veitt frægum sonum, sem snúa heim til ættjarðarinnar, þá virðingu á ævikvöldi sem við getum og höfum yfir að ráða. Ég leyfi mér að halda því fram, að íslenska þjóðin mundi fagna því ef till. okkar á þskj. 229 yrði samþykkt. Ég varð var við það, þegar mín till. var felld á sínum tíma, að slíkri tillögu var fagnað, og því legg ég til að við festum okkur ekki í einhverri ákveðinni tölu. Það er hið sama og að segja við íslensku þjóðina: Þú mátt ekki eiga nema 12 afreksmenn því að við höfum ekki efni á að sýna fleiri virðingu. Ég er ekkert fastur í þeim 15 sem við gerum tillögu um. Ég væri reiðubúinn að samþykkja fleiri en 15 af því að ég veit að við eigum fleiri sem eiga skilið þá viðurkenningu sem í því felst að viðkomandi listamenn fái heiðurslaun og viðurkenningu langt út fyrir þá upphæð sem um er að ræða. Ég treysti mér til að benda á liði á fjárlögum nú sem mættu hverfa að mínu mati og kannske fáir meðal íslensku þjóðarinnar söknuðu ef þetta gæti komið í staðinn.

Forseti (Jón Helgason): Vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf. vil ég taka undir það, að það er óeðlilegt að sjá svona á flutningi till. og þó að þarna standi „með fyrirvara" hljóta flm. að bera ábyrgð á tillöguflutningnum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er samþykkur því sem hæstv. forseti sagði varðandi form brtt. um heiðurslaun listamanna. Þó að sumir hafi skrifað undir með fyrirvara hafa ekki aðrir skrifað undir með fyrirvara og till. sem slík væri fullgild þó að það væri aðeins einn maður sem bæri hana fram.

En út af því, sem síðasti ræðumaður sagði, var eitt atriði, sem hann vék að mér í ræðu sinni, og ég vil svara því. Hann sagðist hafa skilið mín orð áðan um till. um heiðurslaun listamanna svo, að ég væri andsnúinn henni. Mér finnst furðulegt að geta lagt þennan skilning í ummæli mín. Ég er flm. till. án fyrirvara og er auðvitað með tillögunni. (Gripið fram í.) Þessa 15, já. Ég er með till., sem ég er að ræða um, um 12. Það er mín till., sem ég ber fram. Það hlaut að vera að það væri einhver misskilningur þarna. En þá sjáum við það báðir.

Svo vil ég einu orði víkja að því sem hv. 7. landsk. þm. sagði um þetta atriði. Að formi til virtust orð hans vera sem andsvar við því sem ég var að segja, en efnislega kom fram að hann er sammála því sem ég sagði.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tel mig hafa ágæta lausn á þeim vanda sem er kominn upp vegna þess formgalla sem fram hefur komið á till. beggja menntmn., og sú lausn er að þingheimur samþykki brtt. þá sem ég hef

flutt á þskj. 229.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Áður en ég vík að því sem ég vildi sagt hafa hér fyrst og fremst, þá get ég ekki látið hjá líða að taka undir það með hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, að vissulega er frágangur þskj. 232 ekki aðeins óvenjulegur, heldur í raun rökleysa. Það segir sig sjálft, að menn flytja ekki till. með fyrirvara. En það breytir auðvitað ekki því, að till. er vafalaust alveg gild og hlýtur að vera borin hér upp með venjulegum hætti. En ég hef aldrei séð svona till. hér í þinginu og ég er viss um að þetta stenst ekki, en hefur fyrst og fremst enga merkingu. Það er það sem skiptir máli.

En ég vildi nota tækifærið til þess að þakka hv. fjvn. fyrir snögg og góð vinnubrögð og fagna því, að frv. er nú komið til 3. umr. Ég vil einnig þakka hv. þm. fyrir tiltölulega stuttar umr. hér við 3. umr. Menn hafa sagt það sem þeir þurftu að segja, en ekki verið með neinar málalengingar og það er þakkarvert.

Ég vildi aðeins mega nefna hérna tvær tillögur sem ég flyt. Önnur er á þskj. 263. Það er heimild til að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila, sbr. ákvæði 6. mgr. 2. gr. laga nr. 60/1981, allt að 50 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Og í öðru lagi að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 45 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Að sjálfsögðu skýrist flutningur þessarar till. af því, að lánsfjáráætlun verður ekki afgreidd nú fyrir jól, en aftur á móti óhjákvæmilegt að hægt sé að ganga frá þessum lánum sem tilheyra árinu 1981.

Menn undrast nú kannske að þörf sé á því að leggja fram till. um fyrri liðinn sem lýtur að lánum vegna virkjunarframkvæmda á liðnu ári í samræmi við virkjunarlög sem hér voru samþykkt, en þetta er algert formsatriði. Það hefur alltaf legið ljóst fyrir, að þessi fjárhæð yrði tekin að láni erlendis, en það láðist að taka það fram í virkjunarlögunum í fyrra að heimildin næði til erlends láns. Og menn eru svo formfastir, að þeir telja ekki hægt að ganga frá láninu öðruvísi en það sé beinlínis tekið fram. Þess vegna er nú endurtekinn þessi heimildarbeiðni og sérstaklega tekið fram að fjárhæðin geti verið í erlendri mynt. Þetta er sem sagt hreint formsatriði.

Síðari till. snýr bara að endurskoðaðri lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Ég hef haft samráð um það við stjórnarandstöðuna og ég held að allir séu sammála um að eðlilegt sé, úr því að lánsfjáráætlun er ekki afgreidd fyrir áramót að afla þessarar heimildar, hvort sem einstakir þm. reynast þá samþykkir því að heimildin sé veitt eða ekki. En í öllu falli er eðlilegt að freista þess hér við afgreiðslu fjárlaga að afla þessarar heimildar.

Ég vil í öðru lagi benda á brtt. sem ég flyt á þskj. 254, sem er brtt. við fjárlagafrv. og snýst um sjálfskuldarábyrgð vegna Flugleiðamálsins. Hér er um að ræða nákvæmlega sams konar heimild og veitt var í lögum um málefni Flugleiða sem samþ. voru á s. l. hausti, að því breyttu, að í staðinn fyrir 3 millj. bandaríkjadala, eins og var í frv. fyrir árið 1981, er nú um að ræða 1.6 millj. bandaríkjadala og tímasetningar eru að sjálfsögðu breyttar, færðar til um eitt ár.

Ég vil svo að lokum svara fsp. sem beint var til mín af hv. þm. 5. þm. Norðurl. v., Ingólfi Guðnasyni, en hann spurðist fyrir um frv., sem vísað hefði verið til ríkisstj. á s. l. vori, um söluskatt af flutningskostnaði. Þetta frv. var á þá leið, að sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafi af aðkeyptum flutningi hennar milli staða innanlands, skuli ekki mynda stofn til söluskatts, og skuli söluskattsskyldum aðilum heimilt að draga aðkeyptan flutningskostnað innanlands vegna söluskattsskyldra söluvara sinna frá heildarveltu áður en söluskattsskil eru gerð.

Það er rétt að minna á það hér, að hugmynd af þessu tagi og frv. af þessu tagi hafa verið hér á ferðinni oftar en einu sinni, frv. var flutt líka á þinginu 1979—1980, en þau hafa aldrei náð afgreiðslu. Þessu frv. var svo vísað til ríkisstj. á s. l. vori, væntanlega vegna þess að menn voru ekki reiðubúnir til að samþykkja frv.

Um þetta mál fjallaði nefnd sem var að störfum á árunum 1973 og 1974 og átti að hafa það verkefni að kanna hvort hægt væri að lækka vöruverð og draga úr eða jafna flutningskostnað á vöru milli landshluta. Sú nefnd treysti sér ekki til að mæla með breytingu af þessu tagi og kenndi því um, að of miklir framkvæmdaörðugleikar væru í þessu sambandi. Ég vil taka það fram, að ég hef ráðgast við menn í mínu rn. um hugsanlega framkvæmd á ákvæði af þessu tagi, og ég verð að láta það koma hér fram, að þessi hugmynd hefur fengið ákaflega neikvæðar viðtökur í hópi embættismanna sem telja að það séu miklir vankantar og erfiðleikar á að framkvæma þessa söluskattslækkun og mikil hætta á undanskotum á söluskatti ef tilraun er gerð til þess að fella niður söluskatt af þessum afmarkaða hluta vöruverðs. Ég verð hins vegar að viðurkenna það, að ég hef ekki getað myndað mér neina endanlega skoðun um það, hvort þetta sé réttur dómur hjá embættismönnum. Ég býst við að þetta séu svipuð viðbrögð og verið hafa uppi hjá mörgum sem um þetta hafa fjallað mörg undanfarin ár, og ég vil heita fyrirspyrjanda Ingólfi Guðnasyni því, að ég vil gjarnan, að þetta mál sé kannað rækilega, og mun gera það á næstu vikum, svo að það komi í ljós hvort ekki sé hægt að finna einhverja þá hlið á þessu máli, einhverja leið í þessu máli sem geri kleift að ná því markmiði sem fólst í þessu frv., því að málið er gott og ég held að við séum sammála um að það þyrfti að ná fram að ganga í einu eða öðru formi. En vissulega verður að taka til greina gagnrýni af því tagi sem ég nefndi, að það séu annmarkar á framkvæmd og hætta á söluskattsundanskoti ef þetta sé leyft, og menn verða þá að velta því fyrir sér, hvort einhverjar aðrar leiðir væru hugsanlegar eða einhverjar breytingar á framkvæmd sem gerðu vankantana minni.

Ég vil sem sagt ekki fjölyrða frekar um þetta mál, en ítreka það, að málið er alls ekki afgreitt af minni hálfu og ég mun kanna það rækilega á næstu vikum.

Herra forseti. Ég held að ég þurfi ekki að fjölyrða frekar um fjárlagafrv. og afgreiðslu þess. Ég þakka þm. fyrir góð vinnubrögð nú við 3. umr. og ágætar umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hafa farið fram allsérstæðar umr. um brtt. sem fluttar hafa verið varðandi listamannalaun. Það hefur komið fram, að hv. 4. þm. Vestf. dregur mjög í efa að brtt. 232 standist þinglegar kröfur, þar sem menn hafa skrifað hér undir með fyrirvara. Við athugun kemur í ljós að meira en helmingur flm. í menntmn. Nd. hefur skrifað undir með fyrirvara. Undir þetta mál hv. þm. tók hæstv. fjmrh., og ég held að þegar þessir tveir aðilar hafa lagt jafnmikinn þunga í þessar athugasemdir sínar og þeir hafa gert, þá

hljóti að vera eðlilegt að beina því til flm., hvort þeir séu ekki reiðubúnir að draga þessa brtt. til baka þar sem hún er alls óþörf og allir þeir aðilar, sem þar eru nefndir, mundu að fullu halda sóma sínum þó að till. yrði dregin til baka. En það mundi leysa hæstv. forseta undan því að úrskurða hér á annan veg en forseti Ed. Alþingis hefur talað fyrir. Jafnframt mundi það losa þingið undan þeirri erfiðu kvöð að greiða atkv. eins viðkvæmu máli og hér er um að tefla og helst ætti aldrei að þurfa að koma til atkvgr. í sölum þingsins. Þess vegna þykir mér að það hafi verið ákaflega jákvætt, að hv. 4. þm. Vestf. skyldi gera þessa athugasemd, og vænti þess, að hann beiti sér fyrir því í hópi flm., að till. verði dregin til baka.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 30. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 6.55 síðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 259). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollskrá, en frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Nd.

Það er kjarni þessa máls, að í tollalögum er það meginregla að einn hlutur er færður og tollaður samkv. einu tollnúmeri, jafnvel þótt um samsettan hlut sé að ræða, og þó að einstakir hlutar hins samsetta hlutar séu í gerólíkum tollflokkum hefur það engin áhrif á þá niðurstöðu að einn hlutur skal tollaður samkv. einu tollnúmeri. Það er hins vegar ljóst, að þessi regla veldur margvíslegum vandkvæðum. Frægt dæmi úr tollmeðferðarsögu hér á Íslandi er það, að ef menn flytja inn bíl eða bifreið ásamt yfirbyggingu er það tollað á einn veg, en ef farartækið er hins vegar flutt inn þannig að yfirbyggingin sé sér á parti og bifreiðin sé sér á parti eru tollflokkarnir aðrir og útkoman töluvert önnur í tollum. Það hefur sem sagt reynst afskaplega mikil mismunun eftir því, hvort hlutirnir voru fluttir inn í tvennu eða mörgu lagi eða sem einn hlutur.

Menn hafa rætt það, að nauðsyn bæri til að samræma þetta við allsherjarendurskoðun á tollskrá, en hún hefur dregist vegna þess að um viðamikið og stórt mál er að ræða, og ekki hefur orðið af því að menn leiðréttu þessi tilvik þar sem þau eru erfiðust við að eiga og hafa haft mest áhrif í íslensku efnahagslífi og á íslenskan iðnað.

En nú í seinni tíð verður vart við að á einu sviði er um að ræða svo hættulega þróun að ekki verður við unað án gagnaðgerða. Hér er sérstaklega um að ræða innflutning á húsum og mannvirkjum, þar sem um er að ræða innflutning á heilum einingahúsum sem lenda í miklu lægri tollflokkum með allt það, sem þeim fylgir, en hinir einstöku hlutar mundu gera ef þeir væru tollaðir sér. Hagsmunasamtök bentu á það nú á haustmánuðum, að hafinn væri stórfelldur innflutningur á einingahúsum erlendis frá, vöruðu við því, að að öllu óbreyttu mundi innlend framleiðsla einingahúsa verða lögð í rúst ef ekki væri gripið til gagnaðgerða, og óskuðu eindregið eftir að sett yrði lög sem gerðu aðstöðu íslenskra framleiðenda hliðstæða þeirri aðstöðu sem innflytjendur búa við að þessu leyti. Því er þetta frv. flutt. Það er flutt til varnar íslenskri framleiðslu og það hefur svo vel tekist til, að samkomulag er um það milli allra flokka hér á Alþingi að hraða afgreiðslu þessa máls þó það sé óneitanlega afar flókið efnislega og ekkert auðvelt að glíma við það á skömmum tíma.

Ég mælti fyrir þessu máli í hv. Nd. í gær og frv. er komið til Ed. með breytingu sem hv. fjh.- og viðskn. Nd. lagði til að gerð yrði á frv. Í frv. var ákvæði sem gerði kleift að lagt væri jöfnunarálag á fleiri innflutta vöruflokka en innflutt mannvirki og mannvirkjahluta. Það er sem sagt meginefni frv. að slíkt jöfnunarálag sé lagt á tollverð innfluttra húsa, og opnuð var leið til þess í 4. mgr. að þetta næði einnig til annarra vöruflokka þar sem svipað stendur á. Mönnum þótti samt sem áður varhugavert að veita fjmrn. svo víðtæka heimild án nánari skoðunar, því að naumur tími væri til að skoða málið í heild, og því varð það að ráði með ágætu samkomulagi við okkur fjmrn.-menn, að þetta ákvæði væri fellt niður, og það nær því fyrst og fremst til innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Hins vegar er ljóst að á mörgum öðrum sviðum, og þetta á þá kannske ekki síst við um húsgagnaiðnaðinn, ber brýna nauðsyn til að hliðstæð ákvæði séu sett til varnar innlendri framleiðslu og til að tryggja að innlend framleiðsla njóti ekki lakari kjara og sé ekki í langtum lakari aðstöðu en erlend framleiðsla.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en ítarleg grein er gerð fyrir því í aths. með frv. Ég hef aðeins farið hér örfáum orðum um kjarna málsins. Hann er sá, eins og ég hef þegar sagt, að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Ég vek hins vegar á því athygli, að vegna þess að meðferð frv. hér á Alþingi getur nú talist nokkur hraðsuða og nauðsynlegt er að athuga þetta mál allt betur varð það að ráði í Nd. að lögin giltu aðeins í eitt ár eða til 31. des. 1982.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 237 (sbr. 146)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég skal verða mjög stuttorður.

Um þetta mál urðu mjög miklar umr. í Nd. og það virðist ekki liggja nægilega ljóst fyrir hvernig þau fyrirheit hafi verið sem gefin voru við ákvörðun á loðnuverði, — þær ákvarðanir, sem teknar voru varðandi loðnuverðið af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, og þau loforð, sem ríkisstj. gaf í þessu sambandi. Náttúrlega er ákaflega slæmt að svona skuli takast til. En ég ætla að

vona að sá texti, sem hér liggur fyrir, veiti ríkisstj. svigrúm til að standa við þetta mál með eðlilegum hætti.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:8 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 268).

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 260). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um Framkvæmdasjóð aldraðra, sem þegar hefur hlotið meðferð í hv. Nd.

Frv. gerir ráð fyrir að á árinu 1982 verði heimilt að leggja á skattskylda menn 200 kr., en þó skulu börn innan 16 ára aldurs á tekjuárinu og þeir, sem eru 75 ára og eldri, undanþegnir gjaldinu sem og þeir menn sem hafa tekjuskattsstofn undir 45 þús. kr. Þá skal skattstjóri fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunarheimilum aldraðra.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir að fjmrn. eigi að skila Framkvæmdasjóði aldraðra ársfjórðungslega á innheimtuárinu fjórðungi af áætluðum tekjum sjóðsins samkv. þessari grein.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um hlutverk sjóðsins og tel ég ekki ástæðu til þess að fara mörgum orðum um það. Ég geri ráð fyrir að það sé hv. þm. vel kunnugt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 17 shlj. atkv.

Efri deild, 31. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 7.25 síðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 259, n. 266). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Í ljósi þess, að málið er aðkallandi og mikilvægt, mælir nefndin með samþykkt frv. óbreytts, en við vekjum hins vegar athygli á að óvenjulegt sé að orða lagatexta á þann hátt sem hér er gert, einkum hvað snertir 2. mgr. 1. gr. Nefndin hvetur til þess, að fundið verði hið fyrsta betra form á þessari lagasetningu, og treystir á að það verði haft samráð við fjh.- og viðskn. um þá endurskoðun.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 260, n. 267). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar skaut á skyndifundi rétt í þessu, og mælir nefndin eindregið með að þetta frv., sem hér er til 2. umr., fái samþykki. Karl Steinar Guðnason skrifar undir nál. með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég og félagar mínir erum samþykkir þessu frv. að öllu öðru leyti en því, að við erum ósáttir við þá grein er fjallar um innheimtu gjaldanna. Við teljum að miklu eðlilegra sé að hafa þetta sem hluta af tekjuskatti í stað þess að vera með einn skattinn í viðbót. Að hafa þetta sem sérstakan skatt er aðeins til að gera kerfið flóknara. Við teljum að það sé ástæða til að fækka sköttum frekar en fjölga þeim. Sama árangri hefði mátt ná með því að hafa þessa innheimtu í tekjuskatti.

Að öðru leyti erum við samþykkir frv. Það reyndi á það í Nd., að það var ekki fylgi fyrir brtt. er Alþfl.-menn fluttu þar um þetta mál, þ. e. varðandi innheimtuna, og tel ég ástæðulaust að reyna það aftur hér, en ítreka að að öðru leyti erum við samþykkir frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 32. fundur.

Föstudaginn 18. des., að loknum 31. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 259). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 269).

Framkvæmdasjóður aldraðra, frv. (þskj. 260). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 19 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 270).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta mun verða síðasti fundur þessarar hv. þd. fyrir jólahlé vil ég færa hv. þdm. hugheilar jóla- og nýársóskir og þakka þeim ágætt samstarf það sem af er þessu þingi. Sömuleiðis færi ég skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis innilegar jóla- og nýársóskir með þökk fyrir samstarfið. Þeim hv. þdm., sem eiga um langan veg heim að fara, óska ég góðra heimferðar og heimkomu og vona að öll megum við heil hittast á nýju ári.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þm. í þessari hv. deild vil ég þakka hlý orð í okkar garð og góðar óskir. Ég tek undir þakkir forseta til starfsfólks þingsins og ég vil þakka honum fyrir frábæra og drengilega fundarstjórn og umburðarlyndi í okkar garð. Fyrir hönd okkar þm. í deildinni vil ég færa forseta og fjölskyldu hans bestu jóla- og nýársóskir og árna honum góðrar heimferðar og heimkomu. Ég vil biðja hv. þm. að taka undir þessa ósk með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og hv. þdm. fyrir að taka undir þær. Ég árna hv. þdm. enn og aftur gleðilegrar jólahátíðar. — Fundinum er slitið.

Neðri deild, 31. fundur.

Föstudaginn 18. des., kl. 6.55 síðdegis.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 242 (sbr. 58)). — Frh. 1. umr.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þar sem sú niðurstaða hefur orðið, að 1. umr. frv. til lánsfjárlaga ljúki nú og tími gefist því til rækilegrar umfjöllunar í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á þessu frv., sem ekki sýnist vanþörf á, þá vísum við þm. Sjálfstfl. þessarar hv. deildar til umfjöllunar sjálfstæðismanna í Ed. í gær og tefjum því ekki umr. hér að sinni.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki taka langan tíma frá hv. deild í þessu máli, þar sem stefnt er að því að ljúka þessari umr. nú sem fyrst, en ég vil þó við þessa umr. kynna samþykkt sem gerð var á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í gær. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í frv. því að lánsfjárlögum, sem nú liggur fyrir Alþingi, er ekki gert ráð fyrir því, að Rafmagnsveita Reykjavíkur fái heimild til að taka lán á næsta ári. Mikil þörf er á því að Rafmagnsveitan fái heimild til lántöku þar sem litlar líkur eru á því, að fjárþörf Rafmagnsveitu Reykjavíkur fáist leyst með því að hækka gjaldskrá. Borgarstjórn Reykjavíkur skorar því á Alþingi og ríkisstj. að Rafmagnsveitu Reykjavíkur verði heimiluð umbeðin lántaka. Að öðrum kosti mun Rafmagnsveita Reykjavíkur komast í alvarleg fjárþrot, sem m. a. gætu haft það í för með sér, að ekki yrði unnt að leggja rafmagn í nýbyggðahverfi."

Ég hef hér í höndum ítarlega greinargerð frá Rafmagnsveitu Reykjavíkur til rökstuðnings þessari lánsbeiðni. Ég ætla ekki að gera hana nánar að umtalsefni hér eða lesa hana, en ég vænti þess að hv. nefnd, sem mál þetta fær til umfjöllunar hér í deildinni, taki þessa beiðni til alvarlegrar athugunar og taki mið af þeirri samþykkt borgarstjórnar sem ég hef hér gert grein fyrir og allir flokkar stóðu að í borgarstjórn í gærkvöld.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Reykn. hefur við nánari athugun á þessu máli í dag komið í ljós að ekki séu föng á því að afgreiða málið fyrir jól. Hefur því orðið að samkomulagi að freista þess ekki, heldur að taka til við það, þar sem frá verður horfið, eftir jólaleyfi. Því tel ég enga ástæðu til þess að ræða nú við 1. umr. langt mál um þetta frv., heldur geyma það þar til málið kemur í nefnd til skoðunar, en mundi jafnframt vilja koma þeirri ósk á framfæri við formann hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, að hann kallaði nefndina saman til starfa nokkru fyrr en fyrirhugað er að Alþingi komi saman að nýju að jólaleyfi loknu.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég er í sjálfu sér tilbúinn til þess að vinna í þessu máli áður en þing kemur saman. Hitt er svo annað mál, að mér er ekki kunnugt um að það sé venjan að nefndir starfi meðan þing er ekki starfandi. Ég held að það sé aðeins utanrmn. sem hefur þann hátt á samkv. lögum. En ég vil aðeins taka það fram, að það hefur farið fram mjög ítarleg vinna í þessu máli á sameiginlegum fundum nefndanna, og ég á ekki von á því, að ástæða verði til þess að endurtaka þá fundi. Ég vil því mega vænta þess, að það felist í því samkomulagi, sem hefur verið gert, að við þurfum ekki að fara í mjög ítarlega athugun á málinu upp á nýtt.

Það hefur verið mörkuð ákveðin stefna um það, að ekki verði farið í frekari erlendar lántökur. Ég tel mjög mikilvægt að halda við það og mun fyrir mitt leyti leggja áherslu á að sá rammi, sem hefur verið markaður á þessum sameiginlegu fundum og kemur fram í þeim breytingum sem hv. Ed. hefur gert, verði haldinn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram, að þó að fundum Alþingis sé frestað um jólaleyfi eru allar nefndir þingsins til. Það er ekki eins og um sé að ræða þingslit að vori, þegar engar þingnefndir eru til utan utanrmn., og verður því að setja allar þingnefndir á laggirnar með nýjum kosningum að hausti. Það er mjög alvanalegt, að þingnefndir starfi þó að þingfundir séu ekki haldnir, einnig í jólaleyfi þm., og ég hef sjálfur tekið þátt í starfsemi þingnefnda á þeim tíma. Þess vegna er það mjög eðlileg ósk sem ég hef sett fram, að hv. þm., formaður fjh.- og viðskn. Nd., reyni að kalla nefndina saman til starfa eitthvað aðeins fyrr en þing kemur saman, auk þess sem ég vil aðeins taka fram að meginhlutinn af vinnu í sameiginlegu fundahaldi fjh.- og viðskn. beggja deilda varðandi lánsfjáráætlun hefur farið

í umr. um eitt afmarkað mál áætlunarinnar, þ. e. þann þátt málsins sem snýr að lífeyrissjóðunum einum. Flestöll önnur atriði lánsfjáráætlunar hafa ekki verið rædd, þ. á m. fjölmörg erindi sem borist hafa, svo sem það erindi sem hv. 6. þm. Reykv. gerði grein fyrir áðan, og einnig fjölmörg erindi sem liggja á borðum fjh.- og viðsknefnda undirrituð af hæstv. samgrh., formanni Framsfl.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil taka undir óskir hv. 3. þm. Vestf. um störf í fjh.- og viðskn. í jólaleyfi varðandi þetta mál. Ég vil enn fremur benda á það sem hv. 3. þm. Vestf. sagði, að nefndir þingsins starfa þó að um þingfrestun sé að ræða. En það gætir þess misskilnings hjá hv. formanni fjh.- og viðskn., að utanrmn. er eina nefndin sem starfar frá því að þingi er slitið og þar til það kemur saman aftur að hausti og er sett þá. Í fjh.- og viðskn., þ. e. á sameiginlegum fundum nefndanna þegar þetta mál var til umfjöllunar í seinustu viku, — það var aðeins ein vika sem mál þetta var þar til umfjöllunar, — var nánast rætt aðeins um eitt atriði. Á þau fjölmörgu erindi, sem til nefndarinnar komu og eru á milli 30 og 40, hefur ekkert verið litið né heldur hitt, hvort ekki væri ástæða til að gera ýmsar breytingar á þeirri lánsfjáráætlun og því frv. til lánsfjárlaga sem hér er til umr. Ég er því þeirrar skoðunar, að sú ósk, sem hv. 3. þm. Vestf. setur fram, sé skynsamleg. Ég efast ekki heldur um það, að formaður fjh.- og viðskn. er reiðubúinn til að vinna í þessu máli í þinghléi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þetta er síðasti fundur fyrir jólahlé. Ég vil þakka hv. þdm. fyrir samstarfið það sem af er þessu þingi, varaforsetum sérstaklega, skrifurum vorum, skrifstofustjóra og starfsliði Alþingis öllu. Ég óska öllum gleðilegrar jólahátíðar og góðs árs. Þeim, sem eiga um langan veg heim að sækja nú, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið og segi að við megum allir heilir hittast á nýju ári að starfa á hinu háa Alþingi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta góðar óskir. Enn fremur vil ég þakka honum skemmtilega, rösklega og réttláta fundarstjórn nú á haustþinginu og árna honum og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á nýju ári. Vonum við að hitta hann glaðan og reifan að þinghléi loknu.

Enn fremur vil ég nota þetta tækifæri til að þakka skrifstofustjóra og starfsliði hans öllu ágæt störf, sem oft hafa verið unnin við mikinn eril og óhæg skilyrði á undanförnum dögum, og óska þeim öllum gleðilegra jóla. Ég vil biðja þingheim að taka undir orð mín með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar. Ég ítreka óskir mínat til ykkar allra. — Fundi er slitið.

Sameinað þing, 39. fundur.

Laugardaginn 19. des., kl. 10 árdegis.

Kosning tveggja endurskoðenda reikninga Framkvæmdastofnunar ríkisins, svo og þeirra sjóða, sem eru í umsjá hennar, samkv. 36. gr. laga nr. 97 21. júní 1976, um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Fram komu tveir listar með einu nafni hvor. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Kristjánsson fræðslufulltrúi (A),
Þorfinnur Bjarnason fyrrv. sveitarstjóri (B).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, samkv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. sept. 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361 1977.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Eysteinn Jónsson fyrrv. ráðherra (A),
Gísli Jónsson menntaskólakennari (B),
Gils Guðmundsson fyrrv. alþm. (A).
Varamenn:
Ásgeir Bjarnason fyrrv. alþm. (A),
Erna Ragnarsdóttir innanhússarkitekt (B),
Árni Björnsson þjóðháttafræðingur (A).

Kosning sex fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. þingsályktun frá 15. des. 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. des. 1969, um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Páll Pétursson alþm. (A),
Matthías Á. Mathiesen alþm. (B),
Halldór Ásgrímsson alþm. (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Eiður Guðnason alþm. (C),
Stefán Jónsson alþm. (A).
Varamenn:
Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Geir Hallgrímsson alþm. (B),
Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Árni Gunnarsson alþm. (C),
Guðrún Helgadóttir alþm. (A).

Kosning tveggja manna í stjórn Hollustunefndar ríkisins til fjögurra ára, frá 1. jan. 1982 til 31. des. 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 14. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Fram komu tveir listar með einu nafni á hvorum. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Guðni Ágústsson mjólkureftirlitsmaður (A),
Matthías Bjarnason alþm. (B).

Kosning þriggja manna í stjórn landshafnar í Keflavíkurkaupstað og tveggja endurskoðenda reikninga hafnarinnar, allra til fjögurra ára, frá 1. jan. 1982 til 31. des. 1985, samkv. 1. gr. laga nr. 42/1962 og 13. gr. laga nr. 23 6. maí 1955.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Stjórnarmenn:
Páll Jónsson sparisjóðsstjóri (A),
Halldór Ibsen skipstjóri (B),
Karl G. Sigurbergsson bæjarfulltrúi (A).

Endurskoðendur:
Valtýr Guðjónsson fyrrv. bæjarstjóri (A),
Ögmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í stjórn landshafnar í Þorlákshöfn til fjögurra ára, frá 6. júní 1982 til jafnlengdar 1986, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. laga nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Aðalmenn:
Benedikt Thorarensen framkvæmdastjóri (A),
Gísli Bjarnason umboðsmaður (B),
Ólafur Ólafsson kaupfélagsstjóri (A),
Guðmundur Friðriksson skipstjóri (B),
Erlingur Ævar Jónsson skipstjóri (C),
Ásgeir Benediktsson fiskmatsmaður (A),
Karl Karlsson skipstjóri (B).

Varamenn:
Hjörtur Jóhannsson kennari (A),
Þór Hagalín sveitarstjóri (B),
Ketill Kristjánsson verkamaður (A),
Jón Þorgilsson fulltrúi (B),
Sigurður Bjarnason skipstjóri (C),
Þröstur Þorsteinsson skipstjóri (A),
Sverrir Sigurjónsson trésmíðameistari (B).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1981, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Jón Snæbjörnsson endurskoðandi (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Baldur Óskarsson framkvæmdastjóri (A).

Kosning verðlaunanefndar Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. jan. 1982 til 31. des. 1983.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Már Lárusson fyrrv. rektor (A),
Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari (B),
Óskar Halldórsson fyrrv. lektor (A).

Kosning endurskoðenda reikninga Búnaðarbanka Íslands til 31. des. 1982 í stað Inga Tryggvasonar, sem hefur óskað þess að verða leystur frá því starfi frá næstu áramótum.

Fram kom ein tilnefning. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörinn væri án atkvgr.:

Gunnlaugur Finnsson fyrrv. alþm.

Kosning sjö manna nefndar samkv. nýafgreiddri ályktun Alþingis um ár aldraðra til að vinna að málefnum þeirra í samvinnu við stjórnskipaða nefnd, sem vinnur að lagasetningu um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir að kjörnir væru án atkvgr.:

Steinunn Finnbogadóttir fyrrv. borgarfulltrúi (A),
Sigurður H. Guðmundsson sóknarprestur (B),
Guðjón Stefánsson verslunarmaður (A),
Margrét Einarsdóttir sjúkraliði (B),
Bragi Guðmundsson læknir (C),
Snorri Jónsson fyrrv. forseti ASÍ (A),
Sturla Böðvarsson sveitarstjóri (B).

Fjárlög 1982, frv. (þskj. 212, n. 233, 229, 232, 234, 241, 243, 247, 251, 254, 263). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 247, 1-3 samþ. með 32 shlj. atkv.
— 243,1-16 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 263,I felld með 30:16 atkv.
— 243,17-19 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 229 samþ. með 31:5 atkv.
— 232 kom ekki til atkv.
— 251,I felld með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirH, GK, HBl, JS, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS.
nei: GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG,TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, JH.
3 þm. (JÞ, KSG, BGr) fjarstaddir.
Brtt. 243,20-22 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 241, I. 1 kom ekki til atkv.
— 243,23 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 251, II samþ. með 45 shlj. atkv.
— 251, III tekin aftur.
— 243,24 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 251, IV samþ. með 54 shlj. atkv.
— 243,25-26 samþ. með 40 shlj. atkv.
— 247,4 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 243,27-29 samþ. með 37 shlj. atkv.
— 251, V. 1 felld með 32:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EgJ, EG, EKJ, GeirH, GK, HBl, JS, KP, KJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, ÞK, ÁG, BÍG.
nei: EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTH, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, JH.
FrS, LJ, VG, AG greiddu ekki atkv.
3 þm. (JÞ, KSG, BGr) fjarstaddir
Brtt. 251,V.2 felld með 32:13 atkv.
— 241,I. 2 tekin aftur.
— 243,30-41 samþ. með 47 shlj. atkv.
— 251,VI felld með 32:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VG, ÁG, EG, JS, KP, KJ, MHM, SighB.
nei: SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, JH.
SÓ, SvH, ÞK, AG, BÍG, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (BGr, KSG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Samkv. frv. til lánsfjárlaga er Byggingarsjóður ríkisins sviptur tekjustofni sínum af launaskatti. Brtt. okkar sjálfstæðismanna við frv. þetta um að Byggingarsjóður ríkisins haldi þessum tekjustofni sínum hefur þegar verið felld. Launaskatturinn mun því ganga til ríkissjóðs og er því ekki raunhæft að ætla að efla Byggingarsjóðinn með því að skipta á þeim peningum og öðrum peningum sem í ríkissjóðinn ganga með annarri skattheimtu. Til bjargar Byggingarsjóði gegn aðför ríkisstj. duga nú engin skipti nema skipti á ríkisstj. Með því að atkvgr. þessi getur ekki leitt til slíks greiðum við sjálfstæðismenn ekki atkv. — Herra forseti. Ég greiði ekki atkv.

Brtt. 251,VII tekin aftur.
— 251,VIII felld með 32:25 atkv.
— 251,IX samþ. með 46 shlj. atkv.
— 243,42 samþ. með 50 shlj. atkv.
Brtt. 251,X felld með 31:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirH, GJG, HBl, JS, JÞ, KP, KJ, MHM, PS, SalÞ, SighB, SÓ, VG, AG, ÁG, EG.
nei: GB, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, JH.
GK, LJ. MB, MÁM, ÓE, SvH, ÞK, BÍG, EgJ, EKJ, FrS greiddu ekki atkv.
2 þm. (KSG, BGr) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í undirbúningi hefur verið sérstök könnun á launamisrétti karla og kvenna í landinu, m. a. á snærum félmrn. Þegar kostnaðaráætlun við könnun þessa liggur fyrir verður fjármagn í því skyni tryggt. Ég tel þessa till. óþarfa á þessu stigi og segi nei.
Brtt. 243, 43-44 samþ. með 44 shlj. atkv.
— 251,XI felld með 32:21 atkv.
— 243,45 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 263,II felld með 31:21 atkv.
— 243,46-48 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 243,49 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 241,I.3 felld með 38:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: PS, SalÞ, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, BÍG, EH, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE.
nei: ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, ÁG, DA, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KP, KJ, MHM, JH.
2 þm. (BGr, KSG) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka það fram fyrst, að þó gert sé ráð fyrir því í fjárlögum að keyptum blöðum skuli skipt að fengnum tillögum stjórnskipaðrar nefndar og þett þak sé sett að nafninu til á blaðakaup fer því víðs fjarri að kaup blaðanna séu innan þessara marka. Þannig kaupa t. d. öll ráðuneytin blöð fram hjá fjvn. og án heimildar Alþingis. Það er þess vegna óhjákvæmilegt að líta á þetta sem ríkisstyrk til blaðaútgáfu. Þess vegna greiði ég till. atkv. og segi já.

Brtt. 251,XII felld með 31:25 atkv.
— 243,50-51 samþ. með 49 shlj. atkv.
— 234 samþ. með 45 shlj. atkv.
— 243,52-57 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 241,II. 1 felld með 32:23 atkv.
— 241, II. 1 til vara felld með 32:25 atkv.
— 243,58 samþ. með 48 shlj. atkv.
— 251,XIII felld með 33:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VG, ÞK, ÁG, EG, GeirH, HBl, JS, KSG, KP, KJ, MHM, MB, SighB, SÓ.
nei: SvG, TÁ, ÞS, AG, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, JH.
SvH, BÍG, EKJ, FrS, GK, JÞ, MÁM, ÓE, PS, SalÞ

greiddu ekki atkv.
2 þm. (BGr, LJ) fjarstaddir.
Brtt. 241,II. 2 felld með 32:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM.
nei: ÓRG, ÓlJ. ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JH.
1 þm. (BGr) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á miðju ári var ljóst að nægilegt fé var inni á fjárlagaliðnum Styrkur til olíunotkunar til húshitunar til að hækka olíustyrkinn. Áður en ákvörðun yrði tekin skipaði ég nefnd fulltrúa allra þingflokka til að endurskoða lögin um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar og til þess einnig m. a. að vera til ráðgjafar um hæð olíustyrksins á þessu ári. Í samræmi við tillögur nefndarinnar og eftir umfjöllun málsins í ríkissj. hef ég ákveðið að hækka olíustyrkinn á 4. ársfjórðungi þessa árs úr 200 kr. uppi í 350 kr. svo og greiða viðbót við fyrri ársfjórðunga þannig að upphitunarkostnaður með olíu að frádregnum olíustyrk verði ekki hærri en sem svarar til 10% umfram upphitunarkostnað með rafmagni frá Rafmagnsveitum ríkisins. Með tilliti til þessa og svo hins, að nefndin starfar áfram að endurskoðun laganna og mér er sagt eftir athugun í rn. að nægilegt fjármagn sé á fjárlagafrv. til að greiða olíustyrkinn á næsta ári í samræmi við þessa ákvörðun, segi ég nei.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég fagna yfirlýsingu hæstv. viðskrh. um hækkun olíustyrkja og að orðið hefur verið við óskum sem ég hef sett fram hér á þingi áður og endurskoðunarnefnd þessara mála hefur lagt til. Um leið og þessi ákvörðun hefur verið tekin þarf að ráðstafa öllu því fé, sem nú er á fjárlögum ársins 1981, í þessu skyni, þ. e. 50 millj. Það hefur verið athugað, að það þarf að ráðstafa 50 millj. á næsta ári miðað við að styrkurinn verði sá sami og nú hefur verið ákveðinn. M. ö. o.: það hefur verið ákveðið að hækka olíustyrkinn, en ekki framlag til að greiða hann á næsta ári. Þess vegna verður að lækka olíustyrkinn á næsta ári ef brtt. mín og félaga minna verður ekki samþykkt. Á þetta vil ég leggja áherslu um leið og ég segi já.

Brtt. 251,XIV felld með 31:27 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirH, GK, HBl, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS.
nei: GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, JH.
EH greiddi ekki atkv.
1 þm. (BGr) var fjarstaddur.
Brtt. 251,XV. 1 samþ. með 33:1 atkv.
— 247,5-8 samþ. með 39 shlj. atkv.
— 251,XV. 2 samþ. með 38 shlj. atkv.
Brtt. 247,9 samþ. með 33 shlj. atkv.
— 251,XVI felld með 31:12 atkv.
— 247,10 samþ. með 31 shlj. atkv.
— 263,III samþ. með 31 shlj. atkv.
— 254, samþ. með 48 shlj. atkv.
— 243,59.3.4—6 samþ. með 46 shlj. atkv.
— 243,59.3.7 samþ. með 44:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, KSG, KP, KJ, MHM, ÓE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, ÁG, DA, EH, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, JH.
nei: MB, EKJ, GH.
GK, LJ, MÁM, PS, SalÞ, SÓ, SvH, ÞK AG, BÍG, EgJ, FrS greiddu ekki atkv.
1 þm. (BGr) fjarstaddur.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þessi liður er um að taka erlent lán eða ábyrgjast lán vegna Áhaldahúss vitamálaskrifstofunnar til að kaupa fleka til borunar og sprenginga fyrir dýpkanir í höfnum. Þetta erindi barst hv. fjh.- og viðskn. Ed. og var því synjað þar. Á þeim fundi var einnig synjað fyrir lántökur til hitaveitna og orkuframkvæmda vegna þess að það mætti ekki taka meiri erlend lán. Skömmu síðar kom þessi till. fram í fjvn. og var þar felld inn í till. okkar fjvn.-manna, en við lýstum sérstökum fyrirvara okkar um þetta mál m. a. af þessum sökum. Ég greiði ekki atkv.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í aths. hv. þm. Lárusar Jónssonar var þessi liður til umr. í hv. fjh.- og viðskn. Ed. við umfjöllun um lánsfjáráætlun. Þar voru ýmsar lánsheimildir teknar til baka eða strikað yfir þær, eins og sagt var, af formanni nefndarinnar að ósk ríkisstj., enda voru heimildir til erlendra lántaka orðnar það miklar að menn töldu að ein 30 erindi yrðu að afgreiðast í einu lagi með neii. Síðan gerist það sama daginn að fjmrh. smeygir þessari heimild inn hjá fjvn. á fjárlög, en sleppti öllum þeim mikilvægustu. Þetta er áreiðanlega langvitlausasta tillagan sem kom til hv. fjh.- og viðskn. Það á að kaupa borpramma sem metinn er á 1.5 milljarð gkr., en verða vafalaust 3 milljarðar hjá þeirri stofnun sem þetta áætlar, og árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður eins og öll framlög í hafnir í mínu kjördæmi og verður sjálfsagt eins og framlög í allar hafnir á Norðurlandi — í báðum kjördæmunum — þegar allt kemur til alls. Það er eftir öðru að taka út það langsamlega vitlausasta og smeygja því inn með þessum hætti á bak við menn án þess að þeir fái skýringar. Ég segir nei.

Brtt. 243,59.3.8 samþ. með 43 shlj. atkv.
— 243,59.3.9 samþ. með 39:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: IGísl, JE, JS, KSG, KP, LJ, MHM, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, VG, ÞS, AS, DA, EG, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, JH.
nei: SalÞ, SÓ, AG, EKJ, GeirH, HBl.
JÞ, KJ, MB, MÁM, ÓE, PS, SvH, ÞK, ÁG, BÍG, EH,

EgJ, FrS, GK greiddu ekki atkv.
1 þm. (BGr) fjarstaddur.
6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að ýmsir þeir undirliðir, sem eru í lið nr. 59 og verið er að greiða atkv. um og heimila töku á erlendum lánum vegna þessara framkvæmda, komu til meðferðar í fjh.- og viðskn. beggja deilda og sérstaklega í fjh.- og viðskn. Ed. Þar var tekin sú ákvörðun af meiri hl. nm., og mér skilst hún væri studd í stórum dráttum af öðrum nm., að hafna óskum um að auka erlendar lántökur í heild, hins vegar væri hægt að samþykkja erlendar lántökur vegna þessara framkvæmda og annarra óska sem þar komu fram með því skilyrði að það leiddi ekki til þess, að heildarupphæð erlendrar lántöku á árinu hækkaði. Í trausti þess, að staðið verði við þá samþykkt, að þær framkvæmdir, sem hér er um að ræða, leiði ekki til heildaraukningar á erlendum lántökum á árinu, segi ég já.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson héldu því fram áðan, að aðeins einn liður hefði verið tekinn út úr listanum yfir þær lántökuheimildir sem hefðu verið til umr. í hv. fjh.- og viðskn. Ed. Þetta er rangt, eins og hv. þm. geta allir séð. Við erum að greiða hér atkv. um hvern liðinn af öðrum sem voru þar til umr. Það eru samtals fjórir liðir, 3.8, 3.9, 3.10 og reyndar 3.7, sem upphaflega var greitt atkv. um. Það þótti rétt að nánar athuguðu máli að veita þessar heimildir. Þm. hljóta auðvitað að taka efnislega afstöðu til þess, hvort um er að ræða nauðsynlegar framkvæmdir og nauðsynleg kaup eða ekki. Ég hef gert það. Ég tel að hér sé um óhjákvæmilegar aðgerðir að ræða og segi því já.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Það er ljóst að þeir flokksbræður, hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., eru komnir í hár saman. Ég hygg að formaður fjh.- og viðskn., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hafi eins og við hinir ætlað það, að þegar tilmæli komu frá ríkisstj. um að taka ekki þessar heimildir inn í lánsfjárlög hafi það þýtt að það ætti ekki að heimila þær með neinum öðrum hætti. Það kemur flatt upp á mig hvernig hér er að staðið og ég held að það hljóti að koma alveg flatt upp á hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, eins og kom raunar óbeint fram í ummælum hans áðan þar sem hann sagðist treysta því, að í heild færu lántökur ekki umfram það sem talað var um í hv. nefnd.

Ég skal játa að mér var ekki ljóst að það ætti að fara á bak við okkur í fleiri efnum en því eina sem mér var sýnt í gær, en komið er á daginn að það er gert í fleiri atriðum. Í þessu tilfelli á að taka erlent lán til að byggja skip fyrir ríkið á meðan íslenskar skipasmíðastöðvar vantar verkefni. Þetta var önnur vitlausasta tillagan. Það eru sem sagt tvær þær vitlausustu teknar upp á bak við fjh.- og viðskn., á bak við Ed. sem fjallaði um þetta mál, eins og menn vita, á löngum fundum. Það er líka til enn fyllri sönnunar um hve óráðsían er alger, að taka tvær vitlausustu tillögurnar út úr bunkanum. Þar voru mörg þjóðþrifamál sem varð að fresta vegna þess að lántökur voru of miklar. Ég segi nei.

Guðmundur J. Guðmundsson: Herra forseti. Vegna þeirra umr., sem hafa orðið um þennan lið, vil ég taka fram, að ég tel óhjákvæmilegt að Skipaútgerð ríkisins geti endurnýjað sinn skipakost, a. m. k. meðan hún er til, og jafnframt upplýsa, vegna þess sem fram er komið, að útboð var gert á þessum skipum og það eina tilboð, sem barst frá innlendum aðilum, var helmingi hærra en það sem fyrir liggur að taka. Jafnframt vil ég að nokkru taka undir þá gagnrýni, sem komið hefur fram hjá tveimur ef ekki þrem þm., að það eru meira en lítið vafasöm vinnubrögð að leggja það fyrir fjh.- og viðskn., sem hún síðan ýtir út af sínu borði, og smeygja því inn í fjárlög. Þetta eru slæm vinnubrögð og eiga ekki að tíðkast af fjmrh. Engu að síður segi ég já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki að þessu sinni gera rekstur Skipaútgerðar ríkisins að umtalsefni og hversu þeirri útgerð er miskunnarlaust beitt til að koma einkaframtakinu á kné, en það er ástæða til að gera það við annað tækifæri. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því, að hér er farið fram á erlendar lántökur til að kaupa skip handa Skipaútgerðinni, sem smíða skuli erlendis, á sama tíma og íslenskar skipasmíðastöðvar eiga mjög undir högg að sækja og ríkisstj. hefur ekkert gert til að koma á fót raðsmíði fiskiskipa og ekkert komið til móts við kröfur útgerðarmanna um að með einhverjum hætti verði létt þeim ofurþunga sem hvílir á útgerðarmönnum vegna hás fjármagnskostnaðar í sambandi við nýbyggingu fiskiskipa. Afleiðingin er orðin sú, að endurnýjun á fiskiskipaflotanum er útilokuð fyrir venjulega útgerðarmenn, hversu duglegir og aflasælir sem þeir eru. Ég vil enn fremur minna á það, að meðan hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. hafði verkalýðshreyfingin uppi tilburði og vilja til að fara fram á að íslenskir iðnaðarmenn væru látnir sitja fyrir verkefnum, og er einnig hægt að rifja það upp síðar ef henta þykir og ef þessi ummæli mín valda því ekki, að hv. 7. þm. Reykv. ranki við sér. Að þessum orðum sögðum segi ég nei.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég undrast nokkuð þær umr. sem fara fram við þessa atkvgr. um lið sem öll fjvn. stendur að baki. Ég veit ekki betur en í frv. til lánsfjárlaga sé gert ráð fyrir lántöku að upphæð 40 millj. kr. til Skipaútgerðar ríkisins, og hef ég ekki orðið var við andstöðu þar að lútandi. Öll fjvn., þar með þm. stjórnarandstöðunnar, stendur að þessum till. Ég segi já.

Brtt. 243,59,3.10 og 4.2 samþ. með 40 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Við nafnakall, sem farið hefur fram við atkvgr. um brtt. við 6. gr. fjárlaga, hafa ýmsir þm. gert grein fyrir atkv. sínu. Áður en lengra er haldið langar mig til að vekja athygli á því, að ég held að það teljist til undantekninga ef fordæmi eru til fyrir því að heimild til erlendrar lántöku sé samþykkt í fjárlögum. Ég vísa til 40. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem skýrt er tekið fram með hvaða hætti aflað skal heimilda til lántöku. Ég held að sú venja hafi ríkt, að í fjárlögum hafi verið gert ráð fyrir innlendri lántöku ríkissjóðs, en ævinlega hafi erlend lántaka verið samþykkt með venjulegum lögum. Ég vil koma þessu á framfæri fyrir þá sem framkvæma eiga þau fjárlög sem hér munu verða samþykkt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gerir að umtalsefni mál sem auðvitað er ekki hægt að gera nein skil á svipstundu. En ég vil leyfa mér að fullyrða að fordæmi séu fyrir því, að erlendar lántökur séu ákveðnar í 6. gr. fjárlaga. Ég vek á því athygli, að í 1. gr. fjárlagafrv. er beinlínis gert ráð fyrir erlendu láni, t. d. í fjárl. fyrir árið 1981, þar sem er sérstaklega tekið fram að ákveðin upphæð skuli fengin með erlendum lántökum. Ég held að það sé ekki rétt hjá hv. þm. að engin fordæmi séu fyrir þessu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil aðeins út af þessum umr. segja það, að auðvitað er afskaplega óviðeigandi og lítilsvirðandi fyrir þessa stofnun þegar dengt er inn á síðustu stundu alls konar tillögum um meiri og minni heimildir fyrir lánveitingum erlendis og ekkert þak er sett á þessi lán. Þetta er alveg skýrgreiningarlaust. En þetta er auðvitað í samræmi við annað á þessu háa Alþingi. Ég heyrði ekki betur en hæstv. félmrh. hafi áðan greitt atkv. á móti till. af því að hann sagði að hann ætlaði að ná í peningana samt, hvað sem Alþingi gerði. Ég veit miklu fleiri dæmi þess, að Alþingi hafi synjað um fjárveitingar, síðan kemur ríkisstj. og veitir samt fé til þess sem synjað var um. Af hverju er þetta? Það er vegna þess að fjármálastjórnin er veik. Það er af því að fjmrh. stendur sig illa. Og það er af því að fjvn. sem slík er ekki jafnröggsöm og hún var meðan hreinskiptnir menn stjórnuðu henni. Ég nefni Pétur Ottesen sem dæmi.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki fortaka að eitthvað hafi ekki gerst síðustu 2-3 árin þessu líkt. Ég er hér með fjárlög frá 1977 og það er ljóst mál að í 1. gr. fjárl. stendur: Erlent lán. Það þýðir hins vegar ekki að sú heimild hafi ekki verið samþykkt með venjulegum lögum. 1977 voru lánsfjárlög samþykkt áður en 3. umr. fjárlaga fór fram.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hjó eftir því að hv. þm. Halldór Blöndal þurfti að fara langt aftur í söguna til að finna ábyrgan fjármálamann út hópi Sjálfstfl. — En vegna ummæla sem hér hafa orðið um erlendar lántökur og heimildir til þeirra í fjárlögum vil ég vekja athygli á því, að hv. þm. eru nýlega búnir að samþykkja till. frá mér þar sem fjmrh. var heimilað að ábyrgjast lán eða taka lán og endurlána virkjunaraðila, allt að 50 millj. kr. eða jafnvirði þeirra fjárhæðar í erlendri mynt, og í öðru lagi að taka lán vegna endurskoðaðrar lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981 er nemi allt að 45 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. (**SvH:** Hverjir samþykktu þetta?)

Þessi till. á sér nokkra forsögu. Það lá fyrir í gær, að stjórnarandstaðan mundi koma í veg fyrir að lánsfjáráætlun yrði afgreidd fyrir jól. Þess vegna kom upp sú spurning, hvort ekki væri rétt að afla heimilda í fjárlögum til að ganga frá lánsfjáráætlun fyrir árið 1981. Ég ræddi um það við í fyrsta lagi ráðuneytisstjórann í fjmrn. og í öðru lagi við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, hvort ekki væri eðlilegt að gera þetta. Þeir sáu hvorugur neitt athugavert við að svo væri. Eftir það hafði ég samráð við stjórnarandstöðuna um þetta, í fyrsta lagi Sighvat Björgvinsson, formann þingflokks Alþfl., í öðru lagi fulltrúa Sjálfstfl. í fjvn., Lárus Jónsson, og í þriðja lagi formann þingflokks Sjálfstfl., Ólaf G. Einarsson. Þeir voru allir sammála mér um að eðlilegt væri að fjmrh. aflaði slíkrar heimildar, hvort sem þeir væru efnislega samþykktir því eða ekki. Allir þeir aðilar, sem ég nú hef nefnt, hafa verið sammála um að það væri eðlilegt að afla heimildar til erlendrar lántöku í 6. gr. fjárl. Svo kemur allt í einu Matthías Á. Mathiesen þar á eftir og fer að gagnrýna þetta. Ég held að hann hljóti að standa nokkuð einn uppi með þessa gagnrýni. Í öllu falli ítreka ég það, að áður en þessar erlendu lántökur voru teknar inn var haft sérstakt samráð við stjórnarandstöðuna um það.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Meginástæða þess, að ég kveð mér hljóðs í þessum umr. um þingsköp, eru að ég vil taka það skýrt fram varðandi okkur, sem störfum í fjvn. og erum í stjórnarandstöðu, að þótt það tíðkist að við flytjum till. með meiri hl. eins og um 6. gr.-ákvæðin, þá höfum við almenna fulla fyrirvara um afstöðu okkar og frjálsar hendur um atkvgr. Þess vegna vísa ég á bug ummælum eins og þeim sem komu fram hjá hæstv. iðnrh. áðan.

Í öðru lagi vil ég taka það fram vegna ummæla hæstv. fjmrh., að það er alrangt, sem kom fram hjá honum, að stjórnarandstaðan hefði komið í veg fyrir að það næðist að afgreiða lánsfjáráætlun fyrir jól. Það er ósatt og er aðeins í stíl við það sem þessi hæstv. fjmrh. hefur sagt hingað til á hinu háa Alþingi. Ég vil taka skýrt fram, að það var okkar skoðun, að við ættum að rannsaka þessi mál mjög vel, sem ekki veitti af, eins og fram kemur í þessum umr. þegar ýmsum lántökum er skákað á milli lánsfjárlaga og fjárlagagerðarinnar. Við höfum tekið það skýrt fram, að við viljum sitja hér eftir helgina til að vinna að þessum málum. Við höfum tekið það skýrt fram, að við viljum sitja hérna án þess að þingi verði frestað. Það er ríkisstj. sjálf sem kýs að senda stjórnarandstöðuna heim og sína eigin menn, vegna þess að hún óttast að sumir úr röðum stjórnarsinnanna hér á þingi séu svo veikir þegar til efnahagsaðgerða þarf að koma í jólafríi, að hún þorir ekki að hafa þingið sitjandi á meðan. Þetta er meginástæðan. Ég lýsi furðu minni yfir því, að hæstv. ráðh. skuli koma hér í umr. um þingsköp og halda annarri eins firru fram og hann hefur gert. (**Fjmrh.:** Það er greinilegt hver óttast sannleikann.)

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ræða mín hér var um þingsköp, um afgreiðslu fjárlaga og um lögmæti á erlendum lántökum samkv. fjárlögum. Hafi einhver tekið upp umr. hér utan dagskrár, þá er það hæstv. fjmrh., fulltrúi úr ríkisstj., sem kom hér með fullyrðingar um það, að vegna stjórnarandstöðunnar hefði ekki tekist að afgreiða mál hér á Alþingi. Ég tek undir þau mótmæli sem fram komu hér hjá hv. 10. þm. Reykv. Samráð var við stjórnarandstöðuna sagði hæstv. fjmrh. Það má vel vera að hann hafi rætt við þá menn sem hann taldi hér upp. Ég efast ekkert um að hann hafi gert það. Ég get hins vegar tjáð honum það, að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. spurði mig um það, hvort lánsfjárlög mundu ná fram að ganga fyrir þinglok. Ég sagðist ekkert um það vita. Hann sagði þá við mig þessa setningu: Ef það getur ekki gerst, þá verður sennilega að taka heimild inn í fjárlögin til þess að ljúka lánsfjáráætluninni 1981. Ég svaraði honum og sagði: Það tel ég ekki vera með réttum hætti gert.

Við erum að deila hér um hvort rétt er að hlutunum staðið. Ég tel eðlilegt, þegar fjárlög ríkisins eru afgreidd,

að menn geri athugasemdir þegar þeir telja að ekki sé rétt að staðið.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var eiginlega til þess að bera af mér sakir vegna þess sem hæstv. fjmrh. sagði. Mér finnst hann vilja skjóta sér á bak við mig og fleiri í sambandi við þessar ákvarðanir sínar um að afla heimildar á 6. gr. fjárlaga fyrir þessum lántökum. Ég minnist þess, að hæstv. ráðh. kom að máli við mig og ræddi þetta við mig og ég sagði orðrétt, held ég, við hann: Mér finnst það skárra bókhald. — Þegar það lá fyrir, að lánsfjárlög yrðu ekki samþykkt fyrir áramót, orðaði ég þetta þannig, ef hæstv. ríkisstj. hefði hugsað sér að taka þessi lán: Mér finnst það skárra bókhald, að hæstv. ráðh. hafi þó heimild í 6. gr. fjárlaga. — Þetta er orðrétt það sem fór okkar á milli.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að taka hér til máls þar sem hæstv. fjmrh. lét að því liggja, að hv. þm. Matthías Á. Mathiesen mundi vera sá eini sem túlkaði lög á þann veg sem hann gerði. Ég hygg að hv. þm. hafi rétt fyrir sér og í þessu tilfelli ætti hann a. m. k. að hafa það, vegna þess að það var ákveðið að þessar heimildir yrðu ekki veittar með almennum lögum, það var ákveðið í fjh.- og viðskn. Ed. Þegar ákveðið er að ekki skuli veita heimild með almennum lögum, þá hlýtur þó sú ákvörðun að gera það að verkum, að allsendis sé óheimilt að gera það síðar í fjárlögum, einkum og sér í lagi þegar upphæðir eru ótilgreindar. Ég hygg að þess hafi ætíð verið gætt í þingsögunni, að heimildir til erlendrar lántöku væru mjög skýrt afmarkaðar. Jafnvel þó að við höfum stundum gengið of langt í lántökum e. t. v., þá hefur þess ætíð verið gætt, að það væri skýrt afmarkað. Og það kom einmitt fram í ræðu hæstv. fjmrh. sjálfs í gær í Ed. við fsp. minni. Ég hygg því að þetta mál sé með þeim hætti, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen gat um, og treysti því, að ráðh. gangi ekki til þess leiks að taka erlend lán án þess að Alþingi fái betur um það að fjalla.

Brtt. 251,XVII. 4.25 felld með 32:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, VG, AG, ÁG, EG, JS, KSG, KP, KJ, MHM.

nei: PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓIJ, ÓÞÞ, JH.

PS, SalÞ, SÓ, SvH, ÞK, BÍG, EgJ, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JÞ, LJ, MB, MÁM, ÓE greiddu ekki atkv.

1 þm. (BGr) fjarstaddur.

Brtt. 251,XVII. 4.26 tekin aftur.

— 241,III felld með 30:26 atkv.

— 243,59.4. 4.-5.29 samþ. með 42 shlj. atkv.

— 243,59.5.30 samþ. með 43:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, ÁG, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GB, GJG,GK, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, KSG, KJ, LJ, MHM, ÓRG, ÓIJ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, VG, ÞS, JH.

nei: HBl, ÞK.

BÍG, GeirH, JÞ, KP, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, SÓ, AG greiddu ekki atkv.

3 þm. (BGr, PS, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er fyrst og fremst á dagskrá að flytja ákveðna stofnun. Vestfirðingum var tjáð að það væri ákveðið að leggja hana niður og einkaframtakið ætti að taka við. Nú er búið samkv. þessu að ákveða að ríkisvaldið taki við aftur. Ég hef ekki haft nokkra aðstöðu til þess að kynna mér, hvort það, sem hér er verið að leggja til, er í samræmi við óskir eða vilja heimamanna á nokkurn hátt, og greiði ekki atkv.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Stjórnarskráin segir svo: „Ekki má heldur taka lán er skuldbindi ríkið né selja eða með öðrum móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkv. lagaheimild.“ Ég geri ráð fyrir að farið verði að þessari grein þegar tekin verði ákvörðun um það, hvort þessi heimild verði notuð, og segi já.

Brtt. 243, 59.5.31—7.11 samþ. með 40 shlj. atkv.

— 243, 59.7.12 samþ. með 48 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, VG, ÞS, AS, ÁG, DA, EH, EgJ, EG, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GK, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, HG, IGísl, JE, JS, JÞ, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓRG, ÓIJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, JH.

SvH, ÞK, AG, BÍG, EKJ, IGuðn, SÓ greiddu ekki atkv.

5 þm. (BGr, KSG, KP, PS, SighB) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi till. er aðeins um heimild til að fella niður ákveðna upphæð. Í trausti þess, að nákvæm athugun fari fram á fjármálum þessarar hafnar og jafnframt að þar sem áskilið er samþykki fjvn., þá skil ég það svo, að það eigi að vera sameiginlegt eða einróma samþykki fjvn. því sé ég ekki ástæðu til annars en að veita þessa heimild og segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í trausti þess, að sama verði látið ganga yfir aðrar hafnir sé fjárhagsstaða þeirra sambærileg, segi ég já.

Brtt. 251, XVIII samþ. með 37 shlj. atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar við ræddum hér um réttmæti heimildagreinar til erlendrar lántöku áðan kvaddi hæstv. fjmrh. sér til stuðnings dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóra og Höskuld Jónsson ráðuneytisstjóra, tvo ágæta hagfræðimenntaða menn, en báðir sátum við í skóla hjá hæstv. utanrrh. (**FrS:** Lengi býr að fyrstu gerð.) Lengi býr að fyrstu gerð, segir hv. 10. þm. Reykv., hann þekkir það. Ég vil þess vegna leyfa mér, áður en þessari atkvgr. lýkur, að vitna til hæstv. utanrrh. í bók hans, Stjórnskipun Íslands, sem kom út 1978, þá eftir að Gunnar G. Schram hafði endurútgefið hana. Þar er sérstaklega fjallað um 40. gr. stjórnarskrárinnar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Loks eru 6. gr., sem fjallar um heimildir til lántaka, eignasölu, ýmissa ábyrgða o. fl., og 7. gr., þar sem kveðið er á um skattvísitölu ársins. Framangreindar lántöku- og ábyrgðarheimildir í fjárlögum eru þó strangt

tekið óleyfilegar eftir stjórnarskránni. Ábyrgðarskuldbinding er skilyrt skuld, sem setja verður á bekk með lántöku og skuldastofnun. En í 40. gr. stjórnarskrárinnar eru lántökur, sem eiga að skuldbinda ríkið, bannaðar nema samkv. lagaheimild, en þar er vafalaust átt við venjuleg lög en ekki fjárlög. Ábyrgðarheimildir þessar" — þ. e. sem áður er getið — „í fjárlögum hafa þó tíðkast svo lengi, að sá háttur verður e. t. v. nú orðið talinn venjuhelgaður, a. m. k. er hæpið að frá honum verði horfið" — þ. e. ábyrgðarheimildunum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það mun nokkuð óvenjulegt að flóknar umræður fari fram um túlkanir á lögum við afgreiðslu fjárlagafrv. og teldi ég heldur við hæfi að athuga þetta mál sér á parti en hér í miðri atkvgr. En ég vil bara ítreka það sem ég sagði hér áðan, að ég ræddi bæði við lögfróða menn og við þm., bæði fulltrúa frá stjórnarandstöðu og stuðningsmenn þessarar stjórnar, og voru allir sammála um að eðlilegt væri að gera þetta og reyna þetta.

Ég sagði líka áðan að ég teldi víst að fordæmi væru fyrir þessu. Hvað er aftur á móti lagalega rétt í strangasta skilningi, ef nánar er að gáð, vil ég ekkert fullyrða um á þessu stigi málsins. Það kemur fram í þeim orðum, sem hv. þm. Matthías Á. Mathiesen las upp áðan, að stundum hefur Alþingi helgað sér ákveðnar venjur sem kannske standast ekki í strangasta skilningi laga. Hvort það er til góðs eða ills skal ég ósagt láta, en ég hygg þó að vera kunni að hér ætti eitthvað svipað við.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnkalli, og sögðu

já: HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, GHelg, GTh, HÁ, JH.

HBl, JS, JÞ, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK greiddu ekki atkv.

4 þm. (KSG, KP, PS, BGr) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Í 7. gr. fjárlagafrv. er skattvísitala ákveðin 150. Samkv. nýjustu upplýsingum munu tekjur hækka milli áranna 1980 og 1981 um a. m. k. 52%. Þetta þýðir það, að í tekjuáætlun fjárlagafrv. skortir 30—40 millj. kr. á að áætlað sé fyrir þeim tekjusköttum sem lagðir verða á á árinu. Þetta þýðir því að óbreyttri skattalöggjöf verulega íþyngingu tekjuskatta. Milli umr. kom í ljós að ætlunin var að afla meiri skatta heldur en tekjuáætlun frv. gerði ráð fyrir og gert var ráð fyrir við 2. umr. Þar var um að ræða hækkun á sköttum vegna innflutningsgjalds á sælgæti og kex og tollum á innfluttum húsum. Þessir skattar bættust við þá skatta sem fyrir voru.

Ég hef áður gert grein fyrir því, að síðan 1978 hafa skattar á almenning hækkað um sem svarar 930 millj. kr. eða 20 þús, nýkr. á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þetta eru skattaálögur sem eru á ábyrgð núv. ríkisstj. og vinstri stjórnarinnar.

Við þm. Sjálfstfl. flytjum ekki brtt. við skattvísitölu þessa frv. nú vegna þess að við hyggjumst flytja tillögur í skattamálum sem miða að því að létta af mönnum þessum sköttum síðar á þessu þingi. Með vísun til þessarar grg. greiði ég ekki atkv.

Matthías Á. Mathiesen: Með skírskotun til þess, sem ég hef sagt, tel ég að heimildir þær, sem hér er verið að afla til erlendrar lántöku, stríði gegn lögum. — Ég greiði ekki atkv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 271).

Samþykki til frestunar á fundum Alþingis, þáltill. (þskj. 220). — Ein umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á þskj. 220 flyt ég till. um að Alþingi álykti að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 19. des. 1981 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 20. jan. 1982.

Mörg undanfarin ár hefur það tíðkast og verið þannig flest árin eða síðustu tvo áratugi, að eftir jólahléið hefur Alþingi verið kvatt saman síðari hluta janúar, oft í síðustu viku. Í þessari till. er gert ráð fyrir að Alþingi komi saman að nýju heldur fyrr eða 20. janúar. Vænti ég þess, að þingheimur fallist á þessa tillögu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Í tilefni till. þeirrar til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrárinnar, er hæstv. forsrh. flytur, er rétt að fram komi afstaða Sjálfstfl.

Ég minni á að ég kvaddi mér hljóðs utan dagskrár í Sþ. 8. des. s. l. Þá gagnrýndi ég að ekkert samráð hefði þá verið haft við þm. stjórnarandstöðunnar um þinghald fyrir jól, hvernig jólaleyfi skuldi háttað og hvenær þm. kæmu saman til fundar á nýja árinu. Slík gagnrýni hefur verið ítrekuð af hálfu margra hv. þm. síðan, enda eðlilegt þar sem ríkisstj. hefur brugðið út af viðtekinni þingvenju um að hafa nægjanlega tímanlega samráð við stjórnarandstöðu varðandi þinghald.

Hæstv. forsrh. hefur síðan jafnvel talið að engin ástæða hafi verið til slíks samráðs að þessu sinni. Reynslan hefur sýnt annað, enda mál lítt eða illa undirbúin af hálfu ríkisstj. og því ókleift fyrir nefndir þingsins og þm. almennt að afgreiða viðamikil mál fyrir árslok, eins og t. d. lánsfjárlög. Þótt ráðherrar hafi til skamms tíma haldið því fram, að allt væri í lagi og enginn efnahagsvandi fyrir hendi, þá er nú síðustu dagana eins og þeim ráðherrum sé brugðið. Þeir eru að þessu leyti þó enn innbyrðis ósammála, en láta öðrum þræði í veðri vaka að nauðsyn sé sérstakra og víðtækra efnahagsaðgerða sem séu nú í undirbúningi.

Formaður þingflokks Framsfl., hv. þm. Páll Pétursson, lýsti því yfir í hljóðvarpinu í gærmorgun, að efnahagsaðgerðir væru nauðsynlegar en tími hefði ekki unnist til að undirbúa þær þar sem samstaða hefði ekki náðst.

Hinn 8. des. s. l. spurði ég: Er von efnahagsaðgerða, sem krefjast nýrrar löggjafar, og ef svo er hvernær er von þess lagafrv.? Þessum fsp. var ekki svarað í umr. 8. des. s. l. eða síðar. Ég vil því enn vitna til þess sem ég sagði þá. Um þetta er spurt nú til þess að vara hæstv. ríkisstj. við að sams konar vinnubrögð verði ekki þoluð nú og beitt var um síðustu áramót, þegar þingi var frestað og það sent heim til þess að ríkisstj. afgreiddi málin með brbl.

Nú hefur komið í ljós að ríkisstj. hefur ekki lagt tillögur fram á Alþingi til lausnar efnahagsvanda okkar, og

því er nauðsyn að lýsa því enn á ný yfir fyrir hönd Sjálfstfl., að þm. flokksins eru tilbúnir að sitja þingfundi milli jóla og nýárs og allan janúarmánuð. Ég vek athygli á því, að engin þörf er á flutningi þáltill. um frestun á fundum Alþingis ef alþm. og ríkisstj. eru reiðubúin að hefja þingstörf að nýju 4. jan. n. k. Sýnist tveggja vikna hlé á fundum nægilegt að þessu sinni, þegar slík óvissa ríkir sem nú. Sjómannaverkfall er yfirvofandi og fiskverðsákvörðun í fullkominni óvissu, svo að hætt er við að fiskiskipaflotinn verði bundinn við bryggju fyrir og um n. k. áramót og atvinnurekstur í landinu stöðvist.

Sjálfstfl. er því andvígur þáltill. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis, og við munum greiða atkv. gegn till. Jafnframt varar Sjálfstfl. ríkisstj. við að sniðganga og fara á bak við Alþingi með því að beita sömu vinnubrögðum og í fyrra.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þm. Alþfl. eru andvígir þeirri till., sem hér er til umfjöllunar, og munu greiða atkv. gegn henni. Þm. Alþfl. telja að hvorki sé ástæða né heldur aðstæður til að fresta þingi með þeim hvimleiða hætti sem hér er gert, gera það óvirkt.

Eins og kunnugt er á Alþingi val milli tveggja leiða um það, með hvaða hætti það fer í jólaleyfi. Það er tvennt sem kemur til álita í þeim efnum. Önnur leiðin er sú sem hér er lagt til að farin verði, að Alþingi samþykki þingfrestun. Þá afsalar þingið sér öllum völdum og ríkisstj. fær heimild til brbl.-setningar samkv. gildandi stjórnarskrá, sem teljast verður úrelt að þessu leytinu til. Eftir þessu er ríkisstj. að sækjast og losa sig þannig við þingið. En hin leiðin, sem líka eru fordæmi fyrir, er sú einfaldlega að gera þinghlé í allt að tvær vikur án sérstakrar ályktunar þingsins. Þá heldur Alþingi valdi sínu og er ávallt tiltækt. Þá er hvorki þörf né heimild fyrir brbl.-setningu.

Það er allt í óvissu nú um hvað fram undan er. Það nægir að minna á fiskverðsákvörðun sem taka verður um áramótin, en þær ákvarðanir hafa fyrr þurft og kannske munu þær enn frekar nú þurfa afskipti löggjafarvaldsins. Talsmenn ríkisstj. tala nú opinskátt um að þörf sé sérstakra efnahagsaðgerða um áramótin. Þá mundi líka þurfa afskipti löggjafarvaldsins að öllum líkindum. Það verður að vísu ekki fundin nein heil brú í málflutningi talsmanna ríkisstj. um það, til hvaða aðgerða verði gripið. Sjútvrh. hefur lofað mikilli gengislækkun um áramót, forsrh. hugleiðir hins vegar leiðir til að hækka ekki fiskverð, félmrh. talar um að afnema olíugjald og stofnfjársjóðsgjald og viðskrh. talar um að lækka vexti. Flest af þessu þarfnast afskipta löggjafans. Þess vegna á löggjafinn að vera við höndina.

Þetta gefur allt tilefni til þess, að þingið sé til reiðu, að þinghlé sé gert, en fundum ekki frestað samkv. fyrirliggjandi þáltill. Þingið getur gert hlé á fundum sínum yfir hátíðarnar, en það á að vera til reiðu. Það er þess vegna ástæðulaust með öllu að samþykkja þá þáltill. sem hér liggur fyrir. En það sem meira er: Við ríkjandi aðstæður er beinlínis rangt að gera þingið óvirkt með þessum hætti.

Herra forseti. Við þm. Alþfl. erum andvígir þessari þáltill. og munum greiða atkv. gegn henni.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af ummælum hv. 1. þm. Reykv., að ekki hafi verið haft samráð við stjórnarandstöðu um þá till. sem hér liggur fyrir eða hugsanlega þingfrestun, vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að öllum þm. er kunnugt að um margra ára skeið hefur það verið í rauninni föst venja að Alþingi væri frestað frá því nokkru fyrir jól og fram til síðari hluta janúar. Það var því engin sérstök ástæða til að nefna þetta við stjórnarandstöðuna. Hún vissi að það stæði til nú.

Í annan stað var líka vitað að hvaða till. sem ríkisstj. flytti um þingfrestun fram í seinni hluta janúar mundi stjórnarandstaðan verða henni andvíg nú eins og ég held alltaf áður. Ég held að stjórnarandstaða hafi yfirleitt verið andvíg slíkri tillögu.

Hins vegar vil ég út af ummælum hv. 1. þm. Reykv. aðeins geta þess, að þau fjögur ár sem hann var forsrh. flutti hann till. og fékk samþykkta um að Alþingi kæmi saman eftir áramót, árið 1975 27. jan., 1976 26. jan., 1977 24. jan., 1978 23. jan. Í hvert einasta skipti lagði hann til að þinginu yrði frestað ögn lengur en nú er lagt til. Ég held að ég muni það rétt, að á þessum árum hafi landið ekki verið alveg laust við verðbólgu og að efnahagsvandamál hafi verið öðru hverju á döfinni og a. m. k. um hver áramót. Samt sem áður var þessi leið farin.

Hins vegar er skylt að þakka tilboð hv. þm. um að þm. Sjálfstfl. séu tilbúnir til að koma á þing hvenær sem kallað yrði milli jóla og nýárs eða hvenær sem væri. Mun ég að sjálfsögðu hafa það í huga og ríkisstj. mun að sjálfsögðu notfæra sér það góða tilboð ef hún telur að það mundi greiða fyrir lausn mála.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það, að ég gagnrýndi almennt það virðingarleysi sem hæstv. ríkisstj. hefur sýnt þm., m. a. með því að hafa ekki samráð við stjórnarandstöðuna, ekki eingöngu varðandi flutning þessarar þáltill. um frestun á fundum Alþingis, heldur almennt um tilhögun þinghalds nú fyrir jólaleyfi. Ég fullyrði að það sé einsdæmi, að ríkisstj. hafi ekki haft samráð við stjórnarandstöðu undir slíkum kringumstæðum. Ég bendi á að afleiðingin af þessari vanrækslu ríkisstj. er að þinghald hefur verið með afbrigðum laust í reipunum síðustu daga og mál, sem ríkisstj. ætlaði að koma fram, hafa ekki náðst fram vegna lélegs undirbúnings af hálfu ríkisstj.

Það má segja að við höfum undir venjulegum kringumstæðum gengið út frá því, að þingi væri frestað frá og með jólum og fram í janúarmánuð. Á þeim tíma, sem ég var forsrh., það er rétt tilgreint, flutti ég tillögu — öll þau ár — um frestun á fundum Alþingis. Þá var efnahagsvandi, það er einnig rétt. En þrátt fyrir að fundum Alþingis var þessi fjögur ár frestað og þrátt fyrir að þá hafi verið við efnahagsvanda að glíma braut ríkisstj. aldrei það boðorð að sýna Alþingi virðingu, þá misnotaði ríkisstj. aldrei útgáfu brbl. og hafði alltaf fullt samráð við Alþingi og alþm., gagnstætt þeirri reynslu sem við höfum nú af hæstv. núv. ríkisstj.

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju að við mótmælum frestun funda Alþingis þegar svo stendur á sem nú og þegar ríkisstj. lætur í veðri vaka að til löggjafar komi, án þess þó að um það sé samstaða. Þegar slíkt ástand ríkir með þjóðinni er það ábyrgðarleysi að fresta fundum Alþingis og það er virðingarleysi gagnvart þingræði og lýðræði í landinu.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er örstutt sem

mig langar til að koma hér að.

Ég heyrði að hæstv. forsrh. sagðist ætla að kalla saman Alþingi á milli jóla og nýárs í nafni hæstv. ríkisstj. ef hún telur það greiða fyrir málum. Ég á ekki langa þingsögu að baki, en mér finnst í þessum ummælum felast hugmyndir sem ég kann lítt að meta. — Það segir að vísu í stjórnarskránni að þing eigi að kalla saman 15. dag febrúarmánaðar. Ugglaust er hægt að haga málum þannig, að þing komi aðeins saman örfáa daga á ári. Ég var í heimsókn í landi nokkru fyrir skömmu, í haust. Þar kemur þing saman tvisvar á ári tvo daga í senn til að hrópa húrra fyrir sjálfum alvaldi þeirrar þjóðar. Það er Kúba þar sem ríkir lögfræðingurinn Fidel Castro. Ég bið menn um að athuga það. (Gripið fram í.) Hann var það reyndar ekki og ekki dúx heldur. — En án gamans held ég að menn ættu að íhuga rækilega hvort það er ekki kominn tími til vegna síendurtekinna brbl. um áramót að breyta venju, sem vissulega er fyrir hendi eins og réttilega kom fram í umr. áðan, þannig að þm., sem eru á fullum launum alveg eins og aðrir landsmenn á þessum tíma, komi fyrr til þings og taki þátt í því starfi sem þeim ber að sinna, en það er löggjafarstarfið.

Þetta var það eina sem mig langaði til að koma á framfæri, og ég harma að yfirlýsingar skuli vera unnt að gefa eins og fólust í þessum ummælum hæstv. forsrh.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31:24 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, ÓlJ, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, SBó, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG, GGÞ, JH.

nei: HBl, JS, JÞ, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, SalÞ, SighB, SÓ, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BÍG, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK.

EH greiddi ekki atkv.

4 þm. (KSG, KP, PS, BGr) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna ummæla hv. 1. þm. Reyvk. áðan vil ég láta það koma fram, að á fundum með formönnum þingflokkanna fyrir nokkrum dögum var okkur öllum skýrt frá því, að ríkisstj. og forsrh. hygðust flytja þá till. sem hér er til umr. Það er þess vegna rangt hjá hv. 1. þm. Reykv., að þetta mál hafi ekki verið rætt við stjórnarandstöðuna. Og það sem meira er, formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar var gefinn kostur á því að velja hvort heldur þeir vildu 18. jan. eða 25. jan., en þeir gátu ekki komið sér saman um þetta atriði. Vegna þess að hv. 1. þm. Reykv. fór hér með rangt mál taldi ég nauðsynlegt að þetta kæmi fram. Ég segi hins vegar já við tillögunni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Miðað við þær ábendingar, sem komið hafa fram frá formanni Sjálfstfl. og formanni Alþfl., er athyglisvert að sjá hvaða þm. það eru sem vilja veita hæstv. ríkisstj. atbeina til að fresta fundum Alþingis án þess að fyrir liggi af hálfu ríkisstj. hvort hún hyggist endurtaka þann leik sem hún lék fyrir þingfrestun um s. l. áramót. Ég vek athygli á því, að ef menn greiða atkv. hér og nú í nafnakalli á þann veg, að lítil líkindi séu á að hæstv. ríkisstj. hafi stuðning þingliðs síns til að beita svipuðum vinnubrögðum og hæstv. ríkisstj. beitti síðast, hlýtur hæstv. forsrh. að gera sér ljóst hvað slík niðurstaða merkir. Ég segi nei.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Gjarnan hefði ég viljað hafa hv. þm. Sighvat Björgvinsson fyrir augum mér daglega um jólin. Samt segi ég já.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það er merkilegt hvað jafnskýrum mönnum og hæstv. forsrh. og hv. formanni þingflokks Alþb. getur skotist. Það er ekki rétt að ég hafi haldið því fram, að stjórnarandstöðunni hafi ekki verið kunnugt um að ríkisstj. hygðist flytja þá frestunartillögu sem nú er til afgreiðslu, en ég gagnrýndi í ræðu minni bæði 8. des. og áðan að ekki hefur að öðru leyti verið haft samráð við stjórnarandstöðuna um þinghaldið fyrir jól og um tilhögun jólaleyfis.

Í því sambandi, að okkur hafi verið boðnir þeir kostir hvort heldur að kalla þing saman til fundar 18. eða 24. jan. er því til að svara, að báðir þessir kostir voru óaðgengilegir fyrir stjórnarandstöðuna vegna þess að stjórnarandstaðan er undir þessum kringumstæðum á móti frestun á fundum Alþingis.

Þegar hæstv. forsrh. segir, að það sé alvanalegt að stjórnarandstaðan greiði atkv. á móti frestun á fundum Alþingis um jólaleytið, er það eftir mínu minni, án þess að ég hafi rannsakað það, alrangt hjá hæstv. forsrh. Það er almennt látið viðgangast sem hæstv. ríkisstj. á hverjum tíma vill vera láta um þinghald um jólaleytið og varðandi það hvenær fundir hefjist aftur á nýju ári. Það, sem er sérstakt að þessu sinni, er að stjórnarandstaðan greiðir atkv. á móti frestun á fundum Alþingis og það hygg ég að sé alveg sérstakt í þingsögunni. Það ber vitni um hve lítið traust við berum til hæstv. ríkisstj., enda hefur reynslan sýnt að hún er einskis trausts verð. Ég segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 272).

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Má ég vekja athygli þingheims á því, að hæstv. ríkisstj. hefur byggt meiri hluta sinn á Alþingi á stuðningi tveggja þm., hv. þm. Eggerts Haukdals og hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Hvorugur þessara þm. fellst nú á að fresta fundum Alþingis, eins og hæstv. forsrh. hefur lagt fram till. um, og er því ekki um það að ræða að þessir hv. þm. styðji hugsanlegar aðgerðir ríkisstj. sem hún kynni að grípa til í jólafríi, miðað við þær yfirlýsingar sem komið hafa fram við umr. um þetta mál áður. Einmitt vegna þeirrar yfirlýsingar neita hv. þm. að veita hæstv. ríkisstj. þá heimild til brbl.-útgáfu sem hún hefur sóst eftir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég þakka forseta fyrir að gefa mér tækifæri til að standa upp í tilefni orða síðasta ræðumanns.

Ég hef ekki leyft hv. síðasta ræðumanni, Sighvati Björgvinssyni, að tala fyrir mína hönd eða lýsa afstöðu minni til ríkisstj. eða gegn ríkisstj. Ég er einfær um að gera það. Ég hef ekki lýst stuðningi við ríkisstj. Ég hef ekki lýst andstöðu við hana heldur. En ef talsmaður Alþfl. í stjórnarandstöðu óskar gæti ég kannske tekið hreina afstöðu, — ekki þá sem ég hef lýst, að taka afstöðu

hverju sinni til mála, heldur með eða móti ríkisstj., — og það mun ég gera ef forustumenn annarra stjórnmálaflokka en ég tilheyri ætla að gerast talsmenn stjórnarandstöðunnar.

Þingfrestun.

Forseti (Jón Helgason): Þessi fundur Alþingis er hinn síðasti fyrir jólahlé. Ég vil leyfa mér að þakka hv. alþm. ágætt samstarf það sem af er þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Ég þakka varaforsetum og skrifurum fyrir aðstoð þeirra, enn fremur skrifstofustjóra og öllu starfsliði Alþingis öðru fyrir ágætlega unnin störf á því ári sem nú er senn að líða. Ég óska hv. alþm. og starfsmönnum Alþingis ásamt fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og heimkomu og vænti þess, að við megum öll hittast hér heil til starfa á nýju ári að loknu jólaleyfi.

Ólafur G. Einarsson: Í nafni okkar alþm. óska ég hæstv. forseta og fjölskyldu hans gleðilegrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Jafnframt þakka ég hæstv. forseta góða og réttláta fundarstjórn og tillitssemi við okkur alþm. Starfsliði Alþingis færum við og þakkir og hátíðarkveðjur. — Ég ítreka óskir okkar um gleðilega jólahátíð hæstv. forseta til handa og bið þingheim að taka undir þær óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn. fyrir góðar óskir í minn garð og fjölskyldu minnar og þakka hv. alþm. fyrir að taka undir þær óskir með því að rísa úr sætum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svo hljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 104. löggjafarþings, frá 19. des. 1981 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 20. jan. 1982.

Gjört í Reykjavík, 18. desember 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkv. þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því, að fundum þessa Alþingis, 104. löggjafarþings, er frestað frá 19. des. 1981 og verður þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 20. jan. 1982.

Hv. alþm., starfsfólki Alþingis og landslýð öllum flyt ég óskir um gleðileg jól og farsælt nýár.

Sameinað þing, 40. fundur.

Miðvikudaginn 20. jan., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsfundir eftir þingfrestun.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Hinn 14. janúar var gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkv. tillögu forsrh., að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda miðvikudaginn 20. jan. 1982, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 14. janúar 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Samkv. þessu hefjast nú framhaldsfundir Alþingis. Ég óska hæstv. forseta og hv. alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs og þakka þeim fyrir liðna árið, býð þá velkomna til þingstarfa á ný og leiða í ljós þá ósk og von að störf okkar megi verða landi og lýð til blessunar.

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hæstv. forsrh. árnaðaróskir í garð okkar alþm. og jafnframt óska ég hæstv. ríkisstj., hv. alþingismönnum og starfsliði Alþingis gleðilegs árs og þakka fyrir liðið ár og býð menn velkomna til starfa á nýju ári.

Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.

Forseti (Jón Helgason): Bjartmar Guðmundsson fyrrv. alþm. andaðist í Landspítalanum s. l. sunnudag, 17. jan., 81 árs að aldri.

Bjartmar Guðmundsson var fæddur 7. júní 1900 á Sandi í Aðaldal. Foreldrar hans voru Guðmundur skáld og bóndi á Sandi Friðjónsson og Guðrún kona hans Oddsdóttir. Hann stundaði nám í unglingaskóla á Breiðumýri í Reykdælahreppi fimm mánuði á árinu 1919 og var síðan óreglulegur nemandi í Eiðaskóla veturinn 1921—1922. Ævilangt átti hann heimili á Sandi í Aðaldal, vann framan af á búi föður síns, en reisti býlið Sand II árið 1938. Þar rak hann bú til 1960. Jafnframt sinnti hann ýmsum félagsmálastörfum í sveit sinni og héraði. Hann átti sæti í hreppsnefnd Aðaldælahrepps árin 1931—1962, var oddviti 1954—1962. Hann var í sýslunefnd 1936—1978 og í stjórn Kaupfélags Þingeyinga 1937—1961. Árið 1944 var hann skipaður hreppstjóri í Aðaldælahreppi og gegndi hreppstjórastörfum til 1978. Við þrennar kosningar til Alþingis var hann í kjöri í Norðurlandskjördæmi eystra og var landskjörinn alþm. 1959—1971, sat á 12 þingum alls. Hann átti sæti í úthlutunarnefnd listamannalauna 1960—1966, í mþn. til endurskoðunar vegalaga 1961—1963 og í mþn. til að endurskoða lög um lax- og silungsveiði 1967—1969.

Bjartmar Guðmundsson naut ekki langrar skólagöngu um ævidagana, en hann ólst upp á menningarheimili sem reyndist honum góður skóli. Í ætt hans var og er rík hneigð og hæfileikar til ritstarfa og skáldskapar. Sjálfur ritaði hann ýmislegt í blöð og tímarit, annaðist útgáfu fjögurra binda af ritsafni föður síns, sem kom út 1955—1956, og var ritstjóri Árbókar Þingeyinga 1958—1971. Á efri árum lét hann frá sér fara þrjár frumsamdar bækur með smásögum og minningaþáttum. Hann kom á Alþingi lífsreyndur maður og þjálfaður í félagsstörfum. Hér átti hann í fyrstu sæti í landbn. og samgn. og síðar í menntmn. Þær nefndir fjölluðu um þau þingmál sem honum var umhugað um öðrum fremur. Með rósemi og festu vann hann að framgangi ýmissa þeirra mála þann rúma áratug sem hann átti sæti á Alþingi.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Bjartmars Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 33. fundur.

Miðvikudaginn 20. jan., að loknum fundi í Sþ.

Flutningsráð ríkisstofnana, frv. (þskj. 147). — Frh. 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Það er eðlilega langt um liðið síðan umr. um þessi mál fór fram hér í hv. deild. Menn töluðu þar nokkuð út um þetta mál og fóru nokkuð vítt út í málefnasviðið. Ég vil allra síst verða til þess að tefja þetta mál frekar en orðið er. Tveir þeirra manna, er beðið höfðu um orðið fyrir áramót, hafa fallið frá því. En eftir þær miklu umr. sem urðu hér fyrir jólin um þessa frumvarpsgerð um flutningsráð ríkisstofnana og raunar fjölmargt annað, m. a. Framkvæmdastofnun ríkisins, gildi hennar og ýmislegt því tengt, get ég ekki annað en sagt fáein orð í lokin.

Í fyrsta lagi kom það fram hjá mörgum í þessari umr., að flutningsráð það, sem þetta frv. fjallar um, væri jafnvel nýtt bákn. Þess vegna komst blessuð Framkvæmdastofnunin inn í þessar umr. m. a. — Ég vil alveg sérstaklega undirstrika það, að þetta frv. okkar hv. 11. þm. Reykv. lýtur aðeins að nefndarskipun. Flutningsráðið er nefnd manna, ráðgefandi nefnd. Það er öfugt við það sem er á Norðurlöndunum og það sem þau hafa gert varðandi stofnanaflutning. Norðurlandaþjóðirnar hafa bæði nefnd í gangi og svo er til ákveðin stofnun í stjórnkerfi þeirra, í byggðamálaráðuneytum, þar sem er fjallað um þetta. Ég held að ráðsnafnið hafi e. t. v. villt nokkuð um fyrir mönnum. Hér er aðeins gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd hjá forsrn. og alls ekki stofnun. Það er alls ekki okkar ætlun, þó það virðist hafa komið hér fram, og gæti því ráðið allt eins heitið flutningsnefnd ríkisstofnana af þeim ástæðum.

Spurningin, sem knýr á hjá mér í þessu efni, er hvort einhver hreyfing megi verða á þessum málum, hvort þau eigi að vera í algerri ládeyðu, eins og raun ber vitni, eða hvort átak skuli a. m. k. undirbúið eða þá í hógværasta lagi að málinu sé komið að hluta til af stað með einhverjum hætti. Ég hef marglýst því yfir hér, að hverri þeirri

aðferð, sem mönnum þykir vænlegust til einhverrar hreyfingar í þessu, verður tekið fagnandi af okkur flm., óháð því sem við flytjum hér þó við séum með þetta í þessu ákveðna formi.

Í öðru lagi vil ég nefna það, og það snertir orðalagsathugasemdir varðandi ákveðnar greinar sem eru alveg réttmætar, að svo sem eðlilegt er virtist það fara fram hjá sumum að það er langt um liðið síðan þetta varð að frv. Þetta er nákvæmlega orðrétt upp úr nál. frá 1975. Það væri betra ef eitthvað hefði breyst síðan í þessum efnum. Það hefur í raun og veru ekkert gerst í þessum efnum, en eins og einmitt var komið inn á hefur í sumum tilfellum jafnvel verið farið aftur á bak í þessum efnum. Ég vil taka það fram, af því að það kom ekki fram í minni framsögu, að þessi nefnd var skipuð mönnum úr öllum flokkum úr öllum kjördæmum landsins og hún stóð einróma að því frv. sem við höfum flutt hér. Ég hef tekið þann kost að flytja frv. óbreytt eins og það kom frá nefndinni. Ég hef ekki aðra haldbærari aðferð, eins og ég nefndi, til að koma þessu máli á framfæri.

Ég minni aðeins til viðbótar á einróma stuðningsyfirlýsingar Samtaka sveitarfélaga á Vestfjörðum, á Norðurlandi og á Austfjörðum við þetta frv., að vísu með athugasemdum, en við meginefni þess eða einhverja þá skipan sem gæti komið í staðinn. Ég verð því að taka það fram, að það hefði vafalaust verið rétt aðferð hér í þessari hv. deild að fá flm. úr öllum flokkum að frv. í þessa átt sem allir hefðu getað sætt sig við, en í raun og veru verður það þá hlutverk nefndar í þess stað að finna þessu máli sem farsælastan farveg.

Í þriðja lagi vil ég, án þess að fara út í umr. um Framkvæmdastofnun ríkisins, af því að hún kom sumpart inn í vegna þess að ég nefndi að byggðadeild hennar, sem starfandi er, kæmi vissulega til álita sem aðili sem gæti fjallað um þessi mál, — þá vil ég segja að menn geta endalaust deilt um Framkvæmdastofnunina, áhrif hennar til góðs eða ills, en sú umræða á ekki heima hér, þ. e. um Framkvæmdastofnun í heild. Ég held hins vegar að allir geti verið sammála um það, að meginábrif Byggðasjóðs hafa verið hin jákvæðustu í yfirgnæfandi tilfellum hvarvetna um landsbyggðina. — En ég skal sem sagt um Framkvæmdastofnunina og deildir hennar ekki fara út í neina umr. hér. Það kom margt athyglisvert fram í umr. hér fyrir jólin og ekkert nema gott um það að segja að menn skiptist á skoðunum um þá stofnun. Við skulum ræða um hana þá við annað tækifæri og á öðrum vettvangi að sjálfsögðu. En mér er mest í mun að þetta mál megi á einhvern hátt komast þannig á hreyfingu að við sjáum þess dæmi, að stofnanir, útibú og deildir frá stofnunum komi í einhverjum mæli út á land, en ekki verði sú ófugþróun sem jafnvel á sér stað varðandi stofnun eins og hér var nefnd alveg sérstaklega, Síldarverksmiðjur ríkisins.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann lengi og þarf ekki að ítreka það sem ég sagði við umr. þegar hún hófst fyrir áramótin, að auðvitað erum við meira og minna og kannske algerlega sammála um að það þurfi að flytja fleiri ríkisstofnanir út á land eða a. m. k. að sporna við því að ríkisfyrirtæki, sem þar eru, séu flutt hingað suður.

Það kom fram hjá frsm. og flm. í ræðu hans áðan, að við ræddum það talsvert fyrir áramótin að verið væri að flytja aðalstöðvar Síldarverksmiðja ríkisins frá Siglufirði til Reykjavíkur. Þá tók hæstv. utanrrh. m. a. til máls og sagði orðrétt.:

„Ég hef alltaf verið andvígur öllum flutningi þaðan og ég er tilbúinn að styðja að því, að haldið verði fast við lög ef slíkt kemur til kasta ríkisstj. Ég hef ekki orðið var við að þetta mál væri þar til umfjöllunar, en einfaldast væri sjálfsagt, þar sem hér er um skýr lagaákvæði að tefla, að þm. kjördæmisins skrifuðu viðkomandi ráðh. og bentu honum á þetta lagaákvæði, og þá ætti ekki að vera nein fyrirstaða á því að það verði farið eftir lögum."

Þetta var drengilega mælt af hæstv. utanrrh., eins og hans er von og vísa. Að sjálfsögðu skrifuðum við þm. úr þessu kjördæmi hæstv. sjútvrh. og kröfðumst þess, að staðið yrði við lög í þessu efni og skrifstofa Síldarverksmiðjanna ekki flutt til Reykjavíkur. Engu að síður hefur það nú gerst, að a. m. k. einn starfsmaður verksmiðjanna hefur verið fluttur hingað suður og Siglfirðingar telja að leggja eigi skrifstofu verksmiðjanna á Siglufirði niður. Einmitt nú í dag eru staddir í höfuðborginni fulltrúar bæjarstjórnar Siglufjarðar, efstu menn allra lista þar í síðustu kosningum, forustumenn allra stjórnmálaflokka í bæjarstjórn Siglufjarðar, og eiga fund núna á eftir einmitt með sínum þm. og munu knýja á um að lögum verði framfylgt í þessu efni. Ég taldi rétt af því tilefni, af því að frsm. gat líka um þetta sérstaka dæmi, að vekja á þessu athygli. Í hópi þm. Norðurlands vestra eru tveir ráðh. og sá þriðji hefur lýst stuðningi við það, sem er auðvitað sjálfgefið, að lögum landsins skuli hlíta og hindra þessa aðgerð. Þess vegna á ég von á að ríkisstj. muni á næsta fundi sínum, sem var talið að verði á morgun eða föstudaginn, — ég geri ráð fyrir að það séu alltíðir fundir í ríkisstj. nú og ekkert úrræðaleysi a. m. k. á þeim vettvangi, — hún muni þar taka fyrir þennan flutning suður.

Menn segja kannske að þetta sé lítið dæmi og menn eigi ekki að vera að eyða löngum tíma í að ræða þetta hér á hinu háa Alþingi. En þetta er ekkert lítið dæmi. Ef það líðst að aðalstöðvar ríkisfyrirtækis, sem hefur sína meginstarfrækslu á öðrum stað úti á landi, verði fluttar til Reykjavíkur af því að menn vilja heldur búa þar og stunda sín skrifstofustörf þar, þá kemur auðvitað annað í kjölfarið. Við skulum gá að því að framleiðsla Síldarverksmiðja ríkisins er líklega að $^{2}/_{3}$ á Siglufirði. Þar er langstærsta verksmiðjan sem hefur langmestu vinnsluna. Ef það er ekki hægt að hugsa sér að þessi skrifstofa, sem þar hefur alla tíð verið, megi vera þar áfram hlýtur eitthvað annað á eftir að koma. Það er miklu þýðingarmeira að hindra það gerræði að flytja skrifstofu Síldarverksmiðja ríkisins til Reykjavíkur en að samþykkja einhverja till. eða eitthvert frv. Það er að sýna í verki að við ætlum ekki að líða að slík stofnun sé flutt frá þeim stað sem hún lögum samkvæmt og eðli málsins samkvæmt á að vera á. Þess vegna treysti ég því, að þegar hæstv. ríkisstj. tekur þetta mál fyrir á næsta fundi sínum væntanlega, því að ég veit að þá ósk og jafnvel kröfu munu forustumenn í bæjarmálum Siglfirðinga bera fram nú á eftir, þá verði hendur látnar standa fram úr ermum og þetta verði stöðvað.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 217). — 1. umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 217 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá, með síðari breytingum, ásamt þeim hv. þm. Davíð Aðalsteinssyni, Salome Þorkelsdóttur og Karli Steinari Guðnasyni. Hér er um að ræða einfalda viðbót við 37. tölul. 3. gr. í tollskrárlögum, þar sem ný málsgr. komi er orðist svo:

„Að fella niður gjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir sjón- og heyrnarskerta. Fjmrn. skal hafa samráð um framkvæmdina við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um heyrnarskerta að ræða."

Grg. fyrir þessu frv. okkar flm. er frá þeim manni sem gerst þekkir nú, held ég, til þeirra mála sem snúa að heyrnarskertum, þ. e. frá Ingimar Sigurðssyni deildarstjóra í heilbrmrn., en hann er jafnframt formaður stjórnar Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands. Ég vil leyfa mér — með leyfi forseta — að lesa þessa grg. yfir því hún gefur í raun og veru nokkuð glöggt til kynna hvað við er átt með þessari breytingu, en þar segir Ingimar Sigurðsson:

„Þeir, sem búa við sjón- og heyrnarskerðingu, þurfa á ýmiss konar sérbúnaði að halda. Mjög er misjafnt á hvern hátt hið opinbera tekur þátt í kostnaði vegna slíkra tækja, allt frá fullum til engra greiðslna. Sé um að ræða hjálpartæki fyrir sjónskerta fer um slíkar greiðslur samkvæmt almannatryggingalögum, nr. 67/1971, með síðari breytingum, þ. e. tryggingaráð tekur ákvörðun um þátttöku hins opinbera í kostnaði vegna slíkra tækja. Sé hins vegar um að ræða hjálpartæki fyrir heyrnarskerta fer um greiðslur hins opinbera samkv. lögum nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, en samkvæmt þeim skal ráðh. setja reglur um þátttöku ríkisins í kostnaði við útvegun þeirra. Í reynd hefur eingöngu verið tekin afstaða til þátttöku ríkisins varðandi heyrnartæki. Önnur hjálpartæki fyrir heyrnarskerta eru greidd af Tryggingastofnun ríkisins að höfðu samráði við Heyrnar- og talmeinastöðina á sama hátt og greinir frá um hjálpartæki fyrir sjónskerta, séu þau á annað borð greidd á einhvern hátt.

Þrátt fyrir það að hið opinbera standi undir verulegum kostnaði vegna nefndra hjálpartækja er kostnaður notenda í mörgum tilvikum talsverður. Má hér sem dæmi nefna að sérhönnuð vekjaraklukka með vibrator fyrir heyrnarskerta, sem kostar 440 danskar kr., kostar hér með öllum álagningum 1464 kr. Engum blandast þó hugur um að slík tæki eru heyrnarskertum nauðsynlegri en venjuleg vekjaraklukka velheyrandi. Fyrir því verður að teljast óeðlilegt að hið opinbera hafi tekjur af slíkri fötlun sem sjón- og heyrnarskerðing er.

Verulegur fjöldi þarf á slíkum öryggis- og hjálpartækjum að halda og má sem dæmi nefna að um 3000 menn voru skoðaðir á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands fyrra misseri yfirstandandi árs og úthlutað var tæpum 1000 tækjum. Er hér um verulega aukningu að ræða frá fyrra ári, en eigi að síður er langur biðlisti við stofnunina.

Lagt er til að fjmrn. setji nánari reglur um framkvæmdina að höfðu samráði við augndeild Landakotsspítala, Tryggingastofnun ríkisins og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, eftir því hvort um er að ræða tæki fyrir sjónskerta eða heyrnarskerta. Fyrst og fremst þarf að setja reglur um þau tæki, sem falla eiga hér undir, og verður að tryggja samráð við þá aðila, er annast þessi mál, til þess að tryggja að um misnotkun verði ekki að ræða. Í reynd þyrfti að leita samþykkis þessara aðila í hverju tilviki. Enn fremur þyrfti að setja reglur um það, í hvaða tilvikum beita ætti þessari niðurfellingarheimild, en það yrði í þeim tilvikum þar sem menn verða að standa sjálfir straum af kostnaði við útvegun slíkra tækja, ýmist að öllu leyti eða að hluta til. Þar sem ríkið sjálft tekur þegar verulegan þátt í kostnaði við útvegun slíkra tækja og greiðir þar með í eigin vasa bæði aðflutningsgjöld og söluskatt yrði hér ekki um verulega tekjuskerðingu að ræða fyrir ríkið, nema í þeim tilvikum þar sem ákveðið yrði að fella niður aðflutningsgjöld og söluskatt af gleraugum og efni til þeirra, en í fyllsta máta er ósanngjarnt að þeir, sem þurfa á slíkum tækjum að halda, greiði aðflutningsgjöld og söluskatt eins og um munaðarvarning sé að ræða, sérstaklega þegar haft er í huga að hið opinbera tekur engan þátt í kostnaði við útvegun þeirra nema í undantekningartilvikum.

Væri við hæfi," segir í lokin, af því að þetta var gert fyrir áramót, „að koma nefndri niðurfellingarheimild í lög áður en ár fatlaðra líður í aldanna skaut."

Það er í raun og veru lítlu við þetta að bæta. Það er sagt hér, að nánari grein verði gerð fyrir málinu í framsögu. Ég vil þá greina frá því, að tilefni þessa er fyrst og fremst að fulltrúar frá þessum samtökum voru á ágætum fundi með ýmsum þm. á sínum tíma, á nokkuð fjölmennri ráðstefnu úti á Loftleiðum, þar sem þeir ræddu einmitt mörg þau vandamál sem þeirra fötlun varða. Sérstaklega komu þeir inn á ýmis bein atriði sem væri hægt að leiðrétta með einföldum lagabreytingum. Í framhaldi af þessum fundi komu svo fulltrúar frá félagi heyrnarlausra að máli við okkur nokkra alþm. og óskuðu eftir því, að við flyttum þetta mál hér inn í sali þingsins og reyndum að ná fram einhverri breytingu á tollskrá og einnig varðandi söluskatt á síðara stigi, ef okkur tækist að ná því fyrra fram. Við tókum þessu erindi að sjálfsögðu vel. Niðurstaðan varð sú, að ég leitaði til Ingimars Sigurðssonar um frv.-texta og grg. einnig þannig að við gætum búið þetta sem best úr garði. Að sjálfsögðu reiknum við með því, að öll tæknileg útfærsla á þessum lið, eins og tekið er fram í grg., komi svo síðar í ákveðinni reglugerð eða ákveðnum reglum sem fjmrn. setur ásamt deild Landakotsspítala og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands.

Ég taldi það öruggara, áður en við fluttum þetta mál hér, að hafa það samráð við hæstv. fjmrh. og vita hvað hann segði um slíka breytingu. Ég benti þar á það, sem ég geri hér einnig, að þegar eru fyrir nokkur ákvæði um heimildir af þessu tagi, m. a. alveg sérstaklega sem snerta sjónskerta. Við flm. vorum á tímabili að hugsa um að fella jafnvel þá mgr. niður og setja þessa víðtæku heimild hér í staðinn, en félagsskapur blindra og sjónskertra, Blindrafélagið, taldi að í því ákvæði væri fleira tekið sem þá snerti þannig að við bættum aðeins við 2. mgr. þar sem bæði falla undir heyrnarskertir og sjónskertir. Fjmrh. tók þessu máli vel og taldi það sjálfsagt. Ég get þessa hér vegna þess að mér þykir það nokkuð gott veganesti fyrir þá hv. nefnd sem fær þetta mál til meðferðar, því að samkvæmt því, sem venja er um mál af þessu tagi, mun þetta mál fara til umsagnar hjá fjmrn. Er þá ekki lakara að þeir ráðuneytismenn, sem um þetta verða spurðir, m.

a. um tæknilega útfærslu á þessu, viti að hæstv. fjmrh. hefur lýst þarna yfir samþykki sínu, enda um mikið sanngirnismál að ræða.

Frá því að þetta frv. var flutt hafa okkur borist ályktanir frá félagi heyrnarlausra sem telja þetta rétt skref í áttina, en benda jafnframt á það, að enn sé söluskatturinn eftir af þessum tækjum. Við munum að sjálfsögðu taka það til athugunar síðar, ef þetta mál nær fram að ganga. Ég held að þetta sé samt sem áður fyrsta sporið og við eigum að stíga það núna.

Ég held að ég orðlengi þetta ekki frekar, en vil leyfa mér að óska þess, að málinu að lokinni þessari umr. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 32. fundur.

Miðvikudaginn 20. jan., að loknum fundi í Sþ.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. janúar 1982.

Samvk. beiðni Péturs Sigurðssonar, 1. landsk. þm. sem vegna utanfarar í opinberum erindum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður landskjörinna þingmanna Sjálfstfl., Sigurlaug Bjarnadóttir kennari, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Ólafur G. Einarsson,
formaður þingflokks sjálfstæðismanna."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á þessu þingi og þarfnast kjörbréf hennar því ekki rannsóknar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Þá hefur mér enn fremur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 20. janúar 1982.

Samkv. beiðni Guðmundar J. Guðmundssonar, 7. þm. Reykv., sem vegna veikinda mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Reykjavík, Guðrún Hallgrímsdóttir matvælaverkfræðingur taki sæti á Alþingi í forföllum hans.

Ólafur Ragnar Grímsson,
formaður þingflokks Alþb."

Guðrún Hallgrímsdóttir hefur áður átt sæti á þessu þingi og býð ég hana velkomna til starfa.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga, en það er flutt að ósk Iðnfræðingafélags Íslands. Með frv. þessu er lagt til að starfsheitið iðnfræðingur verði lögverndað með sams konar hætti og starfsheitin verkfræðingur og tæknifræðingur. Um þær atvinnustéttir gilda lög nr. 73/1968, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, tæknifræðinga eða byggingafræðinga. Iðnfræðingar eru brautskráðir raftæknar, véltæknar og byggingartæknar, sem svo eru kallaðir, frá Tækniskóla Íslands eða hafa hlotið sambærilega menntun erlendis. Starfsgreinar þessar höfðu til skamms tíma heitið iðntæknar, en í okt. 1980 breyttu iðntæknar starfsheiti sínu í iðnfræðinga.

Færst hefur í aukana hin síðari ár að starfsheitum ýmissa atvinnustétta hafi verið veitt lögvernd. Á s. l. ári voru samþykkt tvenn slík lög, lög nr. 6/1981, um breytingu á lögum um vélstjóra, og lög nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Auk Iðnfræðingafélags Íslands hafa nýlega leitað til iðnrn. bæði Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og landslagsarkitekta og óskað eftir að flutt verði frv. um lögverndun á starfsheitum félagsmanna þeirra. Eru mál þessara aðila nú til athugunar í samráði við Arkitektafélag Íslands.

Við meðferð á frv. þessu gæti verið ástæða til að velta fyrir sér hver þróunin verði í starfsheitamálum í framtíðinni og hvort stöðug aukning á lögverndun starfsheita í þjóðfélaginu sé heppileg með þeim kostnaði og þeirri vinnu sem hlýst af framkvæmd slíkrar löggjafar. Á móti verður hins vegar að meta bæði öryggi þeirra, sem við hlutaðeigandi starfsstéttir skipta, svo og hagsmuni starfsstéttanna sjálfra. Þess ber að gæta, að erfitt er að stöðva þá þróun að veita lögvernd á starfsheitum, þar sem sanngirnisrök mæla með því, að þær starfsstéttir, sem svipað er ástatt um, öðlist sams konar réttindi varðandi lögvernd starfsheita.

Frv. þetta vekur einnig til umhugsunar um það, hvort rétt væri að samræma hin margvíslegu lagaákvæði, er fjalla um verndun starfsheita og safna saman í heildarlöggjöf. Eins og málum er nú háttað heyra starfsheitalög undir viðkomandi fagráðuneyti. Færa mætti að því rök hins vegar, að þessi mál tengist einna sterkast menntamálunum og ráðuneyti menntamála.

Herra forseti. Þessar hugleiðingar eiga fyrst og fremst við um framtíðina. Það, sem snýr að okkur nú, er það frv. sem hér liggur fyrir. Ég mæli með því, að því verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 261). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, um breytingar á lögum um almannatryggingar, er samið í heilbr.- og trmrn. og er fram komið vegna nýrra barnalaga, nr. 9/1981, sem tóku gildi 1. jan. s. l.

Í barnalögum eru nokkur ákvæði er snerta lög um almannatryggingar. Samvk. 17. gr. barnalaga lýkur framfærsluskyldu er barn verður 18 ára í stað 17 eins og verið hefur. Þótt barnalög mæli fyrir um framfærslu barna samkv. einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, verður að telja eðlilegt að breyta aldursmörkum samkv. 1. mgr. 14. gr. almannatryggingalaga, 2. mgr. 17. gr. og

4. mgr. 45. gr. almannatryggingalaga, nr. 67/1971, til samræmis við barnalög.

Það, sem hér er um að ræða, er að barnalífeyrir verði greiddur með börnum þar til þau verða 18 ára, að ekkjueða ekkilsbætur verði greiddar til bótaþega, sem hafa börn að 18 ára aldri á framfæri sínu, og til viðbótar sjúkardagpeningum verði greitt fyrir hvert barn á framfæri bótaþega, þar til það verður 18 ára. Að öðru leyti eru nefndar greinar óbreyttar.

Auk þess sem ég greindi frá hér að framan er að finna í barnalögum ýmis nýmæli er leggja auknar fyrirgreiðsluskyldur á Tryggingastofnun ríkisins. Í 19. gr. barnalaga er heimilað að úrskurða um sérstök framlög vegna tiltekinna útgjalda, og í 30. gr. 2. mgr. segir að foreldri eða eftir atvikum framfærandi samkv. 31. gr. eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um slíkar greiðslur. Í 25. gr. barnalaga er heimilað að úrskurða föður til að greiða framfærslueyri í allt að þrjá mánuði, og í 30. gr. segir að um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa framfærslueyris fari svo sem segir í 73. gr. almannatryggingalaga.

Í 25. gr. barnalaga er heimilað að úrskurða barnsföður til að greiða móður mánaðarlega hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði. Í 30. gr. barnalaga segir svo að barnsmóðir eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Loks er í 26. gr. ákveðið að úrskurða skuli barnsföður til að greiða kostnað af meðgöngu og fæðingu þegar um það er að ræða að faðir barnsins hafi sætt dómi fyrir brot samkv. XXII. kafla almennra hegningarlaga gagnvart móður barnsins. Í slíkum tilvikum er barnsmóður einnig veittur aðgangur að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Hvað snertir þessa upptalningu taka núgildandi ákvæði almannatryggingalaga eingöngu til greiðslu meðlags, þ. e. framfærslueyris barns, sem skýrt er kveðið á um í 23. gr. barnalaga að tilheyri barni. Slíkar greiðslur falla undir 73. gr. núgildandi laga um almannatryggingar, en aðrar ekki.

Þess skal sérstaklega getið, að 1. jan. 1981 tóku gildi lög nr. 47/1980 um fæðingarorlof. Þá var numin úr gildi 74. gr. almannatryggingalaga um greiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins samkv. úrskurði á barnsfararkostnaði ógiftrar móður sem fella varð niður vinnu og missti tekjur vegna barnsburðar. Með tilkomu almenns fæðingarorlofs 1. jan. 1981 var talið að bættur væri slíkur tekjumissir móður.

Ekki þarf að deila um það, að með samþykkt 1. mgr. 25. gr. barnalaga, þ. e. um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna greiðslu framfærslueyris, ætlaðist löggjafinn til þess, að svipuð fyrirgreiðsluskylda Tryggingastofnunar ríkisins stofnaðist á ný, þótt svo illa hafi til tekist að ekki sé sagt með berum orðum í barnalögum, heldur vísað til 73. gr. almannatryggingalaga, en eins og áður hefur komið fram getur sú grein óbreytt engan veginn heimilað greiðslu framfærslueyris, hvað þá verið grundvöllur að endurheimta slíkra greiðslna.

Um aðrar greiðslur, sem rætt hefur verið um hér að framan, svo sem barnsfararkostnað og fleiri greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu, má segja að í barnalögum séu tæmandi fyrirgreiðslu- og endurkröfuheimildir fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Eðlilegast er þó að sjálf löggjöfin um almannatryggingar sé á hverjum tíma tæmandi heimild um skyldur og réttindi á þessu sviði. Niðurstaðan er því sú, að ýmis ákvæði barnalaga hafi átt meira erindi í lög um almannatryggingar en barnalög. Með það í huga að nauðsynlegt sé að fulls samræmis gæti í ákvæðum almannatryggingalaga og annarra lagaákvæða, er leggja skyldur á Tryggingastofnun ríkisins, er lagt til að ný 73. gr. taki til allrar fyrirgreiðslu stofnunarinnar samkv. IV. og V. kafla barnalaga og í samræmi við VI. kafla sömu laga.

Þá er enn fremur lagt til að reglur um endurkröfu á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga fyrir hönd framfærsluskylds foreldris og framfæruslusveitar og á hendur ríkissjóði, þar sem það á við, komi í sérstaka grein, 74. gr. Í þessari grein kemur það fram berum orðum, að allar greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins vegna ákvæða barnalaga og 73. gr. almannatryggingalaga skuli vera endurheimtanlegar framvegis sem hingað til hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og hjá ríkissjóði.

Kostnaðarauki ríkissjóðs af framangreindum breytingum er áætlaður um 1.5 millj. kr. á ári, að svo miklu leyti sem nokkur vegur er að áætla þennan kostnað, og er hann aðallega til kominn vegna barnalífeyris sem greiddur yrði með börnum yngri en 18 ára ef annað hvort foreldri er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Hér er um hreinan kostnaðarauka hjá ríkissjóði að ræða þar sem endurgreiðslur koma ekki til í þessu tilviki. Þá er þetta kostnaðarauki ríkissjóðs en ekki atvinnurekenda, þar sem þeir greiða til lífeyristrygginga fast gjald sem nemur 2% launagreiðslna sinna.

Í stuttu máli má segja að breytingar þær, sem hér eru lagðar til, séu þrenns konar: Í fyrsta lagi að framfærsla barna að einkarétti og gagnvart hinu opinbera miðist við sömu aldursmörk. Í öðru lagi nauðsynlegar breytingar þannig að barnalög og almannatryggingalög stangist ekki á. Í þriðja lagi að sjálf löggjöfin um almannatryggingar sé tæmandi heimild um skyldur og réttindi á því sviði er hún tekur yfir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fara fleiri orðum um frv. þetta, enda er frv. í sjálfu sér stutt og skýrir sig að flestu leyti sjálft auk þess sem góð grg. fylgir því.

Ég vil að lokum leggja til að frv. þessu verði að 1. umr. lokinni vísað til hv. heilbr.- og trn. um leið og ég bendi á að mjög brýnt er að frv. hljóti skjóta afgreiðslu þar sem barnalög hafa þegar öðlast gildi, eða frá 1. jan. s. l.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til heilbr.- og trn. og 2. umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er að innihaldi, eins og hæstv. ráðh. gat um, óhjákvæmileg breyting á lögum um almannatryggingar vegna barnalaga, nr. 9 frá 1981. Þar sem mál þetta kemur til heilbr.- og trn., þar sem ég á sæti, sé ég ekki ástæðu til þess að bera fram formlega brtt. hér í hv. deild, en ég mun bera fram brtt. í nefndinni. Sú breyting, sem ég hef í huga, er að setningin í 1. mgr. 1. gr. frv.: „enda eigi barnið lögheimili hér á landi" falli brott. Skal ég nú skýra ástæðuna fyrir þessari breytingu örlítið nánar.

Við langflesta skilnaði er annað foreldri gert meðlagsskylt. Nú getur svo farið að sama foreldri verði 75% öryrki og meðlag það, sem því bar að greiða, verður þá að barnalífeyri. Í nokkrum slíkum tilvikum hefur það foreldri, sem forræði barnanna fékk, flust úr landi, en

það breytir í engu meðlagsskyldi hins foreldrisins. Væri barnið búsett hér á landi væri forráðamanni þess greiddur barnalífeyrir, en á meðan ofangreind setning er í lögunum er ekki unnt að greiða barnalífeyri með barni sem ekki á lögheimili hér á landi. Hið sama gildir um barnalífeyri vegna látins foreldris. Séu börn ekkjunnar, ekkilsins eða öryrkjans búsett erlendis er enginn barnalífeyrir greiddur. Þetta á einkum við og veldur mestum vandræðum í löndum utan Skandinavíu, þar sem ekki er gagnkvæmur tryggingasamningur enn þá, en þó eru kröfur um ákveðinn búsetutíma þar einnig skilyrði fyrir greiðslu, svo að einnig þar geta komið skörð í greiðslurnar. Öryrkinn er eftir sem áður meðlagsskyldur og verður því — eins og lögin eru nú og frv. þetta gerir einnig ráð fyrir — að greiða meðlag af örorkubótum sínum. Þetta tel ég engan veginn réttmætt og mun því gera till. um breytingu í hv. nefnd.

Að öðru leyti fæ ég ekki séð að svo stöddu að annað sé athugavert við þetta frv. Það er að vísu ljóst, að skarð kemur í greiðslu vegna þeirra barna sem urðu 17 ára á árinu 1981, en barnalögin tóku ekki gildi, sem kunnugt er, fyrr en 1. jan. s. l. Við þessu verður ekki gert. Þetta frv. hlýtur að sjálfsögðu að fylgja dagsetningu á gildistöku hinna fyrri laga, svo að ég kem ekki auga á að við því verði gert. En ég vil taka undir orð hæstv. trmrh., að það er ákaflega brýnt að frv. fái skjóta afgreiðslu í þinginu. Ég vil skora á bæði hv. nm., sem sitja í nefndinni í Nd. og jafnframt beina þeirri ósk til þeirra Ed.-manna, að þetta frv. fái nokkru hraðari afgreiðslu en almennt gerist, þar sem barnalögin tóku gildi 1. jan. og Tryggingastofnun ríkisins hefur þegar orðið fyrir verulegum óþægindum vegna þess að þessar greiðslur hafa ekki hafist.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24. shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Þingsköp Alþingis, frv. (þskj. 97). — 1. umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um þrjá þætti í störfum Alþingis, till. til þál., fsp. og umr. utan dagskrár. Allir hafa þessir þættir vaxið mjög á síðari árum, stundum svo að þrengt hefur um of að löggjafarstarfinu sem er meginverkefni þingsins.

Starfshættir Alþingis hafa tekið miklum breytingum síðan það var endurreist, enda hafa verkefni þingsins og vandamál íslensks þjóðfélags vaxið hröðum skrefum kynslóð eftir kynslóð. Alþingi hefur samt sem áður farið með gát í meiri háttar breytingum á þingsköpum og ekki gripið til þeirra nema svo sem á áratugsfresti, eins og sjá má af meginbreytingum 1936, 1947, 1952, 1964, 1972. Ég tel þetta vera viturlega stefnu, enda eru hefðir þingsins dýrmætar þó að þær hljóti að taka breytingum.

Þrátt fyrir þetta tel ég nú að tími sé kominn til að hyggja að ýmsu sem betur mætti fara og þm. hafa mikið rætt sín á milli. Hefur hugmyndum verið komið á framfæri í frumvörpum undanfarin ár, t. d. varðandi nefndir þingsins, sem er mjög mikilsvert mál. Þá er ljóst að verði gerð sú stjórnarskrárbreyting að skipa þinginu aftur í eina málstofu mun það kalla á gagngera endurskoðun þingskapa.

Í þessu frv. eru aðeins tekin til athugunar þrjú atriði, sem mörgum hafa fundist tefja fyrir löggjafarstarfinu. Síðustu hálfa öld hafa þáltill., fsp. og umr. utan dagskrár vaxið mjög að fyrirferð, fylla nú tvo fundardaga af fjórum í viku hverri og dugir varla til. Eru þó ekki mörg ár síðan sameinað þing hafði aðeins einn fundardag í viku og þóttiærið nóg. Er augljóst að þingið þarf að setja skorður við þessari þróun og hefta vöxt þessara þátta hvað tíma snertir svo að bein lagasetning njóti þess forgangs sem hún verður að hafa.

Á Alþingi hefur til skamms tíma ríkt nálega algert málfrelsi. Að vísu hafa þm. aðeins fengið að tala tvisvar í hverri umr., en þeim er sjaldan neitað um athugasemd og stundum tvær til viðbótar. Ræðutími hefur verið ótakmarkaður. Ákvæði þingskapa um takmörkun á umræðum hafa reynst illa, en helstu ráð forseta eru að grípa til næturfunda og láta þm. rausa næturlangt ef þeir óska.

Árið 1972 var stigið stórt skref í þessum efnum er umr. um fsp. voru takmarkaðar við tveggja mínútna ræðutíma annarra en fyrirspyrjanda og ráðh. Þá var rætt um að stíga skrefið til fulls og heimila ekki öðrum að tala um fsp. en þeim sem hana flytur og ráðh. sem svarar. Nú er að fenginni áratugsreynslu lagt til að skrefið verði stigið til fulls. Ekki tel ég þó líklegt að heildartími fsp. á fundum þingsins styttist. En fleiri fyrirspurnum ætti að fást svarað fyrr en verið hefur og er það til verulegra bóta.

Till. til þál. hefur fjölgað mjög á síðari árum. Þær, sem snerta stjórnskipan, utanríkis- eða varnarmál, vantraust eða staðfestingu á framkvæmdaáætlunum, eru sérstaks eðlis. Í samþykkt þeirra felst jafnan mikilvæg ákvörðun. Er sjálfsagt að um slík mál verði ávallt tvær umr. og ræðutími verði með sama hætti og um lagafrv., nema hvað rétt er að afgreiða tillögur um traust eða vantraust á ráðh. og ríkisstj. við eina umr. og vísa þeim ekki til nefndar.

Aðrar þáltill. eru annars eðlis. Þær eru ályktanir um hvers konar efni, ýmist yfirlýsingar þingsins, óskir, áskoranir eða fyrirmæli um rannsóknir, athuganir eða undirbúning frv. Þetta eru mál sem ekki verða flutt í frv.-formi, en þingflokkar eða einstakir þm. telja mikilvægt að koma á framfæri og kynna þingi og þjóð. Þessi síðast nefndu mál hafa í raun náð tilgangi sínum þegar þau hafa verið flutt á prentuðu þskj. og mælt hefur verið fyrir þeim. Ættu þm. að una vel við að geta flutt mál sitt á þennan hátt. Þegar meiri hl. nefndar hefur skilað áliti um till. kemur hún að sjálfsögðu til umr. sem lagt er til að hafa með líku sniði og verið hefur um fsp. Hefur reynslan sýnt að alþm. geta sem best rætt mál þótt þeir hafi aðeins 2—3 mínútna ræðutíma.

Öll nútímaþjóðþing þurfa að hafa opna leið til þess, að þm. geti nálega fyrirvaralaust hafið umræðu um aðkallandi málefni sem þola ekki bið og ekki verða afgreidd á viðunandi hátt innan ramma venjulegra þingmála. Er mjög mismunandi hvaða form hefur verið valið fyrir slíkar umr. í hinum mismunandi löndum. Enda þótt umr. utan dagskrár gegni mikilvægu hlutverki er ekki stafur um þær í þingsköpum, heldur eru þær algerlega á valdi forseta. Hefur þeim oft reynst erfitt að hemja ræðutíma og þessar umr. hafa sprengt starfsramma þingsins stundum dögum saman.

Með því að setja í þingsköp þau ákvæði, sem lagt er til í þessu frv., mundu umr. utan dagskrár hljóta formlega viðurkenningu, sem er óhjákvæmilegt fyrr eða síðar. Umr. mundu takmarkaðar við Sþ. og því ekki trufla afgreiðslu lagafrv. Þá mundi sett regla um samþykki

forseta, en hann verður að meta hvort málefni sé aðkallandi og þoli bið eða ekki. Einnig yrði sett regla um *tilkynningu til ráðherra og loks yrði ræðutími takmarkaður.*

Rétt er að líta á þetta frv. sem hugmyndir að ákvæðum um þá þætti í störfum Alþingis sem fjallað er um. Mér er að sjálfsögðu ekki fast í hendi að einstök atriði, t. d. ræðutími, verði nákvæmlega eins og greint er, enda eðlilegt að það verði samkomulagsatriði við afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst fara vel á því á fyrsta starfsdegi þingsins á nýju ári að rætt sé um þingsköp Alþingis og vinnubrögð á hv. Alþingi. Ég hef áður úr þessum ræðustól, á s. l. vetri, lýst skoðunum mínum á þeim hugmyndum sem fram koma í frv. hv. þm. Benedikts Gröndals. Ég er sammála þeim sjónarmiðum, sem koma fram í frv. hans, í öllum meginatriðum. Án þess að þar sé kannske endilega fundin sú lausn sem er 100% rétt í öllum tilvikum, þá held ég að þetta frv. hreyfi við málinu, ýti við mönnum að hugleiða stöðu Alþingis og hversu þar er að málum unnið.

Ég vil nota þetta tækifæri til þess að segja það, að ég held að ástæðulaust sé að láta þetta frv. — eins og það er hér flutt — daga uppi einu sinni enn. Ég held að það séu svo einfaldar breytingar, sem hér er verið að gera till. um, að það ætti að vera þarflaust fyrir þm. að velkjast með þetta miklu lengur, og ætti að vera unnt að ná um það samkomulagi að breyta nokkuð þingsköpum Alþingis í þá átt sem hér eru gerðar tillögur um. Ég hef ekki orðið var við það í viðtölum mínum við þm. á undanförnum mánuðum, eða þann tíma sem ég hef setið hér á Alþingi, að það sé andstaða við hugmyndir af því tagi sem hér er hreyft — ekki alvarleg andstaða. Ég sé ekki í rauninni *hvers vegna ekki ætti að vera unnt að afgreiða málið eða* ná samkomulagi um einhverjar lagfæringar, því að það er að sjálfsögðu mjög margt sem má betur fara í störfum þingsins.

Ég er hins vegar sammála hv. þm. Benedikt Gröndal um að það er ástæðulaust að rasa um ráð fram í þessum efnum og vera að stokka þetta upp svo að segja ár frá ári. *En ég hygg að þetta mál sé þannig vaxið að hér sé stigið* lítið og skynsamlegt skref til þess að störf þingsins fari betur fram og séu skilvirkari en verið hefur.

Að lokum vil ég þakka hv. þm. Benedikt Gröndal fyrir að hann skuli flytja þetta mál inn á þingið. Ég vona að það fái svo góða afgreiðslu að því verði lokið á yfirstandandi þingi og verði látið reyna á það, hver er vilji löggjafans *í* þessu máli.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek undir það, að auðvitað er til bóta að fá fram tillögur og hugmyndir um hversu störfum Alþingis verði best fyrir komið og hvernig staða Alþingis í rauninni sé. Ég held að það sé nauðsynlegt að taka ekki aðeins til umr. það frv., sem hér liggur fyrir, heldur störf Alþingis yfirleitt, störf nefnda Alþingis, gera nefndir þingsins áhrifaríkari og íhuga hver sé staða löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdavaldinu í heild.

Ég held að það sé enginn vafi á því, að áhrif Alþingis hafa farið þverrandi á undanförnum árum, og mér sýnist sú þróun vera óheillaþróun og síst til hagsbóta fyrir land og þjóð, ef komast má svo að orði. Vinnubrögð Alþingis, vinnubrögð ríkisstj., vinnubrögð stjórnmálamanna hvers *við annan, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarand*stöðu, eru með nokkuð sérstökum hætti og ekki batnandi, eftir því sem ég veit best.

Ég get raunar talað líka um ýmsar ríkisstofnanir sem eiga að þjóna til jafns Alþingi og ríkisstj. Reynsla mín hefur verið sú, að mjög skortir á að alþm. njóti almennt þeirrar fyrirgreiðslu sem staða þeirra á að útheimta fyrir þá. *Ég held m. ö. o. að það sé ekki aðeins hér í þingsaln*um sem nauðsynlegt sé að hugleiða stöðu alþm., heldur líka utan þingsalarins. Hvernig er búið að nefndum þingsins? Hafa þær skilyrði til starfa? Má í því sambandi benda á m. a. að lagasafn er ekki til í því húsi þar sem fundir nefnda Alþingis fara fram. Hér er enginn maður til ráðuneytis um það, hvað séu gildandi lög í sambandi við frv. eða til breytinga á lögum sem fyrir þingið koma. Og annað er eftir því.

Ég vil þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir það frumkvæði, sem hann hefur átt að því að málefni Alþingis séu rædd og íhuguð, og beini því til þeirrar nefndar, sem tekur þetta frv. til meðferðar, að íhuga ekki aðeins þá þætti, sem hér er fjallað um, heldur ræða málið í víðara samhengi og athuga hvort ekki sé bráðnauðsynlegt að alþm. gefi sér tíma til að íhuga stöðu sjálfra sín, stöðu þjóðþingsins og íhuga hvernig á því standi að ekki hefur í rauninni náðst meiri árangur en raun ber vitni af þeim störfum sem hér eru unnin.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Málfrelsi er eitt af þeim mannréttindum sem hvað helgust eru, og það hljóta að verða mjög gild rök að koma til ef talið er nauðsyn að svipta þm. málfrelsi svo að nokkru nemur. Það er ekki ótrúlegt, að stjórnvöld á hverjum tíma vilji gjarnan hafa sem þægilegasta möguleika að koma málum í gegnum þingið, m. a. með því að takmarka sem mest frelsi stjórnarandstöðunnar til að koma sínum málum á framfæri. Ég tel þess vegna að það þurfi ávallt að fara með mikilli gát ef á að þrengja að þessum helga rétti, og ég er andvígur þeirri hugmynd að auka rétt framkvæmdavaldsins í gegnum ráðh. til að stjórna störfum þingsins.

Ég vil aftur á móti fagna því, að flm. þeirrar till., sem hér er lögð fram, flytur hana meðan hann er stjórnarandstæðingur og þar með á marga vegu hlutlausari aðili til að dæma um hvað sé skynsamlegt í þinginu á hverjum tíma. Mér virðist að samkv. þingsköpum hafi forseti mikið vald til að draga úr ræðutíma manna. En einn er þó sá leikur þm. sem ávallt hefur verið notaður þann tíma sem ég hef verið á þingi, ef forseti ætlar að beita þessu *valdi sínu, og án þess að á því sé tekið virðist vera* tilgangslaust að þrengja aðrar reglur. Ef forseti hefur ætlað að sýna mikla stjórnsemi, taka mál af dagskrá eða stytta mál meir en góðu hófi gegnir, þá hafa einstakir þingmenn ávallt svarað með því að koma hér upp í pontuna til að tala um þingsköp. Og ef við förum yfir þær ræður, sem fluttar hafa verið undir þeirri yfirskrift að *verið sé að ræða um þingsköp, þá kemur augljóslega í* ljós að menn hafa tekið sér rétt í þeim umræðutíma til að tala um það sem þeir vildu að væri á dagskrá. Þess vegna sýnist mér að það hafi takmarkaðan tilgang að þrengja hinar almennu reglur ef þetta frelsi verður eftir sem áður til. En í grundvallaratriðum er ég þannig sinnaður, að ég met málfrelsið það mikils að jafnvel þó það kosti að

forsetar verði að hafa næturfundi, þá efa ég að það sé réttlætanlegt að svipta þm. svo mjög rétti til þess að tjá sig hér í ræðustól.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom að því sem að sjálfsögðu er kjarni þessa máls, en það er málfrelsi þm. og hvernig með það skuli fara. Ég er honum algerlega sammála um að þetta er heilagur réttur og verður að fara af hinni mestu gætni í að takmarka málfrelsi. En ég vil leyfa mér að halda fram að þetta frv. sé ekki um að takmarka málfrelsi þm. Það er ljóst að alþm. geta ekki talað nema í 24 klukkutíma á hverjum sólarhring, og við erum komnir að því að þurfa að taka ákvarðanir um að skipta tímanum á milli meðferðar á lagafrv., á fsp., á þáltill. og utandagskrárumræðum. Ég hygg að það sé ekki hægt að mótmæla því, að skiptingin á notkun tímans hefur oft farið úr böndum, ekki síst þegar umr. utan dagskrár hafa tekið heilu dagana. Ég tel því að við séum ekki að hefta málfrelsið, heldur að gera okkur grein fyrir því, hvernig þingið getur best skipað málum og notað þann tíma sem er í sjálfu sér eina takmörkunin á málfrelsinu.

Ég vil í þessu sambandi benda á að hvert einasta þjóðþing, sem sögur fara af, hefur orðið að ganga miklum mun lengra en við gerum hér á Alþingi hvað þetta snertir. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að taka ákvarðanir sem í eðli sínu eru ekki takmarkanir á málfrelsi, heldur ákvarðanir um það, hvernig við ætlum sjálf að nota þann takmarkaða tíma sem fyrir hendi er.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir þeir, sem hér hafa tekið til máls, þakka hv. 4. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli sem óneitanlega skiptir mjög verulegu máli um það, með hverjum hætti þjóðþingið starfar.

Það er auðvitað eðlilegt að um það sé spurt, þegar frv. eins og þetta kemur fram, hvort verið sé að takmarka með einum eða öðrum hætti rétt og starfssvið löggjafarsamkomunnar sjálfrar. Hv. flm. hefur svarað því og undirstrikað rækilega að svo sé ekki, heldur sé aðeins verið að aga störfin meira en verið hefur. Þetta hlýtur auðvitað að vera hárrétt og í öðru lagi mikill kjarni málsins.

En annan kjarna þessa máls hygg ég vera — og segi það um leið og ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við þetta frv. og vil auðvitað taka undir það með hæstv. félmrh., að mjög þakkarvert væri ef löggjafarsamkoman sæi möguleika á að samþykkja frv., sem nú er flutt í annað skipti, — en ég vil engu að síður undirstrika rækilega að ég tel að þær hugmyndir, sem hv. flm. hreyfir í þessu frv., tengist annars konar hugmyndum. Það er alþekkt í þjóðþingum allt í kringum okkur, í löndum sem við teljum okkur vera félagslega og menningarlega skyld, að starfssvið þjóðþinganna, hið eiginlega löggjafarstarf, hefur verið að flytjast af vettvangi ræðumennsku í sameinuðum þingum og yfir í nefndir þinganna sem eru sérhæfðari og fjalla um ákveðin starfssvið. Þessi þróun er að eiga sér stað, að ég hygg, í flestum ef ekki beinlínis öllum þjóðþingum í kringum okkur. Starfsemin í þingnefndunum verður þá æ líkari því sem starfsemi var eða hefur verið í hinum sameinuðu þingum. Þessar nefndir hafa til að mynda sérfræðilega aðstoð og í annan stað starfa þær fyrir opnum tjöldum, sem er einkenni á störfum þinganna þegar þau eru sameinuð. Og því segi ég þetta, að mig langar — um leið og ég lýsi yfir stuðningi við þetta frv. — til að minna á annað frv. til l. um breytingu á lögum um þingsköp, sem raunar er til afgreiðslu í hv. nefnd og fjallar um þingnefndirnar. Ég tel að sé frv. eins og þetta samþykkt, sem herðir á reglum um tillöguflutning og ræðuflutning hér í þinginu, verði að sama skapi að auka vægi þeirrar starfsemi sem fram fer í þingnefndunum.

Hin almenna hugmynd, sem ég hygg að liggi að baki hugmyndum um þingsköp eins og þeim, sem hér er verið að ræða, og þeim öðrum hugmyndum sem fluttar hafa verið, er auðvitað m. a. sú, að eðlilega hlýtur það að valda áhyggjum í sambandi við allar hugmyndir um lýðræði, að vitaskuld er það svo, að þegar þjóðfélög hafa verið að gerast sérhæfðari, þegar það útheimtir æ meiri sérþekkingu að fjalla um reglur samfélagsins, lög eða annars konar reglur, þá hefur það verið að gerast, að eiginleg umfjöllun, eiginleg lagasmíð og þar með mikið vald, sem að slíku lýtur, hefur verið að færast frá þjóðþingunum og til sérfræðinga sem með okkar skipan og kannske af mjög eðlilegum ástæðum starfa hjá framkvæmdavaldinu. Þessi valdatilfærsla er auðvitað með öllu óeðlileg, þó svo það sé bæði eðlilegt og skiljanlegt af hverju þetta hefur verið að eiga sér stað með þessum hætti á undanförnum árum, og það er eðlilegt að þjóðþingin, hinir kjörnu fulltrúar, leiti að svörum við þessari þróun. Ég hygg að eitthvert allra eðlilegasta svarið við þeirri þróun, sem hér er verið að lýsa, felist einmitt í því sem hér er verið að leggja til, í fyrsta lagi að störf hins sameinaða þings — hvort sem það er í einni eða tveimur deildum, sem er auðvitað aukaatriði — séu þrengd og öguð, en um leið sé hið eiginlega umfjöllunarvald, sem aftur njóti sérfræðiaðstoðar, flutt út í þingnefndirnar sem starfi í framtíðinni með sama hætti og hið sameinaða þing starfar nú, m. ö. o. sé hér um að ræða bæði eðlilega og heilbrigða svörun við því yfirþyrmandi sérfræðinga- og framkvæmdavaldi sem ekki aðeins hefur verið að gerast hér, heldur allt í kringum okkur. Það er í þessu samhengi sem ég vil gjarnan sjá það frv. sem hv. 4. þm. Reykv. hefur hér mælt fyrir, og það er í þessu samhengi sem ég tel að hér sé verið að leggja til og mæla fyrir miklu spori fram á við. En ég vil enn undirstrika það, að í tengslum við þrengingu á starfi hér er hitt, að umfjöllun, vald og sérfræðiaðstoð sé færð út í þingnefndirnar.

Ég vil svo að lokum taka undir með hæstv. félmrh. um það, að það væri mjög til bóta ef þetta frv. velktist ekki hér eina ferðina enn, heldur væri hægt að afgreiða það á þessu þingi, eins og hann raunar lagði til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23. shlj. atkv. og til allshn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 112). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 128). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Á þinginu fyrir jólin fór fram mikil umr. í tengslum við gerð fjárlagafrv. og afgreiðslu þess um það misrétti sem skapast hefur milli þegnanna í þessu þjóðfélagi með tilliti til orkuverðs eftir því hvar á landinu þeir búa. Þá var m. a. greint frá niðurstöðum athugana sem gerðar hafa verið að tilhlutan Fjórðungssambands Vestfirðinga og hefur verið frá skýrt í blöðum, þar sem fram kemur m. a. samanburður á útgjöldum vegna olíukaupa til húshitunar annars vegar á Ísafirði og hins vegar við kaup á tilsvarandi orku frá Hitaveitu Reykjavíkur. Í þessum samanburði kemur fram að venjuleg launþegafjölskylda vestur á Ísafirði þarf að vinna 14—15 vinnuvikum lengri tíma fyrir samsvarandi orku en hún mundi þurfa að gera ef hún starfaði við sömu atvinnustarfsemi í Reykjavík og hefði þar sömu tekjur. Þessi samanburður gefur mjög glögga mynd af þeim gríðarlega mun sem þarna er á milli fólks í landinu eftir því hvar það býr. Mér er ekki kunnugt um að nokkur einn þáttur annar skapi jafnmikið misrétti milli fólks í landinu og orkuverðið. Aðeins sá samanburður, sem hér hefur verið greint frá, hlýtur að hafa það í för með sér, ef þetta verður varanlegt ástand, að mjög miklir tilflutningar verði á fólki frá þeim landssvæðum, þar sem orkuverð er hæst, og til landssvæða þar sem verð orkunnar er hagkvæmast.

Það segir sig auðvitað sjálft, að á sama tíma og kaupmáttur fer rýrnandi, eins og átt hefur sér stað á undanförnum árum og mánuðum, þykir fólki nokkuð hart í lagt ef það á einu tilteknu horni landsins þarf að verja allt að 14—15 vinnuvikum lengri tíma til að vinna fyrir þessum eina þætti í framfærslukostnaði heldur en ef það væri búsett á öðrum stað. Sjálfsagt væri hægt að ætlast til þess, að fólk gæti staðið undir slíkum mismun, ef hér væri aðeins um skammvinna ráðstöfun að ræða, ef fólk gæti horft fram til þess, að líklegt væri að þessi mismunur á orkuverði jafnaðist í næstu framtíð. Svo er þó alls ekki, m. a. vegna sérstakra aðstæðna sem eru fyrir hendi í ýmsum landshlutum, þar sem ekki er von til þess, a. m. k. ekki miðað við þær upplýsingar sem menn búa yfir nú, að hægt sé að fá ódýra innlenda orkugjafa eins og t. d. á suðvesturhorni landsins. Því er nokkuð ljóst að þó svo að leitað sé allra ráða til þess að draga úr orkukostnaði, m. a. með fjarvarmaveitum og öðru slíku, þá mun aldrei nást jöfnuður í orkukostnaði milli þessara landssvæða.

Það fer einnig saman, að þau landssvæði, þar sem verð á orku er hagkvæmast, eru jafnframt þau svæði landsins sem mestur aðflutningur fólks hefur verið til af öðrum ástæðum, en þau svæði á landinu, þar sem orku- og upphitunarkostnaður er hæstur, eru jafnframt þau landssvæði sem byggðarlega séð hafa átt í vök að verjast. Sú þróun, sem hófst með hækkun olíuverðs á alþjóðlegum markaði árið 1974 — og sá mismunur hefur stóraukist síðan, eru orðin alvarleg ógnun við jafnvægi byggðar í landinu, og ef svo heldur fram sem horfir benda allar líkur til þess, að af þessum sökum geti orðið um að ræða einhverja mestu byggðaröskun í landinu.

Við verðum í þessu sambandi að hafa sérstaklega í huga að það fer einnig saman, einkum og sér í lagi þegar erfiðleikar eru á sviði atvinnumála, að á þeim svæðum, þar sem dýrast er að lifa að þessu leyti, er jafnframt oft að finna þá staði þar sem skortur er hvað mestur á vinnuafli, ens og t. d. á flestum stöðum á Vestfjörðum. Þar er ríkjandi mikil fólksekla, þar er miklu meira framboð á atvinnu heldur en handa því fólkki sem fyrir er á þessum stöðum, svo að það er nauðsynlegt, ef við ætlum að halda nokkuð góðu jafnvægi í okkar atvinnumálum, að reyna a. m. k. að stuðla að því, að fólkinu þarna geti frekar fjölgað en fækkað svo að ekki þurfi að flytja inn vinnukraft erlendis frá, eins og mörg dæmi eru um frá síðari árum.

Á sama tíma gerist það hins vegar, að atvinnuerfiðleikar eru talsverðir á þeim svæðum sem aðalaðflutningarnir hafa verið til á undanförnum árum, eins og á Reykjavíkursvæðinu. Af þeim ástæðum einum saman er það ekki þjóðhagslega æskilegt, að með stefnu í húshitunar- og orkumálum sé beinlínis ýtt undir meiri byggðaröskun en átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Þessar fréttir eru ekki nýjar, hvorki fyrir Alþingi né aðra þjóðfélagsþegna. Menn vita þetta, það hefur verið mikið um þetta fjallað í fjölmiðlum. En ég efast um að jafnvel alþm. geri sér fulla grein fyrir því, hversu alvarlegur þessi vandi er, sérstaklega fyrir eldra fólk og annað láglaunafólk. Ég þekki sjálfur nokkur dæmi þess, að gamalt fólk, sem á ekki mikið fyrir sig að leggja — og þá sérstaklega fólk sem hefur sinnt láglaunastörfum og nýtur ekki fullra lífeyrisréttinda, á um þessar mundir mjög erfitt með að framfleyta sér á ýmsum stöðum á landinu eingöngu vegna hins mikla húshitunarkostnaðar. Ég þekki jafnvel dæmi þess, að gömul hjón hafi orðið að segja upp áskrift að dagblöðum og sjónvarpsviðtæki aðeins til þess að geta haft í sig og á eftir að þessi mikla orkuverðshækkun varð. Það er ekki gaman að þurfa að standa frammi fyrir slíku fólki, vitandi að öllum almenningi á Íslandi líður nokkuð vel og gerir margfaldar kröfur á við það sem þetta gamla fólk gerir, og þurfa að svara spurningum á þá lund, hvernig á því standi að þetta gamla fólk geti ekki einu sinni veitt sér það, sem við vildum kalla algjörar frumþarfir, vegna þess að þorrinn af tekjum þess fer í það eitt að halda hita í húsnæðinu sem það býr í.

Alþingi hefur oft áður fjallað um þennan vanda. Það var samdóma álit þingflokka að við þessu þyrfti að bregðast, og þess vegna tókst á sínum tíma samstaða um það hér í þinginu að leggja á sérstakt gjald til að afla tekna til að jafna orkuverðið. Þetta gjald, orkujöfnunargjald, nemur nú 1½% í söluskatti. Söluskattur er sem sé 1½ stigi hærri en hann ella þyrfti að vera. Sú viðbót var lögð á með samkomulagi allra flokka þingsins og nefnist orkujöfnunargjald. Var til þess ætlast, að tekjurnar af orkujöfnunargjaldinu yrðu notaðar til þess að jafna þennan mikla lífskjaramun. En einhvern veginn vill víst fara svo hér á hinu háa Alþingi, að enda þótt til slíkra ráðstafana sé gripið í góðum hug upphaflega verði þróunin í þá átt, að það gleymist með árunum, til hvers teknanna var upphaflega aflað, og áður en menn vita af er farið að ráðstafa þessum sérstöku tekjustofnum til allt annars.

Annað dæmi um slíkt var þegar tekna var aflað til þess að aðstoða fólk í Vestmannaeyjum eftir náttúruhamfarirnar sem þar áttu sér stað þegar eldur braust út í Heimaey. Þá var samkomulag um það milli allra flokka þingsins að leggja á sérstök söluskattsstig, viðlagagjald, til þess að afla tekna til að greiða bætur fólkinu sem átti um sárt að binda eftir náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. En

áður en langt um leið hafði sá tilgangur tekjuöflunarinnar gersamlega gleymst og þeir, sem þá réðu málum í landinu, þáv. ríkisstj., seildust með hverju árinu lengra og lengra ofan í þennan sjóð til almennra útgjalda fyrir ríkissjóð uns svo var komið að umræddum viðlagasjóðsstigum var alfarið breytt yfir í almenna tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Sama niðurstaða er að verða af þessu svokallaða orkujöfnunargjaldi, þessu 1½ söluskattsstigi sem samkomulag varð um hér í þinginu að afla með sérstökum hætti til þess að jafna mismuninn á orkuverði milli landshluta. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að þessi sérstaka tekjuöflun muni skila inn um 190 millj. kr. eða 19 milljörðum gkr. Hins vegar gerir ríkisstj. í fjárlagafrv. sínu ekki ráð fyrir að verja nema um 35 millj. kr. af þessu fé til að jafna orkuverð í landinu. Með góðum vilja mætti segja að örlitlu viðbótarfjármagni væri varið til aðgerða sem hægt væri að halda fram að flýttu því að orkuverð jafnaðist í landinu. En það er þó alla vega ljóst, að það er ekki nema lítið brot, ekki nema óverulegur hluti, milli fjórðungs og þriðjungs af orkujöfnunargjaldinu, sem notað er í því skyni sem til var ætlast þegar samkomulag varð um það milli flokka þingsins að leggja þetta gjald á.

Þetta er eitt dæmið af mörgum um hvað það þýðir lítið, þegar sérstök vandamál koma upp af þessu tagi, þó að allir þingflokkar vilji taka höndum saman um að bregðast við þeim með þeirri lausn að afla tekna með sérstökum hætti til þess að leysa viðkomandi vandamál. Slíkar lausnir duga ákaflega skammt. Þær endast kannske tvö, í mesta lagi þrjú ár. Áður en varir er upphaflega hugmyndin gleymd, hefur upphaflegi tilgangurinn verið lagður til hliðar og ríkisvaldið fer að nota þessa sérstöku tekjustofna til almennra þarfa ríkissjóðs.

Eins og frá málum hefur verið gengið af Alþingi ætti það ekki að vera neitt vandamál að jafna orkuverð í landinu. Alþingi hefur gengið frá lagasetningu þar um sem ætti að gera það að verkum að nokkurt jafnvægi ríkti um orkuverð. Sá mikli mismunur, sem kemur fram í umræddum samanburði á upphitunarkostnaði, sem Fjórðungssamband Vestfirðinga gerði og ég nefndi hér áðan, ætti ekki að vera fyrir hendi. Alþingi hefur þegar afgreitt lagaákvæði sem tryggja eiga að slíkur mismunur geti ekki átt sér stað. En hann er engu að síður staðreynd vegna þess að þeir fjármunir, sem Alþingi áformaði að færu í að jafna þennan mismun, eru ekki lengur fyrir hendi. Bróðurparturinn af fjármununum er notaður í allt annað en það sem Alþingi ætlaðist til. Vandinn hefur skapast á ný þó að Alþingi hafi fyrir aðeins nokkrum árum leyst vandamálið með fullnægjandi hætti. Þetta sýnir okkur auðvitað það eitt, að lítil von er til að ráðstafanir af því tagi sem gerðar voru með álagningu orkujöfnunargjaldsins, með slíkri sérstakri tekjuöflun til ákveðinna þarfa, geti enst. Það verður því að leita nýrra leiða.

Auðvitað væri hægt að hugsa sér — í þeirri stöðu sem við stöndum nú — að flytja t. d. till. um að orkujöfnunargjaldið yrði hækkað úr 1½%-stigi í 2%-stig eða eitthvað slíkt og það fjármagn, sem þannig fengist til viðbótar því sem fæst af 1½ söluskattsstigi nú sem kallast orkujöfnunargjald, yrði notað til þess að jafna orkuverð. En ég er hræddur um að reynslan sýni okkur að slík lausn yrði til mjög skamms tíma, ekki mundi líða langur tími áður en ríkissjóður væri einnig búinn að hirða þá viðbót til almennra þarfa og fólkið, sem átti að liðsinna, stæði í sömu sporum og áður. Einmitt af þessum sökum verður að reyna að leita nýrra leiða til þess að jafna þennan mikla mismun. Ég legg enn og aftur áherslu á það, að verði það ekki gert mun hann einn út af fyrir sig stuðla að meiri byggðaröskun á næstu fáum árum en dæmi eru til um að nokkur einn þáttur í lífskjörum fólks í landinu hafi valdið.

Í frv. því á þskj. 128, sem auk mín flytja hv. þm. Karvel Pálmason, Sverrir Hermannsson, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson og Matthías Bjarnason, er gerð till. um aðgerð sem vissulega mundi ekki leysa þetta mál til neinnar fullnustu, en væri þó áfangi á þeirri leið.

Á s. l. vetri voru nokkrar breytingar gerðar hér á Alþingi á tiltölulega nýlegum lögum um tekju- og eignarskatt. M. a. var sú breyting gerð á þeim lögum, að einstaklingum var heimilað að draga frá tekjum sínum helming af greiddri húsaleigu. Þetta var gert til þesss að greiða nokkuð fjárhagslega fyrir þeim einstaklingum sem þurfa að leigja sér íbúðarhúsnæði og þurfa oft og tíðum að gjalda fyrir slíkt leiguhúsnæði mjög hátt verð. Það hafði lengi verið að vefjast fyrir mönnum, m. a. hér á Alþingi, hvernig ætti að ganga til móts við hagsmuni leigjenda. Höfðu oft verið fluttar um það till. hér á þingi að bregðast við vandamálum leigutaka með þeim hætti sem gert var í fyrra, þ. e. að heimila þeim, sem leigja sér íbúðarhúsnæði, að draga hluta af leiguútgjöldunum frá skatti. Skattfróðir menn voru ávallt á móti slíkum úrbótum, og það varð m. a. til þess, að slíkar till. fengust aldrei samþykktar á Alþingi. Hins vegar urðu breytingar á þessu í fyrra. Alþm. létu þá til skarar skríða og ákváðu, hvað svo sem sérfræðingarnir hefðu til málanna að leggja, að ganga til móts við hagsmunamál þeirra, sem leigja sér íbúðarhúsnæði til eigin þarfa, og veita þeim heimild til þess að draga helming af leiguútgjöldum sínum frá tekjum.

Það, sem lagt er til í þessu frv. sem við flytjum og er hér til umr. nú, er að reyna að veita svipaða úrlausn því fólki sem mjög hátt orkuverð þarf að gjalda. Við gerum ráð fyrir því, að við E-lið 1. mgr. 30 gr. laganna um tekjuskatt og eignarskatt bætist nýr tölul., frádráttarliður er verði 4. tölul. og orðist eins og segir í 1. gr. frv.: „Orkukostnaður vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota að frádregnum orkustyrk skv. lögum nr. 13/1977.“ Þetta þýðir að sjálfsögðu það, að þeir, sem hæst orkuverð gjalda, fá mestan frádrátt, þeir, sem lægst orkuverð gjalda, fá hins vegar minnstan frádrátt. Þannig er reynt að jafna nokkuð þá mismunun sem þarna á sér stað. Þetta er alveg sambærileg aðgerð og gerð var á s. l. vetri, þegar Alþingi heimilaði með lagabreytingu leigutökum að draga hluta af greiddri húsaleigu frá tekjuskatti.

Þá er lagt til að lögin komi til framkvæmda þegar við álagningu skatta á árinu 1982 vegna tekna ársins 1981. Þeirri grein þarf að sjálfsögðu að breyta þar sem framtalsgögn eru nú tilbúin til útsendingar og verið að senda þau út, eftir því sem best er vitað. Það þyrfti því að breyta greininni á þann veg, að ef Alþingi samþykkir breytinguna, sem gerð er í 1. gr., þá komi hún til framkvæmda við álagningu skatta á næsta ári, á árinu 1983.

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að fara fleiri orðum um þetta frv. Það er mjög einfalt og skýrir sig sjálft. Ég vil aðeins bæta því við að lokum, að eins og öllum er ljóst er hér um að ræða frádráttarlið sem atvinnufyrirtækjum úti á landsbyggðinni t. d. er heimilt að nota, en einstaklingum ekki. Auðvitað er það rétt sem menn halda fram, að það eru ekki bara einstaklingarnir sem verða að sæta

mismunun í sambandi við orkuverð, atvinnufyrirtæki þurfa þess líka. En sá er þó munur á, að ef atvinnufyrirtæki á í hlut er því heimilt að draga orkukostnaðinn sem og aðra kostnaðarliði frá tekjum sínum til skatts. Sé hins vegar um heimili að ræða, um einstaklinga á sama stað sem þurfa að búa við sömu mismunun í orkuverði og atvinnufyrirtækin, þá er slík heimild ekki veitt. Ef frv. þetta yrði samþykkt yrði afnumin sú mismunun. Þá yrðu einstaklingarnir settir við sama borð og atvinnufyrirtækin, þeim væri heimilt að draga þennan kostnaðarþátt frá tekjum sínum með sama hætti og atvinnufyrirtækjum í landinu er nú heimilt að gera.

Okkur flm. er það alveg ljóst, eins og ég sagði áðan, að jafnvel þó að frv. þetta verði samþykkt er ekki þar með fundin nein endanleg lausn á þeim vanda sem við er að fást varðandi mikla mismunun á orkuverði í landinu. Þær úrbætur sem frv. gerir ráð fyrir, gagnast t. d. þeim einum sem skatta þurfa að borga. Það fólk, sem ekki þarf að gjalda skatt vegna lágra tekna, eins og t. d. það gamla fólk sem ég minntist á áðan, hefur að sjálfsögðu mjög takmarkað gagn af auknum skattfrádrætti vegna orkukostnaðar. Vandi þess hóps er því alls ekki leystur með þessu frv. Það þarf að taka á honum með öðrum hætti, t. d. í gegnum tryggingalöggjöfina. En þó svo að það mál sé ekki leyst í frv. teljum við flm. þess engu að síður að með því, ef samþykkt yrði, væri umtalsverð leiðrétting gerð á kjörum fólksins í landinu sem mundi geta eytt að verulegu leyti þeim mikla lífskjaramun sem nú á sér stað á milli íbúa eftir því hvar á landinu þeir búa, — mismunun sem ella gæti orðið til þess, að hér á Íslandi hæfust einhverjir þeir mestu þjóðflutningar, ef svo má segja, sem við höfum upplifað, og hafa þó mörg og ljót dæmi slíks gerst í tíð núlifandi kynslóðar.

Herra forseti. Ég hef svo ekki fleiri orð um þetta frv. nema sérstakt tilefni gefist til, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er margvíslegt óréttlætið og misréttið í þjóðfélaginu og er þar af æðimörgu að taka, en þó eru einstakir þættir þess sem stinga mjög í augu og eru meira áberandi en aðrir. Það frv., sem hér er nú til umr., snertir einn þáttinn af því óréttlæti og misrétti sem við búum við — misrétti sem er búið að ræða æðimikið hér á Alþingi og víðar, en tiltölulega lítil leiðrétting hefur fengist á. Sama má segja að því er varðar 5. mál sem hér var á dagskrá áður. Það er einn þátturinn í því óréttlæti, sem þjóðfélagið býður upp á, og er ein leiðin, sem bent er á, sem mætti fara til að leiðrétta þetta misrétti og óréttlæti.

Hér er vissulega mjög mikið alvörumál á ferðum, svo mikið að það hlýtur að fara að vekja ugg þeirra sem til þekkja ef fram heldur sem horfir, en það er ekki að sjá á hæstv. ráðh. að þeir hafi miklar áhyggjur af þessum málum. Ég beini því nú til hæstv. forseta, hvort honum finnst sæmandi að ræða mál sem þetta eða ræða yfirleitt mál hér á Alþingi án þess að einn einasti hæstv. ráðh. sé viðstaddur. (**HBl**: Þeir eru svo lengi að skilja að það skiptir kannske ekki öllu máli.) Jú, það skiptir miklu máli, því þó að skelin sé þykk, þó að þeir skilji lítið, er kannske meiri von til þess að koma þeim í skilning um hlutina ef nógu lengi og vel er talað við þá. Mér finnst það varla sæmandi að ræða mál hér í deildinni í fjarveru ráðh., ég tala nú ekki um jafnmikilvægt mál og hér er á ferðinni, sem getur orðið til þess — ef það ekki er þegar orðið til þess — að valda einhverjum mestu fólksflutningum úr dreifbýlinu hér á þéttbýlissvæðin. — Ég sé að hæstv. félmrh. er sestur í hliðarherbergi og ætlar líklega að gæta hagsmuna hæstv. ríkisstj. En þó að mér þyki vænt um það og virði það við hæstv. ráðh. hefði mér þótt enn þá vænna um ef hæstv. forsrh. væri viðstaddur þessa umr. Það er einmitt að honum — og hæstv. ríkisstj. auðvitað allri — sem þetta mál snýr.

Hv. frsm. og 1. flm. að þessu frv. gerði grein fyrir hvað hér er á ferðinni, hvernig þetta hefur þróast og hvað er lagt til. Það er ástæða til að ítreka að það hefði verið hægt, ef vilji hefði verið fyrir hendi hjá hv. stjórnarsinnum hér á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga, að stíga stórt skref til leiðréttingar í þessu máli. Hefði verið farin sú leið, sem í upphafi var ætlast til að farin yrði, þ. e. að verja öllu því fé, sem íslenskir skattþegar eru skattlagðir fyrir til að jafna orku, sem eru 190 millj. rúmar á fjárlögum ársins í ár, þá hefði verið hægt að stíga stórt skref í átt til jöfnunar með því að láta þá fjármuni renna til þess verkefnis sem þeim var ætlað að gera. En hv. stjórnarliðar komu í veg fyrir að þetta réttlætismál næði fram að ganga. Það er hryggilegt til þess að vita, að í þeim hópi eru margir þm. þeirra dreifbýliskjördæma sem eiga við þennan ójöfnuð og þetta óréttlæti að búa, það eru fulltrúar þessa fólks sem koma í veg fyrir að fjármunum sé skilað til þess verkefnis sem þeim var ætlað í upphafi. Hér er því beinlínis um stuld á fjármunum að ræða. Hér er um stuld á fjármunum að ræða, því að af þessum rúmlega 190 millj., sem ætlaðar eru á fjárlögum til orkujöfnunar og íslenskir skattþegar eru skattlagðir um, er einungis ætlað að skila rúmlega 30 í þetta verkefni. *Tæplega 160 millj. er ætlað að nota í allt aðrar þarfir ríkissjóðs, en búið er að skattleggja fólk sem þessu nemur til þess að renni til jöfnunar á orkuverði.* Þetta er svartur blettur á meiri hl. Alþingis, sem lengi mun standa á þeim hv. þm. sem hér áttu hlut að máli og komu í veg *fyrir að þeim fjármunum væri skilað til réttra aðila,* eins og lög gera ráð fyrir og ætlast er til.

Þetta er spurning um jöfnun lífskjara fyrst og fremst, spurning um hvort t. d. launþegar, verkafólk, sjómenn á Vestfjörðum, svo ég taki dæmi, eiga að þurfa að vinna rúmlega 12 vinnuvikur á árinu í ár til að ná upp þeim mismun sem er á orkuverði til upphitunar íbúðarhúsnæðis miðað við það sem er hér á Reykjavíkursvæðinu. Svo þurfum við að bæta við þessa 12 vikna vinnu því sem þarf að borga í skatt af þeim tekjum.

Ég hef sagt það áður og segir það enn, að ef eitthvað hefur áhrif á hæstv. ráðh. og stjórnarliða sé það líklega helst og hið eina að flytja þessa ágætu einstaklinga út á landsbyggðina og láta þá borga þessa reikninga sjálfs. Sumir þeirra eru að vísu búsettir á svæðum sem þetta tekur til, en augu þeirra hafa ekki opnast, a. m. k. ekki til þess að þeir treysti sér að styðja þetta mál, eins og dæmi sýna.

Þetta mál hefur verið margoft rætt hér á hv. Alþingi, en það hefur lítið þokað í átt til jafnaðar, allt of lítið. Eigi að síður held ég að það sé vaxandi skilningur hins almenna borgara í þessu landi, jafnvel hér á þessu svæði, Reykjavíkursvæðinu, á því að hér þarf að verða breyting á. En það dugar skammt meðan þeir, sem á toppnum tróna, hæstv. ráðh., hæstv. ríkisstj., loka augum og eyrum fyrir því að hér þurfi að verða breyting á. Það eru því fyrst og fremst stjórnvöld sem standa í vegi fyrir að þetta

réttlætismál nái fram að ganga. Það er mikil ábyrgð og þung sem þeir góðu herrar taka á sínar herðar ef þeir ætla áfram að standa í veginum fyrir að hér verði gerð á leiðréttíng, koma í veg fyrir að meiri jöfnuður verði ríkjandi í þessum þætti en nú er. Ég er viss um að það er enn vaxandi skilningur á því, að hér þarf að verða breyting á ef fólk fæst til að hugleiða þetta í fullri alvöru.

Núna í desembermánuði var t. d. kyndingarkostnaður á venjulegu íbúðarhúsnæði á Vestfjörðum, hvort sem menn taka heldur rafhitun eða fjarvarmaveituhitun, á bilinu frá 1600-1900 kr., þ. e. 160—190 þús. gkr., desembermánuð vegna upphitunar á venjulegu íbúðarhúsnæði. Er auðvitað augljóst mál öllum þeim sem um það hugsa, að slíkt ástand getur ekki gengið legur. Hér verður að verða breyting á. Því verður ekki unað lengur að stjórnvöld þverskallist við þessum réttlátu óskum og kröfum frá þessum einstaklingum um leiðréttingu.

Nú er það svo, og ég tel nauðsynlegt að koma því hér inn í þessar umr., að ein meginkrafa af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða í þeim samningum, sem enn standa yfir af hálfu þess, er á hendur ríkisvaldinu um jöfnun orkuverðs. Sérstök sendinefnd kom á fund hæstv. forsrh. til að gera grein fyrir þessari kröfu og óska eftir vilyrði af hálfu ríkisvaldsins fyrir því að þetta yrði leiðrétt. Engin leiðréttíng hefur fengist enn önnur en sú, að í lokin féllst hæstv. ríkisstj. á það eftir mikinn þrýsting að skila örfáum aurum meira af því sem hún hafði tekið af skattþegnum á árinu 1981 til að jafna kyndingarkostnað. Hún skilaði nokkrum aurum meira en hún ætlaði sér sjálf í styrk vegna olíukyndingar. En eins og hv. þm. er auðvitað ljóst — a. m. k. ætti að vera ljóst — er orðið tiltölulega lítið brot af íbúum þessa lands sem býr við olíukyndingu, en þó eru þeir of margir. En sannleikurinn er sá, að það er orðinn lítill munur á kostnaði við kyndingu með olíu og rafmagnskyndingu eða fjarvarmakyndingu. Auðvitað á það í sumum tilfellum líka við um jarðhitakostnað, t. d. á Súgandafirði, þar sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þekkir vel til. Það er ekki ýkjamikill munur á því, hvað kostar að kynda með olíu þar eða hvað það kostar að kynda með jarðhita eða jarðvarma nú. Dæmin eru til þó að þau séu sem betur fer fá. Vegna þessa litla munar, sem orðinn er, er enn meiri þrýstingur á og áhersla á það lögð að hér verði gerð bót á. Nú er staðan sú, að allt bendir til þess — a. m. k. getur það gerst áður en langur tími líður — að þvergirðingsháttur hæstv. ríkisstj. hvað varðar leiðréttingu á þessum málum verði jafnvel til þess að heill landshluti leiðist út í verkfall innan ekki langs tíma.

Lykillinn að þeirri lausn, sem hægt er að hugsa sér í þeirri kjaradeilu, sem ASV á í við vinnuveitendur og ríkisvald, er að hæstv. ríkisstj. sjái að sér og komi til móts við þá kröfu sem launafólk á Vestfjörðum — og ekki aðeins á Vestfjörðum, þetta á við miklu fleiri launþega en þar — gerir til hæstv. ríkisstj., að hún geri hér á leiðréttingu. Mér er ljóst að hæstv. ríkisstj. mundi ekki geta lofað fullkominni leiðréttingu á þessu stigi máls. En þó ekkert gerðist annað en skilað væri til réttra aðila því fjármagni sem af þeim er tekið í skattheimtu til orkujöfnunar, þ. e. 16 gömlum milljörðum til viðbótar við það sem nú er, þá væri það stórt skref í réttlætisátt. Ég beini því til hv. stjórnarþm., þeirra þm. sem eru fulltrúar fyrir hliðstæð svæði og t. d. Vestfirðir, ég tala nú ekki um Vestfjarðaþm. sem styðja hæstv. ríkisstj., það ætti ekki að þurfa að beina því til þeirra. Hvað segir hv. þm. Matthías Bjarnason? (**MB:** Ætli það veiti af?) Nei, reynslan sýnir að það muni ekki af veita. Það er þykkur skrápurinn á fleiri en hæstv. ráðherrum. — Ég beini því til þessara hv. þm. að þeir taki nú til hendinni og komi hæstv. ráðh. í skilning um að hér verður að breyta til. Það verður ekki hjá því komist. Og ég beini því til hæstv. félmrh., fulltrúa öreiganna í landinu að eigin mati, að hann reyni nú að hafa þau áhrif innan hæstv. ríkisstj. að ríkisstj. komi til móts við þessar kröfur launþega á Vestfjörðum. Það er mikil ábyrgð sem hæstv. ráðh. taka á sig ef þeir ætla að þverskallast enn einu sinni og áfram við þeim óskum um breytingu sem liggja fyrir, ef þeir ætla vísvitandi að stuðla að því að heill landshluti fari út í verkfall vegna þvermóðsku hæstv. ríkisstj. og að hluta til vegna þvermóðsku atvinnurekenda, en lykillinn er hjá hæstv. ríkisstj. ef hún vill nota hann. Ég legg mikla áherslu á þetta og ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því, að það sé ekki vilji fyrir því, ef menn skoða þetta mál án pólitískra gleraugna og af fyllstu sanngirni, — að þá sé ekki fullur vilji fyrir því, meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að stíga skref til meiri jafnaðar en nú er varðandi þennan kostnaðarþátt margra heimila í landinu. Eru menn hissa þó að launþegar séu ekki ginnkeyptir fyrir að þurfa að vinna rúmlega þrjá mánuði á ári bara til að vega upp þann mun sem er á kostnaði t. d. vegna kyndingar á íbúðarhúsnæði annars vegar borið saman við Vestfirði, hins vegar borið saman við Reykjavík? Rúmlega þrjá mánuði þurfa þeir að vinna umfram til að fá uppi borið tekjulega þennan þátt og auk þess að fá skatta ofan á þær tekjur. Ég er alveg sannfærður um að ef menn hugleiða málið út frá þessum staðreyndum, sem eru skjalfestar og hefur ekki verið á móti mælt, mundu menn skoða hug sinn betur og íhuga hvort ekki væri rétt að beina sjónínni í réttlætisátt og láta verkin tala.

Ég vildi gjarnan, herra forseti, óska þess, þar sem hæstv. forsrh. hefur ekki verið hér í deildinni, að hann væri viðstaddur umr. þessa máls. Ég lít svo alvarlegum augum á þetta mál að ég tel það nauðsynlegt. Málið snýr ekki síst að hæstv. ríkisstj. og í deiglunni geta verið harðvítug átök í og með vegna þess. Vil ég því mjög gjarnan óska eftir því, að umr. yrði ekki lokið án þess að hæstv. forsrh. gæti verið hér viðstaddur, þannig að hægt væri að ræða málið við hann sem oddvita hæstv. ríkisstj. og fá helst jákvæðar yfirlýsingar um lagfæringar — a. m. k. að fá viðhorf hæstv. ríkisstj. til málsins og stöðu þess eins og hún er, vegna þess að málið er mjög alvarlegt fyrir margra hluta sakir.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 6. landsk. þm. hefur farið fram á að þessari umr. yrði frestað þar til hæstv. forsrh. yrði viðstaddur. Ég bendi á það, sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vestf., frsm. málsins, að málið er afar einfalt í sniðum og auðskilið og það gengur væntanlega að þessari umr. lokinni til nefndar sem fjallar um málið, og bæði í nefnd og svo við 2. og 3. umr. gefst kostur á að nema hæstv. ráðh. nefi. Ég er því heldur drumbs um að verða við þessari málaleitan.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft merku máli og ekki óeðlilegt að mönnum sé nokkuð heitt í hamsi þegar þeir ræða um þann mikla mismun sem er á upphitunarkostnaði landsmanna. Miðað við allar aðstæður var því hv. 6. landsk. þm. mjög hógvær í málflutningi að þessu sinni.

Ég vil aftur á móti biðjast undan því að sitja uppi með

það, að ekkert sé gert í því að jafna orkuverð. Vissulega var náð stórum áfanga í að gera það mögulegt að orkuverð yrði jafnað þegar Vesturlínan var lögð. Jafnframt var gerð tilraun til þess, eins og hv. 6. landsk. þm. veit, að breyta stjórnaraðild Landsvirkjunar á þann veg, að von væri um að uppbygging þess gjaldskrárkerfis, sem hún notar, væri í meiri takt við þann veruleika að Íslendingar þyrftu að hafa jafnan rétt á við það sem best gerist í orkukaupum til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Það er og verður grundvallaratriði að mínu viti að það fáist viðurkennt að sú raforka, sem seld er og seld verður í landinu til upphitunar íbúðarhúsnæðis, eigi að vera á lægsta hugsanlegu verði miðað við hagkvæmustu virkjunarkosti landsins, en ekki að hagkvæmustu virkjunarkostir þessa lands verði notaðir til að framleiða rafmagn fyrir erlenda stóriðju.

Ég gat þess, að hér væri hreyft merku máli. Og mér er ljóst að náist sá jöfnuður, sem hér er verið að leita eftir, ekki í gegnum sölukerfi á raforku, þá verður að leita annarra leiða, m. a. þeirrar að fara í gegnum skattakerfið, barnabætur og almannatryggingar. Á sínum tíma hreyfði ég þessu máli í þáltill. En þó að markmiðið sé nokkuð augljóst að ná jöfnuði, þá er málið í framkvæmd kannske ekki eins einfalt og gerð er grein fyrir hér í l. gr. Í flestum kjördæmum á Íslandi er ástandið t. d. þannig, að þar á sér stað upphitun með olíu, rafmagni og jarðhita eftir hinum ýmsu svæðum. Þau svæði, þar sem ástandið er hvað jafnast, sennilega á verri veginn, eru Vestfirðir og Austfirðir. Ef við aftur á móti hörfum á önnur kjördæmi, eins og t. d. Vesturland, þá væru það stór hlunnindi fyrir Borgarnes, svo að við tökum dæmi um þorp, að hafa sérstaka skattvísitölu sem væri byggð á Borgarfjarðarsýslu sem heild, miðað við að þar eru stór svæði sem sitja uppi með raforkuhitun eða þá olíuhitun. Einnig má horfa á Snæfellsnesið í þessu sambandi. Og það liggur við, ef þessi leið yrði farin, að það þurfi að miða við hvern einstakan notanda, því að jafnvel hér á Reykjavíkursvæðinu eru til einstaklingar sem kynda upp með olíu. En hvað um það, þeirri hugsun, sem hér er sett fram, að náist ekki jöfnuður í gegnum orkukerfið verði að leita þeirra leiða sem hér er stungið upp á, er ég í grundvallaratriðum sammála og tel að þjóðarheildin og Alþingi geti með engu móti skotið sér undan þeirri ábyrgð að jafna þetta.

Hitt er svo annað mál, að jafnframt því sem ég lít á mig sem fulltrúa dreifbýlisins get ég ekki skorast undan því að hafa borið ábyrgð á botnlausu óréttlæti gagnvart Reykjavík á vissu sviði. Það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að við sitjum uppi með svo kolvitlaust vísitölukerfi að eitthvert mesta þjóðþrifafyrirtæki í þessu landi, Hitaveita Reykjavíkur, þurfi e. t. v. að fara að kynda með olíu. Slíkt er að sjálfsögðu alveg fráleitt. Og mér þætti vænt um það, ef hörðustu hugsjónamenn þess vísitölukerfis, sem við búum við, vildu nú einnig skoða það mál, hvort ekki væri eðlilegt í þeirri stöðu, sem orkumálin eru, að til jöfnunar yrði það einnig viðurkennt, að Hitaveita Reykjavíkur þyrfti á gjaldskrárhækkunum að halda til þess að hún gæti staðið eðlilega að sínum framkvæmdum.

Þessu vil ég koma á framfæri jafnframt því sem ég fagna því, að þetta frv. er komið fram, en vil þó bæta því við, að ég tel að það megi alls ekki slaka á því að stefna að meiri jöfnuði í gegnum innlenda orkugjafa beint, og eru ýmsar leiðir þar til. Það er hugsanlegt að smærri raforkukaupendur, sem selja svo aftur raforku, eins og t. d. Orkubúið, Rafmagnsveitur ríkisins og fleiri aðilar, fái raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis á lægra verði en aðra raforku. Þetta er mál sem hlýtur að brenna á Sunnlendingum öðrum mönnum fremur, því að hvernig í dauðanum er hægt að verja það, að rafmagnsnotendur á bökkum Bolafljóts sitji uppi með þá gjaldskrá sem þeir sitja uppi með í dag í gegnum Rafmagnsveitur ríkisins? Það er ekki verjandi. Það er í sjálfu sér þjóðarskömm og minnir mest á nýlendustefnu hvernig þessi mál standa.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er um mál að ræða sem oft hefur verið til umr. á hv. Alþingi og er ekki að undra þó að mönnum blöskri sá mismunur og það óréttlæti sem talsverður hluti landsmanna verður við að búa á þessu sviði. Sem betur fer hefur þetta farið batnandi að því leyti til, að það er svo komið að yfir 85% af þjóðinni búa sennilega við hitaveitu til upphitunar. Stefnir þar í rétta átt að sjálfsögðu.

Ég hef alltaf haldið því fram og held því fram enn, að það sé rétt stefna að gera ráðstafanir til þess að nýta innlenda orku til upphitunar húsa og raunar til ýmissar starfsemi. Ég hef alltaf haft þá skoðun og byggi það að nokkru leyti á viðtölum við ráðamenn í orkumálum þessa lands, að verðlagning frá Landsvirkjun sé vitlaus. Landsvirkjun hljóti að geta hagað sínum verðskrám þannig að verð á raforku í heildsölu frá henni til húshitunar sé lækkað. Ég tel sjálfsagt að halda þessari kröfu fram og hef ég komið þeirri skoðun til nefndar þeirrar sem nú er að störfum og væntanlega fer að ljúka sínum störfum í sambandi við ráðstafanir til jöfnunar húshitunar í landinu. Ég tel að þarna sé ein lausnin.

Ég held því einnig fram, að það væri vissulega minni mismunur á orkuverði til húshitunar ef sú sjálfsagða leiðrétting væri gerð á því vísitölukerfi sem við búum við, að orkan væri tekin út úr vísitölunni. Þá væri löngu búið að leiðrétta orkuverðið hér í Reykjavík og þá væri e. t. v. það dæmi, sem við þurfum að leysa: frekari jöfnun, auðveldara viðfangs. Ég hef sjálfur mánaðarlega dæmi fyrir framan mig. Ég borga 6—8 sinnum hærri orkureikning fyrir rafhitun á íbúðarhúsi mínu vestur í Ólafsvík heldur en ég greiði í hitaveitukostnað við íbúð hér vestur á Melum. Þetta er svo augljóst mál í allra augum að það er undravert að það skuli vera stífla í svona sjálfsagðri aðgerð, að taka orkuna út úr vísitölukerfinu og leiðrétta þannig verðið. Og það er það furðulega, sem allir hafa sjálfsagt tekið eftir, að það hefur ekki heyrst ein einasta rödd af Reykjavíkursvæðinu eða þéttbýlissvæðinu hér sem hefði á móti því að greiða hærra hitaveituverð en greitt er nú, þvert á móti. Það harma allir að það sé ekki hægt. En þá hefðum við minna vandamál við að stríða til að jafna hitakostnað.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að taka fram að ég er ekki á sömu skoðun og hv. síðasti ræðumaður, 5. þm. Vestf., að ég geti sérstaklega mælt með þessu frv. Mér finnst þetta frv. vitlaust, ég segi það alveg eins og er. Ég skil ekki í að menn skuli láta sér detta í hug að þarna sé einföld lausn á ferðinni. Þetta er einmitt það sem ég hélt að menn, sem hafa komið nálægt stjórnsýslu á undanförnum árum og áratugum, hefðu rekið sig á. Það er vonlaust að ætla að fara að koma fram leiðréttingu í gegnum skattakerfi á svona flókinn hátt. Hvernig dettur mönnum í hug að ráðast í það verkefni að koma fram þessu réttlætismáli fyrir þegna landsins, en skilja eftir í

leiðinni gamla fólkið, alla lífeyrisþega og fatlað fólk í landinu, lágtekjufólkið, sem er stór hluti af þjóðinni, og þar sem betur fer við núgildandi skattalög ekki að borga tekjuskatt, en þarf að búa kannske að stórum hluta við þetta mikla óréttlæti sem allir eru sammála um, þennan mikla mismun á orkuverði ? Hvernig ætla menn að réttlæta það að stíga þetta skref svona? Það finnst mér alveg fráleitt. Ég er algerlega andvígur því. En mér finnst að við þurfum að standa að því að fylgja fram vonandi skynsamlegum tillögum frá þeirri nefnd sem núna er væntanlega alveg um það bil að ljúka störfum og leggja fram tillögur um orkujöfnun. Við þurfum að fylgja einhuga fram því sjálfsagða máli að taka orkuna út úr vísitölunni og minnka þannig um leið þetta óréttlæti, að vísu á kostnað þéttbýlisins að því leyti til, að það þarf kannske að hækka hitaveituverðið hér í Reykjavík um 40—50% í einu stökki, miðað við þá kröfu sem borgaryfirvöld undir forustu Alþb. leggja fram opinberlega. Þetta er spor sem verður að stíga. Sem betur fer er búið að jafna almennt orkuverð miklu meira en menn kannske gera sér grein fyrir. Mismunurinn á almennu orkuverði í dag, á verði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og verði RARIK, er einhvers staðar í kringum 20%. Þar hefur því gengið nokkuð saman á undanförnum árum og er það vel.

Ég skal ekki tefja meira tímann hér, en ég verð að segja það að mér finnst furðulegt að halda því fram, eins og kom fram í máli hv. 6. landsk. þm., að lykillinn að lausn vinnudeilna á Vestfjörðum væri að samþykkja svona frv. Ég trúi því ekki, að forustumenn verkalýðsins á Vestfjörðum hafi þá skoðun að samþykkt á slíku frv. mundi leysa vinnudeilu á Vestfjörðum, vegna þess að það leysir ekki nema að hluta til óréttlæti á því svæði frekar en öðrum. Hins vegar fylgi ég heils hugar öllum aðgerðum sem verða til þess að ná þarna fram réttlæti, þ. e. að jafna orkuverðið í landinu. Ég hef barist fyrir því hér á Alþingi og sagt það oftar en einu sinni í þessum ræðustól, að þetta er mál sem verður að nást fram. Og ég bind miklar vonir við að sú nefnd, sem er að ljúka störfum á þessu sviði, komi með skynsamlegar tillögur sem ríkisstj. hlýtur að vera knúin til að koma í framkvæmd. Ég skal vinna heils hugar að því að svo verði gert.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 41. fundur.

Fimmtudaginn 21. jan., kl. 2 miðdegis.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn, þáltill. (þskj. 275). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innlendur lífefnaiðnaður, þáltill. (þskj. 219). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Atvinnutækifæri á Suðurlandi, þáltill. (þskj. 145). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Liðsinni við pólsku þjóðina, þáltill. (þskj. 153). —Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Upplýsinga- og tölvumál, þáltill. (þskj. 56). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 56 er að finna till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir þessari till., en flm. ásamt frummælanda eru eftirtaldir hv. þm.: Guðmundur G. Þórarinsson, Páll Pétursson, Þórarinn Sigurjónsson, Hákon Hákonarson, Halldór Ásgrímsson og Alexander Stefánsson. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fram fari athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Alþingi felur ríkisstj. að skipa nefnd er kanni almenna stöðu þessara mála, þróunarhorfur og bendi á valkosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði.

Nefndin geri tillögur um með hvaða hætti íslenskt þjóðfélag geti best numið og hagnýtt sér hina nýju tækni til alhliða framfara, svo sem að því er varðar atvinnumál, félagsmál, fræðslumál, mál varðandi almennar upplýsingar og aðra þá þætti er varða samfélagið. Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis. Nefndin skal hafa lokið störfum og birt niðurstöður fyrir árslok 1982."

Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að þessum málum þurfi að sinna í miklu ríkari mæli en gert hefur verið til þessa. Því varð úr að láta umfjöllun hér á Alþingi bera að með þessum hætti, þ. e. í formi þáltill.

Eins og kunnugt er hefur notkun tölvutækninnar rutt sér til rúms hérlendis á síðustu örfáum árum, og víða sjáum við þess merki, að tölvuvædd meðhöndlun upplýsinga og tölvustýrð tækni muni breyta þjóðfélagsgerðinni til muna. Rætt er um að svo markverðar og stórstígar breytingar séu í vændum að líkja megi við byltingu.

Ég hygg að enginn maður mótmæli því, að okkar þjóðfélag, eins og raunar flest önnur vestræn ríki, sé illa í stakk búið að takast á við þann vanda sem fyrirsjáanlega mun fylgja því sem kalla mætti upplýsinga- og tölvubyltingu. Margs konar tækni til að afla, vinna úr og miðla upplýsingum hefur rutt sér til rúms á s. l. árum. Vöxtur þessarar tækni hefur verið miklu meiri en flestir hafa áttað sig á. Möguleikar á framleiðslu ódýrra eininga í því tilliti hafa stóraukist. Hér er að sjálfsögðu átt við örtölvurnar svonefndu.

Miðað við þá þróun, sem á undan er gengin, virðist augljóst að alls kyns tölvur, tölvuvædd og tölvustýrð

heimilistæki verði almenningseign innan fárra ára. Fyrirtækin í landinu taka þessa tækni sem óðast í sína þjónustu, enda er áhuginn allverulegur. Eins og um aðrar tækniframfarir er útilokað að sjá fyrir endann á þróun töluvtækninnar, enda er almennt talið að um sé að ræða þróun sem er rétt í þann mund að komast á flugstig. Fram undan gætu því verið mun örari breytingar en orðið hafa til þessa.

Í ljósi þeirra áhrifa, sem nú þegar hafa átt sér stað, er ekki óeðlilegt að ætla að það, sem í vændum er, geti valdið djúpstæðum breytingum og verulegri röskun á okkar þjóðfélagsgerð. Í þessu sambandi er mjög brýnt að áhrifaaðilar sem og allur almenningur séu meðvitandi um eðli þeirrar þróunar sem hér er vikið að, en standi ekki álengdar og bíði þess sem verða vill. Það er skylda okkar að hafa hönd í bagga með þeirri þróun svo sem kostur er, í þeim tilgangi að tryggja alhliða uppbyggingu okkar litla samfélags. Sú þróun, sem ég hef gert hér að umtalsefni, getur nefnilega átt sér skuggahliðar. Ef ekki eru hafðar í frammi í tæka tíð aðgerðir til að koma í veg fyrir hvers kyns röskun, sem af henni kann að leiða, eru erfiðleikar vísir af ýmsum toga.

Félagsleg vandamál eins og atvinnuleysi hafa í mörgum tilfellum verið fylgifiskar umræddrar tækni þar sem hún hefur verið innleidd erlendis. Fyrirsjáanlegt er að þar mun atvinnuleysi af hennar völdum aukast allverulega á komandi árum. Enn sem komið er er mjög óvíða fyrir hendi yfirsýn yfir þær breytingar sem fylgja munu í kjölfari tölvutækninnar. Þá yfirsýn skortir jafnframt hér á landi. Í ljósi þess er nauðsynlegt að gerð verði heildarúttekt á þeim möguleikum, tækifærum og hættum sem hinar öru breytingar munu vafalaust hafa í för með sér.

Margir þeirra, sem fjallað hafa um þær þjóðfélagsbreytingar sem tölvutæknin mun valda, fullyrða að ný þjóðfélagsgerð, hið svokallaða upplýsingaþjóðfélag, muni hasla sér völl. Þessar hugmyndir virðast alls ekki út í hött ef tekið er mið af þeim möguleikum sem tölvutæknin býður upp á og verða hagnýttir, ef að líkum lætur, á komandi árum. Í þessu sambandi má t. d. geta þeirra möguleika sem tölvur og flest fjarskiptatækni býður upp á varðandi hagnýtingu á símakerfinu til þess að framkvæma vinnu annars staðar en í húsnæði fyrirtækja eða stofnana. Þannig má t. a. m. vinna mörg skrifstofustörf á heimilum fólks eða á hverfabundnum vinnustöðum, sem tengdir eru þeim, sem unnið er fyrir, gegnum símakerfið.

Hér verður ekki farið út í notkun og hagnýtingu tölvutækninnar á hinum ýmsu sviðum, slíkt yrði allt of langt mál. Sumt af því er þó þekkt hérlendis en annað ekki. Örfá atriði er drepið á í grg. og vísa ég til þeirra. Ég hygg að flestir séu sammála um að skjótra aðgerða sé þörf ef þjóðfélagið á ekki að gjalda tilviljanakenndrar uppbyggingar. Eitt hið fyrsta, sem gera þarf, er að almenningur eigi þess kost að fá sem gleggsta hugmynd um tæknina og hið nýja þjóðfélag sem knýr dyra. Almenn og víðsýn fræðsla um þessi mál er óumflýjanleg. Sú kennsla, sem nú þegar fer fram, er takmörkuð og tæknileg í eðli sínu. Hún er snauð af umfjöllun um áhrif tækninnar á þjóðfélagið, um ýmsa almenna möguleika sem tæknin býður upp á.

Herra forseti. Ég hef kosið að stikla á stóru í framsögu fyrir þessu máli. Svo sem ég hef vikið að og getið er í grg. með till. er að dómi okkar flm. ljóst að eigi að koma í veg fyrir sumpart tilviljanakennda, sumpart of dýra þróun í upplýsinga- og tölvumálum hér á landi í næstu framtíð þarf að vinna að stefnumótun, samræmingu, stöðlun og almennri víðsýnni fræðslu. Með því móti verðum við húsbændur hinnar nýju tækni en ekki þjónar.

Ég leyfi mér að vona að þingheimur líti svo á að samþykkt þessarar till., sem gerir ráð fyrir heildarúttekt á stöðu og þróunarhorfum á umræddu sviði, sé spor í rétta átt. Ég vil svo að loknum þessum hluta umr. mælast til þess að till. verði vísað til allshn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Um leið og ég lýsi yfir fyllsta stuðningi við öll þau meginmarkmið, sem lýst er í þessari till. til þál. og hv. þm. Davíð Aðalsteinsson hefur hér mælt fyrir, langar mig aðeins til að vekja athygli á tvennu. Í fyrsta lagi er kannske ekki alveg nógsamlega skýrt að orði kveðið um það, hvers konar vinnu þessi nefnd eigi að inna af hendi og síðan hvernig með niðurstöður hennar skuli farið. Vera má að það væri skynsamlegt í þeirri nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar, að kveða skýrar á um þau efni. En það er þó kannske aukaatriði og minni háttar í þessum efnum.

Hitt er aftur algjört aðalatriði í þessu máli, sem raunar er mjög skýrt og ágætlega sett fram í grg. fyrir till., með hverjum hætti þessi tölvubylting, sem svo er stundum kölluð, mun hafa áhrif á atvinnumarkaðinn hér á allra næstu árum. Það er auðvitað alveg ljóst, þegar litið er til landanna í kringum okkur, að það gífurlega atvinnuleysi sem þar á sér stað og nemur jafnaðarlega um 10% í nágrannalöndum okkar, stafar ekki nema að hluta til af því sem nefnt hefur verið efnahagskreppa. Hinn hluta þessa ástands má beint og óbeint rekja til þeirrar tæknibyltingar sem hér er verið að flytja till. um og reyna að koma svo fyrir að við höfum tök á henni en ekki hún á okkur. Þetta er auðvitað algjört aðalatriði málsins.

Ég minni á það, að fyrir nokkrum mánuðum hélt Alþýðusamband Íslands ráðstefnu um þessi efni. Mjög eðlilega hafa forvígismenn þeirra samtaka fyrir hönd sinna umbjóðenda miklar áhyggjur af því, hvert stefni í þessum efnum. Það er að vísu ekki ákvæði um það í þessari till., en ég vil undirstrika það, að auðvitað er alveg sjálfsagt mál að í þeirri nefnd, sem hér er verið að leggja til að skipuð verði, vegi þáttur launþegasamtakanna þungt, jafnvel svo að hv. allshn. geri það beinlínis að till. sinni að launþegasamtökin eigi beina aðild með nokkrum einstaklingum úr nokkrum þáttum atvinnulífsins að þessari nefnd, vegna þess að það er auðvitað þar sem áhyggjurnar hljóta að vera mestar og áhuginn þess vegna mestur.

Ég tel að hér sé hreyft mjög mikilvægu máli, — máli sem er í raun veigamikil undirrót þess ástands í atvinnumálum sem ríkir allt í kringum okkur. Kannske mætti að þessu tvennu leyti, sem ég hef nefnt hér, skerpa tillögugreinina nokkuð. En það er þó aukaatriði hjá mikilvægi þessa máls.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar flm. þakka þær undirtektir sem hv. síðasti ræðumaður lét í ljós við þessa tillögu.

Það er eðlileg athugasemd að mínum dómi, sem hv. ræðumaður gerði við till., þ. e. til hvers sé ætlast með könnun umræddrar nefndar sem muni vinna að þessu máli. Nú var það ekki ætlun okkar flm. að gera þessu tæmandi skil, ef ég má svo að orði komast, og svo er hugur minn a. m. k. til margra fleiri þingmála. Ég lít svo til að það sé ekki óeðlilegt að nefndir þingsins taki mál til

umfjöllunar með þeim hætti að breytingar séu gerðar á tillögum sem þessari. Það finnst mér í fyllsta máta eðlilegt.

Hins vegar er það skoðun mín, að þar sem öll umfjöllun um þennan málaflokk er raunar á frumstigi í okkar þjóðfélagi sé alls ekki þess að vænta, að út úr slíku nefndarstarfi komi eitthvað sem kallast mætti fullmótaðar tillögur. Mér dettur ekki í hug að halda það. Þetta er að mínum dómi fyrsti vísirinn að umfjöllun um þessi mál. Það er gert ráð fyrir því, eins og stendur í till., að nefndin geri tillögur um með hvaða hætti íslenskt þjóðfélag geti best numið og hagnýtt sér hina nýju tækni til alhliða framfara, svo sem að því er varðar atvinnumál o. s. frv. Þarna er afskaplega erfitt að setja fram vinnureglur. Ég vil fyrir fram treysta því, að stjórnvöld setji þessa nefnd saman með þeim hætti að þar sitji menn sem hafi allnokkra þekkingu á þessum málum.

Hv. síðasti ræðumaður minntist á launþegasamtökin í landinu. Ég geri fastlega ráð fyrir að fulltrúi af þeim vettvangi verði með í þeirri umfjöllun, svo mikið sem öll þessi mál varða hinn almenna launþega í landinu, og beint og óbeint gerir till. ráð fyrir því.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en þakka fyrir góðar undirtektir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 54). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. þm. Jóni Helgasyni, Sverri Hermannssyni, Helga Seljan og Karli Steinari Guðnasyni að flytja hér till. til þál. um landnýtingaráætlun. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að hafinn verði undirbúningur landnýtingaráætlunar er taki til landbúnaðar og annarra þátta, svo sem ferðamála, útivistar og náttúruverndar. Drög að landnýtingaráætlun skulu liggja fyrir í árslok 1983. Við gerð þeirra verði áhersla lögð á sem hagkvæmasta nýtingu og varðveislu landgæða."

Svo sem kunnugt er byggist búseta í landinu fyrst og fremst á endurnýjanlegum auðlindum til lands og sjávar. Því hlýtur jafnan að vera mjög brýnt verkefni að sjá um að nýting þessara auðlinda verði á hverri tíð með þeim hætti að höfuðstóllinn verði ekki rýrður, ef svo má að orði komast. Þetta verkefni er að sjálfsögðu margbrotið og krefst mikils sveigjanleika á langri leið að lokamarkmiðinu: meiri efnahagslegri og andlegri velferð okkar sem lifum hér og störfum í landinu, jafnframt því sem við skilum auðlegð íslenskrar náttúru fram á veginn til nytja fyrir afkomendurna.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að hin síðari ár hafi gætt meiri skilnings á þessum málum og fleiri og fleiri hafa vaknað til vitindar um þær hættur sem íslenskri þjóð eru búnar ef auðlindir til lands og sjávar eru mergsognar. Meðal þessara auðlinda eru að sjálfsögðu gróður og gróðurmold, landgæði sem varða mjög búsetu og umhverfi allra manna. Með landgræðsluáætlun 1974 var gert stórátak til að vinna markvisst að stöðvun gróðureyðingar og uppblásturs í þeim tilgangi auðvitað að varðveita og bæta landgæði.

Eins og kunnugt er hefur nú verið lögð fram till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986. Okkur flm. þessarar till. þykir eðlilegt og nauðsynlegt, m. a. til að fylgja því starfi eftir, að gerð verði víðtæk áætlun sem taki til hinna fjölmörgu þátta landnýtingar, svo sem nýtingar beitilanda, ræktunar skóga og meðferðar lands til útivistar.

Hér verður ekki farið út í að rekja eða telja upp alla þá fjölmörgu þætti sem falla beint undir eða eru tengdir landnýtingu á einn eða annan hátt. Ég mun þó drepa á nokkur atriði í þessu sambandi af fjölmörgum sem ræða þarf áður en ákveðið er fyrir fullt og fast með hvaða hætti verður staðið að gerð áætlunar um landnýtingu.

Eins og till. ber með sér er ætlaður nokkuð rúmur tími til undirbúnings þess verks sem þar er lagt til, í ljósi þess að till. verði samþykkt á þessu þingi. Lagt er til að drög að áætlun um landnýtingu liggi fyrir í árslok 1983. Okkur flm. er fullljóst að sú vinna, sem þarf að inna af hendi í þessu sambandi, er nokkuð yfirgripsmikil og tekur óhjákvæmilega alllangan tíma.

Einn af veigameiri þáttum landnýtingar er nýting úthagabeitar bæði í heimalöndum og á afréttum. Landbúnaðurinn og þó einkum og sér í lagi sauðfjárrækin byggist að miklu leyti á þessari miklu auðlind, fjölbreyttum og kjarnmiklum gróðri, svo sem kunnugt er. Í ljósi þeirra mikilsverðu nytja hlýtur framtíð íslensks landbúnaðar í reynd að byggjast að verulegu leyti á hóflegri og hagkvæmri nýtingu beitilanda. Það mætti spyrja þeirrar spurningar, hvort framleiðslugildi úthagagróðurs væri metið að verðleikum. Er þar ekki um stærri hagatölur að ræða en tíundaðar hafa verið til þessa.

Á tímum síhækkandi orkukostnaðar eru náttúrleg gróðurlendi augljóslega mikil og dýrmæt auðlind. Að sjálfsögðu eru það engin ný sannindi að sem best samræmi þarf að vera á milli búfjárfjölda og tiltæks haglendis a hinum ýmsu beitarsvæðum landins. Því er nauðsynlegt að koma á nánara samhengi milli vals á búgreinum, búfjárfjölda á sérhverri bújörð og í sérhverju héraði annars vegar og hins vegar þeirra landgæða sem til umráða eru. Þannig verði ekki aðeins tekið tillit til ræktunarskilyrða, heldur jafnframt landrýmis í heimahögum og afréttum. Hér er t. d. komið að þeim þætti, hvernig fjárfestingu er hagað í landbúnaði, hvernig er hægt að koma á virkari og markvissari stjórnun án hafta í sjálfu sér, með það að markmiði að auka afrakstur landbúnaðarins jafnframt varðveislu landgæða sem ætíð verður að hafa í huga. Í mörgum tilfellum þyrfti að vera hægt að koma því við að aðstoða þá bændur í ríkari mæli sem gera róttækar breytingar á búskaparháttum.

Við gerð búrekstrar- og byggðaáætlana er óhjákvæmilegt að taka tillit til landnýtingar. Í ljósi þess, að nýting jarðargróða er einn af hornsteinum lífvænlegrar byggðar um land allt, er landnýting að því leyti veigamikið byggðamál. Ekki væri t. d. úr vegi að athuga hvort æskilegt eða fært væri að stofna til einhvers konar svæðaskipulagningar landbúnaðarframleiðslunnar í samræmi við hóflega og skynsamlega nýtingu landkosta og jafnframt með tilliti til markaðsþarfar fyrir hinar ýmsu búvörur og framleiðslusvæði. Mismunandi verðlagning búvara eftir framleiðslusvæðum gæti hugsanlega komið til greina, en slíkt er að sjálfsögðu nokkuð flókið og örðugt í framkvæmd.

Í þeirri skipulagningu, sem hér er vikið að, þarf að huga í ríkari mæli en gert hefur verið að öllum þáttum á sviði framleiðslu, úrvinnslu og sölu afurðanna í ljósi staðhátta. Hingað til hefur því lítt eða ekki verið sinnt, hvort menn byggðu fjós eða fjárhús innst til dala eða á láglendi svo að segja við hliðina á mjólkurbúunum. Menn geta gert sér í hugarlund hagkvæmnina í hvoru atriðinu fyrir sig, ekki síst í ljósi flutninga og hagkvæmri nýtingar afrétta, svo að eitthvað sé nefnt. Hið svokallaða kvótakerfi, sem mikið hefur verið rætt um nú síðustu misseri og er komið til framkvæmda, tekur lítið sem ekkert mið af landnýtingar- og byggðasjónarmiðum, en framleiðslustjórnun þyrfti að taka tillit til þeirra í ríkari mæli en raun er á. Hér er að sjálfsögðu um margþætt og að mörgu leyti viðkvæmt mál að ræða sem að dómi okkar flm. þarfnast ítarlegrar könnunar og gaumgæfilegrar umfjöllunar.

Við bændur viljum að sjálfsögðu hafa sem mest frelsi til athafna, en gerum okkur þó ljósa grein fyrir þörf eðlilegrar skipulagningar. Hún mun reynast stéttinni til framdráttar í hvívetna og síðast en ekki síst stuðla að bættum þjóðarhag. Margt fleira þarf auðvitað að taka til umfjöllunar þegar lögð eru á ráðin um skipulega nýtingu landgæða, svo sem skógrækt og nýtingu hlunninda, enda þótt þeim þáttum verði ekki gerð skil hér.

En landnýting tekur til fleiri þátta en búskapar. Með breyttum þjóðfélagsháttum og auknum áhuga almennings á útivist, umhverfismálum og náttúruvernd verður deginum ljósara að fjalla þarf um landnýtingu á breiðum grundvelli. Ferðamál eru að sjálfsögðu einn þáttur landnýtingar í ljósi náttúruskoðunar og útivistar. Í þessu sambandi vil ég minna á þá möguleika sem fyrir hendi eru í fjölgun ferðafólks hingað til lands og auknum ferðalögum Íslendinga sjálfra á sinni heimaslóð er gætu orðið drýgri tekjulind.

Herra forseti. Hin náttúrlegu gróðurlendi eru viðkvæm fyrir óhóflegum ágangi, hvort sem er af völdum fénaðar eða manna. Með bættum skilyrðum til ferðalaga um óbyggðir landsins þarf margs að gæta. Öll meðferð gróðurlendis er í sjálfu sér náttúruverndarmál. Í fjölmörgum tilfellum verður ekki komist hjá röskun lífríkja, það vitum við öll. Mestu varðar þó að leita jafnan þeirra leiða sem minnstri röskun valda. Við viljum auka á hagsæld okkar í landinu jafnframt því sem við stuðlum að aukningu landgæða í bráð og lengd til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. Það er von okkar flm. að landnýtingaráætlun geti stuðlað að æskilegri þróun á þessu sviði.

Herra forseti. Ég mælist til að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til allshn.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mig langar til að lýsa ánægju minni með þessa þáltill. um landnýtingaráætlun, sem hér er flutt, og færa flm., og þá ekki síst 1. flm., þakkir fyrir það framtak og framsýni sem þeir hafa sýnt með flutningi þessa máls. Ég tel að till. sé mjög athyglisverð og það væri jákvætt að hún fengi athugun og stefnt yrði að því að hægt yrði að afgreiða hana á þessu þingi.

Það er alveg rétt, sem hv. 1. flm till. sagði í framsöguræðu sinni áðan, að við verðum að fara að varast það mjög, Íslendingar, hversu óhóflega við göngum á ýmsar náttúruauðlindir sem okkur er trúað fyrir. Allir vita hver hinn óhóflegi ágangur hefur verið á hina ýmsu fiskstofna við landið, og hefur um nokkurt skeið verið rætt mjög um nauðsyn þess að draga úr þeim ágangi. En sama máli gegnir um náttúruauðlindir á landi og í sjó. Þar er ágangur óhóflegur og hefur verið mun lengur en varðandi náttúruauðlindir þær sem í sjónum eru.

Öll vitum við um þá miklu gróðureyðingu sem átt hefur sér stað á Íslandi síðan land byggðist, og ýmislegt í nútímalífsháttum gerir það að verkum, að ástæða er til að óttast að sá ágangur kunni að verða meiri og varhugaverðari á næstunni en hann hefur verið til þessa. Það er t. d. sérstök ástæða til að benda á að umgangur ferðafólks um viðkvæm hálendissvæði er orðinn mikið áhyggjuefni, — ekki bara útlendra ferðamanna, sem oftast er þó talað um í blöðum, heldur ekki síður landsmanna sjálfra. Ýmsir mjög fallegir staðir á hálendissvæðum Íslands eru nú sannarlega í hættu vegna óhóflegs ágangs. Hálendisgróðurinn okkar þolir ekki mikinn ágang ferðamanna, og allt of margir Íslendingar, svo að ekki sé rætt um marga útlenda ferðamenn sem hér ganga um okkar gróðurlendi, virðast ekki gera sér neina hugmynd um hvað lítið þarf til að eyðileggja margra alda gróðurfar í þessu landi. Það er oft ljótt að sjá, þegar ferðast er um hálendið, sem ég geri nokkuð oft á sumrum, og eins um ýmsa fegurstu staði þjóðarinnar, hvernig umgangurinn er um þá staði. Því miður er það hryggileg staðreynd, að þeir, sem því valda, eru oftar en ekki landsmenn sjálfir. Því miður virðist svo komið, að ýmsir áhugamenn um náttúruvernd og ferðalög á Íslandi af erlendu bergi brotnir bera meiri virðingu fyrir íslensku náttúrufari og ganga betur um ýmsa helgistaði þjóðarinnar en landsmenn gera sjálfir. Er oft ófögur sjón að sjá jafnvel fullþroska menn vera að leika sér upp um holt og hæðir á fjórhjóladrifsbílum án þess að hugsa nokkuð um þær skemmdir sem af hljótast.

Þó svo rætt sé um nauðsyn þess, að almenningur fái greiðari aðgang að landi sínu en hann hefur — það er alkunnugt hver afstaða okkar Alþfl.-manna er þar — verða þeim réttindum einnig að fylgja skyldur og við verðum að fara að skoða sérstaklega með hvaða hætti við eigum að reyna að venja okkur sjálf, þ. e. þjóðina í þessu landi, af þeim umgengnisháttum sem við höfum tamið okkur um landið. Sjálfsagt þýðir ósköp lítið að beita þar fjársektum eða öðrum slíkum viðurlögum. Nær væri að skylda það fólk, sem skilur eftir sig slóðir eins og þær sem blasa við augum þeirra sem um hálendið fara, ef til slíkra manna næst, til þess að reyna að vinna við það sjálft að bæta það sem miður hefur farið, en sleppa mönnum við að greiða nokkrar krónur í sektir, ef það er þá gert. Ég vildi aðeins taka þetta fram til að undirstrika að afstaða okkar Alþfl.-manna til aukinnar landnýtingar fyrir almenning er síður en svo í eina átt einvörðungu. Við tölum ekki bara um að tryggja þurfi almenningi ríkari rétt til umgangs um landið. Við höfum einnig áhuga á að réttinum fylgi skyldur um umgang um þetta land. Ég fagna því sérstaklega að það er einmitt eitt atriðið í þessari tillögu.

Eins og ég sagði áðan er það meira en umgangur mannfólksins um þessa náttúruauðlind sem þarf að huga að. Það er t. d. ekkert launungarmál, að á mjög mörgum hálendissvæðum og afréttarlöndum er um mikla ofbeit að ræða. Að vísu er ofbeit ekki jafnmikil í öllum landshlutum. Í sumum landshlutum þola afréttarlöndin jafnvel meiri ágang sauðfjár og annarra grasbíta en þar á sér stað, en um allflest stærstu afréttarsvæði landsins gegnir

því máli að þar er gróðureyðing yfirvofandi vegna of mikils ágangs búfjár vegna hreinnar ofbeitar. Auðvitað er það rányrkja á náttúruauðlind með sama hætti og of mikil sókn í fiskstofna er rányrkja á þeirri náttúruauðlind.

Vísir menn segja að nú séu um það bil 900 þús. fjár rekin á afréttir og beitilönd í þessu landi, og miðað við þær gróðurfarsrannsóknir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, telja þessir sömu sérfróðu menn um gróðurfar landsins að þar sé um að ræða um það bil 400 þús. fjár meira en þessi lönd þola. Eins og ég sagði áðan hef ég sjálfur gert mikið að því á sumrin að ferðast um hálendi þessa lands og er enginn sérfræðingur um gróðurfar og annað slíkt, en það stingur orðið í augu hversu rótnagaður allur gróður er á þeim hálendissvæðum, sem a. m. k. ég hef helst farið um, er frá vori til hausts. Ekki er vafi á því, að sú niðurstaða gróðursérfræðinga er rétt, að þarna sé um mjög háskalega og varhugaverða rányrkju að ræða.

En það er meira sem ástæða er til að skoða í því sambandi. Á Grænlandi er búið með sauðfé af sama stofni og íslenska sauðféð. Þar getur meðalfallþungi dilks verið 22—23 kg. Hér á Íslandi er meðalfallþungi dilks af sama stofni 13—14 kg. Á Grænlandi er meðalviðkoma hverrar kindar 1.6 lömb. Hér á Íslandi er meðalviðkoma hverrar kindar 1.3 lömb. Gróðursérfræðingar fullyrða að þessi miklu minni afköst íslensks sauðfjár en grænlensks, sem er þó af nákvæmlega sama stofni, stafi einfaldlega af því, að íslenskt sauðfé fái ekki nægilegt að bíta og brenna vegna ofbeitar á afréttarlöndum hér á Íslandi. Til stuðnings þeirri skoðun sinni vísa þeir jafnframt til þess, að á þeim svæðum á landinu, þar sem ekki eru um ofbeit að ræða að þeirra áliti á afréttarlöndum, t. d. í Strandasýslu og víðar, er fallþungi dilka miklu hærri en annars staðar á landinu. Ég hef ekki heyrt þá segja neitt frá viðkomu hverrar kindar þar, en alla vega virðast tölur um fallþunga benda til þess, að ætla megi að mismunurinn á afurðamagni hverrar kindar á Íslandi annars vegar og Grænlandi hins vegar stafi fyrst og fremst af því, að sauðféð íslenska skorti sumarnæringu miðað við þá sumarnæringu sem sauðfé stendur til boða á Grænlandi, — a. m. k. er það niðurstaða þeirra gróðursérfræðinga sem um þessi mál hafa rætt við mig. Og svo einkennilega vill til, að ef afurðamagn sauðfjár á Íslandi væri svipað og afurðamagn sauðfjár á Grænlandi er mundu íslenskir bændur geta fengið nákvæmlega jafnmiklar afurðir af 500 þús. kindum og þeir fá af 900 þús. kindum í ár. M. ö. o.: ef fækkað væri sauðfénu á afréttarlöndum landsins um þau 400 þús. fjár, sem gróðursérfræðingar telja að ofbeitt sé á gróðurland okkar, gæti það orðið til þess að næðist álíka mikið afurðamagn hjá íslensku sauðfé og grænlensku sauðfé og þá mundi þessi niðurskurður á stofninum ekki rýra þær sauðfjárafurðir sem framleiddar eru í landinu í heild.

Nú get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt um hvort þetta dæmi gengur upp eða ekki. Ingvi Þorsteinsson, sérfræðingur um gróðurrannsóknir, vakti athygli mína á þessum staðreyndum. Hann getur að sjálfsögðu ekki frekar en aðrir fullyrt neitt um hvort þetta dæmi gengur upp. En það er þó mjög athyglisvert að huga að því í fyrsta lagi, að svona mikill afurðamunur skuli geta verið á sauðfé af sama stofni milli Íslands og Grænlands, í öðru lagi, hve miklu meira afurðamagn fæst af íslensku sauðfé í þeim hlutum landsins, þar sem afréttir og upprekstrarlönd eru ekki ofbeitt, en í þeim hlutum landsins þar sem talið er af gróðursérfræðingum að svo sé, og í þriðja lagi, að ef hagkvæmari nýting náttúruauðlinda en nú á sér stað gæti leitt til þess að ekki drægi mjög verulega úr afurðamagni hjá bændum þó að eitthvað hagkvæmari búskapur ætti sér stað, en hins vegar mundi það að sjálfsögðu draga mjög úr öllum tilkostnaði, mundu íslenskir bændur þegar upp væri staðið auka mjög tekjur sínar á þeim breytingum. M. ö. o.: ef íslenskir bændur gætu náð álíka afurðamagni af hverri kind og grænlenskir bændur ná og ef á íslenskum afrétti gengju ekki fleiri sauðkindur en þær sem gróðursérfræðingar telja að gróðurfarið þoli mundu íslenskir bændur hafa stórkostlegan fjárhagslegan hag af. Tilkostnaður hjá þeim við öflun afurðanna mundi stórkostlega dragast saman, þörf á vélanotkun yrði miklu minni, þörf á peningshúsum yrði miklu minni, þannig að minna drægist frá í kostnaði, en meira kæmi til bóndans sjálfs.

Auðvitað þarf að skoða þetta allt saman og þá ekki síður ef líka liggur fyrir, og nú get ég ekki fullyrt frekar en aðrir leikmenn um hvort það sé rétt, að meginskýringin á því mikla kali, sem verður nú í túnum hjá íslenskum bændum og er dýrasta gróðureyðing á Íslandi, því að það er gróðureyðing á ræktuðu landi, sé sú, að bændur hafa tekið upp það búskaparlag, m. a. til þess að bæta upp rýrnandi afréttarbúskap, að beita sauðfé á tún að hausti til þess m. a. að drýgja afurðirnar. Því er haldið fram að haustbeit á túnum sé ein meginskýring á miklu kali sem verður á ræktuðu landi. Að sjálfsögðu þarf að rannsaka þessar fullyrðingar miklu betur en gert hefur verið, en þetta rennir enn stoðum undir það, sem er kjarninn í þessari till. um landnýtingaráætlun, að bráðnauðsynlegt er að skoða þessi mál miklum mun betur en gert hefur verið.

Ég get ekki látið hjá líða, fyrst ég er farinn að ræða um þessi mál, að minnast örfáum orðum á viðburði sem hafa orðið frá því að sambærilegt mál var til umr. hér á Alþingi. Fyrir jólin fluttum við þm. Alþfl. í hv. Nd. Alþingis frv. til l. um að mörkuð yrðu skil á milli einkaeignarréttar á landi og eignarréttar almannavaldsins og það landssvæði á afréttum og hálendi Íslands, sem engar eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila væru finnanlegar fyrir, yrði úrskurðað eign almannavaldsins. Miklar umr. urðu um þetta frv. Þm. Alþb. tóku undir sjónarmið okkar og lýstu fylgi sínu við meginatriði frv., en ýmsir aðrir þm. voru meira á báðum áttum og sumir á móti.

Rök ýmissa þeirra, sem voru á móti frv., voru á þá lund, að frv. væri þarflaust þar sem ljóst væri að ef ekki fyndust eignarheimildir lögaðila fyrir landssvæði hlyti það sjálfkrafa að falla undir almannaeign eða ríkiseign. Nú hefur Hæstiréttur alveg nýverið og eftir að þessar umr. fóru fram fellt úrskurð um deilumál af þessu tagi. Hæstiréttur kemst að gagnstæðri niðurstöðu og staðfestir þar með þau orð sem ég m. a. lét falla í umr. hér á Alþingi þegar ég svaraði hv. þm. Steinþóri Gestssyni og fleirum sem töldu frv. okkar þarflaust af þessari ástæðu. Niðurstaða Hæstaréttar í deilunni um Landmannaafrétt staðfestir réttmæti hvers einasta orðs sem ég sagði um þetta ágreiningsmál okkar þm. Í forsendum Hæstaréttar fyrir niðurstöðunni segir Hæstiréttur beinlínis að Alþingi verði með löggjöf að ákveða að málin fari þessa leið, sem ýmsir hv. þm. töldu að þarflaust væri að Alþingi hefði afskipti af.

Í byrjun sjötta áratugarins, ef við rekjum þetta mál í örfáum orðum, höfðaði Landmannahreppur mál út af veiðirétti í vötnum og vatnsföllum á Landmannaafrétti. Dómur féll í því máli í Hæstarétti 25. febr. 1955. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu, að hreppsfélögin hafi engar sönnur getað fært á eignarrétt sinn að afréttinum, hvorki fyrir nám, löggerninga, hefð né með nokkrum öðrum hætti, og þess vegna bæri ekki að skoða hreppsfélögin sem eiganda þessa lands. Hæstiréttur sagði m. ö. o. 25. febr. 1955: Hreppsfélögin eru ekki eigendur að Landmannaafrétti. — Samkv. því sem hv. þm. Steinþór Gestsson og fleiri sögðu fyrir jólin ætti málið þar með að vera alveg ljóst. Þar sem enginn aðili gæti fært sönnur á eignarheimild að þessu landssvæði og fasteignarréttindum hlyti að mega líta svo á að ríkisvaldið væri þá eigandi. En það er alls ekki svo. Ég fullyrti fyrir áramótin að svo væri ekki, og Hæstiréttur kemst að sömu niðurstöðu. Í dómi Hæstaréttar um sama landssvæði, sem féll í des. s. l., er staðfestur fyrri úrskurður Hæstaréttar um sama mál, að eignarréttur heimamanna fyrir afréttinum, hvorki hreppsfélaganna né eigenda og ábúenda jarða, sé ekki fyrir hendi. Hæstiréttur staðfestir það. Heimamennirnir eiga þetta ekki. En Hæstiréttur bætir við: Ríkið telst ekki eiga það heldur vegna þess að þau rök, sem ríkisvaldið byggir sína kröfu á um eignartilkall til landsins, standast ekki. Hæstiréttur segir m. ö. o.: Hreppsfélögin og ábúendur jarðanna eiga ekki þetta land vegna þess að þau geta engar sönnur fært fyrir sínum eignarrétti, en ríkið á landssvæðið ekki heldur. Síðan bætir Hæstiréttur við í forsendum fyrir þessari niðurstöðu sinni „að Alþingi hafi ekki sett lög um þessi efni", þó svo, eins og í forsendunum segir, að það sé eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvaldsins um málefnið.

Hæstiréttur óskar m. ö. o. eftir því, að Alþingi setji lög um hvernig skuli fara með þegar enginn einstaklingur eða lögaðili getur sannað eignarheimildir sínar á landi og landgæðum. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu, að slík lönd og landgæði falli þá ekki sjálfkrafa undir eignarheimild ríkisins, en óskar eftir því, að Alþingi setji lög um hvernig með skuli fara. Frv. að slíkum lögum liggur nú fyrir Alþingi flutt af mér og fleiri þm. Alþfl. og studd af þm. Alþb.

Eftir þennan úrskurð Hæstaréttar þurfa menn sem sé ekki lengur að velkjast í neinum vafa um þetta mál. Verði það frv. ekki samþykkt, sem við höfum flutt hér um þessi efni, þm. Alþfl., og er stutt í meginatriðum af þm. Alþb., þá verða stjórnvöld að gera svo vel að flytja sjálf frv. til l. um hvernig með skuli fara. Auðvitað er það algerlega út í hött ef menn ætla að standa þannig að slíkum málum að flytja frv. á Alþingi í hvert skipti sem ágreiningur hefur orðið um eitthvert slíkt landssvæði eða náttúrugæði með þeim niðurstöðum sem orðið hafa varðandi Landmannaafrétt. Auðvitað er það fráleitt ef menn ætla að halda þannig á málum að flytja sérstakt frv. um að Landmannaafréttur einn skuli skoðast sem ríkiseign án þess að taka afstöðu til annarra sambærilegra deilumála sem upp kunna að koma. Auðvitað verða menn hér á Alþingi að setja almennar rammareglur um þau mál, eins og við höfum gert tillögur um.

Ég vildi, herra forseti, aðeins benda á þessar athyglisverðu staðreyndir í sambandi við umr. um þetta mál, því að auðvitað hljóta að dragast inn í umr. um landnýtingaráætlun atriði eins og þau. Við höfum ekkert á móti því, þeir sem ekki teljast eiga mikið af landi, nema kannske geta gert sér vonir um það land sem verður seint og um síðir, vona ég, að taka með þökkum til að koma sér fyrir upp á eilífðina, — en við, sem ekki eigum von á að eiga miklu meira af landi en þá litlu skák, höfum ekkert á móti því að greiða allveruleg gjöld til að rækta land og taka það til betri nytja. En við teljum alveg nauðsynlegt að úr því verði skorið, hvar liggja mörk eignarréttarins og hvernig eigi þá með það landssvæði að fara sem ekki verður talið að einstaklingar eða lögaðilar geti gert neitt eignarréttarlegt tilkall til. Það mál verður auðvitað að skoða í samhengi við þá merku till. og þörfu sem hér er til umræðu.

Umr. frestað.

Efri deild, 34. fundur.

Mánudaginn 25. jan., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 2 frá 1. febr. 1980, um breytingu á lögum nr. 5 frá 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum og breyting á lögum nr. 81 21. des. 1981.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum var 6% þar til því var breytt í upphafi árs 1979. Það var þá þáttur í fiskverðsákvörðun. Með lögum, sem þá voru sett, var útflutningsgjald lækkað í 5% og hélst svo það ár, 1979. Í tengslum við fiskverðsákvörðun um áramótin 1979—1980 varð að ráði að hækka útflutningsgjald að nýju úr 5% í 5.5% og með lögum þá ákveðið að svo skyldi standa til síðustu áramóta. Það ákvæði féll úr lögum um síðustu áramót og er útflutningsgjald því nú orðið 6% á ný.

Í tengslum við þá fiskverðsákvörðun, sem tekin var um áramótin, varð hins vegar að samkomulagi með öllum hagsmunaaðilum að óska eftir því og bóka sem fyrirvara fyrir fiskverðsákvörðun, að útflutningsgjald yrði óbreytt frá því sem það hefur verið undanfarin tvö ár, eða 5.5%. Staðfesting á þessu felst í frv. þessu, 1. gr. þess. Fellt er úr lögum það ákvæði sem segir að útflutningsgjaldið skuli vera 5.5% í tvö ár, 1980 og 1981. Lögin gilda því áfram með 5.5% útflutningsgjaldi.

Í þessu frv. er jafnframt farið fram á heimild í 2. gr. til þess að fella hin ýmsu ákvæði, sem um útflutningsgjald gilda, úr allmörgum lögum saman í einn lagabálk og gefa út að nýju. Fyrir slíkri heimild munu vera mörg fordæmi.

Þá er auk þess í ákvæði til bráðabirgða tekin upp sú breyting á útflutningsgjaldi sem ákveðin var fyrir áramótin af loðnumjöli og loðnulýsi, að hún gildi fyrir sölu á þeim afurðum einnig nú eftir áramót, enda er mikið af þeim birgðum, sem unnar voru fyrir áramótin, enn í landinu. Þarna er sem sagt aðeins um framlengingu á því ákvæði að ræða á meðan þær birgðir eru í landinu.

Ég sé út af fyrir sig, herra forseti, ekki ástæðu til að fara mörgum fleiri orðum um þetta frv. Ég hygg að það skýrist allvel af því sem fram kemur í grg. og aths. með frv. Ég vil hins vegar geta þess, úr því að útflutnings-

gjaldið er til umr., að hinir ýmsu sjóðir, sem njóta útflutningsgjaldsins, standa yfirleitt vel. Þannig stendur t. d. hin almenna deild Aflatryggingasjóðs vel, verðjöfnunardeildin má segja að standi í járnum og áhafnadeildin stendur vel. Sömuleiðis má segja um Tryggingasjóð fiskiskipa að staða hans er góð. Aftur á móti er þörf á því að auka fjármagn til úreldingarstyrkja og þá um leið til aldurslagatryggingar.

Ég skipaði því fyrir nokkrum vikum nefnd til að gera tillögur um hvernig það mætti verða. Sú nefnd hefur fjallað allnokkuð um þessi mál og sett á blað ýmsar hugmyndir um eflingu úreldingarsjóðs og jafnvel sameiningu úreldingarsjóðs og aldurslagatryggingar, sem ekki hefur verið tekin endanleg afstaða til. Í kjölfar þess starfs kann að teljast rétt að breyta eitthvað ráðstöfun á útflutningsgjaldi. Um það hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun og eins og er eru engar breytingar á útflutningsgjaldi fyrirhugaðar.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 274). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli nú fyrir frv. til l. um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Frv. þetta á sér þann aðdraganda, að forsvarsmenn landflutningamanna, þ. e. Landvara, vöktu athygli á því, að hér á landi eru engin ákvæði um hvernig gera skuli samninga um slíka flutninga, hver er ábyrgð þeirra, sem flytja, og ábyrgð þeirra, sem senda. Ég varð við ósk þeirra og skipaði nefnd til að kanna þetta mál. Í nefndina voru skipaðir Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri samgrn., sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Jónas Þór Steinarsson framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna og Stefán Pálsson framkvæmdastjóri Landvara. Nefndin vann vel að þessu máli. Hún komst fljótlega að þeirri niðurstöðu, að ekki væru tök á því að setja með reglugerð eða með öðrum boðum rn. ákvæði um slíka flutninga, heldur væri nauðsynlegt að flytja um málið sérstakt frv. og fá slíkar skyldur og ábyrgðir settar í lög. Mér þótti því rétt að þessari niðurstöðu fenginni að fela þessari sömu nefnd að semja slíkt frv. Það liggur nú fyrir hv. deild.

Ég tel ekki ástæðu til að fara mjög mörgum orðum um þetta frv. út af fyrir sig. Meginefni frv. kemur fram m. a. í þeirri kaflaskiptingu sem er í frv.

I. kafli fjallar um gildissvið frv. og er vert að vekja athygli á því, að frv. nær eingöngu til flutninga innanlands og flutninga á landi.

II. kafli fjallar um flutningssamninga, þ. e. hvað fram skuli tekið í slíkum samningum, og er það allítarlega sundurliðað, einkum í 6. gr. frv., einnig um ýmis atriði sem fram skuli tekin í fylgibréfum sem með sendingunni eru útbúin.

Þá er III. kafli frv. sem fjallar um ábyrgð flytjanda, þ. e. frá því að hann tekur við vörunni til flutnings og þar til hann skilar henni af sér, og sömuleiðis þá í þeim tilfellum að varan er ekki sótt eða sérstakar tafir verða af óviðráðanlegum ástæðum á flutningi vörunnar.

IV. kafli fjallar um ábyrgð sendanda. Er þar rakið í fjórum greinum, hvaða upplýsingar sendanda er skylt að láta flytjanda í té, og sömuleiðis fjallað um varúðarráðstafanir með tilliti til brothætts varnings eða hættulegs varnings sem fluttur er.

Þá er V. kafli frv. sem fjallar um ábyrgð móttakanda á svipaðan hátt og ég hef rakið í mjög lauslegu máli bæði fyrir flytjanda og sendanda.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls er frv. þetta mjög nýtt af nálinni, getum við sagt. Slík ákvæði um flutningssamninga hafa ekki verið hér í lögum. Fullkomin samstaða er um málið með flytjendum og sendendum, sem áttu fulltrúa í þessari nefnd, og reyndar fleirum, að brýna nauðsyn beri til að hafa slík ákvæði í íslenskum lögum. Því hef ég fallist á að flytja þetta frv. sem ég tel hið þarfasta.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til samgn. með 13 shlj. atkv.

Viðbótarlán til íbúðabyggjenda, frv. (þskj. 185). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um viðbótarlán til íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda. Frv. þetta er af sömu rót runnið og frv. sem við þm. Alþfl. í þessari hv. deild fluttum á síðasta þingi um bætt kjör íbúðabyggjenda og íbúðakaupenda og sparifjáreigenda.

Megintilgangur þessa frv. er að gefa íbúðabyggjendum og íbúðakaupendum kost á langtímaláni í stað þeirra skammtímalána sem tíðkast hafa á undanförnum árum. Með því er fólki gert kleift að fjármagna íbúðabyggingar og íbúðakaup með eðlilegri hætti en hingað til. Þetta frv. gerir ráð fyrir viðbótarláni að upphæð 200 þús. kr., sem komi að verulegu leyti í stað ýmiss konar skammtímalána sem nú eru veitt lánþegum og eru þeim afar óhagstæð vegna þungrar greiðslubyrði.

Sem dæmi um þá greiðslubyrði, sem nú viðgengst, getum við tekið kaup á íbúð fyrir 600 þús. kr. Það mun ekki vera sérlega stór íbúð, en ekki hinnar minnstu gerðar heldur, en einmitt af því tagi sem margt ungt fólk verður að reyna að komast yfir.

Útborgun á fyrsta ári, ef þetta væri á almennum markaði eldri íbúða, yrði að líkindum um 480 þús. kr. — og ég spyr: Á hvers konar lánum eiga menn kost til þess að mæta kaupum af þessu tagi? Jú, menn eiga kost á láni hjá Húsnæðisstofnun, G-láni, sem nemur 80 þús. kr., og við skulum hugsa okkur að þessi ungu hjón ættu líka kost á einu lífeyrissjóðsláni upp á 120 þús. kr. Þá þyrfti eigið framlag eða viðbótarfjárþörf, sem mæta þyrfti vegna útborgunarinnar, að vera 280 þús. kr. Þetta er mikið fé. Með hvaða hætti ætli fólk geti mætt þessari útborgunarþörf upp á 280 þús. kr.? Eins og málið er í pott búið eiga menn yfirleitt ekki annarra kosta völ en að taka verðtryggð lán. Mér er kunnugt um að verðtryggð lán er næsta ókleift að fá til lengri tíma en fjögurra ára. Ég hef leitað mér upplýsinga um það. Þannig standa mál eins og

sakir standa. Til þess að auðvelda þetta reikningsdæmi skulum við gera ráð fyrir að þessi ungu hjón eigi 80 þús. kr. þannig að um það sé að ræða að taka 200 þús. kr. að láni til að mæta þeirri viðbótarfjárþörf sem hér er um að ræða til þess að komast yfir þessa íbúð, —200 þús. kr., verðtryggð til fjögurra ára með 2.5% vöxtum. Árleg greiðslubyrði, miðað við verðlag eins og það er núna, mundi vera af þessu láni 51.250 kr. Heildargreiðslubyrðin af þeim lánum, sem þessi ungi hjón hefðu tekið á sig, mundi nema 63.700 kr., sem sagt 12.500 eða því sem næst af húsnæðisstjórnarláninu og lífeyrissjóðsláninu og 51.200 kr. af hinu verðtryggða láni.

Það er fróðlegt að bera þessa tölu, árlega greiðslubyrði upp á 63.700 kr., saman við atvinnutekjur verkamanna eins og þær eru nú miðað við verðlag frá des. til febr. Atvinnutekjur verkamanna á ári eru samkv. þessu verðlagi áætlaðar 157.600 kr. samkv. opinberum gögnum. Sú greiðslubyrði, sem hér er um að ræða, nemur þannig 40.4% af þessum atvinnutekjum verkamanna. Sé miðað við atvinnutekjur iðnaðarmanna er um að ræða 37.5%. 37—40% af árstekjum þarf til að standa undir þeirri greiðslubyrði sem hér um ræðir. Allir sjá vitaskuld að þetta er óhugsandi. Allir sjá að þetta er ekki hægt, og þó er í þessu dæmi gert ráð fyrir að þessi ungu hjón ættu 80 þús. kr. til að leggja inn í íbúðarkaupin þegar í upphafi.

Ef það frv., sem ég mæli hér fyrir, yrði að lögum yrði myndin verulega mikið öðruvísi. Þá yrði þessi árlega greiðslubyrði samtals 22.700 kr. Sem hlutfall af atvinnutekjum iðnaðarmanna og verkamanna yrði hún 13—14% af árstekjunum í stað þess að vera 37—40%. Þetta hlutfall, 13—14%, er eðlilegt og ætti að geta verið bærilega viðráðanlegt.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að meðan við bjuggum við það vaxtakerfi sem var hér á árum áður, þar sem menn þurftu ekki að greiða raunvirði þess fjár til baka sem menn höfðu tekið að láni, gat gengið að lækka hlutfall langtímalána í sambandi við íbúðakaup niður úr öllu valdi. Þá gátu menn staðið undir greiðslubyrðinni af slíkum lánum jafnvel þó þeir þyrftu að taka svo hátt hlutfall að láni sem hér er gert ráð fyrir til skamms tíma og eins og við búum nú við. En það kerfi hefði vitaskuld sprungið. Fjármagnsmarkaðurinn hefði ekki þolað það. Húsnæðiskerfið hefði sprungið. Hitt trúi ég að sé viðurkennt af öllum, að það sé algert siðleysi að ætla mönnum ekki að greiða til baka sömu verðmæti og þeir fá að láni.

Við Alþfl.-menn höfum barist fyrir því að verðtryggingar- og raunvaxtastefnan væri viðurkennd, að vísu oftast nær einir flokka, með því að segja það hreint út að sú stefna sé rétt. En í reynd hafa aðrir flokkar viðurkennt þessa stefnu með því að þeir hafa fylgt þessari stefnu í framkvæmd og þar á meðal núv. ríkisstj. En við sögðum það líka, Alþfl.-menn, að hluti af þessari stefnu, hluti af verðtryggingar- og raunvaxtastefnunni hlyti að vera að lengja lánstíma og jafna greiðslubyrði. Ef það yrði ekki gert mundi stefnan ekki ganga upp. Það er í þessu átriði sem núv. ríkisstj. hefur gersamlega brugðist. Það er eins og henni standi nákvæmlega á sama um fólkið í landinu, sérstaklega unga fólkið, og það er eins og þessi ríkisstj. ætli aldrei að geta gert sér ljóst að það er nauðsynlegt fyrir þetta fólk að geta komið sér fyrir með eðlilegum hætti og það eru villimannlegar aðfarir sem nú tíðkast í lánamálum til húsbyggjenda og íbúðakaupenda, í lánamálum ungs fólks. Það eru villimannlegar aðfarir sem eru eiginlega til marks um að siðvæðingin sé á heldur lágu stigi hér á landi. Við teljum brýna nauðsyn bera til þess, Alþfl.-menn, að á þessu verði breyting og hér verði tekin upp eðlileg lánakjör. Því er þetta frv. flutt.

Nú kunna menn að spyrja: En er þá til fé til að mæta viðbótarlánum af þessu tagi?

Ég vil fyrst benda á það, að auðvitað getur það unga fólk, sem leggur í íbúðakaup af því tagi sem ég hef hér lýst, ekki staðið undir greiðslunum af þeim lánum sem það tekur. Ráðið er að fara í banka 2 til að greiða af láninu sem tekið var í banka 1, fara í banka 3 til að greiða af láninu sem tekið var í banka 2 og þannig koll af kolli. Með þessum hætti verja menn stórum hluta af vinnutíma sínum til þess að sitja hjá bankastjórum og afla sér nýrra og nýrra lána til að standa undir þeim lánum sem þeir hafa áður tekið. Það er ekki einungis illa með tíma þessa unga fólks farið, heldur líka með heilsu þess. Það fyrirkomulag, sem hér viðgengst nú, þýðir í rauninni að heimilin eru brotin niður og menn búa við eilífa streitu og óvissu um hvernig þeir muni bjarga sér til næsta dags. Ég trúi því, að sú streita sé þeim a. m. k. jafnþungbær og sú streita sem virðist vera að heltaka þennan sal þessa stundina ef marka má allt það pískur og þau hlaup sem hér eiga sér stað eins og stendur. Ég held að það væri ráð fyrir hv. deild að koma nú til móts við þetta unga fólk, sýna af sér manndóm og koma lánskjörunum í það form að viðunandi geti talist. Trú mín er sú, að heildarútlánaþörfin í bankakerfinu sé alls ekki eins mikil og mönnum virðist við fyrstu sýn vegna þess, eins og ég rakti, að það er tekið lán á lán ofan úr bankakerfinu til að standa undir þessum greiðslum. Af hálfu lántakendanna er sífellt verið að endurnýja þessi skammtímalán til að geta staðið undir þeim.

Í annan stað vil ég benda á að 3/4 hlutar sparnaðarins í landinu koma frá almennum launþegum, en einungis 1/4 frá fyrirtækjunum, en útlánunum er þannig varið, að 3/4 hlutar fara til fyrirtækjanna í landinu, en einungis 1/4 til launþeganna. Ég tel að launþegarnir eigi þarna mjög verulegan rétt til aukinnar lánafyrirgreiðslu.

Menn kunna þá að spyrja: Er eðlilegt að skipa þessum málum með lögum? Svarið er já. Þegar svo er komið sem nú horfir er ekki annað til ráða og það er ekkert óeðlilegt við það. Ég skal t. d. benda mönnum á að í Noregi er bönkum skylt að lána mönnum til húsbygginga — og það sem meira er: launþegar búa við allt öðruvísi aðstöðu en ýmsir forsvarsmenn ríkisins til að fá lánafyrirgreiðslu í bankakerfinu.

Það má leiða að því rök, að atvinnurekendur og ríkisvald hafi betri aðstöðu til þess en almennt launafólk að þrýsta á um hagsmuni sína í bankakerfinu, m. a. fyrir áhrif kunningsskaparins og m. a. fyrir áhrif þess að launþegar eru bundnir í vinnu sinni. Það er einmitt af þessum sökum sem ástæða er til þess fyrir kjörna fulltrúa, sem skipa Alþingi, að tryggja sérstaklega hagsmuni almennings í samskiptum við bankakerfið og setja reglur um hverjar séu lágmarksskyldur bankakerfisins við almennt launafólk, skyldur bankanna að koma til móts við það þegar það er að koma sér fyrir.

Ég tel að það sé bæði rétt og nauðsynlegt af siðferðilegum ástæðum að koma til móts við launafólkið í þessum efnum. En ég vil líka benda á það, að ef ekki verður gripið til ráðstafana af þessu tagi má búast við að hér dynji yfir húsnæðisskortur á komandi árum. Ég skal styðja það fáeinum tölum úr opinberum gögnum um hver þróunin hefur verið í íbúðabyggingum á undan-

förnum árum.

Á árinu 1979 voru veitt lán á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins til 4854 íbúða, en á árinu 1981 er áætlað að fjöldi lána, og þá eru alls konar íbúðir taldar með: nýbyggingar, eldri íbúðir, íbúðir fyrir aldraða og öryrkja, viðbyggingar og heilsuspillandi húsnæði, orkusparandi breytingar og verkamannabústaðir og Framkvæmdanefndaríbúðir, — á árinu 1981 er þessi tala samkvæmt áætlun Húsnæðisstofnunar ríkisins frá því 14. des. komin niður í 3728 lán. Þetta er fækkun sem nemur 1100 íbúðum á tveimur árum og gerist á sama tíma og þjóðinni er þó enn að fjölga þótt landflótti sé mikill. Og ekki tekur betra við ef litið er á hvernig hugmyndin er að veita fé til húsnæðislánakerfisins á komandi ári samkv. gildandi lánsfjáráætlun.

Á liðnu ári — árinu 1981 — voru alls um 400 millj. kr. til ráðstöfunar í þennan málaflokk. Nú er hugmyndin að auka ráðstöfunarféð í 642 millj. kr. Aukningin hjá Byggingarsjóði ríkisins er einungis 73.7 millj. kr., úr 300 upp í 373.7 millj. kr., en hins vegar er aukningin í verkamannabústöðunum úr 100 millj. upp í 268 millj. kr. Nú er það góðra gjalda vert að auka fé til félagslegra íbúða. En hv. þm. sjá væntanlega að það er gert á kostnað Byggingarsjóðs ríkisins og lánsfjárhlutfallið í byggingum verkamannabústaða er mun hærra en það sem gerist á hinum almenna íbúðamarkaði. Þetta þýðir að sú fjárhæð, sem ætluð er til lánveitinga á næsta ári samkv. þessari formúlu, hrekkur ekki fyrir jafnmörgum lánum og á árinu 1981, og hafði þeim þó fækkað um 1100 á tveimur árum frá 1979, heldur mun fækkun íbúðalánanna nema um 550. Þá mundi á þremur árum hafa fækkað um 1650 íbúðir eða um þriðjung á þremur árum, og þó að landflótti sé mikill er þjóðinni samt enn þá að fjölga. Orsökin fyrir því, að hér eru ekki veitt fleiri lán, er auðvitað sú, að fólk treystir sér ekki til að eignast íbúðir, treystir sér ekki til þess að byggja með sama hætti og áður. Á þessu verður að verða bragarbót og í þeim tilgangi er þetta frv. flutt. Eins og ég gat um í upphafi er það að miklu leyti samhljóða frv. sem við þm. Alþfl. fluttum fyrir ári.

Ég vil að lokum segja það, að þeir menn, sem um efnahagsmál hugsa og verðbólgumál, en gleyma þessum þætti, gleyma mjög veigamiklum þætti í mótun efnahagsmálastefnunnar. Með því að koma ekki til móts við ungt fólk með þessum hætti er líka verið að auka þrýsting á verðbólgu hér á landi vegna þess að menn sjá það þá sem bjargræði út úr þessum ógöngum. Hvenær sem menn sjá verðbólguna sem bjargræði eykur það þrýstinginn á að hún haldi áfram. Þess vegna er hér líka um að ræða mikilvægt efnahagsmál — mál sem allir þm. ættu að láta sig varða, — auk þess sem hér er um gífurlegt réttlætismál að ræða.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 33. fundur.

Mánudaginn 25. jan., kl. 2. miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. jan. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki setið þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Jón Ingi Ingvarsson rafvirkjameistari, Skagaströnd, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ingólfur Guðnason."

1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi vestra, Bogi Sigurbjörnsson, staðfestir með bréfi frá Siglufirði, dags. 20. jan. s. l., að hann geti ekki sökum embættisanna tekið sæti á Alþingi, og óskar eftir því, að 2. varamaður, Jón Ingi Ingvarsson, taki það í hans stað. Jón Ingi Ingvarsson hefur átt sæti á þingi á þessu kjörtímabili og þarfnast kjörbréf hans því ekki rannsóknar. Býð ég hann velkominn til starfa.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 192). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli fyrir stjfrv. til l. um námslán og námsstyrki. Ef frv. þetta verður að lögum munu falla úr gildi núverandi lög um námslán og námsstyrki, nr. 57/1976.

Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir því, að á þessu kjörtímabili verði lög um námslán og námsstyrki endurskoðuð. Flutningur þessa frv. stendur að sjálfsögðu í beinu sambandi við þetta ákvæði stjórnarsáttmálans. Einhverjir munu vilja halda því fram, að aðdragandinn að flutningi þessa frv. sé orðinn langur. Ekki skal ég bera á móti því, að æskilegt hefði verið að þetta frv. hefði séð dagsins ljós fyrr hér í þinginu en raun hefur á orðið. Ég leyni því reyndar ekki, að ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. töldu að í þessu frv. væri að finna margvísleg ákvæði svo róttæk að ástæða væri til að gera á því breytingar áður en það yrði lagt fyrir Alþingi sem stjfrv. Ég var hins vegar ætíð ófús að breyta frv. frá því sem endurskoðunarnefndin lagði til. Að lokum féllst ríkisstj. á að flytja frv. sem ríkisstj.-frv. óbreytt í raun og veru og þannig er það nú flutt í þeirri von að Alþingi, sem að sjálfsögðu ákveður lagasetningu í þessu máli sem öðrum, taki því vel í heild og þeirri meginstefnu sem í því felst. Flutningur frv. er þó með fyrirvara um einstök atriði, einkum að því er varðar ákvæði í 3. gr. um lífeyrissjóðsaðild námsmanna, sem er algert nýmæli í sambandi við þetta mál.

Svo ég víki nánar að undirbúningi þessa frv. þykir mér rétt að geta þess, að hinn 24. apríl 1980 skipaði ég sérstaka nefnd til að endurskoða lög og reglur um námslán og námsstyrki. Í nefndina voru skipaðir Eiríkur Tómasson, tilnefndur af þingflokki Framsfl., sem skipaður var formaður, Friðrik Sophusson, tilnefndur af þingflokki Sjálfstfl., Guðrún Helgadóttir, tilnefnd af

þingflokki Alþb., Vilmundur Gylfason, tilnefndur af þingflokki Alþfl., Jón Ormur Halldórsson, tilnefndur af forsrh., Þorgeir Pálsson, tilnefndur af stúdentaráði Háskóla Íslands, og Pétur Reimarsson, tilnefndur af Sambandi ísl. námsmanna erlendis. Auk þess sátu í nefndinni án atkvæðisréttar, en tóku þátt í nefndarstörfum, Auðunn Svavar Sigurðsson, fulltrúi Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta, Þorsteinn Vilhjálmsson, fulltrúi stjórnar Lánasjóðs íslenskra námsmanna, og Tómas Óli Jónsson sérstakur fulltrúi menntmrh. Sigurjón Valdimarsson, framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna, starfaði einnig með nefndinni.

Nefnd þessi lauk störfum í október 1980 og hafði þá samið frv. til nýrra laga um námslán og námsstyrki er leysi af hólmi núgildandi lög, nr. 57/1976. Segir svo m. a. í grg. frá nefndinni að upphaflega hafi það verið ætlun hennar að leggja fram frv. til breytinga á lögum nr. 57/1976, en síðan hafi hún tekið þann kost að semja heildstætt lagafrv. Þótt þannig hafi verið að unnið og þótt mörgu sé breytt frá því sem er í gildandi lögum eru í þessu frv. enn ýmis atriði óbreytt eins og þau eru í lögum nú. Eins og menn hljóta að veita athygli var endurskoðunarnefndin fjölmenn og þannig skipuð að flest sjónarmið í sambandi við námslánakerfið hefðu átt að geta komið fram og fengið notið sín að svo miklu leyti sem slíkt er yfirleitt gerlegt. Nefndin stóð öll að gerð frv. eins og það var afgreitt til mín í október 1980, en þó með ummælum sem fram koma í grg. hennar og þannig hljóða, — og ég les það orðrétt eins og segir í grg. til mín:

„Þeir, sem störfuðu í nefndinni, hafa víða teygt skoðanir sínar til samkomulags. Allir nefndarmenn eru þó eindregið fylgjandi því, að frv. verði lagt fram af menntmrh. til þess að flýta fyrir því, að lánamál námsmanna komist á eðlilegri grundvöll en verið hefur. Þessi afstaða bindur hins vegar ekki þá aðila sem tilnefndu einstaka nm., og jafnframt er gerður fyrirvari af hálfu nm. um afstöðu til breytinga er kunna að verða gerðar á frv. í meðförum Alþingis."

Þessi orð eru tekin beint upp úr grg. Út af þessum orðum ætla ég ekki að fara að leggja hér, enda held ég að þau skýri sig sjálf.

Hins vegar vil ég nota tækifærið til þess að þakka nefndinni ágætt starf. Þó að frv. sé nokkru síðar á ferð en vænst hafði verið er það ekki nefndinni að kenna. Hún var sammála um að frv. skyldi flytja á Alþingi sem fyrst. Hins vegar hefur nefndin þann skynsamlega fyrirvara, að þetta mál er þegar til kastanna kemur verkefni Alþingis. Alþingi hlýtur að hafa síðasta orðið um hvernig skipa skal opinberri aðstoð við námsmenn. Það er hins vegar von mín, að Alþingi taki þessu frv. vel og geri það að lögum án mikilla breytinga. Ég flyt þetta frv. af þeirri sannfæringu að það sé til bóta á ríkjandi skipulagi.

Engum getur blandast hugur um það, að Lánasjóður ísl. námsmanna er nauðsynjastofnun í íslensku þjóðfélagi. Þetta sérstaka lánakerfi hefur verið að þróast úr litlu í mjög umfangsmikla starfsemi á síðustu áratugum. Ég tel fráleitt að hugsa sér að umfang þessarar starfsemi geti minnkað frá því sem nú er. Hins vegar verður að tryggja að námslánakerfið sé skynsamlega skipulagt og sé ekki fjárhagsbyrði á ríkissjóði umfram það sem eðlilegt getur talist. Vel mætti orða það svo, að æskilegt væri að námslánakerfið gæti staðið undir sér sjálft eins og hver annar sjálfstæður rekstur. Ég tek það fram, að þetta frv. er spor í þá átt, að námslánakerfið þróist þannig með árunum að bein fjárhagsbyrði ríkissjóðs fari minnkandi þótt varla geti hún horfið með öllu, hversu æskilegt sem það kann annars að vera. — Annars getur verið fróðlegt að átta sig á því, hver fjárhagsbyrði ríkissjóðs hefur verið síðustu 10 ár t. d. vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna. Sá samanburður mun leiða í ljós að framlög ríkissjóðs til Lánasjóðsins sem hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga á hverju ári hefur lengst af legið á bilinu 1.2% til 1.5% á þessu 10 ára tímabili. Þetta sýnir augljóslega að námslánakerfið hefur unnið sér fastan sess í opinberum rekstri og á þar ekki síður heima en mörg önnur félagsleg réttindamál. Og á það legg ég áherslu, að námslánakerfið er félagslegt réttindamál sem er óhjákvæmilegt í lýðræðisþjóðfélagi. Það er hluti af þeirri stefnu að jafna lífskjörin í landinu og ekki sá ómerkasti. Námslánakerfið eyðir forréttindaaðstöðu í langskólanámi sem fullyrða má að hefði orðið lífseig ef þessi starfsemi hefði ekki verið tekin upp.

Áður en lengra er haldið ætla ég að leyfa mér að rifja upp í stórum dráttum forsögu og þróun þessara mála undanfarna áratugi.

Allt frá stofnun Háskóla Íslands var veitt í hverjum fjárlögum fé til námsstyrkja og húsaleigustyrkja handa efnilegum, reglusömum og efnalitlum nemendum við Háskólann, eins og þar stendur. Hliðstæðar styrkveitingar höfðu raunar tíðkast við embættismannaskólana sem áður störfuðu. Í fjárlögum fyrir árin 1920 og 1921, sem sett voru í nóvember 1919 því þá voru fjárlög sett fyrir tvö ár í einu, virðist í fyrsta skipti ákveðin almenn fjárveiting til íslenskra stúdenta í erlendum skólum, 8 þús. kr. hvort ár. Segir þar að styrkþegar megi sækja hvern viðurkenndan háskóla á Norðurlöndum og í helstu menningarlöndum öðrum, en senda verða þeir stjórninni hér skilríki fyrir því, að þeir stundi nokkurt það háskólanám sem þeir fái eigi kennslu í við Háskóla Íslands. Þá er og eftirfarandi ákvæði um notkun fjárveitingarinnar: Af þessu fé fær Anna Bjarnadóttir Sæmundssonar jafnan styrk sem aðrir stúdentar. Er þetta fróðlegt ákvæði og e. t. v. nokkurt tákn þeirra tíma, að vissara skyldi þykja að taka þetta skýrt fram.

Fjárveitingar til námsstyrkja handa háskólastúdentum heima og erlendis héldust síðan í fjárlögum næstu áratugina. Við stofnun menntamálaráðs með lögum 1928 var því fengið það hlutverk m. a. að úthluta námsstyrk er árlega greiðist úr ríkissjóði til stúdenta og annarra nemenda erlendis, en sérstök lög um styrkveitingu til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla höfðu verið sett nokkrum árum fyrr, lög nr. 35/1925.

Í fjárlögum fyrir árið 1952 var í fyrsta skipti kveðið á um að hluti fjárveitingarinnar til styrktar íslenskum námsmönnum erlendis, 275 þús. kr. af samtals 1 millj. 275 þús. kr., skyldi veittur námsmönnum sem lán með hagkvæmum kjörum samkvæmt reglum sem menntmrn. setti. Sama ár, 1952, voru sett lög um Lánasjóð stúdenta, er hafði það hlutverk að veita stúdentum við Háskóla Íslands námslán. Þá gat ráðh. eftir tilmælum sjóðsstjórnarinnar ákveðið að lánsheimildin næði einnig til annarra stúdenta. Námslánin skyldu vera vaxtalaus á námstímanum, en endurgreiðast með jöfnum afborgunum og 3.5% vöxtum á 10 árum. Skyldu vaxtagreiðslur og afborganir hefjast þremur árum eftir námslok. Samkvæmt lögunum skyldi ríkissjóður leggja sjóðnum til 300 þús. kr. á ári í 25 ár frá stofnun hans og

jafnframt ábyrgjast á sama tímabili 2.6 millj. kr. sem lán til 10 ára. Þetta er að finna í lögum nr. 51/1952. Stjfrv. til l. um lánasjóð fyrir íslenska námsmenn erlendis var flutt um svipað leyti árið 1952, en hlaut ekki afgreiðslu að því sinni. Voru lán og styrkir til náms erlendis áfram fjármögnuð með sérstakri fjárveitingu í fjárlögum sem menntamálaráð annaðist úthlutun á.

Árið 1960 voru síðan sett lög um Lánasjóð ísl. námsmanna erlendis, er vera skyldi undir stjórn menntamálaráðs. Lánskjör voru hliðstæð því sem áður var lýst um Lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands. Ríkissjóður skyldi árlega leggja til sjóðsins a. m. k. 3 millj. 250 þús. kr., auk þess sem í hann skyldu renna afborganir og vextir af námslánum menntamálaráðs á árunum 1952 til 1959.

Einu ári síðar, 1961, voru sett lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna, lög nr. 52/1961, en lögin um Lánasjóð stúdenta við Háskóla Íslands og um Lánasjóð íslenskra námsmanna erlendis felld úr gildi. Hinn nýi lánasjóður skyldi skiptast í tvær deildir, lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og lánadeild námsmanna erlendis. Sameiginleg sjóðsstjórn hafði m. a. það hlutverk að skipta því fé, sem til úthlutunar var hvert ár, milli deildanna. Menntamálaráði var falið að veita það fé sem kæmi í hlut lánadeildar ísl. námsmanna erlendis, en úthlutun úr lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands skyldi annast fimm manna nefnd skipuð af menntmrh., en með fulltrúum frá háskólaráði og stúdentaráði. Lánskjör voru svipuð og verið höfðu í þeim lánasjóðum sem áður störfuðu, nema hvað endurgreiðslutími var lengdur í allt að 15 ár. Árlegt framlag ríkissjóðs til sjóðsins var ákveðið eigi lægra en 4 millj. 650 þús. kr., en auk þess skyldu allar eignir fyrri lánasjóðanna renna til hins nýja sjóðs. Loks var sjóðsstjórninni heimilað að taka innanlands allt að 45 millj. kr. lán handa sjóðnum á árunum 1961 — 1980.

Árið 1964 var efnt til endurskoðunar á lögunum um Lánasjóð ísl. námsmanna og í framhaldi af því voru sett ný lög um námslán og námsstyrki árið 1967. Helstu nýmæli þeirrar löggjafar voru: 1. Deildaskipting sjóðsins var afnumin og sjóðsstjórn falin úthlutunin. 2. Námslánakjörum var breytt á þá lund, að vextir voru hækkaðir úr 3.5% í 5%, gert var ráð fyrir jöfnum ársgreiðslum, en tíminn frá námslokum til upphafs endurgreiðslna lengdur úr þremur árum í fimm ár. 3. Heimilað var að hafa við ákvörðun námslána hliðsjón af efnahag umsækjanda og námsaðstöðu að öðru leyti. 4. Felld var niður lögbinding á árlegu lágmarksframlagi ríkissjóðs, en kveðið svo á, að stefnt skyldi að því að opinber aðstoð við námsmenn samkv. lögunum nægði hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. 5. Mælt var fyrir um að árlega skyldi veitt fé í fjárlögum til styrkja handa þeim er legðu stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi.

Með breytingu á þessum lögum árið 1968 og síðar 1972 var starfssvið Lánasjóðs ísl. námsmanna aukið með þeim hætti að nemendur nokkurra innlendra námsstofnana annarra en Háskóla Íslands var bætt í hóp þeirra sem veita mátti námslán. Jafnframt var í síðara skiptið kveðið á um að lögin um námslán og námsstyrki skyldu endurskoðuð í heild. Fyrsti árangur þeirrar endurskoðunar var lagafrv. sem lagt var fyrir Alþingi 1973, en hlaut ekki framgang.

Nýju endurskoðunarstarfi lyktaði með setningu laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, þeirrar löggjafar sem nú er í gildi. Með þeim lögum var svo sem kunnugt er tekið upp gerbreytt endurgreiðslukerfi sem m. a. miðar að verðtryggingu námslána. Opnuð var leið til að fjölga stuðningsbærum námshópum með reglugerð. Heimild til að veita styrki til aðstöðujöfnunar vegna náms fjarri heimili var rýmkuð, en ekki lengur gert ráð fyrir sérstökum kandidatastyrkjum eins og áður hafði verið.

Herra forseti. Þetta stutta yfirlit sýnir í hnotskurn aðdraganda og þróun námslánakerfisins a. m. k. í 75 ár. Reyndar liggja ræturnar miklu dýpra. Skólasagan í heild, svo langt sem rakið verður, vitnar um nauðsyn þess, að til sé styrktarkerfi í þágu námsmanna. Sú staðreynd er ekki ný af nálinni. Það kemur hins vegar í ljós, að hugmyndir um lánasjóð námsmanna eru miklu yngri en viðleitni ráðamanna til þess að sjá námsmönnum fyrir beinu styrktarfé. Hugmyndin um lánasjóð í stað styrktarkerfis kemur fyrst fram á Alþingi, svo að mér sé kunnugt um, á þinginu 1950—51. Þá fluttu tveir þm., Gylfi Þ. Gíslason, 3. landsk. þm., og Helgi Jónasson, þm. Rangæinga, þáltill. um námslánasjóð. Á næsta þingi, 1951—52, eins og reyndar er áður frá sagt, tók þáv. ríkisstj. málið upp og samþykkt voru lög um Lánasjóð stúdenta 11. jan. 1952. Eru því um þessar mundir nákvæmlega 30 ár síðan fyrstu lög um lánasjóð námsmanna voru samþykkt. Þessa getur verið gott að minnst nú þegar fyrir liggur nýtt frv. til l. um þetta efni.

Lánasjóðsfyrirkomulagið hefur átt góðu fylgi að fagna á Alþingi síðustu 30 ár. Ég vona að svo sé enn og veit reyndar að alþm. hafa góðan skilning á þessu máli, þ. e. skilning á að hér er um réttlætismál að ræða sem veita verður brautargengi og aðlaga viðhorfum og þörf á hverjum tíma.

Ég mun nú víkja nánar að frv. því sem hér liggur fyrir.

Í umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna á undanförnum árum hefur tvö atriði löngum borið einna hæst: annars vegar það áhugamál námsmanna, að hlutfall fjárhagsaðstoðar sjóðsins af fjárþörf hvers einstaks lánþega yrði hækkað, en hins vegar það vandamál, sem fremur hefur snúið að fjárveitingavaldinu, hvernig efla mætti þátt eigin tekna sjóðsins í ráðstöfunarfé hans án þess að greiðslubyrðar lánþega yrðu óeðlilegar. Aðalbreytingarnar, sem í þessu frv. felast, beinast að þessum atriðum. Þannig gerir frv. ráð fyrir 1) að aðstoð lánasjóðs íslenskra námsmanna skuli miðast við að fullnægja eðlilegri reiknaðri fjárþörf hvers lánþega og 2) að reglunum um endurgreiðslu námslána verði breytt í því skyni að örva heildarendurgreiðslurnar til lánasjóðsins. Að þessu hvoru tveggja laut raunar einnig stjfrv. sem lagt var fram á Alþingi vorið 1979, en ekki varð útrætt. Frv. það, sem hér liggur fyrir, gerir þó ráð fyrir að nokkru frábrugðnum leiðum að sama marki og skal hér vikið nokkru nánar að þessum meginatriðum.

Í lögum um námslán og námsstyrki, sem sett voru 1967, var í fyrsta skipti kveðið á um að stefnt skyldi að því, að opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögunum nægði hverjum námsmanni til að standa straum af árlegum námskostnaði þegar eðlilegt tillit hefði verið tekið til aðstöðu hans til fjáröflunar. Svipað stefnumark er í lögum þeim er nú gilda frá 1976. Af hálfu námsmanna hefur gætt talsverðrar óþolinmæði vegna þess, hve lengi hefur dregist að ná þessu marki. Mikið hefur þó

skilað áleiðis á þeim tíma sem liðinn er frá setningu löggjafarinnar árið 1967. Um það leyti námu námslánin að meðaltali um það bil 43% af ætlaðri fjárþörf, en nú er svo komið að miðað er almennt við hlutfallið 90%. Hækkun í það mark úr 85% var heimiluð frá hausti 1980. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að lánshlutfallið verði í raun lögákveðið 100%. Því, sem áður var pólitísk stefnumark, er nú breytt í afdráttarlaus fyrirmæli. Þetta er orðað þannig í 3. gr. frv.:

„Opinber aðstoð við námsmenn samkvæmt lögum þessum skal nægja hverjum námsmanni til að standa straum af eðlilegum náms- og framfærslukostnaði þegar eðlilegt tillit hefur verið tekið til fjölskyldustærðar, framfærslukostnaðar þar sem nám er stundað, tekna *námsmanns og maka hans, lengdar árlegs námstíma* og annarra atriða er áhrif kunna að hafa á fjárhagsstöðu námsmanns."

Þess er þó að geta, að í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um að framkvæmdin gerist í áföngum þannig að hlutfallstala lána af reiknaðri fjárþörf námsmanna hækki úr 90—95% 1. jan. 1983, úr 95% í 100% 1. jan. 1984. Í tillögum endurskoðunarnefndarinnar var gert ráð fyrir að tímamörk þessara áfangahækkana yrðu annars vegar haustið 1981, en hins vegar haustið 1982. Til þess að svipað svigrúm fengist til undirbúnings að því er varðar ákvörðun fjárframlaga og orðið hefði ef frv. hefði verið lagt fram haustið 1980, er nefndin skilaði tillögum sínum, þótti eðlilegt að hnika tímamörkunum við eins og hér er gert.

Það er ljóst að hækkun lánahlutfallsins ein sér eykur fjárþörf Lánasjóðs íslenskra námsmanna, en í gagnstæða átt stefnir hins vegar hin meginbreytingin, sem í frv. felst frá núverandi framkvæmd, þ. e. breytt skipun á endurgreiðslu námslána. Skal ég nú víkja að því atriði.

Svo sem kunnugt er voru greiðslukjör námslána lengi mjög hagstæð, bæði að formi og þó enn frekar í raun, eins og verða hlaut um langtímalán með hóflegum föstum vöxtum í stöðugri verðbólgu. Í lögunum, sem sett voru 1976 og nú gilda, varð veigamikil stefnubreyting í þessu efni þar sem kveðið var á um verðtryggingu námslána í samræmi við breytingar á framfærsluvísitölu. Árleg endurgreiðsla myndast annars vegar af *tiltekinni* lágmarksafborgun, hins vegar svokallaðri aukaafborgun sem ræðst af tekjum greiðanda eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Samanlögð ársgreiðsla á samkv. lögunum ekki að nema meira en 10% vergra tekna til skatts. Endurgreiðslutími er að hámarki 20 ár nú samkv. gildandi lögum. Gildandi lög gera ráð fyrir að ráðh. ákveði með reglugerð hvaða hlutfall af vergum tekjum til skatts umfram svonefndar viðmiðunartekjur lánþegi skuli greiða sem aukaafborgun, enda sé gætt þess hámarks sem að framan er getið. Af þessum sökum og vegna takmörkunar endurgreiðslutímans er ljóst að ákvæði reglugerðar, en ekki sjálf lagaákvæðin, ræður úrslitum um hve mikið af raunvirði námslánanna skilar sér endanlega til sjóðsins.

Í reglugerð þeirri, sem sett var samkv. lögunum haustið 1976, er harla flókin formúla um hvernig reikna skuli aukaafborgun sem hundraðshluta af vergum tekjum umfram viðmiðunartekjur. Talið hefur verið að reglurnar, eins og þær eru úr garði gerðar, verki þannig að endurgreiðslur skili um 66% af raungildi lána. Að vísu er þá miðað við lánahlutfallið 85% af reiknaðri fjárþörf sem nú er reyndar 90%. Samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir, er hins vegar gert ráð fyrir að reglur þær, sem ákvarða fjárhæð árlegrar endurgreiðslu, verði færðar inn í lögin sjálf og þeim breytt verulega, sem sagt að þessar reglur verði í lögunum sjálfum, en ekki verði á valdi ráðh. að ákveða það.

Verðtryggingarviðmiðun verður lánskjaravísitala í stað vísitölu framfærslukostnaðar. Það er tillaga endurskoðunarnefndarinnar. Áfram er gert ráð fyrir að árleg endurgreiðsla ákvarðist í tvennu lagi: annars vegar sé lágmarksgreiðsla sem breytist árlega í hlutfalli við lánskjaravísitölu, en hins vegar viðbótargreiðsla sem miðast við tiltekinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Þessi hundraðshluti er ákveðinn 3.75%, margfaldaður samkv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu milli tekjuárs og greiðsluárs til að vega á móti áhrifum verðbólgu á hlutfall endurgreiðslu af afltekjum á greiðsluári. Sem dæmi má nefna að með umreikningi samkv. hlutfallsbreytingu lánskjaravísitölu frá 1980—1981 hefði umræddur hundraðshluti af útsvarsstofni ársins á undan orði 5.64%. Þess ber að gæta, að frá þessum hundraðshluta dregst hin fasta ársgreiðsla.

Gert er ráð fyrir að heimilt sé að veita undanþágu frá endurgreiðslureglunum ef til þess liggja sérstakar ástæður sem frv. tilgreinir nánar. Þá er hámarkstími endurgreiðslna lengdur úr 20 árum í 30 ár samkv. þessu frv. Hlutfall endurgreiðslu af tekjum lánþega verður samkv. frv. mun hærra en eftir þeim reglum sem nú gilda. Fasta greiðslan er þó öllu lægri en hún getur mest orðið samkv. gildandi lögum.

Samkv. útreikningum þeim, sem endurskoðunarnefndin lét gera, má ætla að breytingarnar frá gildandi endurgreiðslureglum hafi í för með sér að endurgreiðsluhlutfall *af raungildi námslána vaxi* úr 66% í 88%, ef frv. nær fram að ganga. Þá bendir nefndin á að ekki sé síður mikilsvert að endurgreiðslurnar muni aukast allhratt þannig, eins og segir orðrétt í grg. nefndarinnar, „að innan 10 ára nemi endurgreiðslur lána um helmingi af fjárþörf lánasjóðsins eins og hún yrði að óbreyttum lánareglum og óbreyttum fjölda lánþega". Þetta væri mikil breyting frá því sem nú er. Þannig má nefna að endurgreiðslur af námslánum námu aðeins um 4-5% af ráðstöfunarfé sjóðsins á s. l. ári, en að vísu ber að hafa í huga að tiltölulega lítið er farið að skila sér af endurgreiðslum samkv. löggjöfinni frá 1976.

Þess var áður getið, að verðtryggingarákvæðin í lögunum 1976 fólu í sér verulega stefnubreytingu varðandi lánaskilmála Lánasjóðs ísl. námsmanna, og með frv. því, sem hér liggur fyrir, stefnir áfram í þá átt að herða endurgreiðslukjörin. Í þessu sambandi verður hins vegar að gefa gaum að því, að samfara herðingu lánskjara hefur orðið stórfelld hlutfallsleg aukning á umfangi þeirrar *fjárhagsaðstoðar sem námsmenn eiga kost á hjá* Lánasjóði. Þetta helst enn í hendur samkv. þessu frv. og skal nú stuttlega drepið á helstu breytingar aðrar sem í frv. felast.

Í 2. mgr. 2. gr. er breytt orðalagi um svonefnda 20 ára reglu sem gerir kleift að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem verksvið Lánasjóðs tekur aðallega til, enda hafi þeir ná 20 ára aldri og stundi sérnám. Breytingin frá gildandi lögum lýtur að því að liðka framkvæmd þessarar heimildar.

Í 6., 7. og 9. gr. felast breytingar á ábyrgðarákvæðum vegna námslána. Ábyrgðarmönnum er fækkað úr

tveimur í einn við veitingu láns, og eftir að endurgreiðslur eru hafnar verður lánþegi einn ábyrgur fyrir greiðslu námsskuldarinnar. Jafnframt eru endurgreiðslur námslána gerðar lögtakskræfar og gert ráð fyrir að í því skyni verði sérstakt frv. lagt fram um breytingu á lögum nr. 29/1885, um lögtak og fleira.

Í 2. mgr. 3. gr. er gert ráð fyrir að námsmönnum, sem fjárhagsaðstoðar njóta samkv. frv. ef að lögum verður, verði gefinn kostur á aðild að lífeyrissjóði samkv. sérstakri reglugerð. Iðgjaldshluti námsmanna mundi dragast frá láni og mótframlag Lánasjóðs verði hluti af námsskuldinni. Ýmsum stoðum má renna undir þá skoðun að æskilegt væri að námsmenn ættu kost á að safna sér réttindum í lífeyrissjóðum fyrir þann tíma sem þeir eru í löngu og erfiðu námi. Hugmyndin kann þó að þykja nokku nýstárleg meðan sú hefðbundna skipan ríkir, að lífeyrisréttindi verði fyrst og fremst grundvölluð á launatekjum. Þetta atriði frv. er einnig það sem fyrirvari ríkisstj. við framlagningu frv. beinist að öðru fremur, svo sem áður var á minnst.

Frv. felur ekki í sér neinar breytingar á verksviði Lánasjóðs ísl. námsmanna að því er varðar þá hópa námsmanna sem undir lögin falla. Í 1. gr. kemur sem áður fram, að meginhlutverk sjóðsins sé að veita fjárhagsaðstoð til náms á háskólastigi eða sambærilegs náms. Í upphafi 2. gr. segir, eins og nú er gert ráð fyrir, að í reglugerð skuli mælt fyrir um að nemendur tiltekinna skóla skuli njóta námsaðstoðar samkv. lögunum, en orðalag um þetta er þó afdráttarlausara en áður og gert ljósara að slíkur stuðningur sé eðlilegur þáttur í hlutverki sjóðsins.

Til fróðleiks skal hér talið upp hvaða sérskólar það eru sem þessi ákvæði laganna ná til eins og reglugerðin er núna: Þar er um að ræða Fiskvinnsluskólann, þ. e. 3. og 4. ár, Fósturskóla Íslands, Hjúkrunarskóla Íslands Hússtjórnarkennaraskóla Íslands, 2. og 3. ár, iðnskóla eða framhaldsdeildir iðnskóla, 2. og 3. ár, Íþróttakennaraskóla Íslands, Leiklistarskóla Íslands, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, sérdeildir, 2., 3. og 4. ár, Nýja hjúkrunarskólann, stýrimannaskóla, tónlistarskóla, þ. e. kennaradeildir Tónlistarskólans í Reykjavík svo og tónlistarnema á 7. og 8. námsstigi samkv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík, þá Tækniskóla Íslands, raungreinadeild og tæknínám annað en meinatækni, vélskóla og Þroskaþjálfaskóla Íslands. Nám á tæknifræðistigi og meinatæknínám við Tækniskóla Íslands svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft samkv. hinni almennu reglu.

Þá skal þess og getið til fróðleiks, að á síðasta ári, 1980-1981, má ætla að um 6.500 námsmenn hafi verið í lánshæfu námi hér á landi. Um 2.250 námsmenn á Íslandi fengu þá lán úr lánasjóði eða tæplega 35% af öllum hópnum og er það þó mikill meiri hluti þeirra sem sóttu um. Um 1370 fengu lán til náms erlendis. Samanlagt voru lánþegar því um 3.620 á skólaárinu 1980-1981.

Eðlilegt er að hv. alþm. láti sig miklu skipta hver ætla megi að verði áhrif þessa frv. á fjárþörf lánasjóðs ef það nær fram að ganga. Vekja ber athygli á að kostnaðartölur í grg. frv. eru margar miðaðar við verðlag sem þegar er orðið úrelt. Það er frá þeim tíma þegar frv. var samið fyrir 1.1/2 ári. Er því ljóst að athuga þarf við umfjöllun frv. á Alþingi ýmsa þætti grg. sem að þeim lúta. Sumar áætlanir hefur menntmrn. þegar látið endurskoða eða er að láta endurskoða og þau gögn verða að sjálfsögðu látin viðkomandi þingnefndum í té.

Að lokum skal hér um kostnaðaráhrifin vitnað til þess, sem segir í grg. endurskoðunarnefndarinnar og er mjög mikilvægt atriði sem ég ætla að leyfa mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta, en þar segir:

„Augljóst er að sumar breytinganna, sem fólgnar eru í frv., svo sem 100% brúun á reiknaðri fjárþörf og aðild námsmanna að lífeyrissjóði, munu auka fjárþörf lánasjóðsins. Sú aukning dreifist hins vegar á næstu 6—8 ár, þar sem skuldbindingar lánasjóðsins vegna lífeyrissjóðsaðildarinnar fer fyrst að gæta svo að einhverju nemi 3—5 árum eftir að þetta nýmæli kemur til framkvæmda. Á sama tíma ættu endurgreiðslur námslána að aukast svo að þær gerðu gott betur en vega upp á móti aukinni fjárþörf lánasjóðsins, þannig að framlög til sjóðsins ættu að lækka að raunvirði."

Herra forseti. Ég skal nú fljótlega ljúka máli mínu. Til upprifjunar skal ég nefna í fáum orðum þau atriði sem verst er að leggja á minnið í sambandi við þetta frv.:

1. Lánasjóður ísl. námsmanna er eðlileg og sjálfsögð stofnun í nútímaþjóðfélagi. Þessi starfsemi er félagslegt réttlætismál í eðli sínu, leið til þess að eyða forréttindum og stéttamun.

2. Lánasjóðurinn hefur verið að eflast og þróast síðustu 30 ár.

3. Fjárhagsbyrði ríkissjóðs er allveruleg vegna sjóðsins, en virðist þó hafa náð vissu jafnvægi síðustu 10 ár og þarf ekki að koma neinum á óvart.

4. Tryggja verður að starfsemi sjóðsins sé heilbrigð og nái tilgangi sínum. Því hljóti lög og reglur um sjóðinn að vera háð gagnrýni og eðlilegri endurskoðun á hverjum tíma.

5. Telja verður að nú sé eðlilegur tími til þess að endurskoða lög um sjóðinn, og því er þetta frv. flutt.

6. Benda verður á að þetta frv. er samið af fjölskipaðri nefnd sem í áttu sæti fulltrúar hinna ólíklegustu stjórnmálaflokka og hagsmunahópa. Þótt fyrirvarar séu um einstök atriði í frv. hefur þessi nefnd hvatt til þess að frv. verði flutt og tekið til meðferðar í þinginu.

7. Ýmis nýmæli og breytingar eru í frv. frá því sem nú er í lögum. Nefna verður sérstaklega að aðstoð lánasjóðs skuli miðast við að fullnægja 100% áætlaðri fjárþörf hvers námsmanns, en nú er miðað við 90%, og að reglum um endurgreiðslu námslána verði breytt í því skyni að tryggja sem best endurgreiðslur til lánasjóðs þannig að hann geti í vaxandi mæli staðið undir sér, ef svo má til orða taka.

8. Hvað skyldur og fjárhagsbyrði ríkissjóðs varðar er það að segja, að ef þetta frv. verður að lögum mun fjárþörf lánasjóðs í sjálfu sér vaxa í fyrstu, en vöxturinn dreifist á allmörg ár. Á móti kemur að endurgreiðslur til sjóðsins aukast og þessi endurgreiðsluaukning gerir það að verkum, að sjóðurinn ræður yfir meira eigin fé þannig að bein framlög úr ríkissjóði hljóta að lækka þegar fram í sækir. Þetta frv. miðar að því að lækka beina fjárhagsbyrði ríkissjóðs.

Það er einlæg von mín að málið fái góðar undirtektir í hv. Alþingi. Ég vænti þess, að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi. Þingsagan í 30 ár sýnir að lánasjóðsmál námsmanna hafa átt stuðningi og skilningi að fagna í öllum þingflokkum, og efa ég ekki að svo er enn. Í undirbúningi þessa máls hef ég leitast við að fá um það sem víðtækasta umfjöllun ólíkra aðila. Þetta frv. er ekki

eins manns verk, heldur árangur af víðtæku nefndarstarfi.

Að svo mæltu, herra forseti, leyfi ég mér að leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn. þegar þessari umr. er lokið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að undanfarin mörg ár hefur verið mikil óvissa um fjárþörf og fjárútvegun fyrir Lánasjóð ísl. námsmanna nánast á hverju hausti, og kemur þar til að ekki hefur verið fastmótuð stefna um það, hver skyldu í raun og veru vera markmið þessa sjóðs. Fyrir vikið hefur nánast á hverju sumri og hverju hausti upphafist annars vegar þrýstingur af hendi þeirra, sem hagsmuna hafa átt að gæta og óttast hafa — og það með réttu — að á hagsmuni sína kynni að verða gengið, og hins vegar hefur staðið ríkisvald sem eðli málsins samkv. hefur þurft að gæta þess fjár sem því hefur verið trúað fyrir. Þessi óvissa hefur auðvitað sett margan manninn í mikinn vanda. Og hvað sem að öðru leyti verður um þetta frv. sagt og með hverjum hætti sem menn vilja um það deila efnislega, þá er hér þó gerð alvarleg tilraun til að marka stefnu í þessum efnum fyrir næstu árin a. m. k. Og sú pólitík, sem í þessu frv. felst, er áreiðanlega af hinu góða.

Eins og hæstv. menntmrh. hefur rakið í sinni framsöguræðu var á árinu 1980 skipuð fjölmenn nefnd sem um þessi mál fjallaði. Menn voru skipaðir víða að í þá nefnd, og eins og raunar skýrt kemur fram í grg. með frv. teygðu menn sig til samkomulags, því að þrátt fyrir að ýmsu leyti skiptar skoðanir þeirra, sem í nefndinni voru, var þar algjört samkomulag um að heildstæð stefna í þessum efnum mundi bæði verða Lánasjóðnum sem stofnun til góðs, en auðvitað miklu fremur því einstaka námsfólki sem hefur notið og kemur til með að njóta þjónustu hans á allra næstu árum.

Nú er kannske rétt að staldra örlítið við. Til skamms tíma var svo, að fólk gat fengið framfærslulán sem nam 85% úr Lánasjóðnum. Það var síðan hækkað fyrir nokkru í 90%. Hér erum við auðvitað engu að síður að tala um lágar tölur. Á núgildandi verðlagi mun það vera svo, að þegar þessi 10% hafa verið dregin frá stendur eftir lán sem nemur 4 300 kr. á mánuði. Hér erum við að tala um tölur sem eru allverulega miklu lægri en hin lægstu skráðu laun í landinu. Auk þess má bæta því við það ágæta sögulega yfirlit sem hæstv. menntmrh. gaf hér áðan, að allan þennan tíma sem hann nefnir hafa þjóðfélagsaðstæður auðvitað verið að breytast að mjög verulegu leyti og þá fyrst og fremst þannig, að á þessum tíma hefur það gerst, að fólk verður æ yngra þegar það stofnar heimili, og svo hitt, að æ algengara er að báðir makar séu í námi og það gerir auðvitað þetta efnahagslega dæmi erfiðara fyrir það fólk sem hlut á að máli. Þessa samfélagslegu þróun ber auðvitað að hafa í huga þegar verið er að gera sér grein fyrir því, hvernig þörfin fyrir þá námsaðstoð, sem hér er verið að ræða, hefur sífellt verið að aukast og hvernig segja má raunar að tilgangur Lánasjóðsins hafi verið að breytast allan þennan tíma.

Eins og hæstv. ráðh. gat um hafa orðið tafir á framlagningu frv. og það er lagt fram óbreytt nema að því leyti að gert er ráð fyrir að gildistaka þess verði tveimur árum seinna en nefndin lagði til á sínum tíma. Gerði hæstv. ráðh. grein fyrir ástæðum þess.

Ég vil taka undir sérhvert atriði sem hæstv. ráðh. sagði almennum orðum um félagslegan tilgang og þjóðfélagslega nauðsyn þeirrar stofnunar, sem hér er verið að ræða um, og þann tilgang námslána almennt og yfirleitt talað að eyða þjóðfélagslegu misrétti og koma málum svo fyrir af þjóðfélagsins hálfu að sérhver einstaklingur, óháð búsetu og efnahagslegum skilyrðum hvers konar, eigi jafnan rétt á við sérhvern annan til þess að komast til náms. Í því skyni hefur verið komið upp félagslegu kerfi og það kerfi hefur raunar verið að aukast með hverju árinu. Hins vegar væri vitaskuld æskilegast að félagslegt kerfi af þessu tagi væri svo úr garði gert að eftir einhvern ákveðinn tíma væri hægt að koma málunum svo fyrir að ekki þyrfti greiðslur úr ríkissjóði nema til þess að kosta eðlilega fjölgun og til þess að kosta þau afföll sem auðvitað hljóta ævinlega að eiga sér stað. Má þar nefna dauðsföll og ýmsar aðrar ástæður sem ekki stendur í mannlegu valdi að ráða við. Hér er átt við það, að hið æskilega markmið er auðvitað að lánin séu verðtryggð til fulls og að kerfið vinni í raun þannig að fyrrv. námsmenn, fyrrv. notendur og njótendur þessa kerfis, greiði inn í það lánin til hinna sem nota það eða njóta vilja í nútímanum. Hæstv. ráðh. drap einmitt á þetta atriði og nefndi það sem æskilegt markmið. Undir það vil ég taka.

Það er raunar frá því greint í grg. með frv., að innan nefndarinnar hafi verið nokkur ágreiningur einmitt um þetta efni, þ. e. með hverjum reikningslegum hætti skyldi svo frá gengið að þetta markmið næðist. Þetta getur verið bæði erfitt og flókið og þetta markmið getur rekist á við önnur markmið. Engu að síður var eftir miklar umræður látið staðar numið og sæst á þá málamiðlun sem hér hefur verið lýst. Hún hefur þann kost, að á nokkrum árum mun endurgreiðsluhlutfallið vaxa úr 66%, sem það mun núna vera í, í 88%. Þetta mun gerast á 20 árum eða svo. Og það er augljóst að eins og frv. er úr garði gert verður enn að koma til allnokkur brúun ríkisvaldsins. En um þetta atriði eru skiptar skoðanir og frekari ágreiningur þar um var látinn víkja fyrir mikilvægi þess, að hægt væri að leggja frv. fram í þeirri mynd sem hér er gert.

Höfuðkostur frv., eins og það er kynnt og hér hefur verið mælt fyrir, er kannske fyrst og fremst sá, að hér er um að ræða stefnu af hálfu ríkisvaldsins fyrir næstu árin a. m. k. Þetta er mjög mikilvægt atriði, ekki síst með tilliti til þeirrar ólgu sem gætt hefur á hverju hausti undanfarin ár af þeim ofureðlilegu ástæðum, að þúsundir manna — í þessu tilfelli námsmanna — hafa verið í mikilli óvissu um framtíð sína vegna þess með hverjum hætti sjóðurinn hefur verið rekinn.

Í öðru lagi er það mjög mikilvægur kostur við þetta frv., að gert er ráð fyrir að hin svokallaða reiknaða fjárþörf sé færð úr 90% upp í 100%. Ég nefndi í upphafi máls míns að viðmiðunartölurnar væru auðvitað mjög lágar. Maður skyldi því ætla að í framhaldi af samþykkt frv. yrði hafist handa um að kanna mjög rækilega þann grundvöll sem þessir reikningar hvíla á. En eins og þessi mál öll eru í pottin búin og eins og þjóðfélagsleg staða námsmanna er, þá er auðvitað bæði sjálfsagt og réttlátt að miðað sé við 100% í þessum efnum.

Í þriðja lagi er endurgreiðslum í sjóðinn hraðað allnokkuð, þó þannig að ekki komi illa við þá sem eiga að greiða.

Í fjórða lagi er lagt til að árleg endurgreiðsla af námsláni miðist við tiltekið hlutfall af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluárinu.

Og í fimmta lagi, sem ég hygg að námsmenn sjálfir leggi mikla áherslu á, er gert ráð fyrir lífeyrisréttindum þeim til handa, að vísu ekki fyrr en á árinu 1985, en það er þó alla vega byrjunin á þessum efnum.

Allt þetta tel ég vera mikla kosti við frv.

Gallarnir eru hins vegar tveir. Það er ekki farið hraðar í verðtryggingarátt en svo að stefnt er að því að innstreymið í sjóðinn verði 88%. Og það er ljóst, að það er ríkisvaldið sem þarf að brúa þetta bil. Af hverju er tekið svo djúpt í árinni að kalla þetta galla á frv.? Í fyrsta lagi koma til augljósar ríkissjóðsástæður, en einnig hitt, að það er mikið í húfi líka fyrir framtíð menntunar í landinu og fyrir framtíðarheill þessarar stofnunar að um hana sé friður og um hana sé ekki teljandi ágreiningur. Það, sem kannske mætti óttast, er að hjá þeim, sem fyrir utan þennan sjóð standa, í hann greiða en nota ekki fjármagn úr honum eða njóta aðstoðar, njóta ekki þess sem hann hefur að bjóða, veki það, að verðtryggingarstefnan skuli ekki vera keyrð til meiri hlítar en hér er gert ráð fyrir, tortryggni og beinlínis illvilja í garð þessa fyrirtækis. Og þetta síðasta sem ég nefndi þykir mér raunar skipta miklu máli um alla framtíð þessa fyrirtækis. Um leið og ég undirstrika skoðun mína á því hversu samfélagslega mikilvægu hlutverki þessi sjóður gegnir, finnst mér það raunar slæmt að ekki skuli hafa verið fært að láta þessa enda ná betur saman vegna þeirrar sannfæringar minnar, að ef það hefði tekist væru allar líkur á því, að um sjóðinn myndaðist meiri friður en kannske á eftir að verða á allra næstu árum.

Lánasjóður íslenskra námsmanna gegnir auðvitað feikilega mikilvægu hlutverki. Í nágrannalöndum okkar gætir í vaxandi mæli þjóðfélagslegra vandamála sem stafa af því, að menntað fólk fær ekki vinnu við sitt hæfi og eins og það hefur hlotið menntun til. Þessi vandamál hafa enn ekki knúið dyra hjá okkur. Hins vegar má búast við að það sé ekki langt undan að við stöndum andspænis þeim. Og þau vandamál eru vitaskuld mun meiri og alvarlegri en þau sem við erum hér að ræða, þ. e. með hverjum hætti sjóður eins og sá, sem hér er til umræðu, skuli vera fjármagnaður. En því nefni ég þetta síðast talda atriði, að ég geri ráð fyrir að í allri umræðu um þróun þessa sjóðs á næstu árum eigum við eftir að standa frammi fyrir enn meiri vandamálum, þ. e. samhenginu á milli þeirra greina, sem fólk kýs að læra, og atvinnumöguleikanna, sem við blasa að námi loknu. Kjarni málsins er sá, að það eru mannréttindi að fá að læra það sem hugur fólks stendur til, og það eru einnig mannréttindi að svo sé sinnt fjárhagslegum þörfum fólks að það geti gengið að þessu námi án þess að hafa fjárhagslegar áhyggjur. Það er auðvitað algert aðalatriði þessa máls og annað þar með aukaatriði.

Eins og öll þessi mál eru í pottin búin stefnir þetta frv. til þeirrar áttar að bæta hag þessa námsfólks. Ég hef gert hér ákveðna fyrirvara við einstök atriði, en þegar allt er saman dregið hygg ég að þetta frv. sé mjög til bóta.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, benda á eitt efnisatriði. I 7. gr. frv. er talað um ábyrgð ábyrgðarmanns og sagt að hún falli niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið greidd. Síðan segir með leyfi hæstv. forseta: „Eftir það er lánþegi einn ábyrgur fyrir greiðslu heildarskuldar.“ Mér hefur verið bent á að þetta atriði geti vafist fyrir í framkvæmd, einkum þegar um er að ræða lánþega sem sestur er að erlendis. Það getur verið mjög erfitt í slíkum tilvikum að nálgast hann. Ég veit að þetta er svolítið erfitt mál og getur verið tilfinningalegt atriði fyrir lántakann sjálfan, en þetta atriði mætti þó kannske líta á í nefnd.

Ég vil svo enn að lokum, herra forseti, minna á það, að sú nefnd, sem að þessu frv. vann, skilaði störfum haustið 1980. Hæstv. ráðh. minnti á fyrirvara nefndarmanna, í fyrsta lagi að þeir byndu ekki hendur neinna annarra um þetta frv. og í öðru lagi hefðu óbundnar hendur um þær brtt. sem fram kynnu að koma við frv. En þegar allt er skoðað, forsaga þessa máls, hagsmunir námsfólksins sjálfs og barátta þess á undanförnum árum, þá stendur sannfæring mín til þess, að samþykkt frv., eins og það hér stendur, mundi vera mikið framfaraspor.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég er einn þeirra sem tóku þátt í starfi nefndar sem undirbjó það lagafrv. sem nú er til umr. hér í hv. deild, að vísu breytt af hendi ríkisstj. sem ekki hefur séð sér fært að leggja fram frv. í eitt og hálft ár. Það var reynt í starfi nefndarinnar að ná samkomulagi um ólík sjónarmið, og ég tel ástæðu til að láta koma fram að formaður nefndarinnar, fulltrúi hæstv. menntmrh., Eiríkur Tómasson, lagði sig fram um að slíkt gæti tekist. Sé ég ástæðu til að þakka honum fyrir samstarfið í nefndinni.

Hæstv. ráðh. hefur rakið sögu Lánasjóðs ísl. námsmanna og gert grein fyrir langflestum helstu efnisatriðum frv. Jafnframt fór hv. síðasti ræðumaður, Vilmundur Gylfason, fyrrv. menntmrh., orðum um efnisatriði frv. sem ég get að langmestu leyti tekið undir.

Mér finnst ástæða til, þegar það gerist að mál tefjast með þessum hætti hjá ríkisstj., að spurt sé hvernig á því standi. Ég vil leyfa mér að fara fram á það við hæstv. menntmrh., að hann gefi hv. deild skýr svör um það, hvernig á því standi að ekki var unnt að leggja þetta frv. fram fyrr, þótt námsmenn hafi talið sig hafa gert samning við hæstv. ráðh. um að þeir samþykktu efnisatriði frv., sem að mörgu leyti herða endurgreiðslureglur, ef hæstv. ríkisstj. sæi sér fært að verða við þeim óskum að taka að fullu tillit til umframfjárþarfar námsmanna á ákveðnu tilteknu bili. Nú gerist það, að frv. kemur seint fram og frestað er þessum aðalatriðum málsins. Það má vera, eins og reyndar hæstv. ráðh.ýjaði að, að nokkuð hafi staðið í hæstv. ríkisstj. lífeyrissjóðsaðildin sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frv. Má vera að það sé sá ásteytingarsteinn sem orðið hafi þess valdandi, að frv. kom svo seint fram. Varðandi þetta efnisatriði held ég að ástæða sé til að taka fram eftirfarandi:

1. Það er ekki skylda að námsmenn séu í lífeyrissjóði samkv. þessu frv.

2. Rétt er að benda á að nýlega gengu í gildi lög, sem hæstv. ríkisstj. stóð að og flutti, þess efnis, að atvinnurekendum sé skylt að vera í lífeyrissjóðum, sem þýðir það að eingöngu námsmenn og húsmæður eru utan lífeyrissjóða.

3. Ljóst er að námsmenn koma til með samkv. efnisatriðum frv. að greiða sjálfir þau 10% sem til hliðar leggjast í lífeyrissjóð, rétt eins og atvinnurekendur, en enginn kemur til með að greiða fyrir þá þau 6% sem atvinnurekendur greiða í lífeyrissjóð samkv. lögum og kjarasamningum þegar um launþega er að ræða.

Í stuttu máli má lýsa þessu kerfi svo, að eigi námsmaður rétt á 10 þús. kr. láni, þá skrifar hann undir 10 600 kr. skuldabréf en fær 9 600 kr. út. Eftir sitja 10% af 10 þús. kr. sem lífeyrissjóðsframlag námsmannsins. Og það fé,

sem lagt verður væntanlega inn í söfnunarsjóð lífeyris eða annan álíka sjóð, biðreikning, má auðvitað nota til útlána á vegum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það er þess vegna misskilningur, sem stundum hefur verið haldið fram, að þarna séu námsmenn settir á bekk með launþegum. Þeir eru settir á bekk með atvinnurekendum og þurfa sjálfir að reiða fram allt fjármagn sem rennur til lífeyrissjóðsdeildar sinnar. Þetta er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, annars vegar vegna þess að lánin greiðast síðar með tekjum og ljóst er að það er ein helsta krafa nútíma Íslendinga að öðlast lífeyrissjóðsaðild og réttindi sem allra fyrst. Og segja má að námsmenn, sem margir hverjir eru í hjónabandi og eiga stórar fjölskyldur, eigi að hafa sömu möguleika t. d. til húsbygginga og lánafyrirgreiðslu, sem lífeyrissjóðir geta veitt, eins og jafnaldrar þeirra sem stundað hafa önnur störf en nám.

Það er athyglisvert vegna þeirra tafa, sem orðið hafa á því að þetta frv. kæmi fram, að skoða ummæli sumra hæstv. ráðh. þegar þeir voru í stjórnarandstöðu. Í stúdentablaði sem gefið var út snemma árs 1978, þ. e. 1. tölublaði Stúdentablaðsins, birtast svör þingflokka við bréfi Stúdentablaðsins þar sem spurst er fyrir um álit og afstöðu þingflokkanna um þetta málefni. Í einu svari segir svo, með leyfi forseta:

„Við töldum og teljum enn að löngu sé orðið tímabært að umframfjárþörf námsmanna sé mætt að fullu, og miðað við þetta markmið og aðrar breytingar, sem við teljum nauðsynlegt að gerðar verði á úthlutunarreglum sjóðsins, *er ljóst að óhjákvæmilegt er að veita auknu fjármagni til sjóðsins.*"

Þetta bréf undirritar fyrir hönd þingflokks Alþb. Ragnar Arnalds, sem síðar varð menntmrh. og nú er hæstv. fjmrh., og sýnir það hvern hug hann ber til þessa máls. Undrar mig þess vegna hve málið hefur tafist í höndum svo vinveittrar ríkisstj. eins og kemur fram í ummælum hæstv. fjmrh.

Það, sem skiptir máli og á hefur verið bent, er að námsmenn féllust á það samkomulag, sem kemur fram í efnisatriðum frv., upp á þau býti að tímamörk yrðu þau sem lagt var til í tillögum nefndarinnar til ríkisstj. Þess vegna er eðlilegt að talsverðrar óþreyju hafi gætt í röðum námsmanna, eins og t. d. kemur fram í bréfi sem Stúdentaráð Háskóla Íslands sendir ríkisstj. og dags. er 26. nóv. 1981 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Menntmrh. hefur nú lýst því yfir í samtali við fulltrúa námsmanna, að hið nýja frv. um námslán og námsstyrki verði ekki lagt fram óbreytt á Alþingi. Ríkisstj. ætlar ekki að standa við fyrirheit sín um lífeyrisréttindi námsmanna og vill seinka hækkun á lánshlutfallinu í 100% fjárþarfar. Auk þess er ljóst að framlögðum fjárlögum að ríkisstj. hefur þegar svikið loforð sín um aukinn tekjuumreikning og hækkun lánshlutfalls í vetur.

Námsmenn hafa sýnt samningsvilja og féllust á hertar endurgreiðslur gegn því að ná fram mjög mikilvægum atriðum varðandi úthlutun lánanna. Um þetta náðist samkomulag sumarið 1980. Það samkomulag hefur nú verið þverbrotið af hálfu stjórnvalda. Því lýsa námsmenn sig óbundna af þessu samkomulagi, mótmæla öllum breytingum og munu berjast gegn hinu breytta frv."

Undir þetta bréf rituðu Finnur Ingólfsson, Garðar Mýrdal og Jakob Rúnarsson. Telja verður að það hafi verið áhrif þessa bréfs og aðgerða námsmanna sem urðu til þess að þetta frv. var lagt fram á Alþingi, og segja má að það sé í viðunandi formi ef frá eru talin tímamörkin sem gerð hefur verið grein fyrir í fyrri ræðum um þetta mál. Má þá segja að skárra sé að fá frv. í þessum búningi heldur en að ríkisstj. dundi sér við að skoða það á fundum sínum einn veturinn í viðbót.

Það er ekki ástæða til, herra forseti, að fjalla efnislega um hvern þátt málsins á þessu stigi. Þó tel ég ástæðu til að benda á örfá atriði, reyndar þrjú, sem sérstaklega er vert að komi fram við 1. umr. málsins.

Í fyrsta lagi vil ég benda á að á bls. 7 í grg. eða í aths. með frv. er getið um tvær hugmyndir um endurgreiðslur: annars vegar endurgreiðslukerfi sem byggist fyrst og fremst á lánasjónarmiðum og tekur þá fyrst og fremst tillit til heildarupphæðar við námslok, og hins vegar það sjónarmið sem kalla mætti félagslega sjónarmiðið og tekur tillit til greiðslugetu einstakra lánþega þegar um endurgreiðslur er að ræða eftir að námstíma er lokið. Um þessar tvær hugmyndir stóð styrr í nefndinni, og segja má að niðurstaðan hafi verið nokkurs konar jafntefli þar sem tekið var tillit til beggja sjónarmiðanna. Ég leyni því ekki, að mér þykir eðlilegt að tekið sé tillit til fyrra sjónarmiðsins í meiri mæli en gert er í frv., og var þeirrar skoðunar í nefndarstarfinu. Ég tel að fara eigi með námslán eins og lán, en ekki laun eða greiðslur fyrir störf, og tel ástæðu til að varðveita þau sjónarmið sérstaklega í þessu frv. og einnig í reynd í framtíðinni.

Í öðru lagi vil ég undirstrika, eins og aðrir hv. ræðumenn sem hér hafa talað á undan mér, að í frv. er gert ráð fyrir hertari endurgreiðslureglum, sem þýða það, að í stað þess, að *nú innheimtast 66% af þeim 90% umframfjárþarfar* sem lánað er, má gera ráð fyrir, verði frv. samþykkt, að 86—90% af útlánum sjóðsins innheimtist. Þetta ber að leggja áherslu á vegna sjónarmiða ríkissjóðs og vegna þeirra viðhorfa sem margoft hafa komið fram á hv. Alþingi, að ástæða sé til að menn greiði til baka lán í sömu verðmætum og þau eru fengin. En það er ástæða til að benda á að gert er ráð fyrir að lánin fylgi lánskjaravísitölu og samkv. reynslu hefur lánskjaravísitalan verið lánveitanda í vil umfram það sem verðbótavísitala t. d. hefur orðið á undanförnum árum. Lánskjaravísitala er nokkurs konar bland af byggingarvísitölu og framfærsluvísitölu og hún bætir verðmæti betur en þær verðbætur sem bæta laun launþega í dag. Þess vegna er spurning hvort halda eigi í þetta kerfi. Eg tel ástæðulaust að breyta frá því sem þarna er, en auðvitað verður að taka tillit til stefnu hæstv. ríkisstj. í peninga- og lánamálum almennt, því að auðvitað er ekki hægt að bjóða það að einn sjóður sé látinn lána með verðtryggðum hætti nema það sé sú stefna sem ríkisstj. ætlar að fylgja almennt. Vænti ég þess, að hæstv. menntmrh. geti lýst því yfir, þar sem þetta sjónarmið kemur fram í frv., að það sé samkv. stefnu ríkisstj. sem ætli sér áfram að fylgja verðbótastefnunni eins og hún hefur gert hingað til, en sveigja ekki af leið eins og maður gæti reyndar haldið að sumir hæstv. ráðh. ætluðu að gera, ef dæma má af ummælum undir rós í blöðum að undanförnu þegar þeir senda tilskrif sín á milli, hæstv. ráðh. og foringjar í stjórnarherbúðunum.

Í þriðja lagi vil ég nefna að ég tel að eitt helsta vandamál Lánasjóðs íslenskra námsmanna á undanförnum árum — og þar á ég ekki við ár þessarar hæstv. ríkisstj. frekar en árin þar á undan — sé það, hve lítið beint fjárframlag hefur runnið úr ríkissjóði til sjóðsins. Þess vegna hefur Lánasjóðurinn orðið að taka mikla fjármuni að láni, og því er svo komið að Lánasjóðurinn skuldar stórfé. Þess vegna er erfiðara að hækka lánshlutfallið úr

90 í 95 og síðan í 100%, því að það hlýtur að kosta ríkissjóð talsverða fjármuni um nokkurt skerið og enn meiri vegna þeirrar stefnu sem fylgt hefur verið á undanförnum árum, að fjármagna Lánasjóðinn frekar með lánum en beinu framlagi úr ríkissjóði. Þegar málið verður til umr. frekar í hv. nefnd er ástæða til að benda á að í aths. við frv. á bls. 8 stendur eftirfarandi mgr., sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Í nefnd þeirri, sem samdi frv. þetta, áttu sér einnig stað umræður um skattamál og hugsanlegan frádrátt frá skatti vegna verðbótaþáttar námslána og eins vegna ónýtts persónufrádráttar lánþega meðan á námi stendur. Nefndin er þeirrar skoðunar, að síðari kosturinn sé eðlilegur, og mælist til þess, að Alþingi breyti ákvæðum skattalaga með tilliti til þess."

Í framhaldi af þessu flutti ég ásamt þeim hv. þm. Halldóri Blöndal og Matthíasi Á. Mathiesen till. sem gekk í þessa átt og reyndar var tvíþætt. Fyrri hluti þeirrar till., um svokallaðan ónýttan námsfrádrátt, var samþykktur á síðasta þingi þegar tekju- og eignarskattslögin voru til umr. og breytinga á hv. Alþingi. Síðari hluti till., sem fjallar um frádráttarbærni verðbótaþáttar og vaxta námslána, náði ekki fram að ganga og telja verður að ástæðan sé sú, að ný lög um Lánasjóð ísl. námsmanna höfðu þá ekki verið lögð fram og fengið staðfestingu. Ég vil fara fram á það, að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, kynni sér þá hugmynd, sem fram kom á sínum tíma, að hægt væri að draga frá vaxtagjöld og verðbætur með sama hætti og 30. gr. E-liður 1. tölul. tekju- og eignarskattslaga gerir ráð fyrir varðandi húseignir sem menn eignast eða verið er að byggja. Ég tek fram að ætlunin var að breyta ekki því hámarki sem þar kemur fram, en það er nú í gildandi lögum 25 þús. kr. hjá einstaklingi og 50 þús. kr. hjá hjónum. Sú tala kemur svo til með að hækka samkv. skattvísitölu eins og fleiri slíkar tölur í skattalögum. Á þetta vil ég leggja áherslu því að mér finnst sanngjarnt að tekið sé tillit til námskostnaðar með þessum hætti. Nám hlýtur að vera fjárfesting sem menn afla sér, rétt eins og sú fjárfesting sem menn afla sér í steinsteypu, og þjóðfélagið hlýtur að vilja hvetja menn til slíkrar fjárfestingar og styðja þess vegna með sama hætti.

Í öðru lagi tel ég ástæðu til þess, að nefndin athugi rækilega hvort ekki eigi að draga úr því, að tekið sé tillit til launatekna námsmanna meðan á námi stendur, þannig að þeir námsmenn, sem stundi vinnu, geti fengið þær tekjur án þess að til frádráttar komi þegar þeir fá námslán úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Slíkt mundi hvetja námsmenn til vinnu með námi ef þeir eiga kost á því — sem eru nú því miður hverfandi líkur á — og enn fremur koma í veg fyrir það, sem því miður ber nokkuð á í seinni tíð, að námsmenn ráði sig í vinnu þar sem hægt er að koma við skattsvikum, ekki til þess að svíkja beinlínis undan skatti, heldur til þess að fá aukin námslán. Á þetta vil ég benda því að ég tel ástæðu til að fjalla sérstaklega um þetta mál.

Loks, herra forseti, vil ég taka það fram, eins og reyndar er gert í aths. með frv., að ég áskil mér rétt til þess að fylgja eða flytja brtt. sem ég tel vera til bóta, og þingflokkur Sjálfstfl. er óbundinn af því frv. sem hér liggur frammi. En ég lýsi þeirri von minni jafnframt, að þetta frv. — annaðhvort óbreytt eða í breyttu formi — geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Þar sem svo mjög er nú liðið á tíma hv. deildar skal ég stytta mál mitt, enda hafa þeir, sem hér hafa á undan talað, gert nokkra grein fyrir þeim sjónarmiðum sem fram komu í nefndinni og hæstv. ráðh. gert ítarlega grein fyrir því sem í þessu frv. stendur.

Ég átti einnig sæti í mþn., sem vann sumarið 1980 og lauk störfum þá um haustið, og það segir sig sjálft að þegar svo ólíkir hópar eiga að standa að því að gera breytingar á svo viðamiklum og nauðsynlegum lagabálki sem lög um námslán og námsstyrki hljóta að vera, verða menn auðvitað að reyna að setja sig í þær stellingar að ná samkomulagi um frv. sem til bóta mætti verða. Mjög snemma, eins og hér hefur komið fram, varð okkur ljóst að óhugsandi var að búa til brtt. sem skiptu nokkru verulegu máli um framtíð Lánasjóðs ísl. námsmanna.

Það hefur verið minnst hér að að formaður hafi unnið gott starf og ég vil taka undir það. En ég vil ekki síður geta þess hér, að fulltrúar stúdenta og fulltrúi Lánasjóðs ísl. námsmanna í nefndinni unnu e. t. v. mesta starfið og ber að þakka þeim það einnig.

Þegar vinna á frv. sem þetta hlýtur að koma upp strax í upphafi: Til hvers er Lánasjóður ísl. námsmanna? Hver er hugur manna til hans? Ég er algerlega sammála hæstv. menntmrh. um það sem hann sagði hér áðan um tilgang sjóðsins. Hitt var svo annað mál, sem aldrei var rætt í verulegri alvöru, enda of viðkvæmt til þess að þar væri von til samkomulags, en það er hvert er raunverulega markmið menntunar. Hv. þm. Friðrik Sophusson sagði áðan að menntun einstaklings væri hans eigin fjárfesting ekki síður en steinsteypa sem hann kæmi sér upp. Ég þarf sjálfsagt ekki að lýsa því fyrir hv. deildarfélögum mínum hér, að þessu er ég auðvitað algerlega ósammála. Menntun er ekkert frekar fjárfesting en allt mannlíf sem til bóta má vera er fjárfesting. Við getum svo sem „fílósóferað" um það. Sé menntun fjárfesting er hún áreiðanlega ekki fjárfesting einstaklings, heldur samfélagsins alls.

Ég hefði auðvitað getað séð allt öðruvísi frv. fyrir mér, og þess vegna get ég ekki tekið undir orð hæstv. menntmrh. þar sem hann talar um að hér sé á ferðinni róttækt frv. Fyrir mér er þetta ekki róttækt frv., en ég held að þetta frv. sé til mikilla bóta. Því segi ég þetta að ég ætti afar auðvelt með að sjá fyrir mér að menntun manna væri ókeypis, menn þyrftu ekki að slá sér lán til að mennta sig í þágu samfélagsins. En mér er alveg ljóst, svo raunsær þm. sem ég er, að þetta sjónarmið á engan meiri hluta hér á hinu háa Alþingi. Þess vegna datt mér ekki í hug að eyða miklum tíma í umr. um þetta mál, en auðvitað fóru þær fram.

Hér á eflaust eftir að verða veruleg umr. um þetta frv. og ég skal ekki eyða tíma héðan af í einstaka liði þess. Það kemur eflaust til umr. aftur þegar það kemur úr nefnd. En ég vil leggja áherslu á að þetta viðamikla mál komist sem allra fyrst til nefndar og hljóti afgreiðslu á þessu þingi, enda var í vetur í stefnuræðu forsrh. þess getið sérstaklega, að frv. um Lánasjóð ísl. námsmanna yrði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi. Þar sem ég er þess fullviss, að nokkurn tíma tekur að afgreiða það, held ég að það sé ákaflega mikilvægt að það fari til nefndar sem fyrst.

Ég hef fyrr í vetur á þskj. 94 lagt fram í hv. Sþ. fsp. um þetta frv. sem nokkuð hefur dregist að svara vegna anna þingsins. Þar sem hæstv. menntmrh. hefur nú lagt fram

þetta frv., sem eftir mínum samviskusamlegasta samanburði er efnislega algerlega samhljóða því frv. sem við lögðum fram ásamt grg., hef ég ákveðið að tilkynna hæstv. forseta Sþ. að ég dragi fsp. mína til baka.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég þakka allt það jákvæða sem sagt hefur verið um þetta frv. og þetta mál yfirleitt. Ég held að það sé augljóst, að eins og þetta mál liggur fyrir og eins og að því hefur verið unnið sé höfuðatriðið að það fái umfjöllun í þinginu eins og lög gera ráð fyrir, hér og í menntmn.

Ég verð að segja það, að flest af því, sem hér hefur verið sagt, hefur verið mjög málefnalegt og þær aths., sem fram hafa komið, almennt talað átt fullan rétt á sér, þannig að ég hef ekkert sérstakt um það að segja. Þó eru tvö atriði í máli hv. 10. þm. Reykv. sem ég sé ástæðu til að minnast á og gera nokkuð ákveðnar athugasemdir við.

Í fyrsta lagi finnst mér það nokkuð djarflega til orða tekið af hv. þm. að halda því fram, að þetta frv. sé flutt breytt. Í raun og veru er það rangt. Þetta frv. er efnislega nákvæmlega eins og endurskoðunarnefndin, sem hv. þm. átti sæti í, gekk frá því, — ég segi: efnislega óbreytt. Hitt er annað, eins og ég tók rækilega fram í mínu máli og kemur fram í aths. með þessu frv., að tímasetningum í frv. er breytt. Það leiðir einfaldlega af því að þetta frv. er flutt allmiklu síðar en til stóð. Ég held að hv. þm. muni allir sættast á það fyrir sanngirnissakir, að það sé eðlilegt að þessum tímasetningum hafi verið hnikað til með tilliti til þess sem ég hef nú verið að lýsa og hef áður gert grein fyrir. Ég vona því að það síist ekki inn í nokkurn mann að hér sé um að ræða breytt frv. frá því sem nefndin lagði til. Það er alls ekki svo. Eina breytingin er sú, að tekið er tillit til þess að frv. kemur fram fullu ári síðar en til stóð.

Eins er það, að hv. þm. hefur verið að átelja drátt sem orðið hefur á framlagningu frv. Út af fyrir sig getur hann átalið mig fyrir að það hafi dregist að flytja þetta frv., vegna þess að hann er mikill áhugamaður um að þetta mál gangi sem skjótast fram, og get ég ekki láð honum það. Hins vegar vil ég halda því fram, að sá dráttur, sem orðið hefur á framlagningu þessa frv., sé þegar öllu er á botninn hvolft alls ekkert óeðlilegur.

Þetta frv. barst mér í hendur um miðjan októbermánuð 1980, þ. e. eftir að síðasta þing var hafið, og síðan var þetta mál til umfjöllunar hjá mér og í ríkisstj. Er ekkert óeðlilegt við það, þó að það tæki sinn tíma að fá samstöðu innan ríkisstj. um svona viðamikinn lagabálk og vandmeðfarinn. Hins vegar varð að samkomulagi að þetta frv. skyldi flutt á þessu þingi. Það var reyndar boðað strax í stefnuræðu forsrh., þegar hann flutti hana í októbermánuði, þannig að það var ljóst að ætlunin var að flytja frv. um þetta efni á þinginu. Hinu mun ég hvorki nú né í annan tíma leyna, að það var viss ágreiningur um hvort rétt væri að flytja frv. óbreytt frá því sem nefndin hafði gengið frá því. Ég lagði ákveðið til að frv. yrði sýnt og flutt óbreytt og að það yrði þá þingsins að meta hvernig breyta skyldi. Þetta var mjög mikið rætt innan ríkisstj. og meðal stuðningsmanna ríkisstj., og sú niðurstaða varð að lokum innan ríkisstj., að þetta mál skyldi flutt óbreytt, þó með þeirri breytingu, sem hv. 10. þm. Reykv. vill gera mikið úr, að tímasetningum var hnikað til, sem er algerlega eðlileg afleiðing af því, að dráttur varð á að frv. yrði flutt.

Ég endurtek það enn, að þetta frv. barst mér í hendur eftir að þingið í fyrra var hafið. Þess vegna er engan veginn óeðlilegt þó að nokkur dráttur yrði á því að frv. yrði lagt fram, þ. e. að það væri ekki lagt fram á því þingi.

Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, vegna þess að það var óvenjulega óviðkunnanlegt, satt að segja, að fá það nú ofan í þessi ámæli um dráttinn, að námsmenn hefðu gert samning við menntmrh. um það, skilst mér, að flytja þetta frv. jafnskjótt og nefndarstarfinu yrði lokið, að ég hefði gaman af að sjá þann samning og hvernig hann var gerður, hvort hér var um að ræða skriflegan samning eða munnlegan samning eða hvaða gerð af samningi þetta var. Ég held satt að segja að ég sé nokkuð dómbær um það sjálfur, hvaða samninga ég geri. Ég held líka að námsmenn geti naumast haldið því fram, að þeir hafi nokkru sinni gert slíkan samning við mig, enda hefur slíkur samningur aldrei verið gerður, hvori munnlega né skriflega, og undir slíkan samning hefði ég auðvitað aldrei gengist, hvorki skriflega né munnlega, því að slíkt er í sjálfu sér algerlega óviðeigandi af einum ráðh. og reyndar ekki í valdi hans að framkvæma slíkan samning. Þetta er því allt á misskilningi byggt. Eigi að síður gætu þessi orð misskilist nokkuð mikið ef ekki er gerð við þau athugasemd og þeim hreinlega mótmælt.

Í sambandi við þetta frv. er sannleikurinn sá, að það er lagt fram að vísu síðar en ég taldi æskilegt og margir hefðu óskað. Það er lagt fram í raun og veru 14 mánuðum eftir að það barst í mínar hendur. Það var ekki lagt fram á því þingi sem yfir stóð þegar það kom í mínar hendur, heldur á þingi þar á eftir. Þetta er allur dráttur-inn, og þetta eru hin óeðlilegu vinnubrögð sem hv. 10. þm. Reykv. er að deila á. Ég er orðinn það þingvanur, og hv. þm. er reyndar orðinn þingvanur líka, að ég veit að oft hefur liðið lengri tími frá því að endurskoðunarnefnd laga lauk störfum og þangað til ríkisstj. tók upp frumvörp frá slíkri nefnd. Það hefur oft liðið lengri tími en hér er um að ræða.

Mér finnst satt að segja á þessu stigi engin ástæða til að fara að karpa um atriði af þessu tagi, enda liggur þetta mál þannig fyrir að það er gerlegt og eðlilegt að ræða það málefnalega, en standa ekki í deilum um formsatriði eða hvernig á því hefur verið tekið innan ríkisstj., vegna þess að ég held að þau tök hafi á engan hátt, þegar upp er staðið, verið á neinn hátt óeðlileg. Aðalatriðið er að ræða þetta frv. eins og það liggur fyrir samkv. efni sínu og tilgangi. Ég held að niðurstaðan verði sú, eins og hér hefur reyndar komið fram í ræðum bæði hv. 10. þm. Reykv. og þá ekki síður hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, 9. þm. Reykv., að þetta frv. sé til bóta frá þeim reglum sem nú gilda um sjóðinn, en það er höfuðatriði þessa máls.

Ég lagði á það mikla áherslu á ræðu minni áðan, að hv. alþm. kynntu sér efnið og það sem í frv. felst og hvaða breytingar er þarna um að ræða og hvaða áhrif það hefur bæði í bráð og lengd, ekki síst lengd, vegna þess að áhrif þessa frv. munu vissulega koma í ljós á nokkru árabili, þau horfa að því leyti fram. Samt sem áður dettur mér ekki í hug að halda að þetta frv. sé svo vel og kirfilega úr garði gert að sú stund geti ekki komið að það þurfi að endurskoða þar eitt og annað og sníða það að aðstæðum sem kunna síðar að verða til í þjóðfélaginu. Þannig hefur þetta gengið með löggjöf um Lánasjóð s. l. 30 ár, að það er búið að gera á henni býsna margar breytingar, á 30 ára tímabili, og ekki dettur mér í hug að halda því fram, að ekki verði þörf á því innan kannske nokkurra ára að gera slíkar breytingar. En þegar á ferðinni er frv. sem horfir

fram og er til bóta á ríkjandi kerfi held ég að sé full ástæða til þess fyrir hv. Alþingi að taka frv. vel.

Með þessum orðum endurtek ég ósk mína um það, að þetta frv. gangi til menntmn. þegar umr. er lokið og þar verði málið rætt ítarlega. Reyndar vil ég einnig endurtaka það sem ég hef sagt og undir hefur verið tekið bæði af hv. 9. þm. Reykv. og 10. þm. Reykv., að málið verði afgreitt sem lög frá Alþingi á þessu þingi. Segjum að því verði breytt, það er þingsins að gera það, en ég vona satt að segja að áður en þessu þingi lýkur fáum við nýja og betri löggjöf um námslán og námsstyrki.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að efna til karps um minni háttar atriði við hæstv. menntmrh., en ég beindi til hans fsp. og gerði nokkrar aths. við fram komið frv. þótt, eins og komið hefur fram, við séum í flestöllum og má segja langflestum atriðum sammála um frv. Hæstv. ráðh. kaus að segja ekkert um deilur eða ágreining innan hæstv. ríkisstj. um efnisatriði frv., enda skiptir það í sjálfu sér ekki mestu máli. Það, sem skiptir auðvitað máli, er að frv. er lagt fram í nafni hæstv. ríkisstj. Telja verður að hún hafi um það fjallað og lagt blessun sína yfir framlagningu frv. Eftir þá ítarlegu skoðun, sem frv. hefur fengið í hæstv. ríkisstj., má því gera ráð fyrir að hún sé nú sammála um efnisatriði. Þessa ályktun dreg ég af orðum hæstv. ráðh., þótt hann hafi ekki beinlínis látið þau falla.

Í öðru lagi minntist hæstv. ráðh. á að ég hefði sagt að frv. væri ekki í öllum efnisatriðum eins og nefndin gekk frá því á sínum tíma. Hér er að sjálfsögðu um hártogun að ræða, hjá okkur báðum kannske, því að það má alltaf deila um hvað séu efnisatriði. Eru tímasetningar efnisatriði? Auðvitað má deila um það. Eru tölur efnisatriði? Er það efnisatriði ef einhver tala er öðruvísi en önnur í frv.? Ég hugsa að það megi líka deila um það. Það skiptir í sjálfu sér ekki mestu máli hvort um er að ræða efnisatriði eða ekki.

Ég sagði að námsmenn hefðu talið sig hafa gert samkomulag við ráðh., sem hæstv. ráðh. hefur reyndar mótmælt að verið hafi, og í þessu samkomulagi hafi það verið, sem jafnframt var efnisatriði í frv. eins og það var lagt fram af nefndarinnar hálfu á sínum tíma, að lán úr Lánasjóði ísl. námsmanna yrðu 90% af umframfjárþörf strax haustið 1980. (**Menntmrh.:** Sem varð.) Það varð, en þau skyldu síðan hækka í 95% haustið 1981, sem ekki varð, og í 100% af svokallaðri umframfjárþörf haustið 1982, sem hugsanlega verður ef frv. verður breytt því að samkv. frv. var þessu ýtt til. Deila má um hvort það séu efnisatriði eða ekki, og skal ég ekki hirða um það. Hvort samningur hefur verið á borðum eða samkomulag hefur ráðh. skýrt út, og ég tek auðvitað orð hans trúanleg. Eitt sinn var sagt að öruggasta leiðin til að semja ekki af sér væri að semja ekki, og það er áreiðanlega alveg rétt.

Þá vék hæstv. ráðh. að þeim drætti, sem orðið hefði á því að þetta frv. væri lagt fram á hv. Alþingi, og gerði lítið úr því og nefndi það til rökstuðnings m. a. að nefndin hefði ekki skilað honum nál. sínu með frv. fyrr en þing var hafið. Nú vill svo til að ég er með þetta bréf til hæstv. ráðh. Það er dags. 11. okt. eða daginn eftir að þingsetning fór fram. Á þingsetningardegi gera menn lítið annað en fara til kirkju og koma hingað stutta stund, þannig að það er varla hægt að segja að þing hafi a. m. k. verið langt komið með sín störf daginn eftir þingsetningardag. Það var ekki einu sinni búið að kjósa í nefndir. Þetta vildi ég að kæmi fram, því að mér þótti dálítið langt til seilst að nota þetta atriði til að skýra drátt, sem ég tel að hafi verið óeðlilega mikill, á því að þetta frv. væri lagt fram á hinu háa Alþingi.

Allt um það, frv. er hér. Við höfum rætt um örfá stærstu atriði þessa máls við 1. umr. Hv. menntmn. fær frv. til meðferðar og við erum sammála um það, þeir sem hér hafa talað í dag, þeir nm. í þeirri nefnd sem samdi frv., hæstv. menntmrh. og þá væntanlega öll hæstv. ríkisstj., að það sé augljóslega hagur allra að þetta frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til 1. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa.

Samkv. þeim lögum sem féllu úr gildi um síðustu áramót, var olíugjald til fiskiskipa 7.5% miðað við fiskverð. Frv. þetta um framlengingu olíugjalds sem 7% er flutt í fullu samráði við alla hagsmunaaðila. Reyndar var slíkt olíugjald á þessu ári forsenda fyrir því fiskverði sem ákveðið var nú fyrir skömmu með atkv. allra aðila í yfirnefnd Verðlagsráðs. Olíugjaldið var mjög til umræðu í þessu sambandi öllu, og reyndar var það ein meginkrafa sjómanna í upphafi viðræðana um fiskverð, að olíugjaldið yrði fellt niður. Í þeim samningaviðræðum, sem síðan fóru fram á milli sjómanna og útgerðarmanna um svipað leyti og fiskverð var til ákvörðunar, varð niðurstaðan að útgerðarmenn settu sem fyrirvara fyrir samþykki sínu á kjarasamningum að olíugjald yrði óbreytt þetta ár, og féllust sjómenn á það.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég undirstrika það, sem ég hef sagt í þessum orðum mínum, að þetta frv. er flutt að ósk þeirra hagsmunaaðila, sem hlut eiga að máli, og sem liður í bæði þeim kjarasamningum, sem gerðir hafa verið á milli sjómanna og útgerðarmanna, og einnig sem forsenda fyrir því fiskverði sem ákveðið hefur verið.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að mælast til þess, að frv. þessu verði eftir þessa umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Sameinað þing, 42. fundur.

Þriðjudaginn 26. jan., kl. 2 miðdegis.

Afbrigði um útvarsumræður.

Forseti (Jón Helgason): Samkomulag hefur orðið um

að útvarpa umr. um skýrslu ríkisstj. um efnahagsmál fimmtudaginn 28. þ. m. Umr. hefst kl. 8 síðdegis og verður hagað þannig: Forsrh. gerir grein fyrir skýrslunni, síðan fá fulltrúar þingflokka til umráða 15—20 mínútur hver í fyrri umferð. Í síðari umferð hafa stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. til umráða 5—10 mínútur og fulltrúar þingflokka 10—15 mínútur. Er hér með leitað afbrigða frá þingsköpum um að haga megi umr. þannig.

ATKVGR.

Afbrigði um útvarpsumr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fjölgun presta, fsp. (þskj. 89) — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að setja fram svohljóðandi fsp. til kirkjumálaráðh.:

„1. Auglýst hefur verið ný staða prests á Akureyri með umsóknarfresti til 15. nóv. Er lagaheimild fyrir þessari stöðu?

2. Hvers vegna situr ekki í fyrirrúmi að fjölga prestum í Kópavogi, sem hefur töluvert fleiri íbúa en Akureyri?"

Það er, eins og sést á fsp., farið að slá í hana og dregist hefur að svara henni. Nú er búið að kjósa prest þarna og ganga frá öllu væntanlega. Ástæðan fyrir þessari seinkun er fjarvera mín og einnig kirkjumálaráðh., en tilefnið til þessara fsp. er það sem fram kemur í fsp. og jafnframt hvort ekki þarf að breyta lögum um skipan prestakalla til að mögulegt sé að fjölga um leið. Er ekki þörfin fyrir nýja presta brýnni þar sem íbúafjöldi er meiri, eins og t. d. í Kópavogi? Er ekki eðlilegt að auka þjónustu presta við þá er dvelja á sjúkrahúsum og þá sem lokaðir eru inni í fangelsum? Og þá kemur annað í hugann: Er ekki ástæða til að minnka geysilegt vinnuálag presta í Reykjavík sem í raun eiga aldrei frjálsa stund?

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi lét þess getið, að farið væri að slá í fsp. þessa. Ég get á sama hátt tekið fram, að svarið er fyrir löngu tilbúið.

Fsp. hv. 3. landsk. þm., Karls Steinars Guðnasonar, á þskj. 89 fjallar um fjölgun presta með hliðsjón af því að auglýst hefur verið ný staða prests á Akureyri. Er jafnframt spurt um lagastöðu þessa starfs. Af þessu tilefni vil ég upplýsa eftirfarandi:

Í lögum um skipan prestakalla eru ákvæði um mannfjöldaviðmiðun við ákvörðun um tölu presta í kaupstöðum. Um Reykjavíkurprófastsdæmi segir í 1. gr. 15. lið í lögunum, að þar skuli jafnan vera svo margir prestar að sem næst 5 þús. manns komi á hvern að meðaltali. Um aðra kaupstaði segir í 3. gr., að þar skuli prestar vera svo margir að sem næst 4 þús. manns komi á hvern. Þrátt fyrir þetta beina lagaákvæði hefur þess verið gætt eftir föngum að afla fyrir fram fjárvetinga fyrir slíku starfi, einnig með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 97 frá 1974.

Svo var ástatt á s. l. hausti, er fjárlagafrv. var fullgert, að annað prestsembættið á Akureyri varð laust eftir biskupskosningu. Ráðagerðir höfðu verið á lofti í því prestakalli um að leita eftir stofnun nýs prestakalls vegna nýrrar og hraðvaxandi byggðar í Glerárhverfi þar í bæ. Nú þegar stofna þurfti til prestskosninga vegna hins lausa embættis þótti óæskilegt að í því kjöri tækju allir bæjarbúar þátt skömmu áður en væntanlega yrði stofnað til kosningar nýs prests í aðgreindu Glerárprestakalli. Þótti við þessar aðstæður rétt að leita velviljaðs stuðnings hæstv. fjmrh. við þetta málefni. — Svo vill til og gæti verið til skýringarauka, því að engin dæmi eru til alls fyrst, að mjög svipaðar aðstæður komu upp undir árslok 1974 í heimabyggð hv. fyrirspyrjanda. Prestsembætti í Keflavík losnaði er sóknarprestur var kjörinn til annars embættis. Þar höfðu verið óskir uppi um stofnun prestsembættis í Njarðvíkum og mælti fráfarandi sóknarprestur eindregið með skiptingu prestakallsins, sem var mjög annasamt, og var þar horfið að sama ráði og nú og af sömu ástæðum. Veit ég að fyrirspyrjandi hefur á þessu góðan skilning.

Í 2. lið fsp. hv. þm. er spurt, hvers vegna ekki sé fremur stofnað til nýs embættis á tilteknum stað í kjördæmi hv. þm. Svar við því er í sjálfu sér einfaldast það, að ekki hefur verið eftir því leitað. Jafnframt minni ég á að aðrar reglur gilda um Reykjavíkurprófastsdæmi en aðra kaupstaði. Ég vil til fróðleiks fyrir hv. alþm. gefa nokkar upplýsingar um íbúatölur sem skipta máli við þessar aðstæður. Íbúatala á umræddum stöðum og fjöldi presta er sem hér segir:

Í Reykjavíkurprófastsdæmi er íbúatala 100 685, prestar 19. Í Akureyrarprestakalli er íbúatala 13 420 + Lögmannshlíð, prestar 2. Í Hafnarfirði er íbúatala 12 205, prestar 2. Auk þess mun nú vera í Hafnarfirði 1000 manna fríkirkjusöfnuður. Rétt er að greina hér einnig til skýringarauka frá íbúatölu í nokkrum hlutum Reykjavíkurprófastsdæmis. Í Kópavogi er íbúatala 13 819 og 2 prestar. Á Seltjarnarnesi er íbúatala 3100. Það er hluti úr Nesprestakalli sem hefur 2 presta. Í Breiðholti er íbúatala 22 010: Breiðholt III 10 700, Breiðholt II 6300, enn í vexti, Breiðholt I 5000, fullbyggt, en prestar þrír.

Þetta svar læt ég nægja.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka skýr og greið svör. Ég gat þess áðan, að ekki var hægt að taka þessa fsp. fyrir vegna fjarveru minnar og ráðh. Ekki var því svarað, hvort ekki væri ástæða til að auka þjónustu við þá sem sjúkir eru eða þá sem eru lokaðir inni í fangelsum. Kannske bíður það seinni tíma.

Alkalískemmdir í steinsteypu, fsp. (þskj. 89). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. 26. mars s. l. var samþykkt svohljóðandi þáltill. hér í Sþ.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvernig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Jafnframt skorar Alþingi á ríkisstj. að hún skipi nefnd, sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði fyrir komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur, sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu á húsum sínum.

Nefndin ljúki störfum sem fyrst og skal álit hennar sent Alþingi. Ef nauðsyn ber til sérstakrar lagasetningar í þessu efni skal ríkisstj. undirbúa slíka löggjöf og leggja

fyrir Alþingi sem fyrst."

Ég hef nú flutt á þskj. 89 svofellda fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hvað líður framkvæmd á ályktun Alþingis frá 26. mars s. l. um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum?"

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi hefur rakið efnislega þá þáltill. sem hann byggir á fsp. sína um hvað líði framkvæmd á ályktun Alþingis frá 26. mars 1981 um viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum.

Þál. sú, sem hér um ræðir, var send frá Alþingi til félmrn. á s. l. sumri, en ekki til iðnrn. Félmrn. virðist ekki hafa talið framkvæmd þessarar þál. í sínum verkahring og mun ekki hafa aðhafst sérstakt í málinu. Upplýstist þetta ekki fyrr en eftir að fsp. þessi kom fram og ég tók að grennslast fyrir um þessa þáltill. og afdrif hennar. Hluti af þál. varðar þó iðnrn. og kannaði ég hvernig þessum málum væri háttað hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en fyrri hluti þál. fjallar um að skora á Alþingi að sjá til þess, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að framkvæma nauðsynlega könnun á því, hvernig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum.

Við undirbúning og setningu fjárl. fyrir yfirstandandi ár hefur það verkefni Rannsóknastofnunarinnar að framkvæma könnun þá, sem þál. fjallar um, notið verulegs forgangs. Þannig hefur m. a. fengist samþykki fyrir stöðu sérfræðings til viðbótar í steinsteypudeild stofnunarinnar. Auk þess hefur Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fengið styrk frá Norræna iðnaðarsjóðnum til rannsókna á alkalískemmdum og verða þær unnar í samvinnu við finnska rannsóknastofnun. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur gefið rn. eftirfarandi upplýsingar um stöðu málsins eins og það horfir við frá sjónarhól stofnunarinnar.

Tekist hefur að fjármagna allviðamikið verkefni varðandi viðgerðir á alkalískemmdum í steyptum húsum. Hefur verið unnið að þessu verkefni við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins samkv. áætlun sem gerð var í upphafi árs 1981. Viðgerðir á húshlutum hafa verið framkvæmdar með þeim aðferðum sem taldar eru koma til greina, auk þess sem fylgst er með fjölda húsa sem ráðist hefur verið í endurbætur á að frumkvæði eigenda. Ítarleg áfangaskýrsla um þessar rannsóknir er væntanleg fyrir lok þessa mánaðar eða þegar í þessari viku og mun henni verða dreift til aðila sem um þessi mál fjalla.

Í umræddri þáltill. var, þegar hún var lögð fram, vitnað í rit frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins sem ber nafnið „Steypuskemmdir — ástandskönnun varðandi tíðni alkalískemmda". Vegna þess að langur tími getur liðið þar til alkalískemmdir verða sýnilegar í steinsteypu má búast við að slíkar skemmdir komi með tímanum fram í ríkari mæli. Vegna þessa var ákveðið að fylgjast reglulega með ástandi þeirra húsa sem skoðuð voru í fyrri könnun, auk þess sem hús byggð 1972—1979 yrðu einnig könnuð, en fyrri skoðun náði ekki til þeirra. Framangreind endurskoðun var framkvæmd af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins á s. l. sumri og skýrsla þar að lútandi gefin út s. l. haust. Í henni kemur fram að tíðni þessara skemmda í Reykjavík og nágrenni er verulega meiri en hún reyndist vera við fyrri könnun sem þegar er búið að gera grein fyrir í skýrslu.

Varðandi viðgerðarkostnað tekur endurkönnunin á tíðni skemmda á Reykjavíkursvæðinu einnig til þess þáttar. Jafnframt hefur heilsteyptari mynd náðst af útbreiðslu alkalískemmda annars staðar á landinu. Þessar athuganir ásamt áfangaskýrslunni um viðgerðaraðferðir skapa grundvöll til að meta hver gæti orðið heildarviðgerðarkostnaður í sambandi við alkalískemmdir. Niðurstöður athugana Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins hljóta einnig að verða undirstaða við setningu reglna um fjárhagsaðstoð og við mat á viðgerðarkostnaði vegna alkalískemmda í steinsteyptum húsum.

Hvað varðar síðari lið till., þar sem Alþingi skorar á ríkisstj. að hún skipi nefnd sem hafi það verkefni að kanna með hverjum hætti best verði komið fyrir fjárhagsaðstoð við þá húseigendur sem leggja þurfa í mikinn viðgerðarkostnað vegna alkalískemmda á steinsteypu í húsum sínum, þá hefur það mál ekki verið tekið sérstaklega fyrir í ríkisstj., en mun verða lagt fyrir hana á næstunni. Hef ég rætt það sérstaklega við hæstv. félmrh., sem hlýtur að koma að því máli og sú stofnun sem undir hans ráðuneyti heyrir, Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég teldi raunar ekki óeðlilegt að fela húsnæðismálastjórn að leggja á ráðin um umrædda fjárhagsaðstoð, enda verður slík fjárhagsaðstoð væntanlega veitt úr húsnæðislánakefinu. Húsnæðismálastjórn hefur áður haft afskipti af þessum málum, m. a. varðandi fjárveitingu til að kanna alkalískemmdir, og hafði um það samráð við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, eins og áður hefur verið getið.

Herra forseti. Í þessari fsp. er vikið að stóru máli, hagsmunamáli margra, og ég tel að það efni, sem þar er að vikið, og efni þál. frá Alþingi á s. l. vetri séu fyllilega tímabær ábending og að þessum málum þurfi að vinna vel. Sú könnun, sem fram hefur farið og niðurstöður liggja fyrir um senn, á að veita góðan möguleika á að taka megi áfram á málinu.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við þessari fsp. Eins og fram kom þegar efni þál. var reifað áðan er hún tvíþætt.

Annars vegar beinist hún að því, að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins verði gert kleift að kanna hvernig best verði staðið að viðgerðum á alkalískemmdum á steinsteypu í húsum. Af svari hæstv. iðnrh. kom fram, að þessum þætti ályktunarinnar hefur verið sinnt allrækilega og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins gert kleift, m. a. með auknum mannafla, að vinna að þessari rannsókn, sem að sjálfsögðu hlýtur, eins og hæstv. iðnrh. gat um, að verða grundvöllur frekari aðgerða, þ. e. að koma sér niður á heppilegustu aðferðir til viðgerða á þessum húsum.

Hins vegar var efni þál. um það, að skipuð yrði nefnd til að kanna með hverjum hætti best yrði fyrir komið fjárhagsaðstoð við þá húseigendur sem hafa þurft að leggja margir hverjir í gífurlegan viðgerðarkostnað á húsum sínum. Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum mínum með það, að þessi þáttur ályktunarinnar hefur ekki komist til framkvæmda. Honum hefur ekki verið sinnt. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðh. var þessi þál. send upphaflega til félmrn. eða hæstv. félmrh., en hann og hans rn. hafa ekki sinnt henni að neinu leyti. Ég verð að láta í ljós vonbrigði með það og jafnframt vil ég gagnrýna það. Ég vil ekki gagnrýna hæstv. iðnrh. fyrir þann þátt málsins. Það liggur ljóst fyrir af svörum hans, að það er

við aðra að sakast í þeim efnum. En þetta vekur að sjálfsögðu upp spurningu, sem mjög oft kemur upp í huga okkar þm., þ. e. hversu litla virðingu hæstv. ríkisstj. og einstakir ráðherrar sýna Alþingi í störfum þess. Þetta kemur fram í margvíslegum myndum og kemur reyndar oft til umr. hér. Þetta dæmi, sem við höfum fyrir framan okkur, er eitt dæmi af mörgum.

Þessi till. var lögð fram á síðasta þingi og vísað til allshn. Sþ. og allshn. lagði á sig mikla vinnu við að kynna sér þessi mál. Hún fór m. a. í sérstaka heimsókn til Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og eyddi þar hálfum degi eða svo til að kynna sér hvað væri verið að gera í þessum málum þar, og hún fékk jafnframt umsagnir ýmissa aðila um þetta mál. Niðurstaðan varð að leggja til að þessi till. yrði samþykkt, sem og var gert. Svo kemur það í ljós tæpu ári seinna, að hæstv. ríkisstj. hefur á engan hátt sinnt þessum mikilvæga þætti þessa máls.

Það er enginn vafi á því, eins og hæstv. ráðh. sagði, að þetta er mjög stórt mál í huga mjög margra sem í þessu hafa lent, og það er svo stórt að ýmsir hafa látið sér detta í hug að það mætti jafna til þeirra tjóna sem bætt eru af Viðlagatryggingu Íslands. Hér er um að ræða óviðráðanlegt tjón sem fjöldi húseigenda verður fyrir. Orsakir þess eru ekki að fullu rannsakaðar, en margt bendir til þess t. d., að sementi frá Sementsverksmiðju ríkisins eigi sinn þátt í því, án þess að ég vilji þó fullyrða endanlega um það. Ég vil því eindregið skora á hæstv. iðnrh., sem hefur nú fengið þetta mál í hendur, að gerð verði gangskör að því sem fyrst að skipa þessa nefnd.

Ég er ekki viss um að Húsnæðisstofnun ríkisins sé rétti aðilinn í þessu efni, eins og fram kom í ræðu iðnrh. Húsnæðisstofnun hefur að vísu heimild í lögum til að veita lán til meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á eldra húsnæði, og því er ótvíræð lagaheimild fyrir því, að hægt sé að veita lán í þessu skyni. Ég held hins vegar að það ætti að kanna hvort ekki væri möguleiki á að breyta reglum annaðhvort um Viðlagatryggingu Íslands eða Bjargráðasjóð Íslands þannig að hægt sé að koma að einhverju leyti til móts við þá mörgu húseigendur sem hafa lent í gífurlegu fjárhagstjóni vegna þess að alkalískemmdir hafa myndast í steinsteypu húsa.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Það er leitt til þess að vita, að þessi þál. skuli hafa villst á milli ráðuneyta, en vonandi er hún komin í rétta höfn nú. Það er hins vegar gott að heyra það frá hæstv. iðnrh., að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins hefur tekið þetta mál föstum tökum og að fljótlega er von á ítarlegri skýrslu frá þeirri stofnun um þetta mál.

Það vita allir sem eitthvað hafa fylgst með þessu máli, að viðgerðir á þessum alkalískemmdum geta farið fram með ýmsum hætti og á þeim aðgerðum, sem til greina koma, er sjálfsagt mikill kostnaðarmunur. Það er þess vegna þjóðhagslega feiknalega stórt atriði að þetta mál sé vel athugað þannig að ráðist sé í þær viðgerðir, sem kostnaðarminnstar eru, en bera jafnframt góðan árangur. Þess vegna eru þær rannsóknir, sem þarna er vitnað til, mjög mikilvægar og gott að vita að við fáum fljótlega í hendur skýrslur varðandi þau atriði. Okkur er tjáð að íblöndun kísilryks í hið íslenska sement muni koma í veg fyrir alkalískemmdir í mannvirkjum okkar á komandi árum. Vonandi er það rétt.

Ég vil ítreka það og taka undir óskir um það með fyrirspyrjanda, að iðnrh. skipi hið fyrsta þá nefnd sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Það er enginn vafi á að fjöldi manna á um sárt að binda vegna þessara mála. Það er fjöldi manna sem er í verulegum erfiðleikum vegna þessara skemmda. Þarna er um að ræða glettilega flókið mál, hvernig best verður og réttast létt undir með þeim sem í þessum vandamálum hafa lent. Ég efa ekki að sú nefnd, sem skipuð verður, muni þess vegna eiga mikið starf fyrir höndum. Þeim mun fremur er nauðsyn að hún sé skipuð sem fyrst og geti hafið störf.

Umræður utan dagskrár.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Komið er að því að slíta þessum fundi Sþ. sem á að fjalla um fyrirspurnir. Afgreiddar hafa verið tvær fsp., en á dagskrá eru 24. Margar þessara fsp. eru með lág númer, allt niður í 50, sem þýðir að þær eru orðnar nokkurra mánaða gamlar.

Ég vil benda á, að eins og haldið hefur verið á fsp. á þinginu í vetur, og á ég þá bæði við forseta, fyrirspyrjendur og ráðh., er þingið að glopra fsp.-forminu niður og missa af því góða sem á að vera hægt að hafa út úr því. Fsp. liggja vikum og mánuðum saman og er sjálfsagt bæði ráðh. og fyrirspyrjendum um að kenna að þær eru ekki teknar fyrir. Af þessu leiðir að þær verða gamlar, eru oft orðnar úreltar þegar þær koma til afgreiðslu.

Ég vil benda á að þetta á að vera eitt besta og hraðvirkasta form þingstarfa, en okkur tekst ekki að láta fsp. vera það. Ég vil taka það fram, að ég er ekki með þessum orðum að beina gagnrýni sérstaklega á hendur forseta, en vil beina því til þingheims alls að svona getur þetta ekki gengið. Það verður að gera breytingu á þannig að fsp. verði afgreiddar fljótt og vel og þær geri það gagn í þingstörfum og fyrir þjóðina alla að veita upplýsingar sem þær eiga að gera.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða hv. 4. þm. Reykv. vil ég taka undir það, að ég hefði óskað þess, að hægt hefði verið að taka fyrir fleiri fsp. á þessum fundi. En ég hef kannað það, að annaðhvort eru fyrirspyrjendur ekki tilbúnir með sínar spurningar eða hæstv. ráðh. með svör. — Hæstv. utanrrh. er kominn, en því miður var ég búinn að taka málin út af dagskrá áður en hann kom í salinn svo að því verður þá ekki breytt í þetta sinn.

Sameinað þing, 43. fundur.

Þriðjudaginn 26. jan., að loknum 42. fundi.

Upplýsinga- og tölvumál, þáltill. (þskj. 56). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 87). — Fyrri umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 87 höfum við 19 sjálfstæðismenn leyft okkur að leggja fram þáltill. um iðnaðarstefnu. Flm. eru allir þm. Sjálfstfl. að undanskildum hæstv. ráðh.

Áður en ég vík að einstökum liðum till. og grg. þykir mér viðeigandi að fara örfáum orðum um stöðu og afkomu iðnaðarins að undanförnu.

Snemma í desember á s. l. ári var haldinn fundur á vegum Félags ísl. iðnrekenda um stöðu iðnaðarins í dag. Framkvæmdastjóri félagsins, Valur Valsson viðskiptafræðingur, gerði þar grein fyrir áhrifum efnahagsaðgerða ríkisstj. á stöðu iðnaðarins á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Þegar lög um aðlögunargjald runnu út um áramótin 1980—1981 án þess að starfsskilyrði iðnaðarins væru lagfærð lækkaði verð margra innfluttra samkeppnisvara um 3%. Samkeppnisstaða íslensks iðnaðar versnaði þá sem því nam.

2. Þegar ríkisstj. ábyrgðist sérstaka 5% hækkun viðmiðunarverðs á fiski í Verðjöfnunarsjóði á tímabilinu jan.—maí 1981 var reynt að tryggja eðlilega afkomu fiskvinnslunnar án gengisbreytingar, en sambærilegar ráðstafanir voru ekki gerðar vegna afkomu iðnaðarins.

3. Verðstöðvun ríkisstj. fyrri hluta ársins bitnaði þungt á íslenskum fyrirtækjum og þjónustu en ekki á innfluttum samkeppnisvörum.

4. Í efnahagsáætlun sinni frá áramótunum 1980—81 ákvað ríkisstj. að halda meðalgengi íslensku krónunnar óbreyttu fyrstu mánuði ársins, en á sama tíma var gert ráð fyrir 40—50% innlendum kostnaðarhækkunum á ári.

5. Á árinu urðu miklar sviptingar á erlendum gjaldeyrismörkuðum og varð sú þróun ásamt ákvörðun stjórnvalda um það, hvernig íslenska krónan var skráð, íslenskum iðnaði þung í skauti. Stór hluti útfluttra iðnaðarvara fer til Evrópulanda og meginþorri innfluttra iðnaðarvara, sem keppa við íslenskar vörur hér á heimamarkaði, kemur frá Evrópu.“ — Hér lýkur tilvitnun í ræðu sem framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda flutti á fundi félagsins er þingmönnum var boðið að taka þátt í í desember s. l.

Í ræðu sinni á þessum fundi fjallaði framkvæmdastjórinn ítarlega um þessa þætti og sýndi fram á hvernig innlendi kostnaðurinn hækkaði miklu meira en gjaldmiðlar viðskiptalandanna gagnvart íslensku krónunni. Afleiðingin birtist í minnkandi markaðshlutdeild íslenska iðnaðarins á heimamarkaði, í samkeppni við innfluttar vörur, og versnandi markaðsskilyrðum á erlendum mörkuðum. Öllum er ljóst að það tekur bæði tíma og fjármuni að vinna upp markaði sem þannig hafa glatast fyrst og fremst vegna skilningsskorts stjórnvalda og rangrar stjórnarstefnu.

Samkvæmt opinberum tölum um afkomu iðnaðarins hefur hún versnað verulega. Frá árinu 1971 lækkaði hreinn hagnaður í hlutfalli við framleiðslutekjur úr 3.1% niður í 1.1% árið 1978. Síðan hefur orðið kollsteypa niður á við og líklegt er að rekstrartapið verði 6—8% árin 1980 og 1981, ef marka má skyndikönnun Félags ísl. iðnrekenda og opinberar tölur um framreikninga á afkomu ullar- og prjónaiðnaðar sem síðar verður væntanlega vikið að.

Forstjóri iðnaðardeildar SÍS á Akureyri, Hjörtur Eiríksson, sagði á fundi í s. l. viku að rekstrarskilyrði iðnfyrirtækja Sambandsins hefðu versnað um 28% þegar borin eru saman árið 1976 annars vegar og hins vegar fyrstu níu mánuðir síðasta árs. Rekstrarskilyrði eru reiknuð með því að bera hækkun tekjuhliðar annars vegar saman við hækkun gjaldhliðar hins vegar hjá Sambandsfyrirtækjunum í iðnaðardeildinni. Það skal tekið fram, að árið 1976 var fremur hagstætt ár fyrir iðnaðinn og á síðustu þremur mánuðum á s. l. ári bötnuðu rekstrarskilyrðin nokkuð, sérstaklega vegna endurgreiðslu Seðlabankans á vöxtum annars vegar og gengismun hins vegar til þeirra sem fluttu til Evrópulanda og seldu vöru sína ekki í dollurum.

Það breytir hins vegar ekki því, að mörg iðnfyrirtækjanna væru hætt rekstri ef ekki hefði komið til verulega aukin lánafyrirgreiðsla bankanna, en fyrstu níu mánuði s. l. árs jukust útlán bankakerfisins til iðnaðarins um 70%.

Í lok ræðu sinnar á fyrrnefndum fundi gerði framkvæmdastjóri Félags ísl. iðnrekenda grein fyrir auknum lántökum iðnfyrirtækja á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Það má því e. t. v. segja að greiðsluerfiðleikar fyrirtækjanna hafi verið fluttir inn í bankakerfið, því að mikil útlánaaukning bankanna til fyrirtækja á þessu ári hefur m. a. leitt til þess, að bankarnir eiga nú við mikla lausafjárerfiðleika að etja. Í annan stað kemur í ljós að það eru ekki einungis viðskiptabankar og sparisjóðir sem hafa aukið útlán sín til iðnaðar, heldur hefur Seðlabankinn á seinustu misserum aukið endurkaupalán til iðnaðar svo umtalsvert er. Frá áramótum til loka september mánaðar jók Seðlabankinn endurkaup lána vegna iðnaðar um 74%. Á tólf mánaða tímabili, frá okt. 1980 til sama mánaðar 1981, var aukningin hins vegar tæp 96%. Þessi aukning endurkaupa Seðlabankans stafar annars vegar af auknum lánum til þeirra sem fyrir voru með slíkar fyrirgreiðslur, en einnig vegna þess að á þessu ári (þ. e. á árinu 1981) hafa verið teknar inn nýjar greinar í endurkaupalánakerfið. Má þar nefna matvæla- og drykkjarvöruiðnað, húseiningaframleiðslu, brauð- og kökugerð og sælgætisgerð.

Ég hygg að fyrirliggjandi tölur sýni nokkuð glögglega að með útlánaaukningu bankakerfisins hafi um tíma verið forðað enn stærri vandræðum. Það er hins vegar væntanlega öllum ljóst, að til lengdar gengur ekki að fjármagna tap með lánum. Til þess að atvinnulífið geti gegnt sínu hlutverki verður það að skila hagnaði.“

Þessi hógværa lýsing framkvæmdastjórans skýrir betur en flest annað hvernig röng stjórnarstefna hefur orðið til þess að fyrirtækin hafa orðið að grípa til síaukinna bankalána til að fjármagna reksturinn og komast hjá greiðsluþroti og framleiðslustöðvun. Það væri svo efni í aðra ræðu að fjalla um yfirlýsingar ráðamanna um nauðsyn samdráttar í útlánum bankakerfisins við þessi skilyrði.

Auk þess sem hér hefur verið drepið á má geta þess, að nýlega kom út framreikningur eða skýrsla um stöðu ullar- og skinnaiðnaðar. Ég hef því miður ekki fengið þá skýrslu í hendurnar en býst við að hæstv. iðnrh. muni í ræðu sinni síðar í dag lýsa því sem þar kom fram. Sú mynd, sem hér hefur verið dregin af afkomu iðnaðarins í tíð núverandi stjórnvalda, hlýtur ein sér að vera næg ástæða fyrir því, að hv. Alþingi ræði málefni iðnaðarins og móti meginstefnu í þeim málum sem snerta rekstrarskilyrði iðnaðarins í dag og framtíðarhlutverk hans í íslensku þjóðfélagi.

Stuttu eftir að núv. hæstv. iðnrh. tók við af núv. hæstv. forsrh., dr. Gunnari Thoroddsen, sem var iðnrh. 1974—1978, eða nánar tiltekið 21. sept. 1978, skipaði núv. hæstv. iðnrh. nefnd sem kölluð var samstarfsnefnd um iðnþróun og átti að vera iðnrh. til ráðgjafar um mótun heildarstefnu í iðnaðarmálum og leggja fyrir tillögur um það efni. Jafnframt átti nefndin að efla samstarf hinna ýmsu aðila iðnaðar um þær aðgerðir sem samstaða næðist um innan nefndarinnar og á vettvangi ríkisstj. og Alþingis.

Hinn 3. maí 1979, eða fyrir nær þremur árum, skilaði samstarfsnefndin, sem stundum er kölluð SUI-nefndin, tillögum sínum. Í formála skýrslunnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur annars vegar lagt megináherslu á að greina þær forsendur, sem iðnþróun ætti að byggjast á, og skýra þau viðhorf, sem nefndin telur að eigi að móta stefnu og aðgerðir í iðnaðarmálum. Hins vegar hefur nefndin gert tillögur um einstakar aðgerðir á þeim sviðum sem brýnast er, bæði að því er varðar almennan aðbúnað til rekstrar og hins vegar vegna umbóta í fyrirtækjunum sjálfum.

Samstarfsnefndin telur mjög mikilvægt að skilningur stjórnvalda og samtaka iðnaðarins sjálfs (launþega og atvinnurekenda) fáist á nauðsyn samhæfðra aðgera til að auka framleiðni og arðsemi iðnrekstrar og gera honum kleift að skapa þann grundvöll vaxtar í efnahags- og atvinnulífi sem nú vantar, samkvæmt horfum í mannaflaþróun og aðstæðum í öðrum megingreinum atvinnulífsins. Telur nefndin að leggja þurfi mikla áherslu á uppbyggingu arðvænlegs iðnaðar á þeim sviðum, sem Íslendingar eru líklegastir til að hafa varanlega samkeppnisyfirburði í ljósi alþjóðlegra samkeppnisaðstæðna.

Iðnaðinum þarf að skapa hagstæð vaxtarskilyrði með því að afnema það misvægi í rekstraraðstæðum sem hann býr við gagnvart öðrum undirstöðuatvinnuvegum. Jafnframt þarf virkan stuðning við nýsköpun og umbæur í iðnaði af hálfu þjónustustofnana iðnaðarins svo og aðstoð annarra opinberra stofnana með því að þær greiði götu iðnþróunar í landinu með jákvæðri afstöðu og skilningi á nauðsyn málsins.

Samstarfsnefnd um iðnþróun leggur mikla áherslu á nauðsyn þess, að ríkisstjórn og Alþingi kveðji alla aðila málsins til samstöðu, með því að álykta ótvírætt um grundvallaratriði stefnumótunarinnar, þar sem ekki er líklegt að árangur náist án samstillts átaks."

Þetta var tilvitnun, herra forseti, í formálann að svokallaðri SUI-skýrslu sem liggur til grundvallar stefnumótun í iðnaði, en henni var skilað til hæstv. núv. iðnrh. 3. maí 1979, eða fyrir hartnær þremur árum.

Þessi skýrsla er að langmestu leyti, eins og ég sagði, grundvöllur tillögugerðar hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. síðan, en núv. hæstv. iðnrh. hefur hvorki meira né minna en fjórum sinnum lagt tillögur sínar fyrir hv. Alþingi án þess að fá þær afgreiddar. Síðast lagði hann tillöguna nokkuð breytta fram skömmu eftir að sjálfstæðismenn höfðu lagt fram þá till. sem hér er til umr. og byggð er á sama grunni, eins og tekið er fram í grg.

Eins og fram kemur í grg. lagði núv. hæstv. iðnrh. till. til þál. fyrst fram skömmu fyrir þinglok 1979, en hún kom þá ekki til umr. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979, en var þá eigi heldur rædd vegna stjórnarslita og þingrofs. Eftir stjórnarskiptin 1980 ákvað iðnrh., sem þá hafði tekið sæti í nýrri stjórn, að bíða með flutning till. til hausts og var hún lögð fram lítils háttar breytt haustið 1980. Fimm þm. Sjálfstfl. fluttu þá þegar brtt. og til atvmn. bárust umsagnir nokkurra aðila ásamt hugmyndum um breytingar. Þrátt fyrir áhuga fulltrúa Sjálfstfl. og Alþfl. í atvmn. — en fulltrúi Alþfl. er hv. þm. Magnús H. Magnússon — fékkst till. ekki afgreidd á síðasta þingi, enda virtist ekki vera einhugur í röðum stjórnarflokkanna um málið. Á 10. fundi atvmn. Sþ., sem haldinn var 21. maí 1980, óskuðu Friðrik Sophusson og Magnús H. Magnússon eftirfarandi bókunar, sem ég leyfi mér að lesa hér ef forseti mótmælir því eigi:

„Við lýsum yfir því, að við erum fyrir okkar leyti tilbúnir að afgreiða 86. mál, um iðnaðarstefnu, með þeim breytingum sem við höfum lagt fram. Till. hefur þrisvar verið lögð fram á þingi en aldrei hlotið afgreiðslu. Við höfum kynnt í n. tillögur okkar og ráðh. hefur kynnt nýjar tillögur í málinu. Við teljum að n. eigi að gefa út nefndarálit, þannig að þingið geti tekið afstöðu til málsins."

Skemmst er frá því að segja, að nál. var ekki gefið út og málið stöðvaðist þannig vegna áhugaleysis stjórnarþm.

Þetta er ekki sagt hæstv. ráðh. til hnjóðs, því að hann var allur af vilja gerður og átti mjög gagnlegar viðræður við suma nm., sem aftur hefur leitt til þess, að meiri líkur eru nú en áður á því, að þinginu takist að móta heildarstefnu í iðnaðarmálum. Birtist það m. a. í því, að tillögur hæstv. ráðh. hafa breyst í átt til tillagna Sjálfstfl.- og Alþfl.-manna.

Eitt af því, sem forráðamenn í iðnaði hafa talið vera helsta baráttumál sitt, er jöfnun starfsskilyrða atvinnugreina, enda hafa þeir talið sig bera skarðan hlut frá borði í þeim efnum miðað við aðrar greinar. Af því tilefni samþykkti núv. hæstv. ríkisstj. hinn 30. mars 1980 að setja á stofn nefnd til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar. Var við það miðað að nefndin skilaði áliti fyrir 1. júlí það sama ár. Nefndin var hins vegar ekki skipuð fyrr en í sept. 1980, þremur mánuðum eftir að hún átti að ljúka störfum samkv. samþykktri till. í hæstv. ríkisstj. Nefndin hefur starfað undir forustu dr. Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra og hefur sent frá sér áfangaskýrslu sem ríkisstj. hlýtur að taka afstöðu til á næstunni í samræmi við 13. tölul. efnahagsáætlunarinnar sem birt var fyrir tæpum 13 mánuðum eða eftir áramótin 1980—81, en þar segir, með leyfi forseta:

„Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari en annarra atvinnugreina."

Þannig hljóðar upphafið á 13. tölulið efnahagsáætlunar hæstv. ríkisstj. En enn stendur málið með þeim hætti, að hæstv. ríkisstj. hefur enga afstöðu tekið, að því er manni sýnist, til þessa viðamikla máls. Hæstv. ríkisstj. hefur þó skipað embættismannanefnd undir forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings og er henni ætlað að semja lagafrv. og vinna með starfsskilyrðanefndinni. Það hlýtur þess vegna að vera fengur fyrir þá nefnd að fá stefnuyfirlýsingu hv. Alþingis í iðnaðarmálum og einnig væri gott að fá fréttir af starfi embættismannanefndarinnar í ræðu hæstv. ráðh. sem hann væntanlega flytur hér á eftir.

Það, sem einkum er athyglisvert við allt þetta mál, er að nú, tæpum tveimur árum eftir að hæstv. ríkisstj. sam-

þykkti að fá skýrslu eftir þrjá mánuði, liggur aðeins fyrir áfangaskýrsla og enn vantar einn aðalkaflann, um verðmyndunarþáttinn. Ekkert hefur enn frést af aðgerðum hæstv. ríkisstj. á grundvelli skýrslunnar, en henni var dreift til þm. eftir að stjórnarandstaðan gagnrýndi þá leynd sem hvíldi yfir henni. Það skal tekið fram, að mjög nýlega er talið að starfsskilyrðanefnd hafi lokið þessum störfum sínum og sent til vissra aðila fyrsta uppkast að verðmyndunarkaflanum. Verður fróðlegt að heyra hæstv. ráðh. skýra frá því hvað í þeim kafla er að finna.

Í formála áfangaskýrslunnar sem ég minntist á áður, undir fyrirsögninni: Helstu niðurstöður — segir m. a. ef rakin eru helstu atriðin sem koma fram í þeim kafla:

Nefndin telur afar eðlilegt að stjórnvöld taki mið af samkeppnisskilyrðum þegar ákvarðanir eru teknar um starfsskilyrði atvinnugreina. Samkv. áliti nefndarinnar býr iðnaður nú að langmestu leyti við óhefta samkeppni erlendra fyrirtækja um leið og hann hefur orðið útflutningsgrein í vaxandi mæli. Samkeppnisstaða iðnaðar er af þeirri ástæðu orðin að nokkru leyti hliðstæð sjávarútvegi. Séu borin saman skilyrði þau, sem sjávarútvegur og iðnaður búa nú við, miðað við það sem var fyrir áratug eða tveimur, er auðséð að áliti nefndarinnar að mikil breyting hefur orðið á. Engu að síður er því þó haldið fram að víða gæti misræmis enn. Fyrst og fremst er í skýrslunni litið á meiri háttar efnahagslegan mismun sem felst í sérstökum ákvæðum og stjórnvöld gætu einhverju um ráðið. Samanburðarathugun nefndarinnar á starfsskilyrðum beinist þannig að þremur meginsviðum: tekjuöflun fyrir hið opinbera, opinberum framlögum og þjónustu og að lokum lánskjörum og aðgangi að lánsfé. Í áfangaskýrslunni er fyrst fjallað um starfsskilyrðin með tilliti til atvinnugreina og síðar með tilliti til málaflokka. Niðurstöður í áfangaskýrslunni með tilliti til atvinnugreina eru þessar helstar og skal þá stiklað á stærstu atriðunum sem koma fram í þessum kafla áfangaskýrslunnar.

1. Landbúnaður býr við nær algera markaðsvernd, sem engin hinna atvinnugreinanna gerir.

a) Landbúnaður greiðir hærri aðflutnings- og sölugjöld af innfluttum aðföngum en sjávarútvegur og iðnaður.

b) Uppsöfnun söluskatts er meiri en í öðrum greinum og er ekki bætt.

c) Landbúnaður er undanþeginn launaskatti.

d) Bein framlög úr ríkissjóði eru meiri en til annarra greina.

e) Fjárfestingar eru fjármagnaðar hlutfallslega minna með lánsfé, en lánskjör bæði til fjárfestingar og rekstrar eru landbúnaði hagstæðust.

Vegna markaðsverndarinnar eru landbúnaði sköpuð önnur og öruggari skilyrði en öðrum atvinnugreinum.

2. Vinnsla landbúnaðarafurða nýtur að miklu leyti sömu verndar og landbúnaður og innflutningsbann veitir fullkomið öryggi. Sú staðreynd, að úrvinnslugrein landbúnaðarins er á margan hátt verr sett en samkeppnisiðnaður og fiskvinnsla, t. d. varðandi aðflutningsgjöld, vegur því ekki mjög þungt á móti því öryggi sem innflutningsbann á samkeppnisvörum skapar. Í stuttu máli eru helstu niðurstöðurnar hvað varðar vinnslu landbúnaðarafurða að öðru leyti þessar:

Sláturhús og mjólkurbú eru undanþegin aðstöðugjaldi, en uppsöfnun söluskatts er ekki bætt.

3. Fiskveiðar hafa um langt skeið notið sérstakrar umhyggju sem önnur frumgrein íslenskrar framleiðslu. Á sama hátt og landbúnaði hafa fiskveiðum verið tryggð betri starfsskilyrði en öðrum atvinnugreinum. Hins vegar eru afurðir sjávarútvegs í óheftri samkeppni á erlendum mörkuðum. Þótt því sé af mörgum haldið fram, að vegna auðlindaaðstöðu ættu fiskveiðar að greiða auðlindaskatt, og flestir álíti fiskveiðiflotann of stóran, þá hafa aðgerðir stjórnvalda yfirleitt miðast við að bæta stöðu útgerðar og hvetja þannig til aukinnar sóknar.

Að öðru leyti eru meginatriðin í starfsskilyrðum fiskveiða í samanburði við aðrar atvinnugreinar þessi:

a) Aðstöðugjald er mun lægra.

b) Fiskveiðar eru undanþegnar launaskatti.

c) Sjómenn njóta meiri háttar tekjuskattsfríðinda umfram starfsfólk annarra atvinnugreina.

d) Uppsöfnun söluskatts er ekki bætt, en er minni en í öðrum greinum.

e) Engin aðflutningsgjöld eða sölugjöld eru greidd af skipum eða fastabúnaði þeirra.

f) Mun hærri lánshlutföll gilda fyrir fjárfestingarlán til fiskveiða.

4. Þar er fjallað um fiskvinnsluna og kemst nefndin að þessari niðurstöðu: Að nokkru leyti er fiskvinnslan verr sett en útflutnings- og samkeppnisiðnaður.

a) Uppsöfnun söluskatts er ekki bætt.

b) Fiskvinnslan nýtur þó lægri aðstöðugjalda.

c) Aðflutningsgjöld eru hærri en fyrir útflutnings- og samkeppnisiðnað, en lægri en annarra greina.

d) Aðgangur að lánsfé er rýmri vegna endurkaupakerfisins.

5. Vegna markaðsstöðunnar er þýðingarmest að bera saman sjávarútveg og útflutnings- og samkeppnisiðnaðinn. Sambúðarvandi þessara atvinnugreina birtist m. a. í gengisskráningu krónunnar. Ástæðan er sú, að sjávarútvegur og afkoma hans hafa ráðið meiru um skráningu gengis vegna meiri hlutdeildar í útflutningsverðmæti. Að öðru leyti kom eftirfarandi fram við athugun nefndarinnar:

a) Aðstöðugjöld eru hærri en fyrir sjávarútveg.

b) Útflutnings- og samkeppnisgreinum iðnaðar er búin betri aðstaða en öðrum greinum með endurgreiðslu söluskatts og álagningu jöfnunargjalds.

c) Aðflutnings- og sölugjöld af sérhæfðum fjárfestingarvörum og nokkrum öðrum aðföngum eru felld niður eða endurgreidd í ríkari mæli en fyrir aðrar atvinnugreinar nema fiskveiðar.

d) Opinber framlög eru mun minni en til sjávarútvegs eða landbúnaðar.

e) Aðgangur að endurkaupakerfinu er lakari.

Lánskjör afurðalána iðnaðarins eru hagstæðari en lánskjör afurðalána sjávarútvegsins. Þannig var þetta til skamms tíma, en eins og allir vita er unnið að breytingu á þessum sviðum og má gera ráð fyrir að í afurðalánakerfinu verði vextir þeir sömu, burt séð frá því hverjir eru lántakendur, eða 29%, ef hv. þm. Halldór Ásgrímsson ber hæstv. ráðh. Steingrím Hermannsson ofurliði samkv. því sem blöð hafa greint frá að undanförnu.

6. Skilin milli samkeppnisiðnaðar og annars iðnaðar eru ekki glögg, en markaðsstaða annars iðnaðar er á vissan hátt lík stöðu landbúnaðarins, þótt á starfskilyrðum þeirra sé mikill munur:

a) Uppsafnaður söluskattur er ekki bættur.

b) Aðflutningsgjöld af aðföngum eru há.

c) Opinber framlög eru minni en til landbúnaðar og sjávarútvegs.

d) Aðgangur að lánsfé er takmarkaðri og lánskjör óhagstæðari.

Þetta voru helstu atriðin varðandi samanburð á milli atvinnugreinanna. Sé hins vegar litið á niðurstöður nefndarinnar varðandi málaflokkana kemst nefndin að eftirfarandi meginniðurstöðu:

Ef áframhald á að verða í þeirri jöfnun starfsskilyrða, sem stefnt hefur verið að á undanförnum árum, telur nefndin að leita þurfi lausnar á eftirfarandi atriðum, og vík ég þá nánast orðrétt að því sem kemur fram í skýrslunni, með leyfi forseta:

1. Aðstöðugjald. Mishátt aðstöðugjald veldur mismunun milli greina og fyrirtækja. Vænlegast er að jafna gjaldstig skattsins og afnema afslætti.

2. Launaskattur. Undanþága fiskveiða og landbúnaðar felur í sér ótvíræða mismunun, sem auðveldast væri að leiðrétta með því að leggja launaskatt á allar greinar, en lækka um leið álagningarhlutfallið. Þetta er athyglisverð niðurstaða með tilliti til væntanlegra efnahagsaðgerða sem menn geta lesið um í blöðum í dag, en enginn má vita um fyrr en á fimmtudagskvöldið.

3. Sjómanna- og fiskimannafrádráttur. Þessi sérstöku tekjuskattsfríðindi fela ótvírætt í sér mismunun milli launþega sem að öllum líkindum veldur mismunun milli atvinnugreina. Út frá félagslegum sjónarmiðum er hugsanlega unnt að réttlæta frádrátt frá tekjuskatti, enda væri um hliðstæðan frádrátt að ræða fyrir alla þá sem búa við svipuð félagsleg skilyrði. Fremur er það þó ef um fastan frádrátt í krónutölu er að ræða (sbr. sjómannafrádrátt) en hlutfallslegan frádrátt (sbr. fiskimannafrádrátt).

4. Uppsöfnun söluskatts veldur mismunun milli atvinnugreina þar sem landbúnaður er verst settur, auk þess sem uppsöfnun veldur mismunun milli fyrirtækja. Til jöfnunar er hugsanlegt að auka niðurgreiðslur og láta þær ná til fleiri greina. Viðunandi lausn fæst þó varla nema með því að taka upp virðisaukaskatt og afnema söluskatt.

Þetta er athyglisverð niðurstaða, ekki síst með tilliti til þess, að nú virðist vera ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. sé búin að gefa upp á bátinn að koma fram virðisaukaskatti sem ákveðið var þó að kanna í stjórnarsáttmálanum.

5. Aðflutningsgjöld. Aðflutnings- og sölugjöld á innflutt aðföng helstu útflutningsgreina og samkeppnisiðnaðar hafa verið lækkuð umfram annað ef frá er talin nánast algjör undanþága fiskveiða og stóriðju. Einstakir flokkar aðfanga, svo sem flutningstæki, rafeindabúnaður og ýmsar byggingarvörur og nokkrar greinar sem keppa við erlenda aðila, svo sem loðdýrarækt, hafa þó farið varhluta af þessum aðgerðum. Meginathugasemd nefndarinnar er að samræmi er ábótavant milli vöruflokka. Afar há aðflutningsgjöld eru greidd af ýmsum aðföngum í tekjuöflunarskyni og ræðst skattbyrði atvinnugreinanna af því hversu háðar slíkum aðföngum greinarnar eru.

6. Opinber framlög og þjónusta. Atvinnugreinarnar fá framlög úr ríkissjóði í misríkum mæli. Með framlögum eru hér ekki taldar niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur landbúnaðarafurða. Ætlunin er að fjalla um þessar greiðslur í greinargerð um verðmyndunar- og samkeppnisskilyrði, en þann kafla er enn ekki búið að semja. Ýmis sjónarmið liggja að baki misskiptingu framlaga, sem óskyld eru fjárhagslegri mismunun. Misskipting framlaga og opinberrar þjónustu getur þrátt fyrir það valdið aðstöðumun milli greina.

7. Aðgangur að lánsfé. Mjög ólíkar reglur gilda um hlutfall útlána fjárfestingarlánasjóða af fjárfestingu. Áberandi hæst er hlutfallið í lánveitingum til fiskveiða. Æskilegt væri að draga úr kerfisbindingu fjárfestingarlána og afmörkunum milli greina. Varðandi lánsfjármögnun rekstrar er ljóst að reglur um endurkaup afurða- og rekstrarlána valda misræmi og eru landbúnaði og sjávarútvegi mest í hag.

Í áttunda og síðasta lagi er fjallað um lánskjörin. Bæði hvað varðar fjárfestingarlán og almenn rekstrarlán er samræming lánskjara nánast um garð gengin, segir í skýrslunni, þó að lánskjör fjárfestingarlána séu ívið hagstæðari landbúnaði en öðrum. Eina meiri háttar undantekningin eru sérstaklega ívilnandi kjör á ógengistryggðum endurkeyptum lánum, sem landbúnaður og að nokkru leyti iðnaður fá. Þetta hefur þó, eins og áður var getið um, breyst á síðustu mánuðum, eftir að skýrslan kom út.

Ég hef nú dregið saman helstu atriði úr niðurstöðukafla áfangaskýrslu starfsskilyrðanefndar, en rétt er að geta þess, að einn aðalkaflann vantar, þ. e. kaflann um markaðs- og verðmyndunarskilyrði, eins og ég hef reyndar áður minnst á, en gert er ráð fyrir að honum verði skilað til ríkisstjórnarinnar eftir nokkra daga.

Samtök landbúnaðarins, sjávarútvegsins og iðnaðarins hafa haft þessa skýrslu til athugunar og umsagnar og gera má ráð fyrir að þær verði ekki allar á sama veg. Hér verða ekki tíundaðar umsagnir samtaka atvinnulífsins að öðru leyti en því, að mér þykir rétt að lesa lokaorðin í umsögn Félags íslenskra iðnrekenda, sem send voru starfsskilyrðanefndinni í nóv. s. l., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Eins og réttilega er bent á í skýrslunni hefur notkun hugtaksins samkeppnisiðnaður valdið deilum á undanförnum árum milli samtaka iðnaðarins annars vegar og stjórnvalda hins vegar. Þar sem þetta hugtak er notað mjög mikið í skýrslunni væri full ástæða til að fram kæmi í hvaða skilningi nefndin notar hugtakið.

Félagið vill benda nefndinni á að skipting iðnaðar í útflutnings- og samkeppnisiðnað er afar hæpin. Í raun er allur útflutningsiðnaður samkeppnisiðnaður og allur samkeppnisiðnaður mögulegur útflutningsiðnaður og því sérstök aðgreining óþörf.

Félag ísl. iðnrekenda vill benda á að meginástæðan fyrir inngöngu Íslands í EFTA og samningum við Efnahagsbandalag Evrópu var að veita sjávarútveginum tollfrjálsan aðgang að markaðssvæðum Evrópu. Forsvarsmenn iðnaðarins féllust á niðurfellingu tollverndar gegn loforðum um að samkeppnisstaða íslenskra iðnfyrirtækja yrði engu verri en samkeppnisaðilanna. Áfangaskýrslan undirstrikar það sem forsvarsmenn iðnaðar hafa haldið fram undanfarin ár, að tíu ára aðlögunartími hafi ekki reynst stjórnvöldum nægilega langur til að jafna starfsskilyrði iðnaðar og annarra innlendra atvinnuvega. Félag ísl. iðnrekenda telur því að hið mikilvæga starf nefndarinnar sé unnið fyrir gýg nema því verði fylgt eftir með raunhæfum aðgerðum stjórnvalda til að leiðrétta það misræmi sem nefndin bendir á."

Svo segir í bréfi Félags ísl. iðnrekenda. Það eru lokaorð til dr. Jóhannesar Nordals vegna starfsskilyrðanefndarinnar.

Vegna mikils umróts í efnahags- og atvinnulífi margra iðnaðarþjóða á undanförnum árum hafa miklar umræður átt sér stað um markmið og leiðir í iðnaðarmálum.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu hefur haft forgöngu um ráðstefnuhald fyrir aðildarþjóðirnar og ein slík var haldin í Madrid í maí 1980. Af hálfu Íslands sóttu ráðstefnuna Jafet S. Ólafsson viðskiptafræðingur í iðnrn., Vilhjálmur Lúðvíksson formaður samstarfsnefndar um iðnþróun, Þórður Friðjónsson hagfræðingur forsrn., og Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri Iðnþróunarsjóðs, en í frásögn þeirra af fundinum segir svo, með leyfi forseta:

„Í stórum dráttum má segja að eftirfarandi hafi komið fram um iðnaðarstefnu, sem flestir virtust sammála um:

1. Iðnaðarstefna er skilgreind sem yfirlýsing stjórnvalda til samfélagsins og aðila iðnaðarins um þau markmið, sem stefnt skuli að, og þær leiðir, sem farnar skuli, og tæki, sem notuð verði.

2. Undirstöðuatriði jákvæðrar og árangursvænlegrar iðnaðarstefnu eru:

Sem allra mest frelsi í viðskiptum milli landa og svæða.

Öfl markaðarins verði látin ráða ákvörðunum um framleiðslu eins mikið og frekast er unnt og haldið við dreifðri ákvarðanatöku og frumkvæði í þeim efnum.

Iðnaðarstefna á að vera vaxtarstefna en ekki varnarstefna. Aðeins með vaxtarstefnu er hægt að uppfylla efnahagslegar og félagslegar óskir á hendur atvinnulífinu.

Aðalþættir iðnaðarstefnu séu hagstæð almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur fyrirtækja. Inngrip stjórnvalda til að verja fyrirtæki gegn afleiðingum samkeppni verði aðeins í neyðartilvikum og miðist þá við að greiða fyrir sem skjótastri aðlögun fyrirtækjanna eða stöðvun rekstrar ella.

Aðgerðir stjórnvalda til að styðja við nýsköpun í iðnaði verði aldrei til þess að afvegaleiða viðskiptalegan hugsunarhátt hjá fyrirtækjum. Stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda miði að því að skapa einhug og samstöðu um eflingu iðnaðar og þannig byggt á gagnkvæmum stuðningi stjórnvalda, fyrirtækja, samtaka og stofnana iðnaðar, svo og velvilja og skilningi almennings, ekki síst starfsliðs í iðnaði. Sérstök áhersla sé lögð á að skapa jákvæð viðhorf gagnvart aðlögun og breytilegum samkeppnisskilyrðum með

1. góðu upplýsingastreymi,

2. ráðgjöf um stjórnunarmál, markaðs- og rekstrartæknileg efni,

3. öflugri aðstoð við starfsþjálfun og endurmenntun,

4. hvatningu til nýsköpunar á vegum fyrirtækja með stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarfsemi,

5. aðstoð við að færa framleiðsluþætti úr hnignandi greinum yfir í lífvænlegar greinar."

Meira les ég ekki úr þessari skýrslu frá þeim ágætu mönnum, nokkurs konar landsliði iðnaðarins sem sent var til Madrid á ráðstefnu OECD og skilaði þessari skýrslu, en í henni er ljóslega bent á að allir eða flestir á ráðstefnunni virðast hafa verið sammála þeim atriðum sem ég hef nú lesið. Athyglisvert er að þetta eru þau sömu sjónarmið sem koma fram í þáltill. sjálfstæðismanna, en sum þeirra er því miður ekki að finna í þáltill. hæstv. ríkisstj.

Eins og fyrr sagði er þáltill. okkar sjálfstæðismanna byggð á þeirri till. sem lögð var fram af hæstv. ríkisstj. á s. l. ári, ásamt brtt. sem fram komu við meðferð málsins, bæði frá sjálfstæðismönnum og eins umsagnaraðilum hv. atvmn. Sþ. Mun ég fyrst greina frá helstu atriðum sem koma fram í I. kafla þáltill., um markmið. Inngangur kaflans eða þrjár fyrstu línurnar eru nánast samhljóða þeirri þáltill. sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir á síðasta Alþingi. Það furðulega hefur þó gerst, að í hinni nýju þáltill. hæstv. iðnrh. er ekki lengur að finna orðasambandið „að fela ríkisstj. að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu", heldur stendur á þskj. 162 aðeins: „ályktar Alþingi að stuðla beri að framkvæmd iðnaðarstefnu". Þetta er út af fyrir sig athyglisverð breyting og gerir hæstv. iðnrh. án efa grein fyrir henni þegar hann flytur framsöguræðu fyrir sinni þáltill. hér á eftir.

1. tölul. kaflans um meginmarkmiðin á þskj. 87 í þáltill. okkar sjálfstæðismanna er nýr og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Að skapa iðnaðinum almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur fyrirtækja og að byggja iðnþróun á grundvelli fríverslunar og athafnafrelsis og örva til nýrra átaka á sviði nýjunga í framleiðslu."

Áherslan hvílir sem sagt á því, að skilyrðin verði almenn og stefnt sé að arðbærum rekstri og grundvöllurinn verði fríverslun og athafnafrelsi. Eru þetta sömu viðhorf og komu fram hjá langflestum þeim aðilum sem sóttu fund OECD í Madrid fyrir tæpum tveimur árum.

2. tölul. er eins í till. sjálfstæðismanna og till. hæstv. ríkisstj. Í 3. tölul. má finna nokkurn mun, sem þó er ekki verulegur. 4. tölul. er eins, en mikill munur er á efnisatriðum sem koma fram í 5. tölul. í markmiðakafla sjálfstæðismanna annars vegar og hæstv. ríkisstj. hins vegar. Sá töluliður fjallar um orkufrekan iðnað í landinu.

19 þingmenn Sjálfstfl. hafa flutt þáltill. á þskj. 131 um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju. Þessir 19 þingmenn eru sömu þingmenn og þeir sem flytja þá till. sem hér er til umræðu, en á þskj. 131 er gerð nánari grein fyrir stóriðjustefnu Sjálfstfl., og í 3. tölulið stóriðjuályktunartillögunnar segir svo, með leyfi forseta:

„Við uppbyggingu stóriðju verði haft samstarf við innlend og erlend fyrirtæki, sem hafa yfir að ráða nauðsynlegri tækniþekkingu, markaðsstöðu og fjármagni. Í samstarfssamningum við þau og samningum um eignaraðild að stóriðjuverum skal fara eftir eðli hvers máls og aðstæðum á hverjum tíma. Í öllum slíkum samningum skal að því stefnt, að innlendir aðilar, sem þess óska, geti þegar í upphafi átt hlut í stóriðjufyrirtækjum og geti þegar fram líða stundir keypt hlut hinna erlendu aðila í þeim."

Með þessari tilvitnun er skýrt frekar hvað við er átt þegar sagt er að leita verði eftir samvinnu við erlenda aðila eftir því sem nauðsynlegt og hagkvæmt er á hverjum tíma, eins og það er orðað í 5. tölul. markmiðakaflans í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu.

Ég fer ekki frekar út í umr. um stóriðju og afstöðu hæstv. ríkisstj. til hennar. Það verður að bíða þess tíma er till. sjálfstæðismanna um það mál verður til umræðu.

Þá vík ég að II. kaflanum, um leiðir, en hann svarar til sama kafla í þáltill. hæstv. ríkisstj.

Varðandi 1. tölul. vekur það athygli, að ekki er lengur minnst á virðisaukaskattinn í till. hæstv. ríkisstj. Virðist það benda til þess, að hæstv. ríkisstj. hafi gefið virðisaukaskattinn upp á bátinn, eins og ég minntist áðan á, og er það athyglisvert með tilliti til niðurstaðna starfsskilyrðanefndar sem ég vitnaði til áðan.

2. tölul. fjallar um gengisákvarðanir og er eins orðaður í till. sjálfstæðismanna og till. hæstv. ríkisstj. Það hlýtur að vera iðnaðinum fagnaðarefni ef þessi liður verður samþykktur, ekki síst með tilliti til þess, að síðasta ár,

árið 1981, er skólabókardæmi um það, hvernig gengisstefna fer gersamlega í bága við það sem segir í töluliðnum.

3. tölul. er nánast eins orðaður hjá báðum aðilum þótt meiri áhersla sé lögð á að arðsemi sé ráðandi við lánveitingar í þáltill. sjálfstæðismanna.

4. liðurinn er eins hjá báðum aðilum. Í sambandi við hann er rétt að minna á till. sem gerir ráð fyrir því, að hægt sé að auka rannsóknar- og þróunarstarfsemi, t. d. með skattaívilnunum.

Í 5., 6. og 7. tölul. er að finna stefnuyfirlýsingar sem ég sé ekki ástæðu til að fjalla ítarlega um, enda eru þær auðskildar.

Í 8. tölul. er minnst á stjórn ríkisins á iðnrekstri og enn fremur á aðila sem hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Síðasta setningin er ný. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Almenningi verði gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum sem nú eru í eigu ríkisins.“

Í nýjustu tillögum hæstv. ríkisstj. er þetta atriði jafnframt að finna. Ýmsum kann að þykja efni 8. tölul. kynlegt, en þar er verið að vísa til efnisatriða sem fram koma í svokallaðri SUI-skýrslu um stofnun nýiðnaðarfyrirtækja. Á bls. 172 í þeirri skýrslu segir m. a., með leyfi forseta:

„Það er skoðun samstarfsnefndarinnar að frumkvæði eða a. m. k. hlutdeild ríkisins verði óhjákvæmileg í stofnun margra stærri nýiðnaðarfyrirtækja. Sýnist nefndinni nauðsynlegt að tekið sé gagngert á því máli með einhverjum hætti. Til álita gæti komið að setja allan iðnrekstur á vegum ríkisins undir eitt eignarhaldsfyrirtæki (holding company), sem m. a. hafi það markmið að *fara með hlutverk hins raunverulega eiganda gagnvart* fyrirtækjum sem ríkið á aðild að. Þannig fáist eðlilegt eftirlit með rekstrinum og þess gætt, að hann sé í samræmi við eðlilegar arðsemiskröfur og að ákvarðanir eigandans séu teknar með skjótum hætti og verði ekki pólitískt bitbein milli ráðuneyta.

Pólitískar ákvarðanir, sem hafa í för með sér skuldbindingar sem draga úr arðsemi eða auka stofnkostnað, séu aðskildar frá arðsemissjónarmiðum og þá reiknaðar sérstaklega til kostnaðar sem *Alþingi eða ríkisstj.* taki síðar ákvörðun um. Eignarhaldsfyrirtækið þyrfti að hafa fjárhagslegt bolmagn og sjálfstæði til að stofna ný fyrirtæki sem metin eru arðvænleg og geti látið fara fram rannsóknir og þróunarstarfsemi til undirbúnings lokaákvörðun.“

Síðan segir í sömu bók á bls. 173:

„Lögð er áhersla á nauðsyn þess, að slíku fyrirtæki yrði stjórnað með arðsemissjónarmið í fyrirrúmi, en þó með það skýrt í huga að því er ætlað að taka áhættu og vinna brautryðjendastarf þar sem byrjunarerfiðleikar geta komið upp. Fyrirtækið yrði að ráða yfir mjög hæfu starfsliði á sviði stjórnunar, fjármála, markaðsmála og rekstrartækni og sjá til þess, að reynsla af stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja safnist saman og komi að gagni við nýjar framkvæmdir og ný verkefni og bolmagn fáist til að leysa vandamál sem upp koma.“

Hér lýkur tilvitnun í SUI-skýrsluna, en annars er fjallað um þetta efni í ítarlegu máli og væri vissulega ástæða til þess að ræða það sérstaklega, enda er hér drepið á mjög gagnlega hugmynd sem vissulega þarf að færa út og setja í framkvæmanlegan búning.

Í 9. tölul. er minnst á svokallaða iðnráðgjafa, en nýlega voru samþykkt lög um þá hér á hv. Alþingi. Orðalag samsvarandi töluliðar í till. hæstv. iðnrh. er betra, enda nýrra og byggt á lögum sem þegar hafa verið samþykkt.

10. tölul. um iðngarða, er eins hjá báðum.

Í 11. tölul. er minnst á skattalegar aðgerðir, en það er ekki gert í till. hæstv. ráðh.

12. tölul. er eins í báðum till., en hann fjallar um innkaup opinberra aðila. Væri vissulega fróðlegt að heyra það hjá hæstv. iðnrh. hér á eftir, hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessara mála, ekki síst með tilliti til þáltill. sem samþykkt var á Alþingi fyrir nokkrum árum.

Í 13. tölul. er minnst á nýmæli, svokallaða iðnhönnun og listiðnað, og nauðsyn þess að samræma viðleitni í þessum greinum og auka tengsl við framleiðsluiðnaðinn. Í þessum efnum ber nauðsyn til að móta stefnu til að efla iðnhönnun og hvers konar listiðnað, en góð vöruhönnun er eitt þeirra undirstöðuatriða sem byggja verður á í þeirri viðleitni okkar að auka markaðshæfni íslenskrar iðnaðarframleiðslu.

Efni 14. tölul. er gamalkunnugt og í því sambandi hef ég ásamt hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni og Árna Gunnarssyni lagt fram lagafrumvarp, reyndar í annað sinn, sem er á dagskrá neðri deildar um þessar mundir. Er það frv. til breytingar tollskrárlögum. Á sínum tíma óskaði fjh.- og viðskn. Nd., sem þá laut forustu Lúðvíks Jósepssonar, eftir því, að ríkisstj. legði fram frv. um þetta efni, en það hefur enn ekki, þremur árum síðar, séð dagsins ljós. Ítrekaðar tilraunir þingmanna til að koma málinu í gegnum þingið hafa ekki tekist hingað til. Gera verður ráð fyrir að við endurskoðun tollskrárlaga, sem hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir að séu á dagskrá í fjmrn., *verði tekið tillit til þessara viðhorfa og þannig efnt* það loforð sem iðnaðinum var gefið við inngöngu Íslands í EFTA á sínum tíma.

Í 15. tölul. er fjallað um verðlagsmál og tekið ákveðnar til orða en gert er í samsvarandi grein í tillögum hæstv. ráðh. Sem betur fer hafa verið á kreiki fregnir um að lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti verði breytt í átt til fyrra horfs innan tíðar. Eiga þær sögusagnir vonandi við rök að styðjast, en hæstv. ráðh. getur að sjálfsögðu staðfest það í sinni ræðu.

Í 16. tölul. er rætt um fjármunamyndun í iðnaði og bent á að ná megi markmiðinu fram með breytingum á skatta- og verðlagslögum, en þessi till. og hugmyndin í 11. tölul. um að nota skattalegar aðgerðir er ábending sem send var hv. atvmn. á síðasta ári frá Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Af þeim töluliðum, sem eftir eru, tel ég ekki nauðsynlegt að gera grein fyrir nema 17. tölul., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Einstaklingsframtakið verði virkjað til nýrra átaka á sviði iðnþróunar með því að skapa einkarekstri og samtökum einstaklinga eðlileg almenn rekstrarskilyrði og þar með að á engan hátt verði fyrirtækjum mismunað skattalega eftir rekstrarformum. Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja í samráði við samtök launþega og atvinnurekenda í iðnaði.“

Hér er tekið á efnisatriði sem Sjálfstfl. hefur ætíð lagt mikla áherslu á, einkum þó mismunandi skattareglur eftir rekstrarformum.

Í III. kafla þáltill. er vikið að framkvæmd stefnunnar.

Tvær fyrri mgr. í þessum kafla eru sama efnis og koma fram í till. hæstv. ríkisstj., eins og þær eru nú og eins og þær voru áður. En í 3. mgr. er lagt til að komið verði á fót svokallaðri „samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu“, sem í eigi sæti samkvæmt tilnefningu einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna, viðskrn., fjmrn., Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks og fullltrúi iðnrn., sem jafnframt verði formaður nefndarinnar. Flm. þessarar þáltill. telja afar mikilvægt að þessari nefnd verði komið á laggirnar og hún taki við, þar sem störf samstarfsnefndar um iðnþróun enduðu, og verði þannig samstarfsvettvangur þeirra aðila sem þessi mál snerta.

Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir einstökum atriðum og töluliðum í sjálfri tillgr.

Á landsfundi Sjálfstfl., sem haldinn var um mánaðamótin okt.-nóv. s. l. haust, var samþykkt með öllum atkvæðum till. um stefnu í atvinnumálum sem hlotið hefur nafnið: „Leiðin til bættra lífskjara“. Í þessum efnum voru allir sjálfstæðismenn sammála, burt séð frá afstöðu til hæstv. ríkisstj. Stefna Sjálfstfl. er hagvaxtarstefna sem leggur áherslu á nauðsyn þess að leysa úr læðingi atorku, hugvit og framtak einstaklinga og örva þannig atvinnustarfsemina. Eins er undirstrikað mikilvægi þess að nýta orkulindir landsins til að bæta lífskjörin í landinu. Sérstakur kafli er um iðnaðinn og þykir mér rétt að lesa hann hér til að kynna efni hans í umræðum um iðnaðarmál á Alþingi. Kaflinn er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Íslenskur iðnaður hefur tekið sér stöðu sem einn af undirstöðuatvinnuvegum þjóðarinnar. Hann mun í vaxandi mæli taka við því hlutverki að vera vaxtarbroddur atvinnulífsins og ein helsta undirstaða aukinnar atvinnu og batnandi lífskjara þjóðarinnar. Við mikilvægar ákvarðanir í efnahagsmálum verður því að taka fullt tillit til hagsmuna hans, afkomu og atvinnuöryggis þeirra sem í iðnaðinum starfa. Iðnaðurinn þarf að njóta jafnréttis um aðstöðu og starfsskilyrði á öllum sviðum gagnvart öðrum innlendum atvinnugreinum og erlendum keppinautum. Nauðsynlegt er að iðnaður fyrir heimamarkað endurheimti sína fyrri stöðu og eflist frekar, en skilyrði þess er að hér á landi verði atvinnulíf í blóma, þjóðinni fjölgi eðlilega og sæmilegur stöðugleiki ríki í efnahagsmálum.

Fyrir aðra undirstöðuatvinnuvegi landsins hefur sterkur iðnaður ómetanlega þýðingu, hvort sem litið er til mannvirkja- og vélaframleiðslu og þjónustu eða daglegra nauðsynja. Þannig má minna á skipasmíðar og viðgerðir, smíði fiskvinnslutækja og veiðarfæragerð í þágu útgerðar og fiskvinnslu.

Rafeindatækni og örtölvur opna nýjar leiðir í iðnaði. Á því sviði eru framtíðarmöguleikar bæði hvað varðar framleiðslu fyrir innlendar þarfir og útflutning. Stóraukin nýting jarðhita og vatnsorku hefur opnað nýja markaði innanlands sem iðnaðurinn sinnir í auknun mæli. Uppbyggingu stóriðju til útflutnings munu á sama hátt fylgja fjölbreytt iðnaðarverkefni í öllum landshlutum. Framleiðsla iðnaðarvöru til útflutnings hefur aukist meira en bjartsýnustu menn þorðu að vona. Framleiðsla ullar- og skinnavöru er nú ein sér orðin mikilvægur þáttur í þjóðarbúskapnum og veitir mikla atvinnu á fjölmörgum stöðum á landinu.

Annar útflutningur, sem á sama hátt byggist á sérhæfðri þekkingu og reynslu landsmanna, hugviti og verkhönnun, er einnig óðum að hasla sér völl á erlendum mörkuðum. Það væri hörmulegt ef aðgerðir íslenskra stjórnvalda yrðu til þess, að erlendir markaðir sem aflað hefur verið í harðri samkeppni við erlendan keppinaut, töpuðust.

Höfuðnauðsyn er að eðlileg skilyrði og efnaleg hvatning séu ætíð fyrir hendi til þess að íslenskt hugvit og þekking og sérstök hráefni nýtist til atvinnuuppbyggingar. Hér hafa einstaklingsframtak og lítil fyrirtæki sérstöðu, brautryðjendahlutverki að gegna þjóðarheildinni til hagsbóta.

Sjálfstfl. telur jafnframt að nú séu hagstæð skilyrði til þess að nýta orkulindir þjóðarinnar í stórum stíl til iðnaðar víða um land eins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.“

Hér lýkur tilvitnun í stefnu Sjálfstfl. í atvinnumálum, þar sem fjallað er um iðnaðarmál og ég vildi koma á framfæri einkum og sér í lagi þar sem ekki gefst oft tækifæri til þess hér í þingsölum að ræða málefni iðnaðarins, nema þá þegar hæstv. iðnrh. hefur lagt fram sína þáltill. sem hann hefur gert nú fjórum sinnum og minnst hefur verið á.

Ég hef fengið í hendur framreiknað rekstraryfirlit útflutningsiðnaðar árið 1980 frá Þjóðhagsstofnun. Þar kemur fram, sem reyndar allir vita, að verulegt tap er og verður á nokkrum greinum sem hingað til hafa verið að byggjast upp í landinu, en ég sé ekki ástæðu til þess að lesa það upp í einstökum tölum.

Sú þáltill., sem hér er til umr., er lögð fram fyrst og fremst til þess að sýna áhuga sjálfstæðismanna á því, að iðnaðarstefna verði mörkuð á hinu háa Alþingi. Við viljum sýna þennan vilja í verki og sýna vilja til samstarfs við þá sem árangurslaust hafa reynt hingað til að koma sínum stefnumiðum fram á Alþingi. Ég tel ástæðu til þess að vera bjartsýnn um að það takist á yfirstandandi þingi, ekki síst vegna þess að báðir aðilar, bæði flm. þessarar till. og eins flm. stjórnartillögunnar, hafa teygt sig í átt hvorir til annarra og veit það að sjálfsögðu á gott. Í hv. atvmn. mun ég vinna að sameiningu þessara tillagna og minni á að þrír flm. till. eru í þeirri hv. nefnd, þar með formaður nefndarinnar. Mér er jafnframt kunnugt um að fulltrúi Alþfl. í nefndinni hefur haft svipuð viðhorf til málsins, enda tók hann þátt í viðræðum á s. l. vori sem urðu á milli okkar og hæstv. ráðh. um þetta mál, en þá strandaði málið á því, að ekki náðist samkomulag innan stjórnarflokkanna.

Ég vil leggja aðaláherslu á örfá atriði í þessari þáltill. Þar er í fyrsta lagi um að ræða 1. tölul. í markmiðakaflanum sem ég hef rækilega gert skil, en það atriði kemur ekki nægilega skýrt fram í þáltill. hæstv. ríkisstj.

Í öðru lagi vil ég benda á 5. tölul., þar sem fjallað er um orkufrekan iðnað og bent á hvernig með fordómalausum hætti má eiga samvinnu við erlenda aðila til að nýta okkar eigin auðlindir. Þetta kemur ekki nægilega skýrt fram í þáltil. hæstv. ríkisstj., en ugglaust verður hægt að sveigja það til í nefndarstarfinu.

Loks vil ég í sambandi við leiðirnar leggja áherslu á 17. tölul. þar sem fjallað er um mismunun í skattalögum.

Varðandi framkvæmd stefnunnar tel ég það vera mjög mikilvægt, ef samþykkt slíkrar tillögu á að vera einhvers virði, að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu, eins og þar er gert ráð fyrir. Aðalatriðið er hins vegar að þetta mál nái fram að ganga með þeim hætti sem ég veit að flestir geta sætt sig við. Og með

þeim orðum vil ég ljúka máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 162). — Fyrri umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um iðnaðarstefnu sem ríkisstj. leggur fyrir hv. Alþingi. Slík stefnumarkandi tillaga um málefni iðnaðar var fyrst lögð fram hér á Alþingi af mér sem iðnrh. í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar vorið 1979 í framhaldi af setningu laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála, þar sem segir m. a. í kafla um atvinnumál, 22. gr.:

„Ráðuneyti einstakra atvinnuvega skulu hafa forgöngu um gerð atvinnuvegaáætlana hvert á sínu sviði.“ — Og nánar í 24. gr.: „Ríkisstj. leggur atvinnuvegaáætlanir fyrir Alþingi sem þáltill. eða lagafrv., eftir því sem við á.“

Till., sem þá var flutt, var endurflutt haustið 1979, en komst þá ekki til umr. vegna þess að þingstörf stóðu aðeins í nokkra daga áður en þing var rofið. Í fyrravetur var till. svo endurflutt og þá rædd hér í þinginu og komst til nefndar.

Að baki þáltill., eins og hún var flutt í upphafi, lá mikil vinna á vegum samstarfsnefndar um iðnþróun sem rn. skipaði haustið 1978 til þess m. a. að undirbúa drög að iðnaðarstefnu, og var álit nefndarinnar þar að lútandi frá maí 1979 lagt fram sem fskj. með þáltill. með heitinu Iðnaðarstefna. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að mörkuð verði langtímastefna um iðnþróun. Í samræmi við það var farið yfir stefnumörkunina frá 1979 og þáltill. flutt með breytingum á síðasta þingi á vegum ríkisstj. Eftir fyrri umr. komst hún til nefndar, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Við flutning till. nú hafa verið gerðar á henni nokkrar breytingar með tilliti til atriða, sem fram komu á síðasta þingi í umr. og umsögnun til atvmn. Sþ., og með tilliti til aðgerða og þróunar sem átt hefur sér stað fyrir forgöngu stjórnvalda og samtaka iðnaðarins. Ég vænti þess, að um málið geti tekist góð samstaða, og legg áherslu á að till. fái þinglega meðferð og afgreiðslu á þessu þingi.

Ræða hv. talsmanns sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu um iðnaðarstefnu, sem þeir hafa flutt í formi þáltill. sem hann mælti fyrir áðan, vekur vonir um að þetta mál geti tekist breið og góð samstaða þótt ágreiningur sé um nokkur atriði. Sá áhugi á iðnaðarmálum, sem virðist þannig ríkja raunar í öllum þingflokkum, vekur vonir um að unnt eigi að vera að ná saman um víðtæka stefnumörkun í málefnum iðnaðarins, eins og hér er lagt til. Ég tel rétt, herra forseti, að vitna hér til till. að því er varðar markmið sem þar eru sett fram um iðnþróun. Þar segir í upphafi:

„Með tilliti til líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar ályktar Alþingi að stuðla beri að framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að skapa iðnaðinum almenn skilyrði fyrir heilbrigðan rekstur fyrirtækja og að ýta undir frumkvæði til nýrra átaka og nýjunga í framleiðslu.

2. Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.

3. Að stuðla að hagkvæmri fjárfestingu til að fjölga störfum í iðnaði og tryggja fulla atvinnu með hliðsjón af aðstæðum í öðrum atvinnugreinum og áætlunum um fjölda fólks á vinnumarkaði.

4. Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum, þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu, jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.

5. Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og efla innlenda aðila til forustu á því sviði. Orkufrekur iðnaður verði þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu og jafnframt verði lögð áhersla á úrvinnsluiðnað í tengslum við hann.

6. Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum og koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.

7. Að tryggja forræði landsmanna yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum og stuðla að æskilegri dreifingu iðnaðar og jafnvægi í þróun byggðar í landinu.“

Í þessum markmiðskafla þáltill. hefur verið bætt við töluliðum 1 og 5 til frekari áherslu á að skapa þurfi iðnaði almenn skilyrði til vaxtar og efla nýjungar í framleiðslu, m. a. með hagnýtingu innlendra orkulinda.

Í II. kafla till. er gerð grein fyrir helstu leiðum til að ná umræddum markmiðum. Eru þar 20 tölusettir liðir og verður vikið að nokkrum þeirra síðar.

Í grg. með till. er m. a. rætt um horfur í atvinnumálum og stöðu iðnaðar í því samhengi. Þar segir m. a.:

„Margt bendir til að Íslendingar séu á tímamótum í atvinnumálum þar sem hagnýta þurfi mun fjölþættari kosti en hingað til. Þannig verði auk öflugs sjávarútvegs og fiskiðnaðar að koma til fjölbreyttur iðnaður, sem m. a. byggi á og vaxi upp af þeirri þekkingu og reynslu sem við höfum öðlast í hefðbundnum atvinnugreinum hingað til. Af öðrum þáttum, sem rennt geta stoðum undir öfluga innlenda iðnþróun, má nefna ýmsar hráefnaauðlindir og innlenda orku, svo og ýmis önnur náttúruskilyrði og hugvit, til að framleiða samkeppnishæfar iðnaðarvörur til heimanota og útflutnings.

Þessu nýja hlutverki sínu fær iðnaðurinn ekki valdið nema til komi breytt viðhorf gagnvart málefnum hans og að honum verði markvisst sköpuð skilyrði til vaxtar.“

Þá er vitnað til mats byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins varðandi breytingu sem fram undan geti verið í þróun atvinnulífs og skiptingu vinnuafls í landinu eftir atvinnugreinum. Kjarni þess máls er sá, að nauðsynlegt sé að efla og byggja upp arðvænlegan iðnað með mikilli framleiðni til að skapa viðfangsefni fyrir þúsundir manna á næstu árum því að ella sé hætt við atvinnuleysi og auknum brottflutningi fólks úr landinu. Rakin er viðleitni stjórnvalda til stefnumótunar í iðnaðarmálum á síðasta áratug, en þrátt fyrir hana hafi vantað samræmda iðnaðarstefnu af hálfu hins opinbera.

Frá árinu 1970 hefur iðnaðurinn mætt vaxandi samkeppni af völdum innflutnings eftir afnám tolla og minnkandi innflutningshöft. Þótt aðeins hafi í undantekningartilvikum orðið verulegur samdráttur í framleiðslu af völdum innflutnings hefur aðstaða innlendra framleiðenda þrengst á markaðnum og ekki orðið framleiðsluaukning hjá mörgum þeirra. Aðlögunartíminn í kjölfar EFTA-aðildar nýttist ekki sem skyldi, m. a. vegna ófullnægjandi aðgerða til stuðnings iðnaði, örrar verðbólguþróunar og alþjóðlegra efnahagserfiðleika í

kjölfar olíuverðshækkana svo og vegna þess að iðnfyrirtæki voru illa í stakk búin til að taka þátt í þeirri endurskipulagningu framleiðslu sem EFTA-aðild kallaði á.

Nauðsynlegt er að menn líti fordómalaust á þann sérstaka vanda sem leiðir af sambýli iðnaðar við sjávarútveg. Þar eð sjávarútvegurinn hefur haft alla yfirburði sem aðalútflutningsatvinnuvegur landsmanna og í reynd verið burðarásinn í hagvexti hérlendis fram á síðustu ár hafa ákvarðanir um meginatriði í efnahagsmálum ráðist mjög af hagsmunum og aðstæðum hans. Þannig ræðst gengi íslensku krónunnar og þar með afurðaverð útflutningsiðnaðar og samkeppnisverð á innfluttum iðnaðarvörum fyrst og fremst af afkomu og viðskiptakjörum sjávarútvegsins. Eftir afnám verndartolla og innflutningshafta skiptir þetta atriði sköpum fyrir iðnaðinn.

Þetta sambýli iðnaðar og sjávarútvegs hefur haft meiri áhrif á þróunarmöguleika iðnaðar en margir gera sér grein fyrir og að líkindum reynst afdrifaríkara en breytingar af völdum erlendrar samkeppni á heildina litið. Eitt af grundvallaratriðum fyrir árangursríkari iðnþróun er því að komið verði á jafnræði með þessum atvinnuvegum á þeim sviðum er máli skipta til að skapa vaxtarforsendur fyrir iðnað.

Eftirfarandi meginviðhorf til iðnþróunar liggja að baki tillögum þeim sem fram koma í þáltill.:

1. Að vinna þurfi að iðnþróun með samhæfðu átaki fyrirtækja, samtaka og stofnana iðnaðarins og opinberra aðila.

2. Að leggja verði mikla áherslu á þróun iðnaðar á næstu árum með sérstöku tilliti til aukins útflutnings iðnaðarvara.

3. Að búa þurfi iðnaðinum hagstæð vaxtarskilyrði með því að jafna aðstöðu hans og annarra atvinnuvega. Þegar teknar eru ákvarðanir um aðalatriði efnahagsmála verði sérstaklega gætt að áhrifum þeirra á iðnaðinn.

4. Að skapa þurfi þannig jarðveg fyrir iðnþróun að frumkvæði sem flestra fái notið sín við margbreytileg viðfangsefni og horft sé til sem flestra kosta, en ekki eingöngu byggt á afmörkuðum sviðum iðnaðar.

5. Að lögð verði áhersla á að efla sérstaklega þær greinar og fyrirtæki, sem hafa góð vaxtarskilyrði og geta tryggt varanlega samkeppnisyfirburði. Iðnaður með háa framleiðni getur að jafnaði greitt góð laun og þannig valdið miklum margföldunaráhrifum, sem svo eru kölluð, á atvinnu í þjónustugreinum. Endurmeta þarf stöðu greina, sem fara halloka í samkeppni, en gjalda varhug við óraunhæfri aðstoð eða verndaraðgerðum.

6. Að kanna sérstaklega með hvaða hætti verði unnt að nýta orkulindir landsins þannig að landsmenn haldi forræði í þeirri uppbyggingu og að hún samrýmist að öðru leyti þjóðfélagslegum markmiðum sem víðtæk samstaða getur tekist um.

7. Að stuðla að aðlögun og nýsköpun í iðnaði með því að hvetja til vöruþróunar, markaðsleitar og rannsókna- og þróunarstarfsemi í fyrirtækjum. Slíkar aðgerðir séu örvaðar, m. a. með fjárhagslegri aðstoð hins opinbera, tæknilegum stuðningi frá stofnunum iðnaðarins og aðgerðum í skattamálum.

8. Að auðvelda iðnaðinum að takast á við stærri verkefni en hingað til og styðja sveitarfélög til að greiða fyrir iðnþróunaraðgerðum í landshlutum, t. d. með ráðningu sérhæfðra starfsmanna og byggingu iðngarða.

9. Að stuðla að nýsköpun í iðnaði, m. a. með því að ríkið eitt sér eða í samvinnu við aðra aðila taki þátt í stofnun meiri háttar nýiðnaðarfyrirtækja. Stjórn ríkisins á eigin atvinnurekstri þarf að samræma og gera hana markvissari. Athuga ber það form að setja eignarforræði yfir helstu fyrirtækjum í ríkiseign á eina hendi. Gera þarf auknar arðsemiskröfur til ríkisfyrirtækja og ráðstafa mætti arði af slíkum fyrirtækjum til þróunar og uppbyggingar nýiðnaðar.

10. Að auka áhrif starfsfólks á eigin vinnuumhverfi og efla skilning þess á daglegum viðfangsefnum og stöðu sinni í framleiðslunni. Þessi viðleitni getur stuðlað að bættum rekstrarárangri fyrirtækja og jafnframt vakið starfsfólk til umhugsunar um félagslegt inntak vinnunnar.

11. Að forðast að vaxandi iðnaður leiði til óæskilegrar röskunar á náttúru landsins og félagslegu umhverfi. Iðnvæðing og aukin framleiðsla má ekki verða á kostnað heilbrigðs umhverfis eða skynsamlegrar nýtingar auðlinda.

12. Að tryggja að breytingar á atvinnuháttum stuðli að sem bestu jafnvægi í þróun byggðar í landinu og ekki skapist misvægi sem leiði til verulegrar byggðaröskunar. Sérstaklega þarf að huga að iðnaði sem treyst geti búsetu í sveitum, strjálbýli, og smáum byggðakjörnum og aukið fjölbreytni í atvinnuframboði.

Það er afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að átta okkur á inn á hvaða brautir sé vænlegast að leggja í atvinnumálum varðandi nýtingu auðlinda innan íslenskrar lögsögu. Örar tækniframfarir og vaxandi alþjóðleg verkaskipting samfara harðri samkeppni í alþjóðaviðskiptum knýja þá þjóð, sem vill tryggja efnahag sinn til frambúðar, til að ganga skipulega til verka. Þar skiptir fjölbreytni í atvinnulífi og sveigjanleiki og aðlögunarhæfni miklu máli. Sú alþjóðlega efnahagskreppa, sem við erum vitni að síðustu ár með miklu atvinnuleysi í mörgum iðnríkjum, minnkandi hagvöxt og vaxandi verðbólgu, þarf að verða þjóð okkar hvatning til að skyggnast fram í tímann í atvinnumálum og búa þar sem tryggast um hnútana.

Við höfum að undanförnu sloppið vel frá vofu atvinnuleysis og hérlendis hefur á síðasta áratug verið meiri hagvöxtur en í flestum öðrum ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD. Að undanförnu hefur hins vegar dregið verulega úr hagvexti og horfur varðandi þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu á nýbyrjuðu ári eru því miður engan veginn bjartar. Við megum því ekki fremur en aðrar þjóðir treysta á guð og lukkuna í atvinnumálum. Eitt er að tryggja fulla atvinnu í bráð og annað að tryggja atvinnuöryggi til lengri tíma. Engin ástæða er hins vegar til svartsýni, því að þótt við finnum oft fyrir því að búa á norðurslóð ræður þjóðin yfir miklum og endurnýjanlegum auðlindum sem geta tryggt hér blómlega efnahagsstarfsemi og góð lífskjör um langa framtíð ef við náum tökum á að hagnýta náttúruskilyrði og þróa hér verkmenningu, vísindi og tækni í samræmi við aðstæður.

Hagkvæm og hófleg nýting auðlinda og framsýn stefna á sviði vísinda og tækni er nú mikið á dagskrá víða um lönd og við þessi atriði eru bundnar vonir um úrbætur á sviði efnahagsmála og félagsmála á komandi árum.

Ég átti þess kost ásamt fleiri íslenskum fulltrúum að sækja ráðherrafund OECD um vísinda- og tæknimál í mars s. l., en sá fundur var undirbúinn af vísindanefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Á dagskrá var stefnumótun á sviði vísinda og tækni og leit að nýjungum

í þágu atvinnulífsins á 9. áratugnum. Rædd voru alþjóðleg viðhorf og viðhorf einstakra landa og kom fram mikill áhugi aðildarríkja OECD á að leggja meiri áherslu á rannsóknir og þróunarstarfsemi en verið hefur á síðustu árum. Mörg ríki hafa nú einsett sér að auka verulega framlög á þessu sviði, Kandamenn t. d. úr um 1% af þjóðarframleiðslu í 1.5% fyrir árið 1985 og Frakkar úr 1,8% í 2,3% af þjóðarframleiðslu á fimm árum. Hérlendis er þetta hlutfall aðeins um 0,75% af þjóðarframleiðslu og er það langlægst af því sem gerist á Norðurlöndum.

Við þurfum að gefa þessum málum sérstakan gaum nú og á næstunni með það að markmiði að auka starfsemi á þessu sviði, bæði grundvallarrannsóknir og svonefndar hagnýtar rannsóknir er tengjast með beinum hætti þróun atvinnulífs. Á því sviði hefur sitthvað vel tekist til hérlendis, m. a. í tengslum við sjávarútveg og landbúnað. Nú er sérstök ástæða til að huga að rannsóknum á orkusviðinu, ekki síst að því er varðar orkunýtingu, þ. e. iðnaðaruppbyggingu í tengslum við hagnýtingu innlendra orkulinda. Svipuðu máli gegnir um hagnýtingu og aðlögun atvinnulífsins að nýrri tækni er byggir á örtölvum, og þar þurfa félagsvísindi og félagsleg áhrif til langs tíma að vera gildur þáttur í mati á leiðum.

Í því nýsköpunarstarfi, sem mikil nauðsyn er á í atvinnulífinu og þá ekki síst á sviði iðnaðar, þurfum við að gæta þess sem best að tengja saman atvinnustarfsemi í landinu þannig að sem mest af framleiðslu og þjónustu, sem unnt er að veita innan marka eðlilegrar samkeppni, falli í hlut innlendra aðila. Til þess að svo megi verða þurfa menn hins vegar bæði að hafa vilja og vinna vel fram fyrir sig í skipulagningu og áætlanagerð. Dæmi um slík tækifæri er m. a. að finna á orkusviðinu, þar sem er uppbygging orkuvera og iðnfyrirtækja. Iðnrn. hefur beitt sér fyrir sérstakri úttekt á þeim framleiðslumöguleikum innanlands á sviði rafiðnaðar og málmiðnaðar, er tengst gæti þeirri miklu fjárfestingu sem fyrirhuguð er á orkusviðinu, og þar bíður tækifæri í almennri iðnþróun sem við megum ekki láta okkur úr greipum ganga.

Herra forseti. Í störfum stjórnvalda að iðnþróun undanfarin ár hefur vissulega verið tekið mið af þeirri stefnu sem í þessari þáltill. felst, og sú vinna, sem að baki þessari till. liggur, hefur þannig þegar haft veruleg áhrif. Að þessu má færa mörg rök með hliðsjón af þeim leiðum sem bent er á í II. kafla till. Tímans vegna læt ég hins vegar nægja að nefna fáein dæmi um það sem áunnist hefur og að er unnið í iðnaði í anda tillögunnar, þá fyrst varðandi iðnþróunaraðgerðir og aukna framleiðni í iðnaði.

Verulegu fjármagni hefur verið varið til iðnþróunaraðgerða í mörgum greinum iðnaðar að undanförnu. Hafa þar lagst á eitt fyrirtæki, samtök iðnaðarins og stjórnvöld sem stutt hafa slíkar aðgerðir með fjármagni af aðlögunargjaldinu. Inni í þessari mynd hafa einkum verið málm- og rafiðnaður, skipaiðnaður, fata- og ullariðnaður, húsgagna- og innréttingaiðnaður og sælgætisiðnaður. Hagræðingar- og þróunaraðgerðir, sumpart samfara tímabundinni tollvernd, hafa skilað verulegum árangri í aukinni framleiðni í fyrirtækjunum og auknum hlut til starfsmanna í mörgum þeirra með afkastahvetjandi launakerfum, sem þó eru vissulega umdeild. Samkv. mati tæknideildar Félags ísl. iðnrekenda var meðaltalsframleiðniaukning í fataiðnaði á tveggja ára tímabili 1979—1981 yfir 50% og verulegur árangur varð í öðrum greinum. Kemur þar m. a. til aukin áhersla á vöruþróun og markaðsaðgerðir í húsgagna- og sælgætisiðnaði. Áhrif af mörgum þessara aðgerða munu hins vegar koma fram á lengri tíma, t. d. af nýju skráningar- og flokkunarkerfi og markaðsátaki á vegum Sambands málm- og skipasmiðja, en það varðar fjölda fyrirtækja um land allt og kemur ekki síst skipaiðnaðinum til góða. Fyrir rafiðnað eru hliðstæðar aðgerðir í undirbúningi.

Þá vil ég nefna endurkaupalán og sjóði iðnaðarins. Iðnrn. hefur frá ársbyrjun 1981 átt nokkrar viðræður við Seðlabankann um að iðnfyrirtækjum yrði veittur greiðari aðgangur að endurlánakerfi bankans, en það atriði var sérstaklega áréttað í efnahagsáætlun ríkisstj. um áramótin 1980—1981. Jafnframt gerði Iðnaðarbankinn sérstakt átak til að kynna iðnfyrirtækjum víða á landinu rekstrarlánamöguleika í gegnum endurkaupalánakerfið. Þessi viðleitni og jákvæðu viðbrögð af hálfu Seðlabankans hafa leitt til þess, að endurkaupalán hans af iðnfyrirtækjum hafa aukist verulega. Hlutfall iðnfyrirtækja í endurkaupalánum var í des. s. l. komið í tæp 14% af heildarendurkaupum, en var ári fyrr aðeins 10.7%. Er hlutfallsleg aukning mest í rekstrarlánum sem hafa nær þrefaldast í krónum talið á árinu 1981.

Vorið 1980 var samþykkt breyting um Iðnrekstrarsjóð sem ætlað er að stuðla að margvíslegu nýsköpunar- og umbótastarfi í iðnaði. Sjóðurinn fékk til ráðstöfunar á árunum 1980—1981 umtalsvert fjármagn af aðlögunargjaldi, og hliðstæð fjárhæð, um 10 millj. kr., er ætlað sjóðnum með framlagi úr ríkissjóði samkv. fjárlögum. Er þannig tryggt að sjóðurinn geti á næstu árum rækt hlutverk sitt með öðrum og betri hætti en áður. Lánasjóðir iðnaðarins, Iðnlánasjóður og Iðnþróunarsjóður, hafa sterka eiginfjárstöðu og hefur heildarráðstöfunarfé þeirra farið stöðugt vaxandi. Framboð á fjármagni til fjárfestingar í iðnaði er ekki lengur jafntakmarkandi þáttur og áður, en sjóðina þarf að efla enn frekar rýmka heimildir þeirra til lántöku innan ramma lánsfjáráætlana hverju sinni þannig að þeim verði gert kleift að takast á við stærri verkefni og þeir geti aukið verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði. Þess má geta, að nú er unnið að endurskoðun á útflutningslánakerfinu, útflutningslánum og útflutningstryggingum, með hliðsjón af samsvarandi starfsemi í helstu viðskiptalöndum okkar. Verða tillögur þar að lútandi væntanlega brátt lagðar fram hér á Alþingi.

Ég vil þá víkja að orkunýtingu. Þáltill. felur í sér það markmið að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og að efla beri innlenda aðila til forustu á því sviði. Slíkur iðnaður lúti virku íslensku forræði og taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd. Orkufrekur iðnaður þarf að verða þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu, m. a. með því að komið verði upp úrvinnsluiðnaði í tengslum við hann og að innlendur málm- og rafiðnaður fái sem stærstan hlut í uppbyggingu orku- og iðjuvera. Þótt ekki blási byrlega fyrir þungaiðnaði í þeirri efnahagskreppu, sem nú gengur yfir, er eftir sem áður líklegt að Íslendingar hafi góða samkeppnisstöðu í ýmsum greinum orkufreks iðnaðar í krafti orkulinda sinna, og æskilegt er að þróa hér tækni til úrvinnslu úr íslenskum hráefnum, svo sem magnesíumvinnslu og steinefnaiðnaði, með svonefndri silikat-tækni. Núv. ríkisstj. hefur beitt sér fyrir víðtækri könnun á möguleikum okkar á sviði orkufreks iðnaðar og hagnýt-

ingar innlendra orkulinda í stað innfluttrar orku. Á öðru þskj., sem hér er ekki til umr. nú, er að finna greinargerð um stöðu þeirra mála og munu þau væntanlega koma til umr. hér í þinginu í öðru samhengi. Jafnframt fer fram vönduð úttekt á því, hvar æskilegt geti talist að setja niður meiri háttar iðnfyrirtæki út frá landfræðilegum og félagslegum forsendum, en dreifing slíks iðnaðar á mismunandi landshluta verður að teljast skynsamleg af ýmsum ástæðum.

Ég vil þá víkja að starfsskilyrðum atvinnuveganna nokkrum orðum. Eitt fyrsta atriðið meðal leiða til að ná fram markmiðum þáltill. er að bætt verði aðstaða til iðnrekstrar með því að búa iðnaði sömu starfsskilyrði og öðrum höfuðatvinnuvegum. Í því skyni verði álagning opinberra gjalda samræmd milli atvinnuvega og iðnfyrirtækja tryggt jafnræði varðandi aðgang að rekstrar- og framleiðslulánum, eins og það er orðað í þáltill. Að síðast talda atriðinu hef ég þegar vikið, en rétt er að geta um þá miklu vinnu sem nú er lokið á vegum svonefndrar starfsskilyrðanefndar. Hv. alþm. fengu fyrir jól áfangaskýrslu frá nefndinni, en um síðustu helgi lauk hún störfum og mun lokaálit hennar væntanlega liggja fyrir fjölritað fljótlega. Með vinnu starfsskilyrðanefndar er fengið vandað yfirlit um þau starfsskilyrði sem atvinnuvegunum eru búin af opinberri hálfu með afskiptum eða afskiptaleysi. Aðalfengur nefndarstarfsins er sá, að þeir, sem ráðuneytin tilnefndu og í nefndinni störfuðu, urðu sammála um efnisatriðin. Síðan er eftir að finna pólitíska lausn á því, hvernig eðlilegast sé að starfsskilyrðin séu jöfnuð á þjóðhagslega farsælan hátt.

Talsmenn iðnrekenda hafa leitt að því rök, að iðnaðurinn fari verulega halloka í þeim samanburði og m. a. leiði mismunun í skattlagningu á atvinnuvegina til óhagræðis fyrir útflutnings- og samkeppnisiðnað gagnvart gengisskráningu og endurspeglist þar með í lakari afkomu. Þetta hefur blasað við í sambandi við launaskatt og aðstöðugjald að flestra mati, en margir fleiri þættir koma hér við sögu og eru þeir ekki allir iðnaðinum mótdrægir. Starfshópur ráðuneyta fjallar nú um álit starfsskilyrðanefndarinnar til að undirbúa tillögur um jöfnun starfsskilyrðanna á grundvelli þeirrar greiningar sem fram kemur í áliti nefndarinnar og samkomulag tekst um að færa til betri vegar. Rætt hefur verið um og raunar fyrirhugað að lækka launaskatt á almennum iðnaði og fiskiðnaði á næstunni, en ljóst er að verulega mismunun er eftir sem áður þar sem fiskveiðar og landbúnaður greiða engan slíkan skatt til hins opinbera.

Atvinnulýðræði og bætt starfsskilyrði: Í II. kafla tillögunnar undir lið 16 og 20 segir: „Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja í samráði við samtök launafólks og atvinnurekenda í iðnaði. Leitað verði rekstrarforma, sem miði að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað í þeim tilgangi að efla lýðræði í atvinnurekstri og ná betri árangri í framleiðslu. — Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi og að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar. Samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði verði aukið til að ná því markmiði svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir."

Hér er vikið að afar þýðingarmiklum atriðum sem varða stöðu starfsmanna innan fyrirtækja og áhrif þeirra á starfsumhverfi sitt. Hugmyndir um aukinn hlut og ábyrgð starfsmanna í stjórnun og rekstri fyrirtækja eru nú mikið ræddar í flestum löndum Vestur-Evrópu og voru eitt fremsta baráttumál Solidarnosc-hreyfingarinnar í Póllandi áður en herinn batt enda á starfsemi verkalýðssamtakanna þar 13. des. s. l. Tilraunir Júgóslava með sjálfstjórn verkamanna vöktu á sínum tíma verulega athygli, enda mjög í andstöðu við miðstýringu í efnahagskerfi Austur-Evrópulanda. Víða í Vestur-Evrópu, t. d. í Vestur-Þýskalandi, hafa um skeið verið í gildi allvíðtæk lög um fulltrúaaðild starfsmanna í stjórnum fyrirtækja og fleiri réttindamál, og sjálfsstjórnarhugmyndir starfsmanna hafa tekið fjörkipp í Frakklandi eftir stórsigur sósíalista þar á síðasta sumri. Í Svíþjóð tefla verkalýðshreyfingin og þeir flokkar, er einkum sækja til hennar fylgi, fram tillögum um launamannasjóði er tryggja eiga starfsmönnum eignarhlut í fyrirtækjum í áföngum.

Hér á landi hafa þessi mál ekki verið eins mikið til umræðu í samtökum launafólks eða á stjórnmálavettvangi og hefði mátt vænta, en áhugi er þó vaxandi, m. a. í röðum opinberra starfsmanna. Þannig var um það samið í kjarasamningi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og fjmrh. á árinu 1980 að heimila myndun starfsmannaráða í ríkisstofnunum með 15 starfsmenn eða fleiri, og í undirbúningi er reglugerð um verkefni þessara ráða sem eru sumpart ákvarðandi og sumpart ráðgefandi. Beiðnir um slík starfsmannaráð þurfa að koma frá starfsfólkinu sjálfu, og hlýtur það einnig að gilda sem meginregla um samvinnu stjórnenda og starfsmanna í atvinnufyrirtækjum almennt.

Náskyld þessum atriðum eru fræðslumál og réttindi er þeim tengjast. Aukin réttindi og ábyrgð starfsmanna á vinnustað, bæði varðandi starfsumhverfi og rekstur, eru að mínu mati afar mikilvæg fyrir hag starfsmanna og árangur í rekstri, ekki síst til langs tíma litið. Varðar þetta m. a. hvers konar hagræðingu og beitingu tækninýjunga.

Herra forseti. Undirstaðan í stefnumótun í iðnaði er að við gerum okkur á hverjum tíma sem gleggsta grein fyrir hvaða framleiðsla og þjónusta eigi hér lífvænlega möguleika. Leggja þarf meginherslu á þær greinar þar sem við höfum umtalsverða yfirburði gagnvart þeim þjóðum sem við erum í samkeppni við. Þessir yfirburðir geta verið af ýmsum toga. Nærtækt er að nefna iðnað sem byggir á innlendum hráefnum og orkulindum, eins og hér hefur verið gert á undan, en við eigum líka og ekki síður að geta haft yfirburði í iðnaði sem byggir á íslensku hugviti og tækni- og verkkunnáttu. Ég vil í þessu sambandi leggja áherslu á, að til langframa stoðar lítt fyrir okkar Íslendinga að fást við framleiðslu á iðnvarningi sem aðrar þjóðir geta framleitt með mun ódýrari hætti. Í vissum þáttum þjónustu skapar fjarlægðin milli landa okkur ákveðna vernd, en hún sýnist þó fara þverrandi með hverju árinu sem líður. Nærtækt dæmi er prentiðnaður og raunar einnig byggingariðnaðurinn sem farinn er að finna fyrir samkeppni í nokkrum mæli.

Þegar á heildina er litið þurfum við vegna breyttra samkeppnisaðstæðna að geta leyft okkur að hverfa frá óarðbærum rekstri. Þetta getur í vissum tilvikum þýtt umtalsverðan samdrátt og fækkun starfa í viðkomandi grein. Slíkum breytingum fylgja að sjálfsögðu marghátt uð vandamál, ekki síst félagsleg, og við verðum að mæta slíku með viðlíka aðgerðum og þegar nýja tækni ber að garði, þ. e. með endurmenntun og starfsþjálfun svo og nýjum vaxtarsprotum til að tryggja atvinnu. Ef við neitum að horfast í augu við slíkar breytingar og bregðumst ekki við þeim á réttan hátt bitnar það fyrst og síðast á launafólki. Sérstaklega þurfum við að efla þann iðnað,

sem hérlendir aðilar eiga þátt í að þróa, og gæða íslenskum sérkennum. Auk þess að vanda val á viðfangsefnum í iðnaði okkar skiptir hitt ekki síður máli, að við stuðlum að þeirri gerð fyrirtækja sem best fellur að hérlendum aðstæðum. Eins og nú háttar til eru yfir 70% af íslenskum iðnfyrirtækjum með 1-5 starfsmenn í ársverkum talið. Ég er þeirrar skoðunar, að í vissum greinum framleiðslu- og þjónustuiðnaðar eigum við að leggja áherslu á að efla minni og meðalstór fyrirtæki. Lítil fyrirtæki fela í sér meiri sveigjanleika gagnvart breyttum aðstæðum, m. a. varðandi markað og tæknibreytingar, en þau sem smærri eru. Við þurfum að geta tryggt smáiðnaði eðlilegt sambýli og góða vaxtarmöguleika við hlið stærri fyrirtækja. Þetta er ekki síst nauðsynlegt að hafa í huga nú þegar við erum að huga að uppbyggingu orkufreks iðnaðar, þar sem tiltölulega stórar rekstrareiningar eru nauðsynlegar til að tryggja hagkvæmni í rekstri. Þess þarf að gæta, að sú tækni, sem bygging og rekstur stórfyrirtækja hefur í för með sér, tengist annarri iðnþróun og komi smærri fyrirtækjum að gagni. Í þessu efni verðum við að vera vel á verði og reyna að tryggja að íslenskt hugvit og verkkunnátta njóti góðs af þeim verkefnum sem fylgja rekstri stórfyrirtækja. Sé þessa gætt ætti fjölskrúðugur smáiðnaður að geta vaxið og dafnað við hlið stórfyrirtækja.

Skortur á samhæfingu á störfum og stefnu hinna fjölmörgu aðila, sem í reynd hafa áhrif á gang mála á sviði iðnaðar, er sá þáttur sem öðrum fremur hefur staðið í vegi fyrir æskilegri þróun iðnaðar hérlendis. Í fámennu og tiltölulega fjármagnsvana þjóðfélagi ber brýna nauðsyn til sameiginlegs átaks margra aðila til að koma umbótum í framkvæmd. Á sviði iðnþróunar hefur vöntun á stefnumörkun haft í för með sér sundurvirkni í störfum opinberra stofnana sem iðnaðinum þjóna, lánasjóða iðnaðarins og samtaka hans með þeim afleiðingum að ekki hefur tekist að koma ýmsum nauðsynjamálum fram. Að fenginni afstöðu Alþingis til þeirra stefnumiða, sem sett eru fram í þessari þáltill., þurfa stjórnvöld og samtök iðnaðarins og aðrir aðilar, er málið varðar, að samstilla krafta sína og hindra þeim aðgerðum í framkvæmd sem tillagan felur í sér, m. a. með breytingu á löggjöf, aðgerðum í einstökum iðngreinum og fyrirtækjum. Í framhaldi af mótun iðnaðarstefnu skiptir miklu að skapa sem víðtækasta samstöðu um framkvæmd hennar og tryggja að einstök mál verði farsællega til lykta leidd.

Herra forseti. Ég vænti, að um afgreiðslu þessa máls geti tekist góð samstaða hér á hv. Alþingi, og treysti því, að það nái fram að ganga fyrir lok þessa þings. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. atvmn.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að Alþingi samþykki ályktun um iðnþróun í þessu landi. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að Alþingi samþykki stefnuyfirlýsingu varðandi málefni iðnaðarins, að Alþingi samþykki stefnulýsingu þess efnis, að það ætli að efla iðnað í þessu landi, að almenn skilyrði í þessu landi, að hinar almennu leikreglur í þjóðfélgainu séu þess eðlis, að innlendur iðnaður geti dafnað sem fullgild atvinnugrein í þessu landi, að grundvöllurinn sé slíkur að hann hvetji menn til iðnrekstrar og efli fyrirtækin. Það er ekki nóg að halda hátíðaræður um þessi efni og tala þar um nauðsyn þess að efla iðnað og iðnaðurinn eigi og muni taka við því starfsliði sem á vinnumarkað komi á næstu árum. Það þarf meira. Það þarf aðgerðir. Það þarf að grípa inn í þann grunn atvinnulífsins sem nú er. Það er meginmál að grunnurinn sé réttur, að grunnurinn sé með þeim hætti að frumkvæði landsmanna nýtist sem allra best.

Síðastur manna skal ég gera lítið úr því, að reynt sé að skipuleggja þessi mál á besta veg. En við megum ekki gleyma okkur þannig að eingöngu verði um að ræða freðið skipulagstal eða einhvers konar uppbyggingu sem byggð er á þungum ákvarðanaferli hins opinbera kerfis. Það verður og er útilokað að virkja uppbyggingu hins íslenska iðnaðar miðstýrt frá einhverju skrifborði embættismanns eða stjórnmálamanns. Fyrst og fremst ríður á í allri umræðu um eflingu iðnaðar í þessu landi að grunnur atvinnulífsins sé réttur, að skattamálum sé hagað þannig að álögur á okkar innlenda iðnað, sem í mörgum tilvikum er veikburða, séu ekki meiri en í þeim löndum þar sem iðnaður okkar á að keppa, að skattamál séu með þeim hætti að munur á starfsskilyrðum hinna ýmsu atvinnuvega séu ekki þannig að iðnaðinum sé beinlínis haldið niðri, að framlög og fyrirgreiðsla til hinna ýmsu atvinnugreina séu ekki beinlínis mismunun þannig að allt þetta hafi þau áhrif að gengisskráningin haldi iðnaðinum beinlínis niðri. Auðvitað er nauðsynlegt að gengið sé skráð þannig að okkar útflutnings- og samkeppnisiðnaður eigi möguleika í þeirri hörðu samkeppni sem hann tekur þátt í.

Hér skiptir fyrst og fremst máli að gera eitthvað. Það duga ekki endalausar ræður eða ályktanir um þessi mál. Þarna eru ákveðin atriði sem þarf að grípa inn í og verður að gera. Það er auðvitað öllum ljóst, að baráttan við verðbólguna að undanförnu, aðhald í gengismálum, hefur haft hamlandi áhrif á innlendan iðnað og minnkað markaðshlutdeild hans.

Íslenska þjóðfélagið hefur gengið í gegnum feiknalega mikla byltingu. Íslenska þjóðfélagið var bændaþjóðfélag í 1000 ár. Það er ekki fyrr en upp úr 1900 sem hér verður iðnbylting og þá með tilkomu togaranna, botnvörpunganna, vélskipanna. Þá breytist íslenska þjóðfélagið í sjávarútvegsþjóðfélag. Nú stöndum við enn frammi fyrir því, að við þurfum að breyta til. Við þurfum að efla hér iðnað. Hann þarf að verða ein meginundirstaða hins íslenska atvinnulífs. Íslenska þjóðfélagið þarf og á að verða sjávarútvegs- og iðnaðarþjóðfélag.

Ef menn líta yfir síðasta áratug kemur í ljós að hagvöxtur á síðasta áratug hefur verið um 2.5% að meðaltali. Verðbólgan hefur sjálfsagt verið um 40-50%. Flestir erlendir hagfræðingar hafa undrast hvernig íslenska þjóðfélagið hafi staðið af sér þessa miklu verðbólgu í heilan áratug, hvernig hafi verið unnt að auka framleiðni, að auka hagvöxt í þessu þjóðfélagi þrátt fyrir þessa gífurlegu verðbólgu, sem samkv. lögmálum hagfræðinnar mundi og ætti eðlilega að mola atvinnulífið niður. Skýringin er einfaldlega sú, að við höfum fengið aukinn sjávarafla. Við höfum veitt meira. Okkur er ljóst að fiskstofnanir eru takmarkaðir og næsta áratuginn getum við ekki treyst á að leysa vandann á sama hátt og við höfum leyst hann þann síðasta. Þess vegna verður efling iðnaðarins að vera grundvöllurinn sem við byggjum á þann áratug sem nú fer í hönd. Um það er engin spurning. Og þá á ég ekki bara við að efla hinn almenna útflutnings- og samkeppnisiðnað í þessu landi, heldur ekki hvað síst og kannske öllu fremur orkuiðnað. Ég kann betur við að tala um orkuiðnað en orkufrekan

iðnað eða stóriðju.

Ég bind vonir við að nú þegar, eins og fram kom reyndar í ræðu iðnrh., er fyrirhugað að stíga nokkur skref til að jafna starfsaðstöðu hins innlenda iðnaðar: að lækka launaskatt á iðnaði og fiskvinnslu og samræma aðstöðugjald iðnaðar við fiskvinnslu. Ég bind miklar vonir við þessar aðgerðir, því að í sannleika sagt hefur á undanförnum árum miðað raunalega lítið í að jafna þessi starfsskilyrði. Það er líka ljóst, að samkv. þeim álagningarreglum, sem hjá okkur hafa gilt, á innlendur iðnaður í mjög örðugri samkeppni við innfluttan.

Jafnhliða því, sem menn ræða um eflingu innlends iðnaðar, tala þeir gjarnan um fríverslun og nauðsyn þess að iðnaður okkar dafni í alþjóðlegri fríverslun. Ekki skal ég draga úr því og sjálfsagt erum við öll hlynnt fríverslun. En þá verða menn jafnframt að huga að þeim styrktaraðgerðum sem þegar er gripið til í okkar helstu viðskipta- og samkeppnislöndum. Það er engin spurning um það, að til þess að komast fram hjá fríverslunarákvæðum hafa mörg þessara landa gripið til mjög verulegra styrktaraðgerða. Vilji menn halda áfram á braut fríverslunar, eins og þeir vonandi flestir vilja, verða menn að spyrna við fótum og bregðast við þessum styrktaraðgerðum á réttan hátt. Við vitum að þessar þjóðir fela styrktaraðgerðir sínar ýmist undir alls konar aðgerðum til að draga úr atvinnuleysi eða aðgerðum til að jafna byggðaþróun. Það kann að valda einhverjum frekari erfiðleikum að grípa inn í. En það er alveg ljóst, og ég hef oft gert það að umræðuefni hér á Alþingi og ætla ekki að gera það enn á ný, að þessar þjóðir beita ýmiss konar fjármagnsaðgerðum, bæði lánafyrirgreiðslu og lágum vöxtum ásamt niðurgreiðslu á launum, til að auðvelda sínum iðnaði að flytja ódýrari vörur út undir yfirskini fríverslunar og þá kannske einmitt til okkar lands það sem veikur iðnaður þarf við þessar aðgerðir að keppa. Menn hafa sérstaklega nefnt í þessu sambandi húsgagnaiðnað, vefnaðar,- fata- og saumaiðnað. Skipaiðnaðinn má telja með og sjálfsagt fleiri iðngreinar. Hér er um atriði að ræða sem bregðast verður við. Það er alveg útilokað að halda ræður um það eða semja ályktanir um að okkar innlendi iðnaður skuli vaxa og dafna og þróast í umhverfi fríverslunar ef menn standa svo starblindir frammi fyrir þeim aðgerðum sem beitt er af viðskiptalöndum okkar í þessu sambandi. Hér hvílir mikil ábyrgð á Alþingi og íslensku ríkisstjórninni. Um það er enginn vafi. Við höfum gengið með iðnað okkar tiltölulega veikan inn í fríverslun, og þess vegna hvílir sú ábyrgð á okkur að hann sé ekki hlunnfarinn með aðgerðum þessara viðskiptaþjóða okkar þar sem þær í hálfgerðum feluleik, þó opinberum sé, styrkja iðnaðinn til að keppa við okkar iðnað.

Annað atriði, sem mikilvægt er og ég vil koma hér inn á, er gæðamat hinnar innlendu iðnaðarvöru, bæði sem neytendavernd og þó kannske sérstaklega til að stemma stigu við innflutningi. Við sjáum það meðal iðnríkjanna, að þar er gæðamat yfirleitt mjög sterkt. Þar er erfitt að flytja inn iðnaðarvöru nema hún hafi farið í gegnum strangt gæðamat. Hér á Íslandi eru nokkur brögð að því og veruleg hætta að fluttar séu inn iðnaðarvörur, sem aðrar þjóðir mundu jafnvel ekki vilja, vegna þess að gæðamat okkar er ekki til staðar. Í þessu sambandi hafa menn mikið talað um innflutt húsgögn. Mér virðist, það sem ég hef skoðað til, að innlend húsgagnaframleiðsla standi yfirleitt verulega framar þeim innflutningi sem fram fer á þessu sviði. Mér sýnist þess vegna nauðsynlegt, að gæðamati verði komið á í fyrsta lagi sem neytendavernd, og minni þá enn á innflutning tilbúinna húsa sem gerður hefur verið að umræðuefni hér á Alþingi og veruleg hætta er fólgin í, en jafnframt vegna þess að það er alveg ljóst að viðskiptalönd okkar beita slíku gæðamati beinlínis sem hömlum í innflutningi. Það er alveg ljóst, að mörg okkar viðskiptalönd beita slíku gæðamati sem nokkurs konar „non-tariff barrier", sem þeir kalla. Íslensk iðnfyrirtæki hafa orðið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar fyrir barðinu á því, að vörur þeirra eru settar í gæðamat áður en innflutningur er heimilaður, en síðan tekur mánuði eða hálft ár að fá einhverja afgreiðslu frá slíku gæðamati. Það er einfaldlega svo mikið sem liggur fyrir að það er ekki hægt að koma málinu þar í gegn og það dregst og dregst.

Ég vil sérstaklega leggja áherslu á grundvöllinn sjálfan þegar rætt er um eflingu innlends iðnaðar. Hann er það sem skiptir máli. Ef hann er réttur lagður sem flestir að því að efla þessa atvinnugrein, taka þátt í henni, og fyrirtækin blómstra. Í þessu sambandi er auðvitað rétt, sem fram hefur komið, að þær iðngreinar, sem nýta orkuna, þær iðngreinar, sem nýta sérstaklega innlent hugvit, og þær iðngreinar, sem nýta innlend hráefni sérstaklega, ættu að hafa meiri möguleika en aðrar. Enn á ný vil ég benda á að Íslendingar sem miklir matvælaframleiðendur, Íslendingar sem framleiðendur fiskafurða á heimsmælikvarða, eiga mjög mikla möguleika í nýtingu fisk- og sláturúrgangs. Það er ljóst, að sá iðnaður, sem hvað mest dafnar í iðnríkjunum sem stendur, er einmitt framleiðsla margs konar lífhvata, ensíma og hormóna úr fisk- og sláturúrgangi. Þar virðist vera feiknalegur vöxtur og nýting þessara afurða á hinum ýmsu sviðum er stöðugt að vaxa og sviðin að verða fleiri. Íslendingar eiga þarna mikla möguleika. Fiskúrgangurinn hjá okkur getur leitt okkur inn í — ég vil segja: beinlínis stóriðju á þessu sviði. Hráefnin eru til. Þau eru nánast ekkert notuð, en þau eru verðmæt. Áríðandi er að Alþingi marki stefnu á því sviði að efla einmitt framleiðslu í lífefnaiðnaði og nýtingu þessara mikilsverðu hráefna.

Annað, sem í hugann kemur þegar um þetta er rætt, er auðvitað sjóefnavinnslan, framleiðsla salts og magnesíummálms og annars slíks. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér nú, en fjölbreytilegur og margvíslegur efnaiðnaður er mögulegur hér einmitt á grundvelli sjávarins.

Það vekur nokkra athygli mína, að munurinn á þeim tveimur þáttum, sem hér liggja fyrir um iðnaðarstefnu, er í reynd ekki mjög mikil. Ég hjó þó sérstaklega eftir því, að í þáttum. þeirra sjálfstæðismanna er ekki talað um að tryggja forræði eða yfirráð landsmanna sjálfra yfir íslensku atvinnulífi og auðlindum og þar er ekki heldur talað um að uppbygging iðnaðarins komi sem jafnast út um landið og nýtist einmitt sem byggðaatriði. Nú kann að vera að það mál sé eitthvert deilumál. En mér er til efs að stuðningsmenn Sjálfstfl. taki ekki eftir því úti um land að þetta atriði hefur fallið niður í þeirra þáttum. Ég ætla ekki að gera það atriði frekar að umræðuefni hér, en ég vil hins vegar gera það nokkuð að umræðuefni, að mikil nauðsyn er að stefnan sé mörkuð á þann veg að landsmönnum sjálfum sé tryggt forræði yfir íslensku atvinnulífi og auðlindunum. Ég geri það ekki hvað síst vegna þess að sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn fluttu á sínum tíma þáltill. um svokallaða orkusölunefnd. Nafnið eitt hafði út af fyrir sig mikil áhrif á mig. Ég er þeirrar

skoðunar, að einmitt núna, þegar við stöndum frammi fyrir byltingu í íslensku atvinnulífi, þegar allt byggist á því að orkuiðnaður rísi hér á komandi árum, þá verði það að verða meginmarkmið í þeirri stefnumörkun, sem við stöndum frammi fyrir, að við séum ekki að stefna að orkusölu, heldur séum við að stefna að uppbyggingu orkuiðnaðar í þessu landi. Ég vil vekja athygli á því hér, að ég tel að þarna liggi í rauninni úrslitaatriði í því, hvers konar þjóðfélag það verður sem komandi Íslendingar búa í á næstu áratugum.

Ég vil vekja athygli á því, að Íslendingar eiga mikla orku í landi sínu og kannske meiri orku á íbúa en nokkur önnur þjóð veraldar. Það er hægt um vik að bera saman við Kanadamenn. Kanadamenn eiga mikla orku og þeir eiga miklar auðlindir í jörðu. Kanadamenn eru komnir það langt að þeir nota og nýta meiri orku á hvern íbúa í landinu en nokkur önnur þjóð veraldar. Svo langt eru þeir komnir í orkunýtingu. Eigi að síður eru Kanadamenn ekki rík þjóð á mælikvarða þeirra þjóða sem við viljum helst bera okkur saman við. Kanadamenn eru nánast fátæk þjóð, ef borin er saman þjóðarframleiðsla á íbúa, miðað við þær þjóðir sem við viljum helst bera okkur saman við. En hvernig stendur á því, úr því að þeir eiga þessar miklu orku- og auðlindir og hafa nýtt þær þegar í þessum mikla mæli? Skýringin er sú, að þeir hafa ekki virk yfirráð yfir sínu atvinnulífi sjálfir. Það er meginatriðið. Það eru erlend fyrirtæki sem eiga og reka og hirða afrakstur auðlindanna í Kanada. Kanadamenn selja þessum erlendu fyrirtækjum, sem í mörgum tilvikum eru bandarísk, orkuna á tiltölulega lágu verði og síðan vinna Kanadamenn hjá þessum fyrirtækjum og hafa sæmileg laun fyrir það. Þarna held ég að sporin hræði. Ég held að við sjáum hvað þarna hefur skeð, og ég held þess vegna að virk yfirráð Íslendinga sjálfra yfir því atvinnulífi, sem upp af þessum auðlindum sprettur, sé meginmál. Að öðrum kosti er veruleg hætta á að land okkar verði nokkurs konar hálfnýlenda erlendra stórfyrirtækja, að íslensk þjóð verði nokkurs konar vinnumannaþjóð hjá erlendum stórfyrirtækjum.

Ég vek athygli á að einmitt stefnan á þessu sviði núna, áður en lengra er haldið, felur í sér grunninn að því, hvers konar þjóðfélag það verður sem Íslendingar munu lifa í um aldamótin. Framsóknarmenn hafa þess vegna lagt megináherslu á það hugtak sem þeir hafa mótð: virk yfirráð, virk yfirráð í orkuiðnaði og atvinnulífi landsmanna, sem felur í sér ekki bara að Íslendingar eigi meiri hluta í þessum fyrirtækjum, vegna þess að meirihlutaaðild tryggir ekki virk yfirráð, heldur að Íslendingar taki sjálfir að sér tæknimálin í eins ríkum mæli og unnt er og markaðsmálin einnig. Á því er enginn vandi. Heimurinn er ekki það flókinn. Íslendingar verða að stíga það skref að markaðsmál orkuiðnaðar verði mikilvæg atvinnugrein í þessu landi. Að öðrum kosti er hætta á að við lendum í svipuðum sporum og þær þjóðir sem að verulegu leyti hafa nýtt sínar orkulindir, en njóta ekki afrakstursins af þeim í þeim mæli sem skyldi. Við stöndum þess vegna á tímamótum. Við stöndum á tímamótum í þessari stefnumörkun um atvinnulíf á þessu landi, svipað og við Íslendingar gerðum þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna forðum. Menn verða nefnilega að gera sér grein fyrir því, að þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna og efldum skipaflota okkar til að sækja fiskinn lögðum við grunninn að því Íslandi sem við búum í. Við lögðum grunninn að því Íslandi sem þjóðin þekkir. Ef þau skref hefðu ekki verið stigin þá, og þurfti þó að rifta samningum sem búið var að gera og virða þá nánast að vettugi, þá væru lífskjörin önnur í þessu landi en þau eru nú.

Þegar Íslendingar hófust handa um að nýta sínar fiskiauðlindir sjálfir stigu þeir það skref að eiga sín fiskiskip sjálfir. Það kann að vera að menn hafi eitthvað greint á um það á sínum tíma, hvort Íslendingar skyldu eiga sína togara eða hvort útlendingar ættu að einhverju leyti að koma þar inn í. Sem betur fer var það ráðandi stefna að fiskiskipin ættu Íslendingar sjálfir, togskipin, og þeir nýttu sín fiskimið sjálfir. Það er grunnurinn undir það þjóðlíf sem á Íslandi er. Á sama hátt verður það grunnurinn undir þjóðlíf okkar um aldamótin að Íslendingar sjálfir hafi forræði yfir atvinnulífinu í þessu landi, að þeir marki þá stefnu að þeir hafi virk yfirráð yfir þessu atvinnulífi, en verði ekki nokkurs konar hálfnýlenda erlendra fjölþjóðafyrirtækja. Hér er um svo stórt mál að ræða að hjá því verður ekki komist að gera að umræðuefni að í þessari annars ítarlegu og að mörgu leyti athyglisverðu þáltill. sjálfstæðismanna er þetta atriði ekki með.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 54). — Frh. einnar umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Hér er tekin til umr. á ný þáltill. sem er flutt af þm. allra flokka, till. sem fjallar um að gerð verði landnýtingaráætlun. Ég vil taka undir það með þeim sem rætt hafa hana hér á undan mér, að ég tel mjög tímabært að slík áætlun sé gerð og ég tel mikilvægt að hún sé vel gerð og að hún móti þá stefnu sem til frambúðar væri hægt að fara eftir um landnýtingu.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, að hann vildi taka undir það með 1. flm., sem hann gerði að umræðuefni í sinni frumræðu, að vandamál í sambandi við landnýtingu væru margs konar, m. a. væri mikill ágangur af manna völdum sérstaklega á lönd með veikari gróður, mikill ágangur frá manninum sjálfum, auk þess sem öll beitarnýting yrði að vera með þeim hætti að hún ofbjóði ekki landinu, það þyrfti að taka þetta með í reikninginn.

Ég hefði ekki þurft að kveðja mér hljóðs endilega til að tilkynna úr ræðustól að ég væri jákvæður gagnvart þessari till. og teldi hana gagnlega. En það, sem gaf mér sérstakt tilefni til þess að kveðja mér hljóðs, var sú ræða sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti við 1. umr. Ég verð að segja að mér finnst að sú ræða eða kaflar í henni séu þannig gerðir að á þann veg megi ekki fara að við undirbúning að máli sem telja verður gott mál. Það er mjög mikilvægt, þegar umrædd áætlun verður gerð og að henni unnið, að þá verði haft að leiðarljósi að fara rétt með undirstöðuþætti í þeirri áætlun sem gera skal.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson viðhafði þessi orð á einum stað og mig langar að hafa þau yfir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekkert launungarmál, að á mjög mörgum hálendissvæðum og afréttarlöndum er um mikla ofbeit að ræða. Að vísu er ofbeit ekki jafnmikil í öllum landshlutum. Í sumum landshlutum þola afréttarlöndin jafnvel meiri ágang sauðfjár og annarra grasbíta en þar á sér stað, en um allflest stærstu afréttarsvæði landsins gegnir

því máli að þar er gróðureyðing yfirvofandi vegna of mikils ágangs búfjár vegna hreinnar ofbeitar."

Ég hef í tilefni af þessum orðum og fleira, sem í ræðu hans fólst, haft samband við landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, Ólaf Dýrmundsson, og m. a. spurt hann um þetta efni, hvar þau landssvæði væru sem þessi ofnotkun væri og ágangur af sauðfé og öðrum grasbítum. Hann taldi að um það efni hefði ekki fengist nægilega ákveðin svör hvar það hefði verið. Væri að sjálfsögðu fróðlegt að fá það upp gefið hjá hv. þm. hvar þær heimildir væru sem gæfu honum tilefni til að viðhafa þessi orð.

Mér þykir rétt að kynna það hér, að á síðasta Búnaðarþingi var samþykkt ályktun um þetta efni. Hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing fer þess á leit við stjórn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, að hún leggi fram í samvinnu við sérfræðinga stofnunarinnar sundurliðað yfirlit um beitarþol hinna ýmsu beitarsvæða landsins í samræmi við niðurstöður rannsókna. Með hliðsjón af niðurstöðum beitarrannsókna síðustu ára, sbr. landgræðsluáætlun 1981—1985, er jafnframt lögð áhersla á áframhaldandi tilraunir til að auka beitarþol og bæta nýtingu úthaga, sérstaklega í heimalöndum, t. d. með beitarskiptum. Jafnframt verði könnuð hagkvæmni áburðardreifingar við hagabætur, annars vegar í heimalöndum og hins vegar á afréttum."

Þessi ályktun sýnir fyrst og fremst að bændum er það áhugamál og vilja hafa vakandi auga með því, með hverjum hætti þeir eigi að hagnýta landið sem þeim er trúað fyrir, bæði heimalönd og afréttir. Þess vegna hafa þeir óskað eftir að fá upplýsingar um það frá Rannsóknastofnuninni og þeim sérfræðingum, sem þar starfa, hvar hættan er mest og hvað hún sé mikil.

Þessi ályktun Búnaðarþings var send til ráðamanna stofnunarinnar 24. mars 1981, en því miður er skemmst af því að segja að svar hefur ekki borist enn. Landnýtingarráðunautur hefur ítrekað rekið á eftir því, að þessi svör yrðu gefin, og nú fyrir stuttu haft samband við yfirmann stofnunarinnar um þetta og óskað eftir að svör verði gefin við þessum spurningum. Í máli þeirra kemur það fram, að um þetta séu ekki til neinar haldgóðar upplýsingar, og hafa þessi svör væntanlega ekki gefist vegna þess.

Landnýtingarráðunauturinn var ekki fyllilega ánægður með að ekki væri hægt að gefa bændum nein svör um hvernig málið stæði, og hann leitaðist við að fá upplýsingar um hversu mikil beit væri í afréttunum og hvernig hún skiptist milli héraða. Hann ákvað að skrifa öllum sveitarstjórnum í landinu og afla upplýsinga um hversu mikið af fénaðinum gengi í heimahögum og hversu mikið í afréttum. Það yrði of langt mál að fara að lesa upp hvernig þetta er í hinum einstöku héruðum, enda skiptir það ekki máli á þessu stigi umr., en í heild er það þannig, að í öllum sýslum landsins að kaupstöðum meðtöldum er líklegt að í heimalöndum jarða séu allt sumarið fyllilega 60% af því fé sem til er í landinu. Þá kemur út að áætlaður hundraðshluti sauðfjár í afréttum og/eða öðrum sameiginlegum beitarhólfum sé 38.4%, en í afréttum 35.3%. Þar sem ég sé á þessari skýrslu hæstan hundraðshluta af sauðfé vera í afrétti er í Norður-Þingeyjasýslu, 76% af fénu, og í Gullbringusýslu 70%. Þar sem fjárfjöldinn er mestur, að ég ætla, m. a. í Borgarfjarðarsýslu, eru ekki nema 34% í afréttum, í Vestur-Húnavatnssýslu 39% í afréttum, í Austur-Húnavatnssýslu 64%, í Árnessýslu 39%.

Því miður sýnist mér að þessi athugun, sem gerð hefur verið á því, hversu mikill hluti af fénu hefur verið í afréttum, stangist algerlega á við það sem segir síðar í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann segir svo, með leyfi forseta:

„Vísir menn segja, að nú séu um það bil 900 þús. fjár rekið á afrétti í þessu landi, og miðað við þær gróðurfarsrannsóknir, sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, telja þessir sömu sérfróðu menn um gróðurfar landsins að þar sé um að ræða um þar bil 400 þús. fjár meira en þessi afréttarlönd þola."

Það eru eitthvað um 900 þús. fjár í landinu og það er viðurkennt að rúm 30% af því séu í afréttum. Þessar fullyrðingar standast því ekki og ég, eins og ég sagði áðan, tel óeðlileg vinnubrögð að setja fram í þessari umr. um till., sem menn eru sammála um að sé gagnleg, rangar upplýsingar. Ég skora á hv. þm. Sighvat Björgvinsson að gefa upp heimildarmann sinn um þetta efni. (**SighB:** Það er sjálfsagt.)

En áfram má halda. Hv. þm. sagði í ræðu sinni að það væri meira en ástæða til að skoða það í samanburði við búskap í Grænlandi hver niðurstaðan væri úr sauðfjárræktinni í báðum þessum löndum. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Í Grænlandi er búið með sauðfé af sama stofni og íslenska sauðféð. Þar er meðalfallþungi dilks 22—23 kg. Hér á Íslandi er meðalfallþungi dilks af sama stofni 13—14 kg. Í Grænlandi er meðalviðkoma hverrar kindar 1.6 lömb. Hér á Íslandi er meðalviðkoma hverrar kindar 1.3 lömb."

Á sama hátt mætti einnig spyrja: Hvaðan eru þær heimildir sem hér er vitnað til? (**SighB:** Það er úr málgagni hv. þm., Morgunblaðinu, frá 1980.) Það er alveg sama. Þegar spurt er um sérfræðilegt álit skiptir það litlu hvar það birtist. Aðalatriðið er hver skrifar og hvaðan upplýsingarnar eru. Það ætti þessi reyndi þm. að vita.

Ég get þá líka vitnað í Morgunblaðið um þetta efni. Ég veit ekki betur en í dag hafi komið tvær greinar í Morgunblaðinu um fallþunga dilka á Íslandi og á Grænlandi. Og ég get gert meira. Í báðum tilfellum er um sérfræðinga að ræða á þessu sviði: sérfræðing um búfjárfræði, Stefán Scheving Thorsteinsson, sem hefur starfað mikið við tilraunabúið um sauðfjárrækt á Grænlandi og verið ráðunautur um sauðfjárrækt þar í landi, en í annan stað er stutt grein eftir Svein Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunaut hjá Búnaðarfélagi Íslands, sem einnig er í Morgunblaðinu í dag. Ég held að ég komist ekki hjá því í tilefni af þessum tölum um meðalþunga og frjósemi og því öllu saman, sem er ákaflega mikið og gott í Grænlandi, að lesa stuttan kafla úr þessari grein eftir Svein Hallgrímsson í Morgunblaðinu í dag, með leyfi forseta:

„Í blaði þínu föstudaginn 22. þ. m. var sagt frá umr. á Alþingi um landnýtingaráætlun. Þar kom fram að fallþungi dilka á Grænlandi væri 22 kg, en 13—14 kg á Íslandi. Sömuleiðis kom þar fram, að á Grænlandi kæmu 1.6 lömb eftir hverja á, en 1.3 lömb hér á landi.

Af þessu tilefni vil ég koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

Fjöldi áa 1980—1981: Á Íslandi 685 þús., á Grænlandi 20 þús. Lömbum slátrað haustið 1981: Á Íslandi 915 þús., á Grænlandi 21 þús. Fallþungi með nýrmör: Á Íslandi 14.3 kg, á Grænlandi 14.7 kg. Lömbum slátrað eftir vetrarfóðraða á: Á Íslandi 1.34 kg, á Grænlandi

1.05. Kjöt eftir vetrarfóðraða á: Á Íslandi 19 kg, á Grænlandi 15.5 kg.

Tekið skal fram til að fyrirbyggja misskilning, að upplýsingar um fallþunga og fjölda sláturfjár á Grænlandi voru fengnar símleiðis í dag hjá Lasse Bjerge, sarfsmanni á Sauðfjátilraunastöðinni Upernaviarssuk við Julianehåb á Grænlandi."

Einnig er rétt að koma að því líka sem segir í niðurlagi greinar Sveins Hallgrímssonar:

„Samkv. upplýsingum Lasse Bjerge eru föll á Grænlandi vegin með nýrmör, en á Íslandi án nýrmörs. Talið er að bæta megi við fallþungann 5% vegna þessa. Fallþungi á Íslandi haustið 1981 er samkv. skýrslum Framleiðsluráðs 13.65 kg. Sé bætt við hann 5% vegna nýrmörs verður hann 14,33 kg."

Hér eru upplýsingar frá sérfræðingi á þessu sviði, sem styðst við nýjustu niðurstöður frá Grænlandi, algerlega í aðra átt en hv. þm. lét að liggja í ræðu sinni hér á dögunum.

Það má segja að gangi í svipaða átt það sem Stefán Scheving lætur hafa eftir sér í Morgunblaðinu í dag. Ég kýs að lesa hér stuttan kafla úr hans grein, með leyfi forseta. Hann segir:

„Af framangreindu má því ljóst vera að meðalfall dilka og meðalfrjósemi áa á Grænlandi er hvergi nærri því sem Sighvatur Björgvinsson vill vera láta og notar til samanburðar við afurðir íslenska fjárins. Þess ber þó að geta, að til er a. m. k. eitt fjárbú af um það bil 83 þar sem ær skila afurðum á borð við það sem þm. telur meðalafurðir á Grænlandi, en það er tilraunastöðin í Upernaviarssuk við Julianehåb. Þar hefur meðalfallþungi dilka legið frá 20—22 kg s. l. 5 ár og frjósemi ánna frá 1.5 til 1.7 lömb á á til jafnaðar."

Það er allt of mikil einföldum á stóru máli, sem er mjög afdrifarikt um stefnumörkun, að taka aðeins til eina tilraunabúið sem er í Grænlandi og telja það vera meðaltalið af því sem þar fæst af fénu.

Hv. þm. heldur hér fram og telur sig geta reiknað það út, að það mundi fást álika mikið kjöt hjá íslenskum bændum af 500 þús. kindum og þeir fá nú af 900 þús. kindum. Út af fyrir sig held ég að það sé ekki rétt reiknað út frá þeim tölum sem hann gefur hér, en það skiptir kannske ekki mestu. Hitt er annað mál, að ef við notum réttar þungatölur er þetta alrangt. Það er svo rétt að hafa í huga, að þó að svo vilji til og svo hafi gengið til með ræktun á tilraunabúinu í Grænlandi að þeir séu með mjög góða útkomu af sínu fé er ekki eftirbreytnivert fyrir íslenska bændur að fara inn á sömu aðferðir í meðferð sauðfjár og því miður eru til staðar í Grænlandi. Ég geri ráð fyrir að það þætti ekki vera í lagi ef það kæmi fyrir, sem því miður hefur hent öðru hverju í Grænlandi, að fallið hefði stór hluti þess fjár sem á vetur hefði verið settur.

Bæði hjá grænlenskum bændum og hjá þeim íslensku skiptir höfuðmáli upp á afurðirnar að gleyma ekki vetrarfóðrinu fyrir féð. Ef það er í lagi held ég að við þurfum ekki að vera mjög hræddir um niðurstöðurnar af ofbeit í afréttunum. Ýmsir þeir, sem kalla sig sérfræðinga í beitarþoli og beitarþolsrannsóknum, hafa viljað ganga út frá því, að það sauðfé, sem rekið er til afréttar hér og víða er talið valda ofbeit, gangi í afréttunum nánast í 90 daga á hverju sumri. Eins og ég hef tekið fram áður er útlit fyrir að aðeins rúm 30% af fé í landinu gangi á afréttum, og það gengur þar ekki 90 daga. Það er mjög algengt að það gangi þar aðeins í 60 daga og til að það gangi þar í upp undir 70 daga. Ég þekki það vel af mínum heimaslóðum, að það er ekki rekið til afréttar fyrr en upp úr mánaðamótunum júní — júlí og það er búið að reka það allt úr afrétti um 10. sept. Afrétturinn er 120 km langur, svo að það tekur sinn tíma hjá fénu að komast á leiðarenda. Það er því útilokað að það geti verið 90 daga í afrétti. Það eru ýmsar svona fullyrðingar, sem því miður fljúga fyrir öðru hverju, sem verður að gjalda varhuga við þegar á að taka á máli eins og þessu með jákvæðum huga og ætlast til að ná árangri.

Ég ætla að leiða alveg hjá mér að bollaleggja nokkuð um það sem kom fram í ræðu hv. þm., hvort kal í íslenskum túnum væri því að kenna, hvað sauðfé gengi nærri þeim í beit á haustin. Ég verð að segja að ég hef ekki trú á því, en ég skal ekkert fullyrða um það. En mér sýnist að yfirleitt sé þannig staðið að málum, þar sem fé er mest beitt á túnin, að það sé látið hafa sérstaka akra til að ganga á og beitarálagið á hána sjálfa sé ekki ýkjamikið. En við getum látið það liggja á milli hluta. Eg ætla ekki að gera það að sérstöku umræðuefni.

Það, sem ég vil leggja áherslu á um beitarnotin, er að ég veit að sums staðar er ofbeit, bæði í heimahögum og í afréttum, og það er mikilvægt að svör fáist við því og það verði rannsakað hvar svo er komið og í hversu miklum mæli og hvernig á að snúast gegn því. Mig furðar á því, hve langur tími líður án þess að Búnaðarþing fái svör frá Rannsóknastofnuninni um það, hvernig þessum málum sé háttað á hinum ýmsu svæðum í landinu. Það er, eins og ég sagði áðan, meira en trúlegt, — það er nærri víst, að í sumum sveitum og á einstökum bæjum sé of margt fé. Landnýtingaráætlun eins og þessi getur orðið gagnleg, en ýkjur eins og komu fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf., ýkjur um ástand þessara mála, eru ekki til annars fallnar en villa um fyrir fólki og mynda tortryggni í garð þeirra sem um þessi mál eiga að fjalla og stjórna, bæði bænda og rannróknarmanna í landinu. Ég tel að þegar kemur að því að fjalla um þessa till. áfram þurfi að leita upplýsinga margra aðila í landinu: búnaðarsambandanna, Búnaðarfélagsins, Landgræðslu ríkisins og að sjálfsögðu hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins einnig, og þá muni vera hægt að undirbyggja þá áætlun, sem hér er óskað eftir að gerð verði, betur en yrði ef ekkert væri til leiðsagnar annað en ræða hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Ég gef henni ekki mín bestu meðmæli.

Ég hefði nú e. t. v. getað látið máli mínu lokið hér og vegna till. sjálfrar hefði ég kosið að gera það. En því miður get ég ekki alveg orða bundist vegna síðari hluta ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þar sem hann gerði að umtalsefni eignarrétt á landi. Hann segir þar m. a.: „Fyrir jólin fluttum við þm. Alþfl. í hv. Nd. Alþingis frv. til l. um að mörkuð yrðu skil á milli einkaeignarréttar á landi og eignarréttar almannavaldsins og það landssvæði á afréttum og hálendi Íslands, sem engar eignarheimildir einstaklinga eða annarra lögaðila væru finnanlegar fyrir, yrði úrskurðað eign almannavaldsins." — Áfram segir hv. þm. svo síðar í ræðu sinni:

„M. ö. o. segir Hæstiréttur: Hreppsfélögin og ábúendur jarðanna eiga ekki þetta land, vegna þess að þau geta engar sönnur fært fyrir sínum eignarrétti. En ríkið á landssvæðið ekki heldur."

Og síðan segir hann: „Hæstiréttur óskar m. ö. o. eftir því, að Alþingi setji lög um hvernig skuli fara með þegar enginn einstaklingur eða lögaðili getur sannað

eignarheimildir sínar á landi og landgæðum. Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu, að slík lönd og landgæði falli ekki sjálfkrafa undir eignarheimild ríkisins, en óskar eftir því, að Alþingi setji lög um hvernig með skuli fara. Frumvörp að slíkum lögum liggja nú fyrir Alþingi flutt af mér og fleiri Alþfl.-mönnum og studd af þm. Alþb. Eftir þennan úrskurð Hæstaréttar þurfa menn sem sé ekki lengur að velkjast í neinum vafa um þetta mál." — Það er alveg ákveðið mál, og þar lokast gæsalappirnar.

Mér skilst að jafnvel hrein afsöl fyrir löndum séu ekki talin gild fyrir Hæstarétti í þessu máli og furðar mig það mjög. Ég hef hér undir höndum tvenns konar plögg varðandi þessi mál sem mig langar að kynna. Hið fyrra er afsalsbréf, útgefið af eignar- og umráðamönnum Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðakirkna, fyrir afrétti þeim er þeim ber eftir Wilkins- og Gíslamáldögum, til handa Biskupstungnahreppi. Sem sagt: Þessar kirkjur seldu þann afrétt sem þær áttu fyrir innan vötn. Það er landið frá Hvítárvatni eða Hvítá og inn á Kjöl.

„Vér undirskrifaðir eignar- og umráðamenn Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðakirkju könnuðumst við og gerum hér með heyrinkunnugt, að vér höfum selt og afhent með afsöluðum óðals- og innlausnarrétti eins og vér með þessu afsalsbréfi voru seljum og afhendum afrétt þann, sem téðum kirkjum" — eftir máldögunum sem ég gat um — „tilheyrir fyrir norðan vötn." — Síðar í bréfinu segir: „Biskupstungnamenn ganga því þegar að kaupi og eign sinni, er þeir hér eftir nýta og hagnýta eins og þeir best hafa kost og vit á."

Undirskriftir eru í votta viðurvist, þinglesið og innfært í afsalsbréfabók og gjald greitt fyrir. Undirskrifað af sýslumanni: Th. Guðmundsson.

Það er alveg furðulegt ef það er ekki metið fyrir dómstólum að þetta sé fullgilt eignarhald á þessu landi. — En mig langar að kynna hér stutt bréf annað, sem ég hef undir höndum, sem varðar afrétt Gnúpverjahrepps eða Eystrahrepps, eins og hann var í þá daga oft nefndur. Þetta er ekki afsalsbréf. Þetta heitir Promemoría og hefst þannig:

„Með því að Austarihreppsafréttur, sem honum hefur tilheyrt og fylgt til allra landnytja frá aldartíð, svo vel að fjárgöngum, skógi, grösum og öllum landsnytjum, en hefur tekið svo fárlegum skaða af jarðeldum, vikurgosum og svo uppblæstri, svo að meiri partur eru eyðisandar orðnir, að það litla brúk, sem þar eftir finnst, vinnst ekki sveitarmönnum til hjálpar, og nokkrir hafa leitað sér hjálpar til að kaupa sér skóg til kola í öðrum sveitum, sem þó er torsótt að fá."

Í niðurlagi þessa minnisbréfs segir svo:

„Við undirskrifaðir lögfestum upp á okkar ágreining allra sveitarmanna vegna áðurnefndan afrétt fyrir innan Fossá og leggjum lög og dóm fyrir allra óviðkomandi manna brúkun og yrkingu að þeim fráteknum sem þar finnst, ítökum eiga í skógi eða fjárgöngum eftir löglegum ankomstum undir viðliggjandi sektir eftir lögum og biðjum í dýpstu undirgefni að herra sýslumaðurinn láti þetta upp lesa og auglýsa fyrst á Grafarþingsstað í Ytrihrepp og þar eftir á þeim fimm þingstöðum í Flóa.

Til staðfestu vor undirskrifuð nöfn á Stóra-Núps manntalsþingi þann 18. maí 1797."

1797 fara þeir fram á það, bændur í Gnúpverjahreppi, að sýslumaðurinn lesi upp á þingstöðum þeirra sveitarfélaga, sem þeir áttu fyrst og fremst skipti við, þennan gjörning, sem þeir hafa gert, sem undirstrikar að þeir telja afréttinn vera eign bændanna og sveitarfélagsins. Það eina, sem mér sýnist að vanti í þetta minnisbréf, er að tekið sé fram í því, að þeir telji sig einnig eiga virkjunarrétt í fallvötnum. En ég get ekki áfellst þá fyrir það, þó þeir kæmu ekki auga á það 1797, að hægt væri að virkja vatnsafl á Íslandi ellegar að taka upp malarnám eða útflutning á vikri eða eitthvað því líkt. Það má vel vera að aðrir telji að það hafi verið eðlilegt að það stæði í þessum plöggum, en mér sýnist ekki sanngjarnt að fara fram á slíkt. Hitt er annað mál, og það vitum við, að ef menn væru að kaupa þessar eignir núna á þessum tíma, mundi vera tekið fram fleira sem nota mætti en það sem tekið er fram í þessum bréfum. Og ég verð að segja það, að meðan mál eru jafnlítið rannsökuð í sambandi við eignarréttinn og kemur í ljós, bæði af þeim dómum, sem gengið hafa, og af þeim bréfum sem smám saman eru að koma fram og finnast um eignarhald á afréttarlöndunum, megi Alþingi ekki samþykkja frv. sem er neitt í þá veru sem þetta frv. Alþfl.-mannanna, sem nýtur hylli Alþb. eftir því sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði í sinni ræðu. (**Gripið fram í:** Jæja.) Það er í ræðunni. (**Gripið fram í:** Er þar þá ekki einnig að meginatriðin væru studd?) Studd af þm. Alþb., stendur hér. (**Gripið fram í:** Já, en ekki nyti sérstakrar hylli þeirra.) Það er furðulegt ef á að gera slíkt með rasshendinni, að styðja frv. sem fram koma. Ég hélt að það yrði með heilum hug. En það er kannske venjan hjá þeim körlum að gera ekkert með heilum hug.

Jæja, herra forseti, ég geri ekki ráð fyrir að ég lengi þetta mál svo mjög úr þessu. En ég held að ég kjósi að ljúka máli mínu með því að lesa hér upp stuttan kafla úr grein sem landnýtingarráðunautur skrifaði 1978 og birtist í Frey og birtist einnig sem kjallaragrein í Dagblaðinu á því sama sumri. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„En hvað hefur þá verið gert til að hafa stjórn á afréttarbeitinni? kunna sumir að spyrja.

Áður var þess getið, að í flestum sveitarfélögum væri farið að takmarka verulega eða banna upprekstur hrossa í þeim tilgangi að draga úr beitarálagi í þeim afréttum, sem taldir eru fullnýttir. Þeim sveitarfélögum hefur og farið fjölgandi, sem setja reglur um upprekstur eða flutning sauðfjár í afrétti sína. Algengast er að banna upprekstur fyrr en seint í júní eða byrjun júlí, fylgst er með fjárfjölda við afréttargirðingar síðla sumars og rekið til byggða, ef þurfa þykir, í lok ágúst eða byrjun september, og í mörgum sveitarfélögum hefur göngum og réttum verið flýtt. Í heild hafa slíkar ráðstafanir orðið til þess að stytta beitartíma á afrétti frá því sem áður var, þannig að dregið hefur út beitarálagi. Einnig ber að minnast þess, að í mörgum sveitum nýtir aðeins hluti fjárins afréttarbeit, svo sem áður var getiðum. Skipulegri ítölu hefur þó lítið verið beitt til þessa.

Með Landgræðslu ríkisins og fjölmörgum sveitarfélögum í landinu er ágæt samvinna um markvissar gróðurverndar- og uppgræðsluaðgerðir af ýmsu tagi. Má í því sambandi nefna áburðardreifingu, einkum á mörkum afrétta og heimalanda, t. d. á Suðurlandi, sem hefur borið góðan árangur. Með því að græða upp gróðursnauð svæði fæst betri dreifing á fénað, beitarálag verður jafnara og minni hætta er á að fé safnist saman við afréttargirðingar síðla sumars. Gott dæmi um þetta er að finna í neðanverðum Biskupstungnaafrétti, ofan Sandár.

Við slíkar aðgerðir setur Landgræðsla ríkisins það skilyrði, að hross gangi ekki á landinu, og í samráði við viðkomandi sveitarfélög eru settar reglur um afréttarnýtingu sauðfjárins eftir því sem þurfa þykir í hverju tilviki. Á mörgum stöðum hefur þurft að alfriða land með girðingum og hefur Landgræðslan víða unnið stórvirki við heftingu uppblásturs og sandfoks. Um það þarf ekki að fjölyrða.

Þótt ég hafi aðeins verið stuttan tíma í þessu starfi „— þ. e. starfi landnýtingarráðunautar — „ hef ég nú þegar mætt góðum skilningi bænda víða um land á nauðsyn þess að varðveita og bæta sumarbeitilönd, hvort sem er í heimahögum eða afréttum. Gróðurverndarnefndir eru starfandi í öllum sýslum landsins, og geta þær gegnt veigamiklu hlutverki með því að fylgjast stöðugt með ástandi gróðurlenda í samvinnu við Landgræðsluna, Landvernd og Búnaðarfélag Íslands. Raunar hlýtur skipuleg og hófleg nýting úthaga að byggjast á góðu samstarfi og gagnkvæmu trausti hinna ýmsu aðila, sem um málin fjalla."

Ég tel ekki ástæðu til að ég fari að þessu sinni lengra út í þessa sálma. En ég vil hvetja til þess, um leið og ég lýk máli mínu, að þessi till. verði athuguð í nefnd með jákvæðum huga, og ég vænti þess, að við getum sameinast um að hún komi þannig frá Alþingi að hún marki tímamót í þessum málum fyrir okkur og geri stefnuna fastari og einlægari til árangurs. En til þess að svo verði megum við ekki viðhafa um þessi mál málflutning eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja nokkur orð í sambandi við umr. um þessa till. til þál. um landnýtingaráætlun. Kemur þar margt til og það fyrst, að ég hef áhuga á málefninu sem þar er um fjallað, og eins eru viss atriði, sem hér hefur borið á góma í umr. sem ég vildi víkja aðeins að í máli mínu.

Ég vil lýsa almennt fylgi við þá þáltill. sem hér liggur fyrir en tel þó að athuga þurfi ýmsa þætti, sem málið snerta, í þeirri nefnd þar sem væntanlega verður um hana fjallað. Get ég í því samhengi nefnt þætti sem nauðsynlegt er að taka til meðferðar umfram þá sem eru tilgreindir í till. Eins gæti ég trúað að þau tímamörk, sem þar eru dregin, reynist ekki nothæf af raunsæisástæðum þegar á á að herða, og mun ég aðeins víkja að því. Er þó ekki nema gott um það að segja, að menn ætli að ganga vel til verka og ljúka þeim fyrir tiltekinn tíma. Slík mörk er eðlilegt og sjálfsagt að setja.

Það, sem ég tel helst á skorta efnislega í sambandi við till., er að þar eru undanskildir eða ekki tilgreindir þættir sem varða að sjálfsögðu not af landi, þ. e. mannvirkjagerð í landinu og notkun lands undir þéttbýli og önnur mannanna verk. Vissulega má heimfæra það undir aðra þætti sem vikið er að í sjálfri þáltill., og hefur það eflaust verið í hug flm. að þau orð rúmuðu þau umsvif okkar. En að því er ekki sérstaklega vikið í grg. með þáltill. og þess vegna nefni ég þetta hér.

Sem betur fer búum við Íslendingar vel hvað landrými snertir, andstætt því sem er um ýmsar þjóðir í þéttbýli löndum, þar sem land til margháttaðra umsvifa er orðið af mjög skornum skammti og landþrengsli þar með alvarleg. Það er hins vegar ekki ástæða til þess fyrir okkur að gera of mikið úr okkar landkostum eða landrými, því að sannleikurinn er sá, að á þetta gengur ótrúlega ört, þ. e. landrými a. m. k., í einstökum byggðarlögum og stöðum á landinu. Við höfum þéttbýlissvæði á Íslandi þar sem þegar þrengir verulega að. Þurfa menn ekki annað en líta til Reykjavíkurborgar og nágrennis. Einnig getum við litið til þéttbýlisstaða í öðrum landshlutum þar sem land undir byggingarsvæði er mjög takmarkað og stendur vexti byggðar og æskilegu rými til mannlegra umsvifa þegar fyrir þrifum. Þetta minnir okkur á nauðsyn þess, sem um er fjallað í þessari till., að ganga skipulega til verka í sambandi við hin margþættu not sem við þurfum að hafa af landinu. Þeim verður ekki fyrir komið með skynsamlegum hætti nema skipulega sé gengið til verka og við áttum okkur á þeim takmörkum sem okkur eru sett í hverjum þætti.

Þessi mál hafa verið til umr. áður á Alþingi þó ég ætli ekki að fara að rekja það hér eða sé sérstaklega kunnugur þeirri umr. En ég minnist þess, að sú ágæta nefnd, sem falið var af Alþingi að undirbúa landgræðsluáætlun hina fyrstu fyrir þjóðhátíðina 1974, starfaði undir formennsku Eysteins Jónssonar, þá forseta Sþ., og vann mikið og gott verk. Henni var ekki aðeins ætlað að sinna landgræðsluþætti, heldur einnig landnýtingarþætti og leggja á ráðin um landnýtingaráætlun. Þessi nefnd skilaði mótaðri tillögu til þingsins um landgræðsluáætlun sem samþykkt var á hátíðarfundi á Þingvöllum 1974. Þar var vel að verki staðið. Alþingi hefur nú tekið til meðferðar framhald þeirrar landgræðsluáætlunar og ákveðið er að því starfi verði fram haldið, svo sem vera ber. En þessari nefnd sem Alþingi kaus, að mig minnir, á þeim tíma, eða varð til á grundvelli tillögu frá Alþingi a. m. k. — vannst ekki tími til að ljúka stefnumörkun um landnýtingu eins og hún hefði þó kosið. Hún setti þó fram tillögur í þeim efnum sem ég held að gott sé fyrir þá, sem um þetta mál fjalla nú í þingnefnd að kynna sér, — tillögur um hvernig hún teldi skynsamlegt að standa að landnýtingaráætlun. Það yrði að hennar mati best gert með því að fela samtökum sveitarfélaga í hinum einstöku landshlutum forustu í því máli, og segja má að nefndin hafi skilið þannig við málið að vísa því til samtaka sveitarfélaga og annarra aðila sem svo þyrftu að taka það upp í hverjum landshluta, á heimaslóð, ef svo má segja.

Enda þótt þessi stefnumörkun frá 1974 sé engan veginn einhlít og þess þurfi að gæta, þegar unnið er að landnýtingaráætlun, að tryggja ákveðinn upplýsingagrunn og greiða fyrir starfinu frá ríkisvaldsins hálfu og samræma vinnu að þessum málum um landið í heild, þá er alveg ljóst að ekki verður svo vel fari gerð landnýtingaráætlun eða landnýtingarskipulag nema haft sé gott og náið samráð við hina fjölmörgu aðila sem við sögu koma úti um landið. Og því betur sem það er tryggt, þeim mun meiri líkur eru á því, að landnýtingaráætlun skili þeim árangri sem til er ætlast. Um það mætti margt segja sem ég ætla ekki að orðlengja um nú.

En ég vil vekja athygli á því, að sá þáttur, sem kannske mest stendur í vegi fyrir því að hægt sé að vinna greitt og skilmerkilega að þessu máli, er á valdi Alþingis, en Alþingi hefur ekki komið honum fram sem skyldi. Það er að tryggja þá undirstöðu sem þarf að vera fyrir skipulagsvinnu, hverju nafni sem nefnist. Það eru landabréf, uppdrættir til þess að færa inn á þær áætlanir og það skipulag sem menn ætla að móta. Það lá raunar fyrir þegar í byrjun síðasta áratugar að svona kortefni vantaði. Ég man ekki betur en nefndin hans Eysteins Jónssonar benti á þennan skort. Samt sem áður eru aðstæðurnar þannig

enn í dag, að þetta grundvallarefni vantar, þau tæki og þá vinnu í krafti nútímatækni sem þarf að koma til svo að við fáum þennan grunn. Og það er m. a. af þeim sökum sem ég bendi á að tímamörkun fyrir gerð landnýtingaráætlunar, þ. e. fyrir árslok 1983, geti tæpast talist raunsæ vegna þess að engin skilmerkileg landnýtingaráætlun verður unnin nema að slíkur kortagrunnur liggi fyrir af landinu sem heild. Auðvitað geta áætlanir verið misjafnlega greinargóðar og misjafnlega ítarlegar, og eflaust má gera eitthvað sem heitir landnýtingaráætlun án slíkra korta. En ég geri ekki ráð fyrir að við hefðum mjög mikil not af slíkri áætlun.

Þetta er raunar svo mikið undirstöðuatriði að það er brýn þörf að vekja athygli þingsins á þessu og að fjárveitingavaldið taki skilmerkilega á þessu máli. Það held ég að sé nærtækasta verkefnið — og hefði verið full ástæða til þess að flytja um það sérstaka þáltill. — að fjármagn verði til reiðu til þess að vinna þetta verk og kaupa nauðsynleg tæki og sinna þeirri vinnu sem til þarf að koma.

Við búum að mjög fullkominni tækni í þessu sambandi. Er þar skemmst að minnast þess sem vaxið hefur upp af geimferðatækninni svokölluðu, geimferðaöldinni, þar sem er fjarkönnun af ýmsu tagi. Það kortaefni, sem hér er um að ræða, yrði þó unnið með myndatöku úr lofti og á grundvelli loftmynda eftir tiltölulega hefðbundnum aðferðum, þó að einnig geti komið til og að gagni megi verða myndir frá gervihnöttum.

Ég tel afskaplega brýnt vegna þessa máls og annarrar skipulagsvinnu í landinu að ekki dragist að fjármagn verði veitt til þessara hluta. Ég hélt um þetta efni smátölu í ríkisstj. á s. l. ári í sambandi við undirbúning fjárlaga, vegna þess að ég óttaðist að svo færi, sem ég hygg að hafi orðið reyndin, að málið fengi ekki jákvæða afgreiðslu hjá fjárveitingavaldinu eða sú stefna væri mörkuð af þar til bærum stjórnvöldum að sækja eftir því fjármagni. Er það þó kannske það fyrsta, að þau ráðuneyti, sem ábyrgð eiga að bera á þeim hlutum, veki athygli á nauðsyn þeirra. Ég vænti að svo hafi verið, og ég átta mig á þeim vanda sem hv. fjvn. á við að glíma til að sinna þeim margvíslegu þörfum sem kallað er eftir og við teljum að þurfi að ná fram. En hér er kærkomið tækifæri til að vekja athygli á þessu nauðsynjamáli, og vænti ég að viðkomandi þingnefnd taki málið til sérstakrar athugunar og skili álitsgerð þar að lútandi.

Einstakir alþm. hafa flutt till., sem lúta að þessu markmiði, um svæðisbundnar landnýtingaráætlanir. Ég minnist t. d. till. sem varaþm. okkar Alþb.-manna á Austurlandi, Sveinn Jónsson, flutti hér í hittiðfyrra, að mig minnir, um svæðisskipulag fyrir Fljótsdalshérað. Sú þáltill. var ekki samþykkt, en hún leiddi til þess, að menn á heimaslóð tóku málið upp og er það komið á góðan rekspöl á Héraði. Oddvitar hafa fjallað um málið, að því er best ég veit, og þar eru komin á samtök um að vinna að slíku svæðisbundnu skipulagi fyrir þetta byggðarlag, Fljótsdalshérað, sem er einmitt ágætt dæmi um svæði sem til skamms tíma hefur að mestu verið bundið við landbúnaðarnot — og þar undir skógrækt sem oft má flokka til landbúnaðar í víðum skilningi — en þar sem margháttuð önnur umsvif eru komin inn í myndina, þ. á m. útivistarnot í ríkum mæli og sumarbústaðabyggð farin að gera vart við sig í kannske meira mæli með óskipulögðum hætti heldur en æskilegt er. Það er einmitt einn þátturinn sem gefa þarf sérstakan gaum, þar sem nokkur óhöpp hafa hent á úrvalsstöðum hérlendis, eins og í grennd Þingvallavatns.

Ég ætla ekki að hætta mér langt út í að ræða hér landnýtingu í sambandi við búsmala, sem mönnum hefur orðið nokkuð skrafdrjúgt um í þessari umr., og ekki er óeðlilegt og ekki kemur á óvart þó að nokkuð mismunandi viðhorf og mismunandi mat sé á þeim þáttum. Það er eins og með fleira í sambandi við nýtingu okkar auðlinda, að mat manna er nokkuð misjafnt á því, hversu mikið megi á þær leggja, hversu mikið megi í þær sækja. Menn treysta misjafnlega þeim upplýsingum, sem fyrir hendi eru, og sjá þetta undir dálítið mismunandi sjónarhorni. Það er út af fyrir sig ekkert athugavert við þetta, og það er um að gera að menn segi sínar skoðanir og túlki sín viðhorf. En hitt er auðvitað mjög brýnt, eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns, að afla sem gleggstra upplýsinga, upplýsinga sem byggðar séu á rannsóknum á tölulegum gildum eftir því sem frekast er unnt, þannig að menn þurfi ekki að vera að deila um það sem óvissa ríkir um. Vantar sannarlega mjög mikið á að við getum talað út frá þeirri þekkingu sem æskileg væri um þessi efni. Það á við um fiskstofnana, þar sem mikið hefur þó verið að gert til að safna upplýsingum, en það á ekki síður við um gróðurlendi landsins, þar sem verulega vantar á að upplýsingar liggi fyrir um ástand þess, þó að talsvert hafi verið að því máli unnið með gróðurkortagerð og athugunum af ýmsu tagi.

Hin æskilega stefna í sambandi við notkun lífrænna auðlinda er sú að sjálfsögðu liggur mér við að segja, að ganga ekki á höfuðstólinn. Þetta eru endurnýjanlegar auðlindir og við þurfum að hafa að leiðarljósi að taka ekki meira en til fellur, að tryggja að magn þeirra minnki ekki eða rýrni. Ef þeirri reglu er fylgt trúverðuglega þurfum við ekkert að óttast um þessar auðlindir, en því miður göngum við nú ekki þannig til verka, og m. a. vegna tækniframfara í okkar atvinnuvegum erum við í meiri hættu en oft áður að lenda út á hála braut, ef við höfum ekki varann á, vegna þess hversu stórtæk tæknin er orðin m. a. við veiðar.

Það gildir einnig í sambandi við búsmala, þar sem vetrarforðinn er ekki orðinn lengur hinn takmarkandi þáttur.

Ég vil aðeins segja það sem nokkur almenn orð í sambandi við stöðu gróðurlendis í landinu, tel mig þekkja það nokkuð jafnt í byggð sem óbyggð af ferðum og athugunum, að afar víða hallar þar undan fæti, m. a. vegna beinnar ofnotkunar lands í búfjárbeit. Þetta vita bændur landsins, þetta taka þeir undir. En þeim sem öðrum, sem landsins gæði nota, er vorkunn þó að þeir finni kannske ekki með skjótum hætti leiðir til þess að hverfa frá ofnotkun. Sumir þeirra búa við þær aðstæður að þeir eiga erfitt með að taka það tillit til landsins og landgæða sem þeir þó gjarnan vildu. Þarna reynir líka á samtök manna, að allir leggist á eitt, m. a. þar sem margir nytja sömu afrétt. Þó er ofbeitin engan veginn bundin við afréttirnar, hún er einnig allt of víða í heimalöndum. Og sums staðar á landinu — ég segi sums staðar á landinu án þess að staðfæra það nánar — er ástandið hrikalegt í þessum efnum. Fram hjá því verður ekki horft. Væri hægt að nefna mörg dæmi þar að lútandi, en ég tel að það þjóni ekki sérstökum tilgangi í þessari umr. Ég tel að grg. með þessari þáltill. beri vott um ríkan skilning á þessum vanda ofbeitar og ofnotkunar á gróðurlendi landsins og beri vott um að flm. hafa fullan hug á að þau mál séu

tekin eðlilegum og réttum tökum.

Í sambandi við landnýtingaráætlun og landnýtingarskipulag er nauðsynlegt að kortleggja þau not, sem við nú höfum af landinu, og einnig landamerki, þ. á m. landamerki jarða, og færa þau inn eftir bestu vitneskju, þannig að nýtingarrétturinn sé sem ótvíræðastur. Og þá komum við að því sem minnst var á í þessari umr. og menn hafa nokkuð rætt, viðhorfi til eignarréttar á landinu. Það er sannarlega stórmál sem oft hefur verið rætt hér á hv. Alþingi og full nauðsyn er á að menn ræði. Vegna þess að nauðsynlegt er að sem ljósast sé hverjir eru ábyrgir varðandi nýtingu og varðveislu landsins gæða, þá er auðvitað nauðsynlegt að hafa sem skýrast fyrirliggjandi hverjir séu þessir ábyrgðaraðilar, hvort sem þeir hafa nýtingarrétt, eignarrétt í þeim skilningi, skilningi nýtingarréttarins, eða hvort þeir hafa hinn formlega eignarrétt í þeim skilningi sem menn almennast leggja í það hugtak.

Ég vil aðeins víkja að því sem hér hefur verið rætt varðandi dóm Hæstaréttar út af Landmannaafrétti, dóm sem féll í desembermánuði s. l. og af einhverjum misskilningi var mjög mistúlkaður af fjölmiðlum fyrst eftir að hann birtist. Menn hentu þetta á lofti þannig, eftir því sem lesið varð í blöðum — og reyndar heyrðist það í ríkisfjölmiðlunum líka, að ríkið hefði tapað málinu, af ríkinu hefði verið dæmdur eignarrétturinn yfir þessum afrétti. En það var engan veginn niðurstaða meiri hluta Hæstaréttar, þeirra þriggja hæstaréttardómara sem mynduðu meiri hlutann. Minni hlutinn, tveir dómarar, vildi fallast á óskoraðan eignarrétt ríkisins yfir þessu landssvæði, en meiri hlutinn taldi eðlilegra að Alþingi tæki afstöðu til málsins og leiddi til lykta mál sem tekið var upp fyrir alllöngu í sambandi við málarekstur út af þessu landssvæði. Um þetta birtist einmitt í Morgunblaðinu í dag grein eftir Gunnlaug Claessen deildarstjóra málflutningsdeildar fjmrn., tekin upp úr bæklingi þar sem greinin hafði áður birst. Þar segir — með leyfi hæstv. forseta — í niðurlagi forsendna meiri hlutans:

„Hins vegar verður að telja að handhafar ríkisvalds, sem til þess eru bærir, geti í skjóli valdheimilda sinna sett reglur um meðferð og nýtingu landssvæðis þess sem hér er um að ræða, en líta ber til þess, að fyrirsvarsmenn ríkisins hafa viðurkennt „rétt byggðamanna til upprekstrar og annarra afnota, sem lög eða venjur eru fyrir". Um það efni verður þó eigi fjallað hér eins og mál þetta horfir við."

Síðan segir Gunnlaugur Claessen: „Niðurstaðan er nánast sú, að enginn eigi beinan eignarrétt við afréttinum. Eignarrétti heimamanna er alfarið synjað og meiri hlutinn telur ríkið ekki hafa sannað sinn rétt nægjanlega. Niðurlag forsendnanna er hins vegar athyglisvert. Það er ljóst, að Alþingi getur ákvarðað eignarrétt ríkisins með lögum, og slík löggjöf yrði ekki metin sem eignarnám, a. m. k. ekki gagnvart þeim, sem voru aðilar þessa máls." — Það er Hæstiréttur sem kvað upp þennan úrskurð.

Ég tók þetta mál upp í ríkisstj. fyrir nokkru, m. a. vegna þess, hve niðurstaða Hæstaréttar hafði verið rangtúlkuð í fjölmiðlum, og vakti athygli á því, að eðlilegt væri að ríkisstj. tæki málið upp og leiddi það til lykta með því að flytja frv. á Alþingi um eignarrétt ríkisins á almenningum í landinu, svæði sem þessu. Að mínu áliti er nauðsynlegt að almenn löggjöf verði sett til þess að fá úrskurð um þetta stóra mál, og ég tel að Hæstiréttur hafi með dómi sínum beinlínis vísað því til löggjafarvaldsins að leiða þetta mál til lykta. Ég tel að það sé í senn æskilegt og nauðsynlegt að ekki dragist lengi að úr atriðum sem þessum verði skorið af löggjafanum. Það á engan veginn að verða til þess að taka af mönnum nýtingarrétt, sem þeir hafa unnið sér með hefð, og það vakti ekki fyrir ríkisvaldinu með þeim málarekstri, sem upp var tekinn í sambandi við Landmannaafrétt, og í þeim málflutningi, sem þar var uppi hafður. Það er annað nýtingar- eða afnotaréttur og hins vegar eignarréttur í þrengstu merkingu eða fyllsti eignarréttur, skulum við segja, sem getur veitt mönnum rétt til skaðabóta á grundvelli eignarréttarákvæða stjórnarskrár. Ég held að það sé ekkert síður mikilsvert fyrir þá, sem búa í strjálbýli landsins, fyrir bændur landsins, að þetta mál verði skýrt fyrr en seinna, en fyrir aðra, sem í landinu búa, og fyrir ríkisvaldið og löggjafarvaldið, sem eðlilegt er að taki þetta mál til meðferðar og setji um það löggjöf.

Herra forseti. Ég vildi aðeins víkja að þessu, en því má bæta við, að um þetta urðu umr. í ríkisstj. og hæstv. forsrh. upplýsti að hann hefði þegar tekið málið til athugunar innan síns ráðuneytis. Mér þótti líka eðlilegt að forsrn. hefði um það forgöngu, þar sem málið varðar ríkisstj. alla og fjölmarga málaflokka, ef svo má segja. Ég vænti þess, að framhaldsumræða um þetta mál leiði til þess, að ríkisstj. nái samstöðu um að setja löggjöf um eignarráð á afréttum og almenningum í landinu.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, ítreka stuðning minn við það efni sem þáltill. þessi fjallar um. Það er afar gagnlegt að hafa fengið málið inn í þingið með þessum hætti, og ég treysti flm. og hv. þingnefnd, sem málið fær til meðferðar, til þess að fjalla um það skilmerkilega og auka við efni eftir því sem ástæða er til í sambandi við þá stefnumörkun sem hér er að stefnt. Síðan er brýnt að þing og stjórnvöld ljái því starfi, sem landnýtingarskipulagið krefst, þann byr, sem til þarf, með nauðsynlegum fjárveitingum.

Egill Jónsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem menn hafa hér mælt í sambandi við stuðning við þessa till., henni er að sjálfsögðu ákaflega létt að fylgja. Ég vek þó athygli á því, að framkvæmd hennar verður í rauninni að skoða sem ákveðið framhald af landgræðslu- og landnýtingaráætlun, en einnig um þau mál hefur verið lögð fram till. hér á Alþingi sem væntanlega verður studd af öllum þingflokkum, þar sem hún var undirbúin af nefnd sem þingflokkarnir hver um sig áttu fulltrúa í. Það gefur á vissan hátt auga leið, að þessi mál falla æðimikið saman, og m. a. bar ræða hæstv. iðnrh., sem hann flutti áðan, þess sannarlega merki.

Nú er það að sjálfsögðu þannig, að ef menn færu að skoða þetta mál nokkuð í heild yrði að sjálfsögðu að fjalla um það í mjög víðtæku máli, og ef maður færi sérstaklega að fara ofan í þá umræðu sem hér hefur farið fram og snertir þá allt eins till. um landgræðslu, þá yrði þessi umræða að sjálfsögðu ærið fyrirferðarmikil. Ég ætla þess vegna að sleppa því að fjalla um málið í svo víðtækri merkingu þar sem væntanlega gefst kostur á að ræða það nánar síðar.

En út af því, sem iðnrh. sagði áðan, langar mig aðeins að minnast á tvö atriði. Ég er honum sammála og ég er honum þakklátur fyrir það sem hann hafði hér til málanna að leggja varðandi myndkortagerð, og ég vissi raunar áður um áhuga hans á því máli. Það má kannske segja frá því hér til gamans, að ég var að líta á þetta mál

varðandi mína sýslu, Austur-Skaftafellssýslu, og þar gekk ég ofan í spor hæstv. iðnrh., því að hann hafði einmitt verið að kanna það mál í byrjun sinnar þingsetu. Það, sem hann sagði í þessum efnum, er sannarlega þess eðlis, að það beri að undirstrika, og um þetta verður náttúrlega fjallað í skýrara máli síðar. En til viðbótar er hér um ákveðið skipulagsatriði að ræða, því að þessi stofnun er við störf og það eiga sér stað miklar mælingar fyrir ýmsa aðila, þannig að þótt það eitt væri gert og ekkert annað en að samræma þá vinnu, þá næðist gífurlega mikill árangur. Og ég er alveg sannfærður um að það er vilji fyrir að ná þessu máli fram hér á Alþingi. Um það ættum við að sameinast og að því ættum við að hjálpast að.

Annað atriði, sem hæstv. iðnrh. sagði hér og ég get ómögulega látið fram hjá mér fara, var það sem hann talaði um ofbeit og — að því er ég held að hann hafi sagt — hrikalegt ástand, ekki einungis í afréttum, heldur líka í heimahögum. Nú er þessi hæstv. ráðh. að sjálfsögðu þekktur fyrir kurteisi í málflutningi. En mér finnst það of mikil hógværð þegar menn taka svona til orða, vita um slíkt ástand sem þetta, að þeir tilgreini ekki einhver dæmi. Ég væri afskaplega þakklátur fyrir það, ef t. d. kæmu fram ábendingar um þetta í Austur-Skaftafellssýslu. Hún stendur mér næst af öllum íslenskum byggðarlögum og þar þekki ég langbest til. Ég vildi gjarnan fá vitneskju um þetta hrikalega ástand. Það er hægt að færa hér fram tölur um fjölgun búfjár í Austur-Skaftafellssýslu á síðustu áratugum. Þar er um að ræða meiri fjölgun búfjár en trúlega er fyrir hendi annars staðar á landinu. Þar liggja líka fyrir tölur um afurðaaukningu, og ég get nefnt fjölmörg dæmi um það, hvernig gróðri er að fara fram í þessari sýslu, þar sem enginn afréttur er til og þar sem allar tölur mundu sýna að það væri ekkert pláss fyrir búféð. Það, sem hér kemur á móti, eru breyttir búskaparhættir. Það hafa vaxið upp á síðustu árum heilar skógarbrekkur og skógarbreiður. Ég get t. d. nefnt dæmi eins og í landi Staðarfells og Brekku, þar sem skógur hefur vaxið yfir slóðir og troðninga á síðustu áratugum. Ég get nefnt dæmi eins og í sambandi við Hlíð í Lóni, þar sem skógarbrekkur hafa vaxið upp á allra síðustu árum. Og ég get komið með mörg fleiri dæmi. Spurningin er, hverju menn vilja halda fram og hvað menn vilja taka til meðferðar í þessu efni. En það er eftir að ræða hér samskipti bændanna við landið og það er eftir að segja frá því í skýrara máli, með hvaða hætti umskipti hafa orðið vegna breyttra búskaparhátta á allra síðustu áratugum. Þar hygg ég að sé um að ræða einhverja þá þýðingarmestu og gagnlegustu gróðurvernd sem fengist er við á þessu landi.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti hér við fyrri hluta þessarar umr. allmikla ræðu, og í rauninni hefði það ekki verið neitt tiltökumál ef þar hefði verið um persónulega framsetningu hjá hv. ræðumanni að ræða. Það hefði út af fyrir sig ekki verið nein sérstök ástæða til þess að fara ofan í þá ræðu ef hann hefði sérstaklega verið að boða þar stefnu Alþfl. sem slíks. En við öll efnisatriði þessarar ræðu vitnar hann í sérfræðinga, gróðursérfræðinga. Í einstaka tilvikum vitnar hann í fóðurfræðinga. Það er af þessari ástæðu alveg augljóst, að það er engin hending hvernig ræðan er upp sett eða hver texti hennar og innihald er. Í hana virðist hafa verið lögð mikil vinna og ræðumaður óspar á tilvitnanir í sérfræðinga, þó að þeir séu yfirleitt ekki nafngreindir. Það er einmitt af þessari ástæðu sem ekki er hægt annað en fjalla um þessa ræðu í örfáum orðum.

Þar sem hv. ræðumaður byrjar að fjalla um hálendið og nýtingu þess kemst hann m. a. svo að orði, með leyfi forseta: „Á mörgum hálendissvæðum og afréttarlöndum er um mikla ofbeit að ræða.“ Og síðar segir enn fremur: „Og þar er gróðureyðing yfirvofandi vegna of mikils ágangs búfjár, vegna hreinnar ofbeitar.“

Nú er það svo, að viss byggðarlög og upprekstrarfélög hafa haft á því áhuga og áform að koma á ítölu í sína afrétti, sem að sjálfsögðu er grundvöllur þess að þá sé hægt að nýta með eðlilegum hætti, þannig að ekki sé gengið á þeirra höfuðstól. Þessi ítala hefur einungis komist á í sambandi við einn afrétt, þ. e. Landmannaafrétt. Ástæðan fyrir því, að þessari ítölu og þessari beitarstjórnun hefur ekki verið hægt að koma á víðar, er sú, að ekki hafa fengist upplýsingar um það, hvað hver og einn afréttur og heimahagar hafa borið af búfé. Í þessu felst mikilvægt svar við þessum stóru orðum og ásökunum hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni. Hvernig er hægt að fella slíka dóma sem þessa þegar ekki eru fáanlegar heimildir um beitarþol hinna einstöku afrétta og beitarsvæða? Það er ekki ágreiningsmál, að það er sá grundvöllur sem í þessum efnum verður ekki komist hjá að byggja á. Dómar eru þess vegna út í loftið meðan þetta liggur ekki fyrir. Og það, sem hér er þó allra alvarlegast, er að það eru bornir fyrir þessu beitarsérfræðingar, vonandi þó ekki þeir hinir sömu og taka við fjármagni af hendi hins opinbera til þess að framkvæma gróðurmælingar, en hafa aftur á móti ekki getað afhent þær til skipulagningar við þessi stóru viðfangsefni.

Þá er í öðrum þætti þessa máls talað um fjárfjöldann hér á landi og hvað mikið af fénaði sé rekið á afrétti. Þar er komist að þeirri — ég vil segja: sögulegu niðurstöðu, að 900 þús. fjár, allur sauðfjárstofninn sé hafður í afrétti. Nú vill svo til að það hefur verið gerð á þessu könnun, og hv. þm. Steinþór Gestsson gerði reyndar grein fyrir því. Það hefur verið gerð á því könnun hversu margt fé væri rekið í afrétti. Eins og kom fram í ræðu Steinþórs Gestssonar eru það um 35—38% af öllum sauðfjárstofninum. Það er sem sagt þriðja hver kind sem er rekin til afrétta. En svo kemst aftur hv. þm. Sighvatur Björgvinsson að þeirri niðurstöðu — með þeirri leiðsögn sem hann hefur varðandi sinn málflutning — að afréttirnir beri 500 þús. fjár. Það á að fækka í afréttuunum að hans mati um 400 þús. fjár, en það má þá beita þar 500 þús. fjár. Það er töluvert hærri tala en nú gengur á öllum íslenskum afréttum. Samt er talað um ofbeit.

Umfram þetta hefur Grænland alveg sérstaklega dregist inn í þessa umræðu. Talnasamanburðurinn þar er nú að sjálfsögðu með þeim hætti, að þar er engin tala rétt. Reyndar eru allar tölur í ræðu hv. þm. sighvats Björgvinssonar rangar, en talnasamanburðurinn er líka rangur. En út af fyrir sig breytir það ekki málinu, heldur sá almenni boðskapur sem þm. flytur í sambandi við fallþunga, í sambandi við afurðasemi og beitarnýtingu.

Nú vill svo til að um þetta hefur verið fjallað. Á grundvelli þeirra gagna, sem fáanleg hafa verið og legið hafa fyrir, hefur verið gerð úttekt á því hvaða samræmi sé á milli afurðasemi og landnýtingar. Frá því segir í bréfi sem er svar Ólafs Dýrmundssonar landnýtingarráðunautar Búnaðarfélags Íslands til Stéttarsambands bænda og var gefið út sem grein í Árbók landbúnaðarins. Það er ákaflega margt athyglisvert í þessari grein, m. a. það, að þótt

sauðfé hafi fjölgað á Íslandi, þótt frjósemi hafi aukist þannig að fleira og fleira fé hefur gengið hér í högum, þá hefur fallþunginn líka aukist. Þetta sýnir það m. a., að við höfum nógan samanburð hér innanlands til þess að sýna fram á að afréttirnir sem slíkir eru með engum hætti ákvarðandi um það, hvað af þeim koma mikil og þung föll. Ég vil benda á það, að sums staðar á landinu liggur ljóslega fyrir að afréttir eru ekki einu sinni fullnýttir. Menn ættu að líta á það og gera samanburð á því, hver fallþunginn er í þeim byggðarlögum miðað við það sem hann er í ofnýttu byggðarlögunum. En þar hygg ég að Norðausturland og Austurland standi kannske einna best. Í umræddri grein eru dregnar skýrar ályktanir í lok hennar. Þar segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Þótt vitað sé að fjárfjöldi í högum hafi áhrif á vænleika lamba hefur ekki reynst unnt að greina bein tengsl á milli fjölgunar sauðfjár undanfarin ár og fallþunga dilka."

Þrátt fyrir þessa úttekt hefur ekki tekist að greina þessi áhrif að. Ég held að það sé best fyrir menn að halda sig á Íslandi þegar verið er að fjalla um þessi mál.

Eitt af því, sem kemur fram í ræðu hv. þm. — og snertir reyndar Grænland líka og gróðursérfræðingar eru bornir fyrir — er skýring á því, vegna hvers frjósemi sé minni í íslenska sauðfjárstofninum en þeim grænlenska. Nú liggur reyndar fyrir að til nytja kemur mun meira af lömbum miðað við hverja einingu heldur en í Grænlandi. Í rauninni segir það ekkert um frjósemina vegna þess að þetta sauðfé býr við mjög ólík skilyrði. En ég hef hvergi á ævi minni, hvorki í töluðu né rituðu máli, heyrt frá því sagt að næringarskortur að sumri til gengi út yfir frjósemi sauðfjárins, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson komst að orði hér og bar gróðursérfræðinga fyrir.

Hv. þm. rekur þessi mál alveg á enda. Hann gengur svo langt að sýna fram á hversu mikil hagkvæmni mundi felast í því að fénaði yrði fækkað í samræmi við hans kenningu, þ. e. um 4/9 hluta, ca. 400 þús. fjár. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að e. t. v. mundi heildarafurðamagnið verða það sama eftir sem áður. Ég bendi á að hér er ekki verið að fjalla um hagnaðinn, ekki um nettó-hagnaðinn, ekki um launagreiðslur til bændanna í landinu, heldur um afurðamagnið sem slíkt. Og þar er sem sagt komist að þeirri spaklegu niðurstöðu, að það sé vel hugsanlegt að með því að fækka um 400 þús. fjár á fóðrum mundu þær 500 þús. kindur, sem eftir eru á fóðrum, gefa jafnmiklar afurðir og þær 900 þús. gerðu þegar þær gengu um haga. Og enn þá eru bornir fyrir þessu gróðursérfræðingar. En hér er sá munur þó gerður á, að menn eru farnir að nefna nöfn. Hér eru hv. þm. farinn að nefna nafn, að vísu bara eitt. Og til þess að þetta sé nú alveg skýrt og alveg ljóst ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að vitna í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Þar segir hann:

„Nú get ég að sjálfsögðu ekkert fullyrt um það, hvort þetta dæmi gengur upp eða ekki. Ingvi Þorsteinsson" — það er í fyrsta sinn sem hv. þm. nefnir á nafn á svokölluðum gróðursérfræðingi og þá bara einum þeirra — „Ingvi Þorsteinsson, sérfræðingur um gróðurrannsóknir, vakti athygli mína á þessum staðreyndum." Þetta eru þá orðnar staðreyndir, að 500 þús. fjár mundu geta gefið eins mikið og 900 þús. fjár, ef 400 þús. væru fjarlægð úr högunum. Hann getur að sjálfsögðu ekki frekar en aðrir fullyrt neitt um það, hvort þetta dæmi gengur upp. (**SighB:** Hv. þm. hefði átt að ljúka svolítið fyrr, það var það sem þm. ætlaði sér að gera, lesa ekki til enda. Mér sýndist það á honum. Honum brá allíiskyggilega þegar hann var búinn að lesa svona langt.) Það er að sjálfsögðu ákaflega skiljanlegt að hv. þm. vilji ekki hafa þetta á mörgum stöðum í þingtíðindum. En ég veit ekki hvað er vitlausast í þessari ræðu, og ef ég ætti að fara að setja það þannig upp, þá yrði það allt að fylgja með.

Ég undirstrika það, svo sem ég sagði í upphafi míns máls, að ef hér væri um að ræða eitthvert persónulegt innlegg hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, þá væri ekki mikil ástæða til þess að gera mikið úr málinu, og ekki heldur ef þetta væri stefna Alþfl. eða jafnvel einhvers annars tiltekins flokks. Það, sem skiptir hér máli og ekki verður undan vikist, er að meta hvaðan þetta kemur, hverjir þessir gróðursérfræðingar eru og fóðurfræðingar sem vitnað er í, ekki einn, ekki tveir, þeir hljóta þó alla vega að vera þrír, væntanlega þó alltaf tveir gróðursérfræðingar og einn fóðurfræðingur. Og menn verða í framhaldi af því að líta á það mjög gaumgæfilega, ef svo kynni að vera að einhver tengsl væru á milli þessara gróðursérfræðinga, sem hér hefur verið títt um talað, og þeirra sömu sem eiga að afhenda bændunum í landinu upplýsingar um beitarþol á afréttum og heimahögum. Þá er sannarlega mikil ástæða til þess, að það verði athugað af mikilli gaumgæfni hvers vegna formaður þingflokks Alþfl. fær frekari heimildir um þessi efni en t. d. bændasamtökin sem slík. Það verður engri stofnun liðið, sem hér á hlut að máli, annað en gera grein fyrir því hvers vegna formaður þingflokks Alþfl. fær heimildir sem ekki eru afhentar öðrum sem eftir þeim leita. Þetta er þungamiðja málsins í þessu sambandi.

Ég orðlengi þetta ekki frekar að þessu sinni. En það verður þá með öðrum hætti reynt að ganga eftir því hér á Alþingi, hvort ekki er kominn tími til þess fyrir t. d. Rannsóknastofnun landbúnaðarins að reka af sér slyðruorðið og afhenda upplýsingar um beitarþol á hinum einstöku landssvæðum, í hinum einstöku afréttum. Það er að sjálfsögðu eftir þetta innlegg og eftir þessar upplýsingar hjá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni alveg ómögulegt að sleppa Rannsóknastofnunni við það. Eftir því verður að ganga, m. a. hugsanlega með tillöguflutningi héðan af Alþingi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég efast ekkert um að hv. síðasti ræðumaður, svo ábúðarmikill sem hann var, mælti þau ábúðarmiklu orð sín í einlægum vilja til að fá þau svör frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, sem hann bað um, frekar en hann teldi sig með því vera að fella einhvern áfellisdóm yfir einhverjum tilteknum sérfræðingum, sem þar vinna, fyrir að hafa e. t. v. veitt formanni þingflokks Alþfl. einhverjar upplýsingar sem hv. þm. falla ekki í geð. M. ö. o. vona ég að það sé áhugi á málefninu sem vakir fyrir hv. þm. með orðum sem voru mælt eins og hann væri að hóta einhverju, en ekki að fara þess á leit að fá tilteknar upplýsingar, en ekki hitt, að hv. þm. væri með þessum orðum að hóta einhverjum tilteknum sérfræðingum fyrir að hafa, eins og hann sagði, leyft sér að láta einhverjum öðrum en honum sjálfum í té upplýsingar og þá ekki síður ef upplýsingarnar væru honum ekki að skapi.

Hins vegar finnst mér vert að vekja athygli þeirra fáu þm., sem eftir sitja nú í salnum, á málflutningi þeirra flokksbræðranna, hv. þm. sem síðast talaði og hv. þm. Steinþórs Gestssonar, sem var þó miklu hófsamlegri í

málflutningi sínum eins og hans er von og vísa. Hv. þm. Egill Jónsson sagði að auðheyrt væri af minni ræðu að ég hefði lagt mikla vinnu í samningu hennar. Hv. flokksbróðir hans, sem fyrr talaði, sagði að auðheyrt væri á þessari ræðu að þar lægju á bak við óvönduð vinnubrögð og ekki hefði mikil vinna verið lögð í hana. Þannig verður vandlifað á milli þeirra félaganna og flokksbræðranna þegar annar telur að í ræðuna hafi verið lögð mikil vinna, til þess væntanlega að reyna að koma höggi á einhverja aðila, sem hann þó ekki nafngreindi, og hinn fullyrðir að auðheyrt hafi verið að í ræðuna hafi engin vinna verið lögð.

Ég ætla að reyna að forðast, hæstv. forseti, að eyða mjög mörgum orðum í umr. af því tagi sem því miður hefur oft átt sér stað hér á Alþingi um málefni landbúnaðarins, þar sem menn leyfa sér að leggja tiltekna menn í einelti fyrir að leyfa sér að hafa skoðanir á þeim málum sem séu e. t. v. eilítið öðruvísi en þeir hafa sjálfir. A. m. k. vill það brenna við, að þegar þau mál koma hér á dagskrá rísi hér ávallt upp nokkrir menn, þ. á m. menn sem telja sig hafa vit á öllum öðrum málum, þ. á m. málum sem þeir hafa aldrei komið nálægt sjálfir, og kveði upp úr um að þeir séu þeir einu sem viti og aðrir eigi helst ekki að taka til máls um þau mál, hvað þá að leyfa sér að hafa um þau skoðanir. Ég ætla að frábiðja mér slíka umræðu. Ég tel að hún eigi alls ekki við hér. En ef menn langar mjög til að ástunda hana, þá sjái menn hver og einn sóma sinn í því að gera það þá og þjóna lund sinni með þeim hætti.

Það er sjálfsagt að upplýsa hvaðan ég hef þær heimildir, sem ég byggði málflutning minn á. En áður en ég geri það vil ég þó fara nokkrum orðum um þann tilgang sem fyrir mér vakti. Meginviðfangsefni ekki bara Íslendinga, heldur flestallra núlifandi manna á vesturhveli heims, er að reyna að vernda og varðveita þær náttúruauðlindir sem við byggjum tilveru okkar á, koma í veg fyrir að rányrkja sé á þeim stunduð. Þetta er að sjálfsögðu mjög viðkvæmt og vandasamt mál. Ég tel að málflutningur af því tagi, sem hefur átt sér stað sérstaklega hjá síðasta ræðumanni, færi okkur því miður heim sanninn um að það verður ekki vandalaust að framkvæma þá landnýtingaráætlun, sem hv. þm. Davíð Aðalsteinsson hefur gerst hér 1. flm. að að Alþingi samþykki að undirbúa, vegna þess að ég er hræddur um að lítilli landnýtingu verði komið fram ef það á að stunda málflutning af því tagi sem hv. alþm. Egill Jónsson viðhafði áðan um þau mál. En þetta sýnir aðeins það eitt, hversu viðkvæm mál af þessu tagi eru þegar að því kemur að menn þurfi að ganga úr skugga um hvort hagnýting tiltekinnar náttúruauðlindar sé með þeim hætti að ástæða sé til að ætla að hún geti endurnýjað sig eins og á að geta átt sér stað um náttúruauðlindir gróðurlendis og um þær náttúruauðlindir sem við nýtum nú í hafinu í kringum Ísland. Ég vil vekja athygli manna á því, að þessi umr. fer fyrst af stað fyrir alvöru, m. a. hér á hinu háa Alþingi, þegar það uppgötvast að náttúruauðlindir í hafinu, sem standa undir annarri atvinnustarfsemi og þ. á m. eiga þátt í því að við getum ástundað landbúnað og búið þeim, sem landbúnað stunda, þau lífskjör sem þeir telja sig þurfa að fá, því að sjávarútvegurinn stendur undir því eins og öðru, — þá fyrst þegar menn uppgötva að þessi náttúruauðlind er í hættu fara að hefjast hér á hinu háa Alþingi umr. um nauðsyn þess að taka upp nýja nytjastefnu varðandi aðgang að auðlindum landsins. Þó verður að segja eins og er, að ef litið er á auðlindir fastalandsins, þ. e. auðlindir gróðurfarsins, er rányrkja þar af manna völdum búin að eiga sér stað miklu, miklu lengur en á við um rányrkju til sjávarins, og hefði því kannske verið ástæða til að ræða fyrr um náttúruvernd og vernd auðlinda og orku og náttúruverndarbúskap á fastalandinu en í hafinu. En samt sem áður, eins viðkvæm og verndun náttúruauðlinda hafsins er, virðist vera að umræður um verndun gróðurlendisins séu miklu viðkvæmari. Þó að oft sé talað um, að íslenskir sjómenn — fiskimannastéttin — séu harðdrægir og vilji seint viðurkenna ýmislegt sem ekki kemur þeim vel, líki ég því ekki saman að ræða við formælendur þeirra hér á Alþingi og víðar um skynsamlegan búskap varðandi nýtingu á auðlindum hafsins og að ræða sambærileg mál við formælendur þeirra sem nýta gróðurlendið hér á Íslandi. Það er ekkert sambærilegt. Sá tónn, sem m. a. kom frá hv. þm. Agli Jónssyni áðan, heyrist aldrei í forráðamönnum sjómannastéttarinnar, fiskimanna og útvegsmanna, þó að þeir séu vanir að taka oft talsvert upp í sig, m. a. þeir þeirra sem eiga málsvara hér í sölum Alþingis. Ég vil aðeins benda á þetta sem dæmi um að það er alls ekki vandalaust að ætla að reyna að koma fram skynsamlegri nýtingu gróðurlendisins í framhaldi af tillögu sem Alþingi væntanlega samþykkir um landnýtingaráætlun sem hér er til umr. Það er alls ekki vandalaust og ætlar sennilega að verða vandasamara en sá vísir að skynasmlegum fiskibúskap eða búskap með náttúruauðlindir sjávarins sem Íslendingar eru smátt og smátt að koma sér upp.

Ég hélt satt að segja að það væru engin ný tíðindi að hér á Íslandi hafi átt sér stað hrikaleg gróðureyðing á umliðnum áratugum og öldum. Það er engin ný staðreynd. Ég hélt að allir ekki bara vissu þetta, heldur viðurkenndu það. Og ég hélt að öllum væri það ljóst, a. m. k. er það kennt í öllum skólum landsins, að ein ástæðan fyrir þeirri gróðureyðingu — alls ekki eina ástæðan, langt frá því, heldur ein af ástæðunum — væri ofbeit eða réttara sagt: væri beit á þessum löndum. Þetta eru orðin svo viðurkennd sjónarmið að ég held að engum dytti í hug að halda því fram að hann væri þessu sjónarmiði ókunnugur eða þetta sjónarmið teldist ekki nægilega sannað.

Menn eru að spyrja um það núna hverjir hafi haldið þessu fram. Það hafa haldið þessu fram mjög mætir menn sem hafa eytt allri sinni starfsævi í þágu íslensks gróðurbúskapar, eins og t. d. Hákon Bjarnason skógræktarstjóri. Það á ekki að vera neinum áhugamanni um náttúruvernd eða gróðurrækt á Íslandi nýtt, að því sé haldið fram af til þess bærum vísindamönnum að beitin, beit grasbíta á landinu, hafi orsakað stórfelldar gróðurskemmdir. Auðvitað deila menn um í hve miklu magni þetta sé, í hve miklum mæli eigi að meta til tjóns þessa beit og hvaða tegund grasbíta eigi hér mesta sökina og hve stór sú sök sé. Um þetta deila menn. Um þetta hafa menn deilt m. a. við fyrrv. skógræktarstjóra svo til alla hans starfsævi. En ég hélt að niðurstaðan væri sú, að menn væru orðnir sammála um að um þessi viðhorf, sem hann og fleiri hafa haldið fram, væru ekki lengur deilur, ágreiningurinn stæði aðeins um að hve miklu leyti, í hve miklu magni þessi gróðureyðing hefði átt sér stað og að hve miklu leyti mætti kenna beitinni um hana og að hve miklu leyti ætti að leita annarra skýringa. En að gróðureyðingunni væri fyrir að fara, hún væri af manna völdum, þ. á m. af völdum ágangs búpenings, hélt ég að allir

Íslendingar væru almennt sammála um, þó að ágreiningur væri vissulega um magnið.

Ég vil benda mönnum á að um það verða menn aldrei sammála. Það er alveg sma hversu margir sérfræðingar fjalla um það. Um það verða menn aldrei sammála frekar en menn verða sammála um skynsamlegustu nýtingu auðlinda hafsins. Það verður alltaf deila á milli annars vegar þeirra, sem vilja e. t. v. fara of varlega, og hinna, sem vilja fara of óvarlega, milli annars vegar þeirra, sem eiga þarna persónulegra hagsmuna að gæta og lifa e. t. v. meira fyrir líðandi stund en fyrir morgundaginn, og hinna, sem e. t. v. eru óþarflega varkárir. Að ætla sér að bíða eftir því, að þessir aðilar verði sammála og viðurkenni m. a. s. að um ofnýtingu á náttúruauðlind sé að ræða er auðvitað algerlega forkastanlegt, því að viðkomandi náttúruauðlind, hvort sem hún heitir fiskur í sjó eða gróður á landi, verður uppurin löngu áður en þessir aðilar verða sammála um niðurstöðuna. Um það höfum við dæmi varðandi þá auðlind sem er fiskurinn í sjónum. Það getum við líka haft dæmi um varðandi þá auðlind sem er gróðurinn á landi, þó svo menn verði að sjálfsögðu að viðurkenna þá staðreynd að eyðing á gróðri landsins og gróðurfari landsins er svo miklu, miklu meira hægfara en eyðing á náttúruauðlindum í sjónum að menn uppgötva ekki slíkt á 1, 2 eða 3 árum. Þar nota menn frekar mælikvarða kynslóðanna. Ég man ekki betur en einmitt þetta, þessi mikla gróðureyðing, sé m. a. notað sem rökstuðningur þegar óskað er eftir því, að þjóðin í þessu landi, og þ. á m. hinn miklu fjöldi þéttbýlisbúa sem ekkert telst eiga af sínu eigin landi, verji fé úr sameiginlegum sjóði til að reyna að bæta fyrir þessi spjöll. Mér er ekki kunnugt um annað, af þeim upplýsingum sem ég hef fengið um framkvæmd landgræðsluáætlunar frá 1974, en bændur hafi meira að segja óskað eftir því, að hluta af þeim fjármunum verði varið til að græða upp bæði heimalönd og afrétti, til að bera ábyrgð á bæði heimalandi og afrétti vegna þess að þetta land þurfi að bæta, m. a. vegna ágangs. Sjálfsagt gefst nægur tími til að ræða það þegar landgræðsluáætlun kemur til umr. hér eftir vonandi fáa daga, og geta menn þá væntanlega fengið svör við því. En mér er kunnugt um óskir bæði frá einstökum bændum og frá heilum sveitarfélögum um að hluta þjóðargjafarinnar til uppgræðslu lands verði ráðstafað með þeim hætti, og þær beiðnir hafa verið rökstuddar með því, að þarna hafi átt sér stað gróðureyðing af manna völdum.

Það, sem ég hélt að væri alveg ljóst og geng raunar út frá að sé ljóst, er í fyrsta lagi að það hefur átt sér stað mjög veruleg gróðureyðing og á sér stað enn þá, því miður, á okkar gróðurlendi. Mér er ljóst að það er deilt um í hve miklum mæli þessi gróðureyðing hefur farið fram og á sér stað nú. Ég hélt að allir væru sammála um að hún á sér stað. Í annan stað hélt ég að menn væru líka út frá því almennt sammála um að reyna að snúa því dæmi við, ekki bara með því að bera á tilbúinn áburð, eins og gert hefur verið m. a., heldur líka með því að beita öðrum aðferðum til að snúa við þeirri þróun sem átt hefur sér stað varðandi gróðurfar landsins á umliðnum áratugum og öldum, bæði af völdum einstaklinga, þ. e. mannanna sjálfra, og það ekkert síður þéttbýlisbúa en annarra, og eins vegna ágangs búfjár. Það, sem ég hafði áhuga á að fá að vita og lagði fram fsp. um að endilega þyrfti að skoða í sambandi við þá landgræðsluáætlun sem er hér til umr., var það, að menn þyrftu að huga að því, að í fyrsta lagi eru bein tengsl á milli afurðamagns á þeim svæðum annars vegar, þar sem talið er að um gróðureyðingu sé að ræða, og á þeim svæðum hins vegar, þar sem talið er að svo sé ekki varðandi afrétti og upprekstrarland. Í öðru lagi er af þeim upplýsingum hægt að ætla að það þurfi ekki endilega að fara saman, þó svo þurfi að draga úr ágangi fjár á afréttum og upprekstrarlöndum þar sem gróðureyðing er talin eiga sér stað, að það þurfi endilega að þýða að afurðamagn mundi dragast saman að sama skapi hjá þeim bændum sem eiga þar hagsmuna að gæta, verið gæti að það eitt að draga úr beitarþunga gæti að einhverju leyti skilað sér í auknum afurðum þess fjár sem á afrétt er rekið. Í því sambandi hafa sérstaklega verið gerðar aths. við frásagnir, sem ég taldi vera réttar, varðandi afurðir sauðfjár á Grænlandi. Ég skal fúslega upplýsa hvaðan ég hef þessar upplýsingar. Ég hef þær t. d. úr viðtali sem Elín Pálmadóttir tók við Ingva Þorsteinsson í Morgunblaðinu og birtist þar árið 1980. Ég vil líka taka það fram, að þær sömu upplýsingar hafa birst eftir Ingva Þorsteinsson á fjölmörgum öðrum vettvangi. Í morgun ræddi við mig einn af þeim mönnum sem hér var vitnað til, Sveinn Hallgrímsson sauðfjárræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands. Hann sagði að þeim hefði eins og mér verið kunnugt um þessar upplýsingar frá Ingva, þeir hefðu hins vegar engar upplýsingar aðrar haft í höndunum og engar aths. við þær gert fyrr en þá í Morgunblaðinu í morgun og í útvarpinu nú um helgina. Það eru fyrstu upplýsingar sem gefnar hafa verið af þessum aðilum sem gerst eiga þó að vita, aðrar en þær sem áður hafa komið fram hjá Ingva. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég taldi mig standa í nokkuð öruggri vissu um að ég færi rétt með þegar ég var að rekja upplýsingar sem þráfaldlega hafa verið gefnar á opinberum vettvangi af manni sem er háttsettur starfsmaður við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og ég taldi að ég færi þarna með rétt mál og engar tilraunir hafa verið gerðar til að leiðrétta fyrr en þá fyrst núna.

Ég vil enn fremur vekja athygli manna á því, að í þessum tveimur greinum, tveimur yfirlýsingum um fallþunga dilka á Grænlandi, sem birtast á bls. 47 í Morgunblaðinu í dag, annars vegar frá Sveini Hallgrímssyni og hins vegar frá Stefáni Scheving Thorsteinssyni, ef menn lesa þessar tvær greinar saman, má fljótt komast að raun um að þeim ber ekki saman, þessum heiðursmönnum, um þær upplýsingar sem þeir eru þar að veita. Að vísu er e. t. v. ekki jafnmikill munur á því og þeim upplýsingum sem ég hélt áður vera sannar, en þessum heiðursmönnum ber alls ekki saman og skrifa þeir þó sama dag í sama blað, meira að segja á sömu síðu. Það ber talsvert á milli þeirra upplýsinga sem þeir gefa og eru þó þær upplýsingar ekki byggðar á öðru í hvorugu tilvikinu en framreikningi og ákveðnum ágiskunartölum hjá báðum. Þetta eru fyrstu upplýsingarnar sem koma fram um hvað þeir telja að þessi fallþungi sé, aðrar en þær sem þráfaldlega hafa áður komið fram á opinberum vettvangi frá manni sem sérstaklega hefur fjallað um þessi mál án þess að nokkur tilraun hafi verið gerð til að leiðrétta hann. Þetta upplýsti mig um, eins og ég sagði, Sveinn Hallgrímsson í morgun, þegar hann ræddi við mig og afhenti mér miklu ítarlegri upplýsingar en enn hafa birst um þessi mál. Vona ég að orð hv. þm. Egils Jónssonar um, að menn mættu vara sig eða a. m. k. ættu menn að láta hann hafa allar sömu upplýsingar og menn leyfi sér að láta formann þingflokks Alþfl. hafa um þessi mál, megi sín

nokkurs og menn sinni þá þeim beiðnum hans mjög skjótlega í þeirri stofnun sem Sveinn Hallgrímsson vinnur við, svo að það slys hendi ekki að formaður þingflokks Alþfl. hafi einhverjar frekari upplýsingar um landbúnaðarmál í sínum höndum en hv. þm. Egill Jónsson. En það vil ég fullvissa hv. þm. um, að ástæðan fyrir því er ekki sú, ekki mér vitanlega, að Sveinn Hallgrímsson sé með einhverjum hætti að reyna að byggja upp eða að styðja við bakið á landbúnaðarpólitík Alþfl. eða sé með einhverjum hætti að reyna að ásækja hv. þm. Egil Jónsson eða skoðanabræður hans eða aðra íslenska bændur, síður en svo.

Þetta er út af fyrir sig ekkert aðalatriði í málinu. Menn geta hent á lofti upplýsingar eins og þær sem ég hafði fyrir satt og hafa þráfaldlega komið fram á opinberum vettvangi og aldrei verið bornar til baka eða leiðréttar af þeim aðilum, sem betur ættu þó að hafa vitað, en í ljós hefur komið að betur hafa ekki vitað þangað til fyrir nokkrum klukkustundum. Menn geta hent þær á lofti og sagt að lítið sé til þeirra að sækja og lítið mark á þeim takandi. Út af fyrir sig get ég vel samþykkt að svo sé í ljósi nýrra upplýsinga sem borist hafa, því að alltaf verða menn að hafa það sem sannara reynist. En mergurinn málsins er ekki hversu mikið afurðamagn megi sækja til kinda á Grænlandi. Það er ekki mergurinn málsins. Mergurinn málsins er hvort ætla megi að það sé beint samband á milli afurðamagns á þeim svæðum annars vegar þar sem talið er, m. a. af gróðursérfræðingum eins og Ingva Þorsteinssyni, að um ofbeit sé að ræða, og afurðamagns á þeim svæðum hins vegar, þar sem þessir sömu gróðursérfræðingar telja að ekki sé ofbeit. Ég spurði Svein Hallgrímsson þessarar spurningar í morgun og hann taldi að orsakasamband væri þarna á milli. Hann taldi að það væri orsakasamband á milli þess t. d. að nefna, að fallþungi er mun meiri t. d. í Strandasýslu, Þingeyjarsýslum og víðar, þar sem ekki er talið að um ofbeit sé að ræða, — að fallþungi sé þar mun meiri en á þeim svæðum landsins þar sem talið er að ofbeitt sé. Hann taldi vera orsakasamhengi þar á milli, en hann sagði að að sjálfsögðu kæmu fjölmörg önnur atriði inn í það mál sem einnig gætu valdið nokkru þar um, t. d. mismunandi gróðurfar eftir því hvar niður væri borið eftir legu landshluta o. s. frv.

Þetta er kjarninn í mínum málflutningi: Geta menn, ef menn fá slíkar upplýsingar, sem ekki liggja enn þá nógu ljósar fyrir, dregið ályktun á þann veg, að það þurfi ekki endilega, þegar ákvarða skal beitarþunga eftir ágiskunum manna og áætlunum um beitarþol, að þýða rýrð kjör bændastéttarinnar á þeim landssvæðum þar sem slíkur samdráttur í beit yrði að þýða fækkun sauðfjár? Geta menn einhverja ályktun af því dregið? Það er varla tilviljun að á ýmsum bæjum í Strandasýslu, t. d. eins og á Smáhömrum, skuli frjósemi ánna vera allt upp í 1.9 lömb á á og meðalfallþungi vera allt upp í 19 kg. Það er engin tilviljun að þetta skuli geta gerst, vel að merkja á landssvæði þar sem ekki er talið að um ofbeit sé að ræða af þeim gróðursérfræðingum sem þó vilja e. t. v. ganga lengra en margir aðrir í slíkum efnum. Það er ekki tilviljun að slík sé niðurstaðan þar samanborið við aðra staði á landinu, þar sem talið er að um ofbeit sé að ræða á afréttar- og upprekstrarlöndum og heimalöndum, þar sem sauðfé er beitt, þar sem fallþunginn nær kannske ekki nema 14 kg og tæplega það. Er þó á mörgum þessara staða notuð sú aðferð, sem stöðugt hefur færst í vöxt, að beita sauðfé á ræktuð lönd eftir að það er rekið af fjalli í jafnvel 2—3 vikur áður en til sláturtíðar kemur, þannig að fallþungi af þeim sökum einum er talinn aukast um allt frá 1 upp í 2 kg. Fer þá að verða lítill arðurinn af úthagabeitinni ef þrátt fyrir slíkan búskap næst ekki meiri fallþungi en sem samsvarar 14 kg að meðaltali.

Herra forseti. Þetta vildi ég láta koma fram sem kjarnann í því sem ég vildi sagt hafa, að ef menn ætluðu að taka upp landnýtingarstefnu og sú landnýtingarstefna hlyti óhjákvæmilega að hafa í för með sér að menn reyndu að aðlaga þungann að beitarþoli þannig að e. t. v. hlytist af því einhver fækkun sauðfjár, þá reyndu menn að athuga hvort slíkt þyrfti endilega að hafa í för með sér lakari kjör fyrir viðkomandi bændur. Þetta var mergurinn málsins hjá mér. Út úr þessu hefur verið snúið með yfirlæti og að nokkru leyti þjösnaskap. Við því er ekkert að segja. Það verður hver og einn hv. þm. að kunna að þjóna lund sinni eins og honum best lætur. Sumum lætur best að gera það svona og það verður þá að hafa það. Þar eiga þeir við sjálfa sig. En þetta er engu að síður mergurinn málsins.

Sagt er um mig og fleiri þéttbýlisbúa, að við eigum ekkert í fiskimiðum landsins og við höfum minna vit á því en sjómenn okkar hvernig eigi að nýta þessi fiskimið, en þó leyfi ég mér engu að síður að hafa skoðun á málinu. Og þó svo ég, eins og allflestir landsmenn, eigi ekki von í að eignast meira af þessu blessaða landi okkar en sem samsvarar því landssvæði þar sem kistunni minni verður holað niður í framtíðinni og þó að ég eigi hvorki kind né bújörð, þá leyfi ég mér þó að hafa skoðun á því, hvernig best sé og hvernig best verði hagað umgengni um gróðurlendi landsins þannig að þjóðin og bændur sjálfir hafi sem bestan hag af því. Ég frábið mér það, eins og ég vona að aðrir þéttbýlisbúar geri, að fá engin afskipti af þeim málum önnur að hafa en að borga reikningana, því að það megum við gera. Við megum gjarnan borga. Enginn hefur neitt á móti því, að við, sem ekkert eigum af þessu blessaða landi okkar, borgum reikninginn. Það er talið vera alveg sjálfsagt. En við megum ekki leyfa okkur að hafa skoðun á því, hvernig með þetta fé eigi að fara svo að þjóðinni megi gagnast það sem best, og ekki leyfa okkur að hafa skoðun á því, að það sé fráleitt að verið sé að rányrkja þetta land á sama tíma og verið er að koma með slíka reikninga til þéttbýlisbúanna og láta þá greiða fyrir uppgræðslu og fleira. Það vil ég biðja menn að hugsa mjög vandlega um hvort sé málflutningur sem hafi við rök að styðjast.

Hvert er álit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á beitarþoli? Um það veit ég því miður ekki. Mig undrar mjög að sú ágæta stofnun skuli ekki geta komist að niðurstöðu um þau mál, vegna þess að ég veit ekki betur en það sé langt síðan niðurstöður gróðurrannsókna á ýmsum svæðum á landinu hafi leitt til ákveðinna skoðana hjá þeim sem þær rannsóknir stunduðu. Mér er hins vegar ljóst að um slíkar rannsóknir, eins og allar rannsóknir af því tagi, er mjög erfitt að fá menn til að vera sammála eða hver niðurstaðan eigi að vera. Það er jafnerfitt varðandi nytjar á gróðurlendi fastalandsins og varðandi nytjar á auðlindum hafsins. En það eru engin rök, að við eigum að fallast á að það sé t. d. ekki og hafi ekki verið um að ræða ofnýtingu á fiskstofnum af því að menn geti ekki orðið sammála um hvaða nýting sé þar heimiluð rétt og eðlileg. Það eru engin rök að halda því fram, að menn geti ekki verið sammála um að það hafi

t. d. átt sér stað of mikil sókn í loðnustofninn vegna þess að menn hafi ekki getað orðið sammála um hver sé æskilegust sókn í loðnustofn. Úr því verður að sjálfsögðu að skera. Menn verða aldrei sammála um slíkt. Og það er ekki heldur með sama hætti hægt að halda því fram, að það séu rök fyrir því, að ekki sé um að ræða ofbeit á landi, að menn geti ekki orðið sammála um hvað sé hæfileg beit. Það eru engin rök heldur. Það er alveg ljóst, að ýmsir sérfræðingar, sem stundað hafa gróðurrannsóknir á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og ýmissa annarra sambærilegra stofnana í landi okkar, hafa fyrir löngu komist að niðurstöðu um hvað þeir telja að sé hæfilegt í þessum efnum, og vitna ég þá enn í orð Sveins Hallgrímssonar frá því í morgun. Þetta er vitað. En hins vegar, svo að ég vitni enn og aftur til orða hans, hafa menn ekki orðið sammála um þær niðurstöður sem menn eins og Ingvi Þorsteinsson, Hákon Bjarnason fyrrum skógræktarstjóri og aðrir hafa talið sig komast að. Þar stendur hnífurinn í kúnni. En það er engin afsökun fyrir að halda því fram að gróðureyðing sé engin.

Ég er enginn sérfræðingur í þessum efnum, herra forseti, og þarf að sækja mína vitneskju til annarra. En ég hef þó tvö augu í höfðinu. Ég er talsvert á ferð um hálendi landsins að sumri til. Ég fæ ekki annað séð með mínum leikmannsaugum en sú sjón, sem þar mætir augum mjög víða, staðfesti niðurstöður manna eins og Ingva Þorsteinssonar og fleiri slíkra manna um að það sé mjög víða ástæða til að gjalda varhug við þeim beitarþunga sem er á mörgum afréttarlöndum á landi okkar.

Ég þekki talsvert mikið til einnig í mínu kjördæmi, Vestfjarðakjördæmi, sem er einn af þeim fáu stöðum á landinu þar sem ekki er talið að ofbeit sé mjög algeng. Einn fegursti staður á þeim slóðum er Vatnsfjörður. Ég þarf ekki að hafa eigin orð eða augu um það, hvað þar hefur verið að eiga sér stað á undanförnum árum. Um þá eyðingu skógarins, sem þar hefur átt sér stað, hefur verið sérstaklega rætt og haldnir sérstakir fundir um þá þróun af Náttúrverndarráði og öðrum, en á þeim fagra stað hefur stórkostlega séð á undanförnum árum svo að mikil lýti eru að. Jafnvel þeir Náttúruverndarráðsmenn eru ekki algerlega sammála um allar ástæðurnar fyrir þessari gróðureyðingu á einhverjum fegursta stað Vestfjarða, þ. e. að hve miklu leyti megi rekja gróðureyðinguna til hvers þáttar um sig. En þeir eru allir sammála um eitt, að verulegan hluta af þessari gróðureyðingu megi rekja til mjög aukinnar sauðfjárbeitar í Vatnsfirði á síðustu fáum árum. Ég hef sjálfur dvalist í Vatnsfirði um talsvert skeið á sumri hverju og ég hef séð þetta. Ég hef séð hvernig sauðféð hefur gengið þar um hinn lága kjarrlendisgróður og skilið raunverulega eftir í slóð sinni næstum því hreina auðn, bitið hvern einasta brumhnapp og hvert einasta blað af þeim trjám sem féð hefur náð í. Ég hef ekki séð enn þá hvort ætla megi að þetta hafi einhver áhrif til ills eða hvort það sé eiginlega nákvæmlega sama hvort beit sé stunduð með þessum hætti eða ekki, en mér er nær að halda að þessi beit geri skóginum ekkert sérstaklega til góða. Ég er einnig sannfærður um að það er rétt, sem haldið er fram varðandi þennan stað sérstaklega, að þegar skógurinn og kjarrið er farið, sem prýða Vatnsfjörð, þá líði ekki á löngu áður en annar gróður fari sem þrífst í því skjóli sem skógurinn og kjarrið veita. Það höfum við fjölmörg dæmi um frá fjölmörgum öðrum stöðum á þessu landi.

Herra forseti. Það er ekkert nýtt að það sé voðalega viðkvæmt mál fyrir mjög marga, sem eiga hagsmuna að gæta, að ræða við þá um varðveislu auðlinda. Mér er alveg ljóst að það er jafnviðkvæmt mál fyrir þá, sem hafa beinan hag af nýtingu auðlinda landsins, að ræða um nauðsyn þess að stemma stigu við rányrkju þar, eins og það er viðkvæmt mál fyrir þá, sem eiga beinna hagsmuna að gæta af nýtingu auðlinda sjávarins, að ræða við þá um nauðsyn þess að stemma stigu við rányrkju þar. En það á ekki að vera viðkvæmara fyrir bændur og aðra að ræða þessi mál í fullri einlægni og hreinskilni við þá en það er að ræða sambærileg mál í fullri einlægni og hreinskilni við fiskimenn. Hafi verið byggt á röngum upplýsingum í því efni er auðvitað sjálfsagt að taka réttari upplýsingar, sem fram koma, til greina.

Ég vil aðeins benda á að lokum að það, sem helst hefur verið gert að umræðuefni í þessu sambandi, er algert aukaatriði í þessu máli, þar sem ég leyfði mér að byggja á upplýsingum sem þráfaldlega hafa komið fram á opinberum vettvangi og ég taldi vera réttar og engar aðrar hafa fram komið fyrr en nú á allra síðustu dögum, og sérstaklega þó geta þess, að Sveinn Hallgrímsson tók sérstaklega fram að það væri ekki verra að hafa fengið tilefni til að afla sér upplýsinga um frjósemi og afurðamagn sauðfjár af íslenskum stofni í Grænlandi, sem þessir sérfróðu menn hefðu ekki haft aðgang að áður, en þessi ummæli gáfu tilefni til að leita þeirra upplýsinga sem þeir hafa ekki leitað eftir fyrr. Það hefði kannske verið ástæða til að fá þær fyrr fram.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta. (**Gripið fram í:** Hvernig væri að nefna heimildarmennina?) Ég hef þegar gefið upp nöfn á þeim heimildum sem sérstaklega hefur verið spurst fyrir um og vefengdar hafa verið. (Gripið fram í.) Þegar hv. þm. setur sinn rannsóknarrétt eftir að hann er orðinn heldur háttsettari en hann nú er, þá mun ég sjálfsagt reyna að verða frekar við þeim beiðnum, en ég sé satt að segja ekki, herra forseti, að ég eigi neinu ósvarað í þessu sambandi. Fyrir mér vakti það fyrst og fremst, að það yrði leitað að samhenginu á milli afurðamagns og beitar og nýtingar á gróðurlendi og það samhengi er vissulega fyrir hendi. Það fela menn ekki með því að gera mest veðrið út af þeim upplýsingum frá Grænlandi sem mér varð á að hafa eftir manni sem ég treysti. Það fela menn ekki með því, vegna þessi að eins og hv. þm. Egill Jónsson sagði áðan geta menn sótt sér sömu upplýsingarnar til Íslands sjálfs. Menn geta sótt sér þessar sömu upplýsingar með því að leita eftir afurðamagni á landinu sjálfu, með því að bera saman afurðamagn annars vegar á þeim svæðum, þar sem talið er að um ofbeit sé að ræða, og hins vegar á þeim svæðum, þar sem talið er að svo sé ekki.

Ég hef það fyrir satt, ekki bara eftir Ingva Þorsteinssyni, heldur eftir Sveini Hallgrímssyni líka, að það sé samhengi þarna á milli. Og þá er spurningin þessi: Ef þarf að draga úr fjárbeit vegna ofbeitar má þá ætla að það þurfi ekki endilega að valda bændum því tjóni sem hætta er á að það ella gæti valdið, vegna þess að líkur séu til að eitthvað meira afurðamagn mundi skila sér þegar jafnvægi væri komið á milli beitarþols annars vegar og beitarþunga hins vegar? Auðvitað hljóta þeir, sem hafa áhuga á velferð bændastéttarinnar og hafa áhuga á skynsamlegri landnýtingaráætlun, að hafa áhuga á því jafnframt að fá svar við þessari spurningu áður en miklu lengra verður haldið.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Þessi umr. er orðin nokkru lengri en ég ætlaði í upphafi og ég verð að segja að mér finnst hún hafa farið ofurlítið út úr þeim farvegi sem upphaflega var ætlaður. Umr. hefur nokkuð mikið snúist um þær upplýsingar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gaf við upphaf þessarar umr. Hins vegar ætla ég ekki að fara að tíunda leiðréttingar á ummælum hans eða þeim tilvitnunum sem hann setti hér fram. Menn hafa eytt svo löngu máli í þær að ég tel að það væri að bera í bakkafullan lækinn, enda eru hv. þm. ljóst að þeirra talna er hægt að leita í opinberum upplýsingum og um þær þarf í sjálfu sér ekki að deila.

Hins vegar skal ég játa það hér og nú, að ég ann hv. 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni þess hjartanlega að hafa sínar skoðanir á landnýtingarmálum, á landbúnaðarmálum, sjávarútvegsmálum og hverju því sem við kemur þessu þjóðlífi. Ég segi þetta í tilefni orða hans um að það væru einhverjir sem ekki líkaði að hann hefði skoðanir og setti þær hér fram. En mér er mjög ljúft að láta að ég ann honum vel þess að hafa sínar skoðanir á málum.

En eitt má segja í þessu sambandi. Ég skal játa að mér datt í hug einn ágætur maður úr sögunni, Eiríkur rauði, þegar þessi mál bar á góma. Það var hann sem gaf Grænlandi nafnið Grænland, og hann gerði það í ákveðnum tilgangi. Tilgangurinn var sá, að hann taldi að menn fýsti frekar að leita þangað ef landið héti vel. Nú er ég ekki með þessum orðum að segja að það, sem Sighvatur Björgvinsson slysaðist til að halda fram úr þessum ræðustól, hafi verið sagt í sama tilgangi og vakti fyrir Eiríki rauða er hann skírði Grænland. Það hygg ég að hafi ekki verið tilgangur Sighvats. En þegar vitnað er í tölur er afskaplega mikilvægt að grípa þær ekki einhvers staðar úr loftinu. Menn verða að hafa það samhengi sem er nauðsynlegt til að lesa hið rétta út. — Ég ætla sem sagt ekki að fjölyrða frekar um þetta. Opinberar tölur segja til um fallþunga hérlendis. Tölur í Grænlandi segja til um fallþunga þar. Opinberar tölur segja til um fjölda lamba á hverja vetrarfóðraða á hérlendis. Um það þarf ekki að deila. Niðurstaðan, eins og hér hefur komið fram, er sú, að afurðasemi íslensks sauðfjár er verulega meiri þegar á heildina er litið en sauðfjár á Grænlandi.

Það hefur verið vikið að ýmsu í þessum umr., þrátt fyrir allt ýmsu, öðru en þeim tölum sem ég hef gert í örfáum orðum að umtalsefni. Hæstv. iðnrh. er nú farinn héðan, en að mínum dómi var framlag hans í umr. ágætt. Ég skal viðurkenna, að það er ýmsilegt óunnið í kortagerð, og ég tek undir að slík kortagerð er nauðsynlegur undirbúningsþáttur öðrum þræði til þess verks sem lagt er til samkv. þeirri þáltill. sem hér er til umr. Það er enn fremur rétt, sem kom fram í hans máli, að hér er ekki sérstaklega eða nákvæmlega vikið að mannvirkjagerð. Hins vegar er að því vikið í grg., að það verði ekki komist hjá röskun lífríkja af mörgum ástæðum. M. a. sú tilvitnun, sem ég nefndi, gefur til kynna að þetta hefur verið haft í huga.

Hæstv. iðnrh. minntist á þau tímamörk sem getið er um í till. Ég vil minna á að það er aðeins gert ráð fyrir, eins og segir í till., að unnin verði drög að landnýtingaráætlun. Ég held ég hafi tekið það fram í framsögu minni fyrir þessu máli að þetta væri mjög umfangsmikið verk, en hafi það ekki komið fram nákvæmar en ég nú vil tíunda segi ég það hér og nú, að ég býst við að endanleg landnýtingaráætlun, sú vinna sem í hana þarf að leggja, taki óhjákvæmilega allmörg ár.

Það verður í sjálfu sér aldrei of oft kveðin sú ágæta vísa, að hreinleiki íslenskrar náttúru er ekkert sjálfgefið. Ég vil minna á að um það bil helmingur mannkyns eða 2 milljarðar manna búa við óhreint eða ónógt ferskt vatn. Bara þessi þáttur er auðvitað ómetanlegur í íslensku náttúrufari, svo að á eitthvað sé minnst.

Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða það sem fram hefur komið í ummælum manna. Ég hygg að allir stjórnmálaflokkar, og vísa raunar til þeirra umr. sem hér hafa farið fram, séu sammála um að þessi landnýtingaráætlun verði unnin, enda eru flm. að þessari till. frá öllum flokkum. Hins vegar er það mála sannast, að enda þótt flm. að einhverri till. séu úr röðum allra flokka þarf ekki að vera eindregin samstaða um þær. Ég hygg þó og veit ekki annað en það sé full samstaða um þetta mál.

Enda þótt kastast hafi í kekki í þessum umr., og raunar hefur það aðeins farið út fyrir þingsali, í dagblöðin, ætla ég að vona að það hnútukast verði ekki til þess að farið verði að setja fótinn fyrir þessa þáltill. Ég held alls ekki. Auðvitað verða alltaf umr. um mál, og það er aldrei að búast við öðru en það komi eitthvað upp sem e. t. v. sé svolítið óvenjulegt. (**SighB:** Það er hætt við að fóturinn verði settur fyrir framkvæmdir.)

Ég þakka fyrir þær ábendingar sem fram hafa komið við þessar umr. Ég vænti þess, að nefndin, sem fær till. til umfjöllunar vinni skjótt. Vafalaust verður leitað umsagnar hinna ýmsu úti í þjóðfélaginu. Auðvitað ákveður viðkomandi nefnd það og ætla ég ekki að leggja dóm þar á. Enda þótt ég sé 1. flm. að þessari till. er mér það ekkert kappsmál að till. verði endilega samþykkt nákvæmlega í því formi sem hún er lögð fram. Ég tel mjög eðlilegt að skýrir menn í þingnefnd komi með sínar ábendingar, geri sínar tillögur og að till. verði breytt í þá átt að hún skili í ríkari mæli þeim árangri sem auðvitað er tilgangur með flutningi þessarar tillögu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 35. fundur.

Miðvikudaginn 27. jan., kl. 2 miðdegis.

Endurnýjun skipastólsins, frv. (þskj. 280). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Við þm. Alþfl. endurflytjum hér frv. til 1. um hagkvæmni, stærð og endurnýjun skipastólsins sem við fluttum líka á síðasta þingi. Við Alþfl.-menn höfum á undanförnum árum ítrekað bent á þá lífskjaraskerðingu sem felst í stækkun fiskiskipastólsins við núverandi aðstæður. Í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar var innflutningur fiskiskipa stöðvaður fyrir frumkvæði Alþfl. Núv. sjútvrh. hleypti hins vegar af stað nýrri skriðu innflutnings. Það frv., sem hér er flutt og var sem sagt áður flutt á síðasta þingi, tekur einmitt á þessu máli. Með samþykkt þess væri mörkuð ákveðin stefna í stærð og endurnýjun skipastólsins. Ég tel að þær viðbætur við fiskiskipastólinn, sem hafa verið samþykktar síðan þetta frv. var síðast flutt, sanni betur en nokkuð annað nauðsyn þess, að löggjafinn móti heildarstefnu í þessum málum, eins og þetta frv. gerir ráð

fyrir.

Menn hljóta auðvitað fyrst að spyrja sig þeirrar spurningar, hvort fiskiskipastóllinn sé of stór. Ég tel að það víðtæka skömmtunarkerfi, sem nú er við lýði til að hafa hemil á heildarafla á helstu nytjafiskum, sanni betur en nokkuð annað hvernig svara beri þessari spurningu, að það sé ótvírætt að fiskiskipastóllinn sé of stór miðað við afrakstursgetu fiskstofnanna. Ef um skömmtun er að ræða er það til marks um að afköstin séu of mikil, annars værum við ekki að skammta veiðarnar. Þetta er nú þannig, að togurum eru bannaðar þorskveiðar þriðjung úr árinu. Bátaflotinn býr við takmarkanir á vertíð í þorskveiðum, hann býr við takmarkanir í síldveiðum og loðnuveiðum. Ekkert sannar betur en þetta hversu augljóst það er, að fiskiskipastóllinn er of stór. En um leið er það ljóst, að þegar heildarveiðin og þar með heildartekjurnar eru takmarkaðar mun sérhver viðbót við fiskiskipastólinn minnka afla og tekjur allra hinna sem fyrir eru. Það kemur þannig minna í hvern hlut.

En það er ekki bara það, að það komi minna í hvern hlut, heldur vex jafnframt tilkostnaður af útgerðinni. Með því að fylgja fram þeirri stefnu að láta skipastólinn vaxa, eins og gert hefur verið, rýrum við kjör sjómanna, útgerðar og þjóðarinnar allrar. Á sama hátt mundi minnkun fiskiskipastólsins við þessar aðstæður þýða að meira kæmi í hvern hlut og hagur sjómanna, útgerðarinnar og þjóðarinnar mundi þess vegna batna. Mér finnst að flestum ætti að vera þessi sannindi ljós, enda má segja að nauðsyn þess að hafa hemil á stærð skipastólsins njóti nú orðið almenns skilnings og þá ekki síst meðal sjómanna og útgerðarmanna og annarra þeirra sem starfa í greininni. Engu að síður er hér innflutningsbylgja í gangi, og hæstv. sjútvrh. setti af stað þessa innflutningsbylgju sem mun auka og hefur reyndar aukið mjög stærð skipastólsins.

Í þessu sambandi hafa menn undrast það, að þrátt fyrir þessi augljósu sannindi skuli vera ásókn í ný fiskiskip, jafnvel þótt sýnt sé með tölum að afkoman á nýjum fiskiskipum sé léleg og það sé harla erfitt ef ekki ómögulegt að sjá að nokkur grundvöllur sé fyrir rekstri þeirra. En skýringin á þessu er vitaskuld tvíþætt. Meðan menn vita að heimilaðar eru viðbætur við fiskiskipastólinn á sér stað kapphlaup. Hver og einn útgerðaraðili leitast auðvitað við að ná sem mestu í sinn hlut og tekur þá ekki tillit til þess, að það mun bitna á hinum.

En hin skýringin er ekki síður mikilvæg, nefnilega sú, að reynslan kennir útgerðarmönnum að þeir þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af rekstrarafkomunni. Það hefur verið regla og lenska hér á landi, að þeir, sem stæðu ekki í skilum, fengju sérstaka fyrirgreiðslu, lánum, sem þeir hefðu tekið væri „konverterað", sem svo er nefnt, og þannig væri vandanum fleytt áfram. Það hefur ekki verið til siðs að útgerðarmenn færu á hausinn. Þessi tvö atriði ráða auðvitað úrslitum um að þrátt fyrir að mönnum sé ljóst að heildarstærð fiskiskipastólsins sé of mikil sækjast þeir engu að síður eftir því að bæta við skipastólinn fyrir eigin hönd.

En einmitt vegna þess, hvernig þessum málum er háttað, að hver og einn leitast við að ná sem mestu í sinn hlut, er það skylda stjórnvalda að marka stefnu um hver sé hæfileg stærð skipastólsins og hvernig endurnýjun skuli fara fram. Ég verð að segja það, að fiskveiðistefna án strangrar takmörkunar á stærð skipastólsins er alger markleysa.

En jafnframt því að stefna að því, að náð verði hagkvæmri stærð skipastólsins, verður að vinna að því, að fiskiskipin séu vel búin og veiti góðan aðbúnað. Eðlileg framþróun og endurnýjun verður að eiga sér stað. Þótt togaraflotinn sé tiltölulega nýr er ljóst að bátaflotinn er að ýmsu leyti úr sér genginn og þarfnast endurnýjunar og endurbóta. Að slíkri þróun verður auðvitað að stefna, en það verður að gerast innan þeirra marka að heildarskipastóllinn vaxi ekki, heldur að úr stærð hans verði dregið. Það verður ekki séð að önnur leið sé nærtækari til að draga úr stærð skipastólsins en að sjá til þess, að meiri sóknarþungi hverfi úr rekstri en það sem við bætist vegna endurnýjunar. Nærtækasta og jafnframt átakaminnsta leiðin er að setja sér að viðbætur og endurnýjun fari ekki fram úr tilteknu hlutfalli af úrfalli úr flotanum. Með þessu frv. er einmitt sú stefna mörkuð.

Þeir eru vafalaust margir sem mundu óska þess, að örar miðaði í því að draga úr stærð skipastólsins en frv. gerir ráð fyrir, og má færa fyrir því margvísleg rök. Engu að síður mundi með samþykkt þess miða til réttrar áttar í stað þess að nú stefnir í öfuga átt. Þetta frv. er sem sagt flutt til þess að vilji löggjafans komi fram og þá ekki síst með hliðsjón af því, hve hörmulega hefur til tekist hjá núv. ríkisstj. í þessum efnum.

Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að almenna reglan verði sú, að endurnýjun skipastólsins megi ekki í heild á neinu ári fara fram úr 50% af meðaltalsúrfalli tveggja næstliðinna ára mælt í brúttórúmlestum. En með tilliti til þróunarinnar síðustu misseri er þó gert ráð fyrir að á árunum 1982 og 1983 verði gert algert hlé á innflutningi fiskiskipa og innlendar smíðar takmarkaðar. Það eru hins vegar engin ákvæði í þessu frv. um það, í hvers konar skipum sú endurnýjun, sem frv. heimilar, eigi sér stað. Það er hlutverk stjórnvalda og hagsmunaaðila að setja sér reglur um það. Við flm. teljum eðlilegt að ríkisstj., lánasjóðir og aðilar í sjávarútvegi marki stefnuna að þessu leyti að því er framkvæmdaatriði varðar.

Loks er það um innihald frv. að segja, að það er gert ráð fyrir að þessi lög gildi til ársloka 1986. Þá geta menn tekið til athugunar hvort menn vilja breyta um eða ekki.

Ég gat þess framarlega í ræðu minni, að þróunin frá því að þetta mál var síðast til umr. gefi enn frekari ástæðu en nokkru sinni fyrr til þess að lög verði sett með þessum hætti og stefnan verði mörkuð. Fiskiskipastóllinn er nefnilega sífellt að stækka. Á árinu 1979 varð nokkur samdráttur í stærð fiskiskipastólsins. Árið áður hafði hann verið 104.400 lestir, en í lok ársins 1979 var hann 102.200 lestir. Þarna hafði sem sagt nokkuð miðað til réttrar áttar. Það var vegna markvissra aðgerða á þessum tíma að því að stöðva innflutning, auka úreldingu og sjá til þess að skip, sem áttu að fara úr landi af því að þau töldust seld úr landi, væru seld úr landi. En síðan þá hefur þróunin snúist aftur til verri vegar. Við upphaf árs 1981 hafði skipastóllinn aftur vaxið upp í 104.500 tonn, og núna hefur hann enn vaxið um 2100 tonn eða upp í 106.600 tonn. Þetta er auðvitað þrátt fyrir að það hefur átt sér stað brottfall, þannig að á árinu 1981 er nettóviðbótin 2300 tonn. Það eru sem sagt heildarviðbætur upp á 4500 tonn.

Fyrir áramót, þegar ég mælti fyrir öðru frv. varðandi afnám heimildar til ríkisstj. til að veita ríkisábyrgð á innflutningi á skuttogurum, gat ég þess, að á þriðja tug fiskiskipa mundi bætast við skipastólinn á því ári, 1981, og á árinu 1982. Samtals eru það 7500—7700 tonn. Mér

sýnist við nánari athugun að við þessar áætlanir mínar hafi síst verið of í lagt, heldur bendi allt til þess, að viðbæturnar verði enn meiri. Ég hafði t. d. ekki í þeirri tölu talið raðsmíðaverkefni, sem ríkisstj. hefur samþykkt, og ekki gert ráð fyrir innflutningi á pólskum fiskiskipum til Vestmannaeyja, sem mun vera frágengið eða því sem næst og vilyrði ríkisstj. fyrir hendi.

Þær viðbætur, sem hér um ræðir, eru svo hrikalegar, og það, sem gerst hefur síðan síðast var mælt fyrir þessu frv., er svo hrikalegt að Alþingi getur ekki látið þessi mál fram hjá sér fara öllu lengur. Hin efnahagslega þýðing þess að sporna við fótum ætti að vera mönnum ljóst, hversu afdrifaríkt það er fyrir afkomu þjóðarinnar og sérstaklega kjör sjómanna að spornað verði við varðandi stækkun fiskiskipastólsins. En ég ætla að nefna nokkrar tölur í þessu sambandi.

Á áætlun Þjóðhagsstofnunar um rekstraryfirlit fiskveiða um áramótin 1981—1982 eru taldir 73 minni togarar. Ef við lítum á þær viðbætur sem virðast vera fram undan að því er varðar minni togara, þá eru það 15 minni togarar, eftir því sem mér telst til, sem hefur verið lofað að bætist við þennan skipastól. Þeir eru ekki allir jafnstórir og þeir togarar sem nú eru að veiðum. Meðalstærð þeirra er líklega nærri 350 tonnum. Rekstrarkostnaður á hvert skip er því kannske ekki jafnhár og í þessu yfirliti Þjóðhagsstofnunar. En þeir eru alla vega jafngildi 11—12 venjulegra skuttogara. Og hvað þýðir það, ef það bætast 11 minni skuttogarar í flotann, svo að við notum þennan mælikvarða? Jú, það þýðir, ef aflinn er óbreyttur handa þessum flota og skammtanirnar benda nú til þess, að það sé ekki skynsamlegt að auka aflanna og ekki heldur þar með tekjurnar, að það kemur 15% minna í hvern hlut á þessum flota. Þetta þýðir að sjómenn verða að sækja sérstaka 15% hækkun á fiskverði til að halda sínu í kaupi ef við ætlum að skipta þessu smærra með þessum hætti.

Ætla menn að halda því fram, að skuttogaraflotinn sé svo gamall og úreltur að þessarar endrunýjunar sé sérstaklega þörf? Það er ekki nokkur vegur að gera það. 15% þurfa sjómenn að sækja aukalega í fiskverðshækkun bara til að mæta þessu. Og hvernig verður því mætt? Tilkostnaður útgerðarinnar vex að sama skapi, og samkv. því uppgjöri, sem hér tíðkast, verður þetta gert upp á núlli og það þýðir tilsvarandi gengisfellingu, við skulum segja 7.5% gengisfellingu til að hafa eitthvað. Þetta er það sem við erum að gera. Með þessu móti er verið að rýra lífskjör sjómanna alveg sérstaklega, en vitaskuld þjóðarinnar í heild. Og til hvers eru menn að búa til efnahagspakka með niðurgreiðslum, kaupskerðingu og guð má vita hverju til þess að berjast við verðbólguna þegar ráðherrar taka með hinni hendinni svona ákvarðanir sem eru hreinar gengisfellingar?

En það er meira á listanum en þessi 15 skip. Ég sagði að þau væru á þriðja tug. Það er nefnilega álíka viðbót í bátum. A. m. k. 17 bátar eiga að bætast við. Það mundi þýða 10—15% aukningu líka í bátaflotanum og samsvarandi þörf hjá bátasjómönnum fyrir fiskverðshækkun til að halda kaupi sínu og samsvarandi þörf fyrir gengisfellingu þess vegna. Þessar viðbætur gerast á sama tíma og loðnuskipin hafa ekki verkefni og verða og eru að búa sig til þorskveiða.

Ég skal ekki fjölyrða frekar um þetta á þessu stigi, en meginatriðin eru mjög ljós. Fiskiskipastóllinn er of stór. Það er sífellt verið að bæta við hann. Það er fram undan að á þriðja tug fiskiskipa á að bæta við á árunum 1981—1982. Við erum þarna með 15% viðbót fram undan við skuttogarana, og við erum með fram undan 10—15% viðbót við bátaflotann. Þetta þýðir að sjómenn verða að sækja sér í gegnum fiskverðið hækkun sem þessu nemur til að halda sínu í kaupi. Og ef að líkum lætur verður þessu mætt með gengisfellingu. Það eru raunar ekki nema tvær leiðir. Önnur er sú að rýra kjör sjómannanna og útgerðarinnar sem þessu nemur, — setja sem sagt hluta af útgerðinni á hausinn og segja við sjómenn: Þið verðið að lækka í kaupi, — ellegar þá að mæta því með hinum hefðbundna hætti, sem kemur fram í gengislækkunum og tilsvarandi verðbólgu.

Umr. frestað.

Neðri deild, 34. fundur.

Miðvikudaginn 27. jan., kl. 2. miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 216, n. 285, 286). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til 1. um almannatryggingar, sem er 167. mál þingsins, þskj. 261. Hér er um að ræða breytingar sem nauðsynlegt var að gera á almannatryggingalöggjöfinni vegna barnalaga sem samþ. voru á síðasta löggjafarþingi og tóku gildi 1. jan. s. l. Það var því brýnt að mál þetta fengi hraða afgreiðslu þar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur ekki getað hafið greiðslur samkv. ákvæðum barnalaganna.

Við umr. um frv. hér í hv. deild minntist ég á breytingu sem ég taldi ástæðu til að gera úr því að 14. gr. almannatryggingalaga væri hér til meðferðar. Var sú breyting fólgin í því, að setningin „enda eigi barnið lögheimili hér á landi“ í 2. mgr. 1. gr. félli niður og næsta orð á eftir henni breyttist í „hafi“, en síðan verði greinin eins og þar segir. Rakti ég rök fyrir þessari breytingu þá og skal ekki fjölyrða um hana hér, en um er að ræða réttindamissi barna öryrkja og barnalífeyris séu þau búsett erlendis og jafnframt sama réttindamissi barna látins foreldris við sömu aðstæður. Þessi breyting varðar örfáa einstaklinga svo að hér er ekki um neina fjárhæð að ræða sem máli skiptir, en vissulega óréttlæti bæði gagnvart börnum og foreldrum sem ástæðulaust er að viðhalda.

Nefndin fékk sér til ráðuneytis Hilmar Björgvinsson deildarstjóra í Tryggingastofnun ríkisins og studdi hann ofangreinda brtt. og frv. að öðru leyti. Kvað hann einnig mikilvægt að afgreiðslu þess yrði hraðað sem mest mætti verða.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessari áðurnefndu breytingu. En einnig var nefndinni bent á að dagsetning gildistöku eins og hún er í frv., þ. e. 1. jan. 1982, fengi ekki staðist þar eð lög tækju ekki gildi fyrr en hið háa Alþingi hefði samþykkt þau. Því leggur nefndin einnig fram brtt. um að 6. gr. frv. orðist eins og segir á þskj. 286: Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. jan.

1982."

Þá var um það rætt í nefndinni, hvort a-liður 4. gr. frv. ætti rétt á sér þegar kona nýtur fæðingarorlofs, en þar er um að ræða greiðslu frá barnsföður í allt að þrjá mánuði sem yfirvald getur gert barnsföður að greiða henni. Sams konar ákvæði var í lögum um almannatryggingar þar til lög um fæðingarorlof voru sett, en þá var það fellt niður þar sem fæðingarorlof var talið bæta þann tekjumissi sem er skilyrði fyrir greiðslunni. Nefndin vill því beina þeim tilmælum til hæstv. heilbr.- og trmrh., að hann sjái til þess, að sami háttur verði hafður á við framkvæmd a-liðar 4. gr. frv., verði það að lögum, að fæðingarorlofsgreiðsla skerði rétt til greiðslu samkv. a-liðnum og þar með samkv. 1. mgr. 20. gr. barnalaga, nr. 9 frá 1981. Verði dómsaðilum í úrskurðarmálum barnsfaðernismála kynntur sá skilningur verði hann viðurkenndur.

Annað hef ég ekki um þetta nál. að segja og vil þakka nefndinni fyrir skjóta og góða afgreiðslu. Hæstv. ráðh. Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 286, 1 (ný 1. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 286, 2 (ný 6. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 255). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Með frv. því á þskj. 255 um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 frá 23. des. 1952, sem hér er lagt fyrir hv. Nd., eru gerðar tillögur um ýmsar breytingar á gildandi lögum sem ekki hefur verið hróflað við frá því að þau voru sett árið 1952. Það er að vísu ekki heppilegt, að lög um slíkt efni sæti tíðum breytingum, og þess raunar síður að vænta um lög sem samræmd eru að mestu í samvinnu milli Norðurlandanna fimm. Á síðustu árum hafa orðið breytingar á viðhorfum um tiltekin atriði víða um lönd. Þar á meðal hafa skandinavísku löndin breytt lögum sínum um þau efni á allra síðustu árum. Þykir nú einsýnt að tímabært sé að koma samsvarandi breytingum á hér á landi. Þykir sýnt að þjóðfélagsþróun hafi skapað þau viðhorf einnig hér á landi sem geri þessar breytingar eðlilegar. Einnig verður að telja mikilvægt að halda því lagasamræmi sem verið hefur milli Norðurlandanna. Mundi það nást aftur til fullnustu að gerðum þeim breytingum sem með frv. eru ráðgerðar. Þær breytingar eru einkum þessar:

1. Eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, kemst á jafnstaða með körlum og konum í því efni að börn giftra foreldra leiða ríkisfang sitt jafnt frá móður sem föður. Segja má að þetta atriði hafi verið helsta kveikjan að gerð lagafrv.

2. Jafnframt leiðir gildistökuákvæðið í frv. um afturvirkni framangreindrar reglu í afmarkaðan tíma til þess að börn íslenskrar móður, sem eru fædd á síðustu 18 árum fyrir gildistöku laganna, fái íslenskt ríkisfang ef hún gefur skriflega yfirlýsingu um þá ósk innan tiltekins tíma. Auk þess að gefa framangreindri reglu afturvirkni er þetta ákvæði til þess fallið í sumum tilvikum að börn íslenskrar móður, sem ekki eiga ríkisfang með henni eða sama ríkisfang, en e. t. v. fjarlægt ríkisfang föður síns, geti með eðlilegum hætti notið ríkisfangs í heimalandi sínu. Þannig mun hafa háttað til um allmikinn fjölda barna á öðrum Norðurlöndum og þar mun þessi regla væntanlega teljast annar höfuðtilgangur frv. Þessa eru trúlega mun færri dæmi hér á landi.

3. Þá er tekin upp reglan eftir fyrirmynd dönsku laganna um heimild ættleiðenda til að lýsa ættleitt erlent barn undir 7 ára aldri íslenskan ríkisborgara.

4. Tekin er upp í frv. sú lagaregla, sem önnur Norðurlönd tóku upp 1968, samkv. tilmælum í alþjóðasamningi um að draga úr ríkisfangsleysi með þeim tilteknu löggjafarráðstöfunum.

5. Loks er tekin inn í frv. sú lagaregla, sem ekki var tekin upp hér á landi árið 1952, en gilt hefur milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar frá 1950, að dvöl í einhverju hinna ríkjanna jafngildi með ákveðnum hætti dvöl í heimalandi við öflun ríkisfangs.

Ég vísa að öðru leyti til aths. með frv. um ítarlegri grg. um aðdraganda frv.-gerðarinnar og þá þjóðfélagsþróun sem orðið hefur grundvöllur að breytingum á löggjöf nágrannaþjóðanna sem fylgt er eftir með frv. þessu.

Ég vil að endingu vekja athygli á því, að í frv. er gert ráð fyrir gildistöku 1. júlí 1982. Ef það á að haldast þyrfti fremur að flýta meðferð þess þar sem nokkur kynningaratriði fylgja ákvæðum 10. gr. þess sem æskilegt væri að koma á framfæri þegar fyrir gildistöku. Ég vil svo óska þess, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 262). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um dýralækna er samið af þriggja manna nefnd sem skipuð var á vegum landbrn. með bréfi dags. 1. júlí 1981. Í nefndinni áttu sæti Jón Guðbrandsson héraðsdýralæknir, sem er formaður Dýralæknafélags Íslands, Páll A. Pálsson yfirdýralæknir og Ragnheiður Árnadóttir deildarstjóri í landbrn., og var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar. Nefndinni var falið að endurskoða lög nr. 31/1970, um dýralækna, ásamt síðari breytingum, og skilaði hún um þetta efni fullbúnu frv. ásamt grg., en frv. er lagt fyrir Alþingi eins og nefndin gekk frá því. Skipun nefndarinnar og flutningur þessa frv. er í samræmi við yfirlýsingu sem ég gaf á síðasta þingi í tengslum við umr. um þau frv. sem þá voru flutt til breytinga á lögum um dýralækna.

Þótt lög um dýralækna séu ekki nema 11 ára gömul hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls sjö sinnum. Þetta eitt var í sjálfu sér ærið tilefni til þess að lögin í heild væru tekin til endurskoðunar og samræmingar, en auk þessa hafa borist margvíslegar óskir um breytingar á lögunum frá bændasamtökum, frá Dýralæknafélagi Íslands og einnig í þeim þmfrv. sem flutt voru á síðasta Alþingi.

Ljóst er að við samningu frv. hefur nefndin tekið að nokkru mið af hugmyndum og óskum framangreindra aðila. Frv. er nokkru ítarlegra og fyllra en gildandi lög um þetta efni og felur í sér verulegar breytingar. Verður

hér gerð grein fyrir nokkrum þeirra.

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir nokkuð auknum skilyrðum sem þarf að fullnægja til að geta fengið leyfi til að stunda dýralækningar hér á landi, en slík leyfi veitir landbrh. Verði frv. að lögum þurfa umsækjendur að hafa starfað a. m. k. tvo mánuði undir handleiðslu héraðsdýralæknis hér á landi og jafnframt kynnt sér þær reglur sem gilda um dýralækningar og meðferð lyfja. Ákvæði eru sett um málakunnáttu þeirra, sem eru hliðstæð því sem gildir um þetta efni á hinum Norðurlöndunum. Þetta er gert m. a. vegna þess að kennsla í dýralækningum fer ekki fram hér á landi og kandidatar, sem koma heim að námi loknu, kunna að þurfa ða kynna sér ýmsa sérstöðu hér á landi að því er varðar húsdýrasjúkdóma, lög og reglur. Auk þess er talin ástæða til að hafa slík ákvæði í lögum að því er varðar erlenda dýralækna sem kunna að sækja hingað til starfa.

Í öðru lagi gerir frv. ráð fyrir því, að stofnuð verði sex ný héraðsdýralæknisumdæmi. Þetta er gert með því að skipta sex af núverandi héraðsdýralæknisumdæmum í tvennt. Þau eru þessi: 1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, er skiptist í Reykjavíkurumdæmi og Hafnarfjarðarumdæmi. 2. Borgarfjarðarumdæmi, er skiptist í Borgarfjarðarumdæmi og Akranesumdæmi. 3. Skagafjarðarumdæmi, er skiptist í Skagafjarðarumdæmi og Hofsósumdæmi. 4. Þingeyjarþingsumdæmi, er skiptist í Þingeyjarþingsumdæmi vestra og Þingeyjarþingsumdæmi eystra. 5. Austurlandsumdæmi nyrðra, er skiptist í Austurlandsumdæmi nyrðra og Norðfjarðarumdæmi. 6. Laugarásumdæmi er skiptist í Laugarásumdæmi og Hreppaumdæmi.

Þau sex umdæmi, sem hér er gert ráð fyrir að verði skipt, hafa það sameiginlegt að þau eru víðáttumikil og gripamörg, en auk þess eru sum þeirra mjög erfið yfirferðar á vetrum. Við skiptingu þessara umdæma hefur verið haft samráð við hlutaðeigandi héraðsdýralækna og aðra aðila sem þar eru gagnkunnugir. Ber þeim saman um að það sé ofætlun einum dýralækni í þessum umdæmum að veita viðhlítandi þjónustu og anna því heilbrigðiseftirliti og öðrum störfum sem krafist er af dýralæknum. Skipting umdæmanna er einnig í samræmi við ályktanir, sem borist hafa frá samtökum bænda í þessum umdæmum, og sumpart til samræmis við þau frv. sem flutt voru á síðasta Alþingi.

Á liðnum áratug er talið að störf dýralækna hafi breyst verulega samhliða breyttum búskaparháttum. Um leið og búin hafa stækkað hefur fólki, sem við þau vinnur, fækkað og annríki aukist. Gripir eru nú meira en áður var fóðraðir til fyllstu afurða og eru kvillasamari, jafnframt því sem nýir kvillar eða búfjársjúkdómar hafa komið til sögu sem iðulega krefjast læknismeðferðar, ráðlegginga af hálfu dýralæknis eða varnaraðgerða. Bændur hafa í auknum mæli leitað til dýralækna og gera nú minna að því en áður að reyna að lækna gripi sína sjálfir.

Rétt er að vekja athygli á því, að stofnun nýrra héraðslæknisumdæma skal samkv. ákvæðum frv. koma til framkvæmda eftir því sem landbrh. ákveður og fjárveiting segir til um. Það væri óskynsamlegt, enda eigi til þess ætlast af höfundum frv., ef hin nýju dýralæknisumdæi væru öll stofnuð samtímis, heldur smám saman á nokkrum árum, ella mætti búast við að kostnaðarauki samfara þessum breytingum verði tilfinnanlegur og breytingarnar kynnu að valda óæskilegri röskun og tilfærslu milli embætta.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að heimilt verði að tveir eða fleiri dýralæknar séu á sama stað þar sem það verði talið hentugt. Getur það komið til greina þegar stofnuð verða sum af þeim nýju umdæmum og leiðir vonandi til þess að dýralæknar geti haft með sér æskilegt samstarf og verkaskiptingu og boðið upp á aukna og betri þjónustu án þess að um kostnaðaraukningu verði að ræða. Allt verður þetta þó háð því, að samkomulag takist við dýralæknana sjálfa og eins við þá aðila sem þeir eiga að þjóna.

Í fjórða lagi er í frv. kveðið á um meðferð og sölu dýralyfja. Þar er sagt, að héraðsdýralæknar skuli annast sölu lyfja fyrir dýr eða ávísa þeim, og jafnframt er að finna ákvæði sem kveður á um að dýralæknum einum skuli heimilt að ávísa lyfjum handa dýrum. Jafnframt er varðandi þessi atriði ákvæði um framleiðslu ónæmisefna á Tilraunastöð háskólans að Keldum. Vænti ég að ákvæði, er að þessu lúta í frv., geti farið saman við sambærileg ákvæði í lögum um lyfjadreifingu.

Í fimmta lagi eru ákvæði í frv. um ferðakostnað dýralækna. Þar er gert ráð fyrir að þegar héraðsdýralæknis er vitjað um langan veg frá heimili hans, þ. e. vegalengd sem er yfir 40 km, greiði sá, er vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir fyrstu 40 km akstur frá heimili dýralæknis, en það sem umfram er greiðist af opinberu fé. Hér er um að ræða tilraun til að jafna nokkuð afstöðu þeirra, sem fjærst búa dýralækni, miðað við þá, sem búa nær aðsetri hans, en jafnframt er hér einungis átt við sjúkdómstilfelli sem ekki þola bið. Ætlast er til þess, að landbrh. setji reglur um framkvæmd og ákvæði þessarar greinar og raunar um fleiri efni í þessu frv.

Ýmis ákvæði þessa frv. lúta að því að jafna eða bæta þjónustu héraðsdýralækna við þá sem á þeirri þjónustu þurfa að halda, og hlýtur það að vera keppikefli innan hófsamlegra marka að því er kostnað snertir. Þótt hér sé gerð tilraun til að stíga stutt skref til að jafna aðstöðu bænda er nota þjónustu þessa verður sú aðstaða seint jöfnuð til fulls. Því valda fjarlægðir sem öllum eru kunnar í okkar strjálbýla landi. Ýmsar fleiri breytingar felast í frv. þessu, sem ég sé ekki ástæðu til að fjalla um sérstaklega.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Á síðasta Alþingi fluttum við, ég og hv. 6. þm. Norðurl. e., frv. til l. um breytingar á lögum um dýralækna þar sem lagt var til að skipta Þingeyjarþingsumdæmi með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í þessu frv. Sú skipting, sem við lögðum til, var gerð í samræmi við vilja og að tillögum hérðasdýralæknis, og síðan hefur Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu mælt með þessari breytingu eins og við lögðum hana til. Það kemur mér því afskaplega mikið á óvart að hæstv. landbrh. skuli hér leggja til aðra skiptingu á þessum dýralæknisumdæmum en var í því frv., og ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem fær þetta mál til meðferðar, að ganga úr skugga um það rækilega, hver sé vilji héraðsdýralæknis og heimamanna í þessum efnum. Það getur auðvitað orðið til þess að tefja fyrir þessu máli og draga það ef stofna á til óeiningar innanhéraðs um jafnsjálfsagt mál og þetta.

Ég verð að harma það, að bæði í framsöguræðu hæstv. landbrh. og eins í grg. skuli vera gefið í skyn að þessi skipting sé í samráði við menn heima í héraði þegar því er alls ekki til að dreifa. Þannig stendur t. d. í aths. við 4. gr.,

með leyfi hæstv. forseta:

„Við skiptingu þessara umdæma hefur verið haft samráð við viðkomandi héraðsdýralækna og bændur, sem þar eru gagnkunnugir."

Nú má vera að mín stóru orð standist ekki og að héraðsdýralæknirinn í Þingeyjarþingsumdæmi hafi skipt um skoðun frá því í fyrra, en mér er það þá ókunnugt. Það má líka vera að Búnaðarsamband Suður-Þingeyjarsýslu hafi skipt um skoðun, en mér er það þá líka ókunnugt. Ég vil sem sagt beina því til þeirrar nefndar, sem fær málið til umfjöllunar, að endurskoða skiptinguna þarna, endurskoða hvort rétt sé að slíta Hálshrepp frá Eyjafjarðarumdæmi. Ég get satt að segja ekki skilið, þegar gerð er breyting á dýralæknisumdæmum, hvers vegna þess er ekki getið í framsöguræðu eða í grg. með frv. Ég get alls ekki skilið það. Það er alveg sjálfsögð kurteisi við alþm. að leggja plöggin sem skýrast fyrir. Hálshreppur er í Eyjafjarðarumdæmi eystra samkv. núgildandi lögum, en samkv. því frv., sem hér er lagt fram, er þegjandi og hljóðalaust lagt til að hann verði færður yfir í Þingeyjarþingsumdæmi vestra. Fyrir þessu hef ég ekki heyrt nein rök. Ég vil benda þeirri nefnd, sem fær málið til meðferðar, á það, að samgöngur allar við Fnjóskadal og viðskiptasvæði eru til Akureyrar. Þau kaupfélög, sem Fnjóskadalur verslar einvörðungu við, heita Kaupfélag Eyfirðinga og Kaupfélag Svalbarðsstrandar. Það má vel vera að sú skoðun kunni að vera uppi að heppilegra sé fyrir bændur í Fnjóskadal að sækja dýralækni til Húsavíkur og apótek til Akureyrar. En ég held að kjarni þessa máls sé vitaskuld sá, að við skiptingu dýralæknisumdæma eigi að kosta kapps um að vegalengdir séu sem stystar frá dvalarstað dýralæknisins til bóndabýlisins. Við vitum það, eftir að Víkurskarðsvegur er kominn að allar leiðir úr Hálshreppi liggja til Akureyrar. Þó að við íhugum jafnvel að um vetrartímann sé Víkurskarð kannske til trafala, þá er ég í engum vafa um að í verstu stórhríðum verður greiðfærara um Víkurskarð en um Ljósavatnsskarð. Þannig eru hvorki veðurfræðileg rök, landfræðileg rök né neitt því líkt sem veldur þessu.

En hvað er það þá sem veldur þessu? Það, sem veldur þessum tillögum í frv., er að sú er hugmynd þeirra, sem sömdu þetta frv. og lögðu á ráðin, að annar dýralæknirinn, einungis einn dýralæknir, skuli áfram sitja á Húsavík, en sú er hugmynd dýralæknisins á Húsavík og margra bænda í Suður-Þingeyjarsýslu að hagkvæmara sé að báðir dýralæknarnir sitji á Húsavík, Húsavík sé slíkur miðpunktur í Þingeyjarsýslum að þetta sé eðlilegt. Það eru höfuðrökin. Ef við hugsum hvernig samgönguleiðir og samgönguæðar eru þar byggðar upp og ef við höfum jafnframt hliðsjón af því, hvar apótekin eru, og ef við höfum hliðsjón af því, hvar samgönguæðarnar liggja, þá sjáum við að auðvitað er eðlilegra að báðir dýralæknarnir í Þingeyjarþingsumdæmunum sitji á Húsavík, alveg með sama hætti og við teljum eðlilegt að báðir dýralæknarnir í Eyjafjarðarumdæmunum sitji á Akureyri. Auðvitað má hugsa sé að annar dýralæknirinn sitji á Möðruvöllum í Hörgárdal og hinn á Möðruvöllum frammi. Þetta eru gömul höfðingjasetur. Við getum jafnvel látið okkur detta Munkaþverá í hug af því að þar var klaustur. En í nútímabúskap eru við ekki að velta því fyrir okkur. Við erum að velta því fyrir okkur, hvernig við getum í sambandi við þessa þjónustu eins og aðra veitt hana með bestum hætti, þannig að bæði þeir menn, sem eiga að vinna verkið, og þeir menn, sem eiga að njóta þjónustunnar, fái sem mest fyrir sem minnsta peninga og minnsta fyrirhöfn. Það er kjarni málsins.

Ég verð því að mælast til þess, úr því sem komið er, að þingnefndin geri rækilega könnun á því, hver sé vilji manna fyrir norðan og hvernig þessi mál standi. Ég held að það sé óhjákvæmilegt. Auðvitað hefði verið besti kosturinn að reyna að fara þá leið sem héraðsdýralæknirinn lagði til.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. landbrh. að því, svo það fari ekki milli mála varðandi það sem er lagt til í 5. gr., að landbrh. skuli ákveða hvar héraðsdýralæknir skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, hvað hann hugsi sér í sambandi við dýralæknana í Suður-Þingeyjarsýslu, hvort hann hugsi sér að báðir dýralæknarnir sitji á Húsavík, eins og eðlilegast er, eins og ódýrast er fyrir ríkissjóð, ef það skiptir máli, og heppilegast er fyrir bændur, eða hvort hann hefur einhverjar aðrar hugmyndir uppi. Það hefur stundum komið fyrir að afturhaldssemi varðandi staðsetningu lækna og dýralækna hefur dregið úr góðri þjónustu. Ég get t. d. rifjað upp þá gömlu þráhyggju að héraðslæknir skuli sitja á Breiðumýri, sem var aldrei nema orðin tóm svo árum skipti, en af einhverri afturhaldssemi varð að halda við læknishéraði með þessu nafni. Þótt héraðslæknirinn sæti á Húsavík varð annað að standa í lögum. Ég vil aðeins rifja þetta upp. — Og svo þetta: Ef menn vilja endilega halda sig við nafnið Eyfirðingur og Þingeyingur eru þeir nákvæmlega jafnmiklir Þingeyingar í Svalbarðshreppi og Grýtubakkahreppi og þeir eru í Hálshreppi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv. Dýralæknar eru tiltölulega ný stétt í þjóðfélaginu og það hefur orðið mikil fjölgun í stéttinni á síðari árum. Þarfir búfjárins fyrir þjónustu þessara manna hafa aukist hröðum skrefum. Nú er svo komið, að verulegur kostnaður við búrekstur er fólginn í þeirri þjónustu sem keypt er af dýralæknum og kaupum á dýralyfjum. Það er nauðsynjamál að þessu sé skipað með sem hagfelldustum hætti og gjaldskrá sé hófsöm og með henni fylgst og lyfjaverði stillt í hóf.

Ég vil eins og síðasti hv. ræðumaður gera athugasemd við skiptingu dýralæknisumdæma. Samkvæmt 4. gr. segir að í Skagafjarðarumdæmi séu Sauðárkrókur, Skarðshreppur, Skefilsstaðahreppur, Staðarhreppur, Seyluhreppur, Lýtingsstaðahreppur og Rípurhreppur, en í Hofsósumdæmi séu hins vegar: Hofsóshreppur, Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur, Holtshreppur, Akrahreppur og Siglufjörður. Ég fæ ekki séð að þetta sé hagfelld skipan. Ég held að það sé miklu réttara að Akrahreppur sé látinn fylgja Skagafjarðarumdæmi heldur en Hofsósumdæmi, vegna þess að verslunarstaður Akrahreppsbúa er Sauðárkrókur og Reyndar að nokkru leyti Varmahlíð, en það er fremur sjaldgæft að fólk úr Akrahreppi eigi leið til Hofsóss í verslunarerindum, enda um miklu lengri veg að fara.

Ég geri ráð fyrir að það hafi vakað fyrir þeim mönnum, sem sömdu þetta frv. — og ef til vill hafa ekki haft í minni staðhætti þarna á svæðinu, að jafna á milli umdæma. Og óneitanlega verður Skagafjarðarumdæmi talsvert miklu stærra en Hofsósumdæmi. En það er hart að leggja þá kvöð á íbúa í Akrahreppi að þurfa að fara alla þessa leið og verða að sækja þessa þjónustu til Hofsóss þegar annar dýralæknir situr miklu nær. Breyta þar litlu hugmyndir,

sem að vissu leyti eru góðra gjalda verðar, um aðstoð við þá sem lengst eiga að sækja til dýralæknis.

Ég vil fara fram á það að þingnefndin, sem fær þetta mál til meðferðar, leiti álits hreppsnefndar Akrahrepps og Búnaðarsambands Skagfirðinga á þessu atriði. Ég held að það megi líka velta því fyrir sér hvort það er sjálfgefið að Viðvíkursveit sé látin fylgja Hofsósumdæmi. Þó er það miklu nær en að ætla Akrahreppi að gera það.

Ég mun ekki fjölyrða um þetta frv. Ég vona að það fái góða afgreiðslu en jafnframt að það verði kannað nákvæmlega hvort ekki má betur fara í þessu efni.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég ætla hér aðeins að gera að umræðuefni umdæmaskiptinguna, þann hluta sem snertir Vestfirði. Í 10. lið er talað um Strandaumdæmi: Strandasýslu. Þar sem nokkur ár geta liðið áður en þetta frv. verður komið til framkvæmda að fullu þykir mér einsýnt að akvegur verður kominn yfir Steingrímsfjarðarheiði þegar þar að kemur. Þess vegna óska ég eftir því, að leitað verði álits hreppsnefnda við Ísafjarðardjúp, þ. e. í Snæfjallahreppi, Nauteyrarhreppi, Reykjarfjarðarhreppi og Ögurhreppi, til að fá úr því skorið hvort þeir telja hagkvæmara fyrir þá að tilheyra Ísafjarðarumdæmi eða Strandaumdæmi hvað þessa þjónustu snertir. Það er óvíst að þeir mundu allir taka sömu afstöðu, en stór hluti íbúa af þessu svæði ætti um styttri veg að fara til Hólmavíkur en til Ísafjarðar.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í minni framsöguræðu fyrir þessu máli er þetta frv. samið af nefnd og lagt fram óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Ég taldi rétt að leggja frv. þannig fyrir, enda þótt auðvitað væri engu slegið föstu um það, hvort æskilegt kynni að vera að gera á því einhverjar breytingar. Ég hafði auðvitað tekið eftir breytingum eins og t. d. varðandi Hálshrepp, enda þótt ég teldi ekki ástæðu til að geta um það sérstaklega í minni framsögu. Það liggur jafnframt ljóst fyrir, sem fram kom hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að Sauðárkrókur er auðvitað slík miðstöð Skagafjarðarhéraðs og þangað liggja fleiri leiðir Akrahreppsbúa og jafnvel fleiri Skagfirðinga en til Hofsóss. En þetta er sem sagt sú skipting sem lögð er til í frv. og tillögur þeirrar nefndar sem frv. samdi. Ég tel sjálfsagt að þingnefndin kalli eftir umsögnum varðandi þessi efni eftir því sem henni þykir ástæða til.

Ég vil þó að sjálfsögðu geta þess, að þegar stofnuð eru ný héraðsdýralæknisumdæmi hlýtur að verða að hafa það í huga, að sá skepnufjöldi eða gripir, sem á svæðinu eru, séu nokkurn veginn til samræmis við skiptingu, þannig að ekki séu t. d. allt að tvöfalt fleiri gripir í öðru umdæminu en hinu. Til þessara atriða verður að taka tillit. Ég skal ekkert um það fullyrða hvort t. a. m. í Skagafirði væri haganlegt að koma því svo fyrir, að báðir dýralæknar sætu á Sauðárkróki. Ég vil ekki fullyrða á þessu stigi nema það kunni að vera mögulegt. Væri svo skiptir þetta ekki neinu máli. En það segir sig auðvitað sjálft að það lengir leiðina norður í Fljót og til Siglufjarðar og raunar í byggðina norðan Hofsóss. Það þarf allt athugunar við, hvort það er hyggilegt eða hvort af því hlytist það hagræði í vinnu og verkaskiptingu, eins og ég gat um í minni framsöguræðu, sem gæti orðið til tekna á móti því sem er til óþæginda á öðrum sviðum og þá mundi aftur verða nokkuð styrkt, miðað við þann styrk til ferðakostnaðar sem ég gat um og gerð er tillaga um í frv.

Sömu sögu og um Skagafjörð er auðvitað að segja um Þingeyjarþingsumdæmi sem hér er gert ráð fyrir að séu tvö. Ég hef ekki kannað það frekar, en í umsögnum nefndarinnar, sem frv. samdi, kemur fram að haft hefði verið samband við dýralækna og heimaaðila. A. m. k. er það svo, að á bak við þessa umsögn eru formaður Dýralæknafélags Íslands og yfirdýralæknir og enn fremur deildarstjóri í landbrn. Ég sé ekki ástæðu til að rengja það sem kemur fram hjá þessum aðilum, en ég hef auðvitað ekkert á móti því, að það sé kannað nánar, og það er auðvitað keppikefli bæði fyrir mig og fyrir Alþingi og fyrir alla aðila að um þetta mál sé sem bestur friður. Þess vegna er síður en svo að ég hafi á móti því, að umdæmaskiptingin sé könnuð frekar eða hvern hug heimamenn hafa til hennar á hinum einstöku svæðum.

Varðandi búsetu héraðsdýralækna í Þingeyjarþingsumdæmum tel ég mjög koma til greina að þeir sitji báðir á Húsavík. En áður en ég svara því afdráttarlaust á þessum stað vil ég kynna mér frekar hvern vilja heimamenn hafa í því efni. Það hefur komið til greina að héraðsdýralæknir í Þingeyjarþingsumdæmi vestra sæti á Stórutjörnum, en ég hygg að það sé a. m. k. mjög margt sem mælir með því að í þeim umdæmum sitji læknarnir báðir á Húsavík, þó ég vilji ekki slá neinu föstu um það að þessu sinni.

Ég held að það sé ekki ástæða til þess að fjalla um þetta mál af minni hálfu frekar. Ég tel að orð mín eigi einnig við hvað varðar athugasemd hv. 5. þm. Vestf. varðandi hreppana við Djúp, þó að erfitt sé að gera sér grein fyrir því á þessari stundu hvenær vegur verður kominn yfir Steingrímsfjarðarheiði. En það er auðvitað vel ef það gerist hið fyrsta.

Ég legg mikið upp úr því, að sú breyting, sem hér verður væntanlega gerð á lögunum, leiði til þess, að sú þjónusta, sem dýralæknarnir veita, verði greiðari og betri, að unnt verði að veita hana án mikils aukakostnaðar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil þakka landbrh. fyrir þá yfirlýsingu hans, að hann skuli vera opinn fyrir því að vilji heimamanna ráði í þessum efnum og dýralæknarnir sitji báðir á Húsavík. Sá misskilningur hefur komist inn í skjöl þessa máls, að vilji Búnaðarsambands Suður-Þingeyjarsýslu standi til annars. M. a. verður ekki annað ráðið af gögnum sem liggja fyrir í þinginu um það frv. sem við hv. 6. þm. Norðurl. e. lögðum fram á síðasta Alþingi. En sannleikur málsins er sá, að á síðasta Alþingi, sendi stjórn Búnaðarsambandsins þinginu erindi þar sem m. a. var talað um að Hálshreppur færðist í Þingeyjarþingsumdæmi vestra. En nokkru síðar sendi Búnaðarsambandið sjálft, aðalfundur þess, aðra umsögn sem var hliðholl þeirri skiptingu sem við hv. 6. þm. Norðurl. e. lögðum til á síðasta Alþingi.

Ég vil jafnframt geta þess, að yfirlýsing liggur fyrir frá hæstv. fjmrh. við 3. umr. fjárlaga um að ekkert sé því til fyrirstöðu frá hans hálfu að þessi dýralæknir geti tekið til starfa svo fljótt sem kostur er. Ég vil þess vegna beina því til nefndarinnar að hraða störfum sem mest til þess að hægt sé að auglýsa dýralæknisumdæmin í Þingeyjarsýslu sem fyrst. Það lá fyrir loforð um það á síðasta þingi, að

þetta mál yrði afgreitt það snemma að hægt væri að taka tillit til þess við afgreiðslu fjárlaga. Það reyndist ekki unnt fyrir áramótin, en ég vil vænta þess, að hv. landbn. hraði mjög störfum sínum svo að frekari dráttur verði ekki á þessu máli. Það er alveg ástæðulaust. Allir viðurkenna þá brýnu þörf sem er á dýralæknum í Þingeyjarþingsumdæmi. Á s. l. vori jaðraði við neyðarástand vegna þess, hversu illa var að því dýralæknisumdæmi staðið. Ég vil líka benda á að veturinn hefur verið þannig, að búast má við öllu hinu versta þegar kemur fram á vorið.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. skuli vera komið hér til umr. Eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni var stefnt að því að ný lög um dýralækna tækju gildi það snemma að hægt væri að taka tillit til þeirra breytinga í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982.

Nefndin, sem að þessu vann, mun hafa tekið lengri tíma til verksins en reiknað var með. Vonast ég til þess, að hægt verði að flýta afgreiðslu málsins eftir því sem kostur er. Hins vegar er nú sýnilegt að frv. verður að senda ýmsum til umsagnar. Hér hafa komið ábendingar í sambandi við Vestfirði, Skagafjörð og Þingeyjarsýslur.

Þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta þingi kom fram að skoðanir voru skiptar um það, hvernig þessi skipti ættu að vera. Það kom t. d. fram í sambandi við Hálshrepp og líka í sambandi við Öxarfjarðarhrepp. Hálshreppur hefur t. d. beint símasamband við Akureyri, Öxarfjarðarhreppur hefur beint símasamband við Húsavík. Til Húsavíkur er miklu skemmri leið úr Öxarfjarðarhreppi en til Þórshafnar. Það munar miklu. En það verður líka að vera eftir ósk heimamanna hvernig þessi skipti verða.

Það, sem vakir t. d. fyrir yfirdýralækni — ég hef rætt þessi mál við hann, er að dýralæknarnir séu þannig staðsettir að ferðakostnaður sé sem minnstur. Þar af leiðandi var hann að minnast á að annaðhvort á Breiðumýri eða að Stórutjörnum yrði búseta fyrir þann dýralækni sem þjónaði vestara umdæminu. Hitt er spurning þegar á allt er litið, hvort ekki er samt hagkvæmara — þó að þeir þurfi að fara lengri vegalengdir — að báðir læknarnir séu á Húsavík. En þetta álít ég að heimamenn verði fyrst og fremst að gera út um. Ef annar dýralæknirinn sæti á Stórutjörnum geri ég ráð fyrir að það væri nokkurn veginn einsýnt að Hálshreppur fylgdi því umdæmi. Hins vegar skiptir engu máli hvort hann er á Breiðumýri eða Húsavík og þá tel ég að landfræðilega og alla vega væri eðlilegra að þetta væri óbreytt eins og það er. En þetta vil ég líka að heimamenn hafi eitthvað um að segja. Þegar farið er að athuga þessi mál er það nú svo, að það sýnist sitt hverjum. Ég hef t. d. hitt þá menn úr Hálshreppi sem vilja breytingu, en líka marga sem vilja enga breytingu í þessu efni. Mér er því alls ekki ljóst hvar meiri hlutinn stendur.

Ég vil svo bara segja það, að það er sjálfsagt mál að reyna að flýta þessu eftir því sem kostur er. En ég vil líka benda á að það er ekki hægt að gera hvort tveggja, að flýta þessu mjög mikið og fá um það umsagnir, því að við höfum reynslu fyrir því, að það eru ekki allir fljótir til svara, því miður. En það mun ekki standa á landbn. að reyna að flýta þessu máli.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil nú aðeins gera þá athugasemd við tillögur yfirdýralæknis, að samkvæmt hans tillögum á Breiðumýri að vera í hinu eystra umdæminu, þannig að Breiðumýri er alls ekki í dýralæknisumdæminu hinu vestra, og nákvæmlega jafnlangt er að vegamótum frá Breiðumýri og Húsavík, þannig að þetta er bara þráhyggja.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 128). — Frh. 1. umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. 1. flm. þess frv. sem hér er til umr., hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, lýsti vel í framsögu þeim hrikalega mismun á lífskjörum fólks sem stafar af mjög mismunandi upphitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Sama gerði hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason. Fer ég því ekki nánar út í það.

Hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, talaði bæði með og á móti frv. Hann ræddi þó mest um nauðsyn þess að jafna raforkuverð. Með verðjöfnunargjaldinu hefur mikið áunnist í þeim efnum og er nú svo komið að hæsta verð er þó ekki meira en 34% hærra en verðið hér í Reykjavík og margar rafveitur þurfa að selja raforku á hærra verði en þau fyrirtæki sem fyrst og fremst njóta verðjöfnunargjaldsins, þ. e. Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða.

Hv. þm. svo og hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, ræddu um gjaldskrá Landsvirkjunar með tilliti til húsahitunar, töldu, að hún yrði að lækka verulega, og töluðu um lægsta hugsanlegt verð, miðað við hagkvæmustu virkjunarkosti, eins og það var orðað.

Nú er það svo að Landsvirkjun selur ekki raforku til einstaklinga og þá ekki heldur raforku sem sérstaklega er ætluð til beinnar húsahitunar. Auk þess er bein upphitun með raforku afar óhagkvæm frá sjónarmiði rafveitna og ekki síður frá sjónarmiði orkuframleiðenda, því að þörfin á orku til húsahitunar er mest þegar raforkuframleiðslan er minnst, á köldustu mánuðum ársins. Aftur á móti er mjög hagkvæmt, a. m. k. á öllum þéttbýlisstöðum sem ekki hafa aðgang að jarðvarma, að koma sér upp fjarvarmaveitum sem byggja á ótryggðri raforku og svartolíukyndingu til vara. Í þeim tilvikum er unnt að fá raforku frá Landsvirkjun á mjög góðum kjörum, jafnvel sambærilegum þeim sem Járnblendiverksmiðjan á Grundartanga fær sína ótryggðu raforku á. Þetta reyndum við á sínum tíma í Vestmannaeyjum og það var ekkert því til fyrirstöðu að fá orkuna á svipuðum kjörum.

Þá má í stórum dráttum segja að allvel hafi til tekist með jöfnun raforkuverðs eftir landshlutum og er það vel. Það mætti jafnvel hugsa sér að draga nokkuð úr verðjöfnunargjaldinu þegar svo er komið að nokkuð margar rafveitur þurfa að selja orkuna hærra verði en Rafmagnsveitur ríkisins. En nú er miklu meiri nauðsyn á að jafna hitakostnað fólks með einum eða öðrum hætti. Þar er munurinn margfalt meiri en nokkru sinni var á raforkuverði og hitakostnaðurinn miklu stærri hluti af út-

gjöldum heimila utan Reykjavíkursvæðisins en raforka til annarra hluta en upphitunar hefur nokkru sinni verið.

Eins og 1. flm. frv. lýsti vel í framsöguræðu sinni, þá hefur Alþingi áður tekið skýra afstöðu til þessara mála með því að leggja á allháan skatt, svokallað orkujöfnunargjald, sem er 1.5% viðbót við söluskatt. En núv. hæstv. ríkisstj. hefur tekið stærstan hluta skattsins til annarra nota og lætur hinn hrikalega mismun upphitunarkostnaðar að mestu lönd og leið.

Kynding með olíu hefur með olíugjaldinu verið lækkuð að meðaltali frá því að vera rúmlega sjö sinnum dýrari en hitakostnaður í Reykjavík í það að vera liðlega sex sinnum dýrari og þá lítið eitt dýrari en bein rafhitun.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að vandinn væri óðum að minnka því að yfir 85% þjóðarinnar hefðu nú aðgang að hitaveitu. Þessi tala er því miður eitthvað of há. En það skiptir ekki öllu máli og það réttlætir engan veginn að hinir, þessi 15% sem þá eru eftir, séu skildir eftir úti í kuldanum. Aðgangur að hitaveitum leysir ekki heldur allan vandann. Vantar mikið þar á. Vegna mikils fjármagnskostnaðar eru gjaldskrár nýrra hitaveitna frá þremur og upp í fimm sinnum hærri en gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur. Til dæmis er gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar fjórum og hálfum sinnum hærri en Hitaveitu Reykjavíkur og verður það líklega um talsvert árabil. Mismunurinn nemur gífurlegum upphæðum hjá fólki og því fyllsta ástæða fyrir Alþingi að leita ráða til jöfnunar. Ef raunverulegur hitakostnaður fólks úti á landi væri tekinn inn í framfærsluvísitöluna mundi hún hækka um hvorki meira né minna en 5—10%, eða nánar tiltekið frá 4.99 til 9.84% eftir því hvar á landinu fólkið býr, og verðbætur á laun jafnmikið. Og ef tekið væri tillit til skatta og 40% verðbólgu þyrftu verðbætur að hækka um 7—14% til þess að fólk úti á landsbyggðinni eða meiri hluti þess stæði jafnfætis fólki hér á Reykjavíkursvæðinu að þessu leyti.

Vísitölusvindlið varðandi hitakostnaðinn einan sér kostar fólkið úti á landi hvorki meira né minna en 5—10% af launum þess. Svo segja menn að kaupmátturinn sé tryggður með því að láta hann fylgja framfærsluvísitölunni. Og launþegahreyfingin sér ekkert athugavert við þessa framkvæmd. Ef ætti að ná þessu upp þannig að fólk úti á landi stæði jafnfætis fólki hér á Reykjavíkursvæðinu þyrftu launin að hækka um 7—14% ef tekið væri tillit til skattlagningar.

Framfærsluvísitalan er svo hrikalega vitlaus að þessu leyti að hún segir að upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis hafi tæplega fjórfaldast frá því í jan. 1968 og þangað til nóv. á s. l. ári, á sama tíma og annar grundvöllur framfærsluvísitölunnar hefur meira en 42-faldast. Og framfærsluvísitalan segir að upphitunarkostnaður vísitölufjölskyldunnar sé innan við 2% af útgjöldum. Svo segja menn að þetta sé verðtrygging launa.

Hv. 1. þm. Vesturl. telur nauðsynlegt og sjálfsagt að taka orkuverðið út úr grundvelli framfærsluvísitölunnar. En hvað þýðir það í reynd? Það þýðir að sú lækkun verðbóta um allt að 10%, sem flestir landsmenn utan stór-Reykjavíkursvæðisins hafa orðið að þola lengi, verður í reynd lögfest og íbúar Reykjavíkursvæðisins fá á sig nokkurn hluta — að vísu ekki stóran en nokkurn hluta af þeirri skerðingu sem aðrir landsmenn hafa átt við að búa. M. ö. o. skal sett í lög að upphitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis sé ekki nema 1.8% af útgjöldum vísitölufjölskyldunnar hvernig sem orkuverð breytist. Þetta er talið vera bjargræðið í dag. Þetta er auðvitað sterkur leikur í vísitölusvindlinu sem nú er ástundað af meira kappi en nokkru sinni fyrr.

Það er annars einkennilegt að stjórnvöld skuli ávallt telja sig þurfa að leita leiða til að fara á bak við fólk, eins og það séu einhverjir kjánar, og að launþegahreyfingin skuli láta það afskiptalaust, láta sér vel líka. Það er alltaf affarasælast, a. m. k. til lengdar, að horfast í augu við raunveruleikann og segja fólki sannleikann en hætt þessum endalausa feluleik og möndli með vísitöluna. Ef nauðsynlegt er talið að skerða verðbætur á laun, þá á að viðurkenna það, segja fólki sannleikann, koma framan að fólki en hætta þessum endalausa feluleik, hætta þessum leik að vera alltaf að koma í bakið á fólki.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að frv. væri vitlaust, m. a. vegna þess að það leysti ekki vanda allra, ekki þeirra sem engan tekjuskatt greiða. Rétt er að það leysir ekki vanda þeirra sem engan tekjuskatt greiða og ekkert útsvar, því að ónýttur persónuafsláttur er notaður til greiðslu útsvars. Þeirra vanda mætti auðveldlega leysa með þeim hætti sem Alþfl.-menn lögðu til í febrúarmánuði s. l., með útborganlegum ónýttum persónuafslætti til skatts, m. ö. o. með neikvæðum tekjuskatti. En hv. 1. þm. Vesturl. ásamt öðrum stjórnarliðum var andvígur þeirri tillögu.

Þetta frv. leysir ekki allan vanda, því fer fjarri. En það leysir talsverðan hluta hans. Í reynd mundi það hjá flestum jafna út 40—45% af mismun hitakostnaðar. Menn eiga ekki að vera á móti öllum till. sem miða í rétta átt, þó að þær leysi ekki allan vanda strax. Betra er hálfur skaði en allur, og þá er auðveldara að leysa vanda þeirra, sem eftir eru, þegar búið er að leysa vanda flestra hinna.

Þetta minnir mig á það þegar hv. 1. þm. Vesturl. lýsti sig andvígan því stefnumiði tveggja ríkisstjórna, sem fram kom í frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins sem ég flutti seint á árinu 1979, að almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins yrðu að lágmarki 30% brúttó-byggingarkostnaðar árið 1980 og hækkuðu um minnst 5% á ári, í 80% brúttó-kostnaðar eigi síðar en 1990. Hv. þm. var andvígur þessu markmiði frv. vegna þess að hækkunin í 80% tæki allt of langan tíma. Hann sagði að það væri stefna Framsfl. að ná 80% markinu strax. En hvað hefur síðan gerst? Framsfl. hefur verið í ríkisstj. síðan en almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins eru í reynd aðeins 16—17% af brúttó-byggingarkostnaði staðalíbúða, eins og Húsnæðisstofnun ríkisins fær út, ekki 40% eins og þau væru ef frv., sem ég lagði fram, hefði verið samþykkt og forsendur þess, 16—17% ekki 40%.

Frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, sem ég ásamt nokkrum öðrum þm. Alþfl. lagði fram á þskj. 112, gengur mun lengra í jöfnunarátt en það frv. sem hér er til umr. því það jafnar mismun svo til alveg hjá flestum launþegum. En ef hv. þm. treysta sér ekki til að samþykkja frv. á þskj. 112 er það frv. sem hér er til umr. á þskj. 128, stórt skref í rétta átt, engan veginn fullnægjandi en til mikilla bóta.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka þeim þm. sem hafa tekið til máls um þetta frv., jafnt þeim sem hafa lýst fylgi sínu við það og hinum sem hafa ýmsar athugasemdir við það að gera, því að ég vænti þess að sjálfsögðu, að hafi menn athugasemdir að gera við þá leið, sem hér er lögð til, og hafi menn vilja til að reyna að bæta úr því misrétti, sem hér hefur átt sér stað,

komi menn a. m. k. sem athugasemdirnar gera, með einhverja hugmynd um hvernig hægt er að leysa þann vanda sem við er að fást. Alþingi leysti hann fyrir nokkrum árum með því að leggja á 1.5% söluskatt til viðbótar, en þá lausn hefur núv. ríkisstjórnarmeirihluti nú eyðilagt, eins og margfaldlega hefur komið fram, því að bróðurpartinn af því fé, 160 millj. af 190 millj. samtals, hefur ríkisstjórnarmeirihlutinn tekið til annarra þarfa en þeirra að jafna þennan mikla mismun á lífskjörum almennings. Stendur þá væntanlega upp á þá stjórnarsinna, sem bera hagsmuni fólksins úti á landsbyggðinni sérstaklega fyrir brjósti, í fyrsta lagi að gera grein fyrir því, hvernig á því stendur að þeir telja nú réttmætt að taka orkujöfnunargjaldið og eyða því með þessum hætti, skilja aðeins eftir brot af því gjaldi til ráðstöfunar eins og því var upphaflega ætlað að vera, og í annan stað hvaða hugmynd þessir menn hafa, fyrst þeir hafa fallist á þetta, til að leysa vandann og eyða því misrétti sem hér á sér stað.

Eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði í ræðu sinni áðan er það nefnilega engin lausn að benda á það, sem rétt er, að það sé smátt og smátt verið að útrýma erlendum orkugjöfum með framkvæmdum í húshitunarmálum landsmanna. Það er að vísu alveg laukrétt, en það hefur eitt út af fyrir sig alls ekki eytt þeim mikla mismun sem er á orkuverði í landinu. Hv. þm. Magnús H. Magnússon kom með mjög athyglisverðar upplýsingar áðan í ræðu sinni um þetta. Hann hefur gert nokkru frekari útreikninga sem ég held að séu athyglisverðir fyrir þm. Þar kemur það m. a. í ljós að rafhitun hjá RARIK er 5.57 sinnum dýrari en hitun á kyndingarsvæði Hitaveitu Reykjavíkur. Hv. þm. Magnús H. Magnússon nefndi dæmi um hitaveitu á Akranesi og í Borgarfirði. Á Suðureyri er upphitunin 4.86-falt dýrari og er þar þó hitaveita, á Egilsstöðum 4.26-falt dýrari, á Akureyri 3.74% dýrari o s. frv. Þetta leiðir auðvitað í ljós, að þó svo að mikið hafi verið gert til að útrýma erlendum orkugjöfum er mismunurinn á hitunarkostnaðinum mjög mikill eftir sem áður, og það er fráleitt að ætla að afsaka það atferli að hafa að vísu ekki tekið allt það fjármagn, sem samkomulag náðist um hér á Alþingi að afla í því skyni að jafna húshitunarkostnað, heldur meginhluta þess til annarra þarfa þegar ástandið er eins og hér hefur verið lýst.

Menn hafa það í hendi sinni, að a. m. k. á meðan núv. þingmeirihluti ræður ferðinni verður ekki orkujöfnunargjaldið, sem er 190 millj. á ári, notað til þeirra þarfa sem ákveðið var á Alþingi þegar gjaldið var lagt á að ætti að nota það til, heldur er núv. þingmeirihluti staðráðinn í að taka bróðurpartinn af þessu fjármagni í almenn útgjöld hjá ríkissjóði. Því verður væntanlega ekki breytt á meðan núv. þingmeirihluti ræður ríkjum. En eftir er þá að fá að vita hjá þessum heiðursmönnum hvaða tillögur þeir hafi þá að gera í málinu eða hvort þeir ætla að láta við það sitja að segja að vandinn sé út af fyrir sig leystur þar sem 85% af landsmönnum njóti nú innlendra orkugjafa til upphitunar á húsnæði sínu, þó svo að þessir sömu landsmenn þurfi að borga þrefalt og upp í fimmfalt hærra verð fyrir þessa orku en viðgengst hér á Reykjavíkursvæðinu.

Vissulega er það rétt, að sú leið, sem bent er á í því frv. sem hér er til umr., leysir ekki allan vanda, en bent er þó á leið sem fær er í þessu sambandi. Í fyrsta lagi vil ég leyfa mér að benda mönnum á að hún gerir aðeins ráð fyrir að komið sé á jafnrétti milli heimila annars vegar og fyrirtækja hins vegar sem búa við þetta háa orkuverð. Fyrirtækjum úti á landsbyggðinni, sem þurfa að borga margfalt orkuverð á við fyrirtæki í Reykjavík, er heimilt að draga þann orkukostnað frá tekjum sínum í framtali sínu til skatts. Heimilin mega það ekki. Fyrirtækjunum er heimilað að draga greiðslurnar frá skattgjöldum sínum en einstaklingunum ekki. Sé réttlátt að fyrirtækjum sé heimilað slíkt, hvers vegna ætti þá heimilunum ekki að vera heimilað nákvæmlega það sama þegar um er að ræða málefni sem ræður jafnmiklu um kjör allra launþega og hér er vikið að? Með því að samþykkja þetta frv. er því aðeins verið að gera heimilin úti á landsbyggðinni jafnrétthá, veita þeim sama rétt og fyrirtækin úti á landsbyggðinni njóta þegar.

Í öðru lagi er með þessari tillögu reynt að forðast að landsmönnum verði skipt í tvo hópa, dregin verði einhver markalína, sem aldrei verður hægt að draga, um hverjir megi njóta þeirrar fyrirgreiðslu, sem reynt er að veita til að jafna orkuverð, og hverjir ekki. Það verður ákaflega erfitt að draga þá markalínu. Það er ekki hægt að draga markalínuna t. d. þannig, að þeir einir, sem kyndi með olíu, eigi að fá einhverja aðstoð, aðrir ekki. Eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon hefur þegar leitt í ljós eru mjög víða innlendir orkugjafar, sem fólk notar, upp undir það eins dýrir og olíunotkun. Það er fráleitt að skilja þetta fólk eftir ef á að reyna að eyða þessari mismunun.

Ekki heldur er einhlítt að draga markalínuna eftir búsetu, vegna þess að jafnvel þar verður hægt að benda á einstök dæmi þar sem ekki væri tekið tillit til eðlilegs jafnréttis á milli fólks hvað þetta varðar. Auk þess er það ávallt mjög erfitt og umdeilanlegt þegar verið er að skipta landsmönnum í tvennt, Reykvíkinga og aðra. Menn eiga að reyna að leita leiða sem draga úr misrétti og auka jöfnuð, en þó þannig að landsmenn fái ekki tilfinningu fyrir því, að það sé verið að skipta þeim í tvo slíka hópa.

Kosturinn við þá leið, sem hér er lögð til, er einmitt sá, að með henni þarf ekki að skipta landsmönnum í tvo hópa, þarf ekki að draga þessa vandmeðförnu markalínu. Öllum landsmönnum er heimilt að draga kostnað við orkunotkun á heimilum sínum frá í framtölum sínum, frá tekjum sínum til skatts, en þeim mun meiri gjöld sem menn verða að greiða í því sambandi, þeim mun meiri frádrátt fá menn. Öllum er þó samkv. tillögunni heimilt að beita þessum frádrætti, jafnt þeim sem hér í Reykjavík búa sem hinum sem búa úti á landi, jafnt þeim sem njóta hitaveitu sem hinum sem þurfa að kynda hús sín með olíu, fjarvarmaveitu eða rafmagni.

Þetta skapar ekki heldur vanda um hvernig eigi að skipta greiðslum sem eru til þess gerðar að eyða misrétti. Það vandamál hefur raunverulega aldrei verið leyst. Sú aðferð, sem notuð hefur verið til að greiða olíustyrk, þar sem olíustyrkurinn hefur raunar verið gerður að nokkurs konar fjölskyldubótum, hefur verið mjög gagnrýnd og menn hafa ekki komið auga á neina lausn á því vandasama máli hvernig eigi að skipta slíkum greiðslum réttlátlega svo þær komi jafnt til allra. Kosturinn við þá leið, sem lögð er til í frv., er einmitt einnig sá, að þessu vandamáli er eytt. Þarna er ekki um að ræða vandamál um hvernig eigi að skipta slíkri fjárhæð sem notuð yrði með einum eða öðrum hætti til að jafna orkuverð á milli einstaklinga.

Hv. þm. Magnús H. Magnússon hefur bent á það nú þegar, hvernig með lítilvægri viðbót við þetta frv. væri hægt að eyða þeim eina ágalla sem menn hafa bent á að á því sé, sem sé þeim ágalla að skattfrádráttur nýtist ekki fólki sem hefur svo lágar tekjur að það borgar hvort eð er enga skatta, m. ö. o.: sú leið, sem hér er lögð til, gagnist ekki gömlu fólki og tekjulágu fólki sem búi við mikinn húshitunarkostnað. Þetta er einfaldlega hægt að laga með því, eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon benti á, að fallast á þá till. okkar Alþfl.-manna frá því í fyrra að heimila að ónýttur persónuafsláttur komi til borgunar, að heimila að beita skattakerfinu sem nokkurs konar samblandi af fjölskyldubótakerfi og skattkerfi og gera tekjuskattinn ekki aðeins jákvæðan í þeim skilningi að fólk þurfi að greiða tekjuskatt, heldur einnig neikvæðan í þeim skilningi, að fólk, sem ekki hefur nægar tekjur til að bera skatt, fái út úr skattakerfinu greiddan mismun á ónýttum persónuafslætti og þeim frádrætti sem heimilaður er, en kemur því ekki að notum.

Það, sem athyglisverðast er þó í þeim upplýsingum sem hv. þm. Magnús H. Magnússon hefur saman tekið og greindi frá að nokkru áðan, er það, hversu ranga mynd framfærsluvísitalan gefur af raunverulegum hitunarkostnaði og orkukostnaði heimila. Það er t. d. alveg fráleitt, eins og hann benti á, að menn geti samþykkt það, og alveg furðulegt að verkalýðshreyfingin skuli engar skoðanir hafa á því, að orkukostnaður heimila sé aðeins metinn um það bil 2% af heildarúgjöldum íslenskra launþegaheimila, en það er það sem framfærsluvísitalan segir að eigi við jafnt um heimili í Reykjavíkurborg og úti á landi. Og það er jafnfráleitt að menn skuli fallast á það með þögninni að orkukostnaður hafi aðeins hækkað frá árinu 1968 um óverulegt brot af því sem almennur framfærslukostnaður hefur hækkað á sama tíma. Þetta sýnir það eitt, hversu verkalýðshreyfingin er í rauninni áhugalítil um jafnvandasöm mál og gerð framfærsluvísitölu, hvað menn eru í rauninni áhugalitlir um að sú vísitala, sem á að mæla raunverulegan framfærslukostnað á Íslandi, sé eiginlega til annarra nota en fyrir ríkisstj. til að koma í veg fyrir að verðhækkanir, sem orðið hafa og m. a. fyrir hennar tilverknað, skili sér í hækkuðu kaupgjaldi til launafólks.

Hv. þm. Alexander Stefánsson talaði um það alveg réttilega, að auðvitað væri fráleitt að framfærsluvísitalan væri þannig upp byggð að hún tæki ekkert tillit til þeirra staðreynda sem hér hefur verið drepið á. Aðferðin til að bæta úr því er að sjálfsögðu ekki, eins og hann lagði til, að taka orkuna út úr vísitölunni. Til hvers er framfærsluvísitala? Framfærsluvísitala er til að mæla raunverulegar breytingar á framfærslukostnaði í þjóðfélaginu, og það er auðvitað fráleitt að komast að þeirri niðurstöðu, að orkukostnaður heimila eigi ekki að mælast í framfærsluvísitölu, m. ö. o. að komast að þeirri niðurstöðu, að orkuverð í landinu eigi engu máli að skipta í sambandi við útreikninga á framfærslukostnaði heimila og fjölskyldna. Það er auðvitað gersamlega út í hött. Menn mega alls ekki í þessu sambandi rugla saman annars vegar framfærsluvísitölu, sem á að mæla framfærslukostnað í landinu, og hins vegar þeirri vísitölu sem aðilar vinnumarkaðarins semja um sín á milli að nota eigi til að tryggja greiðslur verðbóta á laun. Framfærsluvísitala verður að mæla eins nákvæmlega og kostur er þær raunverulegu breytingar sem eiga sér stað á framfærslukostnaði. Menn, sem hafa áhuga á þeirri vísitölu í öðrum tilgangi en þeim að beita henni til að koma í veg fyrir að launafólk fái umsamdar kauphækkanir, eiga auðvitað að lýsa áhuga sínum á því, að þær breytingar séu gerðar á framfærsluvísitölunni sem séu þess eðlis, að hún mæli sem réttast breytingar á framfærslukostnaði í landinu. Það verður auðvitað ekki gert með því að taka jafnmikilvægt atriði og orkukostnað heimila út úr framfærsluvísitölu og láta eins og hann skipti ekki nokkru máli um afkomu heimilanna. Vissulega er framfærsluvísitalan röng eins og orkukostnaðarþátturinn er byggður upp í þeirri vísitölu, en það væri að fara úr öskunni í eldinn að taka orkuna gersamlega út, þannig að það mundi engu máli skipta fyrir þær mælingar, sem framkvæmdar eru á útgjöldum íslenskra heimila og á kostnaði við að framfleyta heimilum í þessu landi, að hafa orkuverðið ákveðið. Þetta er svo barnalegt að það er furðulegt að jafngreindur maður og hv. 1. þm. Vesturl. skuli halda þessu fram. Ég á frekar von á því, að þegar hann ræddi um þetta áðan hafi hann raunverulega verið að ræða um verðbótavísitöluna en ekki framfærsluvísitöluna, en hv. þm. ætti þá að taka það fram til þess að menn áttuðu sig á hvað hann væri að fara. Það er ekki annað veifið hægt að tala í sömu ræðunni um framfærsluvísitölu og hitt veifið um verðbótavísitölu án þess að gera neinn greinarmun þar á milli.

Menn geta samið um hvaða þátt í raunverulegri framfærsluvísitölu menn nota til að mæla verðbætur á laun. Það er hægt að hugsa sér hundrað útgáfur af því, t. d. að menn tækju aðeins tillit til þeirra þátta í framfærsluvísitölunni sem mældu innlent verð á þjónustu eða eitthvað slíkt. Það er samkomulagsatriði á milli launþega og ríkisvalds. Það atriði, sem við alþm. eigum fyrst og fremst að hafa afskipti af, er að reyna að ganga svo frá hnútunum að sú framfærsluvísitala, sem reiknuð er, mæli raunverulegan framfærslukostnað. En menn hafa engan áhuga á því. Menn hafa mestan áhuga á að leika sér með þessa framfærsluvísitölu til þess að hún gagnist ríkisstj. sem best til að koma í veg fyrir að launafólk fái verðbætur á laun. Og að hugsa sér að það skuli vera hægt að leika sér með þær verðbætur eins og menn hafa verið að ræða í þessari hæstv. ríkisstj. Það er alveg furðulegt.

Við skulum taka eitt lítið dæmi til að reyna að skýra þetta út fyrir mönnum. Eitt stig í framfærsluvísitölu kostar, ef miðað er við söluskatt, um 260 millj. kr. Það kostar um 260 millj. kr. ef menn ætla að greiða framfærsluvísitöluna niður um eitt stig með því að lækka söluskatt eða, ef við snúum dæminu við, það má leggja á 260 millj. kr. hærri söluskatt til þess að framfærsluvísitalan hækki um eitt stig. En ef menn líta svo á landbúnaðarvörur, sem ávallt eru notaðar til að koma í veg fyrir að launafólk fái umsamdar kjarabætur, kostar hvert vísitölustig þar ekki nema 65 millj. kr. M. ö. o. er hægt að hækka söluskatt um 260 millj. kr. og fá þar hækkun um eitt vísitölustig á framfærsluvísitölunni og nota svo þessa peninga alla saman, þessar 260 millj. kr., til að auka niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og lækka þar með vísitöluna um tæplega 4 stig. Útkoman væri sú, að með þessari tilfærslu á sömu krónunum hefði það verið ígildi um það bil 3% kauplækkunar til almennings, þessi hækkun söluskatts um 260 millj. kr., og þeir peningar síðan notaðir til að hækka niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðum og gera ekkert meira. Þá eru menn hreinlega búnir að eyða um það bil 3 vísitölustigum í kaupgjaldi fyrir launafólkið. Hverjum skyldu hafa dottið þetta í hug

í ríkisstj.? Það voru ekki framsóknarmenn. Nei, það var Alþb. *Því datt í hug að nota nú tækifærið og auka niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum til að koma í veg fyrir að launafólk fengi launabætur og afla fjár til þess með hækkuðum söluskatti, vegna þess að fyrir hvert eitt vísitölustig, sem framfærsluvísitalan hækkar um ef söluskattur er hækkaður, er hægt að lækka þessa sömu vísitölu þrefalt ef peningarnir eru notaðir í niðurgreiðslu á landbúnaðarafurðum.* Síðan standa menn upp og segja: Við eigum að skipta á vísitölubótum og kaupmætti. Það mundi sem sé auka kaupmátt launatekna um 3% að hækka söluskattinn um 260 millj. og nota peningana í niðurgreiðslu. Síðan segja menn: Menn geta notað þetta til að lækka verðbætur úr 10% í 7 og ef við gerum þetta skulum við skipta á sléttu. Við skiptum á sléttu, segir Alþb. M. ö. o: hæstv. ríkisstj. er að ræða um að það mundi hafa verið nægilegt að hækka söluskattinn um ca. ½% til að greiða vísitöluna niður um ca. 3 stig. Síðan mundi Alþb. segja: Það verður að skipta á sléttu, eiga slétt skipti, skipta á kaupmætti og verðbótum.

Framfærsluvísitala, sem er orðin þannig úr garði gerð eins og ég hef verið að lýsa hér, er auðvitað ekki lengur neinn mælikvarði á raunverulegan framfærslukostnað í landinu. Þetta er orðin hrein skrípamynd af slíkum mælikvarða sem fyrst og fremst er settur upp til þess að ríkisstj. geti möndlað með niðurgreiðslur með þeim hætti sem núv. ríkisstj. er að áforma að gera og ýmsar ríkisstj. á undan henni hafa stundað, þ. e. að hækka söluskatt og fá þar tiltekna peninga og nota þá peninga í niðurgreiðslur og geta síðan sætt fólkið við það: Þessi tilflutningur á peningum úr einum vasanum í annan orsakar stórkostlegar kjarabætur fyrir ykkur. Við höfum skipt á sléttu.

Þetta er það, herra forseti, sem núv. ríkisstj. hefur mestan áhuga á í sambandi við vísitöluna, og það, sem hv. 1. þm. Vesturl. var að segja og leggja til, er raunverulega ekkert annað en að taka orkuverðið gjörsamlega út úr framfærsluvísitölunni, svo sé allt í lagi hvaða orkuverð sé í landinu, hvað það yrði hækkað, það mældist ekki í framfærsluvísitölunni sem útgjaldaaukning fyrir fólkið í landinu. Það er tillagan. Það er talin vera mjög snjöll lausn í þessum herbúðum sem nú eru um það bil að undirbúa sig að afhenda okkur stjórnarandstæðingum „þorrabakkann", eins og ýmsir menn kalla þann ágæta pakka ríkisstj. sem hún er búin að hafa í súr hjá sér síðan einhvern tíma löngu fyrir jól.

Auðvitað á að reisa framfærsluvísitöluna, ég geri enn glöggan greinarmun á framfærsluvísitölu annars vegar og verðbótavísitölu hins vegar, á umfangsmiklum neyslukönnunum sem gerðar eru af til þess bærum aðilum, þar sem tekið er tillit til ekki bara raunverulegs framfærslukostnaðar á einhverjum einum afmörkuðum stað, heldur til framfærslukostnaðar víðs vegar á landinu. Sú framfærsluvísitala á að vera þannig úr garði gerð, að ekki sé hægt að nota hana eins og núv. ríkisstj. gerir, hún sé ekki svo vitlaus að það sé hægt að leggja á menn skatt til að afla fjár til að greiða einhverjar vörur niður í vísitölunni um sömu fjárupphæð og vísitölumælingarnar sýni út úr þessu stórkostlegar kjarabætur. Auðvitað á slík vísitala ekki að vera þannig gerð.

Ég verð að segja eins og er, að það er alveg fráleitt að *það skuli vera samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstj., eins og virðist vera og eins og virðist vera áætlunin að viðhalda núna, að þessir aðilar geti tekið upp viðræður sín á milli um hvort neyslukönnun,* sem Hagstofa Íslands hefur gert hjá tugum fjölskyldna um allt land til að reikna út raunverulegan framfærslukostnað á landinu, sé marktæk eða ekki. Þessi neyslukönnun er sérfræðileg úttekt Hagstofu Íslands á því, hver er raunverulegur framfærslukostnaður í landinu. Og nú hyggst ríkisstj. taka upp viðræður við verkalýðshreyfinguna og fara og semja við hana og aðila vinnumarkaðarins um breytingar á þessari niðurstöðu, t. d. um að það sé ekkert að marka hvað þessi neyslukönnun segi um hvernig fólk skipti neyslu t. d. matvæla á ýmsar tegundir. Það sé t. d. algjörlega rangt að fólk borði svona mikið af nautakjöti eða kjúklingum, fólk éti bara súpukjöt, það sé ekkert að marka niðurstöður neyslukannana sem bendi í aðra átt. Og það á ekkert tillit að taka til þess t. d., að fólk á Íslandi sé farið að fara miklu almennar en áður gerðist til útlanda. Það á ekkert að vera að marka slíkar niðurstöður. Það á bara að semja um, að fólk á Íslandi geri ekki slíkt, og byggja framfærsluvísitöluna á því. Og það er ekkert að marka niðurstöður slíkrar neyslukönnunar um hvað fólk borgi raunverulega í húshitunarkostnað, þetta geti ekki verið rétt, það eigi að taka upp samninga við aðila vinnumarkaðarins um að breyta þessu.

Kannske, herra forseti, það sé ekkert að marka það að fjölmargir Íslendingar éti hrossakjöt, það eigi að taka upp samningaviðræður milli ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um að Íslendingar geri ekki slíkt, þeir borði bara súpukjöt og drekki mjólk og éti smjör, til þess að hægt sé áfram að leika sér að því að leggja á söluskatt upp á 260 millj. og nota þá peninga síðan til að greiða niður súpukjöt, kartöflur og smjör og fá út úr því stórkostlegar kjarabætur. Þetta á að gera. Þar sem ég hef ekki enn þá fengið „þorrabakka" ríkisstj. í hendur held ég að ég brjóti engan trúnað þó að ég skýri frá því, að mér er ekki kunnugt um annað en að þetta sé ein af tillögunum sem þar eru gerðar, að ríkisstj. hyggist taka upp viðræður við verkalýðshreyfinguna um nýjan vísitölugrundvöll í vor, en ekki bara verkalýðshreyfinguna heldur vinnuveitendur líka. Viðræður um hvað? Neyslukönnunin hefur legið fyrir um margra mánaða skeið. Um hvað eiga viðræðurnar að vera? Viðræðurnar eiga að vera samningaviðræður um að breyta þessari neyslukönnun, taka ekkert mark á henni, leggja hana til hliðar og síðan fara menn að möndla með það, ríkisstj. annars vegar og aðilar vinnumarkaðarins hins vegar, að búa sjálfir til neyslugrundvöll sem á ekki við nein rök að styðjast og ekki er ætlunin að nota til neins annars en þess sem ég var að lýsa áðan. Og hverjir skyldu nú vera fremstir í flokki hvað varðar þetta? Hverjum skyldi — ég tek eftir því að formaður fjvn. situr í hliðarherbergi — hafa dottið það í hug? Ég spyr aftur: Hverjum skyldi hafa dottið í hug að nota nú þessa röngu framfærsluvísitölu, sem við búum við í landinu, til þess snjallræðis að hækka nú söluskatt og nota peningana, sem úr því fást, til að greiða niður verð á kjöti, smjöri og kartöflum og segja síðan við launþega: Það er stórkostleg kjarabót í þessu fólgin og við skiptum á sléttu. Þetta var hugmynd þess Alþb. Auðvitað dettur Alþb. það snjallræði í hug að fara nú að semja við sjálft sig í verkalýðshreyfingunni um að taka ekkert mark á vísitölugrundvellinum sem neyslukönnun Hagstofunnar leiddi í ljós, að taka upp viðræður við sjálft sig í verkalýðssamtökunum um það, af því að þeir sitja nú í ráðherrastólunum: Svavar, Ragnar og Hjörleifur. Haldið það að verkalýðshreyfingin og Alþb.-mennirnir þar

semji ekki? — Ég reikna með að þeir finnist núna þegar atvinnuleysisvandinn er leystur. Það hefur enginn fundið þá á meðan milli 6 og 12 þús. manns í landinu voru atvinnulausir. Þá voru þessir menn ekki til. Það heyrði enginn í Ásmundi. Þá varð enginn var við Björn Þórhallsson. Nú hljóta þeir að koma í ljós senn hvað líður, gefa sig fram væntanlega á miðsvetrarfundi hjá Alþb. Og haldið þið að þið gerið það nú ekki fyrir Alþb.-mennina, svo þeir geti setið svolítið lengur, að semja við þá um að breyta niðurstöðu neyslukönnunar Hagstofunnar og koma á fót nýjum neyslugrundvelli, sem á ekki við rök að styðjast önnur en pólitískar þarfir Alþb. þá og þá, til þess að ríkisstj. geti nú tekið upp og haldið áfram þeim skollaleik sem hún er að búa sig undir að beita enn einu sinni nú um þessi mánaðamót?

Karvel Pálmason: Herra forseti. S. l. miðvikudag, þegar þetta mál var hér til umr., óskaði ég eftir því við hæstv. forseta, að 1. umr. þess yrði ekki lokið án þess að tækifæri gæfist til þess við þá umr. að ræða við hæstv. ráðh. og þá fyrst og fremst hæstv. forsrh. En þá stóð á eins og nú, að lítið sem ekkert af ráðherrum var í deildinni. Það er orðinn daglegur viðburður — og raunar undantekning ef hæstv. ráðh. sitja hér undir umr. Hæstv. forseti var ekki alls kostar hress yfir þeirri ósk og gat þess, að nægur tími gæfist til þess við 2. umr., eftir að málið kæmi úr nefnd, að ræða við hæstv. ráðh. um það. Ég vil taka það fram, að ef hæstv. forseti getur tryggt að þetta mál komi úr nefnd til 2. umr. hér í deildinni, þá mun ég að sjálfsögðu falla frá slíkri ósk. En ég óttast að núv. meiri hl. á Alþingi — eins og hv. stjórnarliðar, a. m. k. tveir hafa talað í þessari umr. — ætli sér að drepa þetta mál í nefnd þannig að það komi ekki til 2. umr. Í ljósi þess er full ástæða til að ég ítreki þá ósk mína, að þessari umr. verði ekki lokið án þess að tækifæri gefist til að tala við hæstv. ráðh., fyrst og fremst forsrh.

Aðeins örfá orð út af því sem hér hefur komið fram. Það er gamalkunnugt orðatiltæki að margt sé skrýtið í kýrhausnum. Ég verð nú að segja að það er ekki síður margt skrýtið í haus þeirra framsóknarmanna sem hér hafa talað í þessari umr.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson talaði hér s. l. miðvikudag og sagði þá — eins og þessir menn oftast hafa uppi haft áður í orði, en ekki reynst verða í reynd á borði — að Alþingi og þjóðarheildin gæti ekki skotið sér undan jöfnun á orkuverði. Þetta sagði þessi hv. þm. nokkrum vikum eftir að hann hafði staðið að því hér á Alþingi við afgreiðslu fjárlaga að skattleggja þjóðarheildina um 190 millj. til þess að jafna orkuverð í landinu, en stela síðan 160 millj. af því í ríkissjóð til annarrar eyðslu. Þetta er málflutningur sem ég held að sé nauðsynlegt að vekja athygli á. Og þetta á raunar líka við og ekki síður um hv. þm. Alexander Stefánsson. Hann sagðist hér við fyrri umr. fylgja heils hugar öllum tillögum til jöfnunar og stendur á sama hátt að því við afgreiðslu fjárlaga að skattleggja um 190 millj. skattþega landsins til þess beinlínis að jafna orkuverð, en síðan taka þessir ágætu menn 160 millj. af þessum 190 til annara þarfa í ríkissjóð.

Þetta er auðvitað hreint út talað — það má kannske ekki segja ljót orð hér, maður verður að hugsa sig um áður, en hér er að mínu viti — (Gripið fram í.) Hvað segir hv. skrifari? (**Gripið fram í:** Það er of seint séð að ætla að fara að iðrast núna eftir að hafa sagt ljót orð.) Það hefur ekkert verið sagt svo ljótt enn að það eigi ekki við báða þessa hv. þm. — ekki enn. Það er allt í fullu gildi sem um þá hefur verið sagt enn við þessa umr. En hér er beinlínis verið að fara aftan að fólkinu í landinu. Hér er framkvæmd skattheimta á fölskum forsendum. Hvað sem líður fjálglegum yfirlýsingum þessara annars ágætu þm. í mörgum tilfellum, þá er hér verið að fara aftan að fólki í landinu með skattheimtu sem er notað til annars en látið er í veðri vaka. Síðan geta þessir hv. þm. komið hér upp og lýst fjálglega yfir því, að þeir fylgi heils hugar öllum tillögum til jöfnunar á orkuverði, þrátt fyrir þær staðreyndir sem við blasa, að þeir hafa svikið þau gefnu fyrirheit og loforð um að láta þá peninga, sem aflað er með skattheimtu til jöfnunar á orkuverði, renna til þess þáttar. Þessir ágætu menn ættu að lesa stjórnarsáttmálann oftar en þeir gera því að þeir virðast ekki vita hvað í honum stendur. Þar eru gefin fullkomin fyrirheit af hálfu hæstv. ríkisstj., sem þessir báðir þm. styðja, um að jafna orkuverð í landinu og þá fyrst og fremst orkuverð til húshitunar.

Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði að mönnum blöskraði þessi mismunum, menn þyrftu að borga 6—8 sinnum hærra verð t. d. í Ólafsvík fyrir kyndingu á íbúðarhúsnæði heldur en hér á Reykjavíkursvæðinu. Þessum ágæta þm. blöskrar nú ekki meira en svo að hann greiðir atkvæði með því að stela 160 millj. af því fé sem átti að fara til þessa. Manni blöskrar, nánast klígjar við því að heyra þessa þm. tala með þeim hætti sem þeir gera hér, þrátt fyrir að hægt sé að benda á þá staðreynd, að þeir breyta þveröfugt við það. Þegar á reynir og þeir standa frammi fyrir því að geta fullnægt réttlætinu a. m. k. að einhverju leyti, þá gera þeir það svona.

Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði að þetta frv. væri bæði vitlaust og vonlaust. Það eina, sem hann rökstuddi þessar fullyrðingar sínar með, var að gamla fólkið, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþegar, væri skilið eftir. Það hefur margoft verið tekið fram við umr. um þessi mál hér í þinginu af hálfu þm. Alþfl., að þetta frv. væri ekki nema hluti af lausninni, sú lausn, sem þyrfti að fylgja að því er varðaði elli- og örorkulífeyrisþega og aldraða, þyrfti að koma í gegnum tryggingakerfið t. d. Það mætti kannske skamma Alþfl.-þm. fyrir að hafa ekki jafnframt flutt slíkt frv. (**Gripið fram í:** Viltu ekki byrja á því, hv. þm.?) Það þyrfti helst að taka það jafnhliða. (**Forseti:** Ekki samtal á fundinum.) En þá ætti þessi hv. þm. að manna sig upp í það sem meirihlutaaðili hér á hv. Alþingi að koma slíkri breytingu á, hafi hann dug í sér til þess og meini hann eitthvað með þessu tali. Það mun sannarlega ekki standa á þm. Alþfl. að stuðla að lausn á þeim þætti. Raunar hefur verið flutt hér í þinginu, eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon benti á af hálfu Alþfl. frv. sem gerir ráð fyrir að leysa þetta með öðrum hætti. En hv. þm. Alexander Stefánsson lýsti ekki heldur fylgi við það frv. þrátt fyrir fjálglegar yfirlýsingar um heils hugar stuðning við allar tillögur til jöfnunar. Þá benti hv. þm. Alexander Stefánsson á það, að nú væri nefnd að ljúka störfum sem skipuð hefði verið til þess að gera till. um þessi mál. Það hefði verið ástæða til þess að spyrja hæstv. forsrh. — kannske hæstv. menntmrh. eða hæstv. félmrh. viti það? — hvenær þessari nefnd er ætlað að ljúka störfum eða hvort hún er komin á lokastig með sína vinnu. Ég beini þeirri spurningu til beggja þessara ráðh., hvort þeir geti upplýst þingheim um það, hvenær nefndin muni ljúka störfum og hvort að því sé að koma á allra næstu dögum.

Þá taldi hv. þm. Alexander Stefánsson furðulega þá yfirlýsingu mína þegar ég hefði sagt hér að samþykkt þessa frv. væri lykillinn að lausn vinnudeilna á Vestfjörðum. Það sagði ég að vísu aldrei, en það hefði getað átt fullkomlega við að samþykkt frv. gæti verið lykillinn að lausn þeirrar vinnudeilu sem nú stendur yfir — og ekki bara fyrir vestfirskt verkafólk, margt af launafólki og verkafólki í kjördæmi hv. þm. Alexanders Stefánssonar á við sömu vandamál að stríða, svo að lausn í þessa átt væri ekki bara fyrir Vestfirðinga, hún væri fyrir stóran hóp fólks víðs vegar um landið. En kannske má ekkert gera í málinu af því að krafan er uppi á Vestfjörðum, það sé þar sem hnífurinn stendur í kúnni, að ekki megi taka tillit til þessara óska.

En það er rétt sem hér hefur verið sagt af fleiri en einum hv. ræðumanni, að hér hefur forustusveit verkalýðshreyfingarinnar brugðist. Og af hverju skyldi það vera? Það er fyrst og fremst vegna þess að sú forusta, sem ráðið hefur og ræður enn, er búsett á því svæði sem við erum nú á og þarf ekki að búa við þessi orkukjör á orkuverði. En nú hefur það sýnt sig, að til er í landinu forusta innan verkalýðshreyfingar sem setur slíka réttlætiskröfu á oddinn. Það er gert af hálfu Alþýðusambands Vestfjarða. Og hver eru þá svör stjórnvalda, ráðandi manna eins og hv. þm. Alexanders Stefánssonar? *Slík krafa er virt að vettugi.* Hæstv. *ríkisstj.* í umboði þessa hv. þm. hefur virt að vettugi kröfu til jöfnunar í þessa átt, hvað sem líður fjálglegum yfirlýsingum hv. þm. En eitt er víst, að ef þessir hv. þm. og stjórnarliðar hér á Alþingi almennt, meiri hl. Alþingis, ætlar áfram að virða þessa réttlætiskröfu að vettugi, þá eru þeir fyrir fram — og kannske enginn skaði skeður — þá eru þeir pólitískt að drepa sjálfa sig. (Gripið fram í.) Rétt er það, það er því betra. Ég átti bara eftir að bæta því við, en menn hafa skilið það hér. (Gripið fram í.) Menn hafa skilið það og hugsað hvað átt er við.

Það er alveg klárt mál, að þessi krafa um jöfnun, ekki síst á þessu sviði, rís svo hátt nú að ekki verður undan því vikist að taka tillit til hennar. Það duga ekki lengur fjálglegar, ómerkilegar yfirlýsingar, eins og þeirra hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað, meðan staðreyndirnar og verk þeirra sýna allt annað í reynd. Það var upplýst hér í umr. áðan af hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, að til þess að ná réttlæti í þessu máli, taka tillit til meiri kostnaðar við kyndingu úti á landi, að viðbættum sköttum sem fólk þarf að borga af umframtekjum vegna þessa mikla kostnaðar, þyrfti verðbótavísitalan að vera 16—17% hærri úti á landi. Ég skil ekki þm. þeirra kjördæma sem búa við svo hrikalegan ójöfnuð, að þeir skuli leyfa sér að standa hér upp á hv. Alþingi með slíku tali sem þeir hafa *tamið sér í þessum umr. Er þá fyrst og fremst átt við þm.* Framsfl., því að enn hefur enginn af hv. þm. Alþb. lagt í það að rísa hér upp og tala í þessu máli, þó að þar séu í sveit fyrst og fremst þeir sem að eigin mati eru forsvarsmenn þeirra sem minnst mega sín í landinu. En að þessir þm. skuli leyfa sér að tala með þeim hætti sem þeir hafa gert, þrátt fyrir það, sem á undan er gengið, og þær staðreyndir, sem í málinu eru, það er raunar furðulegt. Það má sjálfsagt búast við því, eigi þessi afstaða að ráða áfram, að fólk verði látið fara að borga hærra afnotagjald af útvarpi og sjónvarpi t. d. úti á landi heldur en hérna í Reykjavík. Það væri í anda þeirrar stefnu sem þessir þm. Framsfl. hafa í reynd, hvað sem þeir segja.

Allt tal þeirra manna, sem eru berir að því að breyta þveröfugt við það sem þeir hafa sagt, er hjóm eitt og að engu hafandi, ekkert mark á því takandi. Það er vissulega von til þess, að almenningur í landinu hafi það sem víti til varnaðar við næstu kosningar, þegar að því kemur, að það eru þessir menn fyrst og fremst sem hafa svikið í þessu mesta réttlætismáli þess fólks sem verst er sett.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 44. fundur.

Fimmtudaginn 28. jan., kl. 8 síðdegis.

Skýrsla ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál og umr. um hana (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Útvarpsumræðan skiptist í tvær umferðir. Í fyrri umferð gerir forsrh. grein fyrir skýrslunni, síðan fá fulltrúar þingflokka 15—20 mínútur hver. Í síðari umferð hafa stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. 5—10 mínútur til umráða og fulltrúar þingflokka 10—15 mínútur. Röð flokkanna verður þessi í fyrri umferð: Forsrh., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Í síðari umferð: Stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl.

Af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. í Sjálfstfl. tala Friðjón Þórðarson dómsmrh. og Pálmi Jónsson landbrh. í síðari umferð. Af hálfu Sjálfstfl. talar Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv., í fyrri umferð og Ólafur G. Einarsson, 3. þm. Reykn., í síðari umferð. Ræðumaður Alþb. í fyrri umferð er Ragnar Arnalds fjmrh., en Svavar Gestsson félmrh. í síðari umferð. Ræðumaður Alþfl. í fyrri umferð er Kjartan Jóhannsson, 2. þm. Reykn., og Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., í síðari umferð. Ræðumaður Framsfl. í fyrri umferð er Steingrímur Hermannsson sjútvrh., en Tómas Árnason viðskrh. í síðari umferð.

Hefst nú umr. og tekur hæstv. forsrh. fyrst til máls.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Fyrir hönd *ríkisstj. legg ég fram skýrslu um aðgerðir í efna*hagsmálum og hefur ríkisstj. óskað útvarpsumræðna um málið.

Áður en ég flyt skýrsluna vil ég taka þetta fram:

Fyrir rúmu ári, *á gamlársdag 1980, birti ríkisstj.* efnahagsáætlun sína. Mál stóðu þannig að verðbólgan hafði árið áður, 1979, verið 60.6% og reyndist 59% árið 1980. Spá eða framreikningur Þjóðhagsstofnunar var á þá leið, að án aðgerða mundi verðbólgan 1981 verða um 72%. Eftir efnahagsaðgerðir var álit sömu stofnunar að verðbólgan yrði um 50%.

Ríkisstj. setti sér það mark að ná verðbólgunni niður í um 40% á arinu 1981 frá upphafi til loka ársins. Það tókst.

Varðandi árið í ár var talið að án efnahagsaðgerða yrði verðbólgan um 55%, en það er sambærileg tala við 72% ári fyrr. Nú hefur það markmið verið ákveðið, að verðbólga á árinu í ár verði ekki yfir 35% og hraði hennar

verði kominn niður í um 30% á síðari hluta ársins.

Ég hef nú flutning á skýrslu ríkisstj.

Breyttar þjóðhagshorfur.

Horfur um ytri skilyrði þjóðarbúsins og aflaverðmæti hafa breyst til hins verra frá því er þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 var lögð fram á Alþingi í október 1981.

Útlit er fyrir að áfram haldi erfiðleikar í efnahagslífi viðskiptalanda okkar. Þetta ástand heldur niðri verði og dregur úr sölu á ýmsum framleiðsluvörum Íslendinga. Þegar hefur gætt sölutregðu á áli og kísiljárni, og blikur eru á lofti um verðlag á einum mikilvægasta markaði Íslendinga, Bandaríkjamarkaði. Þá hefur og orðið brestur í einum mikilvægasta fiskstofni landsmanna, loðnustofninum. Á síðastliðnu hausti var því spáð, að unnt yrði að veiða í ár svipað magn og veitt var á síðasta ári. Útflutningsverðmæti loðnuafurða var í fyrra um 420 millj. kr., eða tæp 8% af verðmæti útfluttra sjávarafurða. Árið áður var þetta hlutfall um 13%. Nú er talið að ekki verði unnt að veiða nema hluta þess magns sem gert var ráð fyrir.

Í október s. l. var talið að útflutningur á árinu 1982 mundi vaxa um 3—4%. Nú eru hins vegar líkur á að útflutningstekjur Íslendinga vaxi ekki í ár. Þjóðartekjur landsmanna og þjóðarframleiðsla munu því standa í stað eða jafnvel dragast saman á þessu ári, en það hefur ekki gerst síðan árið 1975.

Vegna þessarar versnandi stöðu í þjóðarbúskapnum og til þess að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla ber til þess brýna nauðsyn, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum.

Markmið í efnahagsmálum.

Höfuðmarkmið ríkisstj. í efnahagsmálum verða hin sömu og sett voru fram í efnahagsáætlun frá 31. desember 1980. Þessi markmið eru:

Öflugt atvinnulíf og næg atvinna fyrir alla landsmenn.

Hjöðnun verðbólgu.

Trygging kaupmáttar.

Á liðnu ári tókst að ná þessum markmiðum.

Langvarandi samdráttur í efnahagslífi víða um heim gerir Íslendingum erfiðara að halda uppi nægri atvinnu. Þetta tókst þó á nýliðnu ári og ríkisstj. mun áfram hafa það að leiðarljósi við mörkun efnahagsstefnunnar, að tryggð verði næg atvinna fyrir alla landsmenn. Ríkisstj. mun miða aðrar aðgerðir sínar í efnahagsmálum við það að þessu höfuðmarkmiði verði náð.

Vegna ytri aðstæðna verður torsóttara í ár en í fyrra að ná stórum áfanga í hjöðnun verðbólgu. Á síðasta ári lækkaði verðbólgan eins og að var stefnt úr um 60%, sem hún hafði verið í undanfarin tvö ár, niður í um 40%. Ríkisstj. hefur nú að nýju sett sér markmið í efnahagsmálum sem hún telur raunhæf við núverandi aðstæður í þjóðarbúinu. Stefnt verður að því, að verðbólgan frá upphafi til loka ársins 1982 verði ekki meiri en um 35% og að hraði verðbólgunnar verði kominn niður í um 30% á síðari hluta ársins.

Á liðnu ári tókst með hjaðnandi verðbólgu að verja kaupmátt ráðstöfunartekna almennings, en án sérstakra aðgerða í upphafi ársins hefði kaupmátturinn rýrnað. Ríkisstj. mun einnig á þessu ári leggja áherslu á að verja kaupmátt eins og kostur er.

Nýtt viðmiðunarkerfi.

Ríkisstj. mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.

Þá mun ríkisstj. hefja viðræður við aðila að verðmyndunarkerfi sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála, breytingar sem stuðlað gætu að hjöðnun verðbólgu en tryggt um leið afkomu í þessum greinum.

Atvinnumál.

Það er forsenda frekari árangurs í efnahagsmálum og grundvöllur vaxandi þjóðartekna að atvinnuvegirnir búi við traustan grundvöll. Ríkisstj. mun kappkosta að bæta og jafna starfsskilyrði atvinnuveganna og um leið stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í atvinnutækjum en verið hefur.

Í þessu skyni hefur verið ákveðið að lækka launaskatt í iðnaði og fiskvinnslu úr 3.5% í 2.5% og stimpilgjald af afurðalánum úr 1% í 0.3%. Jafnframt verður heimild til álagningar aðstöðugjalds samræmd.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir aðgerðum til styrktar einstökum iðngreinum sem eiga í vök að verjast vegna innflutnings á vörum sem eru seldar á óeðlilega lágu verði vegna opinberra styrktaraðgerða í framleiðslulandinu.

Á næstu mánuðum verður gerð sérstök úttekt á iðnaði og fiskvinnslu með hagræðingu, aukna framleiðni og betri nýtingu fjármuna fyrir augum. Sérstaklega verður endurskoðuð tollheimta af tækjum til atvinnurekstrar til þess að bæta möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum.

Með tilliti til þess, að ekki verður hjá því komist að loðnuflotinn fái í auknum mæli heimild til þorskveiða, verða settar strangari reglur til að koma í veg fyrir frekari stækkun fiskveiðiflotans, án þess þó að stöðva nauðsynlega endurnýjun. Í þessu sambandi verður Úreldingarsjóður fiskiskipa efldur.

Peningamál.

Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna að tryggja að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma sem efnahagsstefna og markmið ríkisstj. myndar.

Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns. M. a. verði sveigjanlegri bindiskyldu beitt í þessu skyni. Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ítrasta aðhalds í útlánum, þannig að þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna. Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir nýrri lagasetningu um meðferð hagnaðar Seðlabanka Íslands.

Erlendar lántökur.

Ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr erlendum lántökum. Í því skyni verður leitað samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun framkvæmda.

Stefnt verður að því að auka innlendan sparnað til þess að draga úr þörf á erlendum lánum. Ýmsir möguleikar verða kannaðir í þessu sambandi, þ. á m. að nota skattalög í auknum mæli til þess að örva sparnað.

Verðlagsmál.

Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkvæmt frumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða. Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins.

Sveitarstjórnir fái heimild til þess að breyta gjaldskrám fyrirtækja sinna sem nemur hækkun byggingarvísitölu, án sérstaks leyfis frá ríkisvaldinu.

Dregið úr hækkun verðlags.

Ríkisstj. mun á næstu mánuðum draga úr hækkun framfærslukostnaðar með lækkun tolla og auknum niðurgreiðslum á búvöru. Þessar aðgerðir eiga að draga úr ársfjórðungshækkunum verðlags á fyrri hluta ársins um 6%

Kostnaður við þetta, ásamt lækkun launaskatts og stimipilgjalda, mun verða nálægt 400 millj. kr. Fjár til þess verður aflað með eftirfarandi hætti:

Sparnaður í ríkisrekstri.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir niðurskurði á ríkisútgjöldum og fyrir sparnaði í rekstri ríkisins og stofnana þess. Dregið verður úr útgjöldum ríkisins um 120 millj. kr. í ár.

Önnur fjáröflun.

Það fé, sem ætlað var í fjárlögum til niðurgreiðslna og til þess að mæta óvissum útgöldum í launa- og kjaramálum, verður notað í þessu skyni.

Lagður verði skattur á banka og sparisjóði.

Lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald við tollmeðferð vöru, samkvæmt nánari reglum sem kynntar verða á næstunni. Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verður tekinn upp í áföngum frá næstu áramótum að telja, en því fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmari innkaupum og almennri hagræðingu í innflutningsverslun. Jafnframt verða gerðar ráðstafanir til þess, að þessi breyting komi ekki niður á íslenskum iðnaði.

Lán til húsbyggjenda.

Ríkisstj. mun taka til sérstakrar athugunar vanda þeirra sem í fyrsta sinn kaupa eða byggja eigið íbúðarhúsnæði. Lán Húsnæðisstofnunar til húsbyggjenda, sem byggja í fyrsta sinn, verða hækkuð og teknar verða upp viðræður við banka og sparisjóði um lengingu lána húsbyggjenda og íbúðakaupenda með skuldbreytingu svipaðri þeirri sem framkvæmd var á síðasta ári.

Herra forseti. Nú er lokið flutningi skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum. Hún hefur verið prentuð og útbýtt á þessum fundi í sameinuðu Alþingi.

Nokkrum orðum vil ég auka við.

Víxlhækkanir verðlags á vörum, innlendum og útlendum, launa, vaxta og margra annarra þátta, þessar víxlhækkanir eru einn helsti orsakavaldur verðbólgu á Íslandi. Þessi víxlgangur, sem stundum er kallaður vítahringur, er hinum sömu eiginleikum búinn sem aðrir hringir og hringar, að menn verða seint sáttir á það hvar hringurinn byrjar og hvar hann endar. En hvað sem því líður, þá er það ljóst að þessi snúningsvél, sem íslenskt efnahagslíf notar nú í öllum sínum greinum, þarf viðgerðar við. Helst þarf að skipta um tæki.

En allt er þetta mál viðkvæmt og vandasamt og þarf að fara með allri aðgát að lausn þess. Ég tel það einn af mikilvægustu þáttum þessara efnahagsaðgerða, að stofnað skal nú þegar til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir.

Hér er ekki um slíkt grundvallaratriði að ræða í efnahagsmálum að allir verða að leggja sig fram með jákvæðu hugarfari til þess að farsæl lausn finnist.

Ég þakka hlustendum góða áheyrn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Rétt í þessu lauk hæstv. forsrh. lýsingu á efnahagsaðgerðum ríkisstj. sem gárungarnir uppnefna „þorrabakkann". Eins og hlustendur heyrðu af upplestrinum er langstærsti skammturinn í formi loftkenndra yfirlýsinga um að „stefnt skuli að", „hafnar verði viðræður", „stuðlað verði að", „tekið skuli til sérstakrar athugunar" og fleira í þeim dúr. Þegar þessum loftkökum er ýtt til hliðar er innihaldið vægast sagt rýrt, en það má flokka í þrennt.

Í fyrsta lagi eru sumir skattar og tollar lækkaðir, en aðrir tollar og skattar hækkaðir um mun hærri upphæðir.

Í öðru lagi eru útgjöld ríkisins skorin niður um lítið brot eða 1/8 af því sem skattar hafa hækkað á síðustu þremur árum, þ. e. á valdatíma Alþb. og Framsfl.

Og í þriðja lagi er niðurskurðarfénu og skattahækkununum varið til stórfelldra niðurgreiðslna á framfærsluvísitölu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir launahækkanir sem annars hefðu orðið.

Ásmundur Stefánsson forseti ASÍ kallar þetta drullukökugerð. Annað aðalmálgagn ríkisstj., Tíminn, nefnir þetta bráðabirgðalausn. En sannleikurinn er sá, að með þessum svokölluðu efnahagsaðgerðum hefur ríkisstj. gefist upp í baráttunni við verðbólguna. Í stað þess að telja hana niður eru 400 millj. kr. notaðar til að greiða niður vissar vörutegundir sem vega þungt í löngu úreltum vísitölugrundvelli. Niðurgreiðslur hafa að undanförnu verið notaðar til að lækka laun um 5%, en lækka þau nú um 11%.

Haustið 1979 eða nánar tiltekið hinn 28. nóv. birtist í Morgunblaðinu ágæt grein um niðurgreiðslur. Í henni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Bændur sjálfir og samtök þeirra hafa látið í ljós að

niðurgreiðslur megi helst ekki verða meiri en mismunur á framleiðsluverði og söluverði. Þessar miklu niðurgreiðslur skekkja verðlag og draga úr hvöt til að ráðast í nýjar búgreinar. Þær bjóða heim hættu á misnotkun og spillingu. Þær leiða til þess, að þeir ríku fá meira í sinn hlut úr ríkissjóði en þeir snauðu. Þegar dregið verður úr niðurgreiðslum á að bæta láglaunafólki það upp með tekjutryggingu, fjölskyldubótum og afnámi á tekjuskatti þannig að kaupmáttur þessa fóks minnki ekki."

Í þessari grein er fjallað með vitrænum hætti um þá gífurlegu galla, sem fylgja niðurgreiðslum, og bent á aðrar betri leiðir. Eftir að hafa hlýtt á boðskap hæstv. forsrh. hér áðan um stórfelldar niðurgreiðslur verður það eflaust erfitt fyrir marga að trúa því, að hann er sjálfur höfundur þeirra orða sem ég vitnaði til rétt í þessu. Ég vona — og er reyndar sannfærður um að forsrh. sé sömu skoðunar og hann var fyrir tveimur árum, þótt það hafi orðið hlutverk hans hér í kvöld að lesa þá moðsuðu sem greinilega er samin af framsóknarmönnum og kommúnistum, en þeir eru hvort tveggja í senn úrræðalausir og innbyrðis sundurþykkir í skoðunum. Því verður a. m. k. ekki trúað, að forsrh. vilji ýta undir misnotkun og spillingu, svo vitnað sé til hans eigin orða.

Ástæðan fyrir því, að ríkisstj. fer þá leið að greiða niður landbúnaðarvörur í stað þess að lækka vöruverð með söluskattslækkun er einfaldlega sú, að lækkun á söluskatti er samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar fjórfalt dýrari aðferð fyrir ríkissjóð en niðurgreiðslurnar. Vægi landbúnaðarafurða er svo rangt metið í vísitölugrunninum að hægt er með reikningskúnstum að láta verðbólguna hjaðna með því að greiða niður vöruteg undir sem jafnvel fyrirfinnast ekki í verslunum. Hin raunverulega verðbólga heldur hins vegar áfram að vera til, því að aðrar vörur hækka og þær, sem ekki eru í vísitölunni, miklu meira en hinar. Þetta þekkja allir sem annast innkaup fyrir heimilin og þurfa að láta tekjur sínar duga fyrir auknum útgjöldum. Lækkun söluskatts er raunveruleg verðlækkun, en niðurgreiðslur eru pappírslausn sem notuð er til að lækka laun þegar laun eru vísitölutengd við verðlag í landinu.

Hæstv. forsrh. las það úr skýrslu ríkisstj. áðan, að efnahagsmarkmið ríkisstj. væru þau sömu og í efnahagsáætluninni frá gamlársdegi 1980, eða öflugt atvinnulíf, hjöðnun verðbólgu og trygging kaupmáttar, og bætti svo við að tekist hefði að ná þessum markmiðum. Höfundur skýrslunnar hlýtur annaðhvort að vera gersneyddur dómgreind eða gæddur einstöku skopskyni, þegar á það er litið að atvinnufyrirtæki landsmanna hafa verið rekin með bullandi tapi, verðbólgan stefnir í yfir 50 stig og kaupmáttur launa hefur rýrnað, eins og launþegar finna best þegar þeir versla í búðum eða greiða af bankalánum.

Það vekur sérstaka athygli, þegar sagt er að markmiðin nú séu þau sömu og með efnahagsaðgerðunum sem efnt var til í byrjun síðasta árs, að nú er ekki minnst á þær leiðir sem þá voru farnar. Nú er ekki talað um fast gengi eins og gert var í fyrra. Þvert á móti gefa ráðherrar loforð um gengisfall, gengissig eða gengisaðlögun. Í fyrra átti að halda verðlagi niðri með hertri verðstöðvun. Núna er það viðurkennt, að slík ákvörðun var gagnslaus, og lagt til að teknir verði upp nýir starfshættir sem vonandi eru í átt til frjálsari verðlagningar. Í fyrra voru sett sérstök niðurtalningarmörk. Núna er öllum slíkum ákvörðunum frestað til sumars. Í fyrra var verðbótavísitalan skert með lögum undir kjörorðinu: slétt skipti. Núna er framfærsluvísitalan borguð niður með fjármunum skattborgaranna. Auknar niðurgreiðslur hafa komið í stað niðurtalningar.

Af hverju skyldi ríkisstj. ekki efna til svipaðra aðgerða og fyrir ári, ef það er rétt sem hún heldur fram, að þær hafi gefið góða raun? Svarið er auðvitað það, að árangurinn varð ekki meiri en svo, að nú ári seinna er verðbólgan sú sama og hún var þegar stjórnin komst til valda. Ríkisstj. þorir ekki að taka á vandanum því að stjórnarflokkarnir óttast sveitarstjórnarkosningarnar sem fram undan eru. Öllu er slegið á frest vegna þess að kommúnistar, sem hafa hvorki meira né minna en 10 sinnum staðið að vísitöluskerðingu á undanförnum árum, samtals 26.4%, þora ekki að efna til kaupráns rétt fyrir kosningar af ótta við að vekja upp gömlu slagorðin: „Kjósum gegn kaupránsflokkunum" og „Kosningar eru kjarabarátta". Og Framsfl., sem lofaði niðurtalningu, lætur kommana kúga sig til frestunar og fær í staðinn loðnar yfirlýsingar um þokukennd markmið á síðari hluta ársins.

Það er fróðlegt að rifja upp við þetta tækifæri viðtal, sem Tómas Árnason átti annars vegar við Tímann og hins vegar við Dagblaðið og Vísi 10. des. s. l., þar sem hann lætur þá von í ljós, að niðurtalningin verði hafin á næstunni. Það skal tekið fram, að Steingrímur Hermannsson var þá eins og stundum áður erlendis, þannig að staðgengillinn vildi láta heyra í sér. Tómas Árnason segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Niðurtalningin felst í því öllu í senn, að lækka skatta og vexti, skerða verðbætur á laun, verðlag til bænda og fiskverð, gæta mikils aðhalds í verðlagsmálum, peninga- og fjármálum og skrá gengi krónunnar þannig að hægt sé að reka útflutningsatvinnuvegina. Nú virðast Alþb.-menn harðir á því, að þeir samþykki ekki skerðingu verðbóta á laun. Þeir hafa auðvitað sín sjónarmið. En ég vek á því athygli, að þeir tala um að hrófla ekki við forsendum kjarasamninganna. Þeir halda því opnum dyrum."

Tómas Árnason hafði varla sleppt orðinu þegar hinn ábúðarmikli formaður Alþb., Svavar Gestsson, tók Tómas Árnason á kné sér og sagði í viðtali við Þjóðviljann:

„Ég tel þetta viðtal við Tómas Árnason gefa alranga mynd af staðreyndum efnahagsmálanna. Það er mjög alvarlegt, að ritari Framsfl. skuli stíga fram á sviðið með þessum hætti, þar sem núv. ríkisstj. hefur jafnan reynt að leysa skoðanaágreining á vettvangi ríkisstj. sjálfrar en ekki með blaðaskrifum."

Og í kjölfarið kom Ólafur Ragnar Grímsson, eins og Ketill skrækur á eftir Skugga-Sveini, og vildi fá að sparka líka. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Tómas ætti frekar að snúa sér að því að koma í framkvæmd því sem hann hefur látið ógert af ráðstöfunum gegn verðbólgu. Samkv. efnahagsáætlun ríkisstj. um síðustu áramót átti viðskrn. að standa fyrir ýmsu. Meðal þess var endurskipulagning á innflutningsverslununni og innkaupum hins opinbera til að draga úr verðbólgu. Viðskrn. hefur brugðist í þessu," sagði Ólafur Ragnar Grímsson.

Þannig var Tómas Árnason kaffærður. Og skömmu seinna kemur Steingrímur Hermannsson til landsins og byrjar að tala, enda nær skrefatalningin ekki til hans, þótt Ólafur Ragnar Grímsson hafi haldið því blákalt

fram að blaðrið í Steingrími Hermannssyni væri mesta efnahagsböl þjóðarinnar.

Það er ljóst við lestur skýrslunnar um efnahagsmálin, að Alþb. hefur ráðið ferðinni. Framsfl. verður enn á ný að sætta sig við frestun niðurtalningar, en fær í staðinn stefnuyfirlýsingu um að verðbólgan verði ekki meiri en 35% á yfirstandandi ári og hraðinn verði kominn í 30% á síðari hluta ársins. Út á þessa yfirlýsingu, sem ekkert stendur á bak við, krossfestu framsóknarmenn það sem margir héldu að væri þeim heilagt, sjálfa niðurtalningarstefnuna.

Þegar þetta verðbólgumarkmið er skoðað verður að gera það með hliðsjón af fyrri markmiðum stjórnarinnar. Í stjórnarsáttmálanum stendur skýrum stöfum að verðbólgan í ár eigi að vera 10—12%. Í fjárlagafrv., sem afgreitt var á Alþingi fyrir einum mánuði, er byggt á því, að verðbólgan verði 25—27%. Og nú, einni viku eftir að fjárlög voru prentuð, setur ríkisstj. sér það mark að verbólgan verði 35% á yfirstandandi ári. Hver tekur mark á svona ríkisstj.? Hvaða hald er í þess háttar yfirlýsingu?

Ég bað hagfræðinga að athuga fyrir mig í dag til hvaða ráðstafana þyrfti að grípa til að verðbólguhraðinn yrði kominn í 30% á síðari hluta ársins, en það mark er tiltekið í skýrslunni. Til þess að ná þessum árangri verður ríkisstj. að skerða verðbætur launa um 8—10% síðari hluta árs eða öllu meira en gert var 1. mars á s. l. ári. Ríkisstj. hefur ekkert svigrúm til að greiða frekar niður vísitöluna nema ný skattheimta komi til. Þetta er aðalástæðan fyrir frestun, og þetta er í raun sá vandi sem ríkisstj. ætlar að ýta á undan sér fram yfir kosningar, fram yfir kjarasamninga. Sams konar verðbótaskerðing og varð fyrir ári er óumflýjanleg ef sömu stefnu verður fylgt áfram.

Eitt af því, sem vekur athygli við lestur efnahagsskýrslunnar, eru hinar furðulegu hugmyndir höfundanna um bankakerfið. Í skýrslunni segir að ríkisstj. muni beita sér fyrir lagasetningu um meðferð hagnaðar Seðlabanka Íslands, en þar telur Alþb. mikið gull geymt og grafið í jörðu. Þá er annars vegar lagt til að herða eigi bindiskyldu viðskiptabanka og takmarka útlán, en hins vegar sagt að leitað verði samkomulags við sömu banka um aukna þátttöku í fjármögnun framkvæmda. Finnst einhverjum samræmi í þessu?

Í lok skýrslunnar er ákveðið að taka upp viðræður við banka og sparisjóði um lengingu og hækkun lána til húsbyggjenda og íbúðarkaupenda, en annars staðar er sagt að leggja eigi sérstaka skatta, líklega 30 millj. kr., á sömu banka og sparisjóði. Haldið þið, hlustendur góðir, að bankakerfið greiði slíka skatta án þess að koma þeim kostnaði yfir á viðskiptavinina, atvinnufyrirtækin og launþegana, með hærri vöxtum eða dýrari þjónustu? Svona rekur sig hvað á annars horn.

Það er öllum ljóst, sem lesa þá skýrslu sem hér er til umr., að hún gefur ekki tilefni til mikillar umfjöllunar, svo innihaldsmögur sem hún er. Eftir lestur hennar er maður jafnnær um fjölmörg atriði.

Þar sem á eftir mér tala hvorki fleiri né færri en sex ráðherrar vil ég leyfa mér að beina eftirfarandi spurningum til þeirra, til að hlustendur fái skýringar í kvöld á ýmsu því sem ekki sést berlega í holtaþoku skýrslunnar.

Ég spyr Tómas Árnason fyrst: Á hvaða vörur kemur jöfnunartollur? Hve hátt hlutfall og hvað gefur hann í ríkissjóð?

Ég spyr Steingrím Hermannsson: Með hvaða ráðum ætlar ríkisstj. að stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í atvinnutækjum en verið hefur, eins og það er orðað?

Ég spyr Tómas Árnason: Hvernig og hvenær ætlar ríkisstj. að draga úr fjármagnskostnaði, eins og segir í skýrslunni, þegar þess er gætt, að lánskjör hækkuðu um 48% á meðan verðbólgan er opinberlega skráð 42% á síðasta ári?

Ég spyr Svavar Gestsson: Getur verið að heimildin til að hækka gjaldskrár hitaveitna og rafmagnsveitna umfram framfærsluvísitölu standi í sambandi við þá yfirlýsingu í skýrslunni að taka eigi orkukostnaðinn út úr verðbótavísitölu?

Ég spyr Ragnar Arnalds: Er það rétt, að ríkisstj. hafi ákveðið að lækka lítils háttar toll af heimilistækjum vegna þess, hve margir flýttu sér að kaupa slík tæki fyrir síðustu gengisfellingu?

Ég spyr Ragnar Arnalds: Hvað verður skorið niður af ríkisútgjöldum og hvers vegna varð niðurskurður aðeins 120 millj. en ekki 150 millj. eins og Framsfl. lagði til?

Og af því að Pálmi Jónsson og Friðjón Þórðarson hafa styttri tíma en hinir fá þeir bara þessa litlu spurningu: Er það satt, að sjálfstæðismenn í ríkisstj. hafi ekki lagt fram neina tillögu við gerð þessara bráðabirgðaráðstafana?

Góðir áheyrendur. Eins og hér hefur verið rakið er efnahagsskýrslan að langstærstum hluta þokukenndar stefnuyfirlýsingar sem enginn fær hönd á fest. Augljóst er að engin samstaða er í ríkisstj. um að draga úr verðbólgunni með haldbærum aðgerðum. Ótti Alþb. við sveitarstjórnarkosningarnar í maí og komandi kjarasamninga hefur leitt til þess, að ekki er tekist á við vandann heldur átökunum frestað með dýrkeyptum bráðabirgðaráðstöfunum. Framsfl. hefur lotið í lægra haldi í ríkisstj. og ekkert hefur frést um þátt sjálfstæðismanna við tillögugerðina. Eina úrræðið, sem stjórnin hefur orðið sammála um til að halda verðbólgunni í skefjum, er vísitölufals til að koma í veg fyrir of miklar kauphækkanir. Staða ríkisstj. er því orðin keimlík þeirri sem vinstri stórn Ólafs Jóhannessonar stóð í vorið 1979. Sú stjórn lét lífið haustið eftir í vonlausri baráttu við verðbólguna. Núv. ríkisstj. virðist hafa sætt sig við sams konar dauðdaga og sú vinstri stjórn. Þessi efnahagsskýrsla er þess vegna eins konar dánartilkynning, þótt dánarvottorð verði gefið út síðar og jarðarförinni frestað um stund. — Góðar stundir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Góður hlustendur. Við höfum hlýtt á Friðrik Sophusson, nýkjörinn varaformann Sjálfstfl., útskýra athugasemdir sínar við efnahagsáætlun ríkisstj. fyrir hönd þess hluta Sjálfstfl. sem ekki styður ríkisstj. Það var hins vegar furðulega fátt að finna í þessari ræðu um tillögur Sjálfstfl. í efnahagsmálum. Þeir segjast þó vilja draga úr verðbólgu og það er ekki nýtt í íslenskum stjórnmálum. Við skulum líta nánar á málflutning stjórnarandstæðinga undanfarna mánuði hvað verðbólguna varðar.

Þeim hefur orðið tíðrætt um lélega afkomu atvinnuvega, og engum hefur dulist að þeim finnast heldur dauflegar gengisbreytingarnar í tíð núv. ríkisstj. Það er alveg rétt, að þegar Geir Hallgrímsson var forsrh. voru gengisfellingar miklu myndarlegri og hressilegri. En skyldi verðbólgan verða minni með meiri gengisfellingum? Svari hver sem vill.

Stjórnarandstaðan hefur fjölyrt um það seinustu vik-

urnar, og að því ýjaði Friðrik Sophusson rétt áðan, að hækkanir á rafmagnsverði og töxtum hitaveitna væru allt of litlar. Þó hefur Hitaveita Reykjavíkur fengið 131% hækkun á sínum töxtum seinustu tvö árin og Rafmagnsveita Reykjavíkur 122% hækkun. Skyldi ekki verðbólgan minnka með meiri hækkunum á rafmagni og hita?

Varaformaður Sjálfstfl., Friðrik Sophusson, talaði áðan í umvöndunartón um auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarverði eins og það væri hálfgert myrkraverk að lækka framfærslukostnað heimilanna — úrræði sem flestar fyrri ríkisstjórnirnar hafa gripið til sem betur fer. Skyldi verðbólgan minnka ef niðurgreiðslur yrðu afnumdar?

Talsmenn Sjálfstfl. hafa talað um það í tíma og ótíma, að innflytjendur og söluaðilar yrðu að hafa algert frjálsræði um ákvörðun álagningar og töku umboðslauna. Skyldi verðbólgan minnka við þá ráðstöfun?

Þeir hafa mikið talað um nauðsyn þess að stórlækka skatta, án þess þó að þeir hafi bent á sama tíma á ákveðnar leiðir til að minnka útgjöld ríkisins. Þeir vilja sem sagt fá aftur það ástand þegar Seðlabankinn prentaði seðla fyrir Matthías Á. Mathiesen til að halda ríkissjóði gangandi. En skyldi verðbólgan minnka við það?

Morgunblaðið hefur verið sérstaklega hneykslað á því, að ríkisstj. skyldi auka innlendan sparnað með því að leita til lífeyrissjóða í vaxandi mæli til að draga úr erlendum lántökum. Í engu er tvöfeldni stjórnarandstöðunnar meiri en einmitt þegar kemur að þessari spurningu um erlendar lántökur. Þeir benda á að erlendar lántökur séu að verða nokkuð miklar, en á sama tíma boða þeir framkvæmdir í orku- og iðnaðarmálum sem yrðu þrisvar sinnum meiri og hraðari en nú eru fyrirhugaðar. Fé til þeirra framkvæmda yrði að sjálfsögðu allt fengið erlendis. Erlendar lántökur mundu því margfaldast.

Núv. ríkisstj. hefur takmarkað innstreymi erlends fjár eins og kostur er og t. d. hækkar lánsfjáráætlun þessa árs langtum minna en nemur verðbólguhækkun milli ára, m. a. til að ýta ekki undir verðbólgu. En hvað ætli yrði um verðbólguna ef stóriðjudraumar forustumanna Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins ættu eftir að rætast?

Sannleikurinn er sá, að það stendur ekki steinn fyrir steini þegar litið er á málflutning stjórnarandstöðunnar út frá kröfunni um minnkandi verðbólgu. Allt þeirra tal er samfelld krafa um meira olnbogarými þeirra aðila í íslensku þjóðfélagi sem einhvers mega sín, samfelld bæn um meiri verðbólgu.

Mikil kreppa gengur nú yfir flest nálæg ríki, bæði austanhafs og vestan. Danir og Svíar hafa ekki kynnst öðru eins í áratugi. Atvinnuleysið hefur sjaldan verið meira í Bandaríkjunum og aldrei meira í Bretlandi. Margir hér á landi yppta öxlum og segja: Þetta er ekki okkar mál. Við Islendingar erum blessunarlega lausir við þessa kreppu og verðum það áfram. En þetta er mikil glámskyggni. Íslenskt efnahagslíf er ekki eyland, einangrað frá efnahagslífi annarra landa. Útflutningsverð á afurðum okkar er nú með því lakasta sem verið hefur um langt skeið þegar miðað er við innflutningsverð. Það heitir á máli hagfræðinnar að viðskiptakjör séu í lágmarki. Áhrif kreppunnar í nálægum löndum flæða inn í landið á hverjum einasta degi og marka sín djúpu spor í efnahagslífið, sem m. a. lýsir sér í erfiðari afkomu atvinnuvega. Menn þurfa ekkert að velta því fyrir sér, hvort kreppa í nálægum löndum nái til Íslands. Hún er hér þegar, þótt í annarri mynd sé, og spurningin snýst um það eitt, hvort okkur tekst að bægja atvinnuleysinu, versta fylgifiski kreppunnar, frá dyrum okkar. Engin von er til þess, að unnt sé að vinna úrslitasigur í viðureign við verðbólgu við ríkjandi aðstæður og síst af öllu með skjótum hætti. Hins vegar getum við nálgast markið skref fyrir skref ef allir leggja nokkuð af mörkum, hver með sínum hætti.

Það var einmitt þetta sem tókst prýðilega á s. l. ári þegar verðbólguhraðinn lækkaði úr 60—70% og niður í 40—50%. Efnahagsaðgerðir liðins árs verða sígilt dæmi um vel heppnaða baráttu gegn verðbólgu sem skilaði árangri án atvinnuleysis og án rýrnandi lífskjara með samræmdu átaki margra aðila. Launafólk fórnaði nokkrum vísitölustigum og fékk þau vissulega endurgoldin með kaupmáttaraukningu, sem fylgir minnkandi verðbólgu, auk skattalækkana. Búvöruverð varð lægra. Fiskverð varð lægra. Atvinnuvegirnir fóru í langvarandi gengisbindindi. Við vorum sannarlega á réttri leið.

Seinustu mánuði hefur hins vegar slegið í bakseglin. Ytri aðstæður eru nú töluvert erfiðari en áður. Nýliðin átök um fiskverð hafa auk þess opinberað þjóðinni fremur en margt annað hvernig hraði verðbólgunnar spanast upp í alkunnum vítahring þegar verst gegnir. Flestum var ljóst að sjómenn áttu réttmæta kröfu um kjarabætur við s. l. áramót. Hins vegar voru engin rök til þess, að fiskverð til útgerðarmanna ætti að hækka í réttu hlutfalli við hlut sjómanna. Útgerðarkostnaður vex ekki í hlutfalli við launakjör í landi. Einnig var augljóst að sérstök aukahækkun fiskverðs til útgerðarmanna gæti ekki leitt til annars en meiri gengisfellingar í þágu frystihúsa, sem að sjálfsögðu táknar hærra vöruverð til almennings og þar með hærri verðbætur á laun, en síðan heldur snúningurinn áfram með nýrri hækkun fiskverðs. Vítahringur verðbólgunnar er alþekktur og gengisfellingar löngu orðnar það fíknilyf atvinnuveganna sem ekki er auðvelt að venja menn af.

Enginn heldur því fram, að aðgerðir ríkisstj., sem kynntar eru hér í kvöld, séu varanleg úrræði gegn verðbólgu. Í erfiðri styrjöld vinnst ekki sigur með einni sókn. Úrslitum ræður hvort menn hafa þolinmæði og þrautseigju til að skipuleggja nýjar aðgerðir, hvenær sem aðstæður krefjast, og gefist ekki upp þótt á móti blási. Það, sem gildir nú, er að snúast af fullu afli gegn bylgju vaxandi verðbólgu sem að okkur hefur sótt seinustu vikurnar. Sú leið er valin að þessu sinni að sneiða ofan af skafli verðbólgunnar með því að greiða niður vöruverð að jafngildi 6 vísitölustiga á fyrri hluta þessa árs, en það mun lækka verðbólgu á árinu öllu, þegar áhrif þessara aðgerða margfaldast saman, sem svarar til 10—15 prósentustiga.

Vissulega er þetta engin framtíðarlausn. Þetta eru einhliða aðgerðir ríkissjóðs sem duga til að andæfa meðan beðið er lags að hefja nýja stórsókn gegn verðbólgu með sameiginlegu átaki. En það er óneitanlega styrkleiki þessara aðgerða, að þær reyna ekki á þolinmæði verkalýðshreyfingar eða vinnuveitenda og skerða ekki gildandi kjarasamninga. Aðgerðir ríkisstj. til niðurfærslu verðlags eru m. a. þessar:

Í dag var lagt fram frv. um lækkun tolla á ýmsum tegundum nauðsynlegra heimilistækja, m. a. kæliskápum, frystikistum, þvottavélum, þurrkurum, uppþvottavélum, eldhúsviftum, hrærivélum, ryksugum og

brauðristum. Tollarnir lækka úr 80% í 40%. Um þetta atriði spurði hv. þm. Friðrik Sophusson rétt áðan og virtist ekki hafa tekið eftir þskj. sem liggur á borðum þm.

Um næstu helgi lækkar einnig verð á mikilvægustu landbúnaðarvörum allverulega, m. a. á kartöflum, kindakjöti, smjöri og mjólk. Búvöruverð til bænda hækkar að vísu aftur 1. mars samkv. ákvörðun Verðlagsráðs landbúnaðarins, en hækkun til neytenda verður þá minni en ella hefði verið því niðurgreiðslur verða enn auknar 1. mars og aftur 1. maí og 1. jún. Gert er ráð fyrir að kostnaður ríkissjóðs af þessum aðgerðum nemi um 350 millj. kr. Þetta fé er fengið með þrennum hætti. Rúmlega helmingur þess, um 190 millj. kr., er fenginn úr fjárlögum ársins, þ. e. af tekjum sem ekki er þegar ráðstafað til annars, um þriðjungur, eða 120 millj., er fenginn með sparnaði og auknu aðhaldi í ríkisrekstri, en 40 millj. kr. eru fengnar með sérstökum skatti á starfsemi banka og sparisjóða.

Að sjálfsögðu væru þessar aðgerðir óhugsandi með öllu ef ríkissjóður stæði ekki allvel um þessar mundir. Tvö undanfarin ár hefur ríkissjóður verið rekinn með nokkrum afgangi svo að skuldastaðan við Seðlabankann hefur gerbreyst til batnaðar og er nú svipuð og hún var í árslok 1977 í krónum talið, en síðan hefur verðlag raunar fimmfaldast. Í krafti þessarar gerbreyttu stöðu ríkissjóðs er unnt að beita fjármálum ríkisins af fullu afli í viðureigninni við verðbólguna án þess að hætta sé á hallarekstri. Samanlögð áhrif þessara aðgerða á nýbyrjuðu ári munu valda 10—15% lægri verðbólgu en ella hefði verið og er því ljóst að til mikils er að vinna fyrir alla aðila. Kaupmáttur launa verður meiri, staða atvinnuvega sterkari og allar fjárveitingar og framlög til verklegra framkvæmda nýtast mun betur en verið hefði án þessara aðgerða. Vissulega þarf að kosta því til að ríkið verður að taka á sig verulegan sparnað í útgjöldum, sem m. a. felst í 6% lækkun fjárveitinga til verklegra framkvæmda, en þrátt fyrir þessa almennu lækkun á framlögum verður framkvæmdagildi fjárveitinga talsvert miklu meira en yrði ef aukin verðbólga skæri allar fjárveitingar niður um 10—15%.

Stefnt er að því með margvíslegum hætti að draga úr rekstrarkostnaði ríkisstofnana. Öllum stofnunum verður gert að draga úr yfirvinnu samkv. ákveðnum reglum og takmarka utanferðir opinberra starfsmanna eins og kostur er. Verður þess krafist, að menn geri fullnægjandi grein fyrir löngum og tíðum ferðum til annarra landa á kostnað ríkisins, en eftirlit með slíkum útgjöldum hefur ekki verið nægilegt. Lækkun ríkisútgjalda mun skiptast til helminga á rekstrarframlög og verklegar framkvæmdir. Auk þessara ráðstafana til niðurfærslu verðlags verður nokkur tilfærsla á óbeinum sköttum, sem einkum er til hagræðis fyrir fiskiðnað og framleiðsluiðnað, með lækkun stimpilgjalda á afurðalánum og lækkun launaskatts um 1% hjá þessum atvinnugreinum, en tekna er aflað á móti með sérstöku tollafgreiðslugjaldi. Þessi tilfærsla er ekki veruleg, en léttir þó undir með þessum atvinnugreinum.

Afleitar ytri aðstæður, sem ég áðan nefndi, lágt verð á afurðum og aflabrestur á loðnuveiðum, verða þess valdandi að þjóðartekjur aukast ekki á þessu ári og dragast jafnvel saman. Við þvílíkar aðstæður er ekki aðeins á brattann að sækja í verðbólgumálum. Lítil von er til þess, meðan þannig er ástatt, að kaupmáttur launa fari vaxandi eða almenn neysla þjóðarinnar aukist. Meðan kreppan varir í þessum heimshluta er mikið fengið ef okkur tekst að halda í horfinu og andæfa án þess að atvinnuleysi skelli yfir eða lífskjör skerðist. En við getum margt gert til að undirbúa nýja sókn til bættra lífskjara. Gagnger endurskipulagning og hagræðing í íslensku atvinnulífi er og verður forsenda þess, að unnt sé að brjótast út úr vítahring verðbólgunnar.

Það er sorglegur misskilningur þegar menn ímynda sér að verðbólgan hyrfi úr sögunni ef hætt yrði að greiða verðbætur á laun. Verkalýðshreyfingin er áreiðanlega tilbúin að taka þátt í efnahagslegu uppgjöri þar sem saman færu minni verðhækkanir, minni hækkun fiskverðs og búvöruverðs, minni gengisfellingar, en verðbætur á laun yrðu að sama skapi lægri. Vafalaust er unnt með skipulögðu átaki að strika hækkunartilefnin út og stöðva hækkanir sem gengju þá hver upp á móti annarri. Með sameiginlegu uppgjöri margra hagsmunaaðila mætti þannig ná verulegum áfanga í átt að lægra verðbólgustigi. En vísitölubætur launþega einar sér eru ekkert aðalatriði málsins.

Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að um leið og verðbólga er hér meiri en í nokkru nálægu landi hefur það lengi verið séreinkenni á íslensku efnahagslífi að halda útflutningsatvinnuvegunum gangandi með endurteknum gengisfellingum. Þetta er gert til að halda fyrirtækjunum uppi og forðast atvinnuleysi. Öll setjum við atvinnuöryggi og stöðuga framleiðslu ofar öðru. En því verður ekki neitað, að þessi látlausi þrýstingur atvinnurekstrarins á gengi krónunnar, oft með býsna óábyrgum hætti, er ein helsta undirrót mikillar verðbólgu hér á landi. Með endurskipulagningu og stóraukinni hagræðingu verður að létta þessum þrýstingi af og gera atvinnurekstrinn ábyrgari eða m. ö. o., svo að ég noti þá líkingu sem ég hef þegar notað, að venja atvinnurekstrinn af deyfilyfi sífelldra gengisfellinga.

Takmörkun á afla og úthaldi fiskiskipa og vaxandi hömlur á innflutningi skipa kalla jafnframt á nýja fiskveiðistefnu. Svo að dæmi sé nefnt er augljóst að byggðarlög, sem eiga allt sitt undir útgerð og fiskvinnslu, geta aldrei sætt sig við það ástand að missa þau skip af staðnum, t. d. í annan landshluta, standi menn uppi aflalausir og atvinnulausir og megi ekki útvega sér annað skip. Breytt viðhorf í fiskveiðimálum knýja sem sagt á það, ef fiskveiðiflotinn á ekki að stækka ár frá ári, að löndun og dreifing aflans sé endurskipulögð og stóraukin samvinna verði tekin upp á þessu sviði undir forustu stjórnvalda.

Sama má raunar segja um fjöldamargt annað í íslensku atvinnulífi, m. a. um innkaup og innflutning á helstu nauðsynjavörum landsmanna. Óhagstæð innkaup á erlendum vörum og hlutfallslega dýrt og óhagkvæmt innflutningskerfi hafa vafalaust lagt sinn mikla skerf til verðbólgunnar hér á landi.

Herra forseti. Tími minn er á þrotum. Þessar umr. eru ætlaðar til að varpa ljósi á efnahagsaðgerðir ríkisstj. Margir munu nefna þessar ákvarðanir skammtímaaðgerðir. Það er hárrétt, þær eru það. Þegar skipstjórinn snýr stýrinu nokkrar gráður á stjórnborða til að forðast grynningar er það sannkölluð skammtímaaðgerð og þó er hún jafnnauðsynleg þar fyrir. En vafalaust þarf skipstjórinn að snúa stýrinu aftur að nokkrum tíma liðnum. Það er eðli allrar stjórnar. Hitt látum við í léttu rúmi liggja, þótt Friðrik Sophusson, sem talaði hér áðan, stýrimaður á gömlum kútter sem alvarlegur leki hefur

komist að vegna innbyrðis illdeilna skipverja, standi fyrir nokkrum hrópum og skjóti fram haldlitlum fullyrðingum. Fleyta hans hefur oft steytt á skeri einmitt af því að ekki var tekið í stýrið þegar það átti við. En okkar skip er á réttri leið og það er fyrir mestu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Góðir tilheyrendur. Tjaldið er fallið. Glansmynd ríkisstj. er nú í molum, en blekkingarleiknum á að halda áfram. Hér er engin raunhæf lausn til umræðu eða til sýnis, engin varanleg aðgerð.

Við könnumst við plögg af því tagi sem ríkisstj. kynnir nú. Hún lagði fram sams konar plagg í fyrra. Þá var plaggið í 32 tölusettum liðum. Nú eru þeir 22, en ótölusettir. Í fyrra bar plaggið nafngiftina „efnahagsáætlun". Núnar er það nefnt „skýrsla". Sumt í þessari skýrslu er meira að segja orðrétt upp úr gamla plagginu, en annað með breyttu orðalagi. Það stendur ekki steinn fyrir steini í óskalistanum frá því í fyrra og eins mun verða um þetta plagg. Það verður því ekki dæmt á grundvelli orðagjálfursins. Besti mælikvarðinn er verk ríkisstj. sjálfrar, og verkin á liðnu ári eru vitaskuld gleggsti dómurinn.

Ríkisstj. hefur ekkert gert. Viðnámsaðgerðirnar frá því í fyrra runnu út í sandinn og verðbólgan veður áfram. Það plagg, sem hér er birt, er ekki til þess að bjarga þjóðinni, það er til þess að bjarga ríkisstj. Ríkisstj. er meira annt um sjálfa sig en um þjóðina. Á annan mánuð hefur landið verið stjórnlaust meðan ríkisstjórnarflokkarnir, Framsókn og Alþb., hafa þráttað um orðalag, aðgerðir og reyndar aðgerðaleysi. Á sama tíma gekk fjöldi fólks atvinnulaus fyrir tilstilli ríkisstj. og stefnuleysis hennar. Enn liggur mestur hluti stóru togaranna bundinn við bryggjur og enn búa fjölmargar fjölskyldur við atvinnuleysi af þessum sökum. Um það hirðir ríkisstj. ekki. Hún er upptekin við að bjarga sjálfri sér, en ekki af því að stjórna landinu.

Auk upptalningar á ýmsu, sem stefnt skuli að eða athugað, rétt eins og í plagginu frá því í fyrra og þá var ekkert með það gert, er innihaldið í boðskapnum þetta:

1. Niðurgreiðslur á landbúnaðarafurðir skulu stórauknar og eitthvað krafsað í tollamálum.

2. Fundnir eru upp nokkrir viðbótarskattar, þar á meðal tollafgreiðslugjald, til að mæta þessum útgjöldum og svo er stefnt að því að skera niður opinberar framkvæmdir og ótiltekin önnur ríkisútgjöld til að brúa bilið.

Með þessu móti er ætlunin að ná niður mælingunni á framfærsluvísitölu og þar með að lækka kaup um 6%. Þennan niðurgreiðsluleik þekkjum við. Kartöflur, smjör og kjöt munu lækka 1. febr., en hækka aftur mánuði síðar. Þessar vörur munu lækka á ný hinn 1. maí, en hækka svo aftur hinn 1. júní. Lækkunin gildir þannig einungis rétt á meðan framfærsluvísitalan er mæld svo að kaupið hækki ekki. Þetta er blekking og þar að auki helber sviksemi. Gallinn er líka sá, að við borðum ekki eins mikið af kartöflum og keti og vísitalan sýnir. Þess vegna felst í þessum aðgerðum 4% hrein kjaraskerðing — kjaraskerðing sem hvergi mun koma fram í opinberum mælingum og þá ekki heldur í þeim tölum sem birtar verða um kaupmátt og ríkisstj. ætlar væntanlega að státa sig af. Við hin sjáum hins vegar verðhækkanirnar í kringum okkur og hvernig kaupið endist sífellt verr. Þegar svona er staðið að verki er buddan réttlátasti mælikvarðinn, en ekki falstölur ríkisstj. um kaupmátt á grundvelli vitlausrar verðbólgu.

Þessi niðurgreiðsluleið er vitaskuld skrípaleikur. Kauphækkunin, sem launþegar fengu nýlega, er nú tekin til baka og vel það. Nákvæmlega það sama gerðist í fyrra. Í bæði skiptin hrósuðu ráðherrar Alþb. sjálfum sér upp í hástert af því, hve góðir samningarnir hefði verið og hófsamir sem þeir hefðu staðið að. En þeim var það alveg fyrirhafnarlaust að kippa því til baka í fyrra, sem þeir blessuðu áður, og ógilda í raun þá samninga sem þeir gerðu þá. Nú er það sama að gerast aftur. Svo er gengið fellt og hringavitleysan heldur áfram. Landið er svo stjórnlaust meðan ráðherrarnir rífast. Ég held að allir landsmenn sjái að hér er barist við vindmyllur. Það næst enginn varanlegur árangur. Það eru engar raunverulegar framfarir. Ein bráðabirgðaráðstöfunin rekur aðra. Lausnin er vitaskuld hvorki leiftursókn íhaldsins né niðurgreiðslublekkingar Framsóknar og Alþb.

Við skulum horfast í augu við staðreyndirnar. Þetta kerfi hefur skilað okkur miklu í verðbólgu, en engu í lífskjarabótum. Þar á ofan er nú erlendum skuldum hlaðið upp. Á næsta ári fer næstum því helmingurinn af erlendum lánum í að borga af gömlum erlendum lánum og þriðjungurinn af því, sem þá er eftir, fer í hrein eyðslulán. Þriðja hver branda, sem úr sjó er dregin, fer til þess að mæta greiðslubyrði af erlendum lánum. Líka á þessu sviði stefnir í vítahring vitleysunnar. Þetta ráðslag dugar ekki. Við getum gert betur, Íslendingar, og við verðum að gera betur. En til þess þarf líka gerbreytta efnahagsstefnu, eins og við Alþfl.-menn höfum barist fyrir og börðumst m. a. fyrir í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar. Þá hindruðu Alþb. og Framsfl. framgang þeirrar stefnu. Því er nú komið eins og komið er og alveg eins og við Alþfl.-menn sögðum fyrir um að fara mundi.

Ég ætla að drepa á nokkra þætti í stefnu okkar Alþfl.-manna.

Í fyrsta lagi á að framfylgja raunvaxta- og verðtryggingarstefnu í reynd. Það er ekki gert. Enn brennur sparifé á verðbólgubálinu. Enn er stolið af sparifjáreigendum. Hin hliðin á málinu er sú, að niðurgreitt lánsfé þýðir vitlausa fjárfestingu og það er vitlaus fjárfesting sem er að sliga lífskjör okkar. Heil stofnun, Framkvæmdastofnun, er í því að úthluta niðurgreiddum lánum. Þar er úthlutað gjöfum til útvalinna. Þeir munu græða á verðbólgunni og vilja viðhalda henni. Hluti af verðtryggingarstefnunni er og verður líka að vera lenging lánstíma og hækkun lána, t. d. vegna íbúðakaupa og íbúðabygginga. Um þetta hefur ríkisstj. ekkert sinnt. Það verður að sjá til þess, að ungt fólk geti komið sér fyrir með eðlilegum hætti. Það er hluti af eðlilegum lífskjörum í landinu. Stefnumörkunin á að vera sú, að enginn græði á verðbólgunni og enginn þurfi á henni að halda til að bjarga sér.

Í öðru lagi verða menn að vera ábyrgir gerða sinna. Núna er öllum bjargað, alveg sama hvernig þeir standa sig í atvinnurekstrinum. Ef einhvers staðar er tap er því ávísað á ríkið og ríkið kemur til bjargar. Þessum bakreikningaskrifum á ríkið verður að hætta. Með þessu háttalagi er verið að gera atvinnurekendur ábyrgðarlausa með öllu. Það er óheillastefna.

Í þriðja lagi verðum við að horfast í augu við þá staðreynd, að þjóðin í heild eyðir meira en hún aflar. Auðvitað gildir það sama um þjóðina og hvert einstakt heimili í landinu. Ef menn eyða umfram það sem þeir afla stefna þeir hag sínum í voða. Við höfum fyrir okkur dæmi af lítilli þjóð sem glataði sjálfstæði sínu með því að fara

ógætilega í skuldasöfnun. Nýfundnaland var sjálfstætt ríki, en það var tekið upp í skuld.

Lítum á aðra hlið efnahagsmála. Ríkisstjórnir eru sífellt að fella gengið til að bjarga atvinnuvegum og núv. ríkisstj. er síst undantekning í þeim efnum. Að hve miklu leyti þetta er nákvæmlega rétt mat á hverjum tíma um þörfina á gengisfellingu skiptir ekki meginmáli, heldur hitt, að þeirri stefnu er nú fylgt að gera atvinnuvegunum sífellt erfiðara að standa undir þeim kröfum sem við verðum að gera til þeirra. Með gerbreyttri stefnu í málefnum atvinnuveganna getum við og eigum við að gera þeim kleift að borga hærra kaup og þannig jafnframt að draga úr verðbólgunni. Ég skal nefna dæmi um þetta og rekja stefnu okkar Alþfl.- manna að því er þetta varðar.

Þeirri stefnu er nú fylgt að stækka skipastólinn. Þetta þýðir versnandi afkomu hjá sjómönnum og útgerð. Þetta þýðir gengisfellingu og verðbólgu. Við Alþfl.-menn höfum flutt tillögur um að takmarka stærð skipastólsins. Með því móti má gera þessum atvinnuvegi auðveldara en ella að standa undir hærra kaupi.

Ég skal nefna annað dæmi. Þeirri stefnu er fylgt að svelta fiskvinnsluna. Þó er ljóst að með tækniframförum, hagræðingu og bættum aðbúnaði verkafólks í fiskvinnslunni má ná þar betri nýtingu. Þangað er lífskjarabót að sækja — lífskjarabót sem yrði fólgin í því að hækka kaupið og auka kaupmáttinn.

Í þriðja lagi býr land okkar yfir mikilli óbeislaðri orku. Virkjun fallvatnanna og nýting til orkufreks iðnaðar er besta tækifærið sem Íslendingar hafa til að skjóta fleiri stoðum undir þjóðarbúskapinn, finna ný atvinnutækifæri og auka þjóðarframleiðsluna. Þannig yrði skapaður grundvöllur að raunverulegum lífskjarabótum. En þessum málum sinnir ríkisstj. ekki heldur. Hún getur ekki einu sinni ákveðið hvar eigi að virkja.

Í fjórða lagi skal ég nefna stefnuna í landbúnaðarmálum. Enn er það svo, að okkur öllum, Íslendingum, er gert að greiða stórfé með útflutningi landbúnaðarafurða ofan í útlendinga. Þessi stefna rýrir lífskjörin. Ef henni væri breytt í samræmi við það sem Alþfl. leggur til væri hægt að nota þessa peninga t. d. til að lækka skatta. Það mundi þýða raunverulegan bata í lífskjörum.

Í öllum þessum meginþáttum atvinnulífsins fylgir ríkisstj. þannig í reynd kjaraskerðingarstefnu, — stefnu sem eykur verðbólguna, stefnu sem rýrir kjörin. Öll niðurgreiðsluleikfimi, allar kaupránsaðgerðir eru gagnslausar meðan þessi kjaraskerðingar- og verðbólgustefna er ríkjandi í málefnum atvinnulífsins.

Margir Íslendingar búa við smánarlega lág laun og bág lífskjör. Fjöldi fólks á í vaxandi erfiðleikum við að reka heimili sín. Skollaleikurinn með vísitöluna hefur enn frekar rýrt kjör þessa fólks. Við Alþfl.-menn viljum að þessum skollaleik verði hætt. Það er raunverulegur kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna sem skiptir máli. Þess vegna er stefna okkar þessi:

1. Skattar á einstaklingum verði lækkaðir til að tryggja rekstrargrundvöll heimilanna. Slík aðgerð knýr ekki verðbólguskrúfuna. Þær krónur, sem menn fá í skattalækkunum, treysta þannig raunverulegan kaupmátt.

2. Komið verði á afkomutryggingu fyrir þá sem lægst hafa launin og búa við lökust kjörin. Slík afkomutrygging yrði greidd þeim launþegum á starfsaldri sem ná ekki tilteknum lágmarkstekjum.

3. Komið verði á eðlilegri lánafyrirgreiðslu til íbúðakaupa eða bygginga þannig að ungt fólk geti komið sér fyrir með eðlilegum hætti. Það er líka þáttur af lífskjörunum að menn geti það.

4. Þegar í stað verði komið á nýjum vísitölugrunni, sem mælir raunverulegan kostnað af framfærslu heimilanna, í stað þeirrar skrípavísitölu sem við höfum nú. Slík ný vísitala mundi afhjúpa svart á hvítu blekkingaleik ríkisstj. Enn fremur ætti að taka upp sérstaka lífskjaramælingu sem sýnir raunveruleg lífskjör með tilliti til allra þátta sem varða kjör heimilanna, þ. á m. áhrifin af skattgreiðslum og aðstöðu til þess að komast yfir húsnæði. Þessi lífskjaravísitala yrði svo tekin til viðmiðunar í aðgerðum stjórnvalda sem miðuðu að því að vernda kjör launafólks.

Þessum aðgerðum, þessari stefnumörkun Alþfl. þarf vitaskuld að fylgja aðhald í fjármálum ríkisins og raunveruleg stjórn í peningamálum, eins og við Alþfl.- menn höfum gert tillögur um. Alþfl. hefur ávallt gert sér ljóst að árangri yrði ekki náð áreynslulaust eða án fórna. Það þarf raunverulega aðhald á öllum sviðum, en ekki einungis orðagjálfur. Það þarf samstillt átak. Núv. ríkisstj. er gersamlega óhæf til þess að ráða við þetta verkefni.

Herra forseti. Ég hef rakið stefnumörkun Alþfl. að því er varðar nokkra meginþætti efnahagsmála. Ég hef ekki séð ástæðu til að fjölyrða sérstaklega um þá skýrslu ríkisstj. sem hér er sögð vera til umr. Hún gefur ekkert tilefni til langrar orðræðu. En ég vil minna á það að lokum, að um þúsund Íslendingar flýja nú land á ári hverju. Skýringin á þessum landflótta er öðru fremur vitlaus efnahagsmálastjórn, — vitlaus efnahagsmálastjórn sem m. a. birtist í skollaleik eins og þeim sem ríkisstj. boðar nú. Það er skylda okkar við landið að snúa þessari þróun við. Það tekst einungis með gerbreyttri stefnu eins og við Alþfl.- menn berjumst fyrir. — Góðar stundir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Ég mun ekki eyða orðum á fádæma málefnasnauðan málflutning Friðriks Sophussonar áðan. Sumt orðbragð þessa unga manns hæfir betur götustrák en varaformanni Sjálfstfl. Ég skal hins vegar svara þeirri spurningu sem hann beindi til mín um hagkvæmari fjárfestingu. Hún er satt að segja á hverju leiti. M. a. hefur sjútvrn. í nokkur ár stuðlað að því, að fiskvinnslan kannaði betur en gert hefur verið að bæta nýtingu sem er víða mjög ábótavant. Við veittum t. d. á síðasta ári nokkra styrki til þeirra fiskvinnslufyrirtækja sem það vildu gera. Þarna er mjög mikið að vinna og þannig gæti ég nefnt fjölmörg dæmi í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem stórlega mundu auka verðmæti þess afla sem á land berst.

Ég vil þakka Kjartani Jóhannssyni fyrir lýsingu hans á stefnu Alþfl. í efnahagsmálum. Hins vegar væri ákaflega fróðlegt að láta reikna hana út í Þjóðhagsstofnun. Ég vildi t. d. gjarnan fá að athuga hvaða áhrif enn hærri vextir, enn meiri fjármagnskostnaður mundi hafa á íslenskt atvinnulíf. Ég vil jafnframt benda Kjartani Jóhannssyni á það, að þegar hann talaði um að ráðherrarnir rifust, þá fór hann áravillt. Fyrir 2—3 árum var það nokkuð títt í þeirri ríkisstj. sem hann sat í, og átti hann mjög virkan þátt í deilum sem urðu þeirri ríkisstj. að fjörtjóni.

Ég vil fremur snúa mér að þeirri efnahagsáætlun, sem ríkisstj. hefur lagt fram, og gera grein fyrir sjónarmiðum okkar framsóknarmanna í því sambandi.

Þessi efnahagsáætlun er upphaf annars áfanga í

niðurtalningu verðbólgunnar. Fyrsti áfangi hófst í byrjun síðasta árs og einkenndist öðru fremur af því, að dregið var úr verðbótum um 7% 1. mars, að sjálfsögðu með samsvarandi skerðingu á verði búvöru og á fiskverði. Jafnframt var beitt hörðu aðhaldi á öllum sviðum sem áhrif hafa á verðbólguna. Markmiðið var að ná verðbólgunni niður í um 40% á árinu 1981. Þetta tókst. Að mati Þjóðhagsstofnunar var verðbólgan á síðasta ári 42%. Það er ekki síður mikilvægt, að ríkisstj. tókst einnig að standa við þau önnur markmið sem hún setti sér. Góð atvinna var allt árið og kaupmáttur ráðstöfunartekna jókst á árinu þrátt fyrir ofangreinda skerðingu verðbóta, enda voru skattar lækkaðir í því skyni að bæta lækkun verðbótavísitölunnar.

Ýmislegt má læra af efnahagsaðgerðum s. l. árs. Þá var tekið eitt stórt skref, eins og fyrr segir, í upphafi ársins, en því ekki fylgt eftir með frekari aðgerðum síðar á árinu. Þetta varð til þess, að verðbólguhraðinn jókst að nýju með grunnkaupshækkun og ytri aðstæðum í lok ársins. Einnig er vafalaust að nokkuð hart var gengið að útflutningsatvinnuvegunum með aðhaldssamri gengisstefnu. Þá sýna tölur, svo að ekki verður um deilt, að fjármagnskostnaður hefur hækkað meira en flestallt annað. Slík atriði er nauðsynlegt að leiðrétta.

Um þessi áramót eru aðstæður um sumt svipaðar og þær voru um áramótin 1980—1981, en um annað nokkuð ólíkar. Fyrir ári var því spáð, að verðbólgan á árinu 1981 yrði um 70—80% ef ekkert væri að gert. Nú er talið að hún yrði 55% án aðgerða. Verðbólguhraðinn er því minni nú en hann var þá. Ytri aðstæður eru hins vegar erfiðari nú en þær voru fyrir ári. Kreppan, sem verið hafði í vestrænum löndum, virðist enn ætla að haldast um sinn og hefur nú teygt arma sína hingað til lands. Enn sem komið er kemur þetta fyrst og fremst fram í erfiðleikum í sölu á áli, járnblendi, kísilgúr og fleiri iðnaðarvörum. Fiskmarkaðir virðast enn viðunandi, en hættumerki eru þó sýnileg, t. d. í Bandaríkjunum, þar sem Kanadamenn eru orðnir stærri innflytjendur en við, enda er verð á þorskflökum frá Kanada um 35% lægra en okkar. Nýlega hefur alríkisstjórnin í Kanada ákveðið að veita sjávarútvegi á austurströnd landsins gífurlega nýja fjárhagsaðstoð til þess að gera honum kleift að viðhalda lágu verði á Bandaríkjamarkaði. Mun þessi aðstoð nema um 15% af verði á þeim markaði fyrir kanadískar afurðir. Þannig er hin frjálsa samkeppni í reynd.

Því verður ekki neitað, að hækkun dollarans fyrri hluta síðasta árs var að ýmsu leyti kærkomin. Slíks er ekki að vænta nú. Því er fremur spáð að dollarinn muni lækka í verði. Við þessar erfiðu aðstæður telur ríkisstj. ekki raunhæft að setja markmiðið neðar en við 35% verðbólgu á þessu ári, enda leggur ríkisstj. áherslu á viðunandi stöðu atvinnuveganna, næga atvinnu og að vernda kaupmátt ráðstöfunartekna eins og frekast er kostur.

Sá áfangi í viðureigninni við verðbólguna, sem nú er kynntur, hefst fyrst og fremst með niðurgreiðslu og lækkun vöruverðs fyrri hluta ársins. Þetta er ekki óeðlilegt þegar þess er gætt, að niðurgreiðslur eru nú hlutfallslega minni en oft áður. Þegar Friðrik Sophusson hneykslast á því, að landbúnaðarafurðir skuli greiddar niður af því að þær vega svo mikið í vísitölunni, gleymir hann að geta þess, að þetta verkar einnig öfugt. Þegar landbúnaðarafurðir hækka verka þær enn meira en annað til hækkunar á verðbótum og ekki í réttu hlutfalli við neyslu þeirra. Þetta verkar á báða vegu. Hins vegar er ljóst að þessar aðgerðir nægja ekki til þess, að verðbólgan verði um 35% á árinu. Því er jafnframt lagður grundvöllur að ýmsum aðgerðum sem áhrif munu hafa til áframhaldandi hjöðnunar verðbólgu. Af því vil ég einkum nefna tvennt.

Ákveðið er að stofna til viðræðna um endurskoðun á vísitölukerfinu. Með efnahagslögunum frá 1979 var stigið lítið en mikilvægt skref í þessa átt. Þá var ákveðið að reikna breytingu á viðskiptakjörum inn í vísitöluna þannig að 30% af breytingunni kæmu til lækkunar eða hækkunar á verðbótum, eftir því hvort viðskiptakjörin rýrna eða batna. Ég hef engan heyrt halda því fram að þetta sé óréttlátt. Hvernig geta laun hækkað hér á landi þegar kaffi hækkar í Brasilíu eða olía í Arabalöndum eins og oft hefur verið að spurt? Að mati okkar framsóknarmanna er óhjákvæmilegt að taka meira tillit til viðskiptakjara en nú er gert.

Við teljum einnig að í vísitölugrundvellinum séu ýmsir þættir sem þar eiga ekki heima. Ég nefni sérstaklega innlenda orku. Á því sviði þarf mjög mikið að vinna. Það er fyrst og fremst með skynsamlegri nýtingu innlendrar orku sem við Íslendingar munum á næstu árum auka okkar þjóðartekjur. Til þess eru miklar framkvæmdir nauðsynlegar sem ekki gefa strax arð. Útilokað er að fjármagna framkvæmdir á sviði orkumála með erlendum lánum einum. Skuldasöfnun erlendis er þegar orðin of mikil og er að verða stórhættuleg þjóðinni. Að hluta verður þjóðin að greiða fyrir þær framkvæmdir strax, m. a. með nokkurri hækkun orkuverðs. Það hefur hins vegar mikil áhrif á vísitölu og veldur þá meiri verðbólgu. Því hafa menn illu heilli horfið að því ráði að fjármagna slíkar framkvæmdir í stöðugt vaxandi mæli með erlendum lántökum.

Byggðalínurnar eru gott dæmi. Fáar framkvæmdir eru mikilvægari til þess að þjóðin fái öll notið þeirrar orku sem hún öll á. Byggðalínurnar eru nánast að öllu leyti reistar með erlendum lánum. Meira að segja eru tekin ný erlend lán til þess að greiða vexti og afborganir af eldri lánum. Ekki er talið fært að afla tekna með hækkun raforkuverðs, það eykur verðbólguna. Slíkur leikaraskapur getur ekki gengið lengur, við höfum ekki efni á því.

Sú staðreynd, að orkuverð vegur þungt í vísitölunni, stendur í vegi fyrir áframhaldandi jöfnun orkuverðs um landið. Að vísu hefur allmikið áunnist með olíustyrk, hitaveitum og byggðalínum, en langt er þó frá því að fullum eða viðunandi jöfnuði sé náð. Árið 1979 tókst að fá samkomulag um að nokkur tekjuöflun til jöfnunar á upphitunarkostnði yrði utan vísitölu í tvö ár. Að sjálfsögðu á tekjuöflun í því skyni að jafna lífskjörin aldrei að vera í vísitölu og valda aukinni verðbólgu. E. t. v. segir einhver: Það skerðir lífskjörin að taka orkuverðið úr vísitölunni. Það er mikill misskilningur. Ekkert skerðir lífskjörin meira en verðbólgan, nema ef vera skyldi erlend lántaka sem þjóðin fær ekki staðið undir til lengdar. Þessari endurskoðun vísitölukerfisins þarf að ljúka áður en nýir kjarasamningar eru gerðir í vor, þannig að menn viti á hverju byggt er.

Við framsóknarmenn leggjum jafnframt mikla áherslu á trausta atvinnuvegi. Þeir eru ætíð í mikilli hættu í mikilli verðbólgu. Ef verðlag hækkar ekki erlendis eins og kostnaður hér innanlands, sem það gerir aldrei á meðan

verðbólga er langtum meiri hér en í viðskiptalöndum okkar, þola atvinnuvegirnir ekki hækkun launa og verðlags án gengislækkunar. Það eykur hins vegar verðbólguna og eyðir öllu því sem menn telja sig hafa unnið með hækkun verðbóta, hækkun búvöruverðs eða fiskverðs. Því er nauðsynlegt að draga úr gengislækkunum. Það verður helst gert með því að draga úr kostnaði útflutningsatvinnuveganna.

Eins og fram kemur í tilkynningu ríkisstj. er ákveðið að lækka stimpilgjöld úr 1% í 0,3% og launaskatt á iðnaði og fiskvinnslu úr 3.5% í 2.5%. Einnig er í athugun að samræma aðstöðugjöld og starfsskilyrði atvinnuveganna almennt. Slíkt verður að sjálfsögðu að gera með því að lækka gjöld þar sem þau eru hærri, t. d. aðstöðugjald á iðnaði til jafns við fiskvinnslu, enda vægast sagt vafasamt að íþyngja útflutningsatvinnuvegum og samkeppnisiðnaði á sama tíma og aðrar þjóðir styrkja stórlega sömu framleiðslugreinar, t. d. Norðmenn og Kanadamenn sjávarútveg sinn, eins og ég hef fyrr nefnt.

Þá er lögð áhersla á lækkun fjármagnskostnaðar, m. .a vaxta, sem þátt í lækkun verðbólgu. Í þessu skyni hefur ríkisstj. lagt á það áherslu við bankana, að dráttarvextir verði lækkaðir úr 54% í 48% á ársgrundvelli. Á þessari braut verður að halda áfram, m. a. með lækkun tolla á hvers konar fjárfestingar- og hagræðingarvörum atvinnuveganna. Hvert atriði út af fyrir sig er e. t. v. ekki stórt, en það munar um það í verðbólguslagnum.

Fiskverð hefur mjög verið til umræðu um þessi áramót eins og reyndar venja er á þeim árstíma. Þó má segja að harka hafi verið meiri nú en oft áður. Það er einkum af tveimur ástæðum. Kjarasamningar sjómanna hafa lengi verið lausir. Sjómenn lögðu á það mikla áherslu að ganga frá kjarasamningum nú og boðuðu verkfall þegar um jólin til þess að undirstrika þá kröfu. Samningar milli sjómanna og útgerðarmanna blönduðust því mjög inn í fiskverðsákvörðun. Í öðru lagi verður sú krafa sjómanna ákveðnari með ári hverju, að þeir fái sömu tekjuhækkun með ákvörðun um fiskverð og flestir aðrir landsmenn fá með verðbótum. Það er ekki ætlun mín að ræða hér almennt um fiskverðsákvörðun, heldur aðeins um síðara atriðið sem er nátengt verðbólguslagnum.

Eins og allir vita fá launþegar og tímakaupsmenn allir verðbætur í samræmi við verðbótavísitölu ársfjórðungslega. Bændur semja ársfjórðungslega um hækkun sinna tekna til samræmis við tekjur iðnaðarmanna og verkamanna. Verð á landbúnaðarafurðum er síðan hækkað til þess að tryggja bændum eins og frekast er unnt þessa tekjuaukningu. Segja má einnig að verðhækkanir á vöru og þjónustu séu ákveðnar af Verðlagsráði með tilliti til hækkunar á vísitölu, og nú eru inn- og útlán í bönkum orðin verðtryggð að mestu leyti. Það er ekki fyrr en að sjómönnum og útgerðarmönnum kemur að þetta vísitölukerfi endar. A. m. k. virðast sumir, jafnvel hörðustu stuðningsmenn þessa vafasama kerfis, telja að þá eigi allt annað við og jafnvel, að því er virðist, að unnt sé að draga mjög úr verðbólgu með lágu fiskverði. Það dæmi gengur ekki upp.

Í fyrsta lagi er rekstrargrundvöllur vinnslunnar yfirleitt brostinn í okkar miklu verðbólgu áður en til fiskverðsákvörðunar kemur. Fulltrúar vinnslunnar eru því í engri stöðu til þess að semja um fiskverð fyrr en aðgerðir ríkisvaldsins til þess að lagfæra rekstrargrundvöllinn hafa verið ákveðnar.

Í öðru lagi má segja svipað um útgerðina sem verður fyrir stöðugum skakkaföllum í verðbólgunni og hefur í fátt annað að sækja til að rétta hlut sinn en hækkun fiskverðs.

Í þriðja lagi verður því ekki haldið fram með nokkurri sanngirni, að sjómenn eigi einir eftir að sitja við allt annað borð að þessu leyti en aðrir landsmenn. Stundum heyrist að tekjur sjómanna séu þegar of miklar. Ég er ósammála þessu. Sjómenn eru mikið fjarri sínum heimilum, vinnutími þeirra er óreglulegur og vinnuskilyrði oft erfið. Þeir eiga að hafa góðar tekjur. Að vísu eru tekjur sjómanna mjög misjafnar. En svo er einnig hjá öðrum stéttum. Sá mismunur verður aldrei leiðréttur með fiskverði. Það felst í samningum um skiptakjör.

Undanfarin ár hefur verið talið réttlætanlegt að draga úr fiskverðsákvæðum með tilliti til vaxandi afla. Slík aflaaukning er ekki fram undan. Því verður krafa sjómanna um fiskverðshækkun, sem samsvarar hækkun verðbóta, ákveðnari. Ekki verður hjá því komist að taka tillit til þeirrar kröfu, t. d. við ákvörðun um bolfiskverð, sem er sá megingrundvöllur sem aðrar ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins byggjast á. Eins og fram kemur í tilkynningu ríkisstj. er ákveðið að taka verðmyndunarkerfi í sjávarútvegi til endurskoðunar. Með því er ekki ætlun mín að vísitölubinda fiskverð. Það er útilokað, enda um fjölmargar og mismunandi ákvarðanir að ræða í því sambandi. Hins vegar vil ég taka fram að ég tel ekki lengur hjá því komist að sjómenn fái tryggingu fyrir tekjuhækkun sem er til samræmis við það sem launþegar hafa. Það sama á einnig við um útgerðina.

Ákvörðun um fiskverð á grundvelli verðbótavísitölu er ekkert annað en viðurkenning á hringrás verðbólguskrúfunnar. Gengislækkun eða aðrar ráðstafanir vegna atvinnuveganna fylgja síðan eins og nótt fylgir degi. Staðreyndirnar ættu þá að verða öllum ljósar og opna augu manna fyrir því, að kominn er tími til að gera róttækar lagfæringar á því vísitölukerfi sem við búum við. Slíkt verður hins vegar að ganga jafnt yfir alla: launþega, bændur og sjómenn.

Eins og fram hefur komið er útlitið með loðnustofninn mjög alvarlegt. Það kemur mjög á óvart. Íslenskir og norskir vísindamenn lögðu til s. l. vor að leyfðar yrðu veiðar á samtals 700 þús. lestum af loðnu. Eftir þessu var farið. Gert var ráð fyrir að við Íslendingar veiddum rúmlega 600 þús. lestir. Við höfum nú veitt tæplega 500 þús. Heildarveiði að meðtalinni veiði við Jan Mayen og Grænland er sömuleiðis vel undir 700 þús. lestum. Ekki er hægt að fullyrða að þetta merki að loðnustofninn verði mjög lítill jafnvel í nokkur ár. Þess eru mörg dæmi, að lítill hrygningarstofn hefur getið af sér stóran árgang. Hins vegar tel ég ekki rétt að gera ráð fyrir slíku. Ekki er óhætt að taka þá áhættu. Því er ekki um annað að ræða en að draga mjög úr loðnuveiðum í ár og þar til séð er að stofninn er að ná sér að nýju. Við munum jafnframt leggja á það ríka áherslu, að veiðar við Jan Mayen og Grænland verði mjög takmarkaðar á meðan svo er ástatt.

Sá miki samdráttur, sem er fyrirsjáanlegur á loðnuveiðum, hefur umtalsverð áhrif á þjóðartekjur okkar Íslendinga. Það hljóta allir landsmenn að bera. Afleiðingarnar eru þó mestar fyrir útgerðarmenn og sjómenn á þeim 52 skipum sem loðnuveiðar hafa stundað. Óhjákvæmilegt er að leita allra ráða til þess að bæta a. m. k. að hluta tekjumissinn. Það mun verða gert. Viðræður eru þegar hafnar. M. a. er ljóst að þessi floti hlýtur í auknum

mæli að fá heimild til þorskveiða. Að vísu er engin ástæða til þess að óttast um þorskstofninn eins og stendur, en þar er þröngt setinn bekkurinn og minna verður til skiptanna. Af þessari ástæðu er áréttað í tilkynningu ríkisstj. að hert verður á reglum til þess að sporna gegn stækkun fiskiskipaflotans. Að vísu hefur slíkum reglum verið fylgt í tíð þessarar ríkisstj. með þeirri undantekningu, að samþykktur var innflutningur á fimm skipum til ákveðinna staða af atvinnuástæðum. Að öðru leyti hefur verið við það miðað, að í flotann bættust ekki skip umfram það sem tekið er úr notkun. Að vísu verða menn að gæta þess, að rúmlestatalan er ekki algildur mælikvarði í þessu sambandi. Meiri stærð felst oft t. d. ekki síst í bættu íbúðarrými áhafnar. Ég vara einnig eindregið við þeirri kröfu öfgamanna, að aðeins verði leyft að endurnýja fiskiskipaflotann um hluta af því sem úr notkun er tekið, eins og fram hefur komið og kom áðan í ræðu Kjartans Jóhannssonar. Það mundi aðeins verða til þess að lítið sem ekkert yrði tekið úr notkun. Menn mundu þá halda áfram að sækja sjóinn á úreltum skipum og kannske segja: Flýtur á meðan ekki sekkur. Ég mun ekki taka þátt í því að neyða íslenska sjómenn til þess að sækja fram á ystu landgrunnsbrún á úreltum og jafnvel hættulegum smábátum.

Þegar uppbygging togaraflotans hófst í byrjun síðasta áratugar heyrðust furðumargar úrtöluraddir, sem lögðust hart gegn slíkri fásinnu, eins og þeir sögðu. Hvar halda menn að íslenska þjóðin stæði í dag efnahagslega og hvernig væri atvinnuástandið víðast um landið ef í það stórvirki hefði ekki verið ráðist samfara uppbyggingu frystihúsanna? Það er jafnframt athugandi, sem ég heyrði útgerðarmenn á Suðurnesjum segja á fundi nýlega: Ef endurnýjun bátaflotans er stöðvuð leggst bátaútgerð niður eftir 10 ár. — Í þessu tilliti verður því að rata hinn gullna meðalveg og stuðla að skynsamlegri endurnýjun flotans án þess að sóknarþungi aukist. Við það markmið verður staðið.

Um sjávarútveg að öðru leyti er fátt annað en gott að segja. Fiskstofnar, aðrir en loðnan og karfinn, eru sterkir og vaxandi. Saltfisks- og skreiðarverkun er álitleg. Og ég vona að tekist hafi að skapa frystingunni rekstrargrundvöll. Verkefnin fram undan eru fyrst og fremst að auka þau verðmæti sem úr sjónum fást, ekki síst með auknum gæðum. Á það verður að leggja höfuðáherslu. Þá mun íslenska þjóðin um langan aldur byggja framtíð sína á öflugum og sterkum sjávarútvegi, enda verði þess gætt að fiskiskipaflotinn sé ætíð hinn fullkomnasti.

Fyrir nokkru sá ég í erlendu blaði ítarlega grein um verðbólgu í vestrænum löndum. Við Íslendingar vorum afgreiddir með rúmlega einni málsgrein, sem var nokkurn veginn þannig: Ísland er sér á báti. Þar er verðbólgan 30—40%. Engu að síður virðast atvinnuvegirnar standa vel, þjóðartekjur eru vaxandi og velmegun mikil. Þegar þeir eru orðnir ósamkeppnisfærir á erlendum mörkuðum vegna óðaverðbólgunnar heima fyrir fella þeir bara gengið og byrja upp á nýtt. — Þetta er að vísu nokkuð rétt, en blaðamaðurinn átti enga skýringu á þessu fyrirbæri. Hann þekkti ekki þær tvær meginástæður sem gert hafa okkur kleift að halda atvinnulífinu gangandi. Á fáum árum hefur sjávarafli um það bil tvöfaldast. Það ásamt mikilli vinnu og aukinni þátttöku kvenna í atvinnulífinu hefur stóraukið þjóðartekjurnar þrátt fyrir gagnstæð áhrif verðbólgunnar. Í öðru lagi hefur á undanförnum árum gífurlega mikið fjármagn með lágum vöxtum verið flutt frá sparifjáreigendum og almenningi í fjárfestingu í atvinnulífinu og íbúðarhúsum.

Nú er þetta gjörbreytt. Sjávarafli mun ekki aukast á næstu árum og verðmæti úr sjávarafla mun því vaxa langtum hægar en verið hefur. Ódýrt fjármagn í framkvæmdir og rekstur er ekki heldur fáanlegt lengur. Af þessum einföldu ástæðum er verðbólgan orðin langtum alvarlegri vágestur í íslensku efnahagslífi nú en hún jafnvel var áður. Áframhaldandi óðaverðbólga mun fyrr eða síðar leiða til stöðvunar atvinnuveganna, vaxandi erlendrar skuldasöfnunar, atvinnuleysis og jafnvel hruns hins íslenska efnahagslífs.

Mér er ljóst að allt þetta verðbólgutal er leiðigjarnt orðið. Ég er jafnframt sannfærður um að flestir eða allir Íslendingar þekkja staðreyndirnar og eru sammála ofangreindri niðurstöðu. Það, sem hefur skort, er samstaða um nauðsynlegar aðgerðir, viljann.

Góðir Íslendingar. Mikið hefur breyst hér á landi frá síðustu aldamótum þegar þjóðskáldin hvöttu landann til dáða. Einar Benediktsson segir m. a. í Íslandsljóði sínu: „Fleytan er of smá, sá grái er utar. Hve skal lengi dorga, drengir, dáðlaus upp við sand?“ Nú eigum við sem betur fer fullkomnari skip og betri sjómenn en líklega nokkur önnur fiskveiðiþjóð. Nú er sá grái sóttur hvar sem hann er. Nú búum við ekki lengur við þá eymd sem þjóðin reif sig upp úr. En viðfangsefnin eru engu minni: að varðveita það sem áunnist hefur. Því á enn við það sem Einar segir í þessu sama ljóði: „Reistu í verki viljans merki. Vilji er allt sem þarf.“ — Góða nótt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Spurningu þeirri, sem Friðrik Sophusson alþm. beindi til mín áðan, tel ég fullsvarað með þeim orðum sem hér fara á eftir:

Á veturnóttum s. l. haust var þjóðhagsáætlun fyrir árið 1982 lögð fram á Alþingi. Var þar fjallað um meginmarkmið í efnahagsmálum, þróun þeirra að undanförnu og framtíðarhorfur. Þar voru ítrekuð þau markmið sem ríkisstj. lýsti yfir í öndverðu sem meginverkefnum: að tryggja afkomu atvinnuveganna og næga og örugga atvinnu um allt land, að draga úr verðbólgu og viðskiptahalla, að halda uppi kaupmætti almennra launa eftir föngum. Í þjóðhagsspánni var enn fremur reynt að segja fyrir um búskaparhorfur á komandi ári. En skjótt skipast veður í lofti. Þó að ekki séu liðnir nema röskir þrír mánuðir frá því að spá þessi leit dagsins ljós hafa horfur um aflaföng og afkomu þjóðarbúsins breyst til hins verra, svo sem rakið hefur verið í skýrslu frá ríkisstj. Verður því að leita leiða til að bregðast við þeim vanda.

Hæstv. forsrh. hefur nú greint frá þeim úrræðum sem valin hafa verið í þessu skyni. Að sjálfsögðu hefur ríkisstj. fjallað um þessi málefni öll á mörgum fundum á undanförnum vikum ásamt ráðgjöfum sínum og sérfræðingum. Það er tímanna tákn að ýmsar fréttir hafa borist út af fundum þessum sem dagblöð og aðrir fjölmiðlar hafa gripið fegins hendi og haldið á loft. Hefur hvað eftir annað verið greint frá tillögum framsóknarmanna og/eða línu Alþb.-manna til lausnar á aðsteðjandi vanda, jafnframt stundum látið að því liggja að við sjálfstæðismenn í ríkisstj. værum skoðana- og stefnulausir í þjóðmálum. Þetta er að vísu varla svaravert, en þó má á það benda, að þar sem ráðh. þriggja stjórnmálaflokka ráða ráðum sínum og stjórna sameiginlega er sjaldnast um það að ræða að einn flokkur ráði öllu.

Flestar eða allar sameiginlegar ákvarðanir hljóta að mótast af málamiðlun að einhverju leyti milli ólíkra sjónarmiða.

Hitt er svo meira en hæpið að mínum dómi, að fjalla jafnóðum um vandmeðfarin úrlausnarefni í fjölmiðlum eða hugsa upphátt meðan málin eru á viðkvæmu stigi og varðað getur alþjóðarhag hvernig þau leysast. Ég leyfi mér að minna á upphafsorðin í stjórnarsáttmálanum þar sem tónninn er sleginn og því lýst yfir, að meginverkefni ríkisstj. sé að treysta íslenskt efnahags- og atvinnulíf, en það er eins og allir vita ein helsta forsenda fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Það er skýlaus krafa okkar sjálfstæðismanna, að slík fyrirheit og önnur áþekk séu efnd og höfð að leiðarljósi.

Tími vinnst ekki til að ræða einstök efnisatriði þeirra aðgerða sem nú eru á dagskrá, enda um þau fjallað nánar af öðrum. Um nokkur atriði ættu þó allir að geta orðið sammála, svo sem um aukinn sparnað og aðhald í ríkisbúskapnum. Niðurskurður útgjalda samkvæmt nýsettum fjárlögum er að sönnu vandmeðfarinn og viðkvæmur þó að oft hafi verið gripið til þeirra úrræða af valdhöfum á liðinni tíð. Þessi leið verður þó ásættanlegri ef eitt er látið yfir alla ganga eftir því sem mögulegt er. Jafnvægi í ríkisfjármálum er mikilvægt. Grundvöllur þess er að hófs og sparnaðar sé gætt á öllum sviðum þjóðlífsins.

Það verður að viðurkennast, að þær ráðstafanir, sem nú hafa verið kynntar, bera allsterkan keim af úrræðum til skamms tíma. Þær eru þó studdar í trausti þess að um sé að ræða áfanga á réttri leið. Vonir manna um álíka stórt skref í verðbólguhjöðnun og varð á s. l. ári hafa brugðist í bili. Þó er ekki ástæða til að örvænta. Vandi okkar er minni en margra annarra þjóða. Við verðum að læra að sníða okkur stakk eftir vexti og marka okkur viðfangsefni samkvæmt því. Þess vegna er nú horfið að því ráði að stytta næsta áfanga.

Eins og fram hefur komið hefur ríkisstj. nú að nýju sett sér markmið í efnahagsmálum, sem hún telur raunhæf við núverandi aðstæður í þjóðarbúinu. Stefnt er að því í næsta leik, að verðbólgan frá upphafi til loka ársins verði ekki meiri en 35% og hraði hennar verði kominn niður í um 30% á síðari hluta ársins. En jafnvel þessi árangur næst ekki átakalaust. Betur má ef duga skal. Hafa ber í huga að helstu viðskiptalönd Íslendinga búa enn við langtum lægra verðbólgustig. Þess vegna verður þegar í stað og jafnhliða þeim ráðstöfunum, sem nú eru fyrirhugaðar, að hefjast handa um varanleg úrræði í efnahagsmálum til frambúðar að svo miklu leyti sem nokkuð er varanlegt í þessum efnum.

Í stjórnarsáttmálanum er hvað eftir annað lögð höfuðáhersla á að leysa beri hin erfiðustu og viðkvæmustu mál þjóðfélagsins, svo sem kjaramál, með samstarfi og samkomulagi hagsmunaaðila. Þessi leið er vitanlega sjálfsögð. Við eigum sem betur fer marga ágæta og hæfa menn sem glöggt skilja hvað gera verður og þjóðinni í heild má að gagni koma. En oft er erfitt að ná samkomulagi og samstöðu og iðulega reka menn mál sitt af meira kappi en forsjá og sjást lítt fyrir í kröfum sínum. En þegar allar sátta- og samkomulagsleiðir hafa verið reyndar til þrautar án árangurs hljóta menn að sjá og skilja að þjóðkjörnir valdhafar verða að grípa til þeirra ráða sem þeir telja nauðsynleg og óumflýjanleg þegar almenningsheill og alþjóðarhagur eru í veði. Hitt er svo annað mál, að ég held að skilningur manna sé á því, að lækkun verðbólgu, m. a. með svipuðum aðgerðum og beitt var á liðnu ári, sé allra hagur og raunhæfustu kjarabætur sem kostur er á, mestar þeim til handa sem þyngst eiga fyrir fæti.

Halda verður í vonina um samkomulagsleiðir til úrlausnar mála í lengstu lög og hófleg bjartsýni er sjálfsögð, en náist engin samstaða né fótfesta og æði verðbólgan stjórnlaust upp á við á nýjan leik er vá fyrir dyrum.

Ríkisstj. sú, er nú situr, getur senn horft yfir tveggja ára valdaskeið. Margt hefði vissulega mátt betur fara úr hendi og margt er ógert. Vafalaust vilja ýmsir að hún fari sem fyrst frá völdum, en allmargir munu spyrja: Hvað tekur við ef þessi stjórn hættir? Og það er von að spurt sé, miðað við fyrri reynslu. Ég tel að stjórninni hafi sæmilega vegnað það sem af er. Henni hefur tekist að leysa hin brýnustu mál hingað til. Auðna mun áfram ráða ferðinni og ferðalokum.

Satt er það, að margir búast við því versta þegar minnst er á aðgerðir í efnahagsmálum. Sé þessi efnahagsmálapakki, sem svo er nefndur, veginn og metinn mun hann varla vekja ótta nokkurs manns, miklu fremur vonbrigði þeirra sem vilja taka fastar á og leggja eitthvað af mörkum til þess að meginstraumar þjóðmála hnígi til réttar áttar. Þar sem í skýrslu ríkisstj. er rætt um viðræður hagsmunaaðila um nýtt viðmiðunarkerfi, er tryggt geti kaupmátt og jöfnun lífskjara, í öllum byggðum landsins svo og frjálsari verðmyndun í landinu, þá er um að ræða ný viðhorf sem athygli munu vekja.

Í umr. um lausn vandamála líðandi stundar má ekki gleymast að mikilvægasta verkefnið í efnahagsmálum er að auka þjóðartekjurnar. Það eru þær sem fyrst og fremst ráða raunverulegri afkomu launþega og þar með lífskjörum almennings. Því ber að efla hefðbundnar atvinnugreinar og byggja upp nýjar af fyrirhyggju, en án allra fordóma.

Ljóst er að landinu verður ekki stjórnað eins og nú horfir nema saman vinni tveir eða fleiri flokkar stjórnmálamanna sem hafa skiptar skoðanir á mörgum málum. Í annan stað er og fullljóst, að innan sama flokks eru að jafnaði uppi ólík sjónarmið sem iðulega þarf að laða til sátta og samkomulags með umburðarlyndi, víðsýni og festu. Samstilltir kraftar geta lyft Grettistökum. — Og ítreka ber að raunhæfasta leiðin út úr öllum efnahagsvanda er að auka þjóðartekjur. Þar er nýting orkulinda landsins hendi næst ásamt hugviti, atorku og framtaki landsmanna sjálfra. — Lifið heil.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Málflutningur stjórnarandstæðinga hér að framan var furðulega neikvæður. Þeir tala um efnahagsráðstafanir ríkisstj. sem gagnslausan blekkingaleik, moðsuðu eða jafnvel drullukökur og í besta falli sem algerar bráðabirgðaráðstafanir. Margir munu minnast þess, að ráðstafanir ríkisstj. fyrir rúmu ári hlutu svipaðar viðtökur. Þær voru taldar gagnslausar, ríkisstj. hjakkaði í sama verðbólgufarinu og uppgjöf hennar hlyti að vera á næsta leiti. Samt fór það svo, að þær ráðstafanir náðu tilgangi sínum. Verðbólgan hækkaði ekki um 70—80%, eins og spáð var, heldur um rúm 40%, eins og að var stefnt. Þrátt fyrir erfiðleika hjá sumum greinum atvinnuvega var atvinna næg og hagur þjóðarbúsins tiltölulega góður. Oft hefur minni árangur orðið af aðgerðum stjórnvalda.

Því skal ekki haldið fram, að þessar aðgerðir nú leysi vandamál efnahagslífsins til frambúðar, enda hefur sú ekki orðið raunin með fyrri efnahagsráðstafanir á síðari

áratugum. Þær eru þó nauðsynlegur áfangi, eins og nú standa sakir, í baráttunni við að draga úr verðbólgu, treysta stöðu atvinnulífsins og tryggja hagsmuni fólksins í landinu. Á hinn bóginn er ljóst að okkur er nauðsyn að taka fastar á þegar lengra líður á árið. Sumir þættir þessara efnahagsráðstafana eiga að verka með svipuðum hætti og það sem gert var á síðasta ári. Þá var verðbótavísitala skert um 7 stig, en því sumpart skilað með því að afnema skerðingaráhrif Ólafslaga á verðbótaþátt launa. Nú gilda skerðingarákvæði Ólafslaga að nýju og lækka verðbótavísitöluna að líkum samtals um 4 stig 1. mars og 1. júní, en til viðbótar verður lækkun á framfærsluvísitölu um 3 plús 3 stig á sömu dagsetningum vegna aukinna niðurgreiðslna og tollalækkana. Þessar aðgerðir ættu því ekki í raun að hafa minni áhrif á fyrri hluta ársins en 7% skerðingin í fyrra, en taka verður tillit til þess, að ytri aðstæður þjóðarbúsins eru nú mun erfiðari en þá var.

Að undanförnu hafa aðilar að ríkisstj. nokkuð rætt hugmyndir eða tilllögur um einstaka þætti efnahagsmála í blöðum og kynnt þær sem sínar tillögur. Þetta höfum við sjálfstæðismenn ekki gert. Við teljum ekki farsæla leið til samkomulags um viðkvæm málefni að setja þau á svið í fjölmiðlum. Stundum er líka erfitt fyrir hvern einstakan að eigna sér tiltekna hluti þegar þrír aðilar leggja hönd að sama verki. Þetta þýðir auðvitað ekki að við sjálfstæðismenn höfum ekki lagt fram okkar hugmyndir og okkar tillögur innan ríkisstj. Þar höfum við lagt áherslu á margvísleg atriði. Við höfum lagt áherslu á að treysta stöðu atvinnuveganna. Við teljum mikils virði að með þessum aðgerðum er dregið úr opinberum álögum á atvinnurekstrinn með lækkun launaskatts og stimpilgjalda. Þær úrbætur verða væntanlega varanlegar og fyrstu skrefin af fleiri á sömu braut. Við höfum lagt áherslu á að gengi atvinnuveganna sé þegar til lengdar lætur forsendan fyrir fullri atvinnu og kaupmáttur verði því aðeins tryggður að fólkið í landinu hafi nóg að starfa. Við höfum lagt áherslu á hjöðnun verðbólgunnar í áföngum, enda stefnir ríkisstj. að því, að verðbólgan verði komin niður undir 30% í lok ársins, og í yfirlýsingu hennar felst skuldbinding allra stjórnaraðilanna um að svo verði haldið á málum að þetta takist. Við höfum lagt áherslu á að með hjaðnandi verðbólgu verði gefið aukið svigrúm og frelsi í meðferð verðlagsmála og við höfum lagt áherslu á að núverandi vísitölukerfi verði lagt til hliðar, helst á miðju ári, og tekin upp ný viðmiðun sem ekki hafi í för með sér jafnafdrifaríkan víxlgang verðlags og launa. Það gæti þó ekki síður tryggt hagsmuni láglaunafólksins.

Auðvitað erum við sjálfstæðismenn ekki einir um að leggja áherslu á þessi atriði og auðvitað hafa allir aðilar að ríkisstj. lagt hönd að hverjum þætti þessara mála, en mér þykir að gefnu tilefni ástæða til að draga þessi höfuðatriði fram sérstaklega þó af nógu öðru sé að taka. — Ég vænti að með þessum orðum hafi ég svarað fyrirspurn Friðriks Sophussonar.

Allar efnahagsráðstafanir eiga það sammerkt, að þær eru ekki eintómur gleðiboðskapur. Það er enginn vandi ef hann sést hvergi og ef hann þarf hvergi að koma niður. Þrátt fyrir þetta er það skylda ríkisstj. að leitast við að taka svo á málum að hún nái að framfylgja stefnu sinni. Þetta hefur ýmsum ríkisstj. tekist misjafnlega á liðnum áratugum. Núverandi ríkisstj. verður eins og aðrar dæmd af verkum sínum. Hún á vissulega mikið undir því líka. Ef svo kynni að fara að markmið ríkisstj., sem kynnt hafa verið hér í kvöld, yrðu brotin niður með vopnabraki á innlendum vettvangi eru það hagsmunir þjóðarinnar sem væru fyrir borð bornir. Því er mikið í húfi að sem flestir vinni með þessum markmiðum, en ekki gegn þeim, ella taki þeir ábyrgð sem eiga. — Góða nótt.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Nú er farið að síga á síðari hluta þeirrar sviðsetningar sem ríkisstj. hefur gengist fyrir hér á Alþingi í kvöld. Forsrh. hefur fyllt upp í þögnina sem var í ræðu hans á gamlárskvöld. Við höfum nú heyrt það sem á vantaði.

Við myndun þessarar ríkisstj. varð mörgum tíðrætt um virðingu Alþingis sem yrði að bjarga. Ég ætla ekki að rifja upp mismunandi skoðanir manna á því, hvort virðing Alþingis jókst eða minnkaði við hina sérstæðu aðferð forsrh. við myndun ríkisstj. Hitt ætla ég að fullyrða nú, að með framlagningu þeirrar skýrslu, sem hér er nú til umr., hefur virðingu Alþings og útvarpshlustenda verið stórlega misboðið. Þegar við lásum þetta plagg yfir á þingflokksfundi í gær ráku menn upp hlátur hvað eftir annað. Við lentum hins vegar ekki eins illa í því og þm. Alþfl., að stefna til okkar efnahagssérfræðingum áður en við höfðum sjálfir lesið plaggið.

Hér hefur verið tíundað af stjórnarliðum að þjóðartekjur Íslendinga og þjóðarframleiðsla muni standa í stað og jafnvel dragast saman á þessu ári. Þetta þarf engan að undra. Slíkt er alltaf afleiðing vinstri stjórna. Svo varð eftir vinstristjórnartímabilið 1971—1974, allt hefur verið á niðurleið síðan vinstri stjórnin 1978 var mynduð og svo er nú hjá þessari. Þetta er hin eiginlega niðurtalning. Og nú rankar ríkisstj. við sér og vísar til alls þessa og segir brýna nauðsyn á aðgerðum í efnahagsmálum. Markmiðin eru sögð þau sömu og voru sett í stjórnarsáttmálann fyrir tveimur árum. Þau eru sögð hafa náðst. Samt þarf að endurnýja fyrri yfirlýsingar í þriðja sinn.

Hvað sem sagt er er þetta plagg yfirlýsing um að ríkisstj. hafi ekki tekist að gera það sem hún ætlaði sér. Þetta er heldur ómerkilegt plagg og það jaðrar við dónaskap að leggja það fram með þessum dramatíska hætti fyrir hv. Alþingi.

Í þessum svokölluðu aðgerðum í efnahagsmálum felst smávægileg lækkun launaskatts í fiskvinnslu og iðnaði, lækkun stimpilgjalda af afurðalánum, en fyrst og fremst auknar niðurgreiðslur. Kostnaður er litlar 400 millj. kr. eða 40 milljarðar gkr. Nánast ekkert annað. Hitt er „glassúr" sem forsrh. leggur til utan um bakstur Alþb. Ég tek mér ekki í munn orð forseta ASÍ um þessa kökugerð.

Þetta er staðfesting á uppgjöf ríkisstj. Þetta er tilkynning um að niðurgreiðslur séu eina úrræðið. Með hugvitsamlegum aðgerðum á svo enn að þrengja að atvinnuvegunum, þó annað sé látið í veðri vaka. Þetta er stefna Alþb. í framkvæmd.

Þetta má í sem stystu máli segja um plaggið sjálft. Í umr. til þessa hefur ekkert það komið fram sem bætir það upp á nokkurn hátt. Hin raunverulega umræða um aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum, ef einhverjar verða, verður því að fara fram síðar. Ég er ekki viss um að stjórnarliðar verði þá eins ákafir í útvarpsumr. og nú.

Mjög athyglisvert viðtal birtist í Tímanum 16. jan. s. l. við formann Framsfl. Í því viðtali staðfestir hann nánast að ekkert hafi áunnist hjá þessari ríkisstj., og hann skýrir

jafnframt frá því, hvað þurfi að vera í efnahagsmálapakkanum. Það er gagnlegt að bera saman nú viðtalið og það sem er í pakkanum eftir að hann hefur verið opnaður.

Um peningamálin segir formaðurinn: „Ljóst er að þar þarf að vera ákveðin stefna.“ Í stjórnarsáttmálanum var sérstakur kafli um peningamál. Hann hefur sem sagt reynst haldlaus eins og við mátti búast. Skyldi stefnuna vera að finna í peningamálakafla fyrirhugaðra aðgerða? Ég held ekki. Hins vegar er sá kafli eitt aðalspaugið í þessu öllu saman, eins og t. d. þar sem segir: Með sérstökum aðgerðum á að reyna að tryggja o. s. frv. og aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum. — Þetta er markvisst. Og svo horfa ráðh. sjálfsagt hreyknir um öxl og líta á þrounina í peningamálum á s. l. ári, þegar peningamagnið í umferð jókst um 80%. Ekki prentaði Matthías Á. Mathiesen þá seðla, heldur Ragnar Arnalds. Er þetta stefnan sem á að fylgja áfram.

Formaðurinn segir að erlendar lántökur séu orðnar geigvænlegar og það verði að sporna við því og verði ráðstafanir í því skyni að vera í efnahagsmálapakkanum. Þýðir þetta kannske að sjútvrh. hafi fallið frá þeirri frumlegu, en stórhættulegu stefnu sinni að útvega erlend lán til að flytja fiskiskip milli fjarða innanlands? Vonandi að svo sé.

Í viðtalinu kemur svo fram að þær ráðstafanir, sem þarna sé verið að gera, séu tvímælalaust hugsaðar til þess að gagna út kjörtímabilið. Að vísu segir svo þessi sami formaður viku síðar í viðtali við Tímann að frekari aðgerðir séu nauðsynlegar síðar.

Þetta viðtal formanns Framsfl. Steingríms Hermannssonar er ótvíræð sönnun þess að stefna ríkisstj. hefur til þessa gersamlega mistekist. Ríkisstj. hefur ekkert gengið í baráttunni við verðbólguna. Hún hefur sett atvinnuvegina á heljarþröm og þær svokölluðu aðgerðir í efnahagsmálum, sem hér eru kynntar, vísa ekki veginn fram á við.

Í umr. sem þessum grípa stjórnarliðar gjarnan til þess ráðs, eins og fjmrh. áðan, að spyrja hver sé stefna Sjálfstfl. Sjálfsagt er að upplýsa það, ef það mætti verða stjórninni til leiðbeiningar. Hún verður hins vegar ekki skýrð á 10 mín., en hún hefur komið fram í málflutningi okkar þm. hér á Alþingi m. a. En það er ekki von að ráðh. viti það.

Á landsfundi Sjálfstfl. s. l. haust stóðu allir saman um stefnumótun flokksins í atvinnumálum. Þá stefnu er ekki verið að framkvæma nú af þessari ríkisstj. Í efnahagsmálum hefur Sjálfstfl. einnig markað sér ákveðna stefnu. Þá stefnu er ekki verið að framkvæma af þessari ríkisstj.

Ég skal ekki fara lengt aftur í tímann til að minna á málflutning sjálfstæðismanna, aðeins tiltaka nokkur atriði frá umr. um brbl. ríkisstj. um áramótin 1980—1981, þar sem skýrt kom fram hvert við sjálfstæðismenn vildum stefna í efnahags- og atvinnumálum. Við lögðum þá til að skattvísitalan yrði rétt þannig að tekjuskattar og eignarskattar hækkuðu ekki frá því sem verið hafði. Við lögðum til lækkun á vörugjaldi, söluskatti og niðurfellingu á sælgætis- og gosdrykkjagjaldi. Við birtum tillögur okkar um hvernig hægja skyldi á verðbólguhraðanum með því að lina á skattheimtunni. Allir útreikningar bentu til þess, að verðbólgan gæti orðið viðráðanleg ef farið yrði að okkar tillögum.

Ef ríkisstj. hefði þá gengið til liðs við okkur sjálfstæðismenn um að fella niður alla þá aukaskatta, sem lagðir höfðu verið á frá því árið 1978, hefði verið auðvelt að ná verðbólgunni niður í 12 til 18% án þess að skerða nokkurs manns kjör. Þetta sýndum við fram á í fyrra, það kom fram í málflutningi okkar á Alþingi. En auðvitað var ekki hægt að verða við þessum stefnumiðum okkar sjálfstæðismanna.

Hjá núverandi stjórnaraðilum ríkir sú stefna að ausa sífellt meira af fjármunum þjóðfélagsins í ríkishítina. Þessi stefna hefur þegar leitt til ófarnaðar. Sú ofstjórnarstefna á sviði peningamála, þar sem menn halda að þeir geti náð sterkum tökum á fjármálum með því einu að taka peningana af borgurunum og atvinnufyrirtækjum þeirra í ríkissjóð og seðlabanka, hefur reynst röng.

Þetta er ekki sú stefna sem Sjálfstfl. hefur markað. Þvert á móti höfum við viljað skila aftur til borgaranna hluta þess ránsfengs sem til ríkisins hefur gengið, lækka bæði beina og óbeina skatta svo að við verðbólguna verði ráðið. Við höfum sagt að ríkið verði að koma til móts við fólkið í baráttunni við verðbólgu í stað þess að knýja það til þátttöku í verðbólgudansinum. Sjálfstæðismenn vilja fjármunina til fólksins og frjálsra samtaka þess því það kann best með þá að fara, en ekki ríkisvaldið.

Í þessu tilviki takast á tvær meginstefnur stjórnmálanna. Annars vegar eru stjórnlyndir menn, þeir sem halda að velfarnaður verði aðeins tryggður með „stjórnvisku“ — og stjórnviska er hér í gæsalöppum — og hins vegar er frjálslynt fólk, sem vill að hverjum og einum sé eftirlátið nægilegt vald og nægilegt svigrúm til athafnasjálfstæðis og þar með afreka. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að fyrir utan hina skipulögðu kjaraskerðingu, sem enn er reynt að dulbúa, stendur ofstjórnaræðið eitt upp úr hjá núv. ríkisstj.

Nú er svo komið að 40% fjármagns þjóðfélagsins eru fryst í seðlabanka og ríkissjóði, allt fé er sogið út úr lífeyrissjóðum og sparisjóðum og eina hjálpræðið virðist vera að auka enn þetta miðstjórnarvald. Peningamálakafli þessa plaggs, sem hér er til umr., er ljóst dæmi um þessar fyrirætlanir.

Verðbólgan hefur hjaðnað, segir hæstv. forsrh. Hann trúir því líklega einn Íslendinga. En hvað er það sem þeir kalla verðbólgu, þeir háu herrar? Er það raunverulegt verðlag eða meðaltal verðhækkana? Því fer víðs fjarri. Það er hækkun framfærsluvísitölu, sem fölsuð er í bak og fyrir, en þar fyrir utan er mikill hluti verðbólgunnar falinn í stórfelldum halla opinberra fyrirtækja.

Hugleiðingar forsrh. áðan um hringinn, hvar hann byrjaði og hvar hann endaði, voru skemmtilegar. Verðbólgustefnu stjórnarinnar mætti líka líkja við hring. Enginn veit upphaf hennar eða endi. Hún er ein hringavitleysa. Það er fölsuð framfærsluvísitala sem segir okkur hver verðbólgan er. Það eru greiddar niður kartöflur á meðan menn eru enn að borða eigin uppskeru. Það lækka tollar á heimilistækjum þegar menn hafa lokið þeim kaupum sínum fyrir nokkru vegna yfirvofandi gengislækkana. Vísitölubrauðin eiga að segja okkur hverjar upphæðir það eru sem við verjum til brauðkaupa, en dýru brauðin við hliðina eru þau sem við borðum. Svo er okkur sagt að verðbólgan sé á niðurleið. Okkur er líka sagt að kaupmáttur hafi verið tryggður. Hvernig ætli það dæmi sé reiknað? Það er reiknað á nákvæmlega sama hátt, með þessari sömu fölsuðu vísitölu sem ég hef hér verið að rekja. Loks segir svo stjórnin að tekist hafi að tryggja öflugt atvinnulíf. Hver er sá maður sem veit ekki að allt atvinnulíf hefur lamast í

valdatíð þessarar ólánsstjórnar? Hvernig átti öðruvísi að fara þegar allt hefur frá upphafi verið byggt á undirferli og blekkingum? Og hvernig átti öðruvísi að fara þegar öll ofstjórnaröfl þjóðfélagsins fá lausan tauminn? Áttu kommarnir að hætta við áform sín og yfirlýsta stefnu um ríkisforsjá og sósíalisma þegar liðsauki barst þeim til að hrinda stefnunni í framkvæmd? Áttu framsóknarmenn að hætta að hygla SÍS-hringnum? Áttu þeir að hætta við yfirlýsta stefnu um aukna samneyslu og minni einkaneyslu, eins og þeir orða það, en á mæltu máli þýðir auðvitað aukið miðstjórnar- og ofstjórnarvald, þegar eftir þeim var gengið með þá tegund verslunarviðskipta sem þeim einum hefur alla tíð verið sérlega geðfelld? Sem betur fer hugnast þó ekki öllum í þeirri sveit þessar aðfarir, þótt þeir féllu fyrir gylliboðum göfugmenna sem buðu þjónustu sína þegar í desember 1979. Með því var hindruð heilbrigð stjórnarmyndun í landinu. Það kann því að vera von til þess enn, að heilbrigð lýðræðisöfl sameinist fyrr en síðar um að snúast gegn þeirri óheillaþróun sem hér hefur orðið á undanförnum misserum.

Ég kann ekki að spá um það, hvenær við losnum við þessa ríkisstj. Flestum, sem þar eru innanborðs og styðja hana, virðast líða vel og meðan svo er skulum við ekki vænta breytinga. Forsrh. ítrekar við öll möguleg tækifæri að stjórnin muni sitja út kjörtímabilið. Kokvídd framsóknarmanna virðist með ólíkindum. Enn þá renna þeir niður sem ekkert sé öllum fyrri yfirlýsingum um hinar nauðsynlegu aðgerðir í efnahagsmálum. Þeir munu því sitja áfram. Og varla fara kommarnir að ókyrrast. Þeir hafa sagt að efnahagsstefna ríkisstj. beri mjög svipmót þeirrar afstöðu sem Alþb. hafi haft síðan 1978. Sú afstaða hafi orðið undir í ríkisstj. 1978—1979, þ. e. vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, nú hafi hins vegar verið tekið tillit til sjónarmiða Alþb. og árangurinn sé að koma í ljós.

Okkar skip er á réttri leið, sagði Ragnar Arnalds áðan, og aðdáunin á skipstjóranum leyndi sér ekki. Já, árangurinn er sannarlega að koma í ljós, eins og spáð var. Atvinnureksturinn er kominn í slíka klemmu að kreppulán ein duga til að halda ýmsum greinum undirstöðuatvinnuveganna gangandi. Þar með hafa kommarnir náð þeirri óskastöðu sinni að allt sé komið undir náð og miskunn ríkisins. Hvers vegna ættu þeir að hverfa úr ríkisstj.?

Kjarklausir menn geta ekki verið hreinskilnir, segir í gömlu spakmæli. Það sannast á þeim, sem nú sitja á valdastólum. Þá hefur skort kjark til að takast á við vandann og þá skortir nú kjark til að viðurkenna getuleysi sitt. Um hreinskilnina hef ég áður rætt. Það liggur því beinast við að álykta að þjóðin verði að búa við þessa ríkisstj. til loka kjörtímabilsins. Dugleysið mun hins vegar koma í veg fyrir að okkur miði áfram á framfarabraut. Viðskilnaðurinn verður eins og hjá öðrum vinstri stjórnum. „Nógur er tíminn," er orðtak slóðanna sem ekkert gera á réttum tíma og aldrei koma á réttum tíma.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Góðir hlustendur. Formaður Alþfl., sem talaði hér áðan, hafði engar tillögur fram að færa um efnahagsmál nema kröfur um enn frekari vaxtahækkanir. Þykir þó víst flestum nóg um þá miklu vaxtabyrði sem nú er um að ræða hér í landinu. Hann sagði að Alþfl. vildi leysa efnahagsvandann. En reynslan sýnir að Alþfl. þorir ekki að takast á við efnahagsvandamál hér á landi. Alþfl. leggur á flótta þegar við vandamál er að glíma.

Það var jarðarfararstemmning í ræðu varaformanns Sjálfstfl. áðan. Honum er vorkunn því allir vita hver stendur við hlið hans við stjórnvöl Sjálfstfl.

Ólafur G. Einarsson, sem talaði hér áðan, kvartaði mjög yfir því, að ríkisstj. óskaði eftir útvarpsumræðum um efnahagsráðstafanir sínar. Þetta eru eðlileg viðbrögð af hálfu Sjálfstfl. Hann hefur ekki áhuga á því að leyfa alþjóð að hlýða á úrræðuleysi sitt í efnahagsmálum. Eina tillaga Ólafs G. Einarssonar áðan var sú að setja ríkissjóð á hausinn með því að fella niður verulegan hluta af skatttekjum hans.

Góðir hlustendur. Á morgun eru tvö ár liðin frá því að Gunnar Thoroddsen, varaformaður Sjálfstfl., hóf tilraun til stjórnarmyndunar ásamt Alþb. og Framsfl. Þessi stjórn vakti þegar upp mikla áróðurshrinu sem stendur enn af hálfu stjórnarandstöðunnar. En stjórnin var eini möguleikinn sem til var og til er til þess að koma í veg fyrir að Alþingi yrði sér til vansa með því að hér settist að völdum utanþingsstjórn. Forustumenn flokkanna höfðu allir reynt stjórnarmyndun. Formaður Sjálfstfl. sat t. d. á löngum fundum með fulltrúum hinna flokkanna og hafði stjórnarmyndunarumboð vikum saman án þess þó að hefja nokkurn tíma raunverulegar stjórnarmyndunarviðræður. Í kosningunum í des. 1979 voru þrír flokkar, Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl., sammála um að útilokað væri að leysa verðbólguvandann nema með því að lækka kaupið mjög verulega og skerða lífskjörin. Þessi stefna hlaut verulegt fylgi, en Alþb. eitt flokka hélt því fram í kosningabaráttunni að unnt ætti að vera að verja lífskjörin í meginatriðum. Flokkarnir þrír, sem höfðu nær sömu efnahagsstefnu, gátu þó ekki komið sér saman um ríkisstj. eftir kosningarnar og þess vegna var sú óvenjulega og sérstæða ríkisstj. mynduð sem nú situr. Hún hefur beitt sér gegn verðbólgunni og hún hefur beitt sér fyrir margháttuðum umbótum í efnahagsmálum, atvinnumálum og félagsmálum frá því að hún tók við.

Fyrir þessu þingi liggja enn margs konar tillögur um úrbóta- og framfaramál. Ég nefni þar sem dæmi frv. um málefni fatlaðra, sem vonandi verður að lögum á þessu þingi, og frv. um málefni aldraðra kemur senn til meðferðar í ríkisstj. Þá vil ég nefna hér frv. um staðgreiðslukerfi skatta og tillögu um röð virkjana og orkunýtingu. Allt eru þetta mál sem til heilla horfa.

Efnahagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982, sem hér er rædd í kvöld, skapar viðnám gegn verðbólgu. Ríkisstj. beitir sér fyrir því, að eytt verði 6 vísitölustigum úr vísitölu framfærslukostnaðar með niðurfærslu verðlags. Þessar aðgerðir kosta verulega fjármuni. Þar koma um 3/4 úr ríkissjóði en um fjórðungur fæst með sérstakri skattlagningu.

Nú þarf að nota tímann til þess að fjalla um nýtt viðmiðunarkerfi fyrir lífskjörin í landinu. Þar verður að taka mið til allra átta og taka tillit til hagsmuna launamanna og þjóðarinnar allrar í bráð og í lengd.

Ríkisstj. hefur náð verulegum árangri í baráttu sinni gegn verðbólgunni án þess að skerða kaupmátt launa, eins og nú liggur fyrir frá árinu 1981. Ríkisstj. hefur þannig farið leið sem er í grundvallaratriðum frábrugðin kaupránsleiðinni 1978, en ríkisstjórn íhalds og Framsóknar 1974—1978 lækkaði kaupið samtímis og hún magnaði verðbólguna. Árlega kom Geir Hallgrímsson forsrh. þeirrar stjórnar fram í fjölmiðlum og boðaði 15% verðbólgu árið eftir. Útkoman varð aldrei minni en þre-

föld sú tala. Í tíð Geirs Hallgrímssonar var verðbólgan sjöföld á við það sem hún var í löndum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu. Nú er hún þreföld til fjórföld. Geir Hallgrímsson er þannig Íslandsmethafi í verðbólgu, enda þótt málgagn hans reyni nú að telja mönnum trú um annað. Landsmenn þekkja Morgunblaðsblekkingarnar betur en svo að nokkur festi trú á fölsuð línurit þess, töflur og talnarunur.

Í lok s. l. árs var ljóst að grípa yrði til viðtækari aðgerða en áður hafði verið gert ráð fyrir vegna versnandi ytri kringumstæðna þjóðarbúsins. Þess vegna ákvað ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum efnahagsaðgerðum sem nú eru kynntar. Þessar efnahagsaðgerðir byggjast á þeim meginmarkmiðum sem ríkisstj. hefur áður sett sér: að tryggja fulla atvinnu, að draga úr verðbólgu og að vernda lífskjörin. Í þessum aðgerðum, sem hefur verið lýst mjög rækilega af öðrum ráðherrum fyrr í kvöld, felst pólitískt samkomulag um að verja forsendur þeirra kjarasamninga sem gerðir voru seint á síðasta ári. Þessi pólitíska staðreynd er hornsteinn efnahagsaðgerðanna og því er ekki hróflað við verðbótavísitölunni. Ríkisstj. mun beita sér fyrir mjög auknum niðurgreiðslum sem lækka framfærsluvísitöluna samkv. reglum sem fyrir löngu hafa verið samþykktar af samtökum launafólks. Niðurgreiðslurnar eru í einu og öllu í samræmi við gildandi vísitölugrundvöll eins og hann mælist. Þess vegna er áróður stjórnarandstöðunnar um vísitölufalsanir hrein og bein blekking og fjarstæða. Til þess að skapa forsendur fyrir þessum aðgerðum er beitt sparnaði í ríkiskerfinu, álagningu bankaskatta — og er það í fyrsta sinn sem ætlunin er að leggja skatta á bankana — og loks eru nýttir þeir fjármunir sem alþingi samþykkti að veita til efnahagsaðgerða á þessu ári.

Það er ljóst að þessar aðgerðir munu draga úr verðbólguhraðanum um sinn. Hitt dettur engum í hug, að hér sé um að ræða einhverja endanlega lausn á efnahagsvanda þjóðarinnar. Slík lausn er ekki til nema í munni stjórnarandstöðunnar. Baráttan gegn verðbólgunni er langtímaverkefni sem verður að takast á við á öllum vígstöðvum í senn. Allt tal um endanlegar lausnir er blekking.

Stjórnarandstaðan ræðst nú gegn efnahagsráðstöfunum ríkisstj. Jafnframt gerir hún lítið úr ráðstöfunum stjórnarinnar hér í kvöld. Þessar árásir eru marklausar með öllu vegna þess að stjórnarandstaðan á engin úrræði. Hún hefur aldrei frá því að þessi ríkisstj. var mynduð lagt fram eina einustu nýtilega hugmynd, hvað þá heldur tillögu um lausn efnahagsvandans. Formaður þingflokks Alþfl. vill líka að ríkisstj. sitji áfram. Hann hefur ekki meiri trú á úrræðum eigin flokks en þetta, enda þekkir hann vel til á þeim bæ. Og ekkert bólar enn á ríkisstjórninni sem Benedikt Gröndal ætlaði að mynda í maí í fyrra. Sú yfirlýsing heyrist ekki meir. Traustsyfirlýsing formanns þingflokks Alþfl. við núverandi ríkisstj. yfirgnæfir hana.

Frá því að ríkisstj. var mynduð hafa fylgt henni stöðugar hrakspár stjórnarandstöðunnar. Hún hefur gert sér vonir um að ríkisstj. væri að bresta. Vonir hennar að undanförnu um að hún gæti rekið fleyga í stjórnarsamstarfið hafa einnig brugðist. Svo mun enn verða, því að flest bendir til að þessi ríkisstj. muni sitja út kjörtímabilið.

Aldrei hafa þeir þungbúnu menn, Kjartan Jóhannsson og Geir Hallgrímsson, verið nær því að sýna á sér gleðimerki í sjónvarpinu en fyrir þremur vikum þegar mest gekk á við ákvörðun fiskverðs. Þeir gerðu sér greinilega vonir um að stjórnin réði ekki við verkefni sitt, að hún liðaðist í sundur á næstu dögum eða vikum. Vissulega var þá reynt af ýmsum til þrautar að snúa ríkisstj. niður. Sú reynsla sýnir að ákveðnir hagsmunaaðilar svífast einskis þegar komið er að pólitískum ákvörðunum í landinu. En vonir þeirra félaga Kjartans og Geirs hrundu í rústir eins og fyrri daginn. Þeir hafa ekki náð vopnum sínum á ný, svo að notað sé orðalag Sverris Hermannssonar. Þess vegna eru talsmenn þeirra svona ræfilslegir í málflutningi sínum hér í kvöld. Þeir hafa ekkert til málanna að leggja. Skuggaráðuneyti Geirs Hallgrímssonar og Kjartans Jóhannssonar situr því áfram í skugganum sem betur fer.

Í upphafi síðasta árs lögðu launamenn fram 7% í kaupi í baráttuna gegn verðbólgu sem skilaði sér að fullu aftur með betra vísitölukerfi og skattalækkunum. Í þeim efnahagsráðstöfunum, sem nú verður að taka til athugunar, verður að tryggja að allir þættir efnahagslífsins leggi fram sinn skerf. Útilokað er að ætlast til fórna af launamönnum í baráttunni gegn verðbólgu ef ekki er samhliða um að ræða aðrar víðtækar efnahagsaðgerðir á öðrum sviðum: í verslun, í landbúnaði og í sjávarútvegi. Það er brýn nauðsyn að við gerum okkur ljóst að það verður að koma í veg fyrir sóun og sukk með fjármuni, eins og t. d. í innflutningsversluninni. En meginforsenda árangurs í baráttunni gegn verðbólgu er sú, að gætt verði ítrustu hagsýni í rekstri og fjárfestingu í atvinnuvegum okkar. Því miður hefur mjög skort á forsjá og fyrirhyggju í þeim efnum á undanförnum árum. Þess vegna er það mikilvægt ákvæði í efnahagsáætlun ríkisstj. fyrir árið 1982, að unnið verði að úttekt á fyrirtækjum í fiskiðnaði og almennum iðnaði. Það er með öllu fráleitt að miða gengisskráningu íslensku krónunnar við þann vandræðarekstur sem víða eru dæmi um hér á landi.

Ein leiðin til þess að draga úr verðbólgu er betri rekstur fyrirtækja, aukin framleiðsla og framleiðni. Fullvíst er að það auðveldar árangur í baráttunni við verðbólguna þegar meira verður til skiptanna, þegar þjóðarframleiðsla fer vaxandi svo og þjóðartekjur á mann. Á þessu ári eru hins vegar ekki horfur á því að þjóðartekjur á mann vaxi. Það skapar enn meiri vanda í glímunni við verðbólguna en á umliðnum árum. Jafnframt er ljóst að ytri aðstæður eru okkur stöðugt óhagstæðari og erfiðari. Kreppan á Vesturlöndum gerir það erfiðara en fyrr að tryggja fulla atvinnu hér á landi. Við skulum gera okkur vel ljóst að atvinnuleysisvofan er hvarvetna á sveimi í kringum okkur. Fyrr var kveðið um það, að einangrun landsins skapaði möguleika á sérstakri vernd fyrir Íslendinga andspænis vandamálum umheimsins. Ljóst er að nú orðið eru varnaraðgerðir erfiðari en nokkru sinni fyrr þar sem landið er bundið í margs konar fríverslunarsamninga.

Góðir hlustendur. Þetta land á miklar auðlindir. Þær eigum við að nota af fyrirhyggju og forsjá, ekki aðeins út frá hagkvæmnisjónarmiðum augnabliksins, heldur sérstaklega með tilliti til allrar framtíðar. Það verkefni á að vera efst á dagskrá að skila þessu landi, gögnum þess og gæðum, betra til komandi kynslóða. Hagsmunafrekja augnabliksins má ekki leiða menn út á hála braut t. d. í erlendum lántökum. Þar þurfum við að gæta okkar til hins ítrasta. Til þess þarf aukinn innlendan sparnað. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að verja fjármagni lífeyrissjóðanna til félagslegra verkefna enn frekar en gert

hefur verið að undanförnu. Ég er þeirrar skoðunar, að því fjármagni sé betur varið í verkamannabústaði en í hús verslunarinnar, svo að dæmi sé tekið.

Við þurfum að leggja áherslu á að nýta fiskimið okkar vel og skynsamlega, við þurfum að leggja áherslu á að bæta gæði aflans, sem berst að landinu, og endurnýjun fiskiskipaflotans má ekki fylgja tilviljunarlögmálum. Ræktun á að vera okkar kjörorð í athöfn dagsins. Rányrkju bera að hafna í orði og athöfn, í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði. Sjávarútvegurinn er vissulega hornsteinn atvinnulífs á Íslandi og það ber að leggja áherslu á að bæta gæði hráefnis, auka verðmæti útflutningsins og að nýta alla fjármuni betur en nú er gert. Þar reynir á ábyrgð forráðamanna fyrirtækjanna. En þar eins og víðar í atvinnulífi ber of mikið á því, að menn vilji einlægt hlaupa upp í fangið á stóru mömmu, ríkinu, þegar eitthvað bjátar á, þó að sömu menn vegsami ella einkaframtakið í hátíðarræðum.

Nú vex upp á Íslandi ung kynslóð sem býr við allt önnur kjör en áður hafa verið í landinu. Henni og öðrum þarf að vera ljóst að heilbrigðisþjónusta og menntakerfi landsins kosta verulega fjármuni. Þessa fjármuni leggjum við fram sameiginlega allir landsmenn með skattpeningum okkar. Þessa þjónustu má ekki vanmeta né lítilsvirða á nokkurn hátt. En henni verður ekki haldið uppi nema allir leggi sitt af mörkum. Hún stenst ekki kröfur um aukningu nema landsmenn vilji greiða meira í hina sameiginlegu sjóði.

Hér á landi þarf hver maður að leggja á sig mikla vinnu. Hver einstaklingur vinnur margfalt á við það sem algengast er erlendis. Við gagnrýnum vissulega vinnuþrældóm, en gerum okkur ljóst að vinnan er uppspretta þeirra miklu auðæfa sem við höfum frá degi til dags. Íslenska þjóðin hefur með mikilli vinnu lyft Grettistaki á liðnum árum og áratugum. En fram undan eru enn erfið verkefni. Frammi fyrir þessum verkefnum þurfum við að sameinast, og mestu skiptir að við gefum yngstu kynslóðinni trú á landið, sjálfstæði þess og landkosti. Hér er unnt að lifa betra lífi en í öðrum löndum, ekki aðeins vegna fámennis okkar — því að hér er tillitssemi við einstaklinginn ríkari en annars staðar — heldur líka vegna hinna miklu náttúruauðlinda sem landið á og skapa hér forsendur fyrir góðri framtíð. Til þess að nýta þær auðlindir skynsamlega framvegis þurfum við að staldra við og hyggja að hverju fótmáli. Meðbyr og meðlæti má ekki draga úr fyrirhyggju og aðgæslu.

Góðir hlustendur. Fyrir dyrum standa eftir fáeina mánuði sveitarstjórnarkosningar um land allt. Þar verður tekist á um stjórn byggðarlaganna. Þar verður fjallað um landsmálin. Þar verða meginátök milli Sjálfstfl. og Alþb. Úrslit sveitarstjórnarkosninganna í vor munu hafa áhrif á alla þætti þjóðmálanna. Komi Alþb. sterkt út úr kosningunum mun enn um sinn unnt að veita viðnám gegn þeirri kreppu og því atvinnuleysi sem hrjáir launafólk á Vesturlöndum. Sterkt Alþb. styrkir stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Komi Alþb. sterkt úr úr kosningunum í vor verður áfram unnt að sporna gegn erlendri stóriðju í landinu en sækja fram í þágu íslenskra atvinnuvega og íslensks sjálfstæðis. Kosningaúrslit fela ekki aðeins í sér dóm um liðna tíð. Þau eru jafnframt ákvörðun um stjórn landsins og sveitarfélaganna næstu árin. Alþb. fagnar því að fá þegar á næstu mánuðum tækifæri til þess að leggja verk sín fyrir kjósendur. Við förum fram á sanngjarnt mat og ábyrga afstöðu. Það má ekki henda, að leiftursóknarlið íhaldsins nái að brjótast til forustu í byggðum landsins.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Góðir hlustendur. Á fundi suður með sjó komst glöggur maður nýlega þannig að orði: Núlifandi kynslóð Íslendinga er sú fyrsta í sögu þjóðarinnar sem hefur stolið sparifé gamla fólksins, og nú þegar það er ekki lengur hægt stelur hún frá komandi kynslóðum með því að hlaða upp eyðslulánum. — Þetta er harður dómur en hann er óþægilega sannur. Í áratugi hefur verðbólga ásamt lágum vöxtum eytt verðgildi sparifjár, en þeir, sem hafa fengið lánsfé, græddu á móti. Síðan verðtrygging varð almenn og vextir raunhæfir hefur sparifénu verið nálega borgið.

Hins vegar bregður nú svo við, að ríkisstj. hefur tekið meiri erlend og innlend lán en nokkru sinni fyrr, ekki aðeins til arðbærra framkvæmda, heldur einnig til neyslu og rekstrar. Þeim byrðum erum við að velta yfir á komandi kynslóðir, börn okkar og barnabörn. Hin gífurlega skuldasöfnun síðustu tvö árin er eitt gleggsta merkið um misheppnaða ríkisstj. sem hefur ekki ráðið við vandamál líðandi stundar og bjargar sér með því að taka lán á lán ofan.

Mestallt s. l. ár bjó ríkisstj. við mjög hagstæðar aðstæður, sérstaklega vegna hækkandi gengis dollars. Um skeið varð þetta til þess að það dró úr hraða verðbólgunnar, enda þótt margar atvinnugreinar ættu við mikla erfiðleika að stríða. Þegar leið á árið tók þó að dimma í lofti á ný og skipti þá engum togum að ríkisstj. missti tök á efnahagsmálunum. Verðbólguhraðinn jókst á nýjan leik og hefur nú í vetur verið nærri því eins og hann gerist verstur. Allt það, sem vannst fram eftir fyrra ári, hefur nú verið eyðilagt. Þjóðin stendur aftur í sömu sporum með óðaverðbólgu, stórfelldan halla á utanríkisviðskiptum, hverja gengisfellinguna á fætur annarri og alvarleg atvinnuvandamál. Ríkisstj. fékk við ekkert ráðið og innan hennar hefur risið alvarlegt ósamkomulag um hvað til bragðs skyldi taka.

Um áramótin kom það fyrir, sem ekki hefur gerst í yfir 20 ár, að fiskiflotinn var bundinn í höfn, aðalframleiðslugrein þjóðarinnar stöðvaðist.

Um áramótin blasti atvinnuleysi við þúsundum landsmanna, en sjómenn í verkfalli urðu að beita hörðu til að beygja sjútvrh.

Um áramótin var iðnaðurinn í kröggum, starfsfólki var sagt upp og verksmiðjum jafnvel lokað.

Um áramótin var nýja krónan okkar eins árs, en hafði rýrnað svo að hún var ekki meira en 55 aura virði, svo mikil hafði verðbólgan verið á liðnu ári.

Er hægt að hugsa sér efnahagslíf Íslendinga öllu verra á sig komið en þetta? Er hægt að hygsa sér þjóðina í öllu meiri vanda en í upphafi þessa árs, rétt fyrir tveggja ára afmæli ríkisstj.?

Sannleikurinn er sá, að um áramótin var ríkisstj. sjálf svo sundurþykk að hún gat ekki komið sér saman um nein úrræði og hafði engan áramótaboðskap að flytja þjóðinni. Í stjórnarflokkunum var talað um í fullri alvöru hvort ekki væri komið að slitum þessa stjórnarsamstarfs og gripa yrði til þingrofs og alþingiskosninga fyrir vorið. Það hefur tekið stjórnina langan tíma að koma sér saman um þær ráðstafanir sem hafa verið kynntar þjóðinni í kvöld. Þær eru veigalitlar og ófullgerðar og geta ekki verið árangur af margra vikna starfi. Sannleikurinn er sá,

að undanfarnar vikur hafa ráðherrarnir ekki aðeins verið að setja þennan pakka saman. Þeir hafa fyrst og fremst verið að semja á nýjan leik um stjórnarsamstarfið, þeir hafa verið að endurmynda þá ríkisstj. sem var að falli komin um síðustu áramót. Þessi pólitíska hlið málanna hefur verið aðalatriði vandans, en pólitískar aðstæður réðu því þó að lokum, að samkomulag náðist um að sitja áfram og efna ekki til kosninga í vor.

Þær efnahagsaðgerðir, sem nú eru boðaðar, eru fyrst og fremst athyglisverðar fyrir það sem ekki felst í þeim. Þær hugmyndir framsóknarmanna og Alþb.-manna, sem ekki náðist samkomulag um, féllu niður. Þess vegna segir Tíminn í ritstjórnargrein að þetta sé aðeins bráðabirgðasamkomulag og seinna verði að gera frekari ráðstafanir, en það hafa jafnvel ráðherrar Framsóknar — og raunar Alþb. líka — ekki dregið dul á. Þetta samkomulag dugir í lengsta lagi fram á mitt ár. Þá verður að búa til nýjan pakka.

Í hinni frægu viðtalsbók við forsrh. segir hann á einum stað að um það hafi verið rætt í upphafi stjórnarsamstarfsins að forðast yfirlýsingar opinberlega á meðan mál væru í vinnslu hjá ríkisstj. Þetta er mikilvægt fyrir hverja ríkisstj. því að ekki kann það góðri lukku að stýra, ef stjórnarflokkar og ráðherrar eru stöðugt að bítast opinberlega. Í fyrstu tókst forsrh. sæmilega hvað þetta snertir og virtist vera allgott samkomulag innan stjórnarinnar. En í vetur hefur þetta gerbreyst og hafa ráðherrar og fylgisveinar þeirra stöðugt verið í hári saman opinberlega. Hefur ekki farið fram hjá neinum að samkomulagið, sérstaklega á milli framsóknarmanna og Alþb.-manna, hefur verið mjög slæmt. Þeir Tómas og Svavar eða Steingrímur og Ólafur Ragnar hafa í blöðunum svo sannarlega ekki verið samherjum líkir. Það er heitt í kolunum þegar menn deila eins og þessir hafa gert undanfarnar vikur opinberlega.

Eitt af því, sem ráðherrarnir hafa deilt um án þess að komast að nokkurri niðurstöðu, er meðferð hitunarkostnaðar húsa í vísitölunni. Á þessum kalda vetri fer ekki fram hjá neinum að ríkisstj. hefur klúðrað upphitunarmálunum, bæði fyrir þeim, sem búa við gamlar eða nýjar hitaveitur, og hinum, sem verða enn að notast við rafmagns- eða olíukyndingu.

Einn versti gallinn á stjórn efnahagsmála hér á landi hefur verið sífellt kukl og svindl í vísitölunni. Hefur það óvíða verið eins slæmt og á sviði upphitunarmála, en þar er vísitalan látin mæla hitunarkostnað í Reykjavík enda þótt víðar um land sé sá kostnaður 5—6 sinnum hærri. Svo hefu svindlið verið kórónað með því að svelta Hitaveitu Reykjavíkur svo að hún hefur ekki getað borað eftir nýju vatni og er að komast í þrot.

Hitaveita Reykjavíkur er eitt arðsamasta og merkilegasta fyrirtæki sinnar tegundar á jörðinni. Það eru stórkostleg hlunnindi af náttúrunnar hendi að íbúar mesta þéttbýlis landsins skuli hafa gnægð af heitu vatni undir fótum sér nú á tímum hins mikla orkuskorts. En stjórnvöldum hefur farist svo illa við þetta fyrirtæki að það sér fram á skort á heitu vatni og hefur þegar neyðst til þess að grípa til olíuhitunar. Þessa dagana eru gerðar áætlanir um vatnsskömmtun og skort, ef nýtt kuldakast skellur á hér syðra. Olíuhitun og hitaskömmtun í Reykjavík er ekki hægt að kalla annað en hneykslí og ótrúlegt stjórnleysi í orkumálum. Þannig er ástandið þar sem aðstæður eru af náttúrunnar hendi bestar. En hvað er þá að segja um aðra landshluta? Það er í fyrsta lagi ljóst, að vísitölusvindlið í upphitunarmálunum hefur af fólki utan Reykjavíkursvæðisins 5—10% af launum þess. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál, t. d. vestur á fjörðum þar sem fjölskyldur geta verið 15 vikur að vinna fyrir olíunni einni, en vísitalan segir að hitunarkostnaður sé aðeins um 2% af útgjöldum fjölskyldunnar.

Þegar hækkanir á olíuverði voru mestar var lagður á þjóðina sérstakur skattur, viðauki við söluskatt, til að jafna hitunarkostnað milli landsmanna. Þessi skattur mun nú færa ríkissjóði um 190 millj. kr., en af þeirri upphæð hefur fjmrh. tekið 160 millj. til annarra þarfa. Þetta er furðuleg ráðsmennska þegar þess er gætt, hversu þungur baggi hitunarkostnaðurinn er víða um landið. Á þessu sviði ríkir hrikalegt misrétti og er því spáð, að hitunarkostnaðurinn einn geti leitt til þess, að fjöldi fólks gefist upp og flytjist búferlum þangað sem sá kostnaður er minni. Hér er um að ræða öfuga byggðastefnu.

Það er kominn tími til að hætta slíku vísitölusvindli. Ríkisstj. verður að gera sér grein fyrir að fólk sér í gegnum þessar kúnstir og sættir sig ekki við þær. Vera má að landsmenn verði allir að taka á sig byrðar til að bæta efnahag heildarinnar, en þá er farsælast að koma beint framan að mönnum og segja þeim sannleikann. Mörg ár eru nú liðin síðan olíuhækkanirnar miklu gerðust, og það er kominn tími til að jafna metin í hitunarkostnaði milli landsmanna. Það verður einnig að hætta að svelta Hitaveitu Reykjavíkur vegna vísitöluæfinga sem gerðar eru til að blekkja þjóðina.

Það, sem ríkisstj. hefur um mál þessi að segja í yfirlýsingu sinni sem birt hefur verið í kvöld, er svo lítið og loðið að við það verður ekki unað, heldur verður að krefjast þess, að málið verði tekið föstum tökum og gerðar ráðstafanir sem um munar til að leiðrétta misrétti og mistök sem gerð hafa verið. Alþfl. heldur uppi stöðugri baráttu í þessum málum á Alþingi. Miklar umr. hafa orðið undanfarið um frv. flokksins um að gera hitunarkostnað frádráttarbæran til skatts. Flokkurinn mun halda þessari baráttu áfram þar til ríkisstj. rumskar og tekur á málinu af þeirri alvöru sem það krefst.

Núv. ríkisstj. hefur setið að völdum í tvö ár. Hún var mynduð á mjög óvenjulegan hátt og var fyllsta ástæða til að lofa henni að reyna sig, sjá hvort hún næði betri árangri en aðrar samsteypustjórnir. En reynslan af stjórninni er ekki góð. Nú um áramótin var efnahagsöngþveitið meira en þegar hún tók við, meira en það hefur verið að ýmsu leyti í 20 ár. Samstarf flokkanna innan ríkisstj. hefur farið út um þúfur og þeim tókst með naumindum að halda henni saman. Ráðherrarnir hafa að vísu náð samkomulagi um að sitja enn um sinn, en efnahagspakkinn, sem þeir færa þjóðinni í kvöld, er léttur og lítils af honum að vænta. Þar er ekkert að finna nema gömul íhaldsúrræði og endurtekin nokkur loforð sem svikin voru á síðasta ári. Eftir tveggja ára reynslu verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að þetta sé veik stjórn og ósamstæð.

Reynslan sýnir þjóðinni að Alþb., sem hefur miklu ráðið þessi tvö ár, hefur engin ný úrræði fram að færa, heldur samþykkir kauprán og vísitölusvindl án þess að blikna.

Reynslan sýnir að Alþb. er eins og dauð hönd við stjórn orku- og iðnaðarmála, endalaus skriffinnska og engar ákvarðanir. Þó er það mál málanna fyrir næstu framtíð að íslenska þjóðin hagnýti auðlindir sínar með röskum átökum á sviði orkuvinnslu og nýiðnaðar.

Þessi ríkisstj. hefur verið keypt því dýra verði að gefa Alþb. stöðvunarvald í utanríkis- og varnarmálum. Minni hlutinn er látinn ráða, meiri hlutinn verður að víkja. Þetta skammarlega ástand hefur þegar valdið miklu tjóni og í hverju máli á eftir öðru gera ráðherrar Alþb. einmitt það sem Sovétríkin vildu helst að gert væri eða ekki gert. Öllum lýðræðissinnuðum flokkum ber skylda til að binda sem fyrst enda á þetta neitunarvald kommúnista sem mun í sögunni verða blettur á þessari ríkisstj.

Fyrsta kafla stjórnmálanna á hinu nýja ári er í raun lokið með þessum umr. Ríkisstj. lafir, alþingiskosningar verða ekki í vor, aðeins sveitarstjórnarkosningar. Efnahagsráðstafanirnar eru veik blanda af gömlum bráðabirgðaúrræðum, sem endast e. t. v. fram á mitt ár, alls ekki lengur. Alþfl. mun berjast áfram gegn þessari stjórn, gera kröfur um varanlegri úrræði gegn verðbólgu, um traustara gengi, um framtak í orkumálum, um öflugri iðnað, réttlæti í upphitunarmálum og — eins og ávallt fyrr — félagslega vernd fyrir alla þá sem standa höllum fæti í lífsbaráttunni.

Ég þakka þeim sem hlýddu. — Góða nótt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Forsrh. og fleiri ráðh. hafa gert grein fyrir ráðstöfunum ríkisstj. í efnahagsmálum. Ég skal ekki endurtaka það, en hins vegar undirstrika málflutning Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., m. a. um að hér er um skammtímaráðstafanir eða áfanga að ræða. Er með þeim stefnt að því að tryggja nokkra hjöðnun verðbólgu fram á árið, rekstrargrundvöll atvinnuveganna og kaupmátt launa.

Stjórnarandstaðan hefur furðulega lítið til málanna að leggja og málflutningurinn er svo fátæklegur að undrun sætir. Menn hefðu haldið að nýi varaformaðurinn í Sjálfstfl. flytti þjóð sinni úrræði til lausnar vanda. Því var ekki að heilsa, því miður, heldur þuldi hann þrautleiðinlega raunarollu um að allt væri í kaldakoli. Hann sá hvergi út úr sortanum sem umlykur stjórnarandstöðuna í Sjálfstfl.

Þann tíma, sem áhrif þessara efnahagsráðstafana var, og áður en áhrif þeirra fjara út mun ríkisstj. beita sér fyrir kerfisbreytingu í efnahagsmálum. Sú spurning gerist æ áleitnari, hve lengi íslenska hagkerfið getur staðist 40—60% verðbólgu án þess að bíða varanlega tjón af. Hugsandi og ábyrgir menn hljóta að sjá að slíkt ástand torveldar þjóðinni bætt lífskjör og stofnar fjárhagslegu sjálfstæði hennar í vissa hættu. Þegar af þessum ástæðum og raunar fleiri þarf að koma til kerfisbreyting í efnahagsmálum. Framsfl. leggur mikla áherslu á þetta meginatriði. Viðræður um kjaramál milli aðila vinnumarkaðar eru á næsta leiti og því kjörið tækifæri til allsherjarsamráðs og samstarfs um nýjar leiðir og nýtt viðmiðunarkerfi.

Ég hygg að sú skoðun eigi vaxandi fylgi að fagna, að þjóðin nái aldrei verðbólgunni niður á viðunandi stig nema með því m. a. að gjörbreyta vísitölukerfinu. Margir stjórnmálamenn hafa á ýmsum tímum rætt vísitölukerfið og fordæmt það. Lúðvík Jósepsson sagði t. d. í þingræðu 3. maí 1974 orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Hitt er rétt, að það er mikil þörf á því að breyta þeim vísitölugrundvelli, sem notaður er til þess að vernda kaupmátt launa. Sá vísitölugrundvöllur, sem við búum við í dag, er í eðli sínu ósanngjarn, og hann er auk þess stórhættulegur í efnahagskerfinu. Það er rétt, það er ekkert vit í því, að vísitölukerfið skuli vera þannig uppbyggt, að þegar þjóðin verður fyrir stóráföllum, eins og við mikla hækkun á olíuvörum, þá skuli allar launastéttir í landinu fá kauphækkun út á slík óhöpp, en það er það sem gerist nú í dag. Ég tel, að það sé launþegasamtökunum í landinu nauðsynlegt og einnig gagnlegt fyrir vinnumarkaðinn almennt séð að hafa vissa vísitölutryggingu á launum, en það þarf að miða þá tryggingu við allt annað en vísitalan er miðuð við í dag. Nú er hún látin mæla margvíslegar verðbreytingar, sem koma í rauninni lítið við hinn almenna launamann. Það þarf því að endurskoða allt það kerfi, því að verði það ekki endurskoðað, er hætt við því, að það verði tekin upp gamla viðreisnaraðferðin að skera vísitöluna niður með öllu, en það hefur líka í för með sér margs konar vandkvæði."

Þetta sagði Lúðvík Jósepsson á Alþingi árið 1974. Þessi ummæli eiga engu minni rétt á sér nú en þá.

Samkv. upplýsingum úr Fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar hækkuðu launtaxtar í verkamannavinnu um 1400% á árunum 1970—1979, en á sama tíma jókst kaupmáttur meðaltímakaups um aðeins 25—26%. Á þessu tímabili hallaði undan fæti hjá atvinnurekstrinum, þannig að hinar miklu verðhækkanir á síðasta áratug komu ekki fram í auknum hagnaði þeirra. Það er því ljóst að hinar gífurlegu hækkanir kaupgjalds og verðlags á áratugnum 1970—1979 hafa aðeins að litlu leyti komið launþegum til góða. Þær hafa fyrst og fremst brunnið á báli verðbólgunnar og um leið veikt fjárhagsstöðu fyrirtækja og skert rekstrargrundvöll þeirra.

Þessar staðreyndir sýna okkur að krónutala launa er ekki einhlít til að bæta kjörin nema síður sé. Verðbólga hefur magnast m. a. vegna krónutölustefnunnar og valdið margvíslegum skaða í efnahagslífi þjóðarinnar. Launin eru að vísu stærsti þátturinn í raunverulegum lífskjörum fólks, en verðlagið eða verðbólgan hefur einnig afgerandi þýðingu. Þá koma skattar, vextir og margs konar þjónusta og margt fleira.

Það er ánægjulegt að margir forustumenn launamanna gera sér æ ljósari grein fyrir haldleysi krónutölustefnunnar og benda á þýðingu kaupmáttarins og þess, að aukin verðmætasköpun í þjóðfélaginu er grundvöllur bættra lífskjara.

Það er fróðlegt að líta til grannlandanna og sjá hvernig viðmiðunarkerfi þau búa við.

Á árunum 1967 og 1968 var verðbólga í Finnlandi mjög mikil og samkeppnisstaða útflutningsatvinnuveganna því slæm. Fyrirsjáanlegt var að lækka þurfti gengið mjög verulega eða yfir 30% og var öllum ábyrgum aðilum í þjóðfélaginu ljóst, að ef slík gengisfelling yrði að veruleika með þeim víxlverkunaráhrifum á verðlag og laun, sem af henni leiddi, mundu efnahagsmál Finna gjörsamlega fara úr böndunum. Eftir ítarlegar viðræður á milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins var á árinu 1968 samþykktur efnahagsmálapakki í þinginu, sem m. a. fól í sér afnám vísitölubindingar launa. Voru allir hlutaðeigandi aðilar samþykkir þeirri ákvörðun, en Alþýðusambandið hafði þann fyrirvara að þetta væri til reynslu. Í kjölfarið tókst að koma í veg fyrir kollsteypu í efnahagsmálum og verðbólgan minnkaði verulega á næstu árum. Viðmælendur í Finnlandi voru sammála um, að afnám vísitölubindingarinnar hefði verið til hagsbóta fyrir hlutaðeigandi aðila, og töldu að rauntekjur hefðu aukist meira næstu árin á eftir en ella hefði orðið.

Í Finnlandi er kjarasamningum svipað háttað og í

Svíþjóð, þ. e. launaliður er endurskoðaður í ljósi verðlagsþróunar, en engin sjálfvirk tenging á milli launa og verðlags. Tekið er tillit til stöðu atvinnuveganna og þjóðarbúsins og möguleika á kaupmáttaraukningu án aukinnar verðbólgu. Auðvitað voru aðstæður um margt ólíkar hjá Finnum borið saman við okkur hér á Íslandi þegar þeir ákváðu með samningum kerfisbreytingu, sem hefur reynst þeim vel. Í Danmörku búa menn við skert verðbótakerfi og virðist stefnt í þá átt að hverfa frá sjálfvirku verðbótakerfi. Í Noregi, Bretlandi og Vestur-Þýskalandi eru laun ekki vísitölubundin.

Af því, sem nú hefur verið rakið, má draga þá ályktun, að skynsamlegt og nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga að rjúfa hið sjálfvirka vísitölukerfi, sem hér viðgengst, a. m. k. að einhverju leyti, og semja um kaup og kjör þannig að fullt tillit sé tekið til stöðu þjóðarbúsins og möguleika fyrirtækja til að greiða hærri laun.

Framsfl. hefur ekki viljað ganga svo langt að afnema vísitölukerfið með öllu, heldur að nema á brott ýmsa augljósa agnúa þess, svo sem áhrif skatta og þjónustugjalda almenningsfyrirtækja, þar með orkuþjónustu. Þá tækju vísitölubætur mið af breytingum viðskiptakjara. Með slíkum aðgerðum yrði mjög dregið úr verðbólguhvata vísitölukerfisins. Framsfl. leggur mikla áherslu á, að sem allra fyrst verði hafinn undirbúningur að víðtækari efnahagsaðgerðum sem tryggi varanlegra viðnám gegn verðbólgunni, enda nauðsynlegt til þess að ná þeim markmiðum sem ríkisstj. hefur orðið ásátt um.

Kjaramálin eru mjög stór þáttur efnahagsmála, en að mörgu fleira þarf að hyggja þegar heildarstefna er mörkuð. Þess vegna mun ríkisstj. einnig hefja viðræður við aðila að *verðmyndunarkerfi* sjávarútvegs og landbúnaðar um breytingar á skipan þeirra mála sem stuðlað gætu að hjöðnum verðbólgu, en treyst um leið kaupmátt og afkomu í þessum greinum. Í þessu sambandi verður sérstaklega athugað að draga úr og breyta álagningu opinberra gjalda á atvinnuvegina til viðbótar við þegar ákveðnar skattalækkanir.

Í verðlagsmálum mun ríkisstj. leggja áherslu á að hvetja til hagkvæmari innkaupa til landsins og auka verðgæslu í stað beinna verðlagsákvæða. Þá verður verðlagskynningu beitt í vaxandi mæli til að vekja athygli neytenda á verðlagi. Þá verða vextir lækkaðir í samræmi við hjöðnun verðbólgu. Niðurgreiðslum verður beitt um sinn í auknum mæli. Síðan koma að okkar mati skattalækkanir til álita. Þá verður dregið úr fjárfestingum til að minnka spennu í hagkerfinu og sparnaðarherferð framkvæmd á vegum ríkisins.

Að lokum þarf að halda áfram ströngu aðhaldi í peningamálum og fjármálum ríkisins. Að svo miklu leyti sem bankakerfið er aflögufært verður fjármagni beint til fjárfestingar án þess þó að þrengja um of að lífsnauðsynlegum útlánum bankakerfisins til atvinnuveganna.

Í öllum greinum þarf að vinna þannig að verðbólgan minnki jafnt og bítandi og að sem flestir verði virkir þátttakendur í aðgerðum. Með slíku allsherjarátaki til niðurtalningar verðbólgunnar er von til jákvæðrar framvindu efnahagsmála sem leggur grundvöll að bættum lífskjörum í landinu.

Það er áríðandi að allir þeir, sem skilja vanda stjórnunar, beiti áhrifum sínum í þágu lands og þjóðar. Hagsmunir þjóðarinnar eiga að sitja í fyrirrúmi gagnvart þrýstihópum og ímynduðum stjórnmálahagsmunum. Heilbrigð skynsemi á fyrst og seinast að ráða ferðinni. — Þökk fyrir áheyrnina. Góða nótt.

Umr. frestað.

Efri deild, 36. fundur.

Mánudaginn 1. febr., kl. 2. miðdegis.

Endurnýjun skipastólsins, frv. (þskj. 280). — Frh. 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til sjútvn. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 35. fundur

Mánudaginn 1. febr., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 289). — 1. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess, að þess er sérstaklega vænst að hv. þingdeild greiði fyrir afgreiðslu þessa máls þar sem mér skilst að samkomulag sé um að greiða þann veg fyrir því að það nái lagagildi í dag í báðum deildum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt er það einn liðurinn í efnahagsráðstöfunum ríkisstj., sem tilkynning hefur verið gefin út um og útvarpsumr. fóru fram um s. l. fimmtudag, að tollar verði lækkaðir á nokkrum vörutegundum. Hér er um að ræða lækkun á tollum, sem nú eru 80%, í 40%, en vörutegundirnar eru: kæliskápar, frystikistur, eldhúsviftur, uppþvottavélar, þvottavélar, þurrkarar, strauvélar, ryksugur, viftur, hrærivélar og brauðristar og auk þess nokkur tæki sem þeim eru tengd, en einnig er hér um að ræða kæliskápa, þvottavélar og hrærivélar.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem lækkaðir eru tollar á nokkrum af þessum vörutegundum, þar sem vörugjald var fellt niður af kæliskápum, þvottavélum, hrærivélum og ryksugum um mitt s. l. ár. Það er stefna ríkisstj. að reyna að jafna aðflutningsgjöld og að því er nú unnið í sérstakri nefnd að undirbúa tillögur í þá átt. Má því segja að hér sé stigið spor í sömu átt og er í undirbúningi.

Eins og fram kemur í athugasemdum með þessu frv. er hér um tekjutap fyrir ríkissjóð að ræða sem nemur um 22 millj. kr. á heilu ári og er þá allt meðtalið, þ. e. bæði lækkun tolls, lækkun vörugjalds vegna tollalækkunar og lækkun söluskatts af sömu ástæðu þar sem söluskatturinn reiknast ofan á tollinn og vörugjaldið.

Herra forseti. Þegar samkomulag var gert við hv. stjórnarandstæðinga um útvarpsumr., sem fram fóru s. l. fimmtudag, var þess einnig getið, að væntanlega þyrfti að afgreiða eitt tollalagamál með hraða í þinginu, og var ekki talin þá ástæða til að ætla að nein fyrirstaða yrði á því. S. l. fimmtudag var svo þessi fyrirætlun kynnt fyrir formanni Alþfl., það náðist þá ekki í þingflokksformann Alþfl., og formann þingflokks Sjálfstfl. Töldu þeir að ekkert mundi verða því til fyrirstöðu að þetta litla lagafrv., sem er í sjálfu sér ákaflega einfalt mál, færi í gegnum báðar deildir þingsins í dag. Ég vænti þess, að svo geti orðið, þar sem það veldur vissum vandræðum að ekki skuli vera hægt að afgreiða þetta sem fyrst. M. a. lýsa þau vandamál sér í því, að það fólk, sem fyrir viku eða jafnvel fyrir lengri tíma ætlaði sér að kaupa þessi heimilistæki, en fékk boðskap um að til stæði tollalækkun, hefur auðvitað beðið með kaup á þessum tækjum nú um alllangt skeið. Getur ekki við svo búið staðið öllu lengur.

Herra forseti. Ég mælist sem sagt til þess, að á fundum deildarinnar hér á eftir verði gert hlé, þannig að nefnd gefist kostur á að fjalla um þetta mál svo það megi komast til Ed. síðar í dag, og vil leyfa mér að leggja til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það frv., sem hæstv. fjmrh. hefur nú talað fyrir, var boðað í skýrslu ríkisstj. í útvarpsumr. s. l. fimmtudag. Ég á ekki von á að það verði settur fótur fyrir framgang þessa máls. Ég hefði hins vegar talið að það hefði orðið til þess að auðvelda alla málsmeðferð ef hæstv. ríkisstj. hefði verið búin að leggja fyrir þingið hvernig allt þetta dæmi, sem hún hefur hugsað sér í sambandi við sínar ráðstafanir, kæmi út.

Í grg. með þessu frv. er þess getið, hvaða tekjutapi ríkissjóður yrði fyrir miðað við að þetta frv. næði fram að ganga. En hér er aðeins einn þáttur af fleiri sem boðað hefur verið að komi til framkvæmda á næstunni. Það hefði því verið eðlilegast að í umr., sem fram fóru s. l. fimmtudag, og í þeirri skýrslu, sem þinginu var birt þá, væri þetta dæmi allt saman gert upp þannig að þm. gætu séð hvað hver þáttur þessarar grg. þýddi í því dæmi sem þar var fram sett. Því er ekki að heilsa. Ég á von á að fjh.- og viðskn.-menn þessarar hv. deildar vildu gjarnan fá einhverjar upplýsingar í sambandi við þessi mál, og ég trúi ekki öðru en hæstv. fjmrh. hafi gert ráðstafanir til þess, að þeir aðilar, sem undirbúið hafa þau og fjallað um af hálfu starfsmanna hans, séu reiðubúnir að koma og veita upplýsingar.

Hæstv. ráðh. vék að því áðan, að það væri æskilegt að hraða þessu frv. í gegnum þingið því að það biðu sjálfsagt margir eftir því að geta keypt þessi tæki á lága verðinu sem yrði eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Ég held að hæstv. ráðh. þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessu endilega, því að einhvern grun hef ég um að þegar hugmynd kom fram um að fella niður eða lækka þessa tolla hafi ekki mikið af tækjum verið til í landinu þannig að þess vegna hafi menn ekki beðið eða bíði með kaup á þeim. Hitt gæti ég látið mér detta í hug, að innflytjendur hefðu ekki leyst út tækin upp á síðkastið þannig að ríkissjóð skorti það fjármagn sem hann annars hefði fengið ef um hefði verið að ræða eðlilegan innflutning þessa síðustu daga.

Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., en í fjh.- og viðskn. mun sjálfsagt verða óskað eftir ýmsum upplýsingum í þessu sambandi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lét einhvern tíma svo um mælt, að sér kæmi það mjög á óvart hvað tollskráin íslenska væri vitlaus, eins og hann orðaði það, og hvað þar væri mikið af furðulegum af-

greiðslum og furðulegum ákvæðum að finna.

Þetta er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. Aðflutningsgjöldin á Íslandi eru orðin þvílíkur frumskógur að það er varla nokkur maður, jafnvel ekki í hópi þeirra sem sérstaka þekkingu hafa þó á þeim málum, sem getur treyst sér til að rata með sæmilegum hætti í þeim mikla frumskógi. Einhver allra þarfasta breyting, sem gera þyrfti á íslenskum efnahagsmálum, væri að reyna að grisja þennan frumskóg tolla og aðflutningsgjalda og gera hann eitthvað meira í samræmi við þá tíma sem við lifum nú á. Sú athugasemd hæstv. fjmrh. var því rétt sem hann lét falla á sínum tíma um að þarna væri marga vitleysuna að finna.

Hins vegar harma ég mjög að mönnum skuli aldrei koma til hugar að taka aðflutningsmálin til skoðunar og breytingar nema aðeins þegar menn þurfa á því að halda að möndla eitthvað með vísitöluna og þá sé skoðunin framkvæmd í miklum flýti og reynt að leita að einhverri vöru og lækka tolla á henni fyrst og fremst til að lækka framfærsluvísitöluna fremur en að menn séu að hugsa um að reyna að grisja þann frumskóg sem aðflutningsgjaldaskógurinn er. Er þetta enn eitt dæmið um að allur leikurinn snýst um vísitöluna eina, en ekki þær nauðsynlegu breytingar sem gera þarf á aðflutningsgjöldunum, jafnvel þó að hæstv. fjmrh. hafi lýst skoðun sinni á því máli. Það er eins og hæstv. ríkisstj. komist aldrei út fyrir þessi þriggja mánaða tímabil sín. Öll hennar afskipti af flestum málum snúast um vísitöluleikfimi á þriggja mánaða fresti. Hún kemst aldrei nær einu máli en hvað varðar áhrif þess á vísitöluna og þess vegna verða menn að sætta sig við að aldrei sé hreyft við þessum aðflutningsgjaldafrumskógi nema þegar hæstv. ríkisstj. telur sig til þess knúna að gera það m. a. vegna þess að hún telur nauðsynlegt að koma í veg fyrir að verðbætur verði greiddar á kaupgjald í þessu landi. Þetta er út af fyrir sig ekkert óvanalegt atferli því að hæstv. ríkisstj. hefur áður gert nákvæmlega það sama og hún er nú að gera. Yfirleitt gerist það með sama hætti og hér hefur verið lýst, að hvorki ríkisstj. né Alþingi er gefið neitt ráðrúm til að skoða málið út frá því sjónarmiði að gera einhverjar leiðréttingar og lagfæringar á aðflutningsgjöldunum. Málið snýst alltaf allt um það eitt, með hvaða hætti megi koma í veg fyrir að verðbætur séu mældar á laun.

Ég held að það hafi verið s. l. mánudag, mig minnir það, sem þess var farið á leit við þingflokkana að hafnar yrðu útvarpsumr. um skýrslu hæstv. forsrh. um efnahagsaðgerðir ríkisstj. Á þessum mánudagsfundi var þess óskað af hæstv. fjmrh., að stjórnarandstaðan greiddi fyrir því, að breytingar á tollalögunum næðu afgreiðslu á n. k. mánudegi, í dag, viku síðar. Ég staðfesti það rétt hjá hæstv. fjmrh., að við stjórnarandstæðingar tókum þeirri málaleitan mjög vel. En okkur datt auðvitað ekki annað í hug en að málið yrði tekið til umr. í þinginu í vikunni, yrði lagt fram og tekið til umr. í vikunni og einhver kostur gæfist á því að skoða málið í fjh.- og viðskn. þingsins, jafnvel þó að menn samþykktu að hafa samt þá skoðun eins hraða og mögulegt væri. Það er hins vegar ekki fyrr en í dag sem hæstv. fjmrh. mælir fyrir þessu máli. Hann hefur ekki heldur gert neinar ráðstafanir til þess, sem ella hefði þó verið hægt að gera, að óska eftir því við fjh.- og viðskn. annarrar hvorrar deildarinnar eða báðar að þær skoði málið áður en framsöguræðan væri flutt, sem hefði þó mætavel verið hægt eins og aðstæður eru og væri ósköp eðlilegt að hæstv. fjmrh. hefði farið á leit við fjh.- og viðskn. Þetta hefur ráðh. ekki gert. Með öðrum orðum: málið kemur ekki á dagskrá og ekki til skoðunar í þinginu fyrr en nú kl. 2 á mánudegi og hæstv. fjmrh. ætlast síðan til þess að Alþingi afgreiði málið við þrjár umr. í Nd. og Ed. í dag. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Hvaða tíma eiga menn þá að hafa til að skoða þetta mál, jafnvel þó að menn séu allir af vilja gerðir að taka sem skemmstan tíma til þeirrar skoðunar? Nú er boðaður fundur í þessari hv. deild, sem á að standa til kl. 4. Þá hefjast þingflokksfundir, sem eiga að standa venjulega til kl. 6 eða 7. Það er ekki fyrr en þá að þessu væri lokið sem væri hægt að taka málið til skoðunar og væntanlega ekki hægt að afgreiða málið fyrr en í kvöld.

Er hæstv. fjmrh. að fara fram á að þingfundum verði nú látið lokið til þess að fjh.- og viðskn. gefist þó tóm til að skoða málið? Er hann að fara þess á leit, að þingflokkar fallist á að halda ekki fundi í dag, eins og er þó gert ráð fyrir samkvæmt þingvenju? Hvenær ætlast hæstv. fjmrh. til að menn fái að skoða málið — eða ætlast hann til þess að menn afgreiði málið án skoðunar?

Ég skal taka það fram, aðeins til þess að upplýsa þingheim og hæstv. fjmrh. um að við Alþfl.- menn höfum verið allir af vilja gerðir til að hraða meðferð þessa mál, að þegar fyrir helgi óskuðum við eftir tilteknum talnalegum upplýsingum um tollamál, sem okkur var lofað í dag, til þess að við gætum fjallað um þetta mál og gert m. a. þær brtt., sem við höfum hug á að gera. En þeim mönnum, sem vinna að málinu hefur því miður ekki gefist tími til að svara spurningum okkar enn. Við höfum í hyggju að flytja brtt. við frv. t. d. um að lækka tolla á vörum til sykursjúkra, sem ekki eiga að skipta miklu máli í tolltekjum fyrir ríkissjóð, en skipta þennan hóp sjúklinga verulega máli. Við óskuðum eftir upplýsingum um þessi efni fyrir helgi til að geta verið tilbúnir með afstöðu okkar nógu snemma, eins og hæstv. fjmrh. bað um. Því miður hefur okkur ekki gefist tækifæri enn þá til að útbúa brtt. því að við fáum ekki þessar upplýsingar. Hæstv. ráðh. ætlast til þess, að þingheimur afgreiði þetta frv. sem lög athugunarlaust, án þess að nokkur maður geti komið þar fram með nokkra breytingartillögu.

Ég vil enn fremur benda hæstv. fjmrh. á að formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar, sem á að fá málið til meðferðar, er veðurtepptur austur á landi og getur ekki komið til fundarins. (SV: Hann er á leiðinni.) Varaformaður nefndarinnar er veikur og situr ekki fundi Alþingis, en hins vegar situr varamaður hans þessa fundi. Ég efast um að sá varaþm. kæri sig mikið um að hafa forustu fyrir vinnu nefndarinnar á þeim skamma tíma sem hún hefur til ráðstöfunar.

Ég vil því láta máli mínu lokið með því að lýsa því yfir, að við Alþfl.-menn erum að sjálfsögðu reiðubúnir til að gera allt sem við getum til að greiða fyrir gangi þessa máls. Við áttum von á að hæstv. fjmrh. ekki bara legði málið fram, heldur mælti fyrir því í síðustu viku svo hægt væri að taka það til meðferðar í þeirri viku. Það var ekki gert. Við bjuggumst þá við því, að hæstv. fjmrh. óskaði eftir að nefndin skoðaði málið þó svo að umr. færi ekki fram um það, svo að menn væru búnir að hafa eitthvað tækifæri til að athuga þær till. sem hæstv. ráðh. hefur fram að færa í málinu. Það var ekki heldur gert. Það er vafasamt að fjh.- og viðskn. þessarar deildar, þó hún vildi ganga til fundar nú og bæði forseta um að fresta fundum deildarinnar, væri fundarhæf þar sem formaður hennar er ekki við. Ég býst varla við að þingflokkar taki því

fegins hendi að fella niður fundi sína í dag. Ég vil því eindregið beina því til hæstv. fjmrh. hvort hann geti ekki fallist á þá niðurstöðu að við reynum að vinna þetta verk í kvöld. Ég er reiðubúinn að mæta á fundi fjh.- og viðskn. í kvöld og reyna að ljúka málinu þá og reyna síðan að ganga til afgreiðslu málsins á morgun. Ég tel það ekki forsvaranlegt, að þegar þingflokkar hafa búið sig í stakk til að geta hraðað afgreiðslu svona máls, m. a. með því að afla sér upplýsinga áður en málið er komið á dagskrá, til að geta flutt brtt. við væntanlegt frv. hæstv. fjmrh., sé þeim ekki gefinn svo sjálfsagður tími til að skoða mál af þessu tagi.

M. ö. o. herra forseti, fer ég þess á leit, að hæstv. fjmrh. fallist á að við fáum kvöldið til að skoða þetta mál. Fallist hæstv. ráðh. á það skal ekki standa á okkur Alþfl.-mönnum að taka málið til afgreiðslu á morgun.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það þingmál, sem hér er til umr., var lagt fram s. l. fimmtudag, en þá var ekki kostur að mæla fyrir málinu þar sem fram fóru eldhúsdagsumr. Hins vegar var um það rætt við fulltrúa stjórnarandstöðunnar, eins og ég tók fram áðan, þ. á m. við formann Alþfl., að málið yrði afgreitt á einum degi í dag. Þá þegar var ljóst að það yrði ekki mælt fyrir því fyrr en í dag. Það er því ljóst, að ef menn vilja ekki una þessu, þá una menn ekki því samkomulagi sem þeir voru að reyna að gera hér í seinustu viku. Það verður þá að hafa sinn gang. — En ég held að það sé alveg ljóst að það verður ekki mögulegt að afgreiða þetta mál, eins og ég er að fara fram á, öðruvísi en að hnika eitthvað til fundartíma deildarinnar og fundartímum þingflokkanna, þannig að ráðrúm gefist til að skoða þetta mál t. d. milli kl. 3 og 4.30 í dag. Ef það er ekki gert er vonlaust að málið komist fram í dag. Ég vil mega skjóta því að fjh.- og viðskn. deildarinnar, að þetta yrði sameiginlegur fundur nefnda úr báðum deildum þingsins. Það mundi vafalaust spara nokkurn tíma að hafa þann háttinn á.

Í sambandi við brtt., sem hv. þm. kynnu að vilja bera fram á tollalöggjöfinni, eða önnur þau atriði sem menn vildu koma á framfæri í sambandi við þessar efnahagsaðgerðir, þá vil ég vekja á því athygli, að þetta mál er aðeins ofurlítill angi af þessum efnahagsaðgerðum ríkisstj. og það er von á miklu stærra og miklu meira þingmáli, sem mun m. a. snúast um tollamál, en auk þess um launaskattsmál, um skattlagningu á banka og stimpilgjöld og margt fleira. Þá verður auðvitað rétti vettvangurinn til að koma á framfæri tillögum af hálfu stjórnarandstæðinga, sem þeir vilja koma á framfæri í sambandi við afgreiðslu þessara mála. — En sem sagt: Vonir okkar stóðu til þess, að stjórnarandstaðan mundi fallast á að þetta mál, sem út af fyrir sig er mjög lítið mál, gengi greiða leið gegnum þingið í dag, og ég vona satt að segja enn að það geti orðið.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil strax taka það fram, að virðulegur formaður þingfl. Alþfl. hefur ekki heimild mína sem nefndarmanns í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar til að ráðstafa kvöldinu. Ég er búinn að ráðstafa því á annan hátt, þannig að það verður þá að koma varamaður. Helst vil ég ekki fá varamann inn fyrir mig þar. En alla vega kemst ég ekki á kvöldfund út af þessu máli.

Ég vil líka taka það fram, að ég tel ekki rétt að draga afgreiðslu þessa máls eða mála almennt vegna þess að einhver önnur tillaga um gott málefni er á leiðinni. Einnig vil ég alveg sérstaklega leggja áherslu á það, að í fjarveru formanna taka varaformenn að sjálfsögðu við stjórn funda, og ef varaformenn hafa varamenn á þingi fyrir sig lít ég á þá varamenn sem fullgilda alþm., á meðan þeir sitja hér. Ég dreg ekki í efa að sú virðulega nefnd, sem ég á sæti í, hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, er miklu fallegri, þrátt fyrir gott útlit Guðmundar J. Guðmundssonar, með varamanni við formennsku í stað Guðmundar sjálfs. Ég kvíði ekkert fyrir því að hafa fund fljótlega, og ef ég væri ekki upptekinn vildi ég gjarnan hafa næturfund.

Ástæðan til þess, að ég stend hér upp, er ekki sú, að ég *vilji tefja framgang þessa máls. Ég vil leggja því lið frekar* en hitt, og ég mun leggja öllum tillögum lið sem um málið fjalla og miða að tollalækkun eða útgjaldalækkun. Ég tel furðulegt hvernig tollamál hafa þróast hér, miðað við 100% framleiðslukostnað, að tolltekjur einar saman skuli vera komnar upp í 80% og stundum meira af ýmsum vörutegundum. Alveg er furðuleg þörf þessa tiltölulega litla samfélags okkar.

Þessi tillaga miðar að því sama og sú sem var lögð fram á s. l. ári, eins og kemur fram í athugasemd, með leyfi forseta. Gríp ég þar inn í miðja grein: „Heimilistæki þau, sem ákvörðun um lækkun gjalda tók til, voru kæliskápar, þvottavélar, hrærivélar og ryksugur, en kaup á þessum tækjum hafa m. a. vegna hárra innflutningsgjalda verið umtalsverður útgjaldaliður í heimilisrekstri og einkum komið harkalega niður á yngra fólki við bústofnun". Þetta var röksemdafærslan s. l. ár, þegar tollar voru lækkaðir. Síðan heldur áfram og segir að tollar séu lækkaðir „úr 80% í 40%, sem felur í sér verulegar hagsbætur fyrir heimilin í landinu." Hvaða alþm. getur verið á móti þessu. Ég skil ekki að nokkur maður geti verið á móti því.

Hitt er annað mál, að það eru að sjálfsögðu miklu fleiri heimilistæki í notkun en eru í verslunum, eru á leiðinni eða eru í vörugeymslum í landinu. Öll þessi heimilistæki þurfa viðhald. Ef á að lækka aðflutningsgjöldin er enn meiri þörf á að lækka tollskrána hvað snertir tolla af varahlutum sem þarf í þessi tæki. Það er ekki minni þörf á að lækka rekstrarkostnað þessara tækja en að lækka stofnkostnaðinn. Það er jafnvel enn meiri þörf að lækka rekstrarkostnað heimilanna en hitt. Því er það, að ég beini því til hæstv. fjmrh. að hann beiti sér fyrir breytingum á þessu frv., sem við gætum þá vonandi rætt í dag á fundi hv. fjh.- og viðskn., um að samhliða afgreiðslu þessara tollalækkana yrði rætt um og samþykkt lækkun á varahlutum í þessi tæki. Það er ósk mín að fjmrh. beiti sér fyrir að þeim viðbótartollskrárnúmerum verði komið fyrir í frv., sem hér liggur fyrir, og þannig breytt verði frv. afgreitt úr fjh.- og viðskn., þá vonandi seinna í dag.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það eru örfá orð út af *viðbrögðum hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, formanns* þingflokks Alþfl. Mér komu þau satt að segja nokkuð á óvart.

Á fundi snemma í fyrri viku, sem við áttum formenn þingflokka, forsrh. og fáeinir ráðherrar aðrir hérna í stigaherberginu, var rætt um fyrirkomulag á útvarpsumr. og flutning skýrslu þeirrar sem flutt var hér á fimmtudagkvöldið. Þá upplýsti fjmrh. þar á fundinum að hann þyrfti að fá lögfest þetta frv. um tollamál. Ég leit svo á að það hefði verið um það samið þar á fundinum að þetta frv. næði fram að ganga. Ég man ekki betur en talað hafi

verið um mánudag. Það kom a. m. k. ekki fram aths. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að hann teldi þetta ekki fært. Ég treysti því nú, að menn sjái að þetta er leikur einn. Þetta er einfalt mál og ég held að hv. nm. í fjh.- og viðskn. þurfi ekki mjög langan tíma til að taka afstöðu til málsins.

Það villl svo til að formaður n., Halldór Ásgrímsson, er veðurtepptur enn þá á Höfn í Hornafirði. Það standa að vísu vonir til að þangað verði flogið síðar í dag. En fyrir hönd Framsfl. mun Guðmundur G. Þórarinsson mæta í stað Halldórs Ásgrímssonar við afgreiðslu þessa máls. Varamaður Ingólfs Guðnasonar, hv. þm. Jón Ingi Ingvarsson, mætir þar að sjálfsögðu. Og varamaður varaformanns n., Guðmundur J. Guðmundssonar, þ. e. hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir, mætir á fundinum svo að það standa vonir til að þessi nefnd verði vel skipuð og starfhæf. — Annað var það ekki, herra forseti.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég kann ekki vel að meta það, hvorki nú né endranær, þegar hæstv. ráðherrar leggja mál hér inn á hið háa Alþingi, eftir hádegið er talað fyrir málinu, síðan er sagt við þm., eins og hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að menn skyldu varast að flytja brtt. við málið, þm. gæfist kostur á því einhvern tíma síðar á þinginu, þá væri miklu eðlilegra að gera þetta og þar fram eftir götunum. Auðvitað er málflutningur af þessu tagi óviðeigandi. Það er sök sér ef hæstv. ráðh. hugsa á þennan hátt, en hitt er varla sæmandi virðingu þessarar stofnunar, að hæstv. ráðh. skuli láta þetta út úr sér, jafnvel þótt þeir séu Alþb.-menn.

Ég vil svo segja það og biðja þá nefnd, sem tekur þetta mál til afgreiðslu, og sérstaklega stjórnarandstöðuna, að hyggja vel að því, hvort á sérstöku tæki, sem hér er talað um að lækka úr 80% í 40% toll, sé ekki nauðsynlegt að afnema tollinn með öllu, en þar á ég við eldhúsviftur. Það liggur fyrir, og er raunar ekki aðhlátursefni, að það hefur mjög skert samkeppnisaðstöðu Rafha-eldavéla að undir vissum kringumstæðum fást þessar eldhúsviftur fluttar inn tollfrjálst, ef þær eru tengdar við eldavélar og koma þannig til landsins. Þetta hefur komið í veg fyrir að þetta íslenska iðnfyrirtæki hafi staðið jafnfætis erlendum í samkeppninni um íslenska markaði. Til að taka af allan vafa í þessu efni er eðlilegast að afnema tollinn með öllu, enda sé ég satt að segja ekki hvaða rök hníga til þess, úr því að eldavélar eru tollfrjálsar, hvers vegna eldhúsviftturnar mega ekki vera það líka. Svo er raunar um fleiri heimilistæki. Það er þetta og ýmislegt annað í þessu sambandi sem vert er að íhuga.

Ég geri mér grein fyrir því, að hæstv. fjmrh. brá svo skjótt við og flutti þessi sérstöku tollskrárnúmer vegna þess að þau koma við vísitöluna. Auðvitað er hæstv. fjmrh. á móti því, að tollur sé lækkaður á öðrum vörum sem ekki eru jafnmikið í vísitölunni. Það er þessi venjulega pólitík sem við búum við hér í landinu, að það er sérstök reiknuð verðbólga sem búin er til á skrifstofum, og henni er hampað hér í þingsölum og ráðuneytunum, en svo er önnur raunveruleg verðbólga í landinu sem bitnar á fólkinu vegna þess að kauptaxtarnir eru ekki miðaðir við þá verðbólgu.

Ef maður les yfir tollskrána kemur fljótt í ljós að hvers konar listmunir, menningarhlutir, eru tollfrjálsir. Skiptir þá ekki máli hvort við tölum um bækur eða málverk eða listaverk af því tagi. Á hinn bóginn eru háir tollar á hvers konar hljóðfærum, hljómplötum og öðrum þvílíkum hlutum. Nú hygg ég að það sé öllum þingheimi ljóst, að á undanförnum árum hefur mjög færst í vöxt að foreldrar hafa lagt mikið fé til að mennta börn sín í tónlist og hljóðfæraleik. Fjöldi heimila leggur mikið á sig til að kaupa hljóðfæri af ýmsu tagi til þess að uppeldi barna þeirra megi verða sem best, og þegar um hæfileikamikil börn er að ræða og þau eru kannske mörg í fjölskyldu, þá verður hér um mjög tilfinnanlegan kostnað að ræða. Á hinn bóginn vitum við það, sem höfum fengist við kennslu í framhaldsskólum, að fáir nemendur eru jafnsamviskusamir, jafnagaðir í sínu námi og jafnfljótir að grípa hvað eina, sem til meðferðar er í skólanum, og einmitt þessir nemendur sem hafa lagt stund á hljóðfæraleik og unna fögrum listum. Það er af þessum sökum og líka vegna þess að það er boðað að nefndin fái naumast nokkurn tíma til að skoða málið sem ég sé mig knúinn til þess hér strax við 1. umr., að flytja þá brtt., að tollur af hljóðfærum og hljómplötum verði afnuminn í leiðinni.

Ég þarf ekki að taka það fram við hv. þingheim, að það tekur nákvæmlega jafnlangan tíma að fella brtt., sem fram kemur, og að samþykkja hana. Það eru þess vegna ekki rök í málinu að tímaskortur komi í veg fyrir að þessi tillaga verði samþykkt. En á hinn bóginn vil ég aðeins segja það við hæstv. ríkisstj., að miklu mundi þjóðin verða umburðarlyndari í hennar garð og vilja líta með meiri velþóknun á þær ráðstafanir, sem ríkisstj. er nú að gera í efnahagsmálum, ef hún léti svo lítið að leyfa einhverju að fljóta með í tollalækkununum sem ekki mælist í framfærsluvísitölunni eða svo sem ekki neitt, þannig að fólk fái með öllum þessum pökkum svo sem einn pínulítinn aukapakka sem sé á kostnað ríkisins sjálfs, en ekki til að hlunnfara launþegana í landinu.

Nú veit ég að hæstv. fjmrh. er mikill unnandi fagurra lista, þekki það frá fornu fari, og ég veit að hugur hans stendur til að samþykkja þessa till. mína. Hins vegar er hann í vondum félagsskap í þessari ríkisstj. Ég vil því mælast til þess, þegar hann lítur á brtt., að hann láti sinn góða mann einu sinni lesa yfir till. frá stjórnarandstöðunni, betri helminginn í sjálfum sér, því að ef hann gerir það veit ég að hann muni leggjast á sömu sveif og ég og við munum lifa það á þessum degi að tollur af hljóðfærum og hljómflutningstækjum verði afnuminn og virðing þingsins verði meiri eftir en áður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. Það hafa orðið nokkrar umr. um það, hvenær væri hægt að halda fund í hv. fjh.- og viðskn. Sumir eru uppteknir í kvöld þó þeir vildu gjarnan vera á kvöldfundi. En það væri kannske hægt að ná samkomulagi um að hafa næturfund í nefndinni til að afgreiða málið, ef nm. féllust á það. Ég sé enga ástæðu til þess að nefndin geti ekki hraðað störfum sínum við afgreiðslu þessa máls. Eiginlega er það viðtekin regla, að vitaskuld taka varaþm. sæti í viðkomandi nefndum og eru jafngildir og kjörnir aðalmenn á þingi og þegar vantað hefur þm. hefur nú verið viðtekin venja að viðkomandi þingflokkur hefur fengið að tilnefna mann í stað þess sem fjarverandi er þegar mikið hefur þótt við liggja. Ég tel því ekkert athugavert við það.

Í sambandi við brtt., sem fram kunna að koma, get ég ekki fallist á að það sé endilega hægt að flytja aðeins frv. hér og það megi engan veginn neinu breyta í því, ef þm. eða meiri hl. þd. hefur hug á að gera breytingu. Ég vil því

mjög gjarnan íhuga betur þau atriði sem hér hefur verið minnst á.

Samkv. þessu frv. er sagt að tollar og opinber gjöld af nokkrum heimilistækjum hafi lækkað á s. l. sumri. Það er rétt þar sem það nær. En hins vegar vitum við að þær aðgerðir hafa verið síðan, bæði gengissig og gengisfelling, að þetta verð er komið yfirleitt í það sama eða næstum því það sama og var á s. l. sumri. Það, sem nú er lagt til að gera, er gert í ákveðnu augnamiði. Það er gert til að greiða vísitöluna niður með þessum hætti. Það má segja að flestar ríkisstjórnir hafi að einhverju leyti fengist við þá iðju, en ekki er því að neita, að ósköp er það óviðfelldið þegar verðuppbætur á laun koma eftir á og þær hafa skapast á þeim þremur mánuðum sem líða á milli útreiknings þeirra. Það, sem hér hefur gerst, er að þessar vörur sem aðrar hafa verið að hækka að 2/3 á því tímabili sem liggur á milli útreiknings á verðbótavísitölu á laun. Því má segja að nú sé gott að vera rausnarlegur þegar mikil kaup hafa átt sér stað á heimilistækjum, sem alltaf eiga sér stað þegar gengisfelling er í aðsigi, og aldrei fer það leynt í landi okkar þegar gengisfelling er í aðsigi, því að það er keppst við að auglýsa gengisfellingu viku eftir viku, og þá reyna menn að losa sig við hvern pening sem þeir eiga til að kaupa eitthvað af þeim tækjum sem koma til með að hækka verulega í verði. Það vita allir, að þegar verður mikil sala í slíkum tækjum, hvort sem það eru heimilistæki sem þessi eða hvort sem það eru bílar eða annað, þá verður dauður markaður fyrst á eftir. Því má segja að ríkissjóður komi ekki til með að tapa miklum tekjum til 1. mars af völdum þessa frv. Hann er búinn að taka frá sínar tekjur þegar, eins og allir skilja, en eftir stendur svo takmörkuð verðbótavísitala. Því get ég vel tekið undir það, sem hv. 7. landsk. þm. sagði, að það mætti e. t. v. eitthvað fylgja hér meira til að bæta nokkuð upp sem ríkissjóður hefur fengið á undanförnum mánuðum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. En ég tek undir það og lýsi því yfir, að ég er reiðubúinn sem nefndarmaður að ganga til afgreiðslu á þessu frv. þannig að það geti farið fljótt í gegnum þingið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Við skulum gera okkur grein fyrir því áður en lengra er haldið, að lög öðlast ekki gildi fyrr en þau hafa verið gefin út. Þó svo að Alþingi samþykkti frv. þetta í dag í bæði Ed. og Nd. mundu lögin þar með ekki hafa öðlast gildi. Alþb.-menn halda auðvitað að allt séu lög ef þeir samþykkja það. En það er nú samt sem áður ekki svo. Til þess að frv. þetta öðlist gildi þarf í fyrsta lagi að samþykkja það á Alþingi og árita af forseta og í öðru lagi að gefa það út í Stjórnartíðindum. Ég á ekki von á að það sé áætlað að Ríkisprentsmiðjan Gutenberg gefi út Stjórnartíðindin í nótt, þannig að þó svo að frv. þetta yrði samþykkt í báðum deildum í nótt mundi það þar með ekki hafa öðlast gildi. Ég sé satt að segja ekki hverju það breytir, hvort frv. verður að lögum í dag eða á morgun, upp á gildistímann. Mér er nær að halda að það mundi ekkert fyrr öðlast gildi þó að það væri samþykkt í dag en ef það yrði samþykkt á morgun.

En það er ekkert aðalatriði. Meginatriði málsins er að sjálfsögðu að menn sýni Alþingi ekki aðeins þá virðingu að stofna ríkisstjórn með aðild Alþb. og undir forsæti Gunnars Thoroddsens. Það er út af fyrir sig mikil virðing við Alþingi að slík ríkisstjórn skuli vera til. En það er líka virðing við Alþingi að hæstv. ríkisstj. gefi alþm. kost á því þó ekki væri nema að skoða á stuttum fundi þær tillögur sem hún gerir. Ég sé ekki að hægt sé, miðað við þingvenjur, að halda slíkan fund í fjh.- og viðskn., nema að fella annaðhvort niður fundi þingsins hið snarasta eða fella niður þingflokksfundi, vegna þess hvernig hæstv. ríkisstj. hefur haldið á málinu. Hæstv. ríkisstj. hafði alla möguleika til að taka málið til meðferðar í fjh.- og viðskn. annaðhvort á fimmtudag, föstudag eða laugardag, jafnvel þó svo hún mælti ekki fyrir málinu fyrr en í dag.

T. d. vil ég benda á að það er ekki rétt, eins og haldið hefur verið fram af hæstv. ríkisstj. að þessi breyting sé á þá lund að felldir séu niður 80% tollar af heimilistækjum. Það eru fjölmörg heimilistæki, sem fólk notar dags daglega, sem enn yrðu í 80% tolli þó að þetta frv. yrði samþykkt. Spurningin er að sjálfsögðu, sem menn þurfa að fá að skoða, hvað því veldur að slíkir hlutir eru eftir skildir. Í 80% tolli eru, eins og ég segi, ýmis heimilistæki, t. d. búsáhöld bæði úr áli, kopar og öðrum efnum sem notuð eru. Allur borðbúnaður er eftir sem áður í 80% tolli. Kaffikönnur allar, rafmagnskönnur, allar kvarnir, grænmetiskvarnir og annað slíkt, þvottavélar til gólfþvotta og annað slíkt eru eftir sem áður í 80% tolli. Meira að segja, hæstv. forseti, verða Carmen-hárrúllur eftirleiðis áfram í 80% tolli, og er það þó varningur sem menn vita að er mikið notaður bæði utan og innan Alþingis. Það þyrfti að skoða hvort Carmen-hárrúllur ættu ekki enn fremur að vera felldar úr tolli, a. m. k. lækkaðar um helming. (**HBl:** Er það ekki síst hagsmunamál Alþb.) Og er það ekki síst hagsmunamál Alþb., það er rétt. Þá vil ég leyfa mér að geta þess, að meðal þess varnings, sem eftir er í 80% tolli, eru nauðsynjavörur eins og t. d. grænmeti, krydd, sveppir, grænar baunir, gulrætur og slíkur varningur, eldspýtur, skóáburður, leirvörur, öll búsáhöld úr áli, stáli, tini, nikkeli og öðru slíku og fjölmargar aðrar slíkar vörur, rakvélablöð, jafnvel ullarklippur, sem líka eru í uppáhaldi hjá sumum hv. þm., líka í Alþb. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt, þó að menn gefi sér nú ekki mikinn tíma til, að skoða hvort ekki sé rétt til að gæta samræmis þegar verið er að fella niður tolla af hluta heimilistækja, eins og er verið að gera hér, — að gæta samræmis í þeim tollabreytingum til að vera ekki að flækja enn þá meira þann frumskóg sem hæstv. fjmrh. hefur verið að tala um. Hvaða ástæða er til þess, fyrst verið er að fella niður tolla af heimilistækjum, að skilja eftir ýmsar nauðsynjavörur sem ekki eiga að geta skipt sköpum um afkomu ríkissjóðs, en gætu verið gagnlegar fyrir einstaklinginn, væru felldir niður tollar af þeim, án þess að það skipti mjög verulegu máli í tekjum ríkissjóðs, svo sem eins og Carmen-hárrúllur?

Magnús H. Magnússon: Örfá orð, herra forseti.

Það hefur lengi verið Alþingi og ríkisstj. til skammar að leggja lúxustoll á sérstakar nauðsynjavörur sykursjúklinga. Það er einnig ljóst að frv. stjórnarandstæðinga, hversu góð sem þau annars eru, fá í fæstum tilfellum afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Það er því að vonum að stjórnarandstæðingar reyni að koma sínum sjónarmiðum á framfæri með brtt. við stjfrv., því að það tryggir þó að þessar brtt. fái afgreiðslu, en reynslan sýnir okkur að aðrar tillögur stjórnarandstæðinga, hversu góðar sem þær eru, fá yfirleitt ekki afgreiðslu. Ég vil stuðla að fljótri afgreiðslu á því máli sem hér er á dagskrá, en þó ekki svo

að jafnhliða sé ekki tekið af það sérstaka óréttlæti sem sykursýkissjúklingar hafa orðið að þola og það lengi, að sjúkdómur þeirra sé beinlínis notaður sem sérstök tekjuþúfa fyrir ríkissjóð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 31 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 287 (sbr. 261), 291). — 3. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í því frv., sem hér er til umr., er fyrst og fremst verið að samræma ýmis ákvæði barnalaganna almannatryggingalögunum sem kveða á um og lúta að fyrirgreiðsluskyldu Tryggingastofnunar ríkisins vegna barnalaganna. Eitt af þeim nýmælum, sem fram komu í barnalögunum, var að heimilt væri að ákveða framlag til menntunar og starfsþjálfunar allt til þess að barn nær 20 ára aldri. Ekki var þó fyrir því séð í þeim lögum, hver ætti að vera innheimtuaðili þessa sérstaka framlags eða sjá um greiðslur samkv. úrskurði til foreldra, eins og gert var með önnur nýmæli í þeim lögum. Ljóst er þó að ef þetta ákvæði á að ná tilgangi sínum er nauðsynlegt að í lögum sé tryggt, hver eigi að vera sá aðili sem foreldri eigi aðgang að með slíkar greiðslur, rétt eins og er um önnur nýmæli í barnalögunum sem kveða á um sérstök framlög vegna barna, en í þeim tilfellum er það Tryggingastofnun ríkisins. Er og eðlilegt að þessar greiðslur allar séu á sama stað og Tryggingastofnunin sjái um greiðslur einnig vegna ákvæðis um sérstakt framlag vegna menntunar og starfsþjálfunar, en Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiði síðan Tryggingastofnun ríkisins þessi framlög eins og önnur framlög sem kveðið er á um í barnalögunum. Sé þetta ekki tryggt er ljóst að ákvæði barnalaganna um sérstök framlög vegna menntunar og starfsþjálfunar muni ekki ná tilgangi sínum, ef einstæðu foreldri er gert að ganga eftir þessum greiðslum sjálft án sérstaks innheimtuaðila eftir að úrskurður valdsmanna liggur fyrir um greiðslur í þessu skyni. Hef ég reyndar spurnir af því, að daglega sé spurst fyrir um þessar greiðslur hjá dómsmrn. og margir hafa af því miklar áhyggjur, að mjög torvelt gæti reynst að ganga eftir þessum greiðslum og erfitt í allri framkvæmd. Ljóst er því að margir einstæðir foreldrar muni standa ráðþrota frammi fyrir því, hvernig nálgast eigi þessar greiðslur eftir að þær hafi verið úrskurðaðar, nema þeim verði tryggður aðgangur að Tryggingastofnun ríkisins vegna þeirra, en Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiði þær síðan Tryggingastofnuninni, rétt eins og er um meðlagsgreiðslur. Ég hef því ásamt hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur lagt fram brtt. á þskj. 291, þannig að framkvæmd þessa ákvæðis barnalaganna verði tryggt. Hljóðar hún svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. mgr. 4. gr. komi:

Framlag til menntunar og starfsþjálfunar samkv. 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkv. úrskurði til 20 ára aldurs."

Vænti ég þess, að hv. þm. sjái nauðsyn þess að bæta þessu ákvæði inn í svo að ekki þurfi að koma til þeirra erfiðleika og leiðinda sem slíkt getur haft í för með sér, að löggjafinn hafi ekki séð fyrir hvernig framkvæmd þessa ákvæðis barnalaganna skuli háttað.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að bæta við það sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir sagði áðan og allt var rétt og satt. Ég vil aðeins skýra hvers vegna þessi breyting kemur fram svo seint.

Í 30. gr. barnalaganna segir, með leyfi forseta:

„Foreldri á aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um þær greiðslur sem greinir í 19. gr." o. s. frv. En sú lagagr., sem hér er verið að heimila Tryggingastofnun að annast einnig, er 17. gr. barnalaganna. Við gerð barnalaganna hefur þess ekki verið gætt, að afgreiðsla og innheimta á þeim viðbótargreiðslum, sem einstæðum foreldrum eru þar veittar, þ. e. samkv. 17. gr., fari gegnum Tryggingastofnun ríkisins. En það gildir um allar aðrar greinar og það mun vera ástæðan fyrir því, að þessa var ekki gætt þegar þessi samræming á almannatryggingalögunum var gerð.

Hins vegar höfum við kynnt okkur það, að ekkert muni vera lagalega á móti því að lög um almannatryggingar heimili þetta þó að þess sé ekki getið í barnalögum, og fulltrúi í dómsmrn. hefur bent okkur á að slíks séu mörg dæmi. Heimild verði raunar að vera í almannatryggingalögum. Ein lög heimila oft fyrirgreiðslu þó að heimildir séu ekki í öðrum lögum. Ég held að hér sé sanngirnismál á ferðinni og sjálfsögð breyting sem ekki kostar endilega mikið fjármagn. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að allar þær greiðslur, sem hér er verið að tala um, eru háðar yfirvaldsúrskurði, þannig að engin slík greiðsla fer fram nema dómari hafi dæmt barnsföður til að inna af hendi þessar greiðslur. Ég vil þess vegna fara fram á það við hv. þm., að við tefjum ekki þetta mál frekar, þó að þessi breyting komi fram svo seint. Ég hygg, að hún sé til bóta og einfaldi afgreiðslu þessara mála, og vil mælast til að málið verði afgreitt héðan úr deildinni í dag.

ATKVGR.

Brtt. 291 samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP SighB, SV, SkA, StH, SvG, VG, ÞS, ÁG, ÁG, BGr, GHelg, HBl, JI, IGísl, JE, JS, MHM, SvH.

MÁM, ÓE, IJ, SigurlB, SteinG, AS, FrS, GS, JÞ greiddu ekki atkv.

11 þm. (RA, BÍG, EH, FÞ, GeirH, GHall, GGÞ, HÁ, HG, KP, MB) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hinn 28. okt. s. l. urðu talsverðar umr. utan dagskrár hér á þingi vegna fiskverðsákvörðunar. Inn í þær umr. spunnust niðurstöður rannsókna á hrygningarstofni loðnunnar. Þá sagði hæstv. sjútvrh. orðrétt m. a.:

„Það er rétt, að niðurstöður af rannsókn fiskifræðinga nú í okt. eru ákaflega alvarlegar. Niðurstaða þeirra er sú af mælingum, að loðnustofninn, sem þeir mældu, sé um 144 þús. lestir, en þeir mældu í fyrra á sama tíma hátt í 700 þús. lestir eða 677 þús. lestir. Ef þetta er rétt boðar

það náttúrlega ekkert annað en hrun loðnustofnsins."

Þetta sagði hæstv. sjútvrh. þá, en loðnuveiðunum var haldið áfram engu að síður. Við fyrrnefnda umr. sagði ég m.a.:

„Ég verð að segja það sem mína skoðun, að deilur um loðnuverð eru hjóm eitt miðað við hversu alvarlegar fréttir hér eru á ferðinni. Mín skoðun er sú, að þær upplýsingar, sem nú hafa borist frá fiskifræðingum, hljóti að vera af því tagi að það sé rökrétt ákvörðun í framhaldi af þeim upplýsingum að loðnuveiðar verði stöðvaðar þegar í stað, a. m. k. á meðan verið er að skera úr um hvort þessar upplýsingar eru réttar eða ekki.

Mér er ljóst að það standi mörg spjót á hæstv. sjútvrh. þessa dagana af ýmsum tilefnum og vegna ýmissa mála. En þetta mál finnst mér alvarlegra en nokkuð annað sem hér hefur borist inn í þingsali í langan tíma. Menn verða að gera svo vel að gera sér það ljóst, að loðnan er undirstöðufæðutegund þorskfisksins í hafinu. Ef við erum að veiða upp þennan stofn eru svo alvarleg tíðindi á ferðinni að við því verður að bregðast af fyllstu hörku.

Ég vænti þess, að hæstv. sjútvrh. taki þetta mál eins föstum tökum og honum er framast unnt."

Þetta var sagt hinn 28. okt. s. l. Ekkert gerðist, loðnuveiðunum var haldið áfram.

Í framhaldi af þessum orðum mínum ráku nokkrir loðnuskipstjórar upp ramakvein og einn skipstjóranna sagði að loðnusjómenn fengju hroll í sig þegar þeir heyrðu orð af þessum toga spunnin. Ég sagði þá í blaðagrein að ég vonaðist til þess, að sá hrollur breyttist ekki í hrollvekju.

Herra forseti. Dagana 11.—22. jan. s. l. voru hafrannsóknaskipin Bjarni Sæmundsson og Árni Friðriksson að bergmálsmælingum á síld og loðnu. Á Bjarna Sæmundssyni hófust mælingar á loðnugöngunni út af Suðausturlandi hinn 11. jan., en frá 15. — 22. jan. voru bæði skipin við mælingar á stærð loðnustofnsins og endurvarpsstuðlum. Niðurstaða þessara mælinga gefur m. a. til kynna um 150 þús. tonna hrygningarstofn. Þessi niðurstaða er í mjög góðu samræmi við athuganir sem gerðar voru fyrri hluta nóvembermánaðar á fyrra ári, eftir að mælingarnar í okt. höfðu verið reyndar og þær ekki taldar geta staðist. Þá mældust um 325 þús. tonn af hrygningarloðnu, sem að frádregnum afla og afföllum af völdum ránfisks jafngildir því að átt hefðu að mælast 170 þús. tonn, ef öll hrygningarloðnan hefði gengið austur fyrir land. Staða loðnugöngunnar og bermálsmælinganna fyrir áramót benda ákveðið til þess, að sú hafi raunin orðið. Finnist ekki meiri hrygningarloðna er stærð þessa hluta stofnsins hin langminnsta sem mælst hefur á seinni árum og langt undir þeim mörkum sem Hafrannsóknastofnunin hefur miðað við, er gerðar hafa verið tillögur um hámarksafla, og virðist skila viðunandi seiðafjölda.

Þessa dagana er hafrannsóknarskipið Bjarni Sæmundsson að mæla hugsanlegar hrygningargöngur fyrir Vestfjörðum og Norðurlandi. Þá verður einnig reynt að mæla ókynþroska hluta stofnsins á sömu slóðum og auk þess út af Austurlandi eftir að hrygningarloðnan er gengin af því svæði. Það verður þó að segjast, að fiskifræðingar eru ekki bjartsýnir á að þarna finnist umtalsvert magn, en það mun koma í ljós.

Í skýrslum þeirra Hjálmars Vilhjálmssonar og Páls Reynissonar eftir rannsóknarferðina 11. — 22. jan. segir orðrétt:

„Þar til þeim athugunum lýkur" — það eru þær athuganir sem nú standa yfir — „er aðeins hægt að ítreka fyrri tillögur um bann við loðnuveiðum, auk ábendinga um alvarlegt og síversnandi ástand stofnsins í heild."

Herra forseti. Ég er enn þá þeirrar skoðunar, að hér sé á ferðinni eitt hið alvarlegasta mál sem hefur komið til umr. á hinu háa Alþingi. Ég vil í örstuttu máli rekja nokkrum fleiri stoðum undir þessa skoðun mína.

Árið 1979 voru loðnuafurðir 17% af heildarframleiðsluverðmæti íslenskra sjávarafurða og jafngildir það um 3% þjóðarframleiðslunnar. Í fyrra var loðnan 8% af heildarframleiðsluverðmæti sjávarafurða og skilaði 1.5% af þjóðarframleiðslu. Hins vegar var loðnan 6% af öllum útflutningstekjum okkar það ár. Í blaðaviðtali nú fyrir helgi segir Ólafur Davíðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ef loðnuveiðunum yrði alveg hætt hefði það því talsverð áhrif á viðskiptajöfnuð okkar. Það hefði auk þess ýmis óbein áhrif, því að það er talsverð starfsemi í kringum þetta. Áhrif loðnuveiðanna á þjóðarbúið eru því kannske heldur meiri en sýnist."

Herra forseti. Á þessu máli er svo önnur hlið sem er ekki síður alvarleg, en það eru hugsanleg áhrif af hruni loðnustofnsins á afkomu þorskstofnsins. Vísindamenn tjá mér að loðna sé um helmingur af öllu fæðunámi þorsksins að vetrinum eða í a. m. k. 6 mánuði. Því má skjóta hér inn í, að í nóv. s. l. var óvenjulítið af loðnu í þorski veiddum hér við land. Auk loðnu er talið að þorskurinn éti mikið af karfa og kolmunna, en þorskurinn er mesta fiskætan af þeim fisktegundum sem við veiðum. Ekki er talið ólíklegt að þorskurinn éti svipað magn af loðnu ár hvert og við höfum veitt hin síðari ár.

Þá er þess að geta, að sveiflur í loðnustofni kunna að vera meiri en hjá öðrum fisktegundum. Loðnan er uppsjávarfiskur og verður því fyrir miklum áhrifum af hvers konar umhverfisbreytingum. Ef loðnustofninn er nú nánast hruninn, eins og margir óttast, er erfitt að spá fyrir um hvað gerist í sambandi við fæðuöflun þorsksins. Leitar hann í aðra fiskstofna eða verður hann aðgangsharðari við þann loðnustofn sem eftir er? Fari svo mun hann ekki aðeins ganga á hrygningarstofninn, heldur herja meira en áður á smáloðnuna og þar með klippa á þá möguleika endurnýjunar loðnustofnsins sem fyrir hendi hafa verið.

Árið 1973 var talið að hrygningarstofn loðnunnar hefði verið um 4.5 millj. lesta og í jan. 1980 um 800 þús. lestir. Á síðasta ári var leyfður 617 þús. tonna aflakvóti og af því magni hafa veiðst um 500 þús. tonn ef þeir bátar, sem ekki hafa enn veitt upp í kvótann, fá að ljúka þeim veiðum. Ef loðnuveiðar hefðu hins vegar verið stöðvaðar í október s. l. hefði verið unnt að minnka kvóta nær allra skipanna og draga þannig úr tjóni einstakra báta. Það hefði einnig verið hægt að stöðva veiðarnar með öllu og reyna að bæta tjónið með einhverjum ráðum.

Herra forseti. Ég er nú að ljúka máli mínu. Það hefur komið fram, að ýmsir stjórnmálamenn og sjómenn hafa gert lítið úr rannsóknum fiskifræðinga og viljað fara fremur eftir brjóstvitinu og þekkingu sem auðvitað byggir á talsverðri reynslu. Fyrir hvoru tveggja ber ég virðingu, en ég tek einnig mark á fiskifræðingum. Eða til hvers notum við mikla fjármuni til rekstrar Hafrannsóknastofnunar og annarra skyldra stofnana ef brjóstvit og stjórnmálalegar ákvarðanir geta nær eingöngu ráðið

ferðinni?

Ég vil að þessum orðum sögðum beina þeim ákveðnu spurningum til hæstv. sjútvrh., hvað hann hyggst gera vegna þeirra skipa, sem ekki hafa veitt upp í kvóta sinn, hvort hans rn. hafi gert athuganir á afleiðingum hugsanlegs hruns loðnustofnsins, hverjar framtíðarhorfur séu í sambandi við loðnuveiðarnar að hans mati og hvort farið verði að tilmælum fiskifræðinga um stöðvun loðnuveiðanna. Það þolir enga bið að taka ákvörðun. Þetta mál varðar ekki eingöngu fiskifræðinga, sjútvrh., stjórnmálamenn og sjómenn, heldur afkomu þjóðarheildar.

Svo vil ég, herra forseti, þakka fyrir og þakka um leið hæstv. sjútvrh. að hann léði máls á að þetta mál yrði tekið til umr. í dag.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal svara fsp. hv. þm.

Ég ætlaði að fara yfir þá skýrslu, sem fiskifræðingarnir afhentu mér eftir ferð þeirra um austursvæðið, en hv. þm. gerði það sjálfur svo ítarlega að ég held að ég geti sparað mér það að mestu leyti. Sömuleiðis nefndi hann þær tölur sem ég hafði hugsað mér að nefna hér um þróun þessara veiða, sérstaklega um stærð hrygningarstofnsins. Ég gæti einnig lagt það til hliðar. Ég mun því aðeins hlaupa á nokkrum meginatriðum og ekki fara langt aftur í tímann.

Ég minni á það í fyrsta lagi, að samkv. tillögum íslensku og norsku fiskifræðinganna frá því í febr. 1981, þ. e. á s. l. ári, var lagt til að heildarloðnuveiðikvótinn fyrir 1981—1982, þ. e. þessa vertíð, yrði 700 þús. lestir. Farið var fullkomlega eftir þeirra tillögum. Þessu var síðan skipt af norsk-íslensku fiskveiðinefndinni í Osló 19. maí s. l. Ákveðið var að Íslendingar fengju 617.385 lestir, Norðmenn 82.615 lestir. Þarna var dregið dálítið af Norðmönnum, því að þeir höfðu farið yfir sumarið 1980. Samtals rúmlega 22 þús. lestir voru af þeim dregnar.

Næst fóru fram mælingar íslenskra og norskra fiskifræðinga 14.—23. okt. Þá höfðu Norðmenn að sjálfsögðu lokið sínum veiðum við Jan Mayen og sömuleiðis höfðu Efnahagsbandalagslöndin hætt sínum veiðum við Austur-Grænland eða á gráa svæðinu á milli Jan Mayen og Grænlands, en Íslendingar áttu þá eftir að veiða 350 þús. lestir. Þá kom fram mæling upp á 144 þús. lestir, og ég hygg að það hafi verið þá sem hv. þm. rak upp sitt ramakvein eða hvað hann kallaði það áðan. Ég ákvað að stöðva ekki veiðar þá, því satt að segja trúði ég þessum tölum eftir að ég var búinn að ræða við fiskifræðinga ítarlega um málið og sömuleiðis eiga fund með skipstjórum og öðrum sem mikla reynslu hafa. Ég ákvað hins vegar að senda rannsóknaskipið Bjarna Sæmundsson strax út til áframhaldandi mælinga. Var lagt sérstakt fjármagn í það. Sem betur fór kom í ljós að miklu meira magn var þarna heldur en áður hafði verið talið, 325 þús. lestir voru mældar. Og miðað við það, sem veitt hafði verið í millitíðinni, samsvarar þetta um 450 þús. lestum eða þrisvar sinnum meira en átt hefði að mælast samkv. fyrri mælingum. Engu að síður voru loðnuveiðar stöðvaðar þá, nema ákveðið var að leyfa þeim skipum, sem ekki höfðu náð 50% síns kvóta, að halda áfram. Þetta var gert að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Og ég vek athygli á því, að sjómenn og útgerðarmenn hafa sannarlega ekki síður hagsmuna að gæta þarna en aðrir — og raunar meiri þegar tekið er a. m. k. tillit til þess sem þeir verða fyrir af þessum ástæðum nú, þó að ég dragi á engan máta úr þeim framtíðarafleiðingum sem hrun loðnustofnsins hefur, og kem ég að því síðar.

Þessar veiðar gengu satt að segja ekkert sérlega vel hjá þessum skipum. Það voru mjög miklar ógæftir, lítið náðist og enn þá eru um 10 þús. lestir sem þessi skip hafa ekki náð. Veiðar eru ekki stundaðar af neinum krafti.

Síðan var aftur mælt nú í janúar, eins og fram hefur komið, og þá kemur sú niðurstaða, sem hv. fyrirspyrjandi rakti, að hrygningarstofninn sé 150 þús. lestir. Er það mjög í samræmi við það sem reikna má út frá fyrri mælingum, þegar tekið er tillit til þess, að mjög mikið af þorski er á þessum slóðum og mjög mikið af þessum stofni hefur af þeim orsökum fyrirfarist.

Veiðar standa þá þannig, að Norðmenn hafa veitt samtals á þessari vertíð 91 400 lestir, Íslendingar 484 600, höfðu eins og ég sagði áður heimild til að veiða 617 þús. lestir. Færeyingar hafa veitt við Jan Mayen 2867 lestir, við Grænland 13 345. Danir og Írar hafa samtals veitt um 20 700 lestir. Allir hafa þarna náð sínum kvóta og talsvert meira nema við Íslendingar sem erum þarna um það bil 100 þús. lestum fyrir neðan.

Ákveðið var, um leið og þessar niðurstöður komu, að Bjarni Sæmundsson færi til rannsókna hér á vestursvæðinu og reyndar austur með Norðurlandi og aftur á austursvæðið. Þá á loðnan að hafa aðskilið sig þannig að hrygningarstofninn sé sér. Að höfðu samráði við hagsmunaaðila ákvað ég hins vegar að stöðva ekki þau örfáu skip sem þarna eru. Ég held ég megi segja að það hafi verið mat allra, að það breytti út af fyrir sig mjög litlu þó að þessi skip fengju að halda smávegis áfram. Hins vegar hef ég þegar hafið viðræður við bæði fulltrúa LÍÚ og við sjómenn og það eru reyndar fundir bæði í dag og á morgun um framtíð loðnuveiðanna. Um gífurlega mikið áfall er að ræða fyrir þau skip sem ekki hafa náð t. d. nema helmingi af sínum kvóta. Margir hverjir þeir útgerðarmenn byrjuðu veiðarnar seint í þeirri góðu trú, að þeir gætu náð þessu magni, og byggðu þá á því, að ódýrara yrði við þær að fást seinna þegar loðnan væri komin nær. Ég hygg að margir hafi talið þetta skynsamlegt, en fyrir bragðið hafa þeir misst af strætisvagninum. Þess vegna er í athugun nú að bæta þetta eins og lög framast leyfa úr Aflatryggingasjóði, og er verið að fjalla um það í dag. Heimild er til þess að bæta slíkt tjón að hluta þegar veiðar eru skyndilega stöðvaðar.

Í öðru lagi hefur verið gert ráð fyrir því, og var reyndar gert ráð fyrir því fyrir áramótin í skiptingu á þorski á milli togara og báta, að töluverður hluti — ef ekki nálægt allur þessi loðnufloti kæmi inn í þorskveiðar í jafnvel ríkara mæli nú en var í fyrra. Ég hef einnig rætt við forustumenn LÍÚ um það, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi um skynsamlega ráðstöfun á þessum flota, t. d. þannig að minnstu bátarnir kæmu á þorskveiðar, en þá fengju færri skip loðnukvóta á næstu vertíð. Jafnframt hef ég boðist til þess að skoða síldarveiðarnar í þessu sambandi. Þær verður að skoða hvort eð er. Við getum ekki haldið síldveiðum áfram eins og verið hefur. Kostnaðurinn er allt of mikill með svo mörgum bátum og má áreiðanlega gera þar mikið til hagræðingar. Þetta er nú til umræðu. Ég skal ekki segja hver niðurstaðan verður.

Hins vegar vitum við að mjög mörgum af hinum stærri loðnuskipum er verið að breyta. Það liggja fyrir margar umsóknir um slíkt í Fiskveiðasjóði. Engar hafa verið afgreiddar, en sumum skipanna er búið að breyta engu

að síður. Þetta er kostnaður frá 1—3 millj. kr. á skip og væri vitanlega æskilegt að fara skipulegar í þau mál. En staðreyndin er sú, að það er ekki litið svo á, að 14. gr. fiskveiðilaganna gefi sjútvrh. heimild til þess að takmarka fjölda skipa á togveiðum. Sérstök ákvæði gilda um togveiðar í fiskveiðilögunum. Að vísu er þetta dálítið umdeilt mál, en sjútvrh. hafa ekki treyst sér til að beita 14. gr. fiskveiðilaganna til að takmarka fjölda skipa á togveiðum. Eins og er er ekki talið að heimild sé til að banna slíkar breytingar út af fyrir sig, enda náttúrlega æskilegast og sjálfsagt að reyna að ná þessu máli fram, eins og gert hefur verið á undanförunum árum, með sem víðtækustu samkomulagi.

Ég vil taka undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði um hið alvarlega ástand sem hefur skapast. Ég dreg á engan máta úr því. Hitt er svo annað mál, að þó að töluvert hafi verið rætt um hve víðtæk áhrif það kunni að hafa að loðnustofninn gengur svona saman, þá eru svör við því ekki einhlít og ég get litlu bætt við það sem hann sagði um það áðan. Fróðir menn og fiskifræðingar hafa jafnvel vakið athygli á því, að frá mjög litlum hrygningarstofnum hafa komið stórir árgangar. Eru mörg slík tilfelli þekkt. T. d. held ég að ég fari rétt með að 1973 árgangur af þorski var af litlum stofni kominn. Því er ekki þar með sagt að þetta þýði beinlínis hrun loðnustofnsins. En það er líka staðreynd, að 1976 árgangurinn af þorski er líklega sá stærsti sem verið hefur á Íslandsmiðum lengi, mjög stór. Það vakti athygli fiskifræðinganna þegar þeir voru við þessar mælingar, að þeir urðu varir við mjög mikið af þorski í kringum loðnugönguna. Eflaust heggur þorskurinn stórt skarð í þann loðnustofn sem þarna er eftir. Og því miður eigum við engin ráð til að koma í veg fyrir það.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég verð að játa það, að mér finnst hæstv. sjútvrh. taka á þessu máli af nokkurri léttúð. Ég held að hann geri sér ekki grein fyrir þeirri staðreynd, að vísindamenn okkar eru þeirrar skoðunar, að þorskstofninn getur á 2—3 mánuðum étið upp það magn af loðnu sem er í sjónum. Ég held líka að menn geri sér ekki fulla grein fyrir því, að ef loðnustofninn hverfur, ef hann hrynur, er étinn upp, veiddur upp, þá er þar á ferðinni svo alvarlegt mál að engu tali tekur. Og það var þess vegna sem ég í okt. s. l., þegar þetta mál kom hér til umr. og það upplýstist að loðnustofninn væri um 150 þús. lestir — sem hann sem betur fer reyndist ekki vera, heldur stærri — krafðist stöðvunar veiða. Þó að hann hefði reynst þá vera 300 þús. lestir hefði átt að stöðva loðnuveiðarnar, vegna þess að það var það lágmark sem fiskifræðingar töldu, að hrygningarstofn loðnunnar mætti fara ofan í, og það er auðvitað nánast að gæla við og leika sér að fjöreggi þjóðarinnar að tala í bjartsýnistón um að þetta mun nú bjargast allt saman, á sama tíma og sjálfir fiskifræðingarnir segja að stofninn sé hruninn. Mér finnst að menn ættu að skoða örlítið tölurnar um þennan blessaða loðnustofn.

Ég benti á það áðan, að 1973 var stofninn talinn vera 4 1/2 millj. tonn. Hann er núna kominn niður í 150 þús. lestir. Þyki mönnum þetta ekki alvarleg tíðindi, þá er ég hræddur um að fátt, sem ber á góma í þingsölum, þyki alvarleg tíðindi miðað við þetta. Ég held að menn verði að taka þetta mál mjög alvarlega og þar sem hæstv. sjútvrh. kallaði ramakvein hjá mér 28. okt. s. l., þegar ég skoraði á hann að stöðva þessar veiðar, a. m. k. meðan verið væri að rannsaka stofninn nákvæmlega, hafi það verið ramakvein, þá veit ég ekki hvað á að kalla þessa utandagskrárumræðu mína núna. Ég hef fengið þær upplýsingar hjá fiskifræðingum, að ef svo er nú komið, sem þeir óttast mjög, að stofninn sé hruninn, þá muni það hafa svo alvarlegar afleiðingar á þorskstofninn á næstu mánuðum og árum að nánast sé útilokað að spá um það. Og það sem er verra, ef þorskurinn finnur ekki loðnu í sjónum gengur hann á karfastofninn og hann gengur á kolmunnastofninn. Þetta er líka mjög alvarlegt mál.

Ég vil eindregið skora á hæstv. sjútvrh. að hann taki þetta mál nú það alvarlega, að hann láti sér ekki til hugar koma að heimila veiðar á einni einustu tutlu af loðnu til viðbótar. Það má vel vera að loðnuskipstjórar, sem koma á fund hæstv. sjútvrh., geti talið honum trú um að það sé nóg af loðnu í sjónum. En ég er hræddur um að sú ábyrgð, sem nú hvílir á herðum hæstv. sjútvrh., sé það mikil að hann verði — eins og ég sagði 28. okt. — að taka á þessu máli af mikilli festu og með mikilli alvöru.

Ég verð að segja það um loðnuflotann, sem nú er verið að tala um að breyta með tilkostnaði sem er um 1—3 millj. kr. á hvert skip: hvert ætlar hæstv. sjútvrh. að beina þessum flota þegar hann er tilbúinn í slaginn? Það er kannske orðið fyllilega tímabært fyrir fiskveiðiþjóðina Íslendinga að fara að huga að því, hvort hún geti ekki fundið verkefni fyrir hluta af sínum flota, sem liggur bundinn í höfn stóran hluta af árinu, hjá einhverjum öðrum þjóðum, hreinlega hjá einhverjum öðrum þjóðum, til þess að þessi mikla fjárfesting nýtist Íslendingum að einhverju leyti, að þeir geti a. m. k. notað þessi dýru skip.

Herra forseti. Ég ætla nú ekki að ræða þetta meira. En ég verð að segja alvega nákvæmlega eins og er, að ástandið, sem nú hefur skapast í þessum málum, er að mínu mati og mati þeirra manna, sem fróðir eru um þennan málaflokk — og þá líka loðnuskipstjóranna margra og kannske flestra þeirra, orðið svo alvarlegt að við getum ekki talað um þetta mál í fyrsta lagi með einhverri tæpitungu. Og við getum ekki leyft okkur, eins og staðan er nú, að taka á þessu og afgreiða þetta með einhverju bjartsýnistali um það, að lítill stofn af loðnu, sem verður fyrir meiri áhrifum af umhverfisbreytingum en nokkur annar fiskstofn í sjónum í kringum landið, verði fyrir einhverja töfraformúlu að risastórum loðnustofni sem við getum síðan haldið áfram að veiða úr á næstu árum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég skal nú ekki eyða löngum tíma deildarinnar í það sem ég hef áhuga á að koma hér á framfæri. Ég ætla ekki að blanda mér mikið inn í þessar beinu umræður hv. fyrirspyrjanda og hæstv. sjútvrh. um stærð loðnustofnsins. Þó vildi ég lýsa þeirri skoðun minni, að ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi tekið þau mál réttum tökum strax þegar hin alvarlegu tíðindi birtust í haust, þegar upp kom að loðnustofninn væri minni en við höfðum gert okkur vonir um, að ganga þá ekki strax til þess að stöðva veiðar, heldur skoða málin betur. Ég held að aðgerðir hæstv. sjútvrh. í þessum málum séu réttar. Jafnvel vil ég taka undir það, að þó að stofn verði lítill, þá er það staðreynd, sem nú blasir við, að slíkur stofn getur skilað af sér góðri hrygningu.

En ég ætla að vekja athygli á einu sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. Það eru fregnirnar um þorsk-

gengdina í kringum loðnustofninn núna. Það getur vel verið að við eigum fyrst og fremst að óttast það, að sá þorskur éti upp lítinn loðnustofn. En í mínum huga ríkir ekki sá ótti fyrst og fremst. Gagnvart þeim fréttum finn ég fyrst og fremst til gleði yfir því, að það er nú staðreynd, að þorskstofninn við strendur Íslands er orðinn mjög stór og mjög sterkur. Fregnirnar, sem við fáum núna um þorskstofninn við Ísland, eru ekki aðeins þær fréttir sem sjútvrh. færir okkur nú í sambandi við rannsókn á loðnustofninum, heldur sýnir línuvertíð hringinn í kringum landið að þorskstofninn við Íslandsstrendur er mjög sterkur, hvort sem við heyrum fréttir frá Suðurnesjum eða frá Snæfellsnesi. Línuvertíðin, sem er að byrja nú, byrjaði því miður hálfum mánuði og seint, hefst á því að næstum því úr hverjum línuróðri koma nú 6, 8, 10—12 tonn. Þetta eru stórar fréttir, þetta eru góðar fréttir um íslenskan þorskstofn. (**ÁG:** Þetta eru vondar fréttir fyrir loðnustofninn.) **Ja, fyrst og fremst erum við nú að hugsa um byggðina á Íslandi og þróun atvinnumála á Íslandi og við vitum sáralítið um það, hvað þorskurinn okkar étur mikið af loðnu. Við vitum sáralítið um það.** Og við vitum það, sem höfum stundað sjó hér við landið, að við höfum veitt mikinn þorsk í ördeyðu-loðnuárunum. Þetta segir svo sem ekki mikið. En þær fréttir, sem eru að birtast okkur núna, segja okkur það, að við höfum ærin verkefni fyrir okkar fiskiskipaflota og þurfum ekki að óttast það að þurfa að senda hann til annarra landa.

Fyrir 20 árum var borin fram hér í hv. Alþingi tillaga um að reyna að koma íslenskum skipum til Afríku-stranda, fara að veiða þar, vegna þess að þau hefðu ekki verkefni hér við Íslandsstrendur. Það er eitthvað svipaður hugsunarháttur sem núna kemur fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Ég hef trú á að fiskstofnar við Íslandsstrendur, jafnvel þó að svolítið dökkt sé núna um loðnustofninn, séu ekki það illa farnir að íslenskir fiskimenn á íslenskum flota geti ekki haft nóg verkefni við að nýta þá á næstu árum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og allir vita er loðnan þannig fiskur að hún safnast í torfur. Það er því auðvelt með nútímaveiðitækni að veiða síðustu torfuna þegar við höfum nætur sem eru mörg hundruð faðmar á lengd og tugi ef ekki hundruð metra á dýpt. Og það er líka auðvelt fyrir þorskinn að éta síðustu loðnuna. Þess vegana förum við aldrei of varlega.

Það er vitað líka, að loðnan er einhvers staðar á bilinu 40—60% af fæðu þorksins, svo að það er ekkert skrýtið og engin mótsögn í því sem kom fram hjá hv. þm. Skúla Alexanderssyni. Hann sagði að það væri oft góð þorskveiði í lélegum loðnuárum. En það er einfaldlega vegna þess að þá étur þorskurinn allt sem að kjafti kemur. Hann tekur alla beitu vegna þess að hann hefur ekkert æti. Það er því oft mjög góð línuveiði þegar ekki er mikið af loðnu. Þegar loðnugöngur koma vestur með Suðurlandi vitum við það, a. m. k. í Eyjum, að þá étur þorskurinn svo mikið af henni að hann liggur í nokkra daga og getur sig ekki hreyft á botninum og veiðist ekki í nein veiðarfæri. Hann étur það mikið yfir sig því að hann er mjög sólginn í loðnuna.

Ég tek satt að segja ekki mikið mark á skipstjórunum, þó þeir séu margir ágætir kunningjar mínir, því að þeir hafa slík veiðarfæri að þeir geta náð í mikinn fisk þó að lítið sé af honum. Þar að auki hafa þeir fiskleitartæki þar sem þeir sjá nærri því hvert bein í sjónum í mjög mikilli fjarlægð. Þeir sögðu okkur 1963 og 1964 að allur sjór væri fullur af síld, og þegar höfð voru uppi varnaðarorð þá vildu þeir ekki hlusta á þau, sögðu bara að alltaf hefði verið nóg síld í sjónum, menn hafi vantað leitartæki og menn hafi vantað skip. En hvað skeði? Þeir veiddu svo mikið að við höfum ekki séð eina einustu síld af norsk-íslenska síldarstofninum nú í hér um bil tvo áratugi, ekki eina einustu, hvort sem það verður áfram þannig. Maður vonar að það verði ekki. En ég legg áherslu á það, að allur vafi á að hvetja til varúðar. Að vísu var ekki að marka talninguna frá því í haust þegar ís var yfir stóru svæði. Og það er vitað að nákvæmni mælinganna er ekki mikil. Skekkjumörk eru álitin vera plús 100 og mínus 50%. Eigi að síður er dæmið í dag hrikalegt. Allur vafi í þessum efnum á alltaf að vera okkur áminning um að fara varlegar.

Hæstv. sjútvrh. sagði að góð hrygning hefði oft komið af lélegum hrygningarstofni. Það er rétt. Ef skilyrðin í sjónum eru þannig getur það komið fyrir, sem betur fer, og hefur komið fyrir. Aftur á móti hefur það verið svo með loðnuna á undanförnum árum, að hún hefur ekki komist á sín bestu hrygningarsvæði, sem eru vestur með Suðurlandi, á Selvogsbankanum og þar fyrir austan. Veiðin hefur verið svo áköf að hún kemst ekki þangað suður fyrir. Hún hefur ekki sést þar um langan tíma, en þar er vitað að skilyrðin fyrir uppeldið eru best. Það er líka mikil hætta á ofveiði.

Ég ítreka það, að við verðum að fara mjög varlega í þessum efnum. Við megum aldrei huga það mikið að hagsmunum dagsins í dag að við gleymum morgundeginum. Við höfum álasað forfeðrum okkar fyrir að eyða skógi. Þeir höfðu varla í önnur hús að venda og vissu ekki nógu mikið. Við vitum miklu betur og framtíðin mun aldrei fyrirgefa okkur ef við gerum a. m. k. ekki það sem við getum til þess að koma í veg fyrir að loðnustofninum verði eytt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins til að fyrirbyggja misskilning sem mátti e. t. v. ráða af síðari ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Ég kannast ekki við að ég hafi gefið honum tilefni til að ætla að ég hafi ekki áhyggjur af ástandi loðnustofnsins. Ég sagði þvert á móti að ég tæki undir hvert orð sem hann sagði um hið alvarlega ástand. Hitt er svo annað mál, að hv. fyrirspyrjandi er ekki að upplýsa menn um einhvern stórasannleik í þessu máli. Við höfum fjallað um þetta að sjálfsögðu hvað eftir annað, rætt við fiskifræðingana og við þá menn sem hafa hagsmuna að gæta. Ég er sannfærður um að allir þessir menn hafa verulegar áhyggjur af því, hvernig loðnustofninn hefur þróast.

Hitt er svo annað mál, að menn gætu einnig tekið fiskifræðingana á hvalbeinið og sagt: Hvers vegna leggið þið til 700 þús. tonn í vor og það er farið eftir því? Hvað gerðist? Mér dettur það ekki í hug. Það er alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þessi vísindagrein er ekki nákvæm. Það geta orðið gífurlega miklar skekkjur. Þeir segja mér að þeir telji að skekkjan sé fremur upp á við, en engu að síður tek ég undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að þegar svona er verði að hafa allan varann á og byggja á því sem verst gæti orðið.

E. t. v. hefur hv. þm. tekið því svo illa sem ég sagði að ég kynni engin ráð til að banna þorskinum að veiða loðnu. En þaðan stafar í dag langmesta hættan. Og þar er áreiðanlega mjög mikið af því magni sem hefur einhvers

staðar týnst. Kannske hafa skekkjur hjá fiskifræðingunum að vísu verið á hinn veginn í vor, en mjög miklu af því magni, sem þarna hefur týnst, hefur þorskurinn áreiðanlega fyrst og fremst eytt. Ég vil leyfa mér að fullyrða að þannig verður haldið á þessum málum, að þeim loðnustofni, sem eftir er, mun ekki stafa hætta af veiðum manna. En meiru get ég ekki lofað.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil bara þakka hæstv. sjútvrh. þau orð sem hann sagði hér síðast, því að það kom mun skýrar fram í þeim orðum, að hann væri ákveðinn í því að sjá til þess, að loðnustofninum eða því sem eftir er af honum yrði a. m. k. ekki eytt af mannavöldum. Þakka ég honum fyrir þau orð, því að þar hefur hann sagt það sem ég hef verið að leita eftir við þessar umr. í dag.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 128). — Frh. 1. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það hlýtur að hafa allafgerandi áhrif á mína ræðu að fjarverandi er hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, því væri hann viðstaddur væri full ástæða til að svara honum í svipaðri tóntegund og hann notaði á seinasta fundi þegar þetta mál var til umr.

Mér er fullkomlega ljóst hvílíkt vandræðaástand er að orka til upphitunar er á eins misjöfnu verði og mönnum er kunnugt. Ég vil taka undir það, að það ástand getur aldrei varað til lengdar án þess að til verulegrar byggðaröskunar komi í landinu. Ég lýsti því jafnframt yfir þegar þegar þetta mál var til umr., að ef ekki næðist samstaða um að fara þá leið að jafna orkuverðið sjálft, þá væri að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en fara þá leið sem hér er stungið upp á, þ. e. að leiðrétta þetta í gegnum skattakerfið og í gegnum almannatryggingar og með öðrum aðferðum sem tryggja að þeir, sem ekki mundu fá leiðréttingar í gegnum skattakerfið, fengju þær þá eftir öðrum leiðum.

Ég vil undirstrika það, og það held ég að flestum sé ljóst, að sú leið að leiðrétta þetta í gegnum skattakerfið er miklu verri en hin: að fara í gegnum orkuverðið. Ástæðurnar fyrir því eru m. a. þær, að tekjur manna eru misjafnar og sá, sem er með háar tekjur, fengi þetta dregið frá hæstu skattþrepum, en sá, sem væri með lágar tekjur, fengi þetta e. t. v. aðeins dregið að hluta frá lægstu skattþrepum. Þetta er mönnum fullljóst, einnig hitt, að það er náttúrlega líka spurning hvort sanngjarnt sé að útbúa skattakerfi þannig, að menn séu verðlaunaðir fyrir að búa í stóru húsnæði frekar en að búa þröngt. Það er spurning sem líka hlýtur að vakna í þessu sambandi. Og það er gallinn við að fara í gegnum skattakerfið. En mér er fullljóst að leiðrétting verður að eiga sér stað í þessum málum, og verði ekki farið í gegnum orkuleiðina, sem ég tel miklu betri, þá mun það koma í ljós, þegar þessi mál eru tekin fyrir við atkvgr. hér í þinginu, að ég er ekki fjarri þeim hugmyndum sem hér koma fram og lagt er til varðandi skattamálið.

Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mína lengri vegna fjarveru 6. landsk. En miðað við allan þann bægslagang sem hann viðhafði hér væri hollt að hann hugleiddi það, að hann var þm. í stjórnaraðstöðu og hann gerði engin kraftaverk í þessum málum þegar hann var á þingi sem stjórnarsinni. Hann mætti gjarnan hugleiða það í einveru, þó að hann vilji ekki láta mikið bera á því þegar hann þarf að standa hér í stólnum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Í umr. um þetta mál á síðasta fundi deildarinnar voru þm. Alþfl. allhávaðasamir og langt frá því að vera málefnalegir, enda vart við því að búast. Það sem greinilega setti þá úr jafnvægi, var sú gagnrýni sem ég flutti á tillöguflutning þeirra á þskj. 128, þar sem ég benti á að með frv. gerðu þeir aðeins ráð fyrir að frádráttur orkukostnaðar vegna íbúðarhúsnæðis kæmi að notum fyrir efnameira fólk, en láglaunafólkið og lífeyrisþega, þ. e. elli- og örorkulífeyrisþegar, sem að jafnaði greiða ekki tekjuskatt, þessi stóri hópur í þjóðfélaginu á engar bætur að bera úr býtum vegna orkukostnaðar samkv. þessu frv. en þarf þó mest á leiðréttingu að halda.

Í grg. með frv., sem tekin er úr ítarlegri könnun þessara mála sem Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur gert, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Gefur auga leið hve illvænleg áhrif þetta mikla misrétti í orkukostnaði hefur í lífsafkomu fóks, og margt láglaunafólk og lífeyrisþegar hafa í rauninni vart fjárhagslega getu til þess að axla þá byrði. Eru mörg dæmi um láglaunafólk og lífeyrisþega, sem orðið hafa að neita sér um ýmsar grundvallarþarfir til þess eins að geta risið undir orkukostnaði við heimilishald. Og sumt fólk hefur bókstaflega hrakist frá heimilum sínum og brott úr heimahéraði sínu sakir þessarar mismununar."

Í lok grg. segja flm. að leysa þurfi mál þessa fóks með breytingu á greiðslum úr almannatryggingakerfinu. Þar með er málið afgreitt. Ég þarf ekki að endurtaka hér að ég er ekki sammála þessu. Við leysum ekki þennan mikla ójöfnuð í þjóðfélaginu á þennan hátt, gegnum skattakerfið. Það er nógu flókið og á margan hátt óréttlátt þó við bætum ekki nýju flóknu kerfi við.

Það eina raunhæfa í þessu máli er jöfnun orkuverðs. Sem betur fer eru flestir sammála um nauðsyn og réttmæti þess, en menn greinir á um leiðir. Hér spilar inn í hið vitlausa vísitölukerfi sem við búum við og hvergi þekkist í nálægum löndum. Það mætti að vísu tala langt mál um það atriði eitt sér og ég get tekið undir lýsingu hv. 5. þm. Suðurl., Magnúsar H. Magnússonar, á því sem hann nefnir vísitölusvindlið. Þetta er einmitt það sem við framsóknarmenn viljum leiðrétta og höfum barist fyrir árum saman og ekki talað neitt tæpitungumál í stefnu okkar né á framboðsfundum.

En hefur Alþfl. í raun viljað breyta þessu kerfi? Alþfl.-menn hafa haft tækifæri í ríkisstj. og í forustu launþegahreyfingarinnar. Ég tók eftir því við umr. á síðasta þingfundi þegar þetta mál var til umr., að hv. 6. landsk. þm. brá er hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, lýsti sök á hendur verkalýðshreyfingunni eða verkalýðsforustunni. Umræður um nýjan og breyttan vísitölugrundvöll voru komnar á lokastig í fyrrv. ríkisstj. með þátttöku Alþfl. En hvað skeði? Alþfl.-menn skorti kjark, þegar komið var að lokaafgreiðslu málsins, og hlupu frá málinu eins og frá fleiri góðum málum í þá tíð, enda ekki von að menn eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon fái að taka jákvæðar ákvarðanir með slíka hávaðamenn sér við hlið eins og hv. 6. landsk. þm. og fleiri þess háttar.

Það hefur vissulega skort á raunverulegan og pólitískan vilja til að taka þessi mál til opinskárrar umræðu og leita að skynsamlegri lausn, sem skapi jöfnuð og tryggi

jafnframt kaupmátt launa í samræmi við raunverulega verðmætasköpun í landinu, í stað þess að vera sífellt að glíma við lausn efnahagsmála með tilliti til vísitölukerfis sem allir viðurkenna að er meingallað en samstaða fæst ekki til að breyta. Við hvað eru þeir hræddir? Er ekki kominn tími til að láta skynsemina ráða?

Ólafur Jóhannesson, forsrh. í fyrri ríkisstjórn, fól Hagstofu Íslands að láta gera nýja neyslukönnun í landinu, ekki aðeins í Reykjavík, heldur í öllum landshlutum. Hagstofan hefur framkvæmt þessa ákvörðun. Samkv. tilkynningu núv. ríkisstj., sem hér hefur verið fjallað um síðustu daga, hefjast nú viðræður við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um nýtt viðmiðunarkerfi sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir. M. a. verður reynt að finna leið til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu. Á þennan þátt mála leggjum við framsóknarmenn höfuðáherslu, og ég vona sannarlega að forustumenn launþega og hagsmunaaðila atvinnulífsins taki heils hugar þátt í þessum viðræðum og menn loki ekki fyrir skynsamleg úrræði í þessum efnum. Á því er þjóðarnauðsyn.

Eins og ég tók fram í máli mínu fyrst er frv. þetta var til umr. er sérstök nefnd þm. að störfum til að finna leiðir til að jafna upphitunarkostnað í landinu. M. a. skilaði hún tillögum til viðskrh. um hækkun olíustyrks fyrir áramót s. l., sem viðskrh. lét framkvæma. Nefndin hefur ekki lokið störfum, en mér er kunnugt um að þær upplýsingar, sem nefndin dregur að sér, munu gera stjórnvöldum ljóst í hverju vandamálið er aðallega fólgið og hvað helst er til ráða. Ég vil trúa því, að samstaða náist hér á hv. Alþingi um að leysa þetta mál á viðunandi hátt á þessu þingi. Þrátt fyrir hávaða í nokkrum hv. þm. Alþfl. veit ég að þeir munu fylgja viðráðanlegum og skynsamlegum tillögum sem miða að lausn þessa máls. Ég veit að þrátt fyrir yfirborðslegar ásakanir þeirra í garð okkar stjórnarþingmanna, sem fram komu síðast þegar um þetta mál var rætt, vita þeir fullvel að við vinnum að lausn þessa réttlætismáls með ekki minni áhuga en þeir sjálfir vonandi.

Ég vil upplýsa hv. þm. Magnús H. Magnússon, 5. þm. Suðurl., um það, að Landsvirkjun hefur ekki boðið Rafmagnsveitum ríkisins sérstakt niðursett verð á rafmagni til fjarvarmaveitna eða upphitunar hús. Þvert á móti hefur Landsvirkjun ekki viljað semja um niðursett verð til þessa verkefnis. Hér er um að ræða misskilning hjá hv. 5. þm. Suðurl.

Herra forseti. Ég endurtek að það er skoðun mín, að frv. það, sem hér er til umr., leysi ekki það vandamál sem hið mismunandi háa orkuverð til húshitunar í landinu er í dag. Aðrar leiðir þarf að finna og að því er nú unnið.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég sagði hér um daginn að hægt væri að fá hjá Landsvirkjun ódýra raforku fyrir fjarvarmaveitur. Hv. þm. Alexander Stefánsson dró það í efa og taldi að það hefði ekki verið boðið. Ég get upplýst það, að 1973—1974 stóð Vestmannaeyjakaupstaður í samningum við Landsvirkjun um slík orkukaup vegna fjarvarmaveitu sem við áætluðum að setja í gang. Það var áður en fyrir lá að hægt væri að nota hitann í hrauninu. Þá gátum við fengið raforku frá Landsvirkjun á mjög sambærilegu verði og ótryggða raforkan er seld til Grundartangaverksmiðjunnar. Í framhaldi af því setti Landsvirkjun inn í sína gjaldskrá slíka sölu og hún er þar enn í dag. Eins og flest annað hjá Landsvirkjun er þetta heimildarákvæði, en það er í núverandi gjaldskrá. Samkv. því er raforka seld á 3.8 aura kwst., sem er mjög sambærilegt eða var a. m. k. til skamms tíma sambærilegt verð og Grundartangaverksmiðjan kaupir á sína ótryggðu raforku. Þó að þeir samningar séu það flóknir að ekki sé hægt að bera það saman upp á eyri, þá var þetta á sínum tíma mjög sambærilegt. Þetta er miðað við Reykjavíkursvæðið og miðað við 130 kílóvolta spennu. Ef spennan er lægri en 130 kv. bætast 7% við. Ef hún er hærri, t. d. 220 kv., dragast 5% frá. Á svæði 2, þ. e. Þjórsársvæðinu, er 10% afsláttur frá þessu. Flutningskostnaður verður alltaf verulegur af svona mikilli raforku. Bæði kostar línan sitt og tapið verður talsvert mikið. Þannig selur t. d. Landsvirkjun núna til Akureyrar talsvert af ótryggðri raforku og þangað komin kostar hún 10.4 aura kwst. Til samanburðar er almennt verð núna til beinnar rafhitunar hjá rafveitum einhvers staðar nálægt 30 aurum kwst., þannig að það er hægt að fara þessa leið og er sjálfsagt fyrir þau sveitarfélög, sem hafa ekki beinan aðgang að jarðvarma, að gera þetta. Í reynd kostar þetta ekki miklu meira, í rekstri alla vega, heldur en hitaveitur.

Ég er sammála hv. þm. Alexander Stefánssyni um að það er hægt að finna ýmsar aðrar leiðir til þess að leiðrétta það ranglæti sem við erum að tala um. En mér finnst ekki að við eigum að neita alfarið þeim tillögum, sem fram koma, á þeim grundvelli að þær leysa ekki allan vandann strax og fyrir alla. Við Alþfl.-menn höfum verið með tillögur sem mundu leysa þennan sama vanda fyrir tekjulága fólkið, sem er tekjuskattslaust og útsvarslaust, þ. e. í gegnum útborganlegan neikvæðan tekjuskatt. Tryggingakerfið er líka hægt að nota. Og ég skal líka lýsa því yfir, að við Alþfl.-menn munum fylgja öllum viðráðanlegum og skynsamlegum tillögum frá framsóknarmönnum til að leysa þetta mál. Satt að segja gætum við vel hugsað okkur að fylgja þeim tillögum sem framsóknarmenn hafa sett fram í þeim efnahagsvanda sem nú er við að glíma og við höfum séð í blöðum og heyrt um og eru miklu skynsamlegri en sú leið sem nú virðist vera farin. Við erum sammála framsóknarmönnum í mjög mörgum atriðum, mikið af þessu er svipað og okkar tillögur frá því fyrir tveimur árum eða svo og er um margt miklu skynsamlegra en þær leiðir sem hæstv. ríkisstj. orðið sammála um að fara.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins upplýsa það hér vegna ummæla hv. 5. þm. Suðurl. í sambandi við Landsvirkjun, að við þm. Vesturlands áttum fund s. l. föstudag með orkumálastjóra og hans mönnum og með rafmagnsveitustjóra ríkisins og hans mönnum um þessi fjarvarmaveitumál og hvernig ætti að leysa þennan þátt mála á hinum svokölluðu köldu svæðum sem ekki eiga aðgang að jarðhita. Þar var okkur tilkynnt að útilokað væri miðað við núverandi aðstæður að ná samningum við Landsvirkjun um viðráðanlegt verð til þess að reka fjarvarma. Það væri útilokað að ná þeim samningum, þess vegna yrði að fara aðrar leiðir til orkujöfnunar en þær sem við höfum verið að tala um áður. Það er alveg ljóst, að ef þetta, sem hv. 5. þm. Suðurl. fullyrðir, er til í gjaldskrá Landsvirkjunar, þá neitar hún að láta það til þeirra nota sem um er beðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 273 flyt ég frv. til 1. um breytingu á lögum nr. 34 frá 21. maí 1964, um loftferðir. Brtt. varða annars vegar eignarnámsheimild 64. gr. laganna, en hins vegar heimild til ráðh. vegna leyfisveitingar til loftferðastarfsemi, sbr. 82. gr. laganna. Núgildandi 64. gr. laganna hljóðar svo:

„Rétt er að framkvæma eignarnám samkv. lögum nr. 61 frá 1917 vegna gerðar flugvallar eða annars flugvirkis, vegna stækkunar, endurbóta eða viðhalds slíks virkis í þágu loftferða, enda telji flugmálaráðherra að mannvirkjagerðin sé frá almennu sjónarmiði æskileg.

Eins og segir í athugasemdum við frv. virðist eignarnámsheimild 64. gr. laganna takmarkast við það, að einhvers konar mannvirkisgerð sé tilefni þess, að eignarnám sé talið nauðsynlegt. Hins vegar er ljóst að þær aðstæður geta skapast, að rétt sé og nauðsynlegt að taka fasteignarréttindi eignarnámi, jafnvel þótt slíku sé ekki til að dreifa. Má hér minna á hin margvíslegu áhrif, bein eða óbein, sem notkun flugvallar getur haft á næsta umhverfi, áhrif sem takmarkað geta svo notkun fasteigna, að fullkomin eignaupptaka sé æskileg, en kvöð sú eða forræðisskerðing, sem 69. gr. laganna heimilar, sé þá ekki til staðar. Einnig er ljóst að ekki er alltaf hægt að sjá fyrir við byggingu flugvirkis hvaða fasteignarréttindi verði að taka eignarnámi.

Þetta er m. a. sagt með tilvísun til þess lands sem er í kringum Keflavíkurflugvöll og er þar innan girðingar og hefur verið talið nauðsynlegt að hafa innan girðingar. Fyrst eftir byggingu flugvallarins var gert ráð fyrir að þar gætu orðið viss beitarréttindi sem síðan hafa fallið niður og landið ekki lengur notað til beitar. Fyrir það hefur verið greidd lítilfjörleg leiga. Eðlilegra væri tvímælalaust fyrir alla aðila að land þetta yrði tekið eignarnámi, en talið er vafasamt að greinin, eins og hún hljóðar nú, heimili það.

Af þessum almennu sökum er lagt til að sú breyting verði gerð á 64. gr. laganna, að rekstur flugvallar eða annars flugvirkis geti réttlætt og heimilað eignarnám á fasteignarréttindum, rétt eins og við mannvirkjagerð á eða við flugvöll.

Með 2. gr. frv. er lagt til að bætt verði nýrri málsgr. við 82. gr. laganna sem er samhljóða núverandi 3. gr. laga nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála, er heimilar ráðh. að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga og — ef ástæður eru til — að veita sérleyfi til áætlunarferða á ákveðnum leiðum innanlands og utan. Eftir setningu laganna frá 1964 er eðlilegra að þetta ákvæði, sem nú er í lögunum frá 1950, verði flutt yfir í þessi nýju lög frá 1964 og þá sett í tengsl við VII. kafla þeirra laga sem fjallar um leyfi til loftflutninga. Hér er m. ö. o. lagt til að þetta ákvæði, sem þegar er í lögum, verði til samræmingar flutt í lögin frá 1964 og fellt inn í 82. gr. þeirra sem ný málsgr. Jafnframt er að sjálfsögðu lagt til að 3. gr. laganna frá 1950 verði felld niður.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um efni þessa frv. Ég hygg að lagagreinarnar séu skýrar og ástæður til breytingarinnar liggi ljósar fyrir. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað að lokinni umr. til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til samgn. með 22 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, frv. (þskj. 190). — 1. umr.

Flm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. á þskj. 190 um breyt. á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Eins og fram kemur í grg. þessa frv. er tilgangur þess að ná fram virkara aðhaldi og eftirliti með fjármunum ríkisins og framkvæmd fjárlaga.

Í lögum um stjórn efnahagsmála frá 1979 var ríkisendurskoðun samkvæmt 12. gr. þeirra laga falið að fylgjast með framkvæmd fjárlaga í umboði Alþingis. Með þeirri breytingu má segja að töluvert hafi áunnist í þá átt að gera þeim, er um fjármál ríkisins fjalla, kleift að fylgjast með framkvæmd fjárlaga og fá betri yfirsýn yfir niðurstöðu fjárlagaárs, því í kjölfar þeirra laga hefur ríkisendurskoðun gefið út skýrslur um fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga, rekstrarkostnað og starfsmannahald embætta sýslumanna, bæjarfógeta og skattstofa. En hér er þó hvergi nóg að gert því allar fjármunahreyfingar og frávik fjárlaga frá ríkisreikningi þurfa miklu ítarlegri sundurliðunar við hjá stofnunum og ráðuneytum en þar kemur fram, auk þess sem skýringar á aukafjárveitingum eru ófullnægjandi. Í því frv., sem hér er til umfjöllunar, eru lagðar til þær breytingar sem stuðlað gætu að mun ítarlegri skýrslugerð til Alþingis um framkvæmd fjárlaga og fjármál ríkisins en nú er raunin, enda slíkt fyrirkomulag forsenda þess, að Alþingi geti gegnt því eftirlits- og aðhaldshlutverki með fjármálum ríkisins sem því tvímælalaust ber.

Í frv. er lagt til að með ríkisreikningi verði lagt fram fylgirit sem feli í sér að með ríkisreikningi skuli leggja fram grg. fjárlaga- og hagsýslustofnunar um forsendur fjárlagaársins og breytingar á þeim forsendum. Einnig skal gerð grein fyrir þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu, sem áhrif höfðu á niðurstöðu ríkisreiknings. Þegar meta á frávik fjárlaga frá ríkisreikningi er nauðsynlegt að fram komi í grg. fjárlaga- og hagsýslustofnunar bæði forsendur þær, sem fjárlagafrv. var reist á, og forsendur þeirra breytinga sem fjárlagafrv. tók í meðförum Alþingis.

Á sama hátt er nauðsynlegt að fram komi þróun verðlags, launa og annarra helstu þátta í efnahagslífinu sem áhrif höfðu á niðurstöðutölur fjárlagaársins.

Einnig er lagt til að yfirlit fylgi um aukafjárveitingar ásamt fullnægjandi skýringum. Sýna skal sérstakt yfirlit um frávik ríkisreiknings og samþykktra fjárveitinga, þ. e. fjárlaga, ásamt aukafjárveitingum. Frávikin skulu skýrð sérstaklega og flokkuð eftir einstökum ráðuneytum, stofnunum og verkefnum.

Það er auðvitað ljóst að aukafjárveitingar, sem eru orðnar mjög umtalsverðar, þurfa að vera ítarlega skýrðar og rökstuddar. Hér er um að ræða fjárveitingar sem að mestu eru í höndum framkvæmdavaldsins og Alþingi stendur frammi fyrir gerðum hlut í því efni. Á árinu 1979 voru aukafjárveitingar t. d. rúmir 35 mill-

arðar gkr. og 1980 23—24 milljarðar gkr. Hér er því um gífurlegar fjárhæðir að ræða og óviðunandi að Alþingi fái ekki fram nánari skýringar og rökstuðning fyrir þeim en raun ber vitni.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar fyrir árið 1979 eru aukafjárveitingar skýrðar í mjög grófum dráttum eða eftir ráðuneytum án þess að fram komi sundurliðað til hvaða stofnana eða verkefna í ríkiskerfinu aukafjárveitingar hafa gengið. Síðan er í mjög grófum dráttum gerð grein fyrir ástæðum aukafjárveitinga. Stærsti liðurinn virðist vera hækkun vegna launasamninga og lagaákvæða sem tengjast þeim, en skýringar og sundurliðanir vantar á hvernig skipting er milli einstakra verkefna og stofnana í ríkisrekstrinum.

Það vekur líka sérstaka athygli, bæði í ríkisreikningnum og eins í skýrslu ríkisendurskoðunar vegna framkvæmda fjárlaga 1980, hve sértekjur einstakra stofnana eru stórlega vanáætlaðar. Þar kemur fram að sértekjur stofnana árið 1979 hækka um 103% miðað við ákvæði fjárlaga, sem er langt umfram almennar kaup- og verðlagshækkanir á árinu. Þar er einnig bent á að sértekjur stofnana séu notaðar til að fjármagna verulega aukningu umsvifa umfram ákvæði fjárlaga, þó að sértekjum umfram jafngilda fjárhæð fjárlaga ætti að skila ríkissjóði því að stofnanir mega ekki stofna til umsvifa sem hafa í för með sér hærri verg útgjöld en þau sem samþykkt hafa verið á fjárlögum, eins og fram kemur í skýrslu ríkisendurskoðunar.

Í skýrslu ríkisendurskoðunar kemur það einnig fram, sem ég vil fá að vitna í, með leyfi forseta, en þar segir:

„Miklar sveiflur eða veruleg óvissa geta valdið miklum erfiðleikum hjá ýmsum stofnunum við gerð áætlana um sértekjur. Almenna reglan hlýtur þó að vera sú, að góðir möguleikar séu á því að gera marktæka spá og áætlun um sértekjur og áhrif þeirra á umsvif stofnanna. Ef stofnanir þær, sem um er að ræða, hafa starfað í nokkur ár og ekki er útlit fyrir afgerandi breytingar á hlutverki og starfsskilyrðum á ekkert að vera því til fyrirstöðu að gerð sé raunhæf spá um sértekjur. Sú spá á að byggjast á reynslu og þróun sértekna í efnahagskerfi viðkomandi stofnunar undanfarin ár og þekkingu stjórnenda á væntanlegri þróun á komandi ári eða árum."

Síðan eru tekin tvö dæmi, annars vegar Orkustofnun og hins vegar Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, þar sem fram kemur mikil vanáætlun í sértekjum, verg útgjöld og sértekjur hækki mjög mikið frá fjárlögum til reikningsskila og sértekjur séu notaðar til að fjármagna verulega aukningu umsvifa miðað við ákvæði fjárlaga. Fram kemur að ekki virðist vera tekið tillit til þeirrar þróunar sértekna, sem orðið hafi, og sértekjur á fjárlögum eitt árið séu ávallt miklu lægri en sértekjur samkvæmt reikningsskilum ársins á undan.

Varðandi Orkustofnun kemur fram að sértekjur hækka um rúm 612% frá fjárlögum til reikningsskila. Kemur einnig fram að fjárveiting úr ríkissjóði til Orkustofnunar árið 1980 hækkaði aðeins um tæp 6% frá fjárlögum til ríkisreiknings, en einnig að þessi hækkun fjárveitinga sé afar villandi stærð því umsvif stofnunarinnar jukust um 74% miðað við ákvæði fjárlaga, og sé þar um að ræða verulegar hækkanir umfram hækkanir kaupgjalds og verðlags.

Varðandi Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins kemur fram að sértekjur stofnunarinnar séu ár eftir ár u. þ. b. 300—400% hærri í ríkisreikningi en á fjárlögum og svo virðist sem þessar sértekjur séu notaðar til að auka verulega umsvif stofnunarinnar umfram ákvæði fjárlaga. Kemur þar fram, að þó fjárveiting til stofnunarinnar árið 1980 hækki aðeins um rúm 25% hækki verg útgjöld um tæp 60% það ár.

Af þessum tölum má ljóst vera að full ástæða er að athuga rækilega alla áætlanagerð varðandi sértekjur og eins að hve miklu leyti þær séu notaðar til að auka umsvif stofnana umfram heimildir á fjárlögum.

Í þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, er ekki sérstaklega gert ráð fyrir að fram komi sérstakt yfirlit yfir sértekjur stofnana og áhrif þeirra á niðurstöður reikningsskila, þó gera megi sér nokkra grein fyrir þeim af þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Það er full ástæða til að sú nefnd, sem fær þetta mál til meðferðar, athugi sérstaklega þann þáttinn sem snýr að sértekjum stofnana með það í huga að fram komi sérstakt ákvæði um þær í ríkisreikningi er varðar áætlanagerð og áhrif þeirra á aukningu umsvifa hjá hverri stofnun fyrir sig.

Varðandi þann þátt 1. gr. þessa frv., sem snýr að aukafjárveitingum, skýringum á þeim ásamt skýringum á öllum frávikum ríkisreiknings og fjárlaga, þarf nauðsyn slíkrar sundurliðunar vart mikilla skýringa við. Í núverandi mynd sýnir ríkisreikningurinn aðeins samandregna stærstu útgjaldaliði og fjármunahreyfingar samanborið við fjárlög liðins árs, og í skýrslu ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga koma aðeins fram skýringar og ástæður fyrir helstu fjármunahreyfingum tekju- og gjaldaliða án þess að það sé sérstaklega sundurliðað eftir einstökum stofnunum eða verkefnum. Í ríkisreikningnum eru ekki sérstaklega gefnar skýringar á frávikum sem fram koma á ríkisreikningnum annars vegar og fjárlögum hins vegar. Gefur auga leið að slíkt fyrirkomulag er alls óviðunandi. Eftirlit Alþingis með fjármunum ríkissjóðs verður næsta óvirkt og erfitt í framkvæmd þegar ekki fylgja skýringar á frávikum þannig að alþm. og þeir, sem um fjármál ríkisins fjalla, geti metið eðlilega réttmæti þeirra breytinga sem orðið hafa á endanlegri niðurstöðu hvers fjárlagaárs. Ekki síst er slíkra skýringa þörf þegar fjárlögin eru oft reist á hæpnum forsendum og spám um verðlagsþróun, og rennir ríkisreikningur í mörgum tilfellum stoðum undir það. Sýna niðurstöður útgjalda margra stofnana og verkefna svo stór frávik að ekki verður lengur við unað að Alþingi fái ekki fullnægjandi skýringar og greinargóðar röksemdir í ríkisreikningi á frávikum ríkisreiknings frá fjárlögum, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir.

Í grg. þessa frv. eru tekin nokkur dæmi úr ríkisreikningi fyrir 1978 og tekið þar fram að skylt sé að undirstrika að þau séu valin af handahófi úr ríkisreikningnum og finna mætti fleiri hliðstæð dæmi bæði úr þessum ríkisreikningi og öðrum. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þau frekar en þar er gert eða taka fleiri dæmi, en þau tala sínu máli um nauðsyn skýringar hjá einstökum stofnunum, ráðuneytum og verkefnum í ríkisrekstrinum þegar svo stór frávik eru í reynd. Þó að heildarniðurstöður ríkisreiknings sýni ekki svo stór frávik, en fyrir árið 1978 sýndi ríkisreikningurinn rúmlega 17% hærri tekjur og rúmlega 19% hærri útgjöld, er þó ljóst að einstakar stofnanir fara langt fram úr fjárlögum stundum, og er ekki óalgengt að sjá 100—200%, þannig að öllum mætti ljóst vera að ítarlegri skýringa er þörf en þar koma fram.

Skýrt skal tekið fram, að þó benda megi á svona stór frávik er því engan veginn haldið fram, að á þeim geti

ekki verið viðhlítandi skýringar. Rökstuddar grg. og skýringar á svo umtalsverðum hækkunum hlýtur þó að vera nauðsynlegt að leggja fyrir Alþingi, sem er sá aðili sem á að hafa eftirlit og aðhald með fjármunum ríkisins. Að öðrum kosti er ekki hægt að meta réttmæti þeirra frávika sem fram koma á ríkisreikningi frá fjárlögum, auk þess sem ítarlegar skýringar á frávikum og breytingum mundu auðvelda alla áætlanagerð og mat við gerð og afgreiðslu hverra fjárlaga og tryggja aukið aðhald og eftirlit.

Ég tel að það sé ekki verjandi að alþingismönnum sé gert að samþykkja ríkisreikninginn í þeim búningi, sem hann er nú, og bera þannig ábyrgð á honum. Það er grundvallaratriði að Alþingi, sem ábyrgð ber á fjárveitingum ríkisins, fái viðhlítandi skýringar á öllum frávikum og breytingum frá því að Alþingi samþykkti fjárlögin til að geta metið eðli og réttmæti þeirra. Skýringar geta vitaskuld verið margvíslegar og má leiða líkur að því, að oft sé um að ræða að fjárlagagrunnurinn sé vanmetinn, auk ýmissa annarra þátta sem áhrif geta haft á niðurstöður útgjalda í ríkisreikningi. Nefna má m. a. áhrif ýmissa heimildarákvæða í fjárlögum, auk þess sem lánsfjárlög hafa áhrif á nokkra þætti í niðurstöðum í ríkisreikningi. Einnig hljóta nýjar lagasetningar í mörgum tilfellum að hafa áhrif á bæði útgjalda- og tekjuliði í ríkisreikningi. Ef áhrif nýrra lagasetninga kæmu skýrt fram í ríkisreikningi og skýringar væru gefnar sérstaklega á kostnaði vegna þeirra hlyti gildi slíks kostnaðarmats að vera ótvírætt fyrir þá sem um fjármál ríkisins fjalla.

Þó að framangreindir þættir geti m. a. skýrt að verulegu leyti niðurstöður ríkisreiknings gætu líka komið inn fleiri þættir, eins og útgjaldaliðir sem ekki liggja heimildir fyrir um, einnig að í ríkisreikningi er gerð grein fyrir afkomu ríkissjóðs á rekstrargrunni, en á fjárlögum á greiðslugrunni.

Auk skýringa á aukafjárveitingum og öllum frávikum og breytingum á ríkisreikningi frá fjárlögum gerir þetta frv. ráð fyrir að með ríkisreikningi skuli fylgja sundurliðað yfirlit um launagreiðslur, bifreiðakostnað og risnukostnað einstakra ráðuneyta, stofnana og verkefna í ríkisrekstrinum. Mikilvægur þáttur í öllu aðhaldi í ríkisrekstri er m. a. nákvæmt eftirlit með þessum þáttum, sem er orðinn snar þáttur í ríkisútgjöldum.

Í fyrsta lagi er lagt til að sundurliða beri launagreiðslur þannig: a) Heildarlaunagreiðslur. b) Föst yfirvinna. c) Önnur yfirvinna. d) Hlutfall yfirvinnu í heildarlaunagreiðslum.

Það er ljóst að slík sundurliðun er nauðsynleg þegar meta þarf hagkvæmni þess í ríkisrekstrinum hvort aðhald í stöðuveitingum skapi óeðlilega mikla yfirvinnu hjá einstökum stofnunum eða ráðuneytum eða hvar megi beita auknu aðhaldi í yfirvinnu, auk þess sem nauðsynlegt er að fá fram hve föst yfirvinna er ákvarðandi þáttur í launakerfi ríkisins.

Í öðru lagi er lagt til að bifreiðakostnaður verði sundurgreindur eftir a) fjölda ríkisbifreiða og rekstrarkostnaði, b) notkun bílaleigubifreiða, c) notkun leigubifreiða og d) greiðslum fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

Þessar upplýsingar eru brýnar, því nauðsynlegt er t. d. að gera samanburð á hagkvæmni í rekstri ríkisbifreiða á móti greiðslum fyrir notkun bílaleigubifreiða, leigubifreiða og greiðslna fyrir afnot af bifreiðum starfsmanna.

Einnig er lagt til að helstu útgjaldaliðir í risnukostnaði verði sundurliðaðir og til hvaða aðila í ríkisrekstrinum, en slíkt er nauðsynlegur þáttur í öllu eftirliti og aðhaldi í ríkisrekstrinum.

Á síðasta þingi lagði ég fram fsp. til fjmrh. um þessa liði hjá nokkrum stofnunum og ráðuneytum, en nú er lagt til að lögfest verði að skylt sé að leggja fram árlega sundurliðaða grg. frá öllum stofnunum og ráðuneytum um þetta og fylgi hún einnig ríkisreikningi. Í svari fjmrh. komu fram ýmsar athyglisverðar upplýsingar sem renna stoðum undir að nauðsyn sé að leggja slíkar upplýsingar reglulega fyrir Alþingi. Nokkrum erfiðleikum var bundið að fá fram þessar upplýsingar og tók töluverðan tíma, enda er tölvuvinnsla ríkisbókhalds eða talnalykill ekki að öllu leyti sniðinn að þeim upplýsingum sem um var beðið. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, hefur verið í undirbúningi breyting á forritun eða bókhaldslykli í ríkisbókhaldi varðandi þessa liði. Þegar það liggur fyrir ætti að vera auðvelt að ná fram þeim upplýsingum um þetta frv. gerir ráð fyrir að því er varðar sundurliðun launa og bifreiðagreiðslur ásamt risnukostnaði hjá einstökum stofnunum og ráðuneytum í ríkisrekstrinum.

Herra forseti. Ljóst er af framansögðu, að ef fjárveitingavaldinu á að vera kleift að taka að einhverju leyti mið af niðurstöðum ríkisreiknings og draga ályktanir af honum við fjárlagagerð verða þær upplýsingar að liggja fyrir sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er ekki nægjanlegt að fjárlaga- og hagsýslustofnun og e. t. v. yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafi einhvern aðgang að slíkum upplýsingum og geti á þeim byggt. Ekki síður er nauðsynlegt að alþm., sem endanlega samþykkja ríkisreikning og fjárlögin og bera þannig ábyrgð á þeim, hafi beinan og aðgengilegan aðgang að slíkum upplýsingum. Ætla mætti að þær breytingar, sem hér eru lagðar til á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, hefðu töluvert gildi fyrir þá sem með fjármál ríkisins fara, bæði löggjafar- og framkvæmdavald, og gætu stuðlað að raunhæfari áætlunargerð og tryggðu mun betur nauðsynlegt aðhald og eftirlit með því opinbera fé sem Alþingi ber ábyrgð á.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 36. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., kl. 11 árdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 289, n. 298, 300 og 301, 293, 299, 302). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um einfaldar breytingar á tollskrá, um að lækka toll á nokkrum algengum heimilistækjum, og ætti því ekki að þurfa mikill-

ar umr. við, því að allir eru sammála því að það sé mjög æskilegt að lækka toll á þessum heimilistækjum. Það er mjög mikilvægt að þetta mál nái fram að ganga í dag og samkomulag um það hér á Alþingi að svo muni verða. Þess vegna er nauðsynlegt að málið geti náð fram að ganga hér í deild um hádegi. Skal ég því ekki eyða miklum tíma til að rekja það.

Þau áhrif sem verða á framfærsluvísitölu vegna þessarar tollalækkunar eru 0.22%. Það er óvefengd venja, að slík breyting sem þessi hefur áhrif á þá framfærsluvísitölu sem verið er að reikna út þessa dagana. Gert er ráð fyrir að þessi tollalækkun hafi bein áhrif á þá framfærsluvísitölu sem nemur 0.22%.

Fjh.- og viðskn. flytur brtt. þess efnis, að tollur af varahlutum verði samræmdur tolli af þessum tækjum, þ. e. hann verði 40% í stað 50% áður, en tollur af varahlutum var nokkri lægri en af tækjunum. Þá gerir nefndin einnig ráð fyrir því, að vörugjald á þessum vörum verði samræmt, en til þess þarf ekki lagabreytingu heldur er mögulegt að gera slíkt með reglugerð. Tekjutap ríkissjóðs af slíkri breytingu, þ. e. lækkun tolls af varahlutum, er mjög lítið. Hefur verið talað um 200—300 þús. kr. í því sambandi.

Það liggja einnig fyrir aðrar tillögur um breytingu á tollskránni. Við, sem skipum 1. minni hl. n., leggjum ekki til að þær breytingar verði samþykktar. Hér er eingöngu um að ræða breytingar tolls á heimilistækjum. Hitt er svo annað mál, að það eru margvíslegar aðrar breytingar á tollskránni hér til meðferðar, komu fram hér á Alþingi fyrir áramót og þurfa að ná fram að ganga í framtíðinni og einhverjar á næstunni.

Ég vil aðeins geta þess, að upplýst var í nefndinni að sú brtt., sem hv. þm. Halldór Blöndal flytur hér, mundi leiða til 22 millj. kr. tekjutaps fyrir ríkissjóð. Ég hef fengið upplýsingar um það nú í morgun, að brtt. hans muni þýða um 18.8 millj. kr. tekjutap, en ekki 22 millj. eins og fram kom í nefndinni í gær, og vil ég koma þeirri leiðréttingu hér á framfæri.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta annars einfalda mál og vil aðeins endurtaka það, að 1. minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu er fram kemur í brtt. á þskj. 299 frá fjh.- og viðskn.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er einn þáttur í þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. kynnti á Alþingi s. l. fimmtudag á þskj. 290. Það verður að segjast eins og er, að þær upplýsingar, sem fram komu þegar þessi skýrsla var til umr., voru heldur rýrar og ekki fyrir þm. að sjá hvernig það dæmi, sem sett var upp, kæmi út, einfaldlega vegna þess að fjölmargar stærðir voru ekki og eru ekki enn þá þekktar af þeim mönnum sem þó lögðu þessa skýrslu fram.

Í ræðu minni við 1. umr. þessa máls í gær vék ég að því og gerði hæstv. fjmrh., sem talaði fyrir frv., grein fyrir því, að í fjh.- og viðskn., sem fengi þetta mál til meðferðar, yrði að sjálfsögðu leitað eftir upplýsingum og óskað eftir að þar lægi frammi af hálfu ríkisstj. ítarleg grg. um með hvaða hætti hún hygðist koma fram þeim ráðstöfunum sem hún þá hafði kynnt. Þegar sá embættismaður, sem næstur fjmrh. stendur og staddur var þar á fundi, var að því spurður, hvernig það dæmi stæði, varð hann að upplýsa að hann gæti ekki gefið um það neinar upplýsingar, hvernig framkvæma skyldi sumar hverjar þessara ráðstafana, og þaðan af síður var hægt að fá hjá honum neinar tölulegar upplýsingar í sambandi við þetta mál.

Þegar fyrsta atriði þessara ráðstafana var lagt fram á Alþingi og falast eftir þeirri málsmeðferð sem ráðh. óskaði eftir í gær, þ. e. að frv. yrði að lögum á nokkrum klukkutímum, var skýringin einfaldlega sú, að hér væri ekki um stórvægilegt mál að ræða, aðeins tollalækkanir, sem enginn maður gæti að sjálfsögðu verið á móti, allra síst þegar um væri að ræða heimilistæki sem allir þyrftu á að halda. Var á hæstv. ráðh. að skilja að biðraðir væru nú við verslanir landsins og þess vegna þyrfti að flýta þessu frv. í gegn svo að fólkið gæti fengið að kaupa þessar nauðsynjavörur, þessi heimilistæki, á lága verðinu. Ég verð því að spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann geti nú við 2. umr. málsins gefið nákvæmar upplýsingar um það, með hvaða hætti einstakar ráðstafanir verði framkvæmdar, og gert Alþingi grein fyrir þeim tölum sem þar er um að ræða.

Það er ljóst, að í því frv., sem við erum að fjalla um, er gert ráð fyrir tekjutapi hjá ríkissjóði, og þær ráðstafanir, sem voru tilkynntar í gær, þ. e. breytingar á landbúnaðarvöruverðinu, þýða að einhverju leyti að ríkissjóður verður að afla tekna til að standa straum af þeim ráðstöfunum. Það er því ekki óeðlilegt að alþm. spyrji: Með hvaða hætti hyggst ráðh. koma þessum hlutum fram og hvaða þýðingu hafa einstakar ráðstafanir fyrir ríkissjóð tekjulega og gjaldalega? Þessar ráðstafanir þýða útgjöld fyrir ríkissjóð eða þær þýða tekjutap fyrir ríkissjóð. Og þá er spurningin: Hvernig hyggst fjmrh. ná þessum upphæðum? Mér hefur skilist að útkoman úr þessu dæmi öllu ætti að vera sú, að það yrði ekki um að ræða tekjutap hjá ríkissjóði.

Eins og ég gat um áðan er talað um að hér sé um tollalækkun að ræða og allir muni vera sammála tollalækkun, það sé ósköp einfalt mál, hér sé um að ræða 22 millj. kr. tekjutap fyrir ríkissjóð og síðan sagt að áhrifin á framfærsluvísitöluna, sem reikna skal út 1. febr., séu 0.22%. Þegar málið er krufið til mergjar liggur ljóst fyrir að hér er um að ræða vísitöluleikinn sem hæstv. ríkisstj. hefur iðkað frá því að hún tók við völdum fyrir tæpum tveimur árum. Kannske er hér um að ræða meiri vísitöluleik, meiri blekkingu en nokkurn tíma hefur verið í sambandi við vísitöluútreikning og það með hvaða hætti menn hyggjast ná fram settum markmiðum. Í vísitölugrunninum, sem gildir frá 1968, eru ekki nema ákveðin heimilistæki. Það eru þau heimilistæki sem fram komu við neysluvörukönnun fólks á árunum 1964—1965. Þannig er verið að gera breytingar á framfærsluvísitölunni sem hafa áhrif á kaupgjaldsvísitöluna 1. mars, byggðar á neyslu manna í sambandi við þessar vörur frá því 1964—1965, fyrir tæpum 18 árum, án þess að tekið sé nokkurt tillit til þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað síðan. Það, hvað hér er verið að gera, staðfestir einnig sá hraði sem óskað er eftir að hafður sé á afgreiðslu málsins, tímasetningin og allt sem því viðkemur.

Árið 1976, að mig minnir, var gert samkomulag við þá aðila sem mestra hagsmuna hafa að gæta af að kaupgjaldsvísitalan sé rétt út reiknuð. Páv. ríkisstj. stóð fyrir því. Í því samkomulagi fólst að hækkanir af völdum ákvarðanatöku hins opinbera skyldu eiga sér stað 10 dögum áður en framfærsluvísitalan væri reiknuð út. Þessi ósk var einfaldlega fram borin af þeirra hálfu til þess að í kaupgjaldsvísitölunni, sem reiknuð var út einum mánuði

síðar, væri tekið tillit til þeirra hækkana á opinberum töxtum sem gert væri ráð fyrir að giltu það þriggja mánaða tímabil.

En hvað er verið að gera hér? Það er gengið þvert gegn þeirri hugsun sem liggur að baki þessu samkomulagi frá 1976. Þegar um er að ræða lækkun á gjöldum til hins opinbera liggur augljóslega fyrir samkv. því samkomulagi að sú lækkun ætti ekki að koma fram fyrr en eftir að vísitalan hefur verið reiknuð út, til þess að hún hefði ekki áhrif á kaupgjaldsvísitöluna næstu þrjá mánuði. Ég er þeirrar skoðunar, að slík vinnubrögð hafi ekki oft verið tíðkuð áður af öðrum ríkisstjórnum en þeirri sem nú situr, og ég efast um að það hafi nokkurn tíma verið gert. Það er augljóst mál, að gengið er þvert gegn því sjónarmiði sem liggur að baki þessu samkomulagi, einfaldlega til þess að ná fram settu markmiði, sem kemur fram í skýrslu ríkisstj. um framfærsluvísitölu frá upphafi til loka þessa árs. Þá er alveg sama fyrir ráðherra Alþb., ráðherra Framsfl. og ráðherrana úr Sjálfstfl., sem sitja í ríkisstj., hvaða aðferðum er beitt til þess að ná slíku fram.

Það er vissulega rétt, að oft og tíðum hefur verið beitt aðferðum til þess að hafa áhrif á þróun framfærsluvísitölunnar með niðurgreiðslum. En hér er farið inn á nýjar brautir. Ég held að þessi aðferð sé algert einsdæmi. Þegar svo á sama tíma og reynt er að draga úr hækkunum framfærsluvísitölunnar og hafa þannig áhrif á kaupgjaldsvísitöluna er ætlunin af hálfu ríkisstj. að afla tekna til ríkissjóðs með öðrum hætti, en e. t. v. í sömu tekjuflokkum, þ. e. í sambandi við tekjur af tollum, þá er fyrst og fremst áformað að þau útgjöld skuli lögð á þær vörur sem ekki eru með í útreikningi vísitölunnar, tvímælalaust áformað að fá þær tekjur, sem ríkisstj. hyggst afla ríkissjóði af auknum tollum, með þeim hætti.

Það hefur heyrst á skotspónum að hér sé um að ræða tekjuöflun að lágmarki 50 millj. kr. Sumir hafa haldið fram að þessi tekjuöflun muni nema nærri 100 millj. kr. Ef þetta er athugað sést best hvernig vísitöluleikurinn, vísitölufölsunin nær hámarki hjá núv. hæstv. ríkisstj. Þegar lagt er til að lækka tolla á þeim vörum sem áhrif hafa á framfærusluvísitöluna er á sama tíma áformað að hækka tollgreiðslur á vörum sem ekki gætir í vísitölunni. Á þeim vörum, sem ekki gætir í vísitölunni, er tollalækkun ákvörðuð áður en framfærsluvísitalan er reiknuð, en það, sem skal lagt á í tolli til viðbótar, á vörur sem ekki teljast í framfærsluvísitölunni, það er ekki gert fyrr en eftir að framfærsluvísitalan hefur verið reiknuð til viðmiðunar við kaupgjaldsvísitöluna.

Það kom fram í fjh.- og viðskn., þegar hagstofustjóri var þar á fundi, hver áhrif þær tollabreytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði, hefðu á kaupgjaldsvísitöluna, þ. e. um 0.22%. Þegar gengið var eftir upplýsingum í sambandi við niðurgreiðslurnar var það látið uppi, að á ársgrundvelli væri gert ráð fyrir að niðurgreiðsluaukningin næmi 165 millj. eða 2.8% í sambandi við vísitöluna og þannig væri náð fram þeim 3% til lækkunar sem boðað hafði verið. En frekari upplýsingar var ekki hægt að fá. Það var ekki hægt að fá fram hvaða tekjuöflun væri ráðgerð af hálfu ríkisstj. né heldur hvaða áhrif það hefði á framfærsluvísitöluna, ef sú hækkun væri komin fram áður en framfærsluvísitalan væri reiknuð út.

Hér er um að ræða í sambandi við þessar tollbreytingar lækkun á tekjum til launþega um það bil um 25 millj. kr. þegar kaupgjaldsvísitalan er reiknuð út. Þegar menn gera sér grein fyrir því, að tollgreiðslur eiga að hækka um 50—100 millj. kr., þá liggur þetta dæmi augljóslega fyrir. Hér er um að ræða 100 millj. kr. sem ríkissjóður hyggst með einum eða öðrum hætti ná í viðbótarskattlagningu á landsmenn.

Áður en mál þetta kom til fjh.- og viðskn. hafði hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, vikið hér við 1. umr. að ósamræmi sem væri á milli þeirra vara, sem tollalækkun ætti að verða á, og varahluta til sömu tækja. Í fjh.- og viðskn. varð samkomulag um að flytja brtt. til að ná fram þessari samræmingu. Er sú brtt. flutt á þskj. 299.

Fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. munu ekki bregða fæti fyrir þetta frv. Þeir eru hins vegar reiðubúnir að fresta afgreiðslu þess, þar til vísitöluútreikningurinn hefur átt sér stað, og telja það nánast í samræmi við það sem samið var um varðandi opinberar álögur og vísitölu á árinu 1976. Við höfum áskilið okkur rétt til þess að flytja eða fylgja brtt., þar á meðal brtt. sem gerð var grein fyrir við 1. umr. málsins af hv. 7. landsk. þm. Halldóri Blöndal, því að við erum ekki reiðubúnir að taka þátt í breytingu á lögum um tollskrá sem þátttakendur í þeim vísitöluleik, þeirri vísitölufölsun sem núv. ríkisstj. hefur, eins og ég sagði áðan, ástundað frá fyrstu tíð. Við teljum eðlilegt að gerðar séu breytingar á tollskránni eftir því sem rök mæla með og þróun mála hefur átt sér stað. Við erum reiðubúnir til þess að standa á slíkum brtt., en erum ekki reiðubúnir að vinna að þessu máli með þeim hætti sem hæstv. ríkisstj. er að gera.

Frsm. 3. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, Matthíasi Á. Mathiesen, óskuðum við eftir því á fundi fjh.- og viðskn. í gær að fá frekari upplýsingar um innihald hins svokallaða efnahagspakka ríkisstj., þar sem þá var verið að ræða fyrstu og einu aðgerðirnar sem eitthvað er vitað um að felist í þeim efnahagspakka. Á fundinum í gær fengum við engar upplýsingar. Hvorki starfsmenn hæstv. fjmrh. gátu gefið okkur nokkur svör né heldur þeir stjórnarsinnar, sem nefndarfundinn sátu, né aðrir sem kallaðir voru til. Við fengum sem sagt ekkert að vita. Það vissi enginn neitt. Hins vegar féllust menn á að beiðni okkar stjórnarandstæðinga til þess að greiða fyrir málinu, að fjh.- og viðsk.-nefndir settust engu að síður á rökstóla og færu að rannsaka málið, hvort ekki væri unnt á næstu dögum að fá einhverjar frekari fréttir af því sem ekki er finnanlegt í þessum pakka, en sagt að sé einhvers staðar þar að finna ef vel sé leitað.

Samkomulag varð m. ö. o. í nefndinni um að þó engar upplýsingar fengjust á fundi hennar í gær skyldi hún halda áfram að leita — og væntanlega verður séð til þess af hv. formanni nefndarinnar, efnahagssérfræðingi ríkisstj., hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, sem sumir kalla höfund efnahagspakkans, að rækilega verði leitað að því sem í þessum pakka kann að vera. (**HBl:** Sem sumir kalla hvað?) Höfund efnahagspakkans. Ég held að það sé ekki satt, en sumir hafa það fyrir satt.

Herra forseti. Það er ástæðulaust að fara fleiri orðum um það mál því að eins og ég segi, leitin er hafin. Það er að vísu ekki búið að kalla út hjálparsveitir enn. Fjh.- og viðskn. ætlar að vita hvað hún getur fundið af eigin rammleik. En sjálfsagt verður ekki um annað að ræða en kalla út frekara lið ef ekkert fer að koma í ljós undir miðjan mánuðinn.

Upplýst var á fundi fjh.- og viðskn. að mjög mikið lægi á að þetta mál hlyti afgreiðslu, það yrði að hljóta af-

greiðslu í dag til þess að möguleiki væri á því að Hagstofa Íslands gæti tekið tillit til vísitöluáhrifanna af þessum aðgerðum eins og að væri stefnt. M. ö. o.: því aðeins að frv. verði samþykkt í dag er tæknilegur möguleiki fyrir menn, hvort sem þeir hafa áhuga á því sjálfir eða ekki að komast inn í Tollvörugeymslu til þess að leysa út eitthvað af þeim tækjum sem á að lækka tolla á samkv. þessu frv. svo að það geti mælst í vísitölunni. Verði það ekki búið, þannig að menn hafi tæknilega möguleika á því að setja slík tæki á markaðinnn n. k. föstudag, eru allar líkur á að ráðstöfunin mælist ekki í vísitölu. Þar sem það er meginatriði málsins hjá hæstv. ríkisstj. leggur hún mikla áherslu á að frv. verði afgreitt í dag.

Hins vegar kom líka fram á fundi fjh.- og viðskn. í gær að í undirbúningi er önnur ráðstöfun í tollamálum sem ekki er til lækkunar eins og þessi, heldur til hækkunar. Saman á að fara tollalækkun núna og tollahækkun eftir nokkra daga sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið nafnið tollafgreiðslugjald. Auðvitað er hægt að gefa tollahækkunum margs konar nöfn alveg eins og söluskattur er kallaður ýmsum nöfnum. Hluti hans er kallaður orkujöfnunargjald o. s. frv., þó að enginn munur sé á greiðslunni. Það kom fram á fundum fjh.- og viðskn. í gær að hæstv. ríkisstj. ráðgerir að taka með þessum hætti öllu meira fjármagn frá almenningi í hækkun tolla en hún gerir ráð fyrir að lækka tollana í frv. þessu. Hins vegar fengust engar upplýsingar um það á fundi fjh.- og viðskn. í gær, hve miklu hærri fjárhæðir ríkisstj. hefur í huga að taka með tollahækkun en hún er hér að veita í tollalækkun. Eins og upplýst var af hv. síðasta ræðumanni voru fregnir á kreiki um að það væri eitthvað á milli 50 og 100 millj. kr. sem stefnt væri að hækka tollana um á næstu dögum, sem sé allt tæplega þrefaldri þessari upphæð upp í um það bil fimmfalda. Ástæðan fyrir því, að engar frekari upplýsingar fást á þessu stigi málsins um þá ráðstöfun ríkisstj., er einfaldlega sú, að komi hún ekki fram fyrr en eftir n. k. föstudag mælist hún ekki í útreikningi vísitölu. Það er m. ö. o. stefnt að því, að þessari tollalækkun upp á 22 millj. kr. verði hraðað í gegnum Alþingi í dag svo að tæknilega sé mögulegt að taka tillit til áhrifa hennar til lækkunar á verðbótum launþega í landinu, og til þess að það sé hægt verður að vera búið að afgreiða þetta frv. fyrir kl. 5 í dag frá Alþingi.

Hins vegar ráðgerir ríkisstj. að hækka tollana um einhvers staðar á milli tvöfaldrar og fimmfaldrar þessarar upphæðar. En það ætlar hún sér ekki að gera fyrr en eftir n. k. föstudag, þannig að alveg sé útilokað að tekið verði tillit til áhrifa þeirrar hækkunar á verðlagið í landinu nógu snemma til þess að von sé til að launþegar fái það bætt í kaupgjaldi 1. mars.

Þetta, herra forseti, kallar Alþb. að skipta á sléttu. Þetta kallar Alþb. að skipta á verðbótum og kaupmætti, að skipta á 22 millj. kr. tollalækkun, sem lækkar laun um 0.2%, og e. t. v. 100 millj. kr. tollahækkun, sem Alþb. ætlar að bíða með að gefa út þangað til öruggt er að það mælist ekki í verðbólgu- og vísitöluútreikningum, svo að hægt sé að taka tillit til þess 1. mars n. k. Þetta er ekkert launungarmál þó að hæstv. landbrh. hristi höfuðið. Ég veit það ósköð vel, það veit það allur landslýður, að hæstv. landbrh. hefur ekkert frekar en aðrir sjálfstæðismenn í ríkisstj. haft mikil áhrif á þetta. Þeir hafa ekki hugmynd um þetta. Þeir hafa aldrei verið spurðir um annað en það, hvenær þeir séu væntanlegir í þingið til þess að greiða atkv. Þeir hafa engar tillögur gert og að engu verið spurðir, enda er þeirra hlutverk hvorki að gera tillögur né fylgja málum eftir í þessari hæstv. ríkisstj., heldur bara að ljá framsóknarmönnum og kommúnistum þau atkv. sem þá vantar. Það er ekkert undarlegt við það að hæstv. landbrh. hristi höfuðið. En þetta er svona samt. Þó að hann hristi höfuðið aftur, þó að hann hristi höfuðið tíu sinnum, þá er þetta engu að síður staðreynd.

Þetta eru þær upplýsingar sem m. a. komu fram á fundi fjh.- og viðskn. í gær. Þar kom fram hjá tveimur starfsmönnum fjmrn. sem þar voru mættir, að ráðgert væri að þetta tollafgreiðslugjald, tollahækkun undir nýju nafni, skilaði ríkissjóði allmiklu meiri fjárhæðum í tekjum en næmi þeim 22 millj. kr. sem hér er verið að lækka tollana um. Hins vegar vildu þeir ekkert fullyrða um hve miklu meiri tekjum það mundi skila, þó svo heyrst hafi á skotspónum að það sé eitthvað á milli 50 og 100 millj. kr. Nú er ég að upplýsa hæstv. landbrh. sem sjálfsagt hefur ekkert fengið um þetta að vita. Það kom líka fram hjá hagstofustjóra í gær, að hann gæti ekki tekið tillit til áhrifa slíkrar hækkunar á verðbótamælikvarða, á mælingu framfærsluvísitölu, ef hún kemur ekki fram fyrr en n. k. föstudag. Ég sé að hæstv. landbrh. er hættur að hrista höfuðið. Ég held að það sé farið að kvikna á týrunni hjá hæstv. ráðh., að hann sé að átta sig á því, hvernig eigi að fara að því að skipta á verðbótum og kaupmætti. Það á að gera það svona. Svona á að fara að því að „skipta á sléttu."

Því er nú verr og miður, herra forseti, að sú endurskoðun eða sú breyting, sem nú er gerð á tollalöggjöfinni, er ekki árangurinn af athugun og vilja ríkisstj. á því að samræma tollalöggjöfina eða grisja þann frumskóg aðflutningsgjaldanna sem hæstv. fjmrh. hefur lýst yfir við alþjóð að hann furði sig á, og er það rétt lýsing hjá hæstv. ráðh. Því miður er þessi aðgerð einvörðungu til þess að hafa áhrif í þessum vísitöluleik sem Alþb. kallar „slétt skipti." Því miður er aðgerðin einvörðungu við það miðuð. Eftir sem áður er vandratað um aðflutningsgjaldafrumskóginn og eftir sem áður eru ýmsar af mikilvægustu nauðsynjavörum íslenskra heimila, jafnvel smávörur sem engu máli skipta, tollaðar eins og um lúxusvarning sé að ræða, t. d. eru eldspýtur tollaðar með 80% tolli og skóáburður. Það virðist mega ætla að þeir, sem þessum málum ráða, haldi að Íslendingar noti enn þá eldspýtur með álíka sparsemd og áður fyrr, þegar eitt meginviðfangsefni heimilanna var að fela eld yfir nóttina svo að ekki sköpuðust vandkvæði af því að kveikja eld á hverjum morgni. Þeir, sem þessum málum ráða, virðast halda að við séum enn á þeim tíma, því að eldspýtur eru tollaðar með 80% tolli. Og þeir, sem málum ráða, virðast enn halda að Íslendingar beri almennt hákarlalýsi á skóna sína, eins og gert var hér í „den tid" því að skóáburður er tollaður með 80% tolli eins og um mikla lúxusvöru sé að ræða. Og fyrir ósköp venjuleg hnífapör, sem við notum dagsdaglega, þurfum við að greiða 123% toll og vörugjald. Þetta er álitin alger lúxusvara, venjuleg borðhnífapör, að maður minnist ekki á Carmen-rúllur hv. þm. Olafs Ragnars Grímssonar sem menn þurfa að greiða 134% toll fyrir að nota.

Því miður er þetta ekki afleiðing af endurskoðun tollskrárinnar, — því miður ekki. Þetta er eingöngu aðgerð í því skyni að hafa áhrif á vísitöluútreikning 1. febr. árið 1982. Fram yfir þá dagsetningu er ekki hugsað. Að hugsa sér að t. d. á flestar algengustu kryddvörur skuli vera

lagður 80% tollur og 24% vörugjald. Öll búsáhöld, sem íslensk heimili nota, pottar og pönnur, venjuleg búsáhöld eru með 80—125% tolli. Þetta er álitin lúxusvara, eins og menn sem þessum málum réðu héldu að Íslendingar ætu enn úr öskum og borðuðu með hornspónum, því að venjuleg hnífapör eru hátollavara og venjuleg mataráhöld eru flutt inn með 123% tolli og vörugjaldi. Það er alveg furðulegt að eina endurskoðunin á tollskrá skuli vera gerð þegar svo háttar til, að það skuli eiga að endurskoða tollskrá af þessari hæstv. ríkisstj. út frá því sjónarmiði einu, hvaða áhrif endurskoðunin hafði á útreikning framfærsluvísitölu fyrsta dag febrúarmánaðar árið 1982. Lengra nær hugsunin ekki, alls ekki lengra. Sumir hæstv. ráðherrar virðast enn ekki hafa áttað sig á því, til hvers leikurinn er gerður. A. m. k. virðist svo sem þeir, sem málunum ráða í þessari ríkisstj., hafi algerlega gleymt að segja þeim frá því.

Herra forseti. Vissulega er það jákvæð aðgerð út af fyrir sig að taka algengar neysluvörur til endurskoðunar, eins og hér er gert, í því skyni að afnema af þeim hátolla, afnema af þeim lúxustolla. En það verður samt sem áður eitthvert „system" að vera í „galskapnum", eins og stundum er sagt á óvirðulegu máli. Ef menn eru að endurskoða tollmeðferð á rafknúnum heimilistækjum með þessum hætti, þá er það ekki verjandi að einblína einvörðungu á þau rafknúnu heimilistæki sem eru í vísitölugrundvellinum vegna gamallar neysluvörukönnunar, en sleppa öllum öðrum rafknúnum heimilistækum sem standa hlið við hlið í eldhúsum íslenskra heimila, við hlið þeirra tækja sem um er rætt, bara vegna þess að ekki hefur verið tekið tillit til þeirra í neysluvörukönnuninni sem er grundvöllur framfærsluvísitölunnar. Það er náttúrlega alveg fráleitt, að tvö jafnnauðsynleg tæki í íslenskum eldhúsum skuli vera meðhöndluð þannig af hæstv. ríkisstj., að annað tækið er tekið úr lúxustolli eða afnuminn af því tollur algerlega, en hitt tækið sé tollað áfram sem lúxusvara. Hvaða vit er í því, að algengt heimilistæki, eins og t. d. sjálfvirk kaffikanna, sem er til á svo til hverju einasta heimili í landinu, miklu fleiri heimilum en t. d. uppþvottavél, svo að dæmi sé tekið, slíkur smáhlutur, sem ekki kostar mjög verulegar fjárhæðir, skuli vera hafður í lúxustollflokki þegar t. d. tollur er felldur niður af öðru heimilistæki, uppþvottavél, eða lækkaður verulega á henni? Hvaða vit er í þessu? Það er auðvitað ekkert vit í svona ráðstöfun. Þessi heimilistæki, kaffikönnurnar, voru ekki komin í notkun þegar neyslukönnunin var gerð sem liggur til grundvallar framfærsluvísitölunni, og því skilar það engum árangri í vísitölusvindli, í „sléttum skiptum" Alþb., að lækka tolla á kaffikönnum. Þess vegna er það ekki gert, vegna þess að það er ekki hægt að nota kaffikönnur til þess að framkvæma „slétt skipti". Það er ekki hægt.

Með nákvæmlega sama hætti má spyrja hvaða vit sé í því, að mjög algeng heimilistæki, eins og t. d. rafmagnspanna sem önnur hver íslensk húsmóðir notar, skuli vera tolluð sem lúxusvarningur þegar hrærivél er með helmingi lægri tolli. Ástæðan er ofureinföld. Það er tiltölulega nýverið sem menn fara að flytja til landsins tæki eins og rafmagnspönnur. Þær mælast ekki í vísitölunni. Þess vegna er ekki hægt að nota rafmagnspönnur til þess að framkvæma „slétt skipti", hæstv. fjmrh. Þess vegna eru þær vörur skildar eftir. Svo er um fjölmargar aðrar vörur af þessu tagi, eins og t. d. alls kyns ofna sem almennt er farið að nota á heimilum, grillofna og fleiri slíka. Þetta er tollað sem lúxusvara á sama tíma og hrærivélar og önnur slík tól, sem standa við hlið þessara tækja á eldhúsborðum íslenskra húsmæðra, eru notuð við „slétt skipti".

Nei, heimilistækjakaupmaðurinn, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, er ekki reiðubúinn til að framkvæma „slétt skipti" við fólk á öllum gerðum rafknúinna heimilistækja. Þessi heimilistækjakaupmaður er bara reiðubúinn til þess að framkvæma sléttu skiptin með vörum sem mælast í vísitölunni. Þá skiptir engu máli þó að slík tæki sé sennilega ekki að finna á láglaunaheimilunum. Ég reikna ekki með að tæki eins og t. d. uppþvottavélar séu mjög algengar á láglaunaheimilum. Ég reikna með að kaffikönnurnar séu öllu algengari þar. Samt sem áður ætlar hæstv. fjmrh. alls ekki að hafa „slétt skipti" við láglaunafólkið á verðbótum og kaffikönnum. Nei, alls ekki. Það kemur ekki til nokkurra mála. „Sléttu skiptin" við láglaunafólkið verða að vera á uppþvottavélum og verðbótum. Jafnvel þó að láglaunafólkið hafi ekki nokkur efni á því að kaupa sér uppþvottavél, þá skulu „sléttu skiptin" vera þar, skiptin á verðbótum, skiptin á vísitölustigum og kaupmættinum.

Herra forseti. Það þjónar ákaflega litlum tilgangi út af fyrir sig að flytja mjög verulegar brtt. við frv. þetta. Því hefur aldrei verið ætlað, eins og ég gat um áðan, að vera annað en tæki fyrir hæstv. ríkisstj. til þess að koma í veg fyrir að launþegar fái verðbætur á sín laun til þess að bæta sér upp verðhækkanir sem þegar hafa orðið. Það er ekki verið að bæta upp verðhækkanir sem síðar kynnu að verða. Það er verið að bæta upp með þessum hætti verðhækkanir sem þegar hafa orðið og launafólk hefur þegar orðið að gjalda. Það er verið að bæta þær upp með tollalækkunum á uppþvottavélum, — tollalækkunum á uppþvottavélum fyrir kjósendur hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, verkamannastétt í Reykjavík. Hún skiptir við þessa kjósendur sína, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, og hæstv. félmrh. Svavar Gestsson. Þau skipta við verkafólkið í Reykjavík á kaupi og tollalækkunum á uppþvottavélum. Mikil er nú rausnin!

Það þjónar harla litlum tilgangi, herra forseti, að vera að gera umfangsmiklar brtt. við tollaendurskoðun sem er með þessum hætti gerð. Ég held þó að ekki verði komist hjá því að gera tilraun til þess, fyrst verið er að gera breytingu á tollmeðferð rafknúinna heimilistækja, algengra rafknúinna heimilistækja sem til eiga að vera á allflestum heimilum, að láta þá breytingu ná til allra eða flestra tækja af þessu tagi sem notuð eru á Íslandi, en ekki að velja eða hafna eftir því hvort þau eru í 15 ára gamalli neyslukönnun eða ekki. Það er meginatriðið í þeirri brtt. sem ég flyt á þskj. 302. Tollflokkarnir, sem þar eru taldir síðast, sjö síðustu tollnúmerin sem þar eru talin lúta öll að slíkum tækjum. Ég tek það fram, að öll þessi heimilistæki eru með 80% tolli eins og uppþvottavélar hæstv. fjmrh. og annar sá varningur sem hann er að færa úr 80% tolli yfir í 40%. Öll þau tæki, sem ég hér nefni og hef gert tillögur um að menn tækju með í þá leiðréttingu, hefur ríkisstj. fram til þessa tíma ákveðið að sættu sömu tollmeðferð og uppþvottavélarnar, hrærivélarnar og annar slíkur vélabúnaður í eldhúsum vegna þess að þetta eru sambærileg tæki. Ég geri till. um að þessi tæki verði látin sæta sambærilegri meðferð, svo að ekki sé verið að gera upp á milli tollaálagningar á þessi tæki hér eftir fremur en hefur verið gert hingað til.

Hvaða tæki skyldu það vera sem vantar inn í þessa upptalningu og ég geri till. um á þskj. 302 að við hana sé

bætt? Það eru tæki eins og kaffikönnur, rafmagnspönnur, önnur hitunartæki til heimilisnota. Það eru alls konar lausir ofnar sem fólk nýtir, og rafmagnsrakvélar sem eru með hvorki meira né minna en 134% tolli og vörugjaldi. Menn halda sennilega, sem þessum málum ráða, að öllum sé svipað farið og hæstv. iðnrh. og rafmagnsrakvélar séu lúxusvarningur sem þurfi að tolla með 134% tolli. Svo er nú samt ekki. Rafmagnsrakvélar, eins og ég sagði, aðrar rafknúnar eldhúsvélar, og er þar átt fyrst og fremst við hakkavélar, grænmetiskvarnir og önnur slík smátæki og önnur búsáhöld með rafmagnshreyflum, — samtals nemur tekjutapið fyrir ríkissjóð, ef þær vörur eru teknar með sem ávallt hafa hingað til verið í sama tollflokki og upppvottavélarnar, sem hæstv. ráðh. ræðir um, alls 2 millj. kr.

Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar nema heildartolltekjur af öllum rafknúnum eldhúsvélum, svo sem hakkavélum og öðrum slíkum smátækjum, ekki nema 134 þús., tolltekjur ríkissjóðs af öðrum búsáhöldum með rafmagnshreyflum ekki nema 69 þús., tolltekjur af rafmagnsrakvélum 347 þús., tolltekjur af kaffikönnum 478 þús., tolltekjur af rafmagnspönnum 122 þús. og tolltekjur af öðrum hitunartækjum til heimilisnota 314 þús. Það eitt, að samræmi verði haft um tollafgreiðslu þessara tækja og þeirra tækja, sem lagt er til að lækka tollana á, kostar ríkissjóð því aðeins 2 millj. kr. Ætti það ekki að skipta mjög verulegu máli fyrir ríkissjóð með allt það loft í fjárlögum sem hæstv. viðskrh. og fyrrv. fjmrh. hefur komist að raun um að þar sé að finna. Samræmið kostar hæstv. fjmrh. ekki meira en 2 millj. kr.

Síðan leyfi ég mér að bæta við sem sérstöku áhugamáli ýmissa manna að lækka nokkuð tolla af hársnyrtitækjum. Tolltekjur af þeim eru aðeins 438 þús. kr. samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar. Ég tek fram að sambærileg lækkun tollmeðferðar á þessum tækjum og gert er ráð fyrir mun aðeins kosta helming þeirrar upphæðar sem ég hef hér nefnt.

Þetta er meginkjarninn í brtt. mínum á þskj. 302. Auk þessara brtt., sem allar varða tollnúmerið 85 með undirflokkum, hef ég leyft mér að gera fimm aðrar brtt. til samræmis, þess efnis, að pottar og pönnur, sem ekki teljast nú til sérstakra lúxusvara á íslenskum heimilum en hafa samt verið í 123% tolli og vörugjaldi, sæti sambærilegri meðferð og upppvottavélar hæstv. fjmrh. og verði lækkaðar niður í um 40% toll úr 80%, og sama máli gegni um borðhnífa, gaffla og skeiðar úr ódýrum málmi, sem eru með 123% toll og vörugjald. M. ö. o.: Það er lúxus að borða með öðru en fingrunum.

Ég geri ráð fyrir því, að einnig þessar vörur, pottarnir og pönnurnar — að vísu bara úr ryðfríu stáli, járni og áli, ég seilist ekki einu sinni svo langt að ætlast til þess, að öllu fínni pottavörur, svo sem úr kopar og öðrum slíkum fínni málmum — verði látnar sæta sömu meðferð, en svona algengar vörutegundir, og enn fremur ósköp venjuleg hnífapör, sem ég held að allir Íslendingar borði með dagsdaglega án þess að telja að þar séu þeir að nota sérstakan lúxusvarnig til þess að snæða með, — að tollmeðferð þeirra verði sú sama og upppvottavéla eftir að búið er að samþykkja frv. hæstv. ráðh.

Samtals eru áhrif af þeim breytingum, sem ég legg til á þskj. 302, 4 millj. kr. eða um 20% af þeirri heildarfjárhæð sem það kostoar ríkissjóð að gera sambærilega breytingu á upppvottavélunum og öðrum þeim tækjum og tólum sem mælast í vísitölunni.

Við 1. umr. frv. benti ég hæstv. fjmrh. á að nauðsynlegt væri að lækka tolla á varahlutum í þau heimilistæki, sem hér er gert ráð fyrir að lækka tolla á, sem og á varahlutum í þau heimilistæki sem opinber gjöld voru lækkuð á á s. l. ári. Hæstv. ráðh. hefur tekið undir þessar ábendingar mínar og kom það fram á fundi hv. fjh.- og viðskn. í gær. Nefndin gerir nú till. á þskj. 299 um að tollar af þessum varahlutum lækki einnig í 40%, og á fundi nefndarinnar kom fram að vörugjaldið, sem er 24%, verði einnig fellt niður til samræmingar. Hér er um reglugerðarbreytingu að ræða og því ekki í verkahring fjh.- og viðskn. að gera till. um það nú. Það var staðfest á fundinum í gær, að svo mundi verða gert, og ég vil undirstrika það til að fá það skjalfest hér og legg á það áherslu, að hæstv. fjmrh. felli nú þegar, að fenginni samþykkt á þessu frv., niður þá 24% álagningu vörugjalds sem er á þessum vörutegundum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ég tel að sú till., sem fram hefur komið, að fella varahluti undir sömu tollalækkun og gerð hefur verið till. um varðandi heimilistæki, sé sjálfsögð og eðlileg og styð eindregið að sú breyting verði gerð á þessu frv. Að öðru leyti get ég ekki fallist á að breytingar verði gerðar á frv., enda þótt vissulega megi segja að margar breytingar á tollum séu eðlilegar og eigi fullan rétt á sér. En það mál er til heildarathugunar í sérstakri nefnd og verður því að bíða síðari tíma að endurskoða þau mál.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen spurðist áðan fyrir um, hvernig háttað yrði niðurfærslu verðlags, og óskaði eftir að gefnar yrðu nánari upplýsingar um það mál. Ég vil leyfa mér að benda honum á það, að í útvarpsumr., sem fram fóru s. l. fimmtudag, gerði ég grein fyrir því í höfuðatriðum, hvernig þessari niðurfærslu yrði háttað, og sé ég ekki ástæðu til að fara nákvæmlega út í þá sálma. En í grófum dráttum er um að ræða niðurfærslu verðlags sem kostar 350 millj. kr. Þetta fé verður fengið í fyrsta lagi með sparnaði og lækkun ríkisútgjalda upp á 120 millj., með skatti á banka upp á 40 millj. og að öðru leyti verður fé tekið til þessa úr fjárlagadæminu upp á 190 millj. Það er gert ráð fyrir að niðurgreiðslur, sem nú þegar hafa verið ákveðnar, kosti 165 millj., en sú tollalækkun, sem hér er til umræðu, kostar 22 millj., eða samtals 187 millj. Mismunurinn, sem þarna er á, þ. e. milli 350 millj. annars vegar og 187 millj. hins vegar, er niðurfærsla verðlags sem ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um og verður ekki tekin ákvörðun um fyrst um sinn þannig að ekki er ástæða til að skýra frá því að svo stöddu. En ljóst er að þarna er allmikið fjármagn fyrir hendi sem mun verða nýtt til niðurfærslu verðlags á síðara stigi. Til viðbótar þessu kemur svo tilfærsla á sköttum, sem lýsir sér í lækkun stimpilgjalds og lækkun launaskatts annars vegar, en hins vegar álagningu sérstaks tollafgreiðslugjalds. Það er annar þáttur málsins, sem nánari grein verður gerð fyrir síðar.

Ég ætla ekki hér að fjalla um málflutning hv. stjórnarandstæðinga, því ég vil ekki tefja tímann frekar. Ég vil hins vegar leiðrétta það sem fram kemur í nál. hv. stjórnarandstæðinga, að hér sé verið að lækka toll á heimilistækjum sem séu í vísitölu og engum öðrum tækjum. Þessa fullyrðingu endurtók hv. þm. Sighvatur Björgvinsson æðioft í ræðu sinni áðan, og nokkrir aðrir stjórnarandstæðingar hafa haldið þessu sama fram. En þetta er

misskilningur. Hér er verið að lækka toll á frystikistum, en frystikistur eru alls ekki í vísitölumælingunni. Hér er verið að lækka toll á eldhúsviftum, en eldhúsviftur eru alls ekki í vísitölumælingunni. Tollalækkun á þessum tveimur vörutegundum breytir því engu í vísitölumælingunni sem fram fer núna í vikulokin. Nákvæmlega sama gildir um uppþvottavélarnar sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gerði mjög að umtalsefni rétt áðan. Þær eru alls ekki með í vísitölunni og lækkun tolla á uppþvottavélum hefur engin áhrif á vísitölumælinguna að nokkrum dögum liðnum. Sama gildir um þurrkara, strauvélar, aðrar viftur og brauðristar. Öll þessi tæki, sem ég nú hef nefnt, eru ekki í vísitölunni. Þannig er alrangt að það sé einungis verið að lækka toll á þeim heimilistækjum sem eru í vísitölu. Í vísitölunni eru fyrst og fremst kæliskápar, þvottavélar, hrærivélar og ryksugur, en öll hin tækin, sem tollar eru lækkaðir á, eru þar ekki. Það þótti hins vegar til samræmis rétt að láta þessi tæki fylgja með.

Vissulega má segja, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði áðan, að það kynnu að vera enn fleiri tæki, sem ættu heima í þessari tollalækkun, en það er ekki gerð tillaga um það að sinni.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en ég taldi alveg óhjákvæmilegt að koma þessari staðreynd á framfæri.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég verð að segja að ræða hæstv. fjmrh. olli mér miklum vonbrigðum, einkanlega vegna þess að ég sé að hin vondu áhrif samráðh. hans virðast vera býsna mikil úr því að hann fæst ekki einu sinni til að koma í litlu til móts við þær till. sem ég lagði hér fram í sambandi við bæði hljómplötur og hljóðfæri. Nú hygg ég að það sé rétt, og ég bið hæstv. fjmrh. að leiðrétta ef það er rangt hjá mér, að hér innanlands séu bæði framleiddar hljómplötur til útflutnings með erlendu efni og einnig hljómplötur með innlendu efni. Ég hygg þess vegna að það sé meint brot á samningunum við EFTA-löndin að tollar séu ekki algjörlega afnumdir af hljómplötum frá EFTA-löndunum. Nú tek ég það fram, að ég er ekki jafnvel að mér í þessum milliríkjasamningum og sérfræðingar hæstv. fjmrh. sem mættu á fundi hjá fjh.- og viðskn. En ég vil spyrja hv. 3. þm. Austurl., ef hann er hér inni, — hann virðist ekki vera hér, formaður nefndarinnar, — eða hæstv. viðskrh., ef hann væri hér í húsinu, hvort þetta sé ekki rétt með farið hjá mér. Fyrst þeir eru ekki hér skal ég láta mér nægja að spyrja um hvort einhver af þeim mönnum, sem sátu í fjh.- og viðskn., geti upplýst hvort sérstök athugun hafi farið fram á því varðandi hljómplötur hvort milliríkjasamningar okkar beinlínis ætlist ekki til þess að tollur sé afnuminn á innflutningi á hljómplötum frá EFTA-löndunum. Ég held, að það sé algjörlega nauðsynlegt að þetta liggi fyrir, og óska eftir að þetta verði kannað sérstaklega milli 2. og 3. umr. til þess að enginn misskilningur geti orðið í þessum efnum. En ég geri ráð fyrir að hæstv. fjmrh. svari mér varðandi þetta atriði nú við umr.

Vegna þeirra ummæla, sem hér hafa komið fram frá ýmsum þm. og síðast frá hæstv. fjmrh., virðist gert ráð fyrir að leggja á sérstakt 1% tollafgreiðslugjald til að vega upp á móti lækkun á stimpilgjaldi og upp á móti lækkun launaskatts. Nú vitum við ofur vel að lækkun launaskattsins og lækkun stimpilgjaldsins hafa ekki áhrif á verðlag hér heima hjá launþegum, verðlag á hinum almenna markaði. Á hinn bóginn hækkar tollvörugjaldið almennt verðlag. Þetta sagði hv. 3. þm. Vestf. að Alþb. kallaði „slétt skipti". Þetta kalla Snæfellingar hnífakaup í myrkri. (**Gripið fram í:** Að óséðu.) Að óséðu. Nú vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., og ég vænti þess, að hann svari þingheimi því skýrt og skorinort, hvenær hann hugsi sér að tollvörugjaldið verð lagt á. Hvenær á tollvörugjaldið að verða lagt á? Ég sé að hér er staðgengill hæstv. forsrh., kurteis maður og prúður. Ég vænti þess, að ef hæstv. fjmrh. fæst ekki til að svara fsp. muni hæstv. varaforsrh. gera það. Það er náttúrlega algjörlega útilokað fyrir virðingu þessarar stofnunar, sem við erum öll kosin til af fólkinu í landinu, að hér sé hæstv. fjmrh. að tala um að í dag fyrir kl. 2 verði að samþykkja einhverja ákveðna tollalækkun til þess svo eftir helgi að leggja á nýja skatta, sem aftur hækka verðlagið. Þetta getur auðvitað ekki gengið og það þarf að liggja fyrir hér í dag, áður en þessari umr. lýkur, frá þessari ríkisstj., frá þessum hæstv. ráðh., hvenær tollvörugjaldið verður lagt á. Þó að ég geti hrópað hátt hrópa ég ekki jafnhátt og allir launþegarnir í landinu þegar þeir biðja um eitthvert lágmarksréttlæti hjá þessari hæstv. ríkisstj. Þetta þarf að liggja fyrir.

Ég vil vekja athygli á að ríkisstj. sá ekki ástæðu til þess núna fyrstu dagana í janúar, eins og í fyrra, að láta fara fram sérstaka verðkönnun í landinu til þess að það kæmi í ljós hvað verðbólgan var mikil frá upphafi til loka árs. Allt á það að vera opið í annan endann og laust í reipunum núna varðandi þetta ár. Í fyrra voru vörurnar mældar um miðjan janúarmánuð. Allt er það því falskt og lygin tóm sem sagt er um verðbólgu frá upphafi til loka árs, enda ekki annars að vænta frá þessum mönnum.

Nú skilst mér á hæstv. fjmrh. og ýmsum öðrum að Hagstofan hafi verið beðin um að láta fara fram verðkönnun í öllum þeim verslunum í dag og í gær þar sem ekki eru seld heimilistæki. Hvað mundi gerast ef hv. 3. þm. Reykv. lokaði tollvörugeymslunni fram á föstudag og hleypti ekki út neinum heimilistækjum þannig að enginn maður gæti keypt heimilistæki á nýja lága verðinu fyrr en eftir helgi? Hvað mundi verðkönnunin þá segja? Er einhver trygging fyrir því, að menn taki út heimilistæki á lága verðinu fyrir föstudag? Eða skiptir það bókstaflega engu máli? Er það bara þessi reiknaða verðbólga sem skiptir máli? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Hefur hann einhverja tryggingu fyrir því, að verðkönnun á heimilistækjunum hafi ekki þegar farið fram? Eftir hverju er þá farið? Hvað byrjar Hagstofan sína verðkönnun?

Ég sé að formaður fjh.- og viðskn. hefur aftur horfið úr deildinni svo ég geri ekki ráð fyrir að hann svari spurningu minni. Ég vil þá beina henni aftur til fjmrh. og spyrja hann hvort sérstök athugun eða könnun hafi farið fram á því, hvort ekki sé nauðsynlegt vegna milliríkjasamninga okkar að tollar af hljómplötum verði þegar í stað afnumdir frá EFTA-löndum. Þeir eru núna 20% á innlendu efni, en 75% á erlendu.

ATKVGR.

Brtt. 302 felld með 20:13 atkv.
Brtt. 299 samþ. með 33 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 293 felld með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafna-

kalli, og sögðu

já: SighB, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH.

nei: RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ.

VG greiddi ekki atkv.

5 þm. (SteinG, AG, JÞ, KP, SigurlB) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Neðri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., að loknum 36. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég lagði hér strax við 1. umr. fram brtt. varðandi nokkur tollskrárnúmer til að reyna að greiða fyrir því, að málið gæti fengið fljóta og hraða afgreiðslu í gegnum þingið. Ég varpaði fram afskaplega eðlilegum fsp. við 2. umr. málsins þegar fyrir lá að meiri hl. ríkisstj. eða ríkisstj. sjálf, — ég veit ekki hvað ég á að segja um hv. 6. þm. Suðurl., ég hygg að hann hafi viljað samþykkja þessa till., — en að stjórnarliðarnir að öðru leyti væru till. minni andsnúnir, meira að segja hæstv. fjmrh., sá músíkalski maður. Þessir menn fást ekki til að svara hér einföldum fyrirspurnum t. d. um hvort hluti af því, sem þessi till. fjallar um, sé ekki nauðsynleg breyting til þess að við stöndum við alþjóðasamninga.

Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt mál og raunar óhjákvæmilegt að við 3. umr. málsins komi eitthvað fram um hver sé skoðun ríkisstj. á því, hvort ekki sé nauðsynlegt vegna milliríkjasamninga okkar að fella niður tolla af hljómplötum. Það er leiðinlegt að þurfa að endurtaka þetta svona oft. Maður hefur stundum haft betri nemendur en hæstv. ráðh., sem maður hefur getað spurt aðeins einu sinni og fengið svar, — meira að segja greindarlegt. En hér er sama hversu oft spurt er. Þá sjaldan svarað er er maður fjarstaddur eða illa er svarað.

Í þessari till. minni er í fyrsta lagi lagt til að fella niður tolla af hljóðfærum. Nú vitum við að í sambandi við innflutningsgjöld hefur sá háttur verið hafður á um atvinnutæki að reynt hefur verið að stilla tollum í hóf. Hljóðfæraleikurum fer mjög fjölgandi hér í landinu, og til þess að þeir geti stundað sína atvinnu verða þeir auðvitað að eiga úrvalshljóðfæri. Þeir verða að endurnýja þessi hljóðfæri á eigin kostnað eðlilega þar sem hér er um frjálsan atvinnurekstur að ræða, en þeir hafa ekki notið þeirrar náðar stjórnvalda að tillit sé tekið til þessa.

Nú skulum við aðeins líta á hver kostnaður er fyrir þetta fólk að endurnýja sín hljómlistartæki, ef þau gömlu eru úrelt, ef þetta fólk hefur verið svo illa fjáð þegar það fluttist til landsins að það hefur ekki haft efni á að kaupa sér flygil eða dýr tæki erlendis að loknu námi og þannig fengið tækið tollfrjálst inn í landið. Góður flygill eða sembal eða hljóðfæri af því tagi kostar í innkaupum til landsins um 150 þús. kr. Af þessu tæki tekur ríkið 100 þús. kr. til viðbótar, sem fer beint í vasa ríkisins. Verkfærakostnaðar úrvalspíanóleikara eða semballeikara yrði í þessu tilviki 250 þús. kr., 25 millj. gamlar. Hér er venjulega um lágtekjufólk að ræða þar sem eru hinir íslensku hljóðfæraleikarar. Til þess að þeir geti endurnýjað sín hljóðfæri verða þeir að leggja mjög hart að sér, og ég hygg að oftast sé það svo að þeir hafi ekki tök á því að vera með almennileg verkfæri í höndunum eftir því sem starfsreynsla þeirra verður lengri.

Auðvitað er þetta óþolandi ástand. Hér er ekki um háar fjárhæðir að tefla fyrir ríkisvaldið. Það er einungis 30% tollur á þessum strengjahljóðfærum sem eru með hljómborði, og ég hygg að ef allt sé talið mundi tekjumissir ríkissjóðs af þessu kannske vera einhvers staðar á bilinu 1—2 millj. varðandi þessi stærri hljómlistartæki.

Ég vil einnig að það komi alveg skýrt fram, að þessi skattur er þungaskattur. Þegar um smærri hljóðfæri er að ræða, svo sem flautur, klarinettur, fiðlur eða annað því um líkt, eiga hljómlistarmennirnir auðvelt með að koma með ný og dýr tæki inn í landið, um leið og þeir eru á ferðalögum, og komast auðveldlega í gegnum tollinn með þessi tæki. En hin stærri og þyngri hljóðfæri eru auðvitað þyngri í meðförum og þar gegnir allt öðru máli.

Af þessum sökum og til þess að vilji deildarinnar og vilji hæstv. ríkisstj. varðandi þetta mál liggi alveg ljóst fyrir mun ég flytja þá brtt. hér við 3. umr. málsins að kljúfa þetta hvort tveggja í sundur. Annars vegar ætla ég að taka hljóðfærin og flytja brtt. í sérstakri grein um að enginn tollur verði á hljóðfærum sem flutt eru í landið. Hins vegar ætla ég að hafa sérstaka grein um að tollur verði felldur niður af hljómplötum til þess að það komi alveg skýrt fram hver sé skoðun meiri hl. Alþingis á því hvort með þessari tollheimtu sé verið að brjóta í bága við gerða milliríkjasamninga eða ekki. Þetta hvort tveggja verður að koma skýrt fram við afgreiðslu þessarar deildar.

Ef ekki stæði svo sérstaklega á að formaður þingflokks míns hefði um það samið að þessari umr. skyldi ljúka nú fyrir kl. 1, hefði ég vitaskuld ekki orðið til viðtals um að umr. lyki án þess að fá skýr svör varðandi þær spurningar sem ég hef lagt fram. Það er einungis vegna þess að ég vil ekki ómerkja orð formanns míns sem ég fellst á að þessi umr. haldi áfram. En ég vænti þess, að hæstv. fjmrh., þegar honum finnst tími til kominn, — ef hann setur eitthvert mál í nefnd mega þm. helst ekki um það tala hér í deildinni, — ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. taki ábendingar mínar til greina, ef hann hefur þá taumhald á sínum atkv., nú við 3. umr. og einnig við endurskoðun tollskrárinnar og láti þessar breytingar báðar koma fram að afnema tollinn á hljóðfærunum og á hljómplötunum.

Ég vil vænta þess að hæstv. forseti leiti afbrigða svo að þessi till. megi koma fram.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að nú nýverið er rétt að byrja framleiðsla á innlendum hljómplötum, og þó að þær séu kannske einkum ætlaðar til innlendra nota er samt vafalaust einnig um hugsanlegan útflutning að ræða sem gæti átt eftir að aukast.

Það er einnig rétt hjá hv. þm., að það er nokkur tollur á innfluttum hljómplötum. Þegar hafin er innlend framleiðsla af þessu tagi kemur til álita á einhverju stigi hvort þar verði breyting á sem afleiðing af þessari innlendu

framleiðslu.

Hins vegar er það svo, að auðvitað verður þessi framleiðsla að komast á ákveðið stig, koma undir sig fótum áður en litið er svo á að hún sé hafin af fullum krafti og eigi að mæta fullri samkeppni frá innfluttri framleiðslu. Því getur auðvitað alltaf verið álitamál hvenær á að segja: Hér er um samkeppnisvöru að ræða og af þeirri ástæðu á að fella tollana niður.

Ég tel sjálfsagt að verða við þeirri beiðni hv. þm., að það sé kannað rækilega hvenær eðlilegt er að dregin sé ályktun af þessu breyttu aðstæðum og felldir séu niður tollar af hljómplötum sem afleiðing af samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið. Þetta er hárrétt ábending og sjálfsagt að kanna þetta nánar. En mér sýnist að við hljótum að afgreiða það mál, sem hér er til umr., án þess að blanda þessu máli þar inn í.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal taka til greina *yfirlýsingu hæstv. fjmrh. varðandi hljómplöturnar*, að það mál verði athugað sérstaklega, og þakka honum fyrir þau orð og mun draga til baka þann hluta till. minnar sem varðaði hljómplöturnar, en halda hinni til streitu varðandi *hljóðfærin, vegna þess hversu mikla hagsmuni hér* er um að ræða fyrir það fólk sem vinnur við hljómlistarstörf, okkar mestu listamenn.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 304) samþ. með 25:1 atkv.

Brtt. 304 felld með 20:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: Sighb, VG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, MHM, MB, MÁM, ÓE, SvH.

nei: PJ, RA, SkA, SV, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, JI, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP.

7 þm. (SigurlB, StH, SteinG, AG, JS, JÞ, KP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv.:

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Eftir að hafa hlýtt á fádæma vitlaust málþóf af hendi hv. skrifara þessara deildar, Halldórs Blöndals, 7. landsk. þm., er mér það sérstök ánægja að segja nei.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Efri deild, 37. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., kl. 1 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kom í umr. hér á Alþingi s. l. fimmtudag er það einn meginþátturinn í efnahagsaðgerðum ríkisstj., sem nú eru að koma til framkvæmda, að verðlag sé fært niður með sérstökum aðgerðum. Þessar aðgerðir munu í heild kosta um 350 millj. kr., þ. e. þessar niðurfærsluaðgerðir, en þar til viðbótar er svo tilfærsla á skattlagningu, sem varðar launaskatt, stimpilgjöld og tollafgreiðslugjald. Fjár til þessarar niðurfærslu verðlags er þannig aflað að um 120 millj. eru fengnar með lækkun útgjalda á fjárl., 40 millj. eru fengnar með sérstökum skatti á banka, en um 190 millj. eru teknar úr fjárlagadæminu sjálfu eins og það liggur nú fyrir. Samtals eru þetta 350 millj.

Nú þegar hafa verið teknar ákvarðanir um ráðstöfun á rúmlega helmingi þessa fjár eða um 187 millj. Þær ráðstafanir eru í því fólgnar, að niðurgreiðslur eru auknar nú þessa dagana sem nemur útgjaldaauka fyrir ríkissjóð upp á 165 millj. og framkvæmd er ákveðin tollalækkun upp á 22 millj., eða samtals 187 millj.

Það er einmitt seinast talda aðgerð, tollalækkunin, sem felst í því frv. sem hér er til umr. Tollar eru lækkaðir á allmörgum rafmagnsheimilistækjum sem nú eru talin nauðsynleg í heimilishaldi hverrar fjölskyldu.

Þess misskilnings hefur gætt í umr. um þetta mál, að einungis sé verið að lækka tolla á nokkrum heimilistækjum sem eru í vísitölunni, þ. e. mælast í þeirri vísitölumælingu sem fram fer á næstu dögum. Það er rétt að benda á að hér er í fyrsta lagi um að ræða kæliskápa, *þvottavélar, hrærivélar og ryksugur* og vissulega eru þessi fjögur tæki öll í vísitölu, en auk þess er um að ræða frystikistur, eldhúsviftur, uppþvottavélar, þurrkara, strauvélar, viftur og brauðristar, en þessar síðast töldu vörur eru ekki í vísitölunni og tollalækkunin er því ekki tengd vísitölumálunum hvað þau heimilistæki snertir.

Við meðferð málsins í Nd. var samþykkt tillaga sem hv. þm. Albert Guðmundsson bar fram, þess efnis, að tollar séu einnig lækkaðir á varahlutum til þessara heimilistækja. Það virðist mjög eðlileg og sjálfsögð ábending að ekki sé um að ræða hærri tolla á varahlutum til þessara tækja en á tækjunum sjálfum. Var því sjálfsagt mál að fallast á þessa ábendingu og taka varahlutatollnúmerin inn í þessa lagabreytingu. Ég vil taka það fram, að ráðstafanir verða gerðar til að lækka þá einnig vörugjald af varahlutum í þessi tæki að því marki sem vörugjald hefur verið fellt niður af þessum tækjum, en það gildir um sum þessi tæki, en ekki öll. Að öðru leyti eru ekki fyrirhugaðar breytingar á vörugjaldi.

Eins og fram kemur í aths. með frv. er gert ráð fyrir að tekjutap ríkissjóðs vegna þessara breytinga geti numið um 22 millj. kr.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt er samkomulag um að reyna að greiða fyrir framgangi þessa máls hér í dag. Mun ekki standa á okkur sjálfstæðismönnum í því efni. Við munum ekki halda mjög langar ræður, heldur reyna að nota tímann til að vekja athygli á helstu atriðum málsins þannig að það geti komist til ríkisstj. nú um miðjan daginn.

Þetta mál er ekki stórt í sniðum, en samt er kannske athyglisvert að þarna er aðeins rýmkað til í tollamálum, heldur linað á skattheimtunni, og auðvitað hljótum við að gleðjast yfir því, ekki síst kannske vegna þess að teknar eru einmitt þær vörutegundir sem hér eru upp taldar, þó að margar aðrar þyrftu helst að fylgja með, svo *sem ýmiss konar borðbúnaður og annað til heimilanna* sem er nú í lúxustolli. En út í þá sálma skal ég ekki fara ýkjalangt hér.

Þess er að geta, að það upplýstist á sameiginlegum fundi fjh.- og viðskn. beggja deilda í gær, þar sem hagstofustjóri og ráðuneytisstjóri í fjmrn. voru mættir, að breyting verðlags þyrfti að vera orðin 5. eða 6. byrjaðs mánaðar þegar verið er að reikna út vísitölugrunninn til þess að það komi til hækkunar eða lækkunar við þann útreikning. Hagstofustjóri upplýsti þar með, að sú lækkun á þessum tækjum, sem inn í vísitölugrunninn yrði tekin, yrði að vera komin til framkvæmda í síðasta lagi n. k. föstudag svo að unnt yrði af Hagstofunnar hálfu að taka þessar lækkanir inn þannig að ríkisstj. næði þeim tilgangi sínum að falsa vísitöluna rétt einu sinni með þessum hætti. Menn hafa eins og kunnugt er verið að kaupa þessi tæki í ríkum mæli að undanförnu, því að allir vissu að gengisfelling var yfirvofandi, og því eru ekki miklar líkur til að mikið seljist af þessum tækjum alveg á næstunni. En hvað sem um það er vil ég benda á að það er næsta ólíklegt að þessar vörur verði komnar með lægra verði í verslanir n. k. föstudag. Ég skil varla hvernig það á að gerast. Okkur er sagt að það verði að hafa þennan hraða á við afgreiðsluna nú til þess að lögin hafi öðlast gildi á þeim degi, en ég á bágt með að trúa því, að verslanir, hvort heldur eru kaupmenn eða kaupfélög, rjúki til þann sama dag til að koma þessum vörum á framfæri við almenning, en eins og ég sagði áðan upplýsti hagstofustjóri á þessum fundi að það væri skilyrðið, að vörurnar væru komnar á hinn raunverulega markað, en ekki bara búið að lögbjóða að raunveruleg lækkun komi fram síðar. Þetta er sem sagt eitt lítið dæmi um handarbakavinnu þessarar hæstv. ríkisstj. Það er allt saman gert af slíkum vandræðum að engu tali tekur.

Við stjórnarandstæðingar fengum afhentar s. l. miðvikudag svonefndar efnahagstillögur. Væntanlega hefur ríkisstj. verið búin að gera sér einhverja grein fyrir þessu máli þá og hefði verið í lófa lagið að leggja frv. fram á þeim degi og ekkert staðið á okkur að afgreiða það. Og það er athyglisvert, hvað þessir æðstu embættismenn segja við okkur á nefndarfundum. Þannig segir hagstofustjóri að þetta mál sé dálítið gruggugt, — dálítið gruggugt málefni, — og hann segist ekki geta með vissu sagt fyrir um hvað vísitalan raunverulega verði, enda ekki eðlilegt þar sem verið er einmitt að verðtaka í búðum einmitt þessa dagana. Engu að síður telur ríkisstj. sig þess umkomna að segja fyrir um hver verðbólguþróun verði ekki bara á næstu mánuðum, heldur út árið og jafnvel lengra fram í tímann. Að vísu er það, sem þessi hæstv. ríkisstj. og raunar fyrri stjórnir líka kalla verðbólguþróun, auðvitað engin verðbólguþróun. Það er kolfölsuð framfærsluvísitala og ekkert annað. Það eru margfaldar verðhækkanir, bæði duldar í töpum á ríkisfyrirtækjum og ýmsum fyrirtækjum öðrum í landinu, sem er auðvitað verðbólga, og þar eru neysluvenjur allar aðrar en nú. T. d. bensínið, sem sífellt er skattlagt til að afla tekna í ríkissjóð og skattlagt að hundraðshluta hversu mikil sem hækkunin er erlendis, mælist sáralítið í vísitölunni. Það er í rauninni ekki verið að tala um neina verðbólgu, heldur falsaða framfærsluvísitölu. Þegar menn eru að tala um, að þeim hafi tekist að standa við eitthvert markmið um 40 eða 42% verðbólguþróun á síðasta ári, er það auðvitað fölsun í bak og fyrir. Þetta er enginn mælikvarði á verðbólgu. Þetta er allt saman útreiknað með tómum fölsunum. Og hér á við þetta að bæta. Það er ekkert nýtt. Það hefur þessi stjórn ástundað frá fyrsta degi.

Ráðuneytisstjórinn í fjmrn. viðhafði t. d. þessi orð á fundinum í gær: Ég held ég víki mér undan að svara spurningum sem að þessu lúta á þessu stigi, þ. e. hver lækkunin vegna niðurgreiðslnanna yrði. — Hagstofustjórinn sagði orðrétt: „Við höfum einfaldlega ekki upplýsingar um hvað hafi verið ákveðið af hæstv. ríkisstj., vitum ekkert um hvað hefur verið ákveðið.“ — Sjálf Hagstofan veit ekkert um hvað hefur verið ákveðið í ríkisstj. Kannske er ekki búið að ákveða nema sáralítið af þessu. Kannske veit ríkisstj. það ekki sjálf. Samt er ætlast til að fólk trúi því, að með þessum aðgerðum nái menn einhverjum tökum á verðbólgunni og geti reiknað út nærri því upp á prósentustig hver hún eigi að verða allt árið. Þetta er allt á sömu bókina lært. Ráðuneytisstjórinn í fjmrn. sagði raunar líka að það væri ekki búið að fylla upp í allar eyður, hann þyrfti að fá tækifæri til að hafa það nokkurn veginn rétt og þess vegna gæti hann ekki svarað. Hann sagði líka að hann teldi rétt að það yrði gerð grein fyrir málinu í heild, en ekki þessum eina afmarkaða þætti, sem kannske kemur ekki til með að hafa nein áhrif nú, eins og ég gat um áðan, ef vörurnar hafa ekki lækkað n. k. föstudag.

Þetta eru ummæli æðstu embættismanna þessarar hæstv. ríkisstj. um framferðið í heild, um ráðleysið, dugleysið og stjórnleysið á öllum sviðum. Þeir fóru ekki dult með þetta og báðu engan fyrir það svo að ég tel mér heimilt að skýra frá þessu hér. Að vísu var undir fundarlok gefið hlé þannig að ráðuneytisstjórinn gæti komist til að afla þessara upplýsinga. Þá taldi hann að það væri kannske hægt að nefna eitthvað nálægt 2.8% lækkun vísitölu vegna niðurgreiðslnanna og 0.22% vegna þessa máls, sem hér er til umr. ef það þá á annað borð hefur nokkur áhrif eða verðið verður yfirleitt lækkað í nokkurri verslun. En það munu vera ákveðin vörumerki sem stuðst er við til að hafa samræmi milli mælinga vísitölunnar. Kann að vera að eitthvað verði gert til að reyna að koma einum eða tveim skápum eða hrærivél af því vörumerki í einhverja búð til að hægt verði að miða við það. Ég spurðist raunar fyrir um hvort það yrðu kannske endurgreiddir tollar af þeim vörum sem í búðunum væru, þannig að unnt væri að miða við hið lægra verðlag, en því var svarað neitandi og raunar talið að það væri svo lítið af þessum varningi í búðunum því að þetta væri sótt daglega í Tollvörugeymsluna. Má vera að það séu hin stærri tæki, en ég hygg að hin minni og ódýrari séu í töluverðum birgðum í búðunum og sjálfsagt verða kaupmenn og kaupfélög að lækka þær vörur, þegar nýjar koma á markaðinn, og bera þann skaða sem af því leiðir. Ég er ekki kominn til með að sjá að þeir geri það allir á föstudaginn, jafnvel þó að þetta frv. verði þá orðið að lögum, en það má kannske segja að það sé bættur skaðinn vegna þess að hér er auðvitað fyrst og fremst um vísitölufölsun að ræða, eins og margsinnis hefur verið sýnt fram á, og farið aftan að fólkinu rétt einu sinni.

En meginefni málsins hins vegar, lækkun þessara tolla, styðjum við sjálfstæðismenn, eins og fram kemur í nál. sjálfstæðismanna í Nd., og einmitt þess vegna munum við greiða fyrir því, að málið fái framgang í dag, ekki til að hjálpa til við þessa vísitölufölsun, hún kemst kannske ekki fram hvort eð er, heldur til að þetta spor sé þó stigið til að lækka hina ógnarlegu tolla sem eru á ýmsum brýnustu nauðsynjum til heimilishalds.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 38. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., kl. 1.40 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303, n. 305, 306 og 308, 307). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar fjallaði um þetta frv. í gær á sameiginlegum fundum með fjh.- og viðskn. Nd. Við höfum einnig rætt frv. á nefndarfundi hér í dag og leggjum til að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er löngu orðið tímabært að endurskoða þann frumskóg, sem hér er í aðflutningsgjöldum, og fella niður lúxustolla á almennri nauðsynjavöru. Það frv., sem hér er flutt, nær einungis til fáeinna vörutegunda og er með því marki brennt að um sé að ræða fyrst og fremst þá viðleitni ríkisstj. að koma í veg fyrir greiðslu verðbóta á laun og spila á rangan vísitölugrundvöll. Þessi tilgangur sést best á því, að fyrirhugað er að leggja á sérstakt nýtt tollafgreiðslugjald sem ætlað er að skili ríkissjóði meiri tekjum en tapast við tollalækkunina. Almenningur á því að borga brúsann og vel það.

Fjölmargar algengar neysluvörur verða áfram í lúxustolli: hnífapör með 123% tolli og vörugjaldi, grænmeti með 70—111% aðflutningsgjöldum og svipað gildir um ýmis hreinlætistæki, skóáburð og rakkrem svo að dæmi séu tekin. Þessi breyting á tollum er þannig mjög takmörkuð í eðli sínu, en hún nær þó til vöruflokka sem nauðsynlegt er að lækka tolla á. Á hinn bóginn er ósamræmi í því, til hvaða heimilistækja breytingin nær. Undirritaður telur óhjákvæmilegt að samræmi sé í breytingunni, eins og segir í nál., og gerir till. um það á sérstöku þskj. Ég legg til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu. Þar er till. um að tollar á rafknúnum heimilistækjum, svo sem rafmagnspönnum, hitunartækjum til heimilisnota, kaffikönnum, hársnyrtitækjum, grænmetiskvörnum og sambærilegum eldhústækjum, verði lækkaðir með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir, enda þar um að ræða heimilis- og eldhústæki alveg með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir. Enn fremur er lagt til að algengustu búsáhöld heimilanna, venjuleg hnífapör, verði tekin úr lúxustolli og látið nægja að tolla þau með 40% álagi.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur haft þetta frv. til athugunar í 20 mínútur milli 1. og 2. umr. Eins og fram hefur komið í umr. í báðum deildum er þetta frv. fyrst og fremst flutt til að lækka framfærsluvísitölu um 0.22%. Þetta er því liður í áframhaldandi vísitöluleik, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið í að undanförnu og raunar frá því að hún komst til valda. Það er þó kannske einn ljóður á þessu ráði hæstv. ríkisstj., að það mun vera mjög í járnum að vísitöluleikur hennar heppnist þar sem þarf að staðreyna að lækkunin hafi átt sér stað í þessari viku. Ef dregst fram yfir þessa viku að þessi heimilistæki lækki í verði mælist ekki lækkunin í vísitölunni 1. febr., sem er raunar liðinn, svo gegnsær er þessi leikur. En þrátt fyrir þetta teljum við fulltrúar Sjálfstfl. í hv. fjh.- og viðskn. hér vera stigið spor í rétta átt. Hér er verið að slaka örlítið á þeirri gífurlegu skattahækkun sem ríkisstj. hefur staðið að að undanförnu. Hér er um mjög takmarkaða tilslökun að ræða, eins og fram hefur komið í þessum umr., en þrátt fyrir það spor í rétta átt.

Í hv. Nd. flutti hv. þm. Halldór Blöndal brtt. um lækkun gjalda á hljóðfærum og hljómplötum. Við teljum að það sé tilgangslaust að flytja þá brtt. í þessari hv. deild þar sem stjórnarliðið virðist hafa snúist öndvert gegn henni, en hæstv. fjmrh. hefur æ ofan í æ látið í það skína og raunar lýst yfir að hann vildi endurskoða þessar tollaálögur. Það hefur komið fram í sambandi við tolla á hljómplötum að þeir geti orkað tvímælis vegna samninga okkar við EFTA, en eins og kunnugt er er farið að framleiða hljómplötur og hljómbönd á Íslandi.

Þetta frv. hér, þótt lítið sé í sniðum, er hluti af þeim svokallaða þorrabakka sem hæstv. ríkisstj. hefur boðið upp á nú á síðustu dögum. Þykir ýmsum að þar kenni heldur fárra grasa, sé varla hægt að tala þar um súrmat, hvað þá annað, heldur fremur einhvers konar þorragraut. Ég skal ekki fara út í þá sálma að ræða þessi mál í heild sinni þar sem við höfum rætt um að hraða þessu máli í gegnum hv. deild. En ég vil vekja á því athygli í þessu sambandi, að þær niðurgreiðslur, sem hér er stefnt í, og þessi litla tollalækkun munu kosta ríkissjóð talsvert fé á þessu ári. Ef menn hugsa sér að halda áfram, halda þessari stíflu þannig að ekki fari út í verðlagið, verða menn að halda þessu niðurgreiðslustigi á næsta ári og það mundi þýða fyrir ríkissjóð á verðlagi ársins í ár 600—700 millj. kr. Ég vek athygli á að ýmsar ríkisstjórnir hafa gert þetta sem bráðabirgðaráðstöfun, t. d. vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar, hæstv. núv. utanrrh., en strax á fyrsta ári sprakk sú ríkisstj. á limminu og treysti sér ekki til að viðhalda svo gífurlegum niðurgreiðslum sem hér er stefnt í.

Verðbólgumarkmið hæstv. ríkisstj. segir hún að sé 35% á þessu ári og er þá horfin frá því verðbólgumarkmiði sem hún setti með fjárlagagerð, sem var 26—27%. Fjárlög eru rétt nýkomin út, eins og menn vita. Þetta verðbólgumarkmið mundi þýða að óbreyttu vísitölukerfi að engin grunnkaupshækkun yrði á þessu ári þrátt fyrir lausa samninga og að verðbætur á laun þyrfti að skerða um a. m. k. 10% síðari hluta ársins. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort það sé stefna hæstv. ríkisstj. að standa þannig að málum á síðari hluta ársins. Ég vil enn fremur spyrja hann, þar sem það hefur ekki komið fram hér í umr., — hann gerði nokkra grein fyrir hluta af því dæmi ríkissjóðs, hvað stefnt er að að ríkissjóður leggi á sig í þessum niðurgreiðslum og lækkun tolla, en hann gerði ekki grein fyrir heildardæminu, — ég vil því spyrja hæstv. ráðh. hvað tekjur ríkissjóðs af tollafgreiðslugjaldi muni nema miklu á árinu, hvað skattur á banka og sparisjóði sé talinn nema miklu og lækkun stimpilgjalds og lækkun launaskatts. Það mun hafa komið óbeint fram í umr. hverjar þessar tölur séu. Enn fremur spyr ég hvað niðurgreiðslur um 3% 1. maí muni kosta ríkissjóð að mati ríkisstj. Og að síðustu, til að varpa ljósi á hvað hér er að gerast: Nú er gert ráð fyrir að lækka tolla á heimil-

istækjum og fá fram með því lækkun verðbótavísitölu. Hver verða áhrifin af álagningu tollafgreiðslugjalda á vísitölu að mati hæstv. ríkisstj.? Það mun vera um álíka eða hærri upphæð að ræða, kannske miklu hærri. Ég hef ekki heyrt ákveðnar tölur um það.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hv. 3. þm. Norðurl. e. hefur gert grein fyrir aðstöðu okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu til þessa frv., að við munum styðja það með þeim aths. sem fram hafa komið, þar sem í því felst örlítil tilslökun á þeim gífurlegu skattahækkunum sem ríkisstj. hefur staðið að. En tilefni þess, að ég kom í ræðustól, var að ég komst hér yfir bók, mikinn dýrgrip á hv. Alþingi þar sem eitt eintak mun vera til hér, fékk það lánað. Það heitir Tollskrá o. fl. Ég fór að fletta henni áðan. Mig langaði að vita hvað allar þær tölur þýddu sem eru í þessu frv., því að menn lesa það ekki beint út úr þessu nema hafa tollskrána við hliðina a. m. k. Það er eftirtektarvert að fljótlegasta leiðin til að finna heimilistæki og það sem snýr að heimilunum er að leita að hæstu tollunum. Ef varan hefur prósentutöluna 80, þá eru það helst heimilistæki eða eitthvað sem snýr að þeim, borðbúnaður og annað slíkt. Þess vegna var ég byrjuð að skrifa og ætlaði að flytja brtt., en uppgötvaði þá að það er sama brtt. og hv. 2. þm. Reykn. hefur nú þegar lagt fram. Ég vil því koma hér og lýsa stuðningi við hana og taka undir að það er löngu orðið tímabært að endurskoða frumskóg aðflutningsgjalda og fella niður lúxustolla af almennri nauðsynjavöru.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Lárus Jónsson óskaði eftir frekari upplýsingum um tekjur og útgjöld sem snúa að þessum væntanlegu efnahagsaðgerðum. Ég gerði áðan grein fyrir heildarútgjöldum vegna niðurgreiðslna og tollalækkana og niðurfærslunnar í heild, en sú tala var 350 millj., og gerði jafnframt grein fyrir hvernig tekna vegna þeirra útgjalda væri aflað.

Ég lét þess hins vegar getið, að auk þess stæðu til nokkrar tilfærslur á sköttum, án þess að víkja frekar að því, og það er víst það atriði sem hv. þm. vill fá nánari upplýsingar um. Það er einfaldlega um það að ræða, eins og raunar hefur komið fram í tilkynningu frá ríkisstj., að stimpilgjöld eru lækkuð og tekjumissir vegna þess nemur um 20 millj. kr. Auk þess er um að ræða lækkun á launaskatti. Það er ekki fyrir hendi í dag hárnákvæm áætlun um tekjumissi vegna þessarar breytingar þar sem það er töluvert mikið verk að reikna slíkt út nákvæmlega, en við höfum gert ráð fyrir að tekjumissirinn nemi milli 30 og 35 millj. kr. Þar á móti kemur svo álagt tollafgreiðslugjald, eins og ég hef þegar sagt, en við áætlum að tekjur af því muni nema einhvers staðar á bilinu milli 50 og 60 millj. kr., þannig að tekjur og gjöld eða öllu heldur tekjumissir og tekjuauki vegna þessara aðgerða standast nokkurn veginn á. Það er því rangt, sem reynt er að halda fram í þessum umr., að það sé ætlunin að lækka tolla og það sé gert með því að afla tekna með tollahækkunum á móti. Þessi tilfærsla á sköttum, sem ég hef gert hér grein fyrir, gengur fjárhagslega séð nokkurn veginn upp. Tekjumissirinn vegna breytinga á stimpilgjöldum og á launaskatti jafnast nokkurn veginn á við tekjuauka sem fæst vegna álagningar þessa sérstaka tollafgreiðslugjalds.

Um niðurfærslu verðlags umfram það, sem ég hef þegar gefið upplýsingar um, er ekki neitt frekar að segja. Ég lét þess getið, að kostnaður við niðurfærsluna væri um 350 millj. Þegar hafa verið teknar ákvarðanir um 187 millj., þannig að hækkun niðurgreiðslna nemur 165, en tollalækkunin 22 millj. Það hafa hins vegar ekki verið teknar ákvarðanir um hvernig mismuninum á þessum tveimur tölum, 350 og 187, verði varið á komandi mánuðum í auknar niðurgreiðslur, tollalækkanir eða annað þess háttar, en þó er gert ráð fyrir að niðurgreiðsluaukning muni eiga sér stað bæði 1. mars, 1. maí og 1. júní. En það verður tilkynnt síðar hvernig því verður háttað í smærri atriðum.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég gat þess í ræðu minni áðan, að almenningi væri ætlað að borga brúsann af þessari tollalækkun og vel það með álagningu sérstaks tollafgreiðslugjalds. Þessu mótmælti hæstv. fjmrh. í rauninni í ræðu sinni áðan í orðum, en sannaði hins vegar réttmæti þess í tölum, því að hann sagði að tollafgreiðslugjaldið ætti að gefa 50—60 millj. kr. í tekjum, en tollalækkunin ætti að nema 22 millj. kr. Þarna er mismunur upp á 28—38 millj. kr. Hann á að fara í að brúa allt annað bil. Hann á að fara í að létta gjöldum af atvinnurekstrinum eins og launaskatti. Það kom fram í máli hæstv. ráðh. að þannig er málið í pott búið. Launaskattinn greiðir atvinnurekstrinn í landinu, en ekki almenningur, en tollafgreiðslugjaldið verður greitt af neyslu almennings í landinu langtum frekar en af fyrirtækjunum. Það sannaðist því af tölum þeim, sem hæstv. fjmrh. fór hér með, að almenningi er ætlað að borga brúsann og næstum tvöfalt.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin.

Það var athyglisvert að hæstv. ráðh. minntist ekki á hvaða áhrif tollafgreiðslugjaldið mundi hafa á vísitölu. Hann kann að hafa gleymt því. (**Fjmrh.:** Það liggur ekki fyrir.) Það liggur ekki fyrir, segir hæstv. ráðh.

Ég hef aflað mér upplýsinga um það, hvernig vísitala framfærslukostnaðar út af fyrir sig er líkleg til að hækka á þessu ári miðað við það sem hægt er að ráða í þær hugmyndir hæstv. ríkisstj. að greiða niður vísitöluna með þessum hætti. Þjóðhagsstofnun telur að vísitala framfærslukostnaðar muni eftir sem áður hækka um 40—42%. En það er kannske athyglisvert í því sambandi, að hún telur að byggingarvísitala muni hækka um 45—47%. Í rauninni er því verið að búa til með þessum hætti viðmiðun, sem er víðs fjarri, og segja að almennur framfærslukostnaður venjulegrar fjölskyldu hækki ekki nema um 40—42% þó að svo ríflega sé slegið í með niðurgreiðslur sem nú er ætlunin að gera.

En eitt er þetta og annað hitt, að það kemur æ oftar fram þegar hæstv. ráðherrar eru spurðir hvaða áhrif hitt og þetta hafi, að þeir hafa engin svör vegna þess að það hefur ekkert verið kannað. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls hafði hagstofustjóri ekki einu sinni fengið upplýsingar um það frá hæstv. ríkisstj., hvernig hún hygðist greiða niður vísitöluna, haga niðurgreiðslum nú 1. febr. Hann hafði ekki upplýsingar um þetta í gær. Allt er þetta á sömu bók lært.

ATKVGR.

Brtt. 307 felld með 11:9 atkv.

1. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20 shlj. atkv.

Efri deild, 39. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., að loknum 38. fundi.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 303). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 20 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 309).

Sameinað þing, 45. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., kl. 2 miðdegis.

Þjóðskjalasafn Íslands, fsp. (þskj. 283). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég ber hér fram fsp. til hæstv. menntmrh. um Þjóðskjalasafn Íslands á þskj. 283. Fsp. er í þremur liðum:

„1. Hvað er að gerast í málum Þjóðskjalasafns Íslands?

2. Hver hafa orðið viðbrögð menntmrn. og ráðh. að fengnum niðurstöðum og tillögum skjalavörslunefndar, sem ráðuneytið skipaði í okt. 1980 til að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna er Þjóðskjalasafn á samkv. gildandi lögum að veita viðtöku?

3. Má vænta þess, að hreyfing komist á þessi mál á nýbyrjuðu ári, sem er 100 ára afmælisár Þjóðskjalasafns Íslands?"

Ég vil í upphafi þakka hæstv. menntmrh. fyrir það, hve skjótt hann bregst við til að svara því sem hér er um spurt varðandi mál Þjóðskjalasafns Íslands, og einnig hæstv. forseta fyrir að taka mig hér fram fyrir í röðinni vegna þess að ég mun ekki eiga langt eftir á þingi að þessu sinni.

Fsp. þessi er borin fram í samráði við þjóðskjalaverði og raunar að beiðni skjalavörslunefndar þeirrar sem um er getið í 2. lið hennar. Nefndin var skipuð þeim Aðalgeir Kristjánssyni skjalaverði í Þjóðskjalasafni, Gunnari Karlssyni prófessor og Jóni E. Böðvarssyni borgarskjalaverði. Þessir menn hafa greinilega tekið mjög alvarlega það verkefni, sem þeim var falið, og skiluðu af sér til ráðuneytisins að tæplega ári liðnu mjög ítarlegu áliti og tillögum í formi lagafrv. og reglugerðar.

Þjóðskjalasafnið starfar nú eftir lögum frá 1969, en með þeim lögum hefur aldrei verið samin nein reglugerð svo að safnið starfar enn í dag eftir gamalli og úreltri reglugerð frá árinu 1916. Það er skemmst frá því að segja, að þessi mál, er snerta opinbera skjalavörslu hér á landi, eru nú komin í fullkomið öngþveiti, bæði að því er varðar skipulag og húsnæðismál. Með auknum umsvifum stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga er pappírsflóðið orðið gífurlegt. Allar embættisstofnanir fyllast af skjölum óðara en þær taka til starfa. Allt samræmi vantar í flokkun og röðun skjala í embætti sem hafa svipað verksvið, og má þar nefna t. d. sýslumanns- og bæjarfógetaembætti, sjúkrahús og heilsugæslustöðvar, skóla, prests- og prófastsembætti, banka o. fl.

Eitt allra brýnasta verkefnið að mati skjalavörslunefndarinnar er að tekin sé upp nú þegar skipuleg grisjun embættisgagna, því verði fleygt sem ekkert varðveislugildi hefur frá sögulegu eða menningarlegu sjónarmiði, hinu haldið til haga með sómasamlegum hætti. Þannig er t. d. bent á að verulegur hluti af skjölum borgardómarans í Reykjavík séu afsagðir víxlar, og ógrynni falla til af einskisverðum bókhaldsgögnum, m. a. frá ríkisendurskoðuninni og Tryggingastofnun ríkisins. Svona haugast þetta upp, ónýtt pappírsrusl, og innan um og saman við eru svo ýmis verðmæti sem oft og tíðum fara hreinlega í súginn við mjög svo léleg geymsluskilyrði, þar sem fúi, mygla og mýs fara sínu fram. Um leið eru þau náttúrlega algjörlega óaðgengileg þeim aðilum sem vildu eiga aðgang að þeim til heimildasöfnunar eða rannsókna.

Víða í hinum ýmsu embættum og stofnunum er verulegur misbrestur á flokkun skjala og skilum lögum samkv. til Þjóðskjalasafnsins. Munu ráðuneytin sjálf ekki hafa þar hreinan skjöld. Svo er hitt, að Þjóðskjalasafnið er komið í algjör þrot með húsnæði til að taka við skjölum. Því er ein af megintillögum skjalavörslunefndar að bætt verði úr húsnæðisþörf safnsins.

Gert hefur verð ráð fyrir að Þjóðskjalasafnið fái núverandi húsnæði Landsbókasafnsins, ef það flytur í hina nýju þjóðarbókhlöðu, sem nefndin telur að sé ekki skjót lausn. Hvenær verður þjóðarbókhlaðan okkar tilbúin? Hæstv. menntmrh. sagði við mig í gær, að sennilega yrðu það aldrei minna en 4—5 ár héðan í frá. En jafnvel þegar sú lausn kemur verður hún að mati þessara manna, sem best þekkja til, alls ófullnægjandi.

Það er bent á að hillurými beggja safnanna, þ. e. Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns, sem eru til húsa í gamla safnahúsinu, sé um 15 þús. hillumetrar, en þannig er bókageymslan mæld á máli þeirra bókasafnsmanna, en til þess að taka við því magni skjala, sem orðin eru til fyrir árið 1980, en ekki hefur verið skilað samkv. lögunum til Þjóðskjalasafnsins, þurfi safnið á 25 þús. hillumetrum að halda. Þjóðskjalaverðir telja að við séum hér 20 ár á eftir tímanum, því sé það nauðsynlegt að Þjóðskjalasafni sé útvegað innan fimm ára 5 þús. fermetra húsnæði til viðbótar við það húsrými sem það hefur nú. Jafnframt hljóti að verða hugað að byggingu nýs húss til frambúðar.

Það er feiknalega mikill fróðleikur í þeim vandlega unnu gögnum sem skjalavörslunefndin skilaði af sér til menntmrn. í sept. s. l., og það hlýtur að teljast nokkuð undarlegt að hið háa ráðuneyti skuli ekki hafa virt nefndina svars við tilmælum hennar í bréfi, er gögnunum fylgdu, um að nefndinni gæfist kostur á að gera frekari grein fyrir tillögum sínum á fundi með ráðh. og ráðuneytisstjóra. Við verðum auðvitað að vera bjartsýn um að þetta standi til bóta. Við hljótum einnig að taka undir

þau sjónarmið nefndarmanna, að það er ekki vansalaust að Íslendingar, sem njóta aðdáunar annarra þjóða fyrir geymd ritverk og sögu frá miðöldum, láti opinberar heimildir um sögu sinnar samtíðar glatast stjórnlaust og skipulagslaust.

Þessi skýrsla er, eins og ég sagði áðan, mjög viðamikil og fróðleg. Tímans vegna gefst mér að sjálfsögðu ekki tími til að fara út í hana frekar, en ég vona að svör hæstv. menntmrh. skilji eftir vonarglætu í hugum okkar alþm.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Nú er eftir að vita hvort mér tekst að vekja vonir hjá hv. 1. landsk. þm., en ég ætla samt að leyfa mér að svara fsp. eins og hún kemur fyrir og eins glögglega og unnt er.

Hv. fyrirspyrjandi hefur rakið margar af staðreyndum þessa máls, en ég ætla samt að leyfa mér að fara um þær nokkrum orðum og rifja upp einnig í samfelldu máli hvernig þetta mál horfir við hjá mér.

Það var 24. okt. 1980 sem ég skipaði nefnd til að gera tillögur um vörslu og svokallaða „grisjun" embættisgagna sem Þjóðskjalasafn á að gildandi lögum að veita viðtöku og varðveita. Einnig var nefndinni falið að fjalla um þátt héraðsskjalasafna í gagnavörslu. Í nefndinni áttu sæti þeir þrír menn, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi: Dr. Aðalgeir Kristjánsson skjalavörður, sem var formaður, dr. Gunnar Karlsson prófessor og Jón E. Böðvarsson borgarskjalavörður. Svo gerist það, að með bréfi, sem er dagsett 21. sept. 1981, skilaði nefndin álitsgerð um þetta mál ásamt frv. til laga um skjalavörslu opinberra stofnana, Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn svo og drögum að reglugerð við þessi frumvarpsdrög. Álitsgerðin og frv. hafa verið athuguð og ekki er ólíklegt að gera þurfi nokkrar breytingar á frv.

Ákvörðun um grisjun skjala er sannast sagna mjög mikið vandamál og erfitt að segja fyrir um hvers konar skjöl kunna að hafa gildi fyrir framtíðina. Þess vegna hlýtur þetta mál að vera enn á umræðustigi. Jafnvel þó að svo ágætir menn sem þessir þremenningar hafi innt af hendi gott verk þarf að kanna þetta mál miklu betur.

Ég viðurkenni að það er á að líta í þessu mikla skjalaflóði, sem nú dynur á mönnum og stofnunum og yfirleitt alls staðar, hvar sem er í þjóðfélaginu, að naumast verður unnt að varðveita allt þó tekin yrði í notkun nýjasta tækni í þessu efni. Nefndarmönnunum er sjálfum ljóst hvílíkur vandi er hér á höndum, og þeir vita og hafa bent á að það eru engir sérfræðingar í þessum efnum hér á landi. Þeir leggja því til að fenginn verði erlendur sérfræðingur til ráðuneytis um málið, og þeir nefna í gögnum sínum nafn eins manns. Það er Harald Jörgensen, sem áður var yfirmaður fyrir Landsarkivet for Sjælland í Danmörku. Ráðuneytið hefur samþykkt þessa hugmynd og þegar beðið sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn að ræða þessi mál við dr. Harald Jörgensen.

Ég vil taka það fram mjög skýrt, að nefndin, sem hér er um að ræða, stóð mjög vel að verki. Hún hefur unnið gott undirbúningsstarf, og ég er ekki í nokkrum vafa um að það mun koma að góðum notum í sambandi við úrbætur í starfsemi Þjóðskjalasafnsins. Tillögur nefndarinnar eru vissulega hinar athyglisverðustu, en ég held samt að nefndarmenn verði að virða mönnum það til vorkunnar þó að þeir séu ekki alveg sannfærðir um að þeir hafi komið með lausnarorðið og það þurfi ekki frekar um að tala. Ef þeir eru eitthvað móðgaðir yfir því, að þeim hafi ekki verið sinnt, kannast ég ekki við það og kemur mér ákaflega á óvart ef það er einhver sérstök ástæða til að hafa orð á því hér í hv. Alþingi og gera sérstaka fsp. út af því, því að ég held að þessir menn allir, sem ég þekki nokkuð til, séu það einurðarmiklir að þeir gætu borið upp sín mál sjálfir við mig og við hvern annan sem er í ráðuneytinu og ekki þurfi sérstaklega að hafa um þetta mörg orð hér á Alþingi. — En ég endurtek að þessir menn, sem voru reyndar skipaðir af mér, hafa unnið ágætt verk. Þeir skiluðu sínu áliti eins og til stóð fyrir nokkrum mánuðum, mál þeirra er í athugun og höfuðtillögur þeirra eru til eðlilegrar meðferðar í ráðuneytinu.

Annars er um þetta mál að segja, sem er ekki síður ástæða til að athuga, að minnast verður sérstaklega á aðbúnað og húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins almennt. Það er hverju orði sannara, að Þjóðskjalasafn býr nú við þrengsli, og það á líka 100 ára afmæli á þessu ári og væri ákaflega æskilegt á afmælishátið að geta fengið þjóðskjalaverði í hendur lykla að veglegra og rýmra húsnæði. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda, að Þjóðskjalasafnið býr við mikil þrengsli og það er nauðsynjamál að bæta úr þessu ástandi.

Aðalstöðvar Þjóðskjalasafnsins eru í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Safnið býr þar í sambýli við Landsbókasafn og hefur lengi gert það. Mun láta nærri að Þjóðskjalasafn hafi til umráða um 1/3 af rými Safnahússins. Auk þess hefur Þjóðskjalasafn yfir að ráða tveimur skjalageymslum í borginni, þ. e. á Laugavegi 178 og í húsi Sambands ísl. samvinnufélaga við Tryggvagötu. Þetta er leiguhúsnæði. Þessar geymslur eru 600 fermetrar að flatarmáli. Segja má að þessar geymslur leysi úr sárasta vanda safnsins miðað við aðstæður nú, en það breytir því ekki, að þörf Þjóðskjalasafns fyrir aukið og varanlegt húsnæði er mikill og aðkallandi. Aðbúnaður Þjóðskjalasafnsins er því miður ekki í samræmi við þær kröfur sem til safnsins eru gerðar og þar er mikilla úrbóta þörf. Þetta er mér fyllilega ljóst.

Hins vegar er nauðsynlegt að hv. alþm. átti sig á þessu máli í heild og athugi, ef svo má segja, hina hlið þessa máls, nefnilega hvað fyrirhugað er að gera í húsnæðismálum Þjóðskjalasafns, hver stefna stjórnvalda er í þeim málum. Þess er þá að geta, að húsnæðisvandi Þjóðskjalasafns er ekki einstakur né einangrað fyrirbæri, því miður, vil ég segja. Fleiri söfn eiga við húsnæðisvanda að stríða og þar nefni ég umfram allt Landsbókasafn sem lengi hefur búið í sambýli við Þjóðskjalasafnið í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Ég tel óhjákvæmilegt að líta samtímis og sameiginlega á þarfir þessara tveggja menningarstofnana. Veit ég reyndar ekki annað en fyrirrennarar mínir í ráðherrastóli hafi haft svipaða afstöðu hvað þetta snertir, enda liggur slíkt alveg beint við og önnur afstaða kemur naumast til greina.

Alkunna er að framtíðarhúsnæði Landsbókasafns verður í Þjóðarbókhlöðunni, sem er að rísa við Birkimel í Reykjavík. Bókhlöðumálið hefur verið mjög lengi á döfinni og margar ríkisstj. í heilan mannsaldur hafa gert sig sekar um seinlæti í því að koma Þjóðarbókhlöðu upp, enda sýnir saga þess máls að það hefur ekki alltaf átt miklum skilningi að fagna meðal ráðamanna þjóðarinnar. Á þessu hefur þó orðið breyting. Ríkisstj. leggur nú höfuðáherslu á byggingu Þjóðarbókhlöðu, enda hefur smíðinni miðað vel síðustu tvö ár og fyrirhugað er að vinna að byggingunni á þessu ári fyrir mikla fjármuni. Þó tekur enn nokkur ár að ljúka byggingunni. Það er rétt, að ég hafði þau orð við hv. fyrirspyrjanda í gær svona í

framhjáhlaupi, að ég teldi að það gæti tekið 4—5 ár að ljúka byggingunni. Ég ætla ekkert að breyta þeim tölum. Ég held að það mætti ljúka þessu á 4 árum án þess að of mikið sé sagt og það þyrfti reyndar að gera. En þess verða menn að gæta, að hér er um mjög stórt hús að ræða og kostnaðarsama byggingu, enda verið að leysa húsnæðisþörf tveggja aðalbókasafna landsins um langan aldur og gert ráð fyrir að þau sameinist í eitt í Þjóðarbókhlöðunni, þ. e. Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið. En þegar smíðinni er lokið mun Landsbókasafnið flytja alla starfsemi sína í Þjóðarbókhlöðuna og þá losnar það rými sem Landsbókasafnið hefur undir höndum í Safnahúsinu við Hverfisgötu, og það stendur opið Þjóðskjalasafni. M. ö. o.: ég tel að leysa verði húsnæðisþörf Þjóðskjalasafns með því að það fái til afnota allt Safnahúsið við Hverfisgötu. Sú afhending getur auðvitað ekki farið fram við hátíðlega athöfn á 100 ára afmæli Þjóðskjalasafnsins á þessu ári, en ég tel að nú horfi í rétta átt um stækkun húsrýmis safnsins og það er að mínum dómi aðalatriðið.

Þjóðskjalasafnið mun eftir nokkur ár fá allt Safnahúsið til umráða. Það er sú meginstefna sem ég fylgi í húsnæðismálum safnsins, enda hlýtur hún að teljast viðunandi á þessu stigi málsins, Hitt er trúlegt, að áður en margir áratugir líða þurfi að huga að nýrri frambúðarbyggingu. En ég held að það sé vel fyrir hlutum séð ef innan 4 ára, kannske 5 ára, verður hægt að flytja Þjóðskjalasafn í annað laust pláss í því húsi sem það nú er í og þá muni mjög um það rýmka, eins og af því sést að það er núna í um það bil 1/3 af byggingunni og mundi þá fá hina 2/3 hlutana þegar þar að kemur. Hitt er líka jafnljóst, að það er möguleiki á að byggja geymslur eða leigja geymslur fyrir ýmislegt sem Þjóðskjalasafni tilheyrir og það þurfa ekki endilega að vera mjög kostnaðarsamar byggingar. Mér finnst því engin ástæða til að vera að örvænta neitt um framtíð Þjóðskjalasafnsins, vegna þess að það hefur sennilega sjaldan eða aldrei horft betur en einmitt nú á þessum dögum um húsnæði fyrir safnið og ætla má að úr sé að rætast í þeim efnum áður en allt of langt um líður.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu merka máli hér á hinu háa Alþingi og tel fulla ástæðu til. Nefnd sú, sem hæstv. menntmrh. skipaði 24. okt. 1980 til að gera tillögur um vörslu og grisjun embættisgagna í Þjóðskjalasafni og héraðsskjalasöfnum, hefur nú lokið störfum og ég hef átt þess kost að líta ofurlítið í álit nefndarinnar. Ég held að hér hafi verið unnið hið merkasta verk sem full ástæða er til að skoða vandlega.

Það er ljóst, að varðveisla skjala til komandi kynslóða hefur tekið miklum breytingum á síðari tímum, og kemur þar til ljósritun skjala í æ ríkari mæli og þar með e. t. v. verri pappír. Meiri þörf er á að grisja þau skjöl sem ekki skal halda til haga, en velja úr þau sem geyma skal þar sem magnið fer stöðugt vaxandi. Ljóst er að stöðlun á stærð skjala vantar. Hér á landi er hlutverk skjalasafna ekki nógu afmarkað og söfnin stórlega vanmönnuð. Allt of lítið hefur verið hirt um mikilvægi þessa fyrir framtíð alla og stórlega vantar á samræmingu milli embætta um meðferð skjala. Jafnljóst er að með tilkomu myndbanda og nú síðast örfilma eiga þessi mál enn eftir að taka nýja stefnu.

Ég held að það, sem skipti hér máli, sé að setja þurfi ný lög um skjalavörslu ríkisstofnana og annarra opinberra stofnana sem jafnframt geri Þjóðskjalasafnið í ríkari mæli en nú er ábyrgt fyrir vörslu opinberra skjala, um leið og hlutverk héraðsskjalasafna yrði afmarkað skýrar en nú er. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. — Óhjákvæmilegt yrði um leið að setja viðhlítandi reglugerðir um vörslu og grisjun opinberra skjala.

Það má öllum ljóst vera, að húsnæðið sem Þjóðskjalasafnið nú býr við, getur ekki rúmað þessa starfsemi, en með byggingu Þjóðarbókhlöðu, eins og hæstv. ráðh. réttilega tók fram, glæðast vonir manna um að Þjóðskjalasafn fái til afnota húsnæði Landsbókasafns, þegar sú stóra stund rennur upp að það flytji í nýtt húsnæði.

En ég held að það sé ekki einungis húsnæðisvandamálið sem hér er á ferðinni. Ég held að afar þýðingarmikið sé að þegar verði hafinn undirbúningur að setningu laga um vörslu skjala opinberra stofnana.

Það er ekki of oft sem menning þjóðarinnar og saga er til umr. á hinu háa Alþingi. Ég fagna því, að svo er nú, og þakka hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og hans mál. Ég efast ekkert um góðan hug ráðh. í þessu efni. Ég þekki Ingvar Gíslason að því að þykja vænt um bækur og blöð og um íslenska menningu og þess vegna vil ég vænta alls hins besta af honum í þessu máli.

Hins vegar fannst mér koma fram — ég get ekki neitað því — harla lítill skilningur á þessum vanda, hvað hann er orðinn stór. Þvert ofan í það sem ég upplýsti um hillumetrana, sem talar nokkuð ljósu máli um þörfina á auknu húsnæði, telur hæstv. ráðh. að með tilkomu þjóðarbókhlöðu muni þetta verða vel viðunandi þegar Landsbókasafnið hverfur burt og Þjóðskjalasafnið fær allt gamla safnahúsið. Þetta er afskaplega fjarri lagi.

Ég er ekki, og þjóðskjalaverðir ekki heldur, að fara fram á að byggt verði í snarhasti heilt hús, en þeir fara fram á og krefjast þess, að það verði gengið í að setja ný lög og nýja reglugerð um varðveislu og umfram allt grisjun skjalanna til að bjarga frá frekara öngþveiti þessum menningarverðmætum sem vissulega eru þarna annars vegar. Að sjálfsögðu kostar peninga að byggja hús. Þetta hús, sem við stöndum í núna og er 100 ára í ár, var byggt fyrir öld, tók tvö ár að byggja eftir að ákvörðun var tekin um að það skyldi byggt. Gamla safnahúsið við Hverfisgötu, sem komst úr jörðu 1905, tók þrjú ár að byggja frá því að ákvörðun var tekin um að það skyldi gert. Kannske er skýringin sú, að þá vorum við undir danskri stjórn. Nú erum Íslendingar ráðandi okkar málum, í menningarmálum sem annars staðar, og það er dálítið hryggilegt, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir tók fram, hvað menningarmálin koðna niður mikið á hv. Alþingi í eilífu og endalausu þrasi um efnahagsvandamál og vísitöluleik. Vissulega kemur þetta mál ekki beint inn í vísitöluna, eins og kjöt og kartöflur, en það hefur sína þýðingu samt. — Og að því er Þjóðarbókhlöðuna varðar: Hvar væri hún stödd ef ekki hefði verið haft nokkuð hátt um hana á Alþingi fyrir einum fjórum árum? Vanefndir Alþingis í því máli voru dapurlegar. Því er á þetta minnst nú, að Alþingi vakni til meðvitundar um að hér er úrbóta þörf og hér er ekkert hégómamál annars vegar. Það er fleira matur en feitt kjöt. Það er fleira, sem við þurfum að

huga að, en smíði og kaup á skuttogurum og hraðfrystihúsum. Það veit ég að hv. alþm. er ljóst, og því er þessu máli hreyft hér, að það er alveg óumflýjanleg nauðsyn að hér verði gert myndarlegt átak, fyrst með því að hv. menntmrn. og hæstv. menntmrh. taki á sig rögg og fari í gegnum þessi miklu plögg og ágætu tillögur og semji lagafrv. og reglugerð sem henti nútímaaðstæðum.

Ég þakka fyrir að ég hef fengið orðið hér. Við verðum að hefja róðurinn strax í þessu máli ef við ætlum ekki að verða alveg úti á gaddinum að því er varðar vörslu okkar embættisskjala, sem mörg hver hafa bæði menningarlegt og sögulegt gildi. En hitt er ekki síður mikilvægt, að við fleygjum því sem fleygja má. — Við fiskum ekki nema við róum og þess vegna þurfum við að fara strax af stað í þessu máli.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Sannleikurinn er sá, að ég tel nú að ég sé róinn, að við séum á leiðinni til þess að leysa þessi mál sem hér hafa sérstaklega verið til umr.

Ég vil undirstrika það, sem ég var að segja áðan, að ég tel að það sé markvisst að því unnið að bætt verði úr húsnæðisvanda Þjóðskjalasafnsins. Aðalþátturinn í því er vitanlega sá, að við komum upp Þjóðarbókhlöðunni á eðlilegum tíma. Ég er reyndar ekki bjartsýnni en svo, að ég reikna varla með að það verði fyrr en eftir fjögur ár. Það eru nú hvorki meira né minna en upp undir þrjátíu ár síðan byrjað var að tala um að reisa þyrfti Þjóðarbókhlöðu. Dálítið kann ég fyrir mér í sögu þess máls, og það er ekkert sérstaklega glæsileg saga. Alþingi og ríkisstj. þurfa ekkert að státa sérstaklega af því hvernig á þeim málum var haldið lengi vel. Þrátt fyrir mjög góðan og ákveðinn vilja margra þeirra, sem reynt hafa að leiða það mál, bæði innan ríkisstjórnar og annars staðar í þjóðfélaginu, hefur því miður allt of mikið skort áhuga á þessu byggingarmáli. Þjóðarbókhlöðunni hefur oft verið skotið til hliðar þegar mönnum hefur fundist illa ára eða eitthvað slíkt. Því er nú það, að hún er miklu seinna á ferðinni en til stóð. Og það er m. a. ein ástæðan fyrir því að ekki er komið lengra í málefnum Þjóðskjalasafns. Ég undirstrika það og ég tel að það sé höfuðnauðsyn að alþm. átti sig á því, að að málum þessara tveggja stofnana, Landsbókasafns og Þjóðskjalasafns, verður að huga í sameiningu og að við leysum þessi mál nokkuð í sameiningu. Þó að hv. fyrirspyrjandi af einhverjum ástæðum sé svartsýnn á að dugi Þjóðskjalasafni mikið að fá allt safnahúsið er ég honum ekki sammála um þetta. Ég held að menn verði að gæta sín nokkuð í fullyrðingum um að það muni ekki um það þegar Þjóðskjalasafnið, sem hírist þarna í horni í húsinu, eins og menn vita, fær allt þetta fallega og myndarlega hús til afnota með þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru að auki, að leigja þokkalegt geymslupláss hér í borginni.

Ég vil að það komi alveg skýrt fram, að mitt álit er að við getum allvel við það unað, þegar losnar um þetta húsnæði þannig að Þjóðskjalasafn fái það allt til sinna afnota. En ég endurtek það líka, að það er ekki víst að það húsnæði, sem kemur til með að losna eftir 4—5 ár í Safnahúsinu, endist von úr viti eða um aldur og ævi. Það getur vel farið svo, að eftir vissan tíma, segjum 10, 12 eða kannske 15 ár, verði að fara að huga að nýbyggingu fyrir Þjóðskjalasafnið. Svo má vel vera, en ég held að eins og horfir nú séu tiltölulega bjartar horfur, a. m. k. ef miðað er við mörg undanfarin ár og áratugi, í málefnum þessa safns.

Hitt er líka alveg rétt, að það þarf að huga að fleiru en byggingunni. Það er nauðsynlegt, eins og fyrirspyrjandi og reyndar aðrir ræðumenn sem hér hafa talað hafa lagt mikla áherslu á, að endurskoða sjálf lögin sem um Þjóðskjalasafnið gilda. Eins og hætt er nú við um löggjöf á svona hraðfleygum tímum sem við lifum eru þessi lög orðin ansi mikið úrelt. Það er hverju orði sannara. Og hitt er líka satt, að það hefur aldrei verið samin í menntmrn., frá því að lögin voru sett 1969, reglugerð um starfsemi safnsins. Þetta er auðvitað annmarki á framkvæmd laganna og engin ástæða til annars en að menn finni að því þegar um þessi mál er rætt. Mér er því fyllilega ljóst að það þarf að endurskoða þessi lög. Þó góð hafi verið vafalaust á sinni tíð þarf að endurskoða þau. Það var einmitt markmiðið með skipun nefndarinnar haustið 1980 sem skilaði svo af sér nú á haustdögum 1981, að hún ynni að uppkasti að löggjöf um þetta, og það hefur verið gert. Þessi drög nefndarinnar eru til athugunar. Eins og ég sagði í ræðu minni áðan tel ég að í þeim drögum eða því áliti, sem frá nefndinni er komið, sé að finna mjög margar góðar tillögur um framtíðarrekstur Þjóðskjalasafnsins. Þetta vil ég að komi fram. Eigi að síður held ég að það þurfi að hyggja þarna betur að, og ég hef talið eðlilegt að leita út fyrir landsteinana um ráðleggingar í þessu efni og m. a. viljað fara eftir ábendingum nefndarinnar sjálfrar um, hvaða menn kæmu þar til greina, og þá ekki síst Harald Jörgensen, sem nefndin hefur haft góð kynni af og mælt með að legði á ráð um framtíðarlagasetningu í þessum efnum.

Ég tel að þessi mál séu í góðri athugun og að innan ekki allt of margra ára muni verulega rætast úr um húsnæðismál Þjóðskjalasafns. Við skulum vona að áður en sú stund kemur, segjum að það verði 4—5 ár, verði líka búið að setja lög sem hæfa þessum rekstri. Vona ég satt að segja að okkur gefist góður tími til að vinna það verk. Þau mál eru í undirbúningi.

Örbylgjustöðvar á Skaga og í Grímsey, fsp. (þskj. 66). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef á þskj. 66 leyft mér að flytja þrjár fsp. varðandi örbylgjustöðvar á Skaga og í Grímsey.

Þannig standa sakir, að verið er að reisa örbylgjustöð hjá Tjörn á Skaga, og þótt framkvæmdir liggi niðri nú er gert ráð fyrir að ljúka verkinu þannig að örbylgjustöðin geti hafið starfrækslu á vori komanda. Gert hefur verið ráð fyrir að þessi örbylgjustöð verði tengd um Hnúka hjá Blönduósi og þaðan til Gufuness. Er það af þeim sökum að loftskeytasamband eða langlínusamband við Siglufjörð hefur verið ófullnægjandi.

Nú er gert ráð fyrir að setja upp í vor lítið langlínusamband við Siglufjörð á örbylgju, þannig að fyrir því ætti að vera séð að nægilegt símasamband sé á milli þessara staða til þess að af þeim sökum sé hægt að starfrækja þessa stöð á Siglufirði. Þar er nægilegur mannskapur til slíkrar starfrækslu, en menn fyrir norðan, ekki síst sjómenn, leggja mikið upp úr því, að þessi afgreiðslusvæði, sem eru Siglufjörður og þá Tjörn á Skaga og Ísafjörður, verði í sambandi hvert við annað, en þurfi ekki að fara um Gufunes. Það er sem sagt ósk manna fyrir norðan að þessu verði háttað á þann veg að þessi

örbylgjustöð verði tengd við Siglufjörð, enda er þar nægur mannskapur. Af þessum sökum spyr ég, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Verður örbylgjustöð fyrir fiskibáta í Húnaflóa, sem nú er verið að reisa hjá Tjörn á Skaga, rekin og tengd við Siglufjörð?

2. Ef svo er ekki, hvaða ástæður valda því?"

Þriðja fsp. á þessu þskj., um hvort áætlanir séu uppi um endurbætur á örbylgjustöð í Grímsey, er óþörf orðin þar sem ákvörðun hefur verið tekin um að þær endurbætur fari fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Svör við þessum spurningum eru sem nú skal rakið:

Örbylgjustöðin á Vestur-Núpi við Húnaflóann verður tengd Siglufirði. Hins vegar er ekki nægur línufjöldi þar á milli núna og því verður það eingöngu til bráðabirgða að henni verður stjórnað frá Gufunesi. Ég geri ráð fyrir að það verði ekki nema í mesta lagi þetta ár og jafnvel ekki það allt. Þessu tengist fyrirhugað sentimetrakerfi, sem á að bæta öll fjarskipti á milli Vestur-Núps og Grímseyjar og Siglufjarðar, sem verður og er verið að setja upp í tengslum við þessa framkvæmd á Vestur-Núpi, og um leið og það er tilbúið verður stjórnunin flutt frá Gufunesi til Siglufjarðar.

Í raun og veru felst í þessu einnig svar við síðustu spurningunni, um endurbætur á örbylgjustöð í Grímsey. VHF-kerfi hefur þjónað þessu svæði alllengi. En það er eyða á milli þessa svæðis og þess sem stöðin á Þverfjalli við Ísafjarðardjúp nær til, sem verður fyllt með þessari stöð á Vestur-Núpi. Jafnframt því sentimetrakerfi, sem ég nefndi áðan, verður bætt mjög samband Grímseyjar við Siglufjarðar-radíó, þannig að svið Siglufjarðar-radíós verður með þessu aukið mjög verulega.

Þetta hygg ég að séu nú svör við þessum spurningum. En af því að ég veit að ýmsum hér leikur forvitni á að vita hvað þessum framkvæmdum líður skal ég fara örfáum orðum um það.

Í fjárhagsáætlun Pósts og síma fyrir árið 1981 óskaði ég eftir að gerð yrði áætlun yfir að ljúka uppsetningu þessa örbylgjukerfis, sem samkv. lögum á að ná yfir fiskimiðin allt í kringum landið. Í þessu kerfi eru núna einkum tvær eyður, önnur á Húnaflóa og hin á suðurhluta Austfjarða, og lítil eyða, en þó, út af Vopnafirði. Auk þess munu vera átta innsiglingar þar sem bæta þarf slíkt kerfi. Loks má nefna að Póstur og sími telur ákaflega mikilvægt að endurbætur verði gerðar á Gufunesstöðinni þar sem tæki eru orðin gömul og úr sér gengin. Samtals nam þessi áætlun, ef ég man rétt, í lok ársins 1980 5.8 millj. kr. eða tæplega 600 millj. gkr., eins og þá var reiknað. Þessi áætlun var skorin niður um það bil um helming í meðferð á fjárhagsáætlun Pósts og síma hér á hinu háa Alþingi, en með tilliti til þess, hve ég taldi mikilvægt að loka þessum eyðum, gaf ég Pósti og síma engu að síður fyrirmæli um að láta þetta verk ganga fyrir. Jafnframt var ljóst að unnt mundi verða að ljúka nauðsynlegum framkvæmdum á Austfjörðum samfara því örbylgjukerfi sem þar er verið að leggja í tengslum við háspennulínu, þ. e. svokallaða Austurlínu. Var þá ákveðið að láta heldur aðra þætti bíða, eins og endurnýjun á Gufunesi, og í þetta var gengið, en framkvæmdahraði takmarkaðist fyrst og fremst af afgreiðslutíma tækja. Stóð þannig s. l. haust að hús og undirstöður og allt slíkt var tilbúið. Hins vegar er eftir að reisa mastur. Staurar eru komnir fyrir raflínu, en það er eftir að ganga frá raflínunni sjálfri og ekki talið fært að ráðast í það verk nú í vetur. Eins og ég sagði takmarkast þessi framkvæmd einnig að nokkru leyti af afgreiðslutíma tækja. Þessu á hins vegar öllu að ljúka nú í vor og verður þá stöðinni til að byrja með, eins og ég sagði í upphafi, stjórnað frá Gufunesi, en flutt á Siglufjörð um leið og fyrirhugað sentimetrakerfi er orðið tengt.

Stefán Guðmundsson: Forseti. Ég þakka svör samgrh. við þessari fsp. fyrirspyrjanda, Halldórs Blöndals, og ég vil einnig þakka honum hversu vel var unnið að þessu máli, þó svo að sjómenn á þessu svæði hefðu vissulega kosið að þetta hefði gerst fyrr. En það voru ýmis atvik sem þar komu til og urðu þess valdandi, að svo varð ekki.

Ég tek einnig undir það, að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þessi stöð verði tengd og verði þjónað frá Siglufirði. Það er rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að mannskapur er á Siglufirði til að þjóna þessari stöð. Hins vegar legg ég ekki síður áherslu á að umfram allt verði gengið tryggilega frá að öryggið sé fyrst og fremst haft í fyrirrúmi.

Ég kem ekki síst hingað til að vekja athygli á því, vegna staðsetningar þessarar stöðvar á Vestur-Núpi rétt norðan við Tjörn á Skaga, að ég er ekki alveg grunlaus um að Skagafjörður geti farið illa út úr þessari staðsetningu og þess vegna þurfi að hugsa fyrir því. Mér þætti vænt um að fá að heyra það frá sjútvrh., ef hann hefði upplýsingar um það, hvort mælingar hefðu farið fram á því, hvort þessi stöð mundi þjóna Skagafirði eins og upphaflega var ætlast til og rætt var um þegar þessi mál voru hér til umr. fyrir rétt um ári. Ef svo væri ekki vil ég koma því hér á framfæri og treysti því, að það verði reynt að bæta þar úr þannig að sjómenn á Skagafirði njóti þess sjálfsagða öryggis sem hér er verið að koma á.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans, sem voru skilmerkileg og upplýstu þetta mál svo að litlu er við að bæta.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Út af spurningu hv. 3. þm. Norðurl. v. vil ég skýra frá því, að að gefnu tilefni grennslaðist ég eftir þessu fyrir allmörgum mánuðum. Þá var ég fullvissaður um að þessi stöð ætti að loka þeirri eyðu sem þarna væri á milli, eins og reyndar kom fram í svari mínu áðan og er í bréfum sem ég er með. En ég tek undir það með hv. þm., að ef annað kemur í ljós verður að sjálfsögðu að bæta úr því.

Verðjöfnunargjald af raforku, fsp. (þskj. 119). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 116 er borin fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

Hvers vegna hefur ráðh. ekki notað lagaheimild frá því á s. l. vetri um að lækka verðjöfnunargjald á raforku úr 19% í 16% frá 1. júlí s. l.?

Þessari fsp. var útbýtt hér 24. nóv. s. l. og því er nokkuð langur tími liðinn síðan hún kom hér fram. Er því ástæða til að taka undir það, sem 4. þm. Reykv. sagði í lok fsp.-tíma síðast, að það dregst oft úr hömlu að fsp. sé svarað og er ýmsu þar um að kenna, — ekki endilega

þeim sem fsp. er beint til, heldur einnig þeim, sem fsp. bera fram, og svo hvernig fyrirkomulag er á fundum.

Eftir að þessi fsp. var borin fram var lagt fram í Ed. frv. til l. um breyt. á lögum um verðjöfnunargjald af raforku, en slíkt frv. er árlegur viðburður hér þar sem verðjöfnunargjaldið er framlengt frá ári til árs. Í grg. með þessu frv. komu, að nokkru leyti a. m. k., fram skýringar á því sem spurt var um í þessari fsp., en ég hef engu að síður talið rétt að mæla fyrir henni hér, þannig að fá svör ráðh. við henni, þó að skýringar hafi að hluta a. m. k. komið fram þegar á þessu þingi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég get fyllilega tekið undir það með hv. fyrirspyrjanda, að fyrirspurnir í fsp.-formi í Sþ. nýtast ekki alltaf sem skyldi og er þar margt sem ber við. Það segir sína sögu, að meira en tveir mánuðir eru liðnir síðan fsp. þessi kom fram. — En svar mitt við henni, til viðbótar því sem þegar hefur fram komið um þetta mál í sambandi við framlengingu á lögum um verðjöfnunargjald af raforku, er þannig:

Mönnum er væntanlega enn í fersku minni raforkuskorturinn á s. l. vetri. Vatnsaflsstöðvar landsins önnuðu þá engan veginn raforkuþörfinni. Var afhendingu á allri afgangsorku hætt og forgangsorka skert bæði til stóriðju og almenningsrafveitna. Skerðingin til rafveitnanna var m. a. bætt með framleiðslu á raforku í olíukyntum stöðvum og var þannig komist hjá beinni rafmagnsskömmtun til almennings. Heildarkostnaður við þessar aðgerðir var talinn nema rúmum 24 millj. kr., auk þess sem Landsvirkjun varð fyrir verulegu tekjutapi með minnkandi sölu. Hluti þessa kostnaðar var greiddur með almennri verðhækkun á rafmagni í þrjá mánuði. Það, sem á vantaði, var tekið að láni af Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða, en góð staða Laxárvirkjunar gerði henni kleift að komast hjá lántöku. Aðrar rafveitur fengu útgjöld sín að fullu bætt með verðhækkunum í þrjá mánuði. Rafmagnsveitunum og Orkubúinu voru gefin fyrirheit um að lánin yrðu endurgreidd af verðjöfnunargjaldi næsta árs. Samkvæmt nýsamþykktum verðjöfnunargjaldslögum verður varið allt að 3% af verðjöfnunargjaldinu á þessu ári til að greiða niður lán þau sem tekin voru, en þau námu 6.1 millj. kr. hjá Rafmagnsveitum ríkisins og 4.7 millj. kr. hjá Orkubúi Vestfjarða.

Vegna raforkuskortsins á s. l. vetri og hins mikla kostnaðar, sem af honum leiddi, reyndist ekki unnt að nýta heimild þá sem var í gildandi lögum um að lækka verðjöfnunargjaldið úr 19% í 16% frá 1. júní s. l. Fjárhagsstaða Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins reyndist það slæm þegar metið var hvort nýta ætti áðurnefnda heimild, að alls ekki þótti fært að skerða þennan tekjustofn. Verður verðjöfnunargjaldið því óbreytt eða 19% á þessu ári, en lög um verðjöfnunargjald verða endurskoðuð fyrir lok ársins og þá í tengslum við úttekt á fjárhagsstöðu Rafmagnsveitnanna og Orkubúsins og stefnumörkun um verðlagningu á raforku í landinu.

Eins og hv. fyrirspyrjandi veit og er raunar áhugamaður um er fyrirhugað að fara ofan í saumana á verðlagningu á raforku í landinu og er fyrirhugað á næstu dögum að sérfróðir aðilar frá Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins og Orkustofnun ásamt iðnrn. hefji vinnu til að reyna að skapa betri grunn til að meta framleiðslukostnað raforku hjá þessum aðilum, samræma þær reikniforsendur sem notaðar eru, þannig að auðveldara sé að sjá hvaða áhrif mismunandi aðgerðir hafa á heildarmynd verðlagningar í landinu.

Í þessu svari er vitnað til erfiðleika í vatnsbúskap landsmanna veturinn 1980-1981. Menn hafa heyrt það nýverið, að þrátt fyrir að ný virkjun sé komin í gagnið með tveimur aflvélum sé enn þá ekki aðeins skerðing á afgangsorku, heldur hafi Landsvirkjun talið nauðsynlegt af öryggisástæðum að skerða nokkuð afhendingu á forgangsorku. Þau mál eru í sérstakri athugun og umræðu milli rn. og Landsvirkjunar, ekki síst með tilliti til langtímaviðhorfa í þessum málum og varðandi þær áætlanir sem gerðar hafa verið og hafa stórlega raskast vegna þeirra veðurfarsaðstæðna sem við höfum búið við og reynt á undanförnum árum.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans og hef engar athugasemdir við þau að gera.

Ég tel mjög nauðsynlegt að hv. Alþingi fylgist mjög vel með þessum verðjöfnunarmálum. Við höfum dæmi um það, að á síðasta þingi voru sett lög um sérstakt gjald, söluskattur var hækkaður, til að jafna hitunarkostnað í landinu. Hluti af tekjum vegna þessa sérstaka gjalds er nú varið til almennra útgjalda ríkisins, en ekki til þess sem upphaflega var að stefnt. Á sama hátt er viss hætta á því, og ég vil vara við því, að menn noti verðjöfnunargjaldið af raforku í vísitöluleiknum og þá á þann veg að halda niðri raforkuverði hér í Reykjavík til að halda niðri vísitölu, en greiði þá úr vanda annarra rafveitna sem í vandræðum eru og fá ekki hækkað frekar en Reykjavík með því að halda verðjöfnunargjaldinu óbreyttu jafnvel þótt möguleiki væri á að lækka það eitthvað. Ég held að það sé ekki komið til þess enn að sú hætta sé fyrir hendi, miðað við þau svör sem hæstv. ráðh. gaf, en með þessu þarf Alþingi að fylgjast mjög rækilega.

Raforkuverð til fjarvarmaveitna, fsp. (þskj. 124). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 124 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„Hver er stefna ríkisstj. varðandi raforkuverð til fyrirhugaðra fjarvarmaveitna í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi?“

Nú er þess að geta, herra forseti, að fsp. samhljóða þessari lagði ég fram hér í fyrra. Í svörum hæstv. iðnrh. kom þá fram, hann sagði með leyfi forseta:

„Ráðuneytið mun stuðla að því, að unnt verði að móta stefnu um húshitunarmál á þessum stöðum hið fyrsta, og hafa um það samvinnu við viðkomandi aðila, þ. e. sveitarstjórnir og Rafmagnsveitur ríkisins.“

Því er nú þessi fsp. borin fram að nýju, að mér vitanlega hefur næsta lítið og nánast ekkert gerst í þessu máli frá því að þessari fsp. var svarað í fyrra. Það hefur þó gerst að borað hefur verið eftir heitu vatni, leitað að heitu vatni á Snæfellsnesi norðanverðu, að vísu ekki með þeim árangri sem menn höfðu vonast eftir, en þó með þeim árangri, að ýmsum spurningum er enn ósvarað og gerast þær áleitnar, t. d. varðandi borun í Grundarfirði hvers vegna svo hár hitastigull mælist þar sem raun ber vitni. Við því hafa vísindamenn ekki svar og verður að kanna frekar.

Hins vegar er þess að gæta, að brýnt er að móta stefnu í

þessum málum. Það virðist því miður svo, ef á heildina er litið, að ekki sé óhætt að binda verulegar vonir við að leit að jarðhita þarna muni bera jákvæðan árangur a. m. k. í allra næstu framtíð. Þess vegna er auðvitað brýnt fyrir íbúa þessara staða, sem margir hverjir verða að una afar háum hitunarkostnaði, margföldum á við það sem menn hér sunnanlands búa við, að teknar verði ákvarðanir um með hverjum hætti skuli hagað framtíðarhitun húsa á þessum stöðum. Það er ekki aðeins brýnt fyrir íbúana, heldur og ekki síður er það brýnt fyrir þessi bæjarfélög sem verða að bíða með margvíslegar framkvæmdir m. a. vegna þess að ekki er ljóst hvort ráðist verður í að leggja vatnskerfi þar í götur eða hvort notuð verður bein rafhitun með einhverjum hætti. Þetta hefur tafið framkvæmdir við gatnagerð t. d. í Grundarfirði, þar sem menn hafa nú beðið í tvö ár með mjög brýnar framkvæmdir, og þetta á sömuleiðis við um önnur byggðarlög á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar hefur hikið í þessum málum haft þetta í för með sér.

Það er auðvitað góðra gjalda vert að mál séu athuguð, en ýmsum þykir að hlutfallið milli athugana og ákvarðana hjá hæstv. iðnrh. mætti breytast svolítið hinu síðarnefnda í hag.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda hlý orð í minn garð og ætla að reyna að verða við því að svara, veita honum nokkra úrlausn við fsp. hans varðandi raforkuverð til fjarvarmaveitna.

Snæfellsnes er á veitusvæði Rafmagnsveitna ríkisins sem kunnugt er, og þær hafa haft forgöngu um athugun á húshitunarmálum á sínu veitusvæði. Reyndar hafa þær athuganir verið þáttur í könnun á húshitunarmöguleikum fyrir þéttbýlisstaði á landinu í heild og um þetta verið nokkur samvinna við Landsvirkjun sem væntanlegan söluaðila m. a. raforku inn á veitusvæði Rafmagnsveitnanna. Svar Rafmagnsveitnanna, sem ég leitaði eftir frá þeim þegar þessi fsp. barst er þannig:

Rafmagnsveitur ríkisins hafa nú tekið í rekstur tvær kyndistöðvar fyrir fjarvarmaveitur, þ. e. á Höfn í Hornafirði og á Seyðisfirði, hugmyndir hafa einnig verið uppi um að reisa slíkar stöðvar á nokkrum stöðum til viðbótar og hefur þá einna helst komið til álita að reisa þær í Neskaupstað, Stykkishólmi, Ólafsvík og Grundarfirði, en þeir staðir komu einna best út í samanburðarathugun sem Rafmagnsveiturnar stóðu fyrir á árunum 1977—1979. Að fenginni reynslu af áðurnefndum tveimur kyndistöðvum svo og úttekt á afkomu þeirra, sem framkvæmd var haustið 1980 og aftur haustið 1981, telja Rafmagnsveitur ríkisins ekki fjárhagslegan grundvöll fyrir því að sinni að ráðast í fleiri kyndistöðvar fyrir tilheyrandi fjarvarmaveitur. Með kostnaðarréttri verðlagningu á orku frá slíkri fjarvarmaveitu mun hitunarkostnaður notenda verða mun hærri en hægt er að bjóða með beinni rafhitun.

Eitt af þeim atriðum, sem hafa hér áhrif, er hið slæma ástand á orkuöflunarkerfi landsmanna sem verið hefur á undanförnum tveimur vetrum. Ef hér er um viðvarandi ástand að ræða er ljóst að mun minni afgangsorka verður til staðar en gert var ráð fyrir í áætlunum 1980 og síðari áætlanir byggja á. Mun það hafa áhrif til hins verra gagnvart fjárhagslegri afkomu kyndistöðva fjarvarmaveitna. Annað er, segja Rafmagnsveiturnar í sinni umsögn, að byggingarkostnaður kyndistöðva á Höfn og Seyðisfirði hefur reynst meiri en áætlanir ráðgjafa gerðu ráð fyrir.

Að öðru leyti vísa Rafmagnsveiturnar til bréfa frá haustinu 1980, frá 14. okt. og 4. nóv. 1980, um sama efni, en í bréfi þeirra 4. nóv. 1980 segir m. a. um fjarvarmaveitur:

„Á fundi stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins 30. nóv. s. l. var lagt fram bréf frá bæjarstjóranum í Neskaupstað þar sem óskað er svars við því, hvort Rafmagnsveiturnar séu tilbúnar að gera samhljóða samning við Neskaupstað um orkuverð til fjarvarmaveitu og gerður var við Höfn í Hornafirði og við Seyðisfjörð nú í október þ. e. 1980. Eftirfarandi bókun var samþykkt en jafnframt var samþykkt að iðnrn. yrði kynnt bókunin áður en bæjarstjóranum yrði svarað:

„Stjórn Rafmagnsveitna ríkisins vísar til samþykktar sinnar frá síðasta fundi, sem haldinn var 9. okt. s. l., um að gjaldskrá fyrir fjarvarmaveitur einstakra sveitarfélaga miðist við að hagsmunir rafmagnsveitna séu tryggðir. Gjaldskrá þeirra fjarvarmaveitna, sem þegar hafa tekið til starfa, munu ekki fullnægja þessu meginsjónarmiði, enda eru þær stofnsettar við aðrar aðstæður en nú ríkja og má auk þess líta á þær að nokkru sem tilraunafyrirtæki. Á þessum forsendum treystir stjórn Rafmagnsveitna ríkisins sér ekki til að leggja til byggingu nýrra kyndistöðva R/O-veitna."

Þetta var úr bréfi Rafmagnsveitna frá 4. 11. 1980 um þetta efni.

Frá s. l. hausti hafa þessi mál verið til frekari meðferðar hjá Rafmagnsveitunum og hefur verið haft samráð við sveitarfélög á Snæfellsnesi, ég hygg fyrir milligöngu þm. að einhverju leyti, um að fara ofan í húshitunarmál þeirra í ljósi þeirrar stöðu, sem nú liggur fyrir. Fundur mun hafa verið ráðgerður í byrjun febr., en hefur nýlega verið frestað um mánaðartíma, að ég hygg, en þá er fyrirhugað að sameiginlegur fundur verði með þessum aðilum.

Það er nokkuð ljóst af þessu, að Rafmagnsveiturnar telja ekki forsendur fyrir því, eins og málum er háttað, og þá ekki síst með tilliti til þeirrar takmörkuðu afgangsorku sem er að hafa í raforkukerfi landsmanna nú, þrátt fyrir tilkomu nýrrar virkjunar á síðustu mánuðum, að mæla með því, að ráðist verði í fjarvarmaveitur á fleiri þéttbýlisstöðum a. m. k. um sinn. Þetta er svar sem ég veit að mun valda ýmsum aðilum vonbrigðum að heyra. En eðlilegt er að Rafmagnsveiturnar gefi því auga, að rétt og skylt er að ekki sé um orkusölu að ræða undir framleiðslukostnaði nema tryggt sé að komið sé þá til móts við það með öðrum hætti, enda benda þær í svari sínu á að bein rafhitun sé hagkvæmari kostur fjárhagslega en fjarvarmaveitur í þessu tilviki. Þá er eftir fyrir sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi að átta sig á því, hvort þau vilja leysa sín mál með vatnshitunarkerfum m. a. í von um að vinnanlegur og nýtanlegur jarðvarmi fáist þar, þó fullkomin óvissa sé um það nú og það sé spurning, sem ekki hefur verið svarað, hvort og hvenær slíkur jarðhiti fengist.

Það hefur verið vakin athygli sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi á því, að það sé algerri óvissu háð hvort hægt sé að fá þar nýtanlegan jarðvarma með borunum, en þar var borað á s. l. sumri, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Í ljós kom hár hitastigull, en ekki fengust vatnsgæfar holur við þá borun. E. t. v. geta bætt tækni við jarðboranir og frekari rannsóknir gefið já-

kvæðari niðurstöður í framtíðinni, en full ástæða er til að vera ekki of bjartsýnn í þeim efnum. Við höfum því miður nokkuð dapra reynslu frá svokölluðum jaðarsvæðum varðandi jarðvarma, þar sem menn hafa ráðist í varmaveitur með tiltölulega lágu hitastigi og óvissu um þróun mála og þær veitur eiga nú við verulega fjárhagslega örðugleika að stríða.

Ég vænti þess, að það samráð, sem Rafmagnsveiturnar hafa þegar haft og ætla að hafa á næstu vikum við sveitarfélögin á norðanverðu Snæfellsnesi, verði til þess að skýra þetta mál fyrir byggðarlögin. Ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að á því er mikil þörf. Meginspurningin fyrir þessi byggðarlög er auðvitað sú: Eiga þau að ráðast í vatnskerfi til húshitunar eða eiga þau að stefna að beinni rafhitun?

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er mál á ferð sem er mikið vandamál og varðar miklu fyrir ekki aðeins svæðin á Snæfellsnesi, sem ekki eiga kost á hitaveitu, heldur önnur svæði á landinu sem líkt er ástatt með, svo sem á Vestfjörðum og Austurlandi.

Umr. um þessi mál hafa tekið nokkur ár á Snæfellsnesi. Sveitarfélögin hafa látið vinna mikið í undirbúningi að fjarvarmaveitum, bæði í Ólafsvík og Stykkishólmi sérstaklega, og hafa fullunna áætlun um fjarvarmaveitu. Það eru því mikil vonbrigði þegar fyrir liggur að ekki er hægt að fá jákvæðar undirtektir við að orkuverð frá þeirri kyndistöð, sem Rafmagnsveiturnar mundu setja upp, væri viðunandi fyrir notendur. Sömuleiðis hefur það valdið vonbrigðum, að jarðhitaleitin á þessu svæði hefur tekið miklu lengri tíma en reiknað var með og liggur nú fyrir að engin vissa er fyrir því, að sú leit haldi áfram, né um horfur.

Fyrir nokkrum dögum héldu þm. Vesturlands fund með forustumönnum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar og ræddu þessi mál og fengu þar þessa skýrslu, sem hér hefur verið minnst á. Það er sannast sagna, að það, sem okkur finnst aðalatriðið, er að það verði tryggt að fólk á þessu svæði fái leyfi til rafmagnshitunar, hvort sem það er bein hitun eða túpuhitun, — tryggt verði öryggi í því að rafmagnsflutningurinn sé í lagi og næg raforka fyrir hendi og enn fremur að Rafmagnsveitur ríkisins sjái um að unnið verði að innanbæjarkerfinu, sem þarf þá að vera í lagi til að taka inntök í húsin.

Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að bæta meira við. Fólkið á þessu svæði er tilbúið að taka upp rafmagnshitun í stað olíu og það hefur verið s. l. tvö, þrjú ár eingöngu tekin túpuhitun, þ. e. vatnshiti, og hefur verið stefnt að því á þessu svæði að hita húsin á þann hátt með von um að betri tíð komi síðar, annaðhvort með fjarvarmaveitu eða þá með jarðhita, ef hann finnst. En aðalatriðið er það, að við þurfum að fá umræður og við þurfum að fá aðgerðir sem miða að því, að fólk á þessu svæði fái orkujöfnun þannig að það þurfi ekki að borga mörgum sinnum hærra verð fyrir rafmagn en gerist á þeim svæðum sem búa við hitaveitu.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. dettur mér í hug sú umr. sem hér hefur farið fram um fyrirspurnaformið á hv. Alþingi, að farið er nokkuð úr skorðum það fyrirkomulag sem nauðsynlegt er til þess að fsp. komi að tilætluðu gagni. Er það bæði vegna þess, hvernig þessi fsp. er upp byggð, og einnig vegna þess, hvað hefur dregist og dregist að svara fsp.

Í sambandi við það, hvernig þessi fsp. er fram lögð, tilheyrir hún í mínum huga fyrst og fremst árinu í fyrra. Hún var borin upp á hv. Alþingi í fyrra og fengið svar við henni þá. Grunnur fsp. er raunverulega brostinn, brast þegar á s. l. ári, vegna þess að þá voru þegar komnar upplýsingar um að það lá ekki fyrir lengur að möguleiki væri á að koma upp fjarvarmaveitum, eins og fyrirhugað hafði verið, á norðanverðu Snæfellsnesi, sökum þess að upplýst var að verðlagning orku væri þá þegar of há til þess að nokkur rekstrargrundvöllur væri fyrir slíkar framkvæmdir. Eins er hitt, að jafnvel þó að við höfum verið í einhverjum vafa um að svo hefði ekki verið í haust, þm. Vesturl., vissum við það vel eftir fund, sem við áttum með orkumálastjóra og forustumönnum frá RARIK fyrir nokkrum dögum, að þessi staða var því miður ekki lengur fyrir hendi. En hugmyndin bak við fsp. er eftir sem áður jafngild. Hvernig má það verða, að svæði eins og norðanvert Snæfellsnes losni við þann mikla orkukostnað sem þar er, þ. e. olíukyndinguna, og hvaða leiðir er hægt að fara til þess að svo megi verða?

Eins og hv. 1. þm. Vesturl.upplýsti áðan hafa sveitarfélögin á Vesturlandi fyrir nokkrum árum hafið undirbúning að því að kanna þessi mál, og nú í byrjun mars er ákveðinn fundur þar sem þessi mál skulu rædd og væntanlega lagðar línur um hvaða stefna verði tekin upp í þessum málum. Um það þarf ekki að hafa orð hvað það er nauðsynlegt. Einnig hafa þorpin, sérstaklega Stykkishólmur og Ólafsvík, undirbúið fjarvarmaveituuppbyggingu. Við á Hellissandi erum þó kannske komin lengst vegna þess að við höfum þegar hafið lögn fjarvarmaveitu um byggðina í því skyni að byggja svo við hana er fram líða stundir og betri aðstæður gefast til þess, jafnvel kannske heitt vatn úr iðrum jarðar, eða þá að sú tíð kæmi að hægt væri að byggja upp fjarvarmaveitu með ódýrari orku en nú er á boðstólum.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það er auðvitað alger misskilningur hjá hv. 4. þm. Vesturl., að þessi fsp. eigi ekki alveg eins rétt á sér núna og í fyrra. Stefna virðist fyrst núna vera að sjá dagsins ljós af hálfu iðnrn. Ráðh. sagði í svari sínu í fyrra að stefna yrði mótuð mjög fljótlega, en það er nú fyrst sem þessi mál eru að skýrast. Þessi fsp. var og lögð fram löngu, löngu áður en þm. Vesturlands héldu fund með yfirmönnum Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins.

Það hefur komið fram í þessum umr., að bæjaryfirvöld á þéttbýlisstöðunum á norðanverðu Snæfellsnesi hafa lagt mikla vinnu í undirbúning fjarvarmaveitna. Það er ósköp eðlilegt. Hæstv. iðnrh. vitnaði hér til bréfa um þessi efni, en mig langar til að vitna til bréfs sem hæstv. ráðh. skrifaði þm. Vesturl. 15. ágúst 1979. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Vekur rn. sérstaka athygli á því mati Rafmagnsveitnanna og Orkustofnunar, að fjarvarmaveitur séu álitlegar í Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi og sé ekki eftir neinu að bíða með að hefjast handa með undirbúning fjarvarmaveitna á þessum stöðum."

Þetta er auðvitað sú forsenda sem þessi bæjarfélög byggðu athuganir sínar og í ýmsum tilvikum framkvæmdir. En þessi forsenda hefur nú brugðist.

Það er alveg ástæðulaust af hæstv. iðnrh. að vera að þakka mér hlý orð í sinn garð. Ég vildi að íbúarnir á þessum stöðum gætu þakkað honum fyrir hlýju, en því er því miður ekki að heilsa, og þá á ég við hlýju í hinum

eiginlega skilningi. Ég er þó ekki að væna hæstv. ráðh. um að hann beri sérstakan kala til íbúa þessara staða, síður en svo.

En varðandi þetta mál í heild er það auðvitað pólitísk ákvörðun hvert orkuverð er frá Rafmagnsveitum ríkisins til fjarvarmaveitna af þessu tagi. Ég hef áður lýst þeirri skoðun, að þar beri að meta hinn félagslega þátt líka. Það er ekkert sem segir að það sé óhagganleg staðreynd að þetta sé óhagkvæmt. Það er ekkert sem sannar það. Það er pólitísk ákvörðun hvernig taxtar Rafmagnsveitna ríkisins eru ákvarðaðir. En hitt vil ég benda á, að verði sú leiðin farin að velja þarna beina rafhitun eða rafhitun með túpu verður auðvitað að ráðast í margvíslegar framkvæmdir, bæði til að styrkja orkuflutningskerfið um Nesið, en til að styrkja innanbæjardreifikerfin ekki síður. Þetta kom í ljós á fundi sem við þm. Vesturl. áttum með yfirmönnum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar. Ég minni á það, að við afgreiðslu síðustu fjárl. leyfði ég mér að flytja till. um að styrkja flutningskerfið með því að treysta raforkuflutning frá spennistöð á Vogaskeiði og niður í Stykkishólm. Sú till. var felld, þannig að það virðist ekki blása sérlega byrlega fyrir því, að raforkukerfið á þessu svæði verði gert þannig úr garði að íbúarnir geti notið rafmagnshitunar.

Ég ítreka þá skoðun mína, að menn mega ekki horfa allt of fast á, hvernig verðlag Rafmagnsveitna ríkisins er núna, og menn mega ekki heldur gera ráð fyrir að það ástand í vatnsbúskap orkumála, sem nú hefur verið s. l. tvo vetur, þurfi endilega að vera svo um langa framtíð. En ég ítreka það, að meginatriði þessa máls er auðvitað að íbúar þessara þéttbýlisstaða á norðanverðu Snæfellsnesi fái viðunandi úrlausn í þessum málum, og til þess eru fleiri leiðir en ein.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég varð fyrir nokkuð miklum vonbrigðum þegar ég heyrði svar hæstv. iðnrh., því að bein rafhitun hlýtur að verða óhagkvæm nema bara í dreifbýli, þ. e. fyrir sveitabæi og einstök hús. Aftur á móti er fjarhitun, sem byggir á ótryggðri raforku og svartolíukyndingu til vara, þjóðhagslega mjög hagkvæm. Við skoðuðum þetta mál mjög vel í Vestmannaeyjum veturinn 1973—1974 og það er mjög hagkvæmt. Hitt er svo sjálfsagt rétt, sem kom fram í svari hans og máli manna hér, að vatnsbúskapurinn er eins og er lélegur. Það hafa verið léleg vatnsár nú seinustu 2—3 árin, en það verður ekki til lengdar. Í fyrsta lagi býst ég við að það fari að rigna meira og í öðru lagi að vatnaveiturnar, sem nú eru þegar fyrirhugaðar á Suðurlandi og verið er að vinna að á Þjórsársvæðinu, muni gerbreyta þessu á 2—3 árum. Þessi möguleiki verður því til og það hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að stefna að þessu. Satt að segja skil ég ekki hvernig stendur á því, að Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun skuli ekki horfa svolítið lengra fram í tímann.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er litlu við að bæta.

Ég vil aðeins koma því sjónarmiði á framfæri, að ég tel að öðru jöfnu eðlilegt að menn stefni að vatnskerfum á þéttbýlisstöðum a. m. k. þar sem ekki er orðið þeim mun meira um beina rafhitun nú þegar. Þetta segi ég vegna þess að vatnshitunarkerfi halda opnum mörgum möguleikum sem kunna að opnast og reynast hagkvæmir, bæði jarðvarma, hugsanlegri rafhitun með rafskautskötlum, svonefndum fjarvarmaveitum, nýtingu á afgangsvarma frá iðnaði o. s. frv. Ég vil síður en svo draga úr því, að menn séu bjartsýnir hvað þá möguleika snertir.

Ég get tekið undir með síðasta hv. ræðumanni, hv. 5. þm. Suðurl., að það er víðast hvar í þéttbýli að minni hyggju skynsamlegt að stefna að vatnskerfum, en beinni rafhitun frekar í strjálbýli. Þess má geta t. d., að Svíar hafa tekið fyrir beina rafhitun á þéttbýlisstöðum, hafa markað um það stefnu og gert það að skyldu, að ég best veit, að byggja upp vatnskerfi í sambandi við húshitun í þéttbýli.

Afstaða til atburða í El Salvador, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hér er spurt hver sé afstaða íslensku ríkisstj. til ástandsins í El Salvador. Mér þykir rétt að fram komi á ótvíræðan hátt hver afstaða ríkisstj. er í þessu máli. Stjórnir fjölmargra annarra ríkja hafa lýst afstöðu sinni.

Það má fullyrða að núverandi ríkisstjórn í El Salvador sé eingöngu við völd fyrir stuðning Bandaríkjastjórnar. Landið hlaut milljónir dollara á síðasta ári í efnahags- og hernaðarstuðning frá Bandaríkjunum. Fjöldi ábyrgra ríkisstjórna víða um heim hefur reynt að hafa áhrif á stjórnvöld í Bandaríkjunum og fá þau til að breyta stefnu sinni í þessum heimshluta. Spyrja má: Hvað um okkur í þessum efnum?

Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur ítrekað vakið athygli á þessu ástandi, og í því sambandi er rétt að benda sérstaklega á yfirlýsingu utanrrh. Mexíkó og Frakklands, þar sem fram kemur ótvíræður stuðningur við frelsisöflin í El Salvador. Vill ríkisstj. t. d. taka undir þessa yfirlýsingu?

Ég vil fullyrða að stjórnin í El Salvador beri ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðari ára. Vera má að einhverjum þyki fjöldamorð vera stórt orð, en staðreyndirnar eru þessar. Samkvæmt heimildum frá fulltrúum kirkju- og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar á kerfisbundinn hátt í landinu á síðustu tveimur árum. Frá 15. okt. 1979 til ársloka 1980 hefur mannréttindanefndin í El Salvador skráð 34 123 morð í landinu. Mannréttindasamtök og kirkjuleiðtogar halda því fram, að langflest þessara morða séu framin af dauðasveitum og öryggissveitum stjórnvalda. Það hefur verið sýnt fram á tengsl milli herforingjastjórnarinnar í landinu og ýmissa hópa hægri öfgamanna sem vinna þessi óhæfuverk. Fórnarlömbin eru oft óbreyttir borgarar. Ógn á hendur almenningi í landinu og handahófskennd morð á saklausu fólki eru skipulögð til að hræða og vekja ótta meðal hugsanlegra stjórnarandstæðinga, en niður í þeim er vitaskuld þaggað með því að myrða þá eða láta þá hverfa.

Ed Broadbent, þingmaður á Kanadaþingi, hefur kynnt sér málefni El Salvadors sérstaklega. Hann lýsir ástandinu þannig:

„El Salvador hefur alla tíð verið stjórnað af hinum ríku fyrir hina ríku á kostnað bænda og verkamanna, sem mynda þó mikinn meiri hluta þjóðarinnar. Þeir búa við örgustu fátækt og pólitískt vonleysi. Hin fámenna og auðuga yfirstétt landsins hefur beitt hernum til að viðhalda þessu óréttlæti og útrýma öllu raunverulegu lýðræði. Þessari pólitísku kúgun hefur verið fylgt eftir með

hrikalegum ofbeldisverkum."

Hann segir líka að hvorugur deiluaðila geti vænst þess að vinna fullan hernaðarsigur í átökunum sem nú eiga sér stað. Þeir verði að semja um pólitíska lausn vandans. Og það að semja um pólitíska lausn vandans er auðvitað kjarni málsins. Hins vegar kemur fram hjá Broadbent að æðstu herforingjar landsins séu því algjörlega andvígir að semja við stjórnarandstöðuna, þeir vilji láta vopnin tala. Stjórnarandstaðan hefur á hinn bóginn lýst sig fylgjandi pólitísku samkomulagi. Ætti ekki að láta reyna á það? Það tel ég. Hver er afstaða ríkisstj. í þeim efnum?

Talið er að um hálf milljón þjóðarinnar í El Salvador sé nú landflótta. Þetta er tíundi hver landsmaður. Og eins og ég sagði: yfir 34 þúsund manns hafa verið myrt frá haustdögum 1979. Það er talið að tugir manna séu pyntaðir og drepnir á degi hverjum eins og sakir standa. Á þessum lista yfir þá, sem láta lífið, má m. a. s. finna fjölda barna.

Er fulltrúar mannréttindanefndar El Salvador voru hér á ferð á vegum Alþfl. í des. s. l. áttu þeir m. a. fundi með hæstv. forsrh. Gunnari Thoroddsen og hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni. Forsrh. mun hafa tekið undir kröfu nefndarinnar um sjálfsögð mannréttindi og utanrrh. látið í ljós þá skoðun, að Íslendingar væru andvígir hvers konar öfgamönnum og öfgastefnum. Ég vil segja: Varla er til meiri öfgastefna en sú að halda uppi ógnarstjórn eins og þeirri sem ég hef hér lýst í fáum dráttum.

Spurningin er þessi: Eigum við Íslendingar að standa hjá og lýsa ekki skoðunum okkar á alþjóðavettvangi í þessu máli eða eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálarnar? Síðustu fregnir herma að enn færist ógnarstjórnin í aukana. Um miðjan janúar höfðu á fjórða hundrað manns fallið í landinu frá áramótum. Sendinefnd írska þingsins, sem vildi kynnast málum af eigin raun, var hinn 8. jan. s. l. vísað úr landinu. Túlkurinn var handtekinn og sendur til Mexíkó, en nefndin var send til Nicaragua. Hvað máttu Írarnir ekki sjá?

Það er engin tilviljun að samlíkingin við Víetnam heyrist nú æ oftar nefnd í sambandi við þessa atburði. Það birtist í fréttum nú seinustu tvo dagana að Bandaríkjastjórn hafi ákveðið að veita El Salvador-stjórn 65 millj. dollara í aðstoð, þar af 55 millj. í hernaðaraðstoð. Þessi hernaðaraðstoð Bandaríkjanna er ekki einasta hryggileg, hún er beinlínis forkastanleg. Enginn stjórnmálaflokkur í El Salvador vill lengur kannast við eða bera ábyrgð á stjórn Napoleons Durantes. Hann hefur á bak við sig örlítið brot kristilegra demókrata. Allir aðrir stjórnmálaleiðtogar landsins hafa gengið í lið með stjórnarandstöðunni. Við þessar aðstæður er talað um að halda frjálsar kosningar. Allir sjá að kosningar við þessar aðstæður yrðu skrípaleikur, meðmælendalistar yrðu jafnskjótt að aftökulistum. Stjórnmálaleiðtogar koma ekki úr felum við þessar aðstæður.

Saga liðinna ára sýnir að það getur reynst stórveldum erfitt að leggja jafnvel smæstu þjóðir heims að fótum sér. Ógnarstjórn og þjáningum verður að linna í þessu landi. Hernaðarleg lausn er ekki til, einungis pólitísk og félagsleg lausn. Í þá veru gætu Íslendingar beitt áhrifum sínum gagnvart Bandaríkjastjórn.

Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. geti veitt skýr svör við þessari einföldu spurningu minni. Ég tel mikilsvert að ríkisstjórn Íslands hafi skýra stefnu í þessu máli og beiti sér í því á alþjóðavettvangi.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hefur á þskj. 159 lagt fyrir mig fsp.um hver sé afstaða ríkisstj. til þeirra atburða og þeirrar stjórnmálalegu og hernaðarlegu þróunar sem átt hefur sér stað í El Salvador á undanförnum misserum. Þessi mál hafa ekki verið rædd innan ríkisstj., en ég og rn. mitt höfum fylgst með þróun mála í El Salvador eins og kostur hefur verið. Í því sambandi vil ég þó strax taka fram, að fréttir af atburðum í El Salvador hafa oft verið af fremur skornum skammti og oft litaðar sjónarmiðum þess deiluaðila sem komið hefur þeim á framfæri. Undirrót þess skelfingarástands, sem ríkt hefur í El Salvador, er án alls vafa hið gífurlega þjóðfélagslega óréttlæti, sem þar hefur viðgengist, og það hyldýpi, sem skilur hina fámennu yfirstétt frá öllum landslýð.

Þó að fréttir frá El Salvador verði að taka með fyrirvara er auðvitað ljóst að í landinu er háð borgarastyrjöld og herforingjastjórnin er hrein ógnarstjórn. Herforingjastjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir endurbótum, m. a. með því að taka landssvæði úr höndum stærstu landeigendanna og skipta þeim á milli smábænda og jafnframt efna til lýðræðislegra kosninga í landinu í mars á næsta ári. Framkvæmd þessara fyrirheita er óhjákvæmilega í algerri óvissu meðan óöld ríkir í landinu, og því hlýtur fyrsta skrefið að verða að reyna að stilla til friðar milli stríðandi afla og koma á almennum mannréttindum.

Ástandið í El Salvador hefur verið til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum, bæði á Allsherjarþinginu 1980 og 1981. Á báðum þessum þingum hafa komið fram ályktunartillögur sem fyrst og fremst harma það ástand ofbeldis og mannfyrirlitningar sem ríkir í El Salvador, beina því til ríkisstjórnar landsins að bæta úr ástandinu og leita sætta, en jafnframt er í tillögunum skorað á ríkisstjórnir annarra ríkja að senda ekki vopn til El Salvador eða veita deiluaðilum þar aðra hernaðaraðstoð. Enn fremur er í þessum ályktunartillögum undirstrikað að það séu eingöngu íbúar El Salvador sjálfir sem ákveða eigi stöðu sína og framtíð án afskipta nokkurra utanaðkomandi aðila, en að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna beri að fylgjast náið með þeirri þróun sem þar verður á næstunni í framkvæmd mannréttinda og annarra grundvallaratriða mannfrelsis.

Ísland hefur lýst yfir fullum stuðningi við þessar ályktunartillögur og greitt þeim atkvæði og hafa þær báðar hlotið samþykki Allsherjarþingsins. Afstaða okkar er í fullu samræmi við þá grundvallarstefnu sem við höfum fylgt frá upphafi í slíkum málum og undirstrikað í viðræðum við önnur ríki. Þeirri stefnu lýsti ég einnig afdráttarlaust í ræðu minni við upphaf 36. Allsherjarþingsins á s. l. hausti, en þar sagði ég orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í upphafsorðum sáttmála Hinna sameinuðu þjóða segir að við séum staðráðnir í því að staðfesta að nýju trú á grundvallarréttindi manna, virðingu þeirra og gildi. Til þess að ítreka enn frekar þennan ásetning höfum við gefið út hátíðlega yfirlýsingu um mannréttindi. Með þetta í huga er dapurlegt að horfa upp á þá staðreynd, að brot gegn þessari grundvallarreglu gerast æ tíðari í stórum hlutum heims. Ofbeldi og hervaldi er grímulaust beitt að geðþótta stjórnvalda, hvort sem er til að kúga einstaklinga, minnihlutahópa eða heilar þjóðir til hlýðni við stjórnmálaskoðanir valdhafa, trúarskoðanir þeirra eða

hvað annað sem þeim þóknast að kúga til hlýðni við. Fangelsanir, pyntingar og aftökur eru orðið daglegt brauð í mörgum ríkjum innan vébanda samtaka okkar, þrátt fyrir þær ótvíræðu skyldur sem við höfum tekið á okkur með aðild að þessum samtökum. Ég vil undirstrika að ég tel það eitt af meginverkefnum Sameinuðu þjóðanna á næstunni að berjast gegn þessari öfugþróun og beita öllum samtakamætti sínum til að knýja fram úrbætur. Ríkisstjórn mín mun heils hugar styðja allar tilraunir í þessa átt."

Í síðustu skýrslu minni til Alþingis vék ég einnig að málefnum El Salvador. Þar sagði ég m. a.:

„Ríki Suður-Ameríku og þá einkum El Salvador hafa á síðustu mánuðum dregist inn í deilur austurs og vesturs. Þótt þessi ríki liggi fjarri þungamiðju slökunarstefnunnar hafa atburðir þar engu að síður sín áhrif. Bandaríkjamenn telja hagsmunum sínum í Suður-Ameríku stefnt í voða með stuðningi Sovétmanna og ýmissa fylgiríkja þeirra við kommúníska uppreisnarmenn í landinu og því sé þeim einn kostur nauðugur, sá að styrkja stjórnvöld í El Salvador og senda þeim hernaðarráðgjafa. Hafa Bandaríkjamenn lagt fram ýmis gögn, sem ætlað er að sanna vopnasendingar kommúnistaríkja til uppreisnarmanna í El Salvador, en Sovétmenn og bandamenn þeirra bera þær sakir af sér og segja fullyrðingar Bandaríkjanna settar fram til þess eins að réttlæta afskipti af innanríkismálum El Salvador. Ég vil ekki að svo komnu máli fella neinn dóm í þessum deilum, enda er það ekki aðalatriðið. Staðreyndirnar eru hins vegar þær, að í El Salvador, eins og í ýmsum öðrum Suður-Ameríkuríkjum, er ástandið vægast sagt hörmulegt. Auðæfi liggja á fárra manna höndum meðan allur almenningur býr við sárustu neyð. Núverandi ríkisstjórn hefur gefið loforð um ýmsar úrbætur, en hægt virðist miða að hrinda þeim í framkvæmd."

Þetta sagði í síðustu skýrslu minni til Alþingis. Þegar litið er á það, sem nú hefur verið rakið, held ég að ljóst megi vera hver afstaða ríkisstj. er til atburða og stjórnmálaþróunar í El Salvador og hefur verið að undanförnu og hvert álit hennar er á þeirri herforingjastjórn sem nú ræður ríkjum. Hitt er svo rétt, að ríkisstj. hefur ekki gert um það sérstaka ályktun og Alþingi ekki heldur, eins og kunnugt er.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka formanni Alþfl., Kjartani Jóhannssyni, 2. þm. Reykn., fyrir að flytja þetta mál inn í þingsalina. Alþingi Íslendinga hefur of lítið látið til sín taka í umræðum um hörmungarástand sem ríkir í ýmsum ríkjum víða um heim. Þegar svo er komið, eins og þróunin hefur orðið í El Salvador, að það er miskunnarlaust verið að myrða stóran hluta þjóðar og leiða hörmungar yfir þá, sem eftir lifa, til að viðhalda í landinu grimmdarlegri ógnarstjórn fámennrar auðstéttar, þá er nauðsynlegt að þær þjóðir, sem vilja halda á lofti merki lýðræðis og mannréttinda og jafnaðar í heiminum, láti í sér heyra.

Ég held að það sé nauðsynlegt að ríkisstjórn Íslands og Alþingi taki í ljósi þeirra atburða, sem nýlega hafa orðið í El Salvador, stærri skref í átt til stuðnings við andstæðinga herforingjastjórnarinnar í því landi en gert hefur verið til þessa. Ég held að það sé alveg ljóst, að þær skýringar, sem ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur látið frá sér fara um atburðina í El Salvador og hæstv. utanrrh. rakti hér með tilvitnunum í skýrslu sína frá því á síðasta ári, hafa reynst algjörlega rangar. Þær hafa reynst ómerkilegur áróður stórveldis sem reynir að búa til grýlu kommúnistahræðslu til að verja stuðning sinn við grimmdarlega auðs- og herforingjastjórn í El Salvador.

Ég held að það sé mikilvægt að við áttum okkur skýrt og greinilega á því hér á Alþingi og einnig innan ríkisstj., að innan Bandaríkjanna sjálfra er hörð andstaða gegn þessari stefnu Bandaríkjastjórnar. Demókrataflokkurinn í Bandaríkjunum hefur tekið upp einarða stjórnarandstöðu gegn þeim stuðningi sem ríkisstjórn Reagans í Bandaríkjunum veitir herforingjaklíkunni og auðstéttinni í El Salvador. Í ljósi þessara síðustu atburða, og nú síðast fregnarinnar í dag um að þessi sama ríkisstjórn Bandaríkjanna hafi ákveðið að hefja að nýju vopnasendingar til herforingjastjórnarinnar í El Salvador, er nauðsynlegt að öll ríki, sem vilja hamla gegn þessari þróun, sérstaklega þau ríki sem að forminu til eiga Bandaríkin að bandalagsríkjum í hernaðarbandalögum láti til sín heyra skýrt og greinilega í þessu efni.

Ég vil því beina þeim tilmælum til hæstv. utanrrh. og reyndar ríkisstj. í heild, að málið verði tekið upp á þeim vettvangi og það verði unnið að sameiginlegri afstöðu Alþingis og ríkisstjórnar til þessa máls. Við megum ekki sitja hjá ef svo stefnir sem nú horfir, að nýtt Víetnam fæðist í El Salvador.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er fullyrt af öllum fróðustu mönnum, sem fylgst hafa með gangi mála í El Salvador, að þar eigi sér nú stað þjóðarmorð. Ég held að við eigum ekki eingöngu að beina gagnrýni okkar gegn þeirri ógnarstjórn, sem nú ríkir í El Salvador, heldur ekki síður gegn Bandaríkjastjórn. Sú ákvörðun Reagans Bandaríkjaforseta að veita stjórn El Salvador þann stuðning, sem nú hefur verið tekin ákvörðun um, er byggð á því að sögn Reagans Bandaríkjaforseta, að mannréttindi hafi verið virt stórum betur síðustu mánuði í El Salvador en áður hefur verið gert. Þetta er forsendan fyrir þeim stuðningi sem Bandaríkjaforseti ætlar að veita herforingjastjórninni í El Salvador.

En það er ekki aðeins í El Salvador sem slíkir atburðir gerast. Þeir gerast í mörgum löndum Suður-Ameríku. Ég verð að taka undir það, að það, sem nú er að gerast í El Salvador, minnir óhugnanlega mikið á upphaf Víetnam-stríðsins. Að senda þangað sérfræðinga, veita ríkisstjórninni fjárhagsaðstoð og senda vopn til landsins er nákvæmlega það sama og gerðist í Víetnam, og áður en nokkur vissi voru Bandaríkjamenn orðnir aðilar að einhverri ógnarlegustu styrjöld sem háð hefur verið í veraldarsögunni.

Ég vil eingöngu segja það, herra forseti, að þótt við viljum eiga góð og vinsamleg samskipti við Bandaríkin er það þjónkun við stórveldi að þegja þunnu hljóði yfir mistökum þess stórveldis og fávíslegum ákvörðunum. Við eigum ekki að hika við að gagnrýna ákvarðanir stórveldis á borð við Bandaríkin þegar þær stuðla að því, að ógnarstjórn fær að ríkja í litlu landi í Suður-Ameríku. Um það gildir nákvæmlega það sama og fordæmingu okkar á innrás Sovétmanna í Afganistan og afskiptum Sovétmanna af málefnum Póllands.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það virðist vera að verða ljóst, að sú atburðarás, sem hefur verið að eiga sér stað í El Salvador, og afskipti Bandaríkjamanna og hinnar nýju ríkisstjórnar Ronalds Reagans af þessari

þróun, eru sá ljótasti þáttur í utanríkisstefnu Bandaríkjanna síðan styrjöldinni í Víetnam lauk. Nú er það hins vegar svo, að við, sem erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu og höfum auk þess varnarsamning við Bandaríkjamenn, hljótum að láta okkur þessi mál varða og við hljótum að undirstrika rækilega, hvar sem við getum og þá ekki síst á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, hversu við hljótum að harma þá stefnu sem stjórn Bandaríkjanna, stjórn Reagans, rekur í þessu landi. Það er auðvitað ljóst, að það er viðurstyggilegur glæpalýður sem fer með stjórn í þessu landi. Það er lítill minnihlutahópur sem er þarna að fremja þjóðarmorð. Það er ekki of mikið sagt þó þessi orð séu notuð. Þær fréttir, sem nú berast daglega af vaxandi stuðningi Bandaríkjastjórnar, bæði á efnahagssviði og á sviði vopnasendinga, hljóta að vera þess eðlis að við lítum það mjög alvarlegum augum vegna þeirrar samvinnu sem við eigum við Bandaríkjamenn á öðru sviði utanríkismála.

Ég tala hér sem stuðningmaður Atlantshafsbandalagsins, hafandi verið það og verandi það, en sem slíkur læt ég í ljós miklar áhyggjur af þeirri atburðarás sem þarna er að eiga sér stað. Sú utanríkisstefna, sem stjórn Bandaríkjanna rekur í þessum heimshluta, hlýtur að vera okkur stuðningsmönnum Atlantshafsbandalagsins mikið umhugsunarefni. Ég vil hvetja til þess, hæstv. utanrrh., að láta einskis ófreistað að þessi sjónarmið séu gerð bandamönnum okkar ljós því að það eru ekki góðir bandamenn sem hegða sér með þessum hætti.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður með frekari lýsingum á því hörmungarástandi, sem ríkir í El Salvador, og þeirri ógnarstjórn sem þar fer með völd. En svo mikið er ljóst, að þarna eiga sér stað stórkostleg fjöldamorð. Í þessu máli verður rödd Íslendinga að heyrast hátt og skýrt. Bandaríkin hafa þarna stigið mikið víxlspor, og ég legg áherslu á að ríkisstjórn Íslands beiti áhrifum sínum af fremsta megni til þess að endi verði bundinn á þá ógnarstjórn sem þarna á sér stað og stuðning Bandaríkjamanna við hana.

Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir skýr og glögg svör, en legg enn og aftur áherslu á að rödd Íslands í þessu máli heyrist á alþjóðavettvangi og að við beitum okkur til að stuðla að farsælli lausn. Hernaðarleg lausn á þeim vanda, sem þarna er fyrir hendi, er ekki til. Pólitísk lausn, félagsleg lausn, er eina leiðin.

Erlendar lántökur vegna viðskipta með fiskiskip, fsp. (þskj. 165). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er hafa miklar umr. orðið að undanförnu um þá stefnu núv. hæstv. ríkisstj. að vera stöðugt að auka skuldir við útlönd. Í stjórnarsáttmálanum var tekið fram, að þessar erlendu lántökur yrðu hafðar í hófi þannig að greiðslubyrði færi ekki fram úr 15% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar. Nú í ár er áætlað að greiðslubyrði af erlendum skuldum verði um það bil 19% af heildargjaldeyristekjum þjóðarinnar, svo þarna er enn eitt markmiðið farið fyrir björg hjá hæstv. ríkisstj.

Sagt hefur verið að meðal þess, sem heimilað hafi verið af núv. hæstv. ríkisstj., sé að dæmi séu um að mönnum hafi verið leyft að taka erlend lán til að selja fiskiskip milli fjarða hér innanlands. Ég hef engar sönnur á þessu, en orðrómur um þetta er sterkur. Ég tel að ef þetta er rétt sé verið að fara þarna inn á nýja og mjög háskalega braut sem væri ástæða til að fordæma. Til þess að fá skorið úr um, hvort þessar fregnir séu réttar, er ekki önnur leið betri en að spyrja þann ráðh. sem með þessi mál fer í hæstv. ríkisstj. Því hef ég ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, 1. þm. Vestf., leyft mér að flytja á þskj. 165 svofellda fsp. hæstv. viðskrh.:

„1. Hefur ráðh. gefið heimildir til erlendrar lántöku vegna kaupa á fiskiskipum innanlands, ef svo er, hvenær voru þær heimildir gefnar út og hvaða starfsmenn viðskrn. undirrita heimildarbréfin ásamt ráðh.?

2. Hver eru rök ráðh. fyrir umræddum afgreiðslum, hafi þær átt sér stað?“

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Á þskj. 165 hafa hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Matthías Bjarnason lagt fram svohljóðandi fsp:

„1. Hefur ráðh. gefið heimildir til erlendrar lántöku vegna kaupa á fiskiskipum innanlands, ef svo er, hvenær voru þær heimildir gefnar út og hvaða starfsmenn viðskrn. undirrita heimildarbréfin ásamt ráðh.?

2. Hver eru rök ráðh. fyrir umræddum afgreiðslum, hafi þær átt sér stað?“

Gefnar hafa verið út tvær heimildir til erlendrar lántöku vegna kaupa á fiskiskipum innanlands. Hraðfrystihúsi Patreksfjarðar var veitt heimild til erlendrar lántöku með bréfi rn. nr. 265, dags. 29. okt. 1981, vegna kaupa á togskipinu Sigurey SI 71 frá Togskipum hf., Siglufirði. Glettingi hf. í Þorlákshöfn var heimiluð erlend lántaka með bréfi rn. nr. 266, er dags. er 29. okt. 1981, vegna kaupa á ms. Ísleifi VE 63 frá Vestmannaeyjum. Atli Freyr Guðmundsson deildarstjóri í viðskrn. hefur undirritað þessar heimildir í mínu umboði.

Togskipið Sigurey SI 71 var keypt frá Togskipum hf. á Siglufirði á s. l. ári. Vegna atvinnuástands á Patreksfirði þótti nauðsynlegt að skapa frekari atvinnutækifæri og jafnframt að tryggja rekstrargrundvöll hins nýja húss, Hraðfrystihúss Patreksfjarðar. Til þess að unnt væri að festa kaup á skipinu þurfti að koma til erlend lántaka og heimilaði rn. erlenda lántöku sem nemur 22.5% af kaupverði skipsins. Varðandi kaup Glettings hf. í Þorlákshöfn á Ísleifi VE 63 frá Ísleifi sf. í Vestmannaeyjum skal tekið fram, að þegar ákveðið var að heimila Ísleifi sf. kaup á skipi frá Færeyjum var heimiluð erlend lántaka sem nemur 68% kaupverðs. Ísleifur sf. seldi síðan Glettingi hf. í Þorlákshöfn skip sitt, Ísleif VE 63, og var heimiluð erlend lántaka vegna þeirra kaupa 2.5 millj. danskra kr. eða 50% kaupverðs. Jafnframt þessu var gert að skilyrði að ms. Spörður RE 16, 249 rúmlesta fiskiskip, yrði tekinn af skipaskrá vegna ofangreindra viðskipta, enda var eigandi Spörðs hf. aðili að viðskiptunum. Þá var frá því gengið, að skipið Ísleifur VE 63 yrði ekki gert út til loðnuveiða, eins og verið hafði, heldur yrði það gert út til netaveiða. Þessi afgreiðsla var liður í eðlilegri endurnýjun bátaflotans í Vestmannaeyjum.

Þessar afgreiðslur teljast til undantekninga, ef sérstaklega stendur á. En það er ekki rétt hjá hæstv. fyrirspyrjanda að það séu ekki fordæmi fyrir þessu. Þau eru sjálfsagt nokkur, og gæti ég nefnt þau ef ástæða þætti til þess.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv.

ráðh. fyrir svörin, en ég held að það væri á margan hátt fróðlegt fyrir Alþingi að fá að vita um þessi fordæmi. Ég tel mjög varhugavert að veita heimild til erlendrar lántöku til að fjármagna skipakaup og flytja skipin á milli staða innanlands.

Um seinna atriðið, sem hæstv. ráðh. nefndi, er það að segja, að um stórt hneykslismál er að ræða. Það er skilyrði sett fyrir lántöku og innflutningi á skipi til eigenda Ísleifs VE 63, að skipið Sporður sé tekið af skipaskrá. Eigendur vélskipsins Sporðs voru búnir að sækja um bætur úr Aldurslagasjóði og einnig úr Úreldingarsjóði vegna þess að skipið væri ónýtt. Fyrir lágu upplýsingar frá siglingamálastjóra og stjórnir þessara sjóða höfðu samþykkt bætur. Þegar skip eru tekin í Aldurslagasjóð og Úreldingarsjóð eiga eigendur kost á að hirða allt nýtilegt úr skipunum, en síðan fá þeir styrk frá þessum sjóðum til að eyða skipsskrokkunum. Það á því ekki að nota slík skip sem söluvöru til að fá innflutning á öðrum skipum.

Því til viðbótar vil ég nefna að nýlega var ráðist að stjórnum þessara sjóða í síðdegisblaði. Maður, sem sagðist hafa keypt þetta skipshræ, lýsti því yfir að það réðu kerfiskarlar í þessum stjórnum. Hræið hefur því gengið á milli fleiri en eins eiganda. Það var notað fyrst til vöruskipta við kaup á erlendu skipi til landsins. Síðan er hræið notað aftur og selt útgerðarmanni á Snæfellsnesi. Hann vill fá að selja það Stálfélaginu upp á það að Stálfélagið komi til með að fá einhvern tíma lóð svo að hægt sé að brenna þetta skip og nota í starfsemi Stálfélagsins. Ég sé ekki annað en hér sé um stórfellt hneyksli að ræða. Hjá því verður ekki komist að rannsaka þetta mál nánar, hæstv. viðskrh.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég vil, eins og hv. 1. þm. Vestf., þakka hæstv. viðskrh. svörin. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um að það er almenn regla eða virðist vera það, að þegar fiskiskip er keypt til landsins erlendis frá hafi mönnum verið heimilað að taka til þess erlend lán. Það hefur einnig átt sér stað þegar um hefur verið að ræða fiskiskip sem hefur verið í eigu Íslendinga, en hefur síðan verið selt erlendum aðila og verið keypt af þeim erlenda aðila aftur til landsins. Það hefur einnig í þeim skilningi verið litið svo á, að þar væri um að ræða kaup á fiskiskipi til landsins frá erlendum aðila, enda hefur hinn erlendi aðili verið seljandi. En mér er ekki kunnugt um að áður hafi átt sér stað milliliðalaus heimild til erlendrar lántöku til kaupa á fiskiskipum milli fjarða innanlands. Ég veit ekki til þess. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti sem það er gert. Þar er vissulega verið að leggja út á varhugaverða braut vegna þess að ég held að menn séu almennt sammála um það, og hélt reyndar að það væri skoðun hæstv. viðskrh., að menn ættu að fara sér varlega í erlendum lántökum og þar væru menn fyrir allnokkru búnir að spenna bogann til fulls.

Herra forseti. Það er ekki staður né stund til að ræða mál af þessu tagi í fsp.-tíma. Ég læt mér því nægja að þakka hæstv. viðskrh. þær upplýsingar sem fram hafa komið í málflutningi hans, en vil aðeins bæta því við, að mér er ekki kunnugt um að sú afgreiðsla, sem hann hefur hér gert, eigi sér fordæmi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Eins og ég gat um í svari mínu áður er hér um að ræða undantekningar. Þær eiga að vera það til þess að leysa úr erfiðum málum sem varða atvinnuástand á einum stað og endurnýjun fiskiskipaflotans á öðrum.

Ég held að okkur sé nokkur vandi á höndum í sambandi við fiskiskipaflotann og ekki síst þann þátt hans sem varðar endurnýjun, og ég er þeirrar skoðunar, að það verði sennilega erfitt að komast hjá því á næstu árum að taka einhver lán erlendis til endurnýjunar sérstaklega bátaflotans.

Ef við lítum á margar sterkustu og öflugustu verstöðvarnar, eins og t. d. Vestmannaeyjar og Höfn í Hornafirði, svo að ég nefni dæmi, þá segja mér fróðir menn að meðalaldur bátaflotans í þessum verstöðvum báðum sé ekki langt frá 20 árum. Það þýðir auðvitað að sá tími nálgist óðum — og það er auðvitað alltaf að ske, að það verði að endurnýja þessi atvinnutæki. Ég dreg mjög í efa að við getum það án þess að það þurfi að taka einhver erlend lán til þess, eins og gert hefur verið um langa hríð.

Það mætti hafa langt mál um þessi skipakaup. Þetta eru mikil áhugamál viðkomandi sveitarfélaga og það stendur oft styrr um þessi mál. Það væri hægt að halda býsna langa ræðu ef ætti að rekja ýmis dæmi sem eru til um alls konar afbrigði í þessum efnum. Ég skal nefna tvö í þetta sinn.

Annað er það, að í sept. 1977 var aðila á Akranesi heimilað að smíða skip erlendis og átti að selja togarann Bjarna Ólafsson upp í sem hlutagreiðslu. Niðurstaðan varð sú, að hann var seldur til Hafnarfjarðar og það var lánað með erlendu láni út á þá sölu.

Annað dæmi get ég nefnt, togarann Júlíus Geirmundsson. Hann átti að fara til útlanda, en var seldur Hraðfrystihúsi Keflavíkur og var heimiluð erlend lántaka sem nam 68.3% af kaupverði.

Það mætti auðvitað nefna mörg dæmi af ýmsu tagi í þessu sambandi. Ég get vel tekið undir það með hv. fyrirspyrjendum, að svona mál eiga að heyra til undantekninga, en atvik geta verið þannig að það sé skynsamlegt eða nauðsynlegt að leysa mál með þessum hætti. En ég get ekki tekið undir það með hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að hér sé um að ræða stórkostlegt hneyksli. Hægt er að nefna svipuð dæmi sem hafa verið að gerast á undanförnum árum, m. a. meðan hann var sjálfur sjútvrh. Ég veit ekki hvern þátt hann hefur átt í þeim málum þá, en ég geri ráð fyrir að hann hafi komið eitthvað við sögu. Ég get því ekki fallist á að hér sé um að ræða stórfellt hneyksli. En ég get hins vegar fallist á það með báðum fyrirspyrjendum, að mál af þessu tagi eigi að heyra til undantekninga.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Það var eins og mig grunaði, að hæstv. viðskrh. gæti ekkert fordæmi nefnt fyrir þeim afgreiðslum sem hann hefur skýrt hér frá. Þau tvö fordæmi, sem hann nefndi, voru þannig vaxin að innlendur aðili keypti nýtt skip erlendis frá og greiddi hluta af kaupverðinu með gömlu skipi, sem hann átti, sem hinn erlendi viðsemjandi innlenda kaupandans tók upp í kaupverðið, og sú afgreiðsla lækkaði að sjálfsögðu þá lánsfjárfyrirgreiðslu, sem ella hefði þurft til kaupanna þannig að hið gamla skip var notað sem gjaldmiðill í þessu tilviki. Síðan er það að vísu rétt, að þetta skip, sem hafði verið selt erlendum aðila, var keypt til landsins á ný og þeim, sem keypti, heimilað að taka erlent lán til að greiða hinum erlenda

viðsemjanda. Nú er hins vegar um það að ræða, að tveir innlendir aðilar stunda viðskipti sín á milli með skip og öðrum aðilanum er heimilað að taka lán í erlendum gjaldeyri, taka erlent lán, til að greiða söluverð skips samlendum manni, ekki erlendum viðsemjanda, eins og í hinum tilvikunum, heldur innlendum skipaeiganda í næsta eða þar næsta firði. Þetta hefur aldrei áður gerst og hæstv. viðskrh. hefur engin fordæmi getað nefnt um slíkar afgreiðslur. Auðvitað eru mörg dæmi um að þegar menn kaupa til landsins atvinnutæki frá erlendum aðilum sé þeim heimilað að taka til þess erlend lán. En ég hygg að það séu fá dæmi þess, þó þori ég ekki að fullyrða um það — ég þekki ekki nein a. m. k. sem mér geta komið í hug, að mönnum sé heimilað að taka erlend lán til að kaupa sömu atvinnutæki af landsmönnum sínum og þegar hefur verið veitt erlent lán fyrir. Mér er ekki kunnugt um að þetta sé t. d. vaninn í viðskiptum með ýmsar stórvirkar vinnuvélar á innlendum markaði, þar sem einn Íslendingur kaupir af öðrum, að honum sé heimilt að greiða hluta kaupverðsins með erlendum lánum. Sú afgreiðsla, sem hæstv. viðskrh. hefur hér gert, er algerlega fordæmalaus. Þau fordæmi, sem hann sagðist geta nefnt, hefur hann ekki nefnt enn. Ég held að ekki fari hjá því, að það fordæmi, sem hæstv. ráðh. er hér að gefa og varðar þá tvo aðila sem hafa haft þennan sérstaka aðgang að honum, sé stórháskalegt fyrir framtíðina.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Út af því, að hæstv. viðskrh. vitnaði í aðgerðir sem voru í minni tíð sem sjútvrh., þá var veitt leyfi fyrir þremur loðnuskipum. Það var byggt á þeim grundvelli, að auka mætti loðnuveiðarnar allt upp í 1.5 millj. lesta, og með því skilyrði, að skip yrðu seld úr landi í stað þessara skipa. Akranesskipið sem nefnt var, það var leyft að skipta á skipi, en annað skip fór fyrir þetta skip, sem hæstv. ráðh. nefndi. Hitt var skuttogari, því hefur hv. 3. þm. Vestf. svarað. Það var gefið leyfi til smíði á nýju skipi gegn því, að þetta skip væri selt úr landi. Það var selt úr landi, en ríkisstj. sú sem hæstv. viðskrh. átti sæti í leyfði að flytja þetta skip aftur til landsins.

Út af því, að ég sagði að hér væri um hneyksli að ræða, þá er hneyksli þegar skip, sem búið er að dæma ónýtt, búið að fá bætur úr Aldurslagasjóði og Úreldingarsjóði, er notað í brask til að fá önnur skip. Ekki einu sinni, heldur tvisvar eftir að búið er að flytja inn skip fyrir annað, sem á að gera ónýtt, er hið ónýta selt og kaupandinn hefur uppi stór orð um að það séu einhverjir vondir kerfiskarlar sem heimti að skipinu sé eytt, en í því séu mikil verðmæti.

Varðandi atvinnuástand á Patreksfirði og flutning á skipi frá Siglufirði til Patreksfjarðar, þá held ég að það veiki atvinnulíf á þeim stað sem skip er flutt frá. En ég vil minna á að það lá önnur umsókn fyrir frá þessum sama stað, frá einstaklingi á Patreksfirði, sem búinn er að gera út skip í fjöldamörg ár, til hæstv. viðskrh. um að fá að flytja inn skip frá Noregi og taka annað skip úr umferð því að það yrði sett í úreldingu. Hann fékk sama sem synjun vegna þess að heimild rn. gildir til 1. febr. og heimildin er bundin því, að lán, sem nemi 50% af heildarverði, verði samþykkt og afgreidd í Fiskveiðasjóði. Fiskveiðasjóður er ekkert farinn að afgreiða af þessum lánum. Þarna var mismunað tveimur aðilum: Í öðru tilfellinu manni sem búinn er að gera út í fjöldamörg ár og átti mikið til að leggja fram sjálfur í skip sem hann óskaði að kaupa. En hann heldur áfram að gera út sitt gamla og úr sér gengna skip. Það virðist vera stefna hæstv. ríkisstj. í þessum efnum.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég ætla ekki beint að blanda mér í umr. um erlendu lántökurnar og það, heldur aðeins í sambandi við það ágæta skip, Spordinn.

Hv. 1. þm. Vestf. kvartaði undan því, að útvegsmaður á Snæfellsnesi deildi á vonda kerfiskarla út af því, að hann mætti ekki losa sig við það skip á annan máta en eyðileggja það. Ég vil taka undir þá skoðun þess útvegsmanns, að ef á að vera grundvallarstefna að fækka skipum eða koma skipum úr umferð, þá skuli þau verðmæti nýtt sem eftir eru í skipunum. Þegar maður, sem er með ónýtt skip í höndum, hefur ekki heimild til þess, eins og þarna stendur á, að láta Stálfélagið hafa það, þó það hafi ekki þegar lóð, með tryggingu fyrir að það fari ekki á sjó aftur og það liggi vestur í Grundarfirði, þá finnst mér ekki hægt að taka undir annað en það séu kerfiskarlar sem banna það. Auk þess er ekki eingöngu um það rætt að Stálfélagið eigi að fá þetta skip, heldur eru yfirlýsingar jöfnum höndum til reiðu um að Stálvík í Garðahreppi sé tilbúin að taka þetta skip, um leið og aðstaða verður til þess, og búta það í parta. (**MB:** Þeir mega það.) Það hefur ekki verið samþykkt. (**MB:** Það hefur víst verið samþykkt.) Það er þá nýtt í málinu og það er gott að heyra það. Það er nýtt í málinu, að leyfilegt sé að taka þennan skipsskrokk og reyna að nota verðmætin sem eftir eru. Það er nýtt í málinu, það er gott að heyra það og þá hafa kerfiskarlarnir lagað sig. Þeir viðurkenna þá að það megi nýta þessi verðmæti.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var svolítið verið að fjalla um skip sem ættu að fara úr landi, en ættu eitthvað erfitt með að komast úr landi. Mér varð það ljóst fljótlega eftir að ég hafði tekið við embætti sjútvrh., að þessi regla gengi ekki. Ég reyndi að framkvæma hana, en hún gekk ekki. Þegar farið var í gegnum dæmin var augljóst að það voru sífellt skipti, þannig að það var annaðhvort úrelt skip eða lélegt og lítið sem fór úr landi á endanum í staðinn fyrir stórt skip.

Það var rakið hér dæmi um Ísleifsskipið. Það er mjög gott dæmi af þessu tagi, þar sem skip, sem áður er búið að úrelda, á að koma í stað nýs skips með millilið sem var í því spili. En úr því að menn eru að tala um þetta væri líka aldeilis vert að rifja upp dæmi um önnur skip og spyrja hvaða skip hafi farið úr landi í staðinn fyrir þau. Það er verið að flytja inn togara til Akraness, Dalvíkur, í Garðinn, til Þórshafnar, það er verið að flytja inn Sunnutind til Djúpavogs og það er verið að flytja inn skip til Sjólastöðvarinnar í Hafnarfirði. Ég veit ekki til þess að neitt skip eigi að fara úr landi í staðinn fyrir öll þessi skip. Eitt skip var flutt inn til Vestmannaeyja sem var 150 tonn, en eftir bestu upplýsingum var það 11 tonna skip sem fór út í staðinn.

En að því er hinar erlendu lántökur varðar, sem voru kannske hér fyrst og fremst til umr., þá verð ég að taka undir það, að það er ákaflega einkennilegur viðskiptamáti að taka upp erlendar lántökur þegar eiga sér stað viðskipti milli innlendra aðila. Það mætti í rauninni spyrja: Hvers eiga vörubílstjórar að gjalda? Ef það má veita erlend lán í sambandi við sölu á skipum milli fjarða, af hverju mætti þá ekki alveg eins veita erlend lán í sambandi við sölu á vörubílum eða vinnuvélum milli

verktaka? Ég sé í rauninni engan grundvallarmun á því. Þetta geta verið mjög atvinnuskapandi tæki í því byggðarlagi sem þau lenda í, þó að þau drægju kannske úr atvinnunni í hinum, rétt eins og þau dæmi sem hér hafa verið rakin um fiskiskipin. Ég held því að menn ættu að hugleiða mjög vel sinn gang áður en menn fara að framkvæma þá reglu sem hér hefur verið bryddað upp á af hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta mörg orð, enda hafa fyrirspyrjendur talað tvisvar í þessu máli. Ég skal því hafa þau fá.

Ég vildi aðeins í tilefni af því, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson sagði um þau fimm skip, sem voru leigð til landsins, ítreka það, sem kom fram í fréttatilkynningu frá sjútvrn. til fjölmiðla nú fyrir stuttu, þar sem gerð er grein fyrir því, að ríkisstj. hafi samþykkt innflutning á nokkrum skipum til byggðarlaga sem sérstaklega hefur staðið á um, og þar var m. a. um að ræða Þórshöfn, Djúpavog, Akranes, Suðurnes og rækjuskip til Dalvíkur. Það fylgdi þessari fréttatilkynningu, að frekari undantekningar væru ekki ráðgerðar.

Ég held að flestum þm., sjálfsagt öllum hv. þm., sé ljóst að þessi mál eru vandmeðfarin. Eins og ég sagði áður er mikill þýstingur í sambandi við afgreiðslu svona mála af ýmsum knýjandi ástæðum. Þannig er kannske erfitt að setja reglur, sem aldrei er vikið frá, vegna þess að atvik eru svo misjöfn.

En það er alveg rétt hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að það hefur stundum gengið illa að koma skipum úr landi. Ég nefndi áðan að togarinn Bjarni Ólafsson átti að fara til útlanda sem hlutagreiðsla upp í nýtt skip sem keypt var til Akraness á sínum tíma. Síðan var hann seldur til Hafnarfjarðar. Í sambandi við þá ráðstöfun var ákveðið að skip, sem heitir Arnarnes hf., ætti að fara til útlanda. Það skip var svo selt til Bolungarvíkur og ég veit ekki hvað síðar varð af því. En svona hefur þetta stundum gengið. (**MB:** En svo fóru tvö skip úr landi, samtals 500 smál., svo að ég endi söguna fyrir ráðherrann.) Já, ég þakka hv. þm. fyrir sögulokin og þau bæta frásögnina.

Ég hygg að ef farið væri að rekja þessi dæmi mætti finna mörg dæmi af ýmsu tagi í sambandi við að leysa mál sem þessi. En ég vil aðeins undirstrika það, að ég tel ekki að það hafi verið teknar upp neinar nýjar reglur í þessu sambandi í minni ráðherratíð, heldur hafi hér verið um að ræða mál af svipuðu tagi og stundum áður hafa verið afgreidd.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég lagði hér fram í haust á þskj., sem útbýtt var 10. nóv. 1981, fsp. til forsrh. um kostnað við utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstj. og ríkisstofnana. Í fsp. segir:

„Óskað er eftir upplýsingum um utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstjórnar og ríkisstofnana, að meðtöldum ríkisbönkum, á árinu 1980 og það sem af er þessu ári," eins og segir í fsp., því að þá var ekki talið að komið yrði fram á næsta ár þegar svarið kæmi. Í svarinu var ætlast til að kæmu fram nöfn þeirra sem farið hafa utan, hvert farið, hverra erinda og hve langan tíma hver ferð tók, kostnaður vegna hverrar ferðar, ferðakostnaður annars vegar og dvalarkostnaður hins vegar, yfirlit yfir hver heildarferðakostnaður varð og fjöldi ferða hjá Alþingi, ráðherrum, stjórnarráði og ríkisstofnunum. Óskað var eftir skriflegu svari. Áður hefur verið spurt um svipað efni og svör fengist.

Mér er kunnugt um það, að forsrn. sendi út bréf og óskaði eftir þessum upplýsingum, því þó að fsp. sé beint til forsrh. sem samnefnara ríkisstj. varð eitthvert rn. að hafa forustu í málinu. En svarið er ekki komið enn þá.

Nú segir í þingsköpum, 32. gr., um fyrirspurnir, á þessa leið: „Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fyrirspurn var leyfð." Ég ætlaðist ekki til þess, að svar eins og þetta væri hægt að vinna á sex dögum, og var eiginlega rólegur fram til jóla og bjóst við að svarið lægi fyrir strax á fyrsta degi eftir að þing kom aftur saman. Nú vantar ekki nema rúma viku upp á að ársfjórðungur sé liðinn frá því að um þetta var beðið.

Hæstv. forseti Sþ. er forsvarsmaður þingsins, og hér er um að ræða ótvíræðan rétt þm. að óska eftir svari. Hæstv. forseti þingsins hefur leyft þessa fsp. og sent hana áfram. Það er því mjög undir honum komið, hvort þessi svör fást eða ekki. Ég er ekki á nokkurn hátt að veitast að forsrn. í þessum efnum. Einhvers staðar hlýtur stíflan að vera annars staðar en þar. En það er ósk mín til hæstv. forseta Sþ., að hann kanni hvar þetta mál er á vegi statt og hvað hefur dvalið það að svar væri gefið. Við eigum rétt á því, að slík svör sem þessi liggi fyrir.

Nú nýlega viðhafði hæstv. ráðh. þau ummæli í ræðum — mig minnir að það hafi verið í útvarpsumr. — að ríkisstj. ætlaði að hafa aukið aðhald með utanlandsferðum og takmarka þær nokkuð. Mér er ljóst að bæði ráðherrar og ýmsir aðrir embættismenn og þm. þurfa nauðsynlega að fara til útlanda og sækja þar ákveðna fundi og ákveðnar ráðstefnur, ekki síst utanrrh. Það er ég ekki að gagnrýna á einn eða annan veg. En það er grunur minn, að æðimargar ferðir séu farnar á vegum hins opinbera sem hefði verið hægt að komast hjá að senda fulltrúa í. Þess vegna var ég að óska eftir þessum svörum, til þess að þingið og aðrir gætu metið það og vegið, hvort þetta litla þjóðfélag gæti ekki eitthvað dregið úr hinum mikla kostnaði í sambandi við utanlandsferðir á vegum hins opinbera.

Það er verið að skera niður nauðsynlegar framkvæmdir í þjóðfélaginu, það er verið að beita aðhaldi, að sagt er, og það er nauðsynlegt að gera. En það þarf einnig að beita aðhaldi í þessum efnum. Því geri ég þá kröfu, að hæstv. forseti Sþ. geri gangskör að því að kanna hvað dvelur það að þetta svar komi á borðið. Ég vona að þetta verkefni hafi ekki verið falið einhverjum ákveðnum mönnum sem hafa æ síðan verið erlendis. En ef svo er, þá væri nauðsynlegt að fela það einhverjum sem væru oftar heima.

Forseti (Jón Helgason): Hv. 1. þm. Vestf. hefur borið hér fram kvörtun til forseta vegna þess að ekki hefur borist enn skriflegt svar við fsp. hans sem er 87. mál Sþ. á þskj. 90. Forseta er stundum nokkur vandi á höndum að meta hvort fsp., sem honum berast frá hv. alþm., rúmast innan þeirra marka sem þingsköp setja þeim. Ekki er alltaf augljóst hversu umfangsmikil svörin verða og hversu tiltæk nauðsynleg gögn eru hjá þeim aðilum sem upplýsinga þarf að leita hjá. Það er vafalaust nauðsynlegt að hv. alþm. veiti forseta aðhald í þessum sökum, eins og hv. 1. þm. Vestf. hefur nú gert, svo að forseti gangi þar

ekki of langt til móts við óskir einstakra hv. alþm. um að leyfa fsp. sem — eins og því miður hefur komið í ljós að þessu sinni — ganga of langt. Tilvitnum hv. 1. þm. Vestf. í 32. gr. þingskapa skýrir það.

En hvað þessa fsp. snertir sendi forsrn., eins og hv. 1. þm. Vestf. sagði þegar út beiðni um svör til þeirra stofnana sem spurningarnar ná til. Mér er kunnugt um að forsrn. hafa nú borist svör frá allmörgum þessara aðila, en ekki frá þeim öllum. Alþingi er ein af þeim stofnunum sem svar liggur ekki fyrir frá. Eins og hv. alþm. er kunnugt er skrifstofulið Alþingis fámennt og annatími hefur verið hér á Alþingi síðustu vikur, fyrst í sambandi við þinghaldið fyrir jólin og svo m. a., vegna ýmissa starfa í sambandi við áramót. Tími hefur því ekki unnist til fyrir fastráðið starfsfólk Alþingis að ljúka við að ganga frá svörum og ekki hefur enn verið horfið að því ráði að bæta við starfsliði í þennan hóp til að sinna þessu verkefni. E. t. v. er ástæða til að kanna hversu mikið fylgi það á hér á hv. Alþingi, að opinberar stofnanir ráði sér varalið, einhverja talnameistara sem eru reiðubúnir að svara fyrirvaralítið dæmum er fyrir stofnanirnar kynnu að verða lögð. Ég verð að viðurkenna að ég get ekki mælt með slíku þar sem ég tel önnur verkefni brýnni í okkar þjóðfélagi. En ég mun að sjálfsögðu verða við beiðni hv. 1. þm. Vestf. og fylgjast með framgangi þessa máls og sjá hvað hægt er að gera til að hraða því að svar berist, eins og hér hefur verið ítrekað.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að biðja hér um orðið utan dagskrár, en ég tel það alveg koma heim og saman við það, sem hv. þm. Matthías Bjarnason hefur hér rætt, að ég fylgi í kjölfarið.

Fyrir röskum níu vikum lagði ég fram hér á Alþingi fsp. til hæstv. forsrh. um rannsóknir og viðvörunarkerfi í Mývatnssveit. Ég sagði: fyrir níu vikum. Í þingsköpum Alþingis, 32. gr., sem hér var vitnað til áðan, segir enn fremur:

„Fyrirspurn skal þó ekki tekin á dagskrá síðar en átta virkum dögum eftir að hún var leyfð."

Þetta gefur nokkuð til kynna hvern hraða menn vilja hafa á svörum við fsp. hér. Sú fsp., sem ég lagði fram, varðar mjög öryggi íbúa Mývatnssveitar og ég hafði talið brýna nauðsyn að fá svar við þeim spurningum sem ég lagði fram. Nú get ég upplýst það hér, að í morgun var mér tjáð í Norrænu eldfjallarannsóknastöðinni að landris í Mývatnssveit væri orðið meira en það varð þegar gos hófst þar 18. nóv. s. l. Það er því að vonum að íbúar í Mývatnssveit séu órólegir vegna þess ástands sem þarna hefur skapast, því að þarna getur að mati jarðfræðinga gosið hvar sem er á 35 km langri gossprungu og þá ekkert síður í Bjarnarflagi eða við Leirhnjúk en annars staðar.

Ég hafði samband við forsrn. s. l. þriðjudag og ítrekaði það, að ég óskaði eftir að þessari fsp. yrði svarað. Ég fékk góð og gild svör í rn. varðandi það, að því hefðu ekki borist nauðsynleg gögn frá öðrum ráðuneytum eða að þau gögn væru svo viðamikil að talsverðan tíma tæki að vinna úr þeim. Mér var hins vegar sagt að ég mundi fá svar við þessari fsp. minni á næstu dögum. Hún hefur ekki verið tekin á dagskrá nú.

Ég er ekki með þessum orðum mínum að hnýta í nokkurn mann. Ég er bara að benda á að hér er níu vikna gömul fsp. sem ég tel að varði íbúa eins sveitarfélags ákaflega miklu, þ. e. að þeir fái að vita hvernig þeir geta brugðist við þeirri hættu sem að þeim steðjar. Ég tel þess vegna að ég eigi fullan rétt á því að fá svar við fsp. og raunar hefði átt að vera búið að svara henni fyrir löngu.

Þessu vildi ég koma hér á framfæri og lýsa því yfir og ítreka jafnframt þá ósk mína að þessi fsp. verði tekin fyrir eins fljótt og auðið er hér í sameinuðu þingi.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta svör hans við athugasemd minni og þó sérstaklega síðustu orð hans, að hann ætlar að knýja á um svör. Hitt fannst mér nokkuð vafasamt, þegar hann talaði um að fsp. rúmist ekki innan ákvæða 32. gr. Ég held að það hafi enginn ágreiningur verið hér í þingi um það, þó að það dragist fram yfir þá daga, sem taldir eru í 32. gr., að svara fsp. Ég hef aldrei heyrt um það. Ég er hræddur um það, ef þessi fsp. hefði verið borin upp hér í Sþ. og forseti ekki viljað samþykkja hana nema bera hana undir atkv. þingsins, að þá hefði verið erfitt fyrir þingið að neita þessari fsp. Þessar upplýsingar eiga að liggja á lausu, þær eiga að liggja frammi. Þingið og almenningur á kröfu á að fá þessar upplýsingar. Sömuleiðis hefur þetta verið gert áður hér á Alþingi, fyrir aðeins nokkrum árum. Þá þótti þetta sjálfsagt og var unnið á nokkrum tíma, en það hafðist þó.

Ég segi nú bara það, að þeim hefur þá fjölgað alveg óskaplega, utanlandsreisum manna á vegum hins opinbera, ef það á að taka meira en ársfjórðung að vinna þetta.

Hæstv. forseti segist ekki munu leggja til að ráða sértaka menn til að svara hér fyrir Alþingi. Ég er ekki að fara fram á það. En hvað segir Alþingi gagnvart atvinnurekstrinum í landinu? Það eru ákveði um að launamiðum beri að skila fyrir ákveðinn dag, það eru ákvæði um að skila skattaframtölum á ákveðnum degi og það eru ákvæði um að skila söluskattsframtölum. Ef þetta er ekki gert er beitt refsiákvæðum, sektum í stórum stíl. Þá spyr ekki Alþingi að því, hvort þetta fólk þurfi að ráða einhverja aukamenn eða hvort fólkið, sem starfar í þessum fyrirtækjum, verði að vinna þetta í eftirvinnu og það kosti fyrirtækin aukavinnu. Þarna eru sett skýr og ákveðin ákvæði, og það sama á að gilda um Alþingi og aðra í þessu þjóðfélagi að mínum dómi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson gerði að umtalsefni fsp. sem hann bar fram á Alþingi fyrir alllöngu. Hann hefur verið látinn fylgjast með því af hálfu forsrn., hvernig gengi að afla þeirra upplýsinga sem þar var óskað eftir eða nausðynlegt var að afla áður en svör yrðu gefin. Hér er bæði um það að ræða, sem vakir fyrir hv. þm., hvort auka eigi fjárveitingar til jarðvísinda eða jarðfræðirannsókna, og hins vegar vafalaust um ráðstafanir, svo sem varnargarða og annað, í sambandi við það ef frekara gos og hraunrennsli verður á þessu svæði.

Áður en svarað yrði fsp. hv. þm. var að sjálfsögðu nauðsynlegt að afla sem nákvæmastra upplýsinga um þessi mál. Það eru að ég ætla fjögur ráðuneyti sem þarna eiga hlut að máli. Það er menntmrn., sem hinar vísindalegu rannsóknir heyra undir, það er iðnrn., sem hefur þarna mjög komið við sögu bæði vegna Kröfluvirkjunar en ekki síður vegna Kísiliðjunnar, sem hefur að sérfróðra manna áliti verið talin í verulegri hættu. Málið snertir dómsmrn., sem Almannavarnir heyra undir, og svo að sjálfsögðu fjmrn. vegna þess að hér er um það að ræða

hvort eigi að verja úr ríkissjóði auknu, jafnvel verulegu fé í þessu skyni.

Um leið og fsp. hafði verið leyfð og forsrn. var skrifað um þetta var að sjálfsögðu haft samband við öll þessi fjögur ráðuneyti og þau við þær stofnanir sem undir þau heyra. Þær upplýsingar, sem fást, þarf svo í sjálfu sér að ræða milli þessara aðila og samhæfa. Því miður eru ekki enn komnar allar þær upplýsingar og skýrslur sem skapa grundvöll undir það að svara fsp. hv. þm.

Fyrir viku, þegar þessi fsp. átti að vera á dagskrá, hafði ég samband við hv. fyrirspyrjanda. Ég var tilbúinn að svara fsp. svo langt sem þær skýrslur og svör næðu sem fyrir lægju, en það væru í rauninni ekki nema hálf svör. Ég taldi því réttara, og mér skildist að hv. fyrirspyrjandi féllist á það, að hyggilegra og vænlegra og æskilegra væri á alla lund að svara fsp. þegar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru um þessi atriði öll, lægju fyrir. Ég kannaði að sjálfsögðu í gær hvort þessar upplýsingar lægju þannig fyrir að hægt væri að svara fsp. í dag. Þeir, sem um þetta hafa fjallað og lagt í það mikla vinnu, töldu ekki rétt að láta svör frá sér fara nú vegna þess að þau væru í rauninni ekki fyllilega tilbúin.

Þetta segi ég til skýringar á því, hvernig í þessu máli liggur. En það leiðir aftur hugann að því, sem væri æskilegt að t. d. hæstv. forsetar Alþingis athuguðu, hvort ekki þarf að endurskoða reglurnar um fyrirspurnir.

Þegar fyrirspurnir voru lögleiddar og ákveðnar í þingsköpum fyrir nokkrum árum var farið eftir erlendri fyrirmynd, fyrst og fremst eftir fyrirmynd frá breska þinginu sem hafði langa hefð í þessum efnum. Þar eru fyrirspurnir með þeim hætti, að það er ætlast til og unnt af hálfu ráðherra að svara þeim undirbúningslaust. Það þarf ekki að leggja mjög mikla vinnu í að afla gagna til að svara þeim. Hér á Alþingi er komið töluvert út á þá braut, að bornar eru fram og leyfðar fyrirspurnir sem kostar gífurlega mikla vinnu hjá ráðuneytum, stofnunum og sérfræðingum að undirbúa svör við. Þó að æskilegt sé og geti verið gott og gagnlegt að fá slíkar skýrslur, þá verða menn að skilja að þingsköpin, sem ætlast er til mjög skjótra svara við fyrirspurnum, eiga hér alls ekki við. Hér er verið að óska eftir ítarlegum skýrslum sem kosta bæði fé og fyrirhöfn og mikinn tíma.

Að sjálfsögðu mun ég undir eins og unnt er svara fsp. hv. þm.

Varðandi fsp. hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, en hann óskaði eftir skriflegu svari, hef ég í rauninni engu við það að bæta sem hæstv. forseti Sþ. gat um. Ég vil aðeins taka fram í fyrsta lagi, að slík fsp. hefur verið borin fram áður hér á þingi, fyrir að ég ætla þrem, fjórum árum. Miðað við hin prentuðu svör við þeirri fsp. geri ég ráð fyrir að svarið við þessari fsp. hv. þm. mundi verða á annað hundrað blaðsíður prentaðar, sem sagt heil bók. (**MB:** Það er einhver gróska í þessu.) Ja, gróska í því? Fyrri fyrirspurnin kom fram í ráðherratíð okkar beggja, hv. 1. þm. Vestf. og mín. Það var varðandi árið 1977, og það var allmikil bók þá líka. Ég geri varla ráð fyrir að efnið hafi minnkað síðan. Ég get þessa hér til að sýna fram á að hér er ekki verið að bera fram fsp. sem hægt sé að svara í stuttu máli án verulegrar vinnu. Hér er um að ræða svar sem mundi verða mikið að vöxtum vegna þess að hér er óskað mikillar sundurliðunar á því sem um er spurt. Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga, og þessari fsp. verður auðvitað svarað. En ég vil aðeins taka það fram, að þó að forsrn. hafi — strax þegar fsp. var leyfð — ritað öllum þeim stofnunum og ráðuneytum, sem hér eiga hlut að máli, hafa ekki nærri öll svarað enn. Hæstv. forseti gat þess, að meðal þeirra, sem ekki hefðu sent skýrslu sína, væri sjálft Alþingi. Ég held að það sé ekki rétt að fara að prenta þessa skýrslu og útbýta henni til hv. þm. meðan aðeins nokkur hluti þeirra ráðuneyta og stofnana, sem fsp. er beint að, hefur svarað.

Þetta vildi ég láta koma fram, um leið og ég tek það fram, að ýmis ráðuneyti og stofnanir hafa þegar gert fullkomin skil. Frá mörgum þeirra liggur allt þegar fyrir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. hans ágætu svör. En það breytir engu um það, að níu vikur eru dágóður tími til þess að ganga frá svörum við fsp. af þessu tagi, enda krefst þessi fsp. ekki mjög langrar skýrslugerðar.

Ég vil svo aðeins segja það vegna þessarar umræðu hér, að það er auðvitað hárrétt sem hv. þm. Benedikt Gröndal benti á s. l. þriðjudag í fsp.-tíma, að það er kominn tími til að endurskoða fyrirspurnaformið hér á hinu háa Alþingi. Það hefur t. d. gerst, eins og s. l. þriðjudag, að hv. þm., sem hafa lagt fram fsp. og átt að flytja þær, hafa ekki verið viðstaddir þegar ráðherrar hafa verið tilbúnir að svara fsp. Ég tel að það væri ástæða til fyrir hina virðulegu forseta þingsins að fjalla um þessi mál og athuga hvort ekki væri hægt að koma á einhverri nýskipan í sambandi við fyrirspurnir.

Sameinað þing, 46. fundur.

Þriðjudaginn 2. febr., að loknum 45. fundi.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn, þáltill. (þskj. 275). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949. Þessi viðbótarsamningur var undirritaður af fulltrúum NATO-ríkjanna 15 á utanríkisráðherrafundi bandalagsins hinn 10. des. s. l. Hann tekur gildi þegar allar bandalagsþjóðirnar hafa fullgilt hann skv. stjórnskipunarlögum hvers ríkis, og heimilast þá framkvæmdastjóra bandalagsins fyrir hönd núverandi aðildarríkja að bjóða ríkisstj. Spánar að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Tekur aðildin síðan gildi frá þeim degi sem Spánn afhendir formlega þessa beiðni.

Við afgreiðslu þessa máls innan Atlantshafsbandalagsins hefur verið viðhafður sami háttur og þegar Tyrkland og Grikkland gerðust aðilar 1951 og Sambandslýðveldið Þýskaland 1954, en önnur bandalagsríki voru stofnaðilar.

Ríkisstjórn Spánar ákvað að leita eftir aðild á s. l. ári eftir að meiri hluti spánska þjóðþingsins hafði samþykkt að slík ósk skyldi sett fram.

Í viðræðum mínum við utanrrh. Spánar á s. l. hausti svo og í umræðum innan Atlantshafsbandalagsins hef ég látið í ljós þá skoðun mína, að réttmætt og eðlilegt væri að styðja þá ósk sem meiri hluti spænska þjóðþingsins hefur sett fram. Nú þegar lýðræðislegir stjórnarhættir

hafa verið teknir upp á Spáni og rétt kjörnir fulltrúar þjóðarinnar óska eftir nánari tengslum við vestræn ríki á ýmsum sviðum, m. a. með aðild að Atlantshafsbandalaginu, væri í ljósi góðra samskipta okkar við Spán óeðlilegt ef við tækjum ekki jákvætt í þessa aðildarbeiðni. Jafnframt tók ég fram að staðfesting á viðbótarsamningnum væri háð heimild Alþingis. Heimildar Alþingis er nú óskað með þessari till. til þál., en sami háttur var hafður á þegar viðbótarsamningarnir vegna aðildar Grikklands, Tyrklands og Sambandslýðveldisins Þýskalands voru lagðir fyrir Alþingi á sínum tíma. Þegar munu einhver þjóðþing hafa samþykkt þessa aðildarbeiðni.

Að loknum þessum þætti umræðunnar er lagt til að till. verði vísað til utanrmn.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Þegar Atlantshafsbandalagið var stofnað 1949 var við völd á Spáni fasistísk einræðisstjórn undir forustu Francos hershöfðingja. Ég tel að óhætt sé að fullyrða að hefði verið lýðræðisstjórn í landinu á þeim tíma hefði Spánn verið meðal stofnenda Atlantshafsbandalagsins. Að því lúta fjöldamargar röksemdir sem liggja í augum uppi þegar horft er á Evrópukort. Lega landsins er sú, að það á sannarlega heima með öðrum ríkjum sem eru í Atlantshafsbandalaginu, bæði á Atlantshafsströnd álfunnar og við Miðjarðarhaf.

Nú hafa orðið þær stórfelldu breytingar og gleðilegu, að þessari einræðis-fasistastjórn á Spáni er lokið og þar er nú verið að byggja upp lýðræðislegt stjórnarfar. Hefur það gengið að mörgu leyti vel þótt nokkur áföll hafi orðið eins og vel mátti búast við. Ég tel því mjög eðlilegt að nú verði einnig gerð breyting á utanríkisstefnu Spánverja, eins og meiri hluti á þingi þeirra hefur ákveðið, og þeir gangi í Atlantshafsbandalagið. Ég geri fastlega ráð fyrir að þeir muni einnig verða hluti af Efnahagsbandalaginu. Að því lúta mörg hin sömu landfræðilegu og raunar hagfræðilegu rök. En það kemur ekki þessu máli við.

Alþfl. telur eðlilegt að Spánverjar verði þátttakendur í Atlantshafsbandalaginu. Við munum greiða því atkvæði, að Ísland standi ekki í vegi fyrir að svo geti orðið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í fjarveru formanns Alþb., hæstv. félmrh., vil ég láta það koma hér fram, að þegar þessi till. var afgreidd í ríkisstj. lýstu ráðherrar flokksins því yfir, að Alþb. stæði ekki að flutningi till. og mundi ekki greiða henni atkvæði.

Alþb. er, eins og öllum hér er kunnugt, andvígt aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Okkur finnst ekki eðlilegt, á grundvelli þeirrar afstöðu, að við séum að taka þátt í afgreiðslu máls af þessu tagi. Mér finnst rétt að þessi afstaða komi hér fram og hún liggi skýrt fyrir við upphaf meðferðar þessa máls hér á Alþingi.

Jafnframt held ég að það sé nauðsynlegt að hv. Alþingi kynni sér nokkru nánar en hér hefur komið fram meðferð þessa máls á Spáni. Þar hefur verið hörð andstaða gegn aðild Spánar að Atlantshafsbandalaginu. M. a. hefur sá flokkur, sem er í alþjóðlegu bandalagi með Alþfl. hér, Sósíalistaflokkur Spánar, bræðraflokkur Alþfl., beitt sér harðlega gegn því að Spánn gerist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Ég held ég fari rétt með að allir þingmenn þess flokks hafi greitt atkvæði gegn því á þingi Spánar þegar það var til afgreiðslu. Jafnframt komu fram á þjóðþingi Spánar óskir að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um aðildina, svo að það gæti legið ljóst fyrir hvort meiri hluti spænsku þjóðarinnar væri því fylgjandi, að Spánn gengi þetta skref.

Margar ástæður liggja því að baki að stór hluti spænska þingsins og spænsku þjóðarinnar, ef ekki meiri hluti þjóðarinnar, er andvígur því, að Spánn gerist aðili að Atlantshafsbandalaginu. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að við meðferð þessa máls hér á Alþingi fáum við í utanrmn. og þinginu í heild nánari lýsingar á meðferð málsins á Spáni. Ástæðan er sú, að því miður er saga Spánar á þann veg, að lýðræði á eftirstríðsárum á sér þar mjög skamma ævi. Það eru ekki nema nokkur misseri síðan við lá að herinn tæki völdin á nýjan leik á Spáni. Þeir, sem staðið hafa vörð um lýðræðið á Spáni og harðast og lengst barist fyrir endurreisn þess, óttast mjög að tengsl Spánar við hernaðarbandalagið NATO kunni að verða til þess að styrkja herinn á Spáni í sessi og gefa honum gæðastimpil sem geri honum kleift að taka völdin og brjóta lýðræðið niður í skjóli aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu, á sama hátt og herforingjastjórnin í Grikklandi tók völdin og drap lýðræði þar í landi og fangelsaði stjórnmálamenn í áraraðir í skjóli aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu, á sama hátt og herinn í Tyrklandi hefur tekið völdin þar og heldur þeim í skjóli aðildarinnar að Atlantshafsbandalaginu.

Það eru lýðræðisöflin á Spáni sem vilja forða þjóðinni frá því að verða á ný fórnarlamb valdatöku herforingjastjórnar. Þau óttast mjög að aðild Spánar að þessu hernaðarbandalagi og þar með þátttaka spænska hersins í hernaðarsamstarfi af þessu tagi kunni að styrkja hernaðaröflin í landinu í sessi.

Því miður er það þannig, að kenningin um Atlantshafsbandalagið sem varnarbandalag lýðræðisþjóða hefur í reynd ekki staðist. Ég segi: því miður, vegna þess að þótt ég sé andvígur þessu bandalagi hefði ég þó kosið að sú kenning, sem það er byggt á, að það eigi að standa vörð um lýðræði, reyndist raunhæfari en orðið hefur. Um þessar mundir er eitt af ríkjum Atlantshafsbandalagsins án lýðræðis. Þar ríkir grimmdarstjórn herforingja. Þar eru verkalýðsfélög bönnuð, stjórnmálaflokkar bannaðir, þúsundir stjórnmálamanna í fangelsum, frjálsir fjölmiðlar bannaðir og allt það, sem við teljum kjarnaþætti í lýðræðislegu stjórnarfari, hneppt í fjötra. Á Grikklandi var um áraraðir sams konar ástand. Í Portúgal var það einnig um langan tíma.

Ég hef hlýtt á ræður margra spænskra stjórnmálamanna sem óttast mjög, að fyrir þeirra landi kunni að liggja sömu örlög innan tíðar, og sjá aðildina að Atlantshafsbandalaginu ekki sem skref í lýðræðisátt, heldur sem skref í þá átt að styrkja hernaðaröflin í sessi í spænska þjóðfélaginu, kunni að vera spor í þá átt að grafa lýðræðinu á Spáni gröf þó að það kunni að þjóna hernaðarhagsmunum ýmissa erlendra ríkja sem gjarnan vilja hafa Spán að hernaðarvini, hvað svo sem líður stjórnarfarinu í því landi. Það er þess vegna sem bræðraflokkur Alþfl. á Spáni barðist hart, eins hart og hann gat, gegn aðildinni að Atlantshafsbandalaginu. Það er þess vegna sem þau öfl á Spáni, sem áratugi í útlegð og áratugi neðanjarðar í spænsku þjóðfélagi börðust gegn fasistastjórn þeirri sem þar var, börðust einnig gegn því, að land þeirra gengi í hernaðarbandalagið NATO.

Ég held að það sé nauðsynlegt, þegar við hér á Íslandi — sérstaklega þeir sem ætla sér að standa að því að samþykkja þessa till. — erum að fjalla um hana, að gera sér grein fyrir því, hverjar eru röksemdir með og móti í því ríki sem þarna á í hlut, þeirra andstæðinga sem þarna

koma við sögu, þótt vissulega sé sú venja í gildi að viðurkenna fullgildisrétt hverrar þjóðar og stjórnvalda þar í landi til þess að ákveða með formlegum hætti þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, hvað svo sem líður afstöðu minni hlutans í viðkomandi landi. Það er vissulega grundvallarregla sem ætíð verður sjálfsagt höfð í heiðri. Engu að síður skulum við ekki láta umræðuna um aðild Spánar að Atlantshafsbandalaginu fara fram hjá okkur án þess að ræða hér um vanda þeirra ríkja sem í þessu bandalagi starfa, þegar herforingjastjórnir hafa tekið völdin í aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins, eins og nú hefur verið í Tyrklandi, hefur gerst í Grikklandi, verið í Portúgal og verið lengi á Spáni og margir óttast að þar kunni að verða einnig jafnvel innan skamms. Þá kemur sú staðreynd til íslenskra forráðamanna, að þeir eru á lögformlegan hátt orðnir bandamenn þeirra herja sem í heimalöndum sínum hafa gerst forgöngumenn þess að brjóta lýðræðið niður og bera nú í einu aðildarríki Atlantshafsbandalagsins ábyrgð á því, að stjórnmálaflokkar eru bannaðir, að verkalýðsfélög eru bönnuð, að frjálsir fjölmiðlar eru bannaðir, að fyrrverandi forsætisráðherra landsins er í fangelsi, að þúsundir stjórnmálamanna hafa verið hnepptir í fangelsi og sætt þar pyntingum og þar sem öll sú starfsemi, sem við kennum við kjarnann í lýðræðinu sjálfu, hefur verið hneppt í fjötra.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Áður en þessi till. fer til nefndar þykir mér rétt að lýsa því yfir, að þingflokkur sjálfstæðismanna mun styðja þetta mál.

Afstaða Alþb. kemur í sjálfu sér ekki á óvart, að það sé andvígt tillögunni.

Ég held að hugleiðingar um fylgi Spánverja við aðild að Atlantshafsbandalaginu séu í sjálfu sér óþarfar hér á hv. Alþingi. Það hefur verið tekin lögleg ákvörðun í spænska þinginu þar sem spænska þingið hefur óskað aðildar að Atlantshafsbandalaginu. Ég get ekki séð að hugleiðingar hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um það, hvort þessi aðild muni styrkja herinn á Spáni, komi þessum umr. hér á hv. Alþingi við. Það, sem hér skiptir máli, er það sem aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa fullvissað sig um, eins og stendur hér í fskj., að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það, að Spánn gerist aðili að samningnum, og þess vegna hafi þeir orðið ásáttir um þennan viðbótarsamning.

Manni verður að hugsa hvort það sé þess vegna, sem Alþb. er á móti því að Spánn gerist aðili að Atlantshafsbandalaginu, að það muni styrkja þjóðir Vestur-Evrópu þegar þær eru að þjappa sér saman gegn aðsteðjandi ógnunum. Það er þetta sem mér sýnist að vaki fyrir Alþb. þegar það lýsir yfir andstöðu sinni við að Spánn gerist aðili að bandalaginu.

Þetta vildi ég láta koma hér fram áður en málið fer til nefndar.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Það getur ekki leikið nokkur vafi á því, að það eru lögmætir kjörnir fulltrúar þjóðþingsins á Spáni sem hafa sett fram beiðni um að gerast aðili að Atlantshafsbandalaginu. Að sjálfsögðu getur verið einhver minni hluti þar sem er andvígur því. Slíkt hefur gerst, kannske í nær öllum löndum sem hafa gerst aðilar að Atlantshafsbandalaginu. En ég býst við að við hér séum sammála þeirri grundvallarreglu, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson drap á og undirstrikaði, að auðvitað verður að hlíta því sem lögmætir forsjármenn ríkis ákveða, annað ríki, t. d. við Íslendingar í þessu tilfelli getum ekki farið að gerast forsjármenn Spánar. Það, sem er meginatriði, er að Spánn hefur á löglegan hátt óskað eftir aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Ég held að það væri mjög óeðlilegt og óheppilegt ef Ísland snerist gegn slíkri beiðni af hálfu Spánar. Spánn er gamalt vinaríki Íslands, gamalt rótgróið viðskiptaland Íslands, eitt af þýðingarmestu viðskiptalöndum Íslands. Það þykir kannske goðgá að nefna í þessu sambandi viðskiptahagsmuni. Samt sem áður verðum við Íslendingar að hafa það í huga, að við erum ekki einir í heiminum og við verðum — eða það er a. m. k. æskilegt fyrir okkur að við eigum sem víðast vinum að mæta. Það er ákaflega óvarlegt af okkar hálfu að vera með móðganir í garð annarra ríkja þegar ástæðulaust er. En það mundi vissulega vera tekið þannig ef við snerumst gegn inntökubeiðni Spánar. Eins og ég sagði er Spánn ekki lítið viðskiptaland okkar. Það eru ekkert litlir hagsmunir okkar í húfi í sambandi við Spán.

Á s. l. ári voru flutt héðan til Spánar milli 10 þús. og 11 þús. tonn af saltfiski. Þá voru flutt til Spánar af saltfiski nær 20 þús. tonn alls frá Íslandi og öðrum löndum. Og Spánverjar sjálfir veiða fisk sem nemur um 20 þús. tonnum af saltfiski. Ísland flytur því til Spánar fjórðung þess saltfisks sem þar er á boðstólum. Það þykir kannske, eins og ég sagði áðan, goðgá að nefna svona atriði í sambandi við þetta mál. En þetta eru samt staðreyndir sem hollt er að hafa í huga.

En hitt er sjálfsagt, að utanrmn. fái þau gögn sem varða þetta mál, þannig að menn fái þær upplýsingar sem fyrir hendi eru. Ég vænti þess, þó að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson verði á móti þessari beiðni, að hann athugi málið með skynsemi. Og kannske mundu renna á hann tvær grímur ef það ylti á hans atkvæði.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka það skýrt fram, að ég hef ekki dregið hér á neinn hátt í efa að lögformleg stjórnvöld á Spáni hafi tekið þá ákvörðun sem hér liggur fyrir að við lýsum yfir stuðningi við. Ég setti hins vegar fram þá ósk, að í meðferð málsins hér á Alþingi fengjum við líka að kynnast röksemdum þeirra áhrifaríku afla á Spáni sem hafa lagst gegn þessari aðild á þjóðþingi Spánar. Ég held að ég fari rétt með að skoðanakannanir á Spáni sýni að þau andstöðuöfl hafi meiri hluta með þjóðinni fyrir sínum málstað, en sá þingmeirihluti, sem samþykkti aðildina að Atlantshafsbandalaginu, styðji sig hins vegar við minni hluta þjóðarinnar samkv. skoðanakönnun. Að vísu getur álit í skoðanakönnunum sveiflast frá viku til viku og mánuði til mánaðar. Mér finnst hins vegar nauðsynlegt að þessir þættir séu hafðir í huga, vegna þess að hvort sem okkur líkar betur eða verr, Íslendingum, og hvað svo sem líður markaðsmöguleikum á saltfiski, þá verða íslensk stjórnvöld, Alþingi og ríkisstj., að horfast í augu við það, að því fylgja ákveðnir hlutir að vera í formlegu bandalagi með herforingjastjórn, að vera í formlegu hernaðarbandalagi með herforingjastjórnum. Þegar farið er að nota herinn í tilteknu landi til að brjóta niður stjórnmálaflokka, verkalýðsfélög, frjálsa fjölmiðla, háskólana og nota fangelsi hersins til þess að færa þangað stjórnmálamenn af þjóðþingum og úr fyrrv. ríkisstjórnum, pynta þá og beita öðrum viðlíka aðferðum, þá er það alvarlegt mál fyrir ákveðna þjóð að vera

formlegur bandamaður slíkrar herforingjastjórnar. Það hefur hent Ísland að vera bandamaður slíkrar herforingjastjórnar í Grikklandi og Ísland er það að forminu til í dag hvað snertir Tyrkland.

Ég vil í þessu sambandi nefna hér aðeins eina sögu úr æviminningum Galbraiths prófessors í Bandaríkjunum og þekkts sendiherra, sem Bandaríkin höfðu í Indlandi. Hann rekur hvernig hann og nokkrir háskólakennarar í Bandaríkjunum forðuðu á einni nóttu frá því voðaverki, að herforingjarnir í Grikklandi, sem þá höfðu tekið völdin með stuðningi stjórnar Lyndons Johnsons Bandaríkjaforseta, dræpu Andreas Papandreou, sem nú er forsætisráðherra Grikklands. Í þessum æviminningum er því lýst nákvæmlega, hvernig nokkrir háskólakennarar í Bandaríkjunum gátu með áhrifum sínum á einni nóttu og gegnum tengsl sín við Hvíta húsið afstýrt því, að núv. forsætisráðherra Grikklands yrði líflátinn af herforingjunum sem þá voru búnir að taka völdin.

Þeir stjórnmálamenn jafnaðarmannaflokka, frjálslyndra flokka, hægri flokka og vinstri flokka, sem hafa þurft að berjast fyrir sjálfu lýðræðinu í sínu landi, gegn hernum í eigin landi, hafa dýrkeyptari reynslu af þessum málum en við, sem höfum blessunarlega verið laus við það, að slík öfl réðu stjórnarfarinu í okkar landi. Íslenskir þingmenn hafa ekki þurft að óttast það, að innlendur her kynni einn góðan veðurdag að koma að þeim að nóttu til á heimilum þeirra og færa þá í tugthús frá fjölskyldum þeirra, geyma þá árum saman og brjóta allt lýðræði í landinu niður. En þetta gerðist á Spáni. Þetta gerðist í Grikklandi. Þetta gerðist í Tyrklandi. Og þetta gerðist í Portúgal. Öll þessi ríki og með Spáni nú eru bandalagsríki Íslendinga. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að við gefum okkur þó ekki væri nema smástund við meðferð þessa máls hér á Alþingi til þess að kynna okkur röksemdir þeirra stjórnmálaafla á Spáni — það eru sterk og mikil öfl — sem lögðust gegn þessari aðild vegna þess að þau óttuðust að hún gæti veikt lýðræðið í þeirra landi en ekki styrkt það. Ég tók eftir því, að hv. þm. Ólafur G. Einarsson tók sér ekki lýðræði í munn í ræðu sinni áðan. Hann talaði eingöngu um hernaðarhagsmuni á Norður-Atlantshafi. Kannske er það kjarni málsins, að það bandalag, sem hér er verið að ræða um, snýst þegar allt kemur til alls ekki um lýðræði, heldur um hernaðarhagsmuni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, þáltill. (þskj. 9). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt eftirtöldum hv. alþm.: Halldóri Ásgrímssyni, Páli Péturssyni, Guðmundi G. Þórarinssyni, Stefáni Guðmundssyni og Níelsi Á. Lund, að flytja till. til þál. um íslenska iðnkynningu. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar tillgr. svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði er hafi það að markmiði:

a) að stuðla að aukinni sölu á framleiðslu og þjónustu íslensks iðnaðar,

b) að skapa jákvæðari afstöðu almennings til íslensks iðnaðar,

c) að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar."

Í sjálfu sér verður ekki um það deilt, að iðnaður gegnir mjög þýðingarmiklu hlutverki í íslenskri efnahagsþróun, enda hefur verið mikið ritað og rætt um þau mál nú síðari ár. Í ljósi þess, að iðnaðurinn eigi að taka við 6000—6500 manns á næstu 7—8 árum, er greinilegt hversu mikið er í húfi að nú verði unnið að málefnum iðnaðarins af framsýni og þrótti á öllum sviðum.

Segja má að þáttaskil hafi orðið í íslenskum iðnaði upp úr 1970 með tilliti til þess að standa mitt í ölduróti hins stóra markaðskerfis Evrópu. Allan síðasta áratug og allt fram á þennan dag hefur verið um það deilt, með hvaða hætti skyldi hyggilegast staðið að þeirri aðlögun að fríverslun sem óhjákvæmileg var og leiddi af sér harðnandi samkeppni. Ég er þeirrar skoðunar, að almennt talað hafi íslenskur iðnaður þrátt fyrir allt staðið sig nokkuð vel með tilliti til gerbreyttra aðstæðna nú síðasta áratug, enda þótt út af hafi brugðið að sjálfsögðu í einstökum tilfellum.

Eins og kunnugt er er okkar hagkerfi að mestu leyti byggt upp með tilliti til sjávarútvegs, enda eru yfir 70% af útflutningstekjum landsmanna af sjávarafurðum. Hinar ýmsu efnahagsaðgerðir undanfarinna ára hafa því eðlilega í flestum tilvikum mótast meira af þörfum sjávarútvegs en annarra atvinnuvega. En sú vísa er aldrei of oft kveðin, hversu nauðsynlegt er að hafa í huga heildaráhrif einstakra efnahagsaðgerða á atvinnuvegina og efnahagslífið. Menn verða að sjá fyrir heildaruppbyggingu þó svo ekki verði komist hjá því að sinna ýmsum sérþörfum atvinnuvega og atvinnugreina.

Það mætti eyða löngu máli í að ræða starfsskilyrði atvinnuveganna, sem er að sjálfsögðu margflókið mál, og í þessu sambandi iðnaðar og samkeppnisaðstöðu hans við erlendan iðnað, bæði heima og heiman. En þar hygg ég að vegi þyngst margvíslegar íþyngjandi aukaverkanir verðbólgu síðustu ára. Hér eru að sjálfsögðu engin ný sannindi á ferð eins og menn þekkja. Við þessar aðstæður í íslensku efnahagslífi hafa menn glímt við að byggja upp iðnað í harðri samkeppni við erlenda iðnaðarvöruframleiðslu.

Iðnaðarframleiðslan hér á landi óx þó um 70% frá 1970 til 1979, en þjóðarframleiðslan í heild um 50%, þrátt fyrir þá viðurkenndu staðreynd, að iðnaðurinn hefur ekki notið aðstöðu í ýmsu tilliti til jafns við aðra undirstöðuatvinnuvegi, t. d. að því er varðar fjármagn og opinbera fyrirgreiðslu. Sem betur fer hafa íslensk fyrirtæki, bæði í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, sýnt aðlögunarhæfni og styrk í ört vaxandi samkeppni við erlenda framleiðendur. Hitt er ljóst, að á mörgum sviðum á iðnaðurinn mjög undir högg að sækja og fer í ýmsum atriðum halloka í þeirri samkeppni. Til marks um hlutdeild iðnaðar í íslensku efnahagslífi sakar ekki að minna á að árið 1978 skilaði iðnaðurinn um það bil 35% þjóðarframleiðslunnar ef miðað er við tekjuvirði vergrar þjóðarframleiðslu. Af útflutningi eru iðnaðarvörur um það bil 22%. Hlutur iðnaðar er um það bil 16% í heildargjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Talið er að árið

1979 hafi verið um 100 þús. ársstörf hér á landi. Við iðnað störfuðu þá rúmlega 30 þús. manns, þ. e. við framleiðsluiðnað, þjónustuiðnað og byggingariðnað, eða 30% starfandi fólks.

Í upphafi máls míns gat ég þess, að iðnaðurinn þyrfti að taka við 6000—6500 manns á næstu 7—8 árum. Gera má ráð fyrir að yfir 25 þús. starfstækifæri verði að mynda fram til næstu aldamóta og verður drjúgur hluti þess fólks, sem kemur á vinnumarkaðinn, að hasla sér völl í iðnaði. Enda þótt við lítum aðeins á þessar tölur er augljóst að menn mega ekki draga lappirnar þegar iðnaðurinn er annars vegar.

Ég drap áðan örfáum orðum á þær breyttu aðstæður sem urðu við EFTA-aðildina, fríverslunarsamningana. Eins og kunnugt er hafa jafnan síðan staðið deilur um það, hvort stjórnvöld á hverri tíð hafi staðið við gefin fyrirheit gagnvart íslenskum iðnaði. Ég hef ekki ætlað mér að setjast í dómarasæti í þessu tilliti, enda þýðingarlítið að sakast um orðinn hlut og hyggilegra að mínum dómi að horfa fram en aftur.

Eins og kunnugt er var aðlögunargjaldið fellt niður en jöfnunargjaldið framlengt. Gjöldum þessum var ætlaður gildistími til ársloka 1980. Jafnframt framlengingu jöfnunargjaldsins var ríkisstj. heimilað með ákvæðum til bráðabirgða að leggja á 2% jöfnunar- og aðlögunargjald eða ígildi þess til viðbótar jöfnunargjaldinu. Síðan hefur verið deilt um það, hvort réttlætanlegt væri gagnvart EFTA og EBE að láta bráðabirgðaákvæði laganna koma til framkvæmda. Sumir telja of mikið í húfi vegna hagsmuna okkar á viðskiptasvæði EFTA og Efnahagsbandalagsins í sambandi við hugsanlegar gagnaðgerðir í ljósi viðbótarjöfnunargjalds eða aðlögunargjalds, ef til kæmi, en á þetta hefur ekki reynt.

Að sjálfsögðu höfum við það í hendi okkar að jafna aðstöðu iðnaðar í samanburði við aðra atvinnuvegi hér innanlands, svo sem að því er varðar álagningarreglur og innheimtu söluskatts, prósentustig launaskatts og aðstöðugjald. Sem betur fer hefur nú verið tilkynnt af hálfu stjórnvalda að þarna muni verða gerðar leiðréttingar á næstu vikum. Ber að fagna því og sérstaklega að því er varðar launaskattinn. Auðvitað þarf að taka þessi mál mjög föstum tökum á næstu vikum og næstu mánuðum og huga í miklu ríkari mæli en gert hefur verið að jöfnun þeirrar aðstöðu sem oft hefur verið talað um.

En það, sem veldur e. t. v. mestum áhyggjum og við eigum sennilega fæst svör við, eru hinar að því er virðist margháttuðu stuðningsaðgerðir við iðnað erlendis í okkar nágrannalöndum. Eins og að líkum lætur eru þessar aðgerðir með misjöfnum hætti eftir löndum og jafnvel svæðisbundnar innan einstakra ríkja og misjafnar eftir iðngreinum. Þess vegna hlýtur að vera mjög örðugt að leggja fram óyggjandi sannanir þannig að hægt sé að beita þeim vopnum sem bíta, ef ég má svo að orði komast. Þó vilja sumir halda því fram og meðal annarra forsvarsmenn iðnaðarins, að nægar heimildir séu fyrir hendi til að staðfesta að þessar styrktaraðgerðir hafi mikil áhrif á samkeppnisaðstöðu íslensks iðnaðar. Ég vil minna á í þessu sambandi að í EFTA- og EBE-samningunum eru heimildir til tímabundinnar aðstoðar við einstakar iðngreinar sem eiga í erfiðleikum.

Hinar ýmsu iðngreinar hér á landi eru að sjálfsögðu misjafnlega á vegi staddar. Í örstuttri framsögu ætla ég mér ekki, enda ómögulegt, að gera svo miklu máli viðhlítandi skil. Ég vil þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um húsgagna- og innréttingaiðnaðinn.

Samkv. könnun, sem gerð var 1977, virðist hlutur innlendrar húsgagnaframleiðslu af heildarmarkaði vera um 70%. En samkv. könnun, sem gerð var 1979, var þetta hlutfall komið niður í um 50%. Á liðnu ári virðist ekki að vænta bata nema síður væri. Innflutningsskýrslur bera vitni þess, að innflutningur húsgagna hafi aukist fyrstu sex mánuði liðins árs um 83% miðað við sömu mánuði fyrra árs. Sömuleiðis virðist innflutningur innréttinga hafa aukist gífurlega á fyrri hluta ársins 1981 eða um 92%. Það er giskað á að hlutur innlendrar húsgagnaframleiðslu sé nú um það bil 25% hér á heimamarkaði.

Ég átti fyrir skömmu tal við einn ágætan húsgagnaframleiðanda hér í Reykjavík. Hann fullyrti að sumar húsgagnaverslanir hefðu eingöngu erlend húsgögn á boðstólum, ekki vegna þess að forsvarsmenn þessara verslana vildu ekki í sjálfu sér selja íslenska vöru, heldur væru þeir beittir beinum eða óbeinum þvingunum af hálfu hinna erlendu viðskiptavina í ljósi hagstæðari kjara með tilliti til þess, að innlend framleiðsla kæmi þar ekki inn fyrir dyr. Ég bað þennan ágæta mann, sem ég nefni að sjálfsögðu ekki á nafn, að segja mér þetta aftur, hvað hann gerði. En hann bætti ýmsu við sem ég ætla ekki að hafa eftir á þessum vettvangi. Okkar samtali lauk með því, að hann sagði: „Það er bara tímaspursmál hvenær við þrákálfarnir hættum í greininni." Ég ætla að leyfa mér að vona að þetta reynist ekki áhrínsorð.

Ég sagði í upphafi að mikið hefði verið ritað og rætt um íslenskan iðnað á undanförnum árum. Margir hafa þar komið við sögu og flest hefur þar verið fallega sagt. En ég vil þó vera sanngjarn og viðurkenna að ýmislegt hefur verið vel gert.

Sú till. til þál. um íslenska iðnkynningu, sem hér er til umr. og vonandi verður samþykkt, leysir að sjálfsögðu ekki allan vanda íslensks iðnaðar. Því fer fjarri. En slík iðnkynning, sem hrundið væri í framkvæmd í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytendur í landinu, er að dómi okkar flm. mjög tímabært skref fram á veginn. Ekki síst með það að markmiði að móta jákvæðara viðhorf almennings til innlendrar framleiðslu og auka hlutdeild iðnaðarins þar með á heimamarkaði. Um leið sparast að sjálfsögðu dýrmætur gjaldeyrir, að ógleymdum öðrum markmiðum iðnkynningar.

Ég hef áður minnst á hversu ríkum skyldum iðnaðurinn hefur að gegna. Þess vegna er nauðsynlegt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að bæta samkeppnisaðstöðu hans bæði heima og heiman. Gera má honum fært að auka framleiðni þeirra greina sem fyrir eru og ýta undir nýsköpun, en um leið aukast tekjur þjóðarinnar og velferð. Þar verða allir að leggjast á eitt. Að mínum dómi þyrfti að gera miklu meira en raun hefur orðið á til þess að hvetja íslenska neytendur til kaupa á innlendum varningi í stað erlendrar framleiðslu. Í því tilliti er óumflýjanlegt að halda uppi markvissum áróðri og gera þjóðinni grein fyrir því, hvað er í húfi. Í ljósi þess er íslensk iðnkynning í sjálfu sér varanlegt verkefni en ekki tímabundið.

Herra forseti. Við flm. þessarar till. álítum að umfangsmikil kynning á íslenskum iðnaði, framleiðslu hans og þjónustu auðveldi iðnaðinum að rækja margþætt hlutverk í efnahagslífi þjóðarinnar.

Ég mælist svo til þess, að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til atvmn.

Umr. frestað.

Ávana- og fíkniefni, þáltill. (þskj. 57). — Ein umr.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 57 er að finna till. til þál. um ávana- og fíkniefni. Auk þess, sem hér stendur, eru flm. hv. alþm. Alexander Stefánsson, Jón Helgason, Níels Á. Lund, Haraldur Ólafsson, Ingólfur Guðnason, Jóhann Einvarðsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Með leyfi forseta vil ég lesa tillgr.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði heildarendurskoðun á því, hvernig leitast er við af hálfu þjóðfélagsins að verjast innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna, með árangursríkari varnaraðgerðir að markmiði.

Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982."

Það er ekki ýkjalangt síðan — eða við upphaf síðasta áratugar — að ljóst þótti að neysla fíkniefna væri orðin staðreynd hér á landi. Hér hafði knúið dyra sá vágestur sem margar þjóðir höfðu neyðst til að hýsa um árabil, fíkniefnabölið. Enda þótt ýmsum aðferðum væri beitt til þess að reka þann vágest á dyr er það staðreynd, því miður, að neysla ávana- og fíkniefna hefur aukist mjög verulega víða um lönd, ekki síst kannabisneysla, á s. l. 20 árum, en jafnframt neysla hinna sterkari efna. Bandarísk og sænsk yfirvöld hafa birt skýrslu um þróun kannabisneyslu og afleiðingar hennar á líf og heilsu manna sem eru vægt til orða tekið ömurlegar. Getið er um í hinni bandarísku skýrslu að á nokkrum árum hafi fjöldi marijúananeytenda meðal 18 ára og yngri nær tvöfaldast. Í sumum ríkjanna eru um 20—30% skólaunglinga reglulegir neytendur. Fjöldi þeirra, er reynt hafa þessi efni, hefur aukist úr 39% í 69%, en stöðugum neytendum hefur fjölgað úr 6% í 19% á árunum 1971—1979.

Lengst af hafa Bandaríkjamenn og Svíar þótt beita öðrum starfsaðferðum í baráttu gegn fíkniefnabölinu en t. d. Norðmenn og við Íslendingar, þ. e. lagt meiri áherslu á fræðslu um skaðsemi eiturlyfjaneyslunnar en ströng viðurlög gegn meðhöndlun þessara efna. Nú er svo komið að Svíar eru farnir að herða tökin og fíkniefnadómurum hefur verið gert að taka fastar á málum en áður var. Eftir því sem upplýst hefur verið byggist breytt og harðari afstaða Svía ekki síst á þeirri niðurstöðu, að neytendur hinna sterkari efna, svo sem heróíns, fjármagna þá neyslu með kannabissölu.

Eins og ég áður sagði var þessara vandamála farið að gæta hér á landi um eða upp úr 1970 þótt ekki væru þau í stórum stíl. Fljótlega þar á eftir varð til vísir að fíkniefnadeild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík og þeir lögreglumenn, sem þar störfuðu, sinntu þessu verkefni svo að segja óskiptir. Í upphafi voru flest málin þá minni háttar ef svo má að orði komast. Einnig störfuðu löggæsluliðar á Suðurnesjum ötullega að þessum málum.

Árið 1972 kom fram tillaga frá samstarfsnefnd um fíkniefnavandamál. Aðalefni tillögunnar var að tryggja með fjármagni og aðstöðu ákveðinn lágmarksfjölda löggæslu- og tollgæslumanna, er sinnt gætu fíkniefnarannsóknum eingöngu, og að skipaður yrði sérstakur umboðsdómari er hefði með höndum rannsókn og fullnaðarafgreiðslu allra fíkniefnamála. Niðurstaðan varð sú, að árið 1973 var með löggjöf stofnað til sérdómstóls er fjalla skyldi um öll fíkniefnamál, bæði á rannsóknar- og afgreiðslustigi. Á þessum tíma var farið að brydda á smygli fíkniefna hingað til lands til dreifingar í hagnaðarskyni. Málin virtust þá þegar komin á alvarlegra stig. Fyrst og fremst var hér um að ræða hass og marijúana sem barst að meginhluta til samkv. upplýsingum yfirvalda frá eða um Kaupmannahöfn. Síðar virtist meginhluti fíkniefnanna berast frá Hollandi og stærstu sendingarnar frá Amsterdam og jafnframt frá Rotterdam. Í mörgum tilfellum er um að ræða flutning á þessum ófögnuði hingað til lands gegn umsaminni þóknun. Samkv. upplýsingum yfirvalda hefur komið í ljós við skoðun mála frá 1980 og reyndar einnig frá 1979, að enn hafi orðið róttæk breyting í sambandi við aðkomuleiðir kannabisefna og aðferðir við innflutning. Þessi tvö ár hefur orðið uppvíst um tugi ferða til og frá Kaupmannahöfn gagngert til kaupa á kannabisefnum. Slíkum varningi er leynt með ýmsum hætti, meira að segja innvortis þegar um hassolíu er að ræða. Söluverð þessa varnings hirði ég ekki að tíunda hér, það er gífurlegt.

Árin 1973—1974 var hérlendis mikil og glæfraleg notkun ofskynjunarlyfsins LSD og jafnvel blandað í áfengi, eins og upplýst hefur verið. Samkv. upplýsingum fíkniefnadómstólsins gerðu rannsóknaraðilar mikinn og mismunandi mun í aðgerðum gagnvart LSD og t. d kannabis, enda hægara að rekja slóð LSD-dreifingar þar eð tegundir af því voru nokkuð margar og ólíkar útlits. Svo virðist sem vinsældir LSD hafi dvínað jafnsnögglega og þær hófust, enda urðu fljótt uppvís nokkur hörmuleg dæmi um að ungt fólk beið varanlegt tjón á geðheilsu sinni vegna neyslu LSD.

Enda þótt neysla ópíums, morfíns og heróíns leiði af sér hrikaleg vandamál víða um lönd í ljósi vaxandi neyslu hefur neysla þessara efna sem betur fer ekki náð fótfestu hér á landi. En stóra spurningin er auðvitað þessi: Hversu lengi getum við hrósað happi að vera laus við þann eyðileggingarmátt sem fylgja mundi neyslu slíkra efna? Við skulum vona að það takist að forða þjóðinni frá slíku.

Frá 1974 til ársloka 1978 var lokið að meðaltali um það bil 160—170 málum við sakadóm vegna ávana- og fíkniefna. Árið 1979 var lokið 200 málum og þar af 19 aðilar dæmdir samkv. 16 ákærum og flestir síðast nefndu til refsivistar auk fésektar. Árið 1980 var lokið 285 málum og þar af 49 aðilar dæmdir samkv. 38 ákærum. Það mun vera svipaður fjöldi mála á nýliðnu ári. Samkv. samantekt lögreglumanna voru lögregluyfirheyrslur í þessum málaflokki 852 árið 1979 yfir 381 aðila. Þar af höfðu 226 komið við sögu áður. Árið 1980 voru lögregluyfirheyrslur 810 samtals yfir 451 aðila og höfðu 266 þar af komið við sögu áður. Líkur eru á að málafjöldi verði svipaður á þessu ári og eru raunar komnar tölur um það og upplýsingar, eins og ég gat um áðan, að svo hafi verið, eða jafnvel um 300 mál. Enda þótt þessar tölur segi e. t. v. lítið benda þær þó til að hér sé um allverulegt umfang að ræða, ef þess er jafnframt gætt, að uppvís brot og afgreidd eru í rauninni mun fleiri í ljósi þess að iðulega er lögð á aðila refsing fyrir mörg brot.

Í fljótu bragði verður ekki annað séð en kappsamlega sé unnið að þessum málum hérlendis. Úr því skal ég alls ekki draga og eiga þeir þakkir skildar sem að því starfi hafa komið með einum eða öðrum hætti. En spurningar hljóta alltaf að vakna þess efnis, hvar við erum á vegi stödd. Málafjöldi svo og magn fíkniefna, sem fundist hefur, gefur til kynna þá miklu hættu sem vofir yfir. Ekki

vil ég efast um að aðrar þjóðir, sem glímt hafa við þessi vandamál um árabil, hafi talið sig á hverri tíð beita réttum tökum í þessum efnum. En hver hefur reyndin orðið með hinum sömu þjóðum? Það hefur nefnilega sigið á ógæfuhlið, svo að ekki sé fastar að orði kveðið. Fíkniefnaneysla hefur aukist til mikilla muna og kaup á hinum sterkari efnum fjármögnuð með sölu á kannabis, eins og t. d. í Svíþjóð. Ekki síst í ljósi þessa verðum við að gæta okkar. Þessi vandamál snúa við okkur með sí-breytilegum hætti. Þess vegna hljóta baráttuaðferðir jafnan að vera endurmetnar. Við megum alls ekki ofmeta sérstöðu okkar að neinu leyti, svo sem að því er varðar fjarlægðir frá öðrum löndum eða fámenni. Hætturnar hljóta að leynast eigi að síður.

Herra forseti. Margir vilja ætla að árangur í erfiðri baráttu við ávana- og fíkniefnavandamálin sé umtalsverður, og ekki skal úr því dregið hér. Eigi að síður megum við aldrei láta af grandskoðun þessara mála og heildarsýn verður að vera tiltæk á hverri tíð. Við verðum að snúa vörn í sókn.

Síðustu misseri hefur mikið magn ávana- og fíkniefna verið tekið úr umferð sem að einhverju leyti má vafalaust rekja til árangursríks starfs þeirra sem að þessum málum vinna. Þrátt fyrir að mikið magn fíkniefna er tekið úr umferð þykir fullvíst að neytendum ávana- og fíkniefna hérlendis fari fjölgandi. Varla líður sá dagur að ekki sé getið um misferli á þessu sviði, sumpart neyslu, sumpart innflutning eða hvort tveggja.

Það er mjög brýnt að staldra við og gaumgæfa frekar en nokkru sinni hvort barátta okkar í viðureigninni við þennan vágest, fíkniefnin og skaðvænleg áhrif þeirra á íslenskt þjóðfélag, sé á réttum brautum. Við þá endurskoðun og þær ráðagerðir, sem till. fjallar um, skal gæta þess, að málið fái víðtæka umfjöllun aðila frá sem flestum sviðum samfélagsins í ljósi þeirrar reynslu, sem fengin er, og viðhorfa, sem fram kunna að koma.

Ég vil svo mælast til þess, að að loknum þessum hluta umr. verði till. vísað til allshn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég á það helst erindi hér að taka rækilega undir þessa till. Það er vissulega þjóðarvá, hversu alvarlegt það ástand er sem nú blasir við, sú þróun sem við höfum horft upp á. Ég kem í raun og veru einnig til að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þetta mál *verði aldrei einangrað frá þeirri vá, sem af áfengisbölinu* stafar, og það sé því full ástæða til að minna á það.

Við höfum verið að lesa í blöðunum um hinar ýmsu tegundir slíkra efna, þann faraldur sem þar gengur yfir varðandi unglinga okkar sér í lagi. Allt er það til umhugsunar og rækilegrar skoðunar, en reyndar ekkert nýtt. Slíkt æði hefur yfir gengið áður, sumir komist úr óskaddaðir, aðrir beðið tjón. Það fer ekki hjá því t. d., að þegar menn koma inn á geðdeildir sjúkrahúsa hér veiti þeir eftirtekt því unga fólki sem þar gistir um tíma eða jafnvel um framtíð, að því er manni gæti virst, þar eð sumt af því virðist sannarlega ekki eiga mikla framtíðarvon. Vonandi verður það þó svo, að þær myndir, sem í mínum huga eru núna frá heimsóknum á þessar deildir, séu þannig að fólk, sem ég hef þar í huga, muni ná réttum áttum, muni geta jafnað sig, að það hafi ekki hlotið þegar af þann óbætanlega skaða sem engin læknavísindi fá við ráðið.

En ég vil benda á það um leið, að hér er andvaraleysi okkar um að kenna, því miður. Við höfum nefnilega í frelsishjali okkar og öllu talinu um, að menn eigi að stjórna sér og hafa vald á öllu sem snertir ávana- og fíknilyf, verið að gæla við þetta beint og óbeint. Sú áfengismálastefna hefur t. d. vaðið hér uppi, og ég dreg ekki skýr mörk á milli stefnu í áfengismálum og stefnu í fíkniefnamálum, að hið fullkomna frelsi eitt gæti tryggt farsælan framgang þessara mála og öll boð og bönn og allt aðhald í þessum efnum væru af hinu illa. Og svo reka hinir sömu sem boða þetta upp stór augu og sumir þeirra nota blöðin sín til að slá upp stórfyrirsögnum um unglingana sem hafa lent á glapstigum og hafa drýgt eitthvert óðæði undir áhrifum þessara fíkniefna. Sem eðlileg afleiðing af þessu hefur andvaraleysið gagnvart ávana- og fíkniefnum hvers konar verið allt of mikið þrátt fyrir fjölmörg aðvörunardæmi, sem menn hafa haft fyrir augum sér. Menn hafa eins og hv. 1. flm. kom réttilega inn á, í raun og veru virst telja þetta fjarlægan vanda þrátt fyrir allar upplýsingar, eitthvað sem væri að gerast úti í heimi, eitthvað sem ekki væri ástæða til fyrir okkur að vera á varðbergi gagnvart eða taka hart á eða jafnvel ekki einu sinni vera í viðbragðsstöðu gegn, og þá á ég við þá viðbragðsstöðu sem ein gæti nægt, og því er vandamálið nú svo stórt m. a., svo að ég dragi ekki úr öðrum orsökum. Ég dreg ekkert úr hinum erlendu áhrifum í þessu efnum og ýmiss konar tískufyrirbærum sem þessu eru tengd.

Ég er ekki að hafa um þetta mál neina ræðu. Það er ástæðulaust. Fyrir mér eru vá þess og skelfilegar afleiðingar svo augljósar að ekki veitir af rösklegu átaki, svo sem hér er ráð fyrir gert. En ég get ekki látið hjá líða að benda á tengslin við áfengismálin um leið, það órofasamhengi sem hér er á milli varðandi heildarstefnu og ekki síður almenningsálit. Hví skyldu ekki menn, sem telja algert frelsi í áfengismálum best, telja hið sama eiga við um hvers konar önnur vímuefni einnig? Hví skyldu þeir, sem vilja hafa áfengi alls staðar, m. a. á boðstólum sem allra víðast, ekki vilja ávana- og fíkniefni hvers konar einnig? Já, og af því að ég stend nú hér í þessum ræðustól og hæstv. forseti Sþ. er hér að baki mér: Hví skyldu ekki hinir opinberu aðilar hafa ávana- og fíkniefni í veislum sínum eins og áfengi svona til tilbreytingar? Við höfum stundum minnt á slíkt hér í þingsölum og háðsglósur einar hafa mætt tillögum af því tagi. En sem betur fer erum við að vakna í æ ríkara mæli til vitundar um þá þjóðarógæfu sem af gæti vissulega hlotist ef flotið yrði enn sofandi að feigðarósi í þessum efnum, og hið sama gildir gleðilega að hluta til um áfengismálin.

Ég hygg að hæstv. ríkisstj. sé að fjalla um þessi mál. Ég er að vona að hún sé að gera það af fullri einurð og alvöru og út úr því máli geti vissulega komið pakki sem skili okkur einhverju öðru en umbúðum.

Hér er á ferð till. sem tekur á vandamálunum. Löggjafinn getur vissulega gefið sinn tón eftir þeirri till. Sá tónn í þessari till., sú ræða sem hér var flutt af hv. 1. flm., var af hinu góða og því fagna ég þessu framtaki.

Guðrún Hallgrímsdóttir: Herra forseti. Ég kem hér upp til að taka heils hugar undir þá þáltill. sem hér er á dagskrá. Hér er kveðið á um að gerð verði heildarathugun á því, hvernig best sé að verjast innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna.

Aðgerðir til að koma í veg fyrir innflutning ávana- og fíkniefna eru góðra gjalda verðar, og segja mér kunnugir að slíkt sé til muna auðveldara hér á eylandinu en annars

staðar, þar sem ekkert berst til landsins nema með skipum eða flugvélum. Eftirlit með slíkum flutningi er framkvæmanlegt með þar til þjálfuðum hundum og er hreint undravert hve auðvelt þeir eiga með að finna ýmsar tegundir fíkniefna. En það er eitt að koma eftir fremsta megni í veg fyrir innflutning ávana- og fíkniefna og annað að koma í veg fyrir útbreiðslu og neyslu.

Nýlegar umræður í fjölmiðlum, þar sem greint var frá ástandi þessara mála hér á landi, jafnvel rakin hin ótrúlegustu dæmi, sanna að það er ekki nóg að stemma stigu við innflutningi. Stóraukinnar fræðslu er þörf. Við vitum nú sem betur fer slöttungi meira en t. d. fyrir 5 árum eða fyrir 10 árum. Ég minnist þess, að fyrir 10 árum voru foreldrar í Þýskalandi yfir sig hamingjusamir þegar börnin þeirra komu drukkin heim vegna þess að þá vissu þeir að þau höfðu ekki verið í eiturlyfjum. Nú vitum við hættuna sem stafar af ávana- og fíkniefnum. En sú fræðsla, sem boðið er upp á, þarf að vera þannig að hún nái til þeirra aldurshópa, sem eru hér í mestri hættu. Ég efast ekki um góðan hug þeirra sem nú standa t. d. fyrir auglýsingaherferð í sjónvarpi gegn neyslu vímugjafa. En líklegt tel ég að fjárskortur ráði því fyrirkomulagi sem þar ríkir, og ég leyfi mér að efast um tilætlaðan árangur. Hér gæti Alþingi þrýst á. Við eigum sannarlega við þann fjölmiðil, sem áhrifamestur er, sjónvarpið, starfandi hæft og fært dagskrárgerðarfólk. Væri fé lagt til hliðar og okkar hæfa fólki falið að sjá um t. d. 5 mínútna dagskrá á einhverjum góðum tíma í sjónvarpi, þannig úr garði gerða að hún væri fræðandi um áhrif vímugjafa jafnframt því að vera skemmtileg, er ég sannfærð um að æska þessa lands lærði að varast þá miklu hættu sem af þessum efnum stafar. Ég nefni þetta sem eina leiðina til að verjast útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna, þær eru án efa fjöldamargar, þar sem þýðingarmest er að við leggjumst öll á eitt.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég þakka undirtektir hv. alþm. Helga Seljans og Guðrúnar Hallgrímsdóttur undir þessa till. Ég vil taka undir það með hv. þm. Helga Seljan, að auðvitað liggja í mörgum tilfellum sömu ástæður að baki lönguninni í það sem við köllum fíkniefni og áfengi, þannig að það er eðlilegt í mjög mörgum tilfellum að athuga þetta í samhengi.

Þessi till. sem hér er nú verið að fjalla um, tekur yfir fíkniefni eingöngu. Að dómi flm. er það talið rétt, ekki síst vegna þess að þar er mjög margt sem er allsendis óþekkt. Hví ekki að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að margvíslegur ófögnuður af því tagi berist hingað til lands til stórskaða fyrir íslenskan almenning?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég þakka yfirlýstan stuðning við tillöguna.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 47. fundur.

Miðvikudaginn 3. febr., kl. 2 miðdegis.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 284). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landnýtingaráætlun, þáltill. (þskj. 54). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 87). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 162). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til atvmn. með 37 shlj. atkv.

Aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni, þáltill. (þskj. 9). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ávana- og fíkniefni, þáltill. (þskj. 57). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn, þáltill. (þskj. 275). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Skýrsla ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál (þskj. 290). — Frh. umr.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þegar núv. hæstv. ríkisstj. var mynduð lét hún frá sér fara málefnasamning sem var næsta óljós og þokukenndur. Í efnahagsmálum var þar að finna hrærigraut þeirra úrræða sem Alþb. og Framsfl. hafa sett á oddinn síðustu árin. Það er skemmst frá því að segja, að þegar líða tók á fyrsta starfsár hæstv. ríkisstj. tók að hrikta í og að bresta í böndum. Á síðustu

vikum ársins settist hæstv. ríkisstj. niður og samdi efnahagsáætlun sem í raun var nýr stjórnarsáttmáli. Sú efnahagsáætlun var flutt í sjónvarpi á gamlárskvöld sem frægt er orðið. Kjarni hennar var sá að skerða verðbætur á laun og þjarma rækilega að atvinnuvegunum með verðlagshöftum, gengishöftum og háum fjármagnskostnaði með það fyrir augum að ná niður verðbólgunni.

Efnahagsáætlun ríkisstj. frá gamlárskvöldi 1980 var svo fráleit og afturhaldssöm gagnvart atvinnuvegunum að jafnvel fyrirtæki í opinberri eigu með hvers konar fríðindi og fyrirtæki Sambands ísl. samvinnufélaga voru rekin með bullandi tapi og komust í þrot þegar líða tók á árið. Þessi stefna brast endanlega í böndum við ákvörðun fiskverðs og gengisfellingar nú fyrir skemmstu. Og nú eftir tveggja ára stjórn hæstv. ríkisstj. á efnahagsmálum gefur að líta þriðju efnahagsáætlunina sem almenningur hefur að vonum valið hin háðulegustu nöfn, m. a. sjálfur forseti Alþýðusambands Íslands.

Þegar þessi efnahagspakki svonefndi var opnaður við útvarpsumræður fyrir tæpri viku kom í ljós að í honum var tæpast að finna annað en glansumbúðir utan um þá gamalkunnu aðferð að stórauka niðurgreiðslur á búvörur úr ríkissjóði. Þannig má fá fram vegna gallaðs vísitölukerfis lækkun á framfærsluvísitölu sem er í engu samræmi við lækkun framfærslukostnaðar hjá venjulegri fjölskyldu nú á dögum. Ætlunin er að lækka framfærsluvísitölu um 3% nú 1. febr. og aftur 1. maí með þessum aðgerðum. Kostnaður skattborgaranna af þessu tiltæki er um 400 millj. á þessu ári, en 600—700 millj. á næsta ári, ef þessi stífla á ekki að bresta og vísitalan að fara í samt lag aftur. Þá er ég að setja fram tölur sem eru á sama verðlagi og í ár: 600—700 millj. kr. á næsta ári í auknar niðurgreiðslur frá því sem nú er. Þessi upphæð jafngildir þrefalt hærri tölu en það sem í fjárlögum er til grunnskólabygginga, dagvistarstofnana, sjúkrahúsa, hafna og flugvalla í öllu landinu — þrefalt hærri upphæð. En eins og kunnugt er, þá er eitt fangaráð núv. hæstv. ríkisstj. að lækka fjárveitingar til þessa framkvæmda um nokkur prósent til þess að afla fjár í þessu skyni.

Í reynd er þessi þriðja efnahagsáætlun ríkisstj. á tveimur árum þriðji stjórnarsáttmálinn. Í honum felst að ríkisstj. hefur gefist upp við að koma sér saman um úrræði í efnahagsmálum sem dugi til einhverrar frambúðar. Raunar er vart hægt að tala um skammtímaráðstafanir vegna þess að nýr vandi er búinn til með þessum niðurgreiðslum, svo hrikalegum sem ég hef hér lýst.

Þessi nýjasti stjórnarsáttmáli er samkomulag aðila ríkisstj. um að sitja áfram og fresta öllu því sem frestað verður í efnahagsaðgerðum. Alþb.-menn hafa að líkindum komist að þeirri niðurstöðu vegna hræðslu við borgarstjórnar- og bæjarstjórnarkosningar í vor og samninga sem eru lausir um sama leyti. Þeir hafa hreiðrað vel um sig í stjórnarráðinu og þykir vafalaust nokkru fórnandi fyrir að halda óbreyttu ástandi í Sjálfstfl. þegar kosið verður næst til Alþingis. Svipaðar ástæður liggja að líkindum til afstöðu Framsfl. til þessa nýja stjórnarsáttmála um að sitja í aðgerðaleysi þrátt fyrir allar upphrópanir þeirra í blöðum og öðrum fjölmiðlum á þriggja mánaða fresti um heildstæðar efnahagsaðgerðir.

Uppgjöf hæstv. ríkisstj. við mótun heildstæðrar efnahagsstefnu til þess að ná yfirlýstum markmiðum kemur skýrt í ljós ef borin eru saman nokkur efnisatriði fyrrgreindra þriggja efnahagsáætlana eða stjórnarsáttmála. Í sjálfum upprunalega stjórnarsáttmálanum segir svo, með leyfi hæstv. forseta, en það markmið er efst á blaði þegar rætt er um efnahagsmál:

„Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga."

Þetta þýðir að verðbólgan í ár ætti að vera 10—12% ef sú hin mikla óvætt hefði hlýtt stjórnarsáttmálanum. Um verðlagsmál segir svo:

„Verðlagshækkunum á þeim vörum og þjónustu, sem Verðlagsráð fjallar um, verði sett eftirgreind efri mörk ársfjórðungslega á árinu 1980: Til 1. maí skulu mörkin vera 8%, til 1. ágúst 7% og loks til 1. nóv. 5%." Þá segir einnig — og ég vek sérstaka athygli á því: „Verðhækkanir á búvöru fylgi sams konar reglum, enda verði niðurgreiðslur ákveðnar sem fast hlutfall af útsöluverði árin 1980 og 1981."

Þetta ákvæði hins upprunalega stjórnarsáttmála er nú augljóslega verið að þverbrjóta í þeim þriðja og síðasta. Er það ekki einasta verðbólgan, sem ekki hlífir stjórnarsáttmálanum, heldur hæstv. ríkisstj. sem þverbrýtur hann sjálf. Í fjárlagafrv. ríkisstj. fyrir árið 1980 segir í grg., að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1980 verði 31%, og er það í samræmi við niðurtalninguna í stjórnarsáttmálanum. Þegar þetta er haft í huga er það býsna góður brandari sem Steingrímur Hermannsson, hæstv. ráðh. og formaður Framsfl., endurtók í útvarpsumr. á dögunum og ýmsir ráðherrar hafa haft uppi. Hæstv. ráðh. sagði að verðbólgan hefði í lok ársins 1980, á fyrsta niðurtalningarárinu, orðið 60% og stefnt í 70—80% á öðru niðurtalningarárinu. Þetta var á þeim tíma sem niðurtalningarformúlan var nákvæmust, ferskust og hefði átt að hafa mest áhrif. Þetta er því fremur háðuleg einkunn hjá formanni Framsfl. um niðurtalninguna sem flokkur hans telur nánast trúaratriði.

Í annarri efnahagsáætlun hæstv. ríkisstj., öðrum stjórnarsáttmálanum, sem leit dagsins ljós í sjónvarpinu á gamlársdag, segir svo, með leyfi forseta, eftir að markmið höfðu verið sett fram:

„Gengissigi verður hætt um áramót og gengi krónunnar haldið stöðugu næstu mánuði.

Verðstöðvun er ákveðin frá 1. jan til 1. maí. Verða engar hækkanir á vöru og þjónustu leyfðar nema með samþykki verðlagsyfirvalda og mega þau ekki heimila hækkanir á vöru og þjónustu nema þau telji að óhjákvæmilegt sé. Slík leyfi skulu háð samþykki ríkisstj."

Í þriðja lagi er fjallað um verðbætur á laun. Þar segir orðrétt einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðbætur á laun 1. mars skulu ekki vera meira en 7% lægri en verið hefði samkv. ákvæðum laga nr. 13 frá 1979."

Þetta þýðir á mæltu máli að verðbætur á laun áttu að skerðast um 7% umfram það sem skerðing samkv. Ólafslögum hafði í för með sér. Samtals nam skerðingin því samkv. þessu og Ólafslögum um 8.3% til 1. mars í fyrra.

Þetta er kjarni efnahagsáætlunar ríkisstj. frá 31. des. 1980, auk þess sem aukin verðtrygging spariinnlána hlaut að leiða til stórhækkunar á fjármagnskostnaði fyrirtækja.

Þessi harðsvíruðustu verðlags- og gengishöft í áratugi urðu að sjálfsögðu til þess, að íslensk fyrirtæki fengu ekki að selja vörur sínar á kostnaðarverði, hvorki innanlands né utan. Aftur á móti hlaut þetta að stórauka innflutning og auka sölu útlendra vara á íslenskum markaði. Þessari

hlið stefnunnar voru gerð rækileg og skemmtileg skil í leiðara Þjóðviljans fyrir nokkru, þar sem talað er um mikinn innflutning og gífurlega eyðslu Íslendinga undir stjórn Alþb. Þessi stefna varð til þess að fyrirtæki voru rekin með bullandi halla og skuldasöfnun, en í lok ársins í fyrra og byrjun þessa árs hefur verið brugðið á það fangaráð af hálfu ríkisstj. að fleyta þessum fyrirtækjum áfram með kreppulánum, peningum sem teknir eru að láni erlendis til þess að reka íslensk fyrirtæki og framlengja líf þeirra um nokkurra vikna skeið.

Þá er komið að garminum honum Katli, efnahagsáætluninni í svonefndum „þorrabaka". Þar segir, að ríkisstj. hafi í fyrra náð markmiðum sínum, og þess sérstaklega getið, að tekist hafi að verja kaupmáttinn. Orðrétt segir í skýrslu hæstv. ríkisstj.:

„En án sérstakra aðgerða í upphafi ársins hefði kaupmátturinn rýrnað."

Það kemur því nokkuð á óvart og spánskt fyrir sjónir, að þeim úrræðum er algerlega hafnað sem ríkisstj. sjálf telur hafa gefist vel í fyrra.

En fyrst skal vikið að gengismálum. Í efnahagsáætluninni frá gamlársdegi 1980 stóð eins og áður segir: „Gengissigi verður hætt um áramót og gengi krónunnar haldið stöðugu næstu mánuði." Í „þorrabakkanum" fyrirfinnst orðið „gengi" hvergi. Það er ekki minnst á orðið „gengi" í nýrri efnahagsáætlun hæstv. ríkisstj.

Í öðru lagi segir í efnahagsáætluninni frá gamlársdegi 1980: „Verðstöðvun er ákveðin frá 1. jan. til 1. maí" — hin svonefnda margfræga herta verðstöðvun. En um verðlagsmál segir svo í „þorrabakkanum" hinum nýja:

„Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu."

Hér kveður aldeilis við annan tón.

Að sjálfsögðu er hvergi minnst á skerðingu verðbóta á laun, þetta sem Alþb.-menn kalla kauprán þegar sá gállinn er á þeim, og stundum jafnvel kratarnir líka. En til viðbótar eru ýmis gullkorn í þessari skýrslu sem ekki er að finna í fyrri efnahagsáætlunum. Þar segir m. a.:

„Það er forsenda frekari árangurs í efnahagsmálum og grundvöllur vaxandi þjóðartekna á næstu árum, að atvinnuvegirnir búi við traustan grundvöll."

Það verður að teljast til hinna mestu tíðinda, að núv. hæstv. ríkisstj. skuli hafa uppgötvað þessi sannindi eftir tveggja ára stjórn efnahagsmála, að atvinnuvegirnir þurfi að búa við traustan grundvöll.

Við fjárlagaafgreiðslu og önnur tækifæri hef ég rætt ítarlega um afleiðingar þeirrar vinstri stefnu sem hefur verið ríkjandi frá valdatöku vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar 1978 hér á landi. Ég skal ekki fjölyrða um þær hér frekar. Þó get ég ekki stillt mig um að vitna í þessu sambandi í Þjóðviljann frá 27. jan. s. l. Þar segir þetta málgagn Alþb. í leiðara undir fyrirsögninni „Hátt er lifað", með leyfi forseta:

„Það er mikil verðmætasköpun, sem fram fer í atvinnulífi okkar Íslendinga. Nú um síðustu helgi var hér í Þjóðviljanum vakin athygli á þeirri staðreynd, að aðeins á fimm árum, 1976—1981, hefur framleiðsluverðmæti sjávarútvegsins vaxið um nálægt 60% að raungildi." En svo segir ritstjóri Þjóðviljans: „En eitt er að afla verðmætanna og annað er að nýta þau með skynsamlegum hætti." — Já, eitt var að afla verðmætanna og annað að nýta þau með skynsamlegum hætti. Skyldi engum vera það umhugsunarefni, að frá 1978 hefur vöxtur þjóðarframleiðslunnar minnkað stöðugt og síðustu árin hefur þjóðarframleiðsla á mann í raun staðið í stað og lífskjör versnað, þrátt fyrir gífurlega aukinn afla og þá stórfelldu auknu framleiðslu í sjávarútveginum sem vitnað var í í leiðara Þjóðviljans.

Hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson sagði einhvern tíma í sumar í Þjóðviljanum að kaupmáttur verkafólks hefði sigið upp á síðkastið. Það má með sanni segja, að eitt er að afla verðmætanna og annað að nýta þau með skynsamlegum hætti. En hverju skyldi vera um að kenna? Hverjir hafa stjórnað landinu síðan 1978? Skyldi ekki orsakanna vera að leita að einhverju leyti í afturhaldssamri hafta- og ofstjórnarstefnu, sem er ær og kýr Alþb., sér í lagi ef það er í félagi við framsóknarmenn?

Ríkisstj. gumar af því, að hún hafi náð ákveðnum markmiðum á s. l. ári með úrræðum sem hún vill alls ekki nota í ár. Í fyrsta lagi hafi hún náð því markmiði að tryggja fulla atvinnu, í öðru lagi að ná verðbólgunni niður í 40% og í þriðja lagi að tryggja kaupmátt launa. Það er í mínum huga nánast grátbroslegt þegar ríkisstj. og aðstandendur hennar eru að hæla sér af því, að full atvinna sé á Íslandi, samtímis því sem við ausum í æ ríkara mæli ár eftir ár stórauknum verðmætum úr auðlindum okkar umhverfis landið í kjölfar þess, að við eignuðumst 200 mílna lögsögu. Það verður að segjast, að á meðan sú þróun heldur áfram þyrfti meira en litla óstjórn til að atvinnuleysi hlytist af þótt þess gæti í útlöndum. Sérstaða okkar Íslendinga er slík í þessum efnum. Við eigum enn innistæður í Selvogsbönkum sem við tökum ótæpilega út úr.

En hefur tekist að varðveita kaupmátt launa? Í nýútkomnu fréttabréfi Kjararannsóknarnefndar kemur fram að á s. l. ári hefur vinnutími verkamanna lengst um um það bil tvær klukkustundir á viku. Bónuskerfi hafa verið tekin upp í æ ríkara mæli, og fram kemur í sama fréttabréfi að kaup launþega hafi aukist nokkuð af þeim ástæðum. Þetta er meginskýringin á því, að kaupmáttur heildartekna verkafólks hefur ekki rýrnað á árinu 1981, en þá bötnuðu viðskiptakjör okkar verulega við útlönd vegna hækkunar dollarans á alþjóðlegum markaði. Á þessu ári hefði því kaupmáttur átt að aukast verulega. Kaupmáttur taxtakaups, sem Alþb.-menn miða alltaf við þegar þeir eru í stjórnarandstöðu, hefur rýrnað. Það var það sem hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson átti við með því að kaupmátturinn hefði sigið á samningstímabilinu.

Þegar menn tala um að kaupmáttur heildartekna hafi haldist í horfinu er það vegna aukins vinnuálags, vegna lengri vinnutíma og vegna meiri bónusgreiðslna. Ég býst varla við að sumir hverjir hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. hefðu verið stoltir af slíkum árangri ef þeir hefðu verið utan ríkisstj.

Þegar hæstv. ráðherrar fullyrða að verðbólgan á árinu 1981 hafi orðið rúm 40% er erfitt að sjá hvort sé ríkara í fari þeirra: sjálfsblekkingin eða sjálfshólið. Raunveruleg verðbólga á árinu 1981 varð að sjálfsögðu miklu meiri en hækkun framfærsluvísitölu sýndi á pappírnum. Það er um tilbúna eða hreinskilnislega sagt falsaða tölu að ræða. Byggingarvísitalan hækkaði miklu meira. Hækkun tekna og þar með skatta okkar og útgjalda ríkissjóðs var milli 60 og 70% og seðlaveltan 70%. Ýmsum óhjákvæmilegum hækkunum var einnig frestað fram yfir síðustu áramót, t. d. gengisfellingunni, þannig að segja má að afkomu atvinnuveganna hafi verið fórnað til þess að búa

til hagstæða, óraunhæfa framfærsluvísitölu á s. l. ári. Þetta viðurkenndi hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson í útvarpsumr. fyrir tæpri viku þegar hann ræddi aukinn hraða verðbólgunnar á síðasta hluta ársins. Hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta varð til þess, að verðbólguhraðinn jókst að nýju með grunnkaupshækkun og ytri aðstæðum í lok ársins. Einnig er vafalaust að nokkuð hart var gengið að útflutningsatvinnuvegunum með aðhaldssamri gengisstefnu." Ég endurtek: „Einnig er vafalaust að nokkuð hart var gengið að útflutningsatvinnuvegunum með aðhaldssamri gengisstefnu."

Þá segir hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson einnig í sömu ræðu, með leyfi hæstv. forseta, orðrétt: „Því verður ekki neitað, að hækkun dollarans fyrri hluta síðasta árs var að ýmsu leyti kærkomin. Slíks er ekki að vænta nú."

Með þessu játar hæstv. ráðh. hreinskilnislega að gengisskráningin á síðasta ári hafi um sinn hjálpað ríkisstj. til þess að fá fram minni verðhækkanir á innfluttri vöru en ella, t. d. vöru frá Evrópulöndum, þar sem gjaldmiðlar hækkuðu mjög lítið mánuðum saman eða jafnvel lækkuðu. En þetta er auðvitað stundarfyrirbrigði sem er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðh. að ekki er að vænta á þessu ári.

Þegar raunsætt er litið á málið náðist því miður enginn árangur nema á pappírnum í viðureigninni við verðbólguna á s. l. ári, þrátt fyrir einstaklega góðar ytri aðstæður og grunnkaupshækkanir sem voru minni en flestir höfðu búist við, enda mætti spyrja hvers vegna allur sá vandi, sem við stöndum frammi fyrir nú, væri fyrir hendi ef sá mikli árangur hefði náðst sem hæstv. ráðh. gumar af að hafi náðst í fyrra.

Herra forseti. Sú skýrsla ríkisstj., sem hér er til umr., vekur miklu fleiri spurningar en hún svarar. Það væri t. d. ekki úr vegi að spyrja hæstv. forsrh. hvernig ríkisstj. ætli að ná þeim meginmarkmiðum í efnahagsmálum að verðbólga verði 35% í ár og hraði hennar kominn niður í 30% í árslok. Þjóðhagsstofnun hefur gert nýja áætlun um framfærsluvísitölu, niðurgreidda framfærsluvísitölu með þeim ógnarfjárhæðum sem ég hér hef lýst. Þessi vísitöluspá — eftir að komin eru fram áform ríkisstj. um niðurgreiðslu — gerir ráð fyrir 40—42% hækkun niðurgreiddrar framfærsluvísitölu. En hún gerir ráð fyrir 45—47% hækkun byggingarvísitölu á árinu, sem er náttúrlega miklu betri mælikvarði á verðbólguna, og það gerist þrátt fyrir allar niðurgreiðslurnar. Þessi verðbólguspá, ef svo mætti segja, er miðuð við að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu. En hvert 1% sem grunnkaup hækkar eykur verðbólguna nálægt því um 1% þegar frá líður við núverandi aðstæður og vísitölukerfi. Raunveruleg verðbólga er því í svipuðu fari þrátt fyrir allar blekkingarnar, niðurgreiðslurnar og skollaleikinn.

En hvernig nær þá hæstv. ríkisstj. því verðbólgumarkmiði sem er í hinum nýja stjórnarsáttmála? Er ætlunin að skerða verðbætur á laun um 5% 1. sept. og aftur 5% 1. des., en þess þyrfti að mati sérfræðinga að óbreyttu vísitölukerfi ef hraði verðbólgunnar á að verða 30% á síðasta hluta ársins. Auk þess þyrftu að nást samningar um óbreytt grunnkaup á árinu. Er þetta stefna hæstv. ríkisstj., hæstv. forsrh.?

Ég sé að hæstv. ráðherrar Alþb. mega ekki vera að því að hlýða á þessa umr., enda eiga þeir sjálfsagt lítið í þessum efnahagspakka. En það hefði verið æskilegt að geta spurt hæstv. félmrh., formann Alþb., um það, hvort hann teldi að þetta væri stefna hæstv. ríkisstj., og ef ekki, hvernig hún hugsaði sér þá að ná verðbólguhraðanum niður í 30% á árinu. Í skýrslu hæstv. ríkisstj. segir, með leyfi forseta:

„Það er forsenda frekari árangurs í efnahagsmálum og grundvöllur vaxandi þjóðartekna á næstu árum að atvinnuvegirnir búi við traustan grundvöll."

Ég vitnaði í þetta gullkorn áðan. Við lestur þess vaknar sú samviskuspurning til hæstv. forsrh., hvort hann telji að atvinnuvegirnir hafi búið við traustan grundvöll í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstj. Ef svo er, hvers vegna er þá verið að veita tugum fyrirtækja erlend lán til þess að rekstur þeirra stöðvist ekki í því góðæri sem verið hefur?

Þegar sú fullyrðing skýrslunnar er lesin, að án sérstakra aðgerða í upphafi s. l. árs hefði kaupmáttur á því ári rýrnað, vaknar sú spurning, sem gott væri að geta spurt hæstv. félmrh. um: hvers vegna er þá ekki gripið til sömu úrræða í ár, ef þau úrræði í fyrra reyndust svo vel til þess að varðveita kaupmáttinn? Er stefnt að einhverju öðru á þessu ári? Sagt er í skýrslunni að stefnt sé að nýju viðmiðunarkerfi. Hvað þýðir þetta, hæstv. forsrh.? Og hverjir eru höfuðókostir núverandi vísitölukerfis? Er hæstv. ríkisstj. sammála um hverjir séu höfuðókostir núverandi vísitölukerfis, eins og segir í skýrslunni? Getur hæstv. forsrh. skýrt þingheimi frá því, að ríkisstj. sé sammála um hverjir séu höfuðókostir núverandi vísitölukerfis og hvað það þýði, orðalagið um að stefnt skuli að nýju viðmiðunarkerfi þegar ákveða á verðbætur á laun?

Í skýrslunni segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Sveitarstjórnir fái heimild til þess að breyta gjaldskrám fyrirtækja sinna sem nemur hækkun byggingarkostnaðar, án sérstaks leyfis frá ríkisvaldinu."

Hefur stefnan verið röng í þessum efnum, hæstv. forsrh.? Ég ætlaði raunar að beina þessum fsp. mínum til annarra hæstv. ráðh., en þeir eru nú ekki við hér svo að ég beini þeim þá til hæstv. forsrh. Hvernig kemur þessi yfirlýsing skýrslunnar heim og saman við hið nýja viðmiðunarkerfi? Hafa t. d. hæstv. ráðherrar Alþb. fallist á að kostnaður af þessum hækkunum, hækkunum vegna gjaldskráa sveitarfélaga, þjónustufyrirtækja sveitarfélaga, verði tekinn út úr verðbótakerfinu?

Þá vildi ég minna á einn þátt þessarar skýrslu, sem kemur eiginlega eins og skrattinn úr sauðarleggnum og eins konar bakþanki í skýrslunni. Það er kaflinn um húsnæðismál. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hvort það sé rétt, sem heyrst hefur í fjölmiðlum, að það skorti stórfellda fjármuni til að endar nái saman bæði í almenna byggingarlánasjóðnum og Byggingarsjóði verkamanna, svo að þessir sjóðir geti gegnt hlutverki sínu. Í því sambandi minni ég á að almenni byggingarlánasjóðurinn, sem er í vörslu húsnæðismálastjórnar, var skorinn feiknalega niður við fjárlagaafgreiðsluna.

Þá vil ég vekja athygli á því, sem stendur um peningamál í þessari margræddu skýrslu, og spyrja hæstv. forsrh., þar sem hæstv. viðskrh. er ekki við og hefur fjarvistarleyfi: Getur hæstv. ráðh. sagt Alþingi nokkuð ljósar frá stefnunni í peningamálum en sú meitlaða stefnuyfirlýsing skýrslunnar segir, sem hljóðar þannig, með leyfi forseta: „Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna að tryggja að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu"?

Hvað þýðir þetta „með sérstökum aðgerðum"? „Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna." Þetta er upplýsandi fyrir Alþingi. En þetta er gott dæmi um þær markvissu og hárbeittu upplýsingar, sem ríkisstj. oft og tíðum lætur Alþingi í té, og er í góðu samræmi við þá virðingu sem stjórnvöld sýna þessari æðstu stofnun þjóðarinnar. Kannske er betra orðalag að finna annars staðar í skýrslunni, en þar segir: „Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum." Því miður fæ ég ekki neitt betra út úr þessu, hæstv. ráðh., en þeirri hinni fyrri tilvitnun.

Herra forseti. Þar sem hæstv. ráðherrar hafa ekki séð ástæðu til þess að vera við umr. um þennan nýja stjórnarsáttmála sinn, þá fellí ég niður hér ýmsar spurningar sem ég hefði viljað beina til einstakra hæstv. ráðh. (**Gripið fram í:** Því lætur þú ekki sækja þá?) Ég tel tæplega ástæðu til þess að fara að ónáða þá. Þeir álíta e. t. v. að þeir séu búnir að vinna fram á vor þegar Alþingi verður sent heim. Þeir hugsa sér sjálfsagt ekki að gera neitt fyrr en þá og láta þá Alþingi standa frammi fyrir gerðum hlut í haust. Það eru þeirra ær og kýr.

Herra forseti. Þetta eru örfá dæmi um þær spurningar sem vakna þegar þessi skýrsla er lesin. Á þeim sést að það eru miklu fleiri spurningar sem vakna heldur en er svarað með þessari skýrslu. Það er kapítuli út af fyrir sig, að þessi efnahagsmálapakki, sem svo hefur verið nefndur, er fluttur inn á hv. Alþingi í formi skýrslu sem ekki verður krufin til mergjar í neinni nefnd. Til þess væri þó ærin ástæða, svo sem ég hef hér rökstutt.

Eins og mál þetta ber að er útilokað fyrir einstaka alþm. að setja sig inn í það og fá spurningum svarað öðruvísi en í almennum umr. Því miður hafa hæstv. ráðherrar ekki séð ástæðu til að heiðra almenna þm. með nærveru sinni til þess að veita þeim þær upplýsingar og þykir mér það leitt.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil nú mjög árétta það sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. í lok ræðu hans og reyndar áður í ræðunni, að enginn af ráðh. Framsfl. og enginn af ráðh. Alþb. skuli vera viðstaddur þessa umr. um efnahagsmáll. Hæstv. forsrh. er eini ráðh. sem hér situr og hlýðir á mál manna. Auðvitað er það ekkert annað en hneyksli, að ráðherrar skuli á þann veg bregðast við þegar á ferðinni er mál eins og það sem hér um ræðir, mál sem þm. stjórnarandstöðunnar hafa hvað eftir annað, allar götur frá því að þing kom saman í haust, reynt að fá til umr. hér á hv. Alþingi með fsp. til ráðh. og í ýmsu öðru formi, en þeir vikið sér undan að svara eða taka þátt í umr.

Sú skýrsla, sem hér liggur fyrir, á sér nokkuð langan aðdraganda. Þó að hæstv. ráðh. hafi ekki fengist til þess að svara eða taka þátt í umr. um efnahagsmál hér á Alþingi fyrr í vetur, þá hafa þeir þó æðioft látið frá sér heyra á opinberum vettvangi, í fjölmiðlum, um væntanlegar aðgerðir í efnahagsmálum. Þess vegna er nokkuð fróðlegt að skoða þessa skýrslu, skoða þær aðgerðir sem hér eru boðaðar, í ljósi þeirra umr. sem fram hafa farið á milli einstakra ráðh. í fjölmiðlum. Það gefur nokkra vísbendingu um hvernig þessar aðgerðir hafa fæðst og hverjir þar hafi átt stærstan hlut að máli.

Það var í des. s. l. að hæstv. viðskrh. reið á vaðið í umr. um þessi mál með ítarlegu viðtali sem dagblaðið Tíminn átti við hann. Tíminn segir í upphafi viðtalsins að hæstv. ráðh. reki þar hverjar séu hugmyndir hans um hvernig affarasælast verði að hafa efnahagsmálin á næsta ári. Hann byrjar að vísu nokkuð að ræða um aðgerðirnar frá því um áramótin fyrir rúmu ári, og hann ítrekar og segir að hann hafi talið nauðsynlegt að gera nýjar ráðstafanir þegar komi fram á árið 1981 — eða eins og hann segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Framan af árinu og fram í septembermánuð var verðbólgan á niðurleið vegna ráðstafana um áramótin, en nauðsynlegt hefði verið að gera nýjar ráðstafanir ekki síðar en í september. Um síðustu áramót lagði ég ríka áherslu á að ráðstöfununum yrði fylgt eftir." „Fékkst ekki eining um þetta í ríkisstj.?" spyr blaðamaðurinn. „Nei," segir ráðh., „það varð ekki samkomulag um frekari aðgerðir þá, enda örðugt um vik vegna samninga á vinnumarkaðinum."

Hér segir ráðh. það alveg skýrt og skorinort, að í ríkisstj. hafi ekki verið samkomulag um neinar frekari aðgerðir á árinu 1981 en þær sem fólust í efnahagsaðgerðunum um síðustu áramót og því sé nú komið sem komið er, að verðbólgan æði áfram stjórnlaust. Ráðh. er síðan spurður um ýmis atriði varðandi það, hvað hann telji að nauðsynlegt sé að gera, og blaðamaður spyr: „Mun Framsfl. ekki halda til streitu stefnu sinni varðandi niðurtalninguna á næsta ári?"

„Jú, alveg hiklaust", segir ráðh. „Við erum þeirrar skoðunar, að þessar aðgerðir þurfi að byggjast á því að sem flestir aðilar í þjóðfélaginu taki þátt í því að ná verðbólgunni niður. Þá eigum við við það, að ríkissjóður komi inn í myndina og dragi saman og hægi á sér í framkvæmdum, síðan komi bankakerfið til sögunnar með lækkuðum vöxtum og minnki þannig fjármagnskostnað. Í þriðja lagi verður þjóðin í landinu að taka þátt í þessu, launamenn sætti sig við skerðingu verðbóta á laun, bændur sætti sig við skerðingu á verði fyrir sínar afurðir og sjómenn sætti sig við skerðingu á fiskverði. Síðan verði stefnan í gengismálum þannig að hægt verði að reka útflutningsatvinnuvegina með skaplegu móti og aðhalds gætt í peningamálum og fjármálum. Þetta er kjarninn í okkar niðurtalningarkenningu. Ég vil leggja áherslu á það, að við teljum eðlilegt að hafa mjög ákveðna hliðsjón af kaupmætti launa í þessu öllu saman og erum þeirrar skoðunar, að með svona alhliða niðurtalningaraðgerðum verði hægt að komast hjá skerðingu kaupmáttar launa."

Hér lýkur tilvitnun í hæstv. viðskrh. Þetta var mjög ítarlegt viðtal og aðeins gripið hér niður í nokkur meginatriði. En þetta viðtal hæstv. ráðh. kallaði á mjög harkaleg viðbrögð af hálfu forráðamanna Alþb. Strax daginn eftir er forsíðuviðtal við formann þingflokks Alþb. sem ræðst heiftarlega á hæstv. viðskrh. og segir, með leyfi forseta:

„Það er ekki nýtt, að Tómas Árnason viðskrh. heimti kauplækkun. Hann hefur í tíð þessarar stjórnar alltaf annað veifið staðið upp og sagt að lækka yrði kaupið. Tómas ætti frekar að snúa sér að því að koma í framkvæmd því sem hann hefur látið ógert af ráðstöfunum gegn verðbólgu. Samkv. efnahagsáætlun ríkisstj. um síðustu áramót átti viðskrn. að standa fyrir ýmsu. Meðal þess var endurskipulagning á innflutningsverslun og innkaupum hins opinbera til að draga úr verðbólgu. Viðskrn. hefur brugðist í þessu."

Þetta var skeyti hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Og hæstv. félmrh., formaður Alþb., lætur ekki sitt eftir liggja og segir í viðtali við Þjóðvilann sem birtist líka

daginn eftir, með leyfi forseta:

„Ég tel þetta viðtal við Tómas Árnason gefa alranga mynd af staðreyndum efnahagsmálanna. Það er mjög alvarlegt að ritari Framsfl. skuli stíga fram á sviðið með þessum hætti, þar sem núv. ríkisstj. hefur jafnan reynt að leysa skoðanaágreining á vettvangi ríkisstj. sjálfrar en ekki með blaðaskrifum. (**SvH:** Hvernig líst ræðumanni á ráðherrastólana núna?) Nú eru allir ráðherrar úr salnum.

Hæstv. forsrh. hefur nú gengið í salinn og ég skal halda áfram ræðu minni, en ég sakna þess engu að síður, að ráðherrar annarra flokka skuli ekki vera hér staddir, hvorki Alþb. né Framsfl. Ég ætla þá að taka til við tilvitnun í hæstv. félmrh., sem segir, með leyfi forseta:

„Ég tel þetta viðtal við Tómas Árnason gefa alranga mynd af staðreyndum efnahagsmálanna. Það er mjög alvarlegt, að ritari Framsfl. skuli stíga fram á sviðið með þessum hætti, þar sem núv. ríkisstj. hefur jafnan reynt að leysa skoðanaágreining á vettvangi ríkisstj. sjálfrar en ekki með blaðaskrifum.

Vegna þeirrar fullyrðingar Tómasar, sem þú vitnar til, tel ég óhjákvæmilegt að svara með fáeinum orðum. Ég tel að það sé sérstaklega alvarlegt í viðtalinu við Tómas Árnason, að hann skuli gefa það í skyn ítrekað, að vaxandi verðbólga verði að skrifast á reikning samstarfsaðila Framsfl. í ríkisstj., þar sem þeir hafi ekki verið tilbúnir til að fallast á tillögur um viðbótaraðgerðir gegn verðbólgunni."

12. des. er þessu síðan áfram haldið í Morgunblaðinu, en þar eru viðtöl bæði við hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh., þar sem þeir halda áfram að senda hvor öðrum skeyti, en Þjóðviljinn tekur í leiðara 11. des. mjög óstinnt upp þetta viðtal við Tómas Árnason, hæstv. viðskrh., og segir m. a., með leyfi forseta:

„Auðvitað hafa fjöldamörg deilumál komið upp innan núv. ríkisstj., en menn hafa sýnt vilja til að leysa þau. Menn hafa varast að hlaupa með deilumál í fjölmiðla á frumstigi. Fyrst hafa málin verið sett í nefnd og reynt að jafna ágreininginn og býsna oft hefur tekist að finna samkomulagsleið. Með þessum hætti verður að vinna eigi ein ríkisstj. að geta orðið farsæl.

Á þetta er minnst hér til aðvörunar, vegna þess að í gær lætur Tómas Árnason viðskrh. sig hafa það að veitast í málgagni Framsfl. með mjög ómaklegum hætti að samstarfsaðilum sínum í ríkisstj."

Þjóðviljinn gerði þetta síðar nánar að umtalsefni, en ég skal ekki rekja það frekar hér.

Nú lágu þessar skeytasendingar og blaðaskrif niðri um skeið eða fram yfir jól, en þá ríður hæstv. fjmrh. á vaðið 15. jan. með viðtali, sem hann lætur eiga við sig í Þjóðviljanum og er reyndar tvíþætt. Það eru tvö viðtöl sem birtast hvort á sínum stað í blaðinu. Þar segir hæstv. fjmrh. að tillögur um efnahagsmálin séu nær fullmótaðar í ríkisstj. og um þær sé gott samkomulag. Rekur hann þar að þessar tillögur séu fyrst og fremst fólgnar í niðurfærslu verðlags eftir ákveðinni áætlun og enn fremur að óskertar verðbætur verði samkvæmt þessum efnahagsaðgerðum.

Formaður Framsfl., hæstv. samgrh., brást ókvæða við og segir í viðtali við Tímann daginn eftir, með leyfi forseta: „Ég verða að lýsa undrun minni yfir því sem nú birtist í blöðum um „pakkann" sem fjmrh. hefur lagt fram. Ég harma það, því þetta kallar fram ótal spurningar sem þarf nú að leysa á annan máta heldur en í fjölmiðlum."

Síðan gerir ráðh. nokkuð að umtalsefni þessar aðaltillögur, sem fólgnar eru í niðurgreiðslum, segir að þetta sé góðra gjalda vert, en að sjálfsögðu sé það ekki nema einn liður í málinu og framsóknarmenn hafi margar frekari hugmyndir og margar frekari tillögur, fram að færa en þær sem hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds, hafi lýst sem fullmótuðum aðgerðum. Síðan rekur hæstv. samgrh. ítarlega nokkur atriði sem hann telji að nauðsynlega þurfi að koma inn í efnahagsaðgerðir sem þessar.

Í fyrsta lagi ræðir hann um lagfæringu á vísitölugrundvellinum. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það er einn liðurinn í hugmyndum okkar. Við verðum að taka út liði þannig að útkaman verði sanngjörn. T. d. að taka meira tillit til óhagstæðra viðskiptakjara en nú er gert. Það hefur svo oft verið sagt og að hluta viðurkennt, að laun geta ekki hækkað hér þegar olía hækkar erlendis.

Í vísitölunni höfum við líka liði, svo sem innlenda orku, þar sem við erum að gera stórt átak til að bæta afkomu almennings með hitaveitu- og orkuframkvæmdum. Það er í rauninni stórundarlegt að þetta skuli vera í vísitölu, ekki síst þegar þess er einnig gætt, að orkufyrirtækin eru öll í eigu þessa sama almennings sem fær kauphækkun þegar orkuverð hækkar."

Enn fremur rekur hæstv. samgrh., að verðlagsmál verði að færa í meira nútímahorf, án þess að skýra það nánar. Hann vekur einnig athygli á peningamálunum og segir að ljóst sé að það þurfi að vera ákveðin stefna og að auka þurfi sparnað á ný. Hann minnir á að erlendar lántökur séu orðnar geigvænlegar. Við því verði að sporna og verði ráðstafanir í því skyni að vera í efnahagsmálapakkanum. Hann segir einnig: „Fjármagnskostnaður er mjög hár, og með „prógrammi" um hjöðnun verðbólgu verður að taka hann inn og lækka vexti." Enn fremur ræðir hann um ýmis gjöld sem lækka þurfi á atvinnuvegunum. Síðan spyr blaðamaður: Eru það skammtímaráðstafanir, sem þið vinnið nú að, eða eru þær miðaðar til lengri tíma?" Þá segir hæstv. samgrh.: „Tvímælalaust eru þær hugsaðar lengra fram í tímann. Við teljum lágmark að þær nái til ársins alls. Og reyndar er margt af þessum hugmyndum þess eðlis, að þær þurfa lengri tíma, við skulum segja 1½ ár". „Þær eru þá miðaðar við að gilda út kjörtímabilið", spyr blaðamaður? „Já, það má segja það," segir hæstv. samgrh.

Hæstv. samgrh. kemur aftur í Tímann 23. jan. til að rekja nokkru nánar þessar hugmyndir. En þar er komið svolítið annað hljóð í strokkinn því að hann segir, með leyfi forseta: „Það, sem við viljum skoða betur, er að undirbúa framhaldsaðgerðir síðar á árinu, því þetta nær ekki nógu langt, og fá samkomulag innan ríkisstj. um slíkar aðgerðir." Síðan rekur hann nokkur atriði efnahagsaðgerðanna eins og þær hafa birst okkur í skýrslu hæstv. ríkisstj.

Dagblaðið Tíminn birtir svo leiðara 27. jan. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. hefur náð samkomulagi um bráðabirgðalausn í efnahagsmálum. Markmiðið er að tryggja á fyrri helmingi ársins nokkra hjöðnun verðbólgunnar, rekstrargrundvöll atvinnuveganna og stöðugan kaupmátt.

Ýmsir munu láta í ljós óánægju yfir því, að ekki skyldi nást samkomulag um svokallaðar varanlegri aðgerðir. Þetta ætti þó engum að koma á óvart sem þekkir til sögu síðustu áratuga," segir í leiðara Tímans.

Það er ljóst samkvæmt þessu, að þær fyrirætlanir

Framsfl., að hér væri um varanlegar efnahagsaðgerðir að ræða, hafa alveg runnið út í sandinn. Öll stór orð formanns Framsfl., hæstv. samgrh., um það um miðjan janúar, að hér væri verið að tjalda til lengri tíma, a. m. k. út kjörtímabilið, hafa reynst orðin tóm og ekkert að marka þau.

Ef borin eru saman þessi mörgu ummæli sem ég hef hér vitnað til — og raunar mætti bera saman eða vitna í margt fleira sem þeir hafa sagt, þessir hæstv. ráðh. — en ef þessi ummæli eru borin saman við það sem út úr þessu kom í raunveruleikanum má sjá að hér er fyrst og fremst um að ræða aðgerðir sem eru hugmyndir Alþb. Það eru fingraför Alþb. á öllum þessum aðgerðum. Í engu er tekist á við þennan vanda af alvöru. Þetta eru bráðabirgðaaðgerðir eins og þær sem einkenna allar hugmyndir og allar aðgerðir Alþb. í efnahagsmálum fyrr og síðar. Hér er um að ræða feluleik og blekkingar sem eru þeirra ær og kýr. Fyrst og fremst eru notaðar niðurgreiðslur til að telja niður gallaða framfærsluvísitölu. Á meðan æðir hin raunverulega verðbólga upp á við, sú verðbólga sem bitnar á heimilum og á atvinnurekstrinum, þó hún bitni ekki á þeirri gervivísitölu sem notuð er til þess að mæla með verðbólguna á heimili hæstv. ríkisstj.

Hlutur Framsfl. í þessu efni er því afar rýr. Það er auðvelt að sannfærast um það með því að bera saman þær hugmyndir, sem hæstv. samgrh. setti fram í Tímanum um miðjan janúar, og það sem svo raunverulega varð, þegar lesin er þessi skýrsla hæstv. ríkisstj.

Um vísitölugrundvöllinn, sem þeir framsóknarmenn lögðu höfuðáherslu á, er ákaflega óljóst orðalag í skýrslu hæstv. ríkisstj. Það er ekkert minnst á viðskiptakjör í þeim efnum, sem Framsfl. lagði þó höfuðáherslu á í sínum tillögum að sögn hæstv. samgrh., heldur einungis sagt að ríkisstj. muni nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífs um viðmiðunarkerfi, sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og tryggt kaupmátt og jöfnun lífskjara, en væri laust við höfuðókosti þess kerfis sem nú gildir. M. a. verði reynt að finna leið til þess að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu.

Öll þau stóru orð framsóknarmanna birtast í þessari mjög óljósu yfirlýsingu — sem er engin einkaskoðun okkar stjórnarandstæðinga að sé mjög óljós. Það kom m. a. fram í viðtali við forseta Alþýðusambands Íslands í Morgunblaðinu 29. jan. s. l. að hann telji orðalagið á yfirlýsingu ríkisstj. næsta óljóst, talað um að finna eitthvert annað kerfi, eins og hann segir. Og síðan rekur hann skoðanir Alþýðusambandsins á þessu máli, sem eru að sjálfsögðu allt aðrar en þær skoðanir sem Framsfl. hefur sett fram.

Í verðlagsmálum segir í viðtali við hæstv. samgrh. að það sé mat þeirra framsóknarmanna að þau eigi að færa í meira nútímahorf. En um þessi atriði er ákaflega óljóst orðalag einnig í skýrslu ríkisstj. Þar segir aðeins að í verðlagsmálum verði við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndum og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu samkv. frv. sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Það er nú æskilegt að fá upplýst hvenær slíkt frv. verði lagt fram. Síðan segir: „Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða. Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins." Hér er að sjálfsögðu fyrst og fremst um orðagjálfur að ræða, en engar raunhæfar aðgerðir boðaðar eða ekkert sem hönd er á festandi í þessum þætti frekar en öðrum.

Varðandi aðgerðir í peningamálum, sem Framsfl. lagði mikla áherslu á, er um jafnmikinn véfréttarstíl að ræða. Þar segir í skýrslu ríkisstj.: „Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna að tryggja að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni, að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma sem efnahagsstefna og markmið ríkisstj. mynda. Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum." Það er orðalagið.

Um erlendar lántökur, sem hæstv. samgrh. taldi að væru orðnar geigvænlegar og þyrfti að sporna við, segir aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr erlendum lántökum og í því skyni verði leitað samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun framkvæmda. Stefnt verði að því að auka innlendan sparnað til að draga úr þörf á erlendum lánum. Ýmsir möguleikar verði kannaðir í þessu sambandi, þ. á m. að nota skattalög í auknum mæli til að örva sparnað. Allt á sömu bókina lært: Kanna á ýmsa möguleika, engar raunhæfar aðgerðir boðaðar.

Þegar hæstv. samgrh. talaði um nauðsyn þess að lækka vexti sagði hann í viðtalinu, með leyfi forseta: „Reyndar finnst mér að lækkun vaxta mætti leiða dálítið í niðurtalningu verðbólgunnar." Hann sem sagt boðar að það eigi að lækka vextina og þeir eigi síðan að leiða í niðurtalningu verðbólgunnar. En út úr þessu kemur í skýrslu ríkisstj.: „Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgunnar." Hér er auðvitað um allt annað að ræða, eins og allir sjá sem um það vilja hugsa, og ljóst að í þessu efni eins og öðrum hefur Framsfl. beðið lægri hlut við samningu þessara svokölluðu efnahagsaðgerða.

Í rauninni má segja að eina atriðið, sem út úr þessum hugmyndum Framsfl. hafi komið, sé lækkun á vissum gjöldum á atvinnuvegunum, launaskattur í iðnaði og fiskvinnslu lækki úr 3.5 í 2.5% og stimpilgjöld af afurðalánum úr 1% í 0,3%. Vissulega er það þakkarvert og ég skal ekki vanþakka það á neinn hátt sem þarna kemur fram. En að öðru leyti er allt, sem fram kemur í þessum tillögum í véfréttarstíl, óljósar hugmyndir, kanna á hin og þessi atriði, og mörg þessara atriða eru eins óljós og þokukennd og þau voru í stjórnarsáttmálanum fyrir um tveimur árum. Í mörgum atriðum er ekkert komið lengra en að endurtaka það sama með svipuðu orðalagi og þar var gert.

Ég skal nefna sem dæmi, að í þættinum um peningamál á bls. 6 í stjórnarsáttmálanum, eins og hann var prentaður 8. febr. 1980, segir: „Peningamagn í umferð verði í samræmi við markmið í efnahagsmálum." Um þetta segir í þessari skýrslu um aðgerðir: „Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni, að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma sem efnahagsstefna og markmið ríkisstj. mynda." Hér er verið að segja nákvæmlega það sama, einungis með öðru orðalagi. Tveimur árum seinna er verið að ítreka og árétta þetta stefnumark. Lengra er ekki komið í þeim efnum.

Við skulum taka annað dæmi. Á bls. 4 í stjórnarsáttmálanum er talað um endurskoðun vísitölugrundvallarins. Þar segir: „Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að hraðað verði endurskoðun vísitölugrundvallar." Um þetta segir hins vegar núna í þessari skýrlsu: „Ríkisstj.

mun nú þegar stofna til viðræðna við samtök launafólks og aðra hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis." Að vísu er vitað að neyslukönnun hefur legið fyrir í Hagstofunni nú um alllangt skeið, en ekki verið gert neitt í því að koma á nýjum vísitölugrundvelli í samræmi við hana. Er þetta heldur rýr eftirtekja eftir tveggja ára starf.

Þriðja dæmið má nefna úr sáttmála ríkisstj. Í kaflanum um verðlagsmál á bls. 5 segir: „Unnið verði að lækkun vöruverðs" — og nefndar nokkrar aðgerðir í því skyni. Eitt atriðið er að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vöruverð með innkaupum í stórum stíl. Nú er sagt hins vegar í verðlagsmálakafla þessarar skýrslu: „Stuðlað verði að hagkvæmari innkaupum til landsins." Hér er auðvitað verið að orða meira og minna það sama með örlítið breyttu orðalagi.

Ljóst er af þeim dæmum, sem ég hef talið hér upp, að ekki er langt komið þeirri vinnu sem stjórnin hét í upphafi að vinna að. Það alvarlegasta í þessu er þó það, að eftir allan þennan tíma, eftir að hæstv. ríkisstj. hefur mánuðum saman setið á rökstólum við að leysa þann efnahagsvanda sem að okkar steðjar, skuli ekki koma út úr því annað en nýjar bráðabirgðaráðstafanir sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson lýsir í grein í Dagblaðinu í dag á þann veg, að hann segir að eftir þrjá mánuði verði að stokka allt upp á nýtt. Þetta er alvarleg staðreynd, því að það, sem á þarf að halda umfram annað í þeim mikla vanda sem að okkur Íslendingum steðjar, er að gripið sé á efnahagsmálunum með föstum tökum en ekki með lausatökum bráðabirgðaaðgerða á þriggja mánaða fresti. Ef svo fer fram sem horfir er alveg ljóst að við munum fyrr en síðar lenda í alvarlegum ógöngum í efnahagsmálunum. Og því miður ber þessi skýrsla ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum ekki vott um það að nein glæta sé fram undan í okkar mikla vanda.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er rík ástæða til að taka undir þau orð sem ræðumenn hafa látið falla fyrr í dag um viðveru ráðh. í þessum virðulega sal. Það er sannast að segja til háborinnar skammar fyrir þingið hvernig hæstv. ráðh. gegna þingskyldu sinni. Ráðh. jafnt sem þingmenn hafa viðveruskyldu í þessum sal þegar hér eru fundir og umr. fara fram. Ég held, í ljósi þeirra orða sem hafa verið sögð í dag úr þessum ræðustól, að óhjákvæmilegt sé að hæstv. forseti minni ráðh. á þá tvímælalausu skyldu sem þeim ber til að sitja hér í þingsal þegar þingfundir eru haldnir. (**Gripið fram í:** Þeir eru að bjarga virðingu Alþingis.) Ég held að virðingu Alþingis verði hvergi bjargað af þeim ágætu mönnum sem nú skipa ráðherrasæti í þessari ríkisstj. Það má vera að þeir hafi uppi einhverja tilburði til þess, en ég held að þar muni þeir ekki hafa árangur sem erfiði.

Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að halda mjög langa tölu um þá skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmáum sem er til umr. á þessum fundi. Það má vitna til greinar sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, einn af gleggri stuðningsmönnum þessarar hæstv. ríkisstj., skrifar í Dagblaðið í dag, en greinin ber fyrirsögnina: „Hvað þýða efnahagsráðstafanirnar?" Mér finnst sannast að segja ekki nema von að hv. þm. spyrji.

Það er auðvitað löngu orðið lýðum ljóst, að framsóknarmenn innan þessarar ríkisstj. eru ekki aðeins ráðalausir, heldur ráðvilltir. Þeir töluðu um árið mikið um niðurtalningu. Niðurtalning var á oddinum, hét það. Nú hefur reyndar komið rækilega í ljós að framsóknarmenn geta ekki talið niður. Raunar kom í ljós þegar þeir höfðu prófkjör til borgarstjórnarkosninga hér í Reykjavík að þeir gátu ekki heldur talið upp. Kom það mönnum kannske aðeins meira á óvart, en hitt var vitað fyrir.

Niðurstaðan í grein hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar um efnahagsráðstafanir ríkisstj. er sú, að nú hafi átakspunkturinn færst til. Það er það sem vannst við allt það sem unnið var. Átakspunkturinn færðist til! Hann segir líka, og það eru hans lokaorð í þessari grein: „Það verður að endurmeta alla stöðuna eftir þrjá mánuði." — Telst nú til tíðinda að einn af ráðh. Alþb., hæstv. félmrh. Að vísu er hann ekki kominn í salinn, en er þó í sjónmáli og heyrir væntanlega það sem hér fer fram. (**Gripið fram í:** Komdu blessaður.) Ég er búinn að heilsa hæstv. ráðh. og bjóða hann velkominn, en hins vegar ítreka ég það sem ég sagði áðan, að það er til skammar fyrir Alþingi og ráðh. hvernig þeir gæta þingskyldu sinnar og vissulega ástæða til að forseti vandi um við þá þegar þeir gæta ekki skyldu sinnar.

Það eru nú senn tvö ár síðan þessi hæstv. ríkisstj. settist á valdastóla og hún hefur lifað tvö gamlárskvöld. Ég hygg að það hafi ekki farið fram hjá neinum manni með hve ólíkum hætti þessi tvö gamlárskvöld þessarar ríkisstj. voru. Hið fyrra skiptið kom hæstv. forsrh. og las landsmönnum langloku í sjónvarpi þar sem upp voru talin ein þrjátíu atriði efnahagsmálaáætlunar, sem svo var kölluð. En af þeim atriðum stendur næsta fátt eftir. Hið eina, sem eftir stendur, eru þau 7% sem launafólki var gert að fórna á altari þessarar ríkisstj. Ég hygg að menn geti leitað með logandi ljósi í þessum lista um efnahagsaðgerðir ríkisstj. og þeir finni þar næsta fátt sem framkvæmt hefur verið eða gert hefur verið. Ég vitna til upptalningar sem birt var í janúarhefti tímarits Seðlabankans. Þar stendur sem 1. liður: „Gengissigi verður hætt um áramót og gengi krónunnar haldið stöðugu næstu mánuði." Í þessu sama riti, Hagtölum mánaðarins, sem út kom í desember 1981, segir: „Á þessu ári hefur gengi krónunnar verið lækkað fjórum sinnum." Var þá eftir fimmta gengisbreytingin á tólf mánuðum, sem var þeirra miklu mest.

Í stjórnarsáttmála þessarar hæstv. ríkisstj. segir auðvitað sitthvað sem hér væri ástæða til að vitna til og verður gert hér á eftir, þó svo að heldur hafi verið hljótt um að ráðh. og stuðningsmenn ríkisstj. hafi vitnað í þennan sáttmála. Gengið var fellt fimm sinnum á tólf mánuðum, en í stefnuræðu sinni 22. okt. 1981 sagði hæstv. forsrh. orðrétt, með leyfi forseta: „Gengi íslensku krónunnar hefur ekki verið jafnstöðugt um langt árabil. Ríkisstj. stefnir áfram að stöðu gengi íslensku krónunnar." — Þetta heitir líklega að standist á orð og efndir. Stangist á, ætti líklega frekar að segja.

Það stendur sem sagt næsta fátt eftir af því sem hæstv. forsrh. las yfir landslýð á gamlárskvöld 1980. En þegar svo rann upp gamlárskvöld 1981 og hæstv. forsrh. birtist þjóðinni á skjánum, þá stund sem flestir landsmenn hlusta líklega á sinn leiðtoga, varð niðurstaðan sú, að hæstv. forsrh., aldrei þessu vant, var orða vant. Hann hafði ekkert að segja. Ég lái honum það svo sem ekki því innan ríkisstj. var ekki samkomulag um eitt eða neitt. Þegar hæstv. forsrh. var búinn að tala í 12 mín. kom hlé. Síðan leið og beið og ríkisstj. lagði fram tillögur sínar í efnahagsmálum: Skýrsla frá ríkisstj. aðgerðir í efna-

hagsmálum.

Það er svo sem eins og fyrri daginn að þar er ákaflega lítið og kannske minna en nokkru sinni sem hönd verður á fest. Hér er þokukennt orðalag sem segir nánast ekki neitt. Ég vil mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann skýri nánar hvað felst í þeirri setningu, sem ég nú vitna til, en hún er svona, með leyfi forseta: „Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna að tryggja, að þessi þáttur efnahagslífsins" — þ. e. peningamál — „stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni, að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma, sem efnahagsstefna og markmið ríkisstj. mynda." — Hvernig ber að skilja þetta, hæstv. forsrh.? Síðan segir: „Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta, sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns."

Í kafla um erlendar lántökur segir: „Stefnt verður að því að auka innlendan sparnað til þess að draga úr þörf á erlendum lánum". — Ég beini því til hæstv. forsrh., að hann upplýsi þingheim og þjóðina um hvernig þetta verður gert.

Sé nú vikið að erlendum lántökum er komið að sérstökum kafla í starfi þessarar ríkisstj., sem ástæða er til að fara nokkrum orðum um. Ég sagði áðan að ástæða væri til að vitna í stjórnarsáttmálann. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens segir svo, með leyfi forseta, á bls. 6:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum. Efri mörk erlendrar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar."

En hver er staðan í þessum efnum í dag? Jú, það stefnir í að greiðslubyrði af erlendum skuldum nálgist 20% af útflutningstekjum Íslendinga. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þessi þróun er hættuleg, og er þá vægt til orða tekið. En það, sem er þó öllu alvarlegra og iskyggilegra er hvernig sívaxandi hluti hinna erlendu lána fer til eyðslu og minnkandi hluta til framkvæmda til þjóðhagslega arðbærra framkvæmda. Ef erlendu lánin á þessu ári verða 2250 millj. eða þar um bil, þá fara rétt innan við 1000 millj. í afborganir af eldri lánum, 980. Eftir standa þá 1270 millj. eða þar um bil. Til framkvæmda fara 820 eða því sem næst, en í eyðslu og rekstur fara 444 millj. Þetta hefur ekki gerst áður né heldur hefur það gerst að greiðslubyrði erlendra skulda verði svo hátt hlutfall af útflutningstekjum sem nú stefnir í. Þetta gerist þrátt fyrir þá staðreynd, að í stjórnarsáttmálanum segir allt annað.

Þetta er bara eitt dæmi um að á mis fari orð og efndir hjá núv. ríkisstj. Það er af nógu að taka í stjórnarsáttmálanum. Það má víða bera niður. Það má t. d. minna á upphafssetningu stjórnarsáttmálans um hjöðnun verðbólgu, sem þessi ríkisstj. samkv. yfirlýsingum hæstv. forsrh. var mynduð til að vinna að. „Ríkisstj.," segir hér, með leyfi forseta, „mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982" — þ. e. þessu herrans ári — „verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum Íslendinga". — Það er nú aldeilis öðru nær.

Framan af árinu 1981 miðaði nokkuð í viðureigninni við verðbólguna, en það má segja sem svo, að það hafi verið þrátt fyrir ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, en ekki vegna hennar, vegna þess að allt, sem gerðist í verðbólgumálum, ef undan eru að vísu skilin 7% sem tekin voru af launþegum, var fyrir tilstilli utanaðkomandi áhrifa og var kannske ekki síst fyrir tilstilli jafnaldra hæstv. forsrh. fyrir vestan haf, Reagans Bandaríkjaforseta, þegar Bandaríkjadollar styrktist og hafði þar með mjög hagstæð áhrif á efnahagsþróun hjá okkur. Það var sem sé ekki vegna eins eða neins sem þessi ríkisstj. gerði sem gekk í haginn framan af ári. En ég hygg að menn hiki við að hugsa þá hugsun til enda, hverngi farið hefði hér ef þessarar styrkingar dollarans hefði ekki notið við. Það væri fróðlegt að fá sundurgreiningu hinna færustu hagfræðinga á því, hver hefði orðið þróunin hér ef dollarinn hefði ekki haldið áfram að styrkjast með þeim hætti sem hann gerði einkanlega fyrri hluta ársins 1981.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns, herra forseti, er svo sem ekki mikil ástæða til að fara mörgum orðum um þessa skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum því hún er svo sem hvorki fugl né fiskur. Þar er með almennu orðalagi vikið að ýmsum vandamálum, en það er alveg hárrétt, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson segir í Dagblaðinu í dag, að þetta eru bráðabirgðaráðstafanir til þriggja mánaða og eftir þrjá mánuði verður að endurmeta allt. Það er nákvæmlega eins og þessi ríkisstj. hefur til þessa starfað. Þar hefur ekki verið eining um eitt eða neitt. Enginn er að tala um að það sé hægt að leysa þessi vandamál í eitt skipti fyrir öll. Auðvitað dettur engum í hug að halda slíku fram. En svolítið lengra fram á veginn mætti þó horfa en tekist hefur í þessari ríkisstj., þar sem hæstv. ráðh. virðast sammála um það eitt að sitja og að sitja sem lengst.

Þeir hrósa sér af því að kaupmátturinn hafi haldist. Það hefur komið fram í þessum umr. og verið vitnað til óyggjandi talna frá Kjararannsóknarnefnd, að kaupmáttur hefur haldist með þeim hætti að vinnutími verkamanna hefur lengst um tvær klukkustundir á viku. Auðvitað er lengi hægt að halda kaupmætti ef vinnutíminn er lengdur. Þetta hefur verið sýnt fram á hér með tölum frá Kjararannsóknarnefnd og ég ætla ekki að fara að endurtaka það.

Ríkisstj. hefur gumað af því í hvert einasta skipti nánast sem ráðh. opna munninn í fjölmiðlum, að henni hafi tekist að halda fullri atvinnu. Það er út af fyrir sig rétt. Við eigum ekki við það böl að búa sem atvinnuleysið er í grannlöndunum í kringum okkur. En þetta er líka orðaleikur með nokkrum hætti, vegna þess að fólksflutningar úr landi hafa numið þriðjungi fólksfjölgunarinnar og stundum heldur betur. Við höfum því flutt atvinnuleysi okkar til grannlandanna hér í kring. Hvernig skyldi vera ástatt hér ef ekki hefðu verið þessir miklu fólksflutningar — þessi fólksflótti sem sumir vilja svo nefna? Hvernig væri þá ástandið í atvinnumálum hér? Ég er hræddur um að það væri ekki glæsilegt. Það er því þrátt fyrir þessa ríkisstj. sem hér hefur verið full atvinna, en ekki vegna hennar, vegna þess að ég geri ráð fyrir að margt af þessu fólki hafi einmitt flust úr landi kannske fyrst og fremst og ekki síst vegna stjórnarstefnunnar.

Ég hef vikið hér nokkrum orðum að efnahagsmálum almennt. En hvar er afrekalisti ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens í öðrum efnum? Hvar er afrekaskráin í virkjunarmálum? Hún hefur ekki séð dagsins ljós. Hvar er afrekaskráin í menntamálum, menningarmálum? Hvað hefur verið gert á því sviði? Jú, það má kannske minna á eitt. Þegar hver þm. á fætur öðrum kemur í

þennan ræðustól og bendir ráðh. menntamála og dómsmála á að lögbrot séu framin með sýningum í heimildarleysi á alls kyns efni í svokölluðum myndbandakerfum, hvað gerist þá? Hæstv. ráðh. koma í þennan ræðustól og segja að það geti ekki verið því að það hafi enginn hringt í lögregluna! Síðan hefur það gerst, að nefnd, sem hæstv. menntmrh. skipaði, hefur lýst yfir að hér sé um margföld lögbrot að ræða, ekki á einum lögum, heldur tvennum, þrennum og kannske fernum.

Þegar saga þessarar hæstv. ríkisstj. verður skráð verður hún því ekki löng, þó svo að ríkisstj. auðnist kannske að sitja út þetta kjörtímabil. Það er aldrei að vita vegna þess að það virðist vera það eina sem verulegur einhugur er um, og hæstv. forsrh. hefur langa reynslu sem stjórnmálamaður, lengri reynslu en nokkur þeirra sem hér eiga sæti. Hann er vel til þess vís að halda þessu saman vegna þess að hér er nánast haldið utan um ekki neitt, eins og verið hefur fram til þessa, vegna þess að þessi ríkisstj. hefur hvorki gert eitt né neitt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl., Eiður Guðnason, hefur gert ítarlegan samanburð á loforðum ríkisstj. og efndum. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

Í fyrri hluta þessara umr., sem útvarpað var, ræddi ég stefnumörkun okkar Alþfl.-manna og tillögur okkar í efnahagsmálum, og ég vísa til þess um það efni. Ég vil þess vegna nota tímann núna til að benda á fáeinar staðreyndir fyrst og fremst sem við stöndum frammi fyrir í efnahagsmálum, með tilliti til þess hvernig ástandið er núna.

Efnahagsinnihald þeirra ráðstafana, sem ríkisstj. boðar, er í rauninni fyrst og fremst tvennt: Það eru 5.8% niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum í því skyni að lækka framfærsluvísitölu um sem því nemur og þar með kaupið í landinu og 0.2% lækkun með tollabreytingum. Á þessum grundvelli er það spá Þjóðhagsstofnunar, að framfærsluvísitalan muni hækka um 40—42% á árinu og byggingarvísitalan um 45%. Við vitum að vísu að spár Þjóðhagsstofnunar hafa tilhneigingu til að vera í lægri kantinum. En þegar þessi spá er gerð er gert ráð fyrir að engar grunnkaupshækkanir verði á árinu. Næsta spurning hlýtur þess vegna að verða sú: Hvernig mun þá kaup þróast? Samkv. þessari spá mundi kaupið hækka um 33%. Þarna mundi því mælast 5—7% kaupmáttarskerðing. Ég segi „mælast", vegna þess að þegar menn tala um kaupmátt hér eru notaðir mælikvarðar eins og framfærsluvísitala sem allir vita náttúrlega að er úrelt orðin með öllu. Til viðbótar þeirri kaupmáttarskerðingu, sem þannig mælist, miðað við þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið, þau markmið sem menn stefna að og stefna í 40—42% verðbólgu, — til viðbótar þeirri kaupmáttarskerðingu, sem þannig kemur glögglega fram í forsendum þessarar spár, mun kaupmáttur fyrir sakir þessara ráðstafana lækka um 4%. Hann mun gera það í raun og sannleika vegna þess að þær vörur, sem greiddar eru niður, vega of þungt í vísitölunni. Þegar 6% eru greidd niður má gera ráð fyrir að upp undir $^2/_3$ af því séu falstölur, þannig að hér muni verða 4% kaupmáttarskerðing í framfærslu heimilanna til viðbótar því sem ég rakti áðan.

Sú stefna, sem hér er boðuð og sagt að eigi að skila 35% verðbólgu á árinu, skilar því 42% verðbólgu, en forsendurnar fyrir því eru heildarkaupmáttarskerðing í reynd sem nemur 9—11%. Þetta eru einkar athyglisvert. Nú munu allir vera sammála um að þær tillögur og þær aðgerðir, sem hér hefur verið gripið til, séu upp úr hugmyndafræðibók Alþb. Þeir segja það líka sjálfir, Alþb.-menn, að þetta séu þeirra tillögur, og eru hreyknir af því.

Framsfl. er mjög ólukkulegur þessa stundina, eins og hér hefur verið vitnað til, vegna þess að hann háði sinn bardaga fyrir efnahagsráðstöfunum á síðum Tímans og í öðrum fjölmiðlum, en ekki í ríkisstj., ef marka má niðurstöðuna. Framsókn er í rauninni orðin eins konar útibú frá Alþb. Hver hefði trúað að Alþb.-menn yrðu svona lukkulegir með þá frammistöðu að skerða kaupmáttinn í kringum 10% á árinu og hrósuðu sér af því? Mig minnir að sá flokkur hafi talað mikið um að standa vörð um kjör launafólks.

Til þess að mæta þessu er talað m. a. og sérstaklega um niðurskurð á fjárlögum. Nokkur atriði hafa verið nefnd, komið fram í ræðum ráðh. Það er t. d. talað um niðurskurð á ferðalögum til útlanda. Ég skil það í sjálfu sér ósköp vel að hæstv. fjmrh. skuli hafa ofboðið utanferðir samráðh. sinna og talið ástæðu til að gera það að sérstöku stefnumiði að draga úr þeim. Hvort hann hefur árangur sem erfiði er ég ekki jafnviss um. Það er líka talað um að draga úr kostnaði við Landhelgisgæsluna. Ég get í sjálfu sér skilið það líka að hæstv. fjmrh. hafi ofboðið kostnaður sem hafi verið lagður á Landhelgisgæsluna á árinu. Ég skil þetta svo, að á því ári, sem nú er nýhafið, verði t. d. ekki farið með neina rostunga til Grænlands. — En auðvitað spyrja menn sjálfa sig hvort það verði um raunverulegan niðurskurð að ræða. Hvort hér verður um raunverulegan samdrátt í ríkisútgjöldum að ræða mun ráða miklu um hvort þetta 42% mark næst. Ef ekki verður um raunverulegan samdrátt í ríkisútgjöldum að ræða fer það mark líka forgörðum.

Jafnframt er talað um niðurskurð á framlögum til fjárfestingarlánasjóða. Það skiptir máli hvert verður framhaldið á því, jafnvel þó að sá niðurskurður eigi sér stað. Verða tekin erlend lán í staðinn fyrir þann niðurskurð, sem þarna á sér stað, eða verður dregið úr útlánum sjóðanna? Reynslan hefur verið sú, að það hafa verið tekin erlend lán í staðinn. Það er ávísað á erlend lán. Ef það gerist áfram mun ekki heldur þetta 42% mark ríkisstj. standast.

Við Alþfl.-menn bentum á það við upphaf þessa árs og í sambandi við 7% kaupskerðingu ríkisstj. 1. mars, að ef ekki yrði fylgt skynsamlegri peningamálapólitík mundi nákvæmlega það sama gerast núna hjá þessari ríkisstj. og hjá ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Ofþenslan í peningamálum og reyndar í erlendum lántökum, sem hefur verið geigvænleg á s. l. ári, mundi sprengja þetta allt af sér og árangurinn mundi renna út í sandinn. Þessu spáðum við Alþfl.-menn og þetta hefur komið fram. Það var einmitt þetta sem gerðist. Verðbólgan hljóp fljótt í sama farið þó að það tækist aðeins að draga úr hraða hennar með góðri aðstoð úr Hvíta húsinu.

Útlánaaukning bankakerfisins hefur verið geigvænleg á undanförnu misseri, og jafnframt hefur það gerst, að innlánaaukningin hefur stöðvast. Fólk hefur tapað trú á að innlánin héldu verðgildi sínu. Fólk hefur í annan stað ekki haft efni á því að safna sparifé. Það sér ekkert til nýrra vinnubragða í peningamálastjórn hjá núv. ríkisstj. Fortíð ríkisstj. í peningamálum hræðir og þó alveg sérstaklega þær geigvænlegu lántökur sem hafa átt sér stað á þessu ári, en enn frekar þau áform sem uppi eru fyrir

næsta ár samkv. lánsfjáráætlun, þar sem nota á helminginn af erlendum lánum til að endurnýja gömul lán, velta á undan sér, og þriðjunginn, sem þá er eftir, í hrein eyðslulán.

Enn er það svo, að gert er ráð fyrir að lækka tolla — hefur verið samþykkt — og talið að það muni nema 22 millj. kr. En það var einkar athyglisvert í ræðu hæstv. fjmrh. í Ed. í gær, að hann upplýsti jafnframt að tollafgreiðslugjaldið ætti að gefa 50—60 millj. kr. Það á sem sagt að úthluta almenningi 22 millj., en taka af honum 50—60 millj. kr. Ekki er þetta umhyggja fyrir fólkinu í landinu. Þetta er hluti af þeim skollaleik sem um er að ræða.

Einn er sá kafli í efnahagsskýrslu ríkisstj. sem lætur nærri sanni. Það er inngangskaflinn um efnahagshorfur. Við höfðum minnst á það fyrir jól, Alþfl.-menn, að það horfði heldur skuggalega í þessum efnum og jafnframt að menn skyldu vara sig á því að steypa sér í þær erlendu lántökur sem fyrirhugaðar væru, þegar grundvöllurinn undir efnahagslífinu væri eins ótraustur og raun ber vitni og horfur á samdrætti í þjóðartekjum mundi greiðslubyrðin enn þyngjast. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstj. frá því að hún var stofnuð var talað um 15% greiðslubyrði af erlendum lántökum sem markmið. Nú er talað um 20%. Mönnum finnst þetta kannske lítill munur, bara 5 prósentustig. En menn gæti að því, að 5 prósentustigahækkun þarna er þriðjungurinn af því sem að var stefnt. Þetta er 33⅓% hækkun á greiðslubyrðinni. Þetta er auðvitað geigvænleg þróun.

En þjóðhagshorfurnar gefa líka tilefni til að huga að því, að það er útlit fyrir vaxandi viðskiptahalla. Það, sem er athyglisvert í sambandi við tillögur ríkisstj., er að þetta, sem er reyndar bent á að því er varðar þjóðhagshorfur í inngangskafla skýrslunnar, mun ekkert breytast eða lítið sem ekkert við þær ráðstafanir sem gripið er til. Viðskiptahallinn, sem spáð er, mun lítið hnikast til þrátt fyrir þær ráðstafanir sem hér er gripið til, þannig að það, sem talið er forsenda fyrir aðgerðum, skilar engum árangri á þann mælikvarða sem bent er á sem forsendu.

Ríkisstj. hefur oft á undanförnu misseri hrósað sér af jafnvægi. Hún hrósaði sér framan af árinu af jafnvægi í peningamálum, innlán væru að aukast. Hún hefur ekkert minnst á jafnvægi í peningamálum nú seinustu mánuðina, enda ríkir þar svo hrikalegt ójafnvægi að annað eins hefur ekki sést um langan tíma.

Ríkisstj. hrósaði sér líka af jafnvægi í viðskiptum við útlönd á fyrri hluta ársins. Hún hefur ekkert minnst á jafnvægi í viðskiptum við útlönd síðari hluta s. l. árs. Hún talar ekki um það núna. Það stefnir líka í 500 millj. kr. halla í viðskiptum okkar við útlönd á árinu 1981, og það er útlit fyrir verulega aukningu, líklega um það bil álíka upphæð, á árinu 1982. Jafnvægi er því ekki fyrir að fara á þessu sviði.

Það var mikið talað um jafnvægi í ríkisfjármálunum hér framan af stjórnarferli ríkisstj. Það er ekki eins mikið talað um það núna, enda afhjúpað að þær jafnvægistölur, sem birtar hafa verið, hafa verið fundnar með talnaleik, talnatilfærslu milli A- og B-hluta, sem auðvitað skilar engum raunverulegum árangri í efnahagsmálum, heldur er bara til þess að sýnast út á við. Menn skulu ekki gera ráð fyrir að með slíkum talnakúnstum náist einhver árangur.

Megingallinn við þá skýrslu ríkisstj., sem hér er tekin til umr., er ekki hvað hún er eða hvað er í henni. Hann er eiginlega sá, að hún er ekki neitt. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að fara í gegnum skýrsluna. Við höfum áður séð svona plögg. Við sáum þau fyrir 13 mánuðum. Þá var svona plagg sett fram í 32 tölusettum liðum. Nú eru liðirnir 22, en ótölusettir. Það var ekkert gert með það plagg frekar en stjórnarsáttmálann, og auðvitað verður ekkert gert með þetta plagg heldur frekar en það sem á undan er gengið, og þess vegna ekki ástæða til að fara í gegnum það.

Þær bráðabirgðaráðstafanir, niðurgreiðslur o. s. frv., sem ég hef gert hér eilítið að umtalsefni, munu endast ákaflega skammt. Þetta þýðir að við stöndum áfram í sömu sporum. Við erum áfram með svipaða verðbólgu og áður. Hún er reyndar svipuð og þegar ríkisstj. tók til starfa. Við sjáum engar framfarir. Þess sér ekki stað. Það verður haldið áfram í niðurgreiðslu- og launakrukksleiknum og það á að halda áfram að grípa til bráðabirgðaráðstafana, væntanlega á 2—4 mánaða fresti. Mottó þessarar ríkisstj., stefnan sem verður lesin út út gerðum ríkisstj., er að það megi engu breyta. Þess vegna hlýtur dómurinn um þessa ríkisstj. að verða sá, að þetta sé íhaldssamasta ríkisstjórn sem nokkurn tíma hafi setið á Íslandi. — [Fundarhlé.]

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar þessar umr. hefjast nú að nýju held ég að rétt væri að benda hæstv. forseta á að sumir þm., sem hafa tekið þátt í umr. og gert fsp., sinna ekki skyldum sínum að vera hér viðstaddir. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Kjartan Jóhannsson hafa t. d. bæði beint ásökunum til ráðh. um að þeir væru ekki viðstaddir og auk þess krafist svara við ýmsu. Þess vegna finnst mér lágmarksskylda að þessir menn séu viðstaddir þegar fundurinn byrjar.

Annars vil ég svara því til vegna aðfinnslna sumra hv. þm. um að ekki séu allir ráðh. hér staddir, að ég ætla að það sé venja í þingi að þm. láti sér nægja að sá ráðh., sem flytur mál og er í fyrirsvari fyrir það, sé viðstaddur til andsvara og til að hlýða á mál manna. Ég held að, það sé ekki venjuleg krafa að þm. geri sig svo stóra að krefjast þess, að öll ríkisstj. hlýði á mál þeirra. Þessi skýrsla er flutt af forsrh. og hann hefur verið viðstaddur þessar umr. allar.

Þegar útvarpsumræður eru hafðar um eitthvert mál er að vísu heimild í þingsköpum til að halda umr. áfram eftir að útvarpsumræðum lýkur. Hitt er þó langalgengast, að umr. sé lokið um leið og útvarpsumræðum lýkur. Sá háttur, sem hér er á hafður, er að sjálfsögðu heimill samkv. þingsköpum, en heldur óvenjulegur, og menn geta getum að því leitt, hvers vegna þessi háttur er á hafður. Það er enginn vafi á því, að sumir þeirra, sem töldu sig sjálfkjörna til að taka þátt í útvarpsumræðunum, en komust ekki að, hafa nú viljað láta ljós sitt skína hér. En í þessu sambandi er það athyglisvert, að ræður þeirra tveggja hv. þm., sem hér töluðu fyrir hönd stjórnarandstæðinga í Sjálfstfl., hafa ekki fundið náð fyrir augum Morgunblaðsins. Það er nefnilega venja að eftir útvarpsumræður eru ræður þm. Sjálfstfl. birtar daginn eftir eða allra næstu daga í því blaði. Frá þessu hefur verið brugðið nú og leiða menn mjög getum að því, hvað valda muni. Það eru nú liðnir fimm útkomudagar blaðsins án þess að sjáist tangur eða tetur af þeim ræðum sem hér voru fluttar af þeim hv. þm. Friðrik Sophussyni og Ólafi G. Einarssyni. (**ÓE:** Veit forsrh. nokkra skýringu á þessu?) Já, ég hef skýringu á því. (**ÓE:**

Megum við ekki heyra hana?) Hún er vafalaust sú, að það er dómur Morgunblaðsins og væntanlega stjórnarformanns þess, að það sé ekki fengur að því að birta þessar ræður. (Gripið fram í.) Ja, ég hef ekki heyrt aðra frambærilega skýringu á þessu. Það má vel vera að Morgunblaðið beri fyrir sig plássleysi, en vart er það frambærilegt því að þessa daga hefur Morgunblaðið komið út í 256 bls. auk Lesbókar, svo að nóg ætti plássið að vera fyrir þessar merku ræður. En einhverjar hljóta ástæðurnar að vera fyrir því. Ef hv. þm. Ólafur G. Einarsson tekur hér nú aftur til máls eftir sína frægu ræðu frá því um daginn, þá skilur hann kannske að nokkru hvers vegna ræður þeirra hafa ekki fundið náð fyrir augum blaðsins, sem er sem sagt mjög óvenjulegt. (Gripið fram í.) Hvað ætlar hv. þm. að segja meira? (**ÓE:** Ég sagði: Þetta var billegt.) Billegt? Ég held að það væri afskaplega „billegt" fyrir Morgunblaðið að birta ræðu Ólafs G. Einarssonar. (**Gripið fram í:** Mjög ódýrt.) Ég skil ekki að það kosti mikið. En eitthvað kemur þetta við kaunin á hv. þm., sem er kannske ekki undarlegt, því að ræða hans var með þeim hætti að lítill sómi var að.

Í ræðum þeirra hv. fjögurra þm., sem nú hafa takið til máls, eru fjölmörg atriði sem rædd hafa verið áður, bæði í útvarpsumræðum ítarlega og einnig í sambandi við önnur mál að undanförnu. Gerist því engin þörf á að fara út í þau atriði öll. En það er athyglisvert, að ræða hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar var í upphafi fyrst og fremst upplestur úr blöðum frá því í fyrra og frá því um áramót, samtöl við menn þar sem mismunandi áherslur voru lagðar á ýmis atriði í sambandi við efnahagsmál. Með þessu ætlaði hv. þm. náttúrlega að sýna ágreining innan ríkisstj. En þessi málflutningur hv. þm. er auðvitað algjör tímaskekkja því að efnahagsaðgerðir hafa nú verið skýrðar fyrir Alþingi og lagðar fram fyrir alþjóð, — efnahagsaðgerðir sem öll ríkisstj. og allir ráðherrar eru algjörlega sammála um. Er þess vegna heldur seint að verið að fara núna að þylja upp úr gömlum blaðagreinum eða samtölum. Hins vegar sýnir þetta hvílík röksemdafátækt er hér á ferðinni hjá þessum hv. þm., eins og raunar hefur komið fram hjá öllum þeim fjórum hv. þm. stjórnarandstöðunnar úr Sjálfstfl. sem þátt tóku í útvarpsumræðunum, þar sem hvergi örlar á einu einasta úrræði. Þetta er samtíningur, upplestur úr blöðum, blaðagreinum og blaðaviðtölum, sumum gömlum, án þess að nokkuð bóli á einni einustu ábendingu um hvað þeir telji að gera skuli.

Þegar þessi hv. þm. leggja nú svo mikið upp úr því að reyna að sýna fram á að eitthvað hafi verið skiptar skoðanir og ólíkar áherslur á ýmsum atriðum í efnahagsmálum í desember og fyrri hluta janúar, þá eru þeir kannske um leið að reyna að breiða yfir það sem gerst hefur tvo síðustu daga hér í þingi, þar sem stjórnarandstaðan er nú svo heillum horfin að þegar fyrsta frv. í sambandi við efnahagsaðgerðir ríkisstj., um lækkun tolla á heimilistækjum, er flutt hér í þingi, þá gat stjórnarandstaðan ekki einu sinni staðið saman í því efni, heldur klofnaði hún í báðum deildum og þurfti að skila tveimur álitum bæði í Ed. og Nd.

Þegar hlýtt er á mál hv. þm. Lárusar Jónssonar hér er margt þar sem vekur furðu, auðvitað hvað málflutningur er þar innihaldslítill, en ekki síst eitt atriði. Hv. þm. hefur gert sér mjög títt um að deila á ríkisstj. fyrir að ganga í ýmsum efnum gegn stefnu Sjálfstfl., eins og hann kallar það. En þegar í þessum efnahagsaðgerðum eru nú í ýmsum efnum tekin upp atriði sem Sjálfstfl. hefur á sinni stefnuskrá, — ég skal nefna dæmi: að draga úr opinberum afskiptum af verðlagsmálum, að lækka ríkisútgjöld, að gefa sveitarfélögunum frjálsari og rýmri hendur um ákvörðun í mikilvægum málum, — þá hefur þessi hv. þm. samt allt á hornum sér og verður eiginlega þeim mun eldsúrari sem fleiri stefnumál sjálfstæðismanna komast áleiðis. Hann um það, en það sýnir hver hin málefnalega staða er.

Í máli þeirra hv. þm. Lárusar Jónssonar og Kjartans Jóhannssonar var sagt að vísitöluspá Þjóðhagsstofnunar nú væri sú, að eftir þessar efnahagsaðgerðir yrði verðbólgan á þessu ári 40—42%. Þessi ummæli beggja þm. er röng — alröng. Það er margtekið fram af forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar, að það, sem hér er um að ræða, er alls ekki spá Þjóðhagsstofnunar. Hann hefur tekið það skýrt fram munnlega og bréflega — og það vita þessir hv. þm. báðir — að það, sem hér er um að ræða, er framreikningur, eins og forstöðumaðurinn kallar það, framreikningur á verðbólgu eins og hún mundi vera miðað við ýmis skilyrði, en alls ekki spá um verðbólguna. Ég tel að þessir hv. þm. ættu að sjá sóma sinn í að leiðrétta þetta ranghermi sitt.

Í öðru lagi er þess að geta, að þegar þessi framreikningur nú sýnir 40—42%, þá er náttúrlega í fyrsta lagi byggt á því, að ekkert verði gert frekar til ársloka í efnahagsmálum annað en það sem er þegar búið að ákvarða. Það liggur svo í hlutarins eðli og kemur skýrt fram í yfirlýsingu ríkisstj., að vitanlega þurfi að gera fleira til að ná því marki sem sett er, 35% frá upphafi til loka árs og verðbólguhraða um 30% í lok ársins. Í fyrra, eftir að efnahagsáætlun ríkisstj. frá því á gamlársdag 1980 var birt, var Þjóðhagsstofnun einnig beðin um sams konar upplýsingar, sams konar framreikning og nú hefur verið gerður. Niðurstaðan varð þá sú, að verðbólgan samkv. þeim framreikningi mundi verða um 50% frá upphafi til loka árs. Verðbólgan varð um 40%. Þetta verða menn að hafa í huga um leið og undirstrikað er að Þjóðhagsstofnun margtekur fram að þetta sé ekki spá eða áætlun, heldur framreikningur byggður á vissum forsendum. — Þessi framreikningur var sem sagt í janúarmánuði í fyrra, fyrir ári, 50%. Verðbólgan varð 40%. Nú er þessi framreikningur 40—42%. Við væntum þess, að okkur takist að ná því marki sem við höfum sett fram í okkar skýrslu um efnahagsaðgerðir.

Þá koma svör þessara hv. stjórnarandstæðinga: Þetta er ekkert að marka, vísitalan er fölsuð. — Það er alveg eins og þegar ríkissjóður nær jöfnuði nú tvö ár í röð, 1980 og 1981, með nokkrum greiðsluafgangi. Þá er vaðið hér upp með fullyrðingum um að verið sé að falsa ríkisreikninginn. ríkisbókhaldið og aðrir aðilar, sem að þessu standi, séu að falsa alla reikninga. Svona frammistaða, svona röksemdir, ef maður á að kalla það því nafni, er náttúrlega svo langt fyrir neðan virðingu Alþingis að þessir þm. ættu ekki að leyfa sér að bera slíkt fram.

Við skulum taka fyrra atriðið, að ríkisstj. sé að falsa vísitöluna. Hver er það sem reiknar út og ákvarðar vísitöluna? Menn skyldu halda eftir þessum ósvífnu fullyrðingum að það væri ríkisstj. Það er alls ekki ríkisstj. Það er sérstök nefnd sem heitir Kauplagsnefnd. Ég ætla að formaður hennar sé skipaður af Hæstarétti og svo er þar fulltrúi frá Vinnuveitendasambandi Íslands og annar frá Alþýðusambandi Íslands. Þessir þrír menn ákvarða

framfærsluvísitöluna á hverjum tíma með aðstoð Hagstofunnar. Ríkisstj. kemur þar hvergi nærri.

Þá á fölsunin væntanlega eftir kenningu þessara manna að vera fólgin í því að verið sé að lækka tolla. Það er verið að lækka tolla á ýmsum heimilistækjum. Nú hefur verið upplýst í þessum umr. á þingi, í báðum deildum, og þessir hv. þm. vita það ósköp vel, að lækkun tolla á heimilistækjum nær engan veginn eingöngu til vara sem koma inn í vísitöluna, heldur eru þar mörg tæki og áhöld sem alls ekki snerta vísitöluna.

Þá komu þeir að því, að með niðurgreiðslunum sé verið að falsa vísitöluna. Það er vitað, að fyrir þessar efnahagsaðgerðir var prósenttala niðurgreiðslna 5%. Hún hefur verið á undanförnum árum frá 7 upp í 11%. M. ö. o.: niðurgreiðslur hafa fram að þessu verið lægri en yfirleitt áður. Með þeim niðurgreiðslum, sem nú eru ákveðnar og komnar til framkvæmda, mun hlutfall niðurgreiðslna fara upp í um 7%, sem er í lægra kanti af því sem hefur verið fjöldamörg undanfarin ár. Ég ætla t. d. að í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar hafi niðurgreiðslur verið um það bil eða stundum hærri. Þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson tekur sér það enn í munn, að verið sé að falsa vísitöluna, m. a. með aukningu niðurgreiðslna, þá vil ég minna á að í ríkisstj. þeirri, sem hann átti sæti í og mynduð var 1978, komust niðurgreiðslur að hlutfalli upp í 11%, urðu sem sagt miklu hærri heldur en þær eru nú og heldur en þær verða eftir þær niðurgreiðslur sem ráðgerðar eru í maímánuði.

Ekkert af þessum fullyrðingum fær staðist. Ríkisstj. á að vera að falsa vísitöluna. Það er ekki hún, heldur sérstök kauplagsnefnd sem reiknar hana út og ákveður hana án þess að ríkisstj. komi þar nærri. Tollalækkanirnar snerta ekki síður vörur, sem ekki eru í vísitölunni, og niðurgreiðslurnar hafa oftast nær undanfarin ár verið hærra hlutfall en nú er. Síðan leyfir hv. þm. Lárus Jónsson sér að orða það þannig, að þessar niðurgreiðslur séu orðnar hrikalegar. Ég hefði haldið að maður með viðskiptafræðimenntun, sem virðist vera talinn hér aðalsérfræðingur stjórnarandstæðinga í Sjálfstfl. í efnahagsmálum, ætti að vita betur og hlyti að gera það. Hann á ekki að slá fram slíkum fullyrðingum.

Auðvitað eru margvíslegir annmarkar á niðurgreiðslum. Ég þakka hv. þm. Friðrik Sophussyni fyrir að einn besti kaflinn í ræðu hans hér um daginn var upplestur úr grein eftir mig um niðurgreiðslur. (**FrS:** Hvernig væri að lesa hana aftur?) Ég meina hvert orð af því sem þar stendur. Það er augljóst að margvíslegir annmarkar eru á niðurgreiðslum, og t. d. átti ég minn þátt í því í viðreisnarstjórninni á sínum tíma að reyna að draga sem mest úr niðurgreiðslunum. En menn verða að gera sér grein fyrir því, að niðurgreiðslur eru bein afleiðing af því vísitölukerfi sem við búum við. Hvenær sem slíkt vísitölukerfi er í gangi kallar það á og knýr fram stórauknar niðurgreiðslur. Um leið og hægt væri að losna við höfuðannmarka vísitölukerfisins væri möguleiki til þess að minnka niðurgreiðslur og vissulega kemur það mjög til athugunar. Menn verða að gera sér grein fyrir því, hvert samband er þarna á milli.

Hv. þm. Lárus Jónsson spyr út af ákvæðinu um viðmiðunarkerfi: hvað þýðir þetta? Við höfum orðað það svo, að við teljum æskilegt — og í rauninni er það þegar byrjað — að hefja viðræður við fulltrúa launþega og aðra aðila vinnumarkaðarins um nýtt viðmiðunarkerfi sem sé laust við höfuðannmarka núverandi kerfis, en geti um leið tryggt kaupmátt og kjarajöfnun fyrir launþega, sérstaklega fyrir láglaunafólkið. Þessar viðræður eru nú að hefjast. Þá vill hv. þm. fá yfirlýsingar um það frá mér, hvað eigi að felast í þessari endurskoðun. Þegar verið er að framkvæma úttekt á mjög vandasömu og viðkvæmu máli, telja menn þá að það sé ráðið að telja upp fyrir fram hvað ætlast sé til að komi út úr þessari úttekt og því samkomulagi eða samningaviðræðum sem verið er að hefja? Auðvitað eru það ákaflega mörg atriði sem þarna þarf að kanna. Það væru náttúrlega mjög svo óeðlilegt og óheppileg vinnubrögð af ríkisstj. hendi að fara nú í upphafi slíkra viðræðna að telja upp öll þau atriði sem hún krefst eða óskar eftir að séu í þessu nýja viðmiðunarkerfi. Þannig á ekki að vinna að málum.

Hins vegar spyr svo hv. þm. Lárus Jónsson um það, hvort menn séu sammála í ríkisstj. um hverjir séu höfuðókostir núverandi vísitölukerfis. Ég held að það sé full samstaða, ekki aðeins meðal ráðh., heldur meðal alls þingheims og í rauninni þjóðarinnar um það, að augljóst sé að höfuðókostir núverandi kerfis eru víxlhækkanir og sjálfvirkni. Ef verðlag hækkar á einhverri vöru, hvort sem það er búvara eða annað, hækkar kaup sjálfkrafa. Við það hækkar fiskverð, við það hækkar svo verðlag aftur og vegna þess hækkar kaupgjald að nýju og þannig koll af kolli. Það er þessi sjálfvirkni og víxlhækkun sem er höfuðókostur núverandi kerfis. Innan ríkisstj. eru menn að sjálfsögðu sammála um að þetta er höfuðókosturinn, og ég dreg ekki í efa að allir þm. séu á sama máli.

Sami hv. þm. spyr hvort ég telji að atvinnulífið hafi búið við traustan grundvöll í stjórnartíð okkar. Það hefur staðið atvinnulífi á Íslandi öðru fremur fyrir þrifum hversu mikil verðbólga hefur verið hér í fjölda undanfarinna ára. Hjöðnun verðbólgu er tvímælalaust eitt mesta hagsmunamál atvinnulífsins í landinu. Um það ættu í rauninni allir að geta verið sammála. Ég ætla að frá samtökum og fulltrúum atvinnuveganna í landinu liggi fyrir margvíslegar yfirlýsingar og samþykktir í þessa átt. Þess vegna leiðir það af sjálfu sér, að þegar verðbólgan hjaðnar, eins og hún gerði á síðasta ári, þá er það eitt út af fyrir sig veruleg hagsbót fyrir atvinnulífið í landinu. Hitt hljóta menn einnig að vera sammála um, að árangur í baráttunni við verðbólgu næst ekki án þess að um tíma herði einhvers staðar að. Það eru raunar sumir sem trúa því, að árangur náist ekki í verðbólgubaráttu án þess að svo mjög sé hert að í atvinnulífi að til atvinnuleysis komi. Þeir eru til ýmsir á okkar landi sem halda því fram. Í sumum nágrannalöndum okkar, sérstaklega einu, er ráðandi stefna að til þess að ná niður verðbólgu verði að hafa verulegt atvinnuleysi og jafnvel vaxandi um tíma. Ríkisstj. er andvíg þessari skoðun. Hún vill ekki fallast á þá kenningu, að til þess að ná því meginmarkmiði að halda uppi fullri atvinnu sé glíman við verðbólguna vonlaus, eða á hinn bóginn, ef við ætlum að ná niður verðbólgunni hljóti að skapast atvinnuleysi.

Það er ljóst að á síðasta ári tókst að ná verulegum árangri í baráttunni við verðbólguna þegar hún lækkaði úr 60 niður í um 40% frá upphafi til loka árs. Þetta tókst án þess að svo væri hert að atvinnulífinu að til nokkurs atvinnuleysis kæmi. Sú staðreynd, að á Íslandi, nær eina landinu í okkar heimshluta, kom ekki til atvinnuleysis á síðasta ári, hlýtur að teljast nokkur vitnisburður gegn þeirri staðhæfingu stjórnarandstöðunnar, að atvinnuvegir landsmanna hafi verið og séu á heljarþröm. Ef við lítum á ástandið og tökum stærsta atvinnuveg þjóðar-

innar, fiskvinnsluna, þá er það mat Þjóðhagsstofnunar nú að fiskvinnslan í heild sé rekin með nær 7% hagnaði. Þegar talað er um fiskvinnsluna í heild er að sjálfsögðu átt við þessar þrjár greinar: frystingu, skreiðarframleiðslu og saltfisk.

Herra forseti. Það eru ekki mörg atriði önnur sem hér þarf við að bæta vegna þess að flest önnur atriði, sem hv. þm. hafa gert að umtalsefni, hafa verið rædd áður ýmist í útvarpsumræðunum s. l. fimmtudag eða jafnvel í öðrum samböndum. Þó er rétt að nefna hér gengismálin sem sumir hv. þm. hafa gert að umtalsefni. Þá hafa menn minnst á efnahagsáætlun ríkisstj. frá því á gamlársdag 1980 og reynt að túlka hana þannig, að hún hafi ekki staðist. Hvað segir í þeirri yfirlýsingu? Þar segir að hætt skuli við gengissig, sem þá hafði verið beitt í mörg undanfarin ár, og halda gengi sem stöðugustu næstu mánuði. Þegar við nefndum næstu mánuði höfðum við vonir um að takast mætti um þriggja mánaða skeið að halda genginu stöðugu. Þetta var mikilvægt atriði í sambandi við baráttuna gegn verðbólgunni og þá efnahagsáætlun. Þetta tókst ekki aðeins, heldur tókst að halda genginu stöðugu í fimm mánuði, í fyrstu fimm mánuði ársins í stað þriggja sem við höfðum gert okkur vonir um. Hitt, að í þeim umbyltingum, sem eiga sér stað um allan heim, og erfiðleikum í efnahagslífi og þeirri einkennilegu þróun sem á sér stað um gjaldmiðla erlendis, hvernig þeir lækka og hækka á víxl, sé hægt að slá því föstu, að gengið skuli vera óbreytt misserum og árum saman, það gat engum manni dottið í hug.

Ég gerði grein fyrir stefnu ríkisstj. í gengismálum þegar ég flutti stefnuræðu 22. okt. s. l. hér á hv. Alþingi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar litið er til langs tíma verður að miða gengisskráningu við að jafnvægi haldist í viðskiptum við önnur lönd og tryggður sé rekstrargrundvöllur útflutningsatvinnuvega og þeirra atvinnugreina sem eiga í samkeppni við innflutning. Ríkisstj. mun miða stefnu sína við þetta grundvallarsjónarmið, en jafnframt gæta ítrustu aðhaldssemi í gengismálum.“ Þetta er sú meginstefna sem ríkisstj. fylgir í gengismálum.

Einn hv. þm., það mun hafa verið Eiður Guðnason, taldi — og raunar hafa fleiri komið inn á það — að lækkun verðbólgunnar á síðasta ári væri að þakka Bandaríkjastjórn, Hvíta húsinu, vegna þróunar dollarans. Það er næsta furðulegt að menn skuli grípa til þessarar skýringar. Þegar þetta mál er skoðað liggur það þannig fyrir í fyrsta lagi: Auðvitað var það hagur fyrir íslenska útflutningsframleiðslu hvernig dollaragengið þróaðist. En þessir ágætu menn sleppa vísvitandi öllum öðrum þáttum þessa máls. Vita þeir ekki að t. d. allar olíuvörur til landsins eru greiddar í dollurum, þar er alltaf miðað við dollaragengi. M. ö. o.: þessi mikilvægi þáttur í okkar innflutningi og okkar þjóðarbúskap hækkar auðvitað í verði um leið og dollarinn hækkar. Hvers vegna má ekki minnast á þetta? Hvers vegna má ekki minnast á það, að um leið og dollarinn hækkaði á s. l. ári lækkuðu gjaldmiðlar í Evrópu, ekki vegna gengisstefnu íslensku ríkisstj., heldur þróaðist hlutfallið milli þeirra á þessa leið? Þetta varð auðvitað til þess að valda ýmsum okkar útflutningsgreinum, sérstaklega iðnaði sem seldi mikið af vörum á Evrópumarkað, miklum erfiðleikum sem þessir sanngjörnu stjórnarandstæðingar kenndu náttúrlega alltaf ríkisstj. um. M. ö. o.: blekkingin er svo taumlaus í þessu efni, að alltaf er talið að gengisþróunin á síðasta ári í öðrum löndum hafi verið eingöngu okkur í hag og hún hafi fært okkur svo mikla búbót að þess vegna hafi vísitalan lækkað.

Það er von að hv. þm. Kjartan Jóhannsson glotti. En hann ætti heldur að reyna að feta veg sannleikans betur en hann hefur gert þegar hann kemur hingað upp í ræðustólinn aftur, því að það er ekki boðlegt, hvorki gagnvart þingheimi né þjóðinni, að telja fram aðeins eina hlið málsins, en sleppa öðrum sem mjög eru mikilvægar.

Um leið og það er auðvitað ljóst, að hækkun dollarans á síðasta ári var mikill ábati fyrir frystiiðnaðinn og þær greinar sem seldu vörur sínar í dollurum, þá er líka ljóst, að þetta olli okkur stórfelldum viðbótarútgjöldum vegna þess að það er ekki aðeins olían, sem er miðuð við dollara, heldur gildir það um fjölmargar aðrar vörur, einnig margar sem keyptar eru frá Evrópu, að verðið er miðað við dollara. Þeir erfiðleikar, sem iðnaður og fleiri greinar urðu fyrir á s. l. ári, stafa einmitt af þessari misþróun gjaldmiðlanna sem íslensk ríkisstj. gat auðvitað ekkert ráðið við. Það hefði verið heiðarlegri málflutningur hjá þessum hv. þm. að láta þessi sjónarmið koma fram. Það sýnir í rauninni málefnafátæktina að til slíks skuli þurfa að grípa.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var ekki málefnafátæktinni fyrir að fara hjá hæstv. ráðh. sem var að ljúka máli sínu. Ég verð nú að segja það, að þeir fáu þm., sem hlustuðu á hæstv. ráðh., hafa áreiðanlega verið jafnhissa og ég yfir því að heyra slíkan málflutning hjá hæstv. ráðh., alveg sérstaklega þegar hann hóf mál sitt, sýnilega alveg öskureiður. Hann orðaði það þannig, að ég hefði verið eldsúr í minni ræðu í dag. Hafi ég verið eldsúr, þá var hæstv. ráðh. gallsúr, og kannske eru það þá tveir lundabaggar sem koma loksins úr þorrabakka: eldsúr og gallsúr.

Hæstv. ráðh. kunni nákvæmlega skil á því, hvað hefðu komið margar síður út af Morgunblaðinu síðan á fimmtudaginn var. En mig minnir að hann nefndi tvær eða þrjár tölur aðrar í sinni svarræðu, þar sem hann hefur sjálfsagt verið spurður um — ja, ég veit ekki — nokkra tugi, ef hann hefði vitað hverju hann átti að svara. Sannleikurinn er sá, að hæstv. ráðh. er vorkunn. Hann er spurður hér spurninga sem hann getur ekki svarað, einfaldlega vegna þess að í því plaggi, sem er skýrsla hæstv. ríkisstj. allrar, er ekkert innihald annað en það, að hæstv. ríkisstj. hugsar sér að greiða niður vísitölu tvisvar sinnum um 6%, eins og þar stendur. Það er í rauninni það eina sem stendur í þessu plaggi. Hæstv. ráðh. segir föðurlega við mig að ég eigi ekki að leyfa mér að segja að þetta séu hrikalegar niðurgreiðslur. Ég benti þingheimi og hæstv. ráðh. á að bara hækkunin á niðurgreiðslum, sem hæstv. ríkisstj. ætlar að efna til, er meira en þreföld sú upphæð sem hæstv. ríkisstj. ætlar að verja núna til framkvæmda í landinu: skólabygginga, sjúkrahúsa, hafna, flugvalla o. s. frv. Þetta kalla ég hrikalegar niðurgreiðslur.

Hæstv. ráðh. nefndi hér snarvitlausa tölu um það, hvað hér væri á ferðinni, þegar hann talaði um að verið væri að greiða niður 7%, enda hefur það komið fram hjá hæstv. sjútvrh., sem hefur sjálfsagt sett sig betur inn í þetta dæmi, að það á að greiða niður 11% í vísitölu með þessum niðurgreiðslum.

Ég hef ekki ómerkari mann en hæstv. forsrh. sjálfan fyrir því að leggja nokkurt mat á niðurgreiðslur, hvenær þær séu í hófi og hvenær þær séu ekki í hófi. Hæstv. ráðh.

sagði í margtilvitnaðri Morgunblaðsgrein um niðurgreiðslur á sínum tíma, þegar þær voru aðeins 20—30 milljarðar á ári, sem mér reiknast til að sé eitthvað svipað því, ef sama verðlag er notað, og það kostar að greiða niður þessi 6—7 stig á næsta ári: „Niðurgreiðslur úr ríkissjóði á landbúnaðarvörur kosta nú milli 20—30 milljarða" — að sjálfsögðu gkr. — „á ári og eru komnar úr hófi." Og hann segir annað, sem hv. þm. Friðrik Sophusson rifjaði hér upp í umr. í útvarpinu. Hann segir: „Þessar miklu niðurgreiðslur skekkja verðlag." Hvað er það, hæstv. ráðh., að skekkja verðlag? Er ekki alveg eins hægt að tala um að falsa vísitöluna, gera verðlag skakkt fyrir fólki, gera það þannig skakkt að fólk viti ekki hver mælirinn er á verðlag? Hæstv. ráðh. segir hér: „Þessar miklu niðurgreiðslur skekkja verðlag". Og hann segir meira: „Draga úr hvöt til þess að ráðast í nýjar búgreinar. Þær bjóða heim hættu á misnotkun og spillingu." — Þær bjóða heim hættu á misnotkun og spillingu. Er það þetta sem hæstv. ráðh. er að gera með þeim einu efnahagsaðgerðum sem núv. hæstv. ríkisstj. er sammála um að gera? Og af hverju er hún bara sammála um að gera þetta?

Menn koma hér, ráðh. eftir ráðh., og segja: Okkur tókst bara vel í fyrra, drengir. Við sögðum: Stöðugt gengi. Við sögðum: Við skulum hafa verðlagshöft, við skulum hækka vexti. Okkur tókst bara vel, drengir. (**FrS:** Röskir drengir og dugandi.) Og við skulum stunda kauprán, eins og hv. þm. Alþb. kalla að skerða verðbætur á laun. Þetta gerðu þeir allir í fyrra og koma svo hér og hæla sér af því hver um annan þveran: Við náðum öllum markmiðum okkar í fyrra. — Ekki eitt einasta úrræði af þessu, sem var svo gott í fyrra, er notað núna. Hvernig skyldi standa á því? Hvar eru fuglar þeir á sumri sungu?

Það er ekki furða þó að hæstv. ráðh. hafi verið örlítið eldsúr hér áðan. Hann sagði að allir hæstv. ráðherrar væru sammála um þessa skýrslu, sem er ekkert annað en ein loðmolla og ekkert stendur í og hann gat engu svarað um hvað stæði í. Það er alveg stórmerkilegt að menn skuli geta verið sammála um ekki neitt. Það er í rauninni kannske það sem þessarar ríkisstj. verður lengst minnst fyrir: að hafa getað orðið sammála um að gera ekki neitt, en sitja áfram í rólegheitum, á fjórum fótum. Ég heyri að bent er á að það sé kannske ekki gott að segja „að sitja á fjórum fótum", en ég gæti trúað að það væri sú lýsing sem best hæfði þessari ríkisstj., því að sitji hún enn í ráðherrastólum, þá er sem hún sé á fjórum fótum.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði verið eldsúr yfir því, að það væri nú loksins farið að framkvæma eitthvað af stefnu Sjálfstfl. Ég hefði bent á, að núv. hæstv. ríkisstj. hefði farið eftir úrræðu Alþb. og Framsóknar, og hefði verið þekktari fyrir það hér í þingsölum áður að deila á það. Nú væri farið að fara eftir úrræðum Sjálfstfl. og þar væri um það að ræða að minnka svolítið hörðustu og vitlausustu verðlagshöft sem um getur í áratugi — og ég átti að hrópa húrra fyrir því — og það ætti að fara að lækka ríkisútgjöldin. Já, það átti að fara að lækka ríkisútgjöldin. Þarna er um örlítið brot að ræða af því sem ríkisútgjöldin hafa verið hækkuð, hæstv. ráðh. Út af fyrir sig fagna ég því og eins og ég sagði í minni ræðu áðan: guð láti gott á vita, að það er farið aðýja að því að gera þetta. En því miður er allt orðalag þessarar skýrslu svo óljóst, að ekki er hægt að reiða sig á að það gangi fram sem þar segir.

Hæstv. ráðh. bað okkur hv. þm. Kjartan Jóhannsson að biðjast afsökunar á því, að við hefðum talað um að Þjóðhagsstofnun spáði 40—42% verðbólgu eða hækkun framfærsluvísitölu á þessu ári. Ég orðaði þetta: hækkun framfærsluvísitölu. Hæstv. ráðh. vildi gera mikið úr því, að þetta væri ekki spá heldur framreikningur. Nú held ég að þetta sé bitamunur en ekki fjár, og hafi aldrei farið meira fleipur frá hv. þm. í sambandi við slíka hluti en þetta, þá vil ég segja að það hafi verið vel. Ég biðst ekki afsökunar á þessu, enda algerlega óþarft, vegna þess að oft og tíðum voru þessi orð notuð jöfnum höndum. Það ætti hæstv. ráðh. að vita. Að sjálfsögðu eru ýmsir fyrirvarar á þessu. Það er erfitt að spá, alveg sérstaklega um framtíðina, er sagt. Og allar spár eru með fyrirvörum. Ég held að ég hafi tíundað samviskusamlega með hvaða fyrirvörum þessar spár eru. Þær eru m. a. með þeim fyrirvara að engin grunnkaupshækkun verði á árinu. Ég spurði hæstv. ráðh.: Er þetta stefna ríkisstj. m. a.? Og ég benti hæstv. ráðh. á að það þyrfti að mati sérfræðinga 5+5% kauprán á síðasta hluta ársins að óbreyttu vísitölukerfi ef ætti að ná verðbólgumarkmiði hæstv. ríkisstj. Um þetta hafði hæstv. ráðh. ekkert að segja.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. úr hófi fram. Ég vil aðeins segja að það kemur úr hörðustu átt þegar mál er lagt þannig fyrir hv. Alþingi, að því er ekki ætlað að fá neina umfjöllun í nefnd, og er þess eðlis, að fjöldi af þeim fullyrðingum, sem eru í þessari skýrslu og ég hef ekki fengið svör við, heyrir undir hina ýmsu ráðherra, að sé amast við því og talin frekja af óbreyttum þm. að ætlast til að hæstv. ráðherrar séu viðlátnir og geti svarað.

Ég sé hér hæstv. félmrh. sem ekki var hér í dag. Ég ætlaði að leggja fyrir hann nokkrar fsp., m. a. þá, hvort hann teldi að þetta væri eðlilegt verðbólgumarkmið ríkisstj. og hvernig hann liti á þau ummæli ýmissa sérfræðinga, að að óbreyttu vísitölukerfi væri ekki unnt að ná þessu verðbólgumarkmiði nema með því að skerða kaup tvisvar sinnum í haust, um 5% í hvort skipti, auk margs annars. En af ýmsum ástæðum ætla ég að láta hér staðar numið.

Að lokum þetta: Hæstv. ráðh. var nokkuð ánægður með, hvernig grundvöllur atvinnuveganna hefði verið í tíð hæstv. ríkisstj., og sagði að það skipti atvinnulífið öllu máli að verðbólgan hjaðnaði. Það er alveg rétt. En versta verðbólgan fyrir atvinnuvegina er sú, að kostnaður þeirra hækki meira en tekjurnar. Hæstv. ríkisstj. hefur einmitt haldið þannig á málum að innlendur kostnaður atvinnuveganna hefur hækkað meira en þeir hafa fengið að selja vörur sínar bæði hér innanlands og erlendis. Um leið hefur hæstv. ríkisstj. haldið þannig á máli að útlendir atvinnuvegir hafa haft greiðan aðgang að íslenskum markaði vegna þess að oft og tíðum hefur ekki orðið hækkun á erlendum gjaldeyri í marga mánuði samtímis því að þeir, sem eru að keppa við innflutning útlendra atvinnuvega á íslenskum markaði, hafa þurft að sæta stórfelldum innlendum hækkunum.

Blað hæstv. félmrh. skrifaði mjög skemmtilega um þetta fyrir nokkrum dögum. Þar var leiðari um það sem hét: „Við lifum hátt". Var þar bent á hversu óhemjumikill innflutningur hefði orðið á Íslandi á s. l. ári. Það var vegna þessarar stefnu ríkisstj. í atvinnumálum. Það er vegna útlendrar stefnu ríkisstj. í atvinnumálum. Íslenskir atvinnuvegir máttu sæta því að fá ekki vegna pólitískra ákvarðana að selja vöru sína á kostnaðarverði, hvorki á

innlendum markaði né erlendum. En útlendingar máttu flytja hingað inn vörur afskiptalaust og á mjög góðu verði vegna stefnunnar í gjaldeyrismálum.

Það er þannig sem ekki á að búa að atvinnuvegunum, hæstv. ráðh. Það verður að höggva að rótinni. Það verður að koma í veg fyrir innlendar verðhækkanir, innlendar kostnaðarhækkanir atvinnuveganna. Með því einu móti er hægt að halda gengi stöðugu og halda niðri verðlagi í landinu. Það er ekki hægt að byrja á öfugum enda, hvorki í þessu né öðru. En það hefur hæstv. ríkisstj. sannarlega gert.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. gerði mikið mál úr því, að innflutningsvörur eins og olía væru skráðar í dollurum. Ég hugsa að öllum sé það fullljóst. En sannleikurinn í málinu er sá, að heildarinnflutningur Íslendinga er að stærstum hluta í Evrópumyntum meðan útflutningurinn er að stærstum hluta í dollurum. Þetta er líka skýringin á þeim búhnykk sem hæstv. forsrh. viðurkenndi. Ég held að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta.

En hæstv. forsrh. ráðlagði mér að feta veg sannleikans. Ég ætla bara að segja það, að ef sú ræða, sem hæstv. forsrh. flutti, á að vera mælikvarði á hvernig vegur sannleikans er fetaður, þá held ég að ég þiggi ekki ráðið.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég hafði satt að segja ekki ætlað mér að taka frekari þátt í þessum umr. en ég hafði þegar gert, en eftir ræðu forsrh. get ég ekki stillt mig um að segja hér nokkur orð.

Hæstv. forsrh. byrjaði ræðu sína á að amast við því, að umr. skyldi haldið áfram eftir að hinni eiginlegu útvarpsumr. lauk. Ég man dæmi þess, að svo hefur verið haldið á málum sem nú, að umr. hefur verið haldið áfram eftir að útvarpsumr. sjálfri lauk. Mér sýnist að forsrh. hafi verið nokkur nauðsyn á að komast hér að, þó ekki væri nema til þess að koma að nauðaómerkilegum aths. við ræður okkar sjálfstæðismannanna sérstaklega.

Mér varð það á að grípa fram í við upphaf ræðu hæstv. forsrh., svo ómerkilegar þóttu mér aths. hans, eins og t. d. að vera að tala um að ræða mín við útvarpsumr. hefði ekki fengið náð í Morgunblaðinu. Ég skal segja hæstv. forsrh. það, að ég er ekki að tala hér á Alþingi sérstaklega fyrir Morgunblaðið og ég hef engar áhyggjur af því, þó að ræður þær, sem ég flyt hér á Alþingi, birtist ekki í Morgunblaðinu. En við stjórnarandstæðingar megum vera afskaplega þakklátir fyrir að ræða hæstv. forsrh. hefur birst í Morgunblalinu orð fyrir orð. Ég held að það vanti að vísu formálann sem hann hafði fyrir aðalefninu. Ég held að það sé mesti stuðningur við stjórnarandstöðuna að sem flestar ræður forsrh. séu birtar í Morgunblaðinu.

Það er merkilega lítið sem menn virðast hafa að gera í forsrn. ef þeir geta dundað sér við að telja saman hve margar blaðsíður hafi komið út af Morgunblaðinu síðan útvarpsumr. var haldin, — 256, ef ég hef tekið rétt eftir. Mér þótti þetta sem sagt ódýrt, ég notaði víst orðið „billegt" þegar ég greip fram í fyrir hæstv. forsrh., og ég ítreka það enn. Mér þóttu þetta ódýrar aths. hjá sjálfum forsrh.

Ráðh. talaði um að engin ábending hefði komið fram frá þm. Sjálfstfl. í þessum umr. um hvað gera skyldi. Þetta er rangt hjá forsrh., og til þess að fara ekki að endurtaka það, sem áður hefur verið sagt, verð ég að biðja hann um að lesa ræður okkar yfir.

Það má kannske spyrja hæstv. forsrh. hvort hann telji sig í raun og veru vera að fylgja fram stefnu Sjálfstfl. í efnahags- og atvinnumálum í þessari ríkisstj. Heldur hann það virkilega? Þá er kominn tími til fyrir okkur að fara að lesa saman stefnuna. Hann mundi kannske mæta svo sem eins og á einum þingflokksfundi. Þá gætum við talað saman um það mál.

Hann eyddi nokkrum orðum í það í ræðu sinni áðan að tala um að stjórnarandstaðan væri klofin, hún hefði ekki einu sinni getað orðið sammála um nál. hér á dögunum. Ég skal segja hæstv. forsrh. það, ef hann veit það ekki, að stjórnarandstaðan er í tveimur flokkum, og ég má kannske segja honum það í leiðinni, að Sjálfstfl. er einn flokkur, þó að hann virðist ekki vita það.

Um fölsun vísitölunnar ræddi forsrh. nokkrum orðum. Það er ekki ríkisstj. sem er að falsa vísitöluna. Nei, ekki aldeilis. Það er einhver nefnd úti í bæ. Á að fara að klína því á kauplagsnefnd? Hvað er maðurinn að tala um?

Hæstv. forsrh. sagði að ríkisstj. væri andvíg þeirri stefnu að skapa þyrfti atvinnuleysi til að ná niður verðbólgu. Hvað er hæstv. ráðh. að tala um? Hver hefur haldið fram slíkri stefnu? Hefur stjórnarandstaðan verið að halda slíku fram? Ég segi nei og aftur nei. Ég kannast ekki við það. Og ráðh. er enn að tala um að ríkisstj. hafi náð markmiðum sínum, m. a. því markmiði að halda uppi fullri atvinnu. Veit ráðh. ekki hvers vegna grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar hafa ekki þegar stöðvast? Ég skal þá segja honum það. Það er vegna þess að ýmis jafnvel öflugustu atvinnufyrirtæki landsins í sjávarútvegi hafa verið neydd til að taka lán, kreppulán svokölluð, til þess að stöðvast ekki. Það mætti útvega hæstv. forsrh. lista frá Byggðasjóði um lánsbeiðnir þaðan, neyðarköllin sem þangað hafa verið send. Mér þykir einkennilegt ef hæstv. forsrh. fylgist ekki betur með en hér kemur fram.

Þessar umr. hafa nú staðið í þrjá klukkutíma. Forsrh. hefur látið sig hafa það að sitja undir þessum umr. öllum, en aðrir ráðherrar voru ekki viðstaddir í dag, utan hæstv. félmrh. sem sat hér í hálftíma fyrir hlé. Það eru að vísu fjórir ráðherrar hér núna, sem sýna forsrh. þá virðingu að hlusta á hans ræðu, en þeir töldu sig ekki þurfa að hlusta á hér í dag. Það segi ég að sé óvirðing við Alþingi, og það breytir engu þó að það sé mál forsrh. að leggja fram þá skýrslu sem hér er til umr. Í þessum umr. hafa verið dregin fram ýmis ummæli einstakra ráðh. Það hafa verið dregin fram atriði sem sýna að það er Alþb. sem ræður ferðinni í þessum málum öllum, og stjórnarandstæðingar hafa gjarnan viljað ræða við einstaka ráðh. um þau atriði. En þeir eru bara ekki til viðtals um það. Þeir vilja ekki standa fyrir sínum málum hér á hv. Alþingi. Það er komið í ljós.

Ég tek undir orð hv. þm. Eiðs Guðnasonar, sem hann viðhafði hér í dag, að það er verkefni fyrir hæstv. forseta Sþ. að tala við ráðh. um þetta atriði, hvernig þeir gegna þingskyldum sínum. Þetta er nefnilega ekki í fyrsta skipti sem það kemur fyrir á þessu Alþingi að ráðherrar sýna þinginu algert virðingarleysi. Það hljómar dálítið einkennilega að þurfa að segja þetta þegar ákveðnir menn í núv. ríkisstj. virðast bera mjög virðingu Alþingis fyrir brjósti og nota hvert tækifæri til að tala um það, m. a. hér í dag.

Það þótti fréttaefni í hljóðvarpi í gær að þm. Sjálfstfl. tóku ekki til máls í ákveðnu máli. Mér þykir það meira

fréttaefni, að hvorki ráðherrar Alþb. né Framsfl. hafa talið ástæðu til að sitja fyrri hluta þessa fundar, þegar stjórnarandstæðingar töluðu, og þar af leiðandi ekki að hlusta á ræður stjórnarandstæðinga, svo að ég tali nú ekki um að þeir telji sig þurfa að svara nokkru sem hér hefur komið fram.

Sameinað þing, 48. fundur.

Fimmtudaginn 4. febr., kl. 2 miðdegis.

Öryggismál sjómanna, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Þessi fsp., sem lögð var fram 18. nóv. s. l., þskj. var úbýtt hér í þinginu 19 nóv., var fjórum sinnum á dagskrá á fyrra ári, en þá ekki hægt að taka hana fyrir vegna fjarvista ráðh. Hún hefur verið tvisvar sinnum á dagskrá nú í byrjun þessa árs eftir að þing kom saman og var þá ekki hægt að ræða fsp. vegna fjarveru minnar. Ég var erlendis í opinberum erindagerðum. Segja má því að hluti þess, sem um er spurt í þessari fsp. og þeirri, sem hér verður tekin fyrir á eftir, sé kannske úrelt orðið, en þó held ég að sé rétt að fara yfir öll atriði þessarar fsp., og vil ég leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa fsp. fyrst:

1. tölul. hljóðar á þessa leið: „Hvenær má vænta formlegrar viðurkenningar siglingamálastjóra á sleppibúnaði gúmbjörgunarbáta sem Sigmund Jóhannsson í Vestmannaeyjum hefur hannað?

2. Þegar sú viðurkenning er fengin verða þá ekki sett reglugerðarákvæði sem skylda eigendur skipa til að búa skip sín strax þessum öryggisbúnaði?

3. Má vænta þess, að Siglingamálastofnun gefi á næstunni út nýjar reglur um gerð og búnað björgunarbáta á hinum stærri skipum?"

Varðandi fyrsta atriði þessarar fsp., 1. tölul., munu hafa orðið nokkur blaðaskrif ekki alls fyrir löngu, og að því sem mér skilst mun hafa komið þar fram full viðurkenning á ágæti þessa búnaðar. Hins vegar sjá hv. þm. að megintilgangur fsp. kemur fram í 2. tölul., að þegar sú viðurkenning er fengin, sem um er spurt, hvort ekki verði þá sett reglugerðarákvæði sem skyldi eigendur skipa til að búa skip sín strax þessum öryggisbúnaði. Ég þarf ekki að skýra hér fyrir ykkur, hv. þm., forgöngu Vestmanneyinga sem slíkra, bæði sjómanna þar og iðnaðarmanna og útgerðarmanna, sem vissulega eiga sinn stóra þátt í þeirri þróun sem hefur orðið frá fyrstu tíð í björgunarmálum á þeim þýðingarmikla útgerðarstað. Ég held þó að á síðustu árum hafi vakið athygli þáttur Vestmanneyinga í að taka upp og nota gúmbjörgunarbáta og nú síðast það, að þessi hugvitsmaður okkar, Sigmund Jóhannsson, hefur hannað það sem hér er verið að spyrja um sleppibúnaðinn, og reyndar fleiri þætti sem teljast til öryggisbúnaðar á skipum, — það muni lengi verða í minnum haft meðal a. m. k. þeirra sem við eiga að búa, sjómannanna sjálfra. Ég leyfi mér að fullyrða að ekki muni aðeins forganga Vestmanneyinga sjálfra, heldur og þessa einstaklings, sem hefur lagt gífurlega mikið hugvit fram við að koma þessum búnaði í notkun með þeim ágætu mönnum sem með honum hafa unnið, útgerðarmönnum og iðnaðarmönnum ásamt sjómönnum, — að þetta muni lengi verða í minnum haft og verða til fyrirmyndar fyrir aðra útgerðarstaði og aðra sem að slíkum málum vinna hér á landi.

Ég skal ekki taka upp þá umr. sem hefur orðið hér á milli mála. Minn tilgangur með þessari fsp. er ekki að ráðast á nokkurn hátt að hv. siglingamálastjóra né hæstv. sjútvrh. Siglingamálastjóri býr við það sem flestir stjórnendur í embættum hér á landi búa við. Þeir búa við mikið fjármagnsleysi. Mér er kunnugt um að það er margt og mikið sem hann vildi gera á vegum síns embættis, en hann hefur ekki fengið því fram komið vegna þess að embættinu hefur ekki verið veitt það fjármagn sem skyldi til þess að hægt væri að vinna það lífsnauðsynlega starf sem þar er oft og tíðum unnið. Skal ég ekki fara út í það nánar að sinni og ekki nema tilefni gefist til, en vill þó samt láta þetta koma fram vegna þess að oft hafa heyrst háværar gagnrýniraddir frá sjómönnum í sambandi við þessi mál.

3. tölul. er að gefnu tilefni settur fram með þessari fsp. Hann orðast svo, með leyfi forseta:

„Má vænta þess, að Siglingamálastofnun gefi á næstunni út nýjar reglur um gerð og búnað björgunarbáta á hinum stærri skipum?"

Rannsóknir á þessu hófust í Noregi á vegum iðnþróunarsjóðsins strax árið 1973. Þeim rannsóknum lauk 1979. Það var margt merkilegt sem kom þar fram, og niðurstaða þeirra rannsókna, sem fóru fram í Noregi, hefur verið kynnt bæði í sjónvarpi og öðrum fjölmiðlum. Því er þessi liður fsp. fram borinn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það er leitt hve dregist hefur að svara þessu af þeim ástæðum sem hann rakti. Reyndar hygg ég að ég geti bætt því við, að þegar við báðir vorum hér viðstaddir fyrir jólahlé á þinginu voru annir það miklar að ekki var hægt að koma þessu að.

Það svar, sem ég flyt hér, er byggt á svari siglingamálastjóra frá því um mánaðarmótin nóv.-des., og eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur nokkurt vatn runnið til sjávar frá því að spurt var og frá því að svar var tilbúið. Bið ég menn að hafa það í huga um leið og ég kem að þessum spurningum.

1. spurning: „Hvenær má vænta formlegrar viðurkenningar siglingamálastjóra á sleppibúnaði gúmbjörgunarbáta sem Sigmund Jóhannsson í Vestmannaeyjum hefur hannað?"

Svar siglingamálastjóra ber með sér að þessi sleppibúnaður hlaut samþykki Siglingamálastofnunar ríkisins sumarið 1981 með því skilyrði að rakastýrði losunarbúnaðurinn geti ekki losað gúmmíbjörgunarbát án þess að til þess sé ætlast. Ef um aðrar gerðir búnaðarsins verður að ræða þarf að fá sérstakt samþykki áður en hann er settur upp. Er sérstaklega vísað í þessu sambandi til rits sofnunarinnar, Siglingamál, frá því í júlí 1981, þar sem er ítarlega fjallað um þennan mjög athyglisverða búnað og kemur fram sú niðurstaða Siglingamálastofnunar, að búnaðinn beri að samþykkja með því skilyrði sem ég rakti.

Síðan er 2. spurning: „Þegar þessi viðurkenning er fengin, verða þá ekki sett reglugerðarákvæði sem skylda eigendur skipa til að búa skip sín strax þessum öryggisbúnaði?"

Ég hef haft mikinn áhuga á að það verði gert af þeim

ástæðum, sem hér hafa komið fram, að hér er um mjög athyglisverðan öryggisbúnað að ræða. Ég beindi því til siglingamálastjóra, að það yrði undirbúið eins fljótt og frekast er unnt. Í bréfi siglingamálastjóra til mín, dags. 20. ágúst 1981, vekur siglingamálastjóri athygli á að útgerðarmenn í Vestmannaeyjum muni ætla að útbúa skip sín fyrir vetrarvertíð með þessum búnaði og þar fáist gullið tækifæri til að fá nauðsynlega reynslu á búnaðinn og þá á ýmis atriði sem tengjast mismunandi aðstöðu í hinum ýmsu bátum. Siglingamálastjóri leggur áherslu á að það atriði sérstaklega hefur ekki verið nægilega skoðað og kunni að þurfa að gera sérstakar kröfur til einstakra báta í því sambandi. Í því bréfi leggur hann til að beðið verði með að afla formlegra umsagna, eins og ætíð er gert, þangað til sú reynsla er fengin. Rn. taldi rétt að haga málum eins og siglingamálastjóri leggur til, en strax og þessi vitneskja liggur fyrir, sem fæst á vetrarvertíðinni, mun rn. ganga eftir því, að leitað verði til hagsmunaaðila, eins og gert er í öllum slíkum tilfellum, þ. e. til sjómannasamtaka, samtaka útgerðarmanna, farmanna og fiskimanna, og búnaður þessi verði síðan lögbundinn með reglugerð og þá með þeim skilyrðum sem reynsla þessarar vertíðar og niðurstöður siglingamálastjóra og hagsmunaaðila gera ráð fyrir að setja þurfi.

Þá er þriðja spurningin. Þar er spurt: „Má vænta þess, að Siglingamálastofnun gefi á næstunni út nýjar reglur um gerð og búnað björgunarbáta á hinum stærri skipum?"

Samandregið svar siglingamálastjóra er á þessa leið: Fylgst er stöðugt með þróun í gerð og búnaði björgunarbáta, jafnt á minni sem stærri skipum. Nú er unnið að grundvallarendurskoðun á Solar-samþykktinni frá 1974 að því er varðar björgunartæki skipa. Hluti hennar verður algerlega endurnýjaður og fjölmargar nýjar kröfur gerðar m. a. með björgunarbáta flutningaskipa. Sérstakur fundur, segir hann hér í desember, verður haldinn nú í janúar í Alþjóðasiglingamálastofnuninni, IMCO, og er þá gert ráð fyrir að gengið verði endanlega frá texta þessa kafla. Fari þetta eftir er þess að vænta að íslenskum reglum verði breytt til samræmis við nýjustu kröfur um björgunartæki flutningaskipa. — Fundur þessi var haldinn og er nú verið að endurskoða íslenskar reglur með tilliti til þess, sem niðurstaða varð um á fundinum. Ég hef lagt á það áherslu, að því verki verði hraðað. Geri ég fastlega ráð fyrir að ég fái niðurstöður fljótlega á mitt borð.

Ég vil aðeins að lokum taka það fram, að ég mun, eins og ég hef gert, leggja á það mikla áherslu að kappkostað verði að bæta öryggi á sjó eftir hverri þeirri leið sem fær þykir. Mér hefur sýnst af því að fylgjast með þróun þessa athyglisverða björgunarbúnaðar, sem kenndur er við Sigmund Jóhannsson og hann hefur hannað, að þar sé sannarlega um mjög athyglisvert skref í þessa átt að ræða. Ég hef því lagt áherslu á að unnið verði eins ötullega og hægt er að því að koma þessu í öll skip, en hef hins vegar ekki talið mér fært að ganga hraðar fram í því máli en siglingamálastjóri og sérfræðingar hans telja eðlilegt. — En ég mun fylgja því eftir að málinu verði sinnt eins fljótt og eins vel og frekast er kostur.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. og sjútvrh. fyrir þessi svör, sem ég tel fullnægjandi að sinni, og þykir að sjálfsögðu sérstaklega vænt um að hæstv. ráðh. skuli bera lof á teikningar Sigmunds Jóhannssonar á þessu sviði þótt hann sé kannske ekki jafnsammála teikningum hans á 4. síðu Morgunblaðsins daglega.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vildi aðeins koma hér upp og leggja áherslu á það, sem raunverulega liggur bak við þessar spurningar sem hv. þm. Pétur Sigurðsson hefur borið fram í sambandi við sleppibúnað björgunarbáta sem fundinn er upp af Sigmund Jóhannssyni, og leggja áherslu á að gengið verði í að koma á relgugerðarákvæðum og gera fullnaðarsamþykkt um þessi tæki. Einnig hef ég áhuga á að koma hér á framfæri ályktun Fiskiþings, 4. lið þeirrar ályktunar, þar sem nefndur er þessi búnaður. Reyndar er í upphafi þeirrar samþykktar lögð áhersla á að þessi björgunarbúnaður verði samþykktur. Í 4. lið samþykktar Fiskiþings er sagt að strax verði gerð ný og fullkomin kvikmynd um gúmmíbjörgunarbáta og notkun þeirra. Ef slík mynd er í smíðum eða búin og ekki er í henni hinn nýi sjósetningarbúnaður, sem fundinn er upp af Sigmund Jóhannssyni, verði honum bætt í hana. Fyrr telur Fiskiþing slíka kvikmynd ekki fullkomna.

Aðeins þessu langaði mig til að koma hér á framfæri.

Leiguskip Skipaútgerðar ríkisins, fsp. (þskj. 109). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Fsp. mín til hæstv. ráðh. hljóðar svo:

„1. a. Hvaða skip er Skipaútgerð ríkisins nú með á leigu? Er fyrirhuguð fjölgun þeirra?

b. Undir hvaða flaggi sigla þau?

c. Samkv. hvaða samningum er lögskráð á þau?

2. Er farið að ákvæðum íslenskra laga og samningum við innlend stéttarfélög um fjölda áhafnarmanna?"

Nú standa mál þannig, að Skipaútgerð ríkisins hefur haft á leigu skip og annað íslenskt skipafélag hefur haft á leigu systurskip þess sem nú hefur verið ákveðið að Ríkisskip eða Skipaútgerð ríkisins kaupi. Um þessi leiguskip og öll önnur leiguskip, sem eru á leigu hjá íslenskum skipafélögum, sem munu vera 8 eða 9 að tölu, a. m. k. mun Hafskip vera með 3, 3 vera hjá Eimskipafélagi Íslands og a. m. k. 2 hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga, — um þau háttar þannig að um áhafnarfjölda, en áhafnirnar eru skipaðar erlendum mönnum nær algerlega, er ekki farið að íslenskum samningum eða lögum. Hafandi í huga, að þessi félög öll, og þar á meðal Skipaútgerðin, eru með leiguskip hlýtur auðvitað, til viðbótar því sem hér er verið að spyrja um, að vakna sú spurning, hvernig standi á því, að eitthvað af alvöruskipafélögunum, sem verða að standa undir sínum rekstri, geti hreinlega ekki staðið undir því að reka tvö leiguskip til viðbótar til nauðsynlegrar þjónustu við þá sem við strendur landsins búa. En um það ætla ég ekki að ræða núna.

Þessar spurningar liggja hér fyrir. Um leið er auðvitað rétt að vekja athygli á því, sem líka fellur undir embætti siglingamálastjóra og reyndar alþjóðlegar relgur, að þær stöðugu breytingar, sem verið er að gera á mælingareglum skipa, ná auðvitað ekki nokkurri átt lengur. Ég held að íslenski löggjafinn, og þá þær stofnanir sem um þetta fjalla ásamt rn. hæstv. samgrh., verði að fara að huga að þessu máli allalvarlega vegna þess að það virðist vera

hægt að mæla skip niður eftir því hvernig þurfi að komast í kringum gildandi lög í hverju landi og samninga um fjölda áhafnarmanna. Það er aðeins á einni tegund íslenskra skipa sem íslensk lög hafa verið þverbrotin með þegjandi samþykki viðkomandi yfirvalda, — þar á ég við hæstv. dómsmrh., bæði núverandi og fyrrv., og hæstv. sjútvrh., bæði núv. og fyrrv., — og á ég þá við hina svokölluðu minni togara, en á þeim hafa, frá því að þeir komu til landsins verið þverbrotin þau gömlu góðu lög sem samþykkt voru á sínum tíma, lífsnauðsynleg lög, vökulögin. En að sjálfsögðu eru það nokkurs konar vökulög og vökusamningar sem gerð eru í sambandi við verslunarskipin þegar verið er að gera kröfu til ákveðins fjölda manna. Þetta eru einu vinnustaðirnir á Íslandi þar sem réttur skipstjórans, yfirmannsins og stjórnandans, er svo ótvíræður að það er hægt að láta þá, sem um borð eru, vinna eins og skepnur án þess að fá nokkra hvíld fyrr en viðkomandi yfirmönnum þóknast. Auðvitað hafa reglur verið settar og samningar verið gerðir þess vegna.

Það er því að gefnu tilefni að þessi fsp. er borin fram til hæstv. ráðh. vegna Skipaútgerðar ríkisins sem hefur verið staðin að því að brjóta þessar reglur. Þar hefur verið staðið að því að brjóta önnur lög. Þar á ég við uppsagnarákvæði, sem sett voru í lög ekki alls fyrir löngu, og reyndar fleiri lög í sambandi við viðskipti atvinnurekenda og þeirra launþega sem hjá þeim vinna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta nema frekara tilefni gefist til.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Fyrsta spurning er í þremur liðum.

Spurt er: Hvaða skip er Skipaútgerð ríkisins nú með á leigu? Er fyrirhuguð fjölgun þeirra?

Skipaútgerð ríkisins hefur verið með eða var í desember með tvö skip á leigu, annað norskt og hitt íslenskt, sem var reyndar á leigu tímabundið. Þessi skip eru m/s Vela og síðan íslenska skipið til stutts tíma, m/s Helgey. Ég vil taka það fram, að ekki er fyrirhugað að fjölga leiguskipum útgerðarinnar. Skipaútgerðin hefur alllengi verið með eitt erlent skip á leigu. Það stafar einfaldlega af því að ekki hefur fengist fjárveiting til þess fyrr en nú nýlega að endurnýja skipakost Skipaútgerðarinnar. Eins og hv. þm. vita hefur Skipaútgerðin rekið tvö skip sem eru orðin gömul og mjög úrelt miðað við þær kröfur sem gerðar eru í dag. Til að koma rekstri Skipaútgerðarinnar í betra horf var horfið að því ráði að leigja eitt erlent skip sem er miklu fullkomnara í öllum tækniútbúnaði en þau gömlu íslensku, en fleiri verða þau ekki.

Þá er spurt í b-lið: Undir hvaða flaggi sigla þau?

Íslenska skipið m/s Helgey siglir að sjálfsögðu undir íslensku flaggi, en m/s Vela undir norskum fána.

Þá er spurt í c-lið: Samkv. hvaða samningum er lögskráð á þau?

Svar við þessu er þannig: Skipin eru leigð með áhöfn og eru því samningar og lögskráning í höndum eigenda þeirra. Einn maður er þó um borð í norska skipinu frá Ríkisskip og er sá skráður samkv. norskum reglum, en greidd laun samkv. íslenskum samningum. Þetta er viðkvæmt mál og ég hef átt viðræður við fulltrúa farmanna og fiskimanna um þetta mál. Mér er fyllilega ljóst að þarna stangast reglur á. Hins vegar hafa þessir fulltrúar, með tilliti til þess, hve mikilvægt hefur verið að bæta skipakostinn, ekki gert alvarlegan ágreining við það að eitt skip yrði á leigu, en hins vegar lagt á það ríka áherslu, að skipin yrðu ekki fleiri, og hafa tjáð mér að þeir muni ekki una því, enda er engin hugmynd uppi um það. Ef þeirri hugmynd hefur einhvern tíma verið hreyft hef ég ekki fallist á hana og mun ekki fallast á hana.

Þá er spurnig 2: Er farið að ákvæðum íslenskra laga og samningum við innlend stéttarfélög um fjölda áhafnarmanna?

M/s Helgey er í eigu Reykhólaskips h/f og heyrir að sjálfsögðu undir íslensk lög. Fyrir m/s Vela hef ég svarað með því sem ég sagði áðan. Farið er að norskum lögum, enda siglir skipið undir norskum fána og í samningum um norsk leiguskip er það sett að skilyrði að norsk áhöfn sé á skipunum.

Almennt skal ég ekki fara ítarlega út í það sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan. Hv. fyrirspyrjandi taldi Ríkisskip ekki alvöruskipafélag. Ég vil andmæla því. Á Ríkisskip hvílir sú kvöð umfram önnur félög að koma varningi til ýmissa hafna og staða sem tvímælalaust er mjög óarðbært að sigla á. Þetta viðurkenna allir. Reynt hefur verið að hagræða þessu nú þannig að fækka þessum viðkomustöðum, en flytja hins vegar á milli með bifreiðum og fullnægja þannig þeirri þjónustu sem Ríkisskip er ætlað að sinna. Engu að síður gæti ég upplýst hér um viðkomu á fjölmörgum stöðum á landinu og leyfi mér að fullyrða að fáum af þeim skipafélögum, sem hann kallar alvöruskipafélög, dytti í hug að koma við á stöðum eins og Norðfirði, Kópaskeri og mörgum fleiri. Ég held að menn megi ekki gera lítið úr þessari þjónustu, og ég trúi því varla að hv. fyrirspyrjandi hafi hugsað sér það.

Nú hefur hv. Alþingi fallist á hugmyndir um að endurnýja skipakostinn og gera Skipaútgerð ríkisins betur úr garði til að sinna þessum mikilvægu verkefnum. Þetta kemur þegar fram í lánsfjáráætlun ársins 1981, og hefur á grundvelli þeirrar samþykktar verið gerður samningur um nýtt skip og gert jafnframt ráð fyrir að kaupa systurskip m/s Vela, enda verði þá gömlu skipin bæði seld.

Ég get jafnframt upplýst, að á síðasta ári varð kostnaður ríkissjóðs sem hlutfall af rekstri Skipaútgerðarinnar töluvert minni en hann hefur verið áður. Ég held að ég megi segja að aðild ríkissjóðs hafi orðið um 40% rekstrarkostnaðar, en hefur áður verið um helming.

Ég get loks upplýst að hafnar eru núna viðræður á milli Skipaútgerðarinnar og „alvöruskipafélaganna" um samvinnu um strandferðir. Ég skipaði þá nefnd að ósk eins skipafélagsins. Tel ég það vera mjög virðingarverða ábendingu, og ég geri mér vonir um að þá geti orðið samvinna og samstarf sem verði öllum skipafélögunum til góðs.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Það kemur fyrir að það sem má kalla feimnismál kemur upp við ýmsar aðstæður. Það held ég að hafi gerst áðan í ræðu hv. fyrirspyrjanda. Í sambandi við fsp. um Skipaútgerð ríkisins fór hann að ræða mælingareglur, sem varða hina svokölluðu minni togara, og sagði næstum orðrétt, að þær mælingareglur hefðu verið brotnar með samþykki núv. og fyrrv. dómsmrh. og þær væru að sumu leyti til þess fallnar, að það væri hægt að láta íslenska fiskimenn vinna eins og þræla á þessum skipum, eins og við vitum að verður án vökulaga. Ég held að þarna hafi verið hreyft máli sem gaman væri að fá rætt dálítið frekar en aðeins að það sé nefnt. Þess vegna kem ég hingað upp. Ef það er staðreynd að íslensku minni togararnir eru meira og minna mældir rangt fyrst og fremst með þetta fyrir

augum, þá held ég að það hljóti að vera að hv. Alþingi ætti að líta á þetta mál.

Fyrst þetta var nefnt hér taldi ég ástæðu til að koma hér upp og ýta aðeins frekar við því.

Fyrirspyrjandi (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég held að ég hafi ekki orðað það á þann veg, að mælingareglurnar sem slíkar hefðu verið brotnar í skjóli viðkomandi hæstv. ráðh., hins vegar vökulögin. Á það bendi ég aftur og undirstrika að það hefur verið viðurkennt af báðum þeim tveim hæstv. ráðh., sem ég vitnaði til, í umr., sem hér urðu á s. l. ári um þessi mál, að þeim væri kunnugt um þetta. Auðvitað gildir um þessa minni togara alveg það sama og hina. Ef þeir kallast togarar og eru skráðir sem togarar gilda vökulögin samkv. gildandi íslenskum lögum um þá hvernig sem mælingareglur og mælingar eru. Ég tók það sem dæmi um vökulögin.

Við skulum taka þá einkennilegu staðreynd um verslunarskip sem kemur til landsins yfirbyggt, að það er alltaf hægt að mæla það 499 tonn. Sama er reyndar með þessa svokölluðu minni skuttogara. Það er alltaf hægt að mæla þá undir 500 tonnum vegna þess að sjómannasamtökin féllust á það eitt sinn — illu heilli — að ganga fram hjá vökulögunum við gerð bátakjarasamninga og láta þessi skip falla undir þau.

Nú skal ég viðurkenna strax, að ég tel fulla ástæðu til þess, með hliðsjón af þeirri reynslu, sem hefur orðið á undanförnum árum, og með hliðsjón af þeirri félagslegu þróun, sem hefur orðið hjá verkafólki í landi í sambandi við vinnutíma og hvíldartíma, að vökulögin verði endurskoðuð. Ég er alveg ófeiminn við það, þó ég sé í stjórn eins sjómannafélagsins hér á landi, að miða við þá þróun sem verið hefur á undanförnum árum og áratugum í þessum málum. Það er ekki hægt að líða það til lengdar að ein stétt manna, fiskimennirnir og farmennirnir einir allra, fái ekki að njóta þeirrar þróunar sem hefur orðið á sviði vinnuverndar hjá landsmönnum. Við skulum ekki gleyma því þegar við erum að tala um og bera saman við erlenda sjómenn fjölda í áhöfn á verslunarskipum. Ég var fyrir stuttu að horfa á kvikmynd frá hræðilegu slysi sem varð við Landsend í Englandi þar sem verslunarskip fórst og því miður einnig áhöfn björgunarbáts sem kom til hjálpar. En meginástæða þessa slyss er talin vera sú, að skipið var algerlega vanmannað. Svo halda menn hér heima að það sé hægt að taka fljótabáta sunnan úr Evrópu til þess að sigla með strönd Íslands að vetrarlagi og bera það saman við siglingar í Norðursjó með ströndum fram þar sem hægt er að hleypa til hafnar hvenær sem er ef skellur á illt veður. Það er auðvitað barnalagt.

En ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans og tek það auðvitað fram, að þótt ég hafi ekki kallað Skipaútgerð ríkisins í þessu tilfelli alvöruskipafélag, sem ég geri ekki vegna þess að öll önnur skipafélög verða að standa undir rekstri sínum, þá fólst ekki í orðum mínum neitt um að það þyrfti ekki að halda uppi samgöngum á sjó við hafnir eins og hæstv. ráðh. nefndi. En ég spyr: Hefur það nokkurn tíma verið athugað í fullri alvöru og hefur t. d. þessari samvinnunefnd, sem hæstv. ráðh. talaði um verið falið að athuga hvort það sé ekki ódýrara að bjóða hreinlega hinum skipafélögunum, sem eru vel rekin í harðri samkeppni við erlend skipafélög, fjármuni fyrir að koma reglulega á þessar sömu hafnir? Ég veit ekki til þess. En ef það hefur ekki verið, af hverju er það ekki reynt? Til hvers er verið að halda uppi þessari þjónustu sem við erum að glíma við á hverju einasta ári við afgreiðslu fjárlaga að setja svo mikla peninga í að mönnum hrýs hugur við í hvert skipti sem þeir rétta upp höndina til þess?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Án þess að ég fari að blanda mér á þessu stigi í mælingar á skipum og vökulögin, því að það er svo mikið umræðuefni að við ræðum það ekki til hlítar í fsp.-tíma, vil ég taka fram að ég er sammála því, sem hér hefur komið fram, að það er tímabært að endurskoða lög og reglur um þessi mál, og er reiðubúinn að beita mér fyrir því. Staðreyndin er einnig sú, að það er ekkert samræmi á reglum hér á landi og erlendis um mönnun skipa og margt slíkt sem þarf að athuga. Það er líka rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að aðstæður eru í sumu tilliti kannske erfiðari hér en sums staðar annars staðar. En það er einnig staðreynd að sjómannasamtökin sjálf, þar á ég við bæði farmenn og fiskimenn, hafa, a. m. k. sums staðar um landið, ekki verið fús til að fylgja þessum lögum og reglum út í ystu æsar. Þetta þekkja allir menn. Það eru því fleiri en dómsmrh. og sjútvrh. eða samgrh. sem hafa lokað augunum fyrir þessum staðreyndum. En það breytir ekki því og kannske undirstrikar þetta nauðsyn þess að endurskoða þessar reglur og koma þeim í nútímahorf. Ég vil geta þess hér, að unnið er að því að athuga t. d. kröfur um vélstjóra og fleira á skipum og því miður, þrátt fyrir marga fundi og miklar umræður, hefur ekki náðst samstaða um slíkt.

Eins og hv. þm. vita er það liður í því samkomulagi, sem gert var um stóru togarana, að mönnun þeirra verði endurskoðuð og ríkisstj. verði beðin að beita sér fyrir því. Það verður viðkvæmt mál sem kemur mjög inn á það sem menn eru hér að drepa á. Ég er sannfærður um að á t. d. minni togurunum í miklum aflahrotum er vinnuálag gífurlega mikið og óeðlilega mikið, þótt sjómenn á þeim hafi fremur kosið að hafa fyrirkomulagið þannig en að skipta á fleiri hendur því sem aflast. Það var með þetta í huga sem ég hét því fyrir nokkrum mánuðum að stofna til athugunar á vinnuálagi á sjó og hvernig það hafi þróast undanfarin ár. Mér var jafnframt bent á að Kjararannsóknarnefnd væri með þetta í athugun. Ég hef því óskað eftir að sú nefnd hraðaði þeim þætti þeirrar athugunar sem að fiskimönnum snýr sérstaklega. Ég get upplýst það hér, að ég hef fyrir nokkrum dögum fallist á, að af því fjármagni, sem sjútvrn. hefur til umráða til mörkunar fiskveiðistefnu, verði varið 250 þús. kr. til Kjararannsóknarnefndar til að gera henni þetta kleift. Ég sá enga ástæðu til, að önnur slík athugun yrði sett í gang, og fagna því, að Kjararannsóknarnefnd fjallar um þetta, og ég vona að þessi aðstoð geti orðið til þess að slíkri könnun verði hraðað.

Iðnaður á Vestfjörðum, fsp. (þskj. 200). — Ein umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég fylgi hér úr hlaði fsp. sem borin er fram af Sigurgeir Bóassyni til iðnrh. um iðnað á Vestfjörðum. Fsp. hljóðar svo:

„Hvað líður framkvæmd þál. um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum, sem samþykkt var á Alþingi 19. maí s. l.?"

Sú þáltill., sem þá var samþykkt, hljóðar svo, með leyfi

forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir gerð áætlunar um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum.“

Þessi þáltill. var samþykkt 19. maí og í alla staði væri eðlilegt að fyrir lægi hvaða farveg ríkisstj. hefur ætlað framkvæmd hennar, hvort Framkvæmdastofnun ríkisins hefur verið falið að sjá um það verkefni að gera áætlun í samræmi við þáltill. eða hvort aðrar hugmyndir eru uppi um framkvæmd hennar. Það ýtir nú einnig á eftir að fá skýr svör við þessu, að fyrir þinginu liggur þáltill., sem flutt hefur verið í vetur og er efnislega mjög á sama veg og sú till. sem samþykkt var s. l. vor.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Áður en ég vík beint að svari við þessari fsp., sem hér er fram borin, um hvað líði framkvæmd þál. um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum sem samþ. var hér á þinginu s. l. vor, vil ég leggja á það áherslu að starf það, sem þál. gerir ráð fyrir, er verkefni sem óhjákvæmilega tekur nokkurn tíma og það starf þarf að hvíla á mörgum stoðum ef árangur á að nást. Þar vil ég nefna að koma þarf á samhæfingu á störfum margra aðila og á það við um áætlunargerð af þessu tagi almennt, þ. á m. ráðunauta tækni- og þjónustustofnana iðnaðarins að því er iðnað varðar, og síðast en ekki síst starfi því sem fram fer á vegum aðila í viðkomandi landshluta. Efling iðnaðar verður að eiga upptök sín og rætur í viðkomandi landshluta öðru fremur. Heimamenn þurfa óhjákvæmilega að bera hita og þunga í slíku starfi, og því aðeins kemur stuðningur opinberra stofnana og annarra aðila, sem til eru kvaddir, að notum að jarðvegurinn heima fyrir sé sæmilega undir það búinn. Undantekning frá slíku má segja að geti verið þegar um mjög stór fyrirtæki er að ræða þar sem ríkisvaldið kemur inn sem frumkvæðisaðili. Þetta á að mínu mati almennt við um iðnþróunarstarf á landsbyggðinni.

Varðandi þá þætti, sem sú þál., sem hér er spurt um framkvæmd á, varðar, vil ég segja þetta:

Þegar samþykkt Alþingis barst rn. í júnímánuði s. l. höfðu þegar farið fram viðræður milli iðnrn. og Fjórðungssambands Vestfirðinga um málefni sem að mati beggja aðila er eitt af frumskilyrðum þess, að hægt væri að byrja að plægja jarðveginn heima fyrir iðnþróunarstarf. Ég á hér við viðræður sem áttu sér stað veturinn 1980—81 um hugsanlegan stuðning stjórnvalda við ráðningu iðnráðgjafa á Vestfjörðum. Þessar viðræður fóru fram í framhaldi af samþykkt stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga „um að kanna allt sem að ráðningu iðnaðarráðunauts lýtur og til að kynnast m. a. nýtingarmöguleikum á slíkum aðila á Vestfjörðum“, eins og það var orðað í samþykkt Fjórðungssambandsins. Fulltrúar þess lýstu áhuga sínum á að kanna nánar viðhorf sveitarfélaga í fjórðungnum til málsins áður en Fjórðungssambandið leitaði formlega eftir stuðningi við ráðningu slíks iðnráðgjafa.

Á Fjórðungsþingi Vestfirðinga 1981 markaði sambandið stefnu varðandi ráðningu slíks starfsmanns og gat sótt um að ráða hann eftir að lög hefðu verið sett um þetta efni, en þau hafa nú verið samþykkt. Jafnframt tók þing Fjórðungssambandsins til umræðu stofnun iðnþróunarfélags í fjórðungnum og fól stjórn sambandsins að athuga hvort áhugi og grundvöllur væri fyrir að stofna iðnþróunarfélag sem næði yfir allt Vestfjarðakjördæmi. Í samþykktinni var einnig gert ráð fyrir að iðnráðgjafi mundi starfa á vegum slíks félags ef af stofnun þess yrði. Þá samþykkti sambandið einnig að kannað yrði hvort sveitarstjórnir innan sambandsins væru tilbúnar að standa að stofnun iðnþróunarsjóðs á svæðinu.

Ég tel nauðsynlegt að framangreindar upplýsingar komi hér fram varðandi það undirbúngsstarf sem að er unnið í heimabyggð og er eitt af frumskilyrðum þess, að aðstoð opinberra aðila komi að tilætluðum notum. Rétt er að fram komi að enn hefur Fjórðungssambandið ekki leitað eftir heimild til að ráða til sín iðnráðgjafa samkv. nýsettum lögum, en ég veit að málið er til athugunar heima fyrir.

Ég vil þá víkja aðeins að því undirbúningsstarfi sem fram hefur farið að forgöngu iðnrn. og tengist framkvæmd þeirra þátta sem þál. greinir frá varðandi iðnaðarmálið.

Þegar þál. barst rn. fól það vinnuhópi, sem annast hefur tengsl út í landshlutana vegna starfa iðnráðgjafa, að fjalla um efni þessarar þál. að því er iðnaðarmálefni varðar. Í þessum hópi er fulltrúi frá iðnrn., Iðntæknistofnun, samstarfsnefnd um iðnþróun og frá Framkvæmdastofnun ríkisins, en síðast talda stofnunin hefur öðrum fremur annast áætlunargerð af ýmsu tagi fyrir einstakar sveitir og svæði á landinu. Með starfi þessa hóps er reynt að tengja þá áætlunargerð starfi innan rn. og hjá Iðntæknistofnun. Þessi vinnuhópur hafði þá unnið að undirbúningi frv. varðandi iðnráðgjafa fyrir hönd iðnrn., og í þeirri tillögugerð var lögð rík áhersla á að stjórnvöld, samtök sveitarfélaga og aðrir áhrifaaðilar leituðust við að samræma viðhorf sín og aðgerðir til eflingar iðnþróun í landshlutunum. Hópurinn taldi eðlilegt að standa að verki með svipuðum hætti og gert hafði verið á Austur- og Norðurlandi, þ. e. að heimamenn næðu samstöðu um að ráða til sín starfsmann og slíkur maður hefði það hlutverk að vera tengiliður á milli aðíla á svæðinu og stofnana sem legðu áætlanagerð vegna iðnrþóunar lið, og hef ég þegar tilgreint þær: tæknistofnanir iðnaðarins og Framkvæmdastofnun ríkisins.

Þess má geta, að iðnrn. hefur á undanförnum árum og nú nýlega ítrekað átt viðræður við Framkvædastofnun um hvernig best megi haga samstarfi um áætlunargerð í þágu iðnaðarins sérstaklega. Eins og hv. alþm. þekkja hafa margar áætlanir verið unnar á vegum Framkvæmdastofnunar, en því miður hefur ekki tekist að fylgja eftir um framkvæmd margra þeirra hugmynda, þótt nýtar séu, sem fram hafa komið í þessum áætlunum, sumpart vegna þess að tengslin við framkvæmdavaldið og ekki síður við aðila í heimahéraði hafa ekki verið eins góð og skyldi. Iðnþróun á landsbyggðinni er margþætt verkefni, og reynslan hefur eflaust kennt mönnum að vel samdar áætlanir hafa takmarkað gildi ef ekki er jafnhliða verið að treysta undirstöður iðnþróunar á landsvísu, þ. e. fyrir landið sem heild, og með félagslegum aðgerðum á viðkomandi svæði. Sem dæmi um slíkar aðgerðir má nefna undirbúning að stofnun iðnþróunarfélaga og iðnþróunarsjóða, eins og nú er að unnið á Vestfjörðum.

Herra forseti. Ég hef drepið hér á nokkur atriði sem lúta að undirbúningi að framkvæmd þessarar þál. um eflingu iðnaðar og þjónustu á Vestfjörðum. Nauðsynlegt er að hafa í huga að þál. tekur til fleiri þátta atvinnustarfsemi en iðnaðar, svo sem grg. með till. ber glöggt með sér. Ekki síst er þar vakin athygli á nauðsyn þess að efla hvers konar þjónustustarfsemi og þá einkum versl-

unarþjónustu. Afskipti af þeim þætti eru að mestu utan seilingar þess rn. sem ég fer með. Á vegum Framkvæmdastofnunar hefur verið unnið að upplýsingasöfnun varðandi verslun á Vestfjörðum. Það þekkja fulltrúar Vestfirðinga hér á þingi. Kom út skýrsla þar að lútandi í nóv. 1977, en ég sé ekki ástæðu til að rekja það starf hér frekar.

Við framhald vinnu að þessu máli, framkvæmd þessarar þál., mun iðnrn. leita eftir nánu samstarfi við Framkvæmdastofnun ríkisins og heimaaðila, eins og þegar hefur verið lagður grunnur að, til að reyna að tryggja árangur af þeirri áætlunargerð sem þál. gerir ráð fyrir. Ég dreg ekki í efa, að þörf sé fyrir eflingu atvinnulífs á Vestfjörðum umfram það sem nú er — og þá m. a. á sviði iðnaðar til að auka þar fjölbreytni. Heimamenn hafa staðið þar að myndarlegu framtaki, m. a. á sviði rafeindaiðnaðar og þjónustuiðnaðar við þá öflugu útgerð og fiskvinnslu sem rekin er á Vestfjörðum og ekki þarf að fjölyrða um hér. Það hlýtur að vera bæði rétt og skylt, að stjórnvöld reyni að stuðla að því, að þessi vilji heima fyrir njóti eðlilegs stuðnings hins opinbera.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans og tel mig mega treysta því, að þessi þál. sé að komast til framkvæmda hvað iðnaðinn snertir. Hins vegar taldi ég og tel eðlilegt að Framkvæmdastofnun ríkisins verði falið að sjá um framkvæmd þál. því að hún fellur til a. m. k. tveggja annarra ráðuneyta og þjónustan er ekki síður atriði í henni en iðnaðurinn. Ég vænti þess nú, að eftir því verði leitað að Framkvæmdastofnunin sjái um framkvæmd ályktunarinnar án þess að hér þurfi að koma fsp. til hvers ráðh. um sig. Ég teldi a. m. k. óeðlilegt ef svo þyrfti að vera. En ég þakka iðnrh. fyrir svör hans.

Nafngiftir fyrirtækja, fsp. (þskj. 169). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. hér á hinu háa Alþingi sem finna má á þskj. 169. Fsp. er til hæstv. viðskrh. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvaða ákvæði eru í lögum um nafngiftir fyrirtækja, svo sem verslana, verksmiðja, veitinga- eða gistihúsa eða annarra fyrirtækja, svo að nöfn þeirra samrýmist íslensku máli?

1. Séu engin lagaákvæði í gildi, eru þá áform um að setja slík lög?"

Á árinu 1958 var lagt fram hér á Alþingi frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og frv. til l. um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. Efni þessara frv. var sem hér segir, með leyfi forseta:

2. Frv. um breyt. á lögum um veitingasölu, gistihúsahald o. fl.: Þar var, í þeim lið sem fjallar um skilyrði til að stofna slíkan veitingarekstur, lagt til að sá liður hljóðaði svo m. a.:

„Hefur meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar, þar sem hann ætlar að reka atvinnu, enda beri veitingastaðurinn eða gistihúsið nafn, sem að dómi skrásetjara samrýmist íslensku málkerfi. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkv. lögum nr. 33/1953."

Hitt frv. hljóðaði svo eða frvgr., með leyfi forseta:

„Hver sá, er rekur verslun, handiðnað eða verksmiðjuiðnað, skal hlýða ákvæðum þeim, er hér fara á eftir, um nafn það, er hann notar við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma), enda beri fyrirtækið íslenskt nafn."

Bæði þessi frv. urðu að lögum, en í breytingu á öðru frv. var kveðið svo á, að örnefnanefnd skyldi skera úr ágreiningi sem upp kæmi.

Á Alþingi 1962 var flutt stjfrv. til heildarlaga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., en við samningu þess sýnist ekki hafa verið hirt um að sinna þessum lagabreytingum, sem orðið höfðu, þannig að lög þau um veitingasölu og gististaðahald o. fl., nr. 53 frá 1963, sýnast ekki hafa þessi ákvæði.

Í blaðaskrifum, sem orðið hafa á þessum vetri um þróun í þá átt að skýra íslensk fyrirtæki erlendum nöfnum, hefur komið fram, að langt er síðan örnefnanefnd hefur fengið nokkur vafamál til umsagnar. Þeir, sem skrásetja fyrirtæki hér á landi, munu vera hlutafélagaskrá, firmaskrá hjá borgarfógeta og vörumerkjaskrá hjá iðnrn. Hjá borgarfógeta munu vera skráð önnur fyrirtæki í Reykjavík en hlutafélög. Það var því nokkurt vafamál í mínum huga til hvers ætti í raun og veru að beina þessari fsp., en við athugun kom í ljós að hæstv. viðskrh. hlyti að vera sá aðili.

Á síðustu öld unnu áhugamenn um íslenska tungu það afrek að hreinsa málið af erlendum áhrifum sem þá ógnuðu því verulega. Það, sem þá varð tungunni vafalítið til bjargar, var að alþýða manna talaði og kunni enn hreint íslenskt mál, en dansksinnuð yfirstétt var orðin ótalandi og óskrifandi, eins og embættisbréf frá þessum tíma sýna, sem í dag væru gamanmál, vona ég, í hugum okkar. Nú sækja erlend áhrif á tungu okkar að okkur öllum með aukinni fjölmiðlatækni. Lágmarkskrafa hlýtur að vera að þeir, sem tala vilja þokkalega íslensku, séu ekki daglega neyddir til að bögglast með erlendar nafngiftir ýmissa fyrirtækja sem þeir þurfa að sækja til og margir hverjir kunna engan veginn að nota eða bera fram. Fjölmörg fleiri rök má færa til þess, hve óæskilegar þessar nafngiftir eru. Íslensk sérkenni mega gjarnan haldast í heimi þar sem fjölmörg þjóðlönd verða í æ ríkari mæli án fyrri sérkenna. Ferðamálaráð er vel vitandi um þessa hættu og hefur reyndar ályktað um að nafngiftir sem þessar séu langt frá því æskilegar.

Ég skal ekki, herra forseti, lengja málflutning minn. Öllum hv. alþm. eru þessar umr. vel kunnugar, en það er mat mitt, að Alþingi beri að gæta að og vernda íslenska tungu, og þess vegna hefur þessari fsp. verið beint til hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 8. þm. Reykv. hefur beint til mín tveimur fsp. um nafngiftir fyrirtækja.

Fyrst er spurt um hvaða ákvæði séu í lögum um nafngiftir fyrirtækja, svo sem verslana, verksmiðja, veitinga- eða gistihúsa eða annarra fyrirtækja, svo að nöfn þeirra samrýmist íslensku máli.

Þessari spurningu er fljótsvarað. Ákvæði um þetta er einungis að finna í 8. gr. laga nr. 42 frá 1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, eins og greininni var breytt með lögum nr. 24 frá 1959 sem hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir í sambandi við fsp. Í þessari lagagrein er gert ráð fyrir að fyrirtæki, sem starfa á sviði verslunar, handiðnaðar eða verksmiðjuiðnaðar, beri nafn er sam-

rýmist íslensku málkerfi. Mat á því, hvort nafn fullnægi þessu skilyrði, falli undir þá aðila er annast skráningu þessara fyrirtækja. Firmu skal að jafnaði tilkynna til verslanaskrár, en þær halda lögreglustjórar, sýslumenn og bæjarfógetar og í Reykjavík borgarfógetaembættið. Viðskrn. annast þó skráningu hlutafélaga eða hlutafélagaskrá. Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til örnefnanefndar sem starfar samkv. lögum nr. 35 frá 1953, um bæjanöfn o. fl.

Af þeim upplýsingum, sem aflað hefur verið, má ráða að skráningaraðilar hafa að meginstefnu til skýrt 8. gr. firmalaga svo, að heimilt væri að skrá fyrirtækin undir erlendu nafni ef nafnið félli að hljóð- og framburðarkerfi íslensks máls. Nú eru ugglaust ýmsir þeirrar skoðunar, að nöfn margra fyrirtækja séu varla í samræmi við þessar skýringarreglur, og geta bent á dæmi máli sínu til sönnunar. Ástæður þessa geta verið ýmsar og skal ég rekja þær helstu:

Í fyrsta lagi getur verið um fyrirtæki að ræða sem hafa fengið nafn sitt skráð áður en 8. gr. firmalaga var breytt og lögbundið var að nöfn fyrirtækja skyldu samrýmast íslensku málkerfi að dómi skráningaraðila til þess að þau fengjust skráð. Þá á ég við endurskoðunina á lögunum frá 1903 sem fór fram 1959, eins og áður segir.

Í annan stað tekur 8. gr. aðeins til fyrirtækja á sviði verslunar, handiðnaðar og verksmiðjuiðnaðar. Af því leiðir t. d. að veitinga- og gistihús þurfa ekki að fullnægja kröfum greinarinnar um nafn er samrýmist íslensku málkerfi.

Í þriðja lagi fá ýmis fyrirtæki skráð vörumerki hjá vörumerkjaskrá iðnrn. og auglýsa síðan vörur sínar og þjónustu undir vörumerkinu sem verður þá nafn fyrirtækisins í huga almennings enda þótt rétt nafn geti verið allt annað. Hafa orðið mikil skrif í blöð í vetur um tiltekin fyrirtæki hér í borginni. Ég held að öll þessi fyrirtæki hafi verið skráð undir ágætum íslenskum nöfnum sem hlutafélög, en hafi verið rekin undir öðrum nöfnum.

Þá vaknar spurningin um það, hvað heimildir ganga langt til varðandi slíkt. Í vörumerkjalögum mun ekki vera að finna ákvæði sambærilegt við 8. gr. firmalaga, en ekkert er því til fyrirstöðu, að fyrirtækin geti fengið erlend orð eða orðasambönd skráð sem vörumerki að öðrum skilyrðum þeirra fullnægðum. Nánari lýsingu á skárningu vörumerkja verð ég hins vegar að vísa til hæstv. iðnrh.

Í fjórða og síðasta lagi verður að leggja áherslu á að í þessum efnum eins og mörgum öðrum er vandratað meðalhófið. Það, sem sumum finnst geta gengið sem nafn á fyrirtæki, kann öðrum að þykja hin versta útlenska.

Síðari fsp. er efnislega á þá leið, hvort áform séu uppi um að setja lagaákvæði er tryggi að nafngiftir fyrirtækja samrýmist íslensku máli. Er gengið út frá að svarið við fyrri fsp. hafi leitt í ljós að engin slík lagaákvæði væru í gildi. Hér er því til að svara, að ég hef ekki hugsað mér að flytja sérstakt lagafrv. er gengi í þessa átt. Hv. fyrirspyrjanda er hins vegar að sjálfsögðu heimilt að leggja slíkt frv. fyrir Alþingi telji hann þess þörf. En umr. verða áreiðanlega um þetta mál þegar firmalögin verða tekin til endurskoðunar, sem vonandi ætti að geta orðið áður en langt um líður, og ég hef stefnt að því, að sú endurskoðun gæti hafist ekki síðar en um n. k. áramót. Það er nú þannig með mörg af þessum lögum, að það eru ekki mjög margir sérfræðingar, sem vinna að endurskoðun á lögum skyldum þessum, og nú eru nokkur lög í endurskoðun, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að þessi heildarendurskoðun geti hafist fyrr en um næstu áramót. Að sjálfsögðu verða þessi atriði tekin til endurskoðunar, enda þörf á því að mínu mati. Í sambandi við þá endurskoðun finnst mér koma til athugunar að rýmka 8. gr. laganna þannig að hún nái til allra fyrirtækja, en ekki aðeins til þeirra sem starfa á sviði verslunar, handiðnaðar eða verksmiðjuiðnaðar.

Ég verð þó að lokum að játa það, að ég efast um að lagasetning af þessu tagi geri mikið gagn ein sér. Mestu máli skiptir að efla alla umræðu um íslenskt mál. Þar hafa að sjálfsögðu fjölmiðlar miklu hlutverki að gegna. En það er ástæða til að undirstrika það sem ég kom inn á áður í mínu svari, að það er býsna algengt að það eru skrásett hlutafélög undir íslenskum nöfnum, t. d. veitingarekstur, svo að ég taki dæmi, og síðan er viðkomandi rekstur eða þjónusta rekin undir vörumerki, sem er skrásett, eða undir erlendum nöfnum, eins og mörg dæmi má nefna um.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vildi þakka hv. 8. landsk. þm. fyrir að vekja athygli á þessu og bera fram þá fsp. sem þm. hefur nú gert um nafngiftir á fyrirtækjum. Ég vil líka segja frá því, að skömmu fyrir jól barst allshn. Nd. erindi þar sem vakin var athygli á sögu löggjafar í þessum efnum, efnislega mjög í þá veru sem hv. þm. gerði grein fyrir í framsögu með þessari fsp. Á vegum allshn. Nd., í framhaldi af því erindi sem nefndinni barst, hefur farið fram umræða og athugun á því, hvort mögulegt sé að á vegum nefndarinnar verði lagt fram lagafrv. sem feli í sér að komið verði í veg fyrir nafngiftir á atvinnustarfsemi sem falli ekki að málkerfi íslensks máls. Umr. um þetta hefur nú um nokkurra vikna skeið farið fram í nefndinni. En eins og hæstv. ráðh. gat um eru margháttaðir erfiðleikar á framkvæmd þessari. Hæstv. ráðh. nefndi það t. d., að skráð fyrirtæki, sem eru skráð með alíslenskum nöfnum, reka hins vegar atvinnustarfsemi sem ber erlend nöfn. Þetta hefur í framkvæmd valdið verulegum erfiðleikum. Um leið og ég greini frá þessari umræðu á vegum nefndarinnar vil ég láta það í ljós sem mína persónulegu skoðun, að mikil ómenning hefur hlotist af þessum erlendu nöfnum, enda ástæðulaust með öllu og oftar en ekki smekklaus.

Þessi umræða og athugun hefur farið fram á vegum nefndarinnar og eru til drög að frv. Von mín er sú, að á vegum allshn. verði hægt að leggja fyrir Alþingi frv. í þessa veru þar sem þessi sjónarmið komi fram.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans svör og einnig hv. allshn. Nd., sem hefur sýnt áhuga á þessu máli, sem mér var ókunnugt um, en ég tel mjög af hinu góða. Mér er auðvitað ljóst að þetta mál er ekkert auðleyst. Ég held þó að nauðsynlegt sé að huga að þessu og t. d. væri það verðugt verkefni allshn. Hins vegar vekur það nokkra athygli mína, ef hægt er að láta skrá hlutafélag undir e. t. v. sómasamlegu íslensku nafni, en síðan er það kannske einungis stofnað utan um fyrirtæki, sem heitir erlendu nafni. En þetta er eflaust ein af hinum mörgu kúnstum viðskiptalífsins sem mér hefur alltaf gengið dálítið illa að skilja.

En það, sem vakti undrun mína, var að hæstv. viðskrh. lýstu yfir að hann hefði ekki neinn hug á því að leggja

fram frv. í þessa veru, sem mér fyndist satt best að segja vera jafnvel verkefni hans í samráði við ýmis önnur hæstv. ráðuneyti. Ég vil a. m. k. benda hæstv. viðskrh. á og hans góða flokki, að ég hygg að það færi að fara hrollur um hið háa Alþingi ef hæstv. forseti. skýrði bæ sinn Hollywood og hv. formaður þingflokks framsóknarmanna byggi í Manhattan í Húnavatnssýslu. Þetta finnst mönnum auðvitað algerlega fráleitt, en það er ekkert fráleitara en það sem við búum við hér í Reykjavík. Enn þá hefur íslensk bændastétt ekki talið það eftir sér að finna bústöðum sínum íslensk nöfn, og ég held að það sé engin goðgá að ætlast til hins sama af okkur borgarbúum, ef við viljum skíra fyrirtæki okkar eða bústaði sérnöfnum.

En ég vil sem sagt þakka fyrir svar hæstv. ráðh. og undirtektir hv. þm. Vilmundar Gylfasonar og vænti þess, að Alþingi sinni þessu máli a. m. k. með umr. og helst með frv.-flutningi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Mér er kunnugt um vinnu og umr. sem hafa átt sér stað í allshn. Nd. varðandi þetta sérstaka atriði, og mér finnst það ákaflega eðlilegt og raunar sjálfsagt og ánægjulegt ef nefndin beitir sér fyrir því að flytja frv. um þetta atriði. Ég boðaði hins vegar endurskoðun, en þar átti ég við lögin um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, en það er ein grein í þeim lögum, 8. gr., sem fjallar sérstaklega um þetta afmarkaða mál. Það er öðrum þræði með tilliti til þessarar vitneskju sem ég hef ekki hugsað mér að flytja sérfrv. um þessi atriði.

Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um eru ákveðin fyrirtæki sem eru rekin undir erlendum nöfnum, en þau eru skráð undir ágætum íslenskum nöfnum sem hlutafélög, þ. e. Álfabakki 8 h/f og Borgarholt h/f. Það gefur auga leið að það er þörf á skýrari ákvæðum í þessum efnum en nú er að finna í lögum. Það væri auðvitað hægt að hugsa sér það að það væri gengið beint til verks og menn gerðu tilraun til að breyta þessu með valdi. En ég hef ekki trú á að það mundi breyta miklu í munni og högum almennings úr því sem komið er. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé sjálfsagt að endurskoða þessi lagaákvæði sérstaklega, og vegna þess að ég veit að málið hefur verið til meðferðar í allshn. er eðlilegt að fsp. komi fram. Meðan ég veit að það er í þeim góðu höndum sé ég ekki ástæðu til að flytja sérstakt frv. um málið.

Sameinað þing, 49. fundur.

Fimmtudaginn 4. febr., að loknum 48. fundi.

Íslenskt efni á myndsnældum, þáltill. (þskj. 297). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86, þáltill. (þskj. 184). — Ein umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Till. sú sem hér er flutt, um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986, á að baki sér mikinn undirbúning og mikið starf. Í raun er hún framhald af landgræðslu- og gróðurverndaráætlunum árin 1975—1979 og enda þótt nokkurt bil hafi orðið á milli þessara tveggja áætlunartímabila hefur það verið fyllt að nokkru með fjárveitingum til að sinna þeim verkefnum sem þessar áætlanir fjalla um.

Áætlunin er byggð á áliti samstarfsnefndar um landgræðsluáætlun sem er fylgirit með till. þessari. Með bréfi, dags. 27. febr. 1979, fól þáv. landbrh., Steingrímur Hermannsson, samstarfsnefnd um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun, sem var eins konar framkvæmdanefnd þeirrar áætlunar, að gera úttekt á því sem áunnist hefur síðan 1974, og gera tillögur um hvernig best verði staðið að framhaldi landgræðslu- og gróðurverndarstarfs svo að afturkippur komi ekki í slík störf þegar fjárveitingar samkv. ályktun Alþingis 1974 nýtur ekki lengur við.

Tillögur eða drög að tillögum samstarfsnefndar bárust rn. fyrir þinglok vorið 1980, en samstarfsnefndin skilaði endanlegu áliti skömmu fyrir árslok það ár. Ég sendi það álit þingflokkunum og átti fund með forsvarsmönnum þeirra um þessi mál. Niðurstaðan varð sú að óska eftir því, að þeir tilnefndu sérstaka menn í nefnd til að vinna að þessu verkefni, samræma sjónarmiðin og skila fullbúinni tillögu til rn. sem gæti orðið grundvöllur nýrrar ályktunar á Alþingi.

Með bréfi, dags. 1. júní 1981, var skipuð nefnd til að vinna að þessu verkefni. Áttu sæti í þeirri nefnd Egill Jónsson alþm. sem fulltrúi Sjálfstfl., Geir Gunnarsson alþm. sem fulltrúi Alþb., Ingvi Þorsteinsson magister og til vara Árni Gunnarsson alþm. sem fulltrúar Alþfl., Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og til vara Ólafur Dýrmundsson ráðunautur sem fulltrúar Framsfl. Auk þess var skipaður formaður nefndarinnar Sveinbjörn Dagfinsson ráðuneytisstjóri landbrn.

Nefndin rækti starf sitt með miklum ágætum og af samviskusemi og lagði alúð við að ná saman um það verkefni sem henni var falið. Það tókst einnig. Með bréfi 1. des. 1981 skilar hún áliti samhljóða. Er sú till., sem hér er flutt, nákvæmlega eins og nefndin gekk frá henni.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þeim aðilum sem að þessu verki hafa unnið, bæði á fyrri stigum þess, samstarfsnefndinni sem vann að gerð úttektar á hinni fyrri landgræðsluáætlun og lagði drögin að þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, en ég vil einnig færa þeirri nefnd, sem starfaði að þessu máli á nýliðnu ári og ég gat hér um, alveg sérstakar þakkir fyrir hennar starf. Ég tel ákaflega mikils virði að fulltrúar pólitísku flokkanna á Alþingi skyldu bera gæfu til þess að ná samkomulagi um þetta efni og tryggja þar með greiðan gang þess í gegnum Alþingi.

Ég vil geta þess hér, að tillagan var flutt í des. s. l., og með hliðsjón af þeim undirbúningi, sem að baki lá, var tekið tillit til hennar við afgreiðslu fjárlaga. Í fjárlögum eru því þær fjárhæðir sem tillagan greinir til þess að framfylgja þeim verkum sem ætlast er til á grundvelli hennar. Þetta hefði ekki tekist ef eigi hefði verið samkomulag hinna pólitísku afla á Alþingi um málið. Fyrir þetta vil ég færa sérstakar þakkir.

Þessi tillaga felur í sér nokkur meginmarkmið. Í fyrsta lagi var það markmið nefndarinnar, sem að tillögunni vann, að fjárveitingar til stofnana, sem fé eiga að hljóta

samkv. tillögunni og hafa fengið fé á fjárlögum samkv. fyrri landgræðsluáætlun, skyldu færast í sambærilegt horf að verðgildi og var 1974, við upphaf fyrri landgræðsluáætlunar. Það hafði því miður farið svo í meðförum Alþingis, að fjárveitingar þessara stofnana — eigin fjárveitingar þessara stofnana — höfðu í rauninni rýrnað í skjóli þess að þær fengu aukið fjármagn á landgræðsluáætlun. Var það gagnstætt því sem til var ætlast, en eigi að síður hafði þetta orðið þannig í raun. Fyrsta markmið þeirrar nefndar, sem um tillöguna fjallaði, hefur raunar þegar verið viðurkennt. Það markmið var að leiðrétta þetta svo að stofnanirnar fengju sambærilegt fjármagn til sinnar starfsemi eins og verið hafði við upphaf hinnar fyrri landgræðsluáætlunar.

Önnur markmið eru raunar hin sömu og við gerð landgræðsluáætlunar fyrir árin 1974—1979 og þau markmið eru hin sömu og gerð var tillaga um í áliti samstarfsnefndar. Þessi höfuðmarkmið eru:

a) Stöðva sandfok og aðra jarðvegseyðingu.

b) Vinna gegn gróðurskemmdum og gróðurrýrnun.

c) Koma beit og annarri gróðurnýtingu hvarvetna í það horf að gróðri fari fram.

d) Tryggja að skóglendi rýrni ekki og bæta þau sem skaðast hafa.

e) Rækta nýja skóga til fegrunar, nytja, skjóls, útivistar og til jarðvegs- og gróðurverndar.

f) Stuðla að endurgræðslu örfoka og ógróinna landa sem unnt er að breyta í gróðurlendi.

g) Efla rannsóknir til að treysta sem best grundvöll og öryggi þeirra framkvæmda sem unnið verður að samkv. framanskráðu.

Enn fremur er það meginforsenda, svo sem segir í grg. fyrir till., að búfjárbeit verði innan þeirra marka sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir. Er talið að það sé meðal meginforsendna þess, að árangur náist í landgræðslu- og gróðurverndarstörfum.

Þá er rétt að fram komi að nefndin gerði um það tillögur, að flutt væri frv. til l. um breytingu á lögum um Landgræðslu ríkisins, og mun það frv. verða lagt fyrir Alþingi á næstunni.

Þau verkefni, sem gert er ráð fyrir að unnið verði að samkv. þessari till., eru:

1. Verkefni á vegum Landgræðslu ríkisins. Er gert ráð fyrir að á þessum fimm árum verði varið til verkefna á vegum þeirrar stofnunar 40.4 millj. kr.

2. Verkefni á vegum Skógræktar ríkisins á sama tímaskeiði, 9.5 millj. kr.

3. Verkefni á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, 5 millj. 150 þús. kr.

4. Til varnar gegn ágangi vatna og sjávar, þ. e. fyrirhleðslur við vötn til að verjast landbroti, og sjóvarnargarðar, 14.5 millj. kr.

5. Samvinnuverkefni ýmissa stofnana og stuðningur við samtök áhugamanna, 1 millj. 675 þús. kr.

Gert er ráð fyrir að það fjármagn, sem hér er talið, njóti verðtryggingar miðað við verðlag ársins, er miðist við framlög á fjárlögum ársins 1982, þ. e. þær fjárhæðir sem nú eru í fjárlögum.

Nefndin mælir einnig með því, að landbrn. skipi nefnd sem í eigi sæti einn maður frá hverjum þingflokki samkv. tilnefningu auk formanns án tilnefningar. Verði nefnd þessari falið að fylgjast með ákvörðunum og framkvæmd landgræðsluáætlunar, sem forstöðumenn stofnana þeirra, sem aðild eiga að áætluninni, auk fulltrúa þeirra, sem Búnaðarfélag Íslands tilnefnir, sjái að öðru leyti um. Má vænta þess, að eftir að þessi till. hefur verið afgreidd verði skipuð í fyrsta lagi framkvæmdanefnd tillögunnar, en í öðru lagi slík pólitísk nefnd sem hafi yfirumsjón og fylgist með þessu starfi til þess að tengja það sem allra best Alþingi og stjórnmálaflokkunum og tryggja að ekki verði misskilningur eða ágreiningur á milli pólitíska valdsins, stjórnmálaflokkanna á Alþingi, annars vegar og þeirra aðila, sem sjá um framkvæmd á þessu máli, hins vegar. Þetta tel ég hyggilegt og til þess fallið að koma í veg fyrir óæskilega tortryggni sem ella kynni að skjóta upp kolli að ástæðulausu.

Enn gerir nefndin tillögur um það, að þegar þrjú ár eru liðin af framkvæmdatímabili áætlunarinnar verði áætlunin endurskoðuð með tilliti til þess, hvort ástæða sé til að breyta verkefnalista í ljósi breyttra viðhorfa eða þeirrar reynslu sem fengist hefur.

Ég þarf ekki að ítreka það, hversu ákaflega mikilvægt mál hér er á ferðinni. Ég tel að það sé tæplega unnt að finna verkefni sem hægt sé að fá meiri samstöðu um en einmitt verkefni af þessu tagi, — það hefur auðvitað sýnt sig fyrr með þjóðargjöfinni, — verkefni sem á að tryggja að við verjum gróðurríki landsins, verjum landið og bætum landið, eftir því sem föng eru á, og verjum til þess verulegum fjármunum.

Land okkar hefur fóstrað þjóðina nú í rúm 1100 ár. Auðvitað hefur landið með gögnum og gæðum borið í sér þá kosti sem dugað hafa þjóðinni til lífsframfæris þennan tíma. Ég dreg ekki úr gildi fiskimiðanna umhverfis landið og veiðisældar í ám og vötnum, hins mikla hlunnindaafrakstur sem nytjaður hefur verið á ýmsum tímum. En undirstaða þess, að þjóðin hefur getað lifað í landinu, er gróðurríki þess. Gróðurríkið og búsmalinn, sem lifað hefur af gróðri landsins í gegnum aldirnar, hefur gert það mögulegt, að hér byggi þjóð þennan tíma, og gert það mögulegt, að við lifum enn í þessu landi. Sambúð þjóðarinnar og landsins hefur að vísu oft verið hörð. Stundum heyrist það, að nútímamenn deili á fyrri tíðar kynslóðir vegna meðferðar þeirra á landinu og náttúru þess. En við skulum ekki gleyma því, að þessar kynslóðir þurftu á öllu sínu að halda til þess eins að geta lifað — og til þess að geta tryggt það að við erum þó þjóð í dag. Þetta tókst þrátt fyrir það að yfir landið hafa gengið kuldaskeið sem valdið hafa gífurlega mikilli gróðurrýrnun á undanförnum öldum. Það hafa gengið yfir landið eldsumbrot og hamfarir af völdum náttúruaflanna sem hafa eytt gróðri stórkostlega í gegnum aldirnar og valdið gífurlegum hörmungum fyrir þjóðina. Nægir að minna á það, að undir lok 18. aldar, í kjölfar móðuharðindanna var þjóðin aðeins um 38 þús. manns. Þá hafði svo sorfið að vegna hamfara af völdum náttúrunnar að búsmali féll unnvörpum, gróður eyddist, heil lönd eyddust svo að þar sást ekki gróður í langan tíma, því hann fór undir hraun og vikur, fiskur flaut upp í ám og vötnum dauður. Í kjölfar þeirra hörmunga, sem gengu yfir náttúru landsins og lífríki þess, féll einnig mannfólkið svo að aðeins um 38 þús. manns lifðu af. Slík dæmi úr sögu okkar ættum við að hafa í huga áður en við förum að kasta steinum að þeim sem gengnir eru og hafa lagt grunninn að tilveru okkar hér á þessum tímum.

Náttúruöflin, vindar og vötn, sverfa úr gróðurmoldinni og úr jarðefnum ár og síð og flytja með sér til sjávar. Vötn og vindar hafa því einnig átt mikinn þátt í að rýra landkosti á undangengnum árum og öldum, enda þótt

sumpart hafi það skilað sér til baka.

Þrátt fyrir allt þetta eigum við býsna fjölbreytt gróðurríki enn í dag. Gróðurríkið lifði af allar þær hörmungar sem eldgos og harðindi fólu í sér, og þótt kuldaskeiðin hafi á ýmsum tímum orðið til þess að rýra landkosti búum við samt við býsna fjölbreytt gróðurríki enn í dag, — gróðurríki sem að vísu hefur auðgast nokkuð á síðustu árum með innflutningi nýrra plantna. Þrátt fyrir þetta getum við auðvitað ekki lokað augunum fyrir því, að tilvist mannsins í landinu hefur átt sinn þátt í því, að hér er ekki með sama hætti um að litast eins og væri ef landið hefði ekki verið í byggð. En við skulum ekki gleyma þeirri staðreynd, sem við blasir, að þjóðin verður að lifa í landinu ef við ætlum að dvelja hér, hún verður að lifa af gæðum landsins, þeim kostum sem það býður. En á milli þessara tveggja þátta verður að viðhalda jafnvægi. Við verðum að gæta hófs í því hvernig við förum með landið og náttúru þess, og umfram allt nú á tímum að reyna að bæta að nokkru það sem áður hefur spillst.

Það eru allmargir áratugir síðan varnaraðgerðir hófust til þess að hefta nokkuð af þeim eyðingaröflum sem að gróðurríki landsins hafa sótt. Þessar varnaraðgerðir verða að halda áfram vegna þess að eyðing af völdum náttúruafla heldur stöðugt áfram. Ég gat þess, að vindar og vötn flytja jarðvegsefni stöðugt til sjávar. Þau safnast síðan saman við ströndina og fjúka á land upp og sverfa gróðurinn. Sums staðar er sandfok frá söndum við ströndina þannig að þar þarf stöðugra varnaraðgerða við til þess að stórkostleg gróðureyðing verði ekki af þeim sökum. Þetta er eitt af einkennum landsins. Við það verður við að búa og þessu verðum við að verjast til þess að gróðrinum hnigni ekki og þeim möguleikum sem landið á að búa okkur í framtíðinni. En við höfum einnig hafið sókn til þess að græða upp landssvæði sem eru örfoka og fyrir löngu hafa eyðst af gróðri. Við höfum hafið sókn til þess að bæta gróðursnautt land svo að gróður dafni þar betur og landið batni til nytja fyrir þjóðina í heild. Til þess að við getum haldið þeirri sókn áfram þurfum við fjármuni. Við þurfum að nýta þekkingu, sem til er í landinu, og við þurfum einnig nokkru að kosta til að auka þá þekkingu sem vísindamenn okkar búa yfir. Á undanförnum árum hefur t. a. m. nokkuð verið að því unnið að kanna hvaða grasstofnar séu best fallnir til uppgræðslu í landinu. Unnið hefur verið að því að rækta fræ af innlendum grasstofnum og hefur sýnt sig að yfirleitt eru þeir grasstofnar þolnari en þeir innfluttu. Einnig hefur þó, eins og raunar fyrr er um getið, borið við að ýmsar innfluttar plöntur búa yfir hæfni til gróðurbóta sem er jafnvel meiri en margra þeirra innlendu plantna sem í landinu hafa dafnað frá öndverðu. Það hlýtur að verða keppikefli okkar, sem er markmið þessarar þáltill. og ég hef áður getið og birtist í þeim markmiðum í rauninni í heild, að við störfum að því að bæta landið svo að hver kynslóð skili því betra til eftirkomenda en hún tók við því.

Veigamikill þáttur í því, að okkur sé þetta mögulegt, er að starfa samkv. áætlunum eins og þeirri sem hér er á dagskrá. Í till. þessari eru ekki sett fram bein eða sérstök markmið um landnýtingu, þótt að landnýtingu sé vikið hvað búskaparhætti snertir. Víst er að landnýting er einnig snar þáttur þessa máls sem þarf að vekja meiri athygli á og þarf meiri umfjöllun en þegar er orðin. Ég vitna til þess, að hér á Alþingi hefur verið flutt sérstök þáltill. um það efni, en einnig er í þessari till. fjallað um landnýtingu að því er snertir búfjárbeit og búskaparhætti.

Enn um langa hríð munum við nota meginhluta landsins til landbúnaðar. Við munum þurfa á miklu landi að halda áfram til þess að framleiða landbúnaðarafurðir og tryggja hagsmuni þess fólks sem að landbúnaðarframleiðslu starfar. Á þessum sviðum þarf að hafa mikið eftirlit með því, að beit á landinu sé við hæfi svo að ekki sé of nærri gróðurlendinu gengið. Á undanförnum árum hefur verið unnið verulega að því að bæta þar úr sem áður var talið að um misbrest væri að ræða hvað þetta snertir, þó að víst sé að í ýmsum tilvikum þarf þar betur að gera. Gripið hefur verið til ýmissa ráðstafana til þess að hafa stjórn á beit þess búfjár sem á landinu gengur, m. a. með því að takmarka beitartímann, setja mörk um það, sem eru breytileg eftir árferði, hvenær má reka afréttarpening til fjalls og hafa breytilega smölunardaga að hausti, allt eftir því hvernig gróðurfari er háttað á afréttum. Víst er að a. m. k. á ýmsum svæðum landsins hefur orðið mikil bót að þessum aðgerðum og hægt er í raun að stjórna því verulega á hvern hátt búsmali gengur að landinu á afréttum með aðgerðum af því tagi.

Í grg. þessarar till. er vikið að ítölu. Það er rétt að ítala hefur lítt verið notuð hér á landi á síðustu tímum. E. t. v. stafar það m. a. af því, að nokkrar forsendur þess að koma við ítölu eru flóknar og erfiðar í framkvæmd, og yfir höfuð er það sjónarmið ríkjandi að auðveldara sé að nota önnur tiltæk ráð, áður en til ítölu er gripið, ef þau ráð duga til þess að koma viðunandi stjórn á nýtingu landsins, svo sem styttingu beitartíma, sem mjög víða hefur verið gert, að friða afréttarlönd fyrir ágangi hrossa o. s. frv., en dugi þær aðgerðir ekki er væntanlega ekki um annað að tefla en grípa til ítölu sem þá þarf að vinna að. Til þess að hægt sé að grípa inn í þessi mál með skjótum hætti verður væntanlega flutt frv. alveg á næstu dögum í samræmi við óskir nefndarinnar svo að landbrn. geti, að höfðu samráði við þá aðila sem hlut eiga að máli, sveitarstjórnir í flestum tilvikum, gripið til skyndiráðstafana þar sem nýting er með þeim hætti, að hættuástand vofir yfir. Þetta er ákjósanlegt ákvæði í lögum sem auðvitað þarf þó að beita með fullri lipurð í sambandi við þá aðila sem hlut eiga að máli.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um not landsins til búskapar. Ég legg þó áherslu á það, að um leið og veitt er fjármagn til þess að vinna gegn gróðurskemmdum og bæta land og rækta upp örfoka svæði þarf að halda þannig á beitarstjórn í landinu að þar verði ekki slys að og varanleg gróðurrýrnun. Við þurfum auðvitað að nota landið til miklu fjölþættari starfsemi en til landbúnaðar. Við þurfum sívaxandi hluta landsins undir þéttbýli og við þurfum sívaxandi hluta landsins undir mannvirki, vegi, svo að nokkuð sé nefnt, raforkuframkvæmdir o. s. frv. Í öllum slíkum framkvæmdum þarf að gefa því gaum, að í stað þess, sem spillist af landi, verði unnið að landbótum. Á því er mjög vaxandi skilningur og vita raunar allir Íslendingar hver breyting hefur á orðið í sambandi við opinberar framkvæmdir hvað þetta snertir. Þarf ekki annað en fara um vegakerfi landsins til þess að sjá það. Þar er gífurlegur munur frá því sem áður var, þegar lítið var skeytt um frágang landsins að vegagerð lokinni, en nú eru öll sár grædd upp um það leyti sem vegagerð er að ljúka á hverjum stað. Þannig þarf að halda á þeim málum sem snerta opinberar framkvæmdir, að ekki verði skilin

eftir sár að óþörfu og í stað þess sem eyðist komi landbætur.

Enn þurfum við verulegan hluta af landi til útivistar fyrir landsmenn sjálfa, til þess að einkum þeir, sem í þéttbýli búa, geti sótt hollustu og unað til ósnortinnar náttúru landsins, átt þar friðsælar stundir í skipulögðum hverfum sumarbústaða og útivistarsvæða. Til þeirra nota þurfum við einnig vaxandi hluta af landinu. Á þessum efnum er fullur skilningur hjá þjóðinni og ekkert síður hjá þeim sem nota landið að mestu til búskapar.

Þannig getum við haldið áfram að tala um þau not sem við viljum hafa af landinu. Þó að ég sé ekki hér að mæla með því á þessari stundu, að þessir þættir allir verði teknir og skipulagðir fram í tímann, þá er þarna um atriði að ræða sem við þurfum að huga að og vinna helst á sem breiðustum vettvangi að því að samkomulag verði gott um þessi atriði öll.

Ég ætla ekki að fjalla frekar um landnýtingu. Ég hef rakið nokkra þætti þess sem við blasir hvað þann hluta málsins snertir. Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að ítreka þakkir mínar til þeirra sem að þessu máli hafa starfað að undanförnu, ekki síst nefndarinnar sem að því vann að undirbúa þessa till., og fagna þeirri samstöðu sem hún náði um málið.

Ég vænti þess að till. eigi með þennan undirbúning að baki greiða leið gegnum hv. Alþingi. Ég legg til, herra forseti, að eftir að þessari umr. hefur verið frestað verði till. vísað til hv. fjvn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. hefur gert glögga grein fyrir efni þessarar þáltill. og þarf ég að sjálfsögðu ekki að fjalla um hana efnislega, nema aðeins nokkra þætti hennar sem ég vil undirstrika alveg sérstaklega.

Það, sem vakti í rauninni einna mesta athygli mína við störf að undirbúningi þessarar tillögugerðar, var hversu vel var gengið frá þessu máli og hve mikil vinna hafði verið lögð í það við undirbúning þess árið 1974. Eins og menn væntanlega vita hér allir var málið þá undirbúið af sérstakri nefnd undir forustu þáv. forseta Sþ., Eysteins Jónssonar, og fór fram mikil gagnasöfnun og mikil umræða á sviði sérfræðiþátta málsins og öll sú umr. tengdist líka búnaðarsamtökunum í landinu.

Till. og grg. frá árinu 1974 fólu í sér víðtæka áætlunarskrá um þær framkvæmdir sem áformað var að vinna að á áætlunartímabilinu. Við samanburð á þeirri áætlunargerð og því, sem hefur áunnist á þessu sama tímabili, er að sjálfsögðu ljóst að mörg verkefni, sem þar er getið, eru enn ógunnin, en fyrir því eru margar ástæður. Sú fyrsta er vafalaust sú, að ekki lá fyrir nein sérstök úttekt eða áætlun um kostnað við þau verkefni sem þar var um getið. Í öðru lagi hefur þurft að hefja störf við aðrar framkvæmdir sem upp komu á þessu áætlunartímabili. Og í þriðja lagi, eins og ég vík kannske að síðar og kom fram í ræðu hæstv. landbrh., stóð Alþingi ekki við fyrirheit sín varðandi framkvæmdaþátt annarra fjárveitinga eins og þó var gengið út frá í samþykkt Alþingis á árinu 1974. Samt sem áður eru fyrir hendi tölur sem skýra þann árangur, sem náðst hefur á þessu tímabili, og þau verkefni, sem unnin voru á þessu árabili, og hefur þeirri skýrslu verið útbýtt hér á Alþingi þannig að ekki er ástæða að fjölyrða um það. Mér þykir þó vert að tilgreina þann árangur sem Landgræðsla ríkisins hefur náð á þessum árum, en þar hafa verið friðuð 14 ný svæði sem eru 84.2 ferkm og eru um 38% af því landi sem hefur verið tekið til friðunar og græðslu á 70 ára starfsferli Landgræðslu ríkisins. Þetta segir sína sögu um þann árangur og þau verkefni sem unnið hefur verið að á þessu árabili.

Það má nefna sem dæmi stóru tilraunirnar, gróður- og beitartilraunirnar, sem eru stærstu vísindalegu verkefni sem framkvæmd hafa verið á þessu landi á því sviði, og einnig fjölmörg verkefni önnur, m. a. á vegum Skógræktar ríkisins. En ég undirstrika það sem ég sagði áðan og er alveg nauðsynlegt að menn geri sér fyllilega ljóst, að verulegur hluti eða a. m. k. töluverður hluti þessa fjármagns gekk yfir til þeirra verkefna sem höfðu fjárveitingar hjá hinum einstöku stofnunum fyrir þetta áætlunartímabil. Þá vekur það líka athygli þegar litið er á verkefnin frá 1974, að þar voru gerðar tillögur um breytingar á lögum til samræmis við þessar þarfir. Lögum um Landgræðslu ríkisins var breytt og lögum um afréttarmál og fjallskil var einnig breytt með tilliti til þess að ná fram betri beitarstjórnun og gleggri ákvæðum um ítölu í beitarlönd. Þessi löggjöf hefur hins vegar ekki, þrátt fyrir þennan góða ásetning, orðið eins virk og að var stefnt, m. a. vegna þess að ekki hefur náðst fram sá árangur í sambandi við úttekt á gróðri í afréttí og heimahögum sem er nauðsynlegur undanfari þess, að hægt sé að koma á ítölu helst í öll lönd á þessu landi, eins og nú eru gerðar tillögur um.

Þá var einnig samin löggjöf um fyrirhleðslur og varnir gegn landbroti af völdum vatnsfalla og sjávar, og einnig þar hefur ekki tekist svo til sem að var stefnt. Í þeirri löggjöf var kveðið á að gerð skyldi sérstök skrá og áætlun yfir brýnustu framkvæmdir í þeim efnum. Að tilhlutan Vegagerðar ríkisins fór fram þó nokkuð víðtæk úttekt í þessum verkefnaþætti, en hann var hins vegar ekki felldur saman í eina sérstaka heild, og fjárveitingar síðan hafa ekki verið grundvallaðar á þessari úttekt. Þarna var ekki heldur fylgt eftir eins og áformað var og lög voru sett um. Þetta hefur mönnum á þessu tímabili líka verið ljóst, enda hafa verið fluttar um það tillögur hér á Alþingi að koma þessum málum í fastara form, og að því er ég hygg árið 1979 var þessum lögum breytt þannig að skýrar var kveðið á um að þessi verkefni skyldu lúta forsjá Landgræðslu ríkisins og að leitast yrði við að koma þeim í fastara form.

Að tilhlutan landgræðslunefndar frá árinu 1974 var gerð veruleg úttekt á möguleikum Landmælinga ríkisins til að kortleggja landið með tilliti til gróðurfars þannig að auðveldara væri að meta gróður á hinum einstöku stöðum en áður var. Í þessu tilviki var að tilhlutan nefndarinnar útvegað sérstakt fjármagn í þeim tilgangi að auðvelda þessari stofnun þetta verkefni. Því miður hefur ekki orðið sá árangur sem ætlað var í þessum efnum og ber að leggja á það sérstaka áherslu við upphaf nýrrar áætlunar að þarna verði myndarlega tekið til hendinni.

Þá var líka í till. frá 1974 leitast við að tengja landgræðslustörfin meira hinni almennu starfsemi búnaðarsamtakanna, m. a. með skipan gróðurverndarnefnda, og hefur sá félagsþáttur sums staðar borið nokkurn árangur.

Það hlýtur að vera eðlilegt, þegar fjallað er um þetta mál hér á hinu háa Alþingi öðru sinni og þegar til framkvæmda kemur, að meta þessa þætti alveg sérstaklega, og ég undirstrika það sem ég sagði áðan, hvað málið hefur verið nákvæmlega unnið og hversu mikil og víðtæk úttekt var gerð til undirbúnings landgræðsluáætluninni árið 1974. Ég legg á það alveg sérstaka áherslu núna, að

þar sem ekki hefur náðst fram á þessu tímabili viðunandi árangur sem tengist öðrum verkefnum en beinlínis snerta landgræðsluframkvæmdirnar, svo sem mati á gróðri, svo sem möguleikum til ítölu og annars slíks, þar verði nú tekið til hendinni af mikilli festu.

Ég hef áður minnst á það, að svo var kveðið á í landgræðsluáætluninni að þær fjárveitingar, sem stofnanirnar höfðu áður, fengju að halda sér óbreyttar. Þetta fjármagn átti að verða nýtt framkvæmdafjármagn. Hæstv. landbrh. gat þess í ræðu sinni áðan, að í raun hefði þetta ekki staðist. Hitt er vert að undirstrika alveg sérstaklega, að þetta stóðst mjög misjafnlega gagnvart hinum einstöku stofnunum. Þannig hygg ég að Skógrækt ríkisins hafi haldið sínum hlut í meginatriðum, Rannsóknastofnun landbúnaðarins hafi jafnvel bætt sinn hlut, en aftur á móti hlutur Landgræðslu ríkisins versnað að verulegum mun.

Nú er það að sjálfsögðu svo að þessar stærðir má meta á ýmsa vegu, og eins og kom fram við fjárlagagerð og kemur fram í nál. var gerð þarna breyting á. Hins vegar er í þeim efnum lögð til grundvallar heildarfjárveiting til stofnananna, ekki einungis framkvæmdaþátta stofnananna heldur heildarfjárveiting, þannig að ef það hefði einungis verið litið á fjárfestingarþáttinn, en ekki verður séð annað af áætluninni frá 1974 en Alþingi hafi ætlast til þess, þá vantar að sjálfsögðu mikið á að úr hafi verið bætt. Þarna fékkst þó ótvíræð leiðrétting sem allir voru sáttir um. En ekki má þó gleyma að þessi rýrnun á fjármagni snerti Landgræðslu ríkisins kannske eina þessara stofnana eða a. m. k. langmest.

Eins og ég gat um áðan fjallaði hæstv. landbrh. í nákvæmu máli um till. og er ekki ástæða að rekja það hér öðru sinni. Ég vil þó leggja áherslu á fjögur atriði:

Í fyrsta lagi er lögð á það áhersla, að nauðsynleg löggjöf um afréttarmálefni og beitareftirlit verði endurskoðuð þannig að gróðureftirlitsmaður, sem gert er ráð fyrir að verði kvaddur til starfa, geti stöðvað eða takmarkað í samráði við sveitarstjórnir beit þar sem um sérstaka hættu er að ræða, það sé sem sagt hægt að koma á beitarstjórnun án ítölu. Þó að á það sé lögð áhersla á nál. að komið verði á ítölu um allt land. — Það var kannske það eina sem ég var ekki vel ánægður með í ræðu hæstv. landbrh., að ekki var hægt að skilja orð hans öðruvísi, þegar fjallað var um ítölu, en að það væri afsakanlegt að þar hefði ekki náðst meiri árangur en raun ber vitni um, en eins og mönnum er væntanlega kunnugt hefur einungis verið unnt að koma á ítölu í einni afrétt hér á landi þrátt fyrir að fyrir liggja frá upprekstrarfélögum og sveitarfélögum óskir um ítölu í allverulegum mæli. Það er útilokað annað í sambandi við mat á gróðri en sá árangur náist að unnt sé að framkvæma slíka beitarstjórnun.

Þá hafa líka, eins og kemur fram í till., fyrirhleðslur vegna vatnsfalla og sjávar verið færðar undir þennan lið og eru nú settar með enn skýrari hætti inn sem sérstök verkefni Landgræðslu ríkisins. Eins og fjárveitingar til þeirra framkvæmda hafa litið út á s. l. árum hafa þær verið margar að tölunni til. Ég hygg að þær hafi á fjárl. fyrir síðasta ár verið um 40 talsins og að meðalfjárveiting til þessara framkvæmda hafi þannig verið einhvers staðar í kringum 3 gamlar millj. Gefur auga leið að við slíka skiptingu er í rauninni hvergi hægt að ná árangri. Fjármagn til þessa verkefnis var á síðustu fjárlögum verulega aukið, en framkvæmdaliðum hefur hins vegar ekki fjölgað. Ég hygg að þeim hafi frekar fækkað þannig að þegar hefur þetta færst til betri vegar. En að sjálfsögðu verður að ganga eftir því, ekki síst vegna þess að á þennan málaþátt er mikil áhersla lögð, að nú verði gengið frá tillögum af hendi þeirra aðila, sem hafa með yfirstjórn þessara mála að gera, þannig að unnt sé að átta sig á þessu verkefni í heild.

Við vitum sjálfsagt hér á Alþingi, kannske allir hv. alþm., að nokkurrar gagnrýni hefur orðið vart á frmkvæmd landgræðsluáætlunar og þær raddir hafa heyrst, að ekki hafi náðst sá árangur sem að var stefnt. Út af fyrir sig, eins og ég hef áður sagt, held ég að þetta megi til sanns vegar færa, að þau verkefni öll, sem upp voru talin og um var getið í áætluninni frá 1974, hafi ekki enn komist til framkvæmda. M. a. af þessari ástæðu er lögð á það áhersla, að Alþingi hafi möguleika á að fylgjast með þessari áætlun af meiri nákvæmni en áður var. Þá er m. a. haft í huga hvernig Alþingi fylgist með vegáætlun, sem eins og menn vita er sett til þriggja eða fjögurra ára og endurskoðuð á því tímabili annað hvert ár. Þetta legg ég mikla áherslu á, að þetta verkefni verði þannig tengt yfirstjórn landbúnaðarmála, þ. e. landbrn., en í till er á það bent, að einn nm. verði skipaður af landbrh. án tilnefningar, en að öðru leyti verði þessi nefnd skipuð fulltrúum þingflokkanna. Þar ættu þá að fást með eðlilegum hætti upplýsingar sem Alþingi gæti metið hverju sinni. Auk þess er lagt til að áætlunin verði endurskoðuð eftir þrjú ár þannig að verkefnið verði hægt að endurmeta í heild.

Í fjórða lagi vil ég minna á það, sem kom raunar glögglega fram við umr. um skylt mál sem var til umr. fyrir fáum dögum, að mikil áhersla er lögð á að koma á myndkortagerð yfir allt landið þannig að unnt sé á grundvelli þess að framkvæma gróðurmælingar með þeirri nákvæmni sem talin er vera hvað fullkomnust hér á landi. Það má ekki gleyma því, þó að það sé kannske ekki beinlínis í tengslum við þessa landgræðsluáætlun því að ég held að óhætt sé að fullyrða að það er þó vegna þeirrar umr. sem um hana hefur farið fram, að á síðustu fjárlögum, fjárlögum fyrir þetta ár, var veitt myndarleg fjárupphæð til tækjakaupa fyrir Landmælingar Íslands til þess einmitt að auðvelda þessa myndkortagerð. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Þá má kannske minna á að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og að því er ég hygg við ýmis önnur tækifæri hafa komið fram yfirlýsingar um að landgræðsluáætlunina frá árinu 1974 ætti að framreikna til þess verðs sem þá var. Í tillögum samstarfsnefndarinnar um landgræðsluáætlun fyrir árið 1981—1985 eru hinar tölulegu forsendur grundvallaðar á þessum stefnumiðum. Það er líka nauðsynlegt að hér komi fram, svo að málið sé sem gleggst upplýst, að landgræðslunefnd hafa borist samþykktir frá tveimur stjórnmálaflokkunum, þ. e. bæði frá Framsfl. og Alþb., þar sem fallist var á þennan skilning og stuðningi heitið við landgræðsluáætlun eins og hún kom fram frá samstarfsnefndinni.

Það skýtur því sannarlega nokkuð skökku við þegar tölur eru metnar að þessu leyti, að hér er þó ekki farið nema ca. hálfa leið, miðað við landgræðsluáætlun frá árinu 1974, að því er fjármagn varðar. Þetta má að vísu reikna með ýmsum hætti. Mér virðist að ef fjárveitingin vegna landbrots, þ. e. talan eins og hún kemur fyrir, er tekin með, þá sé hér um að ræða ívið meira en helming þeirrar tölu sem var árið 1974, en að því frádregnu er hér ekki um að ræða helming þess fjármagns. Þetta skeður

þótt ríkisstj. hafi í stjórnarsáttmála sínum ætlað að fara hér með fullt hús, og þetta skeður þótt stjórnarflokkarnir báðir hafi samþykkt tillögur og skilað um það bréfum sem fólu í sér stuðning við framreikning á fjármagni landgræðsluáætlunarinnar frá 1974.

Það er þess vegna nokkuð á annan veg en gerist í venjulegu pólitísku starfi, að þegar stjórnarandstaðan gengur til starfa skuli fjárveitingar lækka um meira en helming frá tillögum ríkisstj. og ríkisstjórnarflokka. Ástæðan fyrir því er vafalaust sú fyrst og fremst, að þeir menn, sem að þessu störfuðu, voru ekki í neinni pólitískri streitu og að málinu var unnið af mikilli einlægni og í góðu trausti manna á milli. Ég er ekki í vafa um að við hefðum allir sem einn óskað þess, að þessi tala gæti verið hærri þannig að hægt væri að ná meiri árangri. Það má ekki gleyma því, að hér eru gerðar hliðarráðstafanir sem eru mikilvægar, en líka verða menn þá að muna að það er auðvelt að bæta hlut þessarar starfsemi í hinni venjulegu fjárlagagerð. Ég legg áherslu á þetta til þess m. a. að það sé alveg ljóst öllum hv. alþm., að út frá því er gengið að aðrir þættir fjármagns, sem til þessarar starfsemi ganga hjá hinum einstöku stofnunum, rýrni ekki á þessu tímabili. Mér fannst alveg nauðsynlegt að þetta kæmi hér skýrt fram, þannig að menn gætu metið störf nefndarinnar og þetta samkomulag m. a. á þessum grundvelli.

Ég legg svo áherslu á það nú í lokin, sem mér finnst ákaflega mikilvægt og ég hef komið inn á áður, að það er ekki einungis fjármagn sem skiptir máli í þessu sambandi heldur líka hitt, hvernig staðið er að verkefnum, og þá á ég ekki sérstaklega við þau verkefni sem snerta hinar einstöku stofnanir. Í þessum efnum hefur landbrn. og að sjálfsögðu landbrh. mikið vald. Ég tel það mikinn kost við þessa áætlunargerð að ráðuneytisstjórinn í landbrn. var formaður þessarar nefndar. Hann leiddi málið af mikilli lipurð og af mikilli samviskusemi. Hann er ákaflega vel kunnugur þeim sjónarmiðum, sem þar komu fram, og þeim málum, sem um var fjallað, og það ætti að tryggja enn frekar en ella að nokkurrar forustu mætti vænta og það í ríkari mæli af hendi landbrn. en verið hefur. Þá á ég m. a. við það, að hinir einstöku þættir þessara mála gangi fram nokkuð jafnhliða, — þar á ég við t. d. áætlunargerð um fyrirhleðslur vatna, þar á ég við myndkortagerð og þar á ég við endurskoðun löggjafar í sambandi við afréttarmálefni, — þannig að þessir og aðrir slíkir þættir þessara mála geti gengið fram jafnhliða, en liggi ekki eftir eins og hefur gerst á tímabilinu frá 1974 til ársins 1979, þrátt fyrir það, hversu vel málið var þá unnið og hversu víðtækar breytingar voru gerðar á löggjöf til að ná þessum verkefnum fram. Einmitt þessi störf og þessi verkefni eru stór þáttur í því, að menn geti séð ýmis fyrirheit í þessari áætlun, sem ekki komu fram í áætluninni frá 1974, þótt um miklu minna fjármagn sé nú að ræða en þá var.

Ég undirstrika alveg sérstaklega í lokin, herra forseti, að ég legg áherslu á það og undirstrika sérstaklega og vænti þess, að núv. hæstv. landbrh. og þeir, sem taka við af honum, meti það og taki til athugunar, að það er ekki einvörðungu það fjármagn, sem hér er lagt til grundvallar, sem þessi áætlun byggist á, heldur líka það starf sem er í tengslum við landgræðslu- og gróðurverndarstörf á Íslandi.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir málflutning hæstv. ráðh. Í sjálfu sér er óþarfi að eyða löngu máli til viðbótar við það sem hæstv. landbrh. og hv. síðasti ræðumaður viðhöfðu hér, enda er um þetta mál fjallað nokkuð ítarlega í því áliti sem hv. þm. hafa til aflestrar og að þessu er í ljósum dráttum vikið í till. sjálfri, þ. e. hvað þessi landgræðslu- og landverndaráætlun felur fyrst og fremst í sér.

Ég sé ástæðu til að þakka það nefndarstarf sem liggur að baki till. til þál. Þar hefur að mínum dómi verið unnið nokkuð vel. Ég vil jafnframt þakka þá málsmeðferð sem þar hefur verið viðhöfð, þ. e. að sú nefnd, sem starfaði síðast að málinu, var skipuð fulltrúum allra stjórnmálaflokka, en eins og við vitum er nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þess málefnis sem hér er fjallað um, að um það ríki breið og góð samstaða.

Ég geri ráð fyrir að í öllu þessu starfi og þeim tillögum, sem hér liggja fyrir, hafi menn haft til hliðsjónar þá reynslu sem fékkst vegna framkvæmdar landgræðsluáætlunar sem samþykkt var 1974. Ég hygg að sú reynsla verði nokkuð notadrjúg, og eftir því sem ég fæ best séð er sú verkefnaröð, sem hér er sett upp, viðunandi.

Ég vil í því sambandi minna sérstaklega á eitt atriði. Það er óþarfi að fara að lesa þetta upp eða fara nákvæmlega í hvern þátt, en ég vil leggja áherslu á eitt. Það er undir liðnum ýmislegt, þar sem stendur: „Samvinnuverkefni stofnana, sem aðild eiga að landgræðsluáætlun, frærækt, skjólbelti, úttekt á árangri.“ — Og þar stendur sérstaklega: „Stuðningur við fræðslustarf og þátttöku samtaka áhugamanna um skógrækt og landgræðslu.“ Ég held einmitt að það sé mjög mikilvægt að virkja hina ýmsu áhugamenn um landvernd sem víðast um landið. Það er mála sannast og sú vísa er aldrei of oft kveðin, hversu nauðsynlegt er að gera sem allra flesta ábyrga og virka í starfi. Ég held að það verði kannske best gert með því að styrkja og hvetja hina fjölmörgu áhugamenn, bæði einstaklinga og þá sem hafa myndað með sér félagsskap, til að stuðla að landvernd og landbótum. Ég skil þessa till. til þál. svo, að hún sé sett fram af sóknarhug, ekki aðeins sem vörn, og þannig eigum við að hugsa og þannig eigum við að setja málin fram. Auðvitað hlýtur það að verða okkar stefna, okkar mark, að auka landgæðin, ekki aðeins að stemma stigu við frekari gróðureyðingu og jarðvegseyðingu. Við eigum að reyna, eftir því sem frekast er kostur, að vinna á nýjan leik það sem tapast hefur.

Áætlanir sem þessar er auðvitað nauðsynlegt að setja fram. Það er mjög varasamt að vinna af handahófi að slíkum verkefnum, bæði að því er varðar fjárútlát og framkvæmdaþættina sjálfa. Það er hægt að eyða í slíkt mjög miklu fé án þess að verulegur árangur náist. Ég tek undir það með hv. síðasta ræðumanni, að það er framkvæmdin sem skiptir allra mestu máli, en ekki hversu stórar fjárfúlgur eru látnar í verkefnið. Auðvitað segir það eitthvað.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér í einstökum atriðum hvaða þættir valda að mínum dómi mestu um gróðureða jarðvegseyðingu á okkar blessaða landi. Um það er og verður sjálfsagt alla tíð deild, hvaða þættir ráða þar mestu, en auðvitað er það einkum tvennt sem þar kemur til: Það er veðurfar sem við búum við, það er lega landsins, en jafnframt búfjárbeit, það geri ég mér fyllilega ljóst, og önnur umgengni sem rekja má til okkar manna.

Í sambandi við áhrif veðurfars er augljóst að við getum gert ýmislegt sem dregur úr skaðvænlegum áhrifum erfiðs og óhagstæðs veðurfars á gróðurmold og gróðurfar á

landi okkar. Ég vil ekki draga neinn einn þátt þarna út úr. Ég hygg að það sé skynsamlegast að líta yfir þetta svið í víðasta skilningi, og að mínum dómi er það gert í því nál., sem liggur fyrir, og jafnframt með vísan til þessarar till. til þál. og hvernig hún er sett fram.

Eins og ég hef sagt áður ríkir alger pólitísk eining um þetta mál. Ég fæ ekki annað séð, miðað við hvernig það er sett fram, og ég vil fagna því enn á ný. Ég segi þetta ekki vegna þess að ég telji það til einhverra tíðinda, síður en svo. Ég vil minna á þá till. til þál. um gerð landnýtingaráætlunar sem hér hefur raunar verið vikið að. Ég vonast til þess, að um þá áætlun verði samviskusamlega fjallað í nefnd. Að því var vikið í framsögu fyrir því máli á sinni tíð, að gerð landnýtingaráætlunar væri eðlileg, ekki síst í framhaldi af og samhliða landgræðslu- og landverndaráætlun. Um þessi bæði mál mætti auðvitað segja margt. Hver einstakur þáttur er í sjálfu sér efni til langrar umræðu.

Ég vil leggja áherslu á að landgræðslu- og landverndaráætlun er ekki tímabundið verkefni. Hún er stöðugt verkefni. Í raun og sannleika þarf slíkt verkefni alla tíð að vera í gangi vegna þess að ef það verður stöðvun á framkvæmdum, ef það kemur eitthvert hlé, getum við átt á hættu að glutra niður þeim ávinningum sem þegar eru ljósir. Áætlanir eins og þessi gera okkur auðvitað auðveldara fyrir að ráða fram í tímann, bæði að því er varðar framkvæmdirnar sjálfar og það fjármagn sem við verðum að afla og verja til framkvæmda.

Ég ætla að lokum að vona að það verði staðið við þessa áætlun. Ég á ekki von á öðru og vænti þess, að að ýmsum þeim undirbúningsframkvæmdum, sem hér hefur verið vikið að, svo sem kortagerð, verði unnið af krafti, ekki síst í ljósi þess, að það er nauðsynlegur þáttur einmitt til að stuðla að og auðvelda gerð draga að landnýtingaráætlun.

Ég vil endurtaka áhersluatriði sem ég gat um áðan. Við þurfum að leggja allt kapp á að virkja áhugamenn um allt land til að vinna meira og betur. Áhuginn er mjög víða fyrir hendi, en það er nauðsynlegt að ýta undir þann áhuga. Sem betur fer eru fjölmargir sem sýna frumkvæði á ýmsum þessum sviðum. Þann áhuga má ekki drepa í dróma. Við eigum heldur að ýta undir hann.

Ég vonast til þess, að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, vinni vel og dyggilega, þannig að áætlunin geti fengið samþykki á hinu háa Alþingi hið allra fyrsta.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að draga mjög á langinn þessa umr. sem hér hefur farið fram um gagnmerka þáltill. um landgræðslu- og landverndaráætlun, enda er nú svo komið að hér í salnum eru varla eftir nema bændur og Alþfl.-menn, og á það vel við að vísu.

Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt alveg frá upphafi á því að flýta framgangi og gerð þessarar till. Þó vil ég einkum og sér í lagi þakka formanni nefndarinnar, sem að þessu verki vann, fyrir sérstaklega góða stjórn og röggsamlega framgöngu í því að koma þessu máli áleiðis og góða og mikla hæfileika til að finna málamiðlun hverju sinni þegar ekki blés allt of byrlega fyrir nefndinni og menn voru ekki á eitt sáttir um hvert veita skyldi fjármagninu.

Þessi till. ber það með sér að mínu mati og hlýtur að vera mat annarra þeirra sem lesa grg. till., að fengist hefur viðurkenning á þeirri skoðun, að beitarstjórn hér í landinu hafi ekki verið næg og að þessi beitarstjórn hljóti fyrst og fremst að byggjast á vísindalegum athugunum, m. a. gróðurkortagerð og öðru slíku, ítölu og fleiri atriðum þar að lútandi. Ég vil líka geta þess, að ég tel að í þessari till. fari mjög saman, eins og ég hef ævinlega óskað eftir, hagsmunir landbúnaðarins annars vegar og gróðurverndarsjónarmið hins vegar. Ég tel — og hef alltaf sagt í öllum ræðum mínum hér, að búfjárbeit í þessu landi þurfi að vera innan skynsamlegra marka, og ég hef jafnframt flutt þá skoðun, að allar líkur væru á að með aukinni beitarstjórn mætti stórauka fallþunga dilka og þá jafnframt fækka búfé í landinu bændum að skaðlausu. En ég skal ekki fara langt út í þá sálma. Þetta eru býsna viðkvæm mál, ég geri mér ljósa grein fyrir því.

Ég vil í þessu sambandi geta þess, að ég tel að landbrn. þyrfti sem skjótast að fara að huga að hinni gífurlega auknu hrossaeign landsmanna, sem t. d. í nágrenni bæja og borga hefur valdið umtalsverðu tjóni á bithögum og það svo alvarlegu að um er að ræða nær gereyðingu gróðurs á sumum stöðum. Ef það er svo að í landinu séu um 50 þús. hross og við margföldum það með tölunni 5, sem er líklega nokkuð varlega gert, og fáum út 250 þús. fjár til viðbótar þeim fjárstofni sem fyrir er í landinu, þá er um að ræða mjög umtalsvert viðbótarálag á beitarland, þó ekki sama beitarland og sauðfé notar. En þarna er á ferðinni vandamál sem þarf að huga að.

Annað atriði, sem ég vildi nefna og beina til hæstv. landbrh., er það sem ég hef verið að impra á í flestum ræðum hér um landbúnað, að við þurfum að haga búskap eftir landsháttum. Þetta er eitt af þeim stóru málum sem þarf að taka föstum tökum í landbúnaði á Íslandi. Eins og sakir standa er búskap lítið hagað samkv. landsháttum, heldur eru menn með hvers konar blöndu af búskap og taka þá lítið tillit til þess, hvar hagkvæmast er að vera með sauðfé og vera með kýr og annan búfénað. Ég vil sérstaklega benda á í grg. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er, að búfjárbeit verði innan þeirra marka sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir."

Hér er fengin, eins og ég sagði áðan, mjög dýrmæt viðurkenning á þeirri skoðun, sem a. m. k. við Alþfl.-menn höfum flutt í mörg ár, að úthagi, sérstaklega afrétturinn, væri ofbeittur. Hér á landi er aðeins beitt ítölu á einum afrétti, þ. e. Landmannaafrétti, og á þessu þarf að verða breyting. Eins og fram kemur í grg. leggur nefndin áherslu á að svo fljótt sem ástæður leyfi verði komið á ítölu fyrir landið allt. Þetta er mjög veigamikill þáttur þeirrar áætlunar sem hér liggur fyrir.

Ég vil enn fremur, með leyfi forseta, fá að lesa hér úr grg. þar sem segir:

„Nefndin er þess fullviss, að ástand gróðurs á hálendi og sums staðar á láglendi sé þannig, að fylgjast verði nánar með honum og hafa meiri stjórn á nýtingu gróðursins en aðstaða hefur verið til. Tillögur nefndarinnar byggjast m. a. á því, að gróðureftirlitsmaður hefji störf hið fyrsta hjá Landgræðslu ríkisins."

Þetta er líka nýr háttur og mjög veigamikill. Embætti gróðureftirlitsmanns getur orðið mjög veigamikill þáttur í því að hafa gott eftirlit með ágangi í gróður, bæði á afréttum og eins í heimahögum og hvarvetna þar sem búfé fer um. Þegar nefndin fjallaði um þetta mál komu að vísu fram skoðanir þar sem dýpra var tekið í árinni um ástand gróðurs á afrétti, þ. e. á hálendi og á láglendi.

Ekki þótti þó ástæða til að taka það inn í grg. eins og það lá fyrir, og er þetta orðalag með samþykki allra nm. Síðan segir, með leyfi forseta, og er veigamikið atriði enn fremur:

„Með aukinni beitarstjórnum vinnst margt, m. a. endurnýjun gróðurs og meiri hagkvæmni við landgræðslu og búskap. Til að ná markvissum árangri í beitarstjórn þarf hún að byggjast á rannsóknum á beitarþoli og ástandi gróðurs á hverjum tíma."

Hér kemur einnig að þætti sem ég hef ávallt og ævinlega lagt ríka áherslu á, en það eru rannsóknirnar. Það er ekki nóg fyrir okkur að hafa stofnun, sem heitir Rannsóknastofnun landbúnaðarins og gerir margar mjög merkilegar og marktækar rannsóknir, ef ekki er eftir þeim farið. Þetta á líka við um aðrar rannsóknastofnanir, svo sem Hafrannsóknastofnun og fleiri slíkar, en því miður höfum við rekið okkur á það hér á hinu háa Alþingi og úti í samfélaginu yfirleitt að menn eru ekki sérlega áfjáðir í að fara að ráðum þeirra sérfræðinga sem við erum að búa góðar aðstæður í þessum stofnunum til að þeir geti unnið að sínum verkefnum.

Þá langar mig að geta þess, sem segir hér í grg. og ég legg líka mjög mikla áherslu á og tel mikis virði og vil fá að lesa, með leyfi forseta:

„Til þessa hefur ítölu aðeins verið komið á í einum afrétti." — Ég gat þess áðan að það væri Landmannaafréttur. — Unnið er að gerð ítölu fyrir nokkra hreppa og hefur það verk staðið lengi, einkum vegna skorts á grunnkortum af láglendi."

Hér er komið að einum flöskuhálsinum í sambandi við skynsamlega nýtingu gróðurlendis á Íslandi, að það skortir mjög kort, — ekki öll kort, það væri ekki rétt hjá mér, — það skortir grunnkortin einkum og sér í lagi. Á þessu sviði þarf að vinna mikið starf því að ef þær upplýsingar, sem grunnkortin gefa, liggja ekki fyrir er mjög erfitt um alla ákvarðanatöku og erfitt um skynsamlega nýtingu landsins.

Ég nefndi áðan ítöluna. Ég lagði á það áherslu við nefndarstörfin að ekki aðeins þyrftum við, eins og ég gat um áðan, að reyna að haga búskap í þessu landi eftir landsháttum, heldur yrðum við — til þess að reyna að hlífa viðkvæmum gróðri á afrétti — að reyna að auka beit í heimahögum. Þetta er hægt að gera á margvíslegan hátt. Hefur m. a. verið sannað og sýnt fram á að þetta er unnt í Rangárvallahreppi og á Landi, þar sem borið hefur verið á heimahaga þar sem beitt hefur verið miklum fjölda fjár, miklu fleira fé en menn töldu að þeir hagar gætu borið. Það er líka þess að geta, að heimahagar þola mun meiri ágang en afréttirnir þar sem gróður er mun viðkvæmari einfaldlega vegna þess að hann stendur hærra og er á allan hátt miklu viðkvæmari fyrir öllum ágangi.

Mig langar einnig, herra forseti, — ég skal fara að stytta mál mitt, — að benda á tvö atriði sem ég tel mjög mikils virði í þessari áætlun: Það eru fjármunir sem fara til héraðsskógræktaráætlana. Þar held ég að sé á ferðinni mjög merkilegt mál og t. d. séu hinir svokölluðu bændaskógar mál sem þurfi að leggja miklu meiri áherslu á en gert hefur verið. Við höfum séð í nágrenni Hallormsstaðar árangur af þessu starfi. Sá árangur er svo stórkostlegur að allir hljóta að hrífast sem hann sjá.

Ég hef nefnt gróður- og jarðakortin sem ég tel mikilvægan þátt í þessari till., og síðast en ekki síst vil ég nefna það, að hér kemur fjármagn til rannsókna á vetrarþoli plantna. Þetta er nýr liður í þessari áætlun sem kemur inn á viðfangsefni RALA eða Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og er mjög mikilvægur. Ég hef hér á þingi flutt till. um auknar rannsóknir á kali og kalskemmdum, sem eru tvímælalaust dýrasta gróðureyðing sem við eigum við að stríða í þessu landi. Við þurfum að gera umtalsvert átak til að reyna að finna einhverja leið til að koma í veg fyrir hinar gífurlegu kalskemmdir sem kosta bændur — og þjóðina þá auðvitað í heild — miklu meiri fjármuni en allar aðrar gróðurskemmdir í landinu.

Þá vil ég geta þess, að í þessari tillögu er mjög mikilvægt atriði þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nefndin telur nauðsynlegt að fylgst verði stöðugt með árangri af framkvæmd landgræðsluáætlunar og aflað sem öruggastra upplýsinga þar að lútandi.".

Ég held að það hafi komið fram í ræðu hæstv. landbrh. að hann teldi að þarna væri mikilvægt atriði á ferðinni til að koma í veg fyrir misskilning og hvers konar — skulum við segja — rangtúlkun á því, hvernig þeir fjármunir, sem þarna eru á ferðinni, verði notaðir. Það fer ekki hjá því, að menn hafi haft nokkurn grun um að fjármunir af landgræðsluáætlun hafi verið notaðir til að bera á haga, sem búfé var beitt á, og það hafi verið gert án þess að fyrir kæmi greiðsla. Það kom raunar í ljós að flestir sem höfðu notið slíkrar áburðardreifingar, höfðu greitt fyrir það, en engu að síður verður að tryggja að hvorki fræi né áburði sé dreift á lönd og lendur þar sem búfénaður kemst að nýgræðingnum og getur étið hann upp á skömmum tíma. Þá er til einskis verið að nýta þessa fjármuni og nýta þá verkkunnáttu og nýta þann mannafla eins og ætlunin er að gera.

Ég tek undir með hæstv. ráðh. að við þurfum líka að huga að útivistarmálum, og þar kemur að miklu kjarnaatriði í þessum málaflokki. Það er það sem ég hef nefnt „sögulegar sættir" dreifbýlis og þéttbýlis. Ég held að þar þurfi líka að vinna mikið starf til þess að ekki komi til alvarlegra árekstra.

Þetta eru þau atriði sem ég hef viljað leggja áherslu á. Ég fagna því mjög, að svo gott samkomulag skyldi takast um þessa till. sem raun varð á. Menn hafa kvartað undan því hér, að fjármagn hefði ekki fengist eins mikið hlutfallslega og var í upphaflegu landgræðsluáætluninni, en við því er ekkert að segja. Við verðum á þessum síðustu og verstu tímum að draga úr fjárveitingum til nær allra þátta þjóðlífsins og hér verður líka að gæta nokkurs sparnaðar eins og annars staðar. En við verðum að treysta því, að við getum gert betur næst, því að eins og hv. þm. Davíð Aðalsteinsson sagði réttilega áðan á þetta ekki að vera til að halda í horfinu, heldur á þetta að vera upphaf sóknar, og ég vænti þess fastlega, að svo verði.

Herra forseti. Ég vil eingöngu nota síðustu mínútuna til að þakka þeim mönnum sem unnu vel í þessari nefnd. Ég verð að segja það, að það kom mér skemmtilega á óvart að nefnd af þessum toga spunnin skyldi vinna jafnvel og þessi nefnd. Ég hafði satt að segja ekki ímyndað mér að nefndir gætu yfirleitt unnið eins hratt og vel og þessi nefnd gerði og það er auðvitað m. a. vegna dugnaðar formanns nefndarinnar. Fyrir þetta er ég þakklátur. Ég er líka þakklátur fyrir að hafa fengið að taka þátt í þessum nefndarstörfum. Þetta var bæði fróðlegt og skemmtilegt starf. — Ég held að ég óski ykkur að lokum til hamingju með þessa tillögu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. — Ég vil eins og aðrir fagna því, að þessi till.

skuli vera komin hér fram og til umræðu. Mér finnst athyglisvert að samstaða skuli hafa náðst um þessa till., samstaða um þau markmið sem í till. felast, og er óþarfi af mér að fara að lesa þau upp því að það er búið að gera a. m. k. tvívegis í þessum umr.

Eins og fram hefur komið var þetta mál mjög vel undirbúið. Fyrir 1974 náðist einnig samstaða um þá till. sem þá var flutt, og það hefur enn fremur verið unnið mjög skynsamlega, að ég tel, að undirbúningi þessarar till. núna. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið gert á svipaðan hátt og var t. d. hjá okkur, að þeir menn, sem okkar þingflokkur tilnefndi í nefndina, komu nokkrum sinnum til okkar á þingflokksfund til að ræða þetta mál. Það hefur því sjálfsagt farið fram umræða í öllum þingflokkum um málið á vinnslustigi.

Hitt er auðvitað aftur annað mál, hverjum af þessum stefnumálum er hægt að ná með því fjármagni sem er tilgreint í till. En stefnumarkinu ber að fagna og vænta þess, að þegar gerð verður úttekt á árangri, eins og segir í 4. lið í till., og komi það í ljós, að markmiðunum verði ekki náð með því fjármagni sem hér er tilgreint, þá verði samstaða um að auka við það fjármagn þegar málið fer í endurskoðun að þremur árum liðnum. Það er enginn vafi á því, að t. d. varðandi 5. liðinn, að verjast landbroti, er engin áætlun til um hvað slíkt kunni að kosta. Ég hygg að þar sé um miklu stærra verkefni að ræða en flestir gera sér ljóst.

Í þessum umr. hefur verið talað um að búskap sé ekki hagað eins og hagkvæmast væri. En ég er ekkert viss um að menn geri sér yfirleitt grein fyrir hvað þeir eru að fjalla um þegar talað er um hvað sé hagkvæmast. Þó í hlut eigi jarðir sem jafnvel liggja hlið við hlið, þá er ekki víst að það sé hagkvæmt að hafa t. d. kýr á annarri jörðinni þó að það sé á hinni, vegna þess hvernig landið er, o. s. frv. Það er margt sem kemur þarna til greina. Jafnvel þó að það séu langskólagengnir menn er ekki víst að þeir geri sér grein fyrir hver munurinn getur verið á jafnvel jörðum í sömu sveit í þessu tilliti.

Annað, sem er rætt um og hefur verið fjallað um hér á þingi hvað eftir annað, er beitarþolið. Auðvitað þarf að fylgjast með því, en það er ákaflega erfitt að gera áætlanir um beitarþol landsins nema vita fyrir fram hvernig tíðarfar verður á hverju sumri. Og það á sjálfsagt langt í land að veðurfræðingar okkar geti sagt fyrir um hvernig tíðarfar og hitastig verður á næsta sumri. Hins vegar er auðvitað hægt að fylgjast með því, hvernig afrétturinn grær á hverju ári. En það getur munað þriðjungi frá ári til árs hvað einn afréttur þolir miðað við tíðarfar. Og þá getum við séð hvað er erfitt og flókið að eiga við þetta verkefni.

Ég vonast til þess, að þetta mál komist fljótt í gegnum þingið og samstaða verði um að ná þeim markmiðum sem í till. felast, og komi það í ljós, sem ég er ákaflega hræddur um, að þessir fjármunir dugi skammt, þá verði líka samstaða um að bæta þar við þegar málið verður endurskoðað.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og áður hefur komið fram hjá þeim ræðumönnum sem á undan mér hafa talað var með afgreiðslu landgræðsluáætlunar 1974 hafinn nýr kapítuli í samskiptum íslensku þjóðarinnar við land sitt. Málið er alls ekki á þá einu hlið, að ákveðið sé að borga stórfé úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar með þátttöku allra landsmanna, ekki síður þéttbýlisbúa en annarra, til þess að græða þau sár sem gengnar kynslóðir hafa veitt landinu. Málið er einnig á þá hlið, að um leið og umsjónarmenn landsins taka við því fé taka þeir að sjálfsögðu við þeirri ábyrgð að meðhöndla þessa auðlind lands okkar sem er gróðurinn með þeim hætti, að sú aðstoð, sem verið er að veita þeim af sameiginlegu fé þjóðarinnar, verði ekki unnin fyrir gýg. Öllum skyldum fylgja nokkrar ábyrgðir, öllum réttindum fylgja skyldur. Þeir, sem taka við þessu fjármagni og njóta góðs af því, verða auðvitað að gera sér það fyllilega ljóst, að því fylgja ákveðnar skyldur, sem ég er alveg sannfærður um að þeir eru menn til að rísa undir.

Hér er m. ö. o. vonandi verið að stíga fyrstu skrefin í þeirri merkilegu þróunarsögu í samskiptum okkar við land okkar, að tekin verði upp raunhæf landnýting þar sem í senn sé lögð áhersla á að græða upp land með þátttöku þjóðarinnar allrar og ekki síður að nýta þá uppgræðslu og það land, sem fyrir er, með skynsamlegum hætti bæði bændum og þjóðarheildinni til velfarnaðar. Það er vissulega ánægjulegt að þrátt fyrir alla þá deilu, sem oft hefur orðið um nýtingu náttúruauðlinda, bæði náttúruauðlinda fastalandsins og náttúruauðlinda sjávarins, hér á Alþingi, séu allir þingflokkar sammála um að reyna að marka þessa stefnu. Ber e. t. v. að skilja það svo, að þær deilur, sem uppi hafa verið milli manna um þessi efni, séu meira á yfirborðinu heldur en hitt.

Mjög nýlega var hér á Alþingi rætt um sambærilega hluti þegar til umr. var þáltill. um landnýtingaráætlun sem þm. úr öllum flokkum standa að, en 1. flm. þess máls var hv. þm. Davíð Aðalsteinsson. Í því sambandi urðu nokkrar umr. um nýtingu lands og landgæða. Er ósköp eðlilegt, að um það sé nokkuð rætt, og skiljanlegt, að það séu viðkvæm mál fyrir alla aðila, sérstaklega þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta um nýtingu náttúruauðlinda, þegar rætt er um skynsamlegustu nýtingu þeirra og aðgerðir til að stemma stigu við ofnýtingu eða rányrkju. Öll vitum við að það er viðkvæmt mál fyrir fiskimenn okkar þegar rætt er um nauðsyn þess að takmarka sókn í fiskstofnana, sem eru auðlind sjávarins. Og það er ósköp skiljanlegt að það sé einnig viðkvæmt mál fyrir þá sem búskap stunda þegar rætt er um nauðsyn þess að koma í veg fyrir rányrkju og ofnýtingu gróðurs. Þetta er ósköp skiljanlegt. En menn verða engu að síður að gera sér ljóst að það er nauðsynlegt að slík umræða eigi sér stað og að til slíkra aðgerða verði gripið, því að það nær auðvitað ekki nokkurri átt að skattleggja þjóðarheildina til þess að græða land ef ekki er frá því gengið fyrir fram og í góðu samkomulagi allra aðila, að sú framkvæmd verði nýtt með sem bestum og öruggustum hætti án þess að hætta sé á rányrkju.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp þær deilur sem þá áttu sér stað, aðeins með örfáum orðum að benda mönnum á efni skýrslu um landgræðsluáætlun 1981—1985, sem alþm. hafa fengið, og hvernig sú skýrsla svarar ýmsum þeim spurningum sem vöknuðu í þeirri umræðu.

Í umræðum um landnýtingaráætlunina kom það m. a. fram hjá nokkrum hv. þm., að vafasamt væri að nokkurs staðar væri um að ræða ofnýtingu gróðurlendis, vafasamt vegna þess að ekki hefði enn þá fengist um það niðurstaða hja Rannsóknastofnun landbúnaðarins og öðrum til þess bærum aðilum, hvert væri beitarþol viðkomandi afréttarlanda.

Ég leyfði mér að benda á að sama máli gegndi um ágreining varðandi sóknarþunga og þol fiskstofna. Þar er

ekki samkomulag á milli þeirra sem hagsmuna eiga að gæta, t. d. um hvað þorskstofninn þolir mikla veiði, hvað loðnustofninn þolir mikla veiði né heldur hvað síldarstofninn þolir mikla veiði. Engu að síður hafa menn þó getað orðið sammála um að oft á tíðum hafi sóknarþunginn í þessar auðlindir verið of mikill. Það eru því engin rök fyrir því, að sóknarþungi sé ekki of mikill, þó að menn hafi ekki orðið sammála um hver sé hæfilegur sóknarþungi. Það eru ekki heldur nein rök fyrir því, að um ofnýtingu á gróðurlendi sé ekki að ræða, þó að menn séu ekki orðnir sammála um það, hver sé hæfileg nýting. En gott og vel, við skulum ekki deila frekar um þetta. Við skulum líta á það sem landgræðsluáætlunin sjálf hefur um þessi mál að segja.

Hvert skyldi vera það svar sem landgræðsluáætlunin gefur við þessari spurningu? Hvert er álit þeirra sem hana semja? Á bls. 19 í skýrslu Rannsóknastofnunar landbúnaðarins stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Gróðurrannsóknir hafa leitt í ljós að afréttir landsins eru víða full- eða ofnýttir, en á láglendi er víða gróðurlendi sem ekki er fullnýtt til beitar." Þetta er niðurstaða Rannsóknastofnunar landbúnaðarins sem liggur til grundvallar þeirri áætlun sem nú á senn að fara að afgreiða, álit Rannsóknastofnunarinnar og svar hennar. Úrskurður hennar í þessu ágreiningsefni okkar þm. er, eins og ljóslega kemur fram, að afréttir landsins séu víða full- eða ofnýttar.

Ég vil enn fremur benda hv. alþm. á lýsingarnar sem gefnar eru af landgræðsluaðilum á bls. 43, 44 og 45 í þessari skýrslu. Þar stendur t. d. um svæðið Lúdent í Suður-Þingeyjarsýslu að svæðið hafi verið illa farið af beit. Þar stendur einnig um Reykjanes, Gullbringusýslu, um Hafnaheiði, að ljóst sé að óskynsamlegt fjárhald eigi þarna verulegan hlut að máli. Samkvæmt þeim skýrslum, sem við höfum í höndunum, er m. ö. o. ljóst í fyrsta lagi, að Rannsóknastofnunin telur að margar afréttir séu full- eða ofnýttar, í öðru lagi nefnir hún nokkur dæmi um það, og í þriðja lagi nefnir hún enn fremur dæmi um það þar sem ástandið er svona vegna ofbeitar.

Á bls. 60 í þessari sömu skýrslu er þetta enn endurtekið. Þar stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Gróðurrannsóknirnar hafa leitt í ljós að afréttir landsins eru víða full- eða ofnýttir." Hér er því ekki um að ræða fullyrðingar af minni hálfu sem byggðar séu á vafasömum upplýsingum, eins og látið var í veðri vaka, heldur er hér um álit að ræða sem er lagt fyrir Alþingi af hæstv. landbrh. sem niðurstaða sérfræðistofnana. Um það er svo hins vegar að sjálfsögðu deilt, hversu víðtækar þessar ofnytjar séu, á hvaða svæðum þeirra gæti og á hvaða svæðum ekki. Ég get ekki skorið úr því deilumáli fremur en aðrir alþm. Mér skilst að Rannsóknastofnun landbúnaðarins eigi sjálf erfitt með að skera úr um það. En hitt liggur fyrir, það er álit hennar, að gróðurlendi landsins, afréttir og hálendi, sé víða full- eða ofbeitt, og jafnframt að mjög víða stafi slæmt ástand gróðurfars af mikilli beit.

Í annan stað vildu menn halda því fram, að sú gróðureyðing, sem þarna er verið að ræða um og við ætlum nú m. a. að reyna að stemma stigu við og snúa þar vörn í sókn, stafaði af beitarþunga. Mér er fyllilega ljóst að það eru margar ástæður sem valda gróðureyðingu á hálendi landsins og í heimahögum. Mér er það eins vel ljóst og öðrum þm., að þar er síður en svo við bændur að sakast í flestum tilvikum. Þéttbýlisbúar, sem þarna eiga leið um, spilla oft stórkostlega gróðri, eins og ég leyfði mér að benda á fyrr í minni ræðu um umgengni um landið. Hins vegar neita ég því, sem fram kom í umr. hér fyrr um sambærilegt mál, að beitin ætti engá sök á þessu. Ég tel að beitin eigi þar einnig sök, þó menn geti að sjálfsögðu um það deilt, hve mikil sú sök sé.

Við skulum enn bera niður í þessari sömu skýrslu um landgræðsluáætlun til þess að kanna álit þeirra sem hana hafa samið. Á bls. 5 í landgræðsluáætluninni segir svo um áburðardreifingu með flugvélum og sáningu mel- og grasfræs, með leyfi forseta: „Þessi aðstoð er enn fremur bundin skilyrðum um meðferð landsins og hefur þannig náðst samkomulag um að leggja af afréttargöngu hrossa á mjög mörgum afréttarsvæðum og stytta beitartíma sauðfjár." Hvers vegna skyldu þessi skilyrði hafa verið sett, að létta beitarþunga af þeim löndum sem á að taka til uppgræðslu? Skyldi ástæðan ekki vera sú, að þeir, sem skilyrðin setja, telja að beitarþunginn sé of mikill til þess að gróðurstarfið geti borið árangur, öðruvísi en menn fallist á að sæta þeim skilyrðum að létta þessum beitarþunga nokkuð af? Ég held að það sé alveg auðsætt.

Við skulum enn fremur líta á bls. 11. Þar segir, með leyfi forseta: „Enn sem fyrr verður að leggja megináherslu á að stöðva alla hraðfara gróður- og jarðvegseyðingu í byggð. Ekki er unnt að stöðva uppblástur og vinna að uppgræðslu á þessum svæðum nema að friða þau algerlega fyrir ágangi búfjár." Skyldi þessi niðurstaða hafa orðið í skýrslu hæstv. landbrh. ef þeir, sem þetta tóku saman og eiga að vera þeir sérfræðingar sem best vita, hefðu ekki verið þeirrar skoðunar, að beitin hafi áhrif á gróðurfarið og það sé mjög varasamt, þar sem um uppgræðslu lands sé að ræða, að beita landið nema með sérstakri varfærni og sérstöku eftirliti?

Á bls. 16 segir enn fremur og er ítrekað að góður árangur hafi náðst í beitarstjórn á undanförnum árum þar sem um áburðarnotkun og grasfræsgjöf hafi verið að ræða, enda, eins og þar segir, hafi slík aðstoð verið „bundin þeim skilyrðum, að bændur fylgdu reglum Landgræðslu ríkisins um meðferð landsins".

Á bls. 44 í skýrslunni segir, eins og ég gaf dæmi um áðan um tiltekið uppgræðslusvæði, að ljóst hafi verið að gróðureyðing þar hafi átt rætur sínar að rekja til óskynsamlegs fjárhalds.

Og á bls. 47 segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Fylgst hefur verið með notkun beitilanda úr lofti og af láði, sérstaklega hefur verið fylgst með ástandi gróðurs við afréttargirðingar, sem sums staðar hefur nálgast verulegt hættuástand. Einnig hefur verið unnið að því að draga úr upprekstri stóðhrossa á viðkvæm afréttarlönd og fækka beitardögum þeirra, þar sem þau keppa um beitargróður við sauðfé á ofsetnum afréttum."

Ég vænti þess, herra forseti, að þm. hafi e. t. v. ekki verið búnir að lesa þessa landgræðsluáætlun þegar umr. fóru fram um till. nokkurra þm. um landnýtingaráætlun. En ég held að það fari ekkert á milli mála, eftir að menn hafa kynnt sér þessa tilvitnanir mínar, hvaða skoðun þeir menn, sem landgræðsluáætlunina hafa samið og skýrsluna hafa gert sem hér er vitnað í, hafa á þeim ágreiningsefnum sem urðu í þeirri umr. Menn geta vissulega neitað þeirra röksemdum ef þeir kæra sig um, lokað augunum fyrir staðreyndum og lýst sig ósammála þeim niðurstöðum sem komist er að í þessari landgræðsluáætlun, en þá meta menn meira eigið brjóstvit en niðurstöður þeirra sérfróðu manna sem þarna leggja hönd á plóginn.

Þá kom einnig fram í þessum umr. að efast var mjög

um að bein tengsl væru á milli beitar og fallþunga. Það var efast um að ofbeit á afréttarlöndum ætti nokkurn þátt í því að minni fallþungi næðist af þeim svæðum en annars staðar. M. ö. o. var dregið í efa að hægt væri að sjá nokkur bein tengsl væru annars vegar á milli þeirra svæða, þar sem ekki er talið að ofbeit sé og fallþungi er mikill, og hins vegar þeirra svæða, þar sem talið er að um ofbeit sé að ræða og fallþungi er lítill. Við höfum slík svæði á landinu. Má segja að þetta fylgist nokkuð að þegar á heildina er litið, að fallþungi er langt yfir meðallagi á þeim svæðum, þar sem talið er eftir rannsóknum gróðurrannsóknarmanna að ekki sé um ofbeit að ræða, og svo hins vegar að fallþungi af þeim svæðum er lítill, þar sem talað er um að um ofbeit sé að ræða, eða þar sem menn verða að beita fé sínu mjög í heimahaga vegna þess að afréttir eru takmarkaðar. Menn töldu að ekkert beint samhengi væri þarna á milli. Ég tek það þó sérstaklega fram, að það er ekki skoðun Sveins Hallgrímssonar. Hann telur að það sé. Og það telja einnig þeir sem hafa sett saman þá áætlun sem hér liggur á borði okkar, því að á bls. 27 í þessari bók, svo að ég gefi eitt dæmi þar um, er birt mynd og myndartextinn hljóðar svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Of mikið beitarálag skaðar gróðurlendin og dregur úr fallþunga dilka." Ég held að menn geti varla deilt við mig miklu lengur um þetta. Þeir ættu þá frekar að snúa sér að hæstv. landbrh. — eða öllu heldur þeim mönnum sem hafa lagt honum þessa skýrslu í hendurnar.

Hitt er öllu verra, hæstv. forseti, ef það er rétt sem fram kom í máli hv. þm. Egils Jónssonar hér síðast, að hann sé leyndur þessum upplýsingum og meira að segja formaður þingflokks Alþfl., sem — eins og menn verða nú varir við — hefur mikinn áhuga á landbúnaðarmálum, enda eru nánast ekki orðnir eftir hér í salnum aðrir en þm. Alþfl. og nokkrir bændur, að undanteknum einum ágætum þm. Alþb. (Gripið fram í.) Tveimur. Þá held ég að ekki fari hjá því, að hv. þm. Egill Jónsson verði að stofna til betri tengsla við sérfræðistofnanir landbrn. um landnýtingarmál áður en hann fer að fullyrða öllu meira.

Herra forseti. Þá var einnig spurt um það á sínum tíma, hvaða sérfræðimenntuðu menn það væru sem ég hefði sótt upplýsingar mínar til um landnýtingarmál. Mér barst í dag bréf frá einum þessara manna. Ég hef leyfi hans til þess að lesa bréfið. Bréfið er dagsett 30. jan. 1982 og hljóðar svo, með leyfi herra forseta:

„Kæri Sighvatur Björgvinsson.

Ég sé af blöðum að þú átt í höggi við íhaldsbændasjónarmið á Alþingi. Af því tilefni sendi ég þér tvo bæklinga sem geta lagt þér vopn í hendur gegn fullyrðingum þeirra og mér liggur við að segja rökleysu. Ritgerðir þessar eru ekki nýjar af nálinni, sú elsta er nákvæmlega 40 ára þessa dagana. Samt er ekki farið að slá neitt í hana. Hún er ekki skemmtileg aflestrar, sennilega með því leiðinlegasta sem ég hef skrifað. En hún er samt þess virði, að þú rennir augum yfir hana. Hinar tvær eru miklu auð- og fljótlesnari. Ég býst við að niðurlag síðustu ritgerðarinnar falli vel að smekk þínum og flokksbræðra þinna.

Mér meira en óar hve gáleysislega síðasta landgræðsluáætlun er samin. Í fimm ár hefur Landgræðslan hent dönsku grasfræi og dýrum áburði út í loftið. Og nú á að halda þessu áfram án þess að menn hafi kynnt sér tilgangsleysi slíkrar uppgræðslu. Einu notin, sem af þessu hafa komið, er að dilkar hafa verið vænni en ella í allmörgum sveitum. En grösin hverfa aftur til moldarinnar um leið og tekur fyrir áburðargjöf. Taktu viljann fyrir verkið.

Vinsamlegast,
Hákon Bjarnason.

Eftirmáli: Þú mátt nefna mitt nafn hvar sem er í sambandi við umræður eða skrif. Með kveðju. Hákon."

Þá er ljóst að einn sá maður sem mestrar virðingar hefur notið meðal landverndarmanna á Íslandi og var nýlega sérstaklega heiðraður af öllum þeim eða flestöllum sem áhuga hafa á þeim málum, hann telur að ýmislegt í þeim sjónarmiðum, sem við Alþfl.-menn höfum haldið fram í þessum máli, sé rétt, og — eins og hann segir hérna — heimilar mér að nefna sitt nafn í sambandi við slíkar umræður eða skrif þegar ég telji að á því þurfi að halda.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara öllu fleiri orðum um þetta, en vil þó aðeins ljúka þessari umr. af minni hálfu með því að vitna í nokkur orð sem kannske skýra álit Hákonar Bjarnasonar nokkru frekar. Hann segir í einni ritgerða sinna orðrétt svo: „Þáttur ofbeitarinnar í eyðingu landgæða er svo umfangsmikill, að mjög er erfitt að gera honum viðunandi skil í stuttum kapítula." Samt tekur hann við að gera honum þau skil. Ég hef ekki tíma eða aðstöðu til að lesa þau skrif öll, en hann kemst m. a. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta: „Er ekki dæmalaust til þess að vita, að þrátt fyrir allar framfarir og framkvæmdir á sviði ræktunar skuli rányrkja og örtröð hafa aukist stórkostlega? Það er ekki nema gott eitt að segja um aukna ræktun og hún mætti sannarlega vera meiri en hún er. En það er hörmulegt til þess að vita, að ræktunin hefur haft þann agnúa í för með sér, að rányrkjan á óræktuðu landi hefur vaxið samfara hinni auknu ræktun. Það getur ekki verið hagur neins," heldur Hákon áfram, „að bústofninn aukist svo að örtröð í beitilöndum verði svo mikil að arður búpenings minnki, en þetta á sér stað í flestum sveitum landsins."

Hv. þm. Egill Jónsson óskaði eftir að ég fyndi þeim orðum mínum stað, að ég hefði orð sérfróðra manna fyrir því, að samhengi væri á milli ofbeitar og minnkaðs fallþunga og að arður búpeningsins væri minni en hann ella væri vegna ofbeitarinnar. Ég tel að ég hafi hér fundið þessum orðum mínum stað. Ég held að enginn þm., hvorki hv. þm. Egill Jónsson né annar, geti ráðist að fyrrv. skógræktarstjóra og fullyrt að hann sé ekki til þess bær að hafa skoðanir á þessum málum, hann hafi ekki vit á því máli sem hér sé verið að fjalla um.

Hann styður þetta enn fremur með frekari rökum og nefnir þar m. a. að á Suður- og Suðausturlandi séu dilkar allt upp í 6 kg léttari að meðaltali að því er kjötþunga snertir en á Norðvestur- og Norðurlandi. (*Gripið fram í.*) 6 kg, segir hann. Allt upp í 6 kg. Síðan heldur hann áfram og segir orðrétt: „Ástæður til þess munar geta verið margar, en aðalástæðan hlýtur samt að vera vanfóðrun samfara landþrengslum og of miklum ásetningi í haga á sumrum." (**EgJ:** Er þetta 40 ára skýrslan?) „Það munar sannarlega um minna en 6 kg mismun á fallþunga dilka að haustlagi".

Herra forseti. Ég held að Hákon Bjarnason hafi getið sér það orð í sambandi við landvernd á Íslandi, að það sé algjör óþarfi fyrir hv. alþm. Egil Jónsson að vera að hlæja að honum og hans starfi hér á þingfundi. Ég held að það sé algjörlega ástæðulaust og sýni það eitt, að hv. þm. á mjög erfitt með að meðtaka skoðanir sem honum líka ekki, jafnvel þó að þær komi frá mönnum sem eru ekki bara leikmenn í þeim efnum eins og ég er, heldur

mönnum sem eru almennt mjög virtir og í miklum metum í landinu og hafa getið sér miklu betra orð sem landnýtingarmenn heldur en hv. þm. Egill Jónsson. Ég leyfi mér þá að halda áfram. Hákon segir orðrétt, með leyfi forseta: „Aðalástæðan hlýtur samt að vera vanfóðrun samfara landþrengslum og of miklum ásetningi í haga á sumrum. Það munar sannarlega um minna en 6 kg mismun á fallþunga dilka að haustlagi, og svo bætist hér við flokkun kjötsins, þannig að verðmunur er langtum meiri en þungamuninum einum nemur."

Það er sem sé álit Hákonar Bjarnasonar sem ég vitna hér til. Auðvitað geri ég mér eins og aðrir fulla grein fyrir því, að um margt af þessu má deila. En menn verða að gera sér ljóst að þó að vel geti verið að ástæða sé til að taka með varfærni því sem miklir gróðurverndarmenn fullyrða um ástand gróðurfars á landi, e. t. v. vegna þess að þeir vilja sýna of mikla varfærni, — alveg eins og verður að taka mjög varlega og með öllum fyrirvörum því sem sérfróðir menn og áhugamenn um fiskvernd fullyrða vegna þess að þeir vilja e. t. v. vera of varfærnir í þeim sökum, — þá er gersamlega ástæðulaust og raunar stórhættulegt, ekki síst fyrir þá menn sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta, hafa atvinnu sína og viðurværi af nýtingu þessara náttúruauðlinda, — það er stórkostlega hættulegt fyrir þá aðila og raunar alla aðra að skella algerlega skollaeyrunum við viðvörunum af þessu tagi og fráleitt að taka slíkum viðvörunum með þeim hætti, herra forseti, að hlæja hæðnishlátri að mönnum sem getið hafa sér sérstakt orð og notið hafa sérstakrar viðurkenningar íslensku þjóðarinnar sem vísindamenn á sínu sviði og sem áhugamenn um landrækt og landbætur á þessu landi.

Herra forseti. Þetta vildi ég aðeins láta koma fram á þessu stigi málsins. Ég ætlaði mér ekki með því að vekja neinar deilur, þó að þær kynnu e. t. v. að fylgja í kjölfarið. Menn verða að ráða því sjálfir. En meginatriði málsins um þessa landgræðsluáætlun er þó það, að allir þingflokkar hafa náð samkomulagi um að standa að framkvæmd hennar, í þeim skilningi að sjálfsögðu að þarna sé ekki aðeins verið að leggja skyldur á herðar tiltekins hluta landsmanna, þ. e. þeirra landsmanna sem teljast ekki eiga neitt land en borga meginhluta reikningsins fyrir landgræðsluna, heldur sé einnig verið með þessu að leggja skyldur á þá sem eiga að sjá til þess að þetta heildarátak íslensku þjóðarinnar nýtist henni eins og best verður á kosið, en hverfi ekki á skömmum tíma vegna ofnýtingar þeirra gæða sem verið er að reyna að vernda með þessum hætti.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í deilur um gróðurnýtingu og ofbeit sem hér hafa farið fram, reyndar út af annarri till., milli ýmissa góðbænda hér á hv. Alþingi og Grænlandssérfræðings Alþfl. hins vegar. En ég verð að segja það, að mér líkaði miklu betur þessi ræða hv. 3. þm. Vestf. en Grænlandsrímur hans um daginn, enda las hann núna upp úr skýrslum og fór þar vel með, þó að ég vilji undanskilja tilvitnunina í þann ágæta mann Hákon Bjarnason sem mér skildist að hefði viljað leggja honum lið, en engu að síður ætlað að leggja á hann þá refsingu fyrir ummæli sín að láta hann hafa leiðinlegustu lesningu, sem hann hefur látið frá sér fara, og skylda hann til að lesa hana, og er þó af miklu að má þar. (**SighB:** Ég las ekkert úr henni.) Nei enda forðaðist hann að taka út refsinguna í þessum ræðustól. Hins vegar hefði verið skemmtilegt að fá þann hluta. Ég segi það og vil taka það skýrt fram, að ég undanskil þessa tilvitnun í Hákon Bjarnason eingöngu af einni ástæðu, ekki af því að ég viti ekki og viðurkenni að hann sé hinn mætasti maður okkar varðandi ákveðinn þátt gróðurverndar og gróðuraukningar, heldur einfaldlega af því að ég treysti honum ekki og hef aldrei treyst sem hinum hlutlausa dómara þegar sauðkindin er annars vegar. En þökk sé honum fyrir störf hans að öðru leyti. Það er önnur saga og úr henni dreg ég ekkert.

Ég vona hins vegar að miðað við þessa síðustu ræðu og þá skýrslugerð, sem hv. þm. las upp, fari það nú svo, að áður en lýkur afgreiðslu þessarar till. muni allir þessir aðilar ná saman, svo sem menn hafa náð saman um þessa till. hér. Ég held nefnilega að það sé full ástæða til að fagna þeirri eindrægni allra flokka, sem fram kemur í þessari till., því að oft hafa um gróðurnýtingu og gróðureyðingu staðið miklar deilur, og ég er ekki að rekja þær hér. Hér er leitast við að ná saman öllum þeim aðilum sem hvort tveggja gildir um að eiga í raun og veru að hafa samleið, en hafa um leið átt í nokkrum hnippingum á árum áður. Hv. 3. þm. Vestf. gerði mér einmitt þann greiða að koma nokkuð inn á þær hörðu hnippingar áðan þegar hann vitnaði í þann ágæta mann Hákon Bjarnason.

Það er óumdeilt þjóðarverkefni að vernda gróður, verja hann eyðingu, bæta landið, auka fjölbreytni í gróðri, klæða landið þeim skógi einnig sem unnt er og þar sem árangur næst. Um það þarf því engin orð að hafa við þessa umr. Það hefur verið tekið fram áður. Það er svo sjálfsagt að ekki þarf um það að hafa nein frekari orð.

Ég tek undir það með hv. 2. þm. Norðurl. e., að ég fagna sérstaklega 5. lið þessarar till. Þar er komið inn á verkefni sem eru sannarlega á réttum stað hér, þ. e. framkvæmdir til að verjast landbroti og landskemmdum vegna ágangs vatna eða sjávar. Þar hafa menn ekki gætt að sér sem skyldi á undanförnum árum og jafnvel tekið önnur verkefni fram yfir sem hefði átt að leggja til hliðar eða a. m. k. geyma um stund meðan að því stóra verkefni er unnið. Það er náttúrlega hlálegt að horfa á að verið sé að reyna að vinna land á einum staðnum á meðan það eyðist annars staðar af völdum vatnaágangs.

Ég legg mikla áherslu á samvinnu allra þeirra aðila sem till. fjallar um. Það er höfuðnauðsyn að verkefni þeirra séu sem best samræmd og þjóni sem best þeim aðaltilgangi sem till. lýtur að. Ég veit um góðan vilja margra okkar, og ég vænti þess því, að rn. tryggi að samstaða og samvinna allra þessara aðila verði sem raunhæfust. Þannig nýtist þetta fjármagn sem best. Og ég segi það alveg hiklaust hér, að ég hygg að fáir séu vænlegri til að leiða þessa aðila saman og laða þá saman til samvinnu en einmitt hæstv. núv. landbrh.

Í framhaldi af þessu hlýtur svo að koma upp fjármagnshliðin sem kemur auðvitað inn í myndina og hefur verið rædd hér og ég ætla ekki að fara inn á nánar. Sumum þykir, e. t. v. með réttu, að fjármagnið sé of lítið. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það kann að vera satt og meira en satt. En mestu gildir þó hvernig fjármagnið er nýtt, hversu því er varið. Um það, hvort fjármagn liðinna ára í sambandi við landgræðsluáætlanir hafi nýst í öllum greinum sem allra best, vil ég ekki fullyrða neitt, en um það hefur stundum verið deilt og inn á það var komið áðan af hv. síðasta ræðumanni. Það er áreiðanlegt, að því fjármagni hefði á margan hátt mátt verja betur. Ég vænti þess, að svo verði því fjármagni varið sem till. gerir ráð

fyrir, að um það þurfi engar deilur í framtíðinni, svo ótvírætt verði um skynsamlegustu nýtingu að ræða. Þó að fjármagnið sé miðað við þjóðartekjur okkar og miðað við okkar fjölþættu verkefni nokkuð ríflegt, þá er það ekki meira en það, að full ástæða er til að nýta það þarna eins vel og annars staðar þar sem við þurfum að huga ekki síður að því, hvernig við förum með fjármagnið, en til hvers við veitum það.

Frumhvatar þessarar till. eru landgræðsla, landvernd og gróðurvernd, og fjármagnið, sem hér er ráð fyrir gert að renni til þessara verkefna, er mikils virði. Það getur orðið og það verður án efa mikilvægur áfangi í átt til þess meginmarks að gera land okkar gróðursælla en það nú er, gera gróðurlendið enn stærra, stækka gróðurlendið enn, gera það enn betra en það er og skila framtíðinni þannig betra og dýrmætara landi en nú er. Það er mark þessarar till. og þar af leiðandi, einmitt af þeim ástæðum, held ég að Alþingi allt sé sammála tillögunni.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka fyrir þær umr. sem hér hafa farið fram. Ég er ekki viss um hvort þeim sé að ljúka, en að mestu leyti hafa þær verið mjög vinsamlegar og jákvæðar varðandi þetta mál. Ég þakka fyrir þau viðurkenningarorð, sem hér hafa verið látin falla í garð rn. og þó sérstaklega í garð formanns þeirrar nefndar sem samdi þessa till., og tel enn og ítreka að það hafi verið ákaflega mikilsvert að svo gott samstarf og samhugur náðist í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði.

Í frumræðu minni fór ég auðvitað ekki ítarlega út í alla þætti málsins, og hér hefur verið sérstök áhersla lögð á ýmsa þeirra sem ég fór ekki nákvæmlega orðum um í upphafi.

Ég get mjög vel ítrekað það með hv. 11. landsk. þm., að þetta mál allt sækir auðvitað grunn sinn að verulegu leyti í það starf sem unnið var við undirbúning landgræðsluáætlunar fyrir árin 1974—79, og er mér það starf auðvitað mætavel kunnugt þar sem ég átti sjálfur sæti í þeirri nefnd, sem að því máli vann. Ég minnist með ánægju þess starfs og margra funda sem ég sótti víðs vegar um landið við undirbúning þess máls, m. a. í heimahéraði hv. 11. landsk. þm. Ég vænti þess, að þrátt fyrir að það hafi ekki allt komist fram sem áformað var á þeirri tíð, þá takist að þoka málum áfram að verulegu leyti í meðferð þess máls sem hér er nú til umræðu. Ég legg hins vegar áherslu á að á grundvelli landgræðsluáætlunar 1974 vannst mjög mikið starf, eins og glöggt má lesa í þeirri skýrslu sem er fylgirit þessarar till. Ég legg einnig minn mælikvarða á það á þann veg, að sú löggjöf, sem var sett í framhaldi af starfi við undirbúning þeirrar till., hafi skilað verulegum árangri, m. a. að því er tekur til meðferðar lands og beitarstjórnar. Þá voru færð í lög ákvæði sem lúta að þessum atriðum. Það var þá sem sett voru lög sem heimila sérstakar aðgerðir sem grípa má til varðandi beitarstjórn, svo sem styttingu beitartíma, bæði á fyrri hluta sumars og eins að hausti, með því að þoka til göngum eða smölunum annars vegar og eins með því að ákveða hvenær fyrst megi reka fé á fjall. Þetta er ákaflega mikilvægt vegna þess, eins og glöggt kom fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e., að árferði er misjafnt á Íslandi, gróðurfar er mjög misjafnt eftir árum, að það er ekki auðvelt að setja reglur sem á að framkvæma nákvæmlega eins frá einu ári til annars, heldur hlýtur, ef við viljum hafa sveigjanleika í þessum málum með tilliti til aðstæðna, að verða að taka tillit til veðurfars og ástands gróðurs. Þetta hefur verið reynt að gera í ýmsum tilvikum, en ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni, að þar má margt betur gera.

Ég tel einnig mjög mikilvægt það sem hér hefur komið fram frá ýmsum ræðumönnum, að ráðin verði bót á varðandi þann þátt sem lent hefur nokkuð í undandrætti, að fram verði komið gerð gróðurkosta, ekki síst grunnkorta af láglendi, en þetta atriði hefur ekki verið í eins góðu lagi og vera þyrfti og er í ýmsum tilvikum grundvallaratriði við beitarstjórn sem byggist á vísindalegum grunni. Ég hef, frá því að ég kom í rn., ritað bréf um þetta efni til samgrn., sem fer með yfirstjórn Landmælinga ríkisins, en þessi kortagerð er á vegum þeirrar stofnunar. Ég hef óskað eftir því, að það tækist að koma á samstarfi margra stofnana, bæði stofnana á vegum landbúnaðarins, stofnana eins og þeirra er vinna að raforkumálum, vegagerð í landinu, skipulagsmálum o. s. frv., sem leiða mætti saman til að standa straum af kostnaði við þetta verk. Ég vona sannarlega að það takist og á það mun ég leggja áherslu.

Hv. þm. mismælti sig kannski þegar hann taldi að í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. væri fyrirheit eða loforð um að ný landgræðsluáætlun yrði framreiknuð á sama verðgildi og hin fyrri. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta: „Ný landgræðslu- og landverndaráætlun verði gerð.“ Með því þskj., sem hér liggur fyrir, er staðið við þetta fyrirheit. Hitt tek ég undir, að ég tel að út af fyrir sig hefði verið æskilegt að ná meiri árangri hvað fjármagn snertir, en ég sætti mig fyllilega við það, sem hér er lagt til, og tel mikilvægara að ná um málið samstöðu en þó við værum að ýtast á um fjármagn til þessara mála. Það er auðvitað rétt sem fram hefur komið, að fjármagn er ekki allt, heldur einnig hvernig fjármagnið nýtist. Ég lagði áherslu á að við hefðum verið og værum sumpart í vörn í þessum málum, því að sú vörn verður ævarandi, eins og ég skýrði í framræðu minni. Hins vegar er allnokkuð síðan við hófum einnig sókn. Sú sókn fékk aukinn byr undir vængi með landgræðsluáætluninni frá 1974, og þessi áætlun er framhald þeirrar sóknar. Þess vegna fylgir þessu þskj. sóknarhugur. Undir það vil ég taka og leggja áherslu á það.

Um það, sem hér hefur verið sagt um beitarstjórnun og margs konar tækni í sambandi við það, mætti ræða mjög lengi. Ég skal ekki tímans vegna gera það. Ég þakka ábendingu hv. þm. Árna Gunnarssonar varðandi þann vanda sem fylgir mikilli beit hrossa í grennd þéttbýlisstaða víða hér á landi. Ég hef stundum vakið athygli á þessu sjálfur. Hér á landi eru skráð samkv. framtölum milli 50 og 60 þús. hross, og þessi hross, sem kunna að vera eitthvað fleiri, þurfa mikið fóður. Það fóður taka þau mikið af landinu sjálfu. Svo er komið að sums staðar hefur skapast hættuástand vegna beitarþunga af völdum þessarar hrossaeignar. Þetta er ástæða til að hafa í huga.

Ég ætla ekki að fjalla um ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar, sem að mestu var einhvers konar framhaldssaga af umr. sem hér fóru fram fyrir nokkrum dögum og ég var því miður ekki viðstaddur. Ég ætla ekki að blanda mér í framhald af þeim umr. Ég vil aðeins segja það út af orðum hv. þm., að ég held að allir þeir, sem um landbúnað fjalla, séu sammála um að beitarþungi a. m. k. geti haft áhrif á fallþunga, meðferð landsins geti verið þannig að það komi niður á fallþunga dilka, og ég hygg að allir

séu sammála því, sem segir og hann vitnaði til í þeirri skýrslu sem hér liggur frammi, að afréttir séu víða fullnýttir og jafnvel ofnýttir. Það er einnig rétt, að þær varnaraðgerðir og þær stjórnunaraðgerðir, sem gripið hefur verið til á síðustu árum, hafa m. a. falist í að verjast því, sem var eitt atriði af því sem hann gat um, að hættuástand skapaðist fyrir gróður og land við afréttargirðingar með því að taka afréttarpening frá girðingum áður en slíkt ástand skapaðist og áður en þar yrði um varanlegt hættuástand að ræða í gróðurrýrnun. Auðvitað er hægt að segja að það þurfi að gera betur í þessum efnum, og við erum auðvitað á þeirri braut að við ætlum okkur að gera betur eftir því sem tímar líða og eftir því sem þekking okkar vex. En þetta er eitt af þeim atriðum sem er rétt að hafa í huga að mjög verulega er fylgst með og að unnið.

Varðandi friðun lands, sem hann gat einnig um að væri nauðsynleg á tilteknum svæðum, er rétt að þar sem land er á hreyfingu, þar sem sandfok er, verður eigi hjá því komist að friða landið fyrir ágangi búfjár, og þar er réttilega vitnað í þá skýrslu sem hann gat um. Ég held að ekki sé ástæða fyrir mig að fjalla um það í lengra máli, enda mætti tala hér í allt kvöld til að tæma það umræðuefni.

Ég vil aðeins ítreka það, að ég vil ekki segja nema allt gott um Hákon Bjarnason úr þessum ræðustól, enda hann fjarstaddur. Hann hefur starfað af miklum áhuga að einum þætti landbúnaðarmála og unnið þar þrekvirki. En ég hygg að mjög margir búvísindamenn séu honum ekki sammála um ýmis önnur atriði en þau sem snerta sérsvið hans í landbúnaðarmálum. Ekki veit ég hversu gömul kann að vera umsögn hans um að dilkar á suðausturhorni landsins séu 6 kg léttari en á Norðvesturlandi eða Norðurlandi, en víst er að það eru a. m. k. margir tugir ára síðan þetta hefur verið satt, ef það hefur nokkurn tíma verið satt, nema auðvitað, eins og hægt er og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson mun hafa gert sig sekan um í sambandi við Grænlandsmál fyrir nokkrum dögum, að það er vitaskuld hægt að finna slíkan mun milli einstakra bænda og það hvar sem er á landinu vegna þess að fallþungi dilka er ákaflega misjafn frá einum bæ til annars og raunar einnig nokkuð frá einu svæði landsins til annars, þó að ekki sé um slíkan mun að ræða sem hér hefur verið fullyrt.

Ég orðlengi ekki þetta meir. Ég þakka þær viðtökur, sem þessi till. hefur fengið, og ég finn mikinn velvilja þeirra sem til máls hafa tekið. Ég er sannfærður um að hún á góðan hljómgrunn hjá Alþingi almennt og hjá þjóðinni, enda hefur hún þann tilgang að bæta land okkar þjóðinni allri til heilla.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil, eins og aðrir þeir sem hér hafa tekið til máls um þessa till. til þál., tjá stuðning minn við hana, og dregur það ekki úr því áliti mínu á verkinu að ég kom lítils háttar að því að fjalla um hana þar sem ég mætti á tveimur fundum í forföllum aðalmanns okkar sjálfstæðismanna í nefndinni sem fjallaði um þessa till. Eg er sannfærður um að hún muni geta orðið til góðs og hún verði gott framhald af hinni fyrri till., sem ég tel að hafi sýnt góðan árangur þó að mér sé ljóst að við höfum alls ekki getað fengið fullnægjandi úttekt á því, hvað hefur gerst við þá aðgerð sem till. ákvað. Ég vil þess vegna taka undir það sem hér hefur komið fram í þessum umr., að það er mikil nauðsyn að sem best sé staðið að því að kortleggja landið til þess að hægt sé að fylgjast nægilega vel með því, hvernig starfinu miðar áfram í því að græða landið upp og verja það ágangi.

Ég hefði ekki þurft að kveðja mér hér hljóðs hefði ekki óvænt komið til álita og komið til umræðu efni sem var ekki beint í tengslum við þessa till., heldur frekar í tengslum við till. um landnýtingaráætlun sem hér var til umr. fyrir nokkrum dögum. Ég get ekki annað en tekið það til mín sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sagði, að ýmsir bændur hér, sem um þessi mál hafa fjallað virtust ekki hafa skilning á því, að ofsetið land drægi úr fallþunga dilka. Mig minnir að hann orðaði það eitthvað á þessa leið. Þetta er í fyrsta lagi ekki rétt. Ég hefði ekki nein orð um að ofnytjað land kynni ekki að draga úr fallþunga. Hins vegar benti ég á að það er mat landnýtingarráðunautar Búnaðarfélags Íslands, að það, sem fyrst og fremst dragi úr fallþunga dilka sé ef fé er of þétt í högum, jafnvel þó að grasið sé nóg. Ef það er sett of þétt inn í hagana nær það ekki fullnægjandi vexti.

Hins vegar gerði ég nokkra tilraun til að leiðrétta það sem kom fram í máli hv. þm. Sighvats Björgvinssonar þá, að íslenskir bændur mundu fá jafnmikið dilkakjöt þó að þeir fækkuðu fé sínu um 400—500 þús. fjár. Ég leiddi þar til sanninda niðurstöður sem landnýtingarráðunautur hafði unnið vegna fyrirspurna Stéttarsambands bænda um það, hvort fjölgun sauðfjár á undanförnum árum mundi hafa orsakað minnkandi fallþunga dilka. Landnýtingarráðunautur kemst að þeirri niðurstöðu, að þar sé ekki beint samband á milli, það séu svo margir liðir sem valda því, hver fallþunginn sé, að þessi einn ráði ekki úrslitum í því efni.

Mér þykir rétt að láta það koma fram, að það verður ekki með neinum sanni sagt að bændur séu yfir höfuð andvígir því, að gerðar séu áætlanir um hvernig landið er nýtt, og að þeir vilji ekki stuðla að því, að það sé nýtt með skynsamlegum hætti. Það hefur komið fram hvað eftir annað, bæði með aðgerðum bænda og ályktunum, að það er þeim áhugamál að landið sé í sem bestu horfi. Ég vil t. d. geta þess, að það var ekki búið að semja neina áætlun um landvernd og gróðurnýtingu þegar bændur í minni heimasveit ákváðu að hætta að reka hross til afréttar. Síðan eru að verða 30 ár og síðan hafa ekki verið rekin hross á afréttinn. Vitaskuld var það gert til að vernda gróðurinn. Ég tek því þess vegna ekki þegjandi að það sé borið á mig eða aðra bændur að okkur sé sama um landið. Ég kalla það svo að manni sé sama um landið ef það er borið upp á okkur með réttu að við teldum að beitarþungi hefði ekkert að segja.

Ég spurðist m. a. fyrir um hvaðan hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hefði þær fréttir, að víða væru ofsetnir afréttir, og ég óskaði efti að fá upplýsingar um hvar þeir afréttir væru. Það er sú spurning sem bændur hafa beint sérstaklega til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en ekki fengið svör við. Það er grundvallaratriði, að við vitum hvar meinið er, til þess að við getum komist fyrir það. Það er mitt álit.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög, en ég get ómögulega annað en komið örlítið að því sem hv. þm. las áðan upp úr sendibréfi frá Hákoni Bjarnasyni fyrrv. skógræktarstjóra, þar sem hann viðhafði þau orð, að hér væri unnið að uppgræðslu lands að dönsku fræi og áburði væri hent út í loftið. Hvað eiga svona fullyrðingar að þýða? Hvað segja þær? Þær segja að manni, sem er svona

„fanatískur" í sínum umsögnum, verður vart að treysta í því sama máli. Ég vil þá leiða til vitnis annan mann, sem hefur nokkra þekkingu á því, hvernig hefur farið um þann gróðurauka sem átti að verða samkv. landgræðsluáætluninni, og það er landgræðslustjóri sjálfur, Sveinn Runólfsson, sem segir svo í viðtali við Þjóðviljann sem birt er 30. og 31. jan. s. l.:

„Samkvæmt landgræðslulögum er ekki ætlast til þess, að Landgræðsla ríkisins framkvæmi meiri háttar rannsóknir, heldur skuli Rannsóknastofnun landbúnaðarins framkvæma þær. Hins vegar hefur Landgræðsla ríkisins framkvæmt ýmsar athuganir á notkun tilbúins áburðar, svo og samanburðarathuganir á grastegundum." — Og hann heldur áfram: „Við skulum gera ráð fyrir þeirri forsendu, að gróðurlendið minnki að jafnaði um 2 þús. hektara á ári, en það veit enginn upp á víst. Nú hefur árlega verið dreift um 3 þús. tonnum af fræi og áburði á vegum Landgræðslu ríkisins. Ef helmingurinn af þessu magni fer í enduráburðargjöf, þá eru eftir 1500 tonn til nýgræðslu. Þurfi 500 kg til þess að græða upp einn hektara, eins og láta mun nærri, þá græðum við árlega upp 3 þús. hektara. Þetta bendir til þess, að við séum í sókn í gróðuraukningu landsins, en ekki á undanhaldi eins og sumir telja."

Þetta er álit landgræðslustjóra á því, hvernig er að „fleygja dönskum fræjum út í loftið". Því miður getur hann ekki fullyrt um þessar tölur, eins og hann tekur fram: „Það bendir til," segir hann. Við getum ekki, hvorki hann né Hákon Bjarnason, hvorki nú né fyrir 40 árum, fullyrt um hvernig okkar starf gengur í þessum efnum fyrr en við fáum nákvæmari úttekt á því sem verið er að gera, með gróðurkortagerð eða með öðrum hætti.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

Guðrún Hallgrímsdóttir: Herra forseti. Með þáltill þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til að ríkisstj. standi að kynningu á íslenskum iðnaði í samvinnu við samtök iðnaðarins. Í till. eru tilgreind þrjú meginmarkmið með þessari kynningu, þ. e. að stuðla að aukinni sölu á framleiðslu og þjónustu íslensks iðnaðar, að skapa jákvæðari afstöðu almennings til íslensks iðnaðar og að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar.

Um þessi markmið hygg é að flestir geti verið sammála. Í ágætri framsögu benti flm. á ýmis rök fyrir tillöguflutningnum og nauðsyn þess að efla iðnað. Hann benti á nauðsyn þess að fjölga störfum í iðnaði jafnt til að auka fjölbreytni sem og til að gera iðnaðinn hæfan til að taka á móti þeim sem nýir koma til starfa á næstu árum. Frsm. minntist á gjaldeyrissparnað sem íslenskur iðnaður hefur í för með sér. Hann drap á nauðsyn þess að nýta innlent hráefni, vit og verkkunnáttu og benti einnig á síauknar gjaldeyristekjur sem þjóðin hefur af iðnaðarframleiðslu.

Þau markmið, sem þessari kynningu er ætlað að taka mið af, eru í reynd þættir í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, barátta fyrir sterkari sjálfsvitund hennar. Það er ekki langt síðan menn höfðu ótrú á öllu því sem íslenskt var. Að ganga í Gefjunarfötum gerðu víst varla einu sinni þm. Framsóknar. En þótt slíkt heyri liðinni tíð, þá er enn grunnt á vantraustið hvar sem er og hvenær sem íslenskur iðnaður treður nýjar slóðir. Þess vegna sakna ég þess, um leið og ég tek heils hugar undir hin almennu markmið kynningarinnar, að í grg. skuli ekki vera vikið einu orði að leiðum til að ná þessum markmiðum fram. Í fróðlegu framsöguerindi var það ekki heldur gert. Í grg. er einungis sagt að kynningin þurfi að vera umfangsmikil, sem ég tel því miður ófullnægjandi leiðsögn um það, hvernig að henni skuli unnið. Ég vona að ég verði ekki sökuð um andstöðu við málefnið þótt ég veki á þessu athygli, en í starfi mínu hef ég því miður reynslu af því, hvernig er að hrinda í framkvæmd tillögum sem ekki eru nægilega vel mótaðar á Alþingi sjálfu.

Það má vel vera að flm. séu hér með í huga sams konar iðnkynningu og fór fram á árunum 1976—1977. Hún fór fram með samstarfi stjórnvalda og hagsmunasamtaka í iðnaðinum. Sú kynningarstarfsemi var margþætt og umfangsmikil. Meðal þátta má nefna dag iðnaðarins sem fram fór í öllum kjördæmum landsins, auglýsingaherferð í fjölmiðlum, sýningar af ýmsu tagi, samkeppni, m. a. umbúðasamkeppni, og kynnisferðir í fyrirtæki og stofnanir, svo að helstu þættir séu taldir upp. Í tengslum við kynninguna fóru síðan fram kannanir á áhrifum hennar. Athugað var m. a. hvort kynningin hefði haft áhrif á innkaup á íslenskum vörum, og í könnun, sem gerð var fimm mánuðum eftir að iðnkynning hófst, kom fram að innkaupavenjur höfðu breyst íslenskum iðnaði í hag. Talið var að í þeim vöruflokkum, sem könnunin tók til, hefði innlend markaðshlutdeild aukist um 6%. Þess má einnig geta, að 89% aðspurðra töldu að kynningin hefði haft góð og jákvæð áhrif, 2% töldu að hún hefði ekki haft nein áhrif, en 9% vildu ekki tjá sig um málið.

Til iðnkynningar var veitt fé á fjárlögum þriggja ára. Árið 1976 voru það 2.5 millj. kr. á verðlagi þess árs, árið 1977 voru það 6.5 millj. kr. og á árinu 1978 voru það 6.5 millj. kr. á verðlagi þess árs.

Ég tel að ef það er hugmynd flm. að hrundið verði af stað iðnkynningu með svipuðu sniði og gert var 1976—77, þá þurfi að athuga það mál gaumgæfilega. Með því er ég ekki að segja að sú iðnkynning hafi ekki komið að gagni, það hef ég nú þegar rökstutt að hún gerði, heldur álít ég að of stutt sé liðið frá því að hún fór fram, ferskleika og nýjabrum muni skorta, auk þess sem kynning nú þyrfti að ná til fleiri þátta og jafnvel annarra þátta en hún náði til á árunum 1976—77.

Nú liggur fyrir hv. Alþingi þáltill. um iðnaðarstefnu, reyndar tillögur sem vonandi næst samstaða um. Þar er um víðtæka stefnumörkun í málefnum iðnaðarins að ræða. M. a. er þar um sömu markmið að ræða og sett eru fram í þeirri till. sem hér er til umr., en þar er auk þess bent á leiðir. Ég vil beina þeim tilmælum til þeirrar nefndar, sem fær þáltill. til meðferðar, að hún leiti samræmis og styðjist við þær leiðir sem bent er á í fyrrnefndri þáltill. um iðnaðarstefnu, svo að tillagan um íslenska iðnkynningu verði markvissari. Undanfarið hafa fjölmargar aðgerðir verið í gangi á vegum samtaka iðnaðarins til stjórnvalda í því skyni að styrkja stöðu íslensks iðnaðar. Hér má nefna sem dæmi ýmis iðngreinaverkefni, margvíslegt starf á vegum tæknistofnana iðnaðarins, og einnig lög þau sem Alþingi samþykkti nýlega um iðnráðgjafa, en með þeim er von manna að landsbyggðinni verði sköpuð betri aðstaða til að vinna að eflingu iðnaðar.

Ég tel að ítarleg kynning á þessu umfangsmikla starfi þjóni sannarlega þeim markmiðum sem þessari tillögu-

gerð er ætlað. Oft er hins vegar álitamál hvað það er sem ríkið á að taka á sig. Sölu- og kynningarstarfi álít ég t. d. að sé betur borgið í höndum samtaka iðnaðarins og að frumkvæði þeirra sjálfra, en þar getur ríkið aðstoðað á ýmsan hátt með löggjöf eða öðru. Hefur í því sambandi oft verið minnst á sjónvarpsauglýsingar þar sem innlendir framleiðendur eiga í vök að verjast flóði alþjóðlegra auglýsinga.

Herra forseti. Ég fagna fram kominni till., en ég tel nauðsynlegt að leiðir að þeim markmiðum sem þar eru sett fram, verði skýrt varðaðar svo að með samþykkt till. og við framkvæmd hennar náist umtalsverður árangur til eflingar íslenskum iðnaði.

Flm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að lengja þessa umr. Það er nú orðið áliðið dags og fáir hv. þm. í þingsölum og reyndar í húsinu.

Hv. þm. Guðrún Hallgrímsdóttir vék að því, að till. væri ekki nógu markviss, sú till. um íslenska iðnkynningu sem hér er til umr. Í hugum okkar flm. var það þannig, að við vildum fyrst og fremst vekja athygli á þessu máli, og það var okkar hugsun, að sú íslenska iðnkynning, sem hér er lögð til, yrði mótuð fyrst og fremst af samtökum iðnaðarins. Hér er gert ráð fyrir að því starfi verði hrundið af stað af opinberri hálfu, en okkar hugsun var sú, að samtök iðnaðarins kæmu mikið þar nærri.

Eins og hv. síðasti ræðumaður vék að hlýtur allmikið starf að liggja til grundvallar iðnkynningu. Það er þess vegna að dómi okkar flm. ekki óeðlilegt að þessu sé haldið nokkuð opnu. Till. tíundar fyrst og fremst þau markmið sem stefnt væri að með slíkri iðnkynningu. Hins vegar kann það að vera rétt, að skynsamlegt hefði verið að tíunda í grg. einhverjar hugsanlegar leiðir að slíkum markmiðum sem hér eru nefnd. En eins og ég gat um áðan var hugsun okkar flm. að það yrði miklu fremur á valdi þeirra aðila, sem falið verður vonandi að framkvæma þessa þáltill., að forma slíka iðnkynningu.

Hv. síðasti ræðumaður vék að till. til þál. um iðnaðarstefnu sem hér hafa verið til umr. á hv. Alþingi. Ég held að ég mæli það fyrir munn annarra flm. þessarar iðnkynningartillögu, að okkur gildi raunar einu með hvaða hætti hrundið er af stað iðnkynningu, aðeins að það verði gert. Hvort það er gert í framhaldi eða ljósi þessarar þáltill. eða annars tillöguflutnings er ekki meginmálið. Aðalatriðið er það, að haldið verði uppi markvissari áróðri en að okkar dómi hefur verið beitt til að örva íslenskan almenning til að kaupa innlendar framleiðsluvörur.

Hv. síðasti ræðumaður vitnaði til þeirrar iðnkynningar sem hrundið var af stað 1977. Það er rétt sem hér kom fram, að hún þótti skila allgóðum árangri. Ég hef haft samband við ýmsa forsvarsmenn iðnaðarins sem hafa tjáð mér að það væri alls ekki úr vegi að hrinda af stað slíkri kynningu sem hér er lagt til. Slíka kynningu er auðvitað hægt að framkvæma með ýmsu móti og á ýmsum vígstöðvum. Fyrst og fremst held ég þó að það þurfi að kynna í ríkari mæli íslenskan iðnvarning og e. t. v. að gera íslenskum framleiðendum hægara um vik og léttara undir fæti með að auglýsa sínar vörur heldur en jafnvel innfluttar vörur, svo að dæmi sé tekið.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki að orðlengja þetta frekar en orðið er. Það er orðið áliðið dags. Ég endurtek og ég held að ég mæli þar fyrir munn allra flm., að það gildir einu að okkar dómi fyrir frumkvæði hverra iðnkynningu er hrundið af stað, bara að það sé gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar frv. (þskj. 294 (sbr. 261)). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. um breytingu á lögum um almannatryggingar til samræmis við barnalög. Þó barnalögin mæli fyrir um framfærslu barna að einkarétti, en ekki gagnvart hinu opinbera, verður að telja eðlilegt að breyta aldursmörkum 14. og 17. gr. almannatryggingalaganna til samræmis við barnalög. Með frv. þessu er lagt til að svo verði gert.

Þá eru í barnalögum ýmis nýmæli sem leggja auknar fyrirgreiðsluskyldur á Tryggingastofnun ríkisins, og eru þau rakin rækilega í grg. frv. þessa.

Meginatriði þar eru að í fyrsta lagi er í 19. gr. heimilað að úrskurða um sérstök framlög vegna tiltekinna útgjalda og í 2. mgr. 30. gr. segir að foreldri eða eftir atvikum framfærandi samkv. 31. gr. eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um slíkar greiðslur.

Í öðru lagi er um það að ræða, að í 1. mgr. 25. gr. er heimilað að úrskurða föður til að greiða framfærslueyri í allt að þrjá mánuði og í 1. mgr. 30. gr. segir að um aðgang barnsmóður að Tryggingastofnun ríkisins vegna þessa framfærslueyris fari svo sem segir í 73. gr. almannatryggingalaga.

Í þriðja lagi er um það að ræða, að í 2. mgr. 25. gr. er heimilað að úrskurða barnsföður til að greiða móður mánaðarlegan hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að níu mánuði og í 2. mgr. 30. gr. segir svo að barnsmóðir eigi aðgang að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Í fjórða lagi er um að ræða ákvæði í 1. mgr. 26. gr. þar sem ákveðið er að úrskurða skuli barnsföður til að greiða kostnað af meðgöngu og fæðingu þegar 3. mgr. 15. gr. á við. Í 2. mgr. 30. gr. er barnsmóður veittur aðgangur að Tryggingastofnun ríkisins um greiðslur þessar.

Hér er fyrst og fremst um að ræða einfalt samræmingarmál almannatryggingalaga við barnalögin. Samkv. lögum og venjum fylgir frv. þessu áætlun um kostnaðarauka vegna ákvæða frv. ef að lögum verður sem ég vænti fastlega. Er gerð grein fyrir þeim kostnaðarauka á bls. 3 í grg. frv.

Þetta frv. hefur þegar sætt meðferð í hv. Nd. Alþingis og var samþykkt þar samhljóða. Í framsöguræðu formanns heilbr.- og trn. Nd. var gerð grein fyrir umr. sem fram höfðu farið í þeirri nefnd um málið. M. a. sagði svo í ræðu hv. frsm.:

„Vill heilbr.- og trn. beina þeim tilmælum til hæstv. heilbr.- og trmrh., að hann sjái til þess að sami háttur verði hafður á við framkvæmd a-liðar frv., verði það að lögum, að fæðingarorlofsgreiðsla skerði rétt til greiðslu samkv. a-liðnum og þar með samkv. 1. mgr. 25. gr. barnalaga nr. 9/1981. Verði dómsaðilum í úrskurðarmálum barnsfaðernismála kynntur sá skilningur verði hann viðurkenndur."

Ég tel sjálfsagt að fallast á þessa ábendingu hv. heilbr.- og trn. Nd. og vænti þess, að um það verði einnig samstaða hér. Ég fer fram á það við hv. Ed., að hún reyni að hraða svo sem mest má verða afgreiðslu þessa máls, vegna þess að óvissa í þessu efni hefur valdið töfum og erfiðleikum í Tryggingastofnun ríkisins sem greiðist úr um leið og frv. af þessu tagi yrði afgreitt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 13 shlj. atkv.

Lyfjalög, frv. (þskj. 315). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lyfjalögum nr. 49 frá 1978. Þau lög hafa nú verið í gildi um fjögur ár og ýmislegt hefur komið fram, sem nauðsynlegt er að gera athugasemdir við í ljósi reynslunnar, eins og ekki er óeðlilegt miðað við það hvað hér er um að ræða flókið og mikilvægt málefni.

Þetta frv. gerir ráð fyrir eftirtöldum meginbreytingum:

1. Að yfirdýralækni er bætt við í upptalningu þeirra aðila sem eru ráðherra til aðstoðar og ráðuneytis við framkvæmd lyfjalaga.

2. Gert er ráð fyrir nokkurri breytingu á lagaákvæðum um það hversu skilgreina skal svokölluð vítamín með tilliti til lyfja. Skilgreiningar í þessum efnum hafa verið ákaflega þröngar hér á landi miðað við það sem gerst hefur í grannlöndum okkar, og ætlunin með ákvæðum frv. er að víkka það nokkuð út frá því sem verið hefur. Þá er gert ráð fyrir því, að heimilt verði að setja reglugerð þar sem unnt verður að taka afstöðu til hvers einstaks vítamíns. Um þetta er kveðið á í 2. gr. frv. Þar er einnig um að ræða það nýmæli, að gert er ráð fyrir skráningargjöldum, en þeim er ætlað að standa straum af kostnaði við mat umsókna og útgáfu skrár er tekur til þeirra vörutegunda sem falla innan leyfilegra marka þeirrar reglugerðar, sem ég nefndi, og heimilt væri að flytja inn eða selja.

3. Gerð er till. um þá breytingu að lyfjanefnd geri framvegis tillögur til ráðh. um staðla fyrir lyfjaform, í stað þess að lyfjanefnd geti ákveðið staðla fyrir lyfjaform eins og ákvæðin eru nú.

4. Þá er gert ráð fyrir því í 4. gr. frv., að leyfi ráðh. þurfi til innflutnings staðlaðra forskriftalyfja. Flest þessara lyfja má hæglega framleiða innanlands, enda gert í stórum stíl og er innflutningur þessara lyfja því óþarfur í flestum tilvikum.

Í 5. gr. frv. er að finna fimmtu stærstu brtt. þess, en þar er gert ráð fyrir því, að hafna megi skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá. Heimild af þessu tagi féll út úr lyfsölulögunum frá 1968, en hún var í lyfsölulögunum frá 1963. Sé ákvæði þetta í lögum, eins og frv. gerir ráð fyrir, er hægt að hafna skráningu sérlyfs ef hið virka efni þess er það sama eða svo líkt fáanlegu lyfi að það, sem að skilur, getur ekki haft teljandi þýðingu að mati lyfjanefndar, jafnvel þótt lyfið að öllu öðru leyti uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til sérlyfja. Dæmi eru þess, að á sérlyfjaskrá séu fimm sérlyf sem öll innihalda sama virka efnið, eins og málum er háttað nú.

6. brtt., sem ég nefni hér sérstaklega, er í 9. gr. Þar er gert ráð fyrir að Lyfjaeftirlit ríkisins verði samráðsaðili

ásamt landlækni við gerð reglugerðar um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

7. brtt., sem ég ætla að nefna í frv. þessu, er að heimilað verði að setja í reglugerð ákvæði um meðferð og afhendingu lyfjasýnishorna. Það hefur verið mikill misbrestur á reglum í þessum efnum á undanförnum árum og sýnishornum hefur verið ótæpilega dreift, að ekki sé meira sagt, jafnvel af aðilum sem litla eða enga þekkingu hafa á lyfjum. Ákvæði 10. gr. frv. er til þess ætlað að koma í veg fyrir þessa ógætilegu meðferð lyfjasýnishorna.

Í 12. gr. frv. er svo um að ræða ákvæði um framkvæmd tilrauna með ný og/eða óskráð lyf. Slík ákvæði hefur vantað í lögin og er greininni ætlað að bæta úr því.

Þá er í 14. gr. um leiðréttingu að ræða. Í henni er gert ráð fyrir því, að einn aðili annist skráningu hjáverkana lyfja hér á landi. Verði það landlæknir sem geri það með aðstoð lyfjanefndar í stað þess að lyfjanefnd vinni einnig að þessu eins og ákvæði gildandi laga segja til um.

Í 15. gr. er svo loks ákvæði sem gerir ráð fyrir að einn liður í daglegri starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins sé eftirlit með lyfjaávísunum og lyfjanotkun.

Herra forseti. Ég tel mig hafa gert grein fyrir mikilvægustu ákvæðum frv. þessa um breytingu á lyfjalögum, nr. 49/1978, og tel ekki ástæðu til að orðlengja það frekar.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á s. l. ári samþykkti hv. Alþingi frv. ríkisstj. til laga um að heimilt yrði að greiða sjómönnum, sem starfað hafa á sjó í 25 ár eða lengur, enda væru þeir orðnir 60 ára að aldri, ellilífeyri. Í lögunum er gert ráð fyrir því, að forsenda þessa sé sú, að viðkomandi sjómaður hafi verið lögskráður á fiskiskip þennan tiltekna tíma eða unnt sé að færa sönnur á sjómennskuferil hans með öðrum fullnægjandi hætti.

Eftir að lögin voru samþykkt kom það fljótlega í ljós, að á þeim voru vissir tæknilegir annmarkar sem reynt var að bæta úr að hluta til með setningu reglugerðar sem gengið var frá í okt.—nóv. á s. l. ári. Eitt af því, sem ljóst var að ekki yrði unnt að bæta með reglugerð, var réttindastaða sjómanna sem stundað hafa sjó að hluta eða að öllu leyti á opnum bátum eða þilfarsbátum undir 12 brúttólestum og þess vegna eða af öðrum ástæðum hafi þeim ekki borið skylda til lögskráningar.

Þetta frv. er flutt til þess að tryggja rétt þessara manna, þ. e. þeirra sjómanna sem hafa verið á trillum og minni bátum, undir 12 brúttólestum. Staðreyndin er sú, að við framkvæmd þeirra lagaákvæða, sem ég gat um að voru samþykkt á Alþingi á s. l. ári, hefur það komið fram, að lögskráning er ákaflega ófullkomin og slök víða hér á landi. Í bréfi Tryggingastofnunar ríkisins, sem hún skrifaði mér 17. sept. s. l., segir m. a.:

„Í ljós hefur komið að lögskráning sjómanna utan Reykjavíkur hefur verið mjög laus í reipum, svo að ekki sé sterkara til orða tekið. Frá heilum landssvæðum fjölmennra verstöðva eru ófullkomin gögn og víða með öllu glötuð vegna bruna eða ófullnægjandi geymslu og því útilokað fyrir hlutaðeigandi aðila að sanna veru sína í skiprúmi eða lengd skráningartíma."

Hér er sem sagt við ákaflega erfitt vandamál að glíma þar sem meginstoð laganna, eins og þau voru afgreidd í fyrra, var lögskráningin. Nú er hins vegar ljóst að þeim lagaákvæðum hefur ekki verið framfylgt sem skyldi víðs vegar í landinu, sem er vissulega mjög alvarleg fullyrðing af minni hálfu en ég tel að standist því miður, og af þeim ástæðum er reynt að koma nokkuð til móts við menn með þessu frv. Ég tel rétt að geta þess í tengslum við þetta mál, að það er skoðun mín að lögskráningarmál sjómanna séu í svo alvarlegu horfi, að það sé í rauninni alveg útilokað að una við það lengur. M. a. af þeim ástæðum höfum við átt í viðræðum við sjómannasamtökin um breytingar á þessum lögskráningarmálum og betra eftirlit með þeim en verið hefur. En ég held að Alþingi eigi að kosta kapps um að koma lögskráningarreglum miklu betur fyrir en nú er gert og ríkisstj. og önnur yfirvöld að fylgja því eftir af verulegu kappi, vegna þess að ef ekki er um að ræða lögskráningu hefur það iðulega komið fyrir, þó að í minna mæli sé nú orðið en áður, að menn hafa misst rétt vegna þess að þeir vanræktu lögskráningu og yfirvöld sinntu ekki lagaskyldum sínum í þeim efnum. En það er annað mál. Þetta frv. er fyrst og fremst borið fram til þess að tryggja sjómönnum á trillubátum sambærilegan rétt og þeim öðrum sjómönnum sem tryggður var réttur með lögum um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 30/1981, sem samþykkt voru samhljóða á hv. Alþingi á s. l. ári.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn., og mér þætti vænt um að hv. nefnd svo og þd. legði á það áherslu og kapp að koma þessu máli fram á yfirstandandi þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14. shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277, n. 310). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og breyt. á lögum nr. 81 21. des. 1981.

Ég þarf ekki að flytja ræðu með þessu frv. Stutt er síðan hæstv. sjútvrh. talaði hér allítarlega fyrir þessu máli og veit ég að þau orð, sem hann sagði hér þá, eru dm. þessarar ágætu deildar eflaust ofarlega í huga.

Sjútvn. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðsluna voru Gunnar Thoroddsen og Kjartan Jóhannsson, en undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Geir Gunnarsson, Egill Jónsson og Guðmundur Karlsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 13 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 41. fundur.

Mánudaginn 8. febr., að loknum 40. fundi.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 38. fundur.

Mánudaginn 8. febr., kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164, n. 292). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr., um breyt. á lögum nr. 5 7. mars 1962, um sveitarstjórnarkosningar, sbr. lög nr. 5 6. apríl 1966 og lög nr. 7 2. maí 1978. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Í örfáum orðum er efni og andi þess frv., sem hér er til umr., á þann veg að tryggja að 15. gr. sveitarstjórnarlaga, sem fjallar um kosningu sveitarstjórna, sé í reynd virt hvað það ákvæði snertir að sveitarstjórnarmenn skuli kosnir í leynilegum almennum kosningum. Það er ekkert ákvæði í lögunum sem kveður á um hvað eigi að gera við notaða kjörseðla að talningu lokinni. En eðlilegt hlýtur að teljast að ganga svo frá þessum málum að þeim sé eytt, þegar þeirra er ekki lengur þörf, og þannig komið í veg fyrir að rithandarsýnishorn þessara kjörseðla séu notuð hugsanlega til að menn liggi yfir því að átta sig á því, hver hafi kosið hvern í fámennum sveitarfélögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276, n. 312, og 319). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það verður ekki mikið um ræðuhöld af minni hálfu vegna þessa gamla kunningja sem enn kemur á borð okkar alþm. Olíugjaldinu hefur verið breytt oft. Það hafa verið sett svo mörg lög um olíugjald að ég nenni varla að telja þau, en það eru líklega um 10 lög eða svo sem ég er með hérna í höndunum þó að olíugjaldinu hafi verið komið fyrst á 1979, þá að tilhlutan þáv. sjútvrh. Kjartans Jóhannssonar. Síðan hefur olíugjaldið verið hækkað og lækkað til skiptis, eftir því hvort mönnum leist vel á verð á Rotterdam-markaði þann og þann daginn eða hvort það þurfti eitthvað að fikta við það vegna samninga, efnahagsráðstafana eða annarra slíkra vanabundinna verkefna.

Nál. meiri hl. n., sem er aðeins skipað þremur mönnum vegna þess að fáir virðast hafa áhuga á sjávarútvegsmálum í þinginu, er stutt. Það er á þskj. 312 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum í dag og samþykkti að standa að afgreiðslu málsins.

Megn óánægja kom fram í nefndinni þar sem nefndarmönnum sýnist þeir standa frammi fyrir orðnum hlut.

Matthías Bjarnason mun skila séráliti til að koma sínum áherslum til skila.

Karvel Pálmason, Halldór Blöndal og Sigurlaug Bjarnadóttir voru fjarstödd þegar frv. var afgreitt úr nefndinni."

Herra forseti. Eins og kemur fram í þessu nál. er þar sagt að nefndin hafi samþykkt að standa að afgreiðslu málsins. Nú kemur það hins vegar á daginn, að nál. birtist hér á þskj. 319 frá 2. minni hl. sjútvn. þar sem segir undir lokin að hann muni ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Kann að vera rétt að þeir hafi ákveðið það þá, en öðruvísi skildi ég þetta og við aðrir nm. og þannig var þetta bókað í fundargerðarbók: láta koma fram hér sín sérálit þrátt fyrir það.

Það er nokkuð ljóst að málið hefur verið afgreitt áður en það er sýnt í Alþingi. Þetta er eitt aðalskilyrðið fyrir því, að það náðist lausn á fiskverðsmálinu nú í janúar. Þetta mál er því í raun og veru frágengið og til þess ætlast að Alþingi afgreiði það eins og það lítur út. Ef við ætlum að breyta þessu er ein aðalforsendan fyrir fiskverðsákvörðun og þar með lausn verkfallsins brostin, og við treystum okkur ekki, áreiðanlega enginn í nefndinni, til að fara að hrófla við því. En það sér auðvitað hver maður á hinu háa Alþingi að þetta er röng aðferð, að mál af þessu tagi skuli vera afgreitt úti í bæ, jafnvel þótt um merka menn kunni að vera að ræða sem þar standa að, eins og þá sem það gerðu. Það þarf ekki að nefna nein sérstök nöfn. Þetta vita allir. Málið var leyst opinberlega í Dagblaðinu og jafnvel í sjónvarpinu og við hv. alþm. vorum ekki spurðir um eitt eða neitt. Ég veit ekki til þess, að þeir hinir háu ráðh. úr ríkisstj. eða þeir aðrir aðilar, sem fjölluðu um þetta mál og afgreiddu áður en til þingsins kom, hafi spurt okkur um nokkurn skapaðan hlut. Ég tel rétt að það komi hér fram og enga ástæðu til að liggja á því. Þetta álít ég rangt. Við eigum ekki að vera hér í hinu háa Alþingi nein afgreiðslustofnun fyrir einhverja aðila úti í bæ, jafnvel þótt merkir væru eða séu, eftir því hvort menn vilja velja.

Sjávarútvegsnefndum á hinu háa Alþingi er auðvitað falið að afgreiða þessi mál og kanna, en við þá aðila var ekkert talað þegar þetta var til meðferðar, jafnvel þó að það sé ljóst að um margnefnt olíugjald til fiskiskipa eru

mjög skiptar skoðanir og þessar skiptu skoðanir hafi komið hér fram margsinnis við allar þær umr. sem farið hafa fram vegna þessa máls æ ofan í æ og oft á ári.

Síðast þegar þetta mál var hér til meðferðar talaði hæstv. sjútvrh. fyrir því. Ég á ekki við í þetta skiptið, þegar verið er að breyta úr 7.5% í 7, heldur þegar var verið að hækka olíugjaldið upp í 7.5%. Þá talaði hann fyrir því máli að sjálfsögðu sem ráðh. þessa málaflokks. Enginn held ég að hafi tekið eftir öðru en sjútvrh. hafi þá mælt mjög hart á móti málinu, sem hann var að flytja sjálfur. Þetta er auðvitað staðfest í þingtíðindum. Þetta gerðum við einnig, ekki endilega vegna þess að olíugjald kunni ekki að vera nauðsynlegt, en form þessarar gjaldtöku tel ég rangt og hef alltaf talið.

Það kann að vera eðlilegt, að þegar olíuverð hækkar mjög skyndilega mjög mikið taki allir þátt í að greiða þetta gjald sem þennan atvinnuveg stunda, og það er meiningin með því að taka þetta gjald til skipta að létta undir með útgerðinni við kaup á ofsadýrri olíu. Þetta gátu allir skilið og flestir sættu sig við það í raun. En ég get ekki skilið að það hafi nokkurn tíma verið ætlunin að olíugjaldi yrði hagað þannig, að allmargir útgerðarmenn með viss veiðarfæri, t. d. net, gerðu út á frírri olíu. Fyrr má nú vera stuðningurinn en að menn geri út án þess að kosta nokkurri krónu til olíukaupa. Þetta er auðvitað öfugsnúið og þarf að laga.

Menn hafa krafist þess hér í langan tíma að fá lagfæringu gerða í þessum efnum, forminu yrði breytt, því að það vita allir að aldrei er hægt í svo marglitum og margbreytilegum atvinnuvegi við hinar ýmsu aðstæður að beita sömu prósentureglunni á alla, hvar sem þeir fiska, á hvernig skip sem þeir fiska, með hvernig veiðarfæri sem þeir eru o. s. frv. Sumir eyða ekki nema 5% af aflaverðmæti í olíukostnað eða minna. Aðrir fara upp í 25%. Sama olíugjald er greitt til allra.

Herra forseti. Eins og segir þarna í nál. meiri hl. n. teljum við í meiri hl. n. að við stöndum frammi fyrir orðnum hlut. (Gripið fram í.) Minni, segir skrifarinn. Við vorum fjórir á fundinum. Þrír af þeim skrifuðu undir þetta nál. Þó að ég sé farinn að ryðga svolítið í reikningi átti ég við það í 12 ár að kenna unglingum að reikna svolítið. Ég treysti því að þrír séu enn þá meiri hl. í nefnd sem telur fjóra menn. (Gripið fram í.) Já, þar kom endurskoðandinn upp í hv. 1. þm. Vestf., og er það gott að ég skuli hafa gefið honum tækifæri til að bregða einum brandara á sviðið. Ekki veitir af á síðustu og verstu tímum. Sannleikurinn er sá, að erfitt er að telja sjö menn í sjútvn. oft þegar fundir eru, og því miður vantar oftast allan Framsfl. þar eins og hann leggur sig, sjálfan flokk sjútvrh. En það er annað mál. — Þrír af fjórum, sem áttu þátt í afgreiðslu þessa máls, segja í sínu nál. að þeir líti svo á að málið sé frágengið og við séum með hendurnar bundnar. Við getum vel gert okkur grein fyrir afleiðingum þess ef við förum að hreyfa við þessu máli, og það skiljum við allir í öllum flokkum í nefndinni og þess vegna munum við standa að afgreiðslu málsins.

Ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að nú þegar framsöguræðu er lokið, þá loksins kemur hæstv. sjútvrh. (Gripið fram í.) Mig grunar að það sé og verði ekki til góðs í framtíðinni í meðferð sjávarútvegsmála ef sjútvrh. hafa ekki meiri áhuga en þarna kemur fram. Kannske hefur hæstv. ráðh. engan áhuga á því sem Alþingi segir um málið.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. frsm. 1. minni hl. sjútvn., formanni n., að það voru ekki mættir nema fjórir nm. á þessum fundi, en rétt þegar fundinum lauk kom fimmti nm., sem málið var þá rifjað upp fyrir, og hann tók undir það að afgreiða málið með sérstöku nál., eins og ég tilkynnti stjórnarsinnum í nefndinni að ég mundi gera. Forföll Sigurlaugar Bjarnadóttur, sem sat á þingi í fjarveru Péturs Sigurðssonar, voru eðlileg. Það er auðvitað ekki rétt í nál. 1. minni hl. að hún hafi verið fjarverandi því að hún fór út af þingi þennan dag, en aðalmaður tók sæti og hann fékk þess vegna ekki fundarboðið. Um það er ekki hægt að sakast við neinn. Það getur alltaf komið fyrir og ekki við því að búast að menn viti um þegar aðalmaður tekur sæti á ný eða varamaður kemur í stað aðalmanns. En þessi var ástæðan fyrir fjarveru Péturs Sigurðssonar á þessum fundi sem tekur einnig þátt í að afgreiða málið með því nál. sem ég mæli fyrir og af sömu ástæðum. Aðeins einn nm. var ekki í bænum, hv. 6. landsk. þm., og gat þar af leiðandi ekki verið á fundi nefndarinnar.

Hv. formaður sjútvn. hefur rakið afstöðu sína og ég hygg þá um leið annarra, sem standa að því nál., og sagt það sem satt er og rétt, að þeir standi frammi fyrir orðnum hlut og sjái sig tilneydda að leggja til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt og af þeim ástæðum sem hann áðan nefndi. Við fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni teljum okkur ekki bundna af slíku samkomulagi sem gert er án þess að hafa hið minnsta samráð við okkur í sambandi við meðferð þessa máls. Það var mjög auðvelt að gera, en ekki gert. Því er þetta á ábyrgð stjórnarliðsins. En okkur er fullkomlega ljóst að ef þetta frv. næði ekki fram að ganga mundi það hafa í för með sér stöðvun fiskveiðiflotans og því viljum við ekki vera valdir að.

Saga þessa olíugjalds til fiskiskipa hefur verið rakin nokkuð af formanni sjútvn. og ég skal ekki fara að endurtaka það, en vil þó minna á að árið 1980 voru þrisvar sinnum sett lög um olíugjald: fyrst af starfsstjórn Alþfl., af þáv. sjútvrh. sem beitti sér fyrir að olíugjaldið var ákveðið 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Þau lög voru sett 24. jan. Í tíð núv. sjútvrh. var þetta gjald tvívegis ákvarðað á árinu 1980. Í fyrra var það gert með lögum 10. apríl og þá var gerð sú breytinga á þessum lögum, að gjaldið var lækkað í 2.5% og látið var í veðri vaka að ein af ástæðum þess að lækka þetta gjald um helming á miðri vetrarvertíð væri sú, að skráð gasolíuverð á Rotterdammarkaði hefði þá um nokkurt skeið farið lækkandi. Við sjálfstæðismenn í sjútvn., sem stóðum að nál. þá um þetta mál, vöruðum við að breyting á gjaldinu þann tíma sem eftir var af fiskverðstímabili, því að engin teikn voru á lofti sem bentu til að olíuverð færi lækkandi á því tímabili, enda kom á daginn að breyting varð ekki á olíuverði til lækkunar þetta fiskveiðitímabil. En um haustið, í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir haustmánuðina, er lagt fram þriðja frv. um olíugjald hér á hv. Alþingi — og það er lögfest hinn 26. nóv. Þá er þetta gjald hvorki meira né minna en þrefaldað. Þar sýndi sig að aðvörun okkar átti fullan rétt á sér, að það var fljótfærni og algert ráðleysi að lækka gjaldið úr 5% í 2.5%, en þrefalda það svo aftur að hausti þess sama árs. Síðan hefur þetta gjald verið 7.5%, miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins, allt árið 1981 og þangað til nú að samningar tókust, í

fyrsta lagi kjarasamningar milli útgerðarmanna og sjómanna og í öðru lagi samningar um ákvörðun fiskverðs, en þá er þetta gjald lækkað um 0.5% eða úr 7.5%.

Við höfum, fulltrúar Sjálfstfl. í sjútv.-nefndum, lýst því yfir oftar en einu sinni hér í umr. og meira að segja í nál., að við værum reiðubúnir til samstarfs við sjútvrh. og ríkisstj. um aðra tilhögun þessa gjalds en þá sem verið hefur, og við höfum líka látið að því liggja alveg ótvírætt, að við teldum ekki sanngjarnt að sjómenn og útvegsmenn einir ættu að standa undir þessu gjaldi með þessum hætti, og þó sérstaklega sjómenn í lækkandi tekjum sem þessu nemur, heldur væri hér um samfélagsvanda að ræða sem mætti leysa með öðrum hætti. Þrátt fyrir þessar yfirlýsingar okkar hefur hæstv. ráðh. aldrei svo mikið sem nefnt það einu orði að endurskoða álagningu þessa gjalds og athuga aðrar leiðir í sambandi við að standa undir þeim miklu verðhækkunum sem orðið hafa á þessum vörum. Í stað þess að hafa náið samstarf við Alþingi er alltaf í vaxandi mæli verið að fara fram hjá Alþingi í einu og öllu.

Það er ráðsmennskast við að setja lög eins og frsm., *sem var að ljúka máli sínu, sagði: Fyrst verða þau til í* hagsmunasamtökum og í fjölmiðlum. Síðan neyðast stjórnvöld til að leggja málin fyrir til samþykktar á Alþingi og þá standa þm. oft frammi fyrir orðnum hlut og nauðugir viljugir greiða þeir þá atkv. með slíkum málum á meðan þeir drattast til þess að fylgja þeirri ríkisstj. sem situr að völdum. Þetta er talin heilög skylda. Þeir þm., sem enn þá halda af einhverri tryggð eða vana áfram að styðja þessa ríkisstj., þó að allir séu orðnir hundleiðir á henni og það þarf engan það að undra, koma þessu máli fram til að þjóna þeim aðgerðum sem eru gerðar fram hjá Alþingi um áramót. Það hefði þó verið létt verk fyrir hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. að hafa samráð við sjútv.-nefndir þingsins um þessi mál. Það stóð þó allt öðruvísi á. Þarna er um 14 þm. að ræða, sem eru fulltrúar allra þingflokka, í þessum nefndum, og ég hygg að það hefði ekki orðið til þess að tefja fyrir framgangi málsins ef samráð hefði verið haft. En það er orðið áberandi að vilja troða á rétti sjálfs löggjafans, og þá á ég ekki við þetta eina mál, þau eru mörg önnur, og líka má þar ásaka fleiri ráðh. en þennan eina. Sjá allir að virðingu Alþingis er misboðið með þessum vinnubrögðum. Hinu neita ég ekki, að ég vil ekki bera ábyrgð á því, að mál þetta falli hér í þingi vegna þess að ég veit hve geigvænlegar afleiðingar það hefði. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning hjá fyrri ræðumanni sagði ég einmitt að ég vildi ekki taka ábyrgð á því að þetta mál félli, en hins vegar vildi ég sem stjórnarandstæðingur standa að sérstöku nál. og mundi ekki bregða fæti fyrir afgreiðslu málsins og því síður að tefja að málið næði fram að ganga. — Þetta er í stuttu máli það helsta sem hefur gerst í þessu máli og það sem við teljum vera ámælisvert.

Það væri ekki úr vegi að spyrja að því í leiðinni, hvers sé að vænta um verð á olíu á næstu vikum og mánuðum. Nú fer olíuverð lækkandi í heiminum og bensínverð sömuleiðis. Að vísu minnkar gildi okkar krónu þannig að hluti af verðlækkuninni fer vegna verðrýrnunar krónunnar. Allir skilja að þessar lækkanir geta því ekki náð til þess. En ósköp þykir mönnum orðið leiðinlegt að horfa upp á og hlusta á að t. d. hækki bensínverð tvisvar sinnum á tveimur vikum og það verulega á sama tíma og þau gleðitíðindi heyrast að olíur og bensín séu að lækka á heimsmarkaðinum. Önnur hækkunin nú var vegna framlags til vegagerðar. Stendur Alþingi að þeirri ákvörðun og þar af leiðandi höfum við ekkert við það að athuga. En hitt er annað mál. Nú segir forstjóri eins olíufélagsins í samtali, ég held að það hafi verið við Morgunblaðið fyrir örfáum dögum, að hann telji að olíuverð fari lækkandi, en hins vegar séu olíubirgðir til þriggja mánaða. Hann gefur í skyn að það muni eitthvað hægja á olíuverðshækkunum þess vegna. Mér finnst þetta vera nokkurt áhyggjuefni — og þó að olíuverðið skipti ekki að öllu leyti olíugjaldið gerir það það óbeint því að olíugjaldið er til vegna olíuverðs. Allir þeir, sem olíu kaupa og þurfa að nota, sem eru margir, og ég tala nú ekki um alla þá sem bensínið kaupa, telja ástæðu til þess, að hæstv. ríkisstj. gefi einhverjar skýringar og segi frá því, hvers sé að vænta í þessum efnum. Nú er mér ljóst að þetta mál heyrir ekki undir hæstv. sjútvrh., en þar sem stutt er á milli þeirra sjútvrh. og viðskrh. kæmi mér það ekkert á óvart að þeir hefðu rætt um þessi mál sín á milli. Því væri fróðlegt að fá um þetta upplýsingar við afgreiðslu þessa máls.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. 1. minni hl. sjútvn. var fulltrúi Alþfl. í nefndinni, hv. 6. landsk. þm., ekki viðstaddur fundinn. Ég vil aðeins að fram komi að ástæðan til þess var að hv. þm. Karvel Pálmason hafði fjarvistarleyfi þennan dag og daginn áður vegna samningafunda vestur á fjörðum og var þangað kallaður af sáttasemjara ríkisins. Þessi ástæða kemur ekki fram í nál. 1. minni hl., sem ég tel þó nauðsynlegt að fram hefði komið. Enn fremur teldi ég mjög æskilegt, þegar þm. hafa fjarvistarleyfi og það er tilkynnt formlega úr forsetastóli og mál af þessu tagi eru til meðferðar í nefndum þingsins, að þingflokkunum verði gert viðvart um að fundur sé haldinn til þess að þingflokkum gefist þá kostur á að senda annan fulltrúa til nefndarfunda í stað þess þm. sem fjarvistarleyfi hefur. Þessari ósk vildi ég koma á framfæri bæði við hæstv. forseta og við formenn nefnda hér í þinginu.

Um það mál, sem hér er til meðferðar, er það eitt að segja, að við ræddum það sérstaklega í þingflokki Alþfl. strax og frv. var lagt fram. Við skulum hafa það í huga, að hæstv. sjútvrh. gaf sjálfur á s. l. ári — og ekki einu sinni, heldur margoft — bæði yfirlýsingar og loforð um að þetta gjald yrði afnumið. Í desembermánuði, í sambandi við umræður um ákvörðun fiskverðs sem þá fóru fram, tóku bæði hann og þó sérstaklega hæstv. viðskrh. og formaður Alþb. það sérstaklega fram, að þeir vildu að þetta gjald yrði afnumið. Hins vegar virðist það vera svo með yfirlýsingar Framsfl., sem sérstaklega formaður flokksins er óspar á að gefa og raunar margir aðrir flokksbræður hans, að þær lýsa engu öðru en góðum vilja, það að þeir eru allra manna fyrstir til að sporðrenna öllum sínum yfirlýsingum og markmiðum ef Alþb. segir þeim að gera það. Hvort Alþb. hefur í þessu tilviki gefið Framsfl. tilskipun skal ég ekkert um segja, en ráðherrar og einstakir þm. Framsfl. — og þá nokkrir úr þeim hópi öðrum fremur — hafa undanfarin tvö ár ýmist úr þessum ræðustól, á fundum í flokki sínum eða í blaðagreinum, bæði í *eftirmiðdagsblöðum og Tímanum*, verið að gefa alls konar yfirlýsingar um hvað þeir hygðust gera, hvernig þeir hygðust framkvæma kosningaloforð sín, standa við orð sín við kjósendur og hvernig þeir ætla að framkvæma margumræddda niðurtalningarstefnu sína. En það hefur verið alveg föst regla, að þeir hafa aldrei reynst menn til

að standa við þessar yfirlýsingar sínar og þessi loforð sín þegar á hefur reynt að ríkisstj. léti til sín taka. Í þessi tvö ár, hvern einasta mánuð í tvö ár hafa framsóknarmenn ekkert gert annað en að sporðrenna eigin yfirlýsingum. Þetta er farið að nálgast gamanleik, að ávallt þegar kemur upp einhver vandi í þjóðfélaginu geysast nokkrir Framsóknarþm. fram á völlinn með alls konar yfirlýsingar um að nú þurfi endilega að fara að taka á málunum eins og þeir hefðu lagt til fyrir kosningarnar 1979, nú þurfi endilega að fara að hefja niðurtalninguna, það eigi að gera það svona og svona og svona, og Framsfl. hafi lagt þessa tillöguna og hina tillöguna fram fyrir ríkisstj. En síðan ekki söguna meir, síðan gerist ekki neitt.

Ýmsir þeirra framsóknarmanna, sem mest tala um þessi mál, og þá sérstaklega hæstv. viðskrh. og hv. þm. Halldór Ásgrímsson ásamt hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni, halda að það sé alveg nóg að það komi fram einhvers staðar á prenti, annaðhvort í þingtíðindum eða þá í Tímanum eða í grein í Dagblaðinu, hvað þeir mundu hafa viljað gera ef þeir hefðu fengið að ráða. M. ö. o.: þeir láta sér nægja yfirlýsingar, annaðhvort héðan af Alþingi, í Tímanum eða í Dagblaðinu og Vísi, um hvað Framsfl. hefði viljað ef einhver í ríkisstj. hefði tekið mark á vilja flokksins. Síðan gera þessir menn ekki nokkurn skapaðan hlut til þess að fylgja því eftir, að tillögum þeirra sé sinnt.

Staðreyndin er nefnilega sú, herra forseti, að þegar Framsfl. þarf að velja annars vegar á milli eigin tillagna og hins vegar þjónkunarinnar við Alþb., þá kastar hann jafnvel eigin tillögum og vilja alltaf fyrir björg. Þeir framsóknarmenn eru svo sannfærðir um að þeirra verkefni í pólitíkinni sé að vera nokkurs konar gólftuska handa Alþb. til að þurrka af sínum óhreinu fótum á, að þegar að því kemur að framsóknarmenn þurfi að velja á milli eigin stefnu, milli eigin yfirlýsinga annars vegar og vilja Alþb. hins vegar, þá skal vilji Alþb. ávallt fá að ráða. Núverandi foringjar Framsfl. hafa staðið í því svona fjórum sinnum á ári að meðaltali, ávallt þegar kemur að vísitöluútreikningum, sem eru gerðir þriðja hvern mánuð, að skiptast á um það að mæta til leiks í fjölmiðlunum með allar yfirlýsingarnar, með öll loforðin, með öll hástemmdu lýsingarorðin um hvað felist í niðurtalningunni. En þar við er látið sitja. Síðan gerist ekki neitt, ekki nokkur skapaður hrærandi hlutur. Það má því eiginlega ganga út frá því sem gefnu að það sé nokkurn veginn vitað fyrir fram, um leið og framsóknarmenn kveða sér hljóðs um vanda í efnahagsmálum, að það, sem þeir leggja til, verði ekki gert. Menn geta eiginlega bókað jafnsnemma og framsóknarmenn taka til máls í Tímanum, hér á Alþingi eða í Dagblaðinu og Vísi um einhver efnahagsúrræði, að það, sem þar kemur fram, er það sem ekki verður gert.

Nú er verið að ræða um að átakspunktur hafi verið fluttur til um nokkra mánuði. Nú er verið að tala um ýmis vandamál í okkar þjóðarbúskap, samning um álver og fleira slíkt. Og nú ræða framsóknarmenn um það sín á milli að þeir þurfi endilega að fara að skrifa greinar í Dagblaðið og Tímann, nú þurfi þeir endilega að fara að koma með yfirlýsingar, nú þurfi þeir endilega að fara að baktryggja sig, svo að hægt sé að segja eftir á þegar kemur að því að framsóknarmenn ganga á vit kjósenda sinna: Það lá þó alltaf ljóst fyrir hvað við vildum gera. Það var bara ekkert farið eftir því.

Það er nákvæmlega sama með það gjald sem hér er verið að ræða um að framlengja. Það liggur fyrir margítrekað af hæstv. sjútvrh. að hann vill fella þetta gjald niður. Það er hans vilji. En hann framkvæmir ekki vilja sinn. Það er reglan. Um leið og yfirlýsingarnar komu frá ráðh. um að hann væri á móti olíugjaldinu og vildi fella það niður, þá var auðvitað alveg ljóst að olíugjaldið yrði framlengt, vegna þess að þetta er það lögmál sem framsóknarmennirnir starfa eftir í núv. ríkisstj. Síðan ætlar hæstv. sjútvrh. að koma á vit kjósenda sinna vestur á fjörðum, þegar næst verður gengið til kosninga, og segja: Olíugjaldið, ég hef alltaf verið á móti því. Menn þurfa ekkert að fara í grafgötur um mína skoðun á málinu. Hún liggur fyrir í margítrekuðum yfirlýsingum frá sjálfum mér í Tímanum og í ræðum á Alþingi frá árinu 1981. Það fer þess vegna enginn í grafgöturnar um hvað ég vildi í málinu, segir sjútvrh. Hins vegar gerði ég þveröfugt, það er allt önnur saga. Það er allt öðrum að kenna. Það er ekki mér að kenna, það er einhverjum allt öðrum að kenna.

Þetta, herra forseti, er sem sé orðin regla, að ef framsóknarmenn opna munninn um einhver efnahagsúrræði og koma fram með einhverja hugmynd, þá geta menn bókað að það verður ekki gert. Það er með þetta eins og annað af því tagi.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði áðan, að það var ekkert samráð haft við Alþingi um framlengingu þessa olíugjalds. Það var ekkert samráð heldur haft við sjútvn. Alþingis allan þann tíma, sem deilan út af fiskverðsákvörðuninni stóð, og hefur þó áður verið haft samráð við þær nefndir af minna tilefni. Af orðum hv. þm. Garðars Sigurðssonar mætti ætla að hæstv. ríkisstj., þ. á m. hæstv. sjútvrh., hefði ekki einu sinni haft neitt samráð við eigið þinglið um þau loforð sem ríkisstj. gaf um lagasetningu frá Alþingi í tengslum við afgreiðslu fiskverðsákvörðunar á sínum tíma. Er það út af fyrir sig alveg fráleitt, ef hæstv. ráðh. lofar einhverri tiltekinni lagasetningu án þess að hafa borið það loforð áður undir þá þm. á Alþingi sem eiga að tryggja að hann hafi þingmeirihluta fyrir slíkum loforðum. Af ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar áðan mátti ekki marka annað en að slíkt hefði ekki verið gert. Það verður þá væntanlega leiðrétt, ef það er rangt.

Aðstaða okkar Alþfl.-manna er sú sama og annarra hér. Okkur er með sama hætti og hv. þm. Garðari Sigurðssyni stillt upp frammi fyrir hlut sem þegar hefur verið ákveðinn og er liður í víðtæku samkomulagi um ákvörðun fiskverðs. Hver sem afstaða manna kann ella að vera til olíugjaldsins geta menn ekki annað en horft á málið frá þeim sjónarhóli, að verði málið ekki samþykkt á Alþingi og við loforð hæstv. sjútvrh. staðið eru allar forsendur fiskverðsákvörðunar, sem kom flotanum á ný af stað, brostnar. Við þm. Alþfl. höfum þess vegna tekið þá ákvörðun, eins og mér heyrðist hv. þm. Matthías Bjarnason vera að lýsa fyrir hönd síns flokks, að við munum ekki beita okkur gegn því, að þetta frv. nái samþykki.

Ég vil aðeins að lokum spyrja hæstv. sjútvrh. einnar spurningar í tilefni af þeirri bensínhækkun sem hv. þm. Matthías Bjarnason gerði grein fyrir í máli sínu áðan. Eins og allir vita var um að ræða tvær hækkanir á bensínverði með nokkurra daga millibili. Síðari hækkunin kom til framkvæmda s. l. laugardag. Okkur var sagt í fjh.- og viðskn., þegar við ræddum annað mál að viðstöddum hagstofustjóra, að verðhækkanir, sem kæmu fram í síð-

asta lagi á föstudaginn, yrðu teknar með í útreikning framfærsluvísitölu 1. febr. og í útreikning verðbótavísitölu 1. mars til hækkunar á kaupgjaldinu. Til þeirra verðhækkana, sem kæmu ekki fram fyrr en eftir föstudaginn, væri hins vegar ekki hægt að taka tillit við útreikning framfærsluvísitölunnar. Það var strax eftir að þessi föstudagur var liðinn sem bensínhækkunin kom til framkvæmda. Nú vildi ég gjarnan fá að vita hjá hæstv. sjútvrh. — hann hlýtur að hafa verið viðstaddur þann fund í ríkisstj. sem tók þessa ákvörðun — hvenær þessi fundur ríkisstj. var haldinn sem tók þá ákvörðun að heimila bensínverðshækkun á laugardegi. Vart hefur hann verið haldinn þann hinn sama dag. Væntanlega hefur hann verið haldinn einum eða tveimur sólarhringum fyrr. Hafi svo verið, hvernig stóð þá á því, að því var frestað fram til laugardags að hækkunin kæmi til framkvæmda? Var það aðeins til þess að útilokað væri að launþegar gætu fengið bensínhækkunina bætta í launum 1. mars n. k., eins og verið hefði ef bensínverðshækkunin hefði komið til framkvæmda 5-6 klukkutímum fyrr?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Mér þykir ákaflega leitt að ég missti af eflaust mjög merkri ræðu hv. frsm. 1. minni hl. Ég vil taka fram að ég hafði mikinn áhuga á að heyra hans ræðu og spurði reyndar forseta að því, um leið og ég kom inn, hvort málið yrði ekki tekið strax fyrir. Hann kvað á því mundu verða nokkra töf því að hv. frsm. 1. minni hl. væri ekki tilbúinn með sína merku ræðu. Það beið mín jafnframt mál í Ed. svo að ég leyfði mér að skjótast þangað. Ég bið hann velvirðingar á þessu. Ég heyrði hins vegar niðurlagsorð hans og vil fullvissa hann um það, að ég hef mikinn áhuga á að þetta mál nái fram að ganga, og þakka ég honum og nefndinni fyrir sæmilega skjóta afgreiðslu málsins.

Ég get jafnframt upplýst að hv. formaður nefndarinnar hafði samband við mig meðan á þessu stóð, og ég get upplýst það fyrir hv. 3. þm. Vestf., að þessi mál voru ítarlega rædd í þingflokkum sem að ríkisstj. standa, og efast ég ekki um að hv. formaður sjútvn. tók þátt í þeirri umr.

Ég get jafnframt upplýst að hugmynd, sem hann var með og er góðra gjalda verð, bar ég undir hagsmunaaðila. Hún fékk þar ekki hljómgrunn.

Út af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði, þakka ég honum fyrir að ætla ekki að setja fótinn fyrir þetta mál. Af því að hann spurði sérstaklega hverju væri spáð um þróun olíuverðs á næstunni get ég sagt honum það, að aðþjóðlegar spár eru þær, að olíuverð muni fara lækkandi. T. d. er í mjög athyglisverðri grein, sem birtist nýlega í erlendu tímariti, eftir fremstu menn á þessu sviði vakin athygli á því, að miðað við fast verðlag hefur olíuverð lækkað á árinu 1981, og því er spáð, að það fari lækkandi miðað við fast verðlag fram til ársins 1985, sem er eins langt og þessi athugun nær, og færð eru rök að þessu. Ég get því út af fyrir sig tekið undir þá undrun sem mér þótti liggja í orðum hv. þm.: Hvers vegna hefur olíuverð ekki lækkað hér? Svarið er náttúrlega þetta, sem einnig kom fram í hans ræðu, að krónan okkar hefur fallið, verðbólgan er meiri og olíuverð hefur ekki lækkað svo mikið að það hafi upphafið þá lækkun sem hefur orðið á krónunni. Þess vegna hefur olíuverð hækkað í íslenskum krónum miðað við okkar gengisbreytingar. Ég vil hins vegar upplýsa að ég hef óskað eftir því, að viðskrh. láti kanna þetta mál og gefa okkur ítarlegt yfirlit yfir þróun olíuverðs upp á síðkastið og hverju spáð er á næstu mánuðum. Það hef ég ekki fengið, en sjálfsagt er að láta mönnum það í té þegar það liggur fyrir. Þetta er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt atriði í þessum málum öllum.

Hins vegar get ég upplýst að olíukostnaður fiskiskipa hefur lækkað um 1% — stig frá því í lok ársins 1980 til loka ársins 1981, og kemur þar eflaust fram einhver lækkun olíu að raungildi. Vitanlega kann einnig að koma til sparnaður á olíu. En sem sagt, olíukostnaðurinn hefur lækkað um 1% — stig á þessu ári.

Hv. þm. kvartaði undan því, að ég hefði ekki talað við hann og fleiri sjútvn.-menn. Ég hef talað við ýmsa sjútvn.-menn á meðan á þessu stóð. Hins vegar vil ég minna á að olíugjaldið var mjög stór liður, a. m. k. á bak við tjöldin, í samningum útgerðarmanna og sjómanna. Það er ekki fyrr en 14. jan., minnir mig, að niðurstaða af kjarasamningunum fæst og þá með þessum fyrirvara frá útgerðarmönnum og samþykkt athugasemdalaust af sjómönnum, að kjarasamningarnir byggðust á því, að olíugjaldið verði óbreytt út árið. Fiskverðið er síðan ákveðið á næstu tveimur dögum, 15. og 16. jan., og í þeim sviptingum, sem þá voru, lækkaði olíugjaldið um 1/2%. Ég held því satt að segja að ákaflega lítið svigrúm hafi verið til að hafa sjútvrn.-fundi á þeim tíma. Hins vegar tek ég undir að það er aldrei ánægjulegt þegar Alþingi stendur frammi fyrir gerðum hlut, og væri æskilegt, að öðruvísi mætti vera, og ber vitanlega að stuðla að því. Dæmin um slíkt eru þó ákaflega mörg, ekki síst þegar um hefur verið að ræða kjarasamninga, og veit ég að ég þarf ekki að telja það upp fyrir hv. þm.

Ég vil taka það fram, að ég man vel og mér hefur oft orðið hugsað til þess boðs sem liggur fyrir frá hv. 1. þm. Vestf., að hann og stjórnarandstöðuþm. í sjútvn. séu reiðubúnir til viðræðna um breytingu á olíugjaldinu. Ég vil fullvissa hv. þm. um að ég mun nota mér það. Málið hefur hins vegar ekki komist á það stig einfaldlega af þeirri ástæðu, að áður þarf að tryggja a. m. k. vilja sjómanna og útgerðarmanna til þess að taka olíugjaldið til endurskoðunar. Sá vilji liggur ekki fyrir. Ég vona að á því geti orðið einhver breyting.

Ég ætlaði mér að segja fáein orð við hv. 3. þm. Vestf., en kann ekki við það þegar hann er ekki hér inni, og ætla að biðja forseta að láta sækja hann. Mun ég gera hlé á máli mínu á meðan. (**SighB:** Það þarf ekki, hann er hér.) Hann er kominn, jæja, gott. Ég kann ekki við að segja hér að hv. þm. fjarverandi það sem ég vil segja. Hins vegar hefði mér ekki komið á óvart þó að hann hefði hlaupið á brott eftir slíka ræðu sem hann flutti hér áðan. Ég vil segja það hér, að því miður virðist það vera orðin regla frekar en undantekning að lítið er sátt af því sem hv. þm. fullyrðir úr þessum ræðustól. Að vísu kemur það mér ekki á óvart eða öðrum sem starfa á Vestfjörðum — og kannske ekki nú orðið öðrum hv. þm. En ég vil skora á hv. þm. að draga fram loforð mitt um að olíugjaldið skuli fellt niður. Ég hef hvað eftir annað sagt og endurtek það hér, að ég tel að breyta eigi olíugjaldinu í annað form en nú er, og það er mín meining áfram. Ég get einnig upplýst hv. þm. um það, að í þeirri nefnd, sem hefur að þeim málum starfað, liggja nú fyrir tillögur um breytingar á olíugjaldi og stofnfjársjóðsgjaldi frá því sem nú er, þannig að þessi gjöld verði felld niður og tekinn af óskiptu olíukostnaður sem komi á móti þessu tvennu. Ég

tel þetta skynsamlega tillögu og hef rætt hana sjálfur við hagsmunaaðila í sjávarútvegi, bæði sjómenn og útgerðarmenn, og mun halda því áfram. Eins og ég sagði áðan, ef einhver hljómgrunnur fæst fyrir slíkum till. tel ég ástæðu til að sjútv.-nefndir þingsins athugi þær.

Þó að ég vilji nú helst ekki eyða orðum á hv. þm. meira en ég nauðsynlega þarf vil ég upplýsa að í sambandi við bensíngjaldið ríkir alls ekki það hugarfar hjá hæstv. ríkisstj. eins og hjá hv. þm. sem gerir því skóna að bensínið hafi verið hækkað eftir að vísitalan var ákveðin. Þetta er rangt. Bensíngjaldið lagðist til hliðar af — við skulum segja: mistökum þegar bensínið var hækkað viku áður. Þetta gjald var ákveðið fimmtudaginn áður en vísitalan var ákveðin. Allar fullyrðingar hv. þm. um annað hér áðan eru úr lausu lofti gripnar og eiga enga aðra rót en í hans eigin innræti.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að taka þátt í umr. um innréttingu þeirra hv. þm. sem taka sæti á Alþingi fyrir Vestfjarðakjördæmi, enda mæla þeir sjálfir best með sér þegar þeir tala úr ræðustól. En ég tek eftir því, að það hefur verið leiðrétt og prentað upp nál. 1. minni hl. Það er líklega fólgið í því, að þetta er nál. frá fyrrv. meiri hl., en er orðinn 1. minni hl. Ég vil mjög óska eftir því við formann sjútvrn. deildarinnar að hann láti prenta það upp enn einu sinni og leiðrétta frekar þskj. svo að það komi ekki til með að standa í þingtíðindum á þann veg sem hér er. Það er ótækt að láta koma fram í þingtíðindum að persóna, sem ekki á sæti á Alþingi, hafi ekki mætt á nefndarfundi. Reyndar hefði alveg eins mátt standa á þskj. 312, í lok nál., að Karvel Pálmason, Halldór Blöndal og Jóhannes Nordal hafi verið fjarstaddir þegar fundurinn var haldinn, eins og að minnast þarna á Sigurlaugu Bjarnadóttur því að ég tók þingsæti mitt að nýju þennan dag eins og reglur segja til um. Auk þess hefur komið fram, að hv. þm. Karvel Pálmason hafði fjarvistarleyfi. Ég vil biðja form. nefndarinnar um þetta vegna þess að hann hefur ekki þurft að kvarta yfir því, að við þm., a. m. k. ég og hv. 1. þm. Vestf. sem erum stjórnarandstöðuþm., höfum ekki mætt á fundum þegar hann hefur boðað til funda í sjútvn., því að iðulega hefði ekki verið hægt að halda fundi þar ef við hefðum ekki mætt. Í flestum tilfellum er hann einn mættur af þeim þm. sem styðja hæstv. ríkisstj. þegar á þarf að halda og fylgja frv. ríkisstj. fram.

Í sjálfu sér hefur hv. 1. þm. Vestf. talað svo rækilega um málið að ekki er ástæða fyrir mig til að fara efnislega út í nál. okkar frekar en hér hefur verið gert. Ég vil þó til viðbótar því, sem ég sagði um mætingar í sjútvn., benda hv. formanni nefndarinnar á það, að í sjálfu sér er óþarft fyrir óbreytta þm. að vera að mæta á slíkum fundum í þessari nefnd í framhaldi af því sem hann sjálfur lýsir hér yfir á hv. Alþingi, að þegar er búið að ráða þessu máli til lykta utan þings. Til hvers er þá verið að fylgja þessum formum, sem eru engin form orðin og í beinni andstöðu við það sem þingsköp segja, vegna þess að þeir hæstv. ráðherrar, sem hv. þm. styður til valda hér á Íslandi, haga sér á þann veg að slík vinna er með öllu óþörf? Það má alveg eins gera þetta heima í eldhúsi hjá sér eins og vera að koma saman á formlegan fund hjá hv. formanni.

Við höfum verið sjálfum okkur samkvæmir í því að benda á það enn einu sinni, að við teljum ekki rétt að það séu sjómenn sem borgi þennan skatt, einfaldlega vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur viðurkennt að sú óárán, sem reið yfir þjóðina þegar olían hækkaði svo sem raun bar vitni um á sínum tíma, það vissu allir, hún var sameiginlegt vandamál þjóðarinnar í heild. Við höfum viðurkennt það m. a. með því að rétta upp höndina til að samþykkja greiðslu á styrkjum til þeirra sem þurfa að nota olíu til húshitunar úti um land, þrátt fyrir að margir staðir, reyndar fleiri en Reykjavík, þurfa ekki á neinu slíku að halda. Þetta er sameiginlegt vandamál þjóðarinnar að okkar mati, og það er nákvæmlega eins á komið með þennan stóra grundvallaratvinnuveg þjóðarinnar, með fiskiskipaflotann. Auðvitað átti að greiða olíustyrkinn úr ríkissjóði. Það væri auðveldara fyrir ríkisstj. að beita sér svo fyrir réttlátri skiptingu á olíustyrk til flotans, þegar það kemur nú líka í ljós frá talsmanni ríkisstj. í þessu máli, hv. þm. Garðari Sigurðssyni, formanni sjútvn., að nauðsyn þessa styrks getur verið allt frá bilinu frá 5% og upp í 25% af rekstrarútgjöldum skipsins. Þetta lýsir náttúrlega enn betur því, hvers konar gegndarlaust kæruleysi og viljaleysi það er hjá hæstv. ríkisstj. að taka ekki þetta stóra vandamál fyrir.

Ég minnist þess á s. l. ári, að þá var það sjálfur formaður þingflokks Framsfl. sem benti á þetta óréttlæti og taldi að við svo búið mætti ekki standa. Það er svona enn þá. Það er því ekki illt innræti hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem ræður því, þegar hann bendir á það sem staðreynd, að eftir því sem meira er lofað af þessum flokki, Framsfl., við því minna er staðið og oftast nær farið þveröfuga leið. Ég hef þó ekki heyrt hæstv. sjútvrh. gefa það loforð sjálfan. Hins vegar minnist ég þess að hafa haft það beint frá sjómönnum af Vestfjörðum, framámönnum þar í stéttarfélögum sjómanna, sem hafa hermt loforð þessa efnis upp á hæstv. ráðh. og þingmann sinn. En ég leyfi mér að fullyrða það, vegna þess að það hefur komið inn í þessar umr., að ef þessi vilji Framsfl. og reyndar fleiri í ríkisstj. og meðal stuðningsmanna þeirra, eins og fram hefur komið í ræðu formanns sjútvn., hefði verið orðinn að veruleika og létt af olíugjaldinu, þá hefði orðið léttara um alla samninga við fiskimenn í byrjun þessa árs. Bendi ég þar sérstaklega á vilja og ætlun hæstv. ráðh. í sambandi við þetta mál, þótt ég vilji ekki herma upp á hann loforð um að fella olíugjaldið niður, heldur það sem ég hef hins vegar margoft heyrt hann segja, að hann vildi mjög gjarnan breytingu á fyrirkomulagi olíustyrks til skipanna. Ég leyfi mér að fullyrða að það hefði gengið betur með samningana í byrjun þessa árs ef svo hefði verið. En það er að sjálfsögðu tómt mál að tala um og var tómt mál að tala um þegar það er haft í huga, að samtök sjómanna áttu í baráttu við ekki aðeins mjög harða andstöðu útgerðarmanna, heldur við óvinsamlegt ríkisstjórnarvald í þessu landi.

Frsm. 1. minni hl. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Ég er út af fyrir sig engu bættari þó að ég fylli fleiri dálka í þingtíðindum. Ég ætlaði aðeins að koma með örfáar aths.

Vegna þess að það er rétt að gera aths. við ræður manna eftir „rang", eins og þeir segja á útlensku, ætla ég að byrja á hæstv. sjútvrh. þar sem hann afsakar fjarveru sína frá minni göfugu ræðu með því að ég hafi tilkynnt forseta að ég væri ekki tilbúinn með mína ræðu. Ég undirbjó enga ræðu. Ég þarf þess alls ekki. Menn kunna þetta mál aftur á bak og áfram, enda er búið að tala um þetta hér oft á ári og lög sett ýmist á þingtíma eða utan þingtíma, brbl., aðallega þó af hæstv. fyrrv. ráðh.

Kjartani Jóhannssyni. Þá var samráðið ekki mikið. Það er ekki furða þó að kratarnir býsnist yfir því, að samráðið sé lítið nú. Allt er það eins.

Það er ákaflega gott fyrir slaka ræðumenn eins og mig að koma upp á eftir slíkri bullræðu sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson flutti. En ég var hins vegar tilbúinn með mína ræðu. Ég þurfti bara að fara í símann nauðsynlega og var kominn hér 2—3 mínútur yfir tvö.

Hæstv. ráðh. segist hafa rætt við mig á tímabilinu meðan þetta var í bígerð. Það er alveg rétt. Ég hringdi auðvitað í manninn. Ég tel það skyldu mína að reyna að fylgjast með þessum málum eftir mætti og gróf hæstv. ráðh. upp úti á Arnarnesi til að hafa samband við hann. Það var auðvitað vegna þess að ég þurfti að hafa samband við hann, en hann telur sig ekki þurfa að hafa samband við mig. Þannig liggur í málinu.

Um það, að þessi mál hafi verið ítarlega rædd í þingflokkunum, þá getur vel verið að þingflokkur framsóknarmanna ræði þetta svona ítarlega undir stjórn hæstv. ráðh. Það er ekki óeðlilegt að hann tali um það í sínum þingflokki. En ég minnist þess ekki að alvarleg umr. hafi farið fram um þetta í mínum þingflokki, enda varla efni til. Það eru aðrir menn sem gera þetta, eins og hefur komið hér fram.

Það, sem við finnum að í þessu títt nefnda nál., sem er auðvitað ekki hárrétt vegna þess að þarna er talað um meiri hl., en þrír af sjö er auðvitað minni hl. ef þannig er á litið, var að það hefði ekki verið haft samráð við sjávarútvegsnefndirnar. Það var alls ekki gert. Það er auðvitað mál hæstv. ráðh., en við í nefndinni, og þar á meðal flokksbræður hans, gerðum aths. við þetta í prentuðu þskj. svo að það fer ekkert á milli mála að við fundum allir að því.

Herra forseti. Það er kannske óþarfi að tala um það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson segir hérna. Hann er í stjórnarandstöðustuði, svo að maður tali góða íslensku, og telur sér skylt og nauðsynlegt að koma hér ævinlega upp og finna að því sem vitlaust er gert af ríkisstj. og hér á hinu háa Alþingi. Hann um það.

En það er svolítið skrýtið, að allt frá því að þessir hv. þm. fóru úr ríkisstj., og það skiptir um ríkisstj. hér auðvitað eins og gengur og gerist, skuli allir þessir menn skipta um skoðun um leið og þeir ganga út úr rn. Ég sé að þetta olíugjald hefur verið til meðferðar eftir að aðrar ríkisstjórnir tóku við, en þá hafa hv. Alþfl.-menn staðið hér upp og hamast sem allra mest gegn olíugjaldinu, þarna sé verið að hafa fé af sjómönnum. Hvað varðar þá um kostnaðinn af olíunni og hvort togskipin stöðvast eða ekki. Það síðasta, sem menn þurfa að gæta í Alþfl., er að vera samkvæmur sjálfum sér. „Lógik" eða eitthvað af því tagi skiptir auðvitað engu máli og á þeim grundvelli þarf alls ekkert að ræða við þessa menn. Það er þeim framandi, gersamlega framandi. Þeir hamast á móti olíugjaldi, frv. upp á 2.5% á sínum tíma, á móti 5% á öðrum tíma, á móti 7.5% á þeim þriðja. En sjálfir stóðu þeir að því að koma þessu olíugjaldi á og sjálfir stóðu þeir að því að setja lög um 12% olíugjald. Um leið og þeir svo fara úr ríkisstj. grenja þeir hér í hverju horni hver um annan þveran á móti olíugjaldinu. Auðvitað er ekkert samræmi á þessu, og auðvitað á ekkert að ansa þessu. Þetta er bara það sem má eiga von á, eftir þeim persónum sem þannig tala. Ég nenni satt að segja ekki að elta ólar við það. Og svo segir þessi hv. þm. í lokin: „Það verður sjálfsagt leiðrétt hér á eftir ef ég hef farið rangt með." — Menn mega svo sannarlega hafa sig alla við.

Sjómenn hafa verið á móti því að hafa þetta olíugjald svona og segja að það sé tekið af þeim og þeir beri olíukostnaðinn einir. Þrátt fyrir að þessi samtök og sjómenn hafi sagt þetta hef ég ekki treyst mér til þess að berjast á móti þessu formi á meðan annað betra finnst ekki. Ég hef ekki gert það. Menn mega ekki og eiga ekki að segja sífellt það sem fellur best í eyru kjósenda. Menn verða að standa fyrir því að hafa sínar skoðanir og taka ábyrgð á málum, jafnvel þótt þeir kunni að verða óvinsælir. Hins vegar hef ég alla tíð fundið að þessu formi, ósköp einfaldlega vegna þess að þörf útgerðarinnar fyrir olíustyrk er ákaflega misjöfn svo sem eðlilegt er. Togskipin þurfa mest og netabátarnir minnst, svo ég tali ekki um síldveiðibátana sem keyrðu stundum ekki nema í 5 mínútur og fylltu sig á fjörðunum fyrir austan og fengu svo 7.5% af aflanum til að borga olíuna með. Þeir eyddu kannske nokkrum lítrum og háfuðu við bryggjuna, en stungu svo milljónum í vasann. Það er ekkert vit í þessu. Það sjá allir menn. Hæstv. ráðh. hefur einnig komið auga á þetta, ég hef tekið eftir því. (**HBl:** Er ekki þm. að mæla með samþykkt þessa alls?) — (Forseti hringir.) Herra forseti, mér finnst vera synd að berja í björlluna þó að hv. þm. Halldór Blöndal vilji koma fram sínum gáfulegu athugasemdum.

En þá kemur að þeim kafla að fundið hefur verið að því sem segir í nál., hverjir hafi verið fjarverandi. Á því eru ýmsar skýringar, trúi ég. Það er fundið að því, að það stendur þarna að hv. þm. Karvel Pálmason hafi verið fjarverandi. En hann var fjarverandi. Ég er ekki hissa þó að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson finni að því að maður segi satt. Það er sagt að hann hafi fengið fjarvistarleyfi þennan dag. Jú, jú, kannske. Þingfundurinn, sem hann fékk fjarvistarleyfi fyrir, hófst kl. 14 eftir hádegi, en þessi fundur í nefndinni byrjaði kl. 9 um morguninn. Ég vissi þá ekkert um þetta fjarvistarleyfi.

Jóhannes Nordal og Sigurlaug Bjarnadóttir virðast vera bæði varaþm. fyrir hv. þm. Pétur Sigurðsson. Hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir var á þingfundi á þriðjudaginn, daginn áður en þessi morgunfundur hófst. Það vill nú svo til að ég bý ekki með Sigurlaugu Bjarnadóttur þannig að ég vissi ekki um að hún hætti að vera þm. þá um nóttina. Það er líka spurning: Hvenær tekur þm. aftur sæti? Tekur hann sæti um miðnættið? Hann var ekki kominn a. m. k. kl. 9.

Það er kannske rétt að segja frá því, herra forseti, af því að hæstv. forseti hefur fundið að óstundvísi þm. hér í deildinni, það er kannske rétt að ég laumi því að hæstv. forseta, hvernig menn mæta á nefndarfundum. Sjútvn. þessarar hv. deildar hefur fastan fundartíma, eins og nefndir hafa, og ég hef haldið mig við það að hafa fundi á þessum tíma, ef það er mögulegt, með samráði við alla aðila, og það vita þeir. Samstarf við þessa menn er mjög gott, ekki síst þá sjálfstæðismenn. Þeir koma á fundi meir og betur en aðrir í nefndinni. Hv. þm. Karvel Pálmason mætir einnig ákaflega vel. En það var sem sagt boðaður fundur vikuna áður kl. 1 og við komum tveir á þann fund, ég og hv. þm. Karvel Pálmason. Ég verð að geta þess, að hv. þm. Matthías Bjarnason hafði tilkynnt mér forföll, og það voru auðvitað eðlileg og lögleg forföll, með nægum fyrirvara. Aðrir komu ekki Við biðum þarna, við Karvel á fundarstað í 15 mínútur eða svo, gáfum þeim þetta akademíska korter, — sem verður til þess að mér verður litið á okkar ágæta akademíker, Vilmund Gylfason, —

en það birtist engin sála og ekki heldur hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir og þaðan af síður Jóhannes Nordal sem von er.

Það, sem segir um fjarvistirnar þarna, er auðvitað allt rétt og satt. Kannske verður að taka sérblað í það, þegar einhverja menn vantar á fund, af hverju þeir eru fjarverandi, en það hefur ekki verið siður. Ég leyfi mér því að þvo alveg hendur mínar af þeirri ákúru sem ég hef fengið fyrir þetta í þessum efnum.

Efnislega tel ég kannske ekki rétt að vera að segja miklu meira um þetta mál. Ég er alveg tilbúinn, ef menn ætla að fara eitthvað að rífast um það hér, að endurtaka það sem ég hef sagt og talað kannske marga klukkutíma um hér áður. En ef ekki gefast tilefni til þess hef ég hugsað mér að láta þessu lokið, herra forseti.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast við hæstv. sjútvrh., en það liggur alveg ljóst fyrir að þeir, sem hann ræddi við í sjómannadeilunni á Vestfjörðum á sínum tíma, fullyrða að hafa gert þráfaldlega á opinberum vettvangi að hann hafi gefið þeim loforð um afnám olíugjaldsins. Það, herra forseti, er reikningur sem við hæstv. sjútvrh. skulum gera upp í okkar kjördæmi þegar þar að kemur. Þá skulum við sjá til hvort hæstv. sjútvrh. verður reiðubúinn til að fullyrða það upp í opið geðið á þessum aðilum að hafa aldrei gefið það loforð sem þeir telja að hafi verið forsenda fyrir því að samkomulag var gert á sínum tíma. Það var einnig forsenda fyrir tillöguflutningi hv. þm. Karvels Pálmasonar fyrir nokkrum mánuðum, þegar hann lagði til að olíugjaldið yrði lagt niður. Forsenda fyrir þeim tillöguflutningi var sú, eins og menn muna af umr. um það mál, að m. a. væri verið að reka á eftir því að hæstv. sjútvrh. stæði við yfirlýsingar og gefin loforð við vestfirska sjómenn. (Gripið fram í.) Hæstv. sjútvrh. vill ekki við þetta kannast. Gott og vel. Ég var ekki viðstaddur þann fund sem hann átti með þeim Vestfirðingum, en þeir, sem þar voru — að hæstv. ráðh. einum frátöldum, telja að á þeim fundi hafi verið gefið loforð um þetta afnám sem hæstv. ráðh. vill ekki kannast við.

Það er líka algerlega rangt með farið að það hafi verið Alþfl. sem oftast hafi staðið að því að leiða í lög olíugjald. Olíugjald hefur verið lögleitt sjö sinnum. Af þeim sjö hefur það verið þrisvar áður gert í tíð núv. hæstv. sjútvrh. og þetta er í fjóða skiptið. Hann hefur sem sé átt hlut að því sjálfur fjórum sinnum að leiða þetta gjald í lög. Ég vil einnig taka fram til þess að leiðrétta allan misskilning, að við Alþfl.-menn höfum hingað til — að einum undanteknum — ávallt greitt atkv. með því að olíugjaldið yrði lögbundið. Ég man a. m. k. ekki eitt einasta skipti sem við höfum ekki gert það. Málið snýst nú hins vegar um það, að tveir af ráðherrum ríkisstj. höfðu, áður en fiskverðið var ákveðið, þráfaldlega lýst yfir — sumir segja að annar þeirra hafi lofað því, eins og ég sagði áðan, — þráfaldlega lýst yfir að þeir vildu að olíugjaldið yrði afnumið. En það er þveröfugt sem verið er að gera núna. Ég er sannfærður um að þessar þráfaldlegu yfirlýsingar þessara tilteknu tveggja ráðh. settu fiskverðsákvörðunina á sínum tíma í mikinn hnút.

Það, sem hæstv. ráðh. er því að gera hér eina ferðina enn, eins og Framsfl. hefur þurft að gera hvað eftir annað undanfarin tvö ár, er að lögfesta það sem hann hefur lýst yfir að hann sé á móti. Varla mótmælir hæstv. sjútvrh. því, að hann hefur þráfaldlega, um þetta mál eins og fjölmörg önnur sem hann hefur þurft að hafa afskipti af, lýst sinni skoðun sem er þveröfug við það sem hann hefur síðan framkvæmt. Sú framkvæmd, sem hann er nú að biðja Alþingi um að gera með lögfestingu olíugjaldsins, er þveröfug við ítrekaðar yfirlýsingar hans sjálfs um eigin vilja og eigin stefnu. Á þessu leyfði ég mér að vekja athygli í ræðu minni hér á undan, og ég býst við að þessar staðreyndir hafi orðið til þess, að hæstv. ráðh. skipti skapi í ræðu sinni áðan. Þetta svíður honum miklu meira að verða að horfast í augu við heldur en sú einfalda ákvörðun sem hér á sér stað. Það er ósköp skiljanlegt, vegna þess að þeir framsóknarmenn hafa síður en svo verið sparir á að gefa yfirlýsingar um hvað þeir hefðu viljað að til bragðs yrði tekið í þessum málum og öðrum. Menn eru farnir að hafa slíkar yfirlýsingar að gamanmálum vegna þess að það eina, sem framsóknarmenn hafa notað slíkar yfirlýsingar til, er til þess að geta einhvern tíma síðar sagt: Þó svo að við gerðum allt þveröfugt við það sem við ætluðum okkar, þá lá alla vega ljóst fyrir annaðhvort í ræðum á Alþingi eða í blaðaskrifum hvað við vildum. M. ö. o.: þeir taka sér í munn orð Páls postula: Það góða sem ég vil, það geri ég ekki, en það illa sem ég ekki vil, það geri ég.

Eftir þessum orðum Biblíunnar hafa framsóknarmenn starfað í þessari ríkisstj. í heil tvö ár. Á þriggja mánaða fresti koma þeir með yfirlýsingarnar um hvað þeir vildu gjarnan gera, og ganga þar fremst í flokki hæstv. sjútvrh., hæstv. viðskrh. og tveir af þm. Framsfl. En það verður bara aldrei neitt úr þessu. Þessar tillögur ná aldrei lengra en inn á síður Tímans. Síðan er ekki staðið við einn einasta stafkrók af því sem þar er fram sett. Ég vísa hæstv. sjútvrh. t. d. á viðtal sem hann átti við dagblaðið Tímann um áramótin. Það væri fróðlegt fyrir hæstv. sjútvrh. að lesa það viðtal núna, lesa það fyrir þingheim og gera mönnum grein fyrir því, hvað stendur eftir af þeim orðum sem hann viðhafði þar. Þar stendur ekki lengur steinn yfir steini. Ekkert af því, sem þar kom fram, hefur gerst.

Framsfl. getur aldrei staðið í ístaðinu og hefur aldrei getað gert undanfarin ár þegar hann hefur þurft að eiga við Alþb. Þetta var segin saga í þeirri ríkisstj. sem við Alþfl.-menn áttum sæti í með Framsfl. Ef til ágreinings kom í þeirri ríkisstj., þá bognaði Framsfl. alltaf frammi fyrir Alþb. þó svo að hann léti í veðri vaka að ýmislegt af því, sem við héldum fram, væri þrátt fyrir allt rétt.

Gott og vel. Síðan gekk hann til kosninga með stefnuskrá sem var á margan hátt mjög lík þeim tillögum, sem við höfðum gert, og kallaði niðurtalningu. Hann hefur fengið færi á að framkvæma þá stefnu sína undanfarin tvö ár, en hann hefur alltaf látið í minni pokann. Hann hefur aldrei getað staðið á einu einasta atriði í eigin tillöguflutningi — aldrei. Hann hefur alltaf látið undan, alltaf látið í minni pokann og alltaf breytt þvert gegn eigin yfirlýsingum og tillögum sem flokkurinn hefur þó ekki verið spar á. Formaður Framsfl. veit manna best að það hefur ekki vantað að hugmyndirnar hafi heyrst frá honum og hans mönnum, en þeir hafa alltaf guggnað á framkvæmdum. Þeir hafa aldrei getað staðið á sínum eigin tillögum. Það er ósköp skiljanlegt að þeir gætu á sínum tíma e. t. v. ekki fundið möguleika á því að standa með okkur Alþfl.-mönnum að þeim tillögum sem við gerðum, þó svo að þeim fyndist þær tillögur á margan hátt vera skynsamlegar. Það er ósköp skiljanlegt. Hitt er öllu verra, að þeir geta ekki einu sinni staðið á eigin

tillögum. Þeir geta ekki einu sinni staðið á eigin málstað gagnvart Alþb. Og þetta veit fólk. Þetta vita menn.

Herra forseti. Að lokum örfá orð um bensínhækkunina sem ég spurðist fyrir um. Það var laugardaginn 6. febr. 1982 sem hækkun þessi kom til framkvæmda. Frá því er sagt í Morgunblaðinu þennan dag, að bensínið hafi hækkað um 5.6% frá og með deginum í dag, þ. e. frá og með laugardegi 6. febr. Fyrr var ekki um þessa bensínhækkun tilkynnt. Eins og ég sagði áðan upplýsti hagstofustjóri í fjh.- og viðskn. út af öðru máli, að þær hækkanir, sem kæmu fram í síðasta lagi á föstudaginn 5. febr., urðu teknar með í útreikningi framfærsluvísitölunnar, en hækkanir, sem kæmu fram eftir þann tíma, yrðu ekki reiknaðar inn í vísitöluna. Þess vegna leyfði ég mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvenær ákvörðun ríkisstj. um þessa hækkun hefði verið tekin og hver væri ástæðan fyrir því, að framkvæmdinni hefði verið frestað þangað til laugardaginn 6. febr., þangað til daginn eftir að hagstofustjóri lokaði fyrir allar upplýsingar um verðhækkanir í vísitölureikningum sínum. Hæstv. sjútvrh. upplýsti að þessi ákvörðun hefði verið tekin af ríkisstj. á fimmtudegi. Þá var ákvörðunin tekin og það virðist hafa gert mögulegt eða virðist hafa tryggt það a. m. k. eftir hans orðum að dæma, að tillit yrði tekið til þessarar hækkunar í sambandi við útreikning framfærsluvísitölunnar. Það er auðvitað meginatriði málsins. M. ö. o.: það dugði ekki að fresta framkvæmd hækkunarinnar til laugardagsins 6. febr. vegna þess að hagstofustjóri tekur mið af ákvörðuninni um hækkunina sem tekin var á fimmtudegi, þó svo að hún kæmi ekki til framkvæmda fyrr en á laugardegi, nokkrum klukkutímum eftir að Hagstofan hafði lokað fyrir verðhækkanatilefni sín inn í vísitöluna. Er það gleðilegt út af fyrir sig, ef marka má orð hæstv. ráðh., að hagstofustjóri hefur þá tekið mið af því, hvenær ákvörðunin var tekin, en ekki því, hvenær af framkvæmdinni varð. Ég ætla nú ekki að geta mér til um tilætlanir ríkisstj. í þessu sambandi, en þetta liggur þó alla vega fyrir eftir yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. og er það vel.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MHM, ÓÞÞ, PJ, SighB, SkA, StH, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ, GS, GGÞ, GHelg, IGuðn, JE.

JÞ, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, FrS, GeirH, HBl, SvH greiddu ekki atkv.

12 þm. (KP, PP, RA, SV, AG, BGr, BÍG, GHall, HÁ, HG, IGísl, JS) fjarstaddir.

2.—4. gr. samþ. með 19:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 148). — 1. umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Aðalefni þessa frv., sem ég flyt hér um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt, er að 53. gr. núverandi laga falli niður og orðalagi 14. gr. laganna verði breytt nokkuð og sömuleiðis 44. gr. laganna. Ákvæði til bráðabirgða er sömuleiðis í frv. mínu.

Þegar lög voru sett á árinu 1978 um tekju- og eignarskatt var mjög vandað til undirbúnings þeirrar lagasetningar. Bæði var löng og mikil vinna á bak við þá lagasetningu og henni var yfirleitt vel tekið þó að menn drægju í efa réttmæti einstakra breytinga sem þar var gert ráð fyrir. En þeim lögum var fljótlega breytt og þær breytingar komu margar hverjar illa við og menn töldu nauðsyn að endurskoða sérstaklega þær breytingar og ýmislegt annað í skattalögunum sem sett voru 1978. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar og fjh.- og viðskn. Ed. lögðu mikla vinnu í undirbúning að breytingum á lögunum um tekju- og eignarskatt á síðasta þingi og þar varð mjög víðtækt samstarf þannig að öll nefndin stóð að viðamiklum tillögum til breytinga á löggjöfinni, þó að einstakir nm. væru ekki ánægðir með allar breytingarnar eða réttara sagt ekki ánægðir með að hafa ekki komið fleiri breytingum inn í það nál. og tillögur. Það var skoðun fulltrúa Sjálfstfl. í þessari nefnd, að þó að við hefðum viljað fara lengra og inn á nokkuð aðrar leiðir í einstökum tilfellum vildum við reyna eins og hægt væri að halda samstarfi og ná samstöðu innan nefndarinnar. Því varð niðurstaða af starfi nefndarinnar sú, að við stóðum að tilteknum brtt., sem náðist samkomulag um í nefndinni og meira að segja breytingum sem voru gerðar á frv. því sem hæstv. fjmrh. lagði fram. Meðal þeirra greina, sem gerðar voru breytingar á, var 59. gr. laganna, sem var af fjölmörgum skattþegnum þessa lands illræmd. Orðalag þeirrar greinar var mjög bætt þannig að hún er skaplegri núna en hún var, enda er ekki eins mikill styrr um hana og áður var.

Höfuðatriði þessa frv. er að 53. gr. laga um tekju- og eignarskatt verði með öllu afnumin. Þessi grein er um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga og samkvæmt henni segir að hjá lögaðilum skuli árlega tekið tillit til þeirra áhrifa sem almennar verðbreytingar hafa á eignir þeirra og skuldir, eftir því sem nánar er ákveðið í þeirri grein. Það sama á við hjá þeim mönnum sem hafa með höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi varðandi þær eignir þeirra og skuldir sem rekstrinum eru tengdar. Það eru ákvæði um að árlega skuli reikna tiltekinn hundraðshluta af mismun eigna, þeirra sem um ræðir í 3. málsgr., og skulda þeirra sem um ræðir í 4. málsgr., og færa þá fjárhæð, er þannig reiknast, til gjalda samkvæmt 1. málsgr. 1. tölul. 31. gr., séu eignirnar hærri, en til tekna samkv. b-lið 7. gr., séu skuldirnar hærri. Síðan eru nánari ákvæði um hvað telja skuli til eigna og skulda. Skal ég ekki lengja mál mitt með því að lesa upp alla þessa grein, heldur vil ég reyna í sem stystu máli að gera grein fyrir því, hvernig þessi grein skattalaganna hefur verið í framkvæmd.

Víða hef ég heyrt hjá mönnum, sem ég hef rætt við um þessi mál, að tekjubreytingafærsla, sbr. þessa grein, komi ekki illa við menn sökum þess að eignir séu hækkaðar upp árlega og afskriftir hækki þar með. Þetta er vart hægt að skilja sem sterk rök því að eignir hækka jafnt hjá öllum sem atvinnurekstur stunda, sama hvort viðkomandi skattþegn er skuldum vafinn eða ekki, þannig að þungi skattaálagningarinnar lendir þyngst á ungu fólki, sem er að hefja atvinnurekstur og fá fé lánað til þess, og á þeim aðilum sem orðið hafa fyrir áföllum og tekið lán til að bjarga sér og eignum sínum.

Í frv. til laga um tekju- og eignarskatt, sem lagt var fyrir Alþingi 1977 — 1978, var tekið upp það nýmæli að leggja skatta á skuldir aðila og manna sem höfðu með

höndum atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og nutu frádráttar vegna fyrninga. Áður en þessi lög tóku gildi var þeim breytt með lögum nr. 7 1980. Í 27. gr. þeirra laga segir svo, að inn í lögin bætist ný grein sem verði 53. gr. Þessi 53. gr. kemur að hluta til efnislega í stað 44. gr. laganna, en að nokkru breytt. Í grg. með frv. frá 1978 kemur fram hjá höfundum þess, að ekki hafi þótt rétt að heimila fulla fyrningu af endurmetnu stofnverði í þeim tilvikum sem fyrnanlegar eignir eru fjármagnaðar að einhverju eða öllu leyti með lánsfé, þar sem frv. gerir ráð fyrir að fjármagnskostnaður, þar með taldar verðbætur eða gengistöp af lánum, sé gjaldfærður óháð fyrningum. Einnig segir þar að ótakmarkaður fjármagnskostnaður muni í reynd auka mismun milli þess atvinnurekstrar, sem fjármagnar fyrnanlegar eignir með eigin fé, og hins, sem fjármagnar þær með lánsfé.

Það er ljóst að lögin heimila öllum, sem í atvinnurekstri eru, að endurmeta eignir og fyrna þær, óháð því hvort þeir skulda af eignum þessum eða ekki. Þessi regla gengur því jafnt yfir alla þá skattþegna sem eins er ástatt um. Ákvæði 53. gr. laganna gefa skattþegnum rétt til að færa til gjalda eða tekna á rekstrarreikningi, þannig að þeir, sem skulda umfram ákveðnar eignir í atvinnurekstri, skuli færa tiltekinn hundraðshluta teknanna, en þeir, sem aftur á móti eiga meirà af ákveðnum eignum umfram skuldir, geta fært til gjalda á rekstrarreikningi ákveðinn hundraðshluta eignanna. Þetta skulda- og eignauppgjör miðast við stöðuna um áramót eða 1. janúar.

Því skal ekki mótmælt, að höfundar þessa frv. færðu fram ákveðin rök fyrir þeirri breytingu sem gerð var á skattalögunum þá, en hins vegar verður þeirri staðreynd ekki breytt, að sá, sem skuldar mikið og þarf að greiða í fjármagnskostnað, á miklu erfiðara uppdráttar en sá sem kominn er yfir mesta skuldabaslið. Ákvæði sem þessi kalla á það, að sá, sem hyggst fara í atvinnurekstur, reyni að afla sér fjár áður, t. d. með því að koma sér upp eignum sem hann getur síðar selt án þess að greiða skatt af hugsanlegum söluhagnaði eða verðhækkunum á eignunum. Þetta þýðir það, að ungt fólk sem áhuga hefur á atvinnurekstri, þyrfti að fara fyrst í vinnu til annarra, t. d. ríkisins, þar er helst auðgunar von, og ef því tekst að eiga eftir eitthvað af tekjunum leggja það í framangreindar eignir þar til það er búið að ná sér í einhvern höfuðstól. Hitt er miklu almennara, að fæstir fara út í eigin atvinnurekstur eftir að vera búnir að eyða e. t. v. bestu árum ævinnar við störf hjá öðrum. Þetta eykur m. a. hættuna á því, að eðlileg endurnýjun verði á fólki í atvinnurekstri. Er hægt að búast við að ungt fólk, sem af bjartsýni hefur stofnað til skulda vegna kaupa á eignum til atvinnurekstrar, geti auk annarra byrjunarörðugleika greitt af skuldum þess opinber gjöld sem geta numið verulegum fjárhæðum?

Á s. l. ári nam tekjufærsla þessi 54.1% af skuldunum. Sá, sem er að byrja atvinnurekstur eða sá, sem er að endurnýja atvinnutæki sín, verður til viðbótar því að greiða fjármagnskostnað, vexti og verðbætur, að greiða skatt af þessari skuld. Fé til að greiða þessa skatta fær hann ekki á annan hátt en að selja eignirnar. Ber að líta á það, að öllum atvinnurekstri fylgir ákveðin áhætta, að vísu mismunandi eftir atvinnugreinum og af ýmsum öðrum ástæðum, þannig að ekki liggur fyrir hvort þessi sjálfstæði atvinnurekandi fær nokkurn tíma til baka það fjármagn sem hann hefur lagt fram. Það sést ekki fyrr en sala hefur farið fram á eigninni, en þá er búið að skattleggja hann.

Ég held að það sé rétt að gera sér nokkra grein fyrir hvernig framkvæmdin hefur verið á 53. gr. skattalaganna. Skattþegn, sem verður fyrir því óláni að hann fær ekki tekjur sínar af eigin atvinnurekstri, t. d. vegna slæms veðurfars, grasleysis, aflaleysis eða vegna verkefnaskorts, tæki hafa bilað o. fl., hann verður af þeim sökum að taka lán til að missa ekki allt út úr höndunum á sér. Hann fær á sig opinber gjöld vegna meintra tekna af þessum skuldum. Maður, sem fær lán hjá kunningjum eða ættmennum til að kaupa tæki sem hann vonast til að greiða næstu mánuði, fær á sig skatt vegna þessa. Skattþegn gerir kaupsamning um eignir í lok árs. Hann fær lánað, eins og vanalegt er, hluta af andvirðinu, t. d. fram á næsta ár vegna þess að skuldin stendur yfir áramót. Þá ber honum að reikna sér tekjur af þessu. En ef þessi sami aðili hefur gert kaupsamning í byrjun árs og greitt kaupverðið fyrir áramót lendir hann ekki í tekjufærslu og skattgreiðslum af þessum viðskiptum. Af þessari framkvæmd, sem fyrir liggur, fæ ég ekki annað séð en skattbyrði lendi mest á þeim sem eru að byrja atvinnurekstur, eru í framkvæmdum eða hafa orðið fyrir áföllum og lent í greiðsluþroti og skuldasöfnun af þeim sökum. Skattbyrðin lendir með of miklum þunga á þeim sem síst skyldi. Þetta ákvæði verkar því sem hemill á að ungt fólk hefji atvinnurekstur og eðlileg endurnýjun eigi sér stað. Þetta getur leitt til þess, að fólk fer í ríkara mæli að leita starfs hjá öðrum og þá sennilega ekki síst að leita á náðir hins opinbera um atvinnu.

Allt til þessa hafa aðstæður hér á landi boðið upp á það, að menn stunduðu sjálfstæðan atvinnurekstur. Þeir urðu að gera það. Það var í fáum tilfellum hægt að leita á náðir annarra um vinnu. Þetta er algilt úti um hinar dreifðu byggðir landsins. Menn eiga atvinnutæki sín og ekki hægt að koma öðru við. Ég hef víða orðið var við það hjá skattþegnum, að þeir trúðu því ekki, að skatta ætti að leggja á skuldir, því að þeim fannst, sem eðlilegt er, alveg nóg að standa við greiðslur afborgana og vaxta. Í allt of mörgum tilfellum gátu menn ekki einu sinni staðið við það. Þegar svo er komið eru gerðar almennar ráðstafanir til að útvega lán úr opinberum sjóðum til að greiða fyrir því að breyta lausaskuldum heilla atvinnugreina í föst lán til langs tíma. Það er því ekki óeðlilegt að margur furði sig á að hið opinbera sé að skattleggja þessa menn umfram aðra og e. t. v. af skuldum sem þeir stofnuðu til að tilhlutan hins opinbera til að losna við aðrar skuldir. Hjá sumum atvinnurekendum er dæmið orðið það dökkt og skattar orðnir það miklir af skuldum þessum að menn sjá sér ekki annað fært en að selja þessar eignir og hætta. Og þá kemur upp vandamálið: Eru til aðrir sem vilja kaupa þessi atvinnutæki og lenda fyrr en varir í sama forarpyttinum? Mér sýnist að ríkisfyrirtæki standi ekki undir sínum rekstri. Þó þurfa þau ekki að greiða skatta og allra síst af því fjármagni sem þau hafa í rekstrinum. Fækkun manna í eigin atvinnurekstri kallar því á aukna skatta á hinn almanna borgara til að standa undir ríkisreknu fyrirtækjunum.

Gallar á ákvæðum 53. gr. skattalaganna eru miklir, og það sem verra er: Þeir skapa mikinn ójöfnuð og leiða til verulegrar þyngingar á skattbyrði þeirra, er atvinnurekstur stunda, og þá sér í lagi ungu fólki, sem er að byggja upp eigin atvinnurekstur, og sömuleiðis hjá þeim sem koma hart niður og verða fyrir þungum áföllum.

Þó að það komi þessu máli ekki við langar mig til fróðleiks að rifja upp úr skýrslu Framkvæmdastofnunar ríkisins hlutfallslega skiptingu mannaflans á atvinnugreinar eftir kjördæmum, en þetta er reiknað samkvæmt slysatryggðum vinnuvikum árið 1979. Í þessari skýrslu kemur fram gífurlegur munur á atvinnugreinum fólks í hinum ýmsu kjördæmum landsins. Sem dæmi skal nefna að aðeins 3.1% mannaflans stunda fiskveiðar og fiskvinnslu í Reykjavík. Þetta hlutfall er hæst á Vestfjörðum, en þar stunda 43.1% þessa atvinnugrein. Meðaltal yfir landið er 14.3% í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þegar komið er að mannafla við þjónustu er hún, þegar litið er á meðaltal yfir landið, 49% af mannaflanum. Reykjavík er með 67.2% í þjónustugreinum og þar næst kemur Reykjaneskjördæmi og þar með álverið með 44.4%. Lægstir eru Vestfirðir í þjónustugreinum með 27.7% og næst neðstir í þjónustugreinum eru Austfirðir með 29.9%. Flest önnur kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness eru með frá 30 og upp í 36.8%. Á þessu sést að þjónustugreinarnar eru fyrst og fremst á þessu svæði, suðvesturhorninu, en flestir landsmenn sem búa utan stór-Reykjavíkursvæðisins, eru fyrst og fremst háðir fiskveiðum, fiskiðnaði og landbúnaði. Þetta sýnir í sjálfu sér hvað hér er um einhæft atvinnulíf víðast hvar að ræða úti um byggðir landsins. Því hygg ég að það sé full ástæða til að fara varlega í þessar skattlagningar á atvinnurekstrinn. Þær mega ekki ýta undir að menn hætti í stórum stíl og vilji komast í þjónustugreinarnar og vinna hjá öðrum.

Ég ætla að taka hér nokkur dæmi, sem ég hef viðað að mér í því sambandi, að færa rök fyrir því að 53. gr. skattalaganna verði felld niður. Þessi dæmi, sem ég nefni, eru úr nokkrum skattumdæmum landsins.

Fyrsta dæmið: Bóndi með frekar lítið bú og hefur aukatekjur utan búsins byggði fjárhús árið 1975 og stofnaði til skulda í því sambandi. Hann hefur auk þess lent í grasleysi vegna kals. Hluti skulda hans er við Bjargráðasjóð. Greiðslubyrði hans er það mikil að hann á varla annarra kosta völ en selja jörðina. Leigur voru kannaðar við væntanlegan kaupanda, jarðeignadeild ríkisins. Tekjufærsla inn á rekstrarreikning þessa manns var við álagningu 1981 í gkr. 2 millj. 988 þús. 44. gr. skattalaga, sem gilti vegna framtala árið 1980 vegna rekstrar 1979, heimilar að fyrna eignir framteljanda um 50%. Í þessu tilfelli er það helmingur upphæðarinnar. Ef maður þessi hefði ekkert skuldað snerist dæmið við. Þá yrði gjaldfærsla 45.51% af 2 millj. 533 þús. eða helmingur af matsverði bústofns. En í því tilfelli mætti hann færa 1 millj. 53 þús. inn á gjaldahlið rekstrarreiknings. Hvort sem við tölum um skuldugan mann eða skuldlausan fara allir eftir sömu reglunni í sambandið við endurmat eigna og fyrningar. Ég vil þó benda á að sá sem skuldar gengur fyrr á eignir sínar með fyrnignu vegna heimildar í 44. gr. skattalaganna. Fyrningarheimild þeirrar greinar var skert, en þó var henni breytt með þeirri breytingu sem gerð var við meðferð laganna á s. l. ári.

Næsta dæmi: Hér er um að ræða vörubifreiðarstjóra. Hann hefur unnið um nokkurra ára skeið með bifreið sína, aðallega hjá Vegagerðinni. Árið 1976 kaupir hann bifreið á 9.9 millj. og síðan aðra bifreið 1978, notaða, á 10.1 millj. í þeim tilgangi að fullnægja eftirspurn varðandi flutninga á því svæði sem hann býr á. Hluti af andvirði þeirrar bifreiðar var í erlendum lánum. Hann verður fyrir því óláni 1978 að bifreiðin veltur og skemmist mikið, og hann varð að bera sjálfur viðgerðarkostnaðinn, sem var verulegur. Auk þess varð hann fyrir töluverðu vinnutapi. Skuldir hans í árslok námu 15.3 millj. og þessar skuldir voru ýmist háðar verði á erlendum gjaldmiðli, víxilskuldir, viðskiptaskuldir vegna viðgerðarinnar og nokkrar skuldir í vanskilum og dráttarvöxtum. Vegna þessara skulda varð tekjufærsla þessa manns 6 millj. 969 þús. Hann notaði sér fyrningarheimildina vegna þessa, sem þá var 50%, en hækkun á skattskyldum tekjum vegna þessara skulda nam næstum því 3.5 millj. kr. Þegar litið er á að þessar ætluðu tekjur koma á toppinn á öðrum tekjum getur tekjuskatturinn orðið 50% og útsvarið tæp 12% og tekjuskattur og útsvar því 2 millj. 160 þús. af þessari fjárhæð einni. Ef annar maður hefði farið út í sams konar fjárfestingu og ekki þurft að taka lán í því sambandi — þeir eru með jafnmiklar tekjur — verður niðurstaðan sú, að sá skuldugi verður að greiða rúmum 2 millj. meira í gjöld. Árangurinn af þessu er sá, að maðurinn, sem varð fyrir áfallinu, varð að selja annan vörubílinn til að reyna að bjarga sér til lands. Þannig gengur ríkið á menn, sem verða fyrir áföllum, með því að skattleggja áföllin í raun og veru. Menn, sem verða að taka lán, eru ekki farnir að sjá neinn árangur. Þeir hafa engar tekjur af því sem þeir hafa verið að taka lán fyrir.

Við skulum taka sem dæmi: Er réttlætanlegt að bómdi, sem verður fyrir grasleysi og tekur lán úr Bjargráðasjóði eða annars staðar, eigi að greiða skatt af þessum lánum umfram tekjutapið sem verður? Er réttlæti í því t. d. hvað varðar grásleppukarla í landinu, sem eiga nú verulegan hluta af starfi sínu liggjandi í skúrnum víðs vegar um landið, að ríkið ásælist taprekstur þeirra af því þeir hafa orðið að taka lán til að halda sér uppi, að það eigi að halda áfram á þessari braut með framkvæmd 53. gr.?

Eins og ég sagði í upphafi er aðalefni þessa frv. að leggja 53. gr. niður með öllu, og ákvæði er tekið inn til bráðabirgða: Hafi verið lagður tekjuskattur eða önnur opinber gjöld á skattþegn vegna tekjufærslu samkv. 53. gr. á skattaframtölum 1980 og 1981 skal skattstjóri endurreikna gjöld hans miðað við það að tekjufærsla þessi sé felld niður.

Fyrsta spurningin, þegar frv. sem þetta er flutt, er: Hvað tapar ríkissjóður í sköttum, hvað lækka tekjur ríkissjóðs? Það er alltaf sama spurningin, sérstaklega hjá embættismönnum. En það er aldrei spurt: Er verið að leiðrétta það sem er rangt? Er verið að bæta fyrir það sem hefur verið ranglega tekið af fólki? Það er einmitt það sem við eigum að leggja til grundvallar þegar við metum störf okkar þm. Þegar við metum það, sem við höfum áður staðið að, og komumst að þeirri niðurstöðu, að þar hafi verið gengið of langt, þar hafi rangsleitni verið viðhöfð, þá eigum við auðvitað að viðurkenna það með því að breyta slíkum ákvæðum laga í réttlætisátt. (**Forseti:** Á hv. þm. langt eftir?) Nei, örstutt. Ég vil minna á að í umsögn til fjh.- og viðskn. í fyrra segir stjórn Stéttarsambands bænda að hún bendi á að ákvæði 53. gr., sem kveða á um tekjur og gjöld vegna verðbreytinga, leiði til gífurlegs óréttlætis og mismununar milli manna í tekju- og gjaldfærslu. Eins og ákvæðin eru nú sniðin leiða þau til þess, að hinir betur stæðu í þjóðfélaginu hagnast stöðugt, en efnaminna fólk og skuldugt verður hart úti og er gert að greiða veruleg gjöld af tilbúnum tekjum. Þetta á t. d. við um allmarga bændur. Sama gildir

um vinnslustöðvar landbúnaðarins þar sem þeim er gert skylt samkv. samvinnulögum að greiða út allan reiknaðan tekjuafgang. Hér er því um að ræða óréttlæti sem verður tilfinnanlegra með hverju árinu sem líður á meðan ákvæði þessi eru látin standa óbreytt.

Ég reyndi mikið til að fá þessu ákvæði breytt í fyrra. Það þótti þá vera gerðar það miklar breytingar að menn fengust ekki inn á þetta. En þó að ég vitni hér í Stéttarsamband bænda nær þetta óréttlæti til allra annarra höfuðatvinnugreina okkar. Það er verið fyrst og fremst að ráðast á þá sem minna mega sín, en hinir njóta góðs af sem standa betur að vígi.

Ég hygg að álagning skatta sé komin eitthvað yfir 40 millj. nýkr. eða 4000 millj. gkr. Þar er aldrei talað um að breyta um vinnubrögð gera vinnubrögð skattstofanna einfaldari, hætta þeim sparðatíningi sem kemur við hinn almenna framteljanda. Mér er alltaf í fersku minni, og skal ég enda þessi orð mín á því, saga, sem ég heyrði fyrir allmörgum árum, af ekkju í kauptúni úti á landi. Þetta var um það bil sem reykskynjarar voru að koma til sögunnar. Ekkjan bjó í köldu húsi og hafði engar tekjur aðrar en lítil eftirlaun manns síns og eigin eftirlaun og hún lét gera við þetta hús. Það kostaði nokkuð. Hún taldi þetta viðhald til frádráttar á skattskýrslu sinni. Meðal þess, sem hún taldi til frádráttar, var reykskynjari. Þeir voru þá komnir fyrir nokkru. Hin haukfránu augu skattendurskoðandans störðu mjög á þetta orð: „reykskynjari", í framtali ekkjunnar, svo að það var skrifað bréf til gömlu konunnar og spurt: Hvað er reykskynjari? Gamla konan þurfti að fara til kunningja síns til að svara þessum virðulegu embættismönnum og hrökk við að fá þetta bréf, því að hún hafði alltaf talið heiðarlega fram til skatts. Hún fær þennan kunningja sinn til að svara bréfinu. Og enn líður nokkur stund. Þá kemur annað bréf frá yfirvöldunum til ekkjunnar. Var reykskynjari fyrir í húsinu? Aftur verður gamla konan að fara til vinsins og svara því, að enginn reykskynjari hafi verið fyrir í húsinu, þetta hafi verið fyrsti reykskynjarinn sem inn í sitt hús hafi komið. Það líður enn og bíður og enn þá fær ekkjan bréf frá skattyfirvöldunum og þar stóð stutt og laggott: Reykskynjari telst ekki til viðhalds. Þetta er nýtt áhald og er því ekki leyfilegt að draga það frá til skatts. — Það þarf auðvitað ekki að taka það fram, að tekjur ekkjunnar voru svo lágar að hún þurfti ekki að borga neinn tekjuskatt. En má ekki spara í starfi skattstofa í þessu landi?

Ég legg til, herra forseti, að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 50 fundur.

Þriðjudaginn 9. febr., kl. 2 miðdegis.

Öryggismál sjómanna, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Nú að undanförnu sem oft áður hafa átt sér stað allmiklar umræður um öryggismál sjómanna. Félagasamtök og stofnanir hafa látið frá sér heyra um þessi mál og nokkrir þættir þessara mikilsverðu mála verið í sviðsljósi. Hefur þar sérstaklega mátt nefna sjósetningarbúnað fyrir gúmbjörgunarbáta, uppfundinn af Sigmund Jóhannssyni, en þetta atriði var hér til umræðu vegna sérstakrar fsp. hv. þm. Péturs Sigurðssonar í síðustu viku í Sþ. Ber að fagna því, að samkv. fréttum fjölmiðla hefur nú verið gefin út reglugerð um þetta björgunartæki.

40. Fiskiþing samþykkti að tillögu allsherjarnefndar þingsins ályktun í 18 liðum um öryggismál sjómanna. Allir eru þessir þættir mikilsverðir, og veit ég að hv. alþm. hafa kynnt sér þessa samþykkt, því að hún var send þeim öllum frá Fiskiþingi, og vonandi erum við flestir samþykkir því sem þar er lagt til. Eftir lestur þessarar ályktunar taldi ég rétt að fá hér á hv. Alþingi frekari upplýsingar um tvo liði, þ. e. 15. og 18. lið samþykktarinnar.

15. liðurinn hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skorað er á siglingamálastjóra að birta opinberlega efni þeirra reglugerða sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt en íslenska ríkisstj. ekki samþykkt enn sem komið er."

18. liður samþykktarinnar er þannig:

„40. Fiskiþing lýsir óánægju sinni yfir hvað mörg góð mál, sem varða öryggi sjómanna, virðast stranda hjá Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun og hafa oft verið þar í geymslu svo árum skiptir. Fiskiþing telur að Siglingamálastofnun eigi að vera hvetjandi stofnun um öryggismál, en ekki eins og verið hefur, að tillögur um öryggismál sjómanna, sem komið hafa fram frá hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, svo sem útgerðarmönnum og sjómönnum, hafi ekki fengið þá meðferð hjá Siglingamálastofnuninni sem vænta hefði mátt, og skorar á siglingamálastjóra að breyta starfsháttum stofnunar til betri vegar."

Þetta er úr samþykktum Fiskiþings. Ég hef því leyft mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. samgrh.:

„1. Hverjar eru þær tillögur um öryggismál sjómanna, sem um getur í tillögum frá 40. Fiskiþingi og komið hafa frá hagsmunasamtökum í sjávarútvegi, en ekki fengið þá meðferð hjá Siglingamálastofnun sem vænta hefði mátt?

2. Hverjar eru þær reglugerðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt en íslenska ríkisstj. ekki?"

Ég geri ráð fyrir að hæstv. samgrh. muni svara þessum spurningum fyllilega, og ég sé raunverulega ekki ástæðu til þess, að ég þurfi að koma hér upp aftur, nema eitthvað sérstakt komi til, og þakka því fyrirfram svör ráðh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Í raun og veru gætu þessar spurningar hv. þm. gefið tilefni til alllangrar ræðu því að hér er um mjög umfangsmikið mál að ræða. Eins og hann rakti sjálfur á fyrsta spurningin rætur sínar að rekja til samþykktar sem gerð var á síðasta Fiskiþingi.

Síðasta Fiskiþing, það 40., gerði ítarlega samþykkt í 18 liðum um öryggismál sjómanna, og það er 18. liður, þ. e. síðasti liður samþykktarinnar, sem hv. þm. las upp áðan. Ég vil taka það fram, að strax og þetta barst mér í hendur sendi ég það siglingamálastjóra til umsagnar og reyndar urðu síðan nokkur blaðaskrif út af þessu, því að samþykktin var birt í Morgunblaðinu — hún mun hafa birst 27. nóv. Siglingamálastjóri svaraði henni 5. des. og óskaði eftir nánari upplýsingum um það, við hvað væri hér átt, en engin svör hafa enn birst. E. t. v. er átt við eitthvað af því sem á undan er talið, þ. e. af þeim 17

samþykktum sem eru á undan þessari síðustu. Ég hef farið yfir þær og vil leyfa mér að fullyrða að þær séu allar í eðlilegri meðferð.

Hins vegar heyra margar af þessum samþykktum ekki undir Siglingamálastofnun. Ég hef nú ekki tíma til að rekja hverja einstaka hér, en vil þó nefna það, að fyrsta samþykktin er um uppfinningu Sigmunds Jóhannssonar, sem ég ræddi hér á þingi nú fyrir skömmu sem svar við annarri fsp., og eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hefur það mál nú þokast vel á veg. Að vísu er ekki búið að ganga frá reglugerð, en komin tillaga siglingamálastjóra, og ég gaf samstundis fyrirmæli um að sú tillaga yrði send hagsmunaaðilum, eins og ætlið er gert, til þess að þeir fái tækifæri til að gera við hana athugasemdir. Strax að slíkum athugasemdum fengnum, sem ég hygg að taki ekki langan tíma því að mikill áhugi er á þessum björgunarbúnaði, mun ég gefa út reglugerð sem ákveður slíkan björgunarbúnað í íslenskum skipum.

Hér er einnig ein ábending um að gerð verði fullkomin kvikmynd um gúmmíbjörgunarbáta. Þetta hefur út af fyrir sig verið gert, en lengi má bæta í slíka kvikmynd að sjálfsögðu. En ég vil geta þess, að árum saman hefur verið leitað eftir fjármagni til að gera slíkar kvikmyndir og hefur verið heldur drætt með fjárveitingar í þessu skyni. Ég tel að sú mynd, sem hefur verið gerð, sé mjög athyglisverð — ég hef haft tækifæri til að sjá hana — mjög lærdómsrík, og tel að þar hafi vel tekist til með tiltölulega litla fjárveitingu.

Síðan eru hér ýmsar tillögur. Ég nefni nokkrar af handahófi:

Að felld verði niður öll gjöld og tollar af tækjum og öðrum búnaði sem björgunar- og hjálparsveitir nota við björgunarstörf sín. Ég hygg að þetta sé að mestu leyti svo, en ég er að láta athuga við hvað hér muni vera átt.

Síðan er 7. liður, sem krefst meiri löggæslu í sjávarplássum, eða leggur áherslu á að löggæsla verði ekki rýrð. Þetta er auðvitað málefni dómsmrn., og eftir því sem ég best veit hefur þessu verið komið á framfæri við það.

Að færa strax inn á sjókort grynningar og sker sem eru 10 sjómílur vestan við Dyrhólaey. Það eru Sjómælingar Íslands sem eiga að gera það.

Varað er við sjósókn þar sem einn maður er á bát o. s. frv.

Ég er síður en svo að gera lítið úr þessum mörgu samþykktum. Ég hygg að þær séu allar mjög athyglisverðar og sjálfsagt að athuga þær. Hins vegar ber þetta nokkur merki þess, að hér hafi verið safnað saman á einn stað flestu af því sem menn hafa á þinginu talið vera ábótavant í þessu sambandi. Er það út af fyrir sig lofsvert, en það er ekki nema hluti af þessu sem á erindi til siglingamálastjóra eða samgrh. Hins vegar má skilja svo síðustu samþykktina, þ. e. þá 18., að brotalömin sé öll hjá siglingamálastjóra, og því vil ég andmæla. Ég held að það sé alls ekki svo og þeim málum sé sinnt þar eins og frekast er kostur.

Ég veit ekki hvort þetta getur talist svar við fyrstu spurningu hv. þm. Eins og ég sagði má fara miklu fleiri orðum um hvern einstakan lið. En ég endurtek að ég hef látið athuga og það hefur verið rætt við siglingamálastjóra hvort einhver af þessum liðum sé þannig staddur, að það megi telja ámælisvert að honum hafi ekki verið sinnt, og ég hef verið fullvissaður um að svo sé ekki. En jafnframt eru þarna margir liðir sem alls ekki heyra undir siglingamálastjóra.

Í öðru lagi er spurt: Hverjar eru þær reglugerðir sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt en íslenska ríkisstj. ekki? Ég hef fengið lista sem er mjög langur, töluvert lengri en sá sem ég las upp úr áðan. Þessi listi er 13 síður og ekki gerlegt að lesa hann hér allan. Ég hef hins vegar látið fara yfir þennan lista yfir samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og athuga hverju hefur ekki verið framfylgt hér. En áður en ég kem að því, vil ég geta þess, að farið hafa fram viðræður á milli ráðuneyta og sérfróðra manna á þessu sviði í því skyni að reyna að ákveða hvernig fara eigi með þessar alþjóðlegu samþykktir. Það er satt að segja gífurlega mikið verk að þýða þær frá orði til orðs. Mikið af því efni eru skýringar við jafnvel fáorða samþykkt, og það verður að segja eins og er, að sumu af þessu fylgir ákaflega mikill kostnaður.

Niðurstaðan af fundum, sem haldnir voru 15. og 16. júlí í fyrra að minni ósk um þessi mál, þar sem um fjölluðu bæði menn frá dómsmrn. og utanrrn. ásamt siglingamálastjóra og manni frá samgrn., varð sú, að mjög mörgum þessum samþykktum sé unnt að fullnægja með breytingum á gildandi reglugerðum án þess að leggja að nýju beinlínis fyrir Alþingi. Ef Alþingi hefur samþykkt í grundvallaratriðum þá alþjóðlegu samþykkt sem hér er um að ræða, þá sé í mörgum tilfellum um að ræða tiltölulega litlar breytingar. Hins vegar þurfi í öðrum tilfellum að sjálfsögðu að leggja slíkan samning í heild sinni fyrir Alþingi. Þarna ræður t. d. hvort íslensk lög eru þegar þannig úr garði gerð að þau heimila viðkomandi viðbætur í reglugerð o. þ. h.

Þegar þannig er farið yfir þennan langa lista telur samgrn. — og mér sýnist það á rökum reist — að langsamlega flestum þessum samþykktum hafi verið framfylgt með slíkum breytingum á reglugerðum. Þó eru hér fáein atriði sem ekki hafa hlotið nauðsynlega meðferð, m. a. sú samþykkt sem hefur verið rædd hér áður, þ. e. Solar — 1974. Hér er um mjög mikinn bálk að ræða. Farið hefur verið fram á oftar en einu sinni sérstaka fjárveitingu til að þýða þennan mikla bálk og leggja síðan sem slíkan allan fyrir Alþingi. Þessari beiðni hefur alltaf verið hafnað, bæði hjá hv. fjvn. og sömuleiðis þegar leitað hefur verið til fjmrn. með það. Niðurstaðan varð síðan sú, að það ætti að vera unnt að afgreiða þessa miklu samþykkt án þess að þýða hana orði til orðs, þ. e. með þeirri aðferð sem ég ræddi um áðan, og þó að leggja þurfi fyrir Alþingi, þá sé hægt að vísa í eldri samþykktir í því sambandi. Um þetta hefur verið fjallað í rn. ásamt utanrrn. og siglingamálastjóra og undirbúning að því að afgreiða þessa samþykkt frá 1974 er nú mjög langt á veg komið. Vona ég að mjög fljótlega verði unnt að ljúka því máli. Og ég vil leggja á það áherslu, að það er mjög mikilvægt að þetta mál komist sem snarast í höfn.

Hins vegar eru hér ýmsar minni háttar samþykktir eða breytingar sem koma okkur ákaflega lítið við og Siglingamálastofnun hefur ekki talið nauðsynlegt að taka hér upp í reglur, þær eigi ekki við hér. Er þetta allt saman merkt inn á þennan langa lista, sem ég er hérna með og hv. fyrirspyrjandi er velkomið að fá aðgang að, en ég hygg að hv. fyrirspyrjandi sé fyrst og fremst með þessa samþykkt frá 1974 í huga.

Í því sambandi er einnig að geta þess, að í janúar var fundur í Alþjóðasiglingamálastofnun. Þar sat fulltrúi okkar ekki. Nú er verið að reyna að spara í utanferðum og fleiru. Hins vegar eru samþykktir fljótlega væntan-

legar og mun þá Siglingamálastofnun taka þær til athugunar og sömuleiðis hvaða breytingar þarf að gera hér í því sambandi, sem við gerum ráð fyrir að séu ýmsar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst af svari hæstv. ráðh. að með þeim upplýsingum, sem hann hefur boðið þm. hér aðgang að, sé að nokkru leyti komið svar við annarri fsp. sem hefur verið lögð hér fram og er einmitt á þskj. sem útbýtt var í dag. Ég ætlaði ekki að ræða það, heldur ætlaði ég að vekja athygli hv. þm. á þeim orðum hæstv. ráðh., að ekki hafi verið hægt að gera fræðslumynd langtímum saman um sjósetningu gúmbjörgunarbáta vegna fjárskorts. Mér er kunnugt um það, að þá ágætu mynd, sem gerð hefur verið, var ekki hægt að gera fyrr en eitt af stéttarfélögum sjómanna, Vélstjórafélag Íslands, lagði fram stórfé til þess að það yrði gert.

Ég þykist vita að þó að eitthvað sé gert hér í sambandi við umferðina á götum borgarinnar, svo sem að setja upp umferðarljós eða önnur aðvörunarmerki, þá verði þegnar borgarinnar, hvorki bankastjóri Seðlabankans, Jóhannes Nordal, né Davíð Scheving né aðrir slíkir rukkaðir um það sérstaklega. Því síður á að rukka sjómannastéttina fyrir nauðsynlegan öryggisbúnað og varnir gegn slysum, sem þjóðfélagið — eða þeir ráðamenn í þjóðfélaginu sem eru valdir til þess, eru sammála um að þurfi að gera til þess að fyrirbyggja þau allt of tíðu slys sem þar koma fyrir.

Að sjálfsögðu hlýtur þessi mynd að verða betrumbætt þegar reglugerð verður sett um sleppibúnaðinn sem Sigmund Jóhannsson hefur hannað. Það er auðvitað alrangt, sem mátti skilja í fréttum Ríkisútvarpsins af fsp.-tíma hér um daginn, að það væri nánast beðið eftir að slys yrði til þess að fá reynslu á þann búnað. Það hefur aldrei komið fram frá Siglingamálastofnuninni að það þyrfti að bíða eftir því, heldur ætti að fylgjast með uppsetningu þessa búnaðar í ýmsar stærðir og gerðir fiskiskipa í Vestmannaeyjum. Eftir því hefur verið beðið, en hins vegar ekki eftir því að slys yrði.

Ég vek athygli á því, að þegar reglugerð hefur verið sett um þann sleppibúnað þarf að endurskoða og lagfæra þessa mynd, bæta inn í hana, og það þarf að taka hana á myndbönd og fjölfalda þau, vegna þess að í öllum stærri fiskiskipum eru nú myndsegulbönd. Ég get ekki mælt með því, að þetta sé gert án þess að ríkið hlutist til um það. Ég hef barist gegn því, að verið væri að stuðla að þeim verndaða þjófnaði á myndböndum sem hefur verið látinn viðgangast hér á Íslandi allt of lengi.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans og ég felli mig mjög vel við svar hans við 2. lið spurningar minnar. En í sambandi við fyrri liðinn finnst mér að svarið hafi verið svolítið langt frá því sem ég bjóst við að kæmi fram. Því miður hef ég ekki fylgst með skrifum siglingamálastjóra í sambandi við samþykktir Fiskiþings og veit því ekki hvað hann hefur upplýst í þeirri grein sinni, en mér finnst þögn þeirra Fiskifélagsmanna, það að þeir svara ekki þeirri grein, benda ótvírætt til þess, að þeir telji ekki æskilegt að þetta sé rætt á þeim vettvangi. Þess vegna hefði verið æskilegt að komið hefðu greinilegri svör við þessari spurningu eða 18. lið samþykktar Fiskiþings hér á hv. Alþingi. Mér finnst samþykktin vera þannig að hún sé alls ekki að vísa fram fyrir sig, hún sé alls ekki að benda á þá liði sem Fiskiþing nefnir á undan þessari samþykkt, heldur sé hún ábending á önnur mál sem liggja hjá þeim stofnunum sem þarna eru nefndar.

En það, sem manni finnst kannske alvarlegast þegar þessi samþykkt er lesin, er sá tónn sem kemur fram í samþykktinni, sérstaklega í þessu atriði, sem sé að ekki sé reglulegur trúnaður á milli þessara aðila, þ. e. þessara samtaka og Siglingamálastofnunar. Ef það er rétt, þá er mjög æskilegt að úr því verði bætt. Ég held að það sé ekki lausnin að fara með þessa umræðu inn á vettvang dagblaðanna. Upplýsingar um þessi mál hefði verið mjög æskilegt að fá hér, og ég vænti þess, að sú litla umræða, sem hér hefur átt sér stað, geti ýtt við og orðið þess valdandi, að umræður fari fram á milli þessara stofnana, þ. e. Siglingamálastofnunar ríkisins og þeirra aðila sem þetta snertir mest.

Ég vil aðeins benda á það til viðbótar, að um svipað leyti og Fiskiþing hélt sinn fund var Farmanna- og fiskimannasambandið á fundum og það sendi frá sér 32 samþykktir um öryggismál sjómanna. Það er því greinilegt að á þessum vettvangi er mikið verk óunnið og kannske aðallega í því að byggja upp fullan trúnað á milli þeirra aðila sem eru að vinna að þessum málum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 1. landsk. þm. þær ábendingar, sem hann kom að hér, og tek undir það með honum, að það er ansi þungt að þurfa að þola það, þegar leitað er eftir fjárveitingum í slíku skyni, hve stirðlega gengur. Það verður að segjast eins og er. Svo var t. d. í sambandi við gerð þeirrar ágætu kvikmyndar sem minnst var á. Það er rétt sem hv. þm. sagði, að sjómannasamtökin hlupu þar undir bagga, annars væri myndin ekki gerð.

Ég vil geta þess, að ég setti í gang athugun á skipulagi Siglingamálastofnunar og einnig í því sambandi á Sjóslysanefnd. Hef ég fengið um það töluverða skýrslu sem ég er ekki alveg ásáttur með, en mun halda áfram þeirri endurskoðun, fyrst og fremst með það í huga, að öryggismála sé gætt til hins ítrasta.

Hv. fyrirspyrjanda þótti svar mitt við fyrstu spurningunni ekki fullnægjandi. Ég get út af fyrir sig ekki áfellst hann fyrir það. Það stafar bara af því, að ég gat ekki fundið nein ákveðin dæmi sem þessi síðasti liður í samþykkt Fiskiþings byggist á. Um það má stöðugt deila hve lengi öryggisbúnaður eins og þessi merki sleppibúnaður, sem við höfum oft talað um, á að vera til athugunar. Mér er ljóst að ýmsum, m. a. sumum sem að þessum samþykktum standa, hefur þótt það taka allt of langan tíma að lögbinda þennan búnað. En ég ræddi hér um daginn hvers vegna talið hafi verið nauðsynlegt að fara svona í þau mál.

Ég skal nú fara aðeins nánar yfir þetta.

2. liður samþykktar Fiskiþings er: „Yfirbyggðir björgunarbátar verði lögskipaðir á öll íslensk flutningaskip." Þetta hefur verið til meðferðar og umræðu og tengist þeim alþjóðlegu samþykktum sem verið er að vinna í.

Síðan segir í 3. lið: „Komið verði með lögum skyndiskoðun á skipum. Undir þessa skoðun heyri öryggisbúnaður" o. s. frv. Ég hafði ekki frétt um þessa hugmynd áður og mér finnst sjálfsagt að athuga hana, en ég er viss um að slík lagasetning þarf töluverðan undirbúning. Þetta mun verða athugað.

4. liður er um kvikmyndina sem hefur verið gerð og við höfum fjallað um og þarf náttúrlega að endurbæta eftir því sem endurbætur verða í öryggismálum. Ég held að

það mál sé á góðri leið.

5. liður: „Að brýnt verði fyrir skipstjórnarmönnum að koma með skipshafnir sínar á þá staði, sem gúmmíbjörgunarbátar eru skoðaðir, og kynna þeim þar búnað þeirra og mikilvægi.“ Þetta getur varla átt við siglingamálastjóra. Eins og fram kemur á þetta við skipstjórnarmenn.

Ég rakti áðan nokkra liði: 6., 7., 8. og 9., sem varla eiga beint við siglingamálastjóra: Að fella niður gjöld og tolla af tækjum og að stjórn Fiskifélags Íslands beiti sér fyrir því við stjórnvöld, að löggæsla í sjávarplássum verði ekki rýrð o. s. frv. Varað er við sjósókn þar sem einn maður er á bát. Þetta á varla við siglingamálastjóra. Þetta er viðvörun sem er góðra gjalda verð.

10. liður: „Að lögskipa skuli að hástokkur og þak á stýrishúsi smábáta verði málað í orange-gulum lit. Þetta á líklega að vera: appelsínugulum lit. Um þetta hefur verið fjallað. Mönnum sýnist þetta góð ábending og verður tekið til athugunar, einnig endurskinsmerki og þess háttar hlutir.

Þá er það 11. liður: „Að skora á samgrh. að gera eins fljótt og frekast er hægt hina nýju vitanefnd starfhæfa.“ Það hefur verið gert. Það eru nokkrar vikur síðan og hún hefur haldið nokkra fundi. Hins vegar fór ég fram á að starfsmaður fengist fyrir þessa vitanefnd, eins og lögin gera ráð fyrir, en því var hafnað og fékkst ekki gegnum fjmrn. í meðferð fjárlagafrv. Þar er því dálítið gat á, en vitanefndin hefur, að því er ég best veit, þegar hafið starfsemi af töluverðum krafti.

12. „Að minna á að ekki er enn kominn renniloki á alla skuttogara í netarennunni.“ Þetta er verðug ábending og hefur að sjálfsögðu verið komið á framfæri. Verður reynt að fylgjast með því eins og kostur er.

Síðan er 13. liður: „Enn minnir Fiskiþing á þann vanda sem er við að komast að og frá borði á bátum og skipum í ýmsum höfnum landsins. Enn fremur telur þingið að stórauka þurfi gæslu margra hafnarsvæða þar sem erfiðast er í þessum málum.“ Þetta á fyrst og fremst við Vita- og hafnamálastofnunina ef vantar stiga og þess háttar til að komast að og frá bátum. Þessu mun ekki enn hafa verið komið þar á framfæri, en það verður gert.

Í 14. lið er tillaga um að setja ljós á öll björgunarbelti. Mér hafði ekki verið kunnugt um þessa hugmynd áður, en henni hefur sömuleiðis verið komið á framfæri.

Síðan kemur 15. liður. Þar er skorað á siglingamálastjóra að birta opinberlega efni þeirra reglugerða sem Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur samþykkt. Um þetta fjallaði ég áðan. Ég held að það sé nánast ógerlegt, enda misskilningur, að birta hverja þá samþykkt og skýringar, ef við það er átt, sem þarna fara í gegn, því að þetta er svo gífurlega mikill bálkur að ég held að það bara rugli menn. Ég held að skárra sé, eins og ákveðið var eftir þann fund sem ég gat um áðan, að endurbæta þær reglugerðir sem eru í gildi. Hins vegar kann að vera að slíkar breytingar hafi ekki verið kynntar nægilega vel. Sjálfsagt er að gera á því bragarbót.

16. liður er um að banna nú þegar að neyðarsendar, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu Póst- og símamálastofnunar, verði settir í gúmbjörgunarbáta. Um þetta hefur mjög mikið verið fjallað aftur og aftur og reynt að finna lausn á því máli. Ég get glatt hv. fyrirspyrjanda með því, að þetta mál er nú fram gengið. Ég hygg að um það sé orðið samkomulag, hvernig því verður háttað. Búið er að ganga frá gífurlega mikilli reglugerð um fjarskipti þar sem m. a. er um þetta fjallað. Staðið hefur á því, að ekki hafa verið til sendar sem fullnægt hafa þeim reglum sem settar eru. Því var talið skárra að leyfa til bráðabirgða senda sem ekki voru að öllu leyti fullnægjandi, sem senda aðeins á annarri bylgjunni — þó á þeirri sem langmikilvægust er — á meðan ekki var fenginn fullnægjandi sendir. Nú er fenginn sendir sem fullnægir öllum kröfum, og þá er ákveðið að veita þeim, sem eru með eldri sendana nokkurn aðlögunartíma. Þeir fá að nota þá út þeirra endingartíma.

Hitt er svo umdeilt, hvort báðar þessar tíðnir eru nauðsynlegar. Ég gæti reyndar haft um það langt mál því fjallað hefur verið um þetta fram og aftur og leitað leiða til að fullnægja ströngum ákvæðum reglugerðar, sem mun vera nánast einsdæmi hjá siglingaþjóðum. Við erum þarna brautryðjendur að þessu leyti.

Hitt er svo annað mál sem kemur fram í 17. lið, sem fjallar um gervihnattakerfi, að þar er um framtíðarþróun að ræða og gefur fyrst og fremst til kynna hve örar breytingar eru á þessu sviði. Ég hef fengið upplýsingar frá Pósti og síma um að fylgst er mjög vel með því sem er að gerast. Reyndar get ég bætt við einni bylgjulengdinni enn sem er til athugunar núna. Mig minnir að það sé 406 MHz, sem kann að bætast við þetta gervitunglakerfi sem er mjög athyglisvert. En ég hygg að menn telji nú að í það séu nokkur ár að það verði fullkomnað, en með því er fylgst.

Ég vona þá að ég hafi bætt ráð mitt eitthvað, en endurtek að ég hef út af fyrir sig ekki séð að um neina vanrækslu sé að ræða, en um ýmislegt til viðbótar er að ræða sem svo sannarlega verður athugað.

Afstaða ríkisstjórnarinnar til einræðisstjórnarinnar í Tyrklandi, fsp. (þskj. 278). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Á þskj. 278 hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar:

„Hefur íslenska ríkisstjórnin beitt áhrifum sínum innan Atlantshafsbandalagsins til þess að mótmæla einræðisstjórn og mannréttindabrotum í öðru bandalagsríki, Tyrklandi?“

Í sept. 1980 gerðu herforingjar í Tyrklandi byltingu, afnámu lýðræði og mannréttindi. Að sönnu höfðu áður verið margháttaðir erfiðleikar í Tyrklandi, bæði í efnahagsmálum og mannvíg tíð vegna pólitískra átaka í landinu. Hins vegar hefur hið rétta eðli herforingjastjórnarinnar í Tyrklandi verið æ betur að koma í ljós. Andstæðingar herforingjastjórnarinnar hafa setið mánuðum saman í fangelsum sem og forustumenn í verkalýðsfélögum. Frjálsir fjölmiðlar hafa verið brotnir á bak aftur. Mannréttindi í Tyrklandi eru fótum troðin og nú upp á síðkastið hafa verið að berast upplýsingar, m. a. á vegum Amnesty International, um hroðalegar pyntingar í tyrkneskum fangelsum.

En lýðræði er annað og meira en réttur til að kjósa þjóðþing á nokkurra ára fresti. Lýðræði er nátengt hugmyndum um mannréttindi, að fólk sé ekki lokað inni vegna skoðana sinna, að fólk sé ekki tekið af lífi vegna skoðana sinna og að fólk sæti ekki pyntingum. Ljóst er að öll slík lögmál hafa verið brotin af einræðisstjórninni í Tyrklandi.

Þetta mál er okkur skylt, m. a. vegna þess að við erum í varnarbandalagi ásamt með Tyrklandi, Atlantshafs-

bandalaginu. Atlantshafsbandalagið er stofnað sem varnarbandalag gegn einræðisríkjum. Árum saman liðu stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins í norðurálfu vegna einræðisríkja sem í því voru, einkum var einræði í Portúgal og um hríð í Grikklandi. Stjórnarfar í þeim löndum eins og það var er svartur blettur á sögu Atlantshafsbandalagsins. Nú er sú saga því miður að endurtaka sig að hluta, hversu lengi sem það varir.

Það gæti verið komið undir viðbrögðum bandalagsríkja Tyrklands hversu lengi ógnarstjórn varir þar í landi. Það er augljóst, að einræðisstjórnin í Tyrklandi óttast rödd hins frjálsa umheims. Þess vegna á sú rödd að heyrast. Atlantshafsbandalagið á ekki aðeins að vera bróstvörn gegn rauðu einræði, heldur gegn öllu einræði.

Ljóst er að nú situr í Bandaríkjunum ríkisstjórn sem um margt hefur furðulega og ósæmilega tviátta afstöðu til lýðréttinda og mannréttinda í umheiminum. Stefna hennar má ekki vera stefna íslensku ríkisstjórnarinnar. Íslenska ríkisstjórnin á, þar sem hún hefur tækifæri til og þá ekki síst á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, að gera umheiminum ljóst að hún er mótfallin því tvöfalda siðferði sem felst í því að vera í samfloti við einræðisríki til að vinna gegn einræði. Atlantshafsbandalagið getur einmitt verið vettvangur til þess að gera umheiminum slíkar skoðanir ljósar, og þess vegna, herra forseti, er spurt: Hefur íslenska ríkisstjórnin beitt áhrifum sínum innan Atlantshafsbandalagsins til þess að mótmæla einræðisstjórn og mannréttindabrotum í öðru bandalagsríki, Tyrklandi?

Í þessari fsp. er sérstaklega spurt um afstöðu ríkisstj. til ástandsins í Tyrklandi á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Vegir Íslands og Tyrklands liggja auðvitað víðar saman, en það skiptir máli að á vettvangi Atlantshafsbandalagsins séu okkar skoðanir mjög ljósar í þessum efnum, og þess vegna er hæstv. utanrrh. spurður.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur beint til mín svohljóðandi fyrirspurn:

„Hefur íslenska ríkisstjórnin beitt áhrifum sínum innan Atlantshagsbandalagsins til þess að mótmæla einræðisstjórn og mannréttindabrotum í öðru bandalagsríki, Tyrklandi?"

Ég vek athygli á að spurning þessi er einskorðuð við NATO, þ. e. hvort íslenska ríkisstjórnin hafi beitt áhrifum sínum innan NATO til þess að mótmæla því sem þar greinir. Svarið við þessari spurningu er nei. Það hefur Ísland ekki gert. Það hafa aðrar bandalagsþjóðir ekki heldur gert. Atlantshafsbandalagið er stofnað til varnar gegn utanaðkomandi ógnun. Innanríkismál einstakra bandalagsríkja verða vart tekin til formlegrar meðferðar þar gegn vilja þess ríkis sem í hlut á, enda gildir innan bandalagsins reglan um „consensus" eða samþykktir allra við ákvörðunum bandalagsins. Þrátt fyrir þetta er að sjálfsögðu fylgst með gangi mála í Tyrklandi og skoðanir látnar í ljós óformlega. En það er ekki hægt að segja að ríki hafi beitt áhrifum sínum innan bandalagsins í þá átt sem í fsp. er rætt um.

Þetta svar verður að nægja varðandi Atlantshafsbandalagið. En því má svo bæta við, að bandalagsþjóðirnar og auðvitað aðrar þjóðir geta beitt áhrifum sínum með ýmsum hætti á öðrum vettvangi, bæði einstaklega og í fjölþjóðlegum samtökum eða stofnunum sem flest NATO-ríkin eiga aðild að. Evrópuráðið er t. d. og hefur verið vettvangur fyrir umræður um ástandið í Tyrklandi, og þar eru skoðanir settar fram á formlegri hátt og þrýstingi beitt við tyrknesk stjórnvöld til að fá þau til að hverfa sem fyrst til lýðræðislegra stjórnarhátta og ekki síður að láta af fangelsunum stjórnmálamanna og verkalýðsleiðtoga.

28. jan. s. l. samþykkti þing Evrópuráðsins ályktun þar sem brot á mannréttindum voru fordæmd og ýmsum áskorunum var beint til tyrknesku ríkisstjórnarinnar, svo sem að fellt væri úr gildi bann við stjórnmálaflokkum, ritskoðun afnumin, pyntingum væri ekki beitt o. s. frv. Loks var í þessari ályktun beint til aðildarríkja að þau gripu til þess ráðs að kæra Tyrkland fyrir Mannréttindanefnd Evrópu. Ályktun þessi er svipuð þeirri sem gerð var í málefnum Grikklands í júní 1967. Með hliðsjón af þessari ályktun hafa nokkur ríki tekið til athugunar hvort þau ættu að kæra Tyrkland fyrir Mannréttindanefndinni. Niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Geta má þess einnig, að Evrópuþingið, þ. e. þing bandalagsríkja Efnahagsbandalagsins, samþykkti 22. jan. ályktun þar sem herforingjastjórnin í Tyrklandi var fordæmd, umboð þingmanna í samstarfsnefnd EBE og Tyrklands var ekki framlengt, lagt til að fjárhagsaðstoð EBE við Tyrkland yrði frestað og að 52 verkalýðsleiðtogar yrðu látnir lausir úr fangelsum Tyrklands. Þessi ályktun var samþykkt, en að vísu með litlum atkvæðamun.

Mér er ekki kunnugt um hvort málefni Tyrklands hafa verið til umfjöllunar í þingmannasamtökum NATO, en af sjálfu leiðir að Tyrkir munu nú ekki eiga þar fulltrúa þar sem engir þingmenn eru eins og stendur í Tyrklandi.

Hversu mikil áhrif erlend ríki hafa haft á herforingjastjórnina í Tyrklandi er ekki gott að segja, en í áramótaræðu leiðtoga hennar, Kenan Evren hershöfðingja, sagði að tillögur ráðgjafarþingsins, sem sett var á fót til að gera breytingar á stjórnarskránni, yrðu væntanlega lagðar undir þjóðaratkvæði í nóvember og almennar kosningar yrðu síðan haldnar haustið 1983 eða í síðasta lagi vorið 1984.

Ég tel ekki rétt að fara nánar út í þessi mál í fyrirspurnatíma, en að sjálfsögðu mætti margt fleira um þau segja. Ég læt þess aðeins getið, að mál þessi hafa verið nokkuð rædd í utanrmn. og ríkisstj. nýlega.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Eins og fram kom í svari hæstv. utanrrh. samþykkti þing Evrópuráðsins 28. jan. ítarlega ályktun um málefni Tyrklands. Meginkjarni þeirrar ályktunar er að herforingjastjórnin í Tyrklandi er fordæmd fyrir að banna starfsemi stjórnmálaflokka, banna starfsemi verkalýðsfélaga, banna frjálsa fjölmiðla, setja hömlur á starfsemi háskóla, láta pyntingar viðgangast í fangelsum og á annan hátt skerða þau grundvallarréttindi sem talin eru kjarni í samtökum lýðræðisríkja. Á þingi Evrópuráðsins var nokkur hópur manna sem vildi nú þegar ganga svo langt að vísa Tyrklandi úr Evrópuráðinu eða réttara sagt fara þá leið að vekja athygli ráðherra ráðsins á því, að hefja ætti undirbúning að brottför Tyrklands úr ráðinu. Ég og ýmsir aðrir vorum þeirrar skoðunar, að það væri fyllilega tímabært að vinna að slíku. Hins vegar myndaðist meiri hluti þm. á þinginu sem að svo komnu máli vildi liggja höfuðáherslu á leið sem annars vegar fól í sér skýra fordæmingu á stjórnarfarinu í Tyrklandi og hins vegar bein tilmæli til ríkisstjórna Evrópuráðsins að stefna herforingjastjórninni í Tyrklandi fyrir víðtækt brot á mannréttindaákvæðum Evrópuríkjanna og vinna þannig að

því að herforingjastjórnin stæði annaðhvort fyrir máli sínu fyrir Mannréttindanefndinni eða drægi sig til baka úr störfum samtakanna ella.

Ég vil láta það koma hér fram, herra forseti, að á fundi utanrmn. s. l. mánudag lagði ég fram drög að tillögu, sem utanrmn. legði fyrir Alþingi, þar sem lýst er yfir stuðningi við þessa ályktun Evrópuráðsþingsins og jafnframt að Alþingi lýsti yfir að íslensk stjórnvöld ættu að hafa samvinnu við aðrar ríkisstjórnir Evrópuráðsins um undirbúning þessarar kæru. Ég hefði vænst þess að utanrmn. gæti náð samstöðu um till. sem efnislega væri í þessa veru. Formaður nefndarinnar hefur tjáð mér að það verði fundur í nefndinni á mánudaginn kemur þar sem þetta mál verður væntanlega afgreitt. Væri mjög æskilegt að Alþingi gæti þá sameinast um að lýsa yfir stuðningi við þessa ályktun og fordæma þannig herforingjastjórnina í Tyrklandi og gefa ríkisstjórn Íslands umboð til að taka þátt í undirbúningi þessarar kæru. Mér er kunnugt um að þegar hefur komið fram vilji frá ríkisstjórnum annarra Evrópuráðsríkja um að ríkisstjórn Íslands hafi samvinnu við þær ríkisstjórnir um þessa kæru.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Að sjálfsögðu skiptir meginmáli fyrir Atlantshafsbandalagið hver þróun innanríkisstjórnar í bandalagslöndunum reynist verða. Bandalagið hefur frá upphafi átt við erfiðleika að etja í Suður-Evrópu, en sem betur fer hefur þróunin í Portúgal og Grikklandi á síðustu tímum verið jákvæð, stefnt í átt til aukins lýðræðis. Á sama tíma hefur stefnt í öfuga átt í Tyrklandi og herforingjastjórn, sem þar greip völdin, hefur fært sig upp á skaftið. Er stjórnarfar þar nú með þeim endemum að ekki verður við unað, og er óhugsandi annað en hin voldugri Atlantshafsbandalagsríki reyni að beita sér fyrir breytingum á þessu þó að það verði ekki gert með formlegum samþykktum í NATO.

Þingmannasamtökum Atlantshafsbandalagsins eru mál hins vegar annars eðlis. Þar voru málefni Tyrklands tekin upp strax og núv. ríkisstj. hafði brotist til valda. Var þá þegar samþykkt að veita Tyrkjum aðeins eins árs frest til að gera á þessu breytingar og þetta eina ár fengju þeir að sitja áfram í þingmannasambandinu. Þetta ár er liðið og Tyrkir eru nú ekki aðilar að þingmannasambandinu, en munu sækja þar fundi sem réttlausir áheyrnarfulltrúar.

Ástandið í Tyrklandi er orðið mjög alvarlegt. Má geta þess, að nú eru aðeins fáir dagar síðan leiðtoga annars höfuðflokksins þar í landi, Ecevit, var sleppt úr fangelsi þar sem hann hafði verið hafður í haldi um nokkurn tíma, en fyrst eftir byltingu herforingjastjórnarinnar hafði hann verið í stofufangelsi. Um það hvað gerist með aðra fanga á bak við veggi fangelsanna þarf ég ekki að fjölyrða.

Ég vil að lokum nefna að Evrópuráðið er allt annars eðlis og þar er sjálfgert að taka upp mannréttindamál.

Ég vil staðfesta að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti á síðasta fundi utanrmn. till. um að Alþingi taki undir samþykkt Evrópuráðsþingsins í þessum efnum. Ég lýsti fyrir hönd Alþfl. stuðningi við þann málstað og tel rétt að Alþingi taki undir þessa samþykkt Evrópuráðsins.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er staðreynd, að í Tyrklandi hefur lýðræði verið afnumið, og það er ekkert ofsagt í því sem hv. 4. þm. Reykv. og hv. 11. þm. Reykv. hafa sagt hér um ástandið í því landi.

Hér hefur borist í tal afstaða eða viðbrögð Evrópuráðsins, sem mér er nokkuð kunnugt um, til þessa máls. Það er rétt að það komi hér fram, að það var ekki einungis 28. jan. s. l. sem Evrópuráðið gerði samþykkt sem fordæmdi ástandið í Tyrklandi, heldur gerði Evrópuráðið það þegar eftir byltinguna þar í landi og hefur gert það nokkrum sinnum á þingum sínum og krafist þess, að breytt yrði til betri vegar.

Annað mál er það, að strax eftir að þessi voveiflegu tíðindi gerðust í Tyrklandi greindi menn í Evrópuráðinu á um hvernig ætti að bregðast við með tilliti til þess, hvort ætti að reka Tyrkland úr Evrópuráðinu eða ekki. Annars vegar voru þeir, sem vildu strax reka Tyrkland úr Evrópuráðinu, hins vegar voru þeir, sem vildu fara gætilega með það í huga að það væri meiri von til þess að aðilar að Evrópuráðinu gætu haft áhrif á þróunina í Tyrklandi ef Tyrkir væru áfram í ráðinu. Þessi stefna hefur orðið ofan á í Evrópuráðinu og mikill meiri hluti hefur fylgt þessari afstöðu. Síðasta samþykkt, sem gerð var í Evrópuráðinu, var harðorðust í garð Tyrkja og er ekki nema gott um það að segja.

Hv. 11. þm. Reykv. hefur lýst því yfir í þessum umr., að hann hafi hug á að bera fram till. hér á Alþingi sem lýsi yfir stuðningi við samþykkt Evrópuráðsins frá 28. jan. s. l. Það eru margar góðar samþykktir sem Evrópuráðið hefur gert á starfsferli sínum, en ég minnist þess ekki að Alþingi Íslendinga hafi samþykkt ályktun um stuðning við þessar samþykktir þó að margar hverjar séu jafnþýðingarmiklar og samþykktin frá 28. janúar. Hins vegar þykir mér eðlilegt, ef þessi till. kemur fram, að utanrmn. athugi málið. Ég hygg að það þurfi að taka nokkurt tillit í þessu efni til viðbragða annarra þjóða.

Ég vil aðeins, herra forseti, að lokum láta þess getið, að þetta er ekki í fyrsta sinn sem Tyrklandsmálin eru rædd á hv. Alþingi. Á síðasta þingi, í umr.um skýrslu utanrrh., ræddi ég ítarlega um Tyrklandsmálin og lýsti ástandinu þar. Ég lauk máli mínu þá með þessum orðum, sem ég vil endurtaka, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel fyrir mitt leyti að varast beri að gera nokkuð sem getur torveldað endurreisn lýðræðis í Tyrklandi, því sé ekki rétt að rasa um ráð fram um að vísa Tyrklandi úr Evrópuráðinu. Hins vegar er það mín skoðun, að ekki sé útilokað að til þess ráðs verði að grípa, og svo kann að fara að það verði á næstunni gert út um hvort til þess kemur."

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég átti sæti ásamt hv. 11. þm. Reykv. á þessu Evrópuráðsþingi sem varamaður hv. þm. sem var að ljúka máli sínu.

Það er að sjálfsögðu útilokað að ræða þetta mál til nokkurrar hlítar í fsp.-tíma, en ég get tekið undir mikið af því sem hér hefur verið sagt. Reyndar ræddum við þetta oft á þinginu, ég og hv. 11. þm. Reykv., og vorum sammála um fordæmingu á öllu því illa sem í Tyrklandi hefur gerst. Hins vegar greindi okkur á, eins og reyndar kom fram á þinginu sjálfu, um hve langt ætti að ganga að þessu sinni. Ég átti sæti í stjórnmálanefndinni og þar voru mjög tíðir fundir. Það voru þrjú aðalmál þar: Það var þetta mál, Póllandsmálið og svokallað Ísraels- eða Jerúsalemsmál, sem kom upp seint á þinginu. Voru mjög tíðir og langir fundir í þessari nefnd um þetta mál. Samstaða varð um afgreiðslu málsins úr nefndinni. Má leggja það þannig fyrir þótt menn greindi á innan nefndar. Þannig

stóðu margir okkar að sem sátu fundina. Við vildum fylgja því. Þannig var afstaða fulltrúa hinna Norðurlandaþjóðanna, en ég talaði við formenn sendinefnda þeirra, að það ætti að standa að þeirri ályktun sem reyndar var samþykkt að lokum með litlum breytingum. Ágreiningur var um hvort ætti að reka Tyrki skilyrðislaust strax eða hvort ætti að setja þeim tímabundið síðustu skilyrði til að ráða bót á þessum málum sínum, því það þykir nokkuð sannað að átt hafi sér stað hjá þeim bæði pyntingar og annað sem ekki getur á nokkurn hátt fallið undir þau skilyrði um mannréttindi sem Evrópuráðið leggur á sínar aðildarþjóðir.

Við skulum samt ekki gleyma því, að á fundum stjórnmálanefndarinnar komu fram skýrslur frá nefnd sem Evrópuráðið hafði sent til Tyrklands til að kynna sér málið. Formaður þeirrar nefndar var formaður stjórnmálanefndarinnar. Urwin, þingmaður Verkamannaflokksins í Bretlandi, mjög þekktur og vel látinn maður þar í landi sem og í Evrópuráðinu. Það var sama úr hvaða pólitísku flokkum þeir komu eða frá hvaða landi þeir komu, þeir sem fóru þessa ferð voru nær allir sammála um að það ætti að beita öllum þeim þrýstingi sem hægt væri til að halda Tyrklandi innan Evrópuráðsins.

Lengi má að sjálfsögðu deigt járn brýna, en þetta getur ekki gengið óendanlega. Ég er alveg sammála öðrum um að það er tímabundið hve lengi er hægt að þola það. Þannig var líka með Grikkland. Ég átti sæti í Evrópuráðinu á þeim fundi sem greiddi atkv. endanlega um það sem varð til þess að Grikkir sögðu sig sjálfir úr því. Þeir voru að vísu ekki reknir, en þeir sögðu sig úr ráðinu, en voru svo teknir inn síðar, þegar þeir höfðu komið á lýðræðislegu stjórnarfyrirkomulagi. Það er satt að segja von allra góðra manna að svo verði og með Tyrkland innan tíðar. Annars mega þeir fara.

Fyrirspyrjandi (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans við þessari fsp., og ég fagna því sem fram kom í máli hans um það sem gerst hefur á vettvangi Evrópuráðsins og fram hefur komið í máli annarra þm.

En því var sérstaklega spurt um Atlantshafsbandalagið í þessari fsp., og þá tala ég sem einn af stuðningsmönnum þess bandalags og veru Íslands í því, að þó svo að Atlantshafsbandalagið sé bandalag ríkja gegn utanaðkomandi og aðsteðjandi hættu hlýtur það að skipta lýðræðisríkin í Atlantshafsbandalaginu, en það eru þau öll nú að þessu eina landi undanskildu, verulegu máli að stjórnarhættir bandalagsríkjanna séu með þeim hætti að viðunandi sé, þó ekki væri nema af þeirri einföldu ástæðu að bandalagið glatar auðvitað smám saman öllu trausti og allri tiltrú ef svo er ekki. Þá er vísað til sögunnar, bæði í Portúgal og Grikklandi á árum áður, og sú von undirstrikuð að stjórnarhættir í Tyrklandi muni breytast innan tíðar, m. a. fyrir þrýsting frá Íslandi, og sú saga, sem átt hefur sér stað í öðrum ríkjum Suður-Evrópu, sé ekki að endurtaka sig þarna nema þá um örskamma hríð. En til þess að svo megi verða getur okkar lóð vegið þungt. Það getur skipt máli að okkar litla þrýstingi sé beitt í þessum efnum. Til að mynda er á að líta þá skoðun á málefnum Tyrklands sem Bandaríkjastjórn hefur lýst og þá helst utanrrh. þeirra, þar sem hann telur þessa stjórn að einu og öllu vera af hinu góða, Tyrkir hafi gripið í taumana af nauðsynlegum ástæðum þegar annað hafi ekki verið fært. Rök Bandaríkjastjórnar minna óhugnanlega á það sem notað hefur verið til réttlætingar íhlutuninni í Pólandi. Það þarf að vera öllum umheiminum ljóst, og ég hygg að það sé ljóst, að það er skoðun hæstv. utanrrh., sem ber að fagna, að þessi skoðun sé ekki skoðun okkar, ekki skoðun Íslendinga og ekki skoðun íslensku ríkisstjórnarinnar.

Herra forseti. Ég vil endurtaka þakkir til hæstv. utanrrh. fyrir svör hans.

Sameinað þing, 51. fundur.

Þriðjudaginn 9. febr., að loknum 50. fundi.

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86, þáltill. (þskj. 184). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækningamáttur jarðsjávar við Svartsengi, þáltill. (þskj. 120). — Ein umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 120 fluttum við þm. Reykn. ásamt tveimur hv. landsk. þm., 1. og 10. landsk. þm., till. um könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi. Till. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela heilbrmrh. að láta nú þegar fara fram könnun á lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi.

Leiði könnun til jákvæðrar niðurstöðu verði þegar unnið að því að koma upp aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða.

Við könnun þessa verði haft samráð við samtök lækna, samtök psoriasis- og exemsjúklinga svo og samtök annarra sjúklinga, sem not gætu haft af slíkum böðum.“

Það er öllum hv. alþm. kunnugt, að um nokkurt skeið hafa fjölmargir psoriasis- og exemsjúklingar farið utan til lækninga og fyrir þessa sjúklinga hefur það oft reynst fullkomin ástæða og nauðsynlegt að breyta um loftslag og njóta sólar og sjávarbaða í hlýjum sjó. Hér hefur að sjálfsögðu verið um mjög kostnaðarsama læknisaðgerð að ræða. Því var það, að með breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 50 30. maí 1979, var samþykkt að greiða ferðastyrk þessara sjúklinga sem að mati sérfræðinga var talið rétt að leituðu sér heilsubótar með þessum hætti erlendis.

Það var á s. l. ári sem ungur Suðurnesjamaður fékk þá hugmynd að leita sér lækninga, en hann er haldinn psoriasissjúkdómi, og nota til þess heitan sjó við Svartsengi. Hér er um að ræða mjög athyglisverða tilraun sem sýnst hefur gefa góða niðurstöðu, a. m. k. hefur þessi sjúklingur fengið töluverða bót á sínum meinum. Hér er um að ræða mjög athyglisverða tilraun, sem gæti gjörbreytt

möguleikum þessara sjúklinga til að fá bót meina sinna án þess þó að þurfa að fara utan.

Hér er um að ræða málefni sem snertir eitthvað á annað hundrað sjúklinga, og þá er aðeins um að ræða psoriasis- og exemsjúklinga, en mjög vel getur átt sér stað að fleiri sjúklingar, t. d. liðagiktarsjúklingar, gætu notið þessa einnig.

Með þessari till. vilja flm. vekja athygli á þessu máli og beina því áskorun sinni til heilbrmrn. og gera ráð fyrir því, að við þessa athugun verði haft samráð við Samtök psoriasis- og exemsjúklinga svo og samtök annarra sjúklinga sem gætu haft not af slíkum böðum.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa till. Hér er verið að vekja athygli á þessu máli og fá Alþingi til að samþykkja þá till. sem flutt er á þskj. 120.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Um það leyti, sem fregnir bárust um þá möguleika sem menn töldu vera í lækningamætti jarðsjávar við Svartsengi, var þetta mál rætt í heilbr.- og trmrn. Okkur var kunnugt um að *Félag psoriasis- og exemsjúklinga* og Sæmundur Kjartansson læknir ætluðu að standa að sérstakri könnun á þessu máli án fjárhagsaðstoðar rn. og afskipta þess. Í umr. um þetta mál í rn. kom fram að ekki hafði verið óskað eftir aðild húðdeildar Landspítalans að þessari athugun. Það kann m. a. að stafa af því, að yfirlæknir húðdeildarinnar hefur haft þá afstöðu, að hann teldi rétt að reyna böðin ein án lyfja og annarrar meðferðar svo úr því fengist skorið hver áhrif vatnið hefði.

Þannig horfa þessi mál við rn. til þessa. Ég tel hins vegar að eðlilegt sé og óhjákvæmilegt að kannað verði til þrautar á vegum rn. eða annarra ábyrgra aðila hvort í þessu felst sá lækningamáttur sem menn hafa rætt nokkuð um. Einnig þarf auðvitað að bera niðurstöður þeirra kannana saman við aðrar aðferðir sem notaðar eru til að lækna psoriasis- og exemsjúklinga, áður en teknar eru ákvarðanir um að koma fyrir meiri háttar aðstöðu suður í Svartsengi sem auðvitað mundi kosta mjög verulega fjármuni.

Ég tel að sú till., sem hér er flutt af þm. Reykn. og fleiri, sé góð og þörf ábending og stuðningur við þá viðleitni rn. að fá úr því skorið, hvort hér sé um að ræða lausn á vanda þeirra einstaklinga sem þjást af þessum erfiða sjúkdómi.

Ég vildi, herra forseti, koma þeim upplýsingum á framfæri, sem ég hef hér þegar gert, um það með hvaða hætti rn. hefur komið að málinu. Ég tel fulla ástæðu til að fylgja því eftir, en legg á það áherslu að lokum, að það er að sjálfsögðu ekki unnt að taka ákvörðun um að kosta þarna mannvirki og endurbætur öðruvísi en að fyrir liggi að hér sé um að ræða betri og hagkvæmari aðferð en þær sem völ er á ella í heilbrigðisþjónustu okkar.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég er meðflm. að þessari till. og kannast ekki við að minn þáttur í till., þegar talað er um aðstöðu, sé á þann veg að þarna verði komið upp ógndýrum mannvirkjum og með gerð þeirra sé því þegar slegið föstu að þetta sé hið eina og sjálfsagða ráð til að lækna þennan sjúkdóm. Ég minnist þess, að þegar um það bárust fréttir að umræddur einstaklingur hóf þessa könnun á sjálfum sér, þá þurfti hann að leita til þeirra, sem stjórna orkuverinu þarna syðra, til þess að komast í húsaskjól til að afklæðast og klæðast að nýju. Ég geri ráð fyrir að það væri hægur vandi fyrir hæstv. ráðh. og ráðuneyti hans, þó það væri ekki annað, að láta Vegagerðina draga þarna suður eftir 2—3 lausa skúra, sem fást hjá henni og sjást á vegamótum víðs vegar um landið og í byggðum landsins, til að gefa þessu fólki aðstöðu til að geta framkvæmt þær kannanir sem læknir og það sjálft vill gera án þess að leita til hins opinbera. Ég held að það væru fyrstu viðbrögðin að bæta aðstöðu þessara manna, og fer ég persónulega ekki fram á meira til að byrja með.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 49). — Ein umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Við hv. þm. Benedikt Gröndal og Jóhann Einvarðsson höfum leyft okkur að flytja till. til þál. á þskj. 49, 47. mál þingsins, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stofna sérstakt *embætti ráðunauts ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum* hjá utanrrn."

Till. sama efnis var flutt á síðasta þingi. Þá voru flm. þeir sömu að öðru leyti en því, að hv. þm. Benedikt Gröndal sat þá ekki á þinginu, en Jón Baldvin Hannibalsson var varamaður hans og skrifaði þá á þáltill. og var einn af flm.

Umr. um varnar- og öryggismál Íslands einkennast oft um of af tilfinningalegri afstöðu og lítilli þekkingu á þeim staðreyndum, sem móta og ráða stefnunni í þessum málum, og þeim ákvörðunum, sem teknar eru í varnar- og öryggismálum. Árum saman hafa hinir hernaðarlegu þættir, sem móta það ytra umhverfi sem Ísland býr við, verið á vitorði tiltölulega fárra. Stjórnvöld hafa lítt sinnt því að fræða þjóðina um staðreyndir þessara mála. Ein ástæða þess er vafalaust skortur á viðurkenndri innlendri sérfræðiþekkingu á þessum sviðum. Þessi skortur á innlendri sérfræðiþekkingu hefur líka leitt til ásakana þess efnis, að stjórnvöld séu í mati sínu á varnarhagsmunum Íslands á hverjum tíma um of háð mati erlendra manna á íslenskum hagsmunum. Það ætti því að vera augljóst áhuga- og hagsmunamál allra að Íslendingar ráði sjálfir yfir nægri þekkingu til að meta sjálfir þann hernaðarlega veruleika, sem landið er hluti af, og til þess að meta sjálfstætt þær upplýsingar og skoðanir sem aðrir kunna að gefa um og hafa á herfræðilegri stöðu Íslands og varnar- og öryggishagsmunum landsins. Slík herfræðiþekking innan stjórnkerfisins er í fyrsta lagi til þess fallin að treysta ákvarðanir stjórnvalda á þessum sviðum. Í öðru lagi mundi hún eyða tortryggni og ásökunum í garð þeirra sem með þessi mál fara.

Eins og allir vita er Alþb. eini stjórnmálaflokkurinn sem í orði kveðnu er á móti aðild að Atlantshafsbandalaginu og veru varnarliðsins hér á landi. Það er þó öllum ljóst, að Alþb. leggur samt sífellt minna upp úr þessum *stefnumiðum sínum og minnist sjaldan á þau nema fyrir* kosningar, þegar tryggja þarf flokksstuðning svokallaðra herstöðvaandstæðinga, við hátíðleg tækifæri á tyllidögum og þá sjaldan er utanríkismál ber á góma á Alþingi. Þessi þróun mála eða stefnuaðlögun Alþb. sést best á afstöðu Alþb. í stjórnarsáttmálum þeirra ríkisstjórna sem Alþb. hefur átt aðild að síðasta áratuginn. Í stjórn-

arsáttmála ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar, sem kom til valda 1971, var tekið fram að stefnt væri að því, að varnarliðið færi í áföngum. Við stjórnarmyndun 1978 var tekið fram í stjórnarsáttmálanum að Alþb. hefði sérstöðu í þessum málum, en ekki var lengur minnst á brottför varnarliðsins. Og 1980, þegar ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var mynduð, var ekkert minnst á sérstöðu Alþb. Þannig hefur þróunin orðið. Alþb. leggur sífellt minna upp úr þessu stefnuatriði.

Snemma á árinu 1979 var skipuð svokölluð öryggismálanefnd sem starfað hefur fram á þennan dag. Það er því eðlilegt að spurt sé, að þegar rætt er um ráðunaut í varnarmálum, hvort ekki sé nóg að gert þar sem störf öryggismálanefndarinnar eru. Í þessu sambandi þykir mér rétt að rifja upp ummæli hæstv. utanrrh. Ólafs Jóhannessonar þegar hann var forsrh. og flutti stefnuræðu sína hinn 19. okt. 1978. Þá fórust honum orð á þessa leið, með leyfi forseta:

„Þá er í samstarfsyfirlýsingunni ákvæði um skipan nefndar til athugunar á öryggismálum. Þar er um að ræða algert nýmæli og má vera að sumum þyki það allnýstárlegt. En þar er að mínum dómi á margan hátt um merkilegt mál að tefla. Það ákvæði er svohljóðandi:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir því, að sett verði upp nefnd, þar sem allir þingflokkar eigi fulltrúa, og verði verkefni nefndarinnar að afla gagna og eiga viðræður við innlenda og erlenda aðila til undirbúnings álitsgerðum um öryggismál íslenska lýðveldisins. Nefndin geri ítarlega úttekt á öryggismálum þjóðarinnar, stöðu landsins í heimsátökum, valkostum um öryggisstefnu, núverandi skipan öryggismála og áhrif á íslenskt þjóðlíf svo og framtíð herstöðvanna, eftir að herliðið fer, og varnir gegn hópum hryðjuverkamanna. Nefndin fjalli einnig um hugmyndir um friðlýsingu, friðargæslu og eftirlit á Norður-Atlantshafi og láti semja yfirlit yfir skipan öryggismála smáríkja í heiminum, einkum eyríkja sem eiga svipaðra hagsmuna að gæta og Íslendingar. Nefndin fái starfskrafta og fé til að sinna verkefnum sínum og til að gefa út álitsgerðir og greinargerðir um afmarkaða þætti í því skyni að stuðla að almennri umræðu."

Í mörgum löndum starfa sjálfstæðar stofnanir sem fjalla á hlutlægan hátt um utanríkis- og öryggismál. Slík stofnun er okkur Íslendingum ofviða. En ég vil líta á þessa könnunarnefnd í öryggismálum sem vísi að hliðstæðri starfsemi hér". — Hér lýkur tilvitnun í hæstv. utanrrh., í stefnuræðu sem hann flutti 19. okt. 1978 þegar hann var forsrh. Eins og kemur fram í tilvitnuninni er lögð áhersla á að nefndin sé könnunarnefnd, en ekki stjórnvald í þeim skilningi.

Öryggismálanefndin réð síðan á miðju ári 1979 starfsmann, Gunnar Gunnarsson, og hefur hann starfað fyrir nefndina síðan. Þá hafa fjórir aðrir fræðimenn en Gunnar unnið að einstökum verkefnum á vegum nefndarinnar. Í formála að GIUK-hliðinu, fyrsta riti öryggismálanefndarinnar, segir Björgvin Vilmundarson, formaður nefndarinnar, frá þeim verkefnum sem nefndin leggur aðaláherslu á og ég leyfi mér hér að vitna til, með leyfi forseta:

„1. Öflun bóka, tímarita, ritgerða og annarra fræðirita og gagna sem snerta viðfangsefni nefndarinnar. Þegar nefndin tók til starfa var slíkt safn bóka og skjala ekki til í landinu. Umfangsmikil gagnasöfnun var því frumforsenda árangursríks starfs.

2. Samningu rita og greinargerða um einstök atriði á verkefnaskrá nefndarinnar. Fyrsta ritið birtist nú, en á næstunni verða gefin út tvö til viðbótar. Nefndin hefur auk þess veitt stuðning ákveðnum rannsóknarverkefnum.

3. Kynningu á starfsemi nefndarinnar á erlendum vettvangi og öflun sambanda við fjölmargar rannsóknastofnanir og aðra aðila sem starfa að hliðstæðum verkefnum í öðrum löndum. Náin tengsl við erlenda fræðimenn eru mikilvægur stuðningur við störf íslenskra aðila á þessu sviði.

4. Umræðu um þau rannsóknarverkefni sem ákveðin verða sem næstu áfangar starfsins.

Þessir fjórir verkefnaflokkar veita grófa mynd af þeirri starfsemi sem farið hefur fram á vegum nefndarinnar á fyrstu tveimur árum starfstímans. Þeir bera þess merki, að hér er um brautryðjendastarf að ræða. Enginn íslenskur aðili hefur fyrr fengist við slík viðfangsefni á kerfisbundinn hátt. Því er eðlilegt að það hafi tekið nokkurn tíma að undirbúa ritið til útgáfu. Það er von öryggismálanefndar, að ritið, sem fyrst birtist, og önnur, sem á eftir munu koma, verði til að stuðla að aukinni þekkingu Íslendinga á þessu mikilvæga málefnasviði og skapa umræður um traustari grundvöll."

Hér lýkur tilvitnuninni og enn á ný vil ég leggja áherslu á að í þessari tilvitnun má sjá að það er eðli og starfssvið nefndarinnar að fjalla um eða rannsaka og kanna og kynna málið. Má geta þess, að fyrsta ritið, um GIUK-hliðið, er mjög gott framlag nefndarinnar og í því er mjög vel, skýrt og greinilega, greint frá hernaðarlegu mikilvægi Íslands vegna legu landsins.

Í lok greinargerðar með þáltill. á þskj. 49 er greint frá því, hvernig hægt sé að skipa málum innan utanrrn. með tilliti til hins nýja embættis. Tillögumönnum er ekki fast í hendi hvernig sú skipan yrði, og er eðlilegt að hv. utanrmn. fjalli frekar um það mál ásamt hæstv. utanrrh. Í greinargerðinni er þó stungið upp á þeirri leið, að embættið falli beint undir hæstv. utanrrh. með sama hætti og varnarmáladeild gerir nú, en einnig má hugsa sér að embættið verði innan varnarmáladeildarinnar. Starfssvið embættisins væri að annast samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði her- og öryggismála innan utanrrn. og að sjálfsögðu í fullri samvinnu við önnur stjórnvöld sem jafnframt annast þessi mál, auk þess sem varnarmálaráðunautur væri ríkisstj. til ráðuneytis um allt það sem snertir þjóðaröryggi og varnarmál landsins. Aðalatriðið er auðvitað að hæstv. utanrrh. komi verkaskiptingu á innan ráðuneytisins með þeim hætti sem eðlilegastur er talinn vera.

Varla þarf að minna hv. alþm. á 75. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Sérhver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörnum landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða fyrir mælt í lögum."

Eins og sést af þessum orðum stjórnarskrárinnar er sú skylda lögð á Íslendinga að verja landið, og getur löggjafinn ákveðið með hverjum hætti það skuli gert. Á þetta minni ég hér — ekki til að gefa í skyn að stofna eigi til íslensks hers, heldur þvert á móti til að benda á að þeim, sem sömdu stjórnarskrána, var vel ljóst að ein af frumskyldum þjóðarinnar er að verja landið, verja þjóðina vegna utanaðkomandi hættu, án þess að menn hefðu þó í huga almenna hervæðingu.

Í varnarmálum hljóta Íslendingar að hafa sérstöðu annars vegar vegna legu landsins og hins vegar vegna

fámennis þjóðarinnar. Það er þess vegna tími til kominn að Íslendingar eigi sérfræðinga í þessum málum. Í því sambandi má gjarnan minna á hafréttarmálin, t. d. þátt Hans G. Andersens sem er sérfræðingur í þeim málum og hefur án efa gert landinu og þjóðinni gífurlegt gagn á alþjóðavettvangi við að gæta hagsmuna okkar. Ég efast um að nokkur Íslendingur hafi viljað vera án þeirrar sérþekkingar í hafréttarmálum sem við höfum í hafréttarfræðingum, og á sama hátt hlýtur að vera keppikefli okkar að eignast sjálfir sérfræðinga sem geta metið varnarþörf og varnarmöguleika þjóðarinnar.

Eins og ég nefndi áður í ræðu minni hefur afstaða Alþb. til þessara mála talsvert breyst að undanförnu og hafa talsmenn Alþb. hér á hv. Alþingi talað um þetta mál af meira raunsæi en áður. Í umr. utan dagskrár hinn 12. nóv. s. l. um utanríkis- og varnarmál flutti talsmaður Alþb., hv. 11. þm. Reykv., langa ræðu, sem reyndar var dæmalaus um margt, og ég ætla ekki að fara efnislega í þann misskilning, rangfærslur og dylgjur sem þar komu fram til að drepa á dreif umræðuefninu, en nefni til gamans hvernig hann blandaði umræðum um núllgrunn og sólsetursaðferð inn í það mál þannig að það varð forsíðuefni á Þjóðviljanum. Ég skal ekki frekar fjalla um það að sinni, enda hefur það verið gert áður og menn brosað að. Hér vil ég þvert á móti rifja upp nokkra ræðukafla, sem ég tel ástæðu til að leggja áherslu á vegna þess að í þeim kemur fram góður og gegn efnislegur stuðningur við þá þáltill. sem hér liggur frammi til umr.

Hv. 11. þm. Reykv. sagði, með leyfi forseta:

„Það er ósköp skiljanlegt að við hér á Íslandi höfum ekki mikla þekkingu á þessum efnum. Við höfum ekki haft her. Við erum ekki hernaðarmenntuð þjóð. Öll þessi orð, SS-20, SS-4, SS-5, Poseidon, Polaris, Trident o. s. frv., eru nöfn sem við vitum ósköp lítið hvað að baki liggur, nema það sem við lesum í dagblöðum. Staðreyndin er samt sem áður sú, að á rúmlega 20 árum hafa risaveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, komið sér upp svo flóknu kerfi gereyðingarvopna að það þarf langan tíma til að setja sig inn í eðli þess og ógn. Það er kjarnorkuvopnakerfi, sem sérstaklega er tengt flugflota og þeim sprengjum sem flugvélum er ætlað að bera, það er kjarnorkuvopnakerfi, sem byggt er á eldflaugum sem skotið er af jörðu niðri, og í þriðja lagi kjarnorkuvopnakerfi sem tengt er kjarnorkukafbátum sem eru m. a. hér í hafinu kringum Ísland.

Síðar segir hv. 11. þm. Reykv:

„Íslenskir þingmenn t. d., sem taka þátt í samtökum Atlantshafsbandalagsins, sækja ekki fundi hermálanefndarinnar að öllu jöfnu. Þeir hafa látið hina herfræðilegu umræðu afskiptalausa, en það er sú umræða sem er kjarni málsins. Það er sú umræða sem gerir okkur kleift að meta það, hvers vegna við erum á móti SS-20, hvers vegna við erum á móti Pershing II og hvers vegna við erum á móti stýrieldflaugum."

Hér mælir hv. þm. með því, að tekin sé virkari þáttur í þeirri starfsemi þingmannasambandsins sem snýr að hermálanefndinni, og er það vissulega nýmæli úr þessari átt. Í þessari ræðu sagði hv. 11. þm. Reykv. einnig, með leyfi forseta:

„Við ræðum oft hér um öryggismál á Íslandi út frá umræðugrundvelli sem fyrst og fremst er mótaður af seinni heimsstyrjöldinni. Sá tími er því miður liðinn. Veröldin í dag er miklu flóknari. Það er miklu meira verk, það er miklu meiri vinna að setja sig inn í þau deilumál sem núverandi hernaðarumræða snýst um. Íslendingar mega ekki setja sig í þá stöðu að taka bara sem góða og gilda vöru þær áróðursplötur sem fulltrúar stórveldanna spila fyrir okkur um þessi efni, hvort sem það eru fulltrúar Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna".

Og loks vil ég vitna til þessara ummæla hv. þm.:

„Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem sjálfstætt ríki að gera okkur grein fyrir hvað hér er verið að tala um, að átta okkur á hinu sanna og rétta í þessu efni, vegna þess m. a. að við erum aðildarríki NATO og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum í Sameinuðu þjóðunum og þar greiða fulltrúar Íslands atkvæði, við erum kallaðir til að taka afstöðu. Það er lágmarkskrafa að við tökum þá afstöðu á grundvelli þekkingar."

Hér lýkur tilvitnunum í kafla úr ræðu hv. 11. þm. Reykv. þar sem hann undirstrikar að íslenska sérþekkingu skorti á þessum málum. Tel ég að með þessum ummælum hafi hv. þm. í raun stutt efni þeirrar till. sem hér er til umr.

Það er ljóst að íslensk varnarmálastefna grundvallast á ákvörðunum, sem Íslendingar tóku á árunum 1949 — 1951, og grundvallast á aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningi Íslands við Bandaríkin.

Hæstv. utanrrh. í núv. ríkisstj. lagði fram sína skýrslu á síðasta þingi til umræðu eins og venja er, og þar kemur væntanlega fram afstaða hans og ríkisstj. til þessara mála, og án þess að ég vitni til þeirra ummæla, sem þar koma fram í IV. kafla um Atlantshafsbandalagið og öryggismál Íslands, vil ég taka það fram, að ég er því fyllilega sammála sem þar segir.

Margt hefur verið ritað um varnarmál og hafa hv. þm. ritað fjölda greina, en ég held að það skyggi á engan þótt nefndur sé einn þm. sérstaklega og það er hv. 4. þm. Reykv. Benedikt Gröndal, sem bæði hefur skrifað um þetta bók og skýrar greinar í blöð.

Á undanförnum árum hafa nokkrar umræður orðið um þessi mál. Segja má að síðasta merka framlagið til þessara mála hafi verið þegar Kjartan Gunnarsson lögfræðingur flutti merka ræðu um íslenskt frumkvæði í öryggismálum sem mjög styður þá till. sem hér liggur fyrir til umr. Kjartan er lögfræðingur sem stundaði nám við varnarmálaháskóla norska varnarmálaráðuneytisins 1979 — 1980. Ég tel að það sé gagnlegt fyrir þessar umræður að vitnað sé til örfárra ummæla sem koma fram í ræðu Kjartans Gunnarssonar sem reyndar hefur birst í Morgunblaðinu.

Eftir að hafa gert grein fyrir meginmarkmiðum íslenskrar varnarmálastefnu og hugsanlegri ógn, sem steðjar að okkur, segir Kjartan svo, með leyfi forseta:

„Ísland verður ekki fremur en önnur lönd skilið frá þeim stjórnmálalega, herfræðilega og landfræðilega veruleika sem það er í. Það er staðreynd, að átök eða barátta fer fram í heiminum milli tveggja meginhugmyndakerfa, alræðis og lýðræðis. Risar þessarar baráttu eru Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin og í stórum dráttum snýst baráttan af hálfu lýðræðissinna um tvennt: annars vegar að tryggja frelsi Vestur-Evrópu og annarra lýðræðisríkja og hins vegar að takmarka eins og unnt er möguleika alræðisríkjanna til áhrifa í þriðja heiminum svokallaða."

Síðan ræðir Kjartan um hernaðarlegt mikilvægi landsins og þær hindranir sem eru á vegi hugsanlegra árásaraðila. Hann bendir á, hve landið hefur verið opið fyrir sovétborgurum, og segir í því sambandi að 80 sov-

étborgarar séu hér í starfi á vegum sendiráðsins. Í því sambandi væri ástæða til að geta þess, að nú er til meðferðar hjá hv. Alþingi frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga þar sem segir að ekki þurfi að sækja um atvinnuleyfi fyrir útlendinga í einkaþjónustu sendimanna erlendra ríkja. Nefni ég það til umhugsunar fyrir stjórnvöld.

Í öðru lagi bendir Kjartan á að rússneskir rannsóknarleiðangrar hafi farið um landið og skilað mjög litlu af þeim niðurstöðum sem þeim ber skylda til að skila. Má í því sambandi rifja það upp, að Rannsóknarráð ríkisins sá sig knúið til á sínum tíma að koma í veg fyrir frekari rannsóknarleiðangra frá Sovétríkjunum vegna þess hve seint og illa gekk að fá niðurstöður þeirra leiðangra.

Í þriðja lagi rifjar Kjartan það upp, að Ráðstjórnarríkin hafa sóst eftir föstum formlegum tvíhliða „samráðsviðræðum" um alþjóðamál, en ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni af Íslands hálfu.

Þá ræðir Kjartan í ræðu sinni um frumkvæði okkar og skyldur og segir þar m. a., með leyfi forseta:

„Það er skylda okkar Íslendinga við sjálfa sig og vinaþjóðir sínar að taka varnar- og öryggismál sín margfalt fastari tökum en við höfum gert og láta okkur ekki lengur nægja að vera eingöngu eins konar áheyrandaaðilar hjá Atlantshafsbandalaginu. Afstaða okkar til varnarliðsins á ekki að ráðast fyrst og fremst af því, og þá á ég við afstöðu okkar sem styðjum landvarnar, að aðalatriðið sé bara að hafa Kanann hér, eins og sumir orða það, og láta Bandaríkjamönnum eftir allt frumkvæði í öryggismálum okkar og tala með hræsnisfullri fyrirlitningu um hernaðarbrölt og vopnakapphlaup rétt eins og það snerti okkur ekki."

Og síðar segir Kjartan, með leyfi forseta:

„Ég tel að við Íslendingar eigum að gera okkar eigin tillögur um varnir landsins. Við eigum sjálfir að meta varnarþörfina og við eigum sjálfir að meta fyrirkomulag varnanna í samvinnu við bandalagsþjóðir okkar í Atlantshafsbandalaginu og sérstakri samvinnu við þann aðila sem hefur tekið að sér samkvæmt sérstökum samningi frumvarnir landsins."

Í ræðu Kjartans komu fram athyglisverð sjónarmið um svokallaðar allsherjarvarnir og þar segir hann, með leyfi forseta:

„Ef litið er á uppbyggingu varnar- og öryggismála á Norðurlöndum kemur í ljós að bæði í NATO-löndunum tveimur, Noregi og Danmörku, og í hlutlausu löndunum tveimur, Svíþjóð og Finnlandi, eru varnir þessara landa byggðar á svokölluðu „total forsvars-prinsipi" eða allsherjarvörnum, eins og ég hef kosið að kalla þetta kerfi. Innan allsherjarvarnakerfisins er gerð ein samræmd áætlun um viðbrögð, samvinnu og verkefna allra aðila í ríkinu, hers, almannavarna, atvinnulífs, skóla, sjónvarps, blaða, heimila, og yfirleitt fyrir fram reynt að gera sér grein fyrir hverjum einasta þætti, sem reynt getur á, og þannig fyrir fram reynt að lágmarka möguleikana á mistökum, röngum ákvörðunum og tortímingu mannslífa að óþörfu."

Þessi ummæli Kjartans Gunnarssonar rifja upp samkomulag milli Íslands og Bandaríkjanna varðandi varnarsamninginn frá 1951 frá 22. okt. 1974, en í bókun með því samkomulagi segir í e-lið, með leyfi forseta:

„Báðar ríkisstjórnirnar" þ. e. ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna — „munu athuga leiðir til þess að efla samvinnu milli varnarliðsins annars vegar og íslensku landhelgisgæslunnar, almannavarna og flugmálastjórnarinnar hins vegar."

Á þetta minni ég hér vegna þess að ég hef ekki orðið var við að til slíks samstarfs hafi verið stofnað, en sé svo væri fróðlegt að fá það upplýst ef einhver hv. þm. gæti gert það.

Kjartan fjallar um frumkvæði Íslendinga og tiltekur nokkur verkefni og segir síðan, með leyfi forseta:

„Og í lok þessa þáttar er rétt að geta þess, að sjálf staðsetning höfuðstöðva varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli í næsta nágrenni við mesta þéttbýlissvæði landsins er auðvitað eitt af því allra fyrsta sem íslensk rannsókn á vörnum landsins og fyrirkomulagi þeirra taki til athugunar. Hér skal ekki fullyrt um niðurstöður slíkrar rannsóknar, en hún gæti auðveldlega leitt í ljós að flytja bæri höfuðstöðvar varnarliðsins frá núverandi stað."

Síðar í ræðunni, þegar Kjartan dregur saman stærstu atriðin í ræðu sinni, segir hann, með leyfi forseta:

„Hin aukna þátttaka Íslendinga í vörnum landsins er að mínum dómi fyrst og fremst fólgin í breyttu og auknu pólitísku og stjórnunarlegu frumkvæði og afskiptum af fyrirkomulagi varnanna og aukinni þátttöku Íslendinga í starfi Atlantshafsbandalagsins. Þar með talið tel ég að Íslendingar eigi að taka sæti í hermálanefnd Bandalagsins og fylgjast ekki síður með hinum hernaðarlegu þáttum í starfi þess heldur en með þeim hinum pólitísku þáttum í starfi þess."

Ég vek athygli á því, að það, sem Kjartan segir hér, fer nákvæmlega saman við ummæli hv. 11. þm. Reykv. í utandagskrárumr. hinn 12. nóv. í vetur, þegar hann nánast mæltist til þess, að íslenskir þm. tækju starf í hermálanefnd Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsríkja, sem auðvitað ber að skýra með þeim hætti, að það sé mikilvægt starf sem þar fer fram, og á sama hátt hlýtur það að vera skoðun hv. þm. að Íslendingar eigi að sinna þeim störfum hjá Atlantshafsbandalaginu sem snúa að hermálanefndinni og því starfi sem fer fram í Mons í Belgíu. Tek ég það svo, að hann sé á þeirri skoðun.

Í lok ræðu sinnar segir Kjartan, með leyfi forseta:

„Þeir, sem hafa markað stefnu Íslands í utanríkis- og varnarmálum, hafa ávallt haft að markmiði að tryggja að Íslendingar fái að lifa á Íslandi án afskipta eða yfirgangs annarra. Á nýjum og breyttum tímum þarf nýjar og breyttar starfsaðferðir til þess að tryggja að þessi markmið náist. Ábyrgðin og frumkvæðið í öryggismálum þjóðarinnar hlýtur og verður ávallt að vera í höndum hennar sjálfrar. Þar er um slíkt fjöregg að ræða að það er aldrei hægt að fela erlendum mönnum til ákvörðunar og mats, en án þekkingar, frumkvæðisvilja og óttaleysis við að viðurkenna staðreyndir stjórnmálalegs og herfræðilegs umhverfis verður öryggisins aldrei gætt sem skyldi."

Ef draga á saman aðalatriðin í því, sem ég hef sagt í minni ræðu, tel ég að það hafi unnist í umræðum á síðustu árum að nú er rætt um utanríkis- og varnarmál þjóðarinnar af meiri þekkingu og rökum í stað þess tilfinningahita og trúar sem einkenndu slíkar umræður fyrir nokkrum árum. Í öðru lagi er breyting til batnaðar í íslenskum stjórnmálum sú stefnuaðlögun Alþb. sem orðið hefur með tilliti til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og dvalar erlends varnarliðs í landinu.

Í þriðja lagi hef ég bent á muninn á starfssviði embættis ráðunauts í varnarmálum, sem verður stjórnvald og hins vegar öryggismálanefndarinnar, sem er könnunarnefnd

tilnefnd af þingflokkum. Í fjórða lagi hef ég undirstrikað að hér er ekki verið að undirbúa stofnun íslensks hers, heldur er verið að tryggja ísleska hagsmuni, ýta undir íslenskt frumkvæði í mikilvægum þætti sjálfstæðismála þjóðarinnar. Og loks hef ég bent á nokkur atriði, sem verið hafa til umræðu á þessu sviði að undanförnu, og vitnað í því sambandi sérstaklega til erindis Kjartans Gunnarssonar.

Herra forseti. Ég hef reynt að sneiða hjá ágreiningsefnum í varnarmálum og fremur bent á það sem sameinar okkur Íslendinga í þessum málum. Ég fæ ekki betur séð en að tillaga um stofnun embættis ráðunauts í varnarmálum hljóti að eiga verulegt fylgi á hv. Alþingi. Ég fagna því að sjálfsögðu, ef hér koma fram í umr. jákvæðar tillögur um betri skipan, og leyfi mér að lokum að fara fram á að málinu verið vísað til hv. utanrmn.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. 1. flm. þessarar till. vék að ýmsum umræðuefnum í sinni framsöguræðu og varði allmiklum tíma hennar til þess að gera að umræðuefni stefnuræðu framkvæmdastjóra Sjálfstfl. sem flutt var fyrir nokkrum dögum. Þessi aðferð við að mæla fyrir þessu máli gerir óhjákvæmilegt að í þessum umr. verði vikið nokkuð að víðtækari umfjöllun um íslensk utanríkismál en ástæða hefði verið til ef menn hefðu eingöngu haldið sér við þá till. sem hér liggur fyrir.

Alþb. hefur á undanförnum árum og lengi lagt á það ríka áherslu að það væri ekki samboðið sjálfstæðri þjóð að Íslendingar tækju við skoðunum og ákvörðunum í hernaðarmálefnum frá Bandaríkjunum og Atlantshafsbandalaginu án þess að leggja nokkurt sjálfstætt mat á þessi efni. Það er einn svartasti bletturinn á meðferð íslenskra utanríkismála á undanförnum áratugum að Íslendingar hafa ekki sjálfir haft burði til þess að meta á sjálfstæðan hátt þær tillögur, þær framkvæmdir og þær ákvarðanir sem Bandaríkjastjórn og Atlantshafsbandalagið hafa staðið að varðandi hernaðarþróun á Norður-Atlantshafi.

Það eru rúm 30 ár síðan Íslendingar gengu í Atlantshafsbandalagið, og það er álíka langur tími síðan gerður var samningur við Bandaríkin um að þau hefðu hér her. Á þessum tíma, sérstaklega á síðustu tveimur áratugum, hafa verið teknar mjög afdrifaríkar ákvarðanir um tengsl Íslands við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna. Stig af stigi hefur hernaðaraðstaðan hér verið á s. l. 20 árum svo úr garði gerð að Ísland er nú orðið lykilhlekkur í kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins, en þó sérstaklega Bandaríkjanna.

Það er vissulega virðingarverð hreinskilni hjá stuðningsmönnum Atlantshafsbandalagsins — og það eru þm. úr öllum þremur flokkunum sem styðja aðildina að Atlantshafsbandalaginu sem standa að þessari till. — að viðurkenna með þessum tillöguflutningi og sérstaklega með þeirri grg. sem hér er flutt, að innan íslenska stjórnkerfisins, í utanríkisþjónustu Íslendinga og í utanrrn., hafi ekki verið og sé ekki til einn einasti maður sem hefur fullgilda sérfræðiþekkingu á þessum málum. Meginröksemdin fyrir þeirri till., sem hér er flutt — eins og bæði kemur fram í till. sjálfri og grg. fyrir henni og ekki síður í þeirri framsöguræðu sem hér hefur verið flutt, er sú játning að eftir 30 ára aðild að Atlantshafsbandalaginu, eftir 30 ára herverndarsamning Bandaríkjanna, standi Íslendingar frammi fyrir því, að á þeim vettvangi stjórnkerfisins, þar sem um þessi mál er fjallað, sé enginn Íslendingur, sem hafi nægilega þekkingu á þessum málum, og þess vegna sé nauðsynlegt að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstj. í þessum efnum.

Ég fagna því sérstaklega að fulltrúar NATO-flokkanna skuli hafa manndóm og hreinskilni til að játa að þessi þekkingarskortur sé innan íslenska utanrrn. og þeir utanrrh., sem hafa tekið ákvarðanir um að flétta Ísland stig af stigi inn í kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna, hafa ekki haft neinn fullgildan innlendan sérfræðing sér við hlið. Það er vissulega alvarleg lýsing á því, með hvaða hætti ákvarðanir eru teknar hjá sjálfstæðri þjóð, en ég hygg að hún sé engu að síður sönn.

Það er rétt, eins og 1. flm. vék að í framsöguræðu sinni, að þegar unnið var að myndun ríkisstjórnar eftir kosningarnar 1978 áttu fulltrúar Alþb. og Alþfl. í þeim viðræðum frumkvæði að því, að hér í landinu væri stofnað til starfsemi sem hefði það markmið, að Íslendingar öfluðu sér þeirrar þekkingar, öfluðu sér þeirra gagna, öfluðu sér þeirrar greinargerðar sem þyrfti til þess að við gætum metið vígbúnaðarstarfsemina sem fer fram í landinu, vígbúnaðinn í kringum landið og í heiminum öllum á sjálfstæðan hátt — eða m. ö. o. til þess að við gætum verið fullgilt, sjálfstætt ríki í heiminum í þessum efnum. Þegar hv. þm. Benedikt Gröndal vann að myndun ríkisstjórnar sinnar sumarið 1978 lagði hann fram drög að stjórnarsáttmála þar sem þessar hugmyndir, sem fram höfðu komið frá fulltrúum Alþfl. og Alþb. í þessum viðræðum, voru orðaðar, og ég held að það sé engin upplýstrun þó að ég skýri frá því, að það orðalag var síðan með ákveðnum breytingum uppistaðan í þeirri yfirlýsingu sem fólst í málefnasamningi ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sem mynduð var síðar sama sumar.

Þegar öryggismálanefndin tók til starfa kom því miður í ljós að í landinu var ekki til grundvallarbóka- og gagnakostur sem þurfti til þess að semja einföldustu ritgerðir um hernaðarmálefni á Norður-Atlantshafi, um kjarnorkuvígbúnaðarkerfi risavaeldanna og um tengsl Íslands við þetta kerfi — hvorki í bókasafni utanrrn., í Landsbókasafni né í Háskólabókasafni voru til grundvallarrit sem þurfti til slíkrar starfsemi. Það kom þá á daginn að það þurfti að vinna þetta starf algerlega frá grunni þar sem þeir aðilar, sem í 30 ár höfðu borið ábyrgð á aðild Íslands að Atlandshafsbandalaginu og tekið þátt í margs konar samningum og viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkjanna um þá hernarðarstarfsemi sem hún vildi festa hér í sessi, þeir höfðu vanrækt þann þátt að gera opinber söfn í landinu og skjalasafn og bókakost þess rn., sem með þessi mál fer, þannig úr garði að hægt væri að vinna sjálfstæðar greinargerðir af hálfu Íslendinga um þessi efni. Það tók öryggismálnefnd tæpt ár, fyrst undir forustu Einars Ágústssonar, fyrrv. utanrrh., sem hafði eftir reynslu sína í rn. mikinn skilning á hinni brýnu þörf þess, að Íslendingar bættu úr þessum alvarlega ágalla í sinni stjórnsýslu, og síðan undir forustu Björgvins Vilmundarsonar bankastjóra, að afla þessara gagna. Það er nú fyrst eftir að öryggismálanefndin hefur starfað í rúm tvö ár að hægt er að segja að í landinu sé til sá grundvallargagnakostur sem þarf til þess að Íslendingar geti tekið þessi mál til sjálfstæðrar yfirvegunar.

Sú játning, sem kemur fram í þessum tillöguflutningi, að Íslendinga, stjórnvöld landsins í áratugi, hafi skort alla nauðsynlega sérfræðikunnáttu á þessu sviði, er mjög alvarleg þó að ég fagni henni og Alþb. fagni því, að hún skuli hér vera komin fram með þessum tillöguflutningi,

vegna þess að á þessum sama tíma hafa verið teknar ákvarðanir — af þeim sem farið hafa með stjórn utanríkismála — sem stig af stigi hafa tengt Ísland við kjarnorkuvopnakerfið, fyrst með því að byggja hér á landi SOSUS-stöðvar, sem gegna lykilhlutverki í kjarnorkukafbátakerfinu á Norður-Atlantshafi, síðan með tilkomu Orion-flugvéla, með starfsemi ratsjárstöðva, með tilkomu AWACS-flugvéla og annarra atriða sem hér hafa verið rekin í þingsölum áður. Ég spyr: Hefur það einhvern tíma verið lagt fyrir íslenska ríkisstjórn að Ísland eigi að tengjast kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna á þennan hátt? Hefur einhvern tíma verið tekin sú grundvallarákvörðun af íslensku stjórnvaldi að við eigum að verða hluti af kjarnorkuherafla Bandaríkjanna? Ég ber þessa spurningu fram hér, og ég vænti þess, að henni verði svarað nú eða síðar. Alþingi Íslendinga hefur a. m. k. aldrei verið spurt um þetta efni.

Það var lagður hér fyrir þingið á sínum tíma samningur sem kallaður var varnarsamningur við Bandaríkin, og í honum er fjallað um ákveðið samkomulag sem gert var milli Íslands og Bandaríkjanna. Rökstuðningurinn fyrir þeim samningi á þeim tíma átti alls ekkert skylt við það að tengja Ísland við kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna. Þar var fyrst og fremst vikið að siglingaleiðum ofansjávar og landfræðilegri legu Íslands í tenglslum við þær. En síðan um og upp úr 1960, hefst stig af stigi sú þróun að tengja Ísland með tæknilegri aðstöðu Bandaríkjahers hér á landi — eftir tilkomu sjóhersins — við kjarnorkuvígbúnaðarkerfið. Það eru einmitt þessi tengsl við kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna sem hefur verið haldið leyndum fyrir íslenskri þjóð. Það er fyrst nú á síðustu tveimur árum sem komist hefur á hér á Alþingi og annars staðar byrjunarumræða um þetta efni — en það er aðeins byrjunarumræða. Ég hef a. m. k. gaman af að fá fram á vettvang opinberrar umræðu á Íslandi þá utanrrh. — og það vill svo til að þeir eru allir á lífi — sem hafa borið ábyrgð á utanríkismálum Íslands á þessu tímabili, þá Guðmund Í. Guðmundsson, Emil Jónsson, Einar Ágústsson og Ólaf Jóhannesson, — þó að flestar þessar ákvarðanir, ef ekki allar, hafi verið teknar fyrir hans tíð sem utanrrh., svo að það er út af fyrir sig ekki rétt að hafa hann með í þessari upptalningu, en hina alla þrjá, — og sjá hver þeirra er reiðubúinn til þess að standa frammi fyrir íslensku þjóðinni og segja: Það var ég sem tók ákvörðunina um að byrja á því að tengja Ísland við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna og gera þar með íslensku þjóðina að aðalfórnarlambi í kjarnorkuvopnaátökum ef til þeirra kemur. Það er meginniðurstaða þess rits, sem öryggismálanefnd hefur nú þegar gefið út, 1. flm. fór um góðum orðum og framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur farið um góðum orðum, að sá tæknibúnaður, sem hér er, ekki hinn landfræðilega lega, heldur sá tæknibúnaður sem hér er, í SOSUS-stöðvarnar, ratsjávarstöðvarnar, Orion-flugvélarnar og AWACS-flugvélarnar, allt þetta geri Ísland að frumskotmarki á fyrstu klukkustundum kjarnorkuvopnastyrjaldar.

Þess vegna spyr ég: Eru þessir sömu menn, sem á síðustu tveimur áratugum báru ábyrgð á ákvarðanatökunni stig af stigi um þennan tæknibúnað, reiðubúnir til umræðu um hvort ekki sé rétt — sem liggur beinast við að ályktа — að með þessum ákvörðunum hafi aukist hættan á árásum á landið? Við getum deilt um hvort menn eigi að vera í Atlantshafsbandalaginu eða ekki. Við getum deilt um hvort það hafi átt að gera þennan samning við Bandaríkin 1951. Um það getum við allt saman deilt. En ég er hér eingöngu að tala um hvort þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið frá 1960 og síðan, hafa aukið hættuna á árásum á landið eða dregið úr henni.

Ég er þeirrar skoðunar og ég tel að það sé hægt að styðja hana mjög ítarlegum, herfræðilegum rökum, að allar þessar ákvarðanir hafi stóraukið hættuna á árásum á Ísland og þar með veikt varnir landsins. Þetta er hin mikla mótsögn sem forsvarsmenn og verjendur þessarar stefnu standa frammi fyrir að verja gagnvart sjálfum sér og þjóðinni, þ. e. að röð þessara ákvarðana á síðustu tveimur áratugum hafi dregið úr öryggi Íslendinga, hafi gagnstætt því, sem til var ætlast, gert Ísland að tryggu fórnarlambi á fyrstu klukkustundum kjarnorkustyrjaldar. Menn geta síðan haldið því fram, eins og sumir gera á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, að allur þessi vígbúnaður sé til þess að koma í veg fyrir að kjarnorkustyrjöld eigi sér stað. Þær röksemdir þekkjum við allar. En það hefur enginn íslenskur ráðherra, það hefur enginn íslenskur þingmaður komið til íslensku þjóðarinnar á öllu þessu tímabili opinberlega og sagt: Ég tel nauðsynlegt að Íslendingar tengist kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna til að tryggja öryggi landsins. — Það hefur enginn sagt. Það hefur enginn þorað að segja. Það hefur enginn þorað að koma fram og segja: Það er ég sem ber ábyrgðina á því að tengja Ísland við kjarnorkuvopnakerfi Badaríkjanna.

Við höfum lifað það hér á undanförnum árum að Bandaríkjamenn sækja mjög grimmt á í því að stórauka þann vígbúnað hér á landi sem fyrst og fremst er ætlað að þjóna kjarnorkuvopnakerfinu eða gagnkafbátahernaðinum á Norður-Atlantshafi. Við lesum um að þegar hafi verið gerðir samningar í Bandaríkjunum við vígbúnaðarverksmiðjur og fyrirtæki um að framleiða stýrieldflaugar sem á að setja í kafbáta og reyndar á flugmóðurskip sem á síðan að staðsetja í höfunum í kringum okkur. Það hafa þegar verið gerðir samningar við Westinghouse-fyrirtækið í Bandaríkjunum um að framleiða stýrieldflaugar — sömu eldflaugarnar og deilt er um á meginlandi Evrópu — til þess að staðsetja upp úr miðjum þessum áratug í kafbátum. Síðan á einnig að taka flugvélamóðurskip, ryðja burt af þeim allri yfirbyggingunni, setja þessar stýrieldflaugar á þessi sömu skip, halda þeim síðan úti á hafinu í kringum Ísland og láta þá þjónustuaðstöðu og þá tækniaðstöðu, sem hér verður fyrir hendi, styðja þetta kerfi. Tækniaðstaðan á Íslandi, SOSUS-kerfið, flugvélategundirnar og reyndar eldsneytisbirgðirnar, er til þess ætluð að gera það kleift að halda þessum kjarnorkukafbátaflota og flugvélamóðurskipaflota búnum stýrieldflaugum úti á hafinu kringum Ísland. Fyrir þessum umræðum fer mjög lítið. Ég veit t. d. ekki til þess, að það hafi komið fram hér í íslenskum fjölmiðlum að þessi samningur við Westinghouse-fyrirtækið í Bandaríkjunum hafi þegar verið gerður, og það hefur ekki komið fram mér vitanlega á vettvangi íslenskra stjórnvalda að við þyrftum að taka afstöðu til þessara efna.

Þannig má lengi ræða, herra forseti, um þörfina á að Íslendingar meti á sjálfstæðan hátt öll þessi mál. Og það væri kannske nauðsynlegra vegna þess — eins og hv. flm. vék að — að þetta mál hefur verið eitt mesta hita- og deilumál í sögu íslensku þjóðarinnar á þessari öld og fyrst og fremst það mál sem skipt hefur þjóðinni í tvær fylkingar. Það er fátt sem er hættulegra smáþjóð — jafnvel

þótt stærri væri en íslenska þjóðin — en alvarlegur grundvallarklofningur í afstöðunni til utanríkismála sinna. Þess vegna er ég alveg sammála um að það eigi að búa þannig að íslenskum stjórnvöldum, að þar séu innan dyra menn sem hlotið hafa sérfræðimenntun í þessum efnum, menn sem þjálfaðir hafa verið í rannsóknastarfsemi í vígbúnaðarumræðunni og þeirri umræðu sem tengd er við friðarmálefni almennt. Ég hef lýst yfir áður hér á Alþingi og get endurtekið það, að ég telji eðlilegt að innan utanrrn. séu starfandi menn sem eru sérþjálfaðir sem sjálfstæðir rannsakendur í þessum flóknu umræðum um vígbúnað og friðarrannsóknir. Það vill svo til að það svið er eitt af erfiðustu sviðum þeirra fræðigreina sem fást við þjóðfélagsleg málefni, og það er þess vegna mjög mikið vandaverk að velja menn til þeirra starfa og vandasamt fyrir þá sjálfa að rækja störf sín svo að vel sé. Þess vegna tel ég að til slíkra manna verði að gera þær kröfur að þeir hafi hlotið fullgilda háskólamenntun og rannsóknaþjálfun í þeim fræðigreinum sem við þessi mál eru kennd. Þá á ég ekki bara við að þeir hafi stundað rannsóknir — eins og sumir gera í þessum fræðigreinum — út frá þeirri forsendu hvernig beri að efla vígbúnaðinn, heldur eigi þeir ekki síður að vera þjálfaðir í þeim fræðigreinum sem mjög hafa verið stundaðar á síðustu 10—20 árum í okkar heimshluta og kenndar eru við friðarrannsóknir, þ. e. hvernig menn geti beitt þekkingu sinni til að leiða rök að því, með hvaða hætti sé best og hagkvæmast að varðveita friðinn.

Það er til mikill fjöldi rannsóknastofnana í þessum greinum. Sumar þeirra eru nokkuð einhliða á bandi vígbúnaðarsinna. Öðrum er beitt á mjög gagnrýninn hátt gegn vígbúnaðinum. Þær þriðju reyna kannske að fara bil beggja og stunda rannsóknir af ýmsu tagi. Vegna þess, hve mjög fjölþættar skoðanir eru uppi í þessum efnum og hve ólíkar rannsóknaheföir og rannsóknaáherslur eru ráðandi á þessu sviði, tel ég ekki heppilega aðferð að við förum að stofna sérstakt embætti ráðunauts sem eigi að starfa eftir þeim leiðum sem er lýst í grg. Þar er farin sú leið að leggja þær skyldur á herðar þessa ráðunauts að hann sé ekki aðeins rannsakandi og fræðimaður á þessu sviði, heldur eigi hann einnig að taka virkan þátt í ákvarðanatökunni sjálfri, og það sem meira er: vera fulltrúi Íslands gagnvart Atlantshafsbandalaginu. Hér stendur í lok grg.: „Embættið mundi annast öll samskipti Íslands við Atlantshafsbandalagið og varnarliðið á sviði hermála og öryggismála innan utanrrn.“ — hvorki meira né minna. Þetta nýja embætti á að yfirtaka störf sendiráðsins í Brussel og fastanefndar Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu og einnig öll störf varnarmáladeildar ráðuneytisins. Þarna held ég að sé verið að rugla saman tveimur — að vísu ekki algerlega óskyldum en í framkvæmd mjög ólíkum þáttum, og þessi ruglingur getur leitt til þess, að slíkt embætti, sem þannig væri fyrir komið, yrði ekki til þess að leggja traustari grundvöll þekkingar og heilbrigðrar umræðu að þeirri ákvarðanatöku sem hér þarf að fara fram í landinu.

Ég held að það sé eðlilegt, að hinir eiginlegu embættismenn utanrrn. annist áfram — eins og þeir hafa gert — þá starfsemi sem Ísland rekur í Brussel og hjá Atlantshafsbandalaginu, og jafnframt, að hinir eiginlegu embættismenn rn. annist áfram — vonandi ekki mjög lengi — þau samskipti sem Íslendingar þurfa að eiga við bandaríska herinn hér á landi. Hins vegar held ég að nauðsynlegt sé að sá aðili innan utanrrn., sem er ætlað að vera hinn fræðilegi þekkingaraðili í hinni flóknu herfræðilegu umræðu, eigi ekki að hafa neitt annað verkefni. Hann á ekki að vera stjórnsýslulegur starfsmaður. Hann á ekki að taka þátt í daglegri stjórnsýslulegri skriffinnsku og skýrslugjöf í tengslum við dagleg samskipti við bandaríska herinn eða daglegum embættisrekstri í Brussel. Það verkefni eitt og sér að annast hina fræðilegu þekkingaröflun og greinargerðir um það efni þar sem byrja þarf nánast frá grunnpunkti innan rn., er eitt og sér alveg nægilegt. Ef það væri lagt á herðar sama mannsins að vera einnig ábyrgur fyrir framkvæmd ákvarðana og annast öll samskipti við Atlantshafsbandalagið og bandaríska herinn, þá efast ég um að það finnist nokkur maður sem gæti gegnt þessu tvíþætta hlutverki svo að vel sé, vegna þess að ég held að kerfislega gangi það ekki upp. Þess vegna finnst mér orðalagið á þessari till. og hluti þeirrar hugsunar, sem þar kemur fram, ekki vera rétt.

Ég er sammála því, að ráðnir verði starfsmenn til utanrrn. sem hlotið hafa sérfræðilega þjálfun á sviði öryggis- og friðarrannsókna. Ég hef verið þeirrar skoðunar og ég er enn þeirrar skoðunar. En ég tel að það eigi ekki að fara að gera slíka starfsmenn embættislega ábyrga fyrir hinni almennu stjórnsýslu rn. gagnvart Atlantshafsbandalaginu eða bandaríska hernum. Einkum og sér í lagi held ég, þegar öryggismálanefnd hefur nú þegar sannað starfsgrundvöll sinn og sýnt með því riti, sem hér hefur komið út, að hún rís undir því að leggja fram sérfræðilegar greinargerðir um þessi efni, og innan vébanda hennar er nú þegar að finna þá Íslendinga, sem hlotið hafa mesta fræðilega þjálfun á þessu sviði, og innan hennar veggja er einnig sá ítarlegasti bóka- og greinargerðakostur, sem fyrir hendi er í landinu, þá eigi að fara þær leiðir í þessum efnum sem byggjast í fyrsta lagi á því, að störf öryggismálanefndar sem sjálfstæðs rannsóknaraðila í þessum efnum séu áfram efld, í öðru lagi, að ráðnir séu til starfa í rn. menn sem hlotið hafa mjög góða þjálfun á háskólastigi í fræðilegri umfjöllun og rannsóknum á þessu sviði, en síðan í þriðja lagi eigi hinir heföbundnu embættismenn rn. að annast áfram verulegan hluta þeirra starfa, sem þeir hafa annast til þessa, og ekki að fela þessu sérstaka embætti að gera það. Ég gæti þess vegna stutt till. sem fæli í sér þá grunnhugsun, að Alþingi beindi því til ríkisstj. að ráðnir yrðu sérfræðistarfskraftar á þessum sviðum til starfa innan utanrrn. En ég er algerlega andvígur því, að það verði farið að stofna sérstakt embætti með þeim hætti, sem hér er lýst í grg. hvernig eigi að vera. Ég bið flm. þessarar till. að hugleiða nú í alvöru hvort sú aðferð gangi ekki í reynd, þegar að er gáð, þvert á hluta af þeirri grunnhugsun sem komið hefur fram hjá ýmsum þeim sem að þessari till. standa.

Það væri vissulega ástæða til þess, herra forseti, að gefa sér hér nokkuð góðan tíma til að fjalla nánar um þá viðurkenningu, sem í þessum tillöguflutningi felst, á þekkingarskorti Íslendinga í þessum efnum, — þekkingarskorti sem engu að síður hefur þó leitt íslenska ráðh. til þess að taka örlagaríkustu ákvarðanir sem íslenskir ráðherrar hafa tekið. Ég tel að þær ákvarðanir, sem leiddu til tengingar Íslands við kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna, séu meðal örlagaríkustu ákvarðana sem íslensk stjórnvöld hafi tekið, vegna þess að það eru ákvarðanir sem kunna á þeim fáeinu klukkustundum, þar sem óvissa og átök risaveldanna réðu örlögum jarðarbúa, að leiða til

þess, að Íslandi væri tortímt frekar en því væri hlíft. Það eru ákvarðanir, þegar grannt er skoðað, sem hafa grafið undan öryggi landsins, en ekki eflt það. Ég vil þá ítreka að ég er ekki að tala um aðildina að Atlantshafsbandalaginu sem slíka. Ég er ekki að tala um samninginn við Bandaríkin sem slíkan. Ég er eingöngu að tala um þá röð ákvarðana sem tekin hefur verið um og eftir 1960 og felur í sér eðli þess tækjabúnaðar og aðstöðu sem Bandaríkin hafa hér, — röð ákvarðana sem að mínum dómi herfræðilega séð hefur stóraukið öryggisleysi íslensku þjóðarinnar og aukið verulega líkur á því, að Íslendingar verði fyrstu fórnarlömb í átökum risaveldanna. Það eru mjög alvarlegar ákvarðanir. Ég held að alveg nauðsynlegt sé fyrir íslensku þjóðina, bæði þingið og utanrrn. og þjóðina alla, að fá til starfa sérfræðimenntaða menn sem geta atstoðað okkur við að meta þetta, því ég er þess fullviss að þær ákvarðanir, sem hér hafa verið teknar, voru teknar af íslenskum stjórnvöldum án þess að slíkt mat færi fram.

Fyrir þá hv. þm., sem vilja gjarnan kynna sér þessa atburðarás og þessa þróun, vil ég líkt og 1. flm. þessarar till. vekja athygli á riti Gunnars Gunnarssonar, GIUK-hliðinu, sem öryggismálanefnd hefur nýlega gefið út. Ég ætla ekki að fara að rekja það rit hér, en það væri vissulega tilefni til að taka það til ítarlegrar umræðu. Ég vil hins vegar benda hv. þm. á að eins og meginþráður í gegnum það rit gengur sú greining sem sýnir okkur hve náið við höfum verið tengdir gegnum tæknibúnað og aðstöðu Bandaríkjanna hér við kjarnorkukapphlaup risaveldanna sem hlýtur að leiða Sovétríkin til þeirrar ályktunar, að á fyrstu stigum átaka þeirra við Bandaríkin sé nauðsynlegt fyrir þau að tortíma þeirri aðstöðu sem er hér á Íslandi. Þar er lýst mjög rækilega eðli kjarnorkukafbátahernaðarins og þeirri ákvörðun Bandaríkjastjórnar að gera kjarnorkukafbátana í hafinu kringum Ísland að því sem kallað er í ritinu kjarnorkuforðabúr Bandaríkjanna. Það eru stór orð. Engu að síður hugsa ég að þetta sé herfræðilega rétt, að öruggasti þátturinn í kjarnorkuforðabúri Bandaríkjanna séu einmitt þeir kjarnorkukafbátar sem eru í höfunum hér í kring og SOSUS-stöðvunum, Orion-flugvélunum og annarri aðstöðu hér á landi er ætlað að þjóna.

Hvaða íslenskur ráðherra samþykkti að gera Ísland að meginburðarási í aðalkjarnorkuforðabúri Bandaríkjanna? Ég spyr aftur. Þess vegna væri vissulega vel þess virði, þótt umræðutími á Alþingi sé ekki heppilegasti vettvangurinn aðferðafræðilega séð, að fara rækilega í gegnum þá greiningu, sem kemur fram í þessu riti, og spyrja sjálfan sig þeirrar spurningar: Hefur öryggi Íslands verið vel eða illa þjónað með þessum ákvörðunum?

Ég vil ítreka það, sem ég sagði hér áðan, til þess að gera alveg ljóst að ég er að reyna að leggja drög að þessari umr. án þess að fara að blanda inn í hana í sjálfu sér þeirri stóru umr. um aðildina að Atlantshafsbandalaginu og samninginn við Bandaríkin. Það eru deilur sem er búið að heyja hér í áratugi. Við þekkjum öll meginröksemdirnar í þeim deilum, og það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni að Alþb. sé hætt við að halda þeim deilum áfram. Ég held þvert á móti að Alþb. hafi gert meira að því á undanförnum árum, bæði hér á Alþingi og eins í málgagni flokksins, að setja fram röksemdir og sjónarmið varðandi þá umr. Við teljum hins vegar hinn þáttinn, sem ég hef verið að tala hér um, ákvarðanatökurnar sjálfar innan þess ramma, vera svo mikilvægan að við viljum ekki láta hina stóru umr. verða svo yfirgnæfandi að hún skyggi á það, að við getum e. t. v. í sameiningu metið það út frá þekkingarlegum grundvelli, hvort þær ákvarðanir, sem hér hafa verið teknar, kunni að leiða til góðs eða hvort þær, eins og sumir telja, þvert á móti stefni okkur í mjög mikla tortímingarhættu.

Ég teldi æskilegt ef utanrrn. hefði yfir að ráða vel þjálfuðum, heiðarlegum og færum fræðimönnum sem þyrftu ekki jafnframt að vera embættismenn í Brussel og þyrftu ekki jafnframt að vera að vasast í vandamálum varðandi herinn hér í Keflavík, en gætu á eðlilegan og heiðarlegan hátt tekið þátt í umr. meðal þm. og annarra fulltrúa þjóðarinnar um að meta þessa hluti.

Hv. þm. Friðrik Sophusson gerði í lok sinnar ræðu að umræðuefni stefnuræðu sem framkvæmdastjóri Sjálfstfl. flutti fyrir nokkru. Mér fannst mjög merkilegt að varaformaður Sjálfstfl. skyldi taka að sér það hlutverk að löggilda þessa ræðu framkvæmdastjóra flokksins sem stefnuræðu með þeim hætti sem hann gerði hér í umr. Við höfum sumir, sem sérstaklega látum þessi mál til okkar taka, verið að velta því fyrir okkur síðustu tvær vikurnar, hvort skilja beri þessa ræðu Kjartans Gunnarssonar framkvæmdastjóra Sjálfstfl. sem stefnuyfirlýsingu af hálfu Sjálfstfl., hvort beri að skilja hana sem þáttaskil hvað það snertir, að nú ætli Sjálfstfl. að ganga fram fyrir skjöldu og heimta stóraukin umsvif Bandaríkjahers á Íslandi.

Fyrst voru þetta spurningar, en síðustu daga hefur það gerst, að á afdrifaríkan hátt hefur verið tekið af skarið um að skoða beri þessa ræðu framkvæmdastjóra Sjálfstfl. sem tímamótastefnuræðu af hálfu flokksins.

Björn Bjarnason, helsti sérfræðingur Sjálfstfl. í utanríkismálum og formaður utanríkismálanefndar Sjálfstfl., hefur lýst því yfir, að þessi ræða Kjartans Gunnarssonar marki tímamót í umræðunni um öryggismál Íslendinga. Í leiðara Morgunblaðsins s. l. sunnudag var þessari ræðu lýst sem höfuðviðfangsefni í utanríkismálaumræðu Íslendinga á næstu misserum og vitnað í ályktun síðasta Landsfundar Sjálfstfl. því til stuðnings, að saman fari hugsunin í ályktun Landsfundarins og hugsunin í ræðu framkvæmdastjórans. Nú kemur nýkjörinn varaformaður flokksins og flytur þessa ræðu hér í endursögn og beinum tilvitnunum á Alþingi Íslendinga og gerir orð framkvæmdastjórans að sínum. Það er því alveg ljóst, að þegar lagðar eru saman yfirlýsingar framkvæmdastjóra Sjálfstfl., formanns utanrmn. Sjálfstfl., varaformanns Sjálfstfl. og leiðarhöfundar í meginmálgagni Sjálfstfl., þá taka þeir allir í þennan sama streng. Sjálfstfl. hefur ákveðið að gera það að stefnumáli sínu að krefjast stóraukinna hernaðarumsvifa á Íslandi eða m. ö. o. krefjast þess, að Ísland verði enn frekar fest í það kjarnorkuvígbúnaðarkerfi sem við höfum verið tengdir við á s. l. 20 árum. Það tel ég alvarleg tíðindi, mjög alvarleg tíðindi, hryggileg tíðindi, að stærsti stjórnmálaflokkur landsins, aðalsérfræðingur hans í utanríkismálum, formaður utanrmn. hans, framkvæmdastjóri flokksins, varaformaður flokksins, meginmálgagn flokksins, skuli nú boða þessa stefnubreytingu og þeir segja sjálfir að þetta séu þáttaskil.

Í þessari ræðu, sem allir þessir aðilar hafa gert að sinni stefnu, eru hvorki meira né minna en settar fram 10 sérstakar kröfur um aukin hernaðarumsvif á Íslandi, —

kröfur sem eru þess eðlis að væri þeim öllum hrundið í framkvæmd væri búið að gera Ísland umfram alla aðra staði á norðurhveli jarðar að meginvígbúnaðarhreiðri í kjarnorkukafbátakapphlaupi risaveldanna. Ég spyr þessa ágætu menn: Telja þeir að vörnum Íslands sé best þjónað með því að halda áfram að tengja Ísland enn frekar við kjarnorkukafbátakerfi Bandaríkjanna? Halda þeir að vörnum Íslands sé best þjónað með því að bæta áfram slíkum vígbúnaði hér inn í landið að það hljóti að vera fyrsta verk þess ríkis, sem vill ráðast á Bandaríkin, að tortíma öllum þessum búnaði hér? Það er mikil ábyrgð þeirra manna sem vilja halda áfram að leggja slíkar freistingar í götu þess risaveldis sem telur sig þurfa að glíma við Bandaríkin á vettvangi kjarnorkuvígbúnaðarkerfis risaveldanna. Engu að síður hefur þetta gerst. Ég hélt í fyrstu að þessi ræða Kjartans Gunnarssonar væri leikur, nánast pólitískt einkaframtak manns sem hefur gaman af að velta fyrir sér hernaðarmálefnum og finnst kannske í tómlætinu hér á Íslandi vera þörf á því að hrista dálítið upp í þessari umr. og leyfir sér þess vegna kannske meira en eðlilegt getur talist. En það reyndist því miður ekki veru þannig. Þvert á móti „marserar" fram á völlinn allt forustulið Sjálfstfl. og segir: Þetta er hin nýja stefna.

Í þessari ræðu er í fyrsta lagi krafist þess, að byggð verði 9 sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli nú þegar.

Í öðru lagi er þess krafist, að byggð verði enn fleiri sprengjuheld flugskýli á Keflavíkurflugvelli en þessi 9, ekki verði látið staðar numið við þessi 9 sprengjuheldu flugskýli, heldur verði byggð enn fleiri, hve mörg segir forusta Sjálfstfl. ekki. Það væri kannske gagnlegt að spyrja hér í þingsölum: Hvað eru það mörg sprengjuheld flugskýli sem forusta Sjálfstfl. telur nauðsynlegt að byggja á Keflavíkurflugvelli?

Í þriðja lagi leggur Sjálfstfl. til að byggð verði „fullnægjandi stjórnstöð fyrir varnarliðið". Ég spyr: Hvers konar fyrirbæri er það sem Sjálfstfl. telur nú allt í einu þörf á að byggja á Keflavíkurflugvelli og hann gefur heitið „fullnægjandi stjórnstöð fyrir varnarliðið"? Stjórnstöðvar fyrir hvað? Kjarnorkukafbátahernaðinn? Orionflugvélarnar sem tengjast kjarnorkukafbátahernaðinum? Stjórnstöðvar fyrir hvað? Væri ekki gagnlegt að fá það fram, fyrst talin er þörf á að byggja nýja stjórnstöð fyrir bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli, hverju þessi stöð á að stjórna, hvers konar vígbúnaðarstarfsemi, til viðbótar þeirri sem nú fer þar fram og greinilega getur ekki rúmast innan þeirra bygginga sem þar eru nú? Í herfræðilegu tilliti er það ekkert smámál þegar stærsti stjórnmálaflokkur landsins óskar eftir að það sé byggð ný stjórnstöð fyrir bandaríska herinn, og væri gaman að fá herfræðilegar útleggingar á því hvað átt sé við.

Í fjórða lagi er lagt til að ratsjárstöð verði byggð á Norðausturlandi. Nú er það samdóma álit allra herfræðinga, hvort sem þeir eru stuðningsmenn Atlantshafsbandalagsins eða ekki, að í átökum milli risaveldanna hljóti fjarskiptakerfið að vera meðal fyrstu skotmarkanna. Það er ósköp eðlilegt vegna þess að fjarskiptakerfið er slíkur grundvallarþáttur í þeim kerfum til sóknar og varnar sem risaveldin byggja sinn vígbúnað á. Þessar stöðvar eru hér á Suðvesturlandi og þær eru á Suðausturlandi. Þær skapa að mínum dómi stórfellda árásarhættu fyrir þéttbýlasta svæðið í landinu. En vegna þess að engar slíkar stöðvar eru á Norðurlandi eða Norðausturlandi væri kannske von til þess, að þeim hluta landsins yrði hlíft ef til slíkra átaka þyrfti að koma. Nei, forusta Sjálfstfl. heimtar líka ratsjárstöð þar. Það er fjórða krafan um aukinn vígbúnað sem forusta Sjálfstfl. hefur sett fram.

Í fimmta lagi er sett fram sú krafa, að nýir millilandaflugvellir, sem hér verði byggðir, verði um leið hernaðarflugvellir. Þetta er hugmynd sem Björn Bjarnason hefur reifað í blaðagrein, en er nú greinilega orðið stefnuatriði hjá forustu Sjálfstfl. Það á að ganga enn frekar þá braut, sem hefur verið gengin með flugvellinum í Keflavík, að fella saman í eina heild flugþjónustukerfi Íslendinga og hernaðarkerfi Bandaríkjanna. Það er ekki nóg að millilandaflugvöllurinn á Suðurnesjum eigi að vera samtengdur hernaðarkerfi Bandaríkjanna, heldur ef Íslendingar byggja varamillilandaflugvöll, sem talið er nauðsynlegt að gera, þá á hann líka að vera tengdur við hernaðarkerfi Bandaríkjanna. Þetta er hin fimmta krafa.

Sjötta krafan er að til viðbótar við þá olíugeyma, sem væru byggðir til þess að leysa mengunarvandann á Suðurnesjum, verði byggðir enn fleiri olíugeymar til þess að þjóna eingöngu hernaðarumsvifum Bandaríkjanna, eða m. ö. o. að eldsneytisbirgðarstöðvar Bandaríkjanna á Íslandi verði stækkaðar til muna. Nú er ekki verið að tala um mengunarhættuna af geymunum á Suðurnesjum. Nei, nú koma menn til dyranna alveg á hreinskilinn hátt og segja: Við viljum meiri hernaðarbirgðastöðvar eldsneytis í landinu. Nú hljóma ekki lengur ræðurnar sem hljómuðu hér í þingsölum og annars staðar um að nauðsynlegt væri að leysa mengunarvanda Suðurnesja, heldur er sett fram nakin krafan um að Bandaríkin fái stóraukið rými fyrir hreinar og klárar hernaðarbirgðastöðvar hér í landinu.

Í sjöunda lagi er sett fram krafan um það, að Íslendingar taki formlegt sæti í hermálanefnd bandalagsins, m. ö. o. að Íslendingar verði fullgildir þátttakendur í hernaðarsamstarfinu. Það er mikill misskilningur hjá hv. flm., Friðrik Sophussyni, að það sé það sem ég var að tala um hér á Alþingi á sínum tíma. Ég var eingöngu að tala um að íslenskir þm. ættu, þar sem þingmenn NATO-ríkjanna kæmu saman til þess að fjalla um þessi mál, að lýsa því ekki yfir með þátttöku sinni í nefndarstörfum að þeir hefðu ekkert um hernaðarlega þætti málsins að segja. Það er allt annað heldur en að Íslendingar gerist formlegur aðili að hernaðarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins innan hernaðarnefndarinnar. Ég spyr þess vegna í framhaldi af ýmsu öðru, sem í þessum tillögum er, og fyrri málflutningi Sjálfstfl.: Hvers vegna leggja þeir ekki til að Sjálfstfl. taki þátt í kjarnorkuvopnasamvinnunni líka? Hvers vegna er það ekki lagt til? Það er kannske bara fyrsta skrefið að við göngum formlega inn í þessa hernaðarsamvinnu.

Í áttunda lagi er lagt til að gerð sé sérstök áætlun um samstarf og skiptingu valda og ábyrgðar milli íslenskra stjórnvalda og herstjórnar Atlantshafsbandalagsins á átakatímum, hvorki meira né minna, — formleg hernaðaráætlun um vígbúnaðargerðir og skiptingu ákvarðanatöku milli íslenskra stjórnvalda og herstjórnar Atlantshafsbandalagsins.

Í níunda lagi er lagt til að fram fari sérstakar hernaðaræfingar í tengslum við Ísland, að bætt verði úr því sem að dómi Sjálfstfl. er mikil vanræksla, að hér hafi ekki farið fram á landinu eða í tenglsum við landið fullgildar

hernaðaræfingar. Í tíunda og síðasta lagi er lagt til að Íslendingar komi sér upp því sem kallað er allsherjarvarnarkerfi.

Þetta er engin smápöntun þegar allt er lagt saman: Níu sprengjuheld flugskýli, enn fleiri sprengjuheld flugskýli þegar byggingu hinna 9 væri lokið, bygging sérstakrar nýrrar stjórnstöðvar fyrir varnarliðið í Keflavík, bygging sérstakrar ratsjárstöðvar fyrir varnarliðið í Keflavík, bygging sérstakrar ratsjárstöðvar á Norðausturlandi, tenging nýrra millilandaflugvalla Íslendinga við hernaðarkerfi Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagsins, stóraukið olíubirgðarými til hernaðarþarfa fyrir bandaríska herinn á Íslandi langt fram yfir það sem þarf til þess að leysa mengunarvanda Suðurnesjabúa, fullgild þátttaka Íslands í hernaðarsamstarfinu innan Atlantshafsbandalagsins, sérstök áætlun um hernaðarsamvinnu herstjórnar NATO og íslenskra stjórnvalda, hernaðaræfinga færi hér fram í landinu og í kringum landið þar sem fullgildar flota- og heræfingar NATO færu fram hér á Íslandi, og að síðustu skipulagning allsherjarvarnarkerfis hér í landinu.

Það er vissulega rétt hjá formanni utanrmn. Sjálfstfl. og leiðarahöfundi Morgunblaðsins, að þessi stefna markar þáttaskil. Það er alveg rétt. Þetta er grímulausasta hervæðingar- og hernaðarstefna, sem hér hefur sést í áratugi. Íslenskir stjórnmálamenn hafa aldrei fyrr sett fram stefnu af þessu tagi. En nú hefur það gerst, að Sjálfstfl. — varaformaður hans, framkvæmdastjóri, aðalmálgagn, formaður utanrmn. og helsti sérfræðingur — hefur lagt þetta fram og kallað tímamót.

Það eru að vissu leyti tímamót að þeir, sem hafa verið í forsvari fyrir stefnu Sjálfstfl. í þessum efnum, skuli jafngreinilega og hér er gert koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og gerast kröfugerðarmenn fyrir þeim miklu þáttaskilum í hervæðingu á Íslandi sem þessi stefna boðar. En það yrðu ömurleg tímamót fyrir Íslenska þjóð ef ætti að framkvæma slíka stefnumörkun. Það væri þess vegna kannske rétt að Alþingi flýtti sér að samþykkja þá till., sem hér hefur verið lögð fram, til þess að reyna að koma vitinu fyrir þessa menn með því að ráða sérfræðinga í þjónustu utanrrn. sem gætu beint stærsta flokki þjóðarinnar inn á réttar brautir. (**FrS:** Er þetta stuðningsyfirlýsing?)

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Það er alkunna að ráðamenn íslensku þjóðarinnar hafa í áratugi gert sér grein fyrir því og ekki dregið á það dul, að okkur skorti mjög sérþekkingu í hernaðarmálum í sambandi við ákvarðanatöku varðandi varnarmál landsins. Þetta er ekki nýtt og þess vegna er sú tillaga, sem hér liggur fyrir, í sjálfu sér ekki ný viðurkenning þó að málið sé tekið upp og settar fram hugmyndir um byrjunarlausn á þessum vanda.

Íslendingar hafa verið varnarlaus þjóð um mörg hundruð ára skeið. Þeir eru orðnir afvanir allri hermennsku og herþjónustu sem flestar aðrar þjóðir búa við, og má segja að í hugarfari Íslendinga sé jafnvel andúð á öllu sem hernaði og hermennsku viðkemur. Hins vegar hafa staðreyndir lífsins leitt til þess, að við höfum orðið að taka mikilvægar ákvarðanir á þessu sviði. Hjá því hefur ekki verið komist, og það hefur ekki þýtt að stinga hausnum í sandinn í þessum efnum. Því verður að reyna að ráða á þessu bót. Við verðum að koma okkur upp sérþekkingu, en við verðum líka að gera okkur fullkomlega ljóst að herfræðin, sem síðasti ræðumaður er orðinn svo menntaður í eftir tveggja ára setu í öryggismálanefndinni, er engin stærðfræði. Hún er eins og flest félagsleg vísindi ákaflega ónákvæm og engin leið að finna þar út endanlega hvað er rétt og hvað er rangt eða segja fyrir um hvað gerast kunni. Það er rétt að menn hafi þetta í huga þegar þeir heyra stærstu slagorðin sem menn draga af yfirborðskenndri lesningu á nokkrum bókum um þessi efni. Við eigum að geta bætt aðstöðu okkar til muna með því að koma okkur upp meiri sérþekkingu og fylgjast með því, hver umræða er um þessi mál á meðal þeirra sem sinna þeim mest í öðrum löndum.

Utanríkisráðherrar okkar hafa sumir gripið til þess að kalla til erlenda sérfræðinga, stundum frá hlutlausum ríkjum. Þeir hafa fengið frá þeim álitsgerðir sem vafalaust hafa haft einhver áhrif á það, hvernig þessir utanrrh. undanfarin 30—40 ár hafa gegnt störfum sínum og hvernig Alþingi hefur mótað þá stefnu, sem þeir hafa lagt til, allt þetta tímabil með miklum meiri hluta. Það þarf að safna þessari þekkingu á varnarmálum saman, helst á fleiri en einum stað. Ég hef fyrir nokkrum árum oftar en einu sinni lagt fram tillögu um að komið verði upp utanríkismálastofnun hér á landi. Þar mundi vera um að ræða stofnun sem væri óháð stjórnvöldum eftir því sem hægt er að gera hana og mundi safna upplýsingum og gefa út á svipaðan hátt og slíkar stofnanir gera í öðrum löndum.

Þessar hugmyndir leiddu á vissan hátt til þess, að stofnað var til öryggismálanefndar þeirrar, sem nú starfar, þegar Ólafur Jóhannesson myndaði ríkisstj. sína árið 1978. Ég get ekki fallist á að Alþb. hafi átt neina aðild að upphafi hugmyndarinnar, en mér er í minni að hún kom til tals meðal Alþfl.-manna og framsóknarmanna. Án þess að það skipti máli, hver telst vera höfundur hennar, þá er meginatriðið og staðreynd málsins sú, að þessir þrír flokkar urðu sammála um að hrinda henni í framkvæmd þegar þeir mynduðu ríkisstj. saman. Öryggismálanefndin er ekki sambærileg við óháðar utanríkismálastofnanir. Hún er hálfopinber. Það eru stjórnmálaflokkar sem tilnefna þá aðila er þar eiga sæti, og nefndin heyrir undir forsrh., en er rekin fyrir fé sem veitt er til hennar á fjárlögum. Hún er því meira en hálfopinber, enda þótt ástæða sé til að gera sér vonir um að starf hennar muni bera góðan árangur eins og fyrstu skrefin í útgáfu gefa tilefni til. Það er dálítill öryggisventill varðandi þessa nefnd að í hana eru skipaðir menn úr öllum stjórnmálaflokkum, hvort sem þeir eru sammála þeirri utanríkisstefnu, sem rekin hefur verið, eða andvígir henni. Og það er í raun og veru megineinkenni þessarar nefndar, að vísu ekki fundið upp af okkur hér, því að það hafa verið skipaðar nefndir á hinum Norðurlöndunum sem hafa verið settar saman á svipaðan hátt og hafa skilað skýrslum um öryggismál þeirra.

Fyrir utan öryggismálanefndina hefur það farið vaxandi að ungir Íslendingar hafa lagt fyrir sig herfræði í einhverri mynd í námi, og hefur þegar heyrst nokkuð frá þeim í þessum umr. þó að þeir séu, að ég hygg, fleiri en sá maður sem þar var nefndur.

Þá vil ég benda á, til þess að sýna fram á vaxandi áhuga og skilning á þessum málum, að ég hygg að sjaldan hafi eins mörg utanríkismál komið fram á Alþingi, bæði þáltill. og fsp., eins og hefur verið í seinni tíð, og tel ég það í sjálfu sér góðs vita.

Varðandi þá till., sem hér liggur fyrir og hv. 10. þm.

Reykv. hefur mælt fyrir, er hún að efni til ákaflega einföld og að orðum til ákaflega stutt. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að stofna sérstakt embætti ráðunauts ríkisstj. í öryggis- og varnarmálum hjá utanrrn."

Lengra gengur till. ekki. Í grg. eru ýmsar hugleiðingar sem að sjálfsögðu bera ekki sama þunga og till. sjálf, og hygg ég að flm. telji allir að það sé mál sem ræða megi, hvar og hvernig þessum starfsmanni yrði komið fyrir í utanrrn. og hvert yrði verksvið hans. Aðalatriðið er að hann á að vera ráðunautur og þar af leiðandi sérmenntaður í öryggis- og varnarmálum. Ég hygg, að vel komi til greina að þessi ráðunautur heyrði beint undir utanrrh. fyrst í stað, en starfaði samt sem áður í varnarmáladeildinni. Varnarmáladeild er hluti af utanrrn. og starfar að mörgu leyti sjálfstætt, en svo einkennilega hefur farið í áratugastarfi að hún hefur ekki vaxið. E. t. v. fagna menn því, að til eru einhverjar opinberar stofnanir á Íslandi sem ekki vaxa. En mér finnst nóg um þetta tilvik, því að í varnarmálanefndinni eru í dag ekki nema tveir starfsmenn og ritari. Er það með ólíkindum að þeir skuli komast yfir allt það starf sem á þeirra herðum hvílir, en það er fyrst og fremst samband við varnarliðið hér á landi og vandamál sem af þeim samskiptum leiðir. Varnarmáladeild hefur mjög litla möguleika til þess að safna saman upplýsingum og fróðleik um varnarmálin í víðari skilningi, en einmitt það skortir. Það er það sem menn vilja bæta úr með þeirri till. sem hér er flutt. Ég lít svo á *að ef þessi till. yrði framkvæmd yrði hún aðeins byrjunin* og að utanrrn. hlyti áður en mörg ár líða að fá fleiri starfsmenn sem að þessum málum vinna.

Ég er þeirrar skoðunar að slíkur sérfræðingur, sem starfaði á vegum utanrrh., ætti að sækja töluvert af hernarðarlegum fundum hjá Atlantshafsbandalaginu, — fundum sem við sækjum yfirleitt alls ekki. Með því öðlast hann margvíslegar upplýsingar og gæti fylgst með á því sviði sem undir hann heyrir. Ég geri ekki ráð fyrir að það þyrfti að breyta þeirri stefnu okkar að greiða ekki atkvæði um hrein hernaðarleg atriði af því að við höfum ekki her á okkar vegum og kostum ekki slíka starfsemi. Það skiptir ekki höfuðmáli, því að við komumst raunar ekki alveg hjá þeim málum. Flest hin veigameiri hernaðarlegu ákvörðunarmál Atlantshafsbandalagsins koma fyrr eða síðar fyrir hina pólitísku ráðherranefnd, en þar eiga sæti utanrrh. landanna eða í fjarveru þeirra sendiherrar hjá NATO.

Það má segja hið sama um Þingmannasamtök Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna sem Íslendingar hafa sótt alla tíð. Það væri ekki óeðlilegt að sækja fundi í hermálanefndinni til að afla upplýsinga. Ég get að vísu skýrt frá því — því að ég átti sæti á fundum þessarar stofnunar, samtaka þingmanna Norður-Atlantshafsbandalagsríkjanna — að ég hafði jafnan þá reglu að safna saman skjölunum sem hernaðarnefndin lét prenta, því að við höfðum aðgang að þeim, og hafði með mér heim til að líta yfir þau og sjá hvort þar væri eitthvað sem snerti okkur Íslendinga og við hefðum sérstakan áhuga á. Það reyndist ærið oft vera svo.

Þá hefur komið fyrir að ég hef tekið sæti í þessari nefnd. Það gerðist þegar þorskastríðið stóð yfir, að mér barst til eyrna að þorskastríðið kæmi til umræðu í nefndinni. Ég ruddist þar inn, settist niður og tók til máls í þessari umræðu með þeim árangri að ég fékk áminningu frá forseta fyrir harkalegt orðbragð í garð breska fulltrúans. En hvað sem því líður, sú var tíðin að við notuðum öll þessi sambönd til að vinna málstað okkar í landhelgismálinu fylgi, þá gerði ég þessa tilraun sem sýndi að það er ekkert því til fyrirstöðu að við getum setið í þessari nefnd og fengið allar upplýsingar sem þar er að hafa.

Hv. 11. þm. Reykv. hefur notað tækifærið til að ræða ekki aðeins þessa till., heldur gera umræðuna að almennri umræðu um utanríkis- og varnarmál. Ég tel það í sjálfu sér vera óeðlilegt og býst ekki við að þingið hafi verið við slíkum umr. búið, en það hefur þó þegar verið gert. Kjarninn í því, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði, var slagorð hans um að það væri búið að flétta Ísland stig af stigi inn í kjarnorkukerfi Bandaríkjanna. Hann slær um sig með allmörgum orðum sem hann hefur lært í yfirborðslestri sínum á skjölum sem safnað hefur verið í öryggismálanefnd. Ég mótmæli þessari fullyrðingu og lýsi yfir að ég tel að hún sé hrein fásinna, að það hafi vísvitandi verið gert að flétta Ísland stig af stigi inn í kjarnorkukerfi Bandaríkjanna. Þetta er eins og við höfum fengið að venjast í meðferð Alþb.-manna á utanríkismálum. Þeir reyna að búa til eitthvert slagorð og svo er hamrað á því slagorði sí og æ í þeirri von að einhverjir fari að trúa því. Það, sem gerst hefur síðan 1960, er að kjarnorkuvopn hafa farið til sjós. Þau hafa verið sett í kafbáta bæði í Bandaríkjunum, Sovétríkjunum og síðan í Bretlandi og Frakklandi. Eftir að þeir kafbátar fóru að sigla um heimsins höf, ekki bara í kringum Ísland, heldur víða annars staðar, gerbreyttist öll hernaðaraðstaða í *heiminum. Þetta er ekkert sem íslenskir ráðherrar hafa* gert. Þeir hafa ekki tekið neinar ákvarðanir sem hafa stuðlað að þessu. Þetta er þróun í heimsvígbúnaði, að vísu mjög sorgleg þróun vegna þess að hún hefur orðið til þess að gera kjarnorkubúnað stórveldanna stórum hættulegri en hann var fyrir. En um það eru allir sammála, sem ég hef heyrt að skrifað hafi um þessi mál, bæði sovéskir sérfræðingar og vestrænir, að það hafi verið tímamót í vígbúnaðarsögu og vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna þegar kjarnorkuvopn voru sett í kafbáta sem sigldu neðansjávar og erfitt er að fylgjast með. Það má því segja að á árunum eftir 1960 hafi hernaðarleg þýðing Íslands fengið á sig nýjan blæ vegna þess að kjarnorkukerfi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna teygðu sig eftir hafinu báðum megin við landið. Það var lengi vel svo að Sovétríkin þurftu að komast fram hjá Íslandi til að koma þessum kjarnorkukafbátum sínum á staði þar sem þeir gætu skotið á Norður-Ameríku. Á sama tíma þurftu bandarískir kafbátar að fara fram hjá Íslandi öðru hvorum megin til að komast norður í höf á stöðvar þar sem þeir gætu skotið á Sovétríkin. Þetta hefur tekið ýmsum breytingum með vaxandi tækni, en þetta er þróun sem íslensk yfirvöld hafa ekkert getað gert til að hafa áhrif á. Hins vegar hefur þessi þróun gert þýðingu Íslands mörgum sinnum meiri en áður og gert frekar en nokkru sinni fyrr algerlega óhjákvæmilegt að við blöndumst inn í þessi mál því að nú eruð við í þjóðbraut þessara kjarnorkukafbáta bæði frá austri og vestri.

Það er fullyrt að viðbúnaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli sé hluti af kjarnorkuárásarkerfi Bandaríkjanna eða burðarás í þessu kerfi. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé alls ekki. Þau tæki, sem hér eru, eru til þess að leita uppi kafbáta, bæði SOSUS-kerfið, það er til að finna þá, og Orion-leitarflugvélarnar. Mér er spurn: Þurfa Bandaríkjamenn að hafa SOSUS-kerfi í kringum

Ísland og Orion-flugvélar til að finna sína eigin kafbáta? Nei, alls ekki. Þetta er enginn stuðningur við þann kafbátaflota heldur eingöngu sett upp í varnarskyni til þess að fylgjast með öðrum kafbátum. Það er kjarninn í málinu. Þótt segja megi að svo að segja allar flugvélar og svo að segja allt stórskotalið nú á dögum geti skotið eða flutt kjarnorkuvopn, þá eru þær flugvélar, sem eru hér á landi í varnarliðinu, engan veginn sérstaklega til þess gerðar. Þær geta borið kjarnorkuvopn, en þær gera það ekki hér, og svipaðar flugvélar voru hér fyrir 1960. Það eru aðeins nýrri og fullkomnari gerðir t. d. af Orion-flugvélunum sem hafa tekið við af eldri gerðum, eins og er um orrustuflugvélarnar.

Það er því tilbúinn áróður í þeim tilgangi að blekkja þjóðina, þegar þessi mikli talsmaður og sérfræðingur Alþb. fullyrðir að Ísland sé „burðarás" í kjarnorkukerfi eða þá að búið sé að flétta Ísland inn í kjarnorkuárásarkerfi Bandaríkjanna. Ekkert slíkt hefur gerst. Þróunin er almenn og snertir bæði heimsveldin, og við henni höfum við ekkert getað gert sem neinu hefði breytt. Ákvarðanir íslenskra ráðherra og Alþingis hafa ekki átt neinn hlut að því, að þessi þróun hefur orðið eins og raun ber vitni. Hins vegar er engin leið önnur en að taka tillit til þess, að þessi þróun kjarnorkuvopna á hafinu og í hafinu hefur gert þýðingu Íslands meiri en áður. Hitt er fullyrðing sem erfitt er að rökstyðja og auðvelt er að svara, að þetta leiði til þess, að við hljótum að verða frumskotmark í byrjun styrjaldar. Það er nú orðið svo, þegar hv. 11. þm. Reykv. hamast við að endurtaka þess ógnaryfirlýsingu, að næsta styrjöld hljóti að byrja á því að kjarnorkuvopnum verði varpað á Ísland, að það minnir mig á málflutning Brynjólfs Bjarnasonar hér í gamla daga þegar hann hóaði Íslendingum með 600 millj. manna sem þá voru komnir undir stjórn kommúnismans í heiminum. (**ÓRG:** Vill ekki þm. hafa rétt eftir, áður en hann heldur áfram að æsa sig, hvað ég sagði. Það var í upphafi kjarnorkuátaka milli risaveldanna.) Vill ekki þm. láta sér nægja þann ræðutíma, sem hann tók sér hér og hann á kost á seinna, og lofa öðrum að tala í friði. (**ÓRG:** Þá skulu þeir tala það sem satt er.) Ég hef farið með meginsetningar, fáar en skýrar, í orðum hv. þm., og mér hefur þá misheyrst ærið oft ef ég fer ekki rétt með það sem ég hef sagt.

Það er mikill vafi á því, hvort Ísland er frekar frumskotmark eftir þessa hvimleiðu þróun kjarnorkuvopna í hafinu heldur en áður var. Um það getum við ekki sagt, en margt bendir til þess, að Sovétríkjunum væri svo mikið í mun að reyna að fá hér aðstöðu að þau mundu ekki byrja á því að eyðileggja hana. Þetta er veigamikil röksemd sem vert er að íhuga, og ég held að menn ættu ekki að hóta Sovétkjarnorkuárásum á Ísland jafnoft og hv. þm. gerði án þess að fjalla rólega um slíkt eða slíka möguleika. Um þetta veit enginn neitt. Það er eðli kjarnorkuvígbúnaðarins, óttinn við að nota þessar sprengjur, sem menn hafa gert sér vonir um að héldi aftur af þjóðunum þannig að þær notuðu sprengjurnar aldrei.

Kjarnorkusprengjur hafa einu sinni verið notaðar. Tveim þeirra var kastað á Japan í lok síðustu heimsstyrjaldar. Truman forseti tók ákvörðun um að gera það. En það hefur oft verið spurt: Hefði Truman forseti ákveðið að kasta kjarnorkusprengjum á Hiroshima og Nagasaki ef hann hefði vitað að það mundi kosta að þegar í stað yrði varpað kjarnorkusprengjum á Chicago og Detroit á eftir? Menn ættu að íhuga þessa stöðu sem er kjarninn í því öryggi, sem stórveldin búa okkur á þessum miklu vígbúnaðartímum.

Ég tel að sú breyting, sem gerð var á varnarliðinu 1960—61, þegar flotinn tók við stjórn hér, hafi verið eðlileg og í samræmi við þá meginbreytingu, sem varð á öllum vígbúnaði er kjarnorkuvopn voru flutt í kafbáta. Þá var að vísu fækkað í varnarliðinu og eðli þess var að mörgu leyti breytt. En SOSUS-kerfið var í fæðingu og mun hafa verið komið til skjalanna þá. Orion-flugvélarnar, eða frumstæðar gerðir af þeim, voru til og þær voru hér fastir gestir. Nokkru seinna komu hér fyrstu ratsjárflugvélarnar, sem voru Constellation-vélar til þeirra hluta gerðar, svo að AWACS-vélarnar eru ekki nýjung í vörnum Íslands, heldur hefur þar gerst það sama og varðandi hinar flugvélagerðirnar, að nýrri og fullkomnari vélar hafa tekið við af öðrum eldri.

Herra forseti. Eins og ég sagði tel ég í sjálfu sér ekki rétt eða æskilegt að fara mjög langt út í almennar varnarumræður varðandi þessa till. En eftir þær ræður, sem fluttar hafa verið, taldi ég óhjákvæmilegt að segja nokkur orð um allra mestu og furðulegustu fullyrðingarnar sem hér hafa verið fluttar. Ég vil biðja menn að íhuga þessa till. efnislega og skoða þá fyrst og fremst hvað lagt er til að Alþingi samþykki. Um hitt má alltaf ræða, hvaða hugmyndir koma fram í grg. og hvernig meginefni till. yrði útfært. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, að talsmaður Alþb., hv. 11. þm. Reykv., skuli í meginatriðum vera á sama máli, og ég treysti því, að efni þessarar till. verði frekar fyrr en síðar að veruleika og þá upphaf að því að íslensk stjórnvöld, fyrst og fremst utanrrn., hafi á sínum vegum nægilegan hóp sérmenntaðra manna til þess að vinna að þessum málum.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég skal ekki hafa hér um mörg orð. Ég ætla aðeins að lýsa afstöðu minni til þessarar till. Ég er henni fylgjandi. Það þarf út af fyrir sig engum að koma á óvart vegna fyrri ummæla minna um þetta efni. Það hefur verið ósk mín að það væri hægt að ráða varnarmálaráðunaut í utanrrn., í varnarmáladeild og hjá varnarmálanefnd, sem gæti starfað með þessum aðilum, að sjálfsögðu undir yfirstjórn ráðh. Sá ráðunautur yrði auðvitað að hafa sérþekkingu á þessu sviði.

Nú er það auðvitað svo, að það þarf æðimikla sérþekkingu til að taka til alls sem kemur fram í sambandi við þessi málefni vegna þess að þau eru auðvitað mjög sérgreind. Þess vegna gæti það aldrei orðið, þegar um einn mann ætti að vera að ræða, öðruvísi en að hann hefði nokkuð almenna þekkingu á þessum efnum, en ekki væri hægt að gera ráð fyrir að hann hefði einhverja sérgreinda þekkingu á einhverjum tilteknum sviðum. Ég hef þá trú að þekking sé alltaf til góðs, og í okkar þjóðfélagi notum við sérfræðinga mikið, sumum finnst kannske fullmikið. Það fer nokkuð mikill tími í það á Alþingi að ræða um efnahagsmál og við höfum marga sérfræðinga í efnahagsmálum, og má vel vera að sumum þyki að þeir séu fullfyrirferðarmiklir. En ætli mönnum þætti ekki dálítið snautlegt að sleppa alveg efnahagssérfræðingum og hafa þá enga sér til ráðuneytis. (Gripið fram í.) Það held ég að þætti. Auðvitað gildir alveg sama á þessu sviði, að það er æskilegt að hafa mann með sérþekkingu.

Það getur verið að menn hafi mismunandi hugmyndir um útfærslu á því hlutverki, sem slíkur maður ætti að hafa, og hvernig hann ætti að starfa. Ég held að menn hljóti að vera sammála um að hann getur ekki leyst

öryggismálanefnd af hólmi. Það er ekki ástæða til að blanda því saman. Öryggismálanefndin er góð og gild út af fyrir sig. Hún er, eins og ég sagði á sínum tíma, vísir — örlítill vísir — að þeim stofnunum, hliðstæðum að nokkru leyti, sem fyrirfinnast erlendis, þó að það sé alveg rétt, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að uppbygging hennar er á annan hátt en slíkra stofnana. Það væri sjálfsagt æskilegt að hún væri enn óháðari t. d. að Vísindasjóður eða einhver slík stofnun gæti staðið undir öryggismálanefnd. En hvað sem um það er, þá er það auðvitað framtíðardraumur sem rætist ekki mjög fljótlega, að við getum sett upp stofnanir á borð við þær stofnanir sem eru erlendis, t. d. Utenrikspolitiska Institutet og aðrar þvílíkar. Það á áreiðanlega langt í land. Samt sem áður er gott að hafa þessa öryggisnefnd, og ekki ætla ég nú að deila um hver hefur átt frumkvæðið, en ég held að a. m. k. hafi ekki komið mótstaða frá neinum flokki sem stóð að stjórnarmynduninni 1978.

En hlutverk varnarmálaráðunauts á að vera annað. Ég hef hugsað mér það svo, að hann ætti að starfa í tengslum við varnarmáladeild og varnarmálanefnd. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram, að þessir aðilar annast stjórnsýsluleg samskipti við varnarliðið. Þau eru ákaflega mikil og margs konar, og ég verð að segja það af minni reynslu, að ég held að það væri mjög gott að hafa einmitt við slík störf mann sér til ráðuneytis sem hefði nokkra sérþekkingu á þessum málum, t. d. að því er varðar allar framkvæmdir og því um líkt sem hér eru ráðgerðar þetta og þetta árið. Þá væri mjög gott að hafa slíkan ráðunaut. Ég undirstrika að að mínum dómi á þessi maður auðvitað aðeins að vera ráðunautur. Hann á ekki að taka neinar sjálfstæðar ákvarðanir. Þess vegna dreg ég í efa að það sé hans hlutverk að mæta á fundum Atlantshafsbandalagsins nema sem ráðunautur utanrrh. Utanrrh. fer eftir sem áður og á að fara með ákvörðunarvaldið og hann á að bera ábyrgðina. Þessi varnarmálaráðunautur verður ekki sóttur til ábyrgðar með þeim hætti sem utanrrh. verður að bera ábyrgð. Ég skal játa að þegar ég var fyrst að hugsa um þennan ráðunaut í varnarmálum, þá hugsaði ég ekki stærra en það, að ég gat hugsað mér að þetta yrði maður í hluta af starfi. En áreiðanlegt er að það veitir ekki af manni í fullu starfi í þetta.

Íslendingum eru náttúrlega hernaðarmálefni framandi og hugsun um hernaðarmálefni nokkuð framandi. Þess vegna hef ég orðið þess var, að það er eins og menn séu hálf-framstyggir og hræddir þegar talað er um varnarmálaráðunaut. Þeir halda að hann þurfi endilega að vera einhver „militaristi" sem verði ákafur talsmaður aukinna umsvifa og því um líkt. En það er eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti á, að margir sérfræðingar í hernaðarmálum eru einmitt starfandi hjá svokölluðum friðarstofnunum. Það sýnir að þeir geta engu að síður verið friðarsinnar, ef menn vilja nota það orð, heldur en hinir sem hafa ekki þekkinguna. Það er allra alda reynsla, að þeir, sem hafa ekki þekkinguna, eru alltaf hleypidómafyllstir á öllum sviðum. Hinir, sem hafa þekkinguna, líta alltaf öðrum augum á málefnin og skoða þau á hlutlægari hátt en ella.

Þetta eru meginatriðin af því sem ég vildi taka fram hér. Ég geri ráð fyrir að utanrmn. athugi þessa tillögu og leggi e. t. v. nánari línur um það, hvernig þessu starfi eigi að vera fyrir komið, heldur en gert er ráð fyrir í aths. við þessa þáltill., og það ætti að nást samstarf um það. Ég fagna því auðvitað, að mér sýnist að menn hér úr öllum flokkum séu að meginstefnu til sammála um þetta aðalatriði, að það sé þörf á manni með þessa menntun til starfa í utanrrn. Þó að það sé rétt, að það hefur stundum verið horfið að því ráði, eins og kom fram áðan, að leita til erlendra sérfræðinga, þá er sjálfs höndin hollust og heppilegra að hafa innlendan sérfræðing en þurfa að leita til útlendra sérfræðinga þó að þeir geti verið ágætir.

Ég skal ekki blanda mér í þær umr. sem hér hafa farið fram að öðru leyti, en verð að segja það, að þær fullyrðingar, sem fram komu hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni um að Ísland hefði tengst kjarnorkuvígbúnaðarhervæðingu Bandaríkjanna, eru orðnar nokkuð gamlar lummur sem hann hefur endurtekið nokkuð oft. Satt að segja er þessi málflutningur hans varðandi kjarnorkuvopn farinn að minna mig dálítið á þann ágæta riddara Don Quixote sem var alltaf að berjast við vindmyllur. Það er búið að marghrekja þetta. (**ÓRG:** Að Ísland sé tengt við kjarnorkuvopnabúnaðinn?) Það er búið að marghrekja þessar fullyrðingar sem hv. þm. hefur sett fram um að Ísland væri tengt kjarnorkuhervæðingarkerfi Bandaríkjanna. (**ÓRG:** Hver hefur hrakið það?) M. a. ég. Það hef ég gert mörgum sinnum. En ég verð náttúrlega þreyttur á því að leggja það á mig öllu oftar svo að ég held að ég verði að láta það kyrrt liggja núna.

Það var alveg laukrétt sem hv. þm. Benedikt Gröndal benti á, að auðvitað er sú breyting, sem hefur orðið í hafinu umhverfis okkur, ákaflega skuggaleg og ákaflega mikið alvöruefni. Það eru kjarnorkukafbátar á sveimi. Þar eru á sveimi kafbátar sem geta sjálfsagt verið búnir kjarnorkuvopnum. Þetta er, eins og hann tók fram, ekki til komið fyrir atbeina íslenskra stjórnvalda. Það er svo fjarri öllum sanni að um það þarf ekki að ræða, enda þurfa þessir kafbátar ekkert leyfi íslenskra stjórnvalda til að sveima um hafið. Ef þeir halda sig utan 12 sjómílna geta þeir farið um að sinni vild. Þannig er alþjóðarétturinn í dag í þessum efnum. Af þessu getur auðvitað stafað stórhætta án þess að nokkur styrjöld sé höfð í huga. Eins og dæmin sanna hefur komið fyrir og getur komið fyrir að það verði slys í sambandi við þessa kjarnorkukafbáta, og það er ákaflega alvarlegt fyrir okkur Íslendinga að hugsa til þess að hafa alla þessa kafbáta hér í kringum okkur. En það er þróun sem við höfum ekki átt neinn þátt í, — þróun sem við höfum ekki getað gert neitt við af því að eins og er eru reglurnar um úthöfin þannig að herskipum og kafbátum er frjálst að fara um þau. Um þetta hefur verið fjallað á Hafréttarráðstefnunni, en þar er mótstaða gegn því að takmarka frelsi úthafanna að þessu leyti. Ég geri ráð fyrir að það verði erfitt að koma þar fram reglum sem takmarka þetta þó að það væri æskilegt, ákaflega æskilegt frá okkar sjónarmiði. En ég ítreka enn og aftur að íslensk yfirvöld, hvorki fyrrverandi ráðh. né núverandi, hafa átt nokkurn þátt í þessu né hafa þau getað við því gert. Hinu hefur alltaf verið haldið fram af íslenskum stjórnvöldum, það er bókað í okkar varnarsamningi og íslenskir ráðamenn hafa margoft lýst því yfir, að á íslensku landi yrðu aldrei leyfð kjarnorkuvopn. Sú yfirlýsing stendur alveg óbreytt og óhögguð.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þar sem ég hef aðstöðu til þess í utanrmn. að fjalla nánar um þessa till. mun ég ekki tala langt mál að þessu sinni af tilefni þessarar till. um öryggismálaráðunaut sem stofnað skuli til

hjá utanrrn. Ég vil þó fagna því, að þessi þáltill. hefur fengið góðar undirtektir efnislega, og geri þá ráð fyrir að unnt sé í utanrmn. að komast að samkomulagi um samþykkt þáltill., er verði til þess að til slíks embættis verði stofnað.

Ég vil þó í þessari umr. taka fram að mér blöskrar málflutningur hv. 11. þm. Reykv. Þótt bæði hv. 4. þm. Reykv. og hæstv. utanrrh. hafi svarað honum tel ég nauðsynlegt að nokkur atriði í málflutningi hans séu tekin til meðferðar.

Það er í fyrsta lagi þegar hv. 11. þm. Reykv. heldur því fram, að það sé tæknibúnaður á Íslandi, en ekki lega landsins, sem skapi hættu á að Ísland dragist inn í átök stórvelda. Ég vil halda því fram, að það sé fyrst og fremst lega Íslands sem skapi þá hættu, að landið geti dregist inn í átök stórvelda, og skipti að því leyti ekki neinu máli um auknar líkur til þess, að Ísland dragist inn í slík átök, hvaða tæknibúnaður er hér á landi. Hitt getur skipt miklu máli, að sá tæknibúnaður sé hér á landi að það aftri stórveldum frá því að hefja styrjaldarátök. Ég er fylgjandi því, að hér sé varnarviðbúnaður, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að varnarviðbúnaður á Íslandi þjóni þeim tilgangi sem mestu máli skiptir, að koma í veg fyrir að til styrjaldar dragi, að nokkurt stórveldi telji hagsmunum sínum betur borgið með því að hefja átök fremur en að setjast að samningaborði.

Hitt er svo annað mál, að tæknipróunin og tæknibúnaður kafbáta, skipa og flugvéla, sem ferðast hér um í nágrenni landsins, hefur orðið á þann veg að aukið hefur á hernaðarlega þýðingu legu landsins á síðustu árum og áratugum. En í þeim efnum er tæknibúnaðurinn hér á landi ekkert úrslitaatriði, nema að því leyti, að varnarviðbúnaður landsins er mikilvægur þáttur í að halda friði í þessum heimshluta.

Hv. 11. þm. Reykv. vildi halda því fram, að þessi skoðun væri skoðun höfundar ritsins um GIUK-hliðið, að tæknibúnaðurinn, en ekki lega landsins, skapaði hættu á að Ísland drægist inn í átök stórvelda. Ég verð að segja það, að ég held að hv. 11. þm. Reykv. hafi lesið þetta rit eins og sagt er að skrattinn hafi lesið Biblíuna, ef hann dregur þá ályktun sem hann vitnaði í áðan. Það er fjarri öllum sanni, heldur hitt miklu fremur undirstrikað í þessu riti, að lega Íslands er svo hernaðarlega mikilvæg, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að þeirri legu fylgja óhjákvæmilegar skyldur stjórnvalda á Íslandi og Íslensku þjóðarinnar að gera viðeigandi ráðstafanir.

Þá nefndi hv. 11. þm. Reykv. að tæknibúnaður hér á landi hefði styrkt tengsl Íslands við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna. Þeir hæstv. utanrrh. og hv. 4. þm. Reykv. hafa nokkuð fjallað um þessa ásökun hv. 11. þm. Reykv. og hrakið hana. Þó er eitt athyglisvert við þennan málflutning hv. 11. þm. Reykv., og það er raunar að hann hefur horfið frá þeirri ásökun sinni, að hér á Íslandi séu kjarnorkuvopn. Hann hefur horfið frá því að vekja upp þá gömlu grýlu sem hann hefur gert ítrekað tilraunir til hér áður og notað í þeim tilgangi margra ára gamlar lummur utan úr heimi, sem íslenskir fjölmiðlar hafa því miður einnig verið of fljótir að grípa til.

Hver skyldi vera tilgangur hv. þm. með slíkum málflutningi? Ég vil tæpast trúa því, að það sé tilgangur hv. þm. að draga athygli mögulegs árásaraðila að Íslandi eða veita honum ástæðu fyrir mögulega árás á landið. Nei, ég fæ mig ekki til að trúa því, að sá sé tilgangur hv. þm. Hins vegar er slíkur málflutningur jafnvel vitnisburður um það, að hann sé a. m. k. á tímabili kaþólskari en páfinn, vegna þess að í einn tíma var það skoðun ráðamanna í Kreml að hér væru ekki kjarnorkuvopn.

Nú þegar hv. þm. hverfur í þá varnarlínu að hætta að tala um kjarnorkuvopn á Íslandi, þá fer hann að tala um tengsl Íslands við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna. Í hverju eru þessi tengsl Íslands við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna fólgin að áliti hv. þm.? Þau eru ekki fólgin í öðru en þeim flugvélum, könnunarflugvélum, radarflugvélum, orrustuþotum, svokölluðu SOSUS-kerfi, sem nýtt er í eftirlitsstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Ekkert af þessum tækjum er umfram önnur gædd þeim eiginleikum að nýtast í kjarnorkuhernaði. Það er unnt að nýta þau í kjarnorkuhernaði, en það er einnig unnt að nýta þessi tæki öll án þess að um kjarnorkuvopnahernað sé að ræða. Að því leyti eru þau í engu frábrugðin þeim sem áður voru hér á Keflavíkurflugvelli.

Athyglisvert er að mörg þessara nýju tækja og flugvéla hafa komið til meðan Alþb. hefur verið í ríkisstj. Alþb. ber því ábyrgð á því, að þessi tæki eru hér á landi, en hefur látið sér það lynda vegna þess að það vill verma ráðherrastólana enn um stund. Séu þessi tæki, þessar flugvélar, ástæðan fyrir tengslum Íslands við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna, þá er það ekki síst á ábyrgð Alþb. eins og annarra stjórnmálaflokka sem við völd hafa verið á þessu tímabili.

Það var og uppistaða í málflutningi hv. þm., að við sjálfstæðismenn vildum stóraukin umsvif varnarliðsins hér á landi. Við sjálfstæðismenn viljum leggja hlutlægt mat á varnarviðbúnað hér á landi með tilvísun til íslenskra hagsmuna og með tilvísun til þess höfuðtilgangs er við teljum vera fólginn í varnarviðbúnaðinum sjálfum, og það er að koma í veg fyrir að styrjöld hefjist í okkar heimshluta. Slíkt mat getur verið fólgið í því að krefjast aukins varnarviðbúnaðar. Slíkt mat getur verið fólgið í því að neita, synja varnarliðinu um aukinn varnarviðbúnað. Það fer eftir eðli málsins og horfum hverju sinni, m. a. þarf að leggja sjálfstætt mat á það, hver varnarviðbúnaður eigi að vera hér á Íslandi til að þjóna hagsmunum Íslendinga og þeim tilgangi sem varnarviðbúnaður hefur yfirleitt. Þá er nauðsynlegt að við höfum sérfræðing og raunar fleiri en einn sérfræðing — til þess að ráðleggja íslenskum stjórnvöldum og leggja sjálfstætt mat á viðhorf og hvernig við þeim skuli brugðist hverju sinni.

Það er svo að hernaðarmál og varnarmál hafa verið nokkurs konar feimnismál hér á Íslandi. Vegna þess að við Íslendingar höfum ekki haft her höfum við ekki verið mjög gefnir fyrir að ræða slík mál. En því miður búum við í þeim heimi sem krefst þess, ef við gerum okkur grein fyrir hvað til friðar okkar heyrir. Embætti slíkt sem það er hér er gerð tillaga um er auðvitað ekki einhlítt. Meira og fleira þarf til að koma. Það þarf að skapa slíkum öryggismálaráðunaut starfsskilyrði og það þarf að tengja starf hans við þá sérfræðinga sem starfa að sömu viðfangsefnum meðal bandalagsþjóða okkar. En það þarf einnig að nýta þá starfsþekkingu og reynslu sem Íslendingar í öðrum störfum í þjóðfélaginu búa yfir, eins og t. d. í löggæslu og landhelgisgæslu og hjá þeim sem starfa í tengslum við almannavarnir. Við þurfum að gera okkur þess grein, Íslendingar, að við eigum í samvinnu við aðrar þjóðir innan Atlantshafsbandalagsins að starfa saman að því að koma í veg fyrir styrjöld, eins og tekist hefur þá rúmu þrjá áratugi sem Atlantshafsbandalagið

hefur starfað og við vonum að takist um alla framtíð.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að tala á nýjan leik. Hér hafa komið fram yfirlýsingar frá húv. hæstv. utanrrh., fyrrv. utanrrh. Benedikt Gröndal og fyrrv. forsrh. Geir Hallgrímssyni, þar sem þeir lýsa því allir yfir að Ísland sé ekki tengt inn í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna. Ef á að taka þessar yfirlýsingar alvarlega sem stefnuyfirlýsingar þessara aðila — og það var ekki hægt að skilja ræðurnar á annan hátt — að það væri þeirra vilji að Ísland væri ekki tengt og ætti ekki að vera tengt inn í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna, þá tel ég — í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hér hafa fallið og ég tel tímamótandi yfirlýsingar — nauðsynlegt að hefjast nú þegar handa um algera endurskoðun á starfsemi Bandaríkjanna á Íslandi. Það verði þá gengið rækilega úr skugga um það, hvort þessi stefna hefur verið framkvæmd. Það verði sýnt fram á að ég og aðrir, fjöldinn allur af erlendum hernaðarsérfræðingum og reyndar innlendum einnig, sem telja að Ísland sé tengt inn í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna, við höfum annaðhvort rangt fyrir okkur eða þá, að hafist verði handa um að framkvæma þá stefnu sem núv. og fyrrv. utanrrh. og fyrrv. forsrh. voru að enda við að lýsa hér yfir í dag að ætti að vera stefna Íslendinga.

Það er mikill misskilningur, hv. þm. Benedikt Gröndal, að ég telji þetta einhverja áróðursumræðu. Það er mikill misskilningur. Það er mikill misskilningur að telja að ég sé að flytja þetta hér vegna þess að ég telji þetta vera einhverjar einfaldar yfirborðskenndar áróðursplötur sem þjóni ímynduðum eða raunverulegum flokkspólitískum hagsmunum Alþb. að spila hér á þingi og utan. Málið er mér miklu alvarlegra en svo. Og ekki minnkar alvaran við þær yfirlýsingar sem hér hafa komið fram, að Ísland eigi ekki að vera tengt inn í þetta kerfi og sé það ekki.

Núv. hæstv. utanrrh. og reyndar síðasti ræðumaður einnig, formaður utanrmn., Geir Hallgrímsson, viku aðeins að umræðum hér um það, hvort kjarnorkusprengjur væru á Íslandi eða ekki. Ég vil taka það skýrt fram, eins og ég hef oft sagt hér í þingsölum, að ég hef aldrei fullyrt að hér væru kjarnorkusprengjur. Það hef ég aldrei sagt. Þess vegna þarf ekki að hrekja þá fullyrðingu mína, vegna þess að hún er hvergi til. Það eina, sem ég hef sagt, er að benda á að ýmsir virtir erlendir sérfræðingar og alþjóðastofnanir í þessum málum halda því fram, að á Íslandi séu kjarnorkuvopn, þ. e. sprengjan sjálf. Ég hef lagt á málið ríka áherslu á grundvelli þeirra yfirlýsinga, vegna þess að þetta eru aðilar sem eru teknir alvarlega, m. a. af bandarískum stjórnvöldum, t. d. Center for Defence Information, sem hér var vikið að í þeim umr. á sínum tíma. Yfirmaður hennar er fyrrv. hershöfðingi í Bandaríkjunum. Sú stofnun veitir bandarískum þingmönnum ráðgjafarþjónustu um þessi efni. Hún hefur efnt til einhverrar virtustu alþjóðlegu ráðstefnu Evrópumanna og Bandaríkjamanna um kjarnorkuvígbúnað sem efnt hefur verið til á síðustu tveimur árum. Það eru þess vegna engir aukvisar sem halda þessu fram. Það eru virtustu rannsóknarstofnanir á þessu sviði. En þetta er sérmál, deilan um það, hvort sprengjan sem slík, vopnið sjálft sé hér staðsett eða ekki. Ég hef ekki verið að tala um það hér í dag. Það er satt að segja undarlegt og sýnir — ég veit ekki hvað, ég vil kannske segja: vanþekkingu, en ég veit ekki hvað á að kalla það, ef menn telja að umr. í dag hafi snúist um það. Alls ekki. Það er atriði sem ég hef sagt að er opin spurning. Ég hef ekki fullyrt neitt um það. Ég hef eingöngu bent á þessar yfirlýsingar erlendra aðila í þeim efnum.

Það, sem ég hef hins vegar sagt í dag, er það, að sú tækniaðstaða, sem hér er, tengi Ísland inn í kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna. Kjarnorkuvopnakerfið er hugtak sem ég vænti að menn skilji. Það tekur til allrar þeirrar starfsemi og tækja sem gera kjarnorkuveldinu — hvert sem það er — kleift að flytja sprengjuna á þann stað sem henni er ætlað að falla, með sem mestri nákvæmni á sem skemmstum tíma og þannig að viðbrögð kjarnorkuveldisins gagnvart hugsanlegri árás — eða til þess að hefja árásina sjálft — geti verið með sem öruggustum og nákvæmustum hætti. Þetta kerfi er samansett af mörgum hlutum öðrum en sprengjunni sjálfri. Það er sett saman af flóknum tækjabúnaði, flóknu tækjakerfi, þar sem flutningstæki sprengjunnar sjálfrar, hvort sem það er flugskeyti, flugvél eða kafbátur, er aðeins einn hluti af þessu kerfi.

Í grófum dráttum má segja að þetta kjarnorkuvígbúnaðarkerfi sé þríþætt. Það er í fyrsta lagi kjarnorkuvopn sem flutt eru af flugvél, og þá eru það flugvélarnar sjálfar sem flytja það og miða því á lokaáfangastað. Í öðru lagi eru það kjarnorkuflugskeyti sem eru af ýmissi gerð og mörg hver á landi og oft og tíðum geta farið til áfangastaðar án verulegrar aðstoðar annarra tækja. En þriðji þátturinn í þessu kerfi er sá þáttur kjarnorkuvígbúnaðarins sem er í undirdjúpum hafanna, kjarnorkukafbátarnir. Hann er einmitt sá þáttur sem þarf hvað flóknast stuðningskerfi til þess að geta beitt þessu helvopni. Það er þess vegna á sviði kjarnorkukafbátahernaðarins eða gagnkafbátahernaðarins, eins og hann er kallaður á íslensku, antisubmarine warfare, eins og það heitir á ensku, þar sem stoðtækin við sjálft helvopnið eru mest, kjarnorkuvígbúnaðarkerfið er flóknast.

Ég hef haldið því hér fram, að SOSUS-kerfið, Orion-flugvélarnar og að nokkru leyti radarkerfin og AWACS-flugvélarnar, sem hér eru, en þó kannske fyrst og fremst SOSUS-kerfið og Orion-flugvélarnar, væru nátengd inn í þetta kjarnorkuvígbúnaðarkerfi vegna þess að það gæti bókstaflega ekki starfað, — hið gagnkvæma kjarnorkuvígbúnaðarkerfi risaveldanna í höfunum á norðurslóðum gæti bókstaflega ekki starfað — út frá því hvernig Bandaríkjamenn starfrækja þetta kerfi af sinni hálfu — án þess að þessi SOSUS-aðstaða og Orion-flugvélarnar og reyndar ýmislegt annað væru til staðar.

Síðan koma menn hér, núv. og fyrrv. utanrrh. og fyrrv. forsrh., og lýsa því bara yfir að Ísland sé ekki tengt kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna, m. ö. o. að SOSUS-stöðvarnar, sem hér eru, bæði á Suðausturlandi og Suðvesturlandi, séu ekki tengdar inn í kjarnorkuherafla Bandaríkjanna í kafbátunum eða tengdar við gagnkvæma árásargetu risaveldanna á sviði kjarnorkuvígbúnaðarins, Orion-flugvélarnar sé það ekki heldur og AWACS-flugvélarnar væntanlega ekki heldur.

Nú spyr ég í fyllstu hreinskilni: Eru þessi orð mælt af vanþekkingu þannig að þeir trúi þessu í raun og veru sjálfir? Þá verð ég að segja við 1. flm. þessarar till.: Við þurfum ekki einn sérfræðing. Við þurfum að fá helst sem fyrst úrval af ýmsum bestu sérfræðingum nágrannalandanna hér í kringum okkur. Það þarf að efna til námskeiðs, helgarnámskeiðs eða kvöldnámskeiðs, sem fyrst fyrir menn til þess að þeir geti áttað sig á þessu. Það getur

því vel verið að ég flytji um það brtt. við þessa till., að hér verði stofnuð sérfræðingasveit, því að ég vil taka þessi orð alvarlega. Ég vil ekki væna núv. og fyrrv. utanrrh. og fyrrv. forsrh. um að þeir iðki blekkingar á þessum sviðum. Þeir hljóta að trúa þessu, mennirnir.

Ég vil ítreka aftur það sem ég sagði áðan. Við verðum að gera greinarmun á staðsetningu sprengjunnar sjálfrar, sem við ræddum hér um í fyrra og ég endurtek að ég hef aldrei fullyrt að hér væri, aðeins bent á alþjóðlega sérfræðinga og álit þeirra, og svo hins vegar kjarnorkuvopnakerfinu í heild sinni, því sem gerir mönnum kleift að beita vopninu sjálfu. Ef menn halda því fram, að það séu engin tengsl milli tækjanna hér og kjarnorkuvígbúnaðarkerfisins í kafbátunum, þá er það söguleg yfirlýsing hjá núv. og fyrrv. utanrrh. og fyrrv. forsrh. Íslands.

Það var vikið hér að skýrslunni um GIUK-hliðið og dregið í efa að þessi skýrsla sýndi fram á tengsl þeirrar starfsemi, sem hér er, við kjarnorkuvígbúnaðarkerfi risaveldanna í kafbátunum. Ég ætla að lesa hér nokkrar tilvitnanir úr þessu riti til þess að vekja athygli hv. þm. á því, að í þessu riti kemur fram ítarleg lýsing á því, hvernig starfsemin hér er tengd við þennan kjarnorkukafbátahernað. Á bls. 34 er almenn skilgreining á gagnkafbátahernaði sem er grundvallarþátturinn í kjarnorkuvígbúnaðinum á Norður-Atlantshafi. Það er komið fram fyrr í ritinu, að gagnkafbátahernaðurinn sé meginundirstaða kjarnorkuvígbúnaðarins á Norður-Atlantshafi. En hér segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Gagnkafbátahernaður er fólginn í því að uppgötva, bera kennsl á, staðsetja og ef til átaka kemur að granda kafbátum. Er þetta gert með samræmdum aðgerðum flugvéla, þyrla, herskipa og kafbáta sem eru sérstaklega útbúin í þessu skyni. Enn fremur eru hlustunardufl, hlustunartæki á hafsbotni og gervitungl mikilvægir liðir í þessu kerfi."

Hér fá menn í örfáum setningum góða heildarlýsingu á þessu kerfi sem ég hef verið að tala um, hvernig þessir ótalmörgu þættir tengjast hver öðrum. Síðan er í þessu riti ítarleg lýsing á því, hversu SOSUS-kerfið og Orion-flugvélarnar tengjast inn í þessa mynd. Það sem meira er: á bls. 38 kemur það skýrt fram og á blaðsíðunum þar á eftir, að SOSUS-kerfið er hvorki meira né minna en grundvallarþátturinn í kjarnorkukafbátakerfinu á Norður-Atlantshafi og þar með kjarnorkuvígbúnaði risaveldanna. Á bls. 38 segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Uppgötvun kafbáta er eins og áður hefur verið getið mikilvægasti liðurinn í gagnkafbátahernaði. SOSUS ber uppi þennan þátt gagnkafbátakerfis bandaríska flotans."

Ég endurtek: „SOSUS ber uppi þennan þátt gagnkafbátakerfis bandaríska flotans."

Á bls. 39 segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandarískí flotinn hefur yfir að ráða tveimur gerðum kafbátaleitarvéla. Orion P-3 eru staðsettar á landi víðs vegar um heiminn, en S-3 A Viking eru á flugmóðurskipum flotans. Flestar vélanna í landinu eru af gerðinni Orion P-3C." — Ég skýt því inn hér, að það eru einmitt þær flugvélar sem hér eru. En síðan segir áfram orðrétt: „Telja bandarísk hermálayfirvöld að þessar vélar í samvinnu við SOSUS og annan eftirlitsbúnað séu öflugustu tækin í gagnkafbátahernaði ef til ófriðar dregur á svæðum þar sem loftvarnir Sovétmanna eru veikar."

Svo segja menn hér, ráðamenn þjóðarinnar: Það eru engin tengsl aðstöðunnar á Íslandi við kjarnorkuvígbúnaðarkerfi risaveldanna í kjarnorkukafbátunum hér í kring.

Á bls. 50—51 er mjög nákvæm lýsing á tengslum þessa SOSUS-kerfis við kjarnorkukafbátana, hvernig þetta myndar allt saman eina heild. Vegna þeirra yfirlýsinga, sem hér komu fram, ætla ég að lesa þetta, með leyfi hæstv. forseta. Í skýrslunni segir orðrétt:

„Í yfirlýsingum bandarískra stjórnvalda hefur hlutverki SOSUS verið lýst á eftirfarandi hátt:

„SOSUS er eftirlitskerfi sem fyrst og fremst er hannað í þeim tilgangi að veita upplýsingar um kafbáta, til viðvörunar og staðsetningar. Hægt er að nota það til að aðstoða flotaforingja við að stjórna hinum takmarkaða gagnkafbátaherafla og að gefa gagnlegar upplýsingar um hernaðaruppbyggingu óvinar á viðkomandi hafsvæðum. Slík geta gæti komið að notum til að auka svæðisbundinn og alþjóðlegan stöðugleika með því að sýna getu Bandaríkjanna til að verja hagsmuni sína og standa við skuldbindingar sínar gagnvart bandalagsríkjum. SOSUS hefur sýnt verulega hæfni til að uppgötva kafbáta, sem athafna sig eða eru á leið í gegnum svæðið sem SOSUS nær yfir. Eldflaugakafbátar Sovétríkjanna, sem athafna sig á þessum svæðum, eru að sjálfsögðu undirlagðir aðgerðum er beinast að uppgötvun og staðsetningu þeirra á sama hátt og tundurskeyta- og stýriflaugakafbátar. SOSUS og endurbætur á því geta gefið aðvörun um herafla á leiðinni. Á þann hátt gæti það treyst stöðugleika með því að veita aukalegan aðvörunartíma til að efla" — og hlusti menn nú — „til að efla möguleikana á því, að kjarnorkuvopnabúnaður Bandaríkjanna, sem ætlunin væri að ráðast á með eldflaugum frá kafbátum, verði ekki fyrir áfalli."

Þetta er kannske líka misskilningur. Þetta er kannske líka bara áróðursplata eins og það sem ég hef verið að segja hér í dag. Það skyldi þó ekki vera að Pentagon væri í þjónustu Alþb.? Hér hafa menn það formlega frá herstjórnaryfirvöldum Bandaríkjanna sjálfra í opinberum gögnum, að tilgangur þessa SOSUS-kerfis sé „að efla möguleikana á því, að kjarnorkuvopnabúnaður Bandaríkjanna, sem ætlunin væri að ráðast á með eldflaugum frá kafbátum, verði ekki fyrir áfalli." Síðan er því lýst mjög nákvæmlega, hvernig þessi SOSUS-búnaður sé meginburðarásinn í öllu þessu kerfi. Svo koma menn hér, vitandi það að hér eru tvær lykil-SOSUS-tengingarnar á Norður-Atlantshafi, og segja: Það er engin tenging, það eru engin tengsl Íslands við þetta kerfi. Ef á að taka þessar yfirlýsingar alvarlega er alveg ljóst að bandarísk stjórnvöld hafa stórlega blekkt íslenska utanrrh. og forsrh. Þeir hafa staðið í þeirri trú, að það væru engin tengsl Íslands við þetta kerfi. En þessar lýsingar og fjöldinn allur annar af slíkum tilvitnunum sýnir skýrt og greinilega fram á þessi tengsl. Það sem meira er: það er ekki bara tilbúningur í mér, þetta hugtak með burðarásinn. Það er í skjölum frá bandaríska hernum. Það er ekki eitthvert áróðurshugtak sem Alþb. hefur fundið upp, það er mesti misskilningur. Þetta er hugtak sem kemur úr lýsingum bandaríska hersins sjálfs, og menn geta lesið það í þessari GIUK-skýrslu ef menn nenna ekki að lesa öll skjölin frá bandaríska hernum.

Síðan er á bls. 51 samandregin lýsing á því, hvernig þessi aðstaða hér á Íslandi fléttast inn í vígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna og annarra kjarnorkuvelda NATO á þessu svæði. Ég ætla einnig að lesa hana mönnum til nánari glöggvunar, vegna þess að þær yfirlýsingar, sem

hér hafa komið fram frá þessum hv. og hæstv. heiðursmönnum, gefa vissulega tilefni til að þessi texti sé lesinn hér í þingsölum:

„Fylgst er með sovéskum kafbátum á leið þeirra út á Norður-Atlantshafið, allt frá því að þeir yfirgefa heimabækistöðvar á Kólaskaga. Þegar kafbátur leggur úr höfn er fylgst með honum frá gervitungli sem síðan sendir upplýsingar áfram til norska flughersins. Á grundvelli þeirra og upplýsinga frá SOSUS-kerfi milli Bjarnareyjar og Noregs taka norskar Orion P-3B kafbátaleitarvélar upp leitina frá norðurodda Noregs. Þær senda upplýsingar áfram til breska flughersins, sem tekur við eftirlitinu þegar vestar dregur með Nimrod-kafbátaleitarvélum sem hafa bækistöðvar á Kinross í Skotlandi. Miðstöð breska kafbátaeftirlitsins nálægt Edinborg sendir upplýsingar Nimrod-vélanna áfram til Keflavíkur og þegar kafbátarnir nálgast GIUK-hliðið tekur SOSUS- kerfi þess við eftirlitinu. Er því haldið fram, að kerfið uppgötvi hvern einstakan kafbát sem á leið um hliðið. Þegar sovéski kafbáturinn kemur út á Atlantshafið er fylgst með honum ýmist með kafbátum, þyrlum, frá herskipum eða kafbátaleitarflugvélum frá flugvélamóðurskipi.

Þegar SOSUS uppgötvar kafbát ganga upplýsingarnar til stöðva í landi Regional Evaluation Center þar sem þær eru greindar. Frá þessum miðstöðvum eru upplýsingarnar sendar til OSIS (Ocean Surveillance Information System) í Norfolk, þar sem fram fer heildargreining, sem einnig byggir á öðrum upplýsingum sem inn koma frá herskipum, kafbátum, gervitunglum eða flugvélum. Upplýsingarnar eru settar í samband við almennar upplýsingar um t. d. úthald sovéskra kafbáta, hljóðeinkenni þeirra, upplýsingar um sjávarbotninn, veður o. fl. Niðurstöður OSIS, settar fram sem líkindi fyrir því, að kafbát af tegund „X" sé að finna innan ákveðins radíuss frá einhverjum tilteknum punkti, eru sendar í gegnum fjarskipta- og stjórnkerfi til herskipa eða flugvéla til staðsetningar."

Síðan er á bls. 53 birt kort sem hefur farið víða hjá alþjóðlegum stofnunum á þessu sviði og m. a. birst í því virta tímariti Scientific American, og varla verður það rit sakað um að spila áróðursplötur Alþb. Mikill er þá máttur vor orðinn, ef Scientific American er farið að taka að sér að gefa þær út. Þarna er dregið saman ákveðið kort sem unnið er upp úr sovéskum heimildum og hefur verið notað af bandarískum og evrópskum herfræðistofnunum til þess að sýna hvernig annars vegar bandaríska kafbátakerfið og hins vegar sovéska kafbátakerfið tengjast saman í gagnkvæmar árásarsveitir á þessu svæði, sem er meginuppistaðan í kjarnorkuvopnajafnvæginu, eins og sumir kalla það, á Norður-Atlantshafi. Hvar skyldi vera miðdepillinn í þessari starfsemi samkv. þessu korti? Menn geta séð það hér og flett því upp í ritinu. Hann er á Íslandi. Flugvélarnar, SOSUS-kerfið og önnur aðstaða, sem hér er, eru tengdar inn í þessa starfsemi. Þetta er kort sem viðurkenndir bandarískir fræðimenn og alþjóðleg rit eins og Scientific American birta sem sjálfsagðan hlut af þeirri almennu vitneskju sem reiknað er með að allir þeir, sem um þessi mál fjalla, hafi yfir að ráða. Svo koma ábyrgir aðilar hér og segja: Það eru engin tengsl. Það eru engin tengsl.

Það mætti, herra forseti, lesa ýmislegt fleira upp úr þessum textum, bæði þeim, sem hér liggur fyrir á íslensku og er fyrst og fremst yfirlitsrit, og enn fremur úr fjölda erlendra rita, þar sem þessi greining kemur mjög nákvæmlega fram. Það er mesti misskilningur hjá hv. þm. Benedikt Gröndal, að það sé einhver yfirborðslesning hjá mér. Ég ætla að vísu ekki sjálfur að fara neitt að lýsa mínum vinnubrögðum, en ég skal hins vegar segja það, að óskandi væri að ég hefði rangt fyrir mér í þessum efnum. Þessi mál eru mér það mikið alvörumál, að ég mundi taka því fagnandi ef viðurkenndir sérfræðingar gætu sýnt mér fram á að allt það, sem ég hef sagt, og allt, sem þessir erlendu sérfræðingar hafa sagt, og allt, sem í þessari GIUK-bók stendur, allt þetta sé bara vitleysa og það sé rétt hins vegar sem hér hefur verið sagt í dag af þremur ábyrgum forustumönnum íslensku þjóðarinnar, að það séu engin tengsl við þetta kjarnorkuvopnakerfi frá tækniaðstöðunni hér á Íslandi.

Síðan má flétta ýmislegt annað inn í þessa umr., eins og AWACS-flugvélarnar. Ég ætla ekki að gera það hér. En það er mikill misskilningur, að það sé ekki viss eðlismunur á AWACS-flugvélunum og þeim öðrum radarflugvélum, sem hér hafa verið, vegna þess að kjarninn í starfsemi AWACS-flugvélanna er hæfni þeirra til þess að stýra sjálfar stórum flota árásarflugvéla. Ein AWACS-flugvél getur stýrt um 100 árásarþotum. Það er hæfni sem fyrri radarflugvélar höfðu ekki til að bera. Það sýnir okkur að með staðsetningu AWACS-flugvélanna hér er búið að breyta þó nokkuð til um eðli þeirrar starfsemi, sem hér fer fram, og gera Bandaríkjunum kleift með þessu eina tæki að stýra héðan frá Íslandi árásarsveit eða varnarsveit — menn mega kalla það hvað sem þeir vilja — alla vega um 100 orustuþotum sem legðu upp frá Noregi, Bretlandi og kannske annars staðar á þessu svæði.

Það var vikið hér einnig að því, að ég hefði fullyrt að þessar stöðvar yrðu fyrstu skotmörk í stríði. Ég hef aldrei sagt að þær yrðu fyrstu skotmörk í stríði. Ég sagði fyrr í dag og segi aftur að yfirgnæfandi líkur — ef maður vill draga skynsamlega ályktun — bendi til þess, að þær yrðu fyrstu skotmörk í kjarnorkuátökum risaveldanna, einfaldlega vegna þess að sú tækniaðstaða, sem hér er, er — eins og kemur fram í þessari GIUK-bók og fleiri slíkum ritum, eins og t. d. greininni í Scientific American, sem ég vitnaði til áðan — meginástæðan fyrir yfirburðum Bandaríkjanna í kjarnorkuflotahernaði á norðurslóðum. Ef Sovétríkin ættu að velja einhvern einn punkt á þessu svæði — eða eitthvert annað ríki sem vildi ráðast á Bandaríkin — sem mundi draga í einu höggi úr þessum tæknilegu yfirburðum bandaríska flotans í kjarnorkuvígbúnaðarkerfinu á norðurslóðum, þá eru það einmitt þessar stöðvar, þær fjarskipta- og hlustunarstöðvar, sem hér eru, og þeir flugvellir, sem gera þessum flugvélum kleift að athafna sig. Það hefur t. d. komið fram í bandarískum gögnum. Ég les orðrétt upp úr þessari bók, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau skotmörk, sem Bandaríkjamenn álíta að Sovétmenn muni beita kafbátaeldflaugum gegn strax í upphafi kjarnorkustríðs, eru bækistöðvar B-52 sprengjuflugvéla og fjarskipta- og stjórnkerfi."

Hér er meginhlutinn í þessu fjarskiptakerfi á norðurslóðum. Talsmenn Sjálfstfl. hafa reyndar með ræðu framkvæmdastjóra flokksins heimtað enn þá fullkomnari stjórnstöð hér á landi en hér er nú, til þess samkv. áliti Bandaríkjamanna sjálfra, ekki Alþb., að tryggja enn frekar að þetta verði fyrsta skotmark.

Svona er hægt, herra forseti, að halda áfram að rekja fjölmargt í þessum efnum. En ég vil aðeins undir lokin

láta nægja eftirfarandi tilvitnanir í þetta sama rit, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér skal þó ekkert fullyrt um það hverjar eru fyrirætlanir Sovétmanna í þessum efnum. Á hinn bóginn er rétt að benda á að áður en til aðgerða gegn skipalestum kæmi yrði flotinn að takast á við bandarískar flugmóðurskipasveitir í og við Noregshaf," — þ. e. sovéski flotinn, — „tryggja öryggi eldflaugakafbátanna gegn árásarkafbátum Vesturlanda og koma í veg fyrir aðstöðu NATO í GIUK-hliðinu og í Noregi."

Þetta er ekki mín skoðun. Ég er bara að lýsa því sem segir í riti sem allir eru búnir að hæla hér í dag og framkvæmdastjóri Sjálfstfl. hefur hælt sérstaklega í þeirri ræðu sem ég hef gert að umræðuefni. Þá er bent á að áður en til aðgerða gegn skipalestum kæmi, — ég vek athygli á því: áður en til þeirra aðgerða kæmi væri nauðsynlegt fyrir Sovétríkin til að tryggja öryggi eldflaugakafbáta gegn árásarkafbátum Vesturlanda orðrétt: „að koma í veg fyrir aðstöðu NATO í GIUK-hliðinu og í Noregi." Hver er þessi aðstaða NATO í GIUK-hliðinu? Það er fyrst og fremst aðstaðan hér á Íslandi.

Að lokum, herra forseti, vil ég vitna hér í ársskýrslu bandaríska varnarmálaráðherrans 1980. Hann er kannske líka á launum hjá Alþb. Hann er kannske líka einn af þeim sem hafa tekið að sér að spila áróðursplötur nar hans Ólafs Ragnars, þetta sem ábyrgu aðilarnir hér áðan í umr. eru orðnir voðalega þreyttir á að hlusta á. Þeir ættu þá að passa sig á að hlusta ekki á varnarmálaráðherra Bandaríkjana þegar þeir hitta hann á þessum fínu fundum. Í ársskýrslu bandarískra varnarmálaráðherrans 1980 er eftirfarandi lýsing á því, hvernig áætlað er að beita flotanum í ófriði:

„Í styrjöld, þar sem NATO er beinn þátttakandi, mun forgangshlutverk flotans og þar á meðal flugmóðurskipasveitanna fara eftir atburðarásinni. En við mundum miða að því að loka GIUK-hliðinu. Það er fyrsta atriðið að loka GIUK-hliðinu og hliðstæðum sundum á Kyrrahafi og hefja sóknaraðgerðir" — ekki varnaraðgerðir heldur sóknaraðgerðir — „og aðgerðir til að ná yfirráðum gegn flota og flugherafla utan þessara marka."

Ég bið menn að lesa vel þennan texta því að þetta er hnitmiðaður texti. Hann dregur upp í örfáum línum kjarnamyndina í því, að það er ætlunin að efna til sóknaraðgerða í GIUK-hliðinu af hálfu bandarískra flotans til þess að tryggja sig gagnvart aðgerðum sem eru annars staðar í heiminum eða utan þessara marka, eins og hér stendur. Síðan segir áfram í skýrslu bandarískra varnarmálaráðherrans: „Að þessu loknu mundum við halda opnum þeim möguleika að gera árás á skotmörk á ströndum Sovétríkjanna og styðja hernaðaraðgerðir á vængjum NATO-svæðisins."

Síðan segir í skýrslunni um GIUK-hliðið, og það er síðasta tilvitnunin sem ég ætla hér að lesa, herra forseti:

„Þegar hefur verið lýst á hvern hátt GIUK-hliðið yrði lokað, en sóknaraðgerðir inn á Noregshaf, sem hér um ræðir, yrðu framkvæmdar bæði með árásarkafbátum og flugmóðurskipasveitum.

Árásarkafbátum yrði beitt til sóknaraðgerða í upphafi átakanna, enda telja Bandaríkjamenn þá hafa möguleika til að athafna sig á svæðum þar sem aðstaða Sovétmanna er sterkari, t. d. þar sem sovéski flotinn hefur öfluga flugvernd frá landi.

Í skýrslu nefndar Þingmannasamtaka Atlantshafsbandalagsins eru sóknaraðgerðir flugmóðurskipa skýrðar í tengslum við hernaðarmikilvægi Noregs og Íslands. Í skýrslunni er lögð á það áhersla, að komið verði í veg fyrir að Sovétmenn nái að hernema þessi lönd, því að þá gætu þeir bætt flugvernd sína verulega og brotið niður kafbátatálmanir í GIUK-hliðinu."

Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað, eins og ég sagði í upphafi þessarar ræðu minnar, að taka hér aftur til máls. En þær skýru yfirlýsingar, sem hér komu fram og ég hef gert hér að aðalumræðuefni, um að það væru engin tengsl tækniaðstöðunnar á Íslandi við kjarnorkuvígbúnaðarkerfið á Norður-Atlantshafi, eru svo alvarlegar yfirlýsingar og slík kjarnaatriði í allri þessari umræðu, að það er brýn nauðsyn að taka það til miklu nánari skoðunar. Það væri fagnaðarefni ef við gætum nú tekið höndum saman, fulltrúar fjögurra flokka á Alþingi, — hér hefur talað núv. utanrrh. frá Framsfl., Benedikt Gröndal frá Alþfl., Geir Hallgrímsson frá Sjálfstfl. og ég frá Alþb., — það væri fagnaðarefni ef við gætum nú allir tekið saman undir þá yfirlýsingu sem þeir fluttu hér, að það eigi ekki að vera nein tengsl Íslands við kjarnorkukafbátakerfið á Norður-Atlantshafi.

Eigum við ekki að sameinast um að flytja þáltill. um þetta, til þess að staðfesta þessa skoðun, þennan vilja, svo að þetta liggi alveg hreint fyrir, það liggi hreint fyrir gagnvart Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum sérstaklega, að það er sameiginlegur vilji allra okkar fjögurra að það séu ekki nein tengsl? Ég skildi yfirlýsingar þeirra hér á þann veg, að bæði væru þeir þeirrar skoðunar, að það væru engin slík tengsl og þau ættu ekki að vera. Ef við erum sammála um þessa stefnuaðstöðu verð ég að segja það, að það er þó alla vega áfangi að ná þjóðinni á vissan hátt saman um ákveðna þætti í þessum málum, þó að okkur geti greint á um ýmislegt annað. Ég vek í þessu sambandi athygli á því, að þótt t. d. í ýmsum aðildarríkjum Atlantshafsbandalagsins geti verið ágreiningur um aðildina að Atlantshafsbandalaginu, þá er hins vegar samstaða um ýmsa ákveðna þætti í tengslum við hvernig eigi að standa að framkvæmd mála. Jafnvel þá, sem eru kannske sammála um aðildina að Atlantshafsbandalaginu, getur líka greint á um hvernig eigi að standa að framkvæmd mála.

Eftir þessar umr., sem hér hafa farið fram í dag, — ef þær á að taka alvarlega, sem ég tel að eigi að gera vegna þess að ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé eitt stærsta málið sem við glímum við, Íslendingar, — þá sýnist mér einsýnt að allir fulltrúar flokka hér á Alþingi sameinist um að flytja hér tillögu sem taki af öll tvímæli um að það sé sameiginlegur vilji okkar allra, að það séu engin tengsl Íslands við kjarnorkuvígbúnaðarkerfið á Norður-Atlantshafi. Í framhaldi af þeirri sameiginlegu viljayfirlýsingu getum við farið og kannað hvort það, sem ég hef hér verið að lesa, hvort það, sem bandaríska varnarmálaráðuneytið segir, hvort það, sem bandarískir herinn segir, o. s. frv. er rétt eða hvort það er rétt sem hér hefur verið sagt, að það séu engin slík tengsl. Ef það reynist hins vegar rétt, sem hér hefur verið vitnað í, að það séu einhver slík tengsl, þá yrði í samræmi við þessa sameiginlegu stefnu allra flokka á Íslandi að rjúfa þau tengsl. Ég vil, til þess að fyrirbyggja misskilning sem mér fannst koma fram hjá fyrri ræðumönnum, ítreka það, að ég er ekki að tala um staðsetningu sprengjunnar sjálfrar. Það er allt önnur umræða, vegna þess að það hefur enginn haldið því fram, að flugskeyti fyrir kafbáta eða kjarnorkukafbátasprengjur væru hér á Íslandi. Það hefur enginn

maður haldið því fram, ekki einu sinni þessir erlendu sérfræðingar. Þeir hafa eingöngu talað um vopn sem væru borin af flugvélum. En við erum hér hins vegar að tala um tengsl Íslands við kjarnorkukafbátakerfið og þann kjarnorkuvígbúnað sem byggður er upp á kjarnorkukafbátakerfi risaveldanna á norðurslóðum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, fagna þeirri yfirlýsingu sem hæstv. utanrrh. flutti undir lok sinnar ræðu, að á Íslandi yrðu aldrei leyfð kjarnorkuvopn. Ég vil taka undir þessa yfirlýsingu. Þetta er mikil grundvallaryfirlýsing. Ef við getum líka sameinast um þessa yfirlýsingu sem viljayfirlýsingu Alþingis, að Ísland leyfi ekki kjarnorkuvopn á sínu landi og muni ekki gera, þá er líka vissum áfanga náð í að færa þjóðina nær sjálfri sér og sameinast um ákveðna hluti sem menn geta þó verið sammála um þó að menn deili kannske um annað. Það væri vissulega verðugt verkefni að mynda einhuga þingmeirihluta, jafnvel einhuga Alþingi, um að formfesta þessa yfirlýsingu sem hér var flutt, að á Íslandi yrðu aldrei leyfð kjarnorkuvopn.

Ég fagna því svo að lokum, herra forseti, að í ræðu formanns Sjálfstfl. skyldi ekki koma fram jafneindreginn stuðningur við vígbúnaðarkröfurnar í ræðu framkvæmdastjóra flokksins og kom fram í ræðu varaformanns.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Í upphafsræðu minni ræddi ég það mál, sem hér er á dagskrá, heldur þröngt og varaðist að gera þessa umr. að opinni umræðu almennri umr. um hervæðingu og vopnakapphlaupið, benti hins vegar á nokkur atriði sem sýna og sanna að hv. þm. eru nokkuð sammála um þau markmið sem koma fram í þessari till., burt séð frá því í hvaða flokkum þeir starfa, enda hafi orðið ákveðin stefnuþróun eða stefnuaðlögun hjá Alþb., sem ég kallaði svo, en Alþb. hefur nú tekið þátt í stjórnarsamstarfi í nokkrum ríkisstjórnum með sífellt minni kröfum um yfirlýsingar í stjórnarsáttmálunum í köflum er varða varnarliðið og afstöðuna til NATO.

Hæstv. utanrrh. tók undir þá meginskoðun sem kemur fram í þessari einföldu till. Eins og ég sagði í upphafsræðu minni er fyrirkomulagið ekki fast í hendi flm. og eðlilegt að hæstv. utanrrh. og hv. utanrmn. taki það mál til athugunar. Ég er viss um að það er ekki stórt mál fyrir þá, sem þar starfa, að komast að niðurstöðu um þetta atriði.

Hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur haldið hér tvær langar ræður í dag og reynt að drepa á dreif því máli, sem hér er á dagskrá, með því að víkka umræðuefnið langt umfram það sem ætlunin var í upphafi. Við því er auðvitað ekkert að segja. Hér er málfrelsi, hvort sem okkur líkar betur eða verr það sem sagt er úr þessum ræðustól. Hv. þm. hefur verið svarað af hv. 4. þm. Reykv., hv. 1. þm. Reykv. og af hæstv. utanrrh., en það er eins og fyrri daginn, að það er sama hve oft honum er svarað, hann stendur ávallt upp aftur og byrjar á sömu tuggunni.

Hv. 11. þm. gerði mikið úr því, að nú hefði Sjálfstfl. greinilega skipt um skoðun, hann hefði komið með nýjar kröfur í varnarmálunum, og vitnaði til ræðu Kjartans Gunnarssonar lögfræðings, sem er framkvæmdastjóri Sjálfstfl., og taldi það vera merki þess, að Sjálfstfl. væri að skipta um skoðun í varnarmálum, enda hefði ég lesið upp úr hans ræðu og Morgunblaðið hefði birt á síðum sínum útdrætti úr þessari ræðu og talið hana hafa markað þáttaskil. Síðan fór hv. þm. í nokkur efnisatriði sem komu fram í ræðu Kjartans Gunnarssonar. Ég held að það sé ástæða til þess, að það komi skýrt fram hér, að auðvitað talaði Kjartan Gunnarsson á sína eigin ábyrgð. Hann flutti þessa ræðu á vegum Varðbergs, var um það beðinn, og ræðan fjallaði um íslenskt frumkvæði í öryggismálum. Hitt er svo annað mál, að í þessari ræðu komu fram athyglisverð sjónarmið sem Sjálfstfl. eins og aðrir stjórnmálaflokkar hlýtur að hafa tekið eftir og hægt er að fara efnislega nokkrum orðum um.

Hv. 11. þm. Reykv. gerði óskaplega mikið veður úr þessu og taldi að nú ætti að fara að efla umsvif hersins hér á landi miklu meira en góðu hófi gegndi, en það er einmitt það sem Kjartan Gunnarsson bendir rækilega á í sínu erindi að ekki sé ætlunin. —Ég ætla að rifja upp hvaða atriði það eru sem Kjartan Gunnarsson benti á í sinni ræðu:

Í fyrsta lagi talaði hann um að koma hér á fót svokölluðu allsherjarvarnakerfi, sem ég lýsti í minni ræðu, og tók dæmi um hvað hægt væri að gera.

Í öðru lagi, og það minntist hv. þm. ekki á, talaði Kjartan Gunnarsson um að nota kjallara Seðlabankans hugsanlega í því skyni að koma þar upp geislaheldu skýli, eins og gert er víða annars staðar, til að takmarka og lágmarka hættu af geislavirkni, ef til þess kæmi að þá vá bæri að dyrum, sem enginn getur auðvitað sagt fyrir um. En ugglaust er ástæða til að hafa slíkan viðbúnað eða alla vega ræða um það. Menn sjá hvernig með þessi mál er farið í öðrum löndum, jafnvel þeim löndum þar sem ekkert SOSUS-kerfi er til.

Síðan vék Kjartan Gunnarsson að því, hvað hann teldi að hugsanlega þyrfti að meta og innlendir aðilar gætu haft frumkvæði að, og nefndi í því sambandi sprengjuheldu flugskýlin. Í stað þeirra þriggja væri hugsanlegt að það þyrfti að byggja níu. Það er náttúrlega alveg gífurleg synd að minnast á það og hljóta að vera mikil hernaðarumsvif að byggja flugskýli yfir þær flugvélar sem þegar eru í landinu. Í öðru lagi minntist hann á ratsjárstöð á Langanesi í stað ratsjárstöðvar sem hefði fokið. Það gæti verið ástæða til að brúa það bil sem þar myndaðist eða athuga, eins og ræðumaður minntist á, hvort AWACS-flugvélarnar nægðu í því skyni. Hann minntist á stjórnstöðina, sem er á Keflavíkurflugvelli í gamalli flugstöðvarbyggingu, og spurði hvort það væri ástæða til að byggja sérstakt hús yfir hana. Það er hin fullkomna stjórnstöð. Það er allt og sumt um það mál sem hv. 11. þm. minntist á og gerði veður úr og lét í skína að væru stórkostleg hernaðarumsvif til viðbótar.

Síðan benti Kjartan Gunnarsson í ræðu sinni á að Björn Bjarnason hefði nýlega skrifað um að ef lagður yrði alþjóðlegur varaflugvöllur gæti verið ástæða til að hafa þar varnarviðbúnað. Þetta gerði hv. ræðumaður að stórkostlegu máli og reyndi að þyrla upp moldviðri varðandi það. Auðvitað vita allir að það er flugvöllur sem hefur hernaðarlegt gildi. Það vill svo til að á sömu flugvöllum má lenda vélum sem bæði eru í venjulegum flugrekstri og herflugrekstri. Þetta veit hv. þm. mætavel. Það getur verið full ástæða til að athuga þessi mál þegar metin er varnarþörfin, vegna þess að það er lega landsins og þau mannvirki, sem á landinu eru, sem gera landið hernaðarlega mikilvægt. En það fæst hv. þm. ekki til að segja né viðurkenna.

Þá minntist Kjartan Gunnarsson á að það þyrfti að meta hvort staðsetning aðalbækistöðvanna á Miðnes-

heiði væri rétt eða ekki eða hvort ætti að færa hana til. Þetta minntist hv. 11. þm. Reykv. ekkert á í sinni ræðu.

Þá var í ræðu Kjartans Gunnarssonar minnst á olíutankana og spurt hvort við ættum ekki að meta sjálfir hvort þetta olíugeymslurými væri nægilega mikið eða ekki. Um þetta mál hefur verið fjallað hér á þingi. Þetta eru hin stórkostlegu hernaðarumsvif. Við höfum rætt þetta hér á þinginu og komist að þeirri niðurstöðu margir, að það gæti verið sameiginlegt áhugamál innlendra aðila og þeirra sem eru á Keflavíkurflugvelli að hafa hér olíubirgðir í landinu. Það sé lífsnauðsyn fyrir eyríki eins og Ísland, hvað þá fyrir varnarviðbúnað landsins.

Loks minntist Kjartan Gunnarsson á öryggisgæslu innan löggæslunnar. En hér gat hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson komið í ræðustól og belgt sig út og sagt: Þetta eru alveg stórkostlegar kröfur um aukin hernaðarumsvif, ný stefna Sjálfstfl., sagði hann. Ný stefna Sjálfstfl., að þegar flutt er ræða þar sem er verið að leggja til að meta með íslenskum augum varnarþörf og varnarmöguleika þyrfti að líta til þessara atriða. Svona er málflutningur hv. þm. Satt að segja fara menn að verða æðileiðir á að hlusta á hvernig hv. þm. reynir sífellt að blása út mýflugur þannig að þær verði að úlföldum.

Hv. þm. minntist síðan á GIUK-hliðið og las upp úr GIUK-hliðinu með alls konar áherslum og ætlaðist greinilega til að það yrði einhver ný uppgötvun sem kæmi fram í dagsljósið með þess konar upplestri. Tildrögin voru þau, að það væru bein tengsl varnarviðbúnaðarins hér við kjarnorkuvopnakerfið, og gaf þar með auðvitað í skyn að hér færi fram allt önnur starfsemi en hér fer fram, sem er fyrst og fremst eftirlitsstarfsemi. — Hann las upp af bls. 34 um gagnkafbátahernaðinn, en las ekki lengra en svo að ég tel ástæðu til að lesa til viðbótar þessar setningar, með leyfi forseta:

„Fyrsta og jafnframt mikilvægasta skrefið er að uppgötva kafbátinn í sjónum, en á því eru mikil tæknileg vandkvæði, einkum vegna eiginleika sjávarins hvað snertir orkuleiðni. Annað stigið felst í því að bera kennsl á kafbátinn og þriðja stigið í að staðsetja hann og fylgjast stöðugt með honum þar til að árás er gerð. Lokastigið — árás á kafbát — krefst vopna sem ná til hans á hvaða dýpi sem hann er."

Þetta er í kafla um gagnkafbátahernaðinn. (**ÓRG:** Ég hefði alveg getað lesið þetta líka.) Nú vill svo til, að það fara saman fyrstu stigin í því, sem við getum kallað gagnkafbátahernað, og það, sem kallað er eftirlit, þ. e. að vita með sem ódýrustum hætti hvar hugsanlegir óvinakafbátar halda sig, og til þess er sá varnarviðbúnaður sem hér er og kallaður er SOSUS-kerfi, en ekki farnar þessar gömlu leiðir, sem kallaðar voru svo, eða einhverjar aðrar leiðir? Ástæðan er einfaldlega sú sem kemur fram ef maður gripi niður í því, sem hann las næst á bls. 38, og héldi þar áfram. Ég les þar orðrétt, með leyfi forseta, þetta er um SOSUS-kerfið, upplýsingarnar:

„Án slíkra upplýsinga yrði að leita kafbáta andstæðingsins uppi alls staðar þar sem þeirra væri von. Slíkt krefðist aukins viðbúnaðar í lofti og umfram allt á sjó."

SOSUS-kerfið er þess vegna ódýrasta aðferðin til að geta fylgst grannt með því, hvar í þessu tilviki sovéskir kafbátar halda sig. Ef SOSUS-kerfið væri ekki til staðar þyrftum við aukin viðbúnað. Þetta stendur í þessari ágætu skýrslu og auðvitað las hv. þm. þetta ekki vegna þess að þetta kom sér ekki vel fyrir þann málstað sem hann var að verja hérna eða sækja á fyrir og allur var á sömu hliðina: að gefa eitt í skyn og lesa svo upp úr þessari bók og láta líta svo út að það væri til stuðnings því sem hann hefði sagt.

Nei, ég held að það sé einhver misskilningur hjá hv. þm. þegar hann telur sig hafa á undanförnum árum náð að tileinka sér gífurlega þekkingu á þessum málum. Það er einfaldlega vegna þess að það vill svo til að eftirlitið og frumvarnirnar eru auðvitað nákvæmlega sömu gerðar og ef um stríð væri að ræða. Það er mergurinn málsins. Í fyrsta lagi þarftu að vita hver óvinur þinn er, í öðru lagi þarftu að vita hvar hann er. Við höfum þann háttinn á, við sem í þessu landi kjósum að starfa með vestrænum lýðræðisþjóðum og kjósum að skapa eigin örlög, að við viljum vita hvar sá aðili er sem hugsanlega gæti gert árás á landið. Hv. þm. las upp úr þessari bók, GIUK-hliðinu — og hann virtist hallast að því, að það væri gífurleg yfirvofandi árásarhætta af hendi Sovétríkjanna. Annað var ekki að heyra hjá hv. þm. Hann lét hér öllum illum látum vegna þess. Það var meginatriðið í hans rökstuðningi. Og ég segi eins og hann: Það var ekki ég sem hélt því fram. Nei, nei, það var ekki ég sem hélt því fram. Það var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem hélt því fram. Svona má leika sér með orð og blekkingar fram og til baka, gefa eitt í skyn og þykjast finna orðum sínum stað. En þegar grannt er skoðað er þetta óskaplega einfalt mál.

Ég hirði ekki um að lesa fleira upp úr þessu riti. Það er, hélt ég, öllum hv. þm. ljóst, að það kerfi, sem við notum hérna, er til að finna út hvar kafbátar eru, og það er auðvitað, eins og hefur komið fram hjá öðrum hv. þm., óþarfi fyrir Bandaríkjamenn að hafa þetta kerfi til að finna sína eigin kafbáta. Þetta er enginn nauðsynlegur liður til þess, eins og mátti skilja fyrst af orðum hv. þm.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Ég þakka jákvæðar undirtektir undir þessa till. Ég heyri að allir virðast vera nokkuð sammála í þessu ákvæði, og þótt stuðningur hv. 11. þm. Reykv. hafi hvorki verið ótvíræður né ákveðinn leyfi ég mér að skilja ræður hans á þann veg, þótt þær fjölluðu um allt annað en tillöguna, að hann sé reyndar á báðum áttum, en það megi líklega skilja hann þannig, að hann sé samþykkur þessari till. Sé það rétt skilið vil ég þakka honum stuðninginn og veit að þetta mál á greiða leið í gegnum hv. utanrmn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég hafði beðið um orðið áður en hv. síðasti ræðumaður talaði. Ég get stytt mál mitt með tilvísun til þess sem hv. 10. þm. Reykv. sagði. Ég vil aðeins láta það koma hér skýrt fram, að ekkert af því, sem hv. 11. þm. Reykv. las upp úr ritinu um GIUK-hliðið, var unnt að skilja sem synjun á þeirri staðreynd og því sem ég hélt fram, að hernaðarlegt mikilvægi Íslands er í raun óháð tæknibúnaði staðsettum á landinu, en liggur fyrst og fremst og alfarið í legu landsins. Það kom mjög greinilega fram, að það voru hagsmunir hvort tveggja stórveldanna að hafa aðstöðu hér á Íslandi. Hafi hagsmunir þeir, sem Bandaríkin og Atlantshafsbandalagið hafa af tækniútbúnaði á Íslandi, einhverja þýðingu er alveg ljóst að væri slíku ekki fyrir að fara hér á Íslandi af hálfu Atlantshafsbandalagsríkjanna yrðu Sovétríkin fyrst til þess að hremma landið til að skapa sér slíka aðstöðu og færa áhrifasvæði sitt út á Atlantshaf og slíta á þá líflínu sem reynst hefur lýðræðis-

ríkjum mikilvæg í tveim heimsstyrjöldum, líflínu birgðaflutninga um Atlantshafið.

Það er alveg öruggt mál, að það mundi nægja fyrir okkur hæstv. utanrrh., hv. 4. þm. Reykv. og mig að njóta kvöld- eða helgarnámskeiða sérfræðinga. En ég held að margra ára eða áratuga skólaganga hv. 11. þm. Reykv. mundi ekki duga til að lækna hann af þeirri áráttu að snúa út úr orðum manna. Ég hlýt að rifja upp það sem hv. 4. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni fyrr í umr., þar sem hann svaraði þeirri staðhæfingu að SOSUS-kerfið væri til þess að fylgjast með ferðum kafbáta Bandaríkjanna, það væri fyrst og fremst til þess að fylgjast með ferðum annarra kafbáta en kafbáta Atlantshafsbandalagsins. Í því felst gildi þess fyrir varnir Íslands að við vitum hverjir fara um næsta nágrenni landsins, hvort sem það er í lofti eða legi. Það er ljóst mál, að allar tilvitnanir, sem hv. þm. hafði hér yfir úr ritinu GIUK-hliðið, fólu í sér gildi Íslands og eftirlits frá Íslandi einmitt að þessu leyti.

Það var ekki unnt að misskilja hvar umhyggja hv. þm. var niður komin. Honum þótti það alveg voðalegt að það væri unnt að fylgjast með ferðum sovéskra kafbáta suður á Atlantshaf í gegnum GUIK-hliðið héðan frá Íslandi. Það var ljóst hverjum hjarta hv. þm. sló. Það voru hagsmunir Sovétríkjanna sem hann bersýnilega bar fyrir brjósti. En líka er augljós útúrsnúningur hv. þm. um tengsl tækjabúnaðar hér á Íslandi við kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna, þessi tengsl eru hvorki minni né meiri nú en áður, vegna þess að sá tækjabúnaður, sem hér er, er nauðsynlegur hvort sem við búumst við kjarnorkuvopnastyrjöld — sem guð forði oss frá — eða styrjöld með venjulegum vopnum — sem guð forði oss einnig frá.

Þýðing varnarviðbúnaðar á Íslandi er einmitt í því fólgin að árásaraðili eða aðili, sem vill hafa áhrif á ákvarðanir okkar hér á landi eða í öðrum vestrænum ríkjum, láti sér skiljast að hvorki þrýstingur né bein árás verði þeim að því gagni að þeir fái vilja sínum framgengt. Það er þess vegna uggvænlegt að hv. þm. á Alþingi Íslendinga skuli finnast það í sjálfu sér allt í lagi að kafbátar stórveldis, sem nýlega hefur kúgað heila þjóð að nýju undir járnhæl sinn, eigi hér ótakmarkað ferðafrelsi í hvaða tilgangi sem væri. Það hlýt ég að segja og undirstrika, að ekki get ég verið hv. þm. sammála um að það sé björgun fyrir heimsfriðinn að ekki sé aðvarað kjarnorkuvopnakerfi Bandaríkjanna ef fyrir liggur að það eigi að eyða því einhliða meðan Sovétríkin, enn grá fyrir járnum, geta skartað í sínum kjarnorkuvopnavaldadraumi. Það er áreiðanlegt og víst, að það þjónar ekki hagsmunum Íslands eða vestrænna lýðræðisríkja. Ef menn hugsuðu þannig væri ljóst að það járntjald, sem því miður hefur verið sett niður milli frjálsra og ófrjálsra þjóða í Evrópu, mundi flytjast til vesturstrandar Evrópu og frelsi og lýðræði í Evrópu með þeim hætti að engu gert. Ég veit að Íslendingar vilja ekki þessa þróun mála.

Við skulum vona að það sé ekki eingöngu ógnarjafnvægi kjarnorkuvopna sem verndar friðinn í heiminum. Við skulum vona að það séu ekki eingöngu stórveldin grá fyrir járnum sem hrædd hvort við annað skirrast við að fara í stríð. Við skulum vona að það sé líka friðarvilji og að vissu leyti ákveðinn fórnarvilji frjálsra lítilla þjóða sem styrki friðarhorfur í heiminum. Ekki síst í okkar heimshluta höfum við reynslu fyrir því, að bandalag Atlantshafsríkjanna er vísasti vegurinn til þess að við njótum áfram friðar eins og verið hefur þó á fjórða áratug.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. talaði mikið um stoðtæki, sem varnarliðið hefði hér á landi, og taldi að þau sönnuðu að við værum tengdir kjarnorkuvígbúnaðarkerfi Bandaríkjanna. Stundum er talað um árásarkerfi í því sambandi. Til skamms tíma töluðu Alþb.-menn mikið um eitt af þessum stoðtækjum, Lóran C-stöðina sem er á Sandi á Snæfellsnesi, önnur á Jan Mayen o. fl. Auðvitað eru þetta mjög nákvæm siglingatæki og reyndar þau langsamlega nákvæmustu sem íslensk skip hafa yfir að ráða, öll fiskiskip okkar, að ekki sé talað um varðskipin, því að ekki væri hægt að verja landhelgina án þess að hafa þennan búnað, Lóran C-búnaðinn. Það var hamast á þessu þangað til íslenskir sjómenn voru farnir að skamma Þjóðviljann svo mikið fyrir þetta að hann hætti því.

Þetta átti að sanna að þarna væri um að ræða hluta af þeim tækjabúnaði sem tengdi okkur kjarnorkuvopnabúnaði Bandaríkjanna. Herskipin bandarísku hafa miklu fullkomnari tæki en þetta. Þau nota staðsetningakerfi sem byggist á gervitunglum. Kafbátarnir hafa mjög fullkomin tæki sem leiðbeina þeim neðansjávar þannig að þeir vita alltaf nákvæmlega hvar þeir eru.

Það er mikið talað um SOSUS-kerfið núna. SOSUS-kerfi er ekkert annað en kerfi á sama stigi og radarinn, það er fylgst með neðansjávar á sama hátt og radarinn fylgist með ofansjávar. Þeir þurfa ekki þessi tæki til þess að fylgjast með eigin skipum og ekki heldur til að stýra eigin kafbátum í hugsanlegar árásaraðgerðir. Þeir þurfa þessara tækja með til þess að fylgjast með sovéskum kafbátum eða hugsanlegum óvinakafbátum, eins og hv. 4. þm. Reykv. skýrði. Þeir hugsa sér að nota þessi tæki til að finna þessa kafbáta og granda þeim ef til styrjaldar kæmi, granda kafbátum sem ella gætu skotið kjarnorkuskeytum að skotmörkum á landi og auðvitað er þetta þá fyrst og fremst varnaraðgerð. Rússar eru með svipuð tæki hér við land líka. Við höfum fundið heilmikið af rússneskum hlusturnarduflum sem gera svipað gagn og SOSUS-kerfið, en það tengir okkur ekki rússneska kjarnorkuvopnavígbúnaðinum, eða hvað, þó að þeir séu með hlustunartæki hér í kringum okkur.

Aðalatriðið er auðvitað það, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að það er fyrst og fremst lega landsins sem gerir það að skotmarki ef til átaka kemur. Væri hér enginn búnaður mundu stórveldin keppast um að ná hér aðstöðu, ekki bara í byrjun hugsanlegra kjarnorkuátaka, heldur líka ef barist væri með venjulegum vopnum. Ekki mundu átökin um landið verða minni ef það yrði kapphlaup á milli stórveldanna um að ná hér fyrst fótfestu, heldur mundu þau átök verða miklu meiri.

Aðalatriðið er auðvitað það, eins og hér hefur komið fram, að það er ekki varnarbúnaðurinn sem slíkur sem máli skiptir, heldur stuðlar búnaðurinn að því að koma í veg fyrir styrjöld. Það er ekki aðalatriðið hvort við yrðum fyrir árás í fyrstu atrennu eða annarri eða þriðju. Aðalatriðið er að koma í veg fyrir styrjöld. Okkar búnaður stuðlar að því og það er fyrst og fremst það sem gefur honum gildi.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka fyrir að fá að gera hér örstutta aths.

Í tilefni þeirra ummæla, sem komu fram hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, þar sem hann lét að því liggja að

Alþb. og ég værum talsmenn þess að kafbátar Sovétríkjanna fengju að sigla óáreittir um hafið, þá er það alger rangfærsla sem er alveg óþarfi að vera að hafa yfir hér í þingsölum. Það hefur komið fram skýrt og greinilega — gerði það fyrir nokkrum mánuðum — að við erum reiðubúnir að standa að flutningi till. þar sem sett væri löggjöf um kjarnorkuvopnalausa fiskveiðilögsögu Íslendinga sem banni umferð allra kjarnorkukafbáta um 200 mílna svæði. Það væri viss nýjung í alþjóðalögum að kveða á um slíkt. Við höfum áður rutt brautina í alþjóðalögum. Það er hægt að ræða hvernig mætti tryggja framkvæmd slíkrar till. En hitt vildi ég ekki láta hjá líða að ítreka hér að gefnu þessu tilefni, að við erum þeirrar skoðunar, að það eigi að setja slíka löggjöf um kjarnorkuvopnalausa fiskveiðilögsögu og þar með landhelgi, og við erum reiðubúnir til samvinnu við alla flokka um það efni.

Að lokum vil ég aðeins minna á að það er aðeins einn maður hér á Alþingi sem hvað eftir annað hefur gert kjarnorkuvopnastyrk Sovétríkjanna að jákvæðri uppistöðu í sínum málflutningi. Það er sá maður sem flutt hefur hér oftast og tíðast kenninguna um að ógnarjafnvægið sé trygging fyrir friði í heiminum, ógnarjafnvægið sem byggist á kjarnorkustyrk Svoétríkjanna og Bandaríkjanna, þar af leiðandi sé kjarnorkustyrk Sovétríkjanna einn af lykilþáttunum fyrir því að tryggja friðinn í heiminum. Ég er á móti þessari skoðun, tel hana ranga, en engu að síður er rétt að hafa það í huga, að hv. þm. Geir Hallgrímsson er og hefur verið þessarar skoðunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 42. fundur

Miðvikudaginn 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 320). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Að venju er lagt fram eitt frv. af þessum toga á hverju reglulegu Alþingi og er því hér með fylgt úr hlaði. Að öðru leyti þarf ekki sérstaklega að orðlengja um þetta frv. og leyfi ég mér að leggja til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 321). — 1. umr.

Flm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til. l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. Flm. ásamt mér eru þeir hv. þm. Stefán Jónsson, Stefán Guðmundsson og Eiður Guðnason.

Frv. þetta er borið fram til samræmis við breytingar á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, en þar er nú kveðið svo á, að kosningar til Alþingis skuli fara fram á laugardögum. Frv., sem fól í sér þá breytingu og sömu flm. stóðu að, varð að lögum, eins og kunnugt er, skömmu fyrir jólin.

Ég held að ég þurfi ekki að hafa mörg orð um þetta frv., það skýrir sig sjálft. Það kom fram í grg. með frv. um kosningar til Alþingis varðandi þetta atriði, að breyting frá sunnudegi til laugardags er aðeins afleiðing af þeirri þróun sem orðið hefur á starfstíma, og áhugi og meðferð fjölmiðla á kosningu veldur því jafnframt að vaxandi fjöldi landsmanna vakir nóttina sem atkvæði eru talin og þess vegna er æskilegt að dagurinn eftir talningu sé frídagur.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Um miðjan janúar var ákveðin 12% breyting eða lækkun á gengi íslensku krónunnar samkv. ákvörðun Seðlabanka Íslands með samþykki ríkisstj. Þessi ákvörðun var nauðsynleg til að treysta rekstrargrundvöll atvinnuveganna.

Þegar gengi hefur verið lækkað, þ. e. verið fellt að verulegu leyti, sem sagt höfð önnur aðferð en gengissig, hefur langoftast verið ákveðið um leið að gengismunur af birgðum útflutningsafurða skyldi tekinn í gengismunarsjóð. Fé gengismunarsjóðs hefur svo verið ráðstafað á ýmsan veg, aðallega í sambandi við sjávarútveginn, ýmist vinnslu eða veiðar. Í þetta sinn var annar háttur hafður á. Að vísu var ákveðið í þeim brbl., sem gefin voru út 14. jan., að dreginn skyldi frá 6% gengismunur, en ríkisstj. skyldi kveða nánar á um til hvaða afurða þetta skyldi taka. Var strax í byrjun ákveðið að frystingin og allar hennar greinar skyldu undanþegnar þessu, þannig að fyrirtækin skyldu sjálf njóta þessa gengishagnaðar. Hins vegar var ákveðið vegna betri afkomu ýmissa annarra greina vinnslunnar að þær skyldu greiða þennan gengismun, en ekki njóta hans að fullu, og átti þetta við um söltun, herslu, loðnumjöl og lýsi. Þó var ekki sá háttur hafður á nú, að þetta fé skyldi sett í sérstakan gengismunarsjóð sem síðan skyldi ráðstafað á ýmsan hátt til hagsbóta fyrir sjávarútveginn, heldur ákveðið að þetta fé skyldi allt renna beint og eingöngu í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og renna þar óskipt til hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

Í sambandi við gengisbreytinguna, sem er, eins og kunnugt er, samkv. lögum ákveðin af Seðlabanka með samþykki ríkisstj., þurfti vegna þessarar ráðstöfunar og ákvarðana um gengismuninn að gefa út brbl. Eru það þau lög sem liggja hér fyrir til staðfestingar.

Ég legg til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. Þó að þetta mál snerti að sjálfsögðu mjög sjávarútveg byggist það á gengisbreytingu og því spurning hvort ætti fremur að vísa frv. til fjh.- og viðskn. Ég veit ekki, hvort hæstv. forseti hefur nokkuð við það að athuga að sá háttur verði hafður á að vísa því til fjh.- og viðskn., og geri það að tillögu minni.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust að

setja á langa tölu um þetta mál, svo mörg sem hliðstæð mál hafa verið á undangengnum árum þegar gengi íslensku krónunnar hefur verið fellt. Þetta mun vera fjórða formlega gengisbreytingin síðan nýkrónan sæla leit dagsins ljós. Verð á Bandaríkjadollar hefur hækkað til dagsins í dag samkv. upplýsingum Seðlabankans um 53.4% frá því að nýkrónan tók gildi. Þetta þýðir að nú fáum við jafnmarga dollara fyrir 153 kr. og 40 aura og við fengum fyrir 100 kr. þegar nýkrónan gekk í gildi. Svo ört hefur þessi nýja mynt, sem menn bundu vonir við, fallið í verði.

Stefna hæstv. ríkisstj. í gengismálum hefur verið atvinnuvegunum mjög öndverð. Innlendar kostnaðarhækkanir hafa verið miklu meiri en gengisbreytingarnar og þar af leiðandi hafa útflutningsatvinnuvegirnir lent í vandræðum. Þeir hafa ekki fengið eins margar krónur fyrir sinn gjaldeyri og kostnaðurinn er við að afla hans, og þeir aðilar, sem keppa við útlendinga á íslenskum markaði, keppa við vörur sem eru framleiddar erlendis, hafa einnig verið í vanda. Hæstv. ríkisstj. viðist vilja byrja á öfugum enda í þessu efni eins og mörgum öðrum: þrýsta niður genginu þrátt fyrir hækkun innlenda kostnaðarins í stað þess að ráðast að rótum vandans og koma í veg fyrir kostnaðarhækkanir.

Ég var um helgina staddur á fundi þar sem rætt var um atvinnumál á vegum Fjórðungssambands Norðlendinga. Þar flutti Hjörtur Eiríksson, forstjóri Sambandsverksmiðjanna á Akureyri, ræðu. Hann benti á, hve þessi þróun hefði verið atvinnuvegum öndverð undanfarið, og rakti þá sögu að því er varðaði ullariðnaðinn allar götur til ársins 1976. Hagdeild Sambands ísl. samvinnufélaga hefur athugað hvernig rekstrarskilyrði ullariðnaðarins, sem flytur afurðir sínar út, hafa breyst á þessu tímabili. Þar kemur í ljós að gengi Bandaríkjadollars hefur hækkað frá því að vera 100 1976 í 263.3 1980 og eðlilegt verðlag, þ. e. meðalverðlag í OECD-löndunum, hefur hækkað frá því að vera 100 1976 í 142.7. En kostnaðarþættir ullariðnaðarins hafa hækkað allt í 1000 á þessu tímabili, vextir hækkað úr því að vera 100 1976 í 1061.2. Laun hafa hækkað úr 100 í 469.8 á sama tíma sem gengi Bandaríkjadollars hefur hækkað í 263.3. Á þessu tímabili hafa rekstrarskilyrði ullariðnaðarins orðið verri um 21%. Þetta er með gleggri dæmum þess, hvað gengismál eru viðkvæm fyrir atvinnuvegina. Þarf ég raunar ekki neinu við þetta að bæta.

Ég talaði um að verða ekki langorður við þessa umr. um þetta mál og læt máli mínu lokið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Eins og kom fram í ræðu hv. 3. þm. Norðurl. e. er þetta ekki fyrsta gengisfellingin sem fjalla er um frá því að ríkisstj. ákvað að taka upp stöðugt gengi. Það stöðuga gengi hefur ekki verið stöðugra en svo að stundum hafa ekki liðið nema eins og 30 dagar á milli gengisfellinga. Sú gengisfelling, sem hér er verið að fjalla um, er frá 14. jan. s. l., en hins vegar mun þá hafa verið gefið út loforð um að fella gengið enn frekar á næstu vikum þannig að það er óvíst að bilið milli gengisfellinga nái einu sinni 30 dögum í þetta sinn. Þegar svona er haldið á málum er auðvitað fráleitt að tala um stöðugt gengi, og hefur þar sannast að þær hugmyndir, sem ríkisstj. hafði uppi um stöðugt gengi, hafa reynst algerlega óraunhæfar og reyndar skapað mjög mikil vandamál hér í þjóðfélaginu.

Það væri kannske ástæða til að fjalla mjög ítarlega um stefnu í gengismálum, en ég skal frekar stytta mál mitt. Sú stefna var ríkjandi samkv. Bretton Woods-samkomulaginu, hér á landi eins og annars staðar, að fylgja fastri gengisskráningu og það var ekki nema með miklum undantekningum sem þar urðu breytingar á. Fyrir nokkrum árum, upp undir það áratug sjálfsagt bráðlega, var breytt um vinnubrögð í þessum efnum og farið inn á sveigjanlega gengisskráningu hjá öllum helstu viðskiptaþjóðum heims. Í sjálfu sér má segja að það hafi átt að vera Íslendingum léttir að farið var út af fastgengisstefnunni vegna þess að það þýddi hrikaleg átök í þjóðfélaginu og mikla erfiðleika, sérstaklega þegar menn bjuggu við þá óvissu og sveiflu í útflutningsframleiðslu, sem hér hefur verið ríkjandi, og eins vegna þeirrar kostnaðarþróunar sem hefur verið hérlendis. Ísland fylgdi fordæmi annarra í þessum efnum og var tekin upp sveigjanleg gengisskráning. Hitt verður að viðurkenna, að hin sveigjanlega gengisskráning hafði allt of mikla tilhneigingu til að verða hluti af vélgengiskerfinu sem í gangi er hér á landi með útreikningum og sífelldum hækkunum og víxlverkunum á verðlagi alls konar varnings og þjónustu. Þó að hin sveigjanlega gengisstefna hefði ýmsa ótvírða kosti í för með sér bjó hún líka yfir nokkrum freistingum, verður að viðurkennast, sem menn féllu allt of gjarnan fyrir.

Hitt er það, að upp á síðkastið hefur það orðið tíðkanlegt, og þó alveg sérstaklega í sambandi við þá gengisbreytingu sem hér er verið að fjalla um, að gengisbreyting væri í raun og sannleika ekki eftir neinni sérstakri ákvörðun ríkisstj. Menn muna kannske hver aðdragandi þessarar gengisbreytingar var. Seðlabankinn, sem er allra banka varkárastur, gerði tillögu um það um áramótin, að gengið yrði fellt um 10%. Þegar Seðlabankinn gerir tillögu af þessu tagi er það venjulega vegna þess að hann telur líklegt eða telur sig hafa vissu fyrir að ríkisstj. sé reiðubúin að samþykkja tillögu af þessu tagi. Svo reyndist ekki í þessu tilviki, heldur sat ríkisstj. á gengismálunum vikum saman þannig að horfði til vandræða hér innanlands. Bankar voru lokaðir vikum saman og rýrði náttúrlega álit Íslands meðal erlendra þjóða stórlega. Erlendir viðskiptaaðilar gátu varla skilið að bankar væru hér lokaðir, ekki í einn eða tvo daga, heldur vikum saman. Þetta er auðvitað stórkostleg aðgerð. Við vorum með þessu í rauninni að loka viðskiptalegum landamærum landsins um langan tíma. Erlendir aðilar spurðu þegar þetta bar á góma: Er stjórnarkreppa á Íslandi eða hvað? Kannske höfðu þeir rétt fyrir sér, að það hafi verið stjórnarkreppa. En það verður að segja eins og er, að þetta var hörmungarástand og sundurlyndi ríkisstj. birtist náttúrlega í því að hún skyldi ekki geta tekið ákvörðun af eða á í þessum efnum. Niðurstaðan varð svo sú, að það voru aðilar úti í bæ sem settu ríkisstj. fyrir hvað gengið ætti að vera. Þeir pöntuðu gengisfellingu. Svo merkileg var þessi saga að þeir aðilar pöntuðu eina gengisfellingu einn daginn, nefnilega þá sem hér á að fjalla um ráðstafanir í sambandi við, en síðan dugði það ekki, menn töluðu nefnilega saman svolítið lengur, og þá varð ríkisstj. að gefa út loforð um viðbótargengisfellingu sem við eigum að fá þessa dagana.

Ég rek þetta vegna þess að það er skoðun mín að stjórnkerfið hafi beðið mjög mikinn hnekki þegar gengisfellingar eru pantaðar, afgreiddar og þeim lofað af ríkisstj. með þessum hætti, — þegar aðilar úti í bæ fara að

skipa ríkisstj. fyrir verkum í gengismálum. Hér held ég að hafi átt sér stað endanlegt gjaldþrot þeirrar gengisstefnu sem ríkt hefur hér undanfarin misseri undir núverandi ríkisstj. Sannleikurinn er sá, að það er langtum farsælla að fylgja fastmótaðri gengisstefnu sem menn séu reiðubúnir til að fylgja fram af festu og aðilar vinnumarkaðarins, atvinnurekendur, viti hver sé og lagi sig að. En þá verður sú gengisstefna vitanlega að vera raunhæf og taka mið af því að halda uppi fullri atvinnu í landinu jafnframt því að veita aðhald í verðlagsmálum.

Ég skal ekki á þessu stigi, herra forseti, gera sérstaklega að umræðuefni efnisinnihald þeirra brbl. sem hér er óskað staðfestingar á. En ég verð að lokum að geta þess, að mér kemur efnisinnihald þessara brbl. spánskt fyrir sjónir að því leyti, að ég minnist þess ekki að hafa lesið fréttir um þær ráðstafanir sem hér er gert ráð fyrir, að ráðstafa 6% af gengismun í Verðjöfnunarsjóð. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það hafi verið gefin út fréttatilkynning af hálfu ríkisstj. um þetta efni þegar þessi ráðstöfun var gerð. Sá háttur hefur venjulega verið hafður á að gefa út fréttatilkynningar um slíkt og verður að teljast bæði sjálfsagt og eðlilegt vegna þess að hér er um lagasetningu að ræða. Hún gerist með venjulegum hætti þannig að um lögin er fjallað hér á Alþingi fyrir opnum tjöldum, þannig að allir geti fylgst með ekki bara afgreiðslu málsins, heldur líka umr. um það, og í samræmi við að þetta sé opinber gerningur, sem allir eigi að vita um, hefur vitaskuld verið fylgt þeirri reglu að gefa út fréttatilkynningar um brbl. sem gefin eru út. Ég minnist þess hins vegar ekki að hafa lesið fréttatilkynningu um þetta efni og vil þess vegna spyrja hæstv. forsrh. að hvort og þá hvenær hún hafi verið gefin út og hvar hún hafi birst.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar vil ég taka fram að ég veit ekki betur en þetta hafi verið gert heyrinkunnugt um leið og brbl. voru gefin út. Hvort formleg fréttatilkynning var gefin út skal ég ekki segja, það skal að sjálfsögðu kannað, en ég held að þetta hafi ekki farið fram hjá neinum sem hlut eiga að máli.

Ég hafði ekki hugsað mér að fara nú út í almennar umr. um gengismálin. Þó væri full þörf á að leiðrétta þær rangfærslur sem hér hafa komið fram hjá bæði hv. þm. Kjartani Jóhannssyni og hv. þm. Lárusi Jónssyni. Gengisstefna ríkisstj. er skýrt mörkuð í stefnuræðu minni frá því í okt. s. l. Geta hv. þm., sem hlustuðu á þá ræðu, lesið hvernig sú stefna er orðuð og mótuð.

Varðandi hitt atriðið var ákveðið í efnahagsáætlun ríkisstj. frá 31. des. 1980 að hætta um sinn gengissigi sem þá hafði verið viðhaft mjög langan tíma og mér skilst nú á hv. þm. Kjartani Jóhannssyni að hann vilji helst taka upp aftur sem meginreglu í gengismálum. Það var ákveðið um sinn a. m. k. að hætta því og að stefnt skyldi að því að halda genginu sem stöðugustu fyrst um sinn. Eins og ég hef oft skýrt frá áður var ætlun okkar þá að tækist í fyrstu þrjá mánuði ársins 1981 að halda genginu stöðugu. Það tókst í fimm mánuði, til maíloka. Þetta veit hv. þm. ósköp vel að var það sem ákveðið var og boðað og engin ástæða til að vera með þær rangfærslur sem hér eru hafðar uppi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki fara út í lengri umr. um gengismálin. Ég gerði hér grein fyrir viðhorfum í þeim efnum sem ég tel að reynslan hafi sannað að séu affarasælust.

Að því er varðar gengisstefnu ríkisstj. þurfa menn náttúrlega ekki að skoða ræður eða skrif, heldur geta látið sér nægja að líta á reynsluna. Það var út frá reynslunni sem verið hefur á undanförnum misserum sem ég felldi þá dóma sem ég felldi áðan og ég tel að standist fyllilega og ég held að væru umhugsunarefni fyrir alla þm.

En að því er varðar svör hæstv. forsrh. við fsp. minni vænti ég þess, að hann tryggi að þessi hv. deild og sú nefnd, sem um þetta mál fjallar, geti fengið að sjá þau gögn sem birst hafa á opinberum vettvangi um setningu þeirra brbl. sem hér um ræðir. Ég vænti þess, að við fáum afrit af þeim fréttum, sem um það hafa verið í útvarpi og sjónvarpi, og ljósrit af þeim fréttum, sem um það hafa birst í dagblöðum, og menn geti þannig glöggvað sig á því, hversu skýrt og skilmerkilega hafi verið frá skýrt á opinberum vettvangi þegar þessi gerningur var gerður.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 39. fundur.

Miðvikudagur 10. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 148). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276). — 3. umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Því miður var ég ekki viðstaddur þegar 2. umr. þessa máls fór fram. Ég sé að í nál. 1. minni hl. sjútvn. er þess getið, að ég meðal nokkurra annarra hafi ekki verið viðstaddur á þeim nefndarfundi sem málið var afgreitt á. Það er rétt. Ástæðan er sú, að ég var þá veðurtepptur vestur á fjörðum. En viku áður en málið var afgreitt í nefndinni var boðað til fundar í sjútvn. og mætti aðeins einn af hv. stjórnarliðum á þeim nefndarfundi, ef á að telja hann til stjórnarliða í sambandi við það mál sem hér um ræðir, þ. e. hv. formaður sjútvn., þannig að málið frestaðist um viku vegna mætingarleysis hv. stjórnarliða í sjútvn. Ég held að rétt sé að það komi fram.

Að öðru leyti um þetta mál hef ég lýst því áður, að ég er andvígur þessu olíugjaldi og tel að við kringumstæður sem þessar, þegar svona mál koma upp eins og stórkostleg hækkun á olíu vegna ytri aðstæðna, þá séu það ekki sjómenn eða útvegsmenn einir sem eigi að blæða fyrir það, heldur eigi öll þjóðin að leggja á sig nokkuð vegna þess. Ég hef lýst því áður að þetta er mín skoðun. Ég get því tekið undir það sem segir í nál. frá 2. minni hl. sjútvn., að það er auðvitað þjóðarinnar allrar að taka á sig nokk-

uð þegar svona mál koma upp. Það á ekki einvörðungu að leggjast á sjómenn eða útvegsmenn.

Í öðru lagi er það ámælisvert, hvernig að þessu hefur verið staðið af hálfu hæstv. ríkisstj. og hæstv. sjútvrh. Hér má segja að Alþingi standi í raun og veru frammi fyrir gerðum hlut, og það er auðvitað ótækt að slík vinnubrögð skuli viðhöfð gagnvart Alþingi. Hér er um það að ræða að olíugjald, sem áður var 7.5%, á samkv. þessu að verða 7%. Það hefur áður komið fram, að hæstv. sjútvrh. hefur margítrekað lofað að afnema olíugjaldið. (Gripið fram í.) Margítrekað lofað að afnema olíugjaldið, já. Enn er ekki að sjá að neitt verði af því í reynd. Hér er að vísu um ½% lækkun að ræða á olíugjaldinu og út af fyrir sig má segja að það sé í áttina, en það er víðs fjarri að vera sú stefna sem hæstv. sjútvrh. hefur lofað.

Ég held að eins og málum er nú háttað sé í raun og veru nokkuð sjálfgefið að Alþingi hlýtur að ganga frá þessu máli. En það er ástæða til að víta þau vinnubrögð sem viðhöfð eru af hálfu hæstv. sjútvrh. og ríkisstj. Ég mun ekki standa gegn því, að þetta frv. nái fram að ganga. Samkomulag er að því er virðist milli þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli, og fiskverðsákvörðun er grundvölluð m. a. á þessu. Má því segja að nokkuð augljóst sé að stefnt væri í mikla tvísýnu ef ekki yrði orðið við því að samþykkja það sem hér er lagt til. Ég vil hins vegar taka það fram, að þó að hæstv. sjútvrh. hafi enn einu sinni lofað við ákvörðun fiskverðs og meðferð þessa máls að stefna að því að olíugjaldið verði afnumið, þá hef ég litla trú á slíkum loforðum, tek lítið mark á þeim, með þá reynslu í huga sem við höfum horft upp á undangengin tvö ár a. m. k. En batnandi mönnum ætti að vera best að lifa, og ef hæstv. ráðh. tekur á sig þá rögg að standa nú við hin gefnu fyrirheit og þó ekki væri nema halda áfram lækkun olíugjaldsins, þá væri það vel.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en vegna þess, hvernig þetta mál ber að, og vegna þeirra kringumstæðna, sem áður hefur verið getið, sýnist nokkuð augljóst að Alþingi getur vart annað gert en að afgreiða málið og samþykkja það eins og það er í pottinn búið, þó að vinnubrögðin öll séu mjög svo gagnrýnisverð og allt að því vítaverð.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er alkunn staðreynd, að a. m. k. hér á jörðinni geta menn endað í vestri með því að stefna stöðugt í austur, en ég held að hæstv. sjútvrh. geti ekki endað með því að afnema olíugjaldið þegar stefna hans er þveröfug. Hvaða loforð sem hann hefur uppi um hvað hann hyggist gera, þá er það auðvitað framkvæmdin sem sker úr. Þó að hæstv. sjútvrh. stefni í þessum efnum stöðugt í austur, þá endar hann ekki í vestri. En það er ekki meginatriði míns máls. Meginatriðið var að gera nokkra athugasemd við frásögn í fréttatíma útvarpsins af 2. umr. um þetta mál hér á þingi á dögunum.

Ég vænti þess, að það hafi ekki farið fram hjá þm. að þá var þessu máli lýst þannig að hér væri á ferðinni frv. til l. um að lækka olíugjald á fiskiskipum og að þeir þm. stjórnarandstöðunnar, sem þá tóku til máls, hefðu verið andvígir því. Þetta er ekki rétt. Olíugjald til fiskiskipa féll niður um s. l. áramót. Hefði ekkert frv. komið fram hefði ekkert olíugjald verið innheimt á þessu ári. Hér er um það að ræða að setja ný lög um að olíugjald verði áfram innheimt á árinu 1982, eins og frv. gerir ráð fyrir, en ef ekkert slíkt frv. hefði verið flutt hefði ekkert olíugjald verið innheimt. Þetta kom ekki rétt fram í fréttum útvarpsins, eins og ég sagði áðan, og ég vil aðeins vekja athygli á því að menn fari rétt með. Við erum ekki andvígir því að olíugjaldið sé lækkað. Menn voru að lýsa afstöðu sinni til þess að gjald, sem var niður fallið, skyldi verða framlengt. Auðvitað ber mönnum að fara rétt með, einnig í ríkisfjölmiðlum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég biðst afsökunar á því, að ég verð enn þá einu sinni að leiðrétta fullyrðingar sem hér koma fram um það sem ég á að hafa lofað í sambandi við olíugjaldið. Hv. þm. Karvel Pálmason fullyrti að ég hefði lofað að afnema olíugjaldið fyrir lok þessa árs. Á þeim fundi, sem ég átti með fulltrúum sjómanna um þá fyrirvara sem þeir settu í kjarasamningum og vitni eru að má segja: hlutlaus vitni líka, tók ég fram að ég væri reiðubúinn að athuga um afnám olíugjaldsins, enda kæmu menn sér saman um eitthvað sem kæmi í staðinn og tryggði hlut útgerðarinnar. Þetta var skýrt tekið fram og reyndar hef ég í öllum tilfellum — ég hef reyndar flett þessu upp til vonar og vara — lagt áherslu á breytingu á olíugjaldinu. Ég hef alltaf sagt: Ég er mótfallinn greiðslu olíukostnaðar á þessum grundvelli og tel að það eigi að breyta til og finna annan grundvöll til þátttöku í þessum kostnaði útgerðarinnar. Ég vil einnig taka það fram, að á fundi, sem ég átti með tveimur fulltrúum sjómanna frá Ísafirði á skrifstofu minni þegar deila stóð þar yfir í byrjun ársins 1980, lýsti ég einnig þessari skoðun minni, að það ætti að afnema olíugjald í núverandi mynd og finna heldur einhverja aðra leið. En ég greip líka með mér til vonar og vara bréf sem ég ritaði til sáttasemjara og er dags. 21. apríl 1980. Til að hafa allt á hreinu um þessi mál vil ég — með leyfi hæstv. forseta — lesa þetta bréf. Þar segir:

„Málefni: Kjaradeilan á Ísafirði. Þótt ekki sé það ætlun stjórnvalda að hafa bein afskipti af kjaradeilu þeirri, sem nú stendur á Ísafirði milli útvegsmanna og sjómanna, vil ég taka fram eftirfarandi, ef það gæti orðið til þess að stuðla að lausn deilunnar. Það skal tekið fram, að samráð hefur verið haft við forsrh. og félmrh. um efni þessarar yfirlýsingar.

1. Frítt fæði. Ég tel rétt að deiluaðilar sendi stjórn Aflatryggingasjóðs bréf þar sem óskað er eftir ýmsum lagfæringum, m. a. um samræmingu tveggja efstu flokkanna og að nýr flokkur verði stofnaður vegna útileguskipa sérstaklega. Athugun á slíkum breytingum er þegar hafin. Að því er ég best veit er þörf lagabreytinga. Fyrir slíkum lagabreytingum mun ég beita mér eins og frekast verður talið fært.“ — Ég skýt því hér inn í, að þetta var framkvæmt og lög, sem tryggðu þessa breytingu, samþykkt hér á hinu háa Alþingi. Við þetta hefur því verið að fullu staðið.

„2. Frívaktarvinna. Ég er tilbúinn að skipa menn í nefnd með deiluaðilum til að kanna og leggja mat á vinnuálag og vinnutíma sjómanna á Vestfjörðum. Við þá athugun yrði tekið mið af vökulögum, samningsbundnum frítímum sjómanna og vinnuálagi sjómanna í öðrum landshlutum.“ — Í umræðum um þennan lið var þetta afþakkað og ákveðið að útgerðarmenn og sjómenn beittu sér fyrir þessu sjálfir. Hins vegar hefur breyting orðið á nýlega, eins og hv. þm. vita, og er það mál þó í höndum Kjararannsóknarnefndar. Reyndar hef ég ákveðið að sjútvrn. veiti af því fjármagni, sem það hefur

til mörkunar fiskveiðistefnu, nokkra fjárhagsaðstoð til þess að þessi athugun geti fari fram, samtals 250 þús. kr. sem er lofað í því skyni.

„3. Lögskráningar. Ég hef og mun leggja áherslu á að frv. það, sem er þegar komið til nefndar í Ed. Alþingis, verði afgreitt á þessu þingi." — Ég skýt hér inn í að þetta var gert, frv. var afgreitt.

„4. Réttur sjómanna til launa í veikinda- og slysatilfellum. Ég hef og mun áfram leggja á það ríka áherslu, að frv. það, sem komið er til nefndar í Nd. Alþingis um breytingu á 18. gr. sjómannalaga, verði afgreitt á þessu ári." — Við þetta var líka staðið. Frv. var afgreitt og þýddi mjög mikla réttarbót fyrir sjómenn. Þetta er dags. 21. apríl 1980 og undir þetta skrifa ég.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins út af því sem hæstv. sjútvrh. sagði: Ég held að ég hafi getið þess áðan, að ég legði ekki sérstaklega mikið upp úr loforðum hæstv. sjútvrh. í þessu máli og þá ekkert frekar því sem síðast hefur gerst við ákvörðun fiskverðs heldur en áður. Það þarf ekki að taka neitt sérstakt fram um það að þessu sinni.

Um hitt, sem hér hefur komið upp oftar en einu sinni áður, hverju hann í raun og veru lofaði við lausn sjómannadeilunnar á Vestfjörðum á sínum tíma, þá fullyrða menn úr stjórn Sjómannafélags Ísfirðinga það við mig, og ég hef enga ástæðu til að rengja það, að inn á fund Sjómannafélagsins á þeim tíma, þar sem þetta mál var til umræðu, hafi borist skeyti frá hæstv. sjútvrh. þess efnis, að hann mundi beita sér fyrir því að olíugjaldið yrði afnumið. Ég hef enga ástæðu til að rengja frekar þessa stjórnarmenn í Sjómannafélagi Ísfirðinga en hæstv. sjútvrh., nema síður væri. Hæstv. sjútvrh. hefur talað með þeim hætti í þessu máli, að það er full ástæða til að rengja hann. Kannske fer svo að hið umrædda skeyti verður að leggja á borð. Vonandi verður þess ekki langt að bíða, að það verði hægt. Þá kemur hið sanna í ljós. En ég vísa því alfarið heim til föðurhúsa hæstv. sjútvrh., að hann hafi ekki gefið loforð um þetta efni varðandi lausn kjaradeilu sjómanna á Vestfjörðum 1980.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson, formaður sjútvn., lýsti því yfir við 2. umr. þessa máls, að olíugjaldið hefði fyrst verið lagt á í sjútvrh.-tíð Kjartans Jóhannssonar. Það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, að olíugjaldið í núverandi formi var fyrst lagt á þá. En áður hafði flokksbróðir hv. þm., sem oftar gekk undir nafninu Stóri pabbi, þá sem sjútvrh., lagt á svokallað olíusjóðsgjald. Það var upphafið að þessu, þó að því hafi verið breytt í sjútvrh.-tíð Kjartans Jóhannssonar. Upphafið að þessum skatti, gjaldheimtu — eða hvað menn vilja kalla það — af sjómönnum á Lúðvík Jósepsson, fyrrv. hæstv. sjútvrh.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, StH, SvG.

AG, BGr, BÍG, FrS, HBl, JS, KP, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, SvH greiddu ekki atkv.

4 þm. (GeirH, HG, JÞ, VG) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 2 frá 1. febr. 1980, um breytingu á lögum nr. 5 frá 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í gildandi lögum, 1. gr. laga nr. 2 frá 1. febr. 1980, segir að útflutningsgjald af sjávarafurðum skuli ákveðið 5.5% fob-verðmætis útflutnings í stað 6% sem það áður var. Jafnframt segir svo í sömu lögum, 5. gr., gildistökuákvæði þeirra laga: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða sem framleiddar eru á árunum 1980 og 1981." M. ö. o.: þessi breyting á fyrra útflutningsgjaldi, sem var eins og ég áður sagði 6%, átti aðeins að gilda fyrir árin 1980 og 1981 og féll því úr gildi um síðustu áramót.

Nú eru allir hagsmunaaðilar, sem þessu tengjast, sjómenn, útgerð og fiskvinnsla, á einu máli um að útflutningsgjaldinu verði haldið áfram, 5.5% eins og það hefur verið undanfarin tvö síðustu ár. Því er þetta frv. lagt fram sem felur í sér að fella niður úr gildistökuákvæði laganna, þ. e. 5. gr., þann hluta greinarinnar sem kveður svo á að þau — í þeirri mynd sem þau voru — gildi aðeins fyrir árin 1980 og 1981. Verði þetta frv. samþykkt verður útflutningsgjaldið áfram 5.5%.

Jafnframt eru í þessu frv. tvö ákvæði til bráðabirgða. Það er í fyrsta lagi ákvæði sem varðar útflutningsgjald af loðnumjöli og loðnulýsi framleiddu á tímabilinu sem nú stendur yfir. Gert var ráð fyrir því í frv., sem varð að lögum hér fyrir áramót, að útflutningsgjald af þessum afurðum yrði lækkað úr 5.5% í 3.575%. Þetta var liður í samkomulagi um verðlagningu á loðnu. Þar voru og eru verulegir erfiðleikar. Nú er loðnuvertíð ekki að fullu lokið. Það hefur verið veitt smávegis af loðnu eftir áramótin og þótt lítið sé þykir sjálfsagt að láta þetta ákvæði gilda einnig um þær afurðir. Því er hér um það að ræða að framlengja þetta ákvæði nýlegra laga þannig að það gildi út það veiðitímabil sem nú stendur. Eins og segir í ákvæði til bráðabirgða gildir það fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins.

Ég sé ekki, herra forseti, að ástæða sé til að hafa fleiri orð um þetta frv. Það skýrir sig, hygg ég, að öllu leyti sjálft. Ég læt þessa framsögu nægja og geri að till. minni, þegar lokið er þessari umr., að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 196). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 196 flytjum við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., ég ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni og Guðmundi G. Þórarinssyni. Þetta er í þriðja skiptið sem þetta frv. er flutt, annað skipti af þessum flm., en upphaflega var frv. flutt af mér ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Ingvari Gíslasyni og Kjartani Ólafssyni.

Tilgangur þessa frv. er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda, sem eru tollur, söluskattur, vörugjald og jöfnunargjald, af aðföngum — en aðföng eru hráefni, hjálparefni, rekstrarvörur, umbúðir, vélar, tæki, þar með talin flutningatæki til flutninga innan verksmiðjulóða, hlutar til véla og tækja, áhöld hvers konar og varahlutir — þeirra iðnfyrirtækja sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu samkv. almennu mati notenda viðkomandi vöru.

Í 3. gr. laganna um tollskrá er fjallað um undanþágu og lækkunarheimildir. Við gerum þá till. að 12. liður þeirrar greinar breytist lítils háttar og verði fluttur í 2. gr. sem ber yfirskriftina: „Tollfrjáls innflutningur", og verði þar 13. tölul.

Upplýsinga um þetta mál var aflað hjá Félagi ísl. iðnrekenda og Landssambandi iðnaðarmanna og eins og ég sagði áður hefur þetta mál verið til umræðu og meðferðar í þinginu áður.

Það skal tekið fram, að fyrst þegar þetta mál var flutt á hv. Alþingi tók hæstv. iðnrh. til máls og benti réttilega á að samstarfsnefnd um iðnþróun, sem hæstv. iðnrh. skipaði haustið 1978, hefði gert sams konar till. í sínum gögnum. Og í þáltill. ríkisstj. um iðnaðarstefnu hefur þessi stefnulýsing verið í þau fjögur skipti sem sú till. hefur verið flutt á Alþingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Er það 13. tölul. á þskj. 162, till. til þál. um iðnaðarstefnu sem hæstv. iðnrh. mælti fyrir fyrir nokkrum dögum í Sþ., en þar segir, með leyfi forseta: „Felld verði niður aðflutningsgjöld á aðföngum þess iðnaðar sem á í samkeppni við erlenda aðila."

Á 100. löggjafarþinginu, þegar málið var fyrst rætt á Alþingi, var það sent til hv. fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis. Þá var formaður hennar Lúðvík Jósepsson. Gefið var út nál. sem hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur rætt frv. og fékk til fundar við sig ráðuneytisstjórann í fjmrn. og veitti hann ýmsar upplýsingar.

Tilgangur frv. er að fella endanlega niður greiðslu aðflutningsgjalda af aðföngum þeirra iðnfyrirtækja, sem stunda framleiðslu til útflutnings eða eiga í beinni samkeppni við vörur og þjónustu, sem heimilt er að flytja til landsins, eða óbeinni samkeppni, þegar heimill er innflutningur, sem komið getur í stað innlendrar vöru eða þjónustu, eins og segir í grg. með frv.

Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná." — Ég endurtek þetta: Nefndin er sammála um að markmiði þessu þurfi að ná. — „Efni frv. er nánast samhljóða niðurstöðu samstarfsnefndar um iðnaðarmál, en sú nefnd hefur starfað á vegum iðnrn.

Flm. frv. eru þm. úr öllum þingflokkum. Því sýnist víðtæk samstaða vera um efni frv.

Þar sem nefndinni er ljóst, að ýmsir framkvæmdaörðugleikar muni verða við framkvæmd slíks ákvæðis í lögum, eins og frumvarpsgreinin er orðuð, leggur nefndin til, að frv. verði vísað til ríkisstj., sem sjái um að frv. verði samið um þetta efni og flutt á næsta þingi, þar sem með því verði best tryggð örugg framkvæmd málsins."

Hér lýkur tilvitnun í nál. sem er undirritað af öllum nm. í hv. fjh.- og viðskn. á 100. löggjafarþinginu, en formaður þeirrar nefndar var, eins og ég sagði áðan, Lúðvík Jósepsson þáv. alþm.

Það er rétt að það komi fram, að aldrei birtist frv. frá hæstv. ríkisstj. Hins vegar fór fram endurskoðun á auglýsingu nr. 284 frá 1978 um niðurfellingu og endurgreiðslu tolls og/eða sölugjalds af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar sem gerð var um áramótin 1980—1981. Samt sem áður komust málin ekki í það horf sem talist getur eðlilegt. Vísa ég þar til umsagnar Félags ísl. iðnrekenda, en ekki síður til skýrslu sem samin var af samstarfsnefnd um iðnþróun og ég vitnaði áður til, en hún var fskj. með þáltill. um iðnaðarstefnu. Á bls. 64 í þeirri skýrslu kemur rækilega fram að sú nefnd er sammála efni þessa frv. Má því gera ráð fyrir víðtæku samkomulagi á hv. Alþingi um að efni frv. nái fram að ganga.

Það vekur athygli og frá því er skýrt á bls. 3 í grg. með þessu frv., að þegar lögð hafa verið fram stjfrv. um sjóefnavinnslu á Reykjanesi, steinullarverksmiðju og stálbræðslu er í öllum þessum frv. gert ráð fyrir að fyrirtækin fái niðurfelld aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum. Síðan er sagt að hæstv. fjmrh. setji reglur um framkvæmd þessa ákvæðis. Þegar ríkið á í hlut er ekki hikað við að setja í lög slíka yfirlýsingu. Að vísu er þar um heimildargrein að ræða, en mér er kunnugt um að þegar til kastanna hefur komið við þau fyrirtæki sem ríkið á í — eða á að öllu — hefur reynst örðugt að semja við fjmrn. um þessi efni. En með því frv., sem hér er til umr., er gert ráð fyrir fortakslausu ákvæði.

Þess skal og getið, að fáist þetta frv. samþykkt verður að telja, að með því sé stigið stórt skref í átt til jöfnunar svokallaðra starfsskilyrða atvinnuveganna, en þau mál eru mjög á dagskrá um þessar mundir.

Á bls. 3 í grg. eru dæmi um núverandi skipan, annars vegar aðflutningsgjöld af flutningatækjum og hins vegar af öðrum vörum sem iðnaðurinn íslenski notar. Hér er aðeins um örfá dæmi að ræða til að sýna hve misjafnlega þessar vörur eru tollaðar og hve mishá aðflutningsgjöldin eru.

Á bls. 4 er fjallað um þátt þessa frv. í tæknivæðingu og þá um leið lækkun vöruverðs af iðnaðarvörum. Loks er lítill kafli þar sem reynt er, að vísu með mjög óljósum hætti, að meta tekjutap ríkissjóðs, sem nánast er óhugsandi eins og mál eru nú.

Þá eru fskj. birt með frv. Það eru bréf sem fóru á milli Félags ísl. iðnrekenda og fjmrn. vegna tveggja mála sem komu upp. Var annars vegar um að ræða Kassagerð Reykjavíkur og hins vegar Pólinn á Ísafirði. Þessi bréf sýna fyllilega hver er afstaða fjmrn. til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum og hvernig tollskrárlögunum er beitt.

Herra forseti. Hér er um endurflutt mál að ræða og þess vegna óþarfi að hafa mörg fleiri orð um frv. Mér er kunnugt um það, að um þessar mundir fer fram heildarendurskoðun á tollskrárlögunum á vegum fjmrn., og að sjálfsögðu verður að gera ráð fyrir að þessum málum verði gerð skil við þá heildarendurskoðun. En þar sem

mjög víðtæk samstaða virðist vera um þetta mál á hv. Alþingi taldi ég ástæðu til þess, að málið yrði flutt og fengi meðferð í nefnd þannig að hægt væri að koma áhrifum Alþingis til skila til fjmrn. þegar þessi endurskoðun á sér stað.

Herra forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 209). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 209 er flutt frv. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, nr. 59 frá 1969, með síðari breytingum. Auk mín eru flm. hv. 10. þm. Reykv., hv. 6. þm. Norðurl. e., hv. 3. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Austurl. Þá er og á þskj. 210 flutt frv. til l. um breyt. á sömu lögum og það eru sömu flm., en 1. flm. þess frv. er hv. 10. þm. Reykv. Og á þskj. 211 er flutt frv. til l. um breyt. á lögum nr. 120/1976, um tollskrá o. fl., með sömu flm., og er 1. flm. hv. 10. þm. Reykv.

Það er öllum þessum frv. sameiginlegt, að þau eru flutt til þess að koma fram þeirri breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, að hér á landi verði hægt að taka upp það fyrirkomulag sem tíðkast hefur víða í löndum í kringum okkur, þ. e. að veittur sé frestur á greiðslu aðflutningsgjalda. Þessi greiðslufrestur hefur oft verið nefndur tollkrít. Frv. á þskj. 209 fjallar sérstaklega um það atriði, en frumvörpin á þskj. 210 og 211 eru hins vegar breytingar á lögunum um tollheimtu og tolleftirlit og tollskrá sem eru bein afleiðing af því ef Alþingi samþykkir frv. á þskj. 209.

Sem 1. flm. frv. á þskj. 209 mun ég gera grein fyrir því frv., en hv. 10. þm. Reykv., 1. flm. hinna tveggja frv. sem hér eru á dagskrá, mun gera grein fyrir þeim á eftir.

Þessi frumvörp eru endurflutt á þessu þingi, hafa áður verið flutt tvívegis, en ég tel ástæðu til að rekja örlítið sögu þessa máls og aðdraganda. Þess er að geta í leiðinni, að í umr. á Alþingi um skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum fyrir skömmu var þess sérstaklega getið, að á næstunni yrði tekinn upp greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, frá og með næstu áramótum. Er því rétt og eðlilegt að forsaga þessa máls sé rakin nokkuð. En það er öllum kunnugt, sem fylgst hafa með innflutningsmálum okkar, að þeir aðilar, sem hafa innflutningsverslun að atvinnu, eru þess mjög fýsandi, að hægt sé að taka upp fyrirkomulag sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Samtök þessara aðila hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga, og ég hafði tækifæri sem fjmrh. á árinu 1976 að sitja ráðstefnu á þeirra vegum og hlýða á þau sjónarmið sem þeir höfðu fram að færa í sambandi við þetta málefni.

Ég var þeirrar skoðunar eftir þær umr., sem þar fóru fram, að hér væri um að ræða mjög athyglisvert mál sem vert væri að gefa gaum. Ég beitti mér því fyrir að skipuð var nefnd til að vinna að endurskoðun þessara laga. Í upphafi gerði ég ráð fyrir að haga störfum þessarar nefndar með þeim hætti, að fram kæmi frv. um tollkrít sem Alþingi gæti tekið til meðferðar og tekið afstöðu til. Ef Alþingi samþykkti það frv. héldi þessi nefnd áfram störfum og endurskoðaði lögin með tilliti til þeirrar samþykktar sem Alþingi þá hafði gert.

Nefnd þessi var skipuð ríkisendurskoðanda og tollstjóra, auk þess Júlíusi Ólafssyni framkvæmdastjóra og Hjalta Pálssyni framkvæmdastjóra, en formaður var Ásgeir Pétursson bæjarfógeti, þáv. sýslumaður. Með nefndinni starfaði sem ritari hennar skrifstofustjórinn í fjmrn. Þorsteinn Geirsson. Nefnd þessi skilaði áliti og ég vék að nokkrum atriðum úr skýrslu þeirri í ræðu minni á Alþingi 1979—80. Þá fluttum við sömu hv. þm. þessi frv., að vísu skömmu fyrir þinglok, en þá gafst tækifæri til að flytja hér framsöguræðu. Málinu var vísað til fjh.- og viðskn. sem leitaði síðan umsagna um málið. Það var haldinn fundur í nefndinni rétt fyrir þinglok til þess að auðvelda framgang þess. Þegar við fjöllum um þetta frv. nú ætti þess vegna að vera auðveldara fyrir fjh.- og viðskn. deildarinnar að hraða framgangi þess ef um er að ræða vilja meiri hl. En af því, sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., mátti ráða að vilji væri nú fyrir hendi til þess að láta þetta mál ná fram að ganga.

Þessi hv. nefnd, sem ég skipaði á sínum tíma, skilaði grg. sinni skömmu fyrir ríkisstjórnaskipti á árinu 1978. Það var því eðlilegt að sá, sem tók við embætti fjmrh. í septembermánuði 1978, fengi tækifæri til að fjalla um þá skýrslu sem var nýkomin til ráðuneytisins. Mér var jafnframt kunngut um að fulltrúar innflutningssamtaka gengu á fund þáv. hæstv. fjmrh., Tómasar Árnasonar, lýstu áhuga sínum á málinu og óskuðu eftir því, að sú ríkisstj., sem þá sat, ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, tæki málið upp, flytti um það frv. og freistaði þess að ná þessu máli fram hér á Alþingi.

Það gerðist hins vegar ekki, og þegar ekki bólaði á neinu af hálfu ríkisstj., sem við tók í febrúarmánuði 1980, var þetta frv. flutt, eins og ég gat um áðan, og þá heyrðust raddir hæstv. forsrh. og fjmrh. sem ég vík að hér á eftir.

Þessi frumvörp hafa tvívegis verið flutt, en ekkert annað hefur gerst í málinu þar til nú, að það, sem ég áður gat um, kom fram í skýrslu hæstv. ríkisstj.

Það er enginn vafi á því, að tollkrít eða greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum leiði til lægra vöruverðs í landinu, auk þess sem það auðveldar og greiðir fyrir innflutningsversluninni með ýmsum hætti. Niðurstaða nefndarinnar, sem ég skipaði, var sú, eins og fram kemur í grg. frv., að nefndin var sammála um að mæla með að tekin yrði upp tollkrít.

Ef við lítum aðeins á nöfn þeirra manna, sem sátu í nefndinni, kemur í ljós að hér eru annars vegar fulltrúar innflutningsverslunarinnar og hins vegar þeir aðilar sem gæta og ætlað er að gæta hagsmuna hins opinbera, tollstjóri og ríkisendurskoðandi, auk þess sem þáv. formaður Félags héraðsdómara, Ásgeir Pétursson, var formaður nefndarinnar. Allir þessir aðilar hafa því staðgóða þekkingu á þeim málum sem hér er fjallað um. Það ber og að undirstrika að niðurstaða þeirra er samdóma, og það gæti e. t. v. verið leiðarljós fyrir ýmsa þá sem ekki eru gjörkunnugir tollafyrirkomulagi og greiðslu aðflutningsgjalda.

Í nál., sem hv. alþm. var öllum sent, er samdóma niðurstaða nefndarinnar, sem ég gat um áðan, og ég vil enn á ný — með leyfi forseta — lesa örstuttan kafla, en þar segir, með leyfi forseta:

„Með hliðsjón af framangreindum forsendum og vísan til fskj. leggur nefndin því einróma til við fjmrh., að tekin verði upp tollkrít hér á landi í því formi og með þeim

takmörkunum, sem lýst er í þessu nál. í einstökum atriðum. Að ósk ráðh. var rökum og forsendum safnað í framangreint nefndarálit. Telur nefndin samdóma, að á grundvelli þessara upplýsinga sé fljótlegt að setja saman lagafrv. ef hæstv. ráðh. óskar, enda hefur allt meginefnið verið sett hér fram. Er hún jafnframt reiðubúin að vinna það verk fyrir næsta samkomutíma Alþingis."

Eins og ég sagði áðan hafði ekkert verið í málinu gert þegar kom fram á haustið 1978. Það var því á útmánuðum 1980 að við endurfluttum þessi frv. þegar umr. fóru fram um þetta mál, 1. umr., tók hæstv. forsrh. til máls og lýsti áhuga sínum á málefninu. Hann orðaði það svo í ræðu sinni, með leyfi forseta: „Allt frá því að ríkisstj. var mynduð hafa tillögur og hugmyndir um greiðslufrest á tollum og einföldun á tollmeðferð vöru verið til athugunar. Ráðuneyti, sem þetta mál snertir, hafa unnið að þessu og viðræður farið fram um málið milli ráðherra. Í stjórnarsáttmálanum er ákvæði þess efnis að greiða fyrir hagkvæmum innkaupum til lækkunar á vöruverði." Síðan fjallaði hann örlítið um greiðslufrest á tollum eða tollkrít, en sagði að lokum, með leyfi forseta: „Ég er því fylgjadi, að þessum frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn. og mundi ríkisstj. þá hafa samráð um frekari könnun og meðferð þessa athyglisverða máls."

Samráð við fjh.- og viðskn. eða þá menn, sem í henni hafa átt sæti frá þessum tíma, hefur ekki verið haft. Það fóru hins vegar fram umr. á síðasta þingi þessa efnis. Þá hafði ekkert svar borist frá hæstv. ríkisstj. og ekkert samráð eða neitt samband haft við þá þm. sem áttu sæti í fjh.- og viðskn. þegar þingi lauk vorið 1980.

Í stefnuræðu hæstv. forsrh. haustið 1980 var ekki vikið einu orði að því á verkefnaskrá ríkisstj. hvað gera skyldi í þessu máli, heldur ekki á s. l. hausti. Það er ekki fyrr en nú, þegar hæstv. forsrh. talar fyrir skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, að vikið er að þessu máli.

Ég held að allur sá seinagangur, sem verið hefur á þessu máli hjá hæstv. núv. ríkisstj., hafi valdið vonbrigðum hjá þeim aðilum sem um þessi mál fjalla og bera hag innflutningsverslunarinnar fyrir brjósti og þá í leiðinni verðlag á innfluttum vörum, og ég held að þeir hafi látið til sín heyra.

Það gerðist næst í þessu máli, að hæstv. fjmrh. skipaði nefnd á s. l. ári til þess að fara ofan í þetta mál aftur, sjálfsagt lesa þá skýrslu vel og rækilega, sem var til í ráðuneytinu, og gera sér síðan tillögur í sambandi við þetta mál.

Það er í septembermánuði s. l. sem þessir aðilar gera ráðh. grein fyrir skoðunum sínum í skýrslu, sem þeir nefna tillögu til fjmrh. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, og komast nánast að nákvæmlega sömu niðurstöðu og sú nefnd, sem vann þetta mál að mínu frumkvæði 1978, og semja eða gera hugmyndir að frv. fyrir hæstv. fjmrh., eftir því sem mér sýnist þannig, að sameinuð séu frumvörpin á þskj. 209 og 210, og leggja til við fjmrh. að slíkt frv. með efnisatriðum úr þeim frumvörpum flytji hann sem frv. ríkisstj. nú á þessu vori.

Sjálfsagt kemur í framhaldi af því í skýrslunni margumræddu það, að greiðslufrestur af aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verði tekinn upp í áföngum frá næstu áramótum að telja, eins og þar segir, með leyfi forseta: „En því fyrirkomulagi er ætlað að stuðla að hagkvæmari innkaupum og almennri hagræðingu í innflutningsverslun. Jafnframt verði gerðar ráðstafanir til þess, að þessi breyting komi ekki niður á íslenskum iðnaði."

Þannig hljóðar það sem hæstv. forsrh. sagði hér, eins og það stendur í skýrslu. En það, sem er sýnu merkilegra að það, sem hæstv. forsh. segir, er ekki hvað hann segir, heldur hvar það stendur í umræddri skýrslu.

Við skyldum halda að hér væri kafli um það, með hvaða hætti væri hægt að lækka verð á innflutningsvörum, og hér væri verið að ræða um hluta af kafla um einhvers konar breytingar í sambandi við þá hluti. Nei, þegar þessi upplestur á sér stað er verið að ræða um kafla sem heitir: „Önnur fjáröflun fyrir ríkissjóð". Þá hefur mönnum tekist að snúa þessu þannig við að hugmyndir, sem fram hafa komið og lagðar hafa verið fram til þess að lækka vöruverð, til þess að stuðla að hagkvæmari innkaupum, almennari hagræðingu í innflutningsverslun, eins og segir, eiga að verða til þess, að auka tekjur ríkissjóðs, til fjáröflunar í sambandi við lausn á þeim vandamálum sem ríkisstj. hefur nú við að glíma. Þegar búið er að telja upp önnur atriði, sem ríkisstj. hefur fram að færa í sambandi við aðra fjáröflun, kemur setningin: „Lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald við tollmeðferð vöru samkvæmt nánari reglum sem kynntar verði á næstunni." Síðan heldur áfram: „Greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, svonefnd tollkrít, verði tekinn upp í áföngum." Þá er þessu dæmi þannig snúið við, að hugmyndir, sem fram eru settar til þess að ná fram hagkvæmari innkaupum, til þess að fá lækkun á vöruverði í landinu, eru nú hugsaðar til að afla ríkissjóði tekna til þess að hægt sé að halda áfram þeim vísitöluleik, þeirri vísitölufölsun sem núv. ríkisstj. hefur stundað allt frá því að hún var mynduð í febrúarmánuði 1980 eða um tveggja ára skeið. Ég vakti athygli á því í ræðu, sem ég flutti hér fyrir hönd fulltrúa Sjálfstfl. í fjh.— og viðskn. þegar til umr. var frv. til laga um lækkun tolla á nokkrum vörutegundum, að ljóst væri að tekjutap það, sem gert var ráð fyrir að ríkissjóður yrði fyrir, 22 millj. kr., væri ætlað að bæta ríkissjóði upp með öðrum hætti, með þeim hætti sem hér hefur verið vikið að — og meira til, ekki aðeins að tryggja ríkissjóði 22 millj., ekki 44 millj., heldur e. t. v. 66 millj. kr. á móti þeim 22 sem ríkissjóður tapar við þá tollalækkun sem samþykkt var.

Það var verið að lækka tolla á vörum, sem eru vísitölu-vörur, um 22 millj. Það á síðan að hækka tolla með sérstöku tollafgreiðslugjaldi, ekki um þá upphæð, heldur þrisvar sinnum þá upphæð, til þess að ná inn tekjum fyrir ríkissjóð, leggja það á vörur sem ekki eru í vísitölunni og hækka þannig vöruverðið í landinu. Ég verð að segja að það veldur mér miklum vonbrigðum hvernig hér er hugsað að nýta afar góða hugmynd í sambandi við enn eina skattlagninguna hjá núv. hæstv. ríkisstj. Ég held að það hefði verið skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstj. í baráttunni við verðbólguna að flytja eða standa að þeim frv., sem við fimm alþm. höfum flutt í sambandi við tollkrít og koma þannig fram lækkun á vörúverði, ná þannig niður verðbólgustiginu sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að glíma við allan tímann, en árangurslaust.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða meira um það frv. sem ég tala hér fyrir. Í því felst fyrst og fremst ákvörðun um það, hvort upp skuli tekinn greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum. Því frv. er ætlað að ná fram mikilli lækkun á vöruverði. Tölur voru nefndar þegar það var samið og vísað þá til þeirrar grg. sem nefndin frá 1978 lagði fram. Það var gerður mjög vel grundaður útreikningur á því, hvað þetta gæti þýtt í krónum talið, og það skipti milljörðum. Þegar frv. er nú aftur til umr., þá er af

hálfu ríkisstj. hugsað að nota þessa hugmynd til annarra hluta, nota þessa hugmynd í samræmi við allt annað sem ríkisstj. hefur verið að gera. Ég verð að segja það eins og er, að ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. væri hér viðstaddur þegar þetta frv. og önnur frv. í tengslum við það væru rædd. Ég hef trú á því, að hann sé hér í húsinu, herra forseti, og enda þótt ég sé að ljúka máli mínu eiga sjálfsagt eftir að fara hér farm umr. um þau frv. sem eru hér á dagskrá á eftir. Mér sýnist því eðlilegt og rétt að leitað sé að hæstv. fjmrh. til þess að vera hér viðstaddur þessar umr.

Ég ætla ekki að orðlengja þessar umr. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 210). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er eitt þriggja frv. sem fjalla um svokallaða tollkrít. Hv. 1. þm. Reykn. gerði grein fyrir grundvallaratriðinu í þeim efnum í ræðu þegar hann fjallaði um 160. mál hv. Alþingis, á þskj. 209. Ég mun leyfa mér að fara nokkrum orðum almennt um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum og mun þá ekki gera greinarmun á því, hvort fjallað er um 161. eða 162. mál, jafnskyld og þau eru, enda eru, eins og margoft hefur verið tekið fram, þessi þrjú frv. tengd og þurfa að fá sameiginlega meðferð í hv. fjh.- og viðskn.

Það er óþarfi í raun að fara mörgum orðum um þessi frv., það er gerð grein fyrir þeim í grg. Ástæða er þó til að benda á að í frv. til 1. um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit, þ. e. þskj. 210, er vitnað til samþykktar viðskiptaþings Verslunarráðs Íslands frá apríl 1979, en þar segir, með leyfi forseta:

„Var þar samþykkt að vinna að framgangi tillagna um breytingu á lögum um tollheimtu og tolleftirlit þar sem að því væri stefnt að:

1. Aðskilja vöruskoðun, tollafgreiðslu og meðferð tollskjala annars vegar og flutning vörunnar hins vegar, þannig að vöru megi flytja beint frá skipi í vörugeymslu innflytjanda.

2. Gera tollyfirvöldum mögulegt að taka upp reikningsviðskipti við innflytjendur að því er varðar innheimtu aðflutningsgjalda.

3. Kostnaður við tollheimtu og tolleftirlit sé borinn af ríkissjóði, eins og við aðra löggæslu, enda nýtur hann teknanna, auk þess sem stjórnvöld ákveða umfang eftirlitsins. Með því er stefnt að aukinni hagræðingu í störfum tollgæslunnar."

Með þessu frv. er verið að vinna að tveimur fyrri greinunum sem ég las hér áður, en ekki þótti ástæða til að flytja brtt. við lög er varða 3. liðinn. Vissulega er það umhugsunar virði hvort ríkissjóður eða skattborgarar eigi að halda uppi löggæslu og þá um leið tollgæslu, en ekki hafa þann hátt á, sem nú er, að kostnaðurinn sé borinn uppi af innflytjendum og þar með neytendum í þjóðfélaginu. Við kusum að sleppa þessu atriði, en gera hinum tveimur skil.

Eins og fram hefur komið áður í umr. um síðasa mál sem var hér á dagskrá hefur þetta mál verið flutt tvívegis áður og óþarfi þess vegna að kynna það rækilega í þetta skipti. Það hefur hins vegar gerst frá því að þetta mál var rætt hér síðast, að sett var á stofn nefnd á vegum fjmrh. til að gera tillögur, móta frv. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Sú nefnd hefur unnið ágætt starf.

Á fyrsta fundi þessarar nefndar, sem haldinn var 28. apríl, er sagt frá því, að mikið liggi við að þessari vinnu verði hraðað, og segir þar, með leyfi forseta: „Hægt yrði síðan yfir sumarmánuðina að vinna frv.- drög upp úr þeim niðurstöðum ásamt grg., sem nefndin gæti síðan yfirfarið og gert brtt. við á einum eða tveimur fundum í lok ágústmánaðar. Kom fram að ráðh. hefði áhuga á að kynna málið þingflokkunum í haust. Þá kom fram að Seðlabankinn hafði lagt til að upptaka tollkrítar yrði tengd fjárlagagerðinni til þess að draga úr þensluáhrifum sem upptaka tollkrítar gæti haft á peningamálin." — Tilvitnun lýkur í fundargerð þeirrar nefndar sem vann frv. fyrir hæstv. ríkisstj. um tollkrít, en það frv. hefur ekki séð dagsins ljós.

Það er athyglisvert við sögu þessa máls, að hæstv. fjmrh. ræddi þetta mál við sama tækifæri og hæstv. forsrh., þ. e. 29. maí 1980, og sagði þá, með leyfi forseta:

„Það þarf að velja hentugan tíma á árinu til að tryggja að ríkissjóði komi það ekki mjög illa að verða af tekjum þegar þessi skipan er upp tekin og að ekki sé þá á sama tíma verulegur hallarekstur á ríkissjóði eða skuldaaukning hjá Seðlabankanum. Af þessum ástæðum hef ég dregið þá ályktun, að hyggilegast mundi vera að taka upp nýtt skipulag af þessu tagi fremur á síðari hluta árs en fyrri hluta árs."

Þessi frv. voru til umr. 29. maí 1980, en það var sama dag og hæstv. forsrh. lýsti því yfir hátíðlega hér á hv. Alþingi, að frv. um tollkrít kæmi fram haustið 1980, en eins og flestir ef ekki allir alþm. gera sér grein fyrir er nú komið árið 1982.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum segir að ekki muni verða tekinn upp greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum fyrr en í byrjun næsta árs. Þetta er athyglisvert vegna þess að í umsögn Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar, í störfum nefndarinnar, sem vann frv. fyrir hæstv. ríkisstj., og í orðum hæstv. fjmrh. kemur mjög berlega í ljós að hentugt er að taka þennan hátt upp í lok árs og dreifa þess vegna tekjurýrnun, sem ríkissjóður verður fyrir, á tvö ár. Þetta hefur breyst. Í staðinn kemur yfirlýsing um að greiðslufrestur verði tekinn upp um næstu áramót, en sá böggull fylgir skammrifi, eins og hv. 1. þm. Reykn. benti rækilega á áðan, að þessu er lofað um leið og sagt er í skýrslu hæstv. ríkisstj. að heimta eigi inn svokallað tollafgreiðslugjald, sem talið er að gefi í ríkissjóð milli 50 og 70 millj., í því skyni að afla tekna til að greiða niður þær vörur sem vega þungt í vísitölunni. Út á þessa umræðubraut ætla ég ekki að fara í þessari ræðu, það gefst áreiðanlega tækifæri til þess síðar, en þetta lýsir því, hvernig mál ganga fyrir sig í hæstv. ríkisstj.: Hæstv. forsrh. lofar að leggja fram málið haustið 1980, nefnd á vegum núv. hæstv. fjmrh. vinnur að málinu, nefndarformaður kemur með þau skilaboð frá hæstv. ráðh. á fyrsta fund nefndarinnar að málið þurfi að liggja tilbúið fyrir haustið 1981, málið er lagt fyrir ráðh. í sept. 1981 og ráðh. liggur á málinu.

Mér er ekki kunnugt um að alþm. hafi fengið að ganga að þessum skýrslum, en áðan lýsti ráðh. því yfir í einkaviðtali að hann teldi efni skýrslunnar vera opinbert og heimilt fyrir fjölmiðla að birta það sem þar kemur fram. Er það vissulega athyglisvert. Því til viðbótar sagði

hæstv. fjmrh. að frv. um tollkrít yrði lagt fram á næstu dögum. Það er augljóst að við flm. þessara frv. höfum kosið að leggja fram frv. núna í þriðja sinn til að ýta á aðgerðir ríkisstj., því að auðvitað gerum við okkur ljóst að þetta mál nær ekki fram að ganga á hv. Alþingi nema með atbeina ríkisstj. Þar eigum við hauk í horni, sem er sjálfur hæstv. forsrh. sem hefur lýst yfir að hann telji þetta vera til meiri háttar hagræðingar fyrir verslunina.

Í tillögunum til fjmrh. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum kemur fram m. a. að nefndin hefur unnið starf sitt mjög gaumgæfilega og hefur m. a. samið reglugerð sem liggja á til grundvallar framkvæmd þessara laga. Í nefndinni voru fulltrúar þeirra hópa sem þetta mál varðar mest, þannig að viðtæk samstaða hefur náðst um málið.

Varðandi tolla og gjöld af aðflutnigi til landsins er rétt að það komi fram, að í fræðibókum var á sínum tíma litið á tolla sem landamæraskatt í þeim tilgangi að hefta innflutning eða vernda innlenda framleiðslu. Með inngöngu Íslands í EFTA og samningum við Efnahagsbandalagið hefur viðhorf til tolla gerbreyst. Nú má segja að tollar þjóni fyrst og fremst þeim tilgangi að afla fjármagns í ríkissjóð til almennra nota fyrir ríkissjóð. Það má því segja að tollar hafi tekið á sig sömu mynd og aðrir neysluskattar, eins konar sölugjald, og þess vegna sé eðlilegt að greiðsla komi ekki í ríkissjóð fyrr en vara hefur lent hjá endanlegum notanda eða kaupanda vörunnar. Á þetta legg ég áherslu þar sem umræður hafa farið fram á þessum nótum víðast hvar annars staðar í svokölluðum menningarlöndum, þar sem fyrir löngu er búið að taka upp það kerfi sem hér er verið að leggja til að tekið verði upp.

Þar sem hæstv. fjmrh. hefur ekki séð sér fært að vera við þessa umr., sem honum var þó kunnugt um að yrði hér í dag, sé ég ástæðu til, af því að ég bjóst við að hann tæki til máls, að fara örfáum orðum um það, hver eru helstu efnisatriði í tillögunum sem nefndin um tollamál gerði í sinni skýrslu.

Þar er gert ráð fyrir að innflytjendur, sem flutt hafa til landsins fyrir meira en 25 millj. kr. á árinu 1981, fái greiðslufrest á tollum strax hinn 1. okt. n. k., síðan verði hópurinn stækkaður og gjaldfresturinn víkkaður út í um eins árs skeið svo að tekjutilhliðrun til ríkissjóðs dreifist á eitt ár. Þá er gert ráð fyrir því í frv., að breyting verði á svokölluðu tollafgreiðslugengi. Kvöð um bankastimplun verður felld niður, enda er sú kvöð aðeins til komin vegna krafna frá seljendum vörunnar erlendis, en hefur ekkert að gera með tollafgreiðslu. Í athugasemdum við frv., sem væntanlega verður lagt fram af hæstv. ríkisstj., er sem sagt gert ráð fyrir að lögum verði breytt með svipuðum hætti og við gerum ráð fyrir í okkar frv. Þar segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Verði frv. þetta samþykkt og nauðsynlegar heimildir fást til þess, að lánsviðskiptum vegna aðflutningsgjalda verði komið á, verður jafnframt að gera ýmsar breytingar á lögum nr. 120 frá 1976, um tollskrá o. fl. Er gert ráð fyrir að breytingum þessum verði gerð viðeigandi skil í frv. því að tollskrárlögum sem nú er unnið að í fjmrn. og fyrirhugað er að leggja fyrir Alþingi innan tíðar."

Ég vek athygli á að í sjálfu tollkrítarfrv. hæstv. ríkisstj., sem enn er í skrifborðsskúffu hæstv. fjmrh., er aðeins gert ráð fyrir breytingum á lögum um tollheimtu. Forsendan fyrir því, að ekki er farið út í breytingar á tollskrárlögum, eins og við gerum ráð fyrir, flm. þessa frv. á þskj. 211, er að beðið er eftir heildarendurskoðun rn. varðandi það atriði.

Eins og í okkar tillögum er gert ráð fyrir því í tillögum nefndarinnar, að innflutningamiðlarar geti tekið til starfa og hægt sé að gefa út undirfarmskírteini, sem er mjög mikilvægt mál því að hingað til hefur ekki verið hægt að taka út vörur nema leysa út allar þær vörur sem nefndar eru á farmskírteininu. (**AG:** Nema í tollvörugeymslu.) Nema í tollvörugeymslu, að sjálfsögðu, en tollvörugeymsla var einhver mesta bót fyrir verslunina sem upp var tekin á sínum tíma, og hv. 3. þm. Reykv., sem réttilega minnti mig á það atriði, á mestan þátt í því, að það náði fram að ganga. Þess ber að geta, fyrst á það er minnt, að þetta frv. hefur ekki áhrif á tollafgreiðslu tollvörugeymslu því að sá frestur, sem hér er gefinn, er til viðbótar þeim fresti sem tollvörugeymslan hefur.

Það má ugglaust deila um hvort eðlilegt sé að innflytjendur þurfi að leggja fram tryggingu fyrir fram, ef þeir eiga að geta stundað viðskipti við tollyfirvöld með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Má í því sambandi benda á að ekki þarf nú að leggja fram tryggingu varðandi söluskattsgreiðslur, sem þó verða mjög svipaðar að eðli og tollur eftir að þessi háttur verður upp tekinn.

Þá ber einnig að nefna það, sem kemur fram í nefndarskýrslunni og einnig hefur komið fram í störfum fjvn., að tölvuvæðing tollstjóraembættisins gerir það að verkum, að mun auðveldara er að eiga við þessi mál en hingað til hefur verið.

Ég vil að lokum geta þess, að það hefur verið deilt um hvort í núvernadi löggjöf sé heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum eða ekki, og hefur tollstjórinn í Reykjavík, Björn Hermannsson, talið að heimildin sé nú þegar í lögum. Rétt er að minna á að þeir, sem flytja til landsins t. d. timbur og járn frá Eystrasaltshöfnunum, hafa fengið greiðslufrest á tollum. Hefur það helgast af því, að ís hefur lokað útflutningshöfnum yfir vetrarmánuðina. Þar er vitnað til hinnar almennu reglu sem er í tollalögunum um greiðslufrest. Á sama hátt hefur verið greiðslufrestur á innflutningi til skipasmiðja og vegna skipaviðgerða, bæði til útgerðarmanna og annarra. Með sérstöku endurgreiðslukerfi hafa margir bifreiðainnflytjendur gert samning við tollyfirvöld um 20 daga greiðslufrest. Eins er greiðslufrestur á tolli og aðflutningagjöldum á gas- og brennsluolíu. Þrátt fyrir þessa heimild í tollalögunum verður að gera ráð fyrir að það þurfi jákvæð almenn ákvæði um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum sem tiltaki nákvæmlega hvað greiðslufresturinn eigi að vera langur og hverjir eigi að njóta hans, til þess að tollstjórinn og yfirvöld tollamála á landinu telji sig verða að fara eftir slíkum ákvæðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég hef jafnframt í þessari ræðu minni fjallað um frv., sem er á þskj. 211 og er 162. mál Alþingis og er næst á dagskránni, og tel ástæðulaust þess vegna að taka til máls um þann dagskrárlið. Að lokum vil ég óska eftir því, að þessum málum verði, eins og því máli sem var hér fyrr á dagskránni, vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess að gerð var tilraun til að finna hæstv. fjmrh., en hann var ekki í húsinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 211). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282). — 1. umr.

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að flytja hér ásamt Jóni Inga Ingvarssyni frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

„1. gr.: 4. tölul. 66. gr. laganna orðist svo:

Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 14 ára og eldri.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég tel ekki þörf að lesa upp þá grg. sem fylgir þessu frv., hún er mjög stutt, en vænti þess að menn hugleiði það, þegar þetta mál kemur til umfjöllunar í nefnd, að aðstaða fólks til að fullnægja grunnskólalögunum og koma börnum sínum til mennta er mjög misjöfn í þessu landi. Annars vegar búa menn í það stórum samfélögum að þessi þjónusta er öll svo að segja við höndina, en aðrir búa í samfélögum sem eru það fámenn að ríkisvaldið hefur ekki séð sér fært að tryggja þessa þjónustu í heimabyggð. Þannig er það t. d. í mínu kjördæmi. Það eru fleiri þorp, sem hafa ekki 9. bekk í grunnskóla, en þau sem hafa 9. bekk. Í hinum fámennari sveitarfélögum, þar sem ekki er um neina þorpsmyndun að ræða, er í sumum tilfellum um mjög langan veg að fara fyrir nemendur, eins og t. d. úr Árneshreppi. Þaðan þurfa nemendur annaðhvort að fara inn á Hólmavík eða þá í Reykjaskóla í Hrútafirði. Þarna er um hróplega mismunun að ræða. Samfélagið, sem sparar sér fjármagn með því að byggja ekki skólana í heimabyggð, hlýtur að bera á því siðferðislega ábyrgð að stuðla að því, að unglingar fái þá menntun sem er undirstaða þess að þeir geti haldið áfram skólanámi. — Ég vil bæta því við, að samkvæmt gögnum, sem ég kynnti mér í sumar hjá menntmrn., fer ekki á milli mála að mun lægra hlutfall nemenda fer til framhaldsmenntunar í dreifbýlinu en af stór-Reykjavíkursvæðinu. Þar getur varla verið önnur skýring en sú, að nálægð íbúanna við skólana tryggi þeim meiri rétt í reynd.

Þar sem mér er ljóst að alþm. eru þessum málum kunnugir tel ég ástæðulaust að fjölyrða frekar um frv.

Herra forseti. Ég legg til að frv. fari til fjh.- og viðskn. að lokinni umr.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég styð allt, sem stuðlar að jöfnun á aðstöðu fólks á okkar ágæta landi, og þá ekki síst það, sem stuðlar að jöfnun á aðstöðu fólks eftir búsetu. Ég tel að þetta frv. sé spor í þá átt, að vísu ekki stórt, en spor í rétta átt, og styð það því eindregið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 52. fundur

Fimmtudaginn 11. febr., kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs utan dagskrár vegna þess að það hefur komið í ljós, að ríkisstj. hefur sett brbl. í leynum, ef svo má orða það, sett slík lög án þess að gera almenningi grein fyrir því, að lögin hafi verið sett, án þess að gefa út fréttatilkynningu um slík lög eins og venja er.

Í umr. í gær í hv. Ed. um staðfestingu á brbl. um ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu gerði ég að umtalsefni að hljótt hefði verið um setningu þessara brbl., en þau varða upptöku á 6% gengismun í Verðjöfnunarsjóð, þar sem mig ræki ekki minni til að hafa rekist á fréttir af þessum brbl. Spurðist ég fyrir um hvort þau hefðu ekki verið kynnt með venjubundnum hætti, með fréttatilkynningu frá ríkisstj. Hæstv. forsrh. svaraði því þannig, að hann vissi ekki betur en það hefði verið gert heyrinkunnugt um leið og brbl. voru gefin út. Um hvort formleg fréttatilkynning hefði verið gefin út skyldi hann ekki segja, það skyldi kannað, en hann héldi að þetta hefði ekki farið fram hjá neinum sem hlut ætti að máli.

Ég hef nú kannað það, að enginn fjölmiðill skýrði frá setningu þessara brbl. þegar þau voru gefin út. Það er reyndar ekki nema von. Blaðafulltrúi ríkisstj. hefur staðfest við mig, og ég nota hans orð, að það hafi engin fréttatilkynning verið gefin út um setningu þessara brbl., það sé alveg ljóst. Það liggur því fyrir sem staðreynd í málinu að ríkisstj. gaf ekki út fréttatilkynningu um setningu þessara brbl.

Þetta tel ég vera býsna alvarlegt. Almenningur á heimtingu á að fá að vita um svona hluti. Lög eru samkv. almennu reglunni samþykkt hér á Alþingi fyrir opnum tjöldum þar sem allir hafa tækifæri til að fylgjast með, þ. á m. fjölmiðlar. Brbl. eru sett fyrir luktum dyrum. Þetta eru undantekningarákvæði og þess vegna sérstök ástæða til að ríkisstj. geri grein fyrir því þegar hún setur slík lög. Almenningur á heimtingu á að fá að vita um þau. Þess vegna hefur líka þeirri reglu verið fylgt, að fréttatilkynningar væru gefnar út um setningu slíkra laga.

Ég spyr: Hvers vegna var verið að pukrast með setningu þessara laga? Hvers vegna var haft svona hljótt um málið? Var ríkisstj. hrædd við eitthvað? Ég tel að lagasetning eigi aldrei að vera pukursmál í lýðræðislegu þjóðfélagi og síst af öllu þegar verið er að beita undantekningarákvæði eins og því að setja brbl. þegar Alþingi situr ekki. Því kann að verða svarað til, að þetta hafi verið birt í Stjórnartíðindum. Veit ég það vel, annars öðlast lögin ekki gildi, að þar er um formlega birtingu að ræða. En Stjórnartíðindi eru ekki lesin af fjöldanum. Þau eru ekki einu sinni borin á borð alþm. Birting í Stjórnartíðindum svarar því ekki þeim tilgangi að gera almenningi ljóst að lög hafi verið sett.

Hæstv. forsrh. sagði í gær að hann héldi að þetta hefði ekki farið fram hjá neinum sem hlut eiga að máli. Ég staðhæfi að þetta er rangt. Alþm. eiga t. d. hlut að máli, og ég er sannfærður um að þetta hefur farið fram hjá mörgum þeirra. Reyndar er ég sannfærður um að fjölmargir fiskverkendur hafa alls ekki haft hugmynd um þessa lagasetningu. En það er hluti af lýðræðinu að menn

fái að fylgjast með. Öll þjóðin á hér í raun og sannleika hlut að máli og þess vegna á hún að fá um þetta að vita.

Það má segja að málið sjálft skipti ekki sköpum í þessum efnum. Þó nær heimildin til ca. 60—70 millj. kr. fjármagnstilflutnings og það verður að teljast dálagleg upphæð, jafnvel þótt ríkisstj. ætli sér ekki að nota nema helming þeirrar upphæðar eða tæplega það, um 25 millj., gæti ég trúað. Það, sem skiptir meginmáli, er að ríkisstj. hefur tekið upp þá hætti að setja lög með leynd, að uppfylla einungis ströngustu formskilyrði, en koma lagasetningunni ekki á framfæri við þjóðina.

Spurningin er: Hvaða reglur gilda hjá ríkisstj. um það, hvernig hún segir frá setningu brbl.? Hefur hún sett sér einhverjar reglur um það efni? Ég vil hins vegar segja það strax, að um þetta efni tel ég að einungis geti gilt ein regla, nefnilega sú, að það eigi að skýra frá því opinberlega og með fréttatilkynningu frá ríkisstj. í hvert einasta skipti sem þessi heimild til brbl.-setningar er notuð.

Ég vil segja það, að hér er í rauninni um eins konar laumuspil að ræða. Í því að skýra ekki frá þessu með opinberum hætti, eins og venjan hefur verið, felst ljótt laumuspil og afleitt fordæmi. Maður getur spurt sig hverju við eigum þá von á næst. Verða e. t. v. sett skattalög með brbl. og síðan ekki hirt um að gera þjóðinni grein fyrir því með almennum hætti?

Ég vil beina því til hæstv. forsrh., að hann geri grein fyrir því, hvað ráðið hafi því að ríkisstj. hafi hér farið af venjubundinni braut og pukrast með þetta mál í stað þess að gefa út fréttatilkynningu svo að öllum gæti verið það kunnugt.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 14. jan. s. l. var ákveðin breyting á gengi íslenskrar krónu. Samkv. lögum er það Seðlabanki Íslands sem ákveður gengið að fengnu samþykki ríkisstj. Sama dag og gengisbreytingin var ákveðin, 14. jan., gaf Seðlabanki Íslands út fréttatilkynningu þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bankastjórn Seðlabankans hefur, að fengnu samþykki ríkisstj. og að höfu samráði við bankaráð, ákveðið lækkun meðalgengis íslenskrar krónu um 12%." — Síðan segir: „Ástæður gengisbreytingarinnar eru annars vegar versnandi viðskiptakjör þjóðarbúsins síðustu mánuði, en hins vegar hækkanir erlendis. Miðast gengisbreytingin við að leiðrétta það misræmi, sem þegar er á orðið í þessu tilliti, ásamt því að gera sjávarútveginum fært að komast að niðurstöðu um almennt fiskverð." — Síðan segir í fréttatilkynningu Seðlabankans: „Gjaldeyrisdeildir bankanna hafa verið lokaðar fyrir almenna afgreiðslu frá og með fyrsta viðskiptadegi ársins, 5. jan., á meðan reynt hefur verið til þrautar að ná lausn allra þátta þess vanda er nú veldur stöðvun sjávarútvegsins. Þar sem línurnar hafa nú skýrst í þessum efnum, svo að unnt hefur verið að taka ákvörðun um nýtt gengi, munu eðlileg gjaldeyrisviðskipti geta hafist að nýju frá hádegi í dag."

Þetta er fréttatilkynning Seðlabanka Íslands um sjálfa gengisbreytinguna, ástæður hennar og rök fyrir henni. Ég ætla að það komi mjög skýrt fram í þesari fréttatilkynningu. Það er eðlilegt og sjálfsagt að fréttatilkynning um gengisbreytingu komi frá Seðlabanka, en ekki frá ríkisstj., þar sem það er samkv. lögum verkefni hans að ákvarða gengið, en eins og ég tók fram með samþykki ríkisstj.

Varðandi svo þau brbl. sem gefin voru út sama dag, þá fjölluðu þau um gengismismun eða gengishagnað og var þar ákveðið að 6% af gengishagnaði skyldu tekin frá og honum ráðstafað eftir ákvörðun ríkisstj. Það var síðan ákvarðað að venju með samþykkt ríkisstj. og bréfum frá sjútvrn. til Seðlabanka hvernig með þetta skyldi farið. Aðalefni þess máls var það, að frystihúsin eða frystingin skyldi sjálf halda og fá að njóta þess gengishagnaðar sem yrði af birgðum, en hins vegar skyldi reiknaður 6% gengismunur af saltfiski, skreið, loðnumjöli og loðnulýsi og var það fé látið ganga til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, viðkomandi deilda.

Brbl. voru gefin út með venjulegum hætti samkv. stjórnarskránni og birt samdægurs í A-deild Stjórnartíðinda. Stjórnartíðindi fara til allra frétta- og fjölmiðla.

Hv. þm. spyrst fyrir um það — raunar spyrst ekki fyrir um það, heldur deilir á það, að ríkisstj. hafi ekki sent út fréttatilkynningu um sjálf brbl. Varðandi meginefni þessa máls, gengisbreytinguna, hef ég greint frá því áður að Seðlabankinn sendi út ítarlega fréttatilkynningu um það mál.

Varðandi útgáfu brbl. hefur athugun leitt í ljós að ríkisstjórnir hafa yfirleitt ekki sent út fréttatilkynningar í sambandi við útgáfu þeirra. Það heyrir fremur til undantekninga. Hins vegar er öllum ljóst að þetta mál var kynnt bæði með útgáfu Stjórnartíðinda og því, að allir fjölmiðlar fá Stjórnartíðindi. Nú má vera, eins og hv. þm. sagði, ég hef ekki kannað það, að fjölmiðlar hafi ekki skýrt frá þessum brbl. Það skal ég ekkert segja um. En þó að ríkisstj. sendi út fréttatilkynningu, er ekki trygging fyrir því, að fjölmiðlar birti þá fréttatilkynningu, og það er iðulega sem einstakir fjölmiðlar stinga fréttatilkynningunum undir stól eða birta e. t. v. hrafl af þeim.

Varðandi fréttatilkynningar almennt frá ríkisstj. hefur núv. ríkisstj. ekki fremur en aðrar ríkisstjórnir séð ástæðu til að setja sér reglur um útgáfu fréttatilkynninga. Þær eru gefnar út þegar ástæða þykir til.

Þetta eru þær upplýsingar sem ég vil gefa um þetta mál. Hlýtur að vekja furðu að hv. þm. Kjartan Jóhannsson skuli telja ástæðu til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár í Sþ. til slíkra aths. eins og hann gerði hér, því að það er hvorki meira né minna en að ríkisstj. hafi haft í frammi laumuspil, hún hafi sett brbl. í leynum. Leyndardómurinn er í því fólginn, að brbl. eru birt á lögskilinn hátt í opinberu tilkynningablaði ríkisstj. og það sent öllum fjölmiðlum.

Í rauninni þarf ekki fleiri orðum um þetta mál að fara. En ég get ekki orða bundist um hvað þessi fyrirspurn og ræða hv. þm. og tilefni til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár, þó að hann fengi í rauninni skýringar í gær í umr. í hv. Ed., lýsir mikilli málefnafátækt hv. þm.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Vegna fram kominnar fsp. vil ég upplýsa það, að sú ákvörðun, sem tekin var með brbl., að taka helming af gengishagnaði þriggja greina sjávarútvegsins og leggja í Verðjöfnunarsjóð var rædd við fulltrúa hagsmunaaðila og m. a. var þetta hvað eftir annað rætt í sambandi við fiskverðsákvörðun og að sjálfsögðu við fulltrúa í stjórn Verðjöfnunarsjóðs. Þó að ég geti að sjálfsögðu ekki ábyrgst að slíkt hafi komist til allra einstakra framleiðenda í viðkomandi greinum vil ég leyfa mér að fullyrða að samtökum framleiðenda var mjög vel kunnugt um þetta og meira að segja svo langt gengið að það var

samið um að eftir yrði skilið nægilega mikið til að þessar greinar hefðu góða afkomu, 5—7% í plús, eins og um var samið eða um var talað.

En út af því, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að hér væri um mikla millifærslu á fjármagni að ræða, vil ég segja það og leggja áherslu á að hér er ekki um millifærslu að ræða. Það fjármagn, sem hér er um að ræða, rennur allt óskipt í Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og allt í viðkomandi deildir þess sjóðs. Ég hef ekki orðið var við að neinn ágreiningur hafi orðið um þessa ráðstöfun. Þvert á móti hef ég heyrt, m. a. á hinu háa Alþingi, mjög ákveðna og að sumu leyti réttmæta gagnrýni á að ekki hafi verið nægilega tekið af þeim greinum í sjávarútvegi, þar sem afkoma hefur verið góð, og lagt í Verðjöfnunarsjóðs til hinna mögru ára.

Þetta vildi ég upplýsa í þessu sambandi og vil taka undir það með hæstv. forsrh., að mér þykir þessi fsp. nokkuð undarleg og vísa til þess sem ég hef sagt, að fulltrúum hagsmunaaðila var vel kunnugt um hana. Það taldi ég fyrir mitt leyti mikilvægast í þessu máli.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hæstv. forsrh. þykir sem hér fari nú fram umr. utan dagskrár af næsta litlu tilefni. Það skyldi þó aldrei vera að honum finnist tilefnið svo lítið vegna þess að nú hefur hann vondan málstað að verja? Hitt ber þó að viðurkenna, að hæstv. forsrh. er býsna lagið að verja vondan málstað. Ég hygg að hér sé þó talað af ærnu tilefni, þegar það gerist að út eru gefin brbl. og þjóðinni ekki um það tilkynnt. Vel má það rétt vera, sem hæstv. sjútvrh. segir hér, að ýmsir hagsmunaaðilar hafi um þetta vitað. Það er bara ekki nóg. Þjóðin á vissulega heimtingu á að vita þegar brbl. eru gefin út. Ég hygg að ég geti talað af nokkurri reynslu af störfum við fjölmiðla, eftir um það bil 16 ára störf við blöð og sjónvarp. Ég minnist þess ekki að út hafi verið gefin brbl. öðurvísi en að fréttatilkynningar hafi verið sendar fjölmiðlum. Og ég minnist þess ekki heldur, að fjölmiðlar hafi stungið slíkum tilkynningum undir stól, eins og hæstv. forsrh. sagði áðan. Það væri svo sem nógu fróðlegt að rannsaka hvort slíkt hafi gerst. Ég hygg að íslenskir fjölmiðlar séu þeirri ábyrgðartilfinningu gæddir að þeir stingi ekki slíkum fréttum undir stól. Hvaða ástæða ætti svo sem til þess að vera? Hér hefur verið staðið að málum með alveg einstæðum hætti og það er vissulega ástæða til að vekja athygli á því og það er vissulega ástæða til að áfellast ríkisstj. með hverjum hætti að þessu var staðið.

Til er nokkuð sem heitir upplýsingaskylda stjórnvalda. Þótt frumvörp um það efni hafi að vísu verið lögð fram hér á þingi og ekki náð fram að ganga er sú skylda auðvitað fyrir hendi í ríkum mæli. Stjórnvöldum ber að upplýsa þjóðina um stjórnvaldsathafnir, ég tala nú ekki um þegar brbl. eru gefin út.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að allir fjölmiðlar fengju Stjórnartíðindi. Það má vel satt vera, en þó er ég ekki viss um að það sé algilt, því miður. Hins vegar nær birting í Stjórnartíðindum, þótt það sé hin lögformlega birting laga, auðvitað ekki til almennings, og þess vegna eru gefnar út fréttatilkynningar sem fjölmiðlar þá birta. Það er svo sjálfsagður og eðlilegur háttur að um það ætti ekki að þurfa að hafa mörg orð. Almenningur á sinn rétt í þessu máli. Það er rétturinn til að vita hvað réttkjörin stjórnvöld eru að gera. Sá réttur er óvefengjanlegur. Fólk á rétt á að vita þegar ríkisstj. gefur út brbl.

Ríkisstj. hefur því brugðist skyldu sinni í þessu efni. En það sem verra er og mér þykir kannske öllu verst í þessu máli er sá valdhroki sem lýsir sér í því svari sem þingheimur hlýddi á áðan. Það hefði verið mennilegra af hæstv. forsrh. að viðurkenna að mistök hefðu átt sér stað við útgáfu þessara brbl. Þá hefði verið komið hreint fram og viðurkennd sú staðreynd sem fyrir liggur. Nei, það var ekki gert. Þess í stað var reynt að klóra í bakkann, lesið upp úr fréttatilkynningu frá Seðlabankanum sem snerti ekki þá útgáfu brbl. sem hér er verið að deila um.

Ég ítreka að hér hefur rangt verið staðið að málum. Almenningur á heimtingu á að vita þegar út eru gefin brbl., og þeirri vitneskju verður ekki betur komið til almennings með öðrum hætti en með því að gefa út fréttatilkynningar til birtingar í fjölmiðlum. Ég skora á hæstv. forsrh. að upplýsa hvort það hefur gerst, að fjölmiðlar hafi stungið fréttum um brbl. undir stól, ekki birt þær. Í öðru lagi væri fróðlegt að fá svar við því, hvort það hefur nokkurn tíma gerst, að út hafi verið gefin brbl. á s. l. 15—20 árum t. d. án þess að fréttatilkynning hafi jafnframt verið send fjölmiðlum. Ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti sem slíkt hefur ekki verið gert.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki fara í þrætubókarlist við hæstv. forsrh. um það, hvort formaður Alþfl. hafi kannske gert fullmiklar kröfur til ríkisstj. um sanngirni. Auðvitað hljóta slíkar kröfur að metast af því, við hvern maður á. Sumir menn eru þannig að með sanngirni er hægt að ætlast til meira af þeim en öðrum. Ég skal þess vegna taka undir það, að með nokkurri sanngirni má segja að það verði að gera aðrar kröfur til núv. ríkisstj. en margra annarra, einkum varðandi það, hvort þjóðinni sé skýrt frá því sem miklu kann að varða um helstu atriði t. d. í atvinnumálum.

Nú er það svo, eins og við munum, að skömmu eftir að þing kom saman eftir jólafrí óskaði hæstv. forsrh. sérstaklega eftir að umr. yrðu um aðgerðir ríkisstj. í efnahagsmálum, útvarpsumr., til þess að þjóðin mætti hlýða á hversu þeim hefði tekist, hæstv. ráðh., að koma sér saman um ýmsar aðgerðir í efnahagsmálum og til hvaða aðgerða þeir höfðu þá gripið. Af þessu tilefni var lögð fyrir Alþingi sérstök skýrsla frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum. Ekki er einu einasta orði vikið að þessum brbl. í þessari skýrslu. Þó er þar sérstaklega fjallað um atvinnumálin og tekið fram að það eigi að lækka launaskatt úr 3.5% í 2.5%, lækka stimpilgjöld úr 1% í 0.3%, en á brbl. er ekki minnst. Það sýnir náttúrlega að hæstv. forsrh. kærði sig ekki um að setning þeirra yrði í upphafi grundvöllur að umr. um þessi mál. Hann óskaði ekki að fyrra bragði eftir að útskýra tilurð þeirra í þessum útvarpsumr., hefur kannske talið það minni háttar atriði að helmingur af svokölluðum gengisgróða skyldi gerður upptækur, eins og hæstv. sjútvrh. sagði. Ég man raunar eftir því, að fyrir einum 18—19 árum deildu þeir um það sessunautarnir, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. — Þarna man ég nú ekki allt. Ég man að núv. hæstv. utanrrh. hélt því þá fram að upptaka gengishagnaðar með þessum hætti væri vafasöm með hliðsjón af eignarréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. En eftir hinu man ég, að þrátt fyrir að hæstv. forsrh., sem þá var Ólafur Thors, hafi eggjað fjmrh. sinn lögeggjan — núv. forsrh. — til að leggja eitthvað til málanna fór næsta lítið fyrir þeirri málafylgju. Ekki veit ég hvaða ástæður lágu til þess, en mig rekur minni til þessa. — En þarna er sem sagt um gamalt deilumál að ræða sem oft hefur valdið miklum

úlfaþyt hér á Alþingi.

Ég skal ekki ræða efnislega um frv., en vek aðeins athygli á að í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum er ekki vikið einu einasta orði að þessum brbl.

Ég vil líka vekja athygli á því, að þetta frv. kom fyrst til umr. í Ed. í gær. Ég hygg að það hafi verið lagt fram í þessari viku. Ég tel að það sé sanngirniskrafa þingsins, að brbl. séu lögð fram á Alþingi um leið og þing kemur saman. Svo langur frestur sem hér er um að ræða er vitaskuld allt of langur og hefði verið eðlilegt að frv. til staðfestingar á brbl. hefði verið lagt fram strax í fyrstu viku.

Nú veit ég auðvitað, að hæstv. forsrh. getur nefnt ótal dæmi um að einhvern tíma áður hafi frv. til staðfestingar á brbl. verið lagt fram svo og svo seint, að hann getur auðvitað útskýrt að það hafi engin efni staðið til að leggja þetta frv. til staðfestingar á brbl. fram nú strax í fyrstu vikunni. Ótal skýringar kann hann á því, að það hafi verið alger ósanngirni að ætlast til þess, það væri illvilji í garð ríkisstj. að halda því fram.

Vítin eru til að varast þau, en ekki til að endurtaka slíkt hið sama. Auðvitað er það rétt, sem fram kemur í gagnrýni formanns Alþfl., að hér var farið með nokkurt laumuspil, og vitaskuld er það rétt hjá hæstv. forsrh., að auðvitað var miklu eðlilegra að Seðlabankinn gæfi út fréttatilkynningu um að gengið væri fallið, því að auðvitað vildi ríkisstj. ekki fella gengið og kom þar hvergi nærri. Það var lögum samkv. í verkahring Seðlabankans að ákveða gengið. Þá vitum við það líka, að úr því að það er í verkahring Seðlabankans er náttúrlega líka út í hött þegar hæstv. forsrh. er að tala um að það sé miklu eðlilegra að gengið falli en það sigi, gengissig sé í rauninni miklu óeðlilegri leið en gengisfallið. Það reiknast þá líka til tekna á reikning Seðlabankans, en ekki hæstv. forsrh., að nú er farið að fella gengið í staðinn fyrir að láta það síga. Það er auðvitað ekki mál sem hæstv. forsrh. getur hrósað sér af, ef hann hefur ekkert um þetta að segja. Við getum þá líka sagt að sú grein, sem bankastjóri Seðlabankans birti í Fjármálatíðindum varðandi gengisskráninguna, sé út í hött af því að hann sé þá að áminna sjálfan sig. Við getum þá líka sagt að sú stefna ríkisstj. að halda genginu sem föstustu komi ríkisstj. ekkert við, að það sé Seðlabankinn sem hafi tekið þá ákvörðun að halda genginu svo og svo föstu algerlega utan við ríkisstj. auðvitað. Smámál eins og gjaldeyrismál koma auðvitað ekki ríkisstj. við. Lögum samkv. er þetta í verkahring Seðlabankans. Ríkisstj. þarf að vísu að samþykkja þetta eftir á, stendur frammi fyrir gerðum hlut, alveg eins og forsetinn samþykkir lög frá Alþingi sem Alþingi er búið að samþykkja. Auðvitað skiljum við þetta. Ég efast um að nokkur þm. geri yfirleitt þá kröfu til þessarar ríkisstj. að hún hafi yfirleitt nokkra skoðun á gjaldeyrismálum yfirleitt. Gott ef hún fylgist með því hvernig gengið er skráð, hvort dollarinn fer upp eða niður. Það væri náttúrlega alveg út í bláinn að ætlast til þess. Að því leyti mundi mér því finnast svolítið ósanngjarnt ef þm. færu að tala um það við hæstv. forsrh., að hann bæri ábyrgð á gengisfallinu. En ef gengið hækkaði í verði, ef krónan færi upp á við í staðinn fyrir að fara niður á við, þá ættum við að segja að það væri hæstv. forsrh. að þakka. Það skil ég vel. Ekki skulum við ætla honum það sem illt er, miklu fremur hitt sem gott er, því að allur stendur hugur hans til þess að láta sem best af sér leiða eins og við vitum.

En hitt hlýtur að verða að átelja, hversu seint þetta frv. er lagt fram hér á Alþingi, og hitt verður að harma einnig, að hæstv. forsrh. skyldi ekki hafa haft svo sem eina línu aflögu í skýrslunni sinni um efnahagsmál og aðgerðir í þeim til þess að minnast á að brbl. hefðu komið út, af því að við vitum að hann vildi gefa þjóðinni sem skýrasta mynd af því sem ríkisstj. væri að aðhafast í efnahagsmálum og þar mætti ekkert undan draga, sem sagt væri, allra síst þetta, að verðbólgan frá upphafi til loka árs hafi verið í kringum 40%, ekki meira en 40%, heldur í kringum 40% frá upphafi til loka árs. Um hitt eigum við að þegja, að verðbólgan milli ára sé 50%. En ef það mundi snúast við á þessu ári og verðbólgan milli ára yrði eitthvað minni en verðbólgan frá upphafi til loka árs, þá ættum við að hætta að tala um verðbólgu frá upphafi til loka árs og þá ættum við að tala um verðbólgu á milli ára, því að auðvitað verður þetta að líta fallega út. Þjóðin vill að það sé talað við sig eins fallega og hægt er. Þá líður henni betur. Auðvitað á að sópa ruslinu undir teppið til að maður sjái það ekki, því að þá líður þeim líka betur sem ganga um stofuna. Þannig er það.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mér finnst ástæða til að athuga, hvaða lagaákvæði gilda um birtingu laga, þegar ríkisstj. er gagnrýnd fyrir að hafa ekki birt lög eins og tilskilið er.

Um birtingu laga eru ákvæði, eins og kunnugt er, í lögum sem heita: Lög um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 frá 16. des. 1943. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í A-deild Stjórnartíðinda skal birta lög öll, tilskipanir, opin bréf, auglýsingar og aðrar tilkynningar almenns efnis, sem út eru gefnar af æðsta handhafa framkvæmdavaldsins, svo og reglur, sem sameinað Alþingi kann að setja um framkvæmd almennra málefna í þingsályktunum."

Mér er ekki kunnugt um að það séu frekari ákvæði í lögum um birtingu laga. Það kann að vera ástæða til að gera á þessu einhverjar breytingar, en meðan þetta eru lög er ekki hægt að áfellast ríkisstj. fyrir að hún hafi ekki farið að lögum eins og Alþingi mælir fyrir um.

Til viðbótar varðandi gengismálin ætla ég að leyfa mér að lesa hér upp aðra lagagrein, en hún er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Seðlabankinn ákveður að fengnu samþykki ríkisstj. stofngengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldeyri og gulli." Það fer heldur ekkert á milli mála hver aðild ríkisstj. er að þessum málum og engin ástæða til þess fyrir ríkisstj. eða ráðh. að skorast undan ábyrgð í sambandi við gengismál. Það hefur engum dottið í hug. Þessi ákvæði eru hvor tveggja svo skýr sem verða má að manni sýnist ekki tilefni til að hreyfa slíku máli utan dagskrár hér á hv. Alþingi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Þess munu vera dæmi, að vísu ekki um lönd sem almennt eru kölluð lýðfrjáls, að einhver ákveðinn hluti af lögum, sem sett hafa verið, hafi ekki verið á almannavitorði. Þetta á einkum og sér í lagi við þegar slík lagasetning er notuð til að koma fram refsingum af hálfu stjórnvalda við þegna ríkisins, sem hafa e. t. v. brotið af sér. Þá hefur það gerst, að dæmt hafi verið eftir lögum, sem ekki hafa verið á almannavitorði, í réttarhaldi, sem ekki var opið fyrir almenningi. Þessir stjórnarhættir eru ekki taldir til fyrirmyndar.

Mér kemur ekki til hugar að afskipti ríkisstj. af þessari takmörkuðu lagasetningu eigi nokkuð skylt við þetta. Ég vildi aðeins vekja athygli manna á því, að það er almenn regla í öllum lýðfrjálsum löndum og öllum lýðræðisríkjum að lögin, sem í gildi eru í landinu, séu gerð opinber fyrir almenningi þannig að almenningur hafi a. m. k. möguleika á því að afla sér allra upplýsinga um þau lög sem í gildi eru hverju sinni.

Varðandi þær tilvitnanir, sem hæstv. viðskrh. og hæstv. forsrh. hafa báðir flutt fram um birtingu laga, vil ég aðeins taka það fram, að það er almenn regla um lagasetningu í okkar landi að Alþingi setur lög og Alþingi fjallar um lagasetningu sem opinbert mál fyrir opnum tjöldum að viðstöddum fulltrúum fjölmiðla og þeim meðal kjósenda sem áhuga hafa á því að koma til að hlýða á fundi Alþingis. Slíkar lagasetningar verða á Alþingi í þremur umræðum í hvorri deild, samtals í sex umr. í báðum deildum, og eins og ég sagði áðan fyrir opnum tjöldum. Þar að auki eru þau vinnubrögð hjá löggjafarsamkomunni, eins og allir vita, að í meðferð málsins í nefndum er öllum hagsmunaaðilum, sem e. t. v. tengjast málinu með einum eða öðrum hætti, gefinn kostur á að tjá álit sitt. Þegar lög eru sett með þessum hætti hefur það sem sé allt saman átt sér stað fyrir opnum tjöldum. Fjölmiðlum hefur verið gefið margháttað tækifæri til að fjalla um lagasetninguna og skýra frá henni, og öllum þeim, sem hagsmuna eiga að gæta, hefur verið gert ljóst að lögin séu í setningu. Birting laganna, sem hæstv. forsrh. og hæstv. viðskrh. vitnuðu til, lýtur aðeins að því formsatriði að lög, sem hafa verið sett með þessum hætti af Alþingi fyrir opnum tjöldum, geti öðlast gildi.

Brbl., sem ríkisstj. setur, eru hins vegar algert undantekningartilvik og eiga að vera það vegna þess að ríkisstjórnarfundir, þar sem fjallað er um slíka lagasetningu, eiga sér ekki stað fyrir opnum tjöldum. Á þeim fundum eru engir fulltrúar fjölmiðla mættir. Á ríkisstjórn og ríkisstjórnarfundum hvílir engin upplýsingaskylda, og það er algerlega undir hælinn lagt hvort það fréttist einhvern tíma og þá hvenær hvað þar er gert. Þess vegna segir það sig sjálft, að ef lög eru sett á ríkisstjórnarfundum, ef menn ætla að hafa þær reglur í heiðri að almenningur geti fengið að vita hvaða lög eru í gildi í landinu, þá hljóta að vera gerðar meiri kröfur til þeirra laga, sem sett eru með þeim hætti, samþykkt á ríkisstjórnarfundi sem er lokaður, en gerðar eru til laga sem eru sett með þeim hætti að Alþingi fjallar um þau í opinberum umr. í þremur umferðum í Ed. og þremur umferðum í Nd. — eð öfugt. Þetta verður auðvitað að liggja alveg ljóst fyrir. Einmitt þess vegna, hæstv. forsrh., hefur það, eftir því sem ég best veit og best man eftir frá því að ég stundaði störf í fjölmiðlum, verið almenn regla að ríkisstjórnir teldu sér skylt að greina frá því í fréttatilkynningu eða með sambærilegum hætti að þær hefðu ákveðið á lokuðum ríkisstjórnarfundi að setja ný lög.

Þetta vildi ég að fram kæmi í sambandi við yfirlýsingu hæstv. ráðh. áðan, að það er alls ekki sambærilegt að bera saman annars vegar lög sem Alþingi setur fyrir opnum tjöldum og hins vegar lög sem ríkisstj. setur með samþykkt á lokuðum ríkisstjórnarfundi.

Hæstv. forsrh. var spurður einnar spurningar, hvernig á því stæði að ríkisstj. hans hefði ekki greint frá því, að á slíkum lokuðum ríkisstjórnarfundi hefðu ný landslög verið búin til. Hæstv. forsrh. byrjaði á að svara þeirri spurningu með því að lesa upp lagafyrirmæli um að Seðlabanki Íslands ákvæði gengi íslensku krónunnar. Þetta svar kom spurningunni ekki nokkurn skapaðan hlut við, var um allt annað mál en um var spurt, kom umr. ekkert við og var algerlega út í hött, eins og hæstv. ráðh. er von og vísa. Vissulega ákveður Seðlabankinn gengi íslensku krónunnar að fengnu samþykki ríkisstj., en hæstv. ráðh. var ekkert spurður um það. Hins vegar vita menn ósköp vel, ef menn endilega þurfa að ræða það, að Seðlabankinn gerði tillögu til ríkisstj. um allt aðra gengisbreytingu en raunin varð á. Það var ríkisstj. sem tók þau tilmæli Seðlabankans, bætti nokkru við gengisfellinguna og sendi þau síðan aftur til Seðlabankans með ósk um að gengisbreytingin yrði gerð önnur og meiri en Seðlabankinn hafði upphaflega óskað eftir samþykki ríkisstj. við. En m. ö. o., herra forseti, kemur þetta svar spurningunni ekki nokkurn skapaðan hlut við.

Þá greindi hæstv. forsrh. í öðru lagi frá því, að Seðlabanki Íslands hefði sent út fréttatilkynningu um þá gengisbreytingu sem varð nú í upphafi árs. Það svar hæstv. ráðh. kom ekki heldur spurningunni við því að ekki var um það spurt. Hæstv. ráðh. hlýtur að vera ljóst að allur almenningur á Íslandi vissi af því, að gengi íslensku krónunnar hafði verið skráð upp á nýtt. Um það var ekki spurt, hvort Seðlabankinn hefði gefið út fréttatilkynningu um það. Það er öllum ljóst að svo var. Að svara þeirri einföldu spurningu, sem hæstv. forsrh. fékk, með þessum hætti er að svara út í hött. Í þessari fréttatilkynningu Seðlabankans kom ekkert fram um efni spurninga hv. þm. Kjartans Jóhannssonar. Hæstv. forsrh. getur því ekki snúið sig út úr málinu með því að Seðlabankinn hafi gefið út fréttatilkynningu því að í fréttatilkynningunni er ekki að finna neitt svar við þeirri spurningu sem til hæstv. forsrh. var beint.

Þá segir hæstv. forsrh., að þó ekki hafi verið send út nein frétt, hvorki frá rn. hans né ríkisstj., hefði fjölmiðlum samt sem áður átt að vera ljóst að ný lög hefðu verið sett á lokuðum fundi ríkisstj. vegna þess að Stjórnartíðindi hefðu verið gefin út og send fjölmiðlum. Ég brá mér hérna fram í skrifstofu Alþingis, sem er sú stofnun í þessu þjóðfélagi sem setur lög, og spurðist fyrir um hvort finnanlegt væri þar á skrifstofunni eða í bókasafni Alþingis, löggjafarsamkundu þjóðarinnar, þetta umrædda bréf, laust blað úr Stjórnartíðindum með umræddri tilkynningu. Það var ekki finnanlegt þar. Sjálfsagt hefur það borist til Alþingis eins og slíkar tilkynningar, en það er a. m. k. ekki að finna þar nú, og er þess vart að vænta að blöðin hafi þetta handhægt hjá sér fyrst það er ekki til á Alþingi.

Herra forseti. Það er okkar verk hér, alþm., að búa til lögin í þessu landi. Skyldi einhverjum öðrum frekar koma það við en okkur? Ef við, löggjafarsamkoman, vitum ekki að sett hafa verið lög í landinu er þá eðlilegt að fjölmiðlarnir og fólkið í landinu, sem ekki á sæti á þessari samkomu, hafi hugmynd um það? Auðvitað ekki. Alþm. fá ekki send Stjórnartíðindi með upplýsingum um lagasetningar fyrr en þau hafa verið heft. Enginn alþm. hefur enn fengið í hendur tilkynningu úr Stjórnartíðindum um að hæstv. ríkisstj. hafi sett brbl. 14. jan. s. l. Er okkar verk þó að setja lögin í þessu landi og ákveða hvort á að staðfesta þau brbl. sem hæstv. ríkisstj. setur á fundum sínum. Engum alþm. hefur enn þá borist tilkynning um þetta.

Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að enginn alþm. gat haft hugmynd um að ríkisstj. væri búin að setja

ný lög í landinu fyrr en frv. til staðfestingar á brbl. var lagt fram á Alþingi. Það var ekki gert fyrr en 4. febr., fyrr en 4. þ. m., hálfum mánuði eftir að Alþingi hafði komið saman. Þá fyrst þann dag, 4. febr., þegar alþm., sem hafa því hlutverki að gegna að setja lögin í landinu, komu til þingfundar og höfðu þá verið á þingfundum í hálfan mánuð, rekast þeir á það á borðum sínum, að hæstv. ríkisstj. hafi 14. jan., mánuðinn áður, sett ný lög í landinu sem hefðu verið í gildi síðan. Alþm. vissu ekki um þetta fyrr en 4. febr. Þeir fengu engar upplýsingar um þessi nýju lög í Stjórnartíðindum vegna þess að þeim bárust ekki Stjórnartíðindi og þeim berast ekki Stjórnartíðindi fyrr en þau hafa verið heft. Ríkisstj. sá ekki heldur sóma sinn í því að leggja frv. til staðfestingar á brbl. fram fyrr en 4. febr.

Þetta er kannske ekki stórvægilegt mál, herra forseti, vegna þess að segja má að það skipti kannske ekki sköpum um afkomu og efnahag þjóðarinnar hvort þessi brbl. hafa verið sett eða ekki. En í mínum augum er það alvarlegt atriði þegar hæstv. ríkisstj. setur lög eða breytir lögum án þess að löggjafarsamkunda þjóðarinnar hafi hugmynd um, að þau lög hafi verið sett eða þeim lögum hafi verið breytt, fyrr en þremur vikum eftir að samþykktin um hina nýju lagasetningu var gerð á lokuðum ríkisstjórnarfundi. Þetta, herra forseti, kalla ég ekki að bera virðingu fyrir Alþingi. Ef það er að bera virðingu fyrir Alþingi að gera hv. alþm. Gunnar Thoroddsen að forsrh. hversu miklu fremur skyldi það þá ekki vera að bera virðingu fyrir Alþingi ef þessi sami hæstv. forsrh. sæi sóma sinn í því að láta löggjafarstofnun þjóðarinnar af því vita að hann hafi sett ný lög í landinu?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég tel að þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, og þau svör, sem hér hafa verið gefin af hálfu hæstv. ráðh., séu með miklum endemum.

Ég ætla ekki að taka upp tímann með því að ræða efnisatriði þess lagafrv. sem hér um ræðir. Til þess er annar vettvangur. Þess vegna þarf ekki að fara mörgum orðum um ræðu hæstv. sjútvrh.

Ég ætla ekki heldur að endurtaka það sem ég sagði í fyrstu ræðu minni um það, að til þess að lög öðlist gildi verða þau að birtast í Stjórnartíðindum. Það vita aðrir alþm. jafnvel og hæstv. viðskrh. Um það fjallaði ekki málið. Málið fjallaði um það, hvers vegna ríkisstj. hefði látið undir höfuð leggjast að gera almenningi kunnugt um lög sem hún hefði sett.

Svarið við þeirri fsp. er, liggur mér við að segja: Af því bara. — Það var eiginlega það sem fólst í ræðu hæstv. forsrh. Ekki var talað um það í ræðu hæstv. forsrh. að hér hefði verið um handvömm að ræða. Ekki var talað um að það væri eðlilegt að almenningur, þjóðin, fengi að vita um lagasetningu af þessu tagi, heldur var gert lítið úr því, að menn gerðu að umræðuefni að sú venja að gera þjóðinni grein fyrir lagasetningu af þessu tagi, sem er gerð fyrir luktum dyrum, skuli hafa verið brotin. Nei, hæstv. forsrh. flutti langa ræðu um hvað fréttatilkynningin frá Seðlabankanum um gengisskráningu hefði verið ítarleg. Um það vissum við allt. Um það var ekki spurt. Ég held að það hefði verið betra ef hæstv. forsrh. hefði getað haldið sér við efnið. Það hefði þá lýst málefnalegri stöðu hans og ríkisstj. og hæstv. forsrh. hefði þá í leiðinni getað sparað sér ýmsa útúrsnúninga og frýjunarorð vegna þess að það skiptir máli hvernig með svona mál er farið. Hæstv. forsrh. reyndi meira að segja að gera því skóna, að fullnægjandi svör hefðu fengist í gær varðandi þetta mál þegar hann tók til máls. Ég skal nú lesa aftur yfir hv. Sþ. hver þessi svör voru og hve fullnægjandi þau eru. Þau voru svona:

„Ég veit ekki betur en þetta hafi verið gert heyrinkunnugt um leið og brbl. voru gefin út.“ — Kannske hæstv. forsrh. telji það að gera heyrinkunnugt að birta í Stjórnartíðindum sem þm. hafa ekki einu sinni séð, fréttamenn hafa ekki tekið eftir og almenningur les ekki. Framhaldið er svona: „Hvort formleg fréttatilkynning var gefin út skal ég ekki segja, það skal að sjálfsögðu kannað, en ég held að þetta hafi ekki farið fram hjá neinum sem hlut eiga að máli.“

Það hefur komið fram í því, sem hér hefur verið rætt um þetta efni, að setning brbl. hefur vissulega farið fram hjá mörgum sem hlut eiga að máli, þ. á m. alþm. almennt, þ. á m. vafalaust mjög mörgum fiskverkendum, sem þetta snertir beint, og obbanum af þjóðinni kemur það við í lýðræðisþjóðfélagi þegar lög eru sett. Það var um þetta sem málið snerist.

Það, sem hefur bæst við síðan í gær, er að það er staðfest, sem mig grunaði í gær, en forsrh. treysti sér ekki til að staðfesta í gær einhverra hluta vegna, að engin fréttatilkynning var gefin út. Maður hlýtur að spyrja sig hvað ráði því, að ríkisstj. bregður nú á það ráð að gefa ekki út fréttatilkynningu. Var hún hrædd við eitthvað? Kom þetta henni eitthvað illa? Á það að vera svo í sambandi við setningu brbl., að ríkisstj. segi bara frá þeim brbl. sem henni líkar vel, en ekki hinum, sem kannske skipta almenning enn þá meira máli?

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér urðu svör hæstv. forsrh. mikil vonbrigði. Mér urðu þau sérstök vonbrigði að því leyti, að það gekk eins og rauður þráður í gegnum málflutning hæstv. forsrh. að ríkisstj. liti ekki á það sem skyldu sína að gera þjóðinni grein fyrir því, þegar hún setti lög með þessum hætti, hún liti ekki á það sem skyldu sína. Hæstv. forsrh. reyndi að tína til einhver dæmi ótiltekin um að einhvern tíma hefðu verið gefin út brbl. án þess að senda út fréttatilkynningu. Það er röng aðferð, jafnvel þó að það hafi einhvern tíma komið fyrir áður. En ég er sannfærður um að venjan hefur verið sú að segja frá þessu, og það segja mér líka bæði þingreyndustu menn hér innandyra og eins þeir sem við fjölmiðla hafa starfað.

Meginatriðið er það, að almenningur á heimtingu á að fá að vita þegar svona lög eru sett, og ég tel að Alþingi eigi og hljóti að gera þá kröfu til ríkisstj., að hún stundi ekkert laumuspil í þessum efnum, heldur skýri frá því hverju sinni á opinberum vettvangi með almennri fréttatilkynningu þannig að allri þjóðinni geti verið ljóst þegar lög af þessu tagi eru sett. Þetta á ekki bara að vera regla, þetta á ríkisstj. að líta á sem skyldu sína.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta mál liggur allt saman ljóst fyrir og hefur þegar verið skýrt. En það eru örfá atriði úr ræðum hv. þm. sem þörf er á að svara og leiðrétta ranghermi.

Einn hv. þm., það mun hafa verið hv. þm. Halldór Blöndal, talaði um að með brbl. hefði helmingur gengishagnaðar verið gerður upptækur. Þetta fannst honum auðvitað hin mesta goðgá og vafasamt hvort stæðist samkv. stjórnarskránni að beita slíku eignarnámi. Það má vera að þessi hv. þm. viti það ekki, en ég held að

flestir aðrir þm. hljóti að vita það, að við gengislækkanir hefur verið allt að því föst venja — með örfáum undantekningum — að allur gengishagnaður af birgðum hefur verið tekinn af fyrirtækjum með lögum og settur í sérstakan sjóð, gengismunarsjóð. Fé úr þeim sjóði hefur svo verið ráðstafað til ýmissa hluta, sumpart til fiskvinnslu, sumpart til sjávarútvegs eða útgerðarinnar eða sjómanna eða samtaka þeirra. Með þessum brbl. núna var hins vegar brugðið frá þessari venju að því leyti, að í fyrsta lagi er ákveðið að aðeins helmingur gengishagnaðar skuli tekinn, en auk þess er mikill meiri hluti allra birgða undanþeginn þessari skyldu. Þannig er t. d. öll frystingin undanþegin. M. ö. o.: í stað þess að áður hefur gengishagnaður yfirleitt verið tekinn af fyrirtækjunum við gengislækkun var nú aðeins örlítið brot af þessum gengishagnaði tekið og ekki látið renna í gengismunarsjóð, sem ráðstafar til ýmissa aðila, að vísu tengdra sjávarútvegi, heldur var hver eyrir af þessum gengishagnaði látinn renna í Verðjöfnunarsjóðinn og í viðkomandi deildir. Þetta ranghermi hv. þm. vil ég því hér með leiðrétta.

Deilt var á ríkisstj. eða mig fyrir að leggja ekki brbl. strax fyrir Alþingi þegar það kom saman. Það voru þrjár vikur frá því að brbl. voru gefin út og þangað til frv. var lagt fyrir þingið. En það er algerlega rangt þegar verið er að gefa í skyn að það sé skylda að leggja brbl. fyrir Alþingi strax. Það er þvert á móti tekið fram í stjórnarskránni, að brbl. skuli leggja fyrir næsta þing, og það er mjög algengt, að brbl. séu lögð fram á ýmsum tímum og jafnvel undir þinglok. Það er hins vegar tekið fram um eitt frv. sérstaklega í stjórnarskránni, það er fjárlagafrv., að það skuli leggja fyrir Alþingi þegar er það kemur saman. Þessi ádeila er því ástæðulaus.

Sumir hv. þm. hafa talað um að það sé ekki góður háttur að alþm. hafi ekki verið send nein tilkynning um þessi brbl. Ég vil vekja athygli þessara hv. þm. á því, að þó að gefin hefði verið út fréttatilkynning eru fréttatilkynningar ekki sendar alþm. Þetta vita hv. þm. ósköp vel. (**Gripið fram í:** Tilheyra þeir ekki þjóðinni?) Þeir vita ósköp vel að fréttatilkynningar eru ekki sendar til þeirra. Hins vegar skulum við aðeins líta á þetta nánar. Það er um tvennt hér að ræða. Það eru tvenns konar ráðstafanir sem gerðar voru. Annars vegar var gengislækkun og eins og ég gat um áðan gaf Seðlabankinn út sérstaka fréttatilkynningu um hana með skýringum. Í öðru lagi var svo ákvörðun um ráðstöfun á hluta af gengishagnaðinum sem tekin var með brbl. Þó að brbl. séu birt í Stjórnartíðindum samdægurs og það blað Stjórnartíðinda sé sent öllum fjölmiðlum leyfa menn sér að koma hér upp í stólinn, og það jafnvel þaulreyndir fjölmiðlamenn, og segja að með þessu sé öllu haldið leyndu, það sé farið með þetta eins og laumuspil. Í raun inni er sú útgáfa Stjórnartíðindanna, sem kemur út samtímis og er send til allra fjölmiðla, algerlega hliðstæð fréttatilkynningu. Það er furðulegt að heyra þennan málflutning, jafnvel frá reyndum mönnum.

Því hefur verið haldið fram hér, sem er algerlega rangt, af tveimur eða þremur hv. þm., að það sé allt að því föst regla, að þegar brbl. séu gefin út sé send út sérstök fréttatilkynning frá ríkisstj. Blaðafulltrúi ríkisstj. hefur kannað þetta og hann segir um það: „Það er undantekning að brbl. sé fylgt úr hlaði með sérstakri fréttatilkynningu.“ M. ö. o.: þessar fullyrðingar bæði þm. Eiðs Guðnasonar o. fl. eru algerlega rangar og ekkert annað en tilgátur út í loftið.

Þetta mál liggur auðvitað ákaflega skýrt fyrir. Annars vegar var um gengisbreytinguna send út formleg fréttatilkynning frá Seðlabanka. Hins vegar voru brbl., sem á að hafa verið haldið leyndum, birt samdægurs í Stjórnartíðindum og það blað eða það hefti var sent samdægurs til allra fjölmiðla. Ef á að saka einhvern um að halda einhverju leyndu ætti hv. þm., Eiður Guðnason að beina máli sínu til fjölmiðlanna, ef þeir hafa ekki skýrt frá þessu, en þeir fengu þetta allir í hendur samdægurs.

Af þessu er auðvitað ljóst að allt þetta tal um að einhverju hafi verið haldið leyndu, að ríkisstj. hafi eitthvað brotið af sér með því að gefa ekki út fréttatilkynningu, er staðlausir stafir og gersamlega tilefnislaust.

Kosning varamanns í útvarpsráð í stað Jóns Múla Árnasonar dagskrárfulltrúa til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar.

Fram kom ein tilnefning. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvgr.:

Tryggvi Þór Aðalsteinsson,
starfsmaður MFA.

Ráðunautur í öryggis- og varnarmálum, þáltill. (þskj. 49). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Lækningamáttur jarðsjávar við Svartsengi, þáltill. (þskj. 120). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verndun á laxi í Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 325). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll, þáltill. (þskj. 88). — Ein umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt þeim Guðmundi G. Þórarinssyni og Kjartani Jóhannssyni að bera fram svohljóðandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að gera athugun á hvort hagkvæmt sé að koma á fót fríiðnaðarsvæði við Keflavíkurflugvöll.“

Till. þessi hefur verið flutt á síðustu þrem þingum, en hefur ekki orðið útrædd.

Kunnugt er að ýmsar blikur hafa verið á lofti í atvinnumálum Suðurnesja nokkur undanfarin ár. Af þessum sökum hefur Alþingi tvisvar ályktað að gerð verði

athugun á atvinnulífi Suðurnesja og áætlun um eflingu þess. Árið 1978 ályktaði Alþingi að fela ríkisstj. að hlutast til um að Framkvæmdastofnun ríkisins kannaði atvinnustöðu svo og félagslega aðstöðu íbúa byggðalaganna í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Í síðari ályktuninni frá 1979 var Framkvæmdastofnun ríkisins falið að láta undirbúa og gera framkvæmda- og fjármögnunaráætlun um alhliða atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Atvinna á Suðurnesjum byggist að mestu á sjávarútvegi og starfsemi á Keflavíkurflugvelli. Vegna slæms ástands fiskstofnanna og vannýttrar afkastagetu fiskiskipa er ekki hægt að gera ráð fyrir fjölgun sjómanna. Frystihús á Suðurnesjum eru tiltölulega mörg og lítil. Afkastageta þeirra nýtist illa vegna sveiflna í fiskveiðum og skorti á búnaði í mörgum tilvikum. Framtíðarþróun fiskvinnslunnar getur því allt eins leitt til aukinnar tæknivæðingar og hagræðingar fremur en meiri vinnuaflsnotkunar. Vegna harðnandi samkeppni í Atlantshafsflugi og samdráttar í starfsemi Flugleiða er ekki fyrirsjáanleg nein aukning í flugrekstri á Keflavíkurflugvelli. Jafnvel gæti sá samdráttur, sem verið hefur í þeirri starfsemi, haldið áfram. Af því, sem að framan segir, er ljóst að mjög lítill vöxtur, ef ekki samdráttur, er fyrirsjáanlegur í undirstöðuatvinnugreinum Suðurnesja.

Mjög stór hópur ungs fólks er nú að vaxa úr grasi á Suðurnesjum. Meðalstærð þessara aldursárganga, sem nú eru að byrja að koma inn á vinnumarkað, er 270—290 manns, en meðalstærð þeirra aldursárganga, sem hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs, er 50—70 manns. Aldrei skila allir sér inn á vinnumarkað, en varlega áætlað þurfa að bjóðast a. m. k. 150 ný störf á ári svo að allir þeir nýliðar, sem koma inn á vinnumarkað, eigi kost á atvinnu heima fyrir.

Í drögum að iðnþróunaráætlun fyrir Suðurnes, sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar birti í nóvember 1980, er bent á að uppbygging iðnaðar sé líklega besta leiðin til aukinnar atvinnu og bættra tekna á svæðinu. Á Suðurnesjum eru mjög góðar aðstæður til iðnþróunar hvað framboð á orku og hráefnum snertir, en hins vegar vantar þar mjög tækni- og verkkunnáttu í iðnaði. Af þeim sökum er ólíklegt að iðnaður vaxi í neinum mæli nema til komi sérstakar aðgerðir í iðnþróun. Það er reynslan frá Shannon á Írlandi, að tilkoma fríiðnaðarsvæðisins þar hefur leitt til stóraukinnar tækni- og verkþekkingar í iðnaði á svæðinu, auk annars konar ávinnings. Þess vegna er vel þess virði, að athugað sé hvort einn liður í eflingu iðnaðar á Suðurnesjum gæti hugsanlega orðið stofnun fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli.

Þegar þotur urðu algengar í Atlantshafsflugi laust fyrir 1960 féllu millilendingar til eldsneytistöku á Shannon á Írlandi að mestu niður. Hafði það í för með sér mikið atvinnuleysi í nálægum byggðarlögum. Stjórnvöld á Írlandi brugðust við þessum vanda með því að stofna sérstakt iðnþróunarfélag Shannon-flugvallar. Meginhlutverk þess var að finna leiðir til þess að tryggja vöxt og viðgang flugvallarsvæðisins, örva farþega- og vöruflutninga um völlinn og efla atvinnulíf í byggðarlögum nálægt vellinum. Í þessu skyni kom þróunarfélagið á fót fríiðnaðarsvæði við Shannonflugvöll árið 1959. Strax í upphafi voru eftirfarandi fríðindi boðin fyrirtækjum er vildu koma þangað:

Algert tollfrelsi að því er snerti innflutning á hráefnum, vélum og tækjum til framleiðslunnar. Sama máli gegndi um útflutning fullunninnar vöru. Leiga til 25 ára á verksmiðjubyggingum sem þróunarfélagið reisti. Byggingar þessar voru annaðhvort staðlaðar byggingar eða reistar í samráði við fyrirtækið. Leigan miðaðist við byggingarkostnaðinn. Óafturkræf fjárframlög er svöruðu til helmings af kostnaðarverði véla sem kaupa þurfti fyrir hlutaðeigandi verksmiðju. Sérþjálfun verksmiðjufólks hinum erlendu fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Algert skattfrelsi til 1983. Þetta þýddi 25 ára skattfrelsi fyrir þau fyrirtæki sem fyrst hösluðu sér völl í Shannon, en það gerðist árið 1959.

Skattfrelsi er boðið á útflutningshagnaði a. m. k. til 1990 ef starfsemi hefst fyrir 1981. Gildir þetta raunar fyrir öll útflutningsfyrirtæki á Írlandi. Fjármagnsfyrirgreiðsla hefur nú verið aukin og styrkir til rannsókna og vöruþróunar standa til boða. Þá má nefna þjónustu hvers konar við atvinnurekstur, bæði viðskiptalega og tæknilega.

Nú eru á Shannon-fríiðnaðarsvæðinu iðnaðarfyrirtæki, þjónustufyrirtæki og vöruhús sem veita um 4500 manns atvinnu og þekja um 200 þús. m² í gólfflöt. Samtals eru þetta um 100 fyrirtæki og er mjög lítið um stórfyrirtæki þar. Framleiðslan er einkum á sviði rafeinda- og raftækjasmíði, efnaiðnaðar og verkfæragerðar.

Reynslan af fríiðnaðarsvæðinu í Shannon er mjög góð. Auk þess að hafa veitt þúsundum Íra atvinnu hefur mikil verkþekking verið flutt inn í landið. Þá hafa Írar einnig öðlast af þessari starfsemi mikla reynslu í iðnþróunaraðgerðum. Má nefna að Shannon-þróunarfélagið vinnur nú að uppbyggingu atvinnu á 4800 km² svæði umhverfis Shannon.

Fjölmargar þjóðir, sem búa við atvinnuleysi, einkum í þróunarlöndunum, hafa fylgt fordæmi Íra og eru nú rekin nokkur hundruð fríiðnaðarsvæði í heiminum. Á öllum þessum stöðum eru mikil fríðindi í boði fyrir þau fyrirtæki sem þangað vilja koma. Mjög ólíklegt er að það sé fjárhagslega hagkvæmt fyrir Íslendinga að keppa á almennum grundvelli við önnur fríiðnaðarsvæði í heiminum um að fá til sín erlend fyrirtæki. Á meðan atvinnuástand er jafngott og raun ber vitni á Íslandi getur varla talist hagkvæmt að bjóða erlendum fyrirtækjum sömu kjör og önnur fríiðnaðarsvæði bjóða. Hins vegar virðist full þörf á að kanna hvort einhver erlend fyrirtæki sjái sér hag í að koma hingað á lakari kjörum en annars staðar vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem í boði yrðu, svo sem jarðhiti, ódýrt rafmagn, vinnuafl með tækniþekkingu í sjávarútvegi, að mestu tollfrjáls aðgangur að Evrópumörkuðum og lega mitt á milli Ameríku og Evrópu. Ekki er vafi á að fjölmörg íslensk fyrirtæki mundu sjá sér hag í að reka starfsemi á fríiðnaðarsvæðinu. Varðandi slíkt þyrfti að kanna hvort fríiðnaðarsvæði sé hagkvæmna leið til þess að efla íslenskan útflutningsiðnað eða hvort einhverjar aðrar ráðstafanir væru jafngóðar eða betri.

Með því að setja á stofn fríiðnaðarsvæði er verið að hvetja til stofnunar atvinnurekstrar sem að öðrum kosti væri vart mögulegur — eða hagkvæmur — í landinu. Þeir, sem helst virðast munu hafa áhuga á aðstöðu og rekstri fríiðnaðarsvæðis á Keflavíkurflugvelli, eru aðilar á eftirtöldum vettvangi:

1. Japönsk og bandarísk fyrirtæki gætu séð sér hag í að reka samsetningarverksmiðju hér vegna nálægðar við Evrópumarkað og vegna þess tollfrelsis sem þau nytu gagnvart innflutningi til landa EFTA og Efnahags-

bandalagsins.

2. Sérhæfð alþjóðleg fyrirtæki gætu séð sér hag í því að reka vörugeymslu á Keflavíkurflugvelli vegna hagstæðrar legu hans mitt á milli Evrópu og Norður-Ameríku.

3. Ekkert fríiðnaðarsvæði í heiminum, svo að vitað sé, getur boðið upp á jarðhita, en hann má nýta á ýmsa vegu í iðnaði. Einnig gæti reynst hagkvæmt að nýta hann til eldis á verðmætum krabbadýrum, t. d. humari og rækju, fiskum og e. t. v. til kjúklingaeldis í stórum stíl. Tollfrelsi á fóðri mundi e. t. v. hafa mjög hvetjandi áhrif á slíka starfsemi.

4. Einn möguleiki er enn, að kjötvinnslufyrirtæki kaupi dilkakjöt og njóti útflutningsbóta á kjötinu eins og aðrir útflytjendur. Bæði í Færeyjum og á Nýfundnalandi er markaður fyrir unnar kjötvörur sem íslensk kjötvinnslufyrirtæki gætu hugsanlega komist inn á. Ekki er þó víst að fríiðnaðarsvæði þurfi til þess að framkvæma þessa hugmynd.

5. Þá eru ýmsir möguleikar fyrir hendi í rafeindaiðnaði sem er tengdur sjávarútvegi og nýtingu annarra auðlinda á hafi úti. Ef tækniþekking er fyrir hendi má þróa upp ný tæki á þessu sviði vegna þeirrar reynslu og verkþekkingar sem fyrir hendi er í fiskvinnslu og sjómennsku.

Eins og áður er á drepið virðast framtíðarmöguleikar atvinnulífs á Suðurnesjum að mestu bundnir við iðnað. Hins vegar er lítil reynsla og tækniþekking í iðnaði fyrir hendi á svæðinu. Ekki er vafi á því, að stofnun fríiðnaðarsvæðis mundi bæta þar verulega úr auk þess sem fjölbreytni í atvinnuvali mundi aukast. Þá gæti samstarf sveitarfélaga á Suðurnesjum og ríkisins um stofnun fríiðnaðarsvæðis síðar meir leitt til stofnunar þróunarfélags atvinnulífs á Suðurnesjum öllum.

Hugmyndin um fríiðnaðarsvæði á Keflavíkurflugvelli er vel þess virði að á henni verði gerð rækileg könnun, hvers konar atvinnufyrirtæki mundu hafa áhuga á starfrækslu þar, hver væri efnahagslegur ávinningur að stofnsetningu þess og hvaða rekstrar- og eignarform væri heppilegast á svæðinu. Jafnframt ber að vara við of mikilli bjartsýni á niðurstöðu slíkrar könnunar, því samkeppni á milli fríiðnaðarsvæða í heiminum er mjög hörð og oft og tíðum boðin fjármagnsaðstoð sem er langt umfram það sem kemur til greina að bjóða hér á landi.

Ég legg til að að lokinni umr. verði till. þessari vísað til hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling atvinnulífs á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 92). — Ein umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Við hv. þm. Matthías Bjarnason höfum leyft okkur að flytja á þskj. 92 svofellda till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um eflingu atvinnulífs og aukna fjölbreytni í atvinnustarfsemi á Vestfjörðum. Í áætluninni verði tillit tekið til sérkenna atvinnulífsins á Vestfjörðum, áhersla lögð á fyllri nýtingi vestfirskra náttúrugæða ásamt með þekkingu og reynslu Vestfirðinga á sviði útgerðar og fiskvinnslu og þeirri aðstöðu sem þar hefur verið sköpuð til frekari úrvinnslu sjávarafurða og til nýiðnaðar.

Að lokinni áætlunargerðinni skal ríkisstj. leggja hana fyrir Alþingi ásamt tillögu um framkvæmd hennar, þ. á m. um hvernig að hugsanlegri fjármögnun skuli staðið."

Till. þessi var flutt á s. l. vori, en náði ekki afgreiðslu þá og er því endurflutt núna. Í fyrra urðu talsverðar umræður um þessa till. á hv. Alþingi og þar sem nú eiga sæti á þingi sömu þm. og sátu á Alþingi í fyrra tel ég ástæðulaust að fara um till. mörgum orðum.

Ég ætla aðeins að vekja athygli á því, að í þeim miklu umræðum, sem nú eiga sér stað um virkjunarframkvæmdir í ýmsum kjördæmum og héruðum landsins og um orkuframkvæmdir og uppbyggingu nýiðnaðar í tengslum við slíkar virkjunarframkvæmdir, er það aðeins einn landshluti sem segja má að sé ekki með í þeirri umræðu. Eini landshlutinn, sem hvorki virðist eiga að njóta góðs af virkjunarframkvæmdum þeim, sem um er rætt, né heldur þeim nýiðnaðartækifærum, sem verið er að tala um að skapa í sambandi við slíkar orkuframkvæmdir, er einmitt Vestfirðir. Þó er ástandið á Vestfjörðum þannig í orkumálum sérstaklega að ég geri ráð fyrir að ekkert kjördæmi annað, enginn landshluti annar búi við jafnmikla erfiðleika og einmitt Vestfirðir.

Um margra ára skeið er búinn að ríkja mjög alvarlegur raforkuskortur á Vestfjörðum. Þar eru aðeins til, með einni undantekningu, gamlar dísilaflvélar sem hafa átt að vera varastöðvar fyrir vatnsaflsorkuverin í kjördæminu, en slíkur raforkuskortur hefur verið á Vestfjörðum að alla vetur þangað til nú á síðasta vetri hafa þessar gömlu aflstöðvar verið keyrðar svo til alla daga, 12 og jafnvel upp í 24 klukkustundir á sólarhring, þannig að ekkert varaafl hefur verið til í fjórðungnum heilu mánuðina á þessum árstíma. Þetta hefur að sjálfsögðu valdið gríðarlegum útgjöldum, því að allar þessar gömlu stöðvar víðs vegar í þorpum og sjávarplássum á Vestfjörðum eru orðnar úr sér gengnar og mjög olíufrekar. Því hefur kostnaður þessu samfara verið óheyrilega mikill.

Um öryggisleysið, sem af þessu stafar, þarf ég að sjálfsögðu ekki að fara mörgum orðum þegar svo er komið að ekkert varaafl er til í fjórðungnum svo mánuðum hefur skipt. Þarna eru mörg nýtísku frystihús með stórum frystigeymslum, og það segir sig auðvitað sjálft hvílík verðmæti eru í húfi ef eitthvað af þessum úreltu aflstöðvum hefði bilað og til mikillar orkuskömmtunar hefði komið. Þá hefði svo getað farið að ýmis þau verðmæti, sem eru í birgðageymslum vestfirskra frystihúsa, hefðu legið undir skemmdum.

Þar að auki hefur þessi orkuskortur á Vestfjörðum staðið uppbyggingu atvinnulífs þar mjög fyrir þrifum. Þetta hefði átt að batna og batnaði nokkuð með tilkomu svonefndrar Vesturlínu, þegar Vestfirðir voru tengdir við aðalorkukerfi landsmanna. Gallinn var bara sá, að þegar sú lína kom í notkun má segja að þorrið hafi að mestu umframorka á Landsvirkjunarsvæðinu, það var ekki nema takmarkað rafmagn sem hægt var að selja til Vestfjarða eftir Vesturlínunni. Þar að auki var svo litið á af Landsvirkjun að Orkubú Vestfjarða væri þarna nýr aðili, þó svo Vestfirðingar hefðu um margra ára skeið skipt við Landsvirkjun og RARIK á meðan Rafmagnsveitur ríkisins sáu um orkuvinnslu og orkudreifingu á Vestfjörðum. M. a. vegna þess, hvernig á málin var litið af Landsvirkjun og RARIK vegna tilkomu Orkubúsins, urðu Vestfirðingar að greiða miklu hærra verð fyrir þá raforku, sem þeir keyptu eftir Vesturlínu, heldur en Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun seldu

öðrum viðskiptamönnum sínum, þannig að einnig sú raforka, sem Vestfirðingar þó fengu eftir Vesturlínunni, var mun dýrari lengi vel en sú raforka sem öðrum var seld með sambærilegum hætti. Þá hefur það einnig komið fyrir, að þessi raflína hafi bilað, og þá ríkir hreint neyðarástand í þessum landsfjórðungi.

Ég geri mér það alveg fyllilega ljóst, að með stofnun Orkubús Vestfjarða tóku Vestfirðingar á sig sjálfir nokkra byrði í sambandi við öflun raforku í fjórðungnum, og e. t. v. hefur sú ákvörðun orðið til þess, að þrátt fyrir ástandið í orkumálum á Vestfjörðum eru Vestfirðir og nauðsyn þeirra á raforkuframkvæmdum og úrbótum í raforkumálum ekki jafnmikið til umræðu og ella hefði verið. Verður að sjálfsögðu að skoða það mál sérstaklega ef sú er niðurstaðan af stofnun Orkubús Vestfjarða meðal annars.

Meginatriði málsins er þó að vekja athygli manna á því, hvílíkt ástand hefur ríkt í orkumálum á Vestfjörðum og að því ástandi hefur síður en svo létt, þó svo að Vesturlínan hafi verið tekin í notkun.

Raforkuverð og annað orkuverð á Vestfjörðum er síðan kapítuli út af fyrir sig. Ég ætla ekki heldur að fara mörgum orðum um það þar sem þau mál hafa verið rædd á Alþingi nokkrum sinnum. Þó get ég ekki látið hjá líða að nefna það sem dæmi, að samkv. alveg nýjum upplýsingum um orkuverð víðs vegar á landinu, sem ég fékk fyrir um það bil einum klukkutíma í hendur, kemur í ljós að fiskvinnslufyrirtækin á Vestfjörðum og önnur atvinnufyrirtæki þar borga mun hærra raforkuverð en gerist og gengur nokkurs staðar annars staðar á landinu. Þetta mun að sjálfsögðu hafa mjög uggvænlegar afleiðingar fyrir uppbyggingarmöguleika þessara atvinnufyrirtækja, sem áður fyrr og lengi vel hafa verið svo öflug, og hlýtur að setja þeim skorður varðandi framtíðarstarf og framtíðaruppbyggingu ef svo heldur áfram sem verið hefur.

Herra forseti. Margvíslegar aðstæður á Vestfjörðum gera það mögulegt að efla mjög og styrkja atvinnulíf á því svæði án þess að það þurfi að kosta samfélagið verulegt fjármagn. Að vísu eru ekki möguleikar á Vestfjörðum til mikilla vatnsvirkjunarframkvæmda, a. m. k. ekki af þeirri stærð sem nú er talað um varðandi virkjun í Blöndu eða á Austurlandi. Þó eru þar nokkrar ár sem hagkvæmt er að virkja ef markaður finnst. Þá er ekki heldur mikið um það talað og sjálfsagt ekki mikill áhugi á því meðal Vestfirðinga að setja þar upp orkufrekt iðjuver, eins og m. a. er rætt um að setja á fót í öðrum héruðum landsins. Engu að síður vil ég leggja áherslu á að margvíslegir nýiðnaðarmöguleikar eru fyrir hendi einmitt í þessum landshluta, þ. á m. nýiðnaðarmöguleikar, sem eru mjög ábatasamir, og einnig nýiðnaðarmöguleikar sem eru þannig að til þeirra þarf mjög verulega orku. T. d. vil ég vekja athygli á því, að við Ísafjarðardjúp — á tiltölulega litlu svæði — eru saman komin þau fiskverkunar- og frystihús á Íslandi sem eru einna fullkomnust allra slíkra húsa og hafa yfir að ráða einhverju sérhæfasta vinnuafli sem við fiskvinnslu vinnur, fólki sem er ákaflega vel fært í sínu starfi og hefur mikla þekkingu og reynslu bæði af því að vinna við fiskverkun og reka slík fyrirtæki. Þessi fyrirtæki eiga jafnframt ýmis af nýjustu og fullkomnustu veiðiskipum flotans og ekki aðeins það, heldur reka þau skip og vinna á þeim skipum þeir sjómenn og skipstjórnarmenn sem langbestum árangri hafa náð allra sjósóknara á landinu. Þetta er að sjálfsögðu auðlind bæði í þekkingu, mannafla, tækjum og aðstöðu sem hlýtur að vera þjóðhagslega hagkvæmt að festa fé í því að skammt er á auðug fiskimið frá Vestfjörðum.

Það hefur hins vegar ekki verið mikið gert að því að styðja við bakið á ýmissi viðleitni t. d. manna við Djúp til þess að reyna að fjárfesta í þessari reynslu og þekkingu með nýiðnaðarmöguleika fyrir augum.

Ég vil aðeins nefna það t. d., að risið hefur upp á Ísafirði fyrirtæki til framleiðslu á rafeindabúnaði sem gæti ekki aðeins orðið fyrir fiskverkunarhús, heldur einnig fiskiskip. Þetta fyrirtæki hefur staðið sig ákaflega vel, m. a. í samkeppni við mun öflugri framleiðsluaðila hér í Reykjavík sem notið hafa mjög verulegrar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu af almannafé og átt mikinn aðgang að rannsóknarkröftum við Háskóla Íslands og sérfræðistofnanir Háskólans, sem einnig eru kostaðar af almannafé. Engu að síður hefur þetta litla fyrirtæki í rafeindaiðnaði vestur á Ísafirði getað boðið framleiðsluvöru sem er meira en samkeppnishæf við framleiðslu héðan úr Reykjavík í svipaðri framleiðslugrein, sem er þó kostuð að verulegu leyti af almannafé. Hún er ekki aðeins samkeppnisfær við þá framleiðslu í verði, heldur einnig að gæðum. Mörg af stærri fyrirtækjum í fiskvinnslu utan Vestfjarða hafa frekar valið að kaupa þessa framleiðsluvöru af hinu ísfirska fyrirtæki heldur en af því öfluga fyrirtæki sem risið hefur hér í Reykjavík með ríkissjóð og Háskóla Íslands að bakhjarli. Þessi árangur hins vestfirska fyrirtækis á sviði tölvubúnaðar hefur náðst fyrst og fremst vegna þess, að þeim hefur verið veittur aðgangur að hinum fullkomnu frystihúsum við Ísafjarðardjúp sem hafa gengist undir að taka við tilraunaframleiðslu frá þessu fyrirtæki og hafa leyft þessu vestfirska fyrirtæki í tölvutækni að reka tilraunastarfsemi í húsum sínum og notfæra sér þá þekkingu og þá reynslu sem þar er að fá.

Þessi árangur þessa litla fyrirtækis, sem enn annar hvergi nærri eftirspurninni, sýnir aðeins hvað hægt er að gera ef menn vilja fjárfesta í þeirri þekkingu, í þeim mannafla og í þeirri aðstöðu sem þegar hefur verið sköpuð í þessari tilteknu atvinnustarfsemi vestur á fjörðum. Þessi árangur hefur náðst án nokkurrar utanaðkomandi aðstoðar og þetta litla fyrirtæki getur haldið sínu og vel það í samkeppni við aðila sem eru meira og minna studdir af opinberu fé. Það sýnir og sannar hvað hægt er að gera ef vilji er fyrir hendi til að nýta aðstæður sem fyrir hendi eru á viðkomandi stöðum og hvergi gerast betri en þar.

Auðvitað er það ljóst, að ef íslenska þjóðin ræðst í mjög miklar framkvæmdir á sviði virkjunarmála og sköpunar nýiðnaðartækifæra í tengslum við þær virkjunarframkvæmdir á næstu árum, eins og rætt hefur verið um, munu þær framkvæmdir kosta mjög verulegt fjármagn. Það eru ekki miklar líkur á að íslenska þjóðin geti ráðið við það — á sama tíma og hún tekur slík stórvirki fyrir — að festa verulegt fé í annarri atvinnustarfsemi annars staðar á landinu. Áður en slíkar ákvarðanir eru teknar tel ég því nauðsynlegt að menn kanni hvort ekki geti verið hagkvæmt að festa fé í aðstöðu og þekkingu sem þegar er fyrir hendi í landinu og betri er talin en víðast hvar annars staðar í veröldinni, þannig að það skili árangri, fremur en menn reyni að verja takmörkuðu fé þjóðarinnar til þess eins að fjárfesta í dýrum atvinnurekstri sem við Íslendingar höfum sjálfir

enga reynslu af og verðum því að sækja alla þekkingu og alla reynslu um rekstur á til annarra þjóða.

Þessi till. til þál. fjallar um það atriði eitt í fyrsta lagi að vekja athygli manna á því, að það er vissulega hægt að festa fé í atvinnustarfsemi sem skapar ný atvinnutækifæri, m. a. atvinnustarfsemi sem notast þarf við mikla orku, án þess þó að sá fyrirtækjarekstur þurfi endilega að byggjast á vatnsbakkanum þar sem orkuver verður væntanlega byggt. Það er ekki mikill vandi að flytja raforku frá vatnsaflsstöðvum alllanga vegalengd. Það þarf ekki endilega saman að fara að fyrirtækin, sem byggð eru til þess að nýta þá orku, þurfi að rísa svo til á vatnsbakka þess fljóts sem virkjað er. Það er hægt að nýta orkuna einnig á öðrum stöðum. Og það er mjög eðlilegt sjónarmið og þá ekki síst varðandi sjónarmið okkar Alþfl.-manna um sameign þjóðarinnar á náttúruauðlindum landsins, að öll þjóðin njóti góðs af stórvirkjunarframkvæmdum, en ekki bara sá hluti hennar sem býr í næsta nágrenni við virkjunarstaðinn.

Í öðru lagi er meginmarkmið þessarar till. að fram fari athugun á því, með hvaða hætti megi nýta þá þekkingu, þá aðstöðu og þá reynslu og þær aðstæður aðrar sem búið er að byggja upp á stað eins og Vestfjörðum og þar er fyrir hendi bæði af mannavöldum og náttúrunnar hendi, til þess að skapa fleiri störf í nýjum atvinnugreinum og geta í því sambandi byggt á reynslu og þekkingu og atvinnustarfsemi sem Íslendingar eru kunnugri en aðrar þjóðir og hafa náð betri árangri í en aðrar þjóðir. M. ö. o. er ekki nauðsynlegt, þó svo að farið verði út í sköpun nýrra atvinnutækifæra, út í nýiðnað, að velja þær iðngreinar einar og þær framleiðslugreinar einar sem engin reynsla er fyrir hér á landi, svo að við Íslendingar verðum að sækja alla okkar þekkingu til erlendra þjóða til þess að árangur geti náðst.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa litlu till., en óska eftir og legg til að umr. um hana verði frestað og henni vísað til hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kolmunni og vinnslustöð á Austurlandi, þáltill. (þskj. 173). — Ein umr.

Flm. (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 173 hef ég leyft mér að endurflytja till. um nýtingu kolmunna og vinnslustöð á Austurlandi þar sem segir svo:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hefjast nú þegar handa um nýtingu kolmunna til veiða og vinnslu. Skal í því sambandi komið á fót vinnslustöð á Austurlandi til vinnslu kolmunnaafurða með frystingu og þurrkun í huga."

Ég hef áður flutt um þetta mál ítarlega framsögu og í grg. segir nær allt sem um málið á og þarf að segja. Fáein áhersluatriði vil ég þó nefna:

Í fyrsta lagi hina gífurlegu veiði Sovétmanna rétt við lögsögumörk okkar. Við þurfum sannarlega að taka þarna aukinn þátt, láta þá ekki sitja þar að eina — og aðra þá sem þar veiða þótt þeir séu þar stærstir. Ég viðurkenni um leið að það hefur verið talsvert gert til þess að örva og styðja þessar veiðar, en með allt of litlum árangri. Þeir, sem gerst þekkja til, segja mjög ákveðið að í engu sé þetta fullreynt. Við eigum hér sannarlega mikla möguleika, — möguleika sem við eigum að nýta til hins ítrasta og þurfum að fylgja eftir með auknum stuðningi við þessar veiðar og stuðla að því að skip okkar sæki í þessar veiðar.

Í öðru lagi hefur aldrei verið meiri ástæða en nú til að nýta kolmunna sem fiskstofn og eiga eðlilega og sjálfsagða hlutdeild í þeim miklu veiðum sem fram fara á þeim fiskstofni. Ástand loðnustofns okkar er talið slíkt í dag að horfurnar blátt áfram kalla á að við nýtum alla aðra möguleika til verðmætaöflunar og verðmætasköpunar og um leið verkefna fyrir stóran hluta okkar fiskiskipastóls. Athugun þessa máls hefur því aldrei verið brýnni í ljósi þessara staðreynda — eða við skulum segja þeirra spár sem fiskifræðingar okkar hafa uppi haft í ljósi athugana sinna.

Í þriðja lagi er fyllsta ástæða til að kanna vinnslustöðvamöguleikana alveg sér í lagi. Ástæður þess eru raktar í grg., en aðeins á það bent nú, að í dag er kolmunninn nær eingöngu bræðslufiskur. Afurðir eru því hverfandi miðað við það sem orðið gæti ef við næðum valdi á þeirri úrvinnslu sem till. lýtir að, þ. e. herslu og frystingu, með að sjálfsögðu aukinni markaðsleit, sem er e. t. v. aðalatriðið. Þar eru hins vegar miklir möguleikar, sem raktir eru í grg., ef vel er að staðið, þó á ólíkum forsendum sé. Annars vegar er það manneldisþátturinn og hins vegar gæludýrafóður. Náum við valdi á veiðunum, vinnslunni og vinnum þá markaði sem nauðsynlegir eru, þá eru í fáum greinum fiskveiða og vinnslu meiri möguleikar ef þá nokkurri.

Í fjórða lagi kemur til nýting þeirra vinnslustöðva sem þegar eru fyrir. Hef ég af ýmsum ástæðum nefnt Reyðarfjörð og verksmiðju Síldarverksmiðja ríkisins þar sem æskilega vinnslustöð til kolmunnavinnslu, alhliða vinnslu svo sem till. fjallar um. Sá maður, sem hefur fjallað um þessa grg. öðrum fremur, Sigurjón Arason hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, hefur sérstaklega bent á þann stað. Og við þekkjum það, þm. Austurlands, að sú verksmiðja hefur verið nær alveg lokuð síðustu ár. Full ástæða er til að huga þar að nýjum verkefnum.

Sveitungar mínir hafa að vísu viljað fá loðnu í þessa bræðslu, viljað fá hana í vinnslu, en hafa ekki sinnt þessu verkefni. Þeir hafa, að því er mér finnst, vart tekið eftir því, enda hugur þeirra nú um sinn staðið til annars verkefnis og stærra. Hins vegar hafa aðrir veitt þessu máli því meiri athygli og vilja gjarnan fá að leggja þar hönd á plóginn, ef unnt reyndist að vekja þessa vinnslu til lífs svo sem vera ber. Það eru Vopnfirðingar. Svo sannarlega liggur Vopnafjörður vel við þessum miðum og jafnsjálfsagt er að skoða hann sem Reyðarfjörð í þessari mynd. Og sannleikurinn er auðvitað sá, að verði stóriðja á Reyðarfirði er ég fyllilega á því, að ýmsar aðgerðir þurfi á hinum ýmsu svæðum á Austurlandi sem fjær liggja, — aðgerðir til að tryggja búsetu þar og blómlega byggð. Þá væri vel við hæfi að Vopnafjörður kæmi inn í mynd þessarar till. svo sem raunar er gert í grg. Sú aðgerð gæti a. m. k. hjálpað þar verulega til.

Rökstuðningur þeirra Magna Kristjánssonar skipstjóra og Sigurjóns Arasonar fyrir þessu máli er rakinn svo rækilega í grg. að þar er fáu við að bæta. Þar er rakin kostnaðarhliðin á vinnslustöð af fullkomnasta tagi, og ekki þarf okkur að blöskra það þegar miðað er við þær tölur sem við sjáum úr stóriðjudæmum okkar. Hér er því um tiltölulega auðvelda aðgerð að ræða, tiltölulega

ódýra um leið, en ekkert er úr því dregið að samhliða þarf að gera margþættar aðgerðir, m. a. í sambandi við markaðsmálin.

Ég rek þetta ekki nánar. Svo skýrlega hefur Sigurjón Arason hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins gert grein fyrir öllum þáttum þessa máls í sinni ítarlegu greinargerð, þ. e. vinnslugreinum, möguleikum þar, verðmætamöguleikum og beinum útreikningum þar að lútandi, markaðsstarfi, kostnaðarhliðinni á alla vegu — og framtíðarsýn, ef best tekst til, svo sem hann leiðir fram rök fyrir að til geti tekist.

Ég lýk þessari framsögu með beinni tilvitnun í lok greinargerðar Sigurjóns. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum, ef Íslendingar ætla sér á annað borð að snúa sér að kolmunnavinnslu, þá verða þeir að fara til þess. Ein þurrkstöð eins og talað er um í frv. og aðstaða til frystingar á flökum og marning mundi veita 50—60 manns atvinnu auk sjómanna við veiðar og framleiða má úr um 60—100 tonnum af hráefni á dag. Þessi stöð kostaði um 10 millj. kr. ef allt yrði keypt nýtt í hana.

Ef reiknað er með því, að hægt væri að afla hráefnis jafnlengi og Rússar, en vitað er að þeir hafa verið á veiðum austur af landinu í 4—5 mánuði eða í 18 vikur, þá ætti verksmiðjan að geta unnið úr 10 þús. tonnum.

Í þurrkstöðinni er einn þurrkari með afköst 15 tonn á sólarhring og ef hann er starfræktur í 300 daga á ári, þá færu 4500 tonn í þurrkun, en hinn hlutinn yrði settur í frystingu, annaðhvort sem flök eða marningur.

Markaðshorfur fyrir kolmunnaafurðir virðast vera betri í dag en áður hefur verið."

Hér lýkur tilvitnun í greinargerð Sigurjóns Arasonar og ég hef ekkert frekar um þessa till. að segja. Hér er um brýnt þjóðhagslegt atriði að ræða, jafnt varðandi fiskveiðar og fiskvinnslu. Mér er það ljóst, að hér er ekki komið að neinni einhlítri lausn, en að einhverri slíkri skipan, sem þessi till. lýtur að, þarf að vinna af fullri einurð og gera allt sem unnt er til að nýta þessa auðlind okkar sem best, sem aðrir nýta í dag. Því er þessari till. enn hreyft hér á Alþingi.

Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. atvmn.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Alþjóðleg ráðstefna um afvopnum á Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 121). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef ásamt átta öðrum þm. Framsfl. lagt hér fram till. til þál. um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að haldin verið alþjóðleg ráðstefna hér á landi um afvopnun á Norður-Atlantshafi.

Tilgangur ráðstefnunnar verði að kynna viðhorf Íslendinga til hins geigvænlega kjarnorkuvígbúnaðar, sem nú fer fram í hafinu í kringum Ísland, og þá afstöðu Íslendinga að þeir telja tilveru þjóðar sinnar ógnað með þeirri stefnu sem þessi mál hafa verið og eru að taka.

Á ráðstefnunni verði ítarlega kynnt þau sjónarmið Íslendinga, að þeir geti með engu móti unað þeirri þróun mála, að kjarnorkuveldin freisti þess að tryggja eigin hag með því að fjölga kafbátum búnum kjarnorkuvopnum í hafinu við Ísland.

Til ráðstefnunnar verði boðaðir fulltrúar þeirra þjóða, sem ráða yfir kjarnorkuvopnum, og þeirra ríkja, sem liggja að Norður-Atlantshafi, auk fulltrúa evrópsku friðarhreyfinganna."

Svo sem öllum Íslendingum er kunnugt hafa umræður um vígbúnað orðið mjög miklar á síðustu misserum. Það er og ljóst, að vígbúnaðarkapphlaupið hefur verið að taka nýja og öflugri stefnu einmitt á undanförnum misserum, þrátt fyrir það að almennt sé talið að vígvélar í heiminum séu nú þegar til nægar til þess að útrýma öllu lífi á jörðinni sjö sinnum. Það er enginn vafi á því, að uppi eru risavaxnar áætlanir um aukningu kjarnorkuvopna og nýjar áætlanir um kjarnorkuvopnakerfi.

Íslendingar hafa lengi fylgst með umræðum um tilvist og veru sovéskra kafbáta í hafinu við Ísland. Menn hefur að vísu á undanförnum árum e. t. v. greint nokkuð á um hversu margir þeir væru, í hve miklum mæli þeir væru hér í hafinu við Ísland. Ég hygg þó að sá atburður nýverið, þegar 30 ára gamall kafbátur sovéskur strandaði uppi í landsteinum í Svíþjóð og í ljós kom að hann var búinn kjarnorkuvopnum, — Ég hygg að sá atburður hafi vakið menn nokkuð til umhugsunar um það, að líklega væru þessir kafbátar sovésku hér við landið í hafinu miklu fleiri og miklu betur búnir kjarnorkuvopnum en menn hafði órað fyrir áður.

Sú staðreynd, að 30 ára gamall kafbátur Sovétmanna er búinn kjarnorkuvopnum á „hafi friðarins", svo að notuð séu orð Brésnevs sjálfs um Eystrasaltið, inni í landhelgi hlutlauss lands, er auðvitað ógnvekjandi og hlýtur að vekja menn til umhugsunar um það, að Sovétríkin, sem menn annars hafa ekki miklar upplýsingar um vígbúnað hjá almennt, séu miklu, miklu kjarnorkuvæddari en menn hafði áður órað fyrir. Bein afleiðing af því hlýtur að vera að draga þá ályktun, að einmitt í hafinu í kringum Ísland séu þessir kafbátar vopnaðir kjarnorkuvopnum í mjög miklum mæli.

En ekki bara það. Íslendingar hafa á undanförnum misserum fylgst með umræðum um smíði nýrra vopna, smíði nifteindasprengjunnar, og öllum þeim deilum sem því hafa fylgt. Íslendingar hafa fylgst með umræðum um eldflaugakerfi í Evrópu, eldflaugakerfi búið kjarnaoddum báðum megin járntjaldsins, og öllum þeim umræðum sem um það hafa snúist.

Íslendingar fylgdust með kosningabaráttu núverandi forseta Bandaríkjanna þar sem hann lagði megináherslu á baráttuorð sitt. „The window of vulnerability", eða lýsti þeim glugga sem opinn væri yfir Bandaríkjunum fyrir kjarnorkuflaugaárás á Bandaríkin, og í kjölfar þess allri þeirri umræðu sem farið hefur fram í Bandaríkjunum um hvernig loka skuli þessum glugga.

Afleiðing alls þessa er síðan mikil umræða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og þær friðarhreyfingar sem upp hafa sprottið í Evrópu og eru einhverjar fjölmennustu hreyfingar almennings sem um getur líklega í allri sögunni. En það, sem vekur Íslendinga sérstaklega til umhugsunar einmitt á þessum tímamótum, er að öll þessi vígbúnaðarumræða virðist vera að taka alveg nýja stefnu. Þungamiðja kjarnorkuvopnavígbúnaðarins virðist vera að færast í auknum mæli yfir í hafið hér í kringum okkur Íslendinga. Við vitum um

þessa sovésku kafbáta vopnaða kjarnorkueldflaugum, kjarnorkuvopnum hér í hafinu.

Fyrstu áform Bandaríkjamanna til þess að loka þessum glugga, sem þeir telja opinn, voru áform Carters hnetubónda um smíði 200 MS-eldflauga, — eldflauga sem unnt er að skjóta á milli meginlanda og hitta mark með gífurlegri nákvæmni. Til þess að þær væru ekki sérstaklega viðkvæmar fyrir árás gerði Carter að sinni tillögu að eldflaugar þessar yrðu í stöðugum flutningum milli 4600 steyptra skýla, þannig að andstæðingar vissu ekki hvar þær væru staðsettar hverju sinni. Reagan hefur síðan breytt þessum áætlunum og áformar að hafa þessar MS-flaugar ekki nema 100 og hafa þær staðsettar á ákveðnum stöðum. Þykir þá mörgum í Bandaríkjunum að illa sé staðið við loforðið um að loka glugganum. Ef þessar stórvirku eldflaugar séu staðsettar á ákveðnum stöðum séu þær jafnviðkvæmar fyrir árás og fyrri vopn Bandaríkjamanna. Þær raddir hafa því orðið sterkari í Bandaríkjunum að undanförnu og komið fram hjá ráðgjöfum Bandaríkjamanna, ráðgjöfum Reagans, að öruggasta leiðin til að loka þessum glugga, sem opinn sé yfir Bandaríkjunum, sé að færa eldflaugar í auknum mæli út á hafið í kafbáta sem séu á stöðugri hreyfingu og að mestu sjálfsagt staðsettir í hafinu við Ísland.

Auðvitað hlýtur þetta að vekja menn hér á landi til mikillar umhugsunar, ekki hvað síst ef horft er á áform um smíði nýrra kafbáta og áform um smíði „cruisemissiles" eða stýrieldflauga, sem skjóta megi einmitt úr kafbátum. Umræðurnar um eldflaugakerfin í Evrópu hafa orðið mjög miklar og þær friðarhreyfingar, sem þar hafa risið upp, hafa andmælt því í mjög ríkum mæli, að hlaðið sé upp kjarnorkuvopnum þar á meginlandið. Það er sjálfsagt eðlilegt. En umræðurnar hafa fært málið meira og meira í það horf, að þau lönd Evrópu, sem nú er áformað að setja þessar eldflaugar upp í, geti tryggt öryggi sitt með því að eldflaugarnar verði staðsettar í kafbátum úti á hafinu, þ. e. í kafbátum í kringum Ísland. Enn á ný hljóta Íslendingar að vakna til umhugsunar um þessa þróun og ekki hvað síst þegar ummæli í þessum dúr eru höfð eftir kanslara Vestur-Þýskalands, Helmut Schmidt sjálfum.

En ekki bara það. Sumir talsmenn þeirra fjölmennu hreyfinga, sem nú ræða um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, halda gjarnan uppi vörnum á þeim forsendum, að ástæðulaust sé að hafa kjarnorkuvopn á Norðurlöndum, öryggi landanna megi tryggja með því að hafa þessi vopn í kafbátum í hafinu. Enn á ný heyrist því úr þeirri átt rödd um það, að öryggi þessara þjóða og öryggi heilla heimsálfa megi tryggja með því að koma kafbátum fyrir í hafinu við Ísland og búa þá kjarnorkuvopnum. Þetta hlýtur að beina augum Íslendinga að því, að veruleg hætta er á að þungamiðjan í þessu vígbúnaðarkapphlaupi, þungamiðjan í aukningu kjarnorkuvopna nú sé einmitt að færast yfir í hafið við Ísland. Kjarnorkuvopnin eru nú staðsett í löndum víða um heim. Þau eru í auknum mæli staðsett í höfunum og þau eru líka að verulegu leyti í loftinu. En hrikalegustu áformin, sem uppi eru, eru e. t. v. áformin um að færa kjarnorkuvopnin yfir í geiminn, að geimöldin hafi það í för með sér, geimskutlur og annað slíkt, að kjarnorkuvopn, kjarnorkuflaugar verði færðar upp í geiminn og þaðan verði unnt að beina þeim að hugsanlegum eða ímynduðum óvinum. Hér er þess vegna ekkert smámál á ferðinni.

Ég ætla ekki að fara að gera einstaka þætti að miklu umræðuefni. Ég hef sjálfur oft sagt það, að mér líst illa á hugmyndina um kjarnorkuvopnalaus Norðurlönd ef alvara er í, þ. e. ef Ísland er ekki með á því svæði, einmitt vegna þess að veruleg hætta er á að almennt yrði litið þannig á, að Ísland væri þá komið í fremstu víglínu vestan við þetta kjarnorkuvopnalausa svæði og menn mundu gera sér ýmsar hugmyndir um staðsetningu kjarnorkuvopna hér, þrátt fyrir yfirlýsingar íslenskra stjórnvalda. En ekki bara það. Ísland sjálft sem hluti af kjarnorkuvopnalausu svæði hefur lítið að segja ef hafið í kringum land okkar er fullt af kjarnorkuvopnuðum kafbátum. Sú staðsetning og sú þróun ógnar tilveru íslensku þjóðarinnar alveg vafalaust.

Umræða margra um kjarnorkuvopnalaus svæði og ekki hvað síst á Norðurlöndum snýst ekki hvað síst um það, að vopnin eru orðin skotmörk, kjarnorkuvopnin eru fyrstu skotmörkin. Þeir, sem geta fullvissað heiminn um að hjá þeim séu engin kjarnorkuvopn, geta nokkuð tryggt sig gegn því, að kjarnorkuárás verði á þá gerð. Þess vegna mundi hættan við kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum að verulegu leyti snúast að því, að Ísland yrði skotmark, ef Ísland væri ekki með í því svæði og hafið í kring. Ég tel enga spurningu um það, að þessi þróun mála er bein ógnun við tilveru íslensku þjóðarinnar.

Ég tel að hér sé um að ræða alveg sérstakt mál. Þetta mál, þessi færsla átakspunktsins yfir í hafið við Ísland, er jafnhættuleg hvort sem Ísland er í NATO eða ekki. Hvort sem Íslendingar eru aðilar að Atlantshafsbandalaginu eða ekki er þessi þróun sjálfstæð ógnun, ógnvekjandi út af fyrir sig. Hvort sem hér á landi er varnaraðstaða eða ekki er þessi þróun vígbúnaðar í hafinu við Ísland sjálfstæð ógnun, óháð öllu þessu. Þess vegna eiga menn ekki að drepa þessu máli á dreif með því að ræða samhliða þátttöku í Atlantshafsbandalaginu eða varnaraðstöðu á Íslandi. Hér er um að ræða mál, sem er sjálfstætt mál þó að það tengist öðrum hlutum vígbúnaðar- og varnarmála að einhverju leyti.

Við höfum, tillögumenn, lagt til að boðað verði til ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi, að íslenska þjóðin rísi upp og veki athygli á því á málþingi þjóðanna, að hún geti með engu móti unað þeirri þróun sem nú er að verða í þessum vígbúnaði. Við höfum talið eðlilegt að kveðja þar til samstarfs þær þjóðir sem land eiga að Norður-Atlantshafi. Við höfum talið eðlilegt að bjóða til slíkrar ráðstefnu þeim þjóðum sem búa yfir kjarnorkuvopnum. Margir hafa síðar komið að máli við mig, einmitt fulltrúar erlendra þjóða, sem viljað hafa ræða þessa till. og hafa spurt hvort þarna sé einnig átt við Kína. Ég skal ekki leggja sérstakan dóm á það á þessu stigi, hvort ástæða væri til þess að boða Kína á slíka ráðstefnu. Það þarf að hugleiða betur. Hér er jafnframt lagt til að fulltrúum frá evrópsku friðarhreyfingunum sé boðið á slíka ráðstefnu, vegna þess að þar eru fulltrúar þess fólks sem að undanförnu hefur barist mjög gegn áformum um kjarnorkuvígbúnað í Evrópu, fulltrúar almennings sem almennt hefur mjög vel sett sig inn í þessar hugmyndir.

Ég hygg að það sé öllum ljóst, að árangur slíkrar ráðstefnu er ekki skjótfenginn. Mörgum kann að koma í hug að kannske verði hann enginn. Árangur af afvopnunarviðræðum hefur hingað til verið allt of lítill. Þær viðræður hafa verið seinlegar og þunglamalegar og því miður of árangurslitlar.

Ég tel að Íslendingar eigi engra annarra kosta völ en að vekja athygli allra, sem þeir geta, á því, að þeir geti ekki unað þeirri þróun að risaveldin hyggist tryggja sinn hag með því að stórauka hættuna í hafinu við Ísland, ógna tilveru íslensku þjóðarinnar. Við eigum enga aðra möguleika en að rísa upp og vekja athygli á þessari hættu. Það er ekkert einkamál risaveldanna hvernig þessum vopnabúnaði er háttað í veröldinni. Það er ekkert einkamál risaveldanna þegar vígbúnaðurinn er kominn á það stig, að tortíma má öllu lífi á jörðinni mörgum sinnum. Ég tel að hver einn og einasti einstaklingur á þessari jörð hafi tillögurétt í þessu máli. Það er vafalaust mál alls mannkynsins sem hér er um að ræða. Hlutverk smáþjóðanna er einmitt mikið á þessum vettvangi. Hlutverk þeirra er ekki hvað síst að vekja athygli á þessari hættu.

Tilvera íslensku þjóðarinnar byggist á fiskmiðunum í kringum landið. 70—80% af okkar útflutningsverðmætum eru einmitt fiskurinn sem veiðist við landið. Það hlýtur öllum að vera ljóst, að án þessara fiskimiða er enginn vegur að lifa mannsæmandi lífi í landinu. Árás á kafbát, kjarnorkuvopnaðan kafbát við Ísland gæti valdið geislun sem mundi tortíma eða skaða fiskstofnana við landið verulega. Einungis slys í kjarnorkuvopnuðum kafbát í hafinu við Ísland gæti valdið geislun sem mundi draga verulega úr sölumöguleikum Íslendinga á fiskafurðum sínum. Hér er um mikla hættu að ræða, og líkindareikningurinn segir okkur að þeim mun fleiri sem þessir kafbátar verða vopnaðir kjarnorkuvopnum hér í hafinu, þeim mun meiri líkur eru á að óhapp geti skeð, jafnvel þó að ekki færi svo illa að kjarnorkuárás yrði gerð á kafbát hér. Þess vegna eiga Íslendingar ekki annarra kosta völ en að hefja máls á afvopnun á Norður-Atlantshafi á málþingi þjóðanna.

Íslendingar hafa í sögunni orðið að berjast fyrir sínum málum eingöngu með réttinn að vopni, oft á móti miklu, miklu meira afli en þeir hafa haft sjálfir. Þannig sóttu Íslendingar sjálfstæði sitt í hendur öflugri þjóðar með réttinn að vopni, með rökum, með ræðum, með fundahöldum og samningum. Þannig sóttu Íslendingar einnig rétt sinn í landhelgismálinu. Og það er alveg ljóst, að fram undan er að þessu leyti ný landhelgisbarátta eða ný sjálfstæðisbarátta, þar sem Íslendingar verða enn á ný með rökin að vopni, með réttinn að vopni, með ræðuhöldum, fundahöldum, samningum og ráðstefnum að vekja athygli á þeirri hættu sem stefnir að tilveru þjóðarinnar. Íslendingar verða að hafa frumkvæði sjálfir í þessu máli, vegna þess að það munu ekki aðrir gera. Það munu ekki aðrir vekja sérstaka athygli á þeirri hættu sem að íslensku þjóðinni steðjar þarna. Með því móti verða Íslendingar að leggja sitt lóð á vogarskálina. Ég legg áherslu á að við erum ekki að tala um einhliða afvopnun á nokkurn hátt. Við erum að tala um að við getum ekki unað við að þungamiðja vígbúnaðarins færist yfir í hafið við Ísland.

Flm. þessarar till. hafa í lok tillögunnar boðað þá framtíðarsýn, að hugsanlega gæti alþjóðastofnun farið með eftirlit í hafinu við Ísland, að alþjóðleg stofnun sæi um þetta eftirlit og fylgdist með ferðum kafbáta, herskipa og annarra flutningatækja sem flutt geta kjarnorkuvopn á þessu svæði. Eftirlitsstöðvar gætu hæglega verið staðsettar á Íslandi og Íslendingar yrðu að taka þátt í því eftirliti, enda eiga þeir allra þjóða mest undir því að geta fylgst með að þetta sé í lagi. Kostnaður við slíkt eftirlit yrði sjálfsagt talsverður og hann yrði að greiðast af alþjóðastofnun. Við höfum gert ráð fyrir því í þeirri framtíðarsýn, að upplýsingar um ferðir kafbáta og herskipa eða kjarnorkuvopna um hafið yrðu tiltækar á alþjóðlegri skrifstofu til allra þeirra sem óskuðu eftir að fá þær upplýsingar.

Margir hafa gert því skóna, að það sé erfitt að fylgjast með ferðum kafbáta, það sé ógerningur og þar af leiðandi sé hér um að ræða tóma vitleysu, þetta sé óframkvæmanlegt mál. Ég hygg þó að það sé ekki mjög langt í það, að auðvelt verði að fylgjast með ferðum kafbáta. Það er alveg ljóst, að þróunin í rannsókn geimsins stefnir þannig. Geimskutlan er farin að fara fleiri og fleiri ferðir út í geiminn, fleiri geimskutlur munu koma á eftir og það verður auðveldara og auðveldara að flytja þunga hluti út í geiminn. Bein afleiðing af því verður að uppi yfir jörðinni verði komið upp mjög víðtæku gervihnattaneti. Það er spá vísindamanna, að þessir gervihnettir muni innan tíðar kortleggja öll kjarnorkuvopn á jörðinni og geta fundið þau svo að segja hvar sem er. Þeir munu geta fylgst með ferðum kafbáta á hafinu með innrauðri geislun og innrauðri myndun. Og ekki bara það, slíkir hnettir munu kortleggja allar auðlindir jarðarinnar innan tíðar. Vísindamenn telja að þeir muni ekki bara geta sagt okkur hvar þorskurinn er við Ísland og hvert hann sé að fara, heldur jafnframt hversu margir þorskarnir eru. Sú framtíðarsýn er þess vegna fyrir framan okkur, að þarna er um að ræða framkvæmanlegan hlut.

Megintilgangur tillöguflutningsins er því að Íslendingar sjálfir hafi frumkvæði að umræðu um þá alvarlegu framtíðarsýn sem óneitanlega blasir við með stóraukningu helvopna kjarnorkunnar í hafinu við Ísland.

Ég hef heyrt þær raddir, að þesssi tillöguflutningur sé tilgangslaus. Ég hef heyrt þær raddir, að þessi umræða sé tilgangslaus, vegna þess að Íslendingar séu svo litlir að þeir muni engu geta komið til leiðar í þessu efni. Ég hef áður komið inn á þessa hugmynd hér í þinginu og mig rekur minni til þess, að einn þingvörðurinn, glöggur og greindur maður, sagði við mig þegar ég minntist á hana: „Þetta er skrýtin hugmynd," sagði hann, „þetta minnir mig á það þegar hornsílin sögðu: Nú syndum við fiskarnir." Þetta sjónarmið er vissulega athyglisvert. Ísland er e. t. v. smáþjóð smáþjóðanna og okkur hættir til að horfa á stærð annarra þjóða þegar rætt er um hluti sem þessa.

Í þessu sambandi vil ég alveg sérstaklega benda mönnum á það, að enn á ný og aftur og aftur rekur það sig í sögunni, að menn blindast og koma ekki auga á það, að rétturinn er ekki það sama og aflið og valdið. Þar er grundvallarmunur á. Það má ekki ske, að smáþjóðirnar í þessu sambandi standi með hneigt höfuð frammi fyrir manninum með stálhanskana og fallbyssuaugun. Menn verða að gera sér grein fyrir hvað það er sem veldur stærðinni, hvað það er sem gerir stórþjóð að stórþjóð. Það eru auðvitað fleiri einstaklingar en eru hjá smáþjóðinni. Réttur smáþjóðarinnar er ótvíræður og Íslendingar sem smáþjóð mega ekki láta íbúafjölda eða herstyrk, auðmagn eða stórvirki stórra þjóða blinda sig í þessu sambandi. Þeir verða að gera sér grein fyrir hvað það er sem gerir stærð og fjölda. Styrkur einnar þjóðar, er þegar til lengdar lætur, ekki fólginn fyrst og fremst í stærð og fjölda. Styrkurinn er, þegar til lengdar lætur, fólginn í því lífsmagni, sem með þjóðinni bærist, og þeim anda, sem hún býr yfir. Þar sem áður voru stórveldi

þessarar jarðar, þar eru nú frumskógar. Þar sem áður voru stórveldi, þar eru nú eyðimerkur. Og þar sem áður voru stórveldi, þar er villiasninn konungur nú. Þannig er allt þetta breytingum háð. Einmitt í því ljósi hlýtur íslenska þjóðin að skoða það gamla máltæki: „Sjálfur leið þú sjálfan þig" — vegna þess að frá því máltæki eru sprottin öll mannréttindi og öll þjóðaréttindi.

Þeir, sem ekki vilja horfa á þá ógn sem Íslendingum er búin vegna þeirrar stefnubreytingar sem orðið hefur í vígbúnaði, þeir geta nánast sótt um lausn í náð frá því að berjast fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Íslendingum ber að varðveita fjöregg sitt, að varðveita rétt sinn og frelsisþrá. Auðvitað hættir þeim til, sem makráðir eru og matfriðinn vilja, að hvíla sig og láta hlutina hreinlega dankast, átta sig ekki á að einmitt með þróun mála eins og hún er nú er verið að troða á rétti Íslendinga. Íslendingar verða að vita hvar sá réttur er og hver sá réttur er.

Flestir þekkja gamansöguna af því, að Molbúarnir áttuðu sig ekki á því, hvaða fætur þeir áttu, fyrr en barið var í þá. Þá fyrst var þeim ljóst hver átti hvaða fætur. Á þessu mega Íslendingar ekki brenna sig, að átta sig ekki á því, hver þeirra réttur er, fyrr en þeim er troðið um tær. Það getur verið að þeir átti sig þá of seint.

Ég held að Íslendingar eigi ekki annarra kosta völ en að hefja þegar umræður um það á alþjóðavettvangi, að þeir muni ekki una þeirri þróun sem þessi mál virðast stefna í. Íslendingar verða sjálfir að hafa frumkvæði að því að vekja þá umræðu, og ég þykist þess fullviss, að einmitt meðal stórþjóðanna muni sá málflutningur þessara smáþjóðar, sem stödd er á lítilli eyju hér úti í miðju Atlantshafi umkringd kjarnorkuvopnuðum kafbátum, það frumkvæði þessarar smáþjóðar vekja athygli um allan heim, og þær stóru þjóðir, sem telja sér ekki ógnaða af lítilli þjóð sem Íslandi, muni bæði dást að því frumkvæði og í hjarta sínu bera lotningu fyrir þeirri þjóð sem óhikað hefur á þann hátt baráttu fyrir rétti sínum.

Herra forseti. Ég vil leggja til að till. þessari verði vísað til utanrmn. að lokinni umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks Alþb. lýsa yfir stuðningi við þessa fram komnu þáltill.

Miklar umræður hafa þegar farið fram hér í þinginu um þessi mál og er e. t.v. ekki ástæða til að halda um þau langa ræðu núna. Alþb. hefur alla tíð barist gegn kjarnorkuvopnum, vígbúnaði af öllu tagi, gegn aðild okkar að NATO og gegn herstöðvum á Íslandi. Það þarf því ekki langt mál til þess að skýra afstöðu Alþb. í þessum málum.

Í umræðu, sem farið hefur fram á Norðurlöndum um kjarnorkulaus Norðurlönd, er öllum kunnugt að Íslandi hefur beinlínis verið haldið utan við þá umræðu vegna veru herstöðvarinnar hér og vitaskuld ekki að ástæðulausu. Hér eru herstöðvar Bandaríkjamanna, ekki aðeins þjónustustöðvar og stjórnstöðvar, heldur gerast æ óskýrari mörkin milli svokallaðra eftirlits- og stjórnstöðva og beinna árásarstöðva í kjarnorkustríði. Staðfesting þessa er t. d. staðsetning AWACS-flugvélanna hér eins og öllum er kunnugt.

Í Noregi hafa farið fram háværar umræður af svipuðum ástæðum vegna þess að Noregur hefur verið í æ meira mæli eitt allsherjarmóðurskip fyrir risaflugvélar, sprengjuflugvélar sem borið geta kjarnorkuvopn, auk þess sem Noregur hefur stjórnstöðvar af svipuðu tagi og við höfum hér, sem geta verið hlustunar-, miðunar- og njósnastöðvar fyrir kafbáta í hafinu.

Ég held að hver einasti hugsandi Íslendingur ætti að gera það alvarlega upp við sig, hvort við látum við svo búið standa, að telja okkur of smá, eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði hér áðan. Mesta siðferðileg uppgjöf manneskjunnar er að finnast hún sjálf ekki nógu stór til að hafa siðferðilega ábyrgð. Ég held að hversu smá sem þjóð er geti hún orðið jafnhávær um jafnsjálfsögð mál og þau sem fjalla um það, hvort manneskjurnar fá að lifa eða deyja á þessari jörð. Og ég held að við ættum sem allra fyrst að reyna að losa okkur við flokkslegan ágreining hér á okkar litlu eyju um þessi mál. Ég held að þau séu allt of alvarleg til þess að þau eigi að tilheyra ákveðnum stjórnmálaflokkum. Það er okkur auðvitað heiður og æra, að þau hafa mestan part mætt hingað til á Alþb. og íslenskum sósíalistum fyrr og síðar. En við erum sannarlega meira en glöð að fá fólk frá öðrum flokkum til þess að aðstoða okkur í þeirri baráttu. Og sem betur fer hafa stjórnmálamenn annarra flokka nú í síauknum mæli séð þessa hættu. Íslenska kirkjan hefur haft þrek til þess að vara við henni, og alþýða manna um allan heim hefur tekið saman höndum um að reyna að hafa vit fyrir stjórnmálamönnum.

Það hefur verið raunalegt að fylgjast með því gegnum árin, hvernig stjórnmálamenn hafa snúist í kringum heimatilbúin hugtök. Sú var tíðin að menn töluðu um „ógnarjafnvægi" í trausti þess, að menn ættu nógu sterkar sprengjur sitt hvorum megin. Þá hvíldum við í jafnvægi ógnarinnar. Jafnvel það eru menn hættir að tala um nú. Nú tala menn um „takmarkaða kjarnorkustyrjöld". Og við getum rétt ímyndað okkur hvar hún færi fram ef Bandaríki Norður-Ameríku og Sovétríkin kynnu að heyja kjarnorkustyrjöld. Ég hygg að ljóst sé hvar vígvöllurinn verður.

Það hlýtur að vera hverju barni ljóst, að því lengur sem við höfum þessa nauðsynlegu stjórnstöð Bandaríkjamanna hér — og væri þá sama hvort einhver annar aðili hefði slíka stjórnstöð — þeim mun meiri hætta er auðvitað á að hér verði í hafinu æ fleiri kjarnorkukafbátar. Stjórnstöðin á Íslandi og stjórnstöðin í Færeyjum eru auðvitað nauðsynlegar stöðvar fyrir þennan leik stórveldanna. Þess vegna ættum við að horfa af fullri alvöru á, hvernig þessi mál þróast, og taka höndum saman um að láta frá okkur heyra þó að við séum smá.

Einu sinni var minnst á að við værum svo fátæk og smá að það væri kannske ekki einu sinni hægt að slást við Dani. Það tókst raunar, og að við ættum að draga andann djúpt og láta frá okkur heyra þó að við séum smá. Þetta er okkar land, þetta eru okkar fiskimið og það ætti að standa okkur næst að gera a. m. k. tilraun til að verja þetta tvennt. Ég vil því fagna fram kominni þáltill. hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og lýsa yfir stuðningi við hana fyrir hönd þingflokks Alþb., og ég vænti þess, að hv. utanrmn.-menn taki höndum saman um að afgreiða hana á þessu þingi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef í umræðum hér á þingi um utanríkismál lýst umtalsverðum áhyggjum vegna aukins vígbúnaðar á Norður-Atlantshafi og hef þar sérstaklega getið mikilla ferða kafbáta og herskipa af öllu taki frá Kólaskaga niður með Noregsströndum og inn á Atlantshaf. Ég hef sagt að Íslendingar ættu að láta í sér heyra um þessi mál og láta á alþjóðlegum vettvangi áhyggjur sínar í ljós vegna þessa mikla vígbúnaðar. Ég

harma það raunar að t. d. á þingi Sameinuðu þjóðanna skuli Íslendingar ekki hafa tekið dýpra í árinni en þeir hafa gert. Satt best að segja tel ég að tillaga af þessu tagi hefði verið betur komið á þingi Sameinuðu þjóðanna en hér. Ég tel líka að það hefði verið grundvöllur til þess að ræða tillögu af þessu tagi innan Norðurlandaráðs, og það hefði ugglaust vakið meiri athygli á þeim málstað, sem við viljum koma á framfæri en þær umræður sem fara hér fram. Einnig sakna ég þess mjög, að í tillögu af þessu tagi skuli ekki vera rætt um samstarf við Grænlendinga og Færeyinga sem eiga nákvæmlega sömu hagsmuna að gæta í þessum efnum.

Ég ætla ekki að fara mögum orðum um þessa till., herra forseti. Mér finnst hún að mörgu leyti, með fullri virðingu fyrir flm., býsna laus í reipunum. Það er ekki skýrt tekið fram hvernig að þessari ráðstefnu skuli staðið. Ég vil m. a. benda á það sem fram kemur í lok grg. till.: „Kostnaður við eftirlit verði greiddur af alþjóðastofnun og niðurstöður eftirlitsstöðva tilkynntar reglulega alþjóðastofnun, sem veiti öllum, er óska, upplýsingar varðandi eftirlitið."

Þarna er talað um einhverja alþjóðastofnun sem á að greiða kostnað við þetta eftirlit. Það koma ekki fram hugmyndir um hvaða stofnun það skuli vera, og fleira af þessum toga spunnið finnst mér vera í sjálfu sér andsnúið tillögunni að mörgu leyti. Engu að síður taldi ég fyllstu ástæðu til þess að hnykkja á þeim orðum sem ég hef viðhaft hér á þingi, að ég hefði áhyggjur af þessum aukna vígbúnaði. Hins vegar tel ég að gætt hafi nokkurs misskilnings hjá hv. frummælanda áðan þegar hann talaði um kjarnorkuvopnabúnað kafbáta og skip. Það er kannske ekki hin eiginlega hætta, heldur eru það kjarnorkuknúin skip sem okkur stafar hætta af. Það er t. d. geislavirkt vatn, sem er sleppt frá þessum skipum, sem okkur stafar mest hætta af. Sprengjurnar sem slíkar springa ekki svo glatt nema um stríð og um hernaðarátök sé að ræða.

Ég vil eingöngu láta þetta koma fram. Ég er þeirrar skoðunar og fylgjandi því, að við vekjum athygli á þessu máli þar sem við getum, vekjum athygli á áhyggjum okkar vegna sívaxandi hernaðarumsvifa á Norður-Atlantshafi. En einhvern veginn finnst mér þessi till. ekki beinlínis hitta í mark og það hefði átt að standa betur að henni. Hugsanlega hefði átt að flytja slíka tillögu á alþjóðlegum vettvangi, þar sem raunverulega hefði verið hægt að ræða um hana og að fjalla um hana og þar sem innihald hennar hefði komist betur til skila.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fjalla ítarlega um þessa till. Ég á sæti í utanrmn. og gefst þar kostur á að fjalla um hana. En vegna orða síðasta ræðumanns, hv. þm. Árna Gunnarssonar, vil ég aðeins vekja athygli þingsins á því, að nú í sumar verður haldið sérstakt aukaþing Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmál. Það er annað aukaþingið sem Sameinuðu þjóðirnar halda um það efni. Það fyrra var haldið fyrir nokkrum árum og var tímamótaviðburður í umræðum um þetta efni. Þingið, sem haldið verður í sumar, hefur verið undirbúið mjög lengi. Á vegum Sameinuðu þjóðanna hafa starfað nefndir skipaðar alþjóðlegum sérfræðingum og stjórnmálamönnum til að undirbúa þessa ráðstefnu, og fjölmargar rannsóknarstofnanir og samtök hafa nú þegar lagt verulega af mörkum til að þessi ráðstefna geti tekist sem best.

Vegna þeirra orða, sem hér féllu hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, um að kynna þessa hugmynd eða tillögu á alþjóðavettvangi, finnst mér einsýnt að við þm. ræðum það hér, annaðhvort í utanrmn. eða á öðrum vettvangi, með hvaða hætti við Íslendingar getum tekið sem skýrastan þátt í þessu sérstaka aukaþingi Sameinuðu þjóðanna um afvopnunarmálefni. Ég vil í því sambandi minna á það, að Íslendingar hafa á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna — þó að hún hafi tekið langan tíma — gegnt miklu hlutverki og átt mikinn þátt í að koma þar á framfæri ýmsum athyglisverðum hugmyndum og nýjungum varðandi alþjóðalög. Það er greinilegt, að á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fer fram hliðstæð vinna varðandi hin margvíslegu afvopnunarmálefni, þótt sú vinna fari reyndar fram víðar. En í tilefni þessara orða vildi ég koma þeirri hugmynd á framfæri, að það verði rætt innan þingsins, með hvaða hætti við getum tekið skýrastan þátt í afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, og þingið eigi ásamt utanrrn. og þeim, sem eru fulltrúar Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, einhverja verulega hlutdeild að því, hvernig við kynnum á þeim vettvangi kröfur okkar um afvopnun í okkar heimshluta.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er auðvitað alltaf jákvætt að taka til umræðu með hvaða hætti við getum aukið öryggi okkar hér á landi, því að satt best að segja hafa ýmsir þeir atburðir gerst á síðustu misserum, ekki síst í Evrópu, sem valda því, að menn hljóta að vera mjög uggandi um hversu reiðir af þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um afvopnum.

Nú hefur oft verið um það rætt að friðlýsa Norður-Atlantshafið. Ég man eftir að Jónas Árnason talaði mikið um þetta á sínum tíma hér í þinginu, og þessi hugmynd hefur oft komið upp. En í raun hefur þessi hugmynd strandað á því, að annað stórveldanna, Sovétríkin, hefur talið nauðsynlegt vegna útþenslustefnu sinnar að auka mjög þrýsting á Norður-Atlantshafinu með síauknum ferðum kjarnorkukafbáta og herskipa af öllu tagi, eins og raunar er viðurkennt í þessari till. Ef ég man rétt hefur t. d. Eystrasaltið verið yfirlýst friðlýst kjarnorkuvopnalaust svæði. En það fór ekki betur en svo að þar strandaði við Svíþjóð kafbátur búinn kjarnorkuvopnum án þess að Svíar væru nokkuð um spurðir. Þetta er þess vegna mjög vandasamt mál og síst á færi smá þjóða að ráða þar neinum úrslitum. En auðvitað er eðlilegt að smáþjóðirnar láti til sín heyra um það, að þær ætlist til að í alvöru sé um það rætt, með hvaða hætti okkur megi takast að gera heiminn friðvænlegri, ekki aðeins þar sem við erum sjálf stödd, heldur alla veröldina, líka Pólland, líka Afganistan. (**Gripið fram í:** Líka Tyrkland, líka El Salvador.) Ég heyri að hv. 11. þm. Reykv. ætlar að fara að telja upp öll þjóðlönd veraldarinnar. Það er ágætt, það er nógur tími fram að kvöldi. Auðvitað er það gott. Fögur er rödd hans svo það er gott að heyra í honum annað slagið úr því að ég á ekki sæti í Ed. En það er auðvitað mikið alvörumál hvernig að þessum málum skuli staðið.

Við erum ýmsir — ekki aðeins ég, heldur ýmsir aðrir menn sem svipað hugsa — þeirrar skoðunar, að forsendan fyrir því, að um raunverulega afvopnun geti orðið að ræða, ekki aðeins hér um slóðir, heldur í veröldinni allri, sé sú, að mannréttindi verði aukin, að virðingin fyrir mannslífinu og réttur mannsins — ekki aðeins hverrar

þjóðar, heldur hvers einstaklings, innan hvaða landamæra sem er — sé í raun meira tryggður en nú er. En á þessu eru margvíslegir örðugleikar. Hér í lýðræðisríkjunum — þar sem einstaklingurinn er mest metinn og við lifum við þá lífsskoðun og þau trúarbrögð sem halda í heiðri rétti hins smæsta — hefur gengið svo vel að má líkja við kraftaverk, vegna aukinna samgangna, aukinnar verslunar, með því að landamærin hafa verið opnuð. Af þessum sökum er óhugsandi nú að t. d. ríki eins og Vestur-Þýskaland og Frakkland mundu berast á banaspjót. Með sama hætti væri óhugsandi nú að ríki eins og Norður- og Suðurríki Bandaríkjanna mundu berast á banaspjót og ýmis önnur þau ríki sem hefur tekist að opna landamærin, auka mannréttindin og gera fólkið sem frjálsast. Það er í raun og veru kjarni þessa máls.

Ástæðan fyrir hinum aukna vopnabúnaði, ekki aðeins hér á Norður-Atlantshafi, heldur í veröldinni allri, er sú, að sum ríki hafa vegna ástandsins innanlands orðið að fara út í það að hervæðast, ekki aðeins út á við, heldur einnig inn á við. Þetta er gömul saga um þau ríki sem stjórna þegnum sínum með hervaldi og lögregluvaldi. Í dag eru skýrustu dæmin um þetta Sovétríkin og atburðirnir í Póllandi. Því miður held ég að á meðan ástandið er ekki betra en það er á þessum slóðum séu litlar líkur til þess, að okkur muni takast að sannfæra Sovétmenn um að þeir eigi að senda sína kjarnorkukafbáta í öll önnur höf en Norður-Atlantshaf. Vissulega væri það mikill og góður árangur, ef okkur tækist eitthvað þvílíkt, og ekki skal ég draga úr því, að þetta sé rætt. Hitt þykir mér að drepa málinu á dreif, þegar hv. 11. þm. Reykv. er að tala um það sem einhvern sérstakan stóratburð að afvopnunarmál verði rædd á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, því að satt best að segja hef ég ekki orðið var við að Sameinuðu þjóðirnar hafi staðið undir þeim vonum sem menn gerðu til þeirra á sínum tíma í þessum efnum. En einmitt vegna þess að Sameinuðu þjóðirnar brugðust urðu lýðræðisríkin sjálf að taka þessi mál, öryggismálin, í sínar hendur. Ein afleiðing þess var sú, að friðarbandalagið, Atlantshafsbandalagið var á sínum tíma stofnað og hefur náð mjög miklum árangri. Öryggi þjóðanna og einstaklinganna er hvergi meira en í þeim ríkjum við Norður-Atlantshaf sem eru aðilar að þessu bandalagi eða í skjóli þess. Þar á ég við öll Norðurlöndin. Þetta er auðvitað kjarni málsins.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að tala um þetta miklu víðar. Hvorki við né nein önnur þjóð í veröldinni getur lengur verið „stikkfrí". Norður-Atlantshafið getur ekki heldur verið „stikkfrí". En það breytir ekki hinu, að það er ástæða til að gefa því gaum, hvort við getum með einhverjum hætti aukið öryggi okkar hér á Íslandi. Eins og hv. 6. þm. Norurl. e. vék að áðan, má vera að okkur sé hætta búin af kjarnorkunni þó ekki komi til stríðs, og þyrfti í þeim efnum að athuga hvort við höfum gert þær öryggisráðstafanir t. d. á sviði almannavarna sem nauðsynlegar geta talist.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins — vegna orða hv. 6. þm. Norðurl. e. áðan um Norðurlandaráð sem vettvang fyrir þessa umræðu — koma því á framfæri, að á síðasta Norðurlandaráðsþingi, sem ég átti kost á að sitja, skrifuðum við átta fulltrúar, allir frá sósíalískum flokkum á Norðurlöndum, ráðherranefndinni bréf þar sem við óskuðum eftir að fyrir næsta Norðurlandaráðsþing, sem haldið verður í Helsinki í næsta mánuði, yrði haldin ráðstefna um kjarnorkulaus Norðurlönd. Svar við þessu bréfi fékkst og var erindinu hafnað.

Eins og þm. hafa getað séð er hér í 16. hefti rits Nordisk Kontakt sagt frá því, að norska sendinefndin í Norðurlandaráði hafi nýlega gefið út þá yfirlýsingu, að hún telji að ekki skuli ræða öryggismál og þau mál, er varða kjarnorkulaus Norðurlönd, innan ráðsins. Ég lýsi hér með þeirri skoðun minni, að mér finnst þetta ákaflega miður. Norðurlandaráð getur verið mjög öflug stofnun, hefur verið það á mörgum sviðum menningarmála, fræðslumála og slíkra málaflokka. En það hlýtur að koma okkur dálítið spánskt fyrir sjónir ef ekki má ræða í Norðurlandaráði þau málefni sem skipta þessar þjóðir e. t. v. lífi eða dauða. Það þarf ekki að koma neinum hv. þm., síst af öllum hv. 6. þm. Norðurl. e., á óvart að Norðurlandaráð virðist a. m. k. ekki enn sem komið er vera hugsanlegur grundvöllur fyrir þessa umræðu.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka þann stuðning sem þessi till. hefur fengið í umr. hér á þinginu. Mér virðist að allir, sem til máls hafa tekið hafi talið að tímabært væri að við Íslendingar hefðum nokkurt frumkvæði að því að hefja máls á þeirri hættu sem þjóðinni stafar af þeirri stefnubreytingu sem vígbúnaðurinn virðist vera að taka. Það má vel vera að menn séu ekki alveg sammála um með hverjum hætti helst ætti að taka slíkt frumkvæði. Það er eðlilegt að menn greini nokkuð á um það.

Ég hjó sérstaklega eftir því í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssonar, að hann taldi nokkuð margt laust í reipum varðandi þessa till. og eðlilegra hefði verið að flytja hana á þingi Sameinuðu þjóðanna eða í Norðurlandaráði. Nú er það auðvitað svo, að menn getur greint nokkuð á um hvar skal byrja og með hverjum hætti. Ég held að það sé enginn vafi á að það stríð, sem Íslendingar eiga fram undan við að vekja athygli á málstað sínum í þessu máli, sé svo viðamikið stríð að þeir verði að heyja það á öllum þeim vettvangi sem þeim býðst, hvort sem það er á þingum Atlantshafsbandalagsins, þingi Sameinuðu þjóðanna, í Norðurlandaráði eða á öðrum þingum þar sem margar þjóðir koma saman. Hvort endilega hefði átt að byrja hjá Sameinuðu þjóðunum eða í Norðurlandaráði fremur en að halda ráðstefnu hér getur menn auðvitað greint á um, enda hjó ég eftir því, að hv. þm. gerði ekki upp á milli þess sjálfur, hvort hann hefði heldur viljað byrja í Norðurlandaráði eða hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég held að það sé deila um keisarans skegg sem þarna kemur fram. Ég er sjálfur þeirrar skoðunar, að mesta athygli muni vekja á þessu máli að Íslendingar boði sjálfir til slíkrar ráðstefnu og geri það á Íslandi. Auðvitað geta aðrir haft aðra skoðun á því og þeim er frjálst að gera það. Það er sjálfsagt erfitt að meta með hverjum hætti væri eðlilegast að hefja þetta frumkvæði eða byrja á þessu starfi. En mér virðast orð þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssonar, nokkuð út í hött varðandi þetta.

Um samstarfið við Grænlendinga og Færeyinga er ekki talað, í till., segir hann. Í till. er alveg sérstaklega gert ráð fyrir samráði við þau lönd sem liggja að Norður-Atlantshafi, og ef menn eru sæmilega vel að sér í landafræði hljóta þeir að vita að bæði Grænland og Færeyjar falla undir það. Ég hef í þeim greinum, sem ég hef skrifað um þetta mál, mörgum þeirra, sérstaklega minnst á sam-

starfið við Grænland og Færeyjar, en auðvitað koma þarna fleiri lönd til: Bretland, Kanada o. s. frv. Ég ætla ekki að telja það allt upp hér.

Þm. taldi að till. væri laus í reipunum vegna þess að ekki væri nákvæmlega ákveðið hvernig ráðstefnan ætti að fara fram. Það var alls ekki ætlunin að ákveða það endilega með þessum tillöguflutningi. Hér er verið að beina ákveðnum tilmælum til ríkisstj. og ætlast er til að hún undirbúi þetta mál. Það mál þarf að athuga gaumgæfilega. Það er hægt að gera með ýmsum hætti og þarf að athuga mjög vel. Það var aldrei hugmyndin að leysa öll heimsins vandamál með þessum tillöguflutningi, langt frá því.

Hv. þm. segir að það sé óljóst hvaða alþjóðastofnun ætti að hafa eftirlit með þessum ferðum um Atlantshafið og greiða kostnaðinn. Auðvitað er það óljóst. Ég lýsti þessu sem framtíðarsýn. Það hlýtur að verða samningsatriði allra þeirra, sem að þessu samningaborði koma, hvaða alþjóðastofnun um er að ræða, hvort það er ný stofnun eða einhver þeirra sem fyrir eru. Ég verð að segja það, að ég kem alveg af fjöllum ef 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, telur sig vera þess umkominn á þessari stundu að gefa yfirlýsingu um hvaða alþjóðastofnun það ætti að vera sem allt þetta eftirlit tæki að sér. Mér finnst hv. þm. vera að reyna að hræra í gruggugu vatni til að vekja einhvers konar tortryggni á till. án þess að vita nokkuð hvað hann er að fara sjálfur.

Hv. þm. vakti athygli á að hættan væri kannske mest af kjarnorkuknúnum skipum, af mengun sem af þeim gæti stafað. Það má vel vera, að það sé nokkur hætta, og sjálfsagt alveg rétt að íslensku þjóðinni getur stafað hætta af mörgu, ekki bara kjarnorkuvopnum eða kjarnorkuknúnum skipum. Þessi till. er auðvitað fyrst og fremst varðandi þá stefnu sem kjarnorkuvígbúnaður er að taka. Hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, getur talið upp hundrað hættur aðrar sem steðja að íslensku þjóðinni án þess að þær falli undir þessa till., og sjálfsagt væri nauðsynlegt að taka þær til athugunar sérstaklega. Þarna er um að ræða mengunarmál ekki hvað síst. Ég hygg að lög okkar varðandi íslenska landhelgi og rétt Íslendinga til þess, jafnvel innan 200 mílnanna, að setja kröfur um búnað skipa, sem þar fara um, og skaðabótarétt, sem íslenska ríkið á, ef slíkt skip veldur tjóni, þurfi að endurskoða hið bráðasta. Ég er hræddur um að það sé engan veginn ljóst hvaða rétt Íslendingar eiga ef kjarnorkuknúið skip sleppir kælivatni, sem er geislavirkt, á fiskimiðum okkar, en samkv. hafréttarsáttmálanum geta þjóðir sett einhlít lög um hvernig með slík mál skuli fara. Það er vafalaust alveg nauðsynlegt að Íslendingar setji slík lög og endurskoði þau ákvæði sem um það fjalla. Ef ég man rétt mun fyrrv. formaður Alþfl. einmitt hafa flutt á síðasta þingi þáltill. sem var samþykkt, í þá átt að þessi ákvæði verði endurskoðuð. Þar fellur auðvitað alveg sérstaklega undir skaði sem kjarnorkuknúin skip gætu valdið.

Hv. þm. sagði: Mér finnst þessi till. einhvern veginn ekki hitta í mark. Það hefði átt að flytja hana á alþjóðavettvangi. — Honum er auðvitað frjálst að hafa þá skoðun, og ég skal ekki leggja dóm á hvernig best hefði verið að hefja þessa umræðu. Það var okkar mat að það væri eðlilegast að gera það hér á Íslandi vegna þess að það eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar, tilvera íslensku þjóðarinnar sem um er að tefla. En að sjálfsögðu verður að hefja þetta mál með íslenskum rómi og íslenskri rödd á þingi þjóðanna sem víðast.

Hv. 7. landsk. þm. ræddi hér nokkuð um þessi mál. Í sambandi við það, sem hann sagði, vil ég sérstaklega vekja athygli á því, að burt séð frá öllu öðru, sem um þessi mál hefur verið rætt áður, er ég þeirrar skoðunar, að einmitt þessi þróun sé að komast sérstaklega í brennidepil nú. Hann hélt því fram, að kannske væri vonlaust að ræða raunverulega afvopnun nema mannréttindi í heiminum væru aukin. Þetta má vafalaust til sanns vegar færa og í þessu er sjálfsagt nokkur dýpri speki. En þessi till. hljóðar ekki fyrst og fremst um alhliða afvopnun á þessum hnetti sem við lifum á. Hún hljóðar ekki heldur um vandamál Póllands eða Tyrklands. Hún hljóðar fyrst og fremst um það, að þungamiðja þess vígbúnaðarkapphlaups, sem nú stendur yfir og því miður virðist vera að aukast og styrkjast er að færast í hafið hér í kringum Ísland. Alveg burt séð frá hvort afvopnun almennt tekst eða ekki geta Íslendingar ekki unað því, að stórveldin reyni að tryggja hag sinn með því að færa þessa þungamiðju yfir í hafið hér við Ísland, vegna þess að þau sjálf eða önnur ríki geti með engu móti unað því að hafa kjarnorkuvopn í landi sínu.

Það má vel vera rétt hjá hv. 7. landsk. þm., að litlar líkur séu til árangurs nema miklu fleiri þættir séu skoðaðir, almenn mannréttindi, staðan í Póllandi o. s. frv. En ég vara menn við að drepa málinu á dreif á þennan hátt. Þungamiðjan í þessum tillöguflutningi er að það er Íslendingum og íslensku þjóðinni algjör nauðsyn að vekja máls á þessari þróun, hafa frumkvæði að því að ræða þetta og kynna erlendum þjóðum hvað hér er að gerast, algjörlega án tillits til þess jafnvel hvort nokkur árangur næst. Við verðum að vera við því búin að árangur sé ekki skjótfenginn, jafnvel að hann verði enginn. En það breytir ekki því, að það er og hlýtur að vera skylda okkar að láta rödd okkar heyrast um þetta og berjast fyrir því, að tilvera íslensku þjóðarinnar sé ekki stefnt í hættu með þeirri þróun sem þessi mál eru nú að taka.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til að fara að elta ólar við orð hv. síðasta ræðumanns, en hann tekur það stundum óstinnt upp ef ekki eru allir á sama máli og hann, og hefur hann auðvitað fullt leyfi til þess.

En ég vildi segja við hv. þm. í fyrsta lagi, að við höfum vettvang til að ræða þessi mál á, og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson benti auðvitað réttilega á þennan vettvang. Það eru Hinar sameinuðu þjóðir. Ég vil benda hv. þm. á að kynna sér hvernig t. d. friðlýsing Indlandshafs varð að veruleika. Við hann vil ég einnig segja það, að þó að ég hafi margoft bent á þær hættur, sem að þjóðinni steðja vegna hinnar gífurlegu vopna- og heruppbyggingar á Norður-Atlantshafi, er ég ekki til með að kokgleypa till. sem eru ekki raunhæfar. Og ég verð að segja við hann, að það hefði auðvitað verið margfalt eðlilegra að við hefðum borið þetta mál upp á þingi Sameinuðu þjóðanna, að við hefðum gert öllum þjóðum heims þar ljósa grein fyrir að við hefðum miklar áhyggjur af þessari flotauppbyggingu á Norður-Atlantshafi.

Ég vil líka benda hv. þm. á það, að fyrir skömmu kaus Alþingi Íslendinga nefnd, sem er skipuð þm. úr öllum flokkum, til þess að vinna að auknum samskiptum Íslendinga, Grænlendinga og Færeyinga. Ég hefði talið eðlilegt, úr því að hv. þm. hefur slíkan áhuga á alþjóðlegri ráðstefnu hér á landi, að þá hefði verið skynsamlegt

að hafa samband við þessa félaga okkar hér við Norður-Atlantshafið og ræða hugmyndina við þá. Það hefði veitt málinu enn þá meiri þyngd og enn þá meiri kraft.

Ég verð að segja það berum orðum, að mér finnst þessi till. að mörgu leyti ekki vera raunsæ og mér finnst að í henni felist talsverð sýndarmennska. Við höfum haft tækifæri til þess á undanförnum árum og áratugum, á sama tíma og við höfum fylgst með flotauppbyggingunni á Norður-Atlantshafi, að reifa þessi mál á þingi Sameinuðu þjóðanna. Þangað fara íslenskir alþm. á hverju einasta ári í hópum og þeim hefði verið í lófa lagið að taka þetta mál upp þar. En ég er ekki að draga úr hættunni af þessari flotauppbyggingu. Ég hef margoft í ræðum hér á þingi bent á hana. En hvort þetta er aðferðin til að fá þjóðir heims til að fjalla um þessi mál með okkur, það veit ég ekki. Ég er t. d. þeirrar skoðunar, að miklu fljótvirkara hefði verið að taka þetta mál upp hjá Hinum sameinuðu þjóðum en að við færum að boða til ráðstefnu hér uppi á Íslandi, eins og hv. ræðumaður sagði: án þess að vita hvort yfirleitt nokkur árangur yrði, enda tekið fram í till. að hér sé um framtíðarsýn að ræða.

Nei, ég held að það hefði verið viturlegra að við hefðum beitt okkur — og þá fulltrúar allra þeirra stjórnmálaflokka sem hafa áhyggjur af þessari flotauppbyggingu — á þeim vettvangi þar sem sem flestir gátu á okkur hlustað og eftir okkur tekið. Ég óttast sem sagt að ef svona ráðstefna yrði vindhögg sé lakara að hafa farið af stað en að hafa setið heima. Þetta er mín skoðun á málinu. Þess vegna vil ég taka undir með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni: Auðvitað er nú tækifæri okkar og hæstv. núv. ríkisstj., hafi hún áhuga á því, að gera þjóðum heims grein fyrir vaxandi áhyggjum okkar af kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupinu á Norður-Atlantshafi, en þá eigum við að gera það á aukaþingi Sameinuðu þjóðanna sem fjallar sérstaklega um afvopnunarmál. Það er vettvangurinn. Með dugnaði og röskum málflutningi gæti einn íslenskur ráðh. gert þar meira og með minni tilkostnaði en ef við boðuðum til ráðstefnu hér uppi á Íslandi. Þetta er mín skoðun á þessu máli og ég vil að hún komi skýrt fram. Ég fer ekki dult með áhyggjur mínar af þessari flotauppbyggingu. Allir ærlegir menn hljóta að hafa áhyggjur af henni. Ég hef t. d. nefnt að það þarf ekki að verða mikið slys um borð í kjarnorkuknúnum kafbát, sem missir út geislavirkt kælivatn t. d. á hrygningarslóð þorsksins eða einhverrar annarrar dýrmætrar fisktegundar hér við land, til að þessi þjóð verði fyrir ægilegu áfalli. Þess vegna er ég hlynntur allri umræðu um þessi mál og við styðja og stuðla að því, að þessi mál verði tekin upp, en á réttum stöðum. Það getur vel verið að það sé skemmtileg hugmynd að Íslendingar boði til svona ráðstefnu og ég mun ekki snúast gegn þeirri hugmynd. Ég er hins vegar staðfastlega þeirrar skoðunar, að við höfum vettvang til að fjalla um þessi mál á og þann vettvang eigum við að nota.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Mér er bæði ljúft og skylt að láta í ljós þakklæti mitt til 1. flm. þessarar till., hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar. Að minni hyggju er hugsunin að baki þessari till. býsna góð og traust. Hér er ægilegt vandamál, sem varðar líf og dauða þessarar þjóðar, reifað á nýjan hátt og með þeim hætti, að það er ætlun mín að okkur beri að veita till. brautargengi, okkur beri að stuðla að því, að ríkisstjórn Íslands taki málið þessum tökum eða svipuðum og ráðgert er í till. og boði til ráðstefnu, fyrst og fremst þeirra þjóða sem eiga álíka hagsmuna að gæta í sambandi við lífríki Norður-Atlantshafsins og líf þjóða sinna hér á Norðaustursvæðinu, til að ræða um leiðir til að stemma stigu við þeim ógnarleik sem leikinn er á þessum slóðum.

Af því að hv. þm. Árni Gunnarsson vék því til 1. flm. till., að hann ætti að kynna sér með hvaða hætti unnið var að því að friðlýsa Indlandshafið á sínum tíma, þá var það nú ekki á þann hátt, að Amerasinghe reifaði málið fyrst á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Fyrst var málið rætt ítarlega og gerðar samþykktir um það á þingi Sri Lanka, sem þá hér Ceylon. Síðan var boðað til ráðstefnu, einmitt boðað til ráðstefnu, að forgöngu Bandaranaike, frúar sem þá var forsrh. á Ceylon, með fulltrúum ríkisstjórna þeirra þjóða sem sjálfstæðar voru orðnar við Indlandshaf, og af hálfu þessara þjóða var málið síðan borið fram á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. En það er rétt hjá Árna Gunnarssyni, að aðdragandi málsins var mjög langur og þurfti býsna mikla vinnu til að fá það atfylgi, sem fyrst og fremst kom frá ríkjum þriðja heimsins, sem til þess nægði að fá þessa samþykkt gerða. Ákvörðunin um friðlýsingu Indlandshafsins var tekin án þess að tilgreindur væri neinn sérstakur aðili sem hafa skyldi eftirlit með framkvæmd hennar, þ. e. friðlýsingu Indlandshafsins. **(Gripið fram í:** Virða stórveldin þá friðlýsingu?) Í mjög mörgum tilfellum kemur það fram í þeim ræðum, sem þá voru haldnar í umræðum á Allsherjarþinginu, að menn töldu að það hefði geysimikla pólitíska og siðferðilega þýðingu að lýst væri yfir að heræfingar á þessu svæði og herstöðvar væru óleyfilegar. Hvað stórveldin virða, hv. þm., og hvað smáþjóðirnar, sem líf sitt eiga undir því að gerð verði ærleg tilraun til að stemma stigu við þessu vopnaskaki, það er tvennt. En það eitt er víst, að þær smáþjóðir, sem hafa ekki einu sinni dug í sér til að láta í ljós andmæli sín gegn atferli sem stefnir lífi þeirra og velferð í voða, þær smáþjóðir, sem hafa ekki döngun í sér til þess og pólitískir forustumenn þeirra andmæla því að einu sinni séu höfð uppi mótmæli, — þær þjóðir eru kannske ekki mjög vel til þess fallnar að verða langlífar á hnettinum.

Nú er mér það alveg ljóst, ég trúi því fyllilega sem hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, að honum er alhugað að leitað verði ráða til að stemma stigu við þessari hættu. Það dreg ég ekki í efa og hirði ekki að tilgreina ástæðurnar sem ég byggi þá skoðun mína á. En við megum ekki drepa þessu máli á dreif með því að fara að mylja það með okkur á þessu stigi málsins sem á að koma til kasta ríkisstj., sem máli þessu yrði vísað til, og síðan til þeirra aðila, sem eiga að undirbúa ráðstefnu af þessu tagi, með hvaða hætti við komum á eftirliti, með hvaða hætti við stöndum að framkvæmd í einstökum smáatriðum. Til þeirra kasta kemur síðar. Og enn þá síður megum við á þessu stigi málsins drepa málinu svo mjög á dreif sem hv. 7. landsk. virtist vilja gera í ræðu sinni, að setja það að skilyrði fyrir ályktun, sem varðar ekki afvopnun heldur hemil á vígbúnaðinn á ákveðnu svæði á jarðkringlunni, að áður verði búið að tryggja mannréttindi í heiminum. Allra síst eigum við að setja einhver skilyrði í sambandi við þetta mál um tilhögun stjórnmála í Austur-Evrópu eða Mið-Ameríku. Það hygg ég að hv. þm. — og enn mæli ég af töluverðri þekkingu á skapferli hans — sé mér sammála um að ef við látum okkur ekki sjálfa skipta máli það sem er að gerast á þessari slóð núna, hið næsta landinu okkar, muni ekki aðrir gera það. Og ég er alveg

prívat og persónulega handviss um að hann lætur sig þetta ákaflega miklu skipta. Ég held að fyrsta skrefið, sem við gætum stigið í þessa átt, væri að samþykkja þáltill., sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson mælti hér fyrir, að vísa því til ríkisstj. að taka við undirbúningi þessa máls. *Með þeim hætti lætur Alþingi í ljós þá* skoðun sína, að hér sé um alvörumál að ræða sem rétt sé að taka á og síðan eigi hv. alþm. að ganga á eftir því að ríkisstj. skili skýrslu um þetta mál hið allra fyrsta, um það, með hvaða hætti hún treysti sér til að fremja þá hugsun sem gerð er grein fyrir í þáltill.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð.

Ekki dreg ég í efa þann góða hug sem að baki þessari till. liggur. Hins vegar finnst mér, því miður kannske, að hér gæti fullmikillar bjartsýni og menn séu kannske ekki alveg nægilega raunsæir.

Friðun Indlandshafs hefur borið á góma í þessum umr. Það er svo, að menn hafa gert um það samþykktir, en því miður er það líka svo, að menn standa nákvæmlega í sömu sporum eftir sem áður. Það er enn verið að halda ráðstefnur á vegum Sameinuðu þjóðanna um þetta efni, friðun Indlandshafs, og menn koma sér ekki einu sinni saman um dagskrá þeirra funda. Þetta er auðvitað ákaflega miður, en þetta er staðreynd.

Ekki skal úr því dregið að við beitum okkur á þessum vettvangi, síður en svo, og ég tek undir það, sem ýmsir hafa sagt hér, að hið sérstaka aukaþing Sameinuðu þjóðanna, sem kemur saman til að fjalla um afvopnunarvanda á þessu ári, er auðvitað hinn rétti vettvangur til að fjalla um þessi mál. Þar eigum við að láta að okkur kveða. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fjallaði síðast um þessi mál 1978 á sérstökum aukafundi þar sem voru gerðar samþykktir sem því miður hafa ekki verið haldnar af þeim sem þar áttu hlut að máli. Það eiga kannske fyrst og fremst hlut að máli Sovétríkin, sem lofuðu að beita ekki kjarnorkuvopnum eða fara með kjarnorkuvopn á hendur neinu ríki sem ekki hefði slík vopn. Þessi yfirlýsing var auðvitað brotin þegar rússneskur kafbátur vopnaður kjarnorkuvopnum strandaði á sænsku landi. Við verðum auðvitað að gera okkur grein fyrir því, að allar yfirlýsingar, allar samþykktir í þessum efnum eru vitagagnslausar, ónýtar og ekki virði þess pappírs sem þær eru skrifaðar á, nema því aðeins að samkomulag takist stórveldanna í milli um að draga úr vígbúnaðarkapphlaupinu og um alhliða gagnkvæma afvopnun. Þetta eru því miður þær hörðu staðreyndir sem heimurinn býður okkur upp á og við getum ekki undan vikist.

Því miður hefur Indlandshaf ekki verið friðlýst. Stórveldin fara þar sínu fram með herskipaflota og heræfingum. Því miður er þetta þrátt fyrir alla hina miklu og góðu viðleitni í gagnstæða átt. En eins og ég sagði fyrr dreg ég ekki í efa þann hug sem er að baki þessari till., og ég get tekið undir mjög margt af því sem hv. 1. flm. sagði.

Ég held að það hefði e. t. v. verið heilladrýgra þessu máli til framgangs að beita sér fyrst að því, hvort ekki hefði verið hægt að skapa samstöðu hér á þingi um till. sem miðaði að því sem þessi till. miðar að. Ég held að slíkt hefði alls ekki verið útilokað.

Menn hafa vikið að því hér, að þessi mál ætti að ræða á fundum Norðurlandaráðs. Utanríkismál hafa yfirleitt ekki verið rædd á fundum Norðurlandaráðs vegna þess að í þeim málum hafa löndin farið hvert sína leið. Um þetta hefur verið samkomulag. Það hefur verið samkomulag um að ræða ekki varnarmál og utanríkismál á fundum Norurlandaráðs. Að vísu hafa t. d. finnskir kommúnistar nær því á hverju þingi, oft og einatt með ágætum stuðningi íslenskra kommúnista, hafið utanríkismálaumræður á fundum Norðurlandaráðs. Það hefur, svo ekki sé meira sagt, mælst misjafnlega fyrir. Þar er ágreiningur á milli landanna. Þau fara hvert sína leið. Menn hafa orðið ásáttir um að ræða þau mál á öðrum vettvangi en í Norðurlandaráði.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en taldi nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram, einkum það sem ég sagði um staðreyndir mála varðandi friðlýsingu Indlandshafs, sem því miður hefur ekki orðið að veruleika þrátt fyrir allar hinar góðu yfirlýsingar. En auðvitað eru orð til alls fyrst. Á það skal ég fyrstur manna fallast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslenskt efni á myndsnældum, þáltill. (þskj. 297). — Ein umr.

Flm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það gerast nú þunnskipaðir þingbekkir og má í rauninni velta því fyrir sér, hvern tilgang það hafi að mæla fyrir málum og halda uppi umr. úr þessum ræðustól þegar ekki eru fleiri hv. þm. viðstaddir en raun ber nú vitni. Raunar er það kannske athugunarefni einnig, hvernig á því stendur að hv. þm. sjá sér ekki fært að sitja á þingfundi betur en raun ber vitni.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 297 till. til þál. um íslenskt efni á myndsnældum. Þessa till. flyt ég ásamt öðrum þm. Alþfl. Þessi till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu — sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum."

Ekki þarf um það mörgum orðum að fara, að það gerist nú æ algengara að fólk hér eigi myndbandstæki. Þessi tæki eru ýmist notuð til þess að taka upp efni úr dagskrá sjónvarpsins til síðari skoðunar eða til þess að sýna aðfengið efni. Í bráðabirgðaskýrslu, sem svokölluð myndbandanefnd sendi menntmrh. 4. des. á s. l. ári, kemur það t. d. fram, að í Grindavík sé talið að myndbandstæki séu á 70% allra heimila. Enn fremur kemur það fram í nefndri skýrslu, að í Siglufirði muni vera a. m. k. 100 tæki af þessu tagi. Annars er það svo, að það er erfitt að afla áreiðanlegra upplýsinga um útbreiðslu myndbandstækja, en það er víst að hún fer mjög ört vaxandi.

Það kemur einnig fram í þessari skýrslu, sem ég hef vitnað til, að fyrirtæki, sem leigja almenningi myndsnældur með efni, eru talin vera um 30. Þau starfa ekki aðeins hér á Reykjavíkursvæðinu, heldur einnig úti um land. Menn þurfa ekki annað en lesa t. d. smáauglýsingar síðdegisblaðsins til þess að sjá hversu mörg fyrirtæki er hér um að ræða. Þau bjóða mörg hver hundruð erlendra kvikmynda og þátta. Eitt er sameiginlegt öllum þessum fyrirtækjum, og það er að það efni, sem þau hafa á boðstólum handa almenningi, er eingöngu erlent.

Þessi staðreynd, að eigendur íslenskra myndbandstækja eiga eingöngu völ á erlendu efni ótextuðu, óþýddu, frá þessum fyrirtækjum eða leigumiðstöðvum, á rætur til þess að rekja, að engar reglur eru í gildi um hver skuli vera þáttur flytjenda og höfunda ef íslenskt efni stæði til boða á myndsnældum.

Það er skoðun flm. þessarar till., að þótt margt af því erlenda efni, sem er á boðstólum hjá þessum leigumiðstöðvum, sé vissulega vel boðlegt og ágætisefni innan um, þá sé þar því miður einnig að finna töluvert af efni sem varla muni hægt að kalla vandað og enn síður muni hægt að kalla menningarlegt. Til þess að vega upp á móti þessu flóði af erlendu efni, sem eins og ég áðan gat um er hvorki textað né þýtt, telja flm. þessarar þáltill. nauðsynlegt að settar verði reglur sem geri það kleift að almenningur eigi þess einnig kost að fá íslenskt efni á myndböndum. Til þess að svo megi verða verður að semja við þá sem eiga rétt á því efni, þá sem hafa samið það og flutt.

Nú er þess að geta, að mál svipað þessu hefur áður borið á góma hér á Alþingi. Á síðasta þingi fluttu nokkrir hv. þm. frv. til l. um breyt. á útvarpslögum fyrir almenningsbókasöfn og sjómannastofur myndsegulbandsspólur með öllu því efni til fróðleiks og skemmtunar er á dagskrá hefur verið a. m. k. tvo mánuði eftir útsendingu, enda takist samningar við rétthafa efnis. Till. okkar Alþfl.-manna er að því leyti ólík þeirri till. að við gerum ráð fyrir að allt íslenskt efni verði á boðstólum handa almenningi ótímabundið. Við gerum ráð fyrir því sömuleiðis, að hæstv. menntmrh. verði falið að taka upp viðræður við eigendur flutningsréttar með það fyrir augum að setja slíkar reglur. Í frv., sem hér var til umr. í fyrra, var gert ráð fyrir að þetta ætti við um allt efni. Ég á von á að margvíslegir örðugleikar mundu verða samfara slíkri framkvæmd. M. a. þyrfti líka þá að semja við alla rétthafa hins erlenda efnis sem sjónvarpið flytur. Af nokkurri þekkingu á þeim málum hygg ég að slíkt mundi verða nokkuð torsótt í framkvæmd. Vera má að slíkt takist, en skynsamlegra væri þó að byrja á íslenska efninu því að hægust eru heimatökin.

Myndsegulbandstækin hér skipta áreiðanlega þúsundum. Ekki er að efa að þegar merkilegt efni er sýnt í íslenska sjónvarpinu taka mjög margir, sem eiga myndbandstæki, það efni upp. Þannig verða kannske til nokkur hundruð eintök af hverju íslensku leikriti, ef ekki þúsund, þegar það er sýnt. Þetta skapar auðvitað vandkvæði og hættu — þá hættu að þetta efni verði misnotað með einhverjum hætti. Sú hætta er óneitanlega fyrir hendi. Sá möguleiki er nærtækur. Öll þessi fjölföldun efnisins á sér stað án þess að nokkur umbun eða laun komi til þeirra sem þar hafa lagt hönd að verki við að semja eða flytja.

En svo ég víki aftur að þessari till. sýnist eðlilegast í þessu sambandi að Ríkisútvarpið — sjónvarp yrði sá aðili sem fjölfaldaði eða framleiddi þessar myndsnældur með íslensku efni eftir að samningar hefðu tekist við flytjendur og eigendur höfundarréttar. Síðan mætti auðvitað sem best hugsa sér, og raunar hlýtur það að verða framkvæmdin þegar fram í sækir, að almenningsbókasöfn í landinu yrðu dreifingaraðilar fyrir þetta sjónvarpsefni á myndsnældum. En einnig ætti fólki að standa til boða að fá slíkt efni keypt, ekki aðeins leigt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, en legg áherslu á að í menningarlegu tilliti er okkur brýn nauðsyn að gefa almenningi kost á að geta einnig á heimilum sínum skoðað eftir hentugleikum, vild og vali íslenskt sjónvarpsefni, ekki aðeins erlent efni þó að margt af því geti auðvitað verið ágætt. Þetta verður að fara saman ef vel á að vera. Hvort tveggja verður að standa til boða.

Nú flytja blöð og fjölmiðlar af því fregnir, að menn búi sig undir að setja hér upp eins konar litlar jarðstöðvar til að taka á móti efni frá erlendum gervihnöttum. Framkvæmdir af því tagi virðast vera á döfinni bæði í Vestmannaeyjum, Seltjarnarnes hefur verið nefnt, svo og hér í höfuðborginni, en þess mun ekki langt að bíða að hafnar verði útsendingar á efni um breskan gervihnött sem talið er að hér muni sjást allvel. Það er auðvitað ekkert ólöglegt við að íbúar staða eða bæjarhluta bindist samtökum um að koma upp loftnetskerfi til að taka á móti slíku, þ. e. ef um auglýsingasjónvarp er að ræða sem öllum stendur til boða og frjáls afnot eru af. Þá hygg ég að ekkert muni óeðlilegt við slíkt, ekki frekar en að hverjum manni, sem á sæmilegt útvarpstæki, er að sjálfsögðu frjálst og heimilt að vild að hlusta á erlendar útvarpsstöðvar. Þetta er nákvæmlega af sama toga. Allt öðru máli gegnir hins vegar þegar menn eru að taka sér frumkvæði um að flytja efni sem þeir hafa ekki rétt til að flytja. Það er allt annað. Á þessu er eðlismunur og auðvitað gerir tilkoma erlends sjónvarps með þessum hætti í íslenska menningarhelgi enn þá brýnna en áður að til sé íslenskt mótvægi, almenningur eigi kost á fjölbreyttu úrvali af íslensku efni á myndsnældum. En til þess þarf, eins og ég áður sagði, að hefja samningaviðræður við fulltrúa listamanna, við höfunda og við flytjendur. Það eru auðvitað hagsmunir þeirra að fá eitthvað greitt fyrir sín verk þegar þau eru notuð og þeirra neytt. Ég get ekki ímyndað mér annað en slíkar viðræður hlytu að leiða til samkomulags sem hefði síðan í för með sér að almenningur ætti valkosti í þessum efnum og gæti horft á að vild, þeir sem eiga myndsegulbandstæki. Þeim mun fara ört fjölgandi. Áreiðanlega verða þessi tæki nær því á hverju heimili áður en langt um líður, og þá eiga menn þess kost að horfa jafnframt á íslenskt efni og geta gert það þannig að hvergi jaðri við að þar sé farið á svig við lög.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til að þessari till. verði vísað til hv. allshn. Sþ. til umfjöllunar og meðferðar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ekki skal ég svo sem lengja þessa umr. tiltakanlega, en ég kvaddi mér hljóðs eingöngu vegna þess að þau ummæli, sem hæstv. forsrh. lét falla í umr. utan dagskrár í dag, voru þess eðlis, að þeim verður að mótmæla. Satt best að segja verð ég að segja að þau orð, sem hæstv. forsrh. lét falla hér í umr., voru honum ekki sæmandi, voru þingmanni ekki sæmandi og voru engum manni sæmandi, vil ég segja.

Hæstv. forsrh. sagði: Fréttatilkynningar eru ekki sendar alþm. — Þetta er auðvitað alveg rétt. Það hefur enginn maður gert það sérstaklega að umtalsefni. En er hins vegar til of mikils mælst að alþm. fái að vita efni brbl. sem út eru gefin?

Það kom sömuleiðis fram í máli hæstv. forsrh., að það væri undantekning að brbl. væri fylgt úr hlaði með sérstakri fréttatilkynningu. Nú get ég að vísu ekki talað nema út frá eigin reynslu sem blaðamaður fyrst í 5 ár og síðan fréttamaður ríkisfjölmiðils í 11 ár, en ég minnist þess ekki að út hafi verið gefin brbl. öðruvísi en lagatextinn væri boðsendur til fréttastofanna. Ég minnist þess ekki, að þetta hafi gerst öðruvísi. Það er svo auðvitað rétt, að fréttastofnunum berast sjálfsagt slíkar tilkynningar í pósti í formi blaðs úr Stjórnartíðindum eftir 2—3 daga frá útgáfu laganna. Ég ræddi í dag við starfandi fréttastjóra sjónvarpsins. Hann kannaðist ekki við að hafa séð neitt um þetta efni, en vildi þó ekki taka fyrir að það kynni að hafa borist. Á fréttastofu útvarps kom í ljós að þangað hafði einhvern tíma borist þetta blað úr Stjórnartíðindum. Það var ekki vitað hvenær. En það er undarleg tilviljun ef það fer fram hjá öllum landsins fjölmiðlum þegar út eru gefin brbl. af þessu tagi. Það bendir til að ekki hafi verið staðið að kynningu þeirra með þeim hætti sem ætlast verður til.

Enginn dregur í efa að lögin hafi verið birt með lögformlegum hætti. Það hefur enginn maður dregið í efa og hvergi verið sagt í þessum umr. Hins vegar endurtek ég að það hefur verið regla, að brbl. hafa verið kynnt fjölmiðlum með þeim hætti að lagatextinn, ýmist með fréttatilkynningu eða án fréttatilkynningar, hefur verið boðsendur á ritstjórnir fjölmiðlanna. Þau mistök hafa greinilega orðið í þessu tilviki að það hefur ekki verið gert.

Til að bæta nú úr þessu höfum við hv. þm. Alþfl. í Ed. lagt frv. inn til skjalavarðar þingsins þar sem lögð er til breyting á lögum um birtingu laga og stjórnvaldsathafna. Þar verði sett inn ákvæði um að brbl. skuli einnig kynna, með þeim hætti að senda fréttatilkynningar til útvarps, sjónvarps og dagblaða. Ég held að það sé ekki til of mikils mælst að efni brbl. sé kynnt með þessum hætti.

Mér hefði fundist miklu eðlilegra að hæstv. forsrh. viðurkenndi, að hér hefðu mistök átt sér stað, en halda hér uppi þeim málflutningi sem hann hefur — leyfi ég mér að segja — því miður gert, því að það hefur hvorki verið honum né hans ríkisstj. til mikils sóma.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég bað um orðið í dag þegar ég snöggreiddist hæstv. forsrh. vegna ummæla sem hann viðhafði. Venjulega rennur mér reiðin fljótt, og svo er komið núna að hún er að mestu horfin. Engu að síður tel ég fyllstu ástæðu til að geta þess sem hæstv. ráðh. sagði, vegna þess að mér þótti raunverulega skarast það mál, sem var til umr., og sú umsögn hæstv. forsrh., að það heyrði til undantekninga og var haft eftir virðulegum blaðafulltrúa ríkisstj. að brbl. væri fylgt úr hlaði með fréttatilkynningu. Ég er þeirrar skoðunar, að þegar menn viðhafa orð af þessu tagi, menn sem gegna mikilvægum embættum eins og ráðherraembættum, séu þeir raunveruleg að lýsa afstöðu til þings og þjóðar sem er ekki forsvaranleg. Ég hef alltaf litið svo á að brbl. væru alvarlegt mál, væru ráðstöfun, ákvörðun sem þjóðin ætti heimtingu á að vita um. Svo hefur það verið alveg frá því að ég fór að fylgjast með pólitík.

Nú ætla ég ekki að tala um þessi einstöku brbl. sem voru gerð að umræðuefni í dag, heldur almennt allar stjórnvaldsákvarðanir. Við lifum í lýðfrjálsu landi og hér eru frjálsar kosningar. Menn kjósa þm. og menn kjósa þá um leið, vænti ég, ráðh. Það fólk, sem þessa menn kýs til mikisverðra og mikilvægra embætta, á auðvitað kröfu á að fá að vita þegar ríkisstj. tekur afdrifaríka ákvörðun eins og að gefa út brbl. Það var þessi þáttur í málflutningi hæstv. forsrh. sem ég vildi fara nokkrum orðum um.

Ég get ekki leynt því, að málflutningur, sem af þessum toga er spunninn, lýsir dálitlu stærilæti. Það geðjast mér ekki, hvort sem hæstv. forsrh. tekur nokkurt mark á þeim orðum eða ekki. Engu að síður tel ég að það hefði verið eðlilegra, eins og hv. þm. Eiður Guðnason minntist á áðan, að viðurkenna hreinlega að þarna hefðu orðið mistök og þjóðin hefði átt að fá að vita um þessi brbl. eins og önnur lög sem gefin eru út, brbl. og lög almennt.

Ég vil segja að það kann að vera að hér hafi veri gerður úlfaldi úr mýflugu, en það er þá vegna þess að hæstv. ráðh., sem hér töluðu í dag, litu svo á, af þeim orðum sem ég heyrði frá þeim koma, að ríkisstj. hefði í raun og veru ekki borið nein skylda til að gera meira en að birta þessi brbl. í Stjórnartíðindum. Það skýtur mjög skökku við þá reynslu sem ég hef af ríkisstjórnum almennt í þessu landi, því að brbl. hafa þótt mikil tíðindi og hafa þótt fréttir. M. a. af þeim sökum held ég að það hefði verið langsamlega skynsamlegast og eðlilegast í þeirri stöðu, sem hér kom upp, að viðurkenna, að þarna hefðu orðið mistök, og senda þessa fréttatilkynningu út þegjandi og hljóðalaust. Markmiðið með setningu þessara brbl. er ekkert umdeilt í sjálfu sér. Það er aðferðin sem er umdeild og var gerð að umræðuefni í dag.

Ég skal ekki tefja þessar umr. Það er kannske að mati hæstv. ráðh. nokkur tilætlunarsemi að óska eftir að hann komi hingað niður í þing kl. 6 að kvöldi eftir langan og ugglaust erfiðan vinnudag. En ég held að hér hafi orðið mistök, og ég vil eindregið mælast til þess, að menn geri sér ljósa grein fyrir því, að athafnir stjórnvalda af því tagi, sem hér eru til umræðu, eiga auðvitað að fara út á meðal fólksins, hvernig svo sem það er tryggt að fólkið í landinu, sem býr við þau lög sem sett eru, frétti a. m. k. af því að lög séu sett, en það finnst mér lágmarkskrafa.

Efri deild, 43. fundur

Mánudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. febr. 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson lektor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson."

Haraldur Ólafsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. um blindrabókasafn er samið af nefnd sem skipuð var af ráðh. 12. febr. 1979, en nefndin skilaði áliti 28. apríl 1981. Í nefndinni áttu sæti Kristín H. Pétursdóttir bókafulltrúi í menntmrn., sem var formaður, Elfa Björk Gunnarsdóttir borgarbókavörður í Reykjavík, Halldór S. Rafnar formaður Blindrafélagsins, Helga Ólafsdóttir bókavörður og Gísli Helgason starfsmaður hljóðbókadeildar Blindrafélagsins.

Frv. þetta felur í sér grundvallarbreytingu á eignarhaldi og rekstri bókasafns fyrir blinda í landinu. Kjarni frv. er sá, að bókaþjónusta við blinda og sjónskerta og aðra, sem ekki geta lesið venjulegar bækur vegna fötlunar, verði sérstök starfsemi á vegum rísisins og leysi af hólmi núverandi Hljóðbókasafn Blindrafélags Íslands og Borgarbókasafns í Reykjavík.

Eins og málum háttar nú er bókaþjónusta við blinda fyrst og fremst á vegum Hljóðbókasafnsins og hefur verið svo a. m. k. síðan 1975 þegar safnið hóf starfsemi sína. Reyndar á þessi starfsemi allmiklu lengri sögu.

Samtök blindra hófu bókagerð á blindraletri fyrir rúmlega hálfri öld eða í kringum árið 1930. Hins vegar er útgáfa á blindraletri afar erfið og kostnaðarsöm, auk þess sem fjölmargt blint fólk, t. d. aldrað fólk, kann ekki blindraletur og á erfitt með að læra það. Á undanförnum árum hafa viðhorf á þessum málum verið að breytast. Með tilkomu segulbanda og síbættri upptökutækni og möguleikum þess að dreifa lestrarefni á meðfærilegum segulbandsspólum hefur aðstaða í þessum efnum gerbreyst. Í flestum menningarlöndum, ekki síst á Norðurlöndum, hefur verið leitast við að nýta þessar tækniframfarir í þágu þeirra sem ekki geta lesið venjulegar bækur vegna fötlunar.

Íslendingar hafa fylgst vel með umræðum og aðgerðum í þessum málum. Blindrafélag Íslands hefur tvímælalaust haft forustu í þessum efnum, eins og jafnan þegar um hagsmunamál blindra hefur verið að ræða. Blindrafélag Íslands er eitt gleggsta dæmið um framtak og samtakamátt frjálsra mannúðarfélaga hér á landi. Í fremstu röð í þessum félagsskap standa menn sem sjálfir eru fatlaðir, en eru annars gæddir svo miklum hæfileikum og dugnaði að þeir eru fullfærir um að ráða sínum málum sjálfir og sækja fram á eigin spýtur í baráttu sinni fyrir bættum kjörum og mannréttindum. Sjálfsbjargarstarf fatlaðs fólks hér á landi er í einu orði sagt aðdáunarvert og á ég þá við fatlað fólk í víðtækri merkingu og nota sjáifsbjargarhugtakið um alla félagsstarfsemi og félagslegt framtak fatlaðs fólks, hvernig svo sem fötlunin lýsir sér.

Samtök blindra eiga vissulega sammerkt með öðrum félagsskap fatlaðra að vinna af ósérplægni að bættum kjörum félagsmanna sinna. Í þeim félagsskap leggjast allir á eitt um að efla getu hvers einstaklings til sjálfsbjargar og lífsfyllingar. Það var í samræmi við þá stefnu og viðhorf að Blindrafélagið hafði sjálft forgöngu um það að farið var að hljóðrita bækur vorið 1957 og koma þannig upp fyrsta vísi að hljóðbókasafni. Þessi starfsemi hefur síðan verið að smáaukast þau 25 ár sem hún hefur staðið. Þá gerðist það í kringum 1970 að Borgarbókasafn Reykjavíkur fór að viða að sér hljóðrituðum sögum frá Ríkisútvarpinu. Jafnframt því voru nokkrar bækur lesnar sérstaklega á vegum safnsins.

Sýnt var að Blindrafélagið og Borgarbókasafn höfðu hag af því að starfa saman að hljóðbókagerð og í okt. 1975 var gerður samningur milli þessara aðila. Borgarbókasafn hefur annast dreifingu bókanna og greitt laun eins tæknimanns. Blindrafélagið leggur til tækjabúnað og húsnæði, en efniskostnaði er skipt milli aðila.

Það er vert að geta sérstakrar samvinnu við Ríkisútvarpið í þessu sambandi. Þegar Hljóðbókasafnið tók formlega til starfa árið 1975 var komið á samvinnu við Ríkisútvarpið á þann hátt, að þær sögur, sem þar eru lesnar, eru afritaðar hjá Blindrafélaginu og lánaðar út frá Hljóðbókasafninu. Fyrir þessa samvinnu við Ríkisútvarpið hefur Hljóðbókasafn eignast dýrmætar hljóðbækur sem nema stórum hluta heildarbókakostsins. Ríkisútvarpið hefur veitt þessa þjónustu endurgjaldslaust.

Höfundarréttarmál tengjast þessari starfsemi sem að líkum lætur. Hafa þau verið leyst með samkomulagi til þessa, en hljóta þó að vera til endurskoðunar eins og höfundarréttarmál yfirleitt, sem reyndar eru til endurskoðunar í sérstakri nefnd. Rithöfundasamband Íslands hefur heimilað Hljóðbókasafni að gera fjögur eintök af hverri bók, en þó er áskilið samþykki hvers höfundar í hverju einstöku tilfelli, enda kemur engin greiðsla til höfundar fyrir leyfi til hljóðritunar eða útlána. Svo örlátir eru rithöfundar og fullir mannúðar.

Þess er einnig að geta, að allur lestur fer fram í sjálfboðavinnu. Til þessa starfs hefur ekki skort sjálfboðaliða, því að á fyrstu 5 árum starfseminnar höfðu yfir 130 manns tekið að sér slíkan lestur og sú tala hefur hækkað undanfarið ár.

Bókaþjónusta við blinda hefur leitt í ljós að mikil þörf er fyrir þessa starfsemi. Engan veginn er hægt að fullnægja eftirspurninni. Þess vegna er kominn tími til að efla starfsemina og finna henni nýjan grundvöll. Með þessu frv. er einmitt stefnt að slíku. Með framtaki Blindrafélagsins og fyrir áhuga forráðamanna Borgarbókasafnsins í Reykjavík, hefur verið unnið ómetanlegt brautryðjendastarf á þessu sviði. Nú er komið að því að ríkið veiti meiri og fastmótaðri liðveislu í því að halda

uppi bókaþjónustu fyrir blinda. Hlýt ég að benda á að fram á síðustu ár hefur ríkið ekki veitt þessari starfsemi umtalsvert fé né annan atbeina. Framtak í þessum efnum hefur fyrst og fremst orðið fyrir frjálsa félagastarfsemi og góðan skilning Borgarbókasafns í Reykjavík, ágæta liðveislu Ríkisútvarpsins, tilhliðrunarsemi íslenskra rithöfunda og óeigingirni fjölda sjálfboðaliða. Ríkissjóður hefur í áranna rás veitt óverulegar fjárhæðir til prentunar bóka á blindraletri. Árið 1978 fékk Blindrafélagið 1.2 millj. gkr. styrk á fjárlögum til hljóðbókagerðar. Árið 1979 féll þetta framlag hins vegar niður. Á fjárlögum fyrir árið 1980 voru veittar 4 millj. gkr. til hljóðbókagerðar. Á fjárl. fyrir árið 1981 var þessi upphæð 80 þús. kr. Og á fjárl. fyrir árið 1982 er fjárveitingin 220 þús. kr., þ. e. á gildandi fjárlögum.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, segir svo í 8. gr., að kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Hér er því ekki verið að marka stefnu um bundnar eða fastákveðnar fjárhæðir, heldur er fjárveitingavaldinu ætlað að ákveða frá ári til árs hversu miklu fé skuli varið í þessu skyni. Þótt 4 gr. frv. geri ráð fyrir að stjórn Blindrabókasafns geri framkvæmdaáætlanir og beri ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar er ljóst að fjárráð og framkvæmdageta hljóta að miðast við fjárveitingar hverju sinni. Málavextir eru eigi að síður þeir, að ef þetta frv. verður að lögum tekur ríkið á sig þá ábyrgð að reka blindrabókasafn og sjá blindu og sjónskertu fólki fyrir bókaþjónustu.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð en þegar hafa verið sögð af minni hálfu, en ég tel tímabært að ríkið taki að sér þessa starfsemi. Það brautryðjendastarf, sem þegar er unnið og enn er verið að vinna, er afar mikilvægt og mjög þakkarvert. En þó að ríkið tæki starfsemina að sér samkv. lögum væri að því eftirsjá ef hið frjálsa félagastarf og sjálfsbjargarviðleitni dæi út á þessu sviði. Íslenskt félagslíf og mannúðarstarf yrði fátækara eftir en áður.

Í 2. gr. þessa frv. er ákvæði sem segir, að Blindrabókasafnið skuli vinna í nánum tengslum við samtök blindra og sjónskertra. Það er framkvæmdaratriði hvernig ákvæði sem þessu verður fullnægt. E. t. v. er þetta aðeins fróm viljayfirlýsing án mikils kjarna því að svo er einnig fyrir mælt að í 5 manna stjórn Blindrabókasafns skuli sitja tveir fulltrúar frá samtökum blindra og sjónskertra. Tengslin við hagsmunasamtök blindra ættu því að vera tryggð með því eina ákvæði þótt ekki kæmi fleira til. Ég vil því leggja sérstaka merkingu í ákvæði 2. gr. um að safnið vinni í nánum tengslum við samtök blindra. Í því felst að sjálfsögðu skylda ríkisins um samstarf við hagsmunasamtök blindra, en ég leyfi mér að halda því fram að í því felist einnig tilmæli til samtakanna um að láta Blindrabókasafn Íslands njóta áfram hins félagslega framtaks Blindrafélagsins í hvaða formi sem það verður gert. Ég get nefnt að Blindrafélagið ræður yfir húsnæði sem kynni að henta fyrir Blindrabókasafnið. Hugsanlega mætti hefja samstarf við Blindrafélagið um þetta tiltekna atriði því að ekki verður hjá því komist að ætla Blindrabókasafni viðunandi húsnæðisaðstöðu.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þetta frv. fái góðar viðtökur í hv. deild. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. menntmn. þegar umr. lýkur um málið.

Umr. frestað.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 63, n. 326). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Ed. hefur haft þetta frv. alllengi til umfjöllunar. Eins og kunnugt er hefur Háskóli Íslands raunar nú þegar keypt Reykjavíkurapótek. Upphaflega var álitið nægjanlegt að slíkar heimildir til rekstrar til handa Háskólanum væru í háskólalögum. Að betur athuguðu máli var það ekki að dómi fróðra manna, í því sambandi þyrfti að gera breytingar á lyfsölulögum. Þær breytingar, sem hér eru tíundaðar, eru einmitt í því tilefni gerðar.

Heilbr.- og trn. leggur til smávægilega breytingu á þessu frv., að ákvæði til bráðabirgða komi þar inn til að tryggja óyggjandi rétt Háskólans til að hafa í starfi sem forstöðumann núverandi lyfsala Reykjavíkurapóteks.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þetta frekar. Ég vil þó geta þess, að haft var samband við forráðamenn Háskólans og sér í lagi háskólarektor um þetta frv. Með vitund og vilja háskólarektors leggur nefndin sem sagt til að frv. verði samþ. með þeirri breytingu sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 326 (nýtt ákvæði til bráðabirgða) samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 294 (sbr. 261), n. 327). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Það voru gerðar smávægilegar breytingar á frv. í Nd. Ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir þeim í smáatriðum, en hins vegar er meginefni þessa frv. af því tagi að það eru gerðar tilfærslur í samræmi við barnalög. Það stönguðust á m. a. aldursákvarðanir. Það stendur í grg. með frv. að það sé flutt fyrst og fremst með það sjónarmið í huga að nauðsynlegt sé að fulls samræmis gæti í ákvæðum almannatryggingalaga og annarra lagaákvæða er leggja skyldur á Tryggingastofnun ríkisins. Þetta frv. er einmitt af því tagi.

Það var um það getið í nál. Nd.-nefndar að hún fékk til fundar við sig aðila frá Tryggingastofnun ríkisins. Við sáum ekki ástæðu til að kalla sérfræðinga til fundar við okkur.

Við leggjum til að frv. verði samþykkt eins og það er afgreitt frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316, n. 329). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um mál þetta, sem er um breytingu á lögum um almannatryggingar og einkum það ákvæði sem er svohljóðandi:

„Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur skal eiga rétt á töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett með reglugerð," segir í þessari lagagrein.

Það var ekki að ástæðulausu að þessi lagagrein endaði á þann veg að nánari ákvæði skyldu sett með reglugerð. Þegar til átti að taka kom í ljós að skráning sjómanna er í mjög slæmu lagi, ef svo mætti segja, og með endemum. Það kom í ljós, þegar sjómenn ætluðu að fara að afla sér þessara réttinda eða sanna þau, að skráningarskýrslur embætta höfðu víða týnst, brunnið eða eyðilagst af vatni, svo að menn áttu mjög erfitt með að sanna hversu lengi þeir höfðu verið á sjó. Þó er svo komið nú, að 192 sjómenn hafa notið þessa ákvæðis og er það vissulega vel, en vafalaust eru það færri en rétt eiga á því vegna þess að það hefur verið svo erfitt að færa sönnur á hversu lengi maður hefur verið til sjós.

Þetta ákvæði laga um aukinn rétt sjómanna hvað snertir lífeyri er komið inn í lög vegna krafna frá sjómannasamtökunum. Þau lögðu á það þunga áherslu í næstsíðustu samningum að sjómenn, sem eru orðnir 60 ára og hafa verið um 25 ár á sjó, nytu aukinna réttinda, og ríkisvaldið eða ríkisstj. féllst þá á að verða við þessum óskum, en síðan var það staðfest hér á Alþingi. Það, sem við fjöllum um nú, er hvort fleiri geti fengið aðild að þessu. Því var borið fram það frv. sem við erum að fjalla um núna og hljóðar svo:

„Nú hefur sjómaður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur að hluta eða öllu leyti á opnum báti eða þilfarsbáti undir 12 brúttólestum eða af öðrum ástæðum ekki borið skylda til lögskráningar og er þá heimilt að úrskurða honum ellilífeyri frá og með 60 ára aldri, enda sé sannað að sú sjómennska hafi verið aðalstarf viðkomandi meðan á henni stóð."

Þetta þýðir það, að fleiri kæmu til með að njóta þessa lífeyris, menn sem hafa verið til sjós á bátum sem ekki var skylt að lögskrá á. Þá verður vafalaust erfitt að sanna hvenær þessir menn stunduðu sjómennsku. Í reglugerð, sem ráðh. setti varðandi sönnunarbyrðina, segir að tveir „valinkunnir menn" skuli votta að viðkomandi hafi verið þetta lengi á sjó. Ég verð að segja að ég held að það hljóti að verða mjög erfitt fyrir þessa valinkunnu menn að ganga úr skugga um hvað einhver annar hefur verið lengi á sjó vegna þess að oft er langt frá liðið. Svo getur líka komið fyrir að menn verði að votta um það sem þeir hafa ekki verið vitni að sjálfir þar sem þeir, sem voru á sjó með viðkomandi manni, eru látnir. Það eru dæmi um það.

Þessi reglugerð kemur til með að gilda fyrir það fólk sem samkv. þessum lögum fengi aukin réttindi. Ég hygg að oft verði erfitt að fá nægar sönnur á hversu lengi maður hefur verið á sjó hverju sinni. Það verður að segjast líka og kom fram í nefndinni, að það er stigsmunur á því að hafa verið á sjó í 25 ár svo til allt árið. Þeir hafa náttúrlega lagt miklu meira af mörkum en þeir sem róa á trillum og fleyta rjómann af vertíðinni, ef svo mætti segja, og stundað síðan aðra vinnu þess á milli.

Nm. töldu ekki ástæðu til annars en að samþykkja þetta athugasemdalaust, enda verði tryggt að þessir valinkunnu menn ræki störf sín af alúð og samviskusemi. Niðurstaðan er sú, að nefndin mælir með samþykkt frv. eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um tímabundið olíugjald til fiskiskipa á þskj. 276, Nd.-máli. Mál þetta hefur farið í gegnum hv. Nd. óbreytt frá því sem það var lagt fyrir.

Hér er um að ræða að lögbinda 7% olíugjald og gert ráð fyrir að svo verði þetta ár, en lög þau um olíugjald, sem voru í gildi síðasta ár, féllu niður um áramótin. Olíugjald samkv. þeim var 7.5%. Með lögum nr. 92 frá 1980 var lögbundið 7.5% olíugjald og hélst síðan, eins og ég sagði, síðasta ár 7.5%.

Frv. þetta er flutt í tengslum við fiskverðsákvörðun. Olíugjald var eitt meginumræðuefnið, bæði við fiskverðsákvörðun og reyndar ekki síður í þeim kjarasamningum sem fram fóru um sama leyti á milli sjómanna og útgerðarmanna. Krafa sjómanna var að olíugjald yrði fellt niður. Hins vegar var krafa útgerðarmanna að það héldist óbreytt.

Í kjarasamningum höfðu útgerðarmenn þann fyrirvara fyrir samþykki sínu við kjarasamninga að olíugjald yrði óbreytt á árinu 1982, þ. e. 7.5%. Sjómenn gerðu ekki aths. við þann fyrirvara þrátt fyrir fyrri kröfu sína um að olíugjald yrði fellt niður. Við fiskverðsákvörðun, sem endanleg varð tveimur dögum síðar, varð hins vegar að samkomulagi með útgerðarmönnum og sjómönnum að mæla með 7% olíugjaldi, en ekki 7.5%, eins og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir í viðræðum þessara aðila. Þannig lögðu útgerðarmenn 1/2 prósentustig til skipta, að sjálfsögðu í þeim tilgangi að ná því allsherjarsamkomulagi um fiskverð sem varð 16. jan. s. l.

Þetta frv. er því flutt, má segja, að ósk hagsmunaaðila til að staðfesta þá kjarasamninga, sem gerðir voru, og það fiskverð, sem ákveðið var í beinu framhaldi af þeim.

Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að sjómenn hafa hins vegar lagt á það ríka áherslu að olíugjald verði fellt niður í lok þessa árs. Er það einn af fyrirvörum sjómanna fyrir þeim kjarasamningum sem gengið var frá um miðjan janúar. Mér var kynntur þessi fyrirvari. Ég tók fram við sjómenn að ég væri reiðubúinn að vinna að slíku, enda kæmu menn sér þá saman um aðra leið til að tryggja afkomu útgerðarinnar. Ég vil leggja alveg sér-

staka áherslu á þennan fyrirvara af minni hálfu. Ég held að um leið og slíkt skref er tekið verði ekki hjá því komist að athuga afkomu útgerðarinnar. Reyndar er það skoðun mín, að inn í þá athugun eigi einnig að taka stofnfjársjóðsgjaldið.

Ég hef áður sagt við umr. um olíugjaldið að ég tel olíugjald í þessari mynd ekki vera æskilega leið. Tel ég betra að olía sé að einhverjum hluta og með ákveðnum reglum greidd af óskiptu eftir notkun, en ekki í hlutfalli við aflaverðmæti. Ég tel að í því sambandi verði einnig að taka stofnfjárgjaldið til athugunar. Þetta hefur reyndar verið gert að nokkru leyti. Nefnd hefur verið starfandi að þessu nú á þriðja ár, — nefnd sem er skipuð fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna og oddamanni frá Þjóðhagsstofnun. Fyrir þeirri nefnd hafa legið ákveðnar tillögur og hugmyndir um uppstokkun á þessu kerfi, en því miður hefur ekki náðst samstaða. Ég tel hins vegar, að um leið og slíkum mikilvægum atriðum er breytt sé ákaflega mikilvægt að sem breiðust samstaða náist með hagsmunaaðilum, og hef því ekki treyst mér til að þvinga fram breytingar á því olíugjaldi sem nú er. En það er von mín, eftir þær umræður sem urðu um síðustu áramót og í janúarmánuði, að hagsmunaaðilar muni nú fáanlegir til að skoða þetta á breiðara grundvelli.

Um olíugjaldið almennt get ég upplýst, að olíugjaldið var fyrst sett með lögum nr. 4 frá 1979 og var þá ákveðið 2.5% að tillögu fyrrv. sjútvrh. Kjartans Jóhannssonar. Síðan var því breytt með lögum nr. 60 frá 1979 í 7%, einnig að tillögu sama fyrrv. ráðh. Í júní 1979 var með lögum nr. 72/1979 ákveðið 15% olíugjald og þar af komu 3% til skipta. Það var einnig flutt af fyrrv. sjútvrh., Kjartani Jóhannssyni. Í okt. 1979 var olíugjaldið með lögum nr. 88/1979 ákveðið 9% að tillögu sama hæstv. ráðh. Í jan. 1980, með lögum nr. 3, var olíugjaldið ákveðið 5%, einnig af fyrrv. sjútvrh. Kjartani Jóhannssyni. Olíugjaldið er þannig lögfest í tíð þess sjútvrh. fimm sinnum og greiddist frá 2.5% og upp í 15% +3%, þ. e. 12%, en 3% komu til skipta.

Þetta er í fjórða sinn sem ég flyt frv. til l. um olíugjaldið. Fyrst gerði ég það í apríl 1980 og var það ákveðið 2.5%, síðan í des. 1980 og var það þá ákveðið 7.5% og aftur með lögum nr. 15/1981 7.5%.

Ég hygg, herra forseti, að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um þetta nema hér verði þær umr. sem þess krefjast. Ég hygg að þm. sé öllum orðið svo vel kunnugt um olíugjaldið og sögu þess að óþarft sé að rekja það lengra. En ég legg á það áherslu að lokum, sem ég hef þegar sagt, að þetta frv. um 7% olíugjald er afleiðing af þeim kjarasamningum og fiskverði sem ákveðið var í janúar og leiðir beint af því.

Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég geri ekki ráð fyrir að við þm. Sjálfstfl. í Ed. verðum til þess að tefja að þetta mál megi ná fram að ganga frekar en sjálfstæðismenn í Nd. Við stöndum hér frammi fyrir orðnum hlut. Það er þegar búið að ákveða þetta olíugjald 7%. Þar sem ég á sæti í sjútvn. og sjútvn. mun fjalla um þetta mál mun ég gera grein fyrir okkar sjónarmiðum þar og þegar kemur að því að við skilum nál.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Við Alþfl.-menn munum ekki heldur standa í vegi fyrir því, að þetta frv. verði samþykkt. Ákvörðun þessa olíugjalds er meira og minna í samhengi við kjarasamninga, eins og kom fram hjá ráðh. Hitt er annað mál, að ég tel að það eigi að vinna að því að afnema þetta olíugjald og það sem allra fyrst. Við munum stuðla að því hér að finna aðrar leiðir sem útgerðarmenn og sjómenn sætta sig betur við.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til sjútvn. með 15 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 281). — 1. umr.

Flm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 281 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Vesturl., Eiði Guðnasyni, frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 frá 24. des. 1971, um orlof.

Frv. þetta fjallar um réttlætismál sem mjög brennur á félögum í verkalýðshreyfingunni. Á síðasta þingi var þetta frv. flutt af Gunnari Má Kristóferssyni og mér. Frv. varð ekki útrætt, en ég vona að á þessu þingi megi ljúka afgreiðslu þess. A. m. k. vona ég að viðkomandi nefnd afgreiði það frá sér svo að unnt verði að fá úr því skorið, hvort hv. þm. vilja stuðla að þeirri réttarbót sem hér er um að ræða.

Sú breyting, sem hér er lögð til, er að við orlofstöku verði laugardagar taldir frídagar. Breytingin er sú, að næstsíðasta mgr. 3. gr. laganna verði þannig: „Laugardagar, sunnudagar og aðrir helgidagar teljast ekki orlofsdagar." Að öðru leyti er greinin óbreytt.

Í grg. frv. eru dregin fram rök fyrir þessari breytingu, en þau eru svohljóðandi, með leyfi forseta:

Þegar orlofslög voru sett á Alþingi á árinu 1942 var lagt til grundvallar að hver sá sem lögin tóku til skyldi fá jafnmarga virka daga í orlofi og hann hafði unnið marga almanaksmánuði næsta orlofsár á undan. Samkv. gildandi lögum um orlof er aðalreglan sú, að orlof er 2 dagar fyrir hvern unninn mánuð.

Við setningu laganna 1942 var vinnuvika verkafólks yfirleitt 48 klst. í dagvinnu, unnin á 6 virkum dögum, mánudegi til og með laugardegi. Á þeim tíma var því næsta eðlilegt, miðað við regluna um einn orlofsdag fyrir hvern unninn mánuð, að allir virkir dagar vinnuvikunnar teldust til orlofsdaga. Frídagar, sem til falla á orlofstímabili, og helgidagar hafa ávallt verið utan orlofs.

Almenn vinnuvika verkafólks hefur verið stytt í áföngum frá 1942 og er nú 40 klukkustundir í dagvinnu, sbr. lög nr. 88 24. des. 1971, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 2. gr. nefndra laga er sú meginstefna mörkuð að vinna skuli 8 dagvinnustundir á degi hverjum frá mánudagi til og með föstudegi, og í 4. mgr. sömu greinar er ákveðið að næturvinna taki við strax eftir dagvinnulok á föstudögum, þ. e. þegar lokið er lögbundinni vinnuviku. Fimm daga vinnuvika er því staðreynd hjá meginþorra verkafólks, unnin á mánudegi til og með föstudegi. Laugardagar eru þannig í reynd frídagar hjá öllu verkafólki öðru en því sem vinnur afbrigðilegan vinnutíma, en það fólk fær þá jafnan annan vikudag sem frídag í stað laugardagsins.

Í samræmi við þá þróun, sem hér hefur verið rakin, hlýtur það að teljast réttlætismál, að til orlofsdaga teljist einvörðungu þeir fimm vinnudagar í viku hverri sem

dagvinnuskylda fellur á, þ. e. mánudagar til og með föstudegi, en hvorki laugardagur, sunnudagur né aðrir frí- eða helgidagar sem til falla á orlofstímabilinu.

Þessi eðlilega og sjálfsagða leiðrétting hefur þó ekki átt sér stað, því samkv. gildandi lögum um orlof eru laugardagar taldir til orlofsdaga gagnstætt öðrum viðteknum frídögum. Í nokkrum tilfellum hafa þó stéttarfélög fengið fram leiðréttingu í þessum efnum með því að taka upp í kjarasamninga sína ákvæði um að laugardagar skuli ekki teljast með orlofi frekar en aðrir frídagar.

Þessi mismunandi tilhögun um ákvörðun orlofsdaga skapar óviðunandi misrétti milli starfshópa, jafnvel á einum og sama vinnustað. Úrelt lagaákvæði, sem ekki eru í samræmi við þá þróun vinnutímans sem átt hefur sér stað, mega ekki standa í vegi fyrir því, að jafnrétti komist á hvað lengd orlofstímans snertir.

Orlofslögin voru á sínum tíma sett til að tryggja verkafólki lágmarkshvíld frá störfum og þá höfð í huga vinnuverndarsjónarmið. Á þeim tæplega 40 árum, sem lögin hafa verið í gildi, hefur lágmarksorlof lengst úr tveimur í fjórar vikur, en er nú mun styttra hér á landi en víðast í nálægum löndum þar sem almennt orlof er 5—6 vikur eða 25—30 vinnudagar á ári.

Enda þótt flm. þessa frv. telji fyllilega tímabært að lengja lágmarksorlof hér á landi til samræmis við þá þróun sem átt hefur sér stað og að var vikið hér að framan, er ekki í þessu frv. gerð tillaga um slíkt, m. a. vegna þess að það er skoðun flm. að áður þurfi að ráða bót á misrétti, sem nú á sér stað, svo og finna leiðir til að auka orlofsgreiðslur sem nú eru að dómi flm. of lágar hér á landi og tryggja engan veginn efnahagslegt öryggi verkafólks á orlofstímanum.

Með þessu frv. er einungis leitast við að leiðrétta augljóst ranglæti og samræma orlofsrétt verkafólks þeirri þróun vinnuvikunnar, sem almennt hefur átt sér stað á þeim tíma sem liðinn er frá því að gildandi lagaregla var upp tekin, jafnframt því sem leiðrétt verði það misrétti sem nú viðgengst milli starfsstétta hvað lengd orlofsins snertir.

Fram hafa komið þær fullyrðingar, að hér sé hreyft máli sem í eðli sínu sé samningamál aðila vinnumarkaðarins. Þau rök komu frá Vinnuveitendasambandinu í umsögn er barst hv. félmn. á síðasta þingi. Vinnumálasambandið lét sömu skoðun í ljós.

Skömmu eftir að frv. þetta var flutt á síðasta þingi var Alþýðusambandsþing haldið, þ. e. í nóv. 1980. Á þinginu stóð verkafólk víðs vegar að af landinu að því að flytja till. sem var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„34. þing ASÍ hvetur Alþingi til að samþykkja frv. til l. um breyt. á lögum um orlof, þar sem lagt er til að laugardagar teljist frídagar við orlofstöku.“

Í atkvgr. um till. varð sú ánægjulega niðurstaða, að allir þingfulltrúar, um 400 að tölu, greiddu till. atkv. Má af þeim úrslitum marka að verkafólk leggur þunga áherslu á að þetta frv. verði samþykkt. Þykir fólki reyndar að hér sé um leiðréttingu að ræða sem vissulega felur í sér mikilvæga réttarbót.

Eins og ég sagði áðan er lengd orlofs mjög mismunandi hjá hinum ýmsu samningsaðilum. Sums staðar í kjarasamningum er gert ráð fyrir 5 vikna orlofi, en almennt er orlofið 4 vikur. Þá eru greiðslur í orlofi mjög mismunandi. Sums staðar er nú í sumum tilvikum greidd sérstök orlofsuppbót, sem auðvitað markast af því, að oft og tíðum er orlofstíminn dýrasti tími ársins, ef svo mætti segja. Alls staðar á Norðurlöndum'er orlof lengra en hér á landi og í öllum tilvikum hefur löggjafinn átt verulegan þátt í meðferð þeirra mála. Löggjafarþing viðkomandi landa hafa beinlínis samþykkt hvert skuli vera lágmarksorlof launþega.

Það er rétt að það komi fram og menn viti að það er víðar en á Norðurlöndum sem löggjafinn hefur haft með orlof að gera. Má í því sambandi minnast þess, að í kosningabaráttu Mitterands Frakklandsforseta var það eitt af helstu kosningaloforðum hans að lengja orlof í 5 vikur. Það loforð hefur hann nú þegar efnt.

Það sést á þessu, sem ég hef hér talið upp, að þessir aðilar allir, Norðurlöndin og þeir í Frakklandi, telja þetta löggjafaratriði, og ég er þeirrar skoðunar einnig. Hér á landi hefur lágmarksorlof verið lögskipað alveg frá árinu 1942, og árið 1971 var samþykkt hér á Alþingi að lengja orlof í 4 vikur. Má af þessu vera ljóst að fullyrðingar vinnuveitenda um, að hér sé alfarið um samningamál að ræða, standast ekki. Samtök vinnuveitenda hafa ætíð spyrnt við fótum þegar réttindamál verkafólks eru annars vegar, svo að mótmæli samtaka þeirra eða andstaða við þetta frv. eru heföbundin án gildra raka að mati okkar flm. Í kjarasamningum segir að orlof skuli vera 24 virkir dagar. Það er augljóst að nú þegar laugardagar eru ekki lengur unnir er fjarstæða að telja þá til orlofsdaga. Þeir eru reyndar ekki virkir dagar í hugum fólks. Hér er því verið að leggja til að breytt verði til raunveruleikans.

Herra forseti. Ég legg til að þegar umr. lýkur verði frv. vísað til hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til félmn. með 13 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 40. fundur.

Mánudaginn 15. febr., kl. 2 miðdegis.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 196). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 209). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 210). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 211). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 279). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það frv., sem ég hef flutt hér á þskj. 279, er mjög einfalt í sniðum. Þar er gert ráð fyrir að viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu skuli undanþegið álagningu tekjuskatts svo sem áður var. Er þetta gert til samræmis við þá breytingu sem gerð hefur verið á lögum um tekju- og eignarskatt, að nú er gert ráð fyrir að helmingur greiddrar húsaleigu vegna leigu á íbúðarhúsnæði til eigin nota skuli frádráttarbær við tekju- og eignarskatt.

Eins og þingheimi er kunnugt eru framlög til leiguíbúða orðin mjög verulegur liður á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og hjá ríkissjóði raunar einnig. Embættisbústaðir eru ýmsir, sem menn hafa við vægum kjörum frá ríkinu, og ýmsir ríkisstarfsmenn aðrir njóta þeirra hlunninda að hafa ódýrt húsnæði. Hér hefur sem sagt verið gert ráð fyrir því í lögum, að þessir menn skuli til viðbótar því fá helming af húsaleigu sinni frádráttarbæran.

Ég viðurkenni að það er auðvitað mjög bagalegt að hafa ekki fast húsnæði til að búa í og slíkt getur orðið mjög tilfinnanlegur útgjaldaliður hjá mörgu fólki sem þarf að fara frá einni íbúð til annarrar, auk þess sem það hefur margvísleg óheppileg áhrif að öðru leyti, bæði á efnahag og heimilismóral. En eftir sem áður verður ekki fram hjá því gengið, að þessi töluliður varðandi húsaleiguna eykur mjög á misrétti í þjóðfélaginu.

Okkur er kunnugt um það öllum hér, að fjöldi manns leggur nótt við dag til þess að eignast eigið húsnæði. Sumir hafa lagt svo hart að sér að þeir hafa jafnvel orðið fyrir heilsufarslegu áfalli af þessum sökum. Ég vil enn fremur skírskota til þess, hvílík verðmæti eru í húfi að íbúðarhúsnæði sé sómasamlega við haldið, en sú er síður en svo raunin á um margvíslegt húsnæði í eigu ríkisins.

Herra forseti. Það má vera að mér mælist ekki sérstaklega vel, en hitt kann ég illa við, að hæstv. fjmrh. skuli ekki þagna í einkasamtölum meðan ég flyt mál mitt um breytingu á lögum um tekju- og eignarskatt og síðan hverfa á braut úr þingsalnum. Þetta er frv. sem heyrir undir hans ráðuneyti. Það er yfirleitt hægt að una því ef ráðh. hafa ekki tíma til að sinna þingstörfum, en á hinn bóginn held ég að það sé algert einsdæmi að ráðh. víki sér úr þingsal með þessum hætti þegar talað er fyrir frv. sem snertir hans rn. og þingmaður hefur varla talað í tvær mínútur. (**Forseti:** Ef ræðumaður unir illa fjarveru hæstv. fjmrh. mætti athuga hvort hann vildi líta í salinn.) — Ég verð að biðja hæstv. fjmrh. afsökunar á því að óska nærveru hans. (**Fjmrh.:** Það er ekkert að afsaka.) En þar var komið minni ræðu, að ég rifjaði það upp að í fjármálaráðherratíð hans hefði sú stefna verið mörkuð að rekstrarkostnaður við íbúðir er frádráttarbær ef maður á ekki íbúðina sem hann býr í. Á sama tíma er rekstrarkostnaður við íbúð, sem maður á sjálfur, ekki frádráttarbær. Ég hef flutt frv. á þskj. 279 um að breyta þessu. Þar er gert ráð fyrir að viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu á íbúðarhúsæði til eigin nota verði einnig frádráttarbært. Nú vil ég varpa þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh., þar sem gefið hefur verið í skyn að e. t. v. megi vænta breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt, hvort rn. hafi til athugunar að breyta skattalögum í þá átt sem hér er lagt til.

Í þessari brtt. felst ekki að taka tillit til vaxtakostnaðar umfram það sem gert er í núgildandi lögum. Á það reyndi á síðasta þingi, að fyrir því var enginn skilningur hjá stjórnarmeirihlutanum hversu mikil byrði þessi hái vaxtakostnaður er orðinn hjá þeim fjölskyldum sem á annað borð skulda. Ég held að allir getum við þm. verið sammála um að það megi skipta þjóðinni í rauninni í tvo hópa: Annars vegar eru þeir sem hafa komið sér fyrir áður en hávaxtastefnan kom til sögunnar, sá hópur sem nú nýtur launa sinna að fullu í húsnæði sem sama sem ekkert hvílir á, sem samfélagið hefur með þeim hætti hjálpað að eignast húsnæði með því að gera krónuna að engu og með því að hafa hana óverðtryggða. Hins vegar er svo fólkið sem er að berjast við að eignast þak yfir höfuðið á tímum hárra vaxta og verðtryggingar. Til móts við þetta fólk er ríkisstj. ófáanleg til að koma nema að takmörkuðu leyti.

Ég held að einhver mesti sparnaður, sem til er í þjóðfélaginu, sé fólginn í því að fólk hafi ráð á að eignast eigin íbúðir, geti haldið þeim við og hafi metnað til þess að þessar íbúðir séu vel útlítandi bæði hið innra og ytra. Menn þurfa ekki lengi að ganga um götur höfuðborgarinnar eða hvers annars þéttbýlissvæðis sem er á landinu að vorlagi til að sjá hversu mikið fólkið leggur upp úr því og hversu mikið það leggur á sig til að hafa hús sín sem snyrtilegust og sem best og hversu miklu fólk í rauninni er fúst að fórna til að endurbæta sín gömlu húsakynni. Maður verður var við þetta um allt land. Ef maður gengur hins vegar um embættisbústaði ríkisins, sem hæstv. fjmrh. á að gæta alveg sérstaklega, verður maður var við að viðhaldið er af skornum skammti. Margir embættisbústaðir liggja undir skemmdum. Sumir hafa eyðilagst, en aðrir eru að verða eyðileggingunni að bráð.

Þetta á ekki aðeins við um íbúðarhúsnæði. Þetta á einnig við um aðrar opinberar byggingar, jafnvel nýlegar. Í þessu frv. felst m. ö. o. örvun fyrir fólkið, að það telji sig hafa efni og ráð til þess að halda húsum sínum vel við.

Ég vil enn fremur minna á það, að á sama tíma og viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu er hætt að vera frádráttarbært hafa eignarskattar stórhækkað, hafa fasteignagjöld stórhækkað, hefur tekjuskattur stórhækkað, þannig að ráðstöfunartekjur manna til að halda húsum sínum við eru minni en áður. Fyrr fengu menn, ef þeir vildu ráðast í viðgerð á húsi sínu, í fyrsta lagi viðhaldskostnaðinn frádreginn og í öðru lagi fengu þeir vexti frádregna ef þeir þurftu að sökkva sér í skuldir eða stofna til skulda af þessum sökum. Þetta er hvort tveggja afnumið nú.

Ég geri mér grein fyrir því, að það má alltaf deila um hversu margir frádráttarliðir skuli vera í skattalögum. Það má endalaust deila um hvort rétt sé að rekstrarkostnaður við heimilishald sé að einhverju leyti frádráttarbær við álagningu tekjuskatts. En þessar deilur eru að því leyti of seint á ferðinni, ef stofna á til þeirra nú, að húsaleigan er þegar komin inn í lögin. Hér er því einungis um það að ræða að samræma reglur um frádrátt, að þeir menn, sem hafa lagt til hliðar fé til að kaupa íbúð, njóti sama réttar og hinir sem búa í íbúðarhúsnæði, jafnvel niðurgreiddu íbúðarhúsnæði af almannafé.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að ræða þetta meira. Hér er um réttlætismál að ræða. Ég get að síðustu aðeins getið þess, sem eru almenn rök sem jafnan hafa átt við, að reynslan hefur sýnt að viðhaldsliðurinn í framtali hefur dregið úr skattsvikum, vegna þess að menn hafa séð sér hagnað í að telja fram þá vinnu sem unnin hefur verið við þeirra íbúðir. Hefur þannig verið komið í veg fyrir skattsvik og horft til meira réttlætis og betra siðferðis í þjóðfélaginu. Að því leyti horfir sú breyting, sem hér er lögð til, einnig til bóta.

En þau tvö atriði, sem mestu varða, eru auðvitað þessi: Annars vegar er þetta sanngirnismál, vegna þess að húsaleigan er komin þarna inn, og hins vegar, að ef þessi breyting verður samþykkt horfir hún til þess að íbúðum verði betur við haldið, að eignagæslan í þjóðfélaginu verði meiri. Það er auðvitað mjög athyglisverður sparnaður, sem löggjafarvaldið getur ekki horft fram hjá, því að í íbúðarhúsunum felst mesti sparnaðurinn sem orðið hefur hér í þjóðfélaginu á liðnum áratugum.

Ég vil svo, herra forseti, mælast til þess, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn. Ég vænti þess, að nefndin sjái sér fært að afgreiða þetta frv. fljótt. Það er óþarfi að draga þetta lengi. Þetta er afskaplega einföld breyting. Það er einungis spurning um vilja stjórnarsinna, hvort þeir vilji unna íbúðareigendum þess réttlætis sem þeir eru búnir að áskilja leigjendum.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hv. þm. sagði að þetta mál væri fyrst og fremst spurningin um vilja stjórnarsinna. Það getur verið að það mundi kosta eitthvað. Ég er helst á því, að það séu mjög háar fjárhæðir. En ég skal ekki leggja mat á það á þessu stigi. Það er til mat á því eins og málum var fyrir komið áður fyrr.

Áður var það í lögum að ákveðið hlutfall var reiknað af fasteignamati sem svokölluð eigin húsaleiga. Þar á móti var heimilt að draga frá viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingu að 9/10 hlutum hennar og einnig fyrningu íbúðarhúsnæðis. Auk þess var þá heimilt að draga frá vexti af lánum sem voru tekin ekki aðeins til kaupa á íbúðarhúsnæði, heldur til annarra þarfa. Þegar breytingin á lögunum um tekjuskatt og eignarskatt átti sér stað 1978 var eigin húsaleiga svipuð fjárhæð og viðhald, fasteignagjöld og iðgjald af húseigendatryggingum. Áður hafði það verið svo, að viðhald var frádráttarbært að öllu leyti samkvæmt reikningum. Þetta skapaði oft miklar deilur. Það er oft erfitt að ákveða það svo víst sé, hvað sé viðhald, hvað sé endurbætur og hvað sé endurnýjun. Um þetta voru endalausar deilur hjá skattyfirvöldum og ríkisskattanefnd og fyrir dómstólum. Síðan var farið út í það að hafa viðhaldið ákveðið hlutfall af fasteignamati, en breytt aftur þannig að um raunverulegt viðhald væri að ræða. Niðurstaðan varð sú, og sú ákvörðun var tekin af þeim sem þá voru við völd, — þá voru það Sjálfstfl. og Framsfl., — að það væri rétt að fella þessa liði niður, þ. e. bæði tekjumegin og gjaldamegin. Við, sem studdum þá ríkisstj., bárum ábyrgð á þessu athæfi.

Um það má vissulega alltaf deila hvað af útgjöldum manna skuli vera heimilt að draga frá skatti. Ef menn vilja hvetja til ákveðinna aðgerða, t. d. eins og að halda húsum við, býst ég við að það verki eitthvað hvetjandi að slíkt sé frádráttarbært. Það er einnig hugsanlegt, ef menn vilja hvetja sérstaklega til þess að menn haldi bílum sínum við, að viðhald bifreiða sé frádráttarbært. Þannig má lengi telja. En eitt verða menn þá að hafa í huga, að um þetta verða alltaf miklar deilur. Það verður alltaf mikið deilt um hvað sé viðhald og hvað sé endurnýjun o. s. frv. Það er skoðun mín að ástæða sé til að hafa sem fæsta slíka liði í tekjuskattsstofni. Það var breytt til fyrir nokkrum árum og ákveðið að hafa frádrátt ákveðið hlutfall af tekjum. Það var til mikillar einföldunar og sparaði mikið í skattkerfinu. Það var mikil vinna að fara yfir þetta áður fyrr. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að þetta hafi verið rétt ákvörðun og það eigi ekki að breyta til, enda mun það kosta marga milljónatugi, ef ekki hundruð milljóna, að taka þennan lið inn aftur.

Hv. þm. sagði að það hefði verið afnumið líka að vextir væru frádráttarbærir. Það er ekki rétt. Þeir eru frádráttarbærir við kaup á eigin húsnæði, en það er sá liður sem mestu skiptir í sambandi við öflun eigin húsnæðis. Það er ekki fyrr en á síðari stigum almennt að viðhald kemur til, því að viðhald miðast við að halda eign í því ásigkomulagi sem hún var í þegar hún var keypt. Þess vegna er það miklu mikilvægari liður fyrir þá sem eru að afla sér eigin húsnæðis, að vextirnir séu með öllu frádráttarbærir í því sambandi. Viðhaldið kemur yfirleitt ekki fyrr en allmiklu seinna, þegar menn eru orðnir betur settir og betur stæðir. Þess vegna er frádráttarliður sem viðhald á eigin húsnæði miklu frekar heppilegur fyrir þá sem hafa komið sér sæmilega vel fyrir í þjóðfélaginu og hafa efni á að leggja í allkostnaðarsamar viðhaldsaðgerðir. Ég er ekki þeirrar skoðunar að þessi tegund af útgjöldum eigi að vera frádráttarbær frá skatti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt og rökrétt, að húsaleiga var gerð að hluta til frádráttarbær frá skatti, og rökstyð það á mjög hliðstæðan hátt og hv. 3. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, gerði áðan.

Það er ljóst, að leigjendur eru almennt þjóðfélagshópur, sem er fremur illa settur fjárhagslega, og það er sá hópur, sem hefur ekki notið góðs af þeim víðtæka verð-

bólguhagnaði sem margur maðurinn hefur notið á liðnum áratugum. Þegar breytingar voru gerðar á skattalögum, sem fólu í sér að húsaleiga manna í eigin húsnæði var ekki lengur talin með við álagningu, og þegar ákveðið er að vextir af húsnæðislánum skuli þó áframhaldandi vera frádráttarbærir að vissu marki, þá er eðlilegt að koma með einhverjum hætti til móts við leigjendur því að vissulega er það mikill stuðningur við íbúðareigendur að samfélagið taki þátt í fjármagnskostnaði þeirra í allstórum stíl með því að vextir séu frádráttarbærir frá skatti ef þeir tengist öflun eigin húsnæðis, að vissu marki eftir ákveðnum reglum eins og menn þekkja. Það var sem sagt eðlilegt að eitthvað annað kæmi á móti til hagsbóta fyrir leigjendur.

Ég ætla að vona að flutningur þessa frv. sé ekki hugsaður til að hnekkja þessum réttindum leigjenda, þó að margt í málflutningi hv. þm. Halldórs Blöndals bendi einna helst í þá átt. Mátti skilja hann svo, að hann sæi einhverjum ofsjónum yfir þessum réttindum leigjenda. En ég ætla að vona að það hafi bara verið framsetningin á máli hans sem misskildist, en ekki að það sé ákveðin ætlun hans að taka upp baráttu gegn þessum réttindum leigjenda.

Ég vil svo að lokum segja vegna orða hv. þm. og fyrirspurnar, að það eru ekki á döfinni neinar brtt. af hálfu ríkisstj. á tekjuskattslögum og það er ekki væntanlegt frv. um breyt. á tekjuskattslögum nú að sinni.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef komist eitthvað óskýrt að orði hafi ég sagt að vextir við íbúðarkaup væru ekki frádráttarbærir. Ég bið afsökunar hafi ég gert það. Það, sem ég man að ég talaði sérstaklega um, var að vextir af lánum, sem maður stofnaði til vegna viðhalds, væru ekki frádráttarbærir. Hins vegar má segja það um vexti af lánum sem menn stofna til vegna íbúðarkaupa, að þar eru bein vaxtagjöld og afföll frádráttarbær og sömuleiðis gengistöp. Nú tíðkast á hinn bóginn að menn taki verðtryggð lán og verðbótaþáttur lánanna, sem auðvitað munar langsamlega mest um, er ekki frádráttarbær. Lánin eru með mjög lágum vöxtum, — ég kann ekki að fara með hvað það er, 3% vöxtum kannske, — en síðan munar mest um gengistapið. Verðbæturnar eru ekki frádráttarbærar þannig að í skattalegum skilningi tapa menn mjög miklu á því að taka verðtryggð lán t. d. í bönkum. Miklu hagkvæmara er að taka annaðhvort víxillán eða vaxtaaukalán. En þá fylgir sá böggull skammrifi, að slík lán er ekki hægt að taka til mjög langs tíma, þannig að menn geta ekki notið þess lengi, og slík lán fá menn ógjarnan. Víxlar eru einungis til tveggja mánaða og vaxtaaukalánin eru ekki nema til 1½ árs. Þessum lánum er því umsvifalaust komið í verðtryggð lán svo að meginþungi greiðslubyrðarinnar kemur ekki til frádráttar við álagningu tekjuskatts, gagnstætt því sem áður var. Við skulum þess vegna ekki gera allt of mikið úr þessu.

Ég vil svo segja það við hæstv. fjmrh., að það er alveg rétt hjá honum — eins og ég tók líka fram — að fjöldi leigjenda býr við afskaplega slæm kjör. En við vitum líka að fjöldi leigjenda, ekki síst þeir sem leigja hjá ríkinu, býr við góð kjör. Það er ekki aðeins að þeir sleppi við að sjá um allt viðhald sjálfir, heldur geta þeir kostað til þess jafnvel iðnaðarmenn af dýrasta tagi, ef viðkomandi embættismenn eru nógu hátt uppi í þjóðfélagsstiganum. Og allt er þetta greitt af ríkinu, stórkostlegt fé greitt með húsnæðinu af ríkinu ef mennirnir eru nógu hátt settir. Svo fá þeir til viðbótar helminginn af húsaleigu sinni frádráttarbæran.

En nú skulum við aðeins hugsa dæmið áfram, úr því að ég finn að hæstv. ráðh. er lokaður fyrir þessari till. og eins sá maður, sem ég hafði vænst að skildi hana, hv. 3. þm. Austurl. Hugsum okkur að menn t. d. í stóru blokkunum hér í Reykjavík stofnuðu með sér hlutafélag og seldu hlutafélaginu íbúðirnar sínar. Þá mundi hlutafélagið fá viðhaldið allt frádráttarbært samkv. skattalögunum, vexti alla og allan slíkan kostnað. Síðan gætu eigendur húsanna dregið helminginn af húsaleigutekjum sínum frá til viðbótar. Þeir gætu því beinlínis hagnast á að stofna til slíkra viðskipta, búið til einhvers konar „blöff"-hlutafélag um íbúðirnar, samið svo við hlutafélagið um ævilanga leigu — eða svo lengi sem þeim sýndist. Þá yrði helmingurinn af leigunni til hlutafélagsins frádráttarbær og síðan mundi hlutafélgið geta dregið frá allt viðhald, alla vexti, fasteignagjöld, húseigendatryggingu og allt hvað heitir og getur. Þetta er kjarni málsins.

Ég veit ekki hvað skattyfirvöld mundu segja t. d. ef við hjónin stofnuðum hlutafélag um okkar íbúð með börnunum. Ætli við fengjum þá ekki viðhaldið allt frádráttarbært og helminginn af húsaleigunni? Það er enginn vandi að fara í kringum þessi ákvæði. Og auðvitað verður reynslan sú þegar fram í sækir, ef búin eru til ranglát skattalög, að einstaklingarnir fara í kringum lögin eins og þeir geta, — ef skattarnir eru of háir eins og hér er, ef gert er of mikið til þess að ná eignum af einstaklingunum. Ég hygg að þess séu meira að segja dæmi, að hlutafélög eigi slíkar íbúðir. Ég hugsa að það séu dæmi fyrir því, að hlutafélög í eigu ríkisins leigi sínum starfsmönnum íbúðir og þessi regla eigi þar við. Við getum tekið sem dæmi Kísiliðjuna, Sementsverksmiðjuna og ýmis önnur fyrirtæki, raforkuver og ýmis fyrirtæki úti á landi. Auðvitað geta einstaklingsfyrirtæki gert slíkt hið sama.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson komst svo að orði, að það væri hægt að hvetja menn til að halda bílum sínum vel við með því að slíkt viðhald yrði frádráttarbært. Ég hygg að slíkt viðhald sé frádráttarbært hjá þeim mönnum sem fá bílastyrki. Alls staðar þar sem um það er að ræða er viðhaldið á bílunum frádráttarbært, kemur til frádráttar með kostnaði á slíkri skýrslu, aksturssskýrslunni eða bílakostnaðarskýrslunni eða hvað menn vilja kalla það. En eftir sem áður stendur það, að húsaleigan er að hálfu frádráttarbær. Það er búið að búa til þennan nýja frádráttarlið síðan þessi lög voru fyrst samþykkt. Það var gert í tíð þeirrar ríkisstj. sem nú situr, og formaður fjh.- og viðskn. Nd. greiddi því atkv. og mælti með því. Þess vegna hefur hann síðar en svo haldið sig við þá stefnu að fjölga ekki frádráttarliðum. Hann kaus að bæta þessum frádráttarlið við. Það getur vel verið að ég kjósi að bæta við einhverjum öðrum. Ranglætið er náttúrlega fyrst og fremst þetta, að það er sagt við sumt fólk að rekstrarkostnaður þess við heimilishald skuli að sumu leyti vera frádráttarbær, en við annað fólk er sagt: Rekstrarkostnaðurinn hjá þér er ekki frádráttarbær. — Þetta er ranglæti. Og það er gegn þessu ranglæti sem menn hljóta að berjast. Auðvitað kostar þessi leiðrétting á skattalögunum eitthvað, en borgararnir eiga líka eitthvað inni hjá ríkinu.

Í áramótaræðu fyrir rúmu ári var lofað að lækka tekjuskattinn. Það er komið í ljós að tekjuskatturinn var ekki lækkaður. Það loforð er óefnt. Þess vegna má vel

nota peninga, sem þar var lofað, til þess að fjármagna þá nauðsyn sem hér er imprað á.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Aðeins til þess að við nafnarnir misskiljum ekki hvor annan vil ég geta um ástæðuna fyrir því, að leigan var tekin inn. Það má að vísu deila um þann lið ekki síður en marga aðra, ég er sammála því. En ástæðan er einfaldlega sú, að ákveðinn hluti af húsnæðiskostnaði manna er frádráttarbær til skatts, þ. e. fjármagnskostnaðurinn, og sá kostnaðarliður er langstærsti hlutinn í húsnæðiskostnaðinum. Fólk, sem leigir, er með leigu sinni að greiða eiganda þess húsnæðis, sem það hefur á leigu, fjármagnskostnað að einhverju leyti. Þess vegna þótti eðlilegt að þetta fólk fengi nokkurn hluta af sínum húsnæðiskostnaði til frádráttar skattskyldum tekjum með sama hætti og sá aðili, sem á sitt húsnæði, fær fjármagnskostnaðinn til frádráttar. Ég held að það sé enginn vafi á því, að ungt fólk, sem þarf að byrja á því að leigja húsnæði og greiða fyrir það miklar fjárhæðir, á oft mjög erfitt með að ráðast í kaup á húsnæði vegna þeirra miklu útgjalda sem það innir af hendi vegna leigunnar. Þetta er vítahringur sem allir þekkja. Þetta vildi ég taka fram í sambandi við þetta atriði.

Varðandi það, að vel geti borgað sig fyrir menn að fara að stofna hlutafélög um íbúðir sínar, vil ég aðeins koma því á framfæri, að ég teldi ekki æskilegt að við mæltum með því hér á Alþingi, að menn færu að gera það í stórum stíl. Það eru til greinar í skattalögum sem fjalla um óvenjuleg skipti í fjármálum og annað slíkt, og þeim er hægt að beita ef menn reyna að fara í kringum lögin. Svo verða menn líka að hafa það í huga, að félög eru í öllum tilfellum sett undir svokallaða verðtryggingarfærslu, þannig að það yrði að reikna tekjur af lánum þeirra á móti vaxtagjöldunum, sem ekki þarf varðandi einstaklinga. Ég er því hræddur um að hv. þm. mundi fljótlega reka sig á það atriði við slíka hlutafélagsstofnun.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 295). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Halldóri Blöndal og Matthíasi Á. Mathiesen leyft mér að leggja fram frv., sem er að finna á þskj. 295, til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. er aðeins ein grein, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 1. mgr. 1. tölul. E-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málsliður er orðist svo:

Enn fremur skal heimilt að draga frá sem vaxtagjöld vexti og gjaldfallnar verðbætur af námslánum sem veitt eru með heimild í lögum um námslán og námsstyrki."

2. gr. er um gildistöku.

Efni þessa frv. var hluti af frv. sem flutt var á síðasta þingi. Hinn hlutinn var samþykktur sem lög frá Alþingi, en þessi hluti var ekki afgreiddur. Ég hef ástæðu til að ætla að meginástæðan fyrir því, að málið fékk ekki afgreiðslu í hv. fjh.- og viðskn., hafi verið sú, að þetta frv. tengist öðru frv. sem nú hefur verið lagt fram, en búist hafði verið við að lagt yrði fram á síðasta þingi. Það er frv. um námslán og námsstyrki.

Með samþykkt þessa frv. yrðu verðbætur og vextir af námslánum frádráttarbær frá tekjum manna áður en reiknaður er skattur, með sama hætti og vextir og verðbætur af lánum, sem tekin eru vegna húsbygginga eða húsakaupa, og — ég legg áherslu á það — með sömu takmörkunum og þar gilda. Þetta þýðir að samtals getur frádráttur af þessum vöxtum og verðbótum ásamt sams konar frádrætti vegna lána af húskaupalánum aldrei upp fyrir það þak sem um getur í E-lið 30. gr. skattalaganna. Á þetta vil ég leggja áherslu.

Flm. þessa frv. telja að framhaldsnámi megi líkja við fjárfestingu og það hafi þvílíkt þjóðfélagslegt gildi, að réttlætanlegt sé að fara þannig á svig við meginstefnu skattalaganna, sem er sú að fækka frádráttarliðum, eins og greinilega kom fram í ræðu hv. 3. þm. Austurl. þegar hann tók til máls um það mál sem var hér á dagskrá fyrr á fundinum. En ég legg áherslu á það, að hér verður um ákveðið hámark að ræða. Hér má segja að gildi sömu sjónarmið og varða húsakaup eða húsbyggingar í E-lið 30. gr. skattalaga.

Þá vil ég enn fremur leggja áherslu á að mér sýnist ekki ástæða til að þetta frv. fái afgreiðslu nema og ef ætlunin sé að afgreiða lagafrv. um námslán og námsstyrki sem nú liggur hér fyrir hv. deild og hefur reyndar verið sent til nefndar í deildinni.

Ástæðan fyri því, að þetta telst vera réttlætismál um leið og það frv. er tekið til afgreiðslu, er að sjálfsögðu sú sem kom fram í umr. um það mál, að með því frv. er gert ráð fyrir að endurgreiðslur verði í raun mun meiri en þær eru nú. Samkv. upplýsingum, sem fyrir liggja, má gera ráð fyrir að endurgreiðslur námslána séu um það bil 60—65%, jafnvel lægra hlutfall af útlánum sjóðsins þegar miðað er við fast verð. En samkv. þeirri breytingu, sem lögð er til í hinum nýja lagabálki, verður hlutfallið a. m. k. 85% og jafnvel nær 90%. Þetta þýðir að sjálfsögðu að þeir, sem lokið hafa námi og eiga kost á að auka sínar tekjur, verða meira á sig að leggja, og sú vinna, sem þeir næla sér í með þeim hætti eða öðrum, hlýtur að lenda í efstu þrepum hins „prógressíva" skattkerfis sem við höfum samþykkt að notað sé hér á landi. Þess vegna má segja að þetta sé enn frekar réttlætismál en ella.

Vegna þess að þetta mál hefur verið í umfjöllun fyrr á hv. Alþingi og var reyndar eins og annað slíkt í lögum áður en núverandi skattalög tóku gildi sé ég ekki ástæðu til að flytja um þetta lengra mál, svo skýrt og afmarkað sem það er í raun.

Ég óska eftir því, herra forseti, að málið verði sent hv. fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég tel mikilvægt að hv. menntmn. hafi þetta atriði í huga þegar hún fjallar um frv. til laga um námslán og námsstyrki, því að það má náttúrlega segja að kannske sé til lítils að vera að ákveða að hækka endurgreiðsluhlutfall námslána og heimila síðan hluta af þeim endurgreiðslum til lækkunar á skattskyldum tekjum. Fyrir mitt leyti teldi ég eðlilegra að hafa þetta í huga við ákvörðun á endurgreiðsluhlutfallinu og ákveða það með hliðsjón af því, af því að svo vill til að endurgreiðsluhlutfallið ræðst af skattstofninum. Síðan hafa menn hugsað sér að ákveðinn hluti af endurgreiðslunni skuli hafa áhrif á þennan skattstofn. Mér finnst menn þá vera komnir með óþarflega flókið kerfi, enda getur það reynst nokkuð erfitt í meðförum. Ég teldi

því á allan hátt eðlilegra að menn sættu sig við að þetta fjármagn skilaði sér ekki að öllu leyti. Ég tel fyllilega eðlilegt að þjóðfélagið fjárfesti með þeim hætti í menntun manna og styrki menn til náms að nokkru leyti, annaðhvort með beinum styrkjum eða með þeim hætti að gera ekki kröfur til að lán, sem tekin eru í því skyni, séu endurgreidd að fullu.

Ef hins vegar á að hafa þetta á tveimur stöðum, í fyrsta lagi með því að viðurkenna, að lánin séu ekki endurgreidd að fullu, og síðan að hluti af endurgreiðslum sé frádráttarbær frá skatti, þá finnst mér að komið sé óþarflega flókið kerfi. Hitt er svo annað mál að mjög nauðsynlegt er að hafa þetta atriði í huga, því að náttúrlega skiptir verulegu máli hvort þessi vaxtagjöld og allar verðbætur, sem bætast ofan á þessi lán, eru frádráttarbær eða ekki. Þess vegna finnst mér full ástæða fyrir hv. menntmn. að taka þetta atriði sérstaklega til athugunar um leið og hún fjallar um frv. um námslán og námsstyrki.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Austurl. fyrir ágætar undirtektir, enda er liðsstyrkur hans mikils virði í þessu máli, þar sem hann er formaður hv. fjh.- og viðskn.

Ég felli mig að sjálfsögðu mjög vel við þann hugsunarhátt, að hv. menntmn. deildarinnar verði látin fylgjast með þessu máli, einkum og sér í lagi vegna þess að hjá henni er frv., sem við höfum báðir getið um, frv. til laga um námslán og námsstyrki. Í almennri greinargerð og athugasemdum með því frv. er einmitt sagt frá því, að nefndinni, sem útbjó það frv., fóru fram heilmiklar umræður um þetta mál og niðurstaðan varð sú, að taka bæri tillit til þeirra atriða í skattalögum, er þetta varða, og annarra slíkra atriða sem til álita gætu komið.

En það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., að þetta kann að vera álitamál, einkum og sér í lagi vegna hins tekjulæga endurgreiðslukerfis námslánakerfisins. Ég skal gjarnan viðurkenna það hér og gerði það reyndar í umr. um það mál, að ég hefði talið að lánasjónarmið ættu fremur að ráða varðandi útlán úr þeim sjóði, þ. e. að endurgreiðsla ætti að taka meira tillit til upphæðar lána heldur en til tekna, eins og nú er gert. En vissulega er það atriði sem æskilegt væri að hv. menntmn. og hv. fjh.- og viðskn. ræddu sín á milli.

Ég vil þess vegna, herra forseti, þakka undirtektir sem hér hafa komið fram við þetta mál, og vænti þess, að hv. 3. þm. Austurl., formaður fjh.- og viðskn., beiti sér fyrir því að hv. menntmn. og hv. fjh.- og viðskn. ræði málið sín á milli og skili til hv. deildar niðurstöðu í þeim efnum. Skal ég gjarnan vera stuðningsmaður þeirrar niðurstöðu sem þannig fengist, ef hún gengur í sömu átt og ég veit að við, ég og hv. 3. þm. Austurl., erum sammála um.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 21 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 318). — 1. umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt 1. þm. Vestf. flutt frv. á þskj. 318 til laga um breyt. á lögum nr. 75 1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Aðalefni þessa frv. felst í því, að þegar lagður er eignarskattur á fasteignir, sem notaðar eru til íbúðar, skuli fasteignir, sem þannig er ástatt um, sem skattstofn ekki hækka meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu.

Fasteignir eru grundvöllur skattlagningar í tveimur aðaltilvikum. Í fyrsta lagi eru það sveitarfélög sem leggja fasteignaskatt á fasteignir. Í öðru lagi er það ríkissjóður sem leggur eignarskatta á fasteignir. Þessir skattar á fasteignir, ekki síst skattar á venjulegt íbúðarhúsnæði, hafa verið að þyngjast æ meir á undanförnum árum. Það kemur til af því að skattstigarnir hafa hækkað, þ. e. hærri prósenttala er nú lögð á fasteignamat íbúða en áður var. Nefna má sem dæmi að eignarskattur til ríkisins hefur hækkað. Hann hækkaði árið 1978 í 1.2% úr 0.8% eða um 50%, og nú er svo komið t. d. hér í Reykjavík að lagður er fasteignaskattur á með fullu álagi, þ. e. með 25% álagi. En aðalreglan er sú, að skattstiginn er 0.5% af íbúðarhúsnæði, en heimilt er að leggja 25% álag á og hefur verið notað.

En hér kemur fleira til en breyting á skattstigunum, og það er hvaða grundvöllur er notaður þegar þessir skattar eru lagðir á. Fasteignamatið er sá grundvöllur sem notaður er þegar eignarskattar og fasteignaskattar eru lagðir á, en samkv. 14. gr. laga nr. 28 1963, um fasteignamat og fasteignaskráningu, skal miða mat á fasteignum við það „gangverð, sem líklegt er, að þær mundu hafa í kaupum og sölum". Þetta ákvæði hefur leitt til þess, að í sumum sveitarfélögum a. m. k. hefur fasteignamatsverð íbúða hækkað mun meira en nemur hækkun launa venjulegs launafólks þannig að skattbyrði bæði eignarskatts og fasteignaskatta þyngist stöðugt.

Sem dæmi um hækkun fasteignamats umfram laun má nefna eftirfarandi þróun í Reykjavík undanfarin þrjú ár:

Í ársbyrjun 1980 hækkaði fasteignamat í Reykjavík að meðaltali frá árinu áður um 60% á íbúðarhúsnæði og 55% á lóðum. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 45.5% og kauptaxtar launþega um 44.1%. Í ársbyrjun 1981 hækkaði fasteignamat í Reykjavík um 50% á lóðum og 60% á íbúðarhúsnæði. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 58.5% og kauptaxtar launþega um 50.8%. Í ársbyrjun 1982 hækkaði fasteignamat á lóðum og íbúðarhúsnæði að meðaltali um 55%. Á sama tíma hækkaði vísitala framfærslukostnaðar um 47.9% og kauptaxtar launþega um 48.2%.

Af þessu má sjá, að á þremur s. l. árum hefur fasteignamat íbúðarhúsnæðis og lóða hækkað mun meira í Reykjavík en almennar launatekjur. Sama regla mun reyndar gilda að þessu leyti í mjög mörgum öðrum sveitarfélögum víða um landið. Eignarskattsbyrðin hefur þannig aukist að sama skapi og reyndar fasteignaskattabyrðin einnig.

Í þessu frv. er einungis tekið á þeim þætti þessa máls, sem snertir eignarskattsálagningu ríkisins, og reynt að sporna við þeirri þróun, að þessi skattbyrði þyngist æ meir, eins og raun ber vitni um. Ég geri mér grein fyrir að fara má margar leiðir í þessu efni, en í þessu frv. er bent á eina. Hún er sú, að fasteignir sem eignarskattsstofn, þegar þær eru notaðar til íbúðar, geti ekki hækkað meir milli ára en nemur hækkun skattvísitölu. Að mati okkar flm. er þessi vísitala eðlileg viðmiðun því hún er notuð af ríkisvaldinu í öðrum skiptum þess við skattborgarana. Hér er að sjálfsögðu undirskilið að einstakar fasteignir hafi ekki verið teknar til sérstaks mats að nýju vegna

breytinga og endurbóta.

Í þessu frv. er hins vegar ekki gripið á öðrum vanda, sem er sá hversu mikil mismunun á sér nú orðið stað við álagningu bæði eignarskatts og fasteignaskatts vegna þess hve matið er mismunandi, bæði eftir sveitarfélögum og eftir hverfum í einstökum sveitarfélögum. Þetta á rætur að rekja til þessarar reglu Fasteignamatsins, að miða eigi við gangverð á íbúð. Það gefur auga leið, að slíkt mat er ákaflega tilviljanakennt. Ég efast ekkert um að Fasteignamat ríkisins, eftir því sem það hefur aðstöðu til, reyni að gera sitt besta í þeim efnum, reyni að meta gangverð milli ára. En það gefur auga leið að slíkt hlýtur að vera ákaflega tilviljanakennt.

Nefna má nokkur dæmi um einstakar fasteignir og hvernig þetta kemur út, en í nýlegu fréttablaði Fasteignamats ríkisins voru tilgreind nokkur dæmi um mat á einstökum fasteignum. Þar kemur m. a. eftirfarandi fram: Einlyft einbýlishús í Fossvogi er metið á um 4460 kr. fermetrinn. Einbýlishús í grónu hverfi í Reykjavík er metið á 2694 kr. fermetrinn. Einbýlishús í Keflavík er metið á 3840 kr. fermetrinn. Þetta eru allt steinsteypt hús. Einbýlishús á Akranesi er metið á 3563 kr. fermetrinn, einbýlishús á Ísafirði á um 3773 kr. fermetrinn, einbýlishús á Akureyri á 3549 kr. fermetrinn. Ef skoðað er líka hvernig lóðamatið er, en lóðir eru metnar sem fasteign í eignarskattsstofni þó að þær séu leigulóðir, þ. e. í eigu sveitarfélagsins, og tökum fermetra í lóð á nokkrum svæðum: Í Fossvogi í Reykjavík er fermetrinn 5969, í Hlíðahverfi í Reykjavík 4121, í Kópavogi 3997, í Hafnarfirði 4917, í Keflavík 4176, á Akranesi 3774, á Ísafirði 3915. Þetta eru dæmi um lóðir í einstökum kaupstöðum, en svo getur lóðamatið verið mjög mismunandi innan kaupstaða eftir staðsetningu.

Sú spurning hlýtur að vakna, hvort það sé sanngjarnt og eðlilegt að markaðsverð eða oft og tíðum ímyndað markaðsverð húsa og lóða eigi að ráða skattlagningu íbúðarhúsnæðis, ekki síst þegar skattstiginn er orðinn jafnhár og raun ber vitni. Ég tel að það sé ekki rétt vegna þess að allt venjulegt fólk lítur ekki á hús sín og íbúðir sem markaðsvöru, heldur sem heimili þar sem fjölskyldan býr oftast lengstan hluta ævi sinnar. Fólk reynir jafnvel umfram getu að búa sem lengst í íbúðum sínum, t. d. gamalt fólk, af tilfinningalegum ástæðum þótt færa megi fyrir því rök að íbúðir séu of stórar.

Þessi álagning fasteignaskatta og eignarskatta eftir markaðsverði er því ósanngjörn, og ég tel að það eigi að finna aðrar leiðir til að leggja þessa skatta á þótt ekki sé bent á þær leiðir sérstaklega í þessu frv. Ég vildi hins vegar vekja athygli á þessum vanda, því að ég tel að Alþingi þurfi að taka hann til sérstakrar meðferðar. En þetta frv. fjallar sem sagt um einn þátt þessa vandamáls, þ. e. þegar íbúðir eru notaðar sem skattstofn fyrir eignarskattinn.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði þessu frv. vísað til fjh.- og viðskn.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. flm. er hér um að ræða að hann telur rétt að víkja frá fasteignamati varðandi eignarskattsstofn. Það má sjálfsagt lengi um það deila, hvaða stofn er réttur og hvaða matsverð er rétt í sambandi við eignarskatt. Það má kannske segja að réttast sé að miða við upphaflegt kaupverð og síðan framreikna það með vísitölum. Það kemur vissulega til greina. En gallarnir við allar slíkar aðferðir eru fyrst og fremst þeir, að það verður nokkuð flókið. Þá þarf hver og einn að reikna út hækkun á sinni fasteign, og þá þurfa skattyfirvöld að endurskoða þann útreikning í stað þess að geta stuðst við opinbert mat á þeim tíma. Slíkt mat fær skattþegn sent til sín, á rétt á að kæra það og fá því breytt, og við endurskoðun skattframtala geta starfsmenn stuðst við hið opinbera mat.

Ég held, því miður, að menn verði fyrst og fremst að beina athyglinni að matinu sjálfu og reyna að gera það svo vel úr garði að það geti verið sæmilega sanngjarn stofn til álagningar eignarskatts og fasteignargjalda. Hitt er svo annað mál, að ef það mat hækkar langt umfram venjulegar hækkanir á að sjálfsögðu fremur að lækka skattinn, þ. e. lækka skatthlutfallið, sem nú er 1.2% og er vissulega nokkuð hátt og hefur farið hækkandi. Það er að mínu mati miklu betri leið.

Ég vil hins vegar taka mjög undir það með hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að sú mismunun, sem á sér stað við fasteignamatið, er mjög alvarleg. Það er vissulega mikil ástæða til að leggja meira að sér til að gera fasteignamatið betur úr garði þannig að þessi mismunun eigi sér ekki stað. Ég get t. d. ekki séð hvaða ástæða er til þess, að mat á eignum í ýmsum nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur er lægra en víða í Reykjavík. Maður fær ekki séð rök fyrir slíku. Þessi mismunun kemur ekki aðeins fram í eignarskattinum, heldur einnig í fasteignagjöldunum. Þarna er fljótt að muna, því að ef um er að ræða við skulum segja 10 þús. kr. umfram það sem gengur og gerist, þá er þar um að ræða að 120 kr. þarf viðkomandi fjölskylda að borga í eignarskatt vegna þessarar skekkju. Fasteignamatið er orðið svo mikilvægur grundvöllur bæði varðandi fasteignagjöld og eignarskatt að það skiptir mjög miklu að þetta mat sé bæði rétt og sanngjarnt. Það er full ástæða til að það sé lögð í það veruleg vinna og þá reynt fremur að afnema aðra matsgerð í þjóðfélaginu.

Það var gert ráð fyrir því í lögum um fasteignamatið á sínum tíma að fasteignamatið gæti smátt og smátt orðið sá matsstjóri í þjóðfélaginu sem skipti mestu máli, en það hefur ekki orðið. Menn eru enn þá með sérstakt brunabótamat, og ef lánað er út á húsnæði hlaupa bankastofnanir af stað með sína matsmenn og Fiskveiðasjóður hleypur af stað með sína matsmenn og kannske Framkvæmdastofnun líka. Þannig er alltaf nóg af matsmönnum í þjóðfélaginu, það vantar ekki, en kraftar þessara ágætu matsmanna hafa alls ekki verið samræmdir með þeim hætti sem löggjöfin gerði ráð fyrir. Hvað þar kemur til skal ég ekkert fullyrða, en eitthvert áhugaleysi virðist ríkja hjá hinum ýmsu aðilum, sem hlut eiga að máli, á að samræma þessi möt.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég get í sjálfu sér verið sammála hv. 3. þm. Austurl. um að þessi möt séu orðin allt of mörg og margbreytileg og þar af leiðandi allt of margir menn í raun og veru við hið sama, en þá er auðvitað að breyta því og fækka.

Hins vegar tel ég fulla þörf á að flytja þetta frv. Ég fullyrði ekki, þó að ég sé meðflm. hv. 6. þm. Reykv., að hér sé um það eina sanngjarna að ræða, að hækkunin á milli ára skuli fara eftir hækkun skattvísitölu. Ef aðrir beinir skattar eiga að hækka eftir skattvísitölu er ekkert óeðlilegt að þessi stofn hækki einnig í samræmi við hana. Hitt er auðvitað annað mál, sem er kannske illt við að ráða, að bæði hefur verið gengið lengra í þessu fast-

eignamati en góðu hófi gegnir á allra síðustu árum og svo hitt, sem hv. þm. nefndi, að það ætti þá heldur að hækka fasteignaskattana minna, en það hefur síður en svo verið gert því að þeir voru hækkaðir úr 0.80% haustið 1978 í 1.2% eða um 50%. Síðan hefur fasteignamatið hækkað meira en meðaltalslaunatekjur manna yfirleitt, þannig að talið er að raunverulegar hækkanir á eignarsköttum muni nema nálægt 90% frá því haustið 1978. Þá komum við að þessu stóra atriði: Er það rétt stefna stjórnvalda á hverjum tíma að þeir, sem koma sér upp þaki yfir höfuðið, eigi umfram skatta af launatekjum að greiða í vaxandi mæli stórfellda hækkun á eignarsköttum?

Þetta frv. er ein viðleitni í þá átt að sporna við þeirri óeðlilegu hækkun sem átt hefur sér stað á eignarsköttum í almennri eignarskattlagningu á sérstaklega hina almennu húseigendur í landinu. Og þá er það þetta stóra atriði: Er ekki nóg að gert í sambandi við álagningu tekjuskatts þó að þetta skattform sé ekki líka sífellt hækkað og næstum því tvöfaldað frá haustinu 1978? Þetta frv. er viðleitni í þá átt að hækka fasteignamötin minna en gert hefur verið í trausti þess að það verði ekki farið að hrófla enn við prósentunni sem skatturinn er lagður á eftir — a. m. k. ekki til hækkunar fram yfir það sem hefur verið gert einmitt af þeim flokkum sem lengst af hafa verið í stjórn landsins síðan haustið 1978.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 53. fundur.

Þriðjudaginn 16. febr., kl. 2 miðdegis.

Afurðalán landbúnaðarins, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Æðilangt er nú um liðið síðan fsp. þessi var fram borin, en það var mjög snemma á þinginu á liðnu hausti. Svör hafa ekki fengist við þessari fsp. fyrr, en ég á von á þeim nú. Ég hafði raunar skilið hæstv. viðskrh. svo, að hann mundi svara þessari fsp. fyrir 25. nóv., en þá voru afurðalán greidd út, en á síðasta degi þar á undan, 24. minnir mig að það hafi verið, átti ég sannarlega von á að fá fsp. svarað. Það brást og hefur brugðist fram að þessu, en nú er þó komið að því að einhver svör muni fást.

Það leiðir af orðalagi þessarar fsp. að seinni liðnum er ekki hægt að svara beint. Spurningin er sú, hvort lokið sé undirbúningi að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979, að hún komi til framkvæmda við veitingu afurðalána í nóv. n. k. Það var auðvitað átt við þann nóvember sem liðinn er á síðasta ári, en væntanlega verður þó hægt að fá svör við því hvað verða muni í framtíðinni.

Eins og menn minnast var því lengi borið við, að erfitt eða jafnvel ógjörlegt væri af tæknilegum ástæðum að láta bændur fá í hendur þá fjármuni, sem þeir eiga með réttu að fá, og bankar bornir fyrir því. Úr þessu vígi hefur sem betur fer verið hopað, og leyfi ég mér að vitna til umr. sem fram fóru 5. maí s. l. um þessi mál, en þar segir hæstv. viðskrh., með leyfi forseta:

„Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áður, að ég vinn að því, og mun áfram vinna að því að framkvæma þessa þál. þannig að tryggja megi að tilgangi hennar verði náð. Það vil ég endurtaka og undirstrika. Ég hef sagt hér áður að það hefur verið bent á leið til þess sem margir telja að sé fullkomlega fær og muni þýða framkvæmd till. í reynd. Og ég vil endurtaka þetta, að ég mun vinna þannig að þessu máli. Hv. þm. verður svo sennilega í þriðja sinn að spyrja, kannske á næsta þingi, hvernig hafi miðað í þessu máli."

Það er einmitt það sem ég er nú að spyrja að, hvernig hafi miðað á því tæpa ári sem liðið er frá því að hæstv. viðskrh. viðurkenndi að mjög vel mætti framkvæma þessa till., gagnstætt því sem andstæðingar þess, að bændur fái sína fjármuni í hendur, hafa fram að þessu haldið fram. — En hæstv. ráðh. hafði áður talað og til þeirra orða vitnaði hann í því sem ég las nú síðast. Hann víkur þar að svari Seðlabankans og segir, með leyfi forseta:

„Vegna þess samhengis, sem er milli rekstrar- og afurðalána, verður að telja æskilegast að lántakandi sé í báðum tilfellum sá sami, og er þá komið að síðari leið sem bankarnir mæla með, að sláturleyfishafar eða umboðsmenn þeirra verði áfram lántakendur líkt og verið hefur. En andvirði lánanna mætti ráðstafa að fyrirmælum lántakanda á þannn hátt sem áður er lýst um afurðalán. Með því móti telja fleiri að tryggja megi að tilgangi þál. verði náð, þ. e. að bændur fái í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir um leið og lánin eru veitt." — Og hæstv. ráðh. heldur áfram: „Í þessu felst það álit Seðlabankans og fleiri, að með þessu sé hægt að ná tilgangi þál. Sennilega er erfitt að komast nær því að framkvæma hana. Og það hlýtur að vera aðalatriðið. Það er það sem ég hef verið að vinna að og mun vinna að, að þeim tilgangi, sem felst í þessari þál. Alþingis, verði náð."

Þetta voru orð hæstv. ráðh., og vona ég nú að þeim fyrirslætti linni að ekki sé hægt að framkvæma þessa till. Ég vil vitna til ekki ómerkari manns en hæstv. landbrh., sem sagði 12. maí við umr. í Ed., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er talið nauðsynlegt að lántakandi þessara lánaflokka beggja sé hinn sami vegna innbyrðis tengsla þeirra og vegna þess að rekstrarlánin eru endurgreidd af afurðalánum, sem veitast í nóvembermánuði, en rekstrarlánin veitast frá því í marsmánuði og þangað til í ágústmánuði. Síðan væri hægt annað tveggja með samkomulagi eða jafnvel með fyrirmælum að kveða á um það, að því fjármagni, sem rennur til fyrirtækjanna í gegnum rekstrar- og afurðalánin, verði ráðstafað á reikning viðkomandi lántaka, annað tveggja viðskiptareikning eða bankareikning eftir ósk hvers og eins.

Þetta er sú leið sem ég hef oft látið í ljós að ég telji að sé fær í þessu máli, — leið sem farin er hjá ýmsum afurðasölufyrirtækjum svo að um þá leið hefur skapast reynsla."

Þannig hafa þessir tveir hæstv. ráðh. lýst yfir að till. sé mjög vel framkvæmanleg. Þess vegna vona ég að við heyrum ekki einu sinni enn fyrirslátt í þá átt, að það sé ekki hægt að koma fjármunum bænda til þeirra, þeir þurfi að staðnæmast annars staðar, og vænti nú jákvæðs svars frá hæstv. ráðh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur beint til mín þeirri fsp., hvort reglur

hafi verið settar um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái fjármuni sína í hendur um leið og lánin eru veitt, í samræmi við ályktun Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda.

Eins og kunnugt er skipaði landbrh. nefnd í okt. 1978 sem falið var að gera tillögur um breytingar á afurða- og rekstrarlánum þannig að bændur gætu fengið laun sín greidd og óhjákvæmilegan rekstrarkostnað svipað og aðrir aðilar. Í nefndina voru skipaðir Árni Gunnarsson alþm., Geir Magnússon gjaldkeri Sambands ísl. samvinnufélaga, Gunnar Guðbjartsson fyrrv. formaður Stéttarsambands bænda, Kjartan Ólafsson fyrrv. alþm., Sveinn Jónsson fyrrv. aðstoðarbankastjóri Seðlabanka Íslands, en síðar tók Garðar Ingvarsson forstöðumaður lánadeildar við störfum hans í nefndinni. Magnús Jónsson bankastjóri Búnaðarbanka Íslands, Helgi Bergs bankastjóri Landsbanka Íslands og Vilhjálmur Hjálmarsson fyrrv. ráðh., sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Með bréfi landbrh., dags. 20. mars 1980, var þessari nefnd jafnframt falið að gera tillögur svo sem fært þykir um tilhögun afgreiðslu rekstrar- og afurðalána landbúnaðarins sem tryggi að bændur fái í hendur þá fjármuni sem þeim eru ætlaðir um leið og lánin eru veitt, sbr. ályktun Alþingis, dags. 27. maí 1979, um beinar greiðslur til bænda, eins og segir orðrétt í bréfinu.

Í skýrslu þeirri, sem nefndin skilaði ráðh., var lýst í stuttu máli gildandi tilhögun á greiðslu rekstrar- og afurðalána og þess getið, að nefndin hefði fengið í hendur bréflegar umsagnir Seðlabankans, Landsbankans, Búnaðarbankans og Stéttarsambands bænda á framkvæmd þál., og fylgja umsagnir með skýrslu nefndarinnar með fskj.

Í fyrri umr. um þál. á Alþingi hefur efni þessarar skýrslu og fskj. verið rakið. Hér skal aðeins á það minnst, að algjör samstaða varð um það í nefndinni að leggja ekki til breytta tilhögun á greiðslu rekstrar- og afurðalána. Verður sú niðurstaða tæplega skilin öðruvísi en svo, að nefndin hafi nánast talið útilokað að hrinda þál. í framkvæmd. Þennan skilning staðfesti einn nm., Árni Gunnarsson alþm., í umr. á þingi í maímánuði á síðasta ári. Hann sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir marga fundi og viðræður við sérfróða menn á þessum sviðum komst nefndin að þeirri niðurstöðu í stuttu máli, að miðað við núverandi sölukerfi landbúnaðarafurða á Íslandi væri tæknilega ógerlegt að koma á beinum greiðslum til bænda."

Það skal tekið fram, að þrátt fyrir þessa niðurstöðu vakti nefndin athygli á leið sem Seðlabankinn benti á í umsögn sinni til þess að framkvæma þál., en ljóst er að nefndin hefur ekki talið fært að mæla með þeirri leið.

Þrátt fyrir að þál. væri talin nánast óframkvæmanleg í þeirri skýrslu, sem lýst hefur verið, ákvað ég sem ráðh. bankamála að athuga hvort hægt væri að reyna til þrautar að framkvæma ályktunina. Var þremur embættismönnum falið að athuga hvort þess væri kostur að setja reglur um rekstrar- og afurðalán landbúnaðarins sem tryggðu að bændur fengju í hendur þá fjármuni, sem þeim eru ætlaðir, um leið og lánin eru veitt, sbr. fyrrgreinda þingsályktun.

Umfangsmikið starf hefur verið unnið í þessu skyni. Má t. d. nefna að farið var út í viðamikla upplýsingaöflun hjá sláturleyfishöfum til þess að sem gleggst mynd fengist af gildandi greiðslufyrirkomulagi rekstrar- og afurðalána. Könnunin var talin nauðsynleg forsenda þess, að hægt væri að gera sér ítarlega og nákvæma grein fyrir leiðum til breytinga. Jafnframt hefur verið farið rækilega ofan í saumana á afstöðu bændasamtakanna og viðskiptabankanna til framkvæmdar á þál. Hvort tveggja hefur reynst afar tímafrekt, en þess er þó að vænta, að athugunum verði lokið áður en þessi mánuður er á enda.

Óhætt er að fullyrða að sú könnun og öflun gagna um þetta mál, sem fram hefur farið, mun ekki réttlæta breytingar í þá átt sem fyrirspyrjandi hefur unnið að og getur sætt sig við. Einkum á þetta við um afurðalánin. Skal ég nú víkja að þessu nokkru nánar og tek þá fyrst fyrir afurðalánin.

Samkv. þál. er gert ráð fyrir að hin svonefndu afurðalán landbúnaðarins greiðist bændum beint af bankakerfinu án milligöngu vinnslustöðva eða heildsöluaðila. Afurðalánin eru veitt út á birgðir sauðfjárafurða, mjólkurafurða og ýmissa afurða aukabúgreina til þess að standa undir þeim kostnaði sem í afurðirnar hefur verið lagður.

Það liggur í augum uppi að óraunhæft er að greiða beint til bænda afurðalán sem til komin eru vegna mjólkurafurða. Hér er einkum um að ræða lán vegna framleiðslu og birgða af smjöri og ostum og engin leið að gera upp hlut einstakra bænda í fyrirliggjandi birgðum hverju sinni. T. d. er hugsanlegt að farið hafi fram fullnaðaruppgjör við bændur á mjólk, sem búið er að umbreyta í osta sem eru í birgðum, og búið sé að greiða fullt verð til bænda fyrir mjólkina. Óraunhæft væri að láta þeim einnig í té hluta afurðalána vegna sömu mjólkur.

Afurðalán vegna aukabúgreina verða einnig að ganga til þess aðila sem hefur vinnslu eða sölu vörunnar með höndum. Annað yrði illframkvæmanlegt. Framleiðendur hrossakjöts eru t. d. bæði margir og smáir og sumir hverjir þéttbýlisbúar. Beinar greiðslur afurðalána til þessara framleiðenda, jafnvel út á eitt til tvö hross, mundu leiða til allt of mikils kostnaðar og skriffinnsku.

Hvað varðar lán vegna sauðfjárafurða, sem mestmegnis eru veitt út á sláturafurðirnar, er nauðsynlegt að fara nokkrum orðum um hvernig uppgjör við bændur vegna þessara afurða hefur farið fram.

Eins og mönnum er kunnugt falla sláturafurðir sauðfjár til á haustmánuðum ár hvert. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur sett þá meginreglu að sláturleyfishafar greiði bændum a. m. k. 80% af verðmæti afurðanna á haustin. Á þessum tíma er meginhluti afurðanna enn þá í birgðum og sláturleyfishöfum ekki mögulegt að inna áðurnefnda greiðslu af hendi fyrr en afurðalánin hafa verið veitt. Seðlabanki Íslands og viðskiptabankarnir veita afurðalán út á sauðfjárafurðir, sem er á bilinu 71—75% af kostnaðarverði afurðanna án sjóðagjalda. Þessi lánveiting er forsenda þess, eins og áður er nefnt, að sláturleyfishafar geti greitt bændum tilskilinn hluta afurðaverðsins samkv. tilmælum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Það má öllum vera ljóst, að sláturleyfishafar yrðu að lækka útborgunina um það sem lánafyrirgreiðslunni nemur ef þeir fengju ekki afurðalánin og þau greiddust beint til bænda. Það hlýtur einnig öllum að vera ljóst, að bændum væri óþökk gerð með því að ætla þeim að sækja haustútborgun sauðfjárafurða að hluta til bankakerfisins í formi afurðaláns og að hluta til sláturleyfishafans, en það mundi einmitt leiða af framkvæmd þál. um beinar greiðslur á afurðalánum til sauðfjárbænda.

Þau atriði, sem hér hafa verið rakin, útiloka að mestu þann möguleika að greiða afurðalánin beint til bænda. Er þó ekki allt upp talið.

Hagsmunasamtök bændanna sjálfra, Stéttarsambandið, hafa alfarið lýst sig mótfallin beinni greiðslu afurðalánanna. Afstaða Stéttarsambandsins er einkum á því byggð, að beinar greiðslur muni reynast flóknar og erfiðar í framkvæmd og kostnaðarsamar fyrir bændur. Þessari afstöðu Stéttarsambandsins er vert að veita athygli, sérstaklega þegar haft er í huga að fyrirspyrjandi telur sig berjast fyrir hagsmunum bænda.

Í þessu sambandi má t. d. ekki gleyma því, að bændur yrðu að taka á sig kostnað í formi lántöku og stimpilgjalda ef beinar greiðslur væru teknar upp. Því má ekki heldur gleyma, að mjög erfitt gæti orðið og kostnaðarsamt að halda tryggilega skrá yfir þá sem senda ætti greiðslurnar. Ekki mætti reiða sig á vinnslustöðvar og heildsöluaðila í því efni. Ætti t. d. að senda greiðslur til allra þeirra sem eiga búfé, en þeir eru margfalt fleiri en hinir eiginlegu bændur og búa oft í þéttbýli? Varla hefur þessi hugsun legið að baki þál. Ef ætti að senda greiðslur til þeirra, sem hafa lögbýli til umráða, ef þessi viðmiðun væri notuð, rækju menn sig fljótt á þá staðreynd, að margir telja sig bændur, þó þeir hafi ekki lögbýli til umráða, af því að þeir lifa af búvöruframleiðslu. Þetta dæmi varpar nokkru ljósi á það, hversu miklum örðugleikum er bundið að setja almennar reglur um beinar greiðslur sem menn yrðu ásáttir um.

Afstaða viðskiptabankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans, til þál. um beinar greiðslur rekstrar- og afurðalána til bænda hefur alltaf verið fremur neikvæð. Einkum á þetta við um greiðslur afurðalána. Í nóvembermánuði s. l. voru bankarnir spurðir álits á því, hvort þeir teldu þá leið tæknilega framkvæmanlega sem Seðlabankinn hefur lagt til að farin verði til þess að ná tilgangi umræddrar þál. Leið sú, sem hér um ræðir, er í því fólgin, að bankar þeir, sem veita rekstrar- og afurðalán, mundu tilkynna bændum að þeim stæði til boða að taka lán sín sjálfir að uppfylltum þeim skilyrðum sem bankarnir settu, og stæði þá þeim bændum, sem þannig væri ástatt um, opið að taka lánin. Fyrir hina, sem annaðhvort ekki æsktu þess eða gætu ekki uppfyllt sett skilyrði, mundu sláturleyfishafar eða vinnslustöðvar vera lántakendur eins og nú er.

Svar viðskiptabankanna tekur fyrst og fremst mið af afurðalánum sem veitt eru út á sláturafurðir. Afstaða þeirra til beinna greiðslna á öðrum afurðalánum liggur þó alveg ljós fyrir. Af svari bankanna verður ekki önnur ályktun dregin en sú, að þeir telji ógerlegt að fara leið Seðlabankans til að ná tilgangi þál. Þeir segja að um afurðalánin gildi þær reglur, að þau verði að vera með veð í afurðunum sjálfum og afurðirnar í vörslu veðsalans. Við núverandi aðstæður sé útilokað fyrir bóndann að veðsetja sláturafurðir því hvergi sé aðstaða til að halda afurðum hans aðskildum og þar með sjálfsvörslu hans á veðinu. Þetta gerir það óhjákvæmilegt, að sláturleyfishafar, sem hafa vörurnar til sölumeðferðar, taki afurðalánin og veðsetji afurðirnar líkt og verið hefur. Jafnframt lýsa bankarnir þeirri skoðun sinni, að veðsetning á afurðum sé forsenda þess, að hægt sé að tala um afurðalán samkv. núgildandi lögum.

Það, sem hér hefur verið sagt á undan, ætti að skýrast enn frekar þegar embættismennirnir, sem ég fól að athuga þál., hafa lokið verki sínu, sem ætti að geta orðið fyrir lok þessa mánaðar, eins og áður hefur verið sagt. Þó er óhætt að fullyrða, þegar litið er til þeirra atriða sem drepið hefur verið á hér að framan, að fátt getur réttlætt setningu reglna um beinar greiðslur afurðalána til bænda. Sérstaklega má minna á afstöðu bænda sjálfra sem fyrirspyrjandi vill berjast fyrir.

Þá er komið að rekstrarlánunum. — Ég á eftir, herra forseti, örlítinn kafla. Þetta er viðamikið mál og ekki unnt að svara því nema á nokkrum tíma, en það er ekki langt eftir af svarinu.

Seðlabanki Íslands veitir landbúnaðinum hin svokölluðu rekstrarlán. Rekstrarlánin eru veitt vegna framleiðslu sauðfjárafurða á vori og fram eftir sumri og endurgreiðast með afurðalánum að hausti þegar sláturtíð er lokið og veðsetning birgða kindakjöts hefur farið fram. Af þessu leiðir að sláturleyfishafar taka þessi lán og ábyrgjast endurgreiðslu þeirra. Spurningin er sú, hvort þeir fjármunir, sem Seðlabankinn veitir til þessa, nái til bændanna sjálfra eða dagi uppi í kassa sláturleyfishafanna. Í því sambandi er vert að minna á hverjir eru sláturleyfishafar í landinu. Það eru kaupfélögin með alhliða viðskipti við bændur, sláturfélög og slátursamlög, auk einkaaðila eða hlutafélaga sem reka sláturhús án annarra viðskipta við bændur.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að möguleikar bænda til að rekstrarlánin komi til fjármögnunar í búrekstri þeirra er mismunandi eftir því hvaða aðili á í hlut. Sé rekstur kaupfélaganna skoðaður er enginn vafi á að þau veita sauðfjárbændum mun meiri lánsviðskipti frá vordögum og fram á haust en rekstrarlán frá Seðlabankanum nema. Að sjálfsögðu er lánaviðskiptaþörf bænda misjöfn eftir efnahag. Stéttarsamband bænda hefur því vakið athygli á að greiddust þessi lán bændum beint væri hugsanlegt að margir bændur mundu ekki taka lánin af einni eða annarri ástæðu. Þá yrði minna til að miðla hinum efnaminni sem einkum hafa þörf fyrir lánafyrirgreiðslu þar til afurðainnlegg fer fram. Þeir sláturleyfishafar, sem ekki hafa alhliða viðskipti við bændur, hafa takmarkaðri möguleika til að láta rekstrarlánin ganga til fjármögnunar í búrekstri sauðfjárbænda gegnum viðskipti. Þó er það svo, að í mörgum tilfellum hafa þeir séð um að greiða áburðarkaup bænda, og einnig eru dæmi til um að þeir leysi út víxla fyrir bændur með ávísun á sauðfjárinnlegg að hausti. Í þeim tilfellum fá einstakir bændur meiri fyrirgreiðslu hjá þessum sláturleyfishöfum en nemur upphæð rekstrarlána er svarar haustinnleggi bóndans.

Af því, sem hér hefur verið sagt, kemur fram að rétt mun vera að kanna mjög ítarlega alla möguleika á umbótum í fyrirkomulagi á rekstrarlánveitingum til sauðfjárbænda. Að því er nú unnið á vegum ráðuneytisins þó niðurstöður liggi ekki fyrir enn.

Hér skal aðeins nefnt að nokkur kaupfélög hafa þann hátt á að greiða rekstrarlán inn á reikning hjá bændum um leið og þau eru veitt, t. d. Kaupfélag Borgfirðinga og að ég hygg Kaupfélag Eyfirðinga að verulegu leyti. Ekki skal um það fullyrt, hvort þessi leið verður talin fær eða einhver önnur, því vissulega eiga ýmsir þeir annmarkar, sem eru á beinni greiðslu afurðalána, einnig við um rekstrarlán. Breytingar á þessum málum munu óhjákvæmilega valda sumum bændum auknum erfiðleikum. Þess ber sérstaklega að gæta, að það verði ekki þeir bændur sem hafa þrengri fjárráð fyrir og bágari afkomu. Það væri varla til góðs fyrir bændastéttina.

Að lokum vil ég víkja að atriði sem oft hefur borið á góma í umræðum um greiðslufyrirkomulag rekstrar- og afurðalána í landbúnaðinum, en það er tilvísun til fyrirkomulags þessara mála í sjávarútvegi. Vinnsla sjávarafurða er ætlað að greiði að fullu aflaverðmæti til sjómanna þegar veiting afurðalána fer fram. Það mætti hugsa sér að sama skilyrði væri sett vinnslustöðvunum í landbúnaði. Á þessu er þó sá munur, að hráefnisverð í unninni vöru í sjávarútvegi er um helmingur af verðmætinu, en í landbúnaði er hráefnisverðið nær 4/5 hlutar verðmætisins. Afurðalán þessara atvinnugreina eru ámóta hlutfall heildarverðmætis og því augljóslega erfiðara fyrir vinnslustöðvar landbúnaðarins að gera upp afurðaverð við bændur en fiskvinnsluna að gera upp fiskverð við sjómenn.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Mér þykir nú farið að týra! Ég heyri ekki betur en hæstv. viðskrh. segi hæstv. landbrh. fara með, — ja, ef ekki ósannindi, þá einhverjar fáránlegar staðhæfingar þegar hann reifar málið 12. maí s. l. Eins og ég las upp áðan segir hæstv. landbrh. um þessi lán:

„Síðan væri hægt annað tveggja með samkomulagi eða jafnvel með fyrirmælum að kveða á um það, að því fjármagni, sem rennur til fyrirtækjanna í gegnum rekstrar- og afurðalánin, verði ráðstafað á reikning viðkomandi bónda, annað tveggja viðskiptareikning eða bankareikning eftir ósk hvers og eins.

Þetta er sú leið sem ég hef oft látið í ljós að ég telji að sé fær í þessu máli, — leið sem farin er hjá ýmsum afurðasölufyrirtækjum svo að um þá leið hefur skapast reynsla."

Þetta sagði hæstv. landbrh. hér á Alþingi 12. maí s. l. Nú kemur hæstv. viðskrh. og segir að þetta sé þvaður og blaður, það sé ekki hægt að framkvæma þetta. En hann ber ekki þetta blaður eingöngu á hæstv. landbrh. Hann ber það líka á hæstv. viðskrh., en hann sagði 5. maí í fyrra, eins og ég las upp áðan, m. a. þetta, með leyfi forseta:

„Ég vil aðeins endurtaka það sem ég sagði áður, að ég vinn að því og mun áfram vinna að því að framkvæma þessa þál. þannig að tryggja megi að tilgangi hennar verði náð. Það vil ég endurtaka og undirstrika. Ég hef sagt hér áður að það hefur verið bent á leið til þess sem margir telja að sé fullkomlega fær og muni þýða framkvæmd till. í reynd. Og ég vil endurtaka þetta, að ég mun vinna þannig að þessu máli."

Áður hafði hæstv. þáv. viðskrh., sem núv. viðskrh. segir að sé bullukollur, sagt m. a.:

„Í þessu felst það álit Seðlabankans o. fl., að með þessu sé hægt að ná tilgangi þál. Sennilega er erfitt að komast nær því að framkvæma hana. Og það hlýtur að vera aðalatriðið. Það er það sem ég hef verið að vinna að og mun vinna að, að þessum tilgangi verði náð." — Þetta sagði hæstv. þáv. viðskrh. á Sþ. 5. maí í fyrra.

Ég sá tilefni til þess þá að fara upp í þennan ræðustól í lok þessarar umr., sem var býsna hörð á köflum, og segja, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir allt tel ég mér skylt að þakka síðustu ummæli hæstv. viðskrh. þar sem hann lýsti yfir að hann mundi halda áfram að vinna að framgangi þessa máls." — Og ég bætti við: „Ég sé að vísu ekki að hann hafi neitt unnið hingað til. En yfirlýsingin jafngildir því, að hann muni nú taka málið til afgreiðslu og úrlausnar, og fyrir það er auðvitað skylt að þakka. Betra er seint en aldrei."

Síðan hefur honum sem sagt snúist hugur. Hver skyldi hafa kippt í spottann? Skyldu það vera þeir, sem þykir dálítið þægilegt að hafa gífurlega fjármuni bændastéttarinnar í eigin höndum með 29% vöxtum þegar vextir í þjóðfélaginu eru yfir 50%, eða þeir, sem hafa gífurlega fjármuni bændastéttarinnar undir höndum vaxtalaust, niðurgreiðslufé og uppbótafé? Ætli þessir menn hafi kippt í hendina á hæstv. viðskrh. þannig að honum snýst nú hugur? (Gripið fram í.) Þeir menn sem stjórna afurðasölufyrirtækjunum og ekki greiða bændum út á réttum tímum. Það hélt ég að hver einasti maður á landinu vissi.

Hæstv. ráðh. segir að nefndin leggi ekki til að gera neinar breytingar. Alþingi var búið að ákveða breytingar. Nefndin hafði ekkert umboð til að leggja til eitt eða neitt í því annað en að framkvæma málið eins og Alþingi hafði ákveðið.

Það var ánægjulegt að heyra að hæstv. ráðh. sagði að eitthvað mundi liggja fyrir áður en þessi mánuður yrði á enda. Ég á von á að hann gefi okkur skýrslu um mánaðarmótin um endanlegar niðurstöður. Ég vona að það farist ekki fyrir.

Hann talar um að svar hans muni kannske ekki vera í þá átt sem fyrirspyrjandi muni sætta sig við. Þetta er ekki mitt mál. Mjög mikill meiri hluti Alþingis samþykkti þetta. Það er spurning um hvort hæstv. ráðh. ætlar að framkvæma vilja Alþingis eða ekki. Það má kannske segja að mikill meiri hluti alþm. sé fábjánar og væri ég þá einn af þeim, en að við hefðum ekki allir, sem greiddum atkvæði með till., gert okkur grein fyrir að það væri hægt að framkvæma hana, það veit hvert einasta mannsbarn að er ekki rétt. Tveir ráðh. eru líka búnir að lýsa yfir hér á hinu háa Alþingi að þetta sé enginn vandi.

Auðvitað er það nákvæmlega sama með útveginn. Það varð að beita hörkutökum til að fá fiskvinnsluna til að greiða útvegsmönnum og sjómönnum fé á réttum tíma. Hv. þm. Matthías Bjarnason gekk í málið og leysti það á einum degi, eins og margyfirlýst hefur verið hér á Alþingi. Hann skipaði bönkunum að framkvæma vilja ríkisstj. og Alþingis. Þá gerðu þeir það auðvitað og engin vandamál sköpuðust.

Á það enn þá að líðast að ein stétt landsins fái ekki sína fjármuni í hendur? Muna menn það ekki, að árið 1930, með lögum nr. 22 þá, var afnumið innskriftarkerfi að því er varðar kaup sjómanna og verkamanna. Það var bannað. Innskriftaverslun, sem þá tíðkaðist, var bönnuð *með lögum frá Alþingi*. Þá var auðvitað sagt að ekki væri hægt að gera þetta, það ætti að hafa innskriftarkerfið og sjómenn og verkamenn ættu að vera leiguliðar selstöðuverslananna. Enn í dag verða bændur að búa við þetta. Hve lengi á þetta að viðgangast og að mönnum snúist svo hugur frá mánuði til mánaðar eftir því hver heldur í höndina á þeim?

Ég get t. d. upplýst að loðdýrabændur taka allir sín rekstrarlán og afurðalán sjálfir. Auðvitað dettur engum þeirra í hug að fara að þvæla því í gegnum verslunarfyrirtæki og tapa vöxtum og þeim möguleika að nota féð strax í staðinn fyrir að kaupa vöruna þegar hún er orðin helmingi dýrari í 50—60% verðbólgu.

Það er mikill kostnaður af stimpilgjöldum, var sagt. Ég hugsa að allir alþm. mundu fella þessi stimpilgjöld niður hreinlega ef það ætti að vera eina leiðin til að bjarga því að bændur landsins gætu verið fjárhagslega sjálfstæðir

eins og aðrar stéttir. Ég þekki ekki einn einasta mann hér inni sem mundi ekki samþykkja að fella þessi stimpilgjöld niður til að afstýra því að þessi eina stétt búi við allt önnur kjör en allar aðrar, megi aldrei fá sína peninga í hendur, heldur þurfi hún að knékrjúpa fyrir einhverjum til að fá úttekna vöru og alla sína peninga langt á eftir öllum öðrum.

Það er ótalmargt fleira sem ég vildi gjarnan segja hér, ef ég fæ að koma upp með skylda fsp. á eftir, og tala þá kannske dálítið meira.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í þessa umr. að ráði þar sem fsp. er beint til hæstv. viðskrh. Það er aðeins eitt atriði, sem fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda, sem ég vil gera athugasemd við.

Hann vitnaði til orða minna frá 12. maí s. l. og taldi síðan að viðskrh. hefði með ræðu sinni ómerkt þau ummæli eða lýst því, að hér væri nánast farið með fleipur. Þetta er alger misskilningur hjá hv. 5. landsk. þm. því að ræða hæstv. viðkrh. staðfesti orð mín frá 12. maí.

Hæstv. viðskrh. sagði eitthvað á þá leið, að sum kaupfélög eða afurðasölufélög hefðu tekið upp þann hátt að greiða sem svaraði afurðalánum hvers og eins inn á viðskiptareikning bændanna. Það lá því í orðum hans að af þessu hefði fengist reynsla, eins og ég sagði á Alþingi 12. maí í fyrra. Þess vegna var þarna um staðfestingu að ræða, en ekki að hæstv. ráðh. væri að gefa hið gagnstæða í skyn. En þetta eru ekki beinar greiðslur til bænda. Þetta eru lánveitingar til afurðasölufyrirtækja og afurðasölufyrirtæki tækju síðan þann hátt upp, með samningum eða jafnvel með öðrum hætti, að greiða sem svaraði lánsfé til hvers og eins inn á hans viðskiptareikning eða bankareikning, eins og ég sagði á Alþingi í fyrra að væri hægt.

Þess vegna er hér um algeran misskilning að ræða af hálfu hv. fyrirspyrjanda sem ég veit að hann hlýtur að átta sig á.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. nefndi nafn mitt í svari sínu áðan, og ég tel mér skylt að gera nokkra grein fyrir því áliti sem ég hef á þessu máli.

Í fyrsta lagi vil ég segja það, að ég er mjög hlynntur tillögu hv. þm. Eyjólfs Konráðs um beinar greiðslur til bænda. Hins vegar átti ég þess kost að starfa í þeirri nefnd sem tók þessa tillögu til athugunar og kannaði hvort hún væri framkvæmanleg. Það verður að segjast eins og er, að eins og málum er háttað er það ekki andskotalaust að kreista út úr bönkunum það fjármagn sem sláturleyfishafar eiga að fá núna. Þar stendur kannske Seðlabankinn sjálfur stífastur fyrir. Þegar við fórum að kanna þetta mál kom auðvitað strax í ljós að við urðum að fá svar við þeirri spurningu, hvar ætti að taka allt það fjármagn sem bændur ættu að fá á þeim degi er fé þeirra eða gripum væri slátrað. Þetta eru gífurlegar upphæðir og hér verða að koma til stjórnvaldaákvarðanir um það, hvaðan þessir fjármunir eigi að koma, því að þeir verða ekki rifnir upp úr svelli, það er gersamlega útilokað. Miðað við núverandi kerfi á þessu greiðslufyrirkomulagi, eins og ég sagði við umr. sem hæstv. viðskrh. vitnaði í, eru þessar beinu greiðslur tæknilega útlokaðar. Það verður að koma til ákvörðun ríkisvaldsins eða ríkisstjórnar um hvaðan þessir peningar skuli teknir. Það hefur reynst mjög erfitt að fá greiðslur úr bönkum til afurðalána og fjármunir bænda hafa verið að brenna upp á verðbólgubálinu undanfarin ár vegna þess að greiðslur hafa borist til þeirra á allt að 12 mánaða tímabili.

Einnig vil ég segja það, að menn verða líka að hugleiða hver á að greiða vaxtakostnað vegna lántöku af þessum toga, hver á að greiða geymslukostnað á afurðum sem seljast hægt og seljast illa, og inn í þetta dæmi koma fjöldamörg önnur atriði.

Ég held að ef leysa eigi þetta mál verði að koma til ákvörðun ríkisstj. um að fá þetta fjármagn með stjórnvaldaákvörðun úr bönkunum. Og þá er spurningin: Hvernig? Hvaða banki? Á þetta að koma alfarið fram hjá Seðlabankanum eða viðskiptabönkunum eða hvaðan á þetta fjármagn að koma? Í mínum huga er spurningin ákaflega einföld sem hér liggur fyrir. Hún er um allar þær gífurlegu upphæðir og það gífurlega fjármagn sem þarf að greiða til bænda um leið og þeir leggja sláturfé sitt inn hjá sláturleyfishöfum.

Að endingu, herra forseti, langar mig að segja það, að hugmynd Seðlabankans, sem kom fram í athugun þessarar nefndar, um að þeir bændur sem vildu gætu fengið þessi lán, getur ekki náð nema til örfárra bænda, einfaldlega vegna þess að bændur geta ekki sett veð eða tryggingar fyrir svona miklum upphæðum. Það hefur komið greinilega í ljós.

Að endingu þetta: Ef þetta mál á að leysast verður að finna fjármagn. Og ég vil í þessum efnum spyrja hv. fyrirspyrjanda: Hvar eigum við að taka þetta fjármagn? Hvaðan á fjármagnið að koma? Á það að leggjast í einhvern afurðalánasjóð? Á það að koma úr einhverjum sérstökum banka ? Á það að koma úr ríkissjóði? Hvaðan á það að koma?

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil fyrst fagna málefnalegum umræðum hv. síðasta ræðumanns. Það er vissulega rétt, að það er erfitt að kljást við kerfið — eða kreista fé út úr bönkunum, eins og hann komst að orði, og það þarf stjórnvaldaákvarðanir, ákvarðanir ríkisstj. og Alþingis. Alþingi hefur tekið sína ákvörðun. Ríkisstj. hefur ekki framkvæmt hana. Það er mergurinn málsins.

Hvaðan peningarnir eigi að koma? Þeir eiga að koma frá sömu stöðum og áður, Seðlabanka og viðskiptabönkum. Og ef það þarf stjórnvaldaákvörðun til að ná þeim út, þá þarf auðvitað að koma til hennar. En það kann líka að vera að heppilgust væri alger kerfisbreyting, þannig að afurðasölufyrirtækin hreinlega keyptu vörurnar af bændum, en þær væru alls ekki í umboðssölu. Þá verðum við náttúrlega að stokka allt saman upp.

Sem sagt, ég endurtek þakkir mínar fyrir það, að hv. þm. ræðir þetta mál málefnalega og af nokkurri þekkingu.

En ég var mjög undrandi á orðum hæstv. landbrh. og kemst ekki hjá því, herra forseti, að fá að lesa hér upp aftur það sem sá maður sjálfur sagði. Ég bara vitna til hans. Nú segir hann að hann sé sammála viðskrh., sem var að lýsa yfir að það væri ekki hægt að framkvæma þetta með afurðalánin, og blandar því saman við beinu greiðslurnar, þar sem um er að ræða niðurgreiðslur og uppbótafé.

Mín upphaflega till., sem Alþingi samþykkti, var í tveim liðum. Þarna erum við að fjalla um lánin og um þau segir hæstv. landbrh. 12. maí í umræðum í Ed. Alþingis orðrétt:

„Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég fari að rekja þær

hér" — þær ábendingar — „að öðru leyti en því, að þær eru efnislega á þá leið í fyrsta lagi, að framleiðslufélögin verði áfram eins og verið hefur lántakendur bæði rekstrar- og afurðalána. Það er talið nauðsynlegt að lántakandi þessara lánaflokka beggja sé hinn sami vegna innbyrðis tengsla þeirra og vegna þess að rekstrarlánin eru endurgreidd af afurðalánum sem veitast í nóvembermánuði, en rekstrarlánin veitast frá því í marsmánuði og þangað til í ágústmánuði. Síðan væri hægt annað tveggja með samkomulagi eða jafnvel með fyrirmælum" — ég endurtek: „Jafnvel með fyrirmælum að kveða á um það, að því fjármagni sem rennur til fyrirtækjanna í gegnum rekstrar- og afurðalánin, verði ráðstafað á reikning viðkomandi bónda, annað tveggja viðskiptareikning eða bankareikning eftir ósk hvers og eins."

Ég er innilega sammála hæstv. landbrh. frá því 12. maí í fyrra, en innilega ósammála því sem núv. hæstv. landbrh. sagði áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil ítreka það sem fram hefur komið hér fyrr á Alþingi í umr. um þetta mál. Það er nauðsynlegt að bændastéttinni í landinu séu búin sömu kjör varðandi afurðasölu sína og öðrum þeim stéttum, sjómönnum og öðrum, sem vinnu sína og afurðir selja. Það er grundvallarreglan sem kerfið á að byggjast á. Allt annað er óeðlilegt. Það má vel vera að það geti reynst erfitt að hrinda í framkvæmd breytingum af þessu tagi, en sé litið á sanngirni málsins hljóta hagsmunir bændanna sjálfra og réttur þeirra til að ákveða þessi mál á sjálfstæðan hátt að vera æðri einhverjum kerfiserfiðleikum eða hagsmunum afurðasölufyrirtækjanna.

Ég er reyndar þeirrar skoðunar og vil láta það koma hér fram, að allt þetta samningakerfi og framleiðslukerfi landbúnaðarafurðanna í landinu í heild sé löngu orðið úrelt. Það er búið að flétta svo saman í eina heild hagsmuni bændanna, hagsmuni afurðasölufyrirtækjanna, hagsmuni ýmissa annarra fyrirtækja, sem þessari atvinnugrein eru tengd, og reyndar hagsmuni iðnaðarfyrirtækjanna sem framleiða úr hráefnum landbúnaðarins einnig, að það er ekki nokkur leið að fá fram eðlilega ákvörðunartöku á þessum vettvangi. Því er brýnt bæði fyrir bændastéttina og efnahagsþróunina í landinu að brjóta þetta ákvarðanatökukerfi allt saman upp: bændur semji sjálfir við þá sem afurðirnar kaupa, hvort sem það eru afurðasölufélögin eða iðnaðarfyrirtæki sem framleiða aðrar afurðir úr þessum frumafurðum bændastéttarinnar, það verði gert við hreint og klárt borð þar sem menn sitji sitt hvorum megin við borðið, ólíkir hagsmunaaðilar, en sömu aðilarnir sitji ekki við alla enda borðsins eins og gert er nú.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki taka upp þrætur við hv. fyrirspyrjanda, enda hefur hann talað þrisvar sinnum í málinu þegar, en aðeins minna á það, að ég hef tvisvar áður svarað fyrirspurnum um þetta mál og það verður að viðurkennast, að það hefur vafist fyrir þessu kerfi sem við búum við. Ég hef lagt í það mikla vinnu eða mitt rn. að fjalla um málið við þá aðila sem koma við sögu. Þar á ég við bændasamtökin og bankakerfið fyrst og fremst. Sú vinna er enn þá í gangi, eins og ég greindi frá í svari mínu. Það hefur enginn utanaðkomandi aðili kippt í neinn spotta í sambandi við þetta mál, ekki við mig, enginn utanaðkomandi aðili minnist á þetta mál við mig, ég vil taka það skýrt fram. (Gripið fram í.) Nei, hvorki erlendur né innlendur, það er alger hugarburður. Ég mun halda áfram að vinna þannig að málinu að reyna að framkvæma þessa þál. að því marki sem talið er mögulegt. Það er ekki hægt að ætlast til meira.

Ummæli hv. þm. Árna Gunnarssonar um þetta mál voru mjög athyglisverð. Hann átti sæti í nefndinni sem fjallaði um það og athugaði mjög ítarlega, lagði í það mikla vinnu. Jafnframt voru athyglisverð ummæli hv. *fyrirspyrjanda þegar hann gaf það í skyn, að e. t. v. þyrfti* kerfisbreytingu á þessum málum til þess að hægt væri að framkvæma þáltill. út í æsar.

Auðvitað er hægt að gefa bönkunum fyrirmæli. Viðskrh. getur að sjálfsögðu skrifað bréf til bankanna og *gefið fyrirmæli um eitt og annað. En ég held að það sé* miklu skynsamlegri aðferð — vegna þess að bankarnir eru undir sérstakri stjórn, eins og kunnugt er, þó að þeir heyri undir viðskrn. sumir hverjir — að vinna að framgangi málsins í samvinnu og starfi við þá aðila sem hlut *eiga að máli.*

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en mun vinna áfram að því að framkvæma þál. að því marki sem talið er mögulegt.

Sverrir Hermannsson: *Herra forseti. Þessar umr. eru* að verða að kalla má leiðigjarnar. Ár eftir ár er hæstv. viðskrh. þýfgaður um hvernig vegni framkvæmd fyrirmæla tekinna af hinu háa Alþingi og honum fengin í hendur að framkvæma. Og svörin eru nokkurn veginn *þau sömu, að rn. striti við að fara að þessum fyirmælum.* En þó þykja mér svörin nú öllu tregari í þá átt að menn geti gert sér neinar vonir um rétt framhald eins og fyrirmælin hljóða upp á.

Þetta er auðvitað það alvarlega sem ég hef margsinnis minnst á við umr. og fsp. um framkvæmd þál. hvernig ýmsir hæstv. ráðherrar hafa leyft sér að hafa samþykki hins háa Alþingis að engu. Það er með ólíkindum að hv. alþm. skuli sætta sig við þessa meðferð mála. Að vísu hefur mönnum verið vísað til þess, að eitt ráð sé til: að draga hæstv. ráðh. fyrir hinn svokallaða landsdóm. Það er auðvitað rétt. Og auðvitað hlýtur að draga að því, að hv. 5. landsk. þm. drösli hæstv. viðskrh. upp í landsdóm. En það hlýtur að vera neyðarúrræði.

Að ekki sé hægt að koma slíkum viðskiptum á við fimm þúsund bændur í landinu hjá bankakerfinu tölvuvæddu, að hlusta á slíkar undanfærslur og afsakanir er með algerum ólíkindum. Og ekki fann ég málefnalega rökræðu hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. þegar hann stóð hér og spurði eins og fávís kona: Hvar eru seðlarnir? Hvar eru peningarnir?

Hvar eru peningarnir sem á að nota til þess arna? Þetta er náttúrlega ekki til þess að fara um mörgum orðum. Að sjálfsögðu á þessi stétt manna, eins og hv. 11. þm. Reykv. minnti á, að hafa sama rétt og aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Það má kalla að bændur séu ánauðugir þrælar kaupfélaganna eins og fyrir er komið þessum fjármálum bændastéttarinnar. Það er ekki til heil brú í þeim undanfærslum og afsökunum sem hér eru færðar fram. Og það allra alvarlegasta í málinu er þó þetta, ef Alþingi ætlar að sætta sig við það í þessu máli og fjölmörgum öðrum að hæstv. ráðherrar, sem starfa í umboði þess, hafi að engu bein og skýr fyrirmæli um hvernig að máli skuli staðið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Allmjög ætlar framkvæmd þessa máls að dragast á langinn. Hæstv. viðskrh. segir okkur að hann muni halda áfram svo sem hingað til að vinna að framkvæmd þessarar þál. að svo miklu leyti sem hægt sé. Og svo sver hann fyrir það, að kippt hafi verið í nokkurn spotta. Hér í hv. sameinuðu þingi hefur verið kippt býsna fast og oft í spotta í sambandi við þetta mál. Ef það er ekki að kippa í spotta, sú umfjöllun, sú aðgerð sem hann hefur mátt sæta hér í sameinuðu þingi varðandi framkvæmd þessa máls, þá vil ég ekki þurfa að horfa upp á að kippt verði í spottann hjá honum umfram þetta.

Sannleikurinn er sá, að við getum ekki sætt okkur við svör af þessu tagi. Það veit hver heilvita maður að það er hægt að koma á beinum greiðslum til bænda, þeirra sem það vilja. Það er hægt. Það er ákaflega einfalt mál. En það er ljóst mál að það verður gert í trássi við vilja ónafngreindra aðila. Þessi ákvörðun hefur verið tekin. Þessi þáltill. var samþykkt að loknum umræðum hér á Alþingi og það voru engir kjánar sem gerðu þessa samþykkt. Ég er ekki viss um að þeir hafi verið neitt vangefnari en hinir sem greiddu atkv. gegn henni.

Ég ítreka það, að ég vildi gjarnan losna við að heyra bornar fram afsakanir enn einu sinni eins og þær sem hér hafa komið fram.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil vekja sérstaka athygli á orðum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem talaði áðan, formanns þingflokks Alþb., vegna þess að þar kom fram að mínu mati alger stefnubreyting í afstöðu Alþb. til þessara mála. Ég sé ekki betur en að eftir þá ræðu sé mikill meiri hluti hér á Alþingi Íslendinga fyrir því að gerbreyta afurðasölukerfinu og því margsamanreyrða kerfi sem við búum við í sambandi við afurðasölumál hér í landi. Hví þá ekki að drífa í því? Það virðist vera mikill meiri hluti fyrir því hér á þingi.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson kemst oft skemmtilega að orði, talar um fávísar konur í ræðum sínum og gætir ekki jafnréttis í þeim efnum. Ég ætla þá að segja það, að hann kunni að hafa talað eins og fávís karl héðan úr stól, einfaldlega vegna þess að sex eða sjö manna nefnd kom ekki auga á það, hvar hægt væri að ná í þessa umræddu peninga til afurðalánanna. En kunni hann ráð við því innan úr Framkvæmdastofnun, þá yrði ég honum þakklátur fyrir að heyra það. Ef hann er í þessum efnum að tala um aukna peningaprentun eða eitthvað af þeim toga spunnið, þá væri gott að heyra það frá hv. þm.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég er nú eiginlega undrandi á þeim umr. sem hér fara fram. Sem sagt, það virðist vera að ýmsir þm. taki ekkert tillit til vilja bændanna í þessu efni. Það skiptir þá engu máli hvað þeir vilja. Það er af sem áður var.

Ég verð að segja það, að mér kom mjög á óvart það, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan í þessu efni, og enn þá meira það, sem hv. þm. Sverrir Hermannsson lét sér um munn fara. Ég vil vænta þess, að það sé ekki litið þannig á bændastéttina hér á hinu háa Alþingi, að það sé sú eina stétt sem þurfi ekki að taka tillit til.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég tel ekki óeðlilegt að ég láti í mér heyra í sambandi við þetta mál, sem hér er einu sinni enn til umr. á hv. Alþingi. Mér sýnist þó að umr. hafi gengið nokkuð í undarlegar áttir. Menn virðast t. d. rugla mjög saman afurðalánum og rekstrarlánum, telja þau vera sama eðlis og með sama hætti hægt að leysa það, hvernig þau eru afhent. Ég tel að þarna sé um tvennt ólíkt að ræða. Afurðalánin, sem veitt eru á haustdögum, eru til þess að standast kostnað af þeim birgðum sem afurðasölufélögin liggja með, en reyna að svara út sem mestu af verði þeirra til bændanna. En þegar ástandið í landbúnaðinum er eins og það er núna hér á Íslandi, að í fleiri greinum er um umframframleiðslu að ræða, þá verður erfitt að finna mörkin á því, hvað á að borga mikið af því sem framleitt hefur verið. Þetta er það eina sem ég tel að hamli því, að afurðalánin verði hægt að láta ganga beint til bænda, án þess að milliliðir hafi eitthvað um það að segja. Allt öðru máli gegnir um rekstrarlánin sem eru veitt til þess að standast kostnað við framleiðsluna áður en varan fellur til. Það er auðvelt að koma þeim lánum beint áfram til bænda. Ég skil ekki þá bankamenn sem halda öðru fram.

Þetta vildi ég láta koma fram hérna. Mér sýnist að hér sé um tvenns konar mál að ræða. Annað virðist vera að mínum dómi auðleyst, hinu þarf að velta vöngum yfir og e. t. v. að umturna kerfinu á einhvern hátt til þess að það komist í örugga höfn.

Í umr. hér var spurt hvaðan það fjármagn ætti að koma sem færi á þennan hátt beint til bænda. Ég held að það þurfi ekki að brjóta heilann um það. Afurðalán og rekstrarlán eru veitt. Það fjármagn er í gangi, en e. t. v. er það ekki komið strax í réttar hendur. Það er það sem við erum að ræða um hér, ekki að það þurfi að fara að útvega eitthvert nýtt fjármagn í þessu efni, heldur að það komist á leiðarenda.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Mér hefur virst að þeir hv. alþm., sem hér hafa komið upp, séu flestir sammála um að vinna eigi eftir þeirri þál. sem hér er til umr. — nema hv. þm. Árni Gunnarsson og ráðh. reyndar, sem komu með ákveðin rök um að ekki væri um það að ræða að fjármagn fengist til þess. Í ræðu hæstv. viðskrh. kom það fram, að 71% metins afurðaverðs væri lánað út á afurðirnar þegar þær kæmu til afurðaframleiðslufélaga. Ég held að þetta sé svipuð upphæð og veitt er til annarra framleiðslugreina, t. d. til sjávarútvegsins, þannig að ég sé ekki að þarna sé um neitt sérstakt vandamál að ræða. Þetta er nákvæmlega sama og á sér stað hjá öðrum atvinnugreinum.

Eins og hv. þm. Steinþór Gestsson benti á áðan eru fyrri hluta árs veitt rekstrarlán. Þau eru enn þá auðveldari til afgreiðslu með þeim hætti, að þau séu veitt beint til bænda, heldur en afurðalánin.

Í sambandi við það sem hv. þm. Árni Gunnarsson nefndi, að það hefði komið fram stefnubreyting hjá okkur Alþb.-mönnum í ræðu Ólafs Ragnars áðan, þá held ég að það sé mesti misskilningur. Hann hefur þá ekki fylgst með því sem Alþb. hefur boðað í þessum málum. Það var nánast það, að Ólafur Ragnar hafi lesið hér beint upp stefnuskrá Alþb. fyrir síðustu kosningar um það, að um verðlagning afurða bænda skuli eiga sér stað með samningum beint á milli aðila. Það er fyrst og fremst það sem Ólafur Ragnar undirstrikaði áðan. En sérstaklega vil ég undirstrika það, að ég sé ekki neina ástæðu til þess að það þurfi að hörfa frá þessari samþykkt vegna þess að ekki sé til fjármagn til þessa þegar í veltunni.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 2. þm. Norðurl. e. undraðist orð mín hér áðan.

Ég lagði í fyrsta lagi aðaláherslu á það, að hæstv. ráðherrum bæri að fara að samþykktum hins háa Alþingis. Ég hélt að enginn þyrfti að undrast yfir þeirri afstöðu minni, og ég var að vænta þess, að allir hefðum við þá afstöðu, hv. alþm.

Í öðru lagi lagði ég áherslu á það, að bændastéttin ætti að sitja við sama borð og aðrir sem rekstur stunda í þessu þjóðfélagi, njóta sömu kjara í viðskiptum og allir aðrir. Ég hélt satt að segja að allir gætum við verið sammála um það atriði.

Hv. 2. þm. Suðurl. hefur svarað skilmerkilega hinni einkennilegu upphrópun hv. 6. þm. Norðurl. e. um hvar peningarnir væru. Að sjálfsögðu eru veitt afurðalán og rekstrarlán í dag og þar eru miklir fjármunir á ferðum sem bændastéttin á ekki aðgang að.

Og enn að lokum þetta: það skyldi þó ekki vera, að einstaka aðilar hafi hafið framkvæmd á þessu, að fjármunirnir renni nokkurn veginn beint til bænda? Þá mætti gjarnan kynna sér hvernig til hefði tekist. Mér skilst, þar sem ég hef spurnir af þessu, að báðir aðilar telji sig hagnast á þeirri aðferð.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna furðulegrar ræðu, sem Stefán Valgeirsson, 2. þm. Norðurl. e., flutti hér áðan, vil ég taka það alveg skýrt fram, að ég get ekki séð á hvern hátt þær skoðanir, sem ég lýsti áðan, ganga gegn vilja bænda eða gegn hagsmunum þeirra. Ég lýsti því yfir í fyrsta lagi, að bændur ættu að hafa, hver og einn bóndi og bændur í heild, sama rétt til þess að ákvarða meðferð sinna afurða eins og sjómenn og aðrir, sem afurðaframleiðslu stunda í öðrum greinum, hafa. Hvernig það getur gengið gegn hagsmunum eða vilja bændastéttarinnar er mér gersamlega fyrirmunað að skilja. Ég óska eftir að bændur hafi sama rétt og aðrar stéttir. Mér sýnist hv. þm. Stefán Valgeirsson vera talsmaður þess hér, ef á að túlka orð hans í þessu samhengi rétt, að bændur hafi ekki sama rétt og aðrar stéttir.

Í öðru lagi lýsti ég því yfir, að þegar samið er um hagsmuni á sviði landbúnaðarins varðandi afurðir bændanna og enn fremur vinnslu úr afurðum þeirra, bæði á sviði matvæla og eins iðnaðar, þá sé nauðsynlegt að þeir, sem ólíkra hagsmuna hafa að gæta, sitji sitt hvorum megin við borðið, en það sé ekki verið að rugla hagsmunum svo saman með slíku samningskerfi, að hinir ólíku hagsmunir víki fyrir undarlegu kerfi þar sem sömu aðilarnir sitja jafnvel allt í kringum borðið. Þess vegna sé tekið upp það kerfi á sviði landbúnaðarákvarðanatökunnar að skýrt og greinilega sé við meðferð málsins skilið á milli þeirra sem hafa ólíkra hagsmuna að gæta. Þeir, sem framleiða úr landbúnaðarafurðunum, hafa að hluta til ólíkra hagsmuna að gæta. Bændurnir hafa á nákvæmlega sama hátt og þeir, sem vinna úr fiskinum í frystihúsunum og fiskverkunarstöðvunum, að hluta til ólíkra hagsmuna að gæta. Hvernig þetta getur gengið gegn hagsmunum bænda held ég að hv. þm. Stefán Valgeirsson verði að hugleiða betur áður en hann endurtekur slíkar fullyrðingar.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég sé að hv. þm. Sverrir Hermannsson er ekki hér staddur. Það væri kannske hægt að ná til hans ef hæstv. forseti vildi gera svo vel. Ég á vantalað við hann.

Ég vonast til þess, að hv. þm. gangi fljótlega í salinn. Hann lýsir því yfir, að það eigi að draga ráðh. fyrir landsdóm, og hleypur svo út úr þingsalnum þannig að það er ekki hægt að ná til hans til þess að svara honum.

Þá gengur hv. þm. í salinn. Ég var að segja, hv. þm. Sverrir Hermannsson, að fyrst lýsi þm. yfir að það eigi að draga ráðh. fyrir landsdóm og svo hlaupi hann út úr þingsalnum. Varðandi þá yfirlýsingu vil ég vísa til þess sem ég hef rakið í mínu svari, í fyrsta lagi, að ráðh. skipaði á sínum tíma — þó að það væri ekki ég — sérstaka nefnd til að fjalla um þetta mál. Í þeirri nefnd voru bæði alþm., bankastjórar og fulltrúar — (**SvH:** Ég þarf að bera af mér sakir.) Ég er ekki byrjaður enn þá — fulltrúar bænda. Nefndin starfaði alllengi og mikið í þessu máli og komst að þeirri niðurstöðu, hvort sem hv. þm. líkar það betur eða verr, að það væri ákaflega torvelt að framkvæma þál. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu. Ég hef aldrei sagt það, hvorki hér í þessum ræðustól né annars staðar. Það, sem ég hef verið að gera sem ráðh., er að ég hef látið leggja í það mikla vinnu að reyna að framkvæma þál. að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Og fyrir þetta verk, að leggja í þetta mikla vinnu, ætlar hv. þm. að draga mig fyrir landsdóm, fyrir það að ég er að bisa við að reyna að framkvæma þál. sem er kannske erfitt að framkvæma og fjölmenn nefnd hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákaflega torvelt sé að framkvæma. Fyrir þetta ætlar hv. þm. að draga mig fyrir landsdóm. Það verður þá í fyrsta sinn sem landsdómur kemur saman.

Ég vil enn fremur geta þess í þessu sambandi, að þó að nokkuð langur tími sé liðinn frá því að ályktunin var samþykkt, þá eru þó engin tímamörk í henni. Rétt er að hafa það í huga áður en menn láta verða af því að kveðja saman landsdóm út af þessu máli.

Til viðbótar vil ég svo vísa enn til þess sem kom fram hér áður, að hv. fyrirspyrjandi lét að því liggja, og það fannst mér mjög athyglisvert, að það þyrfti e. t. v. kerfisbreytingu til þess að framkvæma þetta, breytingu á þessu kerfi öllu saman. Það segir vissulega sína sögu. En ég vil ítreka það hér enn, að ég mun halda áfram að vinna að málinu og væntanlega segja mína skoðun að lokum á því, að hve miklu leyti ég telji mögulegt að framkvæma þál.

Það hefur verið vísað til afstöðu bændanna sjálfra í þessu máli og er ástæða til þess að undirstrika það. Viðskrn. hefur fengið bréf frá Stéttarsambandi bænda sem er ritað 26. jan. s. l. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi stjórnar Stéttarsambands bænda þann 21. þ. m. var lagt fram bréf yðar, dags. 18. jan., þar sem spurst er fyrir um afstöðu Stéttarsambandsins til þál. um beinar greiðslur til bænda. Á fundinum samþykkti stjórnin eftirfarandi ályktun:

Stjórn Stéttarsambands bænda telur að það fyrirkomulag og greiðslur rekstrar- og afurðalána, sem verið hafa undanfarin ár, hafi reynst vel og sé því ekki ástæða til róttækra breytinga á því. Bent skal á að þær reglur, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins setur sláturleyfishöfum um útborgun til bænda, gera ráð fyrir að greidd sé út nokkru hærri fjárhæð en afurðalánunum nemur.

Ljóst virðist að það fyrirkomulag, að hver framleiðandi taki lánin beint, án milligöngu sölufélags, muni reynast flókið og erfitt í framkvæmd og mjög kostnaðarsamt fyrir bændur. Stjórn Stéttarsambandsins telur því

eðlilegt að það verði áfram svo, að sölufélögin taki og beri ábyrgð á rekstrar- og afurðalánunum, en framleiðendur, sem þess óska, geti fengið rekstrarlánin greidd út eða lögð á reikning sinn."

Þetta er samþykkt sem stjórn Stéttarsambands bænda gerði 18. jan. s. l. og ég tel að eigi erindi inn í umr. um þetta mál.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér finnst heldur illa með tímann farið að nota hann í það ár eftir ár að ræða þessa hugmynd hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar. Hún var nefnilega í upphafi flutt meira fram af kappi en forsjá og illu heilli var hún samþykkt hér á Alþingi í formi þál. Ég mælti þá fyrir minnihlutaáliti og benti á, að þetta væri óframkvæmanlegt, og þóttist leggja fram gögn máli mínu til stuðnings. En því miður myndaðist meiri hluti fyrir að samþykkja þessa tillögu.

Það er komið fram að bændur sjálfir kæra sig ekki um þetta fyrirkomulag. Það finnst mér að hljóti að vega nokkuð þungt í þessu máli. Það eru ótal meinbugir á framkvæmdinni. Það er hægt að nálgast suma þættina í framkvæmd, en aðrir eru mjög torveldir.

Það er auðvitað slæmt ef ríkisstj. getur ekki hrundið í framkvæmd ályktunum Alþingis, en mér finnst þó að sá lærdómur, sem við megum draga af þessu, sé að reyna að varast það eins og við mögulega getum að samþykkja vanhugsaðar tillögur. Úr því sem komið er er náttúrlega engin leið önnur fyrir viðskrh. en að halda áfram að reyna að framkvæma ályktun Alþingis eða einhverja hluta hennar eftir því sem mögulegt er og hægt er að koma fyrir með vitrænum hætti.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að þessi fsp. er einvörðungu um afurðalán, en ekki rekstrarlán, þannig að umfjöllun í sambandi við afurðalánin er fyrir utan mörk þessarar fsp.

En ég vil út af ummælum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar bara segja það, að honum veitir ekki af að athuga það kerfi sem er í landbúnaðinum, miðað við þau orð sem hann lét falla áðan, því að það er alveg greinilegt að hann hefur ekki hugmynd um hvernig þetta kerfi er. Bændurnir sjálfir eiga t. d. flestar vinnslustöðvarnar og þeir fá út úr sínu verði eftir því hvernig sá rekstur gengur, þannig að þeir yrðu þá að semja við sjálfa sig í sambandi við þetta. Þeir hafa ekki við aðra að semja. Það fer alveg eftir því, hvernig vinnslustöðvarnar eru reknar, t. d. mjólkursamlögin og sláturhúsin. Það eru að vísu til vinnslustöðvar sem bændurnir reka ekki, t. d. kjötvinnslustöðvarnar sumar hverjar, en sumar reka þeir. Þetta er því ekki einfalt mál. Menn verða að athuga hvernig þetta kerfi er byggt upp.

Ég skal ekkert segja um hvort hagkvæmt er að breyta þarna eitthvað um. Eitt er alveg víst, svo að ég komi aðeins með eina setningu í sambandi við rekstrarlánin, að þau eru komin úr öllu samhengi við þá þörf sem er í þeim málum, og þar á ég við rekstrarlán til sauðfjárbúskaparins. Það er mál sem þyrfti að fjalla um, en er ekki tími til í fyrirsprunatíma.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. taldi að illa væri farið með tímann að ræða þetta mál. En hvernig þykir honum þá tíma framsóknarráðherra varið sem hafa væflast með þetta mál í þrjú ár bráðum? (**Gripið fram í:** Illa.) Alveg rétt. Ég þakka fyrir orðið.

Hæstv. viðskrh. bar enn fyrir sig nefnd, en hv. fyrirspyrjandi hafði þó tekið fram sem var alveg hárrétt, að eftir að hið háa Alþingi hefði tekið ákvarðanir sínar gerði Alþingi ekki mikið með einhverja nefnd og álit hennar og allra síst framsóknarnefnd, þó að hún sé blönduð krötum — og ekki síður fyrir það. Hann talaði um að þál. væri ótímasett. Auðvitað er þetta orðhengilsháttur og ekkert annað. Tímamörkin, sem hann getur sett sér ef hann ætlar að verða við þessum fyrirmælum Alþingis, eru alveg að renna út. Það er alveg augljóst mál.

Ég sagði ekkert um að ég ætlaði að draga hæstv. ráðh. fyrir landsdóm. Ég sagði að þetta ráð væri til og kannske mundi hv. 5. landsk. þm. verða að bregða á það ráð. Nei, mér flaug það ekki í hug sjálfum. En að ég skyldi hverfa af vettvangi var aðeins vegna þess að mér datt ekki í hug að hæstv. ráðh. hefði þrek til að eiga meira í þessum orðræðum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna orða hv. síðasta ræðumanns vil ég segja það, að sjálfstæðismaðurinn í þessari nefnd var hinn glöggi og klóki fjármála- og bankamaður Magnús Jónsson sem átti sæti hér á Alþingi í mörg ár.

Ég ætla að upplýsa eitt atriði vegna þeirra umr., sem hér hefur farið fram, og talsverðs misskilnings sem mér virðist hafa komið glögglega fram í ræðum manna sem fullyrða að þetta fjármagn sé fyrir hendi, það eigi bara að breyta fyrirkomulaginu og þá séu peningarnir til. Þessi nefnd leitaði til allra banka, sem hlut áttu að máli og hafa veitt afurðalán og rekstrarlán til bænda, og leitaði jafnframt til Seðlabanka Íslands og spurðist fyrir um það á fyrsta stigi málsins, hvort unnt væri að hraða afurðalánagreiðslunum, þó að það væri eina leiðin sem farin yrði til að bæta stöðu bændanna. Svörin frá bönkunum voru einföld og öll eins: Nei, það var ekki hægt. — Þetta fjármagn er einfaldlega ekki til eins og sakir standa.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég ætlaði einmitt að svara hv. þm. Sverri, en hann er náttúrlega þotinn burt. Er hann alltaf inni í Framkvæmdastofnun? Hann á ekki að vera þar. Hann á að vera hér á þingi.

Hann sagði að það hefði verið sett í þetta framsóknarnefnd. Það þýðir að það hafi verið eintómir framsóknarmenn í nefndinni að sjálfsögðu, geri ég ráð fyrir. Framsóknarnefnd — ég er hálfhræddur um að hv. þm. sé orðinn hálfruglaður í þessu. Það er eðlilegt að hann verði ruglaður á hlaupum á milli Framkvæmdastofnunarinnar og Alþingis. Ég þekki þetta dálítið. Framsóknarnefnd. Magnús Jónsson bankastjóri, fyrrum ráðh. Sjálfstfl., hinn ágætasti maður, ekki er hann framsóknarmaður. Hann sat í þessari nefnd. Kjartan Ólafsson fyrrum alþm., ritstjóri Þjóðviljans, ekki er hann framsóknarmaður. Svona gæti ég haldið áfram til að svara þessari staðhæfingu hv. þm. um að það hafi verið sett í þetta framsóknarnefnd.

Beinar greiðslur til bænda, fsp. (þskj. 53). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Hér hafa nú orðið bæði mjög skemmtilegar og gagnlegar umr. Þó hafa þær kannske verið heldur langdregnar um þessa fyrri fsp., og vonandi verður greiðara

um svör við síðari fsp. sem beint er til hæstv. landbrh. Hún er raunar í sex liðum. Menn eru sjálfsagt búnir að gleyma þessu frá því í októbermánuði þegar fsp. var fram borin. Ég ætla því, með leyfi forseta, að lesa fsp. upp. Ég vil samt taka skýrt fram að það er ekki sök hæstv. landbrh. að jafnlengi hefur dregist að svara þessari fsp. og hinni fyrri, því að það varð að samkomulagi milli okkar að þær yrðu báðar ræddar sama daginn, en hæstv. viðskrh. gat ekki, eins og ég sagði áðan, svarað fyrr en nú. Ég vil því taka það fram, að ég á ekki sökótt við landbrh. í því efni. En fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvað líður athugunum þeim sem landbrh. hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?

2. Hvenær er ætlun ríkisstj. að nýjar reglur um greiðslur útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunirnir nýtist betur, komi til framkvæmda?

3. Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið" samhliða beinum greiðslum til bænda?

4. Er ætlun ríkisstj. að viðhalda bæði „kvótakerfi" og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður landbúnaðinum?

5. Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins"?

6. Hefur ríkisstj. rætt úrræði sem gripið yrði til ef fóðurbætisskatturinn yrði dæmdur ólöglegur?"

Eins og menn heyra er hér um allvíðtækt svið að ræða og ég get ímyndað mér að hæstv. ráðh. nýtist kannske varla tími sá sem hér er skammtaður til að svara þessu öllu ítarlega. Ég vona þó að við fáum einhver svör við hverjum lið fyrir sig, en allir eru þeir bornir fram af miklu tilefni því að erfiðleikar í landbúnaði eru geysimiklir. T. d. hygg ég að kvótakerfið muni verða landbúnaðinum þungt í skauti ef því verður við haldið og samhliða verði t. d. fóðurbætisskattur í því misjafna árferði sem verið hefur.

Þar sem talað er um hvað líði athugunum landbrh. er tilefnið það, að hann hefur marglýst yfir að hann sé að láta athuga þessi mál og hann hafi áhuga á að athuga þau. T. d. sagði hæstv. ráðh. 25. nóv. 1980, með leyfi forseta:

„Ég vil svo aðeins taka það fram í sambandi við þessar fsp., að eftir því sem vinnukraftur í Stéttarsambandi bænda og hjá bændasamtökunum hrekkur til, sem eðlilegast er að vinni þetta að meginhluta, tel ég eðlilegt að frekari athuganir fari fram á þessum leiðum."

Og síðan sagði hann: „Ég lýsti hér yfir áðan, að ég hefði áhuga á því að athuga þessar leiðir frekar en gert hefur verið, og þarf ekki að ítreka það."

Að því er varðar afstöðu bænda í þessu efni er rétt að taka það fram, að á Búnaðarþingi strax 1979 var farið mjög vinsamlegum orðum um þennan lið till., þ. e. að greiða niðurgreiðsluféð og útflutningsbæturnar að verulegu leyti beint til bænda, en láta það ekki fara í gegnum afurðasölufyrirtækin. Stéttarsambandið eða starfsmenn þess, Árni Jónasson og raunar þáv. formaður Stéttarsambandsins, Gunnar Guðbjartsson, unnu mikið starf með okkur nokkrum þm. og áhugamönnum að því að athuga hvernig þessu yrði best fyrir komið, og var skrifuð um það löng greinargerð frá Stéttarsambandinu sem var reyndar stíluð til mín, en ég lét menn hér hafa aðgang að. Þar var m. a. bent á þá leið, að fjórðungur af verðmæti afurðanna, grundvallarverðinu, yrði greiddur beint til bændanna, en síðan gætu menn framleitt meira — þetta er takmarkað við einhverja ákveðna bústærð, t. d. 400 ærgildi eða 500, — ef þeim sýndist og þeir rækju sín bú svo vel að þeir þyrftu ekki nema þau 75% sem afurðasölufélögin greiddu, og þannig væri hægt að koma við takmörkun á framleiðslunni samhliða þessum beinu greiðslum til bændanna, sem eru kannske mánaðarlega, þannig að þeir fengju sín vinnulaun eins og annað fólk í þessu landi og hefðu þá tvær flugur verið slegnar í einu höggi: engin þörf verið fyrir kvótakerfi eða aðrar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til til takmörkunar, heldur hefði þetta getað gengið sjálfkrafa fyrir sig. Þeir bændur, sem ég hef rætt þetta við, hafa nánast allir verið þeirrar skoðunar, að þetta væru kerfi sem þyrfti að taka upp eða a. m. k. kanna miklu betur. Ég veit, að hæstv. landbrh. hefur látið vinna að þessu máli, og bíð með áhuga eftir að heyra svör hans, en langar að bæta við aðeins einni fsp. til hans líka.

Hann upplýsti á almennum fundum norður í landi fyrir skömmu að 29 millj. kr., að mér skildist, af niðurgreiðslufé og uppbótafé hefðu nú fyrir áramót verið greiddar fyrir fram, sem ekki hefði verið gert áður. Gæti Alþingi fengið upplýsingar um hvernig það mál er vaxið?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fsp. hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar er í sex liðum.

1. liður er svohljóðandi:

„Hvað líður athugunum þeim sem landbrh. hefur látið gera til að tryggja framgang ályktunar Alþingis frá 22. maí 1979 um beinar greiðslur til bænda?"

Þegar ég kom í landbrn. var að starfi nefnd sem vann að athugunum á rekstrar- og afurðalánum til landbúnaðarins, og ég fól þeirri nefnd með sérstöku bréfi að taka til athugunar á hvern hátt komið yrði við beinum greiðslum til bænda varðandi lánin. Enn fremur var undir lok ársins 1980 að því unnið á vegum landbrn. og fjmrn. með aðild bændasamtakanna að kanna á hvern hátt væri unnt að koma því við að greiða orlofsfé landbúnaðarins, sem nú er reiknað inn í verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara og landbúnaðarverðið, beint til bænda af niðurgreiðslufé. Niðurstöður af þessum athugunum voru neikvæðar í ýmsum efnum. Annmarkarnir voru helstir þessir:

1. Tekið yrði upp tvöfalt kerfi til að koma fjármunum til bænda fyrir afurðir þeirra.

2. Ættu fjármunir að greiðast fyrir fram væri erfitt að finna út hvað hverjum ber. Ábúðaskipti jarða eru mörg á ári, bústofn skiptir um eigendur, menn draga við sig búskap eða auka vegna annarra starfa, erfitt er að draga mörkin og ákvarða hverjir teljast bændur, og fjölmörg önnur atriði koma til úrlausnar, e. t. v. án þess að úr verði leyst.

3. Yrðu þessir fjármunir ekki greiddir fyrir fram er jafnauðvelt að fela þeim, sem tekur við afurðum bænda, þ. e. sláturleyfishafa, að koma þeim til skila og að hugsa sér annað kerfi við hlið hins til þess að sjá um uppgjörið. Líklegt er að tvöfalt kerfi yrði seinvirkara.

4. Beinar greiðslur á orlofi til bænda reyndust samkv. athugun dýrari fyrir ríkissjóð til áhrifa á verðlagsþróun. Upp kom mikil óvissa um skiptingu fjármagnsins milli einstaklinga og ekki séð eftir hvaða leiðum ætti að fara þannig að allir mættu við una.

Niðurstöður, sem fengust úr þeim athugunum sem gerðar voru af þessu tilefni, eiga við það efni, sem hér er spurt um, að taka til athugunar hvort hagkvæmt sé að greiða hluta af niðurgreiðslufé til bænda beint.

Í öðru lagi er spurt:

„Hvenær er ætlun ríkisstj. að nýjar reglur um greiðslu útflutningsbóta og niðurgreiðslna, sem tryggi að fjármunir nýtist betur, komi til framkvæmda?"

Svar: Í fyrsta lagi vil ég taka það fram, að með lögum um breytingu á lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins frá 18. apríl 1979 eru gefnar heimildir til að greiða hluta af niðurgreiðslum til bænda sé það hagkvæmt. Þessi lög, sem fela í sér ýmsar fleiri heimildir og var raunar breytt á síðasta Alþingi, hafa verið framkvæmd að meginhluta í samráði við bændasamtökin. Bændasamtökin hafa ekki óskað eftir að taka upp þetta fyrirkomulag og hafa ekki talið, þrátt fyrir ítrekaðar fsp. af minni hálfu, að ástæða væri til að leggja frekari vinnu í það að sinni en þegar er orðið að gera sérstaka úttekt á þessum málum.

Hv. fyrirspyrjandi ræddi um að athugun hefði verið gerð á þessu máli fyrir einum þremur árum og skilað um það grg. sem stíluð var til hans beint. Í þeirri grg. kemur fram, að sé hluti af niðurgreiðslum og jafnvel útflutningsbótum greiddur beint til bænda hefur það í för með sér minni áhrif þessa fjármagns á verðlagsþróun og út úr því kom að verð á vörunum varð hærra en með þeim hætti niðurgreiðslna sem nú er tíðkaður. Þetta er raunar í samræmi við það sem ævinlega hefur komið í ljós fram til þessa. Þegar rætt hefur verið um að greiða niður framleiðslukostnað landbúnaðarvara á frumstigi er það óhagstæðara, hefur minni áhrif á verðlagsþróun og felur um leið í sér hærra útsöluverð en að greiða vöruna niður á sölustigi. Í sambandi við þetta hef ég einnig fengið þær aths., að heildsöluverð búvaranna myndast af grundvallarverði til bænda og vinnslu- og heildsölukostnaði. Niðurgreiðslur og útflutningsbætur renna til greiðslu á báðum þessum liðum. Erfitt er að sjá hvernig á að skilja þar á milli og hvað hvor aðilinn á að fá. Ef vantar upp á verð við útflutning, á þá að láta sláturleyfishafa fá t. d. 1/5 hluta útflutningsbótafjárins og bóndann 4/5 eða á sláturleyfishafinn að fá allt og bóndinn ekki neitt eða öfugt, t. d. þegar útflutningsverð nægir ekki fyrir kostnaði sláturleyfishafans nema að hluta, eins og komið hefur fyrir? Í þessu felast aths. sem benda til að við er að fást enn fleiri vandkvæði en fram hafa komið.

Í þriðja lagi er spurt:

„Hefur verið athugað hvernig heppilegast væri að afnema „kvótakerfið" samhliða beinum greiðslum til bænda?"

Svar við þessari fsp.: Ekki verður séð að samhengi sé milli kvótakerfis og beinna greiðslna til bænda. Kvótakerfinu er ætlað að hafa hemil á búvöruframleiðslunni, og erfitt er að sjá hvort beinar greiðslur til bænda mundu einnig gera það, þó að e. t. v. væri hægt að koma því þann veg fyrir ef framkvæmdaerfiðleikar reyndust ekki of miklir.

Í fjórða lagi er spurt:

„Er ætlun ríkisstj. að viðhalda bæði „kvótakerfi" og fóðurbætisskatti hversu erfitt sem árferði verður landbúnaðinum?"

Svar: Þessu er torvelt að svara því að enginn veit fyrir fram um árferði, hvernig það reynist. En ég hef tekið þá stefnu hingað til fyrir hönd ríkisstj. í þessum málum að haga stjórnunaraðgerðum í landbúnaði sem mest í samræmi við tillögur og óskir bændasamtakanna. Ég geri ráð fyrir að ef að kreppir meira en þegar er orðið vegna árferðis kunni bændasamtökin að taka um þetta efni nýja stefnu. Ég vil því ekki svara með jái eða neii þeirri fsp. sem hér liggur fyrir, heldur mun ég haga aðgerðum í þeim efnum sem mest í samræmi við tillögur bændasamtakanna.

Í fimmta lagi er spurt:

„Hvernig hefur reynslan orðið af framkvæmd „kvótakerfisins?"

Um þetta efni hef ég fengið alllanga greinargerð frá fyrrv. formanni Stéttarsambands bænda og framkvæmdastjóra Framleiðsluráðs landbúnaðarins, dags. 3. nóv. s. l., sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Framleiðsluráði Landbúnaðarins hefur borist bréf rn., dags. 2. þ. m." — þ. e. 2. nóv. — „varðandi fsp. Eyjólfs K. Jónssonar á Alþingi varðandi beinar greiðslur til bænda o. fl. Fjórir fyrstu liðir fsp. eru þannig orðaðir, að það er einvörðungu á valdi ríkisstj. að veita svör við þeim, og raunar á það sama við um 6. liðinn. Ég mun því eingöngu ræða hér um 5. lið fyrirspurnarinnar.

Áður en ég vík að honum vil ég minna á annmarka þá sem á því eru að senda greiðslur beint til bænda. Ég rakti þá annmarka í greinargerð sem nefnd um afurða- og rekstrarlán fékk í hendur á s. l. vetri og var send rn. með áliti nefndarinnar um þetta efni. Um undirbúning að framkvæmd kvótakerfisins vísast til kafla í Árbók landbúnaðarins fyrir árið 1980, bls. 61—65, og um niðurstöður útreikninga til skýrslna og greinargerða á bls. 112—119 í sama riti."

Ég skýt því hér inn að ég hef þessar greinargerðir hér við höndina, en ég hygg að það yrði allt of langt mál að lesa þær eða vitna til þeirra frekar hér. En þær eru að sjálfsögðu til upplýsinga ef ástæða þykir til.

Enn segir í þessu bréfi: „Um reynsluna má vísa til þess samdráttar sem orðinn er í mjólkurframleiðslu í landinu. Verðlagsárið 1. sept. 1979 til 31. ágúst 1980 var mjólkurframleiðslan 118 155 204 lítrar, en á síðasta verðlagsári var mjólkin 102 648 814 lítrar, og er samdrátturinn 15.5 millj. lítra eða 13.12%. Séu almanaksárin 1978 og 1981 borin saman er samdráttur ca. 17%.

Í kjötframleiðslunni hefur orðið minni breyting, enda hefur verið talið að kjötframleiðslan væri undirstaða að því að byggð gæti haldist í landinu með svipuðu horfi og verið hefur. Enn fremur hefur til þessa árs verið mun auðveldara að selja kjöt en osta úr landi og fyrir kjöt hefur líka fengist miklum mun hagstæðara verð þó svo mikið vanti á að það standi undir framleiðslukostnaði að fullu.

Við uppgjör afurða samkv. búmarkskerfi hafa komið fram ýmis vandkvæði sem enn er ekki séð fyrir endann á. Þar er fyrst þess að geta, að illa gengur að fá innleggsskýrslur afurða frá ýmsum söluaðilum og vill verða allmikill dráttur á skilum þeirra. T. d. var með bréfi 31. júlí í sumar óskað eftir því að fá frá öllum sláturleyfishöfum skýrslur um sauðfjárframleiðslu á hverri jörð frá haustinu 1980 og þess óskað, að þessar skýrslur yrðu komnar fyrir ágústlok. Í ágústmánuði 1980 voru settar reglur um form og frágang þessara skýrslna og því áttu þær að geta verið tilbúnar í réttu formi. Í dag eru skýrslur ókomnar frá 20—22 aðilum þótt meira en tveir mánuðir séu liðnir frá ágústlokum og oft hafi verið gengið eftir að skýrslur yrðu sendar. Því er borið við, að ekki sé lokið formlegum frágangi þeirra svo sem fyrir var lagt 1980. Ekki er hægt að útiloka það, að sumir aðilar dragi skilin af ásettu ráði til að auka á erfiðleika við úrvinnsluna. Komið hefur í ljós í þeim skýrslum, sem komnar eru, að merkingar eru

ekki allar réttar þannig að unnt sé að vinna úr þeim í tölvu, og verður því að yfirfara þær og leiðrétta það sem rangt er áður en vinnsla fer fram. Þetta eykur verkið og seinkar úrvinnslunni." (Forseti hringir.)

Herra forseti. Ég á nokkuð eftir til þess að geta svarað fsp. hv. þm.

„Nokkur tilfelli eru um að eyðijarðir séu teknar í ábúð án þess að fengið sé samþykki fyrir búmarki þar. Mestir erfiðleikar eru þó þar sem fleirbýli eða félagsbúrekstur er talinn og á slíku búskaparformi er engin föst regla. Svo virðist sem oft og tíðum sé það tilviljunum eða flutningum háð hvernig sá rekstur skiptist á milli eigenda og hverjir séu taldir aðilar að honum. Nauðsynlegt sýnist samt að settar verði lagareglur um slíkan búrekstur og hvaða skilyrði hann þurfi að uppfylla til þess að verða viðurkenndur.

Ég held að ég sé búinn að lýsa helstu annmörkum við framkvæmd þessa kerfis. Þeir eru allmiklir vegna þess að upplýsingar þurfa að koma frá mjög mörgum aðilum og augljóst er að misjafn skilningur er á nauðsyn þess verks og nauðsyn þess að gera upplýsingarnar þannig úr garði að auðvelt sé að vinna úr þeim. Hitt er augljóst, að unnt er að draga úr framleiðslu með kerfinu og sérstaklega er það auðvelt í mjólkurframleiðslunni. Þar er reynslan ólygnust.

Sé spurt um réttmæti kerfisins verður svarið mismunandi eftir aðstöðu manna. Ýmsir bændur eru vel ánægðir, en aðrir mjög óánægðir. En þó er varla hægt að segja að marktæk reynsla sé komin á kerfið fyrr en lokið er uppgjöri verðlagsársins 1980—1981. Enn er óvissa um hvenær því upgjöri lýkur af þeirri ástæðu sem að framan er greind.

Virðingarfyllst.
F. h. Framleiðsluráðs landbúnaðarins.
Gunnar Guðbjartsson."

Í þessu svari kemur fram, að ýmsir og raunar miklir annmarkar eru því samfara að reikna út annmarka þessa kvótakerfis, einkum í sauðfjárframleiðslunni. Síðan þetta svar var gefið í nóv. s. l. hefur mikil vinna verið af hendi leyst í þessu efni og liggur málið nú nokkuð ljósar fyrir, en reiknað er með að uppgjör fyrir verðlagsárið 1980/1981 fari fram samkvæmt kvótakerfi.

Í sjötta sagi er spurt:

„Hefur ríkisstj. rætt úrræði sem gripið yrði til ef fóðurbætisskatturinn yrði dæmdur ólöglegur?

Svar: Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að kjarnfóðurgjaldið sé ólöglegt. Það er ákveðið af ráðh. samkv. lögum sem samþykkt voru á síðasta þingi. Svo er um ýmis önnur gjöld sem innheimt eru og eru því ekki á döfinni neinar sérstakar fyrirætlanir í þessu efni.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans sem voru að vissu leyti greinargóð eins og ég átti von á. Ég gat ekki gert mér vonir um að hann gæti svarað öllu mjög ítarlega á örstuttum tíma, en einstök atriði eru þó sem mig langar aðeins að víkja að fáum orðum.

Ráðh. gat þess, að þegar athugað var að greiða orlof beint til bænda hefðu verið á því annmarkar. Hann taldi þar ýmislegt upp, eins og t. d. að bústofn skipti um eigendur, afurðir skiptu um eigendur o. s. frv., og svo er einnig hitt, sem er aðalatriðið að mér skilst, að dýrara væri fyrir ríkissjóð að fara þessa leið til áhrifa á verðlagsþróunina, og hann gat þess einnig síðar að því er varðaði beinar greiðslur að öðru leyti, eins og niðurgreiðslur beint til bændanna, að það hefði minni áhrif á verðlagsþróun og væri því óhagstæðara. En þetta er náttúrlega kjarninn í málinu.

Það er alltaf verið að tala um að það sé óhagstæðara fyrir ríkissjóð að láta fé það, sem bændurnir eiga — þeir eiga afurðirnar, ganga beint til þeirra vegna þess að þá sé ekki hægt að haga vísitölusvindlinu jafnsnilldarlega, þá sé ekki hægt að taka út einstakar vörutegundir og greiða þær niður og segja: Nú gátum við ráðið við verðbólguna. — Verðbólgan er nefnilega alls ekki það sem stjórnvöld telja hana vera. Þau reikna út ákveðna framfærsluvísitölu sem er svindlað á í bak og fyrir. Þá er ekkert verið að hugsa um hag bændanna. Það er óhagstæðara að gera þetta svona. Það er óhagstæðara að bændurnir fái peningana beint til sín, en hagstæðara að láta þá staðna einhvers staðar annars staðar vegna þess að þá er hægt að fullkomna svindlið í vísitölukerfinu. — Þetta er umbúðalaust það sem bæði hæstv. landbrh. var að segja áðan og menn hafa áður sagt, m. a. í skriflegum greinargerðum. En auðvitað nýtast þessir peningar betur, bæði fyrir bændur og þar með neytendur, þegar til lengdar lætur með því að bændurnir fái peningana strax og geti hagrætt búrekstri sínum með því að hafa fjármunina undir höndum í stað þess að þurfa að bíða eftir þeim lengur eða skemur. Þetta er auðvitað hagstæðara bæði fyrir bændur og neytendur, fyrir þjóðina í heild, en alls ekki óhagstæðara. Það er óhagstæðara aðeins fyrir stjórnvöld á hverjum tíma. Það er erfiðara fyrir þau að svindla á vísitölunni ef þau hafa ekki þetta tæki til að hafa peningana í afurðasölufélögunum, en ekki hjá eigendum fjárins, bændunum sjálfum. Þetta er umbúðalaust það sem verið er að segja.

Að því er varðar aftur á móti ummælin um kvótakerfið annars vegar og beinar greiðslur hins vegar voru settar fram mjög ítarlegar tillögur um hvernig hægt væri að nota beinu greiðslurnar til þess að hafa áhrif á framleiðslumagn, eins og ég gat um í minni frumræðu, og þess vegna held ég að það væri hægt að ná sama árangri í því efni með beinu greiðslunum, en hins vegar að losna við óteljandi annmarka af kvótakerfinu, sem er náttúrlega nokkurs konar lénsskipulag sem verið er að færa yfir landbúnaðinn, enda kemur það auðvitað í ljós, eins og lesið var hér upp úr bréfi Gunnars Guðbjartssonar, að ýmsir erfiðleikar hafa verið við ákvörðun búmarks. Þá eru náttúrlega leikur einn þeir erfiðleikar sem koma í ljós miðað við það sem verða mun þegar allir eru farnir að svindla á kerfinu, sem auðvitað verður þegar fram í sækir, þegar menn læra hvað slíkt kerfi hlýtur að vera götótt. — En reynslan af framkvæmd kvótakerfisins er auðvitað ekki með öllu komin í ljós og bréfið, eins og ráðh. gat um, skrifað í nóvember og við fáum sjálfsagt að frétta meira af þessu síðar.

Hvað varðar 6. liðinn, þ. e. fóðurbætisskattinn, fannst mér rétt að spyrja þeirrar spurningar. Ég átti ekki von á að hæstv. ráðh. gæti svarað með öðrum hætti en hann gerði. En það er vissulega áhyggjumál ef svo kynni að fara að þessi skattur yrði dæmdur ólögmætur og yrði að greiðast til baka. Ég veit ekki hvar er hægt að taka það mikla fé. Merkir lögfræðingar telja að þetta gjald sé ólögmætt og þegar er búið að stefna, ef ég hef skilið það rétt, í einu máli sem er prófmál í þessu efni. Þess vegna er

engin ástæða til annars en að veita því athygli og gera sér grein fyrir hvaða úrræði þá væru til.

En þegar líka er farið að taka erlend lán til að greiða niður afurðir innanlands — og ekki eingöngu innanlands, heldur líka raunar að greiða niður afurðir erlendis, langaði mig í því sambandi og í sambandi við allar þessar fjárreiður og allt þetta, sem verið er að velta á undan sér í landbúnaðinum, eins og gert var á síðasta ári í sjávarútveginum þangað til blaðran sprakk, að fá að vita nánar um þessar 29 millj. sem ég spurði hæstv. ráðh. um, en honum gafst ekki tími til að svara áðan, en ég veit að hann svarar nú á eftir, hvort það er einnig þannig vaxið að það muni verða tekið núna lán eða greitt úr ríkissjóði fyrir fram til að dylja að einhverju leyti vanda landbúnaðarins og til að greiða fyrir afurðasölufélögunum og hvort þeir peningar að einhverju leyti, eins og aðrir peningar, staðni í afurðasölufélögunum, en bændur fái þá ekki strax í hendur.

Herra forseti. Ég skal ekki syndga meira upp á náðina.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Það er ekki margt í ræðu hv. fyrirspyrjanda sem er nauðsynlegt fyrir mig að svara. Hann staðfesti það, sem fram kom í greinargerð sem hann hefur sjálfur fengið í hendur, að með því að greiða hluta af niðurgreiðslufé beint til bænda hefði það þau áhrif að verðið yrði hærra, fjármagnið nýttist lakar til áhrifa á verðlagsþróun.

Allir vita að niðurgreiðslur hafa alla tíð verið notaðar til að hafa áhrif á verðlagsþróun innanlands og eru þannig þáttur í baráttu stjórnvalda við að halda verðbólgunni niðri. Ég skal ekki fjalla um það í löngu máli þótt hv. þm. kalli þetta vísitölusvindl. Þetta er aðferð sem notuð hefur verið af ríkisstjórnum í áratugi og ég ætla ekki að fara að kasta steinum að núv. eða fyrrv. ríkisstjórnum hvað þetta snertir. Staðreynd er að það vísitölukerfi, sem við búum við, hefur þetta í för með sér, og meðan við búum við þetta kerfi mun það verða framkvæmt með þessum hætti. Hitt er annað mál, að ég er þeirrar skoðunar, að það vísitölukerfi, sem við búum við, sé óheppilegt og óhagkvæmt, ekki síst fyrir launþegana sjálfa. Þess vegna er mikil nauðsyn að það kerfi verði tekið til endurskoðunar og væntanlega tekið upp nýtt kerfi sem ekki feli í sér jafnmarga annmarka og núverandi kerfi býr yfir. Þá kynni einnig að verða hægt að koma þessu við með nýjum hætti. Ég get ekkert sagt um það fyrir fram, en það getur verið, ef nýtt vísitölufyrirkomulag eða nýtt verðtryggingarkerfi launa yrði tekið upp sem væri laust við þá vankanta sem núverandi kerfi býr yfir, að þá yrði unnt að taka upp þá hætti að greiða niður einstaka rekstrarliði landbúnaðarins í stað þess að greiða niður vöruna á lokastigi. Það kynni að reynast hagkvæmt, en það verður að koma í ljós hvernig það kemur út þegar nýtt kerfi hefur tekið við af því sem við búum við nú.

Hv. þm. sagði að það hefði komið í ljós að kvótakerfið feli í sér mikla erfiðleika og búi yfir miklum göllum. Þetta er vitaskuld rétt. Þær aðgerðir, sem þarf að grípa til til að halda aftur af framleiðslu eða hafa stjórn á framleiðslu hjá atvinnuvegum þjóðarinnar, hljóta, hver sem notuð væri, að hafa einhverja vankanta, hafa í för með sér erfiðleika. Það er ekkert gamanmál að þurfa markaðsaðstæðna vegna að grípa til aðgerða sem hafa letjandi áhrif á framleiðslu hjá þjóðinni, og því hljóta að fylgja erfiðleikar. Það er ekkert efamál að svo er. Ég hef hins vegar látið það iðulega í ljós sem skoðun mína að kvótakerfi sé afskaplega erfitt í framkvæmd, ekki síst þannig að það vari langan tíma. Það er hægt að hugsa sér það sem skammtímaráðstöfun, en það þarf að brjóta upp mjög fljótt og getur tæplega staðist í mörg ár. Það er ekki æskilegt fyrirkomulag, a. m. k. ekki til langframa.

Hv. þm. spurðist fyrir um fyrirgreiðslu sem gripið hefði verið til við bændur fyrir síðust áramót. Sú fyrirgreiðsla var ekki með þeim hætti að það væri verið að leyna einu eða neinu eða fela eitt eða neitt. Sú fyrirgreiðsla var þannig, að frá því að yfirstandandi verðlagsár hófst, 1. sept., hlóðust upp útflutningsbótareikningar til ársloka vegna útflutnings á landbúnaðarvörum sem ekki var fé fyrir á fjárlögum síðasta árs. Þeir reikningar heyra til þessu fjárlagaári sem byrjaði 1. jan. Það eru auðvitað miklir erfiðleikar því samfara að útflutningsbætur fást ekki greiddar til að mæta þessum reikningum. Þessum vanda var mætt með því í fyrsta lagi, að ríkissjóður greiddi fyrir fram af fjárlögum þessa árs, veitti fyrirframgreiðslu sem kom á fjárlög þessa árs, um 18 millj. kr. Ég get sagt það hér, að það var tekið mjög vel í það af hálfu fjmrh. og á hann þakkir skilið fyrir. Á hinn bóginn veitti Seðlabankinn fyrirgreiðslu, sem hann gerði einnig á síðasta ári, í því formi að framlengja afurðalán sem gjaldfallin voru. Kom það vitaskuld landbúnaðinum einnig til hagsbóta á þann hátt að frestað var greiðslu á gjaldföllnum afborgunum sem námu 11 millj. kr. Hér var um mjög sanngjarna fyrirgreiðslu að ræða. Það var alls ekki gert til að vera að fela neitt eða leyna neinu, en þessi fyrirgreiðsla var auðvitað landbúnaðinum mjög mikilvæg.

Hv. þm. talar um að það séu tekin erlend lán til að greiða niður framleiðsluvörur okkar erlendis. Ef hv. þm. á við að útveguð hafi verið lán til að greiða að hluta það sem vantað hefur á að útflutningsbætur dygðu til að fá fullt verð fyrir útflutningsafurðir okkar erlendis, þá er öðru nær en að við séum að greiða eitthvað niður erlendis. Útflutningsbætur eru ekki til að greiða niður verð ofan í útlendinga, eins og stundum heyrist sagt. Við seljum vörur okkar erlendis á því verði sem við getum fengið fyrir þær þar, og útflutningsbætur eru til að tryggja tekjur þeirra sem framleiða vöruna, en ekki til að greiða niður vöruna fyrir útlendinga. Ég held að þetta hljóti að vera fullskýrt. Við erum auðvitað ekki með neina góðgerðastarfsemi hér með því að lækka verðið fyrir útlendinga og nota til þess fjármuni okkar, hvort sem við innheimtum þá þegar í stað af skattborgurunum eða tökum þá að láni. Það er alger misskilningur.

Ég held að það sé ekki fleira í ræðu hv. þm. sem ástæða er til að svara, og get látið máli mínu lokið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta seinasta orðalag hæstv. landbrh. um hvað útflutningsbæturnar væru er harla furðulegt. Ég sé ekki að það sé neinn munur á því að orða þetta svo að það séu greiddar niður landbúnaðarafurðir ofan í útlendinga eða greitt sé með útflutningi til að borga fyrir þær innanlands. Á þessu er enginn munur.

En aðalerindi mitt var ekki að fjalla um þetta, heldur það, að hér hefur verið nokkuð til umræðu fyrirkomulag stjórnkerfisins í landbúnaðarmálum. Það hefur verið talað um það í sambandi við kvótakerfið, að á því væru framkvæmdaerfiðleikar og hætta á svindli, en það hefur alls ekki verið nógu mikið um það talað, hver hætta á

óhagkvæmni felst í kvótakerfinu. Ég vara við þeirri miklu hættu sem felst í óhagkvæmni sem hlýtur að fylgja kvótakerfinu. Það er stirt í framkvæmd. Það hefur í sér fólgið að verið er að halda framleiðslunni niðri án þess að tilkostnaðurinn minnki að sama skapi. Ég vara við þessu sérstaklega með tilliti til þess, að þegar um er að ræða óhagkvæmni af þessu tagi hlýtur hún fyrr eða síðar að bitna á þeim sem í greininni starfa. Hún bitnar auðvitað líka á þjóðfélaginu í heild.

Það væri kannske ástæða til að fara nokkrum orðum um það stjórnkerfi sem hér er í landbúnaðarmálum. Það er ekki einungis að við séum með þetta kvótakerfi. Við erum líka bæði með niðurgreiðslur og útflutningsbætur. Ég vil orða það svo að vegna þessa kerfis búi bændur við mjög mikla óvissu um afkomu sína og kjör. Þetta er í rauninni varasamt fyrir bændur þegar til lengdar lætur eins og á því er haldið.

Ég þarf auðvitað ekki að fara mörgum orðum um það, að það fyrirbæri, sem upp er komið í landbúnaðinum, er þjóðfélagslega óhagkvæmt. Á því leikur enginn vafi. Þar við bætist að með því kerfi, sem við búum við, eru bændur að baka sér meiri óvissu en viðunandi er til lengdar.

Það er fleira í þessu sem ástæða væri til að benda sérstaklega á. Í sambandi við útflutninginn er eins konar ábyrgð á útflutningsverði. Það dregur úr tilhneigingu til að leita eftir besta verði á útflutningsafurðunum. Hvernig svo sem það hefur verið í framkvæmd verður því ekki á móti mælt, að þegar þannig er á málum haldið minnkar tilhneigingin til að fá hæsta mögulegt verð fyrir útflutningsvöruna. Þetta er megingalli á þessu kerfi.

Ég held að það sé líka augljóst að verðlagningarkerfi landbúnaðarafurða er tortryggilegt. Ég skal ekki taka sterkar til orða í þeim efnum. En það er auðvitað stórvarasamt fyrir bændurna líka að það skuli vera tortryggilegt. (Forseti hringir.) Ég skal einungis bæta fáeinum orðum við, herra forseti, enda vænti ég þess, að það séu ekki mjög margir á mælendaskrá.

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt í sambandi við atvinnugreinar, hvort heldur það er sjávarútvegur eða landbúnaður, að menn víki af þeim vegi sem felur í sér offramleiðslu eða offjárfestingu. Það mun bitna á högum þjóðarinnar þegar til lengdar lætur. Auðvitað fylgja því vissir erfiðleikar t. d. að draga úr framleiðslu, en menn ættu sérstaklega að huga að því, að það er enn þá dýrara að taka ekki á vandanum. Ég tel að við stöndum frammi fyrir mjög miklum vanda í landbúnaðinum vegna þess, hversu seint hefur verið gripið til aðgerða, og í annan stað vegna þess, að stjórnkerfið er meira og minna dauglaust og svarar ekki tilgangi sínum.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég vil að það komi fram við þessa umr., að á aðalfundi Stéttarsambands bænda, sem haldinn var að Laugum í Þingeyjarsýslu, var einmitt rætt um hvort bændur vildu mæla með því, að orlofsfé yrði greitt beint til bændanna. Ég vil að það komi fram, að þessari hugmynd var hafnað, og ég held að menn hafi verið alveg sammála. Ég man ekki betur en menn hafi verið sammála um að breyta ekki þarna um.

Það hefur verið talað dálítið um kvótakerfið, galla þess. Það þarf enginn að halda að það sé nein leið góð þegar komið er að því að það þarf að draga úr framleiðslu. Þessi mál voru rædd í mörg ár. Þetta varð niðurstaðan sem meiri hluti bændanna taldi að væri rétt að fara eftir. Þeir voru annarrar skoðunar en síðasti ræðumaður. Þeir töldu að það væri mjög óhagkvæmt fyrir þá og þjóðfélagið að framleiða vöru sem væri lítið eða ekkert hægt að fá fyrir, en ef menn vissu fyrir fram að þeir fengju fullt verð fyrir ákveðið magn mundu þeir fara að athuga hvernig þeir gætu dregið úr framleiðslukostnaðinum þannig að þeir hefðu sem mest upp úr því magni sem þeir fengju verð fyrir. Ég held að það hafi sýnt sig á þessum tíma, að margir bændur hafa getað komið sínum málum þannig fyrir að þó að þeir hafi þurft að minnka framleiðsluna hafi þeir haft út úr búum sínum sæmilegar tekjur og einmitt farið inn á þá leið að reyna að draga sem mest úr kostnaðinum. Ég held að einmitt þetta, að vita fyrir fram fyrir hvað mikið magn fæst fullt verð, geri þetta að verkum og það sé kosturinn. Ókostirnir eru að vísu nokkrir. Ég er sammála hæstv. landbrh. um að það er mjög erfitt að búa við þetta lengi en á meðan við sjáum ekki aðrar leiðir skárri held ég að við verðum að halda þessa leið áfram.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Það eru einungis tvö smáatriði.

Ég vil annars vegar geta þess, að mér kemur ekki til hugar að þessar greiðslur úr ríkissjóði fyrir áramótin til afurðasölufélaga landbúnaðarins hafi verið neitt laumuspil, enda gat ég þess í ræðu minni að hæstv. ráðh. hefði einmitt á almennum fundum fyrir norðan skýrt frá þessu. Það var ekki um þetta spurt vegna þess að ég teldi hér neitt laumuspil á ferð, heldur vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að málið yrði betur upplýst. Ég sé ekki betur en að svo miklu leyti sem þessir fjármunir hafa verið greiddir núna fyrr en áður, — þeir hafa safnast upp, eins og hæstv. ráðh. gat um að útflutningsbætur hefðu hlaðist upp ógreiddar á síðustu fjórum mánuðum síðasta árs, en verið greiddar fyrir áramót af fjármagni þessa árs, sem ekki hefði verið áður gert, — þá séu menn að éta fyrir sig fram. Ég sé ekki betur. Ef það er misskilningur gleður það mig auðvitað. Þess vegna líkti ég því við það sem gerðist í útveginum á síðasta ári, þegar reynt var með lánum og fyrirgreiðslum svokölluðum að bjargast frá viku til viku eða mánuði til mánaðar þangað til blaðran sprakk auðvitað þegar búið var að eyða þessu.

Hitt er smáatriði, sem ég vildi geta um, að ég var einungis að gagnrýna að við notuðum erlend lán til innanlandsneyslu eða til útflutningsbóta til að auka neyslu erlendis. Ég er á móti því að taka erlend lán til neyslu þó að erlend lán til framkvæmda geti veri eðlileg.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. talaði um útflutningsbótakerfið sem ábyrgð á framleiðslu landbúnaðarins sem hefði í för með sér að tilhneiging minnkaði til að ná besta verði. Þetta kynni að vera rétt ef svo væri að útflutningsbætur dygðu til að ná fullu verði, til að bændur og framleiðslufélögin fengju fullt verð fyrir alla framleiðsluna. En það er því miður ekki því að heilsa, og þegar verulega vantar á að verðið náist er ekki ábyrgð fyrir hendi eða ekki í þeim mæli að það hafi áhrif til þess, að ekki sé reynt að ná besta verði. Þessi aths. hv. þm. er þess vegna úr lausu lofti gripin eins og þessi mál a. m. k. standa nú.

Hv. þm. gagnrýndi stjórnkerfi landbúnaðarins og taldi það dýrt fyrir bændur og dýrt fyrir þjóðina, en sagði þó réttilega að það væri enn þá dýrara að grípa ekki til aðgerða. Það hefur einmitt verið gripið til aðgerða. Þær aðgerðir hafa leitt til þess, að mjólkurframleiðslan er nú

og hefur verið í tvö ár nokkurn veginn við hæfi innlenda markaðarins, og þær stjórnunaraðgerðir hafa falið í sér að sauðfjárframleiðslan hefur verið svipuð eða sambærileg því sem hefur áður verið. Er það að mínum dómi nauðsynlegt til þess að geta haldið við byggð í sveitum landsins.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð sagði að sér hefði skilist að fyrirgreiðsla af því tagi sem veitt var fyrir áramótin, hafi ekki tíðkast áður. Það er rétt að því leyti, að svo mikil fyrirgreiðsla hefur ekki áður verið veitt. Fyrir rúmu ári var fyrirgreiðsla veitt af hálfu Seðlabankans til að mæta verulega þessum vanda. Fyrirgreiðsla af þessu tagi hefur verið veitt á ýmsum tímum að einhverju leyti, en ekki alltaf. Það hefur verið nokkuð misjafnt frá einni ríkisstjórn til annarrar. En það er hins vegar alveg víst, að ekki hefur verið veitt jafnrífleg fyrirgreiðsla í þessu skyni og gert var að þessu sinni.

Rannsóknir og viðvörunarkerfi í Mývatnssveit, fsp. (þskj. 124). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Mér hefur verið tjáð að hæstv. menntmrh. hafi óskað eftir því að vera viðstaddur þessa umr. Væri þess vegna gott hans vegna að gera honum boð, hann mun vera í húsinu.

Herra forseti. Ég sagði hér í upphafi að hæstv. menntmrh. teldi ástæðu til að vera viðstaddur þessa fsp., en ef hann er ekki í húsinu held ég áfram máli mínu.

Herra forseti. Það er ljóst núna, að landris á Kröflusvæðinu er orðið umtalsvert miklu meira en það var þegar þar gaus síðast hinn 18. nóv. s. l. Áhyggjur íbúa af þessu ástandi eru miklar að vonum og hefur m. a. oddviti og sveitarstjóri í Mývatnssveit lýst miklum áhyggjum sínum vegna þessa máls og haft samband við viðkomandi rn. Það er mat vísindamanna á þessari stundu, að á 35 km langri sprungu á Kröflusvæðinu geti nú gosið nánast hvar sem er, og á það jafnt við um Leirhnjúk og Bjarnarflag sem og aðra staði á gossprungunni.

Frá árinu 1975 hafa farið fram rannsóknir vegna umbrota og eldvirkni í Mývatnssveit. Á þessu tímabili hefur tekist að afla dýrmætrar reynslu og ný tækni verið þróuð, m. a. varðandi viðvörunarkerfi sem nú myndar kjarnann í starfsemi Almannavarna á svæðinu. Þessar rannsóknir hafa verið gerðar á vegum Orkustofnunar, Raunvísindastofnunar Háskólans og Norrænu eldfjallastöðvarinnar, en sú síðast nefnda hefur hannað ofangreint viðvörunarkerfi. Kostnaðurinn við starf Norrænu eldfjallastöðvarinnar er greiddur af samnorrænu fé, nema hvað íslenska ríkið hefur greitt ferða- og dvalarkostnað vegna Kröflurannsókna fram á mitt ár 1980, en þá var þeim greiðslum skyndilega hætt. Samkv. þessu má ljóst vera að ríkissjóður hefur ekki verið þjakaður af þessum rannsóknum.

Vegna fjárhagsörðugleika er nú öllum rannsóknum á svæðinu og þar með öryggisgæslu stefnt í óvissu og hefur engin trygging fengist fyrir því, að rannsóknum verði haldið áfram. Af þessum sökum eru bornar fram eftirfarandi spurningar til hæstv. forsrh.:

1. Hvað hyggst ríkisstj. gera til að tryggja öryggi íbúa Mývatnssveitar, en áttunda og kröftugasta gosið í Kröflueldum hófst 18. nóv. s. l.?

2. Hyggst ríkisstj. veita Norrænu eldfjallastöðinni, sem að öðru leyti er kostuð af samnorrænu fé, það fjármagn sem sannanlega skortir á svo að unnt sé að reka viðvörunarkerfi í Mývatnssveit áfram og stunda rannsóknir því tengdar?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í sambandi við þau eldsumbrot, sem orðið hafa í Leirhnjúk og nágrenni, og hættu á frekari umbrotum hafa Almannavarnir komið fyrir eða hlutast til um ýmsar ráðstafanir til öryggis íbúum í Mývatnssveit. Má þar til nefna og er hér byggt fyrst og fremst á upplýsingum frá dómsmrn. og Almannavörnum:

1. Viðvörunarkerfi. Fyrirkomulag viðvörunarkerfis var framan af þannig, að Orkustofnun hafði með höndum svokallaða skjálftavakt, þ. e. rekstur jarðskjálftamæla og stöðuga vöktun þeirra í Reynihlíð. Orkustofnun lagði þá vakt niður þegar byggingarframkvæmdum við Kröflu lauk. Tóku Almannavarnir ríkisins þá í samvinnu við vísindastofnanir að annast öryggisvöktun og viðvörunarkerfi þegar komið var hættuástand. En þegar landris hafði náð tiltekinni hæð séð frá sjálfritandi hallamælum var talið að komið væri hættuástand. Var jarðfræðingur þá fenginn til að vera á vakt til að meta þróun og hættu á umbrotahrinum og ráðnir menn til að fylgjast með mælum allan sólarhringinn svo að flýta mætti viðvörun. Almannavarnir ríkisins greiddu ferða- og dvalarkostnað vísindamanna. Hins vegar báru vísindastofnanir launakostnað sinna starfsmanna.

Á s. l. sumri var svo komið að vísindastofnanir þær, sem hlut eiga að máli, þ. e. Norræna eldfjallastöðin, Orkustofnun og Raunvísindastofnun Háskólans, töldu sig ekki geta sinnt skjálftavaktinni vegna manneklu og fjárskorts. Almannavarnir ríkisins hlutuðust þegar til um að vöktun vísindamanna hélst áfram meðan unnið var á endurbótum á viðvörunarkerfinu. Keyptar voru viðvörunarbjöllur og komið fyrir skjálftavakt í Kísiliðju, en áður hafði slíkum búnaði verið komið fyrir í Kröfluvirkjun. Tryggð var vöktun mæla í skjálfatvakt, en sólarhringsvakt var fyrir í Kísiliðju og Kröfluvirkjun. Keyptur var síriti fyrir hallamæli í vaktherbergi Kísiliðju, komið á fjarskiptasambandi vegna tengingar vöktun í Kísiliðju við mælikerfi og starfsmönnum Kröfluvirkjunar og Kísiliðju veitt nauðsynleg þjálfun til að geta lesið af mælum og metið þær upplýsingar er fram koma.

Það er mat Almannavarna, að viðvörunarkerfin hafi öll reynst vel í upphafi síðustu goshrinu og viðvörun skilað sér til vaktstöðvanna þriggja. Umsjónarmönnum mælitækja tókst tiltölulega fljótt að áætla hvernig umbrotin væru að þróast. Þá tókst þolanlega með aðstoð flugvéla að afla og koma á framfæri upplýsingum um hraunrennsli. Komu ekki upp sérstök vandamál í þessum eldsumbrotum sem ekki voru þekkt fyrir.

2. Almannavarnanefnd Mývatnssveitar hefur til umráða húsnæði fyrir stjórnstöð með nauðsynlegum fjarskiptatækjum o. fl.

3. Viðvörunarkerfi til samtímis hringingar á öllum símum í Reykjahlíðarhverfi, Kröfluvirkjun og Kísiliðju.

4. Símasamband við byggðina hefur verið treyst með tvöföldu kerfi.

5. Varnargarðar hafa verið reistir. Þeir eru þrír: einn til varnar byggð, einn til varnar Kísiliðjunni og einn til varnar Kröfluvirkjun. Sá síðast nefndi var reistur á vegum Kröfluvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins, en hinir á vegum Almannavarna.

6. Vatnsdælukerfi er fyrir hendi við Kísiliðjuna. Hugmyndin er að nota dælukerfi Kísiliðjunnar til kælingar á hrauni vegna góðrar reynslu í Vestmannaeyjum. Engar tilraunir hafa verið gerðar, en kerfið er til og vatnsmagn fyrir hendi til dælingar.

7. Vegir hafa verið hækkaðir og lagfærðir á snjóþyngstu stöðum og tryggð tæki til snjóruðnings.

8. Komið fyrir ljósum til að nota á flugvelli.

9. Komið fyrir viðlegubúnaði að Skútustöðum ef til brottflutnings íbúa kæmi.

10. Haldnir fræðslufundir fyrir íbúa og fræðsluritum dreift og hjálparlið þjálfað.

Þetta eru í stórum dráttum þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til öryggis íbúum í Mývatnssveit samkv. upplýsingum og greinargerð Almannavarna og dómsmrn.

Varðandi 2. fsp. vil ég taka þetta fram: Norræna eldfjallastöðin er sameiginleg stofnun allra Norðurlanda. Kostnaður við hana er greiddur af þeim öllum eftir föstu hlutfalli sem gildir um slíkar norrænar stofnanir. Nú hefur eldfjallastöðin farið fram á aukafjárveitingu frá ríkissjóði Íslands vegna kostnaðar undangengin tvö ár og nemur sú fjárhæð um 200 þús. kr. Ríkisstj. hefur samþykkt að verða við þessari beiðni.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Það kemur mér talsvert á óvart að það skyldi þurfa nær 11 vikur til að undirbúa þetta svar hæstv. forsrh. um öryggi íbúa í Mývatnssveit. Því miður verð ég að segja að svar hans — sem ég þakka honum að öðru leyti fyrir — fullnægir hvergi nærri þeim óskum, sem íbúar í Mývatnssveit hafa lagt fram, né því, sem almannavarnanefnd þar telur að gera þurfi til að tryggja öryggi íbúa þar í sveit. Það er m. a. bent á að varnargarðar séu hvergi nægjanlegir og að viðvörunarkerfið sé ekki nægjanlega virkt. Það, sem olli því að viðvörunarkerfið reyndist vel í síðasta gosinu, var einfaldlega það, að Norræna eldfjallastöðin var að taka í notkun nýtt kerfi, sem hún hafði hannað, og var að gera það nákvæmlega sama daginn og gosið hófst. Þetta heitir nú bara heppni en ekki það, að stefnt hafi verið að þessu með nákvæmum og beinskeyttum undirbúningi þeirra manna sem eiga að fjalla um þessi mál.

Ég tel að það þurfi að gera miklu meira til að tryggja öryggi íbúa á þessu svæði. Eða getur einhver svarað því, hvernig eigi að bregðast við ef eldur kemur upp í Bjarnarflagi? Það er svo óhugnaleg mynd sem gæti við okkur blasað, ef það gerðist, að engin orð ná að lýsa henni.

Engu að síður vil ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svarið og þau orð, að ríkisstj. hafi ákveðið að veita Norrænu eldfjallastöðinni 200 þús. kr. viðbótarframlag til að geta gegnt þeirri skyldu sinni að halda áfram rannsóknum og gera betur úr garði það viðvörunarkerfi sem nauðsynlegt er. En ég vil hvetja hæstv. ríkisstj. til að huga vandlega að þessu máli. Jarðfræðingar og vísindamenn telja að þarna geti gosið á nánast hverjum einasta degi sem fram undan er á næstu vikum og mánuðum, og ég harmaði það mjög eftir þá umr., sem hér hefur átt sér stað, ef eitthvert slys yrði á þessu svæði vegna þess að ekki hefði verið leitað allra ráða til að tryggja öryggi íbúanna sem þar búa.

Ég fagna því, að nú skuli hafa komið fram hjá hæstv. forsrh. að uppi séu hugmyndir um að reyna t. d. kæli- eða vatnskerfi Kísiliðjunnar til að kæla hugsanlegt hraun sem kynni að renna á þessu svæði. Það eru nokkrar fréttir fyrir mig, að sú hugmynd skuli hafa komið fram og ætlunin sé að hrinda henni í framkvæmd. Engu að síður vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég beini því til þeirra aðila, sem um þessi mál fjalla — það eru a. m. k. þrjú eða fjögur ráðuneyti sem um það fjalla, að þau geri allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja öryggi íbúa á þessu svæði, vegna þess, eins og segir í auglýsingunni, að þetta verður ekki tryggt þegar slysið er orðið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju yfir því, að ríkisstj. hafi orðið við því að gera upp reikningana við Norrænu eldfjallastöðina. Við þm. þessa kjördæmis óskuðum eftir því, að við því yrði orðið við afgreiðslu fjárlaga, en það var ekki skilningur á því í fjvn. eða hjá fulltrúum ríkisstj. þar. Það er því vissulega ánægjulegt að ríkisstj. skuli nú hafa orðið við þessu. Hygg ég að sú fsp., sem hér var lögð fram, hafi átt sinn þátt í þeirri ákvörðun ríkisstj. Það hefur því sýnt sig að fsp. hefur verið þörf og komið að gagni.

Sannleikurinn er náttúrlega sá, að viðvörunarkerfið fyrir norðan er algerlega í lágmarki. Þetta er einfalt kerfi og ef einn hlekkur brestur verður viðvörunarkerfið gagnslaust. Það er sem sagt farið eins gáleysislega og hægt er í þessar sakir og veldur náttúrlega miklum kvíða, ekki síst fyrir þá sök að hraði hraunsins er svo mikill að hann er meiri en hraði rennandi vatns. Þess vegna ríður á mjög miklu að þarna sé vel fylgst með.

Ég vil mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann beiti sér fyrir að ríkisstj. verði einnig við tilmælum Almannavarna um frekari öryggisbúnað á þessu svæði, svo að þetta geti orðið forsvaranlegt og fólkið á þessum stað geti andað rólega og þurfi ekki að vera í sífelldum beyg og kvíða. Menn þurfa ekki lengi að ganga um þessi umbrotasvæði til þess að átta sig á hvað í húfi er og hversu naumur tími er til stefnu ef eldgos kemur upp í Bjarnarflagi.

Samvinnufélagalög, fsp. (þskj. 296). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég flyt hér fsp. um hvað líði endurskoðun laga um samvinnufélög og samvinnusambönd, en 29. maí 1980 var samþykkt svohljóðandi þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd."

Ég hafði einhvern tíma áður flutt þáltill. um þetta efni og hún fékkst sem sagt samþykkt í maí 1980. Grg. með þessari þáltill. var örstutt og með leyfi forseta ætla ég að lesa hana hér upp:

„Tillaga þessi til þál. var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd og er því flutt að nýju. Í grg. með till. var þess getið, að ný hlutafélagalög hefðu verið sett, en síðan segir:

„Með þeirri löggjöf er lagður grunnur að öflugri og heilbrigðri starfrækslu hlutafélaga, en hlutafélagalögin frá 1921 voru að ýmsu leyti ófullkomin, eins og eðlilegt er. Sama er að segja um samvinnufélagalögin. Ef samvinnufélög eiga að dafna er þörf verulegra umbóta, enda gera stjórnendur þeirra margir hverjir sér grein fyrir því. Sama er að segja um Samband ísl. samvinnufélaga.

Meðal þeirra, sem vakið hafa athygli á nauðsynlegri nýbreytni, er Erlendur Einarsson forstjóri SÍS. Í erindi,

sem hann flutti á ráðstefnu 2. sept. 1972, sagði hann m. a.:

„Nú langar mig til að varpa fram þeirri spurningu, hvernig þetta gæti litið út hjá okkur í dag, ef við færum að gefa út stofnbréf. Við skulum taka Sambandið sem dæmi. Við skulum hugsa okkur, að Sambandið gæfi kaupfélögunum kost á stofnbréfum, og við skulum taka árið í fyrra, 1971. Þegar við lítum á efnahagsreikning Sambandsins 31. des. 1971, þá er eigið fé, það sem við köllum eigið fé, um 607 millj. kr. Þar eru ekki meðtaldar aukaafskriftir af eignum, vörubirgðum og öðru, þannig að það mætti bæta við þetta 100 millj. þannig að þetta yrði þá um 700 millj."

Síðar segir Erlendur Einarsson:

„Ég vil koma að því, — ég gleymdi því alveg áðan, — að til þess að koma þessu í kring, að byggja upp svona almenningsþátttöku, þá verður að sjálfsögðu að breyta lögunum. Það verður að breyta samvinnulögunum og einnig að breyta skattalögunum.

Skattfrelsi sparifjár í innlánsstofnunum hefur að mínu áliti m. a. stuðlað að því, að fjármagn hefur frekar leitað í banka, sparisjóði og innlánsdeildir heldur en ella og kannske komið í veg fyrir það, að við séum að leita að nýjum leiðum til að fá þátttöku almennings til að koma með fjármagn inn í samvinnufélögin. Og þótt skattfrelsið hafi eitthvað hjálpað, þá hefur það í sumum tilfellum orðið bjarnargreiði.

Hér verður því að breyta lögunum og ég veit að Eyjólfur Konráð Jónsson verður mér hjálplegur, ég vona það, þegar að því kemur að fá lagabreytingar um þetta."

Tímabært er nú að hefja endurskoðun samvinnufélagalaga, og að sjálfsögðu yrði samráð haft við forustumenn samvinnufélaganna og samvinnusambandsins."

Allt það, sem að framan segir, er enn í fullu gildi og þarf engu við það að bæta."

Nú er spurt um hvað þessari endurskoðun líði. Hún er vonandi komin vel á veg. Og ég vil geta þess hér, af því að ég vitnaði í Erlend Einarsson, að við héldum þá erindi á ráðstefnu um atvinnumál, ég og hann — og fleiri raunar, og urðum allmikið sammála um sum atriði a. m. k., og það var tilefni þess, að hann vitnar þarna til minna ummæla. En ég bíð svars hæstv. ráðh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. hefur spurt um hvað líði undirbúningi nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd sem ákveðin var með ályktun Alþingis frá 29. maí 1980. Þessi ályktun var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta í samráði við samvinnuhreyfinguna hefja undirbúning nýrrar löggjafar um samvinnufélög og samvinnusambönd."

Í septembermánuði 1980 skipaði ég fimm manna nefnd til þess að undirbúa frv. að nýrri löggjöf um samvinnufélög og samvinnusambönd. Í þessari nefnd eru: Gaukur Jörundsson prófessor, formaður, Guðmundur Skaftason lögfræðingur, Halldór Ásgrímsson alþm., Baldur Óskarsson blaðamaður og Tómas Bergsson viðskiptafræðingur. Í júlímánuði í sumar ritaði ég nefndinni bréf og spurðist fyrir um, hvað þessu verki liði, og lagði áherslu á að nefndin hraðaði svo störfum að unnt yrði að leggja fram á þessu Alþingi lagafrv. um þetta mál.

Þær upplýsingar, sem ég hef fengið nú seinast um störf nefndarinnar, virðast mér benda til þess, að nefndin muni skila af sér svo tímanlega að e. t. v. verði mögulegt að leggja fram frv. á þessu þingi. Þó vil ég ekki að það verði skilið þannig að það sé loforð, vegna þess að það er ekki á mínu færi að lofa því, en það er stefnt að því að hraða undirbúningi þessa máls svo að hægt verði að leggja fram frv. á þessu þingi.

Fyrirspyrjandi (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir upplýsingar þær sem hann hefur hér gefið. Ég mundi telja það mjög mikilvægt og skemmtilegt ef unnt yrði að leggja þetta frv. fram nú fyrir þinglok, þannig að unnt yrði hugsanlega að afgreiða ný lög um samvinnufélög og samvinnusambönd á þessu ári, þessu merkisári í sögu íslenskrar samvinnuhreyfingar.

Eins og ég gat um áðan bar brýna nauðsyn til að gera miklar endurbætur á hlutafélagalöggjöfinni. Í því máli var geysimikið starfað veturinn 1977—1978 og afgreidd hin merkustu lög með mörgum nýmælum og stuðst bæði við löggjöf Evrópuríkja og við ameríska löggjöf.

Ég held að það sé mjög brýnt, að slíkar endurbætur verði gerðar á löggjöf um samvinnufélög að þau megi eflast. Ýmis nýmæli, — t. d. um hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar, um betra eftirlit félagsmanna með störfum félaganna og opnun þeirra, ef við getum svo sagt, — sem upp voru tekin með hlutafélagalögunum, eiga vissulega ekki síður erindi til samvinnufélaganna, enda er það skoðun mín að t. d. opin almenningshlutafélög með nútímalegu sniði séu mjög skyld samvinnufélögum í eðli sínu og að slík félagsform þurfi að starfa hlið við hlið. Allir eru víst sammála um það, alþm. jafnt sem aðrir, að nú beri brýna nauðsyn til að efla mjög íslenskt atvinnulíf og gera stórátak svipað og einmitt var gert snemma á þessari öld, þegar þessi félagsform — samvinnufélög annars vegar og opin hlutafélög — voru að ryðja sér hér til rúms. Sem sagt, það væri mjög æskilegt og ánægjulegt ef þessi löggjöf yrði sett á þessu ári.

Öryrkjabifreiðar, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á þskj. 159 hef ég leyft mér að beina svofelldri fsp. til hæstv. viðskrh.:

„1. Hvernig reiknast álagning innflytjenda á öryrkjabifreiðar? Reiknast hún af sama verðgrunni og af bifreiðum til almennrar sölu eða er tekið tillit til niðurfelldra gjalda ríkisins við útreikning álagningar?

2. Hefur Verðlagsstofnun kannað þessi mál og hver er niðurstaðan?"

Í þessari fsp. felst í raun og veru það, hvort söluaðilar fái sama í sinn hlut hvort sem um er að ræða öryrkjabifreiðar, sem ríkið fellir niður stórfelldar upphæðir af, nú í ár sennilega um 35 þús. kr., eða aðrar bifreiðar. Spurt er um verðgrunn álagningar, því að eðlilegt væri að þegar ríkið greiðir svo rækilega fyrir kaupum þessara bifreiða verði hlutur söluaðilans ekki eins ríflegur og af sölu annarra bifreiða.

Í öðru lagi er spurt um hlut Verðlagsstofnunar af þeirri ástæðu, að forustuaðili í öryrkjasamtökunum tjáði mér að könnun væri í gangi hjá Verðlagsstofnun, enda um það beðið að sögn, en síðan hef ég heyrt það, eftir að þessi fsp. kom fram, að það sé kannske hæpið að þessi könnun hafi verið gerð af Verðlagsstofnun. Um það fást

þá upplýsingar hjá hæstv. ráðh. Alla vega þykir mér rétt að fá um það óyggjandi svör hér, hvort söluaðilar taki sömu krónutölu fyrir sölu þessara bifreiða eða sömu álagningarprósentu, og þá alveg sérstaklega kannske þeirra tiltölulega fáu öryrkjabifreiða sem úthlutað er á hverju ári sérstaklega til fatlaðs fólks með aukafyrirgreiðslu af hálfu ríkisins til viðbótar við hina almennu niðurfellingu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 2. þm. Austurl. hefur spurst fyrir um álagningu innflytjenda á öryrkjabifreiðar.

Álagningarheimild innflytjanda á bifreiðar er hin sama hvort sem þær eru seldar öryrkjum eða öðrum, þ. e. álagningin reiknast af sama verðgrunni, álagningargrunni. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi alveg frá því að öryrkjar fyrst fengu heimild til þess að kaupa bifreiðar á grundvelli niðurfelldra aðflutningsgjalda.

Rökstuðningur fyrir þessu álagningarfyrirkomulagi á öryrkjabifreiðar er fyrst og fremst sá, að kostnaður innflytjanda vegna sölu á þeim er ekki minni en við sölu annarra bifreiða. Fjármagnskostnaður er svipaður þar sem aðflutningsgjöld koma yfirleitt ekki til greiðslu fyrr en um það leyti sem afhending bifreiðarinnar fer fram. Annar kostnaður við sölu bifreiða er síst minni þegar selt er til öryrkja en þegar selt er til annarra aðila. Að mati Verðlagsstofnunar hafa forsendur að baki gildandi álagningarreglna á öryrkjabifreiðar ekki breyst og því hefur ekki verið talið ástæða til að endurskoða þær.

Þegar innflutningsgjöld eru felld niður af vörum helst álagningargrunnur óbreyttur hjá innflytjandanum. Það er cif-verð að viðbættum innflutningsgjöldum o. fl. Álagningin er nú tvenns konar, 630 kr. föst álagning á hverja bifreið og auk þess 6% af álagningargrunni. Þá eru lagðir á vextir, kostnaður við standsetningu og ábyrgðargjald.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðh. Það er rétt, að þetta mun hafa gilt frá upphafi um öryrkjabifreiðarnar, allt frá því að ríkið fór að taka vissan þátt í þessu. Menn hafa því miður ekki séð ástæðu til að breyta þessu. Það skal viðurkennt að vísu, að fyrirhöfn bílasalans er ósköp svipuð við sölu á bifreiðum til öryrkja og til annarra, og skiptir þá ekki máli hvort bifreiðin er ódýrari fyrir kaupandann eða ekki. Engu að síður verð ég að segja það, og beini því nú til hæstv. ráðh. að það sé athugað, að það væri við hæfi, þó að ekki væri fastar að orði kveðið, að söluaðilarnir gæfu eitthvað eftir af sínum hlut, sem er alldrjúgur þegar allt skilar sér, þegar um öryrkjabifreiðar er að ræða með þeim sérstöku kjörum sem gilda um slíkar bifreiðar.

Það er mikið talað um hvernig ríkið skattleggi bifreiðar. Bílasalarnir hafa ekki síður hátt um það en aðrir, hvað ríkið skattleggi þær hroðalega, og tala jafnframt um sinn laka hlut þar í. Það væri þá vel við hæfi og kannske væri það siðfræðilegt atriði fyrir þá, að þeir hugsuðu til þess að hafa frumkvæði að þessu fyrst stjórnvöld hafa ekki enn séð ástæðu til þess.

Smáiðnaður í sveitum, fsp. (þskj. 159). — Ein umr.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég mæli hér fáein orð fyrir fsp., sem varamaður minn, Sigurður Óskarsson, bar fram hér á Alþingi fyrir jól og beindi til forsrh. Tilefni þeirrar fsp. er það, að á Alþingi, 100. löggjafarþinginu, kom fram tillaga um eflingu þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum. Alþingi samþykkti ályktun um þetta efni 14. maí 1979 þar sem segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir sérstökum stuðningi opinberra aðila við stofnun þjónustu- og úrvinnsluiðnaðar í sveitum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins skal falið að rannsaka möguleika smáiðnaðar í sveitahreppum, safna hugmyndum um hugsanlegar framleiðslugreinar, kanna viðhorf og áhuga heimamanna víðs vegar um land og gera áætlun um framkvæmdir. Við undirbúning þessa máls ber einnig að taka mið af þeirri allsherjarathugun og tillögugerð varðandi atvinnumöguleika aldraðra, sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Jafnframt skal lánadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins falið að veita heimaaðilum aðstoð við stofnun fyrirtækja, sem komið er á fót samkvæmt þessari áætlun, og skipuleggja fjármagnsöflun til framkvæmda. Sérstaklega ber að kanna möguleika á stofnun og stuðningi við framleiðslusamvinnufélög í sveitum. Stuðla ber að því, að veitt verði óafturkræf framlög úr Byggðasjóði eða ríkissjóði til stuðnings smáiðnaði í sveitum, allt að 15% stofnkostnaðar.

Þegar ár er liðið frá samþykkt þessarar tillögu skal ríkisstj. gefa Alþingi skýrslu um framkvæmd hennar."

Ríkisstj. sendi þessa ályktun til Framkvæmdastofnunarinnar og óskaði eftir að þar yrði unnið að áætlunargerð í þessu efni. Sú áætlun var unnin strax á vegum byggðadeildar og hún er síðan samþykkt af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar í maí 1980. Í þeirri bókun var þetta, með leyfi forseta:

„Stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins samþykkir áætlun að eflingu smáiðnaðar í sveitum. Stjórnin mun ábyrgjast þær tillögur um lánveitingar og styrki, sem í áætluninni felast, enda falli fyrirgreiðsla að lánsfjárramma Byggðasjóðs hverju sinni og einstök mál verði metin hvert fyrir sig. Ákvörðun um framkvæmd tillagnanna er í tilraunaskyni og nú fyrir árið 1981."

Eins og fram kemur í þessari bókun var litið svo á af stjórn Framkvæmdastofnunarinnar, að þetta væri það nýmæli að vert væri að telja þetta sem eins konar tilraun til stuðnings við smáiðnaðaruppbyggingu, og segir í tillögum byggðadeildarinnar að þar sem lítil reynsla sé fyrir hendi séu eftirtaldar tillögur settar fram einungis til eins árs í einu, í fyrsta sinn fyrir árið 1981. Á því ári skal 20 smærri iðnfyrirtækjum í sveitum, annaðhvort nýjum eða starfandi fyrirtækjum, veitt ákveðin aðstoð til uppbyggingar.

Það er gert ráð fyrir því, með hverjum hætti þessi fyrirtæki verði fjármögnuð, og er það að nokkru leyti frá Byggðasjóði með framlagi og með láni. Í öðru lagi er gerð tillaga um lán úr Iðnlánasjóði til þessara hluta, en að öðru leyti yrðu þau fjármögnuð af eigin fjármagni þeirra, sem fyrirtækin setja upp, eða lánum frá viðskiptabanka. Þá er einnig gerð tillaga um stuðning við starfandi fyrirtæki, sem er fjármagnað með sama hætti, en þó í öðrum hlutföllum. Í þessu sambandi var einnig gert ráð fyrir því, að stuðningur yrði veittur við að efla heimilisiðnað í sveitum í ýmsum formum, og gæti ég trúað að það hefði getað leitt til hagsbóta og sérstakrar ánægju fyrir aldrað fólk, ef farið hefði verið að því ráði að hrinda slíkri áætlun í framkvæmd. Í því efni var fyrst og fremst

reiknað með því, að ráðnir yrðu tveir hönnuðir til þess að hanna prjónaverkefni og vefnaðarverkefni fyrir þennan heimilisiðnað. Einnig var gert ráð fyrir því, að unnið yrði úr öðrum efnum, eins og t. d. rekaviði, beini, horni, leðri, smíðajárni eða fiskroði.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Mér vitanlega hefur ríkisstj. ekki tekið afstöðu til þessarar áætlunar um uppbyggingu smáiðnaðar í sveitum. Segir það sig sjálft, að á meðan ekki er tekin afstaða til hennar frá ríkisstj. hendi verður þessi tilraunaáætlun ekki framkvæmd, þar sem Byggðasjóður einn ræður því ekki hvernig með verður farið eða að verki staðið.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Áætlun Framkvæmdastofnunar um eflingu smáiðnaðar í sveitum var rædd á fundum ríkisstj. Eftir þær umr. var samþykkt að vísa áætluninni til iðnrn. til frekari athugunar. Um þessa áætlun hefur síðan verið fjallað í iðnrn. í tengslum við aðrar iðnþróunaraðgerðir í landshlutum. Starfshópur á vegum rn., sem annast tengsl við iðnráðgjafa í einstökum landshlutum, hefur sérstaklega unnið að þessu máli. Auk fulltrúa frá iðnrn. eru í starfshópnum fulltrúar frá Iðntæknistofnun Íslands, byggðadeild Framkvæmdastofnunar og Samstarfsnefnd um iðnþróun.

Í sambandi við iðnþróun í strjálbýli og einstökum landshlutum hefur starfshópurinn lagt áherslu á undirbúningsaðgerðir áður en og jafnhliða því sem unnið væri að áætlun um þróun iðnaðar og stofnun fyrirtækja í strjálbýli. Til þess að áætlanir, þótt vandlega séu unnar, leysi vanda þarf jarðvegur fyrir iðnþróun að vera fyrir hendi.

Margvíslegar undirbúningsráðstafanir hafa verið gerðar, sem m. a. eru fólgnar í eflingu ráðgjafarþjónustu við iðnað í strjálbýli, einkum með starfsemi iðnráðgjafa, myndun iðnþróunarfélaga og svæðisbundinna iðnþróunarsjóða í tengslum við þau. Einnig er í undirbúningi námskeið við stofnun nýrra fyrirtækja og þróun starfandi fyrirtækja. Í þessu efni eru minni og meðalstór fyrirtæki einkum höfð í huga.

Hér hefur verið drepið lauslega á nokkur atriði sem er ætlað að styrkja undirstöðu iðnaðar á landsbyggðinni og þar með skapa betri skilyrði til að hrinda í framkvæmd fyrirliggjandi áætlun um eflingu smáiðnaðar í sveitum. Að lokinni endurskoðun á vissum þáttum áætlunar um eflingu smáiðnaðar í sveitum, í samræmi við það starf sem unnið hefur verið á síðasta ári, mun áætlunin tekin fyrir á næstunni á ný í ríkisstj.

Helgi Seljan: Herra forseti. Sem 1. flm. að umræddri till. til þál., sem hér var samþykkt sem ályktun Alþingis, hlýt ég að fagna því, að þessi fsp. er fram borin og um hana rætt hér á Alþingi. Ég get ekki stillt mig um að þakka sérstaklega þá ágætu vinnu sem byggðadeild Framkvæmdastofnunar lagði í þetta verk. Ég var í raun og veru hissa á því, hvað margir möguleikarnir voru sem þeir unnu upp úr og bentu á. Um leið varð ég var við það, að áhugi var mikill á því í sveitahreppum, þar sem byggð stendur tæpt, að einhverjum slíkum smáiðnaði væri komið á. Það er að vísu rétt, að erfiðleikar iðnaðarins, hins almenna iðnaðar, eru nú nokkuð miklir og því eðlilegt að menn hiki kannske meira en ella vegna þess að þessi atvinnugrein hefur ekki gengið sérlega vel. En þó veit ég að nokkrar þreifingar eru um þetta víða úti í landshlutunum. Ég vil nefna það sérstaklega, að sá iðnþróunarfulltrúi eða iðnráðgjafi, eins og það heitir víst nú, sem starfar á Austurlandi, hefur unnið að nokkrum verkefnum þar, sem eru í góðum undirbúningi, í samráði við iðnrn. Ég veit að í nokkrum sveitum er þetta í allgóðri þróun og jafnvel að menn geti séð árangur af því innan tíðar.

Ég vil hins vegar taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, að nauðsynlegt er, eftir að þessi undirbúningsvinna hefur farið fram, að hæstv. ríkisstj. taki um það endanlega ákvörðun, að framkvæmdir í þessa átt verði hafnar svo sem ályktunin segir til um.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar sem fólust í svari hans við þessari fsp. Ég hef að sjálfsögðu ekkert við það að athuga, að þessi meðferð málsins er höfð, að yfir þessa áætlun er farið af öðrum aðila en þeim sem byggði hana upp. En ég verð þó að segja það, að mér þykir þetta vera farið að taka of langan tíma frá því að áætlunin barst frá Framkvæmdastofnuninni og til dagsins í dag, að ekki hefur orðið af neinum framkvæmdum í þessu efni.

Það er að vísu gott til þess að vita, að iðnrn. hefur haft um þetta starfshóp, og vonandi kemur meira út úr því en bara skýrsla. Ég vona að sá starfshópur og iðnrn. séu í það góðum tengslum við þá iðnráðgjafa sem þegar starfa í landinu, að menn geti vænst þess, að eitthvað komi út úr þessari áætlunarstarfsemi.

Hv. 2. þm. Austurl. hafði orð á því, að hann hefði orðið var við áhuga fyrir þessu víða í sveitum landsins. Mér er einnig kunnugt um það, að hann er fyrir hendi. Þann áhuga þarf að virkja. Frumkvæðið er að mínu mati rétt að komi heiman að og slíkar stofnanir og slík fyrirtæki séu sett upp að frumkvæði heimamanna. En víða þarf til þess stuðning, bæði í ráðgefandi formi og að því er fjármögnun varðar. Það er það sem ég hafði ætlað að væri fyrst og fremst það sem að ríkisstj. sneri, að hún yrði að taka ákvörðun um með hverjum hætti sá stuðningur gæti orðið, einkum fjármagnslega séð, og þess vegna hefði þurft að kynna þessar áætlanir um leið og þær voru tilbúnar.

Ég hef ítrekað vakið athygli á því á stjórnarfundum í Framkvæmdastofnun ríkisins, að það hefur ekki verið tekin afstaða til þeirra áætlana sem unnar hafa verið hjá Framkvæmdastofnuninni. Mér skilst að fæstar þeirra hafi fengið endanlega afgreiðslu hjá ríkisstj., hvorki fyrr né síðar. Reynslan af þeim sumum er sú, að þó að leitast hafi verið við að hrinda þeim fram hefur fjármögnunarþáttur þeirra oft legið eftir, vegna þess að hin sameiginlega afstaða til fjármögnunarinnar, sem eðlilegast er að ríkisstj. komi á milli þeirra lánastofnana sem til greina koma, það leiðandi starf hefur vantað vegna þess að afstaða hefur ekki verið tekin. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að ráða bót á þessu. Ég vona að sú umr., sem hér hefur orðið um áætlunina um smáiðnað í sveitum, verði til þess, að menn líti þannig á að það þurfi að færa þessar áætlanir betur út en gert hefur verið enn þá.

Ég vil svo þakka fyrir svörin.

Sameinað þing, 54. fundur.

Þriðjudaginn 16. febr., að loknum 53. fundi.

Sjálfsforræði sveitarfélaga, þáltill. (þskj. 127). — Ein umr.

Flm. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Höfuðtilgangur þeirrar þáltill., sem hér er til umr., er tvíþættur. Annars vegar sá að efla mjög sjálfsforræði sveitarfélaga og auka þar með stórlega valddreifingu í þjóðfélaginu. Hins vegar sá að jafna aðstöðu sveitarfélaganna innbyrðis og þar með íbúa þeirra.

Reyndar hafa þm. Alþfl. einnig lagt fram frv. til laga um frekari jöfnun á búsetukostnaði fólks eftir landshlutum í gegnum skattakerfið svo segja má að annars vegar sé stefnt að jöfnun á aðstöðu almennings eftir landshlutum.

Við eflum sveitarfélögin með því annars vegar að stuðla að sameiningu þeirra í stórum stíl og samvinnu og gera þau þannig fær um að taka við auknum verkefnum og fær um að axla aukna ábyrgð og hins vegar með því að gera þau að mestu fjárhagslega óháð ríkisvaldinu með jöfnun aðstöðu sveitarfélaganna, bæði að því er varðar tekjuöflunarmöguleika þeirra og mismunandi greiðslubyrði, með því að beita Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrst og fremst í þeim tilgangi.

Þáltill. gengur m. a. út á:

1) Að stokka upp skattstofna ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin fái ákveðna skattstofna til frjálsra afnota og ríkissjóður aðra, en hætt verði tvínýtingu þeirra flestra, eins og nú er gert. Meginbreytingin er sú, að skattlagning tekna einstaklinga verði einvörðungu á vegum sveitarfélaga, en tekjuskattur til ríkissjóðs falli niður og að skattar af eignum og veltu verði alfarið á vegum ríkissjóðs, en aðstöðugjöld til sveitarfélaga falli niður.

2) Að sveitarfélögin fái sjálf innan rúmra marka, sem m. a. tryggi tekjujöfnunarhlutverk útsvarsins, að ákveða álagningarhlutfallið án afskipta ríkisvaldsins.

3) Að flytja verkefni frá ríki til sveitarfélaga.

4) Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði fyrst og fremst notaður til að jafna aðstöðu sveitarfélaga bæði að því er varðar tekjuöflunarmöguleika þeirra og mismunandi greiðslubyrði.

5) Að sveitarfélögin fái sjálf að ráða gjaldskrá þjónustustofnana sinna án afskipta ríkisvaldsins.

Ýmsir munu halda því fram, að varhugavert sé að fá sveitarstjórnum allt að því ótakmarkað vald til að ákveða hundraðshluta útsvarsálagningar og að varasamt sé að sveitarstjórnir fái óskorða vald til að ákveða gjaldskrár fyrir þjónustustofnanir sínar. Ég er við hvorugt hræddur. Ég tel að á sama hátt og ríkisstjórn og Alþingi er treystandi til að leggja skatta á landsmenn alla sé sveitarstjórnum treystandi til að leggja útsvör á sína heimamenn. Sveitarstjórnarmenn bera að lögum fulla stjórnskipulega ábyrgð á ákvörðunum sínum til jafns við þjóðkjörna fulltrúa á Alþingi og í ríkisstj. Þeir eru kosnir af almenningi og þurfa á fjögurra ára fresti að standa reikningsskil gerða sinna rétt eins og þm. Þeim er því fyllilega treystandi fyrir mun fleiri verkefnum en þeir hafa nú með höndum og fyllilega treystandi til að taka ýmsar þær ákvarðanir sem nú eru í höndum ríkisstjórnar og Alþingis.

Sveitarstjórnir eru miklu nær fólki en ríkisvaldið. Þær vita betur um þarfir og óskir almennings í sínum byggðarlögum og það er miklu auðveldara fyrir hinn almenna borgara að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við sína sveitarstjórn en við ríkisvaldið. Sem bæjarstjórnarmaður í meðalstórum kaupstað í 20 ár og þar af bæjarstjóri í 9 ár veit ég að það er miklu meiri hætta á að sveitarstjórnarmenn veigri sér við að leggja á nægilega há gjöld til að standa undir nauðsynlegum útgjöldum en að þeir leggi á óþarflega há gjöld. Sama er að segja um gjaldskrár þjónustustofnana. Sveitarstjórnum hætti til að draga nauðsynlegar hækkanir þeirra í allra lengstu lög.

Þær reglur, sem nauðsynlegt er að setja um útsvarsálagningu þegar tekjuskattur til ríkissjóðs fellur niður, eru reglur um stighækkandi útsvar til að halda tekjujöfnunarhlutverki núverandi tekjuskatts. Það þarf að lögfesta stighækkandi þrep og hlutföllin milli þeirra. Sjálfa álagningarprósentuna eiga sveitarstjórnir að ákveða hver fyrir sig. Einnig þarf að lögfesta frádráttarliði, sem mega þó að skaðlausu vera færri og einfaldari en þeir sem gilda nú við álagningu tekjuskatts. Eins og ég sagði áðan er ég alls ekki hræddur um að sveitarstjórnarmenn misnoti það frelsi sem hér er lagt til að þeir fái til útsvarsálagningar og til ákvörðunar eigin gjaldskráa.

Hitt er svo allt annað mál, að núverandi fyrirkomulag þessara mála gefur sveitarstjórnarmönnum lítið tilefni til sérstaks aðhalds að þessu leyti. Það er ríkisstj. sem ákveður alla skapaða hluti. Hennar er valdið og hennar er ábyrgðin, fyrst hún á annað borð er að skipta sér af öllum sköpuðum hlutum varðandi fjármál sveitarfélaganna. Gjaldskrár flestra þjónustustofnana sveitarfélaga voru t. d. með ríkisstjórnarákvörðun hækkaðar um 10% á gamlársdag 1980 í mörgum tilvikum án þess að um hafi verið beðið. Það er einnig alkunn staðreynd, að í svona algjöru skömmtunarkerfi, eins og við búum við að þessu leyti, þiggja menn alla rýmkun skömmtunarinnar hvort sem þeir þurfa þess sérstaklega með eða ekki. Í þessu sambandi minni ég á sykurskömmtunina í og eftir lok síðustu heimsstyrjaldar. Þegar henni var aflétt stórminnkaði sykursalan, öfugt við það sem flestir höfðu búist við.

Þótt ég hafi ekki kannað það sérstaklega er ég viss um að þær fáu gjaldskrár, sem sveitarfélagið ræður án afskipta ríkisvaldsins, eins og t. d. lóðarleigur, hafa ekki hækkað eins mikið og þær sem stöðugt þarf að leita til ríkisvaldsins með hækkanir á.

Þó að einn megintilgangur þessarar þáltill. sé að gera hrein skil á skattstofnum sveitarfélaga annars vegar og ríkissjóðs hins vegar er sú undantekning gerð, að meiri hluti tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði áfram hlutdeild í skattstofnum ríkissjóðs og sjóðurinn þannig að hluta notaður sem farvegur tilfærslna á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga. Þess verður þó að gæta, að sú hlutdeild verði ekki um of háð sveiflum í ríkisfjármálum eða fjármálastefnu ríkisvaldsins á hverjum tíma.

Engu þýðingarminna er að Jöfnunarsjóður þjóni fyrst og fremst því hlutverki að jafna aðstöðu sveitarfélaga að því er varðar tekjuöflunarmöguleika þeirra og greiðslubyrði.

Meðal þess sem Jöfnunarsjóður þarf að taka tillit til og jafna sem mest út er: a) Mismunandi tekjuöflunarmöguleikar sveitarfélaga, m. a. vegna ólíkra atvinnuhátta. b) Mismunandi tekjuöflunarmöguleikar og mismunandi kostnaður vegna ólíkrar aldursskiptingar íbúanna, og skiptir þar verulegu máli ef gamalt fók og/eða börn eru hlutfallslega mun fleiri eða færri en landsmeðaltal segir til um. c) Ef mismunandi persónuafsláttur til

skatts eða útsvars og mismunandi háar barnabætur verða teknar upp er sjálfsagt að Jöfnunarsjóður komi inn í þá mynd, og vísa ég til frv. um það efni sem nokkrir þm. Alþfl. hafa flutt á þskj. 112. d) Mismunandi greiðslubyrði sveitarfélaganna af ýmsum ástæðum.

Ég tek örfá dæmi: Við skiptingu á rekstrarkostnaði skóla og heilsugæslustöðva kemur í hlut sveitarfélaga að greiða upphitunarkostnað mannvirkja. Nú er upphitunarkostnaður allt að átta sinnum hærri á einum stað en öðrum. Hvaða vit er þá í því, að þessi munur komi óbættur niður á viðkomandi sveitarfélögum? Alveg eins hefði mátt láta ríkissjóð taka þennan kostnaðarþátt að sér, en sveitarfélögin einhvern annan sem kostaði jafnmikið eða svo til alls staðar á landinu.

Sum sveitarfélög hafa landshöfn, þar sem ríkissjóður greiðir hvern eyri við byggingu og rekstur hafnarinnar. Skammt frá eru svo ef til vill önnur sveitarfélög sem eru gersamlega að sligast undan kostnaði við sínar hafnir. Hvaða vit er í því að mismuna sveitarfélögunum svona herfilega?

Svipað má segja um staðsetningu stóriðjufyrirtækja. Í þeim efnum tekur ríkisvaldið ákvarðanir, sem gerbreyta tekjuöflunarmöguleikum viðkomandi sveitarfélaga. Vitanlega ættu sértekjur af stóriðjufyrirtækjum að renna nokkurn veginn jafnt til allra sveitarfélaga landsins, t. d. í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Sum sveitarfélög hafa, m. a. vegna óvanalegrar aldursskiptingar íbúanna, miklu hærri framfærslubyrðar en önnur. Sum fá mikinn hluta nauðsynlegrar þjónustu frá nálægum sveitarfélögum án nokkurrar fyrirhafnar eða kostnaðar á meðan önnur verða að verja miklum hluta tekna sinna til að útvega íbúum sínum samsvarandi þjónustu. Þannig mætti lengi telja.

Vel má hugsa sér að skipta sveitarfélögunum í flokka eftir ákveðnum reglum og í samvinnu við landssamtök þeirra, þar sem tekið væri tillit til mismunandi tekjuöflunarmöguleika og mismunandi greiðslubyrða, og byggja á þeirri flokkun með jöfnun á milli þeirra í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Það verður að vera hornsteinn hins nýja kerfis að sveitarfélögin hafi sjálfdæmi um álagningarhlutfall útsvars. Sé einhvers konar samræming æskileg eða nauðsynleg á ákveðnum tímum við stefnu ríkisvaldsins í efnahags- og fjármálum yrði ríkisvaldið að leita samninga við sveitarfélögin um þau atriði.

Önnur höfuðástæða þess, hve fjárhagslegt forræði sveitarfélaga er nú skert, eru afskipti ríkisvaldsins af þeim gjaldskrám sem sveitarfélög setja fyrir þjónustu sína.

Sveitarstjórnir hafa að jafnaði betri þekkingu en ríkisvaldið á aðstæðum og viðhorfum íbúa sveitarfélagsins og þær þekkja betur framkvæmdaþörfina. Það er því fullkomlega rökrétt og ætti að vera einn af hyrningarsteinum sjálfstæðis sveitarfélaga að þau fái fullt og óskorað vald til að móta eigin stefnu í framkvæmda- og fjármálum sínum og framfylgja þeirri stefnu án afskipta ríkisvaldsins. Sveitarstjórnarmenn bera að lögum og samkvæmt lýðræðishefð fulla ábyrgð á ákvörðunum sínum til jafns við þjóðkjörna fulltrúa á þingi, eins og ég áður gat um. Umráð þeirra yfir eigin gjaldskrám eru því auk annars í samræmi við lýðræðislegar leikreglur.

Við sameiningu sveitarfélaga í Danmörku, sem fór fram fyrir nokkrum árum, lagði ríkisvaldið af með öllu það sem Danir kalla „skúffupólitík" í málefnum sveitarfélaga, þ. e. að hin ýmsu ráðuneyti og skrifstofubákn þeirra væru með nefið niðri í öllum sköpuðum hlutum hjá sveitarfélögunum rétt eins og enn á sér stað hér á landi. Einu afskipti danska ríkisvaldsins af sveitarfélögunum nú eru reglur um hámark á lántökum þeirra og tengist það að sjálfsögðu heildarstefnumiðum í stjórnun efnahagsmála þar í landi. Um slíkt setja Svíar ekki reglur, en ríkisvaldið þar í landi leitar samvinnu og samninga við sveitarfélögin ef nauðsynlegt er talið til að ná fram ákveðnum markmiðum í stjórn efnahagsmála þjóðarheildarinnar. Hin nýja ríkisstjórn jafnaðarmanna í Frakklandi vinnur nú ötullega að valddreifingu í þjóðfélaginu og notar m. a. til þess eitt allra öflugasta vopnið, þ. e. að auka stórlega sjálfstæði sveitarfélaga og láta þau taka við auknum verkefnum jafnhliða því að afnumin eru gömul og úrelt lög um afskipti ríkisvaldsins af sveitarfélögum þar í landi.

Á sama tíma og ýmsar aðrar þjóðir leita nú leiða til að auka valddreifingu og efla sjálfsforræði sveitarfélaga herðum við hér á landi á „skúffupólitíkinni" og miðstýringunni sem ákafast. Hér er ríkisvaldið með allt sitt skrifstofubákn meira og minna upptekið við að ákveða að þessi eða hin þjónustustofnun sveitarfélaga skuli rekin með svo og svo miklum halla, sem íbúarnir verða svo að sjálfsögðu að greiða með hækkuðum útsvörum. Gjaldskrár sveitarfélaganna á Reykjavíkursvæðinu, annars staðar ekki, hafa áhrif á framfærsluvísitöluna, útsvörin ekki. Þar er skýringin. Stjórn efnahagsmála í landinu snýst nú orðið í reynd miklu fremur um baráttu við framfærsluvísitöluna sem slíka en raunverulega verðbólgu og sveitarfélögin líða fyrir það. Í reynd er sí og æ verið að skerða sjálfsforræði sveitarfélaganna og slæva áhuga þeirra á hagkvæmni í rekstri. Það er ríkisvaldið sem öllu vill ráða og ræður allt of miklu.

Ef litið er á þær fjárhæðir sem þáltill. tekur til, eins og fram kemur í grg. till., er auðséð að um verulegan nettótilflutning á verkefnum verður að ræða frá ríki til sveitarfélaga ef till. verður samþykkt. Í þeim efnum liggja fyrir tillögur verkaskiptanefndar og er sjálfsagt að byggja á þeim í öllum aðalatriðum, a. m. k. þar sem menn eru sammála.

Yfirleitt á að færa heim í héruð þau mál öll sem staðbundin eru að meira eða minna leyti og þar sem staðþekking skiptir verulegu máli, en ríkisvaldið sjái eitt um þau mál sem varða alla landsmenn jafnt eða þar sem heildarskipulag fyrir landið allt er nauðsynlegt til að ná fram öryggi og hagkvæmni, t. d. í málum sjúkrahúsa.

Herra forseti. Nauðsynlegt er að hafa það í huga, að sjálf þáltill. er aðeins einn liður í mun víðtækari stefnumótun Alþfl. í málefnum sveitarfélaga. Hún tengist ýmsum öðrum þáttum þessarar stefnu. Því er nauðsynlegt að drepa á fleiri þætti hennar til að fá heildarmynd af stefnu flokksins í þessum málaflokki. Það er að hluta til gert í grg. till., einkum að því er sameiningarmál sveitarfélaga varðar, og mun ég ekki endurtaka það hér, það væri allt of langt mál, en vísa til grg. um það. Sameiningarmálin eru bæði flókin og vandmeðfarin, en að sama skapi nauðsynleg, ef ná á fram þeim markmiðum að efla sveitarfélögin það mikið að þau verði öll fær um að taka við auknum verkefnum og fær um að axla aukna ábyrgð. En um það mál vísa ég til grg. till. eins og ég áður sagði.

Eitt vil ég þó drepa á hér, en það er hugmyndin um dreifingu verkefna og valds innan sjálfs ríkiskerfisins. Gert er ráð fyrir að samræma umdæmi allra þeirra fjöl-

mörgu stjórnsýslukerfa sem nú eru hvert með sínum móti. Má þar nefna dómsmál, löggæslu, almannatryggingar, skattumdæmi, póst og síma, rafveitur, vegamál, heilsugæslu o. s. frv. Stefnt verði að myndun öflugra stjórnsýslumiðstöðva í hverri sýslu, eins og þær verða eftir endurskoðun sýslumarka, þar sem aðgangur verði að svo til allri þeirri þjónustu sem veitt er á vegum ríkisins.

Samræming hinna ólíku stjórnsýsluumdæma og uppbygging öflugra þjónustukjarna mun leiða til betri þjónustu við landsmenn og veitir ýmis tækifæri til sparnaðar í ríkisrekstrinum. Enn fremur skapar slík samræming tækifæri til að dreifa verkefnum og ákvarðanatöku frá miðstjórn til slíkra miðstöðva stjórnsýslu í sýslum landsins. Auk þeirra tækifæra, sem þessi skipan veitir til hagræðingar, mundi hún létta af ráðuneytum ýmsu daglegu og í mörgum tilvikum staðbundnu amstri sem aftur veitir þeim rýmri tíma til stefnumótunar í málefnum sem varða þjóðarheildina. Þátttaka og áhugi einstaklinga í málefnum ríkisins mundi aukast og betri nýting staðarþekkingar getur haft ótvírætt gildi við meðferð og úrlausn ýmissa mála.

Allar götur frá árinu 1960, þegar unnið var að undirbúningi núgildandi sveitarstjórnarlaga, nr. 58/1961, hafa ýmsar nefndir unnið að því að endurskoða skiptingu landsins í sveitarfélög með það að markmiði að sameina þau, fækka þeim, og efla þau. Enn fremur hafa nefndir unnið að endurskoðun á verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga frá því í ársbyrjun 1968. Ýmsar álitsgerðir og tillögur hafa verið lagðar fram í þessum málaflokkum. Nú er enn ein nefnd tekin til starfa, sem hefur það verkefni að endurskoða núgildandi sveitarstjórnarlög, lög um sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar. Segja má að þar með séu þessi störf loks að komast af athugunar- og undirbúningsstigi á framkvæmdastig. Á það ber að líta, að fyrirliggjandi skýrslur og álitsgerðir fela ekki í sér endanlega og samræmda stefnumótun sem fulltrúar ríkis og sveitarfélaga hafa sameinast um. Þvert á móti eru alloft settar fram almennar athugasemdir og ábendingar fremur en beinar tillögur, valkostir kynntir og málefni skoðuð af ýmsum sjónarhólum. Um ýmislegt er ágreiningur innan nefndanna og í vissum tilvikum stangast tillögur þeirra og niðurstöður á. Slíkt er skiljanlegt því þessi vinna hefur tekið yfir langan tíma — tíma örra þjóðfélagsbreytinga. Um ýmsa þætti hefur lítið eða ekki verið fjallað og á það að hluta við um efni þessarar þáltill.

Ekki er vitað til að stjórnmálaflokkarnir hafi samræmt og kynnt afstöðu sína til hinna fjölmörgu þátta þessa mikilvæga málaflokks. Grg. þessarar þáltill. lýsir skoðunum Alþfl. á ýmsum þáttum sem nefndin hlýtur að taka fyrir. Sumir munu e. t. v. segja að rétt sé að bíða álits nefndarinnar áður en slík sjónarmið séu sett fram. Því er til að svara, að það auðveldar mjög störf nefndarinnar ef stjórnmálaflokkarnir hafa áður mótað og kynnt afstöðu sína hér á hinu háa Alþingi. Án þess er starf nefndarinnar torvelt og ósýnt um árangur. Það væri tímasóun og sóun á fjármunum ef nefndin vinnur mikið starf að frv.-drögum sem svo sýnir sig að hafi ófullnægjandi stuðning á Alþingi. Það væru hins vegar skynsamleg vinnubrögð ef nefndir, sem vinna að gerð eða endurskoðun mikilvægra og flókinna málaflokka, flókinna lagabálka, vissu fyrir fram í meginatriðum að hverju Alþingi vill stefna í næstu framtíð og til lengri tíma litið. Ef á það skortir er veruleg hætta á því t. d., að sú nefnd, sem hér um ræðir, skili eftir tveggja ára starf eða svo, en það er sá tími sem hún telur sig þurfa fyrir verkefni sín, vönduðum tillögum sem svo sýnir sig að hafi ekki nægilegan stuðning á Alþingi. Réttu vinnubrögðin væru þau, að allir stjórnmálaflokkarnir legðu fram stefnumið sín í þessum málaflokkum, en nefndin reyndi svo að samræma þau eftir föngum. Með því mætti spara mikla vinnu og mikinn tíma.

Þegar unnið var að undirbúningi frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins seint á árinu 1978 og á árinu 1979 voru að mínu mati tekin upp skynsamleg nýmæli í vinnubrögðum. Starfshópi sérfræðinga var fyrst falið að reikna út ýmsa valkosti í lánamálum og kostnað ríkissjóðs og annarra við þá, bæði til skamms og langs tíma. Í framhaldi af því var öðrum starfshópi, en í honum voru fulltrúar þáv. stjórnarflokka, falið á grundvelli þeirra útreikninga, sem gerðir höfðu verið, að semja drög að stefnumótun í húsnæðislánamálum. Þau drög voru svo kynnt ýmsum aðilum innan og utan þáverandi stjórnarflokka og leitað umsagna þeirra. Síðan voru drögin formlega samþykkt af ríkisstj. sem stefna ríkisstj. allrar og stuðningsflokka hennar. Þótt búið væri að samþykkja stefnumótunina var mikil vinna eftir við fullnaðarfrágang frv. Sú vinna, sem var að miklu leyti tæknilegs eðlis, var unnin í fullvissu þess, að hún væri í samræmi við yfirlýstan vilja stjórnarflokkanna og þar með meiri hluta Alþingis. Þetta voru skynsamleg vinnubrögð þótt síðar sýndi sig að ýmsir reyndust ekki menn til að standa við þá stefnu sem þeir voru áður búnir að samþykkja, en það er önnur saga.

Herra forseti. Þáltill. og grg. hennar er liður í víðtækri stefnumótun Alþfl. í málefnum sveitarfélaga og byggðamálum yfirleitt. Hún tengist t. d. frv. til l. um mörkun byggðastefnu og gerð byggðaþróunaráætlana sem flokkurinn hefur nýlega lagt fram í hv. Nd. Öll eiga þessi mál að marka stefnu Alþfl. til aukins sjálfsforræðis sveitarfélaga, til aukinnar valddreifingar á öllum sviðum þjóðlífsins, til jöfnunar á aðstöðu sveitarfélaga og til jöfnunar á aðstöðu landsmanna hvar á landinu sem þeir búa.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að þáltill. verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 44. fundur.

Miðvikudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 338). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 294 (sbr. 261)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 352).

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breyt. á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er flutt eftir beiðni sem fram hefur komið frá embættismönnum í félmrn. og dómsmrn.

2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, hljóðar núna svo:

„Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þá innheimtu á sveitarsjóðsskuldum manna, sem fluttir eru á brott úr sveitarfélagi."

Með frv. þessu er lagt til að við umrædda 2. mgr. bætist: „Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara."

Þessar breytingar eru til komnar eftir alllanga reynslu, sem fengist hefur af gildandi lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Hér er um að ræða sjálfsagt mál sem nauðsynlegt er að leiðrétta vegna þess að Innheimtustofnunin hefur ekki getað innheimt meðlagsskuldir erlendra ríkisborgara hér á landi né heldur meðlög sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, að fjölyrða um frv. þetta, svo lítið sem það er, og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 12 shlj. atkv.

Birting laga, frv. (þskj. 333). — 1. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm. þessa frv., hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, leyfi ég mér að mæla fyrir því fáein orð. Frv. er á þskj. 333 og það er flutt að gefnu tilefni, en í síðustu viku urðu nokkrar umr. í Sþ. um hvernig staðið hefði verið að útgáfu brbl. hinn 14. jan. Þetta frv. gerir aðeins ráð fyrir að við 1. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda bætist ein setning: „Bráðabirgðalög skal auk þess kynna með fréttatilkynningum til hljóðvarps, sjónvarps og dagblaða."

Ég held að það sé alveg ljóst, að við útgáfu brbl. um miðjan janúar, útgáfu sem virðist hafa farið fram hjá hverjum einasta fjölmiðli í landinu, var efni laganna ekki kynnt með þeim hætti sem venja hefur verið til, þ. e. með því að senda fréttatilkynningar til útvarps, sjónvarps og dagblaða. Mér er það alveg ljóst, að þetta kann að eiga sér þá skýringu að þarna hafi einfaldlega mistök átt sér stað. Engu að síður hefur það verið venja að slíkur lagatexti, ýmist með eða án fréttatilkynninga, hefur verið sendur öllum fjölmiðlum og þannig hefur almenningur fengið vitneskju um útgáfu brbl. þannig að frá því er sagt í dagblöðum, útvarpi og sjónvarpi. Um miðjan janúar brá hins vegar svo við, að enginn fjölmiðill sagði frá útgáfu þessara brbl. vegna þess að við kynningu þeirra urðu þau mistök sem ég tel mig hafa hér rakið. Auðvitað er svo sem ekkert við því að segja.

Þetta frv. er flutt til að taka af öll tvímæli um það, að af hálfu ríkisstj. skuli útgáfa brbl. kynnt með fréttatilkynningum. Á vegum ríkisstj. starfar sérstakur blaðafulltrúi og sýnist mjög eðlilegt, og raunar hefur það verið svo um langa hríð, að slíkt verkefni væri í höndum hans. Til hvers starfar sérstakur blaðafulltrúi fyrir ríkisstj. ef það er ekki til að tilkynna ákvarðanir sem teknar eru með þessum hætti á fundum ríkisstj. og varða alla landsmenn eins og útgáfa brbl. hlýtur að gera?

Í grg. með þessu frv. segir, og ég ítreka það, að þetta frv. sé flutt til að taka af öll tvímæli um að ríkisstj. beri skylda til að kynna efni brbl. með því að senda fréttatilkynningar til fjölmiðla.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að þessu frv. verði vísað til allshn.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Ég held að það sé rétt að taka það til sérstakrar athugunar og meðferðar hvort ekki eigi að setja reglur um fréttatilkynningar um ýmis atriði af hálfu ríkisstj., ráðuneyta og opinberra stofnana. Hingað til hafa engar slíkar reglur verið til. Það má segja að það sé nokkuð eftir atvikum, — ég vil ekki segja tilviljanakennt, en það fer nokkuð eftir atvikum, hvort fréttatilkynningar hafi verið sendar út af opinberri hálfu. Það er alloft gert þegar viðkomandi aðila þykir ástæða til, en það má vel vera að ástæða sé til að gera slíkt oftar en gert er. Auðvitað kemur ákaflega margt annað og fleira til greina en aðeins brbl.

Ég er því alveg sammála, að það er sjálfsagt að opinberar stofnanir og stjórnvöld kynni fjölmiðlum og almenningi ýmislegt sem er að gerast eða ákvarðanir, sem eru teknar, í ríkara mæli en gert hefur verið. Er sjálfsagt að láta kanna — og mun ég gera ráðstafanir til þess — hvort ekki ætti að setja um það reglur, en slíkt þarfnast nokkurs undirbúnings. Hins vegar vil ég ekki að það liggi fyrir ómótmælt, sem segir bæði í grg. þessa frv. og í framsöguræðu hv. þm., því að það er ekki rétt sem þar er farið með.

Í grg. frv. segir að tilefni þess sé að 14. jan. hafi misbrestur orðið á því, að Alþingi og fjölmiðlum væri kynnt efni brbl. Hv. 2. flm. sagði að ekki hefði verið gefin út fréttatilkynning um þessi brbl. eins og venja væri til, og taldi að hér væri um mistök að ræða. Þetta er allt saman rangt. Það var skýrt frá því í umr. utan dagskrár á Alþingi í Sþ. um daginn, að samkv. upplýsingum blaðafulltrúa ríkisstj. væri ekki venja að senda út sérstakar fréttatilkynningar um brbl. Það hefur stundum verið gert, en er engin föst venja og líklega oftar sem það hefur ekki verið gert.

Í öðru lagi er það rangt, að fjölmiðlum hafi ekki verið kynnt efni laganna, því að eins og kom fram í umr. í Sþ. var það blað Stjórnartíðinda, sem brbl. eru prentuð í og kom út 14. jan., sent öllum fjölmiðlum að sjálfsögðu, eins og Stjórnartíðindi alltaf eru, þannig að þetta komst allt saman í hendur fjölmiðla. Hitt er svo annað mál, hvort fjölmiðlar hafi stungið þessu undir stól eða ekki.

Það fær því ekki staðist, að hér hafi verið um eitthvert laumuspil að ræða, eins og hv. andstæðingar brbl. hafa verið að gefa í skyn. Þessu verður að mótmæla því að hér er ekki farið með rétt mál.

Hins vegar vil ég undirstrika það, sem er aðalatriði málsins og ég veit að vakir fyrir hv. flm. sem töldu ástæðu til að kveðja sér hljóðs utan dagskrár í Sþ. fyrir nokkrum dögum, — ég veit að það er áhugamál þeirra að fréttatilkynningar séu gefnar út um það sem máli skiptir. Það á því ekki eingöngu að mínu viti við brbl., heldur um margvíslegar aðrar ráðstafanir og ákvarðanir og ekki aðeins gerðar af ríkisstj., heldur einnig af öðrum opinberum stofnunum, og verður að sjálfsögðu hugað að því að undirbúa slíkar reglur.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er ekki rétt hjá hæstv. forsrh., að ég hafi talað hér um laumuspil. Ég taldi að hér hefðu mistök átt sér stað sem væri mennilegast að viðurkenna. (**Forsrh.:** Hv. þm. kallaði það laumuspil.) Í umr. í Sþ. um daginn beindi ég spurningum til hæstv. forsrh., tveimur eða þremur, og hann hefur ekki séð ástæðu til að svara þeim. Af því tilefni og í tilefni af orðum hans áðan, þar sem hann ber á okkur flm. þessa frv. að við förum rangt með, vil ég leyfa mér að ítreka spurningar mínar til hæstv. forsrh. og óska eftir svörum.

Forsrh. notaði aftur það orðalag áðan í þessum ræðustól að fjölmiðlar kynnu að hafa stungið þessum fréttatilkynningum undir stól. Það er alvarleg ásökun í garð íslenskra fjölmiðla ef tilkynningum um brbl. er stungið undir stól. Ég óskaði eftir því í umr. í síðustu viku, að hæstv. forsrh. upplýsti hvort það hafi gerst, að fjölmiðlar hafi stungið fréttatilkynningum um brbl. undir stól og ekki birt þær. Þetta óskaði ég eftir að yrði upplýst.

Í öðru lagi óskaði ég eftir að það væri upplýst, hvort það hefði gerst, að út hefðu verið gefin brbl. nú síðustu 15 árin, sem er sá tími sem ég þekki af störfum fréttamennsku, án þess að fréttatilkynning um brbl. eða lagatextinn sjálfur hafi verið sendur fjölmiðlum. Ég hygg að þetta muni vera í fyrsta skipti sem það hefur gerst.

Ég óska sem sagt eindregið eftir að hæstv. forsrh. afli svara við þessum spurningum vegna þess að annars stendur auðvitað óhaggað það sem er í grg. þessa frv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er óþarfi af hv. þm. að spyrja um þetta því að þessu er öllu þegar svarað. Samt sem áður skal ég endurtaka svörin.

Hann spyr um tilkynningu um brbl. Ég á að hafa sagt að fjölmiðlar hafi stungið þeim undir stól. Það, sem ég segi, er þetta og kom skýrt fram í máli mínu hér: Allir fjölmiðlar í landinu fengu brbl. þegar þau voru gefin út. Það liggur fyrir. Ef engin þeirra hefur birt neitt um þau má kalla það að stinga þeim undir stól. Hv. þm. veit vel að brbl. eru send öllum fjölmiðlum í landinu.

Varðandi það — það er kannske rétt að fyrirspyrjandi hlusti á svar mitt við því sem hann óskar eftir — hvort fréttatilkynningar hafi ekki jafnan verið gefnar út um brbl., þá er búið að upplýsa bæði um daginn í Sþ. og ég endurtók það hér, að eftir athugun blaðafulltrúa ríkisstj. hefur það ekki verið gert nema stundum. Það er engin venja til um það.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hefði sennilega ekki kvatt mér hljóðs að þessu sinni ef ekki hefði komið til sérstök málfarstækni hv. þm. Eiðs Guðnasonar við umfjöllun þessa máls sem varðar útgáfu brbl. En þar vík ég að því, að hann reynir að gefa orðum sínum vægi með því að vísa til þess, að hann hafi fylgst með fréttamennsku í 15 ár, og er það ætlun hans að æ hafi verið birtar opinberar tilkynningar af hálfu ríkisstj. þegar gefin eru út brbl. Auki hann vægi þessara athugasemda með því að hann hafi fylgst með fréttamennsku í 15 ár, þá vil ég af fullkominni hógværð gefa orðum mínum og athugasemdum vægi með því að geta þess, að ég hef fylgst með fréttamennsku í 35 ár og staðhæfi eitt: að þar sem ég þekkti til og var fjallað um fréttir af þessu tagi af mikilli samviskusemi hafði fréttastjóri Ríkisútvarpsins og undirmenn hans fyrir því að lesa Stjórnartíðindi, þegar þau bárust fréttastofunni hverju sinni, og leita þess, hvort þar væri fréttaefni. Stjórnartíðindin voru hinar eldtraustu heimildir um málefni af þessu tagi. Opinberar fréttatilkynningar, þar sem unnið var í hendur fréttamanna, voru, ef svo má segja, ákaflega ótraustar og stopular síðari tíma uppátektir í sambandi við birtingu þess sem að lögum lýtur.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú umr., sem fram fór utan dagskrár um birtingu brbl. og það frv. sem hér er lagt fram, er ærið sérstök og tilefnislítil. Ég vil upplýsa það hér, að um leið og ég settist á Alþingi gerðist ég áskrifandi að Stjórnartíðindum, og ég hélt satt að segja að allir þm. væru áksrifendur að Stjórnartíðindum. En það virðist vera að þm. Alþfl. hafi ekki uppgötvað það einfalda kerfi að gerast áskrifendur að Stjórnartíðindum.

Það hefur verið fullyrt í þessum umr., að þm. hafi ekki vitað um þessi brbl. Ég vil upplýsa það, að við, sem erum áskrifendur að Stjórnartíðindum, fengum þessi brbl. flutt heim til okkar daginn eftir að þau voru sett með traustri þjónustu póstsins í landinu. Þar birtust okkur þau Stjórnartíðindi þar sem brbl. voru birt, og þau voru flutt inn á heimili okkar. Það er því alger vanræksla hjá þeim þm. sjálfum sem hafa ekki uppfyllt þá embættis- og starfsskyldu sína að tryggja sér að þeir fái Stjórnartíðindin. Það getur vel verið að þm. Alþfl. ætlist til þess, að þeir fái Stjórnartíðindi gefins, og þess vegna hafi þeir ekki tímt að gerast áskrifendur að þeim. Og það má vel vera að það sé til athugunar, að Alþingi gefi þeim Stjórnartíðindi. En hver sá þm., sem hefur tryggt það með formlegri áskrift að Stjórnartíðindum, fékk þessi brbl. með skilum. Þannig er algerlega út í hött að halda því fram, að þessum brbl. hafi verið haldið leyndum. Ég fékk þau a. m. k. send eftir því almenna póstþjónustukerfi sem notað er fyrir alla einstaklinga í þessu landi, og sama gildir um hvern og einn sem er áskrifandi að Stjórnartíðindum.

Í þessu frv. er þess hins vegar krafist, að fréttastofurnar í landinu verði matðar af stjórnvöldum á því, hvert sé efni brbl. Er þá ekki næsta skrefið að sett verði lög um það fyrir forgöngu Alþfl. að blöð, útvarp og sjónvarp skuli undanbragðalaust birta orðréttar tilkynningar og túlkanir ríkisstj. hverju sinni á þeim brbl. sem hún gefur

út? Ég hefði talið að í samræmi við starfsemi óháðra fjölmiðla, svo að ég noti ekki svo fín orð eins og frjálsra fjölmiðla, væru það þvert á móti starfsmennirnir á fréttastofunum sem ættu sjálfir að vinna úr frumgögnunum, Stjórnartíðindunum, fréttir um efni brbl., en ekki láta sér nægja að láta mata sig á fréttatilkynningum túlkandi og skýrandi efni brbl. með þeim áhersluatriðum sem viðkomandi stjórnvöld hverju sinni vilja hafa um það efni. Mér er því til efs að það sé bót í þessum efnum að skylda stjórnvöld til að gefa út fréttatilkynningar til að auðvelda fjölmiðlunum í landinu að láta mata sig. Það vita allir sem fylgjast með starfsemi fjölmiðlanna hér í landinu, að mikill aragrúi frétta, sem hér birtast, bæði í blöðum og lesinn er í útvarp og sjónvarp, er styttar eða orðréttar fréttatilkynningar sem samdar eru af þeim aðilum sem hafa beina hagsmuni af því að fréttirnar birtist á ákveðinn hátt. Þessi fréttatilkynningavenja í íslensku þjóðfélagi er eitt af því sem rennir stoðum undir ósjálfstæði íslenskra fjölmiðla. Mér finnst afar hæpið að festa þá venju í lögum, vægast sagt. Það getur beinlínis stuðlað að því, að fjölmiðlar hér á landi verði enn frekar undirokaðir undir stjórnvöld en þeir eru nú þegar og steinar verði lagðir í þá götu að fjölmiðlarnir geti þroast til sjálfstæðara hlutverks, enda ætti það ekki að vera ofverk fjölmiðils, sem vill rísa undir nafni, að vera áskrifandi að Stjórnartíðindum og meta það sem þar birtist, eins og sérhver almennur borgari þessa lands getur gert.

Hv. þm. Eiður Guðnason getur gengið hér fram á ganginn og hringt í Stjórnartíðindi og gerst áskrifandi að þeim og fengið þau síðan heim til sín sama dag eða daginn eftir að Stjórnartíðindi eru gefin út, með brbl. og öðrum lögum. Það getur sérhver borgari í þessu landi. Það er því algerlega opið og áreiðanlegt kerfi hér í landinu um birtingu laga, bæði brbl. og annarra laga, og það kerfi var notað í þessu tilviki eins og alltaf áður.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vissi að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er mikill aðdáandi hæstv. núv. forsrh. En að hann skyldi telja sig þurfa að koma honum til hjálpar í þessu máli, það kom mér reyndar nokkuð á óvart. Ég skil ekki um hvað menn eru að deila hér. Hér er um ákaflega einfalt mál að ræða, en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur satt best að segja ævinlega hæfileikann til að koma mönnum á óvart og þá oftast með dæmalausum málflutningi.

Hann skilur greinilega ekki um hvað er að tefla hér. Hann skilur greinilega ekki eða vill ekki skilja það, að eftir sem flestum leiðum upplýsingastreymis eigi fólk í landinu, sem á rétt á því, að fá að vita um stjórnvaldsaðgerðir. Ég geri ekki ráð fyrir að hv. þm. hafi meint það í alvöru þegar hann sagði að almenningur ætti að vera áskrifendur að Stjórnartíðindum. Ég hugsa að almenningur í landinu hafi nóg að borga þó að ekki bætist við áskrift að Stjórnartíðindum sem sjálfsagt kostar töluvert, og ekki varðar allt efni þar hagsmuni hvers manns. En það er furðulegt að menn skuli geta haft á móti því, að í lög komi ein setning um að brbl. skuli kynnt með fréttatilkynningum.

Ég sagði áðan að það væri mjög venjulegt að texti laganna væri sendur. Þá er einfaldlega sagt: Í dag voru gefin út svohljóðandi brbl. Síðan er það fréttamannanna að vinna úr. Það er lítilsvirðing við alla íslenska fjölmiðla að segja að þeir láti mata sig og séu svo gagnrýnilausir að þeir láti það ganga beina leið áfram til sinna viðskiptavina. Þetta er þungur dómur sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fellir hér yfir íslenskum fjölmiðlum. Ég held að hann sé rangur.

Það eina, sem þetta lagafrv. miðar að, er að tryggt verði — og tryggara en verið hefur, að almenningur í þessu landi, svo að ég noti eitt uppáhaldsorðatiltæki hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, — almenningur í þessu landi, sem á rétt á að vita, fái að vita, það sé tryggt. Ég skil satt að segja ekki hvernig og með hvaða rökum menn geti haft á móti því, að það verði tryggt, að þegar ríkisstj. gefur út brbl., sem er óvenjuleg lagasetning og á sér ekki stað fyrir opnum tjöldum, þá sé það kynnt svo rækilega sem mest má verða. Hvað í ósköpunum hafa menn á móti því? Vilja menn leyna einhverju?

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þetta tal um leyndina er algerlega út í hött. Það eru þúsundir einstaklinga og stofnana og aðila í þessu landi sem eru áskrifendur að Stjórnartíðindum. Þeir fengu allir tilkynningu um þessi brbl. Það var engu leynt í þeim efnum. Það var farið nákvæmlega eins með birtingu þessara brbl. og allra annarra laga. Ásakanir eða dylgjur eða óljóst orðalag um það, að ríkisstj. hafi verið að reyna að leyna einhverju í sambandi við þessi brbl., er satt að segja fádæma barnaskapar. Eins og ég upplýsti áðan voru þúsundir eintaka af þessum brbl. bornir út af hinni almennu póstþjónustu til heimila og stofnana um allt land. Svo koma menn í alvöru hér og fara að ásaka aðra um að vera að halda einhverju leyndu. Hvers konar fáviska er þetta eiginlega? Veit hv. þm. kannske ekki hvernig Stjórnartíðindum er háttað? Veit hann kannske ekki hvernig almenna póstþjónustu í landinu starfar? (Gripið fram í.) Það virðist vera eftir þessum málflutningi, þegar verið er að saka menn um að halda einhverju leyndu. Síðan kemur þessi flokkur fjölmiðlasnillinganna og segir: Af því að það er ekki fréttatilkynning, þá er það ekki fullgilt. Það eru sem sagt ekki hinar opinberu aðferðir til að birta lög í landinu, sem ákveðnar eru í stjórnarskrá og landslögum, sem eru fullgildar. Nei, að eru fréttatilkynningarnar sem gera málin fullgild. Það er fjölmiðlabirtingarformið sem gerir það að verkum, hvort mál eru fullgild eða ekki. Og það er kannske skiljanlegt að þessi flokkur fjölmiðlasnillinganna telji ekkert fullgilt nema það sé í fréttatilkynningu.

Hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan að stjórnvöld ættu að tryggja að almenningur fengi að vita þetta. Hvernig geta stjórnvöld tryggt það á annan hátt en að gefa út brbl. eftir réttum aðferðum, eins og gert var í þessum efnum? Ef hv. þm. gerir kröfu um meira, sem mér heyrðist í hans seinni ræðu og einnig í framsöguræðu, þá er hann að gera kröfu um að stjórnvöld fari á einn eða annan hátt að stjórna fjölmiðlunum. Það er a. m. k. ærið stutt í þá kröfu í þessum málflutningi.

Það getur vel verið, þó að ég ætti kannske ekki að segja það sem stuðningsmaður núv. ríkisstj., — það getur vel verið að þeim fréttamönnum hjá útvarpi og sjónvarpi og blöðum, sem fengu þessi Stjórnartíðindi í hendur, hafi ekki þótt neitt fréttaefni í þessum brbl. — það hafi enginn velt því fyrir sér — þeim hafi einfaldlega ekki þótt þetta mjög merkilegt, ríkisstj. hefði fellt gengið áður og hún hefði tekið gengismun áður. Þetta væri bara það sem segir á enskri tungu „things as usual". Þetta væri það sem venjulega er verið að gera og það væri engin ástæða til að

segja sérstaklega frá því. Það hafi engum dottið það í hug. Það getur vel verið að þeir hafi framkvæmt sitt fréttamat, og fréttamat er mismunandi. Alþýðublaðið segir frá því undir stórum fyrirsögnum, að þingflokkur Alþfl. hafi flutt tillögu um El Salvador. Morgunblaðið segir frá því eindálka lengst inni í blaði, að Alþfl. hafi flutt till. um El Salvador. Þannig er mismunandi mat manna á mikilvægi hinna einstöku aðgerða sem fram koma, bæði hér á Alþingi, hjá þingflokkum og ríkisstj.

Ég er hér eingöngu að vara við þeirri hugsun, að fjölmiðlum beri skylda til að þjóna ríkisvaldinu á þann hátt að það séu fjölmiðlarnir sem eigi að tryggja að fólkið viti hvað ríkisvaldið er að gera hverju sinni. Það er þessi krafa um þjónustu fjölmiðlanna við ríkisvaldið sem er grunnhugsunin í þeim tillöguflutningi sem hér kemur fram, og ég leyni því ekki, að það undrar mig að hv. þm. Eiður Guðnason skuli gerast talsmaður þeirra sjónarmiða hér. Ég man eftir því, að hann ræddi fyrir nokkuð mörgum árum hugmyndir sem hann taldi að einhver jir væru þá með um opinbera fréttastofu hér í landinu, fréttastofu íslenska ríkisins. (**EG:** Hér fer þm. villur vegar.) Nei, nei, það eru 13 ár síðan og ég get farið út í þá umr. hér. *Í því sambandi benti hann á að það væri viss* hætta hjá fréttastofum ríkisfjölmiðla og líka almennri fréttastofu, sem væri háð ríkisstyrk með einum eða öðrum hætti og ætti að vinna hér úr fréttum og aðstoða fjölmiðla á einn eða annan hátt, að fjölmiðlarnir mundu þá ekki varðveita sjálfstæði sitt gagnvart því að túlka aðgerðir stjórnvalda. Ef við eigum að fara að setja lög um það hér, hvernig stjórnvöld starfa gagnvart fjölmiðlum til þess að tryggja vitneskju almennings um stjórnvaldsaðgerðir, er þá ekki hætta á að næst skrefið verði að setja lög um það, hvernig fjölmiðlarnir eigi að segja frá slíkum fréttatilkynningum, þar eð meginástæðan að dómi flm. er að tryggja beri að almenningur viti um það sem verið er að gera?

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 217, n. 339, 340). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til umfjöllunar þetta frv. sem fjallar um tollskrá með síðari breytingum, þ. e. frv. fjallar um 37. tölulið 3. gr. tollskrárlaganna. Meginbreytingin, sem lögð var til samkv. frv., var í fyrsta lagi að við bættist ný mgr. þess efnis, að niðurfelling gjalda næði jafnframt til heyrnarskertra. Það er meginbreytingin sem frv. felur í sér.

Fjh.- og viðskn. gerir það að till. sinni eftir umfjöllun um frv. að töluliðurinn verði ein málsgrein. Efnislega eru ekki lagðar til miklar breytingar. Þó er sú breyting fólgin í því, að það er gert ráð fyrir endurgreiðslu jafnframt niðurfellingu gjalda. Einnig leggur nefndin til að upptalning tækja sé með sama hætti og upphaflega er í 37. lið 3. gr. tollskrárlaganna. Ég vil leyfa mér að lesa brtt. eins og hún liggur hér fyrir:

„37. tölul. 3. gr. laganna orðist svo:

Að fella niður eða endurgreiða gjöld af segulbandstækjum og segulböndum fyrir sjónskert fólk, svo og af stöfum, úrum og öðrum öryggis- og hjálpartækjum sem sérstaklega eru gerð með tilliti til þarfa sjón- og/eða heyrnarskertra. Fjmrh. setur nánari reglur um framkvæmd heimildarákvæðis þessa í samráði við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, sé um tæki fyrir heyrnarskerta að ræða."

Fjh.- og viðskn. leggur til að með þessari brtt. verði frv. samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 340 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 41. fundur.

Miðvikudaginn 17. febr., kl. 2 miðdegis.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277, n. 335). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson) : Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um breytingu á lögum um útflutningsgjald. Þetta frv. þarf helst að fá sem skjótasta afgreiðslu. Það er Ed.-mál og var þar samþykkt samhljóða.

Frv. fjallar um það í fyrsta lagi að halda áfram að taka 5.5% útflutningsgjald af sjávarafurðum. Lögin, sem í gildi voru tóku til útflutnings sjávarafurða sem framleiddar væru 1980 og 1981, miðuðust við þau tvö ár og ef þau eru ekki framlengd núna verða útflytjendur að borga 6% í staðinn fyrir 5.5%.

Í öðru lagi fjallar það um þá breytingu, sem gerð var í fyrra vegna ákvörðunar um loðnuverð, að útflutningsgjald af loðnuafurðum var lækkað ofan í 3.5%. Þar sem nú er um framhald þessara veiða að ræða er ekki ástæða til að breyta þeirri prósentu. Við skulum láta hana gilda áfram.

Nál. sjútvn. er á þskj. 335. Þar segir að nefndin hafi rætt málið á fundi og leggi til að það verði samþykkt. Hins vegar er því bætt við, að einstakir nm. áskilji sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Það er venja í hv. sjútvn. að geta þess hverjir hafi setið fund og hverjir hafi ekki átt þess kost að vera þar. Hv. þm. Páll Pétursson var fjarstaddur af sömu ástæðum og hæstv. fjmrh. er nú í dag, veðurtepptur fyrir norðan. Svo var hv. þm. Karvel Pálmason auðvitað fjarstaddur. Það var ekki hans dagur í þinginu þegar þessi fundur var haldinn. Og hv. þm. Pétur Sigurðsson var veikur.

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 27, n. 332). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 332 um frv. til laga um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Það er meiri hl. menntmn. sem stendur að þessu nál. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson stendur ekki að álitinu.

Eins og heiti frv. gefur til kynna fjallar það um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Það gerir ráð fyrir að stofnuð verði samstarfsnefnd og tilgangur hennar sé að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar. Nefndin hefur gert örlitla breytingu frá fyrstu gerð frv. og gerir að tillögu sinni að hluti 1. gr. falli út, eins og getið er um í nál. Meiri hl. n. þótti rétt að mæla með frv. þannig breyttu, en tilgangur frv. er, eins og ég hef getið um, að koma á samstarfi milli Alþingis og þjóðkirkjunnar um þau málefni sem þessar hv. stofnanir varða sameiginlega.

Meiri hl. telur að þessi tilhögun geti verið til bóta þar sem þá gæfist þessum aðilum tækifæri til að ræða saman um hin ýmsu málefni, svo sem fyrirhuguð lagafrv. og því um líkt.

Það er ekki ástæða til að hafa langt mál um þetta, heldur vísa til grg. með frv. Þó má e. t. v. geta þess, að mörgum hefur kannske fundist að þegar málefni kirkjunnar bæri á góma hér á Alþingi væru menn ekki fyllilega reiðubúnir til að taka efnislega og hlutlæga afstöðu til málanna. Meiri hl. hefur komist að þeirri niðurstöðu, að það væri fyllsta ástæða til að vinna sem best að þeim málum og kirkjunnar menn og alþm. hefðu tækifæri til að skiptast á skoðunum um þau málefni, sem ættu að koma fyrir Alþingi, áður en þau kæmu hingað í frv.-formi.

Herra forseti. Ég legg til að að umr. lokinni verði málinu vísað til 3. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég hef hér í höndum nál. Á því stendur að það sé frá meiri hl. menntmn., en ekkert annað nál. hefur borist. Þess vegna er umr. lokið og verður gengið til atkv.

ATKVGR.

Brtt. 322 samþ. með 15:8 atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.
2.—4. gr. samþ.með 22:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 55. fundur.

Fimmtudaginn 18. febr., kl. 2 miðdegis.

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Listiðnaður, þáltill. (þskj. 330). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 331). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Alþjóðleg ráðstefna um afvopnun á Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 121). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Íslenskt efni á myndsnældum, þáltill. (þskj. 297). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Sjálfsforræði sveitarfélaga, þáltill. (þskj. 127). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Almannavarnir, þáltill. (þskj. 101, n. 343, 344). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál um eflingu almannavarna. Nefndin fékk umsagnir frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, útvarpsráði, Slysavarnafélagi Íslands, Landssambandi hjálparsveita skáta og Almannavörnum ríkisins. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt till. þó einstaka athugasemdir komi fram við markmið þeirra efnisatriða sem sett eru fram í tillgr.

Eins og fram kemur í nál. heimsóttu nm. einnig aðalstöðvar almannavarnaráðs og bækistöð þess í Mosfellssveit, auk þess sem nefndin átti fund með almannavarnaráði. Á þeim fundi kom fram, að almannavarnaráð leggur sérstaka áherslu á nauðsyn þess að komið verði á fót birgðastöðvum Almannavarna í hverju kjördæmi landsins fyrir neyðarbirgðir á sviði slysahjálpar, auk þess sem brýnt er að auka alla þjálfunar- og fræðslustarfsemi á sviði almannavarna.

Niðurstaða allshn. var sú, að rétt væri að Alþingi kysi sjö manna nefnd sem fengi það verkefni að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu, en í tillögugreininni séu ekki sérstaklega tilgreind þau verksvið sem áætlunin taki til. Sjálfsagt er þó að sú nefnd, sem fær þetta verkefni, hafi hliðsjón af þeim efnisatriðum sem lögð eru til í

tillgr., auk samráðs við almannavarnaráð um áætlanagerð. Allshn. leggur því fram brtt. á þskj. 344 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu."

Leggur nefndin til að þáltill. verði samþykkt með þessari brtt. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Steinþór Gestsson.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er verið að ræða 98. mál þingsins, sem er till. um eflingu almannavarna. Þar sem ég er fyrsti flm. þáltill., en ásamt mér voru flm. hv. þm. Helgi Seljan, Eiður Guðnason og Guðmundur Bjarnason, vil ég lýsa yfir að ég er ánægður með þau úrslit sem fengist hafa með afgreiðslu nefndarinnar á þessu máli. Ég vænti þess, að tillgr., eins og hún var í upphafi hjá okkur flm., geti orðið góður umræðu- og starfsgrundvöllur þeirrar nefndar sem Alþingi hlýtur að kjósa innan skamms til að gera áætlun um eflingu almannavarna, eins og segir í tillgr. eftir þá breytingu sem orðið hefur á henni þegar hv. allshn. Sþ. hefur um hana fjallað.

ATKVGR.

Brtt. 344 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 358).

Efri deild, 45. fundur.

Fimmtudaginn 18. febr., að loknum fundi í Sþ.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317). — Frh. 1. umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að fagna því, að fram skuli komið frv. um þetta efni, og hefði nú kannske mátt fyrr gerast. Hins vegar finnst mér ástæða til að fara um þetta frv. nokkrum orðum og gera e. t. v. fáeinar aths. Mér sýnist, þegar þetta frv. er skoðað og lesið, að þar hafi verið orðið við ítrustu kröfum þeirra sem um þessi mál einkanlega fjalla.

Mér finnst að það hljóti að vera athugunarefni, hvort nauðsynlegt sé að koma á fót sérstakri stofnun í þessu skyni, hvort ekki hefði verið eðlilegra að fela þetta t. d. Borgarbókasafni Reykjavíkur sem hefur annast það að hluta a. m. k. með ágætum árangri eftir því sem efni hafa staðið til miðað við þær reglur sem nú verður að vinna eftir. Raunar er ástæða til að geta þess, að sú stofnun, Borgarbókasafn Reykjavíkur, er fágæt meðal opinberra stofnana vegna þess að viðskiptavinir þeirrar stofnunar hafa það yfirleitt á tilfinningunni, þegar þeir koma þar inn, að stofnunin sé til fyrir þá, og þar er þjónusta til mikillar fyrirmyndar, en ekki eins og er í sumum öðrum opinberum stofnunum, því miður, sem almenningur þarf að eiga samskipti við, að fólki finnst að það sé eins konar aukapersónur eða sé fyrir starfsfólkinu og því til ama, erfiðis og leiðinda. Þess eru því miður dæmi um ýmsar opinberar stofnanir. En það sem ég vildi einkum vekja athygli á í þessu sambandi er sú spurning, hvort ekki sé hægt að sinna þessum málum öðruvísi en að koma upp sérstakri stofnun. Má vera að ég hafi ekki lesið þetta frv. nægilega grannt, en ég hefði gjarnan óskað eftir upplýsingum frá hæstv. ráðh., ekki endilega nú á þessari stundu, heldur síðar við umfjöllun þessa máls, hversu mikið er ætlað að rekstur þessarar stofnunar muni kosta.

Ekki er ég að draga úr því, að vel sé í þessu tilliti gert við þá sem eru sjónskertir eða blindir. Hins vegar rekur maður fljótt augun í þann þröskuld sem hér er, nefnilega þann, að íslenskir rithöfundar heimila ekki að til útlána séu nema þrjú eintök af bókum þeirra í slíku hljóðbókasafni, þrjú eintök og eitt geymslueintak. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi fyrir þá blindu og sjónskertu sem við þann aðila skipta sem dreifir hljóðbókum, að það séu ekki nema þrjú eintök til af hverri bók. Þetta knýr auðvitað á að samningar verði gerðir við rithöfunda. Eins og eðlilegt hlýtur að teljast verða þeir að fá einhverja umbun fyrir að verk þeirra eru flutt af hljóðböndum. Það hlýtur að vera mjög brýnt að gera slíka samninga þannig að unnt sé að fjölga þeim eintökum sem eru til ráðstöfunar, vegna þess að það er í rauninni forsenda þess, að unnt sé að reka þetta safn. Ég minni á það í þessu sambandi, sem er mjög skylt þessu, að við þm. Alþfl. höfum einnig flutt till. um að hafnir verði samningar við eigendur höfundarréttar um leyfi til að setja efni á myndsnældur. Ég held að það geti ekki og megi ekki dragast að þetta hvort tveggja verði gert.

Ég minni á það líka í þessi sambandi, að þetta mál er einnig til umræðu á vettvangi Norðurlandaráðs, eins og hæstv. menntmrh. er örugglega kunnugt, en þar er till. í gangi, sem íslenskir þm. eiga m. a. aðild að, um framleiðslu og dreifingu hljóðbóka og blindraletursbóka á Norðurlöndunum. Er þar sömuleiðis um hið þarfasta mál að ræða, sem vonandi nær fram að ganga, að norræn samvinna aukist á því sviði.

Eitt atriði enn vildi ég gera aths. við. Ég sé að gert er ráð fyrir að þessi stofnun starfi í deildum og þar með verði sérstök tæknideild. Nú fylgir slíku verulegur tilkostnaður og því langar mig til að spyrja hæstv. menntmrh.: Innan væntanlega ekki margra ára, ef marka má spár hinna bjartsýnustu ráðamanna Ríkisútvarpsins, stórbatnar öll vinnuaðstaða þar og verða fyrir hendi mörg og fullkomin hljóðstúdíó til upptöku í þeim ríflegu húsakynnum sem Ríkisútvarpið fær til ráðstöfunar. Hefur verið kannað hvort ekki væri heppilegra og ódýrara fyrir alla aðila að Ríkisútvarpinu yrði einfaldlega falið að sjá um tæknilega hlið þessara mála, þ. e. framleiðslu og fjölföldun á hljóðböndunum? Ég hygg að slíkt gæti orðið til mikils sparnaðar.

Það má vel vera, þó að ég hafi vakið athygli á því og spurt sem svo, hvort nauðsynlegt væri að þetta væri sérstök stofnun, Blindrabókasafn Íslands, að menn komist að þeirri niðurstöðu að svo eigi að vera. Ég hygg þó að stefnan sé yfirleitt sú, að starfsemi fyrir fatlaða eigi sem mest að vera tengd annarri almennri starfsemi á sömu sviðum og það eigi ekki, sé þess kostur, að vera að setja starfsemi fyrir fatlaða á sérbás eða í sérstofnanir, heldur eigi þeir, eftir því sem efni standa til, að geta sótt þjónustu til sömu stofnana og þeir sem heilbrigðir eru. En ég hygg að með því að nýta tækniaðstöðu Ríkisútvarpsins, sem verður til innan væntanlega ekki mjög langs tíma, mundi það verða breyting til mikilla bóta og mætti gera þetta allt saman ódýrara og umfangsminna en

fara að setja upp sérstök hljóðstúdíó vegna þess arna. Þar að auki held ég að megi sömuleiðis huga að því, hvort ekki sé hægt að hafa þessa starfsemi með almennum bókasöfnum.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að þessi starfsemi er nokkuð sérstaks eðlis og það eru helst þessi þrjú atriði: Í fyrsta lagi tæknihliðin, í öðru lagi hin almenna dreifing, þurfi nauðsynlega að vera sérstök stofnun sem annist þetta, sem ég held að sé ástæða til að athuga, og svo auðvitað í þriðja lagi það, sem er kannske allra mest knýjandi, að gerðir verði samningar við íslenska rithöfundan þannig að þeir sjái sér kleift að leyfa að séu til fleiri en þrjú einstök í hljóðbókasafni. Raunar er það svo því miður, að sumir rithöfundar banna alveg að bækur þeirra séu til útláns á bókasöfnum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessar aths. eru út af fyrir sig fullkomlega réttmætar og sjálfsagt að hyggja að ýmsu því sem fram kom í máli hv. 5. þm. Vesturl. í sambandi við þetta mál.

Hann gat þess, að þetta frv. fæli það í sér að gengið væri til móts við ítrustu kröfur þeirra sem einkum hafa látið sig varða þetta mál. Ég efast um að það sé rétt. Hitt er annað, að eins og fram kemur greinilega og kom fram í ræðu minni um daginn er þetta frv. orðið til fyrir frumkvæði Blindrafélagsins og áhugamanna á því sviði og skipuð var nefnd manna af menntmrh. á sinni tíð, sem síðan skilaði áliti fyrir alllöngu, á síðasta vori reyndar, og þetta er verk nefndarinnar sem hér liggur fyrir. Kjarni málsins er að sameina á lagagrundvelli þá starfsemi sem þegar fer fram á þessu sviði, en nú um alllangt skeið, eða a. m. k. síðan 1975, hefur það verið sameiginleg starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur og Blindrafélagsins að reka svokallað Hljóðbókasafn. En sem sagt: Það, sem í þessu frv. felst, og það er auðvitað grundvallarbreyting, eins og ég tók mjög skýrt fram í framsöguræðu minni fyrir málinu, er að þessi starfsemi yrði eftir þetta sérstök starfsemi á vegum ríkisins.

Það er alveg ljóst, að ef ætti að framkvæma þetta frv., og einkum þá útfærslu sem finna má í grg. með frv., er óneitanlega um kostnaðarsamt mál að ræða og menn mundu finna fyrir því í opinberum rekstri ef þetta ætti að dynja yfir á stuttum tíma. Hins vegar vil ég benda hv. 5. þm. Vesturl. á, að í 8. gr. segir að kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns Íslands skuli greiðast úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt í fjárlögum. Auðvitað merkir það að fjárveitingavaldið hefur á hverjum tíma möguleika til þess að halda í við kannske allt of bráða framkvæmd þessa máls frá sjónarmiði fjárveitingavaldsins. Ég held að það sé ekki um að ræða að stjórn bókasafnsins, þessarar nýju stofnunar, skulum við kalla hana, hafi alveg sjálfdæmi um hvernig þetta mál verður framkvæmt.

Vissulega eru ýmsir möguleikar á að framkvæma þessa hugmynd á hagfelldari hátt en menn hafa áður komið auga á, m. a. með því, sem hv.5. þm. Vesturl. var að benda á, að nýta mætti aðstöðu í Ríkisútvarpi til hljóðbókagerðar. Mér finnst engan veginn útilokað að slíkt verði gert, ef það á annað borð gæti fallið inn í starfsemi Ríkisútvarpsins og það yrði ekki fyrir neinum töfum eða aukabyrðum af slíkri starfsemi. Finnst mér mjög eðlilegt að ræða þann möguleika að nýta slíka aðstöðu sem þar kynni að vera, ég tala nú ekki um ef sú aðstaða batnar verulega á næstunni, sem vonandi verður. Þessar aths. koma því vel til greina.

Það er líka ljóst að höfundarréttarmálin grípa hér mjög inn í. Ég tók afar skýrt fram, held ég, í ræðu minni um daginn — þá var hv. þm. ekki viðstaddur — að alveg ljóst væri að við gætum ekki vænst þess, að rithöfundar sýndu sömu biðlund og þeir hafa gert til þessa í sambandi við þessa starfsemi. Ég held að það sé alveg ljóst að við verðum að búast við því, að þeir rétthafar, rithöfundarnir, muni gera kröfur til að fá greiðslur fyrir afnot af verkum sínum í þessu formi eins og í öðrum formum. A þetta benti ég og er auðvitað alveg ljóst að þetta mun koma frekar til umræðu þegar til samþykktar kemur á þessu máli.

Ég vil líka minna á að höfundarréttarmál eru mjög til umræðu, eins og hv. þm. reyndar benti á, bæði á Norðurlöndum og reyndar í okkar eigin landi. Fyrir um það bil hálfu ári eða svo skipaði ég nefnd til að fara ofan í höfundarréttarmál og sú nefnd er að störfum. Það er ekkert efamál, að í sambandi við það nefndarstarf á margt eftir að koma upp í þessum efnum, og það mun áreiðanlega koma í ljós að höfundar og höfundarréttarhafar telja að víða sé á sér brotið og að nauðsynlegt sé úr að bæta. Ég er alveg sammála hv. þm. um það, enda áður minnst á það, að auðvitað mun ekki ganga til lengdar að hljóðbókasafn verði rekið sem alger mannúðarstarfsemi. Ég held að sé alveg útilokað að svo verði og að því leyti til get ég fallist á þessar aths. hv. þm.

Það má auðvitað til sanns vegar færa að hér sé um að ræða nýja stofnun. En ég held þrátt fyrir allt að það þurfi út af fyrir sig ekki að vera neinn sérstakur kostnaðarauki, ef við á annað borð förum út í að efla hljóðbókagerð og þessa sérstöku þjónustu við fatlað fólk, því að það mun alltaf kosta aukið fé alveg án tillits til þess, hvort starfsemin kynni að verða á vegum Borgarbókasafns Reykjavíkur eða hvort starfsemin yrði sjálfstæðari, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Sem sagt: Það er alveg ljóst að öll efling þessarar starfsemi mun kosta aukið fjármagn. Það held ég að sé alveg ljóst.

Ég tek undir þau hrósyrði sem hv. 5. þm. Vesturl. hafði um Borgarbókasafn. Mér er ljóst af kynnum mínum við þá sem þar stjórna, að það er mjög vel rekið fyrirtæki og lifandi stofnun. Það er alveg ljóst. M. a. ber að þakka það mikla frumkvæði, sem Borgarbókasafn hefur haft við hljóðbókagerð. Það framtak, sem þar var sýnt fyrir meira en 10 árum, hefur verið alveg ómetanlegt í sambandi við þessi mál. Ég vona að svo geti orðið áfram.

En sem sagt: Ég vænti þess, að þetta mál gangi til nefndar, og að sjálfsögðu verður nefndin að kanna þetta mál frá öllum hliðum eins og gerist. En í meginatriðum vil ég mælast til að nefndin fjalli jákvætt um þetta frv. og geri sitt til að það verði að lögum á þessu þingi. Að sjálfsögðu er ég og allir, sem að þessu máli standa, opnir fyrir því, að einhverjar breytingar kunni að verða gerðar á því, og ekki hef ég á móti því, að hv. menntmn. og þessi hv. deild fjalli ítarlegar um málið og breyti því sem breyta þyrfti til batnaðar í frv. Að sjálfsögðu ber að ræða þetta mál frá öllum hliðum, en ég held eigi að síður að hér sé um brýnt mál að ræða og mjög æskilegt að það kæmi löggjöf um þetta málefni.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um það, hvernig þessi mál hafa þróast, en ég vil þó rifja það upp, að öll þróunin í þessum málum framundir þetta hefur verið fyrir sérstakt framtak Blindravinafélagsins og Blindrafélagsins og nú á hinum seinni árum framtak Borgarbókasafns Reykjavíkur. Framlög ríkisins til starfsemi að þessu tagi

eru í rauninni mjög óveruleg. Það er ekki fyrr en á árinu 1978 sem fyrsta fjárveiting er veitt í þessu skyni. 1979 fellur þessi fjárveiting niður. 1980 kemur enn ein fjárveiting til Hljóðbókasafnsins og svo aftur núna 1981 og 1982, þegar upphæðin er 220 þús. kr., sem er náttúrlega talsvert há upphæð miðað við þær fjárveitingar sem verið hafa undanfarin ár. Við erum því hvað þetta snertir rétt að stíga fyrstu sporin með veruleg framlög af hálfu ríkissjóðs í þessu skyni. Fram að þessu hefur þessi starfsemi verið borin uppi sem mannúðarmál og sem áhugamál þeirra sem beinlínis standa í þessu, — áhugamál fatlaða fólksins í landinu sem sjálfst hefur með sinni sjálfsbjargarviðleitni verið að reyna að bæta kjör sín. Ég h eld að það sé mjög brýnt að ríkissjóður komi til móts við þetta félagslega framtak og þessa mannúðarstarfsemi sem hefur verið. Reyndar gat ég þess í ræðu minni um daginn, að ég teldi það illa farið ef starfsemi Blindrafélagsins dytti að mestu leyti út í þessu efni og ef félagslega framtakið hyrfi þegar þessi lög yrðu samþykkt og farið væri að framkvæma þau og þarna yrði mynduð sérstök ríkisstofnun. Ég teldi það í raun og veru afturför ef Blindrafélagið missti áhugann á þessu sviði því að slíkt félagslegt framtak og áhugamannaframtak er mjög líklegt til þess einmitt að drífa áfram mál af þessu tagi.

Þetta eru aðeins örfá orð út af þeim aths. sem fram komu hjá hv. 5. þm. Vesturl., en ég vænti þess, herra forseti, að þetta mál gangi til menntmn., eins og till. er um, og að málið verði þar gaumgæfilega skoðað.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel ákaflega mikils um vert að gerðar verði af opinberri hálfu ráðstafanir til að styrkja á einn eða anna hátt fjárhagslega þá starfsemi sem verið hefur á höndum samtaka blinda fólksins um útgáfu, ef svo má segja, á góðum bókmenntum á segulbandsspólum, sem eru kallaðar hljóðbækur og er ekki verra heiti en hvað annað. Það má vel vera að þörf sé á lagagerð af þeirri tegund sem ráðgerð er í þessu lagafrv. um Hljóðbókasafnið. Ég er aftur á móti algerlega andvígur þeirri hugmynd, að við gefum því byr undir vængi að samtök rithöfunda, og er ég þó aðili að þeim, hafi uppi kröfugerð um sérstakar greiðslur höfundarréttar við útgáfu af því tagi sem hér er um að ræða. Ég vildi líka ógjarnan að útgáfa á segulbandsspólunum eða hljóðbókunum lenti í þeim skurði sem útgáfa hefur viljað lenda í þegar hún er komin í hendur hins opinbera, að rithöfundar geti gert kröfu um að allar bækur eftir íslenska rithöfunda komi út á segulbandsspólum. Nóg er á ýmislegt fólk lagt þó að það fylgi ekki með, og hirði ég ekki að skilgreina þá hugsun mína nánar.

Ég held að frv., sem hér er flutt, sé gott, en þurfi athugunar við á ýmsum stöðum. Ég held að við verðum að gjalda varhug við því, að hljóðbókaútgáfan verði gerð að féþúfu á einn eða annan hátt, og er eindregið þeirrar skoðunar, að ágætir fulltrúar þess fólks, sem hér á einkum að hjálpa, hafi mjög afráðandi umsögn um hvaða bækur verði gefnar út á spólum. Hér hefur verið unnið gagnmerkt starf í sjálfboðavinnu fram að þessu. Fjöldi mjög góðra upplesara og náttúrlega, eins og að líkum lætur, dálítill fjöldi mjög slæmra upplesara einnig hefur lagt á sig vinnu við að lesa bækur inn á segulböndin, — mjög mikla vinnu ókeypis. Ég sæi eftir því blóðugum augunum ef stofnun Hljóðbókasafnsins brygði fæti fyrir framhald á því starfi sem þar væri unnið sannarlega með réttu hjartaþeli. Ég veit að áhugi er mjög mikill hjá samtökum blindra um að komið verði formi á þessa starfsemi og hún hljóti eðlilegan fjárhagslegan stuðning. Ég vil aðeins undirstrika það, að hér er ekki bara um að ræða blinda fólkið, sem alls ekki getur lesið þorrann af þeim bókum sem gefnar eru út á Íslandi, heldur færist það æ meira í vöxt á spítölunum að það fólk, sem þó hefur sjónina, en brestur þrek til þess að fletta bók, getur ekki átt við það, fái léð segulbandstæki og spólur að rúmstokknum hjá sér.

Ég er þess fullviss að þetta mál verður athugað gaumgæfilega, svo sem hæstv. ráðh. óskaði eftir. Ég á ekki sæti í þeirri nefnd sem fjalla mun um þetta mál, en ég vil ekki láta hjá líða að undirstrika mjög svo greinilega þau atriði, sem lúta að sjálfboðastarfinu sem unnið hefur verið fram að þessu, og eins að við megum ómögulega gefa því undir fótinn á einn eða annan hátt, að hér verði í framkvæmd mál sem geti leitt til þess, að útgáfa af þessu tagi verði að reiknaðri tekjulind fyrir einn eða neinn.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Ég fagna því frv., sem hér liggur fyrir, og get tekið undir mjög margt af því sem komið hefur fram í þessum umr. En þarna er atriði sem ég vildi aðeins undirstrika og minna á og hv. síðasti ræðumaður kom að vísu örlítið inn á, en það er það mikla sjálfboðastarf sem hingað til hefur farið fram við að lesa inn á bönd bækur fyrir blinda og sjónskerta. Mér er persónulega kunnugt um að fólk í æðra námi, bæði í menntaskólum og í háskólanámi, sem hefur verið sjónskert, hefur notið mjög góðs af félögum sínum sem hafa aðstoðað það á margvíslegan hátt með því bæði að lesa upphátt fyrir það og með því að lesa inn á segulband. Ég vil aðeins benda á að það er kannske ekki stór hópur sem hér er um að ræða, en þetta er hópur sem við megum ekki gleyma. Nútímanám er flókið og margþætt og það er mjög mikilvægt að við getum nýtt hæfileika og fullnægt vilja og löngun þeirra, sem sjónskertir eru, til náms. Ég tel að það eigi að vera skýrt tekið fram í lögum um slíkt hljóðbókasafn, að þar séu aðstæður fyrir hendi til að lesa inn á segulband fræðibækur, kennslubækur, og eins til að hafa þar fyrirliggjandi grundvallarrit í ýmsum greinum. Það er mikill vandi á höndum þeim, sem lesa slík rit á segulband og ég býst við að í mörgum tilfellum verði að gera nokkrar breytingar á, það verði að haga niðurröðun efnis á nýjan hátt. Allt þetta kostar mikla vinnu og mikið fé. Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að þessa atriðis sé gætt þegar hljóðbókasafn verður stofnað.

Ég man eftir því fyrir um það bil 12 árum, þegar starfsemi þessarar þjónustu Borgarbókasafns hófst, að ég var svo lánsamur, vil ég segja, að eiga örlítinn þátt í því, geta verið örlítið innan handar vegna starfa minna hjá Ríkisútvarpinu. Þessi hugmynd var þá ákaflega heillandi og ég held að allir þeir, sem þá var leitað til, hafi tekið þessu sem sjálfsögðum hlut, að það þyrfti ekki að koma nein gífurleg greiðsla fyrir þá þjónustu eða það efni sem þarna var flutt. Það horfir að vísu allt öðruvísi við þegar þetta er orðin stofnun með talsvert mikla útgáfustarfsemi, en ég vil sérstaklega vekja athygli á því sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að ekki á að gera þetta að féþúfu fyrir einn eða neinn.

Ég held að það hljóti að mega finna vænlegan grundvöll til þess að starfsemin getið komið að notum fyrir þá sem þurfa að njóta hennar. En ég vil benda á þetta með menntun og nám, að því verði ekki gleymt, að þó að ekki sé um marga einstaklinga að ræða eru það einstaklingar

sem eiga fullan rétt á að njóta þess besta sem hægt er að láta í té.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 347). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um breytingu á stveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. Frv. þetta er til orðið í fyrsta lagi í framhaldi af þeim viðhorfum, sem komið hafa fram á hv. Alþingi varðandi breytingar á lögum um alþingiskosningar, og í öðru lagi vegna samninga og reglna, sem skapast hafa í samskiptum íbúa Norðurlandanna.

1. gr. frv. kveður á um það, að almennar stveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem fullir 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta laugardag í maímánuði. Hér er um að ræða breytingu á sveitarstjórnarlögum sem er hliðstæð þeirri, sem áður hefur komið fram í lögum um alþingiskosningar, og hliðstæð þeirri, sem gerð var grein fyrir nýlega í hv. deild í frv. sem flutt var af hv. þm. Salome Þorkelsdóttur og fleirum.

Þó er sú undantekning frá þessu með síðasta laugardag í maímánuði, að beri hann upp á laugardaginn næstan fyrir hvítasunnu eigi sveitarstjórnarkosningar að fara fram næsta laugardag þar á undan. Hér er verið að taka tillit til laga um helgidagahald þjóðkirkjunnar. Í þessum efnum er rétt að geta þess, að mjög sjaldan ber svo við að laugardag næstan fyrir hvítasunnu beri upp með þeim hætti sem nú er. Það mun vera fjórum sinnum á þessari öld sem það kemur fyrir. Engu að síður þótti rétt og sjálfsagt að hafa þetta undantekningarákvæði þarna beinlínis í lögunum, eins og hér er gerð tillaga um, en ekki í ákvæði til bráðabirgða, sem hefði annars verið hugsanlegt.

Í þessari grein er gert ráð fyrir að sveitarstjórnarkosningar fari fram síðasta laugardag júnímánaðar þar sem þannig háttar til að færri en 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúnum. Í umræðum um þetta mál innan ríkisstj. og innan þeirrar nefndar, sem ég skipaði á síðasta ári til að endurskoða sveitarstjórnarlögin, var í fyrstu gert ráð fyrir að kosningadagur yrði sá sami alls staðar, bæði í þéttbýli og dreifbýli, seint í maímánuði. Þegar málið var til meðferðar og sveitarstjórnarlaganefndin undir forustu Steingríms Gauts Kristjánssonar borgardómara hafði samþykkt að gera tillögu um sama dag í dreifbýli og þéttbýli komu fram aths. frá ýmsum aðilum, einkum þeim sem töldu sig þekkja vel til í landbúnaði, og niðurstaðan varð sú sem hér er gerð till. um, að þarna verði óbreytt skipan frá því sem verið hefur, að kosið verði í dreifbýlinu framvegis síðasta laugardag eða mánuði seinna en í þéttbýlinu. — Þetta var um 1. gr. frv.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um hvernig 18. gr. laganna um sveitarstjórnir skuli orðast. Í fyrstunni er ekki um að ræða neinar verulegar breytingar aðrar en þær, að í b-lið er aðeins talað um íslenska ríkisborgara, en í lögunum, eins og þau eru nú, er orðalagið þannig, að menn þurfa að vera íslenskir ríkisborgarar eða hafa jafnan rétt á við þá. Þykir þarflaust að hafa þetta ákvæði með því að það nær fyrst og fremst til útlendinga sem falla undir síðari ákvæði frv. þessa. Ákvæðið mun hafa orðið til fyrst og fremst vegna Dana sem var áskilið fullkomið jafnrétti við íslenska ríkisborgara í 1. gr. laga nr. 85 frá 1946, um ráðstafanir í sambandi við skilnað Íslands og Danmerkur. Má því segja að hér sé gerð tillaga um að fella niður eitt síðasta lagaákvæðið í íslenskum lögum sem átti stoð í því sambandi sem forðum var með Íslandi og Danmörku.

Í 2. mgr. 2. gr. þessa frv. er mjög mikilvæg brtt. Hún gerir ráð fyrir því, að þó að maður hafi útfyllt svokallað samnorrænt flutningsvottorð teljist hann ekki hafa firrt sig kosningarrétti við sveitarstjórnarkosningar, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr. 18. gr. laganna. Hér er um að ræða mál sem hefur einkum komið niður á okkar námsmönnum sem dvalist hafa lengi á Norðurlöndum og útfyllt svokallað samnorrænt flutningsvottorð. Þeir hafa misst kosningarrétt hér á landi við sveitarstjórnarkosningar, en hér er gert ráð fyrir að það verði lagað. Hér er sem sagt lagt til að réttarstaða þessara manna, sem dveljast á Norðurlöndum, varðandi sveitarstjórnarkosningar verði hin sama og þeirra sem af sömu ástæðu dveljast utan Norðurlandanna.

Í 3. mgr. 2. gr. frv. er eitt veigamesta nýmæli þessa frv. Þar er gert ráð fyrir að kosningarrétt eigi einnig hér á landi danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem fullnægja skilyrðum a-, c- og d-liða hér að framan, enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. des. næsta fyrir kjördag. Þessi skipan mála hefur um hríð verið í gildi á hinum Norðurlöndunum. Hún var ákveðin að frumkvæði Norðurlandaráðs og að undangenginni athugun starfshóps á vegum norrænu ráðherranefndarinnar. Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri í dómsmrn. átti sæti í starfshópi, sem hér er um að ræða, fyrir Íslands hönd. Þessi starfshópur skilaði áliti í mars 1975 og var lögum annarra Norðurlanda breytt þannig að norrænir ríkisborgarar höfðu kosningarrétt og kjörgengi við sveitarstjórnarkosningar í Finnlandi og Svíþjóð 1976, í Danmörku 1978 og í Noregi 1979. Gilti þetta þá þegar einnig um íslenska ríkisborgara í þessum löndum.

Í grg. eru rakin helstu rökin fyrir breytingu þessari. Þar kemur m. a. fram að 1. des. 1980 voru hér á landi 3240 útlendir ríkisborgarar eða 1.4% af íbúatölunni. Danskir ríkisborgarar voru þá 950, finnskir 45, norskir 275 og sænskir 90. Útlendir norrænir ríkisborgarar voru 1360 talsins eða 0.6% af íbúatölunni. Af þeim voru 907 á kosningaraldri og er ætlað að 670 þeirra uppfylli það dvalarskilyrði sem hér er gert ráð fyrir að sett verði. Eins og menn taka eftir er dvalarskilyrðið hér samfellt þrjú ár fyrir 1. des. næsta á undan sveitarstjórnarkosningunum.

Loks er að geta hér 4. og síðustu mgr. sem er ákaflega mikilvæg. Þeim málum hefur verið þannig háttað, að menn hafa átt kosningarrétt í því sveitarfélagi sem þeir

hafa verið búsettir í á kjördag, þannig að menn hafa í raun og veru getað flutt kosningarréttaraðsetur sitt alveg til kjördags. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að hér verði breyting á þannig að hver maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi sem hann á lögheimili í þegar tvær vikur eru til kjördags. Þetta er gert til að draga úr þeim mikla vanda sem sveitarstjórnir og aðrir eiga í síðustu dagana fyrir kosningar eins og þetta hefur verið. Margs konar óvissa og ruglingur vill koma upp og þess vegna verður það þannig, að kjörskrárstofn verður auðvitað miðaður við 1. des. næstan á undan kjördegi, en breytingar verði síðan gerðar á stofninum fyrir þá sem flytja lögheimili sitt eftir þann tíma þangað til tvær vikur eru til kjördags. Það kom til álita að miða þetta við 1. des. næstan fyrir kjördag, en ég taldi óeðlilegt að leggja þau bönd á menn og þess vegna er þetta hér takmarkað við tvær vikur.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég fer fram á það við hv. deild — og mun gera það einnig í Nd., að þingið afgreiði þessi mál hið skjótasta vegna þess að nauðsynlegt er að fara að birta senn tilkynningar vegna sveitarstjórnarkosninganna sem mundu samkv. þessu fara fram 22. maí. Ég hef rætt það við formenn stjórnarandstöðuflokkanna að þeir ræði það í sínum flokkum að reynt verði að tryggja að málið fái skjótan framgang. Ég tek það fram, að forsenda þess er vitaskuld sú, að um málið verði samstaða hér. Um einhver þau atriði, sem eru í frv., kann að vera ágreiningur. Þó hygg ég að það sé varla, nema það sé hugsanlega 4. mgr. 2. gr. sem menn vildu skoða betur. Mér þætti mikilvægt engu að síður að fá inn ákvæði þarna um vissa takmörkun.

Mér skilst, herra forseti, að frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, sem hér var til meðferðar, hafi farið til allshn. Er það rétt? Eðlilegra væri að svona mál færu til félmn. og ég mundi gera það að tillögu minni ef svipað mál væri ekki áður komið til allshn. Þetta er sveitarstjórnarmál sem heyrir undir félmrn. og ætti þar af leiðandi að vistast í félmn. En rökin fyrir því, að málið sé sett í allshn. hér í deildinni, eru fyrst og fremst þau, að breyting á lögum um alþingiskosningar koma til meðferðar í allshn., eins og eðlilegt er, og sjálfsagt hefur það viðhorf verið hér uppi, að betra væri að sama nefnd reyndi að sjá þessum málum farborða til þess að fulls samræmis væri gætt.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., en læt það forseta eftir að flytja tillögu um í hvaða nefnd málið fer.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég er einn flm. þessa frv. á þskj. 321 sem hæstv. félmrh. vitnaði til áðan og gengur mjög í sömu átt og þetta, þó að þetta stjfrv., sem hann mælti fyrir, taki til nokkru fleiri atriða.

Ég vil aðeins láta þess getið hér, láta það koma skýrt fram, að síðan frv., sem ég vitnaði til áðan, var flutt hef ég fengið aths. a. m. k. úr tveimur áttum um hversu óeðlilegt sé að tvískipta sveitarstjórnarkosningum milli dreifbýlis og þéttbýlli sveitarstjórnareininga. Hæstv. félmrh. fjallaði nokkuð um þetta áðan og sagði að aths., sem hnigu í þá átt að nauðsynlegt væri að hafa þessa kosningu tvískipta, hefðu komið frá ýmsum aðilum sem teldu sig þekkja vel til í landbúnaði. Nú leikur mér nokkur forvitni á að vita hvað hæstv. félmrh. á nákvæmlega við með þessum orðum. Var þetta mál kannað hjá sveitarfélögunum sjálfum? Voru þau spurð álits áður en gengið var frá þessu? Það hefði mér fundist hin eðlilega leið. *Þeir, sem beint hafa aths. til mín af þessu tilefni, hafa lagt á það mjög þunga áherslu að það sé óeðlilegt að landsmönnum sé skipt með þessum hætti þegar þeir kjósa sér sveitarstjórnarmenn.* Af hverju eigum við að fara að ganga frá okkar málum, sagði einn oddviti við mig, þegar öll þjóðin því sem næst er búin að kjósa sína sveitarstjórnarmenn? Og hann bætti við að þau rök, sem e. t. v. hefðu í upphafi verið fyrir þessari tvískiptingu, þ. e. kannske erfiðar samgöngur að vori, sauðburður o. fl., ættu ekki við lengur. Þjóðfélagið hefði tekið þeim stakkaskiptum að mönnum ætti ekki að vera það tiltakanlega erfitt að komast á kjörstað þennan dag í maí. *Mér finnst það satt að segja umhugsunarefni hvort* ástæða sé til að vera að flokka þetta svona, hvort það sé ekki hin eðlilega regla að allir landsmenn kjósi sína sveitarstjórnarfulltrúa sama daginn. Þetta held ég að hljóti að þurfa að koma til athugunar. Reynist það svo, að það sé vilji þeirra, sem í þessum sveitarfélögum búa, að hafa þetta með þessum hætti, þá er auðvitað ekkert við því að segja. Mér finnst nauðsynlegt, þó að kannske gefist varla ráðrúm til þess núna, að kanna þetta og þeir, sem þarna eiga hlut að máli, fái að segja meiningu sína um með hverjum hætti þeir vilja hafa þetta.

Önnur atriði í þessu frv. vil ég taka undir. Það er varla vansalaust hversu seinir við Íslendingar erum til að taka upp það sem búið er að samþykkja í Norðurlandaráði fyrir löngu og það sem, eins og hæstv. félmrh. gat um, Finnar og Svíar gerðu 1976, Danir 1978 og Norðmenn 1979. Er óhjákvæmilegt að við séum alltaf síðastir í þessum efnum? Þetta er ekkert einsdæmi. Mér er kunnugt um það á öðrum sviðum, t. d. að því er varðar samnorrænt ökuskírteini, ökuskírteini sem gildir um Norðurlöndin öll. Þar erum við að vísu ekki alveg einir á báti. Það er önnur þjóð sem hefur ekki tekið slíkt skírteini upp, en þrjár eru búnar að því. Þurfum við alltaf að vera síðastir? Hvað veldur því, að þetta hefur ekki komið frá stjórnvöldum fyrr en nú? Það væri fróðlegt að fá svar við þessu. En annars lýsi ég stuðningi við það sem felst í þessu frv., og verði raunin sú, að því verði vísað til allshn., mun ég að sjálfsögðu beita mér fyrir að afgreiðslu þess verði flýtt svo sem verða má, en að sjálfsögðu að málið fái þá athugun sem nauðsynleg er.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram er 1. gr. þessa frv., sem hér er nú flutt, samhljóða því frv. til l. sem ég ásamt þeim hv. þm. Stefáni Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Eiði Guðnasyni flutti hér og mælt var fyrir 10. febr. s. l. Ég hlýt því að lýsa stuðningi mínum við þessa grein frv. Hún er bókstaflega samhljóða. Það er aðeins eitt orð sem er ekki alveg það sama og skiptir ekki máli því það er sama meiningin. Hér er talað um: „sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags," en í hinu frv. er talað um: „sem ekki ber upp á hvítasunnuhelgi". Að öðru leyti eru þessar greinar samhljóða.

Varðandi það, hvort ætti að breyta kosningunum og hafa þær um allt land í maímánuði, eins og kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl., get ég upplýst að upphaflega hafði ég samið frv. í þá veru, en að athuguðu máli, þar sem mér var kunnugt um að í ýmsum dreifbýlishreppum mundi slíkt ekki vera vel séð og gæti hugsanlega orði til að tefja málið, fannst mér réttara að láta það bíða, eins og kom reyndar fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. því að þetta þyrfti að

athuga, en það gæti tafið málið. Mér finnst það e. t. v. ekki vera aðalatriðið núna, en sjálfsagt að kanna það og leita eftir umsögnum, ef það hefur ekki verið gert áður en þetta stjfrv. var lagt fram.

Við 2. gr. frv. vil ég lýsa stuðningi mínum. Mér sýnast þau atriði, sem þar koma fram, vera öll til bóta. Allar þær breytingar á kosningalögum, hvort sem um er að ræða kosningar til sveitarstjórna eða Alþingis, sem lúta að því að auðvelda mönnum að nota kosningarrétt sinn, eru til bóta og reyndar sjálfsagðar. Þetta á ekki síst við um það fólk sem er að flytja á milli byggðarlaga rétt fyrir kosningar og hefur af þeim sökum orðið fyrir því að detta hreinlega út af kjörskrá og geta hvergi kosið. Einmitt þetta atriði, að sá tími er styttur niður í tvær vikur að maður geti komist á kjörskrá á þennan hátt í því sveitarfélagi sem hann er fluttur til, það tel ég vera til mikilla bóta.

Hvort þetta mál á að fara í allshn. eða félmn. skiptir e. t. v. ekki miklu máli. Eins og kom fram hjá hæstv. ráðh. var það metið á þann veg um daginn, að hér væri um kosningamál að ræða, sem þá heyrir væntanlega undir dómsmrn. þó að sveitarstjórnarlögin geri það ekki sem slík, og þar sem nýlega hafði verið afgreitt frv. varðandi breytingar á lögum um kosningar til Alþingis þótti rétt að vísa síðara frv. til allshn. En ég skal ekki setja mig í dómarasæti varðandi það. Sjálfsagt verður það metið af réttum aðilum. En þetta sýnir kannske best að það er hálfgerður ruglingur á þessum kosningalögum yfirleitt. Við höfum lög um sveitarstjórnarkosningar, við höfum sveitarstjórnarlög og enn fremur lög um kosningar til Alþingis. Þetta er í þremur liðum. Það er e. t. v. von að menn geti eitthvað ruglast í ríminu. Ég hef stundum verið að hugleiða hvort það væri ekki eðlilegra að kosningalög almennt heyrðu undir einn lagabálk. Það er kannske annað mál. En ég vil lýsa stuðningi mínum við þetta frv. og sérstaklega það, að málinu verði flýtt og ekki verði farið að fara út í breytingar á þessu frv. sem gætu orðið til að seinka því.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég geri ráð fyrir að mér hafi orðið fótaskortur á tungunni þar sem ég fjalla hér um mál sem formaður Alþb. flytur. Ég hygg að það skipti engu máli fyrir allshn. Ed. þótt þetta mál fari til félmn., og hefði ég ekki gengið hér í ræðustól til að orðlengja það, heldur var það rétt einu sinni að hv. þm. Eiður Guðnason gaf mér tilefni til þess að láta ljós mitt skína úr ræðustól — þau ummæli hans að það séu orðin úrelt viðhorf út af fyrir sig að taka tillit til sauðburðar við ákvörðun kjördags. Ef ég hef misskilið orð hv. þm. leiðréttir hann það.

Séu það orðin úrelt viðhorf að taka tillit til slíkra hluta ellegar að framfylgja, hvað svo sem sauðburðinum viðvíkur, kosningunum á mismunandi degi eftir því hvort um er að ræða þéttbýli eða strjálbýli, þá vil ég halda því fram, að það séu býsna úrelt viðhorf að miða hátíðisdaga þjóðkirkjunnar við tunglkomu, svo sem hvítasunnuna. Þó að ég leggi alls ekki til að frestinum að aðdraganda hvítasunnunnar frá páskum verði breytt á nokkurra handa máta væri mér meira að skapi að lögunum um hátíðisdaga þjóðkirkjunnar yrði breytt þannig að menn gætu gengið að þeim nokkurn veginn vísum eins og öðru í almanakinu frá ári til árs, ef slíkt reyndist ekki hrófla við grundvallaratriðum kristinnar trúar, sem kæmi sennilega mjög fljótt í ljós ef slík mál yrðu reifuð. En þó við látum nú hvítasunnuhelgina hafa sinn framgang svo sem verið hefur um aldir, og miðum hvítasunnuna við páskatungl, væri ákaflega auðvelt, vegna þess hversu sjaldan það kemur fyrir að hvítasunnuna ber upp á svo síðla í maí, þá væri miklu auðveldara að tilgreina þau ártöl, þegar frávik yrðu frá þessu, en vera að tilnefna hvítasunnuna sjálfa. Við getum fengið þetta reiknað auðveldlega út með skjótum hætti uppi í Háskóla. Og jafnvel þó þeir vísu menn, sem þar sitja, kynnu að hafa öðrum störfum að sinna þessa dagana eru meira að segja karlar hérna, þ. á m. einn af suðurlandsundirlendi, tvo veit ég um af Vestfjörðum, sem kunna fingrarím og gætu hæglega gert þetta fyrir okkur þannig að við gætum tilnefnt þau ártöl næstu 100—200 árin þar sem afbrigði eru frá þessu. Stæði þá í frv.: nema þetta og þetta ártal. Einhvern veginn finnst mér að tilvísun í hvítasunnukomur sé hálfskothend í lögum að þessu leyti og þarfnast þá nánari skýringar heldur en hitt, hvers vegna við undanþægjum þessi tilgreindu ártöl.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Nokkrar umr. hafa orðið hér um 1. gr. þessa frv. til l. um breytingar á sveitarstjórnarlögum vegna þeirrar tvískiptingar sem þar er kveðið á um sveitarstjórnarkosningar eftir því hversu fjölmennir hrepparnir eða sveitarfélögin eru. Ég hygg að enn sé nokkur ástæða til þess, að kosningar í fámennum sveitarhreppum fari ekki fram í maímánuði, vegna þess að þá eru miklir annadagar í þeim hreppum. Einnig vill oft bera við að vegakerfi okkar sé því miður ekki enn á því stigi sem æskilegt væri og best væri á þeim tíma. En ég viðurkenni að hitt væri miklu æskilegra og betra, að þarna væri aðeins um einn kjördag að ræða fyrir alla landsmenn. Ég tek undir það með hv. 5. þm. Vesturl., að það væri æskilegt að kanna það og leita álits sveitarstjórna í því sambandi. En tíminn er vissulega orðinn nokkuð naumur til þess nú.

En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er fremur sú, að vegna þessarar tvískiptingar, sem kveðið er á um í 1. gr., finnst mér að sé ástæða til að benda á 4. mgr. í 2. gr. þar sem sagt er: „Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar tvær vikur eru til kjördags.“ — Ég vil beina því til nefndar, sem kemur til með að athuga þetta, og e. t. v. varpa til hæstv. félmrh. þeirri fsp., hvort ekki sé rétt skilið hjá mér, að verði frv. samþ. svona geti maður, sem kýs í einhverjum kaupstað í maímánuði, flutt lögheimili sitt fyrir miðjan júní og kosið aftur á löglegan hátt í einhverjum litlum sveitahreppi. Það kann að vera að þetta sé í lagi, en ég vil benda á þetta, gera þá aths. að menn skoði þetta og velti því fyrir sér. Vafalaust verður það athugað nánar í nefndinni.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er fyrst út af því sem hér kom fram varðandi það, hvort þetta mál hefði verið borið undir sveitarfélögin. Ég hef ekki gert það. Ég bar þetta ekki undir Samband ísl. sveitarfélaga formlega á undirbúningsstigi. Ég vildi ekki hafa það þannig. En þetta frv. hefur verið rætt við forráðamenn Sambands ísl. sveitarfélaga og ég held megi segja að þessi aths. varðandi tvo kjördaga sé þaðan ættuð. En það er að sjálfsögðu á valdi Alþingis að ákveða hvernig þessu verður háttað.

Það, sem kom fram sem rök í þessu máli, var ekki það, að slæm færð væri á þessum tíma eða menn væru svo

önnum kafnir við sauðburð að þeir kæmust ekki til að kjósa. Það eru ekki heldur boðleg rök lengur. Rökin voru þau, að í litlum fámennum sveitahreppum eru þriggja manna kjörstjórnir og það verða að vera menn sem búsettir eru í viðkomandi hreppi. Þeir yrðu tepptir allan daginn yfir kosningunum. Var talið að það væri mjög erfitt fyrir þá að koma því við að vera fjarri heilan dag á þessum tíma. Þetta voru rökin sem ég gat út af fyrir sig fallist á, en ekki hin fyrri, vegna þess að mér finnst þau tæplega standast lengur miðað við okkar aðstæður. (Gripið fram í.) Þeir eru það kannske ekki beint sjálfir. Ég var líka sömu skoðunar og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir, að það gæti orðið til að tefja málið að fara að breyta þessu núna, að það yrði að gera það frekar með betri fyrirvara, ekki á næsta þingi fyrir kosningar. Þess vegna var það sem ég að síðustu féllst á að hafa þetta eins og hér er gert ráð fyrir. Ég vona fastlega að þingið samþykki þetta svona, þó að menn hafi kannske ýmsar aths. að gera, vegna þess að ég held að hitt mundi kalla á tafir í málinu sem eru afleitar.

Varðandi það, hvernig stendur á því að þetta mál kemur ekki fyrr, þ. e. varðandi norræna ríkisborgara sem hér eru búsettir, er því til að svara, að fljótlega eftir að ég kom í félmrn. og við fórum að athuga þar ýmis mál tókum við ákvörðun um það fyrir okkar leyti að reyna að koma þessum málum í gegn. Ég get ekki svarað því, af hverju það var ekki gert áður, veit ekki af hverju það stafar. En ég vil taka undir þau orð hv. 5. þm. Vesturl., að iðulega koma ýmsir hlutir, sem eru í norrænum samningum, afar seint hingað til okkar á Íslandi í framkvæmd.

Síðan kom fram góð aths. við síðustu mgr. 2. gr., þ. e. sá möguleiki að maður geti kosið tvisvar, geti fyrst kosið í þéttbýli og síðan flutt sig daginn eftir kjördag eða svo í dreifbýlishrepp og kosið þar líka, eins og ákvæðin eru hér orðuð. Ég held að það sé rétt að taka af öll tvímæli í þeim efnum og slá því föstu, að maður hafi tæmt sinn rétt, sá sem hafi kosið einu sinni til sveitarstjórnar eigi ekki rétt á að kjósa til sveitarstjórnar eftir fáar vikur aftur í allt öðrum hreppi. Ég held að það verði að vera nokkuð skýrt. En þetta er atriði sem kom ekki til athugunar á undirbúningsstigi svo að það er nauðsynlegt að nefndin athugi það alveg sérstaklega og taki af tvímæli.

Í framsöguræðu minni gat ég um það, að ég teldi eðlilegra að þetta mál færi til félmn. af rökum sem ég þá rakti. Nú hefur hæstv. forseti látið kanna þetta mál og hefur komið í ljós að breytingar á sveitarstjórnarlögum hafa jafnan farið til allshn. Ég fellst að sjálfsögðu á að svo verði áfram, enda hefur nefndin áður fjallað um svipuð frv. og eðlilegt að hún haldi því áfram og tryggi að fullt samræmi sé í málum.

Ég endurtek þá ósk mína til nefndar og hv. deildar, að reynt verði að flýta þessum málum svo sem frekast er kostur. Ástæðan til þess, að það er nauðsynlegt, er fyrst og fremst sú, að það þarf að birta auglýsingu í Lögbirtingablaði og víðar um hvaða hreppar það eru og sveitarfélög sem falla undir þá skilgreiningu, sem fram kemur í 1. gr., að kosið skuli til sveitarstjórnar síðasta laugardag í maímánuði. Það verður nokkur breyting frá því síðast. Það koma inn a. m. k. þrjú sveitarfélög í viðbót, sem ég man eftir í svipinn, sem eru Þorlákshöfn, Hvolsvöllur og Vík í Mýrdal. Þetta bar að tilkynna með formlegum hætti hið allra fyrsta, og það er af þeim ástæðum sem ég fer fram á það við hv. deild og nefnd að málinu verði hraðað hið allra mesta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 1962, er fylgifrv. þess frv. sem við vorum að ræða áðan.

Frv. hefur inni að halda tvö efnisatriði:

Annars vegar er það, að tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, skuli skoðaðar sem kjörskrárkærur og að menn skuli samkv. þeim fá rétt til þess að komast inn á kjörskrá og samkv. þeim verði sem sagt kjörskrárstofni, sem miðaður er við 1. des. næst á undan, breytt.

Í öðru lagi er mikilvægt ákvæði, sem hefði mátt komast fyrr í okkar lög. Þar er gert ráð fyrir að kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu verði öðruvísi á litinn en við kosningu sýslunefndarmanna, því að stundum hefur það víst viljað brenna við að menn hafa ekki getað greint glögglega á milli þess, hvort verið væri að kjósa í sýslunefnd eða hreppsnefnd. Hér er sem sé sú skylda lögð á sveitarstjórnir í landinu, að þær hafi tvo liti á kjörseðlum á kjördag til sýslunefndar og hreppsnefndar.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 42. fundur.

Fimmtudaginn 18. febr., að loknum fundi í Sþ.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 277). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 359).

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 351). — 3. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar þetta frv. var til 2. umr. og afgreiðslu í gær í þessari hv. deild greiddu nokkrir hv. þm. atkvæði gegn því, en ég held á misskildum forsendum. Ég vil því koma lítilli leiðréttingu á framfæri.

Í menntmn. Nd. varð samkomulag um að fella niður úr 1. gr. frv., þar sem fjallað er um tilgang samstarfsnefndar Alþingis og þjóðkirkjunnar, orðin „svo og eflingu kristni og auknum trúar- og menningaráhrifum þjóðkirkjunnar", eins og það var orðað.

Þetta er auðvitað ekki gert til þess að draga úr starfi þessarar nefndar, heldur var það skoðun nm. að setning sem þessi ætti varla heima í lagatexta. Ef nefndin hefði t. d. starfað í eitt ár eða tvö og ekki lagt fram neinar beinar tillögur í þeim efnum væri hún í bókstaflegum skilningi orðin brotleg við þessa grein laganna. Af þessum og öðrum ástæðum verður þessi setningarhluti óþarfur. En samt skal rækilega undirstrikað að auðvitað er ekki verið að draga úr því, hvað þessi nefnd skuli gera, enda er það alveg ljóst af 1. gr. frv. þar sem segir:

„Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar."

Að öðru leyti hygg ég að hér sé um ágæta skipan mála að ræða, og það er verulega til umhugsunar hvort á fleiri sviðum væri ekki skynsamlegt að koma á samstarfsnefndum Alþingis og aðila vítt og breitt um samfélagið, eins og t. d. kennarasamtaka.

Ég er viss um að þau mótatkvæði, sem hér féllu í gær, voru byggð á misskilningi. Það var á engan hátt verið að draga úr því sem fyrir flm. vakir í þessum efnum. Ég vildi koma þessari leiðréttingu á framfæri.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir þá skýringu sem hv. 9. þm. Reykv. gaf í sambandi við þetta mál. En ég vil koma því hér að, af því að ég var ekki viðstaddur þegar málið var til 1. umr., að auðvitað er það góðra gjalda vert að lögfesta samstarf Alþingis og þjóðkirkjunnar, og mér finnst ástæða til þess að segja frá því hér, ef það hefur ekki komið fram áður, að það er þegar starfandi samstarfsnefnd Alþingis og kirkjunnar. Þingflokkar hafa tilnefnt fulltrúa í samstarfsnefnd við kirkjuna og sú nefnd hefur starfað núna um þrjú ár og haldið nokkuð marga fundi. Ég trúi því, að það hafi orðið til góðs fyrir þessi málefni, sem vissulega þurfa að vera í föstu formi, og ég tel skynsamlegt að fara inn á þá braut að tengja Alþingi og þjóðkirkjuna með þessum hætti. Það hlýtur að vera af því góða. Og ég efast ekkert um að þessi till., ef samþykkt verður, staðfestir þetta samstarf.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það kom fram að ég stóð ekki að afgreiðslu þessa máls þar sem mér er ekki ljóst hvers vegna nauðsyn er að hraða því svo að það hljóti ekki athugun t. d. á Kirkjuþingi. Einnig hefur komið fram að það er starfandi nefnd nú þegar. Spurningin er því um lögfestingu og því að bæta forsetanum við.

Ég tel að það liggi nokkuð ljóst fyrir, að þessi nefnd yrði viss sía á Kirkjuþing og þær tillögur sem þaðan kæmu. Þess vegna finnst mér ekki óeðlilegt að það hefði tekið afstöðu til málsins áður en það yrði afgreitt sem lög frá Alþingi. Einnig hlýtur það að vera umhugsunarefni, hvort skipa beri samstarfsnefndir eftir þingflokkafjölda á Alþingi eða með hlutfallskosningu innan þingsins eftir styrkleika þingflokka. Nú er ekkert sem bannar að flokkum fjölgi og eftir sem áður yrði sú regla í gildi sem hér er lögð til. Ég veit ekki hvort að fordæmi er skynsamlegt gagnvart framtíðinni.

Frv. samþ. með 22:1 og afgr. til Ed.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 337). — 1 umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Frv. þetta skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta kaflanum er fjallað um tollafgreiðslugjald. Í öðrum kaflanum er gerð tillaga um nokkrar breytingar á lögum um launaskatt, m. a. um lækkun launaskatts í tilteknum atvinnugreinum. Í þriðja kafla eru tillögur gerðar um breytingar á lögum um stimpilgjald og er það einnig lækkun á skattlagningu. Og í fjórða lagi eru tillögur gerðar um breytingu á lögum um sérstakt innflutningsgjald á sælgæti og kex, en það er um framlenging á gildandi lagaákvæðum og niðurfellingu þess gjalds í áföngum.

Eins og hv. alþm. er kunnugt birti ríkisstj. skýrslu um aðgerðir í efnahagsmálum hinn 28. jan. s. l. Í þeirri tilkynningu voru boðaðar margháttaðar aðgerðir í efnahagsmálum. Meðal þeirra ráðstafana, sem tilkynntar voru, var það atriði, að á næstu mánuðum yrði um að ræða 6% niðurfærslu verðlags með lækkun tolla og hækkun niðurgreiðslna á búvörum. Tilgangur þessarar aðgerðar er að sjálfsögðu sá að hamla gegn verðbólgu. Er það markmið ríkisstj. að verðbólga verði um 35% frá upphafi til loka þessa árs.

Fyrsti áfangi þessara aðgerða hefur þegar komið til framkvæmda, þ. e. lækkun tolla um helming á ýmsum rafmagnsheimilistækjum, en frv. um það efni var lagt fram á Alþingi 1. febr. s. l. og afgreitt sem lög daginn eftir. Næsti áfangi var jafnhliða framkvæmdur, en það var veruleg aukning niðurgreiðslna í byrjun mánaðarins. Frekari aðgerðir af þessu tagi munu eiga sér stað 1. mars n. k., 1. maí og 1. júní samkv. nánari ákvörðun sem tekin verður síðar. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs við þessar niðurfærsluaðgerðir á árinu 1982 nemi um 350—360 millj. kr. Það er alltaf dálítið erfitt að áætla nákvæmlega kostnað af niðurfærslu- og niðurgreiðsluráðstöfunum af þessu tagi, eins og hitt er líka vandasamt, að áætla tekjur af óbeinum sköttum, því að sjálfsögðu veltur það á sölunni á þeim tækjum eða vörum, sem verið er að greiða niður, eða þeim hlutum sem skattlagðir eru. En hér er reynt að áætla kostnaðinn um það bil 350—360 millj. kr.

Eins og áður hefur komið fram er ætlunin að fjármuna til þessara aðgerða verði fyrst og fremst aflað með því fé, sem tiltækt er á fjárlögum, með sérstökum sparnaði þannig að fjárlagatölur ársins 1982 verði lækkaðar um 120 millj. kr., og með skatti á starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða, en sá skattur er áætlað að nemi 45—50 millj. kr.

Auk þeirra aðgerða í efnahagsmálum, sem ég hef hér gert grein fyrir, var lýst yfir að ríkisstj. mundi stuðla að nokkrum breytingum á tekjuöflun ríkissjóðs. Þessar breytingar eru einkum fólgnar í gjaldalækkun til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina með lækkun launaskatts og lækkun stimpilgjalda, en jafnframt er að því stefnt að leggja á sérstakt tollafgreiðslugjald til að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna þessara gjaldalækkana.

Í grg. frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum sem verða á tekjuöflun ríkissjóðs ef þetta frv. verður samþykkt. Þær breytingar eru á þann veg, að tollafgreiðslugjald er áætlað að gefi 54 millj. kr., innflutningsgjald af sælgæti og kexi gæti gefið á einu ári um 8 millj. kr., meðan aftur á móti lækkun launaskatts og lækkun stimpilgjalds gæti samanlagt lækkað tekjur ríkissjóðs um 50 millj. Er því mismunurinn um 12 millj. kr., sem kemur þá upp á móti því sem á vantar að tekjuöflun eða fjárstreymi vegna niðurfærsluráðstafana, sem ég gerði grein fyrir áðan, nægi til að standa undir þeim ráðstöfunum.

Rétt er að taka það fram, að hækkun eða lækkun tekna ríkissjóðs vegna þeirra breytinga á gjöldum er miðuð við eitt ár og breytingin er að sjálfsögðu talsvert minni ef aðeins er litið á árið 1982, en það veltur m. a. á því, hvenær þau taka gildi. Gert er ráð fyrir að lögin geti tekið gildi um næstu mánaðamót. Hér er því ekki um að ræða nema í mesta lagi 10 mánaða gjaldtöku eða gjaldniðurfellingu.

Rétt er að geta þess, að lagt verður fram frv. um skatt á banka og sparisjóði sérstaklega. Verður það mál tekið fyrir sér, enda er þar um viðamikið og flókið mál að ræða og þótti réttara að hafa það í sjálfstæðu frv.

Ég vil nú víkja að einstökum atriðum frv. og þá fyrst að tollafgreiðslugjaldinu í I. kafla þess. Lagt er til að tekið verði upp sérstakt gjald vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum. Eins og fram kemur er gert ráð fyrir að gjaldið verði tvenns konar, þ. e. annars vegar gjald sem er ákveðið hlutfall af tollverði innfluttrar vöru, 1%, það er almenna gjaldið, og svo hins vegar tiltekin fjárhæð fyrir hverja tollafgreiðslu í þeim tilvikum þegar almenna gjaldið á ekki við. Það er sem sagt lagt til samkv. frv. að nokkrir vöruflokkar verði undanþegnir þessu almenna 1% tollafgreiðslugjaldi. Það eru í fyrsta lagi matvörur, þ. e. vörur sem falla undir 1.—4. flokk tollskrárlaganna og ætlaðar eru til manneldis. Það eru í öðru lagi svokallaðar EFTA-vörur, þ. e. vörur sem við tollafgreiðslu eru undanþegnar tolli samkv. ákvæðum samnings um aðild Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu. Það eru í þriðja lagi ýmiss konar aðföng til innlendrar framleiðslu, þ. e. hráefni, efnivörur og vélar og varahlutir sem nú eru toll- og vörugjaldsfrjáls við innflutning samkv. ákvæðum tollskrárlaga. Í fjórða lagi er um að ræða eldsneyti, fljótandi eldsneyti, flugvélaeldsneyti, gasolíu og brennsluolíu og í fimmta lagi skip, flugvélar og varahluti til þeirra.

Eins og fram kemur í 1. gr. er þetta ákveðna krónutölugjald ákveðið með reglugerð. Ég vil taka það sérstaklega fram í þessu sambandi, að í sjálfu sér er ekkert því til fyrirstöðu, að ákveðið sé í lögunum að þetta gjald skuli innheimt. Það, sem skiptir máli, er fyrst og fremst það, að heimilt sé að undanþiggja ákveðna vöruflokka þessu gjaldi ef sérstök nauðsyn þykir bera til. Þetta er skýrt í grg. frv. þar sem vakin er athygli á því, að fyrst í stað verði þetta sérstaka krónutölugjald ekki lagt á EFTA-vörurnar, þ. e. annan vöruflokkinn, þar sem talið er nauðsynlegt að kynna það mál innan þeirra alþjóðlegu samtaka sem við eigum aðild að, EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu. Þess vegna verður einhver bið á því, að gjaldið verði lagt á þann vöruflokk. Af þeirri ástæðu þótti eðlilegra að þetta væri heimildarákvæði og í reglugerð yrði þá til bráðabirgða þessi vöruflokkur undanþeginn. Ég hef hins vegar orðið var við það, að mönnum þykir í þessu fólgið eitthvert óeðlilegt valdaafsal til ráðherra. Sjálfsagt er að breyta þessu, ef mönnum þykir betra að Alþingi ákveði þetta gjald og síðan sé þá ráðherra heimilt að fella niður gjaldið til bráðabirgða af ákveðnum vöruflokkum.

Ég vil hins vegar segja það um þetta atriði, að í þessari löggjöf eru auðvitað fjöldamörg ákvæði þess efnis, að Alþingi ákveður með lögum í samræmi við stjórnarskrá að leggja gjald á, en felur síðan framkvæmdavaldinu að ákveða upphæð gjaldsins eftir því sem talið er skynsamlegt á hverjum tíma og innan ákveðinna marka. Þetta hefur reynst alveg sérstaklega eðlilegt og nauðsynlegt í þjóðfélagi okkar þar sem mikil verðbólga er ríkjandi og oft þarf að breyta gjöldum. Þannig hefur framkvæmdavaldið fengið heimild Alþings til þess að hækka bensíngjald með jöfnu millibili, flugvallagjald og raunar fjölmörg önnur gjöld.

Í II. kafla frv. eru ákvæði um launaskatt. Þar er aðalatriði málsins að verið er að lækka launaskatt á útflutnings- og samkeppnisiðnaði og hjá fyrirtækjum í fiskverkun. Það skal tekið fram, að strax þegar ákvörðun var tekin um að fella niður þetta gjald, var gert ráð fyrir að niðurfellingin væri þó í iðnaði bundin við útflutnings- og samkeppnisiðnað, enda er verið að veita þessum atvinnugreinum sérstakan stuðning. Ef við aftur á móti förum yfir í þjónustuiðnaðinn, viðgerðariðnaðinn eða byggingariðnaðinn, þá er auðvitað orðið mjótt á mununum milli þessara atvinnugreina annars vegar og svo ýmiss konar almennrar þjónustu í þjóðfélaginu, sem ætti þá kannske alveg sama rétt á því að fá þennan skatt niður felldan. Einhvers staðar verður að draga mörkin ef niðurfellingin er ekki almenn, og það þykir rétt að takmarka niðurfellinguna við útflutnings- og samkeppnisiðnaðinn eins og skýrt kemur fram í frv. Um þetta er fullt samkomulag í ríkisstj. og milli stjórnarflokkanna og hefur verið, enda frá öndverðu við það miðað að niðurfellingin væri takmörkuð við þessa mikilvægu þætti iðnaðarframleiðslunnar í landinu.

Annað aðalatriðið í sambandi við breytingar á lögum um launaskatt er það, að ákveðið er að til viðbótar því álagi, sem fellur á launaskatt ef hann er ekki greiddur á réttum tíma, skuli greiða dráttarvexti af vangreiddum launaskatti fyrir hvern byrjaðan mánuð frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir eindaga. Dráttarvextirnir verða hinir sömu og dráttarvextir hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Það er rétt að vekja á því athygli, að innheimta launaskatts hefur verið í nokkru ólagi vegna þess hvað viðurlög við vangreiðslum hafa verið léttvæg. Menn hafa komist upp með það að fá 25% hækkun skattsins og hafa augljóslega haft mikinn hag af því að sleppa því að greiða skattinn svo sem eins og eitt ár, því að vextir hafa verið miklu hærri í þjóðfélaginu en nemur viðurlögunum. Menn hafa því getað aflað sér rekstrarfjár með því að fresta því að greiða skattinn. Við svo búið má að sjálfsögðu ekki standa. Við verðum að líta svo á að hér sé um úrelt ákvæði að ræða sem við hljótum að leiðrétta. Það er gert með því að taka upp sams konar viðurlög og gilda varðandi söluskattinn, en eins og kunnugt er fellur verulegt álag á söluskatt á fyrstu dögunum eftir að hann er kominn í vanskil og síðan, eins og hér er gerð till. um, eru reiknaðir dráttarvextir af því sem vangreitt er.

Til greina kom í þessu sambandi að innheimta launaskattinn oftar en gert er. Hann er innheimtur þri-

svar á ári. Vissulega hefði komið til greina að hafa sama hátt á og með söluskattinn, að innheimta hann 12 sinnum á ári, ellegar 6 sinnum á ári, en horfið var frá því og það eitt látið nægja, að dráttarvextir séu lagðir á vangreiddan launaskatt. Auk þess eru hér nokkur ákvæði sem eru fyrst og fremst til lagfæringar úr því að verið er að fjalla hér um launaskattinn á annað borð. Eru þau flest minni háttar en horfa til samræmis.

Í þriðja lagi er í frv. gerð till. um lækkun stimpilgjalda af afurðalánum. Þegar stimpillög voru sett á sínum tíma var gert ráð fyrir að stimplun skuldabréfa og tryggingabréfa vegna afurðalána væri með hagstæðari kjörum en önnur stimplun. Af tilteknum ástæðum hefur farið svo á seinustu árum að bankarnir hafa ekki séð sér fært að afgreiða afurðalán með víxlum eins og áður var. Hefur þetta leitt til þess, að í raun og veru eru stimpilgjöld orðin allmiklu hærri en þau voru áður fyrr, vegna breyttra vinnubragða við frágang á afurðalánaskjölum. Hér er því slegið föstu, að afurðalán skuli stimplast með 0.3 prósentustigum. Það er í reynd lækkun úr 1% í 0.3% og er því verulegur tekjumissir fyrir ríkissjóð eða 20 millj. kr. og samsvarandi hagsbót fyrir atvinnuvegina.

Í fjórða lagi er till. gerð um framlengingu tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex, en þetta gjald á að falla niður 1. mars n. k. að öðru óbreyttu. Gert er ráð fyrir að gjaldið falli niður í nokkrum áföngum. Það lækkar í 32% 1. mars n. k. úr 40% sem það hefur verið í síðan í 24% 1. júní n. k., 16% 1. sept. og 8% 1. des. Sá hluti gjaldsins, sem var í 32%, lækkar nokkuð samsvarandi, þó jafnvel öllu hraðar eða í 24% um næstu mánaðamót, 18% 1. júní, 12% 1. sept. og 6% 1. des.

Gert er ráð fyrir að gjaldið falli með öllu niður að einu ári liðnu. Ekki veit ég hvort sá frestur reynist nægur til að sælgætisframleiðendur hér á landi geti aðlagað sig erlendri samkeppni, þeim mikla innflutningi sem verið hefur á þessum vörutegundum, eða hvort hér er einungis um gálgafrest að ræða. En við skulum svo sannarlega vona á þessi frestur verði vel nýttur og að eftir að þessu aðlögunartímabili lýkur verði þessi iðnaður fær um að standast samkeppni við innfluttar vörur. Við rekum okkur hér á samningsákvæði í samningum okkar við Efnahagsbandalagið og EFTA. Það er heimilt að leggja slík gjöld á til bráðabirgða og til skamms tíma, en fyrr eða síðar verða gjöldin að falla niður. Hér er sem sagt með samkomulagi við þessa aðila fengin sú niðurstaða, að gjöldin verði lögð á innflutninginn í eitt ár í viðbót.

Ég vil taka það fram í sambandi við áætlanir um tekjur og tekjumissi vegna þessara gjalda, vegna þess að ég þykist vita að um það verði spurt í viðkomandi nefnd, að hér er um lauslegar áætlanir að ræða. Það er ákaflega erfitt að áætla nákvæmlega t. d. hvað tollafgreiðslugjaldið gefur. Ég hygg þó að upphæðin sé frekar lægri en hærri, en hér verður auðvitað fyrst og fremst að styðjast við reynsluna frá liðnu ári og þetta er að sjálfsögðu áætlunarupphæð.

Sama gildir um launaskattinn. Það er ekki fyrir hendi nein sundurliðun um greiðslu launaskatts í einstökum atvinnugreinum. Það er því ákaflega erfitt að áætla þessa upphæð nákvæmlega. Hér er upphæðin þó áætluð með hliðsjón af þeim bestu gögnum sem fáanleg eru og er miðað við eins árs launaskattsgreiðslu.

Um stimpilgjaldið er það að segja, að enn þá erfiðara er að áætla tekjumissi ríkissjóðs af þeim sökum, vegna þess að hvergi í ríkiskerfinu er sundurliðað nákvæmlega hvað inn hefur komið vegna stimpilgjalds af afurðalánum og hvað hefur komið inn vegna stimpilgjalds af t. d. fasteignalánum eða fasteignaafsölum o. s. frv. En miðað við það, hvað afurðalán eru stór hluti af heildarútlánum í landinu, og miðað við þá um leið hugsanlega veltu á fasteignamarkaði var þessi tala áætluð lauslega. Þessi tala getur verið hærri og hún getur verið lægri.

Herra forseti. Eg held að ekki sé þörf á að fjölyrða frekar um þetta frv. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Á. Matthiesen: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er annar þátturinn af ráðstöfunum ríkisstj. sem hún boðaði í skýrslu sem lögð var fram á Alþingi fyrir nokkru og umr. fóru fram um.

Þær aðgerðir, sem í þeirri skýrslu voru boðaðar, fást ekki sýndar Alþingi í einu lagi þannig að alþm. og nefndir Alþingis geti gert sér grein fyrir dæminu öllu saman í einu lagi. Það er skiljanlegt hvers vegna það er. Hér er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir, enn einar bráðabirgðaráðstafanirnar sem núv. hæstv. ríkisstj. beitir sér fyrir, og telur nú þægilegra að koma með málið inn á Alþingi í smáskömmtum.

Þegar við ræðum frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum örfáum dögum eftir að ríkisstj. hefur haldið upp á tveggja ára afmæli sitt, þá er ekki óeðlilegt að við rennum huganum örlítið aftur í tímann og minnum á það sem sagt hefur verið þegar hæstv. ríkisstj. hefur á þriggja mánaða fresti tilkynnt um aðgerðir í efnahagsmálum, talið þjóðinni trú um að verið væri að ræða um stefnu hennar í efnahagsmálum og aðgerðir í samræmi við það. Ævinlega höfum við eftir að hafa hlýtt á hæstv. forsrh. gera grein fyrir þessu — heyrt eða lesið í blöðum ummæli annarra hæstv. ráðh. um að það yrðu að koma til viðbótaraðgerðir ef ekki ætti allt að fara um þverbak. Þessar viðbótaraðgerðir hafa verið á ferðinni á þriggja mánaða fresti, eins og ég sagði áðan, samfelldar bráðabirgðaráðstafanir, sannkallaðar skottulækningar, sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir.

Hver er svo staða efnahagsmálanna nú þegar við ræðum þetta frv.? Það er nýbúið að reikna út framfærsluvísitöluna sem á síðustu þrem mánuðum hækkaði um 12.72%. Verðbólgustigið er því 61.4% nú tveimur árum eftir að ríkisstj. tók við völdum. Verðbólgan síðustu tólf mánuði er 46%, þá tólf mánuði sem hæstv. ríkisstj. sagðist ætla að koma verðbólgunni niður í 40%. Í skýrslu ríkisstj. um efnahagsstefnuna næstu þrjá mánuði er þess getið, að tekist hafi að lækka verðbólguna, eins og að var stefnt, úr 60%, sem hún hafði verið undanfarin tvö ár, niður í 40%. En 1½ mánuði eftir að þetta útreikningsdæmi er talið liggja fyrir er verðbólgustigið 61.4%, og staðreynd er að framfærsluvísitalan hækkaði frá 1. febr. 1981 til 1. febr. 1982 um 46%.

Þær staðreyndir, sem ég hef hér farið með, sýna okkur betur en nokkuð annað að sú gagnrýni, sem borin var fram af stjórnarandstöðunni á s. l. ári varðandi ráðstafanir ríkisstj., að um væri að ræða bráðabirgðaráðstafanir, sýnir sig í dag að hafa verið réttmæt og niðurtalningin, sem Framsfl. hefur verið að byrja á á hverjum þriggja mánaða fresti, stendur með þeim hætti að verðbólgan nú er 61.4% miðað við útreikninginn 1. febr.

Mér er ekki ljóst hvernig menn geta sagt að niðurtalningin sé í fullum gangi og með hvaða hætti menn geta

reiknað slíkt út. Þær reikningskúnstir kann ég ekki. Í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum er ekki um að ræða annað en áframhaldandi bráðabirgðaráðstafanir sem byggjast á sömu meginþáttunum og þær bráðabirgðaráðstafanir sem ríkisstj. hefur beitt sér fyrir, þ. e. vísitöluleik, fara í kringum vísitöluna með einum eða öðrum hætti til þess að ná henni niður frá upphafi árs, án þess að nokkurn tíma sé höggvið að rótum þess meins sem við eigum við að glíma. Í opinberum fjármálum er ekki verið að draga úr rekstrargjöldum. Það, sem þar er gert, er að dregið er úr opinberum framkvæmdum en rekstrargjöldin eru aukin. Ef á vantar til þess að endar nái saman er gripið til þess sama ráðs: að framlengja vinstri skattana og leggja á nýja skatta. Allt stefnir þetta í þá átt að rýra kjör fólksins í landinu.

Í skýrslunni um efnahagsmálin er gert ráð fyrir að á þessu ári verði viðmiðunartala ríkisstj. frá upphafi til loka 35% og verðbólguhraðinn í lok ársins kominn niður í 30%, þ. e. sá verðbólguhraði sem nú er yfir 60%. Ætlað er að honum verði komið með aðgerðum ríkisstj. í lok ársins niður í 30%. Nú er öllum mönnum ljóst, sem lesið hafa það frv., sem hér er til umr., og þá grg. sem því fylgir að dæmið er aðeins gert upp fram á mitt ár. Síðari hluti ársins er ekki tekinn með. Það er hvorki hægt að fá um það upplýsingar né heldur, eins og ég gat um áðan, um einstaka þætti þeirra mála sem eru nú lagðir fyrir Alþingi og verða lagðir fyrir Alþingi. Kunnugt er um samdrátt í ríkisútgjöldum, niðurskurð á ríkisútgjöldum, sem nemur á fjárlögum 1982, 120 millj. kr. en hann er ekki hægt að fá sundurliðaðan. Fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. hafa óskað eftir því, en um það hafa ekki fengist nein svör frekar en um annað.

Ef við látum okkur detta í hug að það, sem sett var fram í skýrslu ríkisstj. í efnahagsmálum sem markmið, muni nást, þá getum við gert okkur grein fyrir — miðað við þær ráðstafanir sem nú hafa verið boðaðar — hversu ótrúlega mikið fjármagn það er sem ríkisstj. enn þarf að afla til þess að nokkur leið sé að nálgast þær tölur. Það eru nokkur hundruð millj. kr. sem þarf til þess að því markmiði verði náð. Og með hvaða hætti mun ríkisstj. ná þessu fjármagni? Það liggur í augum uppi. Það eru auðvitað skattborgararnir sem þar koma til með að svara, til þeirra verður leitað og pinklunum dreift meðal þeirra. En þessi vinnubrögð eru, eins og ég sagði, öll með ráðum gerð.

Menn kjósa fremur að koma fram með skýrslu en leggja á borðið hvernig dæmið liggur fyrir og þá út allt árið. Það er nýbúið að samþykkja fjárlög. Þau höfðu viðmiðunartölu. Menn treysta sér ekki til að gera sér grein fyrir því, hvernig þeir hygðust ná málum fram. Lánsfjáráætlun og lánsfjárlög, sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi, hafa enn ekki verið afgreidd og ekki séð hvað þar muni vera á ferðinni.

Það eru sem sagt orð í staðinn fyrir efndir sem við erum að fjalla um í dag. Í skýrslu ríkisstj. voru boðaðar tollalækkanir. Síðan er staðreyndin sú, að um er að ræða tollalækkanir á vísitöluvörum — aðeins vísitöluvörum, og lækkunin er látin koma fram rétt fyrir útreikning framfærsluvísitölu til þess að hafa áhrif á kaupgjaldsvísitöluna. Það er boðuð lagasetning um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum til þess að stuðla að hagkvæmum innkaupum. Síðan er lagt til að leggja á tollafgreiðslugjald. En þá er það auðvitað ekki lagt á þær vörur sem vísitalan telur. Það er boðuð lækkun á launaskatti um 1%. Svo þegar tölurnar birtast er aðeins gert ráð fyrir að slík lækkun nái til þriðjungs álagningarstofnsins. Það er boðuð vaxtalækkun í samræmi við hjöðnun verðbólgunnar um leið og lagt er til að skattleggja peningastofnanir, sem auðvitað lendir að lokum á þeim sem við bankana skipta og greiða sinn kostnað, þ. e. lántakendum. Þannig eru þessi mál. Þó er að mínum dómi verst, þegar þau eru hér til umr., að ekki skuli fást nein svör við spurningum um þau atriði sem boðuð eru. Það fæst ekki gerð grein fyrir því, hvernig dæmið kemur til með að líta út í heild sinni. Hér er aðeins um að ræða bráðabirgðaráðstafanir fram eftir þessu ári. Kannske telur hæstv. ríkisstj. alveg ástæðulaust að hugsa um síðari hluta þessa árs, það verði ekki hennar hlutverk. Það væri vel ef það væri það sem að baki lægi og það yrðu aðrir aðilar sem tekið hefðu við stjórn landsins þegar kæmi til þess að leysa úr vandamálum þeim sem við blasa og aldrei hefur verið reynt að glíma við öðruvísi en með bráðabirgðaráðstöfunum.

Í grg. með þessu frv. er vikið að tekjuöflun ríkissjóðs og útgjöldum vegna þeirra ráðstafana sem gerðar hafa verið í sambandi við niðurgreiðslur og lækkun tolla. Hins vegar eru engar upplýsingar um með hvaða hætti aukning verður á niðurgreiðslum 1. mars, 1. maí og 1. júní, aðeins sagt að það verði samkvæmt nánari ákvörðunum sem teknar verði síðar. Það er eins og annað sem núv. hæstv. ríkisstj. er að gera í þessum málum.

Frv., sem við fjöllum um, er að mörgu leyti einstæður bandormur. Þar er blandað saman nýju tollafgreiðslugjaldi, sem upp skal taka, breytingu á lögum um launaskatt, hverri einustu grein þeirra laga, breytingu á lögum um stimpilgjöld og framlengingu á tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex.

Að því leyti er þessi bandormur að mínum dómi einstæður, að hér er lagt til að samþykkja nýja gjaldtöku. Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á lögum sem í gildi eru, hverri einustu grein þeirra laga. Ég hugsa að slíkur bandormur sé algert einsdæmi í sögunni. Það hefur oft verið gripið til þess ráðs — ég kann ekki við að nota orðið oft — það hefur stundum verið gripið til þess ráðs að flytja frv. sem nefnt er „bandormur", þ. e. breyting á nokkrum lögum. Ævinlega hefur þá verið um að ræða tiltölulega litla breytingu á hverjum þeirra laga sem um var fjallað. En ný skattlagning og breyting á hverri einustu grein heils lagabálks held ég að hafi ekki tíðkast áður.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að lagt skuli á tollafgreiðslugjald. Í yfirlýsingu ríkisstj. segir í kaflanum Önnur fjáröflun að lagt verði á sérstakt tollafgreiðslugjald. Í sömu mgr. er vikið að því, að stefnt verði að greiðslufresti á aðflutningsgjöldum. En í þessu frv. er ekki að finna neitt ákvæði sem viðkemur því að greiðslufrestur verði heimilaður á aðflutningsgjöldum. Ef lagt hefði verið til að koma á greiðslufresti aðflutningsgjalda, tollkrít, hefði það að sjálfsögðu átt að fylgjast að. Það, sem hér er að gerast, er einfaldlega það, að ríkisstj. er að nýta sér þá hugmynd sem fram hefur verið sett hér á Alþingi og þeir, sem að innflutningsmálum standa, eru mjög áhugasamir fyrir, að ná fram gjaldfresti á aðflutningsgjöldum til þess að lækka vöruverð og til þess að ná hagkvæmari innkaupum á vöru til landsins. Ríkisstj. nýtir sér þá hugmynd með því að leggja á aðflutningsgjald mörgum, mörgum mánuðum áður en til þess gjaldfrests kemur. En það er í skýrslu ríkisstj. orðað svo að hann muni tekinn upp, að tollkrít verði tekin upp í

áföngum frá næstu áramótum að telja.

Frv. um afgreiðslufrest á aðflutningsgjöldum var hér til umr. fyrir nokkrum dögum. Hæstv. fjmrh. treysti sér þá auðsjáanlega ekki til að vera viðstaddur og gefa yfirlýsingu þess efnis, að tollkrít skyldi tekin upp, enda má segja að fulltrúar ríkisstj. hafi farið undan í flæmingi þegar þessi mál hafa verið á döfinni. Þess vegna er að mínum dómi mikil spurning hvort það, sem sagt er í skýrslu ríkisstj., nái fram að ganga, þ. e. að stefnt verði að tollkrít fyrir næstu áramót.

Ef efni 1. og 2. gr. er skoðað, þ. e. till. um álagningu tollafgreiðslugjalds, þá vakna margar spurningar. Hér er verið að leggja á skatt með reglugerð. Hins vegar er skýrt tekið fram í stjórnarskránni að skattar skuli lagðir á og teknir af með lögum. Hér er gert ráð fyrir því, að það skuli gert með reglugerð, og meira að segja, þar sem um er að ræða undantekningarákvæðin, gert ráð fyrir að slíku sé hægt að breyta. Í aths. við 1. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þar sem um heimildarákvæði er að ræða er hugsanlegt að ekki verði strax lagt gjald á vörur sem nefndar eru í 2. tölul. 1. gr. (fríverslunarvörur) fyrr en að nánar athuguðu máli með hliðsjón af samningum Íslands við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu." Hér hefur hæstv. fjmrh. komið fram með frv., þar sem leitað er eftir heimild til þess að leggja á tollafgreiðslugjald með reglugerð, og segir svo í grg. að þau heimildarákvæði varðandi undantekningarákvæði greinarinnar komi til greina að nota þegar búið sé að athuga samninga sem Ísland hefur gert við EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu. Mér finnst að hæstv. fjmrh. hefði átt að gera þm. grein fyrir því, hvert væri hans sjónarmið í þeim efnum, hvort tollafgreiðslugjald eins og hann leggur til að á verði lagt samrýmist samkomulaginu sem við höfum gert eða ekki. Hér er verið að afla heimildar til reglugerðarútgáfu ef athugun síðar meir leiðir í ljós að slíkt geti átt sér stað eða samrýmist því samkomulagi.

Þá vil ég enn fremur benda á að við erum aðilar að Tollabandalagi Evrópu og í þeim samningi, sem um það gildir, eru ákvæði sem beinlínis gera ráð fyrir að slíkt tollafgreiðslugjald sé ekki lagt á. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort athugað hafi verið hvort þetta samrýmdist þeim samningi eða hvort ætlunin sé að hafa það eins með tollalagasamninginn og samningana við EFTA og Efnahagsbandalagið, að það verði til könnunar síðar, en til öryggis vilji menn afla sér heimildar til álagningar gjaldsins með reglugerð.

Það er síðan gerð grein fyrir því í grg. frv., að þetta muni gefa ríkissjóði tekjur sem nema 54 millj. kr. Mér er nú spurn: Hvernig reikna menn út svona tölu miðað við alla þá fyrirvara, sem í frv. eru gerðir, og allar þær athuganir, sem eftir er að gera í sambandi við þetta dæmi? Þess hefur verið óskað, að tölulegir útreikningar varðandi þetta frv. verði af hálfu fjmrn. lagðir fram í fjh.- og viðskn. svo að hægt sé að gera sér grein fyrir því, á hvaða grunni þessar tölur eru byggðar. Hæstv. fjmrh. viðurkenndi að vísu í ræðu sinni áðan að þetta væri ekki áreiðanlegar tölur og það væri ákaflega erfitt að reikna þetta út. Hvers vegna er erfitt að reikna þetta út? Einfaldlega vegna þess að eins og þetta er sett hér fram er það ákaflega erfitt og flókið í framkvæmd. Hér er um að ræða tollafgreiðslugjald sem hlutfall af verði. Geri menn ráð fyrir að hér sé um að ræða gjald vegna afgreiðslu á skjölum, þá er það kostnaður vegna hvers skjals. En það liggur ljóst fyrir að hér er um að ræða nýjan tekjustofn sem ríkisstj. er að leggja á eða ætlar sér að leggja á.

Í II. kafla frv. eru breytingar á lögum um launaskatt. Ég gat þess áðan að ég teldi það einsdæmi, að í slíkum bandormi væru gerðar breytingar á lögum sem eru í 13 greinum og gerðar breytingar á 12 þeirra. Það er að vísu ekki breyting á greininni „Lög þessi öðlast þegar gildi." En við aðrar 12 greinar laganna eru hér gerðar brtt.

Ég hefði talið miklu eðlilegra — og það hefði ekki orðið til þess að mínum dómi að breyta neinu um framgang þessara mála hér á Alþingi — að fjmrh. hefði flutt frv. um breytingu á lögum um launaskatt og síðan annað frv. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs, þar sem hugmynd hans og ríkisstj. um tollafgreiðslugjald, lækkun á stimpilgjaldi og framlengingu á tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex væru saman komin sem nokkuð venjulegur bandormur eins og þeir hafa verið lagðir fram á Alþingi.

Ég held að slík vinnubrögð sem þessi eigi ekki að viðhafa, það sé miklu skynsamlegra að öðruvísi sé að farið og þá standi ekkert á alþm. að sjá um að fyrirgreiðsla hér á þingi geti verið með nákvæmlega sama hætti og ætlast er til í sambandi við þennan bandorm sem er hér til umræðu.

Það er eins með þær brtt., sem gerðar eru við lögin um launaskatt, og um tollafgreiðslugjaldið, að hér er um að ræða að ákveða með reglugerð hvaða þættir fiskverkunar og iðnaðar skuli greiða 2.5% launaskatt í staðinn fyrir 3.5% sem nú er. Spurningin er: Hvernig hugsa menn sér að greina iðnaðarþáttinn í sundur? Hér er gert ráð fyrir að mismuna. Ég spyr: Hvernig hugsa menn sér að greina í sundur hjá þeim fyrirtækjum sem stunda hvort tveggja innflutningsverslun og iðnað? Ég held að hér sé um að ræða till. sem menn hafa ekki gert sér grein fyrir hvernig þeir hygðust framkvæma.

Mér hefur verið tjáð að einn af þm. úr liði ríkisstj., hv. 12. þm. Reykv., sé þegar búinn að flytja brtt. til þess að koma í veg fyrir það sem stefnt sýnist að með þessari grein, koma í veg fyrir að mismunun verði að ræða. Á þskj. 356 hefur hann flutt till. þar sem gert er ráð fyrir að greiða skuli 2.5% launaskatt af vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og iðnaði.

Ég segi það eins og er, að hér er um að ræða bót á þessu frv. Ég spyr nú: Hvernig hefur verið staðið að þessu máli, þegar þessi hv. þm., sem ég veit að hefur verið þessum hnútum gerkunnugur, enda, ef ég man rétt, í efnahagsnefnd ríkisstj. sem fjallar um þessi mál, grípur til þessa ráðs?

Ég held að eðlilegast hefði verið og skynsamlegast að lækka launaskattinn alfarið úr 3.5% í 2.5%. Í þessu dæmi er um að ræða 30 millj. til lækkunar á tekjum ríkissjóðs, að sagt er. Þó er því bætt við að þessar tölur séu ekki áreiðanlegar, það sé erfitt að reikna þær út. Ég spyr: Hafa menn — enda þótt viðbótarviðurlagaákvæðið sé til þess gert að menn skili launaskattinum fyrr en ella — gert ráð fyrir því, hverjar yrðu tekjur ríkissjóðs af því nýja ákvæði? Viðurlögin hafa verið 25% álag. Síðan er bætt við, eins og sagt er hér, til samræmis við söluskattinn dráttarvöxtum samkv. þeim ákvæðum sem um þá gilda samkv. ákvörðun Seðlabanka Íslands.

Við höfum beðið um það í fjh.- og viðskn. að fá þessa útreikninga til þess að gera okkur grein fyrir hvernig þetta dæmi kemur endanlega til með að líta út. 1% lækkun hefði hins vegar þýtt 110 millj. kr. rúmlega,

þannig að þar hefði verið um meira tekjutap að ræða, það liggur ljóst fyrir. En ég er sannfærður um að atvinnuvegirnir eru nú þannig í stakk búnir að ekki hefði veitt af því að koma fram með slíka tillögu.

Þá er einnig um að ræða breytingu á innheimtunni sem er íþyngjandi fyrir minnstu fyrirtækin, sem greiða launaskatt, og gerir þeim að því leyti erfiðara að standa skil á skattinum.

Hér er um að ræða, eins og þetta er lagt fram, afar vandasama framkvæmd. Ég verð að segja það eins og er, að mér finnst furðulegt hvernig lagatextar hafa verið hér útbúnir. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að það er fyrst og fremst eitt sem vakir fyrir þeim sem að því standa: að láta sem minnst af mörkum til þess að ná fram þeim útreikningi, sem þeir hyggjast ná í sambandi við framfærsluvísitölu frá upphafi árs til loka og hafa eins mikið og unnt er í aðra hönd fyrir hið opinbera.

Varðandi breytingar á stimpilgjöldunum teljum við að þar hefði mátt gera aðrar lagfæringar sem eðlilegar gætu talist. Munum við vikja að því í fjh.- og viðskn. þegar frv. verður til umr. þar.

Síðan er enn framlengt innflutningsgjald á sælgæti og kex. Það var hins vegar ekki að heyra á hæstv. fjmrn., að hann væri vongóður um að á þeim tíma, sem hér væri stefnt að það félli niður á, vænkaðist svo hagur iðnaðarins í landinu að hægt væri að fella gjaldið niður þegar að því kæmi. Ég skil ósköp vel að hann eigi ekki von á að það blási svo byrlega fyrir iðnaðinum, þar sem hér er verið að aðstoða hann, að hann megi missa spón úr aski sínum, og þess vegna hafi hann látið þessi orð falla áðan.

Eins og ég gat um í upphafi míns máls er hér um að ræða hluta af þeim ráðstöfunum sem hæstv. ríkisstj. boðaði fyrir nokkru. Hún flutti þann boðskap í orðum. Hluti af því sér nú dagsins ljós á prenti og þar er æðimikill munur á, eins og margan grunaði þegar hlustað var á þann flutning. Hér er ekki heldur gert ráð fyrir ráðstöfunum lengur en til 1. júní. Menn vilja ekki horfast í augu við það vandamál. sem við höfum haft við að glíma og sýnir sig á stöðu mála í dag að síður en svo hefur batnað í tíð núv. ríkisstj., miklu fremur versnað. Við skulum þess vegna bara vona þjóðarinnar vegna, að það sé ekki fjallað um síðari hluta ársins vegna þess, að þeir, sem fjalla um málin í dag í ríkisstj., geri ekki ráð fyrir að þeir fjalli um þá á síðari hluta ársins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Áður en ég kem að efni þessa frv. vil ég gjarnan vekja athygli hæstv. forseta á ákveðnu ósamræmi í sambandi við prentaða dagskrá. 1. tölul. á dagskrá þess fundar, sem við erum nú á, heitir: Ráðstafanir í efnahagsmálum, frv.,- en frv. það, sem við erum að ræða, heitir: Frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkissjóðs. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta þingsins á þessu ósamræmi og óska eftir að hæstv. forseti leiðrétti þetta. Það er stórt orð Hákot og hér hafa oft komið fram frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum, en ég held, að þetta frv. verði varla kallað því nafni, og vil óska eftir því við hæstv. forseta, að hann leiðrétti hina prentuðu dagskrá og láti þess getið í leiðréttingunni hvað málið, sem er hér til umr. heitir réttu nafni. Þessari beiðni minni er hér með komið á framfæri.

Frv., sem er til umr. nú, ætti ekki að þarfnast mjög langrar umfjöllunar við 1. umr. Hér er um að ræða dæmigert mál núv. hæstv. ríkisstj. Frv. þetta er einn þáttur í þeirri viðleitni hæstv. ríkisstj. að reyna að koma í veg fyrir að fram komi atburðir sem þegar hafa orðið. Hæstv. ríkisstj. er að reyna að koma í veg fyrir að laun hækki 1. mars n. k. vegna verðhækkana sem þegar hafa orðið þegar þetta frv. er tekið til umr. Frv. er einn þáttur í þeirri viðleitni.

Vísitala framfærslukostnaðar er reiknuð út, eins og allir vita, 1. febr. fyrir síðustu þrjá mánuði og á að vera grundvöllur að kauphækkun 1. mars. n. k. vegna verðhækkana næstu þrjá mánuði þar á undan. Sú vísitala, sem reiknuð var út 1. febr. s. l., átti að segja hverjar hafi orðið verðhækkanirnar í nóvember- og desembermánuði árið 1981 og janúarmánuði 1982. Þessi vísitala átti að tjá verðhækkanir sem þá þegar voru orðnar. Efnahagsráðstafanir hæstv. ríkisstj., sem þetta frv. er einn þáttur í, miðast allar við að koma í veg fyrir að það fái að sjást hvað hefur þegar gerst. Ekki á að breyta einhverju sem er að gerast, heldur að koma í veg fyrir að það fái fram að koma sem þegar er orðið. Þess vegna greip hæstv. ríkisstj. til þess ráðs, þegar tímabilinu var lokið, þegar mánuðirnir nóvember og desember 1981 og janúarmánuður árið 1982 voru liðnir og engu var hægt að breyta af því sem þá hafði þegar gerst, að nú skyldi hún koma í veg fyrir að vísitala framfærslukostnaðar gæti tjáð það sem þegar hefði gerst. Þetta gerði hæstv. ríkisstj. með þeim hætti, að eftir mánaðamótin jan.-febr. s. l., þegar mánuðirnir nóvember, desember og janúar voru liðnir og allt orðið sem þá gerðist, þá kom hæstv. ríkisstj. fram með frv. á Alþingi sem m. a. hafði það í för með sér að lækka tolla um 22 millj. til að hafa áhrif á vísitöluútreikninginn sem átti að fara fram 1. febr. og átti að gefa til kynna verðhækkanir þrjá mánuðina næstu á undan. Til þess að þetta gæti gerst varð hæstv. ríkisstj. að fá umræddar breytingar á tollum til lækkunar samþykktar á tímabilinu frá 1. febr. til 5. febr. Þetta gat hæstv. ríkisstj. gert og með þessum aðferðum, með því að fá lögfesta föstudaginn 5. febr. hér á Alþingi nokkra tollalækkun, gat hæstv. ríkisstj. haft áhrif á framfærsluvísitöluútreikninginn 1. febr. til lækkunar, jafnvel þó svo að þeir, sem njóta þessara tollalækkana vegna kaupa á heimilistækjum, hafi ekkert af henni vitað mánuðina nóvember og desember á s. l. ári og janúar á þessu ári, sem var verið að mæla hækkun vísitölu framfærslukostnaðar fyrir.

Eins og ég sagði áðan var hér um að ræða lækkun á tollum á nokkrum rafknúnum heimilistækjum um 22 millj. kr. Sú lækkun var samþykkt á Alþingi 5. febrúar. 5. febr. er liðinn, eins og allir vita, og þá kemur fram nýtt mál, einnig um tolla, sem getur ekki haft nein áhrif á framfærsluvísitöluna 1. febr. Hvað skyldi það tollamál hafa í för með sér? Það hefur í för með sér tollahækkun upp á 54 millj. kr. M. ö. o.: fyrir 5. febr. lækkar ríkisstj. tolla um 22 millj. kr., en eftir 5. febr. hækkar ríkisstj. tolla um 54 millj. kr., rúmlega tvöfalda þá upphæð. Vegna þess að hún framkvæmdi lækkunina fyrir 5. febr. lækka laun í landinu sem eiga að bæta upp verðhækkanir sem þegar eru orðnar og eiga að koma til framkvæmda 1. mars n. k. Vegna þess að tollahækkunin kom ekki til framkvæmda fyrr en eftir 5. febr. munu launþegar að engu fá bætt í launum sínum fyrr en væntanlega 1. júní í sumar.

Meginkjarni þessara ráðstafana er að skipta á 22 millj. kr. tollalækkun og 54 millj. kr. tollahækkun og með því að velja dagsetningarnar á gildistöku þessa afskipta ríkisstj. af tollamálum nægilega haganlega er hægt að halda þannig á málinu að laun fólksins í landinu lækki af

þessum sökum 1. mars n. k. vegna þess að vísitalan mælir að launþegar hafi fengið miklar kjarabætur vegna þess að tollar voru lækkaðir um 22 millj. kr., þó að þeir verði hækkaðir um 54 millj. nokkrum dögum síðar.

Það þarf út af fyrir sig ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál. Málið snýst allt um dagsetningar í febrúar. Tollalækkunin varð að hafa átt sér stað fyrir 5. febr. og tollahækkunin varð að eiga sér stað eftir 5. febr. Tollalækkunin var 22 millj., tollahækkunin var 54 millj. Vegna þess að dagsetningarnar voru rétt valdar munu laun fólksins í landinu vegna þessara ráðstafana rýrna 1. mars n. k. Þetta, herra forseti, kallar Alþb. að skipta á sléttu og heldur því sennilega fram að launþegar hafi stórgrætt á skiptunum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvort ég á að fara nokkuð frekar út í þessa sálma, í efnisatriði frv., en ég hef þegar gert. Kjarni málsins, sem þegar er kominn fram, er að velja tímasetningarnar með þeim hagstæða hætti fyrir ríkisstj. að launþegar verði taldir stórgræða á 22 millj. kr. tollalækkun 5. febr. og 54 millj. kr. tollahækkun í febrúarlok.

Önnur atriði frv. lúta síðan að því, að nokkrir aðrir skattar eru lækkaðir eins og þar er tekið fram, þ. e. launaskattur og stimpilgjöld, en aðrir skattar hækkaðir á móti, þ. e. innflutningsgjöld á sælgæti og kex. Hvaða skattar skyldu það nú vera sem hæstv. ráðh. er að lækka og hvaða skattgjöld skyldi nú hæstv. ráðh. vera að hækka? Hæstv. ráðh. er að lækka skattgjöld á atvinnufyrirtækjum. Stimpilgjöld eru aðallega greidd af atvinnurekstrinum og launaskattur er eingöngu greiddur af atvinnurekstrinum. Það er verið að lækka fyrirtækjaskattana. En hvaða skatta er verið að hækka? Það er verið að hækka skattana sem allur almenningur borgar. Það er verið að hækka skattana á launafólki. Með skattahækkunum á launafólki er verið að greiða kostnaðinn af skattalækkunum vegna atvinnurekstrarins. Atvinnurekstrarskattarnir eru lækkaðir um 50 millj. kr. samtals. Launafólksskattarnir eru hins vegar hækkaðir um 62 millj. kr. samtals. Hæstv. ráðh. græðir því á öllu saman 12 millj. kr. Þann gróða uppsker hann vegna þess að hann hækkar skattana á almenningi meira en nemur þeim lækkunum sem hann framkvæmir fyrir atvinnufyrirtækin.

Herra forseti. Það er fyrrv. formaður Alþb. sem stendur að þessari afgreiðslu mála og leggur fram svona frv. eftir að hann hefur valið hagkvæmar dagsetningar í febrúarmánuði fyrir aðgerðir sínar í tollamálum, — dagsetningar sem valda því, að launþegar verða fyrir kauplækkun. Launþegar eru taldir stórgræða á því, að tollar skuli fyrst lækkaðir 5. febr. um 22 millj. kr. og síðan hækkaðir aftur í lok febrúar um 54 millj. kr. Alþb.-formaðurinn fyrrv., sem fyrst hefur unnið þetta afrek, snýr sér síðan að því að lækka skattana á fyrirtækjunum um 50 millj., en hækka skattana á launafólkinu um 62 millj. kr. til þess að afla 12 millj. kr. viðbótartekna í ríkissjóð. Þarna, herra forseti, hefur sem sé hæstv. ríkisstj. og Alþb. tekist að skipta á sléttu — þeir kalla það að skipta á sléttu — tvisvar sinnum í sama mánuði, og allur almenningur hefur að sjálfsögðu orðið fyrir stórkostlegum kjarabótum? Mætti út af fyrir sig sjálfsagt þess vegna leggja niður Alþýðusamband Íslands, enda er vart hægt að fullyrða neitt um hvort þau ágætu samtök eru lifandi eða dauð því það hefur ekkert til forustumanna þeirra samtaka spurst síðan einhvern tíma fyrir áramót. Þá heyrðist að forseti Alþýðusambandsins væri á leið á miðstjórnarfund í Alþb. Frá honum hefur ekkert frést eftir það og síst að til hans heyrðist þegar milli 6 og 12 þús. manns á Íslandi þágu atvinnuleysisbætur eftir áramót. Þá var forseti Alþýðusambandsins ekki til. Þá var hann hvergi að finna.

Auk þessa meginkjarna frv., sem ég hef hér lýst, eru í því nokkur formsatriði sem vissulega ber að skoða að vandvirkni. Þeim formsatriðum hefur hv. þm. Matthías Á. Mathiesen lýst. Sumum sýnist að þau samræmist varla stjórnarskrá lýðveldisins. Verður að sjálfsögðu að athuga það vandlega í meðferð þeirri sem frv. hlýtur í nefnd, en það er þó ekkert meginatriði í þessu máli.

Síðan eru í frv. allmargar greinar sem lúta að betri skilum á launaskatti og ýmsum breytingum til að herða eftirlit með skilum og hvetja til betri og fljótari skila á þessum skatti en gildandi reglur gera ráð fyrir, og er sjálfsagt að skoða það með velvilja. En að sjálfsögðu mun fjh.- og viðskn. taka sér þann tíma sem hún þarf til að skoða þessi mál, án þess þó að nokkur ástæða sé til þess að ætla að nefndin muni taka sér eitthvað rýmri tíma en ástæða er til. Ég tel enga ástæðu til þess fyrir nefndina að vera að draga neitt afgreiðslu þessa máls, en ég tel alveg sjálfsagt að hún taki sér þann tíma til að skoða málið sem hún þarf.

Ég vil því aðeins í lokin, áður en ég læt máli mínu lokið, varpa fram þeirri spurningu til þess eina framsóknarmanns sem ég sé í salnum, hvort hann sé nú ekki yfirtaks ánægður — annar en nú kominn — hvort þeir flokksbræðurnir séu ekki yfirtaks ánægðir með árangurinn eftir rúmlega tveggja ára samstarf í ríkisstj., sem að þeirra sögn grundvallaðist á stefnu Framsfl. og tilraunum til niðurtalningar verðbólgunnar. Ef þetta er niðurtalningarleiðin, sem nú er verið að afgreiða á Alþingi, er verið að tína smátt og smátt í okkur þm. upp úr tínupokum án þess að menn fái nokkurn tíma að sjá samræmið í heild eða nokkurn enda á þessum óskapnaði. Ef þetta er niðurtalningin var það þá þessi árangur, sem orðið hefur, sem þeir framsóknarmenn stefndu að? Eru þeir ánægðir með þann árangur sem niðurtalningin þeirra hefur skilað þjóðinni? Eru þeir ánægðir með árangur ríkisstj. sem þeir segja að hafi verið stofnsett til að framkvæma niðurtalninguna sem þeir boðuðu í kosningunum 1979? Eru þeir ánægðir með þann árangur sem orðið hefur af stefnu flokksins? Eða ætla þeir að halda því fram, að ríkisstj. sé nú búin að starfa á þriðja ár án þess að framsóknarmönnum hafi enn gefist færi á að hefja niðurtalninguna, án þess að Framsfl. hafi enn gefist tækifæri til að sýna fram á kosti niðurtalningar? Hvað átti þá að þýða, herra forseti, slíkt ábyrgðarleysi af þessum flokki að ganga til ríkisstjórnarmyndunar án þess að hafa náð nokkru samkomulagi, þegar ríkisstj. var stofnuð, um hvað ríkisstj. hygðist fyrir í efnahagsmálum? Það getur ekki verið nema um annað af tvennu: Annaðhvort hefur ríkisstj. verið að framkvæma niðurtalninguna og árangurinn er ekki meiri en við höfum fyrir augunum ellegar þá að ríkisstj. hefur ekki verið að framkvæma niðurtalninguna. Hvað hafa þá framsóknarmenn verið að gera í ríkisstj. á þriðja ár, og hvað átti það þá að þýða af þessum flokki að ganga til þessa ríkisstjórnarsamstarfs án þess að hafa náð nokkru samkomulagi við samstarfsaðila sína um eftir hvaða leiðum ríkisstj. ætlaði að starfa? Það er enginn þriðji kostur í málinu. Framsfl. verður að gefa svar við því, hvort heldur hann hafi verið að gera.

Því var lýst yfir á sínum tíma af formanni Framsfl., haustið 1979 og í upphafi árs 1980, að það væri margt líkt með þeim tillögum, sem Framsfl. flutti í kosningabaráttunni 1979 og nefndist „niðurtalningarleiðin", og þeim tillögum, sem Alþfl. hafði áður lýst í ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og hafði barist fyrir og unnið sigur árið 1978. Formaður Framsfl. lýsti margoft yfir að það væri ekki mikill munur á þessum tillögum og það ætti að vera hægur vandi fyrir þessa tvo flokka að ná saman um hugsanlegar leiðir til úrlausnar á grundvelli þeirrar stefnu sem fram var lögð. Framsfl. sneri við á sínum tíma og hafnaði því, að reynt yrði að ná þessu samkomulagi, taldi sig fá betra samkomulag í núv. ríkisstj. Er það þá að koma í ljós, að það samkomulag var ekki fyrir hendi, eða er að koma í ljós, að það samkomulag sé verið að framkvæma? Annaðhvort er að niðurtalning Framsfl. hefur verið framkvæmd eins og efni stóðu til og stjórnarsáttmálinn fjallaði um, og þá er árangurinn ekki beysinn, ellegar þá hitt, að Framsfl. hafnaði samkomulagi — og ekki bara hafnaði samkomulagi, heldur hafnaði öllum tilraunum til samkomulags á grundvelli þeirrar stefnu við aðila sem formaður Framsfl. lýsti sjálfur yfir að ætti að vera hægur vandi að ná samkomulagi við. Flokkurinn tók þvert á móti stefnu af leið og inn í núv. ríkisstj. án þess nokkru sinni, við stofnun þeirrar ríkisstj. eða síðar, að hafa getað náð nokkru samstarfi við samstarfsaðila sína í ríkisstj. um að framkvæma þá stefnu sem flokkurinn barðist fyrir í kosningunum 1979.

Herra forseti. Hvað er Framsfl. þá að gera í þessari ríkisstj., ef hann vinnur ekki að framkvæmd stefnunnar? Hvers vegna lætur flokkurinn þá ekki reyna á það, fyrst hann segist hafa tillögur og fyrst hann segist ekki ná tillögunum fram? Ef hann segist ekki ná tillögunum fram í núverandi stjórnarsamstarfi, af hverju lætur þá ekki flokkurinn reyna á hvort það kunni að finnast einhver stuðningur við þessar tillögur hér á Alþingi, hvort það kunni að vera einhver möguleiki á að ná samkomulagi um einhverjar þær ráðstafanir, sem Framsfl. gæti sætt sig við í efnahagsmálum, við aðra flokka þingsins en hann er í samstarfi við í ríkisstj.? Eða ætlar flokkurinn að sitja allt kjörtímabilið í stjórninni án þess að ná nokkurn tíma nokkru fram af því sem hann hélt fram á sínum tíma og hann sagði kjósendum sínum, þegar hann gekk til þessarar stjórnarsamvinnu, að ríkisstj. væri stofnuð um?

Ég held að enginn hafi átt von á öðru af hálfu Alþb. en því sem núv. ríkisstj. hefur gert. Allir, sem vinna með Alþb., vita hvað þeir fá. Þeir hafa ekki brugðist vonum eins eða neins. Þeir hafa ekki komið neinum á óvart. Allir, sem þekkja til Alþb., vita að ríkisstjórn, sem Alþb. á sæti í, mundi verða nákvæmlega eins og sú ríkisstj. hefur verið sem nú hefur setið síðan í febr. 1980, þannig að Alþb. hefur ekki komið á óvart í þessari ríkisstj. Sá, sem hefur komið á óvart í ríkisstj., er Framsfl., og Framsfl. getur ekki öllu lengur skotið sér undan því að svara þeirri einföldu spurningu: Er verið að framkvæma stefnu Framsfl. um niðurtalninguna eða er ekki verið að framkvæma stefnu Framsfl. um niðurtalninguna? Ef verið er að framkvæma stefnu Framsfl. um niðurtalninguna, er þá árangurinn ekki meiri en þetta? Ef ekki er verið að framkvæma stefnu Framsfl. um niðurtalninguna, hvað er þá flokkurinn að gera í ríkisstj.?

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það kerfi, sem við höfum búið við um alllangt skeið og enn er verið að lappa upp á með þeim aðgerðum sem hér eru boðaðar og eru til umr., hefur skilað okkur litlu í lífskjarabótum, en miklu í verðbólgu, litlu í lífskjarajöfnuði, en miklu í misrétti hvers konar. Kauphækkunin, sem launþegar fengu nýlega, 3.25%, er nú tekin til baka með niðurgreiðslum sem lækka verðlag, eins og framfærsluvísitalan mælir það, um 6%, en þýðir um leið 4% kaupmáttarskerðingu í reynd eða nokkru meira en kauphækkunin frá s. l. hausti nam. Á síðasta ári gerðist þetta með svipuðum hætti. Þá voru launin lækkuð með lagasetningu um 7%. Í báðum tilvikum fylgdi þetta beint í kjölfar hóflegra launasamninga, sem ríkisvaldið stóð að, en ógilti engu að síður litlu síðar. Verðhækkanir, gengisfellingar og launahækkanir elta hver aðra í eilífri hringrás. Ein bráðabirgðalausnin rekur aðra. Enginn varanlegur árangur, engar raunhæfar framfarir eru í þessum efnum. Með þeim aðgerðum, sem hér eru til umr. eru enn farnar sömu troðnu slóðirnar og áður og aðeins hugsað til næstu þriggja mánaða. Enn er haldið áfram að nota kolvitlausa framfærsluvísitölu til að koma aftan að fólki til að skerða verðbætur á laun. Nú eru tollar lækkaðir um 23 millj. kr., en hækkaðir um leið um 54 millj., og niðurgreiðslur eru stórauknar. Í reynd þýðir þetta, eins og ég áður sagði, 4% kjaraskerðingu þótt ekki mælist það þannig í úreltri framfærsluvísitölu. Útkomur verða allar rangar þegar málstokkurinn, sem mælt er með, er rangur.

Sem dæmi um, hve framfærsluvísitalan er vitlaus orðin sem málstokkur á verðbólgu í landinu og þá jafnframt sem málstokkur á kaupmátt launa, bendi ég á að hún segir að meðalfjölskylda í landinu, þ. e. vísitölufjölskyldan, noti 1.8% af ráðstöfunartekjum sínum í upphitunarkostnað. Svo til alls staðar utan Reykjavíkursvæðisins er þessi kostnaður 5—10 sinnum hærri. Þar er hann ekki 1.8% af ráðstöfunartekjum fólks, heldur 9—18% af ráðstöfunartekjum, og hjá láglaunafólki miklu meira en það. Áherslan á að notfæra sér þessa hrikalegu skekkju í grundvelli framfærsluvísitölunnar, sem tekur til svo til allra landsmanna annarra en þeirra sem á stór-Reykjavíkursvæðinu búa, er svo þung hjá hæstv. ríkisstj. að afkomu Hitaveitu Reykjavíkur, líklega hagkvæmasta fyrirtækis landsins, er ógnað. Ríkisstj. hefur litlar sem engar áhyggjur af kostnaði fólks utan Reykjavíkursvæðisins við upphitun húsa sinna — og það sem verra er: verkalýðsforingjarnir hér í Reykjavík virðast heldur engar áhyggjur hafa af því, þó að þeir séu í forsvari fyrir landssamtök launafólks. Þeir virðast vera hinir ánægðustu með þennan blekkingaleik. Hæstv. ríkisstj. hefur af því mestar áhyggjur að eðlileg hækkun á gjaldskrá Hitaveitu Reykjavíkur muni leiða til kauphækkunar fólks úti á landi, en það er óþarfi að mati hæstv. ríkisstj. því að það fólk greiðir ekki gjöld til Hitaveitu Reykjavíkur. Hæstv. ríkisstj. hefur sem sagt mestar áhyggjur af því, ef fólk á landsbyggðinni fengi tekið tillit til örlítils brots af þeim viðbótarkostnaði við upphitun húsa sem það hefur orðið að þola óbætt um árabil, — óbætt í framfærsluvísitölu, óbætt í verðbótavísitölu.

Ég neita því ekki, að stundum þarf að skerða verðbætur á laun, t. d. ef viðskiptakjör fara mjög versnandi og þjóðartekjur minnka að ráði, að ekki sé talað um, eins og nú á sér stað, að fjármagni þjóðarinnar er beinlínis varið til að skerða lífskjör hennar, t. d. með hóflausum innflutningi fiskiskipa, þótt afkastageta flotans, sem fyrir er, sé mun meiri en fiskstofnar okkar þola, og með hóflausri

fjárfestingu í landbúnaði, þótt framleiðsla landbúnaðarvara hafi til skamms tíma og sé á flestum sviðum enn miklu meiri en hagkvæmt er frá þjóðhagslegu sjónarmiði, og er þá vægilega til orða tekið. Ef nauðsynlegt er talið að skerða verðbætur á laun, t. d. sem lið í slagnum við verðbólguna, á að koma framan að fólki og segja því sannleikann, en hætta þessum endalausa feluleik og yfirklóri. Almenningur skilur gang þessara mála og samhengi þeirra miklu betur en ýmsir stjórnmálamenn virðast halda, og á ég þá einkum við Alþb.-menn.

Þótt ég sé sammála því, að samkeppnisiðnaður okkar eigi ekki að greiða hærri skatta en fiskiðnaður og þá ekki heldur hærri launaskatt, kemst ég ekki hjá því að benda á að enn er haldið áfram á þeirri braut núv. hæstv. ríkisstj. að stórlækka skattlagningu fyrirtækja á kostnað launþega í landinu, eins og hv. 3. þm. Vestf. lýsti áðan. Frá árinu 1979 hefur tekjuskattur félaga minnkað um fullan helming, frá því að vera 25% heildarskattsins í 12% á þessu ári samkv. fjárlögum, og nú á að lækka launaskatt. Allt er þetta gert undir forustu þeirra sem áður gátu vart vatni haldið vegna of lítillar skattlagningar fyrirtækja og birtu langa lista yfir tekjuskattslaus fyrirtæki máli sínu til stuðnings. Gaman væri að sjá sambærilegan lista nú.

Þótt nú sé stefnt að enn einni bráðabirgðalausninni þykist ég vita að meiri hluti Alþingis sé tilbúinn til raunhæfari aðgerða. Ég gæti t. d. trúað því, að meiri hl. Alþingis mundi styðja ýmsar af tillögum framsóknarmanna eins og þeim hefur verið lýst í blöðum að undanförnu. En Alþb. bannar þær. Það bannar framsóknarmönnum að leggja fram þær tillögur. Það bannar framsóknarmönnum að leggja fram sínar tillögur. Þess er neitunarvaldið. Undir það jaðarmen ganga framsóknarmenn að því er virðist af næsta fúsum vilja. Tillögur Alþb. ganga ævinlega út á það og það eitt að gefa sjúklingunum meiri deyfilyf, en fresta læknisaðgerðum. Í bili er það sársaukaminna. Ef litið er til lengri tíma er þó ólíkt skynsamlegra að beita róttækari læknisaðgerðum þótt undan kunni að svíða í bili.

Þótt langt sé frá því að við Alþfl.-menn séum ánægðir með þær ráðstafanir, sem hér eru til umr., og teljum þær einbert hálfkák, eins og glögglega kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf., og reyndar felast þær fyrst og fremst í því einu að blekkja fólk, þær felast í því að fela raunverulega 4% kaupmáttarlækkun, þá munum við Alþfl.-menn ekki bregða fæti fyrir afgreiðslu þeirra hér á hinu háa Alþingi, enda varla von til þess, eins og nú standa sakir, að skynsamlegri vinnubrögð verði upp tekin.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er þáttur í efnahagsaðgerðum sem ríkisstj. hefur nú boðað. Í þessum umr. hafa nokkuð miklar ræður verið haldnar um baráttuna gegn verðbólgunni. Ég held að engum geti blandast hugur um að vissulega hefur núv. ríkisstj. náð nokkrum árangri í baráttunni gegn verðbólgunni. Ég skal fyrstur manna viðurkenna það og lýsa því yfir, að gjarnan hefði hann mátt vera meiri. En enginn maður skyldi þó vanmeta þann árangur, sem náðst hefur þegar, og það, sem miðað er að. Í því sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli manna á því, að við Íslendingar erum ekki einir í heiminum. Það hefur mikil áhrif á efnahagslíf okkar og alla aðstöðu hér hvernig umhorfs er í okkar helstu viðskiptalöndum.

Núv. ríkisstj. hefur hvorki meira né minna en tekist það vel til, að Ísland er nánast að verða eina landið af þeim löndum, sem hér liggja nálægt, þar sem næg atvinna hefur verið, og nánast að verða eina landið þar sem tekist hefur að halda kaupmætti launa launþega. Ástandið í löndunum í kringum okkur er nú ekki glæsilegra en það, að atvinnuleysi fer stórvaxandi svo að segja í þeim öllum.

Bandaríkjamenn eru komnir í þá stöðu með efnahagsprógramm Reagans, að þeir horfa fram á tveggja stafa prósenttölu í atvinnuleysi. Þeir horfa fram á meira atvinnuleysi en þeir hafa nokkurn tíma séð frá stríðslokum. Sá bati, sem menn vonuðust til að sjá í efnahagslífi Bandaríkjanna, lætur á sér standa. Menn eru farnir að óttast að hann komi ekki fram á þessu ári. Atvinnuleysið eykst og fleiri og fleiri fyrirtæki eiga í gífurlegum erfiðleikum.

Menn vita hvernig staðan er í Bretlandi, þar sem fyrirtækin eru enn að fara á höfuðið og atvinnuleysi stóreykst. Tala atvinnulausra í Bretlandi er komin yfir 3 millj. manna. Menn vita hvernig þessi staða er í Danmörku. Menn vita að spá OECD er sú, að atvinnuleysi í aðildarlöndum þess verði um 25—30 millj. manna á þessu ári. Menn vita að í löndum Efnahagsbandalagsins er álitið að atvinnuleysi né sé um 10 millj. manna. Og menn hafa heyrt þær yfirlýsingar, sem komið hafa frá Þýskalandi um að yfir 9 þús. fyrirtæki urðu gjaldþrota í Þýskalandi á síðasta ári. Menn hafa heyrt að tala atvinnulausra í Þýskalandi væri komin yfir 2 millj. manna. Menn hafa heyrt að Helmut Schmidt hefur nú lagt fram tillögur um hvernig vestur-þýska stjórnin skuli bregðast við til að brjótast úr þeirri stöðu sem atvinnulífið í Þýskalandi er komið í, hvernig eigi að reyna að styrkja atvinnulífið þar. Og menn hafa heyrt hvernig forustumenn vestur-þýskra launþegasamtaka hafa lýst yfir að þeir séu tilbúnir til samvinnu við stjórnvöld um að halda kaupkröfum niðri svo fremi sem stjórnvöldum geti tekist að efla atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum þar í landi.

Þannig er ástandið í löndunum í kringum okkur og það fer versnandi. En á sama tíma hefur íslensku ríkisstjórninni tekist að halda hér fullri atvinnu. Á þessum tíma, þar sem milliríkjaviðskipti hafa verið að dragast saman, þar sem löndin í kringum okkur hafa lent í bullandi öfugum viðskiptajöfnuði og erlendar skuldir margra þeirra stefna í mikið óefni, hefur tekist hér að varðveita kaupmátt launa, á sama tíma og hann versnar í flestum löndum í kringum okkur. Þetta verða menn að horfast í augu við og þetta er ekki lítill árangur. Á síðasta ári tókst að ná verðbólgunni hér niður í um 40%. Það er mikill árangur miðað við það, hvernig horfði í ársbyrjun.

Á þessu ári er stefnt í að ná verðbólgunni niður í 35% og hraða hennar í 30% í árslok. Það er líka gott skref fram á við, ekki síst þegar horft er til þess, að einmitt ástandið varðandi ytri skilyrði þjóðarbúsins er ekki gott vegna þess að það er verulegt útlit fyrir að útflutningstekjur fari minnkandi á árinu og viðspyrnan þess vegna til aðgerða í efnahagsmálum minni og erfiðari. Á þetta verða menn að horfa.

Það er aldeilis furðulegt að hlusta á þm. stjórnarandstöðunnar halda hér hverja ræðuna á eftir annarri um að þetta og þetta dugi ekki og þetta og þetta sé lítið, án þess að heyra svo mikið sem eina einustu raunhæfa tillögu frá þeim um hvað þeir vildu sjálfir gera. Það er enginn vafi á að þrátt fyrir allt hefur glettilega vel tekist til með stjórn efnahagsmála á Íslandi. Menn ættu að horfa til landanna í kringum okkur sérstaklega í því sambandi. (**Gripið fram**

í: Þetta voru góðar fréttir.) Já, þetta eru góðar fréttir. Þær vissum við reyndar flestir fyrir, en það virðist vera að sumir, sem hér eru inni, fylgist illa með.

Þær aðgerðir, sem hér er gripið til, eru annars vegar tollalækkanir, sem ég hef haldið að flestum væru kærkomnar, en hins vegar verulegar niðurgreiðslur. Ég skal fyrstur manna viðurkenna að verulegar niðurgreiðslur til að lækka framfærsluvísitölu gefa skakka mynd af verðlaginu í okkar þjóðfélagi vegna þess að landbúnaðarafurðirnar vega þyngra í framfærslugrunninum en þær gera í almennu verðlagi og þar af leiðandi skekkist myndin. Á því er enginn vafi. Niðurgreiðslurnar eru hins vegar engan veginn alfarið af hinu illa, eins og mér finnst sumir vilja vera láta.

Það hefur oft verið talað um að bæta kjör hinna lægst launuðu í þessu þjóðfélagi. Það hefur oft verið talað um að reyna að jafna launamun. Mér hefur virst, að í hvert skipti sem reynt er að hækka laun þeirra, sem minnst hafa, komi þeir, sem meira hafa, og vilji viðhalda þeim launamun sem fyrir var. Næsti hópur fyrir ofan segir gjarnan: Ég hef mánuði lengri skólagöngu en þessir sem nú eru hækkaðir, og það verður að meta einhvers. Ég hef alltaf haft þetta miklu meiri laun en þeir og ég vil halda því. — Síðan gengur skriðan upp úr. Ekki hefur tekist hjá okkur að ná tökum á þessu. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, að eina leiðin til að bæta kjör þeirra, sem minnst hafa og verst eru staddir í okkar þjóðfélagi, sé beinar aðgerðir einmitt fyrir tilstilli ríkisvaldsins og ríkissjóðs og þar koma vissulega niðurgreiðslurnar inn. Auðvitað vega niðurgreiðslurnar mest fyrir þá sem minnst hafa. Á því er enginn vafi. Stórar fjölskyldur með lítil laun og litlar tekjur, sem þurfa að kaupa mikið af landbúnaðarafurðum á sitt matborð, njóta góðs af. Vissulega stefnir það í rétta átt.

Það er í rauninni alveg undravert að hlusta á þær ræður sem hér hafa verið haldnar af hv. þm. stjórnarandstöðunnar um þessi mál. Í ræðum þeirra hafa engar tillögur komið fram um hvað þeir vilji sjálfir gera, en það er allt á heimsenda og allt er að farast. Það, sem verst fer í þá, er auðvitað vísitöluleikurinn, eins og hv. 1. þm. Reykn., sem nú gengur í salinn, gerði að umræðuefni. Það er bókstaflega eins og þessir menn séu heilagir englar þegar þeir koma hér í ræðustól. Auðvitað er þetta vísitöluleikur. Ekki dettur mér í hug að neita því. Auðvitað er þetta vísitöluleikur og auðvitað hefur hv. 1. þm. Reykn. tekið þátt í vísitöluleiknum og vísitöludansinum og dansað hann kannske trylltar en nokkur annar. Ég held að enginn flokkur, sem situr á Alþingi, hafi aldrei tekið þátt í vísitöluleiknum. Auðvitað vita allir í hvert óefni menn eru komnir með þetta vísitöluspil. Það er alveg tilgangslaust að horfa fram hjá því. Það væri nær að þessir hv. þm. stjórnarandstöðunnar kæmu með einhverjar tillögur til úrbóta í þessu í stað þess að reyna að hvítþvo sjálfa sig með einhverri helgislepju um það, að núna í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins séu menn komnir í vísitöluleik. Ég er alveg undrandi að menn skuli láta hafa sig í svona ræðumennsku. Ég held að allir viti hvað er um að ræða. Eitt atriðið einmitt í þeim efnahagsaðgerðum, sem ríkisstj. boðar, er að hefja viðræður við hagsmunasamtök um breytt vísitölukerfi. Ég verð að segja að ég bind miklar vonir við að okkur geti tekist í slíkum viðræðum og með samráði í þessu þjóðfélagi að breyta þessu vísitölukerfi þannig að skaplegt geti orðið. En allir vita að meðan það er eins og það er og hefur verið hafa allir stjórnmálaflokkar á Alþingi tekið þátt í því að spila á þessa vísitölu eins og þeir hafa framast haft vit til. Og að hlusta svo á þessa herramenn koma hér upp aldeilis undrandi og forviða á því, að það skuli verið að greiða niður til að lækka framfærsluvísitöluna og hér sé um einn vísitöluleikinn að ræða enn, það tekur ekki nokkru tali. Ég held að það sé kominn tími til að stjórnmálamenn reyni að fara að tala í alvöru um þetta og taka á málinu eins og það liggur fyrir.

Þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur boðað í efnahagsmálum, eru vissulega viðnám í þessum verðbólguslag. Það hefur hins vegar ekki verið nein launung hjá okkur framsóknarmönnum, að við hefðum gjarnan viljað hafa þessar aðgerðir viðameiri eða harðari. Og það er alveg ljóst, að miðað við þau markmið, sem ríkisstj. hefur sett sér um 35% verðbólgu, duga ekki þessar efnahagsaðgerðir einar sem ríkisstj. nú hefur boðað. Það þarf að gera meira. Það þarf meira að koma til á þessu ári og um það eiga stjórnarflokkarnir eftir að ná samkomulagi. Þar liggur fyrir talsverð vinna. Ég bind í því sambandi miklar vonir við þær viðræður sem nú eiga að hefjast um endurskoðun vísitölugrundvallarins. Auðvitað er alveg ljóst að ekki hvað síst fyrir okkur Reykvíkinga er þessi vísitölugrundvöllur óviðunandi eins og nú er þar sem hann beinlínis í vísitöluleiknum bendir mönnum á og beinir mönnum inn á — ekki bara þessari ríkisstj., heldur öllum ríkisstjórnum — að reyna að halda niðri þeim fyrirtækjum Reykvíkinga sem reiknast inn í vísitölu.

Ég tel að sú barátta, sem nú hefur farið fram gegn verðbólgunni í þessu landi, sé niðurtalning. Það er verið að færa verðbólguna niður í ákveðnum áföngum. 40% frá upphafi til loka síðasta árs, 35% á þessu ári, sem hefði mátt vera meira, en verður þó ekki meira vegna ytri aðstæðna þjóðarbúsins. Ef hv. þm. Sighvatur Björgvinsson skilur ekki hvað niðurtalning er, þá er niðurtalning það að færa verðbólguna niður í þrepum. Það hefur aldrei verið launung hjá okkur framsóknarmönnum að það er það sem við höfum viljað gera. Það má hins vegar gera á margan hátt og þrepin geta verið með ýmsum hætti. Við höfum aldrei haldið okkur í einhverja eina ákveðna aðgerð sem algerlega heilaga kú í því sambandi. Við höfum alltaf sagt: Við erum tilbúnir að fallast á allar raunhæfar aðgerðir, allar raunhæfar tillögur sem fram koma til þess að ná þessu markmiði í áföngum og einmitt með niðurtalningu vegna þess að það er skilyrði að gera þetta með markvissum, ákveðnum þrepum, en ekki færa þetta niður í einhverri leifturssókn sem menn missa síðan tök á og vita ekkert hver afleiðingin verður af. Við sjáum best í sumum löndunum í kringum okkur hvert þar stefnir.

Markmið framsóknarmanna hefur verið að færa verðbólguna niður í ákveðnum þrepum og reyna jafnframt að hafa tök á þróun efnahagsmála í þjóðfélaginu þannig að halda megi fullri atvinnu í landinu og varðveita kaupmátt launþeganna eftir því sem tök eru á. Og hver er árangurinn, hv. þm. Sighvatur Björgvinsson? Árangurinn er sá, að verðbólgan er að fara niður í ákveðnum þrepum. Árangurinn er sá, að Íslendingum hefur tekist að halda hér fullri atvinnu á sama tíma og bullandi atvinnuleysi er í löndunum í kringum okkur og vaxandi erfiðleikar. Árangurinn er sá, að Íslendingum hefur tekist að varðveita hér kaupmátt launa í því efnahagsumhverfi sem okkar land og okkar þjóð býr við nú. Þetta er ekki lítill árangur. Og þetta þakka ég fyrst og fremst því, að menn hafa

nálgast baráttuna gegn verðbólgunni einmitt með niðurtalningu, með því að færa verðbólguna niður í ákveðnum þrepum, en hafa jafnframt full tök á því sem er að gerast.

Herra forseti. Ég ætla ekki að gera þetta frv., um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, að ítarlegu umræðuefni nú. Ég mæli hins vegar fyrir einni brtt., brtt. við 3. gr. þessa frv. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Þó skal aðeins greiða 2.5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og iðnaði."

Þessi brtt. er flutt í fullu samræmi við yfirlýsingu og skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, þar sem segir í kaflanum um atvinnumál í skýrslu ríkisstj., með leyfi forseta:

„Í þessu skyni hefur verið ákveðið að lækka launaskatt í iðnaði og fiskvinnslu úr 3.5% í 2.5%."

Af einhverjum ástæðum hefur þessi grein ekki komist fyllilega til skila í frv. sjálfu eða misfarist þannig að frekari takmörkun er komin inn í frv. og þar miðað við útflutnings- og samkeppnisiðnað samkv. nánari ákvörðun í reglugerð. Það er mín skoðun, að það eigi að standa við þetta orðalag eins og það er í skýrslu ríkisstj., eins og það er í þeim fyrirheitum sem ríkisstj. gaf með þessari skýrslu og þeirri yfirlýsingu sem þar kemur fram í kaflanum um atvinnumál. Þess vegna flyt ég þessa brtt.

Það má auðvitað segja sem svo, eins og ég hygg að hafi komið fram hjá 1. þm. Reykn.: Af hverju lækka menn þá ekki launaskattinn á öllum um 1%? Þegar umr. fóru upphaflega fram um þetta mál var ljóst að tekjuminnkun ríkissjóðs af því að lækka launaskattinn allan yrði það mikil að erfitt yrði að ná endum saman á eftir. Þess vegna kom sú tillaga fram að færa launaskattinn niður af iðnaði og fiskvinnslu. Ég vil segja það hér alveg eins og er, að ég er mjög hlynntur því. Ég tel það sjálfsagt mál. Í þeirri stöðu, sem við erum í nú, hef ég minnstar áhyggjur af versluninni og þjónustunni. Mér virðist að verslun og þjónusta standi nokkuð vel eins og staðan er nú. En sérstaklega með tilliti til þeirrar stöðu, sem er í efnahagsmálum landanna í kringum okkur, og þess atvinnuleysis, sem þar er, og þeirra aðgerða, sem þar er verið að grípa til til að efla atvinnulífið, tel ég alveg nauðsynlegt að sú aðgerð, sem nú er gripið til hér, að lækka launaskattinn um 1%, nái til iðnaðarins alls vegna þess að það er auðvitað enginn vafi á að það þarf ekki mikið út af að bera í okkar ytri skilyrðum, í okkar viðkvæma efnahagslífi til þess að atvinnuleysisholskeflan og þeir erfiðleikar, sem einkenna efnahagslíf landanna í kringum okkur, geti einmitt skollið yfir okkur líka. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að við verðum sammála um það hér að færa gjöldin af iðnaðinum markvisst niður. Það er ekki nóg að halda hátíðaræður um að iðnaðurinn eigi að taka við fólksfjölguninni í þessu landi. Það verður að taka á því máli. Iðnaðaruppbyggingin hjá okkur er ákaflega mikilsverð, og þess vegna er nauðsynlegt með tilliti til alls efnahagslífs landanna í kringum okkur að við stígum það skref og það fyrsta skref á þessari braut að færa niður gjöldin af iðnaðinum. Ég geri mér vonir um að unnt verði síðar á þessu ári að ná samkomulagi um að halda áfram á þessari braut og jafna starfsskilyrði atvinnuveganna og færa launaskattinn af iðnaðinum enn frekar niður þannig að sá munur, sem fram kemur í gengisskráningu milli sjávarútvegs og iðnaðar, hverfi. Það er alveg nauðsynlegt að menn geri það til að tryggja uppbyggingu atvinnulífs í landinu. Ég fagna því, að samstaða hefur náðst um að lækka launaskattinn um 1% á iðnaði og fiskvinnslu. Það er reyndar ekki stórt skref, en það er fyrsta skrefið og áfram þarf að halda á þessari braut.

Ég ætla ekki að gera tollafgreiðslugjaldið að miklu umræðuefni hér. Ég vil þó segja það, að ég hef lagt á það mikla áherslu að það sé alveg skýrt og að sérfræðingar yfirfari það, að þessi texti sé með þeim hætti útfærður að þetta gjald lendi ekki á iðnaðinum, að það lendi ekki á þeirri atvinnugrein sem við erum að reyna að tryggja grundvöllinn undir með öðrum aðgerðum. Ég treysti því, að sú nefnd, sem fær þetta frv. til umfjöllunar, skoði það mjög vel að það séu alveg hreinar línur að það gjald falli ekki á iðnað eða geti á neinn hátt dregið úr þeim aðgerðum sem verið er að gera í öðrum greinum hér til að létta á iðnaðinum. Reyndar hefur þetta tollafgreiðslugjald sérstaklega verið nefnt og rökstutt með því, að ríkisstj. hyggist koma á tollkrít í áföngum frá áramótum. Sú tollkrít er hugsuð þannig að hún geti valdið verulegri hagræðingu hér í innflutningsversluninni, hún geti valdið verulegum sparnaði, hún geti minnkað geymslutíma í vörugeymslu og hún geti minnkað ýmsan afgreiðslukostnað. Ég hygg að það sé rétt, og ég hef sannfærst um það, miðað við þær skýrslur sem ég hef lesið um þetta mál, að svo sé. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, að þær hugmyndir, sem enn hafa verið uppi um tímalengd á tollkrít, séu ekki réttar og tímalengdin sé of mikil og að sú tollkrít, sem menn tala um, 60 dagar eða svo, miði um of að því að færa takmarkað lánsfé þjóðarinnar frá öðrum greinum yfir til innflutningsverslunarinnar. Ég held að það þurfi að athuga mjög vel.

Ég vil gera sérstaklega aths. við 5. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir. Þar á ég við viðurlög vegna vanskila á launaskatti. Eins og menn vita hefur þetta verið svo, að launaskattgreiðendur hafa tekið á sig 25% viðurlög af launaskatti ef honum hefur ekki verið skilað innan ákveðins tíma. Með því frv., sem hér er flutt, er gert ráð fyrir að auk þessara 25% viðurlaga falli dráttarvextir á ógreiddan launaskatt jafnóðum. Á þetta get ég ekki fallist. Ég tel að hér sé of langt gengið. Dráttarvextir eins og þeir eru nú eru nokkuð hörð aðgerð. Fullir dráttarvextir á skuld, sem skila á, eru talsverð refsing. Refsivextir eru háir og 25% viðurlög plús dráttarvextir þykir mér vera orðið nokkuð mikið. Ég vil segja það alveg hreint út, að það finnst mér vera orðin hálfgerð villimennska í innheimtu að standa þannig að málum, og ég get alls ekki fallist á það. Mér finnst að annaðhvort eigi að vera viðurlög eða dráttarvextir, en hvort tveggja í þessum mæli er of langt gengið. Ég treysti á að sú nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar, breyti þessu ákvæði þannig að ekki verði nema um aðra refsingu að ræða, miðað við það sem þarna er, enda held ég að menn verði að átta sig á því, að þó að ríkissjóður þurfi á sínum tekjum að halda og leggi á ákveðna skatta er alveg útilokað að hann gangi fram fyrir alla aðra og beiti miklu harðari refsingum, þegar ekki er staðið í skilum, en nokkur annar aðili í þjóðfélaginu getur beitt.

Herra forseti. Aðeins að lokum þetta: Ég vonast til að sú brtt., sem ég hef mælt hér fyrir og er í fullu samræmi við skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, muni fá góðar móttökur hér í þinginu og verða samþykkt og hún verði fyrsta skrefið til að styðja myndarlega við

bakið á iðnaðinum í þessu landi almennt. Og að lokum þetta: Þær efnahagsaðgerðir, sem þetta frv. er hluti af, eru vissulega spor í rétta átt, en þær eru ekki nóg. Meira þarf til og það er nauðsynlegt að stjórnarflokkarnir taki sig hið fyrsta saman og reyni að gera sér fulla grein fyrir þróun efnahagsmála út árið og þeim aðgerðum sem nauðsynlegt kann að reynast að grípa til, þegar kemur fram á mitt ár, fram yfir það sem hér er gert.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég hafði að vísu ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., en af því sem ég var dæmdur til að sitja undir þeim makalausa lestri sem nú höfum við hlýtt á síðustu 20—30 mínúturnar, þá fékk ég ekki við bundist. En þeir hafa nú sérfund með sér, hæstv. fjmrh. og aðalmaður í efnahagsnefndinni, sem undirbjó þetta frv. sem hann var hér að gagnrýna. Það var verst að hæstv. iðnrh. skyldi missa af tiltali hans, þegar hv. 12. þm. Reykv. sagði að það væri ekki nóg að halda hátíðaræður um að iðnaðurinn ætti að taka við vaxandi fjölda vinnandi handa. Skilst fyrr en skellur í tönnum.

Hann lýsti því yfir, að það hefði glettilega vel tekist til um stjórn efnahagsmála hjá hæstv. ríkisstj. Hvað hefur hún gert? Það er rétt að þeir, sem kalla á tillögur til úrbóta, tíundi það í hvert skipti, en tali ekki breiðum orðum um það sem ekkert er. Hún tók til láns 7% hjá verkalýðnum á liðnu ári. Hvað hefur hún gert fleira? Staðið í vísitöluleik að undanförnu, ekkert annað, ekki nokkurn skapaðan hrærandi hlut.

Hv. þm. segir hér, eins og þeir tönnlast á nú allir hv. stjórnarsinnar, að ríkisstj. muni ná 35% markmiði sínu um verðbólgu á þessu ári. Það er ekki markmið ríkisstj. Er þá ekkert að marka það sem stendur í stjórnarsáttmálanum? Hvað stóð þar um verðbólguna árið 1982, markmiðið sem ríkisstj. setti sér? Ríkisstjórnir eiga að fara frá þegar þeim mistekst hrapallega með undirstöðuna í því sem þær hafa sett sér og gert samning um og birt þjóð sinni. Svo tala menn hér um það breiðum munni, að þeir séu að ná markmiði sínu, nýju markmiði sem gengur þvert á það sem áður hefur verið mótað og birt þjóðinni opinberlega. Og hver var vísitalan á síðasta ári, hin raunverulega vísitala, ef menn hætta að tala í falsi og blekkingum? Hver ætli hún hafi verið? Þarf að þreifa á því með margvíslegum öðrum hætti en með því að tala um verðbólgu frá upphafi til loka árs.

Það er staðreynd að verðbólgan, eins og hún var að jafnaði mæld áður en menn fundu upp blekkingarnar, áður en það varð höfuðmarkmið ríkisstj. í einu landi eins og þessu að stunda blekkingar í öllu sem hún lætur frá sér fara, hún hefur verið 54—55% ef sama viðmiðun, sem þeir skildu þá, hefði verið notuð.

Svo er talað um atvinnuöryggið. Ég minnist þess og hef verið þar á fundum sem hæstv. fyrrv. ráðherrar úr vinstri stjórnum voru mættir og lögðust þungt á árar og öll tog um að kenna íhaldinu um land- og fólksflótta. En þeir hafa gleymt því núna að vara við þessari stórkostlegu hættu. Hver hefur blóðtakan verið og hvers vegna skyldi hún vera? Kynni nú ekki að vera að hér væri stórkostlegur útflutningur á atvinnuleysi. Svo er blaðrað fram og aftur, rétt eins og það sé eitt aðalmarkmið sem þeir sjálfir hafi náð, um bullandi atvinnuleysi sem fyrirfinnst í löndunum hérna næst okkur. En hvert er svo atvinnuöryggið hjá aðalundirstöðuatvinnuvegi okkar, fiskiðju og útvegi? Hvert skyldi það vera nú? Það ættu þeir að kannast við sem hafa orðið að gegna því hlutverki undanfarna mánuði að ausa út kreppulánum til þess að halda undirstöðuatvinnuvegunum og fiskiðnaðinum gangandi frá degi til dags, og það nemur ekkert staðar nú í þeim efnum. Dag frá degi tilkynna fyrirtæki að það liggi við stöðvun og uppgjöf. Með því að hylma yfir þetta eru menn að reyna að telja mönnum trú um að þessi voði, sem er á ferðum og núna nálgast okkur meira en nokkru sinni fyrr, óðaverðbólgan, muni ekki geta valdið allsherjar atvinnuleysi óðar en varir.

En svo kemur aðalmaður í efnahagsnefnd hér upp og gerist bjargvættur iðnaðarins, eins og hann gerði í öl- og gosdrykkjaálaginu í fyrra, þegar hann með atkvæði sínu varð til þess með hjásetu sinni að skattur var á lagður, en kom síðan sem frelsandi engill með frv. og fékk þá ívilnun þeim til handa. Núna kemur hann aðalmaðurinn í að búa til þessi frumvörp og þær ráðstafanir sem nú eru á döfinni, aðalhöfundurinn, og gerist á ný frelsari undirstöðuatvinnugreinarinnar með því að bera fram hér á Alþingi brtt. Það er myndarskapur að tarna.

Og hann gerir meira, höfundurinn að öllu þessu. Hann mótmælir hér harðlega ákvæðinu í frv. um viðurlög vegna innheimtu launaskatts. Hvaða geðslag er í þeim sem með slíku fólki starfa? Mér verður nú litið hér til hægri við mig. Hvaða geðslag er í því að horfa upp á menn haga sér með þessum hætti, að hugsa til heillindanna sem á bak við slíkt hljóta að búa — eða hitt þó heldur.

Framsóknarmenn segja: Hér erum við að stíga spor í rétta átt með því að leika okkur að vísitölu. Ekkert bitastætt. Þeir nefna ýmislegt sem allir vita að nauðsynlegt er, en þeir koma því ekki fram. Niðurtalning, segir spekingurinn og aðalefnahagssérfræðingur Framsfl., er að lækka vísitöluna, hvernig sem farið verður að því. Hann er búinn að gleyma öllum þeim ráðstöfunum sem þeir tiltóku sjálfir að ætti að framkvæma. Nú er bara orðið eftir af kenningunni þetta eitt: Við framkvæmum stefnu okkar, framsóknarmenn, ef það lækkar verðbólguna úr 55% niður í 54, og stöndum við allt okkar. — Já, höfundur þessara aðgerða, sem svo eru kallaðar — og er það réttileg ábending hjá hv. 3. þm. Vestf. að nafnið er villandi í hinni prentuðu dagskrá fundarins, það verður leiðrétt að sjálfsögðu, — höfundur þessara aðgerða, sem svo eru kallaðar, þessa vísitöluleiks, nefnir að þetta frv. innihaldi villimennsku í innheimtu ef lögfest verður. Það getur vel verið að svona málflutningur beri ávöxt, og auðvitað dansa limirnir eftir höfðinu. Menn sjá að það gengur bara glettilega vel, svo að ég noti orðalag hans, að blekkja allan almenning. Það gengur bara glettilega vel að telja mönnum trú um að þeir séu að vinna eitthvert þurftarverk og stjórni þessu, haldi um stjórnvölinn traustum höndum, — ótrúlega vel. Og það er eðlilegt að menn notfæri sér það og setji sig í svipaðar stellingar, ef hægt er að halda því lengi áfram að verða mikill maður á því að stunda stöðugar og eintómar blekkingar. Ef hægt er á einum tíma að semja frv. og gera sig svo mikinn mann og auglýsa sig með því að snúast gegn einhverjum ákvæðum þess, þá er farið að taka í hnúkana um virðingu þá sem þessi stofnun getur ætlast til að hún njóti.

Ég ætla ekki við þessa umr. að orðfæra frekar einstök atriði í þessum bandormi sem hér er borinn á borð. Sumt er hægt að fallast á, en flest skiptir það óverulegu máli. Gæti þessi hv. þm., 12. þm. Reykv., kannske gert okkur frekari grein fyrir þeirri skoðun sinni, sem hann telur sig

hafa þreifað á, að nú muni staða verslunar og þjónustu vera betri en jafnan áður? Vildi ég gjarnan fá alveg sérstaka útlistun á því, hvaða aðgerðir af hálfu þessarar hæstv. ríkisstj. hafa orsakað þá stöðu eða hvort það hafi gengið svo lengi hjá þessum greinum.

Eins og ég segi er flest af þessu með þeim hætti að engum sköpum skiptir. Þetta endist í 2—3 mánuði og hæstv. fjmrh. á ekki einn einasta eyri í eigu sinni að því búnu til þess að gera neitt meira. Hann er rúinn inn að skinni, hann á enga peninga til þess að halda áfram þessum vísitöluleik sem hv. 12. Framsóknarþm. Reykv. margnefndi hér. (**Fjmrh.:** Það er lengi von á einum.) Já, það er lengi von á einum, lengi von kannske á einum nýjum skatti, og ef það eru einu hæfileikarnir sem fjmrh. í einu ríki þarf á að halda, að vera nirfill og kunna að leggja svo á skatta, þá höfum við nokkuð hæfan fjmrh. í stólnum. (**Fjmrh.:** Ég þakka þó fyrir.) Það er ekkert að þakka, hæstv. ráðh. hefur unnið til þess.

Hv. 12. þm. Reykv. þykist ekki hafa tekið eftir því, að stjórnarandstaðan hafi haft í frammi tillögur og stefnu um það, hvernig skyldi tekið til við stjórn þessa lands. Það mætti þó fyrr vera ef hann hefði ekki gefið sér tíma til þess að fylgjast með fréttum t. a. m. af landsfundi Sjálfstfl., þó að ég auðvitað skilji út af fyrir sig að hann hafi haft áhuga á einhverju öðru fremur en því að fylgjast með málefnunum sem þar voru á borð borin. En við bíðum og sjáum hvað setur, þegar líður að næsta fölsunartímabili, og sjáum svo hvað hringlar þá í kassanum hjá hæstv. fjmrh. til að halda vísitöluleiknum áfram.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða efnislega um þetta frv. í einstökum liðum, heldur kem ég hér í ræðustól í þeim tilgangi að beina einni spurningu til hæstv. fjmrh. sem nauðsynlegt er að fá svar við nú við þessa umr.

Í 3. gr. tollskrárlaganna eru undanþágu- og lækkunarheimildir sem fjmrh. er heimilt að beita, svo sem að fella niður gjöld af hjálpartækjum fyrir fatlaða af öryrkjabifreiðum, af bifreiðum fyrir hjálpar- og björgunarsveitir og ýmsum vörum til lækninga, auk ýmissa fleiri ákvæða sem talin eru upp í 59 töluliðum í 3. gr. tollskrárinnar. Því er spurning mín til hæstv. ráðh.: Hvernig mun fjmrh. beita þessu heimildarákvæði í 3. gr. tollskrárinnar að því er snertir tollafgreiðslugjald í þessu frv.? M. ö. o.: mun tollafgreiðslugjaldið verða lagt á þá liði sem upp eru taldir í 3. gr., tölul. 1—59, eða verða þessir liðir undanþegnir tollafgreiðslugjaldinu að öllu leyti? Ég tel nauðsynlegt, að fjmrh. upplýsi þetta sérstaklega við þessa umr., og vona að hann taki af öll tvímæli um það, að ekki sé hugmyndin að leggja tollafgreiðslugjald á þá liði sem upp eru taldir í 3. gr. tollskrárinnar. Geri hann það ekki tel ég að um það verði að koma ákvæði í frv. það sem hér er til umfjöllunar, að tollafgreiðslugjald komi ekki á þá liði sem upp eru taldir í 3. gr. tollskrárinnar.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af ræðu hv. 12. þm. Reykv. langar mig til að bæta hér nokkrum orðum við það sem ég sagði í ræðu fyrr í dag og vék að þeim vísitöluleik sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur stundað allan þann tíma sem hún hefur verið við völd.

Ég kannast ekki við það, að þær aðferðir, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur notað til að fá breytingu fram á vísitölunni, hafi verið notaðar í tíð þeirrar ríkisstj. sem ég sat í, að undanskildum þeim niðurgreiðslum sem urðu á landbúnaðarafurðum á þeim tíma. Ég vil benda hv. þm. á það, að niðurgreiðslur sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs fóru töluvert mikið minnkandi í þá tíð. En á útmánuðum 1974 var gripið til þess ráðs af þáv. ríkisstj. að auka mjög niðurgreiðslur vegna vísitölunnar, svo mjög að þar var um að ræða í þá tíð hvorki meira né minna en á þriðja milljarð. Í þau skipti sem niðurgreiðslum var breytt, þær voru auknar í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, var það gert undir þeim kringumstæðum að þær voru í nokkru hlutfalli við útsöluverð og heildsöluverð, framleiðsluverð á landbúnaðarafurðum, og komu með þeim hætti að ekki verður hægt að segja að slíkt hafi verið gert til þess að falsa vísitölu, eins og hefur verið gert iðulega af hálfu núv. ríkisstj.

Ég vil þá víkja að opinberum gjaldskrám og benda hv. þm. á það, að1976 var gert samkomulag við Alþýðusamband Íslands um að hækkanir á opinberum gjaldskrám skyldu gerðar 10 dögum fyrir útreikning vísitölunnar þannig að áhrifa af gjaldskrárhækkununum gætti við útreikning kaupgjaldsvísitölunnar einum mánuði síðar. Hvaða vinnubrögð viðhefur ríkisstj. í dag? Við skulum fara nokkrar vikur aftur í tímann og átta okkur á því, með hvaða hætti tollalækkunin átti sér stað. Ef staðið hefði verið við það samkomulag átti tollalækkunin að eiga sér stað eftir að vísitöluútreikningurinn fór fram. Hvað var gert núna? Það var gert tveimur dögum áður og varð að keyra frv. í gegnum Alþingi á miklu meiri hraða en oftast áður til þess að hægt væri að ná út úr Tollvörugeymslunni nokkrum stykkjum og senda menn til þess að kaupa þau til þess að hagstofustjórinn eða fulltrúar kauplagsnefndar gætu gengið um bæinn og inn í búðirnar og spurt: Hvað kostaði síðasta vélin eða síðasta tækið sem þið seldu? Þá voru þeir búnir að ná því fram. Þar með var lækkunin komin inn í vísitöluna og þar með var búið að falsa hana. Ég held að hv. þm. geti gert samanburð á niðurgreiðslum, sem áttu sér stað í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar þar sem ég gegndi embætti fjmrh., og þeim niðurgreiðsluaðferðum sem beitt hefur verið síðan sú ríkisstj. fór frá. Þar er ólíku saman að jafna.

Þá vék hv. þm. að kaupmættinum og taldi það núv. ríkisstj. til ágætis að tekist hefði að halda kaupmætti. Ég bendi honum líka á að gera samanburð á kaupmætti á árinu 1978, þegar sú ríkisstj. sat sem ég get um áðan og kaupmætti í tíð núv. ríkisstj. og gera samanburð við vinstri stjórnir frá því á miðju ári 1978 og þangað til í dag. Það er það sem við erum að benda á. Þegar talað er um að ekki hafi komið til atvinnuleysis og það sé núv. ríkisstj. að þakka er vert að hafa í huga að það er ekki liðinn nema einn og hálfur mánuður síðan hér var eiginlega allt komið í strand. Vegna hvers? Vegna þess að atvinnuvegirnir voru með þeim hætti, það var þannig að þeim búið, að þeir gátu ekki meir. Þá voru atvinnulausir menn á Íslandi fleiri en nokkru sinni áður.

Við skulum gera okkur grein fyrir því, að sem betur fer höfum við ekki þurft að horfa upp á atvinnuleysi. En það er ekki vegna aðgerða núv. ríkisstj. Það er vegna þess að áður störfuðu hér ríkisstjórnir sem hugsuðu fyrir framtíðina. Þessi ríkisstj. gerir það ekki. Það er þess vegna sem menn hugsa uggvænlega til framtíðarinnar ef núv. ríkisstj. á að lifa mjög lengi.

Til viðbótar við það, sem ég sagði áðan um vísitöluna og niðurgreiðslur, þá hefur núv. hæstv. ríkisstj. gripið til margvíslegra aðgerða til þess að ná fram fölsun í vísitölunni með einum eða öðrum hætti. Það má benda á það

sem stendur í nýútkomnu riti um efnahagsmál á Norðurlöndum þar sem vikið er að þeim aðgerðum sem voru einsdæmi, þ. e. hvernig núv. ríkisstj. notaði Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins í sambandi við lausn á vandamálum sínum á s. l. ári. Þar er m. a. bent á að það hafi verið gert með óskynsamlegum hætti. En þeir, sem standa að þessu, átta sig kannske ekki á því, a. m. k. þeir hinir erlendu, að hér var verið í vísitöluleik, hér var verið að falsa vísitöluna, en það hefur verið nánast eina iðja núv. ríkisstj. frá því að hún tók við.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Sjaldan eða aldrei hef ég orðið fyrir jafnmiklum vonbrigðum við að hlusta á ræðu nokkurs manns eins og þegar ég hlustaði á hæstv. forseta þessarar deildar, hv. þm. Sverri Hermannsson, flytja ræðu sína áðan. Það er alveg undravert, að það skuli geta gerst hér á Alþingi Íslendinga, að menn komi í þennan ræðustól og flytji aðra eins ræðu og hæstv. forseti gerði áðan, ég verð að segja: tómt blaður og útúrsnúninga, án þess að koma nokkurn tíma að kjarna þess máls sem um var verið að ræða. Ég satt að segja harma það að ekki skuli vera unnt á slíkum stundum sem þessum að rjúfa Ríkisútvarpið og útvarpa svona ræðum beint til þjóðarinnar svo að fólki verði ljóst hvernig sumir þm. geta leyft sér að tala í þessari deild.

Það er alveg undravert að hlusta á ræður sem þessar, þar sem ekkert kemur fram annað en útúrsnúningar og viðkomandi aðili nefnir ekki eitt einasta atriði til úrbóta sjálfur í efnahagsmálum. Það mátti að vísu skilja hæstv. forseta svo, að hann hefði einhverjar tillögur, en það var helst að heyra að hann vildi engum segja hverjar þær væru. Það var ekki nokkur leið að fá fram hjá honum hvað hann vildi láta gera, hins vegar væri allt ómögulegt sem gert væri.

Hér stóð hæstv. forseti í þessum ræðustól eins og borginmannlegur kotkarl og talaði um virðingu þessarar stofnunar. Ég trúi því ekki, ef þjóðinni er ljóst og Austfirðingum hvernig þm. þeirra tala hér, að þetta geti verið leiðin til þess að vinna atkvæði meðal fólksins. Ég held að þetta sé einmitt skýringin á því, að Íslendingum þykir mörgum Alþingi hafa sett niður.

Ég held að öllum hljóti að vera það ljóst, að hvernig sem á þessi mál er litið hefur verulegur árangur náðst í stjórn efnahagsmála á Íslandi. Þeir menn, sem geta ekki í því sambandi litið til landanna í kringum okkur og séð hvernig ástandið er, eru blindir. Mér er nær að halda að stjórnarandstaðan fylgist illa með því sem er að ske ef hún sér ekki að það er bullandi atvinnuleysi alls staðar í kringum okkur, en íslensku ríkisstjórninni hefur tekist að halda hér fullri atvinnu. Við þær aðstæður, sem ríkja í kringum okkur, hefur kaupmáttur rýrnað í löndunum í kringum okkur. Hér hefur okkur tekist að varðveita kaupmáttinn, einmitt vegna þeirra efnahagsaðgerða sem við höfum gripið til.

Ég ætla ekki að ræða frekar við hv. 1. þm. Reykn. í framhaldi af þeirri ræðu sem hann flutti hér. Mér fannst hann segja sem svo, að þegar hann hefði verið ráðh. hefði hann ekkert spilað á vísitöluna. Ég held að það þurfi ekki að fara nánar út í það. Það getur vel verið að hann hafi ekki fundið allar aðferðir sem færar eru til þess að spila á vísitöluna, en þar hefur hann vafalaust fremur skort dug en vilja. Þar hefur hann miklu fremur skort hugarþor. Það hefur áreiðanlega ekki vantað viljann til þess.

Ég held að menn verði að sameinast um það hér að reyna að horfa á vandann eins og hann er. Auðvitað verðum við að ná saman. Við verðum að ná samstöðu í þessu þjóðfélagi um að breyta vísitölukerfinu sem við nú búum við, vegna þess að það er öllum ljóst að verulegur hluti þeirra efnahagsaðgerða, sem allir stjórnmálaflokkar hafa gripið til, er í því fólginn að spila á þetta vísitölukerfi. Þessu verður að breyta og um þetta verðum við einhvern veginn að reyna að ná samstöðu. En ef stjórnarandstaðan hefur það að meginmarkmiði að koma hér upp í ræðustólinn og snúa út úr og segja lélega brandara og reyna á einhvern hátt að koma höggi á einhverja einstaklinga sem tala hér, þá er ekki von á góðu. Ef stjórnarandstaðan er ekki tilbúin að koma hér í ræðustólinn og ræða þessi mál efnislega og skýra frá því, hvað hún vilji gera, ef hún er óánægð með það sem hér er gert, þá er ekki heldur von á góðu. Það er erfitt að trúa málflutningi manna sem halda því fram, að þeir hafi einhver ráð, en vilja ekki segja neinum hver þau eru.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að vekja nokkra athygli á tilurð þessa frv. sem hefur gengið undir nafninu „bandormurinn" hér á hinu háa Alþingi.

Það merkilega gerist við umr. í dag, að það er ekki stjórnarandstaðan sem tefur þær eða dregur þær á langinn, heldur eru það hv. stjórnarþingmenn. Og það er kannske enn merkilegra, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem hefur átt sæti í hinni virðulegu efnahagsnefnd ríkisstj., kemur hér — eftir að hafa samið frv. — með brtt. við frv. og tekur síðan skýrt fram að hann geti ekki samþykkt tiltekin ákvæði í 5. gr. frv. Finnst mönnum þetta ekki skrýtin afstaða, auk þess sem hv. stjórnarþm. hefur dregið þessa umr. stórkostlega á langinn? Svo þegar stjórnarandstæðingar leyfa sér að gera nokkrar athugasemdir við þetta sérkennilega frv. krefst hv. þm. þess, að þeir komi með önnur ráð.

Nú vil ég benda hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni á það, að á borðum þm. hefur legið nú í nokkra daga bók sem heitir „Nordic economic outlook". Ég vil benda honum á síðustu setningarnar í því yfirliti og þeirri úttekt, sem þar er gerð á íslensku efnahagslífi, það sem þar stendur. Þar stendur að grundvallarástæðan fyrir verðbólgunni hér á landi sé rangt efnahagskerfi. Þar stendur jafnframt að nauðsynlegasta aðgerðin í efnahagsmálum á Íslandi sé endurreisn efnahagskerfisins. Hér erum við að fást við eina af dæmigerðum lausnum hv. núv. ríkisstj. Það er verið að leysa málið frá degi til dags. Ég held að það þurfi engan að undra þó að stjórnarandstöðuflokkarnir séu — eins og börnin segja — orðnir gáttaðir.

Við höfum hér allan þennan vetur verið að bögglast í gegnum frv. frá hæstv. ríkisstj. í þá veru að reyna að ýta undir að hægt sé að halda atvinnurekstrinum í landinu á floti. Þannig hefur þetta gengið fyrir sig frá viku til viku, mánuði til mánaðar, í allan vetur.

Ég vil líka vekja sérstaka athygli á því sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði, og ég er viss um að hann meinar það, að nú verði ríkisstj. að gera svo vel og taka sig saman, eins og hann orðaði það, og gera áætlun í efnahagsmálum út þetta ár. Undir þetta tek ég. En það þarf að gera meira. Það þarf að gera áætlun út kjörtímabilið. Og það þarf að gera enn þá meira. Það þarf að gera það sem Alþfl. benti á 1978. Það þarf að gera algjöran og gagngeran uppskurð á öllu efnahagskerfi þjóðarinnar.

Ef menn ætla að leysa málin með því að raða tómum dósum frá degi til dags upp í pýramída, sem hlýtur að hrynja á endanum, þá er það engin lausn. Þetta höfum við sagt. Niðurtalningarleiðin hefur orðið sér til skammar og um leið Framsóknarflokkurinn.

Ég verð að láta þá skoðun mína í ljós og segja það við hæstv. félmrh., að það hefur undrað mig dálítið, að Alþb. skuli hafa sýnt þá geysilegu þolinmæði sem það hefur stundum sýnt gagnvart sérstökum hagsmunum Framsfl. í efnahagsmálum. Ég er þeirrar skoðunar, en vil þó ekki fara út í þær hugleiðingar mínar hér, að þau sérstöku hagsmunamál, sem Framsfl. hefur þegar hann er í ríkisstj., verða þess valdandi að mínu viti, að hér verður efnahagsmálum ekki stjórnað af neinu skynsamlegu viti. Ég vil þess vegna ítreka það sem ég sagði áðan, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson getur ekki krafist þess af stjórnarandstöðunni, að hún komi hingað upp í stól og bendi á aðgerðir sem eiga að leysa efnahagsmálin frá degi til dags, frá viku til viku.

Stjórnarandstaðan er ekki heldur tilbúin að standa að þeim vísitölufölsunarleik sem ríkisstj. hefur dundað við undanfarna mánuði, þegar hún kemur fram með lækkanir á vísitöluvarningi, sem síðan reiknast inn í verðbótavísitöluna vegna þess að þær koma fram á nákvæmlega hárréttum tíma, þegar úttekt er gerð á verðlagi, svo að lækkunin notist ríkisstj. til þess að draga úr hækkun vísitölunnar. Ég er þeirrar skoðunar, eins og oft hefur verið bent á hér, að þessi vísitölufölsunarleikur, sem ríkisstj. hefur leikið — og hæstv. fjmrh. hefur nú að vísu viðurkennt í ræðu hér á þingi að hafi verið gert, eins og lækkunin á heimilistækjum, sem er látin koma fram áður en Hagstofa Íslands gerir verðkönnun, til þess að hún komi inn í vísitöluútreikninginn og notist þannig, — þessi vísitöluleikur er náttúrlega til háborinnar skammar, það vita allir. (**GGÞ:** Hvað vill þm. gera?) Hvað vill þm. gera? Hann er að segja það, hann er að benda hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni á að það eru fleiri en íslenskir efnahagssérfræðingar sem telja að það þurfi að skera upp allt efnahagskerfið eins og það leggur sig. (Gripið fram í.) Þetta er ekki samið af Íslendingum, það er erlendur sérfræðingur sem semur þessa bók. Og ég vil biðja hv. þm. að kynna sér þetta, einfaldlega vegna þess að þetta rennir stoðum undir það sem við í stjórnarandstöðunni höfum verið að segja.

Ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson telur að stjórnarandstaðan geti raunverulega tekið þátt í þeim skrípaleik sem hefur átt sér stað hér í allan vetur á hinu háa Alþingi, þá er það mikill misskilningur. Það hefur oft verið bent á það í ræðum Alþfl.-manna hér á Alþingi, að hér dugi ekkert annað en uppskurður á efnahagskerfinu, hér dugi ekki annað en að endurskipuleggja efnahagskerfið í heild. Ef hv. þm. er ekki þegar búinn að nota eitthvað af því sem var í efnahagsmálatillögum Alþfl. frá 1978, þá skal ég senda honum þessar tillögur. Þær gera m. a. ráð fyrir að tekin verði út, gerð óvirk sjálfvirkni sjóðakerfisins. Við ættum líka að huga að ýmsum þáttum í efnahagsmálunum sem Alþfl.-menn hafa rakið hér hvað eftir annað í ræðum sínum á þingi. Ég veit að hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni er ekki hlátur í huga, þegar ég segi þetta, vegna þess að í hjarta sínu viðurkennir hann þetta, en hann hefur ekki handbærar lausnir meðan hann styður núv. ríkisstj. Hann mundi hugsa allt öðruvísi ef hann væri í upphafi einhvers nýs ríkisstjórnartímabils.

Ég er sammfærður um að hann mundi ekki taka þátt í þeim leik sem hann nú tekur þátt í og hefur þvælst inn í ef hann ætti þess kost að byrja upp á nýtt, en að öllum líkindum fær hann ekki möguleika á því.

Þessi hv. þm. hefur þann skrýtna hátt á þegar þetta frv. kemur hér til umr. á þingi, eftir að hafa kannske verið einn aðalhöfundur þess frv. sem hér liggur fyrir, að koma hér upp í ræðustól og haga sér eins og maður forðum daga, sem þvoði hendur sínar, og leggja til breytingar á frv., sem hann samdi sjálfur, og lýsa yfir að hann geti ekki sætt sig við eina grein þess. Hvaða starfshættir eru þetta? Hvaða meining er þetta yfirleitt? Ef þetta er ríkisstj.-frv., þá hefði ég talið að einn af helstu sérfræðingum Framsfl., að menn segja, í efnahagsmálum hefði átt að vera búinn að ganga þannig frá þessu, að það hefði getað runnið hér í gegn án þess að ríkisstj.-þm. þyrftu að flytja hér klukkutímaræður um frv. til að mótmæla því.

Ég held að þetta nálgist að vera einsdæmi í þessum efnum. Það er líka eftirtektarvert hvaða atriði það eru sem hv. þm. gerir athugasemdir við. Það er svolítið eftirtektarvert og rennir kannske stoðum undir þá skoðun mína, að Framsfl. hafi sérstakra hagsmuna að gæta í þessari ríkisstj. og það kunni að vera erfitt að semja frv. af þessu tagi nokkuð skynsamlega, ef Framsfl. á að samþykkja framgang þeirra.

Ég vil nú varpa eftirfarandi spurningu til hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og eins hæstv. fjmrh.: Hvað gerist nú ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson fær ekki framgengt þeim vilja sínum að 5. gr. frv. verði breytt? Ætlar hann þá að greiða atkv. gegn frv. og fella það? Hvað ætlar hv. þm. að gera? Hefur hæstv. fjmrh. tryggt sér atkv. þessa hv. þm. við afgreiðslu frv. ef 5. gr. verður ekki breytt? Mér er spurn. (**Gripið fram í:** Það kemur auðvitað í ljós.) Það hlýtur að koma í ljós, hv. skrifari deildarinnar.

Ég segi það enn á ný og endurtek, að þessi málflutningur hér í dag er með því makalausasta sem ég hef orðið vitni að, þó að ég hafi ekki setið lengi á þingi. Hér er lagt fram stjórnarfrumvarp, sem stjórnarandstaðan samþykkir að stuðla að að renni í gegn tiltölulega hljóðalaust, en þá standa upp þm. stjórnarflokkanna og halda hér langar ræður og mótmæla ýmsum liðum í þessu frv. og flytja við það brtt. Ég vil nú mælast til þess, að þm., sem ég hef beint orðum mínum til, og hæstv. fjmrh. segi þinginu hvað gerist með þetta frv. ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson samþykkir það ekki hér á þingi. Hvað gerist? Það hefur verið bent á að þessi hv. þm. hefur áður mótmælt tilteknum skatti á atvinnurekstri, en þegar kom að því að gera breytingar á honum sat hann vissulega hjá og kom svo síðar með brtt. og fékk hana samþykkta. Mér þætti það ekki stórmannlegt ef þessi hv. þm., fengi hann ekki fram breytinguna á 5. gr., sæti hjá við afgreiðslu þessa máls. Ef honum er mikið í mun að þetta 25% álag á vangreiddan launaskatt verði lækkað eða fellt niður getur hann varla sjálfs sín vegna og siðferðilega setið hjá. Svo mörg orð er hann búinn að hafa hér í dag um erfiðleikana í atvinnurekstrinum, um erfiðleika iðnaðarins, að hann verður að gera svo vel að greiða atkv. gegn frv. ef greininni verður ekki breytt. Ég vil að þeir þm., sem hér eru inni, muni eftir þeirri umr., sem hér hefur farið fram í dag, og muni eftir ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla ekki

að lengja þessar umr. neitt verulega, en það eru örfáar fsp., sem hér hafa komið fram, sem er eðlilegt að svara.

Í fyrsta lagi spyr Matthías Á. Mathiesen, hv. 1. þm. Reykn., að því, hvort heimilt sé að leggja tollafgreiðslugjald á EFTA-vörur eða hver sé skoðun mín á því. Ég vil svara því hér og nú, að ég tel að það sé tvímælalaust heimilt. Ég hafði samráð og við ríkisstj. um þetta mál við gjörkunnuga menn og þeir töldu að ekkert mundi vera því til fyrirstöðu, að tiltölulega lágt gjald, sem væri nokkurs konar endurgjald fyrir þá þjónsutu sem tollurinn veitir, væri lagt á innfluttar vörur. Það má auðvitað segja að 1% gjald sé kannske heldur meira en talist getur beint endurgjald fyrir þá þjónustu sem tollurinn veitir, en það er einmitt þess vegna og með hliðsjón af því, að krónutölugjald er lagt á allan þann innflutning sem tengdur er samningum okkar við EFTA og Efnahagsbandalagið. Það er því nokkuð víst, að ekkert á að vera því til fyrirstöðu, að þetta gjald sé lagt líka á EFTA-vörurnar. Hins vegar er það nokkuð tímafrekt að kynna fyrir fulltrúum aðildarþjóða okkar þau áform okkar að leggja á þetta gjald. Það er ekki gert á örfáum dögum og jafnvel ekki heldur á nokkrum vikum, og þar af leiðir að einhver dráttur verður á því að gjaldið sé lagt á EFTA-vörurnar. Hins vegar legg ég áherslu á að þar sem það var bara krónutölugjaldið, sem átti að leggjast á EFTA-vörurnar, og þar sem þær eru aðeins lítill hluti af heildarinnflutningnum, þá er ekki um mjög verulegt tekjutap að ræða. Sennilega er það u. þ. b. níundi hluti teknanna, sem af þessu gjaldi mundi koma, sem gæti farið úrskeiðis ef ekki væri lagt gjald á EFTA-vörurnar.

Hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir spurði hvernig háttað yrði gjaldtöku af vörum þeim sem tilgreindar eru í tollskránni og annaðhvort eru þess eðlis, að tollar eru felldir niður af þeim vörum eða lækkaðir. Ég held að það sé nokkuð ljóst, að þegar um er að ræða vöru sem tollar hafa að fullu og öllu verið felldir niður af vegna einhverra ákveðinna undanþáguákvæða, þá muni reglan um krónutölugjaldið gilda, enda er það almenna reglan í sambandi við krónutölugjaldið, að það leggst einmitt á tollfrjálsa innflutninginn. Í öðrum tilvikum geta gilt nokkuð misjafnar reglur. Ég held, að ég kjósi að gera frekari grein fyrir því við meðferð málsins í nefnd og vænti þess, að hv. þm. geti haft greiðan aðgang að þeim upplýsingum. Þar er um allmiklu flóknara mál að ræða, þar sem ekki er algjör niðurfelling heldur tollalækkun.

Það hefur verið nokkuð rætt hér um það, að ríkisstj. sé að falsa vísitöluna með því að lækka verð á heimilistækjum með tollaniðurfellingu. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hélt því fram áðan, að í raun réttri hefði þessi tollalækkun átt að koma eftir að vísitölumæling átti sér stað samkv. þeim samningi sem gerður hefði verið við Alþýðusamband Íslands á sínum tíma. Ég vil leyfa mér að fullyrða að hér sé um mikið misminni að ræða hjá hv. þm. Það er einmitt gert ráð fyrir að ákvarðanir ríkisstj., sem valda hækkunum eða lækkunum, komi áður en vísitölumælingin á sér stað. (**Gripið fram í:** Hækkun aðeins.) Það væri afskaplega einkennilegt réttlæti, ef bara hækkanirnar hefðu átt að koma áður en vísitölumæling færi fram, en alls ekki lækkanirnar. Að sjálfsögðu er fullt samræmi í því, að bæði hækkanir af völdum aðgerða ríkisstj., eins og t. d. hækkanir á gjaldskrám, og lækkanir, t. d. vegna skattalækkana, komi á sama tíma. Ég sé ekki að neinn aðili geti heimtað annað réttlæti af ríkisstj. en að slíkar breytingar komi inn í vísitöluna á sama tíma. Hvort það gerist fyrir vísitölumælinguna eða eftir skiptir að sjálfsögðu ekki verkalýðshreyfinguna neinu máli ef það er samræmi í þessu. Hitt væri hið mesa ósamræmi, er gjaldskrárhækkanirnar kæmu áður en vísitölumælingin færi fram, en skattalækkanir á eftir — eða öfugt. Það er auðvitað samræmið eitt sem tryggir fullt réttlæti í þessum efnum.

Ég vil ekki fara að deila að öðru leyti við hv. stjórnarandstæðinga um þetta mál þar sem nóg tækifæri verða til þess síðar. Ég vil bara koma því að, að það hlýtur að teljast fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt, að þegar heimilistæki eru lækkuð í verði gerist það á svipuðum tíma og t. d. gjaldskrárhækkanir taka gildi, sem sagt áður en vísitölumælingin á sér stað.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hélt langa ræðu í dag og hefur flutt till. sem kemur vissulega mörgum stjórnarsinnum nokkuð spánskt fyrir sjónir, að ekki sé meira sagt. Ég vil upplýsa í þessu sambandi að fullt samkomulag var í ríkisstj. um allt orðalag þessa frv., og því er auðvitað ekki að leyna, að áform þm. um að breyta þessu frv. ganga að sjálfsögðu í berhögg við það samkomulag sem gert hefur verið um þetta mál. Ég þekki hins vegar þennan þm. að góðu einu, og ég trúi því ekki að hann verði til þess að rifta því samkomulagi sem gert hefur verið um þetta.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég held að það sé öllum ljóst, að kjarni þeirrar stefnu, sem Framsfl. boðaði árið 1979 og kallaði niðurtalningarstefnu, fólst einkum og sér í lagi í því að þrýsta niður svonefndum verðhækkunartilefnum á verðbólguferlinum. En reyndin hefur orðið sú, að það eina, sem ríkisstj. hefur gert, hefur verið að reyna að koma í veg fyrir að greiðslur verðlagsbóta á laun færu fram vegna verðhækkana sem þegar hafa orðið. Það þarf ekki neinum frá því að segja, að þetta hefur ekki verið framkvæmd á þeirri stefnu sem Framsfl. þóttist boða. Það var ekki kjarni niðurtalningarstefnunnar að láta sér nægja að koma í veg fyrir að verðbætur verði greiddar á laun vegna verðhækkana sem þegar hafa orðið, a. m. k. ekki eins og hún var kynnt af hálfu Framsfl. En ríkisstj. hefur látið sér nægja að einskorða aðgerðir sínar við þetta eitt. Kjarni ráðstafananna hefur verið annaðhvort frestun á greiðslum vísitölubóta á laun, eins og átti sér stað í fyrra þegar 7% kauphækkun, sem átti að koma til útborgunar 1. mars á því ári, var frestað, ellegar þá niðurgreiðsla verðbóta á laun, eins og m. a. átti sér stað nú um áramótin. Þetta er ekki niðurtalningarstefna, eins og Framsfl. ræddi um hana. Þetta er það eitt að láta sér nægja að greiða niður eða fresta greiðslu verðbóta á laun vegna verðhækkana sem þegar hafa orðið. Hins vegar hefur ríkisstj. setið á höndum sér ávallt á meðan verðbólgan hefur skriðið fram og ekki tekið við sér fyrr en komið hefur verið að því að mæla hve hratt þetta skrið hafi verið. Allar aðgerðir ríkisstj. hafa því takmarkast við það eitt að reyna að koma í veg fyrir að vísitalan léti uppi þá verðþróun sem þegar hefur átt sér stað. Þetta er kjarninn í ráðstöfun ríkisstj. enn. Ef Framsfl. telur að með þessu sé verið að framkvæma niðurtalningarstefnuna held ég að sú stefna hafi ranglega verið kynnt fyrir kjósendum í kosningunum 1979 og æ síðan. Sé það réttara, sem ég held, að þetta sé ekki niðurtalningarstefna og enginn þáttur hennar, ekki hægt að kenna þessar aðgerðir við hana, hvað er flokkurinn þá að gera í rúmlega tvö ár í ríkisstjórn sem

starfar svona?

Framsóknarmenn og þá sérstaklega ákveðnir framsóknarmenn og þar fremstir í flokki formaður Framsfl., hæstv. ráðh. Steingrímur Hermannsson, og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, ásamt hæstv. ráðh. Tómasi Árnasyni, hafa hins vegar tíðkað þann leik sér til afsökunar, að svo til í hvert einasta skipti sem horfið hefur verið frá tillögum Framsfl. um svokallaða niðurtalningu, en þess í stað gripið gamalkunna ráðið, annaðhvort að fresta eða greiða niður verðbætur á laun, hafa þessir þrír framsóknarmenn jafnan rokið til og annaðhvort flutt hér á Alþingi langar ræður eða skrifað í Tímann greinar um hvað þeir mundu hafa viljað gera ef tillit hefði verið tekið til þeirra tillagna. Eru fjölmargar slíkar greinar sem menn geta slegið upp á í Tímanum. Ein slík grein, að vísu í formi viðtals við hæstv. sjútvrh., kom m. a. fram í Tímanum rétt eftir áramót. Þar lýsti hæstv. ráðh. í mörgum orðum og í mörgum efnisatriðum hvaða hann mundi vilja láta gera af hálfu ríkisstj. í efnahagsmálum nú um mánaðamótin. Það var ekkert af þessu gert. Framsóknarmenn hafa þessi tvö ár látið við það sitja að gefa yfirlýsingar af þessu tagi um það, sem þeir hefðu viljað láta gera, um leið og þeir hafa samþykkt að gera eitthvað annað.

Það er ekki nema um það bil hálfur mánuður síðan ég vakti athygli manna á Alþingi á þessum vinnubrögðum og spurðist þá fyrir um það, hvort nú mætti ekki einmitt vænta frá hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að nú kæmi ein yfirlýsingin af þessum toga þegar búið væri að gera samkomulag við aðila ríkisstj. um að gera nú enn ekki neitt af öllu því sem Framsfl. hefur alltaf verið að leggja til. Ég sagði meira í gamni en alvöru að menn væru í kerskni að segja að nú hlyti Guðmundur G. Þórarinsson að fara að skrifa kjallaragrein í Dagblaðið um hvað hefði átt að gera, hvað hann hefði viljað láta gera ef hann fengi að ráða. Hv. þm. skrifaði enga kjallaragrein. Hann lagði fram þá brtt. sem hann hefur kynnt í dag. Það er kjallaragreinin. Hann situr í efnahagsnefnd ríkisstj. sem fulltrúi Framsfl. og á þátt í því að gera samkomulag það sem kynnt hefur verið sem efnahagsaðgerðir ríkisstj. á undanförnum dögum. Í þessari efnahagsnefnd má ætla að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi m. a. lagt fram allar þær tillögur sem eru fólgnar í viðtali hæstv. ráðh. Steingríms Hermannssonar við Tímann eftir áramótin. Ég býst við að hv. þm. hafi a. m. k. gætt þess að leggja þær tillögur þar fram. Ekkert af þeim tillögum hefur verið samþykkt, og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur á það fallist að leggja allar þessar tillögur til hliðar eina ferðina enn. Síðar er niðurstaðan lögð fyrir Alþingi, samkomulagslausnin. Hvað gerir hv. þm. þá? Stundum hefur hann þá skrifað grein í Dagblaðið um hvað hann vildi láta gera. Nú flytur hann brtt. við samkomulagslausn sem hann sjálfur átti þátt í. Síðan kemur hann fram fyrir Alþingi og fjölmiðla og segir: Þetta er það sem ég vil láta gera, en ég ætla ekkert að segja um hvað ég geri í málinu ef það verður ekki samþykkt. Það verður bara að bíða og sjá. En það er alla vega ljóst, segir hv. þm., að ég vil láta þjóðina vita um það sem ég hefði viljað láta gera ef ég hefði fengið að ráða. Það á að liggja ljóst fyrir. — Og þá er hv. þm. búinn að gera hreint fyrir sínum dyrum. Þennan leik er Framsfl. búinn að leika í tvö ár. Framsóknarmenn eru alltaf blaðrandi við öll möguleg og ómöguleg tækifæri. Ýmislegt af því, sem þeir leggja fram sem sínar hugmyndir og tillögur, er vel athugavert og sumt af því hefur áreiðanlega fylgi hér á Alþingi, þó svo samstarfsmenn þeirra í ríkisstj. neiti um fylgi sitt. En framsóknarmenn gæta þess ávallt vandlega, eins vandlega og þeir gæta þess að þjóðin fái að vita um tillögurnar, að aldrei sé á þær fallist. Samstarfsmennirnir í ríkisstj. vilja ekki fallast á þær. Þeir leita aldrei eftir því, hvort það kunni að vera stuðningur á Alþingi við tillögurnar. Nei, þeir láta sér nægja, um leið og þeir samþykkja að falla frá niðurtalningarstefnu sinni á 3—6 mánaða fresti, að láta annaðhvort birta viðtal við sig í Tímanum, eins og hæstv. sjútvrh. gerir, gefa yfirlýsingar hér á Alþingi við endanlega afgreiðslu mála, eins og hæstv. viðskrh. gerir, ef hann er þá í salnum þegar atkv. eru greidd, eða flytja brtt., eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gerir við frv. sem hann hefur sjálfur átt þátt í að semja, og taka síðan skýrt fram að vitaskuld verði menn að bíða og sjá hvað gerist ef tillögurnar verði ekki samþykktar. Auðvitað vita allir hvað gerist ef tillögurnar verða ekki samþykktar. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson situr hjá. Af hverju situr hv. þm. hjá? Vegna þess að ef hann greiddi atkv. á móti viðkomandi máli mundi það falla, og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur engan áhuga á að málið falli. Hann hefur engan áhuga á að berjast fyrir því að koma í framkvæmd þeim breytingum eða þeim hugmyndum sem hann hefur. Hann hefur bara áhuga á að sýna almenningi að hann hafi bæði viljann og vitið, en það sé öðrum að kenna að af framkvæmdinni skuli ekki hafa orðið.

Ég er hérna með viðtal dagblaðsins Tímans við hæstv. sjútvrh. um tillögur Framsfl. Viðtalið fer fram í lok janúar. Þar vantar ekki tillögurnar. Þar skýrir hæstv. ráðh. frá öllum þessum tillögum framsóknarmanna í ríkisstj. eina ferðina enn á tveggja ára afmæli stjórnarinnar, þegar flokkurinn hefur verið að druslast á eftir Alþb. í tvö ár án þess að koma nokkru í framkvæmd af því sem hann lofaði í kosningunum 1979.

Ráðh. tekur fram að auðvitað verði að lagfæra vísitölugrundvöllinn, alveg eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði áðan, og að Framsfl. leggi mikla áherslu á að það verði gert og geri það að tillögu sinni. En, segir hæstv. ráðh., „ég fellst á það með tilliti til nýsettra kjarasamninga að ekki er rétt að fara að breyta grundvelli þeirra á þessu stigi. Hins vegar held ég að mönnum sé ljóst að við verðum að lagfæra vísitölugrundvöllinn," segir formaðurinn.

Hann segir einnig í viðtalinu: „Erlendar lántökur eru orðnar geigvænlegar og verður að sporna við því og verða ráðstafanir í því skyni að vera í efnahagsmálapakkanum," — Hvar eru þessar ráðstafanir? Það var fallið frá þeim. Það er ekkert af því í þeirri niðurstöðu sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson samdi um við meðnm. sína í efnahagsnefnd ríkisstj.

Formaður Framsfl. segir einnig orðrétt í þessu viðtali: „Ég vek einnig athygli á peningamálunum. Ljóst er að þar þarf að vera ákveðin stefna. Við verðum að auka sparnað á ný." — Hver urðu afdrif þessarar tillögu, hæstv. forseti? Hvar er hún? Hvar er hana að finna í efnahagsaðgerðum ríkisstj.? Hvergi. Það var látið við það sitja að taka hana fram í Tímanum svo að framsóknarmenn gætu lesið að forusta þeirra hefði eitthvað til málanna að leggja. En að fylgja henni eftir og fá hana samþykkta datt henni aldrei í hug, enda var það aldrei ætlunin.

„Fjármagnskostnaður er mjög hár," segir formaður

Framsfl. einnig, „og í prógrammi um hjöðnun verðbólgu verður að taka hann inn og lækka vexti. " — Gott og vel. Hvar er niðurstaðan af þessari till.? Ég veit ekki betur en Seðlabanki Íslands sé nú að fjalla um tillögu um hækkaða vexti. Skyldi það vera niðurstaðan af tillögum Framsfl. um þverófugar aðgerðir?

„Þá verður að marka ákveðna stefnu með tilliti til stöðu atvinnuveganna, " segir formaður Framsfl. í þessu sama viðtali. — Hvar er sú stefna? Hver urðu afdrif hennar í efnahagsnefndinni sem Guðmundur G. Þórarinsson sat í? Ekki hef ég séð það eða aðrir alþm. að hana sé nokkurs staðar að finna í þeim efnahagsaðgerðum sem hafa verið kynntar sem samkomulagslausn ríkisstj.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að teygja þann lopa öllu lengur sem felst í þessu viðtali hæstv. sjútvrh. Kannske Framsfl. telji að það kák í launaskattsálagningu, sem felst í frv. því sem við erum að ræða núna, sé að marka ákveðna stefnu með tilliti til stöðu atvinnuveganna. Sé Framsfl. ánægður með þá lausn verð ég að segja að litlu er Vöggur feginn. Er þó ástæða til að fagna ef þá er loksins komin fram í nokkuð fullgerðri mynd sú niðurtalningarstefna sem flokkurinn er búinn að segja í á þriðja ár að hann hafi yfir að ráða.

Nei, herra forseti, framsóknarmenn hafa látið við það sitja að gera tillögur af og til og þá einkum og sér í lagi þegar ágreiningur er hvað mestur í ríkisstj. En þeir fylgja þessum tillögum sínum aldrei eftir og þeir láta aldrei á það reyna, hvort það sé fylgi við einhverja þessara tillagna að finna hér á Alþingi. Þeir láta við það eitt sitja að leggja þessar hugmyndir sínar fram annaðhvort í ræðum hér á Alþingi, í Tímanum, í kjallaragreinum í Dagblaðinu eða í gervitillögum eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er að flytja við frv. sem hér er til umr. En það er ávallt eitt víst í öllu þessu tali framsóknarmanna, að frá upphafi eru þeir staðráðnir í því að láta málið aldrei ganga lengra en á síður Dagblaðsins og Tímans, aldrei ganga lengra en láta við það eitt sitja að lýsa yfir hvað þeir mundu hafa viljað gera ef þeir hefðu fengið einhverju að ráða, eins og hæstv. viðskrh. gerir, eða láta við það sitja, eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er að leika núna, að taka sig til og flytja brtt. við eigin framleiðslu, því að frv. þetta er árangurinn af störfum efnahagsnefndar stjórnarflokkanna, og passa sig á því, þegar mælt er fyrir till., að svara engum spurningum um hvað hann hyggst hafast að ef tillagan verður ekki samþykkt. Það eina, sem menn hafa við að styðjast í því sambandi, er sú reynsla af sambærilegum tillöguflutningi hv. þm., að fallist stjórnarliðar ekki á till. hans, þrátt fyrir öll stóru orðin sem viðhöfð eru í umr. á Alþingi, gætir hann þess að gera þó ekki meira en að sitja hjá svo að það sé alveg öruggt að till. hans nái ekki fram að ganga.

Hv. þm. sagði að núv. ríkisstj. hefði náð miklum *árangri í efnahagsmálum*, a. m. k. *verulegum árangri* í efnahagsmálum. Hann nefndi tvennt til. Hann nefndi að ríkisstj. hefði tekist að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Var atvinnuleysi í landinu þegar ríkisstj. tók við? Hafi svo verið er það árangur að koma á fullri atvinnu. En það var ekkert atvinnuleysi í þessu landi þegar ríkisstj. tók við störfum. Því gleymir hv. þm. Og það er ekki árangur af hálfu ríkisstj. að geta haldið þannig á málum að ástand, sem hefur ekki þekkst í landinu um áratugi, skuli ekki hafa orðið á valdaferli hennar.

Hv. þm. talaði mikið um nágrannalöndin, um Danmörku, Noreg og Bretland, í þessu sambandi. Hefði verið hér á Íslandi ástatt svipað og þar þegar núv. ríkisstj. tók við, fjöldaatvinnuleysi, og ríkisstj. hefði getað breytt því ástandi í fulla atvinnu, þá hefði það verið árangur sem hefði verið hægt að fagna. En þeim árangri hefur ríkisstj. ekki náð því að það var ekkert atvinnuleysi hér þegar hún tók við.

Þó hafa orðið ein þau tíðindi í atvinnumálum á valdaferli þessarar ríkisstj. sem heyra til undantekninga. Ég veit ekki hvað er langt síðan milli 6 og 11 þús. manns hafa verið á atvinnuleysisskrá á Íslandi. Það gerðist í valdatíð núv. ríkisstj. Hversu langt er síðan það gerðist þar áður veit ég ekki. Kannske hæstv. félmrh. geti frætt okkur á því. Einu tíðindin í atvinnumálum, sem hafa orðið á valdaferli þessarar ríkisstj., eru þau, að í upphafi þessa árs, þegar núv. ríkisstj. sat að völdum, urðu atvinnulausir milli 6 og 11 þús. Íslendingar og voru sumir atvinnulausir svo að vikum skipti. Ég hélt að menn gætu ekki hrósað sér sérstaklega mikið af slíku.

Síðan sagði hv. þm. að ríkisstj. hefði einnig tekist að koma í veg fyrir sömu þróun hér og í nágrannalöndunum um minnkandi kaupmátt. Þetta er ekki rétt. Á s. l. hausti var kaupmáttur kauptaxta verkafólks samkv. upplýsingum Kjararannsóknarnefndar um 12% lægri en í júnímánuði árið 1978, þegar ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar féll. Þetta var áður en kjarasamningarnir voru gerðir í haust. Nýverið hefur Kjararannsóknarnefnd lokið við mjög umfangsmikla könnun á kjörum launafólks í landinu. Mér er ekki kunnugt um að sú könnun hafi verið birt opinberlega, og ég hef engar fréttir af því, hvað sú könnun hefur leitt í ljós. En ég held að það væri forvitnilegt að fá niðurstöður hennar. Þó að ég viti ekki og vilji ekki neitt um það fullyrða, hvað í henni felst, ætla ég að ýmsir stjórnarliðar muni ekki tala jafnmikið og áður um að hafa komið í veg fyrir minnkandi kaupmátt eftir að vera búnir að kynna sér efni hennar með sönnum fréttum. Annað nefndi hv. þm. ekki sem árangur ríkisstj. í efnahagsmálum en þetta tvennt.

Auðvitað geta menn leikið sér með svona kaupmáttartölur út og suður. Menn geta í staðinn fyrir kaupmátt kauptaxta miðað við kaupmátt ráðstöfunartekna o. s. frv. og fengið út alls konar talnalegan samanburð sem stemmir ekki og meira og minna ruglar fólk í ríminu. Ástæðan er mjög einföld. Ástæðan er sú, að sá mælikvarði, sem notaður er til að mæla þennan kaupmátt, er ekki réttur. Menn finna það best á buddunni sinni hvort það sé líklegt að vísitölumælingin, sem ástunduð er m. a. til að mæla þennan kaupmátt, gefi rétta mynd. Ég held að þó að ekki sé hægt að vega það á neinum metaskálum sé réttari sú tilfinning, sem almenningur hefur um afkomu sína, en jafnvel þær mælingar sem eru gerðar á grundvelli svo rangra mælitækja. Ég held að það fari ekki heldur hjá því, að næstum því hver einasti launamaður í þessu landi hafi fundið að á *síðustu mánuðum*, á s. l. hausti og framundir þann dag sem nú er, hefur verið stöðugt erfiðara að fá launin til að endast. Ég held að flestir þeir, sem gera innkaup fyrir heimili sín, finni að á þessu tímabili hefur orðið um að ræða miklu meiri kostnaðarhækkanir fyrir íslensk heimili en opinberar verðbólgumælingar sýna.

Að lokum sagði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson að hann saknaði tillagna frá Alþfl. um aðgerðir í efnahagsmálum. Hingað til höfum við Alþfl.-menn verið skammaðir fyrir að gera frekar of margar en of fáar tillögur, og við höfum á undanförnum árum gert öðrum

flokkum fleiri tillögur um aðgerðir í efnahagsmálum, eins og dæmin sanna. Sjálfsagt er að útvega hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni eitthvað af þeim tillögum sem við höfum lagt fram um heildstæðar aðgerðir í efnahagsmálum, ef hann biður um það og hafi hann einhvers staðar holað niður þeim tillögum sem hann áður hefur haft í höndum frá okkur. En látum það nú vera. Við höfum einnig á Alþingi í vetur lagt fram fjölmörg þingmál um framkvæmd á þeim tillögum sem við höfum gert alveg frá því í kosningabaráttunni 1978, einnig í sambandi við viðræðurnar um ríkisstjórnarmyndun þá, í sambandi við jafnvægisfrv. okkar á haustdögum 1979 og í sambandi við þau tvö plögg sem við lögðum fram í stjórnarmyndunarviðræðum á sínum tíma.

Um s. l. áramót voru frumvörp til laga, sem lögð höfðu verið fram af Alþfl., tillögur um lagabreytingar í bæði stærri og smærri málum, tæpur helmingur af öllum þeim lagafrv. sem lögð höfðu verið fram á Alþingi. Þm. Alþfl. höfðu um s. l. áramót lagt fram tæpan helming af lagafrv. sem þá lágu fyrir Alþingi og flutt voru af stjórn, stjórnarandstæðingum og einstökum þm. stjórnarliðsins. Talan ein segir ekkert út af fyrir sig. (**ÓÞÞ:** Það vantar uppmælingu á þetta.) Nei, það þarf enga uppmælingu á þetta og síst úr Reykholti. Hún segir ekkert út af fyrir sig. Herra forseti. Væri nokkur möguleiki á að þagga niður í skrifurum í þessari hv. deild? (**Forseti:** Ég er að skaka skellu mínu.) Ég held, herra forseti, að það væri kannske ráð að skaka þá skelluna í aðra tóma bjöllu en þá, sem er á borðinu beint fyrir framan hæstv. forseta, og vita hvort það bæri ekki betri árangur. Við skulum þó sleppa því. Ég veit að forseti þessarar hv. deildar er atgervismaður hinn mesti og mun ekki þola að ekki beri betri árangur en reynslan ber vitni um það bjölluskak sem hann hefur verið með hingað til gagnvart skrifara sínum. Látum það þó liggja á milli hluta.

En hvað skyldu þessi frv. fjalla um, sem þm. Alþfl. hafa flutt, því að málafjöldinn segir að sjálfsögðu ekki alla sögu? (**ÓÞÞ:** Hárrétt.) Ég held að hv. skrifari þessarar deildar ætti ekki að fara mörgum orðum um hár í þessu sambandi. En látum það nú vera. Það stendur ekki til bóta.

Það hefur ávallt verið kjarni í stefnu okkar Alþfl.-manna, að menn ættu ekki að einbeita sér að því eina, sem núv. ríkisstj. gerir, að reyna ávallt að koma í veg fyrir það eitt, að verðlagshækkanir, sem þegar hafa orðið, verki til launahækkana síðar. Það eina, sem núv. ríkisstj. hefur gert, er að reyna að eiga með þessum hætti við vísitöluna. Það eru ríkisstjórnir búnar að gera í heilan áratug án þess að það hafi borið nokkurn árangur. Það, sem verður að gera, er, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson sagði áðan, að ráðast að rótum þess kerfis sem býr til það verðbólguvandamál sem mælist á þriggja mánaða fresti. Það þýðir ekki að ætla sér að fara að eiga við mælikvarðann sjálfan sem aðeins tjáir það eitt sem búið er að gerast. Það er jafnheimskulegt og ef læknir ætlaði að reyna að lækna sjúkling, sem væri með hita, með því einu að taka hitamælinn og reyna að kæla hann niður í eðlilegan líkamshita. Vísitalan er ekkert annað í þessu sambandi en mælikvarði á það sem hefur gerst, nákvæmlega eins og hitamælir gagnvart sjúklingi er aðeins mælikvarði á raunverulegt líkamlegt ástand hans, sjúklegt líkamlegt ástand sem stafar af öðrum orsökum en hitamælinum sjálfum. Og það er jafnheimskulegt að ætla sér að ráða bót á verðbólguvanda með því að kákla við mælistikuna, vísitöluna, og ef ætlað er að lækna sjúkling með því að hafa áhrif á hitamælinn sem mælir líkamshita hans. Með sama hætti og skynsamur læknir notar hitamælinn aðeins sem mælikvarða á raunverulegt líkamsástand og ástand sjúkdóms hjá sjúklingi og snýr sér þá frekar að því að reyna að lækna meinið, sem veldur því að hitamælirinn mælir svo mikinn líkamshita, verða menn auðvitað að snúa sér að því meini sem skapar það stöðuga verðbólguástand sem vísitalan mælir. Það hafa menn ekki gert.

Hvað þarf m. a. að gera til að koma í veg fyrir að við höldum áfram í því fari óðaverðbólgu sem við höfum verið fastir í heilan áratug? Við þurfum m. a. í því sambandi að endurskipuleggja alla okkar fjárfestingarpólitík. Við Alþfl.-menn höfum flutt á þessu þingi frv. einmitt um að hætta hinni heimskulegu og óarðbæru fjárfestingu í landbúnaði og reyna að snúa þeirri fjárfestingu á skynsamlegri brautir í þeirri atvinnugrein en nú er beitt. Við höfum líka flutt á þessu þingi frv. um að hverfa frá þeirri heimskulegu fjárfestingu í fiskiskipainnflutningi sem hefur verið stunduð á undanförnum árum. En við fáum enga áheyrn með þessar tillögur okkar. Þær eru vissulega viðkvæmar og það er ekki hægt að taka á þessum málum nema koma við einhvers kjör. Það vitum við mætavel. Það er ekki hægt að leysa svona vanda með því að gera gott fyrir alla. Menn verða að horfast í augu við það. Og menn verða að gera sér ljóst að þegar við erum að nota það takmarkaða fjármagn, sem þjóðin hefur til að fjárfesta í stækkun skipastólsins, sem aðeins veldur því að afkoma sjómannanna versnar, afkoma útgerðaraðilanna versnar og afkoma þjóðarbúsins í heild versnar, þá verður ekki komist hjá kjaraskerðingu. Hæstv. ríkisstj. vill ekki horfast í augu við þann vanda. Hvað gerir hún þá til að reyna að forðast að horfast í augu við þann vanda? Hún reynir að halda lífskjörunum uppi með því að taka erlend lán til að standa undir lífskjörum í landinu. Það er bara víxill upp á framtíðina. Ef hann fellur ekki á okkur fellur hann á börnin okkar. Þessari röngu fjárfestingarpólitík þarf að breyta.

Alþfl. hefur lagt fram á þessu Alþingi ekki eitt, ekki tvö, heldur fleiri frv. um slíkar breytingar. Hann er eini flokkurinn sem hefur gert það, og þau frv. fá engar viðtökur. Þau fá enga afgreiðslu og þau fá engar viðtökur hér í þinginu. Menn verða að horfast í augu við það, að ef við ætlum að halda áfram að nota takmarkað ráðstöfunarfé þessarar litlu þjóðar í eins heimskulega starfsemi og að auka við offramleiðsluna á landbúnaðarafurðunum, sem hefur það í för með sér að við þurfum að gefa á þessu ári 20 milljarða gkr. með kindakjöti og smjöri, sem við flytjum út, ofan í erlendar þjóðir, ef við ætlum að halda áfram að nota fé þessarar litlu þjóðar til að flytja inn í auknum mæli fleiri og fleiri fiskiskip sem gera ekkert annað en rýra afkomu hvers einasta manns í þessu landi, — á meðan við stöndum svona að fjárfestingarpólitík okkar, munum við aldrei komast út úr því verðbólgufari sem við erum fastir í.

Það er raunhæf aðgerð að breyta þessu til að vinna bug á verðbólgunni. En það er ekki við það komandi af hálfu landeigendaauðvaldsins í röðum framsóknar og íhalds að koma fram breytingum á vitlausri fjárfestingarpólitík í landbúnaði, og það er ekki við það komandi vegna útgerðarauðvaldsins í þessum sömu flokkum að koma á skipulagðri nýtingu á peningum landsmanna í fjárfest-

ingu útgerðar og fiskvinnslu.

Við höfum einnig flutt um það till. hér á þingi og frv. að einskorða erlendar lántökur við erlendan kostnaðarþátt í framkvæmdum, taka ekki erlend lán fyrir innlendum kostnaði. Það vantar ekki að framsóknarmenn segist í orði vera fylgjandi þessari reglu og þessum tillögum okkar. En hvað gera þeir á borði? Þeir heimila innlendum aðilum í tveimur tilvikum að taka erlend lán til að kaupa og flytja innlend fiskiskip á milli fjarða. Auðvitað verðum við föst í óðaverðbólgufeni og óstjórnar á meðan við höldum svona á málum, en við Alþfl.-menn verðum ekki sakaðir um að hafa ekki lagt fram tillögur um breytingar í þessum efnum.

Við höfum fullyrt að við mundum ekki ná okkur upp úr þessu feni nema með því að skera stórlega niður í útgjöldum ríkissjóðs og nota það svigrúm, sem þannig skapast, til að koma á framfæri raunverulegum skattalagabreytingum til hagsbóta fyrir allan landslýð. Við höfum lagt fram tillögur um þetta. Við gerðum það síðast í desembermánuði s. l. Við lögðum fram tillögur um mun meiri niðurskurð á fjárlögum en hæstv. ríkisstj. er nú að tala um. Við höfum einnig lagt fram frv. á Alþingi um gerbreytingar á skattakerfinu, ekki bara tekjusköttunum, heldur einnig á óbeinu sköttunum og raunar allri skattheimtu ríkissjóðs. Síðan koma menn hér og saka okkur um að við höfum engar tillögur gert. Lesa þessir menn ekki einu sinni þingskjöl?

Við höfum lagt fram og það liggja nú fyrir þessu Alþingi tillögur okkar um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar sem við gerum m. a. ráð fyrir að skera algerlega í sundur tekjuöflunarkerfi ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar, þannig að sveitarfélögin geti verið sjálfstæðari aðilar í okkar þjóðfélagi en þau eru. Það er líka nauðsynlegur þáttur þess að hægt sé að rífa okkur upp úr því verðbólgu- og óstjórnarfari sem við erum nú föst í. Síðan koma menn hér og segja: Hvar eru tillögur Alþfl.?

Við höfum líka lagt fram á þessu þingi frv. um nýja byggðastefnu þar sem við gerum ráð fyrir að sú fyrirgreiðslupólitík, sem beitt er í sambandi við byggðamál, verði afnumin og þess í stað reynt af þessari stofnun að mynda raunhæfa byggðastefnu sem Alþingi afgreiði, en það hefur aldrei verið gert. Sú breyting er líka nauðsynlegur þáttur í því, að hægt sé að nota það takmarkaða fjármagn, sem þjóðin hefur til ráðstöfunar, og hægt sé með einhverjum hætti að rífa okkur út úr þeim vítahring sem íslensk efnahagsmál hafa verið í um margra ára skeið. Síðan koma menn og segja að Alþfl. hafi engar tillögur fram að færa. Hvar eru tillögur hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar? Hver hefur séð tillögur frá þeim manni? Ég hef aldrei séð þær. Ég hef ekki rekist á tillögur um efnahagsmál frá þeim þm. Hvar eru tillögur hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson? Jú, eitthvað hefur komið fram af þeim í Dagblaðinu. Ein af þeim liggur frammi á þingi í dag. Enginn veit hvort þm. ætlar að standa við till. eða ekki. En hvar eru hinar? (Gripið fram í.) Jú, það eru gosdrykkirnir, segir hæstv. félmrh., og það er rétt, að hann hefur haft áhuga á gosdrykkjum, og séu honum þakkir fyrir það. Það er eina „gosið" sem hann hefur ástundað hér í þingsölum. Það var allt í ölinu! Annað hefur ekki frá þeim hv. þm. komið. Og hvar eru tillögur ríkisstj.? Hvar er niðurtalningarstefnan?

Nei, herra forseti, það verður löng bið eftir því, að við Alþfl.-menn komum fram með tillögur um aðgerðir í verðbólgumálum sem einskorðast við eitthvert vísitölumöndl, eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er að ástunda hér. Okkar niðurstaða er sú, að búið sé að reyna það svo oft og svo lengi og af svo mörgum ríkisstjórnum að þess sé ekki að vænta að neinn varanlegur árangur verði af slíkum aðgerðum. Við getum ýtt vanda á undan okkur með slíkum hætti í þrjá til sex mánuði, síðan sprettur hann upp aftur nákvæmlega jafnvondur, ef ekki verri en áður var. Þetta er reynsla sem allar ríkisstjórnir hafa haft af slíkum tilraunum, bæði ríkisstj., sem nú situr, og allar aðrar. Ef menn geta einhvern tíma lært af reynslu ættu menn að geta lært af þeirri reynslu, að slíkar aðgerðir gagna ekki til frambúðar. Það verður að taka á málinu með öðrum hætti. Það verður að taka á málinu með því að breyta því kerfi sem á bak við býr, breyta þeirri heimskulegu fjárfestingarpólitík sem þessi stofnun stundar og ríkisstj. einnig, bæta úr þeim algera skorti á aðgát varðandi erlendar lántökur sem viðgengst hjá núv. ríkisstj. öllum ríkisstjórnum fremur, breyta þeirri röngu byggðastefnu sem framkvæmd er af stjórnvöldum, — raunar hefur Alþingi aldrei markað neina byggðastefnu þannig að orðið „byggðastefna" hefur aldrei verið skilgreint af Alþingi, — koma á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þannig að sveitarfélögin verði gerð sjálfstæður aðili og þeim verði fengnir tekjustofnar sem þau geta haft án afskipta ríkisvaldsins, aðflutningsgjaldakerfinu verði breytt og það stokkað upp. Allt eru þetta tillögur sem Alþfl. hefur flutt og byggt á frv.-flutninga hér á Alþingi. Alþfl. hefur sýnt fram á í mörgum málum, hverju málinu á eftir öðru, hvernig hægt er að framkvæma þau stefnumál sem flokkurinn hefur barist fyrir. En þar rekumst við að sjálfsögðu á vegg.

Það er enginn vandi, herra forseti, að fá flokkana hér á Alþingi til þess að fallast á að fresta verðbótum á laun, jafnvel ekki Alþb. Það er enginn vandi að fá flokka hér á Alþingi til þess að fallast á að greiða niður verðbætur á laun með því að lækka verðlag á kartöflum, kjöti og smjöri. En það er mikill vandi að fá flokkana hér á Alþingi til þess að fallast á að hverfa frá þeirri stórháskalegu fjárfestingarpólitík sem rekin hefur verið á Íslandi að undanförnu, þar sem fjármunum þjóðarinnar hefur skefjalaust verið varið til að ástunda fjárfestingar sem eru ekki bara rangar, heldur stórhættulegar og hafa haft stórfé af öllum almennum launþegum í þessu landi, orsakað að lífskjör hér á Íslandi eru, hvað sem hver segir, lakari en þau þyrftu að vera, lakari en þau gætu verið og lakari en víða í nágrannalöndum. Svo lengi sem menn halda þeim vana sínum og þeim hætti sínum að neita að horfast í augu við þessi vandamál, neita að hverfa frá rangri fjárfestingu í undirstöðuatvinnugreinum landsmanna, meðan menn halda dauðahaldi í gömlu vinnubrögðin á þessum sviðum, þá munum við vera fastir í því óðaverðbólgufeni sem einkennt hefur s. l. áratug, sem kallaður hefur verið áratugur Framsóknarflokksins.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:1 atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 19:2 atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316) — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. sem hefur þegar hlotið meðferð í hv. Ed. og

gerir ráð fyrir því, að hafi sjómenn stundað sjómennsku að hluta eða öllu leyti á opnum bátum og þilfarsbátum undir 12 brúttólestum í þann tíma, sem tiltekinn er í lögum um almannatryggingar, dugi slíkt til þess að sjómaðurinn öðlist þau réttindi að fá ellilífeyri við 60 ára aldur eftir 25 ára starf. Hér er um að ræða mál sem flutt er í framhaldi af lögum sem afgreidd voru á síðasta þingi um þennan rétt almennt til sjómanna, en hér er gert ráð fyrir að þessi réttur nái einnig til sjómanna á litlum bátum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið. Hér er bætt úr mjög brýnni þörf. Óneitanlega hefur það verið svo á undanförnum árum, að þau kjör, sem sjómenn á opnum bátum eða þilfarsbátum undir 12 brúttólestum, þeir sem eru komnir til ára sinna, hafa búið við, eru ekki mannsæmandi. Hér er um bæði menningarlegt mál að ræða og mikið nauðsynjamál, og ég vil beina því til þeirrar nefndar, sem tekur málið til meðferðar, að láta það fá fljóta afgreiðslu og í íhuga hvort 25 ár séu eðlilegur tími eða kannske megi lækka mörkin niður í 20 ár. Jafnframt þætti mér sanngjarnt að þessi lög yrðu afturvirk að því leyti að þau næðu a. m. k. til áramóta.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 46. fundur

Mánudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 351). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Orkulög, frv. (þskj. 345). — 1. umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til 1. um breytingu á orkulögum. Þetta frv. felur í sér þá stefnumörkun, að sú orka, sem fólgin er í háhitasvæðum, sé sameign þjóðarinnar. Djúphiti á háhitasvæðum yrði sem sagt almannaeign. Hins vegar er gert ráð fyrir að jarðvarmi á lághitasvæðum og yfirborðshiti yrði hvarvetna háður einstaklingsrétti landeigenda.

Alþfl. hefur lengi haft á stefnuskrá sinni að binda það í lög að eignarráð íslensku þjóðarinnar á landi sínu og miðunum séu sameign, að landið verði þjóðareign, að orkulindirnar verði sameign þjóðarinnar og byggðin í landinu fái vaxtarrými án þess að þurfi að greiða okurgjald fyrir. Viðgangur byggðar og atvinnu í landinu þarfnast þess, að orkulindir fallvatna og jarðvarma séu virkjaðar í almannaþágu og landrými sé ráðstafað til mannvirkjagerðar. Það er vitaskuld gagnstætt öllu réttlæti að einstakir landeigendur geti hirt stórgróða vegna þess eins að alþjóðarþörf hafi gert lönd þeirra verðmæt án nokkurs tilverknaðar þeirra sjálfra. Sama gildir vitaskuld um þann varma sem fólginn er í iðrum jarðarinnar, að fyrir því getur varla fundist nokkur réttlætisvottur að menn skuli geta auðgast eða setið yfir hlut annarra vegna þess að á landi þeirra sé jarðskorpan eitthvað þynnri en annars staðar.

Það lagafrv., sem hér er flutt, fjallar sérstaklega um þetta efni. Alþfl. hefur áður flutt margvíslegar þáltill. og lagafrv. sem lúta að sameign þjóðarinnar á landinu, og nú á þessu þingi höfum við Alþfl.-menn áður flutt tvö lagafrv. sem varða sérstaklega sameign þjóðarinnar á landinu, gögnum þess og gæðum. Það er í fyrsta lagi frv. til 1. um sameign á landi, sem mælt var fyrir í Nd. fyrr á þessu þingi, og í annan stað frv. til 1. um hvernig eignarnámsbætur skuli ákveðnar, sem mælt var fyrir í þessari hv. deild fyrr á þessu þingi.

Það má segja að hugmyndin um þjóðareign landsins sé jafngömul jafnaðarstefnunni, og hún var í fyrstu stefnuskrá Alþfl. Sá hugsunarháttur hefur ríkt hér á landi til skamms tíma, að landrými sé feikinóg og náttúruauðlindir takmarkalausar. Fleiri þjóðir hafa reyndar vaðið í þeirri villu. Nú er annað komið á daginn. Allt er þetta takmarkað og þjóðin deilir um auðlindir landsins en óttast eyðingu lands og nytjafiska. Eins og ég gat um hefur Alþfl. oft áður og nú ár eftir ár flutt á Alþingi tillögur um þjóðareign landsins. Þær hafa mætt harðri mótspyrnu íhaldssamra afla, en það verður að segjast eins og er, að þessar hugmyndir hafa vakið þjóðarathygli og fengið undirtektir um land allt. Grundvallarsetning íslenskrar stjórnarskrár ætti í rauninni að vera eitthvað á þessa leið: Að íslenska þjóðin öll, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á Ísland allt, gögn þess og gæði og miðin umhverfis það.

Æðsta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, fer með umráðarétt á þessari helgu eign, en getur með sérstökum lögum og reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og félagsheildum, t. d. sveitarfélögum, tiltekinn rétt til þessara gæða. Við jafnaðarmenn lítum svo á að það sé fráleitt að fjölmennar byggðir nái ekki að virkja nærtæk fallvötn til framleiðslu orku til hita og iðnaðar og til lýsingar vegna eignarhalds landeigenda sem eru þess ekki umkomnir að koma þessum auði í almannagagn. Við félagshyggjumenn teljum það fráleitt að einstakir landeigendur geti staðið í vegi fyrir framförum af þessu tagi. Við jafnaðarmenn lítum svo á að þann jarðvarma, sem ríki og samfélagslegt fjármagn og framtak þarf til að koma til almannanota, eigi að gera að þjóðareign og taka til almannaþarfa án stórgjalds til hugsanlegra landeigenda. Við jafnaðarmenn teljum líka að það stríði gegn eðlilegri réttarkennd, að land- eða lóðareigandi grípi af því of fjár að þétt byggð hafi án hans tilverknaðar myndast í eða við landareign hans og þurfi aukið vaxtarrúm. Það er af þessum sökum sem við Alþfl.-menn höfum flutt þau lagafrumvörp sem ég gat um í upphafi. Okkur er ljóst að sameign þjóðarinnar á landinu næst einungis með margvíslegri löggjöf og hér sem á mörgum öðrum sviðum vísar jafnaðarstefnan á leið skynsemi og réttlætis.

Að því er varðar það mál sérstaklega sem ég mæli hér fyrir, breytingu á orkulögum, er það svo, að um það hafa áður verið flutt lagafrumvörp oftlega hér á þingi af fulltrúum ýmissa flokka og þm. Alþfl. hafa oft áður verið meðal flm. lagafrv. um almannaeign að jarðhita. Segja má að megindrögin í því frv., sem ég mæli hér fyrir, séu hin sömu og í þeim frv. sem áður hafa verið flutt á árunum 1972—1977, m. a. stjfrv., sem páv. iðnrh. Magnús Kjartansson beitti sér fyrir, og þmfrv. sem síðar voru flutt af ýmsum þm. En sú veigamikla breyting er þó gerð hér frá fyrri frumvörpum, að sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki þeirra, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu fyrir gildistöku laganna, skuli halda rétti sínum óskertum.

Eins og ég gat um í upphafi er í þessu lagafrv. greint á milli umráða- og hagnýtingarréttar á jarðhita eftir því, hvort hann er að finna á háhitasvæðum eða lághitasvæðum. Allur jarðhiti á lághitasvæðum er háður einstaklingsrétti landeigenda, en annar jarðhiti á háhitasvæðum er í almannaeign og í umráðum ríkisins samkv. þessu frv. Þó skulu þeir, sem borað hafa eftir jarðhita á háhitasvæðum og byrjað vinnslu hans við gildistöku laganna eða keypt sér rétt til vinnslu, hafa þann rétt óskertan áfram.

Samkv. þessu frv. er líka óheimilt að aðrir aðilar en ríkið og þeir, sem leyfi ríkisvaldsins fá, bori eftir jarðhita á háhitasvæðum. Ráðherra hefur samkv. frv. heimild til að leyfa vinnslu jarðhita á háhitasvæðum til minni háttar nota, en að öðru leyti skal skipa því með löggjöf hverju sinni. Með því er tryggt að nýting þessara orkulinda verði sem hagkvæmust fyrir þjóðina.

Í samræmi við 2. gr. orkulaga er Orkustofnun ætlað það hlutverk að ákveða nánar hver séu mörk háhitasvæða, en til að auðvelda Orkustofnun eftirlit með hagnýtingu jarðhitans er ákveðið að skylt sé að tilkynna

henni allar boranir eftir jarðhita dýpri en 100 metra. Enn fremur eru sett ákvæði um heimild til eignarnáms á aðstöðu vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Með þessum lögum eru eignarrétti einstaklinga sett tiltekin almenn takmörk án þess að bætur komi fyrir, en heimild löggjafarvaldsins til að setja eignarréttindunum almennar takmarkanir er fyrir löngu viðurkennd af dómstólum. Það verður að segja, að nýting háhitaorkunnar telst ekki til þeirra nota af landi sem heyra til venjulegrar hagnýtingar á eignarrétti fasteigna. Verðmæti fasteigna í jörðu hafa ekki orðið til fyrir mannlega starfsemi. Það er líka ljóst, að til rannsókna á hagnýtingargildi hinna einstöku háhitasvæða þarf að kosta miklu fé, en þar sem niðurstöður slíkra rannsókna hljóta ávallt að vera óvissar er vafasamt að einstakir landeigendur hætti fé sínu til slíkra rannsókna. Fjárfesting í tækjum til rannsókna og vinnslu jarðhitans í háhitasvæðum hlýtur að verða a. m. k. flestum einstökum landeigendum ofviða, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni.

Það er líka nauðsynlegt að nýting jarðhita á hverju einstöku háhitasvæði lúti stjórn eins aðila, þar sem skipulagslausar boranir á sama svæði af hálfu fleiri aðila mundu leiða til óþarfasóunar og árekstra, þar sem síðari boranir gætu raskað vinnslu jarðhita úr borholum sem áður hafa verið boraðar. Af þessum ástæðum hefur þótt rétt að tryggja með lögum, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir, að jarðhiti á háhitasvæðunum verði nýttur á þjóðhagslega hagkvæman hátt, án þess þó að koma í veg fyrir eðlileg not landeigenda af fasteignum sínum. Að svo miklu leyti sem landeigandi verður fyrir takmörkunum á eignarrétti sínum á landi vegna borunar og vinnslu jarðhita á háhitasvæði ber honum að fá fullar bætur fyrir.

Í þessu lagafrv. eru þekkt háhitasvæði talin upp og gerð grein fyrir því, að líklegt sé að finnast muni fleiri háhitasvæði innan gosbeltanna á Íslandi. Flest eru þessi háhitasvæði allhátt yfir sjó, en á tveimur þekktum háhitasvæðum, Reykjanesi og Svartsengi, og líklega Eldvörpum er djúpvatnið sjór, en annars staðar ósalt grunnvatn sem hitnað hefur við djúpa hringrás í jörðu. Hvert háhitasvæði er sjálfstætt rennsliskerfi og getur vinnsla á einum stað raskað rennsli á öðrum stöðum í kerfinu. Af þessum sökum er mikilvægt að vinnsla jarðvarma á hverju svæði sé undir yfirstjórn eins aðila.

Í 1. gr. frv. er að finna skilgreiningu á háhitasvæðum og jafnframt eru talin upp þau jarðhitasvæði sem ekki falla undir þessa skilgreiningu, eru lághitasvæði. Í 1. gr. er líka tekið til um að ríkið eigi allan umráðarétt til hagnýtingar jarðhita á háhitasvæðunum, en landareign hverri fylgir réttur til umráða og hagnýtingar jarðhita á lághitasvæðum og takmarkaður réttur til nýtingar á háhita landeiganda til handa.

Það er síðan tiltekið í 2. gr., að ríkið eigi rannsóknarréttinn að því er þessi svæði varðar og að landeiganda sé skylt að leyfa þeim mönnum, er ríkið eða leyfishafi gerir út í þeim tilgangi, aðgang að landareigninni í rannsóknarskyni. En skemmdir, ef einhverjar verða, skulu bættar að fullu eftir mati. Ákveðið er að leyfi ráðh. skuli bundið þeim skilyrðum, að Orkustofnun eigi þess kost að fylgjast með rannsókninni.

Í 3. gr. er tiltekið að til vinnslu jarðhita á háhitasvæði þurfi að öllu jöfnu leyfi Alþingis, ráðh. sé þó heimilt að veita leyfi til minni háttar vinnslu, eins og nánar er tiltekið í greininni. Síðan er tiltekið að þau sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga eða fyrirtæki sveitarfélaga, sem keypt hafa sér land með vinnslu háhita í huga eða rétt til vinnslu jarðhita á háhitasvæði fyrir gildistöku þessara laga, skuli halda rétti sínum óskertum. Nánari ákvæði eru síðan um hver sé réttur sveitarfélaganna og hvernig fara skuli með umsóknir sem berast, og þó einkum og sér í lagi það sem þegar hefur átt sér stað á háhitasvæðum áður en lögin taka gildi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að rekja efnisþætti öllu nánar. Eins og ég gat um fyrr í framsögu minni er þetta frv. í ýmsum megindráttum samhljóða frumvörpum sem áður hafa verið flutt um þetta efni. En frávikin, eins og ég vék að sérstaklega, horfa til þess að taka tillit til nýrra viðhorfa og nýrrar þekkingar sem aflað hefur verið frá því að síðast var fjallað um þessi mál hér á hv. þingi. Enn fremur er ný skilgreining á rétti sveitarfélaga, sem hér eru talin í hópi almannasamtaka og njóta vegna þess, sem þau hafa áður tekið sér fyrir hendur, sama réttar og ríkið.

Ég vil að lokum leggja áherslu á það, að með þessum þremur lagafrv. sem ég hef getið um, því frv., sem ég mæli hér fyrir, því frv., sem áður hefur verið flutt um sameign á landi sem ekki er neinn ótvíræður eigandi að, og frv. um eignarnámsbætur, — með þessum þremur frv. viljum við Alþfl.-menn leggja áherslu á það, að landið sé sameign þjóðarinnar og sniðnir verði af ýmsir þeir agnúar sem eru á núverandi skipan mála. Að þessum þremur lagafrv. samþykktum hefði verið stigið verulegt spor í réttlætisátt, í þá átt að virða það, að landið sé sameign þjóðarinnar, og sjá til þess, að það geti nýst til almannaheilla með sem allra bestum hætti.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. þessu til 1. um breytingu á orkulögum vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að taka það fram, að ég hef ekki hugsað mér að ræða þetta frv. núna efnislega. Þetta frv. varðar stórmál. Um það getum við öll verið sammála.

Hv. 2. þm. Reykn. talaði í þessu sambandi um að landið væri þjóðareign og ekki væri hægt að una því, að ekki væri hægt að virkja orkulindir landsins vegna eignarhalds á þeim. Fleira í þessa átt sagði hv. þm., og hann nefndi Alþfl. og jafnaðarstefnuna sérstaklega í þessu sambandi. Honum er að sjálfsögðu frjálst að gera það. En ég vil vekja athygli á því, að ég veit ekki til þess, að neinn ágreiningur sé um að landið allt sé þjóðareign né að ágreiningur sé um það, hvort leyfa eigi að eignarhald á orkulindunum stöðvi virkjunarframkvæmdir eða ekki. Ég held að það sé ekki neinn ágreiningur um slíkt og það eigi jafnt við um aðra flokka og Alþfl.

Ég minnist þess og ætla nú að koma að því, að í ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar setti þáv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., sérstaka nefnd til þessa verkefnis. Ég minnist þess ekki, að í þau 12 ár sem Alþfl. átti aðild að ríkisstj., viðreisnarstjórninni, væri neitt gert í þessum efnum. Þetta segi ég ekki til þess að gera lítið úr áhuga Alþfl. á þessu máli. Ég segi þetta til þess að undirstrika orð mín um það, að ég álít að þetta sé ekki frekar mál Alþfl. en annarra flokka.

Ég sagði áðan að ég ætlaði ekki nú að ræða þetta frv. efnislega. En mér þykir rétt að víkja nokkuð að formshlið þessara mála.

Hér er um að ræða frv. til l. um breytingar á orku-

lögum. Við höfum fyrr fjallað í þessari hv. deild um frv. til orkulaga. Þetta er annað þingið í röð sem það frv. er borið fram. Ég vek athygli á þessu. Það er frv. til heildarlaga, nýrra orkulaga. Hins vegar er í því frv., sem ég ásamt nokkrum samflokksmönnum mínum flyt nú í annað sinn, ekki að finna það efni sem er í þessu frv. Mér þykir nauðsynlegt og rétt að skýra hvernig á því stendur.

Ég sagði áðan að fyrrv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh., hefði á sínum tíma skipað sérstaka nefnd til að semja frv. um það efni sem þetta frv. fjallar um, en frv. okkar félaga til nýrra orkulaga fjallar ekki um. Það frumvarp til nýrra orkulaga er byggt á starfi svokallaðrar skipulagsnefndar í orkumálum, annarrar nefndar sem hæstv. núv. forsrh. skipaði 1977 sem páv. iðnrh. Ég var formaður þeirrar nefndar svo að mér er þetta mál mjög hugleikið. Það fyrsta, sem við athuguðum í þeirri nefnd, sem skipuð var 1977, var hvort við ættum að fjalla um jarðhitaréttindi eða ekki. Ákveðið var að sú nefnd fjallaði ekki um þau efni vegna þess að önnur nefnd væri starfandi í því máli. Sú nefnd var skipuð hinum færustu sérfræðingum lögfræðilega séð í þessum efnum. Formaður nefndarinnar var Ármann Snævarr hæstarréttardómari. Það var samhljóða álit þeirrar nefdar sem ég veitti forstöðu, að við skyldum ekki snúa okkur að þessu verkefni.

Með tilliti til þessa er gert ráð fyrir því í frv., sem ég ásamt félögum mínum úr Sjálfstfl. hef borið fram til orkulaga, að III. kafli orkulaganna, sem fjallar um vinnslu jarðhita og verndun jarðhitasvæða, standi áfram. Það var með það í huga, að beðið yrði eftir niðurstöðum umræddrar nefndar sem fjallar sérstaklega um þetta mál. Auk þess lítum við svo á í hinni svokölluðu skipulagsnefnd orkumála, að það færi betur á því að hafa sérlög um jarðhitaréttindi. En þetta frv., sem nú er á dagskrá, fjallar einmitt um þetta efni. Það efni er sérstaks eðlis og mjög þýðingarmikið í sjálfu sér. Það ætti ekki að vera í almennum orkulögum.

Þetta vildi ég að kæmi fram nú þegar við þessar umr. Það er gert ráð fyrir að frv. komi til iðnn., þar sem ég á sæti, og mun að sjálfsögðu verða athugað þar.

Mér þykir rétt á þessu stigi að gera fyrirspurn til hæstv. iðnrh. um það, hvort hann hafi eitthvað fram að færa núna um störf þeirrar nefndar sem hæstv. forsrh. tilnefndi á sínum tíma til þess að fjalla um það efni sem þetta frv. fjallar um. Ég sagði að sú nefnd hefði verið skipuð færustu sérfræðingum, og ég tel að það sé ákaflega mikill fengur að vita hvort eitthvað liggur fyrir frá þeirri nefnd um þessi þýðingarmiklu mál og á hvaða stigi sú málsmeðferð er. Ég tel mjög þýðingarmikið að fá vitneskju um það, ef hæstv. iðnrh. getur veitt hana nú, því að allt slíkt þarf að hafa í huga þegar fjallað er um þetta frv. og það þýðingarmikla mál sem það fjallar um.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þykir hlýða að fara fáeinum orðum um það frv. til l. sem hér er til umr. um breytingu á orkulögum.

Það má segja að það séu ekki mikil nýmæli í þessu frv. frá frumvörpum um svipað efni sem fram hafa komið á fyrri þingum. Það er að verulegu leyti, eins og hv. 1. flm. gat um, samhljóða frv. um sama efni sem Magnús Kjartansson o. fl. fluttu síðast hér á hv. Alþingi 1976. Þó er hér að finna viðbætur sem varða einkum sérákvæði varðandi rétt sveitarfélaga til að vinna jarðhita.

Ég tel að efni þessa frv. sé út af fyrir sig góðra gjalda vert, enda hefur því verið hreyft ítrekað áður af Alþb.-mönnum, iðnrh. Alþb. í tíð ríkisstj. 1971—1974 og síðan, eins og ég gat um, af hv. þm. og fyrrv. iðnrh. Magnúsi Kjartanssyni sem 1. flm. 1976. Vissulega má segja að góð vísa sé ekki of oft kveðin, sérstaklega þar sem frv. um þetta efni hefur ekki náð fram að ganga. Efni frv., sem hér liggur fyrir, gengur í rétta átt í sambandi við rétt ríkisins til umráða og vinnslu jarðhita á háhitasvæðum.

Ég tel rétt að geta þess hér, að í undirbúningi er stjfrv. um eignar- og umráðarétt jarðhita, og ég vænti þess, að slíkt frv. komi fram á yfirstandandi þingi. Mér þykir rétt að fram komi að það frv. er fyrirhugað sem heildarlöggjöf um þetta efni, þ. e. um jarðhitamál, þar sem samræmd verði ákvæði þar að lútandi í orkulögum og síðan aukið við nýjum ákvæðum varðandi eignar- og umráðarétt á jarðhita. Eins og málið hefur verið undirbúið af hálfu iðnrn. er gert ráð fyrir að eignarréttur og umráðaréttur ríkisins yfir jarðhita, hvort sem um er að ræða lághita eða háhita neðan við 100 metra dýpi, verði ótvíræður. Þó er gert ráð fyrir að sveitarfélög og aðrir, sem hafið hafa vinnslu á jarðhita á jarðhitasvæðum, hafi ákveðin réttindi áfram og sérstaklega að réttur sveitarfélaga til áframhaldandi nýtingar á svæðum í eigin eigu eða þar sem þau hafa fengið leyfi til jarðhitavinnslu haldist.

Þetta eru nokkur meginatriði í heildarlöggjöf varðandi jarðhitamál sem í undirbúningi er og snertir almannaréttinn. Það má segja að hugmyndir þær og tillögur, sem hér liggja fyrir, gangi að þessu leyti í sömu átt. Ég tel bæði rétt og skylt að lýsa fylgi mínu við þau sjónarmið sem þar koma fram, þar sem þau ganga í þá átt sem að er stefnt með því frv. sem langt er komið undirbúningi að á vegum iðnrn. — Með þessu tel ég mig hafa svarað einnig þeirri fyrirspurn sem fram kom frá hv. 4. þm. Vestf. um undirbúning þessara mála.

Það hafa fleiri en ein nefnd starfað að undirbúningi þessa máls á liðnum árum. Hv. 4. þm. Vestf. gat um nefnd sem starfaði í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar 1974—1978 að undirbúningi tillagna um þessi efni. Málið var tekið upp til frekari athugunar í tíð ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, og þeim undirbúningi að heildarlöggjöf um jarðhitamál er nú að verða lokið. Ríkisstj. hefur fengið drög þar að lútandi til meðferðar, og ég vænti þess, eins og ég gat um áður, að frv. að slíkri löggjöf verði lagt fram á yfirstandandi þingi sem stjfrv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um mál þetta að sinni.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt að lýsa yfir stuðningi mínum efnislega við frv. það sem hér er um að ræða, enda hefur Alþb. staðið að flutningi svipaðra mála, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson gerði grein fyrir áðan. Það er kunnugt, að einnig í ræðum annarra þingflokka á þetta mál efnislegan stuðning, og má e. t. v. svo að orði kveða, að það sé orðið tímabært að stjórnmálaflokkarnir sameinist um lagasetningu af því tagi sem fram kemur í frv. þeirra Alþfl.-manna. Það kynni að verða auðveldara að ná samkomulagi um lítils háttar áherslumun, sem kann að ríkja á milli flokkanna, en virðast mætti í fljótu bragði þegar mál af þessu tagi eru flutt flokkslega.

Ég hefði látið nægja að fjalla um þetta þingmál í iðnn., þar sem ég á sæti, ef hv. flm., Kjartan Jóhannsson, hefði

ekki tengt þetta mál öðrum þingmálum, sem Alþfl. flytur þessu sinni, og þá fyrst og fremst máli því sem lýtur að eignarhaldi á landinu. Ég get tekið undir öll meginatriði í málflutningi hv. þm. Mér er ljóst að það er orðið enn þá brýnna en nokkru sinni fyrr að Alþingi fjalli um þau mál. Ég vil minna á það vegna ræðu hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, að árið 1939 fjölluðu þrír þm., bændaleiðtogar, um þetta mál á hv. Alþingi. Þetta voru bændaleiðtogar, einn þeirra úr Framsfl. og tveir úr Sjálfstfl., og höfðu samið lagafrv. sem hljóðaði upp á ríkiseign á öllu landi, hverjum ferþumlungi í bæ og byggð. Nauðsynin, sem knúði þá til þessa undirbúningsstarfs, sem aldrei varð annað og meira, voru uppkaup auðmanna á bújörðum vegna hlunninda og erfiðleikar sem þá voru þegar komnir í ljós, þó að eigi væru þeir jafnhrikalegir og nú, í sambandi við kynslóðaskipti á bújörðum vegna þess að óeðlilegu verði var haldið uppi á þessum jörðum vegna hlunnindanna af hálfu þeirra sem höfðu bolmagn til að kaupa upp hlunnindi jarðanna.

Nú er ljóst að þetta vandamál, sem lýtur að kynslóðaskiptunum, að eignatilfærslunni, er orðið mjög svo erfitt og hættulegt á stórum landssvæðum. Í grennd við þéttbýlið og þá aðallega suðvestanlands er svo komið, að bóndasonur, sem vill setjast á jörðina eftir föður sinn, verður að keppa við auðmenn og fyrirtæki og starfsmannafélög, sem vilja kaupa upp landið undir sumarbústaði, um verð og kaup á þessu landi sem í langsamlega flestum tilfellum er hlutaðeigandi einstaklingi ofviða, þannig að í það siglir að bújarðirnar fari í eyði af þeim sökum. Þá er hitt enn ótalið, sem blasir við okkur, í sambandi við hlunnindauppkaupin. Þar er við hið sama að etja, að einstaklingarnir, sem sitja vilja jarðirnar, sem eignast vilja jarðirnar, eiga samkvæmt því kerfi, sem nú ríkir, þarna við ofurefli að etja.

Frv., sem samið var 1939, var aldrei lagt fram. Því olli fyrst og fremst tvennt. Heimsstyrjöldin skall á og hróflaði við allri rökrænni hugsun og öllum framtíðaráætlunum varðandi búskaparnytjar, svo vel á þessu landi sem annars staðar, og þó var hitt e. t. v. eins þungt á metunum í sambandi við þetta vandamál þá, að einstakar valdamiklar fjölskyldur á Íslandi höfðu lagt í þetta, að kaupa upp bújarðir vegna hlunnindanna, og þótti að sér sveigt. Þar myndaðist pólitískur þröskuldur á Alþingi sem erfitt reyndist að stíga yfir, og þá ekki síst þegar þessar tvær ástæður spiluðu saman.

Af hálfu bændaleiðtoganna, sem þá vildu ráða fram úr þessum vandræðum, var fyrirhugað að í stað eignarréttar á landi til búskapar kæmi, ef svo má segja, járnbent erfðafesta, þannig að bændurnir, þeir sem nytja landið til búskapar, misstu einskis í nema réttarins til þess að selja bújörðina. Það yrði það eina sem þeir misstu.

Það er um skamman tíma upp að rifja, að nýlega hefur fallið hæstaréttardómur, sem varðar eignarhald á hálendinu, almenningum og afréttum, þar sem áður var talið að skýr og þinglesinn eignarréttur væri a. m. k. óljós. Hæstaréttardómurinn féll á þá lund í svokölluðu Landmannaafréttarmáli, að eignarréttur ríkisins á því landi þótti ekki sannaður og Hæstiréttur skildi þannig við málið að eignarréttur á þessu hálendissvæði er óljós. Ætla ég að þm. úr öllum flokkum, sem kappkosta vilja að sneitt verði hjá átökum í tómarúmi íslenskra laga, muni vera þeirrar hyggju, að nauðsynlegt sé að kveða á um það með lögum hver sé eigandi þessara hálendissvæða.

Samtímis þessu hefur það borist mér til eyrna frá valinkunnum sómamönnum í kjördæmi mínu á Norðurlandi eystra, að einnig vegna beitarréttarins sé orðin hin brýnasta nauðsyn að kveða á um eignarrétt og eignarhald á afréttum og uppi í hálendinu.

Hæstv. Alþingi hefur látið dragast allt of lengi úr hömlu að setja skýr og ótvíræð lög um eignarhald á landi sem væru í samræmi við nútímaþörf, væru til þess fallin að styrkja búsetu í sveitum landsins, auðvelda nýjum kynslóðum að taka við búskaparréttindum, koma í veg fyrir að burst sé dregin úr nefi bændastéttarinnar til frambúðar með annarlegum eignarréttarákvæðum.

Síðast en ekki síst er nauðsynlegt að kveða á um almannarétt til landsins og nytja þess. Löggjafinn hefur ekki sinnt því af neinni alvöru eða einbeitni frá síðustu aldamótum, frá því að búseturöskunin varð á landi hér, frá því að menn áttu gagnkvæman rétt til landsins vegna þess að ýmist voru menn landeigendur, Íslendingar, eða áhangendur landeigenda lögum samkvæmt, til þess tíma að mikill meiri hluti fólksins er orðinn landleysingjar, en samt Íslendingar sem eiga þó að nafninu til þetta land — þetta er landið þeirra, en standa síðan andspænis því, að löggjöfin er með þeim hætti, að þeim er þetta land síður en svo frjálst til umferðar eða til þess að njóta — ef við megum grípa til þess orðs — útivistargæða landsins og firrast landið æ meira af þeim sökum.

Ég ítreka það, að ég er efnislega fylgjandi frv. því sem hér um ræðir. Ég er efnislega og í aðalatriðum fylgjandi ummælum hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og grundvallarstefnu þeirra Alþfl.-manna varðandi eignarhaldið á landinu. Ég tel að það sé meira en tímabært að þm. úr öllum flokkum taki sig til og komi sér saman um bráðnauðsynlegar ráðstafanir í þessum eignarréttarmálum á þá lund, að við treystum en veikjum ekki raunverulega stöðu þess fólks sem lifir af landsins gæðum, — treystum stöðu þessa fólks með því að firra það hættunni á að þurfa að keppa við annarlega aðila um yfirráðarétt á landinu og koma því til leiðar, að löggjafinn standi a. m. k. ekki í vegi fyrir að fólkið, góðir Íslendingar, ef við leyfum okkur að nota gamla ívitnun í ágæta íslenska bók sem nýlega hefur verið kvikmynduð, — að góðir Íslendingar megi finna fyrir því, finna það í rétti sínum að þeim sé ætlað olnbogarými á Íslandi þrátt fyrir eignarréttarákvæði.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil þakka þær almennt góðu undirtektir sem þetta frv. og málflutningur okkar Alþfl.-manna varðandi sameign á landinu hefur hér fengið.

Hv. síðasti ræðumaður, 4. þm. Norðurl. e., gerði það sérstaklega að umtalsefni, að hann teldi nú brýnna en nokkru sinni fyrr, mjög brýnt orðið og tímabært, að löggjöf af því tagi, sem mælt hefur verið fyrir hér í dag í þessu frv. — og í öðrum þeim frumvörpum sem ég gat um sérstaklega áðan, yrði sett. Ég fagna því, að svo afdráttarlaus stuðningur skuli koma við þann málflutning sem Alþfl. hefur haldið uppi nú í allmörg ár í ýmsum myndum, í formi þáltill. og lagafrumvarpa. Ég held að það sé vissulega satt og við höfum trúað því í nokkuð langan tíma, Alþfl.-menn, að það væri meira en tímabært að setja löggjöf af þessu tagi og þá líka að því er varðar almennan aðgang að landinu, þó sérstakt lagafrv. hafi ekki verið flutt um það á þessu þingi af okkur þm. Alþfl.

Hæstv. iðnrh. gat um það í ræðu sinni, að nú væri í undirbúningi heildarlöggjöf varðandi orkumál sem tæki

einnig til þess þáttar sem hér hefur verið mælt fyrir í dag. En ég held að ef við eigum sífellt að bíða eftir nefndum á nefnd ofan, sem eru að vinna að heildarstefnumörkun og heildarlöggjöf, þá geti biðin orðið nokkuð löng og blaðsíðurnar æðimargar sem búið verður að skrifa áður en við komumst í verkið. Ég hef áður gert það að umtalsefni í þessari hv. deild, að það væri nær að sameinast um þau atriði, sem menn geta sameinast um á hverjum tíma, og ná þannig einhverjum framförum, heldur en vera sífellt að bíða eftir einhverjum nefndum. Þær geta haldið áfram að starfa og komið með sínar niðurstöður þegar þær eru tilbúnar, og þær niðurstöður koma þá til athugunar hér í þinginu. En það er afleitur siður að gera það að eilífri afsökun fyrir því að takast ekki á við vandamál líðandi stundar, sem oft eru mjög brýn, að vera sífellt að bíða eftir einhverjum nefndum. Þess vegna legg ég áherslu á að þessi hv. deild taki nú á sig rögg og skoði það mál, sem ég mæli hér fyrir, og það mál reyndar líka sem hv. þm. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., mælti sérstaklega fyrir fyrr á þinginu, um það, hvernig haga skyldi ákvörðun eignarnámsbóta á landi. Um hvort tveggja þetta er vissulega tímabært að setja löggjöf og ástæðulaust að það *dragist úr hömlu*.

Ég trúi því, að þeir ágætu menn, sem þessa deild skipa, geti ráðið þeim ráðum sínum í nefndum og hér á þingfundum, deildarfundum, að niðurstaða megi fást sem meiri hluti deildarmanna geti við unað og felur í sér verulegar framfarir. Við höfum tekið það fram, þm. Alþfl., að við erum að sjálfsögðu reiðubúnir að ræða þessi mál nánar í nefnd.

En það er e. t. v. ekki síst að því er varðar þriðja málið sem við þm. Alþfl. höfum flutt á þessu þingi, um eignarráð á landi þar sem ekki er um ótvíræð eignaryfirráð einstaklinga að ræða, að það verði ríkiseign, sem sérstök ástæða er til að löggjöf verði sett. Ég segi það, og hv. 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, gerði það sérstaklega að umtalsefni, að sá hæstaréttardómur, sem kveðinn var upp fyrr á þessum vetri, kallar eftir löggjöf. Hann er beinlínis ákall um að sett verði löggjöf af því tagi sem felst í því frv. sem Sighvatur Björgvinsson mælti fyrir í Nd. fyrr á þessu þingi fyrir hönd okkar Alþfl.-manna. Vitaskuld má ekki dragast hjá löggjafarvaldinu að vinda sér í slíka lagasetningu þegar æðsti dómstóll þjóðarinnar beinlínis biður um að slík lög séu sett.

Ég tek undir það sem hv. þm. Stefán Jónsson sagði, bæði að því er varðar þessi orkumál og eignarráðin á landinu þar sem það kemur ekki ótvírætt fram hverjir séu eigendur, að þetta skapar átök í tómarúmi íslenskra laga sem löggjafanum ber vissulega að fylla upp í svo fljótt sem auðið er.

Það kom, trúi ég, fram í ræðu hv. 4. þm. Vestf., 1. varaforseta, Þorv. Garðars Kristjánssonar, að vitaskuld væri það skoðun allra stjórnmálaflokkanna, að eignarhald á orkulindum mætti ekki stöðva beislun þeirra eða virkjun. En það er eins og það hrökkvi heldur skammt þessa dagana, ef litið er norður í land á þær hugmyndir sem uppi hafa verið um virkjun þar, að heldur hefur það *gengið brösótt*.

Það frv., sem hér er flutt, fjallar sérstaklega um orkulindir í iðrum jarðar og að setja skýr ákvæði um hvernig með skuli fara, svo að ekki þurfi að koma til árekstra sem tafið geti virkjun þessara orkulinda. Vel má vera að þeir árekstrar og þær tafir, sem við höfum orðið fyrir að því er varðar virkjun Blöndu, gefi tilefni til að hyggja að sérstakri lagasetningu í því sambandi. En það var ekki beinlínis á dagskrá hér í dag. Hitt er ljóst, að lagasetning af því tagi, sem ég mæli hér fyrir fyrir hönd okkar Alþfl.-mannanna í deildinni, gæti komið í veg fyrir árekstra og tafir í virkjun annarra orkulinda sem ekki eru síður mikilvægar, nefnilega jarðvarmans í landinu.

Ég vænti þess, herra forseti, að sem flestir þm. geti sameinast um afgreiðslu þess máls sem ég mæli hér fyrir, svo sterkan hljómgrunn sem það hefur fengið í grundvallaratriðum hjá fulltrúum þeirra flokka annarra sem hér hafa tekið til máls, bæði fulltrúum Alþb. og Sjálfstfl. Í stað þess að karpa frekar um smáatriði legg ég til að við vindum okkur í það í sameinginu í nefnd að afgreiða þetta lagafrv. — og reyndar það frumvarp líka sem ég gerði sérstaklega að umtalsefni og er í nefnd í deildinni, um eignarnámsbætur fyrir land. Sannleikurinn er sá, að það verður að vera hlutverk Alþingis á hverjum tíma að líta til nútímaþarfar og réttlætisvitundar eins og hún birtist í brjóstum okkar. Þetta hvort tveggja á við varðandi þau frumvörp sem ég gerði hér sérstaklega að umtalsefni.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er augljóst, eins og ég hygg að öllum hafi mátt vera ljóst fyrir þessar umr., að það er ekki ágreiningur milli flokka um að það þurfi að setja nýja löggjöf um það efni sem þetta frv. fjallar um. Ég vék að því áðan, að það hefði einmitt átt sér stað undirbúningur undir það og sérstök nefnd sett í það mál. Það er alveg rétt, sem hv. 2. þm. Reykn. sagði, að það er ekki endalaust hægt að bíða eftir að nefndir ljúki störfum. Við getum þurft að taka afstöðu og móta stefnu án þess að slíkt liggi fyrir. Þetta er alveg rétt. En við verðum þó að hafa í huga að þetta mál, sem við nú fjöllum um, er vægast sagt sérstaks eðlis og af ýmsum ástæðum mjög vandfarið með það. Það var þess vegna engin tilviljun að sett var sérstök nefnd í það á sínum tíma.

Hæstv. iðnrh. segir að nú eigum við von á stjfrv. um þetta efni. Ég skildi hæstv. ráðh. þannig, að þar væri um að ræða frv. til sérlaga um þetta efni, en ekki, eins og mér virtist hv. 2. þm. Reykn. skilja orð ráðh., að það væri von á heildarlöggjöf varðandi orkumálin, þ.e. frv. að nýjum orkulögum. En þetta er kannske ekki aðalatriðið. Í þessu er aðalatriðið það, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á, að það geti skapast viss samstaða milli allra flokka um löggjöf sem allir eru sammála um að þurfi að setja á þessu sviði. Og hvers vegna eru menn sammála um að það þurfi að setja nýja löggjöf á þessu sviði? Það er vegna þess að það þarf ýmsu að breyta í núgildandi löggjöf um þessi efni vegna breyttra aðstæðna og þeirra þróunar í orku- og tæknimálum sem hefur átt sér stað. Það liggur til grundvallar því, að við sjálfstæðismenn viljum að sett sé ný löggjöf um þetta efni.

Ég sagði í upphafi þessarar umr. að ég ætlaði ekki að ræða efnislega um frv. sem hér liggur fyrir. Ég sé raunar ekki ástæðu til þess, eins og málið liggur fyrir, allra síst nú þegar það er upplýst af hæstv. iðnrh. að við eigum á *næstu dögum von á stjfrv. um þetta efni*. Við þurfum að ræða þessi mál í heild. Þetta varðar mál sem snerta almenna takmörkun eignarréttarins og almenn ákvæði um eignarnám. Auðvitað fjallar þetta mál um það.

Mér þykir verra að hæstv. iðnrh. er ekki lengur hér viðstaddur því að ég skildi orð hans svo, að starf þeirrar ágætu nefndar, sem Ármann Snævarr hæstaréttardómari

var í forsæti fyrir, hafi ekki verið lagt til grundvallar því stjfrv. sem við eigum von á — eða kannske réttara að orða það svo, að þar hafi aðrir aðilar lagt hönd að verki. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. ráðh., ef nefnd sú, sem Ármann Snævarr veitti forstöðu og var skipuð hinum færustu fræðimönnum og sérfræðingum á þessu sviði, hefur ekki skilað störfum, hvers verk það er, og í öðru lagi hvaða sérfræðingar hafi þá komið í staðinn og hvers vegna það eru sem lögð eru til grundvallar í því vandasama máli sem hið væntanlega stjfrv. fjallar um. Fyrst hæstv. ráðh. er ekki hér skal ég ekki orðlengja frekar um þetta, en ég þykist þess fullviss, að við í hv. iðnn., sem fáum þessi mál til meðferðar, hljótum að fá upplýsingar um þetta.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 43. fundur

Mánudaginn 22. febr., kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 355). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tala fyrir stjfrv. um breyt. á lögum nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13 frá 1979, um breyting á þeim lögum.

Í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi í síðasta mánuði, segir m. a. um verðlagsmál, með leyfi hæstv. forseta:

„Í verðlagsmálum verður við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu samkv. frv. sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum. Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag, sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða."

Frv. það, sem hér er lagt fram, er liður í að hrinda í framkvæmd þessari stefnumörkun ríkisstj. í verðlagsmálum, sem fram kemur í skýrslunni. Í því skyni felur frv. í sér breytingu á 8. gr. laga nr. 56 frá 1978, sbr. 59. gr. laga nr. 13 frá 1979, en jafnframt verði gerðar nokkrar aðrar breytingar á lögunum frá 1978 þar sem framkvæmd þeirra hefur leitt í ljós nokkra agnúa sem æskilegt er að nema burt. Kem ég nánar að frv. síðar.

Á styrjaldarárunum var vöruskortur og því ekki grundvöllur fyrir virka samkeppni. Þjóðirnar byggðu því yfirleitt á opinberum verðlagsákvörðunum. Að seinni heimstyrjöldinni lokinni óx vöruframboð á alþjóðlegum mörkuðum og heimamörkuðum hröðum skrefum. Þjóðirnar fóru því hver af annarri að hyggja að breytingum í verðlagsmálum. Eftir 1950 tóku t. d. Norðurlandaþjóðirnar og okkar helstu viðskiptaþjóðir upp löggjöf sem byggði á frjálsri samkeppni. Verðlagsmál hafa ætíð verið meira og minna deiluefni og hafa þær deilur fléttast mjög inn í stjórnmálabaráttuna. Þær þjóðir, sem búa við öfluga verslunarþjónustu, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að virk frjáls samkeppni sé líklegasta leiðin til að tryggja sanngjarnt vöruverð.

Á áratugnum 1960—1970 var undirbúið frv. til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Eins og kunnugt er náði það frv. ekki fram að ganga, en það eru breytingar á lögum nr. 56 frá 1978 sem ég er að tala hér fyrir. Núgildandi lög um þessi mál voru því samþykkt árið 1978 og þeim hefur verið breytt nokkrum sinnum síðan.

Hver er höfuðröksemdin fyrir því, að ríkisstj. hyggst nú draga úr hinu opinbera verðmyndunarkerfi, sem við höfum búið við um áratugaskeið, og byggja í þess stað á verðgæslu og samkeppnishvetjandi aðgerðum í vaxandi mæli? Svarið felst m. a. í þeim annmörkum sem fram hafa komið á ríkjandi verðlagskerfi og brýn þörf er að ráða bót á.

Það er ekki deilt um það nú, að úrbóta sé þörf á sviði verðlagsmála, en menn getur greint á um hvaða leiðir eru æskilegastar og hve hratt á að fara að settu marki. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem vilji kemur fram hér á Alþingi um að taka upp breytt kerfi í verðlagsmálum og færa það í sveigjanlegra horf, en vonir eru bundnar við að með þessu frv. hafi þó í fyrsta skipti tekst að leggja grunn að því, að nauðsynleg samstaða geti orðið um framkvæmd þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru.

Þegar verðlagslögin voru upphaflega samþykkt á Alþingi, í maí 1978, var ljóst að framkvæmd laganna yrði miklum erfiðleikum bundin, m. a. vegna beinnar andstöðu ýmissa aðila við veigamikla þætti þeirra. Með þeim breytingum á lögunum, sem hér eru lagðar til, hefur verið reynt að gera framkvæmd laganna auðveldari með því að taka tillit til fleiri sjónarmiða en áður. Er lögð áhersla á að dregið verði úr verðlagsákvæðum í áföngum og heimildir til að grípa inn í verðmyndunina á ný gerðar afdráttarlausari.

Eins og áður segir bindur ríkisstj. vonir við að þær breytingar á lögunum, sem frv. felur í sér, geti stuðlað að því, að andstæð hagsmunaöfl í þjóðfélaginu geti unnið saman að framkvæmd laganna. Reynslan ein mun að sjálfsögðu skera úr um hvernig til tekst. Tilgangurinn með þessari stefnu er að tryggja sanngjarnt vöruverð, bæta gæði og þjónustu.

Áður en lengra er haldið er rétt að nefna nokkra af þeim annmörkum sem ég gat um áður að væru hvatinn að þeirri kerfisbreytingu sem ríkisstj. hyggst stefna að.

Prósentuálagningarkerfið í versluninni, sem við höfum búið við í áratugi, hvetur ekki til hagkvæmra innkaupa þar eð álagningin í krónum talið er þeim mun hærri sem innkaupsverðið er hærra. Kannanir Verðlagsstofnunar á innflutningsverði benda eindregið til þess, að innkaupsverð til landsins sé hærra en til nágrannalanda okkar. Á þessu hafa menn enga aðra skýringu en þá, að hið fastskorðaða álagningarkerfi hafi m. a. haft í för með sér óeðlilega töku umboðslauna erlendis, sem bæði beint og óbeint hefur haft áhrif til hækkunar vöruverðs. Kann-

anir Verðlagsstofnunar benda til að um verulega há umboðslaun sé að ræða hjá ýmsum greinum innflutningsverslunarinnar. Með sveigjanlegra álagningarkerfi má draga úr eða afnema umboðslaun, sem m. a. hefði í för með sér betri skil skatttekna og gjaldeyris og minni fjármagnskostnað fyrirtækja. M. ö. o. miðar stefna ríkisstj. að því að spara gjaldeyri og bæta viðskiptahætti þjóðarinnar.

Hið opinbera verðmyndunarkerfi hefur í ýmsum tilvikum þjappað saman einstaklingum úr einstökum starfsgreinum til að þrýsta sameiginlega á um hækkun verðtaxta og dregið þannig úr samkeppni. Reynsla yfirvalda er sú, að kröfur þessara hópa um verðhækkanir miðist gjarnan við að rekstur, sem er lakari en í meðallagi, geti starfað áfram án tillits til þess, hvort það er þjóðhagslega æskilegt. Hér hefur vantað hvatningu til hagkvæms rekstrar og góðrar stjórnunar fyrirtækja.

Annmarkar hins ósveigjanlega álagningarkerfis hafa einnig komið fram í þjónustuiðngreinum þar sem dæmi eru um að seldar hafi verið út fleiri vinnustundir en unnar hafa verið í því skyni að ná endum saman í rekstri. Því er einnig haldið fram, að hin ósveigjanlegu ákvæði hafi dregið úr áhuga stjórnenda viðgerðarverkstæða til að fjárfesta í framleiðniaukandi eða vinnusparandi tækjabúnaði hafi álagningin miðast við fasta krónutölu fyrir hverja útselda vinnustund. Einnig mun það satt vera, að einhver brögð séu að því, að verslanir hafi minni áhuga á að selja innlenda iðnaðarframleiðslu vegna takmarkaðrar álagningar.

Hin ströngu verðlagsákvæði hafa slævt verðskyn neytenda. Neytendur telja, að hið opinbera verðlagseftirlit verndi þá betur en það í raun gerir, og halda því ekki vöku sinni sem skyldi. Neytendur hafa að vissu marki trú á hinum opinbera stimpli. Það þarf mikinn fjölda, allt að því herskara eftirlitsmanna til að tryggja að hinni opinberu álagningu sé fylgt í reynd.

Loks má benda á, að fyrirtæki bera oft fyrir sig gagnvart neytendum, að verðlagsyfirvöld hafi ákveðið tilteknar verðhækkanir, og lýsa allri ábyrgð á verðhækkununum á hendur yfirvöldum. Verði sú tilhögun tekin upp að fela í ríkari mæli fyrirtækjum að taka ákvarðanir um nýtt verð er það mat manna, að þeim muni í ýmsum tilvikum vegna samkeppni reynast örðugra að hækka verðið án hins opinbera stimpils.

Þau dæmi, sem hér hafa verið tínd til um annmarka núverandi verðlagskerfis, eru engan veginn tæmandi, en þau renna nægilegum stoðum undir að tímabært sé að taka upp breytta stjórnun verðlagsmála. Um það eru æ fleiri sammála. Stefnumörkun ríkisstj. um að draga úr beinum opinberum afskiptum af verðlaginu, og það frv., sem hér hefur verið lagt fram, eru veigamiklir þættir í að koma hinni breyttu skipan á. En það þarf ekki síður að hyggja að sjálfri framkvæmd laganna og er því rétt að *fara nokkrum orðum um þá hlið málsins.*

Hugmyndin í þessu efni er að taka mið af framkvæmd þessara mála eins og hún er hvað þróuðust á Norðurlöndunum, og hefur þegar verið hafist handa um nokkurn undirbúning á þeim grundvelli. Eins og áður er fram komið felur frv. í sér að verðlagsráð geti heimilað að fella verðlagningu undan verðlagsákvæðum þar sem samkeppni er að mati ráðsins nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Er gert ráð fyrir að *eftirlit með þróun verðlags og verðmyndun í þeim flokkum* vöru og þjónustu, sem undanþegnir kunna að verða verðlagsákvæðum, verði í formi svokallaðrar verðgæslu. Verðgæslan byggist einkum á eftirfarandi fjórum þáttum:

1. Upplýsingasöfnun um verðlag og verðbreytingar á vörum og þjónustu.
2. Athugunum á verðmyndun og verðlagsþróun.
3. Viðræðum og samningaumleitunum við fyrirtæki og samtök með það fyrir augum að reyna að draga úr verðhækkunum.
4. Upplýsingamiðlun til stjórnvalda og almennings um verðbreytingar og verðlagsþróun.

Til að skýra nánar hvað verðgæslan felur í sér má nefna að fyrirtækjum, sem hyggjast breyta verði, verður gert skylt að senda verðlagsyfirvöldum tilkynningar um verðbreytingar tilteknum tíma áður en breytingunum er ætlað að taka gildi. Með því gefst yfirvöldum ráðrúm til að ganga úr skugga um hvort áformuð verðbreyting sé í samræmið við eðlilegar kostnaðarhækkanir. Tilkynningaskyldunni er ætlað að ná til það margra tegunda vöru og þjónustu að góð yfirsýn fáist fyrir þróun verðlags í einstökum greinum.

Til að tryggja að verðlagsyfirvöld fái þær upplýsingar, sem þau telja nauðsynlegar til þess að fylgjast með verðmynduninni eru í lögunum mjög ríkar heimildir fyrir þau til gagnasöfnunar. Á grundvelli þessara gagna um afkomu, álagningu, breytingu á kostnaðarþáttum og fleira munu verðlagsyfirvöld, eins og áður segir, leggja mat á hvort tilteknar verðbreytingar eigi sé eðlilegar orsakir. Reynist svo ekki vera verða teknar upp viðræður við viðkomandi fyrirtæki og reynt með þeim hætti að hafa áhrif á fyrirhugaða verðbreytingu. Takist það ekki kann að þurfa að grípa að nýju til beinna verðlagsákvæða.

Á sama hátt og segir í lögunum að verðlagsráð geti fellt verðlagningu undan verðlagsákvæðum þegar ráðið telur tímabært, telur samkeppni vera nægilega, getur ráðið tekið verðlagningu undir ákvæði að nýju telji það samkeppni vera ófullnægjandi. Ef ekki reynist unnt að hafa áhrif á óeðlilega verðhækkun með viðræðum við fyrirtæki er væntanlega um takmarkaða samkeppni að ræða á markaðnum í viðkomandi grein og getur þá þurft að taka aftur upp þau úrræði sem nú eru notuð, þ. e. hámarksverð, hámarksálagningu o. fl. Þá þyrfti að taka slík fyrirtæki undir sérstakt eftirlit. Við mat á réttmæti verðhækkana *er gert ráð fyrir að verðlagsyfirvöld styðjist við* ákveðnar meginreglur sem m. a. feli í sér að reynt verður að koma í veg fyrir verðhækkanir sem stafa af launaskriði, væntanlegum eða áætluðum kostnaðarhækkunum eða samdrætti í sölu.

Samhliða því hlutverki verðgæslunnar, sem hér hefur verið lýst, að fylgjast náið með verðmyndun og verðlagsþróun og koma í veg fyrir verðhækkanir sem fyrirtæki geta ekki rökstutt með eðlilegum hætti, felur verðgæslan *í sér að verðlagsyfirvöld haldi uppi öflugri upplýsingamiðlun* til almennings og stjórnvalda. Er gert ráð fyrir aukinni útgáfustarfsemi í þessu skyni þar sem gerð verður grein fyrir þróun verðlags og álagningar í einstökum greinum og birtar niðurstöður úr verðkönnunum. Lögð verði mikil áhersla á þennan þátt í starfsemi verðlagsyfirvalda í því skyni að örva verðskyn neytenda, þar sem verulega skiptir máli hvernig til tekst með fyrirhugaða kerfisbreytingu að neytendur haldi vöku sinni og fylgist *náið með verði og verðbreytingum. Þá verður vægðarlaust* skýrt frá nafni og númeri fyrirtækis ef um óhóflega

álagningu er að ræða. Fyrirtækin verða því að gera sér grein fyrir því, að verð þeirra verði auglýst og neytendum leiðbeint um hvar verð er lægst.

Ég hef í grófum dráttum gert grein fyrir þeirri kerfisbreytingu í verðlagsmálum sem stjórnvöld hyggjast vinna að á næstunni. Hér er ekki á ferðinni einhlít lausn á þeim vandamálum sem við er að glíma í verðlagsmálum. Settur hefur verið rammi sem felur í sér víðtækar heimildir fyrir verðlagsráð til að fella verðlagningu undan verðlagsákvæðum og taka hana undir ákvæði á nýjan leik. Það fer m. a. eftir því, á hvern hátt þessum heimildum verður beitt, hvernig til tekst um framkvæmdina. Árangurinn mun jafnframt fara eftir því hvernig forráðamenn fyrirtækja fara með þá ábyrgð sem hin breytta skipan mun leggja þeim á herðar. Veltur mikið á að þeir bregðist við á skynsamlegan hátt og sýni sem fyrst árangur í verki. En einnig er brýnt að neytendur sýni árvekni og geri sér grein fyrir að opinber verðgæsla getur aldrei að fullu komið í staðinn fyrir vakandi eftirlit og dómgreind hins almenna kaupanda.

Það er skoðun ríkisstj., að sú stefna í verðlagsmálum, sem hér er lagt til að farin verði, geti dregið úr helstu vanköntum þess kerfis sem fylgt hefur verið og m. a. hefur leitt til þeirra óheilbrigðu viðskiptahátta og óhagkvæmni sem við er að glíma í verðlagsmálum innflutningsverslunarinnar, þjónustuiðngreina, innlendra iðnaðarframleiðslu og fleiri greina.

Ríkisstj. er ljóst að hin mikla verðbólga, sem hér ríkir, gerir kerfisbreytingu sem þessa í verðlagsmálum erfiðari en væri við eðlilegar aðstæður, og taka verður tillit til þess við framkvæmd löggjafarinnar. Þess vegna leggur ríkisstj. áherslu á að brautin í átt til sveigjanlegra verðlagskerfis verði fetuð í áföngum þannig að tryggt verði að sem varanlegastur árangur náist.

Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að frjáls samkeppni milli einkaverslunar og samvinnuverslunar og einnig innbyrðis ásamt virkri verðgæslu og sterkum neytendasamtökum sé líklegasta leiðin til að tryggja sanngjarnt vöruverð, vörugæði og góða þjónustu. Ég vil þó ítreka það, að miðað við aðstæður hagkerfis okkar verður að fara fram með gætni í þessum málum og fá sem flesta til að standa að þessu. Ég vil þó vara við því, að þessi stefnubreyting í verðlagsmálum valdi mjög miklu um að ráða niðurlögum hinnar miklu verðbólgu sem hér hefur ríkt um langan tíma. Hins vegar er þessi stefnubreyting eitt af fyrstu skrefunum í þeirri kerfisbreytingu sem ríkisstj. vill gera í okkar efnahagskerfi og stuðlað gæti að hjöðnun verðbólgu án þess að ganga á kaupmátt launa. Þá verður að telja það framför í stjórnarháttum, að verðlag á einstökum vörum verði ekki lengur að velkjast á borði sjálfrar ríkisstj.

Áður en ég sný mér að því að gera grein fyrir frv. í einstökum atriðum vil ég leggja áherslu á nokkur meginatriði:

1. Alþingi og ríkisstj. marka hina pólitísku stefnu í verðlagsmálum og setja ramma um meðferð þeirra mála.

2. Við það að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu með virkri verðgæslu í stað beinna verðlagsákvæða er verið að leggja mikla ábyrgð á hendur verslunarinnar í landinu og fyrirtækjanna svo og neytenda, Verðlagsstofnunar og verðlagsráðs. Ábyrgð verslunarinnar verður mikil og vel eftir því tekið, hvernig tekst til.

3. Fara verður með gætni við framkvæmd hinnar nýju stefnu og reyna að mynda víðtæka samstöðu innan skynsamlegra marka.

1. nóv. 1979 öðluðust gildi lög nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, ef frá er skilið verðstöðvunarákvæði 8. gr. laganna eins og því var breytt með lögum nr. 13 frá 1979, um skipan efnahagsmála o. fl. Kom það ákvæði ekki til framkvæmda fyrr en í upphafi þessa árs, þar sem verðstöðvunarákvæði yngri laga viku því til hliðar allt fram til þess tíma. Óhætt mun að fullyrða að mikil reynsla hefur fengist af lögunum á gildistíma þeirra. Í ljós hafa komið fáeinir annmarkar sem æskilegt er að séu sniðnir af. Jafnframt er ljóst að enn meira mun reyna á lögin í næstu framtíð, þegar 8. gr. hefur komið til framkvæmda og tekið við af verðstöðvunarákvæði laga nr. 12 frá 1981, um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana, sem féll úr gildi um s. l. áramót. Af þessum ástæðum þykir rétt að leggja til að nokkrar breytingar verði gerðar á lögunum. Það má segja að um fimm meginbreytingar sé að ræða:

Í fyrsta lagi er lagt til að samkeppnisnefnd verði lögð niður, en verðlagsráð taki við störfum hennar. Þykir breytingin æskileg þar sem hætta er á að verksvið þessara tveggja aðila á sviði stjórnsýslunnar skarist ekki síst nú þegar lögin eru að öllu leyti komin til framkvæmda. Þá þykir það horfa til einföldunar og vinnusparnaðar að einn aðili annist framkvæmd laganna í stað tveggja.

Í öðru lagi er lagt til að sett verði á laggirnar þriggja manna nefnd er undirbúi mál fyrir verðlagsráð í því skyni að hraða málsmeðferð. Er og gert ráð fyrir að nefndin geti tekið ákvarðanir um einstök mál er heyra undir verðlagsráð, en ekki er hægt að láta bíða til næsta fundar í ráðinu. Ákvarðanir þessar eru þó einungis til bráðabirgða. Vegna verksviðs nefndarinnar þykir rétt að verðlagsstjóri sé þar í forsæti og að stærstu hagsmunasamtök vinnumarkaðarins eigi þar hvor sinn fulltrúa.

Í þriðja lagi er lagt til að verðlagsráð geti fellt verðlagningu undan verðlagsákvæðum án þess að ríkisstj. þurfi að veita sérstakt samþykki sitt til þess. Þá er og lagt til að Verðlagsstofnun geti skyldað aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir ef verðlagsákvæði hafa verið afnumin. Í ákvæðinu er enn fremur sleginn sá varnagli, að verðlagsráð geti gripið til ákveðinna aðhaldsaðgerða, þ. á m. hámarksverðs og hámarksálagningar, ef í ljós kemur að samkeppni er takmörkuð eða önnur tilgreind skilyrði eru til staðar.

Í fjórða lagi er lagt til að í lögin verði sett ný ákvæði um verðútreikninga. Útreikningar þessir eru mikið grundvallargagn við verðlagningu innfluttra vara. Má t. d. benda á að villa í verðútreikningi hjá innflytjanda getur hæglega komið fram í rangri verðlagningu í smásölu og væri villan til hækkunar yrðu neytendur að greiða hærra verð. Ákvæðin eiga að tryggja að Verðlagsstofnun fái verðútreikninga fljótt í hendur til athugunar. Einnig ættu ákvæðin að auðvelda Verðlagsstofnun að koma fram málum fyrir dómstólum vegna vanskila á verðútreikningum. Loks er kveðið skýrar á um það en áður, hvenær brot, er felst í vanskilum á verðlagsútreikningum til Verðlagsstofnunar, telst fullframið.

Í fimmta lagi er lagt til að hámarks- og lágmarksfjárhæðir dagsekta sem verðlagsráð getur lagt á þá, er vanrækja að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laganna, verði afnumdar.

Að öðru leyti álít ég að lagafrv. þetta þarfnist ekki

frekari skýringa í framsögu þar sem brtt. frv. liggja mjög í augum uppi.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það hefur löngum verið svo, að íslensk stjórnvöld hafa haft oftrú á gildi opinberra verðlagsákvæða, boða og banna og verðstöðvunar. Reynslan sýnir best hversu gagnslaus ákvæði um verðstöðvun hafa reynst þótt í lög séu leidd. Við Íslendingar höfum búið við verðstöðvun síðasta áratug eða allt frá haustinu 1970 og raunar fram á þennan dag, en á þessu tímabili höfum við reynt mestu verðhækkanir, alvarlegustu verðbólgu sem um getur líklega í allri Íslandssögunni.

Við höfum deilt um það hér á Alþingi, hvort væri vænlegra til að halda verðlagningu í skefjum: frjáls samkeppni á jafnréttisgrundvelli eða opinber íhlutun og ákvörðunarvald í verðlagsmálum. Það fer ekki á milli mála að við sjálfstæðismenn höfum verið formælendur þess, að frjáls samkeppni á jafnréttisgrundvelli væri vænlegri leið til að vinna bug á verðbólgunni en opinberar ákvarðanir í verðlagsmálum.

Það má rifja það upp, að ríkisstjórnin, sem sat 1974—1978, undirbjó löggjöf þá um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem var leidd í lög 16. maí 1978. Í fyrri ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. var að vísu nokkur ágreiningur milli flokkanna og greindi þar síðast á hvort aðalreglan skyldi vera frjálst verðlag og undantekning, ef um verðlagsákvæði eða aðrar slíkar hömlur væri að ræða, eða hvort verðlagshöft og verðlagsákvæði og opinber stýring skyldu vera aðalreglan og undantekningin frjáls samkeppni og verðmyndun. Það varð úr þessa vordaga 1978 að aðalreglan yrði sú, eins og komist er að orði í 8. gr. laganna, að þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skuli verðlagning vera frjáls.

Það var ætlunin með þessum lögum, að þau tækju gildi sex mánuðum síðar eða þá um haustið. En áður en til þess kom var mynduð ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar 1. sept. 1979 og þáverandi viðskrh., Svavar Gestsson, undirritaði lög um breytingu á lögum þeim, er ég hef hér gert að umtalsefni, 15. nóv. 1978, þar sem enn var skotið á frest gildistöku þessara laga til 1. nóv. 1979. Áður en að þeim degi kom voru gefin út lög um stjórn efnahagsmála 10. apríl 1979. X. kafli fjallaði um verðlagsmál. Í þeim kafla voru einkum gerðar breytingar á 8. gr. laganna, þeirri grein sem ég gat um, og fól sú breyting í sér þá stefnubreytingu, að aðalreglan skyldi vera opinberar samþykktir og fyrirmæli um hámarksálagningu og hámarksverð en undantekning að þegar samkeppni væri nægjanleg gæti verðlagsráð að fengnu samþykki ríkisstj. vikið frá þessum reglum.

Þegar núv. ríkisstj. hóf störf sín var birtur stjórnarsáttmáli og þar var alllangur kafli um verðlagsmál. Það væri út af fyrir sig áhugavert umræðuefni að draga fram í dagsljósið nú að tveimur árum liðnum hina einstöku þætti þeirrar stefnuyfirlýsingar, en ég skal þó ekki falla fyrir þeirri freistingu, heldur einbeita mér að því að ræða um það er beinlínis snertir löggjöf þá sem hér er til umr. Þar er sagt að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu. Menn skildu þetta ákvæði svo á þeim tíma, fyrir tveimur árum, að nú væri ætlunin að hverfa aftur til nokkuð frjálsara verðmyndunarkerfis, og jafnvel var af einstökum formælendum ríkisstj. sagt, ef ekki beinum orðum, þá gefið í skyn, að með þessu væri sagt að lögin frá því í maí 1978 um frjálsa verðmyndun ættu að taka gildi. Það er skemmst frá að segja að engin merki hafa verið þess s. l. tvö ár. Það er fyrst með þessu frv. að gefið er í skyn að til frjálsara verðmyndunarkerfis verði horfið. Því eru þetta í raun e. t. v. einu efndirnar á upprunalegu ákvæði í stjórnarsáttmálanum að þessu leyti.

Þar er svo til að taka, að fyrir rúmu ári var sett á laggirnar svokölluð hert verðstöðvun um fjögurra mánaða skeið og í kjölfar hennar var rætt um það, sem og á árinu áður, 1980, að sett yrðu ákveðin mörk verðlagshækkana eða verðhækkana, sem áttu að fela í sér svokallaða niðurtalningarleið Framsfl. á verðbólguvandanum. Þm. er allt of vel kunnugt um árangur þessarar niðurtalningarleiðar til þess að rétt sé að verja miklum tíma í að ræða þann árangur. Hann hefur verið í einu orði sagt hörmulegur. Raunar hefur ríkisstj. gefist upp á að tímasetja mörk í samræmi við markmið um hjöðnun verðbólgu. Ríkisstj. sprakk á þeim mörkum á árinu 1980 og treystist raunar aldrei á s. l. ári að setja sér slík mörk ársfjórðungslega, eins og ætlunin var.

Í upprunalegri stefnuyfirlýsingu ríkisstj. er talað um hert verðlagseftirlit og eflingu neytendasamtaka. Þar er líka talað um að haga verðlagsákvæðum þannig að þau hvetji til hagkvæmra innkaupa og að greiða fyrir því, að unnt sé að lækka vörur vegna innkaupa í stórum stíl. Það hefur fátt afreka heyrst úr garði ríkisstj. á þessu sviði. Þótt ýmislegt það sama væri endurtekið í gamlársdagsboðskap ríkisstj. fyrir rúmu ári hafa þau fyrirheit, ef svo má að orði komast, ekki heldur verið efnd. Raunar er ekki mikið um fyrirheit að ræða í þeirri málaskrá. Þvert á móti eru þar tínd til ákveðin umhugsunarefni sem ekki hafa komist í framkvæmd og eru enda ólíkleg til að gera nokkurt gagn til að lækka verðlag í landinu.

Auk þess, sem ég hef þegar getið um og stendur í stjórnarsáttmálanum sjálfum, eru svo frumlegar hugmyndir settar fram af ríkisstjórnarinnar hálfu fyrir rúmu ári, að í athugun sé að beita krónutöluálagningu þar sem kostur er í stað prósentuálagningar. Þessi krónutöluálagning er svo gersamlega gagnslaus í verðbólgu eins og við höfum reynt á síðustu tveim árum og raunar lengur að það er haft fyrir satt, að krónutöluálagning, sem síðast var sett, þurfi að hækka um 170% ef hún á að endurspegla kostnaðarhækkun dreifingaraðila verslunarinnar í landinu á sama tíma.

Þá eru vangaveltur eins og þær, að innkaup opinberra aðila verði endurkoðuð með hliðsjón af möguleikum til lækkunaráhirfa á almennt innflutningsverðlag. Við höfum ekkert heyrt um árangur slíkra aðgerða og hæstv. viðskrh. gaf okkur enga skýrslu um það í ræðu sinni áðan.

Þá er talað um að ríkisstj. muni stuðla að innkaupum í stórum stíl og stefna að því í áföngum að veita greiðslufrest á tollum. Við erum nú fyrst að heyra það, ári síðar, að greiðslufrestur á tollum sé í undirbúningi, en þó ekki fyrr en að ári liðnu og þá í áföngum. — En athyglisverð er þessi endurtekna yfirlýsing af hálfu núv. ríkisstj., að hún muni stuðla að innkaupum í stórum stíl, væntanlega í þeim tilgangi að lækka vöruverð. Þarna er sennilega um hálfkveðna vísu að ræða. Spurningin hefur verið sú, hvort ríkisstj. hafi á þessu tímabili verið með það í huga að taka að sér ákveðna þætti innflutningsverslunarinnar

og þjóðnýta hana að þessu leyti. Það er hvergi berum orðum sagt, en orðalagið gefur hins vegar slíkar hugleiðingar til kynna. Væntanlega hefur ríkisstj. að athuguðu máli séð gagnsleysi slíkra ráðstefna, því að landsverslun eða þjóðnýting verslunarinnar hefur alls staðar verið spor í þveröfuga átt ef tilgangurinn hefur verið að lækka vöruverðið. Slík landsverslun og einokun hefur ávallt leitt til hækkaðs vöruverðs og verri þjónustu neytendum til handa.

Ég hef talið nauðsynlegt að rifja upp þessa forsögu og frammistöðu ríkisstj. í verðlagsmálum í tilefni af flutningi þessa frv. og vil láta þá skoðun í ljós, að sé þetta frv. vísbending um að ríkisstj. hafi horfið frá verðlagsákvæðum, höftum, boðum og bönnum, hafi horfið frá hugleiðingum sínum um opinber innkaup eða þjóðnýtingu einstakra þátta innflutningsverslunarinnar, þá sé þetta frv. góðra gjalda vert. Hins vegar er ljóst af ákvæðum þessa frv. að hér er ekki um það að ræða að setja í lög að nýju að aðalreglan skuli vera að þar sem frjáls samkeppni ríkir skuli verðalgning vera frjáls. Eftir sem áður er aðalreglan höft, boð og bönn. Það er undantekning að verðlagning verði gefin frjáls og verðlagsákvæði afnumin. Þess vegna fer það allt eftir framkvæmd þessara laga og eftir því, í hve stórum stíl og hve fast er sótt í frjálsræðisátt, hvort ástæða sé til að fagna þessu frv. eða ekki. Það er bót í máli, að nú er ekki bundið samþykki ríkisstj. þegar verðlagsráð samþykkir að aflétta verðlagsákvæðum eða hámarksverði í vörum, heldur er verðlagsráð einfært um slíka ákvörðun.

Ég ítreka og endurtek: Það fer eftir framkvæmd laganna hvort hér er stigið skref í rétta átt eða ekki. Það hefur verið sagt í þeim deilum, sem átt hafa sér stað um stefnur í verðlagsmálum, að það væri útilokað að halda því fram, að frjáls verðmyndun væri tæki eða leið til að vinna bug á verðbólgunni og draga úr verðhækkunum. En reynslan kennir okkur annað. Þetta var t. d. mjög mikið deilumál nýverið á Bandaríkjaþingi og í Bandaríkjunum, þegar umræður stóðu um að afnema verðlagsákvæði á olíu. Menn spáðu að afnám verðlagshaftanna mundi leiða af sér verðhækkanir að olíu. Nú voru það rök fyrir afnámi verðlagshafta á olíu m. a. að farið yrði sparlegar með eldsneytið, en reynslan sýndi ekki eingöngu að þeim tilgangi væri náð, heldur og hitt, að þegar fram í sótti tók verðlag á olíu að lækka.

Við höfum annað dæmi nærtækara, og það er hin aukna samkeppni sem átt hefur sér stað í veitingasölu hér á landi, þar sem veitingastöðum hefur fjölgað og þjónustan, sem þeir bjóða, er orðin fjölbreyttari, betri og með fleiri kostum í verði og gæðum en áður var þannig að hagsmunum neytenda er mun betur borgið á þessu sviði en fyrr. Þannig mundi þróunin verða ef menn þyrðu að aflétta verðlagshöftum þar sem samkeppni er fullnægjandi. Húsbóndavaldið mundi flytjast yfir til neytandans, til kaupandans. Hann hefði úr fleira að velja fyrir lægra verð en áður hefur átt sér stað.

Það er ljóst að formælendur opinberrar forsjár hér á landi eins og annars staðar í heiminum treysta yfirvöldum betur til að hafa vit fyrir fólkinu en fólkinu sjálfu að sjá hag sínum borgið. Við sjálfstæðismenn eru þeirrar skoðunar, að ekki sé ástæða til að ríkið sé forsjá fullorðins fólks, beiti fullorðið fólk foreldravaldi. Við teljum, að það sé spor í rétta átt að auka þá kosti sem menn eiga völ á í verslun, viðskiptum og þjónustu, og viljum stuðla að því, að þetta frv. verði þannig úr garði gert að það þjóni þeim tilgangi.

Ég tók svo eftir við yfirlestur frv. og þegar hlýtt var á framsöguræðu hæstv. viðskrh., að nokkrar breytingar væru gerðar á lögunum frá því í maí 1978 um það sem ég þegar hef gert að umtalsefni, nefnilega þær veigamiklu breytingar, að í stað þess að frjálsræðið er aðalreglan er frjálsræðið undantekning samkv, þessu frv., en auk þess eru þær breytingar m. a. gerðar að samkeppnisnefnd er felld burt og verðlagsráði falin þau verkefni sem samkeppnisnefnd voru ætluð samkv. maílögunum 1978.

Nú var það einkum hlutverk samkeppnisnefndar samkv. þeim lögum að fjalla um IV. kafla laganna sem ber fyrirsögnina „Markaðsráðandi fyrirtæki og samkeppnishömlur". Það var einkum verkefni samkeppnisnefndar að koma í veg fyrir samkeppnishömlur og stuðla að auknu frjálsræði, en hafa þá eftirlit ef um var að ræða tilhneigingu til einokunar eða samkomulag milli aðila, er selja vöru og þjónustu, um verð og aðra skilmála. Samkeppnisnefnd var skipuð formanni verðlagsráðs og þeim tveim meðlimum verðlagsráðs sem tilnefndir voru af Hæstarétti. Þarna var miðað að því, að um væri að ræða hlutlausan aðila sem allir gætu borið fullt traust til að legði hlutlægt mat á úrskurðarefnið. Ég dreg þess vegna í efa að það sé til bóta að leggja samkeppnisnefndina niður og fela verkefni hennar verðlagsráði, en auk formanns og þeirra tveggja manna er Hæstiréttur tilnefnir í verðlagsráð skipa verðlagsráð, eins og kunnugt er, menn tilnefndir annars vegar af Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og hins vegar Vinnuveitendasambandinu, Verslunarráði og Sambandi ísl. samvinnufélaga. Það liggur í augum uppi, að fulltrúar þeirra eru fulltrúar hagsmunaaðila og eiga auðvitað rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif á niðurstöður, en varðandi framkvæmd þessa kafla tel ég það þó síst eiga við. Ég er þeirrar skoðunar við fljótan yfirlestur, að það sé til bóta að skipa þriggja manna nokkurs konar framkvæmdanefnd, en vek athygli á því, að það geti verið að þessu leyti til bóta að verðlagsstjóri sé formaður þeirrar nefndar, en ekki formaður verðlagsráðs, þó að það kunni að torvelda starfsemi og samstarf þessara aðila, þriggja manna nefndarinnar og verðlagsráðs.

Ég dreg í efa nytsemi þeirra ákvæða sem í þessu frv. eru og lúta að aukinni skriffinnsku og hertum viðurlögum. Ég skal þó ekki taka afstöðu til þeirra ákvæða á þessu stigi málsins, en beini því til fjh.- og viðskn. þessarar deildar, sem væntanlega fær mál þetta til meðferðar, að fjalla ítarlega um þessi efni frá því sjónarmiði, hvaða gagn slík ákvæði gera miðað við þá skriffinnsku sem þau fela í sér, og er almennt af hinu illa, eins og kunnugt er.

Á þessu stigi málsins skal ég ekki fjalla, nema að gefnu tilefni, frekar um þetta frv. Ég tel það til bóta að því leyti að verðstöðvun, sem ekkert gagn hefur gert og er náttúrlega hótfyndni, sbr. þá verðbólguþróun sem við höfum búið við, er þar með úr gildi fallin. Verðstöðvun getur eingöngu átt rétt á sér í mjög skamman tíma og þá eingöngu til að gefa stjórnvöldum tækifæri til þess að bregðast við óvæntri þróun og óvæntum aðstæðum og gefa stjórnvöldum tíma til að gera frambúðarráðstafanir fremur en bráðabirgðaráðstafanir eins og núv. hæstv. ríkisstj. er þekkt fyrir. Að því leyti til er þetta frv. til bóta. Annars fer það eftir framkvæmd þessara laga eða ákvæða, ef að lögum verða, hvort við stefnum í rétta átt í verðlagsmálum. Það fer eftir því, hvort meginmarkmiðið sé að efla samkeppni og stuðla að aukinni samkeppni,

greiða fyrir verslunaraðilum til að auka samkeppni sín á milli í þeim tilgangi að færa húsbóndavaldið til neytenda þar sem það á heima.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sá málaflokkur, sem hér er um að ræða, snertir hvert einasta heimili á þessu landi. Hve oft hafa menn ekki upplifað það, að árangur af langri og strangri kjarabaráttu hefur orðið að engu á nokkrum dögum sökum þess að skollið hefur yfir mikil verðhækkunarbylgja? Verðlagsmálin eru því ásamt kjaramálunum þeir tveir málaflokkar sem skipta almenning og verkalýðshreyfinguna í þessu landi mestu og ráða öllu um afkomu hvers einasta manns. Það var því eðlilegt, herra forseti, að þegar lögin um stjórn efnahagsmála voru sett á sínum tíma skyldi sérstakur kafli í þessum lögum vera helgaður skyldu ríkisvaldsins til að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um mál sem sérstaklega snerta afkomu launafólks.

Þessi kafli í lögunum um stjórn efnahagsmál er II. kafli laganna og fjallar um skyldu hæstv. ríkisstj. til að hafa samráð við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda. Í 5. gr. þessara laga er sérstaklega talið upp hvaða mál ríkisstj. sé skylt að ræða við þessa aðila áður en hún ráði ráðum sínum. Í 5. gr. segir að verkefni samráðsins eigi m. a. að vera, auk þess að ræða meginþætti í efnahagsmálum, að fjalla um verðlagseftirlit af opinberri hálfu. M. ö. o.: í þessum lögum er hæstv. ríkisstj. gert skylt að hafa samráð við samtök launafólks, sjómanna, bænda og atvinnurekenda um allar aðgerðir á sviði verðlagsmála, svo ekki sé talað um ef til stendur af hálfu hæstv. ríkisstj. að gera breytingu á þeim reglum og lögum sem gilda í landinu um verðlagseftirlit.

Nú sakna ég þess, herra forseti, að ríkisstj. láti þess getið í grg. með þessu frv. hverjar voru niðurstöður þessa samráðs. Ég lít svo til að það sé skylda félmrh., sem á öðrum fremur að sjá um framkvæmd þessara laga, en hann er jafnframt form. Alþb., að sjá um að hæstv. ríkisstj. virði afdráttarlausa lagaskyldu sína í þessum efnum við samtök launafólks, sjómanna og bænda, ekki síst þegar það er bókstaflega tekið fram í lögunum að samráðið eigi undantekningarlaust að ná til aðgerða á sviði verðlagsmála. Hvernig stendur á því, að þess er ekki getið í grg., að um slíkt samráð hafi verið að ræða? Getur verið að hæstv. ríkisstj. hafi svikist um að hafa þetta samráð, það hafi ekki verið við launþegasamtökin rætt um breytingar á reglum um verðlagseftirlit þó svo að íslensk lög skyldi hæstv. ríkisstj. til þess?

Nú sá ég á borði hæstv. forseta að næstur á eftir mér upp í ræðustól á að koma hæstv. félmrh., formaður Alþb. Ég hlýt að biðja hann nánari skýringa. Ég hlýt að óska eftir svörum við því, hvernig á því standi og hvort rétt geti verið — við skulum ekki fullyrða of mikið að þetta lögskipaða samráð hafi ekki verið haft. Ef svo er, hvernig stendur á því, að hann hefur brugðist ráðherraskyldum sínum um að sjá svo til að samráð sé haft við aðila vinnumarkaðarins um mál af þessu tagi sem varða landslýð meira en 2—3% kauphækkun sem menn hafa verið að tala um nú mánuðum saman og nokkur hópur launþega hefur fengið?

Einhver skaut því að mér áðan, að það mætti ekki búast við því af minnsta flokknum í landinu að hann réði öllu í sambandi við slík mál. Alþb. hlýtur þó að geta gætt þess þegar Alþb. hefur félmrh., sem á að stýra samráði við launafólk, sjómenn og bændur, og þegar flokkurinn hefur jafnframt í höndum lög sem skylda ríkisstj., sem flokkurinn á aðild að, til að standa að slíku samráði. Ég fæ ekki séð hvernig hægt er að standa í vegi fyrir kröfum um að samráð sé haft áður en svona frv. er samið hafi þær kröfur komið fram innan ríkisstj.

Ég get hins vegar, herra forseti, verið alveg sammála þeim mönnum, sem hér hafa talað á undan mér, um að reynslan hefur sýnt okkur að það er mjög nauðsynlegt að gera verulegar breytingar á þeim reglum sem gilda hér um verðlagseftirlit og verðákvarðanir. Eins og þær reglur eru nú má segja að það eina, sem reglurnar geti nokkurn veginn tryggt, sé að verðlag á vöru sé vísitölutryggt. M. ö. o.: reglurnar eins og þær eru og eins og þær eru framkvæmdar eru þannig að ef hægt er að sýna fram á kostnaðarhækkanir, af hvaða völdum sem kostnaðarhækkanirnar verða, gera reglurnar það nánast skylt að kostnaðarhækkanirnar skuli hækka verðlagið. Þetta þýðir auðvitað það, að eins og reglunum er varið vísitölutryggja þær verðlagið. Þær tryggja ekki launafólkinu lægsta verð. Þær tryggja það eitt að sölu- og þjónustuaðilar geta með tilvísun til reglnanna gert kröfur um að allar kostnaðarhækkanir sem verða, þ. á m. launahækkanir, komi fram í verðlaginu. Hins vegar hafa ríkisstjórnir með ýmsum ráðum reynt annaðhvort að fresta því eða koma í veg fyrir að þessar hækkanir nái fram að ganga, en það breytir að sjálfsögðu ekki eðli þessara reglna. M. a. vegna þessa hafa ríkisstjórnir í sívaxandi mæli gerst nokkurs konar verðlagsyfirvöld, vegna þess að reglurnar hafa tryggt að allar kostnaðarhækkanir komi fram í verðlaginu. Ríkisstj. hefur hins vegar viljað stemma stigu við því, að þær næðu fram að ganga. Hæstv. ríkisstj. hefur meira og meira tekið í eigin hendur úrslitaáhrifin um verðlag í landinu og ríkisstjórnarfundir fjalla um það, á hvað eigi að selja heita vatnið frá Hitaveitu Reykjavíkur, á hvaða verði eigi að selja smjörlíki í landinu, hvað skófatnaður eigi að kosta o. s. frv. Þegar ríkisstjórnarfundir hafa með þessum hætti breyst í verðákvörðunarfundi, þar sem jafnvel eru dæmi þess, að atkv. séu látin ganga um eitthvert tiltekið verð á vöru eða þjónustu, segir sig sjálft að fyrir slíka ríkisstj. verður lítill tími aflögu til annars.

Ríkisstjórnir hafa aldrei átt að vera, hvorki í okkar landi né annars staðar, slík verðlagsyfirvöld. Þær hafa miklu þarfari störfum að sinna en sitja á ríkisstjórnarfundum og ákveða verð á ýmsum vörum og þjónustu, allt frá því stærsta og niður til hins smæsta. Þetta er ástand sem ávallt hefur verið túlkað sem bráðabirgðaástand, en það hefur reynst vera varanlegt ástand, og auðvitað ber brýna nauðsyn til að reyna að breyta því og koma á eðlilegri starfsháttum.

Þessi aðferð hefur líka gefist neytendum illa. Hún hefur ekki getað tryggt sanngjarnt vöruverð, hún hefur ekki getað tryggt eðlilega samkeppni og hún hefur síst af öllu getað skapað almenningi það verðskyn sem fólk þarf að hafa til þess að samkeppni um vöruverð og þjónustu skili einhverjum árangri. Því miður er það orðið svo í okkar samfélagi, að verðskyn almennings á algengustu neysluvörum er orðið lítið sem ekki neitt.

Í margendurteknum könnunum fjölmiðla hefur komið í ljós að fjöldinn allur af fólki veit ekki verðið á algengustu neysluvörum og allt og margir landsmanna hafa raunverulega ekki lengur mikinn áhuga á að reyna að fylgjast með vöruverði því að fólk telur það næsta til-

gangslítið. Það eru sennilega einhverjar verstu afleiðingar þess kerfis, sem við búum við, í senn verðbólgunnar og verðlagseftirlitskerfisins, að það hefur átt þátt í að eyðileggja verðskyn hins almenna borgara. Við skulum ekki fela þá staðreynd fyrir okkur, að enda þótt verðlagseftirlit og strangt verðlagsaðhald geti við ákveðnar aðstæður verið meira en réttlætanlegt, geti raunar verið nauðsynlegt, er slíkt kerfi, þegar það er búið að standa jafnlengi og hér hefur orðið á Íslandi, orðið með þeim hætti að það á þátt í að eyðileggja verðskyn almennings og hamla gegn eðlilegri samkeppni um sem lægst vöruverð. Ég er því alveg sammála þeim sem áður hafa hér talað um nauðsyn þess að breyta því kerfi, enda hefur svo oft og svo mikið verið rætt um þá nauðsyn að ástæðulaust ætti að vera fyrir mig að fara fleiri orðum um það mál hér.

Hæstv. núv. ríkisstj. hefur hins vegar haft ein afskipti til breytinga af verðlagsmálum. Núv. ríkisstj. heimilaði fyrir nokkrum mánuðum það, sem ekki hefur áður verið heimilt um langan aldur í okkar landi, að söluaðilar fengju að hækka verð á eldri birgðum sínum um leið og ný sending kæmi með eitthvað hærra verði. Hingað til hefur þetta ekki verið leyft. Verslanir, sem fengu nýja vörusendingu á nýju og hærra verði, t. d. vegna gengisbreytingar, urðu að selja gömlu birgðirnar upp á gamla verðinu áður en þær gátu hafið sölu á hinni nýju sendingu. Allir vita hversu oft og mikið almenningur rak sig á að búið væri að breyta vöruverði með óleyfilegum hætti á gömlum birgðum til hækkunar. Það var nánast eina verðskynið sem almenningur hafði þó enn, þegar menn ráku sig á það í verslunum að búið væri að hækka vöruverð á gömlum birgðum vegna nýrra sendinga. Kvartanir þær, sem verðlagsyfirvöld fengu frá almenningi, voru yfirleitt á þá lund, að búið væri að hækka vöruverð með óleyfilegum hætti á gömlum birgðum vegna nýrra sendinga. Þetta var það, sem fólk vakti hvað mest athygli á, og var það litla sem enn var óbrenglað af verðskyni í landinu. Núv. hæstv. ríkisstj. tók hins vegar þá ákvörðun að breyta þessum reglum þannig að söluaðila væri heimilt að hækka útsöluverð á öllum gömlum birgðum í verslunum sínum um leið og ný sending bærist til landsins. Ég er hræddur um að einhvern tíma hefði verið rekið upp ramakvein af sumum aðilum sem í núv. hæstv. ríkisstj. sitja ef aðrar ríkisstjórnir, sem ekki höfðu þá innanborðs, hefðu tekið slíkar ákvarðanir. En það er nokkuð lærdómsríkt um þær breytingar á afstöðu manna og flokka, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur áorkað, að engir af þeim aðilum, sem í henni sitja, töldu nokkra ástæðu til svo mikils sem að vekja athygli á þessari breytingu.

Ég vil leyfa mér að benda mönnum á eitt í þessu sambandi til umhugsunar. Á undanförnum mánuðum höfum við svo til hvarvetna í þjóðfélaginu fengið að heyra ramakvein um slæma stöðu atvinnulífs og atvinnurekstrar. Við höfum heyrt kvartanir frá iðnrekendum, við höfum heyrt kvartanir frá útgerðarmönnum, við höfum heyrt kvartanir frá fiskverkendum, við höfum að sjálfsögðu heyrt kvartanir frá launþegum, en það er einn hópur, sem oft hefur látið í sér heyra í þjóðfélaginu, sem ég minnist ekki að hafa heyrt margar kvartanir á síðustu dögum og það er verslunin. Nú ber svo við, hvað sem því veldur, að verslunaraðilar telja sig ekki þurfa að hafa í frammi sömu kvartanir og jafnháværar kvartanir og þeir hafa oft áður haft. Skyldi valda því sú ákvörðun ríkisstjórnar Alþb., Framsfl. og hluta Sjálfstfl. að heimila þessum aðilum að setja sínar gömlu birgða ávallt á nýtt og hærra verð í hvert skipti sem ný vörusending hefur komið til þeirra? Skyldi það ef til vill vera ein ástæða af mörgum fyrir því, að þessir aðilar telja nú ekki ástæðu til að hafa jafnhátt um slæman hag sinn og þeir hafa oft áður gert? Spyr sá sem ekki veit. En þetta eru sem sé einu afskipti hæstv. ríkisstj. af breytingum á reglum um verðlag og verðlagseftirlit og verðútreikninga þangað til nú, að hún leggur fram og mælir fyrir þessu frv.

Herra forseti. Eitt er nauðsynlegt um leið og hvatt er til aukinnar samkeppni um verð og þjónustu og til breytinga á reglum um verðlag og verðlagseftirlit, sem ekki er í þessu frv., ef slíkt á að skila árangri, eins og ég tel nauðsynlegt að slík breyting geri. Ég er fylgjandi því, að reynt sé að leita nýrra leiða í verðlagsmálum til að ýta undir eðlilega samkeppni og lægra vöruverð. En ef slíkar breytingar eiga að geta skilað árangri við núverandi aðstæður okkar með yfir 50% verðbólgu á ári þarf eitt að fylgja sem ekki er að finna í þessu frv. Þá þarf að stórefla alla neytendavernd í landinu og neytendasamtök, vegna þess að fólkið sjálft og samtök þess verða þá að taka við því hlutverki sem verðlagsyfirvöld hafa átt að gegna, en ekki gegnt. Um það er ekki stafkrók að finna í þessu frv. Það er ekkert gert í frv. til að auka rétt íslenskra neytenda, sem ég leyfi mér þó að fullyrða að sé minni en neytendaréttur í nokkru sambærilegu landi.

Íslenski neytandinn hefur í samfélagi okkar nánast engan rétt og enga aðstöðu til að fylgja kröfum sínum eftir. Það eru mörg ár síðan samin voru í viðskrn. drög að frv. um neytendavernd. Á mínum fyrstu árum á Alþingi lagði ég ítrekað fram fsp. til þáv. viðskrh. um hvað hann hygðist gera til að fylgja því máli fram og til að undirbúa löggjöf um neytendavernd til að leggja fram hér á hinu háa Alþingi. Þeir viðskrh., sem setið hafa á undanförnum árum, hafa því miður ekki sýnt því máli nægilegan áhuga, því hafa enn engin lög um neytendavernd verið sett á Íslandi sem sambærileg séu við sams konar lög sem í gildi eru t. d. hjá öllum öðrum Norðurlandaþjóðum. Auðvitað er alveg ljóst, um leið og núverandi reglum um verðákvarðanir og verðlagseftirlit er gjörbreytt og reynt að gera þær reglur eðlilegri og líkari því sem gerist í nágrannalöndunum, að á sama tíma verður að gera stórátak til þess annars vegar að efla frjáls neytendasamtök í landinu til að geta gætt hagsmuna neytenda og í öðru lagi að stórauka lagalegan rétt neytenda á Íslandi, en það er til skammar hvað lítið hefur verið gert til að tryggja neytendum þau mannréttindi sem sjálfsögð eru talin fyrir þá í nútímaþjóðfélögum. Því miður er ekkert af því í frv. þessu.

Mér finnst sjálfsagt og eðlilegt, herra forseti, að þetta frv. verði skoðað mjög vandlega í þeirri nefnd sem væntanlega fær það til meðferðar. Ég lýsi fylgi mínu við þær grundvallarbreytingar sem hæstv. viðskrh. ræddi um að gera þyrfti varðandi verðgæslu og verðlagseftirlit í landi okkar, en þó er ekki að finna í þessu frv. Ég mun beita mér fyrir því, þar sem ég á sæti í nefndinni sem frv. þetta fær, að sérstaklega verði leitað til aðila vinnumarkaðarins, hafi hæstv. ríkisstj. ekki sinni lagalegu skyldu um að gæta samráðs. Ég mun enn fremur óska sérstaklega eftir því við form. nefndarinnar og meðnefndarmenn mína, að nefndin, væntanlega fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, leitist við að bæta inn í þetta frv. þeim mikilvægu köflum sem í það vantar, hvort sem það verður gert með sérstöku þingmáli eða breytingum á þessu frv., þ. e. að bæta úr þeim stóru ágöllum að það

vantar í íslenska löggjöf og íslenskt réttarfar ákvæði um stóraukna neytendavernd, stóraukinn neytendarétt og stóraukinn stuðning við almenn og frjáls neytendasamtök í landinu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í stjórnarsáttmála ríkisstj. er kafli um verðlagsmál og þar segir á bls. 6 að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu. Hér er um að ræða samkomulagsákvæði milli stjórnarflokkanna sem það frv. byggir á sem nú er komið til meðferðar á hv. Alþingi og hæstv. viðskrh. hefur gert grein fyrir.

Það hefur nokkuð verið rætt um meginatriði þessa frv. og ætla ég í sjálfu sér ekki að endurtaka það hér. Ég ætla þó að fara yfir þau atriði sem ég tel að séu meginatriðin í þessu frv. og ég tel að skipti þar meginmáli.

Það fyrsta er að samkeppnisnefnd er lögð niður. Samkeppnisnefnd varð til með lögunum frá árinu 1978. Hún er skipuð formanni verðlagsráðs og tveimur fulltrúum Hæstaréttar, sem eru í verðlagsráði samkvæmt þessum nýju verðlagslögum. Ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar, að það orki mjög tvímælis að láta Hæstarétt tilnefna menn í verðlagsráð, og það hefði komið til greina við meðferð málsins nú, úr því að það er tekið upp á annað borð, að fella það niður að Hæstiréttur sé með menn í verðlagsráði. Það hefur ekki orðið að ráði, heldur að samkeppnisnefnd í þeirri mynd sem hún hefur verið er lögð niður, en í staðinn verður til innan verðlagsráðsins virk framkvæmdanefnd þriggja manna þar sem verkalýðshreyfingin hefur fulla aðild. Í lögunum eins og þau voru í upphafi var ekki gert ráð fyrir að verkalýðshreyfingin hefði neitt um það að segja hvernig það væri metið hvort næg samkeppni væri fyrir hendi eða ekki. Þetta frv. bætir úr veigamiklum ágalla á lögunum í þessum efnum og tryggir verkalýðshreyfingunni aðild að þessari framkvæmdanefnd verðlagsráðs. Það tel ég mjög mikilvægt atriði og gera verðlagsráð öflugra en það hefur áður verið.

Í annan stað vil ég nefna það sem mikilvæga forsendu fyrir flutningi þessa frv., að ég tel að með því fyrirkomulagi, sem þar er gert ráð fyrir, verði stuðlað að betri samstöðu um vinnubrögð í verðlagsráði en áður hafi verið. Ég tel að mjög mikilvægt sé að innan verðlagsráðs sé góð samstaða um vinnubrögð og útfærslu á einstökum ákvörðunum frá degi til dags. Ég tel að þetta frv. geti skapað lagagrundvöll að því að auðveldara verði að taka á málum á vettvangi verðlagsráðs, sérstaklega fyrir fulltrúa verkalýðssamtakanna.

Ég tel að þetta séu tvö meginatriði frv. Í þriðja lagi tel ég það meginatriði í þessu frv., að í raun og veru er enn einu sinni hafnað þeim texta sem upphaflega var í verðlagslögunum vorið 1978, en í þeim stóð þessi setning: „Þegar samkeppni er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag, skal verðlagning vera frjáls.“ Í því frv., sem hér hefur verið lagt fram, er gert ráð fyrir að heimilt sé við sérstakar kringumstæður að fella vörur undan verðlagsákvæðum, en í frv. er jafnframt gert ráð fyrir að vörurnar megi taka undir verðlagsákvæði á ný og verðlagsráð geti tekið vörurnar undir verðlagsákvæði á ný án þess að bera eingöngu fyrir sig skort á samkeppni í viðkomandi grein. Í lögunum eins og þau voru 1978 var einungis gert ráð fyrir að verðlagsráð gæti tekið vörur eða þjónustu undir ákvæði á nýjan leik að þar væri um að ræða ónóga samkeppni. Í 4. gr. þessa frv. er um að ræða víðtækari heimildir fyrir verðlagsráð í þessu efni. Það getur tekið undir ákvæði vöru, sem hefur verið felld undan ákvæðum, hvenær sem er að eigin mati. Eins og hæstv. viðskrh. gat um áðan er ætlunin að framkvæma þetta þannig, að hér verði um að ræða takmörkuð svið og kannað mjög rækilega hvaða áhrif það hefur. Ljóst er að ef áhrifin verða þau, að það hafi í för með sér stórhækkandi vöruverð í þeim greinum, sem kunna að verða felldar undan verðlagsákvæðum, þá eiga þær yfir höfði sér hvenær sem er samkvæmt einfaldri ákvörðun í verðlagsráði að þær verði með sína þjónustu eða vörur teknar undir verðlagsákvæði aftur.

Ég vil einnig nefna sem fjórða atriðið í þessu frv. það ákvæði sem kemur fram í 5. gr. þess. Þar er um að ræða skýr ákvæði varðandi meðferð á verðútreikningum. Þau málefni hafa verið í molum hér á landi um langt skeið. Verðútreikningar hafa ekki borist Verðlagsskrifstofunni fyrr en jafnvel löngu eftir að sú vara var seld sem útreikningarnir voru miðaðir við. Hún var seld og horfin úr verslununum áður en Verðlagsstofnunin fékk þessa útreikninga til yfirferðar. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að útreikningar skuli hafa borist Verðlagsstofnun eigi síðar en fimmtán dögum eftir að vara er tollafgreidd. Óheimilt er, segir ennfremur, að hefja sölu á vöru, sem háð er verðlagsákvæðum, fyrr en söluverð hennar hefur verið staðfest af Verðlagsstofnun. Einnig er óheimilt að hefja sölu á öðrum vörum fyrr en verðútreikningur er kominn til Verðlagsstofnunar. Ég tel að hér sé um að ræða mjög þýðingarmikið ákvæði fyrir Verðlagsskrifstofuna til þess að hún geti sinnt hlutverki sínu betur en raun hefur orðið á.

Í þessum umr. hefur margt komið fram sem fróðlegt væri að ræða, og ég ætla að fara yfir í nokkrum atriðum. En áður en ég kem að því vil ég nefna fimmta mikilvæga atriðið sem frv. þetta byggist á, en það er mjög efld verðgæsla frá því sem verið hefur. Verðgæsla hér á landi hefur ekki verið nægilega traust og frv. byggist á því að hún verði efld. Í framsöguræðu hæstv. viðskrh. kom fram það fyrirheit hans að stuðla að því, að verðgæsla verði mjög bætt frá því sem verið hefur.

Í þessum umr. hefur verið nefnt að prósentuálagningarkerfi hvetji ekki til hagkvæmari innkaupa. Hv. þm. Geir Hallgrímsson ræddi um að krónutöluálagning væri fráleit og í rauninni óframkvæmanleg. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta sé ekki rétt. Ég tel að það ætti að kanna mjög rækilega hvort ekki er unnt að koma við krónutöluálagningu í innflutningsversluninni almennt. Ég held að það ætti að gera með þeim hætti að ákveða krónutöluna eftir tilteknum reglum, sem verðlagsráð gæti komið sér saman um, og síðan verði álagningaruppháðin á hverja vöru ákveðin um svipað leyti og vara er tollafgreidd. Ég tel að hér þyrfti ekki að vera um að ræða flókið kerfi, hér væri um að ræða öruggara kerfi en verið hefur að því er varðar verðlag á innflutningsvörum. Ég er raunar þeirrar skoðunar, að ef á að hafa eitthvert raunverulegt verðlagseftirlit uppi á Íslandi verði að færa það að stórauknum hluta til yfir á innflutningsverslunina.

Árið 1979 birtist könnum, sem gerð hafði verið á vegum viðskrh., á innflutningsversluninni í landinu. Þá kom í ljós að innflutningsverð til Íslands var talið 10—15% hærra en til annarra landa á Norðurlöndum. Menn höfðu auðvitað uppi ýmsar skýringar á því, af hverju þetta stafaði, en staðreyndin lá þarna fyrir, að

þjóðarbúið varð að greiða með gjaldeyri sínum verulegar upphæðir fyrir óhagkvæm innkaup til landsins. Ég tel að þessi könnun sé mjög mikilvægt plagg að hafa til hliðsjónar þegar fjallað er um málefni innflutningsverslunarinnar. Innflytjendur bera því við, að þetta sé svona vegna prósentuálagningarkerfisins. Ég segi: Það er ekki viðbára sem er gild. Auðvitað væri þeim í lófa lagið að halda sig við lög og reglur í þessum efnum, og auðvitað ættu þeir ekki að taka umboðslaun erlendis af þeim vörum sem þeir eru að flytja inn. Hvernig stendur á því, að mennirnir gera þetta, og hvað heitir svona umboðslaunataka, peningataka í eigin þágu, á mæltu máli? Hvernig stendur á því, að þeir þm. Sjálfstfl., sem tala gjarnan digurbarkalega um málefni verslunarinnar, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson, hafa engar áhyggjur af því, að innflutningsverslunin tekur til sín hundruð milljóna króna með allt of háu vöruverði inn í landið? Ég spyr hann alveg sérstaklega vegna þess, að hann þekkir þetta betur en ýmsir aðrir þm., vegna þess að hann á aðild að fleiri heildsölufyrirtækjum en flestir aðrir þm., gæti ég trúað, og þá ekki að undanskildum hv. þm. Albert Guðmundssyni. En áhyggjur þeirra hafa aldrei komið fram í þessum efnum. Þeir hafa komið hér fram með ýmis ummæli um að þeir hafi áhyggjur af þessu og hinu í okkar efnahagslífi, en það hefur aldrei heyrst á þessum hv. þm. að þeir hafi minnstu áhyggjur af því, að innflutningsverslunin sé að hirða hér tugi ef ekki hundruð millj. kr. umfram það sem eðlilegt og nauðsynlegt er ef með skaplegum hætti væri staðið að innflutningsverslun í landinu.

Ég held þess vegna, að þær hugmyndir, sem hafa verið uppi um krónutöluálagningu í innflutningsverslun, séu mjög skynsamlegar. Ég tel að á þeim viðhorfum byggist það, sem fram hefur komið í yfirlýsingum ríkisstj., m. a. 31. des. 1980, að athuga eigi krónutöluálagningu í auknum mæli og beita henni þar sem því verður við komið. Ég tel að það sé í raun og veru ekki eins flókið mál að koma krónutöluálagningu við í innflutningsverslun og sumir hafa viljað vera láta.

Í ræðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar kom það fram, að rætt hefur verið um að reynt verði að stuðla að innkaupum á vörum með opinberri íhlutun, þannig að t. d. verði boðnir út stórir vöruflokkar og kannað hvort hægt er að fá þá á hagkvæmara verði til landsins, eins og timbur, svo ég nefni dæmi, eða steypustyrktarjárn eða því um líkt. Það kom fram í máli hv. þm. Geirs Hallgrímssonar, að hann gerir sér vonir um að menn væru alveg horfnir frá því að reyna að framkvæma þetta. Ég vil hugga hann með því, eða hryggja eftir atvikum, að það hefur ekki verið horfið frá því. Hæstv. fjmrh. hefur farið þess á leit við Innkaupastofnun ríkisins að hún kanni þetta mál alveg sérstaklega, og sú könnun hefur verið í gangi um nokkra hríð. Við teljum að með þessu móti mætti jafnvel veita innflutningsversluninni hér verulegt aðhald og tryggja að innflutningur á stórum og þýðingarmiklum neysluvörum hér í landinu verði hagkvæmari en verið hefur. Það er alveg greinilegt að samkeppnin, þó að hér væru 2 þús. heildsalar eða 20 þús., dugir ekki í þessum efnum. Hún dugir ekki, þessi margrómaða frjálsa samkeppni, því að reynslan sýnir að innflutningsverslunin á Íslandi er baggi á þjóðarbúinu, er einhver dýrasti þátturinn í íslenska þjóðarbúinu, og þess vegna teljum við að það væri skynsamlegt og nauðsynlegt að stuðla að því að fá fram samanburð við hina svokölluðu frjálsu innflutningsverslun með opinberum innkaupum á stórum vöruflokkum. Þetta held ég að sé rétt að komi hér fram út af ummælum hv. þm. Geirs Hallgrímssonar.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að það væri nauðsynlegt að færa húsbóndavaldið í verðlagsmálum til neytenda. Auðvitað kann þetta að hljóma býsna vel, en það er ekki það sem hann er að tala um og „ kollegar" hans í forustu verslunarstéttarinnar hér á Íslandi. Þeir hafa áhuga á að fá sjálfir að ráða hversu mikið þeir taka inn fyrir að selja hverja tegund af vöru. Það er það sem þeir vilja. Það er leiðarljós gróðans, en ekki hagsmunir neytendanna, sem þessir menn eru með í huga. En þeir vefja þetta inn í falleg orð og fallegar setningar, eins og þær, að hagsmuni neytenda eigi að hafa að leiðarljósi og þeir eigi að fá að ráða vöruverðinu sjálfir, eins og þeir geti gengið inn í verslun og sagt: Ég vil að þetta kosti þetta, en ekki hitt. — Þetta er auðvitað endileysa. Hér eru menn að breiða yfir þann tilgang, sem í raun leynist á bak við hina pólitísku stefnu Sjálfstfl., að hér eigi að vera um að ræða frjálsa gróðamyndun í landinu. Það er það sem fyrir þeim vakir og ekkert annað.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson rakti í nokkrum orðum að verðstöðvun hefði misheppnast í raun og veru hér. Það er nokkuð mikið til í því. Ég tek undir að það hafa verið í lögum verðstöðvunarákvæði árum saman, á sama tíma og verð hækkar í þeirri verðbólgu sem hér hefur verið. Þegar menn eru með slík ákvæði í gildi árum saman eru menn í raun og veru að segja að þeir setji reglur sem þeir sjálfir taki ekki ýkjamikið mark á. Ég tel því að þessi verðstöðvunarákvæði, eins og þau voru sett í lög í upphafi af viðreisnarstjórninni árið 1970 og héldust síðan alllengi það mikla verðbólgutímabil, sem við höfum lifað síðustu árin á Íslandi, hafi í raun og veru gengið sér til húðar, þau segi rangt til, nafnið segi rangt til um staðreyndir verðlagsmálanna á Íslandi, og þess vegna eigi menn ekki að vera að halda í slíkt og í rauninni geti falist í slíkum orðaleik viss blekkingastarfsemi þegar öllu er á botninn hvolft. Ég held þess vegna að það sé einfaldlega ekkert annað en núv. hæstv. ríkisstj. hafi verið að viðurkenna staðreyndir með því að fella úr gildi það sem heitir verðstöðvunarákvæði, vegna þess að verðstöðvunarákvæði standast að sjálfsögðu ekki í þeirri miklu verðbólgu sem hér hefur verið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék í fyrsta lagi að samráði við verkalýðssamtökin og aðra aðila um frv. þetta. Um það vil ég segja að óformlegar viðræður hafa staðið yfir um þessi mál um langt tímaskeið milli aðila að verðlagsráði. Ég vil hins vegar ekki kalla það fullt formlegt samráð, og ég óska eftir því við hv. fjh.- og viðskn. Nd., að hún leiti samráðs um efni þessa plaggs. Auðvitað er það þannig, að ríkisstj. leggur fyrir þingið tiltekna tillögu. Það er ekki þar með sagt að sú tillaga sé orðin að lögum. Málið fer til meðferðar á Alþingi og það er leitað eftir umsögnum og afstöðu hagsmunasamtaka í landinu til viðkomandi frv. eða tillögu, og þegar sú afstaða liggur fyrir er um að ræða hið endanlega samráð sem þarf að hafa í þessum efnum.

Hv. þm. nefndi það, að samráðskafli Ólafslaga heyrði undir félmrh. Það er ekki rétt. Reglugerðin um samráð er gefin út af forsrn. Reyndar er hún gefin út af hv. þm. Benedikt Gröndal, samflokksmanni hv. þm. Sighvats Björgvinssonar. Það er e. t. v. von að hann sé búinn að gleyma því. En hv. þm. var í ríkisstjórn með Benedikt Gröndal um tíma. Hún var ekki lengi sú stjórn sem betur

fer. En það er sama, hún kom einu og öðru frá sér. M. a. var gefin út þessi reglugerð og hún var gefin út af forsrh., en ekki af þáv. félmrh.

Hv. þm. ræddi mjög um að það hefði verið vafasöm ákvörðun að leyfa hækkun á birgðum vegna gengisuppfærslu. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hafði frá verðlagsstjóra þegar ég var í viðskrn, var talið að verulegur hluti innflytjenda færði upp birgðir þá þegar eftir gengi án þess að það hefði formlega verið leyft, það væri í raun og veru undantekning að menn hlýddu þarna lögum og reglum. Ég hefði gaman af að það yrði kannað — hv. þm. Sighvatur Björgvinsson gæti vafalaust óskað eftir því eins og ég að það verði kannað — hver hafa orðið verðhækkunaráhrifin af þeirri gengisuppfærslu á birgðum sem heimiluð var nú nýverið. Ég hygg að þau hafi í raun orðið mjög lítil vegna þess að menn voru farnir að „praktísera" þetta áður í stórum stíl. En það væri fróðlegt að kanna, hvaða útkoma hefur orðið úr því, og þá að taka ákvarðanir á ný samkv. niðurstöðum þeirrar könnunar. Ef sú könnun leiðir í ljós að þarna hafi verið um verulegar verðhækkanir að ræða skal ekki standa á mér að standa að samþykkt um að það verði afnumið að menn fái heimild til að færa upp vörubirgðir eftir gengisbreytingu.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vék nokkuð að neytendamálum og neytendasamtökum og lagalegum rétti neytenda, og ég tek undir margt af því sem hann sagði. Það hefur lítið þokast í þeim efnum. Hér á hv. Alþingi hafa fá mál verið sem snert hafa neytendur. Ég vil nefna eitt mál sem komst í gegnum einar fimm umr. hér í þinginu vorið 1979 og ég tel vera stórt framlag til neytendaverndar á Íslandi. Það var frv. sem ég flutti þá sem viðskrh. um afborgunarkaup, sem gerði ráð fyrir að ekki væri lengur heimilt að hafa svokallaðan tvöfaldan eignarréttarfyrirvara þegar um afborgunarkaup er að ræða, þar sem menn taka bæði veð í hlutnum, sem þeir eru að selja, og víxil líka. Ég held að það sé eitt stærsta neytendamálið á Íslandi að koma skipun á afborgunarkaup í landinu, þar sem fólk er látið leggja fram tvöfalda tryggingu fyrir þeim hlut sem það er að kaupa á hverjum tíma. Því miður hefur þetta frv. ekki náð lengra en það gerði vorið 1979, en ég tel að þetta sé í raun og veru eitt stærsta neytendamálið.

Annað mál, sem ég tel mjög stórt í þessu sambandi, er að efla neytendasamtökin og gefa þeim kost á stuðningi af hálfu opinberra aðila til starfsemi sinnar. Þar hefur orðið veruleg aukning á síðustu árum frá því sem var. Fleiri neytendafélög hafa verið stofnuð á undanförnum árum en nokkru sinni fyrr. Ég tel það mjög ánægjuleg tíðindi. Aðalatriðið er þó auðvitað það í sambandi við neytendasamtökin að þau séu sjálfstæð samtök og ekki háð ríkisvaldinu varðandi sína starfsemi nema að því leyti að ríkisvaldið leggi þeim til stuðning og þá sérstaklega til að stofna nýjar neytendadeildir hér og þar í landinu þar sem þær eru ekki starfandi. Í þessu sambandi má minna á að það hefur verið rætt um og gefnar um það yfirlýsingar, að taka eigi upp samstarf við verkalýðshreyfinguna í þessu efni varðandi eftirlit með vöruverði. Mér er kunnugt um að það hefur sums staðar verið gert og gefist allvel. Ég held að þarna sé um að ræða mjög marga og fjölþætta möguleika til verðgæslu og til að fylgjast með vöruverði í landinu og þar eigi neytendasamtökin og verkalýðssamtökin að koma til. Það eru þau samtök sem helst hafa þarna raunverulega hagsmuna að gæta.

Almennur lagalegur réttur neytenda hér á Íslandi er auðvitað ákaflega losaralegur. Hér erum við með í gildi áratugagömul lög, allt að því hálfrar aldar gömul lög, um réttarstöðu neytenda í landinu við lausafjárkaup og fleira. Ég er sammála hv. þm. Sighvati Björgvinssyni um að þessi mál þarf að skoða miklum mun betur en gert hefur verið á undanförnum árum hér á landi.

Að lokum, herra forseti, vil ég láta það koma fram sem meginatriði máls míns að lögin frá vorinu 1978 eru ekki að koma til framkvæmda með frv. þessu. Hér er um að ræða aðra uppsetningu 8. gr. en þau lög gerðu ráð fyrir. Það er þess vegna rétt sem fram kom hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni í þessum efnum, því að í 8. gr. laga nr. 56 1978 var orðalagið þetta, sem ég endurtek að lokum: „Þegar samkeppni er nægileg til að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag skal verðlagning vera frjáls". — Orðalagið á því frv., sem hér liggur fyrir, er með allt öðrum hætti.

Ég vil svo að allra síðustu taka undir það, herra forseti, sem hér hefur áður verið nefnt af mér og öðrum, að auðvitað verður þetta mál að fara til umsagnar hjá hagsmunaaðilum, sérstaklega verkalýðssamtökunum sem hér eiga stærstra hagsmuna að gæta.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mér sýnist af þeim ræðum, sem fluttar hafa verið um þetta frv., að menn séu nokkuð á einu máli um það, að með því og yfirlýsingu ríkisstj. í verðlagsmálum stígi menn skref fram á við í þessum efnum, þó að menn deili um hve stór þau skref séu. (**Gripið fram í:** Það verður framkvæmdin að sýna.) Að sjálfsögðu skal ég taka undir það með hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að framkvæmd laganna er auðvitað mjög veigamikið atriði, eins og framkvæmd allra laga, en ég hef áður gert grein fyrir því, hver sé stefna ríkisstj. um framkvæmd laganna.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson minntist dálítið á niðurtalningu, og mig langar til þess að segja örfá orð um það mál. Um þá stefnu þarf ég ekki að fjölyrða, við höfum lýst henni í Framsfl. á opinberum vettvangi um langan tíma. Við erum þeirrar skoðunar, að stefna niðurtalningar verðbólgu sé líklegasta leiðin til þess að minnka verðbólguna án þess að það valdi mjög mikilli röskun í efnahagskerfinu og á högum manna.

Með efnahagsáætluninni, sem samþykkt var um áramótin 1980—1981, voru ákveðnar niðurtalningaraðgerðir, þó að það væri ekki nákvæmlega með þeim hætti sem við í Framsfl. höfum sett fram. Þá var ákveðið að hafa ríkt aðhald í verðlagsmálum og með gjaldskrám þjónustufyrirtækja. Það var ákveðið að lækka skatta á lægri tekjum. Það var ákveðið að lækka aðflutningsgjöld talsvert verulega, m. a. afnám aðlögunargjaldsins o. fl. Það var tvívegis framkvæmd lækkun á vöxtum, og það var lækkun á fjármagnskostnaði. Síðan var ákveðið að skerða verðbætur á laun, eins og kunnugt er, í einum áfanga 1. mars 1981 um 7%. Það var mikið aðhald að fiskverði og gengismálum og peningamálum og raunar einnig fjármálum ríkisins, þannig að á síðasta ári, sérstaklega fram eftir árinu, var niðurtalningarstefnan raunverulega í framkvæmd, þó að hún hafi ekki verið nákvæmlega með þeim hætti sem við mundum kjósa ef við réðum því máli einir. Og hver varð niðurstaðan af þessu tímabili ef litið er á verðbólguna? Niðurstaðan varð sú, að í staðinn fyrir að verðbólga stefndi í 70—80%

að því er spáð var seinast á árinu 1980, þá var ekki um það deilt að hún væri 40% í ágústmánuði s. l., 40.2% sagði Seðlabankinn að verðbólgustigið væri þá. Ég skal hins vegar viðurkenna það, að þessar niðurtalningaraðgerðir fjöruðu út seinast á árinu og þeim var ekki fylgt eftir eins og skyldi. Eigi að síður varð niðurstaðan sú, að verðbólga frá upphafi til loka ársins 1981 var 41.1%, samanborið við 59.9%, að ég ætla, árið 1980. Þetta sýnir einmitt að stefna niðurtalningar í viðureigninni við verðbólguna hefur skilað góðum árangri.

Nú hefur ríkisstj. ákveðið skammtímaaðgerðir í efnahagsmálum, eins og kunnugt er, og síðan kerfisbreytingar í okkar efnahagslífi. Ég vona að niðurstaðan úr þeim viðræðum og samningum verði sú, að menn beiti áfram niðurtalningaraðferðinni í baráttunni við verðbólguna, og vonast til að það skili eins góðum árangri og raun varð á árið 1981.

Það er rétt hjá hv. þm. Geir Hallgrímssyni, að aðalreglan samkv. þessu frv. er ekki sú, að allt verðlag skuli vera frjálst. Það er rétt. Þó að ég sé fylgjandi frjálsræði í þessum málum er ég ekki fylgjandi því og tel ekki hyggilegt að gefa algjört frelsi í þessum málum, miðað við það ástand sem ríkir í okkar efnahagslífi, og gera það í einu vetfangi. Ég held að það sé miklu skynsamlegri stefna sem boðuð er í þessu frv. og raunar einnig í stefnuyfirlýsingu ríkisstj., að framkvæma þetta í áföngum og að jafnframt komi til mjög aukin og efld verðgæsla og verðlagseftirlit til þess að fylgjast með því sem þarna kann að gerast.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson ræddi nokkuð um það, hvort samráð hefði verið um þetta mál. Ég get upplýst það, að eftir að ríkisstj. hafði samþykkt í marsmánuði 1981 að ef innflytjandi felldi niður umboðslaun erlendis fengi hann hækkun álagningar hér heima, ef hann gæti sýnt fram á að vöruverð yrði lægra, féllust fulltrúar launþega í verðlagsráði ekki á að heimila Verðlagsstofnun að framkvæma samþykkt ríkisstj. fyrr en fram hefðu farið innan ráðsins umræður um núverandi verðlagningarkerfi á víðari grundvelli en samþykktin gaf beint tilefni til. Ég vildi ekki knýja þessa samþykkt fram í verðlagsráði nema sæmileg eining væri um það. Síðan hafa farið fram umræður um þetta mál og ég er að gera mér vonir um, eins og kom fram í minni framsöguræðu, að það verði sæmilegt samkomulag um framkvæmd þeirrar stefnu sem hér er boðuð.

Varðandi verðhækkunaráhrif gengisuppfærslunnar hefur Verðlagsskrifstofan upplýst að þau hafi verið sáralítil. Það stafar sennilega af því að menn hafa gert þetta áður í trássi við reglur. Áhrifin eru svo lítil að þeir hafa ekki treyst sér til að mæla þau t. d. í vísitölu.

Varðandi lög um afborgunarkaup, sem komu hér inn í umr., get ég upplýst að það mál er í undirbúningi. Það er fær lögfræðingur, sem vinnur að því að undirbúa það mál, sá færasti sem völ er á, og ég á von á að þeim undirbúningi skili það áfram að ekki líði mjög langur tími þangað til menn geta lagt fram frv. (**GeirH:** Það er gott að ráðh. getur upplýst „kollega" sinn um þetta á þingfundi). Það er ekkert leyndarmál, enda stendur í núv. stjórnarsamningi, að sett skuli ný lög um afborgunarkaup, að því er mig minnir. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Ég held að það sé svo. Það hefur verið haft til hliðsjónar sem hefur verið að gerast í nálægum löndum um þessi mál. Að sumu leyti er þetta auðvitað pólitískt mál, þetta er neytendaverndarmál, en öðrum þræði er þetta tæknilegt mál og nokkuð flókið og vandasamt mál til undirbúnings.

Ég er sammála því sem hefur komið fram hér hjá öðrum þm., að frjáls neytendasamtök sé nauðsynlegt að efla. Ég get upplýst það, að á seinasta ári hækkuðu framlög til Neytendasamtakanna talsvert og samvinnan við þau hefur verið stórlega aukin í ýmsum efnum. M. a. fóru fram á seinasta ári verðlagskynningar, og var það gert í samráði við Neytendasamtökin, — viðamiklar verðlagskynningar sem vöktu nokkuð mikla athygli. Í þessum verðlagskynningum kom fram að það er býsna mikill munur á verðlagi í verslunum í landinu, þó að það eigi að vera opinber stimpill sem stimplar verðlagið. Það eru ýmsar ástæður fyrir því að sjálfsögðu, miðað við okkar ástand í efnahagsmálum.

Hugmyndin er að efla verðkynninguna verulega sem lið í verðgæslunni og auka samstarf við Neytendasamtökin. Það má kannske segja með réttu að Neytendasamtökin hjá okkur séu ekki nógu virk. Það stafar m. a. af því, hvað menn hafa átt erfitt með að fóta sig í því mikla verðbólguflóði sem við búum við.

Varðandi einstök atriði frv. hefur borið nokkuð á góma svokallaða þriggja manna nefnd sem á að setja á fót samkv. frv. Þessi nefnd á að vinna með verðlagsstjóra — hann er formaður hennar — að undirbúningi mála fyrir fundi verðlagsráðs. Nefndin hefur ekki tillögurétt til verðlagsráðs heldur hefur verðlagsstjóri þann tillögurétt áfram. Það er ekki nauðsynlegt samkv. lögunum að það séu verðlagsráðsmenn, sem sitji í þriggja manna nefndinni, heldur verði þeir tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands ásamt verðlagsstjóra, sem verður formaður nefndarinnar.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar þetta mál að sinni, en vil undirstrika það sem ég sagði áður, að mér sýnist umr. um málið benda til þess, að stefna ríkisstj. og framlagning þessa frv. séu skref í rétta átt, menn séu sammála um það, þó að menn deili um hversu skrefið er stórt og hversu hratt mönnum skili áfram. En ég er sammála því sem komið hefur fram, að það er að sjálfsögðu mikið undir framkvæmdinni komið og samkomulagi um þessi málefni.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 56. fundur.

Þriðjudaginn 23. febr., kl. 2 miðdegis.

Framhaldsskólar, fsp. (þskj. 94). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég heyrði áðan að tilkynnt hefði verið um framlögn frv. til l. um framhaldsskóla þótt það sé ekki komið á borð hv. þm., hygg ég. Fagna ég því. En ég mun eftir sem áður leyfa mér að tala fyrir fsp. sem ég lagði fram nokkuð snemma í vetur og er á þskj. 94. Fsp. mín hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hvenær má vænta þess, að frv. til l. um framhaldsskóla verði lagt fram?"

Frv. til l. um framhaldsskóla hefur verið lagt fram á fjórum þingum, 98., 99., 100. og 101. löggjafarþingi, en ekki orðið útrætt. Lög um grunnskóla voru samþykkt á

Alþingi árið 1974 og eru smám saman að komast í framkvæmd. Sýnist því þörf á að samhæfa framhaldsskólana grunnskólunum.

Margt hefur orðið til ágreinings í meðferð frv. og þá ekki síst hvernig fjármagna skuli framhaldsskólana. Í þeirri gerð frv., sem lögð var fram í 101. löggjafarþingi, höfðu verið gerðar mikilvægar breytingar á kostnaðarhlið skólanna. Námsvistargjöld höfðu þá verið felld niður, en sveitarfélögunum gert skylt að eiga aðild að rekstrinum. Þá var og stofnkostnaði breytt í þá veru að ríkissjóður skyldi greiða hann að fullu. Um þetta atriði er vissulega ágreiningur og til samræmis má minna á að nokkurri gagnrýni hefur það ákvæði sætt varðandi uppbyggingu heilsugæslustöðva landsins að hlutur ríkisins er svo hár sem hann er varðandi stofnkostnað. Margir munu þeirrar skoðunar, að með því hætti sveitarfélögum til að vera stórtækari í byggingarframkvæmdum sínum en ef þau ættu að fjármagna þessar byggingar sjálf í ríkara mæli.

En meginatriði þessa máls hlýtur þó endanlega að vera hver sé stefnan í skólamálum þjóðarinnar, hvert markmiðið skuli vera, hverjar leiðir skuli velja svo að skólakerfið þjóni landsmönnum öllum sem best.

Í þjóðfélagi nútímans verða breytingar svo örar að starfsstéttir verða oft á tíðum að gerbylta vinnuháttum sínum hvað eftir annað á einni starfsævi. Það er því nauðsynlegra en nokkru sinni áður að allir landsmenn öðlist trausta undirstöðumenntun sem geri þá hæfari til að ráða við þessar öru breytingar. Þörfin fyrir fullorðinsfræðslu verður því jafnframt æ meiri. Góð menntun er ekki lengur yfirstéttarfyrirbæri, heldur brýn nauðsyn hverjum manni í nútímaþjóðfélagi. Á síðustu árum fer ekki hjá því, að svo sýnist sem hver starfsstéttin á fætur annarri krefjist meiri starfsmenntunar til þess að ná hærri launaflokkum. En menntakerfið á auðvitað ekki að skipuleggja fyrir tilverknað þrýstihópa í kjarabaráttu, heldur miðast við þarfir þjóðfélagsins alls.

Vegna þess að ekki hefur verið mörkuð stefna í kennslumálum eru fjölmargir skólar í upplausn. T. d. má nefna Ljósmæðraskóla Íslands sem óvíst er hvernig rekinn verður. Heyrst hefur að hann eigi að veita framhaldsnám að loknu hjúkrunarnámi. Þá hljóta menn að spyrja hvers vegna hann þurfi að vera sérstakur skóli. Margar spurningar vakna einnig um hvaða námsgreinar eigi erindi inn í Háskóla Íslands, hverjar í sérskóla eða hverjar í fjölbrautaskóla. Öllum þessum spurningum er enn ósvarað, nema þeim sé svarað í því frv. sem lagt hefur verið fram í dag, en ég hef ekki haft tækifæri til að líta á það fremur en aðrir.

Háskólinn hefur löngum verið vísinda- og rannsóknastofnun jafnframt því að vera kennslustofnun. Þeirrar þróunar sýnist gæta að innan Háskólans séu að verða til hreinar starfsþjálfunardeildir. En á kennurum hans hvílir raunar skylda til vísindalegra starfa og geta þessr nýju deildir varla verið undanþegnar henni.

Í síðasta frv. er gert ráð fyrir að flestar námsgreinar falli undir fjölbrautakerfi. Ýmsir hafa efasemdir um það fyrirkomulag. Má t. d. spyrja: Eiga Leiklistarskóli Íslands, Myndlista- og handíðaskólinn eða Stýrimannaskólinn að falla undir þetta kerfi? Slíkar spurningar verða áleitnar og auðvitað miklu fleiri.

Þeir skólamenn eru margir til sem segja sem svo: Leyfið framhaldsskólunum að þróast í friði um sinn og setjið engin lög. En í litlu samfélagi eins og okkar getur sú biðstaða orðið dýr, bæði efnahagslega og félagslega. Sjálfsagt er og eðlilegt að skólamenn taki virkan þátt í mótun menntunarstefnu, en ábyrgðin hlýtur að vera hjá hinu háa Alþingi og því ráðuneyti sem með þau mál fer.

Fsp. mín er því ekki gagnrýni fyrst og fremst, heldur miklu fremur beiðni um vitneskju um hvað verið sé að gera í þessum málum nú. Eins og þm. vita er nokkuð síðan ég samdi ræðu mína með þessari fsp., og þar sem frv. hefur nú verið lagt fram á nær sömu mínútu og hér skyldi talað fyrir þeirri fsp. mun ég að sjálfsögðu kynna mér þetta nýja frv. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir framlagningu þess og vænti þess, að fsp. mín hafi a. m. k. orðið hvati til þess að frv. yrði lagt fram, en harma jafnframt hversu langan tíma hefur tekið að svara henni.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal svara þessari fyrirspurn. Hún hljóðar þannig: „Hvenær má vænta þess, að frv. til l. um framhaldsskóla verði lagt fram?“ Þannig var spurningin. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hefur tekið lengri tíma en til stóð að leggja þetta frv. fram. En því hefur verið útbýtt í dag, frv. til l. um framhaldsskóla, og er á þskj. 366. Ég fer ekki frekar út í umr. að sinni, en ég vænti þess, að málið verði til umr. á morgun í Ed.

Íþróttaþættir sjónvarpsins, fsp. (þskj. 288). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram hér á hinu háa Alþingi svohljóðandi fyrirspurn til menntmrh. um efni í íþróttaþáttum sjónvarpsins:

„1. Hve lengi var erlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?

2. Hve lengi var innlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?

3. Hve mikið var greitt fyrir þetta efni, annars vegar erlent, hins vegar innlent?

4. Hvernig skiptist greiðsla fyrir innlent efni milli einstakra íþróttagreina hvort ár um sig?“

Það er sjálfsagt öllum ljóst, að það er ákaflega mikilvægt hvaða stefnu íslenska sjónvarpið tekur í birtingu íþróttaefnis. Íþróttir eru í vaxandi mæli almenningseign og íþróttagreinarnar eru fjölmargar. Auðvitað vita allir um mikilvægi þess fyrir hverja íþróttagrein fyrir sig, að hún komist að í þessum þáttum og henni séu gerð viðhlítandi skil þar. Það er mikilvægt að íslenska sjónvarpið kynni hinar ýmsu íþróttagreinar, sem iðkaðar eru í landinu og sérstaklega innan vébanda ÍSÍ, og stuðli þannig að því að vekja áhuga á þessum greinum og flytji reglulegar fréttir af því sem gerist á þessum vettvangi.

Auðvitað er það ekki síður mikilvægt fyrir þessar íþróttagreinar að ná viðunandi samningum við Ríkisútvarpið þannig að nokkur greiðsla komi fyrir það efni sem um er að ræða. Jafnframt því sem auðvitað er nauðsynlegt fyrir okkur að fylgjast vel með þeim íþróttaviðburðum sem gerast á erlendri grund og ekki hafa síður það að marki að efla og auka hér áhuga, þá er mjög mikilvægt að þeir, sem með þessi mál fara á vegum íslenska sjónvarpsins, geri sér fyllilega ljóst að þeirra hlutverk er að kynna íslensku greinarnar, kynna íþróttaviðburði innanlands og gera það eftir bestu vitund, svo að sem jafnast komi niður á hinar ýmsu íþróttagreinar.

Ríkisútvarpið hefur gert rammasamning við Íþróttasamband Íslands og öll sérsambönd innan þess um birtingu á íþróttaefni hinna ýmsu sérsambanda. Í þessum rammasamningi, sem er frá 20. jan. 1981, er svo kveðið á að gerður skuli sérsamningur við hvert sérsamband. Úr þessu hefur þó ekki orðið nema við örfá sérsambönd og er það starf ógunnið að ganga frá samningi við nokkuð mörg sambönd. Ekki verður í fljótu bragði séð á hverju stendur — eða hvernig stendur á því að ekki skuli hafa verið gengið frá slíkum sérsamningi þrátt fyrir ákvæði rammasamnings um að svo skuli gert?

Ég hef flutt þessa fsp. hér í samráði við og að beiðni nokkurra forustumanna innan íþróttahreyfingarinnar vegna þess að mér skilst að treglega hafi gengið að fá þessar upplýsingar fram, þrátt fyrir ákvæði rammasamnings um að slíkar upplýsingar skuli liggja fyrir.

Ég vonast til þess, að menntmrh. leysi greiðlega úr þessu máli og upplýsi þær staðreyndir sem beðið er um í fsp.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég skal svara þessum fyrirspurnum eins og þær liggja fyrir.

Fyrsta spurningin er svona: „Hve lengi var erlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?" Önnur spurningin er: „Hve lengi var innlent efni sýnt í íþróttaþáttum sjónvarpsins á árunum 1980 og 1981?"

Ég hef að sjálfsögðu leitað til Ríkisútvarpsins um aðstoð við að svara þessu og þau svör, sem hér verða gefin, eru byggð á þeim upplýsingum sem ég hef í bréfi frá fjármáladeild Ríkisútvarpsins, dagsettu 19. febr. 1982.

Svar við fyrstu og annarri spurningu er þetta:

Sýningartími á erlendu efni árið 1980 var 8397 mín., þar af frá vetrar- og sumarólympíuleikum 3573 mín. eða 42.6% af öllu erlendu efni. Íslenskt íþróttaefni var sent út í 3483 mín. árið 1980. Árið 1981 var erlent íþróttaefni sent út í 5686 mín., þar af 2342 mín. frá ensku knattspyrnunni sem er sérstakur dagskrárliður. Íslenskt íþróttaefni var sent út í 3514 mín.

Síðan kemur þriðja spurning sem þannig hljóðar: „Hve mikið var greitt fyrir þetta efni, annars vegar erlent, hins vegar innlent?"

Svarið er: Árið 1980 voru greiddar 291 119 kr. fyrir erlent efni, eða 34.65 kr. fyrir útsenda mínútu. Kostnaður við innlent íþróttaefni, utan upptökukostnaðar og vinnslu, árið 1980 var 208 062 kr. eða 58.80 kr. á útsenda mínútu. Upptöku- og vinnslukostnaður o. fl. á innlendu íþróttaefni nemur öllu hærri upphæð en réttindagreiðslur.

Árið 1981 voru greiddar 288 764 kr. fyrir erlent íþróttaefni, en 445 105 kr. fyrir innlent og eru það beinar greiðslur til sérsambanda. Upptöku- og vinnslukostnaður, sem er innifalinn í greiðslum fyrir erlent efni, er ekki talinn með í greiðslu fyrir innlent efni.

Fjórða spurningin hljóðar þannig: „Hvernig skiptist greiðsla fyrir innlent efni milli einstakra íþróttagreina hvort ár um sig?"

Svarið er: Beinar greiðslur til einstakra sérsambanda og félaga hafa verið sem hér segir.

Knattspyrnusamband Íslands: 1980 ekkert, 1981 119 500 kr., Handknattleikssamband Íslands: 1980 25 500 kr., 1981 75 500., Körfuknattleikssamband Íslands: 1980 20 710 kr., 1981 66 615 kr., Handknattleiksráð Reykjavíkur: 1980 24 304 kr., 1981 27 000 kr., Frjálsíþróttasamband Íslands: 1980 ekkert, 1981 8000 kr., Lyftingasamband Íslands: 1980 2230 kr., 1981 500 kr., Íþróttafélag fatlaðra: 1980 ekkert, 1981 1500 kr., Knattspyrnufélagið Þróttur: 1980 ekkert, 1981 1000 kr., Knattspyrnufélagið Víkingur: 1980 ekkert, 1981 13 750 kr., Glímufélagið Ármann: 1980 210 kr., 1981 500 kr.

Síðan kemur Íþróttasamband Íslands og allmargar aðrar greinar og þar er aðeins gefin upp upphæð fyrir árið 1980 því að ekkert hefur verið greitt fyrir árið 1981 til þeirrar starfsemi sem ég les hér á eftir:

Íþróttasamband Íslands 8860 kr., Glímusamband Íslands 800, Blaksamband Íslands 1000 kr., Golfsamband Íslands 500 kr., Sundsamband Íslands 1080 kr., Badmintonsamband Íslands 1280 kr., Fimleikasamband Íslands 3000 kr., Borðtennissamband Íslands 600 kr., Landssamband hestamanna 1790 kr., Júdósamband Íslands 650 kr., Knattspyrnufélagið Valur 10 250 kr.

Fyrir árið 1980 er þá samtals greitt 102 564 kr., en 1981 er þetta samtals 313 865 kr.

Ég skal láta hv. fyrirspyrjanda hafa afrit af þessu bréfi, sem ég hef hér í fórum mínum, ef hann æskir.

Þetta eru sem sagt þær upplýsingar sem ég hef fengið hjá útvarpinu, og held ég að óhætt sé að segja að þarna séu raktar þær fsp., sem fyrir liggja, og svörin afdráttarlaus eins og þau liggja fyrir.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Hann hefur lesið fyrir okkur upp nokkuð mikið af tölum sem ég hef verið að reyna að skrifa hjá mér, en það þarf auðvitað að skoða þær betur til þess að geta fjallað um þær.

Það vekur hins vegar nokkra athygli í sambandi við þessar tölur, að ÍSÍ hefur enga greiðslu fengið fyrir sjónvarpsefni á árinu 1981, en þó dálitla árið 1980. Ég heyrði reyndar dálítið illa til hæstv. menntmrh. vegna þess kliðs sem hér var í salnum og stöðugs umgangs um dyr, en ég tók ekki eftir að hann gæfi neina skýringu á því, hvernig á þessu stendur. Ég vil þess vegna alveg sérstaklega brýna það fyrir menntmrh. sem yfirmanni Ríkisútvarpsins að hann sjái til þess, að Ríkisútvarpið uppfylli þau ákvæði rammasamningsins frá 22. jan. 1981 að gerður skuli sérsamningur við hvert sérsamband. Það hlýtur öllum að vera ljóst að slíkt er ákaflega mikilvægt fyrir íþróttafélögin og íþróttasamböndin. Þau eru í erfiðri stöðu, annars vegar að reyna að knýja á að fá sitt efni inn í íþróttaþættina til að kynna sína starfsemi, sína íþrótt og hins vegar að krefjast einhverrar greiðslu fyrir til þess að geta styrkt þá starfsemi sem þau standa fyrir.

Í 5. gr. rammasamningsins segir, með leyfi forseta: „Ríkisútvarpið skal greiða hverju sérsambandi fyrir flutningsréttinn skv. 2. gr. gjald, sem skal vera föst fjárhæð fyrir hvern heilan leik eða mót sem flutt er frá, án tillits til tímalengdar flutningsins, sbr. þó ákvæði 3. gr." Og síðan segir: „Skal hvert sérsamband semja sérstaklega við Ríkisútvarpið fyrir hver áramót um fjárhæð gjalds þessa á næsta ári, bæði fyrir flutning í útvarpi og sjónvarpi." Það virðist augljóst að þessi ákvæði hafa ekki verið uppfyllt. Og einhvern veginn slær það mig að það muni meira vera af áhugaleysi Ríkisútvarpsins heldur en sérsambandanna. Jafnframt segir í lok þessarar greinar: „Í lok hvers ársfjórðungs skal Ríkisútvarpið taka saman yfirlilt um gjaldskyldan flutning hjá hverju sér-

sambandi."

Ljóst virðist vera að af einhverjum ástæðum hafa þessi ákvæði rammasamningsins ekki verið uppfyllt. Það er ákaflega brýnt að gerður sé sérsamningur við hvert sérsamband.

Ég vil ljúka máli mínu hér með því að hvetja hæstv. menntmrh. sem yfirmann Ríkisútvarpsins til þess að hafa frumkvæði að því, að þessi rammasamningur sé uppfylltur og slíkir samningar verði frágengnir og undirritaðir.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég held að ég hafi svarað þessum fsp. eins og þær lágu fyrir. Ég sá ekki ástæðu til að fara hér út í almennar umr. um þessi efni. Auðvitað er sjálfsagt að beina til ráðh. öllu því sem þm. bera fyrir brjósti, og það er alveg sjálfsagt mál að ég kynni mér nánar hvernig á stendur um samningamál á milli íþróttahreyfingarinnar og Ríkisútvarpsins. En ég held að ég geti sagt það alveg ærlega hér, að það hefur ekkert verið borið undir mig í þeim efnum. Hins vegar stendur í bréfi sem ég hef — og ég vil ekki leggja meira út af því en þar stendur:

„Árið 1980 náðist ekki heildarsamningur við Íþróttasamband Íslands eða sérsambönd innan þess almennt." Og síðan: „Árið 1981 náðust samningar við fimm sérsambönd og byggðust á rammasamningi sem Ríkisútvarpið gerði við Íþróttasamband Íslands og öll sérsamböndin 22. jan. 1981."

Samkv. tilmælum hv. fyrirspyrjanda er sjálfsagt að ég kynni mér nánar hvað hér er um að ræða. Þessi samningur hefur ekki verið borinn undir rn. beinlínis, og ég minnist þess ekki, að íþróttahreyfingin hafi kvartað sérstaklega um þetta. En að gefnu þessu tilefni skal ég kynna mér nánar hvernig á stendur um þessa samningagerð og hvort þarna er um að ræða einhvers konar vanefndir eða vandræðalega framkvæmd á samningi sem gerður hefur verið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hér er auðsjáanlega hið merkasta auglýsingamál í uppsiglingu. Hv. 12. þm. Reykv., þm. Framsfl., spyr flokksbróður sinn, hæstv. menntmrh., framsóknarmanninn, um mál og skorar á hann að uppfylla samning sem ein af helstu stofnununum, sem falla undir hans rn., hefur gert. En hæstv. ráðh. upplýsir að hann hafi ekki séð samninginn og sér sé ekki kunnugt um að rn. hafi fengið til umsagnar umræddan samning. Samt skorar hv. flokksbróðir hans á hann að beita sér nú fljótt og vel fyrir því, að þessi samningur verði uppfylltur. Má ég sem óbreyttur dáti hér á hv. þingi, herra forseti, biðja um að við þm. fáum þennan samning í hendur svo að við fáum að skoða hann líka, en þetta verði ekki einkamál Framsfl.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er svo sem óhætt að taka undir það, að þetta mál er kannske dálítið óvenjulegt hér, eins og síðasti hv. ræðumaður sagði. Ég get tekið undir það. Enn skrýtnara þykir mér þegar hæstv. ráðherrar koma hér í ræðustól og lesa upp langa talnalestra sem engin leið er fyrir þm. að átta sig á samtímis því sem lesið er. Auðvitað er fsp. af þessu tagi dæmigerð fsp. þar sem menn ættu að óska skriflegs svars og þar sem í rauninni ætti ekki að vera þörf á umr. En það, sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér hljóðs, var að vikið var að því að Ríkisútvarpið uppfyllti ekki skyldu sína í sambandi við samninga.

Ég held að nauðsynlegt sé að það komi fram í þessum umr., að hjá Ríkisútvarpinu starfar ekki lögfræðingur. Ríkisútvarpið hefur haft á sínum snærum í einhvers konar aukastörfum lögfræðinga, en það starfar enginn lögfræðingur hjá þeirri stofnun sem hefur þó svo umfangsmikla erlenda og innlenda samningagerð, bæði við flytjendur, höfunda og raunar ýmsa fleiri, að þar er fullt starf fyrir einn mann og kannske fleiri. Sé einhvers staðar pottur brotinn í því að samningar hafi ekki verið uppfylltir svo sem vera skal, þá hygg ég að það eigi fyrst og fremst rætur sínar að rekja til þess skilningsleysis sem þessi stofnun á jafnan að mæta hjá stjórnvöldum og að ekki er eins vel að henni búið fjárhagslega og æskilegt væri.

Það er fyrir löngu orðið brýnt að hjá Ríkisútvarpinu starfi sérstakur lögfræðingur sem annist samningagerð. Ýmsir starfsmenn, deildarstjórar og framkvæmdastjórar, annast þetta í hjáverkum og hafa ekki lögfræðimenntun til að bera. A. m. k. held ég að svo sé ekki. Ég hygg að þetta kunni að vera skýringin á þeim ákúrum sem fara hér milli flokksbræðranna hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar og hæstv. menntmrh.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Hér er spurt um veigamikið efnisatriði í sjónvarpi. Hv. þm. spyr ráðh. og finnst að samningar hafi ekki gengið fram, en ráðh. færist undan ábyrgð og segir að hann hafi aldrei séð þessa samninga. Mér finnst vanta eitt atriði í þetta sjónarspil þeirra tveggja, og það er að útvarpsráð tekur ákvarðanir um efni útvarpsins og ákvarðanir þess eru endanlegar. Það er því ekki hægt að ásaka hæstv. ráðh. fyrir neitt af þessu tagi og á að beina því til útvarpsráðs. Hins vegar er leið okkar í þinginu til útvarpsráðs og eins Ríkisútvarpsins auðvitað um ráðh. sem fer með mál stofnunarinnar. En þetta mál verður útvarpsráð að svara fyrir. Það ber samkv. lögum, sem við settum fyrir 12 árum, endanlega ábyrgð á efni útvarpsins.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég átta mig satt að segja ekki á því, að hér hafi verið sett sjónarspil á svið. Einn hv. þm. spyr ráðh. tiltekinna spurninga og þeim hefur verið svarað á þann hátt sem ráðh. — í þessu tilfelli ég — hafði möguleika til. Ráðið var einfaldlega það, að ég sneri mér til Ríkisútvarpsins sjálfs og fékk svör við þessum spurningum. Síðan hefur hv. fyrirspyrjandi bætt við fsp. hér í umr., sem komu mér nokkuð á óvart, um samning eða samninga sem ættu að vera í gildi á milli Ríkisútvarpsins og íþróttasamtakanna. Ég upplýsti að ég hefði ekki verið spurður um þessa samninga, þeir ekki verið bornir undir mig. Ég hef ekki orðið var við að íþróttahreyfingin reyndi neitt til að vekja sérstaklega athygli mína á því máli. Hins vegar upplýsti ég að ég skyldi hugleiða hvort ástæða væri til fyrir ráðh. að kanna hvort Ríkisútvarpið héldi ekki samninga. Mér þætti það ákaflega hart ef menn færu á þessu stigi að gefa í skyn eða telja einhverjar líkur fyrir því, að útvarpið héldi ekki samninga sína. Ég held að það sé ekkert fram komið um það efni og þessum umr. megi ekki ljúka svo að hv. þm. eða aðrir, sem á hlýða, fái á tilfinninguna að Ríkisútvarpið haldi ekki samninga sína eða vinni slælega að gerð eðlilegra samninga. Ég held að það sé mjög ólíklegt, að þetta sé tilfellið um Ríkisútvarpið. — En sem sagt: Ég mun sem áður svara því til vegna þeirrar fsp. sem kom frá hv. fyrirspyrjanda, að ég skal kanna hvort eitt-

hvað það sé í þessu máli sem hægt sé að hraða eða bæta úr.

Rétt er það sem hv. þm. Benedikt Gröndal tók hér fram, að hér er um dagskrárefni að ræða sem heyrir undir útvarpsráð. Ég hef forðast eins og heitan eldinn — og ég vona að aðrir ráðherrar hafi gert það — að grípa inn í dagskrárgerð, en þó held ég að þarna sé mjótt á munum og ekki óeðlilegt að ráðh. fylgist með í máli sem þessu, hvernig samningum er háttað milli Ríkisútvarpsins og voldugra samtaka, svo sem íþróttasamtaka og annarra menningarsamtaka í landinu.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil mótmæla þeim orðum einstakra þm., að hér sé um eitthvert sérstakt sjónarspil að ræða sem sett hafi verið á svið. Það er mikill misskilningur. Ég skýrði frá því, þegar ég flutti þessa fsp., að hún væri flutt í samráði við og að beiðni nokkurra forustumanna innan íþróttahreyfingarinnar, og það með að mér hefur skilist, eftir því sem ég hef næst komist, að illa hafi gengið að fá þessar upplýsingar fram. Þess vegna var beðið um að fá þær á Alþingi.

Vegna orða hv. þm. Benedikts Gröndals vil ég að það komi alveg skýrt fram, að ég hef ekki í neinu verið að ásaka menntmrh. varðandi þetta mál. Ég hef beðið hann að svara ákveðnum spurningum, en síðan hef ég beint því til hans sem yfirmanns Ríkisútvarpsins að hlutast til um að uppfyllt verði ákvæði rammasamningsins um að gerðir verði sérsamningar við hvert íþróttasamband. Það er ekki gagnrýni á hann sem slíkan í einu eða neinu sem þar kemur fram, enda hljóta allir að skilja að einstakur ráðh. getur ekki og hefur ekki möguleika til að fara ofan í alla samninga sem einstakar stofnanir hans gera, langt frá því. Hins vegar beini ég þeim orðum til hans, að í þessu tilviki hlutist hann til um og athugi vel að ákvæði þessa samnings verði uppfyllt.

Endurskoðun á lögum um fuglafriðun, fsp. (þskj. 324). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 324 að beina tveim fsp. til hæstv. menntmrh. varðandi fuglafriðun.

Á nokkrum síðustu þingum hefur frv. að nýrri heildarlöggjöf um fuglafriðun verið lagt fram á Alþingi og fékk m. a. ítarlega umfjöllun á síðasta Alþingi og umsagnir bárust frá fjölmörgum aðilum um einstök ákvæði í því frv. Það varð þá niðurstaðan í menntmn. Nd. að beina því til hæstv. menntmrh., hvort ekki væri unnt að fela þeim mönnum, sem á sínum tíma sömdu frv., að endurskoða ákvæði þess með hliðsjón af þeim umsögnum sem borist höfðu. Var það hugsun nefndarinnar þá, að nýtt frv. mundi verða lagt fram á því þingi sem nú situr. Nú virðist svo sem þessi vinna hafi tekið lengri tíma en við bjuggumst við. Er það kannske ekki aðalatriði málsins, hvort slíkt frv. verði lagt fram einu þingi fyrr eða síðar, en á hinn bóginn eru einstök atriði varðandi fuglafriðun sem nauðsynlegt er að taka út úr og flýta. Hef ég þar einkum í huga ýmis sektarákvæði varðandi brot á fuglafriðunarlögum.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að á undanförnum árum hefur þeim erlendu mönnum mjög fjölgað sem farið hafa ránshendi um eggver og haft á brott með sér egg fágætra fuglategunda. Það er náttúrlega ógerningur að nefna tölur í þessu sambandi, en víða um land hefur á undanförnum árum spurst til þvílíkra ferðalanga. Í þeim lögum, sem nú eru í gildi, eru sektir við slíkri ólöglegri eggjatöku frá 2.50—100 kr., sem er náttúrlega sama og ekki neitt og næsta broslegt. Það er að vísu sagt að virða skuli til refsingar eða þyngingar ef tekin séu egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils, en jafnframt er tekið fram að lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda svo að æðareggja skuli vera 15 kr. Við sjáum náttúrlega að þessar tölur eru úreltar orðnar og nauðsynlegt að huga að því, áður en vorið rennur upp, hvort ekki náist samkomulag um það hér á Alþingi í samráði við menntmrh. eða að frumkvæði hans að þyngja þessi sektarákvæði til bráðabirgða á meðan hugað er að því, hvernig heildarlöggjöf um fuglafriðun skuli háttað.

Ég get aðeins sem dæmi um þau fuglafriðunarlög, sem nú eru í gildi, nefnt, að svo miklir vargfuglar eins og t. d. hettumávur, bjartmávur eða hvítmávur eru friðaðir allan þann tíma sem hægt er að ná þeim og þeir valda mestu tjóni, en hins vegar er heimilt t. d. að drepa hettumávinn frá 1. sept. til 31. mars eða á þeim tíma sem hann sést helst ekki. Meðan hann gerir uslann í varplöndunum er hann að fullu friðaður, og hann nýtur sams konar verndar í sínum varplöndum og krían. Þetta eru gersamlega úrelt ákvæði og þarf að taka þau til endurskoðunar. Einnig get ég nefnt það, að nauðsynlegt er að endurskoða friðunarákvæði varðandi einstakar andartegundir og fleira og skal ég ekki fara út í það nú.

Fyrir mér vakir sem sagt fyrst og fremst þetta: að strangari viðurlög verði við því sett þegar í stað að menn taki egg fágætra fuglategunda í auðgunarskyni og hafi af landi brott. Af þessum sökum hef ég lagt fram tvær fyrirspurnir, svohljóðandi:

„Hvenær er þess að vænta, að frv. til l. um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?

2. Er áformað að flytja á þessu þingi frv. þess efnis, að sektir við brotum á lögum um friðun fugla eða hreindýra ellegar um dýra- og náttúruvernd verði færðar upp til samræmis við breytt gildi krónunnar og örts rýrnandi gjaldmiðil?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Fsp. er í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er þannig: „Hvenær er þess að vænta, að frv. til laga um fuglafriðun verði lagt fram á Alþingi?"

Það kom fram í ræðu hv. fyrirspyrjanda, að það væri búið að leggja frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun oft fram á síðustu árum, ég held fimm sinnum eftir þeim upplýsingum sem ég hef um það. Þetta mál hefur aldrei orðið útrætt og sýnilegt að ýmsir ágallar eru á þessu frv. eins og það var unnið á sínni tíð. Það er brýnt að endurskoða þetta frv., en því miður verð ég að játa að ég hef ekki í hyggju að leggja frv. um þetta efni fram á þessu þingi. Ég tel að það þurfi að vinna það betur. Það er að sjálfsögðu til athugunar í rn. Hitt er líka ljóst, eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi hér, það er vafalaust rétt, að setja þarf í þetta nefnd að nýju og skipa hana sennilega talsvert öðruvísi en gert hefur verið til þessa. Þau mál eru enn í athugun hjá mér. Ég verð hreinlega að játa að ég hef verið dálítið þreyttur á meðferð þessa máls og því miður hefur allt of lítið komið út úr umr. um málið hér á hv. Alþingi þó að það hafi verið lagt fram fimm sinnum.

Hins vegar get ég svarað síðari lið fsp. játandi. Það er unnið að því á vegum ríkisstj. að endurskoða sektarákvæði, bæði í almennum hegningarlögum og sérlögum, og dómsmrh. fer með þessa endurskoðun í heild í samvinnu við einstaka ráðh. Ég hef haft um það samráð við dómsmrh., að í þessari endurskoðun verði sektarákvæði í þeim lögum sem heyra undir menntmrn. Þess er vænst, að unnt verði að leggja fyrir Alþingi það sem nú situr lagafrv. um hækkun sekta fyrir brot á þeim lagaákvæðum sem hv. fyrirspyrjandi nefnir, þ. e. lög um fuglafriðun, friðun hreindýra og náttúruvernd. Ég held, eins og hv. fyrirspyrjandi, að þarna sé um mjög brýnt mál að ræða, hvað sem líða kann heildarendurskoðun allyfirgripsmikils lagabálks eins og laga um fuglaveiðar og fuglafriðun. Þess er sem sagt að vænta, að frv. komi fram með ákvæðum sem fara í þá átt sem hv. fyrirspyrjandi er að spyrja um.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Í tilefni þeirrar umr., sem hér fer fram, vil ég geta þess, að hegningarlaganefnd sú sem starfar á vegum dómsmrn. vinnur nú að endurskoðun ýmissa sektarákvæða, einkum í sérrefsilöggjöf, en þau eru víða orðin allt of lág miðað við nútímaverðlag. Þetta verður að gerast í samráði við önnur rn., sem viðkomandi lagabálkar falla undir. Þetta er því nokkuð mikið verk, en ég leyfi mér að vænta þess, að því sé nú að ljúka þannig að frv. um þetta efni verði lagt fyrir hv. Alþingi innan skamms.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Með þakklæti bæði til fyrirspyrjanda, hv. þm. Halldórs Blöndals, og til hæstv. menntmrh. fyrir svör hans vil ég aðeins vekja athygli á því, að þótt rétt sé að frv. um það fuglafriðun og fuglavernd, sem hæstv. ráðh. drap á, hafi verið lagt fram fimm sinnum strandaði það í öll skiptin á hinu sama. Það var alltaf jafnvitlaust. Ég hygg að gegnumgangandi hafi þess verið getið í grg. með frv. í öll skiptin, að stokköndin héldi sig yfirleitt á sömu slóðum og rjúpan að vetrinum, þ. e. til fjalla, og þess vegna væri nauðsynlegt að lengja friðunartíma andarinnar til þess að rjúpan yrði ekki skotin í blóra við öndina til fjalla.

Þetta frv. var, svo sem hv. þm. er kunnugt, samið að forgöngu æðarræktarmanna og bera allar breytingar, sem þar voru ráðgerðar, svip af því, þ. á m. hið skefjalausa mávahatur sem fram kemur í frv. og hv. þm. Halldór Blöndal gerði að vissu leyti að sínu í ræðu sinni áðan. Sannleikurinn er náttúrlega sá, að offjölgun máva á Íslandi og það jafnvægisleysi, sem þessi fjölgun hefur valdið í íslensku dýraríki, stafar fyrst og fremst af sóðaskap við fiskiðjuver og á fiskiskipunum. Þessar fuglategundir hafa verið ofaldar. Ef rétt væri og nokkur skynsamleg hugsun á bak við afstöðuna ætti beinlínis að verðlauna mávinn fyrir að halda uppi sorpeyðingu sem er trössuð að öðru leyti á landi hér.

Mér er það minnistætt þegar dreift var hér í þingsölunum riti frá æðarræktarbændum með yfirskriftinni „Flugvargur" og hv. þm. Steinþór Gestsson fletti upp í þessu riti og las eina mgr., sem byrjar svona: „Bændur sem stunda varp." Þá sagði hv. þm. Steinþór Gestsson: Það eru ekki bændur sem stunda varp. Það er mávurinn sem stundar varpið. — Ef við tökum ekki á þessum málum á allt annan hátt en tíðkast hefur fram að þessu munum við fá enn inn á þingið frv. um fuglafriðun og fuglavernd samið af þess háttar sinnuleysi eða endurskoðað af þess háttar sinnuleysi sem lesa má í fyrrgreindu fimmþingafrv., þar sem lögð er áhersla á að bannað verði með lögum að þeyta eimpípu í nánd við fuglabjörg.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka ráðh. báðum fyrir svör þeirra og læt í ljós ánægju mína yfir því, að þess sé að vænta, að von bráðar verði lagt fram frv. um uppfærslu á sektum fyrir brot á þessum lögum um fuglafriðun, og vænti þess, að Alþingi sjái sér fært að afgreiða það frv. þegar á þessu þingi.

Út af mávunum vil ég rifja það upp, að mér hefur fundist að það væri fullmikil vernd á mávum í frv. einmitt. Ég get tekið hettumávinn sem dæmi því að ég man ekki betur en þar sé haldið sömu friðarhendinni yfir hettumávi og gert er í þeim lögum sem nú eru í gildi. En undir hitt tek ég, því að það er rétt hjá hv. þm. sem hann sagði um mávinn, að auðvitað hefur mávurinn miklu hlutverki að gegna í útrýmingu sorps, sem aftur kallar á nauðsyn þess, að betur sé farið með sorp og matarleifar en gert hefur verið. Það er dapurlegt að vita til þess, að jafnvel þar sem svo saklausar stofnanir sem skólar rísa skuli vera komið máva- eða hrafnager áður en maður veit af, einmitt vegna þess að matarleifum er kastað út á víðavang. Auðvitað þarf að huga að þessu, og auðvitað er ekki hægt að nota þá aðferð að drepa mávana með eitri eða öðru slíku til frambúðar, heldur verðum við að reyna að koma í veg fyrir fjölgun máva, hvernig svo sem það á að gerast. Mér skilst, að þm. hefðu gott af því að fara til Suðurnesja og sjá mávagerið þar til þess að átta sig á því vandamáli sem risið hefur upp í þessum efnum.

Réttarstaða fólks í óvígðri sambúð, fsp. (þskj. 322). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Á síðasta Alþingi, nánar tiltekið 17. febr. 1981, var samþykkt þáltill. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta nú þegar fara fram könnun á réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Í því skyni skipti viðkomandi ráðh. nefnd er geri tillögur um hvernig réttindum þess verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignarréttar og erfðarréttar.

Nefndin skal hraða störfum svo sem kostur er og skila álitsgerð og tillögum áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman."

Samkv. þessari þál. átti nefndin að skila álitsgerð og tillögum áður en Alþingi kom saman s. l. haust. Því hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. dómsmrh. fsp. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hefur nefnd, sem gera átti tillögur um hvernig réttindum fólks í óvígðri sambúð verði best fyrir komið, sérstaklega með tilliti til eignar- og erfðaréttar, skilað álitsgerð og tillögum í samræmi við samþykkt þáltill. frá 17. febr. 1981?

2. Ef svo er: a) Hverjar eru tillögur nefndarinnar? b) Má vænta þess, að tillögur um úrbætur til að tryggja betur réttindi og skyldur fólks í óvígðri sambúð verði lagðar fram á yfirstandandi Alþingi?"

Það er ekki fjarri lagi að áætla að a. m. k. 5 þúsund manns búi í óvígðri sambúð. Í óvígðri sambúð ríkir í reynd margháttuð réttaróvissa, ekki síst með tilliti til eignarréttar og erfðarréttar. Að sama skapi er hjónabandið lögverndað á margvíslegan hátt. Um fjármál

hjóna eru lögmætar reglur, sem veita hjónum ákveðna vernd, og einnig er lögbundin skylda til framfærslu og fleira. Um hjón gilda ítarleg lög, t. d. lög um stofnun og slit hjúskapar, lög um réttindi og skyldur hjóna svo og sérstakt ákvæði í erfðalögum, svo að eitthvað sé nefnt. Það er ekki að ófyrirsynju að slík lög hafa verið sett, því margvísleg vandamál geta risið upp sem torleyst yrðu ef engra laga nyti við.

Þó að óvígð sambúð sé orðin svo algeng sem raun ber vitni nýtur þetta sambúðarform lítillar réttarverndar, einkum að því er varðar eignarrétt og erfðarétt. Nokkuð hefur verið úr bætt, sérstaklega á sviði almannatrygginga, en í 52. gr. almannatryggingalaga kemur fram viðurkenning á þessu sambúðarformi. Einnig er í barnalögunum ákvæði er snerta rétt óskilgetinna barna. Óviðunandi er engu að síður hve mikil óvissa ríkir um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð að því er snertir fjármálauppgjör við sambúðarslit. Staðreynd er, að margsinnis hefur komið fram mikið misrétti við slíkt fjármálauppgjör og oft rísa upp vandleyst mál þar sem alla lagavernd vantar í fjármálauppgjöri við sambúðarslit fólks í óvíðgri sambúð. Nefna má að stundum stendur sambúðin svo áratugum skiptir og allar eignir búsins hafa orðið til á þeim tíma.

Eignamyndun er sameiginlegt framlag beggja sambúðaraðila, ýmist beint, t. d. þegar bæði hafa haft atvinnutekjur, eða þá óbeint, ef kona vinnur á heimilinu og stuðlar þannig að bættri tekjuöflunaraðstöðu karlmannsins. Ef um fasteignamyndun er að ræða á sambúðartímanum geta risið upp mikil vandamál við sambúðarslit ef aðeins annar aðilinn er þinglýstur eigandi fasteignarinnar. Í hæstaréttardómum má sjá að oft hefur sú leið verið farin til að draga úr mesta óréttlætinu, sem skapast við fjárhagslegt uppgjör milli sambúðarfólks í slíkum tilfellum, að dæma konunni þóknun fyrir störf hennar í þágu heimilis, en það liggur í augum uppi að ef um mikla eignamyndun hefur verið að ræða á sambúðartímanum getur sú fjárhæð verið hverfandi lítil í samanburði við það að um helmingaskipti á eignum væri að ræða, eins og tíðkast um sambúðarslit hjóna.

Einnig má benda á að í óvígðri sambúð skapast engin erfðatengsl milli sambúðarfólksins og því nýtur langlífari sambúðaraðilinn ekki erfðaréttar nema sérstök erfðaskrá hafi verið gerð. Þeir, sem búa í óvígðri sambúð, eiga því ekki gagnkvæman erfðarétt og ekki rétt til að sitja í óskiptu búi. Erfðarétturinn verður að vera tryggður í erfðaskrá. Þó mörgu fleira mætti við bæta um réttaróvissu fólks í óvígðri sambúð og á hvern hátt rétt og skynsamlegt væri á að taka, þá leyfir fyrirspurnatími ekki langar umr. um það.

Af því, sem ég hef hér rakið, má þó ljóst vera, að brýnt er að ekki tefjist að leggja fram tillögur um úrbætur á hvernig réttindum og skyldum í óvígðri sambúð verði best fyrir komið. Í því skyni, að hér verði úr bætt hið bráðasta, hef ég lagt fram þá fsp. til dómsmrh. sem hér liggur fyrir á þskj. 322 og ég hef þegar lýst.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Vegna fsp. hv. 10. landsk. þm., Jóhönnu Sigurðardóttur, á þskj. 322 varðandi undirbúning að lagareglum um réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð með vísun til þál., sem samþ. var á Alþingi 17. febr. 1981, vil ég gefa eftirfarandi upplýsingar:

Nokkur síðustu ár hafa sifjalaganefndir á Norðurlöndum unnið að endurskoðun á lagareglum um fjármál hjóna. Það endurskoðunarstarf hefur jafnframt beinst að því að athuga hugsanlegar lagareglur um fjármál fólks í óvígðri sambúð, en lagareglur um það efni eru ekki í gildandi lögum í neinu af ríkjunum. Er í því efni ekki síst hugað að reglum um ráðstöfun sameiginlegs húsnæðis við samvistarslit svo og fjárskipti við þær aðstæður, enn fremur að réttarstöðu eftirlifandi aðila við lát annars. Greinargerðir um athuganir hinna einstöku nefnda komu út á árinu 1980 að því er Danmörk og Noreg varðar, og fjalla þær greinargerðir um þetta afmarkaða efni, en 1981 kom út heildargreinargerð að því er Svíþjóð varðar.

Íslensk frumgreinargerð kom einnig fram á árinu 1981 og fjallar bæði um fjármál hjóna og fjármál fólks í óvígðri sambúð. Þótti rétt að kynna hana á þessu stigi ýmsum félögum lögfræðinga og kvennasamtökum svo og Jafnréttisráði og Félagi einstæðra foreldra. Umsagnir þessara aðila liggja enn ekki fyrir.

Hina íslensku sifjalaganefnd skipa dr. Ármann Snævarr hæstarréttardómari, sem er formaður hennar og hefur sótt marga fundi hinnar sameiginlegu norrænu nefndar fyrir Íslands hönd. Einnig eru í nefndinni Auður Auðuns fyrrv. alþm., Baldur Möller ráðuneytisstjóri og Guðrún Erlendsdóttir lektor. Næsti sameiginlegi fundur sifjalaganefndanna verður hér á landi á vori komanda.

Þegar um það er spurt, hvenær vænta megi að frv. að lagasetningu verði lagt fram, verður að segja að erfitt er að fullyrða um það, en hugsanlegt þó að það geti orðið á Alþingi er saman kemur á næsta hausti.

Fyrirspyrjandi (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans, þó að ég verði að segja að ég sé litlu nær eftir að hann hefur svarað þessari fsp. Mér þykir nokkuð ljóst að lítið hafi verið gert til að framkvæma það sem fram kemur í þessari þál.

Hæsrv. dómsmrh. talaði um að fyrir liggi greinargerð frá sifjalaganefndinni um hvernig henni þætti rétt að taka á þessu máli. Ég vil nú mælast til þess við hæstv. dómsmrh., að þm. fái að sjá þessa greinargerð sem liggur fyrir og hefur verið send ýmsum hagsmunaaðilum, þannig að þm. gefist færi á að kynna sér þessa greinargerð og þær tillögur sem ég geri ráð fyrir að komi fram í henni frá sifjalaganefndinni. Ég vil því ítreka það, að ég legg til við dómsmrh. að hann leggi þessa greinargerð fram hér á Alþingi þannig að þm. geti kynnt sér hana.

Ég ítreka einnig að það er ljóst, að réttarstaða fólks í óvígðri sambúð er hvað ótryggust að því er varðar eignarréttinn og erfðaréttinn, og ég vil enn og aftur undirstrika nauðsyn þess, að þau mál sérstaklega hljóti réttarstöðu í lögum hið allra fyrsta til þess að komið verði í veg fyrir það óréttlæti og erfiðleika sem tvímælalaust ríkja vegna þess að það hefur vantað alla stoð í lögum að því er það varðar. Þetta sambúðarform er orðið svo algengt að það er löngu orðið tímabært að ráðstafanir verði gerðar til að tryggja efnahagslega réttarstöðu fólks í óvígðri sambúð.

Tilmæli mín til hæstv. dómsmrh. eru að þm. fái að kynna sér greinargerðina. Ég hafði vonast til þess, að tillögur yrðu lagðar fram á þessu þingi um úrbót í þessum málum, en ég vil þá vænta þess, að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því, að þegar á næsta þingi n. k. haust verði lagðar fram tillögur um úrbætur.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af orðum hv. fyrirspyrjanda skal ég gjarnan reyna að miðla þeim upplýsingum sem nú þegar liggja fyrir. Á hitt ber að líta, að löggjöf um sifjaréttarmálefni hefur í mjög langan tíma byggst á norrænu samstarfi. Ég minnist t. d. laga frá 1900 um fjármál hjóna, laga um sama efni frá 1923 og einnig laga um stofnun og slit hjúskapar. Öll þessi löggjöf byggist á nánu norrænu samstarfi svo það verður ekki hlaupið að því að setja lög hér á landi um þetta efni án þess að fylgja þeirri reglu sem fylgt hefur verið svo lengi og vel hefur reynst. En að sjálfsögðu verður að ástunda þetta norræna löggjafarsamstarf með hæfilegum hraða.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. dómsmrh., að þessi mál liggja alls ekki einföld fyrir og það eru býsna miklar flækjur í því, hversu sambúð er háttað. Það getur verið með mjög mismunandi hætti. Oft er það svo, að fólk stofnar til óvígðrar sambúðar, sem kallað er, einfaldlega vegna þess að það vill átta sig betur á því, hvort það kjósi að rugla saman reytum sínum. Í Njálu er frá því sagt, að Njáll hafi kallað það girndarráð hjá Gunnari og Hallgerði langbrók. Svo mun það oft vera í óvígðri sambúð, að þar er um þvílík hjónabönd að ræða sem Njáll skilgreindi svo skemmtilega.

Auðvitað þarf að því að hyggja eins og öðru, hversu eignar- og erfðarétti skuli háttað, en einnig mun vera hægt í vígðum hjónaböndum að flækja mál býsna mikið, t. d. með kaupmála, séreign og öðru slíku, þannig að það er síður en svo að allar eignir í hjónabandi séu hjúskapareign.

Á hinn bóginn hef ég heldið því fram lengi, að rétt sé að erfðir viðgangist, en það, sem annað hjóna erfir, skuli vera séreign, en ekki hjúskapareign, og hef raunar flutt um það frv. hér á Alþingi. En það frv. fékk ekki náð fyrir augum þeirrar norrænu löggjafar sem hæstv. dómsmrh. vitnaði til. Ég held þess vegna að aðalatriðið í þessu máli sé að reyna að hafa löggjöfina betri, þó það kunni að dragast eitt eða tvö þing, og rasa ekki um ráð fram í þessum efnum.

Alþjóðasiglingamálastofnunin, fsp. (þskj. 322). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa nema örstuttan formála að þessari fsp. sem ég beini nú til hæstv. samgrh. Ég hef orðið þess var í viðtölum mínum við forsvarsmenn erlendra sjómannasamtaka sem innlendra, að mönnum þykir fulltrúar Íslands hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni og íslenskir valdhafar, sem með slík málefni fara, vera með fádæmum frjálslyndir að gjalda jákvæði sitt við samþykktum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, en þessir sömu aðilar furðu tregir á að koma þessum samþykktum til framkvæmda hér á landi, og jafna þessum vinnubrögðum af okkar hálfu gagnvart Alþjóðasiglingamálastofnuninni við það sem kalla mætti jálos, en efndatregðu. Af þessum sökum hef ég nú lagt eftirfarandi fsp. fyrir hæstv. samgrh. og er síður en svo að gera tilraunir til að koma neinni sök á hann í þessu máli:

„a) Hverjar eru þær samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem Ísland hefur gerst aðili að? b) Hverjar þessara samþykkta, sem Ísland er aðili að, eru komnar til framkvæmda hér á landi eða á íslenskum skipum?"

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef fengið frá siglingamálastjóra svar við þeim tveimur spurningum sem felast í fsp. hv. þm.

Sú fyrri er þannig: „Hverjar eru þær samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem Ísland hefur gerst aðili að?"

Hér er listi yfir 10 slíkar samþykktir, sem Ísland hefur gerst aðili að, og það er rétt að ég lesi hann. Þó vil ég taka það fram, að það er sjálfsagt að hv. fyrirspyrjandi fái þennan lista og kannske auðveldara, en ég skal engu að síður fara hratt yfir hann.

1. Alþjóðasamþykkt um öryggi mannslífa á hafinu frá 1960, svokölluð SOLAS-1960 samþykkt.
2. Alþjóðasiglingareglur 1972.
3. Alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu frá 1954 ásamt breytingum frá 1962 og 1969.
4. Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það frá 1972.
5. Alþjóðasamþykkt um auðveldun flutninga á sjó frá 1965 ásamt breytingum frá 1969, 1973 og 1977.
6. Alþjóðahleðslumerkjasamþykktin frá 1966.
7. Alþjóðasamþykkt um mælingu skipa frá 1969.
8. Samþykkt sem ekki er í íslenskri þýðingu. Það er alþjóðasamþykkt frá 1969 um að koma í veg fyrir olíumengun eða skaða af olíumengun, Intervention-1969 er hún nefnd.
9. Alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969.
10. Alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971.

Þetta eru þær samþykktir sem staðfestar hafa verið af Íslands hálfu og eru í gildi. Á þessum lista eru ekki alþjóðasamþykktir um Alþjóðasiglingamálastofnunina sjálfa og breytingar á henni, enda hygg ég að ekki sé leitað eftir því, og á þessum lista eru ekki heldur alþjóðasamþykktir sem stofnunin hefur gert og Ísland hefur ekki enn þá staðfest.

Hins vegar fór ég um daginn, og var það svar við svipaðri fsp., yfir þær samþykktir Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem ekki hafa verið staðfestar, og vísa ég til þess í því sambandi.

B-liðurinn er: „Hverjar þessara samþykkta, sem Ísland er aðili að, eru komnar til framkvæmda hér á landi?"

Hér er einnig listi yfir þessar sömu tíu samþykktir, sem eru allar komnar til framkvæmda hér á landi nema ein. Jafnframt er þess getið, hvenær þær tóku gildi, og skal ég hlaupa yfir það.

Fyrsta samþykktin, sem er skammstöfuð SOLAS-1960, öðlaðist gildi hér á landi 25. maí 1965.

Önnur samþykktin, um alþjóðasiglingareglur, frá 1972, tók gildi hér á landi 15. júlí 1977.

Þriðja, sem kallast í skammstöfun „Oilpol" eða alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar o. s. frv. frá 1954 með síðari breytingum, tók gildi hér í fyrsta lagi 23. maí 1962, en breytingin frá 1962 tók gildi hér 28. júní 1967 og breytingarnar frá 1967 tóku gildi hér 20. jan. 1978.

Í fjórða lagi: Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna frá 1972. Hann tók gildi hér á landi 30. ágúst 1975.

Í fimmta lagi tók alþjóðasamþykkt um auðveldun flutninga á sjó frá 1965 gildi hér 5. mars 1967. Breytingarnar frá 1969 tóku gildi 12. ágúst 1971 og breytingarnar frá 1977 tóku gildi 31. júlí 1978.

Í sjötta lagi var það alþjóðahleðslumerkjasamþykktin frá 1966 sem tók gildi hér á landi 24. sept. 1970.

Í sjöunda lagi: Alþjóðasamþykktin um mælingu skipa frá 1969. Hún hefur ekki enn þá öðlast gildi hér á landi. Hún er sú eina af þessum samþykktum sem hefur ekki öðlast gildi hér á landi.

Áttunda samþykktin, sem er kölluð Intervention-1969, þ. e. heimild til að grípa fram í þegar um tjón af olíumengun er að ræða, frá 1969, tók gildi hér á landi 15. okt. 1980.

Níunda samþykktin, sem er alþjóðasamningur um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 1969, tók gildi hér á landi 15. okt. 1980.

Loks er alþjóðasamningur um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 1971. Hann tók gildi hér á landi 15. okt. 1980.

Það, sem ég hygg að hv. fyrirspyrjandi hafi ekki síst viljað vekja athygli á, er eflaust sú staðreynd, að það líður æðioft alllangur tími frá því að samþykktir eru gerðar hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni og þar til við Íslendingar höfum staðfest þær. Í einstökum tilfellum eru þetta allt að 11 ár. Ég verð að taka undir það með hv. fyrirspyrjanda, ef ég met hans viðhorf í þessum málum rétt, að þetta er allt of langur tími fyrir siglingaþjóð eins og okkur. Í mörgum tilfellum er um mjög mikilvægar samþykktir að ræða.

Hitt er svo jafnframt staðreynd, að sumar þær samþykktir, sem við höfum áhuga á að staðfesta og höfum lýst fylgi okkar við eða fulltrúar okkar á ráðstefnum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, hafa ekki enn hlotið staðfestingu hér. Langsamlega mikilvægust af þeim, að því er ég best veit, er sú sem skammstöfuð er SOLAS-1974 og er ný samþykkt um öryggi mannslífa á hafinu. Það verður að segja þá sorgarsögu um þennan viðamikla bálk, að hann er enn þá í þýðingu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, bæði samgrn. og Siglingamálastofnunar, m. a. beiðni um aukafjárveitingar og beiðni um sérstakar fjárveitingar í þessu skyni, hafa þær aldrei fengist. Þær hafa alltaf verið strikaðar út. Niðurstaðan varð því sú, að reynt var að finna leið til þess að ekki þyrfti að þýða þessa miklu samþykkt, sem er heil bók, að öllu leyti, og varð niðurstaðan sú, eftir fund sem var haldinn af þeim aðilum sem að þessu máli koma, þ. e. siglingamálastjóra, samgrn., utanrrn. og dómsmrn., að ekki væri nauðsynlegt að þýða hana alla. Ég hygg að þýða þurfi um það bil helming. Unnt væri að flytja hér þáltill. til staðfestingar á þessari samþykkt sem brtt. við fyrri samþykkt. Engu að síður er þetta gífurlega mikið verk. Hefur verið áætlað af Siglingamálastofnun að þýðing og frágangur á þessu plaggi muni kosta um 250 þús. kr., sem er að vísu ákaflega há tala, og vera má að unnt sé að gera það fyrir eitthvað minna. Að þessu er nú unnið. Að sjálfsögðu yrði það utanrrh. sem flytti slíka till. um staðfestingu því um alþjóðasamþykkt er að ræða. Ég hef nýlega samþykkt enn eina beiðni um aukafjármagn til að ljúka þessari þýðingu, og ég mun leggja á það alla áherslu að henni verði lokið sem allra fyrst og hún fái staðfestingu hér á hinu háa Alþingi.

Ég vona, herra forseti, að þetta sé svar við þessum fsp. hv. þm., en endurtek að um þetta sama málefni var rætt hér fyrir tveimur vikum og þá kom ég líka inn á þessar alþjóðasiglingamálasamþykktir. Liggur þar fyrir í þskj. jafnframt upptalning á öðrum, en að því er ég leyfi mér að segja ekki eins mikilvægum samþykktum og þessari SOLAS-1974, sem ekki hafa hlotið staðfestingu.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svör hans við þessari tvíhliða fsp. minni sem ég ætla að hafi verið eins ítarleg og efni stóðu til. Sjálfur gerði hann grein fyrir meginástæðunni og skildi rétt meginástæðuna fyrir þessari fsp. minni, þar sem einmitt er SOLAS-samþykktin. Ég hirði ekki að fara út í nánari skilgreiningu á þessu atriði, en mér er fyllilega ljóst að eins og á brestur að þessi samþykkt, sem við höfum gerst aðilar að fyrir lögnu, sé skiljanleg á mæltu íslensku máli enn þá, eins brestur miklu meira á að hún sé komin í framkvæmanlegt form hjá okkur.

Ég er þeirrar skoðunar, að við verðum frekar að hemja liðugan vilja okkar til þess að gerast aðilar að alþjóðlegum samþykktum á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar svo og annarra þeirra stofnana, sem tryggja eiga rétt vinnandi fólks og öryggi þess og kjör og aðbúnað í hvívetna, heldur en gerast aðilar og koma ekki slíku í framkvæmd og láta svo e. t. v. hjá líða í skjóli — í skálkaskjóli eða e. t. v. öllu fremur í blóra við samþykktina að hrinda þeim nauðsynjamálum í framkvæmd.

Pétur Sigurðsson: Herra forsseti. Eins og hæstv. sjútvrh. tók réttilega fram urðu nokkrar umr. um þessi mál á hv. Alþingi fyrir tveimur vikum. Ég benti þá sérstaklega á að þótt það væri mjög í tísku að ráðast að Siglingamálastofnuninni og þeim, sem þar störfuðu, væri alls ekki alltaf hægt að bera sök á þá ágætu stofnun vegna þess að ítrekað og ár eftir ár reyndi þessi sama stofnun að fá fjármuni til að vinna að þeim málum sem hún á að vinna að og hafði skuldbundið sig að vinna að og óskað var eftir við hana að vinna að af hendi sjómannasamtakanna.

Ég verð að segja að ég fagna því, að þessi yfirlýsing skuli koma fram á Alþingi frá hæstv. sjútvrh., að allt frá 1974 hafi Alþingi Íslendinga ekki treyst sér og treysti sér ekki enn til að útvega fjármuni til að láta þýða alþjóðasamþykkt sem varðar öryggi mannslífa á sjó. Mér finnst svo hlálegt og gráthlægilegt að þetta skuli heyrast hér frá einum ráðh. hæstv. ríkisstj., sem er búinn að sitja í stöðu sjútvrh. þó þetta árabil, að ég næstum á ekki orð til að lýsa vanþóknun minni á slíkri framkomu.

Nú er hv. þm., fyrri fyrirspyrjandi þessarar fsp., sem hér lauk máli sínu, stuðningsmaður tveggja ráðh., annars vegar heilbr.- og trmrh., sem jafnframt fer með félagsmál, og hins vegar hæstv. fjmrh., sem hafa báðir komið þarna mikið við sögu. Ég bið nú hv. þm., sem ég veit að hann mun fúslega gera, að leggja hönd á plóginn að ýta við þessum ráðh. ekki síður en öðrum ráðh. í hæstv. ríkisstj. Ég veit að hann bendir mér að sjálfsögðu á að það séu hæg heimatökin hjá mér, því að ég eigi aðgang að nokkrum þeirra, og skal ég vissulega ýta við þeim hvar sem ég næ til þeirra.

En ég spyr aðeins: Ef hæstv. iðnrh. og orkumálaráðh. hefði þurft að láta þýða einhver rit í sambandi við orku og iðnað af einhverju Norðurlandamálinu eða þótt hann

hefði leitað eitthvað víðar, skyldi þá hafa skort fjármuni til þess? Og ég spyr hæstv. félmrh.: Ef Alþýðusamband Íslands og forsetar þess hefðu þurft að fá fjármuni til að láta þýða af einhverju Norðurlandamálinu varðandi vinnutímavernd og vernd á vinnustöðum í landi, skyldu ekki hafa fengist peningar til þess? En á meðan við horfum upp á þessa svívirðu skipar hæstv. ríkisstj. undir forsæti forsrh. embættismannanefnd undir forsæti seðlabankastjórans til að vinna að því og gera það að sínum helstu tillögum að þeir menn, sem hafa árlega hlutfallslega hærri dauðatölu en aðrar stéttir við vinnu sína, verði sviptir þeim skattfríðindum sem þeir hafa barist fyrir á undanförnum áratugum.

Fyrirspyrjandi (Stefán Jónsson): Stutt verður hún, herra forseti.

Ég þakka hv. þm. Pétri Sigurðssyni fyrir þessa rösklegu ábendingu til mín um að beita nú áhrifum mínum á samflokksmenn mína í ráðherrastóli og spyr hann að gefnu tilefni hvort hann sé ekki haldinn mikilli iðrun að hafa ekki neytt tækifæris síns frá 1974—1978, því að samþykktin var gerð og er kennd við árið 1974, — hafa ekki beitt áhrifum sínum, þegar hann átti mjög innangengt í ráðuneytin, til að knýja á um að þetta fé, sem á virðist skorta samkv. upplýsingum Siglingamálastofnunar, yrði veitt tafarlaust. Til þess hafði hann fjögur ár, en ég hef ekki haft nema tvö.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hv. þm., sem hér var að ljúka máli sínu, hafði að sjálfsögðu fjögur árin sem Sjálfstfl. átti aðild að ríkisstjórn með Framsfl. sama tækifæri til að vinna að þessu og ég. Hins vegar held ég að ég megi fullurða að til sjómannasamtakanna hér á landi hafi ekki komið vitneskja um að það væri búið að samþykkja þetta af íslenskum yfirvöldum fyrr en nokkru eftir 1974, og alla vega var ekki farið að hreyfa þessu innan sjómannasamtakanna fyrr en á árunum 1975—1976. Inn á Alþingi kom þetta ekki fyrr en löngu síðar.

Hvað um það, þetta finnst mér aukaatriði, óþarft að kýta um það sem liðið er. Mér finnst aðalatriðið að menn taki höndum saman um að hrinda því í framkvæmd að SOLAS- 1974 komist til þeirra aðila, sem við þá samþykkt eiga að búa, og henni verði komið í gagnið fyrir þá.

Endurskoðun geðheilbrigðismála, fsp. (þskj. 311). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 311 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um störf þeirrar nefndar sem skipuð var til að vinna að gagngerðri endurskoðun geðheilbrigðismála. Spurt er: Hverjir voru skipaðir í nefndina, hefur nefndin lokið störfum, og ef svo er, hverjar voru niðurstöður nefndarinnar?

Á síðasta þingi var flutt þáltill. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. 1. flm. þeirrar till. var hv. þm. Helgi Seljan, og ásamt honum voru flm. hv. þm. Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason, Stefán Jónsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Helgason, Egill Jónsson og sú sem hér talar. Till. þessi var þá flutt öðru sinni. Efnislega fjallaði hún um að skora á ríkisstj. að taka öll geðheilbrigðismál hér á landi til algerrar endurskoðunar með tilliti til þess, að byggt verði upp nýtt skipulag þessara mála með því að skipa nefnd til undirbúnings málinu þar sem m. a. aðstandendur geðsjúkra ættu fulla aðild. Nefnd þessi átti að ljúka störfum um seinustu áramót. Allshn. Sþ. hafði þetta mál til umfjöllunar og var málið afgreitt hér í Sþ. með brtt. frá nefndinni.

Það hefur margsinnis komið fram í fjölmiðlum, að brýn þörf er á að gera úttekt á þessum málum bæði varðandi skipulag og úrbætur. Fáir þættir heilbrigðismála hafa fengið jafnmikla umfjöllun í fjölmiðlum og geðheilbrigðismál, og blandast varla nokkrum manni hugur um hversu brýnt er að finna lausn á þeim þáttum sem mest brennur á hvað varðar skipulag og úrbætur. Þar sem nú eru liðnir nærri tveir mánuðir frá því að nefndin átti að ljúka störfum er þessi fsp. borin fram.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það var 7. maí s. l. sem Alþingi samþykkti þál. um geðheilbrigðismál, skipulag og úrbætur. Samkv. ályktuninni var heilbrmrh. falið að skipa nefnd til að gera áætlanir um skipulagningu og úrbætur í þessum málum, og átti nefndin að skila áliti fyrir árslok 1981.

Með bréfi 15. júlí 1981 skipaði ég þessa nefnd og er hún þannig skipuð: Ingvar Kristjánsson læknir er formaður nefndarinnar. Högni Óskarsson er ritari hennar. Margrét Hróbjartsdóttir hjúkrunarfræðingur, Hulda Guðmundsdóttir félagsráðgjafi, Ásgeir Karlsson læknir, Oddur Bjarnason læknir og Sigríður Þorsteinsdóttir hjúkrunarfræðingur eiga að auki sæti í nefndinni. Í skipunarbréfi var gert ráð fyrir að nefndin skilaði áliti fyrir árslok 1981.

Hinn 30. des. s. l. komu fjórir nm. til viðtals við heilbrrh. og gerðu grein fyrir því, að nefndin hefði ekki lokið störfum. Hins vegar hefði hún lagt vinnu í mjög marga þætti geðheilbrigðismála og könnun á þeim og óskaði eftir að fá að starfa áfram þrátt fyrir ákvæði þál. Ég óskaði eftir að nefndin ritaði bréf til rn. og skýrði formlega frá því, hvernig starfið stæði, og barst það bréf til rn. 30. jan. s. l. Í þessu bréfi kemur fram að nefndin hefur starfað mjög ötullega síðan í byrjun septembermánaðar, að hún hóf störf, hefur haldið fundi að jafnaði einu sinni í viku, auk þess sem nm. hafa starfað í smærri hópum. Nefndin hefur fjallað um geðheilbrigðismál á mjög breiðu sviði. Þeir málaflokkar, sem hún hefur rætt um, eru þessir:

1. Bráðaþjónusta við geðsjúklinga. 2. Þjónusta við ósakhæfa og aðra afbrotamenn. 3. Fyrirbyggjandi aðgerðir. 4. Hugsanleg svæðaskipting þjónustu við geðsjúka. 5. Geðvandamál barna og unglinga. 6. Þá hefur hún undirbúið kostnaðardreifingu. 7. Fjallað um elligeðlækningar. 8. Um málefni þroskaheftra. 9. Um ávana- og fíkniefnaneytendur. 10. Heildarskipulag þjónustunnar. 11. Fræðslustarf á sviði geðheilbrigðismála. 12. Rannsóknir.

Í þessu bréfi fór nefndin fram á að umboð hennar yrði framlengt um eitt ár, þ. e. út árið 1982. Þá fór nefndin fram á að hún fái að ráða sér ritara í hlutastarf og að hún fái að skila áliti í áföngum um þá málaflokka sem voru nefndir hér á undan. Þá óskaði nefndin eftir því, að dr. Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, sem starfað hefur í nefndinni sem varamaður, verði skipaður aðalmaður í nefndina.

Ég hafði hugsað mér að afgreiða afstöðu rn. til nefndar-

innar og starfs hennar eftir að umr. hefði farið fram hér á Alþingi um fsp. þessa. Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að mér þykir einboðið að nefndin starfi áfram með þeim hætti sem hún hefur farið fram á og að hún skili áliti í áföngum. Mér er kunnugt um að hún mun nú alveg næstu daga geta skilað áliti um þjónustu við ósakhæfa og aðra afbrotamenn. Þá mundi í framhaldi af því fylgja álit um bráðaþjónustu við geðsjúklinga. Og ég geri ráð fyrir að á árinu 1982 geti nefndin skilað skýrslum um þá málaflokka sem nefndir voru áður í svari við fsp. þeirri sem hér er á dagskrá.

Þessi fsp., sem hér er fram komin, gefur mér kærkomið tækifæri til að kanna viðhorf alþm. í þessu máli, því að eins og áður sagði gerði þál. ráð fyrir að nefndin skilaði af sér um s. l. áramót. Hún starfaði í eina fimm mánuði á síðasta ári og komst ekki til botns í málinu, sem kannske er ekki von vegna þess að hér er um að ræða viðamikið og flókið verkefni og öllu máli skiptir að um vandaðar niðurstöður sé að ræða.

Ég hef lagt á það áherslu við formann nefndarinnar, Ingvar Kristjánsson, að reynt verði að skila áliti með skýrum tillögum um málin fremur en almennum greinargerðum, sem hætt er við að lítið skilji eftir og rykfalli í skúffum ráðuneyta eða annarra stjórnarstofnana.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað fsp. hv. þm..

Helgi Seljan: Herra forseti. Það kemur mér ekki á óvart, miðað við hve viðamikill málaflokkur er hér á ferðinni, þó að nefndin hafi ekki lokið störfum. Skal það ekki átalið hér. Ég fagna því alveg sérstaklega ef þarna verða tekin út úr viss áhersluatriði sem Alþingi hefur sérstaklega tekið fyrir og fjallað um í sambandi við tillöguflutning áður hér í þinginu sem leiddi til þessarar samþykktar. Er vissulega ágætt ef þarna verður skilað skýrslu í áföngum samkv. þeim áhersluatriðum sem við, sem fluttum þessa tillögu á sínum tíma, lögðum sérstaklega mikið upp úr.

Ég vil leyfa mér, ef mögulegt væri, að beina viðbótarspurningum til hæstv. ráðh. í framhaldi af þessu. Það er spurt í fyrsta lagi hvort hæstv. ráðh. telji möguleika á því, að geðsjúkrahús og geðdeildir geti nú tekið upp þá neyðarþjónustu sem Geðhjálp hefur sérstaklega beðið um. Er þetta mögulegt nú, og mun ráðh. beita sér fyrir að þessari neyðarþjónustu verði komið í framkvæmd ef mögulegt er?

Í öðru lagi vil ég spyrja að því, ef hæstv. ráðh. gæti svarað því, hvort nefndin, sem um þessi mál fjallar, hefur tekið sér í lagi til meðferðar, hvernig eigi að haga flutningum geðsjúklinga á annan hátt en nú er, þ. e. með ákveðnum gæslumönnum í stað lögreglu eins og nú er.

Það hefur sérstaklega verið talað um ósakhæfa menn. Ég fer ekki nánar út í það og vonast til að frá nefndinni komi ákveðnar tillögur um það. En í þriðja lagi vil ég spyrja hvort nefndinni hafi verið falið sérstaklega — ég held að það sé nauðsynlegt — að kanna, hvort ákveðin aðstoð við geðsjúka og aðstandendur þeirra heima fyrir gæti komið í stað vistunar, og þá um leið, hvort ekki mætti létta verulega útgjöldum af heilbrigðisþjónustunni með því móti. Ég vildi fá álit hæstv. ráðh. á því máli sérstaklega.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingar hans hvað varðar störf nefndarinnar og hvernig þeim miðar áfram. Það er greinilegt að hún vinnur ötullega að þessu máli. Ég get tekið undir það, að varla er við því að búast að hún hafi getað lokið þessum störfum fyrir tilskilinn tíma.

Ég gerði mér ekki alveg grein fyrir því, hvort einhver af þeim nefndarmönnum, sem skipaðir voru, sé fulltrúi aðstandenda geðsjúkra, eins og gert var ráð fyrir í þál., en ráðh. getur e. t. v. svarað því.

Ég tel eðlilegt að nefndin fái þann tíma sem hún óskar eftir til að fullvinna sín störf, og ég vil taka undir þær fsp. sem komu fram hjá hv. þm. Helga Seljan sem var, eins og ég gat um áðan, 1. flm. þessarar þáltill. á sínum tíma.

Ég vil svo ítreka að ég þakka ráðh. fyrir upplýsingar hans varðandi þessi mál, en vil um leið óska eftir því, að þm. verði sendar þessar skýrslur þegar þær liggja fyrir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna orða hæstv. félmrh. vil ég taka skýrt fram að ég tel það miklu meira virði, að þessi nefnd gefi sér góðan tíma til að vinna að þessum störfum, skili umtalsverðum árangri og skýrslu og greinargerð um aðgerðir sem verður unnt að hrinda í framkvæmd, heldur en hún hraði svo störfum sínum að frá henni komi einhverjar skýrslur eða niðurstöður sem erfitt yrði að vinna eftir. Það gera sér allir ljóst að hér er á ferðinni afskaplega flókið og viðamikið mál og ágreiningur er um ýmsa meðferðarþætti og þá ekkert síður meðal leikmanna en sérfræðinga. Kannske er meiri ágreiningur meðal sérfræðinga um það, hvernig beri að starfa að þessu máli.

Ég vil eingöngu segja að það væri mjög æskilegt hins vegar ef væri unnt og ráðh. sæi sér fært að ýta á eftir einum sérstökum þætti þessa máls, en það er aðstoð við ósakhæfa afbrotamenn. Það er sá þáttur sem er í hvað mestum lamasessi hér á landi, og verður að fara að gera gangskör að leysa úr þeim málum hið fyrsta.

Ég ætla ekki að bæta spurningum í spurningabunka ráðh., en vil eingöngu segja að ég vænti þess, að hann leggi höfuðáherslu á þennan þátt, sem ég nefndi áðan, þjónustuna við ósakhæfa afbrotamenn, og gæti þess vandlega, að þetta mál fái fyllstu og bestu meðferð sem það getur fengið. Þá er það ekki síður áhuhjálparatriði fyrir einn eða neinn hvort þetta tekur einum mánuði eða tveimur mánuðum lengri tíma en ella.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil fyrst víkja að þeirri fsp. eða ábendingu sem fram kom hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. varðandi ósakhæfa afbrotamenn og þeirra málefni.

Það hefur orðið að samkomulagi milli mín og formanns nefndarinnar, Ingvars Kristjánssonar læknis, að málefni þessara manna verði fyrsta verkefni nefndarinnar og fyrsta áfangaskýrsla hennar fjalli um málefni ósakhæfra afbrotamanna. Ég tel að það sé ákveðið forgangsverkefni að fara yfir vandamál þeirra. Hér á landi er um að ræða fjóra menn sem falla eins og sakir standa undir þessa flokkun. Það er mjög alvarlegt hvernig þeim málum hefur verið háttað hjá okkur á undanförnum árum, þar sem við höfum iðulega orðið að senda menn úr landi til vistunar. Það er satt að segja blettur á heilbrigðisþjónustu okkar að mínu mati. Vandinn í þessu máli hefur aðallega stafað af því, því miður, að það hefur verið mikill ágreiningur um þetta mál á milli sérfræðinga, eins og hv. þm. Árni Gunnarsson gat um, og eins á milli

heilbrigðisþjónustunnar annars vegar og dómsmálayfirvalda hins vegar. Ég geri ráð fyrir að við séum hins vegar öll sammála um að ágreiningur af þessu tagi milli ákveðinna þátta í stjórnkerfi okkar megi ekki verða til þess að tefja það að lausn finnist á vandamálum þess fólks, sem hér um ræðir, og aðstandenda þess.

Varðandi fsp. hv. þm. Helga Seljans vil ég segja nokkur orð. Hann spurði fyrst um þá neyðarþjónustu sem Geðhjálp hefur beðið um. Það var í september 1980 að ég skrifaði borgarlækni og óskaði eftir tillögum hans um neyðarþjónustu af því tagi sem Geðhjálp hefur óskað eftir, sem yrði komið upp á spítölum og geðdeildum hér á þéttbýlissvæðinu. Niðurstaðan af beiðni minni til borgarlæknis varð sú, að hann skilaði á árinu 1981, eftir mitt ár, — ég man ekki nákvæmlega hvenær, — tillögum í þessu efni sem ég síðan kom á framfæri við viðkomandi aðila og þá sérstaklega forstöðumenn ríkisspítalanna. Þessar tillögur voru góðar svo langt sem þær náðu, en augljóst var að þær mundu kosta veruleg útgjöld, og auk þess var greinilegt að þær voru ekki fullnægjandi eins og þær voru lagðar fyrir. M. a. var ekki gert ráð fyrir neinum sérstökum aðgerðum vegna flutninga á geðsjúkum í slíkum tilvikum.

Það er önnur fsp. hv. þm. Helga Seljans, hvaða tillögur væru uppi um hvernig haga megi flutningum geðsjúklinga á annan hátt en nú er, þ. e. með ákveðnum gæslumönnum í stað lögreglu. Ég hef sett tillögur um þetta í frekari vinnslu í þeirri nefnd sem vinnur að heildarúttekt og tillögugerð í geðheilbrigðismálum. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt að við reynum að koma á skipulegri neyðarþjónustu fyrir geðsjúklinga hér á þéttbýlissvæðinu. Það er ekki vansalaust að það skuli gerast, að að jafnaði séu tveir geðsjúklingar í fangageymslum lögreglunnar á hverjum sólarhring eins og nú er og hefur verið um langt skeið.

Í þriðja lagi spurði hv. þm. Helgi Seljan hvort nefndinni hefði verið falið sérstaklega að kanna hvort ákveðin aðstoð fyrir geðsjúka og aðstandendur þeirra heima fyrir gæti komið í stað vistunar og hvort með því mætti ekki létta verulegum útgjöldum af heilbrigðisþjónustunni í landinu. Ég hef rætt um það við formann nefndarinnar, að þetta verði sérstaklega athugað. Vandinn í þessu er fyrst og fremst að ákveða hver það er sem á að sinna þessari þjónustu, hvort það er sveitarfélagið, þ. e. Reykjavíkurborg, eða hvort það eru geðsjúkrahúsin, og þá í öðru lagi, þegar væri greitt úr þeirri flækju, hver ætti að kosta þá þjónustu. Ég hef beðið formann nefndarinnar um að gera úttekt á þessu atriði líka og skila áfangaáliti um það ásamt öðrum verkefnum sem ég kynnti áðan.

Ég mun að sjálfsögðu gera ráðstafanir til þess að nefndarálitið komi til hv. alþm. hingað inn í þingið. Mér finnst sjálfsagt að þeir fái að fylgjast með þessu máli.

Varðandi aðstandendur geðsjúkra var það hugsunin á bak við skipun eins nefndarmannsins, að hann var fyrrv. formaður Geðhjálpar og hóf störf með nefndinni og starfaði með henni fyrstu mánuðina, en lét hins vegar af því starfi, því miður, þannig að nú er kominn í nefndina í hans stað Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur. Ég hef hins vegar lagt á það áherslu við formann nefndarinnar og nefndarmenn alla, að þeir hafi samráð og samvinnu við Geðvernd og Geðhjálp, og ég veit að nefndin hefur þegar haldið fundi með forustumönnum þeirra.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Varðandi upplýsingar hæstv. ráðh. um skipun í nefndina og að í henni aðstandandi geðsjúkra vil ég beina því til hæstv. ráðh., að hann reyni að koma því til leiðar, að fenginn verði er enginn einn frá þeim til að sitja fundi nefndarinnar og starfa með henni. Ég held að slíkt skipti talsverðu máli. Það var lögð talsvert mikil áhersla á það á sínum tíma, þegar þessi þáltill. var samin, að þarna væri gott samstarf á milli og góð tengsl aðstandenda og sérfræðinganna. Ég vil því beina til hæstv. ráðh. að hann reyni að koma því til leiðar, að einn fulltrúi aðstandenda komi inn í nefndina aftur.

Neðri deild, 44. fundur.

Þriðjudaginn 23. febr., að loknum fundi í Sþ.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 337, n. 364 og 368, 356, 365 og 369). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 22 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það er vonum að forseti lengi eftir þskj. þegar svo hratt skal láta mál ganga á þingi, en nefndarfundum í fjh.- og viðskn. til þess að ljúka við afgreiðslu þessa máls lauk rétt fyrir hádegi í morgun, þannig að ekki hefur gefist ýkja mikill tími til að ganga frá þeim nál. sem þurfti að gera. Engu að síður mun nál. meiri hl. liggja á borðum þm. innan skamms. Nál. minni hl. var þegar fram komið, enda ekki margar línur og þess vegna ekki lengi verið að útbúa það.

Eins og fram kemur hefur fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hl., sem ég mæli hér fyrir, hefur skilað nál. á þskj. 368 sem hefur verið útbýtt ljósrituðu. Það vantar að vísu á það fskj. sem munu koma þegar nál. verður prentað, en hefði nál. átt að prentast og forseti hugsað sér að bíða þess, þá hefði hann orðið að bíða nokkuð lengi í forsetastól.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. skipa auk mín þm. Sjálfstfl., þeir hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, og fulltrúi Alþfl. í nefndinni, hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson.

Þegar fjh.- og viðskn. fékk þetta frv. til meðferðar óskuðu nm. að sjálfsögðu eftir því, að hægt yrði að fá til viðræðna þá aðila sem þetta mál sérstaklega varðaði. Formaður fjh.- og viðskn., hv. 3. þm. Austurl., mun gera grein fyrir nál. minni hl., en þar kemur fram hverjir voru boðaðir til nefndarinnar til viðræðna. Að sjálfsögðu hefðu átt þar í hópi að vera fulltrúar Landssambands ísl. iðnaðarmanna, svo mjög sem þeir bera þetta mál fyrir brjósti, en vitandi það, að afgreiðslu þessa máls var að ljúka, og úrkula vonar um það, að þeir yrðu boðaðir til fundar, senda þeir í dag í einu dagblaðinu alþm. bréf þar sem þeir koma á framfæri sínum skoðunum. Mér finnst eðlilegt að vekja athygli þm. á þessu erindi þeirra — einfaldlega vegna þess að hvorki kemur það prentað sem fskj. né heldur er þeirra getið í nál. meðal þeirra sem hafi komið á fundi fjh.- og viðskn. til viðræðna.

Hins vegar þótti fjh.- og viðskn.-mönnum ekki óeðlilegt að þetta frv., eins og það er úr garði gert, fengi sérstaka athugun í sambandi við ákvæði 40. gr. stjórnarskrárinnar. Að því var vikið við 1. umr. þessa máls, að það þyrfti að skoða sérstaklega, þegar gagnrýnt var að í frv. er gert ráð fyrir að með reglugerð verði lagðir á skattar og með reglugerð verði skattar teknir af. Það var leitað til lagadeildar Háskólans, en því miður fengust aðilar þaðan ekki til að mæta á fundum nefndarinnar enda þótt formaður fjh.- og viðskn. gerði ítrekaða tilraun til að fá þá til viðræðna. Það var ekki svo að þeir neituðu að koma á fund fjh.- og viðskn., heldur hitt, að þeir aðilar, sem fróðastir væru nú um þessi mál í lagadeild Háskólans af kennurunum sem þar eru, væru með einum eða öðrum hætti forfallaðir, þess vegna væri ekki unnt að koma því við að fulltrúi deildarinnar ræddi við fjh.- og viðskn. eða léti uppi þar sitt álit.

Ég vildi að þetta kæmi hér fram, því að þetta er eitt af þeim atriðum sem gagnrýnd voru við 1. umr. þessa máls og er gagnrýnt í því nál. sem ég mæli hér fyrir, ásamt því, hvernig unnið er að þessu máli, hver hraðinn er og annað eftir því.

Hér er um að ræða hluta af þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. boðaði með skýrslu sinni á þskj. 290. Við höfum áður fjallað um tollalækkun. Þar hafa verið boðaðar ýmsar aðrar aðgerðir, en ekki hefur verið með nokkru móti hægt að fá fram hvernig að þeim skuli staðið. Í stað þess leggur ríkisstj. fram þetta frv., eins og það er úr garði gert, og getur þess m. a. í grg. að það sé alveg óvíst hvort ýmislegt af því, sem hér er farið fram á að fá heimild fyrir, verði framkvæmt, því að það eigi eftir að athuga hvort þetta sé löglegt, hvort ekki sé verið að brjóta milliríkjasamninga, sbr. það sem segir í grg. varðandi tollafgreiðslugjaldið og samninga við Efnahagsbandalag Evrópu og Fríverslunarbandalag Evrópu.

Þetta eru afar einkennileg vinnubrögð að mínum dómi. Við vöndumst því þó fram á þetta ár að fá að sjá á þriggja mánaða fresti hvað ríkisstj. hygðist gera til að leysa aðsteðjandi vandamál. En það er ekki svo lengur, heldur er verið að koma með frv. í smáskömmtum. Hér er verið að leggja mál þannig fyrir að mánaðarlega má búast við einhvejum hluta af þeim „þorrabakka" sem nefndur var í sambandi við þessar ráðstafanir. Þegar svo þessi frv. sjá dagsins ljós eru tímasetningar með þeim hætti, að það verður helst að afgreiða málið í þinginu á einum eða tveimur dögum, og menn fá ekki tækifæri til að virða fyrir sér og gera sér grein fyrir því, hvað í raun og veru er hér á ferðinni.

Ríkisstj. sjálf hefur haft þessi mál til meðferðar í margar vikur. Það er búið að vera að bögglast fyrir henni hvernig eigi að koma þessu öllu heim og saman. En alþm. eiga ekki að fá ráðrúm til að skoða þetta meira en svo að 2—3 dagar eru til stefnu. Það eru dagsetningar sem eru sérstaklega nefndar í þessum efnum.

Við horfum upp á það, að hér er um að ræða frv. sem flutt er ekki mörgum vikum eftir að tollalækkun hefur verið samþykkt á Alþingi. Það var ein af ráðstöfunum, sem ríkisstj. ætlaði að gera, að lækka tolla. Það var gert til þess að lækka vísitöluna. Framfærsluvísitalan lækkaði um 0.2—0.3%. Tekjutap ríkissjóðs var 22 millj. kr., að sagt var. En síðan kemur frv. sem eyðir öllum þessum áhrifum og aflar ríkissjóði ekki aðeins 22 millj. kr., heldur 54 millj., eins og sagt er í grg. Þetta eru þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð. Síðan eru í frv. lagðar til nýjar skattaálögur og ætlast til að þær verði afgreiddar með þeim hætti, að þær byggist á reglugerð sem fjmrh. muni gefa út. Allsendis er óvíst hvernig túlka beri ákveðnar greinar. Þær eru ekki samræmi við það sem skýrsla ríkisstj. segir til um. Meira að segja er það svo, að einn af hv. þm. ríkisstj., einn sá sem mest hefur haft með þetta að gera í hópi þeirra, sagður vera í efnahagsnefnd ríkisstj., er ekki fyrr búinn að sjá frv. hér í þingi en hann flytur tillögur til lagfæringar og leiðréttingar á því.

Þessi ákvæði, sem fjalla um tollafgreiðslugjald og um lækkun á söluskatti og ætlað er síðan að afgreiða með reglugerð, eru að dómi margra brot á stjórnarskránni. Það liggur ljóst fyrir, að hér er alls ekki um að ræða lagasetningu sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þar er skýrt tekið fram í 40. gr., eins og ég nefndi áðan, að skattamálum skuli skipað með lögum og ekki megi leggja á skatt nema með lögum.

Þá er ljóst að þau vinnubrögð eru hér viðhöfð, að breyting á launaskattslögunum, hverri og einni einustu grein, er lögð til í frv. sem hér í sölum Alþingis gengur undir nafninu „bandormur", í stað þess að ríkisstj. hefði flutt heillegt frv. um launaskattslög með þeim breytingum, sem hún leggur til í þeim efnum varðandi launaskattsupphæðina, svo og þeim breytingum, sem eru í mörgum þessara greina, að breyttum öðrum lögum síðan þessi lög voru sett 1965.

Í þessu frv. er fjallað um nýjan skatt, nýjan toll, tollafgreiðslugjald. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að taka upp hér á landi fyrirkomulag, sem víða erlendis tíðkast og sér í lagi í okkar nágrannalöndum, þ. e. að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Hefur það verið nefnt tollkrít. Hér er um að ræða mikið hagsmunamál. Á það hefur verið bent, að ef þetta fyrirkomulag gæti náð fram að ganga mundi það leiða til sparnaðar, til hagræðingar, til lægra vöruverðs, öllum neytendum, innflutningsaðilum svo og hinu opinbera til hagsbóta. Hafa verið flutt frumvörp í framhaldi af skýrslu sem gerð var 1978 um þetta mál fyrir fjmrn. Það kom fram í skýrslu ríkisstj. á þskj. 290, að stefnt væri að því af hennar hálfu að koma þessu fyrirkomulagi á. En þá gerist það, að í stað þess að þetta nýja fyrirkomulag yrði til þess að lækka vöruverð er það notað til þess að leggja á nýjan skatt. Það er gert að nýjum gjaldstofni til álagningar, ekki bara til þess að fá uppi borinn þann kostnað, sem leiðir af breytingunni sem hér um ræðir, heldur beinlínis nýr tekjutollur til þess eins að geta haldið áfram þeim vísitöluleik sem ríkisstj. hefur iðkað og sýnist ætla að halda áfram að iðka. Hér er dæminu gersamlega snúið við. Í staðinn fyrir að koma þessu máli heilu í höfn og fá fram töluvert mikil áhrif í vöruverðslækkun og þá að sjálfsögðu dregið úr verðbólgunni, þá er dæminu snúið við, eins og ég sagði áðan, og þetta gert að tekjustofni fyrir ríkissjóð.

Það er skoðun mín að vinnubrögð eins og felast í frv., 1. gr. og 2. gr., að það skuli eiga að leggja á skatta með reglugerð, séu Alþingi ósamboðin. Alþingi verður að spyrna við fótum í sambandi við slíka lagasetningu og gera ríkisstj. grein fyrir því, að slíkt sé Alþingi ekki tilbúið að samþykkja. Það geta hv. þm. auðveldlega gert með því að greiða atkv. gegn 1. og 2. gr. frv. En af því að hér er um bandorm að ræða geta önnur ákvæði frv. náð fram að ganga og orðið að lögum. Hér er ekki um að ræða heilsteyptan lagabálk, en það væri e. t. v. hægt að gera þetta að lagabálki um launaskatt einmitt með því að

greiða þannig atkv., hafa slíka afgreiðslu m. a. á 1. og 2. gr. frv.

Þessu til viðbótar sést hvernig undirbúningi þessa máls er háttað þegar það þarf að fylgja með í grg. að alveg sé óvíst hvort ráðh. noti þá heimild sem hann óskar eftir að fá, einfaldlega vegna þess að það eigi eftir að athuga samningana við Fríverslunarbandalag Evrópu og Efnahagsbandalag Evrópu. Áður en ráðh. æskir að fá heimild til að gera slíkt hefði mér fundist að það hefði átt að grandskoða hvort þetta samrýmdist þeim samningum sem við þar höfum gert. Mér sýnist ekki heldur að Alþingi eigi að þola að hér sé verið að leggja til nýjan toll öðruvísi en að gerð sé grein fyrir því, hvort það samrýmist þeim samningum sem við höfum gert í sambandi við tollamál. Það er skýrt tekið fram í þeim tollasamningum sem við erum aðilar að, að slíkir tollar sem hér er verið að leggja til að lagðir verði á með reglugerð samrýmist ekki þeim samningum. En það er eins og annað í sambandi við þessi vinnubrögð. Þetta eru vinnubrögð sem þm. eiga ekki að þola.

II. kafli frv. fjallar um launaskatt, breytingu á launaskattinum. Þar er fyrst og fremst um að ræða 3. gr. frv., sem er 1. gr. laganna, og svo 5. gr., þar sem fram kemur hvernig farið skuli með vanskil á launaskatti. Í skýrslu ríkisstj. er boðað að launaskattur á iðnaði og fiskvinnslu skuli lækkaður úr 3.5% í 2.5%. Það er gert ráð fyrir því þegar í skýrslu ríkisstj., að það verði mismunandi launaskattur í landinu. Þegar svo hins vegar frv. er lagt fram, þá er ekki aðeins gert ráð fyrir að það skuli vera mismunandi hár launaskattur á milli greina, heldur skuli líka innan atvinnugreinanna vera mismunandi hár launaskattur, eins og sést á því, að í sambandi við iðnað eru dregnar ákveðnar línur. Það var einmitt í þessu tilfelli sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, lagði fram brtt. og vildi taka af öll tvímæli.

Minni hl. fjh.- og viðskn. flytur brtt. í sambandi við þessi atriði þar sem hann gerir tillögu um breytingu á 3. gr. frv. eins og hún er, en nær ekki því sem fram kemur í brtt. hv. 12. þm. Reykv. Þegar spurst var fyrir um það í fjh.- og viðskn., hvort samkomulag gæti ekki náðst a. m. k. til vara af hálfu okkar sjálfstæðismanna um að standa að till. hv. 12. þm. Reykv., þá var okkur tjáð að svo gæti ekki orðið. Við höfum að vísu tekið skýrt fram að við teldum eðlilegast að lækka launaskattinn alfarið úr 3.5% niður í 2.5%. Ef það fengist ekki samþykkt vorum við reiðubúnir til að standa að till. hv. 12. þm. Reykv. Við spurðumst fyrir um það í fjh.- og viðskn., hvort ekki gæti orðið um það samkomulag, en samflokksmenn hans og þm. ríkisstjórnarflokkanna í fjh.- og viðskn. tjáðu sig ekki geta verið sammála því. Árangurinn birtist í brtt. sem minni hl. flytur á þskj. 365 og frsm. minni hl. mun að sjálfsögðu gera grein fyrir. En í fljótu bragði sýnist mér að málin hafi verið leyst þannig, að þar hafi að nokkru verið komið til móts við till. hv. þm., en þó ekki nærri því öll, en um leið hafi verið séð fyrir því, að ríkissjóður tapaði engu í þessum efnum — og gott betur. Ég get ekki betur séð en sú brtt., sem fram kemur á þskj. 365 varðandi gjalddaga launaskatts, tryggi ríkissjóði 20 millj. kr. í viðbót við áætlaðar tekjur af launaskatti á þessu ári, — ef við áætlum það, sem kemur til viðbótar í tekjutapi vegna málamiðlunartillögu minni hl., 10 millj., þá hafi ríkissjóður í sinn hlut upp úr krafsinu 20 millj. kr.

Það er skoðun okkar, sem að meirihlutaálitinu stöndum, að skynsamlegast sé að lækka launaskattinn úr 3.5% niður í 2.5%. Það er öllum ljóst, að mismunandi hár launaskattur er mjög varhugaverð skattastefna sem tvímælalaust verður mjög erfið í framkvæmd. Ég get enn endurtekið það sem ég hef sagt um vinnuaðferðirnar, að að sjálfsögðu hefði ríkisstj. átt að flytja frv. um launaskatt, en ekki koma með allar þessar breytingar inn í bandorm þann sem við fjöllum hér um.

Í 5. gr. er lagt til að auka mjög á viðurlög við vanskilum, auka svo á viðurlög við vanskilum að ég veit ekki til að þau séu annars staðar svo ströng sem hér er áformað. En mér er sagt að greiðslur á um það bil fjórðungi launaskatts dragist nokkuð, þannig að ef menn gera ráð fyrir að framhald verði á því, þá liggur alveg ljóst fyrir að hér hefur átt að bæta ríkissjóði upp það tekjutap, sem launaskattslækkunin annars gerir ráð fyrir, með því að auka á viðurlögin og ná miklu hærri upphæð í dráttarvöxtum.

Það er sjálfsagt að þeir, sem gera ekki skil á sínum sköttum, greiði dráttarvexti. En ég sé ekki ástæðu til að ríkissjóður noti þá erfiðleika, sem atvinnuvegirnir eiga í í dag og e. t. v. eru þess valdandi, að þeir geta ekki staðið skil á launaskatti á réttum tíma, og ríkissjóður hafi þá að tekjulind, allra síst þegar menn gera sér grein fyrir því, hvernig að atvinnuvegunum hefur verið búið að undanförnu, m. a. vegna úrræðaleysis núv. hæstv. ríkisstj.

III. kafli frv. fjallar um stimpilgjöld. Það má segja að það sýnist vera það eina í frv. sem ekki þurfi beinlínis að vera hér með gagnrýni á. Sjálfsagt er að standa að þeirri breytingu sem þar er.

Hins vegar kemur IV. kaflinn okkur ekki ókunnuglega fyrir. Þar er um að ræða framlengingu á sérstöku tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex. Þegar frv. var flutt um þetta gjald á sínum tíma lýstum við andstöðu við það, einfaldlega vegna þess að gjaldinu var ekki ætlað að renna til iðnaðarins til að bæta stöðu hans, heldur var það ríkissjóður sem átti að hafa af þessu tekjur. Það hefur reynst svo, að ekkert af þessu gjaldi hefur runnið til iðnaðarins. Það er ríkissjóður sem hefur alfarið fengið það, og er fyrirhugað að svo verði áfram. Meira að segja lét hæstv. fjmrh. þess getið við 1. umr. málsins, að það væri vafasamt að gjaldið gæti fallið niður þegar árið væri liðið, sennilega yrði ekki staðan þannig hjá iðnaðinum að það yrði hægt að leyfa innflutning á þessum vörum án þess að taka sérstakt innflutningsgjald. Þetta voru auðvitað hans hugrenningar um hvernig málum væri komið. Hefur hann þá sjálfsagt hugsað til þess, hvernig að þessum málum hefur verið staðið í tíð núv. ríkisstj. Þegar þetta innflutningsgjald var lagt á var talið að það væri til þess að stöðva innflutning og auðvelda með því móti að einhverju leyti rekstur innlendra iðnfyrirtækja. En fjármagnið hefur alls ekki verið látið renna til iðnaðarins.

Ég hef vikið að meginatriðum þess frv. sem við nú fjöllum um. Á máli mínu hefur mátt heyra hver afstaða meiri hl. er. En ég held að það sé rétt að ég geri grein fyrir því í lokin.

Við erum andvígir 1. og 2. gr. frv. og teljum að þær greinar eigi ekki að ná fram að ganga. Eðlilegt er að Alþingi verði gerð grein fyrir hver sé kostnaðurinn af því að veita aðflutningsgjaldafrest, og ef sá kostnaður er einhver sem um munar, þá standi menn að því með einhverjum hætti að bæta ríkissjóði það, ef hann hefur ekki þá þegar verið búinn að ná því einhvers staðar annars staðar.

Í sambandi við launaskattinn flytjum við í meiri hl. brtt. á þskj. 369 þar sem gert er ráð fyrir að launaskatturinn verði 2.5% og ekki hærri. Þar sem við gerum okkur grein fyrir því, að vegna þeirrar tillögu, sem minni hl. n. hefur flutt, megi búast við að dregin verði til baka till. hv. 12. þm. Reykv., munum við, ef þessi till. verður ekki samþykkt, taka upp till. hv. 12. þm. Reykv. sem okkar varatillögu ef til þess kemur. En við skulum vona að menn átti sig á því, að mismunandi hár launaskattur er ekki það sem við teljum skynsamlegt að hafa, og þess vegna muni þm. samþykkja þá till. sem við flytjum á þskj. 369.

Ef 1. og 2. gr. frv. verða samþykktar munum við í meiri hl. styðja brtt. sem minni hl. flytur bæði við 2. gr. og eins við bráðabirgðaákvæðið. Í sambandi við launaskattinn munum við styðja þann hluta af brtt. minni hl. sem fjallar um viðurlögin, þannig að niður falli 25% álagið ef launaskattur er ekki greiddur. En við sjáum ekki neina ástæðu til þess að vera að hringla með gjalddaga launaskatts í sambandi við þetta, einfaldlega til þess að ná inn á árinu 1982 13 mánaða launaskatti. Það kemur að sjálfsögðu niður síðar þegar þessu yrði breytt. Það er auðvitað alltaf íhugunarvert með hvaða hætti slíkar greiðslur eigi að fara fram, hversu oft og hvernig. En að gera breytingar aðeins til að leysa vandamál í sambandi við tillöguflutning eins af hv. stuðningsmönnum ríkisstj. — og einmitt þess sem situr í efnahagsnefnd ríkisstj. — ég get ekki fallist á að breyta eigi löggjöf landsins samkv. því. Það held ég að sé ekki ráðlegt að taka upp. Það gætu þá sjálfsagt ýmsir aðrir úr hópnum farið að flytja slíkar brtt. og sá vandi yrði þá leystur með því sem hér er gert og notaðar hinar sömu aðferðir.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir sjónarmiðum meiri hl. fjh.- og viðskn., því nál., sem lagt hefur verið hér fram, og þeirri brtt., sem við leggjum fram og ég hef hér mælt fyrir.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breyttar tekjur til ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum. Ég mun hér aðeins gera grein fyrir starfi nefndarinnar og þeim brtt. sem fram eru bornar af minni hl. n., en þar sem málið að öðru leyti hefur fengið margháttaða umfjöllun hér á Alþingi sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við.

Nefndin fjallaði um frv. þetta á mörgum fundum. Þeir voru ýmist sameiginlegir með fjh.- og viðskn. Ed. eða nefndarfundir í fjh.- og viðskn. Nd. Til fundar við nefndina komu fulltrúar þeirra aðila sem hafði verið óskað eftir að kæmu til viðtals frá fjmrn., Verslunarráði Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Félagi ísl. iðnrekenda, Tollvörugeymslunni hf. Einnig kom hagstofustjóri á fund nefndarinnar í morgun.

Þessi umfjöllun hefur leitt til þeirrar niðurstöðu, að minni hl. n., hv. þm. Ingólfur Guðnason, Guðrún Hallgrímsdóttir og Halldór Ásgrímsson, leggur til að sjö breytingar verði gerðar á frv.

1. brtt. varðar 2. gr. Þar er fyrst og fremst um að ræða að komið verði í veg fyrir að greiða þurfi tollafgreiðslugjald af vörusendingum í heild við það að aðeins hluti af vörusendingu sé leystur út úr tollvörugeymslu. Þarfnast það ekki frekari skýringar.

2. brtt. varðar 3. gr. frv., en hún orðast þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Leggja skal á launagreiðendur almennan launaskatt að fjárhæð 3.5% af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum svo sem ákveðið er í lögum þessum.“ Síðan segir: „Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2.5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og í iðnaði (útflutnings- og samkeppnisiðnaði) samkv. nánari ákvörðun í reglugerð.“

Þetta hefur okkur þótt nauðsynlegt að skýra frekar og kveða fastar að orði varðandi þessi atriði. Við leggjum til að greinin orðist þannig:

„Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2.5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.“

Með þessu er ákveðið að það skuli eigi heimilt að greiða hærri launaskatt en 2.5% af slíkum launatekjum og það skuli varða öll laun í fiskverkun og öll laun í iðnaði, öllum iðnaði samkv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Þessi atvinnuvegaflokkun er frá því í febr. 1970. Það kemur fram í upphafi hennar, að hún er byggð á hinum alþjóðlegu ISIC-reglum, International Standard for Industrial Classification, eins og þar kemur fram, en þessar reglur eru gefnar út af Efnahags- og félagsmálaráði Sameinuðu þjóðanna. Síðasta útgáfan, sem leggur fyrir, er frá 1964 og var hún gefin út hér 1970.

Varðandi þetta mál er sem sagt vitnað til þessarar atvinnuvegaflokkunar Hagstofunnar. Hún hefur verið notuð hér um langan tíma og ætti ekki að fara á milli mála við hvað er átt í þessu sambandi. Er það lagt til grundvallar skilgreiningu á því, hvað sé iðnaður í skilningi þessa frv.

Varðandi 3. brtt. er það eitt að segja, að gert var ráð fyrir því í frv., að dráttarvextir yrðu greiddir af launaskatti, en viðurlög skyldu einnig greidd. Tel ég að það hafi orðið vegna einhverra mistaka, vegna þess að það er alveg ljóst að hér var um að ræða mestu viðurlög sem um getur við drætti á skatti hér á landi. Þegar 25% álagið var tekið upp á sínum tíma, ég man ekki nákvæmlega hvaða ár það var, gæti verið 1964 eða 1965, þá var þetta álag mjög mikið. Þá var verðbólga langt innan við það sem hún er nú og þessi viðurlög áttu að koma í stað dráttarvaxta. Á þeim tíma þóttu þessi viðurlög svo há að menn reyndu allt sem þeir gátu til að greiða þennan launaskatt á gjalddaga. Með breyttri verðþróun hafa aðstæður breyst og er hér um að ræða í reynd einhverja lægstu vexti sem menn geta greitt fyrir að skulda bæði opinberum aðilum og öðrum aðilum, og hafa menn notfært sér það í nokkrum mæli. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt að færa þetta til jafns við annað í þjóðfélaginu. Hér er um að ræða 15—20 ára gamla reglu sem nauðsynlegt var að breyta. Leggur minni hl. n. til að hér verði aðeins viðhafðir dráttarvextir með sama hætti og dráttarvextir eru greiddir af tekjuskatti og af slysa-, líf- og atvinnuleysistryggingagjöldum, eignarskatti, aðstöðugjaldi og öðrum þeim sköttum sem lagðir eru á ákveðinn stofn. Öðru máli gegnir um söluskatt. Þar er um að ræða allmikil viðurlög, enda er sá skattur allt annars eðlis. Þar er verið að skila því fjármagni sem neytandi hefur greitt til kaupmanns eða annars aðila sem ber að skila því fé til ríkisins, og er því ekki um sambærilegan skatt að ræða að því er varðar viðurlög. Um þetta er samstaða í nefndinni, menn telja að það sé eðlilegt, og hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar tekið undir þetta atriði.

Þá er lagt til að gjalddagar verði fimm, þeir eru fjórir í

dag, og eindagi einum mánuði síðar. Þetta mun hafa þau áhrif að heldur meiri hraði verður á innheimtu þessa skatts. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það atriði, enda skýrir það sig sjálft.

Þá er gert ráð fyrir að þeim gjaldendum, sem greiða eigi hærri laun á mánuði en 15 þús. kr., sé heimilt að skila greinargerð á uppgjörstímabili þegar samanlögð greidd vinnulaun ná 150 þús. kr. Okkur þótti nauðsynlegt að hafa ákvæði er heimilaði að breyta þessum fjárhæðum með framfærsluvísitölu, en í því sambandi má geta þess, að það ákvæði, sem er í núgildandi lögum, er 5000 kr. í árslaun, sem var nokkur fjárhæð á sínum tíma. En menn þurfa að hafa með höndum afskaplega lítilfjörlega atvinnustarfsemi til þess að fara yfir þessi takmörk og þess vegna er betra að hafa heimildir til að hækka þessi mörk með vísitölu.

Aðrar brtt. leiðir af þeim brtt. sem ég hef áður gert hér að umtalsefni. Hef ég þá gert grein fyrir þeim breytingum sem minni hl. n. hefur lagt hér fram. Við leggjum eindregið til að frv. verði síðan samþykkt með þeim breytingum.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Einu sinni áður höfum við þurft á því að halda nú á síðustu vikum að afgreiða frv. frá hæstv. ríkisstj. í tengslum við aðgerðir hennar í efnahagsmálum. Það var frv. um nokkra lækkun á tollum á tilteknum rafmagnstækjum sem þurfti að afgreiða á tímabilinu frá 3. febr. til 5. febr. Málið varð að verða að lögum fyrir 5. febr. því ella fóru vísitöluáhrif þeirrar aðgerðar forgörðum svo að Alþingi varð að afgreiða málið með miklum hraða.

Þetta er annað mál sem kemur til kasta hv. Alþingis frá ríkisstj. og þá þarf enn að hafa sérstakan hraða á, að þessu sinni ekki vegna vísitöludagsetningar, heldur vegna þess að hæstv. fjmrh. liggur lífið á að komast til útlanda. Einmitt þess vegna þurfum við nú að afgreiða málið með afbrigðum og keyra málið í gegn svo það hljóti afgreiðslu á þingi í þessari viku, þar eð hæstv. fjmrh. verður ekki á Alþingi í næstu viku, heldur að sinna störfum í útlöndum. Ekki er nú virðingin fyrir starfsemi Alþingis meiri hjá þessum herramönnum sem þó stofnuðu núv. ríkisstj. — að því er þeir sögðu sjálfir — vegna ofurástar á virðingu og heiðri þessarar stofnunar.

Það er eins og áður að við fáum engin frekari svör um hvað ríkisstj. hyggst fyrir í efnahagsmálum. Þaðan kemur ekkert annað en þau tvö mál sem við höfum hér fjallað um og varða bæði þá gamalkunnu aðferð að greiða niður vísitöluna. Í fyrra var eina aðgerð ríkisstj. í efnahagsmálum fólgin í því að fresta greiðslum á 7 stigum vísitölu, því sem launafólk átti að fá 1. mars á því ári til að bæta því upp verðhækkanir sem orðið höfðu í nóvember- og desembermánuði árið áður og í janúarmánuði á því ári. Síðan er liðið eitt ár. Þá kemur hæstv. ríkisstj. með efnahagsaðgerð nr. tvö. Hún er ekki fólgin í því að fresta greiðslu vísitölustiga hinn 1. mars, heldur að greiða niður nokkur vísitölustig, sem launþegar hefðu átt að fá til þess að bæta sér upp verðhækkanir sem þeir hafa nú þegar borið bótalaust í nóvember- og desembermánuði á s. l. ári og í janúarmánuði á þessu ári. Annnað felst ekki í þessum aðgerðum. Og margt af því, sem boðað var í þeim vísitöluleik, hefur enn ekki fengist frá hæstv. ríkisstj. Nokkur hluti af kostnaðinum vegna niðurgreiðslu vísitölunnar er þannig að sögn ríkisstj. fólginn í niðurskurði og sparnaði í opinberum rekstri. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur hins vegar ekkert fengist frá hæstv. ríkisstj. um hvernig þeim niðurskurði eigi að beita, hvaða framkvæmdum á að fresta, ef fresti á að veita, hvaða sparnað á að framkvæma, hvaða samdráttur er fyrirhugaður. Engin svör hafa við því fengist. Menn verða að láta sér nægja að horfa aðeins á þau tvö takmörkuðu þingmál sem þegar hafa komið fram, og hvorugt þeirra veitir nein svör við þessum spurningum, hvað þá að þau svari öðru af því sem fram hefur komið hjá hæstv. ríkisstj. um hvað hún hugsi sér að gera í íslenskum efnahagsmálum. Það er því næsta takmarkað sem hægt er að ræða um stefnu ríkisstj. út frá þeim gögnum sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi. Hún er að tína þetta upp úr sínum 10 pokum, og kemur innan við eitt mál fram frá hæstv. ríkisstj. á viku. Virðist ganga mun erfiðar að koma þessum málum í gegnum hina 10 manna ríkisstj. heldur en það gengur að koma þessum sömu málum í gegnum þrjár umferðir í hvorri deild Alþingis, þar sem sitja þó 60 þm. Hin 10 manna ríkisstj. vinnur því mun hægar að sínum málum en þó þessi stofnun sem sex sinnum fleiri menn skipa.

Meginatriðið í þeim breytingum, sem hafa orðið og eru að verða fyrir tilstuðlan hæstv. fjmrh., er að tollar á nokkrum tegundum heimilistækja hafa verið lækkaðir um 22 millj. kr. samtals. Þetta var gert fyrir 5. febr., eins og ég sagði áðan, og varð að hafa náðst fyrir 5. febr. til þess að þessi aðgerð gæti skilað þeim eftirsótta árangri að lækka nokkuð þær verðlagsbætur, sem launþegar áttu að fá 1. mars til þess að bæta upp verðhækkanir í nóvember og desember á fyrra ári og í janúar á þessu ári.

Nú er þessi dagsetning liðin og aðgerðir hæstv. ríkisstj. í tollamálum munu ekki koma fram í vísitölu fyrr en 1. maí n. k. Þegar svo er komið grípur hæstv. ríkisstj. til þess ráðs að hækka tolla um meira en tvöfalda þá upphæð sem hæstv. ríkisstj. lækkaði tolla á fyrir 5. febr. s. l. Nú er verið að hækka tolla um 54 millj. með álagningu hins svokallaða tollafgreiðslugjalds, en tollalækkunin á nokkrum tegundum rafknúinna heimilistækja nam um það bil 22 millj. kr. 5. febr. s. l. eða innan við helmingi af þeirri upphæð sem verið er að hækka tollana um núna. Vegna þess, hvenær þessar dagsetningar eru valdar, önnur aðgerðin er framkvæmd fyrir 5. febr. og hin ekki fyrr en eftir 5. febr., verður árangurinn sá, að þegar að því kemur að greiða fólki laun í landinu 1. mars n. k. mun sú launahækkun, sem fólk á að fá vegna verðhækkana sem þegar hafa orðið, verða 0.2—0.3% minni en ella. Og fólk getur ekki átt von á því að fá bætur fyrir þær tollahækkanir, sem hér eru ráðgerðar, fyrr en í fyrsta lagi 1. júní n. k. M. ö. o.: vegna þess hvernig dagsetningarnar eru valdar verður fólk nú þegar að taka á sig launalækkun vegna 22 millj. kr. lækkunar á tollum heimilistækja, en mun í fyrsta lagi 1. júní n. k. geta átt von á einhverri launahækkun til að bera uppi almennar verðlagshækkanir sökum 54 millj. kr. tollahækkunar sem nú á að eiga sér stað.

Þá er einnig þess að geta, að menn þurfa að skoða áhrif þessara tveggja breytinga á vísitöluna, sem á að mæla launþegum í landinu launahækkanir til þess að bæta fólki upp verðhækkanir sem orðið hafa. Nú skyldu menn ætla að það ætti ekki að skipta miklu máli hvaða heiti tollaaðgerðunum væri gefið. Ef tollur væri lækkaður um 22 millj. kr. og hækkaður aftur um sömu upphæð, þá ættu launþegar að standa nokkuð jafnréttir eftir, þá hefðu engar breytingar verið gerðar sem hefðu áhrif á afkomu

þeirra. En það er ekki aðeins að hæstv. ríkisstj. hafi valið dagsetningarnar þannig, að tollalækkunin verkar tafarlaust til kauplækkunar, en tollahækkunin mun engin áhrif hafa á kaupgjald í landinu fyrr en 1. júní n. k., — það eru ekki aðeins dagsetningarnar sem hafa verið þannig valdar, heldur hafa vörurnar, sem annars vegar tollalækkunin og hins vegar tollahækkunin eru lagðar á, verið þannig valdar að tollalækkun upp á 22 millj. kr. og tollahækkun upp á 54 millj. kr. standast ekki á. Vísitalan mælir að fólk hafi fengið meiri kjarabætur af 22 millj. kr. tollalækkun en nema á væntanlegri kjararýrnun sem fólk á að verða fyrir vegna 54 millj. kr. tollahækkunar. Það þarf að leggja ofan á þessa 54 millj. kr. tollahækkun einnig áhrif sérstaks tímabundins innflutningsgjalds á sælgæti og kex, sem nemur um 8 millj. kr., til þess að vísitöluáhrifin af þessum aðgerðum standist á. M. ö. o.: aðgerðirnar eru valdar þannig saman, að tollalækkunin um 22 millj. kr. skilar kauplækkun upp á rúmlega 0.2% og samanlögð tollahækkun upp á 54 millj. kr. og áhrif af sérstöku gjaldi á sælgæti og kex upp á 8 millj. kr., eða skattahækkun upp á 62 millj. kr., skila sama árangri í vísitölumálum. M. ö. o.: Þetta er valið þannig saman að ríkissjóður geti með hækkaðri skattheimtu sótt sér 40 millj. kr. nýjar tekjur án þess að það komi nokkurs staðar fram í mælingu hinnar opinberu vísitölu á lífskjörin í landinu. Það er sem sé leikinn sá leikurinn í fyrsta lagi að velja dagsetningar aðgerðanna þannig, að þó að ekki líði nema um það bil 20 dagar á milli tollalækkunar og tollahækkunar merki tollalækkunin tafarlausa kauplækkun, en tollahækkunin mun ekki koma fram í verðlagsmælingum og til hækkunar á kaupgjaldi fyrr en eftir næstum 4 mánuði. Þetta er annar þáttur aðgerðanna.

Hinn þáttur aðgerðanna er að velja vörutegundir, sem tollarnir eru lækkaðir á annars vegar og hækkaðir á hins vegar, þannig að skattalækkun, sem nemur 22 millj. kr., og skattahækkun, sem nemur 62 millj. kr., eyðast út í vísitölumælingum á lífskjör í landinu. Það er m. ö. o. látið líta svo út að fólk standi jafnrétt eftir þegar búið er að hækka tolla og skatta á því um 62 millj. kr. og það stendur þegar búið er að hækka tolla og skatta á því um 62 millj. kr og það stemdur þegar búið er að lækka sambærilega skatta um 22 millj. Það er verið að búa til tekjur fyrir ríkissjóð upp á 4 milljarða gkr. án þess að vísitölumælingarnar segi að þær tekjur séu frá nokkrum teknar. Með þessum hætti hefur hæstv. ráðh. búið til nokkurs konar eilífðarvél sem hingað til hefur ekki verið hægt að finna upp. Hæstv. ráðh. hefur búið til slíka eilífðarvél með þessum aðgerðum sínum að hann getur leikið sér að því að búa til nýjar tekjur fyrir ríkissjóð, sem að sjálfsögðu koma frá borgurum þessa lands í formi hærri skatta, án þess að opinberar mælingar á lífskjörum mæli að um hafi orðið að ræða nokkra minnstu lífskjaraskerðingu hjá því fólki sem hina hækkuðu skatta borgar.

Þetta, herra forseti, kallar Alþb. auk þess að skipta á sléttu, vegna þess að vísitölugrundvöllurinn er orðinn svo rangur að það er hægt að leika þann ljóta leik að hækka skatta á almenningi um 62 millj. kr., lækka skatta um 22 millj. á sama fólki og vísitalan mælir enga breytingu. Þá segir Alþb. við verkalýðshreyfinguna: „Nú höfum við skipt á sléttu.“ „Við höfum ekkert gert,“ segir Alþb., „ til að rýra kjör eða kaupmátt launa. Við höfum tekið svolítið af ykkur með einum hættinum, en við höfum bara borgað ykkur það til baka með öðrum hætti. Og vísitölumælingin, sem á að segja til um hvort þið hafið orðið fyrir nokkurri kjaraskerðingu, reynist vera núll.“ Hún segir: „Við höfum skipt á sléttu. Þið hafið látið okkur fá 62 millj., við höfum látið ykkur fá 22 millj., og þið hafið ekki orðið fyrir neinni kjaraskerðingu.“

Svona, herra forseti, segir Alþb. að eigi að standa vörð um launakjörin í landinu. Verkalýðshreyfingin á að sjálfsögðu ekki að kvarta yfir því að hafa látið taka af sér 62 millj., en fá ekki nema 22 millj. á móti, vegna þess að þetta er að skipta á sléttu. Svona skipta menn á sléttu. Svona stjórna menn íslenskum efnahagsmálum án þess að nokkur finni fyrir því. Svon auka menn tekjur íslenska ríkisins án þess að nokkur finnist sem þarf að borga, vegna þess að mælingin segir okkur að það hafi enginn greitt þessar auknu tekjur sem verið er að fá inn í ríkissjóð. Þessir 4 milljarðar gkr., sem þannig eru fengnir, eru búnir til úr engu. Þetta er annar þáttur þeirra aðgerða sem hér eru á ferðinni.

Auðvitað hefði hæstv. ríkisstj. getað tekið þessa auknu skattheimtu með einhverjum öðrum aðgerðum en hún leggur til með þessu tollafgreiðslugjaldi. Mér er nær að halda að sérfræðilegir ráðunautar hæstv. fjmrh. í fjmrn. hafi einfaldlega ráðlagt þá leið, fyrst hann þurfti á frekari tekjum að halda, að nota einhverja af þeim gömlu tekjustofnum sem hann hefur yfir að ráða, að hækka t. d. vörugjald, söluskatt eða beinu skattana. En hæstv. ráðh. vildi það að sjálfsögðu ekki. Hann vildi finna eitthvert nýtt gjald, einhvern nýjan „skítaskatt“, ef nefna mætti það orð í þessum virðulegu salarkynnum, einhverja nýja aðferð til skattlagningar sem gæti tryggt honum að hann gæti sagt við flokksbróður sinn, Ásmund Stefánsson, að hér væri um að ræða slétt skipti á 22 og 62 millj. kr. Og það fann hæstv. hæstv. fjmrh. með því að búa til nýjan skatt á innfluttar vörur sem kallast tollafgreiðslugjald.

Þessi nýi skattur á innfluttar vörur, þetta tollafgreiðslugjald hæstv. ráðh., svífur svo í lausu lofti að hvorki hann sjálfur né starfsmenn hans í fjmrn. geta nokkuð um það fullyrt, hvernig þessu gjaldi verður beitt í raun. Hæstv. fjmrh. fær það sem fjármálaráðherrar yfirleitt hafa ekki fengið. Hann fær hjá Alþingi heimild til að leggja þennan skatt á og fella hann niður að eigin geðþótta með reglugerð. M. ö. o.: það er mjög vafasamt að þetta ákvæði, þetta valdaafsal Alþingis samrýmist þeim ákvæðum íslenskrar stjórnarskrár, að skatta megi aðeins leggja á og afnema með lögum. Fjmrn.-menn með hæstv. fjmrh. í fararbroddi vita svo lítið um það, hvernig þeir ætla að beita þessu gjaldi, að þeir biðja Alþingi um að heimila ráðh. að fá sjálfdæmi um það, hvernig þetta verður lagt á og hvernig það verður fellt niður.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. alþm. á því, að það er ekki aðeins að það séu blessunarlega ýmsar vörur sem fluttar eru til landsins án þess að greiddur sé af þeim tollur, þ. á m. ýmsar vörur sem eru fyrir sérstaka hópa í okkar samfélagi sem Alþingi hefur viljað liðsinna, með þeim hætti að fella niður tolla af vörum til þeirra, heldur afgreiðir Alþingi sjálft jafnan í hverjum fjárlögum heimildir til ríkisstj. til að fella niður m. a. aðflutningsgjöld af ýmsum vélum og tækjum til sérþarfa, sérstaklega þó til alls konar neyðarþjónustu í landinu, af tækjum eins og sjúkrabifreiðum, snjóbílum, snjótroðurum og öðrum slíkum hjálpartækjum. Eins og frá tollafgreiðslugjaldinu er gengið í I. kafla þessa frv. er Alþingi að veita fjmrh. heimild til þess að leggja þennan toll — því þetta er tollur þó það heiti tollafgreiðslugjald — m. a. á vörur sem

Alþingi hefur sjálft gefið ráðh. fyrirmæli um að fella niður öll aðflutningsgjöld af. Alþingi er með þessari afgreiðslu að selja hæstv. fjmrh. sjálfdæmi í þessu máli. Honum er heimilað að leggja þennan toll á vörur sem Alþingi sjálft hefur gefið honum fyrirmæli um að fella aðflutningsgjöld af. Ég vil af þessu tilefni sérstaklega spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann hyggist haga framkvæmdinni varðandi þessa málaflokka sérstaklega. En hæstv. fjmrh. er ekki í salnum. Ég held að hann sé í landinu enn þá. Ég vil þess vegna biðja hæstv. forseta að gera tilraun til þess að fá hæstv. fjmrh. til þingsins. (**Forseti:** Já, svipist um eftir fjmrh. fyrir mig.)

Herra forseti. Ég kem þá með fsp. sem ég ætlaði að beina til hæstv. fjmrh. Í I. kafla þessa frv. er gert, eins og ég sagði áðan, ráð fyrir að hæstv. fjmrh. geti með reglugerð ákveðið ýmist að innheimta umrætt tollafgreiðslugjald eða fella það af ákveðnum vörum og vöruflokkum. Nú eru fjölmargar vörur sem ekki ber að greiða tolla eða önnur aðflutningsgjöld af, en samkvæmt þeirri afgreiðslu, sem hér á að hafa, er Alþingi að selja hæstv. fjmrh. sjálfdæmi í því máli, hvort hann hyggst leggja á og innheimta þetta sérstaka tollgjald af þeim vörum sem annars eru tollfrjálsar. En látum það nú vera. Það er kannske ekki ástæða til þess að gera það sérstaklega að umræðuefni. Það, sem ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. um, er einfaldlega hvort hann geti eitthvað um það sagt og vilji eitthvað um það segja, hvernig hann muni beita þeirri reglugerðarheimild sem hann fær gagnvart þeim vörum sem Alþingi leggur fyrir hæstv. ráðh. að fella niður aðflutningsgjöld af í 3. gr. fjárlaga sem afgreidd eru hér á hverju ári. Þar eru taldir upp, eins og hæstv. fjmrh. veit, fjöldamargir vöruflokkar og einstök tæki, aðallega í sambandi við hvers konar hjálpar- og neyðarþjónustu í landinu, hvers konar vélar og tæki sem lagt er raunverulega fyrir fjmrh. að fella niður aðflutningsgjöld af. Það má skilja það svo, eins og hann leggur til að tollafgreiðslugjaldið sé ákveðið, að hann fái heimild þrátt fyrir það til þess að leggja á og innheimta tollafgreiðslugjald af þeim vörum. Ég vildi gjarnan fá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um að það standi ekki til að innheimta þetta tollafgreiðslugjald af þeim vörum sem Alþingi hefur lagt fyrir hæstv. ráðh. að fella aðflutningsgjöld af við afgreiðslu fjárlaga.

Herra forseti. Talsmaður meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur að öðru leyti gert grein fyrir afstöðu okkar í meiri hl. þeirrar nefndar til einstakra greina frv. Í viðbót við það, sem hann sagði, vil ég aðeins leyfa mér að benda á annað meginatriði í þessum ráðstöfunum ríkisstj. Ég hef þegar rætt um fyrra meginatriðið í ráðstöfunum hennar, sem lýtur að því að velja tímann til annars vegar tollalækkana og hins vegar tollahækkana, og hins vegar vöruflokkana sem ráðstöfununum er beint að þannig að áhrifin til tjóns fyrir launafólk í landinu verði sem mest. Það er annar tilgangurinn með þessum ráðstöfunum, að tjónið, sem launþegar verða fyrir af þeirra völdum, verði sem allra mest, að ráðstafanirnar hafi sem mest áhrif til að lækka kaupgjald í landinu. Það er annar þáttur ráðstafananna.

Hinn meginþáttur ráðstafananna er sá, að í þeim samvirku aðgerðum skattahækkana og skattalækkana, sem verið er að gera, eru skattstofnar valdir þannig að skattarnir eru hækkaðir á fólkinu sjálfu með hækkun á aðflutningsgjöldum og með því að taka upp sérstakt tollafgreiðslugjald sem leggst á venjulegar neysluvörur allra íslenskra launþega. Það ráðrúm, sem þannig fæst, er síðan notað til að lækka að nokkru skatta á atvinnufyrirtækjum. Þetta er hinn meginþáttur ráðstafana hæstv. ríkisstj., að haga sínum afskiptum af skattamálum þannig að hækka að mínu viti allverulega skatta á venjulegu launafólki í landinu til þess m. a. að geta nokkuð lækkað skattlagningu á atvinnurekstri. Ég verð að segja eins og er, að allnokkur er nú orðin endurhæfingin á Alþb. í hæstv. ríkisstj., að fjmrh. þess skuli haga aðgerðum sínum þannig í skattamálum annars vegar, að það verði til eins mikils tjóns fyrir launafólk og framast er kostur, og hins vegar, að skattalækkanirnar skuli verða á atvinnurekstrarsköttunum en skattahækkanirnar á skattheimtunni hjá láglaunafólkinu.

Þáttur framsóknarþingmannsins hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar er svo kapítuli alveg út af fyrir sig. Það er svo mikill framsóknarsvipur af hans afskiptum af þessu máli, að það ætti, herra forseti, að gefa þingflokki Framsfl. bæði ræðu hans og tillögu í málinu sem sérstakt innrammað þskj., helst áritað af þingflokknum öllum. Ég hef áður vakið athygli á því, að hv. þm. er einn af þeim þm. Framsfl. sem leikur jafnan þann leik þegar til umr. eru efnahagsaðgerðir ríkisstj. hér á Alþingi og ljóst er að ekki stendur til að samþykkja neinar till. frá Framsfl. um slíkar aðgerðir, m. a. vegna þess að þm. flokksins hafa aldrei einurð í sér til þess að standa við till. sínar eða fylgja þeim eftir. Þá skunda þeir af og til, nokkrir þingmenn þessa flokks, ávallt sömu mennirnir, annaðhvort upp í ræðustóla hér á þinginu, í kjallaragreinar í Dagblaðinu eða í forsíðuviðtöl í Tímanum og koma með alls konar yfirlýsingar og gervitillögur um hvað þeir mundu hafa viljað gera ef þeir hefðu fengið að ráða og ef einhver hefði tekið mark á þeim.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson flutti eina slíka till. við 1. umr. þessa máls, þar sem hann lagði til — það var ekki lengra seilst hjá hv. þm. en það — að ríkisstj. stæði við þá yfirlýsingu sem hún gaf í tengslum við boðaðar efnahagsaðgerðir um það leyti sem þing kom saman, þ. e. að launaskatti yrði létt af iðnaði. Hv. þm. leyfði sér ekki meira, þegar ljóst var að ríkisstj. hafði ekki í hyggju að standa við þessa yfirlýsingu sína, en að leggja til hér á hinu háa Alþingi að þetta yrði gert, og hafði í því sambandi sérstaklega í huga iðnaðarstarfsemi í byggingariðnaði og verktakaiðnaði, sem er mjög mikið stunduð í hans eigin kjördæmi. Hafði hv. þm. að sjálfsögðu mikinn áhuga á að geta stuðlað að framgangi þeirrar starfsemi sem hann ber mjög fyrir brjósti. Það vantaði ekki að formælendur þessa iðnaðar voru mjög hrifnir af þessu framtaki þingmannsins. M. a. birtist í Morgunblaðinu í morgun opið bréf til alþingismanna þar sem þeir eru sérstaklega beðnir að styðja þessa brtt. þm. og sérstaklega vakin athygli á því í þessu opna bréfi, hvaða misrétti væri verið að bjóða iðnaðinum upp á ef till. þm. yrði ekki samþykkt og ef til stæði að halda byggingariðnaði og verktakastarfsemi fyrir utan þá leiðréttingu sem hér væri verið að gera fyrir iðnaðinn.

Ég átti þess kost ásamt nokkrum fleiri þm. Alþfl. að sitja hádegisverðarfund með stjórn Landssambands iðnaðarmanna í dag, þar sem menn óskuðu mjög eindregið eftir að við hjálpuðum hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni að fá þessa till. sína fram. En auðvitað þurftu þessir menn ekki að láta sér til hugar koma að þessi till. hv. þm. væri í alvöru lögð hér fram. Hún var bara lögð hér fram til að sýnast. Það er búið að gera þá breytingu

frá upphaflega frv. um launaskattinn, að til viðbótar við þær iðngreinar, sem þar voru taldar upp og lækkun launaskattsins átti að ná til, hefur verið bætt örfáum öðrum, þ. á m. að mér skildist mjólkuriðnaði og kjötvinnslu. En þau fyrirtæki og sá iðnrekstur, sem sérstaklega er rætt um í opnu bréfi stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og einkum vöktu fyrir hv. þm. með flutningi till. sinnar, þau eru hvergi nefnd.

Menn voru, bæði í gamni og alvöru, að geta sér til um hvað hv. þm. hygðist gera miðað við fyrri afskipti hans í svipuðum dúr af sambærilegu máli. Þeir, sem gerst þóttust þekkja til, töldu að hv. þm. hefði í hyggju að greiða till. sinni atkv., en sitja síðan hjá að henni fallinni. Ég held að jafnvel þeir, sem þekkja málflutning hv. best, hafi ekki látið sér detta í hug það sem ætlar nú að verða reyndin á, að hv. þm. geri sér bara lítið fyrir og dragi till. sína til baka þannig að hún fái aldrei að ganga til atkv. og það fái aldrei að reyna á það, hvort stuðningur sé hér á Alþingi við málflutning hv. þm. Þetta er auðvitað hámark tvöfeldninnar og dæmigert fyrir störf og stefnu Framsfl. á síðustu tveimur árum.

Þetta er það sem lætur þessum flokki orðið best, að hegða sér svona, leggja fram till. eins og þá sem hv. þm. lagði hér fram, fá áskoranir utan úr bæ til alþm. um að standa við bakið á hv. þm. og reyna að hjálpa honum til að ná till. í gegn, sem síðan þegar á á að herða og till. á að koma til atkvæða dregur flm. hana bara til baka. Hann er búinn að ná tilgangi sínum. Hann er búinn að sýna fram á hvað hann mundi hafa gert ef einhver í stjórnarliðinu hefði tekið mark á honum.

Ég veit ekki, herra forseti, hvað hægt er að draga fólk lengi á asnaeyrunum með svona málflutningi. En ég held að þessi málflutningur verði hv. þm. ekki til mikils álitsauka hér á Alþingi, og þá ekkert frekar hjá flokksbræðrum hans en andstæðingum hans. Ég held að flokksbræður hans séu manna minnst hrifnir af svona framkvæmd, séu manna ólíklegastir til þess að styðja að því, að svona málflutningur skili viðkomandi einstaklingi einhverjum árangri, enda býst ég við að það hafi verið fyrir samtakamátt flokksbræðra hans sem hv. þm. hefur fengist til að draga umræddа till. til baka.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Það frv., sem hér liggur fyrir, er liður í ráðstöfunum ríkisstj. í efnahagsmálum sem boðaðar voru í skýrslu hennar 28. janúar. Að mínum dómi eru þessar ráðstafanir allar lítið bitastæðar og duga lítt í baráttunni gegn verðbólgunni, þótt segja megi að þær hafi aðeins áhrif til lækkunar verðbólgustigs og geti því talist spor í rétta átt, en tæplega meira. Til að ná þeim nýjustu markmiðum, sem ríkisstj. hefur sett sér í verðbólgumálum, að verðbólga verði um 35% á þessu ári og hraði hennar í lok ársins 30%, þurfa til að koma nýjar aðgerðir í sumar.

Um þá endurskoðun á vísitölugrundvellinum, sem nú er hafinn, er gott eitt að segja, en ef ná á samkomulagi um hann við hvern einasta þrýstihóp í þjóðfélaginu er hætt við að útþynningin verði mikil. Það verður ekki ráðið við verðbólguna að neinu marki hér á landi fremur en annars staðar nema keðjuverkandi sjálfvirkni vísitölukerfisins verði afnumin, a. m. k. að verulegu leyti, og menn sætti sig við minni hækkanir í krónutölu í dag til að geta greitt með verðminni krónum á morgun. Það er svo stjórnvalda hverju sinni að verja kaupmátt láglauna með sérstökum aðgerðum, t. d. í skatta- og tryggingamálum. Sífelldar reikningskúnstir fjölmargra hagspekinga og heilla stofnana og allskyns millifærslur í þeim eina tilgangi á reikningslegan hátt að greiða lægra kaup en framfærslumælir vísitölunnar sýnir segja okkur blátt áfram að þetta kerfi hefur gengið sér til húðar þótt það hafi gert sitt gagn í fyrstu. Þetta vísitölukerfi virðist fremur sniðið fyrir þjóðfélag þar sem verðbólga er á lágu stigi, en fyrir þá miklu verðbólgu sem ríkt hefur hér á landi frá vinstristjórnarárunum 1971—1974.

Þegar ríkisstj., sem nú situr, var mynduð í febrúar 1980 gaf ég henni fyrirheit um stuðning til góðra mála. Eitt stærsta verkefni hennar var að færa niður verðbólguna í áföngum. Fyrsta árið miðaði lítið, en verðbólgan hélst þó nokkurn veginn í skefjum. Efnahagsaðgerðirnar í fyrra báru árangur, en slakað var á er líða tók á árið. Því er vandinn meiri nú en ella hefði orðið og sérstaklega er svigrúmið til aðgerða greinilega minna en áður.

Þá vil ég láta koma fram við þessa umr., að fremur er ógeðfellt að standa í niðurskurði á nýsamþykktum fjárlögum, sérstaklega framkvæmdaliðum, eins og t. d. vegamálum, og hef ég allan fyrirvara um það. En niðurskurður rekstrarliða er í mörgum tilvikum sjálfsagður. Það er bara að hann standist í raun. Lækkun launaskatts um 1% fyrir fiskverkun og útflutnings- og samkeppnisiðnað svo og lækkun stimpilgjalds af afurðalánum er spor í rétta átt til að létta á allt of miklum álögum á atvinnuvegina. En gjaldið fyrir það, 1% tollafgreiðslugjald, er hreinlega tollahækkun, svo ljóminn af þessu dofnar svo ekki sé meira sagt. Ég mun styðja brtt. sem ganga lengra í þá átt að létta launaskatti af atvinnuvegunum og bornar hafa verið fram við þessa umr.

Þó að þetta efnahagsfrv. dugi skammt nema sem liður í áframhaldandi aðgerðum í sumar mun ég ekki hindra framgang þess. En það geri ég í trausti þess, að staðið verði við það fyrirheit um áframhaldandi lækkun verðbólgunnar síðari hluta árs sem ríkisstj. hefur sett sér.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Þær brtt., sem minni hl. fjh.- og viðskn. hefur lagt hér fram, eru mjög til bóta.

Í umræðum um þetta frv. við 1. umr. gerði ég sérstaklega athugasemdir við tvö atriði. Annars vegar gerði ég athugasemdir við þau viðurlög sem frv. gerði ráð fyrir að lögð yrðu á ef ekki væri staðið í skilum með launaskatt. Ég lýsti því þá yfir, að ég mundi með engu móti geta stutt 5. gr. frv. eins og hún lægi fyrir, þar sem bæði væri um að ræða 25% viðurlög og auk þess dráttarvexti eða refsivexti. Í brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. er gert ráð fyrir að viðurlög falli niður, en dráttarvextir verði greiddir — refsivextir, ef ekki er staðið í skilum með launaskatt. Þar er fyllilega komið til móts við þá kröfu sem ég setti fram í umræðum um þetta mál við 1. umr., að annaðhvort ákvæðið gilti, en ekki bæði. Ég lýsi þess vegna ánægju minni yfir að þetta hefur fengist fram.

Í öðru lagi gerði ég athugasemd við það, að í þessu frv. væri eingöngu um að ræða lækkun á launaskatti um 1% á fiskverkun og iðnaði, þ. e. útflutnings- og samkeppnisiðnaði, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Ég flutti þess vegna brtt. þess efnis, að launaskattslækkunin næði til fiskverkunar og iðnaðar í sama mæli sem skýrsla ríkisstj. hafði gert ráð fyrir. Nú hefur minni hl. fjh.- og viðskn. lagt fram þá brtt. að lækkun á launaskatti um 1% nái til alls iðnaðar. Hvað eiga menn þá við með iðnaði?

Hvernig á að skilgreina orðið iðnaður? Jú, það er lagt til að lækkun á launaskatti nái til alls iðnaðar samkvæmt atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, opinberrar stofnunar sem hefur tekið að sér að skipta atvinnuvegunum eftir starfsheitum, en Hagstofa Íslands notast þar við alþjóðlega flokkun á starfsheitum og skilgreinir iðnað samkv. International Standard for Industrial Classification, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa komið sér saman um að nota. Það hefur orðið samkomulag um það, og hér liggja fyrir till. minni hl. fjh.- og viðskn. um að fella niður launaskatt um 1% af öllum iðnaði samkv. þeirri skilgreiningu sem Hagstofan hefur á iðnaði, samkv. þeirri alþjóðlegu skilgreiningu sem notuð er um iðnað, samkv. þeirri skilgreiningu sem almennt er notuð í öllum milliríkjaviðskiptum á orðinu iðnaður og notuð er og skilgreind í öllum milliríkjatollasamningum um iðnað.

Ég heyri á ræðum sumra manna, sem hér hafa talað á undan, að þeir eru ekki sammála um hvernig skilgreina eigi orðið iðnað. Ég get að ýmsu leyti tekið undir að það þyrftum við kannske að skoða betur. En í brtt. minni lagði ég fyrst og fremst til að þessi lækkun á launaskatti næði til alls iðnaðar. Nú hefur verið gengið fyllilega til móts við þá brtt. mína og þá kröfu mína, að launaskattslækkunin nái til alls iðnaðar, og hún er skilgreind þannig, að um sé að ræða alla þá starfsemi, sem Hagstofa Islands, telur iðnað, alla þá starfsemi, sem alþjóðlegar samþykktir og staðlar telja iðnað, og alla þá starfsemi sem skilgreind er sem iðnaður samkv. alþjóðlegum viðskiptasamningum.

Meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur lagt hér fram brtt. þess efnis, að launaskattur verði lækkaður í 2.5% af öllum greiddum vinnulaunum. Í upphaflegum umr. um þessi mál ræddu menn þann möguleika mikið. Þegar ljóst var að eftir að fjárlög höfðu verið ákveðin var ekki unnt að ná samstöðu um svo mikinn niðurskurð á ríkisframkvæmdum og ríkisútgjöldum að unnt væri að fella launaskatt niður um 1% af öllum launatekjum, þá var það tillaga mín að launaskattur yrði lækkaður um 1% af fiskvinnslu og iðnaði. Ég stend því fyllilega að því og ég mótmæli þeim sem telja að hér sé eitthvert vandræðakerfi komið á. Ég tel að skref sé stigið í rétta átt með lækkun launaskatts um 1% fyrst og fremst af þessum greinum sem eiga í verulegri samkeppni við innflutning. Ég hygg að menn verði að skilja að ekki er unnt að stíga þetta skref allt í einum áfanga. Ég geri mér hins vegar vonir um að þetta sé aðeins fyrsta skref og unnt verði að ná samstöðu um að lækka launaskatt af fiskvinnslu og iðnaði enn frekar á starfstíma þessarar ríkisstj.

Ég sé í nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. að þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði sú till. ekki samþykkt," — þ. e. till. um að lækka launaskatt í 2.5% alfarið af öllum launatekjum — „er varatill. okkar að launaskattur lækki á fiskverkun og hvers konar iðnaði úr 3.5% í 2.5%, þ. e. till. Guðmundar G. Þórarinssonar á þskj. 356 verði samþykkt. Dragi þm. till. til baka við 2. umr. munum við taka hana upp og flytja og er þá miðað við að launaskattur verði 2.5% hjá öllum iðnaði, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, svo og kjöt- og mjólkuriðnaði."

Ég skil það svo, að það sé búið að koma til móts við þetta mál. Með þessari till. minni hl. er verið að lækka launaskatt um 1% af öllum iðnaði sem greiðir gjald í Iðnlánasjóð, vegna þess að þeir aðrir, sem greiða gjald í Iðnlánasjóð og ekki falla undir þessa till., flokkast ekki sem iðnaður samkv. þeirri almennu og alþjóðlegu skilgreiningu sem uppi er á iðnaði. Það eru alveg hreinar línur. Í till. minni óskaði ég eftir að launaskattur yrði lækkaður um 1% af öllum iðnaði og fiskverkun. Þessu markmiði hefur verið náð fyllilega með till. minni hl. fjh.- og viðskn. þar sem nú er lækkaður launaskattur um 1% af allri starfsemi í landinu sem telst iðnaður samkv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands, samkv. alþjóðlegu mati á hvað iðnaður sé, samkv. þeirri skilgreiningu um iðnað sem gildir í öllum milliríkjasamningum og tollasamningum varðandi þessi mál. Þess vegna hefur með nál. minni hl. verið gengið fyllilega og algjörlega að kröfum mínum um lækkun launaskatts. Það hefur algjörlega verið gengið að því markmiði sem ætlað var að ná fram með brtt. minni um lækkun launaskatts á hvers konar iðnaði eins og sú starfsemi er skilgreind. Þess vegna dreg ég till. mína til baka og tel að fullum sigri hafi verið náð í þessu máli og þessum áfanga. Allar raddir um annað eru ekkert annað en hræsni, vegna þess að skilgreining á orðinu iðnaður liggur alveg ljós fyrir.

Hitt er annað mál, og því lýsi ég yfir hér og endurtek enn, að auðvitað geri ég mér vonir um að síðar á starfstíma þessarar ríkisstj. náist samkomulag um að stíga þessi skref enn þá lengra fram á við til hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 12. þm. Reykv. hefur kallað aftur brtt. sem hann átti á þskj. 356. Með vísun til nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. og orða frsm. nefndarinnar, hv. 1. þm. Reykn., er þessi till. tekin upp aftur og liggur því fyrir áfram til umr. og afgreiðslu.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er einn af þeim mörgu sem dáðust að sjálfstæðiskennd virðulegs 12. þm. Reykv. áður en hann dró till. sína til baka, og ég harma það veika yfirklór sem hann reyndi að viðhafa hér. Það er augljóst að hv. þm. er að verða laginn stjórnmálamaður. Hann getur kannske náð út til fólksins og talið því trú um að hér hafi allt verið klappað og klárt og allt fengist fram með brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. En að sjálfsögðu blekkir hann ekki þm. með tali sínu. Ég býst við að frsm. okkar í meiri hl. fjh.- og viðskn. eigi létt með að svara honum hér á eftir og geri því ekki frekari tilraun til þess. En ég harma að svona skuli fara fyrir svo góðum dreng sem hv. 12. þm. Reykv. er í raun og veru.

Ástæðan fyrir því að ég kem upp í ræðustólinn, virðulegi forseti, er smáhugleiðing sem hefur verið að velkjast í huga mínum undir umr. og er um hvernig vegferð mála sé farið þegar vara kemur til landsins. Menn geta fylgt eftir í huganum vörusendingu sem kemur til landsins. Hver er þá vegferð mála? Hún er sú, ef ég má fyrst vitna í frv.: Það er gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald það, sem ráðgert er að innheimta í tolli samkv. þessu frv. til laga um breytta tekjuöflun ríkisins vegna ráðstafana í efnahagsmálum á þskj. 337, verði 1% af tollverði vöru og verði það innheimt við greiðslu aðflutningsgjalda í tolli. Þá er meðferðin sú, að varan hefur að sjálfsögðu komið til landsins og breyst frá því að vera fob.-vara í cif.-vöru. Við verðmyndunina í tolli eru að sjálfsögðu taldir með allir þeir kostnaðarliðir, sem þar eiga sér stað, og eru færðir á sérstök eyðublöð, síðan er kostnaðarverð vörunnar reiknað út og þá eru öll gjöld í tolli komin til skila. Þegar þessi verðmyndun hefur átt sér stað frá fob. til cif. til kostnaðarverðs, með öllum gjöldum í tolli, þar með

talið afgreiðslugjald, þá kemur til álagningar. Þá er reiknuð út álagning. Lokaþáttur verðmyndunar hjá innflytjanda er söluskattur. Þegar hann er kominn er allt lagt saman og þá er komin niðurstaða. Þetta er niðurstaða um verðið í heildsölu, skulum við segja, og síðan er verðinu dreift á einingar vörunnar sem er í hverri sendingu.

Ef menn skilja þessa málsmeðferð stendur það eftir í mínum huga, að þetta 1% gjald hefur tekið með sér önnur gjöld ríkisins í útreikningunum ég nefndi eitt: söluskatt — og því vil ég leyfa mér að leggja fram spurningu. — Nú, það er ekki hægt að leggja hana fyrir neinn. Það er hvorki fjmrh. né heldur formaður fjh.- og viðskn. viðstaddur. — Alla vega er spurningin sú: Hver er þá hin raunverulega upphæð sem ríkissjóður fær vegna þessa 1% sem lagt er á sem tollafgreiðslugjald upphaflega? Hæstv. fjmrh. er genginn í salinn. Það var ekki að minni ósk, en ég ætla að endurtaka spurninguna og rifja upp fyrir hæstv. ráðh.: Ég hef þrætt hér vegferð innflutningsskjala allt frá því að vara breytist frá fob. í cif. í kostnaðarverð vöru, síðan bætt á álagningu innflytjandans, sem endar svo með síðasta lið á innflutningsskýrslu eða á skýrslu til verðlagsstjóra. — Það eru fleiri en eitt þing í gangi. (**Forseti:** Ráðherrafundur er ekki leyfður hér í deildinni.) Ég vona að ég þurfi ekki að endurtaka það sem ég var búinn að segja, en síðasti liðurinn — ég er búinn að segja það nokkrum sinnum — í verðmyndun innfluttrar vöru er söluskatturinn. Það er síðasti liðurinn í að mynda hið eiginlega verð til neytendanna. Í þessu tilfelli eru söluskattur og önnur gjöld, sem reiknast í tolli og er bætt við verðmyndun vörunnar, kominn á þetta 1%, og þá vil ég mega leggja þá spurningu fyrir hæstv. ráðh., hvort sem hann svarar henni nú eða seinna í umr. um þetta mál: Hvað hefur þetta 1% hlaðið á sig í ríkissjóðstekjum og hver er þá endanleg tekjuaukning ríkissjóðs vegna þessa gjalds? Ég vona að hæstv. ráðh. hafi heyrt spurninguna, og ég vona að hann geti svarað henni einhvern tíma í þessum umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Aðeins örstutt leiðrétting út af orðum hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar áðan.

Meðal þeirrar iðnaðarstarfsemi, sem ekki fellur undir þá breytingu sem gerð hefur verið á frv., er allur byggingariðnaðurinn og verktakastarfsemin. Áfram verður innheimtur hámarkslaunaskattur af þeim þætti iðnaðarins. Ekki er þar heldur að finna ljósmyndaiðnað og kvikmyndaiðnað og ekki heldur hárskurð og hárgreiðslu, og eru þetta aðeins nokkrar iðngreinar sem greiða iðnlánasjóðsgjald, en felldar eru út úr þeirri lækkun sem verið er að gera á launaskattsheimtu af iðnaði. Hins vegar eru teknar með þeirri breytingu, sem samþykkt hefur verið af hálfu minni hl. fjh.- og viðskn., iðngreinar sem ekki greiða iðnlánasjóðsgjald, svo sem mjólkuriðnaður og kjötiðnaður.

Ég held að það sé alveg ljóst hvað vakti fyrir hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni með þeim tillöguflutningi, að þessi lækkun skyldi ná til alls iðnaðar, þ. e. sú lækkun á launaskatti sem átti að framkvæma

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 47. fundur.

Miðvikudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 274, n. 371, 363). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til l. um flutningssamninga og ábyrgð vöruflutninga á landi. Frv. þetta var samið af nefnd sem skipuð var af samgrh. Áttu sæti í þeirri nefnd fulltrúar flytjenda og þeirra sem á flutningi þurfa að halda. Samgn. fékk þessa nefnd á sinn fund og fékk útskýringar nefndarmanna um málið. Enn fremur var frv. sent hagsmunaaðilum til umsagnar. Þær umsagnir, sem bárust, voru jákvæðar. Eitt atriði var bent á sem skiptar skoðanir eru um. Það er hámark það sem kveðið er á um í 19. gr., að ekki megi vera meira en 150 kr. fyrir hvert kg brúttó í vörusendingu. Þessi tala mun vera miðuð við það sem gerist í flugflutningum og er samkomulagsatriði milli aðila.

Við 24. gr. flytur nefndin brtt. á þskj. 363 þar sem lögð er áhersla á að vara verði ekki eyðilögð af ótta við hættu sem af henni stafar, nema því aðeins að ýtrasta nauðsyn krefji og reynt sé að gæta hagsmuna sendanda vörunnar eins og frekast er kostur. Leggur nefndin einróma til að frv. verði samþykkt með þessari brtt.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Lárus Jónsson og Guðmundur Karlsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 363 (ný 24. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164, n. 362). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur fjallað um frv. það sem hér um ræðir, 142. mál Nd., til breytingar á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Hefur nefndin orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts, en það felur í sér að tryggara verði en áður hefur verið að fullkominnar leyndar sé gætt í kosningum. Markmið frv. er sem sé að tryggja það enn frekar en verið hefur. Nefndin mælir einróma með samþykkt frv.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru þeir Eyjólfur Konráð Jónsson og Egill Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í tengslum við landgræðslu- og landverndaráætlun sem lögð hefur verið fyrir Alþingi og er nú til athugunar í þingnefnd. Nefnd sú, sem á síðasta ári fjallaði um gerð nýrrar landgræðsluáætlunar, lagði til að lögum um landgræðslu ríkisins, nr. 17/1965, yrði breytt eins og hér eru gerðar tillögur um. Í grg. með landgræðslutillögunni segir:

„Ein meginforsenda fyrir árangri í landgræðslu og gróðurvernd er að búfjárbeit verði innan þeirra marka sem beitarþol og ástand gróðurs leyfir."

Samkv. lögum um Landgræðslu ríkisins er gróðureftirlit eitt af verkefnum hennar og skal unnið gegn ofnýtingu gróðurs og hvers konar skemmdum á gróðurlendi. Fram að þessu hefur ekki verið unnt að sinna gróðureftirliti né beitarstjórnun sem skyldi á vegum Landgræðslunnar og ekki verið ráðinn sérstakur fulltrúi Landgræðslunnar til að sinna þessu verki eins og gert er ráð fyrir í lögum.

Í þessu frv. er gerð till. um þær breytingar á lögum um Landgræðslu ríkisins, að í fyrsta lagi verði gróðurverndarnefndir í öllum kaupstöðum með sama hætti og þær hafa verið og eru starfandi í öllum sýslum landsins, og í öðru lagi er ákvæði þess efnis, að unnt sé af hálfu landbrn. að grípa til skjótra verndaraðgerða þar sem ástand gróðurs er með þeim hætti að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins að slíkra tímabundinna ákvarðana sé þörf. Gert er ráð fyrir að slíkar aðgerðir séu tímabundnar og standi þar til fullnægjandi aðgerðir aðrar hafa tekið við eða ítala komin til framkvæmda. Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að við slíkar ákvarðanir sé haft náið samráð ekki einungis við gróðureftirlit Landgræðslu ríkisins, heldur einnig heimaaðila á þeim svæðum sem hlut eiga að máli hverju sinni. Rétt er að vekja á því athygli, að slíkra aðgerða getur verið þörf hvort sem er í byggð eða á afréttum.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um frv. þetta í löngu máli. Ég tel, að hér sé um þörf ákvæði og nauðsynleg að ræða, og vænti þess, að frv. fái afgreiðslu á því þingi sem nú situr.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 11 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 372). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um skattskyldu innlánsstofnana. Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt var gefin yfirlýsing um það hinn 28. jan. s. l. af hálfu ríkisstj., jafnhliða því sem gerð var grein fyrir ýmsum aðgerðum í efnahagsmálum, að lagður yrði sérstakur skattur á banka og sparisjóði. Skattur þessi mun gefa í tekjur um 40 millj. kr. nettó og er ein af þremur tekjuöflunarleiðum ríkissjóðs til að standa undir niðurfærslu verðlags sem svarar 6 vísitölustigum. Eins og kunnugt er, þá er meginþorri þess fjármagns, sem gengur til niðurfærslu verðlags, fenginn úr fjárlagadæminu, eða um 180—190 millj. kr. Einnig eru útgjöld ríkissjóðs lækkuð sem nemur um 120 millj. kr. Til viðbótar kemur svo þessi skattlagning á banka og aðrar innlánsstofnanir og er henni ætlað að gefa um 40 millj. kr.

Þetta frv. er þó allt annað og miklu meira en einföld tekjuöflunarleið fyrir ríkissjóð. Þetta frv. felur í sér eðlilega samræmingu í skattakerfinu. Hér er lagt til að fallið verði frá skattfrelsi sem gilt hefur fram að þessu um viðskiptabanka og sparisjóði og að þessar stofnanir verði skattskyldar samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Engin sérstök rök mæla með því, að allt aðrar reglur gildi um skattskyldu þessara stofnana en annarra, og mun starfsemi banka og sparisjóða víðast hvar skattskyld í nálægum löndum. Sá tekju- og eignarskattur, sem hér er gerð tillaga um, nær til tekna þess árs sem er að líða, ársins 1982, og til eigna í lok þess árs. Álagning samkv. þessu frv. fer fram á árinu 1983, ef það verður að lögum. Hins vegar er í bráðabirgðaákvæði gert ráð fyrir að á þessu ári verði innheimtur sérstakur skattur sem nemi 0.06% af heildarinnlánum þeirra innlánsstofnana sem frv. tekur til. Tekjur ríkissjóðs af skatti þessum, ef frv. verður samþykkt, af öllum ákvæðum þess, þ. á m. bráðabirgðaákvæðinu, eru 40 millj. eins og ég hef þegar tekið fram, en tekjur ríkissjóðs af þessum veltuskatti, sem lagður er á til bráðabirgða, er um 50 millj. Það, sem á milli ber, eru ákvæði til bráðabirgða V í frv., þar sem gert er ráð fyrir að það hlutfall, sem gjaldeyrisbönkunum er gert að greiða af gengismun og umboðsþóknun samkv. lögum nr. 40 frá 1969, sé lækkað úr 60% í 50% á þessu ári og á næsta ári úr 60% í 40%. Þetta kemur til frádráttar skattlagningunni bæði þessi ár og veldur því að sjálfsögðu, að nettótekjur ríkissjóðs af þessum skatti eru minni en væri ef tekjuskatturinn væri þarna einn á ferðinni.

Þetta frv. fellir tekju- og eignarskatt á ríkisbankana þrjá, þá fjóra viðskiptabanka sem starfa undir hlutafélagaformi, á sparisjóði sem starfa samkv. lögum um sparisjóði og enn fremur á Söfnunarsjóð Íslands. Þessar stofnanir eru undanþegnar skattskyldu með tvennum hætti. Annars vegar eru þær undanskildar skatti margar hverjar sem ríkisstofnanir samkv. ákvæðum í núverandi tekju- og eignarskattslögum, en hins vegar eru sérákvæði sem undanþiggja einstakar stofnanir af þessu tagi öllum opinberum gjöldum og sköttum, sbr. fjöldamörg lagaákvæði þar um.

Í frv. er ekki lagt til að fjárfestingarlánasjóðir í eigu hins opinbera verði gerðir skattskyldir. Hér er vissulega um álitamál að ræða og gæti komið til greina að láta sömu reglu gilda um fjárfestingarlánasjóðina. En þar sem þar er yfirleitt um að ræða stofnanir sem þiggja fé af fjárlögum á hverju ári, fá bein framlög frá ríkinu á hverju ári,

þá sýnist lítið unnið við að leggja skatt á þessar stofnanir jafnhliða. Aftur á móti leggur ríkið ekki fram fé til viðskiptabankanna eða hlutafélagsbankanna, eins og kunnugt er. Þar gegnir því nokkuð öðru máli. Sama gildir um sjóði sem eru sambærilegir fjárfestingarlánasjóðum og starfa í tengslum við innlánsstofnanir, eru jafnvel sérstakar deildir í innlánsstofnunum. Ekki er gerð tillaga um að þeir verði gerðir skattskyldir.

Í lögum um tekju- og eignarskatt er heimild til þess að færa niður um 5% útistandandi skuldir sem stofnast hafa vegna sölu á vöru og þjónustu og falla í gjalddaga innan eins árs frá því að til þeirra var stofnað. Ákvæði þetta gildir almennt ekki um kröfur þær sem aðilar eiga á aðra vegna lánastarfsemi. Er auðvitað ljóst að ef svo væri yrði lítið um skattlagningu á banka. En til að taka af öll tvímæli er lagt til að það sé berlega tekið fram, að ákvæðin gildi ekki um innlánsstofnanir.

Í bráðabirgðaákvæðunum eru nokkur atriði sem nauðsynlegt er að lög séu sett um vegna þessarar löggjafar. Það er í fyrsta lagi óhjákvæmilegt að setja inn í þessi lög ákvæði sem eru efnislega samhljóða þeim bráðabirgðaákvæðum sem sett voru við gildistöku núgildandi tekjuskattslaga og varða endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar. Það verður að skylda þessar stofnanir til að haga bókhaldi sínu og uppgjöri í samræmi við ákvæði skattalaga, og þar sem þessar stofnanir hafa ekki verið skattlagðar verður að ætla þeim að framkvæma þetta mat, sem ég hef nú nefnt, á þessu ári.

Eins og ég hef tekið fram er ekki gert ráð fyrir að tekju- og eignarskattur sé lagður á innlánsstofnanir á þessu ári, einfaldlega vegna þess að samkv. lögum voru þessar stofnanir ekki skattskyldar á liðnu ári. Aftur á móti er lagður sérstakur veltiskattur á þessar stofnanir á þessu ári og nemur hann, eins og áður var sagt, 0.06% af heildarinnlánum þeirra í hverjum mánuði. Það má því segja að skatturinn sé að meðaltali um 0.72% af meðalinnlánum í bankanum á viðkomandi ári. En réttara þótti að innheimta gjaldið mánaðarlega og er það því 0.06% af heildarinnlánum á mánuði. Þessi stofn, sem lagt er á, mun vafalaust skila skatti til ríkisins með mjög hliðstæðum hætti og væri tekju- og eignarskattur lagður á. A. m. k. er þar ekki verulegur munur á. Hér er um einkar þægilegan skattstofn að ræða þar sem þessi stofn er kunnur og upplýsingar gefnar um hann í hverjum mánuði. Virðist sem útreikningur og innheimta hans geti fallið saman við innlánsbindingu Seðlabankans, sbr. ákvæði um innlánsbindingu í seðlabankalögum.

Í ákvæði til bráðabirgða V er gerð till. um að dregið sé nokkuð úr þeirri gjaldtöku sem tíðkast hefur hjá gjaldeyrisbönkunum samkv. lögum nr. 40/1969, en það er gjald vegna tekna þessara tveggja gjaldeyrisbanka af umboðsþóknun og gengismun. Lagt er til að gjaldið lækki úr 60% í 50% á þessu ári og í 40% á næsta ári. Samanlögð skattskylda þeirra banka, sem selja gjaldeyri, eykst því ekki alfarið sem nemur þeim skatti sem nú er gerð tillaga um, heldur kemur þessi lækkun á gjaldeyrisskattinum til frádráttar.

Að lokum er gerð till. um að lög þessi skuli endurskoða eigi síðar en í árslok 1983 í ljósi þeirrar reynslu sem þá verður fengin af framkvæmd þeirra. Þessi skattur er nýmæli í íslenskri löggjöf og þykir nauðsyn bera til að lagaákvæði verði endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu, enda gæti þá komið til greina að fella að einhverju leyti saman þann skatt, sem lagður er á gjaldeyrisbankana, annars vegar og svo þennan skatt, sem lagður er á tekjur og eignir bankanna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv., en leyfi mér að leggja til að því verði vísað að lokinni þessari umr. til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er hreyft nýmæli í löggjöf með þessu frv., eins og hæstv. fjmrh. lét getið í lokaorðum sínum áðan. Með tilliti til þessa þykir rétt að hafa bráðabirgðaákvæði í frv. um að lögin skuli endurskoðuð eigi síðar en í lok næsta árs. Þetta er ekki óeðlilegt, því að þessi lög eru meira en einföld skattheimta fyrir ríkissjóð. Hér er um að ræða breytingu eða samræmingu eftir því hvernig menn vilja orða það, á skattkerfinu.

Með tilliti til þessa varð ég fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hæstv. fjmrh. Mér fannst hæstv. ráðh. fara nokkuð fljótt yfir sögu í svo þýðingarmiklu máli sem þessu. Hæstv. ráðh. sagði að engin sérstök rök væru gegn skattskyldu bankanna. Kann að vera að leggja eigi skatt á bankana. En þegar við förum inn á þá braut í þessu formi þurfum við að athuga það mál miklu nánar en ræða hæstv. fjmrh. gaf í skyn.

Mér þykir nauðsynlegt að við víkjum nokkuð að því, hvernig er háttað núverandi skattlagningu bankanna. Ég segi: núverandi. Það hefði mátt ætla af ræðu hæstv. fjmrh. að bankarnir eða innlánsstofnanirnar greiddu enga skatta í dag. Menn tala stundum um þessi mál eins og svo sé og auðvitað eru sérstakar ástæður fyrir því. Í lögum um Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands er að finna ákvæði þess efnis, að þessir bankar séu undanþegnir, eins og þar stendur: „öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana". Samhljóða ákvæði er í lögum um Búnaðarbanka Íslands að öðru leyti en því, að aftan við hin tilvitnuðu ákvæði er bætt: „nema annað sé ákveðið í sérstökum lögum".

Þá segir í lögum hlutafélagabankanna fjögurra að þeir njóti sömu hlunninda og Landsbankinn að þessu leyti. Og í hinni almennu löggjöf um sparisjóði er ákvæði þess efnis, að sparisjóðirnir séu undanþegnir tekjuskatti, eignarskatti og útsvari. Það eru þessi lagaákvæði og þá einkum ákvæði bankalaganna sem hafa leitt til þess, að því er oft haldið á lofti að viðskipatabankarnir og sparisjóðirnir séu skattfrjálsar stofnanir. En það er ekki allt sem sýnist í þessum efnum. Í gegnum tíðina hafa verið sett margvísleg sérlög um skattheimtu til ríkis og sveitarfélaga og í sumum tilvikum hefur ný skattheimta beinst sérstaklega að bönkunum og hin nýju lagaákvæði þá ýtt til hliðar skattfrelsisákvæðum bankalaganna. Í öðrum tilvikum hefur skattfrelsi banka og sparisjóða verið rýrt með nýjum almennum sköttum. Afleiðing þessarar þróunar hefur orðið sú, að þessar stofnanir greiða nú á ári hverju verulega skatta í opinbera sjóði.

Herra forseti. Ég kann því heldur illa að þegar hæstv. fjmrh. er búinn að tala fyrir þessu þýðingarmikla máli og maður er búinn að hlýða á tal hans, þá skuli hann rjúka út úr deildinni strax á eftir eins og honum komi þetta mál ekki við eða það sem fram fer í þessari deild um þetta mál. Ég ætla því að gera hlé á ræðu minni þar til hæstv. ráðh. kemur. (**Forseti:** Ég tek undir það með hv. ræðumanni, og ég óskaði eftir því við hæstv. ráðh., að hann

yrði viðstaddur þessa umr. eftir því sem möguleiki væri til, hann væri ekki sérstaklega kallaður í atkvgr. í Nd. En ég geri ráð fyrir að verið sé að yfirheyra hæstv. ráðh. um það. Þá munum við þurfa að fresta þessari umr. — Þar sem hæstv. ráðh. mun eiga að sitja fyrir svörum í Nd. núna og hann hefur verið beðinn um það sérstaklega vil ég fara fram á það við hv. ræðumann, að við frestum nú fundi í 15 mínútur til þess að vera nokkuð öruggir um það að vera þá búnir að fá hæstv. ráðh. inn til okkar, hann verður þá búinn með mestu yfirheyrslurnar í Nd., vænti ég. Í trausti þess, að hv. ræðumaður verði við því, vil ég biðja hann að gera hlé að ræðu sinni.) Ég þakka hæstv. forseta fyrir þetta. Ég þigg þetta með þökkum í trausti þess að geta haldið ræðu minni áfram eftir 15 mínútur. [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég taldi með tilliti til mikilvægis þessa máls nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur umr., og ég fagna því, að hann hefur komið hér á ný.

Það, sem ég vildi leggja áherslu á og var kominn að í máli mínu, var að eru verulegir skattar sem bankar og sparisjóðir greiða í dag og við þurfum að hafa þá staðreynd með í myndinni. Hér er um að ræða landsútsvar, fasteignaskatta til sveitarfélaga, gjaldeyrisskatt gjaldeyrisbankanna, sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, launaskatt, lífeyristryggingar, slysatryggingar, atvinnuleysistrygginar og vinnueftirlitsgjald. Þetta eru töluverðar upphæðir sem um er að ræða. Þessi gjöld viðskiptabanka og sparisjóða nema samtals 37 millj. kr. á árinu 1980. Ef þessu er skipt milli þessara stofnana koma í hlut gjaldeyrisbankanna 29 millj. 630 þús. kr. Aðrir bankar greiddu 5 millj. 684 þús. kr. og sparisjóðir 1 millj. 686 þús. kr.

Þá er rétt að hafa það í huga, að tekjuafgangur viðskiptabanka og sparisjóða á árinu 1980 samkv. rekstrarreikningi, áður en opinber gjöld voru dregin frá, nam 137 millj. 769 þús. kr. Heildarskattlagningin varð því þetta ár 27.5% af brúttóhagnaði. Þetta hlutfall var 34.5% hjá gjaldeyrisbönkunum, 21.4% hjá öðrum bönkum og 7.6% hjá sparisjóðum.

Það má líta svo á að landsútsvar viðskiptabankanna komi í stað aðstöðugjaldsins sem lagt er á önnur atvinnufyrirtæki, þótt landsútsvarið sé lægra en aðstöðugjald álagt eftir venjulegum reglum. Af meiri háttar opinberum gjöldum eru það aðeins tekjuskatturinn og eignarskatturinn sem ekki eru lagðir á viðskiptabankana. Raunar má segja að gjaldeyrisskatturinn komi í stað tekjuskattsins að því er gjaldeyrisbankana varðar.

Umræður um skattalega stöðu viðskiptabanka og sparisjóða hljóta því fyrst og fremst að snúast um það, hvaða röksemdir séu fyrir því, að þessar stofnanir njóti áfram undanþágu frá greiðslu tekju- og eignarskatts eða hvort aðstæður hafi nú breyst á þann veg, að slík skattlagning sé eðlileg. Spyrja má að því, hvort viðskiptabankar og sparisjóðir séu skattskyldir samkv. almennum skattalögum. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að í 4. gr. laga um tekju- og eignarskatt, nr. 75 frá 1981, eru taldir upp þeir aðilar sem hvorki skulu greiða tekjuskatt né eignarskatt. Eftirtaldir aðilar eru meðal þeirra sem skattfrjálsir eru samkv. þessum almennu ákvæðum:

1. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á.

2. Sýslu- og sveitarfélög, fyrirtæki og stofnanir sem þau reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á.

3. Félög, sjóðir, stofnanir og fleiri aðilar, sem um ræðir í 2. gr. tekjuskattslaganna og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkv. samþykktum sínum.

Nú verður að hafa í huga að viðskiptabönkum og sparisjóðum má skipta í fimm flokka eftir rekstrarformi: viðskiptabanka í eigu ríkisins, hlutafélagabanka, sparisjóði í eigu sýslu- og sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð þeirra og ábyrgðarmannasparisjóði. Stærðarhlutföll þessara flokka voru þannig í árslok 1980 miðað við innlánsfé, að ríkisbankarnir höfðu 64.7%, hlutafélagabankarnir 19.3%, sparisjóðir í eigu sýslu- og sveitarfélaga með fullri ábyrgð þeirra 0.8%, sparisjóðir í eigu sýslu- og sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð þeirra 1.7% og ábyrgðarmannasparisjóðir 13.5%.

Það má mikið ræða um þetta mál með tilliti til þessarar skiptingar. Ég ætla þó ekki að gera það, en aðeins benda á að niðurstaðan er sú, að stofnanir, sem eru um 70% bankakerfisins, séu tekjuskattsfrjálsar samkv. almennum skattalögum, og sama gildir að öllum líkindum um 15% bankakerfisins til viðbótar, þ.e. sparisjóðina. Tekjuskattsfrelsi hlutafélagabankanna, sem eru samtals að stærð um 15% bankakerfisins, byggist hins vegar á samkomulagi milli ríkisvaldsins og fjölmennra landssamtaka sem stóðu að stofnun hvers banka um sig. Ef þetta samkomulag verður fellt úr gildi hafa skapast ný viðhorf í skipulagsmálum bankakerfisins, sem m. a. kalla á setningu almennrar löggjafar um stofnun og starfrækslu viðskiptabanka.

Þegar talað er um að skattleggja innlánsstofnanir, banka og sparisjóði þá verðum við að líta á eitt atriði alveg sérstaklega. Það lýtur að eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Stofnun, sem tekur við innlánum frá almenningi, fær ekki starfað til lengdar ef brigður verða bornar á getu hennar til þess að greiða innlánseigendum fé sitt til baka með umsömdum vöxtum þegar þess er krafist. Vegna mikilvægis þessa atriðis hafa í flestum nágrannalöndum verið lögfest ákvæði um lágmarkshlutfall milli eiginfjár innlánsstofnana annars vegar og innlána og annarra skuldbindinga þeirra hins vegar. Hér á landi eru slík ákvæði í lögum um sparisjóði frá árinu 1941, en lengi hefur verið ljóst að þau ákvæði þarfnast endurskoðunar. Slík eiginfjárákvæði er ekki að finna í lögum viðskiptabankanna, en bent skal á að í lögum um Verslunarbankann, Samvinnubankann og Alþýðubankann er kveðið á um takmarkanir á heimildum til arðgreiðslu ef hlutfall eiginfjár og innlána er undir tilteknu marki.

Á síðari árum hafa komið fram ýmsar ábendingar um nauðsyn lagaákvæða um lágmarkshlutföll eiginhlutafjár viðskiptabankanna. Má t. d. nefna álit bankamálanefndar á árinu 1973 í því sambandi. Löggjafartillögur um þetta efni komu fram í frv. til l. um hlutafélagsbanka, sem lagt var fyrir Alþingi 1977—1978, og frv. til l. um sparisjóði, sem lagt var fram á þingi 1979—1980. Þessi frv. urðu, eins og kunnugt er, ekki útrædd. Þess er að vænta, að ekki líði á löngu uns lögfest verða nútímaleg ákvæði um lágmark eiginfjárstöðu innlánsstofnana hérlendis.

Ef ríkisvaldið leggur nýjar skattbyrðar á innlánsstofnanir er að sjálfsögðu vegið beint að getu þeirra til að uppfylla lágmarkskröfur um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Spurning er hvort rekstrarafkoma innlánsstofnana hafi verið svo góð á undanförnum árum að þær geti bæði safnað nauðsynlegu eigin fé og einnig skilað auknum sköttum í ríkissjóð.

Í þessu sambandi, þegar talað er um nýja skatt-

lagningu á banka og sparisjóði, er nauðsynlegt að huga að því, hver eiginfjárþróunin hefði orðið ef lagður hefði verið tekjuskattur á bankana á undanförnum árum. Sá hængur er hins vegar á þeim útreikningi, að ekki liggur fyrir hver tekjuskattsstofninn hefði orðið einstök ár, enda getur oft verið verulegur munur á rekstrarniðurstöðu samkv. rekstrarreikningi og tekjuskattsstofni á grundvelli skattalaganna. En til að fá grófa hugmynd um þetta efni hefur verið reiknað út hver tekjuskatturinn hefði orðið árin 1978—1981 miðað við tekjuskattsprósentu lögaðila og afkomu samkv. rekstrarreikningi bankanna, með þeirri einu breytingu, að reiknuð er verðbreytingafærsla á grundvelli skattalaga frá og með árinu 1979. Þessi reiknaði tekjuskattur er síðan dreginn frá eigin fé í árslok hverju sinni og einstakar upphæðir framreiknaðar til ársloka 1981 með verðbreytingastuðli. Er þá reiknað með að álagðan skatt hefði átt að greiða á miðju álagningarári. Ný eiginfjárhlutföll voru síðan reiknuð út fyrir bankana í heild eftir skerðingu eigin fjár með þessum hætti.

Það eru athyglisverðar tölur sem út úr þessu koma. Ég hef hér í höndum töflu um þessa útreikninga og fleira sem unnið hefur verið af hálfu Sambands ísl. viðskiptabanka og Sambands ísl. sparisjóða. Ég ætla ekki að fara að lesa upp þessar tölur, en aðeins benda á nokkur atriði sem þar koma fram.

Ef við athugum hvert eigið fé viðskiptabankanna er sem hlutfall af heildarskuldbindingum kemur það út, að þetta hlutfall viðskiptabankanna í heild er árið 1981 5.8%, þ.e. eigið fé sem hlutfall af heildarskuldbindingunni. En eftir tekjuskattsálagningu eins og hér var reiknað með í dæminu mundi þetta hlutfall eigin fjár vera 4.2% í staðinn fyrir 5.8%. Þetta gefur nokkra hugmynd um hvað það frv., sem hér er lagt fram, þýðir fyrir rekstur og með tilliti til eiginfjárstöðu viðskiptabankanna, en hæstv. fjmrh. gerði því efni engin skil.

Í þessu sambandi vil ég aðeins víkja nokkrum orðum að sparisjóðunum. Það gildir sama um sparisjóðina og bankana, að breytingar á reikningsskilaaðferðum valda því, að ekki liggja fyrir sambærilegar tölur í þessu efni er nái til sparisjóðanna allra. Frá fimm stærstu sparisjóðunum hefur hins vegar verið aflað sambærilegra upplýsinga um eigið fé í árslok 1978—1981, en nokkurn fyrirvara verður þó að hafa um árið 1981, þar sem ársuppgjöri er ekki alls staðar að fullu lokið. Þó má reikna með að fyrirliggjandi tölur um 16 minnstu sparisjóðina séu nokkurn veginn sambærilegar.

Ég er með hér í höndum töflu um fimm stærstu sparisjóðina, þ. e. Sparisjóð Hafnarfjarðar, Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðinn í Keflavík, Sparisjóð Mýrasýslu og Sparisjóð vélstjóra. Eigið fé í hlutfalli af heildarskuldbindingum þessara sparisjóða í heild er í árslok 1981 13.4% En eftir tekjuskatt, samkv. því sem ég hef áður greint frá, mundi þetta eiginfjárhlutfall vera 8.9%. Af þessu má nokkuð marka hvað skattlagning, sem hér um ræðir, þýðir fyrir rekstur sparisjóðanna og eigið fé þeirra í hlutfalli af heildarskuldbindingum. Ég hef hliðstæðar upplýsingar, þó ekki að öllu leyti eins nákvæmar og áður kom fram, um aðra sparisjóði, en sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja það sérstaklega í þessum umr. nema að gefnu tilefni.

Ég kem þá að því atriði sem er ákaflega þýðingarmikið þegar við tökum ákvörðun um það, hvort við leggjum skatta á innlánsstofnanir landsins samkv. því frv. sem hér er lagt fram, og það er hvort aukin skattlagning frá því, sem nú er, samrýmist opinberum kröfum um lágmark eiginfjárstöðu. Það eru ýmsar spurningar sem rísa upp í því sambandi. Þær upplýsingar, sem ég hef hér gefið, sýna staðreyndir sem valda því, að spyrja þarf þeirrar spurningar, hvort fjárhagsstyrkur banka og sparisjóða fullnægi þeim lágmarkskröfum sem líklegt er að verði lögfestar hér á landi áður en langt um líður. Það liggur vissulega ekki fyrir hverjar þær kröfur verða, en með hliðsjón — og ég vil biðja menn að taka eftir því — með hliðsjón af lagafrumvörpum, sem þegar hafa komið fram, og opinberum umræðum um þetta efni má ætla að eiginfjárkröfurnar verði með mjög svipuðu sniði og þær sem í gildi eru á öðrum Norðurlöndum. Sem dæmi um eiginfjárkröfur innlánsstofnana skal nefnt að í Danmörku er um lágmarks eiginfjárhlutfall að ræða 8% og 6.5% í Noregi.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem ég hef hér tíundað og rakið nokkuð, má ætla að núverandi eiginfjárstaða banka og sparisjóða hér á landi, sé að meðaltali nálægt því lágmarki, sem nauðsynlegt er talið í ýmsum nágrannalandanna, og nálægt þeim lágmarkshugmyndum sem fram hafa komið hér á landi.

Ef við höfum þetta í huga er eðlilegt að spurt sé, hvort nauðsynlegt sé að bankar með ríkisábyrgð uppfylli sömu eiginfjárkröfur og aðrar innlánsstofnanir. Það vakna líka spurningar varðandi hlutafélagsbankana, hvort ekki sé einfalt mál að auka hlutaféð í þeim til þess að mæta kröfum um eigið fjármagn í hlutfalli við heildarskuldbindingar. Málið vandast nokku ð þegar spurt er hvernig eigi að fara að í þessu efni að auka eigið fjármagn með nýju fjármagni eigenda þegar um er að ræða ábyrgðarmannasparisjóðina. Ég ætla ekki að fara út í þessi mál hér. Sum þeirra eru nokkuð tæknilegs eðlis. En ég vek athygli á þessum spurningum vegna þess að það verður að hafa öll þessi mál í huga þegar tekin er ákvörðun um hvort á að samþykkja það frv., sem hér er lagt fram, eða ekki, eða m. ö. o. eins og ég vildi enn frekar orða það: með hvaða breytingum er fært að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir.

Við þurfum að svara ýmsum spurningum áður en þetta mál er afgreitt. Ég vil, án þess að ég fari frekar út í að rekja einstök atriði þessa margþætta máls, leggja áherslu á það, að ég ætla að ekki sé ágreiningur um að innlánsstofnanir séu skattlagðar. Ekki hefur verið ágreiningsefni, a. m. k. svo að orð sé á gerandi í þessu sambandi, sú skattlagning innlánsstofnana sem ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns. Spurningin er hins vegar sú, hvort ástæða er til að til viðbótar við þessa skatta verði lagður tekju- og eignarskattur á þessar stofnanir. Það kann að vera að svo sé. En það á ekki að gera að mínu viti nema að vel athuguðu máli. Það þarf að athuga vel með hvaða hætti það ætti að vera, hvernig sú viðmiðun ætti að vera, sem skatturinn færi eftir, og hve mikill þessi skattur ætti að vera. Mér sýnist að ýmislegt í því frv., sem við hér ræðum, sé allsendis ófullnægjandi í þessum efnum, enda nánast furðulegt að hæstv. fjmrh., sem leggur þetta plagg fram og talar fyrir því, talar fyrst og fremst fyrir þessu máli sem tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð en ekki sem þýðingarmikilli breytingu á skattalöggjöfinni, hvað þá að hæstv. ráðh. gerði í máli sínu nokkra grein fyrir því, hvaða áhrif þessi skattheimta muni hafa á rekstrarafkomu innlánsstofnana með sérstöku tilliti til hlutfalls eiginfjár af heildarskuldbindingum.

Ég þykist vita að mál þetta verði allt athugað gaumgæfilega og fái þá meðferð í hv. fjh.- og viðskn. sem nauðsynleg er. Ég tel að það þurfi að fá mjög ítarlega meðferð og hæstv. ráðh. og ríkisstj. þurfi að gera miklu betur grein fyrir þessu máli en fram kom í þeirri stuttu framsöguræðu sem hæstv. fjmrh. flutti hér.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi gera að umræðuefni þau tæknilegu atriði sem fram koma í þessu frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Til þess gefst betra ráðrúm þegar málið hefur komið úr nefnd, ef það kemur þaðan. Á hinn bóginn er ekki úr vegi að fara fáeinum orðum um þá grundvallarhugsun sem felst í þessu frv. til l. um skattlagningu á innlánsstofnanir.

Auðvitað verður fyrst að velta vöngum yfir því, hverju það sæti að sú stofnun, sem ýmsir af talsmönnum Alþb., flokksbræðrum hæstv. fjmrh., gerðu sérstaklega að umtalsefni sem gróðastofnun fyrir fáeinum mánuðum, skuli vera undanþegin þessari skattskyldu. Hér fóru fram háværar umræður á haustdögum um feikilegan gróða Seðlabankans sem nauðsyn bæri til að koma höndum yfir. Að mínum dómi töluðu þá ýmsir fulltrúar ríkisstj., bæði flokksbræður hæstv. fjmrh. og reyndar ýmsir aðrir talsmenn ríkisstj., annaðhvort af ókunnugleika ellegar af ábyrgðarleysi um það sem hafði gerst í reikningum Seðlabankans. En á málflutningi þeirra mátti ekki annað skilja en mikla nauðsyn bæri til þess að koma höndum yfir hinn mikla gróða Seðlabanka Íslands. Það hefur nú að engu orðið, og sannast þá væntanlega að sá málflutningur allur var innantómur og fékk ekki staðist þá þolraun að sett yrðu lög um hvernig ætti að komast yfir þann hagnað með því að skattleggja hann. Mér finnst rétt, herra forseti, að víkja sérstaklega að þessu vegna þess að alltaf annað veifið fara fram hér á Alþingi umræður, sem eru harla ábyrgðarlausar í þessu tilliti, og það er auðvitað ánægjuefni þegar það sannast með frv.-flutningi að sá málflutningur, sem þá var uppi hafður, stóð ekki fyrir sínu.

Ef við skoðum bankakerfið hins vegar, þ. e. kerfi viðskiptabankanna, þá er það auðvitað svo að í því myndast hagnaður. Með hvað hætti myndast sá hagnaður? hljóta menn að spyrja. Jú, hann myndast fyrst og fremst vegna þess að það er mismunur á útlánsvöxtum og innlánsvöxtum. Nú er það svo í því kerfi sem hér er við lýði, að það er í rauninni ríkisstj. sem ákveður hver þessi mismunur skuli vera á hverjum tíma. Það er á valdi viðskrh. í samráði við Seðlabankann, eða Seðlabankans og viðskrh. í sameiningu, að ákveða hverjir vextir skuli vera á hinum mismunandi formum útlána. Með því er afkoma viðskiptabankanna í rauninni ákveðin.

Ef nú myndast hagnaður í viðskiptabönkunum, hvort er það þá vegna þess að innlánsvextirnir hafa verið of lágir eða útlánsvextirnir of háir? Því geta menn auðvitað velt fyrir sér. En ég held að það liggi alveg ljóst fyrir eins og mál standa núna, þegar almennir sparisjóðsreikningar bera vexti sem eru langt neðan við verðbólgustigið í landinu, að þá sé í rauninni verið að hafa fé af sparifjáreigendum með því að vaxtahæðin skuli vera þessi. Engu að síður myndast einhver hagnaður í bankakerfinu. Það, sem felst í þessu frv., er að talið sé að ríkissjóður sé rétthærri en sparifjáreigendurnir til að eignast hlut í þessum hagnaði. Á þessu vek ég athygli vegna þess að sparifjáreigendurnir eru hlunnfarnir. Ef hagnaður er í bankakerfinu gætu innlánsvextirnir verið nokkru hærri, og auðvitað getur ráðið verið það að fikra sig upp á við með innlánsvextina, mjókka bilið milli útlánsvaxta og innlánsvaxta, til þess að á þessu sviði myndist ekki óeðlilegur hagnaður. Það hefur ríkisstj. eða fulltrúi hennar, viðskrh., þegar á valdi sínu.

Þetta er leið, sem menn telja ekki ástæðu til að fara þegar hagnaður myndast í bankakerfinu, samkv. því frv. sem hér er lagt fram, heldur telja að ríkissjóður sé rétthærri í þessum efnum.

Einnig er að því er varðar frv.-flutning af þessu tagi ástæða til að gefa því örlítinn gaum, hver virðast vera helstu markmiðin í reynd í rekstri bankakerfisins. Maður gæti haldið að eitt aðalmarkmiðið í rekstri viðskiptabankanna væri að ástunda hagkvæmni í rekstri þannig að ekki væri lagt í óþarfan tilkostnað við rekstur bankakerfisins, að þeir, sem viðskiptabönkunum stýra, hefðu hagkvæmnisjónarmið mjög í hávegum.

Nú höfum við það hins vegar fyrir augunum, að það er sífelld ásókn í útibú banka og þau vaxa upp á hinum ýmsu stöðum á landinu hlið við hlið. Í tiltölulega litlum plássum eru sett niður mörg útibú. Það er gert með leyfi ráðh. Að vísu eru það þrír ráðherrar sem fara með þetta vald, og það fyrirkomulag er kannske ekki sérlega til fyrirmyndar. En jafnvel þó að ráðh. leyfi svo og svo mörg útibú á hverjum stað virðist ásókn viðskiptabankanna í fjölgun útibúanna aldrei verða fullnægt. Ef ég man rétt liggur nú fyrir á fjórða tug umsókna um útibú til viðbótar þeim sem þegar eru í landinu.

Ég held að ljóst sé að það séu ekki hagkvæmnisjónarmið sem ráða þessari miklu ásókn í útibú. Ég held að ljóst sé að innlánsstofnanirnar leggi í það að fjölga við sig útibúum, að stofnsetja ný útibú, án þess að þær geti gert sér vonir um að þau standi undir sér. Hver er þá driffjöðrin sem rekur bankakerfið áfram? Jú, ég er eindregið þeirrar skoðunar, að driffjöðrin, markmiðið, sem hver viðskiptabanki um sig hefur fyrst og fremst að leiðarljósi, sé að ná í sem mest af innlánsfé. Það er ekki hagkvæmnin, heldur er það bardaginn um innlánsféð. Þessi bardagi er háður af miklu purkunarleysi. Þessi bardagi er skýringin á því, að útibúunum fer sífellt fjölgandi og það er sífelld ásókn í fleiri og fleiri útibú þó að það liggi ljóslega fyrir, að það sé óhagkvæmt fyrir viðskiptabankann sjálfan, fyrir þjóðarbúið í heild langtum frekar.

Þetta er að mínum dómi staðan í bankakerfinu. Þegar lagt er fram frv. af því tagi sem hér er fram komið hljóta menn að velta því fyrir sér, hvort það sé líklegt til að hafa áhrif til bóta á þetta kerfi, hvort það sé líklegt til þess að auka vægi hagkvæmnisjónarmiðanna í rekstri bankakerfisins eða hvort það muni t. d. draga úr þessari feiknaásókn í útibúin. Ég held að það muni ekki draga úr þessari feiknaásókn í útibúin. Ég held að það muni frekar slæva hagkvæmnisjónarmiðin í rekstri bankakerfisins og að því leyti séu áhrifin af því neikvæð.

Mönnum hefur mátt vera það nokkuð sama í bankakerfinu, hvernig bankarnir kæmu út, — ekki alveg sama, en nokkuð sama. Enn frekar gæti þeim staðið á sama um það þegar þeir finna að það, sem gæti talist ábati af rekstrinum, á að renna í ríkissjóð — og það við þær aðstæður að sparifjáreigendur eru hlunnfarnir. Það er einmitt við þessar aðstæður — þegar markmiðið með rekstri bankakerfisins, það sem reynist vera driffjöður þess, er ekki hagkvæmnisjónarmið, heldur baráttan um innlánin, þegar sparifjáreigendur eru hlunnfarnir — sem

menn hljóta að velta því fyrir sér, hversu skynsamlegt sé að flytja frv. af þessu tagi og hvert sé markmiðið með flutningi slíks frv. Ég held að það liggi ljóst fyrir, að markmiðið með flutningi þessa frv. séu engar endurbætur á bankakerfinu, það verði ekki hægt að finna neitt í þessu frv. sem bendi til þess, að það muni stuðla að endurbótum í bankakerfinu. Frekar má, eins og ég hef gert hér að umtalsefni, færa að því rök, að það muni draga úr endurbótum. Það verði síður til þess að sparifjáreigendur fái raunverulega verðtryggingu á innlánum sínum, almennu sparifé, og það verði síður til þess að hagkvæmni í rekstri bankakerfisins aukist.

Ég skal að vísu gera eina undantekningu. Það er eitt sem er greinilega jákvætt við þetta frv., og það er að það mundi væntanlega stuðla að því, að reikningar viðskiptabanka og sparisjóða yrðu settir upp með sama hætti. En ef maður skoðar frv. í þessu ljósi, þá er augljóst að þetta er eingöngu tekjuöflunarfrv. fyrir ríkissjóð, en hefur frekar neikvæð áhrif á hagkvæmni í bankakerfinu, á stöðu sparifjáreigenda, þeir standa enn verr að vígi eftir samþykkt þessa frv.

Þetta er kjarni málsins. Með þessu er ég ekki að taka fyrir það, að einhver skattlagning á viðskiptabönkum geti átt sér stað, en ég er að benda á hversu aðstæðurnar til þess eru óþægilegar eins og sakir standa og hvers konar áhrif frv. af þessu tagi er líklegt að hafa við ríkjandi aðstæður. Þess vegna tel ég að menn hljóti að skoða hug sinn gaumgæfilega um þetta mál miðað við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi í þjóðfélaginu.

Eins og ég gat um í upphafi, herra forseti, var ekki hugmynd mín að fjalla hér nákvæmlega um þau tæknilegu atriði sem í þessu frv. felast, heldur einungis að varpa ljósi á nokkra meginþætti í þeirri hugmynd að skattleggja innlánsstofnanir og hvaða vandkvæði fylgja því við núverandi aðstæður. Mun svo við 2. umr. og í nefndarstörfum gefast tækifæri til að fjalla nánar um þessi mál og meta rökin, sem liggja að baki flutningi þessa frv., og þá ekki síður, vona ég, þau rök sem ég hef hér tínt til um áhrifin á bankakerfið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 16 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 16 shlj. atkv.

Neðri deild, 45. fundur.

Miðvikudaginn 24. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 337, n. 364 og 368, 356, 365, 369). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.

nei: PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr. BÍG, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SvH.

EH greiddi ekki atkv.

2 þm. (ÓE, JE) fjarstaddir.

Brtt. 365,1 samþ. með 30 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv.

Brtt. 369 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, SvH.

nei: FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

2 þm. (JE, ÓE) fjarstaddir.

Brtt. 356 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MÁM, PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, BGR, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, KP, MHM, MB, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ. RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.

2 þm. (ÓE, JE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þar sem ljóst er að till. minni hl. gengur miklu skemmra en það sem upprunaleg till. Guðmundar G. Þórarinssonar gerði ráð fyrir segi ég að sjálfsögðu já.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Sú till., sem hér um ræðir, var upphaflega flutt af mér hér í þingsölum. Hún fjallar um það að lækka launaskatt á fiskvinnslu og iðnaði um 1%, úr 3.5 í 2.5. Þar sem ég hef náð því samkomulagi við minni hl. fjh.- og viðskn., að launaskattur skuli lækka um 1% á öllum þeim atvinnurekstri sem telst iðnaður samkv. skilgreiningu Hagstofu Íslands, að launaskattur skuli lækka um 1% á öllum þeim atvinnurekstri sem telst iðnaður samkv. alþjóðlegri skilgreiningu International Standard for Industrial Classification, þar sem ég hef náð því samkomulagi, að launaskattur muni lækka um 1% á allri þeirri atvinnustarfsemi sem telst iðnaður samkv. almennum milliríkjasamningum, þar sem ég hef náð því samkomulagi, að launaskattur skuli lækka um 1% á allri þeirri atvinnustarfsemi sem telst iðnaður samkv. milliríkjasamningum um tollamál, hef ég fallist á að draga þá till., sem hér er flutt, er fyllilega náð tilgangi sínum. Sú till., sem hér er flutt, er því óþörf og tilgangi hennar náð. Ég segi þess vegna nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hv. 12. þm. Reykv. spólaði nú pínulítið á því, hvernig hann ætti að útskýra fyrir mönnum af hverju hann væir á móti sinni eigin tillögu. En kjarni málsins er auðvitað sá, að þm. brast kjark til að standa með tillögu sinni þegar í ljós kom að hv. 6. þm. Suðurl. vildi taka undir með stjórnarandstöðunni um að hans mál næði fram að ganga. Tillagan hefði meirihlutafylgi í þessari deild ef tillögumaður sjálfur hefði kjark til að segja já. Það stendur ekki á okkur hinum sem eru samþykkir efni tillögunnar. Við segjum já. — Herra forseti. Ég segi já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég fagnaði mjög þeirri till., sem hv. 12. þm. Reykv. flutti, og taldi að með flutningi hennar sýndi hann bæði mikla sanngirni og jafnframt kjark að brjóta sig út úr stjórnarliðinu. En

þrátt fyrir þá samninga, sem hann segist hafa gert um meðferð málsins, hefur hann ekki gert samninga við stjórnarliðið um að samþykkja sína eigin till., heldur aðeins að hluta. Ég vil ekki fella mig við annað en að það sé sanngirnismál að launaskattur almennt lækki um 1%. Það eru stórar greinar iðnaðar sem falla ekki undir þessa svokölluðu skilgreiningu Hagstofu Íslands, og skal ég aðeins nefna einn og það stóran og viðamikinn iðnað, byggingariðnaðinn. Það hefur verið eitt af stefnumálum ríkisstj. að stefna að því að lækka byggingarkostnaðinn. Hann verður ekki lækkaður með því að auka sífellt skatta á byggingariðnaðinn. Ég minni á að einn stjórnarflokkanna hefur talið að afborganir og vextir af meðalstórri íbúð megi ekki fara yfir 20% af almennum launatekjum verkamanna, þetta er Alþb., ef sumir þm. myndu e. t. v. ekki eftir þessari yfirlýsingu.

Ég harma það, að hér hefur veirð settur á svið skrípaleikur. Þegar vitað er að hv. þm. Eggert Haukdal styddi þessa almennu launaskattslækkun dregur 12. þm. Reykv. tillögu sína til baka. Því tökum við í meiri hl. fjh.- og viðskn. till. upp og styðjum því upprunalegt mál Guðmundar G. Þórarinssonar. Ég segir já.

Brtt. 365,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 365,3 samþ. með 20:4 atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv.
6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 365,4 samþ. með 29 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
8.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 365,5 samþ. með 26 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 20:2 atkv.
15. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
16.—18. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 365,6 samþ. með 30 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða I, svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 365,7 samþ. með 24 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða II, svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Neðri deild, 46. fundur.

Miðvikudaginn 24. febr., að loknum 45. fundi.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 376 (sbr. 337)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Við höfum nú hér í þessari deild í sambandi við atkvgr. um till. hv. 12. þm. Reykv. orðið vitni að alveg sérstakri hæfni í andlegri leikfimi, að sjá hvernig hv. þm. getur stokkið hæð sína í loft upp, snúið sér við í loftinu, farið í gegnum sjálfan sig og komið þó nokkurn veginn standandi niður, að eigin áliti a. m. k. Slíkir loftfimleikar hljóta að vera unaðslegir á að líta, svo að notað sé þekkt orðalag hér úr þingsölum, fyrir þá sem a. m. k. njóta eða hafa gaman af slíkum kúnstum. En á okkur ýmsa, sem teljum að slíkur trúðleikur eigi frekar heima í fjölleikahúsum en í þingsölum, orkar þetta þannig að við látum okkur fátt um finnast.

Það sjónarspil, sem hefur nú farið hér fram, er ekki dæmalaust í þingsölum af hálfu þesssa hv. þm. Það var rifjað upp við 1. umr. þessa máls, að fyrir rúmu ári fór fram álíka sjónarspil þegar verið var að ræða um vörugjald á sælgæti og gosdrykki. Hv. þm. auglýsti sig þá sem mikinn andstæðing þess gjalds, en þegar að því kom að greiða atkv. um gjaldið sat hann hjá og tryggði þar með framgang málsins. Nokkrum vikum síðar flutti hann þó sjálfur frv. um lækkun þess gjalds um helming og fékk enn mikla auglýsingu. En þegar á hólminn kom stóð hann ekki heldur við það frv. og komst loks í þá stöðu að greiða atkv. gegn efni eigin frv. þegar sú till. á endanum kom til framkvæmda. Þetta endurtekur sig nú hér. Þegar hæstv. ríkisstj. lagði fram skýrslu sína um efnahagsmál hét hún því að lækka launaskatt á iðnaði og fiskvinnslu úr 3.5 í 2.5%. Menn skildu þetta svo að hér væri átt við allan iðnað. En þegar í ljós kom að ríkisstj. var alls ekki á því að standa við þetta loforð flutti hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson brtt. við frv.

Í frv. ríkisstj. var þessi lækkun takmörkuð við útflutnings- og samkeppnisiðnað, eins og það hét, og átti ráðherra að ákveða með reglugerð hvað undir þetta félli. En þá reis upp bjargvætturinn mikli og flutti brtt. um að allur iðnaður nyti góðs af þessu. Þessu var vissulega fagnað. Þessu var fagnað af okkur þm., sem héldum að allur iðnaður ætti að njóta góðs af, og þessu var fagnað af Landssambandi iðnaðarmanna, sem var mjög óánægt með þetta frv. hæstv. ríkisstj. eins og það var borið fram. Landssamband iðnaðarmanna hefur sent alþm. opið bréf sem hefur reyndar verið getið hér í umr. áður. Skal ég aðeins rifja upp efni þess.

Þar er rakið í upphafi hvert sé sjónarmið Landssambands iðnaðarmanna vegna þessa máls og það hafi talið, þegar skýrsla ríkisstj. birtist, að verulega væri komið til móts við sjónarmið Landssambandsins. En síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er því stjórn Landssambands iðnaðarmanna gífurlegt reiðarslag, að sú lækkun launaskatts á iðnfyrirtæki úr 3.5% af greiddum vinnulaunum í 2.5%, sem ríkisstj. boðar með frv. sínu um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, eigi fyrst og fremst að ná til útflutningsiðnaðar og samkeppnisiðnaðar samkv. þröngri og úreltri skilgreiningu þess orðs. Stærstur hluti byggingariðnaðarins, verktakastarfsemi margs konar og fleiri greinar eiga aftur á móti að greiða áfram 3.5% launaskatt.

Nú hefur Guðmundur G. Þórarinsson alþm. flutt brtt. við frv. ríkisstj. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs. Er þar lagt til að launaskattur verði 2.5% af greiddum vinnulaunum í öllum iðnaði. Hér kemur fram skilningur á vandamálum innlends iðnaðar ásamt þeirri viðsýni sem nauðsynleg er raunhæfri iðnþróun hér á landi. Miðað við efni stefnuskráa stjórnmálaflokkanna um innlenda iðnþróun og fyrri yfirlýsingar margra þm. um þetta sama málefni hefði stjórn Landssambands iðnaðarmanna búist við því, að brtt. þessi fengi góðan hljómgrunn þingheims. Raunin varð því miður nokkuð á annan veg því að

ýmsir þm., jafnt stjórnarsinnar sem stjórnarandstæðingar, hafa séð ástæðu til að skattyrðast vegna þessarar fram komnu brtt. Landssamband iðnaðarmanna skorar á alla alþm., hvar í flokki sem þeir eru, að veita brtt. brautargengi."

Þetta segir Landssamband iðnaðarmanna þegar það skorar á okkur þm. að veita nú till. hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar brautargengi. Og þeir fagna sérstaklega víðsýni hans. En skyldi þeim nú ekki bregða, forustumönnum Landssambands iðnaðarmanna, þegar þeir átta sig á því, að sjálfur flm. till., sjálfur hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, greiðir atkv. gegn eigin till. þegar hún kemur til atkv. á Alþingi.

Sannleikurinn er sá, að það eru mjög veigamiklir þættir iðnaðar sem falla utan þessarar skilgreiningar. En þegar hv. þm. lendir í þeirri stöðu, eins og hér hefur verið rifjað upp í sambandi við atkvgr., að þurfa að standa við orð sín, þegar hann áttar sig á því, að það er hætta á að þessi till. kunni að verða samþykkt þá er hann kominn í þá erfiðu aðstöðu að þurfa að reyna að hörfa án þess að missa andlitið og gleypa í sig stóru orðin án þess að verða bumbult. Og þá finnur einhver snillingur upp bjargráðið: Við skulum nota International Standard for Industrial Classification. Þar með var andliti hv. þm. bjargað að eigin dómi. Auðvitað getur slík skilgreining á orðinu iðnaði verið gagnleg í ýmsum tilvikum. Hagstofa Íslands notar þetta í hagskýrslum og hún notar þetta fyrst og fremst sem grundvöll áhættuflokkunar við álagningu slysatryggingariðgjalds. En það er alveg ljóst, ef skoðuð er þessi þykka bók hér, þar sem skilgreindir eru atvinnuvegir landsmanna samkv. þessari flokkun, að mjög veigamiklar greinar iðnaðar eru utan við þessa flokkun og meira að segja greinar sem teljast vera samkeppnisiðnaður eftir þeirri skilgreiningu sem starfsskilyrðanefnd iðnaðarins hefur gefið orðinu samkeppnisiðnaður.

Í þeirri grg., sem starfsskilyrðanefnd iðnaðarins hefur látið frá sér fara um skilin milli samkeppnisiðnaðar og annars iðnaðar, gerir þessi nefnd nokkuð ítarlega grein fyrir því, hvaða iðnaður hún telji að eigi að vera samkeppnisiðnaður. Hún flokkar þar undir m. a. alla byggingarstarfsemi nema viðgerð mannvirkja. Það flokkar þessi starfsskilyrðanefnd undir samkeppnisiðnað. Þessi iðnaður er hins vegar ekki settur undir hugtakið iðnað samkv. þeirri ágætu skilgreiningu International Standard for Industrial Classification sem öllu á nú að bjarga hér að mati hv. þm.

Það eru margar greinar iðnaðar, eins og ég sagði, sem falla utan við þessa skilgreiningu. Ég skal nefna hér nokkrar. Það er bygging og viðgerð mannvirkja, það er húsasmíði, húsamálun, múrun, pípulagningar, rafvirkjun, veggfóðrun, teppalögn, hárskerar, hárgreiðslustofur, ljósmyndaiðnaður, svo að eitthvað sé nefnt. Ég vil ítreka að stór hluti af þessum iðnaði flokkast sem samkeppnisiðnaður samkv. því sem starfsskilyrðanefnd hefur skilgreint samkeppnisiðnaðinn.

Hér hefur því verið leikinn mikill skrípaleikur. Hv. þm. hefur aftur lent í því að þurfa að kokgleypa stór orð og fengið drjúga auglýsingu reyndar út á fyrir fram. En sómi hans er lítill í þessu máli nú þegar upp er staðið. Hann hélt sig geta leikið þennan leik enn á ný, að bera fram brtt., geta greitt með henni atkv., en samt fengi hún ekki brautargengi hér í deildinni. Það er fyrst þegar hann sér að hún muni fá brautargengi að hann snýr við blaðinu og greiðir atkv. gegn eigin tillögu.

Við viljum nú nokkrir þm. enn freista þess að sú mikilvæga iðngrein, sem heitir byggingariðnaður og á í harðri samkeppni við erlendan iðnað, falli undir það að eiga að greiða 2.5% launaskatt. Þess vegna viljum við fimm þm., ég ásamt hv. 1. þm. Reykn., Matthíasi Á. Mathiesen, hv. 3. þm. Vestf., Sighvati Björgvinssyni, hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni og hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, flytja skriflega brtt. sem við óskum eftir að forseti leiti afbrigða fyrir. Hún hljóðar svo:

„2. mgr. 3. gr. frv. orðist svo:

Þó er heimilt að ákveða að greiða skuli 2.5% launaskatt af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum sem flokkast undir fiskverkun og iðnað samkv. atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands. Enn fremur hjá fyrirtækjum, sem flokkast undir byggingu og viðgerð mannvirkja, sem atvinnurekstur aðila (42 410) og aðila í eigin þágu (42 420), og byggingarstarfsemi og viðgerð mannvirkja ót. a. (49 490-497)."

Þetta er sú sama skilgreining og notuð er í þeirri tilvitnun sem vitnað er til framar í greininni.

Ef þessi till. yrði samþykkt, sem ég vonast eindregið til, þá mundi byggingariðnaður, annar en mannvirkjagerð á vegum ríkisins, falla undir þessa skilgreiningu og þar með greiða 2.5% launaskatt. Ég vil afhenda forseta þessa tillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 377) samþ. með 30 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að ítreka fsp. sem ég bar fram við 2. umr. þessa frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, — ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh., á hvaða stigi verðmyndunar þetta 1% afgreiðslugjald í tolli verður lagt á. Ef svo fer sem mig grunar og ég hef fengið staðfest að nokkru — (**Forseti:** Það er verið að beina fsp. til hæstv. fjmrh., gerið svo vel að athuga um að kalla hann hingað.) Er ekki best að ég bíði með minn málflutning hér, virðulegi forseti? Á ég að yfirgefa ræðustólinn til að hleypa einhverjum öðrum að á meðan — eða hvað vill forseti að ég geri? (**Forseti:** Á ekki fsp. hv. þm. brýnt erindi til hæstv. fjmrh.?) Erindið er brýnt, fsp. er mikilvæg og svar ráðh. ekki minna mikilvægt. (**Forseti:** Þá sé ég ekki annan kost en þann að hv. þm. geri hlé á máli sínu, ef hann vill svo vel gera, og við hinkrum við þar til hæstv. fjmrh. hefur lokið sér af í efra.)

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég lagði einnig fram í gær fsp. til hæstv. fjmrh. sem ég fékk ekki svar við, en ég spurði hann utan fundar hvort von væri til að fsp. fengist svarað. Hann kvað nei við. Þarf ég því ekki að bíða eftir honum og á því ekki annan kost en reyna að koma fram, þó að seint sé, breytingum á umræddu frv. til að koma í veg fyrir framkvæmd á tollafgreiðslugjaldinu sem ég tel mjög varhugaverða.

Ég spurði hæstv. fjmrh. að því, hvort hann gæti frætt Alþingi um hvernig hann hygðist beita reglugerðarvaldi sínu gagnvart vörum sem aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af samkv. ákvörðunum Alþingis. Alþingi ákveður bæði við afgreiðslu fjárlaga og eins í almennum heimildum í tollskránni, að af tilteknum tækjabúnaði og þá fyrst og fremst alls konar hjálpartækjum og tækjum til

sjúkra skuli ráðh. fella niður aðflutningsgjöld. Það er mjög óeðlilegt, að eftir að slík fyrirmæli hafa verið gefin af Alþingi skuli Alþingi veita hæstv. fjmrh. heimild til að ákveða með reglugerð að leggja allt að 1% tollafgreiðslugjald á slíkan varning. Hér er ekki um að ræða vörur sem eru mjög þungar á metaskálunum fyrir tekjur ríkissjóðs. Þetta skiptir því ríkissjóð ekki neinu verulegu máli. En þetta getur skipt þá, sem eiga þarna hagsmuna að gæta, verulegu máli.

Til þess að rifja upp fyrir alþm., hvaða vörutegundir það eru sem Alþingi hefur lagt fyrir fjmrh. að fella niður aðflutningsgjöld af, ætla ég aðeins að vitna í 6. gr. gildandi fjárlaga. Þar er fjmrh. m. a. falið að endurgreiða aðflutningsgjöld af búnaði til mengunarvarna til Siglingamálastofnunar ríkisins, til þess að hreinsa upp olíu sem kynni að hafa farið í sjóinn og stafaði mjög veruleg mengunarhætta af. Einnig er ráðh. heimilt að endurgreiða eða fella niður aðflutningsgjöld og sölugjöld af eldsneytisstöðvum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Honum er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af búnaði og tækjum í bifreiðar sem þegar eftir tollafgreiðslu verður breytt í sjúkrabifreiðar. Honum er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af fjarskiptatækjum vegna leitar- og björgunarsveita. Honum er einnig heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld vegna sérhannaðs tækjabúnaðar sem ætlaður er til að nota við björgunarstörf mannslífa á svæðum þar sem alger skortur er á hafnaraðstöðu. Honum er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af snjótroðurum til þriggja tiltekinna kaupstaða. Honum er heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af vatnshreinsitækjum fyrir Akraneskaupstað. Og honum er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld eða sölugjald af bifreið sem Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi hefur fengið að gjöf.

Hér er ekki um að ræða mjög mikil atriði í tekjuöflun ríkissjóðs, en það er ákaflega óeðlilegt að Alþingi skuli engin svör fá frá ráðh. um hvort hann hugsi sér að beita reglugerðarvaldi sínu til þess að innheimta allt að 1% tollafgreiðslugjald af slíkum varningi, hvort hæstv. ráðh. hugsi sér að krefja t. d. annaðhvort gefendur eða Styrktarfélag vangefinna á Austurlandi um tollafgreiðslugjald af bifreið sem félagið er að fá að gjöf frá ótilteknum aðilum.

Þá kemur einnig í ljós, ef tollskráin er skoðuð, að hæstv. ráðh. er heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af vöru sem hefur eyðilagst eða rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leiðinni hingað til lands. Það er mjög óeðlilegt að engin svör fáist við því hjá hæstv. ráðh., hvort hann ætli að nota reglugerðarvald sitt til að krefjast þess að fá greitt tollafgreiðslugjald af slíkri vöru sem aldrei kemur til sölumeðferðar vegna þess að hún hefur eyðilagst á leið til lands.

Einnig er mjög óeðlilegt að fá engin slík svör frá hæstv. ráðh. varðandi gjafir sem sendar kunna að vera til góðgerðarstofnana hér á landi frá útlöndum og honum er skylt að fella niður aðflutningsgjöld af, en eins og frá frv. er gengið gæti hann lagt á þær 1% tollafgreiðslugjald. Sama máli gegnir um kirkjumuni sem fluttir eru til landsins, gjafir til Norræna hússins og fræðandi skuggamyndir sem yfirvöld fræðslumála flytja til landsins, enn fremur aðflutningsgjöld af allt að 350 bifreiðum árlega fyrir bæklað fólk og lamað. Finnst mönnum ekki óeðlilegt að Alþingi veiti hæstv. fjmrh. heimild til að leggja 1% tollafgreiðslugjald á bifreiðar, 350 talsins, handa bækluðu fólki og lömuðu, sem Alþingi hefur mælt svo fyrir að fella eigi tolla niður af?

Þegar engin svör fást frá hæstv. ráðh. um hvort hann ætli að beita reglugerðarheimild sinni með þessum hætti, þá er að sjálfsögðu ekki um annað að ræða fyrir Alþingi en að breyta frv. hæstv. ráðh. þannig að honum sé ekki fært — jafnvel þó að hann kynni að kjósa það sjálfur — að leggja slíka tolla á varning af þessu tagi sem Alþingi hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld af.

Einmitt þess vegna, herra forseti, höfum við nokkrir þm., auk mín þeir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, Matthías Bjarnason, Albert Guðmundsson, Jóhanna Sigurðardóttir og Magnús H. Magnússon, flutt svofellda brtt. við frv. sem nú er til 3. umr., að aftan við 2. gr. í I. kafla frv. komi ný gr., er verði 3. gr. og orðist sú grein svo:

„Tollafgreiðslugjald samkv. lögum þessum skal ekki innheimt af vörum, sem aðflutningsgjöld hafa verið felld niður af samkv. heimildum í 6. gr. fjárlaga og 3. gr. laga nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum."

Herra forseti. Hér er ekki um að ræða breytingu sem mundi skerða tekjumöguleika ríkissjóðs að neinu ráði. Það er aðeins verið að koma í veg fyrir að hæstv. fjmrh. geti með reglugerð ákveðið að innheimta nýjan toll af alls konar varningi, eins og ég hef hér nefnt, sem ætlaður er annaðhvort björgunarsveitum eða til björgunarstarfa, sem ætlaður er fötluðu fólki og lömuðu og Alþingi hefur ákveðið að aðflutningsgjöld skuli felld niður af.

Ég óska eftir því, herra forseti, að afbrigða verði leitað svo að þessi till. geti komið til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 378) samþ. með 35 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil reyna að byrja mína ræðu á ný. Ég minni á að við 2. umr. þessa frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum leyfði ég mér að leggja spurningu fyrir hæstv. ráðh. um það, á hvaða stigi verðmyndunar þetta 1% afgreiðslugjald í tolli yrði lagt á. Ég hef rökstuddan grun um að það verði áður en söluskattur er lagður á. Komi hann á þetta afgreiðslugjald þýðir það verulega tekjuhækkun til ríkissjóðs umfram það sem segir í þessu frv. Máli mínu til stuðnings bað ég Verslunarráð Íslands um að athuga frv. eins og það liggur fyrir og reikna þetta 1% út til að sjá hver hin raunverulega tekjuöflun er fyrir ríkissjóð af því 1% tollafgreiðslugjaldi sem hér er lagt til að verði að lögum. Er ekki vitað á þessu stigi hvort önnur gjöld reiknuð í tolli, eins og t. d. vörugjald eða aðrir skattar, komi hér til viðbótar. Með leyfi forseta vil ég leyfa mér að lesa upp svar það sem Verslunarráð Íslands sendi mér. Bréf stílað til mín 23. febr. 1982 hljóðar svo, með leyfi forseta:

"Fyrirspurn yðar um verðlagsáhrif 1% tollafgreiðslugjalds má meta þannig:

1. Samkv. síðast birtu yfirliti Þjóðhagsstofnunar um rekstur verslunar, sem er frá 1976, er meðaltalsálagning í heildsölu 21% og 23% í smásöluverslun. Þetta álagningarhlutfall er ekki mjög breytt eða breytilegt milli ára.

2. Söluskattur er 23.5%.

Þegar áhrif þessa eru metin verður 1% tollafgreiðslugjald að 1.84% í endanlegu verði. Ekki er reiknað með

að önnur aðflutningsgjöld leggist á gjaldið þótt svo sé um vörugjald. Söluskattstekjur ríkissjóðs af tollafgreiðslugjaldi verða nálægt 19 millj. kr. miðað við 54 millj. kr. tollafgreiðslugjaldsinnheimtu. Til þess að eyða þessum uppsöfnunaráhrifum þyrfti gjaldið að vera um 0.8% eða skila ríkissjóði 54 millj. kr. af tollafgreiðslugjaldi og söluskatti samtals."

Ég held að hér hafi starfsmenn fjmrn. gert mistök. Tekjuöflun þessa 1% tollafgreiðslugjalds er því samkv. þessu, ef hæstv. ráðh. staðfestir að söluskattur leggist á það, 19 millj. kr. eða 1900 millj. gkr. meiri en sagt er í frv. sjálfu.

Ég óska eftir að hæstv. ráðh. svari fsp. og gefi aðrar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, eða að öðrum kosti staðfesti það sem ég hef hér sagt. Að sjálfsögðu reikna ég með að hæstv. ríkisstj. muni þá bera fram brtt. um þetta 1% og það verði lækkað þannig að tekjur samkv. þessu frv. verði þær 54 millj. sem stefnt er að með frv., en ekki 1900 millj. gkr. umfram það sem ríkissjóður er talinn þurfa til að standa undir þeim breytingum sem lagt er til að gerðar verði.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirrar ræðu sem hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, flutti hér áðan. Hann taldi að ég hefði sýnt hér mikla andlega leikfimi og ætti jafnvel erindi í fjölleikahús fyrir hæfni mína á því sviði. Mér þykir þetta út af fyrir sig skemmtilegt lof því að ég hef alltaf haft gaman af leikfimi. En ég á dálítið erfitt með að skilja að hv. 6. þm. Reykv., sem er lögfræðingur, skuli ekki átta sig á því, að orðið iðnaður er nokkuð sem þarf að skilgreina. Hvað er það sem menn eiga við með iðnaði? Ef brtt. mín hér á Alþingi hefði verið samþykkt sem slík, að lækka skyldi um 1% launaskatt á fiskvinnslu og iðnaði, hvernig hefðu menn þá skilið orðið iðnaður? Auðvitað hefðu menn skilið orðið iðnaður sem þá atvinnustarfsemi sem opinber stofnun okkar lýðveldis hefði skilgreint sem iðnað, þ. e. Hagstofan.

Auðvitað hefði legið beinast við að skilgreina orðið iðnaður nákvæmlega eftir þeim alþjóðlegu samningum sem Sameinuðu þjóðirnar hafa gengist fyrir að gerðir væru. Iðnaður sem slíkur fær allur lækkun um 1% af launaskatti. Þess vegna er till. minni hl. fjh.- og viðskn., sem hér hefur verið samþykkt, og þær breytingar, sem gerðar hafa verið, samhljóða brtt. minni. Þar af leiðandi var þeirrar till. ekki þörf lengur. Þetta hélt ég að væri ekkert erfitt fyrir menn að skilja. Ég átta mig ekki á því, að menn skuli ekki skilja það, að orðið iðnaður þarf að skilgreina og þær skilgreiningar, sem til eru í þjóðfélaginu, eru svona. Það getur vel verið að menn séu óánægðir með þær skilgreiningar og vilji breyta þeim. En þetta orð, iðnaður, hefur ákveðna merkingu í opinberum skilgreiningum, og á þeirri atvinnustarfsemi sem telst iðnaður hefur launaskattur með þessu frv. verið lækkaður um 1%. Ég get ekki séð annað en að þetta sé algjörlega skýrt.

Hv. 6. þm. Reykv. taldi síðan upp ýmsar atvinnugreinar sem hefðu fallið undan í þessu sambandi. Það er alveg rétt. Það eru ekki allar atvinnugreinar sem flokkast undir iðnað. Hann taldi þar fram hárgreiðsluiðnað, ljósmyndaiðnað o. fl. Hér hefur verið nefndur kvikmyndaiðnaður o. s. frv. Síðan flytur þessi hv. þm. hér brtt. og þá gleymir hann sjálfur öllum þessum atvinnugreinum sem hann var að telja upp. Þá var auglýsingastarfsemin það mikil hjá honum sjálfum í þessum tillöguflutningi að hann gleymdi í till. þeim iðngreinum sem hann var sjálfur að telja upp að hefðu átt að fylgja með.

Ég held að menn ættu ekki að vera að tala um auglýsingastarfsemi hjá öðrum. Það er fjarri lagi að ég hafi verið að velta neinu slíku fyrir mér. Það, sem vakti fyrir mér, var fyrst og fremst að þessi launaskattslækkun næði til alls iðnaðar. Eins og hún er framkvæmd hér og samþykkt á Alþingi nær hún til alls iðnaðar eins og hann er skilgreindur. Hvort menn eru ánægðir með þá skilgreiningu er allt annað mál. **(Gripið fram í:** Þetta er bara rugl.) Nei, þetta er engan veginn rugl. Þetta er hin opinbera skilgreining á iðnaði og það veit hv. þm. Friðrik Sophusson. Þess vegna eru allar þær ræður, sem hér eru haldnar um þetta mál, ekkert annað en útúrsnúningur.

Hv. 6. þm. Reykv. vakti sérstaklega athygli á því hér, að ég hefði átt þátt í því að fá lækkað vörugjald á gosdrykki. Það er alveg rétt hjá honum. Ég ætla að biðja hann að nefna það í öllum ræðum sem hann heldur úti um land og hvar sem er. Það er ágæt auglýsing út af fyrir sig. Ég vil hins vegar segja það að lokum, að eins og frv. er samþykkt nú er það miklu víðtækara, nær til miklu fjölbreyttari atvinnustarfsemi en gert hafði verið ráð fyrir. Það er því um verulegan ávinning að ræða með þeim breytingum sem orðið hafa, enda þótt öllum sé ljóst að lengra þarf að ganga. Ég geri mér vonir um að í tengslum við efnahagsaðgerðir síðar á starfstíma núv. ríkisstj. verði hægt að stíga fleiri skref áfram á þessari braut.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta frv. eða efni þess, en ég verð hins vegar að víkja að tveimur spurningum sem fram hafa komið.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf., spurðist fyrir um það við 2. umr. málsins, hvernig háttað yrði álagningu tollafgreiðslugjalds þegar aðflutningsgjöld væru lækkuð eða jafnvel felld alveg niður með heimild í tollalögum eða samkv. heimildum fjárlaga.

Ég tel að í þessum efnum geti komið til greina ýmsar reglur. Það er kannske ekki hægt að nefna eina einfalda reglu í því sambandi. Ég held að þetta þurfi að athuga nánar. Það er heimild til þess í lögunum að fella niður tollafgreiðslugjald þegar það þykir eiga við. Það verður því að sjálfsögðu á valdi ráðh. á hverjum tíma, að hve miklu leyti niðurfelling á þessu gjaldi muni eiga sér stað í þeim tilvikum sem hv. þm. nefndi.

Ég vil þó taka skýrt fram að mér finnst afskaplega órökrétt, ef felldir eru niður tollar og vörugjöld, þ. e. aðflutningsgjöld, sem kannske nema tugum ef ekki hundruðum prósenta, að þá sé ekki fellt niður þetta 1%. Ég held að varla muni verða í sæti fjmrh. svo smámunasamur maður að hann reyni að halda í þetta 1% ef hann er að fella niður aðflutningsgjöld sem nema kannske 150%. **(Gripið fram í:** Það eru engin takmörk fyrir smámunaseminni.) Ég heyri að hv. fyrrv. ráðh. finnst engin takmörk fyrir smámunaseminni, en ég er ekki á sömu skoðun. Ég held að takmörk séu fyrir henni.

Ég tek það t. d. fram í þessu sambandi, að þegar um er að ræða bifreiðar sem fluttar eru inn í págu öryrkja og aðflutningsgjöld eru lækkuð á með sérstökum heimildum, þá mun ég ekki telja rétt að leggja tollafgreiðslugjald á í slíkum tilvikum, enda er að sjálfsögðu um svo smáar

upphæðir að ræða að fráleitt væri að leggja á tollafgreiðslugjald, þegar verið er að fella niður toll á annað borð og heimildir eru til að fella hann niður. Sama gildir að sjálfsögðu þegar tæki eru gefin til mannúðarstarfsemi og heimild er notuð til að fella niður tolla af þeim. Þá er að sjálfsögðu órökrétt að leggja þetta sérstaka gjald á.

Ég vil hins vegar taka það fram, að þetta mál þarfnast nánari athugunar. Mér sýnist eðlilegast að mótaðar yrðu einhverjar fastar reglur um þetta efni, og ég tel ekki óeðlilegt að einhver samráð yrðu höfð við fjh.- og viðskn. þingsins um framkvæmd á þessu atriði málsins.

Hv. þm. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv., gerði hér fsp. um það, á hvaða grunnverð tollafgreiðslugjaldið legðist og hvaða gjöld legðust hugsanlega ofan á tollafgreiðslugjaldið. Ég held að svarið við þessari spurningu liggi alveg ljóst fyrir í frv. sjálfu. Það er ljóst af frv. að tollafgreiðslugjaldið er lagt á tollverðið. Hins vegar er ekki einsýnt að vörugjald verði lagt á þetta gjald. Það tíðkast yfirleitt ekki í slíkum tilvikum. Hins vegar er augljóst mál að eðlis síns vegna hlýtur söluskattur að koma á gjaldið, enda er söluskattur alltaf seinasta stig álagningar eins og menn þekkja.

Það er vafalaust rétt sem hv. þm. benti á, að heildartekjur vegna þessarar gjaldtöku gætu orðið eilítið hærri af þessari ástæðu. En ég vil minna á í þessu sambandi að margt er ákaflega óljóst um hvaða tekjur þetta gjald gefur. Það er erfitt að reikna það nákvæmlega út. Ljóst er að sú upphæð, sem nefnd er í grg. frv., er heldur of há ef dráttur verður á því að gjaldið sé lagt á svonefndar EFTA-vörur. Ef það dregst t. d. verulega mun gjaldið að sjálfsögðu skila allmiklu lægri upphæðum en um er getið í frv. og það kemur þá þarna á móti.

Ég held að ekki sé hægt að svara þessari fsp. hv. þm. Alberts Guðmundssonar öðruvísi en á þennan veg, að gjaldið leggst á tollverðið. Aftur á móti leggst söluskattur á heildarverðið. Hann er seinasta stig gjaldtökunnar og kemur þarna ofan á. En menn mega ekki gera of mikið úr þessu þar sem ljóst er af ýmsum ástæðum — m. a. vegna þess að ekki verður lagt strax á EFTA-vörurnar — gefur gjaldið minni tekjur en grg. segir til um.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. svaraði hér fsp. hv. 3. þm. Reykv., Alberts Guðmundssonar, varðandi tollafgreiðslugjaldið og þá útreikninga sem hér hafa verið til umr. og koma fram í frv. Ég verð að segja að það furðar mig sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að sjálfsagt sé það rétt sem kemur fram í bréfi frá Verslunarráði, að heildartekjur ríkissjóðs verði hærri en þær 54 millj. kr. sem hefur verið talað um.

Í grg. með því frv., sem hér er til umr., er skýrt tekið fram að tollafgreiðslugjald sé lagt á til þess að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna fyrrnefndra gjaldalækkana. Þess vegna er spurning mín til ráðh. hvers vegna ekki sé hægt að fá um það upplýsingar þegar fjh.- og viðskn. biður um sundurliðun — eins og gert var í nefndinni — á því tekjutapi, sem ríkissjóður verður fyrir, og þeim tekjum, sem ætlað er að bæta upp tekjutapið.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar fjmrn. og þeim var ekki nokkur leið að gera nefndinni grein fyrir því, hvernig þessi útreikningur ætti sér stað. Það liggur alveg ljóst fyrir, sem sagt er í nál. meiri hl., að hér er afgreiðsla mála með þeim hætti að Alþingi fær ekki upplýsingar, ráðuneytið getur ekki gefið upplýsingar, ráðuneytið veit ekki hvað um er að ræða. Jafnvel í ræðu sinni áðan sagði hæstv. fjmrh. að það mætti nú ekki gera of mikið úr þessu og ekki of mikið úr hinu. Eðlilegast væri að forseti gerði hlé á umr. núna og fjh.- og viðskn. fengi málið aftur til meðferðar og ráðh. sæi svo um að fulltrúar úr fjmrn. kæmu og gerðu þingnefndinni fullkomlega grein fyrir þessu, eins og óskað var eftir í upphafi, til þess að Alþingi viti hvað er að gerast.

Það má vel vera að hæstv. ráðh. kæri sig ekki um að vita það, og það má vel vera að þeir í ráðuneytinu hafi engan áhuga á að vita hvað í raun og veru er hér um að ræða. Ef dráttur verður á því að leggja þetta á vörur samkv. samningum við EFTA og Efnahagsbandalagið, sem þeir eru ekki enn þá búnir að athuga hvort hægt er að gera, þá mun þetta ekki verða svona mikið, segja þeir. Mér finnst þetta ekki vera málflutningur sem þinginu sé boðlegur. Ég varpa þeirri spurningu því til hæstv. forseta, hvort ástæða sé til þess, að fjh.- og viðskn. fái þetta mál aftur til athugunar og þá grg. fjmrn. varðandi málið.

Hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, kom hér í ræðustólinn eftir að hv. 6. þm. Reykv. hafði gert grein fyrir brtt. sem hann ásamt nokkrum þm. flytur nú við 3. umr. Mér er ekki ljóst eftir ræður hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar til hvers hann flutti sína brtt. í upphafi. Til hvers konar iðnaðar átti till. hv. þm. að ná? Hann kemur hér nú og ræðir um skilgreiningu á iðnaði og kveðst harla ánægður með það orðalag sem er orðið á greininni samkv. brtt. sem minni hl. fjh.- og viðskn. flytur. En ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefði lesið nál. meiri hl., þá er skýrt þar hvernig skilja ber þá till. sem hann flutti — úr því að hann vissi ekki hvernig átti að skilja hana. Eh af þeim ræðum, sem hann hefur flutt, liggur alveg ljóst fyrir að hann hvorki vissi né gat sagt mönnum hvernig ætti að skilja þessa brtt.

Í nál. á bls. 2 stendur þetta, með leyfi forseta:„Dragi þm." — það er hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson — „till. til baka." — Þm. var ekki í salnum. Ég var að ræða við hann út af því sem hann sagði áðan, að það hefði ekki verið nokkur leið að skilja þá till., sem hann flutti sjálfur, hvorki hann né aðrir hefðu getað skilið hana. Þess vegna sætti hann sig sérstaklega vel við það orðalag sem komið er á greinina samkv. brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 365. Það getur verið hagstofuskilningur, það getur verið erlendur skilningur, alþjóðaskilningur o. s. frv. En í nál. meiri hl. er gerð nákvæm grein fyrir því, hvernig hann lítur á að skilja beri till. Og ef hv. þm. hefði samþykkt till. hefði hún verið samþykkt með þeim skilningi sem fram kemur í nál. og ég ætlaði að fara að lesa upp þegar ég sá að hv. þm. gekk í salinn:

„Dragi þm. tillöguna til baka við 2. umr. munum við taka hana upp og flytja og er þá miðað við að launaskattur verði 2.5% hjá öllum iðnaði, sem greiðir iðnlánasjóðsgjald, svo og kjöt- og mjólkuriðnaði."

Hér er nákvæmlega skilgreint hvað í raun og veru felst í till. þm. Þess vegna var enginn vafi á því, þegar átti að gefa út reglugerð um lækkun á launaskatti, hvernig átti að skilja þessa grein. Út frá þessu sjónarmiði er því ekki ástæða fyrir hv. þm. að skjóta sér á bak við þann texta sem er í greininni eins og hún er orðuð nú.

Ef hv. þm. lítur svo á texta till. sinnar og till. eins og hún er í frv., þá er þar geysilegur munur sem hann virðist ekki hafa tekið eftir. Ef við lesum upp till. hv. þm. á þskj. 356, með leyfi forseta, þá stendur þar: „Þó skal aðeins greiða." Hvað stendur í greininni eins og hún er nú á

þskj. 365: „Þó er heimilt að ákveða." Hv. þm. var svo ákveðinn þegar hann flutti till., að hann hugsar sér ekki að hér verði nein geðþóttaákvörðun ráðh., heldur skuli þetta vera svo. En svo beygður er hann af sínum samstarfsmönnum að hann er látinn fallast á að þetta verði aðeins heimildarákvæði, sem hann vildi að yrði skylda.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er mjög áberandi hjá hæstv. ríkisstj., sem nú situr, að þegar koma frá henni mál og þau koma fyrir þingið er eins og stjónarliðið sé á samri stundu allt í spreng. Það verður að koma málum fram með óskapahraða og það er eiginlega djöfullega séð að stjórnarandstaðan sé að biðja um upplýsingar og yfirleitt erfitt að fá þær. Það verður helst að nota tangarsókn til að fá þær og það er mjög takmarkað sem fæst.

Frv., sem hér liggur fyrir, er bandormur. Þeir hafa svo sem gengið fyrr á þingi, en þegar tekin er, eins og hefur komið fram í fyrri umr. um þetta mál, sérstakur lagakafli og honum öllum gjörbreytt, eins og launaskattinum, á slíkt auðvitað ekkert erindi í frv. um bandorm, heldur átti að leggja fram sjálfstætt frv. um launaskatt þar sem það mál fengi vandlega meðferð.

Ef við lítum aftur á I. kaflann, sem mætir hér mestri andstöðu, tollafgreiðslugjaldið, er engin furða þó að menn séu orðnir þreyttir á einum aukagjöldunum enn í tolli. Hefði ekki verið betra og skynsamlegra að hugsa málið frá einhverju öðru sjónarmiði og vera ekki að gera tollútreikninga sífellt flóknari, eins og raun ber vitni? Þau eru orðin æðimörg aukagjöldin sem eru lögð á í tolli, eru hátt á annan tug. Við þm. erum almennt orðnir mjög þreyttir á því, að þessi vinnubrögð séu viðhöfð.

Ríkisstj. er langan tíma að bögglast með mál og á í miklum erfiðleikum með þau, eins og gerist og gengur, og eitthvað er nú talað í stjórnarflokkunum tveimur um málið, þó að aldrei heyrist talað um að ráðh. þeir sem sitja í núv. ríkisstj. og telja sig vera í Sjálfstfl. ræði mál. Það er aldrei um það getið. Það er eins og þeir tali aldrei um mál og hafi ekki neitt um mál að segja. Það er alltaf sagt í fréttum að þingflokkur Alþb. og þingflokkur Framsfl. hafi fjallað um málið.

Ég hélt að hv. 12. þm. Reykv. Guðmundur G. Þórarinsson væri í Framsfl. og ætti sæti í þeim þingflokki. A. m. k. hef ég átt því að venjast allan þann tíma sem ég hef verið á þingi, hvort sem minn flokkur hefur átt aðild að ríkisstj. eða verið í stjórnarandstöðu, að við ræddum mál fyrst innan okkar þingflokks og afstöðuna til þess og reyndum þar eftir fremsta megni að samræma skoðanir okkar. Ég hélt því að það hefði verið mjög auðvelt fyrir hv. þm. að koma skoðunum sínum þar á framfæri. Ef hann hefði verið trúr málstað iðnaðarins, eins og hann segist vera, og ekki fengið sínu framgengt í Framsfl. eða við hinn stjórnarflokkinn og þá væntanlega viðbótina sem á vantar svo ríkisstj. sé fullskipuð, þá hefði ég skilið að hann hefði flutt till. sem hann flutti. En ef það er aðeins ætlunin að sýnast vera eitthvað betri en allir hinir er það líka skiljanlegt hjá sumum, en alls ekki hjá öllum, því að flestir þm. og í flestum flokkum kunna ekki að meta það.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson lýsti, hvernig 12. þm. Reykv. væri frábær maður í andlegri leikfimi, og sagði að hann hefði við slíkan tillöguflutning sinn bæði fyrr og nú komið nokkurn veginn standandi niður. Auðheyrilega líkaði hv. 12. þm. Reykv. þetta mjög vel því að hann bætti því við hér í ræðustólnum að hann væri ekki síðri í líkamlegri leikfimi. Þessi stóll er ekki stór eða mikill svo að hann gat ekki sýnt þm. hæfni sína í þeirri grein leikfiminnar. En vonandi gefst þm. kostur á að sjá þá hæfni síðar og þá við aðrar kringumstæður.

Hann var líka mjög ánægður með þennan tillöguflutning sinn og úrslit. Hann þakkaði Birgi Ísl. Gunnarssyni alveg sérstaklega — og ég fann að það þakklæti kom beint frá hjartanu — að Birgir Ísleifur skyldi minna á að hann hafi fengið skattinn á gosdrykki og öl lækkaðan á s. l. ári. En hann minntist ekki á að þessi skattur á öl og gosdrykki var lagður á fyrir hans atbeina. Ef hann hefði greitt atkv. á móti þeirri skattlagningu hefði hún aldrei orðið að veruleika. Þá hefðu þau mótmæli, sem starfsfólk í gosdrykkjaiðnaði sýndi vikum saman aldrei þurft að verða. Enginn bar meiri ábyrgð á þessu gjaldi en einmitt hv. 12. þm. Reykv. En varð hann fyrst að koma skattinum fram til að geta aftur sýnt sína frábæru andlegu leikfimi nokkrum mánuðum síðar, til þess að fá að lækka hann? Er þetta samboðið virðingu Alþingis og virðingu hv. þm. sem og annarra þm.? Ég held ekki.

Það hefur komið oft fram, sérstaklega af hálfu Landssambands iðnaðarmanna, að það eigi að jafna skattlagningu á milli atvinnuveganna. Það telur að umbætur í ýmsum aðstöðumálum hafi oft oltið á því, hvort iðngreinin teldist það sem kallað er útflutnings- eða samkeppnisiðnaður. Hagsmunir greina, sem ekki hafa fallið undir þessa skilgreiningu, t. d. byggingariðnaðar og þjónustuiðnaðar, ásamt ýmiss konar verktakasatarfsemi, hafa því orðið þar út undan. Landssamband iðnaðarmanna hefur margoft vakið athygli á því, að forsenda árangursríkrar iðnþróunarstefnu sé að stjórnvöld beiti sér fyrir úrbótum í aðbúnaðarmálum alls iðnaðar, hvort sem hann er í beinni samkeppni eða óbeinni. Allur iðnaður er í samkeppni og allar atvinnugreinar. Sú víðtæka iðnþróunarstefna, sem síðasta þing Landssambands iðnaðarmanna markaði og hefur markað í raun og veru fyrir löngu, hefur oft átt takmörkuðum skilningi að mæta, en að undanförnu virðist þó að skilningur annarra á þessum samþykktum hafi heldur verið að aukast. Má sem dæmi nefna breytingu á tollskrárlögum sem Alþingi samþ. síðast á liðnu ári, þegar heimilað var að leggja jöfnunarálag á tollverð innfluttra mannvirkja og mannvirkjahluta. Jöfnunarálagið átti að miða við hlutdeild uppsafnaðra aðflutningsgjalda í verksmiðjuverði eða byggingarkostnaði sambærilegra mannvirkja eða mannvirkjahluta sem framleiddir eru hérlendis. Það er því eðlilegt að þetta sjónarmið hafi verið endurnýjað af þessum samtökum í bréfi til þm. og í dagblöðum að undanförnu. Það er því eðlilegt að þessi samtök hafi haldið því fram, að nú ætti að stíga þetta skref og jafna þennan aðstöðumun.

Ég gat þess fyrr í dag, að ég teldi að það væri full ástæða til að reyna að stemma stigu eins og hægt væri við hækkun byggingarkostnaðar. Ég bjóst nú við að fá töluverðan liðsstyrk frá Alþb., sem hafði alveg sérstakan áhuga á að lækka byggingarkostnað og setti sér þar mjög göfugt markmið fyrir kosningarnar 1978, þegar byggingarkostnaður á meðalíbúð, afborgun og vextir af slíkri íbúð, átti ekki að vera meiri en 20% af tekjum manna í lægstu launaflokkum innan ASÍ. En það var fyrir kosningar. Það var áður en Alþb. fór í ríkisstjórn. Núna hrökkva ekki öll launin til að standa undir afborgunum og vöxtum og þó meiri væru. Þannig hefur þetta stefnumarkmið Alþb. reynst, en það hefur verið í stjórn síðan

að undanskildum eitthvað þremur mánuðum. Það er því ekki mikið að marka þann flokk. Hann hefur algjörlega gleymt sinni upprunalegu stefnu og er sífellt að færast í þá áttina að lifa mjög borgaralegu höglífi og sitja í fínum stólum og keyra í dýrum bílum og drekka dýrar veigar. Hann er alveg búinn að gleyma baráttunni fyrir verkalýðinn — baráttunni fyrir þá sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Þegar verið er að ræða hagsmunamál fólksins í landinu og það sem mestu máli skiptir virðast þeir vera bæði heyrnarlausir og mállausir, þessir forustumenn Alþb.

Það er sjáanlegt af öllu, að þegar ríkisstj. segist ætla að lækka einhvern hlut er hún að blekkja. Það er hægt að lækka landbúnaðarafurðir til að hafa af fólki verðbætur á laun. Síðan má hækka þær aftur eftir einn mánuð því að þá er enn þá tveggja mánaða frestur til að leika nýjan fölsunarleik. Það er lagt fram frv. eins og þetta sem kemur inn á, eins og á 6. síðu frv., að tollafgreiðslugjald eigi að gefa 54 millj., ríkið tapi 30 millj. í launaskatti, 20 millj. á lækkun og niðurfellingu stimpilgjalds, en auki tekjur sínar af innflutningi á sælgæti um 8 millj. Þeir neyðast til að viðurkenna að með því að halda áfram vísitölufalsinu ætla þeir samt að ná 12 millj. meira í ríkissjóð en þeir gefa eftir. En hér er um blekkingu að ræða. Þetta er miklu hærri upphæð. Það er breytt greiðslufyrirkomulaginu. Hingað til hafa verið 12 mánuðir í árinu, en þegar Alþb. fer með fjármál er innheimtur launaskattur 13 mánuði. Það er innheimt fyrir 3 mánuði á s. l. ári og síðan á að innheimta fyrir októbermánuð á þessu ári þannig að mánuðirnir eru orðnir 13. Þessi breyting á tekjum og gjöldum ríkissjóðs er miðuð við heilt ár. Þetta er á þessu ári. Hér er um að ræða stórfellda skattlagningu, eina nýja skattlagningu enn frá hendi núv. ríkisstj. Ráðh. þekkja ekki annað en nýjar skattlagningar og eru alltaf að auka útgjöldin. Þetta er vísasti vegurinn til að halda verðbólgunni áfram. Svo segja þessir menn og setja upp sakleysissvip: Við erum að vinna gegn verðbólgunni. Við höfum sett okkur mark að halda verðbólgunni í ákveðnu prósentustigi frá byrjun til loka árs. — Á s. l. ári fölsuðu þeir vísitöluna allt árið, héldu genginu föstu, bökuðu útflutningsatvinnuvegunum stórskaða, sem þeir eru ekki komnir út úr enn þá, og eru svo alveg undrandi á að þessar atvinnugreinar skuli ekki geta staðið sig. En þegar ríkið vantar eitthvað er brennivínið hækkað eða aðrir skattar og tollar. Það er bara farið eftir því hvað þarf hverju sinni. Eyðslan heldur áfram. Það er ekki neitt eftirlit með neinu á vegum ríkisins. Það er ekki einu sinni hægt að fá upplýsingar um stórfelld útgjöld ríkisins. Ein fsp., sem ég flyt er um það. Það er kominn núna hálfur fjórði mánuður og ekki fæst svar við henni. Það var hægt að fá svar við slíkri fsp. á þeim dögum sem Sjálfstfl. átti sæti í ríkisstj. þegar þm. Alþb. spurði. Af hverju má ekki svara núna? Hvað er verið að fela? Svo er talað um heiðarleika og sparnað í ríkisrekstri hjá þessum afglöpum!

Eins og fyrri daginn er hér ekki um neina stefnu að ræða. Það er verið að koma frá sér með miklum erfiðismunum frv. um tiltekin atriði. Annað er látið bíða. Ég furða mig á því, hvað langlundargeð nokkurra þm. stjórnarliðsins er mikið að láta bjóða sér þetta. Langlundargeð Alþingis í heild er líka mikið. Ýmsir stjórnarsinnar, sem sjá og viðurkenna að ekki er heil brú í stefnu þessarar ríkisstj., geta látið bjóða sér að bíða og bíða. Það er haft á þann veg að viðkomandi mönnum er haldið í klemmu: Við tökum ekki ákvörðun í þeim málum sem eru baráttumál þessara manna, sem þeir af heilum hug vinna fyrir, því að við þurfum að nota atkv. þeirra til að velta þessari vitleysu áfram í nokkrar vikur í senn. — Það er m. a. ákvarðanaleysi núv. iðnrh. að finna. Það er ekki af slóðaskap eða leti að engar ákvarðanir eru teknar. Þetta er allt gert með ráðnum hug. Og það er engin furða þó að menn bæði innan hans flokks og annarra séu orðnir leiðir. En iðnrh. er enginn kjáni. Hann veit í hvaða klemmu hann á að hafa sumа. Honum er það ekkert heilagt þó hann dragi 1—2 ár að taka mikilsverðar ákvarðanir sem átti fyrir löngu að vera búið að taka, af því að það þarf að halda áfram að reyna að láta þessa stjórnarómynd sitja eitthvað enn þá öllum til sárra vonbrigða og leiðinda.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki ræða efnislega það frv. sem hér er til umr. og búið er að ræða allítarlega, en mig langar til að segja örfá orð um nánast innréttingu og efnisblöndun í hv. 12. þm. Reykv. eins og hún kemur mér fyrir sjónir í þessu máli og reyndar fleirum. (**Gripið fram í:** Það er kominn tími til.)

Það er sagt og er það e. t. v. með einhverjum rétti, að ýmsir stjórnmálamenn séu búnir að koma slíku óorði á stjórnmálamenn og stjórnmál að naumast verði undir því risið. Ég held að það sé einmitt slíkur málfutningur og það, hvernig menn eins og hv. 12. þm. Reykv. haga sér, sem er þess valdandi að slíkt óorð er komið á stjórnmálamenn sem raun virðist bera vitni. Ég er ekki hissa á því þegar menn haga sér með þeim hætti sem hv. 12. þm. Reykv. hefur hér gert. Það er vægast sagt tvískinningur í fyllsta máta hvernig hann hefur komið fram í þessu máli og kom raunar fram í öðru álíka máli á s. l. ári.

Það er einkennilegt hugarfar sem birtist í því að ætla sér að vinna vinsældir með því að vera á móti ákveðnu máli í trausti þess að það sé minni hl. fyrir brtt. á þingi. Það gerir hv. 12. þm. Reykv. Þetta er í annað skiptið sem hann hagar sér með þeim hætti að hann ætlar að gera sig stóran í trausti þess að það reyni aldrei á það, hvort hann fylgi fram sínum stefnumiðum og skoðunum. Það sýnir sig hvað átakanlegast í þessu máli. Hv. 12. þm. Reykv. virðist ekki hafa átt von á að hv. þm. Eggert Haukdal tæki þá afstöðu sem raun varð á. Þar skjátlaðist kempunni úr Reykjavíkurkjördæminu því að þá fyrst kom að því að hann þurfti sjálfur að standa við það sem hann var búinn að setja fram og segja. En það kom í ljós aftur að hann hafði ekki kjark til að fylgja, að ég vænti, þeirri sannfæringu sem hann taldi sig hafa í þessu máli. Þegar hann sá það blasa við, að meiri hv. var fyrir till. hans og hans málflutningi, þar rann hann sjálfur af hólmi. Það eru slíkir einstaklingar, hvar í stétt sem þeir finnast sem koma óorði á heila stétt. Það er ástæða til að vekja athygli á slíku, því að auðvitað eiga þessir einstaklingar, þessi hv. þm. eins og aðrir, eftir að koma aftur til kjósenda og biðja um traust og fylgi. Ég er sannfærður um að það kemur að því að þeir stjórnmálamenn, sem haga sér með þessum hætti, verða rúnir trausti og fylgi. Við höfum horft á fleiri dæmi en það sem hér er gert að umræðuefni. Því miður eru þau allt of mörg. Það er furðulegt að hugsa til þess, að þessi hv. þm., sem sjálfur var skipaður í efnahagsmálanefnd ríkisstj. til að vinna að þessu frv. og stendur að því og leggur það fram, skuli koma hér með brtt. í þessum dúr, hlaupa síðan frá henni þegar hann sér fram á að það er meiri hl. fyrir henni í þinginu.

Hv. þm. Matthías Á Mathiesen lét í það skína áðan að honum væri ekki ljóst til hvers hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefði flutt þessa till. Mér er alveg ljóst til hvers það var gert. Það átti að leika hinn stóra og stælta í trausti þess að það þyrfti ekki að reyna á það. En það kom annað í ljós. Kannske kom þetta úr líklegustu áttinni, þ. e. úr Framsóknarflokknum, þó að sumir hverjir og þar á meðal ég hefðu talið líklegra að það kæmi með þessum hætti úr annarri átt en þó ekki óskyldri, þ. e. frá Alþb. Menn hafa horft upp á álíka uppákomur í þeim flokki og skyldi engan undra, en að þessu sinni kom það úr Framsfl. Það hefur gerst áður að tilteknir þm. Framsfl. hafi hér flutt mál og till. í trausti þess, að þær nytu ekki meiri hl. og það þyrfti aldrei að reyna á að þær ættu hljómgrunn í þinginu. Við þessu er full ástæða til að vara. Það er skylda þeirra einstaklinga, sem starfa í stjórnmálum og vilja starfa þar af heilindum, að vekja athygli almennings í landinu þegar tilteknir stjórnmálamenn, þingmenn, haga sér með þeim hætti sem hv. 12. þm. Reykv. hefur nú gert. Hafi nokkur þm. nokkurn tíma verið með allt niður um sig er það núverandi hv. 12. þm. Reykv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég er ekki sammála kollega mínum um að þetta hafi komið á óvart hjá hv. 12. þm. Reykv. Það er ein leið að leggja fram till. sjálfur og greiða henni atkv. sjálfur. Það er hin leiðin að leggja fram till. og greiða svo atkv. á móti eigin till. Auðvitað aðhyllist Framsfl. „hina leiðina." Þess vegna kom mér ekkert á óvart þó að hv. 12. þm. Reykv. legði fyrst fram till. og greiddi síðan sjálfur atkv. á móti henni. Það er að sjálfsögðu framsóknarleiðin. Það er „hin leiðin".

Sá háttur, sem hv. þm. er farinn að tileinka sér, að flytja hér till. með fyrirvara um að þær verði ekki samþ. er auðvitað alveg nýtt framlag af hans hálfu til vinnubragða hér á þinginu. Það er auðvitað ljóst, að um leið og hann tók að óttast um að það kynni að vera að till. fengi samþykkt hér á þinginu flýtti hann sér að ná samkomulagi við meiri hl. fjh.- og viðskn. um að till. yrði ekki samþykkt. Þetta er í fullu samræmi við stefnu þess flokks sem hv. þm. tilheyrir. Ég er viss um að eftir þessi afrek í þingsögunni verða menn ekki lengur í miklum vandræðum með að skýra það fyrir útlendum aðilum, sem spyrjast fyrir um það, hvers konar fyrirbæri Framsfl. eiginlega sé. Menn geta bara sagt þessa sögu af hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni til að skýra fyrir erlendum áhugamönnum um stjórnmál á Íslandi hvaða fyrirbrigði Framsfl. sé í íslenskri pólitík. Það er flokkur sem leggur fram till., en greiðir síðan atkvæði gegn eigin till., vegna þess að það er „hin leiðin" í íslenskum stjórnmálum. Það er síðan afrek út af fyrir sig sem hv. þm. hefur unnið með þeim skýringum sem hann hefur reynt að gefa á þessari afstöðu sinni. Ég verð að segja eins og er, að það væri kannske umhugsunarvert fyrir þá ágætu þm., sem fréttastofa útvarpsins kallar „fjallkónga" stjórnarliðsins, að fela rannsóknarlögreglunni að reyna að komast til botns í þessum röksemdafærslum hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar á meðan götulögreglan er upptekin við annað.

Herra forseti. Það kom glögglega fram áðan hjá hæstv. fjmrh., að hann er ekki enn búinn að leggja niður fyrir sér hvernig hann hyggst framkvæma þetta tollafgreiðslugjald, og er það raunar ekkert undarlegt því að í þeim tilraunum, sem við höfum gert til að fá upplýst um framkvæmdina hjá starfsmönnum fjmrh., höfum við nánast engin svör fengið. Það allt er eftir að útkljá enn. Menn segja þar að þm. verði að bíða þægir og rólegir og sjá til hvernig framkvæmdin verði, á þessari stund sé ekkert um hana hægt að fullyrða. Þess vegna getur hæstv. ráðh. engu svarað um þá einföldu spurningu sem til hans er beint um hvort hann hyggist innheimta tollafgreiðslugjald af þeim sérstöku vörum sem Alþingi fellir niður aðflutningsgjöld af, svo sem gjöfum til menningarstofnana og líknarfélaga vegna ýmiss konar tækja og tóla sem flutt eru inn fyrir fatlaða, öryrkja og aðra slíka. (**Fjmrh.:** Ég er búinn að svara þessari spurningu.) Nei, hæstv. ráðh. er ekki búinn að svara þeirri spurningu vegna þess að eins og frá tollafgreiðslugjaldinu er gengið í frv. stendur í 1. gr. að greiða skuli tollafgreiðslugjald í ríkissjóð vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum og í 2. gr. að þetta tollafgreiðslugjald skuli nema 1% af tollverði. Síðan er gerð ákveðin undanþága frá þessari skyldu um tiltekna vöruflokka, sem taldir eru upp í 1. gr. í alls fimm liðum. Það er eina undantekningin sem lögin munu heimila hæstv. ráðh. að gera frá skyldu liðum tollafgreiðslugjalds. (Gripið fram í.) Þær vörur, sem ég taldi upp áðan, herra forseti, og varða sérstaklega málefni þeirra þjóðfélagshópa sem ég nefndi, falla ekki undir þessa upptalningu. Síðan kemur, að ég held í 5. málsgr. þessarar sömu greinar, að ráðh. sé þó heimilt að innheimta tollafgreiðslugjald, annaðhvort 200 eða 50 krónur, af þeim vöruflokkum sem eru felldir út úr skyldu tollafgreiðslugjaldsins. En það er ekkert í þessari grein sem heimilar hæstv. ráðh. að fella niður tollafgreiðslugjald af vörum sem samkv. frv. er skylt að innheimta tollafgreiðslugjald af.

Það er alveg fráleitt ef hæstv. fjmrh. hugsar sér að hafa þann háttinn á, eins og virtist af hans máli, að innheimta ekki tollafgreiðslugjald t. d. af 350 bifreiðum sem fluttar eru til landsins og felld eru niður aðflutningsgjöld af og ætlaðar eru fötluðu fólki og lömuðu, en að ætla sér síðan að innheimta tollafgreiðslugjald af gervilimum og öðrum slíkum búnaði sem fluttur er inn á svipuðum kjörum fyrir sambærilega þjóðfélagshópa eða að innheimta tollafgreiðslugjald af heyrnartækjum fyrir heyrnarskerta, sjóntækjum fyrir sjónskerta o. s. frv. Þetta á ekki að vera háð duttlungum hæstv. ráðh. Hafi Alþingi ákveðið að fella niður tollafgreiðslugjald af slíkum varningi, eins og Alþingi hefur gert, á að ganga nákvæmlega sama yfir þessar sömu vörutegundir varðandi tollafgreiðslugjaldið. Það á ekki að vera háð geðþóttaákvörðunum ráðh. hvort hann leggur tollafgreiðslugjald á einhvern hluta af þessum varningi eða ekki. Við það bætist að ekki er ljóst, eins og frá frv. er gengið, að hæstv. ráðh. hafi í lögunum neina heimild til að fella niður tollafgreiðslugjald, en sé samkv. lögunum skylt að leggja það á og innheimta það. Ég fæ ekki séð að frv. veiti hæstv. ráðh. neina slíka heimild þó svo að hann feginn vildi. Það veitir honum enga aðra heimild en að innheimta ákveðinn nefskatt, ef svo má segja, af innflutningi sem fellur undir undanþáguákvæði frv. Þess vegna held ég fast við þá till. mína, sem ég ásamt nokkrum fleiri þm. hef flutt, að við látum þessa afgreiðslu vera samhljóða, þ. e. hafi verið ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld af tilteknum búnaði til hjálpar- og björgunarsveita, til fatlaðs fólks og lamaðs og annarra sjúklinga, þá skuli slíkt hið sama gilda varðandi tollafgreiðslugjald, en hæstv. fjmrh. sé ekki í sjálfsvald sett af hvaða slíkum búnaði hann innheimtir slíkt gjald

og af hvaða búnaði ekki.

Það er alger sparðatíningur hjá hæstv. ráðh. að vera að hafa á móti slíkri afgreiðslu, vegna þess að hér er um að ræða innflutning sem ekki skiptir neinu máli fyrir tekjuöflun ríkissjóðs. Það skiptir engu máli fyrir tekjuöflun ríkissjóðs þó svo að niðurfelling aðflutningsgjalda og niðurfelling tollafgreiðslugjalda verði látin verða samferða þarna. Það er hins vegar hneyksli ef á að framkvæma þessi lög þannig, að til dæmis sé ætlast til að líknar-, hjálpar- og björgunarsveitir í landinu séu látnar greiða tollafgreiðslugjald af ýmsum varningi til sinnar starfsemi, sem Alþingi hefur ákveðið að fella tolla alfarið niður af, og það sé háð duttlungum embættismanna í rn. hvort slíkt gjald sé innheimt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það ber brýna nauðsyn til að vekja ítrekaða athygli á uppákomu Framsfl. í þessu máli, flokks sem auðvitað er tímaskekkja í íslenskum stjórnmálum og hefur haldið sínum völdum hér og sínu fylgi fyrir þær sakir að hafa leikið svipaða leiki og hann er að gera núna á hv. Alþingi. Ég segi, að það ber brýna nauðsyn til að ítreka að menn skoði gaumgæfilega hvernig Framsfl. hefur staðið að undirbúningi og afgreiðslu á frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum. Þetta er vafalítið einhver furðulegasta málsmeðferð sem eitt mál hefur fengið á hinu háa Alþingi um áratugaskeið.

Nú ætla ég að renna nokkrum stoðum undir það sem ég hef sagt hér.

Ríkisstj. er frægari fyrir ýmislegt annað en að gera ráðstafanir í efnahagsmálum til langs tíma. Hennar ráðstafanir byggjast fyrst og fremst á skammtímaáætlunum sem keyrðar eru í gegn hér á þingi fyrirvaralítið eða fyrirvaralaust. Í frægri efnahagsnefnd ríkisstj. á sæti hv. þm. sem mjög hefur verið umdeildur og á vörum þm. síðustu daga. Hann gekk ásamt öðrum sérfræðingum ríkisstj. í efnahagsmálum frá því frv. sem hér er nú til umr. Hann hafði aðstöðu og möguleika í efnahagsnefnd ríkisstj. til að gera þær athugasemdir sem hann síðan gerði í umr. á Alþingi. Hér gerir hann sína fyrstu skekkju og Framsfl. í heild, því það er ekki hægt að draga einn þm. til ábyrgðar fyrir það sem flokkurinn stendur að í raun og veru. Síðan geri ég ráð fyrir að frv., sem hv. þm. átti þátt í að undirbúa og semja, hafi verið tekið til umræðu í þingflokki þessa hv. stjórnmálaflokks, Framsfl., og þar hafi honum gefist annað tækifæri til að gera athugasemdir við þetta frv. En það er greinilegt að þær athugasemdir hafa ekki komið fram frá hv. þm., ef hann þá hefur setið þann þingflokksfund sem fjallaði um frv.

Þá vil ég geta þess, að í dagblaðinu Tímanum á fimmtudaginn er frétt á forsíðu, sem hlýtur að hafa verið komið til blaðsins daginn áður eða á miðvikudaginn, deginum áður en hv. þm. flytur brtt. við frv. sem hann samdi og átti að fjalla um í þingflokki Framsfl. Í fyrirsögn fréttarinnar á forsíðu Tímans fimmtudaginn 18. febr., sama daginn og hann leggur fram þá brtt. hér á hinu háa Alþingi sem samflokksmenn hans segja að hafi komið sér óskaplega mikið á óvart, og líklega hafa þeir flestir lesið um brtt. í sínu málgagni á fimmtudaginn, segir, með leyfi forseta:

„Stjórnarfrv. um efnahagsráðstafanir rennur ekki viðstöðulaust í gegn: Brtt. frá stjórnarliða!" — Síðan segir og er haft eftir hv. þm., með leyfi forseta: „Ég tel, að þessi 1 prósentustigs lækkun á launaskatti eigi að ná til alls iðnaðar" ég endurtek: „alls iðnaðar, og mun því flytja brtt. þess efnis," svaraði Guðmundur G. Þórarinsson alþingismaður spurningu Tímans þar að lútandi."

Nú dettur mér í hug að spyrja, herra forseti: Hvernig gat blaðamaður Tímans vitað á miðvikudaginn að hv. þm. ætlaði að flytja þessa brtt., þegar samflokksmenn hans vissu ekki um brtt. fyrr en á fimmtudaginn? (**GGÞ:** Hvaðan hefur þú það?) Þetta er auðvitað þvílíkur skrípaleikur og þvílíkt sjónarspil hjá þessum annars ágæta flokki á stundum að engu tali tekur, og ég er sannfærður um að þessi atburður mun verða skráður á spjöld þingsögunnar með feitu letri og verða mönnum sem eins konar varnaðarorð um hvernig ekki á að haga sér í pólitík.

En í þessari grein, herra forseti, segir enn fremur:

„En heldur mun sjaldgæft að stjórnarþingmenn beri fram brtt. við stjórnarfrv. Þegar efnahagsráðstafanir ríkisstj. voru kynntar í janúarmánuði s. l. var þar m. a. gert ráð fyrir að launaskattur lækkaði úr 3.5% í 2.5% í fiskiðnaði og iðnaði. Í stjórnarfrv. sem lagt hefur verið fram á Alþingi um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum er aðeins gert ráð fyrir lækkun launaskatts í 2.5% hjá útflutnings- og samkeppnisiðnaði auk fiskiðnaðar. Guðmundur vill sem fyrr segir að þessi skattalækkun nái til allra iðngreina."

Herra forseti. Hér segir: „Guðmundur vill sem fyrr segir að þessi skattalækkun nái til allra iðngreina." Þá vænti ég þess fastlega, að hv. þm. styðji þá brtt. sem hér hefur komið fram um að þessi lækkun nái enn fremur til byggingariðnaðar.

Eftir að þessi frétt kemur í Tímanum á fimmtudaginn kemur fram brtt. hér í þingi frá hv. þm. Hann flutti þá harðorða ræðu hér, sem ég vakti sérstaka athygli á og bað þm. að minnast því að ég væri sannfærður um að það mundi mikið ganga á og margt ætti eftir að breytast og að hv. þm. mundi ekki standa við öll stóru orðin sín. Nú ætla ég ekki að ásaka hann einan. Ég beini máli mínu til Framsfl. vegna þess að hann á aðild að stjórnarsamstarfi. Ég hefði talið að það hefði þurft að nást heildarsamkomulag um jafnveigamikið frv., þó að það sé dagskammtur af efnahagsráðstöfunum, sem berst inn á borð þingmanna. Það hefði þurft að nást heildarsamkomulag í ríkisstj. um þetta frv., en það hefur ekki tekist. Síðan kemur hv. þm. og dregur þessa till. sína til baka, eins og ég og fleiri höfðu spáð, — og hvað notar hann nú til að grundvalla á þá ákvörðun sína svo að hann geti kinnroðalaust dregið till. til baka? Það eru erlendir mælikvarðar á það, hvað flokkast undir það að vera iðnaður. Þessi hv. þm. gerir því ekki einu sinni skóna að einn stærsti flokkur iðnaðar í landinu, byggingariðnaður, kunni að vera út undan við afgreiðslu þessa máls. Svo gerist það auðvitað að þessi hv. þm. greiðir atkv. með till. minni hl. fjh.- og viðskn. og með því að einn af ylvolgum stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. situr hjá við atkvgr. er hægt að fella till. á jöfnum atkvæðum. Það er ekki mikil reisn yfir afgreiðslu þessa máls.

Herra forseti. Ég veit að deildinni og forseta er mikið í mun að fljótlega geti farið fram atkvgr. um þetta mál. En ég tel að hv. þm., sem hér hefur verið talsvert til umræðu og getur kannske sjálfum sér um kennt, sýndi nokkra stórmennsku ef hann greiddi atkv. með þeirri brtt. sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson gerði grein fyrir áðan því þá væri hann samkvæmur sjálfum sér a. m. k. að þessu

leyti. Hann hefur ekki verið það við afgreiðslu þessa máls, ekki á einn eða annan hátt, og ég vil gera það að lokaorðum mínum.

Ég vildi ekki að umr. um þetta mál lyki án þess að rakinn yrði þáttur Framsfl. í þessu máli, hvernig að þessu hefur verið staðið og hvaða skrípaleikur hefur verið hafður í frammi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Að vissu leyti hafa ekki verið uppbyggilegar umr. um þetta mikilvæga mál frá hendi stjórnarandstöðunnar. Ætla ég ekki að blanda mér í þær. En í sambandi við tollafgreiðslugjaldið þykir mér ástæða til að láta koma fram skoðun mína á því, sem hér hefur komið fram í umr., og undirstrika þá túlkun mína, að ég tel að á þann innflutning, sem tollur hefur verið felldur niður af samkv. gildandi ákvörðunum, verði ekki lagt tollafgreiðslugjald. Þessi gjaldtaka hlyti að falla sjálfkrafa niður vegna þeirrar ákvörðunar sem áður hefur verið tekin um niðurfellingu á innflutningsgjöldum. Undir þetta fellur margvíslegur innflutningur, eins og ég vænti að hv. alþm. sé kunnugt, bæði bifreiðar til öryrkja, ýmiss konar tæki til öryrkja og margvíslegar aðrar vörutegundir sem Alþingi hefur verið sammála um að fella niður tolla og aðflutningsgjöld af.

Ég vil vekja athygli á því, að í 2. gr. frv. stendur, með leyfi forseta.: „Fjmrh. getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu samkv. 2. málsgr. 1. gr. svo og að gjald samkv. 5. málsgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka."

Ég tel að með þessari skilgreiningu hafi fjmrh. þetta ákvörðunarvald. Ég lít svo á að þarna sé fastákveðið að það, sem Alþingi hefur áður ákveðið að yrðu ekki greidd innflutningsgjöld af eða tollar, falli sjálfkrafa undir þessa skilgreiningu.

Mér þykir rétt að láta þetta koma fram og undirstrika skoðun mína á þessu atriði varðandi tollafgreiðslugjaldið vegna síðari meðferðar á þessu atriði þegar það kemur til framkvæmda.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér þætti vænt um ef hv. 6. þm. Norðurl. e. vildi hlýða á mál mitt.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. tók sig til og vildi ganga frá því í skjölum þingsins hvernig saga þessa máls hefði verið. Þar sem um mjög grófa sögufölsun var að ræða get ég ekki látið hjá líða að standa hér upp og skýra frá vissum meginatriðum þessa máls. Vissulega er það rétt, að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson á sæti í efnahagsmálanefnd, og vissulega er rétt, að sú nefnd stóð að yfirlýsingu ríkisstj. um efnahagsmál. Sé sú yfirlýsing lesin kemur fram að þar er talað um iðnað. Þetta mætti hv. 6. þm. Norðurl. e. gjarnan athuga. Frumdrög þess frv., sem hér er til umfjöllunar, voru vissulega lögð fyrir þingflokk Framsfl. Þar kom í ljós að orðalagið, sem áður hafði verið „iðnaður", var búið að taka á sig aðra mynd. Menn gátu ekki unað því eins og það var í þeim frumdrögum. Guðmundur G. Þórarinsson sá ekki um samningu þeirra frumdraga. Frv., eins og það kom inn í deildina í endanlegri mynd, hafði ekki verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir að Guðmundur G. Þórarinsson hefur staðið heill að því sem hann hefur sagt og gert í þessu máli, og því mætti forsvarsmenn iðnaðar gjarnan gera sér grein fyrir.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. hélt því fram, að Framsfl. væri tímaskekkja. Í sömu þingræðu hélt hann því fram, að hann væri ágætur flokkur. (**Gripið fram í:** Á stundum.) Ég ætla ekki að halda því fram um Alþfl. að hann sé tímaskekkja, en ég efa oft hans ágæti.

Það er tekist á um hvað sé iðnaður. Mönnum þykir ekki nóg að Hagstofan dæmi um það, mönnum þykir ekki nóg að farið sé eftir alþjóðareglum. Okkur hafa einnig borist í hendur frá Félagi ísl. iðnrekenda litlar bækur þar sem gerð er grein fyrir því, hvað sé iðnaður og hvað sé önnur atvinnustarfsemi í þessu landi. Ef menn fletta því upp kemur í ljós að þar er talað um iðnað, byggingariðnað, fiskveiðar, landbúnað, verlsun og opinbera þjónustu. Undirgreinar iðnaðar eru einnig taldar þar upp þrjár: framleiðsluiðnaður, fiskvinnsla og þjónustuiðnaður.

Ég vil vekja á því athygli, að eins og frá þessum málum er gengið mun hluti af byggingariðnaðinum vissulega falla undir það sem hér hefur verið samþykkt og gert, en ekki sá hluti hans sem flokkast undir mannvirkjagerð. Það má vel vera að menn vilji hafa allt aðrar reglur um atvinnugreinaskiptingu í þessu landi en í öðrum löndum. Það má vel vera að menn vilji hafa allt aðra skiptingu. Það má líka vel vera að mönnum þyki það illt að Guðmundur G. Þórarinsson stóð mjög fastur á sínu máli og kom því fram sem hann vildi koma fram og við þm. Framsfl. vorum allir bundnir af sem stuðningsmenn þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstj. gaf frá sér.

Til að koma í veg fyrir fölsun sögunnar tel ég rétt að þetta komi fram.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð að bæta örfáum setningum við þessa umr. af sérstökum ástæðum.

Hér hefur verið veist að einum þm. Framsfl. með ósönnum og mjög ósmekklegum fullyrðingum í ræðum og ég verð að hrekja þær til baka. Raunar hefur líka verið veist að Framsfl. í þessu sambandi. Við framsóknarmenn leggjum mjög ríka áherslu á að iðnaðinum í landinu svo sem öðrum atvinnuvegum séu sköpuð viðunandi starfsskilyrði. Eitt sem okkur sýndist að gæti orðið til að létta undir með iðnaðinum í erfiðri stöðu var niðurfelling launaskatts eða hluta launaskatts ef samkomulag næðist um það. Hefur verið eitt af grundvallaratriðunum í þeirri umr. sem hefur farið fram um efnahagsráðstafanir núna í vetur að áfangi næðist á þeirri leið.

Drög að bandormsfrv. voru kynnt í þingflokki Framsfl. og þm. flokksins athuguðu þau og unnu að þeim. Guðmundur G. Þórarinsson er ágætur baráttumaður fyrir hagsmunum iðnaðarins og setti strax fram mjög ákveðnar skoðanir um orðalag á þessari umræddu grein. Hann var búinn að setja fram ákveðna fyrirvara um hvernig hann vildi hafa það orðalag sem hann teldi fullnægjandi, en því miður sat hann ekki þingflokksfund þegar endanlega var gengið frá þessu máli.

Þetta var þingflokksfundur á mánudegi, líklega hefur það verið 15. febr., þegar gengið var frá þessu í þingflokki Framsfl. og einum af ráðh. flokksins var falið umboð til að koma á framfæri í ríkisstj. ákveðnum orðalagsbreytingum á frv. En Guðmundur G. Þórarinsson var ekki staddur á þessum fundi. Ég óskaði eftir því við þennan ráðh., að hann hefði sambandi við Guðmund G. Þórarinsson. (**Forseti:** Þm. á að ávarpa hv.) Hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson. Því miður hafði hæstv. ráðh. ekki tækifæri til þess eða mistókst að hafa nægilegt sam-

band við hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson um þetta atriði, og þess vegna kom það hv. þm. Guðmundi G. Þórarinssyni mjög á óvart þegar hann sá orðalagið á frv. sem útbýtt var hér þriðjudaginn 16. febr. Hann lætur strax í ljós á þingflokksfundi með mjög skorinorðum og formlegum hætti ákvörðun sína um að leggja fram brtt. við málið og varð ykkur að segja ekki tauti við hann komandi.

Hv. þm. lagði sína brtt. fram 18. febr. og síðan kemur hún hér til umr. og minni hl. nefndarinnar tekur hana til greina að mestu leyti. Það varð að gera breytingar á frv. Það varð samkomulag um það orðalag sem stjórnarliðar geta staðið að og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er þar með öðrum stjórnarliðum. Þannig stendur málið. Og það er þingmeirihluti fyrir þessu máli með því orðalagi sem nú er og óþarfi að vera að orðlengja þetta meira.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að vísa því algjörlega á bug, að ég hafi farið hér með einhverja sögufölsun, en ég vil um leið vekja athygli þingdeildarinnar á því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson annars vegar og hins vegar hv. þm. Páll Pétursson sögðu. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði orðrétt, að frv., sem við erum að fjalla hér um, hefði aldrei verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. Síðan kemur hv. þm. Páll Pétursson hingað upp og segir að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi ekki setið þann þingflokksfund þar sem endanlega var gengið frá þessu máli. (**Gripið fram í:** Frá málinu.) Þetta er orðrétt skrifað eftir þeim báðum. Nú vil ég fá skýringu á því, hvað hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að fara þegar hann segir að frv. hafi aldrei verið tekið til afgreiðslu í þingflokki Framsfl. (**Gripið fram í:** Það er ekki hægt að heimta hérna hvað sem er.) Það er alveg rétt. Það er rétt á mörkunum að það sé hægt að heimta hvað sem er. Engu að síður stendur það sem ég sagði hér áðan. Sú runa mistaka, sem Framsfl. hefur orðið á við afgreiðslu þessa máls, er staðreynd, og því haggar því ekki neinn maður með neinum orðum að þessi mistök eru auðvitað mjög alvarleg fyrir flokk sem á aðild að ríkisstjórn. Ef það er rétt, sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson segir, að þetta frv. hafi aldrei verið tekið fyrir í þingflokki Framsfl., er það sýnu alvarlegra mál.

Ég vil, herra forseti, endilega fá svör við því, hvort málið hafi verið tekið fyrir í þingflokknum eða hvort hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi verið fjarverandi, því að annar hvor segir ósatt.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Út af því, sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hefur sagt, þegar hann hefur verið að ræða um skilgreiningu Hagstofunnar og alþjóðaskilgreiningu í sambandi við iðnað, þá hefur það verið mjög áberandi í hvaða veru hv. þm. hefur verið að gera það, en það er að sjálfsögðu til að geta horfið frá þeirri till. sem hann flutti hér og þorði ekki að standa við. Við hlýddum svo á hjá hv. þm. Páli Pétursyni, 1. þm. Norðurl. v., formanni þingflokks Framsfl., hluta af fundargerð þingflokksins eftir að hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, hafði gefið upplýsingar þar að lútandi. Ég orðaði það svo einhvern tíma hér við 1. umr., að einn af efnahagsmálanefndarmönnum ríkisstj., Guðmundur G. Þórarinsson, væri búinn að flytja hér brtt. Spurningin er: Er það ekki rétt að hann hafi setið þar og gert þar tillögur, enda þótt hann hafi ekki setið þingflokksfund Framsfl. þegar málið var rætt? Það þarf að koma fram.

Hér er ég með ljósrit af Tímanum fimmtudaginn 18. febr. Fyrirsögnin er: Brtt. frá stjórnarliða. Þar stendur, með leyfi forseta: „Guðmundur vill, sem fyrr segir, að þessi skattalækkun nái til allra iðngreina.“ Þá er ofur auðvelt að fletta upp. Það hefur verið gefin út reglugerð um iðnfræðslu þar sem upp eru taldar iðngreinar.

Ég trúi ekki öðru en þegar við erum að tala um launaskatt hér á Íslandi sé farið eftir því sem við höfum sjálfir sett í okkar lög. Mér er fullkomlega ljóst, að þegar um er að ræða alþjóðlegt samstarf verður oft og tíðum að setja ákveðnar reglur, vegna þess að það er mismunandi skilningur í hverju landi um sig. Það hefur að sjálfsögðu gerst hérna. Það, sem Hagstofan er með, er ekki sá skilningur sem lögin um iðju og iðnað fara eftir á Íslandi, heldur er verið að bera þar saman við önnur lönd til að fá sambærilegar tölur. Við getum flett upp í lögunum um iðju og iðnað, nr. 79 frá 1971, með leyfi forseta. Þar stendur í 13. gr.: „Iðnaður heitir í lögum þessum hver sú grein handiðnaðar, sem sérnám þarf til og lætur gera sjálfstætt sveinspróf samkv. reglugerð um iðnaðarnám.“ Í 1. gr. sömu laga segir, með leyfi forseta: „Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðnað og heimilisiðnað, hvaða efni eða orku, vélar eða önnur tæki, sem notuð eru, og hvaða vörur eða efni, sem framleidd eru.“

Hér höfum við það svart á hvítu í íslenskum lögum hvað er iðnaður. Upprunalega hugsaði hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sér að lækka launaskattinn á öllu þessu, en hann hefur ekki komist upp með það. Það sýnir málsmeðferðin hér á hv. Alþingi.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér er nauðsyn að taka til máls aftur þar sem 6. þm. Norðurl. e. hefur ekki enn áttað sig á meginatriðum þessa máls. Ég hef hugsað mér að tala hægt, en stutt, því ella gæti ég ofboðið eftirtekt hv. þm. (**ÁG:** Hafðu engar áhyggjur af því.)

Ég sagði áðan að frv. hefði ekki verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. í endanlegri mynd. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði að málið hefði verið afgreitt. Ég vona að hv. 6. þm. Norðurl. e. geri sér grein fyrir að hér er ekki verið að tala nákvæmlega um það sama. — Vonandi hef ég ekki ofboðið athygli hv. þm.

Það er hægt að afgreiða mál á ýmsa vegu. Það er hægt að afgreiða þau á þann veg að mönnum sé falið að ganga frá vissum atriðum. Þeir hafa þá vissulega formlegan rétt til að ganga frá þeim atriðum geri þeir það í samræmi við þær samþykktir sem gerðar hafa verið.

Ég vænti þess, að hv. 6. þm. Norðurl. e. geri sér grein fyrir öllum meginatriðum þessa máls og ég þurfi ekki að koma hér upp í þriðja skiptið, herra forseti, til að bera af mér sakir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hér hefur komið fram síðast.

Það fer ekkert milli mála að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan að þetta mál hefði ekki verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. í endanlegri mynd. En hann hefði átt að bæta við, hefði hann ætlað að segja allan sannleikann, eins og hann ætlaði sér eða vildi segja núna, sé það rétt, að ráðh. hefði líklega verið falið að ganga frá málinu, eins og mun vera tíðkað í þeim flokki.

En ég vil spyrja hv. þm. Pál Pétursson, fjallkóng þeirra framsóknarmanna: Er það rétt hjá hv. þm. Ólafi Þ.

Þórðarsyni, að þetta mál, sem hér er nú rætt, hafi aldrei verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. í endanlegri mynd? Ég vænti þess að fá hrein og skýr svör við þessu. Þetta er einföld spurning og ætti að vera hægt að svara henni á einfaldan hátt og skýran. — Er það rétt sem hv. þm. Ólafur Þórðarson upplýsti áðan, að þetta mál, sem hér er nú til umr., hafi aldrei verið lagt fyrir þingflokk Framsfl. í endanlegri mynd þannig að þm. þess flokks sjái málið fyrst í endanlegri mynd á borðum í hv. deild? Ég vænti þess, að hv. þm. Páll Pétursson gefi skýr og greið svör við jafneinfaldri spurningu og hér er um að ræða.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef aldrei dregið í efa athyglisgáfu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. **(Gripið fram í:** Það hafa aðrir gert.) Það hafa aðrir gert, en ekki ég, úr þessum ræðustól. Ég vil hins vegar bera þær sakir af mér að ég hafi misskilið orð hans.

Hv. þm. talaði auðvitað af sér, eins og hann á vanda til og ætti ekki að vera með frumhlaup í þessari deild, hvorki gaspur úr þeim stól sem hann situr í sem hv. skrifari, né að öðru leyti.

Ég ber þær sakir af mér að ég hafi misskilið þetta á nokkurn hátt. Ég skildi þetta nákvæmlega rétt. Það, sem er rétt í þessu máli, herra forseti, er að þingflokkur Framsfl. afgreiddi ekki það frv., sem nú er til umr., í þeirri mynd sem það nú liggur fyrir á hinu háa Alþingi. Það er það sem skiptir máli og það er það sem er númer eitt, tvö og þrjú í meðferð málsins.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti, 6. þm. Norðurl. e., hélt því fram áðan að annaðhvort segði ég ósatt eða 1. þm. Norðurl. v. **(Gripið fram í:** Eða báðir.) Það hefur komið í ljós að hvorugur hefur sagt ósatt, og ég vænti þess, að hann stilli skap sitt næst þegar hann áttar sig á eigin frumhlaupi.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég þarf ekki að bera af mér sakir því ég hef ekki talað nema einu sinni áður við þessa umr.

Ég var búinn að svara því, sem hv. þm. Karvel Pálmason spurði mig um í fyrri ræðu minni, og vísa til þess sem ég sagði þá, þegar ég skýrði frá gangi málsins í þingflokknum. Ég get aðeins upplýst það til viðbótar, að á þingflokksfundi í gær kl. eitt var gengið með formlegum hætti frá málinu. Við samþykktum það orðalag sem á frv. er og samþykkt var hér við 2. umr. málsins með þeim breytingum sem minni hl. fjh.- og viðskn. lagði til.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess, að hv. 1. þm. Reykn. beindi því til forseta, að honum þætti ástæða til að mál þetta kæmi til enn frekari athugunar í hv. deild og þá fjh.- og viðskn. Ég vil vísa til þess, að þetta mál er enn í fyrri deild og það á eftir að fá meðferð í hv. Ed. og fjh.- og viðskn. þar. Ég tel því að nokkuð vel eigi að vera fyrir því séð, að málið hljóti skaplega meðferð enda þótt það sé tekið til lokaafgreiðslu nú í hv. Nd.

ATKVGR.

Brtt. 378 felld með 19:19 atkv.

Brtt. 377 felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, ÁG, BGr, BÍG, EH, SvH.

nei: GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, FÞ.

2 þm. (AG, JE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er ljóst að hæstv. ríkisstj. flokkar ekki byggingariðnað undir iðnað í þessu landi, þvert ofan í íslensk lög. Ég segi já af því ég flokka þann iðnað með öðrum iðnaði.

Frv., svo breytt samþ., með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBI, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, SighB, SteinG, VG, SvH greiddu ekki atkv.

2 þm. (AG, JE) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Efri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 24. febr., kl. 6 síðdegis.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 376 (sbr. 337)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. - Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum.

Hinn 28. jan. s. l. tilkynnti ríkisstj. í sérstakri skýrslu, sem hún gaf út og var kynnt hér á Alþingi, að fyrirhugaðar væru margar aðgerðir í efnahagsmálum. Aðgerðir þessar miðuðu sérstaklega að því marki að hamla gegn verðbólgu og var þar ákveðin niðurfærsla verðlags sem svaraði 6% á næstu mánuðum. Fer þessi niðurgreiðsla verðlags fyrst og fremst fram með lækkun tolla og hækkun niðurgreiðslna á búvörum. Auk þess voru ýmsar aðrar ráðstafanir kynntar.

Fyrsti áfangi þessara efnahagsaðgerða kom til framkvæmda um s. l. mánaðamót með lækkun tolla um helming á ýmsum rafmagnsheimilistækjum, jafnhliða því sem niðurgreiðslur á búvörum voru verulega auknar um mánaðamótin.

Annar þáttur þessa máls er sú lagasetning sem felst í þessu frv., en þar er um að ræða nokkrar breytingar á tekjuöflun ríkissjóðs, sem einkum verða til hagsbóta fyrir útflutningsatvinnuvegina með lækkun launaskatts og lækkun stimpilgjalds, en jafnframt er að því stefnt að leggja sérstakt tollafgreiðslugjald á innflutning til að mæta þeim tekjumissi sem ríkissjóður verður fyrir vegna fyrrnefndra gjaldalækkana.

Frv. þetta er í nokkrum köflum. Í fyrsta lagi er um að ræða tollafgreiðslugjald sem lagt er á fob-verð vöru, 1%, og er það almenna reglan. Hins vegar eru allmargir vöruflokkar undanþegnir, eins og fram kemur í 2. mgr. 1. gr.: 1. Matvörur. 2. Vörur sem tengjast

samningum okkar við Efnahagsbandalagið og EFTA, svonefndar EFTA-vörur. 3. Aðföng og hráefni til innlendrar framleiðslu sem þegar hafa verið felld niður gjöld af. 4. Gasolía, brennsluolía og flugvélaeldsneyti. 5. Skip, flugvélar og varahlutir til þeirra.

Sá háttur er hafður á, að í þeim tilvikum, þar sem 1% gjaldið er niður fellt, er lagt fast krónutölugjald á hverja sendingu.

Þessi kafli frv. hefur tekið lítils háttar breytingum í Nd. *og er það 2. málsl. 1. mgr. 2. gr. sem felldur hefur verið* niður, en þar hafði verið gert ráð fyrir að við afgreiðslu á vörum úr tollvörugeymslu skyldi gjaldið lagt á alla vörusendinguna þegar í upphafi vegna fyrstu úttektar úr tollvörugeymslu. Að nánar athuguðu máli þótti þetta óþarfi og var því fellt niður við meðferð málsins í hv. Nd.

Við umr. um þetta mál í Nd. var nokkuð um það rætt, hvernig háttað yrði álagningu tollafgreiðslugjalds á vöru, sem tollar hafa verið felldir niður af eða verulega lækkaðir vegna heimilda í 6. gr. fjárlaga og 3. gr. tollskrárlaga, en þess er ekki sérstaklega getið í þessu frv. Ég svaraði spurningu um þetta atriði á þá leið í hv. Nd., að augljóst væri að þar sem tollar hefðu verið lækkaðir af vörum, sem kannske næmu tugum og jafnvel hundruðum prósenta, samanlögð aðflutningsgjöld á ég þá við, væri það auðvitað mikil smámunasemi, ef menn ætluðu ekki að fella niður tollafgreiðslugjald upp á 1%, og að sjálfsögðu yrði það gert. Þetta á við t. d. ýmsar heimildir tollalega þegar hjálpargögn eða tæki eru keypt eða gefin af mannúðarástæðum og heimildir eru í tollalögum til niðufellingar á tollum eða öðrum aðflutningsgjöldum. Að öðru leyti er ekki hægt að slá því föstu að tollafgreiðslugjald sé *fellt niður í hverju einasta slíku tilviki. En ég held að* óhætt sé að slá því föstu, að þegar um er að ræða niðurfellingu af líknar- eða mannúðarástæðum eigi sú regla tvímælalaust við. Um þetta verða settar sérstakar reglur sem enn eru ekki tilbúnar, en ég nefndi það sem hugsanlegan möguleika, án þess að því væri mikið sinnt í hv. Nd., að þessar reglur mætti vissulega bera undir fjh.- og viðskn. Ed. og Nd. ef menn vildu kynna sér þessar reglur áður en þær yrðu endanlegar ákveðnar.

Það er hins vegar hinn mesti misskilningur, sem fram kom hjá einum hv. þm. í Nd., að engar heimildir séu til slíkrar niðurfellingar. Þessar heimildir koma skýrt fram í 2. mgr. 2. gr. þar sem fjmrh., eins og segir í greininni, „getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla, þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu“ o. s. frv. Þar er heimild alveg tvímælalaust til að fella niður gjöld einmitt í þeim tilvikum sem hér um ræðir.

II. kafli frv. fjallar um launaskatt, en þar er breytt ýmsum ákvæðum launaskattslaganna. Má vissulega segja að eðlilegast hefði verið að flytja sérstakt frv. um launaskatt, en til þess að spara hv. þm. ómakið og spara *þeim tíma var talið skynsamlegast að hafa þessar* breytingar allar í einu frv.

Þessar breytingar, sem mestu máli skipta í sambandi við launaskattslögin, eru í fyrsta lagi þær, að launaskattur er lækkaður af greiddum vinnulaunum og hvers konar atvinnutekjum hjá fyrirtækjum í fiskverkun og í iðnaði. Þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir því, að þó yrði þetta bundið við útflutnings- og samkeppnisiðnað. Var það þá með þeim rökum að það væri fyrst og fremst ástæða til að veita útflutnings- og samkeppnisframleiðslu stuðning af þessu tagi, en ef farið væri aftur á móti yfir í þjónustuiðnaðinn færu mörkin að verða afskaplega óglögg milli ýmiss konar þjónustuiðnaðar og svo aftur þjónustu og verslunar. Auðvitað má segja að einfaldast væri þá að fella gjöldin alfarið niður af öllum atvinnurekstri eða lækka gjöldin í 2.5% en þar sem ekki var um það að ræða að fjárhagslegt svigrúm væri til þess varð að draga einhvers staðar mörkin. Mörkin voru sem sagt dregin þarna, á milli útflutnings- og samkeppnisiðnaðar að öðru leytinu og hvers konar þjónustu og þjónustuiðnaðar *að hinu leytinu.*

Við nánari athugun málsins í Nd. var horfið að því ráði að breyta þessum landamærum, flytja þau lítillega til þannig að þjónustuiðnaðurinn, sem fellur undir skilgreiningu Hagstofunnar á iðnaði, fylgir þarna með og er þá lækkunin látin ná til þess iðnaðar líka. Þetta var dálítil landamæratilfærsla sem á sér nokkurn sögulegan aðdraganda, eins og hv. þm. er kunnugt, og sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar.

Í þessu frv. er gerð sú breyting á innheimtu launaskatts, að hann er innheimtur fimm sinnum á ári í staðinn fyrir fjórum sinnum áður. Því er ekki að leyna að launaskattur hefur innheimst illa miðað við aðra skatta, og í þessu frv. er gerð tilraun til að færa innheimtu launaskatts yfir í nútímalegra horf, en ákvæði um þetta efni voru orðin dálítið á eftir tímanum. Þannig var augljóst mál að menn höfðu mikinn hag af því að greiða launaskattinn ekki, heldur draga það í svo sem eins og eitt ár, og höfðu þá rekstrarfé milli handanna sem var á ólíkt lægri vöxtum en það fé sem menn fá úr bankakerfinu því að þá lagðist um 25% álag á vangreiddan launaskatt. Hugmyndir voru uppi um að haga innheimtunni með hliðstæðum *hætti og gert er með söluskattinn, þar sem raun*verulega leggst á 20% álag og síðan koma dráttavextir. Var horfið að því ráði, þegar frv. var flutt, að halda því álagi sem fyrir var, þ. e. 25% álaginu, og láta síðan dráttarvextina bætast við, en í Nd. var gerð sú breyting að 25% álaginu var sleppt, og eru þá dráttarvextirnir einir eftir. Hitt er ljóst, að dráttarvextir eru skynsamlegri og eðlilegri innheimtuaðferð, eins og verðbólgustigið er hér á landi, en 25% álag sem leggst á í eitt skipti og síðan ekki söguna meir. Ég tel því að fyrirkomulagið, sem gerð er tillaga um í þessu frv., sé tvímælalaust til mikilla bóta.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um launaskattsbreytinguna sem gerð er tillaga um í þessu frv., en þetta eru þær þrjár aðalbreytingar sem frv. felur í sér.

Um stimpilgjaldið er það að segja, en um það fjallar III. kafli frv., að lengst af voru afurðalán stimpluð þannig að greitt var 0.3% af andvirði bréfanna sem til stimplunar voru. En við breytingu á lögum um stimpilgjald fyrir nokkrum árum og með breyttum viðskiptaháttum bankanna, sem hættir eru að veita afurðalánavíxla og eru meira komnir með þetta í formi skuldabréfa og trygg*ingabréfa, varð reyndin sú, að greitt var 1% stimpilgjald* af afurðalánum. Þau voru allmiklu hærri en áður var. Hér er þetta fært til fyrra horfs með ákveðinni breytingu í 15. gr. frv.

Um IV. kafla frv. er það eitt að segja, að þar er verið að framlengja lög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kex, en þessi lög falla úr gildi á mánudaginn kemur og ef þetta frv. verður ekki orðið að lögum á mánudag lækkar innflutningsverð á erlendu sælgæti snarlega um 40%, þ. e. fellur af innflutningnum gjald sem nú nemur 40%. Hér er gert ráð fyrir að þetta gjald

verði fellt niður í áföngum þannig að gjaldið lækki hinn 1. mars n. k. í 32%, síðar í 16% og enn síðar í 8% og falli svo alveg niður að einu ári liðnu. Gjaldið er í tvennu lagi: annars vegar á sælgæti, en hins vegar á kex, og lækkunin er samsvarandi á kexinu.

Í frv. er gerð grein fyrir kostnaðaráhrifum þessa frv. og þar er upplýst að tollafgreiðslugjald muni gefa 54 millj. kr. í tekjur reiknað á einu ári. Taka ber fram, að vegna þess að óvíst er að gjaldið verði lagt á EFTA-vörur fyrst um sinn verða tekjur ríkissjóðs dálitið lægri. Þetta eru að sjálfsögðu ágiskunartölur sem ekki eru hárnákvæmar. Á hinn bóginn ber að viðurkenna að þar sem söluskattur leggst ofan á tollafgreiðslugjaldið þarf einhverjar tekjur á móti.

Launaskattur lækkar um 40 millj. á einu ári, en þegar frv. var lagt fram var gert ráð fyrir að hann lækkaði um 30 millj. Viðbótin stafar af þeim breytingum á landamærum í launaskattinum varðandi iðnaðinn sem ég gat um áðan.

Tekjumissir ríkissjóðs vegna lækkunar á stimpilgjaldi nemur 20 millj. kr. Aftur á móti nemur tekjuauki vegna innflutningsgjalds á sælgæti og kex um 8 millj. kr.

Eftir þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv., er því mjög nærri lagi að tekjur og gjöld standist á ef dæmið er reiknað út á einu ári. Ef dæmið er aftur á móti reiknað út t. d. á þeim tíma sem eftir er af þessu ári kemur dæmið eitthvað öðruvísi út og allar tölur verða lægri. Eins er auðvitað óljóst hvaða áhrif breytingar á innheimtureglum varðandi launaskattinn hafa á tekjur ríkissjóðs. Má vera að þær breytingar skili eitthvað meiri tekjum en hér er gert ráð fyrir.

Það er rétt að vekja á því athygli, að við niðurfærslu verðlags verður ríkissjóður að kosta til 350—360 millj. kr. á þessu ári og þeir fjármunir eru að hluta til fengnir úr fjárlagadæminu, að hluta til fengnir með lækkun útgjalda ríkissjóðs, en að hluta til, sem svarar 10—20 millj., er mismunurinn fenginn af þeim tekjuauka sem ríkissjóður hefur af samþykkt þessa frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál, en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur nú lokið að mæla fyrir frv. því sem hér er á dagskrá um breytta tekjuöflun ríkissjóðs vegna ráðstafana í efnahagsmálum, eins og það heitir. Hann var eitthvað að tala um áfanga í þessu sambandi áðan. Það var víst eitthvað annað sem hann taldi að væri 1. áfangi í efnahagsaðgerðum ríkisstj. en þetta. **(Fjmrh.:** Þetta er 3. áfangi.) Þetta er 3. áfangi, segir hæstv. ráðh. Kannske hæstv. ráðh. átti sig eitthvað á þessum áföngum, en það eru áreiðanlega fáir sem gera það. Hvers vegna er það, spyrja menn? Áfanga að hverju? Hvers vegna átta menn sig ekki á þessu? Það er vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur enga heildarstefnu í efnahagsmálunum. Það er sá vandi sem við höfum að glíma við. Það er engin heildarstefna í efnahagsmálunum. Þess vegna erum við í dag að ræða frv. sem hér er á dagskrá. Þess vegna er það kannske ekki alveg ljóst númer hvað hinn svokallaði áfangi er sem við erum nú að ræða.

Til að hafa heildarstefnu í efnahagsmálunum þarf auðvitað margt til að koma. Þegar við tölum um heildarstefnu í efnahagsmálunum oft og tíðum eigum við við stefnu um eitthvert raunhæft viðnám gegn verðbólgu í landinu. En það er augljóst að slík stefna er ekki fólgin í kákaðgerðum eins og hæstv. ríkisstj. hefur þráfaldlega á ferli sínum verið með og lagt fyrir Alþingi. Það þarf að vera um að ræða miklu alvarlegri viðbrögð til viðnáms gegn verðbólgu en eru fólgin í slíkum aðgerðum. Það þarf að verða viss kerfisbreyting í efnahagsmálum og ríkisfjármálunum. Auðvitað er ekki hægt að gera ráð fyrir því eða ætlast til þess, að ríkisstjórn, hver sem hún er, geri allt, sem gera þarf í þessu efni, á skömmum tíma. En höfum í huga að núv. hæstv. ríkisstj. hefur nú þegar setið hálft kjörtímabilið og mætti þess vegna ætlast til að einhver viðbrögð væru í þá átt að hægt væri að nefna það lið í heildarstefnu.

Í raun og veru er það svo, að hvort sem við lítum á langtímaráðstafanir eða skammtímaráðstafanir, og um hvort tveggja hlýtur að vera að ræða, finnum við ekkert bitastætt í þeirri merkingu að það sé liður í raunhæfri heildarstefnu. Það er ekki nema eðlilegt að ríkisstj. geri ýmsar skammtímaráðstafanir. En það verður að gera þá kröfu að þær skammtímaráðstafanir geti, þegar til framkvæmda er litið, verið liður í viðtækari ráðstöfunum, svokölluðum langtímaráðstöfunum, sem fela í sér breytingar í efnahagsmálunum sem geta stuðlað að því að fjarlægja orsakir verðbólgunnar.

Ég ætla ekki á þessum tíma að fara að halda ræðu sem mundi fela í sér almenna úttekt á frammistöðu núv. hæstv. ríkisstj. í verðbólgumálunum. Þegar talað er um áfanga megum við ekki gleyma því sem til stóð og ætlað var að gera samkv. stjórnarsáttmálanum sjálfum. Við skulum þá telja líka til áfanga efnahagsráðstafanirnar sem gerðar voru á gamlársdag 1980. Svo koma þær efnahagsráðstafanir sem boðaðar voru í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálunum sem gefin var út í síðasta mánuði. Kann að vera að hæstv. fjmrh. kunni númerið á þessum aðgerðum og áfangana, en mér er ómögulegt að gera það. Í þessum áföngum eða í þessum svokölluðu aðgerðum felst það sem menn kalla niðurtalningaraðferðina. A. m. k. gera sumir það. Flestir tala þó um slíkt í flimtingum nú orðið.

Hér er um að ræða frv. sem snertir tekjuöflun ríkissjóðs og beinlínis ríkisfjármálin. Það er ekki síst á vettvangi ríkisfjármálanna sem er að finna höfuðorsök verðbólgunnar í landinu. Hefði því mátt vænta þess, að hæstv. fjmrh. kæmi með eitthvað sem frekar væri bitastætt í ríkisfjármálunum en frv. það sem hér er fjallað um.

Nú er það vitað að ein af meginástæðum fyrir því ófremdarástandi, sem er í ríkisfjármálum, er skattheimta ríkissjóðs. Það er oft talað um að það sé nauðsynlegt að minnka skattbyrðina. Meira að segja hæstv. núv. fjmrh. talar um slíkt, a. m. k. stundum. En hæstv. ráðh. gerir ekkert til að gera slíkt tal raunhæft. Hann gerir ekkert til að skapa grundvöll fyrir breytingum til batnaðar í þessu efni. Það, sem nauðsynlegt er að gera í því efni, er að flytja verkefni frá ríkinu til borgaranna sjálfra, til sveitarfélaga í landinu. Þetta er það sem varðar verkaskiptingu. Hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert til að koma á betri skipan í þessum efnum en nú er, bókstaflega ekkert, reynir það ekki.

Hæstv. fjmrh. hefur viljað halda því fram, að hann stæði sig harla vel í ríkisfjármálunum, og dregið einkum fram því til stuðnings fullyrðingar um að í hans stjórnartíð hafi ríkisútgjöldin ekki hækkað í hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Hæstv. ráðh. er venjulega, þegar hann ræðir um ríkisfjármálin, með tölur í þessu sambandi. En í öllu þessu er fólgin herfileg blekking vegna þess að það segir

ekki alla söguna hve ríkisútgjöldin í heild eru hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það, sem skiptir máli, er hvað mikið í ríkisútgjöldunum fer til rekstrar og hvað til fjárfestingar. Á síðustu árum hefur hlutur fjárfestingarinnar í ríkisútgjöldunum hrapað niður þannig að fjárlög ríkisins eru á hraðri leið í þá átt að vera fyrst og fremst áætlun um rekstrarútgjöld.

Ég ætla ekki að fara að ræða þetta til hlítar, en ég minni á þetta vegna þess að þetta frv. fjallar um ríkisfjármál. Það hefði verið nær fyrir hæstv. fjmrh. að koma með eitthvað í ríkisfjármálunum sem væri raunhæfara en frv. það sem hér er um að ræða. Ég get drepið aðeins á örfá atriði til skýringar á því, hvernig ástandið er nú í efnahagsmálum okkar og ríkisfjármálunum sérstaklega.

Það, sem er mesta áhyggjuefni okkar Íslendinga varðandi efnahagsmálin, er að þjóðarframleiðslan á mann fer nú stöðugt minnkandi. Það, sem á að skapa grundvöll að okkar efnahagslegu framsókn, verður stöðugt veikara. Í öðru lagi er auðvitað mikið áhyggjuefni að stjórnvöld skuli mæta þessu með stöðugt aukinni skuldasöfnun í margs konar myndum. Í þriðja lagi leyfi ég mér að nefna eitt atriði í viðbót sem ég tel að sé eitt af mestu áhyggjuefnum okkar, og það er gjaldmiðilsbreytingin. Maður heyrir ekki hæstv. ráðh. guma mikið af því í dag, en á síðustu mánuðum og vikum áður en til þessara aðgerða kom var talað um að gjaldmiðilsbreytinguna sem tímamótaviðburð í viðnámi gegn verðbólgunni. Í sjálfu sér var það ekkert óeðlilegt, vegna þess að gjaldmiðilsbreytingin var slík aðgerð að hana hefði mátt nota í þessu skyni með því að láta hana vera samferða heildarstefnumótun í efnahagsmálunum til viðnáms gegn verðbólgu, til þess m. a. að öllum landsmönnum mætti verða ljóst að nú væri stjórnvöldum alvara með aðgerðum til viðnáms gegn verðbólgu. En svo góð sem gjaldmiðilsbreytingin gat orðið undir þessum kringumstæðum, að henni fylgdi heildarstefna í efnahagsmálunum, þá gat hún haft þveröfug áhrif ef ekki var gætt þess að móta heildarstefnu. Ríkisstj. var margsinnis vöruð við þessu og í orði lét hún svo sem þetta væri alveg rétt, hún ætlaði að gera þetta. En hæstv. ríkisstj. hefur ekkert gert í þessu efni með þeim skelfilegu afleiðingum, að einmitt það, sem gat þó orðið til stuðnings í baráttunni gegn verðbólgunni og til að styrkja efnahagslífið í landinu, verður nú til að auka vantrú manna á gjaldmiðli okkar og verkar sem olía á verðbólgubálið.

Þetta, sem ég hef vikið að í fáum orðum, er bakgrunnurinn að því, sem nú er að gerast, og að því frv., sem hér liggur fyrir og er til umr.

Þetta frv. er dæmigerð aðgerð hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálunum. Hún er kákaðgerð frá hvaða sjónarmiði sem á er litið. Aðalatriðið með þessu frv. er að leggja nýjar álögur á almenning í landinu. Samkv. grg. frv. eru nýjar álögur á almenning í landinu áætlaðar 62 millj. til að styðja við atvinnulíf landsmanna, en veita á til þess 50 millj. úr ríkissjóði. Með þessum aðgerðum átti samkv. frv. að auka tekjur ríkissjóðs um 12 millj., en nú er þar eftir breytingarnar á frv. í Nd., eins og hæstv. fjmrh. lýsti í ræðu sinni áðan, ekki nema 2 millj. kr. tekjuauki.

En er þá engin ástæða til að styðja að atvinnulífi landsmanna í dag? Er það það sem ég á við? Nei, það er ekki það sem ég á við. Auðvitað er það eitt þýðingarmesta viðfangsefnið að tryggja að atvinnulíf landsmanna geti gengið og það stefni ekki meira en nú er í algert öngþveiti í ýmsum atvinnugreinum með þeim afleiðingum sem það hlýtur að hafa og þarf ekki að fjölyrða um hér.

En aðgerðir sem þessar ráða engum úrslitum um þá þróun sem við höfum horft upp á á undanförnum misserum. Það verða að koma til miklu gagngerðari aðgerðir en að lækka að hluta launaskattinn á fyrirtækjum og lækka að hluta stimpilgjald. Hér er um miklu veigameira mál að ræða. Hvað snýr að almenningi? Ég sagði að það væri verið að leggja byrðar á almenning. Nú þarf ekki að vera óeðlilegt að lagðar séu byrðar á almenning, ef þær byrðar eru réttlátlega á lagðar og ef það er einhver möguleiki á að þær byrðar, sem almenningur tekur á sig, skili einhverjum árangri þegar fram í sækir, þ. e. að aðgerðirnar séu liður í einhverri heildarstefnu. En því er ekki fyrir að fara í þessum svokallaða áfanga ríkisstj. sem felst í þessu frv. Frv. er enginn áfangi í neinum raunhæfum aðgerðum til að veita verðbólgunni viðnám, og það er einmitt í ljósi þessa sem þetta frv. þarf að meðhöndla og freista þess, ef verða má, að gera á því einhverjar frekari breytingar til batnaðar en þó voru í sumum tilfellum gerðar í meðförum Nd. Á ég þá sérstaklega við þær breytingar sem voru gerðar varðandi niðurfærslu á launaskattinum. — Annars er launaskatturinn og sá kafli þessa frv. efni sem væri ástæða til að ræða ítarlega um, en ég ætla að neita mér um að gera það nú, ekki nema þá að gefnu tilefni, og halda mér við þessa umr. einungis við frv. í meginefnum og stöðu þess í þeim svokölluðu aðgerðum — sem ég vil kalla frekar aðgerðaleysi ríkisstj. í verðbólgumálunum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það má kannske segja að það frv., sem hér liggur fyrir, gefi ekki tilefni til langrar umr., svo rýrt sem það er. Það skiptist í nokkra kafla, eins og hæstv. fjmrh. gerði að umtalsefni, og innan kaflanna eru nokkrar greinar, mismargar eftir því um hvaða kafla er að ræða. Þetta minnir mann á lýsinguna sem gefin var á stefnuskrá Alþb. fyrir kosningarnar 1978. Þá fengu kjósendur helst að vita að stefnuskrá Alþb. væri í allmörgum aðalliðum og enn fleiri umdirliðum. Ef menn spurðu fulltrúa Alþb. nánar um efnisinnihaldið var bara vísað á að menn skyldu reyna að lesa bókina.

En hvað um það, hér er kannske fyrst og fremst um það að ræða annars vegar að leggja á nýjan skatt, sem er nefndur tollafgreiðslugjald, og hins vegar breytingu á stigi launaskatts. Að því er varðar aðra þætti stimpilgjalda má segja að sé um leiðréttingu að ræða sem hafi flotið með. Síðan er framlenging á tímabundnu innflutningsgjaldi á sælgæti og kex sem gefur ekki tilefni til langrar orðræðu.

Um launaskattsþáttinn er það að segja, að ákveðið hefur verið að lækka hann á vissum atvinnugreinum um 1%, og þó að upptalningin á þessari framkvæmd taki yfir allar greinar frv. frá 3—14 er efnisinnihaldið varla neitt sem talist geti annað en þetta sem ég nefndi, þetta 1%. Það er athyglisvert þegar lesin er grg. um launaskattinn, að þar segir að greinar 12, 13 og 14 samsvari greinum 9, 11 og 12 í gömlu lögunum. Þar segir um 6. gr. að í henni séu sömu ákvæði og í a- og b-liðum 4. gr. gildandi laga, 5. gr. að 1. mgr. sé efnislega óbreytt frá 3. gr. laganna, um 4. gr. að 1. mgr. sé óbreytt frá 2. mgr. 2. gr. og um 2. mgr. að þau ákvæði megi áður finna í 1. gr. gildandi laga. Það hvarflar að manni að hér sé beinlínis verið að búa til langan frv.-þátt um lítið efni, það hafi sem sagt legið nokkuð við að bandormurinn, en frv. hefur gengið undir

því nafni, næði því að verða nokkrar blaðsíður og það sé verið að breiða yfir innihaldsleysið með blaðsíðutalinu og upptalningunni. Það skyldi þó ekki vera að það sé þetta mark sem frv. þetta er brennt með svipuðum hætti og stefnuskrá Alþb. fyrir kosningarnar sem taldist vera í bæði aðalliðum og undirliðum.

Þá hafa í Nd. orðið nokkrar umr. um launaskattinn og á hvaða greinar hann skyldi leggjast. Ég verð að segja að þær umr. voru að ýmsu leyti ákaflega furðulegar og þó einkum og sér í lagi vegna þess að Framsfl. hafði gefið í skyn fyrr í sambandi við umr. um þessi efnahagsmál, að hann teldi ákaflega mikilvægt að launaskatturinn yrði lækkaður og þar yrði um víðtæka niðurtalningu að ræða. Einn þm. flokksins mannaði sig upp í að flytja brtt. um þetta efni í Nd., en þar sannaðist enn sem áður að barátta Framsfl. fyrir stefnumálum sínum gerist einungis á síðum dagblaðanna, en ekki í ríkisstj., því að hvorki hafði þessi þm. erindi sem erfiði né heldur hefur Framsfl. haft það í þeim átökum sem í gangi hafa verið um efnahagsmálin í ríkisstj., og árangurinn hefur verið nánast enginn.

Það er skemmtilegt hlutskipti fyrir Framsfl. að boða ýmiss konar stefnubreytingu, en leggja svo ekkert upp úr því, hvort slíkt næst fram eða ekki, lufsast í ríkisstjórn alveg án tillits til þess, hvort stefnumiðunum er komið fram eða ekki. Það er helst að sjá að Framsfl. stefni nú í að verða eins konar útibú frá fjmrn., og kannske er það það hlutskipti sem hann getur helst og best hugsað sér.

Í Nd. urðu líka nokkrar umr. um tollafgreiðslugjaldið og hvort það mundi verða fellt niður af ýmsum hjúkrunartækjum t. d. og öðru því sem löggjafinn hefur ákveðið að veita heimild til að ekki séu innheimt aðflutningsgjöld af. Hæstv. fjmrh. gerði þetta að nokkru umtalsefni áðan. Hann hélt því fram, að heimild til þessarar niðurfellingar að því er tollafgreiðslugjaldið varðaði væri að finna í því frv. til l. sem hér er til umr. Nánar tiltekið benti hann á 2. mgr. 2. gr. Ég held þess vegna að það sé rétt að menn líti á hvað standi í þeirri grein. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd ákvæða þessa kafla," — þ. e. kaflans um tollafgreiðslugjald, — „þ. á m. hvaða vörur skuli undanþegnar gjaldskyldu samkv. 2. mgr. 1. gr. svo og að gjald samkv. 1. mgr. sömu greinar skuli falla niður sé tollverð vörusendingar innan tiltekinna marka."

Samkv. þessari lagagrein er þessi heimild einungis takmörkuð við þá upptalningu sem finna má í 2. mgr. 1. gr. Þar er um að ræða matvörur, EFTA-vörur, aðföng til iðnaðar, flugvélaeldsneyti og brennsluolíu, skip, flugvélar og varahluti til þeirra. Þetta er tæmandi upptalning og í þessari upptalningu, sem heimild ráðh. nær til, er ekkert af þeim vörum sem voru hér sérstaklega gerðar að umtalsefni, hjúkrunarvörur af ýmsu tagi og því um líkt, sem menn hafa talið sjálfsagt af mannúðarástæðum að ekki væri tekinn tollur af. Þó að hæstv. fjmrh. tali digurbarkalega um að auðvitað væri það smámunasemi að tollafgreiðslugjaldið væri ekki fellt niður, þá er það nú svo að sú heimild, sem hann vitnar til að hann hafi til að fella þetta niður, er alls ekki fyrir hendi. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að sú nefnd, sem fær þetta mál til umfjöllunar, taki þetta atriði sérstaklega til skoðunar og einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að hæstv. fjmrh. hefur í rauninni lýst yfir að hann vilji hafa þessa heimild. Hún er greinilega ekki í þessum lögum og þessa heimild geta menn vitaskuld hvergi fundið í öðrum lögum því að hér er um ný lög að ræða. Þetta eru ekki tollalög. Þetta eru ný lög um tollafgreiðslugjald og engin önnur lög geta tekið til þessara nýju laga. Um tollafgreiðslugjaldið eru engin lög í gildi og hafa ekki verið þannig að nauðsyn ber til að skoða það mál.

Efnisinnihald tollafgreiðslugjaldsins er ákaflega einfalt. Það var samþykkt hér fyrir skömmu að lækka tolla á ýmsum heimilistækjum um 20 millj. kr. Nú er tillaga um það frá hæstv. ríkisstj. að auka tollheimtu með því að leggja á tollafgreiðslugjald sem nemur tveimur og hálfum sinnum þeirri upphæð og vel það, eða 50 millj. kr. Þetta er það sem snýr að almenningi í landinu. Lækkun stimpilgjalds og launaskatts er það sem verið er að gera fyrir atvinnurekendurna. Það, sem snýr að alþýðu þessa lands og launþegum þessa lands, er að skattheimtan á þeim er aukin um 34 millj. kr. með þeirri tollabreytingu sem hér er verið að gera: annars vegar lækkun á vissum tollum, en hins vegar að taka upp nýjan almennan toll í formi tollafgreiðslugjalds.

Það, sem er merkilegt og athyglisvert í sambandi við þetta er það, að þessar auknu álögur upp á 34 millj. kr. eiga ekki að mælast í vísitölunni. Það er upplýst að svo snyrtilega sé um hnúta búið að það sé hægt að hækka þessi gjöld sem þessu nemur og það muni ekki hafa meiri áhrif á vísitöluna en nemur þeirri lækkun sem áður var ákveðin í sambandi við tolla á heimilisstækjum. Hér er náttúrlega verið að leika vísitöluleikinn eins sinni enn af sama purkunarleysi og gert hefur verið áður. Hér er í rauninni fyrst og fremst verið að reyna að kroppa svolítið af launþegum. En árangurinn af þessu máli mun auðvitað enginn verða. Hinn efnahagslegi árangur af því, sem ríkisstj. hefur nú staðið í, mun ekki verða neinn til frambúðar. Það má falsa vísitöluna um nokkur stig, það má fá svolítið lægri tölur til að veifa framan í fólkið í landinu, en það mun ekkert gagna ríkisstj., vegna þess að buddan segir mönnum hver afkoman sé á hverjum tíma og hvernig kaupið endist, og hvað sem vísitöluleiknum líður finna menn á buddu sinni hvernig peningarnir endast og að þeir endast verr og verr dag frá degi.

Ég tel, herra forseti, að hér sé um léttvægan tillöguflutning að ræða af hálfu hæstv. ríkisstj. sem gefi ekki tilefni til lengri umfjöllunar að þessu sinni. En hitt er sorglegt, að íslenskir stjórnmálamenn, íslensk ríkisstjórn, Alþingi, skuli aldrei komast til almennilegra verka í efnahagsmálum fyrir pjatti eins og þessu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Sameinað þing, 57. fundur.

Fimmtudaginn 25. febr., kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hafa borist bréf. Fyrst vil ég lesa hér bréf dags. 25. febr. 1982:

„Halldór Ásgrímsson, 3. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varaþm. taki 2. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Og hér með fylgir skeyti:

„Vegna anna heima fyrir get ég undirritaður ekki tekið sæti á Alþingi í forföllum Halldórs Ásgrímssonar og óska því eftir að Jón Kristjánsson félagsmálafulltrúi, Egilsstöðum, 2. varamaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, taki sæti í minn stað.

Stöðvarfirði, 23. febr. 1982.
Guðmundur Gíslason."

Jón Kristjánsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Þá er hér annað bréf:

„Alþingi, 25. febr. 1982.

Sverrir Hermannsson, 4. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Austurlandskjördæmi, Tryggvi Gunnarsson skipstjóri, Vopnafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Tryggvi Gunnarsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Þá er hér þriðja bréfið:

„Alþingi, 25. febr. 1982.

Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Vegna utanfarar í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis leyfi ég mér að óska þess, að vegna forfalla 1. varamanns taki 2. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, Guðmundur Vésteinsson bæjarfulltrúi, Akranesi, sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt ásamt ósk um að fram fari í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Hér með fylgir skeyti um forföll Gunnars Más Kristóferssonar, 1. varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, og staðfesting á kjörbréfi Guðmundar Vésteinssonar. Ég vil biðja kjörbréfanefnd að taka kjörbréf Guðmundar Vésteinssonar til athugunar. Verður gefið fundarhlé í 5 mínútur. — [Fundarhlé]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Guðmundar Vésteinssonar sem er 2. varamaður Alþfl. í Vesturlandskjördæmi. Jafnframt hefur nefndin haft til athugunar símskeyti frá Gunnari Má Kristóferssyni, sem er 1. varaþm. Alþfl. í Vesturlandskjördæmi, en getur ekki vegna sérstakra anna heima fyrir tekið sæti á Alþingi.

Nefndin er sammála um að leggja til að kjörbréf Guðmundar Vésteinssonar verði metið gilt og kosning hans samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 38 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnið.

Hinn nýi þingmaður undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Jón Helgason): Guðmundur Vésteinsson hefur undirritað eiðstaf og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn, þáltill. (þskj. 275, n. 357 og 370). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið till. til þál. um staðfestingu viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Spánar. Till. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að staðfesta fyrir Íslands hönd viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Spánar, sem undirritaður var í Brussel 10. des. 1981. Viðbótarsamningurinn er prentaður sem fskj. með till. þessari."

Efni þessa máls er mjög einfalt, aðild Spánar að Atlantshafsbandalaginu, en samning um þá aðild verður að staðfesta í öllum þátttökuríkjum bandalagsins.

Hinn 30. okt. s. l. var mál þetta afgreitt í neðri deild spánska þingsins og greiddu 186 atkv. með aðild, 146 á móti, en 18 voru fjarverandi. Nokkru síðar afgreiddi spánska öldungadeildin málið og voru þar 105 með aðild, en 60 á móti og einn sat hjá. Það fer því ekki á milli mála, að það hefur verið tekin lögleg ákvörðun af réttum stjórnvöldum á Spáni um umsókn þess lands um aðild að bandalaginu.

Allmiklar umræður urðu um þetta mál á Spáni s. l. haust um nokkra hríð, en hafa síðan dáið út og virðast raunar ekki hafa rist ýkjadjúpt þar í landi. Gegn aðildinni voru fyrst og fremst jafnaðarmenn og kommúnistar. Afstaða spánskra jafnaðarmanna er hins vegar að því leyti sérkennileg, að þeir styðja framlengingu á spönskum varnarsamningi við Bandaríkin, en samkv. þeim samningi hafa Bandaríkjamenn mikilvægar herstöðvar á Spáni. Síðan er því haldið fram af mörgum kunnugum, að andstöðu jafnaðarmanna við inngöngu í NATO á þessu stigi máls beri frekar að skoða sem hluta af almennri og harðri stjórnarandstöðu og tilraun til að valda spönsku stjórninni erfiðleikum, enda er það kappsmál þeirra félaga að fella þá stjórn.

Um það, hvernig skoðanir eru á Spáni utan þings, er helst að draga fram skoðanakönnun sem dagblaðið El Pais lét fara fram og spurði 3000 manns. Þar kom í ljós að 69% voru fylgjandi því, að þjóðaratkvæði yrði látið fram

fara um málið, en spánska stjórnin hefur ekki tekið það í mál. Hins vegar kom í ljós að meiri hluti þeirra, sem spurðir voru, taldi sig vera andvígan bandalaginu, en við nánari eftirgrennslan kom einnig í ljós að aðeins 39% þeirra, sem spurðir voru, höfðu nokkuð skýra hugmynd um hvað NATO er. Þriðjungur þeirra, sem spurðir voru, hafði ekki hugmynd um það. Af þessum ástæðum hafa ýmsir viljað halda fram að ekki væri ástæða til að telja þessa skoðanakönnun marktæka, en um það verður að sjálfsögðu ekkert fullyrt.

Umræðurnar á Spáni snerust um það, hvort öryggi Spánar væri betur borgið með aðild að Atlantshafsbandalaginu heldur en ekki. Í því sambandi skiptir auðvitað miklu máli að Spánverjar hafa nú þegar herverndarsamning við Bandaríkin sem eru öflugasta ríki Atlantshafsbandalagsins, svo að sitthvað fer þarna saman. Ýmsir bentu á að með aðild að Atlantshafsbandalaginu kæmi Spánn við sögu í átökum milli austurs og vesturs og deilum. Hins vegar mundi Atlantshafsbandalagið ekki geta hjálpað Spánverjum við að leysa vandamál eins og deiluna við Breta um Gíbraltar né heldur vandamál sem kunna að verða milli Spánverja og suðlægari þjóða. Enn hefur því verið haldið fram, að aðild Spánar að Atlantshafsbandalaginu kynni að verða til að styrkja herforingjaklíkur þar í landi og þar með veikja þá þróun lýðræðis sem átt hefur sér stað undanfarin misseri á Spáni. Gegn þessu eru einnig færð mjög sterk rök, sem eru á þá lund að spánski herinn, sem er mjög öflugur í landinu og valdamikill í stjórnmálum þess ekki síður en varnarmálum, hafi allt frá spönsku byltingunni verið algerlega einangraður og mætti búast við að áhrif hersins á Spáni færu frekar minnkandi þegar herforingjar taka við störfum innan Atlantshafsbandalagsins og fá þar ýmiss konar ábyrgð, auk þess sem þeir komast þá í samband við starfsbræður sína í ýmsum öðrum löndum. Ég er því þeirrar skoðunar, að aðild Spánar muni ekki verða til að auka völd hersins þar, heldur kunni þau að fara minnkandi því að líkur eru á því að spánski herinn verði minnkaður en flotinn og flugherinn auknir og að ný kynslóð spánskra herforingja muni hafa minni tengsl við stjórnmál og minni afskipti af þeim en verið hefur til þessa.

Herra forseti. Ég hef drepið á nokkur atriði sem fram hafa komið erlendis, m. a. á Spáni með og á móti þessu máli vegna þess að spurningar þess eðlis hafa komið fram í umræðum bæði hér í Sþ. og í utanrmn.

Að fulltrúa Alþb. undanskildum eru utanrmn.-menn sammála um að mæla með að Alþingi samþykki þá till. til þál. sem ég hef mælt fyrir.

Frsm. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þegar till. um aðild Spánar að NATO kom fyrr til umr. í Sþ. var lýst yfir að þm. Alþb. mundu sitja hjá við afgreiðslu málsins þar eða Alþb. væri andvígt þátttöku Íslands í NATO. Þessi afstaða er í framhaldi af sérstakri bókun sem ráðherrar flokksins gerðu í ríkisstj. þegar till. var þar til meðferðar. Ég greindi frá þeirri bókun hér við fyrri umr. í Sþ. en þar kom skýrt fram afstaða Alþb. til Atlantshafsbandalagsins og þessarar tillögu.

Í umr. áréttaði ég hins vegar nauðsyn þess, að Íslendingar kynntu sér meðferð málsins á Spáni, en mjög litlar upplýsingar komu fram um það þegar gerð var grein fyrir þessum viðbótarsamningi fyrr hér á Alþingi. Taldi ég nauðsynlegt að íslenskir alþm. kynntu sér helstu rök þarlendra andstæðinga aðildar að NATO. Ber að fagna því, að í utanrmn. hafa komið fram upplýsingar um þessi atriði.

Í fulltrúadeild spánska þingsins greiddu 186 þm. atkv. með aðild, en 146 þm. voru á móti. Í öldungadeildinni voru 105 með tillögunni, en 60 á móti. Forustumenn sósíalista í spánska þinginu gerðu tillögu um að þjóðaratkvgr. færi fram um aðildina þar eð margt benti til þess, að meiri hluti spönsku þjóðarinnar væri andvígur því, að Spánn gengi í NATO. Það er rétt að vekja hér skýra athygli á því, að þessari tillögu um að kanna vilja spönsku þjóðarinnar var hafnað af spönsku ríkisstj. og meiri hluta spánska þingsins, sem ekki treysti sér til að leggja aðildina að Atlantshafsbandalaginu undir þjóðaratkvæði. Má í því sambandi minna á tillögur sem voru uppi á sínum tíma hér á landi, en rétt að athuga það einnig nú þegar nýtt ríki er að bætast í hóp NATO-ríkjanna, að þar treysta ráðamenn og talsmenn NATO-aðildar sér ekki til að láta vilja þjóðarinnar skera úr í þessu efni.

Það var greint frá því áðan af flm. meiri hl., og ég geri það í mínu nál., að áreiðanleg skoðanakönnun, sem fram fór á Spáni, sýndi að um 70% spönsku þjóðarinnar voru fylgjandi því, að þjóðaratkvgr. færi fram um málið. Í sömu könnun kom fram að 52% Spánverja voru andvígir því, að landið gengi í NATO, og aðeins 18% voru fylgjandi því, að gengið væri í bandalagið. Það var vakin athygli á því áðan af frsm. meiri hl., að könnun hefði leitt í ljós að aðeins 39% hefðu allgóða hugmynd um hvað Atlantshafsbandalagið væri. Það er rétt að benda á í framhaldi af því, að það eru aðeins 18% sem voru með því að ganga í bandalagið. Það er því ekki hægt að halda því fram, að vanþekking á bandalaginu hafi verið orsök þess, að svo lítill stuðningur var við NATO-aðildina á Spáni, þegar um 40% reynast hafa góða þekkingu á því, hvers eðlis Atlantshafsbandalagið er, og um það bil 30% í viðbót allnokkra hugmynd, en samt sem áður aðeins 18% sem vilja styðja aðildina en 52% algerlega á móti. Það er því ljóst að mikill meiri hluti Spánverja var bæði andvígur aðild landsins að NATO og á móti málsmeðferð ríkisstj. á málinu. Spönsku þjóðinni var meinað að kveða upp dóm í þessu máli. Vilji fólksins fékk ekki að ráða. Þingmeirihluti knýr aðildina í gegn þótt fyrir liggi að það er aðeins örlítill hluti þjóðarinnar sem styður þá ákvörðun, en yfirgnæfandi meiri hluti væri á móti málsmeðferðinni og einnig á móti aðildinni.

Andstæðingar NATO-aðildar á Spáni bentu á að þátttakan í NATO mundi tryggja valdastöðu spánska hersins og þannig grafa undan lýðræðinu í landinu. Spánski herinn var í áratugi, eins og þm. er kunnugt, burðarás fasismans á Spáni og nýlega — fyrir um það bil ári — gerðu herforingjar tilraun til að steypa hinu lýðræðislega stjórnkerfi og tóku allt þjóðþing Spánar til fanga í krafti skammbyssuvalds og vélbyssuvalds sem þeir beittu í þingsölunum. Hefur þegar orðið fræg sú mynd þegar spænsku herforingjarnir með byssurnar á lofti skutu upp í loft þingsalarins, en þingmenn grúfðu sig á bak við þingsætin og borðin til þess að forða lífi sínu. Þau skot, sem þá flugu upp í loft þingsalarins á Spáni, voru talandi vitnisburður um að herinn þar, sem nú á að vera aðildarher NATO, er ekki fylgjandi lýðræði.

Það er rétt að vekja athygli þingheims á því, að fyrir tveimur dögum kom frétt um þau réttarhöld sem nú fara fram á Spáni yfir þessum hershöfðingjum. Ég ætla að lesa hér fyrir hv. þingheim stuttan kafla úr fréttum um þetta efni svo að menn átti sig á því, hvernig framkvæmd lýðræðisins er nú þegar í þessu landi og hvernig er farið

með hershöfðingjana sem gerðu tilraun til þess að steypa lýðræðinu í landinu. (**HBl:** Ekki hafði hann þó sent lögregluna eftir þingmönnum.) Það er skiljanlegt að hv. þm. Halldór Blöndal uni sér illa við að heyra lýsingar á því, hvernig þetta nýja aðildarríki Atlantshafsbandalagsins er og hefur verið hvað lýðræði snertir, vegna þess að enginn maður hefur jafnoft hér í þingsölum reynt að halda fram á síðari árum þeirri blekkingu, að lýðræði og Atlantshafsbandalagið séu eitt og hið sama. Í fréttinni segir: „Hlé var gert á réttarhöldum í dag þegar herforingjarnir neituða að ganga í réttarsalinn" — ég vek athygli á að þetta eru sakborningarnir, þeir neituðu að ganga í réttarsalinn — „ef ritstjóra, sem skrifað hafði grein sem þeim mislíkaði, yrði ekki meinað að vera við réttarhöldin."

Hvað segir hæstv. dómsmrh., ef hann er hér staddur í dag, eða fyrrv. dómsmrh. um réttarhöld þar sem fangarnir setja það skilyrði, að blaðamenn og ritstjórar verði fjarlægðir ef föngunum á að þóknast að ganga í réttarsalinn. (**ÓÞÞ:** Það er góð meðferð á föngum.) Það er greinilegt að þótt þurfi kannske lögregluaðstoð í sumum þingflokkum, þá þyrfti sérstaklega í ljósi atburðanna í gær sérstaka herforingjastjórn í þingflokki Framsfl. En síðar segir áfram í fréttinni:

„Um síðir tókst að halda réttarhöldunum áfram eftir að forseti dómsins féllst á kröfu sakborninganna og rak ritstjórann úr réttarsalnum."

Þannig er réttarhaldið yfir þessum herforingjum, sem gerðu tilraun til að steypa lýðræðinu á Spáni og tóku allt þingið til fanga í krafti byssuvaldsins, að þar setja þeir skilyrði fyrir því, hverjir séu í réttarsalnum þegar fjallað er um þeirra mál. Svo segir áfram í fréttinni:

„Varð þá upplausn í salnum og gengu flestir þeirra spönsku og erlendu fréttamanna, sem fylgjast með réttarhöldunum, úr salnum ásamt ritstjóranum. Fréttamenn á vegum hersins og aðstandendur hinna ákærðu gerðu hróp og köll að þeim og sögðu þeim að snauta burt."

Fulltrúar hinna svokölluðu frjálsu dagblaða, fulltrúar erlendra fréttastofa ganga út úr réttarsalnum vegna þess að dómsforsetinn, sem á að dæma þessa tilræðismenn gegn lýðræðinu á Spáni, fellst á kröfu þeirra um að ritstjóra, sem hafði skrifað einhverja grein sem þessum sakborningum gegn lýðræðinu hafði mislíkað, verði vísað úr salnum. Svo fagna menn því hér, að þessi sami her skuli ganga í sveit NATO-herjanna og eiga þar að teljast til varnar lýðræðinu, — her sem lætur sér sæma að koma þannig fram, sem rekur fulltrúa frjálsra dagblaða og fréttastofa úr dómssalnum þegar á að fara að fjalla um þá herforingja sem gerðu tilraun til þess að steypa lýðræðinu.

Það er þess vegna mikilvægt að menn átti sig á því hér, að herforingjastjórnir hafa lifað góðu lífi innan NATO og yfirstjórn bandalagsins hefur í engu skeytt um það, þótt lýðræði væri afnumið í aðildarríkjunum.

Yfirstjórn NATO hafði náið samstarf við herforingjastjórnina í Grikklandi, enda studdi forusturíki bandalagsins, Bandaríkin, valdatöku grísku herforingjanna á sínum tíma. Á sama hátt hafa Bandaríkin, forusturíki NATO, stutt herforingjastjórnina í Tyrklandi *bæði fjárhagslega og hernaðarlega þótt lýðræði sé nú* fótum troðið í Tyrklandi. Þar er starfsemi stjórnmálaflokka bönnuð, forustumenn frjálsra verkalýðsfélaga hafa verið dæmdir til dauða, tugir þúsunda borgara hnepptir í fangelsi vegna stjórnmálaskoðana sinna og pyntaðir þar, starfsemi fjölmiðla og háskóla hefur verið hneppt í fjötra. Engu að síður fær Tyrkland að vera áfram fullgildur meðlimur í Atlantshafsbandalaginu, og það sem meira er: forusturíki bandalagsins gerir allt sem það getur til þess að styðja þessa herforingjastjórn efnahagslega og fjárhagslega.

Það er því rétt hjá andstæðingum NATO-aðildar á Spáni, sem hafa meirihlutafylgi með þjóðinni, að þátttaka í þessu bandalagi eykur líkurnar á að lýðræðinu verði fórnað í þágu valdahagsmuna hersins. Saga NATO, studd dæmum frá Grikklandi, Portúgal og Tyrklandi, sýnir að forusta bandalagsins metur hernaðarhagsmunina ávallt meira en lýðræðið. Þátttaka í NATO er því engin trygging fyrir lýðræði. Það hefur sagan sannað rækilega, því miður, hvað svo sem þeir lýðræðisskrumarar segja sem reyna að halda því að þjóðinni hér að þátttakan í Atlantshafsbandalaginu sé ávallt samfara hollustu við lýðræði.

Það eru þegar mörg söguleg dæmi sem taka af allan vafa um að yfirstjórn Atlantshafsbandalagsins og forusturíki þess styðja ávallt þá sem fótumtroða lýðræðið í aðildarríkjum bandalagsins — með einu skilyrði þó: Svo framarlega að þeir tryggi hernaðarhagsmuni Bandaríkjanna og þau fái áfram að hafa herstöðvar sínar í Tyrklandi eða í Grikklandi eða samvinnu við Portúgal, þá er allt í lagi þótt lýðræðið sé afnumið og herforingjarnir látnir taka völdin — ef hernaðarforusturíkið fær áfram að hafa allt sitt á þurru.

Það er því ljóst, herra forseti, að NATO er hernaðarbandalag en ekki samfélag lýðræðisríkja. Hér er verið að leggja til, að enn eitt ríkið, sem á sér ömurlega sögu hvað lýðræðisskort snertir, gerist aðili að bandalaginu, og opna þannig möguleikana á að spánski herinn hafi skjól af hernaðarsamvinnunni í NATO til þess að geta aftur gengið inn í þingið á Spáni og skotið með byssunum upp í loftið og tekið þingið til fanga og sett síðan dómstólunum í landinu skilyrði um hverjir fái og hverjir fái ekki að vera í réttarsölunum, eins og þegar hefur gerst þar í landi. Við teljum því ljóst að það sé mjög hæpið fyrir Spánverja sjálfa — enda fyrirliggjandi að meiri hluti þjóðarinnar er einnig á þeirri skoðun að ganga í Atlantshafsbandalagið, en teljum nauðsynlegt að þeir, sem vilja taka á því ábyrgð hér og styðja að slíkt verði, geri það með hreinum og skýrum hætti. Við óskum þess vegna eftir að fram fari nafnakall um þessa tillögu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JK, HBl, IGuðn, JS, JÞ, KP, MHM, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StefG, SV, TG, TÁ, VG, ÞK, AG, AS, BGr, BÍG, EgJ, GV, FÞ, GeirH, GGÞ, JH.

HS, ÓRG, PP, SkA, StJ, SvG, GS, GeirG, GB, GHall, GHelg greiddu ekki atkv.

21 þm. (HG, IGísl, JE, KSG, KJ, LJ, MB, MÁM, HÓ, PS, RA, StH, SteinG, ÞS, ÁG, DA, EH, EKJ, FrS, GK, GTh) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Virðulegur þm. *Ólafur Ragnar Grímsson hefur nú enn einu sinni látið sitt* rauða leiðarljós skína þegar utanríkismál koma á dagskrá. Þm. talaði enn hér gegn aðild Spánar að NATO eins og við hér á Alþingi Íslendinga værum að taka um það ákvörðun, hvort Spánn gerðist aðili að NATO eða

ekki. Ríkisstjórn Spánar tekur sjálf þá ákvörðun að fengnu samþykki þjóðþings spönsku þjóðarinnar.

Hér er til umr. þáltill. sem opnar spönsku þjóðinni leið til þess að gerast félagi í bandalagi vestrænna þjóða og þar með styrkja samstöðu þeirra sem verja vilja vestræna samvinnu og frið. Ég vil opna þessa leið til samstarfs sem flestra ríkja í þessar samsteypu vestrænna þjóða og segi því já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 389).

Verndun á laxi í Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 325). — Ein umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um fullgildingu samnings um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Sá samningur, sem hér er um að ræða, var samþykktur á ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík 18. — 22. jan. s. l. Samningurinn er prentaður sem fskj. með þessari þáltill. Hann verður lagður fram í Reykjavík til undirritunar 2. mars n. k. og verður undirritaður fyrir Íslands hönd þann dag.

Með þessari þáltill. fer ríkisstj. fram á heimild Alþingis til fullgildingar af Íslands hálfu á samningnum að lokinni undirritun hans.

S. l. þrjú ár hafa ríki við Norður-Atlantshaf unnið að gerð heildarsamnings um samvinnu í laxamálum. Í upphafi tóku aðeins Bandaríkin, Kanada og Efnahagsbandalag Evrópu þátt í þessum umræðum, en frá 1980 bættist Noregur við og frá 1981 einnig Ísland, Færeyjar og Svíþjóð.

Á fundinum í Osló í maí s. l. og í Genf í ágúst s. l. var ákveðið að boða til diplómataráðstefnu til að ganga frá millirikjasamningi. Norska utanrrn. var falið að undirbúa samningsdrög sem tækju mið af fyrri umræðum. Reyndist erfitt að ákveða tíma og stað fyrir ráðstefnuna. Lokin urðu þau, að í samráði við væntanlega þátttakendur átti ríkisstjórn Íslands frumkvæði að því að boða til ráðstefnunnar í Reykjavík 18. — 22. jan., eins og ég tók áður fram. Þátttakendur í ráðstefnunni voru Bandaríkin, Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Um 55 fulltrúar voru á ráðstefnunni. Í lok ráðstefnunnar var samþykktur samningur sá sem hér liggur fyrir.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að úthafsveiðar á laxi hafa verið mörgum áhyggjuefni. Það hefur verið hald manna margra hverra, a. m. k. hér, að Færeyingar mundu taka eitthvað af þeim laxi sem hér væri til kominn. Hvað sem um það er, þá hefur verið augljóst mál að æskilegt væri að setja einhverjar reglur til verndar í þessu efni og koma í veg fyrir að rányrkja væri stunduð á laxi.

Með þeim samningi, sem hér liggur fyrir, hefur tekist að koma sér saman um skipulag í þessum efnum. Sett er á stofn sérstök stofnun sem á að hafa þessi mál með höndum. Hún á að hafa skrifstofu eða framkvæmdastjórn og skrifstofan á að vera í Edinborg. Jafnhliða því, sem þessi eina allsherjarstofnun er þannig sett á fót, er enn fremur um að tefla þrjár nefndir sem eru miðaðar við tiltekin svæði, þ. e. Norður-Ameríkunefnd, en í henni verða Bandaríkin og Kanada, Vestur-Grænlandsnefnd, í henni verða Bandaríkin, Efnahagsbandalag Evrópu og Kanada og Norður-Atlantshafsnefnd sem í verða Danmörk fyrir hönd Færeyja, Efnahagsbandalag Evrópu, Ísland, Noregur og Svíþjóð. Auk þess munu Bandaríkin og Kanada eiga takmarkaðan atkvæðisrétt í Norður-Atlantshafsnefndinni og Efnahagsbandalagið í Norður-Ameríkunefndinni.

Þær takmarkanir, sem gerðar eru með þessum samningi og liggja í augum uppi, eru þær, að laxveiðar eru alveg bannaðar á úthafinu, þ. e. utan 200 mílna fiskveiðilögsögu. Það er enn fremur aðalreglan, að veiðar á laxi skuli bannaðar utan 12 mílna lögsögu og innan 200 mílna lögsögu. Frá þeirri reglu eru aðeins tvær undantekningar. Það er gert ráð fyrir að við Grænland megi veiða frá 12 mílunum og að 40 mílum þar út frá og að Færeyingar megi veiða í sinni fiskveiðilandhelgi.

Þetta er mjög verulegur og mikilsverður áfangi. En auk þess mun einmitt þessi stofnun og þessar nefndir starfa í þeim anda að hlynna að verndun laxins og koma í veg fyrir rányrkju á honum. Þess vegna er stigið stórt spor í þessu efni. Það hefur t. d. gerst — kannske að einhverju leyti í framhaldi af þessari ráðstefnu hér í Reykjavík og þessum samningi — að Færeyingar hafa gert samning við Efnahagsbandalagið þar sem þeir á þessu ári færa laxveiði sína niður í 750 tonn og á næsta ári ætla þeir að færa hana niður í 625 tonn. Þetta er mjög umtalsverð takmörkun frá því sem veiðin í raun og veru var s. l. ár.

Herra forseti. Samningurinn fylgir hér með og skýringar á einstökum greinum. Ég sé því ekki ástæðu til að tefja tímann með því að fara ítarlega í þetta. Þetta er allítarlegur samningur og ég verð að segja það, að ég vænti mér góðs af honum og ég tel það Íslandi til tekna, að svo vel skyldi takast til um þess ráðstefnu sem raun ber nú vitni.

Ég vil leyfa mér að leggja til að till. verði að loknum þessum hluta umr. vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Smærri hlutafélög, þáltill. (þskj. 12, n. 342). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur tekið þessa þáltill. til meðferðar á nokkrum funda sinna og leitað umsagnar Lögmannafélags Íslands, ríkisskattstjóra, Félags ísl. iðnrekenda, Landssambands iðnaðarmanna, Verslunarráðs Íslands og Alþýðusambands Íslands.

Sú hefur orðið niðurstaða nefndarinnar að mæla með samþykkt till., þó með þeirri breytingu að því sé ekki slegið föstu fyrir fram, að nauðsynlegt sé að setja sérlög um smærri hlutafélög, heldur leggjum við til að Alþingi feli ríkisstj. að endurskoða lög um hlutafélög með hliðsjón af réttarstöðu smærri hlutafélaga. Því yrði þá haldið opnu, hvort sérlög yrðu sett um hin smærri hlutafélög eða ákvæði um þau yrðu sett inn í hlutafélagalögin sjálf. Hugsun okkar er sú, að sú nefnd, sem tæki hlutafélagalögin til endurskoðunar, skeri sjálf úr því.

Umsagnaraðilar hafa nær einróma mælt með samþykkt till. Þó varar ríkisskattstjóri við því, að dregið verði úr þeim ófrávíkjanlegu kröfum, eins og hann orðar

það, sem gerðar eru í hlutafélagalögunum um stofnun, stjórn og rekstur hlutafélaga, og skírskotar til reynslu af fámennishlutafélögum í þessu sambandi. Aðrir umsagnaraðilar eru mjög meðmæltir þessari tillögu.

Ég sé ástæðu til að tilfæra hér sérstaklega kafla úr umsögn Félags ísl. iðnrekenda. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt telur Félag ísl. iðnrekenda brýnt að leiðir verði kannaðar svo að hlutafélagaformið megi uppfylla grundvallarhlutverk sitt, þ. e. að örva sparnað til eflingar atvinnustarfsemi í landinu.

Reyndin er sú, að sparnaður í formi hlutabréfa hefur ekki náð sömu vinsældum hér á landi og í nágrannalöndum okkar. Þegar leitað er skýringa á þessum mismun er rétt að rifja upp þá þætti sem ráða vali almennings á sparnaðarformi. En það eru afkastavextir, áhætta og söluhæfni. Í samanburði við önnur sparnaðarform, svo sem spáriskírteini, bankainnlán o. fl., búa hlutabréf við skattalega lökust kjör. Einnig er söluhæfni hlutabréfa verri en annarra sparnaðarforma. Sú staðreynd, að raunveruleg kauphallarstarfsemi fer ekki fram hér á landi, á einnig drjúgan þátt í þessari dræmu söluhæfni hlutabréfa."

Félag ísl. iðnrekenda telur að endurskoðun og leiðrétting þessara þátta muni hafa augljósa kosti. Má sem dæmi nefna almennari þátttöku í fyrirtækjarekstri, auðveldari kynslóðaskipti í atvinnurekstri, mögulega aukna eignaraðild starfsmanna og almennt dreifðari áhættu í atvinnurekstrinum.

Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna er slegið á svipaða strengi og m. a. skírskotað til greinar sem Sigmar Ármannsson lögfræðingur hefur ritað í Tímarit lögfræðinga, 2. hefti 30. árg., sem ég læt nægja að skírskota hér til. Þar er einmitt komið inn á þessi atriði, með hvaða hætti sé hægt að auðvelda einstaklingum að hefja atvinnurekstur, spara fé í því skyni, og hvort ekki sé nauðsynlegt að opna hlutafélagaformið meira en gert hefur verið og draga þá úr formsatriðum þegar um smærri hlutafélög er að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál nánar. Það gefst e. t. v. tími til þess undir öðrum kringumstæðum að tala almennt um þá stöðu, sem hlutafélagareksturinn hefur hér, borið saman við annan rekstur. Ég skal ekki lengja mál mitt með því.

Ég vil ítreka það, að allshn. mælir með samþykkt till. með þeirri breytingu sem getur á þskj. 342.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Sem annar flm. þeirrar þáltill., sem hér er til umr., vil ég aðeins leyfa mér að nota þetta tækifæri til að þakka hv. allshn. fyrir þá vinnu sem hún hefur lagt í athugun á málinu. Það var álit okkar flm., að fyrst og fremst þyrfti að endurskoða sérstöðu þessara smærri hlutafélaga, sem hér eru tilgreind, og að reglur í núverandi hlutafélagalöggjöf séu óþarflega strangar þegar um lítil fyrirtæki er að ræða.

Sú brtt., sem kemur frá nefndinni, er þannig að við getum vel sætt okkur við hana. Með tilliti til þess, að við viljum fyrst og fremst að staða smærri hlutafélaganna sé athuguð, ætti að vera fullnægjandi að endurskoða lögin með tilliti til þeirra og ekki endilega nauðsynlegt að um ný lög, sem sérstaklega væru fyrir ákveðna stærð hlutafélaga, sé að ræða. Við flm. sættum okkur sem sagt vel við þessa brtt. Ég vona, ef hún verður samþykkt, að ríkisstj. hraði þeirri endurskoðun á hlutafélagalögunum svo að gagni megi koma við eflingu atvinnulífsins.

ATKVGR.

Brtt. 342 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj.390).

Innlendur lífefnaiðnaður, þáltill. (þskj. 219). - Ein umr.

Flm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um innlendan lífefnaiðnað sem ég flyt ásamt fimm öðrum þm. Framsfl. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði. Í því sambandi beiti ríkisstj. sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og lífhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra, sem til falla hérlendis.

2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og lífhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir."

Svo sem öllum er kunnugt fellur til á Íslandi feiknalega mikið magn af innyflum fiska, hvala og sláturdýra, en þessi hráefni verða landsmönnum nánast að engu verðmæti. Vitað er að víða erlendis eru þessi hráefni verðmæt í lyfjaiðnaði, t. d. við framleiðslu lyfja, lyfjahráefna og lífhvata. Lífefnaiðnaður fer mjög vaxandi víða um heim, en sérstaklega ber þó að benda á í því sambandi framleiðslu lífhvata til notkunar í iðnaði. Nýlegar kannanir og rannsóknir, sem gerðar hafa verið, benda til þess, að framleiðsla lífhvata muni aukast um 8% á ári fram til 1985 í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þessar vísbendingar liggja fyrir á sama tíma og samdráttur virðist vera í mörgum efnaiðnaði í heiminum.

Það getur enginn vafi verið á því, að Íslendingar eiga mikla möguleika á þessu sviði. Þeir eru fiskframleiðendur á heimsmælikvarða. Innyfli þorsks, svo að dæmi séu nefnd, nema um 15% af heildarþunga fisksins. Hráefnið, sem hér flellur til, er því mjög mikið. Lífefnaiðnaður er léttur sérhæfður iðnaður sem nýtir innlent hráefni og sérmenntaða starfskrafta. Íslendingar ættu því að geta orðið vel samkeppnisfærir í þessum iðnaði.

Lífefnaiðnaður hefur verið skilgreindur sem framleiðsla verðmætra lífrænna efna sem unnin eru beint eða óbeint úr lífverum, t. d. gerlum eða líffærum dýra. Framleiðslu efna með aðstoð lífhvata, sem unnir eru úr ýmsum lífverum, má einnig telja lífefnaiðnað.

Við lífefnaiðnað þarf sérstaklega þekkingu á sviði lífefnafræði og efnaverkfræði, en svo á síðari tímum í vaxandi mæli þekkingu í örverufræði og erfðafræði. Hráefni þessa iðnaðar eru, eins og áður segir, verðlitlar aukaafurðir landbúnaðar, iðnaðar og sjávarútvegs.

Lífhvataiðnaður og framleiðsla virðist eiga mjög bjarta framtíð, en lífhvatar eða ensím eru eggjahvítuefni (prótein) sem auka hraða efnahvarfa í frumum og hvata svo til öll efnahvörf frumunnar. Lífhvatar framkvæma efnabreytingar hraðar og við lægra hitastig og þrýsting en venjulegar aðferðir efnaiðnaðarins. Lífhvatarnir geta

þess vegna minnkað verulega orkuþörf við margvíslegan efnaiðnað.

Í skýrslu, sem ég hef séð, frá L. Hepner & Associates í London kemur fram spá um lífhvataframleiðslu á næstu árum. Þar er talið að heildarmarkaðurinn verði milli 500 og 600 millj. dollara árið 1985 í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, en þá er eingöngu miðað við lítt hreinsaða lífhvata eða bulk industrial enzymes með tiltölulega lágt innihald af hreinu ensím-próteini eða 1—3% af heildarþunga.

Lífhvataiðnaðurinn er nokkuð sérstakur að því leyti, að átta fyrirtæki í veröldinni ráða yfir um 90% framleiðslunnar og eru fimm þeirra í Vestur-Evrópu. Tvö stæstu fyrirtækin ráða yfir 60% framleiðslunnar. 16 lífhvatar eru um 99% af heildarframleiðslunni. Veruleg spurning er hvort núverandi framleiðendur geti annað þeirri eftirpurn eftir lífhvötum sem allir sérfræðingar þykjast sjá að fyrir liggur.

Árið 1974 skilaði nefnd áliti um framleiðslu lyfjaefna hérlendis úr innlendu hráefni. Nefndin dró niðurstöður sínar í sex liðum og ég vil, með leyfi forseta, lesa þessar niðurstöður hér:

1. Nefndin telur að lífefnaiðnaður eigi almennt mjög bjarta framtíð, og benda allar líkur til ört vaxandi markaða fyrir framleiðslu þessa iðnaðar á næstu árum.

2. Nýjar greinar lífefnaiðnaðar eru í mótun, eins og ensímiðnaður, og eru miklar vonir bundnar þessum tækninýjungum.

3. Mikið magn innlendra hráefna hentugt fyrir lífefnaiðnað er fyrir hendi. Hráefni þessi eru innyfli fiska, hvala og sláturdýra.

4. Unnt er að vinna ensíma, hormóna og margt fleira úr þessu hráefni og senda síðan úrganginn til mjölvinnslu eins og verið hefur venja.

5. Rannsóknir á efnamagni í hráefnum, framleiðslukostnaði og þess háttar eru forsenda þess, að unnt verði að kanna frekar grundvöll fyrir framleiðslu lyfja og annarra lífefna úr íslensku hráefni.

6. Nefndin telur nauðsynlegt að ráða hæfa starfsmenn til að sinna þessum rannsóknum. Rannsóknir þessari geta farið fram hjá Raunvísindastofnun háskólans og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og notað aðstöðu og tækjabúnað þessara stofnana.

Þrátt fyrir þetta ágæta nál. hefur raunalega lítið miðað fram á við og við gerð síðustu fjárlaga hafnaði fjvn. því, að Raunvísindastofnun háskólans fengi að ráða sérstakan starfsmann til að vinna að rannsóknum á þessu sviði.

Við höfum lagt hér fram sem fskj. með þessari þáltill. hluta úr grein Jóns Braga Bjarnasonar dósents um lífefnaiðnað. Þar kemur fram, eins og þm. geta séð, ýmis fróðleikur um þennan iðnað og eru dregnar saman margvíslegar upplýsingar. Þar segir m. a., með leyfi forseta, og vil ég vitna stuttlega í þessa grein þó ég fari ekki yfir hana í heild hér, enda liggur hún fyrir sem fskj.:

Þær aukaafurðir fiskiðnaðar, sem sérstaklega er hugsað til sem hráefni í lífefnaiðnaði, eru innyfli, roð og lifrarvefur. „Úr þorski, sem veiðist á vetrarvertíð, eru innyflin að jafnaði um 15% af heildarþunga fisksins. Í öðrum bolfisktegundum er þetta hlutfall svolítið frábrugðið, t. d. lægra í ýsu, en yfirleitt hærra í ufsa. Innyflum má skipta yfirleitt í þrjá nokkuð jafna hluta, þegar ekkert æti er í mögum fiskanna, þ. e. lifur, hrogn (eða svil) og slög. Segja má að helmingur þessa, þ. e. lifrin og hrognin, sé þegar frátekinn til matvælaframleiðslu.

Slóginu má aftur skipta í þrennt, þ. e. maga, skúflanga og garnir, hvert um sig 1.6 til 1.7% af þunga fisksins upp úr sjó."

Í greininni er líka drepið á aukaafurðir frá sláturhúsum, en þar er talað um þær afurðir sem henta mundu til lífefnavinnslu, svo sem ýmis innyfli og kirtlar, en víða erlendis eru þessi innyfli orðin þýðingarmiklar aukaafurðir frá sláturhúsunum. Má nefna að skjaldkirtill og kölkungur eru notaðir til skjaldkirtilshormónaframleiðslu, bris er notað til framleiðslu á insúlíni og ensímum og sæðiskirtlar til framleiðslu á prostaglandíni.

Hér er sérstaklega drepið á hvalafurðir, en Íslendingar veiða árlega um 400 hvali. Nokkur óvissa ríkir óneitanlega um framtíð hvalveiða og mun ég ekki fara fleiri orðum um það. Mögulegar framleiðsluvörur eru hér sérstaklega nefndar: Framleiðsla á sterólum og þá aðallega úr svilju, framleiðsla á chólínsýrum úr galli og ensímframleiðsla úr meltingarfærum.

Fiskroð má nýta til að vinna úr eins konar frumstig af matarlími, og gúanín má vinna úr síldarhreistri. Roð af roðfiskum en þó sérstaklega steinbít er notað í stórum stíl erlendis til límframleiðslu og í prentiðnaði.

Kítín og anthín má vinna úr rækju- og humarúrgangi, og undanfarin ár hefur farið vaxandi áhugi á framleiðslu á svokölluðum „hýdrólýsötum". T. d. munu sumir togarar frá Vestur-Evrópu hafa búnað um borð til þess að melta slóg með ensímum og kljúfa próteinin niður í amínósýrur og peptíð, en slík blanda er þá gjarnan kölluð „próteinhýdrólýsat". Ekki virðist vera að annmarkar séu á slíkri framleiðslu hérlendis, enda má fá nóg af nýju slógi yfir vetrarvertíð.

Til að koma þessum málum áfram þarf að efla mikið rannsóknir á sviði lífefnaiðnaðar. Mjög nauðsynlegt er að kanna magn þessara verðmætu efna í hráefninu miklu nánar og skoða hversu vinna megi þau með bestum hætti.

Í fskj. er nokkuð farið yfir verðmæti sumra þessara lífefna og ætla ég ekki sérstaklega að fara yfir það hér, enda hafa þm. það fyrir sér í fskj. En ljóst er að hér er um að ræða mjög verðmæt lyfjaefni sem unnt er að vinna úr þessum tiltölulega verðlitla úrgangi okkar.

Fram kemur í grein Jóns Braga Bjarnasonar að verulega skorti fjárveitingu til þess að unnt sé að ráða rannsóknafólk og sérfræðinga til þessara starfa. Þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þessu mikilsverða sviði, hafa að mestu eða nær eingöngu verið með aðstoð lausráðins fólks. Það er auðvitað ljóst að hér er um að ræða það mikilsvert svið að slíkt gengur ekki lengur og ber að harma að fjvn. skyldi ekki sjá sér fært að ljá því lið, að unnt væri að ráða sérfræðing sem hefði það sem aðalstarf að vinna úr þessum rannsóknum.

Í grein Jóns Braga Bjarnasonar dósents er sérstaklega fjallað um heparin-framleiðslu, ein eins og menn vita eru eiginleikar heparins aðallega fólgnir í að hefta storknun blóðs. Heparin er þess vegna mikilvægt lyf og er aðallega notað sem andstorknunarefni við skurðaðgerðir og við skyndilega blóðtappa. Eftirspurn eftir heparini sem lyfjaefni hefur farið vaxandi á undanförnum árum og verð farið hækkandi. Mikið magn af þessu efni finnst í lungum og görnum sláturdýra. Áætlanir hafa verið gerðar um vinnslu heparins hér á landi og frumáætlanir um verksmiðju sem mundi vinna heparin úr garnaslími, en talið er að um 500 tonn af garnaslími megi árlega nota til framleiðslu á heparini.

Hér er jafnframt í þessu fskj. fjallað um vinnslu ensíma

úr fiskúrgangi og þá sérstaklega svokallaðra próteolýtiskra ensíma úr hinum ýmsu líffærum þorsksins, þ. e. úr skúfum, maga, svilum, görnum og milta. Notagildi þessara próteolýtisku ensíma er sérstaklega í leðuriðnaði, þar sem þau eru notuð til að fjarlægja hár og trefjar af húðum og mýkja leðrið. Notkun leður- og fóðuriðnaðar eru um 10% af heildarnotkun próteolýtiskra ensíma í iðnaði. Í matvælaiðnaði, þ. á m. í mjólkur- og kjötiðnaði, bjór- og osta- og vínframleiðslu og fiskiðnaði, er mikið af þessum efnum. Í lyfjaiðnaði eru þau notuð við hreinsun sára og til að bæta skort á meltingarensímum. Í þvottaiðnaðinum eru þau notuð, því að mikill hluti óhreininda í fötum er prótein, en próteolýtisk ensím kljúfa þau niður og gera þau vatnsleysanleg þannig að þau nást úr þvottinum. Í fóðuriðnaði eru þau notuð og niðurstöður danskra tilrauna benda til að alifuglar nýti fóður mun betur ef blandað er meltingarensímum í fóðrið. Markaðurinn fyrir ensím er gífurlega stór, en stærstur er hann fyrir þessi próteolýtisku ensím.

Ég ætla ekki að fara nánar út í framleiðslu einstakra efna á þessu sviði, en mér virðist alveg ljóst að það er mikil nauðsyn fyrir okkur Íslendinga að við tökum þessi mál föstum tökum og mörkum stefnu á þessu sviði. Ég hygg að það sé enginn vafi að Íslendingar geta haslað sér völl á sviði lífefnaiðnaðar. Þar höfum við innlend hráefni í miklum mæli. Við höfum fiskúrgang í miklum mæli hér. Við erum fiskframleiðendur á heimsmælikvarða. Hér er um að ræða léttan iðnað sem byggist á sérþekkingu sem við getum hæglega komið okkur upp hér í landinu. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að Íslendingar láti vinna markvissa rannsóknaáætlun um hvernig skuli standa að þessum málum, hvaða efni sé hagkvæmast að vinna úr þessum hráefnum okkar og hvernig að því skuli staðið, ásamt nauðsynlegum hagkvæmniathugunum og kostnaðaráætlunum.

Við vitum það öll, sem hér erum inni, að á undanförnum mánuðum og árum hefur farið fram mikil umræða í okkar þjóðlífi um orkuiðnað eða orkufrekan iðnað. Öllum þykir nauðsynlegt að þjóð okkar ráðist á næstu árum í vaxandi mæli í orkuiðnað. Því er ég fyllilega sammála og tel nauðsynlegt að að því sé unnið af fullri samviskusemi og áræði. En í orkuiðnaði er reyndar um að ræða iðnað þar sem hráefnin eru í nær öllum tilvikum flutt inn. Þó að okkur sé mikil nauðsyn á að efla orkuiðnað, og til þess verjum við verulegum fjármunum að leita uppi réttan iðnað og kanna hagkvæmni framleiðslu hans hér á landi, megum við ekki láta okkur sjást yfir þá feiknalegu möguleika sem geta legið einmitt á sviði annarra iðngreina, sviði létts iðnaðar, þar sem sérþekking er grundvallaratriði, ekki síst slíkum iðnaði sem lífefnaiðnaður er, þar sem hráefnin beinlínis liggja yfir fótum okkar ónotuð. Innyflum fisks og sláturdýra er að verulegu leyti hent. Þar sem við erum matvælaframleiðendur á heimsmælikvarða höfum við þarna yfir miklu hráefni að ráða. Þetta verðlitla hráefni getur orðið grundvöllur að öflugum lífefnaiðnaði í landi okkar á komandi árum. Þess vegna er þessi þáltill. lögð hér fram í von um að Alþingi marki stefnu á þessu sviði — stefnu um markvissa rannsóknaáætlun sem geti síðan orðið grunnur og undirstaða að þessari iðngrein hér.

Herra forseti. Ég vil síðan að loknum umr. um þetta mál leggja til að þessari þáltill. verði vísað til atvmn.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að koma á framfæri þeirri skoðun minni, að hér sé á ferðinni bæði gagnmerk og vönduð tillaga. Frágangur till. er á allan hátt flm. til hins mesta sóma. Ég vil ítreka það, sem raunar kom fram í ræðu hv. 1. flm., að brýna nauðsyn ber til að efla að mun alla rannsóknastarfsemi hér á landi, sem hefur verið satt að segja í lamasessi undanfarna áratugi, og á ég þar einkum við háskólarannsóknir. Hér á landi eru útskrifaðir á hverju ári með ærnum kostnaði tugir og hundruð hvers konar vísindamanna á ýmsum sviðum. Það er dýrmæt menntun sem þessir menn hafa aflað sér með mikilli vinnu og ærnum tilkostnaði sem þjóðfélagið ber auðvitað að hluta. En síðan gerist það, að vettvangur þessara manna er harla takmarkaður þegar þeir koma út í atvinnulífið, og við glötum þeim þá oft og tíðum til annarra þjóða, sem kunna að meta hæfileika þeirra. Þetta er einn þáttur þessa merka máls sem hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson gat um.

Þá er annar merkur þáttur í þessu máli og það er, eins og hv. flm. vék að, nýting á þeim sjávarafla sem hér um ræðir. Ég held að það hafi verið öllum hugsandi mönnum til nokkurs ama á undanförnum árum og raunar áratugum og allt frá upphafi nútímalegra fiskveiða hér á landi, hvernig við höfum farið með aflann, þennan dýrmæta afla sem við komum með hér að landi. Við seljum hann nánast eins og þær þjóðir sem kallaðar eru vanþróaðar í daglegu tali, — seljum þetta meira og minna sem hráefni, en aðrir nota það svo aftur til að margfalda verðmæti vörunnar bæði með frágangi á henni til neyslu og öðru í þá veru. Það er líka hörmulegt til þess að vita, að í heimi, sem kannske skortir eggjahvítuefni umfram flest önnur efni, skulum við nota allan fiskúrgang í dýrafóður. Það þyrfti að gera gangskör að því að reyna að nýta t. d. fiskmjölið betur en við höfum gert. Tilraunir voru gerðar með þetta hér á árum áður og gáfu tiltölulega góða raun, en síðan varð ekkert meira úr þeim.

Ég er líka sammála hv. flm. um að það er ekki vansalaust að ríkisvaldið og þá þingið skuli ekki veita meira fjármagn til þessarar rannsóknastarfsemi. Það hefur verið svo á undanförnum árum, að rannsóknir hafa verið unnar meira eða minna í sjálfboðaliðsvinnu og menn, sem hafa haft áhuga á málefnum utan raunverulegs verksviðs, hafa orðið að ganga um eins og beiningakarlar biðjandi um fjármagn til hinna merkustu rannsókna sem þeir hafa verið að vinna að.

Það þarf ekkert að ítreka að þau efni, sem hv. flm. gat um áðan, eru mjög verðmæt, t. d. þau efni sem fara í lyfjaiðnaðinn. Aðrar þjóðir hafa af því mjög umtalsverðar tekjur að framleiða þessi efni, enda er þarna um geysilega mikinn iðnað að ræða, og væri mjög merkilegt ef við gætum orðið þátttakendur í því að framleiða eitthvað af þeim efnum sem notuð eru í lyfjaiðnaði.

Ég vil líka taka undir það með hv. flm., að ef þessi þáltill. nær fram að ganga, eins og vona að verði, og eftir henni verður farið, þá er verið að stofna hér á landi til smáiðnaðar eða létts iðnaðar sem við höfum mikla þörf fyrir. Ég er þeirrar skoðunar, að menn líti kannske allt of mikið og hafi einblínt um of á hina svokölluðu stóriðju sem einhverja allsherjarlausn á þeim vanda sem við blasir í sambandi við að skapa ný atvinnutækifæri hér á landi. Þessi till. gæti orðið til þess, ef hún kemst í höfn og að henni verður unnið rösklega og því sem hún stefnir að, að skapa slíkan smá- eða léttiðnað.

Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að láta þessa skoðun mína í ljós vegna þess að þetta er að mínu mati með merkari till. sem hafa komið fram hér á þingi í vetur, þó svo,eins og oft er, að hún kunni kannske ekki að vekja eins mikla athygli og ýmis smámál sem hér eru rædd og miklar deilur rísa út af. Það er oft reglan að mál af þessum toga spunnin vekja ekki mikla athygli vegna þess að um þau blása ekki harðir vindar. En engu að síður vil ég leggja þessu máli það lið, sem ég get, og lýsa því yfir, að ég tel þetta vera gagnmerka till. og flm. til mikils sóma.

Umr, (atkvgr.) frestað

Efri deild, 49. fundur.

Föstudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 376 (sbr. 337), n. 383 og 394, 395). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hér í hv. deild og einnig í Nd. er þetta frv. eitt af mörgum frv. sem hér hafa verið flutt til að hrinda í framkvæmd hinum fjölþættu aðgerðum ríkisstj. í efnahagsmálum sem ákveðnar voru í upphafi árs. Þessar aðgerðir stuðla að því, að verðbólgan í landinu haldi áfram að minnka, full atvinna verði með þjóðinni og atvinnurekstur í landinu verði með traustara móti. Það má lengi deila um hve stór skref eigi að stíga í þessum efnum, en aðalatriðið er að það miði áfram hægt og bítandi í rétta átt. Við teljum að með þessu frv. og öðrum, sem hér eru til meðferðar, hafi verið lögð drög að því, að á þessu ári muni verðbólgan halda áfram að fara niður á við, en full atvinna vera í landinu og traust staða þjóðarinnar út á við. Það er allverulegur árangur, ef miðað er við efnahagsástandið í ýmsum nágrannalöndum okkar, en ekki ástæða til að fara nánar út í það hér.

Við í 1. minni hl. n. mælum með að þetta frv. verði samþykkt í þeirri mynd sem það kom frá hv. Nd., en rétt er að geta þess, að vegna fjarveru einstakra nm. voru myndaðir tveir minni hlutar í nefndinni, 1. og 2. minni hl.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umfjöllunar, innsiglar í rauninni getuleysi ríkisstj. í efnahagsmálum. Hv. þm. deildarinnar minnast þess væntanlega, að eftir harðvítugar deilur í stjórnarliðinu um efnahagsaðgerðir, mikið yfirlýsingastríð og heitstrenginar, einkum á síðum dagblaðsins Tímans, sem stóð vikum saman, birtist að lokum svonefnd skýrsla ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum. Efnisinnihaldið reyndist rýrt og yfirlýsingarnar og heitstrengingarnar því marklausar. Allar götur síðan þessi skýrsla birtist hefur ríkisstj. burðast við að búta þetta lítilræði niður í sem flest frv. og sem mestan málatilbúnað, eins og hún haldi að þessar svonefndu aðgerðir vaxi þá af sjálfu sér af niðurbútuðu efni. Það er nú orðið svo smátt brytjað að efnisinnihald einstakra frumvarpa er fulltalið í fáeinum orðum.

Efni þessa frv. er fyrst og fremst álagning á nýju afbrigði tolla til mótvægis og vel það við nýsamþykkta tollalækkun og svo í öðru lagi lækkun launaskatts um 1% hjá vissum atvinnugreinum, sem óvissa hefur þó ríkt um fram á þennan dag hverjar væru og er kannske ekki séð fyrir endann á því. Í launaskattsmálinu hefur þjóðin horft upp á hin furðulegustu vígaferli stjórnarliða síðustu dagana, en þeim lyktaði eins og venjulega með uppgjöf framsóknarmanna. Er það nú orðið að lögmáli í þessari ríkisstj., að þeir framsóknarmenn gali hæst, en sætti sig við ákaflega lítið.

Í Dagblaðinu og Vísi í gær birtist grein eftir einn upphlaupsmanninn, hv. þm. Guðmund G. Þórarinsson. Þar lýsir hann því yfir, að hann hafi verið svikinn í þessu launaskattsmáli. Hann segir: „Ég gerði það að tillögu minni að launaskattur lækkaði um 1% í fiskvinnslu og iðnaði, en ekki í verslun og þjónustu. Þetta varð að samkomulagi."

Í skýrslu ríkisstj. var þetta einmitt orðað svona. Þegar frv. kom fram hafði það þrengri takmörk. Þessi takmörkun kom mér í opna skjöldu, segir hv. þm. í grein sinni. Þar með fellur t. d. byggingariðnaðurinn undan að verulegu leyti. — Og hann heldur áfram: „Ég tel að hér sé um að ræða verulega breytingu frá samkomulaginu um aðgerðir í efnahagsmálum."

Þm. er að verja tillöguflutning sinn um að lækkun launaskattsins um 1% eigi að ná til alls iðnaðar. En hann tiltekur bara eina grein iðnaðar sérstaklega, byggingariðnaðinn. Síðan gerist það, að einmitt þessari einu grein, sem þm., framsóknarmaðurinn hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, ber sérstaklega fyrir brjósti, er sleppt. En Guðmundur G. Þórarinsson fylgir auðvitað fordæmi Framsfl. og kyssir vöndinn. Þetta er nú saga í hnotskurn af þessari uppákomu varðandi launaskattinn.

Það er kannske ekki úr vegi í þessu sambandi að rifja aðeins upp að einmitt í þessari grein talar þm. líka um það fjálgum orðum að stjórnmálamenn haldi gjarnan ræður við hátíðleg tækifæri um að efla beri iðnaðinn, en raunalega lítið miði áfram. Og hann spyr sjálfan sig: Hvernig stendur á því að ekki næst samstaða um að breyta þessu? Hann segir: Við höfum ekki staðið okkur nógu vel og meðan ræðurnar og tillögurnar eru fluttar inn í alþingishúsið um öflugan iðnað í landinu veslast iðnaðurinn upp utan dyra. — Þetta eru orð þm.

Þetta ritar hann um það að skilja byggingariðnaðinn, sem hann ber sérstaklega fyrir brjósti, eftir úti í kuldanum, það sama og hann síðan samþykkti með atkv. sínu í Nd.

Það er meira að segja dæmisaga í þessari grein, og ég held að það sé rétt að ég reki hana vegna þess að hún er orðin enn dæmigerðari eftir þá atburði sem gerðust í Nd. Höfundur greinarinnar segir: „Þetta minnir mig á rússnesku hefðarkonuna, sem tárfelldi yfir sorgaratriði í leikhúsinu meðan ekillinn hennar fraus í hel utan við dyrnar við að bíða eftir henni." Ekki veit ég hvort hv. þm. Framsfl., Guðmundur G. Þórarinsson, hefur tárfellt þegar hann greiddi atkv. sitt, en sú atvinnugrein sem hann bar fyrir brjósti frýs jafnillilega eftir sem áður eftir þá meðferð sem málið fékk í Nd. með stuðningi þessa sama hv. þm.

Hitt atriði þessa frv., sem rétt er að gera í fáeinum orðum að umtalsefni, fjallar um nýtt tollafbrigði. Um

það er það að segja, að með því á að leggja á almenning tvöfalda til þrefalda þá upphæð sem tollar voru lækkaðir um hér um daginn. Í skjóli úreltrar vísitölumælingar má launafólk axla þessar byrðar bótalaust, en svona vísitöluleikfimi, sem bitnar á launafólki án þess að sjást í opinberri skýrslugjöf um verðlagsþróun og kaupmátt vegna þess hvernig vísitalan er saman sett, er nú eins og fyrr ær og kýr Alþb.

Í skýrslu ríkisstj. varðandi þessar svonefndu aðgerðir í efnahagsmálum er einn kafli, inngangskaflinn, sem má segja að sé svolítið vit í. Þar er talað um að horfur hafi breyst til hins verra frá því sem ætlað hafi verið á s. l. ári að því er þjóðarbúið varðar. Þar segir:

„Nú eru hins vegar líkur á, að útflutningstekjur Íslendinga vaxi ekki í ár" — þ. e. 1982. „Þjóðartekjur Íslendinga og þjóðarframleiðsla munu því standa í stað eða jafnvel dragast saman á þessu ári, en það hefur ekki gerst síðan árið 1975."

Og síðan segir: „Vegna þessarar versnandi stöðu í þjóðarbúskapnum og til þess að koma í veg fyrir vaxandi verðbólgu og viðskiptahalla ber til þess brýna nauðsyn að gerðar verði sérstakar ráðstafanir í efnahagsmálum."

Það er rétt að horfur séu á miklum viðskiptahalla. Það er meira að segja staðfest núna að viðskiptahallinn á s. l. ári hafi verið 946 millj. kr. En þær aðgerðir, sem ríkisstj. hefur gripið til, taka á enga hátt á viðskiptahallanum. Við því, sem á að vera grundvallarforsenda aðgerðanna, við því sem knýr á um nauðsyn þess að gripið sé til aðgerða, er ekkert gert, ekki nokkur hrærandi hlutur. Í staðinn standa menn í þessum lítilfjörlega vísitöluleik. Það er föndrað fram og aftur með tolla og niðurgreiðslur, það er föndrað með afkomu ríkissjóðs með útkomunni núll, en það er ekkert gert í viðskiptahallanum og skuldavanda þjóðarinnar.

Fulltrúar OECD, Efnahags- og framfarastofnunarinnar, voru hér á ferð nýlega. Þeir lásu þennan inngangskafla í skýrslu ríkisstj. með athygli, en héldu að þeir hefðu ekki skilið framhaldið. Þeir leituðu skýringa um hvað væri verið að gera, og þeir létu ekki segja sér það einu sinni og ekki tvisvar, heldur þrisvar, hverjar aðgerðirnar væru sem menn væru að grípa til. Þeir trúðu ekki að aðgerðir ríkisstj. væru svo marklausar sem raun ber vitni með tilliti til þess, hvernig horfurnar eru og staða þjóðarbúsins. Það var kannske kaldhæðni örlaganna, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skyldi tala um það sérstaklega áðan að staða þjóðarbúsins út á við væri sterk. Þessir fulltrúar OECD voru svo undrandi á aðgerðaleysi ríkisstj. að þeir trúðu ekki eigin augum og þeir fóru aftur úr landi.

Í blöðunum í gær birtust fréttir um að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds væri að fara til London til að skrifa undir lán upp á 750 millj. kr. Þetta lán er til 10 ára, en það er sömu náttúru eins og önnur lán sem þessi hæstv. ráðh. eða ríkisstj. hefur verið að taka að undanförnu. Það á ekki að byrja að borga fyrr en eftir dúk og disk. Í fyrra átti ekki að fara að borga fyrr en eftir um 20 ár, ef ég man rétt. Af þessu láni þarf ekki að byrja að borga fyrr en 1987. Það er einkennileg árátta hjá þessari ríkisstj. að treysta sér ekki einu sinni til að greiða fyrstu afborganir af þessum lánum, heldur ávísa öllum afborgununum gersamlega á framtíðina. 750 millj. kr., það eru 75 milljarðar gkr. Þetta er þó nokkur upphæð. Ég held að það sé rétt að líta á að þessi upphæð er hærri en verðið á öllu íbúðarhúsnæði í bæjum og kauptúnum í kjördæmi Ragnars Arnalds.(**ÓRG**: Er þm. á móti orkuframkvæmdum?) Þessi upphæð er hærri en verð á öllu íbúðarhúsnæði í kjördæmi Ragnars Arnalds. Hvað á að mæta þessu? Hvað er það sem hann er að veðsetja? Það dugar ekki allt íbúðarhúsnæði í kjördæmi Ragnars Arnalds. Hann verður að fleygja inn Höfn í Hornafirði til viðbótar. Ég segi þetta til þess að menn átti sig á hvers konar fjárhæðir það eru sem hér er um að ræða. Við gætum líka tekið dæmi úr öðrum landsfjórðungum. Þetta er jafnmikils virði og allt íbúðarhúsnæði í Akranesi, Borgarnesi, Ólafsvík og Búðardal. Þetta eru engar smáræðis fjárhæðir. Haldið þið að það sé munur fyrir hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds að fá að veðsetja þessar eignir með undirskirft sinni, því að það er hann að gera, og þurfa ekkert að hugsa um borgunina? Um þetta hugsar ríkisstj. ekki neitt. Um þetta vill hún ekkert tala.

Ég sagði að það kæmi fram í skýrslu ríkisstj. að það væru horfur á miklum viðskiptahalla. Það er upplýst núna að viðskiptahallinn sé 946 millj. kr. á s. l. ári. Hvað er þetta há upphæð? Hverju samsvarar þessi upphæð, tæpar 1000 millj. kr.? Það er ekki úr vegi að mæla þetta í dagsverkum. Þetta eru árslaun, ársvinna, 13 700 verkamanna í dagvinnu. Þar er mælikvarði sem hægt er að notast við. Við búum sem sagt við það, að landið er rekið með 1000 millj. kr. halla. Það er ekkert gert í því. Það á að halda áfram af enn meiri myndarskap í hallarekstri á komandi ári. Það er bara farið til útlanda og skrifað upp á lán sem fellur eftir 5 ár. (**ÓRG:** Hvernig stendur á að Alþfl. vill þá láta taka meiri lán?) Það er mjög athyglisvert við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að hann skilur hvorki upp né niður í því sem verið er að tala um. En ég ætla að benda á eitt enn til viðbótar til þess að hv. þm. geti fengið að sjá hvers konar fjárhæðir hér er um að ræða. Þessi viðskiptahalli er jafnhár og öll fjárfesting í íbúðarhúsnæði á Íslandi á árinu 1981. Þetta eru bautasteinarnir fyrir s. l. ár. Þetta eru fjárhæðirnar. Undir þessu er ætlunin að standa með lánum sem á ekki að fara að borga af fyrr en eftir 5 ár eða jafnvel lengri tíma. Ég held að það hefði verið nær fyrir ríkisstj. að huga að þessari hlið mála en standa í slíkum pjattvinnubrögðum sem hér hafa tíðkast að undanförnu. Og það væri hollt fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að huga að svona atriðum sem skipta verulegu máli, en stunda ekki útúrsnúninga utan úr sal.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um það frv. sem hér er til umr. Eins og kom fram í málflutningi mínum áður séum við fulltrúar í 2. minni hl. fjh.- og viðskn. andvígir 1. og 2. gr. frv. um þetta nýja tollafbrigði. Við flytjum brtt. á sérstöku þskj. varðandi launaskattskvæðið til að ná jöfnuði og taka einmitt tillit til þeirra sjónarmiða sem einn af þm. Framsfl. gerði sérstaklega að umræðuefni í Nd. og í blaðagrein sem ég rakti áðan. Í þriðja lagi erum við andvígir framlengingarákvæðum sérstaks tímabundins innflutningsgjalds samkv. 16. og 17. gr. frv. Það er sett inn undir því yfirskini að það sé stuðningur við íslenskan iðnað, en það er hrein tekjuöflun í ríkissjóð. Það er ekki hugmyndin að láta þetta fé renna til stuðnings íslenskum iðnaði.

Á sérstöku þskj. flytjum við brtt. um launaskattinn og enn fremur brtt. sem varðar heimild fjmrh. til að veita undanþágu varðandi þetta svonefnda tollafgreiðslugjald af vörum sem heimilað hefur verið með öðrum lögum að fella niður aðflutningsgjald af. Það hafa orðið hér nokkur orðaskipti um hvort þessi heimild væri fyrir hendi. Ég

vísa til þess, sem þá hefur verið sagt um það, að eins og ákvæðið er orðað í 2. mgr. 2. gr. frv. verður það ekki skilið öðruvísi en undanþágan nái einungis til þeirra vöruflokka sem upp eru taldir í 1. gr. Þess vegna er sjálfsagt, einnig vegna þess að hæstv. fjmrh. óskar eftir að hafa heimild til að fella þetta niður, að það sé tvímælalaust, tekin séu af öll tvímæli um það efni. Sú frvgr., sem við hér gerum ráð fyrir, mundu gera það. Ég tel þess vegna sjálfsagt að deildin taki afstöðu til þess, hvort hún vilji ekki að þessi undanþáguákvæði séu undanbragðalaus.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir afstöðu okkar nm. til þessa frv., en ég hef jafnframt gert að umtalsefni þann voða sem steðjar að íslensku þjóðarbúi, hversu veik staða þess er, hversu glannalega er farið. Ég vil benda á það, að ef menn haga sér þannig í efnahagsmálum, binda sér slíka óráðsíuskuldabagga sem ég hef hér gert grein fyrir, er sjálfstæði þjóðarinnar stefnt í voða. Ég skora á hv. þm. að hyggja að slíkum málum, og ég skora á ríkisstj. að hyggja að slíkum málum frekar en standa í frekari niðurbútun á því sem ekkert er.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það var athyglisvert að hlýða á mál hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þegar hann mælti fyrir áliti 1. minni hl. hv. fjh.- og viðskn. Þar greip hann til þess ráðs, sem gert hefur verið oft upp á síðkastið, að vísa til þess sem undurs og stórmerkis að það skuli ekki vera atvinnuleysi á Íslandi eins og í nágrannalöndum. Ég hef oft bent á að Íslendingar eru sér á báti í þessum efnum af þeirri einföldu ástæðu að þeir hafa þá sérstöðu að geta ausið úr hafinu umhverfis landið árlega þúsundum tonna af verðmætum fiski. Það er hlíðstætt og ef þjóðir í nágrannalöndum okkar gætu ávallt haldið áfram að ausa úr auðlindum sínum á hverju ári tugum milljóna dollara eða einhverra annarra mynta sem jafngilda því.

Ég er þeirrar skoðunar, að menn ættu að huga frekar að því, hvernig stendur á að þjóðarframleiðsla Íslendinga vex minna ár frá ári. Hún staðnar á sama tíma sem við tökum slík gífurleg verðmæti úr hafinu umhverfis landið sem við gerum og aukum ár frá ári. Það er miklu meiri spurning. Því miður held ég að hæstv. ráðh. og hv. stuðningsmenn ríkisstj. ættu að hyggja fremur að þessu en velta sér upp úr því, að það sé ekki atvinnuleysi á Íslandi, sem ekki hefur verið síðan aflabresturinn mikli varð 1978. Ég ætlaði ekki að fara út í slíka sálma, en aðeins að þessu tilefni gefnu vildi ég benda á þetta og jafnframt hversu snarlega hallar nú á í okkar þjóðarbúskap, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar.

Um þetta mál, herra forseti, hefur verið mikið fjallað á Alþingi. Þetta er í rauninni smámál að því leyti til, að þar er um að ræða fyrst og fremst tilfærslur milli tekjuöflunarliða hjá ríkissjóði, eins og frv. ber heiti eftir. En það er athyglisvert, að ekki hefur þó komið fram í þessum umr., svo að mér sé kunnugt um, tilraun til að meta hvernig þetta heildardæmi kemur út. Hvernig breytast tekjur ríkissjóðs, hver verður skattalækkun samkv. þessu frv. og hver verður skattahækkun samkvæmt því og öðrum frumvörpum metið í nýjum krónum á verðlagi sem miðast við tekjur heilt ár?

Ég hef látið reikna þetta út fyrir mig nýlega í ljósi þeirrar staðreyndar, að tekjubreytingar milli ára munu verða núna um 52—53%. Það verður því lagt á í ár um 52—53% hærri tekjur en í fyrra. Skattvísitala er hins vegar ákveðin 150. Það þýðir að ríkissjóður tekur allmiklu meiri skatta en annars hefði orðið, ef skattvísitala væri hin sama og tekjubreytingin milli ára, og í fjárlögum er einungis gert ráð fyrir að tekjubreyting verði 50% milli ára þannig að tekjuáætlun ríkissjóðs er við þetta miðuð. Útkoman úr þessu dæmi er sú, að verði 52% tekjubreyting milli ára, hagnast ríkissjóður um 56 millj. kr. á því að halda skattvísitölunni í 150. Þar er um álagningartölu að ræða, þannig að innheimtir skattar yrðu nálægt 45 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir ef tekjubreytingin verður þessi. Nú er búist við að tekjubreytingin verði ívið hærri en 52—53% milli ára, og þá gæti álagningin hækkað frá þessum tölum, sem ég nefndi, auk 1 millj. í sjúkratryggingagjaldi. Hér stefnir þess vegna að því, að ríkissjóður taki a. m. k. 45—50—60 millj. kr. meiri skatta en fjárlög gera ráð fyrir og þyngi skattbyrðina á þessu sviði. Ég skal taka það fram, að þessar upplýsingar hef ég frá Reiknistofnun háskólans sem hefur borið saman skattkerfið eins og það er núna upp byggt með skattvísitölunni 150 og hins vegar með 52—53% hækkun. (**ÓRG:** Það hefur engin úttekt farið fram á framtölunum enn þá.) Fjárlög gera ráð fyrir þeirri 50% hækkun sem ég nefndi áðan. Fram hefur farið sú athugun á framtölum sem vanalega hefur farið fram á þessum tíma árs, og ég byggi þessa tölu, 52—53%, á síðustu hugmyndum Þjóðhagsstofnunar um skattbreytingar milli ára. Þarna hefur því ríkissjóður enn sem komið er að óbreyttum lögum tekjur fram yfir fjárlög sem nema þeim fjárhæðum sem ég nefndi áðan.

Samkvæmt grg. þessa frv. á tollafgreiðslugjald að gefa um 54 millj., auk þess sem söluskattur af tollafgreiðslugjaldi sem mun gefa ríkissjóði í tekjur um 19 millj., framlengt gjald á sælgæti og kex 8 millj. og skattur á banka og sparisjóði 50 millj. Þetta gerir allt saman, með því sem hækkun tekjuskattanna verður, um 178 millj. kr Á móti þessu á að lækka launaskatt um 30 millj., stimpilgjald um 20 millj. og tollalækkun af heimilistækjum nemur 22 millj. Skattalækkun verður 72 millj., en skattahækkun 186 millj., og þá er mjög varlega metinn sá tekjuauki sem ríkissjóður fær af því að halda skattvísitölunni 150. Heildarskattahækkun nettó verður því 114 millj. kr. í staðinn fyrir að því hefur oftast verið haldið á loft í umr. um þessi mál af hálfu hæstv. ríkisstj., að um tilslökun á sköttum sé að ræða. Vissulega er þar um tilslökun að ræða í launaskatti og stimpilgjöldum, þó um það megi deila hvernig framkvæmd þeirrar lækkunar eigi að vera. Ég er raunar þeirrar skoðunar, að launaskattslækkunin sé afskaplega hæpin vegna þess hve hún mismunar atvinnugreinum enn verulega þó að nóg hafi verið að gert áður. Hún flokkar t. d. iðnaðinn í svokallaðan samkeppnisiðnað og iðnað sem ekki er í samkeppni, en ég held að enginn heilvita maður taki undir að það sé í rauninni hægt að flokka iðngreinar með þessum hætti vegna þess að það eru allir í beinni og óbeinni samkeppni á Íslandi í iðnaði. En skattahækkunin nemur sem sagt nettó 114 millj. kr. á þessum forsendum. Það, sem ríkisstj. hyggst svo gera, er að hún ætlar að auka útgjöld ríkissjóðs með því að greiða niður 3% 1. febr. í vísitölu og 3% 1. maí. Þessar niðurgreiðslur munu kosta á þessu ári um 330 millj. kr., en á desemberverðlagi í ár yfir næsta ár um 600 millj. kr. Ég hef vakið athygli á hversu sú fjárhæð er hrikaleg. Hún er um það bil þreföld fjárhæðin sem er á fjárlögum til byggingar grunnskóla,

heilsugæslustöðva, sjúkrahúsa, hafna, dagvistarstofnana og flugvalla í landinu. Líkar ráðstafanir hafa oft áður verið reyndar, t. d. 1978 af vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar þá um haustið, en þegar á næsta ári sprakk sú ríkisstjórn á limminu vegna þess um hve gífurlega fjáröflunarþörf er að ræða til að fara í þann feluleik og gervilausn sem niðurgreiðslur eru. Fjáröflunin á móti þessum niðurgreiðslum, 330 millj. kr., er niðurskurður upp á 120 millj., af niðurgreiðslufé á fjárlögum 35 millj. og af sérstökum fjárlagalið, sem átti að verja til efnahagsráðstafana, 125 millj. Og skattahækkunin er 114 millj. Heildarniðurstaðan er sú, að ríkissjóður mun þá standa betur, ef svo mætti að orði kveða, með þessum skattahækkunum og niðurskurði um eða yfir 50 millj. kr.

Nú er það grunur minn — því miður er hæstv. ráðh. ekki viðstaddur þessa umr. — að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að ná þessari skattahækkun til þess að komast hjá niðurskurði að sama skapi. Engar upplýsingar hafa fengist um hvað eigi að skera niður, nema í tengslum við afgreiðslu lánsfjáráætlunar er ljóst að það á að skera niður enn frá því sem áður var framlög til sjóða atvinnuveganna.

Ég tel að það sé nánast ekki vansalaust að hæstv. ríkisstj. skuli ekki vera búin að gera neinni nefnd Alþingis grein fyrir þessum ráðstöfunum sínum. Ég hef spurst fyrir um það þráfaldlega í hv. fjvn. hvernig eigi að breyta fjárlögum frá því sem þau voru ákveðin. Ég hef fengið þær upplýsingar að fjvn.-menn, bæði þeir sem styðja ríkisstj. og þeir sem eru í stjórnarandstöðu, hafi ekki einustu hugmynd um hvernig eigi að haga þessum niðurskurði á nýsamþykktum fjárlögum, og það hefur fylgt með að málið væri hjá hæstv. ríkisstj. Ég hef óskað *eftir því í nefndinni, að formaður hennar æski skýringa* og skýrslu frá ríkisstj. um hvernig haga eigi þessum niðurskurði. Ég hef ekki fengið neinar upplýsingar um það.

Þegar við horfum á þetta dæmi ríkissjóðs, að hann ætlar að taka inn 50—60 millj. meira í sköttum en hann þarf til að ná endum saman, að forráðamanna hans sjálfra sögn, hlýtur sú grunsemd að vakna, þegar ekki er hægt að svara því, hvar á að skera niður, að ríkisstj. ætli að glutra því máli niður sem ég held að flestir hafi talið að væri þó eitthvað jákvætt í þessu kraðaki öllu hjá hæstv. ríkisstj., ef hún hugsaði sér að ná fé að nokkru leyti og þá helst að öllu leyti úr eyðslu ríkissjóðs til að ná þarna endum saman, vegna þess að í rauninni væri þarna verið að stórauka eyðsluna með niðurgreiðslum. Ágætur maður sagði einu sinni auk heldur um niðurgreiðslur, að með þeim fengju þeir ríku meira úr ríkissjóði en hinir snauðu. En að sjálfsögðu eru niðurgreiðslur eyðsla ríkissjóðs og þess vegna hefði verið jákvætt ef hæstv. ríkisstj. hefði skorið niður eyðsluna á öðrum sviðum á móti. Því miður er ekki útlit fyrir það, miðað við það sem ég hef hér bent á í þessum efnum.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taldi að allt væri þetta nú á góðri leið hjá hæstv. ríkisstj. og stefndi í rétta átt, verðbólgan á niðurleið og allt væri gott og blessað. Ég hef áður bent á að verðbólgustig nú, ef við mælum það á mælikvarða framfærsluvísitölu sem reyndist hækka eftir þrjá mánuði nú 1. febr. um 12.72%, væri miðað við það yfir ár yfir 60%—61.3% svo að nákvæmlega sé reiknað. En það er kannske ekki aðalmálið í þessu sambandi. Ríkisstj. hæstv. segist ætla að stefna að því að verðbólguhraðinn verði 30% á þessu ári. Allar opinberar stofnanir, hverju nafni sem nefnast, hafa hins vegar sagt að með þessum ráðstöfunum einum verði verðbólguhraðinn miklu meiri.

En það er eitt sem vekur athygli í þessu sambandi. Menn segjast hafa náð mjög góðum árangri í stjórn efnahagsmála í fyrra, verðbólgan hafi minnkað. Nú er ekkert af þeim úrræðum notað sem notuð voru í fyrra til að ná niður verðbólgunni. Það er nokkuð merkilegt t. d., ef hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni tekst vel að koma sínum hugðarefnum á framfæri meðal þjóðarinnar, t. d. með því að halda glæsilegar ræður á Alþingi og fá til fréttaritara og hina og þessa sem hann lætur vita að hann ætli að halda tímamótaræðu á Alþingi, að hann minnist ekki á að nota sömu góðu aðferðirnar aftur. Það hefur hæstv. ríkisstj. ekki viljað gera nú. Nú kúvendir hún í sínum aðgerðum, heldur raunar upp í, eins og sagt er á sjómannamáli, menn beita upp í og halda sjó. En þau góðu ráð, sem hæstv. ríkisstj. brúkaði í fyrra, eru ekki nú í sjónmáli.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að gerast eins langorður og ég hef orðið núna, — það er mjög sjaldgæft að ég sé það, — en tilefnið var það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði. Þetta mál er margrætt hér og óþarfi að hafa um það fleiri orð.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það væri vissulega tilefni til þess að hér færi fram ítarleg umræða um efnahagsmál. En það er varla tími til þess nú í vikulokin þar sem ætlun manna er að afgreiða þetta frv. fyrir helgina. Ég vil þó aðeins vekja athygli á örfáum atriðum sem mér finnst nauðsynlegt að komi hér fram, vegna þess að ýmislegt í málflutningi manna hér *fannst mér varla hægt að láta standa með þeim hætti sem* þar kom fram. Á ég þá sérstaklega við ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar.

Það er auðvelt að búa til talnadæmi þar sem erlendar lántökur eru reiknaðar inn í húsakost í kjördæmum og annað slíkt. En ég held að það sé ekki hægt að gera með réttu og gagnrýna það nema menn bendi um leið á hvaða framkvæmdir, sem verið er að taka lán til, eigi að bíða eða með hvaða hætti menn vilja þá efla innlenda lánsfjáröflun á móti.

Ég greip fram í fyrir hv. þm. og spurði hvort Alþfl. vildi minnka orkuframkvæmdir eða draga úr þeim, vegna þess að mér hefur skilist að það væri stefna hans — sem og Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu — að hér væri virkjað stórt og mikið og byggð hér upp stóriðja jafnvel mun hraðar en áform eru um nú. Það hafa ekki komið fram hugmyndir um að slíkar framkvæmdir eigi að vera í eigu útlendinga eða fjármagnaðar af þeim. Ég spyr þess vegna: Þegar menn eru að gagnrýna erlendar lántökur, eru menn þá að krefjast þess, að lántökur vegna orkuframkvæmda dragist saman? Meginhluti þess láns, sem hæstv. fjmrh. er nú að taka og gert var að umræðuefni áðan er vegna framkvæmda í orkumálum, er vegna hitaveituframkvæmda, er virkjunarframkvæmda, er til þess að reisa byggðalínur og raforkulínur um landið og til annarra framkvæmda á þessu sviði. Það er meginuppistaðan í þessari lánsfjárþörf.

Við getum leikið okkur hér að því fram og aftur að umreikna þessar tölur yfir í fasteignamat á húsum í tilteknum kjördæmum eða heildarárslaun einstakra manna. Ég held að það þjóni tiltölulega litlum tilgangi í umræðum um það efni sem ég tel mjög alvarlegt um-

ræðuefni, þ. e. hinar erlendu lántökur.

Ég vil aðeins vekja athygli á því hér, án þess að ég fari að gera það að miklu umræðuefni, að ef ásakanir eru uppi um það, að erlendar lántökur séu of miklar, þá sýnist mér nauðsynlegt ef við stjórnarliðar eigum að geta tekið þátt í þeirri umræðu á einhverjum grundvelli, að fram komi tillögur annaðhvort um að dregið verði úr framkvæmdum — og þá hvaða framkvæmdum, eða þá að innlend lánsfjáröflun verði efld — og þá með hvaða hætti. Ég er reiðubúinn í þær umræður við annað tækifæri, þegar deildin hefur lengri tíma, en þessar umreikningsumræður finnst mér ekki þjóna einum eða neinum tilgangi í þessum efnum.

Annað atriði, sem ég vil nefna, kom fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni varðandi atvinnuástandið. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum, að fyrr á árum var hin mikla aflaaukning, sem varð í landinu, að nokkru leyti skýringin á því, hvers vegna Íslendingum tókst að viðhalda hér ákveðnu atvinnuástandi. Nú hefur hins vegar sú breyting orðið á síðasta ári og yfirstandandi ári, að annars vegar hefur dregið mjög úr þeirri aukningu, þó hún sé að vísu nokkur, — aflaaukningu í ýmsum meginstofnum sem við nýtum, og til viðbótar hefur orðið alvarlegur brestur í loðnustofninum sem hefur verið mikil uppistaða í hinni miklu sókn Íslendinga til aukinna verðmæta á þessu sviði. Og þó að sú skýring, sem hv. þm. Lárus Jónsson gaf hér, kunni að hafa verið góð og gild fyrr á árum, þá tel ég að hún gildi ekki varðandi árið 1981 og það sem af er þessu ári hvað gott atvinnuástand í landinu snertir.

Í þriðja lagi vil ég aðeins vekja athygli á því, að fyrir ári fór fram umræða um hvað tekjur hefðu hækkað milli ára og um skattvísitölu í því sambandi. Þá voru fluttar hér í þingsölum ýmsar tölur sem fólu í sér að hækkun tekna milli ára væri allmiklu meiri en sú skattvísitala sem gert var ráð fyrir. Það er að vísu rétt, að fyrsta athugun Þjóðhagsstofnunar á þeim tíma gaf til kynna að slíkt gæti orðið. En þegar hins vegar nánari athugun fór fram á vegum Þjóðhagsstofnunar og úrtak var tekið úr skattframtölum í fleiri byggðalögum kom í ljós að svo var ekki. Mér er ekki kunnugt um að nú þegar hafi farið fram svo ítarleg eða áreiðanleg könnun á skattframtölum að hægt sé að kveða upp úr með það, hver tekjuhækkunin hefur orðið milli ára. Ég rifja upp í þessu sambandi að þær fyrstu tölur, sem menn fengu um þetta leyti í fyrra, reyndust ekki gefa rétta mynd af því sem endanlega varð niðurstaðan.

Að lokum, herra forseti, án þess að ég geri það nú að ítarlegu umræðuefni, er ljóst að ef fulltrúar stjórnarandstöðunnar hér, sérstaklega Sjálfstfl., vilja gera allt í senn sem boðað hefur verið hér í dag og áður: að draga verulega úr sköttum í landinu og draga verulega úr niðurgreiðslum, ef eftir þessum aðferðum yrði farið mundi a. m. k. á fyrsta áfanga slíkrar efnahagsstefnu verða hér stórfelld verðbólguholskefla og umtalsverðari en orðið hefur í langan tíma. Það er umdeilanlegt hver yrði niðurstaðan eftir einhver misseri eða einhver ár slíkrar stefnu, en á fyrstu mánuðum og misserum hennar er alveg augljóst, ef þessar tillögur eru lagðar saman, að það yrði einhver stórfelldasta verðbólguaukning sem orðið hefur í langan tíma.

Mér er ljóst, herra forseti, að þetta kann að leiða til eitthvað lengri umræðna hér í deildinni en menn reiknuðu með. En það var ekki ætlun mín að svo yrði. Ég flutti hér mjög stutta og greinargóða ræðu fyrir nál. sem varð tilefni þeirra löngu ræðna sem tveir talsmenn 2. minni hl. fluttu. Mér finnst ástæða til þess, að við gefum okkur tíma hér í deildinni einhvern tíma síðar til þess að fara nokkuð ítarlega yfir þetta efnahagsmálasvið.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég skal reyna að vera stuttorður þó að tilefni hafi nú gefist til alllangra umræðna með aðfinnslum hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Hann telur að við eigum að benda á einhvern niðurskurð á framkvæmdum til þess að koma í veg fyrir þær stórfelldu erlendu lántökur sem nú eru á döfinni. Ég minntist að vísu ekki á þessar erlendu lántökur, en ég vil benda hv. þm. á að á árinu í ár er áformaður stórfelldasti niðurskurður á síðustu áratugum á orkuframkvæmdum í landinu og stóriðjuframkvæmdum. Hitaveituframkvæmdir dragast saman að magni til um yfir 30% á þessu ári, og orkuframkvæmdir og stóriðjuframkvæmdir dragast saman að magni til um yfir 40%, nærri um helming. En á þessu ári setur hæstv. ríkisstj. met í lántökum erlendis. Hv. þm. veit líka að erlend lán hafa nú upp á síðkastið fyrst og fremst verið tekin til ýmiss konar eyðslu og sukks.

Við skulum taka til dæmis þau lán sem Byggðasjóður er að veita fyrirtækjum til þess að geta lifað dag eftir dag, viku eftir viku eða mánuð eftir mánuð, bara til þess að draga fram lífið. (**StJ:** Það er ekki sukk að lifa.) Það er sukk að reka atvinnurekstur þannig að það þurfi að taka erlend lán til þess að halda undirstöðuatvinnuvegunum fljótandi dag frá degi. Það er sukk, Stefán Jónsson. (**StJ:** Það kemur að járnblendinu næstu daga, vinur minn.) Já, það kemur að járnblendinu næstu daga og ég skal ræða við ykkur um járnblendið, ef þið viljið, og eignaraðild okkar Íslendinga að því, hversu feitir við höfum orðið af því ævintýri öllu.

En nú er þetta — (**Gripið fram í:** Höfum við orðið feitir af Alusuisse?) Já, við höfum orðið það, hv. þm. Við höfum ekki þurft að hafa áhyggjur af því að borga hallann af því. (**Gripið fram í:** Segist ekki Alusuisse eiga inni hjá íslenska ríkinu?) Það var rætt svolítið um erlendar lántökur í Þjóðviljagrein um daginn. Þá vildi svo til að það var staðnæmst við árið 1980. Það voru birtar tölur um nettóstöðu erlendra skulda. Þá eru öll erlend lán þar tekin og gjaldeyriseign dregin frá og óinnkomnar greiðslur fyrir útflutning teknar með, þannig að þá kemur nettóstaða okkar við útlönd. Samkv. þeim tölum reyndist nettóstaða hafa verið 31.8% af þjóðarframleiðslunni 1980, en bráðabirgðatölur benda til að þessi tala verði 33.7% fyrir árið í fyrra og 34.9% eftir lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið í ár. Þessi vörn, sem þetta málgagn ríkisstj. hugðist taka upp fyrir ríkisstj. í þessum efnum, er þess vegna algjörlega út í bláinn. Þótt þarna sé talað um nettóstöðu en ekki stöðu langra erlenda lána, eins og oftast er gert þegar fjallað er um erlend lán ríkja í millum, þá er þessi mynd alveg nákvæmlega sú sama og hér hefur verið margsinnis dregin upp.

Hv. þm. spurði líka hvort við vildum efla innlendan sparnað, hvort við sjálfstæðismenn vildum efla innlendan sparnað og hvernig. Jú. Hæstv. ríkisstj. hefur gumað mest af því, þetta er það sem hefur verið stærsta skrautfjöðrin í hennar hatti, raunvaxtastefnan sem hv. þm. var einu sinni dálítið á móti. Ég man eftir því t. d., að hv. þm. Lúðvík Jósepsson var sérlega andvígur því að

hafa vexti háa. Hv. þm. Kjartan Jóhannsson getur kannske rifjað upp þá sögu. En ríkisstj. hefur gumað mjög af þessari stefnu, að hún hafi aukið innlendan sparnað. Og ég man eftir að einn hæstv. ráðh. fór mjög háðulegum orðum um þingmann sem hafði leyft sér að benda á eitthvað annað í blaðagrein. Einmitt í fyrra leit út fyrir að innlendur sparnaður væri mjög að aukast. Nú hefur Seðlabankinn birt nýjar tölur um það, hversu ríkur þáttur innlendur sparnaður sé í fjármögnun framkvæmda í landinu. Þessi sparnaður í prósentum af þjóðarframleiðslu, innlendur sparnaður í fjármögnun á *framkvæmdum innanlands*, var 27.8% af þjóðarframleiðslu á árinu 1977, en einungis 25.2% 1980 og fer niður í 23.5% í fyrra, miðað við bráðabirgðauppgjör. Einungis 23.5% af fjárfestingu í landinu var fjármagnað af innlendum sparnaði í fyrra, en þessi tala var að minnsta kosti fjórum prósentum hærri fyrir nokkrum árum. Þetta hefur því alltaf verið á niðurleið og ekki síður á niðurleið nú síðustu tvö árin en áður, þrátt fyrir þá stefnu sem hæstv. ríkisstj. hefur hælt sér mikið af í peningamálum.

Ég tek undir það með hv. þm., að það er brýn nauðsyn að efla innlendan sparnað. Því miður hefur hæstv. ríkisstj. ekki tekist það. Það eru auðvitað ákveðnar orsakir til þess. Menn bundu vonir við það þegar tekin var upp alger verðtrygging á innlánum á 6 mánaða bókum. En því miður virðist sú aðgerð ekki hafa tekist. Við höfum séð hvernig farið hefur um sölu á spariskírteinum ríkissjóðs. Hún hefur heldur ekki tekist.

Ég skal ekki lengja þessar umr. um of. En kjarni *málsins er sá*, að við *þyrftum að ganga langt í samdrætti á* framkvæmdum, orkuframkvæmdum og stórframkvæmdum í landinu, ef við ætluðum að ganga lengra en þessi ríkisstj. gerir í ár frá því sem verið hefur. Ég fæ þess vegna ekki séð að þetta komi heim og saman. Á hinn bóginn er það svo, eins og ég held að allir talsmenn allra stjórnmálaflokka á Íslandi hafi tekið fram, að erlend lán út af fyrir sig eru ekkert sérstakt vandamál ef þau eru notuð til þess að auka þjóðarframleiðsluna, ef þau eru notuð til þess að auka okkar útflutningstekjur og til þess að við getum betur staðið undir lánunum. Því miður er það einmitt öfugt sem er að gerast í dag. Það er það sem við höfum gagnrýnt, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lét þess getið í ræðu sinni, að hann væri að gera annað en það sem hann ætlaði að gera, hann væri að lengja umr. sem hefði alls ekki verið ætlun hans. Ég held honum hafi líka tekist í ræðu sinni að gera annað en það sem hann ætlaði að gera, vegna þess að hann afhjúpaði skilningsleysi sitt á efnahagsmálum með þessari ræðu sinni.

Ég segi það enn og aftur, að þeir mælikvarðar, sem ég var með um það, hvers konar fjárhæðir hér eru í húfi, *þeir standa fyrir sínu, að það lán*, sem Ragnar Arnalds er að skrifa undir úti í London, er hærra að verðmæti en allt íbúðarhúsnæði í hans kjördæmi, hann verður að fleygja inn Höfn í Hornafirði að auki. Þetta ætla ég að endurtaka svo að það festist í kollinum á þingmönnum.

En hann spyr: Hvað er það sem þið viljið? Ég spyr: Hvar hefur þingmaðurinn verið? Kannast hann við það, að við höfum talað fyrir raunvaxtastefnu til þess að auka hér innlendan sparnað? Það er auðvitað grundvallaratriðið í þessum efnum. En það er fleira sem við höfum minnst á. Við höfum talað um að það yrði að koma því á, að menn yrðu ábyrgir gerða sinna. Sú aðferð, sem þessi ríkisstj. ástundar öðrum fremur undir forustu Alþb., er að hlaupa hvarvetna undir bagga og útvega mönnum erlend lán í hvers konar sukk, alveg sama hvernig atvinnurekendur standa sig, þá eru þessir fulltrúar Alþb. tilbúnir til að bjarga því með erlendum lánum. Og það sem meira er: það er farið að veita mönnum erlend lán til þess að selja báta milli fjarða á Vestfjörðum. Svona stefna gengur auðvitað ekki. Þau eyðslulán, sem verið er að taka, eru baggi á framtíðinni. Nú er sú aðferð fundin upp, að það skuli ekki borgað fyrr en eftir fimm ár. En það er meira sem þarf að koma til. Fjárfestingin í landinu er kolvitlaus. Ég hef talað hér um það undanfarin 2—3 ár að það dygði ekki sú fjárfestingarstefna sem fylgt væri. Þingmaðurinn spyr hvar ég vilji draga saman. Ég held að hann ætti að minnast þess, að það eru ekki margar vikur síðan ég gerði hér sérstaklega að umræðuefni að á árunum 1981—82 eigi að bæta við skipastól landsmanna 25—30 skipum án þess að afli muni aukast nokkurn skapaðan hlut. Þetta er vitlaus fjárfesting. Þetta er það sem ekki á að gera. Hér eru stórar fjárhæðir, herra Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm.

Alveg það sama gildir í landbúnaðinum. Við höfum talað um að það væri offramleiðsla í landbúnaði og það yrði að hafa hemil á fjárfestingunni þar. Þar eru líka stórar fjárhæðir. Ef þetta er tekið saman, eyðslulánin, þessi hrikalegu skipakaup og offjárfestingin í landbúnaði, þá erum við komin hátt upp í þá tölu sem hér er verið að tala um, 750 millj. kr.

Það er athyglisvert að horfa á það, hver stefna ríkisstj. á að vera á árinu 1982. Það er þannig, að erlend lán eiga að fara að hálfu leyti til þess að framlengja það sem ætti að borga af erlendum lánum sem falla í gjalddaga. Það verður væntanlega gert með lánum sem ekki þarf að borga af fyrr en eftir 5—10 ár samkvæmt formúlu ríkisstj., svo að enginn taki nú helst eftir því, hvað verið er að gera. Og það sem meira er: af nettólántökunum, afganginum, á þriðjungurinn að fara í annað og umfram það sem venjulega hefur verið mælikvarði hér á Íslandi, þ. e. framkvæmdir í orkumálum og í orkufrekum framkvæmdum. Þetta er hinn kaldi sannleikur þessa máls. Ég tel rétt, til þess að menn átti sig á því, hvað hér er um að ræða, að ítreka það enn og aftur, að með þessari vitlausu fjárfestingu — eins og í skipastólnum sem er stórkostleg dæmi — er verið að rýra lífskjör þjóðarinnar, ekki bara einu sinni, heldur tvisvar. Það er verið að gera það bæði með því að kaupa skipin og líka með því að ætla að vera með þau í rekstri, vegna þess að tekjurnar aukast ekki neitt og við höfum skipastól sem dugar til þess að taka þann afla sem við getum tekið úr fiskstofnunum.

Þessi kjararýrnunarstefna er það sem gegnumsýrir þetta þjóðfélag. Á sama tíma eru menn að möndla með það að lækka tolla á heimilistækjum og búa til svokallað *tollafgreiðslugjald*, sem *nær yfir þetta og þetta margar* vörur, og halda að þeir séu að leysa eitthvað. Það er fjarri öllum sanni. Meðan við hyggjum ekki að þessum grundvallaratriðum í gerð efnahagslífsins, hvort fjárfestingin beinist í réttar eða rangar framkvæmdir, meðan hún beinist eins og núna í óarðbærar framkvæmdir, þá mun ekki miða neitt í þessum efnum. Það stendur óhaggað að viðskiptahallinn á yfirstandandi ári samsvarar árslaunum 13 700 verkamanna í dagvinnu. Og það stendur óhaggað, að það lán, sem Ragnar Arnalds er að skrifa undir

þessa dagana og á ekki að borga af fyrr en eftir fimm ár, er að verðmæti álíka hátt og allt íbúðarhúsnæði í kaupstöðum og kauptúnum í hans kjördæmi og á Höfn í Hornafirði að auki. Þetta er það sem hann er að gera.

Fyrir svo sem ári eða tæplega það hrósaði ríkisstj. sér af því, að það ríkti feiknalegt jafnvægi og þá alveg sérstaklega í viðskiptunum við útlönd. Nú er jafnvægið komið í ljós. Það er jafnvirði 13 700 árslauna verkamanna í dagvinnu í mínus.

Ríkisstj. er ekki að taka lán á árinu 1982 til þess að standa sérstaklega undir aukningu framkvæmda í orkumálum. Það er samdráttur upp á næstum því 9% í þeim málaflokki. En ég segi það enn og aftur, að grundvallaratriðið er að menn stjórni fjárfestingunni rétt og að menn sjái hvað þeir eru að gera, hvers konar stærðir þeir eru að ráðskast með, og horfi ekki bara á þetta sem samsafn af núllum, heldur sem raunveruleg verðmæti, eins og ég hef hér gert sérstaklega að umtalsefni. Hér er verið að hnýta þjóðinni stórkostlega bagga á sama tíma og menn eru að föndra í vísitöluleik.

Frsm. 1. minni hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég ætla að gera hér örstutta athugasemd, þakka forseta fyrir að fá tækifæri til þess. Ég held að það sé tilefni til þess, að deildin gefi sér tíma fljótlega til að ræða um þessar erlendu lántökur og framkvæmda- og fjárfestingarstefnuna í landinu.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson fór hér mjög geyst og æstist mjög í ræðustólnum, svaraði að vísu ekki þeirri spurningu sem ég beindi til hans. Það er að vísu rétt hjá honum, að það má finna einstaka liði í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem e. t. v. má deila um hvort eru rekstrarlega hagkvæmir. Það get ég alveg tekið undir. En upphæð þeirra liða er aðeins örlítið brot af heildarupphæð lánsfjáráætlunar hvað erlendar lántökur snertir. Ég fer að vísu með það hér eftir minni, en ég held að um 80% af hinum erlendu lánum, sem tekin verða á þessu ári, séu vegna framkvæmda í orku- og iðnaðarmálum, en hvorki vegna skipakaupa erlendis né heldur landbúnaðar, eins og hv. þm. var að víkja að áðan.

Það má kannske deila um einstaka liði innan þessara tæplega 20%. Sjálfsagt má finna þar ýmislegt. Ég gæti líka gert athugasemdir við ýmislegt þar. En það eru ekki stórar tölur í þessu heildardæmi. Og það er alveg rétt hjá hv. þm., bæði Lárusi Jónssyni og Kjartani Jóhannssyni, að það hafa verið dregnar saman framkvæmdir í orkumálum og stóriðjumálum á þessu ári. Mér er það fyllilega ljóst, enda vakti ég sjálfur athygli á því áðan, þegar ég beindi þeim orðum mínum til þeirra, að mér hefði skilist að þeir stórauka þetta. Þess vegna spyr ég þessa ágætu herramenn: Á árinu 1983, þegar kemur að stóru framkvæmdatímabili í orkumálum og stóriðjumálum, ætla þeir þá ekki að taka líka erlend lán til þess? Verður þá ekki stóraukning líka á erlendum lánum?

Það er ekki kjarnaatriðið í sjálfu sér, erlendu lántökurnar yfirleitt þó að auðvitað megi vekja athygli á ákveðinni þróun hvað snertir hlutfall þeirra af þjóðartekjum og greiðslubyrðinni. Grundvallarspurningin er um það, hvort hér er verið að ráðstafa fé á arðbæran hátt eða ekki. Það má vissulega benda á það, að sum af þeim lánum, sem tekin hafa verið hér vegna skipakaupa, séu vafasöm hvað arðbærni snertir. Ég get líka tekið undir það, að það er ekki braut sem hægt er ganga til frambúðar að taka erlend lán til að fjármagna útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir. En upphæðirnar, sem hér er um að ræða, eru svo örlítið brot af heildardæminu að jafnvel þótt við leiðréttum þessar skekkjur mundi heildardæmið mjög lítið breytast, vegna þess að meginþörfin er vegna framkvæmda á sviði orku- og iðnaðarmála sem mér hefur skilist að stjórnarandstaðan hér á Alþingi vildi stórauka á næstu árum — og þá væntanlega einnig taka erlend lán í því skyni — vegna þess að ég hef ekki heyrt nokkurn mann halda því fram, þrátt fyrir aukinn innlendan sparnað, að horfur séu á að unnt sé að fjármagna á næstu árum hinar stórfelldu framkvæmdir á því sviði án þess að taka erlend lán.

Frsm. 2. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það vottaði aðeins fyrir skilningi hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni á því, að ekki væri allt með felldu. En furðulega getur hann verið glámskyggn á tölur.

Í fiskveiðunum er spá um fjárfestingu á árunum 1981—82 upp á 780 millj. kr., á þessum tveimur árum. Ég treysti mér til að fullyrða að a. m. k. helmingur til tveggja þriðju af þessum 780 millj. séu algjör óþarfi. Og það sem meira er: að þær séu hinn raunverulegi baggi á þjóðinni til frambúðar sem menn eru að hnýta sér. Tveir þriðju hlutar af 780 millj. eru 500 millj.

Ég gerði það sérstaklega að umtalsefni, þegar lánsfjáráætlun var hér til meðferðar, að mér sýndist af þeim tölum, sem þar lægju fyrir, að það væri lágmarkskrafa að draga úr erlendum lántökum samkvæmt þessum áformum um 500 millj. kr. 780 millj. kr. sem ég taldi vera hrein eyðslulán.

Ég get nefnt hér aðrar tölur. Það er einn geiri hjá okkur sem hefur haft alveg sérstaka tilhneigingu til þess að vaxa. Það eru svonefndar byggingar hins opinbera. Ég er ekki sannfærður um að þær séu mjög arðbærar, og ég vitna í þessu sambandi í ræðu hv. þm. Geirs Gunnarssonar við afgreiðslu fjárlaganna um að aðhalds sé þörf á ýmsum sviðum í hinum opinbera rekstri. Þar eru 500 millj. kr. á árinu 1982. 20% af því eru 100 millj. kr. Þá værum við með framkvæmdir á svipuðu stigi og á árinu 1980 í staðinn fyrir þessa spá, sem er fyrir 1982, því að hún er u. þ. b. 20% hærri að magni til heldur en fyrir árið 1980. Það er svona aðhald sem menn verða að sýna.

Ég hef hér talið upp bara í tveimur málaflokkum fjárhæðir sem samsvara þeim stærðum, þeim tölum sem ég er að tala um. Þetta eru mál sem ég hef gert sérstaklega að umtalsefni. En ég vil leyfa mér að bæta við þessa upphæð þeim eyðslu- og fyrirgreiðslu- og hallærislánum sem ráðherrar Alþb. eru sveittir við að veita ýmsum atvinnurekendum úti um allt land af því að það á alltaf öllu að bjarga, alveg sama hvernig staðið er að rekstrinum. Og það hefur tvöföld neikvæð áhrif á íslenskan þjóðarbúskap: í fyrsta lagi að vera að úthluta þessu fé og í öðru lagi að gera menn óábyrga, þannig að þeir, sem betur kunna til verka, fari að feta í fótspor skussanna og sjá ekkert annað en það að geta fengið fyrirgreiðslu og sinna ekki eins vel og þeir ættu að gera um rekstur fyrirtækisins. Þarna er verið að brjóta niður þátt í rekstri atvinnulífsins, í rekstri þjóðarbúsins. Það er verið að brjóta niður móralinn og það hefnir sín líka.

Ég hef tekið hér nokkur dæmi svo að menn sjái hvers konar tölur hér er um að ræða og að þær tölur, sem ég hef gert hér að umtalsefni, eru auðvitað af því tagi að ríkisstj. á að taka á því. Þær fjárfestingar, sem hér er verið að fara

í, eru óarðbærar og þetta er yfirstíganlegt verkefni.

Ég þarf ekki að fara lengra í upptalningu minni, herra forseti, heldur en þetta til þess að sýna fram á hvað hér er um að tefla.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 10:7 atkv.
Brtt. 395,1 felld með 10:8 atv.
Brtt. 395,2 felld með 10:8 atkv.
3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DA, GeirG, GB, JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, HS.
EgJ, GV, EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÞK, GTh) fjarstaddir.
4.—14. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, GB, JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, DA, HS.
EgJ, GV, EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GTh, ÞK) fjarstaddir.
15. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
16.—17. gr. samþ. með 10:8 atkv.
18. gr. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, GB, JH, HS.
KSG, KJ, LJ, SalÞ, EgJ, GV, EKJ, GK greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÞK, GTh) fjarstaddir.
Ákvæði til bráðabirgða I samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, GB, HS.
GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ, EgJ, GV, EKJ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GTh, ÞK) fjarstaddir.
Ákvæði til bráðabirgða II samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DA, GeirG, GB, JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, HS.
EgJ, GV, EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GTh, ÞK) fjarstaddir.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: DA, GeirG, GB, JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, HS.
EgJ, GV, EKJ, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GTh, ÞK) fjarstaddir.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 381 (sbr. 274)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 351, n. 374). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. menntmn. hefur tekið frv. þetta til meðferðar og leggur til að það verði samþykkt. Frv. er komið frá hv. Nd. og var þar afgreitt ágreiningslaust. Smávegis breyting var gerð á frv. þar og þannig hefur frv. komið í okkar hendur.

Þetta frv. hefur frá upphafi fengið blessun þjóðkirkjunnar. Biskupinn yfir Íslandi skrifaði menntmn. Nd. og mælti sterklega með því, sömuleiðis formaður Prestafélags Íslands.

Þá vil ég láta þess getið, að í dag mun birtast fréttatilkynning frá þjóðkirkjunni þar sem fagnað er undirtektum alþm. undir frv. Í þeirri tilkynningu stendur m. a.:

„Aðalfundur kirkjuráðs stendur nú yfir og stýrir Pétur biskup fundum þess. Vegna fram kominnar tillögu um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkju, sem liggur nú fyrir Alþingi, samþykkti kirkjuráð eftirfarandi ályktun:

Aðalfundur kirkjuráðs, 23.—26. febr. 1982, fagnar fram komnu frumvarpi til laga um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Þar sem nú stendur yfir allsherjarendurskoðun á kirkjulöggjöfinni væntir ráðið þess, að frv. þetta geti sem fyrst orðið að lögum."

Þannig hljóðar þessi orðsending frá þjóðkirkjunni sem gefin er út í dag. Hún er að sjálfsögðu til áréttingar þeim vilja menntmn. þessarar hv. deildar að málið fái afgreiðslu og verði samþykkt í því formi sem frv. er nú. Er þess að vænta, að hv. deild verði vel við þessu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Efri deild, 50. fundur.

Föstudaginn 26. febr., að loknum 49. fundi.

Tekjuöflun vegna ráðstafana í efnahagsmálum, frv. (þskj. 376 (sbr. 337)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JH, ÓRG, HÓ, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, GB, HS.
KSG, KJ, LJ, SalÞ, EgJ, GV, EKJ, GK greiddu ekki atkv.
2 þm. (ÞK, GTh) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 397).

Samstarfsnefnd alþingis og þjóðkirkjunnar, frv. (þskj. 351). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 398).

Framhaldsskólar, frv. (þskj. 366). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um framhaldsskóla, á sér orðið alllangan aðdraganda eins og menn vita. Þegar á árunum upp úr 1970 var mjög farið að ræða um þörf á samræmdri löggjöf um framhaldsskólastigið. Þegar nýskipan skyldunáms skólans hafði verið staðfest með setningu laga um grunnskóla árið 1974 var eðlilegt að endurskoðun næsta stigs í skólakerfinu kæmist á dagskrá sem aðkallandi verkefni. En eins og menn vita eru skólastigin þrjú og enn vantar heildarlög um framhaldsskólastigið.

Það var í lok ársins 1974 sem hafin var skipuleg vinna að því að semja frv. um framhaldsskólastigið, og vorið 1977 var frv. til laga um framhaldsskóla lagt fram á Alþingi til kynningar, eins og það hefur verið orðað. Frv. fylgdi mjög ítarleg grg. þar sem m. a. voru reifaðar hugmyndir um einstakar námsbrautir á framhaldsskólastigi, markmið þeirra og innbyrðis tengsl. Síðan hefur frv. af sama stofni, skulum við segja, verið lagt fram þrisvar sinnum, en ekki hlotið afgreiðslu. Rækilegasta umfjöllun á Alþingi hlaut frv. sem lagt var fram á 100. löggjafarþingi veturinn 1978—79, en áður hafði frv. í fyrstu gerð sætt ítarlegri umsagnarmeðferð og verið rætt á sérstökum fundum og ráðstefnum, reyndar mjög víða um land, þannig að frv. og hugmyndirnar, sem í því voru, fengu mjög góða kynningu um landsbyggðina. Ábendingar og tillögur, sem fram komu í þessari umfjöllun, voru hafðar til hliðsjónar við endurskoðun frv. á ýmsum stigum.

En, herra forseti, það, sem sérstaklega er vert að taka fram í sambandi við framlagningu frv. að þessu sinni, er að ætlun mín var eindregið sú að flytja jafnframt þessu frv. frv. til heildarlöggjafar um skólakostnað. Ég hef látið vinna að gerð slíks frv. um alllangt skeið, m. a. í samstarfi við sérstaka nefnd á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mikil vinna hefur verið lögð í það verk, og þegar liggja fyrir drög að frv. um heildarlöggjöf um skólakostnað. Í þetta frumvarpsuppkast er safnað saman öllum ákvæðum sem varða skólakostnað á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Ég hygg að það væri að því mjög mikið hagræði og framför að geta lögfest í einum bálki öll ákvæði um skólakostnað sem nú eru dreifð í mörgum lögum. Þetta uppkast að skólakostnaðarlögum, sem ég var að nefna, er enn til meðferðar í ríkisstj. Vonir standa að vísu til að unnt verði að leggja frv. að slíkum skólakostnaðarlögum fyrir yfirstandandi þing, og það hef ég vissulega haft í huga, en samt hefur orðið að ráði að láta það mál ekki tefja lengur lagasetningu um samhæfða námsskipan á framhaldsskólastigi. Rammalög um framhaldsskólastigið eru orðin harla brýn, m. a. vegna örrar þróunar og nýrra viðhorfa í skólamálum sem örðugt er að fella í form gildandi laga.

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að endurskoða skólakostnaðarlög. En þar sem það verk sækist helst til seint er ekki eftir neinu að bíða að mínum dómi með að flytja nú framhaldsskólafrv., enda mjög liðið á þingtímann. Það merkir að sjálfsögðu, eins og fram kemur í 29. gr. þess frv. sem hér er til umræðu, að kostnaðarákvæði, sem nú gilda, haldi sér um sinn eða þar til sett hafa verið ný lög um skólakostnað.

Í aths. með frv. er rakin nokkuð ítarleg þróun sú sem orðið hefur á sviði framhaldsskólanáms víðs vegar um landið á undanförnum árum, bæði að því er varðar aukið framboð námsefnis eða menntunar og breytta starfshætti skóla. Hér skal vísað að mestu til þess sem þar segir, en jafnframt á það bent, að þessi þróun hefur verið mjög í þá stefnu sem mörkuð er í framhaldsskólafrv. Þar hefur m. a. komið til skipulagt samstarf skóla í einstökum umdæmum og landshlutum. Það skipulagningarstarf er mislangt á veg komið, einna lengst er það komið á Norðurlandi og á Austurlandi, en langstyst á Vestfjörðum. Þar er e. t. v. einna örðugast um vik á þessu sviði vegna staðhátta og byggðaþróunar. Nefna má nokkur atriði til marks um hversu umsvif á framhaldsskólastigi hafa aukist síðastliðinn áratug.

Árið 1970, fyrir u. þ. b. 12 árum, þegar ný lög um menntaskóla voru sett, voru sex menntaskólar starfandi í landinu. Brautskráðir stúdentar skólaárið 1969—70 voru 556. Síðan hafa tveir menntaskólar bæst við. Meira munar þó um hina nýju skólagerð, fjölbrautaskólana, sem nú eru orðnir sjö, auk tveggja sjálfstæðra framhaldsskóla með fjölbrautasniði. Brautskráðir stúdentar s. l. skólaár, 1980—81, voru 1259. Fjölbrautarskólarnir eru þó síður en svo eingöngu ný námsleið fyrir þá sem stefna að stúdentsprófi, heldur er megineinkenni þeirra, svo sem safnið bendir til, að þar eiga nemendur margra kosta völ um nám til undirbúnings störfum eða framhaldsnámi af ýmsu tagi. Víða hafa fjölbrautaskólarnir m. a. tekið við hlutverki iðnskóla, sem áður störfuðu, þannig að sjálfstæðum iðnskólum hefur fækkað án þess að dregið hafi úr iðnnámi, nema síður sé.

Á haustönn 1981 voru samtals um 10 500 nemendur í menntaskólum, fjölbrautaskólum og framhaldsdeildum grunnskóla, en um 12 100 ef með eru taldir nemendur í svonefndum öldungadeildum sem starfa í tengslum við nokkra þessara skóla. Er raunar líklegt að tilkoma öldungadeildanna verði talin með markverðustu nýmælum í íslenskum skólamálum á liðnum áratug, enda hafa þær skipt sköpum um námstækifæri fyrir fjölmarga.

Þegar dvalist er við nýjungar á framhaldsskólastigi á áttunda áratugnum er sérstök ástæða till að nefna stofnun Fiskvinnsluskólans árið 1971. Hann starfar nú sem sérskóli að loknu grunnnámi í fjölbrautaskóla og er dæmi um þá samhæfingu náms á framhaldsskólastigi sem framhaldsskólafrv. miðar að. Ljóst virðist að fram undan hljóti að vera mikið verkefni að því er varðar eflingu náms, sem tengist sjávarútvegi og fiskiðnaði innan vébanda framhaldsskólans.

Dæmi um breytingar af öðrum toga á síðustu árum eru örlög húsmæðraskólanna. Ýmsar ástæður, bæði í skólakerfinu og þjóðfélaginu almennt, valda því, að starfsgrundvöllur þessara skóla hefur mjög brostið. Það er þó að sjálfsögðu ekki vegna þess, að minni þörf sé orðin á menntun í hvers konar hússtjórnarfræðum, heldur er hér m. a. dæmi þess, hversu nauðsynlegt er að stuttar náms-

brautir á framhaldsskólastigi séu í eðlilegum tengslum við annað nám og endi ekki í blindgötu.

Þess var áður getið, að frv. til 1. um framhaldsskóla hefur fjórum sinnum áður verið lagt fyrir Alþingi, hverju sinni nokkuð breytt frá síðustu gerð, en að stofni og markmiði hið sama. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er stofninn hinn sami, en nokkrar breytingar frá fyrri gerðum. Tvær eru veigamestar. Annars vegar er það sem ég hef áður minnst á: brottfelling fjármálaákvæða, eins og vikið var að hér á undan. Hins vegar hefur ákvæði 21. gr. um yfirstjórn og samráðsaðila verið breytt í þá stefnu að einfalda stjórnunarkerfið. Þannig er nú hið fjölmenna framhaldsskólaráð, sem mörgum þótti ólíklegt til virkra áhrifa, lagt fyrir róða, en í staðinn kveðið á um skyldu ráðuneytisins til að hafa sem víðtækust samráð við þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta, og stuðla á þann hátt að sem mestri einingu um skipulag framhaldsskólastigsins. Eins og tekið er fram í grg. er þó ekki síst hugsað til möguleika heimaaðila í héruðum og landshlutum til að samræma skólamál sín að eigin frumkvæði, eins og gerst hefur víða á undanförnum árum með beinum atbeina ráðuneytisins. Þetta vil ég mjög undirstrika, að þær breytingar, sem orðið hafa á undanförnum árum í þessum efnum, hafa verið unnar þannig að heimamenn hafa haft þar sem mest að segja og mest frumkvæði.

Heimilað er í greininni að rn. skipi sérstakar ráðgjafarnefndir. Kemur sú heimild í stað bindandi ákvæða um námssviðs- og námsbrautanefdir.

Ákvæði 23. gr., sem fjallar um skólanefndir, hefur verið breytt nokkuð, m. a. á þá lund, að ætíð skuli starfa skólanefndir við framhaldsskóla sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og skulu þær kjörnar af hlutaðeigandi sveitarstjórnum. Þá er menntmrn. heimilað að skipa skólanefndir við skóla sem reknir eru af ríkinu einu, en misjafnt er hvað núgildandi lög ákveða í því efni.

Minnast má á þá breytingu í 2. gr., að þar er nú skýrt tekið fram í lagatextanum sjálfum, sem áður var aths. með frv., að þrátt fyrir samheitið framhaldsskólar geti einstakar skólastofnanir borið sérstakt nafn, tengt stað, hefð eða sérstöku hlutverki, enda verður að leggja á það áherslu, að þetta frv. er ekki til þess ætlað, eins og stundum var látið að liggja, a. m. k. áður fyrr, að leggja ætti niður gamalgróna skóla eða láta skóla endilega renna saman við aðra. Að sjálfsögðu miðar frv. að víðtækri samræmingu framhaldsskólakerfisins. En samruni og samræming eru sitt hvað, og ekki felst í þessu frv., að um það sé að ræða endilega að leggja niður skóla eða láta skóla renna saman án þess að full ástæða sé til eða eðli máls krefjist þess.

Lengst af hafa framhaldsskólar verið til baga einangraðir og dálítið afskorðaðir, ef svo má segja, og kerfið fullt af rangölum og blindgötum. Þess vegna er nauðsynlegt að samræma þetta skólastig og fá eðlilegan lagagrundvöll til að byggja á. Það er af þeim sökum sem þetta frv. er mikilvægt. Það veitir þann lagagrundvöll sem í mörgum tilfellum skortir nú, án þess að um sé að ræða svo ósveigjanlegt kerfi að ekki sé neinu hægt að hnika. Það er einmitt það sem ég vil leggja áherslu á, að þetta er hugsað sem rammalöggjöf um skólastigið þar sem hægt er að koma við ýmsum sveigjanleika.

Nám á framhaldsskólastigi á að geta fallið inn í samhæft kerfi, bæði að því er varðar skipulag og námsefni. Tilgangurinn er sá, að unnt verði að nýta sameiginlegt grunnnám eða námsþætti á mismunandi námsbrautum sem stefna að fjölbreytilegum markmiðum, með skipan námsefnis í sambærilega námsáfanga verði auðið að marka skýrar og greiðar leiðir milli námsbrauta og til framhaldsnáms. Meginstefnan er sú, að engin námsbraut verði blindgata. Bæði í því efni og að öðru leyti stefnir frv. að auknu jafnræði bóknáms og verklegs náms. Það skipulag, sem frv. gerir ráð fyrir, á að auðvelda að unnt sé að koma við markvissu námi á framhaldsskólastigi víða um land, jafnframt því að gætt sé nauðsynlegrar hagkvæmni í skólahaldi.

Sú stefnumörkun eða samhæfing, sem hér ræðir um, miðar ekki að fábreytni og einstefnu. Þvert á móti kemur skýrt fram að námsáfangar geta verið metnir jafngildir þótt námsefnið sé ekki nákvæmlega það sama, heldur sambærilegt. Fullkomin samræming er hvorki hugsanleg né æskileg. Á það skal einnig lögð áhersla, að frv. kveður engan veginn á um að allir framhaldsskólar skuli taka upp svokallað áfangakerfi í þeim skilningi að bekkjaskipan verði felld niður. Ég vil einnig leggja á það mikla áherslu, að alls ekki er stefnt að því að leggja niður það form, að sérstök bekkjaskipan sé í skólum. Hins vegar er gert ráð fyrir að námsefni sé skipt í skilgreinda áfanga, hvaða skipan sem annars er á kennslunni.

Þá skal og tekið fram til að girða fyrir hugsanlegan misskilning, að því fer að sjálfsögðu fjarri að frv. geri ráð fyrir að allir framhaldsskólar verði með fjölbrautasniði. Fjölbrautaskólar verða eftir sem áður ein af mörgum tegundum framhaldsskóla. Og sama gildir um ýmiss konar sérskóla. Aðalatriðið er að hver skóli geti með eðlilegum hætti gegnt sínu hlutverki í samvirku kerfi framhaldsskóla.

Frv. kveður á um að allir, sem lokið hafa námi í grunnskóla eða hlotið jafngilda undirstöðumenntun, eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Hins vegar er heimilað að setja ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga, og vil ég minna á þetta atriði. Það er heimilað að setja ákvæði um lágmarkskröfur í einstökum greinum til inngöngu í tiltekna námsáfanga. En þeir, sem orðnir eru 19 ára, eiga þó að geta hafið nám í framhaldsskóla án skilyrða, nema að því er varðar hugsanlegar kröfur um undanfarandi starfsþjálfun.

Svo kann að virðast að hér séu dyr framhaldsskólans opnaðar gálauslega. En hafa verður þá í huga að framhaldsskólastigið mun í framtíðinni enn frekar en hingað til spanna flesta þá möguleika sem ungmennum standa til boða um nám skipulega þjálfun til undirbúnings störfum eða framhaldsnámi. Verður varla við það unað, að nokkrum sé að óreyndu bægt frá tækifæri til að nýta þá möguleika með einhverjum hætti ef geta leyfir.

Frv. gerir ráð fyrir að framhaldsskólum verði gert kleift að sinna og stuðla að fullorðinsfræðslu með ýmsu móti, enda ætti sú námsskipan, sem frv. kveður á um, að henta vel í því skyni.

Loks stefnir frv. að auknum áhrifum sveitarfélaga á skipan framhaldsskólamála, enda hafa þau áhrif á ýmsan hátt vaxið undanfarin ár. M. a. er gert ráð fyrir að fræðsluráð, sem kjörin eru samkvæmt grunnskólalögum, skuli einnig fjalla um málefni framhaldsskóla, hvert í sínu umdæmi, eftir því sem við getur átt.

Ef þetta frv. nær fram að ganga er þar með fengin lagaumgjörð og grundvöllur undir áframhaldandi starf að þróun framhaldsskólakerfisins. Það bíða mörg og

viðamikil verkefni, m. a. í námsskrárgerð. Ekki síst fyrir þær sakir er von mín að það takist að leggja fullnaðarafgreiðslu á frv. á þessu þingi.

Í þessu frv. felst það sem sagt, að sett verði heildarlöggjöf um samræmdan framhaldsskóla og reglugerðir um einstakar námsbrautir og stofnanir eftir því sem nauðsynlegt kann að reynast í framkvæmd. Öllum, sem lokið hafa námi í grunnskóla, skal standa til boða 1—4 ára nám, hvort sem stefnt er að sérhæfingu til starfs, almennu námi eða undirbúningi til náms á háskólastigi. En eins og ég gat um áðan gefur nemandi, sem orðinn er 19 ára, hafið nám í framhaldsskóla án þess að fullnægja inntökuskilyrðum laganna. Leitast skal við að hafa góða menntunaraðstöðu fyrir alla, hvar sem þeir eru búsettir á landinu.

Framhaldsskólinn skal skipulagður sem ein heild, en greinist í nokkur meginsvið til hagræðingar sem hvert um sig skiptist í námsbrautir. Nám á hverri námsbraut miðar að almennri menntun og undirbúningi til framhaldsnáms eða sérhæfingu til starfs, eftir því hvernig námsáföngum er raðað saman. Námslok geta orðið í námi eftir 1, 2, 3 eða 4 ár, sem er lengsti tími sem framhaldsskóli starfar, eftir því að hvaða marki er stefnt. Þó að gert sé ráð fyrir skilgreindum námslokum eftir eitt ár eða fleiri, getur hver einstaklingur, sem hættir námi, haldið áfram síðar á sömu námsbraut eða annarri og fengið að fullu viðurkenndar þær einingar sem hann hafði áður aflað sér.

Gert er ráð fyrir því, eins og ég gat um áðan, að framhaldsskólarnir eigi hlut að fullorðinsfræðslu, sem vissulega er brýnt mál en alls ekki vandalaust að skipuleggja. Fullorðnir skulu eiga aðgang reglulega að námsáföngum skólanna, og auk þess er gert ráð fyrir að kennsluaðstaða í framhaldsskólum verði nýtt fyrir almenna fræðslustarfsemi eftir því sem kostur er.

Loks vil ég geta þess, að gefa skal út námsskrár sem marka meginstefnu í námi og þjálfun nemenda, hvort heldur námið fer fram í skóla eða á vinnustað. Við gerð námsskrár skal taka mið af nauðsynlegri þekkingu, þjálfun í starfi eða undirbúningi til áframhaldandi náms svo og mismunandi námshæfni nemenda. Leitast skal við að tryggja samræmingu náms í sömu námsgrein á mismunandi námsbrautum eftir því sem unnt er, en jafnframt nauðsynlega sérhæfingu eftir námsmarkmiðum.

Námsskrár hafa þegar verið gefnar út allvíða, t. d. samræmd námsskrá fyrir Norðurland sem tók gildi í upphafi síðasta skólaárs, þannig að segja má að allt Norðurland vinnur eftir samræmdri námsskrá. Allir skólar í Norðurlendingafjórðungi eru nátengdir í gegnum þessa námsskrá þannig að eðlilegar leiðir liggja þar á milli skóla. Þessi námsskrá var vissulega samin fyrir frumkvæði menntmrn., en eigi að síður voru það heimamenn á Norðurlandi sem unnu að þessari námsskrá sjálfir og gengu frá sínum málum. Það voru skólastjórar eða skólamenn í fjórðungnum og sveitastjórnarmenn sem unnu fyrst og fremst að þessu máli. Þannig er þegar byrjað að samræma skólakerfið eftir þeim heimildum sem til eru í lögum. Hins vegar finnst mönnum, að ýmislegt skorti á að nægar heimildir eða öruggar heimildir séu til fyrir þetta stig, eins og það er hugsað, og það er af þessum ástæðum sem þetta frv. er samið, hefur lengi verið á döfinni og menn gera sér vonir um að það geti orðið að lögum.

Ég held að það sé fyrir flestra hluta sakir ákaflega mikilvægt að þetta frv. um framhaldsskóla verði í öllum meginatriðum að lögum. Sú þróun skólamála, sem smám saman hefur verið að ryðja sér til rúms í landinu síðustu 10—12 ár og reyndar hlotið almenna viðurkenningu, krefst þess mjög ákveðið, að sett verði grundvallarlög sem hægt er með réttu að byggja þessa þróun á.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi inngangsorð fleiri, en ég vænti þess, að þegar umr. lýkur gangi málið til hv. menntmn. Ég vænti þess, að ég geti komist að samkomulagi við deildina um að þessari 1. umr. geti lokið í dag og málið gangi til nefndar. Það er að nokkru leyti af eigingjörnum hvötum sem ég bið um þetta, vegna þess að ég er að fara úr landinu á sunnudagsmorgun og verð nokkuð lengi í burtu. Mér þætti ákaflega vænt um ef deildin vildi verða við þeim tilmælum mínum að afgreiða þetta mál til nefndar áður en ég fer í það ferðalag.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til l. um framhaldsskóla og það er ekkert smáræðis frv. Það er ákaflega þýðingarmikið mál og þarf raunar ekki að taka það fram. Það eru komin 8 ár, að ég hygg, síðan sett var nefnd á vegum menntmrn. til að vinna að þessu máli. Ég hygg að það séu komin 6 ár síðan fyrsta frv. kom fyrir Alþingi. Hæstv. ráðh. sagði áðan að fjórum sinnum hafði verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um framhaldsskóla. Og nú er þetta frv. lagt fram.

Ég vil segja það, að mér finnst ekkert óeðlilegt við það, að við fáum að sjá þetta frv. En mér kom nokkuð á óvart það sem hæstv. menntmrh. sagði, að hann gerði ráð fyrir eða óskaði eftir að þetta frv. yrði afgreitt sem lög á þessu þingi. Mér kemur mjög á óvart að svo vandasamt mál og margþætt sem þetta skuli vera lagt fram þegar hefur sigið svo mjög á seinni hluta þessa þings sem raun ber vitni og ekki er komið fram frv. um fjármál skólanna sem hefði þurft að fylgja þessu frv., eins og hæstv. ráðh. benti sjálfur á. Ég hefði haldið að ef hefði átt að vera einhver von til að afgreiða þetta frv. á þessu þingi með skaplegum hætti þannig að það fengi þá meðferð á þingi sem það verðskuldar, svo þýðingarmikið mál, þá hefði þetta mál þurft að koma fram í byrjun þings eða a. m. k. fyrir hátíðar. Ég sagði að ég ætti erfitt með að skilja þetta og þeim mun fremur þar sem ég þekki ekki hæstv. menntmrh. að því að vera neinn flaustrari í þýðingarmiklum málum. Það hefur aðeins skotið upp þeirri hugsun hjá mér, að kannske væri þetta nýtilkomið og einhverjir aðrir aðilar hefðu verið að líta á málið með þeim árangri, að það hafi verið nú lagt fram svo síðla á þingi í þeirri von að það fengi afgreiðslu á þinginu.

Nú hef ég ekkert á móti því, að sett sé rammalöggjöf um framhaldsskóla. Það þarf að sjálfsögðu að gera slíkt. En það er mikil spurning hvernig þau lög eiga að vera í ýmsum efnum. Það er engin tilviljun að 8 ár eru síðan farið var að vinna að þessari frumvarpsgerð. Það er engin tilviljun að 6 ár eru síðan fyrsta frv. var lagt fram. Og það er engin tilviljun að lögð hafa verið fram fjögur frumvörp og nýjar breytingar hafa verið í öllum þessum frumvörpum. Spurningin er: Erum við nú allt í einu komin á leiðarenda? Auðvitað hlýtur að draga að því og ég vona að við séum á réttri leið. Ég vil segja það strax, að mér virðist að þetta frv. sé að ýmsu fremra því síðast var lagt fram.

Hvers vegna þarf að gá svo vel til veðurs í þeim efnum sem hér er um að ræða? Það er af því, sem við erum öll okkur meðvitandi um, hve þýðingarmikil skólamálin og

menntunarmálin eru þjóðinni. Í því sambandi er á margt að líta. Ég vil við þessa umr. draga fram nokkrar hugleiðingar í þessu sambandi.

Það verður að leggja áherslu á að skólarnir þjóni þörfum einstaklinga en lúti jafnframt aðstæðum í atvinnu- og þjóðlífi. Til þess að svo megi verða er nauðsyn að stjórnunarvaldi í skólakerfinu sé dreift svo sem nokkur kostur er, þannig að nánustu nágrannar hvers skóla, þeir sem njóta þjónustu hans, og þeir, sem nota hana, hafi sem beinustu stjórnunarleg tengsl við hann. Þegar settar eru reglur um opinbera stofnun eða stofnanir hlýtur ævinlega að vera álitamál hversu nákvæmar reglurnar skuli vera, hvort rétt sé að reyna að binda allan rekstur og alla stjórnun stofnunarinnar í einstökum atriðum fyrir fram eða hvort rétt sé að láta reynslu og störf ráða rekstri og stjórnun að mestu, en setja aðeins grófan regluramma er marki stofnun umsvifasvið og komi reglu á helstu tengsl stofnunarinnar við aðra aðila. Því einfaldari, hnitmiðaðri og óbreytilegri sem tilgangur stofnunarinnar er, því áleitnari verður sú tilhneiging að setja henni nákvæmar reglur. Því fer fjarri að tilgangur skóla eða skólakerfisins sé einfaldur, hnitmiðaður og óbreytanlegur. Þvert á móti eru skólarnir með þeim stofnunum hins opinbera sem eru flóknastar, margbreytilegastar og breytanlegastar. Dreifðstýring og þar af leiðandi víðar rammareglur um rekstur, framkvæmd og samskipti við aðra aðila falla því betur að starfi skólanna og skólakerfisins en mjög fastar og bindandi reglur um einstök atriði. Með tilliti til þessa þarf að setja skólakerfinu, eins og það er í dag, reglur sem kerfið getur starfað eftir, en ekki binda rekstur og framkvæmd í einu og öllu, eins og frv. það, sem við nú ræðum, tvímælalaust stefnir að.

Samkv. almennum stjórnunarlegum rökum ber að gjalda varhug við þessu frv., en að auki má í rekstri fjölbrautaskólanna, sem á síðustu árum hafa verið stofnaðir í tilraunaskyni, finna ýmis sérstök rök er mæla gegn því, að fjölbrautaskólarnir verði einir gerðir að fyrirmynd allra framhaldsskólanna. Námsskrár þessara skóla eru víða enn mjög ófullkomnar og óvíst um örlög nemenda sem þar sækja nám. Og enn er engin sérstök rök að finna er styðji það, að skipulag fjölbrautaskólanna sé það sem best hentar alls staðar við íslenskar aðstæður. Það er engin opinber greinargerð til fyrir þessu efni né heldur hefur nokkurs staðar verið gerð skipuleg tilraun til að gera grein fyrir þeirri reynslu sem þegar hefur fengist hér á landi af fjölbrautaskólum, og voru þeir þó stofnaðir í tilraunaskyni. Reglur, sem settar væru skólakerfinu nú, ættu að vera í víðum lagaramma sem gerði kleifan rekstur framhaldsskóla, sem nú eru starfræktir, í núverandi formi, en miði jafnframt að því, að skólarnir verði skipulega skoðaðir þannig að setja mætti nákvæmari lög án þess að raska þó þeim víða ramma sem nú væri settur. Í slíkum rammalögum ættu að vera almenn ákvæði, svo sem um réttindi nemenda, verkefni nemmtmrn. og fjármál, án þess að skoðaðar séu þar sérstakar aðstæður eða sérstök vandkvæði einstakra skóla, héraða eða tegunda framhaldsnáms. Mikilvægt er að raunverulegar kunnáttukröfur við nám eða við starf að loknu framhaldsskólanámi ráði því, hvað nemendum er kennt í framhaldsskóla og þá jafnframt hvaða réttindi nemendur hafi að framhaldsskólanámi loknu, — og þá jafnframt að þeir, sem taka við nemendum úr framhaldsskóla, ráði sem mestu um það, hvað nemendum er kennt í framhaldsskólunum. Þetta miðar að því að skólinn taki mið af ytri aðstæðum, af því sem gengur og gerist í atvinnulífi og frekara námi.

Í frv., sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að námskröfur og námsefni á hverju sviði séu ákvörðuð af menntmrn. eða beinlínis á vegum þess. Frv. miðar að því að einskorða frumkvæði við rn. og þar með í menntakerfinu sjálfu. Þetta hlýtur óhjákvæmilega að leiða til þess, að innri viðmiðanir skólakerfisins ráði að mestu ákvörðunum um einstök atriði.

Þá er og mikilvægt að aðferðir við ákvörðun sérgreinds námsefnis séu líklegar til að sneiða hjá blindgöru í námsskipulagi og námsvali. En frv. lofar ekki góðu í þeim efnum. Í fjölbrautaskólunum, sem nú starfa, hefur það borið við, að stofnað hefur verið til sérgreinds náms án samráðs við atvinnulífið og án þess að tryggt sé að nemendur geti fengið nokkur réttindi að námi loknu. Blindgötur gagnvart atvinnulífi eða gagnvart frekara námi eru miklu alvarlegri en blindgötur innan framhaldsskólanna sjálfra. Úr hinum síðari vandræðum geta skólarnir auðveldlega ráðið sjálfir, einkum ef þeir hafa hæfilega frjálsar hendur um daglega framkvæmd. Á vissum sviðum kann sá sveigjanleiki, sem einingaskipting námsins gefur, að vera eftirsóknarverður einmitt til að leysa slík vandræði innan skólanna. Þó er einingaskiptingin alls ekki nauðsynleg forsenda þess, að slík vandamál verði leyst. Þaðan af síður er einingaskiptingin í sjálfu sér og ein nokkur lausn á þessu vandamáli.

Verkefni menntmrn., sem varða framhaldsskólana, má greina eftir tveim meginsjónarmiðum: annars vegar að rn. séu aðeins fengin verkefni sem það veldur, svo fáliðið sem það er, en hins vegar að því sé falin sérstök umsjón með því námsefni í grunngreinum sem öllum ætti að vera sameiginlegt. Það er greinilegt, að til eftirlits með framkvæmd eftir settum reglum þarf minni umsvif en til frumkvæðis um framkvæmd í þessu efni. Rn. getur greinilega ekki af eigin rammleik gert öllum nauðsynlegum eða æslilegum námsbrautum framhaldsskólanna nægileg eða sæmileg skil frá grunni, þótt það gæti vel litið eftir því, að settum reglum sé framfylgt. Það eru nokkrar námsgreinar, fremur fáar, sem eru grundvöllur þess, að menn geti með eðlilegum hætti tekið þátt í þjóðlífi eða nýtt sér það sem í þjóðlífinu er á boðstólum. Þar sem þessar greinar ættu að ná til allra og vera sameiginlegur grunnur alls náms er eðlilegt að einn aðili hafi forsjá þeirra á hendi, enda eru þær svo fáar að einn aðili getur þetta vel. Jafnframt þarf rn. að koma á, halda við og greiða fyrir sambadi milli skólastiga. Á þetta hefur mjög skort. Skólastigin þrjú hafa að mestu verið ein um sín mál og horft í eigin barm. Eins hefur skólunum verið skipt formlega eftir skólastigum. Vafalaust er þetta eðlilegt í ýmsu tilliti þar sem skólastigin fylgja nokkuð eðlilegri skiptingu á þroska nemenda. En þótt þannig sé eðlilegt að mismunandi viðmiðun sé höfð á skólastigunum þremur er hitt fráleitt, að skólarnir skuli ekki hafa nein samskipti milli skólastiga. Þessi skortur á eðlilegu sambandi milli skólastiga er án efa ein meginorsök þess, að nú þykir nauðsyn að löggjafinn láti framhaldsskólana sérstaklega til sín taka.

Framhaldsskólarnir hafa vegna sambandsleysis við hin skólastigin tvö hvorki getað lagað sig að breytingunum, sem orðið hafa á grunnskólunum, né heldur skilað eigin breytingum upp á háskólastig. Löggjafinn ætti vafalaust fyrst og fremst að huga að skólakerfinu í heild og við það ætti hann einkum að horfa til þess, að mismunandi

starfseiningar gefi gengið saman að verki og gert það í raun.

Herra forseti. Ég hef komið hér með nokkrar hugleiðingar sem mér þótti rétt að setja fram sem almennar athugasemdir við þessa umr. Í almennum hugleiðingum hefði verið eðlilegt að taka eitt veigamikið atriði sem ég hef ekki komið að, og það eru fjármál framhaldsskólanna. En mér þykir ekki ástæða núna til að ræða það mál ítarlega með tilliti til þess, sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að það er frá hans hendi von á frv. um heildarlöggjöf um skólakostnað. Það væri ástæða einnig til að víkja að fleiri grundvallaratriðum sem hljóta að koma inn í þessa umr., en ég skal ekki gera það á þessu stigi málsins. Það er reyndar svo, að það vakna ákaflega margar spurningar varðandi þetta mál og varðandi það sem gerst hefur frá því að síðasta frv. var lagt fram. Þá hafði verið leitað umsagna margra og þýðingarmikilla aðila.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvort nú, þegar þetta frv. var samið og er lagt fram, hafi á ný verið leitað umsagnar þessara aðila. Ég spyr ekki að þessu að ástæðulausu. Ég spyr að því vegna þess, að þróunin er ör í þessum málum og viðhorf breytast skjótt. Þó að lögð hafi verið fram umsögn fyrir 3—4 árum, kann nú að vera ástæða til að leita eftir nýrri umsögn, jafnvel frá sömu aðilum. Auk þess hygg ég að það sé rétt hjá mér, að sumir aðilar hafi 1978 óskað eftir að fá að tjá sig frekar um þatta mál en þeir gerðu þá eða höfðu gert þegar frv. var lagt fram. Í þessu sambandi leyfi ég mér að spyrja sérstaklega hvort núna hafi verið leitað umsagnar Háskóla Íslands. Ég spyr hæstv. ráðh. líka um það, hvort við samningu þessa frv. eða við undirbúning að því hafi verið leitað umsagnar samstarfsnefndar framhaldsskóla.

Þá leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh., af því að það varðar mjög þetta mál, hvað líði meðferð á þál. sem samþykkt var 19. maí 1981 um athugun á því, hver áhrif breytingar á skólhaldi hafi haft á árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Þessi þáltill. var flutt af hv. þm. Ragnhildi Helgadóttur, Halldóri Blöndal og Steinþóri Gestssyni á sínum tíma, fékk hinar bestu undirtektir í þingi og var samþykkt fyrir nálega einu ári. Ég spyr hæstv. ráðh.: Hefur sú könnun, sem þarna var gert ráð fyrir, verið gerð? Í þessari þá. segir að Alþingi feli menntmrn. að kanna eða láta kanna svo sem enn er frekast kostur hver áhrif nýlegra breytinga á skólahaldi og skipulagi skóla hafi orðið á ástundun og árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum.

Í raun og veru eru fjölmargar aðrar spurningar sem koma upp í huga mér. En einhvers staðar verður að láta staðar númið, og ég vil fyrst fá svör við þeim veigamiklu spurningum sem ég tel mig hafa borið fram nú þegar. Það er svo sem freistandi að spyrja um ýmsar breytingar sem hafa orðið frá frv. sem lagt var fram 1978. Um sumar breytingarnar er mér ekki algerlega ljóst hvaða ástæður eru fyrir þeim. Það mætti t. d. spyrja að því, hver sé ástæðan til að með þessu frv. eru felldir út úr framhaldsskólakerfinu skólar eins og Leiklistarskóli Íslands og Myndlista- og handíðaskóli Íslands, um leið og teknar eru inn í frv. fávitastofnanir og Samvinnuskólinn. Þetta er e. t. v. ekki ein af erfiðustu spurningunum sem um er að ræða, og ég þykist vita að hæstv. ráðh. eigi gott með að skýra þetta. En mér finnst skýringin ekki liggja á borðinu. Þannig gæti ég, eins og ég sagði áðan, komið með fleiri spurningar, en ég sé ekki ástæðu til þess á þessu stigi.

Ég vil aðeins ítreka það, að skoðun mín er sú, að það sé nauðsynlegt að setja heildarlöggjöf um framhaldsskóla, rammalöggjöf í þeim anda sem ég hef komið nokkuð inn á í hugleiðingum mínum. Þegar ég segi að það þurfi að gjalda varhug við þessu frv., þá á ég ekki við að við eigum ekki að setja löggjöf um þetta efni, heldur að við eigum að freista þess að bæta frv., halda áfram á þeirri braut, sem farin hefur verið frá því að fyrsta frv. var lagt fram á Alþingi, og vita hvort okkur gæti ekki miðað eitthvað betur áfram í rétta átt. Ég hygg að allar breytingar fram að þessu — ég vil ekki segja undantekningarlaust — hafi verið til hins betra og svo sé um veigamestu breytingarnar í þessu frv., að þær séu til bóta frá fyrra frv. En ef við ætlum okkur að afgreiða þetta mál svo vel sem vert er, þá óttast ég að það sé of skammur tími til stefnu, vegna þess hve frv. er seint lagt fram og vegna þess að fylgifrv. þess, eins og hæstv. menntmrh. gat um, frv. um heildarlöggjöf um skólakostnað, er ekki enn farið að sjá dagsins ljós.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er viðamikið mál sem hér er til umr., frv. til l. um framhaldsskóla, og ég tel mjög miður að þetta frv. er svona seint fram komið, þegar langt er liðið á þingtíma, og einnig að það skuli vera tekið til 1. umr. á degi sem þessum, þar sem í raun og veru er um aukafund að ræða. Ég held að menn hefðu óskað eftir að geta gefið sér betri tíma til að ræða þetta mál áður en það fer til nefndar. Þetta minnir nokkuð á þegar frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands var lagt fram á síðasta þingi. Það var gert mjög skömmu fyrir þinglok, og ég held að engum hafi blandast hugur um að það mál yrði ekki afgreitt á því þingi, enda varð sú raunin. Hins vegar var það mál tekið upp aftur í byrjun þessa þings, er nú á leiðinni í gegnum þingið og því ber að fagna.

Hv. 4. þm. Vestf. hefur komið inn á þau atriði flest sem ég hefði viljað gera aths. við og spyrja um. Það var t. d. varðandi það, til hverra hafi verið leitað við endursamningu þessa frv., við hverja hafi verið haft samráð af þeim sem höfðu fjallað um fyrri frv.

Ég vil leggja áherslu á það, að miklu máli skiptir að samvinna og tengsl séu milli þeirra aðila sem hafa með nemendur að gera, skólanna annars vegar og atvinnulífsins hins vegar, og ekki síst í málum eins og hér er verið að ræða, um samræmdan framhaldsskóla. Það hefur verið talað um samræmda námsskrá og námseftirlit, og það hlýtur að sjálfsögðu að vera meginforsendan fyrir því, að þetta megi heppnast.

En þegar verið er að tala um námsskrá kemur mér oft í hug, að það eru til margar og góðar námsskrár og þær gefa góð fyrirheit, en það fer minna fyrir því, að unnt sé að nýta þær til fulls í sambandi við skólastarfið eða reksturinn. Þá kom mér í hug atriði sem hafa verið ofarlega í huga mínum að undanförnu, t. d. varðandi kennslu í heimilisfræðum í skólum, sem er mjög þýðingarmikið atriði nú á tímum að sé lögð áhersla á í grunnskólum. En ég veit ekki betur en það sé ákaflega ófullnægjandi um landið almennt, hvað hægt er að gera í þeim efnum þó að námsskráin lofi góðu.

Það er að sjálfsögðu margt jákvætt við þetta frv., og það má segja að aðalatriðið sé að sem flestir fái tækifæri til að mennta sig, hver eftir sínum áhuga og hæfileikum, og fullorðinsfræðslan, sem nú þegar er komin víða, er einnig mikilsvert atriði.

Samband ísl sveitarfélaga hefur lagt áherslu á að sett verði lög um framhaldsskóla, og hefur verið fjallað um fyrri frumvörp á þeim vettvangi. Þetta frv. hefur greinilega tekið breytingum með tilliti til ábendinga og athugasemda, og það kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan, að frv. stefni að auknum áhrifum sveitarfélaganna varðandi þessi mál, þ. e. framhaldsskólana, og ber að sjálfsögðu að fagna því. En það er eitt stórt gat í öllu þessu máli. Þó að talað sé hér um ramma að lögum er ramminn ekki nema hálfur, það vantar kostnaðarhliðina, og á meðan kostnaðarhliðin leggur ekki fyrir er útilokað að taka afstöðu til þessa frv. eða afgreiða það. Ég veit að það er ekki ætlun hæstv. ráðh. eða ríkisstj. að koma sveitarfélögunum á vonarvöl með þessu frv. ef að lögum yrði núna. En miðað við þau kostnaðarlög, sem fyrir eru, og ef kostnaðarhliðin verður ekki tekin til afgreiðslu samhliða þessu frv. gæti svo farið víða og ekki síst hjá stærri sveitarfélögunum.

Þetta vel ég leggja áherslu á, að þrátt fyrir að það sé margt gott í þessu frv. að finna og það komi væntanlega að því að hægt verði að afgreiða það, þá er útilokað að gera það nema hafa kostnaðarhliðina jafnhliða.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram vegna þeirra tveggja ræðna, sem hér voru haldnar síðast, að í samráði við hæstv. menntmrh. hef ég ákveðið sem formaður menntmn. þessarar deildar að þetta mál fái mjög ítarlega og vandaða meðferð í nefndinni. Við munum tryggja að leitað verði álits þeirra aðila sem málið snertir, og ýmsir þeirra hafa þegar haft samband við mig vegna þess. Þótt málið komi til umr. hér í deildinni á þeim tíma sem þm. hafa tekið eftir, þá ber ekki að skilja það svo, að frv. eigi ekki að fá vandlega skoðun hér í þinginu. Þvert á móti er það ætlun mín í samvinnu við hæstv. ráðh., að menntmn. gefi sér góðan tíma til þess að afla ítarlegra gagna og upplýsinga um þetta frv. — Ég vildi láta þetta koma hér fram.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka þær umr. sem hér hafa orðið um frv., og ég skal fúslega játa að ég hefði gjarnan viljað að þetta frv. hefði verið rætt á öðrum tíma. En ég vil nú í fullri vinsemd segja við hv. 4. landsk. þm., að það er ekki mér að kenna að þetta frv. er til umr. svona síðla á föstudegi, undir helgina, heldur held ég að aðrir hafi óskað eftir að á miðvikudaginn yrði frestað umr. sem ég taldi að vel hefði mátt fara þá fram, því að frv. var útbýtt á þriðjudag. Ég held það hafi liðið eðlilegur tími til að taka það fyrir á miðvikudaginn. Hins vegar féllst ég fúslega á að því yrði frestað til þessa dags. Ég hef haft gott samstarf við forseta deildarinnar um það efni, og hv. þm. vita um ástæðuna fyrir því, að mér er nokkuð í mun að málið fái umr. í þessari viku en hún dragist ekki.

Ég vil líka til að gera langa sögu stutta taka það fram, að að sjálfsögðu ætlast ég til og vænti þess, að þetta frv. verði að fullu rætt í menntmn. og fái þar alla þá meðferð sem frv. af þessu tagi þarf að fá og eðlilegt er að það fái. Vissulega er það rétt, að þessu frv. fylgja ekki margar umsagnir enn þá, það fylgja því ekki neinar sérstakar umsagnir aðila, sem áhuga hljóta að hafa á þessu máli, eins og gerð frv. er nú nákvæmlega. Það er hverju orði sannara. Ég vona satt að segja að menntmn. fái tækifæri til að leita sem víðast umsagna um frv. og fjalla um það eins ítarlega og frekast er kostur. Ég hlýt þó að nefna aftur og ítreka það sem ég hef sagt, að ég legg afar mikið upp úr því, að hv. deild ljúki meðferð málsins að sínu leyti og geti greitt þannig fyrir för frv. í gegnum þingið.

Hv. þm., sem hér hafa talað, hv. 4. þm. Vestf. og hv. 4. landsk. þm. einkum, hafa rætt allítarlega um frv. efnislega og lýst viðhorfum sínum gagnvart frv. Ég get vel og fúslega tekið undir margt af þeim hugleiðingum sem fram komu í þeirra máli, þó að mér finnist reyndar að sumt af því, sem fram kom í máli hv. 4. þm. Vestf., þurfi vissrar athugunar við af minni hálfu, t. d. hugleiðingar hans um einskorðað frumkvæði menntmrn. sem hv. þm. ræddi um. Mér finnst að hann leggi þar helst til mikið í orðin og lesi e. t. v. ekki alveg rétt úr því sem í frv. stendur.

Það er auðvitað ljóst mál að menntmrn. fer með skólamálin í ríkisstj. Það eru tiltölulega mjög fáir skólar í landinu sem ekki lúta að menntmrn., og ég hygg að það séu margir sem telja að jafnvel þeir skólar, sem eftir eru og utan rn. standa, ættu að heyra undir menntmrn. Að þessu leyti til er óhjákvæmilegt, að frumkvæðisréttur menntmrn. sé verulegur í raun. En mig langar til að benda hv. 4. þm. Vestf. á að í VII. kafla þessa frv. er rætt um stjórn og samráðsaðila, eins og það heitir í kaflafyrirsögn, og þar er að sjálfsögðu fyrst þess getið, að menntmrn. fari með yfirstjórn þessara málefna. Hins vegar kemur greinilega fram, þó að ég fari ekki að lesa allt þetta langa mál, að það er ætlunin og það er stefna frv., að menntmrn. hafi sem víðtækust samráð við aðila sem skólamál snerta. Og ég vil leggja á það mikla áherslu, sem ég minntist reyndar á í ræðu minni áðan, að ég tel að með þessu frv. sé einmitt verið að fela sveitarstjórnum t. d. og ýmsum umboðsaðilum úti um landið meira áhrif á skólamálin en verið hefur til þessa.

Við skulum hugsa okkur það t. d., að ef við lítum á framhaldsskólastigið eins og það er núna, þá er það næstum undantekningarlaust svo eða hefur lengst af verið undantekningarlítið svo, að framhaldsskólarnir hafa verið reknir af ríkinu. Ríkið hefur t. d. haft algerlega með að gera menntaskólana í landinu, ýmiss konar sérskóla, eins og Vélskóla, Stýrimannaskólann, þannig að ríkið hefur haft afar mikið yfir þessu stigi að segja. Með þessu frv. er verið að reyna að dreifa þessu frumkvæði og verið að fá sveitarfélögin meira til samstarfs við ríkisvaldið um rekstur skólanna og að halda þeim úti.

Um þetta eru engan veginn allir sammála. Ég þekki ákaflega marga, þ. á m. skólamenn, ekki síst skólastjóra, sem finnst að þessi breyting sé ekki til bóta, t. d. hvað varðar menntaskóla og suma sérskólana, að taka þá að nokkru leyti undan valdi ríkisins og skipta ábyrgðinni og eignarhaldinu á milli ríkis og sveitarfélaga, eins og þetta frv. stefnir mjög að. Það eru alls ekki allir ánægðir með þetta, það er síður en svo. Þeir segja sem svo, að það sé eðlilegast og þægilegast að hafa aðeins við einn aðila að kljást í sambandi við rekstur skólanna. Að sumu leyti er þetta rétt. En eigi að síður held ég að fyrir okkur, sem eru fulltrúar landsbyggðarinnar, sé heppilegra og eðlilegra að heimamenn hafi veruleg ítök í rekstri skóla á framhaldsskólastigi eins og þeir hafa áhrif á reksturinn á grunnskólstiginu, og að þessu leyti fylgi ég af fullri einurð og sannfæringu því sem stendur í frv. sem nú er til umr. *Ég held að það sé til bóta að dreifa þessari ábyrgð á fleiri* aðila, frekar en að ríkið hafi það eitt hjá sér. Þetta vil ég að komi fram þó að hitt sé auðvitað alveg rétt, að menntmrn. sé býsna umfangsmikið og það sé sterkt rn. á

margan hátt.

Fyrsti lærði íslenski sálfræðingurinn og uppeldisfræðingurinn var beinlínis ráðinn til þess í mörg ár að kynna sér skólamálastefnur erlendis og gera síðan tillögur til Alþingis og þáv. ríkisstj., sem var aðeins einn ráðh., um þetta efni. Síðan voru tillögur Guðmundar Finnbogasonar teknar svo til lítið breyttar og lagðar fyrir Alþingi sem frv. Það var kjarninn í fyrstu fræðslulögunum sem hér vour sett 1907. Þetta tók mjög langan tíma. Guðmundur Finnbogason og ráðh. voru að vinna að þessum málum í 4—5 ár. Ég minnist líka grunnskólalaganna sem voru samþykkt eftir að ég kom á þing. Fyrst kemur það frv. fram á þingi 1969. Það varð ekki að lögum fyrr en 1974 og hafði þá verið flutt ár eftir ár án þess að verða útrætt.

Þessi saga endurtekur sig vissulega þegar við erum að fjalla um framhaldsskólastigið. Það tekur mjög langan tíma að ræða þetta mál og vinna, ef svo má segja, þessum hugmyndum nægilegt fylgi meðal alþm., meðal sveitarstjórnarmanna, meðal skólamanna og yfirleitt landsmanna. Ég tel að það sé fremur af hinu góða en illa, að löggjöf sem á að standa langan tíma og horfir til verulegra breytinga, fái mjög víðtæka umfjöllun, og í rauninni sakar ekki þó að það taki nokkur ár að koma henni á. Að þessu leyti til held ég að það sé ekkert saknaðarefni þó að það hafi tekið nokkuð langan tíma að fjalla um þetta frv. og fyrirrennara þess. En samt sem áður er nú komið að því, held ég, að við getum farið að ljúka þessari umr. og festa í lög það sem við höfum verið að ræða og langflestir eru í megindráttum sammála um. Það er af þeim sökum sem ég vænti þess, að hv. þd. taki þetta frv. til mjög gaumgæfilegrar athugunar og þó með það að markmiði, að deildin geti lokið málinu og komið því áfram til Nd.

Mig langar til að víkja að ákveðnum spurningum sem fram komu í hugleiðingum hv. 4. þm. Vestf.

Í fyrsta lagi spurði hann hvort leitað hefði verið víðtækrar umsagnar um frv. nú, m. a. hjá háskólanum. Ég hlýt að segja að það hef ég ekki gert skipulega, en ég hygg þó að mjög margir aðilar í skólakerfinu sjálfu og meðal sveitarstjórnarmanna þekki mjög vel efni frv. eins og það er nú. Menn vit að þetta er stofninn, þetta er sami stofn og verið hefur undanfarin ár, með nokkrum breytingum sem rétt hefur þótt að taka inn í frv. og flytja að þessu sinni, enda hlutu svo víðtækar umr. sem farið hafa fram um þetta mál að leiða til ýmiss konar breytinga á frv.

Ein spurning var það líka frá hv. 4. þm. Vestfjarða sem mér þykir rétt að minnast á. Hann veitti því athygli, að það mundu vera einhverjar hugmyndir um að Leiklistarskóli og Myndlista- og handíðaskóli hefðu einhverja sérstöðu meðal skóla. Það er alveg rétt, að ég hef það á vissan hátt í huga. Ég hef reyndar í huga að þessir skólar, bæði Leiklistarskólinn og Myndlista- og handíðaskólinn, hafi vissa sérstöðu í kerfinu, eins og við segjum. Ég hef reyndar í huga að þessir skólar þróist upp í að verða nánast æðri menntastofnanir eða „akademískar" stofnanir. Af þeim sökum er það rétt, að ég tel að þessir skólar falli ekki undir og eigi ekki alveg heima á framhaldsskólastiginu eins og það almennt er hugsað og túlkað. Ég vil samt sem áður benda á að í raun og veru er ekkert í frv. sem segir neitt ákveðið um þetta. Hins vegar er þetta mín hugmynd, og ég held að það sé æskilegt að hv. alþm. gefi gaum að þessari hugmynd og láti sér ekki koma á óvart þó að þróunin verði önnur í þessum tveimur skólum sem ég var að nefna — og ég vil reyndar nefna þriðja skólann, Tónlistarskólann í Reykjavík. Þessa þrjá skóla hef ég haft í huga sem þess háttar skóla að þeir þyrftu ekki nauðsynlega að falla inn í almenna framhaldsskólastigið, heldur mættu standa þar dálítið til hliðar og þróast sem æðri menntastofnanir á sínu sviði. Þetta mál er á undirbúningsstigi. Það er varla hægt að nefna það því nafni. Þetta er í raun og veru ekki annað en hugsun sem á eftir að athuga miklu betur áður en til nokkurra framkvæmda kemur. Hér yrði að sjálfsögðu að setja ákveðna löggjöf, ef svo ætti að vera, því að þarna er um að ræða verulega breytingu á stöðu þessara skóla og er sérstakt umræðuefni að ræða það.

Þá spurði hv. 4. þm. Vestf. um það, hvað liði meðferð á þál. sem samþ. var s. l. vor og fjallaði um könnun á árangri nemenda í grunnskólum, held ég að hafi verið, fremur en það hafi verið bundið við önnur skólastig, — spurði hvort þessi könnun hefði farið fram. Ég vil upplýsa hv. þm. um það, að mér er mætavel kunnugt um þessa þál. Ég man ekki betur en ég talaði um þetta efni þegar umr. fóru fram um till., og ég tók þessari till. alls ekki illa fremur en margir aðrir þm., sem um hana ræddu, og hef ekki ástæðu til að gera það. Það er rétt, að menntmrn. var með þessari till. falið að gera þessa könnun. Ég hef gert mitt til að reyna að greiða úr þessu, reyna að finna leið til þess, að slík könnun eigi sér stað. En það hefur komið í ljós í umræðum við þá menn, sem ég er auðvitað háður að hafa að samstarfsmönnum um svona mál, að þetta er býsna erfitt mál og flókið, kannske ekki óvinnandi þó, og kostar verulegt átak og mikinn undirbúning og vinnu. En eins og áður tel ég að þetta mál sé mikils um vert, og auðvitað er nauðsynlegt að við fylgjumst með árangri skólastarfsins. Það er brýn nauðsyn að við gerum það. Það er svo mikið lagt undir í því efni og svo miklu fórnað að ýmsu leyti að auðvitað er ekki hægt að renna alveg blint í sjóinn með það. Þess vegna var það, að ég taldi mig hafa góðan skilning á flutningi þessarar till. á sinni tíð og að rétt væri að taka henni vel og reyna að framkvæma könnun á þessu sviði. Ég vil samt sem áður að menn átti sig á að þetta er mjög umfangsmikið efni og vandasamt í framkvæmd. Hins vegar vona ég að könnun sem þessi geti farið fram og að hún leiði til niðurstöðu og þá þannig að hún veiti okkur vísbendingu um hvernig gengur í skólastarfi okkar.

Herra forseti. Ég skal ekki á þessu stigi hafa fleiri orð um þetta. Ég er þakklátur þeim sem hér hafa að unnið með mér að því að reyna að koma þessu máli til nefndar, jafnvel þó að ég þurfi að víkja frá, og eins og fyrir þær ábendingar sem hér hafa komið fram. Ég hygg að þær hafi yfirleitt átt rétt á sér og séu ekki óeðlilegar. Samt sem áður vil ég undirstrika það, að ég vænti þess, að hv. menntmn. vinni vel og skipulega að því að kanna þetta mál og geri sitt til að málið stöðvist ekki hér í deildinni, heldur haldi áfram sína leið um þingið.

Forseti (Helgi Seljan): Hæstv. menntmrh. hefur óskað eftir því, að málið komist sem fyrst til nefndar, og ég tek undir nauðsyn þess. Hins vegar er málum þannig háttað, að fulltrúar eins þingflokks í hv. deild hafa óskað eftir frestun nú á þessu máli, og er vani að verða við slíkum óskum þannig að menn geti kynnt sér mál betur varðandi umr. Ég mun leitast við að ná þessu máli til nefndar á næsta fundi í deildinni í samráði við fulltrúa þess þingflokks sem um frestun hefur beðið nú. Ég vænti þess, að

það komi þá ekki að sök varðandi afgreiðslu að hæstv. ráðh. verði fjarverandi, og ætla ekki fresta fundi nú.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þegar ég heyrði að rætt væri um frestun vildi ég aðeins í því tilefni segja nokkur orð um þingsköp, en leyfist mér að ræða efnislega um málið? (**Forseti:** Já, að sjálfsögðu.) Eg vil þá taka fram að ég hef ekkert á móti því, að málinu sé frestað, og skil vel óskir um það. En mér er mikið í mun að geta sagt nokkur orð í þessu máli að hæstv. ráðh. viðstöddum í tilefni af því sem hann sagði áðan. Ég hugsa mér samt ekki að upphefja almennar umr. um þetta mál frekar en orðið er.

Ég held að það sé ljóst, að við erum sammála, ég og hæstv. ráðh. og hv. 4. landsk. þm., sem hér hefur talað, um að sú löggjöf, sem þarf að setja um framhaldsskóla, eigi að vera rammalöggjöf. Við erum sammála um þetta. En við erum að sumu leyti ekki sammála um hvernig sú rammalöggjöf eigi að vera. Mér virðist að ég leggi meiri áherslu á það en hæstv. ráðh. að við þurfum að gæta þess, að rammalöggjöfin sé á þann veg að einstakir framhaldsskólar geti haft sem mest sjálfræði til þess að þróast sem menntastofnanir, miðað við aðstæður, þar sem menntastofnun er, og miðað við sérnám í hinum einstöku menntastofnunum, og ekkert í rammalöggjöfinni megi vera á þann veg, að þessi þróun sem skapar þroska og fjölbreytileik í skólakerfinu, nái ekki að ganga fram. Rammalöggjöfin verður að gæta þess. Með tilliti til þessa hef ég ýmislegt við frv. að athuga.

Ég hygg líka að hæstv. ráðh. leggi meira upp úr frumkvæði menntmrn. en ég. Það er kannske eðlilegt að hæstv. ráðh., sem vill láta til sín taka á þessu sviði, hneigist frekar til þeirrar skoðunar en ég. Ég held þó að það séu sterk efnisrök fyrir því, að það eigi að hafa hóf á frumkvæði menntmrn., en frumkvæðið verði frekar í hinum einstöku skólum. Það breytir að sjálfsögðu ekki því, að menntmrn. og menntmrh. fara með æðsta vald í þessum málum og hljóta að hafa geysiþýðingarmikið hlutverk, bæði varðandi frumkvæði, en ekki síður, eins og ég gat um áður, að hafa umsjón og eftirlit með að settum reglum sé fylgt.

Ég skil ósköp vel að inn í þetta mál kemur spurningin um hverjir standi undir fjármálum skólanna. Ég held að ekki þurfi þó að fara saman frjálsræði handa stofnunum til að laga sína starfsemi og þróast eftir aðstæðum og eftir hlutverki hvers skóla fyrir sig og svo hitt, að sömu aðilar þurfi að standa fjárhagslega undir skólunum og ráða mestu um þróunina í þessu efni. Við verðum að gera greinarmun að vissu marki á skólunum sem menntastofnunum og á skólunum sem rekstrarfyrirtækjum. Þetta vildi ég segja um það atriði.

Umr. hér í dag hafa undirstrikað hvað þetta mál er margþætt og vandmeðfarið, og er ekkert óeðlilegt að meðferð þessa máls taki langan tíma. Hæstv. ráðh. sagði í síðari ræðu sinni að raunverulega gerði ekkert til hvað það tæki langan tíma, en ef við næðum árangri gætum við lokið málinu. Ég er honum sammála um þetta. Af þessu leiðir að þetta mál hlýtur að þurfa að fá mjög vandaða meðferð á þessu þingi, og það kemur heim við skoðanir hv. 11. þm. Reykv., formanns hv. menntmn., sem lýsti hugmyndum sínum um hvernig ætti að haga vinnubrögðum í þeirri ágætu nefnd.

Ég skal svo víkja nokkrum orðum að því, sem hæstv. ráðh. svaraði af spurningum mínum, og ég þakka honum fyrir svör hans. En mér finnst svörin gefa tilefni til fáeinna orða af minni hálfu.

Hæstv. ráðh. sagði að það hefði ekki verið leitað umsagnar nú á sama veg og var þegar frv. var undirbúið 1978. Það kann að vera álitamál hvort hefði átt að gera það eða ekki, en það hefur ekki verið gert. En úr því má bæta með því að leita núna umsagnar, og við hljótum að vera sammála um að það verði gert.

Þá sagði hæstv. ráðh. að hann hefði tekið til meðferðar þál. frá maí 1981 um þá könnun sem þar var gert ráð fyrir að færi fram á áhrifum breytinga á skólahald og árangur nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Hæstv. ráðh. sagði að þetta væri býsna erfitt verk, eins og hann orðaði það, og ég skal ekki vefengja það. En ef það er erfitt verk að finna út hverjar eru staðreyndir málsins geta menn séð að það er býsna erfitt verk að móta stefnu í þessum málum til frambúðar.

Ég vík þó að lokum að þeirri spurningu sem ég setti fram varðandi Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskólann. Hæstv. ráðh. svaraði þessu og taldi að það væri ekki óeðlilegt að Leiklistarskóli Íslands og Myndlista- og handíðaskóli Íslands féll ekki inn í þá löggjöf, sem við erum hér að ræða, vegna sérstöðu. En í frv. 1978 var gert ráð fyrir að þessir skólar væru með í lögunum. Ég er sammála hæstv. ráðh. um þetta. Ég held að þetta sé til bóta. Ég held að það sé rétt sem hæstv. ráðh. segir um þetta efni. En ég bendi á að það er ekki einungis að við þurfum að gæta þess að hafa ramma þessarar löggjafar, sem við nú ræðum, sem víðastan, heldur kemur mjög til greina að taka ýmsa skóla út úr, sem frv. gerir ráð fyrir, á sama hátt og með svipuðum rökum eða hliðstæðum og Leiklistarskólinn er nú tekinn út og Myndlista- og handíðaskólinn.

Ég varð að vísu fyrir nokkrum vonbrigðum með hæstv. ráðh. varðandi svar við þessari spurningu, vegna þess að það sem viðkom Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands var aðeins helmingurinn af spurningunni. Hinn helmingurinn var: Hvaða rök eru fyrir því að taka inn í löggjöfina núna fávitastofnunina og Samvinnuskólann, sem ekki voru áður? Ég hef ekki fengið svar við þessu. Þó sagði ég að þetta mundi kannske vera með auðveldustu spurningunum sem ég lagði fyrir hæstv. ráðh.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfáar athugasemdir.

Hæstv. ráðh. minntist á að það væri ekki óeðlilegt að umr. um skólamál tækju langan tíma. Ég er honum alveg sammála um það. Sjálf er ég svo gömul í hettunni á sveitarstjórnarvettvanginum að ég var með í umr. á grunnskólafrv. á sínum tíma á þeim vettbangi og man vel eftir hvernig þær fóru fram. En það er einmitt meginástæðan fyrir því, að þm. telja sig þurfa nokkuð góðan umþóttunartíma áður en þeir geta gert sér grein fyrir einstökum atriðum þessa frv. eða fjallað um það að einhverju gagni.

Hæstv. ráðh. minntist á það, sem ég tel vera jákvætt jafnframt, að með þessu frv. eigi að dreifa frumkvæðinu, þ. e. frá miðstýringunni hér í menntmrn. og út til sveitarfélaganna, til heimamanna. Vissulega er þetta mikilsvert atriði og það sem sveitarstjórnarmenn yfirleitt berjast fyrir: að fá sem mest að fjalla um eigin mál á heimavettvangi. En hann minntist ekki einu orði á fjármagns-

hliðina sem ég nefndi að væri meginatriðið í þessum efnum. Það er alls ekki aukaatriði hvernig fjármálakaflinn verður saminn, einmitt með tilliti til þessa, því að ef þarna á að koma til fjármálaleg ábyrgð sveitarfélaganna verða að sjálfsögðu að koma tekjustofnar á móti. Öðruvísi geta sveitarfélögin ekki staðið undir slíku. Þetta var það sem ég var fyrst og fremst að leggja áherslu á. Það má ekki ske að ríkisvaldið sýni — mér liggur við að segja: valdhroka gagnvart sveitarfélögunum að þessu leyti, að það sé talið vera algert aukaatriði, sem ekki þurfi að fjalla um samhliða þessu frv., hvernig fjármálakaflinn verður. Þetta vil ég ítreka að er aðalatriði, og það er ekki hægt að taka þetta frv. til afgreiðslu öðruvísi en þetta hvort tveggja fylgist að.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ég hafði óskað eftir, að umr. yrði frestað, og hafði þá reiknað með að ráðh. yrði við til andsvara seinna. Ég tel að það hefðu verið betri vinnubrögð að leggja þetta frv. fram fyrr að vetrinum en orðið hefur. Má vera að eitthvað sérstakt hafi valdið því, að svo varð ekki. Það hefði vissulega verið betra fyrir þm., að svo hefði verið gert, og fyrir málið sem slíkt, því að það þarf afar vandaða meðferð, eins og menn hafa verið sammála um hér, og ef á að fara að leita umsagna vítt og breitt um landið, þá tel ég vafamál að frv. komist í gegn á þessu þingi.

Hitt er annað, að það er margt til bóta í þessu frv. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því, að margt, sem er í þessu frv. er nú þegar komið til framkvæmda og með þessari lagasetningu er stefnt að því að fella það inn í ákveðinn ramma.

Hér hefur komið fram í umr, að nauðsynlegt sé að fjármálahliðin liggi ljós fyrir þegar svona mál eru tekin til afgreiðslu. Ég vil minna á að það er beinlínis lagaskylda — ég verð leiðréttur ef svo er ekki — ég hygg að það sé lagaskylda að það liggi fyrir. Mig minnir að það sé í Ólafslögum svokölluðum. Það hefur ekki enn komið fram hvernig menn hugsa sér fjármálahliðina. Hér segir að farið skuli eftir eldri lögum með fjármálahliðina. En eitthvað þarf að vita um framtíðina í þessum efnum.

Ef við athugum kaflann um fullorðinsfræðslu kemur í hug að hér lá fyrir um tíma sérstakt frv. um fullorðinsfræðslu. Það fjallaði ekki aðeins um framhaldskólana, heldur alla fullorðinsfræðslu í landinu. Inn í það kom ákvæði um hvernig fara skyldi með fræðslustarfsemi samvinnuhreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar og ýmsa aðra fullorðinsfræðslu sem til er í landinu í dag. Mig langar til að spyrja: Hvað líður því frv.? Það er væntanlega ætlunin að afgreiða það mál í sérstöku frv., gera það að sérstökum lögum. En hér er kafli sem lýtur að því, að menn fái greiðari aðgang að fullorðinsfræðslu og geti í þeim tilvikum notað húsnæði ríkisins. Tel ég að það sé mjög þarft ákvæði í frv. En ég endurtek eins og fleiri hafa gert hér, að þetta frv. þarf afar vandaða meðferð, og eins og ráðh. gaf í skyn er kostur að flana ekki að lagasetningu í þessum efnum. Hitt er annað, að þetta má ekki teljast of lengi. Það er beðið eftir þessum lögum víða um land.

Ég ætlaði ekki að halda til streitu frestunarbeiðni minni, vegna þess að ljóst er að það vinnst ekkert með henni ef ráðh. er að hverfa af þingi. Því fell ég frá því, að málinu verði frestað nú, og styð það um leið, að því verði komið til nefndar á þessum fundi.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hv. 4. landsk. þm. ýjaði nú enn rækilega að fjármagnshliðinni, og ég get mætavel skilið að hv. þm. geri það því að þetta er — ég viðurkenni það fúslega — mjög stórt mál. Ég sagði í upphafi ræðu minnar í dag, að ég hefði reynt að vinna mjög að því að ná fram samkomulagi allra þeirra sem um þetta fjalla, til þess að ég gæti flutt samhliða framhaldsskólafrv. einnig frv. að lagabálki um skólakostnaðarlög. Það er búið að vinna ákaflega mikið að þessu, og í raun og veru hef ég talsvert ítarleg drög að slíku frv. á borði hjá mér. Eins og ég sagði er þetta til umfjöllunar í ríkisstj., og ég geri mér nokkrar vonir um að þetta mál kunni að takast að leggja fram á þessu þingi. Ég vil taka það alveg sérstaklega fram, vegna þess að ég veit að hv. 4. landsk. þm. lætur sig sveitarstjórnarmál mjög miklu skipta og hefur unnið lengi í þeim efnum, að ég hef þau misseri, sem ég hef verið á ráðherrastóli, einmitt í þessu tilliti reynt að hafa sem allra nánast samstarf við sveitarfélögin um þetta efni. Ég vil fullvissa hv. þm. um það, að ég hef enga löngun til að ríkið fari á neinn hátt að hlunnfara sveitarfélögin í samskiptum og í samrekstri um skólana. Ég held að það mundi hefna sín, ef eitthvað slíkt gerist. Ég held að það sé ekki skynsamleg stefna af neinum ráðh. að ætla sér að vinna verulega í óþökk sveitarfélaganna og gegn vilja þeirra, heldur verði ríkisvaldið og sveitarfélögin að koma sér sem allra best saman um þau verkefni sem þau taka að sér að sjá um. Þetta er mín persónulega stefna og hana reyni ég að knýja fram eftir því sem mér er unnt. En hinu er ekki að leyna, að þetta mál hefur náttúrlega orðið talsvert mikið umræðuefni innan ríkisstj. og er þar enn til meðferðar. En ég vona að það verði hægt að sýna þetta frv. og þá einmitt þannig að góð samráð og eðlileg hafi átt sér stað við samtök íslenskra sveitarfélaga áður en það verður lagt fram. Ég legg mjög mikið upp úr því.

Hins vegar er ég ekki alveg eins sammála hv. 4. landsk. þm. um það — og reyndar ekki hv. 3. landsk. þm. heldur, að það sé ekki möguleiki á að samþykkja framhaldskólalögin sem rammalög án þess að kaflinn um fjármál sé ítarlega tekinn til endurskoðunar, því að það verður að átta sig á að þrátt fyrir allt gilda skólakostnaðarlög í landinu. Þau eru í gildi, en þau eru vissulega dreifð og þau eru að sumu leyti í andstöðu við frv. sjálft, það viðurkenni ég. En allt slíkt getur staðið til bóta.

Það atriði, sem ég legg mest upp úr, er að það fáist raunverulegur lagagrundvöllur undir þá víðtæku breytingu sem nú er verið að gera á skólakerfinu og segja má að skólamenn og sveitarstjórnarmenn og ríkisvaldið hafi nokkurn veginn sæst á og orðið sammála um að framkvæma. Þetta hefur að verulegu leyti verið drifið áfram á grundvelli laganna um fjölbrautaskóla, og ég er sammála hv. 4. þm. Vestf. um að við getum ekki haft fjölbrautaskólana sem hina aleinu fyrirmynd að framhaldsskólakerfinu í framtíðinni. Það getum við ekki gert. Vil ég þó alls ekki gera lítið úr því, hver árangur hefur orðið í ýmsum fjölbrautaskólum. Ég held að árangurinn þar hafi á margan hátt orðið góður. Fjölbrautaskólarnir hafa óneitanlega opnað mjög leiðir fyrir ungt fólk til náms, eins og hv. 4. landsk. þm. benti mjög ítarlega á. Það er einmitt kosturinn við þetta frv. og þá skólamálastefnu sem rekin hefur verið í anda þessa frv. undanfarin ár, að þetta hefur opnað fleiri unglingum leiðir en áður var. Menn eiga greiðari leiðir til náms en áður var. Þetta er auðvitað höfuðkosturinn og réttlætismál sem við getum

ekki horft fram hjá.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því, að það er á vissan hátt dálítið vafasamt atriði að hafa ekki jafnframt þessu frv. gengið fullkomlega frá fjármagnshliðinni. Ég neita því ekki. Hins vegar fannst mér töfin á því að leggja fram þetta frv. til umr. orðin svo löng að rétt væri að freista þess að gera það. Eigi að síður hef ég í huga að halda áfram umræðum um skólakostnaðarlagafrv. og gera mitt besta til að það verði sýnt á þessu þingi.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta núna. Við höfum rætt málið allítarlega, við sem hér höfum tekið þátt í umr., og ég veit ekki hvort ég á að bæta miklu við það sem fram hefur komið, sé ekki ástæðu til þess. Ég ítreka hins vegar að ég vænti þess, að frv. gangi nú til nefndar. Og ég undirstrika það, að ég ætlast ekki til að hv. menntmn. vinni á neinn hátt svo óðslega að hún gefi sér ekki tíma til að kynna sér allar hliðar málsins og kynna það eins og nefndinni þykir eðlilegt. Samt sem áður vil ég nefna það, að þetta mál hefur verið rækilega kynnt nú þegar. Það hefur verið mjög rækilega rætt undanfarin sex ár og umsagnir hafa borist um meginstefnu þess frá fjöldamörgum aðilum í landinu. Ég er því þrátt fyrir allt þeirrar skoðunar, að það sé óþarfi að senda það svo vítt til umsagnar sem áður hefur verið eða hafa umræður eins víðtækar og þær voru á fyrstu stigum málsins fyrir 5—6 árum eða svo.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en vænti þess, að málið gangi til. hv. menntmn. þegar umr. er lokið.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Mér fannst rétt að koma hér og fagna því, að hæstv. ráðh. lýsti skilningi *sínum á því að gott samstarf ríkti á milli ríkis og sveitarfélaga* í þessum efnum eins og öðrum, og að hann hefur ekki hugsað sér að sveitarfélögin verði hlunnfarin þegar farið verður að fjalla um kostnaðarhlið þessara mála. Það var einmitt meginatriðið sem ég reyndi að leggja áherslu á. Því þykir mér rétt að þakka honum fyrir þá yfirlýsingu, sem hann hefur gefið, og vænti þess jafnframt, að hann reyni að stuðla að því að flýta þessu frv. um kostnaðarhliðina þannig að ríkisstj. afgreiði það mál frá sér svo að það geti komist hér til okkar í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 47. fundur.

Föstudaginn 26. febr., kl. 2 miðdegis.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 355). - Frh. 1. umr.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. sem þegar hefur verið rætt nokkuð í hv. deild. Er því óþarfi að lýsa því nákvæmlega nú við þessa framhaldsumræðu, en rekja má þrjá meginþætti í frv.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að „samkeppnisnefnd" í lögunum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti falli niður, en í staðinn verði sett á laggirnar þriggja manna nefnd verðlagsstjóra og fulltrúa aðila vinnumarkaðarins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í frv., að 8. gr. laganna um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti breytist lítils háttar, en þó hvergi nærri í það horf sem sú grein var í þegar lögin voru samþykkt á Alþingi vorið 1978.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í frv. að herða reglur um skil og viðurlög vegna verðútreikninga.

Það er áhorfsmál, hvort það sé rétt stefna sem kemur fram við skipun hinnar svokölluðu þriggja manna nefndar í þessu frv., hvort taka eigi svo mikið tillit til aðila vinnumarkaðarins sem þar er ráð fyrir gert. En slíkt sýnist staðfesta þá trú sem menn hafa haft hingað til, að verðlagsmál á Íslandi séu fyrst og fremst eftirlit með vísitölum en ekki raunhæft verðlagseftirlit.

Í þessu sambandi má benda á mál sem um hefur verið skrifað í blöð að undanförnu, þar sem eigast við keppinautar á sviði ferðamála, annars vegar Útsýn, sem er einkafyrirtæki, og Landsýn, sem er fyrirtæki í eigu samvinnufélaga og verkalýðsfélaga, um tilboð á utanlandsferðum. Þingmenn hafa fengið bréf frá fyrrnefnda fyrirtækinu þar sem segir svo m. a., með leyfi forseta: „Í öðru lagi óskast rannsókn á því, hvort svonefndur aðildarafsláttur Samvinnuferða-Landsýnar sé að einhverju eða öllu leyti greiddur úr sjóðum launþega, og ef svo er, hvort launþegar, er greiða í orlofssjóði, sem jafnframt eru lögum samkvæmt fjármagnaðir af atvinnurekendum, eigi þess kost að nota slíkan ferðastyrk úr orlofssjóði til ferðar með annarri ferðaskrifstofu en Samvinnuferðum-Landsýn, eða hvort sú ferðaskrifstofa sé á einhvern hátt ríkisstyrkt eða vernduð sérstaklega til að veita launþegum slíka fyrirgreiðslu. Sé um hvorugt að ræða, hverjir greiða þá hinn svonefnda aðildarfélagsafslátt? Komi þetta fjármagn ekki einhvers staðar að í formi beinna fjárframlaga er hér um auglýsingablekkingu að ræða og upphaflegt verð hefur verið ofreiknað í því skyni að veita falsaðan afslátt. Í því tilfelli óskast kannað hvort hér sé einnig um brot að ræða á lögum um viðskiptahætti og samkeppnishömlur.

Þar eð hæstv. Alþingi fjallar þessa dagana um frv. um viðskiptahætti og samkeppnishömlur leyfi ég mér að vekja athygli yðar á máli þessu." — Undir þetta bréf ritar Ingólfur Guðbrandsson forstjóri Útsýnar.

Auðvitað er hér á ferðinni mál sem snertir ekki Alþingi beint, en með óbeinum hætti þó þegar rætt er um verðlagseftirlit og eftirlit með ólögmætum viðskiptaháttum, ekki síst vegna þess, að samkv. þessu frv. situr í þriggja manna nefndinni, sem kemur í stað samkeppnisnefndarinnar, fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar sem á að hafa eftirlit með verðlagi í landinu, en ég tel að sé þarna fyrst og fremst til þess að taka þátt í hinum margrómaða og margumtalaða vísitöluleik.

Þetta bréf er athyglisvert og sýnir að oft er langt seilst í samkeppni á milli fyrirtækja. Væri vissulega fróðlegt að heyra, ef hæstv. ráðh. talar síðar í þessari umr., hvaða álit hann hefur á slíkum boðum eins og koma fram hjá því fyrirtæki sem hér um ræðir. Það skal hins vegar tekið fram, að með því að taka þetta mál hér upp á hinu háa Alþingi er ekki verið að fella neinn dóm í þessu máli, heldur bara benda á hvers konar mál getur borið fyrir svokallaða þriggja manna nefnd og Verðlagsstofnunina. Það væri vissulega þess virði að spyrjast fyrir um

það vegna skýringar á sjálfu frv., hvert sé álit hæstv. ráðh. á þessu máli, sem ég veit að hann er gjörkunnugur eins og aðrir hv. alþm.

Við höfum, fimm hv. þm. Sjálfstfl., leyft okkur að gera brtt. við það frv. sem hér er til umr. Þær brtt. eru á þskj. 375 og í örstuttu máli má segja að þær séu þess efnis að færa 8. gr. og 12. gr. laganna um verðlag og samkeppnishömlur til upphaflegs horfs, til sama horfs og hæstv. viðskrh. greiddi atkv. með þegar hann sat á þingi vorið 1978. Sú ríkisstj., sem þá sat, lagði fram það frv. og það var samþykkt bæði af Sjálfstfl. og Framsfl.

Hér er um að ræða fortakslaust ákvæði í 8. gr., þar sem segir að verðlagning skuli vera frjáls þegar um næga samkeppni sé að ræða. Það viðhorf, sem kemur fram í brtt. okkar sjálfstæðismanna, er byggt á margyfirlýstri stefnu Sjálfstfl. sem enginn ágreiningur er um innan flokksins og undirstrikuð var rækilega á síðasta landsfundi hans. Á það var bent réttilega, bæði af þeim, sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., og eins af hinum, sem eru í andstöðu við hæstv. ríkisstj., að enginn ágreiningur er innan flokksins um þetta mál.

Hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, gerði glögga grein fyrir sjónarmiðum sjálfstæðismanna þegar umræður hófust um þetta mál fyrr í þessum mánuði. Þá var á það bent í umræðum, að allar breytingar á skipan mála í átt til meira frjálsræðis væru af hinu góða. En það, sem auðvitað skiptir langmestu máli í þessu máli — eins og reyndar mörgum öðrum málum — er að framkvæmdin dragi dám af þeirri tilætlan sem kom m. a. fram í framsöguræðu hæstv. viðskrh., þ. e. að leitast við að efla samkerfis en verið hefur hér undanfarin ár.
sem það hefur verið í mörg undanfarin ár.

Það er óþarfi að rifja upp í löngu máli forsögu þessa máls. Eins og flestir hv. alþm. vita náðist ekki á sínum tíma, árið 1969, fram hið svokallaða Sonne-frv. vegna afstöðu eins af ráðh. Alþfl. En gera má ráð fyrir að Alþfl. sé nú einhuga í afstöðu sinni til frjálsara verðmyndunarkerfis en verið hefur hér um undanfarin ár.

Þegar frv. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti var til umr. á sínum tíma hér á hv. Alþingi talaði fyrir nál. í Ed. hv. þm. Jón Helgason, 3. þm. Suðurl. og núv. forseti Sþ. Í ræðu sinni sagði hann, með leyfi forseta, m. a.:

„Það á að reyna að fá fram þá kosti sem frjáls samkeppni um verðmyndun kann að geta skapað, án þess að taka þá áhættu að afleiðingin verði gagnstæð, því að með öflugu eftirliti á að fylgjast með verðlagsþróuninni og grípa í taumana ef ástæða verður til. Það er því alger firra að halda því fram, að með þessu frv. sé stefnt að því að gefa kaupsýslumönnum og milliliðum tækifæri til að skammta sér laun. Það á að gefa þeim tækifæri til að sýna kosti frjálsrar samkeppni fyrir neytandann, en misnoti þeir það hefur verðlagsráð víðtækar heimildir til aðgerða."

Hér lýkur tilvitnun í framsöguræðu frsm. fjh.- og viðskn. Ed. vorið 1978, en það var hv. 3. þm. Suðurl. Með þessum orðum hefur hv. 3. hm. Suðurl. tekið undir þann málflutning sem kom fram hjá hv. 1. þm. Reykv. í umr. sem urðu hér fyrr um þetta mál. Vil ég taka undir þessi ummæli. En þau verða auðvitað dálítið sérkennileg þegar til þess er horft, að ekki er nú tekin ákvörðun um að færa lögin til hins upprunalega búnings.

Haustið 1978 varð núv. hæstv. félmrh. viðskrh. í stjórn Ólafs Jóhannessonar. Hinn 25. okt. það sama haust flutti hann ræðu á Alþingi og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Það eru fleiri ástæður en tímafrekur undirbúningur sem leiða til þess, að lengja verður gildistökufrest þessara laga. Í samstarfsyfirlýsingu þeirra stjórnmálaflokka, sem mynda núv. ríkisstj." — ég skýt því inn í, að það er ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar — „er kveðið á um að gildistöku 8. gr. laganna skuli frestað." Og ég skýt hér enn inn í og endurtek: frestað. „Þá hefur athyglin beinst undanfarið að innflutningsversluninni vegna óeðlilega hás innkaupsverðs. Fer nú fram sérstök rannsókn á starfsháttum innflutningsverslunarinnar af þessu tilefni. Kann að reynast nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum í samræmi við niðurstöðu rannsóknarinnar. Enn fremur verður til athugunar hvort aðrar lagfæringar ber að gera á lögunum, t. d. á 8. gr. þeirra."

Þegar Ólafslög svokölluð, lög nr. 13 frá 1979, voru samþykkt kom afstaða Þjóðviljans, málgagns hæstv. félmrh., í ljós. Þar sagði þá í leiðara m. a., með leyfi forseta: „Í frv. var upphaflega gert ráð fyrir að frjáls álagning yrði grundvallarregla í viðskiptalífinu. En því hefur nú fyrir tilstilli Alþb. verið umsnúið á þann veg, að sú regla er nú í fyrsta sinn numin á brott úr íslenskum lögum og íhlutunarréttur og úrslitavald Verðlagsstofnunar og ríkisstj. í verðlagsmálum skýlaust viðurkennt."

Þessi viðhorf voru ítrekuð af hæstv. félmrh. við umr. sem fóru fram fyrir nokkrum dögum. Sýnir það hverjir það eru sem telja sig hafa tögl og hagldir í núv. hæstv. ríkisstj. Mér er nefnilega ljóst að hæstv. viðskrh. er allt annarrar skoðunar en hæstv. félmrh., og hann hefur margoft gefið yfirlýsingar í þá átt, að hann telji að frjálst verðmyndunarkerfi sé af hinu góða.

Þegar nokkrir hv. þm. Sjálfstfl. fluttu frv. til breytinga á þessum lögum sem gengur í nákvæmlega sömu átt og brtt. okkar sjálfstæðismanna nú, flutti hæstv. viðskrh. Tómas Árnason ræðu í Ed. og sagði þá m. a., með leyfi forseta: „Ég fer ekkert leynt með það, enda leggur það fyrir í skjölum Alþingis, að ég var á sínum tíma fylgismaður hinna nýju verðlagslaga sem sett voru í maímánuði 1978, og ég hef ekki skipt um skoðun í þeim efnum síðan. Hins vegar er það annað sem við verðum auðvitað allir að hafa í huga, og það er að við lifum við samsteypustjórnarfyrirkomulag. Við verðum að gera það upp við okkur þegar við tökum þátt í stjórnarsamstarfi, hvað það er af stefnumálum okkar sem við viljum gefa eftir til að ná fram öðru sem við teljum þá e. t. v. meira virði. Ástæðan fyrir því, að ég stóð að breytingu á verðlagslögunum á árinu 1979, var sú, að það var liður í stjórnarsamstarfi sem ég átti þátt í. Það er sú skýring sem ég gef á afstöðu minni þá."

Þetta voru sjónarmið hæstv. ráðh. Tómasar Árnasonar þegar hann sat í vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar. En allir vita að nú situr hæstv. viðskrh. í annarri ríkisstj. og í stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstj. mátti lesa allt annað um þennan málaflokk heldur en ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar hafði komið sér saman um.

Í raun gæti ég lesið upp margar fleiri ræður eftir hæstv. viðskrh. og rifjað upp fyrir honum, eins og full ástæða er til, hver afstaða hans hefur verið til þessara mála. Nægir að nefna í því sambandi ræðu sem hann flutti t. d. á aðalfundi Verslunarráðsins árið 1980 um þessi mál. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem þar komu fram, en óþarfi er að lesa þau upp, svo augljóslega hefur hæstv. viðskrh. gefið í skyn og sagt fullum fetum hver hans sjónarmið eru í þessu máli.

Ég minntist áðan á stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. og vil rifja það jafnframt upp, að á það var lögð áhersla af ýmsum þeim sem sitja nú í þeirri hæstv. ríkisstj., að í kaflanum í málefnasamningnum, 4. tölul., segir m. a. að unnið verði að lækkun vöruverðs. Svo kemur orðrétt, með leyfi forseta: „Að hin nýju verðlagslög komi til framkvæmda undir eftirliti verðlagsráðs, sem fái bætta aðstöðu til að gegna hlutverki sínu.“ Þetta rifja ég upp vegna þess að með þessu orðalagi var fyllilega gefið í skyn að núv. hæstv. ríkisstj. ætlaði sér að breyta lögum þannig, að gömlu lögin um verðlag og samkeppnishömlur yrðu óbreytt eins og þau voru samþykkt á Alþingi á sínum tíma. Samkv. orðanna hljóðan er ekki nokkur vegur að skilja þessi ummæli stjórnarsáttmálans með öðrum hætti. Og þess má geta, að hér var reyndar jafnframt um að ræða eina af helstu og bestu rósum í hnappagati þeirra sjálfstæðismanna sem tóku þátt í þessari hæstv. ríkisstj., *því að þeir hældu sér af því* að hafa komið þessu til leiðar í málefnasamningnum.

Hins vegar er í því frv., sem hér liggur fyrir, ekki lengur vitnað til málefnasamningsins. Nú er vitnað til nýju efnahagsskýrslunnar eða „þorrabakkans“ sem svo hefur verið kallaður, og er sagt frá honum í athugasemdum. Þess vegna er full ástæða til að spyrja hæstv. viðskrh.: Er ákvæðið í stjórnarsáttmálanum niður fallið, eða hefur stjórnarsáttmálinn alls ekki lengur gildi allur, eins og sumir virðast nú álíta, því að lítið er til hans vitnað á undanförnum árum?

Það mætti líka spyrja að því, hvort Alþb. hafi aldrei samþykkt þennan stjórnarsáttmála, því Alþb.-menn tala nú þvert á þau orð sem koma skýrt fram í málefnasamningnum. Eða hafa hæstv. ráðh. Sjálfstfl. og Framsfl. skipt um skoðun í þessu máli? Þeir greiddu allir frv. atkv. sitt vorið 1978, eins og hér hefur áður verið rakið.

Hæstv. viðskrh. og hæstv. félmrh. gerðu báðir að umtalsefni könnun Verðlagsstofnunar á sínum tíma, sem var miðið til umræðu 1979 og 1980, og ræddu þá skýrslu í löngu máli. Það er ljóst að þær umr. leiddu nokkur atriði mjög skýrt í ljós. Við ég í fyrsta lagi benda á að það kom fram í þeim umr., að álagning, sem leyfð er á Íslandi, er lægri en sem nemur dreifingarkostnaði á þeim tíma, í öðru lagi, að verðlagseftirlit á Íslandi er eftirlit með reiknitölum vísitölunnar, en ekki til að tryggja neytendum lágt vöruverð, í þriðja lagi, að verðlagshömlur á Íslandi leyfa ekki hagkvæm innkaup án þess að innflytjandinn tapi á þeim, *í fjórða lagi, að verðlagskerfið hefur* leitt til hærra vöruverðs og þannig skaðað neytendur, í fimmta lagi, að sú verðhaftastefna, sem þá ríkti og ríkir að nokkru leyti enn, hefur skert lífskjörin hér á landi, og í sjötta lagi hafa verðlagshömlur gert verslunarfólk á Íslandi að einni lægst launuðu stétt landsins.

Þetta, sem ég hef nú rifjað upp, það er það sem kom helst út úr umr. um þá skýrslu sem Verðlagsstofnun lét gera á sínum tíma.

Í umr. hér um daginn sagði hæstv. viðskrh. m. a., með leyfi forseta: „Hið opinbera verðmyndunarkerfi hefur í ýmsum tilvikum þjappað saman einstaklingum úr einstökum starfsgreinum til að þrýsta sameiginlega á um hækkun verðtaxta og dregið þannig úr samkeppni. Reynsla yfirvalda er sú, að kröfur þessara hópa um verðhækkanir miðist gjarnan við að rekstur, sem er lakari en í meðallagi, geti starfað áfram án tillits til þess, hvort það er þjóðhagslega æskilegt. Hér hefur vantað hvatningu til hagkvæms rekstrar og góða stjórnun fyrirtækja.“

Síðar sagði hæstv. viðskrh.: „Hin ströngu verðlagsákvæði hafa slævt verðskyn neytenda. Neytendur telja, að hið opinbera verðlagseftirlit verndi þá betur en það í raun gerir, og halda því ekki vöku sinni sem skyldi. Neytendur hafa að vissu marki trú á hinum opinbera stimpli. Það þarf mikinn fjölda, allt að því herskara eftirlitsmanna *til að tryggja að hinni opinberu álagningu* sé fylgt í reynd.“

Og enn síðar sagði hæstv. ráðh.: „Stefnumörkun ríkisstj. um að draga úr beinum opinberum afskiptum af verðlaginu og það frv., sem hér hefur verið lagt fram, eru veigamiklir þættir í að koma hinni breyttu skipan á, en það þarf ekki síður að hyggja að sjálfri framkvæmd laganna.“

Ég vil taka undir öll þessi atriði sem hæstv. ráðh. lét koma fram í þeim orðum sem ég hef vitnað til í hans ræðu. En spyrja má þeirrar spurningar í framhaldi af því: *Hvers vegna beitti hæstv. viðskrh. sér ekki fyrir því* að fara að þeim sjónarmiðum sem hann telur að séu best í þessu máli, en það er að hafa frjálsa verðlagningu þar sem samkeppni er næg? Þessari spurningu hefur hæstv. ráðh. ekki svarað nægilega skýrt.

Hæstv. ráðh. lýsti því í sinni ræðu, að erfitt væri að koma við frjálsri verðlagningu vegna hinnar miklu verðbólgu hér á landi, og sagði að þess vegna væri ástæða til að feta brautina í átt til sveigjanlegra verðlagskerfis. Þetta atriði hefur margoft komið fram í umr. um verðlagsmál og ýmsir hafa gripið til þess ráðs að segja: Því miður, við getum ekki haft sama verðlagskerfi og gengur og gerist í nágrannalöndum, því að hér á landi er svo mikil verðbólga.

Um þetta fjallaði á sínum tíma Ólafur Davíðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunar, og hann sagði á fundi, sem haldinn var hér í bænum fyrir rúmu ári, þegar hann var spurður að því, *hvort verðbólga kæmi í veg fyrir að* verðlagskerfinu væri breytt í frjálslegra horf, með leyfi forseta:

„Það er ekki margt sem bendir til þess, að breytingar hefðu afgerandi áhrif á verðlagsþróunina. Það færi að vísu eftir því, í hvaða efnahagsástandi það gerðist. Kerfið hefur e. t. v. reyrt menn fasta í ákveðið mót og það tæki sennilega tíma að aðlagast breytingum í þessum efnum. En ég hef þó ekki trú á að kerfið rígbindi menn þannig að ekkert svigrúm sé til breytinga“.

Í þessum orðum Ólafs Davíðssonar, sem er einn af *helstu sérfræðingum ríkisstj. í þessum málum* og öðrum, kemur glögglega fram að í raun og veru er ekkert samband á milli frjálsrar verðlagningar þar sem samkeppni er næg og verðbólgunnar hins vegar. Á þetta vil ég leggja mikla áherslu það að allt annað er ósatt og sannast best á því, að þegar verðlagshöft hafa verið mest hér á landi og jafnvel verðstöðvun, og þá verðstöðvun jafnvel í einum, tveimur, tvennum eða þrennum lögum, þá hefur verðlag hækkað langsamlega mest. Þess vegna mætti miklu fremur halda því fram, að það væri beint samband á milli fjölda þeirra laga, sem fjalla um verðstöðvun hér á landi, og verðbólgunnar: Því fleiri verðstöðvunarmörk, þeim mun meiri verðbólga. Auðvitað er það ekki mín skoðun, því að það vita allir, sem eitthvað nenna að setja sig inn í þetta mál, að þarna er ekki um samband að ræða. Það, sem skiptir máli, er að samkeppni sé næg. Það er hún sem leiðir til lægra vöruverðs. Það er hún sem gerir neytandann að herranum í þessu máli. Og það er hún sem lækkar vöruverðið öllum til góða.

Ég ætla ekki frekar að vitna til ræðu hæstv. viðskrh. Ég veit að í hjarta sínu vill hann standa við og stendur við þá skoðun sína sem fram kom í atkv. hans vorið 1978, þótt af einhverjum einkennilegum ástæðum, sem hann þorir ekki að viðurkenna telji hann núna að þetta sé það besta sem hægt sé að gera, þvert á þann stjórnmálasáttmála sem núv. ríkisstj. starfa eftir.

Hæstv. félmrh. og fyrrv. viðskrh. flutti ræðu fyrr þegar þetta mál var til umr. hér í hv. deild og fór auðvitað vítt og breitt í málinu, eins og hans er vandi, og hrópaði gamlar fullyrðingar í þessum málum sem sýnir það eitt að Alþb. hefur ekkert lært í þessum málum, þótt hann viðurkenni að vísu að það væri óþarfi að hafa verðstöðvunarlög enn þá í gildi. Ég óska hæstv. félmrh. til hamingju með að hafa rekið augun í að verðbólgan geisar áfram þrátt fyrir verðstöðvunarlögin. Að öðru leyti var hann með gamlar lummur sem óþarfi er að fara út í eða rökræða. En það er eitt atriði, sem kom fram í ræðu hans, sem ég held að sé ástæða til að leggja nokkra áherslu á.

Hann fjallaði um innkaup á vörum með opinberri íhlutun og sagði m. a. með leyfi forseta: „Hæstv. fjmrh. hefur farið þess á leit við Innkaupastofnun ríkisins, að hún kanni þetta mál alveg sérstaklega, og sú könnun hefur verið í gangi nú nokkra hríð. Við teljum að með þessu móti mætti jafnvel veita innflutningsversluninni hér verulegt aðhald og tryggja það, að vöruinnflutningur á stórum og þýðingarmiklum neysluvörum hér í landinu verði hagkvæmari en verið hefur.“ Síðan sagði hann, að þetta væri nauðsynlegt vegna þess að reynslan sýndi að innflutningsverslunin á Íslandi væri baggi á þjóðarbúinu, og hélt áfram í þessum dúr.

Þetta voru athyglisverðar upplýsingar, sem komu fram hjá hæstv. félmrh., og nú er ástæða til að spyrja hæstv. viðskrh.: Vissi hann af þessu? Veit hann um það sem hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. eru að bauka í þessum málum? Er það kannske hæstv. ríkisstj. sem hefur komið sér saman um að efna til opinberra innkaupa með þessum hætti? Þetta kom ekki fram í síðari ræðu hæstv. viðskrh. þegar þetta mál var fyrr til umr., en það væri vissulega þess virði að fá hann til að svara því skýrt og skorinort, hvort hér sé verið að fylgja stefnu hans og annarra aðila í hæstv. ríkisstj., og þar á ég við hæstv. ráðh. úr röðum sjálfstæðismanna.

Hæstv. viðskrh. tók nefnilega aftur til máls, fyrr þegar þetta mál var til meðferðar, og nefndi þá ekki opinberu innkaupin einu einasta orði. Hann fjallaði þar aðallega um niðurtalningu og reyndi að bera blak af þeirri stefnu framsóknarmanna. En þeir gerast nú færri og færri með degi hverjum sem þora að taka sér þetta orð í munn í þeim flokki af eðlilegum og auðskiljanlegum ástæðu.

Hæstv. viðskrh. lýsti stefnu hæstv. ríkisstj. með þessum orðum, með leyfi forseta: „Það var þá ákveðið, að hafa ríkt aðhald í verðlagsmálum og gjaldskrám þjónustufyrirtækja. Það var ákveðið að lækka skatta á lægri tekjum. Það var ákveðið að lækka aðflutningsgjöld talsvert verulega, m. a. afnám aðlögunargjaldsins og fleira, og það var tvívegis framkvæmd lækkun á vöxtum og það er lækkun á fjármagnskostnaði.“

Hér lýkur tilvitnun í orð hæstv. viðskrh. þegar hann var að lýsa niðurtalningaraðgerðum hæstv. ríkisstj. Hann talaði sem sagt um aðhald í verðlagsmálum og gjaldskrám þjónustufyrirtækja. Þetta er athyglisvert þegar haft er í huga að nú eru tekin gífurleg erlend lán til þess m. a. að standa straum af miklum hallarekstri opinberra stofnana og fyrirtækja sem gætu vissulega borið sig ef verðlagning verðmyndunarkerfa væri með öðrum hætti. Má þar t. d. tala um Hitaveitu Reykjavíkur og Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En ef draga á úr erlendum lánum til þeirra fyrirtækja hækkar rafmagnsverð hjá Reykvíkingum líklega um 90% á þessu ári.

Hann talaði um skattalækkanir á sama tíma og skattahækkanir hafa verið með þeim endemum að aldrei áður í sögunni hafa skattar á jafnfáum árum verið hækkaðir jafnrækilega og á valdaárum síðustu ríkisstj. Hann talaði um lækkun á aðflutningsgjöldum nú, einmitt þegar verið er að afgreiða svokallað tollafgreiðslugjald, og benti á afnám aðlögunargjaldsins, rétt eins og hann hefði ekki hugmynd um að ríkisstj. efndi að sjálfsögðu til nýrrar skattlagningar til að koma í staðinn fyrir þá skatta sem fengust með aðlögunargjaldinu. Og hann talaði um framkvæmd á lækkun á vöxtum, á sama tíma og ríkisstj. stendur fyrir því með útgáfu spariskírteina að sprengja það vaxtastig sem hefur verið í gangi í landinu. Það er sérstök ástæða til að benda rækilega á að með aðgerðum sínum við útgáfu spariskírteina nú hefur ríkisstj. í raun tekið fyrsta skrefið í að lækka ekki vexti, heldur hækka þá stórlega því auðvitað verða aðrir aðilar, bankar og sjóðir, að hækka bæði innláns- og útlánsvexti í samræmi við þá stefnu ríkisstj. sem kemur fram í útgáfu spariskírteinanna. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu og spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann trúi því virkilega að útgáfa spariskírteinanna og betri ávöxtunarkjör á spariskírteinunum leiði í raun til vaxtalækkana eða til hins gagnstæða. Ég veit að hæstv. viðskrh. þekkir þetta mál það vel að hann gerir sér glögga grein fyrir að þessi aðgerð leiðir að sjálfsögðu til gífurlegra vaxtahækkana vegna þess að þarna er um að ræða samkeppni um sömu fjármunina.

Það er saga út af fyrir sig og kannske ekki ástæða til að ræða hana hér, hvernig hæstv. ríkisstj. lítur á bankakerfið í landinu. Fyrir örfáum dögum tekur hæstv. ríkisstj. sig til og gefur út spariskírteini, sem auðvitað hefur þær afleiðingar að fjármunirnir fara út úr bankakerfinu og til ríkisins. Í efnahagsskýrslu ríkisstj. segir hins vegar svo í kaflanum um peningamál, með leyfi forseta: „Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ýtrasta aðhalds í útlánum, þannig að þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna“ Og síðan: „Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu.“ Hvers konar Bakkabræður eru hér á ferðinni? Nei, hæstv. ráðh. þarf að koma hér í ræðustól og gera hreint fyrir sínum dyrum. Hvernig má það vera, að í dag sé hægt að gefa út spariskírteini með mun hærri vöxtum og segja samt annars staðar við svipað tækifæri að það eigi að leggja að innlánsstofnunum að gæta ýtrasta aðhalds í útlánum og síðan eigi að lækka vexti? Þetta er mál sem hæstv. ráðh. verður að gefa skýringu á. Og það er ekki nóg með þetta, heldur segir jafnframt í efnahagsskýrslunni að það eigi að draga úr erlendum lántökum og í því skyni eigi að leita samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun og framkvæmdum. Enn á ný á að taka peninga úr bankakerfinu og færa þá til ríkisins. Til viðbótar á að leggja sérstaka skatta á banka og sparisjóði. Í þeim kálfi, sem fylgdi efnahagsskýrslu ríkisstj., er síðan sagt að nú eigi að bæta húsbyggjendum upp þann missi, sem þeir hafa orðið fyrir á undanförnum árum, með því að láta viðskiptabankana greiða enn

meira en þeir hafa gert fyrir húsbyggjendur.

Menn halda auðvitað að þetta sé tómt grín. Það skil ég vel. En hér er í fyllstu alvöru verið að fjalla um efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. Það er verið að sölsa til sín fjármagn á öllum sviðum þjóðlífsins. Og það er alvarlegt með hæstv. viðskrh., sem ég veit að hefur staðgóða þekkingu á þessum málum, maður sem hefur sagt margt gott í ræðu og riti og komið oft fram á mannamótum og talað skynsamlega um þessi mál, að hann skuli standa fyrir þessari endileysu. Það eru sorgleg örlög eins manns.

Herra forseti. Það væri vissulega ástæða til að fjalla ítarlegar um þetta mál og önnur mál í samhengi við það, en ég tel ekki ástæðu til að gera það að sinni. Það er ljóst að það frv., sem hér liggur fyrir, gengur í rétta átt, en allt of skammt. Það er auðvitað framkvæmdin á þessum lögum sem hefur úrslitaþýðingu. Við leggjum þess vegna til, sjálfstæðismenn, að samþykkt verði till. okkar, sem gengur út á að færa orðalag greinanna í lögunum um verðlag og samkeppni til síns upprunalega horfs. Við bendum á að Alþb. er eini stjórnmálaflokkurinn sem er á móti meira frelsi í verðlagsmálum þegar full samkeppni er til staðar. Samt er þessi stjórnmálaflokkur, 11 hv. alþm. af 60, látinn ráða ferðinni meira og minna í þessum málum.

Þá hef ég bent á það í minni ræðu og tel ástæðu til að ítreka að ríkisstj. hefur gefist upp á niðurtalningarstefnunni, ef hún hefur þá einhvern tíma verið sett fram í einhverri alvöru á vegum hæstv. ríkisstj. Tek ég þá fram að ég efast ekkert um heilindi hæstv. viðskrh. og þeirra framsóknarmanna og þeir hafi ætlað að fylgja þessari stefnu fram, en það hefur greinilega mistekist.

Ég tel, herra forseti, að það verði að láta reyna á það á hinu háa Alþingi, hvort höfundar og flm. frv. frá 1978 ætla nú á grundvelli eigin málefnasamnings, að hverfa til þeirrar löggjafar sem þeir sömdu vorið 1978, eða hvort þeir hafa gert baksamning við Alþb. um að fresta gildistökunni eða jafnvel að koma í veg fyrir að frjálst verðmyndunarkerfi verði tekið upp þar sem það á við hér á landi.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Frv. það til laga um breyt. á lögum nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sem hér er á dagskrá er að mínu mati og margra annarra, sem viðskiptum eru kunnugir, nokkuð til bóta, en þó er hér ekki nógu langt gengið. Ég lít á þetta sem vissa viðurkenningu og vissan árangur af margra ára þrotlausu starfi þeirra sem eru innan vébanda Verslunarráðs Íslands, og ég fagna því, að Alþb.-menn skuli hafa á vissan hátt verið píndir til að ganga svo mjög á skoðanir sínar að samþykkja að vera meðflm. að þessu frv. En þó var að heyra á hæstv. félmrh., þegar hann flutti ræðu sína fyrir nokkrum dögum, að það skref, sem þarna er stigið, hafi ekki verið tekið af fúsum og frjálsum vilja, heldur sé það tekið til að halda einhvers konar samvinnu innan ríkisstj., því sjaldan hef ég heyrt mann tala bæði með og á móti sama stjfrv. af eins miklum eldmóð — og þó heldur meira á móti — og hæstv. félmrh. þegar hann tók til máls í annað sinn á þeim fundi.

Annars verð ég að gera athugasemd við málsmeðferð. Við erum 60 þm., og þegar ríkisstj. leggur fram frv. er allt að því óþolandi að ráðh. skuli taka svo mikið af umræðutíma Alþingis þann dag, sem aðalumr. fara fram við 1. umr., að venjulegir þm. fái ekki tíma til að segja eitt einasta orð. Ráðh. stóð hér upp hvað eftir annað um daginn, og áður en nokkur vissi af var fundartíminn liðinn og fundi slitið. Síðan koma blaðafregnir á borð við það sem birtist í Þjóðviljanum, eins og enginn annar þm. hafi neitt haft við þau ummæli að athuga.

Ég álít að þetta frv. sé þó nokkur árangur af mikilli vinnu Verslunarráðs Íslands í langan tíma í frjálsræðisátt. Ég harma að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson er ekki í salnum. Ég ætlaði að tala nokkur orð til hans. — Þetta frv. gengur þó ekki nægjanlega langt í frjálsræðisátt. Þá á ég að sjálfsögðu við það sem segir í 4. gr. frv., að Verðlagsráð, — með leyfi forseta — getur tekið ákvarðanir um breytingar á þessum samþykktum, og þegar samkeppni er að mati ráðsins nægileg til þess, að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag getur það fellt verðlagningu á vöru og þjónustu undan verðlagsákvæðum. Mér er spurn enn þá einu sinni: Hvað vantar á að samkeppnin sé nægjanleg í landinu til þess að verðmyndun geti verið frjáls? Ég get ekki ímyndað mér að það vanti nokkurn skapaðan hlut á. Hér á landi er meira gert til að hafa eðlilega samkeppni og eðlilega frjálsa verðmyndun en í nokkru öðru landi sem ég þekki til því að hvergi eru samtök fólksins — Samband ísl. samvinnufélaga er nú oft nefnt — sterkari en hér á landi.

Samkv. upplýsingum, sem forustumenn samvinnuhreyfingarinnar hafa nýlega gefið í sjónvarpi, eru 42 þús. félagar — ekki viðskiptavinir, heldur félagar — í sambandi kaupfélaga um land allt. Það er stór hluti af þjóðinni. Auk þess er gríðarlega mikill fjöldi sem verslar við Sambandið og kaupfélögin. Enginn af þeim milliliðaþáttum, sem eru í verðmynduninni hjá Sambandinu, er utan samvinnuhreyfingarinnar. Allir milliliðaþættir: þóknun, gróði eða hvað sem þið viljið kalla það — er inni í verðmyndunarkerfinu Sambandsins. Ég hef áður rakið það hér, að Sambandið gerir sameiginleg innkaup með stórum aðilum erlendis og á aðgang að hæsta afsláttarmagni, flytur yfirleitt vöruna með eigin skipum, er með eigin vinnuflokka til að skipa upp úr skipunum og vinna að lestun og losun, hvort sem það er frá útlöndum eða úr vöruskemmum hér til sendinga út á land. Þeir flytja það yfirleitt með eigin flutningatækjum, þeir geyma vöruna í eigin vörugeymslum og dreifa henni í eigin verslanir, selja mest til eigin félagsmanna og markaðurinn er þar með tryggður að verulegu leyti fyrir fram. (**Gripið fram í:** Tryggja það með eigin tryggingafélagi.) Tryggja það með eigin tryggingafélagi o. s. frv. Með þessu fyrirkomulagi er enginn milliliðakostnaður í starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga og kaupfélaganna, en hann er mjög þungur á öllum þessum stigum hjá hinum frjálsu innflytjendum, hinum mörgu smáu innflytjendum og dreifendum vöru í landinu. En þó er verðið hjá þessum dreifingaraðilum og jafnframt innflytjendum þ. e. sambandinu ekkert lægra en hjá öðrum innflytjendum á frjálsa markaðinum sem þurfa á öllum stigum að bera þennan milliliðakostnað. Aðstæður til að gefa verðmyndunina frjálsa eru því fyrir í landinu. Ég er ekki að segja að hér eigi að breyta einhverju. Ég held að Sambandið hafi gert margt gott.

Það er alveg augljóst að einmitt verðlagseftirlitið, eins og það hefur verið rekið, hefur haldið uppi vörunni og komið í veg fyrir þá samkeppni sem gæti lækkað vöruverð og kannske bætt þjónustu við neytendur. Það er alveg augljóst. Því segi ég: Hvað er því til fyrirstöðu að verðmyndunin verði gefin frjáls þegar í stað — eða hvað

þarf til viðbótar samtökum innflytjenda og vörudreyfenda til þess að verðmyndunin geti orðið frjáls? Er ekki nóg að hafa 42 þús. fasta meðlimi innan þessa hrings og til viðbótar þá aðra sem versla við kaupfélögin og samvinnuhreyfinguna? Hver þarf prósentutalan af þjóðinni að vera í samtökum samvinnumanna til þess að verðmyndunin geti verið talin frjáls ef aðstæður skapast til að gefa hana frjálsa? Þetta er umhugsunarefni og ég held að menn ættu að fara að átta sig á hvað hér er um að vera. — En það er enginn í hinum frjálsu samtökum sem óskar eftir breytingu á starfsemi Sambands ísl. samvinnufélaga eða láir því eða lastar það fyrir starfsemi þess. En við viljum að samkeppnin verði gefin frjáls til þess að það komi þá í ljós, hvort hinir mörgu smáu, sem borga allan milliliðakostnaðinn, gætu hugsanlega lækkað vöruverðið ef frelsi ríkti. En ef það er rétt, sem kemur fram hjá hæstv. ráðherrum, sérstaklega hæstv. félmrh., í forsíðugrein eftir síðustu umr., þar sem enginn fékk að svara, að heildsalafjöldinn sé baggi á þjóðinni, með leyfi forseta, hvað er þá mikið umfram í innflutningsverslun hjá Sambandi ísl. samvinnufélaga? Verðið — útsöluverðið, verð til neytenda — er ekki lægra hjá samvinnuhreyfingunni en hjá hinum frjálsa innflytjanda.

Undirfyrirsögn hérna, með leyfi hæstv. forseta, er svona: „Gróði heildverslunar er ekki áhyggjuefni Sjálfstfl." Menn grípa til svona slagorða og að einhver ákveðinn stjórnmálaflokkur eða stjórnmálamenn hafi gróðann að leiðarljósi, eins og segir hér, með leyfi forseta, að sjálfstæðismenn ættu sér eitt leiðarljós að markmiði, leiðarljós gróðans. Hvílík málefnafátækt að grípa til meiningarlausra slagorða sem eiga að ná til flokksbundinna manna í Alþb., bara vegna þess að fólki í landinu, sem hingað til hefur stutt stefnu og vinnu Alþb. í ríkisstj., er farið að leiðast þófið og Alþb. er að tapa fylgi. Það verður að fara að koma eitthvað fram einhvers staðar sem getur talist bitastætt í málflutningi og aðgerðum. Þarna var loksins eitthvað. Það er verslunarstéttin og þá að sjálfsögðu gróði, einhver óheiðarleg vinnubrögð. Þá er tækifæri til að koma því á Sjálfstfl. En þetta er málflutningur sem nær ekki til hugsandi manna og er ráðherrum lítið til sóma að grípa til svona málflutnings í málefnafátækt sinni.

Ég held, eftir að hafa hlustað á hæstv. viðskrh. og kannske hæstv. félmrh. tala um sama málið, að það sé verulegur ágreiningur innan ríkisstj. um þetta mál. Ég hefði gaman af að fá svar við því frá báðum þessum ágætu ráðh., hvort það er rétt mat hjá mér, að um þetta mál sé ágreiningur. Ágreiningurinn felst í því að sjálfsögðu, að annar aðilinn vill heldur meira frelsi og hinn aðilinn vill alls ekki neitt frelsi. Frelsi, frelsi hugsjónamanna og þá alveg sérstaklega frelsi einstaklingsins, er vopn í höndum einstaklingsins. Þetta hættulega vopn, frelsið, má ekki afhenda einstaklingum og síst af öllu þeim vondu mönnum, sem stunda þjónustu í okkar ágæta landi við landsmenn alla þegar um aðflutning á nauðsynjavörum er að ræða.

Alþb. er auðsjáanlega enn þá, þrátt fyrir náið samstarf við lýðræðisflokka — og þar eru ágætismenn, sjálfstæðismennirnir, í ríkisstj. með þeim, — það er enn með þennan gamla hugsunarhátt um ríkisforsjá á öllum sviðum, á bókstaflega öllum sviðum. Og það er ekki nóg. Að sjálfsögðu þarf ég ekki að taka fram að slíkur hugsunarháttur er andstæður mínum lífsskoðunum. Ég er á móti þessum ríkisafskiptum og tel að einkarekstur eða hlutafélagsrekstur á sem flestum sviðum geti miklu betur gegnt hlutverki sínu en ríkisreksturinn, og orðið til blessunar.

Í sama Þjóðviljablaði sem ég minntist á áðan, það er dagsett 23. febr., og vitnað í málflutning hæstv. félmrh., er talað um að Innkaupastofnun ríkisins verði einkainnflutningsaðili á timbri. Hvað erum við að fara marga áratugi aftur í tímann í viðskiptaháttum? Við erum búin að reyna viðtækjaeinkasölu, við erum búin að reyna bifreiðaeinkasölu, við erum búin að reyna ýmislegt slíkt. Allt hefur þetta reynst illa. (**Gripið fram í:** Nei.) Það er ekki rétt að taka svona einstaka vöruflokka út úr og þá samkeppnina út úr innkaupunum, en það er mjög mikil samkeppni í innkaupum á timbri frá hinum ýmsu löndum. Reyndar kemur það í ljós ef menn skoða hvaðan þessi vörutegund er flutt. Stundum er hún flutt vestan frá Kanada og þó oftast nær frá Evrópulöndum, einkum Norðurlöndum. Þá eru mjög miklar sveiflur á timburverði í ýmsum löndum á heimsmarkaðinum frá degi til dags. Mér er alveg óskiljanlegt að ætla að fara að gera þennan vöruflokk að einhvers konar einkasölufyrirbæri hér heima fyrir, miðað við þá reynslu sem fengin er af einkasölum sem hér hafa verið.

Hitt er annað mál, að hvað varðar annan vöruflokk hefði kannske mátt breyta fyrirkomulaginu. Ég á ekki við einhvers konar einkasölufyrirbæri, heldur að erlendum aðilum verði gert að skyldu að hafa hér birgðir án þess að ríki eða einstaklingar fjárfesti eina einustu krónu. Það er olían. Hana eiga olíufélög að geyma í okkar landi án þess að við höfum nokkurn kostnað af því. Við Íslendingar eigum að kaupa af þeim tönkum eins og um tollvörugeymslu væri að ræða, og allur fjármögnunarkostnaður, sem við nú berum, ætti að hverfa. Ef olíufélögin fást ekki til að hafa hér birgðir sem við kaupum af eftir þörf, við getum skyldað þau til að hafa hér ákveðnar birgðir til ákveðinna mánaða, þá á að bjóða út á heimsmarkaðinum markaðinn hér heima fyrir. En eins og við stöndum er þetta baggi, ekki bara á olíufélögunum og þjóðfélaginu öllu, heldur á bankakerfinu, langt umfram það sem nokkurs staðar þekkist annars. Hugsunarvillur eru því áfram í öllum málflutningi viðkomandi ráðh, ég á við félmrh. í þessu tilfelli.

Ég harma að finna í málflutningi hæstv. félmrh. hér á dögunum að hann telji þetta varhugavert frv., þrátt fyrir að hann mæli óbeint með því, vegna þess að í því felst aukið frelsi. Það er alveg furðulegt að menn skuli sjá einhverja hættu í frelsi einstaklingsins og þá sérstaklega á sviði viðskipta. Íslendingar eiga ekki árið 1982 að taka við frelsi á einhverju sviði í smáskömmtum. Frelsi á ekki að tala um eins og það sé vont.

Þá taldi hæstv. ráðh. að prósentuálagning á vörur væri röng og hana ætti að afnema. Það getur út af fyrir sig verið rétt hjá ráðh. Og hún hefur verið afnumin. Verslunaraðilar hafa þurft að taka við svokallaðri krónutöluálagningu sem 30% reglan gilti um. En af hverju er verið að setja þessi höft á fyrirtæki og einstaklinga, en ekki ríkið? Af hverju ná ekki sömu lög yfir ríki og einstaklinga? Hvað á að þýða að halda áfram með prósentuálagningu fyrir ríkið, en svo krónutöluálagningu fyrir einstaklinga? Og hvað þýðir þessi aðgerð? Krónutöluálagningin er frysting á álagningu, á að vera til þess að sporna gegn verðbólgu. En prósentuálagningin heldur áfram hjá ríkinu. Það þýðir að erlendar hækkanir, þ. e. sá erlendi innflutti vandi, eru skattlagðar af ríkinu. Maður

skyldi ætla að ríkið léti sér nægja krónutöluálagningu líka, en ekki aldeilis. Ríkið þarf alltaf meira. Ríkið er óseðjandi. Það getur aldrei hagað sér og hefur ekki efni á að haga sér eftir þeim lögum sem það setur sjálft. Þetta er alvarlegt umhugsunarefni.

Hæstv. viðskrh., sem er einnig bankamálaráðh., kom lauslega í málflutningi sínum að niðurtalning og niðurtalningaraðferðinni svokölluðu til að ráða bót á verðbólgunni og kom þar lítið, en þó kom hann að ráðstöfunum sem hafa verið gerðar í peningamálum. Hv. 10. þm. Reykv. gerði þetta að nokkru umræðuefni, og ég ætla ekki að endurtaka það sem hann sagði, en ég tek fram að ég er honum hjartanlega sammála. Það er eitt sem hæstv. bankamálaráðh. verður að skilja, og ég fer þar eftir yfirlýsingum sem þjóðbankastjórar hafa gefið. Er það ætlun ríkisstj. og Seðlabankans að undirstrika þá stefnu *ríkisstj. og Seðlabankans — það er ekki stefna þess* banka sem mér hefur verið trúað fyrir af hv. Alþingi — að loka peningana inni, hvort sem það er með skuldabréfasölum eða á annan hátt, draga þá inn í Seðlabankann og setja þá út bakdyramegin í ríkishítina? Ef það á að vera markmiðið að loka peningana inni og fólkið og fyrirtækin úti, þá er sú stefna röng vegna þess að peningarnir eru vinnutæki þjóðarinnar, fyrirtækjanna og fólksins. Þetta þýðir ekkert annað en það, að frestun verður á öllum framkvæmdum og öllu því sem nauðsynlegt er til að venjuleg þróun eigi sér stað hér á landi eins og alls staðar annars staðar. Einhvern tíma kemur að því, að slík stefna veldur sprengingu í efnahagskerfinu, sem við ráðum illa eða alls ekki við. Það skiptir kannske núv. ríkisstj. ekki nokkrum sköpuðum hlut. Það verður kannske önnur komin til að leysa þann vanda. En þetta er mál sem ekki er hægt að líta fram hjá.

Ég ætla að ítreka að skoðun mín er sú, að með þessu frv. sé búið að opna vissar dyr til frelsis. Hvort fyrirtækin eða þjóðin fær að komast inn fyrir þröskuldinn í átt til frelsis í verðmyndun, frelsis á sviði viðskipta, skal ósagt hér og nú. Eins og kom fram áðan hjá hv. 10. þm. Reykv. fer það eftir framkvæmdinni og eftir því hvor skoðunin verður ofan á, skoðun hæstv. félmrh. eða skoðun hæstv. viðskrh., um hvernig framkvæmdinni skuli hagað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. sem talaði áðan. Hann kvartaði nokkuð yfir því, að ráðh. hefðu tekið mikinn tíma í upphafi máls síns í umr. á dögunum. Ég vil láta það koma fram í sambandi við það, að það var ósk forseta, vegna þess hvernig mál væri hér á ferðinni, að fyrst í umr. töluðu fulltrúar allra flokka, áður en umr. hæfust að öðru leyti. Það var þess vegna sem ég talaði strax í upphafi, vegna þess að ég var að gera grein fyrir afstöðu Alþb. til þess frv. sem hér er á dagskrá um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og breytingu á lögum í þeim efnum.

Hv. þm. ræddi málið vítt og breitt og mætti sjálfsagt nokkuð margt um það segja sem hann sagði í ræðu sinni. Hann fjallaði nokkuð um orð mín varðandi það, að innflutningsverslunin væri baggi á þjóðarbúinu, eins og Þjóðviljinn hafði rétt eftir mér daginn eftir umr. hér í þinginu, og taldi að þar væri mjög ranglega með farið. Ástæðurnar fyrir því, að ég flutti þessa skoðun, voru ekki einasta þær, að ég tel að það eigi að vera almenn stefna ríkisstjórnar og stjórnmálaflokka í landinu, sem vilja taka á málum með ábyrgum hætti, að draga sem allra mest úr milliliðakostnaði í þjóðfélaginu. Það á að vera almenn stefna. Ég hélt að það væri stefna allra stjórnmálaflokka að draga úr milliliða- og dreifingarkostnaði í þjóðfélaginu þannig að það verði meira til skiptanna til annarra þátta. Hv. þm. Albert Guðmundsson gaf fyllilega í skyn að það væri í raun og veru ekki hans stefna, heldur ættu þessir aðilar að hafa allt sitt á þurru meðan þrengt væri að öðrum í þjóðfélaginu, eins og t. d. kaupmætti almennings og framleiðsluatvinnuvegunum, svo ég nefni dæmi. Ég tel að leggja eigi á það höfuðáherslu sem almenna viðmiðun að draga úr milliliðakostnaði í þjóðfélaginu. Við eigum að spara þar eins og mögulegt er. En fyrir utan þá ástæðu, sem felst í þessum almennu viðhorfum mínum, lágu á bak við orð mín einnig þær ástæður, að ég hef undir höndum könnun sem gerð var á innflutningsversluninni árin 1978 og 1979. Það koma *fram býsna alvarlegir hlutir og það er ekki hægt að líta* fram hjá þeim í þessum umr. rétt eins og þeir séu bara búnir til af einhverjum vondum kommúnistum. Hér var um að ræða könnun sem unnin var með mjög heiðarlegum og vönduðum hætti af Verðlagsskrifstofunni á sínum tíma. Helstu niðurstöður þessarar könnunar, sem Georg Ólafsson verðlagsstjóri stýrði, voru þessar:

1. Niðurstöður þessarar athugunar gefa til kynna að sú vísbending um hærra innkaupsverð til Íslands en til hinna Norðurlandanna, sem fram kom í samnorrænni verðkönnun 1978, eigi við rök að styðjast.

2. Þær orsakir eða áhrifaþætti, sem virðast einkum valda þessum verðmun, má flokka í umboðslaun, milliliði, óhagkvæmni, fjármagnskostnað og sérstöðu landsins.

3. Verulega virðist vanta á að erlend umboðslaun skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka, sem skilað er í banka, og þeirra, sem talin eru fram til skatts, má ætla að vanskil á umboðalaunum hafi í för með sér undanskot á tekjum til skatts.

4. Með markvissum skammtíma- og langtímaaðgerðum má bæta þá óheilbrigðu viðskiptahætti, sem viðgengist hafa í innflutningsversluninni, og lækka með því vöruverð og draga úr gjaldeyriseyðslu.

Þessar voru hinar almennu niðurstöður þessarar könnunar á sínum tíma sem verðlagsstjóri vann. Eins og menn tóku eftir flokkar hann verðmuninn á innflutningsverði til Íslands og annarra Norðurlanda í ákveðna þætti, og það er nokkuð fróðlegt að sjá hvernig þessir þættir koma út. Þetta er nefnilega reiknað út mjög nákvæmlega í þessari skýrslu.

Þar kemur fram að á árinu 1978 var heildarinnflutningur til landsins 125 milljarðar gkr. Umboðslaun eru talin vera 7.5 milljarðar gkr. Svokölluð óhagkvæmni er talin vera 3 milljarðar gkr. Kaup í gegnum erlenda milliliði eru talin valda hækkun á innflutningsverði til Íslands um 5 milljarða gkr. árið 1978. Fjármagnskostnaður er talinn valda þarna u. þ. b. 3 milljörðum gkr. og sérstaða landsins er metin á 3 millj. gkr. Samtals var munurinn á þessu eina ári 21.5 milljarðar gkr. Menn geta ekki gengið fram hjá svona staðreyndum og yppt öxlum og sagt þetta allt í besta lagi. Það er ekki allt í lagi þegar útkoman er með þessum hætti. Og það, sem ekki síður er alvarlegt, er að í þessari skýrslu er fullyrt að umboðslaun hafi ekki skilað sér að fullu og öllu. Í ákveðinni töflu í skýrslunni kemur það fram, á bls. 9, að vantað hafi á árinu 1978 umboðslaun upp á 2.3 milljarða, sem hafa ekki verið skilað, og á árinu 1977 umboðslaun upp á 1.8 milljarða.

Hér á landi eru hundruð manna að vasast í heildverslun. Hér eru fleiri menn í heildverslun en nokkurs staðar annars staðar. Þetta er dýrt kerfi. Ég hélt að þeir, sem vildu að fjármunir landsmanna nýttust sem best, hlytu að vera sammála um að þetta væri of dýrt kerfi þegar það kostar það, að við þurfum að borga 20 milljörðum kr. meira fyrir innflutning til landsins árið 1978 en ella hefði þurft að vera. Hér er um hrikalegar tölur að ræða. Það er gersamlega útilokað fyrir Alþingi Íslendinga eða talsmenn stjórnmálaflokka eins og Sjálfstfl. að ætla sér að yppta öxlum yfir þessum tölum og láta sem ekkert sé. Og það er gersamlega útilokað fyrir talsmenn Sjálfstfl. að halda því fram, að hér sé verið að finna eitthvað upp til að bjarga stöðu eins eða neins. Hér liggja fyrir framan alla þá, sem vilja lesa, blákaldar staðreyndir í þessu máli, að innflutningsverslunin var sannanlega baggi á þjóðarbúinu upp á 20—25 milljarða kr. árið 1978. Þess vegna eru þetta ekki slagorð, heldur staðreynd, sem hér er flutt.

Hér eru menn iðulega að kvarta yfir þeim miklu útgjöldum sem ríkið hefur t. d. af landbúnaðinum. Það er eðlilegt að menn séu hugsi út af því. Það er einnig oft talsvert mikið rætt um af ýmsum mönnum úr öllum stjórnmálaflokkum að það sé ekki farið nógu vel með fjármunina í sambandi við sjávarútveginn, þar sé sums staðar farið illa með fjármuni, fjárfesting sé þar víða óhagkvæm og óskynsamleg. Það er rétt, svo er víða. En þegar kemur að því að gagnrýna innflutningsverslunina í landinu er ekki lengur samstaða meðal manna. Þá tekur tiltekinn hópur manna sig út úr, talsmenn Sjálfstfl., og leggst í miskunnarlausa vörn, hvað sem tautar og raular og hvað sem staðreyndum líður, fyrir þann kross á þjóðarbúi okkar sem innflutningsverslunin er. Auðvitað verða einhverjir að flytja vörur hingað inn til landsins. Auðvitað verður að sjá fyrir slíku þannig að það sé sem allra hagkvæmast. En það er ekki þar með sagt að hvað svo sem þessi innflutningsverslun kann að taka upp á að gera þá eigum við bara að hneigja okkur og segja „amen". Og það geta talsmenn Sjálfstfl. ekki heldur gert ef þeir horfa á málið með raunsæjum hætti.

Ég er ekki að tala um ríkisforsjá á öllum sviðum, eins og hv. þm. Albert Guðmundsson nefndi áðan. Það eru ekki mín orð. Það er ekki mín tillaga. Ég er að segja það, að ég vil að innflutningsverslunin til Íslands sé hagkvæmari og ódýrari fyrir þjóðarbúið en verið hefur, þannig að við höfum meira til skiptanna til framleiðsluatvinnuvega okkar, til almannatrygginga, til félagslegrar samhjálpar, til heilbrigðismála, til skólamála, til menntamála.

Hér er ekki verið að leggja það til í sambandi við umræður um Innkaupastofnun ríkisins, sem dragast nokkuð inn í þetta, að það verði tekin upp einkasala í innflutningi á timbri og ég veit ekki hvað og hvað. Það er ekki það sem ég var að ræða um á dögunum. Það, sem ég var að ræða um varðandi Innkaupastofnunina, var fyrst og fremst að komið hefur fram að stórir innflytjendur hafa verið um langt árabil með föst innkaupatengsl við tiltekin erlend fyrirtæki og þessi tengsl hafa staðnað. Menn hafa sætt sig við svo að segja það verð sem hið erlenda fyrirtæki ákvað á hverjum tíma. Menn hafa ekki verið menn til að rífa sig út úr þessum samböndum og leita eftir tilboðum frá öðrum fyrirtækjum sem jafnvel fluttu út ódýrari vöru. Þetta hefur margoft gerst. Það kom t. d. fram fyrir nokkrum árum, að Samband ísl. samvinnufélaga hafði keypt inn hveiti í verulegum mæli sem kom í ljós að var mun dýrara en annað hveiti, sem kostur var á og Landssamband bakarameistara tryggði sér eftir öðrum samböndum. Þannig vilja menn staðna á þessum sviðum eins og öðrum. Það er verið að tala um það varðandi Innkaupastofnun ríkisins að nýta hana til að veita mönnum aðhald, — samkeppni, ef menn vilja kalla það því nafni.

Hitt er aftur ljóst, að ákveðnir þættir í okkar þjóðarbúskap eru undir félagslegri forsjá. Það er enginn ágreiningur um það. Það er enginn ágreiningur um að orkuverin eigi t. d. að vera í eigu landsmanna sjálfra og orkubúskapurinn. Það er enginn ágreiningur um það og dettur engum manni í hug að leggja það til, að einkafyrirtæki verði látin reka tilteknar rafveitur eða hitaveitur. Það dettur ekki nokkrum manni í hug. Það hefur aldrei komið fram. Af sömu ástæðum er það sem við höfum sagt, Alþb.-menn og fleiri, m. a. Alþfl.-menn: Það á að reka olíufélögin eða olíuverslunina í landinu á félagslegum grundvelli þannig að hún sé undir ríkisforustu eins og annar orkubúskapur landsmanna. — Þetta er auðvitað mál sem menn þekkja og er verulegur ágreiningur um. Framsfl. hefur aldrei verið tilbúinn að taka á þessum olíumálum. Hann hefur staðið nokkuð fast á því, að olíufélögin eigi að vera eins mörg og þau nú eru og þar mætti í raun og veru ekkert laga. Það er búið að gera margar tilraunir til þess í mörgum ríkisstjórnum að fá Framsfl. til að laga þetta aðeins. Það hefur ekki gengið. Hann vill hafa þetta svona. Hann vill hafa þarna sitt Olíufélag hf. Sjálfstfl. hefur auðvitað Shell. Það þekkja menn. Hann er þar í vörn. Formaður Sjálfstfl. er þar einn af stærri hluthöfum. Þannig eru hagsmunaþræðirnir inn í stjórnmálaflokkana, bæði Framsfl. og Sjálfstfl. Þess vegna hefur ekki tekist að þoka þessum olíumálum neitt áleiðis í þá veru að olíuverslunin í landinu verði undir félagslegu forræði.

Hv. þm. Albert Guðmundsson talaði mikið um frelsi og sagði að ég væri á móti frelsi. Þetta er næstum eins og maður heyrir stundum í fjölmiðlum og sér í blöðum sögur af því, að „blaðamenn" í Sovétríkjunum ganga fyrir einstaklinga, sem koma til Sovétríkjanna, erlenda gesti, og segja: Ertu með eða á móti friði? — Hv. þm. Albert Guðmundsson setur þessi mál upp þannig, að hér sé um að ræða ágreining um frelsið sjálft, þetta stóra og mikla markmið okkar allra. En spurningin um frelsi er ekki svona. Spurningin er: Um frelsi hvers erum við að tala? Erum við að tala um frelsi þess sem hefur hina sterku stöðu, selur vöruna og réttir hana yfir búðarborðið á hverjum tíma, eða erum við að tala um frelsi almennings sem verður að sæta þeim kostum sem verslunin býður á hverjum tíma? Hvert var frelsi þess manns sem þurfti á sínum tíma að skipta við einokunarverslunina hér í landinu, hina erlendu umboðsverslun? Hvert er frelsi þess manns sem þarf um þessar mundir að ganga í verslanir og sæta því verði sem ákveðið er hinum megin við diskinn? Þegar við erum að tala um þetta erum við að tala um að leggja áherslu á að verja frelsi þess sem hefur allajafna lakari stöðu í skiptum tveggja aðila. Við erum að tala um styrkari stöðu þess manns m. a. með neytendavernd, með verðlagseftirliti, með lögum og reglum um afborgunarkaup í landinu o. s. frv. Hér erum við ekki að tala einhliða um frelsi þess manns sem stendur á bak við diskinn og skammtar hinum það sem honum þóknast. En það hvarflar stundum að mér, að það sé það frelsi sem hv. talsmenn Sjálfstfl. eru að biðja um. Þó trúi ég ekki að

svo sé í raun. Ég held að þeirra áherslur í þessum efnum, sumra hverra a. m. k., stafi miklu frekar af misskilningi og utanbókarlærðum kennisetningum úr stjórnmálaskólum Heimdallar en að þeir séu að heimta að sá, sem á bak við diskinn stendur á hverjum tíma, eigi að geta hirt það sem honum sýnist af þeim sem verður að versla við hann.

Hugmyndir okkar um verðlagslög og verðlagsreglur eru fyrst og fremst til að verja aðstöðu þess sem veikari er á hverjum tíma, og það gerist með því að takmarka gróðafrelsi hins aðilans. Þannig liggur í þessu. Spurningin er þá, þegar allt kemur til alls, annars vegar um frelsi fólksins og hins vegar um frelsi fjármagnsins. Þannig liggja þessi mál og hafa lengi legið. Skiptir þar engu í rauninni hvernig ríkisstjórnir eru skipaðar í landinu á hverjum tíma vegna þess að hér er um að ræða þær grundvallarandstæður sem ævinlega leikast á í okkar þjóðfélagi.

Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur haldið um það margar ræður hér á Alþingi að ríkið eigi að taka krónutölu í sínum innflutningi, það eigi ekki að vera að skattleggja innfluttan vanda. Ég hef oft hugleitt þetta hjá hv. þm. Mér finnst margt óskynsamlegra en að það séu settar fastar reglur. En þá verða menn líka að fallast á að það verði tekin upp krónutöluálagning í innflutningsversluninni. (Gripið fram í.) Nei, það er prósentuálagning í innflutningsversluninni, hv. þm. 30% reglan kemur þessu máli ekki við. 30% reglan er skerðing á verðlagningarprósentunum á hverjum tíma, en eftir sem áður gildir prósentureglan. Ef hv. þm. er þeirrar skoðunar, að það eigi að setja krónutölureglu þarna á ríkið, hlýtur hann þar með að vera að lýsa stuðningi við þá skoðun mína, að það eigi að setja krónutölureglu á innflutningsverslunina.

Það er ekki krónutöluregla á innflutningsversluninni. Það hélt ég að hv. þm. Albert Guðmundsson vissi miklu betur en ég. Þar er um að ræða prósentuálagningu eins og viðast hvar annars staðar, m. a. í smásöluversluninni hér á landi. Þessi álagning hefur í för með sér að sá maður, sem flytur dýrt inn, fær fleiri krónur í sinn vasa en sá sem flytur ódýrt inn, eins og þetta er nú. Af þeim ástæðum hef ég verið að segja: Við eigum að koma á krónutöluálagninguna í innflutningsversluninni. Raunar er ríkið að stíga tiltekið skref í þessum efnum með því að frv. til l. um tollafgreiðslugjald sem liggur fyrir Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir fastri krónutölu á talsverðan hluta af þeim vörum sem munu falla undir þetta tollafgreiðslugjald. Þannig gengur ríkið á undan í rétta átt að mati — vona ég — hv. þm. Alberts Guðmundssonar. Síðan kemur kannske innflutningsverslunin.

Það hefur verið rætt hér um það, að hér sé um að ræða frv. sem ég hafi í rauninni talað á móti við fyrstu umferð málsins í þinginu, í Nd. Alþingis, þó ég styðji frv. Og ég geri það. Ég flutti fyrir því á dögunum tiltekin rök sem ég ætla ekki að endurtaka.

Einhver hv. ræðumanna sagði áðan að verið væri að ganga mjög verulega til móts við sjónarmið Verslunarráðs Íslands með þessu frv. Því hefur nú verið nokkuð harðlega mótmælt af hv. þm. Geir Hallgrímssyni og sömuleiðis hv. þm. Friðrik Sophussyni, að það væri verið að fallast á þau grundvallaratriði sem Verslunarráð Íslands gerir kröfur um. En á þau grundvallaratriði féllst ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl., eins og hér hefur réttilega verið bent á, vorið 1978 með því að samþykkja 8. gr. laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Þá var fallist á það, að álagningarfrelsi skyldi vera meginregla hér í allri verslun. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessu frv., eins og hæstv. viðskrh. m. a. gat um á dögunum.

Ég tel það ekki heldur nein sérstök meðmæli með máli þó að Verslunarráð Íslands mæli með því, síst kannske í dag, eftir að það hefur gerst að forstjóri Íslenska álfélagsins, sem opinskátt og blygðunarlaust hefur snúist gegn íslenskum stjórnvöldum í svokölluðu álmáli aftur og aftur, er kosinn formaður Verslunarráðs Íslands. Í þessu starfi hafa áður verið mætir menn: Hjalti Geir Kristjánsson, Albert Guðmundsson og fleiri ágætir menn hafa verið í þessu starfi. Nú er það úr sögunni að menn velji þá menn þar til forustu sem eru í íslenskri verslunarstétt, hvað svo sem um viðhorf þeirra má segja. En ég verð að segja það, að ég tel að það sé hneyksli að bjóða þjóðinni að maður, sem er í forustu fyrir íslenska álfélagið, sem gengur blygðunarlaust á móti hagsmunum Íslendinga í svokölluðu súrálsmáli og fleira, skuli nú vera settur á oddinn sem formaður Verslunarráðs Íslands. Ég spyr: Hlýtur þetta ekki að vera með ráðum Sjálfstfl. gert, að Ragnar Halldórsson verður formaður Verslunarráðs Íslands? Það hefur jafnan verið svo, að formenn Verslunarráðs Íslands hafa verið innanbúðar í Sjálfstfl. með ýmsum hætti. Er líklegt að þessi formaður Verslunarráðs verði hér fljótlega þingmaður fyrir Sjálfstfl. — eða ráðh. og fari þá með iðnrn.? Er hugsanlegt að menn sjái ekki hvílík fjarstæða hér er uppi? Verið er að taka í æðstu trúnaðarstöðu Verslunarráðs Íslands bandamann, umboðsmann erlends auðhrings hér í landi. (**FrS:** Hvar lærði hæstv. ráðh. og hvar var Hjörleifur Guttormsson í námi?) Vantar þig að vita það? (**FrS:** Það væri skemmtilegra.) Þetta er ekki skemmtiatriði, hv. þm. — Hv. þm. Friðrik Sophusson hefur haft ákveðin viðskipti við álfélagið, gæti verið, um dagana. Ég man ekki betur en hann væri starfsmaður Stjórnunarfélagsins meðan Ragnar Halldórsson var formaður þess. Hv. þm. Friðrik sophusson er sár yfir að þetta skuli vera rifjað upp, og hann er sár yfir því vegna þess að hann vill breiða yfir þetta og vill ekki bera ábyrgð á því. En staðreyndin er sú, að Sjálfstfl. hefur frá og með deginum í gær sett til forustu í Verslunrráði Íslands umboðsmann erlends auðvalds í þessu landi. Og þetta mál, hv. þm. Friðrik Sophusson, á að ræða hér í umr. um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég veit ekki hvort ég get talað fyrir mínum málstað eða málstað Sjálfstfl. betur en hæstv. félmrh. er þegar búinn að gera þannig að það er kannske óþarfi að koma hér upp í stólinn, eins og mér var bent á á leiðinni hingað. En úr því að ég var búinn að biðja um orðið ætla ég að nota mér tækifærið og tala hér.

Hæstv. félmrh. gat þess í mörgum orðum eins og oft áður, að innflutningsverslunin væri mikill baggi á þjóðfélaginu og slæmur milliliður og að draga þyrfti úr milliliðakostnaði. Hann vitnaði í skýrslu sem hann sagðist sjálfur hafa óskað eftir á sínum tíma og var unnin samviskusamlega í þeim anda sem til var stofnað af ágætum embættismanni ríkisins, verðlagsstjóra. En það, sem hann las upp, styrkir eiginlega málflutning minn hér, því að allt það, sem hann vildi nota úr þeirri skýrslu til að brjóta niður málflutning minn, hófst á orðunum — og

það eru orð verðlagsstjóra sem hann gerði að sínum: Það virðist vera, það má ætla, sagði hann, að með undanskotum o. fl. skili umboðslaun sér ekki. Ekkert var alveg ákveðið.

Umboðslaun skila sér ekki um leið og vara er flutt til landsins. Umboðslaun koma löngu, löngu seinna. Þess vegna þýðir ekki að bera saman hagskýrslur og segja að svona og svona mikið magn af vörum komi til landsins og svona og svona mikið hljóti að vera umboðslaun. Nú eru umboðslaun afskaplega misjöfn, jafnvel af sömu vörutegundum. Það fer m. a. eftir því, hvernig samningar eru á milli fyrirtækja. Og þau skila sér aldrei fyrr en löngu seinna. Ef um afgreiðslur er að ræða á seinni hluta árs eru vörurnar að koma til landsins í miklu, miklu meira mæli en umboðslaunaskil geta verið yfir. Þau eru alltaf að koma, þau eru alltaf að fara.

Það eru engar ákveðnar skýrslur sem er hægt að taka um áramót og segja: Svona mikið magn af vörunni er komið til landsins. Það er ekki komið nema svona mikið magn af umboðslaunum til baka.

Þetta er blekkingatal. Ég trúi ekki öðru en viðskrh. viti það, því að menn öðlast ákveðna reynslu við að vera ráðherrar og fá þá innsýn í heim sem þeir hafa ekki þekkt áður. Menn, sem hafa ekki komið nálægt viðskiptum, tala kannske svona, en ef þeir tala svona eftir að hafa kynnst málunum, þá er það af öðrum hvötum. Þá er það, eins og ég sagði áðan, bara af pólitískum hvötum.

Ég er alveg hissa á að ráðh. skuli leyfa sér að gera heila stétt eða heilar stéttir, sem eru ekki minna áríðandi þjónustustéttir fyrir þjóðfélagið í heild en aðrar, að slíkum þjófum og ræningjum, mætti segja. Það mætti skilja af orðum ráðh. í ræðu áðan, að hér væru slík vanskil á umboðslaunum að það hlyti að eiga sér stað þjófnaður í stórum stíl. Ég gat ekki skilið orð ráðh. betur.

Hann ætti ekki að kvarta undan því að umboðslaun komi, því að umboðslaun eru venjulega þóknun. Það geta verið umboðslaun fyrir allt annað en vöruinnflutning, geta verið umboðslaun fyrir veitta þjónustu á Íslandi sem er greidd með þóknun erlendis frá. Það heyrir undir umboðslaun. Það þurfa ekki einu sinni að vera vöruviðskipti.

Hitt er svo annað mál, það sem mér fannst vera athyglisvert hjá hæstv. ráðh., að hann gat þarna um einhverja upphæð — sem ég missti af vegna þess að starfsmaður þingsins kom og hvíslaði í eyra mér um leið — að kaup gegnum erlenda milliliði skiluðu ekki svo og svo hárri upphæð, ég heyrði ekki töluna. Þetta er alveg rétt. Það hafa átt sér stað gríðarlega mikil innkaup gegnum erlenda aðila, og þau umboðslaun skilast aldrei. Það vantar vernd fyrir þann íslenska þjónustuaðila sem innflutningsverslunin er gegn erlendum aðilum sem skipta beint. Og þar eru innkaupastofnanirnar hvað verstar. Þeim umboðslaunum er ekki skilað og það er ekki ætlast til að þeim sé skilað. Það eru peningar sem koma ekki til baka inn í þjóðfélagið. Það er íslensk þóknun sem fer til erlendra aðila og kemur ekki til landsins. Það þýðir ekki að bæta þeirri stóru upphæð við þá upphæð, sem sögð er vera einhvers staðar falin í eigum íslenskra aðila, og segja: Innlendir aðilar svíkja þetta mikið undan skilum.

Menn verða að átta sig á því, hvað er verið að tala um, og vita, hvað þeir eru að tala um þegar þeir bera slíkar fullyrðingar á borð. Það er talað um að heildsölukerfið, eins og ráðh. orðaði það, sé dýrt. Að sjálfsögðu er það dýrt. Það er dýrt vegna þess að það eru margir smáir einstaklingar sem eru að flytja inn eina og eina vörutegund. En þeir veita stórum aðilum samkeppni, og það er enginn aðili hér á landi, ekki ríkið sjálft þó það væri ein allsherjarheildverslun, sem gæti boðið það vöruúrval og þá þjónustu sem hinir mörgu smáu bjóða. En verðinu er ráðið af hinu opinbera. Það er það sem við erum að tala um. Ég vil að verðið og verðmyndunin verði frjáls, að verðinu sé ekki haldið uppi með opinberum aðgerðum eins og hingað til hefur verið gert. Og ég benti á að það fyrirtæki, sem er hvað stærst í okkar þjóðfélagi nú og hvað best skipulagt og veitir kannske hvað besta þjónustuna, það getur ekki — þrátt fyrir það að enginn milliliður er í verðmynduninni hjá þeim aðila — haft vöruverðið lægra en hinn frjálsi og litli innflytjandi hér og þar. Þetta er kannske athugunarefni. Ef hæstv. ráðh. vill halda því fram, að þessir innflytjendur séu vondu mennirnir sem dragi þetta eða hitt undan og skili ekki þessu eða hinu, en geta samt sem áður verið samkeppnisfærir á neytendamarkaðnum með vöruna, hvað þá um þennan stóra aðila sem þarf ekki að standa skil á neinum milliliðakostnaði frá því að varan er keypt í samstarfi og samvinnu við stóra aðila, sem fá allan magnafslátt sem hægt er og draga öll umboðslaun af? Síðan flytja þeir þetta, tryggja það, meðhöndla það og dreifa því án þess að nokkur utanaðkomandi kostnaður komi inn í myndina. Hvernig stendur þá á því, að vöruverðið er það sama hjá litla manninum, sem hefur allan kostnaðinn, og hjá stóra aðilanum sem hefur ekkert af þessum kostnaði út fyrir sínar raðir?

Innkaupastofnun ríkisins ber skylda til að bjóða út öll innkaup. En það breytist ekkert við það fyrirkomulag sem ráðh. hefur talað um hér. Það er samkeppni víða frá í það magn sem Innkaupastofnunin þarf að útvega í það og það skiptið. Ef á að breyta innflutningsversluninni með einhverja vörutegund — eða á fleiru en bara timbri, eins og kemur fram í umræddri Þjóðviljagrein, þá er Innkaupastofnun ríkisins farin að starfa sem heildverslun, ekki bara fyrir ríkið og ríkisstofnanir, eins og tilgangur hennar er, heldur fyrir landið allt, og það kallar á gríðarlega mikla fjármögnun. Það kemur fjármögnunarkostnaður og fleira til greina og öll vinna við birgðirnar í sambandi við það. Ég á eftir að sjá að sú meðhöndlun í höndum opinberra aðila verði kostnaðarminni eða varan ódýrari fyrir neytendur, fyrir skattgreiðendur. Þá er það ekki lengur skattskyldur aðili sem sér um meðhöndlunina. En þrátt fyrir það að fyrirtæki og stofnanir, sem engan opinberan skatt greiða, flytji inn vörur og séu í samkeppni við þessa litlu aðila hér og þar í landinu sem flytja inn og borga sína skatta og skyldur, þá er varan samt sem áður ekki ódýrari hjá þeim. Ég held að hæstv. ráðh. ætti að líta sjálfum sér nær og skoða betur, hvað honum er næst, og hreinsa til í eigin húsi áður en hann fer að leggja til atlögu við aðra.

Ráðh. margítrekaði — og þá líklega samkvæmt þeirri skýrslu frá verðlagsstjóra sem hann vitnaði í — að um 20 milljörðum meira hefði verið greitt fyrir innflutning árið 1978 en nauðsynlegt var. Það þarf að renna betri stoðum undir svona fullyrðingar. Það þarf að rökstyðja þetta miklu betur. Það er ekki nóg að koma upp í ræðustól í þessari virðulegu samkomu þjóðarinnar og blása út úr sér fullyrðingum án þess að rökstyðja þær. Þetta er mjög athyglisvert, og ég vil gjarnan biðja ráðh. — skriflega þá, ég er ekki viss um að hann sé tilbúinn að afgreiða þá ósk hér og nú — að gefa mér upplýsingar um þetta. Þetta er

nýtt fyrir mig. (*Gripið fram í.*) Já, mér þykir vænt um það, ráðh. Á hann eitthvað í fórum sínum sem hann getur lagt fram þessum orðum sínum til sönnunar? Ég held hann ætti að gera það hér, og ég vil gjarnan fá eintak líka.

Innflutningsverslunin var sannanlega baggi á þjóðfélaginu 1978. Ég reikna með að það sé eina árið sem innflutningsverslunin hafi verið baggi á þjóðfélaginu, þrátt fyrir allt tal um að hún sé almennt og hafi alltaf verið baggi á þjóðfélaginu. Hæstv. ráðh. tiltók sérstaklega árið 1978. Við skulum athuga sérstaklega árið 1978 fyrir ráðh. Ég skal biðja Verslunarráðið að gera það.

Að sjálfsögðu viljum við ódýrari innflutningaverslun. Við viljum allt ódýrara. Ég tel t. d. að það sé ekki nokkur *meining í því* — og tala ég þá bara af því að ég er tiltölulega nýkominn úr fjárhagsnefnd Reykjavíkurborgar — ég tel alveg fráleitt að svo skuli komið að rúmlega 81% af brúttótekjum borgarinnar fara í rekstrarkostnað, bara kostnað við reksturinn. 20% eru til framkvæmda, til eignabreytinga. Og af þessum 20% eru 20% fengin frá Gjaldheimtunni í refsivexti af fólkinu af því að það getur ekki staðið í skilum. Ég tel að það mætti líta víðar til þess að fá ódýrari rekstur. Við viljum allt ódýrara. Það er hægt að athuga betur.

Ráðh. má ekki venja sig á að snúa út úr. Ég held að það sé ekki góður málflutningur. Ég gaf ekki tilefni til þess að bera saman það frelsi, sem ég geri hér að umræðuefni, athafnafrelsi einstaklingsins, frelsi einstaklingsins í verðmyndunarkerfi okkar hér heima á Íslandi, og frelsi í Sovétríkjunum. Ég veit ekkert hvers konar frelsi ríkir í Sovétríkjunum. Ég er alveg ruglaður í því. Ég les bæði Þjóðviljann og Morgunblaðið, og ef á svo að lesa eitthvað mitt á milli, þ. e. Tímann, fæ ég ekki rétta mynd af málum erlendis, ég verð að segja alveg eins og er. Ég er frekar á því að trúa að frelsi þarna austur frá sé verra en ég hef lesið um í blöðum.

En ég var að tala um frelsi einstaklingsins hér heima fyrir. Við skulum halda okkur að því. Athafnafrelsi hins almenna manns, sem ég gerði að umræðuefni, það er frelsi til að velja og hafna í búðunum eins og annars staðar og þá að sjálfsögðu um verð á vörum og innkaupum sem hafa myndast án íhlutunar opinberra aðila. Ég verð að hryggja hæstv. ráðh. — og það þykir mér vont, mér er ekkert illa við hann — með því að upplýsa að ég er ekki úr stjórnmálaskóla Heimdallar. Þar hef ég aldrei verið. En ég held að þetta hafi verið vond ræða hjá hæstv. ráðh. Það er afskaplega erfitt að ræða, hvort sem er í ræðustól eða einkaviðræðum, við menn sem eru fastir fyrir fram í innbyggðum skoðunum þannig að ekki er hægt að komast að kjarnanum. Það er alveg útilokað fyrir mig eða neinn af mínum félögum, sem trúa á athafnafrelsi einstaklingsins, að reyna að koma hæstv. ráðh. eða nokkrum Alþb.-mönnum yfirleitt í skilning um það, að kaupmaðurinn á horninu sé eitthvað annað en vondur maður. Ég ætla því ekki að reyna það. Ef fólkið í borginni, fólkið í landinu, einstaklingarnir, sem eiga hvað erfiðast með að láta enda ná saman, væri spurt hvernig það færi að því að komast af milli útborgunardaga á launum eða örorkubótum eða annarri aðstoð, þá held ég að í ljós kæmi að kaupmaðurinn á horninu sé manneskjulegri en margir aðrir verslunarhættir. Ég ætla að biðja hæstv. ráðh. um að láta þetta fólk í friði.

Það var talað um tollafgreiðslugjaldið sem einhver ja krónutöluálagningu. Þar kemur hæstv. ráðh. enn þá einu sinni fram með blekkingar. Hann veit vel hvað hann er að tala um, en í rökþrotum grípur hann til svona málflutnings. Tollafgreiðslugjaldið sem slíkt er ekki breyting á neinni álagningu. Það er 1% og síðan er það krónutöluálagning í sumum tilfellum. En þetta er bara nýr skattur. Áður var ekkert sem hét krónutöluálagning. Það kemur núna. Það var ekkert til sem hét tollafgreiðslugjald. Það kemur á núna. Hér er ekki verið að breyta neinu. Hér er verið að leggja á nýjan skatt.

Hæstv. ráðh. hleypur úr einu í annað með slagorðum og rökleysu til þess að komast út úr málefnalegum umræðum um þau mál sem hér eru á dagskrá. Ég verð að segja alveg eins og er, að ég harma það þegar jafnágætur drengur og ráðh. er finnur sig kominn svo upp að vegg í *eigin málflutningi* að hann grípur til þess að ræða um kosningafyrirkomulag og gerir athugasemdir við það, hverja menn velja sér til forustu í félagsskap úti í bæ eins og Verslunarráði, tala hér um mann sem er ekki nærstaddur og getur ekki svarað fyrir sig sjálfur, núverandi formann Verslunarráðsins, og tala um kosningu hans sem hneyksli. Sem hneyksli, minna mátti það ekki vera. Og hann bætir svo enn við og segir: Getur það skeð, að þessi maður, sem kosinn var formaður Verslunarráðs í gær, getur sú ógæfa átt eftir að henda íslenska þjóð og þjóðfélag, að þessi maður eigi kannske eftir að verða þingmaður og jafnvel ráðherra? Hvílíkt þjóðarhneyksli! Þessi maður var kosinn formaður Verslunarráðs þó hann sé starfsmaður álhringsins. Það getur vel verið að ég hafi talið það óheppilegt, ekki kosið hann sjálfur, en ég er ekkert að gefa upp um það. Að hann skuli kannske eiga eftir að verða þingmaður eða ráðherra — hvað þýðir svona tal í umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur um óréttmæta viðskiptahætti? Hvað þýðir svona tal, hvaða rök eru þetta?

Ég veit ekki til að þessi umræddi maður hafi misst sín réttindi sem þjóðfélagsþegn. Það getur vel verið að hann eigi eftir að ná kjöri, ef hann gefur kost á sér til Alþingis, hvort sem það verður með Sjálfstfl. eða Alþb. Ég skal ekkert um það segja. Hann hefur öll sín mannréttindi því að hann missti ekki nein réttindi sem þjóðfélagsþegn við það að taka við stöðu hjá Ísal. Ég veit ekki betur en allir hafi fagnað því sem skrefi fram á við og atvinnuskapandi fyrirbæri þegar það kom hér með sína starfrækslu.

Virðulegi forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég er búinn að taka langan tíma í dag frá hv. Alþingi. Ég geri það ekki venjulega. Ég hugsa að fáir þm. noti styttri ræðutíma hér en ég geri, svo að ég hef ekkert samviskubit af því. En ég vil biðja hæstv. viðskrh. að vera svo vænan að athuga b-lið 1. gr. frv. Þar er talað um að verðlagsstjóri verði formaður þriggja manna nefndar. Viðskrh. skipar aðra nefndarmenn, annan samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands og hinn samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands. Mér er ekki nokkur leið að skilja hvers vegna Vinnuveitendasambandi Íslands er ætlað að tilnefna fulltrúa. Ég ætla ekki að skipta mér af Alþýðubandalagsfulltrúanum, ég tel það jafnfáránlegt að skipa fulltrúa frá Alþýðusambandinu einu eins og það er fáránlegt að skipa fulltrúa frá Vinnuveitendasambandinu. Ég hefði talið miklu eðlilegra að þarna hefði verið skipaður fulltrúi frá Verslunarráðinu en Vinnuveitendasambandinu. Ég vil þess vegna beina því til þeirrar nefndar, sem fjallar um þetta, eða ráðh. hvort hann geti ekki sæst á að breyta þessu. Ég tel það þó ekki líklegt því að venjulega breyta ráðherrar ekki því sem þeim er bent á að er til bóta.

Það kom hér fram í ræðu — ég held hæstv. félmrh. eða hvort það var hæstv. viðskrh. — að það væri viss hætta á því, ef aðilar skila ekki inn verðútreikningum innan ákveðins tíma, að viðkomandi innflytjandi gæti þá hugsanlega verið búinn að ákveða verð á vöru og selja hana, en síðan, þegar verðútreikningur kemur til verðlagsstjóra, kemur í ljós að varan er of dýr, en hún er þá seld. Þetta er alveg rétt, það getur svo sem komið fyrir. En ég hugsa að það sé ekki algengt. En þessi undirnefnd, sem talað er um í 2. gr. frv., á að hafa heimild til að taka ákvarðanir á milli funda verðlagsráðs sem verðlagsráð svo staðfestir eða hafnar. Ef nefndin hefur lagt blessun sína á verðlag á einhverju, sem reyndist síðan of hátt, og verðlagsráð dregur þessa samþykkt undirnefndarinnar til baka, þá vil ég gjarnan spyrja: Hvað skeður þá? Er viðkomandi aðili samt sem áður háður þeim viðurlögum sem frv. gerir ráð fyrir?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég flutti allítarlega framsöguræðu fyrir þessu máli fyrr í umr., þannig að ég skal ekki lengja mjög mál mitt nú. Þó eru nokkur atriði, sem ég vildi gera að umræðuefni, sem hafa komið fram í umr.

Hv. þm. Friðrik Sophusson gerði að umræðuefni skipan svokallaðrar þriggja manna nefndar sem gert er ráð fyrir samkv. 2. gr. frv. að verði sett á fót, og virtist mér hann misskilja nokkuð það atriði því að hann taldi að nefndin kæmi í stað svokallaðrar samkeppnisnefndar sem starfar samkv. núgildandi lögum, en það er ekki rétt. Þessari nefnd er ætlað annað verksvið, en verðlagsráðið sjálft tekur yfir verksvið og verkefni samkeppnisnefndarinnar. Það er misskilningur að hún komi í staðinn fyrir samkeppnisnefndina. Formaður nefndarinnar verður verðlagsstjóri. Hinni er ætlað að vinna að því að hraða meðferð mála hjá verðlagsráðinu þannig að mál séu betur undirbúin þegar þar að kemur. Mér er það ekkert launungarmál að auk þessa meginverkefnis er þessi nefnd sett á fót til að reyna að skapa meiri einingu um þessi umdeildu mál sem verðlagsmálin eru og hafa jafnan verið.

Það er rétt að vekja athygli á því, að nefndin hefur ekki tillögurétt, flytur ekki tillögur inn í verðlagsráð, heldur gerir verðlagsstjóri það, enda er ekki gert ráð fyrir því í frv., að hinir tveir nefndarmennirnir í þriggja manna nefndinni verði nauðsynlega fulltrúar í verðlagsráði. Þeir gætu orðið aðrir.

Það er gert ráð fyrir að nefndin geti í vissum tilvikum afgreitt mál til bráðabirgða þegar þörf er skjótrar úrlausnar. Þeir, sem hafa kynni af störfum verðlagsráðs í gegnum tíðina, vita eflaust að stundum þarf að afgreiða mál með forgangshraða af ýmsum ástæðum, og þá hefur það stundum gerst að málin eru raunar afgreidd í samtölum milli verðlagsráðsmanna eða gegnum síma og síðan staðfest á næsta fundi ef allir eru sammála afgreiðslunni. Það getur verið allt að því nauðsynlegt að taka ákvarðanir til bráðabirgða þegar sérstaklega stendur á og erfitt að koma við að kalla saman jafnfjölmenna nefnd og verðlagsráð er með örstuttum fyrirvara. Hér er því í raun og veru varnagli sem á að auðvelda framkvæmd þessara mála. Síðan getur verðlagsráð falið þessari nefnd og Verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum sem ráðið setur. Þetta er algjörlega í hendi ráðsins. Það metur það á hverjum tíma hvort ástæða sé til einhverra ráðstafana af þessu tagi.

Hv. þm. Friðrik Sophusson spurði hvort stjórnarsáttmálinn væri ekki lengur í gildi. Jú, hann er í gildi og það er ekkert fararsnið á stjórninni, þannig að það er e. t. v. ekki eðlilegt að hún hafi framkvæmt stjórnarsáttmálann lið fyrir lið á þessu stigi málsins. Það eru viss ákvæði í stjórnarsáttmálanum um verðlagsmál, og þetta frv., sem hér er flutt, er byggt á þeim. Ég viðurkenni að þetta frv. er skref í áttina. Þetta er ekki fullt skref í þá átt að lögleiða 8. gr. verðlagslaganna, eins og frá henni var gengið á árinu 1978. Þetta er áfangi í áttina til framkvæmdar nýju verðlagslaganna. Það kom raunar fram hjá Ólafi Davíðssyni forstjóra Þjóðhagsstofnunar á dögunum, þannig að það er engin mótsögn í þessu frv. eða hvernig mælt hefur verið fyrir því og því sem Ólafur Davíðsson sagði í sinni ræðu fyrir skemmstu.

Hv. þm. Albert Guðmundsson spurðist fyrir hvort mögulegt væri að fjölga í þessari þriggja manna nefnd og fulltrúi Verslunarráðsins kæmi þar til viðbótar. Það hefur ekki verið meiningin að það væru fleiri í nefndinni, og eins og ég sagði áður er hugmyndin með henni öðrum þærði að reyna að skapa meiri frið og einingu um þessi viðkvæmu mál. Fulltrúi Verslunarráðsins á sæti í verðlagsráði og getur þar látið til sín taka.

Þegar rætt er um að hvaða leyti þetta frv. og yfirlýsing ríkisstj. í skýrslu um efnahagsmál eru skref fram á við vil ég nefna sérstaklega þrjú atriði:

Í fyrsta lagi verða með þessu frv., ef að lögum verður, verðlagsmálin alfarið tekin af borði ríkisstj. Það verður ekki fjallað um verðlagsmál í ríkisstj. eftir það, og það álít ég að sé talsvert verulegt skref fram á við. Það er í raun og veru óhæfa að það sé verið að fjalla um einstök verðlagsmál í sjálfri ríkisstj. Það eru engir stjórnarhættir að mínu mati.

Í öðru lagi er stefnt að því að gera innkaup til landsins ódýrari, koma við nýjum reglum sem fela í sér meiri hvatningu til ódýrari innkaupa en verið hefur. Það, sem menn eiga við í því efni, er fyrst og fremst að afnema prósentuálagninguna. Ég skal ekki hér vera með miklar vangaveltur um hvernig þær reglur að öðru leyti verða. Verðlagsráð tekur þetta til faglegrar umfjöllunar af sinni hálfu og setur um það reglur.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fella undan verðlagsákvæðum vissa vöruflokka og auka þannig frjálsræði, ef samkeppnisskilyrði eru fyrir hendi, með vissum hætti, þannig að það verður tekin upp rík tilkynningarskylda af hálfu verslunarinnar og það verður sett á aukið eftirlit og verðgæsla. Ég skal ekki heldur vera með neinar tilgátur um hvaða vöruflokkar þetta gætu orðið. Þetta verður tekið til meðferðar í verðlagsráði og það tekur ákvarðanir í þessu efni.

Ég vil taka undir það, sem kom fram hjá hv. þm. Albert Guðmundssyni, að ég tel að það sé veruleg samkeppni hér í landi á sviði verslunarinnar, milli samvinnuverslunar og einkaverslunar og innbyrðis meðal þessara aðila. Og ég fer ekki í neinn launkofa með mína skoðun í því efni, að ég álít að keppni milli þessara aðila ásamt virkri verðgæslu sé líklegasta fyrirkomulagið til að tryggja sanngjarnt verðlag. Ég álít að það sé mjög þýðingarmikið að koma við virkri verðgæslu og eftirliti, sérstaklega í mikilli verðbólgu þegar verðskyn almennings er mjög sljótt, og auk þess virkum neytendasamtökum, því að þegar allt kemur til alls er það neytandinn í frjálsu þjóðfélagi sem á að eiga völina. Hann á að veita þrýstinginn að versluninni. Ég álít að með þessum hætti séu

mestar líkur til að vöruverð verði sanngjarnt og tryggi vörugæði og góða þjónustu.

Hv. þm. ræddi nokkuð um niðurtalninguna. Hann grautaði öllu saman í því efni þegar hann var að vitna í mína ræðu, grautaði saman ráðstöfunum, sem nú er verið að gera, og ráðstöfunum sem gerðar voru fyrir ári. Ég leiddi rök að því, að niðurtalningaráætlun ríkisstj. frá því um áramótin 1980-1981, sem ég gerði grein fyrir og var fólgin í ýmsum ráðstöfunum, hafi borið ágætan árangur meðan þær ráðstafanir héldust. Ég játa að þær fjaraði út þegar fór að líða á seinasta ár, en meðan niðurtalningaraðgerðirnar héldust minnkaði verðbólgan í landinu. Annað gerðist sem er athyglisvert, að kaupmátturinn jókst meira en hann hefði gert ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar og það mun meira. Þetta er viðurkennt af öllum nú, og ég vil kalla tímabilið frá því um áramótin í fyrra og fram á haust niðurtalningartímabil. Það sannar að stefna Framsfl. um niðurtalningu er skynsamleg stefna. (Gripið fram í.) Það var ákveðið nú að gera skammtímaráðstafanir, eins og hefur verið lýst, og hv. þm. var að rugla þessum skammtímaráðstöfunum saman við áætlunina um niðurtalningu. Þetta er allt annað. Nú er ríkisstj. að vinna að kerfisbreytingum sem ég vona að muni leiða til farsældar, ekki síst í baráttunni við verðbólguna. En það má ekki grauta saman skammtímaráðstöfunum, sem gerðar eru til skamms tíma, og niðurtalningaráætlun sem gerð var í fyrra og skilaði ágætum árangri.

Hv. þm. Albert Guðmundsson taldi, að þetta frv. væri til bóta, tók það sérstaklega fram. Í raun og veru hafa allir hv. þm., sem tekið hafa til máls um frv., verið þeirrar skoðunar, að það væri skref fram á við þó að sérstaklega þm. Sjálfstfl. hafi reynt að gera lítið úr frv.

Það hefur orðið í þessum umr. nokkuð almenn umræða um verslunina. Ég er ekki í nokkrum vafa um að tilkoma samvinnufélaganna í landinu hefur átt þátt í að halda niðri vöruverði í landinu. Eins og ég sagði áður er samkeppni milli samvinnuverslunar og einakverslunar áreiðanlega mjög þýðingarmikill þáttur í því að halda niðri vöruverði í landinu. Það er enginn vafi á því og sjálfsagt eru flestir sammála um það.

Hv. þm. Albert Guðmundsson er ekki hér staddur, en hann kom dálítið inn á peningamálin og taldi að það ætti ekki að loka peningana inni, eins og hann orðaði það. Hann hefur verið settur til þess að stjórna peningamálum í einum bankanum og þess vegna þarf hann ekki að loka peningana inni þar. En ég geri ráð fyrir að hann hafi átt við að peningarnir væru lokaðir inni í Seðlabankanum, þ. e. með þeirri bindingu sem hefur verið sett á. Ég skal ekki fara langt út í þau mál. En það er viðurkennt, a. m. k. í öllum frjálsum þjóðfélögum, að peningamálapólitík er mjög virkt hagstjórnartæki, og það er víða gert til að reyna að draga úr eftirspurn, þegar mikil þensla er og verðbólga, að draga úr framboði á peningum á markaðnum. Hjá okkur er þann veg háttað að við eigum í talsverðum erfiðleikum í sambandi við okkar viðskiptajöfnuð og það er talsvert verulegur halli á honum og hefur verið, þó að hann sé miklu minni en hjá flestum þjóðum í kringum okkur. Það er enginn vafi á að halli á viðskiptajöfnuði stafar m. a. af of mikilli eftirspurn í þjóðfélaginu. Þess vegna væri það óráð að mínu mati, eins og hér er ástatt, að pumpa of miklu fjármagni inn í hagkerfið því það mundi hafa í för með sér aukna eftirspurn sem kæmi fram í vaxandi viðskiptahalla og verðbólgu. Síðan höfum við afurðalánakerfið, eins og kunnugt er, og þarf að sjálfsögðu peninga til að standa undir því án þess að það valdi of mikilli þenslu í hagkerfinu.

Það voru ýmis fleiri atriði, sem hafa komið fram í þessum umr., sem eru raunar óskyld þessu máli í þrengri merkingu. Ég skal ekki blanda mér mikið í þær umr.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það, að þeir ræðumenn, sem hafa tekið til máls, eru sammála um að þetta frv. ásamt yfirlýsingu ríkisstj. er skref í rétta átt. Ég held að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu að fenginni reynslu af því kerfi sem við höfum búið við um alllangan tíma, að við þurfum að lagfæra það kerfi, það hafi ekki reynst nægilega vel. Ég held að rétta leiðin í þeim efnum sé að fara svipaðar slóðir og farnar hafa verið á t. d. hinum Norðurlöndunum, þar sem menn hafa sannfærst um að frjáls samkeppni ásamt virkri verðgæslu og verðlagseftirliti sé langlíklegasta leiðin til að tryggja sanngjarnt vöruverð.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ástæða til að þakka hæstv. viðskrh. fyrir þá ræðu sem hann flutti rétt áðan, ekki síst vegna þess að í máli hans kom fram viðurkenning á því, að samkv. málefnasamningi núv. hæstv. ríkisstj. er ætlunin að koma gömlu verðlagslögunum í gildi og þetta er áfangi á þeirri leið. Þetta er athyglisverð yfirlýsing með sérstöku tilliti til málflutnings hæstv. félmrh. við þessar umr. Þessa yfirlýsingu er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo, að það sé ætlunin að taka nýjan áfanga á kjörtímabilinu því að stjórnarsáttmálinn er auðvitað stefnuyfirlýsing sem gildir á yfirstandandi kjörtímabili. Þetta er athyglisverð yfirlýsing með tilliti til þessa og með tilliti til málflutnings hæstv. félmrh.

Hæstv. viðskrh. sagði réttilega að það væri einn stærsti áfanginn með þessu frv. að verðlagsmál hyrfu af borðum hæstv. ríkisstj. Ég býst við að þetta sé rétt að öðru leyti en því, að áfram kemur gjaldskrárnefnd til með að starfa þannig að ákvarðanir á gjaldskrám þeirra fyrirtækja, sem gjaldskrárnefnd fjallar um þegar ágreiningur er á milli ráðuneyta, verða áfram á borðum ríkisstj. og engin breyting verður á því máli a. m. k. um sinn.

Það, sem hins vegar skiptir mestu máli í þessu öllu saman, er að framkvæmdin takist vel. Ég er sammála hæstv. viðskrh. um að með því getur þessi nýja löggjöf verið áfangi á réttri leið.

Ég ætla ekki að skattyrðast um niðurtalninguna. Það er liðin tíð. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að ég grautaði í henni. Ég viðurkenni að ég dró fram niðurstöðurnar af langtímaaðgerðum frá 1980—1981 og fjallaði um þær á sama tíma og ég var að tala um skammtímaaðgerðir um þessi áramót. En það er ástæða til að minna á að hæstv. ráðh. talaði um tímabilið frá 1. jan. 1981 og til hausts sem merkilegasta tímabil í sögu þessarar ríkisstj., niðurtalningartímabilið, byggt á langtímaáætlun. Sú langtímaáætlun tók 9 mánuði, og verður ánægjulegt að vita hve þessi skammtímaáætlun, sem tók gildi um síðustu áramót eða var að taka gildi, varir lengi. Hér fáum við að heyra hver er munurinn á langtímaáætlun og skammtímaaðgerðum. Má þá búast við að skammtímaaðgerð sé 3—6 mánuðir fyrst langtímaáætlun er 9 mánuðir.

Að öðru leyti skal ég taka það fram, að ástæðan fyrir því, að ég kem hér í ræðustólinn, er fyrst og fremst ræða hæstv. félmrh. Ég vil byrja á að taka undir með honum að auðvitað hlýtur markmiðið í verðlagsmálum að vera að

lækka sem mest kostnað á seldri vöru. Hann talar um milliliðakostnað, og hann ræður hvaða orð hann hefur í því sambandi. Það hlýtur að vera kostnaður því samfara að flytja vörur eða framleiðslu frá einum stað til annars, það þekkjum við, hvort sem við erum að flytja út eða flytja heim. Auðvitað verða þeir, sem vinna við slíkt, að fá eitthvað í sinn hlut. Þess vegna getum við verið sammála um þetta. Reyndar hefur Albert Guðmundsson, hv. 3. þm. Reykv., gert glögga grein fyrir þessum málum, enda hefur hann manna besta reynslu í þessum efnum.

En hæstv. félmrh. er í mikilli sorg í þessu máli. Hann stendur frammi fyrir þeirri staðreynd, sem kom fram hjá hæstv. viðskrh., að nú á að gera verðlagninguna frjálsari. En hæstv. ráðh. kemur hér og segir að þetta sé nánast yfirskin, allar heimildir séu hjá Verðlagsstofnun o. s. frv., og bendir síðan á, að einmitt innflutningsverslunin sé mesti baggi á íslensku þjóðfélagi, og vitnar þar til skýrslu verðlagsstjóra til viðskrh. um athugun á innflutningsverslun sem var skilað til hæstv. ráðh. í janúar 1979. Síðan nefnir hæstv. félmrh., sem þá var viðskrh., tölu og segir að þetta sé 21.5 milljarðar, og það er samtala yfir umboðslaun, óhagkvæmni, milliliði, fjármagnskostnað og sérstöðu. Það kemur í ljós þegar maður skoðar þessa skýrslu og les hana, að þarna er náttúrlega að stórum og langmestum hluta til eðlilegur kostnaður. Það er spurningin hvar hann kemur niður. T. d. má benda á að það, sem hér er sett niður sem sérstaða, er tekið fram að sé pökkun og umhleðsla á vöru sem sé vegna þess hve markaðurinn er smár hér á landi. Svona lagað getur hæstv. ráðh. ekki leyft sér. Hann getur ekki komið upp í ræðustól á hinu háa Alþingi og sagt að hann hafi getað sannað sitt mál um að þetta sé mesti baggi á íslensku þjóðfélagi með því að vitna til þessara talna. Það er hreinn útúrsnúningur. Þetta eru heildartölur yfir allan kostnaðinn. Ef hann er óhemjulega mikill að þessu leyti er það annað mál, en þessi heildartala getur ekki öll verið bagginn. Það væri ekki hægt, jafnvel fyrir jafnduglegan, vel menntaðan, gáfaðan og þægilegan mann og hæstv. félmrh., ef hann tæki að sér allan „bisness" þjóðarinnar, að sjá okkur fyrir vörum sem kostuðu ekki eyri meira en hann keypti þær á í útlöndum. Þetta er einu sinni staðreynd. En þetta þekkir auðvitað ekki hæstv. ráðh. því hann hefur aldrei stundað svona verslun. Hún er ekki að hans skapi. Það er eitthvað óhreint sem hann vill ekki koma nálægt. En hann kaupir þessar vörur samt, a. m. k. ef þær fást í KRON.

Síðan vék hæstv. ráðh. frekar að þessu áliti og ræddi um frelsið. Það er kannske ástæða til að fletta upp í þessari skýrslu og kanna hvað verðlagsstjóri segir um leið til úrbóta í þessari skýrslu. Hann segir m. a., með leyfi forseta: „Mín skoðun er sú, að við eðlilegar aðstæður í efnahagsmálum sé að öðru jöfnu rétt að færa verðmyndunarkerfið í frjálsara horf en nú er." — Þetta segir hann beinlínis í sinni skýrslu. Hans leið til úrbóta er einmitt að auka frelsið því að frelsið lækki vöruverðið.

Það var alltaf verið að tala um samanburð við aðrar þjóðir þar sem vöruverð væri lægra. Hvaða þjóðir var verið að bera saman? Það var verið að bera saman við þjóðir á Norðurlöndum þar sem verðlagslöggjöfin er miklu frjálslegri en hún hefur verið hér til skamms tíma. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að rifja þetta upp því þetta sannar auðvitað þann málstað sem við höfum verið að rekja í þessum umr., að aukið frelsi á þeim sviðum, þar sem samkeppni er nóg, leiðir yfirleitt og sannanlega til lægra vöruverðs.

Síðan fjallaði ráðh. um frelsið og sagði að hér væri ekkert frelsi því að auðvitað væru það verslunareigendurnir, kaupmennirnir, sem réðu þessu öllu saman og neytandinn væri einskis virði í þessu öllu. Þetta lesum við nú um í Þjóðviljanum á hverjum einasta degi. En þetta er úrelt sjónarmið sem ég er alveg hissa á hæstv. ráðh. að koma með. Það er auðvitað neytandinn sem velur hvar hann kaupir vöruna. Við eðlilegar aðstæður kaupir hann auðvitað þá vöru sem er lægst í verði, nema um betri eða önnur gæði sé að ræða. Þannig haga neytendur sér víðast hvar og hér á landi líka sem betur fer. Þetta hefur hæstv. ráðh. viðurkennt í raun, því að hann stóð á sínum tíma fyrir því í hæstv. ríkisstj. að gefa dagblöðin frjáls, þar á meðal Þjóðviljann. Þjóðviljinn getur hækkað sig upp úr öllu valdi þegar honum sýnist, en Þjóðviljinn hækkar sig ekki meira en hann gerir vegna þess að annars mundi hann ekki seljast. Það kaupa fáir Þjóðviljann einfaldlega vegna þess að Þjóðviljinn er lélegra blað en önnur blöð sem á markaðinum eru. Áskrift Þjóðviljans dregst saman frá degi til dags af þeirri ástæðu að þar er ekki um frambjóðanlega vöru að ræða. Ég veit að þegar hæstv. ráðh. segir að hann eigi að vernda þá sem hafa ekkert val, þá gæti hann auðvitað staðið hérna við hliðina á Óla blaðasala í Austurstræti og skipað fólkinu að kaupa Þjóðviljann því það eigi að halda með hinum minni máttar. En við erum á frjálsum markaði vegna þess að hæstv. ráðh. gaf blöðin frjáls. **(Félmrh.:** Blöðin hafa allt af verið frjáls.) Ég meina í verði. **(Félmrh.:** Ég átti við frjáls.)Ég átti við frjáls í verði, sem Þjóðviljinn er í dag, en það kaupa fáir Þjóðviljann vegna þess að það er verri vara. **(Gripið fram í:** Það var Kjartan Jóhannsson sem gaf þau frjáls.) Já, ég biðst afsökunar á því. Jæja, en alla vega hefur hæstv. ráðh. ekki breytt því.

Það væri kannske, herra forseti, ástæða til að þakka hæstv. félmrh. fyrir að hann skuli ekki lengur vilja vera yfirverðlagsstjóri yfir gosdrykkjum og smjörlíki eins og hann var í eina tíð og frægt varð á sínum tíma. — En ég ætla að koma hér að einum þætti í ræðu hæstv. ráðh. sem ég held að ástæða sé til að taka aðeins á. Þar vék hann að kosningu sem átti sér stað í félagsskap hér í bænum, nánar tiltekið Verslunarráði Íslands, og fór mörgum orðum um það hneyksli, að ákveðinn maður skyldi hafa verið kjörinn formaður Verslunarráðsins, einkum og sér í lagi af því að hann væri starfsmaður fyrirtækis sem erlendir aðilar eiga að mestu eða öllu leyti. Þegar hann var spurður utan úr þingsal, eftir að hafa sagt að menn tyggðu gamlar tuggur úr stjórnmálaskóla Heimdallar, hvar hann hefði stundað sitt nám, þá færðist hann undan að svara því, en benti þess í stað á að fyrirspyrjandi utan úr sal væri að reyna að breiða yfir að hann hefði verið um skeið starfsmaður Ragnars Halldórssonar forstjóra ÍSALS, Þegar hann var formaður Stjórnunarfélags Íslands. Svona er málflutningur þeirra manna sem komast í rökþrot.

Nú vil ég segja hæstv. félmrh. þetta:

Stjórnunarfélag Íslands er eitt fjölmargra félaga, samtaka, þ. á m. Alþýðusambands Íslands og fyrirtækja í bænum, til að vinna að ákveðnu markmiði. Á sínum tíma, þegar Ragnar Halldórsson var formaður félagsins, vorum við starfsmenn félagsins, ég og Ásmundur Stefánsson núv. forseti Alþýðusambandsins. Hér er auðvitað um að ræða dulbúna árás hæstv. ráðh. á Ásmund Stefánsson, það er alveg augljóst, a. m. k. mundi hann rök-

styðja málflutninginn þannig. Þetta hefur nefnilega Þjóðviljinn, einkum og sér í lagi þegar hæstv. félmrh. var ritstjóri Þóðviljans, leikið, að skamma menn fyrir að vera þjónustuaðilar af því að þeir þora ekki að skamma þann sem þeir ætla raunverulega að skamma. Svona er nú ástandið á þessum bæ. Nei, það sem hæstv. ráðh. er að breiða yfir er það, og það kemur kannske engum við, að í forustu í ákveðnum stjórnmálaflokki, sem á fulltrúa á þingi, sitja menn og eru hæstv. ráðherrar sem einmitt hafa farið utan til náms til ríkja þar sem skylda er að læra Marxisma í skólum. Hér er hæstv. félmrh. að breiða yfir það með dylgjum í annarra garð, af því að hann stendur í glerhúsi, að hann og hæstv. iðnrh. fóru til náms í Austur-Þýskalandi og voru þar skyldaðir til lærdóms á Leninisma og marxiskum fræðum. Þetta er staðreynd, sem hæstv. ráðh. vill ekki kannast við, en reynir alltaf að drepa málunum á dreif. Ég skil vel að það fari illa um hæstv. ráðh. þarna í ráðherrastólnum þegar á þetta er minnst, en þetta er sannleikur sem óþarfi er að láta liggja í þagnargildi þegar hæstv. ráðh. tekur upp á því að nauðsynjalausu að ráðast að aðilum, sem geta ekki varið sig hér í sölum Alþingis, og gera lítið úr þeim og fara með dylgjur. Þá á hæstv. ráðh. það skilið. Það getur vel verið að hann hafi verið að læra, þar sem hann lærði í háskóla og litlar sögur fara af, einhver fræði sem hann telur að séu samsvarandi þeim fræðum sem kennd séu í stjórnmálaskóla Heimdallar. Þetta er hugsunargangur hæstv. ráðh. Svona kemur hann fram þegar hann sleppir fram af sér beislinu aðspurður hér í ræðustól, og með þetta situr hann uppi.

Það, sem var merkilegast við það sem gerðist í dag í þessum umr., var að hæstv. viðskrh., svo að ég ljúki máli mínu, nefndi ekki einu orði þá fsp. sem kom fram um hvort hæstv. ríkisstj. stæði öll að hugmyndum um opinber innkaup Innkaupastofnunar ríkisins, — ekki eitt einasta orð kom frá hæstv. viðskrh. um þetta efni. Ég leyfi mér, ef ekki kemur fram annað, að halda því fram, að yfirlýsing hæstv. félmrh. um hvað hæstv. fjmrh. er að bauka í þessum efnum sé gerð í óþökk annarra hæstv. ráðh. í ríkisstj. Ef það er rangt óskast staðfesting á því máli.

Herra forseti. Ég hef þegar talað áður í þessu máli og mín sjónarmið komið fram. Ég taldi mjög nauðsynlegt að koma hér í ræðustólinn og benda á hvers vegna hæstv. félmrh. sleppti sér í stólnum í dag vegna þess að ákveðinn maður var kjörinn formaður Verslunarráðsins í gær. Það er vegna þess að hann sjálfur hefur ýmislegt að fela sem hann kærir sig ekki um að dregið sé fram í dagsljósið. Mér er kunnugt um það — við erum gamlir og góðir félagar, ég og hæstv. félmrh., frá fyrri dögum — að þá sjaldan hann vann ærlegt handtak á sumrin, þegar við vorum í menntaskóla, var að vinna við niðurrifsstörf á Neskaupstað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það hefur margt verið sagt hér málefnalegt og fróðlegt af síðustu ræðumönnum. Vegna þess hvað liðið er á starfstíma þingsins í dag ætla ég ekki að fara hér almennum orðum meira um frv. sem er nú á dagskrá. Ég held að málefnastaða manna hafi skýrst mjög vel hér í dag og þó alveg sérstaklega málefnafátækt hv. síðasta ræðumanns.

Ég hef aldrei vitað til þess áður í þingsölum að menn reyni að verja pólitískt snögga bletti á sjálfum sér með því að ræða um skólagöngu annarra manna né heldur hvað þeir hafi gert í sumarleyfum sínum. Þetta málefnalega þrotabú, sem gekk úr stólnum áðan, hv. þm. Friðrik Sophusson, hefur ekki öðru til að tjalda og honum er það vorkunnarefni. Það mál er hins vegar með þeim hætti að það er ekki ástæða til að ræða það hér mikið eða nákvæmlega úr þessum ræðustól.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 58. fundur.

Þriðjudaginn 2. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hafa borist tvö bréf:

„Alþingi, 25. febr. 1982.

Ragnar Arnalds, 4. þm. Norðurlands vestra, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum get ég ekki setið þingfundi á næstunni, og leyfi mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Norðurlandi vestra, Hannes Baldvinsson framkvæmdastjóri, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Hannes Baldvinsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og hefur kjörbréf hans því verið rannsakað og býð ég hann velkominn til starfa.

Það síðara er svohljóðandi:

„Alþingi, 26. febr. 1982.

Ingvar Gíslanson, 1. þm. Norðurlands eystra, hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra, Níels Á. Lund æskulýðsfulltrúi, Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Níels Á. Lund hefur einnig átt sæti á þessu þingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Tilraunageymir til veiðarfærarannsókna, fsp. (þskj. 336). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. um tilraunageymi til veiðarfærarannsókna. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Hafa farið fram athuganir á uppsetningu tilraunageymis til veiðarfærarannsókna samkv. ályktun Alþingis frá 7. maí 1981?

Ef svo er:

I. Hver verður þá framgangur málsins?

II. Hver er kostnaðaráætlun framkvæmda?

III. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður?"

Á 103. löggjafarþingi þskj. 150 var flutt till. til þál. frá þeim Pétri Sigurðssyni, Ólafi Björnssyni, Helga Seljan og Stefáni Guðmundssyni um þetta efni. Till. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna í samráði við Fiskifélag Íslands og Hafrannsóknastofnunina möguleika þess, að hér á landi verði komið upp tilraunageymi til veiðarfærarannsókna. Skal könnun þessi m. a. beinast að stofn- og rekstrarkostnaði slíkrar rannsóknarstarfsemi, hugsanlegri þátttöku hagsmunaaðila þar að og að stjórnun og staðsetningu slíkrar rannsóknarstarfsemi."

Hér þarf ekki mörgum orðum við að bæta. Nokkrar umr. urðu hér þegar þessi till. var til umr. á síðasta þingi og voru alþm., er þátt tóku í umr., á einu máli um að hér væri þörfum málum hreyft. M. a. þess vegna er þessi fsp. fram borin.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eftir samþykkt þeirrar þáltill., sem hv. fyrirspyrjandi nefndi, skipaði ég nefnd til að athuga þetta mál, þ. e. um aðferðir til veiðarfæratilrauna. Í skipunarbréfi nefndarinnar er það orðað svo: „Nefndin skal athuga kosti og kostnað við að koma upp tanki til veiðarfæratilrauna og gera tillögur þar að lútandi eða um aðrar aðferðir við veiðarfæratilraunir." Í nefnd þessa voru skipaðir Jónas Hallgrímsson veiðarfæraverkfræðingur, dr. Sigfús Björnsson dósent, Jafet S. Ólafsson deildarstjóri í iðnrn., Magnús Gústafsson framkvæmdastjóri og Guðni Þorsteinsson deildarstjóri hjá Hafrannsóknastofnun, sem er jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Þessi nefnd hefur að mínu mati unnið gott starf. Hún hefur skoðað ýmsar leiðir til að framkvæma það sem henni var falið og ég las í upphafi míns máls. Nefndin skilaði mér lokaskýrslu núna rétt fyrir hádegið. Ég hef því ekki lesið hana, en hef þó fylgst það vel með störfum nefndarinnar að ég tel mig geta veitt þær upplýsingar, sem um er beðið, og tel ég mig gera það best með því að lesa niðurstöður nefndarinnar og fara síðan í gegnum kostnaðaráætlanir hennar.

Í niðurstöðum segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur áherslu á að rannsóknir séu nauðsynleg undirstaða að framförum í veiðitækni. Með fræðslu og þjálfun verður viðurkenndri veiðitækni best komið á framfæri, enda er nauðsynlegt að skapa starfandi skipstjórum og netagerðarmönnum góða aðstöðu til skipulegra athugana á veiðarfærum. Ekki er síður mikilvægt að afla upplýsinga um hegðun fiska og annarra sjávardýra og gagnvart veiðarfærum til þess að hægt sé að laga gerð veiðarfærisins og veiðiaðferðina sjálfa að atferli þeirra tegunda sem veiða á. Með þessu móti yrðu veiðarfæri fiskigæfari og veiðiaðferðirnar markvissari en nú er. Nefndin hefur kynnt sér helstu aðferðir við veiðarfærarannsóknir og leitast við í skýrslunni að meta og bera saman þrjár helstu tegundir rannsóknartækja sem beitt er, þ. e. streymistanks, dráttartanks og búnaðar til beinna athugana á veiðarfærum í sjó. Þó ber að hafa í huga við lestur skýrslunnar að þessar tæknileiðir eru ekki að öllu leyti sambærilegar og þær koma ekki að öllu leyti hver í annarrar stað. Þannig má nefna sem dæmi að lítill streymistankur gæti nægt til kennslu og frumkönnunar á hugmyndum. Dráttartankur, sem verður að vera af lágmarksstærð, þ. e. með tilliti til lengdar, verður fljótt ótvírætt hagkvæmari lausn ef um stærri tank til könnunar veiðarfæra er að ræða. Ótvíræðir kostir beinna athugana í sjó liggja á sviði atferlisrannsókna á fiskum og lokaprófana veiðarfæra í fullri stærð í sjó."

Síðan kemur það sem nefndin leggur til, og tekur hún þá hvern þessara þátta út af fyrir sig. Í fyrsta lagi leggur hún þar til að byggð verði upp aðstaða til tanktilrauna með veiðarfærum hið fyrsta. Þar segir, með leyfi forseta:

„Veiðarfæratankur mun reynast gagnlegur til kennslu og þjálfunar við togveiðar og þróun togveiðarfæra sem eru langmikilvægasta veiðarfærið hvað snerti landað aflaverðmæti. Þrjár leiðir koma til greina við uppbyggingu slíkrar aðstöðu: a) að fyrirtæki reisi og starfræki tankinn með stuðningi hins opinbera og þeirra sem gagn

mundu hafa af starfrækslu hans, b) að tankur yrði byggður fyrir fé úr ríkissjóði og rekinn í umsjón opinberrar rannsóknastofnunar og/eða skóla, c) að sjálfseignarstofnun reisi og reki tankinn með þátttöku hins opinbera, samtaka í sjávarútvegi og fyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Í öllum tilvikum verður að sjá svo um, að allir, sem vilja notfæra sér tankinn, eigi greiðan aðgang að honum. Nefndin telur að dráttartankur um 6 X 60 metrar að stærð sé heppilegur kostur. Stofnkostnaður gæti orðið 9—12.5 millj. kr. og er þar byggt á reynslu við dráttartankinn í Fuglafirði" — sem er í Færeyjum og nefndin heimsótti.

Við samanburð á kostum og kostnaði við að koma upp tönkum til veiðarfæratilrauna er síðan vísað til annarra kafla í skýrslunni, þar sem ítarlega er rakinn kostnaður við bæði smærri og stærri tanka:

„Að fenginni reynslu annarra við byggingu tanka skal hér bent á nauðsyn vandlegs undirbúnings, m. a. með líkani af tanknum. Nefndin telur að við þessa starfsemi beri að nýta þá aðstöðu og tækniþekkingu sem þegar er fyrir hendi hjá opinberum stofnunum. Í öðru lagi leggur nefndin til að komið verði upp við Hafrannsóknastofnun búnaði til beinna athugana á veiðarfærum í sjó. Við slíkan búnað má rannsaka hegðun fiska, viðbrögð þeirra við veiðarfærum og hvernig veiðarfæri starfa í raun. Þessi tækni kemur ótvírætt að notum við lokahönnun veiðarfæra og það af flestum gerðum." — Búnaðinum er síðan lýst ítarlega í síðari köflum skýrslunnar.

„Vitað er að Skotar eru reiðubúnir að selja okkur tæki til beinna athugana af þeirri gerð sem þeir nota, veita okkur tæknilegar upplýsingar og hafa við okkur samvinnu við rannsóknir. Er því mælt með því að athuga þann kost gaumgæfilega, án þess að fullyrt sé að annar búnaður sé síðri, t. d. kanadíski búnaðurinn.

Stofnkostnaður útbúnaðar til beinna athugana er áætlaður um 2 millj. kr. Það er álit nefndarinnar að arðsemi slíkrar fjárfestingar sé ótvíræð. Ljóst er þó að mikill kostnaður er því samfara að stunda rannsóknir með þessum búnaði vegna skipanotkunar.

Vegna skipakosts og rannsóknaraðstöðu við Hafrannsóknastofnun virðist heppilegt að þeirri stofnun verði falin umsjón tækjanna. Sjá verður til þess að aðrir, sem hug hafa á atferlisrannsóknum og athugun á veiðarfærum í notkun, fái greiðan aðgang að búnaðinum."

Síðan segir í lokum þessarar niðurstöðu: „Að lokum vill nefndin undirstrika mikilvægi þess, að stutt sé af megni við þróun veiðisamlíkja og veiðitölva sem er stjórn og gagnasöfnun tækja, kennslu, þjálfun og veiðarfærarannsóknum til framdráttar."

Svo mörg eru þessi niðurstöðuorð. Eins og þar kemur fram mælir nefndin raunar með að hér sé komið á fót tank af stærðinni 6 X 60 metrar, þ. e. af stærri gerðinni. Nefndin telur að minni tankar, sem sums staðar hafa verið reistir, komi að takmörkuðum notum, og leggur því eindregið til að reistur sé hér tankur af stærri gerðinni. Áætlað er að slíkur tankur mundi kosta frá 9 til 12.5 millj. kr. Nefndin leggur einnig til að fest verði kaup á neðansjávarsjónvarpstækjum til þess að fylgjast með því, hvernig fiskar bregðast við veiðarfærum og hvernig veiðarfæri haga sér í raunverulegri notkun.

Því miður er ekki tími til þess hér að fara ítarlegar út í kostnaðaráætlanir sem fylgja allar með í þessari skýrslu. Fyrirspurnartíminn leyfir það ekki. Hins vegar er ég að láta fjölrita þessa skýrslu og mun dreifa henni til allra þingmanna um leið og hún er tilbúin, sem ég vona að verði mjög bráðlega.

Ég vil hins vegar segja það um störf nefndarinnar, að ég tel að hún hafi unnið mjög gott starf. Hún hefur tekið af festu á þessu málefni. Hún hefur kynnt sér ítarlega hinar ýmsu gerðir tanka sem í notkun eru í nágrannalöndunum. Hún hefur einnig kynnt sér aðra þá tækni sem hér hefur verið nefnd til að fylgjast með veiðarfærum í raunverulegri notkun. Eftir að hafa farið yfir þessa skýrslu, að vísu lauslega, en rætt við nefndarmenn, og ekki síst formann nefndarinnar, er ég sannfærður um að hér er um stórt mál að ræða og ber tvímælalaust að hrinda því í framkvæmd að hér verði byggður slíkur tankur og fengin þau tæki sem nefndin mælir með. Hinu er svo ekki að leyna, að hér er um mikinn kostnað að ræða. Vitanlega hlýtur að vakna sú spurning, hvenær við teljum okkur fært að leggja í þennan kostnað.

Hv. fyrirspyrjandi spyr hver verði framgangur málsins. Því miður á ég erfitt með að svara því á þessari stundu, en ég hafði hugsað mér, þegar skýrsla þessi hefur verið fjölrituð og henni dreift til þm., að fá umræður um hana með þm., sérstaklega úr sjútvn. Ég mun mjög taka tillit til þess, sem fram kemur í slíkri umr., og tel reyndar varla tímabært fyrir mig að ákveða nú, þegar um svo stórar fjárhæðir er að ræða, hver framgangur verði fyrr en málið hefur verið ítarlega rætt af slíkum mönnum.

Herra forseti. Ég vona að þessari fsp. sé svarað. En eins og ég sagði er skýrslan ítarleg og mikinn fróðleik þar að finna og mun ég leggja áherslu á að hún komist til fyrirspyrjanda og annarra hv. þm. sem fyrst.

Fyrirspyrjandi (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég kem hér upp nánast til að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargerð hans fyrir þessari skýrslu, sem honum barst í hendur, eins og hann sagði, rétt fyrir hádegi. Ég er sannfærður um það, eins og kom reyndar fram í máli hans, að hér er mjög merku máli hreyft, og ég held að við verðum að leggja okkur fram um að reyna að hrinda því í framkvæmd.

Ég ætla ekki að fara að stofna hér til umr. um þetta frekar. Ég fagna því, að sjútvrh. ætlar að sjá til að þessari skýrslu verði dreift á méðal okkar þingmanna og efna síðan til umr. um skýrsluna við sjútvn. beggja deilda. Þá gefst betra og heppilegra tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um þetta mál.

Sjálfur er ég ekki svartsýnn þó að mönnum finnist í fljótu bragði að hér sé verið að tala um háar tölur hvað varðar byggingarkostnað þessa tilraunatanks. Í sjálfu sér finnast mér þetta ekki mjög háar tölur, og ég er sannfærður um að þeir aðilar, sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta, muni vissulega vilja koma þarna til og létta undir og gera þetta mögulegt.

Ég endurtek þakkir mínar til sjútvrh.

Sameinað þing, 59. fundur.

Þriðjudaginn 2. mars, að loknum 58. fundi.

Slysa-, líf- og örorkutryggingar björgunarmanna, þáltill. (þskj. 354). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Innlendur lífefnaiðnaður, þáltill. (þskj. 219). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Kolbeinsey, þáltill. (þskj. 163). — Ein umr.

Flm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér till. til þál. um Kolbeinsey. Till. hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey. Athuganir fari einnig fram á því, hvort og á hvern hátt megi sem best tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa."

Megintilgangur þessarar þáltill. er að auka öryggi sjófarenda. Jafnframt því verði athugað hvort koma megi í veg fyrir að eyjan hverfi í sæ.

Kolbeinsey er lítil óbyggð eyja rúmar 36 sjómílur NNV. af Grímsey, 37 ° 8 ° n. br., 18 ° 34 ° v. l. Í kringum eyjuna eru sker, einkum til VNV. Þar ná skerin allt að 600—700 m út.

Kolbeinsey er nyrsti oddi grynningar er rekja má alla leið til Víkurhöfða á Flateyjardal. Flatey á Skjálfanda og Grímsey standa því á sama hryggnum og Kolbeinsey. Margt bendir til að eyjan, sem er úr mjög eldbrunnu basaltshrauni, hafi myndast við neðansjávareldgos. Jarðvegur er þar enginn né jurtagróður af neinu tagi.

Með mjög aukinni sókn skipa til sjávarfangs á þetta hafsvæði hefur þörfin orðið brýnni en áður á að komið verði upp sjómerki á Kolbeinsey til öryggis sjófarendum.

Vissulega eru aðstæður til þeirra framkvæmda, sem hér er rætt um, erfiðar, en á engan hátt ómögulegar. Fyrir nokkru voru ratsjármerki sett upp í Kolbeinsey, en stóðust ekki þann veðraham er þar geisar. Starfsmenn Landhelgisgæslunnar voru við athuganir á Kolbeinsey 25. apríl 1978 og segja þá m. a.:„Undirstöður undir ratsjármerki virðast standa sig vel, en merkin sjálf hafa brotnað við steinsteypu."

Þótt svo hafi farið sem hér segir er engin ástæða að ætla að nú sé ekki hægt að ganga hér tryggilega frá, þannig að sem mest öryggi fáist með þeim búnaði sem þarna yrði upp settur.

Fiskiþing hefur gert samþykktir í mjög svipaða átt og hér er lagt til. Hér er vissulega um mikið öryggismál sjófarenda að ræða, og eins og ég sagði hér fyrr er engin ástæða til annars en að álíta að þannig megi ganga frá þeim búnaði er upp yrði settur, að hann standist og nái tilgangi sínum, þótt þarna norður frá blási vissulega svalir vindar.

Á Kolbeinsey sannast það að dropinn holar steininn. Heljaröfl hafs og hafíss hafa í áranna rás haft betur í fangbrögðum sínum við þennan útvörð í norðri. Ef svo heldur fram sem horfir hverfur þessi klettaeyja og skerið eitt verður eftir, ef ekki verður brugðið við og reynt að koma í veg fyrir óbætanlegt tjón.

Elstu mælingar, sem mér eru kunnar á Kolbeinsey, eru trúlega frá 1580. Þá var eyjan frá norðri til suðurs 753 m og frá austri til vesturs 113 m. Eyjan var þá einnig 113 m á hæð. Árið 1932 fara aftur fram mælingar á Kolbeinsey. Þá er hún komin úr 753 m ofan í 113 m og breiddin úr 113 m í 75 m, og hæðin ekki orðin nema 10 m. Árið 1978 er Kolbeinsey enn mæld. Þá mælist hún frá norðri til suðurs 37.7 m, frá austri til vesturs 42.8 m og hæðin ekki orðin nema 5.4 m.

Þessar mælingar segja merkilega sögu um það sem hér hefur verið að gerast. Þó svo að einhverju kunni að skeika í elstu mælingum er mjög greinilegt hvert stefnir. Ber því vissulega að leita allra tiltækra ráða til verndar Kolbeinsey ef nokkur kostur er. Ekki er ótrúlegt að Veðurstofa Íslands muni notfæra sér að koma upp veðurathugunum á Kolbeinsey ef aðstæður til slíks mundu skapast.

Með þessum tillöguflutningi er m. a. leitast við að fá menn til að staldra við og átta sig á því sem hér hefur verið að gerast í tímanna rás og hvort forða megi hér frá slysi. Eftir að sjómerki hefur verið sett upp í Kolbeinsey verður nánar fylgst með því sem þar er að gerast, og ýmsar upplýsingar munu þannig fást. Ég veit að hv. alþm. er ljóst hversu mikilsvert það er að takast megi að hamla gegn frekari eyðingu á Kolbeinsey.

Þótt ég hafi ekki í þessari till. til þál. minnst á þann rétt, sem eyjan gefur okkur á hafinu til fiskveiða, er ljóst að hann er mikill. Með aukinni tækni hafa líkurnar aukist á úrvinnslu margs konar efna af hafsbotninum. Styrkir það enn þá skoðun mína, að hér beri að leita allra leiða til að koma megi í veg fyrir að eyjan hverfi í sæ.

Hér skal ekki lagður dómur á hvernig að skuli staðið. Eðlilegt verður að teljast að hið opinbera standi fyrir þeim framkvæmdum og athugunum, sem nauðsynlegar verða taldar, og greiði þann kostnað, sem af þeim kann að hljótast.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs til að lýsa yfir mjög eindregnum stuðningi við þá till., sem hér er til umr., og þeirri von, að hún fái greiðan gang í gegnum þingið og helst að þm. allir sameinist um afgreiðslu hennar og samþykkt.

Hv. flm. hefur gert grein fyrir aðstæðum á Kolbeinsey og Kolbeinseyjarhrygg. Þarf ég litlu við það að bæta. Þarna er í fyrsta lagi um náttúruverndarsjónarmið að ræða: að viðhalda þessum hluta Íslands en láta ekki brjóta hann niður. Við erum öll náttúruverndarmenn og viljum forðast landbrot, hvort sem er uppi á landi eða til sjávarins. Þess er einnig að gæta, að þó að nafnið Kolbeinsey bendi til þess, að í þjóðarétti mundi þetta vera talin eyja, þá er eftir skilgreiningum hafréttarsáttmálans, eins og hann er nú, varla þess að vænta að Kolbeinsey mundi öðlast réttindi sem eyja, heldur miklu frekar sem klettur. Engu að síður er mjög mikilvægt að viðhalda þessum kletti vegna fiskveiðiréttinda og annarra réttinda okkar á þessu hafsvæði, eins og hv. flm. raunar gat um. Ég tel ekki vansalaust að menn skuli ekki hafa sinnt þessu máli betur og miklu, miklu fyrr. Það er ánægjulegt að það er þó fram komið núna. Endurtek ég óskir mínar og vonir um að þessi till. verði samþykkt.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður taka eindregið undir þessa till. og mæli með því, að þingið veiti henni jákvæða og fljóta afgreiðslu.

Hér er frá mörgum sjónarhornum séð um gagnmerkt mál að ræða. Það er nóg fyrir okkur ef við erum að missa þarna fyrir ágang náttúruaflanna hluta af landi okkar. Við eigum að spyrna á móti þeirri eyðileggingu eins og framast er unnt og reyna að hindra að kletturinn brotni frekar niður.

Þá hefur hv. flm. bent á það, að eyjan gegni miklu

hlutverki í öryggismálum sjómanna, og er sjálfsagt að sinna því eins og framast er unnt.

Bæði hv. flm. og síðasti ræðumaður hafa bent á að Kolbeinsey hefur mikla þýðingu fyrir okkur í sjóréttarlegu tilliti. Kolbeinsey er grunnlínupunktur. Frá henni reiknum við fiskveiðilandhelgi okkar, og með því að nota Kolbeinsey sem grunnlínupunkt fáum við allvæna sneið í okkar hlut af hafinu á milli Íslands og Grænlands. En við skulum minnast þess, að aðrar þjóðir hafa ekki viðurkennt þennan grunnlínupunkt. Í hvert skipti sem við höfum fært út landhelgi okkar hafa Danir viðurkennt útfærsluna, en sett algjöran fyrirvara um Kolbeinsey og raunar Hvalbak líka og neitað að fallast á að þetta séu löglegir grunnlínupunktar. Þessu máli höfum við ýtt á undan okkur, en það er óleyst. Það skiptir okkur miklu máli hvorum megin sú sneið fellur, okkar eða Grænlendinga, sem þessi grunnlínupunktur bætir við okkur.

Ég tel því að leggja verði mikla áherslu á að framkvæma það, sem bent er á í þessari till., og styrkja Kolbeinsey á allan hátt og byggja hana upp, því að þar er margt í veði. Við megum ekki vanrækja það mál.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329). — Ein umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við flytjum hér 11 þm. till. til þál. til að efla innlendan iðnað og auka markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu. Þessi till. kveður á um að hefjast nú þegar handa um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Þessar aðgerðir eiga að hafa það meginmarkmið að tryggja og efla atvinnu í iðnaði, stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu, auka iðnaðinn í hinum dreifðu byggðum landsins, hvetja til nýrrar innlendrar framleiðslu og bæta afkomu og vaxtarafkomu íslensks iðnaðar.

Rekstrarskilyrði íslensks iðnaðar á síðasta ári reyndust mjög erfið. Kom þar ýmislegt til. Gengisþróun átti þó sennilega stærstan hlut í versnandi stöðu iðnaðarins. Eins og kunnugt er selja íslensk iðnfyrirtæki meginhluta útflutningsframleiðslu sinnar á Evrópumörkuðum og höfuðkeppinautur á heimamarkaði er iðnaðarframleiðsla Evrópuþjóða. Á s. l. ári hækkaði verð evrópskra gjaldmiðla mjög lítið hér á landi, en innlendur kostnaður hækkaði að jafnaði um 50% á árinu.

Allar þær tölulegu upplýsingar, sem við höfum, benda til að á undanförnum árum hafi hægt og bítandi sigið á ógæfuhliðina fyrir iðnaðinum, en jafnframt að síðasta ár hafi orðið honum sýnu erfiðast, eins og er sýnt fram á í grg. með þessari tillögu.

Markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu hefur minnkað verulega. Markaðshlutdeildarkönnun, sem Hagstofa Íslands gerði og mælir hlutdeild nokkurra neysluvöruflokka, bendir ótvírætt til þess, að hlutdeild innlendrar framleiðslu hafi minnkað verulega á milli áranna 1980 og 1981.

Talið er að núna starfi um 28 þús. manns í framleiðslu- og þjónustuiðnaði, þegar undanskilinn er fiskiðnaður, og mun þá láta nærri að um 28% allra starfandi manna í landinu starfi að iðnaði. Fer því ekki á milli mála að frá sjónarmiði atvinnuöryggis er iðnaður mjög mikils virði. Ef samdráttur verður í iðnaðarframleiðslu og markaðshlutdeild innlends iðnaðar minnkar dregur verulega úr atvinnumöguleikum í iðnaði.

Í 6. lið grg., sem þessari þáltill. fylgir, er rætt um íslenskan skipaiðnað sem mjög á í vök að verjast vegna þess að almennt er álitið að fiskiskipastóllinn sé orðinn of stór. En það er staðreynd, að endurnýjunarþörf, sérstaklega á bátaflotanum, er fyrir hendi. Í stað þess að draga þessa endurnýjun úr hófi fram og bíða eftir að hún gerist með nýrri innflutningsholskeflu skipa, eins og reyndin hefur oft orðið, ætti að stefna að hægfara endurnýjun og nýta þá miklu möguleika sem eru til uppbyggingar íslensks skipaiðnaðar. Athuganir hafa sýnt að kostnaður við nýsmíðar, breytingar og viðhaldsverkefni, sem framkvæmd eru af innlendum skipasmíðastöðvum, er sambærilegur við það sem almennt gerist erlendis. Að svo miklu leyti sem um mismun á endanlegu verði hefur verið að ræða liggur hann einkum í miklum fjármagnskostnaði við smíðina hér innanlands, sem er margfaldur á við fjármagnskostnað þeirra skipasmíðastöðva sem við höfum keypt skip frá á undanförnum árum og áratugum.

Það, sem hefur verið að gerast í þessum efnum, er að samkeppnin hefur verið það mikil og svo mikið byggt af skipum — samhliða því að á seinni árum hefur orðið verulegur samdráttur hér í nágrannalöndum okkar í fiskveiðum og þar með minnkandi eftirspurn eftir skipum — að ríkisstjórnir þeirra þjóða, sem við höfum aðallega fengið skip smíðuð hjá, hafa beitt styrktarkerfi til þess að greiða niður skipasmíðar í sínum löndum á sama tíma sem það hefur ekki verið gert hjá okkur. Bæði það, hve hinn óhæfilega mikli fjármagnskostnaður hefur verið óhagkvæmur fyrir íslenskar skipasmíðastöðvar, og þessar miklu styrkveitingar erlendis eru baggi sem sjáanlega er ekki hægt að leggja á sjávarútveginn einan, enda er hér meira um iðnaðarvandamál að ræða en vandamál sjávarútvegs og þá auðvitað vandamál samfélagsins í heild. Þess vegna hlýtur að verða að draga úr álögum á þessar iðngreinar og á þessa starfsemi hér innanlands til þess að lækka frá því sem nú er kostnað við skipasmíðar, jafnframt því sem finna verður aðrar og betri leiðir til þess að lækka verulega fjármagnskostnaðinn.

Enginn er þeirra skoðunar að það eigi að leggja niður með öllu innlenda skipasmíði því það mundi kosta mikið bæði í auknu atvinnuleysi og aftur í uppbyggingu síðar. Þess vegna verður að gera ráðstafanir til að bæta starfsaðstöðu og samkeppnisstöðu íslensks skipasmíðaiðnaðar.

Margar greinar í iðnaði hafa átt við mikla erfiðleika að etja. Ég vil nefna sem dæmi húsgagnaiðnaðinn sem hefur átt í miklum erfiðleikum m. a. vegna gengisstefnunnar, einkum á s. l. ári. Þá er í raun og veru verið með rangri gengisskráningu að lækka verð á innfluttum húsgögnum, en um leið verður innlendi húsgagnaiðnaðurinn að standa undir um 50% kostnaðarauka. Þó að það sé gott að halda að vissu leyti í gengisskráningu, þá er verið að veikja stoðir hins innlenda atvinnulífs með því að skrá ekki gengið á því verði sem það er í á hverjum tíma.

Þá er mjög mikilvægt og á það minnst í grg. þessarar till. að færa inn í landið framleiðslustarfsemi sem nú er unnin erlendis fyrir Íslendinga. Hér er nefndur sem dæmi umbúðaiðnaðurinn, en um langt árabil hefur mikill hluti t. d. allra mjólkurumbúða verið framleiddur erlendis þótt hér innanlands sé til þekking og framleiðslugeta til að annast það verkefni. Um langt árabil hefur ríkissjóður greitt niður verð mjólkur í landinu og varið til

þess verulega miklum fjárhæðum. Með hliðsjón af því er ekki óeðlilegt að ríkisvaldið beiti sér fyrir því sérstaklega að innlend iðnaðarstarfsemi verði efld á þessu stigi.

Það er líka áhyggjuefni margra, að prentiðnaðurinn er annað dæmi í þessum efnum um grein sem hefur átt í vök að verjast í samkeppni við erlenda aðila. Á síðari árum hefur töluverð prentun, sem áður var unnin innanlands, verið send til vinnslu erlendis. Innanlands er til framleiðslugeta og þekking sem í flestum tilvikum gerir vinnslu erlendis ónauðsynlega. Því þarf markvisst að vinna að því að færa alla slíka prentun til landsins á nýjan leik.

Mig langar til að geta þess í sambandi við umbúðaiðnaðinn, að í erlendu blaði, sem kom út á s. l. ári, er sagt frá því að á Íslandi búi 220 þús. manns og þrátt fyrir fámenni noti Íslendingar meira af Tetra-pak umbúðum á hvert mannsbarn en nokkur önnur þjóð. Hver maður notar 240 stk., en Svíþjóð fylgir fast á eftir með 164 stk. á hvert mannsbarn. Á árinu 1980 voru 52 millj. Tetra-pak umbúða notaðar á Íslandi, og áætlað er að sú tala verði komin í 60 millj. eftir tvö ár eða svo. En á sama tíma og þetta gerist eigum við fullkomna verksmiðju hér, Kassagerð Reykjavíkur, og því er full ástæða til að flytja þessa starfsemi inn í landið eins og marga aðra.

Þessi till. gerir ráð fyrir að kappsamlega verði unnið að því að efla á margvíslegan hátt innlenda iðnaðarstarfsemi. Þó ber mjög á því, að íslenskur iðnaður nýtur ekki þeirra forréttinda sem hann ætti að njóta hjá almenningi í landinu. Menn vilja oft mjög gjarnan kaupa fremur það sem erlent er en innlenda framleiðslu þó að það erlenda sé ekkert betra en það innlenda og jafnvel lakara. Hér þarf að hvetja almenning til að gera meira að því að kaupa það sem innlent er og þar með að treysta stoðir innlends iðnaðar. Það má gera með mörgum hætti. Það má gera með því að efna til nokkurs konar samkeppni dreifingaraðila í landinu í verslun, þar sem hvatt er til þess að auka hlutdeild íslensks iðnaðar með því að veita á margvíslegan hátt nokkurs konar verðlaun, jafnvel þeim sem vinna í verslunum, einhverja nýja samkeppni, finna út hvað er best að gera til þess að fá allt afgreiðslufólk í verslunum og við þjónustu til þess að mæla fremur með íslenskum iðnaði og vekja athygli viðskiptamannsins á honum. Þetta er ekki fyrir hendi nú, heldur jafnvel öfugt í mörgum tilfellum.

Við flm. þessarar till. teljum að stjórnvöld geti nú þegar gripið til ýmissa aðgerða sem geta létt róðurinn svo að unnt verði að snúa þróuninni við og auka innlenda framleiðslustarfsemi á nýjan leik. Í því sambandi bendum við á nokkur atriði, svo sem niðurfellingu ýmissa opinberra gjalda til lækkunar á kostnaði, endurskoðun á orkuverði innlendri framleiðslu í hag, sérstakt átak verði gert til að nýta opinber innkaup til eflingar innlendrar framleiðslu, að breyta lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti á þann hátt að þau örvi útflutning og lækki tilkostnað við hann, að fella niður aðflutningsgjöld á öllum vélum og tækjum og þá sérstaklega að því er varðar framleiðniaukandi tæki, svo sem á tölvum.

Sérstök athugun verði á því gerð, hvaða áhrif styrktar- og stuðningsaðgerðir við iðnað í helstu viðskiptalöndum okkar hafa á samkeppnisstöðu innlendra fyrirtækja og á hvern hátt eigi að mæta þeim vanda. Gert verði átak í því að hvetja til að hafin verði framleiðsla innanlands á vörum sem nú eru eingöngu innfluttar. Ég vil benda á í þessu sambandi að þegar talað er um að leggja af einhver útgjöld eða að lækka á vissan hátt tekjur ríkissjóðs, þá horfa embættismenn vanalega á það — og því miður flestir stjórnmálamenn — hvað ríkissjóður tapar á því að fallast á þessa lækkun. En það er ekki að sama skapi vegið og metið hvað ríkissjóður fær í aðra hönd ef þessum aðgerðum er hrint í framkvæmd. Það er yfirleitt litið á málin frá einni hlið, en ekki miðað við heildarhag þjóðfélagsins. Í mörgum tilfellum er betra og hyggilegra fyrir stjórnvöld, fyrir Alþingi að gera slíkar ráðstafanir og treysta þannig stoðir íslensks atvinnulífs. Hvað kostar að hafa háa tolla af innflutningi á vélum og tækjum til fyrirtækja ef það kostar í leiðinni samdrátt í viðkomandi fyrirtæki? Hver verða útgjöld samfélagsins þá til að treysta atvinnugrundvöll á öðrum sviðum?

Við stöndum frammi fyrir þeirra staðreynd, að önnur tveggja elstu atvinnugreina okkar Íslendinga, landbúnaður, tekur ekki við fleira fólki. Jafnvel verður þar að reikna með enn frekari fækkun fólks því að framleiðslan hefur, þrátt fyrir verulega minnkun vinnuafls, stóraukist í landbúnaði. Þar stöndum við frammi fyrir ákaflega miklum vandamálum sem ég ætla ekki að gera hér að umræðuefni. Í sjávarútvegi hefur orðið veruleg aukning bæði á mannafla og sömuleiðis á framleiðslu. Það hefur orðið gífurleg framleiðsluaukning, en allt bendir til að sú aukning geti ekki orðið áfram með sama hraða og verið hefur á síðustu árum og áratugum, enda eru fiskimiðunum takmörk sett. Því getum við ekki vænst þess, að allur sá mannafli, sem bætist við á vinnumarkaði landsins á næstu árum, geti fengið atvinnu við þessar tvær hefðbundnu atvinnugreinar. Hinu neita ég að trúa, að sjávarútvegurinn eigi ekki eftir að bæta enn við nokkrum mannafla og sömuleiðis auka framleiðsluna með því að stefna á aukna vinnslu sjávarafurða heima í landinu. En það, sem við þurfum fyrst og fremst að byggja á í framtíðinni, er að auka og efla iðnaðinn, fyrir utan þessa tvo undirstöðuatvinnuvegi okkar, og vera opnir fyrir því, að nýjar greinar, ný framleiðsla komist inn í landið. Þá þarf samfélagið að hlynna að þeim fyrirtækjum og þeirri starfsemi með hagkvæmum lánum til langs tíma, jafnvel styrkjum á meðan verið er að leggja grunn að slíkri starfsemi.

Áður hefur verið lögð fram á þessu þingi till. um stefnumörkun í iðnaði til langs tíma. Þessi till. fer ekki inn á það svið, heldur er hér fyrst og fremst um það að ræða að fela ríkisstj. að hefjast þegar handa um aðgerðir til að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans, líta á þann grundvöll, sem nú er undir þessari atvinnugrein, og gera fljótvirkar ráðstafanir til að koma í veg fyrir frekari samdrátt og frekara undanhald innlends iðnaðar miðað við innfluttar iðnaðarvörur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til að till. verði vísað til hv. atvmn.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Sem einn af flm. þessarar till. langar mig til með örfáum orðum að taka undir með 1. flm. og fara fáeinum orðum um till.

Þessi till. fjallar um eflingu innlends iðnaðar og aukna markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu.

Í grg. fara flm. nokkrum orðum um helstu atriði sem þeir telja að til þurfi að koma til þess að markmiðum þessarar till. megi ná. Það er alveg ljóst að mikil nauðsyn er að búa iðnaðinum í landinu þau starfsskilyrði að hann geti blómgast. Ég legg í þessu sambandi alla áherslu á grundvöllinn sjálfan sem iðnaðurinn á að starfa við. Aðgerðir ríkisvaldsins verða fyrst og fremst að snúa að rannsóknum, e. t. v. hugmyndasöfnun og margvíslegri

aðstoð á annan hátt, en iðnaðinn getum við aldrei eflt í þessu landi nema grundvöllurinn, sem hann á að starfa við, sé réttur.

Flm. leggja áherslu á nokkur atriði. Þar er í fyrsta lagi talað um niðurfellingu ýmissa opinberra gjalda til lækkunar á kostnaði. Það er auðvitað alveg ljóst, að innlendur iðnaður greiðir ýmis gjöld fram yfir aðra grunnatvinnuvegi þessarar þjóðar. Meðan svo er verður gengisskráningin iðnaðinum óhagstæð, jafnframt því sem innlendur iðnaður greiðir ýmis gjöld sem samkeppnisiðnaður við hann í öðrum löndum greiðir ekki. Með efnahagsaðgerðum ríkisstj. nýverið var stigið eitt skref með lækkun launaskatts um 1% á iðnaði. Það er í raun inni bara fyrsta skref og þar þurfa fleiri að koma til. Ríkisstj. fjallar nú um tillögu varðandi lækkun á aðstöðugjaldi á iðnaði, og ég geri mér vonir um að samstaða náist fljótlega um aðgerðir í því máli.

Það er auðvitað alveg ljóst, að fátt er hættulegra fyrir okkar í mörgum tilvikum veika iðnað en röng gengisskráning. Í því sambandi verður alveg sérstaklega að vara við að millifærslur til sjávarútvegsins með ýmsu móti, til verðjöfnunarsjóða og með öðru móti, valda því, að gengisskráningin skekkist gagnvart iðnaðinum og kippir rekstrargrundvellinum undan honum.

Hér er sérstaklega minnst á orkuverð. Það hlýtur að koma mjög til skoðunar að okkar innlendi iðnaður hafi sambærilegt orkuverð og önnur fyrirtæki og ekki síst samkeppnisiðnaður okkar erlendis. Það er alveg út í hött að við leggjum gjöld á iðnað okkar sem ekki tíðkast með öðrum löndum, á sama tíma og við ætlumst til að iðnaðurinn taki við fólksfjölguninni á vinnumarkaðinum og verði ein aðalgrunnatvinnugreinin í landi okkar.

Eitt mál, sem ekki verður komist hjá að nefna sérstaklega og 1. flm. fór nokkrum orðum um, er áhrif þeirra styrktar- og stuðningsaðgerða sem gripið hefur verið til í ýmsum samkeppnislöndum okkar. Ég vil segja það, að raunalegt er að þurfa enn einu sinni að standa að tillögum og gera enn einu sinni tillögu um að sérstök athugun verði gerð á áhrifum styrktar- og stuðningsaðgerða við iðnað í helstu viðskiptalöndum okkar. Þessi mál hafa verið svo mikið til umræðu hér á þingi og í þjóðfélagi okkar að þar verður auðvitað að grípa á með föstum og öruggum tökum. Það er enginn vafi á að ýmis samkeppnislönd okkar ekki hvað síst Norðurlöndin, gripu eftir olíukreppuna 1973—1974 til margvíslegra styrktaraðgerða við sinn iðnað. Við erum í fríverslunarbandalagi við þessi lönd mörg og leggjum ekki tolla eða aðflutningsgjöld á þær vörur sem þau flytja inn í þessu sambandi. Fríverslun er ágætt mál og okkur nauðsynleg, en það er alveg útilokað fyrir okkur að láta okkar veika iðnað keppa við ríkisstyrktan iðnað í öðrum löndum ofan á aðrar aðstæður sem eru hjá okkur.

Um þetta á ekki að þurfa að fara mörgum orðum. Þarna þarf að taka til hendinni. Ég hef ekki getað séð annað en að margar þessara stuðningsaðgerða liggi glettilega ljósar fyrir. Ég hef margsinnis sagt í ræðum á þingi að það er auðveldur aðgangur að fjölmörgum handbókum sem gefnar eru út í þessum löndum um hvernig iðnaðurinn er styrktur þar. Þarna verður að grípa inn í. Í þessu sambandi hef ég hvað eftir annað gert það að umræðuefni að sennilega sé fljótvirkasta leiðin að grípa til jöfnunartolla þegar sannað er að um styrktaraðgerðir er að ræða.

Það er enginn vafi á að ýmsar reglur um gjaldeyrisviðskipti eru iðnaðinum óhagstæðar og þar þarf leiðréttinga við. Mér er kunnugt um að að því er unnið. Aðflutningsgjöld á ýmsum vélum og tækjum þarf að fella niður og stíga fleiri skref þar en þegar hafa verið stigin. Jafnframt er mjög mikilvægt í ýmsum iðngreinum að komið verði markvisst á gæðamati á innflutta vöru. Mér segir svo hugur um að a. m. k. í sumum iðngreinum séu fluttar hingað inn vörur sem standast ekki strangt gæðamat í samkeppnislöndum okkar. En jafnframt er alveg ljóst að þau lönd, sem kannske hvað mestan helgisvip hafa á sér í fríverslunarsamstarfi við okkur, hafa strangt gæðamat hjá sér og nota það gæðamat sem hömlur eða þröskulda gegn innflutningi. Þar er þetta gæðamat oft kallað „non-tariff barrier", og við rekum okkur á að íslensk iðnfyrirtæki, sem vilja flytja út, þurfa að ganga í gegnum slíkt gæðamat erlendis og getur kostað marga mánuði að bíða eftir afgreiðslu í slíkum stofnunum, jafnframt því sem gæðamat í þeim skilningi er auðvitað mikil neytendavernd í landi okkar.

Ég vil taka undir með 1. flm., að það er enginn vafi á að fjölmargt af því, sem við Íslendingar flytjum inn, getum við framleitt hér. Það er enginn vafi á að fjölmargt af því yrði áhugavert að framleiða ef aðstæður væru bættar, ef grunnurinn, sem iðnaðurinn starfar við, og þá á ég við ýmsa skatta og álagningu opinberra gjalda og önnur atriði sem hér eru talin upp, — ef þessi atriði eru í lögum.

Ég hef verið talsmaður þess, að við gáum mjög vel að okkur í þessum málum. Það er enginn vafi á, að við verðum að efla iðnaðinn í þessu landi, og það er enginn vafi á, að iðnaðurinn verður í auknum mæli að taka við því fólki sem kemur á vinnumarkaðinn. Það er heldur enginn vafi á, að okkur stafar nokkur hætta af því mikla atvinnuleysi sem er nú í nágrannalöndum okkar. Það þarf ekki mikið að bera út af í okkar tiltölulega veika efnahagslífi svo að sú holskefla berist ekki hingað til okkar og það verði erfiðara að koma henni af en fá hana yfir sig. Til að hindra það verða Íslendingar nú þegar að grípa í taumana og byrja alveg markvisst á að fella gjöld af iðnaðinum og búa hann undir einmitt slík átök, þannig að hann geti orðið sú undirstaða sem við ætlum honum í þessu landi. Við verðum að styrkja iðnaðinn með því að fella niður markvisst af honum gjöld til að búa okkur undir að það atvinnuleysisástand, sem er í nánast öllum löndum í kringum okkur, berist ekki til okkar, heldur verði framleiðsluiðnaður efldur í þessu landi.

Þess vegna er okkur nauðsyn að hafa hér öfluga iðnkynningu sem oftast. Það er alveg nauðsyn, og ég vil taka undir með 1. flm. um að hvetja Íslendinga til að kaupa innlendar vörur. Íslendingar vilja gjarnan sjálfir hafa nóg að gera. Þeir vilja hafa næga atvinnu. Þeir vilja líka hafa mikið kaup. En þeir hugsa allt of lítið um að styðja sjálfir við atvinnugreinar sínar með því að kaupa innlendu framleiðsluna.

Að lokum aðeins þetta: Við erum í fríverslunarbandalögum, það er alveg rétt, og það þarf ekki á neinn hátt, að mínu viti, að rekast á við uppbyggingu og eflingu iðnaðar í þessu landi. Þar gildir fyrst og fremst að við sköpum iðnaðinum þann rekstrargrundvöll að hann sé ekki síðri en sá grundvöllur sem þessir atvinnuvegir búa við í öðrum löndum, jafnframt því að við höfum vakandi auga með að okkar veiki iðnaður sé ekki í beinni samkeppni við ríkisstyrktan iðnað frá öðrum löndum.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 2. mars.

Jarðeignir ríkisins og leigutekjur af þeim.

Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Sighvats Björgvinssonar um jarðeignir ríkisins og leigutekjur af þeim, á þskj. 26, sent þm. 2. mars.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

I. Hvaða jarðeignir eru í eigu ríkisins og stofnana þess, hvaða hlunnindi fylgja jarðeignunum og hver eru talin vera verðmæti umræddra jarðeigna og hlunninda?

II. Hvaða aðilar hafa þessar jarðeignir og hlunnindi á leigu og hvaða leigugjald greiða þeir?

Er kunnugt um að slíkir leigutakar framselji gegn leigu eða á annan hátt rétt til nýtingar á jarðeignum eða hlunnindum sem þeir hafa þannig öðlast, og ef svo er hvar á það sér þá stað og með hvaða hætti?

Óskað er skriflegs svars.

Svar:

Hér fer á eftir yfirlit yfir jarðeignir ríkisins eins og þær eru skráðar á vegum hvers þeirra sjö ráðuneyta um sig sem hér koma við sögu. Mat fasteigna og hlunninda miðast við 1. desember 1980 en matsfjárhæðir eru í nýkrónum.

Menntamálaráðuneytið. 15 jarðeignir eru á skrá ráðuneytisins. Tekjur af jörðum þessum eru kr. 875 á ári.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Borgarfjarðarsýsla					
Reykholtsdalshreppur					
Reykholt		Reykholtsskóli	jarðhiti, laxveiði	130 940	551 240
Dalasýsla					
Fellsstrandarhreppur					
Staðarfell		Sveinn Gestsson	jarðhiti, laxveiði	74 180	70 880
Suður-Þingeyjarsýsla					
Reykdælahreppur					
Halldórsstaðir III	E	(gjöf til Háskóla Ísl.)	lax- og silungsveiði	31 210	1 400
Halldórsstaðir IV	E	(gjöf til Háskóla Ísl.)	lax- og silungsveiði	129 210	1 400
Norður-Múlasýsla					
Hjaltastaðahreppur					
Hóll		Guðmar Ragnarsson		55 880	
Hólshjáleiga		Guðmundur Halldórsson		33 200	
Suður-Múlasýsla					
Egilsstaðahreppur					
Þuríðarstaðir	E			23 070	
Eiðahreppur					
Eiðar		Kristmann Jónsson	silungsveiði		
Gröf	E		lax- og silungsveiði	21 670	480
Ormsstaðir		Guðlaugur og Ásmundur Þórhallssynir	lax- og silungsveiði	33 966	480
Fáskrúðsfjarðarhreppur					
Tunguholt	E			133 210	
Árnessýsla					
Biskupstungnahreppur					
Skálholt		Skálholtsskóli		245 600	
Laugardalshreppur					
Laugarvatn		Héraðsskólinn á Laugarvatni o. fl.	jarðhiti, lax- og silungsveiði	172 880	824 160
Selvogshreppur					
Herdísarvík		(gjöf til Háskóla Ísl.)		27 210	
Reykjavík					
Keldur		Tilraunastöð Háskólans		9 428 170	

Landbúnaðarráðuneytið. 720 jarðeignir eru skráðar hjá ráðuneytinu og skiptast þannig:

Jarðeignir ríkisins	597	jarðeignir
Landnám ríkisins	64	jarðeignir
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.	9	jarðeignir
Skógrækt ríkisins	24	jarðeignir
Landgræðsla ríkisins	18	jarðeignir
Skólajarðir	8	jarðeignir

Í svari ráðuneytisins kemur fram að meginreglan um afgjöld af ríkisjörðum sé að ábúendur greiði 3% af gildandi fasteignamatsverði lands, húsa og hlunninda og að stefnt sé að því að innheimta þá upphæð á næsta fardagaári. Auk þessa afgjalds greiða ábúendur alla skatta og skyldur af viðkomandi eignum. Heildartekjur af jörðum Jarðeigna ríkisins námu skv. ríkisreikningi 1980 samtals 15.631.000 gkr.

Um framsölu á rétti til nýtingar á jarðeignum eða hlunnindum er tekið fram í svari ráðuneytisins, að lög mæli fyrir um að hlunnindi fylgi ábúð og að ráðuneytið kannist ekki við framsal ábúenda eða leigutaka á rétti til lands eða hlunninda.

Nokkrar kristfjárjarðir fylgja með í skrá Jarðeigna ríkisins og er þess sérstaklega getið, enda eru jarðir þessar ekki taldar ríkiseign.

Í svari ráðuneytisins kemur fram, að í jarðadeildinni sé unnið að gerð víðtækrar skrár um fasteignir í vörslu hennar og muni sú skrá veita sundurliðaðar upplýsingar um allar jarðeignir ráðuneytisins.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
JARÐEIGNIR RÍKISINS					
Garðabær					
Dysjar I		Guðmann Magnússon, db.		8 040	
Dysjar II		Hallgrímur Guðjónsson			
Garðar		Helga Sveinsdóttir		11 175	
Háteigur		Þórdís Sigurgeirsdóttir		17 805	
Hausastaðakot		Tryggvi Gunnarsson		10 350	
Hausastaðir		Ólafía Eyjólfsdóttir		14 053	
Hlíð		Gísli Guðjónsson		28 170	
Katrínarkot		Garðabær		17 505	
Krókur		Vilmundur Þorsteinsson		4 575	
Miðengi	E	Leiga í undirbúningi		11 175	
Nýibær		Jóhanna Jóhannsdóttir		15 493	
Pálshús		Jósep Guðjónsson		12 075	
Grindavík					
Staður með Móakoti		Ólafur Gamalíelsson		68 850	
Móakot				5 160	
Gullbringusýsla					
Vatnsleysustrandarhreppur					
Bakki		Guðbjartur Jónsson		22 275	
Fjósakot		Gunnar Erlendsson		12 465	
Goðhóll		Jón Guðbrandsson, db.		8 595	
Hátún		Valdimar Guðmundsson		13 185	
Hlöðunes		Jóhann Filippusson		25 650	
Kálfatjörn		Gunnar Erlendsson		57 285	
Litli-Bær		Haukur Jörundarson		10 065	
Móakot		Gunnar Erlendsson		10 560	
Bessastaðahreppur					
Gestshús		Einar Ólafsson		7 425	
Kjósarsýsla					
Mosfellshreppur					
Seljabrekka		Guðmundur Þorlákssson		6 615	
Kjósarhreppur					
Þrándarstaðir		Lúther Ástvaldsson		30 600	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Borgarfjarðarsýsla					
Hvalfjarðarstrandarhreppur					
Hrafnabjörg		Guðmundur Brynjólfsson	æðarvarp	30 600	225
Andakílshreppur					
Kvígsstaðir		Leifur Sigurðsson		36 270	
Lundarreykjadalshreppur					
Iðunnarstaðir		Einar Torfason	lax- og silungsveiði	15 285	47 100
Skorradalshreppur					
Efstibær		Skógrækt ríkisins	lax- og silungsveiði	15 285	480
Horn		Þorvaldur Jónsson		12 240	
Reykholtsdalshreppur					
Akur		Andrés Kjerulf	jarðhiti, lax- og silungsveiði	4 440	11790+480
Reykholt (hluti)		Jón Þórisson og Þorvaldur Jónsson	lax- og silungsveiði	48 990	11 790
Kleppjárnsreykir:*)		Ekki leigt	lax- og silungsveiði	7 545	2 565
— Garðyrkjubýli		Jóhannes Gíslason (í byggingu)	jarðhiti	9 000	
— Braut		Steinþór Sigurðss., Kolbrún Sigurðard. (í b.)	jarðhiti	9 000	
— Garðyrkjubýlið Klöpp		Guðrún Þórhallsd., Thomas Ludwig	jarðhiti	9 000	49 920
— Garðyrkjubýlið Björk		Reynir Pálsson	jarðhiti	225	81 945
— Garðyrkjubýlið Sólbyrgi		Bernharð Jóhannesson	jarðhiti	225	102 225
— Garðyrkjubýlið Skrúður		Anna Sigfúsdóttir	jarðhiti	225	65 470
— Garðyrkjubýlið Dalbær		Jóhannes Jónsson	jarðhiti	225	55 125
— Garðyrkjubýlið Mýrar		Unnur Hagalín	jarðhiti	6 150	24 960
— Garðyrkjubýli		Þórður Þórðarson (í byggingu)	jarðhiti	11 230	
— Garðyrkjubýlið Kvistur		Marta Hauksdóttir Brandur Gíslason	jarðhiti	9 000	49 920
Kópareykir		Eyjólfur Sigurjónsson	jarðhiti, lax- og silungsveiði	21 405	18390+7545
Mýrasýsla					
Stafholtstungnahreppur					
Grísatunga	E		lax- og silungsveiði	4 005	3 510
Álftaneshreppur					
Álftártunga		Páll Þorsteinsson		16 965	
Hraunhreppur					
Staðarhraun		Guðbrandur Guðbrandsson	lax- og silungsveiði	21 180	31 095
Brúarland		Eiríkur Brynjúlfsson o. fl.	lax- og silungsveiði	3 285	2 370
Hrafnkelsstaðir		Kristín Ingólfsdóttir	lax- og silungsveiði	27 540	47 100
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla					
Kolbeinsstaðahreppur					
Hraunsmúli		Jón S. Pétursson		14 130	
Ystu-Garðar		Ölver Benjamínsson		23 295	
Eyjahreppur					
Hólsland	E	(Kjartan Halldórsson)		19 035	
Miklaholtshreppur					
Ytra-Lágafell		Ársæll Jóhannesson		33 645	
Staðarsveit					
Álftavatn		Gísli Pálsson	lax- og silungsveiði	21 675	2 370
Barðastaðir (1/2)		Einar Pétursson		16 230	
Búðir I		óráðstafað — hluti		50 805	

*) Sá hluti býlis sem ekki er leigður

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Búðir II		Snæfellingafélagið			
Foss		Sveinn Gíslason		15 285	
Furubrekka		Jóhannes Guðjónsson		17 415	
Gaul		Guðmundur Guðjónsson		16 005	
Glaumbær		Einar Helgason	lax- og silungsveiði	14 355	2 370
Hagasel	E	Þorgrímur Þorgrímsson		10 350	
Hraunsmúli		Helgi Sigurmonsson	lax- og silungsveiði	27 075	2 370
Lýsuhóll		Margrét Hallsdóttir		18 585	
Melur (Melkot)	E	Erlendur og Gunnar Kristinssynir	reki	21 900	2 370
Neðri-Hóll		Jónas Jónasson		28 965	
Slítandastaðir I		Júlíus Kristjánsson			
Slítandastaðir II		Árný Guðmundsdóttir		16 005	
Stekkjarvellir		Sveinn Guðjónsson		8 220	
Syðri-Tunga		Þórarinn Salómonsson		28 740	
Traðir og Traðarbúð		Guðmundur Jónsson	lax- og silungsveiði	18 585	2 370
Breiðuvíkurhreppur					
Arnarstapi m/Eyri		Ingi Arnar Pálsson		9 435	
Eiríksbúð		Kristbjörn Guðlaugsson		9 435	
Fell	E	Vikurfélagið hf.		6 330	
Hella/Helludalur	E	Örn Hjörleifsson		2 085	
Litli-Kambur		Ingólfur Guðmundsson		14 835	
Pétursbúð — Bjarg				9 435	
Neshreppur					
Hraunsmúli (ekki í mati)	E				
Ingjaldshóll	E			28 470	
Kjalvegur	E			16 500	
Eyrarsveit					
Búlandshöfði		Anton Finnsson		11 505	
Garðsendi	E	Páll H. Torfason, Jósef Kjartansson		8 010	
Hallbjarnareyri		Guðmundur Guðmundsson		28 245	
Lágarkot	E				
Naust		Páll H. Torfason		8 010	
Nýjabúð m/Þórðarbúð		Jósef Kjartansson		8 010	
Helgafellssveit					
Baulárvellir	E	aths., afréttur		3 780	
Skógarstrandarhreppur					
Breiðabólstaður		Daníel Njálsson		21 900	
Emmuberg		Guðmundur Jónsson		9 660	
Laxárdalur	E	Sami		10 350	
Setberg		Jón Jónsson	selveiði	15 530	7 065
Straumur		Sverrir Guðmundsson		7 065	1 890
Steintún; smábýli úr Emmub. (ekki í mati)		Bjarki Jónsson			
Dalasýsla					
Miðdalahreppur					
Kirkjuskógur	E	Margrét Eggertsdóttir	lax- og silungsveiði	8 220	3 510
Kvennabrekka		Guðmundur Pálsson	lax- og silungsveiði	18 120	6 600
Laxárdalshreppur					
Spágilsstaðir		Gísli Þórðarson	lax- og silungsveiði	14 130	15 285
Hvammshreppur					
Hofakur		Ástvaldur Elíasson		12 945	
Sælingsdalur		Jens E. Jóhannsson		11 790	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Fellsstrandarhreppur					
Staðarfell		Sveinn Gestsson	lax- og silungsveiði	23 565	70 875
Austur-Barðastrandarsýsla					
Reykhólahreppur					
Árbær		Þórður Jónsson		12 945	36 495
Barmar	E	Sveinn Guðmundsson, Jón Ólafsson		10 575	
Grund		Ólafur Sveinsson		11 325	
Hamarland		Matthías Ólafsson	æðarvarp	15 075	1 395
Mávavatn		Sigurgeir Tómasson	jarðhiti	21 900	28 245
Múli og Múlakot		Páll Andrésson		7 545	
Reykhólar		Tómas Sigurgeirsson	æðarvarp, jarðhiti	21 900	28 245
Reykhólar, Seljanes		Magnús V. Jónsson	selveiði	8 220	12 000
Staður		Snæbjörn Jónsson	æðarvarp	16 725	36 495
Gufudalshreppur					
Gufudalur, neðri		Kristinn Bergsveinsson		7 065	
Hofstaðir		Db. Ágústs Sigurbrandssonar		7 065	
Flateyjarhreppur					
Skáleyjar II (½)		Eysteinn og Jóhannes Gíslasynir	fuglatekja, selveiði	630	98 460
Vestur-Barðastrandarsýsla					
Barðastrandarhreppur					
Brjánslækur (I og II)		Ragnar Guðmundsson	æðarvarp	43 815	10 350
Hella	E	Einar Guðmundsson		3 285	
Moshlíð	E	Einar Guðmundsson		3 045	
Seftjörn		Einar Guðmundsson		14 130	
Uppsalir (vantar í mat)	E	Ingvi Haraldsson			
Þverá (vantar í mat)	E	Einar Guðmundsson			
Ketildalahreppur					
Austmannsdalur	E	Jón Bjarnason		4 005	
Grandi	E	Guðbj. Ingi Bjarnason		3 510	
Kolbeinsskeið	E	Ólafur Hannibalsson		6 600	
Krókur	E	Ólafur Hannibalsson		2 115	
Neðribær m/Grund		Ólafur Gíslason		10 410	
Selárdalur m/Húsum		Ólafur Hannibalsson		18 810	
Uppsalir, neðri	E			6 330	
Uppsalir, fremri		Gísli Gíslason			
Öskubrekka	E	Björn Eiríksson		9 900	
Suðurfjarðahreppur					
Sperðlahlíð	E	Kristján Pálsson		2 370	
Vestur-Ísafjarðarsýsla					
Auðkúluhreppur					
Álftamýri	E	Auðkúluhreppur		7 770	
Laugaból		Aðalsteinn Guðmundsson	æðarvarp	12 240	18 855
Tjaldanes	E	Hallgrímur Sveinsson		2 820	
Mýrahreppur					
Álfadalur	E	Guðmundur Hagalínsson		2 820	
Brekka		Kristján Guðmundsson		10 110	
Mosvallahreppur					
Betanía	E	Bernharð Guðmundsson o. fl.		2 370	
Hóll í Firði		Magnús Guðmundsson		14 355	
Kirkjuból í Bjarnardal		Guðmundur Ingi Kristjánsson		9 180	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Vífilsmýri II		Magnús Ingólfsson		5 880	
Þórustaðir		Jón Fr. Jónsson	æðarvarp	10 575	32 970
Suðureyrarhreppur					
Selárdalur		Suðureyrarhreppur		7 065	
Norður-Ísafjarðarsýsla					
Ögurhreppur					
Hvítanes		Kristján Kristjánsson		12 000	
Reykjarfjarðarhreppur					
Eyri í Mjóafirði		Auðunn Kjartansson		4 440	
Nauteyrarhreppur					
Gervidalur	E	Jón Guðjónsson o. fl.		2 820	
Hafnardalur		Benedikt Eggertsson		5 175	
Kleifarkot	E	Reykjarfjarðarhreppur	lax- og silungsveiði	8 220	1 155
Múli		Ástþór Ágústsson		5 665	
Rauðamýri		Ólafur Þórðarson	lax- og silungsveiði	7 290	14 130
Snæfjallahreppur					
Barðsvík	E	Jóhannes Jakobsson			
Hlöðuvík og Búðir	E	Magnús Jónsson o. fl.			
Hælavík	E	Kjartan Sigmundsson			
Skarð	E	Jón Guðjónsson			
Snæfjöll	E				vantar í
Staður og Lækur í Aðalvík	E	Átthagafélag Sléttuhrepps			fasteignamat
Staður og Faxastaður í Grunnavík	E	Aðalsteinn Maack o. fl.			
Sætún I	E	Sigríður Hallgrímsdóttir			
Sætún II	E	Steinunn Guðmundsdóttir			
Unaðsdalur	E	Kjartan Helgason		7 545	
Strandasýsla					
Árneshreppur					
Árnes II		Benedikt Valgeirsson	reki	5 880	14 130
Birgisvík	E	Lýður Hallbergsson	reki	8 220	7 065
Eyri í Ingólfsfirði	E	Ólafur Ingólfsson		11 055	
Ingólfsfjörður	E	Magnús Jakobsson		9 660	
Kambur	E	Páll Sæmundsson	reki	5 400	930
Kjörvogur		Hávarður Benediktsson	reki	10 110	3 195
Kaldrananeshreppur					
Mýrar (vantar landmat) 3,5 ha lóð	E	Elías Bjarnason		6 150	
Hrófbergshreppur					
Staður m/Hofstöðum		Ásta Bjarnadóttir		35 355	
Kirkjubólshreppur					
Kollafjarðarnes		Sigurður Marinósson		16 725	8 220
Bæjarhreppur					
Borðeyri	E	Bæjarhreppur		11 790	
Laugarholt		Pálmi Sæmundsson		4 005	
Lyngholt		Þorbjörn Bjarnason		11 325	
Vestur-Húnavatnssýsla					
Staðarhreppur					
Óspaksstaðir		Hannes Lárusson	lax- og silungsveiði	24 030	76 530
Fremri-Torfustaðahreppur					
Fosshóll		Helgi Valdimarss. og Gunnlaugur Valdimarss.	lax- og silungsveiði	18 120	17 175
Kollufoss		Gunnlaugur Valdimarsson	lax- og silungsveiði	18 120	17 175

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Ytri-Torfustaðahreppur					
Svarðbæli	E	Theodór Pálsson		14 610	
Kirkjuhvammshreppur					
Geitafell		Guðmundur og Sigurður Guðbjartssynir		17 895	
Þverárhreppur					
Bjarghús		Jón Ásmundsson		9 660	4 260
Foss	E	Kristín Jónsdóttir		8 460	
Neðri-Þverá		Unnsteinn Björnsson		27 795	
Tjörn II		Magnús Árnason	lax- og silungsv., selveiði	17 895	10 605
Austur-Húnavatnssýsla					
Þorkelshólshreppur					
Sporður		Þorbjörn Ágústsson	lax- og silungsveiði	19 785	1 395
Sveinsstaðahreppur					
Steinnes		Jósef Magnússon	lax- og silungsveiði	59 805	47 565
Bólstaðarhlíðarhreppur					
Þverárdalur	E			15 750	1 395
Vindhælishreppur					
Höskuldsstaðir		Kristján Sigurðsson	lax- og silungsveiði	51 795	2 370
Skagafjarðarsýsla					
Skefilsstaðahreppur					
Akur	E	Guðjón Jónsson (Selá)	lax- og silungsveiði	6 795	2 115
Hvammur		Guðmundur Vilhelmsson	lax- og silungsveiði, reki	13 860	5 640
Seyluhreppur					
Jaðar		Páll M. Jónsson	lax- og silungsveiði	8 010	480
Ytri-Húsabakki		Gísli Jónsson	lax- og silungsveiði	6 330	1 620
Hólahreppur					
Hvammur		Einar S. Helgason		15 750	
Hofshreppur					
Ljótsstaðir		Ásdís Sveinbjörnsdóttir		11 790	
Mýrakot		Jón Þorsteinsson		9 435	
Málmey	E	(vitamál)		15 750	
Þrastarstaðir		Þorvaldur Þórhallsson		9 435	
Haganeshreppur					
Akrar		Örn Þórarinsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	9 180	31 785
Barð		Símon Gestsson	æðarvarp, lax- og silungsv.	25 185	14 820
Dæli	E	Þorleifur Þorláksson	lax- og silungsveiði	3 045	2 370
Fyrirbarð		Björgvin Márusson		9 435	
Gautland		Stefán Þorláksson	lax- og silungsveiði	5 655	1 890
Karlsstaðir	E	Björgvin Magnússon		7 770	
Langhús		Þorleifur Þorláksson	lax- og silungsv., æðarvarp	8 010	8 970
Minni-Reykir		Þórarinn Guðvarðsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	9 435	36 045
Steinavellir	E		lax- og silungsveiði	3 045	1 155
Stóru-Reykir		Benjamín Jónsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	9 435	25 935
Holtshreppur					
Brúnastaðir		Ríkharður Jónsson	lax- og silungsveiði	35 775	2 370
Knappsstaðir m/Húnsstöðum	E	Verkstjórafélag Hafnarfjarðar		2 820	
Móafell	E	Holtshreppur		11 790	
Nýrækt	E	Kaupfélag Skagfirðinga	lax- og silungsveiði	6 330	1 155
Stóra-Holt		Steingrímur Þorsteinsson	lax- og silungsveiði	23 760	2 370
Tunga og Háakot	E	Holtshreppur		15 750	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Ólafsfjörður					
Bakki		Reynir Ástvaldsson		12 870	
Þverá		Marinó Magnússon	malarnám, lax- og silungsv.	6 690	37 245
Eyjafjarðarsýsla					
Grímseyjarhreppur					
Básar		Alfreð Jónsson		3 045	
Borgir		Jóhann H. Jóhannsson		3 045	
Eiðar (½)		Garðar Ólason		3 045	
Eiðar-Sólbrekka		Gylfi Gunnarsson		6 330	
Miðgarður		Einar Þorgeirsson		3 045	
Sigtún m/Syðri-Grenivík		Halldór Jóhannesson		3 045	
Sveinagarðar		Jóhannes Magnússon		3 045	
Sveinsstaðir		Óli Bjarnason		3 045	
Sveinstún (lóð)		Óli Ólason		5 175	
Ytri-Grenivík		Sæmundur Traustason		3 510	
Svarfaðardalshreppur					
Bakkagerði		Gestur Vilhjálmsson		4 935	
Brautarhóll		Sigurður Kristjánsson		1 155	
Gröf		Júlíus Friðriksson		2 820	
Klængshóll		Hermann Aðalsteinsson		24 210	
Miðbær (ræktað 1,6 ha)	E	Þorsteinn Kristjánsson		2 115	
Uppsalir		Þorsteinn Kristjánsson		8 220	
Árskógshreppur					
Hauganesland		Ýmsir		12 240	
Kleif	E	Einar Petersen		15 285	
Selá		Sævar Einarsson		5 400	
Stærri-Árskógur		Sigurður Stefánsson		24 705	
Arnarneshreppur					
Bakkagerði (vantar landmat)	E	Hjörtur Eiríksson		1 155	3 510
Syðri-Bakki		Alfreð Kristensen		13 635	
Skriðuhreppur					
Myrká		Þórólfur Ármannsson		61 230	
Glæsibæjarhreppur					
Hamar	E	Glæsibæjarhreppur		9 180	
Ytri-Bægisá I		Árni Hermannsson		21 405	
Ytri-Bægisá II		Baldur Þorsteinsson		21 405	
Hrafnagilshreppur					
Kroppur		Úlfar Steingrímsson		12 240	
Saurbæjarhreppur					
Háls		Benedikt Ingimarsson		12 240	
Saurbær		Sveinbjörn Daníelsson		91 830	
Akureyri					
Ytra-Krossanes		Guðrún Rósinkransdóttir		66 780	
Suður-Þingeyjarsýsla					
Grýtubakkahreppur					
Áshóll		Guðbrandur Jóhannsson		13 395	
Höfðabrekka	E			2 370	
Hálshreppur					
Bjarg	E			2 370	
Krosshús	E			7 290	15 285
Neðri-Bær	E			7 545	15 285

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Nýibær	E			2 370	
Uppibær	E			7 290	15 285
Útibær	E			7 545	15 285
Ljósavatnshreppur					
Geirbjarnarstaðir		Óttar Viðar	lax- og silungsveiði	11 325	6 150
Þóroddsstaðir I		Arngrímur og Þóroddur Eiðssynir		21 675	
Þóroddsstaðir II		Ingimar Friðgeirsson		vantar	
Þóroddsstaðir III (Staðarholt)		Friðgeir Eiðsson		4 935	
Bárðdælahreppur					
Mýri		Tryggvi Höskuldsson		15 525	
Sandvík		Jón Albert Pálsson		5 400	
Stóra-Tunga I		Þórólfur Jónsson		7 700	
Stóra-Tunga II		Aðalsteinn Þórólfsson		9 180	
Skútustaðahreppur					
Skútustaðir III		Jón Þorláksson	lax- og silungsveiði	15 075	12 240
Reykdælahreppur					
Akrar		Þormóður Ástvaldsson		6 330	
Árhvammur		Jón Pétursson	lax- og silungsveiði	9 435	
Breiðamýri I		Haraldur Stefánsson		5 665	
Breiðamýri II		Sigtryggur Jósepsson		5 665	
Breiðamýri III		Arnkell Jósepsson		5 665	
Halldórsstaðir í Reykjadal		Sigurður Friðriksson		6 795	
Hjalli		Árný Bjarnadóttir		13 860	
Höskuldsstaðir		Olgeir Jónsson	lax- og silungsveiði	9 180	3 045
Kasthvammur		Gunnlaugur Gunnarsson	lax- og silungsveiði	9 435	5 880
Aðaldælahreppur					
Aðalból		Signý Þorkelsdóttir	lax- og silungsveiði	10 350	6 150
Brúar		Gísli Ólafsson	lax- og silungsveiði	10 830	6 150
Búvellir		Db. Sigurðar Sörenssonar	lax- og silungsveiði	10 830	6 150
Grímshús		Guðmundur Hallgrímsson	lax- og silungsveiði	10 350	6 150
Helluland		Vilmundur Hólmgeirsson	lax- og silungsveiði	11 505	6 150
Hvoll		Þorkell Prándarson		10 350	
Kraunastaðir		Jón Ólafsson	lax- og silungsveiði	9 660	6 150
Lækjarhvammur		Gísli Kristjánsson		1 155	
Múli I		Kristján Ásvaldsson	lax- og silungsveiði	11 055	6 150
Múli II		Gestur Kristjánsson	lax- og silungsveiði	10 350	6 150
Norðurhlíð		Friðrikka Stefánsdóttir	lax- og silungsveiði	10 575	6 150
Staðarhóll		Hermann Hólmgeirsson	lax- og silungsveiði	10 575	6 150
Ysti-Hvammur		Baldur Jónsson		9 180	
Norður-Þingeyjarsýsla					
Kelduneshreppur					
Meiðavellir		Óskar Ingvarsson		15 525	
Svínadalur (þjóðgarður — ekki metinn)					
Öxarfjarðarhreppur					
Akursel I og II	E	Halldór Gunnarsson	reki	31 095	3 285
Presthólahreppur					
Hjarðarás		Sigurður Árnason	reki	12 945	1 155
Hrauntún		Hálfdán Þorgrímsson	lax- og silungsv., reki	12 945	1 350
Hvoll		Helgi Árnason	reki	12 945	1 155
Katastaðir		Ingimundur Pálsson		14 130	
Presthólar		Jónas Þorgrímsson	reki, lax- og silungsveiði	16 725	2 790
Rif	E	Sigríður Metúsalemsdóttir	reki	1 395	11 790
Snartarstaðir		Sigurður Ingimundarson	reki	12 945	1 155

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Svalbarðshreppur					
Fjallalækjarsel		Þorleifur Gunnarsson	lax- og silungsveiði	12 945	21 675
Flautafell m/Urðarseli	E	Ragnar Már Sigfússon	lax- og silungsveiði	14 130	64 980
Sauðaneshreppur					
Efra-Lón		Sigurður Jónsson	lax- og silungsv., fuglatekja	12 945	2 595
Skoruvík		Björn Kristjánsson	reki	7 770	47 100
Norður-Múlasýsla					
Vopnafjarðarhreppur					
Fremri-Hlíð		Valur Guðmundsson	lax- og silungsveiði	12 240	9 435
Jökuldalshreppur					
Aðalból		Páll Gíslason, dánarbú		32 025	
(Arnarhóll (Merki II), kristfjárjörð)		Óli Stefánsson		(9 900)	
Hofteigur		Karl Gunnarsson		24 705	
Klausturssel		Aðalsteinn Jónsson		14 130	
(Merki I, kristfjárjörð)		Benedikt Stefánsson		(9 900)	
Möðrudalur I	E				
Möðrudalur II		Vernharður Vilhjálmsson	}	32 025	
Möðrudalur III	E	Vernharður Vilhjálmsson	}		
Fljótsdalshreppur					
(Arnheiðarstaðir, kristfjárjörð)		Jón E. Kjerulf		16 005	
Brekka		Lilja Hallgrímsdóttir		11 325	
Brekkugerði		Jóhanna J. Kjerulf		14 130	
Brekkugerðishús		Sigmar Pétursson		11 325	
(Droplaugarstaðir, kristfjárjörð)				(8 400)	
Egilsstaðir		Egill Gunnarsson		14 835	
Hjarðarból		Þórarinn Bjarnason		10 350	
Hóll		Benedikt Friðriksson		14 835	
Kleif		Þorfinnur Sigmundsson		9 435	
Sturluflötur		Jón Hallason		8 685	
Þuríðarstaðir		Kjartan Bjarnason		8 685	
Tunguhreppur					
Brekkusel		Stefán Halldórsson		6 795	
Hrærekslækur		Sigurður Björgólfsson		8 460	
Húsey I		Örn Þorleifsson	reki, selveiði, lax- og silungsv.	8 955	259 500
Húsey	E	Elsa Þ. Árnadóttir		9 180	259 500
Kirkjubær		Sigurður Jónsson		17 175	
Hjaltastaðahreppur					
Ánastaðir	E	Einar Kr. Einarsson		10 110	
Grænahlíð		Jón Þórðarson		7 290	
Hjaltastaður		Ófeigur Pálsson		28 740	
Hrjótur	E			6 150	
Jórvík	E	Ingvi Ingvarsson		12 000	
Móberg		Björn Ágústsson		6 600	
Rauðholt		Sævar Sigurbjarnarson		9 900	
Steinbogi	E	Guðmar Ragnarsson		1 395	
Svínafell		Ingvi Ingvarsson		8 010	
Unaós m/Heyskálum		Alfreð Aðalbjörnsson	lax- og silungsveiði + reki	9 180	1 155
Víðastaðir		Steindór Einarsson		9 660	
Kóreksstaðir	E	Sigurjón Ingvarsson	reki	18 795	1 530
Borgarfjarðarhreppur					
Hjálmarsströnd	E			3 045	
Klyppstaðir	E	Sigurbjörn Snæþórsson	lax- og silungsv.		

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
			(ekki í sérmati)	12 240	
Sólbakki		Jón Sigurðsson		6 330	
Sævarendi	E		æðarvarp, silungur	6 150	2 820
Seyðisfjarðarhreppur					
Bæjarstæði	E	Baldur og Vilberg Sveinbjörnssynir		3 045	
Dvergasteinn		Sigurður Filippusson		27 540	
Sunnuholt		Sigurður Sigurðsson		6 330	
Suður-Múlasýsla					
Skriðdalshreppur					
Arnhólsstaðir		Hreinn Guðvarðarson Ingibjörg Einarsdóttir		28 965	
Borg		Ragnar Bjarnason		24 030	
Hátún	E	Garðar Stefánsson		14 355	
Víðilækur		Metúsalem Björgvinsson		24 210	
Þingmúli		Sigurbjörn Árnason		19 305	
Vallahreppur					
Jaðar I		Þórhallur Benediktsson	lax- og silungsveiði	43 815	480
Jaðar II		Sigrún Sigfúsdóttir, ekkja	lax- og silungsveiði	43 815	480
Sauðhagi I		Páll Sigurðsson		21 900	
Sauðhagi II		Björn Sigurðsson		16 230	
Vallanes		Eymundur Magnússon		43 813	480
Vallaneshjáleiga	E	Ásmundur Þórisson		21 900	
Víkingsstaðir		Sigurður Jónsson		24 030	
Eiðahreppur					
Gilsárteigur		Sigurbjörn Snæþórsson Jón A. Kristjánsson	lax- og silungsveiði	109 710	480
Hleinagarður		Sigurður Guttormsson	lax- og silungsveiði	16 230	480
Hjartarstaðir I		Halldór Sigurðsson	lax- og silungsveiði	44 040	480
Mýnes		Guðjón Einarsson		27 315	
Norðfjarðarhreppur					
Grænanes		Sigfinnur Þorleifsson		38 145	
Helgustaðahreppur					
Helgustaðir		Stefán Ólafsson		19 305	
Hjáleigueyri	E			2 565	
Karlsstaðir	E			19 305	
Krossanes	E			3 655	
Sigmundarhús		Gunnar Larsson		9 660	
Stóra-Breiðavík		Jóhann Jónsson		9 660	
Reyðarfjarðarhreppur					
Flateyri	E			4 950	
Hólmar		Jón Vigfússon		30 515	
(Framnes — kristfjárjörð)				(1 740)	
Hraun		Hávarður Bergþórsson		4 950	
(Sómastaðagerði — kristfjárjörð)		Gunnar Víglundsson		10 170	
(Sómastaðir — kristfjárjörð)		Hans Beck		20 370	
Fáskrúðsfjarðarhreppur					
Brimnesgerði		Gunnlaugur Árnason		19 035	
Dalir I		Elías Daníelsson		19 305	
Dalir II		Sigmar Magnússon		19 305	
Eyri I	E	Jón Úlfarsson		4 710	
Eyri II		Jón Úlfarsson		14 355	
Gerði (1/5 Hafnarness)		Ragnar Björgvinsson		6 600	
Hólagerði I		Jón Kr. Erlendsson		9 660	
Hólagerði II	E	Sigurbjörn Stefánsson		9 660	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Hvammur I, Hóll		Oddur Sigurðsson		9 660	
Hvammur II		Sigurður Oddsson		9 660	
Kjappeyri		Einar Guðni Einarsson, db.		24 030	
Kolfreyja		Jón Þorsteinsson		9 660	
Kolmúli I		Guðjón Daníelsson		11 790	
Kolmúli II	E	Guðjón Daníelsson		11 790	
Skálavík I og II	E	Óskar Jónsson		7 065	
Vattarnes I		Úlfar Jónsson		19 305	
Vattarnes IV (Dagsbrún)	E	Sigurður Úlfarsson		9 660	
Vattarnes III (Þrastarhóll)	E	Úlfar Jónsson		9 660	
Stöðvarhreppur					
Kambar = Heykleif	E	Sturlaugur Einarsson		9 660	
Breiðdalshreppur					
Hóll (Dísastaðahóll)	E			7 065	
Fell		Árni Einarsson, Einar Árnason		7 065	
Fellsás		Erlendur Björgvinsson		7 065	
Gilsárstekkur		Bergur Karlsson		24 030	
Randversstaðir		Guðmundur Elísson		19 305	
Skriða		Bjarki Pétursson		19 305	
Skriðustekkur		Hannes Björgvinsson		19 305	
Streiti		Elvar Kristjánsson		24 030	
Beruneshreppur					
Eiríksstaðir		Eyþór Guðmundsson		19 305	
Núpur I og II		Gunnar Einarsson		9 660	
Núpshjáleiga	E	Gunnar Einarsson		4 710	
Víðines	E	Gunnar Guðmundsson		19 305	
Búlandshreppur					
Stekkjarhjáleiga	E	(Djúpavogsprestur)		4 710	
(Búlandsnes — Borgargarður — kristfjárjörð)		Kristinn Jóhannsson, Baldur Gunnlaugsson	æðarvarp	23 310	5 175
(Framnes — kristfjárjörð)		Eyjólfur Guðjónsson		16 965	
(Merki — kristfjárjörð)	E	Kr. Jóhannsson		3 510	
Geithellnahreppur					
Blábjörg		Þormóður Einarsson	hlunnindi — ótilgreind	24 210	4 005
Hamarssel		Svavar Þorbergsson		38 640	
Hnaukar		Gunnar Guðlaugsson		14 355	
Hærukollsnes		Óskar Guðlaugsson	æðarvarp	19 305	1 155
Kambsel	E			19 305	
Melrakkanes		Karl Sigurgeirsson	hlunnindi — ótilgreind	24 030	37 665
Rannveigarstaðir		Ragnar Pétursson		19 305	
Veturhús	E			19 305	
Austur-Skaftafellssýsla					
Bæjarhreppur					
Krossaland	E			8 010	
Volasel		Benedikt Egilsson		14 835	
Mýrahreppur					
Baldurshagi	E	Sigurður Guðjónsson		13 635	
Borg		Sigurður Guðjónsson		27 075	
Digurholt	E	Guðmundur Bjarnason		13 395	
Nýpugarðar	E			13 635	
Borgarhafnarhreppur					
Borgarhöfn IV, Krókur		Benedikt Sigurðsson		5 400	
Borgarhöfn V, Gamli-Garður		Ragnar Sigurðsson		10 830	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Borgarhöfn VII, Ekra	E			(vantar í mat)	
Brunnar		Jóhann Björnsson		13 395	
Brunnavellir		Helga Björnsdóttir			
Jaðar		Ingimar Bjarnason		13 635	
Leiti				10 830	
Hofshreppur					
Leiti	E	Sandfell		21 675	
Vestur-Skaftafellssýsla					
Hörgslandshreppur					
Breiðabólstaður		Jóhann Þorleifsson	lax- og silungsv., reki	20 745	2 850
Skaftártunguhreppur					
Ytri-Ásar		Gísli Halldór Magnússon	lax- og silungsveiði	23 295	480
Snæbýli II		Sigurgeir Jóhannsson	lax- og silungsveiði	9 435	225
Leiðvallarhreppur					
Bakkakot I		Runólfur Bjarnason		20 745	
Bakkakot II		Marteinn Jóhannsson		20 745	
Efri-Ey I		Bjarni Árnason	reki	17 895	3 510
Efri-Ey II		Jón Árnason	reki	18 120	3 510
Efri-Ey III, Hóll		Þorgerður Bjarnadóttir	reki	17 640	3 510
Háa-Kotey		Gísli Erasmusson	reki	7 545	2 370
Lága-Kotey	E	Gísli Erasmusson	reki	12 720	2 370
Langholt		Sigurjón Einarsson	lax- og silungsv., reki	18 120	9 420
Nýibær	E	Bjarni Árnason	lax- og silungsveiði	12 720	2 370
Rofabær I		Gunnar Runólfsson	lax- og silungsv., reki	18 120	1 155
Strönd, Rofabær II		Loftur Runólfsson	lax- og silungsv., reki	18 120	9 375
Sandasel	E	Snorri Stefánsson	lax- og silungsv., reki	12 945	18 870
Sandar	E	Loftur Runólfsson o. fl.	lax- og silungsv., reki	10 350	18 870
Sandhóll		Sveinn Erasmusson	reki	7 770	2 370
Syðri-Steinsmýri I og II		Magnús Pálsson	lax- og silungsv., reki	5 175	37 695
Skurðbær	E	Gunnar Runólfsson o. fl.		5 175	
Undirhraun I, Melhóll I		Ragnar og Tómas Gíslasynir	lax- og silungsveiði	23 295	225
Undirhraun II, Melhóll II		Ragnar og Tómas Gíslasynir	lax- og silungsveiði	23 295	225
Álftaversshreppur					
Bólhraun	E	Júlíus Jónsson		5 175	
Herjólfsstaðir I		Hjörtur Hannesson	reki	20 745	1 155
Herjólfsstaðir II		Gissur Jóhannesson	reki	20 745	1 155
Holt I		Jón G. Ásgeirsson		7 770	
Holt II		Páll Bárðarson		17 895	
Hraunbær		Þorbergur Bjarnason		12 945	
Jórvík I		Guðmann Ísleifsson	lax- og silungsveiði	15 525	225
Jórvík II		Ásgeir P. Jónsson	lax- og silungsveiði	15 285	225
Hvammshreppur					
Norðurfoss		Sigursveinn Sveinsson		31 095	
Norðurhvammur		Jónas Sn. Hermannsson		23 295	
Skaganes I		Þorsteinn Jónsson		10 350	
Stóra-Heiði		Hermann Árnason	lax- og silungsveiði	36 270	9 435
Suður-Götur		Jón Hjaltason		18 120	
Dyrhólahreppur					
Álftagróf m/Keldudal		Valdimar Gíslason		25 920	
Ás		Oskar Jóhannesson		18 120	
Brekkur I		Vigfús Ólafsson		18 120	
Brekkur II		Arnar Halldórsson		18 120	
Fell	E	Valdimar Gíslason		43 815	
Ketilsstaðir III, Hvammsból		Baldur Stefánsson		23 295	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Ketilsstaðir I A		Ingólfur Ketilsson		23 295	
Ketilsstaðir II		Jón Sigurðsson		25 920	
Litli-Hvammur	E	Sigþór Sigurðsson		3 045	
Rangárvallasýsla					
Vestur-Eyjafjallahreppur					
Ásólfsskáli og Efsta-Kot (½)		Viðar Bjarnason		24 480	
Brúnir	E			30 600	
Efsta-Grund		Karl Sigurjónsson	lax- og silungsveiði	12 240	1 155
Indriðakot		Lárus Ágústsson	lax- og silungsveiði	9 180	1 155
Lambhúshóll	E	Jónas Pétursson	reki	14 355	3 285
Nýjabær		Leifur Einarsson	reki	12 240	1 890
Ormskot		Ólafur Sigurþórsson	lax- og silungsveiði	5 400	1 155
Syðsta-Grund		Lárus Hjaltested	lax- og silungsveiði	9 180	1 155
Tjarnir	E		reki	24 480	1 155
Vallartún	E		lax- og silungsv., reki	12 240	1 350
Austur-Landeyjahreppur					
Guðnastaðir		Ragnar Guðlaugsson		16 965	
Hólmahjáleiga		Bergur Pálsson		14 610	
Kirkjuland I	E		reki	12 240	675
Kirkjulandshjáleiga	E		reki	12 240	675
Ljótarstaðir		Ársæll Jóhannsson		30 600	
Tjarnarkot	E		reki	12 240	675
Önundarstaðir	E	Ragnar Guðlaugsson		24 480	
Vestur-Landeyjahreppur					
Ey I - Vesturbær		Karl A. Halldórsson		15 750	
Ey II - Eystribær		Sigurður Sigmundsson		15 750	
Eyland	E	Ólafur Jónsson		15 750	
Glæsistaðir		Anton Þorvarðsson		12 240	
Klauf		Rúnar Guðjónsson		5 400	
Fljótshlíðarhreppur					
Árnagerði		Steinar Magnússon		12 240	
Ásvöllur		Hallgrímur Pálsson		4 710	
Bjargarkot		Þorsteinn Guðmundsson		4 710	
Eystri-Torfastaðir I		Vilhjálmur Rúnar Ólafsson		24 480	
Eystri-Torfastaðir II		Gústaf Sigurjónsson		24 480	
Fagrahlíð		Guðmundur Guðnason		12 240	
Flókastaðir		Sigm. og Karl Vigfússynir		18 390	
Höfði	E			1 395	
Kotmúli		Fíladelfíusöfnuðurinn		12 240	
Kvoslækur		Guðmundur Vigfússon		18 390	
Lambey		Jón Kristinsson		8 460	
Staðarbakki	E	Þórhildur Þorsteinsdóttir		73 470	
Vatnsdalur I og II		Andrés Magnússon		85 725	
Hvolhreppur					
Giljar	E	Fjóla Guðlaugsdóttir		6 420	
Kotvöllur		Hermann Sveinsson		15 375	
Langagerði		Markús Runólfsson		7 680	
Uppsalir		Jón Tómasson		19 380	
Rangárvallahreppur					
Bakkakot		Bjarni og Jón Ársælssynir		25 815	
Eystra-Fróðholt		Sigurgeir Valmundsson		12 870	
Kirkjubær		Sigurður Haraldsson		171 540	
Langekra (og Kragi)		Páll Ísleifsson		16 140	
Sólvellir	E	Ingimar Ísleifsson		7 680	
Svínhagi		Gunnar Klemenzson		38 700	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Uxahryggur I		Guðmundur Gíslason		32 265	
Uxahryggur II		Guðjón Bjarnason		32 265	
Vindás		Jón Þorvarðarson		12 870	
Landmannahreppur					
Stóru-Vellir		Óðinn Pálsson		32 970	
Holtahreppur					
Pula		Ólafur Helgason		36 750	
Þjóðólfshagi I		Stefán Jónsson		41 445	
Þjóðólfshagi II		Þórður Erlendsson		43 065	
Ásahreppur					
Kálfholt		Jónas Jónsson		171 405	
Lækjartún		Sveinn Tyrfingsson		36 750	
Árnessýsla					
Gaulverjabæjarhreppur					
Dalbær		Már Ólafsson		13 635	
Eystri-Hellur		Ástráður Guðmundsson		15 285	
Gaulverjabær		Guðjón Sigurðsson		45 885	
Gerðar		Geir Ágústsson		15 285	
Hamar (I og II)		Ægir Friðleifsson		39 780	
Hamarshjáleiga		Kristinn K. Ægisson		18 390	
Haugur	E	Guðmundur Steindórsson og Gunnar Þórðarson		13 635	
Syðri-Völlur I og III		Jón Ólafsson		24 480	
Vöðlakot	E				
Stokkseyrarhreppur					
Brattholtshjáleiga	E	Erla Antonsdóttir		5 565	
Eystri-Grund		Ásmundur Sæmundsson		2 790	
Grjótlækur	E	(Jón Guðjónsson)		1 290	
Vestri-Grund		Jón Guðjónsson		1 080	
Sandvíkurhreppur					
Hreiðurborg		Brynjólfur Þorsteinsson		19 785	
Hraungerðishreppur					
Bollastaðir		Guðjón Guðjónsson		15 285	
Hraungerði		Guðmundur Stefánsson		45 885	
Voli	E	Bjarni Eiríksson o. fl.			
Hryggur		Ágúst Guðjónsson		15 285	
Kjartansstaðir		Þorvaldur G. Sveinsson		7 545	
Lambastaðir		Tryggvi Bjarnason		12 240	
Langsstaðir		Hjálmar Ágústsson		18 390	
Miklaholtshellir		Bjarni og Einar Eiríkssynir		15 285	
Skeggjastaðir		Gunnar Halldórsson		12 240	
Lækur (og ½ Arnarstaðakot)		Þorbjörg Guðjónsdóttir		42 840	
Villingaholtshreppur					
Gafl		Eiríkur Kr. Eiríksson		21 405	
Þjótandi		Robert Maitsland		15 285	
Skeiðahreppur					
Andrésfjós		Ingimar Þorbjörnsson		30 600	
Björnskot		Gísli Axelsson		15 285	
Minni-Ólafsvellir		Sigmar Eiríksson		15 285	
Norðurgarður		Sævar Eiríksson		15 285	
Ólafsvellir		Kjartan Georgsson		61 230	
Vesturkot		Haraldur Haraldsson		15 285	
Hrunamannahreppur					
Gröf		Emil Ásgeirsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	15 285	50 880

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Laxárhlíð (Gröf II)		Guðjón Einarsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	24 480	50 880
Sunnuhlíð		Guðmundur Ísak Pálsson	jarðhiti, lax- og silungsv.	24 480	50 880
Kaldbakur m/Hraunkrók		Ásgeir Gestsson	lax- og silungsveiði	18 855	24 030
Biskupstungnahreppur					
Borgarholt — Borgarholtskot		Kristján Kristjánsson	lax- og silungsveiði	30 600	1 395
Bræðratunga I		Valgerður Pálsdóttir	lax- og silungsveiði	61 230	2 820
Bræðratunga II		Sveinn Skúlason	lax- og silungsveiði	61 230	2 820
Lambhúskot	E	Ingvar R. Ingvarsson	lax- og silungsveiði	24 480	930
Krókur		Magnús Heimir Jóhannesson	lax- og silungsveiði	30 600	930
Laug		Kristbergur Jónsson	jarðhiti	24 480	23 565
Torfastaðir		Guðmundur Gíslason	jarðhiti	45 885	
Vegatunga		Sigurjón Kristinsson	lax- og silungsveiði, jarðhiti	36 750	2 370
Laugardalshreppur					
Ketilvellir		Grímur Jónsson		21 405	
Miðdalskot		Eiríkur Tómasson		18 390	
Grímsneshreppur					
Kaldárhöfði	E	Óskar Ögmundsson	lax- og silungsveiði	45 885	23 565
Þingvallahreppur					
Arnarfell	E		lax- og silungsveiði	15 285	23 565
Brúsastaðir		Ragnar L. Jónsson	lax- og silungsveiði	36 750	11 790
Fellsendi		Gunnar M. Þórisson		7 770	
Heiðarbær I		Sveinbjörn Jóhannesson	lax- og silungsveiði	45 885	94 185
Heiðarbær II		Unnur Frímannsdóttir	lax- og silungsveiði	45 885	94 185
Kárastaðir		Helgi Guðbjörnsson	lax- og silungsveiði	45 885	84 185
Hveragerðishreppur					
Friðarstaðir		Sæmundur Jónsson	jarðhiti	7 415	
Ölfushreppur					
Arnarbæli		Hermann Sigurðsson	lax- og silungsveiði	32 265	24 825
Gufudalur		Hrefna Kjartansdóttir o. fl.	jarðhiti	10 695	
		Kvenfélagasamband Gullbringu- og Kjósarsýslu		3 225	124 155
Hóll	E	Steindór Guðmundsson		6 420	
Hvammur		Guðmundur Bergsson		22 575	
Hvoll		Bjarni E. Sigurðsson		9 675	
Kirkjuferja		Grétar og Guðm. Baldurssynir	lax- og silungsveiði	32 265	29 820
Kirkjuferjuhjáleiga		Guðjón Sigurðsson	lax- og silungsveiði	32 265	29 820
Krókur	E	Steindór Guðmundsson		4 710	
Kross		Lúðvík Haraldsson		9 675	
Kröggólfsstaðir		Páll Sigurðsson		41 940	
Kvíarhóll		Gunnar Baldursson		9 675	
Nethamrar	E	Guðmundur Benediktsson		4 710	
Nýibær	E	Steindór Guðmundsson			
Reykjakot (smábýli)		Sigurður Þráinsson	jarðhiti		
Reykjakot (jörðin)		Hestamannafélagið „Ljúfur"	jarðhiti	32 265	248 310
Strýta	E	Guðmundur Kjartansson	jarðhiti	9 675	
Stöðlar	E	Steindór Guðmundsson		12 870	
Vellir		Kjartan Björnsson		16 140	
Púfa		Sigurður Ragnarsson		16 140	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Ábúandi/leigjandi	Leigu-gjald	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr.	
LANDNÁM RÍKISINS					
Mýrasýsla					
Hraunhreppur					
Þverholt	Sigurður Ámundason, Ámundi Sigurðsson	3%		51 110	land
Dalasýsla					
Miðdalahreppur					
Svalbarð	Jón Skarphéðinsson	3%	lax- og silungsveiði	16 500	land
	Kringlu, án búsetu			4 935	lax- og silungsveiði
Saurbæjarhreppur					
Lindarholt	Fóðuriðjan Ólafsdal			944	land
(Fóðuriðjan Ólafsdal)	B-hluta ríkisfyrirtæki og nýtir land og mannvirki sem fyrirtækið hefur byggt upp sjálft			346 140	ræktun
				232 485	íbúðarhús
				474 730	verk-smiðju-hús skemmur
Ólafsdalur	Menntaskólinn við Sund (íbúðarhús)	1%		14 130	land
				35 540	ræktun
	Hafliði Guðjónsson	5%		33 490	íbúðarhús
	Benedikt Frímannsson (land, útihús)			36 510	útihús
Austur-Barðastrandarsýsla					
Flateyjarhreppur					
Flatey, Breiðafirði 5/8 hlutar ásamt úteyjum	Hafsteinn Guðmundsson, Svanhildur Jónsdóttir	3%	selveiði og æðarvarp	4 485	land
				5 175	ræktun
				59 400	hlunnindi
Strandasýsla					
Kaldrananeshreppur					
Framnes	Bjarni Ingimarsson, Ingimar Elíasson	3%	reki	11 060	land
				9 900	reki
Kaldrananes I	Ingimar Jónsson	3%	lax- og silungsveiði, reki	11 060	land
				480	lax- og silungsveiði
Hlunnindi leigð ábúendum				9 900	reki
Austur-Húnavatnssýsla					
Svínavatnshreppur					
Auðkúla I	Ásbjörn Þ. Jóhannsson	3%		21 410	land
Auðkúla II	Kristmundur Valberg	3%		20 740	land
Auðkúla III	Hannes Guðmundsson	3%		20 740	land
Torfalækjarhreppur					
Skinnastaðir I	Vignir Vigfússon	3%		17 895	land
	Hestamannafélagið Neisti (landspilda)	3%		33 470	land
	Heiðar Kristjánsson (landspilda)	3%		24 030	hlunnindi

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Ábúandi/leigjandi	Leigu-gjald	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr.	
Skinnastaðir II	Vigfús Magnússon	3%	lax- og silungsveiði (hlutur ábúanda 1/4 Landnáms ríkisins 3/4)	12 000	hlunnindi
Landnám ríkisins er aðili að Veiðifélagi Vatnsdalsár og fær greiddan arð skv. arðskrá.					
Skagafjarðarsýsla					
Seyluhreppur					
Krossanes	Sigurður Óskarsson	0	lax- og silungsveiði	18 860	land
				27 540	ræktun
				2 570	hlunnindi
				74 170	hús
Langamýri	Ábúðarlaus	0	lax- og silungsveiði	19 040	land
				29 430	ræktun
				680	hlunnindi
Lauftún	Íbúðarhús leigt Varmahlíðarskóla	974 556 (1980)	lax- og silungsveiði	18 860	land
				20 480	ræktun
				680	hlunnindi
				239 820	hús
Víðidalur	Stefán Haraldsson	3%		7 550	land
Víðiholt	Hlífar Hjaltason	3%		8 010	land
Víðimýrarsel	Jón Gissurarson	3%		6 330	land
				47 570	ræktun
				162 040	hús
Víðimýri	Jóhann Gunnlaugsson	3%		8 960	land
Jarðirnar Krossanes, Lauftún og Langamýri keyptar til stofnunar grasköglaverksmiðju. Ábúendur hafa lífstíðarábúð án leigugjalds.			Landnám ríkisins er aðili að Veiðifélagi Húseyjarkvíslar og fær greiddan arð skv. arðskrá vegna hlunninda.		
Lýtingsstaðahreppur					
Borgarfell	Eysteinn Sigurðsson	3%		3 050	land
Stórhóll	Kristján Guðmundsson	3%		3 050	land
Ýrafell	Pétur Bjarnason	3%		3 050	land
Suður-Þingeyjarsýsla					
Ljósavatnshreppur					
Árland	Ingvar Kárason	3%		4 710	land
Lækjamót	Örn Sigurðsson, Þóra Kristinsdóttir	3%		1 890	land
Staðarfell	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti án byggingarbréfs íbúðarhús eign ríkissjóðs (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti)	3%		304	land
				1 461	ræktun
				(14 992	íbúðarhús)
Reykjahreppur					
Heiðarbót	Björn Karlsson	3%	lax- og silungsveiði	19 530	land
				9 440	hlunnindi
Saltvík			reki	60 960	land
				120 290	ræktun
				3 050	reki
				151 470	hús

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Ábúandi/leigjandi	Leigu-gjald	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr.	
Þverá	Tryggvi Óskarsson	3%	lax- og silungsveiði	41 180	land
				18 860	hlunnindi

Jörðin Saltvík var keypt 1971 vegna fyrirhugaðrar stofnunar grasköggla verksmiðju.
Íbúðarhúsið var leigt sér en sú ræktun sem framkvæmd hefur verið leigð ýmsum aðilum fram til 1980 er hún spilltist af kali.

Landnám ríkisins er aðili að Veiðifélagi Mýrarkvíslar og fær greiddan arð skv. arðskrá.
Ábúendur hafa hvor um sig 1/3 af veiðirétti, Landnám ríkisins 1/3.

Norður-Múlasýsla					
Hjaltastaðahreppur					
Hlégarður	Einar Kr. Einarsson	3%		5 880	land
Kvisthagi	Einar Kr. Einarsson án búsetu	3%		9 180	land
				18 390	ræktun
				11 660	hús
Laufás	Sigurður Karlsson	3%		6 600	land
Nýbýlaland 3	ekki lögbýli	3%		9 180	land
Nýbýlaland 5	ekki lögbýli	3%		10 580	land
Nýbýlaland 6	ekki lögbýli	3%		10 580	land
Hrjótur	eyðijörð, leigð sem beitiland ábúendum Hlégarðs og Laufáss	3%		6 150	land
Tunguhreppur					
Blöndubakki	Árni Jóhannsson	3%		17 640	land
Stóri-Bakki	Anton B. Kröyer	3%		18 390	land
Suður-Múlasýsla					
Vallahreppur					
Langahlíð	Sigurður Stefánsson	3%		8 690	land
Stangarás	Björn Björnsson	3%		8 690	land
Unalækur	Oddur Björnsson	3%		11 060	land
Austur-Skaftafellssýsla					
Nesjahreppur					
Dynjandi	Jens Olsen	3%		19 040	land
Grænahraun	Ingólfur Björnsson	3%		19 040	land
Hagi	Haraldur Torfason, Sigurður Torfason, Torfi Þorsteinsson	3%		19 040	land
Sauðanes	Sigurður Eiríksson	3%		19 040	land
Þinganes	Einar Sigurbergsson	3%		19 040	land
Mýrahreppur					
Flatey I	Guðjón Jónsson	0		40 530	land
				61 920	ræktun
				39 850	íbúðarhús
				57 580	útihús
Flatey II	Páll Ingvarsson	0		40 530	land
				72 050	ræktun
				26 310	íbúðarhús
				33 820	útihús
Oddi		0		5 400	land

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Ábúandi/leigjandi	Leigu- gjald	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr.	
Jarðirnar Flatey I og Flatey II voru keyptar 1973 vegna uppbyggingar á grasmjölsverksmiðju í Flatey. Við ákvörðun kaupverðs var ákveðið að seljendur fengju lífstíðarábúð án leigugjalds á því landi sem ekki er nýtt fyrir grasmjölsverksmiðjuna svo og íbúðarhúsum og útihúsum jarðanna og tillit tekið til þess við ákvörðun kaupverðs.					
Rangárvallasýsla					
Hvolhreppur					
Akur	Karl Heiðarsson	3%		3 740	land
Hjarðartún	Ólafur Sigfússon	3%		4 950	land
Lynghagi	Gunnar Fr. Sigurþórsson	3%		3 740	land
Miðtún	Óskar Karelsson	3%		3 740	land
Rangárvallahreppur					
Geldingalækur	Ingvar Magnússon	3%		129 110	land
	Fóður- og fræframleiðslan Gunnarsholti (186,0 ha)	0		489 870	hús
Gröf	Db. Gríms Thorarensen	3%		2 582	land
Árnessýsla					
Ölfushreppur					
Akurgerði	Kristófer og Oddur Ásgrímssynir	3%		4 710	land
Bræðraból	Rafn Haraldsson	3%		6 420	land
Efstaland	Björn Kristjánsson	3%		1 740	land
Hjarðarból	Halldór Guðmundsson	3%		3 225	land
Hlíðartunga	Sigurður Jónsson	3%		4 440	land
Kvistir	Kristinn Kristjánsson	3%		4 710	land
Lambhagi	Jón Magnússon	3%		3 735	land
Nautaflatir I	Skúli Pétursson	3%		4 710	land
Nautaflatir II	Skúli Pétursson	3%		4 710	land

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði- jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr Land	Hlunnindi
RANNSÓKNASTOFNUN LANDBÚNAÐARINS					
Reykjavík					
Engey	E		æðarvarp	284 930	
Kjósarsýsla					
Mosfellshreppur					
Þormóðsdalur	E		lax- og silungsveiði	23 295	32 505
Borgarfjarðarsýsla					
Andakílshreppur					
Hestur		Tilraunabúið á Hesti	lax- og silungsveiði	67 350	412 095
Lundarreykjadalshreppur					
Mávahlíð	E	notuð af Tilraunastöðinni á Hesti	lax- og silungsveiði	39 780	35 355
Austur-Barðastrandarsýsla					
Reykhólahreppur					
Reykhólar		Tilraunastöðin á Reykhólum	æðarvarp og jarðhiti	14 835 117 750	2 370

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	Hlunnindi
Eyjafjarðarsýsla					
Arnarneshreppur					
Möðruvellir II		Tilraunastöðin á Möðruvöllum	lax- og silungsveiði	76 530	
Norður-Múlasýsla					
Fljótsdalshreppur					
Skriðuklaustur		Tilraunastöðin á Skriðuklaustri	hreindýraveiði	64 740	
Rangárvallasýsla					
Fljótsdalshlíðarhreppur					
Sámsstaðir		Tilraunastöðin á Sámsstöðum		7 290	
Árnessýsla					
Hraungerðishreppur					
Sölvaholt	E		jarðhiti	30 600	93 720
SKÓGRÆKT RÍKISINS					
Borgarfjarðarsýsla					
Skorradalshreppur					
Stálpastaðir	E	eigin not	silungsveiði	186 705	480
Hvammur		eigin not	silungsveiði	145 290	480
Bakkakot	E	eigin not		15 285	
Efstibær	E	50% eigin not	silungsveiði	15 285	480
Stóra-Drageyri	E	eigin not	silungsveiði	154 215	480
Sarpur	E	eigin not		12 240	
Austur-Húnavatnssýsla					
Áshreppur					
Gilá		eigin not að hluta /Þuríður Indriðadóttir	laxveiði	7 065	29 880
Eyjafjarðarsýsla					
Glæsibæjarhreppur					
Vaglir	E	eigin not		15 285	
Öxnadalshreppur					
Miðhálsstaðir	E	Skógræktarfélag Eyf.		4 440	
S-Þingeyjarsýsla					
Hálshreppur					
Bakkasel	E	eigin not	lax- og silungsveiði	3 285	
Belgsá	E	eigin not	sem Skógr. ríkisins	9 900	
Þórðarstaðir		Sigursveinn Tómasson	nýtur	60 960	
Vaglir		Brynleifur Siglaugsson		110 910	
Reykdælahreppur					
Fosssel		Skógræktarfél. S-Þing.		16 725	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
N-Þingeyjarsýsla					
Keldunesshreppur					
Ásbyrgi		Sigurgeir Ísaksson		46 860	
S-Múlasýsla					
Vallahreppur					
Hallormsstaður		eigin not	ræktun, skógur 21 675	8 685	
Buðlungavellir		eigin not	ræktun, skógur 21 675	8 685	
Breiðdalshreppur					
Jórvík	E	eigin not		53 415	
Rangárvallasýsla					
Fljótshlíðarhreppur					
Tumastaðir		eigin not	ræktun, skógur 22 815	18 390	
Kollabær I og II	E	eigin not	ræktun, skógur 22 815	41 490	
Skarfanes	E	eigin not		32 970	
Árnessýsla					
Gnúpverjahreppur					
Ásólfsstaðir		eigin not		122 430	
Skriðufell		Björn Jóhannsson		61 230	11 790
Biskupstungnahreppur					
Haukadalur	E	eigin not	ræktun, skógur 169 657	30 600	23 565 (jarðhiti)

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Vestur-Skaftafellssýsla					
Leiðvallarhreppur					
Leiðvöllur	E		lax- og silungsveiði	5 175	2 370
Staðarholt/Feðgar	E		lax- og silungsv., reki	7 770	9 420
Rangárvallasýsla					
Rangárvallahreppur					
Akurhóll	E	land metið með Gunnarsholti			
Bolholt		Egill Gestsson		6 420	
Brekkur		land metið með Gunnarsholti			
Dagverðarnes	E	land metið með Gunnarsholti			
Gunnarsholt				626 220	
Hróarslækur		Skúli Jónsson		4 950	
Ketilhúshagi	E	(með Grafarbakka)		90 390	
Gröf				25 815	
Kornbrekkur		Skúli Þorvarðarson land metið með Gunnarsholti			
Reyðarvatn	E	Pétur Thorsteinsson		7 680	
Steinkross	E	land metið með Gunnarsholti			

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Landmannahreppur					
Eskiholt		Guðni Kristinsson		1 155	
Mörk	E			4 260	
Ósgröf	E			1 395	
Stóri-Klofi		Árni Árnason	reki	6 150	
Árnessýsla					
Selvogshreppur					
Strönd	E			7 545	

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ — SKÓLAJARÐIR

Borgarfjarðarsýsla					
Andakílshreppur					
Ausa		Jón Sigvaldason	lax- og silungsveiði	27 546	11 325
Bárustaðir		Ólafur Guðmundsson		15 285	
Hvannatún		Diðrik Jóhannsson		9 135	
Hvanneyri		Bændaskólinn, Hvanneyri	lax- og silungsveiði	153 075	188 370
Skagafjarðarsýsla					
Hólahreppur					
Hof I		Laxeldisstöðin		6 330	
Hof II		Jón Guðm. Gunnlaugsson		6 330	
Hólar		Bændaskólinn, Hólum		94 860	
Árnessýsla					
Ölfushreppur					
Reykir		Garðyrkjuskóli ríkisins	jarðhiti	96 840	248 310

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Á skrá hjá ráðuneytinu eru 58 jarðeignir, 47 prestsetursjarðir og 11 aðrar jarðir. Nokkrar jarðir eru í raun tvítaldar, þ. e. þegar ábúanda, öðrum en presti, hefur verið byggður hluti prestsetursjarðar. Leiga eftir prestsetursjarðir nam 92 100 kr. á árinu 1981.

Sýsla *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi	 Hús og ræktað land
I PRESTSETURSJARÐIR						
Borgarfjarðarsýsla						
Hvalfjarðarstrandarhreppur						
Saurbær		Sr. Jón Einarsson	lax- og silungsveiði, æðarvarp	42 840	158 000	265 800
Andakílshreppur						
Staðarhóll	E	Hvanneyrarskóli		6 150		217 270
Reykholtsdalshreppur						
Reykholt		Sr. Geir Waage að hl.	jarðhiti, lax- og silungsveiði	3 510	32 970	124 010

Sýsla *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	Hlunnindi	Hús og ræktað land
Mýrasýsla						
Stafholtstungnahreppur						
Stafholt		Sr. Brynjólfur Gíslason	lax- og silungsveiði	46 620	47 100	199 450
Borgarhreppur						
Borg		Sr. Leó Júlíusson		12 720		388 290
Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla						
Eyjahreppur						
Söðulsholt		Sr. Einar Jónsson		32 250		268 110
Staðarsveit						
Staðastaður		Sr. Rögnv. Finnbogason	lax- og silungsveiði	63 590	47 100	283 350
Dalasýsla						
Saurbæjarhreppur						
Hvoll		Sr. Ingiberg Hannesson	lax- og silungsveiði	28 250	12 240	237 420
Vestur-Barðarstrandarsýsla						
Rauðasandshreppur						
Sauðlauksdalur	E		lax- og silungsveiði	13 640	9 440	217 840
Vestur-Ísafjarðarsýsla						
Mosvallahreppur						
Holt		Sr. Lárus Þ. Guðmundsson	æðarvarp	48 740	28 250	248 260
Suðureyrarhreppur						
Staður		Sr. Þórður Ágúst Ólafsson		16 970		338 360
Norður-Ísafjarðarsýsla						
Reykjarfjarðarhreppur						
Vatnsfjörður		Sr. Baldur Vilhelmsson	selveiði	14 840	8 460	250 920
Strandasýsla						
Árneshreppur						
Árnes I		Sr. Guðfinnur Þórólfsson	reki o. fl.	5 880	30 600	99 560
Bæjarhreppur						
Prestbakki		Sr. Yngvi Þ. Árnason	lax- og silungsveiði o. fl.	19 310	24 730	282 280
Vestur-Húnavatnssýsla						
Ytri-Torfustaðahreppur						
Melstaður		Sr. Pálmi Matthíasson	lax- og silungsveiði	37 670	66 140	251 840
Austur-Húnavatnssýsla						
Þverárhreppur						
Tjörn I		Sr. Robert Jack	lax- og silungsveiði, selveiði	18 120	10 610	238 890
Skagafjarðarsýsla						
Akrahreppur						
Miklibær		Sr. Þorsteinn Ragnarsson	lax- og silungsveiði	95 120	9 440	316 950

Sýsla *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	Hlunnindi	Hús og ræktað land
Lýtingsstaðahreppur						
Mælifell		Sr. Ágúst Sigurðsson		23 760		198 900
Seyluhreppur						
Glaumbær		Sr. Gunnar Gíslason	lax- og silungsveiði	47 570	1 160	284 950
Eyjafjarðarsýsla						
Arnarneshreppur						
Möðruvellir		Sr. Þórhallur Höskuldsson		76 530		345 640
Öngulsstaðahreppur						
Syðra-Laugaland		Sr. Bjartmar Kristjánsson	jarðhiti	24 480	47 100	280 560
Suður-Þingeyjarsýsla						
Grýtubakkahreppur						
Laufás		Sr. Bolli Gústafsson	lax- og silungsveiði, æðarvarp	53 420	36 520	191 580
Hálshreppur						
Háls		Sr. Pétur Þórarinsson		21 680		268 880
Ljósavatnshreppur						
Staðarfell		Sr. Jón A. Baldvinsson		3 050		164 630
Skútustaðahreppur						
Skútustaðir I		Sr. Örn Friðriksson	lax- og silungsveiði	30 600	24 380	566 830
Aðaldælahreppur						
Grenjaðarstaður		Sr. Sigurður Guðmundsson	lax- og silungsveiði	11 790	6 150	373 750
Norður-Þingeyjarsýsla						
Öxarfjarðarhreppur						
Skinnastaður		Sr. Sigurvin Elíasson	reki	18 120	230	363 280
Sauðaneshreppur						
Sauðanes		Sr. Ingimar Ingimarsson	lax- og silungsveiði, reki og æðarvarp	6 150	138 970	230 580
Skeggjastaðahreppur						
Skeggjastaðir		Sr. Sigmar Torfason	reki	30 140	1 160	312 310
Vopnafjarðarhreppur						
Hof		Sr. Sigfús Árnason	lax- og silungsveiði	20 480	18 860	176 070
Fljótsdalshreppur						
Valþjófsstaður		Sr. Bjarni Guðjónsson		18 390		339 340
Suður-Múlasýsla						
Fáskrúðsfjarðarhreppur						
Kolfreyjustaður		Sr. Þorleifur Kristmunds.	æðarvarp	24 210	17 640	296 320
Breiðdalshreppur						
Heydalir		Sr. Kristinn Hóseasson	lax- og silungsveiði	58 140	54 170	208 400

Sýsla *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi	 Hús og ræktað land
Austur-Skaftafellssýsla						
Nesjahreppur						
Bjarnanes I		Sr. Gylfi Jónsson		19 040		270 010
Borgarhafnarhreppur						
Kálfafellsstaður		Sr. Fjalar Sigurjónsson		27 080		278 110
Vestur-Skaftafellssýsla						
Kirkjubæjarhreppur						
Kirkjubæjarklaustur		Sr. Sigurjón Einarsson	lax- og silungsveiði	1 890	930	290 160
Skaftártunguhreppur						
Ásar		Sr. Valgeir Helgason	lax- og silungsveiði, reki	31 100	5 190	92 020
Rangárvallasýsla						
Vestur-Eyjafjallahreppur						
Holt		Sr. Halldór Gunnarsson	lax- og silungsveiði, reki	61 230	4 750	316 670
Vestur-Landeyjahreppur						
Bergþórshvoll		Sr. Páll Pálsson	reki	73 470	3 290	437 370
Fljótshlíðarhreppur						
Breiðabólstaður		Sr. Sváfnir Sveinbjarnarson		24 480		787 840
Landmannahreppur						
Fellsmúli		Sr. Hannes Guðmundsson		30 600		320 690
Rangárvallahreppur						
Oddi		Sr. Stefán Lárusson		129 110		363 710
Árnessýsla						
Hrunamannahreppur						
Hruni		Sr. Sveinbj. Sveinbjörnson	lax- og silungsveiði	33 650	18 860	331 330
Grímsneshreppur						
Mosfell		Sr. Ingólfur Ástmarsson	lax- og silungsveiði	73 470	3 290	141 730
Gullbringusýsla						
Gerðahreppur						
Útskálar		Sr. Guðm. Guðmundsson		116 990		268 530
Kjósarsýsla						
Mosfellshreppur						
Mosfell		Sr. Birgir Ásgeirsson	jarðhiti	16 770	72 900	403 800
Kjósarhreppur						
Reynivellir		Sr. Gunnar Kristjánsson	lax- og silungsveiði	28 380	235 450	492 800

Sýsla *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	Hlunnindi	Hús og ræktað land
II AÐRAR JARÐEIGNIR						
Dalasýsla						
Hvammshreppur						
Hvammur		Sveinn Björnsson		28 250		173 960
Vestur-Húnavatnssýsla						
Þverárhreppur						
Breiðabólstaður		Kristján Sigurðsson	lax- og silungsveiði	41 670	2 370	315 430
Skagafjarðarsýsla						
Akrahreppur						
Borgarhóll		Stefán Jónsson, tímabundið		47 560		
Seyluhreppur						
Glaumbær II		Arnór Gunnarsson		26 760		
Eyjafjarðarsýsla						
Öngulsstaðahreppur						
Brúnir		Kristján Theodórsson		19 500		
Norður-Þingeyjarsýsla						
Sauðaneshreppur						
Sauðanes II		Ágúst Guðröðarson		6 330		
Norður-Múlasýsla						
Fljótsdalshreppur						
Valþjófsstaður		Friðrik Ingólfsson		13 190		
Borgarfjarðarhreppur						
Desjarmýri		Sigmar Ingvarsson	reki	19 040	1 160	218 620
Austur-Skaftafellssýsla						
Nesjahreppur						
Bjarnanes II		Guðlaug Guðmundsdóttir		5 400		
Ás		Sigurður Björnsson		5 400		
Rangárvallasýsla						
Vestur-Landeyjahreppur						
Bergþórshvoll II		Eggert Haukdal		16 500		

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þrjár jarðir eru í vörslu ráðuneytisins, allar í umsjá stjórnarnefndar ríkisspítalanna. Tekjur af eignunum nema 15 360 kr. árið 1981.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Garðabær					
Vífilsstaðir		Vífilsstaðahæli		3 732 000	
Kópavogur					
land Kópavogshælis		Kópavogshæli		1 129 822	
Kjósarsýsla					
Mosfellshreppur					
Úlfarsá		Tilraunastöðin á Keldum		2 000 000	

Fjármálaráðuneytið. Fjármálaráðherra ásamt menntamálaráðherra er eignaraðili fyrir hönd ríkissjóðs að hálfri jörðinni Reykir við Reykjabraut í Torfalækjarhreppi í Austur-Húnavatnssýslu. Eigendur á móti ríkinu eru sveitarfélög sem standa að rekstri Húnavallaskóla og rennur afgjald jarðarinnar óskipt til þeirra.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Austur-Húnavatnssýsla					
Torfalækjarhreppur					
Reykir við Reykjabraut		Steingrímur Ingvarsson	jarðhiti	105 530	23 570

Samgönguráðuneytið. 16 jarðir eru á skrá þar af 6 í ábúð vitavarða. Vitajarðir í eyði eru 9 að tölu og ein jörð, Fornihvammur í Norðurárdal, er í umsjá vegamálastjóra. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins eru engar tekjur af jörðum þessum, nema hvað bændur í Norðurárdal, sem nýta tún og upprekstrarrétt Fornahvamms, sjá um viðhald girðinga og fjallskil á þeirri jörð.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Seltjarnarneskaupstaður					
Grótta	E			95 290	
Mýrasýsla					
Norðurárdalshreppur					
Fornihvammur	E	Þorvaldur Jósefsson o. fl.	lax- og silungsveiði	339 200	7 050
Snæfellsnessýsla					
Breiðuvíkurhreppur					
Malarrif		Pétur Pétursson		87 480	
Öndverðarnes	E			1 080	
Helgafellssveit					
Helgafellseyjar	E			11 150	
Stykkishólmshreppur					
Elliðaey	E			87 420	
Höskuldsey	E			22 960	

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Vestur-Ísafjarðarsýsla					
Þingeyrarhreppur					
Svalvogar	E			79 670	
Suðureyrarhreppur					
Keflavík		Guðmundur Bernódusson		vantar	
Norður-Ísafjarðarsýsla					
Snæfjallahreppur					
Látravík		Jóhann Pétursson		vantar	
Siglufjörður					
Engidalur		Trausti Magnússon		213 440	
Siglunes	E			24 950	
Norður-Þingeyjarsýsla					
Presthólahreppur					
Rif	E			930	7 860
Norður-Múlasýsla					
Borgarfjarðarhreppur					
Glettinganes	E			12 730	
Suður-Múlasýsla					
Mjóafjarðarhreppur					
Grund		Erlendur Magnússon		139 570	
Stöðvarhreppur					
Heyklif		Sturlaugur Einarsson		89 310	

Iðnaðarráðuneytið. Jarðeignin Dynjandi í Auðkúluhreppi í Vestur-Ísafjarðarsýslu er eina jarðeignin sem stofnanir ráðuneytisins telja á eignarskrám. Engar tekjur eru fram taldar af eigninni.

Sýsla/kaupstaður *Hreppur* Jörð	Eyði-jörð	Ábúandi/leigjandi	Hlunnindi	Fasteignamat 1. des. 1980 í nýkr. Land	 Hlunnindi
Vestur-Ísafjarðarsýsla					
Auðkúluhreppur					
Dynjandi	E			84 990	

Efri deild, 51. fundur.

Miðvikudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 19, n. 384, 385). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt með brtt. sem n. flytur á sérstöku þskj. og hefur verið samin í samráði við fulltrúa fjmrn.

ATKVGR.

Brtt. 385 (ný 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 347, n. 391, 392, 402). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. mars 1961. Allshn. hefur haft þetta frv. til umfjöllunar, reyndar tvö frv. um breytingu á sveitarstjórnarlögum, að hluta til samhljóða, þ. e. varðandi það afbrigði að færa kosningar til sveitarstjórna yfir á laugardaga.

Fyrra frv., sem er á þskj. 321, var flutt af fjórum þm. sem sæti eiga í allshn. Ed., þeim Salome Þorkelsdóttur, Stefáni Jónssyni, Stefáni Guðmundssyni og Eiði Guðnasyni. Fjallar það frv. eingöngu um breytingu á 17. gr. sveitarstjórnarlaganna, þ. e. að færa kjördag yfir á laugardaga til samræmis við lög um kosningar til Alþingis, en sömu flm. fluttu frv. um það efni sem varð að lögum í des. s. l.

Síðan var svo lagt fram á þskj. 347 stjfrv. um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. 1. gr. þess er samhljóða fyrra frv. varðandi breytingu á 17. gr., en einnig er í 2. gr. þess frv. lögð til breyting á 18. gr. sömu laga. Með tilliti til þess, að nefndin er sammála um að báðar þessar breytingar nái fram að ganga, er lagt til að afgreiða málið á þann veg að mæla með samþykkt þess frv. sem felur í sér báðar breytingarnar. Jafnframt flytur nefndin brtt. við 2. gr. frv. á sérstöku þskj. Sú brtt. er til komin vegna ábendinga sem fram komu hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. við umr. þegar mælt var fyrir þessu frv. Einstakir nm. áskilja sér einnig rétt til að flytja brtt. við þetta frv., og ég sé að brtt. er nú þegar komin fram á þskj. 402. Ég hefði viljað mælast til þess að allshn. fengi þessa brtt. til athugunar. Ég tel að þarna sé svo stórt mál á ferðinni, að ekki væri óeðlilegt að nefndin fjallaði um það.

Það er jafnframt rétt að skýra frá því, að nokkrar umr. urðu innan nefndarinnar um það, hvort hafa ætti sama kjördag um allt land í stað þess að kosið er í júnímánuði í dreifbýlishreppum. Það kom fram í nefndinni að ekki væri rétt að tefja þetta mál með því að kanna það frekar nú, en rétt að taka það til athugunar síðar og þá jafnvel hvort færa ætti kjördag t. d. fram á haustið. Sú skoðun kom fram hjá ýmsum, að það gæti verið hagkvæmt, með tilliti til þess þegar mannabreytingar verða við kosningar, að nýjar sveitarstjórnir hefðu tækifæri til að byrja á því að undirbúa og afgreiða fyrstu fjárhagsáætlun sína sem væri þá eitt af fyrstu störfum nýrrar sveitarstjórnar ef kosið væri þegar komið er fram á haust. Ég vil benda mönnum á þetta til íhugunar.

Guðmundur Vésteinsson: Herra forseti. Í upphafi máls míns vil ég leyfa mér að lýsa yfir stuðningi við þau nýmæli sem felast í till. til breytinga á sveitarstjórnarlögum á þskj. 347 varðandi rýmkun kosningarréttar til sveitarstjórna. Sjálfsagt er að fólk, sem flytur um nokkurn tíma til næstu nágrannalanda, fái að halda kosningarrétti sínum hér á landi. Þeir, sem notfæra sér þann kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum, viðhalda vissum tengslum við sínar heimabyggðir, og að fólk fái að viðhalda slíkum tengslum er af hinu góða.

Einnig er það fagnaðarefni, að nú skuli eiga að stíga það skref að veita Norðurlandabúum, sem hér hafa verið búsettir um þriggja ára skeið, kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar. Þetta skref hafa aðrar frændþjóðir okkar á Norðurlöndum stigið fyrir nokkru. Hefur Íslendingum, sem búsettir hafa verið í þessum löndum, gefist kostur á að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum án þess að þeir gerðust ríkisborgarar í viðkomandi löndum.

Spyrja má hvort ekki væri ástæða til að ganga lengra í þessum efnum og veita öllum erlendum ríkisborgurum, sem hér hafa dvalið, þennan rétt. E. t. v. verður það einhvern tíma gert. En þetta er þó alla vega spor í rétta átt. Við þekkjum áreiðanlega flest dæmi þess, að fólk af erlendu bergi brotið hafi verið búsett hér á landi árum og áratugum saman án þess að það leitaði eftir íslenskum ríkisborgararétti. Margt af þessu fólki er orðið rótgrónir borgarar í sínum sveitarfélögum, reiðir af hendi gjöld og skyldur skilvíslega og tekur fullan þátt í félags- og menningarlífi sem aðrir þegnar sveitarfélagsins.

Sveitarstjórnarmálefni og sveitarstjórnarkosningar hafa ákveðna sérstöðu og kosningarréttur þar hefur lengi verið með svolítið öðrum hætti en til Alþingis. Með þeim breytingum, sem hér eru til umræðu, er verið að auka þennan mun verulega, og hef ég ekkert við það að athuga, eins og ég hef áður sagt. Hins vegar hlýtur, þegar fjallað er um rýmkun kosningarréttar til sveitarstjórna, að koma til alvarlegrar umhugsunar að í þessu frv. skuli ekki vera gert ráð fyrir meiri rýmkun á kosningarrétti íslenskra ríkisborgara. Þar á ég fyrst og fremst við að ekki er gert ráð fyrir að kosningarréttur verði lækkaður niður í 18 ár eins og lengi hefur verið rætt um. Með venjulegri breytingu á því frv., sem hér er til umr., má stíga það sjálfsagða skref.

Ég veit ekki betur en allar Norðurlandaþjóðirnar og fjölmargar aðrar þjóðir hafi lækkað almennan kosningarrétt niður í 18 ár. Þegar við ætlum nú að veita norrænum frændum okkar kosningarrétt hér á landi til sveitarstjórna fylgir óneitanlega sá böggull skammrifi, eins og þetta frv. er úr garði gert, að yngsta kynslóðin mun ekki fá kosningarrétt eins og er í föðurlandi þeirra. Ég tel að hv. Alþingi, sem nú situr, verði að ráða hér bót á og sjá til þess, að við bæjar- og sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara í vor og framvegis, verði kosningarréttur miðaður við 18 ára aldur.

Umræður um lækkun kosningaaldurs niður í 18 ár hafa staðið lengi. Hér á hv. Alþingi var þessu máli fyrst hreyft árið 1965 er þm. Alþfl. fluttu till. um það. Sú

tillögugerð leiddi til þess, að kosningarrétturinn var færður niður í 20 ár árið 1968, svo að tvítugir kjósendur gengu í fyrsta sinn að kjörborði hér á landi í forsetakosningunum það ár. Síðan hefur málið setið nánast í sama farinu. Á árinu 1974 og aftur 1976 hreyfðu þó þm. Alþfl. málinu og árið 1977 flutti hv. þm. Benedikt Gröndal frv. í Nd. til breytingar á sveitarstjórnarlögum þess efnis, að kosningarréttur til sveitarstjórna yrði lækkaður í 18 ár. En hv. Alþingi sá því miður ekki ástæðu til að aðhafast þá neitt í þeim efnum. Ég tel að hugmyndin um 18 ára kosningaaldur hafi hlotið það góðan hljómgrunn og svo veigamikil rök hafi verið færð fyrir þessu máli að það sé meira en tímabært fyrir hv. Alþingi að stíga nú þegar það skref, sem önnur þjóðþing hafa stigið, og færa kosningarrétt við sveitarstjórnarkosningar niður í 18 ár, þannig að þeir, sem náð hafa þessum aldri á kjördegi í vor, fái að neyta atkvæðisréttar og taka þátt í vali fulltrúa í sveitarstjórnir næsta kjörtímabil. Ég hef því leyft mér ásamt hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að flytja á þskj. 402 brtt. við frv. það sem hér er til umr., um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58/1961, þess efnis, að kosningarréttur samkv. a-lið 18. gr. laganna miðist við 18 ára aldur þegar kosning fer fram.

Það skal viðurkennt, að æskilegast hefði verið að haldist hefði í hendur lækkun kosningaaldurs við alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar. En því er ekki að heilsa þar sem kosningarréttur til Alþingis er stjórnarskrárbundinn og breytingum á stjórnarskrá verður ekki fram komið nema með þeim hætti sem hv. þm. þekkja. Fólkið er yfirleitt í mun nánari tengslum við starf sveitarstjórnanna en starf Alþingis, eins og hv. þm. er kunnugt. Ég tel að það geti ekki talist nein goðgá, að fyrra skrefið til almenns 18 ára kosningaaldurs verði nú stigið við sveitarstjórnarkosningar. Af því sem ég þekki til starfsemi sveitarstjórna kem ég a. m. k. ekki auga á neitt í starfi þeirra sem ætti að hindra hv. Alþingi í að fara inn á þessa braut, nema síður sé.

Með kosningarrétti öðlast fólk einnig kjörgengi. Ungt fólk á þessum aldri er margt áhugasamt um félagsmál og lætur þau til sín taka og er áreiðanlega margt undir það búið að taka sæti í sveitarstjórnum. Sveitarstjórnirnar eru æðimargar víðs vegar um land, eins og kunnugt er. Því má ekki heldur gleyma, að bæjar- og sveitarstjórnir kjósa við upphaf kjörtímabils ýmsar nefndir og stjórnir til að annast meðferð einstakra málaflokka. Ég veit ekki betur en kjörgengi sé skilyrði fyrir kosningu í nefndir á vegum sveitarfélaga, en áreiðanlega er í ýmsum tilvikum mjög æskilegt að veita fólki á þessum aldri tækifæri til að taka þátt í slíku starfi og beinlínis fengur að því fyrir sveitarfélögin að fá ungt og áhugasamt fólk til starfa.

Þótt 18 ára kosningaaldur hafi ekki verið lögleiddur enn hér á landi er samt þegar fyrir hendi nokkur reynsla af honum. Þar á ég við að stjórnmálaflokkarnir hafa með prófkjöri við val frambjóðenda til Alþingis og sveitarstjórnarkosninga tekið upp þá reglu að heimila fólki niður í 18 ára og jafnvel yngra að greiða atkvæði. Við undirbúning sveitarstjórnarkosninga á vori komanda hafa þegar farið fram nokkur sameiginleg prófkjör flokkanna og hefur rétturinn til þátttöku í þeim verið bundinn við 18 ára aldur yfirleitt. Því má varpa fram þeirri spurningu, hvort ekki sé kominn tími til fyrir stjórnmálaflokkana hér á hv. Alþingi að veita þeim ungmennum, sem hér eiga hlut að máli, sama rétt og þessir sömu flokkar veita í prófkjörum sínum.

Ég vil aðeins undir lok míns máls minna á að íslensk ungmenni eru yfirleitt virkari þátttakendur í atvinnulífi, félagsmálum og menningarlífi hvers konar en gerist erlendis. Þetta fólk hefur hlotið góða skólamenntun og hefur margt stofnað til hjúskapar og heimilishalds, greiðir sín gjöld til sveitarfélaga, og það hefur axlað að fullu ábyrgð og skyldur þjóðfélagsins.

Herra forseti. Ég tel mig hafa leitt að því nokkuð gild rök, að nú sé full ástæða fyrir hv. Alþingi að láta ekki lengur undir höfuð leggjast að sýna æskufólki það traust að veita því við sveitarstjórnarkosningar kosningarrétt sem miðast við 18 ára aldur.

Hv. 4. landsk. þm., varaformaður allshn., hefur óskað eftir að fá tækifæri til þess að láta hv. allshn. fjalla um till. á þskj. 402 sem ég hef hér mælt fyrir. Ég mun því draga hana til baka til 3. umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Eftir síðustu orð hv. síðasta ræðumanns hefði ég e. t. v. ekki þurft að kveðja mér hljóðs og koma upp í ræðustólinn, vegna þess að ég ætlaði fyrst og fremst að standa hér upp til að óska eftir frestun á þessu máli. Af því að ég er hér kominn og hef kvatt mér hljóðs vil ég taka það fram, að ég er samþykkur því frv., sem hér er til umr., og þeirri brtt. sem hv. allshn. hefur borið fram.

En um brtt. á þskj. 402 gegnir allt öðru máli. Ég vil í sambandi við hana byrja á því að óska hv. þm. Guðmundi Vésteinssyni til hamingju með hans jómfrúrræðu hér á þingi. Ég hef ekkert sérstakt út á hans ræðu að setja eða hans málsútlistun. Hins vegar hef ég mikið við það að athuga, ef það hefði verið ætlunin — sem nú er komið fram að er ekki — að við gengjum til atkv. um brtt. á þskj. 402 við afgreiðslu þessa máls til 3. umr. Í raun og veru er það svo, að mér finnst algerlega óeðlileg vinnubrögð að kasta fram, ef svo mætti segja, brtt. um svo veigamikið atriði sem hér er um að ræða, grundvallaratriði, þ. e. kosningaaldurinn.

Ég ætla ekki að ræða hér efnislega um það, hver kosningaaldurinn á að vera, ég er ekki kominn hér upp til þess, heldur til að leggja áherslu á það, að mér finnst það óeðlileg vinnubrögð, ef við ætlum að afgreiða svo veigamikið mál sem kosningaaldurinn, breytingu á honum, við afgreiðslu þess frv. sem hér er til umr. Þessa till. ber svo brátt að, að mér skilst, að efni hennar hafi ekkert verið rætt í þeirri nefnd sem fjallar um þetta frv., hv. allshn. Það er margt sem þarf að athuga í sambandi við breytingu á kosningaaldrinum, m. a., eins og hv. 1. flm. þessarar brtt. gat um áðan, hlýtur málið að snerta spurninguna um það, hver kosningaaldurinn á að vera við kosningar til Alþingis, og við gerum ekki út um það mál við afgreiðslu þessa frv.

Ég hefði talið eðlilegast að till. hefði verið endanlega tekin til baka, en hún hefur verið tekin til baka við þessa umr. Ég legg áherslu á það, að hv. allshn. fái til að byrja með tækifæri til að athuga málið áður en til 3. umr. kemur, ef ætlunin er að halda þessari till. til streitu, eins og komið hefur fram að er ósk og vilji 1. flm. þessarar brtt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur verið stefna Alþb. og Alþfl. á undanförnum árum að kosningaaldur í landinu væri miðaður við 18 ár. Í þessu skyni hafa þm. þessara flokka flutt hér á undanförnum

árum frumvörp til breytinga á stjórnarskránni, en þessi frv. hafa ekki fengið nægilegan stuðning.

Í því frv., sem hér liggur fyrir um breytingar á sveitarstjórnarlögum, er farið inn á þá braut að heimila fólki, sem ekki er íslenskir ríkisborgarar og uppfyllir ekki ákvæði stjórnarskrárinnar um kosningarrétt til Alþingis, að kjósa í sveitarstjórnarkosningum. Þessi till. er í samræmi við þróun kosningarréttar í sveitarstjórnarkosningum í nágrannalöndum okkar og reyndar víðar í Evrópu, þar sem rýmri ákvæði eru um kosningarrétt í sveitarstjórnum en í þingkosningum. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt, þegar frv. um breytingu á sveitarstjórnarkosningalögunum er hér til umr. og stigið er skref í þá veru sem ég var hér að lýsa, að útvíkka kosningarréttinn til sveitarstjórnarkosninga, að þá sé um leið notað tækifærið til að reyna á það, hvort þm. eru reiðubúnir til að stíga fyrsta skrefið til lækkunar á kosningaaldri í 18 ár með því að láta það taka gildi nú í sveitarstjórnarkosningum.

Hv. þm. Guðmundur Vésteinsson flutti hér ítarlega greinargerð fyrir þeim meginrökum sem Alþfl. og Alþb. hafa flutt á undanförnum árum fyrir því, að kosningarréttur sé miðaður við 18 ár, og sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þau rök hér. Það er sjálfsagt að hv. alþm. fái tækifæri til að skoða þessa brtt. og nefndir fái tækifæri til að fjalla um hana. Okkur flm. er fyllilega ljóst að hér er um veigamikla breytingu að ræða og nauðsynlegt að Alþingi athugi vel sinn gang áður en hún verður samþykkt. En ég get ekki fallist á að það séu óeðlileg vinnubrögð, eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni, að sýna þessa brtt. hér við 2. umr. til þess að gefa mönnum til kynna alvöru málsins og ítreka með þeim hætti stefnuatriði sem þessir tveir flokkar hafa haft á undanförnum árum, þegar jafnframt er orðið við þeirri ósk að gefa mönnum tækifæri til að skoða þessa till. þar til 3. umr. fer fram.

Guðmundur Vésteinsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. 4. þm. Vestf. fyrir góð orð í minn garð. En í tilefni orða hans um það, að hér væri kastað fram brtt., eins og tekið var til orða, vil ég aðeins minna á það, eins og fram kom í minni framsöguræðu, að þetta mun ekki vera nýtt mál hér á hv. Alþingi. Að vísu hefur það verið nokkuð umdeilt, en ég sem varamaður hér á Alþingi og nýkominn taldi ástæðu til þess — og það fullkomna ástæðu vegna þess að í vor fara fram sveitarstjórnarkosningar — að hreyfa þessu máli og fá fram afstöðu til þess, og í þeim tilgangi stend ég að umræddri tillögu. En ég vil aðeins ítreka það, áður en ég hverf úr ræðustól, að ég dreg till. til baka til 3. umr. svo að nefnd gefist færi á því að fjalla um hana.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 392 samþ. með 14 shlj. atkv.
— 402 tekin aftur til 3. umr.
2. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 348, n. 393). — 2. umr.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um frv. til l. um breyt. á lögum um sveitarstjórnarkosningar, nr. 5 7. mars 1962. Allshn. hefur fjallað um frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3, n. 367, 373). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands var meðal fyrstu mála þessa þings. Strax og frv. hafði verið vísað til nefndar fyrr í vetur voru haldnir sameiginlegir fundir menntamálanefnda beggja deilda til að kanna viðhorf ýmissa aðila sem bæði nú og á undanförnum árum hafa látið málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar sérstaklega til sín taka. Á okkar fund komu framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, þjóðleikhússtjóri, útvarpsstjóri og framkvæmdastjóri útvarps og fulltrúar starfsfólks hljómsveitarinnar. Í greinargerðum þessara aðila og öðrum upplýsingum, sem nefndirnar fengu, kom fram að löngum hefur það sett svip sinn á starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands að fjárhagsgrundvöllur og þar með starfsgrundvöllur hennar hefur verið frekar ótryggur.

Sinfóníuhljómsveitin er tvímælalaust meðal merkustu menningarstofnana í okkar þjóðfélagi. Ásamt Þjóðleikhúsinu hefur hún verið burðarásinn í þróun listgreina hér á landi á undanförnum áratugum hvað snertir opinbera starfsemi. Ég held að allir þeir, sem til þekkja, séu sammála um að án Sinfóníuhljómsveitar Íslands og fyrirrennara hennar byggjum við ekki við svo glæsilegt tónlistarlíf á Íslandi sem raun ber vitni. Og það er e. t. v. mest um vert, að án þessarar starfsemi hefðu varla tugir — jafnvel hundruð íslenskra ungmenna lagt stund á æðri tónlist með svo góðum árangri að sumir í þeirra hópi eru nú taldir meðal fremstu flytjenda í sinni grein ef litið er til nágrannalanda og jafnvel þótt litið væri víðar.

Íslendingum hefur tekist fyrir tilstuðlan Sinfóníuhljómsveitarinnar og fyrirrennara hennar að eignast fjölmenna sveit ungs tónlistarfólks sem er nú þegar orðin burðarásinn í fjölþættu menningarlífi í okkar landi. Það kemur bæði fram í starfsemi hljómsveitarinnar sjálfrar, en ekki síður í starfsemi Þjóðleikhússins, í starfsemi hinnar nýju íslensku óperu og í starfsemi hins íslenska ballettflokks. Öll þessi starfsemi hvílir með einum eða öðrum hætti á því mikla starfi sem unnið hefur verið á vegum Sinfóníuhljómsveitarinnar á undanförnum árum og áratugum.

Það er einnig mat flestra sem til þekkja, að hin nánu tengsl Ríkisútvarpsins og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi á undanförnum áratugum átt verulegan þátt í að kynna

íslensku þjóðinni hinar fjölþættu tónbókmenntir Vesturlanda og stuðla að því, að almenningur í landinu öðlaðist djúpan og varanlegan skilning á þeim dýrmæta menningarfjársjóði sem tónbókmenntir Vesturlanda eru. Það er að vísu rétt, að margar þjóðir í öðrum heimshlutum eiga sér aldagamla og dýrmæta tónlistarhefð sem lítt er kunn hér á landi, eins og er í öðrum löndum okkur skyldum. En varla verður sú krafa gerð til Sinfóníuhljómsveitarinnar né annarra flytjenda tónlistar hér á landi að þeir kynni okkur þessar tónbókmenntir. Hef ég þess vegna orðað lýsingu mína hér á þann veg, að hún sé bundin við tónbókmenntir Vesturlanda.

Það hefur áður verið gerð tilraun til að setja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands og reyndar fleiri en ein. Þær tilraunir báru ekki tilskilinn árangur, svo að þessi mikilvæga menningarstofnun, einn af hornsteinum nútímamenningar á Íslandi, hefur starfað hér árum saman án þess að nokkur lagabókstafur væri til um starfsemi hennar. Hún hefur fyrst og fremst byggst á góðum skilningi og ákveðnum venjum sem skapast hafa hjá forsvarsmönnum Ríkisútvarpsins og stjórnendum ríkisfjármála og hjá Reykjavíkurborg á undanförnum árum og áratugum. Það er vissulega ánægjuefni, að aðilar í landi okkar geti komið sér saman um svo mikilvægan þátt í menningu okkar án þess að lagabókstafur sé til um það samstarf. Oft og tíðum hættir okkur Íslendingum til þess að telja að lagasetningin ein sé nægileg trygging til að festa í sessi ákveðna starfsemi á tilteknum sviðum. Sinfóníuhljómsveitin hefur hins vegar sýnt það, að ef til er nægilegur vilji hjá viðkomandi aðilum er hægt að þróa hér öfluga og blómlega starfsemi í landinu án þess að lagagrundvöllur sé fyrir hendi. Hitt eru, held ég, allir sammála um, sem kynnst hafa rekstri og starfsemi hljómsveitarinnar á undanförnum árum og áratugum, að nauðsynlegt er að ákveðinn lagarammi sé til um starfsemi hljómsveitarinnar og ákveðið sé með lögum hvernig fjárhagsleg skipting og stjórnunarleg ábyrgð á starfsemi hljómsveitarinnar sé.

Það hefur komið fram, bæði hér á Alþingi og annars staðar, að menn hafa mismunandi skoðanir á því, hvernig eigi að deila rekstrarkostnaði hljómsveitarinnar milli aðila. Sumir hafa talið æskilegt að Ríkisútvarpið færi alfarið út úr þessari mynd, aðrir bent á að nauðsynlegt væri að Þjóðleikhúsið kæmi hér inn, enn aðrir vakið athygli á að æskilegt væri að fleiri sveitarfélög en Reykjavíkurborg kæmu inn í þessa mynd, enn aðrir bent að að æskilegt væri að ríkissjóður færi einn alfarið með fjárhagsábyrgðina. Og þannig er hægt að telja ýmsar fleiri hugmyndir og ábendingar sem fram hafa komið um þetta efni.

Sú niðurstaða, sem í þessu frv. er, er byggð á langvarandi umræðum og samningum sem farið hafa fram milli aðila, sem tengjast þessum rekstri, og innan þeirra nefnda, sem falið hefur verið að semja frv. um þetta efni. Það var skoðun meiri hl. nefndarmanna, að ekki væri ráðlegt að fara að breyta hér á Alþingi þessari skiptingu þar eð slíkt kynni að raska mjög þeim samstarfsgrundvelli sem þróast hefur í kringum hljómsveitina.

Ég sagði meiri hl. n., því að eins og fram kemur í sérstökum brtt. hafa tveir nm. lagt til að einn af þessum aðilum, bæjarsjóður Seltjarnarness, verði numinn brott úr 3. gr. frv. Ástæðan fyrir því, að bæjarsjóður Seltjarnarness er þarna með, er sú, að leitað var til ýmissa sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um að þau tækju þátt í rekstrarkostnaðinum og aðeins eitt sveitarfélag, Seltjarnarnes, varð við þessari beiðni. Vegna búsetu minnar á Seltjarnarnesi er mér kunnugt um að forráðamenn bæjarfélagsins og margir bæjarbúar eru mjög stoltir af því, að Seltjarnarnes skuli með þessum hætti taka þátt í kostnaði við að starfrækja þessa menningarstofnun og hafa gert það með glöðum huga. Vissulega væri æskilegt að fleiri kæmu inn í þá mynd, en meiri hl. n. er algerlega andvígur því, að á þessu stigi verði bæjarsjóður Seltjarnarness numinn brott úr þessari mynd með einfaldri brtt.

Vissulega má orða starf og tilgang Sinfóníuhljómsveitar Íslands á ýmsan hátt. Það orðalag, sem er í 2. gr. þessa frv., er stutt og hnitmiðað. Tveir nm. hafa lagt til brtt. sem er mun ítarlegri. Í sjálfu sér sé ég ekkert á móti því, ef einstakir deildarmenn kjósa, að það orðalag væri samþykkt. Ég held að það sé ekki höfuðatriði í sjálfu sér, en ég get hins vegar ekki fundið nein sterk efnisatriði gegn því, að það orðalag sé samþykkt. Hins vegar gegnir öðru máli um aðrar brtt. sem fluttar eru af þessum tveim nm. og rétt er að ég ræði aðeins þótt talsmaður þeirrra eigi eftir að gera grein fyrir þeim.

Sú stjórnskipan, sem verið hefur á Sínfóníuhljómsveitinni og lagt er til hér að haldi sér í grófum dráttum, er byggð á því, að í fyrsta lagi skuli stjórn fyrirtækisins fjalla um rekstur hljómsveitarinnar, fjárhag hennar og aðra þá þætti sem tengjast almennum rekstrargrundvelli hljómsveitarinnar. Í öðru lagi á framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar að sinna daglegum framkvæmdaatriðum varðandi reksturinn. Á undanförnum áratugum hafa ýmsir ágætir menn gegnt þessum störfum. Sumir þeirra hafa verið sérmenntaðir í tónlist eða ákveðnum sviðum tónlistar. Aðrir hafa hins vegar verið áhugamenn á því sviði, en fyrst og fremst haft til að bera ákveðna stjórnunar- og rekstrarhæfni. Ég tel að í eðli málsins sé engin höfuðnauðsyn að framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi til að bera ákveðna sérmenntun á sviði tónlistar. Aðalatriðið sé að hann hafi þá almennu stjórnunarhæfni sem þarf til að starfrækja stofnun af þessu tagi. Ég segi þetta vegna þess að hin faglega hlið starfseminnar tengist fyrst og fremst hinum tveimur stjórnunaraðilum sem ég á eftir að geta um. Sá þriðji í þeirri röð sem ég hef hér verið að telja upp, er hljómsveitarstjórinn eða hljómsveitarstjórarnir bæði aðalhljómsveitarstjóri og fastur hljómsveitarstjóri, og í fjórða lagi er verkefnavalsnefnd.

Farið hafa fram ítarlegar umræður um það, með hvaða hætti ætti að skipa þessum stjórnunarþáttum hljómsveitarinnar. Ég held að sú braut sé rétt, sem hér er lögð til, að fela sérstakri verkefnavalsnefnd, sem væri skipuð tónmenntuðum mönnum og mönnum með mikla þekkingu og reynslu á sviði tónlistar, og hljómsveitarstjóranum þann þátt starfseminnar sem snýr að verkefnaflutningnum sjálfum, en fela hins vegar stjórn, sem skipuð væri fulltrúum rekstraraðilanna, fjmrn., Ríkisútvarps og Reykjavíkurborgar, ásamt framkvæmdastjóranum, rekstrarhliðina sjálfa. Til að starfrækja svo umfangsmikla stofnun og efla hag hennar, einkum og sér í lagi ef farið væri lengra á þá braut að skipuleggja hljómleikaferðir um landið eða hljómleikaferðir til útlanda, er það geysimikið verk að annast allan undirbúning slíkra hljómleikaferða *því held ég að það sé rétt stefna*, sem hér er valin í frv., að greina á milli stjórnar hljóm-

sveitarinnar og framkvæmdastjórans og svo hins vegar hljómsveitarstjóranna og verkefnavalsnefndar. Ég held að sú leið, sem farin er í brtt., að leggja verkefnavalsnefndina niður og fela þessi verkefni verkefnavalsnefndar og stjórnarinnar, eins og þau eru í frv., einni stofnun, svokölluðu hljómsveitarráði, sé ekki vænleg til árangurs.

Herra forseti. Það mætti hafa langt mál um Sinfóníuhljómsveit Íslands, bæði frv. sjálft, sögu hljómsveitarinnar og þær brtt. sem hér hafa verið fluttar. Ég held að aðalatriðið sé þó að hv. Alþingi beri gæfu til að afgreiða nú fyrir þinglok frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands og afgreiði það í stórum dráttum í þeim búningi að bæði starfsfólk hljómsveitarinnar og þeir aðilar, sem mesta ábyrgð hafa borið á rekstrinum á undanförnum áratugum, geti vel við unað. Reynslan hefur sýnt okkur að listræn starfsemi af þessu tagi getur verið viðkvæmt viðfangsefni. Við skulum gæta okkar að gera ekki hér á Alþingi brtt. sem e. t. v. gætu sett úr skorðum anda og eðli þeirrar starfsemi sem vel hefur þróast hjá þeim stóra hópi manna sem í dag starfrækir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þess vegna tel ég að sú leið, sem hæstv. menntmrh. valdi með flutningi þessa frv. og er niðurstaðan af ítarlegri vinnu sem fram hefur farið á vegum rn. og þeirra aðila sem að hljómsveitinni hafa staðið, sé vænlegust í þessum efnum.

Ég get hins vegar skilið að hægt er að finna ýmis og margvísleg rök fyrir öðrum tillögum. Eðli málsins er á þann veg, að erfitt er að kveða alfarið upp úr með að það eigi að vera nákvæmlega á þann veg sem í frv. er, en ekki eins og lagt er til í þessum brtt. eða á annan veg sem kom fram í meðferð nefndarinnar. En kjarni málsins er hins vegar sá, eins og ég sagði áðan, að nauðsynlegt er að lög verði sett um Sinfóníuhljómsveit Íslands og Alþingi hafi þau lög þannig úr garði gert að allir aðilar geti vel við unað. Ég er þess vegna andvígur öðrum brtt., sem hér eru sérstaklega fluttar, en l. brtt. Þessar brtt. voru kynntar efnislega í nefndinni og meiri hl. n. tók sömu afstöðu. Þetta frv., sem hér er til umr., er ekki flokkspólitískt frv. þannig að hér er ekki um að ræða flokkspólitíska ágreining, að því er ég tel, heldur mismunandi mat einstakra þm. á því, hvað rétt sé að gera í þessum efnum.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, geta þess, að eins og hv. þm. vita hefur á undanförnum dögum verið haldin vegleg afmælishátíð Félags ísl. hljómlistarmanna. Það er hálfrar aldar gamalt um þessar mundir og þessa afmælis hefur verið minnst með veglegum hætti. Það væri viðeigandi afmælisgjöf til íslenskrar tónlistar, til íslenskrar tónmenntar, til íslenskrar menningar, að Alþingi afgreiddi lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands á sama vorinu og íslenskir hljómlistarmenn minnast hálfrar aldar afmælis síns félags.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil byrja með að taka undir allt sem hv. 11. þm. Reykv. sagði um mikilvægi Sinfóníuhljómsveitarinnar og þess hlutverks sem hún hefði gætt í menningarlífi landsins. Það var að mínu viti ekkert ofsagt í þeim efnum. Ég sé ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um það, en vek athygli á því, að starf Sinfóníuhljómsveitarinnar í 30 ár er merkilegt eins og hv. þm. gat um. Þó hafði hljómsveitin engin lög. Þess vegna er það, eins og ég gat um við 1. umr., mikil spurning hvort nokkur ástæða sé til að setja Sinfóníuhljómsveitinni nokkur lög, með tilliti til þess, hversu vel hefði tekist í þau 30 ár sem hún hefur starfað án þess að nokkur lög væru um starfsemi hennar.

Það eru mörg dæmi þess, og ég skal ekki fara að rekja það, að ýmis starfsemi í ýmsum löndum, merkileg starfsemi í merkilegum löndum, hefur verið við lýði mörg ár, áratugi og jafnvel aldir án þess að nokkur lög væru sett. Það hefur verið byggt á hefð og venjum. Skoðun mín er sú, að við gerum of lítið í þessu landi í því efni að byggja á hefð og venjum þar sem vel hefur tekist til. Okkur hættir við að hlaupa með málefni um of inn í Alþingi til að setja lög um þau. En ég segi núna, eins og ég sagði við 1. umr. málsins, að ég ætla ekki að hafa á móti því, að sett verði lög um Sinfóníuhljómsveitina, ef það er eins sterkur vilji fyrir því hjá þeim sem fara með þessi mál og ummæli þeirra hafa bent til. Ég mæli þess vegna með því, að frv. verði samþykkt, eins og öll hv. menntmn. gerir og hv. frsm. n. hefur greint frá. Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt.

En ef við erum að setja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands ber okkur að vanda þá lagagerð svo sem kostur er, og við megum ekki falla í þá gröf að halda að þar þurfi allt að vera fullkomið þó að það standi í því stjfrv. sem hér er lagt fram. Það er ákaflega margt sem kemur til álita í þessum efnum. Þessi skoðun kom líka fram í hv. menntmn. því að allir hv. nm. áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. Ég tel að það hafi ekki verið nákvæmlega skýrt frá afstöðu einstakra nm. af hv. frsm. n. þegar hann sagði að það hefði verið skoðun meiri hl. n. að ekki ætti að breyta neinu í þessu frv. Hins vegar má segja að það hafi ekki komið fram meiri hluti um neinar ákveðnar breytingar.

Ég skal nú víkja að þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 373 af okkur hv. 4. landsk. þm. Hv. frsm. n., hv. 11. þm. Reykv., er að vísu búinn að tala um þessar till. að sumu leyti áður en ég hef mælt fyrir þeim, en mér fannst það sem hv. þm. sagði ekki draga á neinn hátt úr nauðsyn þess, að ég mæli í nokkrum orðum fyrir þessum tillögum.

1. brtt. er um að 2. gr. frv. orðist eins og þar segir. Þar er um að ræða umorðun á 2. gr. frv. og auk þess bætt við málsútlistun og greinin öll ítarlegri og fyllri. Mér virtist á hv. frsm. n., hv. 11. þm. Reykv., að þrátt fyrir allt teldi hann að þessi brtt. væri til bóta, og ég verð að segja að mig mundi furða mjög á afstöðu þeirra sem greiddu atkv. gegn þessari breytingu, brtt. er þess eðlis. Ég sé ekki ástæðu til að fara að rekja frekar eða orðalag eða efni brtt. Ég vænti þess, að hv. þm. sjái mismuninn á 2. gr. frv. og þessari brtt. þegar þeir líta á þskj.

Þá kem ég að 2. brtt. Þar er um að ræða efnisbreytingar í nokkrum veigamiklum atriðum. Þá er það fyrst, að í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að aðild að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar skiptist í ákveðnum hlutföllum eins og þar segir milli ríkissjóðs, Ríkisútvarps, borgarsjóðs Reykjavíkur og bæjarsjóðs Seltjarnarness. Við gerum þá brtt. að bæjarsjóður Seltjarnarness verði ekki beinn aðili að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, eins og frv. gerir ráð fyrir og á að vera sem nemur 1%. Við leggjum til að þetta verði fellt niður, en aðild ríkissjóðs verði hækkuð á móti um 1%, úr 56 í 57%.

Það er að sjáfsögðu engin tilviljun að við gerum þessa brtt. Í fyrsta lagi er hún í samræmi við það sem við hefur gengist í 30 ár, þ. e. að beinlínis að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar stæðu einungis ríkissjóður, Ríkisútvarpið og borgarsjóður Reykjavíkur. Í öðru lagi virðist vera mjög óeðlilegt að taka eitt sveitarfélag út úr, svo

sem Seltjarnarneskaupstað þó að í næsta nágrenni sé við Reykjavík, því að það verður ekki í þessu efni greint á milli Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogskaupstaðar, Garðabæjar, Hafnarfjarðar eða Mosfellshrepps, og mætti telja upp fleiri sveitarfélög. En það, sem er kannske aðalatriðið í þessu, er að okkur finnst ekki ástæða til að hafa neitt sveitarfélag utan Reykjavíkur beinan aðila að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, hvort sem sveitarfélagið er nær eða fjær. Vegna hvers? Vegna þess að Sinfóníuhljómsveit Íslands er stofnun sem varðar alla þjóðina jafnt og Háskóli Íslands og aðrar hliðstæðar menntastofnanir. Ríkissjóður á að vera aðili að rekstrinum af því að þetta er mál Íslendinga allra. Ríkisútvarpið á að vera aðili af því að Ríkisútvarpið er útvarp allra Íslendinga. Reykjavík að vera aðili vegna þess að Íslendingar allir eiga sína höfuðborg.

Ég skal ekki lengja rökstuðning okkar fyrir þessari brtt. Ég vil aðeins segja, af því að ég nefndi Ríkisútvarpið, að ég tel mjög þýðingarmikið að það sé áfram aðili að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, eins og það hefur verið frá byrjun. Ég segi þetta vegna þess að stundum heyrist því fleygt, að Ríkisútvarpið eigi ekki að vera aðili vegna þess að slíkt sé baggi á Ríkisútvarpinu. Ég er þeirrar skoðunar, að hér sé ekki um að ræða bagga eða byrði fyrir Ríkisútvarpið, heldur sé hagur Ríkisútvarpsins, ef við mælum þetta á fjárhagslegan mælikvarða, að vera aðili að Sinfóníuhljómsveitinni, ef það er á annað borð ætlunin að Ríkisútvarpið gegni því menningarhlutverki á vettvangi tónlistarmála sem það hefur gert frá byrjun.

Þá vil ég koma að annarri breytingu sem felst í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. við 3. gr. frv.

Í frv. er talað um að efna megi til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila á viðskiptagrundvelli um uppfærslu. Við teljum, að ekki sé nægilega að gert varðandi þetta efni í frv., og leggjum þess vegna til að þessi mgr. hljóði svo, að efna megi til samvinnu á viðskiptagrundvelli ekki einungis milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar og Þjóðleikhússins, heldur og Íslensku óperunnar, Íslenska dansflokksins og annarra aðila hins vegar um einstök verkefni eftir því sem tilefni gefast til og önnur starfsemi hljómsveitarinnar leyfir.

Það er mikil gróska í tónlistarlífi landsins og framfarir örar. M. a. er nýbúið að stofna íslenska óperu og starfsemi hennar varðar mjög Sinfóníuhljómsveitina. Stofnun Íslensku óperunnar er menningarviðburður hjá okkur og hefur sjálfstæða þýðingu í tónlistarlífi okkar á svipaðan hátt og Þjóðleikhúsið hefur sjálfstæða tilveru í leiklistarlífi okkar. Eðlilegt er að gera þessari nýju stofnun formlega jafnhátt undir höfði og öðrum menningarstofnunum sem nefndar eru í þessari frvgr.

Þá vil ég víkja að þriðju breytingunni sem er í þessari brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. Það er tekið upp nýtt ákvæði á þá leið, að heimilt sé að semja um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur. Ég held að það sé ákaflega þýðingarmikið að setja inn þetta ákvæði, það gæti beinlínis stutt að því, að hljómsveitin gæti betur en ella gegnt hlutverki sínu gagnvart landsbyggðinni og landsbyggðin lagt sitt af mörkum til að efla þá starfsemi í þeim farvegi sem við leggjum til með þessari brtt. okkar. Ég verð að segja það, að ég hef ekki heyrt og býst naumast við að heyra rök gegn brtt. sem þessari.

Þá hef ég lokið að gera grein fyrir helstu breytingunum í 2. lið brtt. okkar á þskj. 373, nema síðustu breytingunni, og henni má ég ekki gleyma.

Í frv. segir að Sinfóníuhljómsveitin skuli kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því, að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar. Við hv. 4. landsk. þm. gerum brtt. um þetta. Okkur finnst í fyrsta lagi hæpið að setja ákveðna prósentutölu inn í lög. Það er hliðstætt því að setja lög um að einhver stofnun skuli skila hagnaði. Hins vegar er ákaflega þýðingarmikið að svo vel sé haldið á fjárhagshliðinni sem kostur er. Við leggjum til að frvgr. orðist svo, að Sinfóníuhljómsveitin skuli kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar. Við viljum gjarnan að það geti orðið meira en 12% og ekki binda það við 12%.

Ég hef þá lokið að gera grein fyrir 2. tölul. í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. Ég kem þá að 3. tölul. og það eru brtt. við 4. gr. frv. En 4. gr. frv. fjallar um stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Okkar breyting er fólgin í því í fyrsta lagi, að við leggjum til að það verði fjölgað í stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við leggjum ekki til að stjórnin verði kölluð hljómsveitarráð, en veigamesta breytingartillaga okkar er fólgin í því, hvernig við leggjum til að hljómsveitarráð verði skipað. Við leggjum ekki til breytingu á því, að þeir fimm aðilar, sem frv. gerir ráð fyrir, hafi fulltrúa í hljómsveitarráði, þ. e. Reykjavíkurborg, Starfsmannafélag hljómsveitarinnar, fjmrn., Ríkisútvarpið og menntmrn. Okkar tillögur gera ráð fyrir að þessir aðilar verði áfram, en að tveir komi í viðbót þannig að talan verði 7, en ekki 5, og að einn verði tilnefndur af Tónskáldafélagi Íslands og skólastjóri Tónlistarskólans í Reykjavík eigi sæti í ráðinu. Það gefur auga leið hvers *vegna við leggjum til að þetta verði á þennan veg. Það er* til að tryggja betur en ella að innan hljómsveitarráðsins sé þekking á tónlistarmálum sem telja verður nauðsynlega undir öllum kringumstæðum, en einkum þó með séstöku tilliti til annarra breytinga sem við leggjum til og ég kem að hér á eftir.

Ég vek einnig athygli á þeirri breytingu í 3. tölul. brtt., að lagt er til að inn í frv. komi setning um að hljómsveitarráð fjalli um og leggi fullnaðarsamþykkt á starfs- og rekstraráætlanir hljómsveitarinnar. Ég á erfitt með að sjá hvernig menn geta greitt atkv. á móti ákvæðum sem þessum.

Þá kem ég að 4. tölul. í brtt. og skal geta helstu breytinga sem þar eru . Þar er um að ræða brtt. við 5. gr. frv. Þar er m. a. ný mgr. sem kveður svo á að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar, undirbúi verkefnaval í samvinnu við aðalhljómsveitarstjóra, formann hljómsveitarráðs og aðra þá aðila, sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og að framkvæmdastjóri leggi starfs- og rekstraráætlanir fyrir hljómsveitarráð til umfjöllunar og afgreiðslu. Tekið er fram að þessar áætlanir séu gerðar fyrir eitt ár í senn og þær eigi að liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár. Þetta skýrir sig sjálft. Það er til þess að stuðla að því, að stjórn hljómsveitarinnar fari sem best úr hendi, og styrkja stöðu framkvæmdastjórans sem hlýtur að bera höfuðábyrgð í þessum efnum. Ákvæði sem þetta stuðlar að bættum rekstri hljómsveitarinnar og ætti þess vegna að geta stuðlað að því, að rekstrarafkoma hljómsveitarinnar verði betri en ella.

Ég kem þá að 5. tölul. í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. og skal geta helstu breytinganna. Þetta eru brtt. við 6. gr. frv.

Tekið er fram að hljómsveitarráð ráði hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipi verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Þetta er mjög svipað því sem nú stendur í frv. og aðeins blæbrigði sem ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í.

Í 2. mgr. 6. gr. frv. stendur nú að stjórnin ráði hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra í minnst 65 stöðugildi. Við gerum þá breytingu hér, að inn í þetta mál komi ákvæði um að þetta skuli gert að undangengnum prófum ef ástæða er til.

En meginbreytingin, sem er þó formbreyting ein, er fólgin í því, að í frv. segir í 1. mgr. 6. gr.: „Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim." Við vitum að það er talað um það í daglegu máli hljómsveitarmanna. Fastur hljómsveitarstjóri á að eiga heimilisfestu á Íslandi, en aðalhljómsveitarstjóri á helst að bera stórt nafn í tónlistarheiminum, getur því ekki verið búsettur á Íslandi, en kemur hingað til að halda hljómleika. Við höfum ekkert að athuga við þá framkvæmd sem nú er, en teljum í hæsta máta óeðlilegt að vera að lögbinda hana á þennan veg. Þess vegna leggjum við til að ákvæði laganna eigi að hljóða á þann veg, að hljómsveitarráð ráði hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipi verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Þetta getur verið eftir því sem stjórn hljómsveitarinnar og framkvæmdastjóri vilja hafa. Þeir geta kallað það fastan hljómsveitarstjóra eða aðalframkvæmdastjóra. Við teljum að það eigi ekki að binda slíkt í lögum, heldur fari þetta eftir því sem haganlegast er, og orðalag okkar er við það miðað.

Okkur þykir óeðlilegt í löggjöf að tala um fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra.

Þá kem ég að 6. tölul. í brtt. okkar. Það er einfaldlega að 7. gr. falli niður, en 7. gr. frv. fjallar um svokallaða verkefnavalsnefnd og hlutverk hennar. Samkv. frv. er verkefnavalsnefnd ætlað að gera áætlun um verkefni hljómsveitarinnar og tillögur í þeim efnum sem sérstaklega lúta að hinu listræna sviði. Við leggjum til að ekki verði lögfest að þessi nefnd skuli vera. Við teljum að það sé varhugavert að gera slíkt, menn eigi ekki að skilja svo mjög á milli rekstrarhliðar og listrænnar hliðar þessara mála, ef það sé gert sé hætta á að framkvæmdastjórn eða ábyrgð á rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar sé dreift um of og raunar geti stefnt í að allir aðilar telji sig meira og minna ábyrgðarlausa varðandi fjárhagslegan rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, vegna þess að þeir geti alltaf skotið sér undan ábyrgð, sagt að þetta sé hlutverk annars aðila en þeirra sjálfra. Við teljum m. ö. o. hætt við að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar samþykki með minni gagnrýni en ella væri tillögur verkefnavalsnefndar, af því að hún teldi að það væri ekki í hennar verkahring að velja þau verkefni sem hljómsveitin flytur. Þetta er skylt hvort öðru. Að okkar viti á ekki að aðskilja þannig að setja upp tvær stjónvaldsnefndir til að fara með þessi mál, heldur sameina þetta í einu ráði, sem við köllum hljómsveitarráð, og leitast við að þar séu menn bæði með fjármálalega og rekstrarlega þekkingu og þá tónlistarþekkingu sem með þarf. Í þessu efni skyldu menn, hafa það hugfast, að það þarf ekki að vera neitt lögmál að menn, sem hafa yndi af og þekkingu á tónlist, séu einhverjir fjármálalegir afglapar.

Ég skal ekki tíunda fleiri rök. Það má halda áfram að færa rök fyrir þessari brtt. En ég vil að lokum varðandi þetta atriði segja það eitt, að þó að ekki standi í lögunum að til skuli vera verkefnavalsnefnd getur hljómsveitarráð hvenær sem er skipað sína ráðgjafarnefnd til að sinna þessu verkefni. Það á engin hætta að vera hér á ferðinni. Hefur nokkur hætta verið í þessu efni í þau 30 ár sem Sinfóníuhljómsveitin hefur starfað án þess að hafa lög um starfsemi sína og rekstur? Auðvitað ekki. Hvernig sem litið er á þetta mál sýnist mér að menn ættu að sjá að það eru ekki neinar efnisástæður fyrir því að lögbinda að það skuli vera sérstök verkefnavalsnefnd.

Ég kem þá að lokum að síðustu brtt., sem við hv. 4. landsk. þm. flytjum. Það er 7. tölul. á þskj. 373 í brtt. okkar. Það er aðeins brtt. um að í 8. gr., sem verður 7. gr. ef farið er að ráðum okkar að fella niður greinina um verkefnavalsnefndina, þar verði fellt niður orðalag sem gerir ráð fyrir að það séu fleiri en eitt sveitarfélag aðili að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, eins og frv. gerir ráð fyrir. Þetta leiðir af þeirri tillögu, að við leggjum til að bæjarsjóður Seltjarnarness verði ekki aðili að rekstri Sinfóníuhljómsveitar. Því leggjum við til að talað sé um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í þeirri grein, í stað þess að þar er talað um fjárhagsáætlanir viðkomandi sveitarfélaga.

Herra forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessum ítarlegu brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. Það kann að vera að það hafi verið ástæða til að skýra þær ítarlegar en ég hef gert í sumum tilvikum, en ég vænti þess, að það komi ekki að sök. Ég vænti þess raunar, að menn sjái að það mundi mjög styðja og styrkja Sinfóníuhljómsveitina ef þessar brtt. yrðu samþykktar, og þá er ómaksins vert að setja Sinfóníuhljómsveitinni löggjöf ef það getur orðið spor fram á við frá því sem verið hefur.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. 1. umr. um frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands lauk 9. nóv. s. l. Við þá umr. kom fram að hæstv. menntmrh. taldi að vart væri við því að búast að frv. væri fullkomið þegar það var lagt fram, en við nefndarstörf yrði bætt úr þeim ágöllum sem kynnu að vera á frv. Hv. menntmn. Ed. hefur nú haft frv. til meðferðar í nær fjóra mánuði og á öllum þessum tíma hefur meiri hl. n. ekki fundið eitt einasta atriði, sem betur mætti fara, og leggur til að frv. verði samþykkt að öllu óbreytt. Tveir hv. nm. hafa komist að annarri niðurstöðu og flytja nokkrar brtt., en skoðun beggja nefndarhluta er þó sú, að óbreytt skuli standa það ákvæði frv., að 65 stöðugildi skuli vera lágmarkstala fastráðinna hljóðfæraleikara.

Varðandi brtt. minni hl. get ég tekið fram að ég er þeim fylgjandi nema að því er varðar tvö atriði. Ég er andvígur fyrri hluta 2. brtt., þ. e. að niður falli ákvæði frv. um aðild bæjarsjóðs Seltjarnarness. Það ákvæði í frv. byggist á yfirlýstum vilja fulltrúa Seltjarnarnesbæjar um þá þátttöku sem gert er ráð fyrir í frv. Ég veit ekki til, að sú afstaða hafi breyst, og tel því ekki ástæðu til að hagga ákvæðum frv. að þessu leyti. Ég er því einnig andvígur 7. brtt. minni hl., en hún er flutt einungis til samræmis við fyrri hluta 2. brtt.

Í öðru lagi er ég andvígur síðustu setningunni í 1. málslið 3. brtt. minni hl. menntmn., þar sem sett er fram sem skilyrði að formaður hljómsveitarráðs sé menntaður tónlistarmaður. Varðandi þetta atriði er ég sammála því sem segir í grg. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Auðvitað er það gott ef formaður stjórnar Sinfóníu-

hljómsveitarinnar hefur staðgóða tónlistarmenntun, en hann þarf ekki síður að hafa menntun og þekkingu í aðrar áttir og einkanlega að því er lýtur að fjárumsýslu og almennum rekstri."

Þetta get ég tekið undir. Mun áreiðanlega ekki af veita ef ná á því markmiði sem minni hl. menntmn. setur fram í niðurlagi 2. brtt. sinnar, að kappkosta skuli að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af tekjum hennar af hljómleikahaldi.

Að öðru leyti en því er varðar þessi tvö atriði í brtt. minni hl. get ég samþykkt tillögur hans. Mér þykir þó fremur óljóst orðalag í upphafi 5. brtt., þar sem segir að hljómsveitarráð ráði hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn. Ég vildi hafa á hreinu hvort hér er átt við einn hljómsveitarstjóra, tvo eða fleiri.

Ástæðan til þess, að ég segi nokkur orð um afgreiðslu þessa máls, er þó ekki afstaða mín til þeirra brtt. sem fram hafa komið. Það er í rauninni óþarfi að vera að tíunda það hér í ræðustól hvernig ég hef í hug að greiða atkv. Afstaða mín eins og annarra kemur í ljós við atkvgr. og er hálfgerð tímasóun að vera að tíunda það fyrir fram.

Tilefnið var á hinn bóginn það, að við 1. umr. um þetta mál vakti ég athygli á að hvergi í frv., í grg. þess, né í þeim ræðum, sem ég hafði hlýtt á, kom fram hver kostnaðarauki það yrði fyrir ríkissjóð ef frv. yrði samþykkt. Það kemur reyndar hvergi fram í frv. eða grg. þess, hvort í þeirri lágmarkstölu fastráðinna hljómsveitarmanna, sem ráða á til Sinfóníuhljómsveitarinnar samkv. frv., þ. e. 65 manns, felst fjölgun eða fækkun frá því sem nú er. Ég þykist hins vegar vita, að þar sé um fjölgun að ræða frá heimiluðum stöðum nú, og er svo sem ekki andvígur því, að hljómsveitina skipi eigi færri fastráðnir hljómsveitarmenn en þeir, sem best þekkja til, telja lágmark þess að hljómsveitin nái máli og geti gegnt hlutverki sínu svo að viðunandi sé. En þegar frv. var rætt við 1. umr. taldi ég naumast til of mikils mælst, að upplýst væri hversu mikinn kostnað samþykkt þess hefði í för með sér fyrir ríkissjóð umfram þau útgjöld sem ríkið hefur nú af Sinfóníuhljómsveitinni, og vitnaði til lagaskyldu þess efnis, að mat skuli lagt á kostnaðarauka sem frv. kunna að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð. Hæstv. menntmrh. tók þessari ósk vel og sagði hinn 9. nóv. s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Sú aths., sem hér hefur komið fram og segja má að sé hvað veigamest, er það sem hv. 4. þm. Reykn. nefndi, að eðlilegra hefði verið að leggja fram ásamt þessu frv. skýra kostnaðaráætlun um rekstur hljómsveitarinnar og þá þann aukakostnað sem kynni að verða af rekstri hennar, miðað við að þetta frv. verði að lögum. Ég skal fúslega viðurkenna að þessi greinargerð liggur ekki fyrir og ég er ekki við því búinn nú að svara því nákvæmlega, hvernig þetta mundi fara. Ég vil hvorki játa né neita í því efni að þetta kunni að hafa kostnaðarauka í för með sér. En hitt skal ég taka fúslega til greina, að beita mér fyrir að slík kostnaðaráætlun verði gerð á næstunni og hún verði lögð fyrir menntmn. þegar málið kemur þar til sérstakrar meðferðar."

Og allra síðustu orð hæstv. ráðh. við lok 1. umr. þessa máls voru eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„En það skulu verða mín síðustu orð nú að vænta þess, að þetta mál verði áfram rætt í hv. deild og í þeirri þingnefnd sem það fær til athugunar. Það skal ekkert skorta á að nefndin fái þær upplýsingar sem fyrir hendi eru í því efni og sjálfsagt er að leggja fram, eins og það hvort ekki sé hægt að gera kostnaðaráætlun eitthvað fram í tímann eða fyrir næsta ár sem segi til um það, hver kostnaður verður við rekstur hljómsveitarinnar með þessu nýja fyrirkomulagi og hvort þar er um einhverja verulega aukningu að ræða af ríkisfé."

Nú er þetta frv. komið fram til 2. umr. eftir fjögurra mánaða athugun í nefnd. Þar var málið afgreitt án þess að lagðar væru fram nokkrar upplýsingar varðandi þau atriði sem ég spurði um og heitið var.

Ég hef áður sagt að óskir um upplýsingar um hugsanlegan kostnaðarauka fyrir ríkissjóð þýði engan veginn að ég sé andvígur samþykkt frv., en þm. eiga að vita hvað þeir eru að samþykkja í þessum efnum, og mér finnst að þm., sem spyr að þessu efni, eigi rétt á svari. Ég hef að vísu áður fengið sömu reynslu af slíkum fyrirspurnum. Á sínum tíma spurði ég um kostnað af breytingum sem gerðar voru á lögum um Þjóðleikhús og fékk fögur fyrirheit um upplýsingar og svör sem komu ekki.

Nú stendur skýrt í svokölluðum Ólafslögum, að mat skuli lagt á kostnaðarauka, sem frv. kunna að hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, og slíkt mat skuli lagt á áður en ákvarðanir eru teknar, enda sé því skilað til þingnefnda á tilskildum tíma. Þó að það virðist ekki hvarfla að stjórnvöldum að fara að þessum lögum af sjálfsdáðum er það lágmarkskrafa, að þegar beinlínis er beðið um slíkar upplýsingar varðandi stjfrv. fáist einhver svör, a. m. k. þegar gefist hafa fjórir mánuðir til að afla þeirra. En svona hef ég spurt úr ræðustól á hv. Alþingi ár eftir ár án nokkurs árangurs. Svo eru sumir hissa á að ég og aðrir, eins og t. d. hæstv. forseti Sþ., skuli ekki gera tíðreistara í ræðustól en raun ber vitni.

Menn þurfa ekki að sitja á Alþingi í tvo áratugi til þess að komast að raun um að vilji þm. vita eitthvað um þingmál, eða ég tali nú ekki um að ráða einhverju um lyktir þess, er ræðustóllinn einhver ólíklegasti vettvangurinn til að ná einhverju fram í þá veru. Þar eru þingflokksfundir og nefndarfundir, að ógleymdum samræðum í gluggakistum og á öðrum tiltækum stöðum, sá vettvangur sem dugir best. Menn geta náttúrlega ekki verið nema í fáum þingnefndum, síst ef þær eru tímafrekar, en ég er reynslunni ríkari um hversu ræðustóllinn dugir til að ná jafnvel til þeirrar nefndar sem formaður míns þingflokks stýrir. Ég held að þegar metinn er árangur og gagn af verulegum hluta þeirra ræðuhalda, sem fram fara hér á hv. Alþingi, megi komast að raun um að í ótrúlega mörgum tilvikum væri eins vænlegt að hengja rólu hér upp í loftið og lofa mönnum að róla sér þar í staðinn. Það væri meira að segja hægt að spara tíma með því að hafa t. d. tvær í hvorri deild því að aðeins einn kemst fyrir í ræðustólnum.

Ég hef spurt úr ræðustól áður og ég hef spurt nú með litlum árangri. En ég beini því til hæstv. ráðherra, hvort þeim finnist ekki að það mætti fara að huga að því að beita þeim ákvæðum Ólafslaga, sem ég hef minnst á og eru eitt það skásta í lögunum, fyrst nú er búið að beita hinum hæpnari ákvæðum lengi.

Ég held að ég endi þessa ræðu, sem auðvitað er tilgangslaus eins og þær eru æðimargar, sérstaklega ef þær snúast um það að einhverju aðhaldi sé beitt í fjármálum, með því að benda hv. þdm. á að lesa í grg. þess frv., sem hér er verið að fjalla um, aths. með 8. gr. þess. Hugmyndirnar, sem þar koma fram um þær kröfur sem gera eigi til fjárhagsstjórnar stofnana, skýra það best, hvers

vegna hvergi kemur yfirleitt fram í grg. frv. hvort samþykkt þess hafi í för með sér útgjaldaauka fyrir ríkissjóð og þá hve mikinn. Í þessari aths. er fjallað um það vandamál, hvernig bregðast skuli við ef stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar verði ljóst einhvern tíma á starfsárinu að áætlanir hennar komi ekki til með að standast, eins og þar segir. Hvað á stjórnin þá að gera? Kannske að draga saman seglin, draga úr útgjöldum eða þá að hækka aðgangseyrinn? Ónei, lausnin er mjög skýr og skorinorð. Þá, eins og segir orðrétt í grg., með leyfi hæstv. forseta, „ber henni að gera rekstraraðilum sínum aðvart og óska eftir aukafjárveitingu". Það er eina lausnin. Ég ætla að vona að þótt Alþingi afgreiði frv. með eða án breytinga verði ekki þannig litið á að þingið hafi með því lagt blessun sína yfir þessa stefnumörkun um rekstur hljómsveitarinnar.

Ég beini því svo til hæstv. forseta deildarinnar, að hann meti hvort hann vilji leika hæstv. menntmrh. svo að gera hann ómerkan orða sinna með því að afgreiða frv. frá deildinni án þess að þær upplýsingar verði lagðar fram sem hæstv. ráðh. lofaði, eða hvort hann velur þann kostinn að hvor fái sitt, ég upplýsingarnar og hæstv. ráðh. færi á að halda orð sín. — En í samræmi við það sem ég sagði áðan um að ég væri andvígur því ákvæði í 3. brtt. minni hl. menntmn., að formaður hljómsveitarráðs skuli vera menntaður tónlistarmaður, legg ég til, að það skilyrði verði fellt niður, og flyt skriflega brtt. þess efnis við brtt. minni hl. n. og afhendi hana hér með hæstv. forseta til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 412) samþ. með 12 shlj. atkv.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það er nokkur vandi á höndum að koma í ræðustól eftir svo athyglisverða áminningarræðu reynds þingmanns með tveggja áratuga þingsetu að baki, sem þar að auki á sæti í fjvn. Hann hefur, finnst mér, af gildum ástæðum flutt nokkra ádrepu í garð hv. Alþingis og starfa þess.

Frsm. menntmn., hv. 11. þm. Reykv., gerði skilmerkilega grein fyrir einhuga áliti menntmn. hvað varðar mikilvægi þess hlutverks sem Sinfóníuhljómsveitin gegnir í tónlistar- og menningarlífi þjóðarinnar, og hv. 4. þm. Vestf. hefur gert ítarlega grein fyrir brtt. sem við flytjum við þetta frv., þannig að ekki er ástæða fyrir mig að fara að endurtaka það sem hann sagði varðandi brtt. okkar, en þær eru vissulega gerðar í þeim tilgangi að reyna að bæta þetta frv. Okkur er umhugað um að þegar loks er verið að setja lög um rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar verði þau sem best úr garði gerð.

Mig langar aðeins vegna ræðu hv. 4. þm. Reykn. áðan, þar sem hann talaði um fjármálin, að benda hv. þm. á að það er einmitt hugsun okkar að það komi þarna nokkurt aðhald þar sem gert er ráð fyrir að hljómsveitin skuli kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar. Við viljum ekki binda þetta í prósentum, heldur leggja í metnað hljómsveitarinnar að standa sem mest undir kostnaðinum eftir því sem mögu leikar eru á. Einnig það atriði, að sveitarfélög geti samið um hlutdeild í staðbundnum kostnaði, er til að létta á fjármálunum.

Það hafa orðið talsverðar umr. um rekstrarfyrirkomulag hljómsveitarinnar, eins og það er hugsað í frv., og einnig að við skulum leggja þarna til breytingu um að fella niður aðild eins sveitarfélags, Seltjarnarnesbæjar, að rekstrinum þar sem það hefur af frjálsum vilja lagt þetta fram að undanförnu. Ég hef gert grein fyrir þessu viðhorfi í ræðu um þessi mál áður, en ég get endurtekið einu sinni enn, að þetta er af þeirri ástæðu hugsað að alltaf er verið að reyna að gera hreinni skil á milli þess, hvað ríkið eigi að hafa á sinni könnu og hvað sveitarfélögin. Hins vegar hefur það komið fram, að sú hefð, sem hefur skapast vegna Ríkisútvarpsins og borgarsjóðs, sé af öðrum toga og því eðlilegt að þessir aðilar verði þarna með, enda má segja að höfuðborgin sé samnefnari þjóðarinnar og ekki síður Ríkisútvarpið.

Ég get tekið undir með hv. 11. þm. Reykv., sem er stoltur af því m. a. að vera búsettur á Seltjarnarnesi, í því fyrirmyndarbæjarfélagi. (**ÓRG:** Það voru ekki mín orð.) Jú, það hlýtur að mega skilja það svo, enda er ég ekkert hissa á því. Þetta er vel rekið bæjarfélag og til mikillar fyrirmyndar. — Hann taldi að Seltirningar væru stoltir af aðild sinni að rekstrinum, og það finnst mér mjög eðlilegt. Þeir geta sannarlega verið stoltir af því að hafa áhuga á að vera þátttakendur í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. En það er ekki þar með sagt, að þeir geti ekki haldið áfram að vera stoltir og ekkert síður þó að þeir verði aðilar að rekstrinum á frjálsum grundvelli, því að það er ekki gert ráð fyrir að þeir megi ekki leggja sitt af mörkum til hljómsveitarinnar þó að ekki sé verið að lögfesta það í þessari prósentu. Ég vil benda á þetta og ég er sannfærð um að þó að þessi breyting verði samþykkt verður það ekki til þess, að Seltjarnarnesbær missi áhugann á Sinfóníuhljómsveitinni og starfsemi hennar, heldur þvert á móti.

Þetta vildi ég láta koma fram.

Umr. frestað.

Neðri deild, 48. fundur.

Miðvikudaginn 3. mars, kl. 2 miðdegis.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 355). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Dagblaðið og Vísir skýra frá því á forsíðu í gær, að haldinn hafi verið sveitarfundur í Seyluhreppi í Skagafirði fyrir skömmu um málefni fyrirhugaðrar virkjunar við Blöndu. Út af fyrir sig eru það ekki tíðindi að slíkur fundur sé haldinn norður þar, en það mun hafa gerst á þeim fundi, að þar var lesin upp yfirlýsing undirrituð af hæstv. landbrh. Pálma Jónssyni og hæstv. fjmrh. Ragnari Arnalds. Í yfirlýsingunni segir að ríkissjóður skuli bera kostnað af rafleiðslum og spennistöðvum til að koma rafmagni til

grasköglaverksmiðju sem í undirbúningi er að reisa í Vallhólmi í Skagafirði.

Ólafur Dýrmundsson landnýtingarráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands sat þennan fund. Hann segir í viðtali við Dagblaðið og Vísi í gær að enginn vafi leiki á því að hans áliti, að með þessu hafi verið reynt, eins og segir í blaðinu orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „að stinga dúsu upp í heimamenn til að fá þá til að fallast á virkjun Blöndu samkv. þeirri tilhögun sem ríkisstj. hefði lagt til.“ Ólafur segir orðrétt í viðtali við blaðið, með leyfi forseta: „Það var ekki verið að ræða annað á þessum fundi en málefni Blönduvirkjunar og að lesa upp upplýsingar um að veita ætti þessari verksmiðju ákveðnar ívilnanir eða fyrirgreiðslu þjónar ekki öðrum tilgangi en að þagga niður í heimamönnum.“

Nú er það að sjálfsögðu mál út af fyrir sig, hvaða erindi svona yfirlýsing á inn á umræddan fund um Blönduvirkjun og hvort rétt sé sú fullyrðing Ólafs Dýrmundssonar, að með þessu hafi átt að hafa áhrif á afstöðu manna til þeirrar virkjunar. Ég ætla ekki að ræða það mál hér, enda má segja að það komi ekki við þeirri fyrirspurn sem ég hyggst gera til hæstv. ráðh.

Hitt er allt annað mál, efni þeirrar yfirlýsingar sem þarna er gefin. Á forsíðu Dagblaðsins er birt mynd af hluta umræddrar yfirlýsingar með undirskriftum hæstv. landbrh. Pálma Jónssonar og hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds fyrir hönd sinna ráðuneyta. Í yfirlýsingu þessari stendur m. a. orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, „að ríkissjóður mun bera kostnað af rafleiðslum og spennistöðvum til að koma raforku, miðað við 500 kw. spennistöð, til verksmiðjunnar“.

Þessi yfirlýsing er tilefni þess að ég kveð mér hljóðs, vegna þess að í fjárlögum fyrir árið 1982 er ekkert fjármagn sem hæstv. ráðh. gætu varið til þessara hluta. Þegar fjárlagafrv. fyrir árið 1982 var lagt fram hér á Alþingi var gert ráð fyrir að framlag til grænfóðurverksmiðja yrði 1 177 þús. kr. og ætti að skiptast þannig, að til grænfóðurverksmiðju í Flatey í A.-Skaftafellssýslu eigi að renna 427 þús. kr., en framlag ríkissjóðs til Hólmsins í Skagafirði falli niður, því framlagi verði hins vegar breytt í lántöku sem eingöngu verði bundin við hlutafjárframlög ríkissjóðs til verksmiðjunnar. Ríkisframlagið er sem sé fellt niður, en aðeins heimiluð lántaka til hlutafjárframlags af hálfu ríkissjóðs. Nokkrar breytingar voru gerðar á þessum fjárlagalið við 3. umr. fjárlaga, en engar að því er tók til grænfóðurverksmiðju í Vallhólmi í Skagafirði.

M. ö. o.: hæstv. Alþingi afgreiðir þetta mál þannig frá sér, að engin króna er á fjárlögum sem gæti skoðast ríkisframlag til umræddrar verksmiðju, aðeins heimild til lántöku sem verja á til greiðslu á hlutafjárframlagi til verksmiðjunnar. En í yfirlýsingu umræddra ráðherra er sagt orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Verður kostnaðurinn greiddur sérstaklega af framlögum á fjárlögum, sem veitt eru til verksmiðjunnar, og er sú greiðsla óháð hlutafjárframlagi.“ Umrædd gjöf á spennistöðvum og leiðslum á samkv. þessu ekki að hafa nein áhrif á hlutafjárframlag til verksmiðjunnar, en á engu að síður að greiðast úr ríkissjóði af einhverju framlagi til umræddrar verksmiðju sem ekki er á fjárlögum. Umrætt framlag var fellt niður úr fjárlögum. Ég hef spurt hv. þm. Geir Gunnarsson, formann fjvn., hvort honum sé kunnugt um þetta mál. Hann hefur upplýst að um þetta mál hafi aldrei verið rætt við sig, hann kannist ekkert við það og hann fái ekki séð að á fjárlögum sé nokkur liður sem hægt sé að verja í þessu skyni. Ég hef einnig spurt fulltrúa Framsfl. í fjvn., hv. þm. Alexander Stefánsson, hvort málið hafi komið til hans kasta eða hann hafi af því vitað. Hann upplýsti mig um það í gær að svo væri ekki.

Herrra forseti. Það er því alveg ljóst að umrædda hæstv. ráðh., þá Pálma Jónsson og Ragnar Arnalds, brestur allar fjárlagaheimildir fyrir þeirri yfirlýsingu sem þeir hafa hér gefið. Ég óska eftir því, að hæstv. ráðherrar geri Alþingi grein fyrir því, hvernig að þessu máli hefur verið staðið af þeirra hálfu og hvaða heimildir þeir hafa fyrir umræddri yfirlýsingu. Ef þetta væru fjármunir sem hæstv. ráðherrar ættu persónulega, þá væri ekkert við því að segja þó að þeir gæfu yfirlýsingar um að þeir hygðust verja þessum fjármunum til að gefa tilteknu fyrirtæki, sem enn á eftir að stofna, einhverjar gjafir. En nú er það einu sinni svo, að ríkissjóður er ekki eign hæstv. ráðh. Ragnars Arnalds og Pálma Jónssonar. Þó svo að þessum hæstv. ráðherrum hafi um skeið verið sýndur sá trúnaður að fela þeim að gegna þeim störfum sem þeir gegna, þá geta þeir ekki gert ráð fyrir að þeir geti í heimildarleysi gengið í ríkissjóð og úthlutað úr honum fjármagni til hinna og þessara aðila og því síður ef það er í þeirra eigin kjördæmi, þessara hæstv. tveggja ráðh., þó svo að þeir hafi báðir áður gerst sekir um að ráðstafa peningum ríkisins með þeim hætti og fengið síðan heimild Alþingis til slíkrar ráðstöfunar eftir á.

Nú ber svo vel í veiði, hæstv. forseti, að hæstv. landbrh. gegnir ekki aðeins sínu ráðuneyti, heldur er hann jafnframt fjmrh., dómsmrh., forsrh., iðnrh. og félmrh. Hann gegnir sem sé ráðherrastörfum allra ráðh. Alþb. auk ráðherrastarfa forsrh. og dómsmrh. Hann er því í senn bæði tvisvar sinnum tvöfaldur og tvisvar sinnum einfaldur í sínu starfi. Það ætti því að standa honum mjög nærri að svara bæði sem landbrh. og fjmrh. og einnig sem forsrh., þeirri spurningu hvort málið hafi verið tekið upp og rætt í ríkisstj.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 3. þm. Vestf. hefur hér vakið máls á tilteknu atriði, sem gert er að umtalsefni í Dagblaðinu og Vísi í gær, og virðist mikið niðri fyrir af litlu tilefni. E. t. v. er það byggt á einhverjum misskilningi eins og mér virtist koma fram í hans máli.

Grasköglaverksmiðjur eru fimm í landinu. Þar af eru fjórar í eigu ríkisins en ein í einkaeign. Árið 1972 var ákveðið að koma upp tveimur grasköglaverksmiðjum til viðbótar og hafa þær verið í undirbúningi síðan. Þessar grasköglaverksmiðjur eru verksmiðjan í Vallhólmi og verksmiðjan í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Það hefur verið að því stefnt og að því unnið nú upp á síðkastið að koma þessum verksmiðjum upp með hlutafélagsformi, með hlutafjáreign ríkisins annars vegar og heimaaðila hins vegar.

Hinn 17. júlí s. l. var haldinn undirbúningsstofnfundur að hlutafélagi um grasköglaverksmiðjuna í Vallhólmi. Þar var ákveðið að hlutafé skyldi verða 10 millj. kr. og gefin fyrirheit um það af hálfu landbrh. og fjmrh. fyrir hönd ríkisins, með fyrirvara um samþykki Alþingis, að ríkissjóður legði fram 75% af þessu hlutafé, heimaaðilar legðu fram 25%. Það, sem hér er spurt um, er eitt atriði í því máli, hvernig eigi að koma þessu fyrirtæki á laggirnar. Hér er um tiltölulega smátt atriði að ræða, en í sumum tilvikum getur verið álitamál hvað eigi að teljast til hlutafjár og hvað ekki af þeim undirbúningi sem þegar

hefur verið ráðist í til stofnunar og starfsemi tiltekins fyrirtækis.

Sú yfirlýsing, sem hér er vitnað til og gefin er hinn 11. febr. s. l. af okkur hæstv. fjmrh., sem munum væntanlega fara með hlutdeild ríkisins í þessu hlutafélagi þegar það verður stofnað — en gert hefur verið ráð fyrir að stofnfundur verði haldinn áður en þessum mánuði lýkur — felur það í sér, gert er ráð fyrir að ríkissjóður beri kostnað af raflögn og spennistöð við þessa verksmiðju án þess að það komi fram í hlutafjáreign fyrirtækisins. Kostnaður af þessari ráðstöfun er talinn samkv. lauslegri áætlun verða 300—400 þús. kr. Það er kostnaður við um 700 m raflögn og spenni við verksmiðjuna sem að hámarki verður 500 kw. Vera kann að þessi kostnaður verði minni, ef ekki telst nauðsynlegt að hafa 500 kw spenni heldur dygði minni spennir, sem ekki hefur endanlega verið tekin ákvörðun um. Hér er um hámark að ræða.

Hv. þm. sagði, að ekki væru heimildir fyrir slíkri ráðstöfun, og vitnaði til fjárlagafrv. og fjárlaga. Það er rétt hjá honum, að í fjárlögum er gert ráð fyrir að til þessa fyrirtækis verði tekið 2 millj. kr. lán og því láni verði ráðstafað í hlutafjáreign fyrirtækisins. Hins vegar eru einnig á fjárlögum 3 millj. kr. sem fjárveiting, og af þeirri fjárveitingu tel ég — án þess að rækileg athugun hafi verið gerð á því af minni hálfu — að heimilt sé að ráðstafa þeim 300—400 þús. kr. sem hér er um að tefla.

Ég vænti þess, að hv. þm. telji þessar upplýsingar fullnægjandi. Til þess að skýra þetta enn frekar get ég lesið úr þeim fjárlagalið sem hér er um að tefla. Þar segir að gert sé ráð fyrir til fjárfestinga 5 millj. kr. Það sé í fyrsta lagi tekið lán, 2 millj. kr., og í öðru lagi er fjárveiting 3 millj. kr. Hér er því um fjármuni að ræða á fjárlögum sem unnt er að verja í þessu skyni, og þarf ekki að hafa neinar vífilengjur um að heimilt sé að verja fé af þessum fjárveitingum í þessu skyni. Þess er svo enn fremur að geta, að fyrri fjárlagaheimildir til þessa fyrirtækis hafa ekki enn verið að fullu nýttar. Eru enn fyrir hendi fjárlagaheimildir til þessa fyrirtækis á fjárlögum frá árinu 1981 sem ekki er að fullu eytt.

Varðandi það, eins og verið er að gefa í skyn, hvort hér sé um eitthvert mál að ræða sem eigi að láta nota sem „dúsu" til þess að þagga niður í heimamönnum, eins og það er svo smekklega orðað, þá vísa ég því á bug. Það höfðu borist frá tilteknum sveitarstjórnarmanni í Seyluhreppi fyrirspurnir um þetta mál og var eðlilegt að svara þeim á þessum sveitarfundi.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ummæli Ólafs Dýrmundssonar landnýtingarráðunautar um tilgang þessarar yfirlýsingar ráðh. ekki svarað. Ég ítreka þá fsp. til hæstv. ráðh., sem komu fram í Dagblaðinu í gær, ætla ég ekki að gera frekar að umræðuefni. Ég lét þeirra aðeins getið, en þau voru ekki tilefnið að minni fsp.

Ég gerði tvær fsp. hefur hæstv. ráðh. Í fyrsta lagi spurði ég hæstv. ráðh. hvort þetta mál hefði komið til umræðu í ríkisstj. Þeirri fsp. hefur hæstv. ráðh. ekki svarað. Ég ítreka þá fsp. til hæstv. ráðh., sem nú fer með embætti forsrh. jafnframt: Hefur þetta mál verið rætt á ríkisstjórnarfundi? Er öðrum ráðh. í ríkisstj. kunnugt um þessa yfirlýsingu?

Hin fsp., sem ég bar upp við hæstv. ráðh., var á þá leið: Hvar eru heimildirnar, hæstv. ráðh., fyrir þeim yfirlýsingum sem hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. gefa? Hæstv. landbrh. vitnar í fjárl. í þessu sambandi. Ég er með þau hér fyrir framan mig. Hæstv. ráðh. segir að um framlag sé að ræða til viðkomandi verksmiðju. Það stendur orðrétt í fjárlagafrv. á bls. 208. „Þá er gert ráð fyrir lántöku að fjárhæð 2 millj. kr. hjá tveimur síðasttöldu verksmiðjunum" — þ. e. verksmiðjunum í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í S-Þingeyjarsýslu — „og 3 millj. kr. hlutafjárframlagi ríkissjóðs til verksmiðjunnar í Hólminum í Skagafirði" — ekki 3 millj. kr. framlagi, hæstv. ráðh., heldur 3 millj. kr. hlutafjárframlagi.

Ég notaði tækifærið núna rétt áðan, þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. ráðh., til að fara enn einu sinni til formanns fjvn. og spyrja hann hvort honum væri kunnugt um að einhver liður væri í núverandi fjárl. sem hægt væri að nota til að greiða þann kostnað sem í yfirlýsingum ráðh. er rætt um. Hv. formaður fjvn. svaraði því enn neitandi, enda tekur aths. í frv. til fjárl. af öll tvímæli um að sú fjáröflun, sem þar er heimiluð, er aðeins hlutafjárframlag ríkissjóðs. Ég er búinn að grandskoða allar brtt. sem hafa verið gerðar á þessu frv. frá því þær komu fram og þar til það var afgr. á Alþingi. Ég er búinn að grandskoða ræður formanns fjvn., þar sem hann gerir grein fyrir öllum breytingum sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. Ég hef rætt við formann fjvn. og annan fulltrúa Framsfl. í fjvn. um þetta mál. Öllum ber saman um að heimildirnar, sem ráðh. tveir hafa fyrir umræddri yfirlýsingu sinni, séu engar. Þær eru ekki til. Hæstv. ráðh. eru að bjóðast til að gefa af fé ríkissjóðs, hvort sem það er stór fjárupphæð eða lítil. Hún er sjálfsagt stór fyrir suma þó hún teljist lítil fyrir aðra. Þeir eru að lofast til að gefa aðila í kjördæmi sínu fé úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar í heimildarleysi. Ég ítreka enn fyrri fsp. mína til hæstv. ráðh.: Hefur málið verið rætt í ríkisstjórn? Er öðrum ráðh. um þetta kunnugt?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Varðandi fyrri fsp. hv. þm., hvort þetta mál hafi verið rætt í ríkisstj., get ég sagt að það var ekki rætt í ríkisstj., enda lítið tilefni til þess. Hins vegar var ýmsum ráðh. í ríkisstj. kunnugt um þessa ráðstöfun. Varðandi það, að engar heimildir liggi fyrir um þessa ráðstöfun, sem ég taldi raunar fullsvarað áðan, er fjárlagafrv. auðvitað ekki hið sama og fjárlög. Fjárlögin segja að til fjárfestinga í þessu fyrirtæki sé ætlað að verja 5 millj. kr. Þar af eru lántökur 2 millj. kr. og annað — það er væntanlega framlag ríkissjóðs — 3 millj. kr. Hvort hlutaféð er 2 eða 3 af þessum 5 millj. skiptir ekki höfuðmáli. En það er ljóst að hvað sem því líður er ærið fé samt eftir til þess að unnt sé að ráðstafa því á þennan hátt til þessa verkefnis, enda er algengt að ráðstöfun á fé til hvers og eins verkefnis sé ekki svo rígskorðuð í fjárlögum að þar verði engu breytt frá því sem ef til vill hefur verið gert ráð fyrir í tillögum sem fyrir liggja þegar fjárlög eru til meðferðar Alþingis. Það er algengt og ætti hv. þm. Sighvati Björgvinssyni að vera um það fullkunnugt. Ég tel því að fyrir því séu fullar heimildir að þessi ráðstöfun sé gerð. Ég hef auðvitað ekki talið neina ástæðu til að kanna það mál frekar en hér hefur verið gert og tel ekki ástæðu til að vantreysta því, að heimilt sé að ráðstafa því fé, sem er á fjárlögum, í því skyni sem hér kemur fram.

Varðandi það atriði, sem ekki snertir þetta mál, að ég gegni ýmsum ráðherraembættum nú um fáa daga, þá er til á því einföld skýring hvers vegna ég fer með þessi mál. Þegar samflokksmenn starfa í ríkisstjórn og einhverjir þeirra fara utan er venja að sá þeirra gengi embætti fyrir

hina sem eftir er heima. Ef svo vill til að allir ráðh. frá tilteknum stjórnmálaflokki sem á aðild að ríkisstjórn, hverfa af landi brott í senn er venja að forsrh. taki að sér að fara með þeirra mál. Þannig leiðir það af því, að ég gegni nú starfi fyrir forsrh., að ég gegni einnig störfum fyrir ráðh. Alþb.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þótti nú vænt um þessa síðustu skýringu á því, af hverju ráðh. er svona margfaldur. Ég óttaðist satt að segja eftir málflutningi hans stundum að Alþb. treysti honum kannske betur en framsóknarmönnunum. Það hefði mér þótt nýtt um minn gamla vin, ef svo væri fyrir honum komið, en mér þykir vænt um að hann skuli bera af sér þær sakir. Það hefði mér þótt heldur illt eins og á stendur, ef Alþb. hefði fremur kosið að fela honum að fara með sín ráðherraembætti en ráðh. Framsfl. Ég veit a. m. k. að í eina tíð var upplag hæstv. landbrh. með þeim hætti að honum hefði þótt lítill heiður að slíkur trausti.

Ég vil annars aðeins segja það, að þetta mál kemur nokkuð á óvart, ekki aðeins hv. 3. þm. Vestf., heldur virðist ýmsum stuðningsmönnum ríkisstj., jafnvel úr sama kjördæmi og hæstv. landbrh. og hæstv. fjmrh. raunar einnig, koma þetta jafnmikið á óvart vegna þess að ekki var haft samráð við þá um þetta mál. Ég sé hins vegar vegna blaðafregna og ýmissa ummæla, sem hér hafa komið fram, ástæðu til að spyrja hæstv. landbrh. hvort ekki megi við því búast, að hverri þorra- eða góugjöf, sem rennur til heykögglaverksmiðju í Skagafirði, muni fylgja slíkt hið sama frá ríkisstj. til heykögglaverksmiðju í Saltvík, eða hvort þessi framlög eigi að binda við eitt kjördæmi aðeins, eins og t. d. framlögin til flugvallarins á Sauðárkróki forðum. Ég geri mér grein fyrir að ráðh. úr þessu kjördæmi hafa oft verið frekir til fjárins fram hjá fjárlögum. Það sagði einn góður maður við mig, að það væri nú orðið helvíti hart þegar þrír aðilar væru orðnir í ríkisstj. og Framsfl. væri orðinn skástur í siðferðinu, eins og virðist núna. Það þykir sumum skrítið. En maður er alltaf að læra og verður reynslunni ríkari á þessum síðustu árum. Ég sé að Stefáni Valgeirssyni þykir vænt um að ég skyldi hafa tekið eftir þessu, að það skyldi þó einu sinni koma fyrir að einhver væri verri en Framsfl. þegar um það er að ræða að hygla smávegis. En ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Er þess ekki að vænta, að einhverjir smjördropar kunni að drjúpa þarna austur í Saltvík og við megum vænta þess hins sama frá ríkissjóði til heykögglaverksmiðjunnar þar og nú hefur runnið til heykögglaverksmiðjunnar í Skagafirði?

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég hélt satt að segja að það þyrfti ekki að fræða jafngamalreyndan fjárveitinganefndarmann og hæstv. landbrh. á því, hvernig menn leita að því sem býr á bak við fjárveitingar og fjárveitingaákvarðanir ríkisvaldsins. Í fjárlögum stendur um grænfóðurverksmiðju í Hólminum í Skagafirði, undir liðnum 992: Tekin lán 2 millj. kr. Það er sú lánveiting sem verksmiðjan tekur sjálf. Þetta er lánsfjárupphæð sem verksmiðjan aflar sjálf, hún er skýrð í fjárlagafrv. Síðan stendur undir liðnum 996: Annað 3 millj. kr. Þar telur hæstv. landbrh. að sé framlag á fjárlögum til verksmiðjunnar. Það er rangt, vegna þess að þessi fjárupphæð er skýrð í fjárlagafrv. sem heimild ríkissjóðs til greiðslu hlutafjárframlags einvörðungu.

Hæstv. landbrh. ætti að skilja þetta. Þetta er sú leið sem þm. hafa til þess að afla upplýsinga um það, til hvers á að verja tilteknum fjármunum. Þeir leita að því annaðhvort í frv. til fjárlaga, þar sem heimildin er skýrð, ellegar þá í ræðum formanns fjvn. Og þetta er sá skilningur sem ekki bara ég legg í þessa umræddu upphæð, heldur formaður fjvn. einnig. Hann leggur sama skilning í þetta, að þetta sé afgreiðsla Alþingis á umræddri fjárhæð. Ég sé að ekki verður hjá því komist að óska eftir því við fulltrúa Alþfl. í fjvn., að hann taki málið þar upp og fái um það erindi frá formanni fjvn. og fjvn. hver er skilningur nefndarinnar á þessu máli.

En söm er gerð hæstv. landbrh. Þarna fara þeir ráðherrarnir enn eina ferðina út í það að ráðstafa fé í heimildarleysi til framkvæmda í sínu kjördæmi, sem þeir ætla síðan stuðningsmönnum sínum í stjórnarliðinu að samþykkja athugasemdalaust er þeir standa frammi fyrir gerðum hlut.

En það skal þá vera alveg ljóst, að til þessa verks — hvort sem af því verður eða ekki, það á eftir að sjást — til þessa verks skortir umræddа ráðh. alla lagaheimild. Það liggur fyrir í prentuðum þinggögnum, það liggur fyrir í yfirlýsingum formanns fjvn., og hæstv. landbrh. hefur ekki getað fundið ákvörðunum sínum neina stoð í lögum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti Ég skal ekki þreyta kappræður við hv. 3. þm. Vestf. um þetta efni lengur. Hér stangast auðvitað á staðhæfingar. Ég held því fram, að þeir ráðh., sem fara með þau ráðuneyti sem eignaraðild ríkisins að þessu fyrirtæki heyrir undir, hafi fulla heimild til að ráðstafa fjárlagafé á þann hátt sem hér hefur verið skýrt. Ég ætla ekki að orðlengja það frekar.

Hér var hins vegar rætt um það, bæði af hv. þm. Halldóri Blöndal og eins af hv. þm. Sighvati Björgvinssyni, að við fjmrh. værum að hygla, eins og sagt var, tilteknu fyrirtæki í okkar kjördæmi. Þetta er auðvitað mesta fjarstæða. Ég greindi frá því í upphafi máls míns hér í svarræðu, að í landinu væru starfandi fimm grasköggverksmiðjur. Fjórar af þessum fimm verksmiðjum hafa alfarið verið byggðar upp fyrir ríkisfé og eru alfarið í eigu ríkissjóðs. Ef við ætluðum að hygla einhverju fyrirtæki í okkar kjördæmi mundum við krefjast þess, að ríkissjóður legði einnig að fullu fram fé til að byggja upp grænfóðurverksmiðjur bæði í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta höfum við ekki gert, heldur höfum við unnið að því að hvetja heimamenn til að leggja sjálfir fram fé, taka þátt í stofnun hlutafélaga um þessi fyrirtæki til þess að spara ríkisfé, spara útgjöld ríkisins og til þess að koma á því rekstrarformi að heimamenn tækju sjálfir ekki einungis þátt í kostnaði við að koma fyrirtækjunum upp, heldur tækju einnig þátt í ábyrgð á rekstri þeirra.

Ég kalla þetta ekki að hygla okkar eigin kjördæmi. Ég kalla þetta annað. Ég kalla þetta það, að við ætlumst til meiri ábyrgðar og meiri fjárframlaga úr heimahéruðum í okkar kjördæmi en gert hefur verið annars staðar. Þess vegna er rangt og alger öfugmæli og útúrsnúningur að halda því fram, að hér sé um mál að ræða þar sem verið sé að hygla okkar heimabyggðum.

Ég vil svo gjarnan láta þess getið, að fyrirgreiðsla og fjárframlög ríkisins til grasköggverksmiðjunnar í Vallhólmi og til grasköggverksmiðjunnar í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu hafa fylgst að. Þessi fyrirtæki eru mjög sambærileg. Þau eru, eins og fyrr er sagt, ákveðin af hálfu þáv. fjmrh. og landbrh. 1972. Þeim hefur lítið þokað

áfram á því tímabili sem síðan er liðið. Það er mál til komið að láta ekki það land, sem þarna liggur, vera lengur sundurflakandi, að láta ekki þessi mál liggja svo ár frá ári áfram. Við viljum vinna að því, að heimamenn eigi þátt í uppbyggingu þeirra og taki á sig að hluta ábyrgð á rekstri þeirra, en við viljum þá um leið að unnt sé af hálfu ríkisins að greiða svo fyrir framgangi þeirra að þau geti orðið staðreynd. Ég vænti þess, að það verði áfram sambærileg fjárframlög og fyrirgreiðsla til þeirra tveggja fyrirtækja sem hér eiga hlut að máli. Um það er auðvitað ekkert hægt að segja, vegna þess að það kunna að verða teknar aðrar ákvarðanir á síðari tímum. En a. m. k. er það er svo varðandi fjárframlög þessa árs að þau eru gersamlega sambærileg til þessara tveggja fyrirtækja. Ég vænti þess, að ef okkar núv. fjmrh. nýtur við verði einnig unnt fyrir grasköglaverksmiðjuna í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu að kosta af ríkisfé þann rafstreng, sem þar kann að þurfa, og spennistöð allt að 500 kw., svo sem ákvörðun hefur verið tekin um varðandi grasköglaverksmiðjuna í Hólminum. En auðvitað veit enginn hvað verður ef okkar, þessara tveggja ráðh., nýtur ekki við hvað þetta snertir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég átta mig að vísu ekki alveg á því, hvernig hæstv. landbrh. reiknar fjárlagadæmið. En látum það vera. Mér finnst hv. 3. þm. Vestf. hafa sitthvað til síns máls í þeim efnum. En undir hitt vil ég taka með hæstv. landbrh., að það er mjög æskilegt ef hægt er að örva það að menn vilji leggja sparnað sinn í atvinnurekstur, t. d. með því að leggja fé sitt í heykögglaverksmiðju í Hólminum eða Saltvík. Yfirleitt tel ég það af því góða ef um það gæti tekist samkomulag að breyta skattalögum í það horf að almenningur sjái sér hag í því að kaupa hlutabréf í verksmiðjum eins og t. d. í heykögglaverksmiðjunni. Ég veit að hæstv. landbrh. man að ekki stendur á flokksbræðrum hans að styðja hann í þeirri viðleitni. Skulum við með glöðu geði gera allt það sem í okkar valdi stendur til að hafa áhrif á samverkamenn hans nú til þess að slíkur sparnaður megi í skattalegu tilliti sitja við sama borð og annar sparnaður í landinu. Þetta er gamalt hugsjónamál okkar beggja, og mér þykir skemmtilegt að heyra hann tala um það í þessum anda hér. Auðvitað er næsta skref að reyna að fylgja þessu eftir með þingmáli og athuga hvort ekki megi láta á það reyna, hvort fyrir því sé meiri hluti í deildinni og hér á Alþingi, að rétt sé að gera breytingar á skattalögum til að örva það að fólk leggi sparnað í atvinnurekstur.

En það er annað í þessu máli sem mér finnst líka athyglisvert. Ég er út af fyrir sig sammála um að ríkissjóður skili einhverju af því sem hann hefur tekið frá atvinnurekstrinum í of hárri skattlagningu. Mér þykir heldur verra ef því verður skilað með handahófskenndum hætti og þannig að einstakir menn geti látið líta svo út sem þeir séu að gefa eitthvað. Mér finnst það óviðkunnanlegt. En ég er sammála því, að ríkissjóður skuldi atvinnuvegunum fé vegna óheilbrigðrar skattheimtu á liðnum árum. Ég get ekki fellt mig við að ríkissjóður greiði raflögn og tengingu við eitt atvinnufyrirtæki, en ekki við önnur. Ef réttlætanlegt er að ríkissjóður greiði þvílíkan kostnað við heykögglaverksmiðjur, er þá ekki líka réttlætanlegt að ríkissjóður greiði þvílíkan kostnað við annan atvinnurekstur hjá öðrum hlutafélögum þegar svo stendur á?

Ég veit ekki hvenær ráðh. komu sér saman um þetta, hvort það var í jólakökukaffi uppi í stjórnarráði eða einhvers staðar annars staðar, að verja ríkisfé með þessum hætti. En það verður auðvitað að vera eitthvert lag á því, hvernig einstakir ráðh. fara með almannafé og hvernig þeir beina því í atvinnureksturinn. Þess vegna er ég þakklátur Dagblaðinu og Vísi. — Mér finnst þó fallegra að segja dagblaðinu Vísi en Dagblaðinu og Vísi. Mér finnst að mætti sleppa „Dagblaði" framan af og hafa Vísi einan. Hann var miklu betra blað en Dagblaðið alla tíð hvort sem er. Þess vegna er ég þakklátur og fagna því, að minn gamli samherji skuli nú vera ritstjóri þarna með Jónasi, því hann hefur holl og góð áhrif á blaðið, og tel að það sé komið úr hans deild að þetta mál var tekið upp í þessu síðdegisblaði. — Ég fagna þeirri umfjöllun sem málið hefur fengið og vænti þess, að það megi vekja einstaka ráðh. og ríkisstj. til umhugsunar um hvort ekki megi skila atvinnurekstrinum meira fé en þarna er gert og draga svolítið úr skattheimtunni.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þessar umr., en vil leggja áherslu á að þessar verksmiðjur, sem er verið að byggja upp, önnur í Hólminum í Skagafirði og hin í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu, búi við sömu framlög og fyrirgreiðslu að öllu leyti af hálfu ríkisins, enda skil ég orð hæstv. landbrh. á þá leið, að hann muni beita sér fyrir því.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé ástæða til fyrir þm. almennt að ræða mál sem það sem hér er nú upp komið, því að mér sýnist að þetta sé enn eitt dæmið um að einstakir ráðh. og raunar fleiri í ríkiskerfinu ráðstafi fjármunum án þess að heimildir séu til. Ég skildi svo yfirlýsingu þá sem hæstv. ráðh. vitnaði hér til, ég tók svo eftir, en bið hæstv. ráðh. að leiðrétta ef ég hef tekið rangt eftir, að þeir fjmrh. hafi undirritað yfirlýsingu um þessa fjármuni með fyrirvara um samþykki Alþingis. Hafi hann talið sig hafa heimild til að ráðstafa þessu fjármagni hefði að sjálfsögðu ekki þurft neinn fyrirvara um málið. Sé rétt að yfirlýsingin sé undirrituð með fyrirvara um samþykki þess aðila, sem endanlega verður að samþykkja málið, þá held ég að slík heimild hafi ekki verið fyrir hendi. Ég skil málið svo og mér sýnist það ósköp einfalt. Hafi þessi fyrirvari verið á yfirlýsingunni hafa hæstv. ráðh. ekki talið sig hafa heimild til að ákvarða um málið. Ég held að það sé nauðsynlegt að vekja á því athygli, að í hvert skipti sem það kemur upp, að einstaklingar taka sér fjárveitingavald, hvort sem þar eiga hlut að máli ráðh. eða embættismenn í ríkiskerfinu, sem ótalmörg dæmi eru um að ráðstafa fjármunum án heimildar, þá sé full ástæða til að ræða það mál.

Hér var vitnað áðan í viðtal við hv. þm. Geir Gunnarsson, formann fjvn., og á engan hátt dreg ég í efa hans umsögn um málið, en ég vil ekki vera að vitna til umræðna við hv. þm. í hinni deildinni. Hér i okkar hv. deild situr varaformaður fjvn., þm. Framsfl., Þórarinn Sigurjónsson, og ég vildi gjarnan biðja hæstv. forseta að gera nú til þess ráðstafanir, að hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, varaformaður fjvn., gangi í salinn þannig að ég geti spurt hann um álit hans sem varaformanns nefndarinnar á þessu máli. Ég vil mjög gjarnan bíða þess, að hv. þm. gangi í salinn. (**Forseti:** Vill ekki hv. þm. nýta tímann og segja eitthvað meira?) Fyrst hæstv. forseti fer þess á leit, að ég tali á meðan þeir grennslast eftir hv. þm., þá get ég

orðið við því. — Nú hefur hv. þm. gengið í salinn.

Ég var að vitna til þess, að ég vildi ógjarnan spyrja þm. úr hinni deildinni um mál er varðar okkur hér, af því það var í þessu tiltekna máli vitnað til hv. þm. Geirs Gunnarssonar sem formanns fjvn., og lýsti því jafnframt yfir, að ég drægi ekki í efa umsögn hans sem hér var frá skýrt. En þá vildi ég mjög gjarnan spyrja varaformann fjvn., hv. þm. Þórarin Sigurjónsson, hvort hann telur að í þessu tilviki hafi hinir hæstv. tveir ráðh. haft heimild samkv. fjárl. til að ráðstafa því fjármagni, sem hér um ræðir, á þann hátt sem þeir hafa nú gert. Ég vildi mjög gjarnan fá umsögn hv. þm. um þetta. Ég sé að hv. þm. ætlar sér að veita þá umsögn. Fleiri aðilar í hv. deild geta að sjálfsögðu tjáð sig um þetta mál. Hæstv. forseti á sæti í fjvn. líka og hefur verið nokkuð afgerandi í því starfi, og ég er viss um að hann muni vilja tjá sig um hvort hér sé rétt að málum staðið. En hvað sem öllu þessu líður, þó svo að hæstv. ráðh. hefðu talið sig hafa heimild til slíks, þá finnst mér a. m. k. óeðlilegt að slíkt sé gert án þess að það sé borið undir fjvn. t. d. áður en fjárveitingar eru ákvarðaðar. En ég ítreka að með þeim fyrirvara, sem mér skildist að hæstv. ráðh. hefðu gert á þessari yfirlýsingu, hafa þeir ekki talið sig hafa heimild til að afgreiða málið, það þyrfti samþykki Alþingis fyrir því.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 96, n. 349, 350). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga, 93. mál Nd., þskj. 96. Nefndin sendi frv. til umsagnar nokkurra aðila og svör bárust frá dómsmrn., Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Eins og hv. þdm. er kunnugt var frv. þetta til meðferðar á síðasta þingi og hafði verið samþ. við 2. umr. hér í hv. deild með þeim breytingum sem félmn. deildarinnar lagði til. Nefndin hafði lagt mikla vinnu í að samræma umsagnir og jafna ágreining um upphaflega frv., m. a. milli dómsmrn. og félmrn.

Þetta frv. á þskj. 96 er tiltölulega lítið breytt miðað við brtt. er samþ. voru frá félmn. á síðasta þingi. Þó hafa fleiri ábendingar dómsmrn. verið teknar til greina við endurflutning frv.

Félmn. var sammála um að draga nokkuð úr skriffinnsku og margföldu opinberu eftirliti með framkvæmd þessara mála miðað við það sem frv. gerir ráð fyrir, einfalda framkvæmdina án þess að draga úr gildi hennar að því er varðar að tryggja rétt launþeganna. Á þskj. 350 leggur n. sameiginlega fram nokkrar brtt. sem miða að þessari einföldun, enn fremur orðalagsbreytingar svo og að nokkru leyti efnisbreytingar sem ég mun leitast við að skýra nánar.

Á þskj. 350 gerir nefndin brtt. við 2. gr. frv. Þar er talað um „að flytja til landsins", það sé óheimilt, og leggjum við til að breyta þessari grein þannig:

„Óheimilt er hverjum manni, félagi eða stofnun, sem rekur atvinnu eða starfrækir fyrirtæki, hverju nafni sem það nefnist, að taka útlendinga í þjónustu sína gegn kaupgreiðslu í peningum eða hlunnindum, hvort heldur er um langan tíma eða skamman, eða hlutast til um að útlendingar flytjist til landsins í því skyni, án leyfis félmrh."

Hér er fyrst og fremst að ræða orðalagsbreytingu, en það riðlar ekki að öðru leyti því sem greinin stefnir að.

Við 3. gr. gerir nefndin brtt. við síðustu málsgr., en í henni segir í frv.: „Atvinnuleyfi er jafnan bundið því skilyrði að útlendingur hafi leyfi til að dveljast hér á landi samkv. þeim lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum."

Brtt. nefndarinnar er þannig: „Óheimilt er að veita atvinnuleyfi útlendingi sem hefur ekki leyfi til dvalar hér á landi samkv. lögum nr. 45/1965, um eftirlit með útlendingum, eða hefur verið gert að fara af landi brott samkv. þeim lögum."

Þetta er sama breytingin, sem nefndin tekur upp hér, og samþ. var við 2. umr. málsins þegar frv. var til meðferðar síðasta þingi. Þetta er einnig samróma því sem kom fram í umsögn dómsmrn.

4. gr. er allmikið breytt, eins og kemur fram, en í 4. gr. frv. er um talsvert mikið eftirlit að ræða eða umsagnir. Nefndin taldi, að slíkt væri óþarft, og vildi einfalda það frekar og gera aðgengilegra í meðferð, en eins og kemur fram í 4. gr. er gert ráð fyrir miklum upplýsingum:

„Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um vinnustaðinn, tegund vinnu, aðila kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum.

Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að nota erlent starfsfólk."

Áður en atvinnuleyfi er gefið á að rannsaka leyfið á vinnumálaskrifstofu félmrn. Síðan á að leita til Alþýðusambandsins, Farmanna- og fiskimannasambandsins, Vinnuveitendasambandsins, Vinnumálasambandsins, Stéttarsambands bænda, BSRB og BHM o. s. frv., eins og stendur í 4. gr. frv.

Nefndin hefur orðið algjörlega sammála um að leggja til að 4. gr. orðist þannig:

„Með umsókn um atvinnuleyfi skulu vera upplýsingar um tegund vinnu, aðila viðkomandi kjarasamnings og áætlaða lengd daglegs vinnutíma á ráðningartímanum. Í umsókn skal enn fremur færa rök fyrir nauðsyn þess að ráða erlent starfsfólk.

Áður en atvinnuleyfi er veitt rannsakar vinnumálaskrifstofa félmrn. sjálfstætt atvinnuástand á viðkomandi stað, séu slíkar upplýsingar ekki þegar fyrir hendi. Leitað skal umsagnar útlendingaeftirlitsins áður en atvinnuleyfi er veitt.

Vinnumálaskrifstofa félmrn. skal árlega leita álits vinnumarkaðarins um almenna stefnumörkun varðandi ráðningu erlends starfsfólks, sbr. 53. og 54. gr. laga nr. 13/1979 og reglugerð samkv. þeim lögum."

Það er sem sagt verið að gera málið einfaldara og afmarka frekar skyldu vinnumálaskrifstofu félmrn. um að hún hefur þetta hlutverk fyrir og þarf ekki að rækja þessa skyldu í hvert skipti sem um atvinnuleyfi er beðið.

Í 5. gr. frv. stendur: „Vinnumálaskrifstofa félmrn. útbýr og dreifir skriflegum upplýsingum til sendiráða Íslands, til opinberra vinnumiðlana errlendis." Nefndin leggur til að í þessari mgr. falli brott orðin „til opinberra vinnumiðlana erlendis" — það sé óþarft, það sé nóg að upplýsingar séu hjá sendiráðum Íslands og öðrum sem þess óska sérstaklega.

Í 3. tölul. 9. gr. í frv. stendur: „umsækjandi hafi óflekkað mannorð". Þetta var fellt niður í brtt. félmn. á síðasta þingi, og einnig hefur verið talið frá hendi dómsmrn. óþarft að hafa þetta ákvæði í lögum. Þess vegna höfum við í félmn. lagt til að þessi liður, 3. liður, verði felldur niður: „umsækjandi hafi óflekkað

mannorð", en ný mgr. komi í staðinn, sem verði 3. mgr. og orðist þannig: „Heimilt er að synja manni um leyfi, ef ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans." — Þetta er í samræmi við reglur, bæði milliríkjareglur og almennar reglur, um sakhæfni manna og á að vera nægjanlegt að mati þeirra manna sem við verðum að telja að hafi þarna nokkra reynslu og þekkingu.

Við 12. gr. eru nokkrar brtt. Það eru í fyrsta lagi orðalagsbreytingar. Við leggjum til að síðari málsliður 1. mgr. orðist þannig: „Hafi aðili hlutast til um að útlendingur, sem hefur verið synjað um atvinnuleyfi, flytjist til landsins til að taka hann í þjónustu sína, ber þeim aðila að sjá um brottflutning slíks erlends starfsmanns, innan þess tíma sem ráðh. tiltekur, ríkissjóði að kostnaðarlausu." Þetta er fyrst og fremst orðalagsbreyting, en meiningin er sú sama og er í núverandi 12. gr.

Síðan kemur 2. mgr. sem er umorðuð. Í frv. stendur: „Heimilt er ráðh. að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er nota skyldi útlendinga til" o. s. frv. Nefndin leggur til að þessi mgr. verði orðuð þannig: „Heimilt er ráðh. að láta stöðva með lögbanni þær framkvæmdir, er útlendingar starfa við án leyfis, þar til þeir eru farnir út landi eða hættir störfum og tryggt þykir að þeir verði farnir innan ákveðins tíma."

Þá er hér til viðbótar brtt. við 3. mgr. 12. gr. Í frv. segir: „Þegar umsókn um atvinnuleyfi er afgreidd ber jafnframt að tilkynna hinum erlendu starfsmönnum leyfisveitingar eða synjanir, er þá varða" Samkv. brtt. bætist við: „og enn fremur útlendingaeftirlitinu".

Eins og hv. þdm. vita er hlutverk útlendingaeftirlitsins í þessu máli mjög mikilvægt og þess vegna eðlilegt að lagt sé til að það fylgist vel með framgangi málsins.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir brtt., en í nál. á þskj. 349, segir félmn.:

„Nefndin hefur tekið frv. til umfjöllunar á fundum sínum, borið saman við umsagnir og nál. nefndarinnar á síðasta þingi, en þá varð frv. ekki útrætt.

Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hún flytur á sérstöku þskj.

Einstakir nm. áskila sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv."

Undir þetta nál. skrifa allir nm. í félmn. Það er algjört samkomulag um það álit sem hér hefur verið lagt fram.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 350,1 samþ. með 26 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 350,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 350,3 (nú 4. gr.) samþ. með 26. shlj. atkv.
Brtt. 350,4 samþ. með 27 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
6.—8. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 350,5 samþ. með 24 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
10.—11. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 350,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—16. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21:1 atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379). — 1. umr.

Landrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í yfirlýsingu ríkisstj. við afgreiðslu kjarasamninga í október 1980 er ákvæði um endurskoðun ábúðar- og jarðalaga með tilliti til hagsmuna orlofsbúða verkalýðsfélaga og að skipuð verði nefnd fulltrúa ASÍ, bændasamtakanna og landbrn. til að fjalla um þetta mál. Í samræmi við þessa yfirlýsingu var skipuð nefnd til að vinna að þessu verkefni 14. jan. 1981. Í nefndinni áttu sæti Árni Jónasson erindreki og Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri af hálfu bændasamtakanna, Jóhannes Siggeirsson hagfræðingur frá Alþýðusambandi Íslands, Arnmundur Backman aðstoðarmaður félmrh. og Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri í landbrn. sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin skilaði samhljóða áliti um verkefni sitt, og í samræmi við álit nefndarinnar er flutt það frv. sem hér er á dagskrá um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 31. maí 1976.

Frv. felur í sér að rýmkað er um heimildir til að undirbyggja jörð byggingarskyldu ef jörðin er vel fallinn til útilífsnota og orlofsheimili stéttarfélaga eru þar starfrækt eða áformuð. Þetta er sú eina breyting sem lagt er til að gerð verði á ábúðarlögum samkv. þessu frv. Frv. er einfalt og þarf ekki nánari skýringa við. Vænti ég þess, að það megi verða afgreitt á þessu Alþingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég er sammála þeirri breytingu á ábúðarlögum sem lögð er til í því frv. sem hér er til umr., m. a. vegna þess að ég tel fráleitt að þvinga menn til að framleiða vöru sem þeir vilja ekki framleiða og of mikið er framleitt af í landinu og öll aukning þeirrar framleiðslu því vægast sagt þjóðhagslega óhagkvæm. Þau atriði, sem hér á að breyta, eru löngu úrelt orðin.

Ég kynntist því árið 1979 sem félmrh., hvílík hringavitleysa getur komið upp í þessum málum þar sem einn aðili af mörgum, sem um málin eiga að fjalla samkv. hinum ýmsu lögum, getur stöðvað framgang máls þótt flestir eða allir hlutaðeigendur aðrir séu framgangi þess sammála. Ég vitna þá sérstaklega í það mál sem upp kom þegar Landssamband ísl. útvegsmanna ætlaði að byggja orlofsheimili fyrir félaga sína og starfsfólk sambandsins vestur á Snæfellsnesi á jörð sem sambandið hafði keypt á fyllilega lögmætan hátt eftir að viðkomandi sveitarfélag hafnaði forkaupsrétti sínum. Það mál er enn í algjörum hnút eftir þó svona mörg ár. Með hliðsjón af því máli og því, að jafnt eigi yfir alla aðila vinnumarkaðarins að ganga, hef ég og hv. 1. þm. Vestf. lagt fram brtt., sem, reyndar er ekki búið að útbýta, við þetta frv. Brtt. gengur út á það, að allir aðilar vinnumarkaðarins séu í þessum efnum settir við sama borð. Í stað þess að í frv. er talað um stéttarfélög höfum við sett inn: félög launþega og vinnuveitenda.

Sams konar brtt. höfum við líka lagt fram við frv. til laga um breytingu á jarðlögum, þ. e. 217. mál. Það er auðvitað svo, að ýmis önnur ákvæði ábúðarlaga og jarðalaga þyrftu endurskoðunar við, en hér er látið við það eitt sitja að rýmka það efnisatriði sem umrædd frumvörp taka til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 380). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta á sér sama aðdraganda og frv. til laga um breytingu á ábúðararlögum. Nefnd, sem að þessu verki starfaði, skilaði áliti 2. febr. s. l. Nefndin varð sammála um þær breytingar sem í frv. felst, svo sem einnig var um frv. það til laga um ábúðarlög sem ég mælti fyrir áðan.

Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á jarðalögum, felast í því, að tekin eru upp ákvæði um að jarðanefndum sé ætlað það verkefni að gera tillögur um úthlutun lands undir orlofshús stéttarfélaga til viðbótar við fyrri verkefni. Einnig er gert ráð fyrir að jarðanefnd geti heimilað not á landbúnaðarlandi undir orlofshús stéttarfélaga og væntanlega þar sem um skipulögð svæði er að ræða, þótt aðalreglan sé sú, að eigi megi taka land, sem notað hefur verið til landbúnaðar, til annarra nota nema með samþykki Landbrh. og að fenginni umsögn jarðanefndar og Landnáms ríkisins.

Þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á jarðalögum, fela í sér rýmkun á starfsemi stéttarfélaga varðandi orlofsbyggðir og hafa, eins og áður sagði, þeir aðilar, sem um málið fjölluðu, orðið sammála um þessar breytingar.

Ég heyrði í ræðu hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar hér áðan, að boðuð er brtt. við þetta frv. með svipuðum hætti og hann skýrði frá varðandi frv. til laga um ábúðarlög. Að sjálfsögðu eru mýmörg atriði í þessum lögum sem orkað geta tvímælis og hv. þm. haft misjafnar skoðanir á. En ég vek aðeins athygli á því, að hér er um að ræða mál sem snertir hagsmuni margra aðila og það er mjög æskilegt að takist að afgreiða þessi mál með þeim hætti að um það sé samkomulag við þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Það frv., sem hér er flutt, og frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum fela það í sér sem samkomulag varð um milli þeirra aðila sem hlut áttu að málinu. Ef frekari breytingar verða gerðar er vonandi að það takist með þeim hætti að samkomulag geti einnig tekist um þær.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Þau tvö frumvörp, sem hér hafa verið lögð fram af hæstv. landbrh., eru svo nátengd að það er í raun og veru ekki hægt að ræða ákvæði annars þeirra nema koma inn á svið hins.

Út af fyrir sig get ég ekki í fljótu bragði séð verið með gagnrýni á efni þessu frv. eins og þau liggja hér fyrir. Breytingin á ábúðarlögum er fólgin í því, að það sé við fleiri aðstæður en nú er hægt að undanþiggja jarðir byggingarskyldu. Byggingarskyldukvöðin, sem er í ábúðarlögunum, er í raun og veru fyrst og fremst sprottin af því, að það gangi ekki of á tekjur sveitarfélaganna þegar byggilegar jarðir falla úr ábúð og þar á enginn lengur lögheimili sem greiðir gjöld til síns sveitarfélags. Með því móti hafa æðimörg sveitarfélög orðið vanmegnug að sinna sínum verkefnum vegna þess að jarðir hafa um of farið í eyði og byggð orðið gisin af þeim sökum. Ég hygg að þetta ákvæði mundi ekki svo mjög skerða tekjur sveitarfélaganna ef það hefði ekki verið gert áður með öðrum lögum.

Það er tilefni þess fyrst og fremst að ég kem hér upp, að ég tel fullkomna ástæðu til, þegar þessi ákvæði eru víkkuð út, sem ég geri ekki athugasemdir við eins og ég tók fram áðan, að athuga þá um leið tekjustofnalög sveitarfélaga þar sem sumarbúðir stéttarfélaga eru undanþegnar skattskyldu til sveitarfélaganna og það hefur gengið svo langt, jafnvel þó að slík félög hafi mikinn atvinnurekstur innan sinna vébanda, að þau eru eigi að síður ekki skyldug til að greiða fasteignaskatta til sveitarfélagsins. Það er á þessu stigi til athugunar, finnst mér, fyrir hv. Alþingi að taka þetta til athugunar í samhengi. Ég tel eðlilegt að þéttbýlisbúunum og stéttarfélögunum sé gefinn kostur á að fá sína hvíldarstaði og orlofsstaði. En það má ekki algjörlega ganga á svig við þá nauðsyn sem það er í okkar landi að halda uppi nokkuð traustum sveitarfélögum.

Ég held að ég þurfi ekki á þessu stigi að hafa öllu fleiri orð um þetta viðhorf mitt, en ég vænti þess, að sú nefnd, sem fær frumvörpin til umfjöllunar, taki þessi orð mín til athugunar og hugleiði með hverjum hætti væri hægt að ráða bót á þeim vanda sem ég hef bent á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 60. fundur.

Fimmtudaginn 4. mars, kl. 2 miðdegis.

Brúargerð yfir Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 403). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Listiðnaður, þáltill. (þskj. 330). — Ein umr.

Flm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Við fjórir þm. Sjálfstfl., ég og hv. 4. landsk. þm., Salome Þorkelsdóttir, hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophusson og hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, flytjum á þskj. 330 till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar og er till. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Skal nefndin m. a. fjalla um eftirtalin atriði:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á Íslenskum iðnaðarvörum.

2. Hverngi staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni.

3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.

4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að

sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum.

Nefndin skal enn fremur taka til athugunar önnur þau atriði, sem stuðlað geta að markmiði því sem till. þessi fjallar um, og gera tillögur um þau."

Menn velta oft fyrir sér hvernig á því standi, að þjóð eins og t. d. Danir skuli hafa öðlast heimsviðurkenningu fyrir vandaða vöruframleiðslu og mikinn útflutning á iðnaðarvarningi, — þjóð sem er snauð að hráefnum og orku. Svarið liggur í því fyrst og fremst, að frændur okkar Danir hafa kunnað að nota hugvit og listfengi og góðan smekk til að framleiða góða vöru og þeir hafa kunnað að kynna sína vöru úti um allan heim. Sama má segja um þjóð eins og Finna, sem hafa öðlast heimsviðurkenningu fyrir listfengi, fyrir framúrskarandi hönnun á margvíslegri iðnaðarvöru sem þeir flytja út og hafa fengið markaði fyrir víða um heim.

Í flestum menningarlöndum hefur um langt árabil verið unnið að markvissum viðgangi listiðnaðar og hönnunar iðnaðarframleiðslu. Hér hefur fyrst og fremst verið um hvetjandi og samræmandi starfsemi að ræða og þá af hálfu opinberra aðila, jafnframt því að mikil áhersla hefur verið lögð á kynningu á vel hönnuðum vörum. Listiðnaður hefur verið talinn eðlilegur tengiliður milli hinnar frjálsu myndlistar og iðnhönnunar, þar sem fellt er saman listrænt handbragð og útlit annars vegar og þarfir neytenda og tækni framleiðsluiðnaðarins hins vegar. Það er löngu viðurkennt, að án góðrar og listfengrar hönnunar eiga iðnaðarvörur erfitt uppdráttar á markaðnum og ekki verður deilt um það menningargildi sem góður listiðnaður hefur fyrir hverja þjóð.

Ef litið er til þeirra landa, sem næst okkur standa að menningu, má benda á að allt frá miðri 19. öld hefur verið unnið markvisst að þróun listiðnaðar og iðnhönnunar og skipulagt starf farið fram til hvatningar og kynningar. Í Svíþjóð var fyrsta félag stofnað í þessu skyni rétt fyrir miðja síðustu öld og í Finnlandi var stofnað til sambærilegs félagsskapar 1875, en í Danmörku og Noregi fljótlega eftir aldamótin.

Þessi félög voru upphaflega rekin fyrir framlög frá einstaklingum, og það voru einstaklingar sem höfðu frumkvæði að því að þau voru stofnuð svo og fyrirtæki í skyldum greinum. En þegar fram liðu stundir þróaðist þetta þannig að opinber fjárframlög urðu í ríkari mæli grundvöllur að starfsemi þeirra og þau rekin í beinum tengslum við opinbera aðila.

Við Íslendingar höfum verið æðimikið á eftir okkar nágrannaþjóðum í þessum efnum. Þó að listiðnaður sé aldagamalt fyrirbæri hér á landi sem heimilisiðnaður varð ekki veruleg vakning í þessu sem framleiðslugrein hér á landi fyrr en rétt fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldar, en segja má að engin veruleg þróun hafi orðið í þessum efnum fyrr en eftir árið 1950.

Listiðnaður og iðnhönnun og starfsemi sem því er skyld tengjast mörgum þáttum í stjórnsýslunni. Þar má nefna menningarmála- eða menntamálaráðuneyti. Hér er um að ræða iðnaðarmál, sem heyra undir iðnrn., og viðskiptamál, sem heyra undir viðskrn.

Það, hversu þetta heyrir undir marga aðila, kann að vera ein meginástæðan fyrir því, hvað erfitt hefur verið að marka þessum málum farveg hér á landi og samræma markmið okkar. Einstök félög hafa þó verið stofnuð í þessum tilgangi hér hjá okkur. Nefna má Félag ísl. teiknara, Félag húsgagna- og innanhúsarkitekta, Textilfélagið og Leirlistafélagið, auk Arkitektafélagsins, sem hefur haft áhuga á þessum málum og reyndar samtök annarra listamanna einnig.

Árið 1972 var félagið Listiðn stofnað og var því ætlað að vera einhvers konar samnefnari hinna mörgu greina, en af einhverjum ástæðum hefur því ekki tekist að halda uppi stöðugu starfi.

Þannig má segja að hver vinni í sínu horni án samvinnu eða nokkurra heildarmarkmiða er nýtist til fulls, t. d. í sambandi við þróun hönnunar fyrir okkar iðnað eða til áhrifa á gæðamat neytenda, en í skjóli þess hefur t. d. innflutningur á miðlungsgóðri iðnaðarvöru, sem hægt er að framleiða mun betur hér innanlands, náð undirtökum á markaðnum á allt of mörgum sviðum.

Nokkrar sýningar á íslenskri listiðn hafa verið haldnar erlendis og hafa þær vakið athygli. Þeim þarf að fylgja mun betur eftir með viðskipti fyrir augum.

Norðurlandaþjóðirnar fjórar, Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar, hafa um langt árabil haft með sér náið samstarf og haldið sameiginlegar sýningar og sameiginlegar kynningar á listiðnaði og iðnhönnun víða um heim. Við Íslendingar höfum ekki tekið þátt í þessu samstarfi þó að mér skiljist að við höfum átt þar greiðan aðgang að ef óskað væri eftir af okkar hálfu. Slíkar kynningar teljast oft til menningarviðburða eð listviðburða, en þeim er engu að síður ætlað að opna augu manna á viðkomandi markaðssvæðum fyrir háþróaðari framleiðslu þjóðanna á sviði nytjalistar. Verulegur hluti þessarar starfsemi hjá Norðurlandaþjóðunum er kostaður eða styrktur með framlögum frá Norræna menningarsjóðnum. Það er okkur enn frekari hvatning til að reyna að taka þátt í þessu samstarfi í ríkari mæli.

Nú er í undirbúningi sameiginleg sýning Norðurlanda í Bandaríkjunum á þessu ári, sem heitir Scandinavia today 82. Þessi sýning hefur reyndar verið umdeild og skal ég ekki blanda mér í þær deilur. En mér er tjáð af þeim, sem hafa með höndum nokkurn undirbúning þessarar sýningar hér á landi, að það hafi komið mjög glögglega í ljós, hvað við erum illa í stakk búnir að því er snertir varðveislu heimilda og ýmissa muna sem segja má að séu stefnumarkandi varðandi þróun listiðnaðar hér á landi síðustu áratugi. Mér skilst að einn þáttur þessarar sýningar sé sá, að Norðurlandsþjóðirnar geri grein fyrir þróun listiðnaðar hver hjá sér á þessari öld, en í ljós hafi komið, þegar átt hafi að setja upp slíka sýningu fyrir Ísland, að algjörlega skorti muni og heimildir um þróun þessara greina hér á landi. Ástæðan er sú, að það er engin ein stofnun sem telur sér skylt að sinna þessu verkefni. Ekkert af okkar söfnum, hvorki Listasafn Íslands né Þjóðminjasafnið svo að dæmi séu tekin, telur skyldu sína að sinna þessu verkefni. Því ber brýna nauðsyn til að einhverjum einum aðila innan þjóðfélagsins sé falið það. Á því er m. a. gripið í þessari þáltill.

Það er mat okkar, sem flytjum þessa till., að það sé löngu orðið tímabært að koma á fót hvetjandi starfsemi á þessu sviði, sem tryggt markvissari viðleitni í þá átt að kynna íslenskan listiðnað og iðnhönnun bæði innanlands og utan, stuðla að varðveislu vel hannaðra hluta, fylgjast með því, sem er að gerast erlendis á þessu sviði, og miðla því.

Sem fskj. með þessari till. er prentuð sérstök greinargerð sem á sínum tíma var samin að tilhlutun Iðnþróunarráðs, en hún er eftir þá Gest Ólafsson arkitekt, Stefán Snæbjörnsson húsgagnaarkitekt og Þóri Einarsson pró-

fessor. Þar setja þeir fram sínar tillögur í þessum efnum. Þetta er reyndar orðin æðigömul greinargerð sem þarfnast endurskoðunar í ljósi þeirrar þróunar sem síðan hefur orðið, en engu að síður hefur hún það mikið gildi að rétt þótti að prenta hana hér með sem fskj.

Ég vonast til þess, herra forseti, að þessi till. fái góðan byr hér á hv. Alþingi, og legg til að að loknum fyrri hluta umr. um hana hér í Sþ. verði till. vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Rannsókn surtarbrands á Vestfjörðum, þáltill. (þskj. 338). — Fyrri umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt öðrum þingmönnum Vestfirðinga að bera fram till. til þál. um rannsókn og hagnýtingu surtarbrands á Vestfjörðum. Þar er gert ráð fyrir að Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins verði falið að rannsaka surtarbrand á Vestfjörðum og kanna leiðir til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar. Er gert ráð fyrir að þessu verki sé hraðað svo sem verða má og að haft sé samband við þann aðila á Vestfjörðum sem hefur með orkumál Vestfirðinga að gera, Orkubú Vestfjarða.

Hér er um að ræða eitt af orkumálunum og ekki eitt þeirra sem þýðingarminnst eru. Hér er um að tefla ákaflega þýðingarmikið og mikilvægt orkumál. Það kemur til m. a. af þeirri þróun sem hefur orðið í orkumálunum á undanförnum áratug, eða allt frá því að olía hækkaði í verði í október 1973, því að síðan hafa flest lönd heims reynt að finna eldsneyti sem gæti komið í stað olíu.

Augu manna hafa æ meira beinst að kolum. Það er til gífurlega mikið af kolum í heiminum, en þar sem olíu var áður mjög ódýr hafði ekki verið lögð nein veruleg áhersla á þróun tækni til nýtingar kola.

Nágrannar okkar Danir voru með þeim fyrstu sem fóru að nota kol í stað olíu, enda var löng hefð hjá þeim í notkun kola. Fyrstu viðbrögð þeirra voru að breyta öllum sementsverksmiðjum í kolakyndingu. Nú standa yfir miklar breytingar í Danmörku á þeim rafstöðvum sem ekki voru kolakyntar. Það er verið að breyta þeim í kolakyndingu. Einnig hafa verið gerðar miklar ráðstafanir til að tryggja innflutning kola þar í landi með tilliti til þessarar þróunar.

Aðrar Norðurlandaþjóðir leggja mikla áherslu á þróun kolanýtingar, einkum Finnar, sem hafa þó stór kjarnorkuver. Liður í þessari viðleitni var ráðstefna, sem haldin var í Finnlandi í október s. l. á vegum NORDEL um „Fluidized bed" kolakyndingu sem hefur verið nefnd á íslensku svifbrunakynding.

Þessi tækni er ekki ný af nálinni og hefur verið notuð síðan 1922 í iðnaði, en eftir olíuverðshækkunina var fyrir alvöru farið að þróa þessa tækni. Þessi tækni felst í því, að lofti er blásið inn í ofninn að neðan og eldsneytinu haldið svífandi inni í eldholinu þannig að mjög góður bruni fæst. Saman við er blandað kalksteini sem dregur í sig brennistein úr kolunum. Er þá reykurinn laus við brennistein sem annars er mjög erfitt og dýrt að losna við með venjulegri kyndingu.

Með „Fluidized bed" tækninni opnaðist ný og áður óþekkt aðferð til að nýta eldsneyti með lægra brunagildi en venjuleg kol, svo sem brúnkol (surtarbrand), sag, viðurkurl, mó o. fl., eins og víða er gert. Nú þegar er hægt að fá keypta á almennum markaði ofna sem gerðir eru til að nýta þessa nýju tækni.

Í Þýskalandi á þessi tækni sér merka sögu og miklar tilraunir eru gerðar víða um lönd, svo sem í Englandi og Bandaríkjunum. Athygli vekur að í Kína voru þegar árið 1981 komnir 60 gufukatlar með þessari tækni og er nú gert ráð fyrir að taka 10 slíka katla í notkun árlega þar í landi. Í Kína eru notuð kol með lágu brennslugildi eða um 9—20 Mj/kg. Surtarbrandurinn okkar liggur á þessu sviði eða í kringum 16 Mj/kg.

Nú er það stefna okkar Íslendinga að gera okkur sem óháðasta innflutningi orkugjafa. Þess vegna viljum við hagnýta eigin orkulindir. Það gerum við með því að virkja fallvötnin og jarðvarmann. En orkan, sem fæst eftir þessum leiðum, verður ekki af tækni- og hagkvæmnisástæðum notuð til allra þarfa. Þannig verður rafmagn ekki enn hagnýtt til rekstrar þurrkara fiskmjöls- og loðnuverksmiðja og Sementsverksmiðjunnar, þó svo að slík notkun sé nú á rannsóknarstigi. Þess vegna á Sementsverksmiðjan ekki annars úrkosti en að taka upp kolanotkun þegar horfið er frá notkun olíu, eins og nú er ákveðið að gera. En með þessari breytingu hjá Sementsverksmiðjunni er ekki um að ræða að hagnýta innlendan orkugjafa í stað erlends. Það er verið að breyta um erlendan orkugjafa.

Það hlýtur að vera eitt af stóru verkefnunum í framkvæmd orkumálastefnu okkar að hagnýta innlenda orkugjafa sem eldsneyti. Þar er um að ræða hagnýtingu surtarbrandsins.

Gísli Júlíusson verkfræðingur flutti erindi á Orkuþingi á síðasta ári, þar sem hann vakti athygli á því, hvernig rannsóknum á surtarbrandi hefði verið háttað hér á landi. Hér var um merkilegt erindi að ræða. Rannsóknir þessar hófust þegar um síðustu aldamót. Rannsóknirnar hafa aðallega beinst að því að finna, hvar surtarbrandslög eru, og að efnasamsetningu brandsins og brennslugildi, en ekki að því, hversu mikið magn er til af surtarbrandinum. Þó eru til ágiskanir sem gerðar hafa verið eftir aðstæðum á þeim stöðum þar sem surtarbrandslög hafa fundist.

Það er rétt að taka hér fram að ýmsir mætir menn hafa komið við sögu í þessum surtarbrandsmálum. Ætla ég mér ekki þá dul að fara að telja þá upp, en mér þykir rétt að láta þess getið, að fyrr á árum, þegar rannsóknir fóru einkum fram í þessum efnum, létu mjög til sín taka jarðfræðingarnir Guðmundur G. Bárðarson og Jóhannes Áskelsson. Fleiri merkir menn komu við sögu þeirra rannsókna, svo sem Jón Þorláksson verkfræðingur, hinn kunni maður, sem á sér nú stærri sögu en í þessum surtarbrandsmálum. Svo er reyndar um aðra þá menn sem ég nefni hér. Það eru einnig menn nú á meðal okkar sem hafa sérstaklega unnið að athugunum á þessum málum. Ég hygg að ég geri engum rangt til þó að ég nefni í því sambandi Þórodd Th. Sigurðsson vatnsveitustjóra, sem hefur mjög sinnt athugunum á þessum málum.

Það var á sínum tíma mjög mikið rætt um þessi mál í fjölmiðlum, eins og nú mundi vera sagt. Þeir fjölmiðlar, þar sem mest var rætt um þetta og ritað í á sínum tíma, voru Andvari og Tímarit Verkfræðingafélags Íslands. Í þessum ritum er að finna margs konar fróðleik um þessi efni.

Þessi till. miðast sérstaklega við Vestfirði. Það er

vegna þess að Vestfirðir hafa sérstöðu í þessum efnum. Þar fyrirfinnast surtarbrandslög víðs vegar. Má þar nefna surtarbrandslögin á Barðaströnd, Patreksfirði, Arnarfirði, Súgandafirði, Bolungarvík, Steingrímsfirði, Hrútafirði og Kollafirði í Strandasýslu og er þó hvergi nærri allt upp talið. Ef menn líta á kort yfir surtarbrand á Vestfjörðum, sem fylgir þessari þáltill., sjá menn að surtarbrandurinn er á miklu fleiri stöðum en ég hef hér nefnt. Það hefði t. d. mátt nefna Önundarfjörð, Dýrafjörð, Skutulsfjörð og Álftafjörð, svo að eitthvað sé nefnt til viðbótar við það sem ég hef áður sagt. En sá staður, sem athyglin hefur beinst helst að, er Stálfjall í Vestur-Barðastrandarsýslu. Þar hefur farið fram lauslegt mat og var það gert árið 1917 af sænska verkfræðingnum Ivar Svendberg, sem áleit að þar væru um 180 millj. tonn af surtarbrandi og mundi það nægja 600 mw. rafstöð í 60 ár. Hér er um að ræða álíka mikið uppsett afl og nú er samtals í öllum vatnsvirkjunum landsins. Þegar þetta er haft í huga er kannske skiljanlegri fullyrðing sem sett var fram 1917, að í þessu eina fjalli væri til orka sem mundi nægja Íslendingum til eilífðar. En þetta var mælt á mælikvarða þeirra tíma. Við höfum nú allt annan mælikvarða í þessum efnum. En hvernig sem á þetta er litið má augljóst vera hvílíkar gífurlegar orkulindir er hér um að ræða ef þær eru hagnýtanlegar.

Áður fyrr, og einkum á heimsstyrjaldarárunum fyrri og síðari, var surtarbrandur nokkuð unninn á Vestfjörðum, svo sem í Súgandafirði, Bolungarvík, Dufansdal og Stálfjalli. Með þeirri tækni, sem þá viðgekkst, þótti þetta eldsneyti of dýrt til frambúðar og sérstaklega erfitt að nálgast það. Með nútímaaðferðum við námugröft og flutningatækni og endurbættum brennsluaðferðum eru viðhorf nú gerbreytt í þessum efnum. Vinnsla surtarbrands gæti nú orðið arðvænleg.

Það er með tilliti til þessa sem sú þáltill., sem við hér ræðum, er borin fram. Verður að vinda bráðan bug að því að kanna hverjir möguleikar kunna að vera hér ónotaðir. Svo miklir hagsmunir eru í húfi að vinna verður markvisst og skipulagsbundið í þessu máli. Þess vegna er lagt til að Orkustofnun og Rannsóknaráði ríkisins verði falin rannsókn á surtarbrandi á Vestfjörðum og könnun leiða til nýtingar hans til orkuframleiðslu og iðnaðar.

Nú liggur þegar fyrir mikil vitneskja um staðsetningu surtarbrandslaga og brennslugildi surtarbrandsins. Hins vegar er lítið vitað með vissu um magn surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum. Ekki hefur heldur verið rannsökuð aðstaða til vinnslu surtarbrandsins á hinum ýmsu stöðum miðað við nútímaaðferðir við námugröft og flutningatækni. Þá hefur arðsemi af vinnslu surtarbrands ekki verið metin miðað við þær endurbættu brennsluaðferðir sem nú eru fyrir hendi og tíðkast nú þegar víða annars staðar. Allt eru þetta verkefni sem þáltill. þessi gerir ráð fyrir að unnin verði af Orkustofnun og Rannsóknaráði.

Hér er um að ræða verkefni sem að ýmsu leyti er hreint vinnslutæknilegt úrlausnarefni. Það þarf að athuga hvað kostar að vinna surtarbrandinn, hvað kostar að flytja surtarbrandinn til væntanlegra notenda. Það þarf að kanna hver er stofnkostnaðurinn við geymslu og brennslu surtarbrandsins. Það þarf að gera samanburð við aðra orkugjafa, svo sem rafmagn, jarðvarma, innflutt kol og olíu. Athugun þessi ætti að svara þeirri meginspurningu sem svar þarf að fást við: Er hagkvæmt nú þegar að nýta íslenskan surtarbrand? Ef svarið skyldi vera neikvætt þarf að koma fram við athugunina hvað forsendur þurfa að breytast mikið og hvernig til þess að hér geti orðið um hagkvæma nýtingu að ræða. Að sjálfsögðu þarf í þeim samanburði að taka tillit til margs konar sjónarmiða, svo sem öryggissjónarmiða vegna olíuflutninga til landsins, ef þeir væru hindraðir af utanaðkomandi ástæðum.

Ég sagði áðan að það yrði að vinda bráðan bug að þessu máli svo mikilvægt sem það er. Þess vegna er gert ráð fyrir því í þessari þáltill., að fjárskortur verði ekki til trafala við þær aðgerðir, sem þarf, og að kostnaður verði greiddur með sérstökum fjárveitingum úr ríkissjóði til þessara verkefna þeim stofnunum sem ætlað er að vinna verkið.

Ég vil í þessu sambandi víkja nokkru nánar að Vestfjörðum. Ég sagði í upphafi máls míns að þessi till. væri mjög miðuð við Vestfirði. Jafnframt því, að á Vestfjörðum eru aðalsurtarbrandssvæði landsins, hafa Vestfirðir einnig þá sérstöðu að hafa yfir að ráða minni orkulindum en aðrir landshlutar í formi vatnsafls og jarðhita. Er því tvöföld ástæða til að leggja sérstaka áherslu á vinnslu surtarbrands á Vestfjörðum. Árangurinn af slíku gæti líka orðið tvíþættur. Annars vegar væri skapaður möguleiki, sem nú er ekki fyrir hendi, til þess að leysa olíuna af hólmi með innlendum orkugjafa í mjög þýðingarmiklum og orkufrekum iðnaði. Hér dugar ekki að auka raforkuframleiðslu í landinu vegna þess að raforkan verður ekki hagnýtt nú í þessu skyni. Til þess þarf að koma nýr orkugjafi sem við nú ráðum ekki yfir, en gætum fengið með hagnýtingu surtarbrandsins. Hagnýting slíks nýs orkugjafa hefði í för með sér ómetanlegan hag fyrir efnahag landsins í heild. Hins vegar væri skapaður möguleiki með hagnýtingu surtarbrandsins til stórátaks í eflingu byggðar á Vestfjörðum.

Er þá nokkur þörf að efla byggð á Vestfjörðum? Ég ætla ekki að svara þeirri spurningu. Svarið er augljóst og hlýtur öllum að koma saman um það. Ég ætla ekki heldur að fara hér að halda almenna ræðu um byggðaþróun á Vestfjörðum. Þau mál eru alkunn. Ég vil aðeins árétta það, sem ég sagði áðan um mikilvægi þessa máls fyrir Vestfirði, með því að minna á að Vestfirðir hafa algera sérstöðu meðal allra landshluta í byggðaþróun.

Ég nefni eina staðreynd aðeins til að undirstrika þetta. Í hálfa öld, eða frá 1930—1980, varð um 20% bein fólksfækkun á Vestfjörðum. Árið 1930 voru þar rúmlega 13 þúsund manns, 1980 um 10 600. Fólki hefur fækkað um 2 600 á þessu tímabili. Það er bein fækkun sem nemur 19.8%. Í öllum öðrum landshlutum, öllum öðrum kjördæmum hefur orðið um tölulega fjölgun fólks að ræða.

Hvers vegna er þessi þróun á Vestfjörðum? Aðeins nokkur orð um það. Það eru að sjálfsögðu margar ástæður og margslungin mál, en ein staðreynd sker sig úr og hefur þýðingu í því sambandi sem um er að ræða hér. Það er einhæfni atvinnulífsins. Vestfirðir skera sig úr öllum landshlutum, öllum kjördæmum í þessu efni. Ég þarf ekki að segja hver er aðalatvinnuvegurinn á Vestfjörðum. Samkv. nýjustu skýrslum um skiptingu mannaflans á Vestfjörðum eru rúmlega 43% sem vinna við fiskveiðar og fiskiðnað. Ef við berum þetta saman við aðra landshluta og önnur kjördæmi er ekkert sem jafnast á við þetta. Aðrir landshlutar eru langt undir þessu og hafa enga eina atvinnugrein sem nálgast þetta.

Það er með tilliti til þessa sem ég legg áherslu á það, að með vinnslu surtarbrands á Vestfjörðum gæti fengist

grundvöllur fyrir þeirri fjölbreytni í atvinnulífi sem þar skortir nú mjög á. Þessi hagnýting orkulinda getur skapað beinlínis mjög mikla atvinnu við námugröft og flutninga, auk þeirrar almennu atvinnuuppbyggingar sem óbeinlínis hlýtur að leiða af þessari vinnslu. Með slíkri þróun gæti staða Vestfjarða í orkumálum landsins gerbreyst frá því sem nú er. Í stað þess að hafa lítið gildi fyrir orkubúskap þjóðarinnar í heild, þegar einungis er litið á vatnsafl og jarðhita, væru Vestfirðir þýðingarmikill aðili í orkuvinnslu landsins, auk þess að vera með hagnýtanlega orkulind sem er ómissandi en ekki annars staðar að hafa í landinu eða í miklu minna mæli.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú þegar sagt, hygg ég að öllum hv. þm. megi vera ljóst að hér er ekki neitt hégómamál á ferðinni. Það má vera augljóst þegar haft er í huga hve mikil sú orka er sem þarf til þess rekstrar sem notar eldsneyti sem orkugjafa. Í dag eru um 50% af orkugjöfum landsmanna innflutt. Nú eru um 30% af þessum innflutningi svartolía eða 15% af öllum orkugjöfum landsins. Hér erum við að fást við það verkefni að kanna hvort surtarbrandurinn getur komið í staðinn fyrir innflutta svartolíu í veigamiklum atvinnugreinum. Hann getur ekki komið hvarvetna. En það er ákaflega veigamikil atvinnugrein þar sem surtarbrandur gæti leyst erlendan orkugjafa af hólmi ef vinnsla væri hagkvæm.

Á árinu 1980 voru flutt inn 171 þús. tonn af svartolíu. Þar af munu hafa farið um 100 þús tonn til fiskmjölsverksmiðja, Sementsverksmiðjunnar og Hvalstöðvarinnar. Ef þessir aðilar notuðu surtarbrand hefði gjaldeyrir verið sparaður á árinu 1980 að upphæð um 21 millj. dollara eða um 210 millj. kr. Útsöluverð hefði verið um 240 millj. kr. Af surtarbrandi samsvarandi að orkugildi mundi hafa þurft um 230 þús. tonn. Þetta mundi svara til um 900 gwst. á ári í rafmagni eða sem svarar 210 mw. í uppsettu afli, sem er jafnmikið og Hrauneyjafossvirkjun fullgerð.

Ég hef hér einungis verið að tala um hagnýtingu surtarbrandsins sem eldsneytis. Slík notkun surtarbrands kemur þó til greina í ýmsum fleiri tilvikum en ég hef hér vikið að, svo sem kyndingar hitaveitna sem ekki hafa jarðvarma sem orkugjafa. Þá kann og að geta verið hagkvæmt að framleiða rafmagn með surtarbrandi í raforkuverum á námustað. En auk þess getur surtarbrandurinn orðið hagnýtur til margs konar efnaiðnaðar.

Af því, sem ég hef nú sagt, má marka hve þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum hagnýting surtarbrandsins gæti orðið fyrir landið í heild og Vestfirði sérstaklega.

Það verður ekkert fullyrt fyrir fram um niðurstöður þessara rannsókna eða kannana. En það eru ákaflega sterkar líkur fyrir því, að hér séum við að ræða um raunhæfa hluti. A. m. k. eru þeir þess eðlis, að það væri óforsvaranlegt ef við legðum ekki kapp á að komast til botns í því máli, hvort nýting surtarbrandsins sé hagkvæm eða ekki. Ég sagði áðan að það mætti ekki standa á fjármunum til að vinna að þessu verkefni. Ég hygg að það geti naumast verið nokkur ágreiningur um slíkt. Auðvitað er ákaflega mikið komið undir því, að Orkustofnun og Rannsóknaráð ríkisins taki þetta verkefni mjög ákveðnum og föstum tökum. Mér er ljóst að báðar þessara stofnanir hafa mörgum verkefnum að sinna og eru hlaðnar verkefnum, en hér er um slíkt verkefni að ræða að mínu viti, að það má ekki gjalda þess. Því verður þetta verkefni að hafa nokkurn forgang. Það er svo mikið í húfi fyrir þjóðarbúið í heild og Vestfirðinga sérstaklega.

Ég vék að því áðan að þessi till. gerið ráð fyrir að þetta rannsóknar- og könnunarverkefni verði unnið í samráði við Orkubú Vestfjarða. Það er eðlilegt vegna þess að Orkubú Vestfjarða fer samkv. lögum með orkumál Vestfirðinga og Orkubúið hefur þess vegna beinna hagsmuna að gæta í þessu máli. Ég vil líka láta það koma hér fram, að mér er kunnugt um að forvígismenn Orkubúsins telja þetta mál vera þess eðlis, að það þurfi að taka þegar föstum tökum. Þess er að vænta, að það samráð, sem ætlast er til að sé haft við Orkubú Vestfjarða, skili þeim árangri, að Orkubúið geti stuðlað að framgangi þessa máls og hvatt til þess að það verði unnið eins fljótt og vel og nokkur kostur er.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að till. þessari verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. atvmn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. 1. flm. hefur flutt hér yfirgripsmikla ræðu svo að það er efnislega fáu við að bæta. Ég er sannfærður um að surtarbrandslögin á Vestfjörðum verða nýtt. Hvort það er orðið arðbært á þessari stundu er erfitt að fullyrða, en margt bendir til að svo sé. Ég tel að þeð séu fyrst og fremst þrjú atriði sem bendi mjög ákveðið til að svo sé. Olíuverð hefur stórhækkað frá þeim tíma að námugreftinum var hætt. Tæknin við að brenna þessu efni er allt önnur í dag en hún var. Jafnframt má segja að við búum við raforkukerfi, sem hefur mjög misjafna framleiðslugetu eftir árstíma. Þegar mest er þörf á raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis er minnst rafmagnsframleiðsla í landinu. Þess vegna hljóta kyndistöðvar, sem nýta vissan tíma ársins aðra orku en rafmagn til upphitunar, að eiga mikinn rétt á sér.

Ég hef átt því láni að fagna að eiga fyrir kunningja námumann á Vestfjörðum, einn af þeim örfáu sem eyddu í það hluta af sinni starfsævi, að vísu ekki löngum hluta, að vinna við námugröft. Hann hefur alltaf bætt einu atriði við þegar rætt hefur verið um námugröftinn sem var í Súgandafirði. Það atriði er á þessa leið: Surtarbrandslögin eru í gegnum fjallið og ef haldið yrði áfram námugrefti á þessum stað er ekki að vita nema þetta sé jafnframt skynsamlegasta leiðin á milli byggðarlaganna. Og hann hefur bætt við: Fyrst surtarbrandslögin eru öðrum megin við Súgandafjörð, þá eru þau hinum megin við hann líka. Það þýðir að þau ná yfir í Hnífsdal.

Ég kem þessu hér á framfæri vegna þess að mér finnst að þegar ákvarðanir verða teknar um það, hvar skuli hefja surtarbrandsvinnslu, — þær ákvarðanir verða teknar einhvern tíma, það er öruggt, — þá séu það einnig svona atriði, sem beri að hafa í huga, og nálægðin við aðalkaupendur, ef surtarbrandurinn yrði notaður sem eldsneyti í kyndistöðvar Orkubús Vestfjarða.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að Alþingi Íslendinga líti á þetta mál með fullum skilningi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til atvmn. með 34 shlj. atkv.

Byggðaþróun í Árneshreppi, þáltill. (þskj. 405). — Fyrri umr.

Flm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við flytjum hér sex þm. till. til þál. um aðgerðir til þess að tryggja eðlilega byggðaþróun í Árneshreppi í Strandasýslu. Till. fjallar um að fela ríkisstj. að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögu til fjáröflunar til að standa undir þeim, verði stefnt að því, að vinna geti hafist vorið 1983, og jafnframt að þessar aðgerðir verði þær fyrstu af hálfu ríkisvaldsins til þess að treysta og efla byggð í nyrsta hreppi Strandasýslu, Árneshreppi.

Það mun ekki þekkjast annars staðar að meginhluta árs sé ekki hægt að skipa upp vörum nema á smábátum úr skipum sem koma veð varning í hreppinn eða flytja frá honum, en mikinn hluta ársins er þessi hreppur ekki í sambandi við akvegakerfi landsins vegna þess að þar eru niðurgrafnir vegir sem lokast snemma að hausti og eru að verulegu leyti lokaðir fram eftir öllu vori og jafnvel fram á sumar. Hins vegar hafa átt sér stað allmyndarlegar framkvæmdir í vegagerð innan hreppsins á síðustu árum, jafnframt því að ýmislegt hefur verið unnið til hagsbóta fyrir þennan hrepp sem er sjálfsagt að geta um. Aldrei má gleyma að geta þess sem vel er gert. Samt er eftir stórátak í vegagerð til að tryggja nýtingartíma þessa vegar til hreppsins, og sömuleiðis er óumflýjanlegt að framkvæmdir verði í hafnarmálum.

Ef við lítum á byggðaþróunina í þessum hreppi á liðnum árum, þá var þar á árinu 1910 431 íbúi en árið 1920 479. Á næsta áratug fækkar íbúum nokkuð og eru árið 1930 434. En á áratugnum 1930—1940 verða miklar framfarir í hreppnum. Þá er byggð þar síldarverksmiðja á Djúpuvík og um eða eftir 1940 önnur á Eyri í Ingólfsfirði. Hefst þá mikið blómaskeið í hreppnum og á áratugnum 1930—1940 fjölgar fólki þar verulega, eða um 18.7%. Íbúar verða þar flestir 515 á árinu 1940. Síðan verður þarna veruleg fólksfækkun eftir að þessi mikilvægu atvinnufyrirtæki leggjast niður ásamt síldarsöltun, sem átti sér stað, og vegna minnkandi fiskgengdar í Húnaflóa á þessum árum. Svo er komið á árinu 1971, að íbúatalan er komin niður í 215. Hefur fólki þá fækkað frá því sem það var flest um 300, úr 515 í 215. Og áfram heldur fækkunin á síðasta áratug. Fæstir verða íbúarnir 168 árið 1978, en voru á s. l. ári 175. Heldur hefur því rétt við, en engan veginn svo að hægt sé að segja að búseta standi þar traustum fótum.

Ef við lítum í örstuttu máli yfir fjölda býla í hreppnum, þá voru þau árið 1958—1959 35, en voru á árunum 1974—1975 komin niður í 20. Ærgildi voru flest árin 1962—1963, 5428 alls og ærgildi á býli 181. Til samanburðar við þetta má taka árin 1974—1975, þá eru ærgildi alls 3258 og eru aðeins 163 á hvert býli í hreppnum.

Það er sjáanlegt af öllu að íbúar í þessum hreppi, sem er mjög strjálbýll, geta engan veginn staðið undir sínum hluta í hafnargerð eins og hafnarlöggjöfin gerir ráð fyrir. Um er að ræða fleiri en einn stað í Árneshreppi þar sem hafnaraðstaða er eða er talin nauðsynleg, eins og t. d. í Djúpuvík. Þar var góð hafskipabryggja sem er fyrir löngu orðin ónýt. Einstaklingar hafa að mestu byggt þar upp bryggju þó að meira þurfi til. Nokkur, en léleg hafnaraðstaða er á Gjögri. Sömuleiðis var góð bryggja á Eyri í Ingólfsfirði, en sá staður er fyrir löngu kominn í eyði. Í Norðurfirði er lítil bryggja., en þar geta strandferðaskipin eða stærri bátar ekki farið upp að svo að skipa verður öllum vörum út og upp á litlum bátum. Þar er aðalverslunarstöð hreppsins því að kaupfélag er á Norðurfirði. Því mun ekki orka tvímælis að þar væri skynsamlegast að byggja upp framtíðarhöfn.

Ég sé ekki annað en nauðsyn sé á því allra hluta vegna að koma einhverjum skriði á þetta mál með því að við þm. Vestf. flytjum þessa till. hér, en til þess liggur m. a. eindregin samþykkt hreppsnefndar Árneshrepps sem gerð var á s. l. ári, 30. ágúst 1981. Í þeirri samþykkt segir:

„Hreppsnefnd Árneshrepps beinir þeirri eindregnu áskorun til samgrh. og annarra þm. Vestfjarðakjördæmis svo og fjvn. Alþingis, að nú þegar verði hafist handa um framkvæmdir í hafnarmálum í sveitarfélaginu. Vill nefndin benda á að ekki hefur verið unnið að þessum málum í hreppnum á vegum Hafnamálastofnunar s. l. 14—15 ár og því fé, sem áætlað hefur verið að leggja fram til þessa, jafnan verið kippt til baka. Hreppsnefndin bendir einnig á að með tilkomu nýrra strandferðaskipa og breyttrar tækni við lestun og losun þeirra mun verða nær óframkvæmanlegt að afgreiða vöruflutningaskip á Norðurfirði nema hafnaraðstaða sé fyrir hendi.

Þá má benda á að þróun atvinnulífs í hreppnum byggist á aukningu útgerðar og er bætt hafnaraðstaða forsenda þess. Einnig bendir hreppsnefndin á að svo háttar til í byggðarlaginu, að samgönguleiðin til Djúpuvíkur að vetrarlagi er eingöngu sjóleiðin frá Gjögri, og er full nauðsyn á endurbótum á bryggjunni á Gjögri, sem mun vera að hruni komin. Einnig er rekin frá Gjögri nokkur trilluútgerð. Hreppsnefndin vill því einróma árétta eftirfarandi:

1. Að á Norðurfirði verði gerð vöruhöfn, sem miðist við að hægt sé að afgreiða strandferðaskipin a. m. k. og mundi einnig vera skjól fyrir smærri báta.

2. Að á Gjögri verði ferjubryggja og verði veitt fé til endurbóta á bryggjunni þar úr ferjubryggjusjóði." Þar er átt við framlag til ferjubryggja. — „Lítur hreppsnefndin mjög alvarlegum augum ef þessu brýna hagsmunamáli byggðarlagsins verður ekki sinnt."

Við þm. Vestfirðinga höfum nokkrum sinnum rætt þetta mál síðan og komist að þeirri niðurstöðu, að til þess að þetta mál njóti einhvers forgangs fram yfir venjulegar hafnarframkvæmdir væri rétt að leggja fram ályktun sem þessa fyrir Alþingi, því að ef, eins og ég vona, Alþingi afgreiðir þessa ályktun eins og hún liggur hér fyrir eða með viðunandi hætti, þá verður að líta svo á að það sé vilji Alþingis að unnið sé markvisst að því að tryggja eðlilega byggðaþróun í þessum hreppi.

Ég tel að það komi fleira til en bein framlög ríkissjóðs á fjárlögum. Það kemur ekkert síður til greina að Byggðasjóður eigi hér hluta að máli. Vil ég í því sambandi vitna í lögin um Framkvæmdastofnun ríkisins, en í 28. gr. þeirra laga segir:

„Hlutverk Byggðasjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífs með hliðsjón af landshlutaáætlunum, sbr. 10. gr., og til að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að lífvænlegar byggðir fari í eyði."

Því teljum við flm. þessarar till. það vera hlutverk Byggðasjóðs að koma þarna einnig til aðstoðar.

Mér er ánægja að skýra frá því, að margt af því, sem hefur verið gert og vel gert í þessum hreppi á síðustu árum, hefur fyrst og fremst verið fyrir forgöngu heimamanna sjálfra, forgöngu þess fólks sem hefur byggt þennan hrepp og þolað allt það mótlæti sem þetta byggðarlag hefur orðið fyrir af bæði viðráðanlegum og óviðráðanlegum ástæðum. Það var gengið til mikillar og myndarlegrar uppbyggingar í landbúnaðarmálum á nokkurra ára bili fyrir forgöngu búnaðarfélags hreppsins, sem hófst með fundi í búnaðarfélaginu þar 17. ágúst 1973. Síðan var leitað til Landnáms ríkisins um áætlanagerð. Landnámið vann mjög vel að þessum málum ásamt búnaðarsambandi sýslunnar og var þar safnað gögnum um búskaparástand. Síðan réðst Búnaðarsamband Strandamanna í kaup á tengimótum. Framkvæmdir drógust þó nokkuð, en með stofnun hinnar svokölluðu „áætlananefndar" var haldið áfram að vinna að þessum málum á þessum vettvangi. Góður árangur náðist með starfi þessarar nefndar hvað snertir bæði ræktun og einkum uppbyggingu á útihúsum.

Þá ber þess að geta, sem ekki síst hefur haft áhrif á búsetu í Árneshreppi, að þar var lögð raflína. Nam kostnaður við Árneshreppslínu á verðlagi hvers árs fyrir sig 1975, 1976 og 1977 og Trékyllisheiðarlínu á árinu 1977: 95 þús.kr., 263 þús. kr., 331 þús. kr. og 443 þús. kr. Á verðlagi 31. des. 1981 hefur kostnaður alls orðið um 600 millj. gkr., en ég fullyrði að þessi framkvæmd varð til þess að treysta nokkuð byggðina í þessu strjálbýla og einangraða byggðarlagi.

Ég vil minna hv. alþm. á það, að tveir hreppar fyrir norðan og vestan Árneshrepp, Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu og Grunnavíkurhreppur í sömu sýslu, fóru í eyði fyrir liðlega 30 árum vegna þess að þar var ekki hægt að lifa við neitt nálægt því sömu aðstæður og aðrir landshlutar buðu. Þar vantaði öll þægindi. Fólkið flykktist burt úr þessum hreppum til lífvænlegri staða. Meðal þess, sem gerði það að verkum að þessar byggðir fóru í eyði, var samgönguleysið, skortur á hafnarframkvæmdum.

Þegar síðustu íbúarnir fluttust úr þessum hreppum urðu mikil blaðaskrif um að það þyrfti að byggja landið allt. Margir rifu hár sitt og sögðu að það hefði þurft að gera ráðstafanir í tæka tíð. En það var orðið of seint. Þetta fólk fór frá eignum sínum. Að vísu voru þær ekki miklar á mælikvarða dagsins í dag, en þetta fólk fékk engar bætur frá samfélaginu. Það varð að yfirgefa sitt eftir mismunandi langt lífsstarf og yfirgefa þessa staði. Sama er nú uppi í þessum hreppi, Árneshreppi. Ef ekki er gert þar átak frekar en þegar hefur verið gert getur svo farið að sama verði uppi á teningnum og í þessum tveimur hreppum sem ég nefndi áðan. Því treystum við því þm. Vestf., sem stöndum að þessum tillöguflutningi, að hv. Alþingi taki þessari tillögu vel og samþykki hana og að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma það, sem till. gerir ráð fyrir, og stefnt verði að því að þessar framkvæmdir geti hafist vorið 1983.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri, því að till. fylgir ítarleg grg. þar sem bent er á margvíslegar upplýsingar sem eiga að verða að gagni fyrir framgang þess máls, sem hér er gert að umræðuefni, og þeirra mála annarra, sem eiga að koma síðar.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér hefur verið flutt ítarleg framsöguræða og ekki þörf á að bæta við mörgum efnisatriðum. Ég vil byrja á að lýsa því yfir, að ég fagna því að þm. Vestf. skuli allir standa saman að þessum tillöguflutningi. Þeir eru kannske þekktari fyrir það að staðaldri í sölum þingsins að elda grátt silfur sín á milli.

Þessi þáltill. er flutt að beiðni hreppsnefndar Árneshrepps. Okkur hefur bæði verið fluttur sá boðskapur skriflega og einnig kom á okkar fund á liðnu hausti oddviti Árneshrepps, Gunnsteinn Gíslason, og flutti þetta mál af sinni hógværð og festu.

Ég held að það verði einnig að líta á stöðu landbúnaðarins þegar afstaða er tekin til þessarar till. Búið var að gera áætlun um uppbyggingu í Árneshreppi, en kvótakerfi og markaðsörðugleikar í landbúnaði gera það að verkum, að hún nýtist ekki byggðinni sem skyldi. Má því segja að ástæðan fyrir nauðsyn þessarar aðgerðar sé tvíþætt. Í annan stað er alveg fráleitt að gera ráð fyrir að á þessum stað sé hægt í náinni framtíð að þjónusta Ríkisskip á þann veg að varan sé sett niður í bringingarbát. Það er sama meðferðin og við þm. eða frambjóðendur á Vestfjörðum sumir hverjir fengum þegar við sóttum þá heim fyrir seinustu kosningar og máttum því af eigin raun gera okkur glögga grein fyrir því, hvernig ástandið er. Ég sé að menn kíma við, og það er kannske gott að viss húmor sé til, en öllu gamni fylgir nokkur alvara.

Hin ástæðan fyrir því, að það er nauðsyn að byggja þessa höfn, er sú að með því móti er hægt að auka atvinnutekjur í sveitarfélaginu verulega án þess að um meiri framleiðslu á landbúnaðarvörum sé að ræða.

Að lokum vil ég alveg sérstaklega taka undir það sem 1. þm. Vestf. sagði um þær eyðibyggðir sem nú eru á Vestfjörðum. Þá var sagt að menn hefðu farið of seint af stað að leysa málið. Ég vona að það hvarfli ekki að neinum, sem á Alþingi situr, að nú sé farið of snemma af stað.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð hv. 5. þm. Vestf. Því ber vissulega að fagna, að þeir Vestfjarðaþm. skuli hafa orðið sammála og að þeir skuli í sameiningu standa að þeirri till. sem hér er nú til umr. Ég hef reyndar vonast eftir því, að till. sem þessi sæi dagsins ljós hér á hv. Alþingi nokkru fyrr, en þessi till. skal þó ekki vanþökkuð. Ég vænti þess, þó að hún sé seint á ferð, að með samþykkt hennar verði hægt að snúa við þeirri þróun sem hefur átt sér stað norður þar á undanförnum árum.

Hv. 1. flm. till., Matthías Bjarnason, gerði allvel grein fyrir stöðu mála í Árneshreppi, en sökum kunnugleika míns á þeim stað langar mig til að bæta þar nokkrum atriðum við.

Hv. þm. Matthías Bjarnason nefndi það, að á áratugnum 1930—1940 voru byggðar síldarverksmiðjur í Árneshreppi, fyrst á Djúpuvík. Sú verksmiðja er byggð 1934—1935 og starfaði af mjög miklum krafti á 4. og 5. áratugnum og var eitt af öflugustu gjaldeyrisöflunarfyrirtækjum landsins á því tímabili. Ingólfsfjarðarverksmiðjan tók til starfa á árinu 1942 og kom þess vegna í enda þess tímabils þegar síldin óð þarna inn á hvern fjörð. Sú verksmiðja starfaði mjög stuttan tíma, sökum þess að síldin hvarf af miðunum, og hún hafði ekki heldur styrkt sig nógu mikið fjárhagslega til þess að geta staðið í

baráttunni eins lengi og Djúpavíkurverksmiðjan gerði þó.

Strax á árunum í kringum 1940 fer það fólk, sem stóð að þessum verksmiðjum og byggði þær að miklu leyti upp, þ. e. íbúar Árneshrepps, fram á það við þá aðila, sem ráku síldarverksmiðjuna á Djúpuvík, að þar yrði hafin önnur starfsemi en þessi eina. Gengið var mjög stíft eftir að þetta fyrirtæki kæmi upp öðrum atvinnugreinum, þ. e. að það færi að byggja á öðrum fisktegundum en síldinni einni. Því miður var sá kostur ekki valinn og þegar síldin hvarf var raunverulega ekki um neina atvinnu að ræða á þessum stöðum. Einstaklingar, sem bjuggu á Djúpuvík, tóku sig til og hófu útgerð og gerðu það allmyndarlega nokkurn tíma. En sökum þess að þeir höfðu ekki fjármagn til að standa af sér hin erfiðu ár, sem þá gengu yfir, lagðist útgerð þeirra að mestu niður og þeir fluttust af staðnum.

Ég tel að íbúar Árneshrepps eigi inni hjá íslenska þjóðfélaginu — og kannske fyrst og fremst íslenska einkaframtakinu — allstóran hlut frá því á árunum 1934—1950 er á þessu svæði var eitt öflugasta atvinnufyrirtæki landsins, að það, sem þetta svæði færði þá í þjóðarbúið, hafi ekki verið endurgreitt og vissulega sé kominn tími til þess, að Alþingi og ríkissjóður veiti þessu byggðarlagi stuðning svo að þar megi haldast byggð.

Sú tillaga, sem getið er í grg., að gerð skuli höfn á Norðurfirði, er að mínu áliti mjög góð og sú nauðsynlegasta til uppbyggingar á svæðinu. Það er erfitt fyrir byggð, þegar aðrar samgöngur eru ekki fyrir hendi en flutningar sjávarleiðina, að þar sé engin bryggja til staðar. Það var hægt að notast við bringingarbáta á miðri þessari öld, en alls ekki á þeim tíma sem við lifum nú á.

En það eru aðrar hafnargerðir sem ég tel að séu nauðsynlegar og næstum eins nauðsynlegar og hafnargerðin á Norðurfirði. Það eitt dugar ekki að mínu mati fyrir Árneshrepp að hafnaraðstaða verði byggð á Norðurfirði. Það er vitaskuld mjög gott skref, en þó að það sé tenging við aðalverslunarstaðinn er það ekki nóg. Til þess að halda uppi atvinnulífi í Árneshreppi þarf að vera hægt að sækja sjóinn og hann verður ekki eingöngu sóttur frá Norðurfirði. Til þess að hægt sé að sækja sjó úr Árneshreppi þarf að vera hafnaraðstaða á Djúpuvík og á Gjögri. Þegar ég nefni hafnaraðstöðu, þá á ég ekki við að það verði farið að byggja á þessum stöðum hafskipabryggjur, heldur verði sú aðstaða, sem þar er fyrir hendi, löguð mjög og gerð þannig úr garði, að hægt sé að reka þaðan smábátaútgerð. Því miður er aðstaða til þess á hvorugum þessara staða nú. Ef slík aðstaða kemur ekki á allra næstu árum á þessum stöðum er hætt við því í fyrsta lagi, að Djúpavík fari í eyði. Þá hefur allur innri hluti svokallaður eða syðri hluti Árneshrepps farið í eyði og þá er norðursvæðið orðið að nokkurs konar eyju. Þá hefur Árneshreppur farið í eyði frá Kaldbaksvík og norður fyrir Reykjarfjörð. Eftir að slíkt hefur gerst tel ég líkur fyrir því, að byggð haldist í nyrðri hluta hreppsins, vera mjög takmarkaðar. Nákvæmlega sama kemur upp ef ekki verða gerðar einhverjar úrbætur á Gjögri nú á allra næstu tímum. Þá er hætt við að sú byggð, sem þar er, falli niður. Þá kemur það dæmi upp, að bilið á milli þessarar litlu vinjar, sem nú er í Djúpuvík, og aðalbyggðarinnar í norðurhluta hreppsins fer að verða of stórt, þannig að jafnvel þó að einhver kraftur væri í byggðinni á Djúpuvík er hætt við að staða þeirrar byggðar yrði mjög veik ef Gjögurbyggðin héldist ekki. Til þess að tryggja að byggð haldist í Árneshreppi tel ég að á næstu árum sé nauðsynlegt að gengið sé í það að endurbæta hafnaraðstöðu á öllum þessum þremur stöðum.

Hv. þm. finnst þetta kannske stórt talað, að fara að byggja þrjár hafnir í Árneshreppi. Ég man eftir því, að fyrir nokkrum árum nefndi ég þessa hugmynd hér á hv. þingi og þá skaut einn þm. Vestf. á mig spurningu: Á að byggja þrjár hafnir í hreppnum? Ég er enn þá við sama heygarðshornið, og ég vona að þm. Vestf. séu á sömu skoðun og ég í því máli.

Í grg. er nefnt að raflína hafi verið lögð norður í Árneshrepp, líkast til um 1977. (**Gripið fram í:** 1975—1977.) 1975—1977, og tekið er fram að vissulega beri að geta þess sem vel er gert. Það er sjálfsagt. En ég held að það væri líka rétt að geta þess og undirstrika það — vitaskuld var þetta mjög gott verk þó seint væri — að það er ekki fyrr en 1975—1977 sem Árneshreppur fær rafmagn og fáum árum fyrr komst þessi byggð í vegasamband. Ég hef því miður ekki þau ártöl, en ég held að það hafi verið síðast á sjöunda áratugnum sem hreppurinn komst í samband við aðalakvegakerfi landsins. Og eins og hv. 1. flm., Matthías Bjarnason, benti á er sá vegur þannig að hann lokast í fyrstu snjóum.

Tilkoma raflínunnar tryggði það — ég tek undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði — hún tryggði það að byggð héldist jöfn í Árneshreppi á svipuðum tíma og Búnaðarfélagið hafði tekið sig til og hafið mjög öfluga uppbyggingu í hreppnum eftir sérstakri áætlun. En ég vil nefna eitt atriði í sambandi við Árneshrepp sem ég held að hafi fyrst og fremst tryggt þar byggð, en það er hvað Árneshreppsbúar aðlöguðu sig þeirri aðstöðu sem þeir bjuggu við. Sá búskapur, sem þar er rekinn núna, er rekinn af sérstakri hagkvæmni og Árneshreppsbúar hafa verið forystumenn í því að verka sitt hey í vothey. Þeir hafa ekki eins og aðrir bændur í öðrum hlutum landsins verið við erfiðar aðstæður og í rigningartíð að berjast við að þurrka hey. Þess vegna tel ég að þarna sé byggð enn þá. Ég held að það væru ósköp góð verðlaun fyrir Árneshreppsbúa fyrir að hafa einmitt haft forustu í þessu máli og kennt kannske stórum hópi íslenskra bænda hvað þessi verkun er sjálfsögð á Íslandi, að þeir væru nú studdir öfluglega í uppbyggingu á næstu árum. Og ég vil taka undir það sem hv. þm. Matthías Bjarnason sagði í lok ræðu sinnar, að við þurfum að gera okkur grein fyrir því, að það eru kannske síðustu forvöð að sporna við því, að Árneshreppur allur fari í eyði, — ég undirstrika: Árneshreppur allur, það er mikill hluti hans þegar farinn í eyði, bæði nyrðri og syðri hluti, en að Árneshreppur allur fari á svipaðan hátt og Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Ég er alveg viss um að það verða ekki eingöngu við, sem erum þaðan ættaðir, sem munu sjá eftir því, ef slíkt á sér stað, heldur mun þjóðin öll harma það, ef þannig færi að þessi byggð færi í eyði.

Ég vænti þess, að hv. Alþingi samþykki þá till. sem hér hefur verið lögð fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. (þskj. 406). — Fyrri umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál., sem ég flyt ásamt hv. þm. Karvel

Pálmasyni og Benedikt Gröndal á þskj. 406 og er 225. mál þessa 104. löggjafarþings. Till. fjallar um skipan nefndar til þess að gera úttekt á því, sem þar er kallað „svört atvinnustarfsemi", og tillögur til úrbóta. Með leyfi hæstv. forseta er till. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skipuð skuli sjö manna nefnd til þess að gera úttekt á „svartri atvinnustarfsemi", þ. e. atvinnustarfsemi þar sem ekki eru greidd opinber gjöld, og koma með tillögur til úrbóta. Nefndina skipi fjórir einstaklingar tilnefndir af þingflokkum, tveir tilnefndir af stjórn Landssambands iðnaðarmanna og einn tilnefndur af forsrh. og sé hann formaður nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 1982."

Nú er þar frá að greina, að ástæða eða öllu heldur hvati að því, að þessi till. er flutt, er að skömmu fyrir síðustu jól var haldið 39. Iðnþing Íslendinga, eða í nóv. s. l., og á því Iðnþingi var samþykkt stefnuskrá, en lokakafli þeirrar stefnuskrár ber yfirskriftina Svört atvinnustarfsemi og er því það hugtak notað hér og stuðst við skilgreiningu Iðnþings Íslendinga á því, hvað hér er um að ræða. Iðnaðarmenn segja svo í sinni stefnuskrá, með leyfi hæstv. forseta, en það er jafnframt tekið upp í grg. með þessari till.:

„Svört atvinnustarfsemi er það rekstrarfyrirbrigði, þar sem fjármunum er velt án þess að staðið sé skil á opinberum gjöldum né staðið við aðrar þær atvinnurekstrarreglukvaðir, sem hinn almenni atvinnurekstur verður að hlíta. Slíkt „neðanjarðarhagkerfi" er ekki síður landlægt hér á landi en meðal nágrannaþjóða okkar."

Síðan er haldið áfram og vísað í stefnuskrá Iðnþingsins um það, þvílíkur vandi sé hér á ferðinni, en þeir segja, og ég vísa aftur í stefnuskrána, með leyfi hæstv. forseta:

„Svört atvinnustarfsemi snarbrenglar samkeppnisgrundvöll milli annars vegar þeirra aðila, sem hana stunda, og hins vegar þeirra, sem reka fyrirtæki sín eftir settum reglum og standa skil á sköttum og skyldum. Fyrirsvarsmenn þessara fyrirtækja krefjast þess, að samkeppnisaðstaðan verði í þessu efni jöfnuð."

Og þeir halda áfram: „Ríkisvaldið, sveitarfélög og fleiri aðilar, sem reka alls konar þjónustu, t. d. viðhalds- og viðgerðarþjónustu, í tengslum við starfrækslu ýmissa stofnana sinna og fyrirtækja, ættu að meta hagkvæmni þessara eigin þjónustudeilda út frá því, að skatta og skyldur bæri að greiða af þeim. Af þessari „eigin þjónustu" er lítið sem ekkert greitt í skatta, t. d. í söluskatt. Sé þessi þjónusta hins vegar veitt af hinum almennu fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í slíkri þjónustu, er hún margskattlögð. Hér má því segja að fjölmargir aðilar, m. a. úr hópi stofnana, leggi stund á nokkurs konar svarta atvinnustarfsemi." — Lýkur þar tilvitnun í stefnuskrá hins síðasta Iðnþings Íslendinga, en kaflinn um þessi efni er mun lengri og er hann allur rakinn í grg. með þessari tillögu.

Svo er því við að bæta, að víða erlendis hefur athygli manna mjög beinst að þessum þætti haglífsins á síðari árum. Þessi starfsemi er reyndar kölluð ýmsum nöfnum, og er þar sá vandi á ferðinni að það er ekki alltaf átt við nákvæmlega það sama, en það skal endurtekið og undirstrikað, að hér er notað það hugtak sem Iðnþingið notaði í þessum efnum. Í grg. með till. er einnig vísað til nýjasta heftis af Tíðindum frá Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (The OECD Observer), þar sem er að finna allítarlega grein um þennan þátt hagkerfisins í ýmsum aðildarlöndum, og nefnist sú grein „The hidden Economy and National Accounts" og er eftir mann að nafni Derek Blades. Ég vil almennt vísa til þessarar greinar, hv. alþm. berst þetta tímarit, en þó aðeins vekja athygli á nokkrum atriðum.

Í fyrsta lagi segir höfundur þessarar greinar, en öllum er auðvitað kunnugt að feikilega erfitt er að meta með nokkurri nákvæmni hversu hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu, ef við hana er miðað, hér er um að ræða. Síðan fer hann yfir hin ýmsu lönd og vísar auðvitað í margháttaðar heimildir máli sínu til stuðnings. Til þess að gefa nokkra hugmynd um hvað hér kann að vera, — það skal undirstrikað að þetta er auðvitað ekki hægt að segja með nokkurri vissu, — en hvað hér kann að vera um miklar stærðir að ræða, þá nefnir hann og vísar í heimildir að á Stóra-Bretlandi hafi samkv. heimild, sem í er vísað, verið svo metið að hér kunni að vera um 8% af þjóðarframleiðslu. Tölur nefnir hann frá Svíþjóð. Þar er talað um 10%. Tölur frá Ítalíu eru nefndar, en þar er þekkt og löngu viðurkennt að þetta er gríðarlegt vandamál. Þar er vísað til heimilda, að vísu fjögurra ára gamalla eða frá árinu 1978, og talað um 20%. Það, sem kannske kemur mest á óvart, það eru að vísu líka fjögurra ára gamlar upplýsingar, — það er frá Bandaríkjunum. Þar er samkv. heimild, sem þessi maður vísaði í, metið að þessi þáttur hagkerfisins kunni að vera svo stór sem 27% og þar fari þetta vaxandi. Nú skal undirstrikað að engum getum er að því leitt, að þessar upplýsingar þessa höfundar segi nokkurn skapaðan hlut um hversu stórt umfang kann að vera að ræða hér á landi, enda hefur engin athugun verið gerð á því. En það er einmitt tilgangur þessarar tillögu að menn geti gert sér einhverjar hugmyndir um hversu stórt þetta vandamál er og hvað kunni þá að vera til úrbóta.

Annað vil ég undirstrika ræki lega, að í tillgr. er gert ráð fyrir að nefnd skipi annars vegar fulltrúar frá þingflokkum og hins vegar tveir tilnefndir af stjórn Landssambands iðnaðarmanna. Með því er auðvitað ekki með nokkrum hætti verið að gefa í skyn að slík starfsemi sé algengari meðal iðnaðarmanna en annars staðar, heldur er þetta form á tillögunni einvörðungu vegna þess að það er Landssamband iðnaðarmanna sem í stefnuskrá sinni hefur beinlínis óskað eftir samstarfi við ríkisvaldið í þessum efnum. Það, sem hér er verið að leggja til, er að við þessum óskum verði orðið.

Þá skal það líka undirstrikað, að í þessari till. er bæði notað nafn sem Landssamband iðnaðarmanna notar, þ. e. „svört atvinnustarfsemi", og þeirra skilgreiningu fylgt á því. hvað hér er um að ræða. En þetta er auðvitað ekki einhlítt. Sem dæmi má nefna, og mun það oft hafa verið nefnt á undanförnum árum, að til svona hluta mundu einnig heyra þættir hagkerfisins eins og þeir, sem menn oft telja að sé verulega algengt hér á landi, að eigendur fyrirtækja eða þeir, sem skráðir eru fyrir fyrirtækjum, með einum eða öðrum hætti, hafi haft til þess mjög verulega möguleika að skrá hluta af einkaneyslu sinni, og það meira að segja að mjög verulegu leyti, á rekstrarliði viðkomandi fyrirtækis og hafi þar með getað stóraukið raunverulegar tekjur sínar án þess að það komi fram í sambandi við skattgreiðslur eða mælist að öðru leyti. Þetta einkenni mundi auðvitað vera hluti af þessu falda hagkerfi. Það tekur hins vegar ekki til þess sem nefnt er í þessari till. af ástæðu sem ég þegar hef nefnt. Það er von mín a. m. k. að til þess að tillaga af þessu tagi

skili árangri sé rétt að hlíta í einu og öllu þeirri skilgreiningu, sem hér hefur verið nefnd, og vinna þessa frumathugun í samvinnu við þá sem um slíkt hafa beðið, þ. e. Landssamband iðnaðarmanna.

Um leið og það er enn undirstrikað, að auðvitað er ekki með nokkurri vissu hægt að slá því fram, hvað stórar upphæðir eða hvað hátt hlutfall af þjóðarframleiðslu hér er um að ræða, þá er hitt auðvitað alveg ljóst, sem fram kemur í ívitnaðri stefnuskrá Landssambands iðnaðarmanna, og það sér auðvitað hvert mannsbarn, að þegar tvö fyrirtæki eru rekin hlið við hlið, kannske í sömu götu eða sama sveitarfélagi, og sé það svo að þau reki sömu starfsemi að öllu leyti, en sé það hins vegar svo, að annað greiði af einhverjum ástæðum til hlítar skatta og skyldur, en hitt sleppi með að greiða einasta brot af þessum sömu sköttum og skyldum, þá liggur auðvitað í hlutarins eðli að samkeppnisaðstöðu þessara fyrirtækja er ekki hægt að bera saman með einum eða neinum hætti. Það er alveg augljóst að annað fyrirtækið hefur alla möguleika á að bjóða ódýrari þjónustu. Það er eðlilegt að neytandinn, í einhverjum tilfellum a. m. k., freistist til að eiga frekar viðskipti við slík fyrirtæki og hagnaði, sem þannig myndast, sé skipt að einhverju leyti á milli fyrirtækis og þess neytanda sem hlut á að máli. Auðvitað hafa menn oft nefnt þetta og auðvitað vita menn að starfsemi af þessu tagi er liður í hagkerfi okkar. En það má líka segja að starfsemi af þessu tagi rekur rætur sínar langt aftur og það getur verið mjög erfitt að nálgast þetta öðruvísi en að af verði meiri og minni reiði og vandræði hvers konar. Það skal undirstrikað að ekkert slíkt vakir, að ég hygg, fyrir þeim sem þessa till. flytja. Það er verið að reyna að ráða bót á vandamáli og svo friðsamlega sem mögulegt er.

Í grg. er endað á að undirstrika þau sjálfsögðu sannindi, að ef við gefum okkur sem almenna forsendu að niðurstaða slíkrar nefndar verði annars vegar, að þessi starfsemi sé allumfangsmikil hér á landi, og síðan verði tillögur til úrbóta í þá veru, að þetta verði kannske að verulegu leyti upprætt, og ef við getum einhver mið dregið af þeim upplýsingum, sem við höfum erlendis frá í þessum efnum, leiðir auðvitað af sjálfu að niðurstaðan yrði allveruleg skattalækkun fyrir þá sem nú greiða fulla skatta og full gjöld, hvort sem það eru fyrirtæki eða neytendur þjónustufyrirtækja, og til þess er auðvitað einnig þessi leikur gerður.

Ég vil svo að lokum segja það, herra forseti, að ég held að það séu töluverð tímamót í þessum efnum, að svo fjölmenn samtök sem standa að baki Iðnþingi Íslendinga skuli álykta í þessum efnum. Það hafa alltaf öðru hvoru, t. d. hér á hv. Alþingi, orðið umræður um efni þessu skyld. T. a. m. minnist ég þess, að á undanförunum árum hafa hér verið flutt frumvörp um skattadómstól gagngert til að reyna að taka á þessu vandamáli, en slík frumvörp hafa ekki fengið meirihlutastuðning hér á hinu háa Alþingi og af mörgum ástæðum, hygg ég. Í fyrsta lagi er auðvitað með slíku fremur verið að ráðast að afleiðingum þessa vanda en orsök, og í annan stað hafa margir löglærðir menn oft látið í ljós efasemdir um að sérdómstólar séu skynsamlegir. Allt um það hefur þetta vandamál oft verið nefnt í ýmsum myndum, en þó varla á því snert.

Ég tel ekki rétt á þessu stigi málsins að hafa í frammi neinar vangaveltur um hverngi sú nefnd, sem hér er lagt til að skipuð verði, kemur til með að taka á þessu máli. Ég tel nægilegt að hún verði skipuð, eins og hér er gert ráð fyrir, fjórum mönnum frá þingflokkum, tveimur frá Landssambandi iðnaðarmanna og loks formanni sem tilnefndur sé af forsrh. Ég teldi eðlilegt að störf hennar væru tvíþætt: Í fyrsta lagi að reyna að gera sér einhverjar hugmyndir um umfang þessa vanda, eins og gert hefur verið í löndunum í kringum okkur, og í öðru lagi að gera tillögur til úrbóta, hvort sem það er í formi leiðbeininga fyrir framkvæmdavaldið eða hreinlega lagabreytingar og þá væntanlega helst á skattalögum. Allt þetta væri verkefni fyrir nefndina, en ég held að lokum, herra forseti, að fyllyrða megi að hér sé vissulega verk að vinna.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. vill ég leggja til að málinu verði vísað til hv. allshn. og til síðari umr.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég stend upp til að lýsa stuðningi mínum við þessa þáltill. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar, með þeim fyrirvara þó, að hvað sem gert er í þessu er af hinu góða.

Það er vissulega ánægjulegt að Landssamband iðnaðarmanna skuli sjálft verða hvati til þess að reyna að hreinsa til á eigin heimili. Það mættu vissulega fleiri gera. Gallinn er hins vegar sá, að það er mörg „svört atvinnustarfsemi" í þessu þjóðfélagi. En eins og ég sagði áðan: Ég held að hvað lítið sem gert er sé af hinu góða. Því miður hafa verkalýðsfélögin oft tekið á þessu máli af feimni og vandræðaskap og ekki verið í stakk búin að ræða það af neinni alvöru.

Ég held að í litlu þjóðfélagi eins og við erum að reka hér sé fátt nauðsynlegra en að kostnaður við rekstur þjóðfélagsins skiptist með eðlilegum hætti á þá sem í landinu búa. Ég vil minna hv. þm. á, að ég tók hér til máls utan dagskrár fyrir ári, að mig minnir, út af óvenjulegum auði sem skilað var til þjóðfélagsins og vissulega var arður af atvinnustarfsemi. Við hálaunafólkið í þjóðfélaginu hljótum að undrast hvernig slíkur auður verður til. Viðbrögðin við þessum orðum mínum hér í þingi voru enn einn vandræðagangurinn, eins og ævinlega þegar talað er um auðsskiptinguna í þjóðfélaginu.

Manni verður stundum hugsað hvernig á því standi, að við hv. þm., sem erum ákaflega hálaunað fólk í þjóðfélaginu, erum ekki að heldur efnað fólk og búum við góðan og öruggan fjárhag. Ef við gerum það ekki, hverjir gera það þá? Ætli við teljumst ekki til launahæstu launþega landsins? En ég hygg að það sé með fleiri hér á hinu háa Alþingi en mig, að við sjáum lítinn mun á hag okkar frá þeim launum sem við áður fengum greidd fyrir okkar störf. Skýringin er auðvitað ofureðlileg. Við greiðum þeim mun hærra skatthlutfall. Ef við síðan lítum í kringum okkur í þessu þjóðfélagi, sem við erum að reyna að stjórna, og oft gengur það alla vega, sýnist efnahagur manna vera algjörlega utan við allt hlutfall um yfirlýst laun í þjóðfélaginu. Við þurfum ekki annað en aka gegnum nýbyggð húsahverfi til þess að undrast hvaða fólk það sé sem getur byggt þessi hús. Annað eins sést ekki nema í auðmannahverfum erlendis. Þetta segir okkur auðvitað ekkert annað en það sem hv. þm. Vilmundur Gylfason er hér að segja, að það viðgengst í þessu þjóðfélagi allt of mikið af svokallaðri svartri atvinnustarfsemi sem nú hefur hlotið það nafn.

Ég held að það sé ákaflega erfitt að stjórna þjóðfélagi sem við þorum ekki að greina. Fyrst er að vita hvernig þjóðfélagið, sem við búum í, er til þess að vita hvernig við viljum breyta því. Ég held að engum sé greiði gerður með

því að forðast að ræða slíkt. Við verðum að vita, hvað launþegarnir í landinu hafa milli handanna, áður en við getum farið að berjast fyrir breytingum. Stundum þarf e. t. v. engra breytinga með, en sumir þarfnast aukinna tekna. Við könnumst við þetta eftir kjarasamninga. Sé gerð tilraun til að leysa vanda hinna launalægstu í landinu kemur allur skarinn á eftir. Þetta nær auðvitað engri átt. Þörfin er ekki sú sama. Ef við viljum vinna að launajöfnun í þjóðfélaginu er þetta ekki leiðin.

Ég vil fagna hverri þeirri tilraun, sem gerð er til þess að komast til botns í tekjum hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins, og mun því styðja þessa þáltill. En ég held að við gætum flutt margar slíkar. Það eru ekki einungis iðnaðarmenn sem stunda „svarta atvinnustarfsemi". Það gera ótalmargir aðrir. Við þekkjum frumskóg viðskiptalífsins. Á fullkomlega löglegan hátt geta menn mokað að sér fé með ýmsum — ég vil segja: brellum, án þess að leggja fram minnstu vinnu. Það má minna á takmarkaða ábyrgð manna á heilum viðskiptafélögum sem stofnuð eru. Þau má gera gjaldþrota í dag, en sömu menn geta stofnað nýtt fyrirtæki á morgun. Það er eins víst að það verði svo líka gjaldþrota. En eftir stendur að einhver greiðir þetta — og ætli það séu þá ekki við sem greiðum okkar skatta og skyldur af því sem við höfum í laun. Svo einfalt er það mál. Það er ekki einkamál eins samfélagsþegns hvort hann skýtur sér undan þjóðfélagslegri ábyrgð sinni. Það gerist nefnilega á kostnað okkar hinna. Þess vegna held ég að þessi tiltekt sé til fyrirmyndar. Ég neita því ekki, að ég varð nokkuð undrandi þegar ég sá að í stefnuskrá Landssambands iðnaðarmanna er vikið að þessu. Í ýmsum öðrum samtökum hefur aldrei mátt á þetta minnast. Þá hefur verið talað um það sem næstum landráð við verkalýðinn í landinu.

Ég vil hvetja hv. þm. til að láta ekki hér við sitja. Ég held að við ættum að snúa okkur að fleira. En orð eru til alls fyrst. Hér er í öllu falli byrjað á þeirri greiningu þjóðfélagsins sem ég held að hljóti að vera undirstaða þess að við getum stjórnað því.

Ég er mjög sammála ívitnaðri grein í OECD-tíðindum, þar sem lögð er áhersla á hve hagtölur séu oft misvísandi. Við getum lesið í Hagtíðindum hvað þjóðin hafi í meðaltekjur. Ekki man ég nú hvað það var — 11 gamlar millj.? — á síðasta ári. Þetta segir okkur auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég þekki fullt af fólki sem hafði alls ekki þessar tekjur og langt frá því. Vel má vera að þetta sé meðaltal sem huggulegt sé að horfa á, en það bjargar ekki þeim sem höfðu miklu minna.

Ég fagna fram kominni þáltill. og mun styðja hana.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna þeirri þáltill. sem hér er til umr. um „svarta atvinnustarfsemi", þingmál 225.

Vissulega velti ég því fyrir mér hvort tilnefning nefndarinnar sé rétt, eins og hefur komið fram. En það er ekki aðalatriði málsins, heldur hitt, að nefnd færustu manna fjalli um þetta mál og leiti leiða til að komast úr þeim vítahring sem við stöndum hér frammi fyrir, eins og segir í grg.: ráðist fremur að orsökum þessa vanda en afleiðingunum.

Það er vitaskuld alveg óverjandi af þeim aðilum, sem með þessi mál fara, að láta sem ekkert sé í þessum efnum. Hér er um hrikalegt vandamál að tefla, sem leiðréttingu verður að fást á. Þetta vandamál snýr ekki aðeins að atvinnurekstrinum í landinu, heldur að hverjum og einum þegn þessa þjóðfélags.

Ég skal ekki fullyrða um það sem segir í grg., hvort ósanngjörn og órökræn skattheimta á almenning sé hér orsökin. Það er hins vegar ljóst, að eftir því sem fleiri komast hjá því að greiða þá skatta og skyldur sem þeim samkv. lögum ber að greiða þyngist skattbyrði hinna.

Ég vil vekja sérstaka athygli á þeirri samþykkt sem gerð var á 39. Iðnþingi, eins og ræðumenn hafa hér gert, þar sem lagt er til að komið verði á sérstöku samstarfi ríkisvalds og samtaka fyrirtækja til að vinna gegn þessari ólöglegu starfsemi sem menn kalla svarta atvinnustarfsemi. Með slíku samstarfi og samvinnu er vissulega verulegs árangurs að vænta í þeirri viðleitni að kveða niður eða a. m. k. draga verulega úr þessari óæskilegu þróun sem orðið hefur.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða meira um þetta mál. Ég endurtek þakkir mínar til flm. og vænti þess, að till. fái góðan byr á þessu þingi, og lýsi fyllsta stuðningi mínum við þetta mál.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég vil færa þakkir þeim tveim hv. þm. sem hér hafa talað, Guðrúnu Helgadóttur og Stefáni Guðmundssyni, fyrir góð orð um efni þessarar till. En ég vil aðeins vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur leggja aftur á það áherslu og ítreka það, — raunar kom fram sá skilningur hjá henni og einnig hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni, að þessi till. er ekki svona flutt og þetta orðalag og þetta form er ekki haft vegna þess að það sé skoðun eða skilningur flm. að hér sé við iðnaðarmenn fyrst og fremst eða þá eina að eiga. Þetta form er aðeins haft á till. vegna þess að það er landsþing þeirra, þ. e. Iðnþing Íslendinga, sem hefur vakið athygli á þessu og beðið um samvinnu við ríkisvaldið. Mér var ljóst að það gæti nánast valdið vandræðum að vera að taka þá eina út úr, en ég vil enn undirstrika og ítreka það rækilega, að svona starfsemi er auðvitað miklu víðfeðmari en svo og á auðvitað ekki við neinn einn hóp eða eina atvinnustétt manna.

Ég vil einnig undirstrika það sem fram kom hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að nákvæmari greining þjóðfélags og hagkerfis er auðvitað forsenda þess, að af meira viti verði hægt að byggja ofan á, og einnig hitt sem hún sagði, að þetta vandamál — látum stærðina liggja á milli hluta — er auðvitað miklu víðfeðmara, en þessi háttur er hafður á vegna þess að þessi efnisatriði komu fram í stefnuskrá frá þessu tiltekna þingi, frá Iðnþingi Íslendinga. Ég held að ef tillgr. væri þannig að þetta væri gert enn víðfeðmara gæti það aðeins orðið til að spilla fyrir málinu. Hér höfum við afmarkaðan skilning á því, hvað við er átt. Það er, held ég, betri byrjun en ekki neitt og betra af stað farið en heima setið. — En ég vil ítreka þakklæti mitt til þessara tveggja hv. þm.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 52. fundur.

Mánudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 348). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Söluskattur, frv. (þskj. 414) — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 164). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 426).

Fóðurverksmiðjur, frv. (þskj. 399). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Lagaákvæði um grænfóðurverksmiðjur voru fyrst samþ. af Alþingi með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45/1971. Þessi lagaákvæði voru frumsmíð á þeim tíma og hafa staðið óbreytt síðan þrátt fyrir að reynsla hafi sýnt að þörf væri á að setja um þetta efni fyllri ákvæði.

Á þeim tíma, sem síðan hefur liðið, hefur verið starfað eftir þessum lagaákvæðum að nokkru. M. a. var þegar eftir að lögin höfðu verið afgreidd skipuð nefnd á grundvelli þeirra til að gera áætlun um stofnun og starfrækslu nýrra grænfóðurverksmiðja í landinu. Þessi áætlun var síðan staðfest af þeim aðilum sem hlut áttu að máli: í fyrsta lagi landnámsstjórn og Búnaðarfélagi Íslands og síðar af þáv. landbrh. á árinu 1972. Nú eru starfandi fimm grænfóðurverksmiðjur í landinu, en í frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að grænfóðurverksmiðjur beri heitið fóðurverksmiðjur.

Fjórar af þessum fimm verksmiðjum eru í eigu ríkisins og starfa tvær þeirra á Rangárvöllum, þ. e. í Gunnarsholti og á Stórólfsvelli, en aðrar að Flatey á Mýrum og í Saurbæ í Dalasýslu. Enn fremur er rekin ein slík verksmiðja í einkaeign í Brautarholti á Kjalarnesi. Elst þessara verksmiðja er verksmiðjan á Stórólfsvelli, sem hóf starfrækslu á árinu 1961, en framleiðsla verksmiðjunnar það ár var aðeins 230 tonn. Aðrar verksmiðjur hófu starfsemi sem hér segir: verksmiðjan í Gunnarsholti hóf starfsemi 1964, Brautarholtsverksmiðjan árið síðar eða árið 1965, Fóðuriðjan í Saurbæ í Dölum á árinu 1974 og Grænfóðurverksmiðjan í Flatey 1975. Þegar sú áætlun var gerð á grundvelli núverandi lagaákvæða, sem ég gat um í upphafi máls míns, var ákvarðað að stofna til þriggja nýrra grænfóðurverksmiðja, samkvæmt ákvörðun þáv. landbrh. Var hin fyrsta þeirra ákveðin í Flatey á Mýrum og hóf hún störf eins og áður sagði 1975, — en enn fremur var ákveðið að reistar yrðu grænfóðurverksmiðjur í Hólminum í Skagafirði og Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Þegar þessi áætlun var gerð var í undirbúningi stofnun grænfóðurverksmiðjunnar í Saurbæ í Dölum á vegum einkaaðila, en ríkið yfirtók þá verksmiðju skömmu síðar og hefur hún starfað á vegum ríkisins alla tíð frá því að hún hóf starfrækslu. Þær verksmiðjur, sem ákveðið var að skyldu reistar í samræmi við þessa áætlun, aðrar en Flateyjarverksmiðjan, þ. e. verksmiðjurnar tvær á Norðurlandi, hafa verið í undirbúningi allan þann tíma sem síðan hefur liðið og hefur sá undirbúningur verið nokkuð slitróttur og legið niðri sum árin, en nú er unnið að undirbúningi þeirra með meiri krafti en áður.

Með frv. þessu, sem undirbúið er af starfsmönnum landbrn. og fjmrn. og með aðild landnámsstjóra, er gert ráð fyrir að sett verði sérstök lög um fóðurverksmiðjur og horfið frá því að kalla þessar verksmiðjur grænfóðurverksmiðjur eða grasköglaverksmiðjur, eins og áður hefur verið gert. Lagafrv., sem hér liggur nú fyrir til umr., felur í sér rammalöggjöf um þetta efni sem er nokkuð rúm, og er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð til að kveða nánar á um ýmis þau ákvæði sem í frv. felast.

Frv. felur í sér, að gefin er heimild til þess að ríkissjóður eigi aðild að stofnun hlutafélaga um stofnun og rekstur fóðurverksmiðja. Það felur í sér heimildir til að selja þær verksmiðjur, sem nú eru í ríkiseign, hlutafélögum, félagssamtökum eða jafnvel einstaklingum. Frv. felur í sér að í raun er ekki gert ráð fyrir að stofna fleiri fóðurverksmiðjur alfarið á vegum ríkisins en þegar hefur verið gert. Og frv. felur í sér breytingar á stjórnunarskipulagi þeirra verksmiðja, sem nú starfa á vegum ríkisins, þannig að um málefni þeirra fjalli ein stjórn í stað þess að nú hefur hver verksmiðja stjórn fyrir sig. Um þessi atriði vildi ég fara örfáum orðum.

Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að færð verði í lög ákvæði sem veita heimild til þess að ríkissjóður eigi aðild að stofnun hlutafélaga um þennan rekstur. Það hefur sýnt sig, eins og ég hef þegar rakið, að undirbúningur þeirra verksmiðja, sem áætlað var 1972 að reisa á Norðurlandi, hefur gengið ákaflega hægt. Smám saman hefur vaxið vilji fyrir því og opnast möguleikar til þess að heimaaðilar leggji fram fjármagn til stofnunar slíkum fyrirtækjum og taki þá um leið á sig að hluta ábyrgð á þessum rekstri. Ég tel að það sé út af fyrir sig hyggileg stefna að fyrirtæki, sem ekki eru stærri í sniðum en hér um ræðir, séu að hluta á ábyrgð heimaaðila og þeir hafi verulegra hagsmuna að gæta í sambandi við rekstur þeirra. Til þess að það geti orðið er nauðsynlegt að fella í lög ákvæði sem heimila ríkissjóði að taka þátt í uppbyggingu slíkra fyrirtækja.

Þá er gert ráð fyrir að heimildir séu til að selja þau fyrirtæki sem nú eru í eigu ríkisins. Í samræmi við það, sem gert er ráð fyrir að sé framtíðarstefna í þessum málum samkvæmt frv., er eðlilegt að það feli jafnframt í sér heimild til breytinga á eignarfyrirkomulagi þeirra verksmiðja sem nú eru starfandi. Ég vil láta það koma fram, að í raun og veru eru þetta þau atriði þessa máls

sem brýnast er og nauðsynlegast að fá lagaákvæði um að þessu sinni, vegna þess að undirbúningur hlutafélaga er þannig bæði varðandi verksmiðju í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu og enn fremur er á undirbúningsstigi slíkt fyrirtæki í Borgarfirði, að af frekara áframhaldi á þeim undirbúningi getur tæpast orðið af hálfu ríkisins nema fá heimild til slíks í lögum. Það er því orðið ákaflega brýnt að slík lagaákvæði séu sett. Það eitt gerir það að verkum, að mjög nauðsynlegt er að frv. af þessu tagi fái afgreiðslu á yfirstandandi Alþingi.

Hér skal ekki farið mörgum fleiri orðum um form á þessu frv. Ég vil aðeins segja það, að megintilgangur uppbyggingar fyrirtækja á þessu sviði er auðvitað að nýta innlend gæði til fóðuröflunar í auknum mæli, að færa inn í landið í auknum mæli fóðurframleiðslu. Við getum sagt að hér sé um að ræða kjarnfóðurframleiðslu úr innlendum hráefnum. Verksmiðjur þær, sem hér er um að ræða, eru í frv. kallaðar fóðurverksmiðjur m. a. með tilliti til þess, að reiknað er með að þær verði reknar í því skyni að framleiða ekki einvörðungu fóður úr grasi og grænfóðri, heldur einnig að í það fóður verði blandað öðrum efnum sem falla til hér innanlands. Þar á ég ekki hvað síst við margs konar sláturúrgang sem ella nýtist lítið eða ekki. Er þegar nokkur reynsla af því að nýta sláturúrgang til vinnslu á fóðri. Þegar er einnig reynsla fyrir því að nýta mör og lýsi og lítils háttar af fisk- og hvalmeltu til fóðurframleiðslu og íblöndunar við annað fóður. Þessi mál eru að vísu tiltölulega skammt á veg komin í rekstri fóðuriðnaðar hjá okkur Íslendingum, en athuganir fara þó fram á því, á hvern hátt þessum atriðum verði best fyrir komið. M. a. er starfandi stjórnskipuð nefnd til að athuga möguleika á að framleiða hér í landinu refafóður eða loðdýrafóður, fiskafóður og gæludýrafóður, en þessi fóðurefni eru að verulegum hluta flutt inn í landið eins og nú standa sakir. Er í rauninni ástæða til að við freistum þess til hins ýtrasta að nýta þau hráefni, sem falla til í landinu sjálfu, til að framleiða þetta fóður. Er ekki að efa að við getum ráðið við þá tækni sem til þess þarf, og víst er að við eigum góð hráefni. Með tilliti til þess, að e. t. v. gæti þessi rekstur farið saman að verulegu leyti, eru þessar verksmiðjur hér kallaðar fóðurverksmiðjur. Er raunar þegar nokkur reynsla fyrir því, að íblöndun hráefna bæði frá landbúnaðarafurðum og sjávarafurðum í grasmjöl hentar til framleiðslu á slíkum fóðurkögglum.

Það verður ekki hægt að víkja sér undan því, að rekstur á slíkum verksmiðjum verður auðvitað að taka tillit til markaðar og markaður í landinu sjálfu fyrir þessa framleiðslu hlýtur vitaskuld að mestu leyti að ráðast af verði, en einnig verður að taka fullt tillit til gæða framleiðslunnar. Hér er um annan og veigamikinn þátt þessa máls að ræða, sem ekki er tekið á í þessu frv., en hlýtur þó að verða að taka til athugunar í framhaldi af því eða samhliða því að aukning yrði á fóðurframleiðslu af þessu tagi.

Eins og nú standa sakir hefur framleiðsla grasköggla-verksmiðjanna orðið að hámarki á árinu 1980 tæp 13 þús. tonn, en var á síðasta ári tæp 10 þús. tonn. Á sama tíma hefur það gerst, að innflutningur á fóðri til landsins hefur minnkað verulega frá því sem hann var mestur, en hann var mestur á árinu 1979, eða tæplega 85 þús. tonn. Á árinu 1981 var innflutt fóður á hinn bóginn 60 400 tonn og hafði því minnkað um meira en 1/4. Ég tel að það séu öll skilyrði til þess, að við ættum að geta framleitt meira af þessari nauðsynlegu rekstrarvöru landbúnaðarins í landinu sjálfu, og ekki þarf að draga í efa að gæði framleiðslunnar gætu orðið mikil. Við ættum að geta framleitt a. m. k. helming af þeirri fóðurvöru, sem notuð er, og sennilega miklu meira. Á hinn bóginn þarf að gefa því gaum, að verðsamanburður verði ekki með þeim hætti að hann kyrki þessa framleiðslu, ekki síst á meðan fyrirtækin bera verulegan fjármagnskostnað, sem væri mestur rétt eftir að nýjar verksmiðjur hafa tekið til starfa. Þessi þáttur málsins, eins og ég sagði, er mjög veigamikill og geri ég ráð fyrir að setja þurfi sérstök lög áður en langir tímar líða um fóðurverslun og fóðurframleiðslu, jafnvel innflutning á fóðurvörum til landsins, en það mál er það skammt á veg komið í undirbúningi að ég geri ekki ráð fyrir að slíkt frv. verði lagt fram á þessu þingi. Það þarf mikinn undirbúning. Margir hagsmunaaðilar eiga hlut að máli, Er nauðsynlegt að vinna mikið undirbúningsstarf til að freista þess að ná samkomulagi um slíkt stórmál.

Ég tel að þau mál, sem hér er fjallað um, séu ákaflega mikilvæg fyrir íslenskan landbúnað og raunar fyrir þjóðarbúið í heild. Það er ekki einungis á þessu sviði sem þau sannindi gilda að okkur Íslendingum beri að byggja atvinnulíf okkar upp með þeim hætti að nýta sem allra best þau hráefni, sem við eigum í landinu sjálfu, og byggja atvinnuvegi okkar þannig upp að þeir séu í ríkara mæli en hingað til óháðir flutningum á slíkum rekstrarvörum hingað til landsins erlendis frá með þeim sveiflum og þeirri óvissu sem er um viðskipti við önnur lönd í mörgum slíkum tilvikum. Á engu sviði er nærtækara að efla íslenskt atvinnulíf ef einmitt að vinna að því að auka framleiðslu úr innlendum hráefnum til hagsbóta fyrir atvinnuvegina.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um þetta frv. í lengra máli. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég fæ tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd og get þar haft þau afskipti af því sem eðlileg teljast. Hér er á ferðinni frv. sem er allviðamikið þegar betur er að gáð og snertir nokkuð mörg svið. Ég segi strax að það er margt athyglisvert varðandi skipan þessara mála. Það getur vel verið að það sé umdeilt hver skipan mála varðandi fóðurverksmiðjur eigi að vera, en alla vega er það af hinu góða að verksvið þeirra er víkkað mjög um leið. Það þýðir að hvers kyns nýting innlendra aðfanga í stað innflutnings á fóðurbæti er vissulega sjálfsögð og þjóðhagslega nauðsynleg.

Ég mun hafa ýmsa fyrirvara um þetta frv. í nefnd, en þó er sá stærstur sem snertir 2. gr., og vil ég koma því að þegar við 1. umr. Þar stendur að ríkisstj. sé heimilt að selja félagasamtökum eða einstaklingum fóðurverksmiðjur í eigu ríkissjóðs og lána söluverð með sömu kjörum og jarðakaupalán frá Stofnlánadeild landbúnaðarins. Varðandi einstaklingana vil ég halda því fram, að hér sé um of rúma heimild að ræða gagnvart þeim. Ég hygg að það væri eðlilegast, ef þeir eiga að koma inn í þetta mál á annað borð, að koma þyrfti til heimild Alþingis hverju sinni sérstaklega til þess að ríkisstj. mætti selja einstaklingum slíkar fóðurverksmiðjur. Hins vegar finnst mér ekki óeðlilegt, að samtök bænda eða félög þeirra og félagasamtök ættu þess kost að kaupa þessar verksmiðjur með þessum kjörum, og hefði því talið

eðlilegast að heimildin næði eingöngu til þeirra. Ég mun vinna að breytingu í þessa átt í nefndinni og vænti samstöðu um það þar.

Sannleikurinn er auðvitað á, eins og hæstv. landbrh. kom inn á áðan, að þetta mál tengist allt þeim verksmiðjum sem fyrir eru í landinu. Þar hljóta auðvitað ýmsar spurningar að vakna sem ég ætla ekki að fara út í hér. Það tilheyrir frekar nefndarstarfinu varðandi mál þetta. Það er varðandi þau hlutafélög sem vitnað er í í aths. við 3. gr. og er kannske undirrótin að þessu frv., að ríkisstj. sé heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags sem eigi og reki nýjar fóðurverksmiðjur. Þar kemur auðvitað að tengslum þeirra við stjórnir fóðrurverksmiðjanna. Eins er varðandi tengslin við Landnám ríkisins.

Uppi hafa verið ýmsar hugmyndir um Landnám ríkisins, m. a. jafnvel að leggja Landnám ríkisins niður. Það er auðvitað stærra mál en svo að þar verði rætt hér. Hins vegar hvarflar það að mér varðandi fóðurverksmiðjurnar, að meðan Landnám ríkisins er sérstakur þáttur í stjórnkerfinu sé spurning um hvort yfirumsjón og stjórn þessara mála eigi ekki að vera að einhverju leyti eða að miklu leyti þar, sbr. t. d. 5. gr. þar sem sagt er: „Stjórn fóðurverksmiðja ríkisins skal skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, sem landbrh. skipar til fjögurra ára í senn.“ — Stjórn þessara verksmiðja er sem sagt alfarið skipuð af hálfu rn. Landbrh. ræður þessari stjórn algerlega.

Varðandi hlutdeild og þátttöku þeirra verksmiðja, sem fyrir eru og stjórn þeirra áfram vakna líka spurningar í mínum huga.

Ég ætla ekki að tala um þetta mál neitt frekar hér nú. Búnaðarþing mun vera að fjalla um þetta mál sérstaklega. Það mun senda álit sitt til þeirrar nefndar sem ég á sæti í og fjallar um frv. Það verður fróðlegt að sjá álit Búnaðarþings. Ég tel að nefndin hljóti mjög að taka mið af þeim sjónarmiðum sem þar kunna fram að koma, þó að ég áskilji mér vitanlega allan rétt til að greina þar á milli þeirra atriða sem ég er samþykkur. En ég hef vissa fyrirvara um frv., sérstaklega varðandi 2. gr., og vil að það komi fram strax, og eins varðandi stjórnunina í 5. gr., sem ég vil líka að sé athuguð betur þegar við á annað borð erum með stofnun eins og Landnám ríkisins í okkar kerfi varðandi landbúnaðinn í heild.

Jón Helgason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir að flytja þetta frv. því að ég held að það sé nauðsynlegt að lagaákvði um þá starfsemi, sem það fjallar um, séu á hverjum tíma í sem æskilegustu formi. Það leiðir af sjálfu sér, að eftir svo langan tíma frá þeirri lagasetningu sem nú er í gildi og miðað við hvað þessi starfsemi hefur verið í uppbyggingu hefur ýmislegt komið í ljós sem vafalaust má betur fara.

Ég mun ekki fjalla um þetta mikið efnislega þar sem ég á eins og hv. síðasti ræðumaður sæti í landbn. sem mun taka málið til athugunar. Ég vil þó aðeins í sambandi við ákvæðin um eignaraðildina láta þá skoðun mína í ljós, að ýmislegt mælir vitanlega með því, að hún sé að einhverju leyti í höndum þeirra sem búa á hverjum stað. Við vitum að það er viss ávinningur að slíku, þó svo vitanlega komi þar fleira til sem hefur áhrif á æskilega eignaraðild.

En það, sem ég vildi sérstaklega koma hér á framfæri, er að ég veit að áhugi er víðar fyrir byggingu svona verksmiðja en hæstv. ráðh. minntist á. Er mér þá sérstaklega kunnugt um að hann er fyrir hendi í Mýrdal í Vestur-Skaftafellssýslu.

Það er tvennt sem hlýtur að ráða staðarvali þessara verksmiðja: Annars vegar að þær séu nokkuð dreifðar um landið til að reyna að draga úr flutningskostnaði á framleiðsluvörunni til notendanna, til bændanna. Það er sjónarmiðið sem ég held að hafi ráðið miklu um uppbyggingu þeirra verksmiðja sem nú eru annaðhvort í undirbúningi eða áformaðar, þ. e. á Norðurlandi og Vesturlandi. En hitt, sem ég held að hljóti að hafa mikil áhrif líka, eru hinar náttúrlegu aðstæður. Þar held ég að Mýrdalurinn hafi mjög mikinn ávinning fram yfir flesta aðra landshluta þar sem sprettutími er þar lengri en víðast hvar annars staðar. Þar byrjar að gróa miklu fyrr á vorin, og einnig er þess að vænta, að gras geti staðið þar lengur fram á haustið en víðast hvar annars staðar. Með dýra verksmiðju með tiltölulega stuttan nýtingartíma á hverju ári hefur vitanlega mikið að segja að hann sé þó sem lengstur. Það hlýtur að muna allmiklu um hverja vikuna sem þar er hægt að vinna. Land fyrir verksmiðju, sem er ákjósanlegt í þessu skyni, stendur til boða í Mýrdal. T. d. er kal þar nærri óþekkt. Sprettuöryggið er einnig meira en víðast hvar annars staðar á landinu.

Svo er eitt atriði enn sem ég vildi koma á framfæri í sambandi við þá auknu fjölbreytni í framleiðslunni sem hæstv. landbrh. minntist á. Á undanförnum árum hefur lítils háttar verið byrjað á því í verksmiðjunni á Hvolsvelli að taka á móti innlendu korni og þurrka það og mala og blanda saman við grænfóður, þannig að það er að jöfnu grænfóður og korn. Þessi fóðurbætir hefur reynst mjög góður þeim sem hann hafa notað. Þeir telja að hann jafnist á við bestu fóðurblöndur sem völ er á. Ég tala nú ekki um ef hægt væri síðan að blanda í fóðrið fleiri efnum, eins og sláturúrgangi eða einhverju slíku. Einmitt í Mýrdalnum og þar í grennd eru tvímælalaust þau svæði þar sem mestar líkur eru á að kornrækt geti verið árviss. Þar er vaxandi áhugi á að reyna þetta. Ég hygg að á komandi sumri verði allmargir til viðbótar við þá, sem gert hafa tilraunir síðustu árin, sem hafa hug á að reyna kornrækt. Sumir gera sér vonir um að þarna geti orðið um verulega framleiðslugrein hjá bændum að ræða. Eitt vandamálið við þá framleiðslu er þurrkun og verkun kornsins, en þá hefur verksmiðjan á Hvolsvelli leyst vanda þeirra sem þar eru í grennd. Ef á að selja kornið langt frá framleiðslustað er e. t. v. nauðsynlegt að þurrka það, enda þótt e. t. v. geti verið um aðra möguleika að ræða fyrir þá sem nýta kornið til eigin nota.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál að sinni þar sem ég mun fá tækifæri til alð fjalla um málið í landbn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil gjarnan taka það fram vegna þeirra aths. sem fram komu hjá hæstv. forseta, hv. þm. Helga Seljan, að þegar frv. þetta var samið af, eins og ég greindi frá, starfsmönnum úr landbrn. og fjmrn. með aðild landnámsstjóra, og raunar fengu þeir til liðs við sig Benedikt Sigurjónsson fyrrv. hæstaréttardómara, var stuðst við drög að frv. sem fyrir hafa legið um þetta efni frá fyrri tímum. Ég tek það fram, að ég tel að mjög komi til álita að þrengja þá heimild, sem er í 2. gr., þannig að ef einstaklingar hafa áhuga á að kaupa þau fyrirtæki, sem hér um ræðir, geti þeir allt að einu myndað um það hlutafélag eða eitthvert félagsform, þannig að í greininni mætti þess vegna standa að heimilt væri að selja félögum og félagasamtökum þær fóðurverksmiðjur, sem nú eru í eigu ríkissjóðs, og lána

með sömu kjörum og jarðakaupalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins, eins og þar segir. Það er því ekkert frá minni hálfu sem hindrar að tekið verði fullt tillit til aths. hæstv. forseta við meðferð málsins.

Varðandi skipulag þessara mála að öðru leyti, sem hæstv. forseti gerði nokkuð að umtalsefni, er rétt að þar er um álitamál að ræða. Hér er þessu stillt upp þannig að ein fimm manna stjórn fari með málefni ríkisverksmiðjanna. Gert er ráð fyrir að fimm menn sitji í þessari stjórn til að gefa svigrúm fyrir að þeir séu skipaðir af nokkuð dreifðu svæði, þ. e. að þau héruð, sem hafa mestra hagsmuna að gæta varðandi rekstur þeirra ríkisverksmiðja sem nú eru í gangi, geti átt þar fulltrúa. Líklegt væri að landbrh. mundi hverju sinni skipa a. m. k. formann slíkrar stjórnar annað tveggja úr landnámsstjórn eða þá landnámsstjóra, en landnámsstjóri og Landnám ríkisins hafa til þessa borið hita og þunga af því að fjalla um rekstur og uppbyggingu þessara fyrirtækja í eigu ríkisins. Þessi skipulagsatriði getur auðvitað þurft að taka til nánari athugunar. Verði menn ekki um þau atriði á eitt sáttir mundi ég óska eftir að þau atriði verði fremur látin liggja um kyrrt en það yrði til þess að frv. í heild næði eigi fram að ganga. Eins og ég gat um í fyrri ræðu minni er í rauninni mjög brýnt að I. kafli frv. nái afgreiðslu Alþingis að þessu sinni. Ef ágreiningur er eða skiptar skoðanir um aðra þætti þessa máls væri unnt að geyma þá kafla frv. til nánari athugunar til næsta Alþingis.

Ég þakka hv. þm. Jóni Helgasyni fyrir innlegg hans í þessa umr. Ég rakti ekki í minni ræðu itarlega það sem fram kemur í grg. frv. Þar er bent á að nú sé vaxandi áhugi á aukinni kornrækt í landinu. Þegar hefur Stórólfsvallarverksmiðjan malað korn, sem framleitt er hjá bændum, og blandað það grasmjöli, og hefur þessi framleiðsla gefið góða raun. Er sannarlega vonandi að orðið geti aukningu á slíkum þætti í þessum málum og að það geti orðið raunhæf leið til að draga úr innflutningi okkar Íslendinga á fóðurkorni.

Varðandi fjölgun þessara fyrirtækja umfram það sem þegar eru í raun ákvarðanir til um og í raun og veru hefur verið ákveðið fyrir 10 árum að stofna tvær grænfóðurverksmiðjur á Norðurlandi, sem getið hefur verið um, verður að huga að frekari uppbyggingu þessara fyrirtækja með hliðsjón af markaðshorfum og öðrum möguleikum til sölu á framleiðslu þeirra. Afgreidd var á Alþingi í fyrra ályktun þess efnis að skora á ríkisstj. að láta fara fram athugun á hagkvæmni þess að reisa grasköggla verksmiðju eða fóðurverksmiðju í Borgarfirði. Hefur verið unnið þar verulega að undirbúningi af hálfu heimamanna, en slík hagkvæmniathugun er í raun að hefjast og þá væntanlega í því skyni að þar verði hægt að stofna hlutafélag á grundvelli þessara laga ef það sýnist hagkvæmt.

Ég er ekki í neinum vafa um að ræktunarskilyrði eru hvergi betri á landinu en í Mýrdal, og ég hygg að þar sé sprettutíminn einna lengstur. A. m. k. vorar þar snemma. Sprettutíminn hefur, eins og hér hefur komið fram, afgerandi áhrif á afkastagetu verksmiðjunnar, þ. e. hvað framleiðslutíminn getur verið langur. Þess vegna eru þar auðvitað mjög ákjósanleg skilyrði frá náttúrunnar hendi til að reisa verksmiðju af þessu tagi og getur þurft að taka það mál til athugunar, en heildarafköstin verða að vera í einhverju samræmi við það sem menn telja líklegt að markaðurinn þoli. Ég vil þó láta það koma hér fram, að allajafna er það svo að þrátt fyrir að ræktunarskilyrði séu góð og vinnslutími sé langur á t. d. Rangárvöllum hefur á sumum öðrum svæðum landsins verið a. m. k. meira próteinmagn í grasi og í fóðri en í því grasi sem vex á sandjörðinni á Rangárvöllum og sums staðar annars staðar á Suðurlandi. Þetta er atriði sem einnig þarf að taka tillit til. Ég er ekki þar með að segja að það gildi um Mýrdalinn, þar sem önnur náttúrleg skilyrði eru en t. d. á Rangárvöllum. En meginmálið er að taka til athugunar hagkvæmni þess og möguleika að reisa fleiri fyrirtæki en í raun hefur þegar verið ákveðið. Ég tel sjálfsagt að landbrn. hlutist til um það, ef þess verður óskað, að slík athugun verði gerð.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 93, n. 386, 387, 396). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands. Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og alllöngum. Til viðræðna við nefndina komu m. a. forseti Hæstaréttar, forseti lagadeildar Háskóla Íslands, fulltrúar Lögmannafélags Íslands, stjórn þess, og formaður réttarfarsnefndar. Allir þeir aðilar, sem á fund nefndarinnar komu, voru sammála um að nauðsynlegt væri að ráða bót á því ástandi sem nú er hjá Hæstarétti vegna þess langa dráttar sem verður frá því að málum er vísað til Hæstaréttar og þar til dómur fellur. En eins og fram kom við 1. umr. málsins hér í deild eru nokkuð skiptar skoðanir um hvaða leið er best að fara og þá um leið um frv. það sem hér er til meðferðar.

Allshn. bárust athugasemdir frá 10 lögmönnum við frv., þar sem dregið var í efa réttmæti þess að fara þessa leið, og vitnað þar til ákvæða stjórnarskrárinnar. En í því skjali var ekki bent á neina aðra leið sem fara skyldi til að leysa þennan vanda. Þegar stjórn Lögmannafélagsins kom á fund allshn. kom í ljós að skiptar skoðanir voru innan stjórnarinnar um þessar athugasemdir tímenningarnir og enginn vildi á nefndarfundi fullyrða að með frv. væri verið að stefna að stjórnarskrárbroti. Og a. m. k. hjá sumum stjórnarmanna Lögmannafélagsins kom fram að nauðsynlegt væri að styðja við bakið á Hæstarétti til þess að leysa hinn bráða vanda með því að samþykkja þetta frv.

En til þess að kanna þetta mál eins og allshn. hafði tök á varð það niðurstaða úr viðræðum nm. við forseta lagadeildar Háskóla Íslands að fara fram á það við hann, að hann gerði tillögur um hvaða aðrar leiðir en sú, sem frv. gerir ráð fyrir, gætu að hans mati komið til greina. Hann brást vel við því og sendi nefndinni tvo valkosti í málinu. Við athugun á þeim kostum sá allshn. sér ekki fært að mæla með annarri hvorri þeirra leiða án þess að málið væri athugað miklu betur. Niðurstaðan af athugunum allshn. varð því sú, að nauðsynlegt væri að afgreiða þetta frv. á þessu þingi, en jafnframt beinir nefndin þeirri eindregnu ósk til hæstv. dómsmrh., að hann láti kanna rækilega hvort breytingar á frambúðarskipulagi væru

æskilegar í þessum málum. Í þeirri nefnd, sem það mál tekur til athugunar, þyrfti að vera tryggt að fram kæmu sjónarmið þau sem taka þarf tillit til þegar þetta mál er athugað.

Allmikið var á nefndarfundum rætt um 1. gr. frv., hvort fjölga eigi föstum dómurum í 8. Meiri hl. nm. telur að verði gerðar síðar breytingar á dómskerfinu sem muni létta álagi af Hæstarétti, þá sé einfalt að fækka dómurum aftur og ákvaða þá fjölda þeirra í samræmi við þau verkefni sem líklegt er að Hæstiréttur fái til meðferðar.

Í sambandi við 4. gr. frv., um heimild til að ráða sérfróða aðstoðarmenn, kom það fram í viðræðum við forseta Hæstaréttar, að þar yrði ekki um mikið starfslið að ræða. A. m. k. er það ekki ætlunin nú í upphafi, heldur yrði látið nægja að ráða einn löglærðan mann til að annast það verkefni. En þrátt fyrir það að ekki væri þar um fjölmennara lið að ræða gæti það orðið til þess að flýta fyrir afgreiðslu mála.

Við 1. umr. málsins kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv. ósk um að fá skrár yfir öll þau frumvörp, sem hæstaréttardómarar hafa samið, og önnur störf í dómsmálum utan Hæstaréttar. Dómsmrn. hefur gert slíka skrá um störf á vegum þess að mun hv. þm. hafa fengið hana. Í henni kemur fram að þar er um fá mál hjá hverjum dómara að ræða, eitt eða tvö um örfá atriði, utan hjá einum, sem mun hafa fengið leyfi frá störfum til að sinna a. m. k. sumum þeirra sérstaklega.

Á sérstöku þskj. flytur nefndin brtt. um gildistíma laganna þ. e. að lögin taki gildi 1. júlí 1982 í stað 1. jan. eins og er í frv. Og í nál. á þskj. 386 kemur fram að allshn. leggur til að frv. verði samþykkt, en tveir nm., Eiður Guðnason og Stefán Jónsson, skrifa undir það með fyrirvara og einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja og fylgja brtt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar þetta frv. var fyrst til umr. hér í hv. deild fóru fram ítarlegar umr. um það, vegna þess m. a. að fram hafði komið álitsgerð um frv. frá hópi þekktra og virtra lögfræðinga og kennara við Háskóla Íslands í lögfræði hér í borg, þar sem því var haldið fram að nokkur ákvæði frv., sérstaklega eitt þeirra, brytu í bága við stjórnarskrána. Var vakin athygli á, að það væri alvarlegt mál þegar haldið væri fram að breytingar á sjálfum hæstarétti landsins gætu hugsanlega falið í sér stjórnarskrárbrot, og bent var á þá sérkennilegu stöðu, að þar sem frv. væri samið af Hæstarétti sjálfum blasti við Alþingi sá vandi, að Hæstiréttur hefði e. t. v. sjálfur lagt drög að því, að stjórnarskráin væri brotin, og væri þá æðsti dómari í eigin sök. Enn fremur voru gerðar ýmsar aths. við að þessi leið væri farin til að ráða bót á seinagangi í afgreiðslu mála við Hæstarétt og bent á að ýmsar aðrar leiðir kynnu að vera réttari í bráð og lengd í þeim efnum.

Ég óskaði einnig eftir ýmsum upplýsingum sem vörpuðu nánara ljósi á starfshætti réttarins á undanförnum árum eftir að dómurum var fjölgað. Ég þakka hv. nefnd fyrir að hafa reynt að afla þessara upplýsinga, en hins vegar verð ég að segja strax að ég hefði kosið að nefndin hefði í fyrsta lagi óskað eftir skriflegri greinargerð frá Lögmannafélaginu, en ekki látið nægja að ræða við stjórnarmenn á fundi, einkum og sér í lagi þegar ljóst og uppvíst er að mismunandi skoðanir komu fram hjá stjórnarmönnum á því, hvort hér væri á ferðinni stjórnarskrárbrot eða ekki. Stjórnarskrárbrot um sjálfan Hæstarétt Íslands er svo alvarlegt mál að nauðsynlegt er að þeir aðilar, sem eru kallaðir til nefnda þingsins til að segja álit sitt á því atriði, skili skriflegu áliti. Við óskum eftir skriflegu áliti af minna tilefni en þessu. Ég vil þess vegna spyrjast fyrir um hvort þess hafi ekki verið farið á leit við þessa fulltrúa, að þeir skiluðu skriflegri greinargerð um þetta atriði þar sem m. a. væri tekin afstaða til þeirrar greinargerðar kennara í lögfræði við Háskóla Íslands og ýmissa dómara hér í borg sem kynnt var við 1. umr. málsins í hv. deild.

Enn fremur sakna ég þess, að í nál. skyldu ekki vera birtir þeir valkostir sem forseti lagadeildar virðist hafa gert nefndinni grein fyrir að væru mögulegir til að leysa þennan vanda í dómstólakerfinu án þess að sú lausn leiddi til umræðna um hvort verið væri að brjóta stjórnarskrána eða ekki. Ég hefði talið nauðsynlegt að hv. alþm. fengju tækifæri til að kynna sér þá tvo aðra valkosti sem forseti lagadeildar hefur lagt fram á fundum nefndarinnar.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að formaður hv. alllshn., hv. þm. Eiður Guðnason, hefur lagt fram sérstaka brtt. við 1. gr. frv. þar sem hann leggur til að hafnað verði þeirri tillögu frv. að fjölga hæstaréttardómurum. Það er veigamikil brtt. frá formanni nefndarinnar.

Þegar allt þetta er haft í huga vil ég óska eftir því við hæstv. forseta þessarar deildar, að afgreiðslu þessa máls verði frestað og mér og öðrum þm. þessara deildar, sem þess óska, gefinn kostur á að kynna sér álit forseta lagadeildar í fyrsta lagi, en í öðru lagi tækifæri til að ræða nánar við þann hóp kennara í lögum við Háskóla Íslands og dómara hér í borg sem sendi Alþingi álitsgerð um að hér væri verið að brjóta stjórnarskrána. Ég tel nauðsynlegt þegar í ljós hefur komið að nefndin hefur ekki viljað taka skýra afstöðu til þess, sem þar kom fram, og breyta frv. í samræmi við það, að við fáum tækifæri til að ræða á nýjan leik, einstakir þm., við þessa lögfræðinga svo að það verði ekki, eftir að nefndin hefur skilað störfum, fljótfærnisleg afgreiðsla á þessu veigamikla frv. þegar í húfi eru svör við spurningunni um hvort stjórnarskráin kunni að verða brotin þegar gerð er þessi breyting á störfum Hæstaréttar. Enn fremur vil ég óska eftir fresti til að geta hugleitt nánar, eftir að hafa heyrt í frsm., fulltrúa nefndarinnar, hvers konar brtt. verði fluttar við frv., ef einhverjar verða, til viðbótar við þá brtt. sem formaður nefndarinnar hefur nú þegar flutt.

Það er rétt, sem hér kom fram hjá frsm. nefndarinnar að ég óskaði m. a. eftir upplýsingum um störf hæstaréttardómara við að semja frv. Það kemur hér fram, að á undanförnum árum hafi hæstaréttardómarar alls unnið að samningu 21 frv. Það er kannske ekki mjög há tala, en þar eru ýmsir mjög veigamiklir lagabálkar, sem leggja grundvöll að löggjöf á ýmsum mjög veigamiklum sviðum okkar þjóðlífs, og mjög umfangsmikil vinna liggur að baki þeim. Það er líka rétt sem frsm. nefndarinnar benti á, að einn hæstaréttardómari sker sig þar sérstaklega úr og hefur alls unnið að 7 verkefnum á þessu sviði. Það vekur sérstaka undrun mína, að á sama tíma og Hæstiréttur Íslands sjálfur og hæstv. dómsmrh. telja að slíkt öngþveiti ríki hjá réttinum að nauðsyn sé þess vegna bæði á sérstakri fjölgun dómara og tímabundinni ráðningu dómara, vegna þess að núvernadi dómarar geti ekki annað þessu, þá er ákveðið að fækka í réttinum um eins árs skeið með því að veita einum hæstaréttardómara leyfi frá störfum til að vinna að því að semja laga-

frumvörp. Nú er ég ekki að lasta að þessum tiltekna einstaklingi sé gert auðvelt að vinna að verkefnum af því tagi. En ég spyr: Hefur verið ráðinn annar hæstaréttardómari í hans stað? Ef svo er ekki er það ærið sérkennileg ráðstöfun, svo að vægt sé til orða tekið, að á sama tíma og það eru meginrök Hæstaréttar sjálfs og hæstv. dómsmrh. gagnvart Alþingi, að það þurfi að fjölga dómurum til að greiða úr málaflækjunni við réttinn, óski Hæstiréttur sjálfur eftir að dómurunum sé fækkað til að einn þeirra geti sinnt því verkefni að semja lög fyrir dómsmrn. á sviði krikjuréttar þótt ýmsir aðrir sérfræðingar í landinu gætu greinilega unnið að því verki. Það liggur við að ég spyrji: Hvert er samhengið í málflutningnum, að tefla á tæpt vað hvað snertir stjórnarskrána sjálfa í krafti þess, að það þurfi að greiða úr öngþveiti mála í réttinum, en síðan telur Hæstiréttur sjálfur fullkomlega sjálfsagt og eðlilegt að fækka dómurum á sama tíma til að auðvelda að samin séu lög fyrir stofnanir framkvæmdavaldsins? Ég sé satt að segja ekkert samhengi í því að grípa til þessarar leyfisveitingar á þessum tímum, ef það er rétt, sem ég held að sé, en verður væntanlega upplýst nú eða síðar, að enginn hæstaréttardómari hafi verið ráðinn í starf þess sem vikið hefur úr réttinum um eins árs skeið. Væri fróðlegt að heyra rökin fyrir því að fækka í réttinum á þennan hátt á sama tíma og hér á Alþingi stendur hörð deila um að nauðsynlegt sé að fjölga í réttinum.

Ég óskaði einnig eftir upplýsingum um fjölda sératkvæða í Hæstarétti á undanförnum árum. Ég vakti athygli á því, að aukin tíðni þess, að Hæstiréttur skipaði sér í undirdómstóla í ýmsum málum, gæti leitt til vaxandi óvissu um efnislega túlkun laga þar sem oft munar e. t. v. einu atkvæði hver sé úrskurður réttarins, og það gæti þá verið háð því, hverjir skipuðu hópinn hverju sinni úr heildarfjölda hæstaréttardómara, hvers konar meiri hluti myndaðist. Í þeim upplýsingum, sem nefndin hefur fengið, kemur í ljós að á s. l. sex árum hefur sératkvæðum í Hæstarétti fjölgað svo ríflega að þau hafa sexfaldast á þessum tíma, en rétt er að vekja athygli á því, að heildarmálum afgreiddum af réttinum hefur ekki fjölgað á þessum tíma. Fjöldi þeirra hefur verið í grófum dráttum mjög svipaður.

Árið 1974 voru 6 sératkvæði í réttinum, árið 1975 14, árið 1976 13, árið 1977 20, árið 1978 26, árið 1979 25 og árið 1980 35 sératkvæði í þeim 168 málum sem rétturinn afgreiddi á þeim tíma eða um það bil í fimmta hverju máli. Það er algerlega ný þróun í hæstarétti landsins að slíkur fjöldi sératkv. komi fram. Liggur í hlutarins eðli að það hlýtur að skapa vaxandi óvissu og ágreining um efnisinnihald þeirra dóma sem kveðnir eru upp þegar einhver dómari Hæstaréttar sker sig úr og er ósammála niðurstöðu meiri hl. réttarins í fimmta hverju máli. Auðvitað er rétt að niðurstaða meiri hl. hefur formlegt gildi og hún verður sú afstaða sem birtist sem niðurstaða réttarins. En þeir, sem fylgjast með röksemdum að baki slíkum úrskurði og eiga að taka tillit til hans hljóta eðlilega að vega og meta einnig röksemdir þess hæstaréttardómara sem kýs í það og það sinn að skila sératkv. Þessar upplýsingar, sem nefndin hefur fengið, sýna mér réttmæti þeirrar fullyrðingar sem ég setti fram, í spurnarformi að vísu, þegar þetta mál var fyrst til umr., að sú deildarskipting réttarins og þeir starfshættir, sem réttturinn hefði tekið upp á undanförnum árum, sköpuðu vaxandi óvissu um efnislegt réttmæti þeirra niðurstaðna sem Hæstiréttur kemst að, þar með vaxandi deilur um þá úrskurði sem dómurinn kveður upp og þar með vaxandi óöryggi í réttarkerfi landsins, einkum og sér í lagi þegar munur meiri og minni hl. í réttinum er kannske í fjölda mála aðeins eitt atkv. og rétturinn þá skipaður t. d. 5 af 7 hæstaréttardómurum í það og það sinn, þannig að ef annar hvor eða báðir hinna tveggja, sem utan réttarins eru í viðkomandi máli, hefðu verið innan hans hefði meiri hlutinn getað fallið á annan veg og niðurstaða Hæstaréttar í málinu efnislega orðið þveröfug við það sem hún var. Það vekur líka spurningar um hvort setja eigi einhverjar reglur um það, með hvaða hætti dómarar veljast í undirdeildir réttarins, hvort þeir eigi að gera það eftir röð eða hvort það eigi að vera þeim algerlega í sjálfsvald sett að vega það og meta.

Því miður, herra forseti, verð ég að segja að mér finnst afgreiðsla nefndarinnar á þessu frv. á engan hátt eyða þeirri óvissu um Hæstarétt, starfshætti hans og grundvöll og stjórnarskrárlegt eðli þeirra breytinga sem hér er verið að gera. Ég tel þess vegna nauðsynlegt, áður en þessi hv. deild afgreiðir þetta frv. endanlega, að við, sem höfum haft verulegar efasemdir um þær brautir, sem hér er haldið áfram á, og ýmsa efnisþætti í þessu frv. sérstaklega, fáum tækifæri til að kynna okkur það álit, sem forseti lagadeildar lét í té, fáum tækifæri til að ræða við þann hóp lögfræðinga, sem skilaði Alþingi sérstökum varnaðarorðum, og fáum einnig tækifæri til að hugleiða niðurstöðurnar af þeim upplýsingum, sem hér hafa nú þegar komið fram af hálfu nefndarinnar, að sératkvæði í réttinum hafa sexfaldast á s. l. sex árum þótt engin umtalsverð breyting hafi orðið á heildarmálafjöldanum.

Mér hefur verið tjáð það, herra forseti, að þegar hæstaréttardómarar afgreiddu þetta frv. fyrir sitt leyti hafi ekki verið eining meðal hæstaréttardómaranna um þetta frv. og þetta frv. sé niðurstaða af vilja meiri hluta réttarins. Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar um það, annaðhvort héðan úr ræðustól eða annars staðar, hvort nefndin hefur kynnt sér hvort allir hæstaréttardómarar hafi verið samþykkir þessu frv. eða hvort einhver þeirra, einn eða fleiri, hafi verið andvígur einhverjum ákvæðum þess þannig að það hafi verið ríkjandi innan Hæstaréttar ágreiningur um þetta frv. Það hefur ekki komið hér fram, en ég hef frétt það á öðrum vettvangi og finnst nauðsynlegt að það verði upplýst á Alþingi, hvort þetta er einhuga tillaga frá Hæstarétti eða eingöngu tillaga meiri hluta réttarins.

Í öðru lagi vildi ég gjarnan að það væri upplýst, þótt réttast væri að hæstv. dómsmrh. gerði það, hvort tillagan um fjölgun dómara í réttinum hafi komið frá hæstv. ráðh. eða hvort hún hafi komið frá Hæstarétti sjálfum. Á ég þá bæði við þá fjölgun, sem getið er um í 1. gr., og eins þá sérstöku fjölgun sem er í ákvæði til bráðabirgða. Hvorugt af þessum atriðum, hvorki afstaða hæstaréttardómaranna allra né heldur spurningin um hvort það var hæstv. dómsmrh. eða Hæstiréttur sjálfur sem óskaði eftir þessari fjölgun, hefur komið fram áður. Ég tel nauðsynlegt að það liggi hér fyrir áður en málið verður endanlega afgreitt.

Ég vil svo, herra forseti, ítreka ósk mína um að umr. um málið verði frestað á þann veg að framhald 2. umr. geti orðið síðar, þegar gefist hefur tækifæri til að afla þessara upplýsinga og ræða við þá ábyrgu aðila utan þings, kennara í lögfræði við Háskóla Íslands og starfandi dómara hér í borg, sem hafa verið allt annarra

skoðunar um efni þessa frv. en þeir sem það lögðu fram.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil gera stuttlega grein fyrir þeim viðhorfum sem liggja að baki brtt. sem hv. þm. Eiður Guðnason, 5. þm. Vesturl. og fulltrúi Alþfl. í þeirri nefnd sem hefur haft með þetta frv. að gera, hefur flutt.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þetta frv. er fyrst og fremst um tvö atriði: annars vegar um að fjölga hæstaréttardómendum úr 7 í 8 og hins vegar um heimild til að ráða til bráðabirgða 2—3 varadómara allt að 6 mánuðum á ári hvort árið 1982 og 1983. Önnur atriði varða heimild til að ráða sérfróða menn að dóminum til aðstoðar og eins reyndar að fækka þeim dómurum sem geta dæmt eða réttara sagt kannske að hækka refsimörkin sem við skuli miða þegar 3 dómarar geta dæmt í opinberu máli.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að það hafi orðið svo óheyrilegur dráttur á afgreiðslu mála hjá Hæstarétti að ekki verði við það unað, það verði að grípa til ráðstafana til að leysa úr þeim mikla drætti vegna þess að það séu svo margir í þjóðfélaginu sem líða fyrir þennan drátt. Nú hefur gengið illa að ná samstöðu um hvernig ætti að leysa úr þessum vanda, en við viljum ekki að sá mikli fjöldi fólks, sem þegar líður fyrir þennan drátt, fái ekki eins skjóta úrlausn og frekast er unnt. Þess vegna erum við sammála því eftir atvikum að sett verði ákvæði til bráðabirgða sem geri heimilt að ráða til bráðabirgða í rauninni 2—3 varadómara í allt að 6 mánuði á hvoru árinu 1982 og 1983 til að vinna upp þann hala af málum sem liggur fyrir hjá Hæstarétti.

Við teljum líka að það sé sjálfsagt að Hæstiréttur fái heimild til að ráða sérfróða menn sér til aðstoðar, og við sjáum ekkert athugavert við það að refsimörk verði hækkuð. Það hlýtur ævinlega að vera matsatriði á hverjum tíma. Hins vegar teljum við að með hliðsjón af því, að þessi mál öll, dómskerfið, eru ekki útkljáð, þá sé ekki ástæða til að binda í lög fjölgun hæstaréttardómara til langs tíma, eins og felst í 1. gr. frv. Við teljum að með því að samþykkja aðrar greinar frv. en þá sem um þetta fjallar, þ. e. 2.—9. gr. frv. og ákvæði til bráðabirgða, sé leyst úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir, en á hinn bóginn sé ekki ástæða til að fjölga hæstaréttardómurum á þessu stigi, meðan önnur atriði að því er varðar dómskerfið liggja ófrágengin.

Það er á þessum grundvelli sem hv. þm. Eiður Guðnason hefur fyrir hönd okkar Alþfl.-manna flutt ákaflega einfalda brtt., nefnilega þá, að 1. gr. frv., sem fjallar um raunverulega fjölgun hæstaréttardómara, sem séu skipaðir af forseta Íslands ævilangt, falli niður, sú fjölgun dómaranna taki ekki gildi.

Umr. frestað.

Neðri deild, 49. fundur.

Mánudaginn 8. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Alexander Stefánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 4. mars 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í einkaerindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Böðvar Bragason sýslumaður, Hvolsvelli, taka sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þórarinn Sigurjónsson,
1. þm. Suðurl."

Böðvar Bragason sýslumaður hefur áður átt sæti á Alþingi og þarf því ekki að taka kjörbréf hans til meðferðar. Ég býð hann velkominn til starfa á Alþingi.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 413). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 111, n. 408, 409). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Nefndin hefur haft þetta frv. til meðferðar alllangan tíma og leitaði umsagnar þriggja aðila: Tryggingaeftirlitsins, Sambands ísl. tryggingafélaga og Íslenskrar endurtryggingar. Í frv., eins og mælt var hér fyrir því og síðan vísað til nefndarinnar, var gert ráð fyrir að hækka verulega gjaldskyldu á endurtryggingariðgjöldum. Hins vegar var haldið því orðalagi laganna um vátryggingarstarfsemi í 46. gr., þar sem miðað er við næstliðið reikningsár. Mikil andstaða kom fram hjá þeim, sem leitað var umsagnar hjá, og sömuleiðis í nefndinni við að gera þessa breytingu. Hins vegar var samstaða um að Tryggingaeftirlitið fengi meiri tekjur svo að starfsemi þess væri tryggð. Sömuleiðis var samstaða um að Tryggingaeftirlitið sem slíkt væri nauðsynlegt, eins og hefur sýnt sig frá því að það var sett á.

Höfuðtilgangur frv. er, eins og hæstv. trmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu, að auka tekjur Tryggingaeftirlitsins til þess að ríkissjóður þurfi ekki í vaxandi mæli að leggja fé til starfsemi þess. Til þessa atriðis var tekið fullt tillit í nefndinni. Nefndin varð sammála um að orða 46. gr. laganna eins og segir í brtt. á þskj. 409.

„Fyrir 1. des. ár hvert skal Tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna á líðandi reikningsári" — í staðinn fyrir næstliðið reikningsár — „sem álingingarstofn næsta fjárlagaárs.

Kostnaði Tryggingaeftirlitsins skal jafna á vátryggingarfélög þau, sem starfsleyfi hafa hér á landi samkv. lögum þessum, í hlutfalli við áætlun Tryggingaeftirlitsins samkv. 1. mgr.

Þegar endanlegir reikningar liggja fyrir um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna skal álagning samkv. 2. mgr. leiðrétt til lækkunar eða hækkunar.

Gera má vátryggingarfélögum að greiða allt að 2.5‰

af frumtryggingariðgjöldum og 0.6‰ af fengnum endurtryggingariðgjöldum. Gjald þetta skulu vátryggingarfélög greiða ársfjórðungslega fyrir fram. Trmrh. skal setja nánari reglur um álagningu gjalds þessa og innheimtu.

Nægi þessar tekjur eigi til greiðslu kostnaðar við starfsemi Tryggingaeftirlitsins skal greiða það, sem á skortir, úr ríkissjóði."

Og svo er hér nýtt ákvæði: „Tryggingaeftirlitið skal senda kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands ísl. tryggingafélaga svo og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir."

Þarna er sama prósentuálagning og verið hefur á öllum frumtryggingar- og endurtryggingariðgjöldum og fullt tillit tekið til endurtryggingariðgjaldanna, sem hefði komið ákaflega ójafnt niður ef frv. hefði verið samþykkt óbreytt. En með því að miða álagningu eftirlitsins á tryggingafélögin við líðandi ár nást tekjur fyrir það sem reiknað var með í þessari breytingu og vel það samkv. útreikningum sem gerðir hafa verið.

Fullt samkomulag náðist um afgreiðslu málsins í nefndinni með þessum hætti og um leið náðist það sem fyrir hæstv. ráðh. vakti með breytingunni: að auka tekjur Tryggingaeftirlitsins. Það næst á allan hátt og er hvergi frá upphaflega frv. vikið hvað það varðar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en endurtek það, að nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeirri breytingu sem fram kemur á þskj. 409.

ATKVGR.

Brtt. 409 (ný 1. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 316, n. 404). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. heilbr.- og trn., sem liggur hér fyrir á þskj. 404, um frv. til laga um breyting á lögum um almannatryggingar, 190. mál þingsins.

Nefndin fjallaði um frv. og varð sammála um að mæla með samþykkt þess, en það hafði þegar fengið sams konar afgreiðslu í hv. Ed. Hér er um að ræða breytingu á lögum um réttindi sjómanna til ellilífeyris við 60 ára aldur hafi þeir verið lögskráðir á íslensk skip í samtals 25 ár. Breytingin felst í því, að þeir, sem stundað hafa sjómennsku á skipum sem ekki voru lögskráningarskyld, þ. e. á opnum bátum eða þilfarsbátum undir 12 brúttólestum, öðlist einnig lífeyrisrétt við 60 ára aldur.

Nefndin ræddi nokkuð að nauðsynlegt væri að herða ákvæði um lögskráningu sjómanna. Var minnt á að fyrir þinginu liggur frv. um það efni sem einn nefndarmanna, hv. þm. Pétur Sigurðsson, hefur flutt. Taldi nefndin rétt að hvetja til að það frv. fengi afgreiðslu á yfirstandandi þingi, en það er nú í nefnd.

Nefndin varð sammála um að leggja til þá breytingu sem finna má á þskj. 404. Hún er fólgin í því, að þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skuli fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67 frá 1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og gefa þau út svo breytt.

Það má ljóst vera, að stór lagabálkur eins og almannatryggingalögin eru er harla óaðgengilegur nema hann sé gefinn út í heilu lagi, auk þess sem viðamiklar breytingar hafa verið gerðar á honum á síðustu þingum. Menn kannast eflaust við að Tryggingastofnun ríkisins hefur um árabil gefið út sérrit með lögunum og fellt breytingar inn í þau eftir föngum. En slíkt rit hefur ekki lagagildi og er fremur handbók fyrir starfsmenn. Mikil nauðsyn er á að lögin verði birt í heilu lagi. Vænti ég að hv. heilbr.- og trn. Ed. taki þessari breytingu vel og láti hana ekki tefja afgreiðslu málsins, svo að þeir sjómenn, sem hlut eiga að máli, fari að fá afgreiðslu sinna mála.

Vil ég að lokum þakka nefndarmönnum skjóta og góða afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 404 (ný 2. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 126). — 1. umr.

Flm. (Karvel Pálmason): Herra forseti. Á þskj. 126 hef ég leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Árna Gunnarssyni, Ólafi Þ. Þórðarsyni, Eggert Haukdal og Halldóri Blöndal frv. til laga um breytingu á orlofslögunum. Það þarf í raun og veru ekki að hafa ýkjalanga framsögu fyrir þessu máli. Þetta er í fjórða skipti sem frv. efnislega eins og þetta er flutt og hefur, að ég held, fengið allítarlegar umr. hér í þinginu. Í öll skiptin hefur málið þó verið svæft. Verður að teljast með ólíkindum að slíkt skuli hafa gerst.

Hér er um að ræða að breyta 11. gr. laga um orlof frá því sem er í þá veru að taka af öll tvímæli um að einstökum verkalýðsfélögum sé heimilt að semja við sína viðsemjendur um annað og hagkvæmara fyrirkomulag en gert er ráð fyrir í lögunum eins og þau eru nú. Um það eru skiptar skoðanir, hvort lögin, eins og þau nú eru, heimili ekki slíkt. Í gildandi lögum segir, með leyfi forseta í 2. gr.: „Lög þessi rýra ekki viðtækari eða hagkvæmari orlofsrétt samkv. öðrum lögum, samningum eða venjum." Ýmsir halda því fram — og að ég held með nokkrum rökum — að þetta lagaákvæði heimili t. d. það fyrirkomulag sem þetta frv. gerir ráð fyrir að hugsanlega gæti verið á framkvæmd þessara mála.

Nú eru mörg dæmi þess, að einstök verkalýðsfélög hafi samið við sína viðsemjendur heima í héraði um annað greiðslufyrirkomulag á innborgun orlofsfjár heldur en að borga það til Póstgíróstofu. Þetta fer vaxandi og er þegar vitað að fjöldi verkalýðsfélaga hefur í huga að breyta frá núverandi kerfi yfir í það að borga þetta inn á heimaslóð, til þess að fá þannig bæði hagkvæmari ávöxtun fjárins og betri eftirlitsskyldu með innborgun en nú er, og í þriðja lagi — og það er það stóra mál sem ég tel að einnig felist í þessu — að féð sé ávaxtað á heimaslóð þar sem það er borgað inn. Það má segja að þessi þáttur sé ekki hvað minnstur að því er varðar breytingu sem þessa. Hér er því

um að ræða að mínu viti stórkostlegt byggðamál, ef þessi breyting yrði gerð.

Það verður að segjast eins og er, að það virðist vera allmikil tregða á því, að slíkt réttlætismál fari hér í gegnum þingið þannig að öll tvímæli verði tekin af varðandi löggjöfina, og ýmsir dragbítar virðast vera hér á framgangi þessa máls. Það vill svo til að í öll skiptin sem málið hefur verið flutt hefur t. d. enginn hv. þm. Alþb. fengist til að vera flm. að því. Það segir sína sögu um afturhaldssemi þess flokks, sem er í raun og veru orðinn nokkurs konar varðhundur um óbreytt ástand í kerfinu.

Í þau skipti sem þetta mál hefur verið hér til umr., a. m. k. nokkur, hafa komið fram úrtöluraddir úr hópi þm. Alþb. Og það á ekki bara við um hina pólitísku forustu þess flokks. Það á líka við um einstaka forustumenn flokksins í verkalýðshreyfingunni, sem hafa andmælt þessu og talið að slík breyting ætti ekki að eiga sér stað.

Eins og ég sagði áðan hafa nokkuð mörg verkalýðsfélög í landinu samið um breytt fyrirkomulag og hafa í raun og veru tekið upp efnislega það fyrirkomulag sem við erum hér að tala um, þ. e. að orlofsfé verði borgað inn á t. d. sparisjóðsbækur á viðkomandi stað, sem yrðu þá geymdar til eins árs. Viðkomandi stofnun, sem þetta tæki að sér, bæri sömu ábyrgð og Póstgíróstofan gerir nú samkv. lögum. Breyting í þessa átt á því ekki á nokkurn hátt að verða til þess að skerða hugsanlega útgreiðslu þessara fjármuna til viðkomandi einstaklinga, því að hér er einmitt gert ráð fyrir því í okkar breytingu, að þær fjármálastofnanir, sem þetta tækju að sér samkv. samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins á viðkomandi stöðum, bæru sömu ábyrgð bæði á ávöxtun fjárins og útborgun og Póstgíróstofan gerir nú.

Ég held að það sé mikil skammsýni af löggjafanum að spyrna gegn þessari eðlilegu og sjálfsögðu þróun því að hún fer mjög vaxandi. Og það er ekkert vafamál, að hvað sem löggjafinn gerir í þessum efnum, hvort sem hann fæst til að breyta og taka af öll tvímæli, þá fara orlofsgreiðslur nú í vaxandi mæli út úr póstgírókerfinu og inn á þær brautir sem hér er um að ræða.

Nýlegasta dæmið um það er að nú hafa aðilar vinnumarkaðarins í heilum landshluta, á Vestfjörðum, samið um það í samningum, sem undirritaðir voru 15. febr. s. l., að breyta reglum um innborgun orlofsfjár í þá átt sem við erum hér að leggja til. Það er því augljóst mál, að stór hluti af t. d. aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands eða Verkamannasambands Íslands er þegar kominn inn á þetta breytta kerfi og við því verður ekki spornað. Það ætti því að vera nokkuð augljóst, að breyting í þessa veru, til þess að taka tvímælin af, á fullan rétt á sér og er eðlileg. Þetta er sjálfsögð þróun, og það er skammsýni af löggjafanum að ætla að standa í vegi fyrir að hún nái fram að ganga.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég held að það sé augljóst öllum, sem vilja vita og kynna sér hvað hér er um að ræða. Það ætti því að vera ofureðlilegt að þetta mál fengi nú skjóta afgreiðslu hér á þinginu, svo ljóst ætti það að vera orðið hv. þm. Ég vænti þess a. m. k. og við flm., að nú verði það ekki svæft í fjórða skiptið. En hvað sem því líður og þó að það verði gert, þá er augljóst mál að þróunin stefnir í þessa átt og er vaxandi. Því fyrr sem löggjafinn tekur af tvímæli um þetta, því betra.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til félmn. með 25 shlj. atkv.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 338). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum frá 1963. Meginbreyting frv. gerir ráð fyrir að veita megi Háskóla Íslands lyfsöluleyfi.

Frv. þetta hefur áður komið til meðferðar hér á hv. Alþingi þó með nokkuð öðrum hætti sé, þ. e. sem hluti frv. til l. um lyfjadreifingu. Í frv., eins og það kemur nú til hv. Nd. frá hv. Ed., er gert ráð fyrir að óbreytt fyrirkomulag haldist varðandi lyfsöluleyfi í lyfjabúð Háskóla Íslands þar til núverandi lyfsali lætur af störfum, lyfsöluleyfið verði ekki auglýst laust þó að Háskólinn yfirtaki rekstur lyfjabúðar. Svipað ákvæði er í frv. til l. um lyfjadreifingu, sem er komið nokkuð áleiðis í meðferð Ed. Alþingis, en þar sem Háskólinn á nú í viðræðum við eigendur lyfjaverslunar hefur þótt rétt og nauðsynlegt að taka þetta sérstaka ákvæði út úr og óska eftir því við hv. Alþingi, að það flýti meðferð málsins svo sem kostur er.

Um mál þetta var samstaða í Ed. Alþingis, og ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 25 shlj. atkv.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 381 (sbr. 274)). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 274 og 381 um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Snemma á árinu 1980 var athygli mín vakin á því, að um flutninga á landi gilda engin lög eða reglugerðir, og sömuleiðis að ekki hefur þar skapast nein sú hefð, sem unnt er að fylgja, og jafnframt að sú óvissa, sem af þessu leiðir, hefur iðulega valdið verulegum vandræðum. Var farið fram á að samgrn. beitti sér fyrir að slíkar reglur yrðu settar. Ég skipaði því í mars 1980 þriggja manna nefnd til að fjalla um þetta mál. Í þeirri nefnd áttu sæti Ólafur Steinar Valdimarsson skrifstofustjóri samgrn., sem var formaður nefndarinnar, Jónas Þór Steinarsson framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna og Stefán Pálsson hrl., framkvæmdastjóri Landvara. Þessir þremenningar fjölluðu ítarlega um málið og komust fljótlega að þeirri niðurstöðu, að um flutninga á landi þyrfti að setja lög, það yrði ekki hægt að koma við neinum reglum sem hefðu ekki nauðsynlega stoð í lögum. Ég bað því um að slíkt lagafrv. yrði samið. Þetta frv. er nú flutt eins og nefndin varð ásátt um að það yrði.

Frv. er e. t. v. einna best lýst með því að nefna þá kaflaskiptingu sem fram kemur í því. I. kafli fjallar um gildissvið þessara laga, ef samþykkt verða, II. kafli um

flutningssamninga, þ. e. hvernig þeir skuli gerðir, III. kafli um ábyrgð flytjanda og IV. kaflinn um ábyrgð sendanda, V. um ábyrgð móttakanda, og svo er loks kafli, Ýmis ákvæði, sem fyrst og fremst fjallar um hvernig fara skuli með deilur sem rísa á grundvelli þessara laga.

Frv. þetta hefur verið afgreitt frá hv. Ed. óbreytt nema 24. gr., þar sem bætt hefur verið við einni setningu. Þessi grein fjallar um að eyðileggja megi vöru eða gera óskaðlega ef hún hefur verið flutt undir röngum forsendum, þ. e. ekki upp gefið að um hættulegan varning væri að ræða. Bætt var í þessa grein í meðferð Ed. setningu sem er svohljóðandi: „Þess skal ávallt gætt í slíkum tilvikum, að sendandi verði fyrir sem minnstum skaða." Þetta er sjálfsagt ákvæði og með fullu samþykki mínu gert.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv., ég hygg að það skýri sig mjög vel sjálft, og ég endurtek að það er flutt með fullu samkomulagi og reyndar að ósk þeirra aðila sem hagsmuna eiga að gæta um flutninga á landi. Leyfi ég mér því að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til samgn. með 25 shlj. atkv.

Orlofssjóður aldraðra, frv. (þskj. 323). — 1. umr.

Flm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta er á þskj. 323 og flm. þess auk mín er hv. þm. Magnús H. Magnússon. Frv. var áður flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, þannig að ástæðulaust ætti að vera að hafa mörg orð um það nú.

Efni frv. er mjög einfalt. Það kemur fram í 1. gr. frv. að efni þess er að stofna sjóð sem nefnist Orlofssjóður aldraðra og sé sá sjóður í vörslu félmrn. Hlutverk sjóðsins er að styðja með framlögum, lánum og annarri fjárhagslegri fyrirgreiðslu orlofs- og sumardvalarstarfsemi fyrir aldrað fólk, sem skipulögð er af sveitarfélögum, félögum, fyrirtækjum eða öðrum þeim sem félmrn. viðurkennir. Í öðru lagi er hlutverk sjóðsins að styðja efnalítið aldrað fólk til þátttöku í slíkri orlofsstarfsemi og í þriðja lagi að opna möguleika fyrir sjóðinn til að reka á eigin vegum orlofsbúðir fyrir aldrað fólk. Ef svo fer skal menntmrn. leggja sjóðnum til yfir sumartímann endurgjaldslaust afnot af húsnæði, vélum og tækjum a. m. k. tveggja heimavistarskóla samkv. nánara samkomulagi og ríkissjóður greiða laun starfsfólks og þjónustufólks.

Í 2. gr. frv. er skýrt frá því, hverjar tekjur sjóðsins skuli vera, en þær eiga að vera auk vaxtatekna og frjálsra framlaga einstaklinga og annarra aðila árlegt framlag úr ríkissjóði eins og það er ákveðið í fjárlögum hverju sinni.

Í 3. gr. frv. er lagt til að ráðh. setji með reglugerð nánari fyrirmæli um starfsemi sjóðsins og stjórn hans.

Eins og ég sagði áðan, herra forseti, er efni þessa frv. ákaflega einfalt og hefur það áður verið flutt í þessari deild. Þarf því ekki að hafa mörg orð um frv. Megintilgangur þess er að veita nokkra aðstoð við aldrað fólk sem heldur þó fullri heilsu og þarf á að halda möguleikum til þess, eins og segir í grg., „að bæta lífi við árin", m. a. með þeim hætti að taka þátt í skipulagðri orlofsdvalarstarfsemi fyrir þennan aldurshóp.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mikið ófremdarástand ríkir nú í málefnum aldraða fólksins, sérstaklega í vistheimilismálum þess og málefnum þess aldraða fólks sem hefur ekki ferlivist. En jafnvel þó að vandinn sé ekki jafnmikill varðandi það aldraða fólk sem nýtur fullrar heilsu, a. m. k. miðað við aldur sinn, skapar það engu að síður ákveðin vandamál, hversu litla möguleika þetta aldraða fólk hefur á því að ferðast um og nota frítímana sem það hefur öðrum þjóðfélagsþegnum meiri til að taka þátt í félagsstarfsemi, til þess að ferðast um og taka þátt í skipulagðri orlofsstarfsemi. Málum þessa hóps er allt of lítið sinnt og málum hans allt of lítill gaumur gefinn. Þó að jafnan sé rætt mikið um vandamál þeirra aldraðra, sem við sjúkleika búa, má ekki gleyma því gamla fólki sem hætt er störfum, er á heimilum barna sinna eða ættingja, heldur fullri heilsu, en hefur mjög lítið við að vera. Sveitarfélög mjög víða reyna að koma til móts við þetta fólk, m. a. hér í Reykjavík, með nokkurri félagsmálastarfsemi. Enn fremur reyna mörg frjáls félagasamtök í landinu, bæði í einstökum sveitarfélögum og á landsvísu, að sinna málefnum þessa fólks, m. a. með því að bjóða því í lengri eða skemmri orlofsferðir, sem sumt af þessu fólki á þó erfitt með að taka þátt í, m. a. vegna fjárhagslegra aðstæðna. Tilgangur þessa frv. er sá einn að greiða fyrir því, að slík sérstök starfsemi fyrir aldraða fólkið geti átt sér stað. Er þá bæði ætlað að styðja við bak þeirra aðila, sem félmrn. samþykkir, til þess að standa fyrir slíkri skipulagðri orlofsstarfsemi fyrir aldraða fólkið, bæði innanlands og erlendis, og enn fremur er það hlutverk sjóðsins að greiða fyrir fátæku öldruðu fólki sem vill gjarnan taka þátt í slíkri orlofsstarfsemi, en á þess ekki kost vegna fjárhagslegra aðstæðna.

Herra forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál að svo stöddu nema frekara tilefni gefist til, en legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 21 shlj. atkv.

Sameinað þing, 61. fundur.

Þriðjudaginn 9. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 9. mars 1982.

„Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður L-listans í Suðurlandskjördæmi, Siggeir Björnsson bóndi, Holti, Kirkjubæjarhreppi, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Alexander Stefánsson,
forseti Nd."

Siggeir Björnsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs hans þá farið fram og býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Verðlagning olíu, fsp. (þskj. 382). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Á þskj. 382 hef ég leyft mér að bera fram tvær fsp. til hæstv. viðskrh. um verðlagningu á olíu.

Eftir fréttum að dæma hefur olíuverð ekki hækkað á heimsmarkaði á undanförnum mánuðum og á síðustu vikum jafnvel lækkað mikið. Ég hef heyrt að eftirtalið verð hafi verið á gasolíu á Rotterdam-markaði á s. l. ári: Í byrjun janúar 310 dollarar tonnið, í byrjun júní 265 dollarar tonnið og í lok desember 327.5 dollarar tonnið. Veruleg verðlækkun hefur því átt sér stað um miðbik s. l. árs, og einnig hef ég fréttir af því, að verðið hafi verið komið niður í 275 dollara tonnið á gasolíu í Rotterdam í lok febrúar s. l. Undanfarna daga virðist allt stefna í þá átt, að enn sé lækkunar að vænta, þar sem framleiðendur jarðolíu keppast nú við að tilkynna lækkanir, t. d. Bretar og Egyptar.

Ég leyfi mér að óska eftir áliti hæstv. viðskrh. á þróun þessara mála, og *mín fyrri spurning er:* „*Hver hefur verið* þróun olíuverðs á heimsmarkaði (Rotterdam) síðustu 12 mánuði, og hvernig er útlitið á verðlagningu á olíu á næstu árum að mati alþjóðlegra stofnana?"

Síðari spurningin er þannig: „Hvenær kemur lækkun fram í verði til neytenda hér á landi þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði, og hver er ástæðan fyrir því, að slík lækkun hefur ekki átt sér stað til neytenda hér?" Þegar olíuverðshækkanir voru að koma yfir okkur hver af annarri á undanförnum árum fylgdi það oft þeim vondu fréttum, að svo illa hefði staðið á að litlar sem engar olíubirgðir væru til í landinu, hækkunin riði því strax yfir neytendur. Nú er um það spurt, hvort allar birgðageymslur íslensku olíufélaganna hafi verið fullar á s. l. sumri, meðan olíuverð í Rotterdam var 265 dollarar tonnið á gasolíu, eða hvort allir tankar hafi verið tómir í desember og þá fylltir þegar olíuverð var 327,5 dollarar tonnið í Rotterdam og þar af leiðandi sé nokkuð langt í land að hægt sé að notfæra sér núverandi verð.

Ég legg spurninguna svona fyrir vegna þess að gasolía hefur hækkað hér á landi úr 2.35 kr. í byrjun árs 1981 í 3.65 í dag eða um 55.32%. Ég tel að megi segja að vor- og miðsumarsverð hafi verið um 15% lægra í Rotterdam en í byrjun árs og ekki nema 6% hærra í lok desember en það var fyrir ári. Hvernig er verðlagningu olíunnar háttað ef út úr þessu kemur 55.32% hækkun? Trúlega verða nefnd verðbólguáhrif og gengisfellingar krónunnar til að láta dæmið ganga upp og réttlæta hækkunina, en mér finnst slíkt ekki trúverðugt. Á árinu 1981 féll gengi ísl. krónunnar gagnvart dollar um 31%. Sú hækkun kemur beint inn í olíuverðið. Hluti innlends kostnaðar í verðlagningu olíu, og þar með áhrif innlendrar verðþróunar á olíuverðið, getur ekki verið stór hluti nema sem jafnvirðishækkun við innkaupsverðið. Það er ekki líklegt að flutningsgjöld hafi hækkað á þessu tímabili, frekar að þau hafi lækkað vegna mikils framboðs og verkefnaskorts tankskipa. Gaman væri að fá upplýsingar hjá hæstv. viðskrh. um flutningsgjöldin ef ráðh. hefði þær upplýsingar á takteinum.

Ég hef hvorki upplýsingar um birgðastöðu olíufélaganna fyrri hluta árs 1981 né verð á gasolíu í Rotterdam 1980. Staða þessara þátta getur vissulega haft áhrif á verðlagningu olíu árið 1981. Hitt virðist þó ljóst, að um mitt ár 1981 var veruleg lægð í olíuverði í Rotterdam, eins og ég gat um áðan, þ. e. verðið fór þá niður í 265 dollara tonnið úr 310 dollurum í janúar. Þessi verðlægð virðist hafa nýst íslensku olíufélögunum illa. Ef nú væru fyrir hendi miklar olíubirgðir í landinu, öfugt við það sem oftast var þegar verðið var að hækka, hver borgar þann verðmismun sem er á birgðum og nýrri olíu? Kannske olíufélögin geri það? Mér finnst það frekar ótrúlegt. Líklegast er að nýtt verð komi ekki inn í myndina fyrr en birgðir eru uppseldar. Þá eru það væntanlegir notendur sem borga og þá er spurningin: Til hvers eru t. d. gasolía og svartolía notaðar hér á landi? Í fyrsta lagi til upphitunar íbúðarhúsnæðis og annars húsnæðis, í öðru lagi sem orkugjafi til fiskiskipaflotans og sem orkugjafi fyrir verksmiðjur og farartæki, og í þriðja lagi sem orkugjafi til rafmagnsframleiðslu þegar vatnsforða þrýtur við virkjanir eða þegar bilanir eiga sér stað á veitum.

Nú er sagt að innan við 10% þjóðarinnar búi við olíuupphitun í húsakynnum sínum. Þessi 10% eru nokkuð afmarkaður hópur þjóðarinnar. Hann er allur saman *kominn þar sem bein grunnframleiðsla á sér stað.* Það eru íbúar fiskframleiðslustaðanna á Snæfellsnesi, á Vestfjörðum og Austfjörðum ásamt með drjúgum hluta íbúa sveitanna, þ. e. bænda, sem búa við þessi skilyrði. Þetta fólk, sem stendur að stórum hluta að frumframleiðslu þjóðarinnar, býr við þau óbærilegu kjör að þurfa að kynda húsnæði sitt með olíu. Stærsti notandi gas- og svartolíu er fiskiskipaflotinn. Aðstaðan er mismunandi eftir því, hvort um svartolíu- og gasolíubrennslu er að ræða, en í báðum tilfellum er olían stór þáttur í rekstri útgerðar og þar með fiskverðs. Þriðji stórnotandi olíu, sem ég nefndi, er raforkuframleiðslan. Þessi notandi er orðinn lítill núna sem betur fer, en það er ekki það sem skiptir máli, heldur þáttur hans í þeim birgðum sem nú eru til í landinu af olíu. Ég læt mér detta í hug og geng út frá því sem vísu, að hin ábyrgu olíufélög hafi búið sig undir að geta útvegað drjúgan skerf af olíu til raforkuframleiðslu ef eins færi í ár, eins og reyndar blasti við í janúar, og fór á s. l. vetri, að virkjanir nýttust illa hér á suðvesturhálendinu sökum vatnsskorts, ef upp kæmi sú staða að grípa þyrfti til dísilvéla til raforkuframleiðslu til að afstýra því t. d. að álverið í Straumsvík stöðvaðist.

Nú þegar við blasir að olíuverð fer ört lækkandi á heimsmarkaði og jafnframt að hér á landi séu birgðir af olíu, sem ætlaðar voru til annarrar notkunar en þeirrar sem kemur til með að vera næstu mánuði, liggur í augum uppi að það verði að vera aðrir en þau 10% þjóðarinnar, sem enn búa við olíukyndingu á íbúðum sínum, sem greiða niður þær olíubirgðir sem nú eru í landinu. Ekki má það heldur koma fram í hækkuðu fiskverði til útgerðar ef olíufélögin liggja með olíubirgðir sem ætlaðar voru til að tryggja að nægjanleg raforka væri til staðar fyrir álverið í Straumsvík. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég hef rétt lokið máli mínu.

Það kemur ekki til mála að íbúar á köldu svæðunum, sem þurfa að kynda upp með olíu og búa jafnframt við hæsta raforkuverð bæði til hitunar og annarra nota, verði látnir borga niður olíubirgðir sem aldrei hafa verið ætl-

aðar þeim nema að mjög litlum hluta. Þessir aðilar þurfa þá að vita um hvernig verðlagningu olíunnar er háttað, hvernig og hvenær verðbreyting kemur fram hér miðað við hækkun eða lækkun erlendis. Ég vil því í lokin endurtaka aðra spurningu á þskj. 382, en hún er þannig: „Hvenær kemur lækkun fram í verði til neytenda hér á landi þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði, og hver er ástæðan fyrir því, að slík lækkun hefur ekki átt sér stað til neytenda hér?"

Að lokum skaðar ekki að geta þess, að bensín hefur hækkað hér á landi frá 2. janúar 1981 til dagsins í dag úr 5.95 kr. í 9.45 kr. eða um 58.85%.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Skúli Alexandersson hefur beint til mín fsp. í tveimur liðum.

Fyrri spurning hv. alþm. er tvíþætt. Annars vegar er spurt um þróun olíuverðs á heimsmarkaði síðustu 12 mánuði, hins vegar er spurt um útlit í verðlagningu á olíu á næstu árum að mati alþjóðlegra stofnana. Rétt þykir að svara spurningunni í tveimur liðum og verður nú gerð grein fyrir höfuðdráttum í þróun olíuverðs á dagmarkaði í Rotterdam árið 1981 og fram til febrúarloka.

Í grófum dráttum ríkti lengstum sæmilegur stöðugleiki á olíuverði á dagmarkaði í Rotterdam á s. l. ári. Lítum nánar á einstakar olíutegundir.

Meðalverð bensíntonns var 349.81 dollarar á 1. ársfjórðungi 1981 eða rétt um 350 dollarar. Síðan lækkaði bensínverðið á 2. ársfjórðungi niður 340.18 dala meðalverð eða um röska 9 dali tonnið. Á 3. ársfjórðungi hækkaði meðalverð hins vegar upp í 365.38 dali tonnið eða um röska 25 dali. Á 4. ársfjórðungi lækkaði hins vegar meðalverðið um tæpa 10 dali tonnið eða niður í 355.80 dali. Sé litið til ársmeðaltals reyndist það 351.38 dalir tonnið, sem er örlítið hærra en meðaltal 1. ársfjórðungs, en fáeinum dölum lægra en meðaltal 4. ársfjórðungs. Hæsta bensínverð á árinu var skráð 24. júlí 381.25 dalir, en lægsta skráning, á fimm síðustu dögum desember, 327.50 dalir og munar þar 54 dölum. Þótt 4. ársfjórðungur hafi að meðaltali orðið næsthæstur sýnir verðþróun tvo síðustu mánuði ársins svo ekki verður um villst að verulegrar tilhneigingar til lækkunar á bensíni gætir á þessum tveim mánuðum og hefur hún haldið áfram það sem af er þessu ári.

Ef við lítum á gasolíuna var meðalverð á gasolíutonninu á 1. ársfjórðungi seinasta árs 307.73 dalir. Það lækkaði síðan niður í 278.02 dali á 2. ársfjórðungi eða um tæpa 30 dali tonnið. Á 3. ársfjórðungi verður hins vegar hækkun á meðalverði sem fer upp í 295.24 dali tonnið og hækkar þá um ca. 14 dali frá fyrra ársfjórðungi. Á síðasta ársfjórðungi hækkar gasolían enn um ca. 27 dali í 318.91 dal tonnið. Ársmeðaltal var nálægt 300 dölum. Hæsta skráða gasolíuverð á árinu var á gamlársdag, 328.25 dalir tonnið, en lægsta verð var skráð 8. júní, 265 dalir tonnið, og nemur sveiflan yfir 63 dölum. Á sama tíma og bensín lækkaði verulega, þ. e. á síðustu mánuðum ársins, hækkaði gasolían allverulega. Verðið í byrjun október var um 300 dalir tonnið, en var komið upp í rúma 328 dali á gamlársdag.

Meðalverð svartolíutonnsins var 217.79 dalir á 1. ársfjórðungi ársins 1981. Svartolíuverðið lækkaði síðan á 2. ársfjórðungi í 187.97 dali og lækkar enn á 3. ársfjórðungi í 166.20 en hækkar örlítið á 4. ársfjórðungi eða upp í 172.38 dali tonnið að meðaltali. Ársmeðaltalið reiknaðist 186.08 dalir á tonn. Hæsta dagverð svartolíu var skráð 20. janúar, 224.75 dalir, en lægsta skráning var 12. ágúst, 161.25 dalir tonnið. Munar þar á 63 dölum rúmlega, sem er nákvæmlega sama sveifla og á gasolíuverðinu. Svartolíuverðið lækkaði því verulega á 2. og 3. ársfjórðungi og var reyndar mjög stöðugt allan síðari helming ársins og er það enn.

Eins og sagt var í upphafi ríkti sæmilegur stöðugleiki á Rotterdam-verði mestan part s. l. árs. Undir lok ársins mátti þó greina öfluga sveiflu niður á við í bensínverði. Verð á gasolíu sýndi stöðugleika, en jafnframt nokkra tilhneigingu til hækkunar að því er virtist. Verð á svartolíu virðist hins vegar vera stöðugt. Rétt er að geta þess að verðhegðun á Rotterdam-markaði er á sumum tímum eða í sumum mánuðum árstíðabundin. Þannig verður gjarnan hækkun á bensíni í byrjun sumars, enda er bensínverð hæst á 3. ársfjórðungi þegar eftirspurn eykst og akstur bifreiða er í hámarki. Á sama hátt vill verð gasolíu og svartolíu gjarnan hækka á 4. ársfjórðungi. Eftirspurnin eykst er menn huga að því að birgja sig upp af húshitunarolíu fyrir veturinn. Verðhegðun svartolíu, sem fyrst og fremst er notuð í atvinnurekstri, virðist ekki í sama mæli bundin af árstíðaskiptum og bensín og gasolía.

Að framan var sagt að á síðustu mánuðum fyrra árs hefði mátt greina öfluga verðsveiflu bensíns niður á við. Skráning í janúar 1982 staðfesti að lækkunin hélt áfram. Meðalverð í desember var 335 dollarar tonnið, en í janúar 320 og á fyrstu þremur vikum febrúar var meðalverðið 302 dalir. Hér er því orðið um verulega lækkun að ræða. Hinn 18. febr. var bensínverð skráð á 299.5 dali tonnið og var það í fyrsta skipti um langan tíma að verðið komst undir 300 dali. Seinasta skráning, sem ég hef í höndum, er 287 dalir. Svipuðu máli gegnir um gasolíu, nema hvað lækkunar tók ekki að gæta fyrr en á fyrstu dögum janúarmánaðar. Meðalverð í janúarmánuði reiknaðist 315.70 dalir, en á þrem fyrstu vikum febrúar var meðaltalið 282.48 dalir tonnið eða svipað verð og var um mánaðamótin júní—júli. Allra seinasta verðskráning er 275.75 dalir tonnið. Svartolíuverðið hefur verið afar stöðugt það sem af er þessu ári. Meðalverð í janúar reiknaðist vera 166 dalir tonnið og meðalverð fyrstu þriggja vikna febrúar 166.5 dalir, sem er nánast sama verð og gilt hefur frá miðjum desember. Seinasta skráning, sem ég hef í höndum, frá 26. febr., er 167 dalir. Virðist því vera ákaflega stöðugt verðlag frá mánuði til mánaðar. Af skráningu þessa árs má því ráða að frá áramótum sé bensínverð enn lækkandi, sömuleiðis gasolíuverð, en svartolíuverð sé stöðugt.

Annar liðurinn í fyrri spurningu fyrirspyrjanda hljóðaði svo: „Hvernig er útlitið á verðlagningu olíu á næstu árum að mati alþjóðlegra stofnana?"

Tvær olíukreppur hafa riðið yfir heimsbyggðina á tæpum áratug, hin fyrri 1973—1974 og hin síðari 1978—1979. Frá því árið 1973 hefur olíuverð a. m. k. tólffaldast að nafnverði og fimmfaldast að raunverði. Árið 1973 var olíureikningur þjóðarinnar, þ. e. það sem þjóðin greiddi það ár fyrir olíuvörur, ca. 7.5% af innflutningi, en er árið 1981 kominn upp í 16 til 17%.

Þjóðum heims hefur gengið örðuglega að laga sig að hinu stórhækkaða olíuverði og er olíukreppan talin eiga stóran þátt í vaxandi verðbólgu, staðnandi þjóðarframleiðslu og öðrum samdrætti í efnahagslífi iðnvæddra

þjóða. Olíukreppan er talin hafa rýrt hagvöxt og viðskiptakjör, teflt velferð í tvísýnu og tafið endurreisn og uppbyggingu fátækra landa, sem sum hver hafa þurft að verja allt að 50% útflutningstekna sinna til olíukaupa, en sumum þjóðum hefur olíukreppan á hinn bóginn skapað skyndilegan auð og hagsæld. En olíukreppan og hækkandi olíuverð hefur einnig komið okkur til að hugsa. Olían en tæmanlegur orkugjafi. Sama olía verður ekki notuð tvisvar og við skynjum enn betur en fyrr að við getum ekki að eilífu ausið orku af olíubrunnum heimsins. Með allt þetta í huga er ekki óeðlilegt þó spurt sé: Hve lengi mun olían endast og hve mikið mun hún hækka á næstu árum eða næstu áratugum — og þar fram eftir götunum? Það er því afar eðlilegt að sérfræðistofnanir, sem hafa á að skipa færustu sérfræðingum, velti fyrir sér á hvern veg olíuverð muni þróast. S. l. haust gaf Alþjóðabankinn út skýrslu sem nefndist Alþjóðaviðhorf í orkumálum. Þar er spáð hækkandi olíuverði til lengri tíma litið og öðru fremur skoðað hversu mikið raunverð olíunnar kunni að hækka fram að árinu 2000. Sérfræðingarnir reyna að feta sig áfram eftir flóknum reiknilíkönum þar sem aðalforsendan er spá um hugsanlegt verð á tilbúnu eldsneyti. En hvað um verðspár til næstu ára? Þar vefst hinum færustu sérfræðingum tunga um tönn. Óvissuþættirnir eru svo margir og svo stórir að fátt verður um svör.

Að framan var sýnt fram á að olíuverð hafi verið stöðugt og jafnvel farið lækkandi á árinu 1981. Þessa dagana berast hvaðanæva að fréttir um ört lækkandi hráolíuverð svo að af því má draga vissar ályktanir. T. d. er talið að Rotterdam-verð haldi áfram að lækka út mánuðinn og lengur. Framleiðsluríkin og samtök þeirra, OPEC, munu á hinn bóginn gera sitt ýtrasta til að halda uppi a. m. k. óbreyttu verði.

Í París er starfandi, eins og kunnugt er, Alþjóðaorkustofnunin í tengslum við Efnahags- og framfarastofnunina, OECD. Alþjóðaorkustofnunin hefur einkum fjallað um olíumál og er skipuð færustu sérfræðingum á því sviði. Sama dag og þessi fsp. kom fram sendi viðskrn. skeyti til fastanefndar Íslands hjá OECD og var hún beðin um að grennslast fyrir um það hjá Alþjóðaorkustofnuninni, hvort hún hefði gert spár þar sem fram kæmu horfur um verðlagningu á olíu á næstu árum. Svohljóðandi svar barst samdægurs: „Alþjóðaorkustofnunin hefur engar spár gert fyrir olíuverð komandi ára og má telja ómögulegt að það sé gert svo raunhæft sé.“ Þetta var svarið sem helsta alþjóðlega sérfræðistofnun heims á sviði olíumála gat veitt, og við þetta svar er í raun og veru engu að bæta öðru en því, að öllum kemur saman um að eitt byssuskot eða einhver alvarlegur stjórnmálaatburður, t. d. á því svæði sem OPEC-ríkin starfa á, geti valdið stórkostlegum breytingum fyrirvaralítið á þróun verðlags á olíuvörum.

Annar liður fsp. Skúla Alexanderssonar er svohljóðandi: „Hvenær kemur lækkun fram í verði til neytenda hér á landi þegar olíuverð lækkar á heimsmarkaði, og hver er ástæðan fyrir því, að slík lækkun hefur ekki átt sér stað til neytenda hér.“

Sú regla hefur alltaf gilt við verðákvörðun verðlagsyfirvalda á olíu að heimila útsöluverð á olíuvörum samkv. innkaupsverði þeirra, en ekki endurnýjunarverði. Þar af leiðandi hafa verðhækkanir á olíu komið seinna fram hér en annars staðar, en um leið koma verðlækkanir einnig síðar fram. M. ö. o.: þegar olíuverð á heimsmarkaði eða í Rotterdam lækkar kemur breytingin ekki fram í verði til neytenda hér fyrr en eldri olíubirgðir eru að mestu seldar. Endingartími olíubirgða í landinu eru nú um það bil 2—4 ½ mánuður eftir tegundum. Við seinustu áramót voru t. d. fjögurra mánaða birgðir til af gasolíu og svartolíu og þriggja mánaða birgðir af bensíni. Olía, sem keypt er til landsins á lægra verði í dollurum en það sem fyrir er í birgðum, veldur lækkun síðar svo framarlega sem gengi Bandaríkjadollars í krónum helst stöðugt og innkaupsverðið í krónum er ekki hærra en það sem til er í birgðum. Hér þarf einnig að hafa í huga stöðu innkaupajöfnunarreiknings hverrar olíutegundar. Áætluð staða innkaupajöfnunarreiknings bensíns, gasolíu og svartolíu við ákvörðun verðlagsráðs frá 30. jan. 1982 var samtals neikvæð um 22 millj. kr. Þessi halli á innkaupajöfnunarreikningi hverrar olíutegundar hefur orsakast m. a. af því, að eldri olíufarmar hafa verið seldir neytendum á lægra verði en innkaupsverð þeirra var og dregur því úr möguleikum til verðlækkunar síðar. Við verðákvörðun verðlagsráðs frá 30. jan. var tekið mið af þeim olíubirgðum sem til voru í landinu, samanborið við verðákvörðun þar á undan. (Forseti hringir.) Forseti. Ég á mjög skammt eftir af því að svara fsp. — Bensínverð hafði staðið í stað í dollurum miðað við fyrri verðákvörðun, gasolía hafði hækkað um 3.1% í dollurum, en svartolía hafði lækkað um 3.9%. Hækkun á gengi Bandaríkjadollars frá fyrri verðákvörðun í krónum var orðin 15.4%. Hækkun á gengi Bandaríkjadollars í krónum var því meginorsök síðustu hækkunar og gerði meira en að eyða áhrifum af lækkun á dollaraverði á svartolíu. Verðlagsráð ákvað hækkun á olíuvörum frá 30. jan s. l. Bensín hækkaði þá úr 8.45 kr. í 8.95 kr. eða um 5.9%. Gasolía hækkaði úr 3.10 kr. á lítra í 3.65 kr. eða um 17.7% og svartolía hækkaði úr 2200 kr. tonnið í 2470 kr. eða um 12.3%. Bensín hækkaði aftur 6. febr. s. l. úr 8.95 kr. á lítra í 9.45 kr. eða um 5.6% vegna fjáröflunar til vegagerðar. Að undanförnu hafa skráningar á heimsmarkaði á bensíni og gasolíu lækkað, en svartolía hefur hækkað miðað við dollaraverð birgða sem til voru í landinu við síðustu verðákvörðun.

Ég vil að lokum geta þess, að olíufélögin hafa ekkert með verðlagningu olíu að gera. Það er verðlagsráð sem fjallar um þau mál og ákveður olíuverðið hverju sinni. Olíufélögin sækja til verðlagsráðs um hækkanir. Verðlagsráð lætur síðan leggja faglegt mat á umsóknina og síðan er tekin ákvörðun um verðlagningu í verðlagsráði. Ég held að ég fari rétt með það, að yfirleitt hafi verðlagsráðsmenn, hvort sem það eru fulltrúar samtaka launafólks eða aðrir, verið sammála um ákvarðanir um verðlagningu á olíuvörum.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. svör hans við spurningum mínum og sérstaklega fyrir mjög greinargóð svör við fyrri spurningunni og þakka honum fyrir þá fyrirhöfn að halda uppi fyrirspurnum út um allan heim um hvernig þessi mál stæðu. Það er ekki hægt að ætlast til þess, að önnur svör komi en þau sem þaðan komu, sem voru yfirlýsingar um að þaðan væri engar spár að fá.

Ég þakka honum reyndar einnig fyrir svar við síðari spurningunni, en í svari hans kom það fram, að um áramót hefðu verið fjögurra mánaða birgðir af gasolíu og svartolíu í landinu. Það kom ekki fram hvort þær birgðir hefðu verið bættar upp að einhverju leyti meðan verðið

var hátt í janúar. Það getur svo sem vel verið, en ekki er hægt að reikna út frá því.

Ég nefndi í framsögu minni fyrir þessum spurningum hvernig verðið yrði reiknað til neytenda áfram af þeim miklu birgðum sem voru á þessu tímabili. Ég nefndi þar, að það hlyti að hafa verið tekið tillit til þess og að olíufélögin hefðu búið sig undir að eiga olíu til að sinna þeirri þörf að eiga til olíu á dísilvélar ef þyrfti að framleiða raforku, ef sagan endurtæki sig frá fyrra ári. Ég ítreka að sá þáttur birgðanna getur ekki reiknast út í verði til almennings nú þegar olíuverð lækkar. Einnig vil ég benda á að olíunotkun í janúar og nú fyrri hluta árs hefur verið nokkuð óeðlileg. Það er óeðlilegt að loðnufloti landsmanna liggi allur bundinn og í öðru lagi að meginhluta janúarmánaðar var verkfall meginhluta skipaflotans. Ef landsbyggðarfólk, sem býr við það að kynda húsnæði sitt með olíu, á að borga fyrir þessi skakkaföll þjóðfélagsins, á að halda áfram að borga hátt verð á olíu, finnst mér það nokkuð skrýtið. Ég legg áherslu á að ég tel að slíkt geti alls ekki átt sér stað, verðlagsráð verði að taka tillit til þess við verðlagningu olíunnar, að í þeim birgðum, sem nú eru í landinu þegar olía er að lækka á heimsmarkaðsverði, eru meðtaldar birgðir sem ætlaðar voru til þessara sérstöku nota.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég gat eiginlega hvorki setið undir þessum svörum né heldur spurningunni. Ég hef ekki orðið var við það, að þó að verð lækki úti í heimi á olíu hafi það komið fram hér heima. Ég held að hv. þm., sem hér var með fsp., Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., hafi verið of bráður á sér að þakka viðskrh. fyrir svörin. Hvort þetta er innan flokksins hef ég ekki hugmynd um, en ég vildi gjarnan fá svör hvað þetta varðar. (**Gripið fram í:** Hér um bil innan flokksins.) Hér um bil innan flokksins, já. Jæja, það má vel vera. Ég er ókunnugur innan þessara veggja, eins og þið vitið. Þið hafið oft brosað að mér.

En ég vil fá svör frá viðskrh., ef ég má biðja um það á staðnum: Hvers vegna koma lækkanir úti í heimi á olíu aldrei fram hér heima? Er viðskrh. eins gráðugur og hann lýsti yfir á framboðsfundi á Austurlandi? Hann sagðist vera svo gráðugur að hann hækkaði skattana, sem Sverrir setti á, örlítið, pínulítið. Er hann enn að því? Er hann alltaf við sama heygarðshornið? Nú vil ég benda honum á, því að það er stutt eftir af kjörtímabili ríkisstj., að það er mál til komið vegna flokksins, að snúa við blaðinu. Ég er nú svolítið honum tengdur því að tengdafaðir minn var ágætis framsóknarmaður. Það er von að þið brosið, strákar mínir. En ég vil fá svar um þetta: Vill hann ekki fara að lækka sig örlítið fyrir kosningarnar sem hljóta að verða þegar kjörtímabilið er búið?

Herra forseti. Það má vel vera að þið haldið að þetta sé gamanmál sem ég er að fara með. En það er ekkert gamanmál fyrir okkur á Austfjörðum, Vestfjörðum og hvar sem er þegar olían á fiskiskipin sérstaklega hækkar. Það er ekkert gamanmál, að þegar við heyrum um lækkanir úti í heimi á olíu er hækkað hér heima. Við viljum fá svör við þessu.

Hv. 4. þm. Vesturl. var að spyrja um birgðirnar og þakkaði ráðh. svörin. Ég heyrði ekki nokkurt svar hvað það varðar sem mark var á takandi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það má ræða margt um þessi málefni. Ég gerði nokkra grein fyrir því í mínu svari hvaða áhrif olíukreppurnar, bæði 1973 og 1974 og 1978 og 1979, hafa haft á efnahagslíf og framvindu efnahagsmála í heiminum. Varðandi birgðirnar var, eins og ég hef sagt frá áður og menn vita, svo ákveðið í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að það ætti að stefna að því að auka olíubirgðir í landinu. Það hefur verið gert. Þær hafa aukist jafnt og þétt. Þetta kostar peninga. Það kostar peninga fyrir þjóðina og þá auðvitað fyrir neytendur olíuvara að eiga birgðir í landinu. Það þarf að borga fyrir öryggið. Þetta er eitt sem þarf að hafa í huga þegar rædd er þróun verðlags á olíuvörum.

Ég held að enginn ágreiningur sé um það t. d. hér á hv. Alþingi eða yfirleitt í þjóðfélaginu, að það sé skynsamlegt, eins og málum er háttað, að auka olíubirgðir í landinu, það sé skynsamlegt og það sé nauðsynlegt vegna þess að það getur skapast ástand sem veldur því, að það er brýn nauðsyn að hafa nokkurn forða af olíuvörum til ráðstöfunar. Það skilja áreiðanlega skipstjórar, eins og hv. seinasti ræðumaður, manna best, að ekki dugar að búa þannig í þessum málum, að fiskiskipaflotinn verði olíulaus einn góðan verðurdag. Það dugar ekki.

Varðandi verðlagið er það náttúrulega misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi nokkuð með verðlag á olíuvörum að gera. Ég hef ekkert með það að gera. Það er allt annað sem ræður því. Það er náttúrlega fyrst og fremst markaðurinn sem ræður verðinu. Íslensk lög koma þarna við sögu, eins og t. d. að líklega renna allt að 55% hækkunar á bensínverði í ríkissjóð.

Ég held að enginn ágreiningur sé um það t. d. hér á hv. Alþing eða yfirleitt í þjóðfélaginu, að að sé skynsamlegt, eins og málum er háttað, að auka olíubirgðir í landinu, það sé skynsamlegt, og það sé nauðsynlegt vegna þess að það getur skapast ástand sem veldur því, að það er brýn nauðsyn að hafa nokkurn forða af olíuvörum til ráðstöfunar. Það skilja áreiðanlega skipstjórar, eins og hv. seinasti ræðumaður, manna best, að ekki dugar að búa þannig í þessum málum að fiskiskipaflotinn verði olíulaus einn góðan veðurdag. Það dugar ekki.

Varðandi verðlagið er það náttúrlega misskilningur hjá hv. þm. að ég hafi nokkuð með verðlag á olíuvörum að gera. Ég hef ekkert með það að gera. Það er allt annað sem ræður því. Það er náttúrlega fyrst og fremst markaðurinn sem ræður verðinu. Íslensk lög koma þarna við sögu, eins og t. d. að líklega renna allt að 55% hækkunar á bensínverði í ríkissjóð, 32% til vegamála og líklega um 22% beint í ríkissjóð og rúmlega 1% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Lögin í landinu koma að sjálfsögðu inn í þessa mynd.

Það er nú liðin tíð að ég ráði ferðinni í skattamálum. Það gerir viðskrh. ekki. Það er liðin tíð að ég hafi forustu í þeim efnum. Ég hef hins vegar alltaf verið þeirrar skoðunar og verð það áfram, að það þarf að leggja á talsvert af sköttum í landinu ef menn ætla sér að halda við velferðarþjóðfélagi. Það er nauðsynlegt. Hve langt á að ganga í þeim efnum? Um það eru að sjálfsögðu skiptar skoðanir.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins að gefnu tilefni vekja athygli á því, að oft hefur það borið á góma hér á hv. Alþingi af hálfu Alþb.-manna og fyrr meir a. m. k. af hálfu Alþfl.-manna, að rétt kynni að vera að við tækjum upp ríkisverslun með olíu og létum það ekki viðgangast lengur að hér væru þrjú fyrirtæki sem flyttu

inn olíu til landsins og versluðu með hana innanlands undir því yfirskini að þar væri um samkeppni að ræða um verð og þjónustu, — hitt kynni að vera heppilegra, að ríkið sjálft flytti inn þessa nauðsynjavöru og sæi um dreifingu á henni á sem hagkvæmastan og ódýrastan hátt. Kynni þá að hafa farið svo að innkaupum væri hagað, m. a. til birgðasöfnunar, eftir því hvenær hagstæðast væri að kaupa og á hvaða stað. Fram að þessu og enn í dag er olíuverslunin í landinu rekin fyrst og fremst með gróðasjónarmið fyrir augum, með hvaða hætti þau fyrirtæki, sem með olíuna versla, geti náð inn sem mestum hagnaði. Trúi því hver sem vill að það sé hagstæðasta verslunin með olíu að hafa þrefalt dreifikerfi innanlands, hvað sem öðru líður. Hitt er hv. alþm. öllum kunnugt um, að áratugum saman var samið af hálfu íslenska ríkisins um kaup á olíu í Sovétríkjunum á einu og sama föstu verði, hún síðan afhent þessum þremur olíufélögum til að versla með hana innanlands, ekki til að tryggja nægar olíubirgðir í landinu handa skipaflotanum eða til upphitunar á húsum, heldur til að tryggja þessum fyrirtækjum verslunargróða.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Þetta eru nú orðnar að ýmsu leyti athyglisverðar og skemmtilegar umr. og ekki að furða þó að vakið sé máls á því, að olíuvörur fari hér stöðugt hækkandi þegar þær lækka erlendis. Ég er þakklátur hv. þm. Skúla Alexanderssyni fyrir að gera það og segi ekki annað um það en bragð er að þá barnið finnur.

En að því er varðar ummæli hv. síðasta ræðumanns er málið einmitt þannig, að um langan aldur og um áratugaskeið hefur olíuverslun Íslendinga verið ein sú óhagkvæmasta í veröldinni af því að hún hefur verið í ríkiseinokun. Það hefur engin samkeppni verið í olíuverslun og það er ekki einu sinni samkeppni um dreifinguna vegna þess, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, að „olíufélögin hafa ekkert með verðlagningu olíu að gera". Það er ríkisrekið líka.

Ég hugsa að við séum með 15—20% óhagstæðari olíuverslun en nokkurt ríki annað, þar sem samkeppni fær að njóta sín, og það er tími til kominn að það komi smásamkeppni í innflutning á þessari gífurlega þýðingarmiklu vörutegund sem við Íslendingar notum mjög mikið af. Það er sagt alveg öfugt við það sem hv. síðasti ræðumaður var að gera skóna, að það væri vegna einhverrar samkeppni hér sem olíuverðið er svona hátt. Það er vegna þess að hér hefur ekki fengið að vera nein samkeppni. Rússar hafa okrað á okkur um langa tíð og nú okra auðvitað aðrir á okkur því að það er ríkið sem er að semja. Auðvitað hafa þeir ekkert vit á olíuviðskiptum og það er engin samkeppni til að knýja á um að menn reyni að gera hagstæð innkaup. Svo er raunar um innflutning á mörgum fleiri vörutegundum, m. a. vegna kolvitlausra verðlagsákvæða. Það er þess vegna sem lífskjör Íslendinga fara versnandi. Það er vegna ofstjórnarinnar í þessu þjóðfélagi sem auðvitað leiðir til óstjórnar eins og allir vita. Þetta hefur auðvitað keyrt um þverbak síðustu fjögur árin þegar við höfum búið við verstu vinstri stjórnir sem verið hafa nokkurn tíma við völd á Íslandi. Það er þess vegna mjög gott, að á þessu er vakin athygli. Það er líka athyglisvert, sem ráðh. upplýsti, að ríkið fær 55% af bensínverðinu. Hvaða áhuga ætli fjmrh. t. d. hafi á því að lækka innflutningsverð? Eftir því sem innflutningsverðið er hærra, eftir því græðir ríkissjóður meira. Það er eins og það, að heildsalarnir græða þeim mun meira sem verðið er hærra.

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Mig langar aðeins til að upplýsa hv. þm. Tryggva Gunnarsson. Hann lýsti því yfir að hann væri ókunnugur í þingsölum. Ég vil alls ekki láta það vera í huga hans að við séum samflokksmenn, ég og hæstv. viðskrh. (**Gripið fram í:** Nei, ég er búinn að átta mig á því.) Þú ert búinn að átta þig á því. (Gripið fram í.) Hitt vil ég endurtaka, að ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans svör. Þau voru greinargóð þó þau féllu ekki alveg í þann farveg sem ég hefði talið æskilegt, og ég tek reyndar undir það sem hv. þm. Tryggvi Gunnarsson sagði.

En í sambandi við það sem viðskrh. sagði nú síðast um að það væri í stjórnarsáttmála, að olíubirgðir skyldu auknar sem öryggisþáttur, sem ég tek vitaskuld undir, er alveg fráleitt, þó að reynt sé að tryggja olíubirgðir í landinu, að slíkt bitni á ákveðnum hópum, eins og nú blasir við ef ekki verða gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir í sambandi við olíuverð gagnvart bæði fiskiskipaflotanum og þá fyrst og fremst þeim notendum sem nota olíuna til upphitunar húsa. Mér finnst alveg fráleitt að kostnaður við olíubirgðir sem eru í landinu til að tryggja raforkuframleiðslu og til að tryggja að loðnufloti, sem ekki getur farið á sjó, geti komist í gang svo og verkfallsflotinn, sá kostnaður eigi að bitna á þeim sem þurfa að kynda hús upp með olíu.

Aðeins í lokin: Það var merkilegt að heyra það sem síðasti ræðumaður, hv. 5. landsk. þm., Eyjólfur Konráð Jónsson, sagði, að olíuþjónustan í landinu væri 15—20% óhagstæðari. (**Gripið fram í:** Innflutningurinn.) Ætli það? Ég hef ekki beint aðstöðu til að mótmæla því með innflutninginn, en við vitum hitt náttúrlega, að þjónustan er 15 og jafnvel 30% óhagstæðari vegna þess fyrirkomulags sem er í landinu, þrefalt olíukerfi, og að einn aðalarmurinn af því er í eignarþátttöku formanns Sjálfstfl.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef ekki fylgst með öllum þeim umr. sem hér hafa átt sér stað um olíumál þjóðarinnar, en ég vil aðeins að það komi fram, að olíuverslunin hér á landi er, eins og hv. 5. landsk. þm. sagði, í hinum megnasta ólestri og langt frá því að vera rekin á þann eðlilega hátt sem viðhafður er þar sem olíuverslun er rekin, svo að ég blandi ekki blessuðum heildsölunum inn í það mál.

Ríkið á að sjálfsögðu að eiga öryggisbirgðir til í landinu. Ríkið á að eiga þessar öryggisbirgðir og fjárfesta í þeim sjálft, en þær birgðir á ekki að nota nema í einhvers konar neyð. Allar aðrar olíubirgðir eiga að vera — hér á landi eins og í öðrum löndum — á kostnað framleiðenda olíunnar í eins konar tollvörugeymslu. Ég hef sagt þetta áður úr þessum ræðustól. Ástæðan fyrir því, að olíubirgðir eru ekki til á þennan hátt í landinu, er einfaldlega sú, að vöruskiptaviðskipti hafa komist á sem gera þetta ókleift. Það þarf að breyta um. Ég tek undir það sem hv. 5. landsk. þm. sagði: Þessi mál eru í ólestri vegna þess að við höfum staðið rangt að málum. Ef menn athuga hvað mikið er fjárfest í gegnum lánastarfsemi viðskiptabankanna, aðallega í olíuversluninni, þá komast menn fljótt að því, að engin furða er að olían er hér eins dýr og hún er raunverulega. Það er vegna þess að fjármögnunarkostnaður er allur á höndum olíufélaganna

— og endurspeglast náttúrlega í verði til neytenda — í staðinn fyrir að vera á ábyrgð framleiðendanna sjálfra. Ég veit ekki um eitt einasta land þar sem olíuframleiðendur eiga ekki birgðir í viðkomandi löndum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru fáein orð. Hér hafa hv. þm. lýst yfir annars vegar, að olíuverðið sé of hátt vegna þess, að olíufélögin sjái um þetta, og hins vegar, að það þyrfti að þjóðnýta olíuna og olíuverslunina til þess að lækka verðið. Svo hafa þm. lýst yfir að verðið sé allt of hátt vegna þess að innkaupin séu á vegum ríkisins og það þurfi að gefa þetta frjálst. Um þetta hafa menn deilt og munu áreiðanlega halda áfram að deila. Ég skal ekki við þetta tækifæri blanda mér svo mjög í það.

En varðandi innkaup á olíu er nauðsynlegt að hafa það í huga, t. d. í sambandi við samninga við Sovétríkin um olíuvörur, sem eru langstærsti verslunaraðili á því sviði, að það er gerður rammasamningur til fimm ára. Það hefur verið gert síðan 1953 að þáv. ráðh. Bjarni Benediktsson beitti sér fyrir því. Þessi rammasamningur kveður á um það, að kaupa skuli svo og svo mikið af olíuvörum á ári hverju. Hins vegar eru ákvæði þannig í þessum samningi, að það er samið árlega um verð. Þess vegna getur farið svo að það náist ekki samkomulag um verð og þá verði engin viðskipti það árið. Samningurinn er m. ö. o. háður þessum verðákvæðum.

Síðan 1980 hafa málin þróast þannig að okkar olíuviðskipti við Sovétríkin hafa verið mjög hagstæð. Við lögðum á það nokkra áherslu þá að fá annan mælikvarða á olíuverð en verið hafði, þ. e. annan en Rotterdam-verðið, uppboðsverðið, en Sovétríkin lögðust gegn því. Það var stefna hjá þeim að halda sig við uppboðsverðið. Við höfum verið heppnir fram að þessu að þessu skyldi ekki verða breytt, en hve lengi, um það skal ég ekki spá.

Varðandi verðlag á olíu er fróðlegt að gera sér grein fyrir því, hvernig verðlag á olíuvörum hefur verið í landinu miðað við annað verðlag. Það hefur verið gerð athugun á því, hvernig verð á bensíni, gasolíu og svartolíu hefur verið t. d. á árinu 1981 samanborið við vísitölu framfærslukostnaðar, og það kemur á daginn að bensínverðið hefur verið mjög svipað, þó aðeins lægra, en aftur hafa bæði gasolía og svartolía verið talsvert lægri en nemur hækkun á framfærsluvísitölu. (**Gripið fram í:** Sagðir þú svartolíu líka?) Ég sagði svartolíu líka, já. Ef miðað er við 1981 og gert ráð fyrir að í janúar hafi verð á svartolíu verið 100 og vísitalan þá einnig 100, þá var verð á svartolíu í des. 1981 128.7 en framfærsluvísitala 142.5. Verð á svartolíu hefur því verið talsvert lægra en nemur hækkun framfærsluvísitölu á árinu 1981. Þetta vildi ég upplýsa.

Hv. þm. Albert Guðmundsson telur að það sé staðið vitlaust að þessum viðskiptum. Það kann vel að vera, að hægt sé að bæta þar um, ekki efast ég um það. En við komumst aldrei fram hjá því að greiða fyrir olíuna. Það hefur ekki árað þannig, að menn hafi getað sett olíuseljendum kosti, ekki síðan olíukreppan skall á 1973. Menn hafa yfirleitt ekki getað sett þeim kost: Menn hafa orðið að hlíta þeim kostum sem þeir setja. Auðvitað hafa verið sveiflur frá ári til árs, en það hefur verið meginreglan á undanförnum árum.

Varðandi innkaup á olíu til Íslands hefur verið lýst hvernig þau eru. Það eru um 60% af innkaupunum sem koma frá Sovétríkjunum og um 40% frá vestrænum aðilum. Við höfum keypt í vaxandi mæli bensín frá Portúgal. Það er vel, vegna þess að Portúgalar versla gífurlega mikið við okkur, kaupa af okkur sjávarafurðir fyrir um 100 millj. dollara á þessu og seinasta ári. Viðskipti okkar við Portúgal hafa verið ákaflega hagstæð, en við höfum keypt frekar lítið af þeim. Þess vegna hefur það komið sér vel að kaupa af þeim bensín.

Við höfum hins vega gert samninga við vestræn félög, eins og t. d. BNOC, breska ríkisolíuhlutafélagið, sem hafa verið óhagstæðari en Rotterdam-verðið nú um sinn. Hvort það verður áfram er erfitt að segja. Það er léttara að tala um þessi mál eftir á heldur en fyrir fram, eins og er um fleiri mál, og getur verið býsna vandasamt að meta það, hvernig á að haga þessum viðskiptum, en það verður að gera þau nokkuð fram í tímann. Það er ekki hættandi á að gera viðskiptin eftir hendinni. Það þarf að gera þau nokkuð fram í tímann til þess að tryggja öryggi landsins í þessum efnum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Mér þykir leitt ef hæstv. ráðh. skilur ekki enn þá það sem ég hef verið að segja nú og áður úr þessum ræðustól um þessi og svipuð mál. Það þýðir einfaldlega að hæstv. ráðh. skilur ekki gang viðskipta og það þykir mér eiginlega verra.

Það, sem ég hef talað um, er ekki að semja árlega um verð á olíu og þá líklega til árs í senn eða lengri tíma. Ég er ekki að tala um hvað verð í Sovétríkjunum er á einum tíma eða öðrum. Ég er ekki heldur að tala um hvað verðið er á Rotterdam-markaði frá einum tíma til annars. Ég er að tala um það, að íslenska ríkið komist hjá því að fjárfesta í olíubirgðum í landinu. Til þess að einfalda þetta sem ég er að segja, þá gæti ég vel hugsað mér að þannig yrði staðið að því að íslenski markaðurinn í heild væri boðinn út, hann væri boðinn út með þeim skilmálum sem henta okkur, og það eru þeir skilmálar, að viðkomandi aðili ætti alltaf tilteknar birgðir hér á landi á eigin kostnað gegn því að hafa aðgang að markaðinum. En í dag fjárfestum við svo milljörðum nýkróna skiptir í olíubirgðum og allt á kostnað viðskiptabankanna.

Hæstv. ráðh. sagði að við kæmust ekki hjá því að greiða fyrir olíuna. Auðvitað komumst við ekki hjá því, það var óþarfi að taka það fram. En það er óþarfi að þurfa að hlíta þeim kostum sem þeir setja. Ég veit ekki hverjir þeir eru, eins og hæstv. ráðh. tók fram. Mín hugmynd er sú — og ég vona að ég þurfi ekki að koma hingað upp oftar til þess að undirstrika hana — að við kaupum af birgðum olíuframleiðenda, af birgðum sem þeir eiga hér á landi, og greiðum fyrir það magn, sem við tökum út frá degi til dags og við þurfum að nota hér á landi, það verð sem er á olíunni, heimsmarkaðsverð hvers dags.

Ísland þarf alltaf að vera eitthvað sérstakt. Aðrar þjóðir greiða verðið frá einum degi til annars, það eru dagprísar sem gilda. Þetta þýðir að ég vil flytja fjárfestingarkostnaðinn frá innlendum aðilum yfir á erlendu aðilana svo að olíuverðið lækki sem því nemur.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil taka sérstaklega undir síðustu orð hv. 3. þm. Reykv. En það er eitt sem kom mér í ræðustól hér.

Fyrir nokkuð löngu var birt niðurstaða sálfræðings. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að sjómenn og bílstjórar, minnir mig, væru heimskustu menn þjóðfélags-

ins. Þetta var víðfrægur sálfræðingur — ég vona að hann sé ekki dáinn enn þá — en það er samt langt síðan. Ég skil ekki svör viðskrh. Það er sennilega af því að ég er í þessari stétt. Ég skil þetta ekki. Ég hef ekki fengið svör við spurningu minni: Af hverju lækkar verðið aldrei hér þegar það lækkar úti í heimi?

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þar sem bæði hv. þm. Albert Guðmundsson og hv. þm. Tryggvi Gunnarsson kvarta undan því, að hæstv. viðskrh. skilji sig ekki, þá kemur mér í hug athugasemd Öllu fínu, sem kölluð var, þegar Manni Karls var að stíga í vænginn við hana og sagði: Konan mín skilur mig ekki. — Þá sagði hún: Reyndu að tala svolítið skýrara.

Hér hafa menn verið að tala hver í sína áttina. Ég skildi hæstv. viðskrh. fullkomlega eins vel og hann ætlaðist til þess að við skildum sig hér áðan. Við höfum ekki verið að ræða um raunverulegar ráðstafanir til þess að lækka verð á olíu. Mér er sem ég sjái andlitið á hv. þm. Albert Guðmundssyni ef hann keypti bensín á bílinn sinn á dagprísum úti í Bretlandi t. d. Ég hygg að hann mundi hrökkva í kút. Þar er kappkostað að halda verði á olíu, þ. á m. bensíni, stöðugu eftir því sem hægt er. Við mundum ekki losna við það þó að erlendu olíufélögin ættu hérna birgðastöðvar.

Aftur á móti vil ég minna á mál sem hv. þm. Albert Guðmundsson flutti hér fyrr í vetur og hefur oftar vakið máls á, með hvaða hætti við gætum e. t. v. tryggt okkur mjög hagstæð olíuviðskipti til langs tíma, með því að nenna að tala við þá verslunaraðila sem hafa boðið okkur olíuvörur á langtímasamningum á hagstæðasta hugsanlegu verði. Kom í ljós í máli hans og var ekki andmælt að við mennina væri ekki einu sinni rætt af því að þeir hefði ekki rétta pappíra.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég yrði manna ánægðastur yfir því, ef hægt væri að fá seljendur olíuvara til að setja upp miklar birgðir af olíuvörum hér á Íslandi án þess að það kostaði íslenska neytendur nokkurn skapaðan hlut. Það verð ég að segja. Ég hef takmarkaða trú á að það sé mögulegt. Það getur vel verið að hægt sé að fá þá til að hafa hér olíubirgðir, ég skal ekkert um það segja. En að það kosti íslenska neytendur ekki neitt, ég er vantrúaður á það. Ef hv. þm. Albert Guðmundsson gæti komið því til leiðar að við gætum fengið hér olíubirgðir í landið án þess að það kostaði íslenska neytendur nokkurn skapaðan hlut, þá yrði ég fyrir mitt leyti mjög ánægður með það, svo ekki sé meira sagt.

Ég er búinn að svara ýmsu varðandi olíuvörur. Ég er búinn að svara því til, að hækkun verðlags á olíuvörum er minni en hækkun framfærsluvísitölu árið 1981. Ég er búinn að gera grein fyrir því varðandi bensínið, að um 55% álag kemur á bensínið vegna þess að um 22% renna til vegamála, 32% í ríkissjóð og um 1.1% í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Það hefur áhrif á verðið á markaðnum, en þrátt fyrir það hefur verð á bensíni hækkað svipað og framfærsluvísitalan hækkaði á síðasta ári.

Varðandi það, að til landsins hafi komið aðilar sem hafi boðið olíu á hagstæðara verði, þá höfum við í viðskrn. gefið þessu gaum. Það úir og grúir, það er allt löðrandi af fjármálaspekúlöntum um allan heim sem reyna að koma á olíuviðskiptum og græða á þeim. Þeir eru að reyna að fá bréf frá ríkisstjórnum og ráðherrum til þess að hafa í vasanum og reyna svo að koma á viðskiptum. Þessi bréf eru kölluð í daglegu tali „hunting licenses" eða „veiðileyfi" og þetta eru gróðamenn sem vilja græða á þessum viðskiptum. Ég held að menn eigi að hafa varann á í sambandi við þá. Þeir sækjast ekki eftir neinu öðru en græða sjálfir á þessu. Um það ber öllum saman sem nálægt þessum málum koma. Ég hef látið kanna þetta talsvert, og viss blöð hafa skrifað um þessi mál. Ég hef t. d. í mínum fórum í rn. greinar sem fjalla einmitt um þessa fjármálaspekúlanta sem ferðast um heiminn og reyna að gera góð viðskipti fyrir sig í sambandi við þessi mál. Ég álít að menn þurfi að fara dálítið gætilega gagnvart þeim. Það hafa allir gert í þessum efnum og reynt að taka ekki of mikla áhættu.

Á árinu 1980 var t. d. ákaflega hagstætt að kaupa jarðolíu og það gerðu ýmis ríki og stórir aðilar, keyptu mikið af jarðolíu, óhreinsaðri olíu árið 1980. Þeir hafa yfirleitt stórtapað á þeim viðskiptum. T. d hafa Svíar og ýmsir fleiri stórtapað vegna þess að verðþróunin í olíumálunum varð allt önnur en menn áttu von á. Framboðið varð miklu meira, jarðolían féll í verði og menn, sem höfðu birgt sig upp, töpuðu. Ég held því að menn þurfi að fara fram með vissri gætni í þessum efnum.

En ég vil endurtaka það, að ef hv. þm. Albert Guðmundsson getur komið hér upp miklum birgðum af olíuvörum í landinu án þess að það kosti íslenska neytendur nokkurn skapaðan hlut, þá yrði það áreiðanlega vel þegið af allri þjóðinni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er nú orðið hálfgert stagl um það, hver skilur hvern í þessari umr. Ég skil hæstv. viðskrh. mætavel. Mér er alveg ljóst að hann hefur engan áhuga á að lækka olíu- eða bensínverð hér á landi vegna þess að það mundi minnka hagnað ríkissjóðs. Svo einfalt er þetta mál.

Ég vil hins vegar vegna þess í hvaða farveg þessi umr. hefur farið, benda hæstv. viðskrh. á að það er til aðferð til þess að lækka olíuverð í landinu. Hún er sú sem Alþfl. hefur morgoft lagt til og ég held jafnvel Alþb. líka. Það er að fækka olíufélögunum. Það eru þrjú olíufélög í landinu, þrefalt skrifstofubákn, þrefalt dreifikerfi og kannske þrefaldur hagnaður. En við skulum líka horfast í augu við það, að það eru stjórnmálalegir hagsmunir sem valda því, að það er ekki hægt að fækka olíufélögunum. Stjórnmálaflokkarnir eiga hagsmuna að gæta og þá kannske ekki síst flokkur hæstv. viðskrh.

Það er auðvitað fáránlegt í litlu landi, þar sem búa 230 þús. menn, að vera með þrefalt olíudreifingarkerfi. Það er fáránlegt. Og það byggist á áratugagömlum hagsmunum stjórnmálaflokkanna í landinu að þessu kerfi er við haldið og það fæst ekki niður lagt. Þetta hljóta allir menn að viðurkenna.

Kostnaðurinn við það, að þrjú olíufélög skuli vera hér með dreifingu á olíunni, hlýtur að bitna á neytendum. Ef menn eru að hugsa um hagsmuni neytenda í þessu máli, vilja þeim vel, þá vilja þeir fækka olíufélögunum en ekki hafa þau þrjú með öllum þeim ærna tilkostnaði sem því fylgir. Svo einfalt er þetta mál. Ég vil skora á hæstv. viðskrh. að hann hugleiddi hvort ekki væri hægt að lækka olíuverð með því að fækka olíufélögum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að benda hv. 4. þm. Norðurl. e. á það, að þegar menn eru lengi búsettir erlendis sjá þeir á bensínútsölustöðum að verð er auglýst daglega með skiltum úti á götu. Þannig

gengur það fyrir sig þar að fólk getur valið um ódýrustu innkaup. Hitt er aftur verra, ef ég sný mér að hæstv. ráðh. aftur, að enginn væri ánægðari en hann ef hægt væri að fá olíubirgðir til landsins án þess að það kostaði íslenska neytendur nokkurn hlut. Þetta var sagt líka þegar Tollvörugeymslan var sett á laggirnar. Ef hæstv. viðskrh. er eitthvað að efast um það, að hægt sé að fá stóra og smáa framleiðendur og vörueigendur erlendis til þess að eiga birgðir hér á landi án þess að það kosti íslenska neytendur nokkurn skapaðan hlut, þá bið ég hann hér með að koma inn í Tollvörugeymslu og skoða hvað þar fer fram. Olía er ekkert öðruvísi vara en önnur neysluvara hér á landi. (**Viðskrh.:** Hana vantar, það er ekki of mikið af henni.) Það er framboð á henni. Það er einmitt þess vegna sem ég fann mig knúinn til að koma hér upp.

Ég vil geta þess um þann aðila sem ég kynnti fyrir ríkisstj. á sínum tíma og bauð hér mjög góð viðskipti við Ísland í olíumálum — og hans ágæti var dregið í efa, að ég fékk um það staðfestingu frá virtum svissneskum banka með skeyti, sem ráðherrar hafa tekið mark á, að maðurinn var í alla staði marktækur og engin ástæða til að gera hann að einhverjum braskara, einhverjum hópi manna sem ganga um og græða fé á opinberum sakleysingjum eins og íslensku ríkisstjórninni. Hvernig á að vera hægt að ná eðlilegum samskiptum milli manna ef ráðherrar — og sérstaklega viðskrh. hæstv. er með þann hugsunarhátt að allir séu vondir menn sem tala við hann, ef það eru útlendingar, og séu bara hingað komnir til þess að græða á aumingja litlu Íslendingunum?

Fyrirspyrjandi (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. um að það sé þörf á því að fækka olíufélögunum. En í sambandi við fullyrðingu hæstv. ráðh. um að hækkunin á olíuvörum væri minni en hækkun framfærsluvísitölu, þá efa ég að það sé rétt. Ég ætla aðeins að nefna þær tölur sem ég hef um hækkun á þessum vörum frá 1. jan. 1981 til 1. mars s. l. Samkv. þeim hefur bensínið hækkað um 58.85% eða úr 5.95 í 9.45 kr. og gasolía úr 2.35 í 3.65 kr. eða um 55.32%. Eftir þeim kenningum, sem við höldum fram stjórnarsinnar, var dýrtíðin rétt rúm 40% á síðasta ári, eins og sagt er, og fer varla mikið yfir 12 það sem af er þessu ári, þannig að þessar tölur falla ekki alveg heim og saman við hækkun framfærsluvísitölu.

Framkvæmd orkumálakafla stjórnarsáttmálans, fsp. (þskj. 313). — Ein umr.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Hér hafa nú farið fram allfjörugar umr. um orkumál, því að olía er orka, svo það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að ég fari að bæta þar nokkru við. En erindi mitt hingað er að fylgja eftir fsp., sem hv. varaþm. Jón Ingi Ingvarsson sem sat fyrir mig á þingi síðustu vikuna í janúar og fyrstu vikuna í febrúar, lagði fram. Hann beinir þar spurningu til hæstv. iðnrh. og er hún í tveimur liðum:

„Hvað líður framkvæmd ákvæða um verðjöfnun orku?“ er fyrri liðurinn. Síðari liðurinn er: „Hvernig standa rannsóknir vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu?“

Ég er hér með örlitla bók sem nefnist Stjórnarsáttmáli og ég vonast il að ráðh. lesi kvölds og morgna eins og við hinir óbreyttu þm., en þar er þetta að finna í kaflanum um orkumál á bls. 11 í umgetnu riti, með leyfi forseta: „Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.“ — Hér á hv. Alþingi hefur á ýmsum tímum verið rætt um jöfnun á orkuverði um landið. Eins og okkur er öllum ljóst er það ekki það sama alls staðar á landinu. Vegna þessa mismunar og vegna þessa ákvæðis stjórnarsáttmálans er fsp. fram borin.

Það hafa verið nokkrar rannsóknir hafðar um hugsanlega olíu sem mætti finnast innan lögsögu Íslands. Í fyrrgreindum kafla um orkumál í fyrrgreindu riti, þ. e. stjórnarsáttmálanum, má enn fremur lesa, með leyfi forseta: „Haldið verði áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forustu íslenskra stofnana og stjórnvalda og í því sambandi gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða.“ — Spurningin snýr sem sagt að því, hvað rannsókum á þessum hugsanlegu olíulindum á íslenska landgrunninu líði.

Ég vonast til að hæstv. iðnrh. eigi einhver svör við þessum spurningum og geti frætt þingmenn um hvað hafi verið gert í þessu tilliti og hvað ætlunin sé að gera.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Í þeirri fsp., sem hér er fram borin og upphaflega var lögð fram af Jóni Inga Ingvarssyni, er spurt um hvað líði framkvæmd ákvæða stjórnarsáttmálans um verðjöfnun orku og hvernig rannsóknir standi vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu. Hér er vikið að máli sem oft hefur borið á góma á yfirstandandi þingi, en sjálfsagt er að draga fram nokkur atriði eftir því sem hægt er að koma við á takmörkuðum tíma.

Í fyrsta lagi er þess að geta varðandi raforkuna, að verulegt átak hefur verið gert til að jafna verð á raforku í landinu. Einn þáttur í þeirri viðleitni var fólginn í að hækka verðjöfnunargjald af raforku. Það var gert á árinu 1979 og í kjölfar þess tókst að lækka hlutfallslega þann mikla mun sem var á almennum taxta Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða og annarra rafveitna á vegum sveitarfélaga. Munur á þessum töxtum var, eins og hv. þm. eflaust muna, kominn upp í milli 80 og 90% á árinu 1978, en með ýmsum aðgerðum, og þá ekki síst með atbeina verðjöfnunargjaldsins og fjárhagslegrar fyrirgreiðslu við Rafmagnsveitur ríkisins og stuðningi við Orkubú Vestfjarða í formi lánveitinga m. a., hefur tekist að ná þessum mun niður í um 24% á almennum heimilistaxta. Verð á raforku samkvæmt þessum taxta er nú svipað hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og hjá öðrum rafveitum sveitarfélaga, nema hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur sem sker sig þarna helst úr og hefur um 24% lægra orkuverð í smásölu samkv. þessum taxta en flestar aðrar rafveitur. Nú hefur Rafmagnsveita Reykjavíkur óskað eftir hækkun á sínum taxta um 22%, svo sem kunnugt er, þannig að ef við þeim óskum væri orðið verður orkuverðið orðið nokkuð hliðstætt hjá þessum veitum, en ég ætla ekki að gera þá umsókn að sérstöku umtalsefni að þessu sinni.

Það hefur líka tekist að jafna verulega verðmun á öðrum töxtum frá því sem mest var, bæði varðandi taxta í vélanotkun eða iðnaði og eins í sambandi við húshitun, þó að munur sé þar meiri en á hinum almenna heimilistaxta.

Sá verðmunur, sem tilfinnanlegastur er á orku og oft hefur verið rætt um á yfirstandandi þingi, er í húshitun. Vorið 1980 voru samþykkt hér á Alþingi lög um jöfnun

og lækkun hitunarkostnaðar, en með þeim skyldi stefnt að jöfnun hitunarkostnaðar og lækkun á heildarkostnaði við upphitun húsnæðis í landinu, m. a. með eftirfarandi ráðstöfunum: greiðslu olíustyrks vegna þeirra sem búa við olíukyndingu, hagkvæmari orkunotkun og orkusparnaði og aukinni notkun innlendra orkugjafa í stað olíu. Samkvæmt þeim lögum er heimilt að breyta olíustyrk miðað við breytingu á verði gasolíu og verði annarra orkugjafa. Þessi lög hafa verið til endurskoðunar og samkvæmt tillögum nefndar, sem að þeirri endurskoðun hefur unnið, var olíustyrkur hækkaður allverulega fyrir s. l. ár eða úr 200 kr. í 350 kr. hver styrkeining miðað við síðasta ársfjórðung 1981.

Enda þótt framkvæmd ákvæða nefndra laga, sem varða jöfnun á hitunarkostnaði, sé af mörgum talin fyrst og fremst tengjast ákvörðunum um upphæð olíustyrksins, þá er ljóst að sterkt samhengi er á milli þeirra ráðstafana sem lögin gera ráð fyrir. Þannig hefur t. d. ákvörðun um upphæð olíustyrks ótvírætt mikil áhrif á samkeppnismöguleika innlendra orkugjafa.

Of snemmt er að draga ályktanir af heildaráhrifum þeirra aðgerða sem gerðar hafa verið til þessa, en augljóst er að þær eru ófullnægjandi — það leyfi ég mér að segja — því að verðmunurinn á orku til húshitunar er mjög mikill og óviðunandi enn sem komið er þannig að það þarf að gera verulegt átak til viðbótar ef vel á að vera.

Með umræddri hækkun olíustyrks er kyndingarkostnaður með niðurgreiddri olíu um 65% af raunkostnaði við olíukyndingu. Framangreind áhrif olíustyrks á samkeppnismöguleika innlendra orkugjafa eiga bæði við um raforku og nýrri hitaveitur. Þannig er olíukynding miðað við meðaltalsaðstæður nú innan við 10% dýrari en rafhitun, miðað við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, og til eru hitaveitur í landinu með hærri gjaldskrá en svarar til meðaltals kostnaðar með olíukyndingu.

Varðandi hitaveiturnar eða nýtingu jarðvarmans er þess að geta, að þar er mjög mikill munur innbyrðis hjá hitaveitum sem kunnugt er. Þær, sem hagstæðastar eru eða með lægsta gjaldskrá, eins og Hitaveita Reykjavíkur, eru með aðeins 14% af kyndingarkostnaði með niðurgreiddri olíu, en 20% af olíukyndingarkostnaði ef tekið er tillit til niðurgreiðslunnar. Hins vegar eru til veitur sem eru alveg uppi í sömu mörkum og olíukyndingin, dýrustu hitaveiturnar, og jafnvel aðeins yfir ef allt er samanlagt. Er alveg ljóst að ekki er hægt að ganga með skynsamlegum hætti lengra í niðurgreiðslu olíunnar einnar eða jafna muninn með þeim aðgerðum einum saman.

Samkvæmt lögunum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar er heimilt að veita varmaveitum framlag til að jafna þann mun sem orkuverð þeirra er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk. Gert er ráð fyrir því í reglugerð, að helmingur þess framlags greiðist á því ári sem framkvæmdir hefjast og hinn helmingurinn ári síðar. Ég má segja að tvær veitur hafi fengið styrk samkvæmt þessum ákvæðum og eins og málið lítur nú út eru ekki margar sem koma inn í þá mynd að njóta styrkveitinga á grundvelli þessara ákvæða.

Möguleikarnir á að jafna þann mun, sem nú er á upphitunarkostnaði, eru auðvitað margir. Ein leiðin er að leyfa hækkanir hjá þeim veitum sem lægstar gjaldskrár hafa, og óskir eru uppi um það, m. a. hjá Hitaveitu Reykjavíkur, og hafa verið um alllangt skeið. Með því móti mundi mismunurinn minnka og hann á auðvitað mjög verulegan þátt í þeim kröfum, sem uppi eru, og þeim samanburði sem eðlilegt er að gerður sé á upphitunarkostnaði.

Annar þáttur, sem ég legg gjarnan ríka áherslu á, er orkusparnaður. Það er með skipulögðum hætti hægt að ná verulegum árangri með orkusparnaði og ég tel að hið opinbera eigi að leggja meira af mörkum í formi styrkja eða hagstæðra lána til að hvetja til orkusparnaðar í húshitun. Við notum um 45% af allri orku í landinu til upphitunar íbúðarhúsnæðis og það er alveg ljóst að mjög mikið fer forgörðum vegna þess að hluti af okkar húsnæði, einkum eldra húsnæði, en einnig reyndar tiltölulegar nýlegar byggingar, svarar engan veginn þeim kröfum sem eðlilegt er að gera. Þarna þarf að gera átak. Það er ekkert óeðlilegt að það átak sé svæðisbundið, þannig að þeir, sem búa við óhagstæðasta kosti í upphitun, njóti þar aukinnar fyrirgreiðslu í þessum efnum. Á vegum húsnæðismálastjórnar hafa verið tekin upp lán í þessu skyni, en fjármagnið til ráðstöfunar hefur verið ófullnægjandi. Þarf endilega að vinna að því, að þar verði meira úr að spila. Ég tel enga goðgá vera að veita jafnvel beina styrki til örvunar í þessum efnum.

Þriðji þátturinn, sem nokkuð hefur verið um rætt, er bein niðurgreiðsla á innlendum orkugjöfum. Ég hef vakið athygli á því og geri það enn, að þar er við nokkuð vandasamt mál að eiga. Slíkar niðurgreiðslur, ef gripið verður til þeirra, mega ekki leiða til þess, að aðilar grípi til þjóðhagslega óhagkvæmra leiða í sambandi við úrlausn í húshitun. Á því getur verið veruleg hætta nema menn gæti að sér og ef verðmyndunarkerfið hefur ekki áhrif á þá kosti sem menn velja. Athuganir hafa verið gerðar á þessum þáttum og verða áfram til athugunar, og ég vil ekkert útiloka í þessum efnum í sambandi við niðurgreiðslu á innlendri orku tímabundið og þar sem munurinn er mestur. En það er alveg ljóst að til þess þarf þá að verja allverulegum fjármunum til að ná árangri eftir þeirri leið.

Herra forseti. 2. liður fyrirspurnarinnar varðaði leit að olíu við landið og rannsóknir vegna hugsanlegra olíulinda. Ég gerði grein fyrir stöðu þess máls í Ed. 4. nóv. s. l. og lagði þá m. a. fram sérstaka skýrslu undir heitinu „Setlagarannsóknir" sem dreift var til allra hv. þm., þar sem gerð er glögg grein fyrir stöðu þessara mála. Ég held að ég gangi ekki á tíma þingsins, heldur vísi til þessarar skýrslu, en ef sérstakar fyrirspurnir eru um einstaka þætti skal ég nýta mér tímann hér á eftir til að víkja að því.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. vísaði til þess í sinni ræðu áðan, að Hitaveita Reykjavíkur og Rafmagnsveita Reykjavíkur hefðu ákveðið að hækka sína gjaldskrá, Hitaveitan um 13% og Rafmagnsveitan um 22%, en þetta er sú hækkun sem mér er tjáð að hæstv. iðnrh. hefði á sínum tíma mælt með, en gjaldskrárnefnd ekki samþykkt. Þessi ákvörðun borgarráðs byggist á því áliti tveggja lögfræðinga, tveggja valinkunnra lögfræðinga á sviði stjórnsýsluréttar, að lagaákvæði um verðstöðvun hafi fallið niður um s. l. áramót og þess vegna sé frjálst fyrir borgarráð Reykjavíkur að setja umræddum fyrirtækjum gjaldskrár að því tilskildu að ráðh. staðfesti, en hins vegar er litið svo á að sú staðfesting sé meira formsatriði en efnis, þ. e. að ráðh.

eigi að gæta þess í því tilviki að rétt hafi verið að hækkun staðið. Það mun hafa verið haft eftir hæstv. ráðh. í fjölmiðlum, að ég hygg í morgun frekar en í gær, að þetta mál yrði rætt í ríkisstj. í dag. Þess vegna vil ég leyfa mér af því tilefni og sérstaklega vegna þess að ráðh. minntist á þetta í ræðu sinni áðan að spyrja hann hver hafi orðið niðurstaða þess máls og hvert sé viðhorf hans í þessu máli, sem er gífurlega mikilvægt mál fyrir þessi tvö mikilvægu fyrirtæki Reykjavíkurborgar.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Hér er hreyft máli sem oft hefur verið til meðferðar á Alþingi. Þetta er eitt af þeim málum sem er hægt að flokka undir mikinn ójöfnuð í okkar þjóðfélagi. Íbúar á stórum svæðum búa þarna við óréttlæti sem ekki verður lengur við unað. Ég tek undir það sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að mismunur á orkuverði í sambandi við húshitun er algjörlega óviðunandi.

Það hefur oft verið rætt um hvað væri til ráða í sambandi við þessi mál, og margar nefndir hafa starfað og margvíslegar hugmyndir verið reifaðar og er ekki um það nema gott að segja. En það er ekki nóg að ræða um þessi mál og viðurkenna vandann. Það verður að fara að takast á við hann. Við erum sjálfsagt öll sammála um að það er eðlilegt að miða þessa lausn við að innlendir orkugjafar séu fyrst og fremst notaðir til bæði upphitunar húsa og annarra þarfa okkar þjóðfélags, ýmiss rekstrar. Við erum ekki ósammála um það.

Ég hef oft verið að velta því fyrir mér, hvernig við gætum náð viðunandi árangri á þessu sviði án þess að úr því þurfi að verða of flókið kerfi. Ég get tekið undir það með hæstv. ráðh., að náðst hefur ótrúlega fljótt árangur í sambandi við jöfnun á almennu orkuverði, sem er eins og hér kom fram um 24% nú, og þetta hefur gerst án mikilla átaka. Ég vil taka undir það, því að ég tel alveg sjálfsagt að Rafmagnsveita Reykjavíkur og Hitaveita Reykjavíkur fái þá hækkun sem um er beðið. Það leysir að hluta til þennan vanda. En mér finnst að við hljótum að átta okkur á því, að nú er búið að taka í notkun hitaveitur víðs vegar um landið, og tvær stærstu hitaveitur utan Reykjavíkur, Hitaveita Akureyrar og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, miða nú orkuverð á sínu svæði við 60% af olíuverði. Þetta tel ég að sé mark sem væri hægt að nota til að miða við jöfnun á hitunarkostnaði, að þeir, sem væru fyrir ofan 60%, fengju kostnaðinn lækkaðan, og ég sé ekkert athugavert við að gera það með niðurgreiðsluforminu. Þetta mundi kosta, eftir því sem ég hef látið athuga lauslega, um 90 millj. kr., og í því er talinn með olíustyrkur um 30 millj. Hér er því um 60 millj. kr. nýtt fjármagn að ræða og með því ætti að vera hægt að leggja að baki einn áfanga í því að jafna kostnaðinn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að vonandi finnum við leiðir til að draga verulega úr þeim mikla mismun sem ríkir í sambandi við húshitunarkostnað í landinu.

Hv. 6. þm. Reykv. kom þar að einum þættinum, sem ég drap á áðan að mundi draga úr mismun ef framkvæmdur yrði, þ. e. að hækkun yrði hjá þeim sem lægstar gjaldskrár hafa, sem minnstan kostnað hafa af sinni upphitun. Ég get staðfest það viðhorf mitt, að ég tel eðlilegt að þeim aðilum, sem bera fram skýr rök fyrir hækkunarþörf varðandi innlendan húshitunarkostnað, verði heimilað það innan þeirra marka og að teknu tilliti til almennra sjónarmiða og þeirrar stefnu sem stjórnvöld hafa í sambandi við verðlagsmálin.

Í samþykkt ríkisstj. um efnahagsmál nú ekki fyrir löngu er að þessu máli vikið og sett fram sú stefna að sveitarstjórnir fái heimild til að breyta gjaldskrám fyrirtækja sinna sem nemur hækkun byggingarvísitölu án sérstaks leyfis frá ríkisvaldinu. Þetta stefnumið er ekki gamalt og er að því unnið að átta sig á hvernig rétt sé að útfæra það, m. a. þá viðmiðun við byggingarvísitölu sem þarna er að vikið, frá hvaða tíma reikna skuli.

Nú voru veittar hækkanir á gjaldskrám 1. febr. s. l., þar á meðal hjá veitufyrirtækjum Reykjavíkurborgar, en aðeins að hluta að því sem óskað var af þeirra hálfu. Það hafði farið fram nýlega úttekt á vegum iðnrn. á hækkunarþörf Hitaveitu Reykjavíkur með hliðsjón af rekstri og framkvæmdum næstu ára. Að áliti meiri hl. nefndarinnar var talin þörf á hækkun sem næmi um 30%, þ. e. áður en hækkunin 1. febr. kom til framkvæmda, en minni hl. nefndarinnar, einn fulltrúi í henni, taldi að hækkunarþörfin væri meiri eða allt að 45%. Ég tel eðlilegt að reynt sé að verða við sanngjörnum óskum þessa veitufyrirtækis í áföngum, og á þetta mál og óskir, sem fram eru komnar til ráðuneytisins, verður litið með hliðsjón af því.

Hins vegar get ég ekki fallist á það viðhorf, að verksvið stjórnvalda — í þessu tilviki iðnrn. — sé það eitt að stimpla fram komnar óskir frá viðkomandi sveitarfélagi eða veitufyrirtæki. Í orkulögum, sem vitnað er til í þessu sambandi, er gert ráð fyrir að ráðh. staðfesti gjaldskrár viðkomandi veitufyrirtækja. Atbeini ráðh. í þessu sambandi getur ekki falist í því einu að segja já og amen við öllu sem fram kemur. Það verður að sjálfsögðu að leggja mat á þær óskir sem fram eru bornar.

Í þessu sambandi vil ég nefna það, að hækkanir á gjaldskrám veitufyrirtækja hafa yfirleitt ekki verið heimilaðar nema 10 dögum fyrir útreikning verðbóta og samkv. því kæmi ekki til að leggja mat á hækkanir fyrr en í lok aprílmánaðar vegna útreiknings vísitölu fyrir næsta verðbótatímabil. Í umræddri efnahagsáætlun ríkisstj. var hins vegar að því vikið, að það yrði athugað hvort samstaða gæti tekist um að aðgerðir til jöfnunar orkukostnaðar kæmu ekki inn í útreikning verðbóta að einhverju marki. Það er atriði sem líta þarf á í þessu samhengi.

Ég vil því svara fyrirspurn hv. 6. þm. Reykv. með þeim hætti, að yfir þessi erindi verður farið og það verður litið af velvilja á fram komnar óskir. En á þessu stigi er ekki hægt að veita fyrirheit um að þær verði afgreiddar með jákvæðum hætti alveg á næstunni. Ég geri ráð fyrir að það verði haft samráð við veitufyrirtækin um úrlausn í áföngum varðandi þeirra óskir og erindi og tel rétt og skylt að taka þannig á málinu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. iðnrh. var á árinu 1980 samþykkt hér á hinu háa Alþingi að leggja á orkujöfnunargjald, 1.5% hækkun söluskatts, til að bæta úr neyðarástandi fólks vítt um land vegna mjög hás upphitunarkostnaðar húsa. Á þessu ári er áætlað að innheimta 190.1 millj. kr. í orkujöfnunargjald. Af því á aðeins að nota 30 millj. í olíustyrki og veita lítils háttar styrk til lítilla hitaveitna, eins og hæstv. ráðh. kom inn á, tveggja slíkra veitna. Eftir standa þá 140—150 millj. kr. Ef því væri jafnað á þá, sem núna þurfa að greiða hæst eða mjög hátt upphitunar-

gjald, væru til ráðstöfunar 10—15 þús. kr. á hverja fjölskyldu í landinu sem þarf að borga hátt upphitunargjald. Við innheimtum sem sagt nægilega mikið, en spurningin er bara sú, hvort hæstv. ríkisstj. vill nota orkujöfnunargjaldið til þeirra þarfa sem Alþingi ætlaðist til, m. ö. o. til jöfnunar á orkukostnaði fólks. Hæstv. ríkisstj. innheimtir fé, en notar það ekki í því skyni sem Alþingi ætlaðist til.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður var að nefna orkujöfnunargjaldið og benti réttilega á hvernig farið er með það. Þetta er nú ekkert einsdæmi, að lagður sé á skattur undir fölsku yfirskini og fjármununum varið í aðrar þarfir. Þetta er alveg hliðstætt og er með launaskattinn, sem er lagður á undir því yfirskini að það eigi að efla byggingu íbúðarhúsnæðis í landinu, en fjármununum er varið í ríkissjóð.

En hæstv. ráðh. minntist á að árið 1980 hefðu verið sett lög um jöfnun hitunarkostnaðar. Það eru þau lög sem nú gilda. Þau eru mjög gölluð og ófullkomin. Þess vegna var gefin yfirlýsing af hæstv. viðskrh., þegar þau lög fengu lokaafgreiðslu hér í þinginu, um að þau yrðu þegar í stað endurskoðuð og þá höfð hliðsjón af frv. til laga um niðurgreiðslu olíu til jöfnunar á hitunarkostnaði sem ég ásamt meðflm. úr öllum öðrum stjórnmálaflokkum flutti. Það er nefnd núna að endurskoða gildandi lög, ég vænti á grundvelli þessarar yfirlýsingar.

Samkv. þessu frv., sem ég og félagar mínir fluttum, var gert ráð fyrir að hitunarkostnaður yrði hvergi meiri í landinu en sem svaraði að hann væri tvisvar og hálfum sinnum meiri en hjá Hitaveitu Reykjavíkur eða eins og það var orðað „vegið meðaltal hitaveitna í landinu", en það þýðir nánast verð Hitaveitu Reykjavíkur.

Það er talað um núna að það þurfi að bæta úr því ástandi sem er. Það verður gert með tvennu móti. Það verður með því að greiða niður hitunarkostnað þar sem hann er hæstur og leyfa hækkun hitakostnaðar þar sem verið er að bíða um hækkun. Það hefur verið athugað hvað þetta kostar í framkvæmd ef t. d. væri gengið út frá því að hitunarkostnaður í landinu væri hvergi hærri en þrefalt hærri en hjá Hitaveitu Reykjavíkur. Þá kemur út úr því dæmi að niðurgreiðslan kostar 133 millj. kr. á ári. Ef Hitaveita Reykjavíkur fengi hins vegar að hækka sitt verð um 30% væri þessi kostnaður kominn í 64 millj. á ári, og ef Hitaveita Reykjavíkur fengi að hækka sitt verð um 40% væri kostnaðurinn kominn niður í 45 millj. á ári. Ég tek fram að þessar tölur miða ekki við að það sé niðurgreidd upphitun á húsnæði til atvinnurekstrar, en það er annað reikningsdæmi. Ég er ekki með það hér fyrir framan mig. En þessar tölur, sem ég hef hér nefnt, eru miðaðar við verðlag í árslok 1981.

Hv. 1. þm. Vesturl. sagði að það væri ekki nægilegt að ræða þennan vanda, það yrði að takast á við hann. Þetta er hverju orði sannara. Ég vænti þess, að hv. stjórnarþingmenn, eins og hv. 1. þm. Vesturl. og aðrir slíkir, taki höndum saman við okkur í stjórnarandstöðunni sem *erum að berjast fyrir þessu nú.*

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hæstv. ráðh. sagði margt fróðlegt í sínu svari, en hann lét alveg ósvarað því sem skiptir höfuðmáli, og það er hver eru viðhorf hæstv. ráðh. til þess hlutfalls sem hann telur að eigi að vera á milli raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis og kyndingarkostnaðar með heitu vatni á aðalþéttbýlissvæði landsins. Þessi spurning brennur á vörum allra í dreifbýlinu, og ég sem stjórnarsinni tel mig hafa fulla þörf á að fá skýr svör við því, hvaða hlutföll ráðh. telur æskileg. Það er fráleitt að mér detti í hug að amast við því, að Reykjavíkurborg fái þær hækkanir sem hún þarf fyrir sína hitaveitu. Það vil ég jafnframt að komi fram. En það hlýtur að vera að ráðh. sé búinn að móta sér einhverja skoðun á þessu máli. Hvað telur hann rétt í þessum efnum? Við því þurfum við að fá svar. Þetta er líka spurning um annað. Hvaða hlutfall telur hann að eigi að vera á milli raforku til stóriðju annars vegar og til raforku til upphitunar á íbúðarhúsnæði hins vegar?

Ég vænti þess, að ráðh. svari þessu þann veg að við verðum öll að nokkru fróðari.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal reyna að veita hv. 5. þm. Vestf. nokkra úrlausn í sambandi við fsp. hans. Fyrirspurnin var einföld og hann ætlast eflaust til að það verði veitt einfalt svar við henni. Ég vil þó minna hv. þm. á það fyrst, að við erum með mismunandi veitufyrirtæki í landinu. Við erum með hitaveitur á vegum sveitarfélaga, við erum með rafveitur á vegum sveitarfélaga fyrir utan fyrirtæki ríkisins og Orkubú Vestfjarða. Þessi fyrirtæki hafa óskað eftir að njóta ákveðins sjálfræðis. Þau eru stofnuð til að hafa frumkvæði og leita hagkvæmra lausna fyrir sína íbúa. Það hefur hins vegar ekki leitt til jöfnunar, ekki jafnræðis, eins og dæmin sanna. Ég kasta þá m. a. til hv. þm., hvort hann telji í rauninni að það sé tímabært að breyta þessu skipulagi og setja eitt allsherjarveitufyrirtæki á laggirnar og koma þar með á sama orkuverði alls staðar, — fyrirtæki sem hefði það að markmiði að hafa nákvæmlega sama orkuverð yfir landið allt.

Ég er ekki talsmaður miðstýringar í þeim mæli. Ég tel í sambandi við raforkuöflun að hún eigi að vera á hendi eins aðila í meginatriðum, og ég vænti þess, að það takist fljótlega að koma þar á einu fyrirtæki sem selji raforku í heildsölu á sama verði til allra landshluta. Ég geri mér hins vegar ljóst að ef veitufyrirtæki á vegum sveitarfélaga, dreifingin, eiga að vera á höndum margra aðila áfram og þar með reyni á frumkvæði sveitarfélaga og annarra sem fyrir þessu standa, þá er ekki hægt að gera *ráð fyrir að fullkominni jöfnun verði náð. Það mundi* stangast nokkuð á við þá greiningu sem fælist í slíku skipulagi.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt að það skapist sem mest jafnræði á milli þegna landsins í sambandi við þessar grunnþarfir þar sem er orkan, og við eigum að vinna að því. Það er þó tómt mál um að tala að það gerist í einu vetfangi eða slíku jafnræði verði náð með mjög skjótum hætti þegar mismunur er jafnmikill og hann er nú, — kannske allt að fimmfaldur, sumir nefna hærri tölu í sambandi við upphitunarkostnað. Ég held að við mættum telja það þokkalegan árangur ef við kæmum þessu niður í hlutfallið 1:3 á ekki löngum tíma og ynnum síðan að enn frekari jöfnun, en við megum ekki heldur afnema hvatann til hagkvæmra lausna. Ég minni enn og aftur á þá leið sem þjóðhagslega er ekki síst mikilvæg: að spara orku, að gera húsnæðið þannig úr garði að við missum ekki orkuna að óþörfu út í umhverfið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það vil ég að sé alveg skýrt, að hvatanum til hagkvæmrar lausnar vil ég ekki á nokkurn hátt vinna gegn eða gera hæstv. iðnrh. erfitt fyrir að koma þeim boðskap til þjóðarinnar, að það

beri að einangra hús á Íslandi.

Ég bar fram einfalda spurningu og fékk flókið svar, en einfalda spurningu með og ég ætla að svara þeirri einföldu spurningu. Ég gréti það ekki þó fækkað yrði rafveitum á Íslandi ef það yrði til að lækka raforkuverð fyrir alla heildina. En ég held að iðnrh. verði að gera sér grein fyrir því, að meðan Rafmagnsveitur ríkisins selja á jafnháum taxta og þær selja gerist það að sjálfsögðu aldrei. En ef Rafmagnsveitur ríkisins seldu á lægri taxta en aðrir er mjög trúlegt að hinir mundu vilja sameinast. Það hygg ég að væri vænleg leið til árangurs.

Jafnræði sem mest, var það svar sem ég fékk. En ég ítreka spurningu mína. Hvaða verðhlutfall telur hæstv. ráðh. að eigi að vera á milli þess rafmagns, sem Rafmagnsveitur ríkisins selja, og þess heita vatns, sem selt er hér á höfuðborgarsvæðinu? Ég óska eftir hreinu hlutfalli vegna þess að okkur er nauðsyn að vita á hverju við eigum von meðan hæstv. iðnrh. gegnir þessu embætti.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að við, sem höfum talað í þessum umr., erum allir sammála um nauðsyn þess, að það komist á meiri jöfnuður í upphitunarkostnaði landsmanna en nú er. Menn hafa verið að bera fram spurningar um hvað jöfnuðurinn ætti að vera mikill. Ég vék að frv. sem ég og meðflm. mínir úr öðrum stjórnmálaflokkum bárum fram á þingi 1979—1980. Þá reiknuðum við með að munurinn yrði mest um tvisvar og hálfum sinnum meiri hitunarkostnaður en hjá Hitaveitu Reykjavíkur eða vegið meðalverð hjá hitaveitum. Ég hygg að það væri gott ef við stefndum nú að þessu marki eða eitthvað svipuðu. Þetta er verðjöfnun. Þetta er jöfnun hitunarkostnaðar. Hún er ákaflega mikilvæg. En það er líka eitt sem er mikilvægt. Það er að hitunarkostnaðurinn sé sem lægstur. Það er lítil bót í því að hafa jafnan hitunarkostnað ef hann er hár um allt land og e. t. v. hærri en hann þyrfti að vera. Þess vegna megum við aldrei gleyma því, að skipulag þessara mála er ákaflega þýðingarmikið. Við verðum að hafa skipulagið á þann veg, að það stuðli í sjálfu sér að sem lægstu orkuverði um allt land.

Hér var aðeins vikið að því, og hæstv. iðnrh. sagði að hann væri á þeirri skoðun, að orkuframleiðslan ætti að vera öll eða aðallega á hendi eins virkjunarfélags, orkufyrirtækis. Hér er komið gamalt deilumál sem ég ætla ekki að fara inn á. En ég er andvígur þessu vegna þess að ég tel að ef það sé möguleiki fyrir fleiri en eitt fyrirtæki að starfa á þessum vettvangi höfum við bestu trygginguna fyrir því, að reksturinn geti stuðlað að sem lægstum hitunarkostnaði um allt land án þess að það hindri á nokkurn hátt að það geti verið hliðstætt orkuverð líka um allt land.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. svör hans við þeim spurningum sem ég bar fram á þskj. 313. Hér hafa ýmsir tekið til máls við þessa umr., og er það sérkennandi fyrir málflutning manna að þeir eru í raun og veru fylgjandi því að jöfnuður náist á sviði upphitunarkostnaðar.

Mér er það ljóst, að nokkuð hefur miðað í rétta átt, en nokkra leið eigum við þó fyrir höndum þannig að jöfnuður náist að fullu. Ég vil sérstaklega taka undir þau orð ráðh., að það þurfi að gera átak í rannsóknum — ég hef þetta ekki orðrétt eftir — á gerð húsa með tilliti til hitunarkostnaðar þeirra. Ég tel mjög brýnt að þetta verði gert. Við erum furðulega íhaldssöm á gamlan byggingarmáta. Ég hygg að þó nokkru fé væri varið til þessara mál mundi það fé skila sér fljótt til baka vegna þess að þarna er víða pottur brotinn.

Að öðru leyti vildi ég segja að ég tel að jafnaði aðgengilegri leið til verðjöfnunar að þar sem verð er hæst lækki það heldur en að það hækki þar sem það er lægst, en eins og fram hefur komið hér í umr. um Hitaveitu Reykjavíkur er hún búin að biðja um hækkun á sínum töxtum og einnig Rafmagnsveita Reykjavíkur, og þar minnki bilið. Þó að ég sé ekki með þessu að efast um að það sé full þörf á þessum ráðstöfunum tel ég það skemmtilegri leið að þar sem verð er hæst lækki það og jöfnuður náist á þann hátt.

Ég vil sem sagt þakka hæstv. ráðh. svörin og einnig vil ég þakka öðrum sem tekið hafa þátt í þessari umr. Hér hafa komið fram nokkur sjónarmið um þessi vandamál svo og önnur tengd, og mætti þetta e. t. v. verða okkur til upplýsinga í frekari umræðu og ákvarðanatöku um þessi mál.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skil ráðh. þannig að hann telji eðlilegan áfanga í stöðunni að verð til húshitunar verði um þrisvar sinnum hærra en hitaveituverðið eins og það er lægst og þetta muni þýða að hann beiti sér fyrir þessum áfanga. Út af fyrir sig finnst mér þetta svar hans nokkurs virði. Ég vil þó benda á að það væri hægt að komast enn þá neðar kannske, eins og Þorvaldur Garðar, hv. 4. þm. Vestf., sagði, og gera húshitunarkostnaðinn tvisvar til tvisvar og hálfum sinnum meiri í þessum áfanga en þar sem lægst er. Það liggur skjallega fyrir að þær hitaveitur, sem eru taldar dýrar hitaveitur, en eru þó þjóðhagslega og landfræðilega mjög mikils virði fyrir þá íbúa sem búa á þeim svæðum, þ. e. Hitaveita Akureyrar og Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, miða verð sitt við 60% af olíuverði. Ég segi það sem mína skoðun, að ég tel að það væri strax viðunandi fyrir aðra íbúa þessa lands, sem búa á „köldum svæðum", ef þeir nytu hliðstæðra aðgerða, þ. e. verðlagið væri miðað við að það væri hvergi hærra en 60% af niðurgreiddu olíuverði eins og það liggur fyrir. Þetta teldi ég merkan áfanga, og ég vil lýsa því yfir, að það er útilokað fyrir okkur, sem sitjum á Alþingi, að fara af þessu þingi án þess að sá áfangi náist. Ég tel það alveg óviðunandi ef okkur tekst ekki að sameinast um að ná þeim áfanga. Að því tel ég að við verðum að stefna og hvika ekki frá því. Allar yfirlýsingar núv. ríkisstj. og stjórnvalda yfirleitt á þessu sviði hafa hnigið í þessa átt. Við gætum svo rætt sérstaklega um Landsvirkjun sem orkufyrirtæki landsins, það er sérmál, en það verður að vera stefnumið á þessu þingi að við náum þeim áfanga sem ég nefndi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skil hv. 1. þm. Vesturl. á þá leið, að hann ásamt öðrum, sem hér hafa tekið undir verðjöfnunarstefnu varðandi húshitun, sé reiðubúinn til að standa að tekjuöflun eða sjóðmyndun til að ná fram markmiðum til jöfnunar á orkukostnaði. Ég fagna því, að sá vilji er fyrir hendi, og treysti að hann reynist vera til í raun þegar kemur að því að safna í slíkan sjóð.

Ég vil koma að því sem ég gleymdi raunar að víkja að

varðandi mál hv. 5. þm. Vestf., þ. e. í sambandi við verðlagningu á orku til orkufreks iðnaðar. Þar er vissulega um að ræða einn verulegan þátt sem tengist þessum málum. Það er eðlilegt markmið og viðhorf að orkufyrirtækin standi undir kostnaði, það þurfi ekki að greiða með þeim á heildina litið og helst að þau gætu lagt eðlilegt fjármagn fram til viðhalds og að hluta til framkvæmda þó að lántökur hljóti að koma til þegar um stórátök er að ræða fyrir framtíðina. Þar skiptir verðlagningin á orku til orkufreks iðnaðar auðvitað mjög verulegu máli. Einn þáttur í því markmiði, sem hér er rætt um, er að ná fram verulegri breytingu á því sem nú er í þeim efnum. Um það þarf ég ekki að fjölyrða. Ég vil þó aðeins minna á athyglisverða staðreynd sem snertir verðlagningu á raforku hjá almenningsveitum í landinu.

Þegar litið er til kostnaðarsamanburðar á milli orkunnar, sem seld var til álversins í Straumsvík árið 1970 eða um það bil þegar það tók til starfa, þá var munurinn á heildsöluverði raforku til þess fyrirtækis og til almenningsveitna 81%. Nú er þessi kostnaðarmunur ekki 81%, heldur 413%. Þetta er staðreynd sem ég held að sé vert að hv. alþm. hafi í huga. Á bak við þessa þróun búa ákveðnar staðreyndir og saga sem við þurfum að leggja á minnið og hagnýta til að ná fram nauðsynlegum og réttmætum leiðréttingum á þeim þáttum sem þarna er um að ræða.

Varðandi verðlagninguna og verðsamanburðinn vil ég minna hv. 5. þm. Vestf. á að það eru fleiri en viðskiptavinir Rafmagnsveitna ríkisins, sem um er að ræða og við þurfum að hafa auga á, og fleira, sem taka þarf inn í dæmið en Reykvíkingar og viðskiptavinir Rafmagnsveitnanna. Við þurfum einnig að hafa auga á veitufyrirtækjum víða um landið sem eru með sína viðmiðun, þ. á m. fyrirtæki sem eru ekki langt frá núverandi heimahögum hv. þm. og nefnt var hér áðan, Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, sem er með verðlagningu sem nemur samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef, 73% af niðurgreiddu olíuverði. En rafhitun er samhv. sömu upplýsingum frá byrjun febrúar hjá Rafmagnsveitum ríkisins 94% af niðurgreiddu olíuverði. Við verðum að hafa auga á þessu öllu í heild, þegar við erum að skoða þetta dæmi, sem er ekki einfalt, en engu að síður þurfum við að klóra okkur fram úr því.

Sameinað þing, 62. fundur.

Þriðjudaginn 9. mars, að loknum 61. fundi.

Flugvellir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 418). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Byggðaþróun í Árneshreppi, þáltill. (þskj. 405). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 33 shlj. atkv.

Svört atvinnustarfsemi, þáltill. (þskj. 406). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Brúargerð yfir Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 403). — Ein umr.

Flm. (Guðmundur Vésteinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 403 till. til þál. um athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð sem er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á gerð brúar yfir utanverðan Hvalfjörð."

Samgöngur um Hvalfjörð og ýmis álitaefni því tengd munu ekki vera með öllu óþekkt umræðuefni hér á hv. Alþingi. Þetta efni hefur verið rætt lengi og trúlega verður vart tölu á þá komið sem lagt hafa til ráð innan þings og utan um það, hvernig best væri að haga samgöngum um fjörð þennan, sem kenndur er við stærsta dýr jarðarinnar.

Þegar hafðar eru í huga hinar miklu umræður og deilur, sem flestum eru í fersku minni, vegna nýlokinnar brúrgerðar í því kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir kann það að virðast ekki sérlega frumlegt fyrir varamann af Vesturlandi að vekja máls á brúargerð. E. t. v. kann einhverjum að finnast slíkt framferði jaðra við ofdirfsku eða hótfyndni. En hér verður látið skeika að sköpuðu með þær málsbætur helstar að nefndur fjörður tilheyrir aðeins að hálfu leyti Vesturlandskjördæmi.

Hvalfjörður á sér mikla sögu fyrr og síðar. Á dögum Hólmverja voru þar framdar kunnar hetjudáðir og vígaferli. Á miðöldum var fjörðurinn ein helsta verslunarhöfn landsmanna. Í síðustu heimsstyrjöld kom Hvalfjörður mjög við sögu sem bækistöð herflota bandamanna. Enn þá gegnir hann tilteknu hlutverki í þeim efnum, sem áreiðanlega verður að taka tillit til við athugun þá og brúargerð sem hér er til umr.

Náttúrufegurð er mikil í Hvalfirði. Reisuleg fjöll girða fjörðinn af og endurspeglast þau á lognsléttum sjávarfletinum þegar svo viðrar. En lognið er ekki einkennandi fyrir veðurfarið á þessum slóðum. Um eitt kunnasta fjall Hvalfjarðar segir svo í hinni þekktu Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar, með leyfi hæstv. forseta:

„Þyrill er mjög hár, kringlóttur, snarbrattur eða slútandi tindur innarlega við Hvalfjörð. Nafnið er dregið af því, að loftið þyrlast um hann og koma þá fram hættulegir hvirfilvindar, einkum úr norðri og norðaustri. Ferðamenn verða að gæta sín við hvirfilvindum þessum."

Þessi viðvörun var veitt ferðamönnum fyrir 230 árum, og enn þá er hún í fullu gildi þrátt fyrir gerbreytta samgönguhætti. Við Þyril og víðar í Hvalfirði hafa þessir hvirfilvindar oft þeytt stórum og smáum ökutækjum og valdið á þeim stórskemmdum. Samfara snjóa- og svellalögum á vetrum getur þessi leið verið mjög háskaleg. Það ber einnig við öðru hverju, að snjóflóð og aurskriður falla á veginn. Nýlega sýndi sjónvarpið

myndir af slíku.

Þótt ýmsir vegir, sem liggja um fjöll og hengiflug, séu mun hættulegri og oft erfiðari yfirferðar er þess hér að gæta, að Hvalfjörður er meginsamgönguleið milli landshluta og einn fjölfarnasti hluti hringvegarins svonefnda. Þótt vegurinn fyrir Hvalfjörð hafi verið endurbættur verulega á undanförnum árum og lagður bundnu slitlagi að nokkrum hluta, sem eflaust verður unnið að áfram á næstu árum, verður hann ætíð viðsjáll á vissum tímum eins og áður er lýst. Og ég vil taka það fram, að með till. þessari er ekki verið að boða að dregið verði úr áframhaldandi endurbótum á veginum fyrir Hvalfjörð, en að þessu atriði mun ég víkja síðar í máli mínu.

Krókurinn inn fyrir Hvalfjörð lengir leiðina til Norður- og Vesturlands um fast að 50 km. og þótt ekið sé á bundnu slitlagi kostar það þjóðarbúið háar upphæðir í dýru, erlendu eldsneyti og sliti á ökutækjum, þótt minna sé að vísu en á gömlu malarvegunum okkar. Eins og ég hef vikið að hafa umræður um það, hvernig heppilegast væri að leysa samgöngumál um þennan farartálma sem Hvalfjörður er, staðið yfir um langan tíma. Eðlilega hefur þessi umræða verið mest meðal þeirra sem búa norðan fjarðarins og oftast þurfa að fara þessa leið. Fyrir áeggjan bæjarstjórnar Akraness fengu þm. Vesturlandskjördæmis samþykkta á Alþingi árið 1967 tillögu um fullkomna rannsókn á samgöngumöguleiðum um Hvalfjörð. Var ályktunin svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til þess að annast alhliða rannsókn á því, hvernig hagkvæmast muni að leysa samgöngubörfina milli þéttbýlisins í og við Reykjavík annars vegar og Akraness, Borgarfjarðar og til Vestur- og Norðurlands hins vegar. Verði nefndinni heimilað að ráða sér aðstoð, bæði verkfræðilega og hagfræðilega, svo að unnt verði að finna niðurstöðu byggða á eins traustum grundvelli og mögulegt er, bæði að því er varðar tæknileg og þjónustuleg sjónarmið. Í nefndina verði valinn einn maður búsettur á Akranesi. Nefndin skili áliti sem fyrst og eigi síðar en í árslok 1968. Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði."

Nefnd þessi, svokölluð Hvalfjarðarnefnd, vann að umræddu viðfangsefni um fimm ára skeið. Ekki er unnt að gera störfum nefndarinnar nein tæmandi skil við þessa umr., en hún aflaði ýmissa gagna og lét gera athuganir m. a. varðandi veðurfar og vindstyrk, öldumælingar á Hvalfirði og í mynni hans. Nefndin lét gera áætlanir um ferjurekstur, lauslegar athuganir á brúargerð innarlega í firðinum, jarðgöngum undir fjörðinn utarlega og vegargerð á fyllingu og veggöng á botni hans. Svo og gerði nefndin áætlun um varanlegan og fullkominn veg fyrir Hvalfjörð, m. a. með því að stytta hann frá því sem nú er með því að leggja hann þvert yfir Kjósarvog og Botnsvog, en það eru taldar nokkuð kostnaðarsamar framkvæmdir.

Hvalfjarðarnefnd skilaði skýrslu um störf sín í sept. 1972. Er skýrslan hin merkasta heimild. Engu að síður olli hún ýmsum nokkrum vonbrigðum eða öllu heldur vissir þættir hennar. Þótti ýmsum að vissir þættir væru ekki byggðir á eins traustum grundvelli og mögulegt er, svo að vitnað sé til orða ályktunarinnar, einkum hvað snertir hugsanlega brúargerð yfir fjörðinn. Með þessum orðum er ekki kastað neinni rýrð að þeim ágætu mönnum, sem skipuðu þessa nefnd, enda munu þeir ekki hafa þar um ráðið.

Nefndin mun ekki hafa fengið þá aðstöðu sem nauðsynleg var til að láta framkvæma þær viðamiklu rannsóknir sem t. d. gerð brúar yfir utanverðan Hvalfjörð hlýtur að krefjast. Nefndin átti að ljúka störfum í árslok 1968, en það dróst til síðari hluta árs 1972. Í skýrslunni segir m. a. orðrétt:

„Nefndin starfaði eigi árið 1968 sökum fjárskorts." Svo virðist sem fjárskortur hafi mjög háð störfum nefndarinnar. Ekki verður annað séð en athuganir nefndarinnar varðandi brúargerð hafi verið mjög fábreyttar og í skýrslum nefndarinnar er kafli sá, sem fjallar um það efni, auðkenndur með orðinu „Hugleiðingar". Jarðfræðilegar athuganir á botni Hvalfjarðar fóru engar fram í þessu sambandi, en þær hljóta að teljast algert grundvallaratriði við athugun á möguleikum á slíku mannvirki. Til þess að leggja heildarmat á þetta brúarmál er einnig nauðsynlegt að fram fari alhliða rannsóknir á mörgum öðrum atriðum sem þar koma við sögu. Slíkar grundvallarrannsóknir kosta auðvitað talsverða fjármuni eins og hv. alþm. gera sér örugglega grein fyrir.

Þeir ágallar á skýrslu Hvalfjarðarnefndar, sem ég hef hér aðeins gert að umtalsefni, urðu þess að sjálfsögðu valdandi, að mörgum þótti að niðurstöður nefndarinnar væru ekki byggðar á þeim traustu forsendum sem gert var ráð fyrir í upphafi, og því var minna mark á þeim tekið af ýmsum en ella. Sem svolítið dæmi vil ég leyfa mér að geta þess, að í sama mánuði og skýrsla Hvalfjarðarnefndar birtist með svo ófullkomnum upplýsingum um brúarþáttinn var tekin í notkun í Svíþjóð 6070 metra löng brú milli meginlands Svíþjóðar og Ölands, sem er eyja þar sem eru um 25 þúsund íbúar, en hún mun vera vinsæll ferðamannastaður á sumrin. Brú þessi var gerð úr steinsteypu. Hún hvílir á 156 stöplum, en burðarbitar eru úr forspenntri steinsteypu. Þessi aðferð við brúargerð mun vera 30—40 ára gömul og munu vera dæmi um að slíkar brýr hafi verið gerðar með yfir 200 metra hafi á milli stöpla.

Á Akranesi höfðu menn spurnir af þessari stóru sænsku brú sem mun hafa kostað um 80 sænskar millj. kr. á þeim tíma. Í þessum bæ, þar sem framleitt er allt sement í íslenska steinsteypu, þótti mönnum nokkurt undur að finna ekkert í þessa veru í áðurnefndri skýrslu. Ég nefni þetta aðeins sem dæmi.

Ýmsar aðferðir þekkjast við brúargerð sem ég rek ekki hér, enda mun það að sjálfsögðu koma til meðferðar við athugun þá sem till. gerir ráð fyrir. Næstu nágrannaþjóðir hafa ráðist í slíka mannvirkjagerð og um allar álfur má finna meiri háttar brýr byggðar með ýmsu sniði og margvíslegri tækni. Í því sambandi vil ég minna á að einn áhugamaður um samgöngubætur, Friðrik Þorvaldsson fyrrv. framkvæmdastjóri hf. Skallagríms, hefur á undanförnum árum verið ótrauður við að vekja athygli á þessum málum með skrifum í blöðum.

Till. sú, er ég mæli hér fyrir, gerir ráð fyrir athugun á gerð brúar yfir utanverðan Hvalfjörð. Í grg. er bent á einn tiltekinn stað sem flm. telur ástæðu til að vekja á athygli sérstaklega sem hugsanlegu brúarstæði. Þessi staður er í mynni Hvalfjarðar þar sem fjörðurinn er um 4 km breiður, þ. e. frá Saurbæ á Kjalarnesi um Hnausasker á miðjum firðinum og að Hólabrú, sem er miðja vega milli Akraness og Grundartanga, svo að nefnd séu alkunn kennileiti. Heita má að syðri helmingur fjarðarins á þessum slóðum sé samfelldar grynningar þar sem með-

aldýpi er nálægt 5—6 metrum. Í skýrslu Hvalfjarðarnefndar var á þessum stað gert ráð fyrir grjótfyllingu út af Hnausaskeri og kostnaður á verðlagi í nóv. 1971 áætlaður um 250 millj. þáv. króna. Með hliðsjón af hækkun byggingarvísitölu mun þetta samsvara um 75 millj. kr. á núverandi gjaldmiðli. Ég hef látið kanna lauslega, hvað slíkt verk mundi hugsanlega kosta í dag með hliðsjón af einingarverði í sambærilegum framkvæmdum, og fengið þá niðurstöðu, að það mundi geta orðið nálægt 50 millj. kr. Er þá reiknað með að 500 þús. rúmmetrar fari í slíka vegfyllingu. Til nokkurs samanburðar vil ég geta þess, að heildarkostnaður við Borgarfjarðarbrú var á verðlagi í ágúst s. l. 155 millj. kr. Á síðustu árum hefur verið farið talsvert inn á þá braut að nota grjót í meiri háttar varnargarða í höfnum. Á Akranesi hefur þetta t. d. verið gert og er í þeim tölum, sem nefndar voru áðan, miðað við einingarverð á rúmmetra í slíkum varnargörðum þar. Tækni við vinnslu og sprengingar á slíku grjóti hefur fleygt mjög fram á síðustu árum og einingarverð farið lækkandi. Ég vil geta þess, að í næsta nágrenni þess staðar, sem hér hefur verið nefndur sem hugsanlegur landtökustaður brúar norðan Hvalfjarðar, eru miklar og góðar grjótnámur sem m. a. hafa verið nýttar við gerð hafnarinnar að Grundartanga og Akraneshafnar að nokkru leyti. Þessi landtökustaður við Hólabrú er nefndur hér þar sem hann er brattur malarkambur upp frá sjó og nær um 60 metra hæð aðeins 400—500 metrum frá fjöruborði. Samkv. alþjóðareglum þarf fríhæð undir brúargólf að vera 40 metrar og ætti þetta að auðvelda slíkt þannig að siglingaleið um fjörðinn yrði sem næst norðurströndinni.

Ég hef hér áður bent á grjótnám, en því má bæta við, að við Hólabrú eru enn þá ónýttar miklar byggingarefnisnámur. Á sínum tíma var allt efni til byggingar sementsverksmiðjunnar sótt í þessar námur. Enn fremur má benda á að stór hluti af byggingarefni höfuðborgarinnar er sótt í Hvalfjörð á sömu slóðir. Nálægð Sementsverksmiðjunnar hlýtur að valda því, að sú spurning er ærið áleitin, hvort ekki sé unnt að nota þau innlendu byggingarefni sem ég hef hér nefnt, við gerð slíks mannvirkis. Að sjálfsögðu er hér um svo viðamikið atriði að ræða að svar fæst ekki við spurningunni nema með þeirri athugun sem till. gerir ráð fyrir.

Frá því að Hvalfjarðarnefnd lauk störfum er liðinn meira en áratugur. Miklar breytingar hafa orðið síðan sem raska ýmsum forsendum í niðurstöðum hennar. Eins og getið er um í grg. till. koma hér einkum til fjögur atriði.

1. *Aukin byggð og atvinnuumsvif á svæðinu norðan* Hvalfjarðar. Íbúum á Akranesi, Borgarnesi og víðar á þessu svæði hefur fjölgað verulega eins og kunnugt er. Verksmiðja hefur verið byggð á Grundartanga og gert er ráð fyrir stækkun hennar. Vísa ég í því efni til till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Búast má við að frekari atvinnuuppbygging verði á þessu svæði. Hitaveita hefur verið lögð til þessara staða og mun hún geta þjónað allt að 12 þús. íbúum, en nú njóta hennar í byrjun um 7500 manns. Allar horfur eru því á að áframhaldandi þróun verði á þessu svæði.

2. Aukin umferð um Hvalfjörð og fjölgun bifreiða. Árið 1970 var bifreiðaeign landsmanna 47 011 bifreiðar, en árið 1980 var hún orðin 95 606 bifreiðar og enn á hún vafalaust eftir að vaxa á komandi árum. Árið 1970 fóru alls 208 780 bílar um Hvalfjörð hjá Fossá samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar. Árið 1981 fóru hins vegar 240 900 bifreiðar þessa sömu leið. Árið 1970 flutti þáverandi Akraborg aðeins um 2 þús. bíla á ári, en núverandi Akraborg flutti á s. l. ári um 60 þús. bíla, stóra og smáa. Alls fóru því um 300 900 bílar fyrir og framan við Hvalfjörð á s. l. ári, sem er nálægt 43% aukning á þessu tímabili. Athygli vekur að umferð um sjálfan Hvalfjörð hefur vaxið mun hægar en svarar til fjölgunar bifreiða landsmanna. Kemur þar áreiðanlega til mikil hækkun eldsneytis og að ferðafólki hafa staðið til boða mun betri vegir út frá höfuðborgarsvæðinu en fyrir Hvalfjörð.

Ég hef aflað svolítilla upplýsinga um það, að hinn þjóðhagslegi kostnaður við akstur þessara 300 900 bíla á vegi með bundnu slitlagi 50 km vegalengd er alls 31 millj. kr. Er þetta reiknað samkv. þeim reglum sem stuðst er við af Vegagerðinni við mat á arðsemi. Athygli vekur að hlutur Akraborgar er orðinn hár eða um 20% af heildarumferð um Hvalfjörð. Til samanburðar má geta þess, að hann var 14% árið 1977. Núverandi Akraborg annar engan veginn lengur eftirspurninni mikinn hluta ársins og hefur útgerðarfélag skipsins að undanförnu verið að kanna möguleika á að fá nýrra og stærra skip. Mun svo komið að hf. *Skallagrími stendur til boða skip erlendis* frá sem talið er henta vel til ferða á áætlunarleið félagsins.

3. Rekstrarkostnaður ökutækja hefur hækkað að mun vegna orkukreppu. Frá því að Hvalfjarðarnefnd skilaði skýrslu sinni hefur það skeð, að gríðarlegar hækkanir hafa orðið á öllu eldsneyti ökutækja eins og allir vita. Arðsemi brúar byggist að mestu leyti á sparnaði í rekstrakostnaði ökutækja. Sú brú, sem hér um ræðir, mundi stytta leiðina um fast að 50 km. Rekstrarkostnaður þjóðarbúsins af bifreiðafjölda um Hvalfjörð á s. l. ári er talinn vera 31 millj. kr. eins og ég gat um áðan. Þetta hefði í för með sér mikinn sparnað á innfluttu eldsneyti.

4. Verktækni hefur fleygt fram og Íslendingar hafa öðlast á þeim tíma, sem liðinn er frá því að Hvalfjarðarnefnd lauk störfum, mikilsverða reynslu í gerð meiri háttar samgöngumannvirkja. Ber þar að sjálfsögðu hæst brýrnar yfir Skeiðarársand og brúna yfir Borgarfjörð. Verktækni á þessu sviði sem öðrum er í stöðugri framþróun. Hefur verið bent á það hér áður, hvernig aðrar þjóðir hafa leyst sambærileg verkefni, og er sjálfsagt að afla sem bestra upplýsinga um það.

Ég hef hér að framan gert nokkra grein fyrir þeim ástæðum og rökum, að ég tel tímabært að láta fara fram athugun á gerð brúar yfir utanverðan Hvalfjörð. Hv. *Alþingi hefur samþykkt ályktun um langtímaáætlun um* nýbyggingu vega og brúa og er nú unnið að slíkri áætlun. Í því sambandi er óhjákvæmilegt að hugað verði enn að samgöngumálum um Hvalfjörð. Ég tel eðlilegt að haldið verði áfram lagningu bundins slitlags á þessari leið, en álitaefni hlýtur að vera hvort ráðast á í kostnaðarsamar vegfyllingar þvert yfir Kjósarvog og Botnsvog með tilliti til möguleikans á brúargerð yfir fjörðinn sjálfan.

Samgöngumál eru mjög þýðingarmikil fyrir landsmenn alla. Mörg og mikilvæg verkefni bíða úrlausnar í vegamálum víðs vegar um land og þau þarf að leysa mörg hver a. m. k. áður en kemur að því verkefni sem hér er til umr. Hins vegar er brýn nauðsyn að vel sé fylgst með framtíðarmöguleikum og það í tíma. Hvort brú yfir Hvalfjörð er slíkur framtíðarmöguleiki sem ég persónulega tel verulegar líkur á þarf að láta kanna svo að

niðurstöður liggi fyrir fyrr en síðar. Ef þessi möguleiki er raunhæfur í náinni framtíð mun hann hafa mikla þýðingu fyrir þjóðarbúið í heild og verða öllum landsmönnum til hagsbóta. Fyrir byggðirnar sitt hvorum megin Hvalfjarðar mundi slíkt mannvirki hafa í för með sér svo breytt viðhorf að ég geri ekki tilraun til að leiða að því neinar getur hér.

Sú athugun, sem hér er gert ráð fyrir, þarf að taka til margra þátta, eins og ég hef áður vikið að. En sérstaklega vil ég í lokin nefna að huga þarf vel að öryggi vegfarenda og gera ráð fyrir að þar verði gerðar hinar ýtrustu kröfur.

Ég hef nú lokið máli mínu, herra forseti, og leyfi mér að leggja til að till. til þál. um athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð verði vísað til hv. allshn. með von um að hún hljóti jákvæðar undirtektir.

Jósef H. Þorgeirsson: Herra forseti. Það hefur lengi verið áhugamál þeirra, sem búa norðanvert við Hvalfjörð, að fá athugað hvort ekki væri hugsanlegt að leysa samgöngur um Hvalfjörð með brú yfir fjörðinn utanverðan. Þetta mál hefur, eins og tillögumaður kom að í sinni framsöguræðu, komið til kasta Alþingis oftar en einu sinni áður. Svo langt komst þetta mál að á sínum tíma samþykkti Alþingi að láta fara fram alhliða athugun á því, með hvaða hætti væri hagkvæmast að leysa samgöngur um Hvalfjörð. Einn liður í þeirri athugun var að kanna hvort ekki væri mögulegt að brúa fjörðinn utanverðan. Þær niðurstöður, sem birtar voru í svonefndri Hvalfjarðarskýrslu á árinu 1972, bentu til að það væri óheyrilega kostnaðarsamt að byggja brú yfir fjörðinn á þeim stað. Það var sem sagt niðurstaða þeirrar skýrslu, að það mundi kosta á verðlagi ársins 1972 4 milljarða kr. að byggja þessa brú. Til þess að gera okkur í hugarlund hvaða upphæð hér er um að ræða er það álit fróðra manna, að á árinu 1982 mundi þessi kostnaður verða um 2000 millj. nýkr.

Ef það verðlag, 2000 millj. nýkr., er borið saman við þekkt mannvirki má geta þess, að á verðlagi ársins 1982 kostar Borgarfjarðarbrúin 225 millj. kr. Það er m. ö. o. því sem næst níu sinnum dýrara að brúa Hvalfjörð utanverðan heldur en var að brúa Borgarfjörðinn. Til þess að bera þessar verðlagstölur enn þá betur saman við þekktar stærðir er áætlað að öll vegagerð, hverju nafni sem nefnist, á árinu 1982 kosti 593 millj. kr. Kostnaður sá, sem upp var gefinn við að brúa Hvalfjörð, jafngildir því rúmlega þriggja ára framkvæmdum í vegamálum eins og þær eru áætlaðar í ár. Til þess að skýra þetta enn frekar má geta þess, að í drögum að langtímaáætlun um vegagerð er talið að það muni kosta 3800 millj. að koma samtals 3700 km stofnbrauta í viðunandi ástand. Þá er gert ráð fyrir að rúmlega 2 þús. km verði með bundnu slitlagi.

Og enn ein samanburðartala í þessum efnum er fróðleg í þessu sambandi. Nú er gert ráð fyrir að það mundi kosta 220 millj. kr. að fullgera veginn milli Akraness og Reykjavíkur með bundnu slitlagi. M. ö. o.: hann mundi kosta aðeins brot af því sem ráðgert var 1972 að mundi kosta að byggja brú yfir Hvalfjörð utanverðan. En því er ekki að neita, að alla tíð frá því að þessi svonefnda Hvalfjarðarskýrsla kom út á árinu 1972 hafa menn mjög margir, stórlega efast um að þær tölur, sem upp voru gefnar í þeirri skýrslu um kostnað við brúargerð yfir Hvalfjörð, væru réttar. Talan, sem upp er gefin í skýrslunni, var nánast fengin með þeim hætti, að það var athugaður kostnaður við að gera þrjár brýr í Evrópu. Ein var í Danmörku, ein í Bretlandi og að mig minnir ein í Þýskalandi. Þessar brýr voru auðvitað ákveðinnar lengdar og þetta dæmi var nánast sett upp í príliðu og fengið þannig út hver mundi hugsanlegur kostnaður við að brúa Hvalfjörð. Það eru ákaflega margir menn sem álíta að þessi aðferð hafi engan veginn verið mægilega ítarleg til þess að gefa viðhlítandi svör um það, hvað brúargerð yfir Hvalfjörð mundi kosta. Þessir sömu menn hafa bent á þó nokkrar brýr í Evrópu sem hafa verið byggðar fyrir mun minna verð. En Vegagerð ríkisins mun sennilega vera á þeirri skoðun, að slíkt mannvirki komi engan veginn til með að henta um Hvalfjörð. Vegagerðin lítur svo á, að til þess að brúa Hvalfjörð með viðunandi hætti þurfi til að koma hengibrú, og þær brýr eru, eins og kunnugt er, tvisvar til þrisvar sinnum dýrari en þær brýr sem við eigum að venjast. Þess vegna er mikil hætta á því, ef ekki tekst að sanna að nægjanlegt sé að byggja brú sem ekki sé hengibrú á þessari leið, að þá muni niðurstaðan af athugun sem þessari verða sú, að hér sé um ákaflega kostnaðarsamt mannvirki að ræða.

Ég tel nauðsynlegt að það verði eitthvað á sig lagt til þess að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll, hvort mögulegt sé að brúa Hvalfjörð með ódýrari hætti en Vegagerðin hefur gert ráð fyrir að það mannvirki muni kosta, og eytt verði þeirri óvissu sem verið hefur í þessum efnum um alllangt árabil. Ég tel brýnt að í þessa könnun séu lagðir einhverjir þeir fjármunir sem geta leitt okkur í allan sannleika um þetta mál. Þess vegna legg ég eindregið til að þessi till. verði samþykkt.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hér er til umr. till. um athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð. Flm. er hv. 5. þm. Vesturl. en í því sæti situr nú hv. þm. Guðmundur Vésteinsson sökum anna hv. þm. Eiðs Guðnasonar við störf í Norðurlandaráði. Ég fagna þessari till. og mér finnst ekkert að því að enn sé flutt till. um samgönguleið yfir Hvalfjörð, þótt hér hafi verið til meðferðar á hv. Alþingi till. um sama efni á 102. og 103. löggjafarþinginu og reyndar miklu ítarlegri en sú sem nú er flutt og er hér til umr. Þá var lagt til að kannaðir yrðu fjórir möguleikar, þ. e. í fyrsta lagi ferja yfir fjörðinn, í öðru lagi brú yfir fjörðinn, í þriðja lagi göng undir fjörðinn og í fjórða lagi vegur fyrir fjörðinn. Sú till. var afgreidd á þann veg að henni var vísað til ríkisstj. og er því málið á þeim vettvangi nú.

Þótt búið sé að ræða þetta mál mjög mikið og ýmsir hafi lagt þar orð í belg er þetta unræðuefni langt frá því útrætt. Með nýjum tíma koma nýir möguleikar til framkvæmda. Rök liðins tíma eru kannske litin öðrum augum og málið jafnvel ekki það mikið rætt eða úthugsað að enn sé ekki hægt að finna eða benda á nýjar lausnir í sambandi við þessa samgönguleið.

Eins og fram kom í ræðum frsm. og hv. 2. landsk þm. var 1967 skipuð nefnd til að rannsaka þetta málefni. Sú nefnd skilaði áliti haustið 1972. Nefndin var sammála um að öll rök hnigu að þeirri niðurstöðu, að leggja bæri fullkominn veg fyrir Hvalfjörð. Þá varð nefndin einnig sammála um að athuga bæri gaumgæfilega rekstur skips til fólksflutninga eingöngu milli Reykjavíkur og Akraness. Gerði nefndin athugun á rekstri skíðaskips er tæki 70 farþega. Segja má að stjórnvöld hafi farið eftir þessu áliti nefndarinnar þótt þau frávik hafi verið gerð, að í fyrsta lagi væri fyrir forgöngu Akurnesinga ekki fengið

skíðaskip, heldur góð farþega- og bílferja á leiðinni Akranes-Reykjavík, og í öðru lagi að í stað þess að ljúka vegarlagningu fyrir Hvalfjörð á 8—10 árum er nú að 9 árum liðnum frá útkomu skýrslunnar ófullkominn vegur meginhluta leiðarinnar. Það er ekki rétt fyrir okkur nú 9 árum eftir útkomu nefndarálitsins að fara að skilgreina það á neinn hátt. Hitt held ég að menn gætu verið sammála um, að niðurstöður þess eru orðnar úreltar og enn er þetta samgönguvandamál að vissu leyti óleyst og því er þörf á umræðum og nýjum athugunum á þessu máli.

Herra forseti. Ég skal nú í stuttu máli gera grein fyrir skoðun minni á því, út frá hvaða forsendum eigi að athuga þetta mál:

1. Framtíðarlausnin er brú yfir Hvalfjörð.

2. Ákveðið verði að brú verði staðsett utarlega við fjörðinn og þar með verði Akranes orðið tengt Reykjavíkursvæðinu á svipaðan máta og Hafnarfjörður.

3. Meðan brú er ekki smíðuð verði í námunda við væntanlegan brúarsporð byggð hafnarmannvirki fyrir ferjur sem önnuðust bíla- og farþegaflutninga yfir fjörðinn. Vegur, sem lagður yrði að þessum hafnarmannvirkjum, kæmi að fullu gagni þegar brú yrði smíðuð og að sumu leyti hafnarmannvirkin einnig í sambandi við brúargerðina.

Þegar ég nefni að brú skuli smíðuð utarlega er ég með leiðina frá Kjalarnesi að Innra-Hólmi í huga, innan við Hnausasker. Ég tel að ef brú væri smíðuð innar færi samgöngubótin fyrir Akranes að minnka og með því móti væri haldið við þeim möguleika að halda uppi ferju milli Reykjavíkur og Akraness og þar með væri vafasamur ávinningur að brúarsmíði.

Ekki er líklegt að samþykki fáist til þess að ráðast í brúarframkvæmdir á næstu árum, bæði vegna þess, hve mikið fjármagn þyrfti til, og mikil rök eru fyrir því að ef fjármagn væri fyrir hendi væru önnur verkefni brýnni að leysa nú, svo og vegna þess að ekki eru fyrir hendi öruggar upplýsingar um umferð um væntanlega brú. Meðan brú er ekki fyrir hendi skal því velja næstbesta kostinn: ferjur sem mundu anna allri bílaumferð sem kæmi frá Akranesi, Vestur- og Norðurlandi. Yfir mesta annatímann þyrftu tvær ferjur að vera í gangi þannig að aðeins sáralítil bið gæti orðið á ferjustað. Þar með væri Akranes orðið tengt Reykjavíkursvæðinu á svipaðan máta og Hafnarfjörður og meginhluti Vesturlands og einnig hluti Stranda- og Húnavatnssýslna kominn í samgöngutengsl við Reykjavíkursvæðið líkt og Suðurlandsundirlendið. Með slíkri samgöngubót sem ferjum yfir Hvalfjörð á þann máta, sem ég hef hér nefnt, mundi umferð milli Reykjavíkursvæðisins og Akraness, Vesturlands og Norðurlands aukast mjög mikið, jafnvel að það mætti jafna henni við umferð milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar ef Kópavogur og Garðabær eru fráskildir. Þá mundi fljótt koma í ljós mikil umferð sem öruggt væri að byggja á og færa fram rök fyrir brúarsmíði.

Ég tel ekki ástæðu til að útskýra nánar eða draga upp mynd af öllum þeim kostum sem eru því samfara ef leiðin fyrir Hvalfjörð yrði stytt með þeim hætti sem ég hef hér nefnt. Einhverjir ókostir mundu fylgja því, en það er erfitt að finna þá. Mesta breytingin yrði gagnvart Akranesi og sú breyting yrði tvíþætt, þ. e. bættar samgöngur við Reykjavíkursvæðið og Suðurland og einnig, sem ég met jafnvel eins mikils, bættar samgöngur og tenging við Vesturland, Norðvesturland og Strandir. Staða Akraness sem stærsta þéttbýlisstaðar á Vesturlandi er mjög sérstök. Enginn þéttbýlisstaður á landinu, sem mannfjöldalega getur veitt umhverfi sínu þjónustu, er jafnafskiptur af slíkri starfsemi sem Akranes. Þessi staðreynd er mjög neikvæð, bæði fyrir byggðaþróun á Vesturlandi og jafnvel hluta Norðvesturlands og Stranda líka svo og fyrir uppbyggingu Akraness. Með því að aðalumferðaræðin færi um hlað Akurnesinga, eftir að ferjur og síðan brú væru á Hvalfirði milli Saurbæjar á Kjalarnesi og Innra-Hólms, mundi þjónustuhlutverk Akraness margfaldast. Vesturland kæmist í eðlileg samgönguleg tengsl við þann stað sem hefur alla burði til að annast margþætta þjónustustarfsemi fyrir bakland sitt, en hefur ekki og getur ekki enn nýtt þessa stöðu vegna hins öfugsnúna samgöngukerfis.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns fagna ég þessari till. um athugun á brúarstæði yfir Hvalfjörð. Ég hef trú á að það sé það sem koma skal. En meðan brúin kemur ekki má ekki vera biðstaða í uppbyggingu samgönguleiða og tækja fyrir og yfir Hvalfjörð. Sá valkostur, sem valinn var 1972, að leggja fullkominn veg fyrir Hvalfjörð, er enn nokkuð fjarlægur. Sú ferja eða skip, sem nú er í förum milli Akraness og Reykjavíkur, Akraborg, og reynst hefur mjög vel, er nú orðin allt of lítil og annar ekki þeirri flutningaþörf sem fyrir hendi er. Nýtt og stærra skip þarf að koma í stað Akraborgar og þjóna á þessari samgönguleið þar til önnur ferjuleið, sú sem ég hef lýst, verður valin. Það er skoðun mín, að uppbygging þessara þátta fullkomins vegar fyrir Hvalfjörð, sem er nauðsynlegur hvort sem ferja er yfir fjörðinn eða ekki, ný Akraborg og síðan ferjur yfir Hvalfjörð rétt innan við Innra-Hólm, tilkoma þessara þátta hvers af öðrum og jafnhliða muni koma til leiðar mikilli umferð á þessari leið, svo mikilli að arðsemi brúar og þörf fyrir brú verði auðsönnuð og smíði brúar þá mjög gott fyrirtæki frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Að því er þessa till. til þál. varðar gefur það auðvitað auga leið, að fyrr eða síðar mun það samgöngumannvirki, sem þessi till. fjallar um, rísa. Hins vegar er spurt annars vegar um forgangsröðun verkefna í samgöngumálum og hins vegar tíma og fjármagn, þ. e. hvenær mannvirki af þessari tegund muni rísa og hvort önnur eigi ekki að koma á undan. Þetta þekkja menn hér á hv. Alþingi auðvitað allt saman mætavel. Hins vegar eru feikilega mörg rök sem hníga að hagkvæmni þessa mannvirkis. Bæði er mikill vaxtarbroddur í byggðunum fyrir norðan Hvalfjörð og svo hitt, að þarna liggur auðvitað lykilumferðaræð fyrir alla umferð héðan og vestur og norður um land.

En ástæðan fyrir því, að ég hef kvatt mér hljóðs um þessa till., er að velta upp þeim möguleika sem einu sinni var reyndur og það var í sambandi við Keflavíkurveginn svokallaða. Þegar hann var opnaður var lagður sérstakur skattur á þá sem um hann fóru. Það gjald, sem menn greiddu, var lægra en nam bensíni og sliti á ökutækjum. Um þetta voru feikilegar deilur á sínum tíma og niðurstaðan varð sú, að nokkrum árum síðar gafst löggjafinn upp fyrir þrýstingi og þetta gjald var afnumið. Síðan hefur þessi leið ekki verið farin og ekki gerð tillaga þar um. Ég held að álykta megi að það hafi verið meiri háttar mistök að hverfa frá þessari fjármögnunarleið á sinni tíð. Það má endurtaka að gjaldið var við það miðað, að það var hvernig sem á var litið sparnaður fyrir þá farþega og þá ökumenn sem hlut áttu að máli, en í annan stað má

leiða að því gild rök, að það hægir mjög á öllum framkvæmdum og framförum í svo brýnum málaflokki sem samgöngumál vitaskuld eru að beita ekki þessari aðferð.

Ég vil því leiða að því hugann og vekja athygli hv. þm. á því, að leið til að fara, þegar verið er að hyggja að mannvirki eins og því sem hér er gert að umræðuefni, er að fjármagna það með lántökum og greiða þær aftur með sköttum sem lagðir eru á þá sem þetta mannvirki nota. Þessi leið er auðvitað mjög víða farin erlendis. Nefndur hefur verið Noregur og nefnd Ítalía. Við erum að horfa á og huga að mannvirki af þessu tagi sem allir eru sammála um að muni rísa. Spurningin er hins vegar aðeins hvenær. Hve lengi á að bíða eftir því? Þá virðist ekki úr vegi og alla vega má undirstrika rækilega þá hugmynd að fjármagna það með tolli af þeim sem það nota. Það er ekki lítil upphæð. Hv. frsm. nefndi 300 þús. bíla sem fara um Hvalfjörð á ári hverju. Ef þessi fjármögnunarleið lætur slíkt mannvirki kannske rísa aldarfjórðungi fyrr en það mundi ella gera, — og hér erum við að tala um mannvirki á slíkum lykilstað í samgöngukerfinu sem allir vita og ekki aðeins fyrir byggðirnar við norðanverðan Hvalfjörð, heldur allt þar fyrir norðan, — ef tollheimta af þessu tagi, þó svo mönnum hafi þótt hún ósanngjörn á sínum tíma, flýtir slíkum mannvirkjum um aldarfjórðung, þá held ég a. m. k. að það sé mjög vel þess virði að velta því fyrir sér.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Því miður átti ég þess ekki kost að vera hér við framsögu hv. flm. þessarar þáltill. um athugun á gerð brúar yfir Hvalfjörð. Ég hygg að það hafi komið fram, bæði hjá honum og e. t. v. hjá þeim sem síðar töluðu, að till. svipaðs efnis var til umr. á liðnu þingi. Hún fjallaði að mínum dómi um þetta mál í víðari skilningi. Við gerðum ráð fyrir því, flm., allir þm. Vesturlands, að athugun yrði gerð á því, hverjar væru hagkvæmustu samgönguleiðir um Hvalfjörð. Þar voru tíndir til, eins og raunar hefur komið hér fram, fleiri þættir en hér er fjallað um. Við vildum frekar vinna að þessu máli þannig og vorum allir sammála um það, þm. Vesturlands, að slá engu föstu um það án undangenginnar athugunar, hverjar væru hagkvæmustu leiðir í þessum efnum. Þarna er um að ræða spurningar um fjármuni sem ætíð vakna þegar svona lagað er á döfinni, eins og í fjölmörgu öðru og raunar flestu þegar meiri háttar þjóðmál ber á góma.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þær framkvæmdir í vegamálum, sem unnar hafa verið í Hvalfirði, hafa verið framkvæmdar í ljósi nál. sem út kom 1972. Niðurstaðan varð þá sú með tilliti til fjölmargra þátta, sem raðað var saman, að hagkvæmasta framkvæmdin væri að leggja veg með bundnu slitlagi um Hvalfjörð. Síðan þá hefur verið unnið samkvæmt þessu nefndaráliti, eins og allir menn vita. Það vantar sáralítið á að vegurinn um Hvalfjörð sé allur lagður bundnu slitlagi. Þeir, sem best þekkja, vita að lúkning þeirra framkvæmda skilar e. t. v. hvað mestum arði í samgöngubótum á Íslandi. Ég vildi hafa þetta sem smáinngang.

Hins vegar er ég á því, og m. a. þess vegna tókum við okkur saman, þm. Vesturlands, á liðnu þingi að flytja till. sem fjallar um samgöngur um Hvalfjörð, að það þurfi eilíflega að halda þessu máli vakandi. Enda þótt stefnan hafi verið tekin upphaflega á að leggja veg bundnu slitlagi um Hvalfjörð má aldrei láta af endurskoðun þessa, ekki síst í ljósi þeirra raka og þeirra efnisþátta sem eru taldir upp í grg. með þáltill., þ. e. aukin byggð, aukin umferð, breyting kostnaðar með tilliti til umferðar o. s. frv. En einu megum við ekki gleyma, að framkvæmdakostnaður eykst líka samhliða auknum kostnaði vegna umferðarinnar. Orkukostnaður er undirrót mikilla kostnaðarhækkana vegna framkvæmda. Þessu megum við ekki gleyma.

Ég er engu að neita í þessu sambandi, en tel þó eðlilegra, þótt þessi till. sé hér komin fram, að sú till. sem á liðnu þingi var vísað til ríkisstj., — það voru nógu margir sem báru traust til að hún fylgdi till. eftir og sú athugun yrði gerð sem till. gerði ráð fyrir, — ég vil bíða og sjá til hvað sú tillaga leiðir af sér. Það má vel vera að við stöndum frammi fyrir því, að það sé skynsamlegra að byggja göng undir Hvalfjörðinn. Það veit enginn enn þá. Ég segi: byggja göng. Það má vel vera að sú samgönguleið verði ekki framkvæmd þannig að það verði grafin göng, heldur sökkt hólkum niður á hafsbotninn og síðan ekið í gegn. Ég vil ekkert um þetta fjölyrða nú. Þetta hefur ekki verið rannsakað nógsamlega. Mér þætti vænt um ef það yrði gert.

Hins vegar vil ég vera jákvæður og segja að ég fagna öllum till. sem eru í þá átt að halda slíkum málum vakandi. Ég held í raun og sannleika að þær séu af hinu góða, enda þótt till. sem þessi beri auðvitað auglýsingakeim. En það er allt gott um það að segja. Það er mjög nauðsynlegt ungum og vöskum mönnum, eins og mér og fleiri, að láta í sér heyra. Því veit ég að Guðmundur Vésteinsson er maður til þess að standa undir.

En mín lokaorð skulu vera þessi: Ég vænti þess, að það komi einhver niðurstaða vegna þeirrar till. sem við þm. Vesturl. vorum allir samstiga um að flytja á liðnu þingi. Ég teldi jafnvel eðlilegt að þessi till. yrði athuguð samhliða henni. Það má athuga þær í einu lagi vegna þess að brúin yfir Hvalfjörð er raunar aðeins einn liður þeirrar þál. Hins vegar skulum við minnast þess, að athugun eins og þessi till. gerir ráð fyrir, sem eingöngu fjallar um einn þáttinn, hygg ég að yrði dýrari að tiltölu. Ég held fyrir mitt leyti að það sé skynsamlegra að allir þættir samgönguleiðanna séu teknir með. Hins vegar skal ég játa að fallegasta samgönguleiðin, myndarlegasta, væri brú. Kannske ætti þjóðin að sameinast um það, eins og hún hefur gert um mörg myndarleg verkefni, að byggja þessa brú hvað sem hún kostaði. Kannske verður það einhvern tíma niðurstaðan. Ef ég er spámaður en ég ætla ekki að dæma um það, þá held ég að sé meiri framtíðarmúsík í þessari ágætu tillögu.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég ætlaði ekki að tefja þessa umr. mikið, en mér finnst það eiginlega furðudjarft að flytja svona till. í sambandi við þessa brúargerð. Það er upplýst að þetta sé nífalt áætlað verð Borgarfjarðarbrúar og Borgarfjarðarbrúin, ef ég man rétt, tífaldaðist í verði. Þetta er kannske rangt, en tölurnar eru víst sagðar svona. Þá vitum við hvað þessi brú muni kosta. Við úti á landsbyggðinni getum ekki verið sammála því að þannig sé farið með vegafé nema uppi sé eitthvað sérstakt verkefni. Við getum ekki verið sammála því að þannig sé farið með fé sem á að samtengja alla þjóðina, að það sé lagt í brú yfir einn fjörð í nágrenni mesta þéttbýlis landsins. Við verðum að andmæla því.

Ég lofaði forseta að tala stutt. — Nú vita allir að Borgarfjarðarbrúin er kölluð Halldóra. Nú langar mig til að vita hvað þessi brú á að heita.

Flm. (Guðmundur Vésteinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og tekið undir þá till. sem ég hef flutt.

Í sambandi við orð hv. síðasta ræðumanns, 4. þm. Austurl. vil ég aðeins leiðrétta það, að þær tölur, sem hann vitnaði til voru tölur úr skýrslu Hvalfjarðarnefndar sællar minningar. Þær hafa verið vefengdar og verið færð fram athyglisverð dæmi. Þau vekja spurningar og það mjög áleitnar spurningar um það, á hvaða grundvelli allt starf Hvalfjarðarnefndar hvað snertir undirbúning brúar og athugun í því efni var byggt. Eins og ég rakti í framsöguræðu minni var veikasti þátturinn í skýrslu Hvalfjarðarnefndar á sínum tíma einmitt brúarþátturinn. Það á sér kannske þær skýringar að hann útheimti auðvitað langítarlegastar og mestar og dýrastar rannsóknir ef ætti að gera honum viðhlítandi skil.

Bent hefur verið á það hér, að þm. Vesturlandskjördæmis hafi áður flutt till. um athugun á samgöngumálum um Hvalfjörð. Ég kannast við það og ég rakti einmitt í framsöguræðu minni dæmi um að þessi mál hafa verið lengi til meðferðar hér.

Í byggðunum norðan Hvalfjarðar hefur í sambandi við þetta mál verið bent á að líklegasta framtíðarlausnin á samgöngumálum Hvalfjarðar væri brú fremst yfir fjörðinn. Ég tel að slíkt mannvirki mundi hafa þá þjóðhagslega miklu þýðingu, að hv. Alþingi þurfi að láta það til sín taka. Hefur verið varpað fram mörgum spurningum í sambandi við það mál og bent á ýmis dæmi um slík brúarmannvirki annars staðar sem það hafi verið leyst á hagkvæman hátt. Ég tel að þessi dæmi séu þess eðlis og þessar spurningar að Alþingi sjálft verði að gera þær að sínum og beita sér fyrir því, að við þeim fáist viðhlítandi svör. Ég tel einmitt að nú sé tímabært að hv. Alþingi beiti sér fyrir því að fá þessi svör, og af því tilefni er umrædd þáltill. flutt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég hafði ekki aðstöðu til að hlusta á framsöguræðu fyrir þessari þáltill., en ég get tekið undir það, sem hér hefur komið fram, að að sjálfsögðu ber að fagna því, að menn hafa áhuga á að leiða svona stórmál inn á þennan vettvang og fá úr því skorið hvað hagstæðast er að gera í slíkum málum hér á landi.

Ég vil aðeins vitna í það vegna síðustu orða hv. framsögumanns, að Alþingi afgreiddi þetta mál 25. maí í fyrra með því að vísa till. þm. Vesturlands til ríkisstj. til meðferðar. Þar er gert ráð fyrir að fram verði látin fara ítarleg rannsókn á hinum ýmsu möguleikum sem gera verður ráð fyrir að eðlilegt sé að athuga í sambandi við heppilegasta samgöngustórvirki yfir eða um Hvalfjörð. Þetta er mjög stórt mál og ekki sama hvernig á verður haldið. Nútímatækni gefur sem betur fer mikla og margvíslega nýja möguleika á að skoða þessi mál og komast að niðurstöðu um hvað hagstæðast er.

Ég hef upplýsingar um að seinni hluta síðasta árs var þetta mál fært í þann búning, að Vegagerðin fékk málið til meðferðar. Þó ekki sé formlega búið að skipa sérstaka nefnd í málið frá hendi Vegagerðarinnar eða sérfræðinganefnd er mér kunnugt um að þegar hefur verið leitað til norskra sérfræðinga um álit á þessu máli að hluta. Þessi athugun er því þegar komin í gang.

Ég vildi aðeins ítreka hér að það er samhljóða skoðun okkar, sem eigum að vera í forsvari fyrir þetta kjördæmi um sinn, að við viljum láta skoða málið mjög ítarlega og rannsaka hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að standa að því framtíðarverkefni að byggja brú yfir Hvalfjörð eða fara aðra leið. Þetta er framtíðarverkefni og þetta er mál sem við megum ekki missa sjónar á. Það er alveg ástæðulaust fyrir menn að sýna einhverja vantrú á því, að hér sé ekki viðeigandi verkefni. Þetta er það sem við eigum að vera allir samtaka um að gera, hvar sem er á okkar landi. Um allt sem horfir til framfara, þó að það sé kannske í sumra augum langt frammi í framtíðinni, eigum við heils hugar að fylgjast að og fylgja fast fram.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131). — Ein umr.

Flm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. 19 þm. Sjálfstfl. flytja till til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju sem greint er frá á þskj. 131. Með þessum hætti vilja þm. Sjálfstfl. leggja áherslu á þessa leið til að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Auðlindir landsmanna felast í gróðurmætti landsins, fiskimiðunum umhverfis landið, orkulindum fallvatna og jarðvarma og síðast en ekki síst í fólkinu sjálfu sem landið byggir. Aukning atvinnu um land allt og bætt lífskjör þjóðarinnar velta á hagkvæmri nýtingu allra þessara auðlinda. Þrátt fyrir mikinn sjávarafla og hagstæð viðskiptakjör hefur tekið fyrir vöxt þjóðarframleiðslu og þjóðartekna á mann, sem er grundvöllur bættra lífskjara. Stöðnun lífskjara hefur þegar gert vart við sig í góðæri.

Verg þjóðarframleiðsla óx um 6% 1977 eða 5.2% á mann, en 1.2% 1981 eða 0.5% á mann. Spáð er að þjóðarframleiðslan á yfirstandandi ári minnki og þjóðartekjur sömuleiðis þar sem búist er við óbreyttum viðskiptakjörum. Ef litið er með sama hætti til þróunar þjóðartekna á sama tíma og áður er getið lítur myndin þannig út: Þjóðartekjur uxu um 9% 1977 eða 8.1% á mann, en 2% 1981 eða 0.7% á mann. Þar sem horfur eru á því, að þjóðartekjur minnki á yfirstandandi ári, en þjóðinni heldur áfram að fjölga, er ljóst að þjóðartekjur á mann rýrna verulega.

Af þeirri þróun þjóðarframleiðslu og þjóðartekna, sem hér hefur verið rakin, er ljóst að við Íslendingar höfum verið í vörn ef ekki beinu undanhaldi. Snúa verður vörn í sókn og koma í gang á ný kröftugum vexti þjóðarframleiðslu.

Til eru þeir menn sem skella skollaeyrum við nauðsyn hagvaxtar og tala jafnvel lítilsvirðandi um lífsgæðakapphlaup í því sambandi. En þetta eru gjarnan þeir sömu og gerast mestu kröfugerðarmenn í þjóðfélaginu ef því er að skipta. Staðreyndin er sú, að við verðum að sjá 2000 manns fyrir nýjum störfum, verðugum verkefnum á hverju ári ef hér á ekki að verða atvinnuleysi. Við verðum og að mæta eðlilegum kröfum launþega um aukinn kaupmátt launa, hærri rauntekjur. Okkur hér á Alþingi og þeim, sem starfa í sveitarstjórnum landsins, ætti að vera ljóst að nauðsynleg þjónusta, samfélagsleg þjónusta ríkis og sveitarfélaga við borgarana krefst fjármuna. Aukinn hagvöxtur, aukin þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur eru forsendur þess, að við getum leyst þessi verk-

efni á viðunandi hátt.

Mörg og mikilvæg verkefni blasa vissulega við í landbúnaði. Þar ber að skapa skilyrði fyrir nýjum búgreinum og leitast við að bæta afkomu og framleiðni hinna eldri í framhaldi af þeim árangri sem náðst hefur. En ljóst er að beitarþoli landsins eru takmörk sett og viðunandi markaður fyrir helstu landbúnaðarframleiðslu okkar erlendis er ekki í sjónmáli.

Sjávarútvegur hefur verið okkur Íslendingum sá undirstöðuatvinnuvegur sem atvinnulífið í heild sinni hvílir á og fært hefur okkur þær framfarir og lífskjör á þessari öld sem líkja má við iðnríki nútímans. Tæknibylting í sjávarútvegi með tilkomu sífellt fullkomnari togara og fiskiskipa, fiskleitartækja og veiðarfæra samhliða stóriðju í fiskvinnslu og sölustarfsemi hefur fram á síðustu ár verið vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs. En allt hefði þetta dugað skammt ef fiskveiðilögsagan hefði ekki verið færð út í 200 mílur 1975 og fullur sigur unnist í þeirri baráttu.

Þorskafli landsmanna var t. d. 265 þús. tonn 1975, en 457 þús. tonn 1981, og nú hefur hámarksafli á yfirstandandi ári verið ákveðinn 450 þús. tonn. Botnfiskafli landsmanna í heild var þessi sömu ár sem hér segir: 428 þús. tonn 1975, en 714 þús. tonn 1981. Þessu til viðbótar má nefna að loðnuaflinn var um 500 þús. tonn 1975, en frá 640 þús. tonnum 1981 til 963 þús. tonna 1979. Við hljótum að hugleiða hvar við værum staddir Íslendingar án þessarar aflaaukningar, hvert væri atvinnuöryggið og hver væru lífskjörin ef þessarar aflaaukningar hefði ekki notið við. Bæta má því við reyndar, að það er hörmulegt til að vita að svo illa hefur verið haldið á stjórn landsins síðustu 3—4 vinstristjórnarár, að þrátt fyrir aflaaukningu stöðvast vöxtur þjóðarframleiðslu og aukið aflaverðmæti nýtist ekki í baráttunni gegn verðbólgunni.

Sem sagt, fyrir útfærslu 200 mílna fiskveiðilögsögunnar féll nær helmingur af botnfiskaflanum til útlendinga. En nú eins og þá stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að fiskstofnar eru fullnýttir ef ekki ofnýttir, eins og loðnustofninn þar sem veiðibann hefur í raun verið sett á.

Þótt mörg verkefni séu vafalaust fyrir hendi í sjávarútvegi og hann taki jafnvel við auknum mannafla verður hann ekki sá vaxtarbroddur atvinnulífsins sem hann hefur verið á þessari öld og við þurfum á að halda í framtíðinni. Sjávarútvegurinn mun vissulega verða áfram meginstoð ativnnulífsins um langa framtíð, en við þurfum að fá aðrar stoðir við hlið hans. Og þá er komið að þriðju auðlind okkar Íslendinga, hagnýtingu orkulinda landsins.

Það er gæfa þjóðarinnar að eiga þess kost að nýta nýjar auðlindir þegar á þarf að halda, orkulindir vatnsorku og jarðhita. Þær geta orðið í sífellt ríkara mæli í framtíðinni undirstaða almenns iðnaðar og stóriðju til útflutnings. Á vegum Orkustofnunar hafa nýlega verið birtar nýjar áætlanir um vatnsorku landsins. Leiða þær í ljós verulega meiri virkjunarmöguleika en áður hefur verið reiknað með. Samkvæmt þeim nemur tæknilega virkjanleg vatnsorka um 64 þús. gwst. Af því er hagkvæm vatnsorka miðað við núverandi eldsneytisverð yfir 40 þús. gwst. en nú er virkjaður innan við 1/10 hluti þess. Til viðbótar öllu þessu kemur orkan í jarðvarmanum. Af miklu er því að taka. Og orkulindir okkar eyðast ekki eins og olíulindir en halda áfram að mala komandi kynslóðum gull í mund þótt orkan hafi að sjálfsögðu sín mörk eins og annað.

Á síðasta þingi lögðu sjálfstæðismenn fram frv. til l. um ný orkuver. Í grg. þeirri, sem fylgir þessari þáltill. er ég mæli fyrir, segir svo um það frv.:

„Í þessu frv. sjálfstæðismanna um ný orkuver var kveðið á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert var ráð fyrir að heildaráætlun um tiltekin verkefni sem að yrði stefnt að lokið yrði á einum áratug. Hér var um að ræða stærsta átakið sem enn hafði verið gert til að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Þannig hefði verið tryggt að fullnægt hefði verið þörfum hins almenna notanda. Með þessari aukningu vatnsvirkjana hefði innflutt olía verið að fullu leyst af hólmi, bæði til húshitunar og raforkuframleiðslu. Slíkar orkuframkvæmdir hefðu getað skapað möguleika á nýtingu raforku til að framleiða nýja orkugjafa í stað þeirra sem við nú flytjum inn, svo sem til rekstrar skipa og bifreiða. Það hefðu getað skapast möguleikar til að nota rafmagn beint til að knýja samgöngutæki. Það hefði verið séð fyrir nægri raforku til stóraukinnar iðnvæðingar, sbr. till. til þál. um iðnaðarstefnu sem sjálfstæðismenn hafa lagt fram á þessu þingi. Okruframkvæmdir þær, sem hér um ræddi, hefðu lagt grundvöll að stóraukinni iðnvæðingu og stóriðju og gjaldeyrisöflun í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Slíkar framkvæmdir hefðu verið besta tryggingin fyrir bættum lífskjörum og atvinnuöryggi landsmanna. Stóraukin hagnýting orkulinda landsins hlýtur að hafa verið hið rétta andsvar við þverrandi orkulindum í heiminum og hækkandi orkuverði.

Framkvæmdir þær, sem frv. þetta fól í sér, voru raforkuver allt að 330 mw. í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 mw. í Blöndu, raforkuver allt að 130 mw. við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar allt að 70 mw. Þessar framkvæmdir námu samtals 710 mw. og er það 104% aukning frá uppsettu afli í núverandi vatnsaflsvirkjunum sem eru alls um 680 mw.

Frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver náði ekki fram að ganga. Hins vegar lagði ríkisstj. fram á síðasta þingi frv. til l. um raforkuver. Frv. þetta var samþykkt sem lög frá Alþingi. Lög þessi heimila þær virkjanir sem um var að ræða í frv. okkar sjálfstæðismanna. En sá galli var á gjöf Njarðar, að ríkisstj. aðhafðist ekkert í stóriðjumálunum til þess að skapa grundvöll fyrir þeim stórvirkjunum sem hér er um að ræða. Lögin frá síðasta þingi um raforkuver eru því algerlega óraunhæf, ef reisa ætti á 10 árum eða svo þær stórvirkjanir sem lögin fjalla um. Að svo miklu leyti sem lögin marka nokkra stefnu er þar tekinn versti kosturinn. Þar er ekki um að ræða framkvæmdir, sem eru einungis miðaðar við almennar þarfir heimilisnotkunar, húshitunar og almenns iðnaðar. Þar er ekki heldur gert ráð fyrir stóriðju sem er grundvöllur að stórátaki í virkjunarmálunum. Valinn er versti kosturinn, stórvirkjanir án nauðsynlegs orkumarkaðar, sem stóriðjan ein getur skapað. Slík stefna — eða réttara sagt stefnuleysi — leiðir til sjálfheldu í orkumálum þjóðarinnar."

Till. sú til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem ríkisstj. ber fram á þessu þingi og er raunar einnig á dagskrá þessa fundar, er síður en svo líkleg til að brotist verði út úr þeirri sjálfheldu sem um var rætt. Sannleikurinn er sá, að lítið þýðir að tala digurbarkalega um virkjun fallvatna ef enginn markaður er fyrir framleiðslu hinna nýju orkuvera. Haft er fyrir satt að raforkuframleiðsla landsins að aflokinni Hrauneyjafossvirkjun nægi til að fullnægja eftirspurn til almenns iðnaðar, heimilisnota og þeirrar stóriðju sem fyrir er í

landinu jafnvel allt til loka þessa áratugar. Og ljóst er að næstu árin renna verðmæti ónotuð til sjávar er nemur um 80 millj. kr. árlega vegna þess að engin fyrirhyggja hefur undanfarin ár verið sýnd til að stækka orkumarkaðinn. Forsenda þess, að orkulindir landsins séu nýttar, er að stóriðja, orkufrekur iðnaður sé efldur í landinu. Fyrirhyggjuleysi stjórnvalda í stóriðjumálum sýnir best að hugur fylgir ekki máli í tillöguflutningi um byggingu nýrra orkuvera.

Í 2. tölul. þáltill. okkar sjálfstæðismanna, sem hér er til umr., er gert ráð fyrir að stefnt verði að því að koma á fót 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og staðhættir og aðrar aðstæður henta, enda sé hægt að flytja þangað nægilega orku á hagkvæman og öruggan hátt. Auk þess skal stefnt að því, að stóriðjuverin, sem fyrir eru í landinu, verði stækkuð sem fyrst. Við Íslendingar höfum nú þegar nokkra reynslu af stóriðju sem komið hefur verið á fyrst og fremst fyrir forgöngu Sjálfstfl., en gegn andstöðu einkum Alþb.

Hrakspár andstæðinga stóriðju, eins og Alþb., hafa ekki ræst. Stóriðjan átti að vera láglaunaatvinnugrein, en hefur reynst greiða starfsmönnum sínum hærri laun en flestar aðrar atvinnugreinar í landinu. Stóriðjan átti að verða mengunarvaldur, en reynslan hefur sýnt bæði í Straumsvík og á Grundartanga að fullnægjandi varnarráðstafanir er unnt að gera á því sviði. Þótt stóriðjufyrirtæki greiði nú lægra orkuverð en skyldi vegna stórhækkaðs orkuverðs á heimsmarkaði, þá er staðreynd að tekjur af orkusölu til ÍSALs borga alla Búrfellsvirkjun, miðlunarframkvæmdir í Þórisvatni, línur til borgarinnar og varastöð í Straumsvík á 20 árum. Án álversins hefði ekki verið unnt að ráðast í Búrfellsvirkjun og almenningur þurft að sæta hærra rafmagnsverði.

Við Íslendingar eigum nú að hafa betri skilyrði til að efla stóriðju hér á landi en áður. Við höfum öðlast ómetanlega reynslu í byggingu og starfrækslu virkjana og stóriðjuvera. *Við höfum tollfrjálsan aðgang að Evrópu*markaði Efnahagsbandalagsins og EFTA fyrir afurðir orkufreks iðnaðar. Samkeppnisaðstaða okkar í orkufrekum iðnaði á að hafa batnað með hækkandi orkuverði erlendis, sem hefur leitt til samdráttar í orkufrekum iðnaði þar, eins og t. d. í Evrópu og Japan. Við dyljum okkur hins vegar ekki þess, að verð á áli og járnblendi á heimsmarkaði er lágt um þessar mundir og afkoma bæði ÍSALs og Íslenska járnblendifélagsins á síðasta ári afar slæm. En við hljótum að líta á þessa erfiðleika sem tímabundna. Við þekkjum vel sveiflur í afurðaverði og raunar aflabrögðum sjávarútvegs og höfum ekki gefist upp í þeim atvinnuvegi þótt um tímabundna erfiðleika sé að ræða. Núverandi erfiðleikar í orkufrekum iðnaði minna okkur hins vegar á að fara með allri gát í eignaraðild að þessum fyrirtækjum. Það hefur verið og er stefna Sjálfstfl., að orkuverin sjálf séu eign Íslendinga, en það fari eftir mati hverju sinni hvort og að hve miklu leyti landsmenn stefni að eignaraðild að stjóriðjufyrirtækjum. Í grg. *þáltill.* er komist svo að orði: „*En rétt er að stefna* að því með samningum, að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því sem tímar líða og möguleikar eru fyrir hendi.“

Þótt allir telji sig sammála um að orkuverin sjálf séu algerlega eign Íslendinga, þá kemur fram að hugur fylgir ekki máli hjá núv. ríkisstj. Það var stefna viðreisnarstjórnar og ríkisstjórnarinnar 1974—1978 að fjármagna ný orkuver að 1/4 eða allt að 1/3 með eigin fé, auk þess sem dreifikerfi í þéttbýli væru helst að öllu leyti fjármögnuð með eigin fé. Núv. ríkisstj. hefur hins vegar stefnt málum í það horf, að nú verður að fjármagna byggingu nýrra orkuvera að öllu leyti með erlendum lántökum, og það sem meira og verra er: erlend lán verður að taka til að mæta rekstrarhalla Landsvirkjunar. Rafmagnsveitu Reykjavíkur er einnig vísað á erlendar lántökur, að ég nefni ekki Hitaveituna, en Rafmagnsveitan þyrfti 25% hækkun rafmagnsverðs og síðan hækkanir í samræmi við verðbólgu, og ef komast á hjá erlendri skuldaaukningu fyrirtækisins sem hækkar rafmagnsverð enn meira í framtíðinni en hækkunarþörfin í dag ber.

Rétt er að gera sér fulla grein fyrir, hve fjármagnsfrek stóriðja eins og álbræðsla er, þegar rætt er um eignaraðild okkar að stóriðjufyrirtækjum. Fyrsti áfangi nýrrar álbræðslu, sem yðri á stærð við verksmiðjuna í Straumsvík, ásamt tilheyrandi virkjun, höfn og annarri nauðsynlegri aðstöðu mundi kosta nálægt því sem nemur öllum erlendum skuldum landsins í dag, en þær nema um einum milljarði dollara. Slíkur áfangi er ekki nægilegur. Síðan kæmi annar áfangi auk annarra verksmiðja, svo að hver maður ætti að sjá hvað er raunsætt í þessum málum að því er varðar meirihlutaeign Íslendinga t. d. í álbræðslum nú í bráð, ef nægilega hratt á að nýta orkulindir landsmanna til að bæta lífskjörin í landinu.

Ég nefni ekki þá fjarstæðu að ætla að seilast í eignaraðild í núverandi álbræðslu í Straumsvík án þess að um nokkra framleiðsluaukningu og verðmætaaukningu sé að ræða er gæti staðið undir afborgunum og vöxtum af þeim lánum sem við þyrftum að taka til þess að öðlast slíka eignaraðild. Meirihlutaeign Íslendinga í orkufrekum stóriðjufyrirtækjum er ekki heldur skilyrði þess, að Íslendingar haldi forræði sínu í eigin atvinnulífi, þótt að slíkri meirihlutaeign beri að stefna í framtíðinni, eins og ég hef áður greint frá.

Í till. okkar til þál. er þess vegna komist svo að orði í 3. lið till.: „*Við uppbyggingu stóriðju verði haft samstarf* við innlend og erlend fyrirtæki, sem hafa yfir að ráða nauðsynlegri tækniþekkingu, markaðsstöðu og fjármagni. Í samstarfssamningum við þau og samningum um eignaraðild að stóriðjuverum skal fara eftir eðli hvers máls og aðstæðum á hverjum tíma. Í öllum slíkum samningum skal að því stefnt, að innlendir aðilar, sem þess óska, geti þegar í upphafi átt hlut í stóriðjufyrirtækjum og geti, þegar fram líða stundir, keypt hlut hinna erlendu aðila í þeim.“

Ég skal aðeins til viðbótar ítreka nauðsyn þess að skapa skilyrði fyrir því, að innlendir aðilar, hlutafélög, samvinnufélög og einstaklingar, geti tekið þátt í stóriðjufyrirtækjum, en til þess þarf að skattleggja hlutabréfaeign eins og annan sparnað eða með sama hætti þarf að hafa skattlagningarreglur á hlutabréf og annan sparnað til þess að gera landsmönnum kleift að taka þátt í áhættusömum atvinnurekstri sem kemur öllum til góða.

Við sjálfstæðismenn fluttum á síðasta þingi till. til þál. *um stefnumótun í stóriðjumálum. Sú till.* var svipuð þeirri sem nú er flutt, byggð í höfuðatriðum á sömu forsendum: að skapa grundvöll fyrir hagnýtingu orkulinda landsins. Í till. okkar nú er einnig lagt til, að skipuð verði stóriðjunefnd, og svofelld grein gerð fyrir því:

„Sett skuli á stofn nefnd, sem vinni að hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju, svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Gert er ráð

fyrir að nefndina skipi sjö menn, kjörnir hlutfallskosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn. Skal nefndin skipta með sér verkum. Stóriðjunefnd, sem var fyrrum, var skipuð af iðnrh. til óákveðins tíma. Örlög og hlutverk þeirrar nefndar voru komin undir ráðh. og með ákvörðun ráðh. var hún lögð niður. En í till. þessari er farið inn á nýjar brautir. Í fyrsta lagi er Alþingi ætlað að kjósa nefndina, svo að tilvera hennar sé ekki komin undir duttlungum ráðh. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hér verði um fastanefnd að ræða, þar sem verkefni hennar hljóta að vera varanleg í mörg ár eða áratugi.

Verkefni það, sem nefndinni er ætlað, er bæði víðtækt og vandasamt. Nefndin á að gera tillögur um stóriðjuframkvæmdir, en slíkar tillögur hljóta að byggjast á margháttuðum athugunum og rannsóknum.

Þegar velja á verkefni í stóriðjuframkvæmdum er undirstöðuatriði að rannsökuð sé hagkvæmni hinna ýmsu framleiðslugreina sem til álita koma. Hér hljóta að koma til athugunar margþætt atriði og margslungin. Margt er það sem ræður hagkvæmni hinna einstöku framleiðslugreina. Er þar helst til að taka orkuverð, flutningskostnað og markaðsmöguleika. Stóriðjumöguleikar eru raunar algerlega háðir því, að reistar verði nægilega margar og stórar virkjanir á næstu árum og áratugum. Hér er um að ræða bæði virkjun fallvatna og jarðvarma eftir því sem nauðsyn krefur og hagkvæmt þykir. Með tilliti til staðsetningar nýrra stóriðjuvera hljóta að ráðast forgangsverkefni við undirbúning nýrra orkuvera, orkuveitna og annarra nauðsynlegra mannvirkja.

Stóriðjunefnd er ætlað að eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl."

Síðar í greinargerðinni segir:

„Í till. er stóriðjunefnd veitt heimild til að hafa samstarf eftir því sem þörf krefur, við hvern þann aðila sem hefur sérþekkingu á málum er varða störf hennar. Í þessu sambandi eru tiltekin stjórnvöld, stofnanir orkukerfisins, umhverfismála, efnahags- og fjármála svo og rannsóknastofnanir. Tekið er og fram að opinberum aðilum sé skylt að veita nefndinni hverjar þær upplýsingar sem hún óskar. Þetta leiðir af því, að stóriðjunefnd er ekki ætlað að stunda rannsókna- og þróunarstarfsemi á sviði iðnaðar og orkumála heldur byggja á því starfi sem unnið er af stofnunum og fyrirtækjum sem fyrir eru í landinu.

Þó að ekki sé ætlunin að koma upp sérstöku bákni fyrir stóriðjunefnd og starfsemi hennar, er augljóst að störf á vegum nefndarinnar verði ekki unnin einungis í hjástundavinnu. Þess vegna þykir nauðsynlegt að stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Er gert ráð fyrir þessu í þáltill. svo og að framkvæmdastjóri ráði aðra starfsmenn, sem þörf er á, að fengnu samþykki nefndarinnar.

Það liggur í hlutarins eðli, að kostnaður af starfi stóriðjunefndar greiðist úr ríkissjóði og enn fremur að stóriðjunefnd skuli skila árlega skýrslu til Alþingis um störf sín. Till. gerir ráð fyrir þessu hvoru tveggja.

Jafnframt því sem tillagan kveður á um tilgang, skipan og hlutverk stóriðjunefndarinnar eru verkefni nefndarinnar á næstu árum tiltekin sérstaklega. Kveðið er svo á, að stóriðjunefnd skuli vinna að því að á fót verði komið a. m. k. 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum, á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og henta þykir, m. a. með tilliti til þeirra virkjana sem reisa þarf til að sjá þeim fyrir orku. Hér er kveðið á um framkvæmdahraða, sem tekur mið af atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlunum."

Þess má geta, að í till. þeirri til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, er ríkisstj. flytur, er í grg. birt skýrsla svonefndrar orkustefnunefndar, ef ég man rétt, en sú skýrsla gefur ekki mikil eða góð fyrirheit um árangur af starfi þeirrar nefndar. Eftir að fyrri stóriðjunefnd var lögð niður af iðnrh. og ekkert hafði í raun verið aðhafst til þess að skapa skilyrði fyrir nýjum orkuframkvæmdum, þ. e. stóriðjufyrirtækjum, var þessi orkunefnd skipuð. Hún er eingöngu skipuð fulltrúum þeirra aðila sem að ríkisstj. standa, en í till. okkar sjálfstæðismanna er gert ráð fyrir að stóriðjunefnd, sem till. fjallar m. a. um, verði kosin með hlutfallskosningu hér á Alþingi. Og það er gert ráð fyrir ákveðnum tengslum milli nefndarinnar og Alþingis, þannig að alþm. séu á hverjum tíma kunnugir störfum slíkrar nefndar og geti þess vegna fylgst með og haft áhrif á þá stefnu sem uppi er höfð hverju sinni í stóriðjumálum. Það gefur að skilja, að þegar mál koma til kasta Alþingis á þessu sviði er það betur í stakk búið til þess að fjalla um málin þegar þannig er háttað málum, en ekki, eins og nú er háttur hafður á, að halda þessum málum innan vébanda iðnrn. og láta þingmönnum í té aðeins mjög yfirborðslegar upplýsingar, eins og fram kemur í þeirri greinargerð um orkunýtingu sem svokölluð orkustefnunefnd hæstv. iðnrh. lætur frá sér fara.

Það er enginn vafi að almennur skilningur er vaxandi á mikilvægi orkufreks iðnaðar til þess að auka atvinnu og bæta lífskjör. Benda má á fjölmargar samþykktir sem hníga í þá átt, m. a. frá sveitarstjórnarmönnum víða um land. Hér vil ég sérstaklega vitna til samþykktar svokallaðrar 54 manna nefndar Alþýðusambands Íslands 31. ágúst s. l. þar sem komist er svo að orði:

„Aukinn hagvöxtur, sem staðið getur undir efnalegri framþróun, er ein helsta forsenda verðbólguhjöðnunar og aukins kaupmáttar. Skipuleggja verður sókn til bættra lífskjara í landinu svo að við Íslendingar stöndum jafnfætis grannþjóðum okkar hvað lífskjör varðar og að atvinnuvegirnir verði samkeppnisfærir við atvinnuvegi annarra landa um íslenskt vinnuafl. Samtímis því, sem tækifæri eru nýtt til framleiðsluaukningar í hinum hefðbundnu greinum, er höfuðnauðsyn að stjórnvöld vindi bráðan bug að nýsköpun atvinnulífs, sem byggi á orku fallvatna og jarðvarma. Tryggja verður stöðugleika og eyða óvissu í atvinnumálum með því að hafa jafnan á reiðum höndum áætlanir um arðbærar vinnuaflskrefjandi framkvæmdir."

27. okt. s. l. samþykkti svokölluð 72 manna nefnd Alþýðusambands Íslands eftirfarandi lið sem kröfugerð varðandi atvinnumál:

„Teknar verði upp viðræður við ríkisstj. um öfluga uppbyggingu atvinnulífsins, þar sem m. a. verði knúið á um ákvarðanir og framtíðarstefnumótun varðandi orkufrekan iðnað."

Hér er um eðlilegan þátt í kröfugerð stærstu launþegasamtakanna í landinu að ræða. Ekkert skiptir eins sköpum um kjör launþega í landinu og hagnýting orkulinda landsins. Uppbygging orkuvera getur orðið

undirstaða atvinnuaukningar um land allt. Þótt stóriðjufyrirtækin séu nú aðallega við Faxaflóa eiga þau góð framtíðarskilyrði á Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi og víðar. Það er óhjákvæmilegt að minna á að samkv. stefnuskrá Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar hefði stækkun Búrfellsvirkjunar, stífla við Sultartanga, stækkun álbræðslunnar við Straumsvík sennilega allt verið tekið í notkun á næsta ári, ásamt hærra raforkuverði til ÍSALs, án þess að það ylli neinni töf á virkjunum í öðrum landsfjórðungum. Þvert á móti hefðum við byggt á traustari grundvelli í frekari framkvæmdum orkuvera og stóriðjufyrirtækja ef stefna Sjálfstfl. hefði komist í framkvæmd. En þess í stað hefur hin dauða hönd Alþb. stöðvað allar aðgerðir og þróun mála.

Forsaga Alþb. er líka sú að beita sér á móti stóriðju og stórvirkjunum. Alþb. var á móti byggingu álbræðslunnar í upphafi og þar með í reynd á móti Búrfellsvirkjun. Alþb. snerist á móti járnblendiverksmiðjunni þótt iðnrh. þess, Magnús heitinn Kjartansson, tæki málið á tímabili upp á sína arma og hlyti litla þökk flokkssystkina sinna fyrir. Alþb. var á móti inngöngu í EFTA og tregðaðist við að gerður væri tollasamningur við Efnahagsbandalagið, en hvort tveggja eru forsendur arðbærrar stóriðju á Íslandi. Alþb. leitaðist við að fresta fyrsta áfanga Hrauneyjafossvirkjunar, sbr. bréf Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. til Landsvirkjunar þar að lútandi.

Alþb. situr enn við sama heygarðshornið þótt það hafi breytt um starfsaðferðir. Alþb. gerir sér ljóst að ekki er lengur stætt á því að vera beint á móti stóriðju og virkjunum vegna vaxandi almenns skilnings á nauðsyn þess að hagnýta orkulindir landsins til stóriðju svo og vegna krafna verkalýðshreyfingarinnar í þessu efni. En í stað þess að vera í beinni andstöðu er beitt öðrum aðferðum til að stöðva málin. Iðnrh. dregur mál á langinn og drepur þeim á dreif í óteljandi starfshópum sem hver um sig veit ekki sitt rjúkandi ráð. Iðnrh. sjálfan skortir alla yfirsýn, hvað þá ákvarðanatöku. Iðnrh. spillir fyrir endurskoðun samningsins við ÍSAL um stækkun álversins og endurskoðun raforkuverðs, sbr. meðferð hans á súrálsmálinu, og gerir allt sem í hans valdi stendur til þess að gera samstarf við erlenda aðila tortryggilegt og fæla þá frá slíku samstarfi við Íslendinga í lífshagsmunamáli þjóðarinnar. Alþb. hvorki vill né þorir að grípa ný tækifæri til atvinnuuppbyggingar, þegar þau gefast, og lýsir það best römmu afturhaldi sem raunar einkennir kommúnista almennt hvar sem er.

Herra forseti. Við Íslendingar erum á vegamótum í atvinnumálum. Gróður landsins og fiskimiðin geta ekki ein verið áfram sá vaxtarbroddur í atvinnulífinu sem saga okkar sýnir. Hagnýting orkulinda landsins, stóriðja og almennur iðnaður verða nú að taka við sem vaxtarbroddur til að tryggja atvinnu og bætt lífskjör og skapa skilyrði fyrir því, að mesta og dýrmætasta auðlind landsins fái notið sín: atgervi og framtak fólksins sem landið byggir. Við verðum að hugsa fram í tímann. Nú verða alþm. að sýna stórhug og framsýni í atvinnumálum. Mikið veltur á því, að stjórnmálaflokkar og Alþingi fari að taka ákvarðanir og bregðist ekki skyldum sínum við þjóðina.

Herra forseti. Ég legg til að þáltill. þessari verði vísað til nefndar að lokinni þessari umr., en það mun væntanlega vera atvmn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það kemur fram við flutning þessarar þáltill., sem er efnislega hin sama og hluti af Sjálfstfl. flutti á síðasta þingi, að sá hópur hefur ekkert lært á þeim tíma, sem síðan er liðinn, og hefur ekki bætt neinu við sig í sambandi við stefnumörkun í þeim mikilvægu málum sem varða hagnýtingu orkulinda landsins.

Hv. 1. flm. þessarar till., 1. þm. Reykv., heldur því fram í máli sínu, að núv. ríkisstj. og iðnrn. og þeir, sem þar hafa völd, vinni gegn því, að hægt sé að ráðast í hagnýtingu á þeirri miklu auðlind Íslendinga sem orkulindirnar eru. Hv. 1. þm. Reykv. skiptir engu hvað gert er í þessum efnum. Hann endurtekur hér sömu fullyrðingar og á síðasta ári og dásamar stefnu Sjálfstfl. á liðnum árum og áratugum í sambandi við stóriðjumál, þrátt fyrir þær staðreyndir sem fyrir liggja í þeim efnum og alþjóð eru kunnar.

Ég vil aðeins í upphafi rifja upp fyrir hv. 1. þm. Reykv. hver er stefna núv. ríkisstj. í sambandi við uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar í landinu, þ. á m. orkufreks iðnaðar. Í stjórnarsáttmála segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkið stuðli að uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar, er m. a. byggi á innlendri orku og hráefnum, enda verði slíkur nýiðnaður og frekari stóriðja á vegum landsmanna sjálfra."

Í fyrirliggjandi þáltill. ríkisstj. um iðnaðarstefnu er þetta markmið orðað með svofelldum hætti, með leyfi hæstv. forseta: „Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og efla innlenda aðila til forustu á því sviði. Orkufrekur iðnaður verði þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu og jafnframt verði lögð áhersla á úrvinnsluiðnað í tengslum við hann."

Grein hefur verið gerð fyrir vinnu á vegum ríkisstj. að þessum málum á síðasta þingi og á núverandi þingi. Á síðasta þingi fylgdi greinargerð um vinnu og stefnumörkun ríkisstj. í sambandi við hagnýtingu orkulindanna frv. um raforkuver sem lagt var fram síðla á síðasta þingi og samþykkt fyrir þinglok. Þar var dregin upp meginstefna af hálfu ríkisstj. í þessum efnum jafnframt því sem teknar voru ákvarðanir í sambandi við næstu stórvirkjanir í landinu, aflað heimilda Alþingis til stórátaka á því sviði. Nú hefur einnig verið lögð fram hér á þinginu í sambandi við tillögu um röðun virkjana, sem aflað var heimilda fyrir á s. l. vori, greinargerð varðandi undirbúningavinnu að hagnýtingu orkulindanna eftir þeim stefnumiðum og markmiðum sem ríkisstj. hefur sett sér. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir verulegri nýtingu á raforku í landinu í tengslum við næstu stórvirkjanir, eftir því sem hagkvæmir og hagstæðir orkunýtingarmöguleikar eru undirbúnir og liggja fyrir. Þar hefur verið gert ráð fyrir því sem eðlilegu markmiði, að unnt sé að tvöfalda orkufrekan iðnað í landinu á næstu 10 árum eða svo, en auðvitað eru settir skýrir fyrirvarar um það, að þetta byggist á því að vænlegt sé að ráðast í þungaiðnað í auknum mæli, að það finnist arðbærir iðnaðarkostir.

Ég tek það fram, að ég er ekki í nokkrum vafa um að staða okkar Íslendinga til þess að hagnýta okkur orkulindirnar í atvinnurekstrarskyni af eigin rammleik og fyrir eigin frumkvæði er fyrir hendi. Samkeppnisaðstaða okkar í þeim efnum á að vera tiltölulega sterk. Það getur hins vegar ekki þýtt það, að við rösum um ráð fram í þessum efnum. Við þurfum að sjálfsögðu í sambandi við þá miklu fjárfestingu, sem þarna er um að ræða, að vanda

vel allan undirbúning og ganga fram af gætni. Þar er sá hallarekstur sem komið hefur fram á stóriðjufyrirtækjum í landinu að undanförnu vissulega víti til að varast. Það er ákveðin aðvörun í sambandi við iðnað af þessu tagi, en það á ekki að hrekja okkur frá því markmiði að hafa tögl og hagldir í þessum þætti atvinnurekstrar í landinu nú og framvegis, eins og skilja mátti af málflutningi hv. 1. flm. hér áðan sem einmitt vildi draga þetta atriði fram til stuðnings þeirri erlendu stóriðjustefnu sem hann og meðflm. hans standa hér enn fyrir.

Ríkisstj. hefur sett fram það markmið í sambandi við hagnýtingu orkulindanna til atvinnurekstrar að jafna orkureikning landsmanna það sem eftir er af öldinni, þ. e. að ná því marki, að við öflum jafnmikilla gjaldeyristekna fyrir afurðir orkufreks iðnaðar eins og við þurfum að greiða fyrir innflutta orku til landsins. Líkur eru á því, að við getum náð hlutfalli innfluttrar orku niður í 33% eða 1/3 af heildarorkunotkun, en það er sú orka sem fer til að knýja bifreiðar landsmanna, þ. e. samgöngutæki á landi og vélar og fiskveiðiflotann. En ástæðulaust er að fullyrða að ekki sé hægt að ná lengra. Það fer vissulega eftir þróun á verði olíu á alþjóðamarkaði hvenær hagkvæmt reynist að framleiða innlenda orkugjafa, innlent eldsneyti í krafti eigin orkulinda. Það er einnig markmið sem horft er til.

Ríkisstj. hefur sett fram stefnu um það, hvernig að uppbyggingu orkufreks iðnaðar skuli unnið. Þar er undirstrikað að þó að við Íslendingar eigum samvinnu við erlenda aðila um vissa þætti beri að tryggja virkt forræði okkar yfir þessum þætti atvinnulífsins. Eignarhaldið er þar vissulega mikilvægt, meirihlutaeign á fyrirtækjunum, en það er engan veginn einhlítt. Þar þurfa að koma til aðrir þættir til þess að við höfum í reynd vald á þessum atvinnurekstri, bæði varðandi hráefnaöflun og markaðsmál. Hefur verið gert mikið átak til að undirbúa framgang þessara stefnumiða. Má rifja það hér upp, að varið hefur verið mjög auknu fjármagni í þessu skyni. Það er alveg ljóst að við komumst ekki áfram með innlenda atvinnustefnu á þessu sviði nema kosta þar nokkru til, enda hefur Alþingi veitt aukið fjármagn, margfaldar upphæðir frá því sem áður var í þessu skyni á undanförnum árum. Fjárveitingar til athugunar á orkufrekum iðnaði voru t. d. tífaldaðar milli áranna 1980 og 1981 og enn aukið við á fjárlögum yfirstandandi árs.

Sú vinna, sem iðnrn. hefur staðið fyrir með aðstoð innlendra stofnana og fyrirtækja, beinist m. a. að því að átta sig á hvert er eðlilegt stefnumið í sambandi við verðlagningu á orku okkar til orkufreks iðnaðar, hvar liggja okkar samkeppnismöguleikar á þessu sviði. Einnig hefur verið að því unnið að kanna hvar skynsamlegt sé að setja niður orkufrekan iðnað í landinu, staðsetja meiri háttar fyrirtæki af þessu tagi. Hv. alþm. munu innan tíðar fá greinargerðir þar að lútandi. Þar er horft til allra þátta sem máli skipta í þessum efnum, allt frá tengingu við raforkukerfi landsmanna til félagslegra sjónarmiða og umhverfissjónarmiða, fyrir utan að sjálfsögðu landfræðilega þætti, hafnarskilyrði og annað þess háttar. Þá hefur einnig verið athugað hvert sé bolmagn okkar Íslendinga út frá þjóðhagslegum forsendum til að standa að uppbyggingu þessa atvinnurekstrar hér í landinu af eigin rammleik, a. m. k. sem forræðisaðilar, þó að við höfnum ekki samstarfi við útlendinga um alla þætti mála.

Ég vil fullyrða, þvert ofan í það sem fram kom hjá hv. 1. flm. þessarar till., að það er engin ástæða fyrir okkur Íslendinga að hafa þá minnimáttarkennd eða ætla það, að við getum ekki staðið fyrir þessari uppbyggingu hér í landinu í krafti eigin aflafjár og lánsfjármagns sem við tökum með eðlilegum hætti. Það getur einnig átt við um stórrekstur á þessu sviði, en vissulega er þarna um misjafnlega stór fyrirtæki að ræða sem til athugunar hljóta að verða. Áliðja er þar einna stærst í sniðum. En einnig á því sviði getum við Íslendingar haft forræði, ef við kjósum að leggja út í slíkan rekstur, og við eigum að binda slíkan rekstur því skilyrði, að við höfum þar einnig tögl og hagldir. Við eigum að geta átt þess kost í sambandi við áliðju hérlendis á vegum okkar sjálfra að gera langtímasamninga bæði varðandi hráefni og aðföng og tryggja orkuverð sem standi undir framleiðslukostnaði við öflun nýrrar orku í landinu. Sú minnimáttarkennd, sem einkennir umr. hv. stjórnarandstæðinga og fyrst og fremst sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu um þessi mál, er með slíkum fádæmum að um það mætti hafa mörg orð. Það er merkilegt að virða fyrir sér málgagn þeirra, Morgunblaðið, sem leggur undir sig síðu eftir síðu þessa daga og oft áður til þess að halda á lofti málflutningi talsmanna þeirra sem vilja halda niðri raforkuverði til stærsta raforkukaupanda í landinu.

Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum í sambandi við könnun á þeim kostum, sem líklegir geta talist til að vera arðbærir hér í sambandi við orkufrekan iðnað, sem komin er vel á veg. Ég mun víkja nánar að þessu þegar ég mæli fyrir máli því sem næst er á dagskrá samkv. fyrirliggjandi dagskrá þessa fundar, en það verður innan tíðar. Það er komið vel á veg athugunum vegna kísilmálmvinnslu og ríkisstj. hefur tekið ákvörðun um staðsetningu slíkrar iðju á Austurlandi, ef hagkvæmt reynist að athuguðu máli að ráðast í hana.

Það stendur yfir könnun á forsendum íslenskrar áliðju. Þar er unnið að máli í samvinnu við útlendinga um öflun tækni með samningi við norsk ríkisfyrirtæki, en einnig með samningi við innlenda verkfræðiaðila sem standa að þeirri könnun. Sú könnun miðar að því að leiða í ljós hvernig við Íslendingar getum staðið að slíkum rekstri, hvort og þá hvernig það er fýsilegt og gerlegt fyrir okkur. Gert er ráð fyrir að ljúka þessari könnun, sem tekur ekki aðeins til stofnkostnaðar slíkra mannvirkja, heldur einnig til aðfanga og söluafurða, á 9 mánuðum, þannig að niðurstöður úr henni eiga að liggja fyrir fyrir lok þessa árs. Þetta heitir samkv. orðum 1. þm. Reykv. að aðhafast ekkert, vegna þess að það er ekki verið að semja um raforkusölu til erlendrar stóriðju. Það er á máli hv. þm. Sjálfstfl., sem fyrir þessum tillöguflutningi standa, að aðhafast ekkert, ef það er ekki eftir formúlu orkusölustefnunnar sem þeir standa fyrir og virðast hafa eingöngu trú á í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í landinu.

Ég vil nefna orkunýtingu í sambandi við úrvinnslu á trjákvoðu til pappírsvinnslu. Sú athugun stendur nú yfir í samvinnu við finnsk fyrirtæki. Það eru áhugasamir aðilar á Norðurlandi sem hafa ýtt á eftir um það mál, og iðnrn. hefur talið rétt og skylt að taka á því með þeim þó að ekki hafi verið gengið frá neinu endanlega varðandi staðsetningu á slíkum rekstri. Að öðru jöfnu er hins vegar eðlilegt að gera ráð fyrir að taka undir með þeim sem þar hafa sýnt mestan áhuga. Niðurstaða úr slíkri hagkvæmniathugun mun væntanlega einnig liggja fyrir fyrir lok þessa árs.

Iðnrn. hefur einnig athugað, ekki aðeins á þessu ári,

heldur líka á síðasta ári, forsendur þess að stækka járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, þ. e. hvort skynsamlegt væri að ráðast í stækkun á því fyrirtæki. Það hefur hins vegar orðið niðurstaðan af þeirri athugun, samdóma álit framkvæmdastjórnar og stjórnar fyrirtækisins og rn. svo og þess erlenda samstarfsaðila sem við erum í samstarfi við varðandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, að ekki væri skynsamlegt miðað við aðstæður að ráðast í stækkun þess fyrirtækis nú. Ég býst við að hv. alþm. komi til með að skilja hvers vegna þannig er staðið að máli, hvers vegna þessi er niðurstaðan, þegar kynnt verður rekstrarstaða þess fyrirtækis eins og hún birtist okkur nú þessi misseri. Ég vænti þess sannarlega, að það eigi eftir að rætast úr hjá því fyrirtæki því að ella væru horfur dökkar. Þær eru sannarlega dökkar miðað við stundina. En að sjálfsögðu eigum við að horfa raunsæjum augum á þennan atvinnurekstur sem annan og átta okkur á eðli hans, þ. á. m. að þar gætir sveiflna. Þær sveiflur ber að sjálfsögðu að taka með inn í myndina og þær eiga að hvetja okkur til að leita eftir fjölbreytni í sambandi við þennan þátt í atvinnurekstri í landinu, en veðja ekki þar á einn hest.

Fleira má nefna sem að er unnið og hv. alþm. hafa fengið gögn og greinargerðir um, sem stundum er kvartað undan. Á sama tíma og látið er að því liggja, að ekkert sé verið að gera, er kvartað undan því, ef hv. alþm. fá greinargerðir og skýrslur til þess að gera þeim kleift að fylgjast með því sem verið er að gera í þessum efnum. Þar er ekki verið að fela neitt fyrir hv. þm. Í þessu sambandi vil ég nefna atriði eins og magnesíumvinnslu, sem er verkefni sem tekur óhjákvæmilega talsverðan tíma að þróa, sérstaklega ef við ætlum að byggja framleiðslu á magnesíummálmi á innlendum aðföngum, eins og vissulega væri æskilegt. En þar reynir á sérstaka tækni þar sem við þurfum að beita eigin hugviti og standa að undirbúningi í samræmi við það.

Hlutur iðnrn. í þessum málum hefur fyrst og fremst verið samræming verka. Það hefur verið byggt á vinnu rannsókna- og tæknistofnana í landinu, eins og Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar. Það hefur verið leitað til Rannsóknaráðs ríkisins og það hefur verið leitað til innlendra verkfræðiaðila til þess að fá þá með í verkin þannig að þeir öðlist reynslu á þessu sviði, hliðstætt því sem gerst hefur í sambandi við undirbúning og uppbyggingu virkjana í landinu. Þar þurftum við fyrir eina tíð að leita til erlendra verkfræðiaðila til undirbúnings, en erum nú sem betur fer þannig í stakk búnir að við erum fyllilega færir um að standa fyrir hönnun og allri uppbyggingu vatnsaflsvirkjana í landinu og getum auk þess miðlað öðrum af okkar reynslu. Á sama hátt eigum við að standa að undirbúningi orkufreks iðnaðar, orkunýtingar í landinu, en ekki fylgja því mynstri sem dregið er upp samkv. fyrirliggjandi þáltill., að stofna nefnd nokkurra manna sem eiga að hafa það hlutverk fyrst og fremst að leita eftir kaupendum úti um heim sem komi færandi hendi með fyrirtæki til þess að kaupa af okkur orkuna, eftir fyrirmyndinni frá álverinu í Straumsvík sem enn er flaggað hér á Alþingi þrátt fyrir þær staðreyndir sem fyrir liggja í því máli.

Ég vil geta þess í þessu sambandi, að við þurfum fyrr en seinna að ganga lengra í sambandi við skipulagsþætti þessara mála. Við þurfum að koma hér upp fyrirtæki sem hafi burði til að standa fyrir undirbúningi og uppbyggingu fyrirtækja á þessu sviði atvinnulífs í landinu, bæði varðandi rannsóknar- og þróunarstarf, og getur tekið á með öðrum aðilum sem vilja leggja fjármagn í uppbyggingu atvinnurekstrar af þessu tagi á móti ríkinu, svo sem sveitarfélög og fyrirtæki svo og einstaklingar sem áhuga hafa á að leggja fjármagn af mörkum í því skyni. Ég tel að það þurfi fyrr en seinna að setja lög um iðnþróunar- eða iðnrekstrarfyrirtæki á vegum hins opinbera sem geti staðið fyrir undirbúningi að orkufrekum iðnaði í landinu og gæti jafnframt orðið frumkvæðisaðili um stofnun nýrra fyrirtækja. Einnig kann að reynast skynsamlegt að fela slíku fyrirtæki samræmingu og stjórn á iðnrekstri á vegum ríkisins til þess að sú reynsla, sem fengist hefur og fæst í framtíðinni, nýtist betur. Náið samstarf þarf að sjálfsögðu að vera milli rannsóknar- og þjónustustofnana í iðnaði og slíks fyrirtækis sem í athugun er að stofnsett verði og sett verði löggjöf um.

Hér var minnst á orkustefnunefnd, sem skipuð var árið 1980 til að vera ríkisstj. til ráðuneytis um mótun stefnu í orkumálum, þ. á m. varðandi orkunýtingu. Sú nefnd er ekki sambærileg við þá nefnd sem hér er verið að leggja til að stofnuð verði. Orkustefnunefnd er ekki ætlað að verða að eins konar stofnun eins og gert er ráð fyrir um þá stóriðjunefnd sem fjallað er um í þessari þáltill. Henni er ekki ætlað að verða varanleg nefnd, heldur er henni ætlað að undirbúa tillögur til ríkisstj. um orkumál í víðu samhengi, þ. á m. varðandi orkunýtingu. Nefndin hefur litið á vissa þætti varðandi undirbúning að orkunýtingu, en ég tel eðlilegt að færa þetta inn á vettvang sérstaks fyrirtækis sem annist þróunar- og undirbúningsstörf á þessu sviði. Greinargerð frá orkustefnunefnd liggur fyrir, eins og ég gat um áðan.

Ég tel það ekki skynsamlega leið, eins og lagt er til í þessari þáltill., að fara að kjósa stóriðjunefnd á vegum Alþingis sem samkv. efni till. á að gera að varanlegu fyrirbæri sem ráði sér framkvæmdastjóra og starfslið og greinilega er ætlað það öðru fremur að eiga viðræður við útlendinga, að ná í kaupendur að orkunni. Það er leiðarljósið, sem hv. flm. fylgja í sambandi við orkunýtingu í landinu, að selja hana til fyrirtækja í erlendri eigu að meiri hluta a. m. k. Ég tel ekki skynsamlegt að hræra saman verkefnum löggjafar- og framkvæmdavalds með þeim hætti sem tillaga þessi gerir ráð fyrir. Ég tel að framkvæmdavaldið eigi að sjá um undirbúning af þessu tagi. En það er eðlilegt að löggjafinn móti stefnu og það er ekki óeðlilegt að hann hafi eftirlitshlutverk í sambandi við stórmál af ýmsu tagi.

Ég tel að sú þáltill., sem hér er til umr., endurspegli úrelt viðhorf, sem meiri hluti þingflokks sjálfstæðismanna er því miður enn talsmaður fyrir. Ég hélt satt að segja að þeir hefðu eitthvað lært á því ári, sem liðið er síðan þeir fluttu slíka till. hér á Alþingi, og af þeirri umr. sem fram hefur farið síðan, þ. á m. á Orkuþingi á s. l. vori, þar sem þeir stóðu uppi einangraðir með sinn málflutning og orkusölustefnu. Till. endurspeglar vanmat á getu okkar Íslendinga til að hagnýta þá þýðingarmiklu auðlind sem orkan er í okkar landi, jafnt vatnsafl sem jarðvarmi. Það er talað um svo að vitnað sé til till. sjálfrar, að innlendir aðilar, sem þess óska, geti þegar í upphafi átt hlut í stóriðjufyrirtækjum og geti, „þegar fram líða stundir", keypt hlut hinna erlendu aðila í þeim. Þetta er nú risið á þessari tillögu. Í till., sem flutt var í fyrra, var þetta orðað svo í grg., að þetta gæti gerst þegar Íslendingum „yxi fiskur um hrygg", en það orðalag hefur

verið tekið út í þessum tillöguflutningi nú. (**ÞK:** Er það slæm íslenska?) Nei, en það er, hv. þm. Þorvaldur Garðar, ekki mikil trú á eigin getu, getu okkar Íslendinga, að ætla sér í einhverri fjarlægri framtíð að gerast forræðisaðilar í þessum þýðingarmikla þætti atvinnuuppbyggingar í landinu. Svo virðist einnig sem í þessu orðalagi felist ekki mikil trú á stöðu okkar og efnahagslega getu í nútíðinni. Ég tel að við Íslendingar höfum komist sæmilega áfram í okkar atvinnulífi á undanförnum árum og sú vanmetakennd, sem skín út úr þessari till., sé því ástæðulaus.

Það segir í sama dúr í grg. með þessari till. á bls. 4, svo að vitnað sé orðrétt í það sem þar er tilgreint í þessum anda: „En rétt er að stefna að því með samning að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því sem tímar líða og möguleikar eru fyrir hendi. Hafa verður í huga að farsælast er að atvinnurekstur hér í landi sé að sem mestu leyti í höndum innlendra einstaklinga og samtaka þeirra. Aðild ríkisins og sveitarfélaga kemur þó til greina um stundarsakir, „— takið eftir, hv. þm., — " kemur þó til greina um stundarsakir, þar til einkaaðilar hafa bolmagn til að taka við honum, þegar um er að ræða þjóðhagslega hagkvæma starfsemi sem ekki er grundvöllur fyrir með öðrum hætti."

Mikil er trú þeirra hv. þm. á getu einkaframtaksins á Íslandi ef þeir ætla því að vera frumkvæðisaðilar í þeirri uppbyggingu og fjárfestingu sem hér er um að ræða, jafnvel þó ekki væri fyrr en stundir líða fram, eins og það er orðað í þessari grg.

Í 5. lið sjálfrar þáltill. kemur fram að verkefni stóriðjunefndar, sem hér er gerð tillaga um, skuli vera að „hún skuli eiga frumkvæði að og samræma samningaviðræður milli virkjunaraðila og annarra innlendra aðila annars vegar og stóriðjufyrirtækja hins vegar um eignaraðild, orkusölu, staðsetningu stóriðjuvera o. fl. og gera á grundvelli þeirra tillögur til ríkisstj. um framkvæmdir sem hún telur rétt að stofna til."

Hér er þessi sama hugsun á kreiki: erlend stóriðja, og nefndin á að samræma aðgerðir innlendra aðila, orkuframleiðandans og annarra í sambandi við orkusöluna til útlendra fyrirtækja.

Í 7. lið fyrirliggjandi till. kemur greinilega fram að henni er ætlað að verða eins konar stofnun sem rekin sé af þessari þingkjörnu nefnd. Þar segir: „Stóriðjunefnd ráði sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður aðra starfsmenn að fengnu samþykki nefndarinnar." Þetta eru mennirnir sem eru sem oftast að býsnast yfir nefndum og nefndafári. Þeir vilja koma upp fyrirtækjum af þessu tagi á vegum Alþingis.

Ég vil þá víkja aðeins að því að í þessari þáltill., þar sem erlend stóriðja er höfð að leiðarljósi, er hvergi minnst á hvaða viðmiðun hafa skuli í sambandi við orkuverð. Þar er ekki vikið einu orði að því, hvaða kröfur eigi að setja í sambandi við verðlagningu á þeirri auðlind sem á að fara í hendur útlendinganna. Það er kannske af því að þessir hv. þm. eru feimnir við að nefna eðlilegar kröfur og eðlilegar viðmiðanir í því sambandi, því að það mundi rifja upp ýmislegt í sambandi við leiðarljósið frá viðreisnarárunum sem við búum enn við hér suður í Straumsvík, í formi álversins þar, sem hirðir — fyrir gjafverð rösklega helminginn af þeirri orku sem Landsvirkjun framleiðir. Ég ætla ekki hv. flutningsmönnum það að gera ekki kröfur um annað og hærra raforkuverð. Ég ætla þeim satt að segja ekki slíkt. En af hverju setja þeir ekki fram einhverja viðmiðun um þetta atriði í sinni till.? Það er einkennilegt. Ég hélt að það væri lágmarkskrafa, ef menn ætluðu að fylgja stefnu af þessu tagi, að gerð væri sú krafa í sambandi við raforkuverðið, að það skili a. m. k. kostnaði við öflun orku frá nýjum virkjunum í landinu í framtíðinni og rafmagnið sé bærilega verðtryggt. Það hefði ég ætlað að þyrfti að fylgja ef menn ætluðu að leyfa sér að mæla fyrir orkusölu eins og hér er gert ráð fyrir. En það er ekki orð um þetta í till. Það er ekki minnst á það, hvaða viðmiðun eigi að vera í sambandi við orkuverð.

Hvernig í ósköpunum geta menn lagt fram tillögur af þessu tagi hér á hv. Alþingi og leitt gersamlega hjá sér að nefna hvaða viðmiðun beri að hafa um þennan þátt? Ætli það sé af því að menn eru að hampa því, svipað og gert var af hv. 1. flm. áðan, að hafa beri módelið Búrfellsvirkjun-álverið sem leiðarljós, þ. e. að líta einangrað á eina virkjun og einhvern orkukaupanda, sem á hana er hengdur, og segja: Þetta er bara gott, ef það dæmi gengur upp á tilteknu tímabili að stóriðja borgi orkuverðið upp á tilteknum árafjölda? Þetta er það sem borið er fram sem vörn fyrir hinum fráleita álsamning á 7. áratugnum af hans talsmönnum og er flutt sem vörn enn í dag, að tekjurnar af raforkusölunni til álversins í Straumsvík standi undir kostnaði Búrfellsvirkjunar, af langsamlega hagkvæmasta virkjunarkosti sem við áttum völ á.

Nei, góðir hv. þm. Ef við ætlum að fylgja slíku módeli, slíkum aðferðum í sambandi við verðlagningu á orku, þá þýðir lítið að tala um að við njótum okkar innlendu orkulinda. Þá getur orðið dýrt að búa við þær þó svo að við náum þeim markmiðum sem voru hér til umr. í deildinni fyrr í dag í sambandi við jöfnun á orkuverði.

Ég vil aðeins rifja upp eitt atriði sem ég nefndi fyrr í dag, sem segir dálitla sögu um það, til hvers það leiðir að fylgja slíku módeli eins og hv. flm. eru að bera fram þegar þeir eru að verja samninginn um álverið í Straumsvík. Árið 1970, þegar orkusala hófst til álversins í Straumsvík, var munurinn á heildsöluverði til álversins og heildsöluverði til almenningsveitna 81%. Í dag er þessi munur ekki 81%, heldur 413%, þ. e. munurinn á heildsöluverðinu til álversins í Straumsvík annars vegar og til almenningsveitna í landinu hins vegar. Hann hefur fimmfaldast. (**Gripið fram í:** Hverjir hafa verið iðnrh. undanfarin 7 ár?) Hverjir hafa verið iðnrh. undanfarin 7 ár? spyr hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson. Þetta var ágæt spurning. Er hv. þm. að gera kröfu til þess, að iðnrh. undanfarandi ára hafi náð fram breytingum á álsamningnum, sem þeir sjálfstæðismenn eru að verja dögum oftar sem lýsandi leiðarljós og taka varla undir kröfur um lágmarksleiðréttingar á þeim samningi? Þá er bara vísað á að það hefði átt að taka sig á á síðustu árum og breyta samningi sem Sjálfstfl. og Alþfl. gerðu 1966 til ársins 2014 án teljandi möguleika á endurskoðun á þessu tímabili. Það er von að hv. þm. komi fram með kröfur um það. Ég þakka kærlega fyrir ef hv. þm. ætlar að gerast liðsmaður í því efni að knýja fram breytingar á þessum fráleita samningi, eins og að er stefnt af stjórnvöldum nú.

Það mætti margt segja í sambandi við þessa till. fleira. En það stingur sannarlega í augu, að ekki eru reist þar nein merki í sambandi við orkuverð þó að leiðarljósið sé orkusala til erlendra fyrirtækja. Ég vil að mönnum sé alveg ljós sá grundvallarmunur sem hlýtur að vera á þeim kröfum sem gerðar eru um orkusölu til útlendinga annars vegar og til innlendra fyrirtækja í landinu hins vegar.

Ef við eigum þetta við sjálfa okkur skiptir ekki öllu máli hvar hagnaðurinn er tekinn, hvort hann er tekinn í gegnum orkuverðið eða þann hagnað sem við höfum af fyrirtækinu að öðru leyti, ef það er í opinberri eigu og í höndum okkar Íslendinga. Þess vegna er það ekki réttmætur samanburður, sem borinn er fram af ýmsum hv. sjálfstæðismönnum og átrúnaðargoðum þeirra, eins og framkvæmdastjóra álversins í Straumsvík, og lesa mátti um fyrir skömmu í Morgunblaðinu þar sem hann var að bera saman orkuverð í Noregi og í Kanada annars vegar og það orkuverð sem ÍSAL greiðir. Ég ætla ekki að fara út í þær tölur hér, ég hef tekið þær fyrir á öðrum vettvangi. En ég vil benda á þann grundvallarmun sem er á verðlagningu á orku til innlends fyrirtækis annars vegar, ef fyrirtækið er arðbært, og hins vegar til erlends aðila, þar sem eini hagnaðurinn fyrir auðlindina á að skila sér í gegnum orkuverðið ef verið er að selja til útlendinga. Þess vegna er það ekki sambærilegt þegar við erum að líta á orkuverð til orkufreks iðnaðar í Noregi, sem er nú að langmestu leyti í höndum Norðmanna sjálfra, eða í Kanada, sem er að meiri hluta í eigu Kanadamanna. Alcan, sem framleiðir megnið af álinu í Kanada, kaupir orkuna af eigin orkuverum. Alcan á það við sjálft sig hvað það reiknar orkuverðið úr eigin orkufyrirtækjum. Það er sjálfsagt ýmislegt sem kemur inn í þá mynd, skattaatriði og fleira, hvort það tekur hagnaðinn í gegnum sölu afurðarinnar eða í verðlagingu á orkunni og í sambandi við orkuverin.

Það var vikið að því af hv. 1. flm. þess máls sem hér er til umr., að framkvæmdir í orkufrekum iðnaði eigi að miðast við atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlanir, og ég hygg að það orðlag sé að finna í grg. með till. Ég vil taka undir það, að orkufrekur iðnaður getur rennt stoðum undir atvinnulíf í landinu á næstu árum og áratugum. Ég vænti þess, að hann geri það svo að um muni. En við eigum ekki að líta á það fyrst og fremst sem lausn til atvinnusköpunar í landinu ef við eigum annarra kosta völ. Það er mjög mikil fjárfesting á bak við störf sem skapa þarf með orkufrekum iðnaði, og við eigum því aðeins að standa að slíku að um arðbær fyrirtæki sé að ræða sem skili hagnaði á heildina litið, bæði fyrir orku og þær afurðir sem framleiddar eru. Við eigum ekki að fara að byggja hér upp orkufrekan iðnað til þess að leysa atvinnuvandamálin í landinu, nema við séum vissir um að geta haft þar forræði og að um arðbæran rekstur sé að ræða. Við eigum ekki að líta einhliða á þetta mál. Við eigum að hafa alla möguleika með þegar við athugum atvinnuþróun á Íslandi, möguleika okkar hefðbundna atvinnulífs og vaxtarbrodd sem af því getur sprottið. Margt í þeim efnum getur skilað þjóðhagslega meira en það sem um er rætt í orkufrekum iðnaði og með langtum minni tilkostnaði. Þetta þarf að taka inn í myndina þó að ég dragi ekkert úr því að orkufrekur iðnaður getur staðið undir tiltölulega háu kaupgjaldi. Launin eru ekki hár hluti af framleiðslukostnaði í slíkum iðnaði og hann skapar ýmis störf til hliðar, hefur margföldunaráhrif sem svo eru kölluð.

Herra forseti. Það mætti sannarlega margt um þetta mál segja fleira. Ég hef aðeins vikið hér að fáu af því sem ástæða væri til að ræða, en ég skal fara að stytta mál mitt því að ég mun víkja að þessum málum síðar í þessari umr. og í sambandi við þáltill. ríkisstj. um orkunýtingu sem rædd verður hér væntanlega innan tíðar.

Hv. 1. flm. gerði álsamninginn enn einu sinni að umræðuefni að eigin frumkvæði. Það er einkennileg sektarkennd sem þjakar hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu, að vera aftur og aftur nánast að tilefnislausu að rísa upp hér á hv. Alþingi og verja þennan hraksmánarlega samning eins og hann lítur út nú. Það eru ekki við stjórnarsinnar sem eru að kveikja slíkar umr., heldur gerðist það á síðasta þingi og aftur nú, þrátt fyrir allt sem fram hefur komið í sambandi við það fyrirtæki, að þeir, sem að samningum stóðu, sjá sig knúna til þess að setja hér á varnarræður miklar og stórar fyrir þennan endemissamning. Ég held að við eigum ekki að eyða mjög miklu máli í að ræða um þá fortíð, jafndapurleg og hrikaleg eins og hún raunverulega er. Við eigum miklu frekar að reyna að sameinast um að knýja þar fram nauðsynlegar leiðréttingar.

Hv. 1. flm. orðaði það svo hér áðan, að það væri fjarstæða fyrir okkur Íslendinga að hugsa til þess að eignast meiri hluta í núverandi bræðslu í Straumsvík. Þetta sagði hann mjög skýrt. Ég vil spyrja ykkur, hv. þm.: Eruð þið alveg vissir um þetta? Ætlið þið að taka undir það einum rómi, að þetta þurfi að vera fjarstæða? Hvað segið þið um það, ef við Íslendingar gætum gert samninga um að eignast meiri hluta í þessu fyrirtæki og ná jafnframt fram leiðréttingu á raforkuverði svo að um muni, kannske allt að því marki að það svari til kostnaðar við raforkuframleiðslu úr nýjum virkjunum í landinu? Munduð þið hafna slíku án athugunar? Ég spyr. (**Gripið fram í:** Er þetta á borðinu?) Af hverju eru menn með svona yfirlýsingar, hv. þm. Tryggvi Gunnarsson? Þetta er einn af þeim möguleikum sem geta verið til álita. Ég held að við ættum ekki að hafna þeim án þess að athuga þá vandlega.

Það mætti sannarlega margt segja í sambandi við samning þann sem hér hafa verið haldnar varnarræður fyrir. Menn virðast trúa því margir hverjir, að þarna hafi verið um taprekstur að ræða, eins og bókhaldið frá álverinu í Straumsvík ber vott um á liðnum árum, — verksmiðja, sem hefur verið rekin á rauðum tölum flest árin og stillt af í gegnum hráefnaverðið svo að útkoman verði slík, ekki bara til þess að hlunnfara þá aðila sem samið hefur verið við, heldur til þess jafnframt að hafa rök á hendi til þess að hafna eðlilegum og sanngjörnum kröfum Íslendinga um leiðréttingu á raforkuverðinu. (**Gripið fram í:** Af hverju gerðir þú ekki athugasemdir við reikningana?) Það hefur verið borið fram af talsmanni þessa fyrirtækis og er gert enn og prentað feitu letri í Morgunblaðinu dögum oftar, að afkoman hjá þessu fyrirtæki sé svo bág að það þoli ekki að greiða hærra raforkuverð. (Gripið fram í.) Og undir slíkt er tekið. (**Gripið fram í:** Þess vegna er það hann sem ber ábyrgðina.) Síðan segja hv. þm., eins og Eyjólfur Konráð Jónsson, að það sé hörmulegt að iðnrn. skuli hafa dregið fram í dagsljósið, hvernig hagað er bókhaldi hjá þessu fyrirtæki, og hafa uppi kröfur um að þetta sé tekið út af borðinu eins og það hafi aldrei gerst. Ég veit ekki betur en hv. 1. flm. væri áðan að tala um að svo illa hefði verið haldið á málum með því að draga fram atriði úr rekstri þessa fyrirtækis í sambandi við aðföng hráefna að það stórspillti fyrir okkur Íslendingum, við værum að glata möguleikum á að fá hækkað raforkuverð og stækka þetta fyrirtæki í samvinnu við þennan aðila. Mörgu má nú fram halda. Hvað eiga menn að vinna með stækkun álversins í Straumsvík? Vilja menn með slíkri stækkun fá fram einhverja pappírshækkun á raforkuverði? Af hverju vilja

menn ekki knýja á um það að fá hækkun á raforkuverðinu hjá því fyrirtæki, sem nú stendur í Straumsvík, og á þeim samningi sem þar liggur fyrir? Af hverju þarf að tengja slíkt stækkun? Ætli sé ekki best að sjá fyrst framan í það, að vilji sé á því að leiðrétta það raforkuverð, sem um var samið á sínum tíma, og færa það til eðlilegs horfs?

Herra forseti. Sú till. hv. sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir til umr. um stóriðjunefnd og orkusölu til útlendinga, er álíka ríslág og það minnismerki um erlenda stóriðju sem Sjálfstfl. átti mestan hlut að að koma upp í Straumsvík. Við þurfum á öðru að halda en að fjölga slíkum minnismerkjum. Við skulum sameinast um það, hvar í flokki sem við stöndum. Ég vænti þess, að hv. flm. þessarar till. sjái að sér og þeir leggi góðum málum lið í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar undir íslensku forræði í framtíðinni. Þeir ættu að standa þétt að því með stjórninni að fá fram leiðréttingu á því sem mest hefur farið aflaga í fortíðinni. Ég vil láta þau orð vera mín síðustu að þessu sinni.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég styð í öllum meginatriðum þá þáltill. sem hér er til umr., enda er hún efnislega mjög í sama dúr og þáltill. sem þm. Alþfl. lögðu fram á fyrstu dögum þinghalds haustið 1980 þá á þskj. 8.

Hæstv. iðnrh. hafði margt út á þessa þáltill. að setja, þó mest það, að Alþingi ætti að kjósa stóriðjunefnd. Hingað til hefur hæstv. ráðh. ekki flökrað við að fjölga nefndum. Hann virðist vilja velja í þær einn og stjórna þeim uppi í sínu rn., Alþingi má þar hvergi nærri koma að mati hæstv. ráðh. Tala nefnda má vera legíó, bara að Alþingi komi ekki nálgæt þeim.

Hann gat um nokkra stóriðjumöguleika, en allir eru þeir í athugun, endalausri athugun, og þegar einni athugun er lokið byrjar hin næsta. Þannig gengur þetta ár eftir ár. Ákvarðanir eru engar teknar. Án uppbyggingar á orkufrekum iðnaði er allt tal um virkjunaráform innantómt. Sé ekki ætlunin að reisa og reka iðjuver, sem byggja framleiðslu sína fyrst og fremst á stórnotkun raforku, er engin ástæða til stórfelldra virkjunarframkvæmda. Umr. um röðun eru þá líka harla tilgangslausar.

Virkjun orkunnar til að nýta orkufrek iðnaðartækifæri er á hinn bóginn álitlegasti valkosturinn sem Íslendingar eiga til að treysta lífskjörin í landinu og fjölga atvinnutækifærum. Verði ekki þegar snúið á þá braut má búast við sífellt vaxandi landflótta og stöðnun í efnahagsmálum. Til þess að nýta þau tækifæri, sem orkan í fallvötnum býður fram til að skapa hér betra og traustara þjóðfélag, þarf að fylgja fastmótaðri stefnu. Stefna í málefnum orkufreks iðnaðar og í virkjunarframkvæmdum verða að fylgjast að. Alþfl. telur brýnt að þegar í stað verði teknar ákvarðanir um slíka stefnumörkun í stað þess úrræðisleysis sem nú ríkir. Alþfl. telur að slík stefna eigi að fela í sér eftirfarandi meginþætti:

1. Samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar verði falin sérstakri orkusölunefnd sem Alþingi kjósi, enda hafa iðnrh. og hæstv. ríkisstj. þegar sannað ónýti sitt í þessum efnum. Orkusölunefndin miði störf sín við það að sala til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist á næstu tveimur áratugum. Sérstaklega verði unnið að því að fljótlega rísi upp býtt iðjuver á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt á Suður- og/eða Suðvesturlandi, auk stækkana á þeim iðjuverum sem fyrir eru.

2. Virkjunarundirbúningur og framkvæmdir eigi að vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öllum sveitarfélögum landsins sé gert kleift að gerast aðilar að eftir því sem þau óska.

3. Til þess að geta nýtt þau tækifæri, sem bjóðast, og tryggja samfelldar virkjunarframkvæmdir verði ávallt kappkostað að á hverjum tíma séu fyrir hendi fullkannaðir virkjunarvalkostir sem svara til a. m. k. 300 mw. umfram þær virkjanir sem unnið er að á hverjum tíma.

4. Landsvirkjun verði þegar heimilað að reisa og reka eftirtalin orkuver til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir hendi: 1. Nýjar virkjanir eru viðbætur við eldri orkuver á Tungnaár/Þjórsársvæðinu með allt að 220 mw. uppsettu afli. 2. Blönduvirkjun með allt að 180 mw. uppsettu afli. 3. Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 mw. uppsettu afli. Þá er Landsvirkjun og heimilt að gera stíflu við Sultartanga og gera þær ráðstafanir aðrar á vatnasvæðum ofan virkjananna sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra.

5. Við þær framkvæmdir, sem þannig verði þegar heimilað að ráðast í, verði við það miðað að uppsett afl á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu geti hafið raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985, Blönduvirkjun geti hafið orkuframleiðslu árið 1986, Fljótsdalsvirkjunaráfangar geti hafið orkuframleiðslu á árunum 1987—1989.

6. Einungis verði vikið frá ofangreindri virkjunarstefnu ef ekki nást samningar um hagkvæma orkusölu í samræmi við hana.

Með stefnumótun þessari yrði höggvið á þann úrræðaleysishnút sem drepur nú öll virkjunarmál í dróma. Öllum málsaðilum væri ljóst, hver stefnan er, og allir gætu einbeitt sér að því að framkvæma verkin í stað þess að eyða kröftunum í orðagjálfur, skýrslugerð og tilgangslausa togstreitu og úrræðisleysi, eins og nú viðgengst fyrir forgöngu hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Ég ítreka stuðning minn og Alþfl. við meginefni þeirrar þáltill. sem hér er til umr.

Umr. frestað.

Efri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 420). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt voru samþykkt fyrir jól lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis þar sem m. a. var ákveðið að nota skyldi stimpla við utankjörfundarkosningu. Þessi lög koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar á vori komanda.

Í grg. með frv. að lögum þessum var gert ráð fyrir að dómsmrn. löggildi stimpla og sjái kjörstjórnum fyrir stimplum. Ljóst er að stimplar þeir, sem hér um ræðir, þurfa að vera í höndum kjörstjórna strax og utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst. Er það þremur dögum eftir að framboðsfresti lýkur og þá fyrst er vitað hverjir listabókstafir verða í notkun.

Við kosningar undanfarin ár hefur fjöldi listabókstafa verið sem hér segir: Alþingiskosningar 1979 9, 1978 11

og 1974 10. Sveitarstjórnarkosningar 1978 a. m. k. 13 og 1974 15. Á þessum tíma hefur verið notaður a. m. k. 21 bókstafur. Í stafrófinu eru hins vegar 30 bókstafir ef sérhljóðum og broddi yfir er sleppt. Þar sem stimplarnir þurfa að liggja fyrir strax og kosning hefst þyrftu, ef fyllsta öryggis ætti að gæta, að vera fyrir hendi á hverjum kjörstað stimplar með öllu stafrófinu þótt ekki væru notaðir nema 10—15 bókstafir. Í leiðbeiningum til kjörstjórna hefur þó verið ætlað að notast megi við 15 bókstafi.

Kjörstaðir við utankjörfundaratkvæðagreiðslu eru um það bil 300, hjá sýslumönnum og bæjarfógetum og hreppstjórum auk sendiráða og ræðismanna erlendis. Miðað við þessar forsendur þyrfti að útvega a. m. k. 4500 stimpla fyrir næstu kosningar.

Stimpla þá, sem hafðir eru í huga, þarf að kaupa erlendis frá. Við athugun kom í ljós að hæpið var að unnt yrði að afla svo mikils magns af stimplum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Slíkir stimplar munu kosta um 100 kr. hver þegar þeir hafa verið fullbúnir með bókstaf og blindraletri svo sem til er ætlast. Miðað við að keypt yrði eitthvert magn stimpla til vara mundi kostnaður við innkaup verða um eða yfir hálfa millj. kr. Þegar þessi kostnaður er hafður í huga og hæpið að takist að afla nægilegs magns stimpla þótti ástæða til að athuga hvort ekki væri rétt að breyta lagaákvæðunum. Hefur niðurstaðan orðið sú að leggja til að kjósanda verði heimilt að velja um hvort hann stimplar á kjörseðil eða ritar á hann svo sem verið hefur. Er þá jafnframt haft í huga að stimplar verði eigi hafðir á öllum kjörstöðum, heldur einungis á skrifstofum sýslumanna og bæjarfógeta og hjá nokkrum hreppstjórum og í sendiráðum. Mundu stimplar þannig verða á um 50 stöðum. Miðað við 15 stimpla á kjörstað má minnka innkaup í 1000 stimpla og verður kostnaður við það þá um 100 þús. kr. Er þá jafnframt haft í huga að áður en stofnað verður til frekari innkaupa muni fást reynsla af notkun þeirra við utankjörfundarkosninguna.

Rétt er að taka fram að við athugun málsins og undirbúning frv. þessa hefur verið haft samráð við formann Blindrafélagsins, en hagsmunir blindra voru m. a. hafðir í huga við setningu lagaákvæðisins fyrr í vetur.

Herra forseti. Ég hef farið allmörgum orðum um athugun og undirbúning máls þessa í rn. Með því að notkun stimpla við kosningar er alger nýjung, sem reynsla hefur ekki fengist af, og um allverulegan kostnað hefur verið að ræða þótti rétt að staldrað væri við og mál þetta athugað á ný. Niðurstaðan liggur fyrir í frv. þessu þar sem lagt er til að ekki verði skylt að nota stimpla og að þeir standi að svo stöddu a. m. k. einungis til boða hjá sýslumönnum og bæjarfógetum, nokkrum hreppstjórum og í sendiráðum. Breytingin hefur í för með sér minnkuð útgjöld úr a. m. k. 500 þús. kr. í um 100 þús. kr.

Herra forseti. Ég legg til að frv. þessu verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Umferðarlög, frv. (þskj. 421). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir á þskj. 421, felur í sér þá breytingu á umferðarlögum að eigin áhætta, sjálfsábyrgð þess sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis, verði ákveðin af dómsmrh. að fengnum tillögum frá tryggingaeftirlitinu. Fjárhæð þessi er nú fastákveðin í lögum 360 kr. og hefur verið frá því á árinu 1980. Fjárhæð þessi hefur nú minnkað að verðgildi og hefur þannig ekki sömu áhrif til varnar umferðarslysum eða til lækkunar á iðgjöldum og áður. Því er brýnt að heimild fáist til að hækka þessa fjárhæð. Er lagt til að dómsmrh. verði veitt heimild til að ákveða fjárhæð eigin áhættunnar að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að viðhafa fleiri orð um frv. þetta á þessu stigi og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, frv. (þskj. 422). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir litlu frv. til breytinga á lögum frá 1962 um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum. Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að taka upp eftirlit með geislatækjum þótt geislar þeirra séu ekki jónandi og að þetta eftirlit fari fram á vegum Geislavarna ríkisins. Hér er um að ræða lampa af ýmsu tagi sem talsvert hafa verið notaðir á undanförnum árum og hefur notkun þeirra farst í vöxt. Sem dæmi má nefna örbylgjuofna, gigtarlampa, sólarlampa og fleira þess háttar.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fjölyrða um mál þetta — hér er um að ræða sjálfsagt og einfalt öryggismál — og legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166, n. 428, 431 og 433). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er í sjálfu sér ekki nýtt á Alþingi. Hér er um að ræða framlengingu á sjúkratryggingagjaldi, sem lagt var fyrst á í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar og hefur verið lækkað allverulega í tíð núv. ríkisstj. Það er till. meiri hl. n. að þetta frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er kunnara ern frá þurfi að segja, að þm. Alþfl. hafa á yfirstandandi þingi og mörgum undanförnum þingum flutt bæði tillögur og frumvörp sem hafa lotið að því að draga úr álagningu tekjuskatta. Seinast við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþfl. í fjvn. m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarandi niðurskurð á ríkisútgjöldum.

Við höfum talið að svo margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattsálögum að nauðsyn bæri til að hverfa af þeirri braut, sem farin hefur verið að undanförnu með mjög háum tekjusköttum, og viljað afnema tekjuskattinn í áföngum. Það frv., sem hér er til umr., er eitt form tekjuskatta. Hugmynd okkar er sú, að með lækkun tekjuskatta mætti enn fremur treysta kaupmátt ráðstöfunartekna hjá heimilunum án þess að það hefði áhrif í verðbólguátt. Í þriðja lagi er ljóst að jaðarskattur, sem nemur um það bil 66% af tekjum, er hár þegar hann er lagður á almennar miðlungslaunatekjur. Þetta teljum við að þyrfti allt að taka til endurskoðunar. En þrátt fyrir þau augljósu rök, sem við höfum flutt fyrir lækkun tekjuskatta, hefur enn ekki náðst stuðningur við þessar tillögur okkar. Þær hafa ekki fengist samþykktar.

Í tilefni af því frv., sem hér er flutt um sjúkratryggingagjald, viljum við nú enn freista þess að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir okkar um lækkun tekjuskatta. Ef við þessa umr. kæmi fram yfirlýsing frá ríkisstj. eða talsmönnum ríkisstj. í þessa átt sem ótvíræð væri um lækkun tekjuskatta mundi Alþfl. geta stutt það frv. sem hér um ræðir. En komi slík yfirlýsing ekki fram telur Alþfl. að ekki sé fært að samþykkja þá viðbótarskattlagningu með álagningu sjúkratryggingagjalds sem hér er til umr. Skýringin er augljós. Heildarskattbyrði venjulegs launafólks með miðlungslaunatekjur er einfaldlega of há.

Ég mun því, herra forseti, vaka yfir því hér hvort fram kemur yfirlýsing frá ríkisstj. um lækkun tekjuskatta, og afstaða mín og okkar Alþfl.-manna til frv. birtist í atkvgr. í samræmi við það sem ég hef hér sagt.

Frsm. 2. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem kom fram í framsögu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar fyrir meirihlutaáliti hv. fjh.- og viðskn., að sjúkratryggingagjald, sem þetta frv. fjallar um, var lagt á í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið í skattamálum og skattar á þjóðinni hafa hækkað, eins og við fulltrúar Sjálfstfl. í fjvn. gerðum grein fyrir við afgreiðslu fjárl., beinir og óbeinir skattar, um það bil um 20 þús. nýkr. á fimm manna fjölskyldu í landinu eða 2 millj. gkr.

Eftir að fjárlög voru afgreidd, en þau gera ráð fyrir skattvísitölu 150, sem þýðir að skattþrep og skattfrádrættir hækka um 50%, hafa komið fram upplýsingar um að tekjubreyting milli ára verður ekki 50%, eins og gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga, heldur 53% eða nálægt því. Í símtali við Þjóðhagsstofnun var þetta staðfest í gær. Ég átti raunar von á að fá bréf um þetta, eins og ég var búinn að óska eftir í hv. fjh.- og viðskn., en vegna misskilnings varð ekki úr því, að það kæmi til nefndarinnar. En mér er óhætt að fullyrða að tekjubreyting milli ára verður allmiklu meiri en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Þetta þýðir að skattaálagning verður allverulega meiri, ef ekki verður breytt skattstigum eða skattvísitölu, en fjárlög gera ráð fyrir, bæði að því er varðar sjúkratryggingagjald og tekju- og eignarskatta. Samkv. lauslegri áætlun munu þessir skattar hækka frá áætlun fjárl. í álagningu um 50—55 millj. kr., sem jafngildir á innheimtugrundvelli, eins og fjárlög eru gerð upp, um 45—50 millj. kr. Þá hefur hæstv. ríkisstj. flutt frumvörp, sem sum eru orðin að lögum og önnur eru í meðferð Alþingis, sem enn þyngja skatta frá því sem orðið er.

Því hefur verið mjög haldið á loft í þeim umr. um skattabreytingar, sem hafa farið fram hér á Alþingi í tengslum við ráðstafanir ríkisstj. í efnahagsmálum, að verið væri að lækka skatta. Sannleikurinn er sá, að þar er um skattalækkun að ræða á þremur afmörkuðum sviðum, þ. e. lækkun launaskatts, stimpilgjalds og tollalækkun á heimilistækjum, en skattahækkanir eru miklum mun meiri en sem þessu nemur. Ef þetta dæmi er gert upp koma út úr því eftirfarandi tölur:

Hækkun tekju- og eignarskatts og sjúkratryggingagjalds er, eins og ég rakti áðan, mjög varlega áætluð 45 millj. kr. vegna þess að um meiri tekjur verður að ræða en gert var ráð fyrir í fjárl. Að óbreyttri skattavísitölu hækka þessir skattar um 45 millj. kr. a. m. k. Tollafgreiðslugjald er áætlað að gefi ríkissjóði 54 millj., söluskattur ofan á það 19 millj., framlengingargjald á sælgæti og kex 8 millj. og skattur á banka og sparisjóði 50 millj., lækkun launaskatts er 30 millj., stimpilgjald lækkar um 20 og tollalækkun nemur 22 millj. Hækkun skatta nettó samkv. þessu yrði umfram það, sem fjárlög gera ráð fyrir, 104 millj. kr.

Við undirritaðir nm. fjh.- og viðskn., sá sem hér talar og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, erum andvígir þessari skattastefnu og munum greiða atkv. gegn þessu frv. þar sem alger óvissa er um hvort hæstv. ríkisstj. ætlar með einum eða öðrum hætti að leiðrétta þessar skattaálögur sem ég hef hér gert ráð fyrir, t. d. með breytingu á skattvísitölu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:8 atkv.
2. gr. samþ. með 10:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314, n. 419, 429 og 434). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. til staðfestingar á þeim brbl. sem ríkisstj. gaf út í tengslum við ákvarðanir fiskverðs, gengisbreytingar og aðgerðir í efnahagsmálum í upphafi þessa árs. Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að þau ákvæði, sem hér er lagt til að verði staðfest, eru öll með hefðbundnum hætti. Af hálfu Verðjöfnunarsjóðs eða framleiðsluútflutningsaðila í sjávarútvegi voru ekki gerðar neinar athugasemdir við framkvæmd þessa máls. Við leggjum þess vegna til í meiri hl. n. að frv. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Þau eru efnisatriði þessa frv., að 6% af svonefndum gengishagnaði eða uppfærslu á verðmæti

birgða við gengisbreytinguna, skuli renna í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Sá sjóður, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, hefur verið mjög grátt leikinn í tíð núv. ríkisstj. Fé hans hefur verið óspart eytt og jafnvel greitt úr honum við þau skilyrði að um hámarksverð hefur verið að ræða, hærra verð en menn hafa þekkt. Er það auðvitað öndvert við tilgang sjóðsins. Þá hefur það enn gerst, að þessi sjóður hefur stofnað til skulda, tekið lán og hlotið til þess ríkisábyrgð. Það er líka öndvert við tilgang sjóðsins og fyrir því engin fordæmi. Staða Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er því vægast sagt mjög slæm.

Sú braut, sem menn hafa farið í þeim efnum, sú veiking sjóðsins, skuldasöfnun og raunveruleg misbeiting hans, býður heim þeirri hættu, að þetta mikilvæga hagstjórnartæki verði ónýtt í höndunum á okkur. Þess vegna ber nauðsyn til að snúa af þeirri braut sem menn hafa fetað að undanförnu. Í ljósi þess er augljóst að hvað eina, sem má verða til að styrkja stöðu sjóðsins, er til bóta. Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur þannig átt þátt í að koma í veg fyrir, að þetta mikilvæga stjórntæki verði eyðilagt, og koma í veg fyrir frekari veikingu sjóðsins. Af þessum ástæðum legg ég til að frv. um fjárframlag í sjóðinn verði samþykkt.

Frsm. 2. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um er hér gert ráð fyrir í brbl. að 6% gengismunar renni í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins. Þetta munu vera hin svokölluðu leynilög. Þetta mál er lítið í sniðum. Um það er að ræða að 9 millj. af skreiðarandvirði fari í Verðjöfnunarsjóð, um 4 millj. af saltfiski og 13 millj. af lýsi og mjöli, eða samtals um 26 millj.

Við hv. þm. Lárus Jónsson skilum séráliti og bendum sérstaklega á að ekki sé gert ráð fyrir að eigendur nýrra fiskiskipa fái að neinu leyti bætt upp það tjón sem þeir verða fyrir með því að kröfur á þá eða skuldir hækka vegna sífelldra gengislækkana. En eins og í okkar nál. segir er hér kannske ekki um að ræða neitt stórmál og munum við því sitja hjá við afgreiðslu þess.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 413). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Á 103. löggjafarþingi lagði ég fram fyrir hönd ríkisstj. frv. til l. um atvinnuréttindi útlendinga. Frv. náði þá ekki fram að ganga, en það hefur nú þegar sætt meðferð í hv. Nd.

Frv. er afurð af starfsemi nefndar sem ég skipaði 18. mars 1980 í samráði við verkalýðssamtökin og atvinnurekendur. Í nefndinni áttu sæti Ásmundur Stefánsson, Ingimar Sigurðsson, Jón S. Ólafsson, Jósef Kristjánsson, Þorsteinn Pálsson og Arnmundur Backman, sem var jafnframt formaður nefndarinnar. Auk þess störfuðu með nefndinni þeir Hjörtur Hermannsson framkvæmdastjóri og Þórir Daníelsson framkvæmdastjóri.

Þessi nefnd tók að sér tvö meginverkefni: annars vegar að vinna að víðtækri könnun á rétti og aðbúnaði innlendra farandverkamanna með það fyrir augum að semja nýjar reglur þar að lútandi og hins vegar að könnun á stöðu og rétti erlendra verkamanna hér á landi, gildandi ákvæðum samninga og laga á hinum Norðurlöndunum hvað þessu viðvíkur, í þeim tilgangi að endursemja frv. um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi. Nefndin gerði tillögur til mín um aðbúnað farandverkafólks og nú nýlega gekk ég frá reglugerð um það efni á grundvelli laga um hollustuhætti og hollustuvernd. Þá gerði hún tillögur um frv. það sem hér liggur fyrir til meðferðar.

Helstu breytingarnar, sem frv. þetta felur í sér, eru þær, að þar er gert ráð fyrir að skilyrði þess, að atvinnuleyfi megi veita útlendingi, séu, auk þess að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að við umsókn liggi einnig fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur á að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi þessum skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi. Er gert ráð fyrir að ráðningarsamningurinn liggi fyrir undirskrifaður þegar sótt er um atvinnuleyfið og þar verði ákvæði þess efnis, að viðkomandi starfsmaður hafi kynnt sér þær upplýsingar sem nú er lagt til að félmrn. gefi út og dreifi erlendis, sbr. 5. gr. frv. þessa, áður en skrifað er undir samninginn.

Frv. hefur fengið mjög rækilega meðferð og verið haft samráð við dómsmrn., sem hefur með að gera útlendingaeftirlit hér á landi, og milli dómsmrn. og félmrn. og embættismanna þessara ráðuneyta er fullt samkomulag um þennan texta eins og hann nú liggur fyrir, en hv. félmn. Nd. gerði við meðferð málsins nokkrar lagfæringar, en engar stórar efnisbreytingar.

Þegar málið var til meðferðar í nefndinni kom fram að því er varðar 3. gr. ágreiningur af hálfu Þorsteins Pálssonar fulltrúa Vinnuveitendasambandsins, þar sem hann taldi að þær kröfur, sem frv. gerði í öndverðu um vottorð og fleira, væru óþarflega viðamiklar. Ég tel að nefndin í Nd. og hv. Nd. síðan hafi komið nokkuð til móts við þau sjónarmið sem fram koma af hálfu Þorsteins Pálssonar í séráliti hans, en það sérálit er birt sem fskj. með frv. á þskj. 96.

Þetta frv. er til orðið í framhaldi af viðræðum ríkisstj. við verkalýðssamtökin og atvinnurekendur í tengslum við kjarasamninga á árunum 1979 og 1980. Það hefur, eins og ég sagði, fengið allrækilega meðferð af hálfu embættismanna og annarra sem um þessi mál eiga að véla. Ég vona að á þessu séu ekki tæknilegir hnökrar. Hér er um það að ræða að reyna að tryggja útlendum ríkisborgurum eðlileg starfsréttindi á Íslandi til samræmis við Íslendinga þannig að ekki þurfi að koma hér til spennu og átaka á vinnustöðum milli Íslendinga og útlendinga sem annars er hætta á og við þekkjum því miður mörg dæmi um af blaðafréttum erlendis frá og hafa komið upp þar sem útlendir starfsmenn hafa iðulega orðið að sæta mun lakari kjörum og aðbúnaði en hið innlenda verkafólk. Ég tel því, að hér sé um að ræða mikilsvert réttindamál og nauðsynlegt málefni á alla lund og legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3, n. 367, 373, 412). — Frh. 2. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Eins og hv. þdm. er kunnugt hafa orðið allmiklar umr. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég ætla mér ekki að fara að tíunda hér ágæti Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það hefur vafalaust verið nóg gert að því við þessar umr. og vafalaust oft áður. Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að minnast í örfáum orðum á þá umfjöllun sem varð um Sinfóníuhljómsveitina á liðnu vori, en þá var, líklega í fjórða sinn, lagt fram frv. til l. um Sinfóníuhljómsveitina.

Frv., sem nú liggur fyrir, var lagt fram á liðnu hausti, líklega í fimmta skipti. Öll umfjöllun á liðnu vori bar svipmót þess, að frv. kom seint fram. Einnig er því ekki að neita, að umfjöllun, ekki síst í menntmn., bar svipmót þess, að fjárhagsstaða Ríkisútvarpsins var mjög óljós og hún var vægast sagt slök. Raunar er það svo, að frv. eins og það liggur fyrir og var raunar afgreitt frá menntmn., enda þótt einstakir nm. áskildu sér rétt til að fylgja eða flytja brtt. er afrakstur fjölmargra aðila eftir margra ára umfjöllun þar sem leitast hefur verið við að samræma sjónarmið þeirra sem næst hafa staðið og standa næst starfi Sinfóníuhljómsveitarinnar, bæði að því er varðar reksturinn sjálfan og einnig að því er varðar faglega þekkingu. Þegar ég tala um rekstur á ég við fjármunahliðina.

Í ljósi þessa, sem ég hef sagt, tel ég vafasamt og e. t. v. varasamt að gera breytingar, a. m. k. efnisbreytingar að einhverju marki, á frv. eins og það var afgreitt frá nefndinni, enda þótt það væri með ákveðnum fyrirvörum.

Ég minntist áðan á umfjöllunina á liðnu vori. Það voru allir sammála um frv. þá, enda þótt fram kæmi efarödd þess efnis, að e. t. v. þyrfti ekki að setja lög um Sinfóníuhljómsveitina. Nú hefur niðurstaðan hins vegar orðið sú, að allir eru sammála um lagasetningu. Nú deila menn ekki um það í sjálfu sér, að Ríkisútvarpið skuli vera aðili að rekstrinum. Sem betur fer var fjárhagur Ríkisútvarpsins allgóður á árinu 1981, eftir því sem okkur er tjáð. Rekstur hljóðvarpsins virðist vera réttu megin við núllið, en aðeins virðist hafa hallað undan hjá sjónvarpinu, a. m. k. miðað við rekstur hljóðvarpsins. Þessir tveir rekstrarþættir virðast þó vega hvor annan upp. Reksturinn í heild virðist vera á núlli.

Í raun og sannleika er athyglisvert að í 32 ár skyldi vera eingöngu munnlegt samkomulag um rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það er enginn skriflegur samningur til og hefur aldrei verið gerður um rekstur sinfóníuhljómsveitar. Í sjálfu sér var því kannske ekki einkennilegt að upp kæmi sú rödd, að það þyrfti nú allt í einu að fara að setja lög um Sinfóníuhljómsveitina. En þeir, sem gerst þekkja, hafa haldið því fram og það hefur verið knúið fastar á í því efni nú hin síðari ár og mönnum er fleiri og fleiri að skiljast að setning laga um Sinfóníuhljómsveitina er nauðsynleg. Ég tek undir það, að nauðsynlegt sé að um Sinfóníuhljómsveitina sé ákveðinn lagarammi.

Hins vegar er það kannske áhyggjuefni nú varðandi rekstur Sinfóníuhljómsveitar Íslands hversu margir erlendir hljóðfæraleikarar eru þar við störf, ef ég má svo að orði komast. (Gripið fram í.) Ég skal ekki dæma um það, en víst er það áhyggjuefni að svo margir erlendir hljóðfæraleikarar eru þar. Ef ég man rétt munu vera í starfi um það bil 19 útlendingar á vegum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Samkv. frv. er gert ráð fyrir fjölgun stöðugilda í 65. Ég ætla mér ekki að fara að rekja þau rök sem færð hafa verið fyrir því, en í sjálfu sér hefði mátt spyrja hvort einhvers staðar hallaðist ekki á þegar þessir menn væru ráðnir, hvort það þyrfti þá ekki að bæta einhvers staðar annars staðar inn í hljómsmiðjuna, ef ég má svo að orði komast.

Ég sagði í upphafi máls míns að það væri í sjálfu sér óþarfi að tíunda þau margvíslegu rök sem eru fyrir því að halda hér uppi sinfóníuhljómsveit, sem að mínum dómi, ef starf hennar er öflugt, er í senn forskóli, grunnskóli, miðskóli og háskóli tónmennta í landinu — og ég endurtek: ef rétt er á málum haldið.

Eins og kynnt hefur verið liggja hér fyrir brtt. við frv. frá hv. þm. Þorvaldi Garðari Kristjánssyni og Salome Þorkelsdóttur, enn fremur ein brtt. frá hv. þm. Geir Gunnarssyni við þær brtt. Mig langar að víkja í örfáum orðum að brtt. á þskj. 373.

1. brtt. við 2. gr. er í sjálfu sér ekki efnisbreyting. Þar er tekið fram að það skuli, eins og gert er raunar í frv., „efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast."

Það er þetta með tónlistarflutning í útvarpi. Að mínum dómi er í sjálfu sér gert ráð fyrir þessu í frv. sjálfu, þ. e. í ljósi 25% kostnaðarþátttöku Ríkisútvarpsins í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, þannig að mér finnst þetta raunar liggja í hlutarins eðli. En ég endurtek: Í sjálfu sér skiptir ekki máli þó að þetta sé tekið fram í upphafi frv. Það skemmir ekki í sjálfu sér. Hvort það er þörf á að taka fram að áherslu beri að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar utan lands sem innan, — ég skal játa að það er kannske þokkalegur blær á því að láta þetta standa í lögunum sjálfum. Hins vegar skiptir það ekki höfuðmáli að mínum dómi. Ég lýsi því yfir, að ég geri ekki aths. við þetta í sjálfu sér. En það eru engin efnisrök, að mér finnst, fyrir þessu. Það er um það getið, að hljómsveitin skuli efla sem mest og best tónmennt Íslendinga, og það á auðvitað við jafnt í ljósi erlendrar sem innlendrar tónlistar.

Brtt. um að framlag bæjarsjóðs Seltjarnarness falli niður er ég algerlega andvígur. Mér finnst það í raun og sannleika frekast móðgun við það ágæta bæjarfélag. Það er minn dómur vegna þess að ég hef hugmynd um að það séu allmargir í bæjarfélaginu síður en svo mótfallnir þessu framlagi til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Einu gildir að mínum dómi hvernig farið var að þegar viðruð voru hin fyrri frumvörp um þetta efni. Það kann að hafa orðið einhver misbrestur á sambandi við hin sveitarfélögin, en auðvitað er augljós aðstöðumunur sveitarfélaga hér á stór-Reykjavíkursvæðinu að njóta tónlistarflutnings og þeirrar aðstöðu sem myndast að mörgu leyti vegna Sinfóníuhljómsveitarinnar, hins blómlega tónlistarlífs sem raunar er gert ráð fyrir að Sinfóníuhljómsveitin leiði af

sér. Ég hygg að meginástæður þess, að menn voru margir fúsir til þess, að hin sveitarfélögin kæmu inn í, hafi einmitt verið þær, að auðvitað er þetta í raun og sannleika eitt og sama svæðið enda þótt sveitarfélögin séu mörg.

Hér segir að semja megi um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur. Það má bera þessa mgr. saman við þá mgr. sem er í frv. sjálfu þar sem segir: „Með samþykki rekstraraðila getur menntmrn. heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.“ Að mínu viti táknar brtt., þ. e. „semja má um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur,“ það í raun og sannleika að hugsanlegt sé að semja þegar um er að ræða sveitarfélög sem eru ofan Hvalfjarðar og austan Hellisheiðar. Ég geri ráð fyrir að það yrði ekki um slíka samninga að ræða þegar um væri að ræða tónleikahald hér á stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég hygg að það mundi ætíð fara fram hér í Reykjavík, ekki síst í ljósi þess að menn færu varla að kalla yfir sig einhvern slíkan kostnað eins og hér er tíundaður.

Í frv. er gert ráð fyrir að Sinfóníuhljómsveitin skuli kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því, að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum. Nú skal ég játa að þetta 12% mark finnst mér að mörgu leyti út í hött. Sannleikurinn er sá, að á liðnu ári voru eigin tekjur hljómsveitarinnar 16% af heildartekjum þannig að þessi eigintekjuprósenta virðist fara allmjög hækkandi og mér finnst heldur lágkúrulegt að láta þarna standa prósentu af þessu tagi. Ég er sem sagt fylgjandi því, að hér standi eins og brtt. á þskj. 373 gerir ráð fyrir: „Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af hljómleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar.“ Mér finnst þetta eðlileg breyting og ekki síst í ljósi þess, að sem betur fer hafa tekjur hljómsveitarinnar vaxið á liðnu ári í hlutfalli við heildartekjur.

En meginbreytingin, sem lögð er til á þskj. 373, er sú, að hljómsveitarráð komi í stað bæði stjórnar hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefndar. Ég hef átt viðræður við nokkra þeirra aðila, sem hafa staðið að umfjöllun um þau frumvörp sem komið hafa fyrir augu hv. þm. í gegnum árin, og ég skal játa að þeim flestum ef ekki öllum ber saman um að það sé eðlilegra að hafa sérstaka verkefnavalsnefnd, þ. e. nefnd sem hefur hönd í bagga að því er varðar val á tónverkum í ljósi faglegrar þekkingar, en stjórn hljómsveitarinnar sé fyrst og fremst fjármunalegur stjórnandi og einbeiti kröftum sínum að því. E. t. v. er það svo í hugum einhverra að þetta sé of flókið, að þarna muni menn vísa hver á annan og út úr þessu komi nánast ekki neitt. Ég held fyrir mitt leyti að það sé að mörgu leyti þægilegra fyrir hljómsveitina að hafa þetta tvískipt, þ. e. að hinir fjármunalegu ábyrgðaraðilar geti fyrst og fremst einbeitt sér að þeim þætti. Í fyrsta lagi þarf verkefnavalsnefndin að mörgu leyti að gera sér grein fyrir kostnaðinum, en hún er fyrst og fremst hinn faglegi aðili. Síðan tekur stjórn hljómsveitarinnar við. Ég held að þetta sé það veigamikil breyting, stofnun hljómsveitarráðs í stað þeirra tveggja þátta sem ég hef nefnt, að það sé nánast útilokað að fallast á hana, og ég er því mótfallinn.

Í sjálfu sér er ekki þörf á að ræða þetta frekar að mínum dómi. Ég vil þó benda á að í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ráði sér framkvæmdastjóra og beri hann ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Skal hann ráðinn til fjögurra ára í senn, en endurráðning er heimil. Samkv. 6. gr. er gert ráð fyrir að stjórn hljómsveitarinnar ráði fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra, þ. e. eins konar gestahljómsveitarstjóra, skilji ég þetta rétt, og skipi verkum með þeim. Þarna er ekki gert ráð fyrir neinum tímamörkum. Ég skil þetta svo, að stjórn hljómsveitarinnar sé heimilt að ráða slíkan mann til eins árs, hálfs annars eða hvaða tíma sem vera skal, hvort sem um er að ræða fastan hljómsveitarstjóra eða aðalhljómsveitarstjóra.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég vara við því að gera stórvægilegar efnislegar breytingar á þessu frv., ekki síst í ljósi þess, eins og við flest, held ég, höfum hugmynd um, að þeir, sem eru gagnkunnugastir rekstri þeim og ráðagerðum sem hér er verið að fjalla um, bæði að því er varðar fjármuni og faglega þekkingu, hafa í gegnum tíðina náð samstöðu um ákveðna þætti. Það er fyrst og fremst þess vegna sem ég legg til að meginefnisatriði frv. verði látin halda sér.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Ég get tekið undir flestöll af þeim meginsjónarmiðum, sem komu fram hjá síðasta hv. ræðumanni, og ætla ekki hér og nú að fjalla nánar um þær brtt. sem lagðar hafa verið fram. Ég tel að þær séu allar, nema sú fyrsta, þess eðlis, að þær muni raska mjög þeirri samstöðu og því samkomulagi, sem tekist hefur að þróa um lagagrundvöll Sinfóníuhljómsveitarinnar, og það geti verið mjög varhugavert af hálfu þingsins að samþykkja brtt. þessa efnis.

En aðalerindi mitt hingað var að greina frá því, að mér hefur borist bréf fra Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands og það hefur að geyma tillögur sem samþykkt var samhljóða á fundi Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands 8. mars s. l. Till., sem varð að ályktun Starfsmannafélagsins, er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundur haldinn í Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands lýsir ánægju sinni með frv. það til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem nú liggur fyrir og er til umræðu á Alþingi. Beinir Starfsmannafélagið þeim eindregnu tilmælum til þingmanna að samþykkja frv. óbreytt og vill vekja athygli á því, að við gerð frv. hafa unnið menn sem gerst þekkja til um rekstur hljómsveitarinnar. Fram bornar brtt. telur Starfsmannafélagið ekki vera til bóta. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur sannað tilverurétt sinn svo að ekki verður um deilt. Eftir rúmlega þriggja áratuga starf í öryggisleysi og óvissu á hljómsveitin siðferðilegan rétt á, að tilvist hennar verði tryggð, og þjóðin öll á heimtingu á því, að þessi hornsteinn íslensks tónlistarlífs verði lögfestur.“

Hér lýkur lestri þessarar tillögu sem varð að shlj. ályktun í Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Ég held að þessi ályktun sýni okkur að það geti verið hæpið að setja Sinfóníuhljómsveitinni þann stjórnunarramma sem gert er með þessum brtt.: að færa framkvæmdastjóra hljómsveitarinnar það mikla vald sem honum er fangið í hendur með þessum brtt., leggja niður verkefnavalsnefnd og tengja saman í eina heild rekstrarlega stjórn hljómsveitarinnar og verkefnavalið. Ljóst er að þeir, sem starfað hafa við hljómsveitina á undanförnum árum, eru nær allir sammála um að núv. stjórnunar- og rekstrarform hafi gefist vel. Mér hefur borist

greinargerð frá forustumanni íslenskra tónlistarmanna þar sem hann víkur að því, að sú samtenging á rekstrarlegri stjórn og verkefnavali, sem lögð er til í þessum brtt., þekkist varla nokkurs staðar þar sem sinfóníuhljómsveitir starfa. Ég held að reynsla annarra þjóða af rekstri sinfónuíhljómsveita ætti þess vegna að vera okkur viss fyrirmynd í þessum efnum og við ættum ekki að fara að raska þessu stjórnunarfyrirkomulagi, enda hefur ekki mér vitanlega verið deilt mjög um það á undanförnum árum.

Það væri mjög fróðlegt ef flm. þessarar brtt. gætu upplýst hvaða aðilar í tónlistarlífi landsins, forsvarsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eða starfsmenn Sinfóníuhljómsveitarinnar eða þeir, sem staðið hafa að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, telja æskilegt að stjórn hljómsveitarinnar verði fyrir komið með þeim hætti sem lagt er til í brtt. Ef staðreyndin væri sú, að fram hefðu komið einhverjar ákveðnar óskir frá þessum aðilum um breytingar á stjórnunarfyrirkomulaginu, þá held ég að nauðsynlegt sé að það verði upplýst hér. En með allri virðingu fyrir okkur þm. held ég að það sé hæpið að við förum að sníða nánast úr okkar hugarheimi stjórnunarform fyrir þessa menningarstarfsemi, ef það er andstætt vilja þeirra sem bera menningarstarfsemina uppi, og sú ályktun, sem samþykkt var af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitarinnar, leiðir glögglega í ljós að hljóðfæraleikararnir og starfsmennirnir við hljómsveitina eru andvígir þeim stjórnunartillögum sem hér eru lagðar fram.

Hitt er svo rétt, sem fram hefur komið í þessum umr., að það hefur verið mjög deilt um fjárhagslegan grundvöll Sinfóníuhljómsveitarinnar og bæði þátttöku annarra stofnana eins og Ríkisútvarpsins og Þjóðleikhússins og ríkis og sveitarfélaga í þeim þætti málsins. Eins og hér hefur komið fram hafa komið fram óskir um að það verði upplýst, hvort þetta frv. hefði í för með sér einhvern verulegan kostnaðarauka. Ég tel rétt að menntmrh. svari fyrir það ef hann hefur gefið loforð um að veita þær upplýsingar. (Gripið fram í.) Nei, ég tel rétt að hann geri það. Þær óskir komu ekki fram formlega gagnvart nefndinni, að nefndin aflaði sér þessara upplýsinga, og hæstv. ráðh. lét aldrei í ljós við nefndina þá skoðun, að hann teldi nauðsynlegt að veita neinar viðbótarupplýsingar né að hann væri með neinar viðbótarupplýsingar í undirbúningi. En það er vandamál sem sjálfsagt verður hægt að leysa hér og er tímabundið. Hitt væri hins vegar alvarlegra mál að mínum dómi, ef hæstv. Alþingi færi að afgreiða hér eftir mjög erfiða fæðingu á undanförnum árum frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands sem væri í mörgum veigamiklum þáttum í algerri andstöðu við vilja starfsmanna hljómsveitarinnar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv. segist hafa bréf upp á að þetta frv. hafi verið unnið af mönnum sem gerst þekkja til, og hann segist hafa bréf upp á að Starfsmannafélag Sinfóníuhljómsveitarinnar sé á móti öllum breytingum. Hann virðist gera þetta sjónarmið að sínum málstað því að hann orðar það svo, að hann vari við öllum breytingum á frv. Auk þess er hann haldinn áfram þeirri áráttu, sem hefur komið áður fram í þessum umr., að það mætti yfirleitt ekki og væri ekki ráðlegt að breyta neinu í þessu frv.

Það er dálítið einkennilegt við afgreiðslu máls á Alþingi, að það skuli vera lögð svo mikil áhersla á að þm. megi ekki breyta neinu sem lagt er þeim í hendur. Ég hygg að þetta sjónarmið sé nokkuð einstakt. En hv. 11. þm. Reykv. fór ákaflega létt í að skýra hvers vegna mætti ekki breyta neinu í þessu frv. Það verður ekki komist hjá því að leita eftir skýringum á því, hvers vegna engu megi breyta. Hvers vegna má ekki samþykkja 1. brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. á þskj. 373? Ég óska eftir skýringu á þessu. Hv. 11. þm. Reykv. sagði ekkert um hvers vegna það mætti ekki.

Hv. 3. þm. Vesturl. vék að tveim atriðum. Annað var að ekki væri ástæða til að taka fram, eins og við flm. brtt. gerum með okkar brtt., að Sinfóníuhljómsveitin miði að því að auka tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Hv. 3. þm. Vesturl. gerir aths. við það. Hann gerði aðra aths. við þessa brtt. í brtt. segir: „Sérstaka áherslu ber að leggja á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar, utan lands sem innan, ef tilefni gefast." Hv. 3. þm. Vesturl. gerir aths. við þetta. (**DA:** Ég held að þetta sé sjálfsagt.) Nú kallar hv. þm. fram í fyrir mér og segir að þetta sé sjálfsagt. Ég lít svo á að í þessu framíkalli felist að honum finnist sjálfsagt að greiða atkv. með þessari brtt. Læt ég þá útrætt um 1. brtt. á þskj. 373.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að það fælist móðgun í till. okkar hv. 4. landsk. þm. um að fella niður úr frv. að sveitarsjóður Seltjarnarness skyldi standa undir rekstri hljómsveitarinnar að 1%. Hvað ætti þá að segja um þau mörgu sveitarfélög í landinu sem hefur ekki verið boðinn sá heiður? Er þá búið að móðga nær öll sveitarfélög í landinu? Það er algerlega út í hött að tala um móðgun í þessu sambandi.

Það eru tvær ástæður fyrir því, að það séu einungis ríkissjóður, Ríkisútvarpið, og borgarsjóður Reykjavíkur sem standi að rekstri hljómsveitarinnar. Það er í fyrsta lagi, að þessir aðilar hafa staðið að rekstri hljómsveitarinnar frá upphafi. Og það er í öðru lagi, að þessir aðilar eiga eitt sameiginlegt sem ýmsir aðrir eiga ekki sameiginlegt með þeim. Ríkissjóður er eign allra landsmanna. Ríkisútvarpið er eign allra landsmanna. Höfuðborg Íslands er höfuðborg allra landsmanna. Það er þetta sjónarmið sem sker úr. Það á ekki að taka inn sveitarsjóð Seltjarnarness frekar en bæjarsjóð Kópavogs, Garðabæjar eða sveitarsjóð Mosfellshrepps eða bæjarsjóð Ísafjarðar eða Akureyrar. Það skiptir hér ekki máli hvort sveitarfélag er í nálægð við Reykjavík eða ekki. Það skiptir máli að Sinfóníuhljómsveitin er eign og stofnun allra landsmanna, en ekki hluta þjóðfélagsþegnanna. Ég verð að segja að ég fæ ekki séð hvaða hætta er fólgin í því að fylgja brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. um að fella 1% framlag bæjarsjóðs Seltjarnarness niður og bæta því við hlut ríkissjóðs. Ég hef ekki heyrt nein frambærileg rök gegn þeirri breytingu.

Þá vék hv. 3. þm. Vesturl. að brtt. okkar við 4. gr. frv. Hv. 11. þm. Reykv. gerði raunar enga tilraun til að færa fram nokkur rök máli sínu til stuðnings eða fyrir því að vara við því, að nokkrar breytingar væru gerðar. En hv. 3. þm. Vesturl. gerði tilraun til að færa rök fyrir sínu máli. Hv. 3. þm. Vesturl. er á móti því að fjölga í stjórn hljómsveitarinnar, eins og við leggjum til með okkar brtt. Hann sagði ekkert um það, hvers vegna hann er á móti því að fulltrúi frá Tónskáldafélagi Íslands eigi sæti í stjórn hljómsveitarinnar. Hann sagði ekkert um það,

hvers vegna hann er á móti því að skólastjóri Tónlistarskólans sé í stjórn hljómsveitarinnar. Þetta er breytingin sem við gerum tillögu um. Við gerum ráð fyrir og leggjum til að allir hinir fimm, sem yrðu í stjórn hljómsveitarinnar, væru hinir sömu og gert er ráð fyrir í frv. Það væri fróðlegt að heyra einhver rök fyrir þessu. Hvers vegna eru menn á móti þessu?

Ég skal ekki gera leik að því að lengja þetta mál. Ég vík aðeins að aðalatriðunum í því sem fram kom í ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Hann vék að þeirri brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. að leggja niður verkefnavalsnefndina. Hann taldi að það væri ákaflega þýðingarmikið að hafa þá nefnd, reynslan væri sú. Hv. 11. þm. Reykv. lagði mikla áherslu á að það hefði reynst svo vel að hafa sérstaka verkefnavalsnefnd að þar mætti ekki breyta. Ég hef áður í umr. um þetta mál lýst því, hvers vegna við gerum brtt. um að leggja niður verkefnavalsnefndina og gerum ráð fyrir að verk hennar sé unnið af stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar eða hljómsveitarráði, eins og við köllum það. Ég hef skýrt það, að það væri misráðið að hafa tvo stjórnunaraðila í þessu efni og skilja svo mjög á milli fjárhagshliðar og hinnar listrænu hliðar vegna þess að í rekstri hljómsveitarinnar væri það hvort öðru nátengt og háð. Slík tvö stjórnvöld stuðluðu að því að dreifa ábyrgðinni og gera stjórn hljómsveitarinnar veikari en ella og væri hætt við að menn skytu sér undan ábyrgð fyrir fjárhagslegum rekstri hljómsveitarinnar með því að segja að þeir hafi farið að tillögum verkefnavalsnefndarinnar í verkefnavali. Við teljum að það fari best á því, að í hljómsveitarráði séu menn sem bæði hafa fjármálalega þekkingu og tónlistarþekkingu, og vörum við að ganga út frá því, að tónlistarunnendur eða þeir, sem hafa þekkingu á tónlist, kunna að lesa nótur t. d., þurfi að vera einhverjir fávitar í fjármálum. Það á ekkert frekar við um sérhæfða menn á tónlistarsviði en sérhæfða menn á öðrum sviðum.

Þetta er skoðun okkar, sem flytjum brtt., en hv. 11. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Vesturl. segja að reynslan sé allt önnur. Við teljum okkur miða við reynslu þegar við flytjum þessa till., en því til áréttingar leyfi ég mér að vitna í skýrslu ríkisendurskoðunar fyrir árið 1981 um starfsemi hljómsveitarinnar, en þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefnavalsnefnd starfar ákaflega sjálfstætt. Nefndin er aðeins stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands til aðstoðar og því er það stjórnin sem ætti að leggja endanlega hönd á starfsáætlun og verkefnaval. Svo virðist þó ekki vera. Verkefnavalsnefnd setur saman starfsáætlun. Þótt stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands mælist til að nefndin taki mið af fjárhagsgetu hljómsveitarinnar er ekki um að ræða nokkra beina samhæfingu á milli starfsáætlunar og fjárhagsáætlunar." — Og enn fremur segir í þessari sömu skýrslu ríkisendurskoðunarinnar: „Alvarlegur veikleiki í stjórnkerfi hljómsveitarinnar felst í aðskilnaði listrænnar framkvæmdastjórnar og fjárhagslegrar."

Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þetta álit ríkisendurskoðunarinnar, en ég held að því verði ekki neitað, að það kemur heim við skoðanir okkar hv. 4. landsk. þm. og till. okkar um breytingar í þessu efni falla að þessu sjónarmiði.

Hv. 3. þm. Vesturl. sagði að sér félli ekki vel að gert væri ráð fyrir því í frv., að stefna ætti að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fengjust greidd af tekjum hennar. Hv. 3. þm. Vesturl. fann að þessu og ég er honum sammála. Eg færði rök fyrir brtt. okkar um að fella þessi 12% niður og orða greinina á annan veg. Ég færði rök fyrir því þegar ég mælti fyrir tillögunum. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau hér. En mér sýnist að það sé augljóst, að ef hv. 3. þm. Vesturl. er andvígur þessu efni í frv. hljóti hann að greiða atkv. með brtt. sem lagfærir það.

Þá var það annað atriði sem hv. 3. þm. Vesturl. fann líka að frv. og að mínu viti réttilega. Hann tók fram að gert væri ráð fyrir því í 6. gr. frv. að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar réði hljómsveitarstjóra, en það sé ekki talað um til hve langs tíma. Hv. þm. taldi þetta ekki af hinu góða og vera varhugavert. Ég er honum sammála. En í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. er bætt úr þessu. Þar segir að hljómsveitarráð ráði hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn. Ég fæ ekki séð annað en hv. 3. þm. Vesturl. hljóti að vera með brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. Brtt. lagar það sem hann finnur að.

Er þá orðið fátt um væna drætti varðandi umr. um þetta mál eins og það nú stendur. Ég vík því aftur einu orði að því sem er helst bitastætt, og það er varðandi brtt. okkar um að leggja niður verkefnavalsnefndina. Ég er áður búinn að koma inn á rökin fyrir því að gera slíkt, en ég segi: Ef menn vilja ekki fallast á þau rök eða geta það ekki að öllu leyti, þá er engin hætta á ferðum vegna þess að það er ekkert í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. sem bannar að það sé sett upp verkefnavalsnefnd. Hljómsveitarráð getur gert það hvenær sem það vill, en það er ekki skylda. Sá er munurinn. En er þetta þá óraunhæft hjá okkur sem stöndum að brtt.? Nei, það er ekki hægt að segja það. Þetta er búið að vera svo frá því að hljómsveitin var stofnuð og þó eru engin lög. Nei, ég held að menn sjái að það er einhver þráhyggja og ekkert annað en þráhyggja að halda við það, að ekki megi breyta þessu ákvæði varðandi verkefnavalsnefndina.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um þessar brtt. á þskj. 373, nema þá að gefnu frekara tilefni. En það er komin fram brtt. á þskj. 412, brtt. við 3. tölul. í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. og fjallar um að niður falli það ákvæði í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm., að formaður hljómlistarráðs skuli vera tónlistarmaður. Ég viðurkenni að það eru tvær hliðar á þessu máli. Það þarf ekki að vera sjálfgefið að það þurfi að setja það skilyrði, að formaður hljómlistarráðs sé tónlistarmaður. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta, en vil aðeins segja að ég get fellt mig við hvort heldur er og við flm. brtt. á þskj. 373 setjum okkur ekki upp á mót brtt. á þskj. 412, brtt. hv. 4. þm. Reykn.

Það hefur verið talað um að þetta frv., sem við nú ræðum, hafi verið samið af þeim, sem eru gagnkunnugastir þessum málum, og frv. hafi verið unnið af mönnum sem gerst þekkja til. Ég vil ekkert draga úr þessum fullyrðingum. Ég hygg að það sé sjálfgefið að slíkir menn hafi verið til kvaddir. En það breytir ekki því, að auðvitað ber okkur þm. að afgreiða þetta frv. eftir bestu samvisku og eftir því sem við þekkjum best til. Hv. 11. þm. Reykv. var að spyrja við hverja við hefðum talað, hvaðan við hefðum eitthvert vit á þessum málum, — það lá í orðunum, — hvort við ætluðum ekki að gera hér grein fyrir því, hvers vegna við dirfðumst að flytja brtt. við þetta frv. Ég ætla ekki að svara þessu. Ég hef oft tekið þátt í umr. á Alþingi þar sem hafa komið á dagskrá málefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, og ég hef gert mér það að reglu og fundið mið hafa þörf til að leggja þar orð í belg. Ég hef fylgst með starfsemi Sinfóníuhljómsveitar-

innar frá byrjun og hef gert það á vissan hátt mjög náið, bæði með sambandi við tónlistarmenn og suma sem stundum hafa verið á oddinum í þessum málum og ótvíræðir forustumenn, og einnig hef ég haft náið samband við þá sem hafa þurft að sinna hinni fjárhagslegu hlið. Ég mun því ekki biðjast afsökunar á því að láta þessi mál til mín taka nú þegar verið er að fjalla um mjög þýðingarmikið mál fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og alla tónmenningu í þessu landi.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég þakka tillitssemi hæstv. forseta. Ég skal vera mjög stuttorð.

Ég hafði ekki gert ráð fyrir að taka hér aftur til máls um frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en hv. 11. þm. Reykv. gaf mér tilefni til að koma hér aðeins í ræðustól. Hv. 4. þm. Vestf. hefur gert svo góða grein fyrir brtt. okkar að ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þær.

En hv. 11. þm. Reykv. minntist á bréf sem honum hefði borist frá formanni Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitarinnar. Mér þykir rétt að það komi fram, að það hefur fleirum borist þetta bréf, væntanlega öllum hv. þm. deildarinnar.

Ég verð að segja að mér þykir dapurlegt ef ágætir starfsmenn Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafa ekki skilning á því, að við flm. flytjum brtt., sem hér hafa verið ræddar, fyrst og fremst vegna þess að við látum okkur annt um Sinfóníuhljómsveit Íslands, vegna þess að við gerum okkur grein fyrir því menningarlega hlutverki sem hún gegnir í tónlistarlífi Íslendinga. Hún hefur réttilega verið nefnd hornsteinn íslenskrar tónlistar.

Þeir hv. þm., sem hafa varað við því að gerðar séu breytingar á þessu frv., mega vita að sú vinna, sem liggur að baki þessum brtt., er vinna manna sem hafa mikla þekkingu á starfsemi hljómsveitarinnar. Þetta vildi ég láta koma fram.

Hv. 3. þm. Vesturl. talaði um að það væri móðgun við Seltjarnesbæ að taka rekstraraðild hans út úr frv. Ég veit ekki hvort ég hirði um að svara þessu einu sinni enn. Ég tel að það sé ekki móðgun, heldur miklu frekar að honum sé sýnt traust með því að hann megi á frjálsum grunni vera þátttakandi í rekstri hljómsveitarinnar.

Það má gjarnan koma hér fram, að þessar brtt. eru viðleitni okkar flm. til að bæta þetta frv. Ef meiri hl. Alþingis er ekki sömu skoðunar verður frv. ekki breytt. Við skulum vona að frv. fari í gegnum þingið þrátt fyrir það, enda liggur fyrir a. m. k. að við flm. þessara brtt. erum að öðru leyti sammála frv. og munum styðja það hvernig svo sem lyktir þessara brtt. verða.

Umr. frestað.

Efri deild, 54. fundur.

Miðvikudaginn 10. mars, að loknum 53. fundi.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:7 atkv. og afgr. til Nd.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 17 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 50. fundur.

Miðvikudaginn 10. mars, kl. 2 miðdegis.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 423). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 424). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 400). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var 30. júní 1980 til að endurskoða lög um sjóðagjöld landbúnaðarins, þó fyrst og fremst þau sjóðagjöld sem renna eiga til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Nefndin taldi einnig nauðsynlegt að endurskoða lög um Búnaðarmálasjóð, en núgildandi lög um það efni eru nr. 38 15. febr. 1945. Lög um Búnaðarmálasjóð ákvarða í fyrsta lagi gjaldtöku til sjóðsins, en sú gjaldtaka er einnig grundvöllur álagningar á gjöldum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Lífeyrissjóðs bænda og Bjargráðasjóðs. Nefndin skilaði því frv., sem hér er til umr., og er það lagt fram óbreytt eins og hún gekk frá því.

Búnaðarsjóðsgjald reiknast sem hlutfall af framleiðslu búfjárafurða og skulu tekjur Búnaðarmálasjóðs ár hvert skiptast að jöfnu á milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar. Búnaðarfélag Íslands skiptir hlut búnaðarsambandanna á milli einstakra búnaðarsambanda með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraða af gjaldskyldum vörum og

leyfum. Í frv. þessu eru gerðar breytingar á gjaldstofni til Búnaðarmálasjóðs m. a. með tilliti til breytinga á verslunar- og framleiðsluháttum í landbúnaði og með tilliti til nýrra búgreina.

Í 2. gr. frv. kemur fram hvernig þessi gjaldstofn er lagður á einstakar greinar, en hann skiptist að megindráttum í tvo gjaldflokka: Í fyrsta lagi þann flokk sem greiða skal 0.25% gjald, þ. e. af alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu, og svo í öðru lagi að af afurðum annarra búgreina skal greiða 0.50% gjald, þ. e. af nautgripaafurðum úr sláturhúsum, mjólkurbúum og af heimaunnum nautgripaafurðum, af sauðfjárafurðum, af garð- og gróðurhúsaafurðum, af afurðum hrossa og enn fremur af sölu lífgripa, af skógarafurðum, hlunnindum o. fl.

Eins og fyrr segir eru ákvarðanir um þessa gjaldtöku ráðandi varðandi innheimtu til annarra sjóða á vegum landbúnaðarins er ég áður nefndi, og var skoðun nefndarinnar að nauðsynlegt væri að færa þetta til betra horfs miðað við breytta framleiðsluhætti og verslunarhætti.

Frv. hetta er einfalt að búnaði og vænti ég að um það megi takast samstaða hér á hv. Alþingi, svo sem var í þeirri nefnd sem undirbjó málið.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál. Ég vil aðeins taka það fram, að hér er um eitt af mörgum gjöldum að ræða sem í raun og veru snerta ekki hagsmuni ríkisins beinlínis, heldur hagsmuni þeirra aðila sem hér er fjallað um. Ég sé í rauninni enga nauðsyn bera til að festa þetta gjald í lög. Framleiðendunum er í sjálfsvald sett að greiða þetta án lagasetningar, enda þarf ekki atbeina Alþingis eða ríkisins á einn eða neinn hátt til að eyða fénu eða skipta því. En ég tek það fram, að þetta er ekki eina gjaldið af þessu tagi. Það eru til gjöld af svipuðum toga fyrir aðrar atvinnustéttir. Þessi gjöld fara flest fram hjá ríkisreikningi og Alþingi hefur síðar meir enga aðstöðu til að fylgjast með afdrifum þeirra eða ráðstöfun. Miklu eðlilegra væri þess vegna að framleiðendurnir kæmu sér sjálfir saman um að inna þetta gjald af hendi með frjálsum hætti fram hjá löggjafanum, þar sem ekki er gert ráð fyrir að hann hafi neitt um það að segja.

Í 3. gr. frv. er að vísu tekið fram að aldrei megi hækka verð vöru eða leigu vegna gjaldsins. Þetta er almenn viljayfirlýsing, en auðvitað vitum við að við verðlagningu vöru er tekið tillit til alls þess kostnaðar sem er við framleiðslu hennar, jafnt þessa gjalds sem annars, þegar fram í sækir. Það vitum við. Þannig er það.

Með þessum orðum mínum er ég síður en svo að mæla á móti því, að þetta frv. nái fram að ganga. Ég er aðeins að vekja athygli á að ótal lög eru til um gjöld af þessu tagi, smágjöld sem Alþingi hefur lögfest, en fylgist síðan ekki með hvað um verður.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hygg að það sé misskilningur hjá hv. 7. landsk.þm. að ekki sé nauðsynlegt að hafa lagaákvæði um það gjald, sem hér er um að ræða, búnaðarmálasjóðsgjald, því ella væri ókleift að innheimta það og gæti hver sem er skotið sér undan slíkri innheimtu. Auk þess er þetta, eins og áður sagði, gjaldstofn sem miðað er við um innheimtu gjalda til annarra sjóða á vegum landbúnaðarins og er nauðsynlegt að það sé ákvarðað í lögum.

Ég vil taka það fram, að hér er ekki um nýja gjaldtöku að ræða. Hér er um lítils háttar breytingar á gjaldtöku að ræða með tilvísun til nýrra búskaparhátta og nýjum búgreinum er ívilnað með því að hafa gjaldið lægra á alifugla- og svínarækt og fiskeldi og fiskrækt og land- og viðileigu, eins og fram kemur í frv. Er það gert með samkomulagi allra aðila sem um þetta fjalla.

Hv. þm. gaf í skyn að það, sem fram kemur í lögum um að gjald þetta skuli ekki valda hækkun á útsöluverði vöru, sé markleysa. Þetta er ekki rétt. Þessi gjöld valda ekki hækkun á verðlagsgrundvelli landbúnaðarins og koma ekki fram í útsöluverði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til landbn. með 26 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 401). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta er samið af nefnd sem skipuð var 30. júní 1980 til að endurskoða lagaákvæði um sjóðagjöld landbúnaðarins. Nefndin var þannig skipuð, að í henn áttu sæti að tillögu Framleiðsluráðs landbúnaðarins Gunnar Guðbjartsson, þáv. formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Andrésson bóndi og Gunnar Jóhannsson bóndi. Enn fremur voru skipaðir í nefndina Stefán Pálsson forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Guðmundur Sigþórsson deildarstjóri í landbrn., sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Ingi Tryggvason, núv. formaður Stéttarsambands bænda, tók sæti Gunnars Guðbjartssonar í nefndinni í forföllum hans.

Tilefni þess, að þessi nefnd var skipuð, var að Framleiðsluráð landbúnaðarins óskaði eftir því við landbrh. og landbrn., að þessi sjóðagjöld og skipulag þeirra, sem fjallað er um í þessu frv. sem og í frv. sem mælt var fyrir áðan, frv. til laga um Búnaðarmálasjóð, yrðu tekin til endurskoðunar. Upp hafði komið ágreiningur um innheimtu þessara gjalda af til tekinni framleiðslu landbúnaðarins, einkum hinum svonefndu aukabúgreinum, alifugla- og svínarækt, og af veiðitekjum. Í ljósi þessa voru nm. valdir þannig að í nefndinni áttu sæti fulltrúar frá framleiðendum í svína- og alifuglarækt, og náði nefndin einróma samkomulagi um það frv., sem hér liggur fyrir, sem og það frv. um Búnaðarmálasjóð sem var næst á undan þessu máli á dagskránni.

Þær breytingar, sem fram koma í frv. þessu, eru einkanlega þær, að gerðar eru tillögur um að framleiðendagjald til Stofnlánadeildar, sem er lagt á svína- og alifuglarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu, verði hálfu lægra en hið venjulega stofnlánadeildargjald sem lagt er á aðrar búgreinar. Stofnlánadeildargjald hefur verið innheimt frá því að ákvæði voru tekin í lög um þetta efni 1962.

Enn fremur er tekin upp í þessu frv. heimild til landbrh. til að endurgreiða eða ákveða niðurfellingu á neytendagjaldi og jöfnunargjaldi af landbúnaðarafurðum sem fara til sölu á markað erlendis og ekki njóta útflutningsbóta eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki

lengur til. Hér er í fyrsta lagi átt við útflutning á loðdýraafurðum, en af þeim yrði greitt stofnlánadeildargjald sem yrði ½% af söluverði, en gefin heimild til að fella niður svokallað neytendagjald og svokallað jöfnunargjald sem hingað til hafa lagst á þessa framleiðslu.

Eins og kunnugt er, þá er tekna til Stofnlánadeildar landbúnaðarins aflað með því að leggja á svokallað stofnlánadeildargjald sem leggst á söluvörur landbúnaðarins og hér er gerð grein fyrir. Enn fremur er lagt á óniðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara 1% gjald sem kallað er neytendagjald og jafnhátt gjald sem kallað er jöfnunargjald. Á móti þessum liðum er ríkissjóði gert skylt að leggja fram fé þannig að nemi jafnhárri fjárhæð. Það er að mínum dómi afar ósanngjarnt að þær greinar landbúnaðarins, sem flytja sínar vörur út í samkeppni við framleiðslu slíkra vara hjá öðrum þjóðum, svo sem er t. a. m. um loðdýraræktina, þeir framleiðendur þurfi að taka á sig að greiða umfram hið venjulega stofnlánadeildargjald bæði neytendagjald og jöfnunargjald sem ekki er hægt að innheimta af söluverði varanna svo sem gert er um neysluvörur á innlendum markaði. Sú heimild, sem er gefin í þessu frv. til að endurgreiða slík gjöld eða fella niður, er til að gera mögulegt að létta gjöldum af þessari grein. Á sama hátt tel ég óeðlilegt, þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til að greiða fullt verð fyrir söluvörur landbúnaðarins sem fluttar eru út, svo sem osta og dilkakjöt, að þá verði bændur að greiða af þeirri vöru þrefalt stofnlánadeildargjald. Í frv. eru heimildir til þess að létta þá gjaldtöku.

Í þessu felast að meginstofni þær breytingar sem varða gjaldtöku til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Í frv. er sambærileg skipting í tvo höfuðflokka á gjaldtöku af framleiðslu landbúnaðarins og gerð var grein fyrir í tengslum við frv. til l. um Búnaðarmálasjóð. Þannig er ½% gjald á söluvörur í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, landleigu og veiðileigu, en 1% á annað sem gjaldskylt er, og eru það fyrst og fremst höfuðgreinar landbúnaðarins.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir smávægilegum breytingum í þessu frv. á lagaákvæðum er varða Byggingarstofnun landbúnaðarins. Þar er einkanlega um breytingar að ræða sem miðast við að færa þau ákvæði til samræmis við aðrar breytingar sem orðið hafa í starfsemi Byggingarstofnunar landbúnaðarins og Búnaðarbanka Íslands. Þar er t. d. gert ráð fyrir því, að Byggingarstofnunin starfi undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins og að deildarstjóri í Byggingarstofnun landbúnaðarins sé skipaður af stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en ekki, eins og áður var, af landbrh. Þetta er í samræmi við það sem gerist varðandi aðrar deildir Búnaðarbanka Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Getur tæplega talist eðlilegt að ráðh. skipi forstöðumann slíkrar tæknideildar þar sem bankastjórar bankans eru ráðnir af bankaráði og forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins af stjórn Stofnlánadeildarinnar.

Þetta eru þær meginbreytingar sem í þessu frv. felast.

Ég vænti þess, að þar sem samstaða hefur tekist um þetta mál af hálfu þeirra aðila, sem unnið hafa að undirbúningi þess, og búið er að leggja í það mikla vinnu að ná samkomulagi um viðkvæmt mál, þá sjái hv. Alþingi sér fært að afgreiða það á yfirstandandi þingi.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 414). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 24 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 417). — 1. umr.

Flm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja frv. það, sem fyrir liggur á þskj. 417, 228. mál þingsins, ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Matthíasi Bjarnasyni og Níels Á. Lund. Frv. þetta er viðbótartillaga við 35. gr. barnalaga, en sú grein þeirra fjallar um foreldraskyldur, forsjá barns og umgengnisrétt. Er í frv. okkar lagt til að félmrn. komi á fót foreldraráðgjöf sem landsmenn geti átt aðgang að um þau vandamál sem upp kunna að koma í fjölskyldum og varða hag og þroska barna.

Barnalögin hafa breytt verulega réttindum og skyldum foreldra gagnvart börnum og nauðsynlegt er að leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi umgengnisrétt og önnur atriði laganna séu á boðstólum. Víða erlendis hefur verið komið á fót umboðsmannsembætti sem fyrst og fremst á að reka erindi barna, nú síðast í Noregi. Þetta embætti er ekki fyrir hendi hér á landi enn og ekkert skal fullyrt um hvort það henti aðstæðum hér á landi. Menn ættu stundum að flýta sér hægt við að fara nákvæmlega eftir því sem gert er í öðrum löndum við allt aðrar aðstæður og meiri fólksfjölda.

Að mörgu leyti tel ég að fjölskyldan sé betur stödd hér á landi sem þjóðfélagseining en víða annars staðar. Koma þar til m. a. nánari fjölskyldutengsl, full atvinna hér á landi, jafnari lífskjör og minni stéttaskipting, svo að eitthvað sé nefnt. En fjölskylduvandamál og uppeldiserfiðleikar koma upp hér sem annars staðar og með skynsamlegum aðgerðum ættum við að geta leyst slík mál fremur en þær þjóðir sem orðið hafa meiri firringu að bráð. Því er ekki að leyna að þjóðfélag okkar ber í æ meira mæli merki þessarar firringar. Fjölskyldur eru einangraðri en áður var. Í mörgum tilvikum fer öldruðum fækkandi á heimilum og með aukinni atvinnuþátttöku beggja foreldra reynir meira á börn og unglinga. Mikilvægt er því að brugðist sé við þessum breytingum á högum barna sem best. Oft má koma í veg fyrir meiri háttar erfiðleika með því að óháður aðili leiðbeini foreldrum og börnum við þau vandamál sem upp koma, áður en þau verða að stórkostlegum félagslegum vanda.

Öllum er ljóst hið gífurlega vandamál sem margar þjóðir glíma nú við, eiturlyfjaneysla ungs fólks. Í æ meira mæli hafa ráðamenn gert sér ljóst að þar er ekki við unglingana eina að sakast. Þær öru þjóðfélagsbreytingar, sem orðið hafa síðan síðari heimsstyrjöld lauk, og sú heimsmynd, sem nú blasir við ungu fólki, hefur orðið því mörgu ofviða. Þess má geta, að ráðherranefnd Evrópu-

ráðsins hefur lagt fram ákveðnar tillögur um úrbætur í málefnum fjölskyldunnar. Þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir erfiðleika í uppvexti svo að ekki verði úr meiri háttar vandamál sem við sjáum allt í kringum okkur og raunar einnig hér heima. Aðildarþjóðum Evrópuráðsins hefur verið falið að skila skýrslum til ráðsins fyrir ársbyrjun 1984 um það, hvað gert hefur verið í hverju landi til styrktar og eflingar börnum og fjölskyldum þeirra. Geta ber þess, að mikið starf hefur verið unnið í heilsugæslustöðvum landsins og þá ekki síst í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, þar sem almenn könnun hefur staðið yfir um nokkurt skeið á högum fjögurra ára barna undir forustu Halldórs Hansens yfirlæknis. Nauðsynlegur liður hennar er að hægt sé að vísa foreldrum til stofnunar sem leyst geti hin ýmsu vandamál sem í ljós koma, áður en þau verða alvarlegri. Okkur hér á hinu háa Alþingi verður tíðræddara um tölur efnahagslífsins en nokkuð annað og er það auðvitað ekki nema eðlilegt. En ljóst má vera að sú hagstjórn verður farsælust sem vinnur að sem mestum og bestum þroska barna og ungmenna landsins. Og þó að mannúðarsjónarmiðum sé sleppt og einungis hugsað um fjármagn er hvert einasta mannslíf, sem forgörðum fer, þungur baggi á þjóðfélaginu eins og við öll vitum.

Frá árinu 1979 hefur Barnaverndarráð Íslands í raun og veru gegnt þessu hlutverki að nokkru. Það hefur starfrækt foreldraráðgjöf, sem er ráðgjöf fyrir foreldra varðandi ýmis vandamál í fjölskyldum. Tveir sálfræðingar hafa sinnt þessari þjónustu í hlutastarfi, en aðsókn sýnir svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að þeir starfi að þessu að fullu. Unnið hefur verið við þessa þjónustu 15 klukkustundir í viku, en á þeim tveimur árum sem hún hefur verið starfrækt hafa leitað til hennar foreldrar vegna aðstoðar við 137 börn. Þar af eru 7 ungbörn innan tveggja ára aldurs, 46 á aldrinum 2—5 ára, 53 yngri grunnskólabörn og 31 unglingur 13—19 ára. Þessi starfsemi hefur verið byggð á 60. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53 frá 1966, en þar segir m. a. að Barnaverndarráði sé heimilt að efna til námskeiða og annarrar fræðslustarfsemi fyrir foreldra og aðra þá er sinna uppeldisstörfum. Í grg. með þessu frv. er gerð grein fyrir þessari starfsemi, svo ég tel ekki ástæðu til að vera að endurtaka það allt hér.

Ég vil minna á að margir hv. þingmenn hafa sýnt þessum málum áhuga áður. Má þar nefna till. til þál. frá Haraldi Ólafssyni og Alexander Stefánssyni um stefnumörkun í fjölskylduvernd. Þar er m. a. lögð áhersla á gildi fjölskyldunnar sem stofnunar í þjóðfélaginu og bent á leiðir til að tryggja öryggi barna og fjölskyldna þeirra. Á 100. löggjafarþingi fluttu hv. Alþfl. till. til þál. um skipun samstarfsnefndar, sem fjalla skyldi sérstaklega um málefni barna, og þar er m. a. beinlínis lagt til að komið sé á fót fjölskylduráðgjöf.

Ég vil leggja á það mikla áherslu, að hér er ekki verið að taka fram fyrir hendurnar á félagsmálastofnunum þar sem þær eru, heldur er þessi starfsemi hugsuð sem hliðarstarfsemi við félagsmálastofnanir, og auðvitað er gert ráð fyrir að starfsmenn fjölskylduráðgjafar vísi málum til viðkomandi félagsmálastofnunar gerist þess þörf. En þessi starfsemi er fyrst og fremst hugsuð til lausnar á þeim vandamálum sem þarfnast ekki beinlínis meðferðar í félagsmálastofnunum.

Við leggjum áherslu á, flm. þessarar till., að hér er ekki um stórkostlega fjármuni að ræða. Hér er einungis gert ráð fyrir tveimur starfsmönnum til að byrja með og einungis ráðgert að þessi miðstöð verði hér á stór-Reykjavíkursvæðinu í fyrstu, þriggja ára reynsla sýni síðan hvort ástæða sé til að hafa þessa starfsemi annars staðar.

Við flm. þessa litla frv. treystum því, að um þetta mál ríki einhugur og það fái afgreiðslu á þessu þingi. Að lokinni umr. viljum við vísa málinu til hv. allshn. sem annaðist afgreiðslu barnalaga.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23:1 atkv. og til allshn. með 21 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 425). — 1. umr.

Flm. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Efni þessa frv., sem hér liggur fyrir á þskj. 425, þarfnast ekki mjög langra útskýringa umfram það sem fram kemur í grg. með frv., enda hefur málum, sem hníga í sömu átt og þetta frv., áður verið hreyft hér á hv. Alþingi, fyrst árið 1978, en þá gafst mér tækifæri til að vekja máls og vekja athygli á því misrétti sem með þessu frv. er gerð tilraun til að leiðrétta, og nokkru síðar flutti hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson frv. sem hneig að efni til mjög í sömu átt. Á þessum tíma fengu þessi mál því miður ekki framgang hér í þinginu. Ýmsu var við borið, sem ég hirði ekki um að rekja hér. En nú er þetta mál flutt í nokkuð nýju formi sem ég hygg að ætti að geta leitt til þess, að hv. þm. sameinist um að veita málinu brautargengi.

Það fer ekki milli mála, að síhækkandi söluskattsprósenta hefur valdið vaxandi vandamálum í ákveðnum snjóþungum byggðarlögum hér og þar á landinu í sambandi við vélavinnu sem þar fer fram við að ryðja snjó af götum. Upphaflega, þegar söluskattur var hér fyrst á lagður og þetta ákvæði kom til framkvæmda, olli það ekki þungum áhyggjum sveitarstjórnarmanna. En eftir því sem söluskattur hefur farið hækkandi hefur þetta orðið sívaxandi þáttur í fjárhagsafkomu þessara snjóþungu byggðarlaga og nú er svo komið að sveitarstjórnarmenn úti á landsbyggðinni velta fyrir sér daglega hvort þeir eigi heldur að haga framkvæmdum á þann hátt í sambandi við snjómokstur að ganga í vaxandi mæli á framkvæmdafé yfirstandandi árs eða draga úr þeirri þjónustu sem sívaxandi kröfur eru settar fram um, sem sagt snjómokstri sem hefur í för með sér að vegir í þéttbýli séu færir mestan hluta vetrarins.

Þegar söluskattsprósentan var orðin svo há að mönnum fór að óa við þeirri skattlagningu sem þarna fer fram af hálfu ríkisins var leitað til þeirra sem ákvarða skattskylduna, þ. e. skattstjóra í viðkomandi umdæmum, um að fá leiðréttingu á því misræmi sem þarna var berlega á ferðinni. Skattstjórar, studdir af ríkisskattstjóra, töldu sig ekki hafa heimild til þess samkv. lögum að fella niður söluskatt af þessari vélavinnu, sama hvort vinnuvélar voru í eigu sveitarfélaganna eða í eigu verktaka sem önnuðust verkið á vegum sveitarfélaganna. Mér hefur skilist að aðilar í fjmrn. hafi lagst gegn því, að söluskattur af þessari vélavinnu væri felldur niður, af ótta við að þar kynni af að hljótast nokkur misnotkun. Hér er hins vegar lagt til að farin verði ný leið, en um leið opnaður möguleiki til að leiðrétta þetta. Það er sem sagt lagt til að haldið verði áfram að innheimta söluskatt af

þessari vélavinnu, en að ráðh. verði heimilað að endurgreiða sveitarfélögum sinn hluta af söluskattinum í samræmi við þau plögg sem sveitarfélögin leggja fram varðandi útlagðan kostnað. Með þessu móti ætti að fullu að vera tryggt svo sem hægt er, að þessi heimild verði ekki misnotuð og að menn gangi á lagið um að óska eftir endurgreiðslu á söluskatti vegna annarrar vélavinnu sem hefur ekki farið fram vegna snjómoksturs. Ég hef hins vegar bent á að á því er ekki mikil hætta í a. m. k. snjóþyngstu byggðarlögunum, því að þar fer yfirleitt ekki fram nein önnur vélavinna á vetrum en sú sem falin er í snjómokstri og sú vinna fer oft og tíðum fram svo til daglega, þó að þessar staðreyndir kunni kannske að koma ykkur hv. þm., sem hér sitjið í snjóleysinu sunnanlands, nokkuð spánskt fyrir sjónir.

Ég þykist fullviss um að í upphafi hafi ekki verið meiningin að mismuna landsmönnum í sambandi við söluskattsálögur eftir búsetu. En eins og þetta ákvæði laganna hefur verið framkvæmt hefur orðið verulega mikið misræmi í sambandi við þá skattskyldu og mismunandi af hve miklum þunga þessi söluskattur hefur bitnað á íbúum landsins. Skattur, sem hefur í för með sér slíkt misræmi, á ekki rétt á sér. Við gerum kröfu til að þetta misræmi verði leiðrétt í formi þess, að ráðh. verði heimilað að endurgreiða söluskatt af þessari sjálfsögðu þjónustu.

Ég leyfi mér að láta í ljós ósk um það hér að lokum, að mál þetta fái greiða afgreiðslu í meðförum þingsins.

Ég vil að lokum leyfa mér að óska eftir því, að málinu verði að lokinni þeirri umr., sem hér fer fram, vísað til fjh.- og viðskn.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég held að hér sé um gott og réttmætt mál að ræða. Það er bágt að afla ríkistekna með þeim hætti að einbeita sér að harðindaplássum sem verða fyrir sérstökum útgjöldum vegna snjóþyngsla. Það er eðlilegt að hv. þm. Hannes Baldvinsson hreyfi þessu máli að því leyti til að hann er kunnugur þeim aðstæðum, sem skapast geta í snjóþungum byggðarlögum, og þeim erfiðleikum og kostnaði sem af því leiðir. En að sumu leyti ber þetta frv. óeðlilega að þar sem það eru flokksbræður fjmrh. sem bera málið fram og annar þeirra meira að segja varamaður fjmrh. 1. flm., hv. þm. Hannes Baldvinsson. Ég hefði talið eðlilegri málsmeðferð og öruggara til árangurs og framgangs málsins ef varamaðurinn hefði talið fjmrh. sinn á að flytja þetta mál og beita sér fyrir því í veldi sínu sem hæstv. fjmrh. Ég vil þó alls ekki, þó að hv. þm. Hannes Baldvinsson hreyfi málinu, en ekki hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds, líta svo á að hæstv. fjmrh. muni vera ósammála varamanni sínum, þangað til annað kemur í ljós.

En allt um það. Ég held að þetta sé gott mál, og ég vil gjarnan fyrir mitt leyti stuðla að því, að þetta mál nái fram að ganga, svo framarlega sem hæstv. fjmrh. leggur ekki stein í götu frv. (Gripið fram í.) Ég vil ekki gera þetta að stjórnarslitamáli ef hæstv. fjmrh. kynni að vera sárnauðugt að þetta gengi fram.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Ég skildi satt að segja ekki ræðu hv. formanns þingflokks Framsfl. Hann er fylgjandi málinu og á móti um leið. Það eru ekki allir hv. þm. En ég skil svo fátt í þessum sölum. Ég sagði það líka í ræðu í gær.

En ég verð að taka undir með hv. flm. Ég held að það sé orðin alvara á ferðum þegar sveitarstjórnir eru að fara að hugsa um hvort það eigi að láta byggðina fenna í kaf eða ekki vegna söluskatts. Ég skildi ræðu hv. flm. þannig. Hér á suðvesturhorninu er ekki að tala um neinn snjó eða stórhríð því hér er lognmolla og ekki neitt og er horfið næsta dag. En það er stórhríð á Norðurlandi og Norðausturlandi líka. Það er orðið alvörumál ef sveitarstjórnir fara að hugsa sig um, hvort það eigi að láta húsin og byggðirnar fenna í kaf eða moka snjó, vegna söluskatts. Þetta er orðið alvörumál. Ég styð þetta frv. eindregið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa langt mál um það sem hér er til umr. Það er mikið þjóðþrifa- og sanngirnismál sem hér er hreyft, og hefði raunar fyrir löngu átt að vera búið að afgreiða mál sem þetta því að það er augljóst að sveitarfélög eiga ekki að þurfa að skoða hug sinn um hvort greiður aðgangur sé um götur þess sveitarfélags með hliðsjón af því, hvort það þarf að greiða stórar fjárfúlgur vegna söluskattsinnheimtu ríkisins.

Fjallkóngur þeirra framsóknarmanna, eins og hann er kallaður, hv. þm. Páll Pétursson, leggur það í dóm hæstv. fjmrh. hvort hans atkv. fylgi með sem já eða nei í þessu máli. Þó að hann lýsi jafnframt yfir að þetta sé sanngirnis- og réttlætismál ætlar hann að láta hæstv. fjmrh. ráða fyrir sig í því sem og þá líklega öðru, þó að um þjóðþrifa- og réttlætismál sé að ræða. Svo samrýmdir eru þeir orðnir, hv. þm. og hæstv. ráðh., að ekkert skal þar skilja í milli. Skal eitt yfir báða ganga ef hæstv. ráðh. er á öndverðum meiði við hv. þm. Þetta sýnir auðvitað í hnotskurn hvernig ástandið er orðið innan Framsfl. Hann er í raun og veru orðinn nokkurs konar undirlægja Alþb. Það skal ekkert gert í þingflokki framsóknarmanna nema Alþb. segi já og amen við því, nema þá því aðeins að hv. þm. Páll Pétursson, þingflokksformaður framsóknarmanna, sé einn um þessa skoðun í þingflokknum og þá einangraður, en ekki hefur það komið í ljós hér í þingi enn.

Það verður fróðlegt að fá að sjá hver afstaða hæstv. fjmrh. verður í þessu máli, því varamaður hans hér á Alþingi, hv. þm. Hannes Baldvinsson, og hv. þm. Skúli Alexandersson, sem báðir skilja auðvitað nauðsyn þess að söluskattsinnheimtunni verði breytt í þessa átt, eru flm. frv. Þeir skilja og vita hvernig ástatt er á snjóþungum svæðum. Það ætti raunar hæstv. fjmrh. að vita líka og auðvitað líka hv. þm. Páll Pétursson þó að hann vilji láta vilja Ragnars Arnalds, hæstv. fjmrh., fyrst og fremst ráða hver framvinda málsins verður.

Ég tek sem sagt mjög undir þetta frv. Þetta er sanngirnismál og réttlætis og raunar furðulegt að það skuli ekki löngu vera búið að afnema söluskatt af snjómokstri hjá sveitarfélögum. Það er furðulegt. En að lokum: Væri nú ekki rétt af hv. þm. Páli Pétursyni, ef það skyldi fara svo að hæstv. fjmrh. vildi setja fótinn fyrir þetta mál, að greiða nú atkv. með því eftir sem áður í þessu tilfelli og skilja sig í einu réttlætismáli frá Alþb.?

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér er hreyft ágætu máli, gömlu baráttumáli, ef svo mætti komast að orði, þeirra sem koma frá þeim svæðum landsins þar sem mest fennir. Og þó að ég sé vissulega sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. um að öruggast hefði verið til að koma málinu fram að hæstv. fjmrh. hefði flutt það, þá sýnist mér

engu að síður að hér beri nokkuð vel í veiði, svo ekki sé meira sagt. Það má einstakt vera, hafi það nokkurn tíma gerst að ríkisstj. væri felld út á það að varamaður fjmrh. yrði til að leggja svo einstæða till. fram á þingi að fjmrh. sæi brýna nauðsyn bera til að fella hana eða víkja úr stóli ella. Ég tel að hæstv. fjmrh. verði að bera fulla ábyrgð á sínum varamanni og fylgja hans málum eftir í sölum þingsins eins og ég hef haft reynslu fyrir. Ég vænti þess, að það gerist nú í þessu máli, að hv. 1. þm. Norðurl. v. uni því að við fylgjum góðu máli eftir, þingmenn stjórnarinnar, þegar það er flutt af þeim næstbesta valkosti sem hugsanlegur var, varamanni hæstv. fjmrh.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég verð víst að skýra afstöðu mína enn þá betur út frá því að hv. þm. Tryggvi Gunnarsson skildi hana ekki nægilega.

Ég lít svo á að þetta sé bæði réttlátt og gott mál, en ég geri það ekki að stjórnarslitarmáli. Við framsóknarmenn höfum margoft orðið að hafa vit fyrir hæstv. fjmrh. í enn þá stærri málum en þessu og við megum ekki beita þennan ágæta samstarfsmann okkar of miklu ofríki, svo að hann verði leiður á okkur og fari að leita sér að stjórnarslitamálum sjálfur, því að við ætlum náttúrlega að hafa þessa stjórn áfram.

Ég tel raunar að þetta séu óþarfar vangaveltur. Hæstv. fjmrh. hlýtur að fylgja málinu því að auðvitað hefur varamaður hans, hv. þm. Hannes Baldvinsson, hreyft því á þingflokksfundi og samband verið haft við hæstv. fjmrh. þannig að hann hlýtur að vera búinn að samþykkja þetta mál fyrir sitt leyti.

Tryggvi Gunnarsson: Herra forseti. Það fór í verra nú. Nú skildi ég ekkert.

Flm. (Hannes Baldvinsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka þær jákvæðu undirtektir sem þetta mál hefur fengið við umr. hér í deildinni.

Vegna ótta hv. þm. Páls Pétursonar um að Ragnar Arnalds muni hugsanlega segja af sér ef hann samþykki þessa till., þá skal ég ekki leggja á það neinn dóm. Ég vil hins vegar vekja athygli á því og endurtaka að ég hreyfði þessu máli fyrst árið 1978. Ég hef rætt þetta mál við 1. mann á lista Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra, ekki sem ráðh., heldur sem flokksbróður, og ég hef þá trú á honum að fyrst að hann sá réttlætið í málflutningi þessum 1978 og hindraði ekki að ég tæki sæti hans hér á Alþingi eftir að hann er orðinn fjmrh., þá hafi réttlætiskennd hans ekki breyst og ótti Páls eða kannske vonir Páls um afsögn Ragnars séu ástæðulausar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27. shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Sameinað þing, 63. fundur.

Fimmtudaginn 11. mars, kl. 2 miðdegis.

Brúargerð yfir Hvalfjörð, þáltill. (þskj. 403). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, 186). — Ein umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Með lögum nr. 60/1981 var veitt heimild til að reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Villinganesvirkjun og Sultartangavirkjun með samtals allt að 680 mw. afli. Auk þess var veitt heimild til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar í allt að 280 mw., Sigölduvirkjunar í allt að 200 mw. og til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og auka orkuvinnslugetu þeirra, m. a. með Kvíslaveitu sem svo er kölluð, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Þá var einnig heimilað að reisa og reka jarðvarmavirkjanir allt að 50 mw. að stærð og varastöðvar með allt að 50 mw. afli.

Í greinargerð, sem fylgdi lagafrv., var sett fram stefnumótun í virkjunarmálum til langs tíma, þ. e. næstu 10—15 ára. Þar kemur fram að með ofangreindum virkjunum, sem til framkvæmda geta komið á næstu 10—15 árum, yrði um verulegt orkumagn að ræða sem yrði til ráðstöfunar fyrir utan þarfir hins almenna markaðar og núverandi orkufreks iðnaðar. Fram kemur að sú orka geti numið 1300—2400 gwst. á ári á tímabilinu eftir því hversu hratt yrði virkjað.

Til enn lengri tíma litið er vikið að því markmiði að jafna orkureikninginn við útlönd fyrir lok aldarinnar, sumpart með framleiðslu eldsneytis hér innanlands og sumpart með útflutningi orkufrekra afurða. Slík markmið kemur allvel heim við efri mörk orkuspár orkuspárnefndar.

Með lögunum er í fyrsta skipti heimiluð bygging meiri háttar virkjana utan Suðurlands og mörkuð sú stefna að dreifa virkjunum um landið. Forsenda þess er sú uppbygging raforkuflutningskerfis sem átt hefur sér stað á undanförnum árum og nú nær frá virkjunum við Þjórsá og Tungnaá vestur, norður og austur um land, allt til Hornafjarðar. Vantar nú aðeins hlekkinn Hornafjörður-Sigalda til að loka orkuflutningshringnum, en samkv. fyrirliggjandi áætlunum mun þeirri framkvæmd væntanlega verða lokið á næstu tveimur árum. Dreifing virkjana um landið undir þessum kringumstæðum eykur hagkvæmni í orkuvinnslu og orkuflutningi auk þess öryggis sem hún að sjálfsögðu skapar gagnvart línubilunum eða öðrum bilunum af völdum staðbundinna náttúruhamfara.

Í grg. með frv. til l. um raforkuver voru einnig raktar meginlínur í stefnumörkun varðandi orkufrekan nýiðnað sem tengst geti virkjanaframkvæmdunum. Eru þessi atriði helst: Krafan um virk íslensk yfirráð, krafa um arðsemi, nálægð við helstu virkjunarstaði, krafa um umhverfisvernd, um byggðasjónarmið og um staðhætti, þar með talin röskunarhætta á byggð og atvinnustarfsemi

sem fyrir er, og krafa um að markaður fyrir afurðir sé tryggður. Í lögunum um raforkuver segir svo í 2. gr.:

„Tillögur um framkvæmdir við nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar. Skal áður liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveitum ríkisins og öðrum þeim aðilum, sem ríkisstj. kveður til, um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Jafnframt leggi ríkisstj. fram greinargerð um þá möguleika sem fyrir liggja um nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti."

Nú liggur fyrir greinargerð Orkustofnunar undir heitinu „Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta. Samanburður virkjunarleiða. IV Áhrif aukins orkufreks iðnaðar." Er þetta rit Orkustofnunar frá 10. nóv. 1981. Einnig liggur fyrir greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins undir heitinu „Virkjunarleiðir. Mat á hagkvæmni og þýðingu fyrir raforkukerfi landsins", frá okt. 1981, svo og greinargerð Rafmagnsveitna ríkisins undir heitinu raforkukerfi landsins", frá okt. 1981, svo og greinargerð Landsvirkjunar: „Raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun", frá nóv. 1981 Þessum greinargerðum var dreift til allra hv. alþm. um leið og þáltill., sem hér er til umr., var lögð fram í des. s. l.

Með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, eru lögð fram nokkur fskj., þ. á. m. bréf Jakobs Björnssonar orkumálastjóra, sem fylgdi greinargerð Orkustofnunar sem áður var um getið, bréf Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra ríkisins, sem fylgdi greinargerð Rafmagnsveitnanna og er dags. 26. okt. 1981, og bréf Jóhannesar Nordals stjórnarformanns Landsvirkjunar, sem fylgdi greinargerð Landsvirkjunar og er dags. 4. des. 1981, ásamt yfirliti og niðurstöðum úr þeirri greinargerð. Einnig er lögð fram sem fskj. greinargerð orkustefnunefndar um möguleika varðandi nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Á fundi sínum hinn 27. nóv. 1981 gerði ríkisstj. þá samþykkt varðandi virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu sem er efni þessarar þáltill., en till. er svohljóðandi, ég tel rétt að lesa hana hér í heild:

„Alþingi ályktar með vísun til 2. gr. laga nr. 60/1981 um raforkuverð að:

1. Samhliða næstu meiri háttar vatsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, sem auki núverandi afkastagetu um allt að 750 gwst. á ári.

2. Blönduvirkjun, samkv. virkjunartilhögun I, verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn.

3. Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist og að Sultartangavirkjun verði samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

4. Ráðist verði í orkufrekan iðnað með ótvíræðu íslensku forræði, sem tryggi hagkvæma nýtingu orku frá ofangreindum virkjunum. Skal í því skyni hraða hagkvæmniathugunum á m. a.: kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, álíðju, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, trjákvoðuverksmiðju og sjóefnaiðnaði, svo sem natríumklóratvinnslu og magnesíumframleiðslu.

Við niðurröðun og staðsetningu slíkra iðjuvera verði tekið mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og æskilegri byggðaþróun og í því efni m. a. gert ráð fyrir slíkum iðnaði á Suðurlandi og Norðurlandi.

5. Við tímasetningu virkjunarframkvæmda og byggingu iðjuvera skal leitast við að haga framkvæmdum á þann veg, að mannafla- og vinnuvélaþörf verði sem jöfnust á framkvæmdatímabilinu. Tilgangurinn með þessari tilhögun er að gera íslenskum verktökum kleift að annast þessar framkvæmdir og koma í veg fyrir tímabundin og staðbundin vandamál á vinnumarkaðinum.

6. Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987."

Þetta, herra forseti, er efni þeirrar þáltill. sem hér er til umr. Samþykkt ríkisstj. og þáltill. eru byggðar á niðurstöðum umræddra þriggja sérfræðistofnana: Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar, svo og stefnu ríkisstj. varðandi orkunýtingu og þeirri vinnu sem fram hefur farið á vegum iðnrn. og orkustefnunefndar þar að lútandi.

Í grg. Orkustofnunar eru bornar saman eftirtaldar fjórar virkjunarleiðir, upptalning virkjananna sýnir tímaröð þeirra: Svokölluð virkjunarleið 1: Blanda, Fljótsdalur, Sultartangi. Virkjunarleið 2: Fljótsdalur, Blanda, Sultartangi. Virkjunarleið 3: Sultartangi, Fljótsdalur, Blanda, og virkjunarleið 4: Blanda, Sultartangi, Fljótsdalur. — Með Sultartanga er hér átt við sjálfa virkjunina, því að stíflan yrði komin áður.

Undanfari þessara virkjana er sameiginlegur í öllum virkjunarleiðunum fjórum sem til athugunar voru, en hann er stífla á ármótum Þjórsár og Tungnaár, svokölluð Sultartangastífla, innrennsli Þórisvatns verði aukið með Kvíslaveitu, stækkuð verði Þórisvatnsmiðlun úr 1000 í 1450 gígalítra og aukið verði afl í Sigöldu- og Hrauneyjarfossvirkjun.

Athugun Orkustofnunar nær allt til næstu aldamóta, sem er lengri tími en þáltill. þessari er ætlað að taka til. Eftir lúkningu þriggja ofangreindra virkjana gerir Orkustofnun í athugun sinni ráð fyrir eftirtöldum þremur virkjunum sem allar eru á Þjórsár/Tungnaársvæðinu. Röð þeirra er hin sama í öllum virkjunarleiðum, sem athugaðar voru, og áhrif þeirra því hin sömu á þær allar, þannig að hún raskar ekki samanburðinum. Virkjanir þessar eru svonefnd Vatnsfellsvirkjun, Hálsvirkjun og Króksvirkjun. Engin afstaða er hér tekin til þeirra hugmynda.

Varðandi orkumarkað er í skýrslu Orkustofnunar gengið út frá spá orkuspárnefndar frá vorinu 1981 um raforkuþörf til almennra þarfa. Þessi spá er rakin í grg. með frv. til l. um raforkuver frá því vorið 1981. Því til viðbótar eru í skýrslu Orkustofnunar teknar til athugunar sex mismunandi forsendur um þróun orkufreks iðnaðar, svonefndar „iðnaðarstefnur", miðað við þá forsendu að slík iðnfyrirtæki rísi allvíða á landinu á næstu 10—20 árum, en ekki einvörðungu í einum landshluta. Þessum svonefndu „iðnaðarstefnum" er það einnig sameiginlegt, að fylgt er nokkurn veginn efri mörkum raforkuspárinnar frá 1981. Mismunur þeirra liggur fyrst og fremst í stærð og tímasetningu iðjuvera í einstökum landshlutum. Einnig er athugað það tilvik, að engin aukning verði á orkufrekum iðnaði.

Skýrsla Orkustofnunar byggist á virkjunaráætlunum sem gerðar voru vorið 1981 varðandi þau mannvirki sem hún tekur til athugunar. Niðurstöður af athugunum Orkustofnunar eru þær, að svonefnd virkjunarleið 1, sem byrjar á Blönduvirkjun, þá Fljótsdalsvirkjun og síðan Sultartangavirkjun, sé fjárhagslega hagkvæmust í öllum tilvikum. Aðeins í því tilviki, að orkufrekur iðnaður aukist ekki frá því sem nú er allt fram til aldamóta, er svonefnd virkjunarleið 4, með röðinni Blanda, Sultartangi, Fljótsdalur, ívið hagkvæmari en hin. Munurinn er þó svo lítill að hann er varla marktækur. Í tveimur tilvikum, svonefndri Iðnaðarstefnu 1 og Iðnaðarstefnu 3, er munurinn á virkjunarleiðum 1 og 2 svo lítill, að hann er á mörkum þess að geta talist marktækur.

Í skýrslu Orkustofnunar er samanburður virkjunarleiðanna byggður á núgildi kostnaðar þjóðarbúsins af vinnslu raforku fram til aldamóta og flutningi hennar um meginflutningskerfið. Sú virkjunarleið sem gefur lægst núgildi er talin fjárhagslega hagkvæmust. Núgildisreikningarnir eru gerðir með 8% vöxtum miðað við fast verðlag.

Villinganesvirkjun er ekki tekin með sérstaklega í athuganir Orkustofnunar. Hún er langminnst þeirra vatnsaflsvirkjana sem taldar eru í lögum nr. 60/1981 um raforkuver. Við svo hraða markaðsþróun sem athugunin gerir ráð fyrir fullnýtist hún á um það bil einu ári. Stofnkostnaður á orkueiningu er hærri hjá Villinganesvirkjun en bæði Blöndu og Fljótsdalsvirkjun, en svipaður eða ívið lægri en hjá Sultartangavirkjun. Það, sem sagt er í skýrslu Orkustofnunar um Sultartangavirkjun, gæti því eins átt við ef ráðist yrði í framkvæmdir við Villinganes- og Sultartangavirkjun hvora á eftir annarri. Sökum smæðar er Villinganesvirkjun talin henta vel fyrir raforkukerfið þegar vöxtur raforkunotkunar er mjög hægur og stærri virkjanir eru ekki á dagskrá.

Ég vil þá, herra forseti, víkja aðeins að orkunýtingarþættinum. Í greinargerð orkustefnunefndar er fjallað um möguleika á nýtingu orkunnar til orkufreks iðnaðar og sparnaðar á innfluttu eldsneyti.

Sú virkjanastefna, sem að framan greinir, gæti gert kleift að hafa til ráðstöfunar um 600—700 gwst. á ári til orkunýtingar umfram þarfir hins almenna markaðar fram að árinu 1987, áður en næsta stórvirkjun kemst í gagnið. Meðal þeirra iðnaðarkosta, sem til álita eru taldir koma til að nýta þessa orku, eru kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, sem nota mundi 325—400 gwst. á ári, þriðji ofn járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, sem nýta mundi 250 gwst., trjákvoðuverksmiðja, sem nýta mundi 375 gwst. eða þar um bil á ári, og natríumklóratverksmiðja, sem nýta mundi 170 gwst. á ári. Steinullarverksmiðja, saltverksmiðja og stálverksmiðja, sem heimilda hefur verið aflað fyrir, mundu samanlagt nota aðeins um 65 gwst. af raforku á ári. Á tímabilinu fram til 1987 væri einnig tæknilega unnt að auka álvinnslu við Straumsvík, t. d. um 40 þús. tonn, en slík vinnsla svarar til um 550 gwst. á ári.

Miðað við að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjunin eykst orkuvinnslugeta landskerfisins um 775 gwst. á ári, frá árinu 1988 að telja.

Til þess að hagkvæmni stórvirkjana nýtist hinum almenna markaði er eðlilegt að gera ráð fyrir að hver ný stórvirkjun fullnægi a. m. k. 2—3 ára aukningu á raforkuþörf hins almenna markaðar, en raforkuþörfin vex að meðaltali um 120 gwst. á ári á næstu árum samkv. orkuspá. Af þessu leiðir að með tilkomu Blönduvirkjunar eykst svigrúm til orkunýtingar í iðnaði um allt að 400—500 gwst. Með tilkomu Fljótsdalsvirkjunar gæti slíkt svigrúm enn aukist um allt að 1000—1100 gwst. á ári og með tilkomu Sultartangavirkjunar um 300—400 gwst. á ári. Ef þessum þremur virkjunum yrði öllum lokið á næstu 12 árum má ætla að unnt væri að auka orkunýtingu í iðnaði samtals um allt að 1700—1800 gwst. á ári á tímabilinu 1987—1993.

Þeir iðnaðarkostir, sem orkustefnunefnd nefnir sérstaklega sem hugsanlega á þessu tímabili (1987—1993), eru íslensk áliðja og magnesíumverksmiðja, auk þeirra kosta sem áður hafa verið taldir en ekki yrði ráðist í fram að þeim tíma. Ekki er ástæða til að spá lengra fram í tímann, en meðal þess, sem fyrr eða síðar gæti komið til greina, er íslensk eldsneytisframleiðsla. Hagkvæmni hennar er m. a. háð þróun olíuverðs, sem enginn getur sagt um nú hver verða muni, en auk þess þarf að taka verulegt tillit til öryggissjónarmiða.

Ég vil þá gera í stuttu máli grein fyrir stöðu undirbúnings- og samningsumleitana varðandi þá virkjun sem mest óvissa hefur verið um í sambandi við framkvæmdaundirbúning, en það er Blönduvirkjun. Um aðdraganda að virkjun Blöndu og áætlað fyrirkomulag þeirrar virkjunar samkv. tilhögun I er fjallað í fskj. 2 með frv. til l. um raforkuver og vísa ég til þess þar að lútandi.

Ráðgjafarnefnd iðnrn. og síðar einnig sérstök samninganefnd Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila hefur haft með höndum samningaumleitanir við fulltrúa heimamanna um alllangan tíma, en af þeirra hálfu var skipuð samninganefnd um málið með tveim fulltrúum frá hverjum þeirra sex hreppa sem hlut eiga að máli. Þessar samningaumleitanir hafa nú staðið á annað ár. Eftir allmarga samningafundi voru gerð drög að heildarsamkomulagi um virkjun Blöndu milli fulltrúa heimamanna og virkjunaraðila frá 23. sept. 1981. Eru þessi drög prentuð sem fskj. með fyrirliggjandi þáltill. Ég vil geta þess vegna breytinga sem orðið hafa á þessum drögum síðan, að ég mun sjá til þess, að hv. þm. fái í hendur nú í dag þann texta sem fyrir liggur og kynntur hefur verið síðast á heimavettvangi, þ. e. á virkjunarsvæði Blöndu. Þessi samkomulagsdrög frá 23. sept. 1981 voru rækilega kynnt í þeim hreppum sem hlut eiga að máli, og með bréfi, dags. 30. nóv. 1981, kynnti rn. þá afstöðu ríkisstj. að Blönduvirkjun skyldi verða næsta virkjun í landskerfinu á eftir Hrauneyjafossvirkjun, ef samkomulag næðist við heimamenn um virkjunartilhögun I sem lögð var til grundvallar í samkomulagsdrögunum. Í bréfinu var óskað eftir að samninganefnd heimamanna og hlutaðeigandi sveitarstjórnir tækju ótvíræða afstöðu til samkomulagsdraganna. Skömmu fyrir jól 1981 bárust svör hreppsnefndanna. Tvær hreppsnefndir, í Torfalækjar- og Blönduóshreppi, lýstu sig fylgjandi samningsdrögunum, ein hreppsnefnd, hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps, hafnaði ákveðið virkjunarleið I, en þrjár hreppsnefndir, í Svínavatnshreppi, Seyluhreppi og Lýtingsstaðahreppi, lýstu sig að meiri hluta reiðubúnar til frekari viðræðna um Blönduvirkjun, en gerðu athugasemdir við samningsdrögin á mismunandi forsendum.

Í framhaldi af þessum svörum voru haldnir fundir með fulltrúum þeirra hreppsnefnda sem óskað höfðu eftir frekari samningaumleitunum. Að því loknu voru ýmis atriði í upphaflegu samningsdrögunum endurskoðuð á

grundvelli virkjunartilhögunar I, án þess að gert væri ráð fyrir teljandi kostnaðarauka eða óhagræði fyrir virkjunina. Dagana 22.—26. jan. s. l. fóru síðan fram viðræður um hin endurskoðuðu samningsdrög, en að þeim loknum voru þau enn yfirfarin og gerðar á þeim nokkrar breytingar á áðurnefndum megingrundvelli.

Með bréfi til hreppsnefndanna á virkjunarsvæði Blöndu, dags. 3. febr. s. l., óskaði rn. eftir að afstaða hreppanna gæti legið fyrir við fyrstu hentugleika. Fljótlega kom í ljós að þrjár hreppsnefndir, þ. e. í hreppunum vestan Blöndu, Torfalækjarhreppi, Blönduóshreppi og Svínavatnshreppi, lýstu sig að meiri hluta til samþykkar hinum nýju drögum, en hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur ítrekað fyrri samþykkt þar sem virkjunartilhögun I er hafnað. Frekari viðræður hafa farið fram að undanförnu við hreppsnefndir Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps til að leitast við að samræma sjónarmið og ná samkomulagi og er vonast til að afstaða þessara hreppsnefnda geti legið fyrir á næstu dögum. Þegar heildarmynd liggur fyrir af samningastöðunni og afstöðu heimamanna mun iðnrn. leggja málið fyrir ríkisstj. og kynna jafnframt stöðuna fyrir Alþingi. Rétt er að fram komi að rn. og ríkisstj. hafa ætíð lagt áherslu á sem víðtækast samkomulag í þessu viðkvæma deilumáli um virkjunartilhögun við Blöndu. Í lögum nr. 60/1981, 5. gr., eru heimildir til eignarnáms, en engin afstaða hefur verið tekin til að beita þeim heimildum.

Eins og fram kemur í 6. lið þáltill. er ráð fyrir því gert, að verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun.

Sú mikla viðleitni stjórnvalda til að ná samkomulagi um virkjun Blöndu, sem enn stendur yfir, ber ljósan vott um vilja til að af virkjun hennar geti orðið nú. En jafnljóst er að ákveðin takmörk eru fyrir því, hversu langt er unnt að ganga í þessu efni og hvaða áhættu er hægt að taka með tilliti til samstöðu heima fyrir. Um það ber reynslan órækt vitni, hver þörf er á því að hafa gát á í þessum efnum. Það þekkja menn m. a. úr Norðurlandi.

Ég vil þá víkja aðeins að einstökum liðum þáltill.

Varðandi 1. liðinn segir svo í grg. með till.: „Með orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu er átt við gerð vatnaveitu til Þórisvatns, svonefndrar Kvíslaveitu, gerð stíflu á ármótum Þjórsár og Tungnaár og aukningu á miðlunarrými Þórisvatns. Aðgerðir þessar eru taldar auka á orkuvinnslugetu núverandi landskerfis um allt að 750 gwst. á ári og eru á heildina litið taldar vera ódýrustu og hagkvæmustu orkuöflunaraðgerðir sem völ er á.“

Varðandi lið 2: Blönduvirkjun með tilhögun I er talin vera hagkvæmust þeirra vatnsaflsvirkjana sem til greina koma sem næsta meiri háttar virkjun í landskerfinu. Í grg. hér að framan hefur verið lýst stöðu mála varðandi samninga við heimamenn um réttindi sem virkjuninni tengjast.

Að undanförnu hefur áfram verið unnið að tæknilegum undirbúningi Blönduvirkjunar. S. l. sumar var boruð enn ein rannsóknarhola í stöðvarhússtæði, og samið hefur verið við ráðgjafaraðila um verkhönnun virkjunarinnar og liggur hún nú fyrir í meginatriðum.

Til undirbúnings framkvæmda var einnig á árinu 1981 unnið í byggð að styrkingu flutningaleiða til virkjunarsvæðis Blönduvirkjunar. Áætlun gerði ráð fyrir að verja í þessu skyni 3—4 millj. kr. Þá var sumarið 1981 unnið að uppgræðslutilraunum og rannsóknum vegna veiði og fleiri þátta á Blönduvirkjunarsvæðinu.

Fyrirhugað er að ljúka verkhönnun — og er reyndar þegar lokið, eins og ég gat um — varðandi Blöndu og gerð útboðsgagna á árinu 1982, ef samkomulag næst um virkjunartilhögun. Jafnframt verði unnið að tilraunagöngum að stöðvarhússtæði, vegagerð, lagningu vinnurafmagns og síma, uppsetningu vinnubúða og annarri aðstöðusköpun, þannig að vorið 1983 geti vinna við sjálfar framkvæmdirnar hafist af fullum krafti og virkjunin þá komist í gagnið á árinu 1987.

Varðandi 3. lið þáltill. vil ég segja þetta: Það er kveðið á um að Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Hraðinn við þessar virkjunarframkvæmdir, sem og þær sem á undan koma, mun öðru fremur ráðast af þróun markaðar, en ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist og einnig að unnið verði að framkvæmdum við Sultartangavirkjun samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.

Ef gert er ráð fyrir að raforkusala til orkufreks iðnaðar og vegna sparnaðar á innfluttu eldsneyti rösklega tvöfaldist frá því sem nú er á næstu 10 árum má þannig reikna með að Fljótsdalsvirkjun komist í gagnið um 1990 og Sultartangavirkjun litlu síðar.

Varðandi 4. lið þáltill.: Með ákvæðum þar er áréttuð sú stefnumörkun varðandi íslenska orkustefnu sem fram kom í grg. með frv. til l. um raforkuver. Lögð er sérstök áhersla á ótvírætt íslenskt forræði og hagkvæmni í orkunýtingu, auk þess sem taka skal mið af þjóðhagslegri hagkvæmni og æskilegri byggðaþróun við ákvarðanir um orkufrek iðnfyrirtæki.

Í fskj. 4 með þáltill. er gerð grein fyrir stöðu hagkvæmniathugana á einstökum iðnaðarkostum, en þar er athugun sem fram hafa farið vegna hugsanlegrar stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, sem ekki hefur verið talið ráðlegt að hefja framkvæmdir við eins og aðstæðum er nú háttað í tengslum við það fyrirtæki.

Varðandi 5. lið till. er lögð áhersla á að reynt verði að hafa framkvæmdir sem jafnastar að magni, bæði til að nýta sem best sérþjálfaðan mannafla og tækjabúnað og að gera íslenskum verktökum kleift að annast framkvæmdir svo og til að forðast miklar sveiflur á vinnumarkaði.

Við fyrri virkjanir hefur verið lögð vaxandi áhersla á að gera íslenskum verktökum fært að taka að sér sem flesta verkþætti. Við Hrauneyjafossvirkjun var þannig hlutur íslenskra verktaka yfirgnæfandi, þar sem þeir höfðu með höndum nánast alla jarðvinnu og byggingarvinnu. Auk fjárhagslegs og gjaldeyrissparandi hagræðis af þessari tilhögun framkvæmda hafa tímaáætlanir staðist betur en áður og reynslan að öðru leyti verið góð að mati virkjunaraðila. Því mælir flest með því, að haldið verði áfram á þessari braut.

Til viðbótar þarf að koma markviss stefna í þá átt að tengja hin stóru verkefni á sviði virkjana og orkunýtingar innlendri iðnþróun, þannig að innlendur framleiðslu- og þjónustuiðnaður fái vaxandi og sem stærstan hlut á þessum sviðum á eðlilegum samkeppnisgrundvelli. Þannig þarf hin mikla fjárfesting í orkumálum og orkunýtingu, sem fyrirsjáanleg er, að verða til að renna stoðum undir almenna iðnþróun í landinu, ekki síst á sviði rafiðnaðar

og málmiðnaðar, svo og varðandi fleiri þætti atvinnustarfsemi í landinu.

Í héraði, þar sem virkjunarframkvæmdir með tilheyrandi umsvifum hafa staðið um nokkurt skeið, er það áhyggjuefni ef allar slíkar framkvæmdir stöðvast skyndilega. Fram hafa komið áhyggjur meðal Sunnlendinga um að slíkt ástand kynni að skapast þar, eftir að framkvæmdum lýkur við Hrauneyjafossvirkjun. Í því efni vill þó svo heppilega til, að allumfangsmiklar og vinnuaflsfrekar framkvæmdir verða á döfinni á Suðurlandi vegna fyrirhugaðra framkvæmda við vatnsveitur og aukna vatnsmiðlun. Á fskj. 7 með þáltill. er sýnd áætlun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um mannaflaþörf við virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi, miðað við að framkvæmdir við Sultartangavirkjun geti hafist árið 1988. Meðalmannaflaþörf fram til 1989 yrði þannig um 150—200 ársverk og fer aðeins á einu þessara ára undir 100 ársverk. Þannig virðist ekki tefld í sérstaka tvísýnu í þessum landshluta þótt meginframkvæmdir varðandi virkjanir flytjist til annarra landshluta um sinn.

Í 6. og síðasta lið till. er gert ráð fyrir því, að ráðist verði í Fljótsdalsvirkjun ef ekki verður af framkvæmdum við Blönduvirkjun nú. Mikill áfangi náðist í rannsóknum við Fljótsdalsvirkjun á árinu 1980, og á árinu 1981 var unnið áfram að rannsóknum og áætlanagerð um virkjunina. Verkhönnun vegna Fljótsdalsvirkjunar liggur nú fyrir á svipaðan hátt og verkhönnun vegna Blönduvirkjunar. Bráðabirgðaniðurstöður benda til að hagkvæmt sé að hafa virkjunina nokkru minni en áður var fyrirhugað, þannig að uppsett afl hennar verði 250—260 mw. í þrem vélasamstæðum og orkuvinnslugetan yrði þá um 1330 gwst. á ári. Varðandi byggingartíma Fljótsdalsvirkjunar vísast til fskj. 8 með þáltill., sem er bréf Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens, dags. 27. febr. 1981, en samkvæmt því var talið mögulegt að gangsetning virkjunarinnar yrði síðla árs 1986, miðað við að ákvörðun yrði tekin vorið 1981. Á sömu forsendum er gangsetning Fljótsdalsvirkjunar talin möguleg árið 1987, ef ákvörðun um að hefja framkvæmdir við þá virkjun yrði tekin á komandi vori.

Skýrsla um verkhönnun vegna Sultartangavirkjunar var gefin út vorið 1981, en ýmsum rannsóknum fram haldið s. l. sumar. Stofnkostnaður Sultartangavirkjunar miðað við verðlag í desember 1980 var 923 millj. kr. Er þá miðað við virkjun þar sem hagnýtt væri hin svonefnda Sultartangastífla, en framkvæmdir við hana hafa þegar verið heimilaðar og tilboð hafa verið opnuð. Stofnkostnaður Sultartangavirkjunar hefur ekki verið endurmetinn á sama hátt, að ég best veit, en framreiknaður til byggingarvísitölu 909 er hann nálægt 1340 millj. kr.

Verkhönnun Blönduvirkjunar er, eins og ég gat um, að mestu lokið og er gert ráð fyrir að endanleg skýrsla um hana liggi fyrir alveg á næstunni. Nokkrar minni háttar breytingar hafa orðið á tilhögun Blönduvirkjunar frá því sem ráðgert var vorið 1981, þegar síðasta áætlun um stofnkostnað var gerð, og forsendum orkuvinnsluákvörðunar hefur einnig verið breytt nokkuð. Er nú miðað við virkjun eftir Kvíslaveitu og aukið miðlunarrými í Þórisvatni og það þá miðað við Blönduvirkjun sem næstu vatnsaflavirkjun. Stofnkostnaður Blönduvirkjunar er þannig áætlaður 1137.3 millj. kr. miðað við verðlag og gengi í des. 1981 og sömu vísitölu byggingarkostnaðar og hér er lögð til grundvallar í öllum kostnaðarsamanburði, þ. e. 909.

Verkhönnun Fljótsdalsvirkjunar er einnig á lokastigi eða jafnlangt komin og undirbúningur vegna Blönduvirkjunar. Magntölur hafa verið teknar saman og unnið er að frágangi á uppdráttum og skýrslugerð varðandi þá virkjun. Virkjunartilhögunin er í öllum meginatriðum hin sama og í síðustu áætlunum, en forsendur um orkuvinnslugetu breyttar, eins og ég gat um áður. Nú er gert ráð fyrir 252 mw. virkjun í stað 290 mw. í áætlun sem lá fyrir vorið 1981. Orkuvinnslugetan, miðað við virkjun eftir Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og miðlun við Sultartanga, er áætluð 1330 gwst. á ári. Miðlun verður 670 gígalítrar, þar af 540 gígalítrar við Eyjabakka, sem er meginmiðlunarlón virkjunarinnar. Fyrir utan nokkra minnkun á uppsettu afli og minnkun Eyjabakkamiðlunar frá fyrri áætlun eru ýmsar minni háttar breytingar vegna nánari mælinga og rannsókna.

Til frekari upplýsinga fylgir með þáltill. allítarleg skrá yfir helstu einkennisstærðir virkjunarinnar. Stofnkostnaður hennar er áætlaður 2313 millj. kr., miðað við verðlag og gengi í des. 1981 og vísitölu byggingarkostnaðar hina sömu, þ. e. 909. Það er sami verðgrunnur og varðandi hinar virkjanirnar. Í áætlunum þessum um stofnkostnað eru hvorki meðtaldar bætur fyrir landspjöll né greiðslur fyrir vatnsréttindi. Enn fremur er kostnaður við vegabætur utan athafnasvæðis virkjunar ótalinn. Þá er í kostnaðaráætlunum gert ráð fyrir að virkjunaraðili verði undanþeginn greiðslu á söluskatti og aðflutningagjöldum af aflvélum og rafbúnaði. Aftur á móti er gerð sérstök staðarleiðrétting, sem svo er kölluð, fyrir Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og er hún innifalin í þessu stofnkostnaðarmati. Þar er tekinn inn í myndina ýmiss konar áætlaður aukakostnaður við byggingu þessara virkjana miðað við virkjanir á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, svo sem fjarlægð frá þéttbýli, hæð virkjunarsvæðis yfir sjávarmál, mismunur í verðurfari og aðrir slíkir þættir. Ef til viðbótar er gert ráð fyrir að greiðsla fyrir landspjöll og vatnsréttindi við Blöndu verði allt að 5% af virkjunarkostnaði umfram Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verður stofnkostnaður Blönduvirkjunar ekki 1137.3 millj. kr., sem er talan sem ég hygg að ég hafi nefnt áðan í ræðu minni, heldur um 1195 millj. kr.

Samanburður þessara þriggja virkjunarkosta, eins og þeir nú liggja fyrir, verður þá þannig og er þá áætlaður með umframkostnaður vegna bóta við Blönduvirkjun: Orkuvinnslugeta Blönduvirkjunar miðað við 765 gwst. á ári, Fljótsdalsvirkjunar 1330 gwst. og Sultartangavirkjunar 660 gwst. Aflið í Blönduvirkjun er áætlað 150 mw. í Fljótsdalsvirkjun 252 mw. og í Sultartangavirkjun 120 mw. Tekið skal fram að enn getur orðið breyting á ástimpluðu afli véla þar eð slíkt er ekki ákveðið endanlega fyrr en í ljósi vitneskju um það leyti sem útboð fara fram. Stofnkostnaður á verðlagi í des. s. l., miðað við byggingarvísitölu 909, yrði sem áður greinir fyrir Blönduvirkjun 1195 eða 1.56 kr. á kwst. á ári, fyrir Fljótsdalsvirkjun 1.74 kr. á ári á kwst. og fyrir Sultartangavirkjun 2.03 kr. á ári á kwst.

Hlutfallslegur samanburður á sama kostnaðargrunni miðað við Blönduvirkjun á 100 yrði fyrir Fljótsdalsvirkjun 112 og fyrir Sultartangavirkjun 130, þ. e. framleiðslukostnaður á orkueiningu á ári yrði um 12% hærri frá Fljótsdalsvirkjun en frá Blönduvirkjun og 30% hærri frá Sultartangavirkjun en frá Blönduvirkjun. Er þetta sama röð varðandi hagkvæmniniðurstöður og fyrir liggur úr samanburði mismunandi virkjunarleiða fram til ársins

2000, sem vitnað var til og skýrslur liggja fyrir um, þar sem kostnaður við stofnlínur og heildarrekstur landskerfisins hefur verið tekinn með inn í dæmið. Hins vegar hefur þá ýmsum öðrum þáttum, svo sem öryggissjónarmiðum, ekki verið gefið talnalegt gildi.

Samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982, sem enn liggur fyrir hv. Alþingi óafgreidd, er gert ráð fyrir að verja 60 millj. kr. til undirbúnings og framkvæmda við næstu stórvirkjun og auk þess 22 millj. kr. í virkjunarrannsóknir og undirbúningsframkvæmdir við þá virkjun er næst yrði í röðinni. Er þar um að ræða Blöndu- og Fljótsdalsvirkjun samkv. fyrirliggjandi þáltill. Auk þess gerir Landsvirkjun ráð fyrir 16 millj. kr. til rannsókna á sínum vegum auk framkvæmda við Sultartangastíflu og Kvíslaveitu. Raunar má geta þess, að Landsvirkjun hefur nú sérstaklega til athugunar að dýpka útfallið úr Þórisvatni við Vatnsfell til þess að geta nýtt Þórisvatnsmiðlun betur en tekist hefur til þessa.

Sem fyrr segir er verkhönnun vegna umræddra þriggja virkjana að heita má lokið. Vegna næstu virkjunar er síðan gert ráð fyrir gerð útboðsgagna nú á þessu ári og að sprengd verði könnunarjarðgöng að stöðvarhúsi þeirrar virkjunar, reistar vinnubúðir og unnið að margháttuðum öðrum undirbúningi, þ. á m. lagningu vega og vegslóða, styrkingu þjóðvega og lagningu vinnurafmagns og síma á virkjunarsvæðið. Slíkt er í senn nauðsynlegt og skynsamlegt miðað við að framkvæmdir við þessar virkjanir skarist að meira eða minna leyti. Jafnframt verður unnt að búa í haginn með undirbúning og eðlilega hlutdeild heimamanna í framkvæmdum. Má leiða að því líkur, að sú hlutdeild geti orðið meiri í virkjun, sem yrði önnur í röðinni, en þeirri sem næst yrði á dagskrá, þar eð meira ráðrúm gefst til umþóftunar heima fyrir við undirbúning. Er ástæða til að leggja áherslu á þetta atriði og að engan veginn er vandalaust að koma af stað, svo að vel fari, stórframkvæmdum eins og umræddum virkjunum á Norður- og Austurlandi þannig að þær hafi ekki um of truflandi áhrif á annan atvinnurekstur. Að þessu er vikið í þáltill. og að þessu þarf að gefa sérstakan gaum. Sama máli gegnir að sjálfsögðu um þau orkufreku fyrirtæki sem í athugun er að reist verði úti í landshlutunum. Skiptir miklu að sem best sé staðið að undirbúningi þeirra, m. a. með tilliti til viðtækari iðnþróunar og annarra atvinnuvega, eins og áhersla er lögð á í 5. lið þáltill.

Í lögum nr. 60/1982, um raforkuver, segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að semja við Landsvirkjun m. a. um að reisa og reka eftirtaldar vatnsaflsvirkjanir. Uns þeir samningar hafa tekist skulu Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun. Virkjun Blöndu í Blöndudal (Blönduvirkjun) með allt að 180 mw. afli. Virkjun Jökulsár í Fljótsdal (Fljótsdalsvirkjun) með allt að 330 mw. afli. Virkjun Héraðsvatna við Villinganes (Villinganesvirkjun) með allt að 40 mw. afli."

Til að vinna að þessu máli skipaði iðnrn. fjögurra manna nefnd til að standa að málinu fyrir ríkisins hönd og Landsvirkjun tilnefndi af sinni hálfu fjóra stjórnarmenn til viðræðnanna. Nefndir þessar hafa komið saman til allmargra funda og unnið er að undirbúningi samningagerðar. Einkanlega hefur verið til umræðu yfirtaka Landsvirkjunar á byggðalínunum, sem svo eru nefndar, þ. e. 132 kílóvolta tengilínunum, sem á undanförnum árum hafa verið lagðar á vegum ríkisins og Rafmagnsveitur ríkisins hafa staðið fyrir að reisa og standa fyrir rekstri á eftir núverandi skipulagi. Í sambandi við yfirtöku Landsvirkjunar er um að ræða bæði fjárhagsleg og tæknileg atriði sem unnið er að að ná samkomulagi um og leysa. Nefndirnar hafa orðið ásáttar um stofnkostnaðarmat í meginatriðum og fyrir liggur yfirlit um fjárhagslegar skuldbindingar ríkisins vegna línanna, en um yfirtökuverð þeirra hefur ekki verið gengið frá samkomulagi. Það hefur ekki enn tekist, en að þessu máli er unnið og verður væntanlega á næstunni haldið áfram tilraunum til að ná þar samkomulagi.

Tæknileg vandamál varðandi þetta eru einkum tvíþætt: Annars vegar tæknileg úttekt á byggðalínum og hins vegar orku- og aflmælingar sem væntanlega þarf að endurskipuleggja og breyta við yfirtöku Landsvirkjunar. Undirnefnd tæknimanna á vegum Landsvirkjunar og Rafmagnsveitna ríkisins vinnur nú að athugun þeirra mála.

Varðandi yfirtöku á undirbúningi virkjanaframkvæmda virðast út af fyrir sig ekki stór vandamál á döfinni, en eðlilegt verður að teljast að tengja lausn þessara mála í heild sinni saman. Vert er að minna á að einn af undirstöðuþáttum þessa máls varðar verðjöfnun á raforku í heildsölu frá afhendingarstöðum á byggðalínum til dreifingaraðila í öllum landshlutum.

Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., virkjanir og hagnýting orkulindanna á næstu árum og áratugum, er með stórbrotnustu viðfangsefnum sem Alþingi hefur haft til meðferðar um langt skeið og varðar miklu í efnahagslegu tilliti og fyrir öryggi fólks um land allt svo og fyrir byggðaþróun í landinu. Með fyrirhuguðum stórvirkjunum nyrðra og eystra og öflugri samtengingu raforkukerfisins með stofnlínum er brotið blað í orkumálum landsins alls. Það öryggi, sem með því skapast, einnig fyrir þéttbýli hér suðvestanlands, er meira en menn almennt átta sig á, og sú jöfnun orkuverðs og atvinnuuppbygging, sem gerast þarf samhliða, mun í senn jafna lífskjör og renna stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf, ef vel tekst til. Sérstök áhersla er í þessari þáltill. lögð á forræði landsmanna yfir orkulindunum og þeim atvinnurekstri er sækja mundi til þeirra aflgjafa. Þar er lyft svipuðu merki og gerðist í landhelgisbaráttu okkar og snúið frá þeirri orkusölustefnu til erlendra auðfélaga, sem leidd var til öndvegis fyrir 15 árum og átt hefur sér öfluga talsmenn allt til þessa. Við þjóðinni blasir stórbrotið viðfangsefni að hagnýta orkulindirnar til almennra nota og atvinnuuppbyggingar í eigin þágu, og gæta þarf þess, að þetta sóknarskeið í orkumálum nýtist til fjölþættrar eflingar atvinnulífs og byggðar í landinu.

Ég vænti þess, að þáltill. þessi fái góðar viðtökur hér á hv. Alþingi, og legg ríka áherslu á afgreiðslu hennar á yfirstandandi þingi. Þar sem hér er um stórt fjárhagsmál að ræða tel ég við hæfi að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjvn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mikið var að hæstv. iðnrh. skyldi mæla fyrir þáltill. þeirri sem hér er á dagskrá. Ég var farinn að halda að hæstv. ráðh. væri hættur við að tala fyrir þessari till. — og var það nema von. Þessi þáltill. var lögð fram hér á Alþingi 11. des. árið 1981. Síðan hefur ekkert spurst til þessarar till. fyrr en í dag, á þriggja mánaða afmæli tillögunnar, að hún er tekin

hér til umr. Hvað hefur dvalið „Orminn langa"? Fyrirvarð hæstv. ráðh. sig fyrir þessa till.? Í því tilfelli væri hæstv. ráðh. ekki alls varnað. Slíkur er hráskinnaleikur hæstv. iðnrh. í þessu máli. A. m. k. hefur hæstv. ráðh. ekki talið mikið atriði að hraða meðferð þessarar þáltill. eða að hún fengi eðlilega þinglega meðferð.

Hæstv. ráðh. skuldar hv. Alþingi skýringu á seinlæti hans í þessu máli sem þrátt fyrir allt varðar hagnýtingu á einum af mikilvægustu auðlindum landsins. Orkulindir landsins eru ein þeirra gæða sem okkur eru verðmætust. Aðeins lítill hluti þessara auðlinda, sem þjóðin á í vatnsföllum og jarðvarma, hefur verið virkjaður, en í orkulindum landsins er að finna grundvöll að nýrri sókn til bættra lífskjara líkt og sjávarútvegurinn var í upphafi þessarar aldar. Bætt lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna eru höfuðmarkmið þeirrar atvinnustefnu sem fylgja þarf. Er því meginverkefnið nú að hagnýta hin gífurlegu verðmæti sem fólgin eru í orkulindum landsins.

Umræðan um orkumálin í dag byggist á þessu sjónarmiði. Þess vegna eru orkumálin mál málanna. Hér er um slíkt stórátak að ræða að einbeita þarf vilja og atorku þjóðarinnar til að fást við það. Það þarf að sameina þjóðina til átaka í málum sem svo mjög varða gengi hennar og framtíð. Ríkisstjórnin, hver sem hún er á hverjum tíma, verður að hafa forustu um slík stórmál. En því miður er þeirri forustu ekki fyrir að fara í dag. Þess vegna er vegferð þjóðarinnar í þessum efnum reikul og ráðlaus, svo að ekki sé meira sagt.

Sjálfstfl. hefur í stjórnarandstöðu mótað stefnu og lagt fram tillögur til að mæta þeim þörfum sem hin viðamiklu viðfangsefni krefjast. Ríkisstj. hefur ekki viljað brjóta odd af oflæti sínu og ganga til samstarfs við Sjálfstfl. um þessi mál. Ríkisstj. hefur beitt meirihlutavaldi sínu á Alþingi til að svæfa þessi mál eða koma í veg fyrir að þau hlytu þinglega meðferð. Samt sem áður hefur málatilbúnaður Sjálfstfl. haft sín áhrif í þessu efni. Ríkisstj. hefur ekki séð sér annað fært en taka nokkurt mið af hugmyndum og tillögum flokksins í eigin tillögugerð. En seinlæti og tregða hefur einkennt allar aðgerðir ríkisstj. í þessum efnum. Veldur þar mestu tvískinnungsháttur eða bein andstaða í stóriðjumálunum.

Á síðasta þingi fluttum við sjálfstæðismenn frv. um ný orkuver. Frv. kvað á um framkvæmdir í virkjunarmálum. Gert var ráð fyrir heildaráætlun um tiltekin verkefni, sem að væri stefnt að lokið yrði á þeim áratug sem þá var að hefjast. Hér var um að ræða stærsta átakið sem enn hefur verið gert til að nýta orkulindir landsins til verðmætasköpunar fyrir þjóðarbúið. Þannig átti að vera tryggt að fullnægt væri þörfum hins almenna notanda. Með þessari aukningu vatnsvirkjunar átti að leysa af hólmi innflutta olíu bæði til húshitunar og til raforkuframleiðslu. Bent var á að slíkar orkuframkvæmdir gætu skapað möguleika á nýtingu raforku til framleiðslu á nýjum orkugjöfum í stað þeirra sem við flytjum inn, svo sem til rekstrar skipa og bifreiða. Þá var haft í huga að möguleikar gætu skapast til að nota rafmagn beint til að knýja samgöngutæki. En umfram þetta allt áttu orkuframkvæmdir þær, sem hér var um að ræða, að geta lagt grundvöll að stóraukinni iðnvæðingu, stóriðju og gjaldeyrisöflun í formi útfluttrar iðnaðarvöru. Það voru slíkar framkvæmdir sem gátu verið besta tryggingin fyrir bættum lífskjörum og atvinnuöryggi landsmanna. Hverjar voru þær framkvæmdir sem frv. þetta fól í sér? Þær voru raforkuver allt að 130 mw. í Jökulsá í Fljótsdal, raforkuver allt að 180 mw. í Blöndu, raforkuver allt að 130 mw. við Sultartanga og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar um allt að 70 mw. Þessar framkvæmdir námu samtals 710 mw. og var það rúmlega 100% aukning frá uppsettu afli í núverandi vatnsaflsvirkjunum sem nema samtals 680 mw.

Þegar frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi hafði ríkisstj. ekkert haft fram að færa á Alþingi í þessu efni. Ég bið menn að hafa þetta hugfast. Í umr. um frv. gat iðnrh. ekki fett fingur út í þessar framkvæmdir, enda ýtti frv. svo undir hæstv. ráðh. að hann var kominn sjálfur tveim mánuðum síðar með frv. sem fól í sér sömu virkjunarframkvæmdir. Það eina, sem hæstv. iðnrh. í raun og veru þóttist geta hengt hatt sinn á, var að frv. okkar sjálfstæðismanna kvað ekki á um röð virkjunarframkvæmda. Það var það eina. Gert hafði verið ráð fyrir heildaráætlun um þessi verkefni sem að yrði stefnt að lokið yrði á einum áratug, og framkvæmdaröð réðist af hagkvæmni sjónarmiðum eftir því sem nauðsyn krefði til að ná þessu marki. Þessi áætlun, sem fól í sér tvöföldun á uppsettu afli í vatnsvirkjunum landsmanna, hafði verið byggð á þeirri forsendu, að komið yrði á fót stóriðju til að hagnýta orkuna frá þessum virkjunum. Röð virkjunarframkvæmda hlaut því að verða ákveðin með hliðsjón af framvindu stóriðjumálanna. Ríkisstj. varð ber að loddaraleik í tali sínu um röðun virkjunarframkvæmda á síðasta þingi. Þetta kom berlega í ljós þegar ríkisstj. lagði fram í maímánuði s. l. frv. sitt að lögum um raforkuver. Þar var ekki heldur að finna ákvæði um röð virkjunarframkvæmda, enda lá þá ekkert fyrir um fyrirætlanir ríkisstj. í stóriðjumálum. Hér var um að ræða sömu virkjanir og í frv. okkar sjálfstæðismanna og skyldi málið koma aftur til kasta Alþingis til að ákveða framkvæmdaröðina eins og þar var kveðið á um. Það er það sem gerst hefur með þeirri till. til þál. sem við nú ræðum. Ég mun koma nánar að því síðar.

Á síðasta þingi fluttum við sjálfstæðismenn þáltill. um stefnumótun í stóriðjumálum. Till. hlaut ekki afgreiðslu frekar en önnur stórmál okkar. Á þessu þingi höfum við sjálfstæðismenn borið fram svipaða þáltill. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju. Þessi till. gerir ráð fyrir að komið verði á fót. a. m. k. 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og staðhættir og aðrar aðstæður henta, enda sé hægt að flytja þangað nægilega orku á hagkvæman og öruggan hátt. Þá er gert ráð fyrir að stefnt verði að því að þau stóriðjuver, sem fyrir eru í landinu, verði stækkuð sem fyrst. Till. mælir svo fyrir, að forgöngu um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju skuli hafa sérstök nefnd, stóriðjunefnd, sem Alþingi kjósi. Efni þessarar till. verður ekki rakið hér sérstaklega af mér. Mönnum má vera það í fersku minni, að hv. 1. þm. Reykv. gerði þessari till. rækileg skil þegar hann mælti fyrir henni í fyrradag. Eftir að sjálfstæðismenn á tveim þingum í röð hafa borið fram till. til þál. um stóriðjumálin rumskar ríkisstj. loks og lætur til sín heyra í þessum efnum, sem eru svo veigamikil og raunar forsenda fyrir því sem verið er að tala um varðandi hagnýtingu orkulinda landsins. Þetta gerist með till. þeirri sem nú er hér á dagskrá, og kem ég síðar nánar að því.

Á síðasta þingi bárum við sjálfstæðismenn fram frv. til orkulaga. Frv. þetta fól í sér tillögur um heildarskipulag og yfirstjórn orkumála. Það var að stofni til það sama sem sérstök nefnd skipuð af þáv. iðnrh., núv. hæstv.

forsrh. Gunnari Thoroddsen, árið 1977 gerði tillögu um. Frv. þetta fól í sér margs konar nýmæli um hin veigamestu atriði. Það gerir t. d. ráð fyrir langtímaáætlun um orkubúskap þjóðarinnar sem gerð yrði til 10 ára og skyldi árlega leggja fyrir Alþingi skýrslu um framvindu áætlunarinnar. Frv. fól í sér breytingar á skipulagi Orkustofnunar sem miðuðu í meginatriðum að því að styrkja stjórn stofnunarinnar, hnitmiða verksvið hennar við rannsóknir á orkulindum landsins, áætlanagerð um orkubúskapinn og aðstoð og ráðgjöf við stefnumótun í orkumálum og að efla áhrifaval stofnunarinnar og þátt hennar í heildarstjórn orkumálanna. Þá var gert ráð fyrir að staða Landsvirkjunar yrði styrkt þannig að fyrirtækin hefðu á hendi orkuvinnslu hvar sem væri á landinu, þar sem landshlutafyrirtæki kæmu til greina, ef landshlutafyrirtæki gætu hvert á sínu veitusvæði reist og rekið orkuver. Hér verða ekki talin öll þau veigamiklu nýmæli eða rakið sérstaklega það efni sem frv. þetta hefur að geyma, en frv. náði ekki afgreiðslu á síðasta Alþingi. Hæstv. ríkisstj. sá um að svæfa þetta mál líka.

Þó að ekkert gerist í skipulagi orkumálanna virðast allir vera sammála um að eitthvað þurfi að gera. Meira að segja segir svo í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. að setja skuli lög um skipulag orkumála, um meginraforkuvinnslu og raforkuflutning, þar sem m. a. verði ákveðin samræmd heildarstjórn þessara mála. En hvers vegna skeður ekkert í skipulagsmálunum?

Til þess að svara þessu verður að hafa í huga þann ágreining sem hefur verið um skipulag orkuvinnslunnar. Annars vegar er það sjónarmið, að meginorkuframleiðslan eigi að vera á einni hendi. Hins vegar er það sjónarmið, að þótt eitt aðalorkufyrirtæki verði í landinu skuli öðrum heimilt að setja á stofn og reka raforkuver ef vilji og geta er fyrir hendi. Hæstv. forsrh. hefur verið spurgöngumaður þessarar stefnu á undanförnum árum. Þess er skemmst að minnast, að þegar hann var iðnrh. setti hann á stofn orkunefndir fyrir hina ýmsu landshluta til að vinna að því að koma á fót landshlutafyrirtækjum sem hefðu m. a. með að gera raforkuvinnsluna. Þessi stefna komst í framkvæmd á Vestfjörðum með stofnun Orkubús Vestfjarða, svo sem kunnugt er, og þróun í þessa átt á eftir að halda áfram, sbr. þáltill. um Orkubú Suðurnesja sem hefur verið lögð fram á þessu þingi.

Hæstv. iðnrh. hefur aftur á móti verið spurgöngumaður fyrir þeirri stefnu, að meginraforkuvinnslan skuli öll vera á hendi eins aðila í landinu. Af þessari ástæðu er skipulag raforkumálanna í dag í sjálfheldu. Hæstv. iðnrh. kveinkar sér við að fylgja stefnu hæstv. forsrh. um skipulag orkumálanna og hæstv. forsrh. veigrar sér við að framfylgja undir sínu forsæti stefnu hæstv. iðnrh. Afleiðingin af skipulagsleysinu í orkumálunum er hörmuleg. Hún er bókstaflega hörmuleg. Skipulagsleysið hamlar í ýmsum efnum eðlilegum vinnubrögðum í orkumálum til trafala og stórskaða fyrir framvindu þessara mála og þjóðarbúið í heild. Ríkisstj. virðist stefnulaus og ráðlaus í þessum málum. Í bili virðist ríkisstj. hafa gefist upp við að koma á lögbundnu skipulagi í þessum efnum. Klórað er í bakkann í lögum um raforkuver frá síðasta þingi þar sem kveðið er á um að ríkisstj. sé heimilt að semja við Landsvirkjun um að reisa og reka Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, uns þeir samningar hafa tekist skuli Rafmagnsveitur ríkisins hafa með höndum rannsóknir, hönnun og undirbúningsframkvæmdir í nánu samráði við Landsvirkjun.

Allt ber þetta vott um ráðleysi og fálm í svo þýðingarmiklum málum sem hér er um að ræða. Þetta er ástand sem ekki er viðunandi. Það dugar ekki að skipulagið sé innbyggt í iðnrh. Það er a. m. k. ekki varanleg skipan því að ráðherrar hljóta að koma og fara. Skipulagsmálunum verður að koma í höfn. Þess vegna höfum við sjálfstæðismenn flutt á ný á þessu þingi frv. okkar til orkulaga til að freista þess að ráða hér bót á. Hins vegar er ekkert að finna um skipulagsmálin í þeirri þáltill. sem hér er á dagskrá. Bendir það til þess, að ágreiningur hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. um skipulagsmálin sé enn óleystur.

Jafnframt því sem við sjálfstæðismenn höfum gert tillögu í virkjunarmálunum höfum við ítrekað lagt fram till. til þál. um framkvæmdaáætlun í orkumálum vegna húshitunar. Þar var gert ráð fyrir að ríkisstj. fæli Orkustofnun að gera áætlun um framvæmdir í orkumálum vegna húshitunar. Skyldi áætlunin gerð til næstu fjögurra ára og miðað að því að innlendir orkugjafar kæmu í stað olíu, ódýrari innfluttir orkugjafar verði nýttir í stað dýrari og orkunýting verði bætt. Áætlun þessari var ætlað að ná til tiltekinna verkefna, svo sem jarðhitaleitar, framkvæmda við hitaveitur, lagningar aðalháspennulína rafmagns, styrkingar rafdreifikerfisins, lúkningar sveitarafvæðingar og orkusparandi aðgerða. Ég ætla ekki að fara að ræða þetta efnislega hér, en nefni það aðeins sem dæmi um verkefni sem ríkisstj. leggur kollhúfur við. Slíkar tillögur okkar sjálfstæðismanna hafa ekki náð fram að ganga.

Frammistaða ríkisstj. við að létta byrðar þeirra, sem hita hús sín með olíu, er kapítuli út af fyrir sig. Á næstsíðasta þingi höfðum við sjálfstæðismenn forustu um flutning frv. til l. um niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa. Meðflm. voru úr öllum flokkum. Hefði því mátt ætla að málið næði fram að ganga. Frv. þetta var nýflutt þegar núv. ríkisstj. tók við völdum. Einn flm. frv. var þá — hvað haldið þið? — viðskrh. sem fer með þessi mál. Þar með átti málinu að vera tryggður framgangur þar sem það heyrði undir þennan ráðh. Því var ekki að heilsa. Þó að menn væru viðmælandi í orkumálunum áður en þeir fóru í hæstv. núv. ríkisstj. umhverfðust þeir þegar þangað var komið. Það er ekki nóg með að þeir hlaupi frá góðum málum, heldur gerast þeir dragbítar í þeim sömu efnum, eins og glöggt hefur mátt marka af framferði hæstv. viðskrh. varðandi niðurgreiðslu olíu til upphitunar húsa, svo sem einkar glöggt kom fram hér á Alþingi við afgreiðslu fjárl. fyrir árið 1982. (**Viðskrh.:** Við vorum sammála.) Þess skal þó getið, hæstv. viðskrh., og það ætlaði ég að segja þó að hæstv. viðskrh. gerði ekki vart við sig, að þess ber að geta sem til bóta er. Hæstv. viðskrh. hefur nú loks látið til leiðast að hækka olíustyrkinn. Það er til bóta og því hef ég lýst áður hér á hv. Alþingi og vil ekki á neinn hátt draga úr því. Ekki veitir af að láta hæstv. ráðh. njóta sannmælis.

Í till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem við nú ræðum, er vísað til 2. gr. laga nr. 60 frá 1981, um raforkuver. Það verður því ekki komist hjá því að víkja nokkuð að þessum lögum.

Meginatriði þessara laga voru fólgin í Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun sem þáltill. þessi fjallar líka um og hæstv. iðnrh. skýrði frá í ræðu sinni áðan. Auk þess var í lögunum heimild til stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar sem þegar hefur verið framkvæmd og er því eðlilega ekki að finna í þeirri þáltill. sem

við nú ræðum. Þannig fjalla lögin um raforkuver um sömu virkjunarframkvæmdir og gert var ráð fyrir í frv. okkar sjálfstæðismanna á síðasta þingi um ný orkuver. Það er ekki nema gott um það að segja, að ríkisstj. taki upp tillögugerð okkar sjálfstæðismanna í þessum efnum. Ekki verður hún ásökuð fyrir það. En auðvitað hefði verið eðlilegra að styðja frv. okkar sjálfstæðismanna þannig að það hefði getað orðið lögfest án allra vafninga. En ríkisstj. fór þá leið að koma seint og síðar meir með eigið frv. með látbragðaleik sem átti að dreifa athyglinni frá forustu okkar sjálfstæðismanna í þessu efni. Þess vegna eru í lögunum um raforkuver ýmis atriði sem eru fullkomin sýndarmennska — ég endurtek: fullkomin sýndarmennska.

Þar er t. d. að finna ákvæði sem heimilar Landsvirkjun að tryggja rekstur orkuveranna á Þjórsársvæðinu og koma vinnslugetu þeirra í eðlilegt horf, m. a. með Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og stíflu við Sultartanga. Þetta þurfti ekki að setja í lög vegna þess að í lögum um Landsvirkjun nr. 59/1965 er heimild að finna fyrir Landsvirkjun til að gera það sem hér er tíundað. Það er heimild í Landsvirkjunarlögunum. Auk þess er nokkuð vafasamt að vera að gera því skóna, að Landsvirkjun hafi ekki haft heimild áður til að hagnýta sér ákvæði um þessi efni sem eru í gildandi lögum um Landsvirkjun. En sýndarmennskan ríður ekki við einteyming í þessu efni. 1. tölul. í þeirri þáltill., sem hér er á dagskrá, fjallar einmitt um þetta sama atriði, þar sem segir að samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár-Tungnaársvæðinu.

Hins vegar verður að segja að ríkisstj. sé ekki alls varnað í þessum efnum því að í þáltill., sem við hér ræðum, er ekki að finna öll sýndarmennskuákvæðin sem eru í lögum um raforkuver frá síðasta þingi. Þannig er í lögunum ákvæði um að ríkisstj. geti heimilað Rafmagnsveitum ríkisins, Landsvirkjun og Orkubúi Vestfjarða að reisa varastöðvar með allt að 50 mw. afli á næstu 10 árum í því skyni að tryggja viðunandi öryggi notenda gagnvart bilunum. Þetta er sett í lögin þrátt fyrir að ekki hefur viðgengist að setja í lög frá Alþingi ef einhver orkuveita keypti dísilvél til að koma sér upp varaafli. Hins vegar er í orkulögum ákvæði um að lagaheimild þurfi til þess, eins og það er orðað þar, að reisa og reka orkuver sem er stærra en 2 mw. Ég veit ekki til að þessu ákvæði hafi verið beitt nema þegar um vatnsaflsvirkjanir er að ræða, en þá þarf að reisa mannvirki eins og við vitum. Þessu ákvæði hefur ekki verið beitt til að koma upp varaafli í formi dísilstöðva. Þegar talað er um varaafl í þrengri merkingu, og ég held að það verði að leggja þá merkingu í þetta, er átt við varaafl sem er að jafnaði á staðnum eða þéttbýlisstöðunum og fengið er með vélum sem þar eru settar upp. Það er með tilburðum sem þessum sem ríkisstj. taldi sig vera að leggja til meiri framkvæmdir með lögum um raforkuver en við sjálfstæðismenn höfðum áður gert tillögur um í frv. okkar um ný orkuver. Það verður að segja ríkisstj. til hróss, að allar sýndarmennskutillögur sínar endurtekur hún ekki í þessari þáltill. sem hér er á dagskrá og ekki er hér heldur að finna málamyndartillöguna um Villinganesvirkjun, stækkun Sigölduvirkjunar og stækkun Hrauneyjafossvirkjunar.

Eins og ég gat um áður fól frv. okkar sjálfstæðismanna á síðasta þingi um ný orkuver ekki í sér röðun virkjunarframkvæmda. Þetta kom til af því, að ekkert lá þá fyrir um fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í landinu. Virkjunarframkvæmdir hlutu að verða ákveðnar með hliðsjón af framvindu stóriðjumála. Með tilliti til þessa lögðum við sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi till. okkar til þál. um stefnumótun í stóriðjumálum, eins og ég áður gat um. Með því að ríkisstj. hafði ekkert gert í stóriðjumálunum var hún ekki heldur þess umkomin að leggja til röðun framkvæmda í frv. um raforkuver sem hún lagði fram í maí s. l. Iðnrh. hefur nú upplýst á Alþingi — hann gerði það á síðasta hausti — að mál þetta hefði verið á borði ríkisstj. síðan um miðjan okt. s. l. Ætla má að ríkisstj. hafi sýnt málinu einhverja hugsun, a. m. k. allt frá því að við sjálfstæðismenn fluttum frv. um ný orkuver í mars s. l., ef ekki hefur örlað á hugsun um þetta efni fyrr. Alla vega hefur ríkisstj. átt að hafa ærinn tíma til að fást við þau viðfangsefni sem sérstaka áherslu skyldi leggja á samkv. stjórnarsáttmálanum. Það hefði því mátt vænta fullburða niðurstöðu þegar ríkisstj. hefur sig nú loks upp í að kveða upp úr um framkvæmdaröð þeirra virkjana sem hér um ræðir. En því er ekki að heilsa vegna þess að ríkisstj. hefur ekki sýnt raunhæfa tilburði til undirbúnings því að koma upp stóriðju til að skapa grundvöll að þessum virkjunum. Þess vegna hefði ríkisstj. eins getað ákveðið röðun virkjunarframkvæmda á s. l. vetri þó að hún hefði þá ekkert aðhafst í stóriðjumálunum. Sú ákvörðun hefði að vísu verið byggð á sandi, en það er einmitt það sem nú er að gerast. Þessi þáltill., í því formi sem hún er núna, er byggð á sandi.

Í lögum um orkuver var tekið fram, að áður en ákveðin yrði framkvæmdaröð virkjana skyldi liggja fyrir greinargerð frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Greinargerðir liggja fyrir og niðurstöður þeirra fylgja þáltill. þeirri sem við nú ræðum. Með tilliti til þess, að lögin um raforkuver gera ráð fyrir að ríkisstj. semji við Landsvirkjun um að reisa og reka þær vatnsaflsvirkjanir sem hér um ræðir er forvitnilegast að líta á niðurstöður Landsvirkjunar um röðun virkjunarframkvæmda. Við skulum nú gera það örlítið.

Niðurstöður Landsvirkjunar bera vott um hve röðun virkjunarframkvæmdanna er óraunhæf þegar ekki liggur meira fyrir um stóriðjuframkvæmdir til hagnýtingar orkunnar en raun ber vitni. Um þetta segir í yfirliti og niðurstöðum Landsvirkjunar, eins og það er þar orðað, að þar sem mikil óvissa ríki í markaðsþróun hafi verið valið að lýsa því orkusölusvigrúmi umfram þarfir hins almenna markaðar sem skapa megi með mismunandi hraðri uppbyggingu orkuöflunarkerfisins. Sé þá einungis reiknað með þeim hraða sem að mati Landsvirkjunar liggi innan þeirra marka sem ráða megi við með innlendu vinnuafli og á fjárhagslega viðunandi grundvelli. Þetta þýðir á venjulegu máli að Landsvirkjun sé að meta hvað séu mögulegar miklar framkvæmdir í virkjunarmálunum af tæknilegum og fjárhagslegum ástæðum ef forsendur framkvæmdanna séu fyrir hendi. „Forsendur framkvæmdanna eru," segir í niðurstöðum Landsvirkjunar, „að tryggð sé hagnýting orkunnar með stóriðju, en ekkert liggur fyrir um stóriðjuframkvæmdir til þess að byggja á í þessu efni." Þetta segir í niðurstöðum Landsvirkjunar.

Í niðurstöðum í skýrslu Landsvirkjunar segir enn fremur að hagkvæmast virðist tvímælalaust vera að næstu aðgerðir í raforkuöflun landsmanna verði stíflu-

gerð við Sultartanga, vatnaveitur til Þórisvatns, þ. e. Kvíslaveita, og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Um þetta hygg ég að geti naumast orðið ágreiningur. Um þetta efni er kveðið á í 1. tölul. þáltill., eins og ég hef áður raunar vikið að. En í skýrslu Landsvirkjunar segir að samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim sé nauðsynlegt að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu. Hvað þýðir það? Skýrsla Landsvirkjunar gefur skýringu á því. Þar segir að stækkun Búrfellsvirkjunar virðist vera mun hagstæðari kostur en stækkun Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar sem gert er ráð fyrir í lögum um raforkuver frá síðasta ári. Komi þar einkum til að stækkun Búrfellsvirkjunar bæti aflmisvægið, sem nú ríkir milli þessara virkjana, og gefi auk þess aukna orkuvinnslugetu, sem út af fyrir sig geti réttlætt þá fjárfestingu sem til þarf. Þess megi og geta, að stækkun Búrfells kosti mjög ámóta upphæð og stækkanir Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana sem ekki skili aukinni orkuvinnslu inn á hið samtengda landskerfi. Landsvirkjun leggur því eindregið til að aflað verði lagaheimildar fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að afli allt að 140 mw. Ég leyfi mér nú að spyrja hæstv. iðnrh. hvort þetta þýði að Landsvirkjun leggi til að næsta stórvirkjun verði reist á Þjórsársvæðinu, að vísu ekki Sultartangavirkjun með allt að 130 mw. afli, heldur Búrfellsvirkjun með allt að 140 mw. afli.

Ég held áfram með skýrslu og niðurstöður Landsvirkjunar. Segir í skýrslu Landsvirkjunar að þegar á heildina sé litið bendi athuganir fyrirtækisins til þess, að Blönduvirkjun, þ. e. tilhögun I, sé hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem næsta stórvirkjun fyrir landskerfið. Ráði þar fyrst og fremst lægri framleiðslukostnaður, auk góðrar staðsetningar í landskerfinu. Tekið er fram að Blönduvirkjun gæti hafið orkuframleiðslu í fyrsta lagi árið 1987, en bætt er við að tímasetning virkjunarinnar að öðru leyti hljóti að ráðast af markaðsaðstæðum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh. hvað það þýði, að tímasetning Blönduvirkjunar ráðist af markaðsaðstæðum. Er það ætlun Landsvirkjunar að ekki verði ráðist í Blönduvirkjun fyrr en séð sé fyrir orkunýtingunni með stóriðju?

Í skýrslu Landsvirkjunar skín alls staðar í gegn — bókstaflega alls staðar — að hún telur sig vera að vinna óvinnandi verk þegar henni er ætlað að gera tillögur um röðun virkjunarframkvæmda þar sem ekkert liggi fyrir um stofnun og staðsetningu stóriðjufyrirtækja til hagnýtingar orkunnar. Þannig segir m. a. í skýrslunni að Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun virðast, eins og það er þar orðað, auk stækkunar Búrfellsvirkjunar, vera hagkvæmar frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði, en röðun þessara virkjana og tímasetning lengra fram í tímann í framhaldi af aðgerðum á Þjórsársvæðinu og Blönduvirkjun sé hins vegar fyrst og fremst háð uppbyggingu markaðarins og staðsetningu nýrrar stóriðju. Fyrr en fyrir liggi ákveðnar forsendur um stærð og hagkvæmni aukins iðnaðarmarkaðar sé varla hægt að gera marktækan samanburð á því, hver þessara virkjana ætti að koma næst á eftir Blönduvirkjun.

Loks segir í skýrslu Landsvirkjunar að athuganir fyrirtækisins bendi að öllu samanlögðu eindregið til þess, að hröð uppbygging í orkuöflun sé fjárhagslega og þjóðhagslega hagkvæm. En Landsvirkjun hefur fyrirvara um þessa niðurstöðu. Hann er að viðunandi iðnaðarmarkaður verði fyrir hendi, eins og það er orðað í skýrslunni. Landsvirkjun leggur svo áherslu á að áhætta virkjunarframkvæmda verði því meiri sem ráðist er í meiri virkjunarframkvæmdir, ef þessar forsendur bregðist.

Hér erum við komnir að því sem skiptir meginmáli. Virkjunarframkvæmdir fara eftir því, hver þörfin er fyrir þær. Samkvæmt orkuspá nægir sú raforka, sem við ráðum yfir frá eldri virkjunum, til að fullnægja fram á næsta áratug þörfum okkar til almennrar notkunar, heimilisnotkunar, almenns iðnaðar svo og til þeirrar stóriðju sem við höfum í landinu í dag. Meiri háttar nýjar vatnsaflsvirkjanir þurfa því ekki að koma til á þessu tímabili nema nýjar þarfir komi til. Allar umræður og fyrirætlanir um meiri háttar vatnsaflsvirkjanir nú byggjast því á þeirri forsendu, að nýjar þarfir komi til. Nú er gert ráð fyrir að þessar þarfir komi til í formi orkufreks iðnaðar eða stóriðju. Þegar meta á gildi þáltill. þeirrar, sem hér er til umr., skiptir því meginmáli að gera sér grein fyrir hvernig staðan er í stóriðjumálunum í dag. Auðvitað skiptir það meginmáli.

Það var fyrir forgöngu Sjálfstfl. sem landsmenn fóru inn á braut stóriðju við stofnun álversins í Straumsvík og byggingu járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga. Þess gerist ekki þörf að rifja þetta upp hér. Ég ætla ekki heldur nú að fara að ræða sérstaklega þær deilur og ágreining sem voru á sínum tíma um framkvæmdir þessar. En við skulum hafa í huga, að allt frá byrjun stóriðju hér á landi voru annars vegar bjartsýnismenn og raunsæismenn í þessum efnum og hins vegar úrtölumenn og afturhaldsseggir. Meðan Sjálfstfl. átti aðild að ríkisstjórn var unnið markvisst og skipulega að stóriðjumálunum. Hins vegar verða þáttaskipti í þessum efnum þegar vinstri flokkarnir taka völdin árið 1978. Síðan, í tíð núv. hæstv. iðnrh., hefur brugðið til hins verra.

Þegar árið 1978 vann hæstv. núv. iðnrh. það óhappaverk að leggja niður viðræðunefnd um orkufrekan iðnað. Síðan hefur hæstv. iðnrh. ungað út nefndum, hvort sem það heitir orkunýtingarnefnd, staðarvalsnefnd, kísilmálmnefnd eða eitthvað annað, allt eftir því hvaða möppur er verið að fylla af pappírsgögnum á hverjum tíma. Allt er þetta látið heita „undirbúningur undir stóriðjuframkvæmdir í landinu." Árangurinn af þessu er ekki annar en sá, að segja má að í besta tilfelli sé um hagkvæmniathugun að ræða, svo sem talað er um í 4. tölul. þáltill. þeirrar, sem við nú ræðum. Hér er því ekki hægt að festa hendur á neinu sem gæti verið forsenda eða grundvöllur fyrir orkunýtingu þeirra vatnsaflsvirkjana sem þáltill. fjallar um. Til þess að svo hefði verið hefði nú a. m. k. þurft að vera komið til samræmdra samningsviðræðna um stóriðjufyrirtæki varðandi eignaraðild, orkukaup, staðsetningu stóriðjuvera, markaðsmál og fleira. En engu af þessu er fyrir að fara. Í raun og veru liggur ekkert fyrir um stóriðjufyrirtæki til grundvallar þeim vatnsaflsvirkjunum sem þáltill. fjallar um, hvað þá til ákvörðunar um röðun framkvæmdanna.

Skýringin á þessu er sú, að hæstv. iðnrh. dregur fæturna í stóriðjumálunum. Hæstv. ráðh. er fulltrúi afturhaldsseggjanna í stóriðjumálunum. Hann er fulltrúi úrtöluaflanna. Hann er fulltrúi þeirra sem vilja tefja og þvælast fyrir í þessum efnum. Andstæðingar stóriðju geta verið harla ánægðir með hæstv. iðnrh. Það fer ekki hjá því. En ég spyr: Er þá hæstv. iðnrh. ánægður með sjálfan sig? Ég spyr ekki að ástæðulausu. Ég spyr vegna þess að hæstv. iðnrh. segist vilja stóriðju. Hann var að segja það rétt áðan. En það er eitt að vilja og annað að framkvæma. Við viljum hagnýta þau náttúruauðæfi sem land okkar hefur að bjóða. Við viljum hagnýta orku-

lindirnar til að efla hagsæld og atvinnuöryggi landsmanna. Þess vegna tölum við um þær stórvirkjanir sem þáltill. þessi fjallar um. Við viljum tvöfalda uppsett afl í orkuverum landsins á næstu 10—15 árum. Þess vegna viljum við á þessu tímabili reisa þær vatnsaflsvirkjanir sem þáltill. fjallar um. En það er meira en að segja það. Vandinn er að koma þessu í framkvæmd, og spurningin er um fjármögnun þessara framkvæmda. Spurningin er um fjármögnunina, og þar skilur á milli feigs og ófeigs í afstöðunni til stóriðju.

Þegar við tölum um fjármögnunina í þessu sambandi verðum við að hafa í huga að fjármagnsins er þörf bæði vegna fjárfestingar í orkuverunum sjálfum og fjárfestingar í stóriðjuverunum. Talið er að fjárfestingin í sjálfum stóriðjuframkvæmdunum. Í þeim vatnsvirkjunum, sem þáltill. þessi fjallar um, og tilsvarandi stóriðjuverum er um gífurlega fjárfestingu að ræða á okkar mælikvarða. Ég held að allir hljóti að vera sammála um þetta. Ætla má að ein álbræðsla álíka stór og álbræðslan í Straumsvík og vatnsvirkjun, sem reisa þarf til að sjá henni fyrir orku, geti kostað samtals álíka mikið og nemur nú öllum erlendum skuldum landsins. En það er um að ræða meira en eina álbræðslu og eina vatnsaflsvirkjun.

Við erum að tala um nokkrar virkjanir og nokkrar álbræðslur eða samsvarandi stóriðjuver í öðrum greinum sem reist verða á 10—15 árum. Það er ærið viðfangsefni að fjármagna vatnsaflsvirkjanirnar, sem hljóta að vera í eigu landsmanna, með erlendum lánum þó að ekki komi til að fjármagna stóriðjuverin að fullu á sama veg. Þegar af þeirri ástæðu hlýtur að verða að fjármagna verulegan hluta stóriðjuveranna í formi eignaraðildar útlendinga að fyrirtækjunum. Það eru takmörk fyrir því, hvað fært er og hyggilegt að stofna til mikillar skuldasöfnunar erlendis. Auk þess hljóta að vera takmörk fyrir því, hvað er réttlætanlegt fyrir okkur Íslendinga að taka mikla áhættu í slíkum stórrekstri sem hér er um að ræða, miðað við okkar aðstæður. Okkar andsvar við slíkum vanda hlýtur að vera fólgið í því að leita í fyrstu eftir áhættufjármagni í formi erlendrar eignaraðildar að stóriðjuverunum.

Það, sem ég hef hér sagt um fjármögnun og eignaraðild útlendinga í stóriðjufyrirtækjum, tekur mið af því mikla átaki sem um er að ræða með tvöföldun á uppsettu afli í orkuverum landsins, ef reistar eru þrjár vatnsaflsvirkjanir samkv. þessari þáltill. á næstu 10—15 árum. Ef það er ætlunin — ég legg áherslu á það: ef það er ætlunin verður það ekki framkvæmt nema með miklu áhættufjármagni í formi eignaraðildar að stóriðjufyrirtækjum. Ef mönnum er alvara með þáltill. þessa verða þeir að gera ráð fyrir mikilli þátttöku útlendinga í stóriðju hér á landi til að byrja með. Ef hafnað er erlendri eignaraðild er tillagan, sem við nú ræðum, hrein sýndarmennska, yfirskin og loddaraleikur af verstu tegund. Annað mál er ef ætlunin er að fara hægar í sakirnar svo að stóriðjuframkvæmdir nemi ekki meira en erlend skuldasöfnun leyfir og áhætta verði ekki meiri en þjóðin ræður við. En þá er líka um aðra stefnu að ræða í stóriðjumálunum en þáltill., sem hér er á dagskrá, er miðuð við. Ef við ætlum að miða þetta við eigin getu er það önnur stefna en hæstv. iðnrh. er hér að mæla fyrir, ef hann meinar eitthvað með því sem hann er að segja. En þá þarf ekki að ræða tvöföldun á uppsettu afli í orkuverum landsins, það er allt önnur stefna.

Þó að við Íslendingar höfum nú þegar nokkra reynslu af stóriðju, sem er ómetanleg, verðum við að gera ráð fyrir að áfram þurfum við að leita samvinnu við útlendinga í þessum efnum. Hér hlýtur ýmislegt að koma til greina. Gæti það verið á sviði tækni þar sem við höfum ekki áður aflað okkur nægilegrar reynslu. Það gæti verið nauðsynlegt að koma á samvinnu við erlenda aðila um sölu- og markaðsmál. Eignaraðild Íslendinga að stóriðjufyrirtækjum og samstarfssamningar við útlendinga um önnur atriði hljóta að ráðast af eðli máls og aðstæðum á hverjum tíma. Margvíslegir kostir geta því komið til greina. Hvort og að hve miklu leyti við viljum eiga samvinnu við erlenda aðila að þessu leyti mun því eingöngu fara eftir mati manna hverju sinni á því, hve mikla áhættu við viljum taka og hvort hagkvæmt geti verið af öðrum ástæðum. Þar sem þetta val er algerlega í okkar höndun ættu menn að geta rætt það fordómalaust með raunsæissjónarmið ein að leiðarljósi.

Rétt er að stefna að því með samningum að Íslendingar eignist stóriðjufyrirtækin í landi sínu eftir því sem tímar líða og möguleikar eru fyrir hendi. Hafa verður jafnan í huga að farsælast hlýtur að vera að atvinnureksturinn hér á landi sé að sem mestu leyti í höndum innlendra aðila. Ætla mætti að allir þeir, sem í raun og veru vilja stóriðju á Íslandi, gætu verið sammála um þessi vinnubrögð og þessa stefnu. Annað mál er það, að þeir, sem hampa nú mest íslenskri eignaraðild að stóriðju hér á landi, eru einmitt þeir sem hafa verið mestu dragbítarnir og svarnir andstæðingar stóriðjuframkvæmda í landinu. Þessir menn, með flokk hæstv. iðnrh. í fararbroddi, hafa raunar ekki viljað neina eignaraðild útlendinga í stóriðju hér á landi. Ef farið hefði verið að ráðum þessara manna væri engin stóriðja eða stórvirkjanir enn í landinu, og ef farið hefði verið að ráðum þessara manna hefðu ekki verið sköpuð skilyrði og grundvöllur fyrir stóriðju Íslendinga sjálfra í landinu. Þannig hefur leiðin til ótvíræðs íslensks forræðis í orkufrekum iðnaði legið í hagnýtingu erlends áhættufjármagns.

Hafa verður í huga að þegar hafist var handa um fyrsta áfangann í orkufrekum iðnaði hér á landi með byggingu álbræðslunnar við Straumsvík var þátttaka erlendra aðila óhjákvæmileg, enda skorti Íslendinga bæði fjármagn, tækniþekkingu, markaðsaðstöðu og aðgang að hráefni til að geta einir lagt út í slíkan rekstur. Með því hefði verið tekin meiri fjárhagsleg áhætta en verjandi hefði verið, og er reyndar mjög ósennilegt að erlendar lánastofnanir hefðu fengist til að hætta fé sínu í slíkt fyrirtæki. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Ég legg áherslu á þetta: Margs konar óvissa, sem hlaut að vera fyrir hendi þegar fyrstu skrefin voru stigin, hefur vikið fyrir traustri þekkingu og reynslu okkar sjálfra og annarra á skilyrðum og hagkvæmni þessa iðnaðar hér á landi. Eftir að fyrsti ísinn hafði verið brotinn með byggingu álbræðslunnar, sem er algerlega í erlendri eigu og rekin án nokkurrar fjárhagsáhættu Íslendinga sjálfra, treystum við okkur til þess að ráðast í nýtt fyrirtæki, járnblendiverksmiðjuna, þar sem íslenska ríkið er meirihlutaaðili og verulegur hluti áhættunnar á okkar herðum. Samt byggjum við þar enn á samningum um tækniþjónustu erlends samstarfsaðila og treystum á markaðskerfi hans til að tryggja sölu framleiðslunnar. Þannig mun aðstaða okkar til að taka á okkur vaxandi hluta af fjármögnun, áhættu og stjórnun þessa iðnaðar batna með hverju skrefi sem stigið er fram á við. Þannig hefur stefna þeirra manna, sem bornir hafa verið þeim sökum að vilja leiða

útlendinga til öndvegis í atvinnumálum landsins, verið í raun og veru skilyrði þess og eina færa leiðin að því marki að ná frumkvæði og íslensku forræði í stóriðjumálunum.

Umræðan um stóriðju á Íslandi er nú frábrugðin því sem fyrrum var. Nú kveða menn ekki upp úr um andstöðu sína við stóriðju eins og áður var. Nú hafa menn ekki hátt um slíkt. Þar kemur margt til. Reynsla okkar af stóriðju hefur þegar afsannað stóryrði og hrakspár þeirra sem voru á móti því, að álverið í Straumsvík yrði reist. Það er erfitt að mæla gegn því, að hagnýting orkulinda landsins feli nú í sér mestu möguleikana til bættra lífskjara og atvinnuöryggis landsmanna. Það er erfitt að neita því, að vaxtarbroddur íslensks efnahagslífs sé nú fólginn í hagnýtingu orkulinda landsins. Það er ekki sigurstranglegt að berjast gegn þeirri stefnu okkar sjálfstæðismanna að gera nú stórátak til hagnýtingar orkulinda landsins. Ef menn játa í orði réttmæti þessarar stefnu stoðar ekki að segjast vera andvígir stóriðju í landinu.

Eins og nú stendur á er tómt mál að tala um stórvirkjanir án stóriðju. Þegar við sjálfstæðismenn leggjum til að á næstu 10 árum verði reistar stórvirkjanir í landinu samtals með jafnmiklu uppsettu afli og nú er fyrir hendi vill hæstv. iðnrh. og flokkur hans ekki vera minni. Tveim mánuðum eftir að við sjálfstæðismenn leggjum fram frv. okkar um þetta efni á síðasta þingi hefur ríkisstj. sig upp í að leggja fram eigið frv. um sama efni. Til þess að þetta verði ekki of augljós skrípaleikur að þeirra mati eiga þeir ekki annars úrkosti en að segja að þeir vilji stóriðju eins og við sjálfstæðismenn. Auk þess kemur til að forusta Alþb. verður vör við það eins og aðrir, að stöðugt er almennari áhugi og skilningur á nauðsyn þess að efla atvinnulíf landsmanna með aðferðum í stóriðjumálunum. Hjá mörgum almennum stuðningsmönnum flokksins er ekki að finna þá fordóma gegn stóriðju sem hrjáir flokksforustu Alþb. Þeir finna þrýstinginn frá einstaklingum og samtökum um að skynsemin fái að ráða í þessu máli. Er þess skemmst að minnast, að af hálfu Alþýðusambands Íslands voru gerðar á s. l. sumri og hausti ályktanir um stuðning við stóriðju á Íslandi. Með tilliti til þessa hafa andstæðingar stóriðju breytt um starfsaðferðir. Í orði er nú Alþb. með stóriðju, en í verki situr það við sinn keip. Framsókn er milli vita í þessum málum sem öðrum. Starfsaðferðir hæstv. iðnrh. í stóriðjumálunum bera þessu glöggt vitni. Allt er dregið á langinn svo lengi sem kostur er. Hugsanlegir aðilar til samvinnu við Íslendinga og fyrirtæki þeirra eru gerðir tortryggilegir. Stillt er upp sem stóriðjukostum óraunhæfum hugmyndum eða ótímabærum framleiðslugreinum. Útilokaðir eru fyrir fram ýmiss konar möguleikar til fjármögnunar. Ýktir eru tímabundnir erfiðleikar í ýmsum framleiðslugreinum. Sérstakur kapítuli er svo framferði hæstv. iðnrh. í hinu svokallaða súrálsmáli.

Í því máli er um tvennt að ræða, eins og ráðh. hefur á því haldið. Annaðhvort hefur ráðh. vitandi vits verið að gera samvinnu okkar við úlendinga í stóriðjumálum tortryggilega í þeim tilgangi að torvelda og bregða fæti fyrir stórátak nú í stóriðjumálunum eða hæstv. ráðh. telur í raun og veru að við höfum rétt að sækja á hendur Alusuisse. Hann er þó ekki maður til að halda honum til laga, sem honum ber að gera, í stað þess að lyppast niður fyrir útlendingunum sem hefðu þá brotið á okkur samninga. Hvorugur kosturinn er góður, enda ber þetta allt frekar vott um áróðursherferð gegn stóriðju en eðlilega gæslu íslenskra hagsmuna.

Herra forseti. Það er hart að þurfa að búa við slíka yfirstjórn í orkumálum þjóðarinnar. Frá því að sjálfstæðismenn létu af stjórn þessara mála árið 1978 hefur tíminn farið fyrir lítið. Á þessu tímabili væri mest um vert ef unnið hefði verið markvisst og skipulega að stóriðjuverkefnum. Það hefðu þegar þurft að liggja fyrir einhverjir stóriðjukostir sem nú hefði verið hægt að byggja á. Þannig hefðu nú þegar átt að vera hafnar framkvæmdir við næstu stórvirkjun og tryggð hagnýting orkunnar frá henni. Slík vinnubrögð voru nauðsynleg til að hefja það risaátak sem við höfum verið að ræða um, að tvöfalda raforkuframleiðslu landsins á einum áratug. Með slíkum vinnubrögðum hefði ekki frestast að óþörfu sá hagur sem þjóðarbúið hefur af hagnýtingu orkulindanna. Við hefðum síður verið vanbúnir að hagnýta þau tækifæri sem gefast og m. a. eru fólgin í þeirri staðreynd, að álverum er nú lokað víðs vegar um lönd þar sem skilyrði eru óhagstæðari til framleiðslunnar en hér á landi.

Menn velta því stundum fyrir sér, af hverju andstaðan gegn stóriðju í landinu hefur verið svo mögnuð hjá þröngum hópi öfgamanna. Það er ekki að ófyrirsynju því að ástæður fyrir þessari afstöðu hafa vissulega verið léttvægar fundnar. En það er sjálfsagt borin von að fá skýringu á þessu. Hér er um að ræða hreinræktað afturhald og raunar eindregnasta afturhaldið sem fyrirfinnst í þessu landi. En jafnvel í svartasta afturhaldi getur stundum verið einhver skíma. Ég hefði viljað vona að einhverri glætu væri fyrir að fara hjá hæstv. iðnrh. En það er ekki nægilegt ef menn þora ekki, ef menn eru ekki menn til að taka ákvarðanir. Því verður þess vegna ekki á móti mælt, að besta framlag til orkumálanna í dag væri að hæstv. iðnrh. léti af meðferð þessara mála. Þegar slíkt heyrist ítrekað úr röðum stuðningsmanna ríkisstj. hér á Alþingi skal engan undra þó að við stjórnarandstæðingar kunnum eigi betra ráð — nema það að ríkisstj. öll, sem ber ábyrgð á ósómanum, láti af völdum.

En hvað sem líður hæstv. iðnrh. og ríkisstj. liggur fyrir Alþingi að afgreiða þáltill. sem nú er á dagskrá. Ég andmæli ekki þeirri röðun virkjunarframkvæmda sem þar er gert ráð fyrir, svo framarlega að röðunin sjálf tefji ekki eða komi í veg fyrir að allar virkjanir verði reistar á þeim áratug sem við sjálfstæðismenn höfum lagt til. Engan tíma má missa. Framkvæmdir verða að hefjast strax. Í þáltill. er ekki kveðið á um slíkt eða hvenær framkvæmdir skuli hefjast. Þarf því að fá samþykkta brtt. sem kveður á um þetta efni, en jafnframt þarf að fá þá breytingu á þáltill., að fram sé tekið að framkvæmdir megi ekki hefjast í virkjunarmálunum fyrr en séð hefur verið fyrir eða tryggð hagnýting orkunnar frá þessum virkjunum. Þetta þýðir að ákveðnar hafi verið stóriðjuframkvæmdir eftir því sem virkjunarframkvæmdum miðar áfram. Slíkar breytingar á þáltill. fela því ekki einungis í sér hröðun virkjunarframkvæmda, heldur og hröðun framkvæmda í stóriðjumálunum. Þetta er í samræmi við tillögur okkar sjálfstæðismanna samkv. frv. okkar um ný orkuver sem við lögðum fram á síðasta þingi. Það eru einmitt þessi atriði sem þurfa til að koma til að gefa þessari till. til þál., sem við nú ræðum, raunhæft gildi. Það er það sem við þurfum að gera: gefa þessari till. raunhæft gildi. Eins og till. er úr garði gerð er hún vottur þeirrar sýndarmennsku og ráðleysis sem einkennir hæstv. iðnrh. og ríkisstj. í heild í þessum málum.

Alþingi getur ekki sætt sig við slíkt. Það er útilokað að

Alþingi geti sætt sig við slík vinnubrögð í svo mikilvægu máli sem hér er um að ræða. Þess er því að vænta, að það muni takast að fá þessa þáltill. afgreidda á þann veg að raunhæft gildi hafi og Alþingi hafi sóma af.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Það verður helst ráðið af orðum hv. 4. þm. Vestf., Þorvalds Garðars, að það hafi gersamlega farið fram hjá honum að staðið hafa yfir viðkvæmar deilur í heimahéraði um virkjun Blöndu. Það verður helst ráðið af hans máli hér, að það hafi gersamlega farið fram hjá honum að viðamiklar samningaviðræður hafa farið fram við heimamenn um hvernig hægt væri að ná samkomulagi og friði um þessar miklu virkjunarframkvæmdir við Blöndu. Það virðist hafa farið fram hjá hv. þm. að atkvgr. í heimahéraði hafi farið fram og að eftir það hafi enn á ný verið teknar upp samningaviðræður til að leysa þessi mál.

Ég hygg að flestir muni sammála um að hagkvæmasti kostur okkar nú sé virkjun Blöndu. Ég hygg að flestir séu sammála um að æskilegt sé að ná þar eins víðtæku samkomulagi og unnt er. Ég held að öllum sé ljóst að með framlagningu þessarar þáltill. kemur alveg skýrt fram hver vilji ríkisstj. er í þessu máli. Það kemur alveg skýrt fram í þessari þáltill., að ríkisstj. leggur til að Blanda verði virkjuð næst. Það er ekki bara Alþingi, sem er það ljóst með framlagningu þessarar þáltill., heldur þjóðin öll. Umr. um þessa þáltill. eða flýting þeirrar umr. hefur enga þýðingu fyrr en menn fara að sjá fram á lokastig þeirra umræðna sem eiga sér stað nú í heimahéraði Blöndu. Þetta hlýtur öllum að vera ljóst. Orð eins og hv. þm. hafði hér í upphafi umr. eru gersamlega út í hött.

Hv. þm. gerði hér að meginumræðu stefnu Sjálfstfl. í orkumálum. Ég verð að játa að ég er ekki hrifinn af þeirri stefnu, og í ljósi fortíðarinnar — eða kannske öllu heldur skugga hennar — yrði ég ekki hrifinn af því að þurfa að lúta forustu Sjálfstfl. í orkumálum.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að nú standa yfir talsverðar deilur um álverið í Straumsvík. Það er alveg rétt, að Sjálfstfl. hafði forgöngu um þá orkunýtingu. Árangurinn er sá, að Íslendingar fá nú greitt eitthvert lægsta orkuverð sem þekkist í veröldinni til orkuiðnaðar. Árangurinn er sá, að þannig gengu sjálfstæðismenn frá þessum málum með sinni orkustefnu að engin endurskoðunarákvæði eru í þessum samningi. Það er eðlilegt að við séum í nokkrum erfiðleikum með hvernig við eigum að bregðast við. Þessi samningur rennur ekki út fyrr en 1994. En ekki bara það: Sjálfstæðismenn gengu þannig frá þessum samningi að það eru framlengingarákvæði í honum til 2014, og það er vafaatriði, hversu mikinn rétt við höfum samkv. þeim samningum og framlengingarákvæðum til að ná fram hækkun á orkuverði. Það er ekki furða þó að þessir hv. þm. komi hér í ræðustólinn og belgi sig út yfir orkustefnu sinni og krefjist þess að fá að ráða í þeim málum.

Ég treysti ekki Sjálfstfl. til að sjá um samninga við erlenda aðila. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það, en ég minni þó á landhelgissamninginn við Breta. Hann var gerður þannig að sjálfstæðismenn lofuðu Bretum því að færa aldrei íslensku landhelgina út fyrir 12 mílur nema með samþykki þeirra eða úrskurði Alþjóðadómstólsins. **(Gripið fram í:** Hver var forsrh. þegar við fengum 200 mílurnar?) 200 mílurnar eru seinni tíma áfangi sem komu á eftir 50 mílunum, og þær hefðu aldrei orðið að veruleika nema samningurinn, sem sjálfstæðismenn gerðu um 12 mílurnar, hefði verið rofinn. Þetta veit hv. þm. Ég ætla ekki að fara nánar út í það hér, en það er auðvitað alveg ljóst, að það þorir enginn Íslendingur að hugsa þá hugsun til enda, hvað hefði gerst og í hvernig þjóðfélagi við lifðum núna ef við hefðum ekki brotist út úr þeim samningi sem sjálfstæðismenn eiga meginheiðurinn af. Það hefur verið þeirra stefnumörkun í þeim málum.

Hv. þm. gerði að miklu umræðuefni hér skipulagsmál orkumála. Ég verð að játa að mér er alls ekki ljóst hvaða stefnu Sjálfstfl. hefur í þeim málum. Við höfum markað þá stefnu, að einn aðili skuli sjá um meginorkuvinnslu og meginorkuflutning í þessu landi. Sjálfstfl. var lengi á móti því. Hann vildi hafa þetta nokkurs konar landshlutaveitur. Nú er hann kominn með stefnu sem ég eiginlega skil ekki. Mér skilst að hann vilji hafa einn aðila, en samt marga, þeir megi vera margir og það eigi að verða ofan á hvað sem er í þeim málum. Það er ekki glæsileg stefna. Ég veit ekki hvað er stefnuleysi eða sýndarmennska ef þetta er það ekki. En ofan á allt þetta er auðvitað langsamlega óglæsilegast af öllu saman sú orkusölustefna sem Sjálfstfl. hefur barist fyrir. Ég verð að játa að reyndar finnst mér svolítið rofa til í þeim málum, miðað við þá ræðu sem formaður Sjálfstfl. flutti fyrir stuttu í þinginu, þar sem hann fór svolítið öðrum orðum um eignaraðild Íslendinga að þessum fyrirtækjum. En ég vil segja að ég óttast ekkert meira varðandi framtíð íslenska þjóðfélagsins en einmitt ef Sjálfstfl. fengi völd til að koma þessari orkusölustefnu sinni í framkvæmd, þ. e. að Íslendingar byggðu upp sinn orkuiðnað og nýttu sínar orkulindir á þann hátt að við seldum erlendum alþjóðafyrirtækjum orkuna á lágu verði, en fengjum svo sæmilega launaða vinnu hjá þeim sjálfir. Með því stefnir Sjálfstfl. beint í að Íslendingar verði nokkurs konar vinnumannaþjóð eða hálfnýlenda erlendra stórfyrirtækja. Það er beinlínis háskaleg stefna sem Sjálfstfl. er með á þessu sviði. Ég skal koma nánar inn á það á eftir.

Það hlýtur öllum að vera ljóst, að með þeirri þáltill. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, sem hér er lögð fram, og þeim umr., sem um hana fara fram, er ítrekuð sú stefna sem íslenska ríkisstj., núv. ríkisstj., hefur um orkunýtingu og um virkjanir fram til aldamóta. Það er stefnt að því að virkja þrjár stórvirkjanir á næstu 12 árum. Þar með er ráðist í meiri virkjunarframkvæmdir en nokkur íslensk ríkisstjórn hefur ákveðið að ráðast í áður. Það er stefnt að því að jafna orkureikninginn fram til aldamóta. Það er stefnt að því að orkunotkun í landinu verði um 10 terawattstundir um aldamót og þar af verði 6 terawattstundir til orkuiðnaðar eða þreföldun um aldamót frá því sem nú er. Þetta eru stórfelldari áform um orkunýtingu og orkuiðnað en nokkur íslensk ríkisstjórn hefur haft uppi áður.

Ég vil sérstaklega og einmitt af tilefni þeirrar ræðu, sem hv. 4. þm. Vestf. flutti áðan, ítreka þá stefnu framsóknarmanna og þá stefnu ríkisstj., að Íslendingar hafi sjálfir virk yfirráð yfir þeim orkuiðnaði sem hér á eftir að rísa í landinu. Við höfum lagt á það megináherslu, að meirihlutaeign í þessum fyrirtækjum er ekki næg í þessu sambandi. Framsóknarmenn leggja á það megináherslu, að Íslendingar eigi meiri hluta í þessum fyrirtækjum, en sú meirihlutaeign getur myndast á nokkrum áragjölda. Meirihlutaeign er samt ekki einhlít vegna þess að það er alveg ljóst að verulegur hluti hagnaðar og peninga, sem í

kringum þessi mál eru, fer einmitt fram varðandi markaðsmálin. Við leggjum þess vegna megináherslu á að markaðsmál orkuiðnaðarvara verði atvinnuvegur á Íslandi á næstu árum, og við leggjum megináherslu á að Íslendingar taki tæknimálin í svo ríkum mæli sem unnt er í sínar hendur og svo hratt sem unnt er, að Íslendingar verði sjálfir virkir þátttakendur á öllum sviðum orkuiðnaðar og fái þannig virk yfirráð yfir þeim fyrirtækjum sem hér rísa á komandi árum. Með því móti einu getum við tryggt að hér haldi áfram að vera þjóðfélag sjálfstæðra Íslendinga.

Það er auðvitað öllum ljóst, að framtíðin hlýtur að bera það í skauti sér, að Íslendingar nýti í auknum mæli þessar orkulindir. En það er algert meginmál hvernig það er gert. Það er ekki nóg að ætla sér, eins og hv. 4. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar, sagði áðan, að reisa hér nokkrar álverksmiðjur og nokkur stór orkuiðnaðarfyrirtæki og láta þau síðan vera undir stjórn og yfirráðum erlendra aðila og erlendra fjölþjóðafyrirtækja. Með því stefnum við að þjóðfélagsuppbyggingu sem Íslendingar munu ekki geta unað við á komandi árum. Það er alveg útilokað. Og það er algert meginmál að við horfum til þeirra þjóða sem þannig hafa staðið einmitt að sinni uppbyggingu á orkuiðnaði. Ég hef oft gert að umtalsefni í því sambandi Kanadamenn sem eiga miklar orkulindir og miklar hráefnalindir og nýta sínar orkulindir nú þegar í meira lagi en nokkur önnur þjóð veraldarinnar gerir og eru hæstu orkunotendur á íbúa allra þjóða veraldarinnar, en eru samt fátæk þjóð á þann mælikvarða sem Íslendingar vilja helst nota við samanburð, vegna þess að þeir hafa farið þá leið sem hv. 4. þm. Vestf., Þorvaldur Garðar, vill fara. Erlend alþjóðafyrirtæki eiga iðnaðarfyrirtækin hjá þeim. Þess vegna eru Kanadamenn bara seljendur orku á lágu verði og tryggja sér vinnu á sæmilegum launum — og búið. Það er sú framtíð sem Sjálfstfl. vill okkur Íslendingum.

Við skulum horfa fram til aldamótanna. Hvers konar þjóðfélag mun þá ríkja hér ef orkustefna Sjálfstfl. næði að komast í framkvæmd? Ég held að það sé algert meginmál, að íslenska þjóðin geri sér öll grein fyrir að það má ekki verða. Það voru úrtölumenn hér um aldamótin þegar ráðist var í uppbyggingu fiskveiðiflotans. Það voru úrtölumenn hér sem töldu að Íslendingar gætu ekki átt þessa togara og þessi miklu aflaskip sjálfir; það væri allt of mikil fjárfesting í því, útlendingar þyrftu að koma til með þá eignaraðild. Sem betur fer fengu þeir menn ekki að ráða stefnunni þá. Íslendingar eiga þessi skip og þeir nýta aflann sjálfir. Ég hygg að það þætti mörgum þröngt fyrir dyrum ef fiskiskipaflotinn væri í talsverðum mæli í eigu útlendinga. Hér er um að ræða anga af sama máli. Ég vil þó segja að auðvitað verðum við að hafa nána samvinnu við erlenda aðila um uppbyggingu þessara iðnfyrirtækja, bæði varðandi tækniþekkingu og markaðsmál og varðandi fjárfestingu að einhverju leyti. Það er sjálfsagt enginn vafi á því. Við framsóknarmenn erum ekki talsmenn þess að gera Ísland að einhvers konar þjóðlegu fjósi þar sem engir geislar erlendrar þekkingar eða framfara komast inn, langt frá því. En þar má nokkur munur vera á eða hvort stefna Sjálfstfl. verður ofan á í þessum mæli. Ég hygg að e. t. v. sé það einmitt brýnasta verkefnið í íslenskum stjórnmálum að gera þjóðinni grein fyrir því, hversu hættulegt það er, ef stefna Sjálfstfl. verður ofan á, hvers konar þjóðfélag það er, sem niðjar okkar munu þá lifa í, miðað við þann hraða sem sjálfstæðismenn vilja hafa á orkunýtingu. Hér er ekkert smámál á ferðinni. Hér er um nýtt landhelgismál að ræða eða nýja sjálfstæðisbaráttu nánast.

Ég vil síðan leggja megináherslu á að eignaraðildin, meirihlutaeign í höndum Íslendinga sjálfra, má alls ekki stefna í þann farveg að það sé íslenska ríkið einvörðungu sem gangi inn í þennan atvinnuveg. Það verður að reyna að búa þannig um hnútana að bæði einstaklingar, almenningshlutafélög og samvinnufélög geti komið inn í þennan iðnað, það stefni ekki í það, að með stórfelldri nýtingu orkulindanna á komandi áratugum rísi hér upp einhver allsherjarríkiskapítalismi. Það er algert meginmál að þjóðin sjálf taki á þann hátt þátt í þessari uppbyggingu.

Ég vil fara fáeinum orðum um orkunýtinguna sjálfa.

Orkunýtingarkostir koma fram í grg. með þessari þáltill. Ég hygg að þm. viti að líklegt er að mjög fljótlega verði lagt fram á þinginu frv. um kísilmálmsverksmiðju á Reyðarfirði. Verulegar athuganir hafa fari fram og verkefnastjórn hefur nánast lokið störfum varðandi þá athugun. Nú hefur þegar verið ráðið erlent fyrirtæki til að yfirfara þær skýrslur og gefa það sem kallað er „second opinion" eða álit sitt á þeim áætlunum. Þessar áætlanir líta ekki illa út eins og þær eru. Það er mitt mat, að ef þessi yfirferð skýrslunnar gefur jákvæða niðurstöðu sé sjálfsagt að veita þessu máli brautargengi hér og byggja 25 þús. tonna kísilmálmsverksmiðju á Reyðarfirði sem gæti þá hæglega tekið til starfa á miðju ári 1985 ef allir þættir ganga upp. Við erum hér að tala um orkunýtingu upp á 345 gwst. Við erum að tala um verksmiðju sem er með um 130 starfsmenn — verksmiðju sem að kostnaðarverði er um 750 millj. nýkr. Ég hef reyndar oft verið þeirrar skoðunar, að eðlilegt væri að kanna hvort slíka verksmiðju ætti að reisa að einhverju eða verulegu leyti í samvinnu við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Mér finnst að ef það væri gert ætti hlutur Norðmanna að minnka nokkuð í öllu fyrirtækinu. Mér finnst að það gæti vel komið til greina. Þó er sérstaklega markaður þessara fyrirtækja óskyldur og útlit fyrir rekstur kísilmálmsverksmiðju er miklu, miklu betri en útlitið eins og það er með kísiljárnið. Kísilmálmsmarkaðurinn er að $^2/_3$ hlutum háður álmarkaði, en að $^1/_3$ hluta háður silikonmarkaðinum, og virðist vera útlit fyrir að silikon-markaðurinn muni vaxa mjög á næstu árum og þar með kísilmálmsmarkaðurinn. Ég bind nokkrar vonir við þetta fyrirtæki, og komi þessar kannanir nú vel út tel ég sjálfsagt að ráðast í þessa framkvæmd.

Jafnframt hefur íslenska ríkisstjórnin sett af stað hagkvæmniathugun um nýjan álíðnað. Árdal Sundalverket í Noregi vinnur nú að hagkvæmniathugunum fyrir nýtt álver hér á landi. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það. Ég er þeirrar skoðunar, að álíðnaður eigi mikla framtíð og sé e. t. v., þrátt fyrir stöðuna í dag, eitt af því arðvænlegasta sem við eigum kost á að ráðast í. Ég er líka þeirrar skoðunar, að það sé engin spurning um að stækkun álversins í Straumsvík sé hagkvæmur kostur og geti borgað hærra orkuverð en ný verksmiðja sem reisa þarf þar sem byggja þarf nýja höfn og öll önnur innri mannvirki. Um það þarf ekki að fara mörgum orðum. Ýmsir aðilar hafa gefið sig fram sem virðast vera tilbúnir til samvinnu við okkur um álverksmiðju og margir þeirra mjög áhugaverðir. Í umræðum að undanförnu hefur sérstaklega komið fram að Japanir hafa leitað eftir viðræðum við okkur um þessa hluti. Þeir eiga í nokkrum

erfiðleikum með áliðnað í sínu landi þar sem þeir borga nú allt að 70 mills fyrir kwst. á sama tíma og álverið í Straumsvík borgar 6.5 eða meira en 10 sinnum minna. Það er auðvitað ljóst að Japanir geta ekki rekið sínar álverksmiðjur áfram við slíkt orkuverð og markaður fyrir ál í því landi er mikill, enda Japan eitt af mestu iðju- og iðnaðarlöndum veraldarinnar.

Ýmsar fleiri athuganir eru í gangi sem ég ætla ekki að orðlengja um hér. Ég vil þó segja að þær athuganir, sem nú er unnið að varðandi trjákvoðuverksmiðju í samvinnu við frönsk fyrirtæki, líta ekki heldur illa út. Þar virðist vera um að ræða fyrirtæki sem gæti vel orðið mjög hagkvæmt — fyrirtæki með um 130 starfsmenn sem nýtti um 375 gwst. á ári. Eins og menn vita hér er sjóefnavinnslan þegar komin af stað. Framkvæmdir við 8 þús. tonna verksmiðjuna geta senn hafist og stækkun í 40 þús. tonn er áætluð þar á eftir. Við bindum miklar vonir við að þarna séu um að ræða grundvöll undir víðtækan íslenskan efnaiðnað sem byggir á innlendu hráefni og innlendri orku og þar opnist möguleikar til sérstakrar nýtingar þeirra jarðhitasvæða sem liggja nálægt sjó og nálægt höfnum. Í því sambandi fara nú fram verulegar athuganir á framleiðslu á magnesíum, en við getum náð um einu tonni af magnesíum úr um 1000 tonnum af sjó, og margt bendir til að þar gæti verið um arðvænlega framleiðslu að ræða og mjög skemmtilega fyrir Íslendinga þar sem um íslenskt hráefni er að ræða. Sjórinn er að verða æ mikilvægara og mikilvægara hráefni í iðnaði. Slíkar athuganir fara líka fram á natríumklórati. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það.

Eins og ég sagði í upphafi míns máls er öllum ljóst að deilur standa um virkjun Blöndu. Öllum er ljóst að þar er um viðkvæmt deilumál að ræða. Menn hafa reynt að leita þar samninga og fara að með nokkurri gát. Ég undrast að hv. þm. skuli standa hér upp og gagnrýna það. Menn eru sammála um að hagkvæmni Blönduvirkjunar sé mikil, en meginmálið er auðvitað að við erum sammála um að virkja þessar þrjár stórvirkjanir á næstu 12 árum. Ég geri ekki allan mun á því, í hvaða röð þær eru virkjaðar. 12 ár eru ekki langur tími, og ég held að menn verði að reyna að átta sig á því, að einhvern veginn verður að raða þessu. Virkjanirnar koma allar.

Hv. 4. þm. Vestf. gerði að nokkru umræðuefni stækkun Búrfellsvirkjunar. Það er alveg rétt, að þeir Landsvirkjunarmenn telja nú að stækkun Búrfellsvirkunar sé mjög hagkvæmur kostur, og auðvitað þarf að kanna það. Á hinu verð ég að lýsa nokkurri undrun minni, að það skuli ekki koma fyrr fram hjá þeim, að stækkun Búrfellsvirkjunar sé í þessari röð, miðað við að þar sé um svo hagkvæman kost að ræða. Ég verð að lýsa undrun minni á því, að þeir menn hjá Landsvirkjun, sem um þessi mál fjalla, skuli ekki hafa komið auga á þann kost og skýrt frá honum fyrr en nú. Ég vona að þær áætlanir standist betur en áætlanir fyrirtækisins um vatnsrennsli. Ég hygg að það hafi komið flestum Íslendingum nokkuð á óvart, eftir að vera komnir með tvær aflvélar í gang við Hrauneyjafoss, að standa frammi fyrir vatnsskömmtun samt. Ég hygg að áætlanir Landsvirkjunar hafi ekki staðist nægilega vel í því sambandi. Það gæti vel verið að það væri ástæða til að láta hana gera frekari grein fyrir því, hvernig stendur á að þær áætlanir hafa brugðist.

Það er hins vegar alveg ljóst, að stefna ríkisstj. um, að *næsta stórvirkjun sé utan eldvirka svæðisins* á Suðurlandi, hlýtur að teljast rétt. Þó að menn geti greint á um hvort raunverulega séu líkur á hættu, þá hlýtur að vera rétt að dreifa þessum virkjunum, bæði með tilliti til eldvirkni, með tilliti til jarðskjálfta, með tilliti til öryggis flutningslína og með tilliti til úrkomu og vatnasvæða. Allt hlýtur þetta mæla með því að næsta stórvirkjun sé utan þessa svæðis á Suðurlandi, að menn tali ekki um að með aukinni orkunotkun um allt land er auðvitað alveg ljóst, að það er mikil hagkvæmni vegna flutningslínanna að dreifa þessum virkjunum. Ég vil líka leggja megináherslu á þá stefnu ríkisstj. að haga þessum framkvæmdum þannig að innlendir verktakar geti í sem ríkustum mæli tekið þessar framkvæmdir að sér. Íslendingar búa yfir verkkunnáttu og tækni til að gera þetta sjálfir, og það er auðvitað algert meginmál að útboðum sé hagað þannig að Íslendingar geri sem allra mest og íslenskir verktakar framkvæmi þetta sjálfir. Við höfum lagt áherslu á að einn virkjunaraðili verði í landinu fyrir þessar stórvirkjanir. Samningar standa nú yfir um það og við höfum lagt áherslu á að einmitt málið verðandi stofnlínurnar, byggðalínurnar, verði leyst í þessu sambandi. Það er auðvitað alveg óviðunandi að reka byggðalínurnar á lánsfjáráætlun. Það getur ekki gengið lengur. Það hlýtur að vera ljóst að einhver verður að borga. Þjóðin verður að borga fyrir rekstur byggðalínanna. Það verður öll þjóðin að gera. Þetta hlýtur mönnum að vera ljóst, þegar raforkan kemur um allt land, að byggðalínurnar eru fyrir alla þjóðina. Við leggjum áherslu á verðjöfnun á raforku í heildsölu sem fram kemur í þessari þáltill. og í frv. sem samþykkt var á sínum tíma.

Ég vil að lokum taka undir orð iðnrh. og vonast til þess að þessi þáltill. fái góða meðferð hér í þinginu og málefnalega.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Enn einu sinni hefur iðnrh. og ríkisstj. valdið þjóðinni miklum vonbrigðum. Dómurinn um þessa *þáltill.* hlýtur fyrst og fremst að vera sá, að hún sé of lítil og komi of seint. Till. lýsir sér ekki fyrst og fremst með því, hvað er í henni, heldur hvað í hana vantar. Það var eins með ræðu hæstv. iðnrh. áðan. Hann veldur ekki bara vonbrigðum með því sem hann sagði, heldur öllu frekar með því sem hann sagði ekki. Hann stóð ekki upp til að segja okkur að virkjun Blöndu væri frágengin, ekki til að tilkynna um hvert væri næsta verkefnið í stóriðju, ekki heldur til að setja fram markmið um vöxt í orkufrekum iðnaði, t. d. á næsta áratug, ekki til að segja okkur hve mörg atvinnutækifæri hann ætlaði þannig að skapa, ekki hvernig hann ætlaði að treysta byggð í landinu með þessum hætti, ekki til að tilkynna hvar iðjuver yrðu staðsett, og náttúrlega alls ekki til að tilkynna um að fengist hafi niðurstaða af einu eða öðru tagi í viðræðunum við Alusuisse. Allt þetta vantaði í mál ráðh. Við þessu þurftum við að fá svör.

Það er eins og raunveruleikinn komi þessari hæstv. *ríkisstj.* ekki við. Það eru fluttar hér langar lýsingar á virkjunarmöguleikum, það eru fluttar langar frásagnir af athugunum, það er sagðar sögur af nefndastarfi og vitnað í margar skýrslur og starfshópa, það er meira segja upptalning á iðnaðartækifærum. En gallinn er bara sá, að þetta vissum við allt. Þessar lýsingar höfum við heyrt áður, höfum við séð áður, en ákvarðanirnar vantaði.

Ég verð að segja það eins og er, að það er mjög lýjandi, ekki bara fyrir þm., heldur fyrir þjóðina alla, að hlusta á *málflutning* af þessu tagi árið út og árið inn, vegna þess að þessi málflutningur er ekki heldur nýr. Allt síðasta

þing var hafður uppi sams konar málflutningur, og ákvörðunar og atburða var ævinlega að vænta á næsta leiti. Þið tókuð kannske eftir því, hv. þm., að einmitt það sama kom fram í ræðu hæstv. ráðh. áðan. Hann bjóst við að bráðum færi að gerast eitthvað meira.

Þetta er lýjandi af því að einmitt í þessum málaflokki, í virkjun fallvatnanna og orkufrekum iðnaði, er að finna besta tækifæri íslensku þjóðarinnar til að auka atvinnu í landinu, fjölga atvinnutækifærum og treysta lífskjörin. Það er lýjandi vegna þess að það er sífellt verið að taka undir þessi sjónarmið í orði, en það gerist ekkert í verki. Athuganir halda áfram, skýrslur eru samdar, það eru skipaðar fleiri nefndir og safnað meiri upplýsingum. Og áðan kom svo hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson og þuldi þessa sömu rullu einu sinni enn og málaði hana eilítið rósrauðari en stundum áður. En það var ekki þetta sem okkur vantaði, heldur hnitmiðaða stefnu.

Alþfl. markaði stefnu í þessu máli fyrir meira en ári. Við upphaf síðasta þings flutti hann þáltill. — það var eitt af fyrstu þingmálunum — um þetta mál, einmitt þetta mál og nauðsyn þess að átak yrði gert, og lagði til að skipuð yrði sérstök nefnd til að taka að sér forustu í þessum málum, nefnd sem Alþingi skipaði. Í umr. um þessi mál síðan hefur Alþfl. ítrekað þessa stefnumörkun sína. Þegar fyrir meira en ári lögðum við áherslu á að án uppbyggingar í orkufrekum iðnaði væri auðvitað allt tal um virkjunaráform út í hött, engin ástæða sé til stórfelldra virkjunarframkvæmda, nema ætlunin sé að reisa og reka iðjuver sem nýti þessa raforku, og þær umr. um röðun, sem þá stóðu sem hæst, væru þess vegna gersamlega tilgangslausar.

Nú hefur hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. mannað sig upp í eins konar röðun ári síðar, en eftir sem áður stendur að forsenduna vantar. Ég ætla að rifja hér upp þessa stefnumörkun.

Við sögðum í fyrsta lagi að við skyldum miða við að sala raforku til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldaðist á næstu tveimur áratugum. Hér er um ákveðið markmið að ræða sem felur í sér stefnumörkun um hversu mörgum atvinnutækifærum við viljum ná fram í þessum þætti atvinnulífsins. Hér er um að ræða heildarviðmiðun um hvert eigi að stefna.

Við sögðum í öðru lagi að það yrði sérstaklega unnið að því, að eitt nýtt iðjuver risi á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt á suðvesturhorni landsins, Suðurlandi eða Suðvesturlandi, auk stækkana á þeim orkuverum sem fyrir eru. Hér er tekin afstaða til staðsetningar og hvernig þetta tækifæri skuli nýtt til að treysta byggðina í landinu.

Við sögðum í þriðja lagi að samningagerð varðandi nýtingu orkunnar yrði falin sérstakri nefnd sem Alþingi kysi. Það var einfaldlega vegna þess að við töldum fullsannað bæði getu- og áhugaleysi ráðh. og ríkisstj. til að ráða fram úr þessu máli. Það hefur enn sannast frekar á þeim tíma sem síðan er liðinn.

Í stefnumörkun okkar tókum við líka fram hvaða virkjanir við vildum að yrðu virkjaðar og hvenær í þær skyldi ráðist, þ. e. röð og tímasetning framkvæmda. Það var um 250 mw. uppsett vélaafl á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu sem gæti hafið raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985. Það var í öðru lagi um Blönduvirkjun sem gæti hafið orkuframleiðslu 1986. Og það var um Fljótsdalsvirkjun sem hefji orkuframleiðslu á árunum 1987—1989. Vitaskuld hefur sá tími, sem liðið hefur síðan, tafið þennan framgang þannig að sjálfsagt verður að seinka þessu svo sem um eitt ár, jafnvel þótt menn fengjust til að taka ákvörðun af þessu tagi í dag.

Við sögðum líka að ef ekki næðist samkomulag við landeigendur um virkjun Blöndu samkv. hagkvæmustu tilhögun fyrir sumarlok hin síðustu skyldi Fljótsdalsvirkjun flýtt að sama skapi.

Þessi stefnumörkun okkar var fastur og ákveðinn rammi og innan þessa ramma vildum við vinna og einungis víkja frá þessari virkjunarstefnu ef ekki næðust samningar um hagkvæma orkusölu í samræmi við hana. Það skyldi vinna að iðjuverum í samræmi við þessa stefnu. Það skyldi vera markmiðið og einungis slakað á stefnunni ef ekki tækist að ná nægilega hagkvæmum valkostum í þessum efnum.

Ég spyr: Hversu miklu betur stæði ekki íslenska þjóðin ef þessi stefnumörkun hefði verið samþykkt fyrir einu ári? Þá hefðum við getað einbeitt okkur að þessum verkefnum allan þennan tíma. En tíminn hefur farið í skæklatog og þras og frekari upplýsingaöflun. Þetta úrræðaleysi hæstv. ríkisstj. er mjög lýjandi, og það versta í því sambandi er hversu mikið er í húfi. Auðvitað veit hvert mannsbarn að það þarf að skapa 25—30 þús. ný atvinnutækifæri á næsta áratug. Auðvitað veit hvert mannsbarn að fiskimiðin og hagvöxturinn, sem þangað er að sækja, eru fullnýtt.

Sú stefna, sem ríkt hefur í málefnum sjávarútvegs, landbúnaðar og í reynd í orkumálunum að undanförnu, hefur þannig verið hrein kjararýrnunarstefna og frá þeirri stefnu verðum við að snúa. Það er veigamikill þáttur þeirrar stefnumörkunar að menn fáist til að taka ákvarðanir í þeim málaflokki sem hér er til umfjöllunar.

Meginmálið í sambandi við þessi iðjuver er auðvitað ekki — og þar hafa menn komið sér upp einu prætuefninu enn — hversu stóran eignarhlut við eigum í þeim, heldur hitt, hversu vel við tryggjum rétt okkar í sambandi við rekstur þeirra. Jafnvel þótt við eigum svo og svo stóran eignarhlut í þessum fyrirtækjum þarf það alls ekki að þýða virk yfirráð. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd, að við komumst ekki hjá samvinnu við erlenda aðila varðandi tæknimál og markaðsmál, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar áðan. En þá er hlutverkið líka að tryggja sem best okkar áhrif, okkar rétt í sambandi við þessi iðjuver.

Ég sagði, herra forseti, að það væri megineinkenni þessarar þáltill., sem hér er til umfjöllunar, að hún væri of lítil og of sein. Ég sagði að það væri ekki megineinkenni á málflutningi hæstv. iðnrh. hvað hann segði, heldur það sem hann segði ekki. Ég endurtek þetta. Sú ákvörðunarleysisstefna, sem hér hefur ríkt, er þjóðhættuleg. Hún bitnar á lífskjörunum í landinu. Það skín í gegn að það er núllstefna og neistefna Alþb. sem mótar þessa till. og allan framgang þessa málaflokks í ríkisstj. Enn einu sinni sést hvers konar flokkur Alþb. í raun og veru er, nefnilega alveg sérstakur íhaldsflokkur sem vill engu breyta, vill engar framfarir, en að allt hjakki í sama farinu. Því miður er þessi till. og ræða ráðh. einmitt með þessu íhaldsmarki brennd og stefnir til lífskjarahnekkis fyrir íslenska þjóð. Þessu verða Íslendingar að velta af sér.

Umr. frestað.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef óskað eftir þessum umr. utan dagskrár vegna þeirra samninga sem nú eru á döfinni eða hafa þegar verið gerðir um kaup Arnarflugs hf. á eignum Iscargo hf. Ég segi: eignum, þar er ekki um að ræða kaup á Iscargo sem félagi.

Nú er það svo að öllu jöfnu, að Alþingi skiptir sér ekki af kaupsamningum á milli félaga, en hér horfir öðruvísi við. Hér er um að ræða beina og óbeina hagsmuni ríkisins og Alþingi á kröfu á að fá skýringar og skýrslu ráðh. af afskiptum hans af málinu. Ástæðurnar fyrir þessari kröfugerð byggjast á eftirtöldum staðreyndum:

1. Íslenska ríkið er eignaraðili að Flugleiðum hf. er nemur 20%. Flugleiðir eiga 40% í Arnarflugi. Gefur því auga leið að hér er um beina hagsmuni ríkisins að ræða.

2. Einn af ríkisbönkunum, þ. e. Útvegsbanki Íslands, kemur mjög við sögu í þessu máli. Nýlega hafa verið gerðar ráðstafanir til að aðstoða þennan banka. Það hljóta því að vera beinir hagsmunir ríkisins hverjar ákvarðanir hann tekur í tengslum við þetta mál.

3. Sé það ætlun hæstv. samgrh. að svipta eitt flugfélag a. m. k. tveimur áætlunarflugleiðum til að afhenda þær öðru flugfélagi býður það heim stórfelldum skaðabótakröfum á hendur ríkissjóði. Það eru því beinir hagsmunir ríkisins hverjar ákvarðanir verða teknar um þetta efni.

4. Það verður að fá það upplýst í eitt skipti fyrir öll, hvort áætlunarflugleyfi hafi í þessu máli verið notuð sem einhvers konar dúsa eða greiðsla svo að umrædd kaup gætu farið fram.

Herra forseti. Aðeins þessi fjögur atriði réttlæta það fullkomlega að hér á Alþingi verði fjallað um fyrrnefndan samning og að þeir ráðherrar, sem hluta eiga að máli, gefi skýringar á afskiptum sínum og afstöðu til málsins. Hæstv. samgrh. hefur í mín eyru sagt að hann og hans rn. hafi engin afskipti haft af málinu. Sé svo, þá tel ég að ráðh. hafi brugðist skyldu sinni því að auðvitað ber honum að gæta hagsmuna ríkisins sem vegna eignarhluta í Flugleiðum hf. er einnig eigandi að Arnarflugi hf. Ég leyfi mér hins vegar að draga í efa að hæstv. ráðh. hafi engin afskipti haft af þessu máli, en þau hafa að mínu viti ekki verið til þess að gæta hagsmuna ríkisins. Það er svo önnur saga, hvort ráðh. hafi gert það með glöðu geði að skipta sér af málinu. Um það ræði ég ekki.

Ég mun nú rekja hver ég tel vera afskipti hæstv. ráðh. Sérstakur fulltrúi hans í stjórn Flugleiða hf. hefur fylgst með þessum samningum í nokkrar vikur. Hann var eins konar milligöngumaður á frægum næturfundi í Hótel Sögu aðfaranótt 3. þ. m., þegar undirritað var bráðabirgðasamkomulag sem hæstv. ráðh. var kynnt daginn eftir. Vart hefur þessi fulltrúi hæstv. ráðh. haft þessi afskipti af málinu án vitundar ráðh. Varla getur hér verið um tilviljun að ræða.

2. þ. m., daginn fyrir næturfundinn þar sem bráðabirgðasamkomulagið tókst, undirritaði hæstv. ráðh. bréf þar sem Arnarflugi var heimilað áætlunarflug til Düsseldorf í Sambandslýðveldinu Þýskalandi og til Zürich í Sviss. Eftir þessum leyfum hafði Arnarflug hf. beðið í marga mánuði, en fékk þau daginn áður en bráðabirgðasamkomulagið var undirritað. Varla getur hér verið um tilviljun að ræða.

Fimmtudaginn 4. mars var svo haldinn fundur í fullskipaðri stjórn Arnarflugs þar sem samkomulagið var kynnt, en morguninn eftir, hinn 5. mars, óskaði hæstv. ráðh. eftir fundi í flugráði sem síðan var frestað. Varla getur hér verið um tilviljun að ræða. S. l. þriðjudagsmorgun voru nokkrir flugráðsmenn ásamt flugmálastjóra kallaðir til fundar við hæstv. ráðh., þar sem m. a. kom fram, að líkur væru á að Arnarflug hf. fengi flugleyfi til áætlunarflugs til Amsterdam, þ. e. það flugleyfi sem Iscargo hefur nú en fylgir ekki með í kaupunum. Varla getur þetta talist helber eða einber tilviljun.

Það má líka í sambandi við þessi afskipti velta fyrir sér á hvern veg þessi áætlunarleyfi hafa verið notuð í allri samningagerðinni, en um það ætla ég ekki að fjalla frekar á þessu stigi málsins.

Þá vildi ég aðeins koma að því, hvernig samningur sá, sem hér um ræðir, hefur orðið til og um hvað hann fjallar. Í samningnum skuldbindur kaupandi sig til þess að kaupa eftirtaldar eignir seljanda: Electra-flugvél, auðkennda TF-ESC, ásamt varahlutum, húseignir á Reykjavíkurflugvelli, lyftara, bíl, verkfæri, áhöld, skrifstofuvélar og annan búnað. Umsamið kaupverð á þessum hlutum er 29 millj. kr. Þetta á að greiða þannig, að í a-lið er gert ráð fyrir yfirtöku skulda Iscargo hf. við Útvegsbanka Íslands samkv. samkomulagi við bankann, dags. 26. febr. s. l., að upphæð 24.2 millj. kr. með peningum 3.8 millj. kr. og 1 millj. kr. í víxlum. Þessa greiðslu á að inna af hendi jafnskjótt og umræddur samningur gengur í gildi.

Þá er gert ráð fyrir að seljandi gefi út afsal fyrir hinu selda um leið og greiðslur samkv. fyrrnefndum liðum eða b-lið hafa verið inntar af hendi.

Þá vil ég geta þess, að í 5. gr. bráðabirgðasamnings, sem gerður var 3. þ. m., er gert ráð fyrir að kaupandi skuli eiga rétt á að kaupa öll hlutabréf í Iscargo hf. fyrir samtals 100 þús. kr., enda tilkynni hann seljanda fyrir 1. júlí n. k. að hann hyggist hagnýta þann rétt. Þá er þess getið í samningnum, að hann taki gildi þegar hann hefur verið samþykktur og undirritaður af stjórnum beggja samningsaðila. Skal því vera lokið í síðasta lagi kl. 18 föstudaginn 5. mars, ella telst samningurinn niður fallinn. Hins vegar kemur fram í samningnum, eftir að hann hefur verið undirritaður, að frestur samkv. þessari grein er framlengdur til þriðjudagsins 9. mars s. l., þ. e. á þriðjudaginn var.

Í tengslum við þennan samning er svo samningur sem gerður hefur verið á milli Útvegsbankans og þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir. Sá samningur fjallar um yfirtöku skulda félagsins, þ. e. Arnarflugs, á skuldum Iscargo. Þar er um að ræða mjög miklar upphæðir og ég hef hugleitt það svona með sjálfum mér, hvort það hafi verið tryggt, að fullnægjandi veð væru fyrir hendi. Um það ætla ég ekkert að fullyrða. En mér er algerlega ljóst, að ef af þessum kaupum á að verða er bæði nauðsynlegt og eðlilegt í sjálfu sér að Arnarflug hljóti að fá einhverja mjög umtalsverða fjárhagslega fyrirgreiðslu frá peningastofnun eða einhverju fjársterku fyrirtæki. Félagið getur ekki upp á eigin spýtur reitt af hendi þá fjármuni sem ætlast er til samkv. þeim samningum sem um ræðir. Ég vil benda á það, að Arnarflug er hér að ráðast í kaup upp á 29 millj. kr. á sama tíma og hlutafé félagsins er 1.2 millj., en félagið hefur nýverið ráðist í talsverðar fjárfestingar, t. d. í sambandi við kaup á húsnæði. Mér er ekki kunnugt um hvaðan þessir fjármunir eiga að koma. En ég vil spyrja hvort ekki sé yfirvofandi hætta á að greiðsluþoli Arnarflugs hf. hafi verið ofgert með þessari

29 millj. kr. fjárfestingu á meðan hlutafé félagsins er aðeins 1.2 millj. kr.

Í samningnum er, eins og ég sagði áðan, gert ráð fyrir að Arnarflug eigi rétt á að kaupa öll hlutabréf í Iscargo fyrir 100 þús. kr. Í samningnum er gert ráð fyrir að réttur samkv. leigusamningi um flugskýli á Reykjavíkurflugvelli fylgi, enda fáist samþykki flugmálastjórnar. Ekki er mér kunnugt um að þetta samþykki liggi fyrir, enda veit ég ekki betur en samkv. skipulagi fyrir Reykjavíkurflugvöll eigi slökkvistöð flugvallarins að rísa þar sem húseignir Iscargo eru nú.

Því má svo bæta við, að kaupanda, þ. e. Arnarflugi, er ætlað að greiða stimplun og þinglýsingu samkv. kaupsamningi sem hljóta að vera umtalsverðar fjárhæðir.

Í þessum sérkennilega samningi, sem var undirritaður 3. mars, er eins og ég sagði áður gefinn frestur til kl. 8 s. l. þriðjudagsmorgun til að fullgilda hann. En það var einmitt þann dag sem, hæstv. samgrh. boðaði nokkra flugráðsmenn á sinn fund.

Nú vil ég taka það skýrt fram, að ég sjálfur ber virðingu fyrir dugnaði og framtaki þeirra Arnarflugsmanna. En ég hef látið þá skoðun mína koma skýrt fram, að hér á landi sé ekki rúm fyrir fleiri en eitt flugfélag í áætlunarflugi á milli landa. Ég tel að það verði Arnarflugi afdrifaríkt að stunda takmarkað áætlunarflug og mun það að mínu viti koma í ljós síðar. Ég tel hins vegar að félagið eigi mikla framtíða fyrir sér á vettvangi hver konar leiguflugs og t. d. í góðri samvinnu við Flugleiðir. Starfsfólk þessa félags hefur sýnt mikinn dugnað og eljusemi og verði mótuð skynsamleg stefna í flugmálum hér á landi á þetta félag tvímælalaust framtíð fyrir sér.

Ég vil benda í þessu sambandi á þáltill. um mörkun opinberrar stefnu í flugmálum sem ég og hv. þm. Magnús H. Magnússon og Benedikt Gröndal höfum flutt hér á þingi. Ég vil einnig geta þess, að ekki eru allir hluthafa Arnarflugs jafnánægðir með þann kaupsamning sem nú er á döfinni.

Þá kemur að þeim þætti þessa máls er snýr að Útvegsbanka Íslands. Fyrir liggur samkomulag á milli Arnarflugs hf., Iscargo hf. og Útvegsbanka Íslands vegna kaupa Arnarflugs á hlutabréfum í Iscargo, eins og það er orðað í samkomulaginu, og kemur mér nokkuð á óvart þetta orðalag, þar sem talað erum hlutabréfakaup, en ekki kaup á félaginu. Þetta samkomulag var undirritað 26. febr. s. l. Þar er gert ráð fyrir að Arnarflug hf. taki lán að fjárhæð 2.5 millj. kr. og Iscargo lán að fjárhæð 4.5 millj. kr., en hvort tveggja á að greiðast á 29 mánuðum með hæstu löglegum vöxtum. Hins vegar er heimilt að greiða afborganir og vexti af lánum þessum með tveggja og hálfs árs fasteignartryggðum skuldabréfum. Málið gerist flókið. Þá er gert ráð fyrir að Iscargo hf. taki lán í erlendri mynt að fjárhæð 17.2 millj. kr. til sjö ára. Gert er ráð fyrir að Útvegsbankinn haldi þeim tryggingum, sem hann nú hefur, með þeirri breytingu, að handveð eins eiganda Iscargo verði lækkað í 2 millj. kr. Síðan á Arnarflug að setja handveð í fasteignatryggðum skuldabréfum að fjárhæð 1 millj. kr., og félagið tekst á hendur sjálfskuldarábyrgð á allt að 100 þús. dollurum. Fleiri atriði koma fram í þessu samkomulagi, en ég vil ekki þreyta hv. þm. meira með hinni æðri fjármálapólitík sem stunduð er hér á landi.

Ég sagði áðan að þessar tölur vektu þá spurningu, hvort Útvegsbankinn hafi lánað Iscargo umfram raunhæf veð. Væntanlega fæst svar við þeirri spurningu.

Mér hefur ekki reynst unnt, herra forseti, að fá skuldalista Iscargo, en ég hef nokkuð áreiðanlegar tölur um skuldir félagsins. Eins og fram hefur komið eru skuldirnar við Útvegsbankann tæplega 25 millj. kr. Lausaskuldir innanlands eru 3.5 millj. eða þar um bil og lausaskuldir erlendis um 3.5 millj. kr. Alls gerir þetta 32 millj. eða 3.2 milljarða gkr. Auk þess er skuld við Landsbanka Íslands sem ég veit ekki hversu há er, en bankinn hefur veð að fjárhæð 300 þús. dollara í DC-6 B-flugvél sem er metin á 60 þús. dollara. Það lætur nærri að meta eignir Iscargo eftir eðlilegum leiðum á um 17 millj. kr. Þar er Electra-flugvél metin á 1.5 millj. dollara. En þess ber að geta í sambandi við þessa Electra-flugvél, að nú eru á sölulista í Bandaríkjunum 19 slíkar flugvélar og söluverð þeirra er frá 700 þús. dollurum upp í 1.9 millj. dollara. Fer það eftir því, hvernig vélin er innréttuð, ástand, mótora og ástandi vélarinnar yfirleitt. Það vantar skoðunarsögu þeirrar Electra-vélar sem Iscargo á nú, og raunverulega er mjög erfitt að meta hvers virði sú vél er. En mér skilst að þegar Útvegsbankinn tekur veð í vélinni meti hann hana á 1 millj. dollara og er það ugglaust mjög skynsamlegt mat.

Þá er rétt að geta þess, að það eru margar aðrar hliðar á þessum undarlega kaupsamningi sem ég tel rétt að vekja athygli á. Ég vil t. d. spyrja hvaða eignir Arnarflugsmenn hyggist veðsetja fyrir þessari fjárhæð. Ég veit ekki betur en eignir þeirra séu býsna rækilega veðsettar. Þá liggur beint við að spyrja hvort Arnarflug geti tekið þessa ákvörðun án samþykkis hluthafafundar eða án samþykkis allra stjórnarmanna félagsins. Ég tel það í sjálfu sér ábyrgðarhluta af stjórnarmönnum Arnarflugs að taka viðlíka ákvörðun, um 29 millj. kr. fjárfestingu, án þess að bera hana undir hluthafafund. Ég er ekki heldur frá því að það kunni að vera brot á lögum félagsins.

Síðan er spurningin um það, hvert sé raunverulegt verðmæti eigna Iscargo. Eins og ég sagði áðan er allt á huldu um verðmæti Electra-flugvélar félagsins. Vélar af þessu tagi seljast mjög seint, þær seljast hægt og þykja ekki góð söluvara. En þess ber að geta, að auðvitað gæti Arnarflug notað vél af þessu tagi til þess að setja upp í aðra vél ef félagið tæki þá ákvörðun að nota hana þannig.

Ég gat þess, að ekki væri vitað um ástand vélarinnar. Það veit raunverulega enginn um verðmæti varahluta sem með henni fylgja. Það veit raunverulega enginn hvert er verðmæti húseigna félagsins á Reykjavíkurflugvelli. Það skortir á brunabótamat og það er mikill munur á brunabótamati eignanna og húsamati og auðvitað matsatriði eftir hvoru verður farið þegar frá kaupsamningi verður gengið. Húsin, sem þarna um ræðir, getur hver maður skoðað og reynt að meta hvers virði eru, en þau eru reist á árabilinu frá 1955 til 1962. Það er mat flestra manna, sem um þetta mál hafa fjallað, að eignir Iscargo séu allt of hátt metnar, svo að ekki sé tekið dýpra í árinni.

Herra forseti. Ég tel mig nú hafa fært fullnægjandi rök fyrir því, að hér sé á ferðinni mjög alvarlegt mál, þar sem mikið skorti á að öll kurl séu komin til grafar. Og ég verð að segja það berum orðum, að af þessu máli öllu er vond lykt. Ég tel að hér sé á ferðinni óeðlilegt samkrull áætlunarflugsheimilda, sölu eigna Iscargo, fjármálaspekúlasjóna og afleiðing stefnuleysis í íslenskum flugmálum sem aðeins leiðir til ófarnaðar.

Í bréfi því, er samgrn. sendi Arnarflugi 2. þ. m., þar

sem félaginu er heimilað áætlunarflug til Düsseldorf og Zürich, eru lokaorðin þessi: „Jafnframt vill rn. taka fram að í framhaldi af ofangreindum heimildum til áætlunarflugs er stefnt að því að marka flugmálastefnu sem m. a. nær til skiptingar flugleiða á milli íslenskra flugfélaga. Til undirbúnings slíku telur rn. æskilegt að áfram verði haldið viðræðum flugfélaganna um samstarf og samvinnu."

Þetta er að mínu mati svo forkostulegt orðalag, ef höfð ef í huga þróun mála síðustu misseri og vikur, að hver sjáandi maður hlýtur að gera sér grein fyrir því, að eitthvað mikið er hér að.

Ég gat þess í upphafi máls míns, að ef hæstv. samgrh. ætlar að gera alvöru úr því að svipta Flugleiðir leyfum á áætlunarleiðum, a. m. k. tveimur, þá er ekki nokkur einasti vafi á því, að hann skapar ríkinu stórkostlega fébótaábyrgð. Það hefur fallið dómur hér á landi í máli manns sem var sviptur leyfi, og hann vann það mál, fékk að vísu ekki þá fjárhæð, sem hann óskaði eftir, eða þær skaðabætur, en hann fékk nokkurn hluta af þeim.

Ég vil, herra forseti, fá að lesa nokkur orð úr frétt í Tímanum í dag, sem ber fyrirsögnina: „Vil marka þá stefnu að hér séu tvö áætlunarflugfélög." Þar segir hæstv. samgrh., með leyfi forseta, þar sem hann fjallar um það, að hann hafi boðað flugmálastjóra, varaflugmálastjóra og flugráðsmenn á sinn fund:

„Aðallega var ég að gera þeim grein fyrir þeim tilraunum sem fram hafa farið frá því í haust, sagði Steingrímur, að reyna að ná fram samkomulagi á milli flugfélaganna um samstarf og skiptingu leiða o. fl., og að þær tilraunir hefðu hingað til mistekist. Ég sagði þeim að ég teldi eðlilegt, og að ég mundi ræða um það við fugfélögin, að ef Arnarflug fengi flugleyfi á Amsterdam, eftir að Iscargo hefði skilað inn flugleyfinu, þá væri eðlilegt að Flugleiðir flygju ekki á Amsterdam og Düsseldorf, gegn því þá að Arnarflug flygi ekki leiguflug á Kaupmannahöfn og London, sagði samgrh."

Ég get ekki skilið þessi orð hans öðruvísi en svo að hann hyggist taka þessi leyfi af Flugleiðum sem eru búnar að auglýsa þessar leiðir frá því í októbermánuði s. l. í öllum sínum áætlunum og hafa bókað á 7. þúsund farþega í ferðir á þessum flugleiðum. Ég tel að ef þetta gerist á þennan hátt sé hæstv. samgrh. að skapa ríkissjóði stórkostlega fébótakröfu sem ekki er séð fyrir endann á.

Með leyfi forseta vil ég lesa örlítið lengra úr þessari frétt. Þar segir: „Með þessu móti sagðist Steingrímur telja að komin væri á nokkur samkeppni, því að Flugleiðir mundu halda áfram að fljúga á Frankfurt, sem væri nátengt Lúxemborgarfluginu, og þá kæmi náttúrlega til samanburðar í verðum og þjónustu, sem Steingrímur sagðist telja ákaflega mikilvægt. Sagðist hann einnig hafa lagt áherslu á það í máli sínu á fundinum, að hann vildi að viðhald vélanna væri sem mest hér heima og yfirleitt að samvinna á milli félaganna yrði víðtæk, en þó yrði viðunandi samkeppni og samanburður fyrir hendi."

Ég hef viljað í þessu máli mínu draga fram staðreyndir, reyna að forðast getsakir um það, hvað liggi hér á bak við. Ég hef ekki nefnt það einu orði hver kunni að vera ástæðan fyrir þessum sérkennilega samningi, sem ég veit ekki hvort er frágenginn á þessari stundu, að þessum orðum sögðum, en eitthvað mikið hlýtur að hafa legið við. Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að hér er um að ræða tvímælalausa hagsmuni íslenska ríkisins og það leikur enginn vafi á því, að þinginu ber að fjalla um þetta mál. Ég nefndi ástæðurnar. Ég nefndi eignarhlut ríkisins í Flugleiðum sem eiga síðan 40% í Arnarflugi, ég nefndi einn ríkisbankanna sem hér kemur við sögu, og ég nefndi þann hugsanlega möguleika að hæstv. samgrh. svipti flugfélag flugleyfum og skapaði þar með stórkostlegar bótakröfur á hendur ríkinu.

Ég gæti og hef hér gögn til þess að fara um þetta miklu, miklu fleiri orðum og taka kannske enn þá stærra upp í mig. Ég ætla hins vegar að láta það eiga sig, nema tilefni gefist til þess síðar á fundinum. En ég óska eindregið eftir því, að hæstv. samgrh. geri grein fyrir því og svari því afdráttarlaust, hvort hann hafi haft afskipti af þessu máli, hver þau afskipti hafi verið, hafi hann haft afskipti af málinu, og hvernig honum raunverulega lítist á þann möguleika, að Arnarflug geti starfað áfram eftir að hafa ákveðið fjárfestingu af þessari stærðargráðu.

Ég vil ekki, herra forseti, lengja þessa umr. Það gefst ugglaust tilefni til að fara um þetta mál fleiri orðum hér á eftir. En ég vænti skýrra svara frá ráðh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi spyr um afskipti mín af þeim samningi sem orðið hefur á milli Arnarflugs og Iscargo. Því er fljótsvarað. Ég hef ekki haft afskipti af þeim viðræðum sem leiddu til þeirra kaupa. Það hef ég sagt fyrr og skal ég fara fleiri orðim um það hér á eftir.

Mér skildist jafnframt að hv. fyrirspyrjandi vildi að ég upplýsti um þessi kaup. Ég óttaðist að ég mundi valda honum vonbrigðum með svari mínu því ég varð að segja honum að ég hefði ekki slíkar upplýsingar. Ég heyri hins vegar að hann er með þær allar. Hann er með samninginn, meira að segja samninga við Útvegsbankann. Ég hef ekki neitt slíkt í höndunum. Og ég hef ekki óskað eftir að fá slíkt í hendurnar. Ég vil ekki hafa nein áhrif á það sem þarna er að gerast. Ég ætla ekki að ráðleggja þessum mönnum. Hvort þeir eru að gera rétt eða rangt, það verða vitanlega hluthafar Arnarflugs og hluthafar Iscargo að meta. Ég er nefnilega nákvæmlega sammála því sem kom fram í upphafsorðum hv. fyrirspyrjanda, að það er í hæsta mála óvenjulegt að Alþingi eða opinberir aðilar séu að hafa afskipti af kaupum og sölum sem fara fram á milli aðila sem eru okkur óháðir, sem eru sjálfstæðar persónur að lögum. Ég hef því ekki óskað eftir þessu.

Ég frétti hins vegar áðan á skotspónum að hv. fyrirspyrjandi mundi hafa þetta allt saman í smáatriðum. Ég var ákaflega undrandi á þessu og ég aflaði mér upplýsinga um hvaðan hann hefði þetta. Mig langar til að spyrja hv. fyrirspyrjanda: Hvaðan fær hann svona ítarlegar upplýsingar? Er það rétt, sem mér var sagt áðan, að minni hlutinn í stjórn Arnarflugs hafi afhent hv. fyrirspyrjanda þetta allt saman? Það var fullyrt við mig. Það er út af fyrir sig ekki mitt mál, en mér finnst það hins vegar heldur einkennileg hegðun ef það er gert. En við skulum ekki tala meira um það. Hv. fyrirspyrjandi hefur sjálfur svarað þessum þætti sinnar fsp.

Ég fagna því hins vegar að fá tækifæri til að rekja nokkuð þessi mál. Ég hef vænst þess að geta gert það í sambandi við þá þáltill. sem hér liggur frammi, en hún er ekki enn þá komin til umr.

Ég vil byrja á því að minna á það, að hv. Alþingi samþykkti ákveðin skilyrði fyrir aðstoð við Flugleiðir á sínum tíma, tengt lögum sem héðan voru afgreidd fyrir rúmu ári. Þar var m. a. það skilyrði, að Flugleiðir skyldu

selja eignarhlut sinn í Arnarflugi. Um þetta var nokkuð breið og víðtæk samstaða, nema helst það að hv. fyrirspyrjandi og fleiri Alþfl.-menn kröfðust þess, að þetta yrði sett í lög en ekki bara í nál. Þeir kröfðust sem sagt þess, að það yrði lögbundið að Flugleiðir seldu hlut sinn í Arnarflugi. Ég taldi það óþarft, en hins vegar að sjálfsögðu skyldu mína að fylgjast með að þetta yrði framkvæmt. Eftir að þetta var framkvæmt ákvað ég að beita mér fyrir viðræðum flugfélaganna sem gætu orðið grundvöllur að flugmálastefnu. Ég hafði og hef enn meiri trú á því að friður geti orðið um slíka stefnu ef flugfélögin koma sér sem mest saman um hana sjálf. Ég óskaði því eftir því, að flugmálastjóri og fulltrúi samgrn. í stjórn Flugleiða, Kári Einarsson verkfræðingur, hefðu forgöngu um þær viðræður. Þær viðræður hófust s. l. haust á milli flugfélaganna. Sérstaklega voru þær viðamiklar á milli Arnarflugs og Flugleiða. Ég segi viðamiklar að því leyti, að þær tóku langan tíma, og mér er kunnugt um að þessi flugfélög áttu síðan einkaviðræður sín á milli um þessi mál.

Til að gera langt mál stutt vil ég segja það, að menn voru um tíma mjög bjartsýnir um að þarna næðist viss samkomulagsgrundvöllur, m. a. var mér tjáð af forustumönnum Arnarflugs að þeir vildu bíða með úthlutun á þeim leyfum, sem ég hét þeim í nóvember og ég kem að hér síðar, þar til séð væri fyrir endann á því, að þeir næðu samkomulagi um samstarf sem bæði næði þá til hugsanlegrar skiptingar leiða með nýtingu á flugvélum fyrir augum, viðhalds hér heima, sölu á farmiðum og fjölmargs fleira. M. a. sögðu þeir mér að Flugleiðamenn legðu á það ríka áherslu, að þeir færu ekki í leiguflug inn á Kaupmannahöfn og London. Þeir tjáðu mér að með tilliti til þess, hve vel liti út með samninga, ætluðu þeir ekki að bjóða í leiguflug sem Samvinnuferðir byðu út, og þeir gerðu það ekki. Hins vegar buðu Flugleiðir í það og fengu það. Það skeði hins vegar tveimur eða þremur dögum seinna að upp úr slitnaði því Flugleiðir höfnuðu þessum hugleiðingum um samkomulag. Ég kallaði þá á báða aðila, bæði Flugleiðir og Arnarflug, ásamt flugmálastjóra og fleirum og lýsti því, að mér þætti leitt að þetta hefði ekki tekist og þá yrði varla annar kostur fyrir rn. en að höggva á þennan hnút. Ég vildi þó hlusta á sjónarmið þessara aðila.

Þá lýstu Flugleiðamenn því yfir m. a., að þeir legðust alveg sérstaklega gegn því, að Arnarflug fengi heimild til þess að fjúga á Frankfurt. Þeir sögðu Frankfurt vera ákaflega þýðingarmikinn stað í sambandi við Lúxemborgarflugið, þeir væru þar með skrifstofu og teldu nauðsynlegt að þeir væru með flug á Frankfurt a. m. k. sumarmánuðina. Ég féllst á þetta sjónarmið Flugleiða. Ákvað ég í framhaldi af því að standa við það loforð, sem ég gaf Arnarflugi í nóvember. Þegar ég ritaði því bréf að undangenginni meðferð á umsókna þess hjá flugráði um flugrekstrarleyfi á Frankfurt, Zürich og París, og veitti því leyfi til að fljúga á Düsseldorf-Zürich. Þetta má segja að hafi orkað nokkuð tvímælis e. t. v., því flug á Düsseldorf og Zürich er ekki nálægt því eins álitlegt og flug á Frankfurt. Frankfurt er meiri miðstöð. Ég taldi hins vegar að hagsmunir Atlantshafsflugsins væru svo nátengdir Frankfurt að ekki væri réttlætanlegt að leyfa öðru flugfélagi að fljúga á þá borg. Ég verð þess vegna að segja það, að út úr þessum viðræðum höfðu þó Flugleiðamenn a. m. k. það, að Arnarflug fékk ekki leyfi til að fljúga á Frankfurt og sömuleiðis að Arnarflug bauð ekki í leiguflug á Kaupmannahöfn nú í sumar.

Í framhaldi af þessu var mér tjáð að viðræður væru hafnar á milli Arnarflugs og Iscargo, annaðhvort um eins konar samstarf, samruna eða kaup. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ég hafði ekki afskipti af því. Það voru þessir aðilar sjálfir sem óskuðu eftir að sá maður, sem hafði verið fyrir mig í því að reyna að stuðla að mörkun flugmálastefnu, tæki þátt í þeim viðræðum. Ég óskaði ekki eftir því við hann. Það getur hann staðfest sjálfur hvenær sem er. En ég hafði heldur ekkert á móti því. Ég hef síðan fylgst með því máli að sjálfsögðu. M. a. er það rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði, að Arnarflugsmenn komu eitt sinn á minn fund og tjáðu mér að þá væru samningar komnir langt um það að þeir keyptu hlutafélagið. Ég fékk ekki þau samningsdrög, enda óskaði ég alls ekki eftir þeim. Ég lagði hins vegar áherslu á það við þær viðræður, að að sjálfsögðu væru flugleyfin ekki til sölu og þeim yrði vitanlega að skila inn ef eignir væru keyptar. Þeir spurðu mig hins vegar hvort þeir mundu fá leyfi til að fljúga á Amsterdam ef þeir sæktu um það og því leyfi yrði skilað inn. Ég vísaði þá til þess sem ég hef sagt hvað eftir annað, að ég teldi það út af fyrir sig eðlilega og góða skiptingu á milli flugfélaganna, að annað og minna flugfélagið fengi heimild til að ljúga á Amsterdam ásamt t. d. Düsseldorf og Zürich en aðaláætlunarflugfélagið héldi hins vegar þeim stóru mörkuðum öðrum sem um er að ræða. Ég hef því aldrei farið leynt með þá skoðun mína, að þetta væri æskileg og eðlileg skipting, eins og ég kem nánar að hér á eftir. Ég vona þá að ég hafi svarað þeim þætti í fsp. sem varðar afskipti mín af þessum kaupum. Þau hafa sem sagt ekki verið önnur en þau sem ég hef nú rakið. Hv. fyrirspyrjandi er með fullyrðingar um það, að sá maður, sem þarna kom að málum, Kári Einarsson verkfræðingur, hafi verið milligöngumaður þessa nótt sem mér er tjáð að þeir hafi átt fund, ég man ekki hvar það var, á Hótel Sögu held ég að hv. fyrirspyrjandi hafi sagt. Ég spurðist fyrir um það, og mér er sagt að hann hafi farið af þeim fundi kl. 12, en fundurinn hafi staðið til kl. 4 eða 5, svo ekki virðist það alveg rétt. En þetta er allt saman aukaatriði. Aðalatriðið er að ég hef ekki talið mér heimilt og alls ekki skylt að hafa afskipti af viðræðum þessara fyrirtækja um kaup á hlutafélagi eða eignum.

Hv. fyrirspyrjandi hefur sjálfur svarað því sem varðar samninginn. Ég hef ekki svör við því, en fróðlegt var að hlusta á hans upplýsingar. Ég ætla ekki að dæma um það hér, tel mig hvorki færan um það né rétt að ég geri það, hvort þessi kaup eru skynsamleg, hvort eignirnar eru rétt metnar. Það verða vitanlega hluthafar Arnarflugs að meta sjálfir. Ég vil ekki taka neina ábyrgð á því. Ég ætla ekki heldur að segja neitt um samninginn við Útvegsbankann. Hv. fyrirspyrjandi upplýsti það hér miklu betur en ég þekki til. Ég vil hins vegar lýsa þeirri skoðun minni, að ég trúi ekki öðru en að þeir traustu menn, sem reka þann banka, hafi að sjálfsögðu haft hagsmuni bankans í huga, ef og þegar þeir hafa gert þarna ákveðna samninga sem stuðlað gátu að þessum kaupum á Iscargo. Ég efast ekki um það. Ég treysti fyllilega þeim mönnum sem þar eiga hlut að máli í því sambandi.

Hv. fyrirspyrjandi talaði einnig um að hann teldi eðlilegt að hér væru starfandi að vísu tvö flugfélög, en annað væri eingöngu í leiguflugi og hitt sæti að öllum áætlunarleiðum. Mig langar til að fara nokkrum orðum um það. Í þessu sambandi hafa orðið ákaflega miklar breytingar á

síðasta áratug. Fyrir rúmum áratug hófu leiguflugfélögin mikla innrás á markaði áætlunarflugfélaganna og var jafnvel svo orðið um tíma, að talið var að áætlunarflugi væri stefnt í voða með þessu aukna leiguflugi. Áætlunarflugfélögin tóku sig þá til í gegnum sín samtök og settu verulegar skorður við slíku leiguflugi, og — eins og reyndar hefur komið fram hjá mörgum sem um þetta hafa talað — gerðu það ekki síst með því að sameina flesta kosti leiguflugsins áætlunarfluginu.

Það þekkja vitanlega allir sem hér eru, að í dag eru seld kannske 10-12 eða 15 leiguflugssæti með áætlunarflugi. Ég veit að allir hér þekkja það. Í raun og veru er þetta allt orðinn slíkur frumskógur, að ákaflega er erfitt að greina á milli. Menn vita tæpast hvort þeir eru í leiguflugi hjá áætlunarflugfélagi eða í áætlunarflugi. Ég sá að vísu eitt sinn þegar ég fór slíka leið, að á rauðum miða stóð að þetta væri sérstakt fargjald. En ég verð aldrei var við að ég fari heim aftur með sömu farþegunum og ég fór út með og fjölmargt slíkt, sem mér skilst að sé forsenda fyrir leiguflugi.

Ég kynntist þessu vel þegar ég sat í flugráði. Um þetta var oft rætt og upplýst þá af flugmálastjóra að ógerningur væri orðið að fylgjast með því, að slíkar reglur í leiguflugi væru haldnar. Þetta hefur að sjálfsögðu orðið til þess, að leiguflugfélögin hafa orðið ákaflega illa úti í þessari samkeppni. Mörg þeirra telja — og leggja á það áherslu, að þeim sé nauðsynlegt að fá einhverjar áætlunarleiðir til að geta sameinað þannig kosti áætlunarflugs og leiguflugs. Á þetta hefur Arnarflug lagt mjög ríka áherslu og talið nauðsynlegt að fá slíkar áætlunarleiðir. Ég vil hins vegar jafnframt vekja athygli á því, að nokkuð strangar reglur gilda um hin hreinu leiguflug og miklu auðveldara að fylgjast með því, að þær séu haldnar.

Ég tel, eins og ég hef oft sagt, æskilegt að hér á landi séu tvö flugfélög. Annað flugfélagið væri fyrst og fremst með áætlunarflug, og eins og sagt er á ensku „national carrier", þ. e. væri flaggflugfélag okkar — eða hvað við viljum kalla það — og hefði mikilvægustu áætlunarleiðir sem við fljúgum á, eins og t. d. Norðurlöndin og Bretlandsmarkaðinn og svo að sjálfsögðu Atlantshafsflugið og það sem því tengist. Ég tel sjálfsagt að gæta þess, að þessu verði ekki stefnt í voða. Ég hef jafnframt talið sjálfsagt að slíkt flugfélag stundi leiguflug og fragtflug. Hins vegar hef ég talið eðlilegt að hér væri annað flugfélag sem væri þá fyrst og fremst í leiguflugi. En með tilvísun til þess, sem ég sagði áðan um sambland leiguflugs og áætlunarflugs, hefði ég talið eðlilegt og kannske nauðsynlegt, til að tryggja rekstrargrundvöll slíks flugfélags eins og hægt er af opinberri hálfu, að slíkt flugfélag hefði líka eitthvert áætlunarleyfi.

Hv. fyrirspyrjandi hafði orð á því, að þarna væri Arnarflug að fara út á ákaflega hála braut, og virtist bera það mjög fyrir brjósti, óttaðist að það stefndi í gjaldþrot eða mjög mikla fjárhagslega erfiðleika. Það verða forráðamenn þess vitanlega að meta sjálfir. Ég hef ekki skoðað þeirra áætlanir. Ég hef hins vegar oft spurt þá hvernig þeir meta möguleikana, og þeir hafa tjáð mér að mat þeirra sé eindregið það, að möguleikar þeirra til þess að stunda slíkt flug séu miklu meiri ef þeir fái slíkar áætlunarleiðir. Reyndar hafa þeir talað um að þeir vildu mjög gjarnan fá áætlunarleyfi t. d. til Gautaborgar, sem ég hef alfarið hafnað og samræmist ekki þeirri hugmynd minni að aðaláætlunarfélagið hafi Norðurlandamarkaðinn.

Ég hef einnig hvað eftir annað lýst því, að ég tel ekki þá reynslu góða sem við höfum fengið af einu flugfélagi með allar áætlunarleiðir. Ég tel því miður að reynslan hafi verið slæm. Mér sýnist að þjónustu hafi hrakað mikið. Hv. fyrirspyrjandi hefur áreiðanlega heyrt margar kvartanir því hann er áhugamaður um flug. Ég tel einnig að reynslan hafi ekki orðið nógu góð af þeirri einokun sem þarna hefur verið og teygt hefur anga sína út í mörg önnur svið í okkar þjóðlífi, eins og t. d. hótelrekstrinn, leigubifreiðareksturinn og jafnvel ferðafélög, svo að eitthvað sé nefnt, og hefur orðið til þess, að þetta flugfélag hefur getað nánast ráðstafað farþegum, sem aðeins fljúga til landsins á þess vegum, þangað sem því hefur sýnst.

Ég tel reyndar að þessi hætta hafi verið ljós þegar í þetta var stefnt á sínum tíma. Ég sagði hér á hinu háa Alþingi þá að ég hefði mjög sterkar efasemdir um þann samruna sem þá var að stefnt og úr varð. Ég taldi þá eðlilegra að leiðum yrði skipt þannig að flugfélögin flygju t. d. ekki á sama klukkutíma inn á sömu flughafnir — eins og við, sem ferðuðumst eitthvað þá, sáum oft, t. d. í Kaupmannahöfn og London. Ég er sem sagt sömu skoðunar í dag. Ég tel að þessa hagsmuni eigi að tryggja og um leið hagsmuni almennings í landinu, sem á að fá góða þjónustu og sanngjörn flugfargjöld með því að tveir aðilar fljúgi og þeim sé gert kleift að fljúga.

Þetta er sú meginstefna sem ég hef í huga. Ég tel að stjórnvöldum sé ekkert síður skylt að líta á hagsmuni almennings, sem skiptir við flugfélögin, heldur en — ég vil leyfa mér að nefna: ímyndaða hagsmuni fyrirtækis sem virðist sjá þann kost vænstan að hafa alla hluti á einni hendi. Og því miður hefur nú farið svo að þótt þetta fyrirtæki hafi allan þennan flugrekstur á eigin hendi hefur stöðu þess hrakað jafnt og þétt, ekki aðeins fjárhagslega, heldur einnig með tilliti til viðhalds og þess flugkosts almennt sem það hefur boðið okkur. Þar er gífurlega mikillar endurnýjunar þörf. Ég leyfi mér að spyrja: Getur ekki vel komið til mála að einmitt þetta flugfélag standi sig betur þegar það fær mátulega samkeppni? Ég vil leyfa mér að vona að svo fari. Og ég þykist næstum því viss um að svo fer.

Ég hef verið spurður að því, hvort slík skipting leiða stríði ekki gegn þeirri hugmynd að skapa samkeppni. Vitanlega gerir það að nokkru leyti, það er alveg rétt. En ég tel að þarna verði eins og oft að rata hinn gullna meðalveg. Ég tel að með því að tvö flugfélög fljúgi áætlunarflug skapist þarna góður samanburður á fargjöldum og þjónustu, þótt ekki sé til nákvæmlega sömu staða. Að vísu má segja að með því að Flugleiðir fljúga áfram til Frankfurt fljúga þær inn á sama markað og er þá vitanlega mjög nærtækur samanburður á fargjöldum og þjónustu sem veitt er á þessum leiðum. Ég tel það þó skásta kostinn að takmarka samkeppnina þannig að aðilar fari sér ekki að voða í henni en fái þó sæmilegan og allverulegan samanburð.

Ég er spurður að því hér, hvort ég ætli að stofna hagsmunum ríkisins í hættu. Ég vil svara því til, að ég tel að hagsmunum ríkisins hafi á engan máta verið stofnað í hættu með þessu, alls ekki. Ég tel, eins og ég hef sagt hér, að Flugleiðum sé miklu betra að hafa nokkra samkeppni. Ég tel einnig að ríkinu beri að hafa í huga hagsmuni þeirra sem fljúga.

Hv. fyrirspyrjandi hefur nánast fullyrt að ég ætli að svipta Flugleiðir leyfi til að fljúga til Amsterdam og

Düsseldorf. Ég tel eðlilegt að slík skipting verði.

Ég fékk í morgun bréf frá Iscargo þar sem það afsalar sér flugleyfi á Amsterdam. Ég fékk líka bréf frá Arnarflugi þar sem það sækir um það. Ég hef boðað á minn fund í fyrramálið fulltrúa Flugleiða ásamt flugmálastjóra og fleirum til að ræða þetta mál. Ég lýsti því áðan, að Flugleiðir hafa satt að segja uppskorið sæmilega frá þeim viðræðum sem þær áttu við Arnarflug. Þeir hafa fengið leiguflugið á Kaupmannahöfn, og ég hef orðið við ósk þeirra um að halda Arnarflugi frá Frankfurt. Ég trúi ekki öðru en forráðamenn Flugleiða, eftir að hafa fengið slíkt, séu fúsir að ræða hvernig þessum málum verður best háttað. Það kann hins vegar að vera rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, ég viðurkenni það, að ég hef hugleitt það, að það sé orðið of seint að ákveða með valdboði skiptingu á þessum leiðum, ef menn vilja alls ekki koma saman um hana svo að það kann að leiða til þess, að tveir aðilar fljúgi á þessa staði í sumar — og Arnarflug þá að sjálfsögðu frjálst að bjóða í leiguflug á Norðurlöndin og Bretland í sumar, sem sagt náist ekki fram skipting vegna þess hve málin hafa dregist. Ég mun leggja á það áherslu að ræða þetta mál við Flugleiðir, og ég endurtek að ég trúi ekki öðru, eftir alla þá fyrirgreiðslu sem Flugleiðir hafa fengið og ég hef aðeins að hluta lýst hér, en það flugfélag sýni samningslipurð í þessum málum. Ég trúi ekki öðru en því flugfélagi sé ljóst eins og öðrum að enginn vinnur við það að flugfélögin berist á banaspjótum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. ræddi á mjög breiðum grundvelli flugmál í þeirri ræðu sem hann var rétt að ljúka. Ýmislegt athyglisvert kom fram í hans máli. Það er óhætt að vera honum sammála um a. m. k. nokkur atriði, eins og t. d. hættuna á því, að til hringamyndunar komi í atvinnurekstri hér á landi. Ég er feginn að heyra það af vörum hæstv. samgrh. því að ugglaust eiga slík viðhorf ekki við um eitt fyrirtæki eingöngu í landinu, heldur ýmis önnur og kannske sum sem eru ærið nálægt hæstv. ráðh.

Það er ugglaust rétt hjá hæstv. ráðh. jafnframt — og þakkarvert hve mikinn skilning hann sýnir stjórn og eigendum Flugleiða, þegar hann bendir á að endurnýjunar sé þörf hjá fyrirtækinu. Enn fremur ber að þakka hið hlýja viðmót sem kemur fram hjá hæstv. ráðh. þegar hann segir að hann ætli sér að hafa samkeppni, takmarkaða samkeppni, en verði auðvitað að passa upp á að aðilar fari sér ekki að voða. Ég veit að allir áhugamenn um flugmál á Íslandi og sér í lagi þau fyrirtæki, sem starfa að flugmálum, fagna því þegar hæstv. samgrh. lýsir yfir að hann ætli að reyna að koma í veg fyrir að þeir fari sér að voða í samkeppninni.

Það hefur fyrir löngu verið viðurkennt, að ef hægt er að ræða um flugmálastefnu hér á landi eigi hún fyrst og fremst rætur í bréfi þáv. samgrh., Hannibals Valdimarssonar, sem var dags. 25. júní 1973 og sent til stjórna Flugfélags Íslands og Loftleiða vegna sameiningar þeirra flugfélaga sem ríkisvaldið hafði hönd í bagga með. Í þessu bréfi, sem ríkisstj. stóð öll að, var tekið fram skilyrðislaust að þetta sameinaða flugfélag mundi njóta allra þeirra réttinda til reglubundins áætlunarflugs sem flugfélögin höfðu bæði áður á erlendum flugleiðum og Ísland hefur samkv. loftferðasamningum og það vildi nýta. Þessi stefna var ekki mörkuð af Alþingi á sínum tíma, og skal viðurkennt að ýmsir úr stjórnarandstöðu þess tíma voru á móti slíkri stefnu og reyndar á móti afskiptum þáv. ríkisstj. af þessum málum. Allt um það verður að skrifa stefnuna á reikning þeirra sem þá fóru með völd í landinu, en það var ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar.

Seint á árinu 1976, nánar tiltekið 28. des., sótti Arnarflug um leyfi til áætlunarflugs frá Keflavík til Kaupmannahafnar, Dublin, Amsterdam, Zürich og Düsseldorf. Eftir nokkurra mánaða þóf var umsókninni hafnað. Hún var tekin fyrir í flugráði og meiri hluti flugráðs lagðist gegn leyfisveitingunni. Það skal þó tekið fram, að hæstv. samgrh., sem þá sat í flugráði, greiddi atkv. með því, að Arnarflug fengi flugrekstrarleyfi til áðurgreindra staða eða a. m. k. sumra þeirra.

Í lok ársins 1978 var svo komið fyrir Arnarflugi vegna óhappa sem áttu sér stað um sumarið, að eigendur fyrirtækisins og ýmsir lánadrottnar beittu sér fyrir því, að Flugleiðir keyptu meiri hluta í flugfélaginu Arnarflugi. Var gengið frá þeim samningi seint á árinu 1978. Strax í upphafi var þeirri meginreglu fylgt í samskiptum þessara tveggja flugfélaga, að Flugleiðir sáu um áætlunarflugið, en Arnarflugsvélarnar sinntu meira leiguflugrekstri. Þetta samstarf átti eftir að verða erfitt þegar fram í sótti, þegar harðnaði á dalnum og ýmsir, þ. á m. flugmenn Flugleiða, gerðu kröfu til þess, að starfsmenn Flugleiða nytu ákveðinna forréttinda í rekstri félaganna. Það er athyglisvert við þessa sameiningu, að helstu skuldunautar Arnarflugs á þessum tíma voru Samvinnubankinn og Olíufélagið. Þarf ég ekki að útskýra frekar hvers vegna það er tekið fram.

Hinn 3. sept. 1980 sækir síðan Iscargo um leyfi til áætlunarflugs frá Keflavík til Amsterdam. Leyfið er veitt og sumarið 1981 er flogið á þessari leið með erlendum leiguflugvélum. Um þetta mál urðu talsverðar umræður á sínum tíma þegar rætt var um aðstoð við Flugleiðir. Þá lýsti hæstv. samgrh. yfir að með flugrekstrarleyfi til Iscargo væri ekki — ég undirstrika: ekki um stefnubreytingu í flugmálum að ræða. Kem ég nánar að því síðar.

Þegar þetta mál, Flugleiðamálið, var á dagskrá hér í þingi, eins og áður hefur verið getið um hér í umr., var talsvert rætt um svokölluð skilyrði hæstv. ríkisstj. sem komu fram í bréfi til Flugleiða og höfðu áður verið til umfjöllunar hér á Alþingi. Í þessum skilyrðabálki var m. a. ákvæði um að starfsmannafélagi Arnarflugs yrði gefinn kostur á að kaupa hlut Flugleiða í Arnarflugi. Það var vitað mál, að þessi krafa hafði komið frá Starfsmannafélaginu, vegna þess að starfsmenn Arnarflugs gátu gert ráð fyrir að með flugrekstrarleyfinu til Iscargo væri hæstv. samgrh. fáanlegur til þess að breyta stefnunni í flugmálum. Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu áðan að Alþfl.-menn og flestallir aðrir þm. hefðu verið sammála þessum skilyrðum og meira að segja hefðu þm. Alþfl. viljað lögfesta þau. Til þess að það sé alveg ljóst hver afstaða mín var á þeim tíma tel ég ástæðu til að rifja hana upp. Við atkvgr. gerði ég grein fyrir atkv. mínu og sagði þá m. a., með leyfi forseta:

„Ég tel að sumt í þessum skilyrðabálki sé þess efnis, að erfitt sé að sætta sig við þau, og nefni sérstaklega fjórða atriðið, sem er mjög varhugavert í því sambandi. Þar er verið að skapa fordæmi sem getur haft mikla hættu í framtíðinni. Þar er um það að ræða, að ákveðnum, tilteknum hópi sé gert hærra undir höfði en öðrum. Hefði skilyrðið verið með þeim hætti, að þar væri um almennt útboð að ræða til þess að laga rekstrarstöðu fyrirtækisins, hefði afstaða mín verið öðruvísi“ o. s. frv.

Í þessari grg. með atkv. mínu, þar sem ég sat hjá, tók ég sem sagt sérstaklega fram að ég teldi að slík skilyrði væri varla sæmandi fyrir löggjafann að setja þegar um var að ræða aðstoð til fyrirtækisins Flugleiða sem þá var á dagskrá. Alveg burt séð frá þessu er þó rétt að taka það fram, að auðvitað hlýtur að vera hjá hv. Alþingi fullur skilningur á því, að það séu breytt viðhorf hjá starfsmönnum Arnarflugs eftir leyfisveitinguna til Iscargo. Þetta endaði með því, að Starfsmannafélag Arnarflugs keypti 17.5% af hlutafé og Flugleiðir eiga nú 40% í félaginu.

Hinn 26. ágúst á s. l. ári sækir síðan Arnarflug um leyfi til áætlunarflugs, eins og öllum er kunnugt, og í nóvember afgreiðir flugráð málið með þeim úrslitum sem óþarfi er að rifja upp. Þau úrslit voru ekki á sama veg og þegar Iscargo fékk sitt leyfi. Hæstv. flugmálaráðherra lýsti því samt yfir, að hann ætlaði sér að veita þetta leyfi. En af einhverjum einkennilegum ástæðum sá hann sér ekki fært að láta slíkt flugrekstrarleyfi af höndum fyrr en mörgum mánuðum seinna eða nánar tiltekið 2. mars. s. l. Kem ég þá að yngri atburðum í þessari króníku.

Hinn 26. febr. var gert það samkomuleg, sem hv. þm. Árni Gunnarsson vék hér að áðan, á milli Arnarflugs, Iscargo og Útvegsbanka Íslands. Ég mun ekki fjalla um bankamálið. Það þekkja aðrir, sem hér eru miklu betur en ég, sitja í bankaráði og skýra ugglaust frá því hér á eftir. Það, sem ég segi hér, má hins vegar lesa í dagblöðunum, en ég held að það sé hollt að tína það saman. Þá sjá menn í hvaða röð atburðirnir gerast. Sem sagt, 26. febr. er ljóst að þetta samkomulag liggur fyrir og gera má ráð fyrir að saman sé að draga á milli aðilanna, Arnarflugs annars vegar og Iscargo hins vegar. Eftir helgina, nánar tiltekið þriðjudaginn 2. mars, um það bil kl. 5, fær forstjóri eða framkvæmdastjóri Arnarflugs flugrekstrarleyfi. Eftir það heldur hann beint á Hótel Sögu til samningafunda sem bæði hæstv. ráðh. og hv. þm. Árni Gunnarsson hafa gert hér að umtalsefni þótt ágreiningur sé um hvenær fundinum lauk. Ég hef hins vegar heyrt það staðhæft, að kl. 11 morguninn eftir hafi Gunnar Þorvaldsson og Kristinn Finnbogason orðið samferða til hæstv. ráðh. og átt við hann tal. Sé það rétt virðast afskipti hæstv. ráðh. vera einhver af málinu. Ekki kom það samt fram í hans ræðu, að hann hefði hitt þessa menn á þeirri stundu. (Gripið fram í.) Það kemur í ljós hjá hæstv. ráðh. að þeir hafi komið til hans. Og þeir hafa líklega setið þar þrír yfir kaffibolla án þess að ræðast við. (**Sjútvrh.:** Nei, þeir fengu ekki kaffi.) Þeir fengu ekki kaffi, upplýsir hæstv. ráðh. Hver veit nema þeir hafi fengið eitthvað annað.

Ég skal ekki gera eins mikið og hv. þm. Árni Gunnarsson úr þætti Kára Einarssonar. Það er að vísu rétt, að Kári Einarsson er sá fulltrúi sem hæstv. ráðh. skipaði til setu í stjórn Flugleiða. Og kannske er rétt að rifja það upp í þessu sambandi, að það var eitt af þeim skilyrðum, sem hæstv. ríkisstj. setti vegna aðstoðar við Flugleiðir, að ríkið eignaðist stærri hluta í fyrirtækinu. Ugglaust hefur ástæðan verið sú, að hæstv. ráðh. telur að með þeim hætti náist betri rekstur í félaginu. Ég held, að eftir aðstoð Kára Einarssonar hafi ekki verið falast af hæstv. ráðh., og trúi honum frekar en öðrum sem reyna að gera þá sögu tortryggilega.

Hinn 4. mars er síðan stjórnarfundur í Arnarflugi þar sem drögin eru kynnt — þetta hefur komið fram í blöðum — en engin ákvörðun tekin þar sem ýmsar upplýsingar og gögn vantar.

8. mars er síðan haldinn stjórnarfundur í Arnarflugi og farið yfir gögn. Það kemur fram, eins og reyndar hefur komið fram í blöðum, að ágreiningur er um verð og mat á þeim hlutum sem er í kaupunum. Jafnframt er upplýst að ekki eru allar eignir Iscargo falar eftir þessum samningi. Arnarflug festir ekki kaup á DC-6 flugvél Iscargo, svo að nefnd sé ein eign.

Hér hafa farið fram umræður um það hvort hægt sé að veðsetja eignir Arnarflugs fyrir þessari skuld. Það er auðvitað mál sem kemur hv. Alþingi varla við. En mér hefur verið sagt að í samþykktum Arnarflugs — og það ákvæði hefur verið þar frá upphafi eða frá félagsstofnun — standi að allir aðilar í stjórn eða hluthafafundur verði að samþykkja veðsetningar. En það kemur ekki þessu máli við. Ég tek það skýrt fram, að ég legg engan dóm á það, ég hef enga þekkingu á þeim málum, hvort eignir Iscargo séu rétt metnar í þessum samningaviðræðum og þeim kaupsamningi sem liggur fyrir.

Hér hefur verið til umræðu fundur sem hæstv. ráðh. átti kl. 9 að morgni 9. mars með flugráðsaðilum. Reyndar var formaður flugráðs staddur erlendis. Eins og komið hefur fram í dagblaðinu Tímanum og hv. þm. Árni Gunnarsson vitnaði til var þar til umræðu flugrekstrarleyfið. Ég held að það fari ekki milli mála að hægt sé að skilja niðurstöður fundarins á þann veg, að hæstv. ráðh. hyggist láta Arnarflug fá Amsterdam-flugið og jafnframt — sem auðvitað skiptir máli — ætli hæstv. ráðh. að beita sér fyrir því, að Flugleiðir og Arnarflug hefji samræður um frekara fyrirkomulag flugsins til útlanda. Þessi afstaða hæstv. ráðh. er kannske ekki einkennileg út af fyrir sig. En á það ber þó að minna, að við úthlutun leyfa á borð við flugrekstrarleyfi hefur venjulega verið leitað til umsagnaraðila. Hljóta slík leyfi að vera borin undir flugráð áður en þeim er ráðstafað. Hæstv. ráðh. hefur verið önnum kafinn undanfarna mánuði varðandi ýmiss konar leyfi. Þess vegna má segja að þetta hafi vakið meiri athygli en ella. En ljóst er að með þessari ákvörðun — ef um ákvörðun er að ræða — hefur hæstv. ráðh. nánast gert að engu fyrir fram þá ákvörðun sem flugráð gæti hugsanlega tekið. Má þó vel vera að hæstv. ráðh. hafi tryggt sér atkv. meiri hluta flugráðs. Um það get ég að sjálfsögðu ekki vitað. Í dag var síðan haldinn fundur sem væntanlega hefur leitt til þess, að endanlegt samkomulag hefur náðst á milli Arnarflugs og Iscargo.

Eins og ég sagði áður ætla ég ekki að ræða neitt þann þátt, sem varðar Útvegsbankann, né heldur hvort eignir Iscargo séu rétt metnar. En ég tel ástæðu til að ræða annað mál sem er talsvert stórt í mínum augum, og það er sjálf flugmálastefnan. Ég tel að hæstv. ráðh. hafi, þrátt fyrir fyrri yfirlýsingar sínar, gjörbreytt flugmálastefnunni. Skal ég ekki heldur leggja dóm á hvort það sé til góðs eða ills. En það þýðir ekki lengur fyrir hæstv. ráðh. að neita því, að um verulegar breytingar hefur orðið að ræða. Hæstv. ráðh. lýsir því yfir að hann neiti því ekki.

Það er kannske ástæða til að rifja upp í því sambandi hvað hæstv. ráðh. sagði á hv. Alþingi 21. okt. 1980, þegar Iscargo fékk flugleyfi á sínum tíma. Þá sagði hann, með leyfi forseta, orðrétt á þessa leið:

„Menn tala um stefnubreytingu og menn tala um umsókn Arnarflugs á sínum tíma. Arnarflug sótti árið 1976 um leyfi til að fljúga til Amsterdam. Það var tekið fyrir í flugráði í jan. 1977 og fékk umsóknin eitt atkvæði, mitt atkvæði. Ég sat þá í flugráði og greiddi því atkvæði að

Arnarflug fengi þetta leyfi."

Síðar segir hann: „En að þetta" — þá er talað um Iscargo í beinu framhaldi — „en að þetta boði stefnubreytingu, því vil ég mótmæla. Þótt þetta félag" — ég skýt inn að það er Iscargo — „fái leyfi á einn stað, sem það rekur í dag verulegt flug til, það boðar ekki stefnubreytingu. Og meginástæðan fyrir því, að þetta var veitt, er vitanlega einróma samþykki flugráðs við þessu og sú staðreynd, að félagið rekur fraktflug þangað í dag." Eins og heyra mátti var ein af meginástæðunum fyrir þessari niðurstöðu sú, að flugráð hafði samþykkt þessa ráðstöfun.

Ég tel ástæðu til þess, ef hæstv. samgrh. tekur aftur til máls, að spyrja hvort nú hafi orðið breyting á, því að öllum er kunnugt að ekki var sama afstaða tekin af flugráði þegar Arnarflugsleyfið var veitt og þegar Iscargoleyfið var veitt. Og það er kannske kominn tími til að spyrja hæstv. flugmálaráðherra hvort hann ætli í framtíðinni með einum eða öðrum hætti að leggja fyrir hv. Alþingi drög að stefnu í flugmálum sem hv. Alþingi getur fengið að ræða.

Þetta mál snýst öðrum þræði um það sem fram hefur komið í blöðum, að sá sem á í hlut, sá aðili sem er langstærsti eigandi Iscargo og fékk á sínum tíma leyfi til flugs til Amsterdam, eins og ég hef nú rakið, virðist í dag hafa komist að því, líklega með hjálp góðra manna, að fyrirtækið, sem hann stýrir, ræður ekki lengur við þennan rekstur. Svo er komið að margra sögn að fyrirtækið eigi varla fyrir skuldum. Og svo virðist sem þetta ástand hafi orðið til þess, að hæstv. ráðh. — það eru kannske sögusagnir — hafi beðið með að afhenda Arnarflugi flugrekstrarleyfi á tvo staði í Evrópu þar til samkomulag hafi tekist sem væri Iscargo nægilegt til þess að losa forstjórann úr kröggunum, þannig að leyfið, sem Iscargo hafði til skamms tíma og hefur reyndar í dag, gengi þá yfir til Arnarflugs. Það er þetta atriði nákvæmlega sem umræðurnar hafa snúist mest um. Og ég verð að segja að í ræðu sinni gerði hæstv. samgrh. að vísu fimlegar tilraunir til þess fyrst og fremst að leiða hugann að öðru og hins vegar að hreinsa sig af því að hafa nokkuð komið nálægt þessu máli. En ég held að hæstv. ráðh. verði að gera frekari tilraunir til þess að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Ég hef rifjað það upp fyrr, hvernig ákveðnir aðilar beittu áhrifum sínum haustið 1978, þegar Arnarflug átti í kröggum, til þess að Flugleiðir keyptu þá meiri hluta í því flugfélagi. Ég hef bent á að um þá sameiningu má segja að hún hafi byggst á gömlu flugmálastefnunni sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar markaði á sínum tíma, en að sú stefna hafi verið brotin niður með leyfi til Iscargo. Það er afleiðingin af þeirri ákvörðun, þ. e. leyfisveitingunni til Iscargo sem við erum nú að ræða um, því að það er óskaplega eðlilegt, það vil ég enn ítreka að stjórnendur Arnarflugs bregðist þannig við að þeir vilji fá sér traustan rekstrargrundvöll. En þá bregður svo við að hæstv. ráðh. — og það er það sem er kjarni málsins — lýsir yfir að hann sé tilbúinn að afhenda Arnarflugi ákveðin flugrekstrarleyfi, sem öllum er ljóst, jafnt hæstv. ráðh. sem forstöðumönnum Arnarflugs, að nægir ekki til þess að vera lágmarkseining fyrir flugfélagið Arnarflug. Það er einmitt þetta atriði sem vekur þann grun hjá ýmsum, að það hafi verið gert viljandi til þess að þvinga Arnarflug til að eiga kaup við flugfélagið Iscargo. Um þetta snýst málið. Og það verður að segja því miður að sú próun mála, sem ég hef rakið hér, styður heldur þær sögusagnir sem á kreiki hafa verið og hafa orðið til þess, að hv. þm. Árni Gunnarsson hefur séð sig knúinn til að koma með þetta mál inn í sali Alþingis. M. ö. o.: ýmsum þykir sem flugrekstrarleyfi séu notuð sem eins konar gjaldmiðill og verið sé að rugla saman viðskiptum og pólitík.

Ég lít svo á að meðan hæstv. ráðh. hreinsar sig ekki betur af þessu máli megi halda því fram, að Arnarflug hafi verið eins konar leiksoppur í þessu máli, rétt eins og maður getur nú séð að Flugleiðir voru á sínum tíma.

Hæstv. Flugmálaráðherra verður því að gera betur hreint fyrir sínum dyrum. Ræða hans var ekki sannfærandi. Enn fremur hlýtur það að vera krafa að hann leggi fyrir Alþingi drög að stefnu, framtíðarstefnu í flugmálum íslensku þjóðarinnar, þannig að löggjafinn hafi tækifæri til að hafa áhrif á það, hver stefna sé mörkuð í þessum mikilvægu málum. Dreg ég þá ekki dul á að það gildir jafnt um flug til annarra landa og flug innanlands. Vera má að hæstv. ráðh. eigi sér skoðanasystkin í öðrum flokkum en sínum eigin ef hann kemur hreint fram og leggur fram stefnu sem hægt er að ræða, en þarf ekki að koma hér inn í sali Alþingis tilneyddur eftir að dagblöð bæjarins hafa flækt hann í mál sem óneitanlega virðist vera þannig vaxið — ég þori nú ekki að nota orðið, sem hv. þm. Árni Gunnarsson notaði — en við skulum segja að óneitanlega er nokkur lykt af því.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Friðriks Sophussonar vil ég undirstrika að það er ekki í fyrsta sinn, sem mál berast hingað inn á hv. Alþingi í fyrirspurnarformi eftir að fyrirsagnir dagblaðanna draga athygli þm. að þeim, og á þar við þm. úr öllum flokkum því það er ekki aðeins þetta mál sem þannig kemst hér inn í umr. Ég vil líka taka það fram — og ég bið þm. að hlusta vel, að í þessu máli, að svo miklu leyti sem ég veit og ég tel mig hafa fylgst nokkuð með því á lokastigi, er ósanngjarnt að bera það hér á borð, að viðskipti og stjórnmál hafi blandast þar inn í. Á það við um alla þá aðila sem ég veit að hafa komið nálægt málinu og er ég þó stjórnmálamaður kjörinn á Alþingi og kemst ekki hjá því að vera við þetta mál riðinn. Má segja að þessi orð séu varnaðarorð fyrir hæstv. ráðh., sem þó þarf að sjálfsögðu ekki á mér að halda til að verja sig, svo langt eru þessi ummæli frá raunveruleikanum.

Ég vil í upphafi máls míns segja að ég er neyddur til að standa hér upp. Ég er eins og aðrir bankaráðsmenn í hvaða banka sem er kjörinn af hv. Alþingi til starfa sem slíkur. Ég er skipaður af ráðh. sem formaður bankaráðs Útvegsbankans samkv. landslögum. Með lögum um bankana erum við eiðsvarnir að gera ekki að umræðuefni utan bankaráðsfunda neitt af því sem við kunnum að komast að um einstaka viðskiptavini bankans eða samskipti þeirra sín á milli, ef það fer um bankann, eða á annan hátt starfsemi bankans og viðskipti hans við einstaklinga. En í þessu máli, sem er að ég held fremur óvenjulegt, hafa bankaráðsmenn fylgst með gangi mála á lokastigi og það hefur verið haldinn fundur í bankaráði Útvegsbankans þar sem þetta mál hefur verið rætt fram og til baka og öll gögn sem snerta bankann og viðskipti þessara tveggja fyrirtækja, sem hér eru að ná saman, rædd. Við höfum fengið í hendur öll þau gögn sem ég held að séu til í formi afsala og kaupsamninga og draga að þessu öllu saman, merkt sem algert trúnaðarmál, og okkur er öllum ljóst að við höfum ekki heimild til að ræða utan funda bankaráðs þessi mál við almenning. Því

kemur mér það afskaplega spánskt fyrir sjónir að hluti af þessum gögnum, sem eiga að vera trúnaðarmál fyrir bankaráðsmenn, skuli vera orðin opinber gögn í umr. á Alþingi Íslendinga. Ég get ekki annað en óskað eftir því, *að það verði skráð eftir mér sem formanni bankaráðs*, að mér vitanlega hafa þessi gögn ekki borist frá Útvegsbankanum í hendur viðkomandi aðila.

Ég vil, áður en ég kem beint að málinu sem ég mun ræða hér, viðskiptum Útvegsbankans, að gefnu tilefni frá fyrirspyrjanda, segja að ég hef aldrei verið sannfærður um að sú flugmálastefna, sem mörkuð var af Hannibal Valdimarssyni þegar hann var flugmrh., hafi verið rétt. Ég er þvert á móti viss með sjálfum mér að hún var röng, og að því leyti fagna ég því ef núv. hæstv. flugmrh. treystir sér til að breyta þeirri stefnu.

Ég vil þá víkja að málinu sjálfu og rekja að litlu leyti aðdraganda að þessu máli, sem nú er á lokastigi, hvað snertir viðskipti Iscargo við Útvegsbanka Íslands, en Iscargo sem fyrirtæki er u. þ. b. 15 ára gamalt.

Iscargo hefur verið viðskiptavinur Útvegsbanka Íslands í þessi 15 ár. Það eru fáein ár síðan eigendaskipti urðu að Iscargo. Fyrir eigendaskiptin, um 10 ára bil sem Iscargo var viðskiptavinur Útvegsbankans, hefur bankinn ekkert undan viðskiptum við það fyrirtæki að kvarta og engin ástæða til að ætla að þar fari fram afbrigðileg viðskipti sem kalla á rannsókn eða athugun eða uppgjör *á því fyrirtæki. Síðan skeður það, að aðildarbreyting* verður að fyrirtækinu. Það koma menn sem hafa nýjar og ferskar hugmyndir, vilja betrumbæta flugflotann. Það er von að menn brosi að því þegar ég segi betrumbæta flugflotann, vegna þess að fram að þeim tíma voru vörur og farþegar flutt í sama rými, en eftir þann tíma var farið að aðskilja farþega frá vörum. Oft var það þannig, þegar farþegar komu inn í flugvélar erlendis eftir að hafa gengið úr sæti til hvíldar meðan flugvél átti þar viðkomu, *að vörur voru komnar í þau sæti sem þeir sátu áður í.* — En þarna voru komnir breyttir tímar. Þarna kom rekstur sem var sérstaklega ætlaður fyrir vöruflutninga. En okkar þjóðfélag er nú einu sinni þannig sett, að það eru ekki nema tveir gjaldeyrisbankar til í landinu. Það hefði þótt saga til næsta bæjar ef tíu ára gamall viðskiptavinur Útvegsbanka Íslands hefði fengið það svar hjá sínum viðskiptabanka, sem er annar af tveimur gjaldeyrisbönkum þjóðarinnar, að hann treysti sér ekki til að veita honum þær ábyrgðir, *sem hann taldi sig þurfa til að* endurnýja sinn flugvélaflota, og hann yrði þar af leiðandi að fara í hinn gjaldeyrisbankann sem er í landinu, þ. e. Landsbanka Íslands. Ég tel að þá hefði bankastjórn Útvegsbankans ekki verið starfi sínu vaxin. Það eru daglega sem bankarnir, báðir gjaldeyrisbankarnir, eru að opna erlendar ábyrgðir, og það er ekkert nýtt að viðskiptavinir þurfi annaðhvort að fá greiðslufrest eða á annan hátt fyrirgreiðslu til að standa við sínar skuldbindingar. Það er ekkert einsdæmi um Iscargo.

Ég vil segja það, að fyrir um tveimur mánuðum hafði ég heyrt því fleygt, ekki á fundum, heldur á götu úti, að Útvegsbanki Íslands væri í mikilli hættu með ábyrgðir sínar vegna skulda Iscargo, í bankanum. Ég var sem bankaráðsformaður auðvitað ekki áhyggjulaus út af þeim ummælum og gerði fyrirspurn um hvort Iscargo væri í viðskiptum við bankann, fyrst og fremst vegna þess að þegar Alþingi kaus núverandi bankaráð var Iscargo í viðskiptum við bankann án þess að ég hefði um það vitneskju. Það kom fram að þessar ábyrgðir, sem bankinn hafði gengið í fyrir sinn viðskiptavin, höfðu fallið á bankann. Þá var gengið úr skugga um að þær tryggingar, sem bankinn hafði, væru nægar til þessa að bankinn væri öruggur með að tapa ekki ef til þess kæmi að gengið yrði að viðkomandi veðum. Þá kom í ljós að bankinn hafði þegar tilkynnt viðkomandi að nú óskaði hann eftir uppgjöri frá fyrirtækinu. Það þýddi að ef ekki kæmi fram greiðsla væri gengið að þeim veðum og tryggingum sem bankinn hafði í höndum. Þá kom líka í ljós, og það var nýtt fyrir mig, en ekki fyrir bankann, að gerður hafði verið sölusamningur á þessari Lockheed Electra-vél við Perúmenn. Ég fékk að sjá hann. Hann var raunverulegur. Bankinn var þá búinn að bíða eftir að þau viðskipti gætu farið fram, og fyrirtækið Iscargo hafði margítrekað reynt að koma þessum viðskiptum á sem fyrst, en ekki tekist. Þegar svo bankinn fór að þrýsta á fyrirtækið kom svar frá Perúmönnum um að þeir gætu því miður ekki staðið við þetta kauptilboð, enda var það háð samþykki ríkisstjórnar Perú um innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi. Upphæðin var mjög hagstæð fyrir þessa vél, var við það hámark sem kom fram áðan og frsm. nefndi.

Þegar það lá ljóst fyrir, að ekki yrði úr sölu til Perúmanna, tilkynnti bankinn fyrst munnlega forsvarsmönnum eða stjórn Iscargos að nú væri komið að því að bankinn mundi ekki veita frekari frest og gengið yrði á ákveðnum degi að þeim veðum og tryggingu sem bankinn hafði *í sinni* vörslu. Þá var farið fram á hálfsmánaðar viðbótarfrest af fyrirtækisins hálfu þar sem nú loksins hefði borist endanlegt svar frá Perúmönnum og þá gætu þeir kannað hvort aðrir kaupendur væru fyrir hendi. Það gerðu þeir í Bandaríkjunum, en með svo skömmum fyrirvara treysti viðkomandi fyrirtæki sér ekki til að benda á kaupanda að þessari vél. Eftir að bankinn hafði veitt Iscargo-mönnum hálfsmánaðarfrest, sem ekki var framlengjanlegur, var að vísu beðið um vikufrest til viðbótar vegna þess að *nýr aðili hefði komið inn í þessar* viðræður og var sá vikufrestur til viðbótar veittur. Þessi nýi aðili reyndist vera Arnarflug.

Arnarflug og Iscargo ræða síðan saman. Til að fá lausn á þessu máli þarf að sjálfsögðu að ræða við viðskiptabanka fyrirtækisins. Kaupandinn þarf að fá að vita hvort viðskiptabanki fyrirtækisins er reiðubúinn til að flytja skuldirnar með nýjum ábyrgðum yfir á nýjan skuldara eða hvort hann vill það ekki. Þá er þetta mat bankastjórnarinnar að *vel athuguðu máli: Hinn nýi kaupandi* rekur flugfélag eins og sá sem er að selja. Það flugfélag hafði samkv. reikningum gengið mjög vel síðustu þrjú eða sérstaklega tvö síðustu árin. Með því að leggja fram þau veð og þær tryggingar til viðbótar við að halda gömlum tryggingum frá Iscargo taldi bankastjórnin — og bankaráðið var sammála, — að þarna væri kominn betri skuldari með ekki verri tryggingar og góðan rekstur.

Þá vil ég svara þeirri spurningu sem kom fram áðan. Bankastjórar og bankastjórn hafa gætt hagsmuna bankans mjög vel með því að gera þennan nýja samning. Ég vil undirstrika það þrátt fyrir mat manna sem ég tek ekki undir. Ég hef heyrt í aðilum utan bankans og jafnvel utan Alþingis að það sé rangt að veita þessa fyrirgreiðslu til Arnarflugs, það eigi að ganga að viðkomandi aðilum. Hv. Alþingi getur hvenær sem er beðið mig um að segja af mér sem bankaráðsformaður. Ég skal verða við þeirri ósk ef hv. Alþingi ætlast til þess að við gerum 7—10 manns eignalausa, menn sem eiga fjölskyldur. En ef önnur leið er fyrir hendi sem hægt er að fara og er meiri

og betri trygging en sú sem var fyrir, þá verð ég að segja alveg eins og er, að ég held að enginn hv. alþm., sem hefði verið í forustu í bankamálum, mundi velja þann kostinn að gera nokkrar fjölskyldur öreiga.

Ég vil ekki blanda mikið málum Flugleiða og bera saman við þá fyrirgreiðslu sem hér er til umr. En eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, Árna Gunnarssyni, eru þessar vélar, Lockheed Electra-vélar, yfirleitt metnar mest á 2 millj. dollara því þær hafa selst í kringum 1500 þús. dollara. Það er vegna þess að það er lægð í sölumarkaðinum. Það er svokallaður „buyer's"-markaður á flugvélum í dag. Útvegsbankastjórnin hefur metið þessa vél á 1 millj. dollara, eins og kom fram í ræðu frummælanda. Þetta eru ekki upplýsingar sem ég er að gefa sem bankaráðsmaður. Þetta eru upplýsingar sem ég er að endurtaka eftir frummælanda, en ég skal staðfesta að þær eru réttar. Það má segja að það sé varlegt mat á verðmæti þessarar flugvélar. Nú var þessi flugvél með nýjum mótorum og nýjum vængjum og talin mjög góð vél, með því betra sem gerist um þessa gerð af flugvélum. En ef við tækjum nú og bærum saman þær tryggingar, sem eru á Flugleiðavélum, og endurmetinn flugvélakost, þá er ég hræddur um að eitthvað vanti upp á verðið þar. Þá er eðlilegt að Arnarflugsmenn spyrji, eins og ég heyrði einn þeirra segja fyrir nokkrum dögum: Eru það bara Flugleiðir sem mega fá opinbera fyrirgreiðslu? Nú er ekki verið að fara fram á ríkisábyrgð eða peningaeftirgjöf eða framlag frá íslensku þjóðinni eða erlendum aðilum. Þetta er eðlileg yfirtaka á fyrirtækinu og eins og hún gengur fyrir sig á milli félaga, hvort sem það eru flugfélög eða önnur. Að sjálfsögðu verða öll fyrirtækin að nota peningastofnanir. Má enginn í þessari atvinnugrein, fluginu, gera ráð fyrir að njóta fyrirgreiðslu eins og annar? Það er erfitt á stundum það hafa hv. þm. orðið varir við, fyrir mig að vera „sjálfstæðismaður." En hvernig sem við tölum í þessum málum eða öðrum er það grundvallarhugsjón og stefna Sjálfstfl. að standa að frelsi einstaklingsins til athafna — og hví ættum við þá að segja að einhver megi og annar megi ekki reka flugvélar? Ég er búinn að standa í stórstríði við skiparekstur. Það er komið að samkomulagi á þeim vettvangi, mjög ánægjulegri samkeppni og á margan hátt samstarfi. Hví ætti það ekki að geta orðið líka í flugrekstri?

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. frummælanda, að Arnarflug á framtíð fyrir sér og þar er duglegt fólk. Þeir eru ekki að fara fram á neina fyrirgreiðslu frá opinberum aðilum. Þeir eru bara að biðja um að fá að starfa. Á Alþingi eða ríkisstj. að koma í veg fyrir það? Að mínu mati alls ekki. Það verða fleiri en einn aðili að eiga aðgang að atvinnugreinum sem þjóðin þarf. Við komumst ekki af án flugvélaflota, langt úti í hafi og einangruð þjóð ef við hefðum ekki flugvélar og duglega og hugmyndaríka menn.

Það komu fram hjá frummælanda nokkur orð um lausaskuldir Iscargo og hann sagðist hafa skuldalista félagsins. (Gripið fram í.) Þá hef ég skrifað þetta rangt. En hann talaði um lausaskuldir. Af hverju skyldi hann hafa vitneskju um lausaskuldir umfram veð á fyrirtæki sem er að hætta rekstri og fara frá bankanum sem viðskiptavinur? Það komu margar upplýsingar fram og eru tilheyrandi þeim samningum sem nú er verið að gera. Allar þessar upplýsingar, sem eru trúnaðarmál innan Útvegsbankans og trúnaðarmál með þeim sem eru að semja, liggja þannig á borðinu sem opinber gögn. Síðan er vitnað í að fyrirspyrjandi hafi ekki upplýsingar um skuldir í öðrum peningastofnunum, hann nefndi Landsbanka Íslands. Hvernig stendur á því, úr því á annað borð eru komnar fram upplýsingar, sem eru trúnaðarmál fyrirtækisins og þeirrar peningastofnunar sem kemur inn í þessa uppstokkun, að upplýsingar um viðskipti við aðrar peningastofnanir liggja þá ekki líka á borðinu? Þetta er athyglisvert. (**ÁG:** Það er ekki á það bætandi.) Ég skal ekki segja hvort það er á það bætandi. Þetta áttu aldrei að vera opinber gögn. Ég sem flugráðsmaður er með þetta merkt sem trúnaðarmál og veit ég þó sem bankaráðsmaður að öll mál, sem rædd eru í bankaráðinu, eru trúnaðarmál. En þessi gögn eru sérstaklega merkt. Gögn, sem við fáum á bankaráðsfundi, eru yfirleitt ekkert merkt. Við vitum að þau eru trúnaðarmál. Það var vitnað í samninga sem eru trúnaðarmál innan bankans. Er það misskilningur að það hafi verið vitnað í slíka samninga hér áðan? Ég veit ekki hvaðan þetta kemur.

En það var líka talað um hvort stjórn Arnarflugs hefði heimild til að veðsetja eignir félagsins án samþykkis allra í stjórn félagsins. Það er ekki. Arnarflugsstjórnin hefur ekki heimild til að veðsetja eignir félagsins nema með samþykki stjórnarinnar allrar. En meiri hl. stjórnar félagsins hefur heimild til að kaupa og selja. Það er heimild fyrir meiri hl. stjórnar að gera kaupsamþykkt. Það þarf ekki að bera á hana einhvers konar glappaskot í störfum þess vegna. En er þetta svo rétt, sem þeir gera þarna, að kaupa Iscargo? Ég segi eins og ráðh.: Það er þeirra mál. Við höfum þó það athafnafrelsi enn þá, að Alþingi Íslendinga og opinberir aðilar eiga ekki að skipta sér af því, hvort menn semja svona eða á hinn veginn sín á milli, menn eða félög. Það væri slæmt ef ástandið væri þannig. Það þarf einfalda stjórnarákvörðun til að þessi kaup geti farið fram. Hitt er svo annað mál, að það er bankans að meta hvort þau plögg eða þau veð, sem viðkomandi kaupandi býður, eru eins góð og þau sem bankinn er að láta af hendi. Það er mat stjórnar Útvegsbanka Íslands að svo sé, enda höldum við í Útvegsbankanum áfram þeim veðum sem voru frá einstaklingum í Iscargo þó að Iscargo hætti viðskiptum við bankann.

Ég vil mótmæla því, að af þessu máli sé vond lykt, óeðlilegt samkrull í fjármálum. Hver á að dæma um það? Þetta eru frjáls félög í frjálsu landi. Hver getur dæmt og hver getur fullyrt svona? Það verður að koma eitthvað meira en fullyrðingin um að hér sé eitthvað óeðlilegt á ferðinni.

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. En ég vil endurtaka að ekki á neinu því stigi, sem ég hef heyrt um þetta mál, hvorki í flugráði — ég er flugráðsmaður — né heldur í bankanum, sem hér á hlut að máli, hef ég orðið var við afskipti ráðh. Ég hef ekki orðið var við þau. Og ég er ekki einn um það í bankaráði bankans.

Það var fundur um hádegi í dag um þessi mál, þar sem bankastjórnin kynnti þetta mál og gaf bankaráðinu tækifæri til að ræða það fram og til baka og leita upplýsinga umfram þær sem við höfðum þegar fengið. Við teljum að bankastjórn Útvegsbankans hafi gætt hagsmuna bankans vel í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi þetta ekki lengra að sinni, nema tilefni gefist til seinna að standa þá aftur upp og bæta einhverju við.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það kom mér verulega á óvart, þegar ég hlýddi á mál hæstv. samgrh.

áðan, hvað hann taldi sig lítið vita um þessi mál, þó ekki væri af annarri ástæðu en þeirri, að um alllanga hríð hafa þessi mál verið blaðamál hér og sérhver borgari í landinu getað lesið um þau viðskipti sem hér hafa verið að eiga sér stað. Ég geri þá ráð fyrir að það hafi komið hæstv. samgrh. mikið á óvart þegar hv. þm. Friðrik Sophusson *upplýsti hann um hverjir væru eigendur* að fyrirtækinu Iscargo, en þetta hefur einnig verið blaðamál nú um nokkra hríð.

Mér finnst í þessari umr., að menn hafi leitast við og kannske af ásettu ráði, að rugla saman aðalatriðum og aukaatriðum. Vitaskuld er það hverju orði sannara sem fram kemur hjá hæstv. samgrh. og nú áðan hjá hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundssyni, að þegar viðskipti eiga sér stað milli tveggja aðila, sem eru sjálfstæðir að lögum, eins og áðan var orðað, kemur það Alþingi og alþm. ekkert við. Ef annar hefur betur í þeim viðskiptum og hinn er hlunnfarinn kemur það Alþingi ekki heldur við. En það kemur Alþingi við ef flugleyfi, sem eru háð opinberum ákvörðunum, eru notuð sem verslunarvarningur í svona viðskiptum. Það er þá og þá fyrst sem þetta mál kemur Alþingi við.

Það er auðvitað alveg út í hött, bæði hjá hæstv. ráðh. og nú síðast hjá hv. 3. þm. Reykv., að vera að tala um sjálfstæði í viðskiptum þegar svona stendur á. Það er að vísu rétt að því marki, að það kemur Alþingi ekki við þangað til opinber flugleyfi eru orðin verslunarvara. En af hverju hafa þær spurningar vaknað? Jú, það er mjög einfalt. Það er blaðamál að fyrirtæki, margreynt fyrirtæki, Arnarflug, hafi keypt tilteknar eignir á nefnda upphæð, 29 millj. kr. Það er ekkert leyndarmál. Þetta er opinbert mál. Hins vegar mun ekki í kaupsamningi sundurliðað hvað af þessu er fyrir flugvélar, hvað fyrir varahluti og hvað fyrir húseignir á Reykjavíkurflugvelli. Það vekur strax spurningar. En í annan stað er vitað að vélar sem þessar eru til á markaði í Bandaríkjunum og seljast ekki fyrir helmingi lægri upphæðir en hér er um að ræða, og svo draga menn mjög í efa raungildi þeirra húseigna sem hér er um að ræða. Sé reynt að draga þetta saman, sem að vísu er erfitt vegna þess hvernig salan hefur farið fram, er að mati dómbærra manna um að ræða mikið yfirverð. Ég hygg að öllum sé ljóst að þetta hefur gerst með þessum *hætti*.

Nú segi ég alveg eins og hv. 3. þm. Reykv., að eigi viðskipti sér stað milli A og B og hlunnfari A B í slíkum viðskiptum kemur okkur það ekkert við nema það sé hluti af því máli að til að koma þessum viðskiptum á, til að spyrða þessi viðskipti saman, hafi verið notuð flugleyfi og þau metin til verðs. Er þetta ekki alveg ljóst? Það er þetta og þetta eitt sem um er spurt hér? Hæstv. samgrh. segir auðvitað nei, að þetta hafi ekki gengið fyrir sig með þessum hætti. En á sama tíma er upplýst hér á hv. Alþingi að þeir aðilar, sem þessi viðskipti eiga við hæstv. ráðh., tveir frá sitt hvoru fyrirtækinu, eru staddir á skrifstofunni hjá honum daginn sem samningarnir eru gerðir. Til hvers er það? Gefur ekki auga leið — við skulum ekki ganga lengra en að segja það — að það er a. m. k. eðlilegast af öllu að um þetta sé spurt hér? Og við getum haldið áfram. Það er ljóst að í stjórn þess fyrirtækis, sem þessi kaup gerir, sitja fimm einstaklingar. Það fer svo í stjórninni að samþykkt er að ganga að kaupunum með 3:2 atkv. Meiri hlutinn er ekki meiri en það. Og að hverju vill ekki minni hlutinn ganga í þessum efnum? Væntanlega telur hann kaupin vera óhagkvæm af einhverjum ástæðum. Það er þá hvorki prívatsjónarmið *fyrirspyrjanda né annarra þeirra, sem hér hafa talað eða í* blöð skrifað, að svo sé. Það virðist vera mat fleiri og það virðist ná inn í það fyrirtæki sem hér á hlut að máli.

En ég vil endurtaka það og taka undir það bæði með hæstv. ráðh. og hv. bankaráðsformanni, að viðskipti tveggja aðila úti í bæ koma auðvitað Alþingi og alþm. ekkert við nema flugleyfi hafi verið notuð sem verslunarvara. (**AG:** Ég er ekki hér sem bankaráðsmaður.) Ég bið hv. þm. afsökunar. Ég skal ávarpa hann sem slíkan. En hv. þm. gerði grein fyrir máli sínu áðan sem formaður bankaráðs og sú ræða hefur verið flutt. En allt um það, það er þetta sem mér virðist vera kjarni þessa máls.

Hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, upplýsti líka annað áðan þegar hann varði gerðir bankans í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti held að það sé ekkert við þær að athuga. Ég held að það sé mjög eðlilegt af bankans hálfu sem þar hafi gerst. — En hann sagði eitt. Hann sagði að bankinn hefði gripið inn í þetta mál m. a. til að koma í veg fyrir að nokkrir einstaklingar og fjölskyldur þeirra yrðu gerðar að öreigum. Hvað er hv. þm. að segja? Í fyrsta lagi er það falleg og mannbætandi hugsun að koma í veg fyrir að menn séu gerðir að öreigum, og ekki skal ég hafa á móti því. En ef þetta er svona alvarlegt, sem ég vissi ekki um fyrr en hv. 3. þm. Reykv. hafði talað, þá spyr ég: Hafa þá ekki fleiri vitað um að ástandið var svona alvarlegt í þessum efnum og hafa ekki fleiri sýnt slíkan mannkærleika sem hv. 3. þm. Reykv. hefur sýnt? Hvaða ráðum hafa þeir þá beitt, ef skuldatalan hefur verið þessi, en raunverð eignanna annað, og hvað er raunverð? Það sem hægt væri að fá fyrir þær á markaði er miklum mun minna en fékkst. Jú, það er spurt um hvaða flugleyfi séu metin til fjár.

Ég vil leggja á það ríka áherslu að ég skil mjög greinilega á milli í þessum efnum. Ég er út af fyrir sig ekki að gera aths. við það sem bankinn hefur gert í þessum efnum, þó ekki væri af öðrum ástæðum en þeim, að hann er að tryggja sína hagsmuni. En áður en þau viðskipti hafa átt sér stað hafa orðið augljósar tilfærslur þar sem menn draga mjög í efa að um rauntölu sé að ræða, þ. e. þær upphæðir sem hægt hefði verið að fá. Menn spyrja: Af hverju ganga þessi viðskipti svona fyrir sig? Ég hygg að *seljandi fagni, en menn skilji ekki* alveg hvað fyrir kaupanda vakir í þessum efnum. Menn hafa leyfi til að spyrja svona vegna grunsemda um að milliupphæðin felist í flugleyfi, að það sé verið að meta flugleyfi til fjár, opinberir aðilar séu að selja flugleyfi. Og athugi menn þá út á hvaða braut við erum komnir.

Mér finnst satt að segja ekki viðeigandi að tala um flugmálastefnu í þessum efnum, hvort við viljum hafa eitt eða tvö flugfélög. Það er bara verið að rugla saman aðalatriðum og aukaatriðum og það sennilega af ásettu ráði. Það er allt annað mál.

Ég hjó eftir öðru sem hæstv. samgrh. sagði áðan í sinni ræðu. Hann sagði: „Ég trúi því ekki að Flugleiðir, eftir þá fyrirgreiðslu sem þær hafa fengið, sýni ekki samningalipurð í þessu máli.“ Hæstv. ráðh., fer ég ekki rétt með í þessum efnum? (**Sjútvrh.:** Jú, jú.) Ég vek athygli hv. þm. á hvað ráðh. er að segja. Á mannamáli heitir þetta hreinar hótanir. Þetta eru hreinar hótanir í þessum efnum. Hann segir: Ég trúi ekki öðru en að Flugleiðir, eftir þá fyrirgreiðslu sem þær hafa fengið, sýni samningalipurð í þessu máli. Ef hann talar svona hér, hvernig talar hann þá við málsaðila og hvernig ganga þessi mál

yfirleitt fyrir sig? Sömu dagana er upplýst í fyrsta lagi að það sé lengi búið að standa til að lendingarleyfi í Zürich og Düsseldorf væru veitt þessu fyrirtæki. Það var dregið og alls konar skýringar gefnar um margra mánaða skeið. Vitað er að Iscargo hefur flugleyfi til Amsterdam. Það er undarlegur kapall, sem rennur allt í einu upp á 2—3 dögum, að þessi leyfi eru veitt, virðist vera. Tvö hafa verið veitt og þriðja virðist vera að koma nákvæmlega á sömu dögum og Arnarflug kaupir eignir Iscargo á verði sem er miklu mun hærra að mati dómbærra manna en fengist á frjálsum markaði.

Þetta, herra forseti, er aðalatriði þessa máls og er ruglað saman við einhver aukaatriði. Það er svona sem málið blasir við, og það er ákaflega eðlilegt að um þetta sé spurt.

Nú vil ég taka undir það og segja það enn og aftur, að okkur kemur ekki við og það á ekki að ræða á Alþingi hvernig viðskipti ganga fyrir sig milli tveggja óskyldra aðila. En vegna þess að Flugleiðir blandast inn með þessum hætti er eðlilegt að spurt sé: Hafi flugfélagið vantað Electra-vél í þessum efnum, af hverju keypti það hana ekki í Bandaríkjunum? Af hverju leitaði það ekki tilboða þar ef það vantaði slíka vél? Í þessum efnum kemur okkur þetta við sem skattborgurum og fulltrúum þeirra og sem hluta af almannavaldinu. Af hverju voru þessi viðskipti gerð svona og með þessari dagsetningu? Það var upplýst áðan, sem ég reyndar vissi ekki um, að þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, sátu fund hjá ráðh. Hvað voru þeir að gera á þessum fundi? Sannleikurinn er auðvitað sá, að í svona máli verður ekkert sannað eða afsannað. En það hlýtur að vera ofureðlilegt, að af löggjafanum sé um þessa hluti spurt. Það hlýtur einnig að vera mjög eðlilegt, að löggjafinn hafi eftirlit með því og geri á því fullnaðarúttekt og fullnaðarkönnun, hvað hér hefur verið að eiga sér stað, þó ekki væri nema af þeirri einu ástæðu, að leyfisveitingar eru alltaf mjög vandmeðfarnar og það eru alltaf mjög miklar hættur þegar um leyfisveitingar er að ræða. En það hlýtur að vera mjög alvarlegt að leyfisveitingar í þessum efnum gangi kaupum og sölum, þær séu metnar til verðs þannig að höfð séu áhrif út í þjóðfélaginu. Maður getur sagt þetta þó ekki væri nema af þeirri einföldu ástæðu að leggja saman tvo og tvo. Þegar hv. 3. þm. Reykv. upplýsir að bankinn hafi gripið inn í þetta til að koma í veg fyrir að svo og svo margar fjölskyldur yrðu öreigar, var þá bankinn fyrstur til að grípa inn í? Var svo? Þó þeir séu sjálfstæðir menn, hæstv. samgrh. og hv. 3. þm. Reykv., verða menn að geta lagt saman tvo og tvo í málflutningi. Þetta er auðvitað skylt mál.

Enn og aftur, herra forseti. Kjarni málsins er þessi: Menn hafa fulla ástæðu til að ætla að það sé verið að misnota það feikilega vald, sem felst í veitingu flugleyfa, til að hafa áhrif á mjög óeðlileg viðskipti hér innanlands. Velti hv. þm. því fyrir sér með mér, að einhver utanaðkomandi matsnefnd, matsvald, kæmist að þeirri niðurstöðu, að þessi viðskipti hefðu farið fram á miklu yfirverði, aðilinn, sem keypti, hafi greitt allt of hátt verð til hins sem seldi. Menn gera ekki svona að gamni sínu, það segir sig alveg sjálft. Hver er þá næsta spurning í þessum efnum? Hér er búið að lýsa því af hv. 3. þm. Reykv., að opinberir aðilar, sem bankavaldið auðvitað er, bankaráðsmenn eru, hafi gripið inn í vegna þess hvað menn í fyrirtækinu Iscargo voru illa staðir. Af hverju var slík góðmennska ekki til hjá öðrum og fyrr í þessum efnum? Á þetta eigum við að horfa, en leiða hjá okkur hins vegar hvort flugfélögin eru eitt eða tvö, hver flugmálastefnan eigi að vera. Meiri samkeppni eða minni samkeppni er algjört aukaatriði í þessu samhengi.

Sé málið dregið saman hefur raunar margt komið fram í þessari umr., fyrst hjá hæstv ráðh. og síðan óvænt, að ég hygg, hjá hv. 3. þm. Reykv., hvernig hann hefur varpað ljósi á þetta mál. En það held ég að sé eðlilegast af öllu, að um þetta sé spurt hér. Hitt væri líka eðlilegt, að eftirlitsvald á vegum löggjafans kannaði þessi viðskipti til hlítar, fengi metið raunvirði og spyr alveg til þrautar. Ég spyr hvort þessi viðskipti hafi farið fram með þessum hætti. Hvað gerði þau að veruleika? Sé svarið að flugleyfið komi í kjölfar þeirra er þar mjög alvarlegt mál á ferð.

Þá erum við komnir út á mjög alvarlegar brautir í þessum efnum. Hvað er þá næst í þessum efnum? Ég vil enn segja um upplýsingar hv. 3. þm. Reykv.: Mér kemur það ekkert við, hvers vegna bankinn greip inn í þessi viðskipti, og ég dreg ekki í efa að það sé rétt, að það séu tryggingar og það allt saman. En hann gaf upp ástæðu fyrir því, hvers vegna bankinn gerði þetta. Er þá ekki eðlilegt að hann sé spurður hvers vegna aðrir, sem eru hluti af hinu opinbera valdi, hafi haft afskipti af þessu máli, því það er augljóst að þau afskipti hafa átt sér stað?

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Engin afskipti haft af málum, vil engin áhrif hafa, sagði hæstv. samgrh. Ríkið á stóran hlut í Flugleiðum og þar með í Arnarflugi. Af þeirri ástæðu einni leiðir að hæstv. ráðh. hefur verið með í þessum málum öllum. Auk þess er það einkennileg tilviljun, eins og reyndar hefur komið hér fram, ef ráðh. vill engin áhrif hafa, að fundir voru í rn. bæði fyrir og eftir samningafundi hjá Iscargo og Arnarflugi og í beinu framhaldi af þeim fundum. Flugleyfi eru ekki til sölu, sagði hæstv. ráðh. En hvers vegna eiga þessi viðskipti sér þá stað? Hvaða nauðsyn rekur Arnarflug til að kaupa umræddar eignir önnur en sú að fá Amsterdam-leyfið frá Iscargo? Það eru engin not fyrir flugvélina, sem er aðalhluti eignanna. Það eru engin not fyrir þessi hús.

Að flestra mati er kaupverðið allt of hátt, líklega 10-12 millj. kr. of hátt. Reyndar var það rækilega undirstrikað af hv. 3. þm. Reykv. Og hvað er það annað en kaup á leyfi ef eignirnar eru keyptar á svo miklu yfirverði? Hæstv. ráðh. hafði áður lýst yfir að Iscargo mundi skrifa bréf, þar sem það afsalaði sér þessu leyfi, og að Arnarflug mundi líka skrifa bréf, þar sem sótt yrði um þetta leyfi. Áðan lýsti hæstv. ráðh. yfir að þessi bréf væru komin. Hann var líka búinn að lýsa því yfir áður, að hann mundi fallast á hvort tveggja, hann mundi fallast á að taka við leyfinu hjá Iscargo og afhenda Arnarflugi það. Hvað er þetta annað en að selja leyfið?

Það kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. að mikill hringlandaháttur væri í stefnunni í flugmálum. Flugleyfum er úthlutað til þriggja flugfélaga, algjörlega í mótsögn við þá stefnu sem ríkisvaldið hefur áður haft uppi. Á hinn bóginn er stuðlað að því að sameina þessi flugfélög aftur. Það er verið að fjölga þeim og fækka sitt á hvað. Og í báðum tilvikum notar hæstv. ráðh. útgáfu flugleyfa til þess að koma áhugamálum sínum fram. Allt ætlar af göflum að ganga vegna nokkurra leyfa til leigubílaaksturs sem hafa gengið kaupum og sölum, menn a. m. k. ætla það. Þá ætlaði allt að verða vitlaust í rn. Á sama tíma

beitir rn. sér fyrir því í reynd að verslun með flugleyfi fari fram í stórum stíl og fyrir ekki neina smáaura. Eins og ég sagði er þarna líklega um að ræða leyfi sem metið er á 10-12 millj. kr. samkv. þessum samningi. Nú er það svo, að bæði þessi flugfélög, sem hér hefur verið talað um, eru mjög tengd Framsfl. Bara út af því vekur þetta grunsemdir. Það er mannlegt, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að vilja hjálpa samherjum í nauð. En stóra spurningin er: Hversu langt getur ráðh. gengið í að nota eða misnota vald sitt til þess að koma þessu í gegn?

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það er í verkahring flugmálaráðherra að gefa út flugrekstrarleyfi og hann gerir það. Í því tilviki, sem hér er til umræðu, hefur hann gefið út leyfi til Arnarflugs hf. Í sambandi við það hafa verið hafnar umræður hér á Alþingi um að þessi viðskipti milli Arnarflugs og Iscargo hf. séu svo óeðlileg að það verði að líta svo á að hér sé um að ræða sölu á flugrekstrarleyfum. Þetta er býsna gróf ásökun. Það er nokkuð mikið sagt að segja á opinberum vettvangi hér á hv. Alþingi að ráðh. selji leyfi. Ég er hræddur um að þurfi að finna þeim orðum stað með rökum og það fullgildum rökum.

Það kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv., að miklar umræður hefðu orðið um þessi mál í bankaráði Útvegsbankans þar sem bankastjórar voru að gefa bankaráðinu skýrslu um málið, og það kom fram í hans máli í sambandi við mat á flugvélum, að verðið sé mjög sveiflukennt. Ég skal ekki um það dæma, hvort niðursveifla sé í þessum efnum eins og sakir standa. Mér heyrðist á hv. 3. þm. Reykv. að svo væri, ef vélar væru seldar um þessar mundir fengist lítið verð fyrir þær, t. d. ef Iscargo væri gert upp og eigur þess seldar nú. Ég skal ekki dæma um það. En mér finnst það nokkuð fljótfærnislegt, svo ekki sé meira sagt, að koma hér í ræðustól á Alþingi í almennum umræðum og halda því fram, að hér sé um að *ræða hneykslanleg viðskipti, draga þá ályktun af því*, að flugrekstrarleyfi séu til sölu.

Hvað er að segja um flugmálaráðherra af Flugleiðum hf. þegar þau mál voru til meðferðar í ríkisstj. og sérstaklega hjá samgrn. og flugmálaráðherra? Þá beitti hann sér fyrir því, að gerðir voru samningar við annað ríki, Lúxemborg, um að það legði fram verulegar upphæðir til íslensks félags, til Flugleiða hf. Af Íslands hálfu voru teknar ábyrgðir á gríðarlega stórum fjárhæðum til þess að tryggja áframhaldandi rekstur Flugleiða. Það voru teknar ákvarðanir um að fella niður stórkostleg gjöld til ríkisins, lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli. Ýmislegt fleira var gert til að styrkja Flugleiðir. Það hefði kannske verið hægt að halda því fram á þessum tíma, að þarna hefði flugrekstrarleyfi verið til sölu, en það, sem um var að ræða, var náttúrlega spurningin um hvort Flugleiðir lifðu áfram eða ekki. Mér er vel kunnugt um að Flugmálaráðherra lagði í það gífurlega mikið starf að tryggja áframhaldandi líf, vil ég segja, Flugleiða. Ég hef ekki trú á að Flugleiðir hefðu komist yfir þessa kreppu nema með stórkostlegri aðstoð og þá sérstaklega frá flugmálaráðherra. Ekki hef ég trú á að hægt sé að halda því fram, að hann hafi verið að vinna þetta verk gegn einhverri greiðslu.

Ráðherrar gefa út leyfi á hverjum einasta degi meira og minna, og það er hægur vandi að koma og halda því fram í almennum orðum að þeir séu að gera þetta í greiðaskyni við einn eða annan. Það er jafnvel hægt að halda því fram, að það sé gert gegn þóknun. En ef menn gera það verða menn að sýna fram á það svart á hvítu. Það duga ekki almennar umræður um svona mál, þegar svona ásakanir eru hafðar í frammi. Það verður að finna þeim orðum stað. Það verður að sanna slíka sök ef henni er haldið fram. Ég skal ekki gerast dómari í þessu. Ég þekki þó það vel til starfa hæstv. flugmálaráðherra að ég hef enga trú á að hann selji leyfi til flugrekstrar. Ég hef enga trú á því og finnst það mjög ómakleg ásökun, svo ekki sé meira sagt, nema sýnt verði fram á slíkt svart á hvítu.

Auðvitað deila menn um hvernig haga skuli flugmálum. Ég geri ráð fyrir að þegar menn ákváðu á sínum tíma að sameina Flugfélag Íslands og Loftleiðir, þá hafi menn gert það í þeirri trú að skynsamlegt væri að gera það. Ég dreg nokkuð í efa að reynslan hafi leitt í ljós að það hafi verið skynsamlegt. Þó að rekstur Flugleiða hafi á sínum tíma gengið vel og skilað miklum hagnaði, gífurlega miklum hagnaði, hefur komið í ljós að þessi rekstur er áhættusamur. Þá á ég alveg sérstaklega við Atlantshafsflugið. Hann er áhættusamur vegna þess að þar er við að etja samkeppni af hálfu mjög stórra og sterkra aðila. Ríki geta breytt um stefnu í þessum málum, eins og Bandaríkin gerðu skyndilega, sem leiddi til ofsalegrar samkeppni á Atlantshafsleiðinni. Það kom í ljós fyrir nokkrum árum, að stórkostleg áhætta var bundin við þennan rekstur. Þess vegna er eðlilegt að spurningar vakni um það, hvort ekki sé skynsamlegt að við höfum okkar innanlandsflug undir sérstakri stjórn eða aðskilið frá utanlandsflugi, því að það væri skellur fyrir Íslendinga ef Flugleiðir færu á hausinn og hættu sínum rekstri. Það snerti ekki eingöngu millilandaflugið, heldur einnig innanlandsflugið af því að þetta er allt samtvinnað. Því kann vel að vera að það væri skynsamlegra að hafa þetta aðgreint, hafa innanlandsflugið sér og blanda þessu ekki saman.

Ég get ekki orða bundist í sambandi við þessar umr. að lýsa furðu minni á því, að þm. skuli koma hér hver um annan þveran og bera slíkar sakir á ráðh. í nokkuð almennum orðum, án þess að rökstyðja það alveg svart á hvítu. Ég geri ráð fyrir að það, sem mest á ríður í þessu efni, sé mat á því, hvers virði þessi flugvél er. Það kann vel að vera að hún sé minna virði í dag en hún hefði verið fyrir kannske einu ári eða hálfu ári eða kann að verða eftir einhvern tíma. Það kann vel að vera, vegna þess að það eru sveiflur í þessum hlutum, miklar sveiflur. En ég er ekki farinn að sjá að hægt sé að sýna fram á það svart á hvítu að hér hafi verið um viðskipti að ræða sem séu ósæmileg, eins og gefið hefur verið í skyn, og eftir þessar umræður hlýtur að vera komið að Arnarflugi hf. að gera grein fyrir hvers vegna það hefur gert þetta. En ég mótmæli því mjög harðlega, að hér sé um að ræða sölu á flugrekstrarleyfum. Það er ósæmileg ásökun og ódrengileg og ekki rökstudd.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mjög. Mér finnst satt að segja verið að drepa þessu máli á dreif þegar hæstv. viðskrh. kemur í ræðustól og ber það, sem hér er verið að ræða, saman við það þegar verið var að fjalla hér um fyrirgreiðslu til Flugleiða. Þetta eru algjörlega óskyld mál og ekkert þar sambærilegt. Ég verð sömuleiðis að segja að mér þótti ræða hæstv. samgrh. með nokkuð undarlegum hætti, þar sem hann drap málinu mjög á dreif með því að ræða hér

almennt um flugmálastefnu, og gjörsamlega eru mér óskiljanlegar þær röksemdir hæstv. ráðh. að með því að skipta flugleyfum milli flugfélaganna sé verið að efla samkeppnina. Ég sé ekki betur en við blasi hið gagnstæða. Það er verið að skipta leyfunum til að koma í veg fyrir samkeppni á sömu flugleiðum. Þetta finnst mér ekki koma alveg heim og saman.

Það var alveg rétt sem hv. 9 þm. Reykv. vitnaði til áðan, að þau ummæli samgrh., að hann tryði ekki öðru en Flugleiðir hf. sýndu samningalipurð í ljósi þeirrar fyrirgreiðslu sem væri búið að veita fyrirtækinu, þau eru með endemum. Hugsum þetta aðeins lengra, að Flugleiðir sýni samningalipurð um hvað? Um að sleppa leiðum, sem þær hafa flogið lengi, og afhenda þær öðrum aðila.

En tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst það, að ég skildi ekki alveg hv. 3. þm. Reykv. sem kom í þennan ræðustól og talaði sem formaður bankaráðs Útvegsbanka Íslands, flutti hér langa ræðu sem slíkur, en fyrtist síðan mjög þegar hann var ávarpaður sem slíkur. Ég skildi ekki alveg og vil biðja hann að skýra svolítið nánar hvað hann átti við með því, að þarna hefði verið um að það ræða að afstýra því að 7-8 einstaklingar eða fjölskyldur — mér er ekki alveg ljóst hvort hann átti við — yrðu öreigar. Ég óska eftir að hann skýri þessi ummæli sín nánar. Hvað var þarna á seyði? Hvaða björgunarstarfsemi var bankaráðið þarna með?

En það sem er megintilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er að þær ásakanir, sem hér hafa verið bornar fram í dag, eru svo alvarlegar að það hlýtur að verða að fara fram rannsókn á þessu máli, — rannsókn sem miði að því að leiða sannleikann í ljós, hvort það er rétt, sem hér hefur verið haldið fram og fleiri en einn og fleiri en tveir hafa gert, að flugrekstrarleyfi hafi verið notuð sem verslunarvara eða skiptimynt. Þetta er svo alvarleg ásökun á hendur samgrh. að hann hlýtur að krefjast þess, að fram fari ítarleg rannsókn á málinu, og það hlýtur sömuleiðis að vera krafa þingsins að slíkar ásakanir hangi ekki í lausu lofti, heldur fari fram ítarleg rannsókn á þessu máli þar sem sannleikurinn komi í ljós.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil í fyrstu leyfa mér að harma að hér skuli koma fullyrðing um að ráðh. hafi misnotað ráðherravald sitt. Þetta er svo alvarleg fullyrðing að ég held að þurfi að færa fram meira í þessu máli en bara að fullyrða. Það verður að koma fram eitthvað sem sannar að ráðh. hafi misnotað sitt ráðherravald. Það er sérstaklega ætlast til þess samkvæmt stjórnarskránni að slík málsmeðferð fari í ákveðinn farveg í rannsóknum. Ef ásökun kemur fram og sá sem ásakar færir ekki fullyrðingu sinni stað, ef ég man rétt, er hann talinn sekur. Ég held að þurfi að koma eitthvað meira fram en fullyrðing. Það þarf að sanna slíkar ásakanir. Það er allt of algengt að menn fullyrði svona út í bláinn, hver sem situr í ráðherrastól.

Ég gat þess áðan að ég hefði ekki orðið var við afskipti ráðh. í þessu máli, hvorki sem flugráðsmaður né heldur sem bankaráðsmaður, og tala ég þá að sjálfsögðu sem þm. því ég er sem þm. í bankaráði Útvegsbanka Íslands. En ég harma að þetta tal skuli snúast þannig að ráðh. þurfi að koma hér upp og sanna sakleysi sitt. Það er furðulegt. En það er annað sem ég verð að harma líka, að sami hv. þm., 9. þm. Reykv., fullyrti, og hafði það eftir mér, að Útvegsbankinn hafi gripið inn í málið til að koma í veg fyrir að menn yrðu öreigar, og spyr svo hvers vegna. Þetta er rangt eftir mér haft. Hv. 9. þm. Reykv. hefur ekki hlustað á orð mín. Að sjálfsögðu hefði bankinn gengið að þeim veðum og tryggingum sem einstaklingar höfðu lagt fram til tryggingar skuldum Iscargo, og það hefði þýtt að viðkomandi aðilar hefðu tapað öllum sínum eignum. Það þýðir ekki að það hafi vantað upp á að bankinn hafi fengið sitt, en einstaklingarnir hefðu setið eftir með tómar hendur. En við það, að nýr og betri skuldari var fyrir hendi á lokastigi þessa máls, kaus bankastjórnin heldur að yfirfæra skuldir Iscargos yfir á þennan nýja skuldara, Arnarflug, en ganga að þeim einstaklingum sem sett höfðu þarna persónulega sínar eignir að veði. — Ég vona að ég hafi leiðrétt þennan misskilning og hv. þm. sé mér sammála um að hann hafi tekið þarna vitlaust eftir.

Ég gerði ekki flugmálastefnu að umræðuefni í þessum ræðustól, nema að því gefna tilefni sem kom frá hv. þm. Friðrik Sophussyni, sem ræddi um flugmálastefnu allt aftur í þær breytingar sem gerðar voru í tíð fyrrv. ráðh. Hannibals Valdimarssonar.

Ég vil líka með nokkrum orðum undirstrika það og leiðrétta sama misskilning hjá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, 5. þm. Suðurl., að það er að sjálfsögðu mannlegt að hjálpa nauðstöddum í neyð, en ég álít að bankinn hafi bara verið að taka tryggari skuldara. Þetta var ekki bein björgunarstarfsemi á neinum eða einum. Bankinn var að sjálfsögðu að gæta sinna hagsmuna. Ég undirstrika að bankastjórnin gerði það vel. En að sjálfsögðu hjálpum við þeim sem eru í neyð og þurfa á aðstoð að halda, í hvers konar neyð sem þeir eru. Með því að taka þennan betri skuldara var bankinn ekki að gera neitt annað en að koma í veg fyrir að einstaklingar yrðu þannig útleiknir, eins og ég gat um áðan, án þess að bankinn yrði fyrir nokkru tjóni. Ég tel það mannlegt, tel það sjálfsagt. Hefði bankinn átt þetta tækifæri og ekki notað það, en gengið að þessum einstaklingum, hefði mér liðið afskaplega illa og ég hefði talið að bankastjórnin hefði staðið illa að verki og komið skammarorði á okkur sem erum í bankaráði fyrir hönd Alþingis.

Ég vona, að ég hafi með þessu svarað hv. þm. Eiði Guðnasyni líka, og vík þá — með leyfi forseta — að Dagblaðinu í dag og leyfi mér að lesa þar forsíðufrétt, en það er fyrirsögnin „Kaup Arnarflugs á Iscargo til umræðu á Alþingi í dag: Ymsir hafa óeðlileg afskipti af málinu — segir Árni Gunnarsson alþm. Hlýt að draga þá ályktun að þarna hafi verið verslað með áætlunarflugleyfi." Mér þykir það ótrúlegt, en ég veit að hv. þm. er einfær um að finna þessum orðum sínum stað. En ég ætla þá að halda áfram og lesa greinina og svara þarna því sem snýr að Útvegsbankanum og þarna kemur fram sem spurningar. Til þess þarf ég að lesa alla greinina:

Árni Gunnarsson alþm. hefur óskað eftir utandagskrárumræðu á Alþingi í dag um kaup Arnarflugs á Iscargo.

„Ég ætla að fjalla um þau atriði sem snerta ríkisvaldið í þessu máli," sagði Árni Gunnarsson í samtali við Dagblaðið í morgun. „Ríkið hefur þarna víða inn í málið." Þarna vantar orð inn í. Líklega á að standa: „Ríkið hefur þarna víða gripið inn í málið." Það á t. d. 20% hlutafjár í Flugleiðum sem aftur eiga 40% í Arnarflugi. Samgrh. hefur einnig haft afskipti af þessum málum, sem ég tel ekki eðlilegt og ég hlýt að draga þá ályktun að þarna hafi verið verslað með áætlunarflugleyfi. Einnig kemur þarna

líka til sögunnar ríkisbanki, Útvegsbankinn, sem hefur nýverið fengið stórkostlega aðstoð til að rétta sig úr miklum vanda. Það hlýtur að vakna sú spurning, hvort allt hafi verið með felldu varðandi viðskipti Iscargo við Útvegsbankann."

Ég get fullvissað hv. þm. um að það var allt með felldu. Það var ekkert sem gefur til kynna í þessu máli að það þurfi að slá högg undir belti með því að gefa í skyn að þarna sé eitthvað ekki með felldu í bankanum og það fé, sem bankinn fékk til að rétta sig nóg við og bæta stöðu sína og rekstrarmöguleika með, hafi verið notað í þessum tilgangi. Það var ekki gert, og ég kem seinna að því. En ég held áfram með greinina, með leyfi forseta:

„Ég er ekki að halda því fram, að ekki hafi þar verið allt með felldu, en þessi mál verður að skoða." — Ég býð virðulegum þm. að skoða þessi mál með mér í trúnaði og hann getur fengið að vita það sem ég veit um málið, en í trúnaði.

„Í kaupsamningnum" — ef ég má með leyfi forseta halda áfram — „er gert ráð fyrir að Arnarflug yfirtaki skuldir Iscargo við Útvegsbankann, en mér sýnist á öllu að Arnarflug hljóti að verða að fá einhverja meiri fyrirgreiðslu til kaupanna því þvi er ætlað að greiða út umtalsverðar fjárhæðir í peningum og með víxlum." — Ég vil upplýsa virðulegan þm. og Alþingi um að ekkert nýtt fé fer frá Útvegsbanka Íslands í því samkomulagi sem er gert milli þeirra tveggja félaga sem eru til umr. og Útvegsbankans hins vegar. Það kemur ekkert nýtt fé frá Útvegsbankanum í þessu máli. Hvort Arnarflug eða Iscargo hefur fyrirgreiðslu annars staðar segi ég ekkert um. Ég er ekki í neinni aðstöðu til að fullyrða um það. Með leyfi forseta held ég áfram greininni:

„Það vaknar einnig sú spurning, hvort félag, sem er með 1.2 millj. í hlutafé, geti gert samning upp á 29 millj. kr. án þess að bera það undir hluthafafund."— Ég held að það sé öllum ljóst að rekstrarstjórnir hlutafélaga hafa fulla heimild til að gera svona ráðstafanir og kaup ef þeir hafa tækifæri til þess án þess að bera það undir hluthafafund, og það er alveg óháð því hvað útborgað hlutafé er mikið í félaginu. Hitt er annað mál, að það þarf í mörgum tilfellum samþykki hluthafafundar til að selja eignir hlutafélaga. Ég gæti vel trúað því, að Arnarflug hefði ekki heimild til að selja eða veðsetja eignir án þess að stjórnin öll, er mér sagt, eða í sumum tilfellum hluthafar leyfi það. Hvað halda menn að mikið af því hlutafé, sem er í Flugleiðum — þær hafa komið hér mikið á dagskrá — sé innborgað hlutafé? Mest af því er uppsafnað jöfnunarhlutafé. Þetta eru bara eignir vegna rekstrar félagsins, sérstaklega á þeim árum sem það gekk vel, sem gera það að verkum að hlutafjáreign eigenda er miklu meiri í krónutölu en nokkurn tíma var borgað inn í peningum sem hlutafé.

Ég vildi ekki láta þessu ósvarað úr því ég rakst á Dagblaðið eftir að ég kom upp í ræðustólinn í fyrra skiptið. Ég vona að ég hafi svarað þeim spurningum sem hv. þm. spyr í þessari Dagblaðsgrein frá því í dag. Ég *ítreka það alveg sérstaklega, að það eru ekki ný lán frá* Útvegsbanka Íslands í sambandi við þessar yfirfærslur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hefði satt að segja gaman af því að tala hér lengi og mikið um þessi mál og kannske rifja dálítið upp afskipti eigenda Iscargos af íslenskum flugmálum, bæði fyrr og síðar, en ég sé ekki ástæðu til þess.

Ég kem hérna upp til þess að minnast á örfá atriði sem hv. þm. Albert Guðmundsson hefur nefnt í mjög löngum og skemmtilegum ræðum á undan mér. Hann nefndi í ræðu sinni m. a. að bankaráð Útvegsbankans hefði orðið sammála um ákveðið erindi, ákveðinn hluta þessa máls, á fundi. Ég get aðeins sagt um það atriði, að bankaráðið var ekki spurt um eitt eða neitt. Bankaráði voru sýnd þessi plögg í dag, en ég veit ekki betur en þessir samningar hafi verið gerðir í gær.

Hv. þm. Albert Guðmundsson nefndi það einnig, að ef gengið hefði verið að fyrirtækinu Iscargo hefðu 8—10 einstaklingar orðið öreigar. Sem betur fer hefur verið komið í veg fyrir það. En hvað þýðir svona staðhæfing, að eigendur fyrirtækisins hefðu orðið öreigar ef gengið hefði verið að fyrirtækinu? Hún þýðir það einfaldlega að fyrirtækið er gjaldþrota ef menn missa eigur sínar. Þetta fyrirtæki, sem er svona statt, er keypt af Arnarflugi, og virðist það nú ekki vera sérstaklega góð fjárfesting að kaupa gjaldþrota fyrirtæki fyrir 29 millj. kr., tæpa 3 milljarða gamalla króna, eftir því sem hv. málshefjandi upplýsti mig um.

Ég vil ekki orðlengja þetta frekar, en það er alveg óhætt að fullyrða að þeir Arnarflugsmenn eru ekki aðeins mjög bjartsýnir, heldur hljóta þeir að vera mjög ríkir að kaupa fyrirtæki af þessu tagi. Þegar eitt flugfélag eins og Iscargo leggur upp laupana og hættir störfum, þrátt fyrir nýjar og ferskar hugmyndir sem eigendur þess komu með inn í fyrirtækið árið 1979, ef vitnað er í orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar, — nýjar og ferskar hugmyndir um hvernig mætti græða peninga, sem höfðu snúist yfir í bullandi skuldasöfnun, þá er eitt alveg víst, að þau flugrekstrarleyfi, sem það fyrirtæki hefur haft, verða ekki notuð af því lengur. Þetta geta þó andskotakornið ekki kallast dylgjur. Væntanlega munu þessi flugrekstrarleyfi ekki heldur liggja lengi ónotuð. Herra forseti. Ég þori að veðja að Arnarflug hf. fær þessi leyfi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er orðin löng og býsna fróðleg umr. sem hefur farið fram um þessi mál. Ég vil byrja á að taka það skýrt fram vegna orða hæstv. viðskrh., að í ræðu minni var ég ekki fullyrðingasamur í þessu máli. Ég dró upp nokkrar staðreyndir, og ég óska eftir að ráðh. lesi þá ræðu þegar hún kemur hér á prenti. Ég er nánast viss um að hann gerir það.

Ég gætti þess vandlega í ræðu minni að draga fram staðreyndir í þessu máli, greina frá dagsetningum, greina frá kaupsamningum, greina frá samningi Útvegsbanka við Iscargo og Arnarflug og fleira af því tagi. Ég ætla að gera það fyrir hæstv. ráðh. að gera aftur grein fyrir því, hvers vegna ég óskaði eftir þessari umr., svo að málin skýrist dálítið meira fyrir honum.

Ég sagði orðrétt: Íslenska ríkið er eignaraðili að Flugleiðum hf. er nemur 20%. Flugleiðir eiga 40% í Arnarflugi. Það gefur því auga leið að hér er um beina hagsmuni ríkisins að ræða. Getur nokkur maður neitað þessu?

Ég sagði einnig: Einn af ríkisbönkunum, þ. e. Útvegsbanki Íslands, kemur mjög við sögu í þessu máli. Nýlega hafa verið gerðar ráðstafanir til aðstoðar þessum banka og það hljóta því að vera beinir hagsmunir ríkisins hverjar ákvarðanir hann tekur í tengslum við þetta mál. — Þetta sagði ég einfaldlega og ekkert annað.

Ég sagði í þriðja lagi: Sé það ætlun hæstv. samgrh. að svipta eitt flugfélag a. m. k. tveimur áætlunarflugleyfum

til að afhenda þær öðru flugfélagi býður það heim stórfelldum skaðabótakröfum á hendur ríkissjóði. Það eru því beinir hagsmunir ríkisins hverjar ákvarðanir verða teknar í þeim efnum.

Ef þessi þrjú atriði koma ekki löggjafarsamkundu þjóðarinnnar við veit ég ekki hvað kemur henni við. Ég blæs því á allar aðrar fullyrðingar sem hér hafa komið fram um að þessi umr. af minni hálfu í dag sé runnin af einhverjum undarlegum rótum. Ef hv. þm. gera sér ekki grein fyrir því, hvert er hlutverk löggjafarsamkomu í lýðfrjálsu ríki, er best að þeir fari að gera það úr þessu.

Ég sagði einnig — og það er best að ég endurtaki það orðrétt svo það fari ekki fram hjá neinum manni — án þess að vera með nokkrar fullyrðingar: „Hæstv. samgrh. hefur í mín eyru sagt að hann og hans ráðuneyti hafi engin afskipti haft af máli þessu. Sé svo tel ég að ráðh. hafi brugðist skyldu sinni því auðvitað ber honum að gæta hagsmuna ríkisins, sem vegna eignarhluta í Flugleiðum hf. er einnig eigandi að Arnarflugi. Ég leyfi mér hins vegar að draga í efa að hæstv. ráðh. hafi engin afskipti haft af þessu máli, en þau hafa að mínu viti ekki verið til að gæta hagsmuna ríkisins. Það er svo önnur saga," sagði ég enn fremur, „hvort ráðh. hafi gert það með glöðu geði að skipta sér af þessu máli." Ég vil að menn muni þessa setningu.

Ég sagði líka til að renna stoðum undir að ráðuneytið eða ráðh. hefði haft afskipti af þessu máli, að sérstakur fulltrúi ráðh. í stjórn Flugleiða hefði fylgst með einum samningafundanna þegar verið var að koma á samkomulagi á milli Iscargos og Arnarflugs. Samningurinn var gerður aðfaranótt 3. þ. m. og var kynntur fyrir ráðh. daginn eftir. Ég sagði líka að 2. þ. m., daginn fyrir næturfundinn þar sem bráðabirgðasamkomulagið tókst og var undirritað með fyrirvara, þá og fyrst þá frá því í nóvembermánuði s. l. undirritaði hæstv. ráðh. bréf þar sem Arnarflugi var heimilað áætlunarflug til Düsseldorf og Zürich í Sviss. Getur verið, er hugsanlegt að einhver hv. þm. sé svo blindur að sjá ekki samhengið á milli þessara dagsetninga? Er það út í hött að láta sér detta í hug að það sé samhengi á milli þessara dagsetninga? Svari hver fyrir sig.

Ég sagði líka: „Fimmtudaginn 4. mars var haldinn fundur í fullskipaðri stjórn Arnarflugs þar sem samkomulagið var kynnt, en morguninn eftir, hinn 5. mars, óskaði hæstv. ráðh. eftir fundi í flugráði, sem síðan var frestað." Getur verið að það sé samhengi á milli þessara tveggja dagsetninga?

Herra forseti. Ég held að það sé nánast ástæðulaust að karpa miklu meira um þetta mál. Ég held að allir menn, sem vilja skilja, skilji hvað hér er á ferðinni. Ég ætla ekki að fara að rífast eða deila við hæstv. samgrh. frekar um þetta mál, enda held ég að málflutningur okkar beggja hér í dag hafi verið á þann veg að það hafi ekki verið um beinar deilur að ræða, heldur frekar skipti á upplýsingum sem við höfum. Ég er nánast viss um að þegar öll kurl koma til grafar er álit okkar beggja á þessu máli mjög svipað. Það er kannske hin sorglega staðreynd að þurfa stundum að taka ákvarðanir sem ráðh. Ég vil þó, áður en ég lýk máli mínu, herra forseti, spyrja nokkurra spurninga.

Hv. þm. Albert Guðmundsson skýrði hér frá því, að Útvegsbankinn hefði veitt Iscargo frest vegna þess að það hefði verið hugmyndin að reyna að selja Electra-flugvél þá, sem um ræðir í þessu máli, til Perú. Hann sagði að það verð, sem hefði átt að fást fyrir vélina, hefði verið mjög nærri því hámarksverði sem nú er á þessum vélum á Bandaríkjamarkaði, 1.9 millj. dollarar. En hvers vegna, ég spyr hv. þm., metur bankinn vélina á 1 millj.?

Hann sagði jafnframt að kaupendur hefðu ekki reynst vera fyrir hendi síðast þegar reynt var að selja vélina. Hefur hv. þm. trú á að kaupandinn sé kominn, að hann hafi skotist upp úr jörðinni rétt í því samhengi dagsetninga sem við höfum núna hlustað á?

Þá sagði hann, og þar get ég verið honum hjartanlega sammála, að það hlyti að vera sársaukafullt að gera 7—10 manns eignarlausa eða 7—10 fjölskyldur — nú veit ég ekki hvort hann átti við. Það gerir sér enginn að leik, ekki nokkur maður. En ég spyr um leið: Hvað mega litlu karlarnir gera sem verða fyrir áföllum, — fólkið sem kaupir sér íbúðir og getur ekki staðið í skilum og er auglýst í dagblöðum Reykjavíkur á nauðungaruppboðum dag eftir dag? Er það ekki bara gert upp? Og ég spyr líka: Hvar er hin frjálsa samkeppni þar sem menn eiga að standa og falla með fyrirtækjastofnunum þar sem þeir tapa eða græða? Er það með þetta eins og svo margt annað í þessari svokölluðu frjálsu samkeppni, að þegar vel gengur á hagnaðurinn að renna í vasa eigandans, en þegar illa gengur á ríkið að hlaupa undir bagga? Þetta er algildur málflutningur þeirra manna sem prédika fullt frelsi í viðskiptum.

Síðan var spurt hér: Eru það bara Flugleiðir sem eiga að fá ríkisaðstoð? Hafi þessari spurningu verið beint til mín vil ég að það komi skýrt fram, og það kemur fram í þskj., að ég var á móti því á sínum tíma að haldið yrði áfram að styðja Flugleiðir til Norður-Atlantshafsflugs. Hér hef ég því ekki nokkurra minnstu hagsmuna að gæta. Ég hafði engan áhuga á að það flugfélag yrði stutt til Norður-Atlantshafsflugs, einfaldlega vegna þess að ég hafði enga trú á að það flug mundi bera sig, og það hefur komið í ljós. Ég taldi að það væri unnt að halda uppi eðlilegum samgöngum við Bandaríkin með u. þ. b. tveimur ferðum í viku eða einni ferð í viku, en allt það flug, sem nú fer fram á milli Luxemborgar og Bandaríkjanna, væri fjarstæða og væri út í hött.

Ég veit ekki af hverju hæstv. viðskrh. hlær, nema hann hafi verið að tala við hv. skrifara deildarinnar. (Gripið fram í.) Það var gott. Annars hefði ég viljað fá að heyra það strax. (**Gripið fram í:** Ég get nú eiginlega ekki sagt það.) Það var gott. Ég gleðst mjög með hæstv. viðskrh. að honum er hlátur í huga og skemmtir sér við þessa upptalningu. Ég er kominn að honum svo það er indælt að geta átt við hann orðastað.

Hæstv. viðskrh. kom hér upp býsna myndugur á svipinn, eins og hans var von og vísa, og studdi sinn flokksbróður, eins og honum bar, og bar af honum þar sem hann taldi að illa hefði verið um hann talað. Var auðvitað bæði drengilegt og rétt af honum að gera þetta. Hann sagði hins vegar og fordæmdi það, að menn ræddu í þessu sambandi einhver hneykslanleg viðskipti. Ég hef aldrei viðhaft það orðalag. Hann talaði líka um að þm. bæru sakir á ráðh. Það, sem ég gerði í mínu máli, var að biðja ráðh. að svara spurningum, og til að fá möguleika til að bera upp þessar spurningar þurfti ég að færa rök fyrir því hvers vegna. Það hlýtur hæstv. ráðh. að skilja.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan, að það kemur ekkert nýtt fé frá Útvegsbankanum inn í þessi kaup. En einhvers staðar verður Arnarflug að fá þá lausafjármuni sem félaginu er ætlað

að greiða þegar kaupsamningurinn tekur gildi, í fyrsta lagi 3.8 millj. í peningum og í öðru lagi 1 millj. í ríkissjóð. Einhvers staðar verða þessir peningar að fást. Getur kannske hæstv. bankamálaráðh. sagt mér hvaðan þeir koma? Hann getur það ekki. Það kemur kannske í ljós hvaðan þetta viðbótarfé kemur.

Ég vil láta það verða endinn á þessum málflutningi mínum, að ég stend við það sem ég sagði upphaflega og voru kannske þau grófustu orð sem ég notaði. Ég sagði að það væri ólykt af þessu máli. Við það stend ég. Telji menn að þetta sé ekki rétt fullyrðing hafa þeir auðvitað fullan rétt til að líta svo á málin. En ég er sannfærður um að allt það fólk, sem hefur sæmilega góða heyrn og sæmilega góða skynsemi, hljóti að átta sig á að hér er ekki allt með felldu, hvað sem hver segir. Það er ekki allt með felldu þegar svona viðskipti fara fram á sama tíma og bréf berast frá ráðuneytum með dagsetningum sem koma heim og saman við kaupsamninga. Það er ekki allt með felldu. Ég held að ég þurfi ekki að taka dýpra í árinni en ég hef gert. Ég get hins vegar sagt það að lokum, að ég vænti þess fastlega, eins og fleiri ræðumenn í dag, að hæstv. samgrh., sem að vísu hefur mikið og margt á sinni könnu, vindi nú bráðan bug að því að leggja fram á Alþingi formlega till. um mótun íslenskrar flugmálastefnu. Sá háttur, sem hafður hefur verið á um úthlutun á flugleyfum m. a., leiðir bara til vandræða. Hann getur aldrei gert neitt. Það var sagt á sínum tíma, þegar Iscargo fékk Amsterdam-flugleyfið, að félaginu mundi ganga vel, það mundi hagnast á þessu og það væri blómleg tíð fram undan. Hvernig er komið nú? Ég verð að segja að ég ber það mikla virðingu fyrir flugfélaginu Arnarflugi að ég vil ekki að þannig fari fyrir því. Ég vil ekki að það sé að vissu leyti ginnt til kaupa á fyrirtæki sem hlýtur að verða stórkostlegur baggi á því. Öll skynsamleg rök að mínu mati mæla gegn því, að þetta dæmi þeirra geti gengið upp með öllum þeim skuldum, sem félagið, hefur fyrir, þeim skuldum, sem það nú tekur á sig, þeim vaxtargreiðslum, sem hljóta að hrannast upp, og þeim lausafjármunum, sem félagið verður að reiða af hendi við þessi kaup. Þó að það fái fyrirgreiðslu í bönkum með þessa lausafjármuni hlaðast líka á vextir. Það verður að ganga býsna vel í flugrekstrinum hjá því í sumar ef það á að greiða allar afborganir og vexti af öllum þeim lánum sem það hefur tekið og það hefur nú yfirtekið — ég segir því miður.

Herra forseti. Þetta mál er auðvitað af þeim toga spunnið að hvorki ég né aðrir þm. geta dregið hingað upp í stólinn menn eða konur sem geta borið vitni um eitt eða annað sem sagt hefur verið, undirritað á fundum eða á skrifstofum einhvers staðar úti í bæ. Slíkt er gjörsamlega útilokað. Það eina, sem við getum gert í þingræðislandi, er að renna stoðum undir það sem við erum að segja, og það tel ég mig hafa gert hér í dag fullkomlega og þannig að hver maður hljóti að skilja hvert ég er að fara.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal nú ekki teygja lopann miklu lengur, enda satt að segja sýnast mér ekki vera mörg atriði sem ég þarf að svara hér að nýju. Þó eru fáein sem ég vil leyfa mér að koma að.

Hv. þm. Friðrik Sophusson taldi að ég hefði ekki gert hreint fyrir mínum dyrum. Hann verður að hafa þá skoðun í friði. Ég leitaði eftir því í hans ræðu, hvað það væri einkum sem hann teldi að ég hefði ekki gert nægilega góða grein fyrir. Mér virðist það vera tvennt. Í fyrsta lagi taldi hann mjög grunsamlegt að svo lengi hefði dregist að veita Arnarflugi þessi tvö flugleyfi, á Düsseldorf og Zürich. Ég skal með ánægju skýra það.

Hv. þm. gat þess ekki, að ég skrifaði Arnarflugi bréf eða svaraði réttara sagt umsókn Arnarflugs um flugrekstrarleyfi mjög fljótlega eftir að flugráð hafði um þessi mál fjallað. Mig minnir að þetta bréf hafi verið dagsett 11. nóv. eða a. m. k. mjög nálægt því. Þar tjáði ég Arnarflugi að ég mundi veita því leyfi til að fljúga á Þýskaland og Zürich, en tjáði því jafnframt að áður en unnt væri að ganga frá þeim leyfum yrði að ræða við flugmálayfirvöld viðkomandi landa. T. d. erum við ekki með samning við Sviss. Í þetta var farið. Flugmálastjóri fór í það og fékk staðfestingu þar á því að þetta mundi verða í lagi. Síðan óskaði ég eftir að utanrrn. gengi formlega úr skugga um þetta, m. a. vegna þess að í svari þýsku flugmálayfirvaldanna komu fram óskir um ákveðnar upplýsingar. T. d. sögðust þeir vilja fá staðfest að hér væri um raunverulegt flug á milli Þýskalands og Íslands að ræða en ekki gegnumflug, þ. e. farþegar fluttir hingað og svo áfram til Bandaríkjanna. Þetta eru eðlilegar spurningar, mjög eðlilegar, og þetta var upplýst. Þá kom einnig fram að þýsk flugmálayfirvöld vildu síður að flogið yrði á Hamborg, af ástæðum sem ég veit ekki hverjar eru. Þetta varð til þess, að forstjóri Arnarflugs fór til Þýskalands og ræddi við flugmálayfirvöld þar um þessi mál og gerði grein fyrir þeim. Þetta tók allt alllangan tíma.

Þegar þetta var svo nokkurn veginn komið í höfn höfðu staðið yfir nokkuð lengi viðræður Arnarflugs og Flugleiða sem ég — eins og ég sagði áðan í ræðu minni — batt miklar vonir við. Ég hélt að þær mundu leiða til flugmálastefnu sem menn gætu þá sætt sig við og væri viðunandi að mínu mati. Í þeim viðræðum kom m. a. fram, eins og ég sagði einnig áðan, að Flugleiðir lögðu á það mjög ríka áherslu að ekki yrði veitt leyfi til að fljúga á Frankfurt. Ég taldi mér skylt að ræða þetta við Flugleiðir. Það gerði ég og vildi fá að heyra þeirra rök. Þetta tók einnig einhvern tíma. Það var að þessu loknu sem ég gaf út heimild til að fljúga á Düsseldorf og Zürich. Menn eru með getsakir um að dagsetningar þarna séu eitthvað einkennilegar. Menn verða bara að fá að vera eins getspakir og þeim sýnist. Það stóð bara þannig á, að þetta var tilbúið til afgreiðslu og ég afgreiddi málið þá.

Mér heyrist annars vegar að þetta eigi að vera einhvers konar umbót fyrir Arnarflug, að kaupa Iscargo, en hins vegar að hálfpartinn sé verið að þvinga Arnarflug til að kaupa Iscargo. Menn verða að fá að meta það. Ég kann ekki svör við slíkum hugrenningum.

Í öðru lagi ræddi hv. þm. um það — og mér skildist að hann teldi eitthvert ósamræmi í því, sem ég sagði hér, og því, sem hann las upp úr minni ræðu um leyfi til Iscargo. að það væri ekki stefnubreyting. Eins og hann las sjálfur upp sagði ég að það út af fyrir sig væri ekki stefnubreyting þó að Iscargo fengi leyfi til að fljúga til Amsterdam, þangað flygi það þegar með frakt og með slíku væri verið að leita að betri grundvelli fyrir það fraktflug með því að sameina þetta tvennt. Ég endurtek: Ég leit ekki svo á um stefnubreytingu væri að ræða í sjálfu sér. Hins vegar vinn ég að því að fá fram verulega stefnubreytingu, ég hef aldrei farið leynt með það, og ég vildi gjarnan leggja hér fram þáltill. um stefnuna í flugmálum. Ég gæti gert það á morgun, ég er búinn að lýsa henni hvað eftir annað í

ræðum. Ég hef lýst henni í ræðum hér, ég hef lýst henni á fjölmennum fundi t. d. á Loftleiðum og víðar, þar sem sérstaklega var spurt eftir því. Mig minnir að hv. þm. Árni Gunnarsson hafi spurt eftir því eða Eiður Guðnason. Ég hef aldrei farið leynt með það við nokkurn mann, að ég tel það vera skynsamlega stefnu í flugmálum að lítið flugfélag starfi hér við hliðina á risanum og verði skapaður grundvöllur til að starfa, m. a. með því að fá sæmilega góðar áætlunarleiðir á Evrópumarkaðinn.

Menn hafa hér reynt að gera það tortryggilegt, að þessir menn gengu á minn fund. Það yrði nokkur listi ef ég ætti að telja hér upp öll þau skipti sem fulltrúar flugfélaganna hafa komið á minn fund. Ég er ekki viss um að ég hafi hann allan, en gæti þó kannað það í minni dagbók. Þau eru mörg málin sem flugfélögin telja sig þurfa að ræða við ráðh. um. Og ég held að það sé ekkert nýtt.

Um þetta mál er það fyrst að segja, að Arnarflugsmenn ganga á minn fund nokkru fyrir umræddan samningafund á Sögu og segja mér að þeir séu að ræða við Iscargo um að kaupa hlutafé Iscargos, þannig verði eigendaskipti, og þeir spurðu mig hvort ég mundi svipta Icargo leyfinu ef þeir keyptu hlutaféð? Ég sagðist ekki sjá neina ástæðu til þess, mér dytti ekki í hug að svipta Flugleiðir leyfinu ef Klak hf. — eða hvað það heitir sem á meiri hluta þar — seldu öðrum íslenskum aðila, seldu Hafskipi eða einhverjum öðrum. Mér dytti slíkt ekki í hug. Ég sæi engan grundvöll til þess. Hins vegar verð ég að viðurkenna að þá væri verið að kaupa leyfi. Þegar Flugleiðir hf. kaupa Loftleiðir og Flugfélagið, eru þær þá ekki að kaupa leyfi í raun og veru? Ég er viss um að þær hefðu aldrei gert slíkt nema af því að leyfin fylgdu með. Þær keyptu hlutaféð og reyndar lögðu niður félögin.

Mér þykir ákaflega leitt að heyra að menn telji að ég sé að selja leyfi í þessu sambandi. Mér þykir það ákaflega leitt. Ég verð að segja það eins og er. En ég get ekki gengið lengra en ég hef gert til að sannfæra menn um að svo er ekki. Ég tók það skýrt fram við Arnarflugsmenn og Iscargo, að það væri ekki um það að ræða. Ef þeir hefðu keypt hlutaféð hefði líklega enginn getað staðið hér upp og ásakað mig um eitt eða neitt. En þó hefðu þeir þá líklega verið að kaupa leyfin. Þetta dettur mér í hug þegar ég hlusta á menn tala hér. Þá keyptu þeir hlutaféð með öllu sem fylgdi og Iscargo hefði haldið áfram en aðrir eigendur rækju félagið.

Þeir gengu líka á minn fund og spurðu mig hvort nokkur breyting væri á þeirri hugmynd minni að skapa öðru flugfélagi, Arnarflugi í þessu tilfelli, rekstrargrundvöll með því að veita því áætlunarleyfi. Ég tók skýrt fram við þá að engin breyting væri á þeirri skoðun minni og ég teldi mig reyndar hafa allákveðna viljayfirlýsingu Alþingis þar sem þau skilyrði voru sett, að Arnarflug yrði sjálfstætt félag, og því eðlilegt að reyna að skapa því rekstrargrundvöll. Ég viðurkenni að í því kom ekkert fram um að það ætti að fá áætlunarleyfi. Hins vegar veit ég að fulltrúar starfsmanna Arnarflugs, sem komu á nefndarfundi, lýstu því við nefndirnar, að því er mér er tjáð, að þeir teldu nauðsynlegt í þessu sambandi að fá áætlunarleyfi. Ég held því að það hafi ekki farið fram hjá neinum að þeir töldu alla tíð að þeir þyrftu að fá áætlunarleyfi.

Ég lýsti því áðan er Iscargo hefði skilað inn leyfum eins og því ber. Ég hef aldrei farið leynt með það, að ég teldi æskilegt að Arnarflug flygi á þessari leið. Ég hef aldrei farið leynt með það. Vel má vera að þegar Arnarflug kaupir reikni það með að ég standi við sannfæringu mína í þessum málum.

Menn hafa talið það tortryggilegt, að ég kalla til flugmálastjóra, varaflugmálastjóra og þá flugráðsmenn og varaflugráðsmenn sem ég náði til þegar þetta var á döfinni. Ég veit ekki við hverja ég á að hafa samráð ef ekki við þessa menn. Þetta var ekki flugráðsfundur. Fundinum er frestað fyrst og fremst af því að ég varð að fresta þeim fundi. Fundurinn var haldinn síðar, áður en búið var að ganga frá þessum málum. Ég var engin bréf búinn að fá í hendurnar þá. En ég taldi nauðsynlegt að gera þessum mönnum grein fyrir því, sem ég er að vísu oft búinn að segja opinberlega, að ég teldi þetta skynsamlega stefnu. Og ég spurði: Hafið þið eitthvað við það að athuga? Ég vildi gjarnan fá fram athugasemdir frá mönnum áður en lengra væri haldið. Menn lýstu þar skoðunum sínum á þessu máli og ég met það. Ég ætla ekki að fara að lýsa þeim nú, þeir geta gert það sjálfir. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur þegar gert það. Ég taldi mér verulegan stuðning í því sem kom fram hjá þessum ágætu mönnum sem eru önnum kafnir í flugmálunum. Nú er það gert tortryggilegt og á víst að undirstrika það, að ég sé að selja leyfi.

Ég verð að segja að mér hefur þótt dálítið fróðlegt að kynnast hugarheimi sumra sem þannig hafa talað. Þó verð ég að segja að ég varð fyrir mestum vonbrigðum að heyra slíkt frá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni. Ég er ekki að selja leyfi, en ég ætla að reyna að nota þetta tækifæri til þess að koma á skynsamlegri flugmálastefnu, og ég mun ræða við Flugleiðir á morgun.

Einnig er fullyrt að ég sé að hóta Flugleiðum einhverju. Ég sagði nokkurn veginn með þeim sömu orðum að í viðræðum Flugleiða og Arnarflugs hefðu Flugleiðir náð því, að ég lét ekki Arnarflug fá leyfi til Frankfurt. Þær hefðu líka náð því, að Arnarflug bauð ekki í leiguflug til Kaupmannahafnar, í þeirri trú, að mér er tjáð, að samkomulag yrði um að það færi út af þeim leiðum. (**Gripið fram í:** Er það hin frjálsa samkeppni?) Frjáls samkeppni. Vitanlega ber að skapa hinni frjálsu samkeppni vissan ramma. Er það ekki iðulega gert? Er ekki t. d. við úthlutun á útflutningsleyfum reynt að skapa hinni frjálsu samkeppni einhvern ramma svo ekki fari út í öfgar? Ég tel mig vera að gera það í því sem verið er að gera. Ég er ekki með neinar hótanir í garð Flugleiða. Ég vísa því á bug. En ég segi: Þær fengu þetta, og ég geri mér vonir um að þeir meti það einhvers og vilji þá semja um málin. Ég ætla að ræða við þá í fyrramálið um það.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Búið er að teygja lopann mikið um þetta mál og margt fróðlegt hefur komið fram. Ég blanda mér að sjálfsögðu ekki í það sem hér er talað um bankastarfsemina. En ég vil þakka hv. þm. Albert Guðmundssyni fyrir þær upplýsingar sem þar komu fram. Ég hef ekki heyrt þær nema að litlum hluta áður. Mér er ljóst að þar hefur verið haldið rétt og vel á málum og hagsmuna bankans gætt. Og út af því sem hér var sagt áðan, að við fengjum fljótlega að sjá hér flugmálastefnu eða till. um slíkt, vildi ég mjög gjarnan gera það sem fyrst og er tilbúinn að leggja fram till. til þál. um það. En ég tel að heilladrýgra sé að ná slíku fram með samkomulagi, og ég er búinn að vera að sýsla við það í allan vetur. Það hefur farið mikill tími margra manna í það og hefur því miður ekki gengið betur.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. Það er aðeins eitt atriði sem mig langar til að nefna. Eins og ljóslega kom fram hjá hæstv. samgrh. hefur kjarni þessara umræðna verið hvort flugleyfi, sem hæstv. ráðh. úthlutar, hafi haft áhrif til að hækka verulega það söluverð, sem Iscargo fékk fyrir eignir sínar í viðskiptum við Arnarflug, og hvort þau afskipti hæstv. ráðh. hafi þar með forðað eigendum Iscargo frá tilteknu fjárhagstjóni. Þetta er kjarni umræðunnar sem hér hefur farið fram.

Í þessari umræðu hefur m. a. komið fram frá hæstv. ráðh. í fyrsta lagi, að hann átti von á því, að í kjölfar viðskiptanna mundi hann fá bréf frá Iscargo, þar sem flugfélagið afsalaði sér flugleyfi til Amsterdam, og jafnframt bréf frá Arnarflugi, sem sækti um þetta sama flugleyfi. Það hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að þessi bréf bæði hafi honum borist, og það hefur komið fram hjá hæstv. ráðh., að hann muni taka erindunum jákvætt. Spurningin er að sjálfsögðu sú, hvort aðilar að þessum viðskiptum höfðu vitneskju um þessa afstöðu ráðh. og hvort hún hefur orðið til þess að söluverð á eignum Iscargos hefur hækkað mjög verulega.

Þá hafa líka komið fram í þessari umr. — og ekki verið mótmælt — upplýsingar um hvert þetta kaupverð er. Kaupverðið, sem er skráð í samninginn, er 29 millj. ísl. kr. Þá ber að skoða hvað menn vita um verðmæti þeirra eigna sem gengu kaupum og sölum. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur upplýst að það er rétt hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, að Útvegsbanki Íslands hafi metið aðaleign Iscargos, flugvélina, á 1 millj. dollara eða 10 millj. ísl. kr. Aðrar eignir, sem þarna gengu kaupum og sölum, voru tvær: nokkrir skúrar á flugvellinum og varahlutir og lausafé. Þá er spurningin: Fyrst Útvegsbanki Íslands, viðskiptabanki fyrirtækisins, metur flugvélina á 10 millj. kr. — þá eru 19 millj. kr. eftir af kaupverðinu — er þá líklegt að matið á þessum kofum á flugvellinum og lausafénu, sem fylgdi með í kaupunum, nái þessu? Það er mjög einfalt að ganga úr skugga um a. m. k. annað atriðið, vegna þess að bæði fasteignamat og brunabótamat á umræddum húseignum liggur fyrir í opinberum gögnum. Menn þurfa ekki annað en eitt símtal á skrifstofu Húsatrygginga Reykjavíkur til þess að fá upplýst um brunabótamatið á umræddum húseignum Iscargos. Þá liggur sem sé fyrir opinbert mat annars vegar viðskiptabanka fyrirtækisins, Útvegsbankans, á aðaleigninni, flugvélinni, upp á 10 millj. kr., hins vegar brunabótamat á húseignunum sem mun nánast vera sannvirði. Á hinn bóginn liggja að sjálfsögðu ekki fyrir opinberlega neinar matstölur um lausafé. Komi það nú í ljós, að þetta opinbera mat, annars vegar á flugvélinni og hins vegar á húseignunum, er töluvert fyrir neðan þessar 29 millj. kr. sem greiddar verða af Arnarflugi fyrir umræddar eignir Iscargo, fyrir hvað hafa menn þá verið að borga umfram þá upphæð sem felst í umræddu mati?

Hv. þm. Magnús H. Magnússon gat sér til að þessi upphæð umfram raunhæft mat á eignum fyrirtækisins væri 10—12 millj. kr. Sú upphæð getur þá ekki verið greidd fyrir annað en „goodwill" fyrirtækis sem hefur komið fram að varla á fyrir skuldum. Og „goodwill" hjá hverjum? „Goodwill" hjá hæstv. ríkisstj. og hæstv. samgrh.?

Það er alveg rétt hjá hæstv. viðskrh., að það stendur upp á þá Arnarflugsmenn að svara þessari spurningu. Það hefur verið upplýst hvert sé söluverðið sem þeir greiða fyrir eignir Iscargos. Það hefur verið upplýst hver er aðaleignin í þeim viðskiptum, umrædd flugvél, og hvað viðskiptabanki fyrirtækisins metur þá eign. Og brunabótamatið á húseignunum liggur fyrir í opinberum gögnum. Eðlilega væri þá nærtækast að biðja Arnarflug um nokkrar skýringar á þessu kaupmáli, eins og hæstv. viðskrh. tók fram. Það stendur upp á það að svara. Og það vill svo vel til að handhafar almannavaldsins, þ. á m. hæstv. samgrh., eiga mjög auðvelt með að fá það upplýst, vegna þess að þessir sömu handhafar almannavaldsins fara í umboði Alþingis og þjóðarinnar með hlutafjáreign í Flugleiðum sem aftur á stóran hlut í Arnarflugi. Fulltrúar ríkisvaldsins í stjórn Flugleiða eiga mjög auðvelt með að fá upplýst hjá Arnarflugi hvaða mat fyrirtækið hafi sjálft lagt á þær eignir sem það hefur verið að kaupa. Og mér er nær að halda, þó að ég sé ekki búinn að ganga úr skugga um það, að alþm. eigi hægt um vik að fá þeirri spurningu svarað. Legðu alþm. fram fsp. hér á Alþingi eða beiðni um skýrslu frá hæstv. fjmrh. eða hæstv. samgrh., þar sem þess væri óskað, að ríkisstj. beitti eignaraðild ríkisins að Flugleiðum til þess að fá upplýst frá Arnarflugi hvert er mat Arnarflugs sjálfs á þeim eignum sem það er að kaupa, þá ætti að koma í ljós hvort þeir Arnarflugsmenn meta velvild hæstv. samgrh. til fjár. Það er hins vegar að sjálfsögðu þeirra mál.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það fer nú að verða nokkuð öruggt og fast starf að leiðrétta eða reyna að fá menn til að skilja rétt það sem talað er og farið er með í tölum. 1 millj. dollara verð á þeirri flugvél, sem hér um ræðir og kom fram hjá fyrirspyrjanda, hv. þm. Árna Gunnarssyni, og ég staðfesti að komið hafi réttilega til umræðu í bankanum, er ekki nauðsynlega söluverð vélarinnar. (**Gripið fram í:** Verðmæti hennar.) Fyrirgefið, virðulegi þm., nú er komið að mér að tala. Þegar aðrar eignir, sem standa að veði fyrir þeirri skuld sem Iscargo er í við Útvegsbanka Íslands, eru seldar, miðað við að þær seljist á því verði sem þær eru metnar á, og er hér um að ræða heimili þeirra sem ég var að tala um áðan, fasteignir, hús og annað sem þeir eiga í verðmætum, þá er talið að söluverð vélarinnar þurfi að vera 1 millj. dollara til þess að Útvegsbankinn fái allt sitt. Þess vegna er talað um að söluverð vélarinnar þurfi að vera 1 millj. dollara til þess að Útvegsbankinn nái sínu út úr uppgjöri. En það er ekki þar með sagt að Útvegsbankinn, ef hann ætti nú þessa vél til sölu án þess að hafa Arnarflug með í myndinni, mundi láta vélina fyrir 1 millj. dollara, því að sá, sem þá keypti, væri að gera mjög góð kaup.

Ég vil upplýsa það, að þau ár sem ég hef verið flugráðsmaður — og á þeim tíma var hæstv. núv. flugmálaráðherra flugráðsmaður líka — hef ég þrisvar sinnum verið kallaður á fund ráðh., fyrst í tíð hæstv. fyrrv. ráðh. Halldórs E. Sigurðssonar. Þá var það til að leggja okkur lífsreglurnar á sínum tíma og kynna okkur nýjar reglur, reglugerð sem hann hafði sem starfsreglur fyrir flugráð. Næst var það í ráðherratíð hæstv. núv. fjmrh., en þá var kallaður saman flugráðsfundur. Þá var formaður flugráðs ekki viðstaddur og hæstv. ráðh. setti flugráðsfund undir sinni stjórn, en ég mótmælti því á þeim fundi þar sem hann væri ekki í flugráði, þó hann væri yfirmaður flugmála hefði hann ekki heimild til að boða flugráðsfund og setja flugráðsfund í ráðuneytinu. Það var tekin ákvörðun um úthlutun á flugleiðum. Tekin var ákvörðun um að úthluta þeim flugleiðum sem áður voru í höndum

Vængja, og það hefur ekki verið gerð nein athugasemd við það. Sá flugráðsfundur var að mínu mati ólöglegur. En í þetta sinn kallar ráðh. flugráðsmenn á sinn fund og setur ekki neinn sérstakan flugráðsfund, heldur óskar að kynna flugráðsmönnum það sem hann hafði í huga í væntanlegum ráðstöfunum og að sumu leyti endurskipulagningu á flugleiðum vegna þess að eitt flugfélag er að leggja niður störf. Það er mikill eðlismunur á þessu. Og ég undirstrika það við ráðh., að ég lýsi ánægju minni yfir þessari málsmeðferð.

Mér þykir leiðinlegt að félagi minn í bankaráði Útvegsbankans, hv. þm. Garðar Sigurðsson, er ekki í salnum — kannske Garðar sé ekki langt í burtu. Ég hef hann grunaðan um að vera hér einhvers staðar, en mér þykir leiðinlegt að þurfa að rifja upp fyrir honum gang þessa Iscargo-máls. Það er annar bankaráðsmaður hér staddur sem ég bið um að leiðrétta mig ef ég fer ekki með rétt mál.

Þannig atvikaðist, að seint í síðustu viku — ég held að það hafi verið á fimmtudag — fékk ég uppkast að þessum samningum og alla vitneskju um þessa samninga milli Iscargos og Arnarflugs og þátttöku bankans í því máli. Þar sem bankaráð taka yfirleitt ekki ákvörðun um rekstur bankans og hafa yfirleitt ekki afskipti af útlánum, innlánum eða veðsetningu einstaklinga eða athugun á þeim veðum sem bankinn tekur — það er ekki talið heyra beint undir bankaráð — boðaði ég til fundar á sunnudagsmorguninn niðri í banka til þess að kynna bankaráðsmönnum þetta svokallaða Iscargo-mál til þess að þeir vissu eins mikið um það og ég. Ég hef haft það fyrir reglu að boða bankaráðsmenn á óbókaða, óformlega fundi til þess að leggja fyrir þá og upplýsa þá um öll þau mál sem snerta starf mitt sem bankaráðsformanns, þannig að þeir viti á hverjum tíma eins mikið og ég eins fljótt og ég næ þeim saman.

Við hittumst þennan sunnudagsmorgun að undanskildum fulltrúa Alþfl., sem var erlendis, og ræddum þetta mál fram og til baka. Ég kynnti það og við ræddum það og okkur kom saman um að þetta væri út af fyrir sig ekki bankaráðsmál. Ég tel að við höfum skilið þannig, en eigi að síður væri gott að við hefðum þessar upplýsingar.

Síðan kemur fulltrúi Alþfl. heim frá útlöndum. Var það mitt fyrsta verk að ná sambandi við hann til þess að hann vissi nákvæmlega það sama. Í millitíðinni hafði ég rætt hér í hliðarsölum við minn ágæta samstarfsmann í bankaráði. Fann ég á honum að hann taldi að bankaráð ætti að ræða þetta mál að bankastjórunum viðstöddum, þannig að málið væri alla vega rætt í bankaráði þó að bankaráð sem slíkt tæki ekki ákvarðanir í málinu.

Þegar í stað lét ég boða bankaráðsfund til að ræða þetta mál, til þess að bankaráðsmenn gætu þá lagt fyrir bankastjórn þær spurningar sem þeir óskuðu eftir að bera fram. Sá fundur var haldinn í dag. Það er því ekki rétt hjá mínum ágæta samstarfsmanni, að bankaráðsmenn hafi ekki vitað um þetta mál fyrr en í dag eða að okkur hafi ekki verið sýnd nein gögn fyrr en í dag. Ég hafði afrit af þeim á þessum fundi á sunnudaginn og við lásum þau allir hver um sig. Ég vil leiðrétta þetta.

Því, sem kom fram hjá virðulegum þm. til viðbótar, að þetta væri sýnishorn af einkarekstrinum, læt ég ósvarað. Fyrirtæki geta aldrei vitað fyrir fram, hvort þau lifa eða lifa ekki, þegar þau fara af stað. En það þarf bjartsýni og kjark til þess að leggja út í rekstur stórra fyrirtækja. Öðruvísi væri þjóðfélagið lítils virði. Í þetta sinn, því miður, mistókst það. Og það skilur eftir sig vandamál á fleiri en einum stað. Bankinn er einn þessara staða. Þau vandamál þarf að leysa. Þjóðfélagið eða einstaklingarnir sitja eftir með þau, þegar um samstarf margra aðila er að ræða, ef illa fer.

Virðulegur þm. Árni Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e., beindi til mín nokkrum spurningum. Mér fannst hann vera reiður. Ég veit ekki af hverju það er. Hann er venjulega rólegur í ræðustól, en í þetta sinn fannst mér hann vera reiður. Ég hef þegar svarað fyrstu spurningunni, hvers vegna bankinn metur vélina á 1 millj. kr. Næsta spurning var: Hefur Albert Guðmundsson trú á að kaupandi sé nú fyrir hendi? Það svarar sér sjálft. Arnarflug er að kaupa vélina. Ég veit ekki um annan kaupanda á þessu stigi, en ég tel að það sé kaupandi fyrir hendi, úr því að það liggur fyrir, og hann hefur sjálfur upplýst um samninga sem staðfesta að svo sé.

Vegna þess hvernig nú er farið um Iscargo mjúkum höndum, spyr hann, hvað mega litlu karlarnir gera sem auglýstir eru á uppboðum daglega? Ég held að það sé mikið vatn runnið til sjávar frá því að menn komast í vanda og þangað til eignir þeirra eru boðnar upp. Í þessum farvegi var Iscargo og ekkert gat komið í veg fyrir að það yrði auglýst á uppboði nema það að þarna fékkst kaupandi. Það er nákvæmlega sama með Iscargo í þessu tilfelli og aðra aðila, við skulum segja mann sem er að missa hús sitt. Ef hann kemur með kaupanda að því sem greiðir nóg til þess að losa hann úr skuldum, þá losnar hann úr skuldunum. Annars fer illa, því miður. Ég held að það sé ekki svaravert sem talað var um hina frjálsu samkeppni í þessu sambandi, á þann hátt sem gert var hér: Ef illa tekst til, þá er öllu steypt á ríkið. Ef vel tekst til, þá er það einstaklingurinn sem hirðir ágóðann. — Ég held að þetta séu engin rök í því máli sem nú er á dagskrá.

Ég man ekki hvort það eru fleiri spurningar sem ég þarf að svara. Þó kom hér fram fullyrðing um það, að einhvers staðar þyrfti Arnarflug að fá peninga til að standa í skilum með þann hluta af samningnum sem hv. þm. Árni Gunnarsson las hér upp áðan. Það eru 3.8 millj., sem á að greiða í peningum, og 1 millj., held ég að hann hafi sagt, í víxlum. Það er e. t. v. auðveldara að gefa út þessa 1 millj. kr. í víxlum. Bak við alla víxla eða öll peningaviðskipti hvað bankann varðar standa tryggingar. En ég hef trú á að Arnarflug eigi eitthvað af rekstrarfé því að fyrirtækið hefur gengið mjög vel síðustu 2—3 árin. Ef ekki, þá verða þeir að fá peninga annars staðar en í Útvegsbankanum. Ég endurtek þetta, þetta var svar mitt áðan. Ég las grein um það úr Dagblaðinu. Það má vera öllum ljóst sem hlustuðu kannske ekki á það sem ég sagði áðan, að Útvegsbankinn bætir ekki neinu nýju fé við.

Áttunda atriðið af því sem ég skrifaði hjá mér úr málflutningi hv. þm. var að það væri ólykt af þessu máli. Það getur vel verið, ég skal ekkert um það fullyrða. Ég finn hana ekki. En ég þekki málið bara frá hlið bankans og ég vona að þm. treysti því, að ég gefi hér réttar upplýsingar, að þarna hafi verið vel að málum staðið og bankastjórnin hafi gætt hagsmuna bankans á þann hátt sem við getum verið ánægðir með.

Að lokum kvaðst fyrirspyrjandi ánægður með árangurinn af þessum umræðum. Ég er glaður hans vegna, ef það er niðurstaða hans eftir langan og strangan umræðudag. En ég sé ekki á þessari stundu hvað hefur breyst í málinu við þessar umræður.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan. Hann leiðrétti nokkuð staðfestingu sína á ummælum Árna Gunnarssonar frá því fyrr í kvöld og sagði að það hefði ekki falist í mati Útvegsbankans á flugvél Iscargos neitt annað en það álit Útvegsbankans, hvað bankinn þyrfti að fá fyrir flugvélina til að fá skuldbindingum sínum svarað þegar aðrar eignir aðila væru uppgengnar. Nú er þetta auðvitað, eins og hv. þm. veit, langreyndur í viðskiptalífinu, alveg þveröfugt. Menn byrja að sjálfsögðu á því, lánastofnanir og aðrir slíkir aðilar, þegar þeir eiga viðskipti við sjálfstæð fyrirtæki, að veðsetja eignir viðkomandi fyrirtækja fyrir þeim lánum sem viðkomandi peningastofnanir veita. Telji peningastofnanir að eignir viðkomandi fyrirtækja séu ekki nægilegar fyrir lánveitingu, þá fyrst fara lánastofnanirnar fram á það hjá eigendum fyrirtækjanna að þeir setji sínar persónulegu eigur í veð. Hv. þm. Albert Guðmundsson hefur áður skýrt frá því, að mat Útvegsbankans væri það, að ef til uppgjörs hefði komið á fyrirtækinu Iscargo hefðu þeir eigendur, sem höfðu lagt sínar persónulegu eignir í veð, gengið slyppir og snauðir frá. M. ö. o.: eignir fyrirtækisins hefðu ekki nægt til að standa undir skuldbindingum fyrirtækisins, heldur hefði orðið að ganga að því með viðbótartryggingu sem einstaklingar, sem fyrirtækið áttu, höfðu lagt fram. Auðvitað veit jafnviðskiptareyndur maður og hv. þm. Albert Guðmundsson að svona uppgjör fer ekki fram með því að byrjað sé að ganga á persónulegar skuldbindingar eigendanna áður en eignirnar eru teknar og reynt að ná sem mestu út úr þeim. Því er algerlega út í hött að segja að í áliti Útvegsbanka Islands um að meta umrædda flugvél á andvirði 1 millj. dollara hafi bara falist það sem eftir stóð á reikningum hjá Útvegsbankanum og hann taldi sig þurfa að fá fyrir umrædda flugvél þegar búið væri að ganga að öllum öðrum eignum sem veðsettar hefðu verið, þar á meðal eignum einstaklinganna sem að fyrirtækinu standa. Þetta er alveg fráleitt. En látum það nú vera. Það er ekki aðalatriði þessa máls.

Það liggur fyrir í fyrsta lagi, hvað Útvegsbanki Íslands hefur metið flugvélina mikið verðmæti og það hefur líka verið upplýst, hvert sé söluverð sambærilegra flugvéla sem nú eru til sölu á Bandaríkjamarkaði, en seljast ekki. Söluverðið er á bilinu 700 þús. til 900 þús. dollarar. Málið er ákaflega einfalt. Þarna liggur fyrir annars vegar mat viðskiptabankans á verðmæti eignarinnar, hins vegar upplýsingar frá Bandaríkjunum um söluverð sambærilegra eigna. Menn geta að sjálfsögðu haft þetta til hliðsjónar þegar þeir áætla sannvirði umræddrar flugvélar í viðskiptum Iscargos og Arnarflugs. Þessu til viðbótar liggur fyrir í skrifstofu Húsatrygginga Reykjavíkurborgar brunabótamat á öðrum fasteignum félagsins, þannig að vitað er nokkuð nákvæmlega um raunverðmæti aðaleigna fyrirtækisins. Þá er að sjálfsögðu lausafé sem vart getur verið álíka verðmikið og umræddar fasteignir. Þar er mjög auðvelt fyrir handhafa almannavaldsins að ganga úr skugga um þetta því þeir eiga milliliðalitla aðild að þeim ákvörðunum sem þarna hafa verið teknar í krafti eignarhaldsins á hlutafé hjá Flugleiðum. Það er mjög auðvelt bæði fyrir hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. að fá þetta upplýst. Komi í ljós, eins og fullyrt hefur verið hér, að eignir Iscargos hafi verið keyptar á verði sem er talsvert umfram markaðsverð, jafnvel langt umfram markaðsverð, er ósköp eðlilegt, eftir þær umr. sem hér hafa farið fram, að þessir hæstv. ráðh. neyti aðildar sinnar að málinu til að fá það upplýst hjá þeim aðilum í Arnarflugi, sem standa að kaupunum, fyrir hvað menn voru þá að greiða umfram markaðsverð. Um það snýst málið og er mjög auðvelt að fá það upplýst ef menn hafa áhuga á.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Þessar umr. eru nú orðnar um margt sérkennilegar og sjálfsagt geta þær verið gagnlegar að vissu marki. Ég hafði því miður ekki aðstöðu til að vera við upphaf þeirra í dag, en ég tel mér skylt að staðfesta það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði í sambandi við viðskipti og þátt Útvegsbanka Íslands í þessu máli, sem mjög hefur dregist hér inn í umr. og raunar verið í fréttum fjölmiðla. Ég var fullviss um það, eftir að bankastjórn Útvegsbankans hafði gert bankaráði grein fyrir þessum málum, að þar hefði verið gætt þeirrar skyldu, sem bankastjórn hefur gagnvart bankanum, að sjá um að þau viðskipti, sem bankinn tekur að sér, séu tryggð þannig að ekki hljótist skaði af. Það tel ég að hafi verið gert hvað þessi viðskipti varðar.

Ég ætla ekki að fara út í að svara einstökum þm., en ég vil segja það við hv. 3. þm. Vestf., sem er því miður farinn héðan, að það er ekki minna atriði í þessu máli, sem ég vænti að hafi komið hér fram, að allar sjálfskuldarábyrgðir, sem fylgdu áður viðskiptum Iscargos, fylgja enn í sambandi við yfirtöku Arnarflugs ásamt persónuábyrgðum sem koma til viðbótar. Trygging bankans er því að öllu leyti pottþétt.

Ég tel að það sé rétt að láta það koma fram hér, að eins og allir hv. alþm. eiga að vita hafa ríkisbankarnir, Útvegsbankinn og Landsbanki Íslands, þá skyldu að greiða fyrir viðskiptum landsins við erlenda aðila. Þess vegna hljóta þessir viðskiptabankar að verða að taka ákvarðanir um erlendar ábyrgðir vegna viðskiptamanna sinna, t. d. hvað varðar skipakaup, flugvélakaup o. s. frv. Hlýtur þá að vera eðlilegt að draga þá ályktun, að að sjálfsögðu fylgir þessu alltaf einhver áhætta og ekki síst þegar gengi íslenskrar krónu er óstöðugt, svo að ekki sé meira sagt. Viðkomandi bankastjórnir verða því oft að tefla á tvær hættur og krefjast meira veðs og trygginga af viðskiptamönnum sínum en venja er til hjá erlendum aðilum. Um þetta liggja fyrir ýmsar upplýsingar sem er óþarfi að rekja hér. Ég tel að kjarni þessa máls sé sá, að hér hafi vel til tekist. Arnarflug hf. hefur nú keypt þetta fyrirtæki, Iscargo, eignir þess, og þar með yfirtekið skuldir fyrirtækisins, bæði erlendar ábyrgðir við Útvegsbankann og aðrar skuldir sem því hafa fylgt. Arnarflug hefur látið bankanum í té fullnægjandi veð og skuldbindingar um greiðslu ábyrgðarskulda við bankann. Arnarflug kemur þannig í staðinn fyrir Iscargo.

Ég tel að það ætti að vera nokkuð ljóst öllum sem um þessi mál hugsa, að flugrekstur er áhættusamur atvinnuvegur í heiminum. Um þetta eru mörg og nýleg dæmi sem væri hægt að tala langt mál um. Hins vegar er ljóst að mínu mati, að það er alger lífsnauðsyn fyrir Ísland að innlendir aðilar séu ávallt tilbúnir að þora að stunda þessa atvinnustarfsemi. Ég tel að það sé ekkert óeðlilegt við þá hæfilegu samkeppni, sem hér hefur verið talað um, og það, sem hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. um stefnu í flugmálum, að hafa lítið flugfélag í samkeppni við stóra risann, sem allir viðurkenna, Flugleiðir, til að veita aðhald með hæfilegri samkeppni.

Ég held að það sé einnig hægt að deila endalaust um hversu örugg veð eru í flugvélum, alveg eins og það getur verið að vissu mati álitamál, hvort matsverð á ýmsum skipum er í raun og veru nægjanlegt og hvort þau mundu seljast fyrir það. Hvað halda menn t. d. að veð í flugvélum og eignum Flugleiða hf. væru mikils virði ef rekstur þeirra stöðvaðist allt í einu og ætti að gera fyrirtækið upp með sölu eignanna? Halda menn að þessi veð mundu duga til greiðslu ábyrgðar Landsbanka Íslands og ríkissjóðs í sambandi við þá fyrirgreiðslu sem fyrirtækið hefur fengið? Ég held að sé alveg ljóst að um það yrði aldrei að ræða að menn gætu hugsað sér það.

Ég verð að segja að sá hluti þessara umr., sem ég hef hlustað á, hefur valdið mér að vissu leyti heilabrotum um hvernig umr. geta þróast á einkennilega vegu um svona mál. Ég er ekki að segja með þessu að ég sé á móti því að mál eins og þetta, sem er að sjálfsögðu ofarlega á baugi núna í umræðum manna á milli, sé tekið upp utan dagskrár á hinu háa Alþingi. En ég skrifaði að gamni mínu hjá mér þegar þeir voru að tala áðan, nokkrir hv. þm., hvernig fullyrðingarnar komu fram: Flugleyfin eru notuð sem verslunarvara. Verð á eignum er allt of hátt, mörgum milljónum of hátt að mati dómbærra manna. Engin not eru fyrir Electra-flugvélina. Og svo kom: Í svona máli verður hvorki sannað né afsannað. — Kannast hv. þm. við svona orðræður hjá vissum þm. hér á Alþingi?

Því miður er vinur minn Magnús H. Magnússon farinn úr salnum, en ég undraðist stórlega ræðu hans í þessum umr. Hann er þó fyrrv. samgrh. og hann man ósköp vel hvernig hann varð að taka á ýmsum þáttum slíkra mála þann stutta tíma sem hann var samgrh. Þess vegna undraðist ég stórlega þær fullyrðingar sem hann bar hér á borð í sambandi við þetta mál. Ég held að hann hafi talað langt umfram það sem hann hefur meinað. Ég tek það þannig að hann hafi af einhverjum ástæðum ekki skilað frá sér því sem hann ætlaði raunverulega að segja í þessum málum, og virði ég honum það til vorkunnar.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að eyða tíma lengur í þessum miklu umr. og ætlaði í raun og veru ekki að taka til máls. Ég taldi þó rétt að koma upp til að staðfesta það sem hv. 3. þm. Reykv. hefur sagt í dag, þó að ég hafi ekki hlustað á allar hans ræður. Þegar við, sem förum með það hlutverk að gegna störfum í bankaráði eins ríkisbankans, fréttum um þetta mál, eins og hann réttilega lýsti, töldum við ástæðu til að fylgjast með málinu. Það er hægt að segja bankastjórn Útvegsbankans það til hróss, að hún lagði sig fram um að láta okkur hafa alla þræði málsins frá upphafi, frá því að afskipti Útvegsbankans af þessu fyrirtæki, sem hér var talað um, Iscargo, hófust. Þetta fyrirtæki, Iscargo, hóf viðskipti við Útvegsbankann 1969 og hefur verið allar götur síðan fastur viðskiptavinur bankans. Þess vegna var ástæðulaust annað en að við fengjum að fylgjast vel með því, ekki síst þegar þetta var komið í fjölmiðla. Það er að sjálfsögðu skylda okkar sem bankaráðsmanna að ganga úr skugga um og fullvissa okkur um að bankastjórn gangi frá málum eins og henni ber, að bankinn sé fulltryggður fyrir þeim lánum sem hann lætur af hendi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það eru örfá orð. Það er orðin löng umr. um þetta mál.

Það er auðvitað hægt að hugsa sér að svona viðskipti geti farið fram með tvennum hætti: Annars vegar þannig að eignirnar séu keyptar, Arnarflug kaupi eignir Iscargos hf., eða keypt hlutabréf, félagið keypt upp.

Iscargo hf. hefur haft flugrekstrarleyfi til Amsterdam, og ef annar aðili kaupir félagið upp, er þá eðlilegt að flugmálaráðh. segi: Ég dreg þetta leyfi inn — ef hann treystir þeim aðila sem kaupir? Er það eðlilegt? Og er hægt að segja í slíku sambandi að það sé verið að versla með þetta af hálfu ráðh? Ég held ekki. Viðskiptin á milli félaganna eru sérstakt mál. Leyfisveiting af hálfu ráðh. er auðvitað annað mál eða hvort hann dregur til baka leyfi sem hefur verið veitt í ákveðnu skyni.

Mér finnst eðlilegt að það liggi fyrir upplýsingar um eignir Iscargos. Ég geri ráð fyrir að það sé erfitt að meta verð flugvélar. Það getur verið að hún sé í lægra verði eða hærra verði í einn tíma en annan og það geti hlaupið á háum upphæðum. Ég kann ekki að meta slíkt eins og sakir standa. En mér finnst, þegar ég velti þessu meira fyrir mér, að það sé eitt viðskipti á milli tveggja félaga og síðan hvernig farið er með flugrekstrarleyfi sem hér höfðu verið til umr. Það er að mínu mati annað mál.

Flugvellir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 418). — Ein umr.

Flm. (Jón Kristjánsson): Herra forseti. Hér hefur verið rætt mikið um flugmál í dag og verður þingheimur að þola það að ég bæti nokkrum orðum við, þó að ræða mín verði reyndar í dálítið aðra veru en þær sem hér hafa verið fluttar.

Ég hef flutt á hv. Alþingi þáltill. um uppbyggingu flugvalla á Austurlandi. Till. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um að gerð verði áætlun um uppbyggingu flugvallarmannvirkja á Austurlandi sem taki til 5 ára. Áætlunin skal taka til eftirfarandi atriða:

a) Tekin verði ákvörðun um staðsetningu og uppbyggingu flugvallar við Egilsstaði sem búinn sé til að þjóna því hlutverki að vera miðstöð flugsamgangna til Austurlands frá öðrum landshlutum og erlendis frá, jafnframt því að fullnægjandi aðstaða sé þar sköpuð fyrir flugrekstur innan landshlutans.

b) Aðrir flugvellir á Austurlandi verði gerðir þannig úr garði að þeir fullnægi nútímakröfum um öryggi og hagkvæmni í áætlunarflugi, sjúkra- og leiguflugi."

Tildrögin til þess, að þessi þáltill., sem hér um ræðir, er flutt, eru þau, að ástand flugvallarmála á Austurlandi er mjög bágborið þrátt fyrir þá staðreynd að flugið er sívaxandi þáttur í samgöngum eystra og landshlutinn í heild er þeim mjög háður. Í þessum málum er mikilvægt að meta stöðuna eins og hún er og gera sér grein fyrir því, að hverju stefna skal á Austurlandi í uppbyggingu flugvalla og búnaður þeirra og setja markmið um myndarlegt átak í þessum efnum.

Landfræðilegar aðstæður á Austurlandi gera það að verkum, að þýðing flugs fyrir þennan landshluta er mjög mikil. Vegalengdir eru miklar og yfir fjallvegi að fara milli þéttbýlisstaða. Áætlunarflug innan landshlutans fer því vaxandi og þýðing þess er mjög mikil. Segja má að flugið sé lífæð afskekktra byggðarlaga, einkum á vetrum. Því verður að huga að þeim mannvirkjum á jörðu niðri sem eiga að þjóna þessari umferð, einkum þó að öryggisþátturinn sé í lagi.

Ástand og búnaður flugvalla á Austurlandi blasir við augum heimamanna, sem sjá ástandið eins og það er, en

skýrslur um þessi mál er að fá hjá flugmálastjórn sem fer með stjórn þessara mála af opinberri hálfu. Margir flugvellir á Austurlandi geta vart borið annað nafn en lendingarstaðir, eru malarbrautir án annarra öryggistækja en vindpoka. Þó er þetta ástand afar mismunandi, eins og nánar verður vikið að síðar.

Till. gerir ráð fyrir að hugað verði sérstaklega að málefnum Egilsstaðaflugvallar og eru ástæður þess þær, að þar er um dálítið sérstakar aðstæður að ræða. Egilsstaðaflugvöllur er nú fimmti mesti umferðarvöllur landsins. Fóru um 40 þús. manns um hann árið 1981 og lendingar þar voru um 1800. Ástand flugbrautarinnar er slíkt, að ekki verður við unað fyrir svo mikla umferð, og hefur komið fyrir oftar en einu sinni í vetur að völlurinn hefur verið ófær vegna aurbleytu. Þetta er fáheyrð staða og sýnir ljóslega hver þörf er hér á úrbótum. Hins vegar hefur ekki fengist botn í það mál, hvar Egilsstaðaflugvöllur skuli vera í framtíðinni, og koma þar einkum þrír kostir til greina sem minnst er á í grg.: að byggja flugvöll við Snjóholt í Eiðaþinghá, sem er um 8 km frá Egilsstöðum, að byggja flugvöll vestan núverandi flugbrautar, og í þriðja lagi að byggja hann á þeim stað þar sem hann er nú. Ákvörðun liggur ekki fyrir í þessu máli og er það mjög slæmt því að sú biðstaða tefur fyrir framtíðaruppbyggingu flugvallarins. Þetta kemur enn fremur að sök vegna legu Egilsstaðaflugvallar og umferðar um hann. Þennan flugvöll þarf að byggja þannig upp að hann geti þjónað beinu flugi til útlanda og verið hagkvæmur innanlandsvöllur fyrir þær gerðir flugvéla sem notaðar eru í innanlandsfluginu og kunna að verða notaðar í næstu framtíð.

Egilsstaðaflugvöllur hefur komið til greina sem varavöllur fyrir millilandaflug, en ég læt þær umræður liggja milli hluta. Það, sem við Austfirðingar þörfnumst fyrst og fremst, er öruggur völlur fyrir raunverulega umferð frá öðrum landshlutum, erlendis frá og innan landshlutans. Það er trú mín að Austurland eigi verulega framtíð fyrir sér sem ferðamannastaður og flugumferðin hljóti að verða þar einn mikilvægasti þátturinn. Benda má á þá staðreynd, að nú þegar er beint samband við Færeyjar frá Egilsstaðaflugvelli, sem þegar hefur opnað möguleika fyrir þá sem eru á leið til Kaupmannahafnar að fljúga þangað beint frá Austurlandi í gegnum Færeyjar. Þetta flug mun áreiðanlega aukast á næstu árum báðar leiðir, einkum ef það er hægt að stunda á þægilegum og hagkvæmum flugvélum.

Einn mikilvægasti þátturinn í rekstri Egilsstaðaflugvallar er sá að gera hann öruggan völl til lendingar við sem flest veðurskilyrði. Flugmenn hafa þar einkum horft til flugvallarstæðisins vestan núverandi flugvallar, sem mundi bæta mjög aðflug að vellinum og koma lágmarki í blindflugi til norðurs þar niður í 200 fet, sem mundi þýða að mjög fáa daga yrði ófært til Egilsstaða. Hins vegar er um dýra undirstöðu að ræða og erfiða í þessu flugbrautarstæði, en þau mál eru þó ekki fyllilega rannsökuð enn þá. Brýnt er að ljúka athugunum á þeim og gera áætlanir um kostnað sem hægt er að byggja á endanlega ákvörðun.

Seinni hluti tillögunnar fjallar um aðra flugvelli á Austurlandi en Egilsstaðaflugvöll. Eins og áður hefur verið getið er ástand þessara flugvalla mjög mismunandi, en enginn þeirra svarar þó fyllstu kröfum. Þeir eiga allir það sammerkt að þarfnast slitlags. Sumir þeirra þarfnast lengingar. Aðstaða fyrir farþega er víðast hvar frumstæð og aðflugstæki og lýsingu vantar víðast hvar. Rekstur og umsjón flugvallanna á Bakkafirði og í Breiðdal er óleyst vandamál, og er þess getið hér þó að till. nái annars ekki til rekstrarmála. Áætlunarflug innan Austurlands hefur farið vaxandi og er flugið nær einu vetrarsamgöngurnar við byggðarlög á norðanverðu Austurlandi, eins og Bakkafjörð, Vopnafjörð og Borgarfjörð eystra. Þarf ekki að lýsa þeirri nauðsyn að þetta flug geti gengið eins snurðulítið og kostur er.

Flugvöllurinn í Neskaupstað er mikilvægur umferðarþáttur eða mikilvægt umferðarmannvirki í stóru byggðarlagi, og nýuppbyggður flugvöllur í Breiðdal gegnir vaxandi hlutverki í framtíðaruppbyggingu flugs á Austurlandi. Nú heldur Flugfélag Austurlands uppi ferðum á leiðinni Egilsstaðir — Breiðdalur — Höfn — Reykjavík og gerir þetta flug fólki af sunnanverðum Austfjörðum kleift að nota þetta samband við Reykjavík jafnframt því sem flugið tengir einstök byggðarlög á Austurlandi með samgöngum. Á Höfn er áfangastaður í innanlandsflugi Flugleiða á Fokkervélum og þarf flugvöllurinn þar að svara þeim kröfum, en um hann hefur verið vaxandi umferð.

Auk þeirra flugvalla, sem hér hafa verið taldir upp, eru flugvellir á Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og Fagurhólsmýri, en ekki er stundað reglubundið áætlunarflug um þessa flugvelli. Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, að hverju á að stefna í uppbyggingu þessara valla, og fráleitt er að láta þá drabbast niður og koma þar öryggisástæður til. Þessa flugvelli vantar vegasamband og styrkingu þannig að möguleikar séu til áætlunarflugs á þá ef hagkvæmt og rétt þykir.

Till. gerir ráð fyrir athugun þessara mála og áætlunargerð, sem er fyrsta skrefið. Hins vegar er þarna um að ræða kostnaðarsamar framkvæmdir þegar til þeirra kemur. Það er flm. ljóst. Í vegagerð hafa verið gerðir arðsemiútreikningar fyrir vegi með varanlegu slitlagi þar eð slíkar framkvæmdir mundu spara bíleigendum mikið fé. Ég minnist þess ekki, að slíkir úreikningar liggi fyrir um flugvallarmannvirki og búnað þeirra, og er þó víst að slíkar framkvæmdir skila miklum hagnaði fyrir flugrekstraraðila. Nægir þar að minna á nokkur veigamikil atriði eins og grjótkast á malarvöllum, sem veldur skemmdum á flugvélum, sandfok, sem getur valdið dýru viðhaldi á hreyflum flugvéla, einkum á skrúfuþotum sem nú eru að ryðja sér til rúms í innanlandsflugi. Þá fara áætlanir úr skorðum vegna lélegra aðflugstækja og þess, að það vantar búnað, t. d. lýsingu. Þannig mætti lengi telja. Allt þetta gerir það að verkum, að framkvæmdir í flugmálum eru hliðstæðar vegaframkvæmdum þótt tölulegar upplýsingar skorti um hagkvæmni þeirra.

Það er staðreynd, að flugvellirnir hafa verið dragbítur á þá þróun að hægt sé að taka hér í notkun þægilegustu og hagkvæmustu gerðir flugvéla. Það er eðlilegt að flugrekstraraðilar veigri sér við fjárfestingu í nýjustu gerðum véla meðan ástandið er eins og það er nú. Það er því von mín að hv. Alþingi taki tillögu þessa til alvarlegrar umfjöllunar. Hún kveður á um athugun þessara mála og áætlanagerð og fer fram á að hv. Alþingi taki tillögu þessa til alvarlegrar umfjöllunar. Hún kveður á um athugun þessara mála og áætlanagerð og fer fram á að hv. Alþingi lýsi vilja sínum til að gera átak í uppbyggingu flugvalla og búnaði þeirra í þessum landshluta.

Ég óska að að lokinni þessari umr. verði till. vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 55. fundur.

Mánudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 424). — Ein umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, var tekið fyrir í þessari hv. deild fyrr í vetur. Eins og þingsköp gera ráð fyrir fór það til Nd. og þar voru gerðar á því breytingar. Hér er um að ræða frv. vegna ellilífeyris sjómanna á þilfarsbátum undir 12 brúttólestum.

Það kann einhver að hafa höggvið eftir því, að það voru gerðar breytingar á frv. í Nd. Það voru þó engar efnislegar breytingar. Aðeins var bætt við 2. gr. þessari málsgrein: „Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 67/1971, með síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt."

Þessari breytingu er hér með komið á framfæri. Efnisbreytingar eru engar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 451).

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276, n. 436 og 443). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hl. sjútvn. Ed. á þskj. 436 um frv. til laga um tímabundið olíugjald til fiskiskipa. Hv. þm. eru oft búnir að fjalla um tímabundið olíugjald til fiskiskipa og ég sé ekki ástæðu til að lengja umr. á þessum fundi um það mál.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kemur frá Nd. Eins og segir í nál. sýnist nm. að þeir standi hér frammi fyrir orðnum hlut, en eins og deildarmönnum mun ljóst var um þetta samið við síðustu fiskverðsákvörðun.

Fjarverandi afgreiðslu málsins var Gunnar Thoroddsen. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson og Geir Gunnarsson.

Frsm. minni hl. (Guðmundur Karlsson): Herra forseti. Ég þarf ekki heldur að gerast langorður um þetta mál. Við Egill Jónsson skilum minnihlutaáliti á þskj. 443 og segjum þar:

„Í hvert sinn, sem núv. hæstv. sjútvrh. hefur mælt fyrir lögum um tímabundið olíugjald til fiskiskipa, hefur hann jafnframt lýst yfir vilja sínum til að breyta því og afnema í þeirri mynd sem það nú er. Við höfum jafnoft lýst yfir vilja okkar til samvinnu um skynsamlega breytingu, en ekkert hefur gerst annað en hringlað hefur verið með olíugjaldið um nokkur prósentustig upp eða niður.

Sú ákvörðun, sem nú er verið að taka um 7% olíugjald, er ekki annað en staðfesting á gefnum loforðum, á þegar gerðum samningum, og er í raun hluti af síðustu fiskverðsákvörðun.

Við höfum ekki orðið til að tefja gang þessa máls í gegnum þingið og munum ekki greiða atkv. gegn því, en sitja hjá við atkvgr."

Við afgreiðslu þessa máls og þegar fiskverðsákvörðun stóð yfir voru gefnar stórar yfirlýsingar um afnám þessa olíugjalds sem ekki reyndist unnt að standa við. Í sjálfu sér hef ég aldrei verið á móti olíugjaldi og tel eðlilegt að það verði áfram. Þetta er ekki annað en hluti af þeirri verðlagningu sem átti sér stað. En vert er að hafa það í huga, að milli áranna 1980 og 1981 hækkar t. d. svartolía, sem mest er notuð af togaraflotanum, um 73%, og í byrjun þessa árs varð um 18% hækkun á þessari olíu. Þegar tillit er tekið til þess, að um 18 þús. tonna samdráttur er í afla á fyrstu tveimur mánuðum þessa árs og olía hefur hækkað, að mér skilst, um 20%, miðað við fiskverð, frá því sem var í fyrra, þá sýnist e. t. v. ekki ástæða til að lækka þetta gjald endilega núna, enda finnst mér að þessi hálfa prósenta, sem hreyfð er þarna til, sé allt að því brosleg. Ef litið er á hlutfall olíu í aflaverðmæti flotans á árinu 1980, þá eru bátar með 13.4%, minni togarar með 20.4% og stærri togarar 19.6%. Þetta breytist á árinu 1981. Þá hækkar hlutfallið í 15.6% hjá bátum, 22.3% hjá minni togurum og 25.2% hjá hinum stærri.

Eins og getið er um í nál. okkar hefur ráðh. margoft lýst yfir að hann hafi í hyggju að breyta þessu, hafi vilja til þess. Það höfum við líka. Miðað við þær aðstæður, sem eru að verða hjá fiskiskipaflotanum, minni möguleika sem hann hefur sér til bjargar, virðist vera ástæða til þess. Benda má t. d. á að frændur okkar Færeyingar hafa þann hátt á í mörgum tilvikum að taka ýmsa kostnaðarliði útgerðarinnar af óskiptu, svo sem olíu, veiðarfæri, beitu og fæði. Hinu sama er, að því er mér skilst, oft beitt hjá Norðmönnum, þó að ég sé ekki endilega að leggja það til. Ég vil enn undirstrika að við í stjórnarandstöðunni erum tilbúnir að vinna með stjórninni að því að á þessu geti orðið raunhæf og skynsamleg breyting.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 423). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50/1978, um vátryggingarstarfsemi. Frv. gerir ráð fyrir að heimilt verði að ætla tryggingafélögunum að greiða allt að 2.5% af frumtryggingariðgjöldum og 0.6% af fengnum endurtryggingariðgjöldum til Tryggingaeftirlitsins.

Í frv. segir: „Fyrir 1. des. ár hvert skal Tryggingaeftirlitið gera rökstudda áætlun um kostnað af starfsemi sinni næsta ár og um iðgjaldatekjur vátryggingarfélaganna á líðandi reikningsári sem álagningarstofn næsta fjárlagaárs."

Kostnaði Tryggingaeftirlitsins skal jafna á vátryggingarfélög með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan, að lagt verði ákveðið gjald á frumtryggingariðgjöld og fengin endurtryggingariðgjöld.

Þetta frv. er flutt vegna þess, að á undanförnum árum eða allt frá því að Tryggingaeftirlitið var stofnað hefur verið greitt verulegt fé úr ríkissjóði með starfsemi Tryggingaeftirlitsins, enda þótt lögin um Tryggingaeftirlitið, lögin um vátryggingarstarfsemi, geri ráð fyrir því, að Tryggingaeftirlitið eigi í rauninni að standa undir sér sjálft eða vátryggingarfélögin undir starfsemi þess.

Frv. er flutt til þess að brúa bil sem orðið hefur, þannig að ríkissjóður þurfi ekki í framtíðinni að taka á sig veruleg gjöld vegna starfsemi Tryggingaeftirlitsins.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vil þó geta þess, að um það náðist gott samkomulag í hv. Nd. svo og við fulltrúa tryggingafélaganna og annarra sem um þetta mál þurfa að véla.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3, n. 367, 373, 412). — Frh. 2. umr.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Enn heldur áfram umr. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, en vonandi fer nú að styttast í þeirri umr.

Annar flm. brtt á þskj. 373, sem menn hafa mikið fjallað um hér, vék í ræðu sinni nokkrum orðum að því sem ég hafði drepið á í minni ræðu. Hann hafði, sem að sjálfsögðu er ekki óeðlilegt miðað við brtt., ýmislegt við minn málflutning að athuga.

Það er þá fyrst til að taka þar sem minnst er í brtt. hv. þm. Þorv. Garðars og Salome Þorkelsdóttur á að fella niður prósentugreiðslu Seltjarnarness. Hv. þm. bar saman Seltjarnarnesið sem sveitarfélag og Ísafjörð í þessu sambandi. Ég vil endurtaka afstöðu mína í þessu efni. Mér finnst þetta allsendis ósambærilegt. Ég vil endurtaka þá skoðun mína, að til hugsanlegrar þátttöku sveitarfélaganna hér á stór-Reykjavíkursvæðinu var auðvitað reynt að stofna í ljósi góðrar aðstöðu íbúanna á þessu svæði til að njóta hljómlistarflutnings Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Að þessu leyti finnst mér ekki rétt að vera að bera saman sveitarfélög sem eru í svo mikilli nálægð við Reykjavík og sveitarfélög víðs fjarri.

Hv. þm. kom allnokkuð inn á þann samanburð sem ég gerði á hljómsveitarráði, eins og hv. þm. leggja til í brtt. sinni, og hins vegar stjórn hljómsveitarinnar og verkefnavalsnefnd, eins og er í frv. Ég er enn sem fyrr þeirrar skoðunar, að heppilegra sé að aðskilja faglega þáttinn, þ. e. tónlistarkunnáttuna, með tilliti til ákvarðana við val á verkefnum og hinn fjármunalega þátt. Ég held að þetta geti orðið og verði að ýmsu leyti einfaldara. Það er a. m. k. svo að mínum dómi. Ég held nefnilega að það geti orðið dálítið vandasamt að velja í stjórn hljómsveitar þegar um er að ræða einstaklinga sem þyrftu að hafa þekkingu á fjármunalegum rekstri beint og líka faglega þekkingu. Ég vil minna á að gert er ráð fyrir að stjórn hljómsveitarinnar sé æðsti yfirboðari að þessu leyti. Verkefnavalsnefndin er fyrst og fremst til stuðnings við stjórn hljómsveitarinnar. Ég er því í grundvallaratriðum á móti þeirri breytingu sem hv. flm. leggja til.

Komið hefur fram brtt. á þskj. 412 frá hv. þm. Geir Gunnarssyni, sem er raunar brtt. við brtt. hv. þm. Þorvalds Garðars og hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, þar sem stendur í brtt. við 4. gr.: „Menntmrn. skipar formann án tilnefningar " — þá er átt við hljómsveitarráðið — „og skal hann vera menntaður tónlistarmaður." Þarna kemur raunar strax fram að það er komin eins konar ásteyting um það, hvort skuli vera ofar sett hin fjármunalega eða faglega þekking. Ég endurtek þess vegna einu sinni enn að ég tel skynsamlegra að aðskilja þetta. Hin fjármunalega ábyrgð og ábyrgð á rekstri er hjá stjórn hljómsveitarinnar fyrst og fremst.

Ég sé ekki ástæðu til að víkja fleiri orðum að því sem hv. þm. Þorv. Garðar kom inn á. Margt af því var auðvitað endurtekning á því sem komið hafði fram í framsögu. Ég lít því svo til að okkur sé ljóst, hver vilji hv. þm. er í þessu efni, og ástæðulaust í sjálfu sér að ræða það frekar. En til þess að enginn vafi leiki á því, hafi það komið óskýrt fram í mínu máli þegar ég talaði fyrr í umr. um þetta frv., hvaða brtt. ég væri fús að samþykkja á þskj. 373, þá vil ég taka þetta fram:

Ég get fallist á fyrstu brtt. sem þar er, þ. e. að 2. gr. frv. verði umorðuð. Ég tel óþarfa að fara efnislega ofan í 2. gr. Hún er öllum hv. þdm. kunn.

Ég gæti jafnframt fellt mig við breytingu á málsgreininni: „Efna má til samvinnu Sinfóníuhljómsveitar Íslands við Þjóðleikhúsið og aðra aðila á viðskiptagrundvelli um uppfærslur." — Þannig stendur þetta í frv. sjálfu. Á þskj. 373 er nákvæmari upptalning á þessu. Ég get í sjálfu sér fellt mig við þá upptalningu. Þar er talað um Íslensku óperuna og Íslenska dansflokkinn og síðan kemur á eftir: „og annarra aðila." Í frv. eins og það var lagt fram var enginn aðili tilgreindur nema Þjóðleikhúsið. Þar stendur líka „aðra aðila", þannig að engri loku er fyrir það skotið að samvinna verði á viðskiptagrundvelli við fleiri aðila en Þjóðleikhúsið. En vegna þess að þessar merkilegu stofnanir eru til, Íslenska óperan og Íslenski dansflokkurinn, og vafalaust má ætla að þar sé þegar um einhverja samvinnu að ræða, þá sé ég ekki ástæðu til að amast við því, að þetta verði fellt inn í.

Ég held að ég hafi áður tekið það skýrt fram, að ég teldi að mörgu leyti út í hött að binda prósentutölu um eigin tekjur sem hlutfall af útgjöldum, ekki síst í ljósi þess, að eigin tekjur á liðnu ári voru um það bil 16% af heildartekjum. Ég sé enga ástæðu til að hafa þessa prósentu í frv. og get vel fellt mig við þá breytingu sem gerð er á þskj.373, þar sem stendur: „Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi, svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar." Þessa brtt. get ég fellt mig við og greiði henni atkv.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að breyta frv. Ég hafði áður reynt að gera grein fyrir viðhorfum mínum í þessu máli og sé ekki ástæðu til að fara að eyða löngu máli eða tíma í það. Ég hef þessi orð ekki fleiri.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef raunar ekki mikið að segja eftir ræðu hv. 3. þm. Vesturl. Hann vék að nokkrum atriðum, sem ég kom að í ræðu minni, og að brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. En það, sem hv. þm. sagði, var þess eðlis, að ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þau atriði. Ég hef gert ítarlega grein fyrir þeim áður og mér fannst ekkert koma fram sem veikti eða hrekti þau rök sem ég hef áður flutt, svo sem um skipan hljómsveitarráðs, eins og gert er ráð fyrir í brtt. okkar veg eins og Seltjarnarneskaupstað. Þetta er ekki rétt ef menn skilja það á þann veg. Ég nefndi Ísafjörð. Ég nefndi líka Akureyri. Hv. 3. þm. Vesturl. minntist ekki á Akureyri. En hvers vegna nefndi ég þessa tvo merkisstaði? Það var til áréttingar því sjónarmiði að það skipti engu máli í þessu sambandi hvort sveitarfélagið væri

fjarlægt Reykjavík eða í næsta nágrenni, vegna þess að það er ekki nema eitt sveitarfélag sem þjóðin ein stendur að í þeim skilningi sem ég túlkaði það. Það er þjóðin öll sem á sína höfuðborg. Þeir, sem bera ábyrgð á því frv. sem við ræðum nú, virðast vera á sömu skoðun og ég í þessu efni, að það skipti ekki máli í hvaða fjarlægð sveitarfélag er frá Reykjavík. Ef þeir hefðu talið að það skipti einhverju máli hefðu þeir sett inn í þetta frv. ekki einungis Seltjarnarneskaupstað heldur líka Kópavogskaupstað og Mosfellshrepp. Og auðvitað mætti í þessu sambandi nefna alveg eins Kópavog og Garðabæ, Hafnarfjörð og raunar fleiri. Ég held því að þetta liggi ljóst fyrir.

Hv. 3. þm. Vesturl. gaf hér yfirlýsingu um það sem hann fyrir sitt leyti ætlar að fylgja í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. á þskj. 373. Hv. 3. þm. Vesturl. lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkvæði með 1. brtt. okkar, breytingu á 2. gr. frv. Hv. sami þm. lýsti því yfir, að hann mundi greiða atkvæði með 2. málsgr. í 2. brtt. okkar sem varðar breytingar á 3. gr. frv. Hv. 3. þm. Vesturl. gaf einnig þá yfirlýsingu, að hann mundi styðja og greiða atkvæði með 5. málsgr. í 2. brtt. okkar á þskj. 373 sem einnig varðar 3. gr. frv.

Ég þakka hv. þm. fyrir þennan stuðning, og ég get ekki varist þeirri hugsun, að ef við hefðum haft frv. lengur til meðferðar hefði kannske komið frekari stuðningur frá hv. þm., vegna þess að hann er athugull maður og góðviljaður og vill hið besta í þessu efni. Samt sem áður mun ég ekki gera neitt til að tefja framgang þessa máls. Við hv. 4. landsk. þm. höfum viljað hraða meðferð þess, enda leggjum við til að frv. verði samþykkt. Það er ekki að okkar ráðum eða í okkar þágu sem hv. menntmn. hefur haft þetta mál svo lengi til meðferðar sem raun ber vitni, enda höfum við ekki forræði í þeirri nefnd.

Þetta vildi ég að hér kæmi skýrt fram um leið og ég undirstrika það viðhorf sem liggur til grundvallar brtt., okkar, að okkur er mjög umhugað um að þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands er loksins sett löggjöf verði sem best vandað til hennar til þess að hún geti sem best þjónað sínum tilgangi. (**StJ:** Hvaða dylgjur eru þetta?) Hv. 4 þm. Norðurl. e. segir: Hvaða dylgjur eru þetta? Það er furðulegt ef það er flokkað undir dylgjur að vilja vanda sem best alla málsmeðferð við afgreiðslu þessa frv. Ég læt mér ekki detta í hug að hv. 4. þm. Norðurl. e. meini þetta í raun og veru, heldur er innskot hans aðeins til þess að krydda þessar umr. Ég þakka honum fyrir þá áherslu sem hann hefur með því lagt á þau orð sem ég hef áður sagt.

Ég vék að því minni seinustu ræðu um þetta efni, að ég hefði fylgst með málum Sinfóníuhljómsveitarinnar frá fyrstu byrjun, og það er með þeim hætti að mér er alls ekki sama um framtíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það vill svo til að ég hef verið viðriðinn mál Sinfóníuhljómsveitarinnar stundum þegar mikið lá við um framtíð hennar og rekstur. Ég hef alltaf reynt að leggja Sinfóníuhljómsveitinni lið, og það hefur viljað þannig til að fyrir rás viðburðanna hef ég stundum fundið mig vera í baráttusveit þeirra sem hafa viljað tryggja sem best stöðu hennar. Það er einmitt í þessum anda sem við störfum að þessu máli og gerum till. í þessu máli, ég og hv. 4. landsk. þm.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hafa borist um það óskir frá hæstv. menntmrh., að þessari umr. verði ekki lokið án þess að hann fái tækifæri til að tala hér í hv. deild. Hann er hins vegar ekki viðlátinn nú, en hefur óskað eftir að fá að taka til máls við þessa umr. á miðvikudag. Því hlýt ég að fresta umr. um þetta mál.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þó að ég hafi verið að tala fyrir því sjónarmiði að ekki yrði dráttur á afgreiðslu þessa máls, þá hef ég að sjálfsögðu ekkert á móti því, að forseti verði við óskum hæstv. ráðh. um að hann geti verið viðstaddur umr. málsins. En það hefði komið mér miklu betur ef hæstv. forseti hefði sagt þetta fyrr á fundinum. Þá hefði ég ekki kvatt mér hljóðs áðan, því að umfram allt hefði ég óskað eftir því að ráðh. væri viðstaddur þegar ég talaði í þessu máli, þó að ég hafi ekki gert beinar kröfur til þess. Ég vænti þess, að hæstv. forseti líti á þetta þegar þar að kemur.

Forseti (Helgi Seljan): Vegna orða hv. 4. þm. Vestf. vil ég taka það fram, að ég var að fá staðfestingu á þessari ósk hæstv. ráðh. nú rétt í þessu, að hann óskaði eindregið eftir að það væri við þessa umr. sem hann tæki til máls en ekki við 3. umr. Ég mun því að sjálfsögðu, miðað við allar aðstæður, líta með velvilja til þess, að hv. 4. þm. Vestf. fái að gera stutta athugasemd við frekari umr. ef honum þykir ástæða til í framhaldsumræðum um þetta mál. En ég var að fá staðfestingu á því núna, að það væri við þessa umr. málsins sem hæstv. ráðh. óskaði eftir að tala. Ég hafði vænst þess, að það gæti orðið við 3. umr., en svo mun ekki vera. Hlýt ég því að fresta umr. um þetta mál og taka það út af dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 51. fundur.

Mánudaginn 15. mars, kl. 2 miðdegis.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um framlengingu á svokölluðu sjúkratryggingagjaldi eða því sem eftir stendur af því gjaldi. Frv. gerir ráð fyrir að lögð verði árið 1982 2% á gjaldstofn sjúkratryggingagjalds fyrir ofan 101250 kr. tekjur 1981. Á tekjur fyrir neðan 101250 kr. á árinu 1981 leggst ekki sjúkratryggingagjald.

Álagt sjúkratryggingagjald á árinu 1981 nemur 33 millj. 816 þús. kr. og er áætlað að af fjárhæð þessari innheimtist um 32 millj. kr. Talið er að álagning þessa árs nemi um 49.5 millj. og að innheimt fjárhæð gjaldsins verði nálægt 51 millj. kr. Ástæðan fyrir því, að innheimtutölur eru hærri en álagningartölur, er sú, að gjaldið lækkaði mjög verulega á s. l. ári þannig að eftirstöðvar fyrri ára eru mun hærra hlutfall af álagningunni en ella.

Í Ed. var það hv. fjh.- og viðskn. sem fjallaði um mál þetta þar sem deildin leit svo á — og ég er henni sammála um það — að hér sé um að ræða skattheimtu. Ég legg því til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn., enda þótt sjúkratryggingagjald þetta sé í almannatryggingalögum.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Loftferðir frv. (þskj. 273, n. 442). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Frv. þetta, 169. mál þingsins, er frv. til l. um breyt. á lögum um loftferðir. Í því eru smávægilegar breytingar á 64. gr. laganna. Breytingin miðar að því að rýmka eignarnámsheimildir loftferðalaga nokkuð frá því sem hefur verið. Eignarnámsheimildir 64. gr., eins og hún er í lögum, virðast takmarkast við það, að einhvers konar mannvirkjagerð sé tilefni þess, að eignarnám sé talið nauðsynlegt. Ljóst er að þær aðstæður geta skapast, að rétt sé talið og nauðsynlegt að taka fasteignarréttindi eignarnámi, jafnvel þótt ekki sé mannvirkjagerð til að dreifa sem gefi tilefni til eignarnáms. Af þeim sökum er lagt til í þessu frv. að breyta greininni og hún rýmkuð nokkuð frá því sem nú er.

Samgn. hefur fjallað um málið og varð sammála um að leggja til að það yrði samþykkt eins og það var lagt fram hér í hv. deild.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 381 (sbr. 274), n. 441). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 28 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 441 er nál. frá samgn. Þetta frv. er komið frá Ed. sem gerði smávægilega breytingu á því eða viðauka við 24. gr. Þetta frv. var sent til umsagnar til Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda og voru umsagnir báðar jákvæðar.

Frv. er samið af nefnd sem hæstv. samgrh. skipaði. Ólafur S. Valdimarsson skrifstofustjóri var formaður þessarar nefndar og með honum voru Jónas Þór Steinarsson framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna og Stefán Pálsson hrl., framkvæmdastjóri Landvara. Frv. var flutt hér um bil óbreytt frá því sem nefndin gekk frá því.

Tildrögin að starfi nefndarinnar og skipun hennar voru þau, að hér á landi finnast engin lög eða reglugerðir um flutningssamninga og ábyrgð viðkomandi aðila við vöruflutninga á landi og tæpast hefur nokkur sú venja skapast í þessum málum að til lagaígildis teljist.

Í nefndinni voru fyrst og fremst fulltrúar þeirra aðila, sem eiga þarna hlut að máli, og leggur samgn. til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
6.—15. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
16.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
21.—23. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
29.—30. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314). — 1. umr.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. var lagt fyrir hv. Ed. og hefur verið afgreitt þaðan óbreytt. Frv. er um staðfestingu á brbl. sem gefin voru út 14. jan. sl. Þá var ákveðið af Seðlabanka Íslands með samþykki ríkisstj. að breyta gengi íslenskrar krónu og fól það í sér lækkun á gengi krónunnar um 12%.

Þegar gengi hefur verið lækkað á annan veg en með gengissigi hefur jafnframt oftast verið ákveðið að gengishagnaður af birgðum skyldi tekinn í sérstakan sjóð, oftast gengismunarsjóð, og því fé ráðstafað þá til fiskvinnslu og sjávarútvegs nokkuð á mismunandi veg, en í meginatriðum til þeirra þarfa. Nú var ákveðið að fara ekki þá leið að taka gengishagnaðinn allan og láta hann renna í sérstakan gengismunarsjóð, heldur skyldi tekinn helmingur gengishagnaðar og hann látinn renna til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Þó var um leið ákveðið af ríkisstj. samkv. heimild í lögunum að undanþiggja frystinguna og greinar hennar þessu ákvæði þannig að fyrirtækin sjálf, sem að frystingu starfa, skyldu njóta gengismunar af birgðum að fullu.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengri framsögu um þetta mál og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. forsrh. er gert ráð fyrir að gengismunurinn, sem myndast við þær ráðstafanir sem gerðar voru við ákvörðun Seðlabankans um breytingu á gengi krónunnar 14. jan., renni til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Út af fyrir sig er Verðjöfnunarsjóðnum fullkomin þörf á gengishagnaði sem þarna myndast og þó meira hefði verið, því að Verðjöfnunarsjóðurinn hefur verið leikinn grátt á undanförnum árum og alveg sérstaklega í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Því fjármagni, sem hefur verið inni í flestum aðaldeildum hans, hefur verið eytt og stofnað til skulda. Staða þessa sjóðs er því nú vægast sagt mjög slæm. Þó er því ekki að neita að ákveðnar deildir og þá sérstaklega skreiðardeildin standa nokkuð vel, en í frystideild, mjöldeild og fleiri smærri deildum er nánast ekkert eftir til að mæta áföllum sem verða á mörkuðum. Hlutverk þessa sjóðs er því vægast sagt gerbreytt frá því sem því upprunalega var ætlað að vera með tilkomu Verðjöfnunarsjóðsins.

Hinu vildi ég vekja athygli á, að þegar gengisbreytingar hafa verið gerðar hefur þeim, sem bera skarðan hlut

frá borði við gengisbreytingar, eigendum fiskiskipa almennt sem skulda í þessum skipum í erlendri mynt, að nokkru verið bætt upp sú skuldaaukning sem þeir óhjákvæmilega verða fyrir þegar gengi krónunnar er breytt, þannig að þeirra óhagræði verður heldur minna, og eins hefur nokkuð verið gert til að koma á móts við þarfir sjómannasamtakanna í félagslegu tilliti fyrir sjómannastéttina. Fram hjá þessu er algjörlega gengið nú með framlögðu frv.

Ég vildi aðeins benda á þessi atriði þó að ég viðurkenni fúslega að hag Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðar er svo komið að honum veitir ekki af þessum gengishagnaði öllum og þótt meira hefði verið, eins og ég sagði í upphafi máls míns.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 346). — 1. umr.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 346 eigum við sjálfstæðismenn velflestir frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt. Hefði ég gjarnan kosið, hæstv. forseti, að fjmrh. sæi sér fært að vera við umr. þessa. Ég þykist eiga erindi við hann um þetta mál ekki síður en hæstv. samgrh. — Þetta er lítið frv., örstutt, sem inniheldur breytingar í þá átt, að söluskattur, sem innheimta skal af síðustu bensínverðshækkun, renni óskiptur til framkvæmda í vegamálum. Það er ekki stórt lagt undir, aðeins 9 aurar af hverjum lítra til framkvæmda til vegamála 1982. En margt smátt gerir eitt stórt og því er það að hér er um að tefla 9 millj. kr. ef þetta frv. nær lagagildi.

Það er ekki að ófyrirsynju að þetta frv. er fram borið. Eins og vísað er til í grg. alveg ljóst að ríkið hefur notað þessa aðferð til stóraukinnar innheimtu skatta í ríkishítina. Þær aðstæður hafa verið notaðar sem hafa þrengt mjög að öllum almenningi í landinu því bifreiðar eru almenningseign. Þegar verð á þessari vöru margfaldaðist var það notað til að margfalda innheimtu í ríkissjóð með þessum hætti. Enda þótt allir hv. þm. sem hafa á annað borð látið skoðun sína í ljós í sambandi við framkvæmdir í vegamálum, játi að þetta séu einna mikilsverðustu framkvæmdirnar hefur það samt sem áður ekki orðið til þess, að ráðamenn hafi treyst sér til að sjá af meiri fjármunum af tekjum umferðarinnar til vegamála en raun ber vitni.

Þetta hefur farið hríðversnandi á umliðnum árum. Ég nefni sem dæmi að árið 1972 var varið 50% af bensínverðinu til vegaframkvæmda, í Vegasjóð sem svo er kallaður, og af opinberum sköttum, sem á bensín voru lagðir, var varið 73% í Vegasjóðinn. En þetta hefur gengið þann veg til, að árið 1979, fyrsta fjárhagsárið eftir að vinstri stjórnin tók við völdum og Framsfl. eignaðist fjmrh. og Alþb. eignaðist samgrh., er það, sem rennur í Vegasjóð af verði hvers bensínlítra komið ofan í 19% og 36% af heildarskattlagningu hins opinbera á þessar miklu nauðsynjavörur. Fleiri tölur mætti þylja í þessu sambandi, en næsta óþarft því allir þekkja þessa sorgarsögu. Vegaframkvæmdirnar hafa verið sveltar í gegnum árin, enda þótt bæði æðstu ráðamenn, hæstv. ráðh., og ýmsir þm., sem um málið hafa talað, hafi lýst yfir þeirri skoðun sinni, að þetta væri einna mikilsverðustu framkvæmdirnar jafnhliða með og samhliða orkumálum.

Ef litið er á aftur veggjald sem hluta af heildarsköttum ríkisins nær það hæst árið 1966. Þá renna af heildarsköttum ríkisins af bensíni 78.1% til vegamála. En hvernig ætli þessu sé varið nú síðustu árin? Lægst kemst það auðvitað 1979, þegar vinstristjórnarstefnan varð ráðandi í fjármálum okkar. Þá eru það 35.6% af skattlagningu ríkisins sem hverfa til vegamálanna. — Og ef við nefnum tölur í þessu sambandi, þá kostar bensínlíterinn árið 1974 49 kr. gamlar. Þá eru skattar af því 30.70. Í Vegasjóð renna þá 16 kr. og 14.70 í ríkissjóð. Eftir þetta breytir svo rækilega um stefnu að árið 1979 eru skattarnir, sem lagðir eru á hvern bensínlítra, 199.39. Þá fara í veggjald aðeins 70.93, en í ríkishítina 128.46. Og enn árið 1980: Af 327 kr. heildarskattlagningu fara aðeins 123 í veggjald, en 203 í ríkissjóð.

Þannig hefur stefnan verið þrátt fyrir breiðar yfirlýsingar um nauðsyn á auknum vegaframkvæmdum. Og þá er spurningin: Hvernig er ástandið í dag? Hvernig er ástandið í þessum málum í dag og hvernig hafa hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. brugðist við?

Ég get skotið því hér inn í, að það skiptir mjög í tvö horn um skattlagningu á hinu bráðnauðsynlega bensíni og það sem við höfum fyrir augum í sambandi við gasolíuna. Það hefur verið betur róið á þeim miðum. Ef ég nefni sem dæmi, þá eru skattar árið 1979 af útsöluverði gasolíu 20 af 79 kr. sem lítrinn kostaði í gömlum. Þá voru 20 kr. í skatta sem prósenta af útsöluverði, en frá árinu 1980 hef ég síðustu tölur, aðeins 3 kr. Þar er auðvitað verið að hlífa húseigendum, íbúum þessa lands, vegna hins gífurlega kyndingarkostnaðar. Í sjálfu sér má auðvitað meta það sem nauðsynlegan þátt í þjóðarbúskapnum að menn geti staðið undir kyndingu híbýla sinna, en ekki langt á eftir þeirri nauðsyn kemur notkun bifreiðarinnar í nútímaþjóðfélagi. En þar skiptir alveg í annað horn. Ég verð að segja það um samtök bifreiðaeigenda, að það liggur ekki margt eftir þau samtök, en hins vegar þóknast þeim að hækka árgjöld til sín, að því mér virðist, um 530% frá árinu 1978. Þyrftu þeir menn, ef þeir ætla að halda félagsskap sínum vakandi og lifandi, að leggjast betur á árar.

En ég á alveg sérstakt erindi við hæstv. ráðh. fjármála og samgöngumála vegna þeirra ástæðna sem ríkja í sambandi við fjármögnum framkvæmda og vegáætlunar fyrir árið 1982. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér, má ætla að til þess að staðið verði við vegáætlun fyrir þetta ár, sem samþ. var á hinu háa Alþingi í fyrra og hefur lagaígildi sem ályktun frá Sþ., þarfnist til að framkvæma hana eins og hún liggur fyrir 616.7 millj. kr., miðað við það verðlag sem nú er. Sjálfsagt þarf enn hærri tölu þegar líður á árið, eftir því sem útlit er um verðlagsþróun. — Mér er ekkert gagn í því að hafa ráðh. ef þeir ætla að hafa sérfund með sér um allt önnur mál þarna úti í horni. — Á fjárlögum eru til ráðstöfunar 593.1 millj. kr., en niðurskurður ákveðinn 7.8 millj. kr. samkv. niður-

skurðartilfærslum hæstv. ríkisstj. Þá er sem sagt til ráðstöfunar á fjárlögum 585.3 millj. kr., en síðasta endurskoðun markaðra tekna sýnir að ætla má að þær hefðu verið vanáætlaðar um 12 millj. kr. og því er hér um að tefla til ráðstöfunar 597.3 millj. kr. Þá liggur fyrir að mismunurinn á því, sem framkvæmdir kosta samkvæmt vegáætlun, og því, sem er til ráðstöfunar, er 20 millj. kr. Þar við bætist að halli á vetrarviðhaldi er 8 millj. kr. Þá höfum við 28 millj. kr. sem á skortir að staðið verði undir þessum framkvæmdum eins og lög gera ráð fyrir.

Þá skortir enn á allt fé sem skyldi vera til ráðstöfunar í hina svonefndu Ó-vegi: Ólafsvíkurenni, Óshlíðarveg og Ólafsfjarðarmúla. Ég býst jafnvel við að hæstv. samgrh. hafi lýst yfir þrívegis að hann mundi afla sérstaks fjár til framkvæmda í Ó-vegina, en ekkert bólar á því. 28 millj. vantar upp á fyrir utan margítrekaðar yfirlýsingar um sérstaka fjáröflun til Ó-veganna svonefndu. Eftir því sem mér skilst og nýjustu upplýsingar segja til um virðist fjármagnið til framkvæmdanna í Ó-vegunum nema á núverandi verðlagi um 186 millj. kr. Nú væri ekki of í lagt að ætla 4—5 ár til þess arna. Ef við höfum það í huga er hér 35 millj. kr. skammtur á ári um það bil, en ekkert heyrist um ráðstafanir til að standa við þessar margítrekuðu yfirlýsingar. Og þær voru ótvíræðar og enn fremur ótvíræðar í því efni að ekki skyldi gengið á Vegasjóðinn til þeirra framkvæmda, enda ekki í að ganga þar sem stórfé skortir í hann til þess að staðið verði við framkvæmdir.

Hið háa Alþingi á kröfu á að heyra frá hæstv. ráðh. fjármála og samgöngumála með hvaða hætti þeir ætli að framfylgja þessum ákvörðunum Alþingis í vegamálum og standa við yfirlýsingar sínar í sambandi við framkvæmdir við Ó-vegina. Hér er aðeins hendi veifað til að ná fjármagni upp í þetta, þar sem lagt er til að söluskatturinn innheimtur af síðustu bensínhækkun, einvörðungu á þessu ári, hverfi til vegamálanna sem mundi nema 9 millj. Eftir sem áður skortir 19 millj. til framkvæmdanna samkv. vegáætlun og allt Ó-vegaféð.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði máli þessu vísað til 2. umr. og fjh.- og viðskn.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki fara mörgum orðum um það mál, sem hér liggur fyrir, út af fyrir sig.

Ég get sagt að ég hef lengi talið að endurskoða ætti innheimtu söluskatts af bensíni. Sérstaklega var áberandi á meðan olíuvörur hækkuðu meira en annað vegna ástands í orkumálum í heiminum að innheimta ríkissjóðs af bensíni hækkaði meira en af ýmsum öðrum vöruflokkum sem fremur fylgdu algengu verðlagi. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar, að það mál þurfi að athuga á breiðari grundvelli og vafasamt að taka eina bensínhækkun út úr. Ég held að þurfi að endurskoða það mál í heild sinni.

Um vegamálin almennt vil ég hins vegar upplýsa að þær tölur, sem hv. þm. fór með, voru réttar. Það er rétt sem hann sagði, að við endurskoðun á tekjustofnum kemur í ljós að áætla má tekjur í Vegasjóð 12 millj. kr. hærri en áður var talið. Það er einnig rétt, að niðurskurður á vegamálum nemur 7.8 millj. kr. Að sjálfsögðu verða vegaframkvæmdir að þola slíkan niðurskurð eins og annað, en þó vil ég upplýsa að þessi niðurskurður er töluvert minni en á öðrum framkvæmdum. Hann er um 3.6% af framlagi ríkissjóðs, þ. e. beinu framlagi ríkissjóðs og því fjármagni sem ríkissjóður tekur að láni og leggur fram, sem er um 200 millj. kr., en af öðrum framkvæmdum er niðurskurðurinn 6%. Um þetta varð samkomulag, m. a. til að tryggja að unnt yrði að standa við vegáætlun.

Hv. þm. hefur rætt við mig um þessi mál og hann hefur m. a. tjáð mér að í stjórn Framkvæmdastofnunar liggi fyrir tillaga um 20 millj. kr. framlag til vegamála, ekki lán, heldur framlag til vegamála, og hann hefur jafnframt tjáð mér að hann telji líklegt að stjórn Framkvæmdastofnunar sé reiðubúin að verja 10 millj. kr. af því framlagi í svokallaða Ó-vegi, þ. e. sérstaklega hættulega vegi. Ég fagna þessu og hef gert ráð fyrir að þetta verði samþykkt eins og mér hefur verið tjáð. Ég hef tekið þetta upp í ríkisstj. og ríkisstj. hefur samþ. að þessu fé verði bætt við vegáætlun. Ég hef því jafnframt látið útbúa till. til þál. um byrjunarframkvæmdir á svonefndum Ó-vegum, þ. e. þessum lífshættulegu vegum, þar sem gert er ráð fyrir í samræmi við okkar samtal að 10 millj. af þessu fé verði varið í þessa Ó-vegi ef stjórn Framkvæmdastofnunar samþykkir svo. Þáltill. er tilbúin og hægt að leggja hana fram nú þegar, svo ég vona að þessi mál geti þannig gengið upp.

Með þessu móti verða framkvæmdir í vegamálum rúmlega 2.1% þjóðarframleiðslu, líklega nálægt 2.13% af þjóðarframleiðslu. Að vísu er spá um þjóðarframleiðslu dálítið óljós. Spáin er um ½—1% samdrátt í þjóðarframleiðslu og þar munar að sjálfsögðu töluverðu í þessu sambandi, en samkvæmt þeim mælikvarða, sem Alþingi setti, ber að reikna lágmarkið sem hundraðshluta af þjóðarframleiðslu.

Ég get getið þess, að unnið er nú ötullega að því að undirbúa til að leggja megi hér fram — og sýna nú í vor langtímaáætlun í vegamálum. Ég vona að hún verði tilbúin. Nefnd með mönnum tilnefndum af þingflokkum vinnur nú með Vegagerðinni að því máli.

Ég vona að með þessu hafi ég upplýst um stöðu þessara mála. Ekki er ástæða til að endurtaka það sem hv. þm. sagði að öðru leyti um fjármagn til vegamála. Ég geri mér sem sagt vonir um að það takist að standa við vegáætlun og ekki þurfi að endurskoða hana nú á þingi, eins og gert hefur verið á hverju ári síðan 1974 þar til nú. Ég geri ráð fyrir að í svo mikilvægum málaflokkum sem t. d. bundnu slitlagi muni enn aukast framkvæmdir. Framkvæmdir í bundnu slitlagi á s. l. ári urðu 142 km. Ég geri ráð fyrir að á þessu ári verði framkvæmdir með því fjármagni, sem er til ráðstöfunar, um 155—160 km og svipað megi segja um aðra þætti vegáætlunar, að við þá verði staðið.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég hef ekki hvatt til þess að tekið yrði til við allsherjarendurskoðun vegáætlunar, en eins og nú standa sakir geta vonir hæstv. ráðh. um að það takist að framfylgja vegáætlun ekki ræst. Þetta verður ekki gert nema með peningum. Það er augljóst mál, að eitthvað muni út af standa. Eins og ég rifjaði hér upp skortir á 28 millj. kr. Segjum svo að fram gangi tilboð stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins um 20 millj. kr., en áformað er að um helmingur þess fjár, þótt lítið muni um það í þau tröllaverkefni, um 10 millj. kr., renni til Ó-veganna. Þá eru aðeins 10 millj. þar, og 10 frá 28 eru alls 18 millj. eftir

mínum reikningi. 18 millj. eru ærið fé. Einhverjar framkvæmdir verða að sitja á hakanum.

Ég vil aðeins geta þess, að enda þótt menn hafi mjög mikinn áhuga á hinu bundna slitlagi getur sú þróun ekki haldist lengi að menn láti viðhald og uppbyggingu vega sitja á hakanum fyrir því, láti níða niður vegina þannig að þeir sökkvi undan umferðarþunganum meðan menn eru að punta upp á aðra með slitlögum. Í þessu efni hefur verið nokkur öfugþróun.

En 18 millj. skortir á og hér er frv. til l. um að ná 9 millj. inn til þess að staðið verði við afgreiðslu Alþingis á vegáætlun, lagaígildi frá því í fyrra. 18 millj. eru þetta.

Það er eðlilegt að hæstv. fjmrh. vilji ræða einhver önnur mál meðan ég er að þylja þessa sögu yfir honum. Ég átti ekki von á að hann kæmi hér upp því að hann á auðvitað engin ráð undir sínum rifjum til að bjarga þessu við frekar en öðru. Hann er búinn að eyða öllu sínu, sjálfsagt í þær tildursráðstafanir sem þeir hafa verið að fikta við og í engan stað komið niður að undanförnu.

Hæstv. samgrh. segir að hann sé og hafi lengi verið þeirrar skoðunar, að endurskoða beri þessi skattalög, skatta á bensíninu, á umferðinni. Það er eins og vant er, þeir koma sér ekki að neinu verki þótt hér sé upplagt tækifæri til þess, því ekki var þetta reiknað með þegar fjárlög voru sett saman, þessi aukageta sem söluskatturinn gefur af síðustu bensínhækkun, 9 millj. kr. Nú er ágætt tækifæri til þess, því að hér er eingöngu átt við árið á ár. Það er ekki verið að taka ákvarðanir til lengri tíma, aðeins að reyna að bjarga málunum eins og þau standa í dag. En þá er farið í það að vefja tungu um höfuð sér eins og vant er, þá vill hann hafa þetta á einhverjum breiðara grundvelli. Mér dettur í hug hið fasta orðtæki iðnrh.: „í víðara samhengi.“ Það á allt að vera á breiðum grundvelli og í víðara samhengi, og ekkert verður úr neinu. Allt endar í sama skötulíkinu eins og til stóð í upphafi.

Þess vegna batt ég líka vonir við að menn gætu undir þetta tekið, að Framkvæmdastofnunin hefur enn fremur í huga að reyna til við 7 millj. kr. lánveitingar til vega á þessu ári, ef það hlýtur náð fyrir augum stjórnarherranna, sem helst nú velja gera allt sjálfir þótt þeir séu ómegnugir til þess. Og þá er farið að styttast í það, að við drögum þessa ráðherra að landi, en það er ekki nema með því móti að menn geti fallist á þetta hér.

Ég sakna hv. 12. þm. Reykv. því að það eru margir bifreiðaeigendur í landinu, og eins og hans skapferli og snúningslipurð í stjórnarsamstarfinu er háttað get ég vel hugsað mér að hann hafi nú kannske opna leið fyrir sig, eins og í gosdrykkjum o. fl., að leggja mér eitthvert lið. Ég skal með glöðu geði draga þetta frv. til baka og hann getur orðið 1. flm., ef hann vill, til þess að auglýsingin nái sér niðri, sem er auðvitað höfuðatriði. Það færi náttúrlega í verra ef hann gæti ekki fylgt því eftir alveg til lokaafgreiðslu í hv. deild, en á því hefur viljað verða misbrestur hjá þeim vaska manni. En ég sakna hans sérstaklega því að ég hef trú á því, að þetta félli í góðan jarðveg hjá honum, þó að hann sé að vísu „á breiðum grundvelli“ og starfi í „víðara samhengi“.

Ég vænti þess, þrátt fyrir daufar undirtektir hæstv. samgrh. við þetta frv., að í hv. deild og hinu háa Alþingi skapist meirihlutasamstaða um þetta, þar eð nauðsyn brýtur lög að kalla má. Það skortir á að staðið verði við fyrri ákvarðanir Alþingis, og það eru engin önnur ráð til að standa við þær. Þess hlýtur að verða krafist.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég heyri að hv. 1. flm. þessa frv., Sverrir Hermannsson, hefur eindregið óskað eftir nærveru minni við umr. um þetta mál. Ég skil hann svo að hann vilji gjarnan að ég taki þátt í umr. um það, og það skal ég gjarnan gera.

Ég vil gjarnan eiga gott samstarf við hv. þm. Sverri Hermannsson um vaxandi framkvæmdir í vegamálum, og við höfum raunar átt ýmislegt samstarf á því sviði. En ef ég á að vera alveg hreinskilinn og segja álit mitt á þessu frv., þá er það ósköp einfaldlega að hér sé sýndartillaga á ferðinni og að hér sé sem sagt ekkert nýtt lagt til sem sköpum skiptir, heldur ósköp einfaldlega að ákveðin upphæð til viðbótar sé lögð fram úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir til vegamála. Það geta menn auðvitað alltaf gert till. um, en við höfum nú þegar afgreitt fjárlögin og þar er í raun og veru ekki gert ráð fyrir þessu fé, þannig að ég kalla það hálfgerða sýndartillögu að koma með uppástungu af þessu tagi.

Það er nefnilega mesti misskilningur að ekki hafi verið gert ráð fyrir þeim söluskattstekjum sem fólgnar eru í till. Þegar fjárlög eru samin er miðað við ákveðna verðhækkun á vörum milli ára, ákveðna meðalverðhækkun, þ. á m. á bensíni. Sú hækkun á bensíni, sem nýlega átti sér stað, var ekkert umfram aðrar verðhækkanir í landinu, bara ósköp einfaldlega í takt við þær verðhækkanir í landinu sem stafa af nýlegri gengisbreytingu. Það er ekkert annað sem þar var á ferðinni. Í raun og veru má segja að verð á bensíni hafi heldur farið lækkandi hlutfallslega miðað við annað verðlag. Bensín hefur í raun og veru hækkað minna en aðrar vörur vegna þess að um hefur verið að ræða verðlækkun í erlendum myntum. Þar af leiðandi er ljóst að tekjur ríkissjóðs af söluskatti af bensíni hafa, ef eitthvað er, heldur rýrnað miðað við það sem ráð var fyrir gert.

Það er því ekki um það að ræða, að þarna sé eitthvert fundið fé sem hægt sé að benda á þar sem sé þessi ákveðni söluskattur eða söluskattsviðbót vegna hækkunar á bensíni, heldur er þetta ósköp einfaldlega inni í öllum tekjutölum fjárlagafrv. og fjárlaga, að ákveðin hækkun eigi sér stað á árinu. Ég sé ekki að þessi hækkun sé þar neitt umfram.

Sá áróður hefur viðgengist hér í þjóðfélaginu um nokkurra ára skeið og kannske ekki verið andmælt sem skyldi, að ríkissjóður sé alltaf að taka til sín meira og meira af tekjum þeim sem umferðin skilar. Þá er fyrst og fremst verið að benda á að söluskattur sé lagður á bensín. En það er bara ósköp einfalt mál, að söluskattur hefur verið lagður á bensín um margra ára skeið og það hlutfall, sem ríkið tekur, hefur alls ekki hækkað. Það er ósköp einfaldlega sú hlutfallstala sem fólgin er í álagningu söluskattsins. Þar hefur engin breyting orðið.

Sumir hafa orðið til að benda á það, að bensín hafi hækkað eitthvað meira en aðrar vörur á árabilinu 1979—1980 og þar af leiðandi hljóti ríkissjóður að hafa hagnast á því. Þetta er hins vegar nokkur skammsýni vegna þess að það verður að líta á málið í víðara samhengi, eins og síðasti ræðumaður nefndi svo fagurlega hér áðan. Við verðum bara að gera okkur grein fyrir því, að það er ákveðið magn af vörum sem selst í þjóðfélaginu á hverju ári miðað við þann kaupmátt sem launamenn, fólkið í landinu ræður yfir. Ef ein vörutegund hækkar mikið umfram aðrar vörutegundir en hún er keypt eftir sem áður, þá má gera ráð fyrir að neysla dragist saman á

einhverri annarri vörutegund í staðinn. Heildarveltan í þjóðfélaginu eykst m. ö. o. ekki eða breytist við það að t. d. ein vörutegund eins og bensín hækkar í verði. Ef fólk verður að greiða meira fyrir bensínið er líklegt að það kaupi eitthvað minna af einhverri annarri vörutegund sem það áður keypti, ef það ætlar að kaupa sama magn af bensíni og áður. Það hefur væntanlega verið söluskattur á þeirri vöru sem fólk hættir þá við að kaupa eða kaupir í minna magni en áður þannig að ríkið verður þá af söluskattstekjum á einu sviði um leið og það fær auknar söluskattstekjur á sviði bensínsölu.

Það er því ákaflega ólíklegt að ríkið hafi í raun og veru neinar nettótekjur eða nettóhagnað af því þó að ein vörutegund eins og bensín hækki verulega í verði umfram aðrar vörutegundir, vegna þess að það hlýtur að koma niður á veltunni eða á sölu einhverra annarra vörutegunda og draga úr söluskattstekjum þar á móti. Þetta er því mikil sýndarröksemd, sem veður þó uppi í fjölmiðlum og þjóðmálaumræðu þar sem hver étur upp eftir öðrum að ríkissjóður sé stöðugt að græða á bensínhækkunum og eigi að skila þessum tekjum til umferðarinnar. En auðvitað er þarna ekki um að ræða neinn nettóhagnað fyrir ríkissjóð, ef málið er skoðað í víðara samhengi, eins og stundum er nefnt í þessum ræðustól.

Þegar menn ræða um hlutdeild ríkissjóðs í vegaframkvæmdum held ég að menn verði að taka með í reikninginn ekki bara framlag ríkissjóðs til vegagerðar, heldur líka þau lán sem ríkissjóður tekur til vegagerðar og eru allveruleg og Vegasjóður stendur alls ekki undir, heldur greiðir ríkið allar afborganir og alla vexti af þessum lánum. Það má því segja að þau lán, sem tekin eru í þágu vegagerðarinnar, jafngildi algjörlega beinum framlögum frá ríkissjóði. Þar er enginn munur á fyrir vegagerðina í landinu og Vegasjóð. Þar af leiðir að til þess að meta hvort fjármagn er mikið eða lítið til vegagerðar þýðir ekkert að vera með reikningskúnstir af því tagi sem finna má í grg. þessa frv., heldur er ósköp einfalt að líta á magntölur um vegaframkvæmdir í landinu. Og ef við skoðum magntölur um vegaframkvæmdir í landinu fer það ekkert á milli mála, að vegaframkvæmdir hafa farið stórkostlega vaxandi á árunum 1980, 1981 og 1982. Við erum sem sagt í sókn á þessu sviði, mjög verulegri sókn. Ég tel að sú sókn hafi verið skipulögð og samþykkt af Alþingi í vegáætlun árið 1979 þegar ákveðnar voru framkvæmdir í vegamálum fyrir árin 1980, 1981 og 1982. Þessari sókn hefur núv. ríkisstj. fylgt eftir af fullum krafti, og það er sú staðreynd sem máli skiptir í þessu sambandi.

Ef við t. d. lítum á tölurnar í fskj. á bls. 2 í þessu frv., þar sem hv. þm. er að reyna að sanna að hlutfall bensíngjalds af opinberum gjöldum samkv. seinasta dálki hafi farið lækkandi, þá segir það, ef nánar er skoðað, í raun og veru ekkert annað en að bensíngjald hefur ekki hækkað í hlutfalli við verð á bensíni. Ef bensíngjaldið hefði verið hækkað í réttu hlutfalli við bensínverð í veröldinni hefði þetta hlutfall haldist eins hátt og það var í upphafi, milli 60 og 70%. Og vissulega má segja að þá hefði Vegasjóður orðið allmiklu ríkari. En þá hefði líka bensínverðið orðið enn þá hærra. Við höfum ekki hækkað bensíngjaldið nema í réttu hlutfalli við byggingarvísitölu meðan aftur á móti heimsmarkaðsverð á bensíni hefur hækkað miklu, miklu örar. Þar af leiðir að þessar prósentutölur hafa farið lækkandi. Í raun og veru segir þessi dálkur og þessa fskj. ekkert annað en þessa einföldu staðreynd.

Hvort við hefðum þá átt að hækka bensíngjaldið meira en við höfum gert er svo önnur saga. Það má velta því fyrir sér. Og kannske gæti við hv. þm. verið innilega sammála um að við hefðum átt að vera djarfari á því sviði og hækka bensíngjaldið meira en gert hefði verið, en hætt er við að þeir, sem kvarta mest yfir háu bensínverði, hefðu ekki verið mjög hrifnir af því.

Sem sagt, þó að ég sé hv. þm. innilega sammála um, að við þurfum að sækja enn frekar fram í vegagerðarmálum, og þó að ég fagni áhuga hans í vegagerðarmálum og ágætu samstarfi oft og tíðum í þessum málaflokki — því að í þessu máli erum við miklir samherjar og höfum báðir mikinn áhuga á að framfarir verði á þessu sviði — þá verð ég hins vegar að segja það, að frv. hans leysir lítinn vanda og ég lít svo á að það sé fyrst og fremst byggt á reikningskúnstum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það, sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs, voru útúrdúrar hæstv. fjmrh., einkanlega þegar hann hrósaði sér af því að vegáætlunin frá 1979 hefði orðið honum sjálfum til sérstaks sóma og þeirri ríkisstj. sem nú situr.

Ég geri ráð fyrir að hann muni eftir að einmitt meðan hann var samgrh. var efnt til sjónvarpsþáttar um þá vegáætlun, þar sem þeir vour spyrjendur Ellert B. Schram og Jón Baldvin Hannibalsson. Ég hygg að hann muni það eins og ég að þessir tveir spyrjendur og blaðamenn spurðu að því, hvort hér væri ekki um sýndarvegáætlun að ræða. Ég hygg að hæstv. fjmrh. muni það, að hann sagði þá sem samgrh. að það væri síður en svo, við þessa vegáætlun yrði staðið og hann mundi leggja sóma sinn þar við.

Síðan gerðist það að samgrh. skipti um stól og komst í sæti fjmrh. Nú skora ég á hæstv. fjmrh. að endurtaka það hér í stólnum, að staðið hafi verið við vegáætlunina frá 1979 á s. l. ári, að landsmenn hafi fengið framkvæmdir eftir magnvísitölu eða magnframkvæmdir eða hvað það hét á máli hæstv. fjmrh. Það skildist hvað hann átti við, að jafnmikið af vegum hefði verið lagt á s. l. ári og hann lofaði með vegáætlun 1979. Bar að skilja hæstv. fjmrh. svo — já eða nei — að staðið hafi verið á s. l. ári við vegáætlun frá 1979? **(Fjmrh:** Já, í grófum dráttum.) Í grófum dráttum. Samkv. upplýsingum Vegagerðarinnar vantaði fjórðu hverju krónu upp á að staðið væri við þá vegáætlun á s. l. ári. Það vantaði fjórða hvern metra í beinum vegi. Það kallar hæstv. fjmrh. í grófum dráttum þegar vegirnir eru skornir niður um 25% samkv. upplýsingum Vegagerðarinnar. Það er það sem heitir á máli þessarar ríkisstj. að standa við hlutina í grófum dráttum. Það má kannske segja að svo sé í víðara samhengi. Það má kannske halda því fram, að þeir hafi ekki staðið sig verr í vegamálunum en annars staðar, að 25% afsláttur á loforðum sé það venjulega hjá ríkisstj., að hún tryggi u. þ. b. 75%. Það er erfitt að komast yfir brú sem er ekki lögð nema að þremur fjórðu. Þeir hafa mátt reyna það í Svarfaðardalnum, þar sem stolið var 1/4 af brúnni, að þeir komust ekki yfir hana. Þeir urðu að fara yfir gömlu brúna, einfaldlega vegna þess að nýja brúin var ekki öll lögð þannig að hún yrði akstursfær, þó að búið væri að lofa henni frá 1979. Ég get nefnt fleiri brýr, fleiri vegi, nóg af framkvæmdum sem ekki var staðið við.

Maður, sem situr hér gegnt mér og sat á þingi á s. l. ári, spurðist þá fyrir um það, hvort hann mætti treysta því að vegurinn yfir Melrakkasléttu yrði lagður allur á s. l. ári.

Hann fékk loforð um að veginum yrði lokið. Hann trúði því náttúrlega sem nýr og ungur þm., varaþm. kominn í staðinn fyrir mikla kempu, að við þetta yrði staðið. En það var síður en svo. Það var ekki við það staðið. Það er yfirleitt ekki staðið við það sem lofað er. Svo kemur hæstv. fjmrh. hér upp og fer í einhvern talnaleik. Spurningin í sambandi við vegáætlunina er ekki um það, hvort hann geti einhvern veginn snúið sig út úr bensínverði, hvort það séu háir vextir á lánum, hvort hann hafi stolið af flutningabifreiðastjórum með því að hækka flutningsskattinn á dísilbílum meira en löglegt er. Kjarni málsins er sá, að það vantar fé til að standa við það sem lofað var í vegum, það vantar fé til að standa við það sem Alþingi sagði að ætti að gera. Spurningin til hæstv. ráðh. er þessi: Ætlar hann að reyna að standa við loforð sín núna? Hann sveik þau í fyrra. Ætlar hann að svíkja þau aftur nú? Ef það vantar 18 millj. kr. til þess að framkvæma vegáætlun, eins og hún var samþykkt á Alþingi, ætlar ríkisstj. þá að láta við það sitja að ekki verði reynt að brúa þetta bil, eða ætlar hún að afla fjárins? Þetta er kjarni málsins.

Það má alltaf vera með reikningskúnstir. Ég man ekki hvort það var í kjördæmi hæstv. fjmrh. sem Sölvi Helgason reiknaði þungann í konuna, en hitt man ég, að meðan þessi hæstv. fjmrh. var samgrh. munaði hann ekki um að reikna vegaframkvæmdir úti um allt land. En þegar hann var fjmrh. reiknaði hann vegaframkvæmdirnar til baka, rétt eins og Sölvi reiknaði þungann á konunni forðum, svo í báðum tilvikum var staðan núll. Vegaframkvæmdirnar urðu ekki meiri og konan ól aldrei barnið. Það er í raun og veru kjarni málsins.

Stjórnarandstaðan reyndi í fyrra fyrir forgöngu Sjálfstfl. að gera gott úr þessu getuleysi ríkisstj. í vegamálum. Þá gekk Sjálfstfl. fram í því að reyna að ná samkomulagi um nýja vegáætlun sem var miklu djarfari en ríkisstj. hafði þorað. Nú vantar fé til að standa við þetta aftur. Við réttum út okkar hönd til þess að hjálpa til að afla fjárins svo að hægt sé að bæta vegina — og veitir ekki af. Þá komu hæstv. ráðherrar upp með einhverjar reikningskúnstir. Þeim væri nær að taka í útrétta hönd okkar og reyna að standa saman um það einu sinni að koma vegunum áleiðis, því að minni hyggju nær vegáætlunin of skammt. Það er t. d. óverjandi með öllu hvernig ástand vegar er í Norðurárdal, sem ég veit að hæstv. fjmrh. er kunnugur. Það má nefna fleiri slík dæmi á aðalumferðarleiðum landsins. Á sumum stöðum er lífsháski á ferðum á mesta umferðartímanum og á hálkutímum.

Ég skal svo ekki lengja þessa ræðu, en það gekk fram af mér þegar hæstv. fjmrh. fór að hrósa sér sérstaklega af því að ríkisstj. hefði staðið sig vel í vegaframkvæmdum á s. l. ári, rétt eins og enginn væri hér inni sem fylgst hefði með hvernig staðið var að málum þá, þó svo að fyrir liggi, að engir — og þessi ráðh. veit betur en allir aðrir — að engir verða jafnfljótt varir við það og þingmenn þegar illa er staðið að þessum viðkvæma málaflokki.

Flm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Það mætti kannske segja að heppilegra væri að hæstv. fjmrh. kynni hlutfallareikning, en röksemdafærsla hans minnti mig mjög á tvo aldraða menn vestur í Ögurvík sem einn góðan veðurdag tóku að þræta um hvort væri lengra úr Ögurvíkinni norður á Hesteyri eða frá Bolungarvík og norður á Hesteyri, og þrættu um þetta ákaflega þangað til annar segir: Það er ekkert lengra frá Bolungarvík norður á Hesteyri en verið hefur. Og víst, sagði hinn, víst er það lengra. Það er ekki að ófyrirsynju að þessi þræta kom upp í hug mér við að heyra röksemdafærslu hæstv. ráðh. því að hann sagði að ríkið tæki ekki hlutfallslega meira til sín en verið hefði og enda þótt við blasi eftir útreikningum sem ég hef frá aðilum sem hann hefur greiðan aðgang að og treysta má.

Ég nefndi í fyrstu ræðu minni að t. a. m. 1972 runnu 50% af skattgjaldi hvers bensínlítra í Vegasjóð og þá gerði vegasjóðsgjaldið 73% af opinberu sköttunum sem á bensínverðið voru lagðir. Þá fóru 27% af opinberu sköttunum, sem í heild voru lagðir á bensínlítrann, í annað en í vegi. En árið 1980 — þá er ég með síðustu tölur — fer 21% af verði hvers bensínlítra í Vegasjóð og bensíngjaldið er 38% í stað 73% áður af heildarskattlagningu hins opinbera á bensínlítra. 62% af skattlagningunni 1980 fara beint í ríkissjóð. Svo ætla menn að halda því fram, að hér sé ekki um allt aðrar viðmiðunartölur að tefla. Og það eru engar smáfjárhæðir sem hér skipta máli.

Hæstv. fjmrh. minnti á hið mikla framfaraspor sem stigið hefði verið 1979 í hans samgönguráðherratíð með vegáætluninni þá. Ég vil nú minna á það, sem kom fram í máli hv. 7. landsk. þm., að öll þessi mál tóku stakkaskiptum við afgreiðsluna í fyrra, 1981. Ég þarf ekki að minna á þáltill. ríkisstj. þá. Það muna allir. Það var 20 ára vegáætlun. En þeir þorðu ekki annað en að samþykkja till. sjálfstæðismanna um 12 ára vegáætlun. En hvernig var hún úr garði gerð, vegáætlunin sem var lögð fyrir hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds árið 1979? Muna menn það? Vilja menn kannske ná í grg. með þeirri þáltill.? Það muna auðvitað allir hvernig hún var úr garði gerð. Þar var ekkert orð um hvernig fjársins skyldi aflað, nema örfáir þættir. Um alla aðra fjáröflun, sem nam t. a. m. fyrir árið 1980 7 milljörðum 847 millj. kr., var sagt að það yrði athugað síðar, og alla endilanga vegáætlunina þá voru óljósir þættir upp á 8 milljarðar árið 1981, svo ég rifji þetta upp. Alveg var þetta botnlaus áætlun, peningalaus og allslaus, enda fór sem fór: menn neyddust til að endurskoða hana með þessum hætti sem raun ber vitni um.

En við skulum slíta öllum þrætum um hlutfallareikning í þessu sambandi. Það sem hæstv. fjmrh. ber skylda til að segja okkur frá er með hvaða hætti hann ætlar að framfylgja samþykktum Alþingis í vegamálum. Við skulum sleppa öllum útúrsnúningum og orðhengilshætti. Aðeins þetta: Ég hef sýnt og sannað með upplýsingum, sem samgrh. hefur lýst yfir úr þessum ræðustól að væru réttar, að það skorti á 28 millj. að vísu, en gera má ráð fyrir að áform stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins nái fram að ganga þannig að fjárskorturinn verði 18 millj. kr. Þetta skortir á. Við erum með till. um 9 millj. hér, og enn hef ég getið þess, að áform eru uppi um að Byggðasjóður dragi málin að landi með 7 millj. kr. En ef ekki verður við þessu litið og menn vilja ekki þessa leið ber hæstv. ráðh. skylda til að benda á aðra. Hið háa Alþingi hefur markað stefnuna og gert síðan samþykktir, og umboðsmanni þess ber óhjákvæmilega að fara eftir því. Hann á þess vegna, hæstv. ráðh., ekkert erindi hingað upp í ræðustólinn. Að vísu þakka ég fyrir að hann þakkar fyrir samstarf við mig og óskar þess áfram. Það geri ég í sama máta. En aðalerindinu gleymdi hann, að segja okkur frá því án tvímæla, hvernig fjár verður aflað

til að framkvæma samþykkt Alþingis í vegamálum, til að framkvæma lagaígildið sem vegáætlun er og samþykkt var á hinu háa Alþingi í þinglok 1981.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er sjálfsagt ástæðulítið að lengja þessar umr. að ráði, en mér þykja viðmælendur mínir, hv. þm. Sjálfstfl. Halldór Blöndal og Sverrir Hermannsson, vondir sagnfræðingar. Ég trúi ekki öðru en þeir minnist þess, að það var einmitt í vegáætlun 1979 sem stóra sporið var stigið fram á við eftir að vegaframkvæmdir höfðu verið samkvæmt fyrri vegáætlunum í algeru lágmarki um margra ára skeið. Þá átti Sjálfstfl. aðild að ríkisstjórn, á árunum 1974—1978, og þó urðu vegaframkvæmdir á því tímabili með því allra minnsta sem verið hefur hér á landi. Þeirri öfugþróun, sem þá var í gangi, var snúið við með vegáætlun 1979.

Svo er það rétt munað hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, að ég var spurður að því í sjónvarpsviðtali af tilteknum mönnum , Ellert B. Schrah og Jóni Baldvin Hannibalssyni, hvort staðið yrði við vegáætlun sem samþykkt hafði verið árið áður. Ég svaraði því játandi, að það yrði staðið við hana — og það var gert. Allar þær tölur, sem stóðu í vegáætlun frá árinu 1979 og vörðuðu framkvæmdir á árinu 1980, stóðu óhreyfðar og þó voru verulegar verðbætur á þeim fjárhæðum í vegáætluninni sjálfri. Hitt er annað mál, að það er engin nýlunda að verðbólga rýri fjárveitingar sem ákveðnar eru af Alþingi. Það gerist nánast á hverju ári að Alþingi ákveður fjárveitingar til tiltekinna mála, en þessar fjárveitingar reynast ekki hafa alveg nákvæmlega jafnmikið framkvæmdagildi þegar til kastanna kemur og menn höfðu gert sér vonir um þegar fjárveitingin var ákveðin. Vissulega skal ég játa það hér, að að því leyti má segja að vegáætlunin frá 1979 hafi, þegar til kastanna kom 1980, ekki haft nákvæmlega sama framkvæmdagildi og menn höfðu gert ráð fyrir í upphafi. En það breytir ekki hinu, að árið 1980 sker sig alveg úr hvað það varðar að þá er varið miklu meira fjármagni til vegamála en hafði þá verið um 5—6 ára skeið. Þeirri sókn hefur síðan verið haldið áfram á árinu 1981, og ég vænti þess að ekki dragi neitt úr á þessu ári 1982. Ég tel hins vegar að það sé ekki efni til að fara að fjalla hér í einstökum atriðum um væntanlega vegáætlun fyrir árið 1982. Hún hefur nú þegar verið samþykkt og það á eftir að ganga endanlega frá vissum þáttum fjármögnunar hvað hana varðar. En ég óttast það hins vegar ekki, að við getum ekki leyst þann vanda, sem þar er við að glíma, á viðunandi hátt þannig að ekki verði um að ræða neinn samdrátt á þessu sviði.

Hv. þm. Sverrir Hermannsson sagði sögu af Vestfjörðum og hún var út af fyrir sig ágæt. En ég verð að segja alveg eins og er, eftir að hafa hlýtt á málflutning hans og ekki síður eftir að hafa hlýtt á málflutning samflokksmanns hans, hv. þm. Halldórs Blöndals, að mér virðist að málflutningur þeirra sé ekkert vitlausari í dag en hann hefur verið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Sameinað þing, 64. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, kl. 2 miðdegis.

Lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana, fsp. (þskj. 132). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 132 lagði ég fram fsp. til fjmrh. Hún var að vísu gerð fyrir áramót og þess vegna eru dagsetningar miðaðar við það.

Til fjmrh. um lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana 1. jan. til 30. nóv. 1981:

„I. Hverjar eru lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða ríkisins svo og lántökur annarra með ábyrgð ríkissjóðs eða fjárfestingarlánasjóða ríkisins?

Sundurliðist á eftirfarandi hátt:

1. Erlendar lántökur: a) Ríkissjóðs. b) Ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkissins. c) Annarra, sem fengið hafa ríkisábyrgð, og þá hverjir? d) Annarra án ríkisábyrgðar.

2. Innlendar lántökur ríkissjóðs: a) Seld spariskírteini ríkissjóðs. b) Seld happdrættisskuldabréf. ríkissjóðs. c) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum. d) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum. e) Annað.

3. Innlendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins: a) Verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum. b) Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum. c) Annað.

II. Að hve miklu leyti hefur því lánsfé, sem aflað hefur verið, verið ráðstafað og hvernig?

Samanburður sé í öllum tilvikum gerður við lánsfjáráætlun 1981."

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen spyr hverjar séu lántökur ríkissjóðs, ríkisstofnana, fjárfestingarlánasjóða ríkisins svo og lántökur annarra með ábyrgð ríkissjóðs eða fjárfestingarlánasjóða ríkisins og biður um sundurliðun með sérstökum hætti.

a) Erlendar lántökur ríkissjóðs. Svarið er: Á tímabilinu 1. jan. til 30. nóv. 1981 tók ríkissjóður tvö erlend lán að upphæð 15 millj. sterlingspunda og 30 millj. dollara. Síðara lánið var til skamms tíma. Hluta af andvirði fyrrnefnda lánsins var varið til greiðslu lántökukostnaðar og erlends skammtímaláns frá árinu 1980, en innkomið andvirði þessara lána er 372.7 millj. kr. á gengi 30. nóv. 1981.

b) Erlendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins. Svarið er: Framkvæmdasjóður tók á árinu 1981 lán að upphæð 212 490 918 kr. reiknað á gengi lántökudags. Lánið sundurliðast annars vegar í lán í yenum upp á 1605 millj. yena og svo hins vegar lán í dollurum upp á 19.5 millj. dollara. Áburðarverksmiðja ríkisins tók lán vegna byggingar saltpéturssýruverksmiðju. Hinn 30. nóv. s. l. hafði verksmiðjan tekið 550 þús. dollara af 2.2 millj. dollara lánsloforði og 3.3 millj. franskra franka af öðru lánsloforði sem var upp á tæpar 17.3 millj. franskra franka. Á þessu tímabili tók Sementsverksmiðjan eitt erlent lán með milligöngu Landsbanka Íslands frá Irving Trust í New York að upphæð 1 272 500 dollara til 7 ára. Lánið var tekið í september.

c) Þá er spurt um erlendar lántökur annarra, sem fengið hafa ríkisábyrgðir. Þar er um að ræða í fyrsta lagi Útgerðarfélag Norður-Þingeyinga hf. 1 900 126 pund, sem á lántökudegi jafngilti 27.2 millj. kr. Búlandstindur hf. tók lán í dollurum upp á 2.8 millj. dollara og það jafngilti á lántökudegi 23 millj. ísl. kr.

d) Spurt er um lántökur annarra án ríkisábyrgðar. Þetta er viðamikil spurning og var leitað svara hjá gjaldeyrisbönkum við henni. Svörin eru svohljóðandi:

Frá Útvegsbanka Íslands.

1. Staða skammtímalána, sem Útvegsbanki Íslands hafði tekið erlendis og endurlánað innanlands, var 31. des. 1980 nýkr. 69 591 896.65 á gengi þess dags, en 31. des. 1981 var staðan kr. 67 742 199.40 á gengi þess dags. Skammtímalán af þessu tagi tekin á árinu 1981 og endurgreidd á sama ári voru 55 að tölu og námu 312 914 485 kr. á gengi greiðsludags. Innifalin í ofangreindum tölum er fjármögnun greiðslufrests á olíuinnflutningi, sem nam 35 768 627 kr. 31. 12. 1981, og kr. 296 391 544.30 af teknum og uppgreiddum lánum ársins 1981. Auk þessa eru skammtímalántökur í formi greiðslufrests erlendra seljenda oftast annaðhvort gegn ábyrgð bankans eða gegn samþykki víxils sem bankinn tekur til innheimtu en kaupir ekki. Af þeim sökum koma þeir ekki fram í reikningum bankans. Greiðslufrestir gegn ábyrgð bankans námu 31. des. 1981 55 653 820 kr. á gengi þess dags, en af því voru 37 803 600 kr. vegna olíuinnflutnings frá Sovétríkjunum, en 31. des. 1980 námu þeir í nýkr. 30 millj. 304 þús. á gengi þess dags og þar af í nýjum krónum talið 16 490 400 vegna olíuinnflutnings frá Sovétríkjunum.

Frá Landsbankanum barst svohljóðandi svar:

Staða skammtímalána, sem Landsbankinn hafði tekið erlendis og endurlánað innanlands, var 31. des 1980 nýkr. 314 499 800 kr. á gengi þess dags, en 31. des. 1981 var staðan 413 649 435 kr. á gengi þess dags. Skammtímalán af þessu tagi tekin á árinu 1981 og endurgreidd á sama ári voru 185 að tölu og námu 1052 990 000 kr. á meðalgengi ársins 1981. Innifalin í ofangreindum tölum er fjármögnun greiðslufrests á olíuinnflutningi utan Sovétríkjanna, sem nam kr. 92 millj. 96 þús. 31. 12. 1980, en 104 millj. 793 þús. kr. 31. 12. 1981. Auk þessa er mikið af erlendum skammtímalántökum í formi greiðslufrests erlendra seljenda oftast annaðhvort gegn ábyrgð bankans eða gegn samþykkt víxils sem bankinn tekur til innheimtu en kaupir ekki. Af þeim sökum koma þeir ekki fram í reikningum bankans og eru ekki á hraðbergi hjá bankanum tölur um þá. Hins vegar er til hjá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans skráning á þeim fyrir gjaldeyrisbankana báða og verður að vísa þangað um upplýsingar um þennan þátt. Greiðslufrestir gegn ábyrgð bankans námu 31. des. 1981 320 millj. 834 þús. kr. á gengi þess dags, en af því voru 225 millj. 986 þús. kr. vegna olíuinnflutnings frá Sovétríkjunum, en 31. des 1980 námu þeir í nýkr. 120 millj. 934 þús. á gengi þess dags og þar af í nýkr. talið 48 millj. 836 þús. vegna olíuinnflutnings frá Sovétríkjunum.

Þá kemur 2. liður fsp. Innlendar lántökur ríkissjóðs.

a) Seld hafa verið spariskírteini að andvirði 37.7 millj. kr.

b) Seld hafa verið happdrættisbréf að fjárhæð 5 millj. kr.

c) Bankar og sparisjóðir höfðu 30. nóv. keypt skuldabréf af ríkissjóði fyrir 53.9 millj. kr.

d) Lífeyrissjóðir höfðu 30. nóv. keypt skuldabréf af ríkissjóði fyrir 52.2 millj. kr.

3. Innlendar lántökur ríkisstofnana og fjárfestingarlánasjóða ríkisins.

a) Það er spurt um verðbréf keypt af bönkum og sparisjóðum. Húsnæðisstofnun fékk lánsheimild hjá Seðlabanka Íslands fyrir 40 millj. kr. Um s. l. áramót hafði stofnunin notað 20 millj. kr. af þessari lántökuheimild.

b-liður. Verðbréf keypt af lífeyrissjóðum. Hinn 30. nóv. höfðu lífeyrissjóðirnir keypt skuldabréf af fjárfestingarlánasjóðum ríkisins fyrir 323 millj. kr.

c) Annað. Áhaldahús Vegagerðarinnar tók lán hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð 5.7 millj. kr. og er það lán gengistryggt.

II. Að hve miklu leyti hefur því lánsfé, sem aflað hefur verið, verið ráðstafað og hvernig? — Upplýsingar um þennan þátt málsins hafa áður verið gefnar fjárhagsnefndum hv. Ed. og Nd. þingsins og vegna þess að fsp. er skammtaður ákveðinn tími og ég mundi ekki komast mjög langt með þá upptalningu vil ég leyfa mér að vísa í þær upplýsingar sem gefnar hafa verið í fjh.- og viðskn. deildanna. Ég vil taka það fram, að hér er um mjög viðamikla fsp. að ræða og vissulega má hugsa sér að fsp. væri svarað á miklu ítarlegri hátt en hér er gert, en þetta verður að duga og vænti ég þess að fsp. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur svarað þessari fsp. sem, eins og ég sagði áðan, var borin fram fyrir áramót. Það ætti að vera þannig með þær upplýsingar, sem hér um ræðir, að það tæki ekki svo langan tíma fyrir Alþingi að fá þær sem raun ber vitni.

Eins og hæstv. ráðh. gat um áðan hafa fjh.- og viðskn. beggja deilda verið nánast í morgun gefnar upplýsingar varðandi 2. tölul. þessarar fsp. og þá miðað við síðustu áramót. Ekki væri óeðlilegt að slíkar upplýsingar sem hér komu fram og ekki er hægt að gera að umræðuefni sérstaklega lægju fyrir tvisvar á ári, þ. e. á miðju ári og svo skömmu eftir áramót, til þess að þm. gætu gert sér grein fyrir því, hvernig framkvæmd lánsfjáráætlunar hefur átt sér stað.

Ég vil að lokum mega spyrja hæstv. ráðh. hvort ekki sé að vænta innan tíðar greinargerðar eða skýrslu hans um niðurstöður á ríkisreikningi ársins 1981 samkv. bráðabirgðatölum ríkisbókhaldsins. Slíkar skýrslur hafa verið gefnar frá því 1976, og ég tel að slíku eigi að halda áfram og gera það fyrr en verið hefur, — fyrr en er komið að því að ríkisreikningurinn, A-hlutinn, er lagður fram. Það fer að vísu eftir því, hvernær þinglok eru, hvort ríkisbókhaldi tekst að koma ríkisreikningi út fyrir þau. Þess vegna er eðlilegt og nauðsynlegt að Alþingi fái slíka skýrslu miklu fyrr en í miðjum marsmánuði. Ég vil leyfa mér að spyrja ráðh. hvort þessarar skýrslu sé ekki að vænta innan tíðar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og kunnugt er liggja fyrir upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á hverju ári með tvennum hætti. Annars vegar liggur fyrir afkoman á liðnu ári samkv. rekstraryfirliti, en þó byggðu á greiðslugrunni, þ. e. þá er búið að átta sig á hver staðan er greiðslulega séð um áramót, án þess að raunverulegar tekjur ársins séu þá að öllu leyti komnar inn í myndina. Upplýsingar um þetta atriði málsins eru yfirleitt gefnar

einhvern tíma á fyrstu mánuðum ársins. Ég geri ráð fyrir að yfirlit af þessu tagi verði gefið innan fárra daga, en vil þó láta þess getið, að samkv. þeim upplýsingum, sem nú liggja fyrir, hefur orðið rekstrarafgangur hjá ríkissjóði á liðnu ári miðað við greiðslugrunn, eins og fjárlög gera ráð fyrir.

Hins vegar tekur öllu lengri tíma að reikna nákvæmlega út hverjar hafa verið raunverulegar tekjur og gjöld ríkisins. Þær upplýsingar hafa yfirleitt ekki legið fyrir fyrr en A-hluti ríkisreiknings hefur verið lagður fram hér á Alþingi í maímánuði.

Ég geri sem sagt ráð fyrir að þessu verði hagað með svipuðum hætti nú, að bráðabirgðaupplýsingar verði gefnar innan nokkurra daga um rekstrarafkomu ríkissjóðs á greiðslugrunni miðað við s. l. áramót, en hitt verði svo að bíða fram til maímánaðar, að upplýsingar liggi fyrir um raunverulega útkomu samkv. ríkisreikningi.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. þessi svör og vænti þess, að sú skýrsla, sem hér hefur verið lögð fram undanfarin ár, komi innan tíðar, eins og hann orðaði það. Það er einmitt vegna þess að uppgjör ríkissjóðs skömmu eftir áramót er á greiðslugrunni og þá er það til samanburðar við þau fjárlög sem samþykkt hafa verið. Síðan er þess að vænta, að áður en Alþingi lýkur liggi ríkisreikningurinn fyrir samkvæmt þeim tölum sem til hans er aflað, þ. e. þá með öðrum hætti en greiðslugrunnstölur. Það eru nánast uppgjörstölur samkv. þeim bókhaldsreglum og lögum sem um ríkisbókhaldið gilda.

Áhrif viðskiptakjara á verðbætur á laun, fsp. (þskj. 324). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef á þskj. 324 leyft mér að leggja fsp. fyrir félmrh. um það, hver hefðu orðið áhrif viðskiptakjara á verðbætur á laun á s. l. ári ef Ólafslög svokölluð hefðu verið í gildi. Ástæðan fyrir því, að þessi fsp. er lögð fram, er einfaldlega sú, að engar upplýsingar lágu fyrir um það, hvorki hjá Þjóðhagsstofnun né Hagstofu Íslands, hvernig viðskiptakjörin breyttust á s. l. ári. Það áleit ég óeðlilegt. Þar sem ég gat ekki fengið slíkar upplýsingar með eðlilegum hætti átti ég ekki annarra kosta völ en að flytja fsp. þessa með þinglegum hætti í Sameinuðu þingi.

Forsaga þessa máls er sú, að með Ólafslögum, sem samþykkt voru 10. apríl 1979, var ákveðið að það skyldi hafa áhrif á kaupgjaldsvísitölu hvernig viðskiptakjörin út á við breyttust frá einum tíma til annars. Þetta var rökstutt á þann einfalda hátt, að eðlilegt væri að launþegar nytu þess, ef hagur þjóðarbúsins í heild færi batnandi, á sama hátt og færð voru fyrir því rök, að ekki væri grundvöllur fyrir launahækkunum á sama tíma og útflutningsafurðir okkar lækkuðu í verði eða innflutningurinn hækkaði í erlendri mynt. Ég skal ekki hafa frekari orð um hversu eðlileg sú lagabreyting var, en á sínum tíma var meiri hluti fyrir því hér á Alþingi að samþykkja hana.

Eins og menn muna var á gamlársdag 1980 tilkynnt um að gefin hefðu verið út brbl. sem fólu m. a. í sér 7% skerðingu kaupgjaldsvísitölunnar 1. mars bótalaust. Jafnframt var svo ákveðið að verðbætur á laun samk. 51. gr. Ólafslaga, þar sem talað er um viðskiptakjörin, skyldu ekki reiknaðar hinn 1. júní, 1. sept. og 1. des.

Fsp. mín er svohljóðandi:

„Hver hefðu orðið áhrif 51. gr. laga nr. 13 10. apríl 1979 á verðbætur á laun 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1981, ef viðskiptakjörin hefðu verið reiknuð inn í kaupgjaldsvísitöluna?

2. Hver verða áhrif þessarar lagagreinar á kaupgjaldsvísitöluna 1. mars n. k.?"

Eins og síðari spurningin ber með sér er nokkuð síðan þessi fsp. var lögð fram hér á Alþingi.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um er nokkuð síðan fsp. var lögð fram á Alþingi og fyrir liggur nú samkv. opinberum útreikningum kauplagsnefndar og Hagstofu hver frádrátturinn var vegna skerðingarákvæða Ólafslaga 1. mars s. l., þannig að ég ætla ekki að fjölyrða um þann lið fsp. En fyrri liður fsp. er þessi:

„Hver hefðu orðið áhrif 51. gr. laga nr. 13 10 apríl 1979 á verðbætur á laun 1. júní, 1. sept. og 1. des. 1981, ef viðskiptakjörin hefðu verið reiknuð inn í kaupgjaldsvísitöluna?"

Nú var það þannig, að á árinu 1981 voru þessi skerðingarákvæði Ólafslaga ekki í gildi. Þau voru afnumin frá og með áramótunum þar á undan og af þeim ástæðum voru þessir frádráttarliðir ekki reiknaðir út á árinu 1981 af Hagstofunni né heldur af Þjóðhagsstofnun. Þess vegna er það í raun og veru ekki fyrr en núna sem liggja fyrir alveg óyggjandi niðurstöður í þeim efnum, hvaða áhrif þessir frádráttarliðir hefðu haft á kaupið hefðu þeir verið í gildi á síðasta ári.

Ég vil fyrst taka það fram, að það málefni, sem hér um ræðir, heyrir í raun undir Hagstofu Íslands og kauplagsnefnd, en Hagstofan heyrir undir núv. hæstv. forsrh. En samkv. upplýsingum, sem borist hafa frá Hagstofu Íslands, segir á þessa leið í bréfi frá hagstofustjóra:

„Samkv. lauslegri áætlun Þjóðhagsstofnunar hefðu áhrif viðskiptakjarabreytingar á verðbótahækkun launa orðið sem hér segir frá og með eftirtöldum greiðslutímabilum, ef ákvæði 51. gr. laga nr. 13/1979 hefðu þá verið í gildi:

1. júní 1981: Áhrif til hækkunar verðbóta á laun sem svara 0.9% 1. sept. 1981: Áhrif til hækkunar verðbóta á laun sem svara 0.6%. 1. des. 1981: Áhrif til lækkunar verðbóta á laun sem svara 0.2%. " — Það er hækkun í hinum tilvikunum báðum, en lækkun 1. des. Síðan segir orðrétt áfram í bréfi hagstofustjóra: „Áhrif viðskiptakjarabreytingar til lækkunar á verðbótahækkun launa frá 1. mars 1982 urðu 0.6% samkv. útreikningi kauplagsnefndar."

Hér er sem sagt um að ræða tilvitnun í svar Hagstofu Íslands. (**MÁM:** Vill ráðh. endurtaka síðasta svarið?) 1. mars er viðskiptakjarabreytingin 0.6% lækkun. Síðan aflaði ég upplýsinga um aðra frádráttarliði Ólafslaga á s. l. ári, hverning þeir hefðu komið út, en eins og hv. þm. er kunnugt var einnig um að ræða sérstakar reglur varðandi meðferð á hækkun áfengis og tóbaks annars vegar og hækkun á launalið búvörugrundvallarins hins vegar. Ég spurðist fyrir um þessa liði og svörin eru sem hér segir:

1. júní 1981 hefðu viðskiptakjör hækkað laun, eins og ég sagði áðan, um 0.9%. Áfengi og tóbak hefðu lækkað laun um 0.31%, en launaliður búvörugrundvallar hefði

lækkað laun um 0.39%. Áhrifin af Ólafslagavísitölunni hefðu þá orðið hækkun á kaupi um 0.2% þegar allt er tekið saman 1. júní 1981. 1. sept. 1981 lítur dæmið þannig út, að viðskiptakjörin hefðu valdið hækkun á verðbótavísitölu um 0.6%, eins og ég sagði áðan. Aftur á móti hefðu laun lækkað um 0.49% vegna hækkana á áfengi og tóbaki og laun hefðu að auki lækkað um 0.53% vegna launaliðar í búvörugrundvelli þannig að skerðingarákvæði Ólafslaga hefðu haft í för með sér 0.42% lækkun á kaupi 1. sept. 1981. 1. des 1981 hefðu áhrifin aftur á móti orðið þau, að viðskiptakjörin hefðu lækkað verðbótavísitöluna á laun um 0.2%. áfengi og tóbak hefði enn lækkað vísitöluna um 0.5%, en launaliðurinn í búvöruverði hefði lækkað vísitöluna um 0.58% þannig að vegna skerðingarákvæða Ólafslaga hefði heildarlækkun launa 1. des. s. l. orðið 1.28%.

Samkv. þessu yfirliti hefðu viðskiptakjör á þessum þremur dagsetningum hækkað laun um 1.3%, en það að hækkanaáhrif áfengis og tóbaks komu ekki til framkvæmda á þessum þremur dagsetningum hefði aftur lækkað laun um 1.3% eða sömu prósentutölu. Búvöruverð hefði síðan að auki lækkað verðbótavísitöluna um 1.5% þannig að heildarávinningur launamanna af því að fella niður skerðingarákvæði Ólafslaga nam a. m. k. 1.5% í kaupi á árinu 1981.

Eins og hv. þm. Halldór Blöndal gat um voru gerðar efnahagsráðstafanir um áramótin 1980—1981 og ég ætla í sjálfu sér ekki að fara yfir þær mjög rækilega núna. Það voru felld niður 7% í kaupi 1. mars og var talið að þau kæmu aftur til skila í fyrsta lagi með minni verðbólgu, í öðru lagi með afnámi á skerðingarákvæðum Ólafslaga og í þriðja lagi með skattalækkun. Ég hef haldið því fram annars staðar, að hér hafi verið um að ræða „slétt skipti" og ég held að það standist fyllilega að launamenn hafi fengið þessi 7% aftur. En ég minni auðvitað á að forsendan fyrir útreikningum okkar um áramót 1980 og 1981 var sú, að viðskiptakjörin væru í raun og veru hlutlaus í kaupútreikningum á árinu 1981. Það var því sú breyting sem gerðist frá því sem menn gerðu ráð fyrir, að viðskiptakjörin fóru heldur batnandi á fyrri hluta ársins 1981, en fóru svo því miður versnandi á síðari hluta ársins og einnig á fyrri hluta ársins 1982.

Ég vænti þess, herra forseti, að ég hafi svarað fsp.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. þessi svör. Ég vil minna á að þegar frv. til l. um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu var til afgreiðslu hér í deildinni fyrir ári eða svo varaði ég mjög við því, að viðskiptakjaraþátturinn yrði tekinn út úr kaupgjaldsvísitölunni einmitt á þeim tíma þegar fyrirsjáanlegt var að viðskiptakjör mundu batna. Ég þóttist færa fyrir því rök, að launþegar mundu verða tregir til að taka viðskiptakjörin inn í kaupgjaldsvísitöluna ef stjórnvöld og Alþingi héldu þannig á málum að viðskiptakjaraþátturinn verkaði einungis til lækkunar á almenn laun í landinu, en væri hins vegar tekin úr sambandi undireins og viðskiptakjörin færu batnandi. Ég vil vænta þess og vona að það fordæmi, sem hér hefur komið í ljós, verði ekki til þess að launþegahreyfingin snúist öndverð gegn því, að viðskiptaþátturinn verði í næstu samningum áfram hafður með í útreikningi kaupgjaldsvísitölunnar, vegna þess að ég tel að sú viðmiðun hafi verið til bóta og sé bæði heilbrigð og eðlileg.

Ég vil svo segja það út af þeim ummælum sem hæstv. félmrh. hafði um kjör launþega á s. l. ári, að í fyrsta lagi var verðbólgan meiri á árinu 1981 en heitið hafði verið, m. a. vegna þess að efnahagsráðstafanir ríkisstj. fóru úr böndunum á ýmsan hátt og líka vegna þess að nauðsynjavörur, sem kallaðar eru, hækkuðu mun meira en nemur þeim uppbótum sem launamenn fengu með hækkun verðbótavísitölu.

Ég vil í öðru lagi minna á það, að skattalækkunin, sem heitið var um áramótin 1980—1981, varð engin frekar en sú skattalækkun sem hæstv. félmrh. hét í des. 1978 að yrði á árinu 1979. Bæði þessi ár, bæði í fyrra og hittiðfyrra, þyngdust skattar á verulegum hluta launþega, og þótt finna megi hóp skattgreiðenda þar sem tekjuskattur lækkaði heldur frá fyrra ári, takmarkaðan hóp, liggur hitt fyrir, að kjaraskerðingin vegna skerðingar vísitölunnar varð mun meiri. Og eins og ég sagði áðan fékk ríkissjóður meira í hlut sinn í tekjuskattstekjur á s. l. ári en fjárlög gerðu ráð fyrir. Sem sagt: Ríkissjóður græddi en tapaði ekki á þeim breytingum sem gerðar voru á tekjuskattinum á s. l. ári.

Ég vil svo í þriðja lagi aðeins segja að það sé spélegt að heyra þennan mann, sem skrifaði leiðarann um „Alþingi götunnar" um þetta leyti árs 1978, halda því fram, að 1.5% skerðing vegna búvöru, sem afnumin var, skuli jafngilda 7% hækkun 1. mars. 7% hækkunin var fyrr á árinu. Hins vegar dreifðist 1.5% skerðing vegna búvöru á þrjá mánaðardaga síðar á árinu. Ég skal ekki við þetta tækifæri rifja upp ýmsar ræður sem Lúðvík Jósepsson hélt um prósentureikning og hversu mætti blekkja með honum, en það er ekki hægt að taka prósentureikning með þessum hætti til umræðu hér á hinu háa Alþingi.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. Ég legg aðeins áherslu á það sem ég var búinn að vara við áður: Lögin um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu urðu launþegum til tjóns að því er varðar þann þátt þeirra sem snertir viðskiptakjörin.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er ekki nokkur vafi á að afnám á skerðingarákvæðum Ólafslaga var verulegur ávinningur fyrir verkalýðshreyfinguna og verkafólk í landinu. Verkalýðshreyfingin hafði gert um þetta samþykkt á þingi sínu haustið 1980, ef ég man rétt, og hafði gert þessa kröfu í kjarasamningunum, sem voru undirritaðir í okr., 27. okt. minnir mig, 1980, en þessi krafa náðist þá ekki fram. Það var þess vegna pólitísk ákvörðun að standa þannig að málum að þessi krafa verkalýðshreyfingarinnar varð að veruleika og skerðingarákvæði Ólafslaga voru felld úr gildi á þremur dagsetningum á árinu 1981. Það er svo aftur annað mál, að verkalýðshreyfingin féllst á að þessi skerðingarákvæði yrðu í gildi 1. mars 1982 samkv. þeim skammtímasamningum sem gerðir voru seint á s. l. ári.

Hv. þm. Halldór Blöndal kom með nokkrar aths. við minn málflutning og ég ætla að svara þeim.

Í fyrsta lagi sagði hann að verðbólgan árið 1981 hefði orðið meiri en ríkisstj. hét. Í yfirlýsingum ríkisstj. var alltaf rætt um 40% verðbólgu innan ársins 1981. Útreikningar ríkisstj. og Þjóðhagsstofnunar á kaupmætti launa samkv. efnahagsráðstöfunum á árinu 1981 gerðu hins vegar ráð fyrir nokkru hærri verðbólgutölu þannig að verðbólgan varð minni en gert var ráð fyrir í þeim áætlunum sem kaupmáttarreikningarnir voru byggðir á. Þess vegna varð ávinningur verkalýðshreyfingarinnar og launafólks í landinu af ráðstöfunum ríkisstj. meiri en

reiknað var með í þeim áætlunum sem gerðar voru í upphafi ársins 1981.

Í annan stað, herra forseti, er því haldið fram, að skattalækkunin hafi engin orðið. Það er rangt. Sjúkratryggingagjald var fellt niður af lægri tekjum þannig að það nam 1.5% í kaupi.

Í þriðja lagi hef ég að sjálfsögðu aldrei haldið því fram, herra forseti, að 1.5% niðurfelling á launafrádrætti vegna launaliðar búvörugrundvallar jafngilti 7% í kaupi. Því fer víðs fjarri. Launafólk fékk þessa skerðingu aftur með þrennu móti. Í fyrsta lagi með afnámi á skerðingarákvæðum Ólafslaga upp á 1.5%, í öðru lagi með lækkun á sköttunum upp á 1.5% og í þriðja lagi með því að verðbólgan á árinu 1981 varð minni en ella hefði verið. Þess vegna var það sem hér var um að ræða slétt skipti. Kaupmáttur launa stóð á sama grundvelli og þeir kjarasamningar sem gerðir voru seint á árinu 1980.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Batnandi manni er best að lifa, og það væri óskandi að um varanlegan bata væri að ræða hjá hæstv. félmrh. Hv. þm. Halldór Blöndal rifjaði það upp, að fyrir fjórum árum skrifaði hæstv. núv. félmrh., þáv. ritstjóri Þjóðviljans, greinar í blað sitt um „Alþingi götunnar" vegna þeirra efnahagsráðstafana sem þáv. ríkisstj. stóð fyrir. Markmið þeirra efnahagsráðstafana var að minnka verðbólgu í landinu og það var enginn vafi á að sú mundi raunin hafa orðið hefði ekki verið gripið til óyndisúrræða og ólögmætra verkfallsaðgerða. Það var tilgangurinn að minnka verðbólguna og auka þannig kaupmátt launa. Það vildi hæstv. félmrh. ekki hlusta á þá. Þá var lækkun verðbólgunnar ekki jafngildi aukins kaupmáttar, eins og hann var að enda við að skýra þingheimi frá að sú væri raunin.

Hann nefndi „slétt skipti" í sambandi við efnahagsráðstafanir ríkisstj. um næstliðin áramót og taldi til viðbótar 1.5% skattalækkun, sem þó tekur ekki til lægst launaða fólksins, og 1.3—1.5% vegna áhrifa afnáms skerðingarákvæða Ólafslaga, taldi að þetta jafngilti 7% kauplækkun. Mismuninn, 4% og raunar meira, áttu launþegar að fá uppi borinn með því, að verðbólgan varð samkvæmt fölsuðum tölum rúmlega 40% Í staðinn fyrir tæplega 60% eins og hún hafði verið áður. Ég vek athygli á þessari röksemdafærslu hæstv. félmrh.

Þessu til viðbótar vil ég taka fram að það var ekki eingöngu 1. mars s. l., því að nú er búið að viðurkenna á ný skerðingarákvæði Ólafslaga sem höfðu þau áhrif að útborgað kaup var 2.21% lægra en ella hefði orðið, og það verður einnig svo 1. júní n. k. að skerðingarákvæði Ólafslaga verða í gildi og munu valda 1.5%—2% lækkun á kaupi. Þá hafa skerðingarákvæði Ólafslaga afturgengin þau áhrif, að launþegar fá allt að 4% lægri laun en ella, þannig að öll grunnkaupshækkunin, sem fékkst í samningunum s. l. haust, er aftur tekin og meira til. Undir þessum kringumstæðum ganga launþegar til samninga.

Ég vænti þess, að bæði launþegar og vinnuveitendur sýni ábyrga afstöðu í þeim samningum, sem nú fara í hönd, og taki með í reikninginn að minnkandi verðbólga er auðvitað öllum til hagsbóta. Og ég vænti þess, að hvort sem hæstv. félmrh. á sæti í ríkisstjórn eða er utan ríkisstjórnar haldi hann fast við þá skoðun, sem hann hélt fram áðan, að minnkandi verðbólga, sem m. a. stafar af lækkuðu kaupi, sbr. kaupskerðinguna í fyrra, sé jafnvel þáttur í því, þegar til lengdar lætur, að verða launþegum til gagns eins og öðrum þjóðfélagsþegnum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð þar sem ég hef aðeins heimild til að gera örstutta aths.

Hv. 1. þm. Reykv. gerði tilraun til að réttlæta kaupránsaðgerðir ríkisstjórnar sinnar enn þá einu sinni. Það er greinilegt að „Alþingi götunnar" í þessu landi þarf að búa sig undir að verjast þeirri pólitík áfram og það mun verða hvatt til þess eftir því sem nauðsyn krefur.

Staðreyndin er hins vegar sú, að þær aðgerðir, sem hæstv. ríkisstj. hans greip til á sínum tíma, voru ekki einasta kaupránsaðgerðir, ekki einasta höfðu þær það í för með sér að rífa niður grundvöll kjarasamninga til margra ára, heldur höfðu þær engin áhrif til lækkunar verðbólgu. Til þess voru þó refirnir skornir.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég heyrði það á síðustu orðum hæstv. félmrh., að hann býr sig nú mjög undir að setja á stofn Alþingi Helguvíkur eða dreymir a. m. k. um það. En út af því sem hann sagði, að ríkisstj. hefði sett sér að verðbólgan á s. l. ári yrði 40% innan ársins, vil ég vekja athygli á tölum sem eru í nýjasta hefti af Hagtölum mánaðarins, mars 1981, sem út eru gefnar af Seðlabanka Íslands. Kauptaxtar launþega — þá er miðað við 1. mars eðlilega — á síðustu 12 mánuðum hækkuðu um 57.4% og næstsíðustu 12 mánuðum um 50.8% eða samtals á 24 mánuðum um 237.36%. Ef við tökum vísitölu framfærslukostnaðar hækkaði hún frá 1. febr. 1981 til 1. febr. 1982 um 58% og á næstsíðustu 12 mánuðum um 61.4% eða samtals um 255%. Ef við tökum vísitölu neysluvöruverðs hækkaði hún enn meir eða á síðustu 12 mánuðum um 58.5% og næstsíðustu 12 mánuðum um 62.6% eða samtals um 257.72%. Þessar tölur staðfesta því að verðbólgan á síðasta ári lá einhvers staðar nær 60% en 50.

Ég vil líka vekja athygli á því, að engin verðkönnun fór fram 1. jan. 1981 borið saman við 31. des. 1981. Það var gerð verðkönnun um miðjan janúarmánuð 1981. Engin slík verðkönnun fór fram á sama tíma á þessu ári þannig að samanburður á því, sem hæstv. félmrh. kallar verðbólgu innan ársins 1981, er ekki til. Þetta hefur aldrei verið reiknað. Það, sem við komumst næst því, er að miða við 1. febr. 1981 og 1982, bæði árin, og þá er verðbólgan og framfærslukostnaður 58% og vísitala neysluvöruverðs 58.5% Ef hæstv. félmrh. veit einhver gögn sem eru nær því að sýna verðbólguna á árinu 1981 — eða hæstv. dómsmrh., sem situr hjá honum, eða aðrir sem á mál mitt hlýða, þá skora ég á þá að gera grein fyrir þeim mælingum, hvernig þau gögn eru fundin og hvar þær eru. Slíkar mælingar eru, held ég, ekki til.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég tek til máls nú aðeins til að vekja athygli á yfirlýsingu hæstv. félmrh. Hún er í raun svar við þeim innri átökum sem hafa átt sér stað í ríkisstj. að undanförnu — svar við kröfum Framsfl. og hæstv. utanrrh. á hendur ráðherrum Alþb. um að viðkomandi ráðh., hæstv. utanrrh., fái að fylgja eftir samþykktum Alþingis. Það svar og viðbrögð Alþb.-ráðh., sem hér var að tala, er að það verði tekið upp gamla vopnið þeirra, þegar þeir eru í þeirri aðstöðu að þurfa og geta beitt því, að beita „Alþingi götunnar". Hann hótar úr ræðustól á hv. Alþingi að það skuli verða hvatt til aðgerða í fyllingu tímans til að mótmæla því sem hann kallar nú undir rós kaupráni, væntanlegt kaupráni,

en er ekkert annað í raun en viðbrögð við þeim atburðum sem hafa verið að gerast innan hæstv. ríkisstj. að undanförnu.

Að öðru leyti skal ég taka undir það sem hv. þm., bæði 1. þm. Reykv. og hv. 7. landsk. þm., hafa hér sagt. Það hafa auðvitað aldrei nokkurn tíma í stjórn þessa lands verið framkvæmdar jafnmiskunnarlausar og vísvitandi falsanir á þeim hugtökum sem við látum falla undir t. d. kaupmátt launa. Meira að segja hafa það verið dyggustu stuðningsmenn hæstv. félmrh. sem hafa staðið hér ítrekað upp í ræðustól á Alþingi til að benda á þá svívirðu sem hefur átt sér stað og átti sér stað í kjölfar myntbreytingarinnar, sem er líklega mesta svindlfyrirtæki sem hefur átt sér stað varðandi hag launþega, og bendi ég þar á orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og reyndar fleiri þm. Alþb. að undanförnu. Og ég tek undir áskorun hv. 7. landsk. þm. til ríkisstj., til hæstv. ráðh., um að þeir svari því sem hann fullyrti hér og kom fram hjá honum um verðlagsþróunina frá febr. 1981 til febr. 1982.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru auðvitað engin tök á því að ræða í fsp.-tíma um stöðuna í kjaramálunum. Verðbótaþátturinn er aðeins einn þáttur þess máls sem hér er um að ræða. En það getur vart nokkur, sem hefur horft á og fylgst með störfum, tali og öðru hjá hæstv. félmrh., eins og raunar fleiri áberandi mönnum í Alþb., orða bundist eftir að verða vitni að því æ oftar hvers konar sinnaskiptum þeir menn taka eftir því hvort þeir eru aðilar að ríkisstj. eða hvort þeir eru í stjórnarandstöðu.

Um það eru skiptar skoðanir hvort rétt sé að miða verðbætur við viðskiptakjaravísitölu. Eigi að síður var það gert og var í gildi nokkurn tíma. En hvað sem mönnum finnst um hvort það er rétt eða rangt er hitt náttúrlega ótækt, að slíkt kerfi skuli vera í gildi þegar viðskiptakjör fara versnandi, þegar það þýðir kauplækkun hjá launafólki, en síðan kippt úr sambandi þegar viðskiptakjör fara batnandi og það ætti að þýða kjarabætur hjá launafólki. Þetta er auðvitað meginmálið í þessum umr. Það er athyglisvert, að það er undir forustu Alþb., þegar það er aðili að ríkisstj., sem það gerist að viðskiptakjaravísitölu er kippt úr sambandi þegar launakjör launafólks í landinu ættu að fara batnandi vegna batnandi viðskiptakjara. Þetta er mergurinn málsins í þessum þætti þess. Þetta er athyglisvert ef litið er til þess, hvað hæstv. félmrh. — og ekki síst hann — hefur sagt, gert og hvernig hann hefur hagað sér á undangengnum árum.

Ég heyri það á hæstv. ráðh., eftir því sem hann talaði hér áðan, að nú undirbýr hann ákallið til „Alþingis götunnar". Hvort honum þykir sá tími, sem nú fer í hönd, henta til slíks kemur auðvitað í ljós í áframhaldinu. En ekki dettur mér í hug að halda það sem hv. 1. þm. Reykv. vék að áðan, að þetta sé vegna þess að hæstv. félmrh. sé að batna. Það á ekki við hann orðatiltækið „batnandi mönnum er best að lifa". Það á ekki við hann í þessu tilfelli vegna þess að í forustusveit Alþb., fyrst og fremst í hinni pólitísku forustu, eru tækifærissinnar sem nota hvert einasta tækifæri, hvenær og hvar sem það gefst, til að spila á strengi sem eru fyrst og fremst þess eðlis að það er tækifærismennskan sem er í hávegum höfð.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Út af þeim orðum, sem hv. 7. landsk. þm. beindi til mín áðan meðal annarra, vil ég taka þetta fram: Að sjálfsögðu má ræða um verðbólguna frá ótal sjónarmiðum og beita þar ýmsum reikningsaðferðum. Hitt er staðreynd, að ríkisstj. einsetti sér að koma verðbólgunni niður í allt að 40% frá upphafi s. l. árs til ársloka, frá 1. jan. til 31. des. 1981. Þessi tala varð 41.1%. Svo geta menn haldið áfram að rífast um þetta eins og þeim sýnist.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hafi ég haft einhverja von um að hæstv. félmrh. væri að taka framförum og færi batnandi, þá var sú von brostin eftir ræðu hans áðan þar sem hann hótaði enn á ný „Alþingi götunnar" þegar hann vermdi ekki ráðherrastólinn lengur. Honum er alveg sama þó að hann gangi á rétt launþega og skerði kjör þeirra meðan hann situr í ráðherrastólnum. Hann kaupir setu í ráðherrastólnum því verði að skerða hag launþega, og hann mun sitja í ráðherrastólnum þrátt fyrir storm í vatnsglasi undanfarna daga þar til hann gerist hræddur um völd flokksins innan verkalýðshreyfingarinnar. Það kann að vera, að sú hræðsla grípi um sig fljótar en ætla mætti og þá ókyrrist hæstv. félmrh.

Ég vil vekja athygli á því, að það er ómótmælanlegt að kaupskerðing var 7% frá og með 1. mars á s. l. ári og upp í það er ekki unnt að tína til eitt eða neitt sem máli skiptir nema það sem hæstv. félmrh. sagði, að minnkandi verðbólga yrði auðvitað öllum landsmönnum til gagns og kæmi þeim til góða. Þess vegna var það ákaflega misskilið af honum 1978 að beita sér gegn efnahagsráðstöfunum ríkisstj. sem hefur fært verðbólguna niður fyrir 30% á því ári. Og þess vegna er ákaflega mikill misskilningur hjá hæstv. félmrh. og hæstv. dómsmrh. að telja það til afreka núv. ríkisstj. að hafa komið verðbólgu niður í allt að 40% frá upphafi til loka síðasta árs, vegna þess, eins og hv. 7. landsk. þm. benti á áðan, að engar áreiðanlegar tölur eru til um verðbólguvöxt frá byrjun til loka þess árs. Það er auðvitað hægt að fá út tölu sem kann að vera í lægra lagi með því að hleypa öllum verðhækkunum fram fyrir áramótin 1980—1981 og halda verðlaginu niðri á óraunhæfu stigi fram til áramóta 1981—82, en hleypa svo verðhækkunaröldunni af stað aftur upp úr s. l. áramótum eins og landsmenn hafa fengið að reyna.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. félmrh. heldur sig enn þá við „slétt skipti". 7% kauplækkunin tók gildi 1. mars, verkaði í 10 mánuði á síðasta ári. Hún er reyndar enn þá inni í kerfinu og verður áfram. Gróði af því að taka Ólafslög úr sambandi var 0.4% 1. sept., eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., m. ö. o. í fjóra mánuði, og 1.3% frá 1. des. í einn mánuð. Ef þetta er reiknað, út frá sama grundvelli og 7% er ekki mikið eftir af því sem kemur til baka.

Hann talaði um skattalækkun upp á 1.5%. Það er rétt að skattalækkun var nokkur hjá litlum hluta fólks. Út af fyrir sig er rétt að þakka það. Síðan er þá eftir verðbólgan, minni verðbólga. Með mikilli vísitöluleikfimi tókst að koma vísitölunni á milli tveggja dagsetninga niður í 41.1%, alls ekki frá ári til árs. Það vantar mikið á að það séu 40% eða 41.1% að meðaltali frá ári til árs, heldur bara á milli tveggja dagsetninga og í engan tíma annan. En ef það ætti að slétta þessi 7% út, fá „slétt skipti," þá þarf að miða við að vísitalan hefði ella orðið nálægt 100%.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði að það hefði orðið kauplækkun um 7% 1. mars, og hv. þm. Magnús H. Magnússon endurtók þessa fullyrðingu. Ég er ekki alveg viss um að þetta þoli dóm reynslunnar, vegna þess að það voru gerðar ýmsar hliðarráðstafanir jafnhliða þeirri ákvörðun að skerða vísitölu um 7% 1. mars á fyrra ári. Það voru t. d. lækkaðir skattar, það voru lækkuð aðflutningsgjöld, það voru tvisvar lækkaðir vextir og það var gert ýmislegt fleira til þess að halda niðri verðlagi. Þegar upp var staðið í árslok, stóðum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að kaupmáttur launa á síðasta ári var meiri og það talsvert miklu meiri en hann hefði orðið ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Það segir Hagstofa Íslands, það segir Þjóðhagsstofnun og allir þeir aðilar sem hafa fjallað um þessi mál. (**Gripið fram í:** Alþýðusambandið?) Ég skal ekki segja um hvað Alþýðusambandið segir. En þetta segja þær stofnanir sem hafa látið frá sér fara skýrslur um þessi mál, að kaupmáttur launa jókst meira — eða minnkaði minna öllu heldur — á síðasta ári en hann hefði gert ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Og það er kaupmáttur launanna sem gildir. Það eru ekki krónurnar í umslaginu. Það er auðvitað kaupmátturinn og það er mergurinn málsins.

Mér finnst athyglisvert og það meira en lítið, að á sama tíma sem verðbótavísitala var skert um 7%, þ. e. á síðasta ári, þá gerist það að kaupmáttur launa minnkar minna og það talsvert minna en verið hefði ef engar ráðstafanir hefðu verið gerðar. Um þetta er ekki deilt. En það koma þarna fleiri atriði til eins og ég minntist á áðan. Einnig verður að taka með í reikninginn, það viðurkenni ég, þróun viðskiptakjara á síðasta ári. Kauplækkun og kaupmáttur eru tvö hugtök sem þarf að skýra með eðlilegum hætti. Og það er kaupmáttur launanna sem hefur gildi fyrir launafólk, en ekki krónurnar í launaumslaginu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er rétt hjá hæstv. viðskrh., að það er kaupmátturinn sem skiptir máli. En hvernig er staðan í kaupmætti nú? Ef við berum saman kaupmátt launafólks í febr. 1981 og aftur í febr. 1982, þá hefur hann minnkað samkvæmt nýjustu skýrslum. Þetta ætti hæstv. viðskrh. að kynna sér. Dettur hæstv. viðskrh. eða félmrh. í hug að í flóði þeirra verðhækkana á öllum nauðsynjavörum almennings í landinu, sem nú hafa riðið yfir og eru enn að ríða yfir, sé um að ræða kjarabætur til handa launafólki miðað við það ástand sem þessir annars ágætu menn, hæstv. ráðherrar, skapa í efnahagsmálum og efnahagskerfi þjóðarinnar? Það er staðreynd, að 7% kjaraskerðing varð um áramótin 1980—1981. Um það þarf ekki að deila. Á því ári versnuðu kjör launafólks í landinu, ekki síst láglaunafólksins. Það mega þeir þó eiga, hæstv. ráðherrar Alþb., að þeir sömdu alltaf fyrst og best fyrir hálaunafólkið í landinu, sbr. læknasamningana á sínum tíma, þegar læknarnir fengu allt upp í 40% kjarabætur á sama tíma og hæstv. ráðherrar Alþb. telja nægjanlegt fyrir láglaunafólkið innan Alþýðusambands Íslands að fá 3.25%. Þetta er þeirra saga í þróun kjarabaráttu og efnahagsmála á þeim tíma sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið við völd. Það eru þeir sem hafa ráðið ferðinni í þessum efnum.

Það er annað hljóð, sem verið hefur ríkjandi hjá þessum hæstv. ráðherrum í forustusveit Alþb., frá því að núv. ríkisstj. tók við völdum en meðan þeir voru í stjórnarandstöðu. En það virðist vera að koma a. m. k. einhver vottur af sama hljóði í hæstv. félmrh. núna eins og var á þeim tíma sem hann var utan ríkisstjórnar með sitt lið. „Alþingi götunnar" skal kallað til. Nú eru taldar líkur á því — eða a. m. k. er svo að sjá — að brestur sé kominn í stjórnarsamstarfið. Og það er á þeirri stundu sem hæstv. félmrh. ákallar „Alþingi götunnar" til liðs við sig, að koma nú eins og áður hafði gerst. Ég er viss um að almenningur í landinu er farinn að sjá í gegnum þennan blekkingavef hæstv. félmrh. og annarra pólítískra forustumanna Alþb. að því er varðar a. m. k. kjaramálin. Menn láta ekki endalaust draga sig á asnaeyrunum þó að hæstv. félmrh. eigi í hlut.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil enn vekja athygli á ummælum hæstv. ráðh. sem hér hafa komið fram. Ég vil sérstaklega vekja athygli á orðum lögfræðingsins, hæstv. dómsmrh., sem talaði hér áðan og lýsa auðvitað í hnotskurn því sem hefur verið að gerast hjá hæstv. ríkisstj. á undanförnum misserum. Hann sagði hér um bil orðrétt að ég megi segja: Að sjálfsögðu má ræða um verðbólguna frá ýmsum hliðum og beita ýmsum reikningsaðferðum. — Þetta er einmitt það sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að fást við frá því að hún tók við völdum, að beita ýmsum reikningsaðferðum. Þetta er kurteislega mælt af fyrrv. dómara, hæstv. dómsmrh., sem hefði alveg eins getað notað sömu orð og ég notaði áðan: að beita blekkingum, svikum og fölsunum í sambandi við þau hugtök sem hér hefur verið um að ræða. Það er ekki nóg að halda því fram, eins og hæstv. viðskrh., að kaupmátturinn hafi haldist vegna aðgerða ríkisstj. Hins vegar undirstrika ég þau orð hans, að kaupmáttur launa er meiri að sjálfsögðu vegna nokkurra aðgerða ríkisstj. En hann hefur ekki haldist eins og lofað var, og hann er minni en ætla mætti. Kaupmátturinn, eins og hann er í dag, er m. a. vegna krafna og samninga verkalýðshreyfingarinnar við atvinnurekendur í landinu, ekki vegna neins sem ástæða er til að þakka ríkisstjórnarskömminni fyrir. Nei, það er langt frá því.

En það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. viðskrh., að það er ekki sama hvað upp úr umslaginu kemur. Kaupmátturinn segir til um hvað við fáum fyrir þá peninga, hvernig afkoma heimilanna í heild verður þegar búið er að borga skatta til þjóðfélagsins og þær nauðsynjar sem heimilið þarf til að lifa af. Og ég fullyrði við ykkur, hæstv. ráðherrar, að það er ekki sama stig lífskjara hjá almennu launafólki í dag og var áður en þið tókuð við völdum, því miður, vegna þess að ég efa ekki að undir því ágæta forsæti, sem þið búið við, munuð þið hafa viljað betur en ykkur hefur tekist. Ykkur hefur aðeins mistekist á þessu sviði.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst satt að segja nokkuð sérkennilegt að kynnast því hér, að búið er að halda hverja ræðuna á eftir annarri með árásum bæði á mig persónulega og minn flokk. — Þar hefur verið framarlega í flokki hv. 1. þm. Reykv., þar hefur verið þm. eins og hv. þm. Karvel Pálmason og fleiri — án þess að ég hafi í raun og veru getað svarað innan ramma þingskapanna. Ég ætla ekki að fara að svara efnisatriðum sem hér komu fram vegna þess að til þess hef ég ekki heimild innan ramma þingskapanna. En ég

vil gera athugasemd við þau vinnubrögð að nýta fyrirspurnatíma Alþingis með þessum hætti.

Ég vil að lokum aðeins nefna eitt efnisatriði í þessu máli sem er þetta: Árið 1981 varð kaupmáttur launa a. m. k. svipaður eða betri en gert hafði verið ráð fyrir við frágang kjarasamninganna í lok ársins 1980. Í öðru lagi: Það er í allra mesta lagi svo að mati Alþýðusambands Íslands, að um hafi verið að ræða kaupmáttarskerðingu á kauptöxtum nokkuð innað við 1%. Og ég segi í þriðja lagi: Kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann var betri á árinu 1981 en á árinu 1980.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil nú segja það fyrst, að ræðutími ráðh. er býsna rúmur hér á hinu háa Alþingi. Það er að vísu svo, að ráðherrar mega ekki taka til máls svo oft sem þeir vilja í fyrirspurnatímum. Þá eru þeir settir á sama bekk og þm. og mega einungis tala tvisvar. En þegar til umr. eru lagafrv. eða þáltill. geta ráðherrar staðið upp svo oft sem þeim sýnist. Við höfum þurft að horfa á þennan hæstv. félmrh. standa býsna oft upp í umr. í Nd. um ýmis mál og þó stillt okkur um að kveðja okkur hljóðs um fundarsköp út af því að við getum ekki svarað honum innan ramma þingskapa. Ég held að hæstv. ráðh. sé lítil vorkunn þó að hann reyni að temja sér — þennan stutta tíma sem hann á eftir að vera ráðh. — að tala einungis tvisvar í máli, því að þau verða örlög hans næsta áratug a. m. k., þegar þessi ríkisstj. fellur, eins illa og hún hefur haldið á málum. Það þarf a. m. k. hálfa mannsævi til þess að gleyma þeim ósköpum sem yfir hafa dunið á síðustu tveim árum.

En ég vil svo víkja að því sem hann segir um lífskjörin. Hann sagði: Kannað hefur verið, sagt er og reiknað hefur verið út. — Ég skora á hann að bera saman með mér hver kaupmátturinn varð á fyrri hluta s. l. árs og bera hann saman við þær vonir og við þá útreikninga sem hagfræðingur Alþýðusambands Íslands gerði fyrir síðasta Alþýðusambandsþing. Við skulum reikna út kaupmáttinn á þessum tveimur stöðum, og það geta þeir menn staðfest með mér sem hafa kynnt sér þá útreikninga, að kaupmátturinn fór langt niður úr því sem Alþýðusambandið hafði búist við síðast þegar Alþýðusambandsþing var haldið. Niðurstaðan af því, hvernig ríkisstj. skerti samningana í árslok 1980, niðurstaða verkalýðshreyfingarinnar varð sú að gera einungis bráðabirgðasamninga ári síðar, af því að verkalýðshreyfingin sá fram á það, að ef hún gerði raunverulega samninga, semdi í alvöru, mundi ríkisstj. nota fyrsta tækifærið sem henni gæfist til þess að rifta samningunum, til þess að ógilda þá og til þess að keyra kaupmáttinn niður aftur, eins og gert var með áramótaráðstöfununum sem hæstv. forsrh. lýsti fagurlega þegar honum tókst best upp á gamlárskvöld fyrir rúmu ári.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst að það, hvernig hæstv. félmrh. hagar sér við þessar umr., sé kannske ljósasta merkið um það, hversu veikburða málstaðurinn er. Hæstv. ráðh. kvartar undan því hér, að hann skuli ekki hafa fengið að tala nema fjórum sinnum. Hæstv. ráðh. er búinn að tala fjórum sinnum í þessari umr. og kemur hér upp og biður um orð um þingsköp. Hvað sýnir betur hversu veikburða málstaður er hér á ferðinni sem hæstv. félmrh. er að reyna að verja? Við skulum líta á það aðeins frekar.

Ég hef hér í höndunum alveg nýjar upplýsingar frá Alþýðusambandi Íslands sem útbýtt var nú rétt fyrir helgina. Samkvæmt þeim upplýsingum kemur í ljós að kaupmáttur verkamanna miðað við framfærslukostnað var í febr. 1978 — við skulum halda áfram að miða við þann tíma þegar hæstv. félmrh. kallaði „Alþingi götunnar" til liðs við sig — í febr. 1978 var hann 109.4 stig. Kaupmáttur verkamanna miðað við framfærsluvísitölu var í febr. 1982 106.7 stig, — 109.4 stig 1978, 106.7 stig 1982. Hvað þýðir þetta, hæstv. félmrh.? Þýðir þetta, sýnir þetta fram á að forustusveit Alþb. hinni pólitísku hafi tekist að bæta kjör verkamanna frá því að hún beitti sér fyrir „Alþingi götunnar" 1978? Nei, það sýnir einmitt að vegna stjórnaraðildar Alþb. hafa lífskjör versnað. Kaupmáttur verkakvenna á þessu sama tímabili miðað við framfærslukostnað var í febr. 1978 114.6 stig en er í febr. 1982 110.7 stig.

Þetta eru upplýsingar sem Alþýðusamband Íslands hefur látið vinna og dreifa á 72 manna nefndarfundi s. l. föstudag. Hæstv. félmrh. ætti að fá að koma hér upp til þess að segja af eða á hvort hann rengi þetta eða ekki. (**Félmrh.:** Ég geri það ekki, ég rengi ekki þessar tölur.)

Umræður utan dagskrár.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og öllum er kunnugt hefur risið harkalegur ágreiningur um valdsvið og verkaskiptingu ráðherra í ríkisstj. vegna ákvarðana hæstv. utanrrh. í svonefndu Helguvíkurmáli. Hæstv. félmrh. hefur fullyrt að með ákvörðunum sínum í málinu hafi utanrrh. farið út fyrir valdsvið sitt, m. a. með ákvörðunum er snerta skipulagsmál sem eru á verksviði félmrh. Í samræmi við þessa skoðun sína hefur hæstv. félmrh. skipað sérstaka nefnd á vegum rn. síns til þess að fjalla um skipulagsmál á hinu umdeilda svæði, en hæstv. utanrrh. gaf í gær út reglugerð um skipulagsmál á varnarsvæðunum sem gerir ráð fyrir skipun annarrar nefndar um skipulags- og byggingarmál innan varnarsvæðanna og starfi nefndin á vegum utanrrn., enda lúti skipulagsmálin eins og önnur mál á varnarsvæðinu forræði utanrrn.

Í Þjóðviljanum 10. mars s. l. lýsir formaður þingflokks Alþb. yfir að Keflavíkurflugvöllur sé skipulagsskyldur og heyri undir skipulagsyfirvöld, m. ö. o. hvað skipulag varðar undir félmrn. Í Þjóðviljanum sama dag segir hæstv. félmrh. orðrétt: „Að sjálfsögðu hlýtur ríkisstjórnin sem heild að fjalla um slík mál." M. ö. o.: þau eru ekki á forræði hæstv. utanrrh. Í sama streng tekur iðnrh. Hjörleifur Guttormsson sem segir í viðtali við Dagblaðið og Vísi í dag að ákvörðun hans um hvort heldur frestun eða stöðvun framkvæmda, sem Orkustofnun hafi samið um við Almennu verkfræðistofuna á Helguvíkursvæðinu, stafaði af því, að hann vildi fá úr því skorið, „hvort hægt sé að teygja varnarsvæði hingað og þangað og stunda skiptiverslun með land til þess að planta út varnarsvæðum eftir geðþótta einstakra ráðherra."

Í lögum nr. 73 frá 1969 um Stjórnarráð Íslands og í reglugerð settri samkv. þeim eru ákvæði um valdsvið og verkaskiptingu ráðherra. Í 4. gr. þessara laga stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú þykir vafi á leika undir hvert ráðuneyti málefni heyri og sker forsrh. þá úr."

Þar sem ágreiningur um valdsvið og verkaskiptingu

ráðherra hefur risið í ríkisstj. hefur þingflokkur Alþfl. samþykkt að óska þess með tilvísun til framangreindrar lagagreinar, að hæstv. forsrh. geri Alþingi grein fyrir úrskurði sínum. Hefur utanrrh. tekið einhverjar ákvarðanir í svonefndu Helguvíkurmáli sem falla utan valdsviðs ráðherrans?

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í því máli, sem hv. þm. nefndi, hefur ekki reynst þörf úrskurðar samkv. 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Ef til þess kemur og úrskurður verður upp kveðinn verður að sjálfsögðu skýrt frá honum opinberlega.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ágreiningur utanrrh. og ráðh. Alþb. hefur ekki farið fram hjá neinum að undanförnu. Klögumálin hafa gengið á víxl og stór orð fallið um yfirgang ráðherranna hvers í annars garð. Hæstv. utanrrh. segir að vinnubrögð félmrh. séu markleysa. Fyrir þau orð kvittar hæstv. félmrh. með því að segja að orð Ólafs séu ekki lög. Félmrh. setur eina skipulagsnefnd til að fjalla um málefni varnarsvæðanna, utanrrh. setur aðra. Utanrrh. eða aðilar á hans vegum gera samning við Orkustofnun um afnot af jarðbor til könnunar á jarðlögum við Helguvík. Iðnrh. sem yfirmaður Orkustofnunar skipar orkumálastjóra að hafa þennan samning að engu. Með þeirri athöfn einni færir hann verk upp á einn milljarð gkr. úr höndum Íslendinga í hendur útlendinga. Þetta er líklega hin íslenska atvinnustefna sem Alþb. hefur verið að prédika að undanförnu.

Með þessari athöfn tekur iðnrh. fram fyrir hendurnar á utanrrh., ómerkir gerðir hans, m. ö. o. niðurlægir kollega sinn sem mest hann má. En þetta eru víst dugandi menn og drengir góðir í ríkisstj., eins og sagt var fyrir ekki löngu. Eða hefur það álit kannske eitthvað breyst?

Það er ekki að ófyrirsynju að hæstv. forsrh. er beðinn um að gera grein fyrir úrskurði sínum um valdsvið ráðherra sinna, þeirra sem þarna deila einkum. En hvert var svo svar hæstv. forsrh.? Jú, það var svo sem eins og við mátti búast, nákvæmlega ekki neitt, engu svarað. Í Morgunblaðinu í morgun er haft eftir hæstv. forsrh. „að hann telji ekki tímabært og það greiði ekki fyrir lausn mála að ræða málið á þessu stigi við Morgunblaðið". Þetta svar var í sjálfu sér eðlilegt við dagblað. En það er ekki hægt að svara svona á hv. Alþingi. Alþingi getur ekki horft á það þegjandi að ráðherrar í ríkisstj. hagi sér eins og smákrakkar. Það er til annars ætlast af þeim sem sýndur er sá trúnaður að taka við ráðherradómi. Og það er engin afsökun í þessu máli að þeir ráðherrar Alþb., sem hér koma við sögu, hafi enga reynslu af stjórnarstörfum eða þingstörfum yfirleitt þegar þeir setjast í ráðherrastóla.

Sá fíflskapur, sem hafður hefur verið í frammi af einstökum ráðherrum að undanförnu, er ekki samboðinn Alþingi. Hann kann vel að vera samboðinn þeim einstaklingum sem um ræðir, en ekki Alþingi sjálfu. Hvernig má það vera, að svo er nú komið fyrir þeim mönnum sem á sínum tíma bundust samtökum um myndun núv. ríkisstj. til þess að bjarga sóma Alþingis, eins og það hét þá? Hvar er nú sómatilfinning þessara sömu manna? Hvar eru nú hin föstu tök forsrh. sem allir ráðherrarnir virtust hlýða í byrjun? Eða hefur hann gefist upp á að halda hjörðinni saman? Menn hafa svo sem veitt því athygli, að forsrh. hefur forðast að greina frá skoðunum sínum í þeim deilumálum sem hæst hefur borið að undanförnu. Hann forðast að kveða upp úr um það, hver af ráðherrum hans hefur rétt fyrir sér. Á meðan geta þeir svo haldið áfram sínum sandkassaleik og gera það.

Svo alvarlegt sem þetta ástand er, þá fer það að minna mann á vitleysuna sem sýnd er í sjónvarpinu og nefnd er Löður. Hvað gerist í næsta þætti? Verður Ólafur áfram utanrrh.? Éta kommarnir allt ofan í sig? Svo að notuð séu orð utanrrh. Hvaða skipulagsnefnd fer með mál varnarsvæðanna, nefnd Svavars eða nefnd Ólafs? Á samvinnuhreyfingin að marka stefnuna um staðarval og stærð olíugeyma fyrir Keflavíkurflugvöll, eins og kommarnir vilja, eða á utanrrh. í umboði Alþingis að gera það? Eru orð Ólafs lög eða ekki? Verða samningar um Blönduvirkjun staðfestir í ríkisstj. eða var Hjörleifur bara að stríða Páli í gær með því að narra norðanmenn hingað suður? Hvor ræður meiru í þingflokki Framsóknar, formaður þingflokksins Páll Pétursson eða iðnrh. Hjörleifur Guttormsson?

Af því, sem ég hef nefnt, geta menn ráðið að næsti Löður-þáttur ríkisstj. verður býsna spennandi og forsrh. mundi gera vel að slaka svolítið á spennunni með því að svara einhverju af þessu strax, þó ekki væri nema því, að hve miklu leyti einstakir ráðherrar hafa forræði þeirra ráðuneyta sem þeir eru kenndir við. Þegar hæst söng í stönginni hér fyrir skömmu vegna buslugangs hæstv. iðnrh. í Alusuissemálinu svonefnda voru einstakir ráðherrar spurðir álits á forræði málsins. Með leyfi hæstv. forseta nefni ég hér nokkur atriði úr svörum þeirra.

„Þetta er stórt mál sem varðar ríkisstj. alla og ég tel eðlilegt að þriggja manna ráðherranefndin ræði við dr. Müller," sagði Friðjón Þórðarson dómsmrh. En Steingrímur, hæstv. sjútvrh., sagði: „Þetta er mál sem er tvímælalaust í höndum iðnrh. og hann hefur samkv. öllum reglum og lögum forustu um." Forsrh. svaraði: „Íslensk stjórnskipun kveður á um verkaskiptingu milli ráðherra. Hver þeirra hefur sín lögákveðnu verkefni. Þannig fer iðnrh. með iðnaðar- og orkumál, þ. á m. málefni ÍSALs, eins og fyrirrennarar hans hafa einnig gert."

Ég rifja þetta upp hér ef hæstv. forsrh. skyldi finna þarna einhverja hliðstæðu, sem auðveldaði honum svarið við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram. Eru athafnir hæstv. utanrrh. í samræmi við ákvæði laga um Stjórnarráð Íslands, eða eru afskipti hæstv. iðnrh. og hæstv. félmrh. eðlileg? Svona einföld er spurningin. Er ekki hægt að svara henni beint? Þarf að vefja tungu um höfuð sér þegar svarað er svo einföldum og skýrum spurningum.

Kannske er það svo, að ráðherrar í þessari ríkisstj. séu alls ekki bundnir við venjulegar leikreglur. Upphaf þessarar ríkisstj. og tilurð var það ekki og því e. t. v. eðlilegt að framhaldið sé það ekki heldur.

Áður hafa orðið hér á Alþingi umræður um leynisamninginn svonefnda. Ráðherrar hafa keppst um að afneita tilveru hans, og víst er að hæstv. utanrrh. vinnur í sínu rn. eins og hann sé ekki til. Hins vegar freistast maður til þess að ætla að ráðherrar Alþb. eigi slíkt plagg í fórum sínum og þeir kunni að draga það fram þegar þeim sýnist henta.

Ég líkti áðan þessum skrípalátum ráðherranna við þáttinn „Löður" í sjónvarpinu. Það á við þann hluta í leiksýningu þessari sem hægt er að hlæja að. En kannske ætti frekar að líkja þessu við „Dallas", svo að maður

haldi áfram við sjónvarpsþættina. Baktjaldamakkið, óheilindin, tilraunir einstakra ráðherra til að koma höggi á starfsbræður sína, minna fremur á það illa, sem þar er sýnt, en saklaust grínið í hinum fyrrnefnda þætti. Það má kannske segja að þeir Alþb.-menn kunni að vinsa úr þeim þáttum bandarískum þau atriði sem þeim eru kærust og þeir stunda mest sjálfir.

Herra forseti. Við þurfum að fá fram hér á Alþingi það sem ráðherrar hafa verið að varpa á milli sín að undanförnu í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Það er nefnilega ekki nóg að berja sér á brjóst á þeim vettvangi. Ráðherrar verða að standa við það á Alþingi sem þeir eru að gaspra um í fjölmiðlum. Hæstv. ráðherrar, sem mest hafa deilt á opinberum vettvangi að undanförnu, verða því að gera Alþingi grein fyrir sínum málum og til þess er tækifæri nú.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að deilurnar um valdsvið og verkaskiptingu hæstv. ráðherra hafa farið dagvaxandi. Skiptast þeir á brigslyrðum annaðhvort um valdníðslu einstakra ráðherra ellegar þá að einn ráðherra ber á annan að með athöfnum sínum hafi hann gert tiltekna ríkisstofnun skaðabótaskylda. Samkv. lögum ber hæstv. forsrh. að skera úr slíkum ágreiningsefnum. Ef hæstv. forsrh. hefði farið að lögum í þessu sambandi mundi deilan að sjálfsögðu fyrir löngu vera leyst því að það er hann sem á að skera úr þessum ágreiningi og þar með að leysa þessa deilu.

Hæstv. forsrh. hefur hins vegar lýst því yfir úr þessum ræðustól, að hann telji sig ekki þurfa að hafa skoðun í þessu máli. Ég tel að slíkt svar sé alls ekki samboðið hæstv. forsrh. með jafnlangan og að mörgu leyti merkan stjórnmálaferil að baki. En það er ótvírætt orðið í augu stingandi, hversu mjög hæstv. forsrh. virðist gera sér far um að hafa ekki skoðanir á viðkvæmum málum í stjórnmálum landsins og viðkvæmum málum í eigin ríkisstj.

Herra forseti. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi hvergi farið út fyrir valdsvið sitt né heldur heimildir í þeim athöfnum og ákvörðunum sem hann hefur tekið í sambandi við Helguvíkurmálið. Ég tel að hæstv. utanrrh. sé þar að framkvæma vilja Alþingis, sem honum var falið að framkvæma með þáltill. um þessi mál sem samþykkt var af öllum flokkum þingsins. Eins og mál standa, þar sem hæstv. forsrh. neitar tilmælum að hann fari að lögum og skeri úr um ágreiningsefni ráðh. um valdsvið og verkaskiptingu, held ég að ekki verði hjá því komist að óska þess við hæstv. utanrrh., að hann geri hv. Alþingi einhvern tíma á næstunni grein fyrir þeim framkvæmdum sem hann hefur unnið að og þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið í framhaldi af samþykkt þáltill. sem honum var falið að hrinda í framkvæmd og ég tel að hann hafi verið að framkvæma.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að rifja upp þá þáltill. um byggingu eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið sem í raun og veru er grundvöllur þeirra umræðna sem hafa farið fram um þetta mál sem orðið hefur að ásteytingarsteini sérstaklega milli hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh.

Ég minni á það, að utanrmn. Alþingis varð sammála um afgreiðslu till. til þál. er nokkrir þm. Reykn. fluttu hér á Alþingi. Það voru hv. þm. Ólafur Björnsson, Karl Steinar Guðnason, Matthías Á. Mathiesen, Ólafur G. Einarsson og Salome Þorkelsdóttir.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að vitna til þess, sem ég sagði sem frsm. fyrir hönd utanrmn. í umr. um þetta efni, olíuhöfn og birgðastöð í Helguvík. Það var svohljóðandi:

„Að loknum umr. í utanrmn. urðu nm. sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með breytingu sem flutt er till. um á þskj. 948. Brtt. á þskj. 948 er svohljóðandi:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela utanrrh. að vinna að því, að framkvæmdum til lausnar á vandamálum, er skapast hafa fyrir byggðarlögin í Keflavík og Njarðvík vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins, verði hraðað svo sem kostur er.

2. Fyrirsögnin orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins.“

Ég sagði síðan: „Efnislega er hér ekki um að ræða breytingu á þeirri till. til þál. sem fyrr var flutt hér á þingi. Mönnum þótti hins vegar rétt að það kæmi fram, að utanrrh. og þar til bær íslensk yfirvöld hefðu frjálsar hendur um tilhögun framkvæmdanna, hvernig unnt væri að koma þeim á sem allra fyrst með tilvísun til þeirrar nauðsynjar sem á því er að úrbætur fáist annars vegar fyrir byggðarlögin, sem hlut eiga að máli, Njarðvík og Keflavík, og hins vegar þeirra þarfa sem varnarliðið og varnarstarfsemin á Keflavíkurflugvelli hafa til þess að hafa öruggar geymslur fyrir eldsneyti það sem nauðsynlegt er vegna starfsemi varnarliðsins.“

Það er nauðsynlegt að rifja þetta hér upp vegna þess að ég tel að hæstv. utanrrh. hafi verið að framfylgja þessari þáltill., og ég ítreka og legg áherslu á það, sem raunar kom skýrt fram í umr. um þessa þáltill., að utanrrh. hafði í raun frjálsar hendur um það hvernig framkvæmdum skyldi hagað, þ. á m. varðandi staðarval, auðvitað bundinn í þeim efnum íslenskum lögum.

Auðvitað á þetta mál sér lengri forsögu, þá forsögu, að þegar Benedikt Gröndal var utanrrh. skipaði hann nefnd til að fjalla um lausn þessa vanda, vanda byggðarlaganna á Reykjanesi varðandi mengunarhættu og varðandi byggingarsvæði og þörf varnarliðsins fyrir endurnýjun eldsneytisgeyma. Þessi nefnd starfaði að málinu og gerði sínar tillögur, og það var á grundvelli þess nefndarálits sem hin upprunalega þáltill. var flutt.

Þegar núv. hæstv. utanrrh. tók við því embætti eða mjög skjótlega eftir það fylgdi hann þessu máli eftir og ákvað hönnun eldsneytisgeyma í Helguvík. En þá strax komu fram mótmæli af hálfu hæstv. félmrh. sem taldi slíkt málefni heyra undir ríkisstj. alla. Hæstv. forsrh. var þá spurður um álit sitt hvað það snerti. Taldi hann að þótt málið heyrði undir utanrrh. samkv. starfsskiptingu ráðh. væri hér um svo viðamikið mál að ræða, m. a. hvað efnahagslegt mikilvægi snertir, að það væri eðlilegt og sjálfsagt að það væri til umræðu í ríkisstj. allri. Hæstv. utanrrh. brást þannig við þessum ummælum forsrh., að hann lét sig hvergi og sagði að mál þetta heyrði undir utanrrh. og ekki undir neinn annan ráðh., hann hefði vald til þess að kveða á um framvindu málsins og ríkisstj. gæti þar ekki stöðvað réttmætar stjórnaraðgerðir og athafnir utanrrh. eðli málsins og stjórnarskipunarlögum samkvæmt.

Þegar málin stóðu með þessum hætti var sú þáltill. samþykkt sem ég hef þegar í upphafi máls míns gert að umtalsefni. En í upphafi þessa máls, þegar deilur voru um hvort utanrrh. hefði vald á framvindu málsins eða

hvort málið heyrði undir ríkisstj. í heild, var mönnum ekki eins ljóst og síðar varð hvar fiskur lá undir steini. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er ekki getið um annað en að það sé eingöngu bygging flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli sem bundin sé samkomulagi allrar ríkisstj. Í málefnasamningi núv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar er tók til starfa 1. sept. 1978, þar sem talað var um að allar meiri háttar framkvæmdir á varnarsvæði skyldu vera háðar samkomulagi ríkisstj. í heild.

En í kjölfar þessa og þegar á það var bent, að aðrir ráðherrar en utanrrh. hefðu ekkert um það að segja, hvort eldsneytisgeymar væru byggðir, þá kom upp úr kafinu að leynisamningur hafði verið gerður. Þessi leynisamningur fjallaði um það, eins og komist er að orði í fréttabréfi Alþb., fyrsta bréfi 1981, með leyfi forseta.

„Þegar ríkisstj. var mynduð var undirritað samkomulag milli flokkanna þar sem kemur fram að ef ágreiningsmál komi upp í ríkisstj. hafi hver stjórnaraðili neitunarvald, ef hann vill beita því."

Hér er innan tilvitnunarmerkja það efnisatriði, að ef ágreiningsmál komi upp í ríkisstj. hafi hver stjórnaraðili neitunarvald, ef hann vill beita því, eins og þar segir. Með tilvísun til þessa munu ráðherrar Alþb. hafa þóst hafa vald á framvindu málsins. En hæstv. utanrrh. kvað í blaðaviðtali sig ekkert hafa vitað um slíkan leynisamning og ekki hafa tekið þátt í samningu stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. og hélt sínu striki. Það er þó fyrst nú í s. l. viku sem skriður kemst á málið og hafa þm. átt kost á að lesa í blöðum margs konar tilvitnanir og ummæli hæstv. ráðherra.

Fyrir réttri viku gerði hæstv. félmrh. harða hríð að hæstv. utanrrh., m. a. á ríkisstjórnarfundi, vegna fyrirhugaðra varnarliðsframkvæmda í Helguvík. Í kjölfar þessarar árásar á samráðherra gefur félmrh. út reglur um skipulagsmál á Suðurnesjum og taldi sig með því hafa náð tökum á utanrrh. Það er næsta einkennilegt, að hæstv. félmrh. hafði raunar hótað einhverju þessu líku þegar hann tók það fram í blaðaviðtali, að hann væri yfirmaður skipulagsmála sem félmrh. og hann hefði tök á því að neita staðfestingu aðalskipulags eða koma í veg fyrir tilteknar byggingarframkvæmdir sem slíkur. Í kjölfar þessarar hótunar sinnar gefur hann út reglugerð sem hæstv. utanrrh. telur raunar seinna að sé markleysa. Utanrrh. fær samþykkt bæjarstjórnar Keflavíkur s. l. þriðjudag um að hún skuli semja við varnarmáladeild um leigu á 13 hektara landi á Hólmsbergi norðan Keflavíkur og Helguvíkur. Þessi samþykkt er gerð með öllum atkvæðum gegn atkvæði bæjarfulltrúa Alþb. eins.

Þegar Ólafur Jóhannesson utanrrh. heldur þannig sínu striki lýsir hæstv. félmrh. yfir í forsíðuviðtali í Þjóðviljanum að hann sé „furðu lostinn yfir vinnubrögðum utanrrh.", og Þjóðviljinn fylgir eftir orðum hans í tveim leiðurum 11. og 12. mars s. l. En ekki er látið við það sitja, heldur lætur hæstv. iðnrh. nú til sín taka s. l. föstudag og bannar Orkustofnun að láta verkfræðifyrirtæki í té tæki til að kanna jarðveg þar sem ætlunin var að eldsneytisgeymarnir risu, þótt búið væri að undirrita samkomulag milli verkfræðistofunnar og varnarmáladeildar um notkun þessara tækja. Það var svo svar hæstv. utanrrh. að hann segir í Morgunblaðinu 12. mars s. l.:

„Það hefur nú ekki snúið að mér sú hlið á þeim ráðherrum Alþb. nú nýlega, að ég sé líklegur til að rétta þeim aðra kinnina eða knékrjúpa þeim á nokkurn hátt. Það er þeirra mál hvað þeir gera, en þessi framkvæmd er mjög í samræmi við það sem þeir héldu fram í sínum málflutningi áður. Þá var það stækkunin sem þeir fettu fingur út í, og þá töldu þeir flutning á geymunum nauðsynlegan. Nú hefur allt snúist við. En ég held mínu striki og sagði þeim það á ríkisstjórnarfundi í morgun."

Þetta var 11. mars s. l. Og hæstv. utanrrh. tók enn dýpra í árinni, vegna þess að hann sagði að hann teldi þann gjörning orkuráðherra að stöðva framkvæmd á samningsbundnu verki eða leigu á tækjum valdníðslu sem beitt væri í annarlegum tilgangi. Hann talaði og um tilefnislaust og fyrirvaralaust samningsrof þar sem skriflegur verksamningur lá fyrir undirritaður og verkið hafið. „Það alvarlega í þessu er það, að maður hefur unnið að því að undanförnu að stuðla að því, að sem mest af þessu verki og rannsóknum komist í íslenskar hendur en iðnrh. er beinlínis að koma í veg fyrir það, að íslenskar hendur og íslensk kunnátta verði notuð í því verki sem verður unnið" — er haft eftir hæstv. utanrrh.

Þegar hæstv. utanrrh. talar þannig um valdníðslu af hálfu hæstv. iðnrh., þá svarar hæstv. félmrh. og talar um valdarán af hálfu hæstv. utanrrh. Þeir stéttarbræðurnir, ráðherrar í núv. ríkisstj., vanda þannig ekki hver öðrum kveðjurnar. Og 13. mars s. l. treystir utanrrn. forræði sitt með því að gefa út reglugerð um skipulagsmál á varnarsvæðunum. Athyglisvert er að í hinni nýju reglugerð utanrrh. er hvergi minnst á samvinnunefnd félmrh. er hann skipaði á svig við skipulagsstjórn ríkisins. Þvert á móti er í reglugerð utanrrn. mælt fyrir um bein samráð byggingarnefndar við skipulagsstjórn ríkisins og forsvarsmenn þeirra sveitarfélaga, sem hlut eiga að máli. Og enn bregst félmrh. hinn versti við hinni nýju reglugerð hæstv. utanrrh., sbr. forsíðuviðtal við hann í Þjóðviljanum í dag, en þar tekur hann sér í munn orð utanrrh. og segir reglugerð hans markleysu, en í þessu eina orði: „markleysa", lýsa ráðherrarnir reglugerðum og gerðum hver annars. Orðrétt segir Svavar: „Vinnubrögð utanrrh. á undanförnum vikum og dögum eru furðuleg."

Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju, að vakið er máls á þessu hér á Alþingi, svo ósparir sem hæstv. ráðherrar hafa verið á kveðjur hver til annars varðandi þetta mál í fjölmiðlum, eins og síðast mátti sjá í viðtali sjónvarpsfréttamanns við þá hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh. á víxl í gærkvöld. Svo óviðurkvæmilegt sem þetta háttalag ráðherra í einni og sömu ríkisstjórn er, þá hlýtur það að vera skylda þeirra að gera Alþingi grein fyrir þessum viðhorfum og gefa skýringu á orðum sínum.

Auðvitað skipta hér þó mestu máli efnisatriði þess máls sem um er fjallað og deilt. Það er engum blöðum um það að fletta, að Alþingi hefur lagt fyrir utanrrh. að flýta byggingu eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið. Það er ekki heldur vafamál, að í þeirri þáltill. voru hendur hæstv. utanrrh. í engu bundnar utan þess sem íslensk lög almennt fjalla um og segja fyrir um. Honum bar að vega og meta rannsóknir, sem fram færu um staðsetningu eldsneytisgeymanna, og taka síðan ákvörðun um þá staðsetningu í samræmi við lög og venjur. Það hefur hæstv. utanrrh. gert, og í morgun gaf hann utanrmn. skýrslu um gerðir sínar í þessu máli. Ég hef heimild til, fyrir hönd fulltrúa Alþfl. og fulltrúa Sjálfstfl. í utanrmn., að lýsa yfir þeirri skoðun okkar, að meðferð hæstv. utanrrh. í þessu máli sé að okkar mati eðlileg og gerð í fullri heimild.

Ljóst er að þingflokkur Framsfl. hefur lýst sömu skoðun á gerðum og meðferð utanrrh., þannig að þrír af

flokkum Alþingis hafa lýst fylgi sínu við meðferð utanrrh. á þessu máli. Það er því nauðsynlegt að það liggi hér ljóst fyrir á Alþingi, að eigi verði lagður steinn í götu framkvæmda af hálfu ríkisstj. og ætlanir hæstv. utanrrh. megi komast í framkvæmd. Ég ítreka og endurtek að þessi nauðsyn byggist á hagsmunum sveitarfélaganna á Reykjanesi, á mengunarhættu sem þar er fyrir hendi og nauðsynlegt er að koma í veg fyrir, á nauðsyn sveitarfélaganna og byggðarlaganna þar syðra að geta nýtt byggingarsvæði á sem hagkvæmastan hátt og tengt saman byggðaþverfi á eðlilegan hátt. Hér er og um nauðsyn þess að ræða, að varnarliðið á Keflavíkurflugvelli sé í stakk búið að gegna því ætlunarverki sínu sem er í samræmi við hagsmuni Íslendinga, varnar- og öryggishagsmuni Íslendinga og bandalagsþjóða okkar.

Með tilvísun til þessa legg ég höfuðáherslu á að línur séu skýrðar svo að enginn dragi í efa að utanrrh. hefur farið að lögum í máli þessu og hefur starfað í umboði Alþingis og hefur borið skylda til að fylgja máli þessu fast fram og ber skylda til að sjá fyrir endann á þessu máli. Ég mælist til þess, hvort sem það er á þessum fundi eða á öðrum fundi, en þó sem allra fyrst, að hæstv. utanrrh. geri Alþingi grein fyrir aðgerðum sínum í einstökum atriðum varðandi framkvæmd þáltill., eins og hann gerði utanrmn. fyrr í dag, sem varð til þess að allir utanrmn.-menn tjáðu sig samþykka þeirri meðferð málsins, að einum undanteknum, fulltrúa Alþb., eins og ég tel mér heimilt að skýra frá.

Ég tel líka nauðsynlegt að það komi skýrt fram þegar í dag, að það beri enginn brigður — allra síst hæstv. forsrh. — á heimild hæstv. utanrrh. til að hafa forræði þessa máls. Ég sagði að enginn ætti að hreyfa andmælum gegn þessu. Mér er ljóst að það er borin von að fulltrúar Alþb. hér á þingi hafi vit til að bera til þess að láta mál þetta kyrrt liggja og það vera áfram í höndum hæstv. utanrrh. En ef allir aðrir þm. eru sama sinnis um það, að málið eigi að vera undir forræði hæstv. utanrrh., þá tel ég málinu vel borgið og sama hvorum megin hryggjar ráðherrar eða þm. Alþb. liggja að þessu leyti.

Það hafa sumir haft á orði að þetta mál og ágreiningurinn um það geti valdið stjórnarslitum og Alþb. muni draga ráðherra sína vegna þessa máls út úr ríkisstjórninni. Á þessu stigi hef ég ekki neina trúa á því. Ég held að hér sé um hreinan leikaraskap, ef ekki loddaraskap hjá ráðherrum Alþb. að ræða. Ég er þeirrar skoðunar, að *þessi leikbrögð séu höfð í frammi til þess að reyna að* hressa upp á minnkandi fylgi Alþb. og mæta þeim vonbrigðum sem kjósendur Alþb. hafa orðið fyrir vegna lélegrar frammistöðu Alþb.-ráðherranna í ríkisstj. og þm. Alþb., miðað við þau kosningaloforð, sem Alþb. gaf fyrir síðustu tvennar kosningar, þegar hrópað var um samningana í gildi og aukningu kaupmáttar launa launþega í landinu. Hér er um eina mögulega útgönguleið að ræða, sem Alþb. er að búa sér til, ekki til útgöngu úr ríkisstjórninni strax á þessu stigi, heldur e. t. v. síðar, ef — eins og allar líkur benda til — úrslit sveitarstjórnarkosninga verða þeim andstæð og ef þeir sjá fram á það, að þeir geta ekki boðið fylgismönnum sínum í launþegahreyfingunni þau býti sem þeir telja nauðsynleg til áframhaldandi setu í ríkisstjórn.

Við þetta bætist að spár Þjóðhagsstofnunar benda nú til þess, að þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur fari minnkandi. Það er í slíku árferði sem kommúnista og Alþb.-menn brestur kjart til átaka við vandamálin. Og þá kann vel að vera að þeir flýi sökkvandi ríkisstjórnarfleyið. Það er í þessu skyni sem moldviðri er þyrlað upp um eldsneytisgeymana í Helguvík sem og til þess að reyna að telja herstöðvaandstæðingum svokölluðum trú um að Alþb. hafi áhuga á að þeirra mál nái fram að ganga. Alþb. hefur margoft hopað af hólmi í þeim efnum og vermt ráðherrastólana þótt ekkert sé gert í þeim tilgangi að draga úr athöfnum varnarliðsins eða framkvæmdum þess hér á landi. En það mun sannast mála, að með byggingu flugskýlanna og með byggingu eldsneytisgeymanna hafi sjaldan eða aldrei verið um meiri framkvæmdir á vegum varnarliðsins að ræða en *undir* verndarvæng Alþb., svo einkennilegt sem það kann að virðast. Ég leyfi mér, herra forseti, að ítreka tilmæli mín um, að hæstv. forsrh. svari efnislega þeirri fsp. er hér hefur verið fram borin af hálfu þingflokks Alþfl., svo og þau tilmæli mín til hæstv. utanrrh. að hann gefi Alþingi skýrslu um meðferð sína á þessu máli er þál. um byggingu eldsneytisgeyma fjallaði um.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég viðurkenni að vísu að fundarstjórn í Sþ. er oft mjög lipur og góð. Ég veit *ekki hvort á að skilja það svo, að forseti þingsins ætli að* fresta fundi um sinn út af því að hæstv. forsrh. hefur týnst, til þess að reyna að leita að honum, senda einhverja sveinstaula til að leita að honum, eða hvort einhverjar aðrar ástæður er til þess, að hæstv. forseti hyggst nú fresta fundi. Ég vil vekja athygli á því, að þann tíma sem formaður utanrmn. talaði hér var sæti hæstv. forsrh. autt. (**Forseti:** Þetta er um þingsköp, herra þm.) Mér er kunnugt um það. Ég kvaddi mér hljóðs um fundarsköp til þess að ræða þá frestun sem hefur verið boðuð á fundi þessarar deildar.

Fyrr í dag, þegar ég spurði þann mann, sem þá sat í forsetastól, hvenær umr. utan dagskrár ættu að byrja um þetta mál, var mér sagt að það yrði kl. 5. Um það spurði ég tvívegis. Síðan er allt í einu flýtt umr. án þess að þm. sé gefið tóm til. Og nú er allt í einu hlaupið til og umr. frestað á ný án nokkurrar skýringar.

Ég óska skýringar á hvernig á því stendur að þessum umr. er nú frestað. Það er ekki svo, að hæstv. forseti beiti forsetavaldi sínu til þess að knýja hæstv. forsrh. til svara þegar hann snýr út úr fyrir þingheimi og þjóðinni.

Forseti (Jón Helgason): Eins og ég tók fram áðan var það vegna eindreginna tilmæla formanns þingflokks Alþfl. og formanns þingflokks Sjálfstfl. að þessar umr. hófust nú strax, en ekki kl. 5 eins og ég hafði ákveðið. Forsrh. var hins vegar bundinn milli kl. 4 og 5. Frestunin nú er til komin vegna þess að það hefur verið venja forseta að reyna að taka tillit til þess, þegar varaþm. koma stuttan tíma inn í þingið, að greiða fyrir að þeir geti komist að með sín mál. Það þarf að gera um mál sem eru á seinni fundi. Því þarf að ljúka þessum fundi og geta byrjað hinn síðari fund. Þessum utandagskrárumræðum verður haldið áfram kl. 5 eins og ákveðið hafði verið.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil staðfesta það, að hæstv. forseti hefur um þessi mál haft samráð við okkur formenn þingflokka Alþfl. og Sjálfstfl. Auk þess vil ég bæta því við, að það var með stuðningi formanns þingflokks Framsfl. sem við fórum fram á að þessari umr. yrði flýtt.

Vistun ósakhæfra afbrotamanna, fsp. (þskj. 336). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég held að það sé réttast að ég lýsi því yfir þegar í stað, að hvorki er ég varaþm. né vil ég gera hæstv. forseta þá skráveifu að troða inn máli eða fsp., heldur var búið að gefa mér orðið áður. Ég vék úr stól að beiðni forseta Sþ. En ég gríp auðvitað það tækifæri sem ég fæ til að bera fram þessa fsp. sem er búin að liggja fyrir þinginu nokkuð lengi, og líklega verður mér betur ágengt en öðrum hv. stjórnarandstöðuþm. sem hafa talað fyrr í dag í öðru máli án þess að fá nokkur svör.

Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langan formála að þeirri fsp. sem hér liggur fyrir til hæstv. dómsmrh. um vistun ósakhæfra afbrotamanna. Ég óska eftir því, herra forseti, að það fáist kyrrð í salinn því að þetta er mál sem varðar talsvert miklu þó að einhverjum þyki það ekki eins stórt í sniðum og Helguvíkurmál og önnur slík.

Hér í Reykjavík varð mjög hörmulegur atburður fyrir nokkrum mánuðum þegar ósakhæfur afbrotamaður réðst á stúlku með afleiðingum sem ég ætla ekki að rekja hér. Af því tilefni beindist athygli manna að vistun ósakhæfra afbrotamanna hér á landi. Við, sem flytjum þessa fsp., hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir og ég, töldum fulla ástæðu til að fá upplýst, hvernig þessum málum væri háttað, og höfum því leyft okkar að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„1. Hve margir geðveikir afbrotamenn hafa verið metnir ósakhæfir, en ekki dæmdir í öryggisgæslu?

2. Eru mál öryggisgæslufanga endurskoðuð reglulega, eins og lög gera ráð fyrir?

3. Hefur dómsmrh. reynt að fá ósakhæfan geðsjúkling, sem lengi hefur dvalið í fangelsi, innlagðan á geðsjúkrahús til meðhöndlunar og aðhlynningar?

4. Hvar fer geðrannsókn á afbrotamönnum fram og hvaða aðilar bera kostnaðinn af rannsókninni?

5. Hversu oft hefur ákvæði 62. gr. refsilaga verið beitt um vistun ósakhæfra manna á viðeigandi stofnun?

6.a) Til hvaða stofnana hefur verið leitað þegar slíkur úrskurður liggur fyrir?

b) Hafa stofnanir, sem til hefur verið leitað, synjað um slíka vistun?

c) Ef svo er, geta yfirmenn heilbrigðisstofnana gengið í berhögg við úrskurð dómstóla?

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Fyrsta spurning: „Hve margir geðveikir afbrotamenn hafa verið metnir ósakhæfir, en ekki dæmdir í öryggisgæslu?"

Svar: Ekki eru til neinar skýrslur um hve mörg slík tilvik eru, en þau munu vera nokkur.

„2. Eru mál öryggisgæslufanga endurskoðuð reglulega, eins og lög gera ráð fyrir?"

Svar: Samkv. 62. gr. almennra hegningarlaga skal Hæstiréttur skipa tilsjónarmann þeim sem sýknaður er samkv. ákvæðum 15. gr., en ákveðið er í dómi að komið sé fyrir á viðeigandi hæli til varnar því að háski verði af manninum. Tilsjónarmaðurinn skal hafa eftirlit með því, að dvöl mannsins á hælinu verði ekki lengri en nauðsyn ber til. Samkv. greininni er það hlutverk héraðsdóms þess, þar sem hæli það er sem viðkomandi maður dvelur á, að meta hvort vistun hans á hælinu skuli teljast lengur nauðsynleg. Getur bæði dómsmrh. og tilsjónarmaður lagt málið fyrir dómstólinn, enda liggi fyrir umsögn læknis. Dómsmrh. getur lagt málið fyrir þegar ástæða þykir til, en tilsjónarmaður getur krafist þess, þegar ár er liðið frá dómsuppsögn eða síðasta dómsúrskurði, að dómstóll úrskurði um nauðsyn hælisvistarinnar. Það fer því eftir mati ráðh. eða tilsjónarmanns hversu fljótt og hversu oft mál viðkomandi er borið undir dómstól.

„3. Hefur dómsmrh. reynt að fá ósakhæfan geðsjúkling, sem lengi hefur dvalist í fangelsi, innlagðan á geðsjúkrahús til meðhöndlunar og aðhlynningar?"

Svar: Dómsmrn. hefur ekki s. l. þrjú ár reynt að fá vist fyrir slíkan sjúkling á geðsjúkrahúsi ríkisins, þar eð rn. er kunnugt um afstöðu stjórnenda sjúkrahússins til vistunar slíkra sjúklinga þar. Því til stuðnings vill rn. geta þess, að í bréfi yfirlæknis Kleppsspítalans, dr. med. Tómasar Helgasonar prófessors, sem dags. er 28. jan. 1976, segir m. a.:

„Eins og rn. er kunnugt getur Kleppsspítalinn ekki tekið að sér öryggisgæslu fanga og er því ekki unnt að taka við N. N. á spítalann meðan hún er dæmd til að sæta slíkri gæslu."

Bréf þetta er svar við beiðni rn. í bréfi dags. 30. des. 1975, þar sem rn. fer þess á leit við Kleppsspítalann að spítalinn taki að sér umræddan sjúkling til vistunar og gæslu.

„4. Hvar fer geðrannsókn á afbrotamönnum fram og hvaða aðilar bera kostnaðinn af rannsókninni?"

Svar: Samkv. lögum um meðferð opinberra mála, nr. 74 frá 1974, 75. gr., 2. mgr., 2. tölul. d, skal leggja sökunaut undir viðeigandi læknisrannsókn, ef ástæða þykir til til þess að kanna andlegan og líkamlegan þroska hans, heilbrigðisástand, bæði andlegt og líkamlegt, fyrr og síðar, og er það dómara að taka ákvörðun um hvort slík rannsókn fari fram. Undanfarin ár hefur sökunautur oftast verið vistaður í gæsluvarðhaldsfangelsi meðan slík læknisrannsókn hefur farið fram. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði, eins og annar kostnaður við rannsókn mála.

„5. Hversu oft hefur ákvæði 62. gr. refsilaga verið beitt um vistun ósakhæfra manna á viðeigandi stofnun?"

Svar: Um þessa spurningu er það sama að segja og þá fyrstu, að ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um hversu oft menn hafa verið sýknaðir samkv. ákvæðum 15. gr. eða refsing talin árangurslaus samkv. ákvæðum 16. gr. þannig að 62. gr. hafi komið til álita um hvaða ráðstafanir skuli gera til að varna því að háski verði af manninum.

„6. a) Til hvaða stofnana hefur verið leitað þegar slíkur úrskurður liggur fyrir?"

Svar: Eins og fram kemur í svari við 3. spurningu hefur verið leitað til geðsjúkrahúss ríkisins, Kleppsspítala, en þar sem fyrir hefur legið nú síðustu ár að það sjúkrahús hefur ekki talið sér fært að vista menn, sem þannig hafa verið úrskurðaðir, hefur verið leitað til heilbrigðisyfirvalda í Svíþjóð um vistun slíkra sjúklinga á heilbrigðisstofnunum þar í landi.

„6. b) Hafa stofnanir, sem til hefur verið leitað, synjað um slíkar vistanir?"

Svar: Hér má vísa til svars við 3. spurningu um afstöðu geðsjúkrahúss ríkisins.

„6. c) Ef svo er, geta yfirmenn heilbrigðisstofnana gengið í berhögg við úrskurð dómstólanna?"

Svar: Dómstólar geta ekki dæmt menn til vistunar á tiltekinni heilbrigðisstofnun.

Þessi svör læt ég nægja, að sinni a. m. k.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Það er full ástæða til að koma inn á þennan lið í málefnum geðsjúklinga alveg sérstaklega.

Á ráðstefnu Verndar og Geðhjálpar á s. l. vetri komu einmitt mál geðsjúkra afbrotamanna mjög til umræðu. Sú umræða var fyrir okkur þm. mjög fróðleg. Við höfum verið að flytja tillögu um þessi mál og fengið samþykkta hér á Alþingi á síðasta þingi. Ráðstefnu þessa sóttu bæði þeir, sem eiga að þekkja gerst til þessara mála á öllum vígstöðvum, og eins aðstandendur þeirra sem þetta snertir mest. Það, sem kom okkur á óvart á þessari ráðstefnu, voru í raun og veru harkalegir árekstrar á milli valdamikilla aðila í heilbrigðiskerfinu um það, hvernig með mál geðsjúkra fanga skyldi fara, þ. e., svo að ég tali hreint út, milli landlæknis annars vegar og forstöðumanns Kleppsspítalans hins vegar. Vænti ég þess, að einmitt þær mismunandi skoðanir, sem þar komu fram, verði ekki lengur eins konar hemill á úrbætur í þessum efnum svo sem verið hefur.

Málefni þessara ógæfusömu manna hafa verið sérstaklega tekin út úr hjá þeirri nefnd sem fjallar um geðheilbrigðismálin í heild sinni. Ég treysti því, að þessi nefnd taki þau mál föstum tökum og komi með tillögur sem allra fyrst til úrbóta. En ég vil lýsa því sem minni skoðun hér, eftir að hafa heyrt rök bæði með og móti, að það sé enginn vafi á að geðsjúka afbrotamenn, sem svo eru kallaðir, ósakhæfa afbrotamenn eða hvað sem við viljum kalla þá, eigi að vista á sérstakri deild við geðsjúkrahús þar sem þeir hljóti viðhlítandi meðferð.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Í stuttum fsp.-tíma gefst ekki tækifæri til að ræða vistunarmál geðsjúkra afbrotamanna ítarlega, en þær umræður, sem farið hafa fram um þessi mál að undanförnu, krefjast þó þess, að þessi mál séu færð inn á Alþingi og leitað sé svara við og úrbóta á alls óviðunandi ástandi málefna geðsjúkra afbrotamanna. Ég tel að flestir, sem vel þekkja til þessara mála, séu því sammála að ekki sé ofmælt að tala um að neyðarástand ríki í vistunarmálum geðsjúkra afbrotamanna og að þessi mál hafi árum saman verið látin ganga milli ráðuneyta án þess að á þeim hafi verið tekið þrátt fyrir mikinn þrýsting bæði frá aðstandendum geðsjúkra og frá heilbrigðiskerfinu.

Það er ekki heldur ofmælt að við erum langt á eftir nágrannaþjóðum okkar í þessum málum, þar sem á þessu vandamáli hefur verið tekið. Samkv. upplýsingum frá Ólafi Ólafssyni landlækni, sem hefur beitt sér mjög fyrir því að geðsjúkir afbrotamenn fái nauðsynlega aðhlynningu og meðferð, kemur í ljós að á öðrum Norðurlöndum vistist geðsjúkir afbrotamenn á venjulegum geðsjúkrahúsum, en í sumum tilfellum séu auk þess rekin sérstök réttargeðsjúkrahús. Sums staðar, t. d. í Danmörku, hafa réttargeðsjúkrahús ekki þótt heppileg og töldu geðlæknar þar mikla vankanta á að veita geðsjúkum læknismeðferð á réttargeðsjúkrahúsum. Almennt er framkvæmdin á öðrum Norðurlöndum því þannig, að geðsjúkir fangar eigi heima á almennum geðdeildum eða á deildum sem reknar eru í nánum tengslum við sjúkrahús. Landlæknir bendir á, að í nágrannalöndum okkar sé fangelsisvistun þessara sjúklinga ekki lengur til umræðu, og bendir auk Norðurlandanna á Írland og Holland, þar sem er sams konar skipulag þessara mála. Í þessum löndum hefur því í reynd verið litið á geðsjúka afbrotamenn sem sjúklinga sem verði að fá nauðsynlega meðferð og aðhlynningu, og höfum við Íslendingar í nokkrum tilfellum leitað á náðir sjúkrahúsa erlendis til að hlífa sumum þessara sjúklinga við fangelsisvist, en það hefur þó ekki alltaf tekist.

Miðað við þessar staðreyndir vakti satt að segja nokkra undrun mína yfirlýsing hæstv. dómsmrh. í Dagblaðinu nýverið, en þar segir hann að hann geti ekki fallist á að núverandi ástand málefna geðsjúkra afbrotamanna sé ófært eða að þjóðarskömm sé ef viðgengst áfram, eins og orðrétt er þar haft eftir honum. Ég held að flestir hljóti að viðurkenna að núverandi ástand geðsjúkramála sé ófært þegar ekki er til sjúkrarými fyrir nema hluta af þeim geðsjúklingum sem þurfa á að halda þóað fyrir liggi að við höfum hér yfir meira sjúkrarými að ráða en þekkist víðast í Vestur-Evrópu. Það er vissulega ófært ástand að geðsjúklingar þurfi að bíða í fangageymslum lögreglunnar eftir plássi á geðsjúkrahúsi, og það er vissulega ófært ástand og þjóðarskömm að geðsjúkir afbrotamenn þurfi að dveljast í fangelsum án nauðsynlegrar aðhlynningar og þeirrar geðheilbrigðismeðferðar sem þeir þurfa á að halda. Ég trúi ekki heldur að hæstv. dómsmrh. líti ekki á það sem ófært ástand að geðsjúkir afbrotamenn, sem dæmdir hafa verið ósakhæfir, fá ekki vistun á viðeigandi stofnun með þeim afleiðingum að auk þess að fá ekki þá aðhlynningu, sem þeim er nauðsyn á, geta þeir verið umhverfi sínu stórhættulegir. Þegar vitað er að nokkrir geðveikir afbrotamenn hafa verið metnir ósakhæfir, en ekki dæmdir í öryggisgæslu, er auðvitað um ófremdarástand að ræða sem ógnar öryggi manna, auk þess sem geðsjúkur maður hlýtur að eiga þann sjálfsagða rétt að fá læknismeðferð. Hér er auðvitað um slíkt mál að ræða að þá kröfu verður að gera til dómsmrn., heilbmrn. og Alþingis sem fjárveitingarvalds að taka sameiginlega á og leysa það.

Það er einnig ljóst, að töluverður ágreiningur hefur verið uppi milli yfirmanna geðheilbrigðisstofnana annars vegar og landlæknis og borgarlæknis hins vegar um hvernig vistunarmálum geðsjúkra manna, sem dæmdir hafa verið ósakhæfir, skuli háttað. Hér er auðvitað um ótækt ástand að ræða og verður að gera þá kröfu til ráðh. bæði heilbrigðis- og dómsmála að þeir taki af skarið í þessu efni.

Í viðtali við borgarlækni nýverið kemur fram að tiltekin geðheilbrigðisstofnun telur sig ekki þurfa að hlíta úrskurði samkv. 62. gr. refsilaga, en þar kemur fram að dómstóll geti ákveðið hvaða stofnun sé viðeigandi til öryggisgæslu. Svar dómsmrh., sem fram kom áðan við 6. tölul. í þessari fsp., þar sem spurt er um þetta atriði, var mjög óljóst og ég er litlu nær eftir svar hans. Það verður að gera þá kröfu til hans sem dómsmrh., að afstaða hans sé skýr í þessu efni. Ekki er að vænta þess, að höggvið verði á þann hnút sem er milli yfirmanna geðheilbrigðisstofnana og embætta landlæknis og borgarlæknis á afstöðu til vistunarmála geðsjúkra afbrotamanna meðan yfirmaður dómsmála tekur ekki afstöðu til þess, hver réttur slíkra afbrotamanna er samkv. ákvæði 62. gr. refsilaga, sem kveður á um vistun á viðeigandi stofnunum.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég vildi aðeins þakka fyrirspyrjendum, þeim hv. þm. Árna Gunnarssyni

og Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir að bera þessa fsp. fram til hæstv. dómsmrh. En ég saknaði þess, að það kom ekki fram í svari hæstv. ráðh., hvort fyrirhugað er að bæta úr því ástandi sem ríkir í þessum málum, hvort hann telji það viðunandi lausn að senda geðsjúka afbrotamenn til vistunar erlendis, eða til Svíþjóðar, eins og kom fram í svari hans að gert væri. Það væri einnig fróðlegt ef hann gæti upplýst hversu margir dveljast erlendis af þessum sökum og þá hver kostnaður vegna dvalar þeirra er samanborið við að þeir væru vistaðir hérlendis.

Fyrirspyrjandi (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör hans sem voru eins og efni og aðstæður gáfu tilefni til. Það kom mér nokkuð á óvart að dómsmrn. skuli ekki eiga skýrslur yfir hve margir geðveikir afbrotamenn hafi verið metnir ósakhæfir, og held ég að bókhald rn. að því leytinu hljóti að vera í einhverjum ólestri.

Ég vil hins vegar ítreka það sem hefur komið hér fram, að ég óska eftir að heyra skoðun hæstv. dómsmrh. á hvort ekki beri brýna nauðsyn til að bæta úr því ófremdarástandi sem óneitanlega ríkir hér í þessum málum. Einnig væri fróðlegt að heyra álit hans á þeim deilum sem nú eru uppi á milli embættismanna um hvað gera skuli í þessum viðkvæma málaflokki. Það er að mínu mati ótækt að embættismenn skuli geta neitað, eins og hér hefur orðið raunin á, að taka við sjúku fólki á stofnun sem ríkið á og rekur. Það gengur auðvitað ekki. Og þó að það hafi komið fram í svari hæstv. dómsmrh., að dómstólar geti ekki dæmt menn til vistunar á tiltekin sjúkrahús, er t. d. Kleppsspítalinn ríkissjúkrahús, ríkisspítali, og þess vegna hlýtur sá, sem með valdið fer, að geta ákvarðað að viðkomandi sé hýstur í því sjúkrahúsi.

Ég vil taka undir það með hv. þm. Helga Seljan, að það er aðeins til ein lausn á þessu erfiða vandamáli. Hún er sú að koma upp sérstakri deild við geðsjúkrahús, og er eðlilegast að það verði við það sjúkrahús sem mest umsvifin hefur, Kleppsspítalann, og að það verði undinn bráður bugur að því, að þetta verði gert, því að þessi mál verða erfiðari og erfiðari eftir því sem tímar líða fram. Það er auðvitað gersamlega ótækt, eins og hér hefur tíðkast, að láta menn, sem eru á mörkum þess að vera geðsjúkir, í fangelsi með mönnum sem eru taldir andlega heilbrigðir. Þeir njóta þar auðvitað ekki þeirrar læknisaðstoðar og meðferðar sem þjóðfélaginu ber að veita þeim.

Ég vænti þess að lokum, herra forseti, að hæstv. dómsmrh. geri nú gangskör að því að koma þessu vandræðamáli fyrri kattarnef með ákvarðanatöku um hvað gera skuli og að hann leysi málið til frambúðar.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Það eru ekki tök á að ræða þetta mál undir þessum kringumstæðum eins ítarlega og vert væri, en ég ætla að leyfa mér að fara örfáum orðum um þátt hv. fyrirspyrjanda og annarra hv. þm. í þessum umr.

Bent hefur verið á að geðsjúkir fangar á Norðurlöndum dveljist yfirleitt á sjúkrahúsum eða í sérstökum deildum við þau, þar sem þeir geta notið nauðsynlegrar meðferðar og aðhlynningar. Þetta er náttúrlega æskilegasta lausn mála og sú sem ber að vinna að, en hér á landi hefur hún strandað, eins og vikið hefur verið að, á árekstrum milli valdamikilla aðila í heilbrigðiskerfinu fyrst og fremst.

Hv. 10. landsk. þm. vitnaði í einhver ummæli mín í Dagblaðinu. Ég fer nærri um hvaða ummæli það voru. En sá blaðamaður, sem sérstaklega hafði gengið fram í að kynna sér þessi mál, sneri næstum öllu við. Það hefur aldrei verið ætlun mín né annarra í dómskerfinu að halda í þessa menn innan fangelsismúra hjá okkur. Vitaskuld viljum við að þeir komist á þann stað þar sem best er hlynnt að þeim og þar sem þeir njóta bestrar aðhlynningar. En ég hef á nokkuð löngum æviferli kynnst þessum málum talsvert vel. Ég man eftir því hér á árum áður, þegar ég var fulltrúi lögreglustjórans í Reykjavík, að lögreglan þurfti að vaka marga nótt yfir slíkum mönnum, sem þó voru ekki afbrotamenn, heldur geðveikir, af því að geðsjúkrahúsin gátu ekki tekið við þeim. En síðan er vitað að þessi mál hafa verið deilumál um langan aldur. Þess vegna hef ég sagt að ég tek ekki lengur þátt í að kasta þessum mönnum til og frá. Dómsmálayfirvöld eru sá aðili sem hefur orðið að sitja uppi með þessa menn. Við reynum að búa þeim sem besta dvöl innan okkar veggja. Eins og menn muna kannske frá því að verið var að undirbúa fjárlögin í vetur þá lagði ég mikla áherslu á að fá fjárveitingu í Tunguhálsfangelsið svokallaða, en það er fangelsi sem búið er að steypa grunn að og er í byggingu. Fyrirhugað er að þar verði gæsluvistarfangelsi. En ég hef látið mér detta í hug — til þess að losna við að standa í þessum vanda — að leggja lið mitt til þess, að þarna verði ætluð ein álma fyrir umrædda menn, þar sem þeim verði búin eins góð vist og við getum í té látið. En þetta er einungis vegna þess hvernig þessi mál standa.

Það hefur verið spurt um hvort ekki væri fyrirhugað að bæta úr þessu ástandi. Vissulega er það reynt eftir ýmsum leiðum. Ég held að ég hafi kynnt hér á hv. Alþingi snemma í vetur álitsgerð þeirra Jóns Thors deildarstjóra og Ólafs Ólafssonar landlæknis, þar sem þeir unnu sameiginlega að þessum málum og gerðu að tillögu sinni að reist yrði sérstök stofnun fyrir þessa menn. Sú tillaga hlaut nokkra áheyrn, og á fjárlögum þessa árs er heimild í 6. gr. fjárl. til að verja allt að 100 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við undirbúning byggingar eða kaupa á húsnæði til vistunar fólks í öryggisgæslu, að fengnum tillögum heilbr.- og dómsmrh. Það fer þess vegna ekki á milli mála, að ég tel brýna nauðsyn bera til að greiða úr þessum málum og koma þeim í betra horf.

Ég fagna því, að svo margir hv. alþm. sýna þessu máli áhuga. Ég get upplýst að einmitt um þessar mundir er unnið af kappi að því af hálfu landlæknis, geðlækna og starfsmanna dómsmrn. að komast að sáttum og niðurstöðu til frambúðar í þessum málum. Ég held að það fari samt of langur tími í að ræða þau mál til nokkurrar hlítar á þessari síðdegisstund. En ég hef hér undir höndum nýja skýrslu, ekki ýkjalanga, sem ég fékk í hendur fyrir tveim dögum, þar sem bent er á athyglisverða lausn í þessum málum. Þar er einmitt vikið að því, að hin svokallaða fullnustumatsnefnd sem starfar á vegum rn., skuli vera til sérstaks ráðuneytis í þessum efnum. Þess skal getið, að nýbúið er að endurskipuleggja þessa nefnd sem á m. a. að fjalla um hvaða vist muni henta dómfelldum best. Hefur verið horfið að því ráði að skipa einnig varamenn í nefndina. Ég get nefnt nú í lokin hverjir eru í henni. Þeir, sem starfað hafa, eru prófessor Jónatan Þórmundsson, formaður, landlæknir Ólafur Ólafsson og lögregluvarðstjóri Jónas Jónasson. Til vara hafa verið skipaðir Eiríkur Tómasson lögfræðingur, Sigmundur Sigfússon geðlæknir og Páll Eiríksson aðstoðaryfirlögregluþjónn.

Ég fer ekki lengra út í þessi mál nú. Ég vil þó fullvissa hv. fyrirspyrjanda og hv. alþm. aðra um að unnið er að þessum málum með þeim hraða sem frekast eru föng á af hálfu ráðuneytisins.

Sameinað þing, 65. fundur.

Þriðjudaginn 16. mars, að loknum 64. fundi.

Flugvellir á Austurlandi, þáltill. (þskj. 418). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mörk lögsagnarumdæma, þáltill. (þskj. 440). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein. umr.

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 446). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Beiðni um skýrslu forsætisráðherra um jöfnun á starfsskilyrðum atvinnuveganna (þskj. 445). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 32 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Áður en ég vík að því máli sem hér hefur verið hreyft utan dagskrár langar mig til að gera í örstuttu máli að umræðu hvernig hér er að staðið og af hverju mér finnst að virðingu Alþingis sé ekki samboðið hvernig málsmeðferðin er hér nú.

Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hefur verið mikill ágreiningur á milli ráðh. í sambandi við framkvæmd á þáltill. frá 21. maí 1981 um lausn á vandamálum vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins. Að því, hvort búið sé að jafna þann ágreining eða ekki, kem ég síðar. Þá hefur það verið svo, að við höfum hvorki opnað blöð, opnað fyrir útvarp né sjónvarp öðruvísi en þar hafi verið til svara ráðherrar. Það, sem eftir þeim hefur verið haft, hefur verið m. a. um störf einstakra ráðh. og hafa það verið brigslyrði og svívirðingar. Slíkt heyrðum við í sjónvarpinu í gærkvöld, útvarpi í morgun. En þegar svo alþm. óska eftir að fá ráðh. á Alþingi til að gera grein fyrir hvernig þessi mál standa, þá hafa þeir ekki tíma til að vera á þingfundum til að svara eða gefa skýrslu.

Ég held, herra forseti, að hér sé um að ræða atriði sem þm. verði að taka rækilega til skoðunar og forsetar Alþingis þurfi mjög að gefa gaum. Það er ekki bara þegar þarf að mynda ríkisstj. að menn verða að muna eftir virðingu Alþingis. Það verður að muna eftir virðingu Alþingis hvern einasta dag. Og ég segi: Það háttalag, sem við höfum þurft að horfa upp á hér í dag, er ekki til þess að auka á virðingu Alþingis. Ráðherrar bera ábyrgð fyrir Alþingi. Það er þar sem þeir eiga að gera grein fyrir málum. En svo koma alþm. til þingfundar kl. 2. Það er búið að óska eftir umr. vegna þess sem ráðherrar hafa sagt í fjölmiðlum. Þá er svarið: Því miður. Þeir hafa ekki tíma. — Þetta held ég að við verðum að taka mjög til skoðunar.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka formanni þingflokks Framsfl., en það kom fram áðan að ekki stóð á honum ásamt með formönnum þingflokka stjórnarandstöðunnar að fá það fram, að þessar umr., sem auðvitað áttu að fara fram strax kl. 2 í dag, gætu hafist eins fljótt og mögulegt var. Ég held einmitt að það sé hlutverk formanna þingflokka, hvort sem það eru þingflokkar stjórnar eða stjórnarandstöðu, að sjá svo um að alþm. þurfi ekki að koma hér til fundar, hlusta í einhvern tíma á ekki neitt, fara svo heim til sín og jafnvel heyra, þegar fréttirnar byrja, einhverjar umsagnir ráðh. — manna sem sögðu ekki orð þegar þingfundir voru. Ég veit ekki hvort alþm. tóku eftir því, að þegar hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, hafði lokið máli sínu stóð forseti upp og sagði: Ekki eru fleiri á mælendaskrá. — Það var einfaldlega vegna þess að þm. höfðu átt von á að ráðherrar kæmu hér og gerðu grein fyrir þeim málum sem þeir hafa verið að gera grein fyrir í fjölmiðlum að undanförnu. Það var ekki fyrr en þm. var ljóst að þeir ætluðu ekki að láta í sér heyra, að þm. báðu um orðið.

Ég vildi í upphafi koma þessu hér að vegna þess að mér er ekki sama um hvernig að þessum málum er staðið. Ég veit að þeir, sem hér eru inni, eru mér allir sammála, og ég vonast til að menn láti slíkt ekki henda aftur.

Það er verið að leita álits hæstv. forsrh. á ágreiningsmáli sem uppi hefur verið í ríkisstj. undanfarna daga og á sér kannske mun lengri aðdraganda en menn gera sér grein fyrir. Hann er spurður um hvernig með skuli fara. Hér er um að ræða mjög þýðingarmikið mál fyrir byggðarlögin á Suðurnesjum. Um þá till., sem ágreiningurinn hefur verið um, var samstaða á Alþingi og hæstv. utanrrh. falið fullt og ótakmarkað umboð til að framkvæma það sem þar segir. Það hefur svo verið allt annað uppi á teningnum hjá ýmsum ráðherrum í þessum efnum. Ég ætla ekki að hafa eftir hér þau orð sem þeir hafa sagt. Það hafa verið skipaðar nefndir, og það er öllum ljóst, sem fylgst hafa með þessum málum, að hér hefur annars vegar hæstv. utanrrh. verið að tryggja forræði sitt á þessu máli og aðrir ráðh. að koma í veg fyrir að hæstv. utanrrh. geti komið fram vilja Alþingis sem skýrt kemur fram í þeirri þáltill. sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981.

Ég hafði búist við að hæstv. félmrh. væri viðstaddur á þessum fundi, því að ýmislegt hefur hann látið frá sér fara í þessu máli. Ég veit ekki hvort hæstv. forseti vildi láta athuga hvort hæstv. félmrh. er í húsinu. (**GHelg:** Hann er ekki í húsinu. Hann er á framkvæmdastjórnarfundi Alþb.) Hv. þm. Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm., tilkynnir að hæstv. félmrh. sé á framkvæmdastjórnarfundi hjá Alþb. Má vera að hann sé að gera þar grein fyrir því máli sem hann er ekki reiðubúinn að gera Alþingi grein fyrir. En ég skal ekki tefja umr. með því að bíða eftir hæstv. félmrh.

Ég vek athygli á því, sem hæstv. forsrh. sagði í upphafi síns máls, að engar ástæður hefðu verið hingað til til að kveða upp úrskurð um ágreining á milli ráðh. um valdsvið þeirra. Það má vel vera að það, sem hæstv. forsrh. segir hér, sé staðreynd þegar komið er fram yfir hádegi á þessum degi. En þeir, sem hlustuðu í útvarpi á hæstv. utanrrh. í morgun, gerðu sér grein fyrir að það var uppi ágreiningur um hvert væri valdsvið utanrrh. og félmrh. En af því, sem hæstv. forsrh. hefur sagt í sinni ræðu sem svar, og af því að hæstv. utanrrh. hefur ekki heldur séð ástæðu til að taka til máls, hæstv. félmrh. ekki séð ástæðu til að taka til máls og ekki séð ástæðu til að sitja hér á þingfundi þegar umr. fara fram um þetta mál, þá skil ég það svo að búið sé að jafna þann ágreining sem öllum landslýð er ljóst að hefur verið á milli þriggja ráðh.: annars vegar hæstv. utanrrh. og hins vegar hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. Engu að síður hafði ég átt von á að hæstv. utanrrh., sem veit að hann nýtur stuðnings mikils meiri hl. Alþingis, meiri hl. utanrmn., að einum hv. þm. þar undanskildum, — hann nýtur stuðnings þriggja þingflokka til að framkvæma þá þál. sem ég gat um áðan, — að hann gæfi skýrslu og gerði þingheimi grein fyrir því, að nú væri búið að jafna þennan ágreining, það þyrfti engan úrskurð hæstv. forsrh., hefði ekki komið til hans, og utanrrh. hefði óskorað forræði til að framkvæma vilja Alþingis, um það væri enginn ágreiningur lengur. Ég átti von á að hæstv. utanrrh. gæfi þó ekki væri nema örstutta skýrslu hér á Alþingi einmitt nú, eftir að hæstv. forsrh. lýsti yfir að ekkert tilefni hefði verið til þess í ríkisstj. að kveða upp úrskurð um ágreining á milli ráðh. Ég vil nú mælast til þess við hæstv. utanrrh., að hann staðfesti það sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að ágreiningurinn væri enginn, sem þyrfti að kveða upp úrskurð um, og hann færi því með óskorað vald til að framkvæma vilja Alþingis.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að hann óskaði eftir að hæstv. utanrrh. gæfi skýrslu um þetta mál síðar. En ég vil undirstrika það sem ég sagði áðan, að vissulega væri þýðingarmikið fyrir okkur að heyra frá hæstv. utanrrh. að hann vissi ekki til að neinn ágreiningur væri hér á ferðinni. Það þýddi að búið væri að jafna það sem tvímælalaust var ágreiningur annars vegar á milli hans sem utanrrh. og hins vegar starfsbræðra hans.

Ég hefði viljað spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta væri ekki rétt skilið og ekki væri af hans hálfu neinn ágreiningur lengur. Hæstv. iðnrh. gekk í salinn áðan, en út úr honum jafnfljótt aftur. Það væri sjálfsagt að spyrja hann hvort þetta mál væri ekki úr heiminum. Hann hafði tekið ákvarðanir sem geta haft viss áhrif til að draga á langinn það þýðingarmikla mál sem hér hefur verið til umfjöllunar.

Ég ætla ekki að fjölyrða meira um það mál sem vakin var hér athygli á og er til umræðu utan dagskrár. Ég undirstrika það, sem fram hefur komið hjá öðrum ræðumönnum um fullan stuðning við störf utanrrh. um framkvæmd þessarar þál., og vonast til að hugleiðingar mínar eftir svar hæstv. forsrh. séu réttar, að hæstv. utanrrh. hafi fullt og óskorað umboð, það sé enginn ágreiningur lengur og þess vegna hafi ekki verið ástæða til að kveða upp neinn úrskurð samkv. þeirri reglugerð sem gildir um Stjórnarráð Íslands.

Forseti (Jón Helgason): Ég vil leiðrétta misskilning sem kom fram í máli hv. 1. þm. Reykn. í upphafi hans máls um ástæður fyrir tímasetningu umr.

Hv. 3. þm. Vestf., formaður þingflokks Alþfl., kom að máli við mig í gær og óskaði eftir að fá að ræða utan dagskrár hér á Alþingi í dag um fyrirspurn til forsrh. Þá var búið að ákveða venjulega dagskrá á tveim fundum sameinaðs Alþingis. Á fyrri fundi voru 18 fsp. sem bornar höfðu verið fram á þinglegan hátt. Ég hef reynt að láta þær ekki víkja fyrir óformlegum umr. utan dagskrár og sagði því hv. 3. þm. Vestf. strax að ég mundi reyna að verða við ósk hans í upphafi síðari fundar.

Það hefur komið fram eðlilegur áhugi hjá hv. alþm. á að fá svarað prentuðum fsp. Ég taldi að nokkur tími mundi fara í það í dag, þannig að ef ætti að ákveða einhvern tíma, sem hægt væri að láta umr. fara fram á, yrði það vart fyrr en kl. 5. Á þeirri forsendu ákvað ég að þessar utandagskrárumr. hæfust kl. 5 í dag. Hins vegar kom fram mikill þrýstingur, eins og ég gat um á fyrri fundi, að þær hæfust fyrr, og ekki stóð á forsrh. að svara þá strax. En af þeirri ástæðu, sem ég nefndi áður, gerði ég hlé á þessum umr. til að koma að í upphafi þessa fundar formlegri afgreiðslu á öðrum málum.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég tel mér skylt að gefa Alþingi skýrslu um hvernig framvinda þess máls, sem hér er um að ræða, hefur verið og í hvaða horfi það mál er. Það tel ég mér skylt vegna þess að ég hef byggt aðgerðir mínar á þál. frá Alþingi. Ég tel hins vegar ekki rétt eða heppilegt að gefa þá skýrslu í framhaldi af þeim umr. sem hér fara fram, enda var ósk um að ég gerði það síðar við þénanlegt tækifæri. Þess vegna ætla ég ekki nú að fara út í efnislegar umr. um þetta.

Út af orðum hv. síðasta ræðumanns um svar hæstv. forsrh. vil ég segja að hæstv. forsrh. neitaði því ekki, að það væri ágreiningur í ríkisstj., enda er það ekkert óeðlilegt og gamalkunnugt fyrirbæri að það er ágreiningur í ríkisstjórnum um ýmiss konar mál, bæði þessari og öðrum. En hæstv. forsrh. sagði að það hefði ekki verið ástæða til að kveða upp neinn úrskurð um það sem hann var spurður um. Menn geta kannske lagt misjafnan skilning í þessi orð. Ég legg minn skilning í þau. Ég er ánægður með þann skilning og læt það gott heita.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tók eftir því á brosi hæstv. utanrrh., að hann gerði sér fulla grein fyrir hvar fiskur liggur undir steini hjá hæstv. forsrh. þegar hann kemur sér undan að svara. Ég hafði svolítið gaman af því satt að segja og hef alltaf gaman af því þegar hæstv. utanrrh. skensar þá, sem eiga það skilið, og klappar þeim góðlátlega á kinnina, eins og hann gerði núna við hæstv. forsrh. Auðvitað veit hæstv. forsrh. vel að með því að

neita að svara spurningunni, sem var fram borin, er hann að taka undir þær ásakanir sem komið hafa fram á embættisfærslu hæstv. utanrrh. Það er alveg augljóst mál.

Við skulum aðeins rifja upp þá spurningu sem fram er borin, með leyfi hæstv. forseta — og ekki síður hæstv. forsrh. Það er alltaf gaman að geta spurt hann þegar hann er við. Spurningin er svona: Hefur utanrrh. tekið einhverjar þær ákvarðanir í svonefndu Helguvíkurmáli sem falla utan valdsviðs ráðh.? Af hverju er spurt?Það er spurt vegna þess að ráðh. í ríkisstj. fullyrðir í fjölmiðlum dag eftir dag að utanrrh. hafi brotið lög og reglugerðir. Þess vegna er spurt. Síðan er spurt hér á Alþingi hvort hæstv. forsrh. beri það traust til síns utanrrh. að hann þori að lýsa hér yfir að hann hafi ekki brotið landslög. Það er allt og sumt. Við erum að spyrja hæstv. forsrh. að þessu. Hefur utanrrh. tekið einhverjar þær ákvarðanir í svonefndu Helguvíkurmáli sem falla utan valdsviðs ráðh.? Við erum að spyrja hæstv. forsrh. að því, hvort ummæli félmrh. í Þjóðviljanum í dag séu rétt. Í Þjóðviljanum í dag segir svo eftir félmrh., sem er á framkvæmdastjórnarfundi hjá Alþb. — er það ekki rétt? — með leyfi hæstv. forsrh. og forseta: „Þessi mál verða ekki til lykta leidd þótt utanrrh. komi með yfirlýsingar um valdníðslu annarra ráðuneyta og gefi út reglugerðir er brjóta í bága við gildandi reglugerðir. Orð Ólafs Jóhannessonar gilda ekki sem lög á Íslandi."

Þarna segir félmrh. að hæstv. utanrrh. hafi gefið út reglugerðir er brjóti í bága við gildandi reglugerðir. Og hæstv. félmrh. segir enn fremur: „Ég held ég verði að taka mér í munn fyrri yfirlýsingu utanrrh. og segja að þessi vinnubrögð séu markleysa.

Þessi reglugerð er sett viku eftir að ný reglugerð var gefin út, sem öll sveitarfélög, sem eiga lögsögu á varnarsvæðunum, áttu aðild að. Sú reglugerð átti ekki að koma utanrrh. á óvart, þar sem hún var kynnt í ríkisstj. fyrir nokkrum vikum. Sú reglugerð hafði fulla stoð í reglum og venjum, og því er þetta offors algerlega fráleitt."

Það er þar með ekki það einasta sem hæstv. félmrh. fullyrðir að hæstv. utanrrh. hafi brotið af sér í sinni embættisfærslu, heldur fullyrðir hann að ríkisstj. standi á bak við ummæli sín.

Þetta mál er svo hart sótt af ráðherrum Alþb. að *þingflokkur Framsfl. sá ástæðu til þess í gær að gefa út* sérstaka traustsyfirlýsingu á utanrrh. Að vísu er traustyfirlýsingin stutt. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forsrh. og forseta:

„Þingflokkur Framsfl. lýsir fyllsta stuðningi við meðferð utanrrh. á Helguvíkurmálinu."

Ég hygg að það sé ekki oft sem þingflokkar hafa séð ástæðu til að gefa slíka traustsyfirlýsingu á sinn ráðh. (**PP:** Við erum alltaf að hæla okkar mönnum.) Ég held að formaður þingflokks Framsfl. ætti nú að manna sig upp og koma hingað og lýsa yfir trausti á meðferð utanrrh. síns á málefnum varnarliðsins og Helguvíkurmálinu og fylgja með þeim hætti eftir þeirri traustyfirlýsingu sem var gefin hér niðri í herberginu — eða formaður Framsfl. Kannske hann vildi nú lýsa því yfir hér í ræðustólnum að hann treysti utanrrh. — eða þá hv. 5. þm. Reykn. Ég held að þeir ættu að reyna að lýsa því yfir hér á Alþingi að þeir treysti ráðh. og standi á bak við sinn mann í utanrrn. Það er hálfkjánalegt að það skuli einungis gera sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn. Það er náttúrlega betri helmingur Sjálfstfl. Ég tala ekki um hina. *Þeir hafa misst tunguna einhverra hluta vegna.*

Annars talar hæstsv. forsrh. svo fallegt mál og er svo „sjarmerandi" í ræðustól að það er synd hvað hann var stuttorður. Mér þykir svo gaman að hlusta á hann. En nú vill hann ekki tala. Nú er farið fram á að hann lýsi yfir stuðningi við utanrrh. Nú er honum það ekki þóknanlegt. Nú á að þegja. Af hverju skyldi hann þegja? Hvaða ástæðu skyldi hann hafa til að þegja? Er hann að reyna að fiska í gruggugu vatni? Ekki er það líkt honum. Er hann að hlífa sjálfum sér? Ekki er það líkt honum. Er hann að reyna að koma sér hjá því að svara einhverju óvenjulegu? Ekki er það líkt honum. Fáa menn veit ég eins og *hann, sem eru fúsari til þess í erfiðri stöðu að taka á sig* byrðarnar og hlífa sér hvergi, standa heldur í fylkingarbrjósti og bera skjöld yfir aðra. Það er hans „karakter" eins og við sjáum í þessu.

Auðvitað er hæstv. forsrh. ekki að hlífa sér. Það er síður en svo. En hvers vegna vill hann þá ekki svara? Af hverju segir hann þá ekki já eða nei? Af hverju dregur hann þetta við sig? Um hvað er hann að hugsa? Er hann kannske í vafa um að hæstv. utanrrh. hafi haldið sig innan síns valdsviðs? Hvað er hæstv. forsrh. að gefa í skyn? Af hverju svarar maðurinn ekki? Já eða nei. Hæstv. forsrh., já eða nei. Ekki eitt einasta hljóð. Þó veit hann, eins og við vitum öll sem hér erum inni, að ekki er aðeins spurt í dagblöðunum, það er ekki aðeins áhugi á þessu í sjónvarpinu, það er ekki aðeins spurt af fréttamönnum útvarpsins. Ef tveir menn hittast á götu spyrja þeir hvað sé að gerast, hvort hæstv. utanrrh. hafi brotið af sér, farið út fyrir sitt valdsvið, hvort það sé rétt, sem hæstv. félmrh. segir, að hæstv. utanrrh. sé farinn að tapa sér og viti ekki lengur hvað hann geri í rn. Það datt upp úr einum ráðh. áðan í einkasamtali að það væri búið að banna þeim að tala nema hæstv. forsrh., sem ætlaði að hafa orðið fyrir þeim. Ætli það hafi verið eitt orð „per Stück", eitthvað slíkt? Ég skal ekki segja um það. En ekki er nú mikil reisnin yfir þessum umr., að það skuli ekki vera hægt að spyrja um það á Alþingi í alvarlegri umr. hvort forsrh. *standi á bak við utanrrh. sinn í því sem hann er að gera* þegar hann er að fylgja eftir ályktun Alþingis.

Ef maður vill tala um þetta mál í alvöru er því ekki að leyna, að það er auðvitað mjög alvarlegt mál. Og það er auðvitað mjög virðingarvert, sem hæstv. utanrrh. sagði áðan, að hann muni gefa Alþingi skýrslu um hvernig þessi mál standa. Þá mun það verða Alþingi sjálft sem dæmir um hans verk. Ég efast ekki um að ef fram fari hér í þingsölum atkvgr. um það á meðal stjórnarandstæðinga, hvort þeir treysti þessum sérstaka ráðh. í hans embættisfærslu, þá mundi koma í ljóst að hann hefði miklu víðari og breiðari stuðning vegna frammistöðu sinnar í sínu rn. en nokkur annar ráðh. í þessari ríkisstj. Það segir sína sögu. Hitt er svo ekki nema eftir því stjórnleysi sem gert hefur vart við sig hér í landinu upp á síðkastið, að einföldustu spurningum, sem snerta stjórnarfarið sjálft, sem snerta sjálfa landsstjórnina, vinnubrögð þar og hvort starfað sé í samræmi við lög og reglur, þeim fæst ekki svarað af hæstv. forsrh. Þegar kemur að sjálfum kjarna málsins, hvort lög séu haldin, vill hann ekki svara, hvorki með jái né neii. Þetta er það dapurlega í þessu máli. *Það er sitt hvað að vera stundum sniðugur,* koma stundum á óvart og vera alvörumaður í sinni pólitík þegar hann býðst til þess að setjast í sæti sjálfs forsrh. Ég verð að segja það sem mína skoðun, eins og þetta mál er rekið, af slíku offorsi sem það er rekið af ráðherrum Alþb., að mér þykir lítill sómi að þögninni eins og á

stendur. Miklu meiri reisn og miklu meiri drengskapur hefði verið fólginn í því hjá hæstv. forsrh. ef hann hefði tekið af skarið hér í þinginu og haft kjark í sér til að segja hvað honum finnst um hvort hæstv. utanrrh. hafi haldið sig innan síns valdsviðs eða ekki. Um þetta er spurt og við þessu fæst ekki svar. Af hverju? Af því að það er óþægilegt. Það er kjarni málsins. Af því að það er óþægilegt. (**Gripið fram í:** Fyrir Alþb.) Ég tala nú ekki um lágkúruna á þm. Framsfl. ef þessari umr. lyktar svo að ekki einn einasti þeirra standi upp til að lýsa yfir trausti á fyrrv. formanni sínum og utanrrh. (**PP:** Við gerðum það í gær.) Þeir ættu að gera það í ræðustólnum. Það væri meiri drengskapur fólginn í því.

Ef maður veltir svo fyrir sér hvað það er sem t. d. varaformaður Alþb. brigslar hæstv. utanrrh. um, þá má lesa það í leiðara Þjóðviljans í dag að honum er brigslað um að hlaupa til stóra frænda vestur í Ameríku þegar honum finnst á hallað hér á landi. Í þessum briglsyrðum í Þjóðviljanum eru auðvitað fólgin viss landráðabrigsl, að hæstv. utanrrh. sé óþjóðhollur maður. Miklu fremur en allt annað gæfi það flokksbræðrum hans hér í þinginu tilefni til að lýsa því enn yfir skýrt og skorinort, að þeir beri fullt traust til hans í þessum málum og til embættisfærslu hans yfirleitt. Eins og ég sagði áðan veit ég ekkert dæmi þess nema þetta, að þingflokkur hafi séð ástæðu til að lýsa yfir trausti sínu á einum af ráðherrum sínum með sama hætti og Framsfl. gerði í gær. Það sýnir okkur auðvitað að framsóknarmenn meta ásakanirnar á hæstv. utanrrh. með allt öðrum og miklu alvarlegri hætti en hæstv. forsrh. virðist gera. Hann virðist líta svo á að hér sé venjulegt gamanmál á ferðinni sem hægt sé að hrista af sér eins og flugu. En auðvitað sækir þetta mál aftur á. Auðvitað hlýtur að koma að því að hann og aðrir menn, sem sitja í núv. ríkisstj., verða að svara til um hvernig þeim finnst þetta mál vaxið og hvernig þeim finnst hæstv. utanrrh. standa í sinni stöðu. Það er kjarni þessa máls.

Auðvitað er ekki ástæða til að hafa um þetta mörg fleiri orð. Við vitum öll, sem hér erum inni, að hæstv. forsrh. mun ekki svara þessari spurningu. Hann mun koma sér hjá því. Hann mun láta aðra geta í eyðurnar um það, hvers vegna hann kemur sér hjá því.

Hæstv. utanrrh. sagði brosandi áðan að hann mæti þetta svar á sinn hátt og væri ánægður með það. Ég segi nú eins og hæstv. utanrrh. Ég met þetta svar hæstv. forsrh. líka á minn hátt og það gerir allur þingheimur, og ég segi að það breytir ekki þeirri skoðun sem ég hafði áður á manninum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að öll íslenska þjóðin hefur að undanförnu horft upp á hrikalegar árásir Alþb. og þó einkum formanns þess, Svavars Gestssonar, á utanrrh. Ég held að það verði að teljast í hæsta máta merkilegt og líklega einsdæmi að hæstv. forsrh. skuli ekki verja utanrrh. sinn, og jafnvel þó að hæstv. utanrrh. láti sér vel líka yfirlýsingarleysið, segi það, er áreiðanlega mjög æskilegt að stuðningur forsrh. við utanrrh. landsins liggi skýrt fyrir. Til þessa hafa forsrh. gefist mörg tilefni á undanförnum dögum, en síðasta tilefnið og tækifærið, sem hann hefur fengið, er í þessum umr. Þessi ræðustóll hefði náttúrlega verið góður vettvangur fyrir slíka yfirlýsingu.

Mér finnst það einkar eftirtektarvert, að hæstv. forsrh., fyrrum varaformaður Sjálfstfl., skuli ekki sjá ástæðu til eða ekki treysta sér til að lýsa yfir afdráttarlausum stuðningi við gerðir utanrrh. Þó er utanrrh. að framkvæma vilja Alþingis sem þm. Alþb. áttu reyndar hlut að því að samþykkja fyrir ári.

Ég vil í þessu sambandi ítreka stuðning okkar Alþfl.-manna við gerðir utanrrh. Það er ekki einungis að við teljum að hann hafi hvergi farið út fyrir valdsvið sitt og hafi fullt vald á þessu máli, heldur einnig að hann hafi farið rétt að og honum reyndar borið skylda til að knýja þetta mál fram. Þeirri skyldu er hann að framfylgja. Ég tel að hann hafi gert það af forsjá og stjórnsemi, og trú mín er sú, að fyrir það muni hann hljóta þakkir.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða efnisatriði þessa máls. Þau eru öllum kunn. Hér er um að ræða mál, þetta olíugeymamál, sem skiptir miklu fyrir byggðarlögin í Njarðvík og reyndar marga fleiri, og með þessum aðgerðum verður mikilli mengunar- og reyndar eldhættu bægt frá. Ég tel einsýnt, að utanrrh. muni koma þessu máli í höfn, og ég vænti þess, að hann láti ekki árásir Alþb. á sig fá. En það væri líka vonandi að jafnvel tækist til um flugstöðvarbygginguna svo að ekki þurfi að koma til þess að stjórnaraðild Alþb. þýði að 50 millj. dala sé hent út um gluggann, eins og utanrrh. komst að orði í útvarpinu í morgun.

Ég vil ítreka að það er fyllsta ástæða til þess, að forsrh. landsins standi við bakið á utanrrh. í þessu máli. Það er ekki gott að forsrh. hafi ekkert til þessara mála að leggja og treystist ekki til að lýsa yfir stuðningi við utanrrh. Ef sá stuðningur forsrh. er í rauninni fyrir hendi ætti ekki að þurfa á honum að standa. Það mundi þá geta valdið misskilningi að þessi stuðningur skuli ekki koma fram á opinberum vettvangi, ekki bara hér á landi, heldur líka á erlendum vettvangi. Þess vegna skora ég á hæstv. forsrh. að lýsa yfir stuðningi sínum við utanrrh. í þessu máli.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir og staðfesta það sem fram kom hjá hv. 1. þm. Reykv. um stuðningsyfirlýsingu við hæstv. utanrrh. í þessum deilum um Helguvíkurmálið svokallaða. En ég vil líka segja að það er hörmulegt, að öll íslenska þjóðin skuli hafa horft á þá deilu undanfarnar vikur. Ekki vil ég taka þátt í því að pína ráðh., hæstv. forsrh. og utanrrh., til að segja meira en þeir vilja segja. Ég geri mér það alveg ljóst, og mér fannst það koma fram í hinu stutta máli hæstv. utanrr., að forsrh. er í klípu, má segja, í klemmu, er klemmdur á milli Alþb.-manna annars vegar og hins vegar framsóknarmanna. Þetta eru sterku öflin í ríkisstj. og þar af leiðandi á hann kannske erfitt með að segja eins mikið og hann gjarnan vildi. En báðir eru þessir menn reynsluríkustu stjórnmálamenn Alþingis.

En það, sem kemur mér til að standa upp, er að á mér eins og hverjum og einum þm. hvíla ákveðnar skyldur. Það hvíla ákveðnar skyldur á öllum þm. Ljóst er að þm. þriggja þingflokka af fjórum á Alþingi hafa lýst vilja sínum í þessu Helguvíkurmáli. Vilji meiri hluta Alþingis er því ljós. Lítill minni hluti hv. alþm. er andstæður þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á svæði varnarliðsins, þ. e. byggingu olíugeymanna. Það er því alveg ljóst, að framkvæmdirnar verða ekki stöðvaðar því að það væri ólýðræðislegt. Ég vil því, hafandi í huga þær skyldur sem hvíla á hverjum alþm. og Alþingi í heild, fara þess á leit við formann Alþb., hæstv. félmrh., eða annan þann sem getur talað í nafni flokksins, að hann láti hv. Alþingi vita nú við þessar umr., ef hægt er, hvort Alþb. muni slíta stjórnarsamstarfi vegna þessa máls Alþingi ber

að sjá landinu fyrir starfhæfri ríkisstjórn. Haldi ráðh. áfram að ræða saman í fjölmiðlum og tala um valdníðslu hvor annars á þann hátt sem verið hefur undanfarið er komið upp vandamál innan ríkisstj. sem hlýtur að gera allt samstarf innan hennar erfitt og ríkisstj. að verulegu leyti óstarfhæfa. Það held ég að hljóti að vera ljóst. Og það er ástand sem hv. Alþingi verður og ber skylda til að láta til sín taka með aðgerðum sem duga því að ríkisstjórn sjálfstæðs ríkis má aldrei starfa með skerta starfsorku. Það held ég að sé öllum ljóst.

Deilan er í sjálfu sér í mínum huga um keisarans skegg. Framkvæmdin er nauðsynlegt framfaraspor. Ég undirstrika að þetta er nauðsynlegt framfaraspor. En deilan er pólitískt deilumál og það er flokkspólitísk lífsskoðun þeirra sem eru gegn þátttöku Íslands í varnarbandalagi vestrænna þjóða. Ég styð samvinnu vestrænna þjóða í þessu varnarbandalagi, en hér stangast á lífsskoðanir þeirra, sem styðja varnarbandalag vestrænna þjóða, og hinna, sem vilja ekki styðja það varnarbandalag, eru gegn her í landi. Þeir vilja engar framkvæmdir og þeir líta ekki á það sem framfaraspor að byggja upp hvort það eru olíugeymar eða flugvélaskýli eða hótel eða flugstöð eða hvað það er kallað. Þarna stangast á lífsskoðanir.

Ég hef áhyggjur af þessu máli. Ég hef áhyggjur af þeim afleiðingum sem þetta mál getur haft. Hvert leiðir þessi deila? Hvert leiðir hún ríkisstj.? Hvert leiðir hún Alþingi? Út í hvaða fen leiðir hún þjóðina alla? Eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Reykn. áðan er öll þjóðin upptekin við þessa deilu og Alþingi ber skylda til að laga þetta mál, koma ástandinu í eðlilegt horf.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður mikið, en ég vil þó hér og nú lýsa yfir fullum stuðningi við ákvarðanir og gjörðir utanrrh. í því máli sem hér er til umræðu utan dagskrár, svokölluðu Helguvíkurmáli. Ég var staddur erlendis þegar þál. sú, er varðar þetta mál, var samþykkt hér á Alþingi í maí s. l., en tel mig þó hafa, áður en ég fór af landi brott, haft nokkur áhrif á að viðtæk samvinna tókst innan utanrmn. um hvernig hún var orðuð.

Aðgerðir utanrrh. eru í fullu samræmi við þá þál. og í fullu samráði við heimamenn, og mun það vera eitt af fáum tilfellum þar sem heimamenn, þ. e. sveitarstjórnir á Suðurnesjum, fá tækifæri til að hafa áhrif á gang þeirra mála á frumstigi.

Í sambandi við lausn á þessu mikla vandamáli hefur farið fram könnun bæði á vegum innlendra og erlendra aðila, og er það niðurstaða þeirra kannana, að sú lausn, sem nú er ákveðin, sé heppilegust.

Vegna umræðna um að hafa olíulöndunina á eða við Vatnsnesið, þ. e. á svipuðum slóðum og var þangað til bryggja, sem þar var, fauk í ofviðri fyrr í vetur, held ég að mér sé óhætt að fullyrða að mikill meiri hluti íbúanna í Keflavík — og reyndar víðar á Suðurnesjum — telji það alveg fráleitt af ýmsum ástæðum sem hér verða ekki raktar nú.

Ég ætla ekki að fara frekar út í efnisatriði málsins nema sérstakt tilefni gefist til.

Hvað varðar ákvarðanir og útgáfu reglugerða um skipulagsmál á Suðurnesjum fullyrði ég að sveitarfélögunum á Suðurnesjum hefur tekist að efla samstarf sín á milli án atbeina ofan frá, þ. e. frá ríkisvaldinu. Enn fremur treysti ég engum manni betur til að túlka lög og stjórnskipunarrétt en núv. hæstv. utanrrh. Ólafi Jóhannessyni.

Bæjarstjórn Keflavíkur hefur á fundi sínum 9. þ. m. samþykkt að tillögu bæjarráðs Keflavíkur drög að samningi við varnarmáladeild utanrrn. varðandi framkvæmdir í og við Helguvík. Það voru átta bæjarfulltrúar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. sem stóðu að þeirri samþykkt gegn einu atkvæði bæjarfulltrúa Alþb. Ég til rétt að lesa hér upp bókun þá er þessir átta bæjarfulltrúar gerðu er þeir samþykktu samningsdrögin, því að ég held að bókunin túlki og skýri viðhorf heimamanna nokkru betur en ég gæti í jafnmörgum orðum. Bókunin er svona:

„Í allmörg ár hafa vandamál þau, sem stafa af staðsetningu olíubirgðastöðvar varnarliðsins, verið til umræðu í bæjarráðunum í Keflavík og Njarðvík. Umræðan hefur beinst að mengunarhættu, skipulagsmálum og landflutningum á olíu. Vegna vandamáls þessa skipaði utanrrh. nefnd til að kanna og gera tillögur um staðarval olíuuppskipunarhafnar.

Á sameiginlegum fundi bæjarráðanna var fallist á tillögur nefndarinnar um að heppilegasta staðsetning hafnarinnar væri í Helguvík. Á grundvelli þeirrar samþykktar hafa nú náðst samningar við varnarmáladeild varðandi framkvæmd málsins og leggjum við áherslu á eftirfarandi atriði:

1. Gagnstætt því, sem áður hefur tíðkast, hefur undirbúningur þessa máls verið unninn í samráði við heimamenn og það tryggt, að þeir geti fylgst með hönnun og framkvæmdum og komið þar að sínum skoðunum.

2. Öll mannvirki skulu uppfylla ströngustu kröfur um búnað og frágang samk. íslenskum lögum.

3. Umsjón, afgreiðsla og öll öryggisgæsla á hafnarsvæðinu verður í höndum íslenskra aðila.

4. Staðið verður þannig að framkvæmdum, að þær komi að sem fyllstum notum við frekari hafnargerð í Helguvík, og íslenskum olíufélögum verða heimiluð afnot hafnargarðs og bygging löndunarbúnaðar þar ef þau óska þess.

5. Það landrými innan bæjarmarka Keflavíkur, sem varnarmáladeild fær til afnota vegna framkvæmdanna, er aðeins ræma meðfram bjargbrún norðan Helguvíkur, utan þess svæðis sem nokkrar líkur eru á að nýtilegt hefði verið til skipulagðrar byggðar. Sem endurgjald fær Keflavíkurbær hins vegar til afnota ca. 100 hektara landspildu sem bærinn hefur áður falast eftir afnotum af vegna þarfa sjávarútvegsins.

6. Með samningi þessum teljum við að fengist hafið viðunandi lausn á mengunar-, slysa- og skipulagsvandamálum, en leggjum jafnframt áherslu á þá brýnu nauðsyn, að öllum þungaflutningum til og frá varnarliðinu verði létt af Reykjanesbraut vegna aukinnar slysahættu í sívaxandi umferð um veginn.

7. Í samþykkt bæjarstjórnar frá 2. febr. s. l. var lögð á það áhersla, að hafnarmannvirki, sem byggð yrðu af varnarliðinu í Helguvík, og hafnarsvæðið yrðu ávallt í umsjón og eigu heimamanna. Þetta var gert vegna þess að við töldum óeðlilegt að samgöngumannvirki á Íslandi væru í eigu erlendra aðila. Samþykkt þessi hefur sætt gagnrýni íslenskra stjórnvalda og hefur félmrh. gagnrýnt þessa samþykkt sérstaklega. Við föllumst því á að með eignaraðildina verði farið eftir varnarsamningnum, enda verði meginhluti hafnarsvæðisins eftir sem áður til ráðstöfunar fyrir heimamenn."

Ég fullyrði að þetta speglar álit mikils meiri hluta

íbúanna í bæjarfélögunum þarna syðra.

Til þess að öllu réttlæti sé fullnægt held ég að rétt sé að lesa hér upp bókun Karls Sigurbergssonar bæjarfulltrúa Alþb., svo að allt komi fram sem bókað var um málið á þessum bæjarstjórnarfundi. Hann lét bóka eftirfarandi:

„Þar sem ekki hefur verið valin fljótvirkasta leiðin til þess að hamla gegn olíumengun af völdum olíugeyma varnarliðsins og samningsdrög þau, er hér liggja fyrir til afgreiðlu, fela ekki í sér neitt sem réttlætir svo umfangsmikla aukningu umsvifa Bandaríkjahers og NATO hér á landi, greiði ég atkvæði gegn fyrsta máli í fundargerð bæjarráðs 4. mars. Jafnframt, þar sem ekki hefur verið til þessa leitað álits annarra aðila um málið í heild, áskil ég mér rétt til að skjóta þessari gerð til löglegra skipulagsyfirvalda."

Ég ítreka það sem ég sagði áðan: Ég held að sú bókun sem meiri hluti bæjarstjórnar Keflavíkur, átta af níu bæjarfulltrúum, gerði samhljóða varðandi samningsdrögin sem þeir hafa gert við varnarmáladeildina, spegli álit mikils meiri hluta íbúanna á þessu svæði.

Herra forseti. Ég ítreka stuðning þingflokks Framsfl. við hæstv. utanrrh. í þessu máli sem öðrum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er full ástæða til þess að hér sé rætt um valdmörk ráðherra í jafnþýðingarmiklu deilumáli og hér er til umr. utan dagskrár á hinu háa Alþingi. Í þessum umr. hafa talað fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, nú síðast fulltrúi Framsfl. Allir hafa lýst yfir þeirri skoðun sinni, að þeir styðji hæstv. utanrrh. í túlkun hans og aðgerðum. Það vekur því meiri athygli en ella, að enginn fulltrúi Alþb. tekur til máls. Þeir hafa kosið að tala digurbarkalega á síðum Þjóðviljans og brúka þar stór orð um samstarfsmenn sína í ríkisstj.

Nú er nýkominn til landsins kjarkmesti þm. Alþb., hv. 11. þm. Reykv., sem jafnan hefur verið fús til að segja sitt álit á málum eins og þessum. Það hefur verið upplýst í þessum umr., að samsæri þagnarinnar gildir hjá hæstv. ráðherrum úr röðum Alþb. Nú reynir á það, hvort hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem er nefndarmaður í utanrmn. og formaður þingflokks Alþb., kemur í þennan ræðustól á hinu háa Alþingi og þorir að segja sitt álit á þessum málum eða hvort það er rétt, sem auðvitað flestir eru farnir að hallast að og hv. 1. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni í dag, að upphlaup kommúnista í þessu máli sé sýndarmennskan einber og eingöngu til þess gerð að höfða til þess fylgis sem tekur þátt í störfum svokallaðra herstöðvaandstæðinga. Þetta er þá gert vegna þess að Alþb. er í þeirri stöðu nú, að fylgi landsmanna hverfur frá því, þeir eiga í erfiðleikum alls staðar þar sem þeir hafa þurft að efna til prófkjörs fyrir sveitarstjórnarkosningar. Færri og færri kaupa Þjóðviljann. Fleiri og fleiri ganga úr flokknum. Það er þess vegna sem forustan í Alþb. kýs við þessar aðstæður að skapa sér stöðu til þess að geta sagt sig úr ríkisstj. ef illa fer í sveitarstjórnarkosningum og ef kjarasamningar verða erfiðir og óþægilegir fyrir forustu Alþb. Það er við þessar aðstæður sem það gerist í dag á hinu háa Alþingi, að jafnvel hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, þorir ekki að taka til máls og lýsa yfir skoðun sinni á þessu máli sem hefur verið stærsta mál á blöðum Þjóðviljans undanfarna daga, þar sem fimm dálka fyrirsagnir hafa birst dag eftir dag. Nú er þagað, einfaldlega vegna þess að þetta upphlaup var upphlaup í Þjóðviljanum, upphlaup í Alþb., eingöngu gert í sýndarmennskuskyni til að styrkja stöðu þeirra ef svo kynni að fara að þeir þyrftu lafhræddir að hverfa úr núv. ríkisstj.

Það er þetta sem verður eftirminnilegast við þessar umr. í dag.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vegna þeirra umræðna, sem hér hafa orðið, held ég að nauðsynlegt sé að rifja upp hvert er tilefni þessara umræðna.

Þingflokkur Alþfl. gerði ályktun í gær um að beina fyrirspurn til mín, og hv. formaður þingflokks Alþfl. óskaði eftir þessum umr. Fyrirspurnin til mín var ein og aðeins ein, hvort ég hefði kveðið upp úrskurð samkv. 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands og að ég greindi þá frá þeim úrskurði. Þessu svaraði ég á þá lund, að slíkur úrskurður hefði ekki verið kveðinn upp og ekki þótt þörf á því. Ef hins vegar til þess kæmi, að úrskurður yrði kveðinn upp samkv. þessari lagagrein, mundi ég skýra opinberlega frá honum.

Síðan koma hv. þm. hér hver eftir annan og deila á mig fyrir að ég hafi ekki svarað hinum og þessum fyrirspurnum sem þeir láta koma fram í ræðum sínum hér utan dagskrár. Hv. þm. verða að gera sér grein fyrir því, hvert er tilefni umr. og að fyrirspurninni hefur verið svarað.

Varðandi það mál að öðru leyti sem hér hefur verið rætt, svokallað Helguvíkurmál, hefur hæstv. utanrrh. gert ríkisstj. ítarlega grein fyrir gangi þess máls. Það hefur verið rætt í ríkisstj. á fleiri fundum en einum og verður áfram.

Ég ætla að það sé ekki algengt að forsrh. sé í umr. á Alþingi krafinn sagna um það, hvort hann beri traust til einstakra ráðh. í ríkisstj. En vegna þess, að hv. formaður Alþfl. hefur sérstaklega beint slíkri fsp. til mín, og til þess að fyrirbyggja að það verði rangtúlkað í málgögnum stjórnarandstæðinga ef ég svara ekki, þá vil ég taka það fram, að ég taldi mikinn feng og styrk fyrir ríkisstj., þegar Ólafur Jóhannesson féllst á að taka að sér stjórn utanríkismála við myndun núv. ríkisstj., og að hæstv. utanrrh. hefur notið og nýtur trausts forsrh.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara hér rækilega yfir afstöðu Alþb. til svokallaðs Helguvíkurmáls eða olíugeymamáls. Hún er öllum kunn og ég tel ekki ástæðu til að vera að tefja tímann með því.

Ég lagði fram í ríkisstj. í morgun nokkur minnisatriði um þetta mál svo og um stjórnarsamstarfið og stjórnarsáttmálann og ég mun ræða þau mál á vettvangi ríkisstj.

Hæstv. forsrh. svaraði fsp frá hv. 3. þm. Vestf. í dag varðandi ágreining sem upp hafi komið um störf einstakra ráðherra. Ég sætti mig vel við þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf hér í dag, en ljóst er að uppi eru ágreiningsefni og úr þeim verður að skera. Það verður að reyna að leysa þau á vettvangi ríkisstj., og ég er sannfærður um að til þess er yfirleitt fullur vilji.

Ég ætla ekki að ræða Helgurvíkurmálið, eins og ég sagði, í einstökum atriðum. Ég vildi koma þessu á framfæri, en jafnframt geta þess í þessari stuttu ræðu, að ég er andvígur þeim hugmyndum sem utanrrh. hefur verið með til þessa varðandi lausn á olíugeymavandanum. Ég tel að aðrar lausnir séu betri og heppilegri frá því sjónarmiði að losa íbúa Njarðvíkur og Keflavíkur við þann mengunarvanda sem stafar frá bandarísku hernum, þ. e. olíuhlutann af þeim vanda.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins nefna það, að ég tel nú, eftir síðustu ræðu hæstv. forsrh., að fsp. minni hafi verið svarað. Hæstv. forsrh. hefur nú við umr. loksins gefið þá yfirlýsingu sem eftir var leitað. Hann hefur lýst því yfir, að hann beri fyllsta traust til utanrrh. síns og þá um leið til aðgerða þessa ráðh. í þeim málum sem um er deilt í hæstv. ríkisstj. Úrskurður forsrh. hefur því fallið. Hann hefur gefið efnislegt svar við þeirri fsp. sem ég lagði fram, og ég þakka honum það, þó svo að svarið hefði mátt koma fyrr. En svarið er afdráttarlaust.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Þeir hafa ekki verið langorðir, hæstv. ráðherrar, í þessum utandagskrárumræðum. Þeim hefur vafist tunga um tönn. Þeir eru bersýnilega mun málglaðari við fjölmiðla en hér á Alþingi. Þeir sýna fjölmiðlum meiri tillitssemi en alþingismönnum. Það er með fádæmum, eftir þær gagnkvæmu árásir sem uppi hafa verið meðal ráðh., gagnkvæmar ásakanir um valdníðslu, valdrán, markleysur og lögbrot, að það komi ráðh. á óvart, eins og hæstv. forsrh.. að þessi ágreiningur meðal háseta hans sé tekinn til meðferðar á Alþingi. Og það er eins og það komi hæstv. forsrh. á óvart að til hans sé beint ýmsum fsp. af því tilefni og öðrum en þeim sem formlega var gert með samþykkt þingflokks Alþfl. Það liggur í augum uppi að þm. eiga rétt á að spyrja ráðh. og þeir eiga rétt á að fá svör ráðh. ef efnislegar upplýsingar eru fyrir hendi.

Nú er það mál, sem hér er um að ræða, svo margrætt að það ætti ekki að vefjast fyrir ráðh. og síst af öllu hæstv. forsrh. að svara fsp. sem til hans er beint.

Hér hafa menn túlkað svar forsrh. og ég vil túlka það einnig með þeim hætti, sérstaklega með tilvísun í ræðu hæstv. utanrrh. sem kvaðst eftir atvikum vera ánægður með mat sitt á svarinu, að auðvitað felst í því að hæstv. utanrrh. hefur fulla heimild til að halda áfram meðferð málsins samkv. þeim fyrirætlunum sem ráðh. hefur lýst yfir að hann hefði í huga. Það kann þess vegna að velta á því, hvort ráðherrar Alþb. skjóta þessu máli til úrskurðar hæstv. forsrh. eða hvort þeir láta sér lynda að svo haldi fram sem horfir og utanrrh. hefur skýrt þingheimi frá að hann stefni að.

Ég tek það fram, að það er vitnisburður um hve mikil alvara fylgir málæði Alþb. utan þings, hvort það muni krefjast slíks úrskurðar eða ekki og lyppast þá niður. Mín skoðun er sú, að Alþb.-ráðherrarnir muni lyppast niður og þetta verði eins og loftbelgur sem stungið er á og fellur til jarðar. En reynslan ein fær svarað því, hvorn kostinn Alþb. velur. Ég vil leggja sérstaka áherslu á að vilji meiri hluta Alþingis er ljós og ef vikið er að einhverju leyti frá honum er það skylda Alþingis að grípa í taumana.

En svo mikla athygli sem ýmist fjarvera eða þögn Alþb.-manna gagnstætt venju vekur, þá er eitt athyglisvert, sérstaklega með tilvísun til þess, að formaður Alþb., hæstv. félmrh., var að kvarta yfir því að hafa ekki nægilegan ræðutíma fyrr í dag í spurningatíma. Nú hefur hæstv. forseti Sþ. verið þingmönnum skilningsríkur og umburðarlyndur varðandi ræðutíma í þessum umr. utan dagskrár. Hæstv. félmrh., formaður Alþb., hefur þess vegna ekki orðið að hlíta takmörkun ræðutíma. En þegar hann hefur ræðutíma til umráða hefur hann ekkert að segja. Þessi þögn segir sína sögu. Ég hlustaði á hæstv. utanrrh. í morgun í Morgunvöku og hlýddi á niðurlagsorð hans þar sem hann var, að því er mig minnir, spurður hvort hann héldi að Alþb.-ráðherrarnir segðu af sér. Hann svaraði því neitandi og bætti því við, að gengju þeir út væri það sama og að fyrirfara sér. Þegar ég leit í Morgunblaðið í morgun sá ég eina fyrirsögnina eitthvað á þessa leið: Khomeini ráðleggur Hussein konungi að fremja sjálfsmorð. — Þá varð mér hugsað að betra væri nú að búa á Íslandi en þar eystra. Ólíkt sýndi Ólafur Jóhannesson miklu meiri mannúð en Khomeini. Khomeini ráðleggur Hussein að fremja sjálfsmorð, en Ólafur Jóhannesson varar Alþb.-ráðherrana við að fyrirfara sér.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Það hefur mikið verið fjallað um þetta mál nú og ekki að ófyrirsynju. En tilefni þess, að ég stend hér upp, er einkum það, að formaður Alþb. kom hér upp áðan og hélt fram að til væri betri lausn á þessu olíugeymamáli en fram hefði komið og verið væri að ræða um hér. Ég vil eindregið mótmæla því. Sannleikurinn er sá, að þetta mál, hvar geymarnir eiga að vera, hvar á að setja þá niður, er búið að rannsaka mjög nákvæmlega og þetta er eini staðurinn á Suðurnesjum þar sem mögulegt er að gera það á þann veg að afstýrt verði olíumengun í framtíðinni.

Kröfur íbúanna í Keflavík og Njarðvík um að fjarlægja þessa tanka hafa verið um það að forða bæjarbúum frá olíumengun vatns. Alþb. hefur aftur á móti sett sig upp á móti þessu. Í fyrstu var það á móti því að bætt yrði úr þessari mengunarhættu og fann alls konar tilefni til þess. Síðan barst hvalreki á fjörur þess þar sem forstjóri Olíufélagsins hf., fyrirtækis sem þeir hafa úthrópað sjálfir sem mesta hernámsfyrirtæki norðan Alpafjalla, kemur með tillögu um að flytja geymana ofar í heiðina, þ. e. á þann stað sem gerir það að verkum að hætta á vatnsmengun verður meiri en áður. Þeir grípa þetta og telja það vera lausn á málinu. Er með ólíkindum að menn skuli eltast við þetta, og með ólíkindum, að Alþb. skuli taka sér það fyrir hendur, einkum og sér í lagi að verja hagsmuni þessa gróðafyrirtækis sem fyrst og fremst er að hugsa um eigin hag þarna en ekki íbúanna á Suðurnesjum. Það er fyrst og fremst að hugsa um eigin hag, eigin gróða. Það er að koma því til leiðar að það missi ekki spón úr aski sínum. Og Alþb. eitt flokka á Íslandi tekur undir það að þetta hernámsfyrirtæki, eins og Alþb.-menn segja sjálfir að sé, fái máli sínu framgengt.

Svo er annað undarlegt í þessu máli af hendi Alþb. Þetta er í fyrsta sinn síðan varnarliðið kom hingað sem varnarsvæðið er minnkað. Íbúarnir í Keflavík og Njarðvík fá miklu stærra landssvæði til íbúðarbygginga heldur en þeir láta af hendi, það er um tífalt meira. Alþb.-menn eru á móti því líka, hvað sem veldur.

Þetta upphlaup í blöðum og undarlegheit Alþb. eru vissulega mikið til umræðu meðal landsmanna. Flestir eða allir sjá að þetta er sýndarmennskan ein. Alþb.-menn meina ekkert með þessu, þeir éta þetta auðvitað allt ofan í sig, eins og utanrrh. hefur áður haft á orði varðandi þetta mál.

Utanrrh. hefur í þessu máli farið að till. sem var samþykkt hér á Alþingi í fyrra, er að framkvæma till. sem var samþykkt hér á Alþingi og Alþb.-menn samþykktu. Þeir samþykktu í raun þessa lausn. Þeir samþykktu að þessu yrði flýtt og þetta yrði framkvæmt. Auðvitað máttu þeir vita að þetta samþykki þeirra kostaði að byggð yrði

olíuhöfn á hagkvæmasta staðnum, valinn yrði staður sem yrði utan vatnspottsins en ekki yfir honum.

Ég tel að utanrrh. sé að gera rétt í þessu máli. Hann er að framkvæma vilja þingsins og vilja Alþb.-manna líka.

Í lokin vil ég spyrja formann Alþb. hvort hann metur þetta mál til stjórnarslita eða hvort honum er nokkur alvara í þessu máli. Ég skil svar forsrh. á þann hátt, að hann hafi lýst yfir að hann styddi utanrrh. í þessu máli eins og við hinir gerum. Þar með er ljóst að félmrh. kemst ekki upp með neinn moðreyk, honum tekst ekki að rugla menn í ríminu varðandi þessi mál. Eftir sitja þeir með það að hafa étið þetta ofan í sig — eða ætla þeir að gera eitthvað annað.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þegar vandinn, sem stafar af núverandi olíugeymum bandaríska hersins, var til umr. hér á Alþingi höfðum við þm. Alþb. í samvinnu við núv. varaformann Framsfl. frumkvæði að því, að upphaflegu tillögunni, sem þm. Alþfl. og fleiri höfðu flutt hér um Helguvíkurframkvæmdir, var breytt í meðferð þingsins. Þegar utanrmn. skilaði af sér tillögunni var hún allt önnur en sú tillaga sem upphaflega var lögð fyrir þingið.

Upphaflega tillagan fól í sér að í Helguvík yrðu byggðir olíugeymar og gerð höfn í samræmi við sérstaka tillögu sem nefnd hafði skilað. Hins vegar var tillagan, sem afgreidd var hér á Alþingi, á þann veg. að lausnin ætti að bindast eingöngu við mengunarvanda íbúanna á Suðurnesjum.

Það kom skýrt fram í umr. á Alþingi um þessa breyttu tillögu, að skilningur Alþb. — og reyndar annarra sem höfðu unnið að þessari breytingu á tillögunni í utanrmn. — var sá, að eingöngu ætti með þessum framkvæmdum að leysa mengunarvanda byggðarlaganna.

Nú er hins vegar komið í ljós að hæstv. utanrrh. hefur lagt fram tillögur að hönnun sem eru þó nokkuð annars eðlis en þær tillögur sem tillagan á Alþingi fól í sér. M. a. er í þessum tillögum — samkv. viðtali sem málgagn Framsfl., Tíminn, á við hæstv. utanrrh. í dag — bygging á sérstakri höfn utan varnarsvæðanna svokallaðra sem Bandaríkin og NATO eiga að borga.

Ég held ég fari rétt með — ég skal þó ekki fullyrða það, en það mætti athuga það síðar — að það yrði þá fyrsta mannvirkið á Íslandi utan varnarsvæða sem Bandaríkin borguðu. Það er vissulega nokkur nýjung í meðferð þessa máls, að samgönguvirki af þessu tagi, höfn, eigi að greiða af bandarísku fé.

Í þessu sambandi vil ég minna á það, að formaður þingflokks Framsfl. sendi frá sér þá yfirlýsingu fyrir nokkrum mánuðum, að það væri samkomulag í núv. ríkisstj. að varðandi herstöðina ríkti óbreytt ástand. „status quo." Þessi yfirlýsing formanns þingflokks Framsfl. er nákvæmlega hin sama og sú sem við forsvarsmenn Alþb. höfum gefið í þessu máli. að þetta stjórnarsamstarf væri grundvallað á því, að varðandi herstöðina í Keflavík eða herstöðvarnar annars staðar á landinu yrðu ekki gerðar neinar efnislegar breytingar eða farið út í neinar nýjar meiri háttar framkvæmdir.

Það stjórnarsamstarf, sem nú er í landinu, grundvallast á þessum skilningi og það grundvallast á ákveðnum vinnubrögðum og samstarfsháttum sem stjórnaraðilarnir hafa komið sér saman um og gerðu þegar í upphafi til þess að tryggja að meðferð allra mála í ríkisstj. væri með þeim hætti að ríkisstjórnaraðilar gætu vel við unað.

Mikið hefur verið rætt um það í þessum umr., sérstaklega af stjórnarandstöðunni, hvort Alþb. ætlaði að fara úr ríkisstj. vegna þessa máls. Vissulega má segja að málflutningur stjórnarandstöðunnar sé nokkuð tvíbentur. Annars vegar flytja menn ræður um það, að ekkert sé að marka Alþb. í þessu máli, þetta hafi allt saman verið sjónarspil vegna kosninga eða prófkjaraúrslita eða einhvers slíks, eins og mátti skilja á varaformanni Sjálfstfl. Á hinn bóginn lýsa menn yfir að ástæða sé til að knýja á um svör við því, hvort þetta mál verði tilefni stjórnarslita.

Það er að vísu eitt sem gengur eins og hreinn tónn í gegnum ræður stjórnarandstæðinga hér. Það er hið mikla lof og það mikla traust sem þeir bera til utanrrh. Ég óska hæstv. utanrrh. til hamingju með þessar sérstöku traustsyfirlýsingar, sem stjórnarandstaðan flytur honum hér á Alþingi, og það mikla lof sem hún ber á hann. Það væri vel þess vert að velta því fyrir sér í góðu tómi, jafnvel í einrúmi, hvaða hagsmunir eða hugmyndir kunni að liggja að baki því, þegar stjórnarandstaðan kýs að flytja sérstakan dýrðaróð af þessu tagi um tiltekinn ráðherra í ríkisstj.

Hitt verð ég að segja, að það verða ný tíðindi fyrir mig ef það á fyrir Framsfl. að liggja að gerast sérstakur forgönguflokkur um aukin hernaðarumsvif í þessu landi. Framsfl. gerði fyrir um það bil 30 árum kröfu til þess að fá utanríkismálin úr höndum Bjarna Benediktssonar og Sjálfstfl. yfir í hendur Framsfl. og Kristins Guðmundssonar til þess að geta haft betri stjórn á því, með hvaða hætti samskipti hersins og þjóðarinnar væru. Það var mögnuð gangrýni, mikil andstaða innan Framsfl. við þeirri útþenslustefnu hersins sem rekin hafði verið á þeim tíma.

Síðan má rekja fjölmörg önnur dæmi í sögu Framsfl. um það, að hann hefur ýmist lýst yfir að herinn ætti að fara eða sérstaklega tekið það fram að hamla beri gegn umsvifum hersins.

Ég játa hreinskilningslega að ef Framsfl. ætlar í reynd á næstu mánuðum og misserum að fara að snúa af þessari stefnu og gerast sérstakur forgönguflokkur þess að gífurlega aukin hernaðarumsvif verði í landinu, þá er það vissulega ný staða í íslenskum stjórnmálum og ný staða í sögu Framsfl. Ég lifi hins vegar enn þá í þeirri von, að sú yfirlýsing, sem formaður þingflokks Framsfl. gaf hér fyrir nokkrum mánuðum, um að óbreytt ástand ætti að ríkja í þessum efnum, verði hin rétt mynd af veruleikanum. En ef það reynist ekki og hér verður gengið inn á þá braut að auka hernaðarleg umsvif með stórfelldum hætti, þá er alveg ljóst að þeir, sem í fararbroddi þeirrar göngu ganga, verða þeir sem stefna tilveru þessa ríkisstjórnarsamstarfs í hættu. Upphafsmennirnir, gerendurnir sjálfir, þeir sem skapa hina nýju stefnu, þeir sem skapa atburðarásina, það verða þeir sem þá í reynd rjúfa ríkisstjórnarsamstarfið, en ekki hinir sem vilja ekki una slíkri stefnubreytingu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er dapurlegt hlutverk, hlutverk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, formanns þingflokks Alþb., að standa hér upp og hafa í hótunum við samstarfsmenn sína í núv. ríkisstj. Hann sagði að ef breytt yrði um stefnu færu þeir að hugsa sig um. Ég vil minna hv. þm. á það, að hann hefur í ræðum á Alþingi sagt berum orðum að ekki kæmi til greina að Alþb. mundi nokkru sinni samþykkja neina framkvæmd á Keflavíkurflugvelli. Síðan þau orð voru sögð hafa orðið

miklar framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli. Það hefur verið unnið þar við flugbrautir, það hafa verið reist flugskýli. Nú er Helguvíkurmálið í fullum gangi, og það er enn þá verið að ræða um flugstöðvarmálið. Ég held að það fari ekkert á milli mála að þær framkvæmdir, sem farið hafa fram og fyrirhugaðar eru, séu einhverjar mestu framkvæmdir sem unnið hefur verið að á Keflavíkurflugvelli um áratugaskeið. Þetta gerist í stjórnartíð Alþb. Ég spyr þess vegna: Hversu langt er hægt að ganga í þessu máli áður en Alþb. stendur við það sem það hefur fullyrt æ ofan í æ?

Hér hafa verið færðar fram þakkir til hæstv. utanrrh. Ég segi fyrir mig að mér finnst það ekkert sérstaklega þakkarvert að fylgja fram viljayfirlýsingu hins háa Alþingis, eins og hæstv. utanrrh. hefur gert. En hann er ugglaust meiri maður fyrir að standa uppi í hárinu á þeim mönnum sem standa ekki við það sem þeir hafa sagt.

Herra forseti. Ég held að orðið sé tímabært eftir þá löngu umræðu sem hér hefur farið fram í dag að reyna að draga saman í nokkur atriði hvað hefur gerst á þessum langa fundi.

Í fyrsta lagi hefur það gerst, að hér hefur komið fram viðurkenning á því, einkum og sér í lagi frá hæstv. félmrh., að innan ríkisstj. sé mikill ágreiningur vegna þessa máls. Félmrh. lét hins vegar í ljós þá skoðun sína, að fyrir hendi væri vilji til þess að leysa þetta mál. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvernig þetta mál verði leyst. Ég sé aðeins tvær leiðir. Önnur er sú, að Alþb. kokgleypi öll stóru orðin undanfarna daga. Hin er sú, að það slíti stjórnarsamstarfi. Aðrar leiðir eru ekki færar. Svo einfalt er þetta mál.

Ég vil renna stoðum undir þessar fullyrðingar mínar. Það er ljóst að ágreiningur er innan ríkisstj. í þessu máli og sá ágreiningur er mjög alvarlegur. Utanrrh. hefur ákveðið að halda sínu striki hvað sem tautar og raular. Hann hefur með verkum sínum og ákvörðunum sýnt fram á það, að hann ætlar ekki að láta stöðva sig, hann ætlar að fylgja fram vilja Alþingis í þessu máli.

Hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. eru hins vegar algjörlega á öndverðri skoðun. Fer það ekki fram hjá neinum þm. sem hér hefur hlustað á umr í dag. Þeir telja jafnvel að hæstv. utanrrh. hafi fyrir valdsvið sitt. Í dag er svo spurt og sú spurning borin undir hæstv. forsrh.: Hefur hæstv. utanrrh. farið út fyrir valdsvið sitt? Þetta er kjarninn í þeirri spurningu sem hér var borin fram. Treystir hæstv. forsrh. hæstv. utanrrh.? Og hvað er verið að fá fram með slíkri spurningu? Einfaldlega það, að við viljum fá að vita hvort hæstv. forsrh. styður við bak hæstv. utanrrh. í þessu máli. Svo einfalt er þetta.

Síðan stendur hæstv. forsrh. hér upp og segir að hann telji það hafa verið styrk og feng fyrir núv. ríkisstj. að fá núv. hæstv. utanrrh. í það embætti sem hann gegnir. Og hann sagði: „Utanrrh. hefur notið og nýtur trausts forsrh." Hér tel ég því að það komi mjög skýrt fram hjá hæstv. forsrh., að hann styðji hæstv. utanrrh. í þeirri deilu og í því ágreiningsmáli sem hann á í við hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh. (**Gripið fram í:** Nei, nei.) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson getur komið hér upp á eftir og túlkað sínar skoðanir en gerir það ekki úr sæti sínu.

Þá held ég að við séum komnir að kjarna málsins og hann er einfaldlega þessi: Alþb. verður annaðhvort að kyngja því sem það hefur sagt, eins og ég sagði áðan, eða slíta stjórnarsamstarfinu. Aðrir möguleikar eru ekki fyrir hendi eftir öll þau stóru orð sem hér hafa verið sögð.

Ég verð einnig að segja það, herra forseti, að mér þótti þögn Alþb. hér framan af í dag vera orðin býsna æpandi. Hæstv. félmrh. bætti nokkuð úr því og kjarkmaðurinn, eins og hann var kallaður hér fyrr í dag, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, bætti líka dálítið úr þessu. Engu að síður vil ég taka það skýrt fram, að mér finnst afstaða Alþb. í þessu máli öllu vera mjög undarleg. Nú skal ég segja ykkur hvers vegna. Alþb. tekur upp á því í miðri þessari umræðu að grafa upp rúmlega eins árs gamlar tillögur frá Olíufélaginu hf. og leggja til að lagnir verði lagðar og geymar smíðaðir samkv. hugmyndum Olíufélagsins hf. Þessar hugmyndir Olíufélagsins komu auðvitað fram til þess að Olíufélagið gæti styrkt stöðu sína í öllum þeim olíubransa sem á sér stað í kringum varnarliðið og hér á landi yfirleitt. Ég vil greina hv. þingmönnum frá því, m. a. hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, ef hann ekki veit það, að þetta olíufélag fær á hverju einasta ári um 4 millj. dollara eða 40 millj. nýkr., 4 milljarða gkr., fyrir að leigja varnarliðinu aðstöðu uppi í Hvalfirði. Það er þetta olíufélag sem hv. þm. í Alþb. vilja styðja við bakið á með því að fara eftir tillögum þess í því, hvernig beri að byggja upp olíuleiðslukerfið í kringum Keflavík. Þetta er ekki göfugt hlutverk. (**ÓRG:** Þetta eru skynsamlegar tillögur.) Þetta er ekki göfugt hlutverk sem Alþb. hefur valið sér.

Engu að síður held ég að með því að draga saman það, sem hér hefur verið sagt í dag, í örfá orð hljóti niðurstaðan að verða sú, að hæstv. forsrh. er í ógnarlegri klípu. Ég held jafnvel að hv. þm. Albert Guðmundsson sé mér sammála um þetta, að ráðherrann sé í mikilli klípu. Þess vegna hlýtur þjóðin öll — ekki bara þingheimur — að spyrja þessarar einföldu spurningar: Ætlar Alþb. að viðurkenna valdsvið hæstv. utanrrh. í þessu máli, ætlar það að bakka með hvert einasta atriði sem það hefur sagt? Orð hæstv. utanrrh. í fjölmiðlum og annars staðar gefa ekki annað til kynna en að hann ætli að fylgja sínu máli eftir af hinni mestu alvöru og ekki gefa Alþb. eftir.

Þess vegna hlýtur það að vera mjög einföld niðurstaða sem af öllum þessum löngu umr. hér í dag má draga. Hún er þessi: Springi ríkisstj. ekki, kokgleypir Alþb., en kokgleypi Alþb. ekki, þá hangir ríkisstj.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen) Herra forseti. Ég tel ástæðu til vegna ummæla hv. síðasta ræðumanns að benda á grundvallarmisskilning sem kemur fram í hans máli. Ég hélt að hv. þm. eins og öðrum væri kunnugt að það er lögmál lýðræðisins að leita samkomulags og málamiðlunar. Það er einnig lögmál í samsteypustjórnum, að þegar skoðanir þeirra aðila, sem standa að ríkisstj., eru skiptar, þá er reynt í lengstu lög að ná samkomulagi og málamiðlun. Ályktun hans um það, að annars vegar sé ákveðin skoðun og hins vegar önnur ákveðin og ekkert sé til þar á milli, er reginmisskilningur á eðli lýðræðis og samsteypustjórna.

Varðandi það mál, sem hér er um að ræða, þá hefur það verið ítarlega rætt í ríkisstj., eins og hefur verið skýrt tekið fram, og verður áfram. Að sjálfsögðu munum við leita að málamiðlun og samkomulagi í þeim deilumálum sem uppi hafa verið.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég hafði kvatt mér hljóðs til að þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa gert einarðlega og vel grein fyrir afstöðu sinni til þess sem hæstv. utanrrh. hefur verið að beita sér fyrir að undanförnu og

verið að koma í veg fyrir. En ég veit nú ekki nema hann hafi tekið eitthvað til baka af sinni fyrri ræðu með hinni síðari.

Hæstv. utanrrh. er að vinna að því að hrinda í framkvæmd vilja Alþingis, fylgja eftir ályktun Alþingis, eins og hún var samþykkt. Nú skilst mér á hæstv. forsrh. að það sé reginmisskilningur á eðli lýðræðis og samsteypustjórna að ekki sé reynt að leita samkomulags. Í þessum ummælum hæstv. forsrh. felst auðvitað að hann hefur í huga að beita sér fyrir því, að með einhverjum hætti verði dregið úr þeirri ályktun og þeirri ályktun breytt sem Alþingi samþykkti í þessu máli. Það liggur á borðinu. Ég veit af gamalli reynslu að það þýðir ekki að spyrja hvaða hygmyndir hann hefur um það. Ég skal viðurkenna að undir þessum kringumstæðum er rétt af honum að geyma það hjá sér um stund, hvort hann finni lausn á þessu máli. Ég skal ekki gagnrýna það. Hins vegar þakka ég honum fyrir þá hreinskilni að hafa sagt þetta hér í lok umr., því að vitaskuld þýða orð hans ekkert annað en að hugmynd hans sé sú, að ekki verði staðið við ályktun Alþingis eins og hún var samþykkt um þessi mál. Það liggur á borðinu.

Ég vil líka vegna þeirra ummæla, sem fram komu hjá hæstv. félmrh., sem er víst farinn á framkvæmdastjórnarfund aftur, og vegna ummæla hv. 11. þm. Reykv. segja það, að nú er svo komið að fyrst talar hæstv. iðnrh. um það í Tímanum, að það hljóti að hrikta í stjórnarsamstarfinu eftir síðustu framvindu mála, og síðan er haft innan gæsalappa, með leyfi hæstv. forseta: „ef Framsfl. ætlar að gera málsmeðferð utanrrh. að sinni.“ Þessi skilaboð eru alveg skýr. Málamiðlunin, sem hæstv. forsrh. talar um, er náttúrlega fólgin í því að hafa áhrif á málsmeðferð utanrrh., breyta henni. Skilaboðin hafa sem sagt komist til skila frá hæstv. iðnrh. Það er ekki hægt að skilja þögn ýmissa ráðh. Framsfl., annarra en hæstv. utanrrh., á annan veg en þann, að þeir telji vitlegast núna að taka þann kostinn að segja sem minnst. Það er sennilega af því að hæstv viðskrh. hefur ekki verið nógu lengi í þingsal. Annars hefði hann kannske verið búinn að segja okkur einhver sannleikskorn því að hann má eiga það að hann er hreinskilinn þegar hann talar hér á annað borð.

Nú vil ég aðeins segja það í öðru lagi, að þau ummæli, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson viðhafði hér áðan, eru náttúrlega mjög alvarleg ef á að taka mark á þeim. Rétt er að hafa það í huga, að þau eru sögð sama daginn og það kem[illegible] í Þjóðviljanum að hæstv. félmrh. telji reglugerð utanrrh. markleysu, sama daginn og hæstv. utanrrh. er brigslað um það í Þjóðviljanum, að hann hlaupi til Bandaríkjamanna, þegar halli undan fæti hér heima, og leyti þar skjóls. Síðan segir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., að hæstv. utanrrh. sé með stefnu sinni að auka hernaðarumsvif með stórfelldum hætti. Hann talar um að þeir, sem skapi hina nýju stefnu, skapi atburðarásina og að með því að Framsfl. hafi gerst forgönguflokkur um aukin hernaðarumsvif í landinu sé það á hans ábyrgð ef ríkisstjórnarsamstarfið rofni. Þessi orð öll eru náttúrlega sögð í þeim anda að undir engum kringumstæðum geti Alþb. fallist á málsmeðferð hæstv. utanrrh.

Ég held að það sé ógjörningur að skilja orð hæstv. félmrh. og orð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar öðruvísi en svo, að þeir hafi lýst hér yfir í dag að þeir geti undir engum kringumstæðum fallist á málsmeðferð hæstv. utanrrh. Þegar þessi orð eru síðan sett í samhengi við ummæli hæstv. forsrh. áðan verður deginum ljósara að nú á að gera varnar- og öryggismálin enn einu sinni að verslunarvöru í íslenskum stjórnmálum og væri vissulega alvara á ferðum nema vegna þess, eins og margsinnis hefur komið fram raunar, ekki aðeins í þessum umr. hér heldur undanfarin misseri, að varnar- og utanríkismálin eru á hendi þess manns í ríkisstj. sem best er treystandi í þeim efnum vegna sinnar löngu reynslu í stjórnmálum og þeirrar miklu yfirsýnar sem hann hefur um þessi mál. Þetta er í raun það sem kemur út úr þessu.

Ég vil svo aðeins segja það að lokum, að ég skil ummæli hæstv. forsrh. um að hann beri fyllsta traust til hæstv. utanrrh. í ljósi hinnar seinni ræðu hæstv. forsrh., skil þau á minn hátt í ljósi hennar. Það hljóta aðrir menn að gera einnig, því að svo mikið er búið að gefa í skyn núna um að grundvöllurinn fyrir þessu stjórnarsamstarfi sé ekki jafnsterkur og áður. Það má vel vera að ríkisstj. takist að tjasla sér saman á nýjan leik, ná einhverju málamyndasamkomulagi, en menn verða auðvitað ekki trúaðir á að það haldi til lengdar. Við getum aðeins rifjað upp hvers vegna. Það er í fyrsta lagi vegna Helguvíkurmálsins. Það er í öðru lagi vegna þeirra atburða sem gerst hafa í sambandi við orkumálin og óþarfi er að rifja upp hér. Svo skal í þriðja lagi nefna þá ringulreið sem ríkir í launamálum og þau miklu átök sem menn búast við á launamarkaðinum nú með vordögum, þegar það er á almannavitorði og menn tala um það opinskátt sín á milli, að forseti Alþýðusambands Íslands stefni í harðar vinnudeilur strax í maímánuði. Það er sem sagt deginum ljósara eftir þessar umr. að alvarlegur brestur er kominn í stjórnarsamstarfið og menn geta ekki eftir þær tekið yfirlýsingar hæstv. forsrh. alvarlega þegar hann segir að á þessari stundu geti hann fullvissað menn um að stjórnarsamstarfið muni haldast til vorsins 1983.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð vegna ummæla hæstv. forsrh. áðan. Ég þakka honum fyrir vinsamlega ábendingu um að ég ætti að vita hvert væri lögmál lýðræðisins, það væri að leita samkomulags. Ég hafði nokkra hugmynd um þetta atriði, en þakka honum samt fyrir.

Í þessum orðum hæstv. forsrh. felst ekkert annað en það, að ætlunin sé að beygja hæstv. utanrrh., sveigja hann frá þeirri stefnu sem hann hefur tekið í málinu. Öðruvísi er ekki hægt að ná samkomulagi um þetta. Svo einfalt er þetta. Sé það gert er verið að sveigja hann frá þeirri stefnu sem Alþingi hefur samþykkt, og ef það er lýðræði í huga hæstv. forsrh. lítum við ekki sömu augum lýðræðið. Sem sagt, ef sú leið er fær, samkomulagsleiðin í þessu máli, verður aðeins ekið að henni frá annarri hlið, þ. e. þeirri hlið að hæstv. utanrrh. verður að sveigja frá þeirri stefnu sem hið háa Alþingi hefur markað í þessu máli. Og þá held ég að færi að fara um ýmsa sem eru trúaðir á lýðræði.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég skoraði á hæstv. forsrh. áðan að láta það koma skýrt fram, að hann stæði við bakið á hæstv. utanrrh. Slík yfirlýsing kom fram frá hæstv. forsrh., en hún stóð heldur skamma hríð. Ég verð að segja að þau ummæli, sem hæstv. forsrh. hafði í seinustu ræðu sinni, þýða það á mínu máli, að hann ætli að beita sér fyrir að breyting verði gerð á málsmeðferð utanrrh. og þá vegna þrýstings og árása Alþb. Þetta tel ég ákaflega miður. Ég trúi í rauninni ekki að hæstv. forsrh.

ætli sér með þessum hætti að taka völdin af hæstv. utanrrh. í rauninni að beita sér með þeim hætti að segja í reynd að hæstv. utanrrh. hafi farið út fyrir það umboð sem hann hafi — og ég veit að það er ekki skilningur Alþingis. Mikill meiri hluti alþm., stór meirihluti þjóðarinnar er þeirrar skoðunar, að utanrrh. hafi farið rétt að og hafi fullt vald í þessu máli.

Ég ítreka að það er nauðsynlegt, ekki einungis á innlendum vettvangi, heldur líka gagnvart erlendum aðilum, að það liggi skýrt fyrir að hæstv. forsrh. styðji utanrrh. í þessu máli og ætli sér ekki að skerða vald hans eða kúga hann á nokkurn hátt í þessu máli. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti gefið yfirlýsingu af þessu tagi.

Guðrún Helgadóttir: *Herra forseti. Aðeins örfá orð í* lok þessarar löngu umr.

Ég vil leyfa mér að lýsa hneykslan minni á allri þeirri málsmeðferð sem hefur átt sér stað í dag. Ég átti þess kost ekki alls fyrir löngu að sitja kennslustund í smábarnaskóla hér í bæ í ræðumennsku, þar sem kennari var að kenna börnum að vita um hvað þau væru að tala og að halda sig við aðalatriði. Ég er alveg sannfærð um að hv. þingheimur fengi núll í þeim bekk.

Ég vil taka undir það sem hæstv. forsrh. hefur sagt hér í dag. Hér hefur verið beint til hans spurningu sem í raun og veru er óþörf og þingið á að geta sagt sér sjálft svarið við. Ég vænti þess, að þingheimur viti að ef hæstv. forsrh. treystir ekki ráðh. sínum hefur hann allt vald til að segja þeim upp störfum og fá sér aðra ráðh. í ráðuneyti sitt.

Annað er að ekki er að sjá að þingheimur kunni að lesa. Sú, þál. sem ég er með í höndunum, fjallar um að *Alþingi feli utanrrh. að vinna að lausn á vandamálum* vegna eldsneytisgeyma varnarliðsins. Það stendur ekki orð um hvaða lausn hann eigi að velja. Vandinn, sem hins vegar hefur verið á ferðinni innan ríkisstj., er hvort öll ríkisstj. felli sig við þá lausn sem hann hefur fundið og gerir tillögu um. Ég held að það fari ekki milli mála, að í ríkisstjórn þriggja stjórnmálaflokka, eins og hæstv. forsrh. réttilega benti á, hlýtur samstarfið að standa og falla með því, hvort lausn finnst á hverju máli. Ef hún finnst ekki hlýtur sú ríkisstjórn auðvitað að vera óstarfhæf og full ástæða til að lýsa á hana vantrausti.

Það undrar mig að hér skuli fara fram svo ruglingslegar og ómálefnalegar umr., sem eru kannske alvarlegar vegna þess að þær fjalla ekki um málið sem deilt er um, heldur fyrst og fremst um hvort Alþb. sé á leiðinni út úr ríkisstjórn. Í fyrsta lagi er auðvitað vonlaust að því verði svarað hér. En hitt er öllu alvarlegra, að Alþingi Íslendinga skuli vera svo kærulaust um samskipti Íslendinga við erlent stórveldi og her þess, að aðalatriðið sé hvort þessi eða hin ríkisstjórnin situr einhverjum mánuðum lengur eða skemur. Það getur vel verið að menn sé farið að lengja eftir ráðherrastólunum, en ég held þó að sem lögkjörnir fulltrúar fólksins í landinu, fólksins á Suðurnesjum, ættu þeir að hafa það útsýni og þá víðsýni til að bera að leggja þessar langanir sínar til hliðar þegar um er að ræða mál sem varðar svo miklu hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil leyfa mér í nafni þjóðarinnar að víta þingheim fyrir þessar umr. Þær eru henni til skammar og skapraunar. Ég vil vænta þess, að menn gæti sóma síns hér í þingsölum og ræði ekki málefni á svo gáleysislegan hátt. Hér hafa margar siðareglur verið brotnar í dag, m. a. að greint var frá umræðum í hv. utanrmn. þar sem ég sat fund í morgun. Ég harma að þurfa að gera það líka. Þar var beinlínis sagt að hér væru á ferðinni umfangsmestu hernaðarframkvæmdir sem hingað til hefðu átt sér stað hér á landi, og þetta segja menn glottandi til að, eins og það var orðað, „stríða ákveðnum þm." Þá held ég að við getum hætt að gera tilraun til að tala í alvöru hér á þinginu. Öllum landslýð er ljóst að málefni, sem fjalla um viðskipti Íslendinga og bandarískra hersins, eru eitt viðkvæmasta mál ríkisstj. Hver sá í ríkisstj. sem æðir áfram í þeim málum án samráðs er auðvitað að storka Alþb. í ríkisstjórnarsamstarfi. Það hljóta allir að vita. Því munum við Alþb.-menn að sjálfsögðu mótmæla. Við erum hins vegar og munum halda áfram að vera tilbúin að vinna í þessari ríkisstjórn. Við treystum því, eins og hæstv. forsrh. sagði réttilega, að á þessu máli finnist lausn. En vitanlega sættum við okkur aldrei við að einhver einn ráðh. sigli þar hraðbyri að því markmiði sem honum einum sýnist rétt. Ég hygg að ráðh. Alþb. hafi ekki unnið þannig, og ég ætla að vona að þau vinnubrögð verði ekki tekin upp í hæstv. ríkisstj.

En hinu hljóta menn að lýsa vanþóknun sinni á, að þingmenn séu að leika sér að slíkum málum hér á Alþingi og láta aðra sitja hér klukkutímum saman hlustandi á rugl sem væri ekki boðlegt í barnaskólabekk.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. En út af ræðu hv. síðasta ræðumanns verð ég að viðurkenna að hv. þm. hefur mikið lært af þessari einu kennslustund í 7 ára bekk. Mér sýnist um mikla framför að ræða frá því sem hefur áður verið hjá hv. þm. Færi hann þó ekki væri nema í tvær — þrjár kennslustundir til *viðbótar væri mikill munur á þingmannsferli hans eftir en* áður.

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 56. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276, n. 436 og 443). — 448). — 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334, n. 448). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. hv. félmn. hefur tekið þetta frv. til athugunar og mælir með samþykkt þess. Frv. fjallar um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, en hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá barnsfeðrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt mæðrum óskilgetinna barna og fráskildum konum vegna barna þeirra, og að endurgreiða Tryggingastofnuninni innheimtuféð eftir því sem það innheimtist.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðsskuldum manna sem fluttir eru brott úr sveitarfélaginu.

Það er þetta sem ég hef nú greint sem er hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga samkv. gildandi lögum.

Í frv. því, sem hér er til umr., er lagt til að hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði aukið, svo að stofnunin geti að beiðni ráðuneyta tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara. Breytingin er ekki önnur en þessi, að útvíkkað er hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga að þessu leyti eða stofnuninni gefin heimild til að inna þessi verk af hendi samkv. sérstakri borgun.

Eins og ég sagði áðan mælir hv. félmn. deildarinnar með því, að þessi breyting verði gerð á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 3, n. 367, 373, 412). — Frh. 2. umr.

Forseti (Helgi Seljan): Þannig lauk umr. um þetta mál á síðasta fundi, að ég hafði um það — að ég taldi — allábyggileg skilaboð, að hæstv. menntmrh. vildi fá umr. frestað til þess að mega tala hér í hv. deild um málið. Nú hefur komið í ljós að þessi skilaboð voru á misskilningi byggð, höfðu misfarist eitthvað í síma. Skilaboðin voru eitthvað á þá leið, að ef nærveru hans væri sérstaklega óskað hér, þá væri því komið til hv. dm. að hæstv. menntmrh. væri fjarverandi úr þinginu.

Ég vil aðeins koma þessu á framfæri vegna þess að ég vissi ekki annað eða hafði það eftir bestu heimildum þá og hefði ekki frestað umr. að öðrum kosti, enda kom fram við það eðlileg athugasemd frá hv. 4. þm. Vestf. Sem sagt, athugasemd mín hér úr forsetastól hefur verið á einhverjum misskilningi byggð, sem ég get ekki kennt sjálfum mér um, nema þá að því takmarkaða leyti að hafa ekki gengið betur úr skugga um það með samtali við hæstv. ráðh. Þar af leiðandi eru ekki fleiri á mælendaskrá.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þetta hefur verið misskilningur, eins og hæstv. forseti sagði, að hæstv. menntmrh. ætlaði að koma á þennan fund. Ég gekk út frá því að hann kæmi. Ég hef hins vegar ekki óskað eftir því að hann kæmi. En ég vek athygli á því, að í þessu máli liggja fyrir gagngerðar brtt. og ég lít svo á að fyrst hæstv. menntmrh. telur ekki ástæðu til að koma og tjá sig um þessar brtt. sé hann ekki andstæður þeim.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 373,1 (ný 2. gr.) samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, EKJ, GeirG, GB, GK, GTh, KSG, KJ, LJ, ÓRG, SalÞ, StefG, TÁ, ÞK, DA, EgJ, HS.

3 þm. (JH, ÓlJ, StJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það kom fram við umr. um þetta frv. og brtt., að sú brtt., sem nú er verið að bera upp, felur í sér nokkru ítarlegra orðalag um tilgang og starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég lýsti því yfir við þá umr., að þótt ég væri andvígur öðrum brtt., sem Þorv. Garðar Kristjánsson og Salome Þorkelsdóttir flytja og snerta stjórnunarform og fjárhagsskuldbindingar hljómsveitarinnar, gæti ég fallist á að þessi brtt. yrði samþykkt þar eð sumt í þessu orðalagi kveður skýrar á og ítarlegar um þá meginhugsun sem þegar er í frv. Ég tel þess vegna, að hægt sé að fallast á að þessi brtt. sé samþykkt, þótt ég sé andvígur öðrum brtt. sem lagðar eru fram á þessu sama þskj. Ég segi því já.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég er sammála áliti hv. 11. þm. Reykv. á brtt. þessari. Hún er til bóta og er betur orðuð en frv. sjálft, eins og hv. þm. sagði. En ég vil vera sjálfum mér samkvæmur og vera einnig með öðrum brtt. sem eins og ástatt um, þó að ég greiði núna aðeins atkv. um þessa brtt. Ég segi já.

Brtt. 373,2. 1. mgr. felld með 11:7 atkv.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Einhvern veginn verða menn að fara að því að fá orðið. — Mér finnst þetta vera dálítið ruglingslegt. Ég segi alveg eins og er, að ég lagði aldrei þann skilning í þessa mgr. að með því væri gert ráð fyrir að með engu móti kæmi til atkv. sú mgr. þar sem stendur í frv. sjálfu „með samþykki rekstraraðila" o. s. frv. Ég hafði, eins og einhverjir hv. þdm. muna, lýst yfir stuðningi við þessa 2. mgr. 2. brtt. á þskj. 373 þar sem segir: „Efna má til samvinnu á viðskiptagrundvelli" o. s. frv. Það eru taldir þar upp fleiri aðilar en Þjóðleikhúsið, en ég vil taka það sérstaklega fram, að ég hefði aldrei léð máls á því að út væri felld sú hemild að með samþykki rekstraraðila gætu fleiri sveitarfélög komið til viðræðna og komið að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég lagði aldrei þann skilning í þetta. Ef þessi málsmeðferð verður á höfð og þessi mgr. fellur út, þá get ég ómögulega samþykkt þessa brtt. Ég tel það ómögulegt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég óskaði eftir að það færi fram atkvgr. sérstaklega um 2. mgr. í 2. brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. á þskj. 373. Sú till. er

efnislega sama till. og er í frv. sjálfu, 3. mgr., nema hún er ítarlegri og tilteknar stofnanir þar sem ekki eru í frv., svo sem Íslenska óperan og Íslenski dansflokkurinn. Svo einfalt er þetta. Spurningin er um þetta.

Um 2. mgr. 3. gr. frv. er það að segja, að mál, sem varðar hana, er í 2. brtt. okkar á þskj. 373, 4. mgr. Þar segir: „Semja má um hlutdeild sveitarfélaga í beinum staðbundnum kostnaði við tónleikahald hljómsveitarinnar utan Reykjavíkur.“ Þetta vildum við flm. að kæmi í staðinn fyrir 2. mgr. 3. gr. í frv. Mér sýnist að þetta sé ljóst og að hægt sé að greiða atkv. um 2. mgr. í brtt. okkar eins og farið hefur verið fram á.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur nú þegar sýnt það sem ég sagði áðan og sagði fyrr í umr. um þetta frv., að þessar brtt. eru svo ruglingslegar, rugla svo allri mynd frv., að einfaldasta leiðin er að fella þær allar nema þá fyrstu. Þá þurfa menn ekkert að vera að skaka hér fram og aftur um það, hvernig eigi að bera hér upp einstakar setningar og hvernig þetta eigi að falla inn í myndina. Þessi umr. um þingsköp hefur þegar sýnt að það er mjög óljóst í hugum manna hvernig eigi að fara með málið efnislega. En formlega liggur málið alveg ljóst fyrir.

Hv. flm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Salome Þorkelsdóttir fluttu till. um að 3. gr. frv. orðist í heild sinni eins og þar segir. Brtt. eru um að orðalagi 3. gr. í heild sinni verði algerlega breytt. Það er ekki till. um að neitt orðalag úr upphaflegu 3. gr. standi eftir eins og hún liggur fyrir. Þess vegna er ljóst að brtt. við 3. gr. verður að bera upp eins og hún liggur fyrir, alveg óháð því hvað stendur í 3. gr. frv. upphaflega. Síðan, þegar búið er að afgreiða þá brtt., geta menn hugsanlega farið að greiða atkv. um 3. gr. eins og hún liggur fyrir í frv. og einstaka liði þar. En það er ekki hægt að færa sig í atkvgr. á milli annars vegar þess orðalags, sem er í brtt., og hins vegar þess orðalags, sem er í frv. Fyrst verður að afgreiða brtt. algerlega vegna þess að hún er um orðalag greinarinnar í heild sinni, og síðan er hægt að taka til við einstakar mgr. í 3. gr. eins og hún liggur fyrir í frv.

Forseti (Helgi Seljan): Ég sé að hér er úr vöndu að ráða, því að eins og till. er orðuð frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og Salome Þorkelsdóttur er það auðvitað ótvírætt, að þarna kemur ekkert inn á milli um heimild til sveitarfélaga að rekstri hjómsveitarinnar. Sú setning er algerlega fallin úr vegna þess að samkv. brtt. á greinin að orðast nákvæmlega eins og þar segir. Hins vegar þykist ég vita að menn vilji gjarnan taka afstöðu til 2. mgr. í frv., þ. e. „Með samþykki rekstraraðila getur menntmrn. heimilað fleiri sveitarfélögum aðild að rekstri hljómsveitarinnar.“ Ef enginn mótmælir þeirri málsmeðferð væri eðlilegast að ég bæri nú upp, til þess að menn gætu þar á sæst, 1. og 2. mgr. 3. gr. eins og hún er í frv. Ég tel hins vegar að það sé bara gert til þess að sætta hv. þd. við þessa 2. mgr., en alls ekki vegna þess að formlega sé ekki fullkomlega eðlilegt að halda sig við brtt., enda hafa brtt. gefið fullt tilefni til þess. En ég held að þetta sé lausn á málinu, ef enginn mótmælir því, að bera upp 1. og 2. mgr. 3. gr. eins og þær eru í frv.

1.—2. mgr. 3. gr. samþ. með 10:3 atkv.
Brtt. 373,2. 2.mgr. samþ. með 11:3 atkv.
— 373,2 3.—4. mgr. felldar með 9:8 atkv.

Brtt. 373,2. 5. mgr. samþ. með 14:4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: KJ, LJ, ÓlJ, SalÞ, TÁ, ÞK, DA, EgJ, EG, EKJ, GeirG, GB, GK, KSG.
nei: ÓRG, StefG, GTh, HS.
2 þm. (StJ, JH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í frv. er sett ákveðin viðmiðunartala, að stefnt skuli að því að eigin tekjur séu eigi minna en 12%. Í brtt. er þessi viðmiðunartala felld niður og ekkert mark sett um það, að hverju eigi að stefna í þessum efnum. Ég held að það sé mjög rangt, miðað við allan aðdraganda málsins og þann fjárhagsgrundvöll sem með frv. í heild er settur fyrir starfsemi Sinfjóníuhljómsveitarinnar, að fara að fella þetta viðmiðunarmark niður. Ég segi því nei.

3. gr., svo breytt, samþ. með 15:2 atkv.
Brtt. 412 samþ. með 10:6 atkv.
— 373,3, svo breytt, felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÞK, EgJ, EG, EKJ, GeirG, GK, KJ, LJ, SalÞ.
nei: DA, GB, GTh, JH, KSG, ÓRG, ÓlJ, StefG, TÁ, HS.
Einn þm. (StJ) fjarstaddur.
4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 373,4 tekin aftur til 3. umr.
5. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Brtt. 373,5 tekin aftur til 3. umr.
6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 373,6 tekin aftur til 3. umr.
7. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 373,7 tekin aftur.
8.—12. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 415, frhn. 462, 402, 459). — 3. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur milli 2. og 3. umr. fjallað um þetta mál á nokkrum fundum. Þar var einkum til umræðu till. sem hér var flutt og var dregin til baka til 3. umr. um að lækka skyldi kosningaaldur í sveitarstjórnarkosningum í 18 ár nú á þessu vori. Till. var frá þeim hv. þm. Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni. Nefndin hefur fjallað um þessa till. svo og hefur hún ráðfært sig við ýmsa þá sem sinna framkvæmd sveitarstjórnarkosninga. Það er ljóst að ekki er langur tími til stefnu. Nú eru kannske tveir kostir einkanlega fyrir hendi. Ljóst er að ýmsir flokkar hafa þegar ákveðið sína framboðslista svo að ekki er gerlegt að breyta kjörgengi þannig að allir sitji við sama borð úr því sem komið er. Var því sá kostur fyrir hendi að lækka kosningaaldur en halda kjörgengi óbreyttu miðað við 20 ára aldur. Mönnum þótti þetta ekki æskilegasta lausn sem hægt var að hugsa sér — né þótti mönnum það góður kostur að samþykkja það nú, að 18 ára kosningaaldur tæki gildi að rúmum fjórum árum liðnum, þ. e. í sveitarstjórnarkosningum 1986. Hins vegar er enginn ágreiningur um það í allshn. og sjálfsagt

ekki heldur í þessari hv. deild, að lækka beri kosningaaldur í 18 ár. Um það hafa allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, markað stefnu og gefið út yfirlýsingar.

Það varð hins vegar niðurstaða okkar í allshn. að tíminn, sem til stefnu er núna, sé of naumur — og raunar var fullyrt við nefndina af ýmsum aðilum að þetta væri nær óframkvæmanlegt á þeim tíma sem er til stefnu, — kannske ekki alveg óframkvæmanlegt en alla vega torvelt mjög og mundi hafa ýmsan aukakostnað í för með sér. Það varð því okkar niðurstaða í allshn. að skila hér framhaldsnál. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Milli 2. og 3. umr. hefur nefndin athugað brtt. frá Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni um að kosningaaldur og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum verði 18 ár í stað 20 eins og nú er.

Nefndarmenn eru allir fylgjandi því, að kosningaaldur verði lækkaður í 18 ár. Allir stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, hafa markað þá stefnu. Nm. er ljóst að þar sem tími er skammur til stefnu til sveitarstjórnarkosninga í vor er torvelt og að margra mati nær óframkvæmanlegt að koma ákvæðinu um 18 ára kosningaaldur í framkvæmd á þessu vori. Er því till. um lækkun nú dregin til baka.

Við undirritaðir nm. munum að hausti flytja frv. til breytinga á sveitarstjórnarlögum um að kosningaaldur verði færður niður í 18 ár."

Undir þetta framhaldsnál. skrifa Eiður Guðnason, Salome Þorkelsdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson, Jón Helgason, Stefán Guðmundsson og Helgi Seljan.

Að vísu ber e. t. v. að taka slíkar yfirlýsingar með nokkrum fyrirvara, því að enginn veit hver verður hér að hausti. Það var þó okkar samráð að hafa þetta svona, í trausti þess að a. m. k. einhverjir þeirra, sem undir þetta skrifuðu í dag, mundu verða hér einnig að hausti og halda þá uppi því merki sem allshn. hefur með þessu reist. Læt ég þá útrætt um þennan þátt.

Allshn. ber á þskj. 459 fram brtt. við 18. gr., að þar bætist inn í ein mgr. Er það gert samkv. ábendingum þeirra, sem gerst þekkja til, og að tilmælum félmrn. Það er setningin „Hver maður á kosningarétt í því sveitarfélagi sem hann á heima í þegar framboðsfrestur rennur út." Nefndin mælir með því, að þessi grein verði samþykkt með þessari breytingu. Aðrar breytingar leggur nefndin ekki til.

ATKVGR.

Brtt. 402 tekin aftur.

— 459 samþ. með 14 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 17 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 93, n. 386, 387, 396, 456). - Frh. 2. umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum dögum óskaði ég eftir að 2. umr. um frv. til l. um breytingar á Hæstarétti Íslands yrði frestað svo að tækifæri gæfist til að kynna þm., þeim sem áhuga hefðu á, það álit sem forseti lagadeildar Háskóla Íslands skilaði allshn. þar sem hann benti á tvo aðra valkosti til að leysa þau vandkvæði í dómstólakerfi landsins sem stafa af miklum fjölda mála á æðsta dómstiginu, jafnframt til þess að aflað yrði upplýsinga um nokkur atriði, þ. á m. hvort einhugur hefði verið í Hæstarétti um það frv. sem hér liggur fyrir. Ég þakka formanni nefndarinnar fyrir að mér hafa borist í hendur þau gögn sem forseti lagadeildar Háskóla Íslands lagði fyrir nefndina, þar sem hann bendir á tvær aðrar leiðir sem fara megi í þessu máli og hafa báðar það sammerkt að stofna ekki í hættu stjórnarskrárlegri stöðu Hæstaréttar, þar eð hvorug þessara leiða getur leitt til umræðna um hvort verið sé að brjóta stjórnarskrána með því frv. sem hér er flutt um Hæstarétt. En eins og hv. þm. er kunnugt hefur komið fram ítarleg greinargerð frá hópi virtra lögfræðinga, kennara í lögfræði við Háskóla Íslands og dómara hér í borg, um það efni.

Hæstv. dómsmrh. hefur jafnframt tjáð mér það og gefið heimild til að frá því sé skýrt hér, þó að ég hefði kosið að hann gerði það sjálfur, að í Hæstarétti mun ekki hafa verið einhugur um öll ákvæði þess frv. sem hér er lagt fram. Það er rétt að hv. þm. viti af því, þótt ég telji vera frekar í verkahring hæstv. dómsmrh. að gera grein fyrir því, ef hann svo kýs, í hverju sá ágreiningur innan Hæstaréttar gagnvart þessu frv. var fólginn. Hitt skiptir þó e. t. v. meira máli, að í störfum nefndar að þessu frv. komu fram ábendingar um tvær aðrar leiðir frá forseta lagadeildar Háskóla Íslands sem hvorug fæli í sér að stjórnarskrárlegu öryggi Hæstaréttar væri stefnt í hættu.

Fyrri leiðin, sem forseti lagadeildar Háskóla Íslands hefur bent á og hann nefnir valkost I, er að lögréttufrv. sé lagt fyrir að nýju með ákveðnum breytingum. Þær breytingar, sem þar eru á gerðar, eru fyrst og fremst fólgnar í því, að þéttbýlasta svæði landsins, Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarneskaupstaður, Garðakaupstaður, Hafnarfjörður, Kjósarsýsla, Keflavík, Grindavík, Njarðvík, Gullbringusýsla og Keflavíkurflugvöllur, sé gert að sérstöku umdæmi fyrir hina nýju lögréttu, en dómstólakerfið í landinu að öðru leyti verði með óbreyttum hætti. Forseti lagadeildar leggur að vísu til að breytt verði um heiti á þessu dómstigi og það nefnt landsréttur, en ekki lögrétta. Segir svo í greinargerð hans, með leyfi hæstv. forseta.

„Hér er lagt til að landsréttur taki aðeins til mála sem rekin eru í ákveðnum þinghám, þ. e. í stórum dráttum í þinghánum á Suðvesturlandi. Þessi till. er m. a. sett fram vegna andmæla sem komið hafa gegn lögréttu frá dreifbýlinu, en að nokkru leyti er hún sett fram í sparnaðarskyni. Þrátt fyrir þessa takmörkun má þó ætla að góður árangur náist því að yfirgnæfandi hluti þeirra mála, sem kemur til með að falla undir valdsvið landsréttar, er einmitt rekinn í fyrrgreindum þinghám.

Því mun verða haldið fram, að umrætt bráðabirgðaákvæði sé ekki til þess fallið að skapa réttareiningu í landinu. Tillagan verður samt sem áður rökstudd m. a. með eftirfarandi:

a. Lög nr. 108 frá 1976 um Rannsóknarlögreglu ríkisins gera ráð fyrir svipuðu kerfi og hér um ræðir og er þar þó um nýlega lagasetningu að tefla.

b. Réttareining hefur í langan tíma ekki verið fyrir hendi á milli Reykjavíkur annars vegar og annarra þingháa hins vegar. Ber í því sambandi sérstaklega að benda á að sýslumenn og bæjarfógetar fara með umfangsmikil umboðsstörf.

c. Umrætt ákvæði er aðeins til bráðabirgða og er auðvelt að láta landsréttinn taka til landsins alls ef vilji er

fyrir hendi.

d. Frv. um landsrétt er framtíðarlausn eða a. m. k. liður í slíkri lausn, en ekki bráðabirgðalausn á þeim vanda sem nú er við að glíma."

Enn fremur segir í áliti forseta lagadeildar um nýjar greinar, sem hann rekur hér í álitinu að hann vilji bæta í það frv. sem lagt var fram á sínum tíma, svohljóðandi:

„Þau mál, sem stefnt hefur verið fyrir Hæstarétt við gildistöku laga þessara, en ættu annars undir landsrétt, skulu flutt fyrir landsrétti og dæmast þar, og gæti Hæstiréttur leyft frávik frá þessu."

Enn fremur eru raktar í þessari greinargerð ýmsar aðrar breytingar sem mætti gera á frv. sem upphaflega var lagt fram.

Ég tel, herra forseti, að þegar hv. Alþingi er að fjalla um frv. til l. um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands og það liggur fyrir skriflega í erindi sem var sent öllum alþm. í þessari hv. deild á sínum tíma, að hópur kennara í lögfræði við Háskóla Íslands og dómara hér í borg hefur lagt fram ítarlega greinargerð þar sem þeir rökstyðja að hér sé hugsanlega eða jafnvel ótvírætt um stjórnarskrárbrot að ræða, þá hljóti hv. Alþingi að íhuga það mál vel áður en það leiðir í lög slíkt frv., einnig með sérstöku tilliti til þess, og ég vil ítreka það alveg sérstaklega, að það hefur ekki verið lögð fram á Alþingi, hvorki af hálfu Hæstaréttar né af hálfu dómsmrh. né af hálfu nokkurs annars aðila í dómsmálakerfi landsins, greinargerð sem hrekur þær röksemdir sem þessi hópur kennara í lögfræði við Háskóla Íslands og dómara í Reykjavík og annars staðar lagði fram. Ég vek athygli hv. Alþingis á að það hefur enginn aðili, hvorki í stjórnkerfinu né í lögmannastétt, treyst sér til að leggja fram skriflega álitsgerð þar sem röksemdafærslu fyrrgreinds hóps er neitað og sýnt með rökum fram á að hún sé röng. Það er mjög athyglisverð staðreynd, að hvorki af hálfu félagasamtaka lögfræðinga, af hálfu Hæstaréttar sjálfs né af hálfu dómsmrn. hafa menn treyst sér til að leggja fram — ekki mér vitanlega a. m. k. og það hefur ekki komið fram hér á Alþingi — greinargerð þar sem röksemdir þessa hóps væru hraktar. Þess vegna blasir það við okkur nú á þessu stigi í meðferð málsins að sá eini skriflegi rökstuðningur um, hvort verið sé að brjóta stjórnarskrá landsins með því frv., sem hér er til umr., eður ei, er frá þessum hópi dómara og kennara í lögfræði við Háskóla Íslands. Engir aðrir hafa treyst sér til að hrekja skriflega það álit. (Gripið fram í.) Já, ég legg áherslu á það — skriflega — vegna þess að ég held að lausleg ummæli á fundum nefndar, þar sem upplýst hefur verið að sumir fulltrúar Lögmannafélagsins töldu að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða eða líklegt að væri, en aðrir töldu það ekki, dugi ekki. Það kom fram í máli frsm. nefndarinnar að skiptar skoðanir hefðu verið hjá fulltrúum Lögmannafélagsins sem á fund nefndarinnar komu. Ég spyr því: Telja aðstandendur Hæstaréttar, telur dómsmrn., telur Lögmannafélagið þetta svo léttvægt mál, að þegar Alþingi berst formlega skrifleg greinargerð frá þessum virta hópi lögfræðinga um að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða þurfi þingið ekki að krefja þá aðila, sem að frv. standa, eða aðra þá, sem mæla með því, um skriflega röskemdafærslu á móti? Ég er þeirrar skoðunar, að ásökun kennara í lögfræði og dómara um að verið sé að brjóta stjórnarskrána þegar verið er að breyta lögum um Hæstarétt sé svo alvarlegs eðlis að það hljóti að vera nauðsynlegt að skrifleg röksemdafærsla, þar sem rökum þeirra sé hafnað, liggi fyrir í skjölum þingsins, en hún gerir það ekki nú.

Forseti lagadeildar benti einnig á að hægt væri að fara aðra leið, valkost nr. II, í þessu máli, sem hefði í för með sér að fjölgað væri í Hæstarétti um sinn og þar með greitt fyrir því, að hægt væri að minnka þann mikla fjölda mála, sem bíður afgreiðslu í réttinum, án þess að vekja upp deilurnar um stjórnarskrárbrot varðandi skipan réttarins. Það er ekki aðeins ein leið sem bent hefur verið á, það eru tvær leiðir sem bent hefur verið á að hægt væri að fara og komast hjá deilum um stjórnarskrárbrot við breytingar á Hæstarétti, en ná um leið því markmiði að minnka þann fjölda mála sem bíður afgreiðslu í réttinum.

Ég verð að segja það í fullri hreinskilni, að ég skil ekki alveg hvað liggur að baki því að vilja ekki athuga frekar t. d. þessar tvær leiðir og kannske fleiri, sem til væru og ekki fela í sér deilur um stjórnarskrárbrot, vegna þess að með þeirri afgreiðslu á frv., sem hér virðist stefna í, eru menn að skilja þannig við málið að eftir að það hefur verið samþykkt hér í hv. Ed. óbreytt, ef það verður, stendur ein eftir sú greinargerð þessa hóps lögfræðinga að verið sé að brjóta stjórnarskrána og enginn aðili í þessu þjóðfélagi hefur komið fram og lagt fram rökstudda greinargerð um að röksemdafærsla þeirra sé röng. Ég las greinargerð þeirra upp í þingsölum á sínum tíma. Enginn hv. þm. hrakti þau rök, þó að menn áskildu sér rétt til að skoða þau og voru ekki reiðubúnir að fallast á þau, en enginn hrakti þau þá og enginn hefur hrakið þau enn. Af hálfu Hæstaréttar hefur ekkert komið fram, sem lagt hefur verið fyrir þingið, þar sem þessi rök eru hrakin. Af hálfu lagadeildar Háskóla Íslands hefur forseti lagadeildar þvert á móti bent á aðrar leiðir. Og af hálfu Lögmannafélagsins eða dómsmrn. hefur ekkert skriflegt komið fram um þessi efni.

Ég ítreka það enn og aftur, að varla er til alvarlegri ásökun um stjórnarskrárbrot en að breytingar á sjálfum Hæstarétti landsins séu hugsanlega byggðar á slíkum stjórnarskrárbrotum. Hvar er þá réttaröryggið í þessu landi og hin vönduðu vinnubrögð varðandi stjórnkerfi þessa lands ef menn eru reiðubúnir að skilja þannig við Hæstarétt að á borðinu liggi skriflegt álit kennara í lögfræði og dómara um að með breytingunni hafi stjórnarskrá landsins verið brotin? Það er a. m. k. í mínum huga ekki léttvægt mál.

Ég hef þess vegna, herra forseti, kosið að flytja brtt. við þetta frv., sem hafa það m. a. í för með sér að gera þær breytingar sem sumir telja að þurfi að gera á Hæstarétti án þess að stofna í hættu stjórnarskrárlegri stöðu réttarins. Ég hef á þskj. 456 flutt þrjár brtt. Sú síðasta þeirra er í tveimur þáttum og snertir ákvæði til bráðabirgða sem valdið hefur deilum um stöðu réttarins ef þetta frv. verður samþykkt.

Fyrri till. í lið 3, sem ég set fram sem aðaltill., er að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Þar með er tekið burt það deiluatriði sem þetta mál hefur að verulegu leyti snúist um. Vilji hins vegar hv. Ed. ekki ganga svo langt að fella ákvæði til bráðabirgða algerlega niður og vilji hún hafa í frv. ákvæði til bráðabirgða sem nær tvíþættum tilgangi, annars vegar fjölgar í réttinum til að greiða fyrir afgreiðslu mála og hins vegar vísar algerlega á bug öllum minnsta vafa um hvort um stjórnarskrárbrot sé að ræða eða ekki, ber ég fram varatillögu. Og ég beini því nú til hv. Ed. og þm. allra, að þeir íhugi hvort ekki sé þess virði að fara þá leið, sem lögð er til í varatillögunni og nær

þessum tveimur markmiðum: Fram fari tímabundin fjölgun í réttinum meðan verið er að afgreiða frá honum þann mikla lista mála sem þar safnast upp, en hins vegar á þann hátt að ekki geti nokkur einasti maður haldið því fram að verið sé að stofna stjórnarskráröryggi réttarins í hættu. Þessi till., sem ég hef hér flutt, er í samræmi við þau sjónarmið sem forseti lagadeildar Háskóla Íslands flutti á vettvangi þeirrar nefndar sem hafði frv. til umfjöllunar. Hún er á þá leið, að nýtt ákvæði til bráðabirgða komi í stað þess sem nú er í frv., á þá leið, að frá upphafi ársins 1983 skuli Hæstiréttur skipaður 11 dómurum og skuli skipan nýrra dómara vera samkv. 2. gr. laga nr. 24/1979, þ. e. um skipan þessara dómara fer algerlega með hefðbundnum hætti. En síðan segir enn fremur:

„Nú losnar staða fasts dómara í Hæstarétti eftir þennan tíma og skal þá hvorki skipa né setja dómara í hans stað. Þetta gildir þó aðeins um fjórar fyrstu stöðurnar sem þannig losna."

Með því að samþykkja slíkt ákvæði til bráðabirgða í stað þess, sem nú er, næðu menn því fram að það væri fjölgað tímabundið í Hæstarétti, en sú fjölgun væri með þeim hætti að ekki væri hægt að halda fram að tilkoma hinna nýju dómara bryti hugsanlega í bága við stjórnarskrána. Það yrði fjölgað í upphafi næsta árs í 11, en síðan mundi fækka í réttinum smátt og smátt á næstu árum, eftir því sem menn gengju eðlilega úr honum, uns hann hefði á ný náð þeirri stærð sem hann hefur verið í á undanförnum árum. (**Utanrrh.:** Það yrði dýrt spaug.) Það yrði dýrt spaug, segir fyrrv. hæstv. dómsmrh. og núv. utanrrh., og veit ég ekki hvort hann á við útgjaldaliðinn. (**Utanrrh.:** Útgjaldaliðinn.) Já, útgjaldaliðinn. Það er gott að það er komið fram. En það er þá lítið dýrara gaman en það sem lagt er til í þessu frv., því að munurinn held ég að sé eingöngu einn dómari, þannig að spaugið verður nokkurn veginn jafndýrt hvort sem frv. er samþykkt eins og það liggur fyrir eða með þessari brtt. Ég held þó að með þessari leið væri hægt að vísa til hliðar ágreiningi um hvort tilvist dómaranna brjóti hugsanlega í bága við stjórnarskrána. (**Utanrrh.:** Þeir halda allir launum til æviloka.) Já, þeir halda allir launum til æviloka, það er vissulega rétt, en engu að síður er ég þeirrar skoðunar, að miðað við þau útgjöld, sem almennt eru í okkar stjórnkerfi, og þótt það kunni að verða eitthvað aðeins dýrara, þótt enginn geti nú fullyrt um hve lengi hæstaréttardómarar verði þeirrar gæfu aðnjótandi að vera hér ofar moldu, sé eitthvað gerandi fyrir að stofna ekki réttaröryggi sjálfs Hæstaréttar í hættu.

Ég tel að það sé hins vegar óþarfi að hafa fleiri orð hvað þessa breytingu snertir. Þetta liggur nokkuð ljóst fyrir. Mönnum er hér gefinn kostur á að velja leið þar sem stjórnarskrárhættunni er vikið til hliðar.

Þar að auki hef ég lagt til tvær brtt. aðrar, nr. 1 og 2 á þskj. 456.

Sú fyrri er á þá leið, að þegar dómurinn skipar sér í smærri dóma, þriggja og fimm manna, gerist það ekki á þann hátt, eins og verið hefur til þessa, að hæstaréttardómarar ákveði í hvert sinn hverjir skuli skipa dóminn í viðkomandi máli, heldur verði farið eftir almennri reglu um röð dómara við slík tækifæri svo að tilviljun, ef má nota það orð, ráði því frekar en ákvörðun hverju sinni með tilliti til þess máls, sem á að fjalla um, hvernig dómurinn sé skipaður. Mér er engin launung á því, að ég tel að þegar Hæstiréttur er farinn að starfa mjög mikið í slíkum undirdeildum geti óneitanlega komið upp tilhneiging meðal dómaranna til þess að einhver hópur þeirra, jafnvel þeir sem hafa sérstakan áhuga og þá að öllum líkindum sérstakar skoðanir einnig á tilteknum málaflokkum, sækist frekar eftir því að sitja í dóminum þegar um ákveðna málaflokka sé að ræða og þannig komi upp innan dómsins ákveðin sérhæfing í reynd þó að allt eðli dómsins sé hins vegar með þeim hætti að svo eigi ekki að vera, hann eigi að kveða upp úr um mál með almennum hætti. Tel ég æskilegra að val manna í dóminn hverju sinni fari eftir einhverri almennri reglu og menn gangi í málin eftir slíkri röð, en ekki sé verið að velja í hverju einstöku tilviki og þá oft og tíðum með tilliti til þess, um hvaða mál sé að ræða og hvort einstakir dómarar hafa áhuga á að skipa dóminn í það og það sinn. Ég er viss um að öryggi manna um eðlilega starfshætti í dóminum væri betur tryggt og farsællegar ef menn vissu að það réðu einhverjar slíkar almennar reglur, en ekki mat í hverju einstöku tilviki.

Brtt. nr. 2 er á þá leið, að þegar sérfróðir aðstoðarmenn, sem nú er í fyrsta skipti ákveðið að ráða til réttarins, séu ráðnir skuli fara með þær ráðningar á þann veg að stöðurnar séu auglýstar og dómnefnd meti hæfni umsækjenda. Ég tel slíkt eðlilegt um svo mikilvægar stöður sem stöður sérfróðra aðstoðarmanna við sjálfan Hæstarétt landsins og reynslan víða annars staðar sýni að slíkir sérfræðiaðstoðarmenn eigi oft veigamikinn þátt í að semja álitsgerðir og niðurstöður dómsins í einstökum málum. Þær stöður hafi sama sess og aðrar meiri háttar stöður í réttarkerfi landsins, að þær séu auglýstar lausar til umsóknar og menn geti um þær sótt og síðan fari fram ákveðið hæfnismat á þeim sem um stöðurnar sækja, en ekki verði farið með þessar stöður á þann hátt, að dómarar í réttinum, með allri virðingu fyrir þeim, velji meira og minna eftir hentugleikum og án þess að nokkur verði var við að þeir séu að leita eftir mönnum í þessi veigamiklu embætti og réttur allra til umsókna um það sé ekki tryggður. Ég hef talið rétt að það sama verði látið gilda um ráðningu hæstaréttarritara. Má segja að það gildi hvað auglýsinguna snertir og þess vegna sé ekki síður ástæða til að auglýsa stöður sérfróðra aðstoðarmanna en að auglýsa stöðu hæstaréttarritara því að mér segir svo hugur að hinir sérfróðu aðstoðarmenn eigi ekki síður eftir að vera mikilvægir í störfum réttarins en hæstaréttarritarinn sjálfur. Í reynd tel ég að störf þeirra muni verða mjög lík í mörgum veigamiklum atriðum þeim störfum sem hæstaréttarritari hefur haft með höndum til þessa. Það er þess vegna kannske ekki verið að leggja til breytingu á meðferð embættis hæstaréttarritara, nema hvað það snertir að dómnefnd dæmi hæfni umsækjenda. Það atriði, að dómnefnd eigi að dæma um hæfnina, finnst mér eðlilegt þegar menn sækja um svo veigamiklar stöður sem þessar, að það fari fram eitthvert mat óháðra aðila á hæfni þeirra umsækjenda sem þar gefa kost á sér. Má nefna í því sambandi að þegar valdir eru menn til prófessorsembættis í lögum við Háskóla Íslands sem og í önnur prófessorsembætti fer fram slíkt hæfnismat, þar sem hópur manna vegur og metur þá umsækjendur sem til greina koma varðandi þá stöðu. Ég er reyndar þeirrar skoðunar, að það sé regla sem ætti að taka víðar upp í okkar þjóðfélagi til að tryggja að allir sitji við sama borð og eigi rétt á því að störf þeirra og almenn hæfni verði lögð til grundvallar vali í embætti.

Vissulega má segja að þessar tvær brtt., sem eru reyndar nr. 1 og 2 á þskj. 456, séu efnislega ekki eins

veigamiklar og sú þriðja um ákvæði til bráðabirgða, en engu að síður teldi ég mjög æskilegt og réttinum til bóta ef þær yrðu samþykktar einnig.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hér er verið að ræða ákaflega þýðingarmikið mál hvað varðar skipan Hæstaréttar. Hv. síðasti ræðumaður, hv. 11. þm. Reykv., taldi að það væri ýmsu ósvarað hjá hæstv. dómsmrh. Hér liggja svo fyrir brtt. frá hv. 11. þm. Reykv., sem mér þykir nauðsynlegt og eðlilegt að hæstv. dómsmrh. tjái sig um áður en frekari umr. eru um þetta mál. Ég óska því eftir að dómsmrh. verði fenginn til fundar eða umr. frestað ef hann getur ekki mætt. Ég vil sæmd hæstv. dómsmrh. sem mesta í þessu máli og vil þess vegna að hann gegni þessari skyldu sinni.

Ég vil taka það fram, að mér er allsendis ókunnugt um viðbrögð ráðh. við eða skoðanir á brtt. hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar því að hann hefur ekki enn þá rætt það mál í sínum þingflokki.

Forseti (Helgi Seljan): Varðandi ummæli hv. 4. þm. Vestf. vil ég taka það fram, að hæstv. dómsmrh. spurði mig að því áðan, hvort menn hefðu óskað eftir því í umr. fyrr að hans nærveru væri sérstaklega óskað. Ég kvað svo ekki vera. Hann sagðist hins vegar vera reiðubúinn að koma inn í þessar umr. ef menn óskuðu eftir því. Þær óskir hafa ekki komið fram fyrr en nú frá hv. 4. þm. Vestf. Mér finnst þetta sjálfsagt, eins og í flestum tilfellum þegar menn óska sérstaklega eftir að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir umr. Nú er það langt liðið á fundartíma að þó að við færum að ná í hæstv. dómsmrh. hygg ég að það tæki þó þann tíma að fundartíma væri nokkurn veginn lokið þegar hann kæmi.

En ég skildi hv. 4. þm. Vestf. svo, að hann óskaði eftir frestun nú þegar. Það eru tveir menn á mælendaskrá, hv. 3. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Vesturl., en ég tók það svo að hann óskaði eftir að umr. yrði frestað nú þegar. Ég hefði hins vegar gjarnan viljað að þeir töluðu eða við gætum haldið fundinum áfram allt fram til kl. 4, en umr. yrði að sjálfsögðu frestað þannig að dómsmrh. fengi tækifæri til að koma inn í þessar umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég skil þetta viðhorf hæstv. forseta og hef ekkert við það að athuga ef þeir hv. þm., sem eru á mælendaskrá, kæra sig kollótta um hvort hæstv. dómsmrh. er hér eða ekki. En ég geng þá út frá að umr. verði frestað þannig að við eigum þess kost að heyra hvað hæstv. dómsmrh. segir um málið, áður en umr. lýkur.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Mér finnst það almennt sjálfsögð regla að ráðherrar séu við þegar rætt er um þeirra mál, og ég tel eðlilegt að ráðh. sé við og hlýði á mál manna. Það er óeðlilegt að þm. tali og ráðh. hafi ekki nein tök á að vita hvað þeir hafa sagt. Þess vegna tel ég eðlilegast að umr. verði frestað þegar í stað, þar sem líka hæstv. dómsmrh. hefur gefið í skyn að hann væri fús til að vera við ef hann væri látinn vita.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er sjálfsögð regla að ráðherrar sitji í þingsal og hlýði á, einkum þó þegar þeirra mál eru rædd, en endranær einnig að sjálfsögðu, og skylt er að geta þess, að hæstv. utanrrh. gegnir þessari þingskyldu sinni allra ráðh. best, eftir því sem ég fæ séð.

En það var að vísu svo, að ég átti samtal við hæstv. dómsmrh. skömmu áður en þessi umr. hófst, og hann tjáði mér að hann gæti ekki með góðu móti verið hér. Ég hef svo sem ekkert á móti því, að þessi umr. haldi áfram, enda þótt hann sé ekki viðstaddur. Ég hafði fyrst og fremst hugsað mér að beina orðum mínum til hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, sem flutti hér ræðu bæði í þessum umr. áðan og eins þegar málið var til umr. 8. mars s. l., þar sem hann vék ýmsum orðum að starfsháttum allshn., sem ég tel mér skylt að víkja að. En út af fyrir sig skal ég ekki hafa á móti því, að þessari umr. verði frestað þangað til hæstv. dómsmrh. verður viðstaddur. Mér finnst það eðlilegast.

Forseti (Helgi Seljan): Út af orðum hv. þm. vil ég segja það aðeins, að dómsmrh. lýsti því, að að sjálfsögðu væri hann reiðubúinn að koma hér og hlýða á umr. manna. Hann þurfti rétt að bregða sér frá á meðan umr. um annað mál stóðu yfir og eðlilegt að hann gerði það. Mér heyrist að menn séu sáttir við að halda þessari umr. áfram á næsta fundi deildarinnar, og ég þykist vita að hvorugum þeirra hv. þm., sem á mælendaskrá eru, standi á sama hvort hæstv. dómsmrh. er hér eða ekki. Ég tel því rétt að verða við tilmælum hv. 4. þm. Vestf. um að umr. verði nú frestað og málið tekið út af dagskrá.

Umr. frestað.

Neðri deild, 52. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars, kl. 2 miðdegis.

Loftferðir, frv. (þskj. 273). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Flutningssamningar, frv. (þskj. 381 (sbr. 274)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 467).

Lyfsölulög, frv. (þskj. 338, n. 432). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lyfsölulögum, nr. 30 frá 1963, og liggur nál. fyrir á þskj. 432, en frv. er 60. mál þingsins. Efni þessa frv. er sú breyting á lyfsölulögum, að heimilt verði að veita Háskóla Íslands lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna í lyfjafræði, en núgildandi lyfsölulög heimila einungis að veita einstaklingi slíkt leyfi.

Heilbr.- og trn. hv. deildar hefur fjallað um frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá hv. Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.-3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Stjórnarskipunarlög, frv. (þskj. 439). — 1. umr.

Flm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Skattaálögur, þ. e. skattar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu til ríkissjóðs, beinir skattar sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og skattbyrði einstaklinga, verða að sjálfsögðu mjög mismunandi og eins og verið hefur að undanförnu fer það eftir því, hvaða stjórnmálastefnur ráða í landinu. Á það má m. a. benda, að skatttekjur einstaklinga eru nú hærra hlutfall af tekjum tekjuöflunarárs en nokkurn tíma áður.

Í stjórnarskránni, þar sem rætt er um skattamál, segir aðeins í 77. gr., með leyfi forseta: „Skattamálum skal skipa með lögum.“ Þar er ekki getið með einum eða öðrum hætti um hvernig með skattlagningu skuli fara, en allt fram til ársins 1978, þ. e. síðla árs 1978, hafði verið þegjandi samkomulag um þær reglur, að íþyngjandi álögur skyldu ekki vera afturvirkar. Hér er að sjálfsögðu farið að með sama hætti og almennt er viðurkennt í refsilöggjöf, að íþyngjandi ákvæði skuli ekki vera afturvirk, enda það sérstaklega tekið fram.

Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar tók við völdum síðla árs 1978 brá hins vegar svo við að sett voru brbl. og í þeim brbl. var um að ræða íþyngjandi skattaálögur og afturvirkar. Það var af þessum ástæðum sem við hv. 1. þm. Reykv. fluttum á þinginu 1978 frv. það sem hér er endurflutt af okkur ásamt hv. 7. landsk. þm., þar sem við leggjum til að við þá málsgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar, sem ég las upp, bætist ný málsgr. svohljóðandi, og er það efni frv.: „Hvorki má setja íþyngjandi reglur um skatta á tekjur eða eignir liðins árs né afturvirkar og íþyngjandi reglur um breytta eða nýja skattstofna.“ — Með þessari málsgr. er stefnt að því að auka réttaröryggi á sviði skattamála og setja sem gleggstar skorður við því, að afturvirk og íþyngjandi ákvæði séu sett um skatta á tekjur og eignir. Það er ljóst mál að slík ákvæði geta valdið skattþegnum og hafa valdið skattþegnum — bæði mönnum og ópersónulegum skattgreiðendum — verulegum erfiðleikum, ekki síst þegar gerðar hafa verið ráðstafanir um fjármál í trausti þess, að skattlagning á tekjur og eignir verði í samræmi við þágildandi löggjöf.

Þegar ég gegndi embætti fjmrh. frá miðju ári 1974 til miðs árs 1978 og vann að breytingum á skattalöggjöf tók ég ævinlega mjög skýrt fram að ég teldi ekki hægt að breyta slíkri löggjöf öðruvísi en að skattgreiðendur fengju um það vitneskju með töluverðum fyrirvara. Ég bendi á að þau skattalög, sem nú gilda, voru sett með þeim fyrirvara, sem ég hér vék að, og giltu um tekjur aðila frá árinu 1979.

Frá fjárlögum ríkisins og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga er eigi unnt að ganga fyrr en um það leyti sem ætlað er að þau taki gildi, oft og tíðum skömmu fyrir eða um áramót. Þá fyrst liggja fyrir upplýsingar um tekjuþörf ríkis og sveitarfélaga. Það hefur því tíðkast um árabil að skattvísitala hefur verið ákvörðuð í fjárlögum seint á skattárinu, þ. e. árinu sem tekna eða eigna hefur verið aflað. Ekki þykir fært að svo komnu máli að minnsta kosti, á meðan við búum við það fyrirkomulag í þessum efnum, að banna með stjórnarskrárákvæði að hafa þennan hátt á. Hitt teljum við réttmætt, að bannað verði með stjórnarskrárákvæði að setjar reglur um íþyngjandi skatta á tekjur og eignir árs sem liðið er þegar ákvæðið tekur gildi. Það hefur af ýmsum verið dregið í efa og talið andstætt stjórnarskránni að gera slíkt, og þetta frv. dregur ekki úr þeirri skoðun.

Þetta ákvæði, eins og það liggur hér fyrir, er e. t. v. ekki tæmandi orðalag, en það er erfiðleikum bundið að setja skorður við setningu afturvirkra og íþyngjandi reglna um skatta. Þess vegna er talið rétt að lýsa óheimilt að breyta skatthlutföllum á tekjur og eignir árs, sem liðið er, ef þær reglur eru skattþegni óhagkvæmar. Hins vegar er ekki lagt til að banna að setja slíkar reglur á skattárinu og ákveða þar með skatt á tekjur og eignir sem aflað hefur verið á sama ári.

Það verður að teljast sérstaklega bagalegt ef afturvirk og íþyngjandi ákvæði breyta skattstofni eða ákveða nýjan, t. d. lýsa óheimilt að draga viðhaldskostnað íbúðar skattþegns frá tekjum þó að slíkt hafi verið heimilt þegar ráðist var í dýra viðgerð. Af þeim sökum er í 2. málsgr. 1. gr. frv. sett fram og þar lagt til að óheimilt verði að breyta skattstofni eða lögfesta nýjan með afturvirkri og íþyngjandi breytingu frá gildandi lögum.

Í 2. málsgr. 1. gr. frv. er einungis vikið að tekju- og eignarsköttum, enda er mest þörf á reglum sem koma í veg fyrir afturvirkni ákvæða um þá. Vissulega geta þó fleiri ákvarðanir valdið erfiðleikum í þessum efnum, t. d. tollabreytingar og ýmislegt fleira. Sýnist torvelt að móta stjórnarskrárákvæði, sem bæði eru sanngjörn og framkvæmanleg, um þetta eða hliðstæð atriði. Meðan ekki er fram komin tillaga um slík stjórnarskrárákvæði verður að treysta því, að hóflega verði farið í lagasetningu þar að lútandi. Segja má að verði þetta frv. samþykkt sé um að ræða stefnumótun fyrir dómstóla til að fara eftir.

Í 2. málsgr. er talað um „reglur.“ Er með því stefnt að því að ákvæðið gildi bæði um lagareglur, sem Alþingi setur, svo og um hvers konar reglur sem stjórnvöld kunna að setja á grundvelli laga, hvort sem þau stjórnvöld eru ráðuneyti, skattayfirvöld eða sveitarstjórnir.

Það fór ekkert á milli mála þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar gaf út brbl. 8. sept. 1978, að þau stríddu mjög gegn réttarvitund almennings í landinu og fjöldi manna efaðist um að þau væru í samræmi við stjórnarskrána. Það stóð ekki heldur á því, að leitað yrði úrskurðar dómstóla. Frá því að þessi lagasetning átti sér stað hafa verið málaferli og þeim hefur lokið með dómi í Hæstarétti frá því í fyrra. Ágreiningur var í Hæstarétti við úrlausn þessa máls. Dómurinn þríklofnaði. Minnsti meiri hl. hans, þrír hæstaréttardómarar, taldi að ekki væri, eins og í forsendum dómsins segir, með leyfi forseta, „alveg næg ástæða til að telja þetta varða ógildi lagaákvæða þeirra sem hér skipta máli“. Þó hafði áður verið tekið fram, og enn vitna ég til forsendna dómsins, með leyfi forseta, „að slík vinnubrögð af löggjafarvaldsins hálfu“ — og þá er það ríkisstjórnarinnar því hér var um að ræða brbl. — „verði að teljast mjög varhugaverð.“ Niðurstaða þessa dóms er að mínum dómi til stuðnings því að þetta frv. verði samþykkt.

Það má, án þess að ég ætli mér að fara að flytja þetta mál á þingi, lesa út úr dómsniðurstöðunni, að þessi lagasetning sé með þeim hætti að vafasamt sé að hún standist,

enda þótt meiri hluti Hæstaréttar hafi ekki talið alveg næga ástæðu til að ógilda lagaákvæðið. Það er því ljóst af niðurstöðum þessa dóms, að meiri óvissa ríkir í þessum málum en áður. Er því ástæða til að undirstrika nauðsyn þess, að Alþingi móti slíkar réttarreglur sem hér hefur á verið bent og taki af öll tvímæli í þessum efnum og að skorður verði settar við afturvirkni íþyngjandi skattaákvæða. „Með því er skapað nauðsynlegt öryggi á sviði skattamála, " eins og segir í lok grg. þess frv. sem hér er til umr.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta frv. Ég trúi því, að þm. séu sammála um að slík ákvæði þurfi að setja í stjórnarskrána, og vonast til að frv. geti náð fram að ganga.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 348). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, er fylgifrv. með frv. til laga um breytingar á lögum um sveitarstjórnir sem hefur verið til meðferðar í hv. Ed. Það frv. er nú til 3. umr. þar og verður væntanlega lokið við hana á næsta klukkutíma eða svo. Þar sem skammt er til sveitarstjórnarkosninga er mjög æskilegt ef takast mætti að afgreiða þessi frv. bæði með hinum mesta hraða, enda hefur það mál þegar fengið verulega meðferð bæði hjá embættismönnum, hv. Alþingi og samtökum sveitarstjórnarmanna.

Frv., sem hér er um að ræða, hefur þegar sætt meðferð í hv. Ed. og er, eins og ég sagði, fylgifrv. með hinu. Það hefur að geyma tvö efnisatriði. Það er í fyrsta lagi að með tilkynningar um aðsetursskipti, sem berast sveitarstjórn eftir að kjörskrá er samin, verði farið eins og kjörskrárkærur, og í öðru lagi að kjörseðlar við kosningu sýslunefndarmanna skuli gerðir með sama hætti og kjörseðlar við hreppsnefndarkosningu, en með öðrum lit.

Fram hefur komið við meðferð þessara mála sú ábending frá Hagstofu Íslands, sem fer nú að verulegu leyti ásamt félmrn. með framkvæmd sveitarstjórnarkosninganna, að nauðsynlegt sé að setja inn í sveitarstjórnarkosningalög ákvæði til bráðabirgða á þessa leið: Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag, og skal hún liggja frammi í tvær vikur. — Ég geri ráð fyrir að hv. allshn. sem kemur til með að fá þetta frv. til meðferðar, athugi þessa ábendingu Hagstofu Íslands um bráðabirgðaákvæði.

Herra forseti. Ég tel ekki þörf á að fjölyrða um þetta mál og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 53. fundur.

Miðvikudaginn 17. mars, að loknum 52. fundi.

Lyfsölulög, frv. (þskj. 338). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 471).

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 465). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er á dagskrá frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum. Í því eru nokkrar breytingar, ýmist stórar eða smærri eftir atvikum, og ég mun nú gera grein fyrir þeim.

Í 1. gr. frv. er sú breyting, að þar er gert ráð fyrir að sveitarstjórnarkosningar í bæjum og þeim hreppum, þar sem 3/4 hlutar íbúanna eru búsettir í kauptúni, fari fram síðasta laugardag í maímánuði, sem ekki ber upp á aðfangadag hvítasunnudags, en aðrar sveitarstjórnarkosningar síðasta laugardag júnímánaðar.

Verði þetta frv. samþykkt á þessa lund yrði kosið í vor 22. maí.

2. gr. frv. felur í sér nokkrar breytingar. Það er þá fyrst, að felld eru niður orðin í b-lið þar sem stendur í lögunum nú: „eru íslenskir ríkisborgarar, eða hafa jafnan rétt við þá". Orðin „eða hafa jafnan rétt við þá" eru felld út úr lögunum. Hér var átt við í gömlu sveitarstjórnarlögunum svonefnda jafnréttisdani. Ákvæði um þá komu í lög árið 1946, í 1. gr. laga nr. 85, og mun þetta vera eitt síðasta lagaákvæðið sem eftir er og snertir svonefnda jafnréttisdani.

2. mgr. frv. gerir ráð fyrir þeirri breytingu, að enda þótt maður hafi útfyllt svokallað samnorrænt flutningsvottorð teljist hann ekki hafa svipt sig kosningarrétti hér á landi, enda fullnægi hann að öðru leyti skilyrðum 1. mgr.

Þriðja breyting þessarar greinar gerir ráð fyrir að hér geti átt kosningarrétt danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem fullnægja skilyrðum 1. mgr., enda hafi þeir átt lögheimili á Íslandi í þrjú ár samfellt miðað við 1. des. næstan fyrir kjördag.

4. mgr. hljóðaði á þessa leið í upphaflegri gerð frv. eins og ríkisstj. flutti það: „Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar tvær vikur eru til kjördags." Hér væri um að ræða breytingu frá því sem nú er, þar sem í gildandi lögum er gert ráð fyrir að menn eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem þeir eru búsettir á kjördag. Niðurstaða hv. Ed. varð að breyta þessu ákvæði og hafa það í rauninni óbreytt frá því sem verið hefur, enda segir í 4. mgr. frumvarpsgerðarinnar sem ég tala nú fyrir: „Hver maður á kosningarrétt í því sveitarfélagi, sem hann á lögheimili í, þegar framboðsfrestur rennur út." Hér er miðað við framboðsfrest, þann tíma sem þarf að líða frá því að framboðum er skilað hið

skemmsta og til kjördags. Það er sem sagt breyting frá upphaflegri gerð frv. Ég vek athygli hv. þm. á því, að í upphaflegri gerð frv. var miðað við tvær vikur, en nú er miðað við framboðsfrest.

Síðasta ákvæði þessa frv. sem máli skiptir er að kjörstjórnir í þeim sveitarfélögum, þar sem kosningar fara fram síðasta laugardag í júní, skuli sérstaklega ganga úr skugga um að þeir einstaklingar, sem flutt hafa lögheimili sitt á tímabilinu milli kjördaga, hafi eigi neitt atkvæðisréttar í öðru sveitarfélagi. Hér er um að ræða nýtt ákvæði sem hv. Ed. setti inn og er sjálfsagt öryggisákvæði.

Ég hef farið fram á það við hæstv. forseta þessarar deildar að hann reyni að hlutast til um að þetta mál fái hina skjótustu afgreiðslu í þinginu þar sem frestir eru að verða mjög stuttir og nauðsynlegt er að vilji löggjafans liggi fyrir svo fljótt sem verða má til þess að undirbúningur sveitarstjórnarkosninganna geti hafist hjá þeim yfirvöldum sem með þessi mál fara, þ. e. Hagstofu Íslands, félmrn. og viðkomandi sveitarstjórnum.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun flytja þrjár brtt. við þetta frv.

Í fyrsta lagi mun ég flytja brtt. sem gengur út á að kosið verði síðasta laugardag í júnímánuði í öllum sveitarfélögum. Ég sé enga ástæðu til að vera með tvo kjördaga fyrir sveitarfélög. Það er í reynd flokkun á þeim í æðri og óæðri sveitarfélög. Ég sé enga ástæðu til þess. Ég hefði alveg eins getað hugsað mér maí, en ýmsir sveitarstjórnarmenn í litlu hreppunum telja að það sé óheppilegt vegna sauðburðar. Þess vegna mun ég leggja til að kosið verði síðasta laugardag í júní. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það sé sami dagur og kosið er til Alþingis, jafnvel þó að sú staða komi upp að meðaltali 16. hvert ár að kosningar geti verið á sama degi til Alþingis og sveitarstjórna.

Í öðru lagi mun ég flytja brtt. um að kosningarréttur miðist við 18 ár. Ýmsir hafa lýst yfir að þeir séu sammála þessu, en vilji bíða með þetta þangað til búið sé að breyta lögum um alþingiskosningar. Það er stjórnarskrárbreyting. Ég sé ekki að neitt sé því til fyrirstöðu, að lögin séu að þessu leyti frjálslyndari að því er snertir sveitarfélög en Alþingi.

Þriðja efnisbreytingin, sem ég mun leggja til, er að í staðinn fyrir upptalninguna „danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar" komi: erlendir ríkisborgarar. Þannig er þetta í Svíþjóð. Danir voru með þetta eins og hér er lagt til, en þeir eru að breyta því. Þeim finnst að það hafi reynst illa. — Ég vil vekja athygli á að ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að finnskir ríkisborgarar fái þessi réttindi sérstaklega, þó að mér sé mjög vel við Finna og allt það. Þeir eru ekki mjög skyldir okkur. Mér er síður en svo illa við þá, en af hverju eru t. d. kanadískir ekki nefndir þó að þeir séu jafnvel synir Íslendinga og tali reiprennandi íslensku? Ég legg til að allir erlendir ríkisborgarar fái þennan rétt, miðað við að þeir hafi búið hér í þrjú ár, eins og stendur að öðru leyti í þessu frv. Þeir hafa borgað sína skatta og skyldur í þrjú ár. Þá sé ég ekki að það standi nein efni til þess, að þeir fái ekki kosningarrétt til sveitarstjórna.

En ég tek undir með hæstv. félmrh. að það liggur á að afgreiða þetta mál. Vona ég að það fái skjóta afgreiðslu hér í þinginu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til allshn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 66. fundur.

Fimmtudaginn 18. mars, kl. 2 miðdegis.

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Mörk lögsagnarumdæma, þáltill. (þskj. 440). — Ein umr.

Flm. (Böðvar Bragason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þáltill. um skipun nefndar til að endurskoða mörk núgildandi lögsagnarumdæma. Hún hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd til að endurskoða núgildandi mörk lögsagnarumdæma. Nefndina skipi fjórir menn tilnefndir af þingflokkunum, einn tilnefndur af Sýslumannafélagi Íslands og einn skipaður af dómsmrh. án tilnefningar og sé hann jafnframt formaður nefndarinnar. Nefndin skili tillögum sínum fyrir árslok 1983."

Með lögbókunum fornu, Járnsíðu og Jónsbók, voru stofnaðar landfræðilega afmarkaðar þinghár sem umboðsmenn konungs fengu til yfirsóknar. Þær voru 12 talsins og má ætla að takmörk þeirra hafi í stórum dráttum verið hin sömu og hin hefðbundnu takmörk hinna fornu vorþingháa. Vorþinghár þjóðveldisaldar voru ekki landfræðilega afmarkaðar með lögum, en hljóta eigi að síður að hafa öðlast hefðbundin takmörk nokkuð snemma eftir að þær urðu sérstök framfærsluumdæmi. Þinghár þær, sem ákveðnar voru með lögbókunum, voru Múlaþing, Skaftafellsþing, Rangárþing, Árnesþing, Kjalarnesþing, Þverárþing, Þórsnesþing, Þorskafjarðarþing, Húnaþing, Hegranesþing, Vaðlaþing og Þingeyjarþing.

Þinghár þessar höfðu víða eðlileg landfræðileg takmörk og sumar þessara þingháa urðu að sýslum innan sömu takmarka ef ekkert hindraði eðlilegar samgöngur innan þeirra. Sýslurnar urðu þó með tímanum mun fleiri og núverandi sýslunafna er flestra í fyrstu getið á 16. öld. Breytingar á sýslumörkum hafa hins vegar verið óverulegar á síðari tímum og er svo komið að víða um land taka þau ekkert tillit til byggða- og þjónustukjarna sem hafa myndast, og þess eru dæmi, að menn þurfi að fara í gegnum eitt eða fleiri lögsagnarumdæmi til þess að komast til næsta yfirvalds. Í þessu sambandi má nefna að íbúar Mosfellshrepps þurfa að aka um Reykjavík og Kópavog til þess að komast til sýslumanns Kjósarsýslu, sem situr í Hafnarfirði, og íbúar Norður-Múlasýslu þurfa að aka um Egilsstaði til að komast til sýslumanns Norður-Múlasýslu sem situr á Seyðisfirði.

Þá er víða mjög langt að fara til viðkomandi sýslumanns þótt ekki þurfi að fara um önnur lögsagnar-

umdæmi til þess, en oft er þó mun styttra til yfirvalds í næsta lögsagnarumdæmi. Má nefna sem dæmi að íbúar norðanvert við Hvalfjörð þurfa að aka til Borgarness til að hitta sinn sýslumann, en mun styttra er til Akraness, þar sem bæjarfógeti situr, og íbúar austanvert við Eyjafjörð þurfa að fara til Húsavíkur, þar sem sýslumaður Þingeyjarsýslu situr, en mun styttra er til Akureyrar.

Þá er ótalið það óhagræði sem er varðandi alla löggæslu í landinu því að hún lýtur sömu skiptingu og ég hef verið að ræða um hér.

Þá má bæta því við, að mörk lögsagnarumdæmanna í óbyggðum eru víða mjög óljós, einkum á miðhálendinu, þar sem þau eru á reiki víða og oft ókunn með öllu. Sýslumörk á uppdráttum landsins eru og sett eftir misjafnlega öruggum heimildum og sums staðar af handahófi.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi kröfur um úrbætur í þessum efnum. Nefni ég þar til kröfur um breytingar á Austurlandi aðallega. En það hefur orðið minna úr leiðréttingum eða athugun þessara mála og því hef ég leyft mér að flytja þessa tillögu. Nauðsynlegt er að nú þegar verði hafist handa við að koma fastri og bættri skipan á mörk lögsagnarumdæmanna um land allt í samráði við hagsmunaaðila og stjórnvöld, sem málið skiptir, og undirbúa lagasetningu um mörkin, eftir því sem nauðsyn ber til, en heildarlöggjöf um þessi efni er ekki fyrir hendi, eins og ég hef áður sagt. Því er lagt til að til þess að vinna að þessum málum verði sett á fót nefnd skipuð fjórum mönnum tilnefndum af þingflokkunum, einum manni tilnefndum af Sýslumannafélaginu og formaður nefndarinnar verði síðan skipaður af dómsmrh. án tilnefningar.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að að loknum þeim þætti umr., sem hér fer fram, verði máli þessu vísað til viðeigandi nefndar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil mjög taka undir það, sem hv. flm. sagði áðan um nauðsyn þess að endurskoðun fari fram á mörkum núgildandi lögsagnarumdæma, og mælast til þess við þá nefnd, sem fær málið til meðferðar, að hún hraði afgreiðslu þess svo að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Það er ekki ofsögum sagt sem hann sagði áðan um þau margvíslegu óþægindi sem menn víðs vegar um landið hafa af úreltri skipan þessara mála. Það er hægt að nefna fleiri dæmi en hann taldi um það, að ekki fer saman viðskiptasvæði og lögsagnarumdæmi, sem auðvitað gerir hvort tveggja í senn að torvelda eðlilega viðskiptahætti og veldur auk þess margvíslegum útgjöldum og töfum fyrir viðkomandi. Ég álít því að þetta frv. sé orð í tíma talað og að hér sé mjög þörfu máli hreyft.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Þetta mál er til athugunar í dómsmrn. Við ræddum það m. a. á fundi þar sem stjórn Sýslumannafélagsins kom í rn. og flm. er fullkunnugt um. Hitt er annað mál, að það er nauðsynlegt að skoða þetta vandlega, því að það er víða óhagræði að þessari gömlu skiptingu. Hitt er hægara sagt en gert að breyta henni, nema þá að mjög vandlega athuguðu máli.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Í þeirri till., sem hér er til umr., er hreyft mjög merku máli sem ég tel að sé að vísu nokkru viðtækara en gerð hefur verið grein fyrir hér af framsögumanni. Komið hefur fram að það sé nokkuð óljóst, hver lögsöguskipting sé milli umdæma í landinu, og að nauðsynlegt sé að kveða skýrt á um hana í lögum. En ég vil minna á í þessu sambandi að í landinu dvelst erlendur her sem fer með lögsögu á ýmsum svæðum hér á landi án þess að þau hafi verið skilgreind að lögum og án þess að það liggi nokkuð ljóst fyrir, hver séu yfirráðamörk þess svæðis, sem herinn hefur yfir að ráða, eða með hvaða hætti það hafi verið ákveðið.

Ég vil í þessu sambandi minna á það, að á sínum tíma var ákveðið án samþykkis ríkisstj. og án samþykkis Alþingis að ákveðið landssvæði í Austur-Skaftafellssýslu væri tekið undan lögsögu sýslumannsins í Skaftafellssýslum og fært undir lögsögu Bandaríkjanna. Að vísu fer lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli með fulltrúavald á því svæði, en samkv. þeim venjum og reglum, sem tíðkast í samskiptum við bandaríska herinn, er það yfirhershöfðinginn á Keflavíkurflugvelli, fulltrúi Bandaríkjastjórnar og Pentagons á Íslandi, sem fer með æðstu lögsögu á því svæði. Í Austur-Skaftafellssýslu sem Bandaríkjunum var afhent á þessum tíma, án þess að það gerðist með lögformlegum hætti hér á Alþingi eða innan stjórnkerfisins væri skýrt kveðið á um það, hver þessi mörk ættu að vera og með hvaða hætti.

Ég held einnig að samskipti íslenskra yfirvalda á þessum svæðum og bandaríska hersins og íslenskra þegna séu mjög óljós. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að fyrir utan girðingu á Keflavíkurflugvallarsvæðinu liggur vegur sem er um það bil 50 metrum fyrir utan hliðið á Keflavíkurflugvelli. Kringum þennan vegarspotta er algerlega opið svæði. Þar eru engar girðingar og ekki neitt. Þar geta sauðfé og hundar gengið um eins og þau ágætu dýr lystir. Ef hins vegar íslenskur ríkisborgari ætlar að labba niður þennan veg, sem ég endurtek að er utan girðingar, utan við það svæði þar sem lögreglumenn í hliðinu gæta umferðar, — ef íslenskur ríkisborgari ætlar að ganga niður þennan opna veg birtast lögreglumenn og banna honum það. Við veginn er að vísu skilti þar sem umferð er sögð bönnuð. Allt svæðið í kring er algerlega opið. Ef viðkomandi íslenskur ríkisborgari óskar eftir að fá að tala við lögreglustjórann á Keflavíkurflugvelli til að kanna það, hvort hann geti leyft honum að ganga niður þennan opna veg á þessu opna svæði, þá segir lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli: Ég hef enga heimild til þess að leyfa þér það, því miður. Ég er ekki yfirvald á þessu svæði. Ég fer ekki með lögsögu á þessum opna vegi. — Það verður að spyrja æðstu yfirmenn bandaríska hersins hvort þessi íslenski ríkisborgari megi ganga niður þennan opna veg sem þarna er utan girðingar og fyrir utan hliðið. Það eru því ekki íslensk yfirvöld, sem geta leyft íslenskum ríkisborgara að ganga þennan opna veg, heldur verða yfirmenn bandaríska hersins að kveða upp úr með það og kannske yfirmenn þeirra í Pentagon, ef málið gengur upp eftir öllu bandaríska stjórnkerfinu og endar þá hjá forsetanum í Hvíta húsinu sem fer með lögsögu yfir þessum vegi fyrir utan hliðið, Ronald Reagan.

Ég held þess vegna að mjög nauðsynlegt sé að við meðferð þeirrar þáltill., sem hér er til umr., verði lögsaga á íslensku landi í heild tekin til meðferðar og skoðuð og að sú nefnd, sem hér er verið að leggja til að geri ítarlega úttekt á lögsögumálum á Íslandi, geri jafnframt skýra úttekt á því, hvaða svæði það eru á Íslandi sem íslensk yfirvöld hafa í dag enga lögsögu yfir og íslensk yfirvöld

geta ekki leyft íslenskum borgurum að ganga um, svo að við fáum einnig við lok þessa nefndarstarfs skýra mynd af því, yfir hvaða hluta landsins Ronald Reagan hefur lögsögu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 446). — Ein umr.

Flm. (Siggeir Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt fjórum öðrum hv. þm. af Suðurlandi að endurflytja till. til þál. um að fela ríkisstj. að láta fara fram fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. Till. svipuð þessari var flutt á 102. löggjafarþingi, en fékk þá ekki afgreiðslu. Í trausti þess, að mál þetta nái nú fram að ganga, höfum við endurflutt till. Þetta er gamalt mál hér á hv. Alþingi og meira en aldargamalt áhugamál Skaftfellinga og Eyfellinga. Ég rakti sögu þessa máls að nokkru í framsögu fyrir málinu þegar það var flutt síðast og skal ekki endurtaka það hér.

Saga þessa máls sýnir að skaftfellskir bændur, sem hafa haldið þessu máli vakandi í meira en 100 ár, hafa ekki látið fátæktina smækka sig. Þeir hafa átt glæstar hugsjónir fyrir sitt hérað og fyrir framtíð þess. Nú hafa komið fram ný rök fyrir þessu máli þar sem erlendir aðilar hafa sýnt áhuga á að kaupa vikur, Kötlu- og Hekluvikur, til bygginga. Rannsóknir hafa leitt í ljós að vikurinn uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til léttsteypu t. d. í Pýskalandi. Byggingarefni í Evrópu eru að ganga til þurrðar, svo að lítill vafi er á að á næstu árum og áratugum verður vaxandi eftirspurn eftir íslenskum jarðefnum til bygginga erlendis. Á Mýrdalssandi er talið að nýtanlegur vikur sé a. m. k. 300 millj. rúmmetra vestan og norðan Hjörleifshöfða, en talið er að á sandinum öllum sé e. t. v. þrisvar til fjórum sinnum meira magn af nýtanlegu byggingarefni.

Hafnargerð við Dyrhólaey er forsenda þess, að hægt sé að nýta þennan útflutning, afla þannig erlends gjaldeyris, auk þess að það mundi skapa mikla atvinnu heima fyrir við flutning vikursins til hafnar. Mætti gera ráð fyrir að í framtíðinni yrði unnið úr vikrinum hér á landi og fluttar út full- eða hálfunnar vörur til bygginga erlendis. Þegar þeirri kreppu, sem nú er í Evrópu, lýkur ber nauðsyn til að öllum rannsóknum á hafnargerð við Dyrhólaey verði lokið því að þá kynni að opnast mikill markaður fyrir þessi íslensku jarðefni sem við höfum nóg af.

Ég hef bent á að höfn við Dyrhólaey geti orðið undirstaða að nýjum gjaldeyrisskapandi útflutningi, gefið ný atvinnutækifæri. Ég held að allir séu sammála um að við verðum að leita nýrra leiða til að skapa atvinnu í landinu ef fólkið á ekki að leita burt úr landinu. Hinir hefðbundnu atvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, taka ekki við vaxandi fjölda ungs fólks sem leitar á vinnumarkaðinn á næstu árum. Komi höfn við Dyrhólaey kemur þar einnig útgerð, auk þess sem höfnin gefur fleiri tækifæri, t. d. stóriðju í einhverju formi í því héraði þar sem meginhluti rafmagnsins er framleiddur. Það er engin ofrausn þó að gerð sé höfn á Suðurlandi, miðsvæðis milli Þorlákshafnar og Hafnar í Hornafirði.

Því miður eru líkur á að draga muni verulega úr framleiðslu landbúnaðarafurða. Takmarkanir á því sviði hafa þegar verið teknar upp. Því er enn brýnna en áður að vinda bráðan bug að því að auka atvinnu á Suðurlandi, skapa ný atvinnutækifæri. Það er alvarlegt mál, hve fólksfjöldi á Suðurlandi stendur nánast í stað, einnig á Árborgarsvæðinu sem við köllum svo, þrátt fyrir útgerð frá Þorlákshöfn. Nokkur hundruð manns hafa þó unnið við virkjunarframkvæmdir á hálendinu á undanförnum árum og gera enn. Það væri vitanlega glapræði að kippa þeirri vinnu burt í einu vetfangi án þess að skapa því fólki ný atvinnutækifæri. Hitt er jafnvitlaust, að líta á þá vinnu og stöðugar framkvæmdir þar sem atvinnuveg í framtíðinni, heldur verðum við að vinna að því að það afl, sem þar er framleitt, verði undirstaða nýrra atvinnugreina á Suðurlandi.

Bygging hafnar við Dyrhólaey er einn þáttur í því að svo megi verða. Verði ekki leitað nýrra leiða til aukningar atvinnu á Suðurlandi, ef við Sunnlendingar fáum ekki þann stuðning sem til þarf í þessu máli og öðrum, þá blasir við fólksflótti af Suðurlandi, úr sveitum og þorpum, þar sem landbúnaðurinn hlýtur, eins og ég áður hef sagt, óhjákvæmilega að dragast saman um sinn. Ef svo færi færu mikil verðmæti forgörðum: byggingar standa auðar, verðmæti verða að engu, eins og gerst hefur sums staðar annars staðar í harðbýlli og afskekktari sveitum þessa lands. Ef það ætti eftir að gerast á Suðurlandi væri eitthvað meira en lítið að þar sem veðurfar í þessum hluta landsins er þó einna mildast á þessu landi.

Það er fólksflótti af Suðurlandi. Hlutfallslega flest fólk hefur flutt burt úr Suðurlandskjördæmi á s. l. ári. Þessi fólksflótti mun halda áfram ef ekki verður unnið að því að skapa þar ný atvinnutækifæri. Fari fram sem nú horfir verður Árborgarsvæðið, sem við köllum svo, eins konar svefnstaður fyrir fólk sem vinnur sunnan heiða. Með óhjákvæmilegum samdrætti í landbúnaði er byggðin í Vestur-Skaftafellssýslu í hættu sé ekkert að gert. Það þarf vissan fjölda af fólki til þess að halda uppi samfélagi sem getur boðið upp á það lágmark félags- og menningarlífs sem hægt er við að una. Ef atvinnulífið er í lágmarki, framkvæmdir litlar, fer margt annað eftir því.

Samgöngumál í austurhluta Suðurlandskjördæmis eru á því stigi — eða voru s. l. sunar — að það var líkara því að þar væri um að ræða dýraslóðir en vegi, eins og einhver orðheppinn maður komst að orði. Er þetta þó stysta eða a. m. k. greiðfærasta leiðin til Austurlands. Höfn við Dyrhólaey yrði lyftistöng fyrir þessi héruð og Suðurland allt, auk þess sem útflutningur jarðefna getur orðið talsverður þáttur í gjaldeyrisöflun landsmanna. Það er sannfæring mín, að höfn við Dyrhólaey ásamt höfninni í Þorlákshöfn sé undirstaða þess, að iðnaður í verulegum mæli geti orðið í öllum þéttbýlisstöðum sunnanlands. Miklar vegalengdir til hafna hafa alltaf staðið Suðurlandi fyrir þrifum. Hér er því um mikið byggðamál að ræða, eins og ég hef bent á.

Eins og nú horfir liggur ekkert annað fyrir ungu fólki, sem elst upp á Suðurlandi, en að flytjast burt. Atvinnuástandið nú er þannig að fólksflótti úr héraðinu er hafinn. Ástandið í minni sveit er þannig, að jafnvel nokkrar húsmæður fóru s. l. vetur til Hafnar í Hornafirði í atvinnuleit um takmarkaðan tíma. Iðnaður í einhverju formi verður að taka við því fólki sem kemur á vinnumarkaðinn á komandi árum. Það verður því að vinna að því að búa þannig að iðnaðinum, að hann geti dafnað, að fólk vilji leggja fjármuni í slíkan atvinnu-

rekstur og kannske ekki síst að iðnaðurinn geti borgað betra kaup en hann hefur gert á undanförnum árum. Allir vita hvað til þess þarf. Það þarf að vinna bug á verðbólgunni. Verðbólgan á Íslandi má ekki vera meiri en í okkar viðskiptalöndum. Þetta er raunar einnig aðalvandi landbúnaðarins í dag, auk þess sem fátæki maðurinn tapar mest á verðbólgunni, en þeir, sem kunna á bankakerfið, geta náð í fjármuni. Braskararnir græða.

Að síðustu, ef ég má leyfa mér að segja það: Eru þeir ekki of margir sem stjórna of fáum í þessu landi? Er ekki stjórnkerfið orðið of viðamikið? Er ekki kominn tími til að stjórna þessu landi af meiri alvöru og meiri festu en oft hefur verið gert.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þessi þáltill. um rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey fái afgreiðslu á þessu þingi. Ég vil leggja til að henni verði að lokinni þessari umr. vísað til atvmn.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get lýst stuðningi við þessa þáltill. Eins og sjálfsagt margir hv. alþm. vita hafa farið fram nokkrar rannsóknir í sambandi við hafnarstæði í Dyrhólaey sem hafa sýnt mismunandi niðurstöður. En segja má að í dag sé miklu meiri tækni komin á sjónarsviðið til rannsókna í sambandi við undirbúning hafnargerða og þar af leiðandi ætti að mega *vænta betri árangurs af nýrri rannsókn á þessu sviði.*

En það, sem mig langar til að varpa hér fram í sambandi við þessa umr. til hv. flutningsmanna, er að það kemur ekki fram, hvorki í till. né grg., hver eigi að stjórna eða eiga þessa höfn og reka hana ef af því yrði að hún yrði byggð. Eins og öllum er kunnugt fer nú fram endurskoðun hafnalaga, og það hefur verið á undanförnum árum krafa sveitarstjórnarmanna yfirleitt, að allar hafnir í landinu yrðu færðar undir eina stjórn, undir ein lög, þ. e. að landshafnir í núverandi mynd yrðu lagðar niður og afhentar viðkomandi sveitarfélögum eða eigendum á viðkomandi stöðum. Þegar við erum að hugleiða nýja hafnargerð á stað þar sem ekki hefur verið höfn er þess vegna ekki óeðlilegt að um þetta sé spurt eða að fram komi hugleiðingar þeirra sem að þessu standa og njóta eiga, hvernig þeir hugsa sér form á þessu í framtíðinni, ef af þessu verður. Mér finnst að þetta þyrfti að koma fram í upphafi því að það skiptir meginmáli þegar áfram verður fjallað um málið.

Að öðru leyti tel ég þetta sjálfsagða till. og að eðlilegt sé að gera ítarlega rannsókn og áætlun um hafnargerð við Dyrhólaey, því að það er allt of stórt svæði í okkar landi, frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði, sem er hafnlaust. En fyrir utan eru fengsæl fiskimið alveg upp að fjöruborði. Og þarna eru miklir flutningar og ekki hvað síst, eins og fram kemur í grg., miklir möguleikar e. t. v. á útflutningi á jarðefnum.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Verndun á laxi í Norður-Atlantshafi, þáltill. (þskj. 325, n. 437). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er var á ráðstefnu, sem haldin var í Reykjavík 18.—22. jan. s. l., gerður samningur um verndun lax í Norður-Atlantshafi. Fjallar till. sú til þál., sem hér er til afgreiðslu, um fullgildingu samnings þessa um verndun lax í Norður-Atlantshafi.

Utanrmn. hefur haft þáltill. þessa til athugunar og nm. orðið sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Enda þótt ég eins og aðrir nm. í utanrmn. mæli með samþykkt þessarar till. til þál. tel ég óhjákvæmilegt að við þessa umr. komi fram nokkrar athugasemdir og ábendingar.

Það er að mínu mati eðlilegt að staðfesta þennan samning einungis af einni ástæðu — eða fyrst og fremst af einni ástæðu, þ. e. a. s. þeirri, að samkv. honum er algert bann lagt við laxveiðum utan efnahagslögsögu, utan 200 mílnanna. Að öðru leyti er samningur þessi heldur lítilfjörlegur og hefði mátt búast við að hann yrði okkur hagstæðari en raun ber vitni. Sérstaklega verður að vekja á því athygli, að í 2. gr. samningsins er gert ráð fyrir að Færeyingar megi veiða á svæði Norður-Atlantshafsnefndarinnar, eins og það er nefnt, innan fiskveiðilögsögu Færeyja og ekki takmarkað hve mikil svæði innan fiskveiðilögsögunnar hér er um að ræða. Hins vegar eru í greininni, þar sem fjallað er um Vestur-Grænlandsnefndina, einungis tilgreindar 40 sjómílur frá grunnlínum.

Ég vil vekja athygli á því og vona að ummæli mín fái staðist *ómótmælt af öllum hv. alþm.*, að samkv. 66. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála eiga upprunaríki slíkra fiska eins og laxins miklu meiri réttindi en í þessum samningi eru tilgreind. Ég vil leyfa mér að fullyrða að 66. gr. uppkastsins að hafréttarsáttmála sé nú þegar orðin alþjóðalög, það hafi skapast þar venjuréttur, að greinin sé lög „de facto" eða í raun, þó að kannske megi segja að hún sé ekki orðin að alþjóðalögum, „de jure," þar sem samningurinn hefur ekki verið samþykktur formlega eða staðfestur. Ég styð þetta þeim rökum, að a. m. k. þann tíma sem ég hef setið fundi hafréttarráðstefnu hefur engin þjóð reynt að hreyfa við ákvæðum þessarar greinar. Hafa allir með þögninni samþykkt að hún skyldi standa eins og hún væri.

Það má segja um aðrar greinar hafréttarsáttmálans, eins og t. d. þau hafsbotnsréttindi sem verið er að deila um, að það sé kannske ekki hægt að halda því fram að þær séu orðnar alþjóðalög í raun eða venjuréttur. En að því er þessa grein varðar er það alveg ótvírætt að mínu mati. Og í þessari grein er það beinlínis tekið fram, að það sé ekki einungis réttur strandríkis eða upprunaríkisins að vernda slíka fiskstofna, heldur er það skylda þess ríkis. Það skal gera það bæði innan eigin lögsögu og eins utan hennar. Og réttindi yfir þessum fiskstofnum eru miklu meiri og víðtækari en yfir nokkrum öðrum, sem byggist auðvitað á eðli málsins, að það er upprunaríkið sem á þessi réttindi og á að gæta þeirra.

Undanþágur frá þessu eru mjög veigalitlar. Upprunaríkið getur t. d. ákveðið heildarafla á þessum fisktegundum, og eins og ég sagði áðan ber því að tryggja að ekki sé gengið á þessa stofna. Það er skylda þess samkv. þessum alþjóðalögum. En á þeim tíma, sem þessi grein hefur staðið óbreytt í uppkastinu að hafréttarsáttmála, hafa Færeyingar stöðugt verið að auka afla sinn á laxi í hafinu. Ég held að það sé varla hægt að nota um þetta framferði vægara orð en að það sé siðlaust athæfi og lögbrot að auki. Það er brot á alþjóðalögum. Og mér finnst raunar furðulegt að bæði við og ekki síður kannske Norðmenn, Svíar, Írar, Bretar og aðrir þeir, sem þarna hafa

hagsmuna að gæta, skuli ekki taka fastar á þessum málum og fylgja fram þeim skýlausa rétti sem þessar þjóðir hafa samkv. þessari nefndu grein í hafréttarsáttmálanum — og ekki einungis rétti, heldur líka skyldu.

Það er hugsanlegt að að því megi færa einhver rök, að Færeyingar mættu e. t. v. veiða 100—200 tonn vegna þess að þeir byrjuðu víst einhverjar laxveiðar um 1960. En það eru engin rök fyrir því, að þeir auki veiðarnar eins og þeir hafa gert með ólögmætum hætti eða þeim haldist uppi slíkar gífurlegar veiðar til frambúðar. Það er lögbrot samkv. þessari grein, og okkur ber skylda til, í samvinnu við aðrar þjóðir sem hagsmuna hafa að gæta af þessum veiðum, að hindra að þessum veiðum sé haldið áfram.

Ég býst ekki við að neinn væni mig um að vilja vera með ósanngirni í garð frændþjóðar okkar Færeyinga. Ég hef staðið að tillöguflutningi um aukið samstarf við þá á mörgum sviðum, ekki síst á sviði fiskveiða og fiskverndar. En hér er um þvílíkt athæfi að ræða, að það getur ekki verið að þeir komist upp með þessar veiðar til frambúðar. Og ég hygg að Íslendingar allir séu sammála um að þetta verði að stöðva. Það er algert hámark að þeir gætu kannske veitt, eins og ég sagði áðan, 100—200 tonn, eins og þeir munu hafa gert áður en þessi grein í hafréttarsáttmála var samin og komst inn í þau uppköst sem síðan hafa staðið óbreytt fund frá fundi. En þeir hafa engan rétt af neinu tagi til að stórauka veiðarnar á meðan þessi grein verður að teljast lögformleg, eins og áður segir, margra ára venjuréttur. Hún er lög í raun. Þess vegna var óviðurkvæmilegt að taka þessa heimild inn í samninginn sem hér er til samþykktar, að Færeyingar hefðu heimild til veiða á þessu svæði, þ. e. fiskveiðilögsögu Færeyja, án þess þá að takmarka það mjög rækilega. En auðvitað verður þessi samningur endurskoðaður, og samkvæmt honum á raunar að fjalla um veiðar frá ári til árs og verður auðvitað gert. Á þeim fundum, sem þessar þjóðir halda með sér, verður þetta mál auðvitað sérstaklega upp tekið.

Því er stundum haldið fram, að engar sannanir séu fyrir því, að lax frá Íslandi veiðist við Færeyjar. Þetta er fásinna. Fyrir einum og hálfum áratug eða svo vissi ég til þess, að Snorri heitinn Hallgrímsson prófessor merkti örfáa laxa og sleppti þeim á Skaftársvæðinu. Eina merkið, sem til baka kom, kom einmitt frá Færeyjum. Það þarf enginn að segja manni að Færeyingar, sem stunda þessa rányrkju, séu sérstaklega áfjáðir í að halda til haga merkjum úr fiski sem þeir veiða með þessum hætti. Það er íslenskur lax á þessum slóðum og hann er veiddur af Færeyingum.

Þá hefur því verið haldið fram, að ekki væri óeðlilegt að Færeyingar fengju það sem kallað hefur verið beitartollur, vegna þess að laxinn fer þarna um skamman tíma úr ári. Ég veit ekki hver hefur fundið þessa endaleysu upp, hvort það er íslensk framleiðsla eða komin frá Færeyjum. Auðvitað er lífið í sjónum ekkert síður komið frá Íslandi inn á Færeyjamið heldur en öfugt. Ætli það sé ekki meira um það, að ýmiss konar fæðutegundir fiskstofna berist af okkar miðum inn á þau færeysku, heldur en öfugt? En hvað sem um það er, þá er þetta fávíslegt tal og réttlætir rányrkjuna með engum hætti.

Ég vildi koma þessum athugasemdum hér að, herra forseti, nú við þessa umr., áður en til atkv. er gengið. Ég vænti þess, að allir hv. þm. séu mér sammála um að eðlilegt sé, að þær komi hér fram, og að enginn muni andmæla því sem ég hér hef sagt, að þarna sé um lögbrot af hálfu Færeyinga að ræða og rányrkju og að Alþingi muni halda til haga íslenskum réttindum í þessu efni og þetta fáist fest í þskj. sem samdóma álit allra hv. alþm.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 481).

Neðri deild, 54. fundur.

Fimmtudaginn 18. mars, kl. 3 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 348, n. 463, 464). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 463 um frv. til l. um breytingu á lögum um sveitarstjórnarkosningar. Allshn. hefur fjallað um málið á fundi og samþykkt að mæla með því með ákvæði til bráðabirgða sem birt er á þskj. 464.

Eins og hæstv. félmrh. gat um við umr. í gær er nauðsynlegt að bæta inn í þessi lög ákvæði til bráðabirgða. Það er tæknilegs eðlis þar sem nú er liðið mjög að væntanlegum sveitarstjórnarkosningum. Þetta ákvæði til bráðabirgða er flutt að beiðni hagstofustjóra og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. gr. komi ákvæði til bráðabirgða:

Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag og skal hún liggja frammi í tvær vikur."

Þetta er nokkur stytting á þeim tíma sem kjörskrá skal liggja frammi samkv. núgildandi lögum. Þetta ákvæði til bráðabirgða er tæknilegs eðlis og er sett vegna þess, hve stutt er til væntanlegra sveitarstjórnarkosninga.

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki fleira um þetta að segja.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 464 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 465, n. 477, 470). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um frv. til l. um breytingar á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. mars 1961. Hún hefur orðið sammála um að mæla með frv. óbreyttu.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Vegna þess tímahraks, sem dagskrármálið er komið í, og þar eð félmn. hv. Ed. hefur ákveðið að opna málið aftur strax að hausti dreg ég brtt. mínar á þskj. 470 til baka, en mun

flytja þær aftur að hausti, eftir því sem aðstæður leyfa og tilefni gefst til.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 55. fundur.

Fimmtudaginn 18. mars, að loknum 54. fundi.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 480). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og endursent Ed.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 465). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 482).

Efri deild, 57. fundur.

Föstudaginn 19. mars, kl. 2 miðdegis.

Sveitarstjórnarkosningar, frv. (þskj. 480). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. Afbrigði samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., er komið frá Nd. þar sem gerð var á því breyting eftir að það hafði verið afgreitt úr þessari hv. deild. Sú breyting, sem Nd. samþykkti, er í þá veru, að á eftir 3. gr. komi ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við hinar almennu sveitarstjórnarkosningar, sem fram eiga að fara 22. maí 1982, skal leggja kjörskrá fram einum mánuði fyrir kjördag og skal hún liggja frammi í tvær vikur."

Þessi brtt. er flutt að tilmælum Hagstofunnar svo að allt megi með réttu og vel fram fara í sambandi við þessar kosningar. Allshn. þessarar deildar hefur fjallað um till. og mælir fyrir sitt leyti með því, að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 488).

Efri deild, 58. fundur.

Mánudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 22. mars 1982.

Þar sem ég vegna veikinda get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Alþb. í Norðurlandskjördæmi eystra, Soffía Guðmundsdóttir tónlistarkennari, Akureyri, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum.

Stefán Jónsson,
4. þm. Norðurl. e."

Soffía Guðmundsdóttir hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili. Þarf því ekki að rannsaka kjörbréf hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Lofiferðir, frv. (þskj. 273). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um loftferðir. 1. gr. frv. felur í sér breytingu á eignarnámsheimild þeirri sem nú er að finna í 64. gr. laga um loftferðir. Í þeirri grein er veitt heimild til eignarnáms þegar um byggingu eða gerð flugvallar er að ræða. Hins vegar hefur í ýmsum tilfellum verið talið nauðsynlegt að taka eignarnámi nokkru stærri svæði en fellur undir mannvirkin sem slík, en eins og greinin er orðuð hafa lögfróðir menn dregið í efa að slíkt væri heimilt. Breytingin, sem í þessari grein felst, er því eingöngu sú, að eignarnámsheimildin er útvíkkuð og nær ekki aðeins til gerðar flugvalla, heldur einnig til rekstrar flugvalla, eins og fram kemur bæði í greininni sjálfri og einnig í athugasemdum sem fylgja.

Jafnframt er tækifærið notað, þegar þetta frv. er flutt um breytingu á lögum um loftferðir, og felld inn í þau grein úr lögum frá 1950 um stjórn flugmála. Er það 2. gr. þessa frv. sem heimilar flugmálaráðherra að setja reglur um flugferðir innlendra flugfélaga o. s. frv. Þessi ákvæði eiga eins og ýmis önnur ákvæði loftferðalaga fremur heima þar en í lögum um stjórn flugmála. Þarna er því ekki um neina nýja lagaheimild að ræða heldur aðeins tilfærslu á milli laga.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. og hefur hlotið þar afgreiðslu. Vil ég leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. samgn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til samgn. með 12 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Umferðarlög, frv. (þskj. 421, n. 474, 475). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. það sem hér er til umr. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt þess með þeirri brtt. sem hún flytur öll sameiginlega á þskj. 475. Brtt. er í þá veru að fjárhæð sú, sem hæstv. dómsmrh. er heimilað að ákveða með auglýsingu, skuli vera nokkrum takmörkunum háð, þar sé sett hámark. Það komu ábendingar um þetta fram í nefndinni þegar fjallað var um málið.

Sú breyting, sem nefndin leggur til að gerð verði, er að inn í greinina komi: „Fjárhæð þessi má þó aldrei vera hærri en 1.25‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis." Um þetta hámark, sem nefndin var sammála um að mæla með að sett yrði inn í frv., var haft samráð við Tryggingaeftirlitið sem aftur leitaði umsagnar samstarfsnefndar bifreiðavátryggingarfélaganna. Þessir aðilar töldu sömuleiðis eðlilegt að þarna kæmi inn hámarksákvæði, sem þó verður að segja að sé mjög ríflegt. En menn töldu eðlilegt að þarna væri sett hámark svo að ráðh. gæti ekki breytt þessari upphæð meira en hér segir.

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeirri brtt. sem hún flytur öll á þskj. 475.

ATKVGR.

Brtt. 475 (ný 1. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Olíugjald til fiskiskipa, frv. (þskj. 276). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 498).

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466, 373, 4-6, 489). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 489. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Á þskj. 373 voru þrjár brtt. óafgreiddar við 2. umr., þ. e. 4., 5. og 6. brtt. Þær voru þá teknar til 3. umr. og nú eru þær teknar endanlega til baka. Ástæðan til þess, að ekki var hægt að afgreiða þessar till. við 2. umr., var sú, að gert var ráð fyrir að áfram stæði í frv. „stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar" í staðinn fyrir „hljómsveitarráð" sem við hv. 4. landsk. þm. höfðum lagt til og stóð í þeim brtt. sem við höfum nú dregið til baka. Það eru ekki aðrar breytingar í 1. og 2. brtt., sem lagðar eru núna fram á þskj. 489, en

þær, að tekið er inn í brtt. „stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar" staðinn fyrir „hljómsveitarráð".

Um 3. brtt. er það að segja, að þar er um verulega breytingu að ræða frá brtt. okkar sem tekin hefur verið til baka, því að þar var gert ráð fyrir að niður félli 7. gr. frv. varðandi verkefnavalsnefnd. En nú er gert ráð fyrir að 7. gr. frv. falli ekki niður, heldur standi hún áfram með þeirri breytingu, að við hv. 4. landsk. þm. leggjum til í brtt. okkar á þskj. 489 að 7. gr. frv. verði gerð að heimildargrein, þ. e. að heimilt sé að skipa verkefnavalsnefnd, eins og þar er gert ráð fyrir, en ekki skylda eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég sé ekki ástæðu til til að fjölyrða um þessar brtt. á þskj. 489. Það hefur þegar verið rætt mikið um þetta mál, og um þær till., sem hér er um að ræða, var rætt við 2. umr. málsins. En ég vænti þess, að það fari með þær till., sem nú eru bornar fram, eins og flestar þær till. sem við hv. 4. landsk. þm. höfum borið fram, að þær verði samþykktar í hv. deild, vegna þess að þær till., sem nú eru fram bornar, eru tvímælalaust til bóta eins og þær till. aðrar sem þegar hafa verið samþykktar. Skal ég þessu til áréttingar víkja örfáum orðum nánar að þessum brtt.

Fyrsta brtt. á þskj. 489 er um að 5. gr. frv. orðist eins og þar segir. Í upphafi er brtt. alveg eins orðuð og 5. gr. frv., efnislega og sama orðalag, tekið fram að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður framkvæmdastjóra til fjögurra ára í senn, en endurráðning er heimil. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri hljómsveitarinnar. Þetta er óbreytt frá því sem frv. gerir ráð fyrir. Bið ég menn nú að taka eftir hvað brtt. felur í sér. Hún felur í sér þetta framhald: Framkvæmdastjóri „undirbýr verkefnaval í samvinnu við hljómsveitarstjóra, stjórnarformann og aðra þá aðila, sem kvaddir kunna að vera til ráðuneytis, og leggur starfs- og rekstraráætlanir fyrir til umfjöllunar og afgreiðslu. Áætlanir þessar skulu gerðar fyrir eitt ár í senn og liggja fyrir eigi síðar en 1. júní ár hvert fyrir næsta almanaksár." Þetta er brtt. Hún er um að kveða fyllra á um verkefni framkvæmdastjóra og leggja sérstaka áherslu á vissa þætti sem þykja mikilvægir. Ég vænti þess, að hv. deildarmenn sjái að það er sjálfsagt að samþykkja brtt. sem felur í sér þessar lagfæringar.

Aðeins örfá orð um 2. brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. á þskj. 489. Þessi brtt. er við 6. gr. frv. og fjallar um stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar, verkefni hennar. Í 6. gr. frv. segir: „Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipar verkum með þeim."

Í brtt. er gert ráð fyrir að 1. málsgr. 6. gr. hljóði á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta: „Stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ræður hljómsveitarstjóra til tveggja ára í senn og skipar verkum með þeim að fengnum tillögum framkvæmdastjóra." Hver er breytingin? Breytingin er í fyrsta lagi að í staðinn fyrir að í frvgr. er talað um að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ráði fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra er í brtt. einungis talað um hljómsveitarstjóra. Ég hef áður greint frá því, hvers vegna þessi breyting er lögð til. Það er vegna þess að við teljum ekki eðlilegt að binda í lög ákvæði um það sem nú er kallað fastur hljómsveitarstjóri og aðalhljómsveitarstjóri. Það hlýtur að vera í valdi hljómsveitarstjórnarinnar á hverjum tíma, hvernig þessum málum er háttað, og þess vegna eðlilegt að hafa rúmt ákvæði sem einungis heimilar stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar að ráða hljómsveitarstjóra og að sjálfsögðu eftir því sem hentar á hverjum tíma.

Þá er í öðru lagi gert ráð fyrir að hljómsveitarstjórar — það geta verið einn eða fleiri — séu ráðnir til tveggja ára í senn. Það er ekki gert ráð fyrir því í frv. sjálfu. Þetta er um 1. mgr. 6. gr. frv. Breyting verðandi 2. mgr. 6. gr. frv. er einungis sú, að brtt. felur í sér ekki einungis að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ráði hljóðfæraleikara að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, eins og er í frv. sjálfu, heldur leggjum við til að á eftir þessu komi: „og að undangengnum prófum ef ástæða er til". Breytingin er ekki önnur. Þá hef ég talið upp allar breytingar sem eru fólgnar í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. á þskj. 489, 2. lið.

Ég kem þá að lokum að 3. brtt. Hún fjallar um það, að 7. gr. frv. orðist eins og þar segir. Þar er gert ráð fyrir að 7. gr. frv. orðist nákvæmlega eins og frvgr. sjálf nema að í frv. er skylda að setja á stofn verkefnavalsnefnd, en í brtt. okkar er um að ræða heimild til stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar að gera slíkt.

Þessi brtt. kemur til af því, að við hv. 4. landsk. þm. höfum lagt áherslu á að það sé mikilvægt að dreifa ekki ábyrgð á stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar um of og láta koma fram á sama vettvangi, hjá sama stjórnvaldi bæði fjárhagsleg og listræn sjónarmið. Þess vegna lögðum við upphaflega til að það yrði ekkert í lögum um verkefnavalsnefnd. En með því að deildin féllst ekki á það sjónarmið okkar í atkvgr. við 2. umr. málsins þykir okkur ekki rétt að halda áfram að leggja til að greinin um verkefnavalsnefnd falli niður, heldur að hún sé gerð að heimildargrein. Það er með tilliti til þess, að við teljum að það þurfi ekki endilega að vera rétt eða jafnvel vera vilji þeirrar stjórnar Sinfóníuhljómsveitarinnar, sem verður kjörin þegar frv. þetta er orðið að lögum, að setja á stofn sérstaka verkefnavalsnefnd, þess vegna sé eðlilegt að það sé á valdi stjórnar Sinfóníuhljómstveitarinnar að ákveða um slíkt. En ef þessi nefnd er skipuð ber að skipa hana samkv. ákveðnum reglum, og þær reglur eru í brtt. okkar hv. 4. landsk. þm. nákvæmlega þær sömu og reglur 7. gr. frv.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta, en vænti þess, að þessar tillögur fái verðuga afgreiðslu og staða Sinfóníuhljómsveitarinnar verði bætt frá því, sem er í sjálfu frv., með því að samþykkja þessa brtt.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Það er e. t. v. ástæðulaust að þakka fyrir að fá upplýsingar sem lög gera ráð fyrir að veittar séu við afgreiðslu frv. hér á Alþingi. En ég vil gera það þar sem mér hafa nú borist upplýsingar frá hæstv. menntmrh. um útreikninga fjárlaga- og hagsýslustofnunar á þeim kostnaðarauka sem verður fyrir ríkissjóð af samþykkt þess frv. sem hér er verið að afgreiða. Ég ætla ekki að ræða þessar upplýsingar tölulega, en vil aðeins greina hér frá niðurlagi þessara útreikninga. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samtals er því kostnaðarauki ríkissjóðs samkv. frv. og framangreindum forsendum um 1.2 millj. kr. á ári."

ATKVGR.

Brtt. 373,4-6 teknar aftur.
— 489,1 felld með 9:8 atkv.
— 489,2 felld með 9:7 atkv.
— 489,3 felld með 9:7 atkv.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 56. fundur.

Mánudaginn 22. mars, kl. 2 miðdegis.

Orlof, frv. (þskj. 461). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 87 frá 1971, um orlof, en það er 242. mál 104. löggjafarþings. Flm. ásamt mér eru hv. 7. landsk. þm., Halldór Blöndal, og hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson.

Hér er um að ræða tiltölulega mjög litla breytingu á hinum rúmlega áratugsgömlu lögum um orlof. Þessi breyting felur það eitt í sér að viðbót komi við 5. gr. orlofslaganna. Sú viðbót gengur út á það, að á tímabilinu annars vegar frá 2. maí og til 31. maí á ári hverju og hins vegar á tímabilinu 1. sept. til 15. sept., þ. e. bæði í upphafi og í enda orlofstímans, geti atvinnurekandi ekki ákveðið orlof launþega nema sérstakt samþykki hans komi til.

Svo sem kunnugt er voru núgildandi orlofslög sett árið 1971. Má vera að ýmsa þætti þar sé nú orðið tímabært að endurskoða. Það er alveg ljóst, að á mörgum vinnustöðum og einkum á vinnustöðum af stærri gerðinni háttar svo að sumarleyfi starfsfólks eru skipulögð yfirleitt með löngum fyrirvara. Það segir sig auðvitað sjálft að það veldur launafólki oft miklum óþægindum ef það er nauðbeygt til að taka sumarleyfi — það skal tekið fram að það á einkum við um fyrri hluta þessa tímabils — í maímánuði, þ. e. áður en hinn eiginlegi sumarleyfatími er hafinn.

Ég vil taka það fram, að við samantekt þessa frv. til laga hef ég haft samband við allmarga forustumenn í launþegasamtökum eða menn sem þar þekkja mjög gjörla til. Menn eru sammála um að í miðlungs- og þaðan af smærri fyrirtækjum sé þetta alls ekkert vandamál, þ. e. að orlof sé ákveðið í góðum samvinnuanda atvinnurekandans og launamannsins, í slíkum fyrirtækjum sé slíkt ekki vandamál og í raun og veru til fyrirmyndar. En það er hins vegar verra í hinum stærri fyrirtækjum. Þar gerist það, að menn eru skikkaðir til að taka sumarleyfi á tíma sem þeir í raun og veru hvorki vilja né raunverulega geta notað sumarleyfið eins og sumarsleyfi eru hugsuð. Þetta frv. til laga er flutt til að freista þess að ná fram leiðréttingu á þessu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn., og ég vænti þess, að gott samkomulag geti orðið um þetta litla mál.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til félmn. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyt. á lögum um útflutningsgjald.

1. gr. þessa frv. felur í sér leiðréttingu á álögðu útflutningsgjaldi og gjaldi af lagmetisiðnaði í þróunarsjóð lagmetis sem lögfest var með lögum nr. 58/1981. Með þeim lögum var ákveðið að greiða 3% af fob-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna í þróunarsjóð lagmetis. Ætlunin mun jafnframt hafa verið að lækka útflutningsgjaldið sem þessu næmi, úr 5.5% í 2.5%, þannig að gjaldið yrði samtals óbreytt 5.5%. Þetta láðist að gera og hefur því verið innheimt gjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum sem nemur 8.5%. Nauðsynlegt er að leiðrétta þetta og í því skyni er frv. flutt.

Í 2. gr. frv. er sú heimild, sem sjútvrh. hefur nú samkv. lögum til að undanþiggja umbúðir fyrir saltsíld í útreikningi á útflutningsgjaldi, útvíkkuð til að ná jafnframt til saltaðra matarhrogna. Þarna er um mjög líka framleiðslu að ræða og um að ræða mjög mikinn kostnaðarþátt þar sem tunnurnar eru undir slík hrogn. Lagt er til að þessi undanþáguheimild verði látin ná til hvors tveggja.

Herra forseti. Ég hygg að þetta litla mál skýri sig vel eins og það er og þurfi ekki að hafa um það fleiri orð. Læt ég því þessa stuttu framsögu nægja, en leyfi mér að mæla með því, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til sjútvn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166, n. 478, 485 og 491). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. 1. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Þingmenn Alþfl. hafa á yfirstandandi og undanförnum þingum flutt bæði till. og frv. um að dregið yrði úr álagningu tekjuskatta. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 flutti fulltrúi Alþfl. í fjvn., hv. þm. Karvel Pálmason, m. a. tillögur um lækkun tekjuskatts og tilsvarandi niðurskurð á ríkisútgjöldum. Margvíslegt óréttlæti birtist í núverandi tekjuskattaálögum. Með lækkuðum tekjuskatti má treysta kaupmátt heimilanna án verðbólguáhrifa. Auk þess er jaðarskattur á venjulegum meðallaunatekjum allt of hár.

Þrátt fyrir þau augljósu rök, sem þannig hafa verið færð fram fyrir lækkun tekjuskatta, hafa tillögur um þetta efni ekki fengist samþykktar. Alþfl. vill nú enn freista þess að fá stuðning ríkisstjórnarflokkanna við hugmyndir sínar um lækkun tekjuskattsins. Komi slíkur stuðningur fram getur Alþfl. mælt með samþykkt fyrirliggjandi frv.

Að óbreyttum ákvörðunum ríkisstj. um tekjuskattsálagningu telur Alþfl. hins vegar ekki fært að samþykkja fyrirliggjandi frv. þar eð heildarskattbyrði mikils fjölda

launafólks er allt of há.

Það hefur engin tillaga komið fram frá hæstv. ríkisstj. eða þeim aðilum hér í þinginu, sem styðja ríkisstj., um stuðning við tillögur okkar Alþfl.-manna um tekjuskattslækkun, og hefur ekki heldur komið fram í meðferð þessa máls. Eins og skýrt er frá í nál. viljum við Alþfl.-menn taka sama kost og við tókum í hv. Ed., láta þetta mál afskiptalaust og greiða ekki atkv.

Frsm. 2. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Við í 2. minni hl. fjh.- og viðskn. höfum skilað séráliti á þskj. 485. Við teljum, að það hefði komið til greina að styðja að framgangi þessa frv., og höfum í sjálfu sér ekki á móti því, að gjald sem þetta sé lagt á, ef ríkisstj. hefði gætt meiri hófsemdar í öðrum skattaálögum.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 var skattvísitalan ákveðin 150 miðað við 100 árið áður. Hins vegar er talið að tekjubreyting á milli áranna 1980 og 1981 verði a. m. k. 52—53% samkv. mati Þjóðhagsstofnunar. Við afgreiðslu fjárlaga var reiknað með 50% tekjuhækkun milli ára og skattvísitalan var ákveðin í samræmi við það og áætlun sjúkratryggingagjaldsins við þá sömu áætlun miðuð. Það er því ljóst að tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi fara langt fram úr þeirri áætlun sem fjárlög gera ráð fyrir. Þær efnahagsaðgerðir, sem ríkisstj. hefur staðið að það sem liðið er af þessu ári, lækka skatta, að þeir telja um 72 millj. kr. á árinu 1982, en nýir skattar og vanáætlaðar tekjur af tekju- og eignarskatti og sjúkratryggingagjaldi nema 176 millj. kr. Þetta teljum við ærið miklar nýjar skattaálögur og því teljum við ekki ástæðu til að lögfesta til viðbótar þetta frv. Því erum við á móti frv. og leggjum til að það verði fellt.

Frsm. 3. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða tiltölulega einfalt mál, þ. e. að framlengja þau ákvæði um innheimtu sjúkratryggingagjalds sem ákveðin voru á síðasta Alþingi, en þá var sjúkratryggingagjald lækkað mjög verulega. Gert er ráð fyrir að skattstofnar samkv. sjúkratryggingagjaldi breytist í samræmi við skattvísitölu sem var ákveðin í fjárlögum, þannig að frv. þetta styðst í einu og öllu við afgreiðslu fjárlaga.

Það má út af fyrir sig lengi deila um hvort skattar eru of háir eða of lágir. Núverandi stjórnarandstaða hefur haldið margar ræður um það á Alþingi að skattheimta sé allt of mikil í landinu. Ég man nú ekki nákvæmlega hvenær þetta sjúkratryggingagjald var tekið upp, en það var einhvern tíma á árunum 1974—1978, þegar sýnt var að mikil kostnaðaraukning hafði átt sér stað í heilbrigðiskerfinu og með einhverjum hætti þyrfti að standa undir þeirri þjónustu sem þar færi fram. Það er vissulega mikið áhyggjumál hvað kostnaður vex hratt í heilbrigðiskerfinu og með hvaða hætti verði staðið undir þeirri kostnaðaraukningu í framtíðinni, t. d. hvort það muni koma almennt til greina að hækka þetta gjald. Ég er þess fullviss, að við hér á Alþingi munum standa frammi fyrir því á næstu árum að ráða fram úr því, með hvaða hætti verður hægt að halda uppi þeirri þjónustu sem hefur verið komið á í heilbrigðiskerfinu. Ég sé því ekki, að það séu neinar forsendur fyrir að lækka þetta gjald nú, og legg því fyrir hönd 3. minni hl. fjh.- og viðskn., sem í eru hv. þm. Ingólfur Guðnason, Guðrún Hallgrímsdóttir og Halldór Ásgrímsson, eindregið til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18:8 atkv.
2. gr. samþ. með 18:7 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18:3 atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 414, n. 454). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar og mælir nefndin eindregið með því að það verði samþykkt eins og það barst frá Ed. Hafa allir nm. skrifað undir nál.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrisrsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Sameinað þing, 67. fundur.

Þriðjudaginn 23. mars, kl. 2 miðdegis.

Áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins, fsp. (þskj. 361). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. 21. maí s. l. var samþykkt í Sþ. svohljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela menntmrh. að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknarstofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða notendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim munu hljótast. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnmenntun."

Þessi till. var samþykkt hér 21. maí s. l., og þar sem nú er nokkuð um liðið, um tíu mánuðir, síðan till. var samþykkt hef ég leyft mér að bera fram á þskj. 361 svohljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh.: „Hvað líður framkvæmd þál., sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981, um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Spurt er um hvað líði framkvæmd þál., sem samþykkt var á Alþingi 21. maí 1981, um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

Því er til að svara, að af þessu tilefni skipaði ég á vegum menntmrn. vinnunefnd til að fjalla um tölvuvæðingu og reyndar aðra tæknivæðingu í skólum. Formaður þessarar vinnunefndar eða starfshóps er Oddur Benediktsson dósent í Háskólanum, en auk hans eru í starfshópnum Anna Kristjánsdóttir lektor, Halla Björg Baldursdóttir kennari, Jón Torfi Jónasson lektor og Karl Jeppesen fulltrúi.

Auk þess, sem segir í þál., á verksvið hópsins að vera eins og ég skal nú greina frá: 1) Að vinna að gerð stöðuyfirlits yfir tölvu- og aðra tæknivæðingu varðandi upplýsingamál í skólum. Enn fremur skal kanna hvort unnt sé að greina einhverja megindrætti í þeirri þróun sem átt hefur sér stað á síðustu árum. 2) Könnun líklegra áhrifa umræddrar tæknivæðingar á námsefni og kennsluaðferðir svo og menntun og þjálfun nemenda vegna notkunar þessarar tækni í daglegu lífi. Í þessu sambandi skal sérstaklega hugað að menntun kennara. 3) Gerð tillagna um aðgerðir innan skólakerfisins til þess að bregðast við þessari nýju tækni og nýta hana í þágu menntunar og skólastarfs eins og unnt er.

Gert er ráð fyrir að framangreind verkefni nái til grunnskólastigs, framhaldsskólastigs og háskólastigs eftir því sem við verður komið og við á.

Starfshópurinn er kominn vel á stað með þetta verk og mun hann hafa samstarf og á að hafa samstarf við marga aðila. M. a. hefur hann skipulagt fundaröð þar sem fjallað yrði um einstaka þætti málsins, og á fundina er boðið ýmsum aðilum sem á einhvern hátt tengjast þessu máli. Þá er á döfinni könnun á tækjabúnaði og öðrum aðstæðum í skólum sem skipta máli í þessu sambandi.

Ég vil geta þess, að ekki er gert ráð fyrir að neinar sérstakar niðurstöður fáist af þessu starfi fyrr en á haustdögum á þessu ári.

Ég vænti þess, að þessar upplýsingar nægi sem svar við fyrirspurninni.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég sætti mig fullkomlega við þau eins og hann bar þau hér fram.

Hæstv. ráðh. upplýsti m. a. að skipaður hefði verið starfshópur valinkunnra manna til að fjalla um þetta verkefni og þeir mundu væntanlega skila áliti á haustmánuðum. Sennilega er ekki hægt að krefjast þess að öllu hraðar verði unnið að þessu máli. Hins vegar er þetta mjög mikilvægt mál og ég vil undirstrika það sérstaklega hér. Hin mikla breyting, sem er að verða í þjóðfélaginu vegna aukinnar tölvunotkunar, kemur til með að hafa mjög mikil áhrif á skólakerfið, bæði vegna notkunar talva í skólum svo og hvernig skólakerfið bregst við að þjálfa nemendur á þessu ört vaxandi sviði. Þess vegna er mjög mikilvægt að haldið verði fast utan um þetta mál. Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. geri það og fylgist vel með því, sem þarna er að gerast, og reki á eftir því, að þessi vinnuhópur skili störfum á þeim tíma sem áætlað er.

Húsnæðisstofnun ríkisins, fsp. (þskj. 361). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Á þskj. 361 hef ég leyft mér að bera fram fyrirspurnir til hæstv. félmrh. varðandi framkvæmd laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

„1. a) Á hvern hátt hefur Húsnæðisstofnun ríkisins framkvæmt ákvæði VI. kafla laganna að því er varðar tækninýjungar og rannsóknir í byggingariðnaði?

b) Hvernig hefur verið staðið að opinberri samkeppni um gerð uppdráttar af húsum, fylgst með og kynntar tækninýjungar sem stuðlað gætu að lækkun byggingarkostnaðar?

2. a) Hversu háar fjárhæðir hefur stofnunin veitt í lánum eða styrkjum vegna tækninýjunga í byggingariðnaði s. l. tvö ár?

b) Hvaða aðilar hafa fengið þau lán eða styrki?"

Eins og öllum er kunnugt fjallar VI. kafli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um tækni- og þjónustudeild. Hlutverk deildarinnar er tvíþætt: Annars vegar skal hún vera húsnæðisstjórn til ráðuneytis um tæknileg atriði. Hins vegar skal hún veita húsbyggjendum þjónustu með ráðgjöf um byggingarmál og sölu íbúðateikninga. Eitt af verkefnunum er að vera ráðgjafi Húsnæðisstofnunar og stjórnar hennar um tæknimál og annast samskipti við aðra opinbera aðila sem vinna að áætlanagerð, rannsóknum og tilraunum á sviði húsnæðis- og byggingarmála. Hún á einnig að sjá um viðhald og dreifingu teikningasafns stofnunarinnar og afla nýrra lausna með því að gangast fyrir opinberri samkeppni um gerð uppdrátta af húsum og/eða byggingarhlutum og dreifa til byggjenda bestu lausnum sem fást úr slíkri samkeppni. Hún á einnig að fylgjast með og kynna tækninýjungar sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar.

Í 30. gr. laganna stendur að Húsnæðisstofnun sé heimilt að veita lán til að taka í notkun tækninýjungar, enda fylgi útreikningar sem sýni á hvern hátt hún geti leitt til lækkunar byggingarkostnaðar. Og í 31. gr.: Fjárhæð láns og lánstími skal ákveðið hverju sinni með hliðsjón af kostnaði við að koma nýjunginni í notkun og mikilvægi hennar fyrir byggingariðnaðinn.

Það má spyrja: Hvers vegna er verið að spyrja um þetta hér? Ég vil aðeins segja það, að eins og hér kemur fram var annar höfuðtilgangur laga um Húsnæðisstofnun ríkisins að stuðla að lækkun byggingarkostnaðar, efla viðleitni og rannsóknir og nýjungar í byggingariðnaði í samvinnu við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, þar með fyrirgreiðslu til að byggja tilraunahús sem gætu stuðlað að ódýrara og hentugra byggingarformi miðað við okkar aðstæður, og til að nýta innlent byggingarefni og innlent hugvit og tækni. Aðilar, sem eru með ýmsar athyglisverðar tilraunir á þessu sviði, bæði hvað varðar nýjungar í húsagerð, svo sem einangrun og byggingarefni og nýjungar í milliveggja- og útveggjagerð, hafa kvartað yfir því að fá ekki viðunandi fyrirgreiðslu hjá Húsnæðisstofnun ríkisins í samræmi við lögin og ekki heldur hjá Iðnlánasjóði.

Ég ætla ekki í framsögu að fara nánar út í þetta atriði, en ég vænti þess, að hæstv. félmrh. gefi okkur svör við þessum spurningum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Alexanders Stefánssonar aflaði ég mér upplýsinga um það hjá Húsnæðisstofnuninni, hvernig staðið hefði verið að því á hennar vegum að framkvæma þau lagaákvæði sem hv. fyrirspyrjandi vitnaði til. Ætla ég nú að fara yfir svör Húsnæðistofnunarinnar, dagsett 26. febr. 1982.

Í fyrsta lagi fjallar stofnunin um tækninýjungar.

Á fundi húsnæðismálastjórnar 12. maí 1981 var samþykkt að fara þess á leit við Iðntæknistofnun Íslands að hún vinni staðal fyrir stærðarmælingar á teikningum íbúðarhúsa. Jafnframt samþykkti húsnæðismálastjórn að greiða þann kostnað sem af því verki leiðir.

Á fundi húsnæðismálastjórnar 5. maí 1981 var tekið fyrir erindi frá Sturlu Einassyni byggingameistara, Reykjavík, þar sem hann fór fram á fjárstuðning vegna tilrauna með nýjungar í uppsteypu veggja. Stjórnin samþykkti að veita honum fjárhagsfyrirgreiðslu að því tilskildu að nauðsynleg hönnunarvinna, sem á undan færi og hún greiddi kostnað af, leiddi í ljós að stefnt væri í rétta átt. Enn hefur ekki verið gengið eftir þessari fyrirgreiðslu af hálfu byggingameistarans.

Hannes Guðmundsson byggingameistari, Þorlákshöfn, Edgar Guðmundsson verkfræðingur, Reykjavík, og fleiri hafa leitað eftir og fengið fjárhagslega fyrirgreiðslu vegna tilrauna sinna með framleiðslu á verksmiðjuframleiddum innveggjum.

Magnús Thorvaldsson blikksmíðameistari, Borgarnesi, leitaði á s. l. ári eftir fjárhagslegum stuðningi stofnunarinnar vegna framleiðslu á uppistöðueiningum í innveggi. Stjórn stofnunarinnar samþykkti að veita honum umbeðna fyrirgreiðslu að því tilskildu að áður færi fram nauðsynleg hönnunarvinna sem leiddi í ljós að hér væri stefnt í rétta átt.

Á liðnu ári bárust enn fremur umsóknir um fjárhagslega fyrirgreiðslu frá Reyni Sf., Akureyri, Brúnási hf., Egilsstöðum, og þeim Hafsteini Ólafssyni og Halldóri Backman byggingameisturum, Reykjavík. Stjórnin lýsti yfir áhuga sínum á að fylgjast með framvindu þeirra mála sem þeir legðu fyrir stofnunina.

Einum aðila var synjað þar sem talið var að erindi hans ætti heima hjá Iðnlánasjóði.

Á fundi húsnæðismálastjórnar 16. des. 1981 var samþykkt að stofnunin tæki þátt í kostnaði við rannsóknir vegna alkalískemmda. Samþykkt var að þessi kostnaðarhlutdeild mætti nema allt að 40% af kostnaðaráætlun Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins eða 800 þús. kr. Til þessa hefur Húsnæðisstofnunin greitt (við s. l. áramót) 409 078 kr. í þessu skyni.

Á árunum 1975 og 1976 tók Húsnæðisstofnunin ríkan þátt í umfangsmiklum rannsóknum á tvöföldu einangrunargleri sem notað hefur verið hérlendis. Rannsóknir þessar fóru fram á vegum Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og náðu jafnt til innlends sem innflutts einangrunarglers. Þessum rannsóknum mun nú að mestu eða öllu lokið. Stofnunin greiddi til þessara rannsókna 1500 þús. gkr.

Fyrir fáum árum veitti Húsnæðisstofnun umtalsverðar fjárhæðir til stuðnings steypuefnaleit í sjó fram bæði á Vestfjörðum og á Austurlandi.

Nýlega hefur húsnæðismálasstjórn haft forgöngu um stofnun starfshóps nokkurra aðila sem hefur það verkefni að rannsaka gæði og gerð einingahúsa sem byggð eru hér á landi. Á síðasta fundi sínum samþykkti húsnæðismálastjórn að verja allt að 80 þús. kr. til þessa verks sem talið er að kosta muni samtals um 170 þús. kr.

Upp á síðkastið hefur ekki verið efnt til samkeppni um gerð íbúðarhúsa, en tillögur þar að lútandi eru til athugunar hjá Húsnæðisstofnun og í stjórn stofnunarinnar.

Tækninýjungar, sem stuðlað gætu að lækkun byggingarkostnaðar, hafa verið kynntar eftir því sem tök hafa verið á. Hefur það t. d. verið gert með eftirtöldum hætti:

Með aðild að starfsemi Byggingarþjónustunnar vill stofnunin leggja sitt af mörkum til þess að koma sem mestri kynningu á framfæri. Aðrir eignaraðilar að Byggingarþjónustunni eru Arkitektafélag Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Húsnæðisstofnun er aðili að störfum starfshóps hennar sjálfrar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins varðandi orkusparandi aðgerðir í húsbyggingum. Iðnrn. skipaði þennan starfshóp og eru í honum fulltrúar þess, Orkustofnunar, Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og Húsnæðisstofnunar ríkisins. Framkvæmdaaðilar og einstaklingar eiga kost á margvíslegri ráðgjöf á þessu sviði eftir því sem eftir er leitað.

Hér hef ég, herra forseti, lesið upp það svar sem mér barst frá Húsnæðisstofnun ríkisins við fyrirspurn hv. þm. Alexanders Stefánssonar. Af því kemur fram að fjölmargir aðilar hafa leitað til stofnunarinnar um stuðning og fyrirgreiðslu. Þó tel ég að sjálfsögðu víðs fjarri að nægilega hafi verið að gert í þessum efnum. En ég minni á að á því sviði, sem hér er um að ræða, er það ekki einungis Húsnæðisstofnunin sem hefur lagaskyldur. Það á einnig við um Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

Herra forseti. Í tilefni af því, að þessi mál ber hér á góma, vil ég leyfa mér að geta þess, að fyrir nokkru fóru hér fram umræður um alkalískemmdir í húsum og ráðstafanir vegna þeirra á vegum opinberra aðila. Það hefur verið mat félmrn. og Húsnæðisstofnunar ríkisins að ekki væri rétt að taka ákvörðun um tegund fyrirgreiðslu vegna viðgerða á alkalískemmdum fyrr en fullnaðarrannsóknir hefðu farið fram á slíkum skemmdum og því, hvaða leið væri heppilegust til að gera við þær. Þær fullnaðarrannsóknir liggja nú senn fyrir, og strax og um það er að ræða mun Húsnæðisstofnunin taka ákvörðun um það, með hvaða hætti hún, undir flokki viðgerðarlána, kemur til móts við þá sem hafa orðið fyrir tjóni á húsum sínum vegna svokallaðra alkalískemmda.

Ég vænti þess, herra forseti, að fsp. hv. þm. sé svarað

Helgi Seljan: Herra forseti. Mér þykir fsp. mjög svo þörf og vil þakka hv. fyrirspyrjanda að hún skuli koma hér á dagskrá. Hins vegar er enginn tími til þess í fsp.-tíma að ræða þetta mál sem skyldi, en verður trúlega gert síðar á öðrum vettvangi.

Ég held að óhætt sé að fullyrða að þrátt fyrir þann upplestur, sem hæstv. félmrh. las hér frá húsnæðismálastjórn eða Húsnæðisstofnun, þá sé öllum ljóst að þessu máli er engan veginn nógu góður gaumur gefinn. Hér er í raun um eitt þýðingarmesta atriði að ræða, að því er ég tel., í starfsemi Húsnæðisstofnunar ríkisins og þjóðhagslega mikilvægasta alveg tvímælalaust. Það atriði, er snertir tækninýjungar sem geta orðið til þess að lækka byggingarkostnað okkar, er vitanlega eitt af höfuðverkefnum þessarar stofnunar og stjórnar hennar. Ég tel því að það þyrfti að stuðla miklu betur að þeim nýjungum, sem að gagni gætu komið, og setja enn skýrari fyrirmæli um það fyrir þessa stofnun, að hún verði hvetjandi aðili í

þessum efnum, ekki hlutlaus, að ég ekki tali um letjandi, þó að ég sé ekki að væna hana um slíkt.

Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar nú, enda ekki tími til þess. Ég vil taka undir það, að kynning á öllum þessum málum þarf að vera miklu gleggri og betri. Það er ekki nóg að nýjungum sé komið fram, að nýjungin sé viðurkennd. Fólk þarf að vita af henni. Fólk þarf að vita af kostum hennar og því, hvað hún hefur í för með sér.

Að lokum varðandi þá ályktun, sem hér var samþykkt í fyrra frá okkur nokkrum þm., um sérstaka rannsókn á aðferð við útveggjagerð. Ég hefði talið að Húsnæðisstofnunin hefði eftir þá samþykkt Alþingis tvöfalda ástæðu til að sýna hinar jákvæðustu undirtektir og hreinlega hvetja til aðgerða í þá átt sem þar var fyrir mælt.

Fyrirspyrjandi (Alexander Stefánsson): Herra forseti. *Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans.* Vissulega hefur húsnæðismálastjórn gert margt vel í þessum málum. En ég get tekið undir það sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl., að mikið vantar á enn að fullnægjandi sé. Það verður að leggja enn þá meiri og þyngri áherslu einmitt á þennan þátt í sambandi við húsnæðismálin sem gert er ráð fyrir í lögum um Húsnæðisstofnunina að hún eigi að annast. Við hljótum öll að vera sammála um að tækninýjungar til að lækka byggingarkostnað eru það sem hefur mest áhrif, um leið og við hljótum að leita að nýjungum til þess að nýta betur innlend byggingarefni sem við hljótum að vera sammála um að séu næg til í okkar landi. Ekki síst er vert að minna á það nú þegar miklar umræður fara fram um steinullarverksmiðju o. s. frv. Þá hljótum við að leiða hugann að því, að við eigum ýmsa ónýtta möguleika í landinu sjálfu sem við þurfum að taka til athugunar. Ég tel að bæði Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og húsnæðismálastjórn þurfi að gera betur í þessum málum.

Ég vil minna á að hér var samþykkt þál. fyrir nokkru um að gerðar yrðu tilraunir til þess að byggja hús úr innlendu byggingarefni, svokallaðri léttsteypu. Þetta er mál sem þarf að sinna, en ég hef ekki orðið var við að það væri gert.

Ég vil koma því hér að, að ég tel að Sturla Einarsson byggingameistari, sem hefur komið fram með nýja aðferð við uppsteypu húsa í sambandi við burðarveggi og einangrun, hafi alls ekki fengið þá fyrirgreiðslu, sem *hann þyrfti að fá, og jafnvel neyðst til að setja eigið* íbúðarhús að veði eða í sölu til þess að standa undir þeim kostnaði sem hann hefur þegar orðið fyrir. Svo er einnig um Magnús Thorvaldsson blikksmið í Borgarnesi.

Ég hrökk örlítið við ekki alls fyrir löngu þegar ég rakst á grein í Dagblaðinu eftir formann húsnæðismálastjórnar, Ólaf Jónsson, þar sem hann er að gera grein fyrir starfsemi stofnunarinnar. Hann telur að tækninýjungar og rannsóknir í byggingariðnaði séu fyrirferðarmikill þáttur í þessari stofnun, þessum síðasttalda lið hafi þó verið allt of lítið sinnt á síðustu árum og þurfi þar að verða breyting á. Svo segir hann: „Í fjárhagsáætlun stofnunarinnar á þessu ári" — þetta var fyrir s. l. áramót — „eru ætlaðar 2 millj. kr. til rannsóknastarfa og tækninýjunga, en ekki eru horfur á að unnt verði að nota það fjármagn vegna skorts á rannsóknaraðstöðu og starfsmönnum með sérþekkingu á verkefninu." Þetta finnst *mér vera athyglisverð yfirlýsing og benda til þess*, að nauðsynlegt sé að taka þennan þátt í stofnuninni sérstaklega til meðferðar, því að það er sorglegt ef stofnunin getur ekki eytt þeim peningum sem hún hefur yfir að ráða til að sinna þessu nauðsynlega verkefni.

Hins vegar var önnur frétt í Morgunblaðinu sem ástæða er til að gleðjast yfir. Það er viðtal við Edgar Guðmundsson verkfræðing. Hann hefur ásamt fleirum *beitt sér fyrir verksmiðjuframleiðslu á vissri bygging*arnýjung og er að kynna hana og búin að fá einkaleyfi víðs vegar um lönd fyrir þessari nýjung. Þar stendur:

„Í öllu þessu höfum við fengið afburðaþjónustu hér innanlands. Við höfum fengið alla þá fyrirgreiðslu sem við höfum þurft. Við höfum fengið afburðaþjónustu hjá Iðnþróunarsjóði, Landsbankanum, einnig hjá Norræna iðnþróunarsjóðnum, og við höfum fengið sérstaka fyrirgreiðslu hjá iðnaðarráðuneyti og Húsnæðisstofnun ríkisins."

Þarna kveður við nýjan tón og er ekki nema gott um það að segja og undirstrika það, að í þessu tilfelli virðist hafa verið sinnt því hlutverki, sem Húsnæðisstofnunin hefur og aðrar lánastofnanir, að taka rösklega undir slíkar nýjungar og tilraunir. Það er einmitt það sem við erum að leita eftir. Ég vænti þess, að þessi litla fsp. verði til þess, að Húsnæðisstofnunin sinni þessu enn betur en gert hefur verið og ekki þurfi að lesa greinar um það í blöðum að hún hafi ekki nýtt það fjármagn sem hún hefur yfir að ráða í þessu skyni.

Húsnæðisstofnun ríkisins, fsp. (þskj. 407 og þskj. 416). — Ein umr.

Forseti (Jón Helgason): Þannig háttar með 7. og 8. mál á dagskrá, að þær fsp. fjalla báðar um Húsnæðisstofnun ríkisins og eru það skyldar að hæstv. félmrh. mun svara þeim sameiginlega.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Þegar unnið var að samningu frv. til nýrra laga um Húsnæðisstofnun ríkisins veturinn 1978—79 voru margar athuganir gerðar og útreikningar á stöðu byggingarlánasjóðanna, þ. e. Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, m. a. til þess að finna út hve mikið þyrfti að auka fjárframlög ríkissjóðs og annað fjárstreymi til sjóðanna til að unnt yrði að standa við þær stefnumarkanir sem menn höfðu sett sér um nýjar útlánareglur sjóðanna, m. a. þá að auka almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins í 80% af brúttó byggingarkostnaði íbúða á ekki lengri tíma en 10 árum og samsvarandi aukningu lána vegna kaupa á eldri íbúðum. Einn liður í þessari athugun var að framreikna tekjur og gjöld af öllum lánum, sem veitt höfðu verið, og öllum lánum, sem tekin höfðu verið frá árinu 1955 til ársloka 1978. Náði útreikningurinn allt til ársins 2011 og var gengið út frá mismunandi forsendum um verðbólguþróun.

Eitt af því, sem í ljós kom, var að sú hlutfallslega verðtrygging lána sem tekin var upp árið 1974 skilaði óvæntum niðurstöðum. Lánskjörin voru í raun mun þyngri fyrir lántakendur en menn höfðu ætlað. Ástæðan var einkum sú, að vextir reiknast hverju sinni ofan á uppfærslu verðtryggða hluta lánsins. Hann vex stöðugt að hlutfalli, en óverðtryggði hlutinn rýrnar að sama skapi. Leiðir þetta ekki aðeins til hárrar raunávöxtunar, þegar miðað er við lánstímann í heild, heldur einnig til

mjög misþungrar greiðslubyrðar af lánum, því þyngri sem lánin eru til lengri tíma, og greiðslubyrðin þyngist því meira sem lengra líður á lánstímann.

Það sýndi sig að þau kjör, sem ákveðin voru fyrir nýbyggingarlán í maí 1978, þ. e. 9.75% vextir og 60% verðtrygging, jafngilda frá 5.1% meðalársvöxtun í 40% verðbólgu og 7% raunvöxtum í 10% verðbólgu og fara helst ekki niður fyrir 5%, hversu hátt sem verðbólgustigið verður. Þessar niðurstöður leiddu til þess, að 1. ágúst 1979 var lánskjörum breytt þannig að upp var tekin full verðtrygging en vextir lækkaðir í 2%, þ. e. 2% raunvextir í stað 5—7% eins og áður var. Þessar niðurstöður leiddu einnig til þess, að í það frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins, sem í smíðum var, var sett bráðabirgðaákvæði til að létta þessum óeðlilega þungu byrðum af þeim sem lán höfðu tekið á tímabilinu frá ársbyrjun 1974 og fram á mitt ár 1979. Ákvæðið er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Húsnæðisstofnun ríkisins skal í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands hlutast til um að þeim einstaklingum, sem fengið hafa nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, verði gefinn kostur á að skipta á skuldabréfum. Skal þá gefa út nýtt skuldabréf fyrir uppfærðum eftirstöðvum eldra lánsins, enda nemi þær þannig reiknaðar hærri fjárhæð en 1 millj. kr. Bréf þetta skal vera með þeim lánskjörum, sem ákveðin eru í lögum þessum. Eigi skal greiða stimpilgjald af hinum nýju skuldabréfum. Breytingar þessar skal, ef henta þykir, heimilt að framkvæma með sérstakri yfirlýsingu eða viðauka við eldri bréf."

Hér er um mikið sanngirnismál að ræða fyrir viðkomandi lántakendur. Því hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. félmrh. á þskj. 407 um þetta efni, og eins og hér hefur komið fram hefur hv. 4. þm. Vestf. einnig lagt fram fsp. svipaðs eðlis. Fsp. mín er þessi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig hefur til tekist með framkvæmd á 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51 frá 1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?"

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Eins og hv. 5. þm. Suðurl. sagði höfum við spurt efnislega um það sama, hann á þskj. 407 og ég á þskj. 416. Mín fsp. er orðuð á annan veg og er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvers vegna hefur Húsnæðisstofnun ríkisins ekki framkvæmt 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Hvenær mun Húsnæðisstofnun ríkisins gefa þeim einstaklingum, sem fengu nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, kost á að skipta á skuldabréfum fyrir ný skuldabréf með þeim lánskjörum sem ákveðin eru í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?"

Ég sé ekki ástæðu til að fara hér að endurtaka beint það sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði um það, hvað liggur á bak við þessar fsp. okkar. Það er það, að vaxtakjör lána á tímabilinu 1974—1979 hjá Byggingarsjóði ríkisins eru mun lakari en þau vaxtakjör sem nú eru. Gert var ráð fyrir að þessu yrði kippt í lag, og þess vegna var sett það ákvæði til bráðabirgða í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins frá 1980 sem vitnað er til í fsp. minni.

Frá upphafi veðlánakerfisins hefur nokkur hreyfing verið á vaxtakjörunum, hinum beinu vaxtakjörum, og ekki síður hefur verið hreyfing á reglunum um verðbindingu. Árið 1956, þegar almenna veðlánakerfið tók til starfa, var um að ræða tvenns konar lán: Annars vegar svokölluð A-lán sem náðu til 75% af heildarláni og voru til 25 ára með föstum vöxtum, upphaflega 7.25%. Hins vegar voru svokölluð B-lán fyrir 25% af heildarláninu, en það voru lán til 15 ára með 5.5% vöxtum og 100% visitölutryggingu miðað við framfærsluvísitölu. Veðlánakerfið hóf starfsemi sína með þessum lánakjörum. En árið 1964 verður breyting. Þá er horfið frá þessu fyrirkomulagi, öll lán eru 100% verðtryggð og miðað við framfærsluvísitölu en vextir 4.25%. Þetta var ákveðið árið 1964. En það stóð ekki lengi, aðeins í 4 ár. Árið 1968 er enn gerð breyting. Þá er dregið úr verðtryggingunni á þann veg, að ákveðið er að öll lán séu verðtryggð að hálfu, 50% lánanna séu verðtryggð og miðað við framfærsluvísitölu, en vextir séu 4.25%. Alltaf öðru hverju var verið að breyta þessu, og árið 1972 er enn hert á verðtryggingunni. Þá er ákveðið að öll lán verði verðtryggð sem nemur 50% að því marki sem nam meðaltalsvöxtum allt lánstímabilið, en ekki hærra en 7.75%. Þetta var 1972 og gilti til 1974. Enn voru gerðar breytingar árið 1974 sem giltu aðeins í eitt ár, til 1975.

Tími minn er naumur, en ég vil aðeins segja það, að þá voru vextirnir ákveðnir 5.25%, en verðtryggingin var 3/10 af hækkun byggingarvísitölu. Árin 1975—1978 eru vextirnir 6.25% og verðtryggingin 4/10 af hækkun byggingarkostnaðar. Árið 1978 eru svo vextirnir ákveðnir 8.75% og verðtryggingin 6/10 af hækkun byggingarvísitölu.

Þessi lán með hlutfallslegri verðtryggingu og þetta háum vöxtum eru ákaflega óhagstæð. Það má ekki bregðast að þegar í stað verði kippt í lag þessum vaxtakjörum eins og lofað var og tekið fram í bráðabirgðaákvæðum við húsnæðislöggjöfina frá 1980. Fsp. mín veit að því að spyrja hæstv. ráðh. um hvað dvelji „Orminn langa" í þessu efni. Er ekki hægt að hefjast þegar handa um þessa lagfæringu?

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Tveir hv. þm. hafa lagt fyrir mig fsp. um framkvæmd á 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Í fyrsta lagi er um að ræða fsp. frá hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni á þskj. 407, en hann orðar spurningu sína á þessa leið:

„Hvernig hefur til tekist með framkvæmd á 2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?"

Í öðru lagi er svo um að ræða fsp. á þskj. 416 frá hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, en fsp. hans er á þessa leið:

„Hvers vegna hefur Húsnæðisstofnun ríkisins ekki framkvæmt" — stendur hér — „2. tölul. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?"

Hv. þm. fullyrðir m. ö. o. í fsp. að þetta hafi ekki verið framkvæmt, en síðan segir hér áfram: „Hvenær mun Húsnæðisstofnun ríkisins gefa þeim einstaklingum, sem fengu nýbyggingarlánin á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, kost á að skipta á skuldabréfum fyrir ný skuldabréf með þeim lánskjörum sem ákveðin eru í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?"

Ég mun nú, herra forseti, að höfðu samráði við fyrirspyrjendur, svara þessum fsp. báðum í senn.

Umræddur 2. töluliður í ákvæðum til bráðabirgða í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins hljóðar svo:

„Húsnæðisstofnunin skal í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands hlutast til um að þeim einstaklingum, sem fengið hafa nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, verði gefinn kostur á að skipta á skuldabréfum. Skal þá gefa út nýtt skuldabréf fyrir uppfærðum eftirstöðvum eldra lánsins, enda nemi þær þannig reiknaðar hærri fjárhæð en 1 millj. kr. Bréf þetta skal vera með þeim lánskjörum sem ákveðin eru í lögum þessum. Eigi skal greiða stimpilgjald af hinum nýju skuldabréfum. Breytingar þessar skal, ef henta þykir, heimilt að framkvæma með sérstakri yfirlýsingu eða viðauka við eldri bréf."

Ég fór þess á leit við Landsbanka Íslands, veðdeild, sem hefur haft með þessi mál að gera, að veðdeildin upplýsti mig um hvernig hefði gengið með framkvæmd á þessu ákvæði. Það kom í ljós að allmargir aðilar höfðu spurst fyrir um þetta ákvæði. Aðeins einn hafði óskað eftir að skuldabréfum hans yrði breytt. Þessar upplýsingar frá veðdeild Landsbankans voru að sönnu ákaflega stuttaralegar, en staðreyndin er engu að síður þessi, að aðeins einn aðili hefur ákveðið að nota þessa lagaheimild. Hins vegar er ljóst, og því vil ég lýsa hér yfir og láta koma fram, að stofnunin hlýtur að skipta um bréf samkv. þessu lagaákvæði hvenær sem farið verður fram á slíkt.

Í upplýsingum frá veðdeild Landsbanka Íslands, dags. 11. mars 1982 er fjallað nokkuð um þessi mál og greiðslubyrði sérstaklega. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki hefur endanlega verið skoðuð greiðslubyrði lána með 3/10 og 4/10 hluta af hækkun byggingarvísitölu miðað við núgildandi lán, 2.25% með fullri verðtryggingu. En telja má víst að þau séu svipuð og þá heldur betri en gildandi lánskjör. Á þetta einkum við um lán til 26 ára, nýbyggingarlán, og lán til kaupa á eldri íbúðum, sem eru til 15 ára. Lán, sem hafa hlutfallslega verðtryggingu 6/10 af hækkun byggingarvísitölu, eru sannanlega með þyngri greiðslubyrði en almenn lán í dag „eins og fram kemur síðar í töflu sem veðdeildin lét mér í té." Á þetta sérstaklega við um lán sem eru til 26 ára og 33 ára, með 6/10 verðtryggingu af byggingarvísitölu. Hins vegar á þetta ekki við um lán sem eru til 15 ára. Þau sýnast vera hagstæðari eftir gömlu kjörunum en núgildandi kjör bjóða upp á. Þessum óhagstæðari lánum, þ. e. til 26 ára og 33 ára með 6/10 af hækkun byggingarvísitölu, var úthlutað á tímabilinu frá 1. maí 1978 til 1. júlí 1979, þannig að hér er fyrst og fremst um að ræða tvo lánaflokka frá þessu tiltekna tímabili, 14 mánaða tímabili, frá 1. maí 1978 til 1. júlí 1979."

Í töflu Húsnæðisstofnunar ríkisins og veðdeildarinnar um þessi mál kemur fram að lánin með 60% verðtryggingu miðað við byggingarvísitölu eru með um það bil 4% raunvexti þegar þau eru til 26 ára og tæplega 5% raunvexti þegar þau eru til 33 ára. Aftur á móti eru lánin, þegar þau eru til 15 ára, með rétt liðlega 2% raunvöxtum. Þau lán, sem hér er um að ræða, þ. e. 33 ára lánin, voru eingöngu veitt vegna leiguíbúða sveitarfélaga og að sjálfsögðu mundi Húsnæðisstofnun ríkisins, hvenær sem sveitarfélög færu fram á það, vera reiðubúin til að breyta þeim skuldabréfum í núgildandi skuldabréfaform samkv. því ákvæði til bráðabirgða sem hv. þm. eru hér að spyrja um framkvæmd á.

Þannig liggur fyrir, herra forseti, að allt frá því að lögin tóku gildi á árinu 1980 hefur Húsnæðisstofnun ríkisins verið tilbúin að breyta þeim bréfum sem menn hafa verið með og hafa talið óhagstæðari en þau bréf sem menn eiga nú kost á. Stofnuninni hafa borist margar fsp. um þetta, en aðeins hefur einn aðili óskað beinlínis eftir breytingum á lánskjörum á skuldabréfum.

Nú kann að vera að það væri eðlilegra að fara þannig í framkvæmdina á þessu að vekja athygli allra þeirra, sem bréfin hafa, á því, að þeir gætu skipt á skuldabréfum með þeim hætti sem hér er til umr. Ég hef rætt það við formann húsnæðismálastjórnar, að þessir möguleikar um skipti á skuldabréfum verði kynntir eða auglýstir sérstaklega, svo að þeir sem vilja geti fengið leiðréttingu mála sinna þar sem það á við. En eins og ég sagði hér á undan er fyrst og fremst um að ræða lán sem tekin voru á ákveðnu tímabili, þ. e. frá 1. maí 1978 til 1. júlí 1979, og þó aðeins hluta þeirra lána, þ. e. þau lán sem eru til 26 ára eða 33 ára. Og það eru sveitarfélögin sem eru með lánin til 33 ára.

Ég vona, herra forseti, að ég hafi svarað fsp. hv. þm.

Siggeir Björnsson: Herra forseti. Ég vil taka undir nauðsyn þess að breyta kjörum á lánum Húsnæðisstofnunar ríkisins eins og hér hefur verið spurt um, nota þá heimild sem lög hafa gefið um það. En þetta er ekki nóg fyrirgreiðsla til þeirra sem voru að byggja á þeim árum þegar þessi kerfisbreyting var að ganga yfir. Lánin frá Húsnæðisstofnun voru lág. Húsbyggjendur þurftu að fjármagna byggingar sínar með vaxtaaukalánum og öðrum skammtímalánum til tveggja til átta ára frá almennum lánastofnunum, eins og raunar hefur alltaf þurft að gera. En á þessum árum voru vextir almennt að hækka í landinu og meira að segja lánin að styttast. Margir gerðu sér alls ekki grein fyrir því, að þeir voru búnir að binda sér þunga fjárhagslega bagga með því að ráðast í bygginu, og nú ráða þessir menn ekki við þá fjárhagslegu byrði með óbreyttum tekjum. Það er því nauðsyn að veita þeim mönnum, sem byggðu á árunum 1978—1980, aðstoð eða fyrirgreiðslu hjá hinu almenna bankakerfi vegna lausaskuldalána sem tekin voru á þessum árum. Má ekki vænta þess, að félmrn. beiti sér fyrir að bankakerfið veiti slíka fyrirgreiðslu?

Einkum er þetta mikið vandamál víða úti á landi þar sem sölumöguleikar á íbúðum og húsum eru nánast engir. Það er þó möguleiki að selja hér í þéttbýlinu og fá fullt verð fyrir, þó að ekki sé sá kostur góður. En sá kostur er alls ekki fyrir hendi víða úti á landi. Er því ekkert að gera fyrir fjölskylduna, sem hefur verið að byggja, annað en að skerða lífskjör sín verulega eða láta gera sig upp.

Hér er alls ekki um slíkan fjölda húsbyggjenda að ræða að það geti verið mikið mál fyrir bankakerfið að láta í té þá fyrirgreiðslu, sem ég hef hér rætt um, að veita þeim, sem byggðu á þessum árum, svipaða aðstöðu og þeir hafa sem áður byggðu og nú eru að byggja, sem sé að létta hina árlegu greiðslubyrði vegna bygingarinnar. Auk þess þarf ríkisvaldið að stuðla að því á allan hátt að hvetja einstaklingana til að byggja yfir sig, m. a. í því skyni að virkja það geysimikla vinnuafl sem einstaklingarnir leggja fram. Þjóðfélagið hefur alls ekki efni á að hafna því framlagi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til þess, þegar rætt er um ávöxtunarkjör lána sem Húsnæðisstofnun veitir, að taka fram nokkur atriði sem stundum gleymast.

Það er ljóst að sífellt lægra hlutfall fæst úr byggingarsjóði ríkisins miðað við staðalíbúð og sífellt lægra hlutfall ráðstöfunarfjár kemur frá ríkinu, miðað við það

fé sem taka verður að láni hjá lífeyrissjóðunum.

Nú síðast þegar hæstv. ríkisstj. hækkaði vexti af spariskírteinum ríkissjóðs upp í 3.5% fylgdu lífeyrissjóðirnir að sjálfsögðu á eftir. Menn sjá hvað gerist í þessu kerfi þegar húsnæðismálastjórn verður að taka lán með 3.5% vöxtum ofan á verðtrygginguna til 12—14 ára, á sama tíma og lánað er út með 2% eða 2.5% vöxtum til 26 ára. Allir sjá hvað gerist á næstu 10—15 árum í slíku kerfi.

Í öðru lagi hlýtur það að vera umhugsunar virði, hvernig fara á að þegar lánskjaravísitalan hækkar langt umfram verðbótavísitölu, eins og gerðist á s. l. ári vegna verðbótaskerðingar þeirrar sem átti sér stað af hálfu ríkisstj. og hæstv. félmrh. kallaði undir fögru nafni: „slétt skipti".

Í þriðja lagi held ég að ástæða sé til að í þessum umr. komi fram varðandi launaskattinn að til þess að það standist, sem lýst hefur verið yfir, að 2/3 af kerfinu skuli vera hjá Byggingarsjóði ríkisins og 1/3 hjá verkamannabústöðum, má halda því fram, að það vanti 185 millj. kr. úr ríkissjóði vegna vangoldins launaskatts inn í Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta jafngildir 370 tveggja herbergja íbúðum á staðgreiðsluverði og er hærri upphæð en öll sú upphæð sem Húsnæðisstofnun ríkisins eða Byggingarsjóður ríkisins ætlar að lána til nýbygginga á þessu ári, en samkv. sögn Sigurðar E. Guðmundssonar framkvæmdastjóra munu það vera 164 millj. kr.

Þannig hefur hæstv. ríkisstj., sem nú situr, farið með Húsnæðisstofnunina. Það er full ástæða til þess, herra forseti, að það komi fram við þessa umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Það kom fram í svari hæstv. ráðh., að Húsnæðisstofnun hefur lítið sem ekkert gert til þess að uppfylla ákvæði laga að þessu leyti. Í lögunum stendur: „Húsnæðisstofnun skal hlutast til um." Það er ekkert að hlutast til um þó að hún svari einhverri fsp. Hún á auðvitað að skrifa öllum viðkomandi aðilum bréf og segja þeim að mögulegt sé að gera þetta. Það getur enginn þakkað henni fyrir það, þó að hún svari símahringingum og vísi á veðdeild Landsbankans eða eitthvað því um líkt.

Hæstv. ráðh. kom inn á það, að 26 ára lánin væru núna með 4% vexti. Þau eru með 5.1% í 40% verðbólgu, 4% var það í 60% verðbólgu eða þar fyrir ofan. Þau eru með 5.1% vexti í 40% verðbólgu, 26 ára lánin, og lánin vegna leigu- og söluíbúða sveitarfélaga eru með 7% í 40% verðbólgu, svo að það er enn þá verra en kom fram í máli hæstv. ráðh.

Það er auðvitað hárrétt, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Suðurl., að það er engan veginn nægileg fyrirgreiðsla þó að þetta sé gert. Það er sömuleiðis rétt hjá hv. 10. þm. Reykv., að fyrirgreiðsla og framlög til Byggingarsjóðs ríkisins og það sem hann getur gert er allt að verða að engu. Sannleikurinn er sá, að það er að verða að engu í höndunum á núv. hæstv. ríkisstj. Það er minna í krónum, sem Byggingarsjóður ríkisins fær núna frá ríkissjóði, en það var árið 1979, en lántökurnar hafa fertugfaldast. Byggingarsjóður ríkisins tekur nú 40 sinnum meira að láni en hann tók 1979, en fær tæplega sömu krónutölu frá ríkissjóði. Öll framlög ríkissjóðs fara bráðlega að borga mismun á vöxtum, út og inn, eins og kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv. Þarna er því verulegur munur á.

Eigi að síður þakka ég hæstv. ráðh. fyrir svarið og vonast til þess að þessar fsp. og umr. um þær verði til þess, að húsnæðismálastjórn ríkisins framkvæmi ótvíræða lagaskyldu sína í þessum efnum.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þau svör sem hann hefur gefið við fsp. minni. Hann gaf þær upplýsingar, að það væri ekki nema hluti af lánunum, sem voru veitt 1978—1979 af Byggingarsjóði, sem væri með óhagstæðari kjörum en þau lán sem nú eru veitt, — þau lán, sem væru til skemmri tíma væru ekki með óhagstæðari kjörum. Ég vefengi að sjálfsögðu ekki þessar upplýsingar, en ég bendi á það, að þegar húsnæðislöggjöfin var sett 1980 og bráðabirgðaákvæði það, sem vitnað er til í fsp. minni, var gert ráð fyrir að um væri að ræða lán með óhagstæðari lánakjörum á tímabilinu 1974—1979. Hæstv. ráðh. sagði að hann hefði töflu eða útreikninga yfir árin 1978—1979. Það voru líka töflur og útreikningar yfir tímabilið 1974—1979 þegar húsnæðislöggjöfin var sett. Ég reikna með, að það hafi verið réttar tölur, og það þarf ekki að hrekja það sem hæstv. ráðh. var að segja. En ég bendi á þetta til þess að undirstrika mikilvægi þessa máls. Það var gaumgæfilega athugað þegar húsnæðislöggjöfin var sett 1980, og ég hygg að það hafi verið rétt með farið þá.

Hæstv. ráðh. gaf þær upplýsingar, að allmargir hefðu spurst fyrir um breytingar á þeim lánum sem hér um ræðir hjá húsnæðismálastjórn, en aðeins einn aðili hafi lýst sig fúsan að taka hið hagkvæmara lán. Ég fékk einhverjar svipaðar upplýsingar hjá húsnæðismálastjórn eða veðdeild Landsbankans. En þetta er mér ekki nægilegt. Eins og hv. 5. þm. Suðurl. tók fram er gert ráð fyrir því í lögum, að húsnæðismálastjórn skuli í samráði við veðdeild Landsbanka Íslands hlutast til um að þetta sé gert. Það hefur ekki verið gert. Fsp. mín er borin fram til þess að vekja athygli ekki síst á þessari staðreynd, í því trausti að hæstv. félmrh. láti ekki sitja við það ástand, sem er í þessum efnum, heldur gefi húsnæðismálastjórn bein fyrirmæli um að framkvæma þetta ákvæði laganna eins og ætlast var til þegar þau voru sett.

Hér hefur af öðrum verið komið inn á húsnæðismálin að öðru leyti. Ég tek undir það sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði um mikilvægi þess að aðstoða þá sem hafa ekki fengið nægileg föst lán til þess að standa undir byggingarkostnaði. Ég tek undir það sem hv. 10. þm. Reykv. sagði um ástandið í húsnæðismálunum. En ég ætla ekki að fara að ræða það. Ég held ég láti nægja núna að vísa til þess sem ég hef sagt í mörgum ræðum á þessu þingi um þau mál.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég ætla ekki frekar en hv. síðasti ræðumaður að fara hér út í húsnæðismálin almennt í þessum fsp.-tíma. Ég steig nú aðallega í stólinn til að svara hv. þm. Siggeiri Björnssyni, 6. þm. Suðurl., vegna þeirra sem hafa byggt og fengið lán á árunum 1978 og 1979, lenda á milli húsnæðislánakerfa, hins gamla og hins nýja, og telja þar af leiðandi að þeir búi við heldur óhagstæðari kjör en aðrir. Vegna þessa og vegna þess að athygli mín var vakin á þessu skrifaði ég húsnæðismálastjórn og leitaði eftir því, að hún tæki á þessu máli sérstaklega og kannaði fyrir mig í hverju þessi munur lægi aðallega. Í framhaldi af könnun húsnæðismálastjórnar sneri ég mér til bankanna og fór fram á að þeir tækju á þessu máli. Þeir hafa aftur svarað og óskað eftir að þeir fái til viðræðna hvern einstakan

mann sem þannig stendur á um að hann telji sig hafa borið þyngri byrði frá þessum árum. Bankarnir hafa haft góð orð um að koma til móts við þá einstaklinga að svo miklu leyti sem þarna er um mismun að ræða. — Ég ætla sem sagt ekki að fara út í almennar umr. um húsnæðismál. Ég gæti gjarnan gert það, en ætla ekki að gera það núna.

Ég ætla að segja eitt að lokum, og það er þetta:

Ég fullyrði að fyrirgreiðsla opinberra aðila við húsnæðiskerfið á Íslandi er síst minni, ef ekki meiri, en í grannlöndum okkar. Það er einn þáttur í peningakerfi íslensku þjóðarinnar sem hefur ekki fengist til skipulegs samstarfs í húsnæðismálum. Það er bankakerfið. Meðan það fæst ekki til skipulegs samstarfs í húsnæðismálum er hætt við að við Íslendingar munum eiga erfitt með að ráða við okkar opinbera húsnæðislánakerfi. Ég fullyrði að svona sé þetta, og þetta er grundvallaratriði í mínum huga.

Ef við ætlum að reisa húsnæðislánakerfið í landinu verulega við að tryggja að lánað verði til húsbyggjenda og þeirra, sem kaupa íbúðir, skaplegt hlutfall af verði, bæði byggingarverði og kaupverði á gömlum íbúðum, þá verður bankakerfið að koma til sögunnar í mjög verulegum mæli. Þrátt fyrir tilraunir til þess á undanförnum árum, ítrekaðar tilraunir margra ríkisstjórna og margra ráðherra, að fá bankana til að taka þátt í þessu hefur það ekki tekist. Það hefur ekki tekist enn þá. Það er mjög alvarleg staðreynd sem vert er að hafa í huga.

Auðvitað hafa bankarnir ekki takmarkalausa fjármuni fremur en aðrir. En hitt er ljóst, að það er algerlega fráleitt að bankakerfið á Íslandi skuli í rauninni vera það eina á Norðurlöndum sem hefur ekki fengist til að taka skipulega þátt í því að byggja upp húsnæði fyrir fólk eða kaupa eldra húsnæði. Það er sá grundvallarvandi sem við er að glíma í húsnæðismálum á Íslandi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það var stórkostlegt að hlusta á hæstv. ráðh. flytja þessa ræðu. Þetta er sá hæstv. ráðh. sem stendur að því að leggja nýja skatta á bankakerfið. Hver greiðir þá að lokum? Þetta er sá hæstv. ráðh. sem segir í skýrslu til Alþingis að nú eigi innlenda bankakerfið að taka meiri þátt í innlendum framkvæmdum til að spara megi erlend lán. Þetta er sá hæstv. ráðh. sem hefur staðið að því að hækka vexti af spariskírteinum ríkissjóðs þannig að peningarnir streyma úr bankakerfinu til kaupa á slíkum bréfum, fjármagnið sogast til ríkisins. Og þetta er sá hæstv. ráðh. sem í fyrra lét gera samninga við bankakerfið og sparisjóðina um að þeir tækju þátt í að fjármagna það sem á vantaði í húsnæðiskerfinu. Í nýjustu yfirlýsingu ríkisstj., í skýrslu um efnahagsmál, kemur fram að nú eigi að breyta þeim lánum í ný lán. Og þá spyr ég: Hvað er eftir fyrir hina nýju húsbyggjendur sem þurfa að koma í þetta sama bankakerfi sem búið er að ræna og rupla af núv. hæstv. ríkisstj.? Hvað um þessa nýju húsbyggjendur? Þessu svaraði hæstv. ráðh. ekki. Hann kaus að fara fram hjá þessu atriði í ræðu sinni vegna þess að þar stendur hann á gati. Þar getur hann ekki svarað. Þar er hans málstaður slæmur.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Mér þykir hæstv. félmrh. vera kokhraustur um ágæti sitt sem yfirmanns húsnæðismála í landinu sömu dagana og stjórn verkamannabústaða hér í Reykjavík situr sveitt yfir því að úthluta íbúðum. Ég hygg að það sé rétt hjá mér, að það sæki fjórum sinnum fleiri um íbúðir en möguleiki er að veita fyrirgreiðslu. Ég veit ekki eftir hvaða reglum hæstv. félmrh. hugsar sér að stjórnin fari, og væri skemmtilegt að fá um það upplýsingar hjá honum núna hverjir eigi að sitja fyrir eða hvaða hugmyndir hann hefur um hvað bíður þeirra rétt um 1000 manns sem enga úrlausn fá núna í sambandi við úthlutun verkamannabústaða. Hvenær mega þeir vænta þess að fá íbúðir? Getur hæstv. félmrh. svarað því, hann sem svo mjög ágætti dugnað sinn í þessum málum þegar hann settist í stólinn?

Svo kemur hann hér upp og segir að aðalvandi okkar í húsnæðismálunum sé sá, að hið almenna bankakerfi geti ekki lánað. Segir ekki hæstv. landbrh. að aðalvandamál Bjargráðasjóðs sé það í sambandi við harðindin fyrir norðan og hallæri bændanna þar, að hið almenna bankakerfi vilji ekki lána? Hvað segir hæstv. sjútvrh. þegar hann er spurður að því, hvernig togararnir eigi að ganga? Hann segir að hið almenna bankakerfi eigi að standa undir hallarekstrinum. Hvað segir iðnrh. þegar talað er um SÍS-verksmiðjurnar á Akureyri og þær eigi að ganga? Er það þá ekki hið almenna bankakerfi sem á að standa undir öllum hallanum? Og á sama tíma og bankakerfið á að standa undir æ þyngri kröfum vegna óstjórnar þessarar ríkisstj. eru hæstv. ráðherrar að reyna að afsaka sig með því, að bankakerfið geti ekki spýtt út peningum hér og þar eftir þeirra geðþótta. Ríkisstjórninni væri nær að reyna að tryggja einhvern grundvöll atvinnulífsins og gera mögulegt að einhvers staðar myndist hagnaður í þessu þjóðfélagi þannig að annaðhvort fólkið sjálft eða atvinnureksturinn eigi eitthvað afgangs til að leggja inn í bankana. En auðvitað getur fólk þetta ekki, af því að skattarnir hafa þyngst, álögurnar hafa aukist og óstjórnin magnast, báknið þanist út.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er gaman að heyra í vinum bankanna hérna, sérstaklega hv. þm. Halldóri Blöndal, sem blæs sig út, eins og hann gerir yfirleitt þegar hann kemur hér í ræðustólinn, í þetta skipti yfir því, að ríkisstj. fari illa með bankana og geri ósanngjarnar kröfur til vesalings bankanna. Bankakerfið er sá lítilmagni sem Sjálfstfl. telur helst ástæðu til að taka upp hanskann fyrir í þjóðfélaginu nú orðið. Ég ætla að benda hv. þm. á að á síðasta ári gerðist það, að sparifjáraukning í landinu jókst með þeim hætti að nam 3% af þjóðarframleiðslu. Hefur þjóðin aldrei sparað annað eins og undir stjórn hæstv. núv. ríkisstj. Þó margt megi henni til lasts finna er ástæðulaust að halda ekki því til haga sem hún hefur vel gert. Ég veit að hv. 7. landsk. þm. er svo sanngjarn maður að hann viðurkennir þessa staðreynd.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Svo segir í gamalli vísu að norðan:

> Margur blásinn belgur sprakk,
> bljúgur laut að Fróni,
> í sem glettin ungfrú stakk
> ástar títuprjóni.

Það er rétt að hæstv. félmrh. blæs ekki lengur út. Það er búið að stinga á honum svo að hann lognast einhvern veginn út af. En sleppum því.

Það er verið að tala um sparnað í þjóðfélaginu. Kemur

þessi sparnaður fram í því að fleira fólk leggur út í að reisa þak yfir höfuðið á sér? Þar var býsna mikill sparnaður hér áður. Eigum við að bera þann sparnað saman við það sem nú er? Auðvitað er það kjarni málsins í þessum deilum, að peningavandamálið í sambandi við húsnæðismálin hlýtur að magnast þegar það er gert helst ómögulegt fyrir einstaklingana að standa sjálfir í húsbyggingu.

Ég man eftir því þegar hæstv. forsrh. var borgarstjóri, hvað honum tókst vel upp í smáíbúðahverfinu. Það væri ráð að hann fræddi hæstv. félmrh., af því að það fer nú vel á með þeim, eitthvað um það, fyrir hverju hann beitti sér þegar hann var á hans aldri. Það getur vel verið að það kæmi þá í ljós, að hæstv. félmrh. byggi yfir einhverjum óvæntum dugnaði og hæfileikum og gæti kannske líka tileinkað sér þetta í fari hæstv. forsrh. Það er síður en svo að hæstv. forsrh. hafi ekki stundum staðið sig vel. Þess vegna héldum við upp á hann, að hann gerði oft margt vel. Ég vil nú mælast til þess við hæstv. forsrh., að hann segi félmrh. pínulítið til í sambandi við húsnæðismálin. Þá mundum við kannske eignast annað smáíbúðahverfi einhvers staðar uppi í Breiðholtinu.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hélt að ég þyrfti ekki að biðja aftur um orðið. Hæstv. félmrh. gaf þá yfirlýsingu áðan, að hann ætlaði ekki að fara að tala um húsnæðismálin almennt. En hann gerði það heldur betur og tók sérstaklega bankakerfið fyrir og hallmælti bönkunum að vilja ekki vera jákvæðir í húsnæðismálunum. Þetta minnir mig á það, að þegar veðlánakerfið var sett upp var það byggt upp í samráði við og með aðstoð og með beinni þátttöku bankanna. Ég hef nokkuð fylgst með þessu í gegnum árin. Ég hef ekki orðið var við að það hafi verið viljaleysi af hálfu bankanna, heldur hafi vandinn verið hvernig ætti að ráðstafa því takmarkaða fé sem bankarnir hafa.

Hæstv. ráðh. hefur sýnt meira ráðleysi í húsnæðismálunum en dæmi eru til af nokkrum félmrh., og á ég þá við það, hvernig hann hefur staðið að því að svipta almenna veðlánakerfið og Byggingarsjóð ríkisins þeim tekjustofnum sem hafa staðið undir eðlilegum rekstri.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Aðeins örfá orð í sambandi við þau orð sem hér hafa fallið um peningamál og bankana.

Ég hef nýlega fengið í hendur skýrslu frá Seðlabanka Íslands um framvindu peningamála á árinu 1981. Samkv. þeirri skýrslu kemur fram að sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hækkaði meðaltal heildarinnlána um 3.5% á árinu 1981 og náði hærra en það hefur áður gert síðan 1973. Það kemur einnig fram í þessari skýrslu, að á árinu í heild nam aukning útlána 69% og innlána 71%. Lausafjárstaðan féll nokkuð frá apríl til nóvembermánaðar, eða um 158 millj., og í árslok var hún orðin 259 millj. kr. samanborið við 319 millj. í ársbyrjun. Ýmislegt fleira kemur fram í þessari skýrslu, en þetta eru kannske þau atriði sem ástæða er til að nefna að gefnu tilefni.

Til viðbótar vil ég upplýsa það, að ég átti í viðræðum við Seðlabankann og Landsbankann og bankakerfið um möguleika á að bankarnir tækju frekari þátt í fjármögnun húsnæðismála. Þeim viðræðum er ekki að fullu lokið, en það hefur komið fram, að bankakerfið lánar til húsnæðismála um það bil 100 milljarða gkr. þegar allt er lagt saman, bankarnir og sparisjóðirnir. Þetta eru ekki skipulagsbundin lán, heldur er þetta lánastarfsemi sem fer fram í bankakerfinu í sambandi við húsnæðismálin, sjálfsagt langsamlega mest til að brúa bil sem fólk þarf að brúa í sambandi við húsbyggingar, og sumt meira og minna varanleg lán. Í fyrra gerðist það, að bankarnir skuldbreyttu, eins og kunnugt er, lausaskuldum húsbyggjenda í nokkrum mæli. Eins og kom fram hjá hæstv. félmrh. hafa þeir tekið vel í að athuga slík mál ef þau berast þeim, en hafa að vísu bent á að það sé örðugt að hefja allsherjarskuldbreytingu ár eftir ár því að það muni hafa í för með sér vaxandi vanskil manna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér þykir hæstv. félmrh. vera kokhraustur hér í umr. En það virðist svo með suma einstaklinga að þeir kunni ekki að fyrirverða sig, og það á við um hæstv. ráðh.

Hann vék hér að því, að sparifjáraukning hefði orðið mest í tíð núv. ríkisstj., og mátti á honum skilja að það væri vegna aðildar Alþb. að ríkisstj. Ekki er þetta svo. Þetta hefur gerst þrátt fyrir að Alþb. hefur beitt sér gegn þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið til að fá sparifjáreigendur í landinu til að ávaxta fé sitt með eðlilegum hætti. Mönnum er öllum ljóst að Alþb. hefur barist gegn vaxtahækkun á innlánsfé. Það er því afskaplega sérkennilegt að verða vitni að því, að hæstv. ráðh., formaður Alþb., skuli koma upp í ræðustól á Alþingi og í raun og veru hæla sér og sínum flokki fyrir það sem vel hefur tekist, þrátt fyrir að sá flokkur hefur barist gegn því og það lengi. En svona virðist málum komið í íslenskri pólitík. (Gripið fram í.) Ég var ekki á Alþingi, því miður, þegar þetta gerðist. Ég er að tala um þá stefnu Alþfl. sem hafði aukin sparnað í för með sér. Hæstv. ráðh. barðist gegn henni alla tíð og hefur gert enn, en kemur svo hér upp og hælir sér af því, hvernig hún hefur reynst.

En þetta er ekki einsdæmi. Það er öllum ljóst, sem til þekkja og vilja þekkja, að í tíð núv. hæstv. ríkisstj. hefur það gerst í byggingarmálum, í Byggingarsjóði ríkisins, í verkamannabústaðakerfinu, að það fer minna raunverulegt fjármagn til þessara framkvæmda en verið hefur. Og enn skal hert á þessari ól. Ég veit ekki betur en uppi séu hugmyndir í ríkisstjórnarflokkunum um að skerða enn frekar framlög til verkamannabústaðakerfisins með afgreiðslu lánsfjárlaga hér á Alþingi, væntanlega á næstu dögum. Það er einn sjóðurinn, verkamannabústaðasjóðurinn, sem á að skerða enn. Svona mun haldið áfram þangað til rjúkandi rústir eru í þessum þætti í stjórn efnahagsmála eins og í öðrum þáttum þjóðmála í tíð núv. ríkisstj. En vei yður, hræsnari! má segja við hæstv. félmrh. þegar hann kemur hér upp og ætlar að hæla sér af því hvernig hefur þróast í innlánsaukningu peningastofnana í landinu.

Bókasafn Landsbankans og Seðlabankans, fsp. (þskj. 430). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. til hæstv. viðskrh., en hún liggur frammi á þskj. 430. Fsp. varðar bókasafn Landsbankans og Seðlabankans að Einholti 4.

Það má öllum ljóst vera að nokkurn tíma tekur að setja sig inn í starfsemi hinna ýmsu fyrirtækja þjóðarinnar, og starfsdagur alþm. nægir þar ekki til nema starfsár verði

nokkur. Við lestur hinna ýmsu gagna, sem okkur alþm. berast, rekumst við öðru hverju á þætti sem við þekkjum lítið til. Þannig fór fyrir mér við lestur ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1980. Á bls 68 getur að líta skrá yfir *fastafjármuni bankans og þar á meðal húseignina* Einholt 4, sem ég vissi ekki hvað geymdi. Brunabótamat þessarar eignar var í árslok 1980 455 gamlar millj. Neðar á síðunni er getið um bóka- og myntsafn sem metið er til tryggingа þá á 155 millj.

Við athugun kom í ljós að umrætt bóka- og myntsafn reyndist einmitt vera til húsa að Einholti 4. Í ljós kom að ekki var þessa stofnun að finna í símaskrá, en auðvelt að fá beint samband frá skiptiborði Seðlabankans. Ég fór því fram á að fá að skoða þetta safnahús og fékk til þess góðfúslegt leyfi forstöðumanns. Ekki fór þá á milli mála að þetta stóð mér aðeins til boða vegna stöðu minnar hér á Alþingi. Í mig hringdi síðan Baldvin Jónsson hrl. og bauð mér fylgd um safnið, sem ég vitanlega þáði, en sögu þess þekkir hann öðrum betur. Ég bauð síðan með mér borgarbókaverði Reykjavíkurborgar, Elfu Björk Gunnarsdóttur, sem mikillar virðingar nýtur sem afburða fagmaður í bókasafnsfræðum. Fyrir heimsóknina í safnið reyndi ég að finna bókaskrá og ársreikning safnsins, en hvorugt virtist á lausu fyrir almenning.

Því er ekki að leyna, að okkur rak báðar í rogastans að finna svo mikið og dýrmætt bókasafn og svo allt annars eðlis en gefið er til kynna í skrá yfir rannsóknar- og sérfræðibókasöfn opinberra stofnana og félagasamtaka í Reykjavík sem gefin er út 1977. Þar segir svo um efnissvið safnsins og safngögn og fleira, með leyfi forseta:

„Efnissvið: Hagfræði, viðskiptafræði, lögfræði, stjórnmál, íslenskir atvinnuvegir, saga sýslna og héraða, afmælisrit, ævisögur, yngri og eldri tímarit, fágætar bækur, bókfræðirit og almenn uppsláttarrit."

„Safngögn," segir nokkru síðar: „Bækur, tímarit, skjöl, kort og ljósmyndir úr sögu bankanna (ekki vitað um fjölda safngagna, sennilega nokkur þúsund bindi), aðgangur að ljósritunarvél."

Í þessu mikla og glæsilega safni getur að líta æðimiklu meira en það sem þarna er greint, auk þess sem safnið er vart til vinnu fyrir starfslið bankanna þar sem varla er stól eða borð að finna fyrir gesti, en að sögn eiga starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka að eiga aðgang að safninu. Engin bók er lánuð út og ekki leyndi sér að safnvörðum er lítið áhugamál að fólk noti safnið.

Þarna gat í stuttu máli að líta fegurstu bækur sem ég — og ég held einnig borgarbókavörður — hef augum litið í svo miklu magni hér á landi. Nær hver einasta bók er bundin í fegursta skinnband og eiga starfsmenn bókbandsstofu safnsins mikinn heiður skilinn fyrir handbragð sitt. Sama má segja um annað starfsfólk sem augljóslega sinnir bókunum af mikilli alúð. Þarna er að finna mikið úrval fagurbókmennta af öllu tagi, auk hundraða sjaldgæfra bóka. Sumum hverjum á Landsbókasafn landsins ekki eintak af.

Engum getum þarf að því að leiða við skoðun slíks safns, að gífurlegt fjármagn liggur í því. Í ljós kom og að forstöðumaður hefur nær frjálsar hendur um kaup á bókum og hlýtur það að teljast til algerrar undantekningar í þeirri stétt.

Sem áhugamaður um bókasöfn landsins og starfsemi þeirra skal ég síst amast við safni fagurra bóka, en þegar almannafé er notað til slíkrar starfsemi hlýtur að teljast eðlilegt að leita eftir tilgangi og tilurð hennar.

Við lestur laga um Seðlabanka Íslands, nr. 10 frá 1961, er ekki að finna ákvæði um rekstur bókasafns né söfnun sjaldgæfra bókmenntalegra dýrgripa. Aðrar stofnanir hafa samkv. lögum það hlutverk. Fjárveitingar til þeirra eru miskunnarlaust skornar niður á ári hverju, en bókasafn Seðlabankans sýnist ekki skorta fé. Ég spurði þó nokkra alþm. um þetta safn eftir heimsóknina þangað, en enginn viðmælenda minna, sem voru ekki undir 10, hafði hugmynd um hvar það væri til húsa. (Forseti hringir.) Ég er rétt að verða búin, herra forseti. — Hvað skyldi þá þjóðin vita um það? Fsp. vakti enda nokkra athygli þegar hún var lögð fram og m. a. gerði blaðamaður Tímans heimsókn sína þangað og taldi sér ekki vel tekið.

Í viðtali við hv. þm. Halldór Ásgrímsson í Tímanum 11. mars s. l. kemur fram að keyptar voru bækur og tímarit árið 1980 fyrir um það bil 30 gamlar millj. kr. Það sama ár voru keyptar bækur og tímarit fyrir háskólabókasafn landsins fyrir 53 millj. kr., en það safn skal vera undirstaða fræða og vísinda í landinu. Þessar tölur sýna að hér er á ferðinni safn sem er meira en hálfdrættingur á við háskólabókasafn. Munurinn er einnig sá, að bókakaup þess safns eru samþykkt af yfirvöldum, en erfitt er að sjá hver hefur samþykkt bókakaup Seðlabankans.

Ég mun reyna að stytta mál mitt, herra forseti, og áður en lengra er haldið vil ég því beina þeim spurningum, sem hér liggja fyrir á þskj. 430, til hæstv. viðskrh., en þær hljóða svo, með leyfi forseta:

1. Hvenær var umrætt bókasafn stofnað og hvert var upphaflega hlutverk þess? Hvenær flutti það í núverandi húsnæði og hve mikið rými er því ætlað.
2. Hver er heildarkostnaður við bókasafnið frá upphafi miðað við núvirði:
   a) við húsnæði, innbú og tæki,
   b) við launagreiðslur, — en við bókasafnið eitt vinna nú 5 manns,
   c) við bókakaup,
   d) við annan rekstrarkostnað.
3. Eru ársskýrsla safnsins og ársreikningur ásamt bókaskrá gefin út?
4. Hve margir starfsmenn vinna við safnið og við hvað? Starfar bókasafnsfræðingur við safnið?
5. Hvert er hlutverk safnsins nú, hverjir eiga aðgang að því og hve margir nýttu sér hann s. l. ár?
6. Hvaða aðili fer með yfirstjórn safnsins og hver ber á því fjárhagslega ábyrgð?

Almenningsbókasöfn landsins eru nú fjársvelt svo að mörg þeirra þjóna á engan hátt tilgangi þeim sem lög mæla fyrir um. Á því berum við alþm. fulla ábyrgð. Það hlýtur því að vera nokkurt undrunarefni að finna fyrir tilviljun glæsilegra bókasafn en flest almenningsbókasöfn eru, rekið af almannafé, án þess að nokkur maður viti um tilvist þess úti í þjóðfélaginu. Ég vænti því að hæstv. viðskrh. gefi okkur alþm. á því nokkra skýringu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 8. landsk. þm. hefur beint til mín spurningum varðandi bóka- og skjalasafn Landsbankans og Seðlabankans. Ég óskaði þegar eftir því við þessar stofnanir, að þær gæfu mér skýrslu um málið, og mun ég nú rekja svör bankanna hér á eftir. — Fyrst vil ég rekja svar Seðlabankans:

„Upphaf bóka- og skjalasafns Seðlabankans sem skipulagðs safns má rekja aftur til ársins 1962, en þá var hafist handa um flokkun margvíslegra gagna í eigu

Landsbanka Íslands og Seðlabankans er geymd voru í kjallara Neskirkju. Var hér um að ræða alls kyns skjöl og bókhaldsgögn, er náðu allt aftur til stofnunar Landsbankans árið 1886. Auk þess hafði í þessum stofnunum safnast á löngum starfsferli þó nokkur bókakostur, þ. á m. bækur og tímarit til notkunar fyrir stjórnir og sérfræðinga bankanna.

Seðlabankinn var formlega stofnaður í apríl 1961, en fjórum árum áður hafði stjórn hans og starfsemi verið algerlega skilin frá viðskiptabankahluta Landsbankans. Það má reyndar segja að Seðlabankinn hafi í reynd verið stofnaður með lögum nr. 33 frá 1957, en þá var sett sérstök stjórn yfir tvær deildir Landsbanka Íslands, annars vegar viðskiptadeild og hina deildina sem hét samkv. þeim lögum Seðlabanki Íslands, og það var sérstök bankastjórn einnig fyrir hvora deildina um sig. Seðlabankinn hafði þá þegar komið á laggirnar nokkrum vísi að bóka- og skjalasafni.

Á árinu 1962 var gert samkomulag milli bankanna tveggja um að koma upp sameiginlegu safni þar sem öllum sögulegum gögnum, sem ástæða þætti til að varðveita, yrði komið fyrir, auk bóka og annars efnis er varðaði sögu þeirra og þróun efnahagsmála. Var þá skjalavörður, hagfræðingur að mennt, ráðinn að safninu að hálfu hjá hvorri stofnun.

Húsnæðið í kjallara Neskirkju varð brátt ófullnægjandi og var safnið flutt í geymsluhúsnæði Landsbankans að Höfðatúni 6 á árinu 1967. Smám saman bættist við bókasafnið og varð sú viðbót að mestu á vegum Seðlabankans. Einnig óx skjalasafnið og hafist var handa að koma upp mynt- og seðlasafni. Hafði skjalavörðurinn nokkuð frjálsar hendur um uppbyggingu og skipulag safnanna í öllum almennum atriðum, en meiri háttar ákvarðanir vour bornar undir bankastjórnir viðkomandi banka. Af hálfu stjórnar Seðlabankans var ákveðið að stefna markvisst að því að koma upp vönduðu safni um bankakerfið í landinu og jafnframt um atvinnulíf og almenna landshagi fyrr og síðar.

Með stækkun safnanna og vaxandi þörf Seðlabankans fyrir geymslurými fyrir bókhaldsgögn og alls konar skjöl var ákveðið að Seðlabankinn kæmi sér upp eigin húsnæði, m. a. fyrir starfsemi af þessu tagi. Keypt var íbúðarhús að Einholti 4 og það stækkað og lagfært. Var flutt í húsið vorið 1980 og fengu söfnin um þriðjung hússins eða ca. 450 fermetra, en þar af eru 100 fermetrar ætlaðir mynt- og seðlasafni.

Söfnuninni í Einholti má skipta í fjóra flokka:

1. Íslenskar bækur, skýrslur, blöð og tímarit.
2. Erlendar bækur, skýrslur og tímarit, erlendar bækur aðallega um Ísland.
3. Söguleg skjöl Landsbanka og Seðlabanka með væntanlegri viðbót frá öðrum bönkum, svo sem Íslandsbanka.
4. Mynt- og seðlasafn.

Hlutverk og uppbygging safnanna fer eftir eðli þeirra hvers um sig.

Í bókasafninu er að finna hvers konar bækur, opinberar skýrslur og smárit, sem fjalla um hagsögu og stjórnmál landsins bæði fyrr og síðar. Einnig er þar mikið af almennum sögulegum ritum er lýsa þróun þjóðfélagsins í gegnum aldirnar, þ. á m. söknarlýsingar, staðalýsingar og almennar landlýsingar. Í erlenda safninu eru margvísleg hagfræðirit, bæði sígild og nútímaverk, einnig ýmis tímarit og bankaskýrslur svo og aðrar skýrslur frá fjölda erlendra stofnana sem Íslendingar eiga viðskipti við með einhverjum hætti.

Í skjalasafninu eru öll skjöl Seðlabankans svo og söguleg skjöl Landsbankans frá upphafi, enda var Seðlabankinn í raun lengst af hluti hans. Einnig eru þar sérsöfn, svo sem bréfa- og skjalasafn Tryggva Gunnarssonar og skjalasafn Jóns Árnasonar. Mynt- og seðlasafn er að stofni til safn er Seðlabankahluti Landsbankans átti. Var um að ræða bæði innlenda peninga og erlenda er víða höfðu borist að í gegnum árin.

Eftir að viðunandi húsnæði hafði verið tryggt var gert samkomulag við Þjóðminjasafnið um að Seðlabankinn kæmi upp og varðveitti sameiginlegt þjóðarsafn seðla og myntar og er það nú orðið verulegt að vöxtum. Bíður safnið nú endanlegrar uppsetningar í Einholti 4 og gera menn sér vonir um að frágangi þess ljúki á þessu ári og þá verði hægt að opna það almenningi til sýnis.

Kostnaði við rekstur safnanna hefur ekki verið haldið aðgreindum frá öðrum rekstrarkostnaði þeirrar starfsemi sem er í Einholti 4. Hins vegar eru öll kaup safnanna færð sérstaklega og var varið til bókasafnsins 59 715 kr. árið 1980 og 138 763 kr. á árinu 1981. Eftir að safnið komst í viðunandi húsnæði hefur skipulega verið unnið að faglegri skráningu þess og er m. a. stefnt að því, að íslenski hlutinn verði tölvuskráður í samvinnu við Landsbókasafnið.

Við áðurnefnd söfn starfa nú forstöðumaður, sem einnig hefur umsjón með annarri starfsemi í Einholti 4, bókasafnsfræðingur í hálfu starfi, bókbindari, aðstoðarmaður, sem einnig vinnur önnur störf, skrifstofumaður í hálfu starfi við söfnin. Búist er við að fækka megi starfsfólki þegar skráningu og frágangi safnsins hefur að fullu verið lokið.

Hlutverk safnsins er að þjóna starfsmönnum bankanna og öðrum þeim sem vilja kynna sér atvinnusögu landsins og efnahagsmál á hverjum tíma. Utanaðkomandi umgengni hefur verið lítil til þessa, enda hafa söfnin verið í uppbyggingu og mótun. Skipulag, skráning og hið nýja húsnæði skapa hins vegar skilyrði til breyttra starfshátta, og er að því stefnt að fræðimenn geti fengið aðgang að því til rannsóknastarfa. Á síðasta ári var gert samkomulag við Landsbankann um að Seðlabankinn bæri allan kostnað af vörslu safnanna og stjórni þeim."

Þetta var svar Seðlabankans. Nú les ég svar Landsbanka Íslands:

„Eins og kunnugt er hefur Landsbankinn starfað í nálægt 100 ár. Á þeim tíma hafa safnast saman til varðveislu ýmis gögn, skjöl og bækur, bæði prentað mál og skrifað. Þar er fyrst og fremst um að ræða bókhaldsgögn bankans, en auk þess margvíslegt innlent og erlent efni af ýmsu tagi viðvíkjandi bankastarfsemi og fjármálum, hagfræðirit, skýrslur, reikningsyfirlit, árbækur og sitthvað fleira sem meira og minna söfnunargildi hefur. Nefna má sýnishorn af bókhaldsbókum, fundargerðarbækur, minnisblöð frá starfsmönnum bankans o. fl. Að sjálfsögðu hefur margt verið eyðilagt, en reynt að geyma það markverðasta. Sumt hefur því miður eyðilagst bæði vegna ófullnægjandi og slæmra geymslna og nokkuð vegna hirðuleysis.

Árið 1967 keypti bankinn gamalt verksmiðjuhús við Höfðatún 6. Húsið var nokkuð lagfært og komið þar fyrir birgðastöð fyrir eyðublöð og skrifstofugögn bankans. Auk þess eru þar geymd gömul fylgiskjöl, sem skylt er að geyma lögum samkvæmt í tiltekinn tíma þangað til þau

má eyðileggja. Á þennan stað var safnað saman því er til náðist af áðurnefndum söfnunarverðmætum, þ. á m. frá útibúum úti á landi. Þá hafði nokkuð verið flokkað af þessum gögnum, lítils háttar bundið inn af bókum og gert við band á öðrum, plöggum raðað í möppur og komið fyrir á aðgengilegan hátt. Var því haldið áfram næstu árin. Um bókakaup né bókasafn í þess orðs merkingu var ekki að ræða, en bókaeign Landsbankans var lítil önnur en að framan getur. Þó þarf óhjákvæmilega að kaupa nokkuð af nauðsynlegum handbókum, sem margar ganga úr sér og úreldast á stuttum tíma.

16. febr. 1981 var gert samkomulag við Seðlabankann um að hann tæki að sér að geyma í Einholti 4 áðurnefnd gögn Landsbankans er varðveita þarf til frambúðar og verið höfðu í vörslu skjala- og birgðavarða Landsbankans og Seðlabankans að Höfðatúni 6. Þar var fyrst og fremst um að ræða þau gögn Landsbankans er teljast hafa sögulega þýðingu og verulegt varðveislugildi. Haft var í huga að þau notuðust með safni Seðlabankans og jafnframt var gert ráð fyrir að frá Útvegsbankanum eða Íslandsbanka kæmu sambærileg gögn er notuðust í *heildarsafnið*.

Ekki er hægt að svara spurningunni um heildarkostnað frá upphafi í þessu sambandi, hvorki að því er snertir húsnæði, launagreiðslur, bókakaup né annan rekstrarkostnað. Allt þetta hefur fallið í almennan rekstur bankans og er um óverulega fjárhæð að ræða. Þá skal þess getið, að Seðlabankanum hefur ekki verið greitt fyrir vörsluna eftir að þetta var flutt í Einholt 4. Ekki hefur verið tilefni til að semja ársskýrslu, en verið er að gera skrá yfir áðurnefnd gögn.

Varðandi 4. spurninguna er vísað til skýringa og svara Seðlabankans.

Hagnýting gagna Landsbankans er fyrst og fremst í sögulegum og fræðilegum tilgangi fyrir þá er það varðar, en bætt aðstaða til að nota gögnin mun verða fyrir hendi innan skamms að Einholti 4. Bankastjórn Seðlabankans fer með yfirstjórn safnsins að Einholti 4. Að því er snertir eignarhluta Landsbankans í gögnum þar fellur stjórn hans undir bankastjórn Landsbankans eins og aðrar eignir hans." (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. — „Hefur hún tilnefnt sérstakan mann til að fylgjast með þeim af sinni hálfu."

Ég hef raunar litlu við þessi svör að bæta annað en það, að ég heimsótti safnið í gær og kynnti mér nokkuð meginefni þess sem safnað hefur verið og áður er lýst. Húsnæði er hið besta, allur viðbúnaður er góður og myndarlega og menningarlega að málum staðið. Ég hygg að frá menningarlegu, sögulegu og raunar sérfræðisjónarmiði sé fengur að þessari starfsemi. Þarna eru varðveitt dýrmæt skjöl, bréf og bækur. Þarna er t. d. allt bréfasafn Tryggva Gunnarssonar, sem er gífurlega mikið að vöxtum. Kann að orka tvímælis hvar á að geyma slík verðmæti, en þau eru þarna í góðri vörslu og í fullri reglu og reiðu. Þá er talsvert mikið af bókum. Ég heyrði að hv. fyrirspyrjandi gerði nokkra grein fyrir þeim. Ég fór ekki ítarlega út í það, hvaða bækur þarna væru. Ég spurðist þó fyrir um hvort Jón Oddur og Jón Bjarni væru þarna og fékk þau svör að þeir væru þar ekki. Hins vegar var látið í það skína að það mætti kannske bæta úr því.

Að sjálfsögðu má deila um hvaða mörk skal miða við þegar um svona skjalasöfn, bréfasöfn og bókasöfn er að ræða, og skal ég ekki hætta mér út á þá braut.

Myntsafnið, sem þarna er verið að koma fyrir, er mjög verðmætt. Til marks um hvað það er verðmætt var mér sýndur einseyringur frá árinu 1881, danskur einseyringur, sem er búinn að vera í vörslu safnsins um langa hríð, sennilega frá því fyrir aldamót. Svona einseyringur var seldur í fyrra á 20 þús. danskar krónur. Þetta er ósköp nöturlegur og lítið ásjálegur einseyringur, satt best að segja. En þetta er dæmi um þau verðmæti sem þarna eru geymd. Þarna eru náttúrlega til margir mjög verðmætir munir sem þarf að hafa í reiðu á þurrum og góðum stað.

Ég dreg ekki í efa að upplýsingar hv. fyrirspyrjanda um mat á eignum og önnur möt, sem hún nefndi, eru réttar. Ég hef ekki kynnt mér það. En ég get látið þau orð falla hér, að ég var dálítið undrandi þegar ég skoðaði þetta safn. Mér fannst safnið vera veglegt. Mér fannst það myndarlegt. Mér fannst ákaflega vel að þessu staðið að *flestu leyti*. Það er ekki búið að skrásetja það, eins og kom fram í svörum bankanna. Það er verið að því. Þess vegna er það ekki tilbúið til notkunar eins og ætlunin er að verði síðar meir. En ég vil aðeins endurtaka að ég álít að þarna sé um að ræða starfsemi sem hæfir bókaþjóð eins og okkur Íslendingum.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svör hans þó að mér þyki þau duga skammt við þeim meginatriðum sem ég hef viljað fá svör við.

Ég vil upplýsa það strax, að ég verð að hryggja aðstandendur bókasafns Seðlabankans með því, að ég mun ekki senda þeim eintök af mínum bókum vegna þess að þær eru skrifaðar til að verða lesnar. Ég gæfi þá frekar aukaeintök til annarra bókasafna þar sem þjóðin kemur og les þær bækur sem hún á.

Sannleikurinn er þó sá, að margt af þeim upplýsingum, sem fram komu, var harla áhugavert. Það kemur fram að við getum ekki fengið að vita hvað þessi stofnun kostar, hvað hefur verið miklu fé í hana eytt. Það er kannske ekki að furða. Þegar lesin eru lög um Seðlabanka Íslands er fyrst sagt í VII. kafla að yfirstjórn Seðlabankans sé í höndum ráðh. þess, sem fer með bankamál, og bankaráðs, en síðan segir: „bankastjórn ber ábyrgð á rekstri Seðlabankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum," segir hér. Síðan segir um arðinn af starfsemi Seðlabankans, með leyfi forseta:

„Af tekjum ársins skal greiða allan rekstrarkostnað svo og tap sem bankinn hefur orðið fyrir á árinu. — Af *tekjuafgangi þeim, sem þá er eftir, skal greiða 5% arð af* stofnfé bankans, enda nemi arðgreiðsla aldrei hærri upphæð en helmingi tekjuafgangsins. Bankaráð getur þó eftir tillögu bankastjórnar ákveðið hærri arðgreiðslu, ef aðstæður leyfa. Þeim hluta tekjuafgangsins, sem ekki er greiddur út sem arður, skal bankaráð ráðstafa til varasjóða bankans og deilda hans eftir tillögu bankastjórnarinnar."

Ég hlýt að halda að m. a. sé þetta fé notað til að reka þetta myndarlega bókasafn, sem því miður er ekki opið eins og segir í Tímanum í viðtali við formann bankaráðs, hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Þar er fyrirsögnin: „Þetta er ekki lokað safn." Þetta er lokað safn, herra formaður. Hér kom að máli við mig maður áður en þingfundur hófst sem hafði reynt að komast inn í safnið, en var sagt að hann gæti kannske hringt eftir helgi. Það kalla ég lokað bókasafn, herra formaður.

En það er lítill tími hér. Meginspurningarnar má taka

saman í örfá orð: Hverjir annast verðveislu bóka á Íslandi lögum samkvæmt? Er það Seðlabanki Íslands? Hér var mikil umr. um húsnæðismál áðan og hæstv. félmrh. kvartaði yfir því að bankarnir vildu lítið til þeirra leggja. Það væri kannske ráð að leggja eitthvað af þessu fé til húsnæðisbygginga fyrir almenning en ekki í þjattbókasafn, sem enginn veit fyrir hvern er. Ég hef talað við æðimarga starfsmenn Landsbanka og Seðlabanka sem hafa aldrei stigið fæti inn í þetta safn, og ég efast um að þeir fengju að koma þar þó þeir færu þangað.

Hér er um að ræða heila stofnun sem hefur slíkt húsnæði að einn stór salur þar stendur galtómur. Þar stendur að vísu eitt langborð með heldur nöturlegum stólum í kring. Ég spurði hvað ætti að gera við þennan sal? — Jú, hann á að hýsa bókasafnið ef það stækkar, en þangað til er hann fundarsalur bygginganefndar húsbyggingar Seðlabankans. Ég gæti rekið sem borgarfulltrúi í Reykjavík tvö dagheimili í þessum sal. Ég vil ekki láta fara svona með peninga þjóðarinnar. Það hefur enginn hér inni á hinu háa Alþingi gefið bankaráði Seðlabankans umboð til þess. (Forseti hringir.) Augnablik forseti. Ég skal rétt ljúka máli mínu.

Út er gefin samskrá Landsbókasafns, Háskólabókasafns og 10—11 annarra bókasafna þar sem eiga að vera upplýsingar um allar bækur sem til eru í opinberum bókasöfnum. Seðlabanki Íslands hirðir ekki um að taka þátt í þessari samskrá. Þegar beðið var um það kom það, sem keypt hafði verið 1980 af erlendum tímaritum og er niðri í Austurstræti 11, þ.e. eitthvert tímaritarusl sem starfsfólkinu er ætlað að lesa.

Það er engar upplýsingar hægt að fá um hvað í þessu safni er. Bókavörður taldi að ekki væri þar undir 14—15 þús. bindum, en inni í Dugguvogi 9—11 eru bækur, sem ekki eru komnar í þetta safn, ásamt geymslu Háskólabókasafns.

Í Finnlandi t. d. hygg ég að arður af seðlabanka renni að hluta beint í ríkissjóð. Við getum hæglega notað þessa peninga, ef við fengjum að ráða hvað við gerum við þá.

Menn segja: Þetta er opið fræðimönnum. Vill ekki formaður bankaráðs Seðlabankans, sem ætlar að standa hér upp, sé ég er, fræða mig um hvernig Seðlabankinn skilgreinir orðið fræðimaður. Það væri fróðlegt að vita.

Mig langar líka að vita hvort þeir fimm starfsmenn, sem vinna við bókasafn Seðlabankans, hafa verið ráðnir til þeirra starfa gegnum ráðninganefnd ríkisins. Það væri fróðlegt að vita.

Sannleikurinn er sá, að upplýsingarnar, sem koma frá bönkunum, eru kannske ekki ósannar, en þær eru ekki nema hálfur sannleikur. Þarna er stofnun, sem ekkert okkar hefur hugmynd um, nema örfáar manneskjur sem hafa kynnt sér málið, og kostar hundruð gamalla milljóna. Þarna eru dýrgripir fyrir guð má vita hve mikið fé, enda er augljóst að þarna er lagt kapp á að ná í sjaldgæfa gripi. Mér var raunar sagt í leiðinni, til þess að ég vissi alveg hvar ég stæði, að félagi Karl Marx, sem var þó hagfræðingur hvað sem öðru líður, yrði ekki bundinn í skinn því að safnmenn væru á móti honum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er auðvitað eðlilegt að hv. þm. Guðrún Helgadóttir skuli bera fram spurningar hér um þetta bókasafn, vegna þess að augljóst er að það er fínna, í það er meira lagt og í það hafa farið meiri fjármunir heldur en algengt er um slíkar stofnanir. Ég vil þó leiða hjá mér að mörg orð mætti hafa um flottheit og pjatt á vegum Seðlabankans. Eitt er þó alveg ljóst og verður að vera það sem kemur út úr þessari umr., að þetta safn verður að vera öllum opið sem það vilja nota. Það gengur ekki og er ekki rétt, hvernig sem á er litið, að safn eins og þetta skuli aðeins vera opið fyrir einhverja fáa útvalda. Burt séð frá öllu öðru, burt séð frá fjáraustri, burt séð frá því, hvað mönnum finnst vera pjatt og flottheit, sem menn eflaust geta haft mismunandi skoðanir á, þá gengur það ekki að safn af þessu tagi sé ekki opið nema fyrir einhverja fáa útvalda. Þetta safn verður að vera öllum opið sem það vilja nota. Ég treysti því, að hæstv. ráðh. vilji taka undir þau sjónarmið og vinna að því að svo verði gert.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir beindi spurningum til mín í sambandi við þetta safn. Ég vil segja það, að ég tel mikilvægt í okkar þjóðfélagi að öllum menningarverðmætum sé bjargað, og til þess að bjarga menningarverðmætum þarf að eyða fjármagni. Seðlabanki Íslands og Landsbanki Íslands hafa gert sér far um að bjarga þeim verðmætum sem rekið hefur á fjörur bankanna í gegnum áratugina með ýmsum hætti. Það hlýtur að teljast eðlilegt, og ég veit að allir þm. eru mér sammála um það, að slíku á að bjarga frá glötun. Hvort á að binda það í skinnband eða með hverjum hætti eða geyma það skal ég ekki leggja dóm á, en það, sem þarna hefur verið gert, er að mínu mati mjög merkilegt starf. Hv. þm. mætti hafa í huga að í það húsnæði, sem þessar bækur eru geymdar í núna, var flutt vorið 1980 og verið er að koma þessum bókum þarna fyrir. Ég veit að hv. þm. hefur tekið eftir því, að það er mjög mikið starf að ganga frá öllum þeim gripum sem þarna eru. Þegar því er lokið verður þetta safn opnað. Að sjálfsögðu, eins og hefur komið fram, er þetta safn fyrst og fremst fyrir fræðimenn. Að mínu mati kemur ekki til mála að fara að lána út úr þessu safni. Þetta er ekki safn sem er byggt upp til útlána. Þetta er safn sem er byggt upp sem varðveislusafn og safn til þess að stunda rannsóknarstörf. Og þá væri nær fyrir hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem gefur sig út fyrir að vera mikinn vin menningarverðmæta, að gleðjast yfir því, að öllum þeim verðmætum, sem þarna eru, hefur verið bjargað frá glötun.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Við eigum mikið af merkum stofnunum í þessu landi. Sumar komast ekki sómasamlega yfir að sinna þeim verkefnum sem þeim eru ætluð, e. t. v. vegna fjárskorts, en aðrar virðast varla komast yfir að koma í lóg þeim fjármunum sem þær hafa undir höndum, e. t. v. vegna þess að það er erfitt að fá lóðir. En það gladdi mig sem menntamálanefndarmann að átta mig á því, að til væri stofnun í landinu sem ynni að menningarmálum og hefði til þess næga fjármuni. Við erum satt best að segja á hreinum hrakhólum með Sinfóníuhljómsveitina, og hv. formaður fjvn. hefur verið ákaflega tregur á að samþykkja það sem bráðustu nauðsyn fyrir þjóðina að veita henni fjármuni.

Mín fsp. er hvort hugsanlegt sé að Seðlabankinn taki nú að sér rekstur hljómsveitarinnar, m. a. til að viðhalda þeim menningararfi sem þar er um að ræða, og hlaupi einnig undir bagga af því að það er takmarkað fjármagn sem veitt er til menningarmála.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég var satt að segja hálfundrandi á þeim pjatttón sem var í ræðu hv. fyrirspyrjanda, hv. 8. landsk. þm., sem hefur þó gefið sig út fyrir að vera menningarsnobb. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það er til mikils vansa fyrir okkur, hversu margvíslegum menningarverðmætum er lítill gaumur gefinn í þessu þjóðfélagi. Á undanförnum áratugum hefur ómetanlegur skaði verið unninn vegna hirðuleysis ekki aðeins ríkisvaldsins, heldur einnig einstakra bankamanna, kaupmanna, kaupmannasamtaka, verkalýðsfélaga og þar fram eftir götunum.

Hins vegar hefur það orðið gifta okkar, að óvenjulegur hirðumaður hefur orðið bókavörður í bókasafni Seðlabankans sem ekkert lætur framhjá sér fara og er vakinn og sofinn í því starfi að gera sem mest og best úr þeim fjármunum sem hann fær til að byggja þetta safn upp. Hv. þm. var að reyna að gera lítið úr því þó stjórn Seðlabankans og Landsbankans sýndi þessum manni traust, en það er einungis eðlileg afleiðing af því, að maðurinn hefur reynst starfi sínu vaxinn.

Ég vil benda á að það er ekki aðeins að bankarnir hafi komið sér upp myndarlegu bókasafni og safni handrita, heldur kaupa þeir á ári hverju töluvert mikið af málverkum, svo að ég nefni dæmi. Á hverju ári getum við séð merkilegar málverkasýningar sem ríkisbankarnir halda og raunar aðrir bankar á sínum listaverkum, og hefur ekki verið talið eftir hér á Alþingi. Þessi hreyfing er ekki einungis þarna og tek ég undir það með hv. 5. þm. Vestf. Það er gaman að vita til þess, að til skuli vera stofnanir í þjóðfélaginu sem eigi fé aflögu til menningarstarfsemi. Ég vil þar einnig nefna Alþýðusamband Íslands, en það hefur orðið ríkinu fyrirmynd að því, hvernig reka eigi listasafn, svo að ég taki annað dæmi, færa það út til fólksins og á vinnustaðina. Á hinn bóginn er svo vesældarlega búið að Listasafninu að það hefur engin starfsskilyrði til þess að rísa undir nafni, hvað þá meir.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil taka undir það með hv. 3. þm. Austurl., formanni bankaráðs Seðlabankans, að það þarf að eiga fjármagn til að bjarga verðmætum frá glötun. Þetta er alveg rétt. En ég lít þannig á að ríkisstarfsmenn, í hvaða stofnun sem þeir vinna, hvort sem það eru bankarnir eða aðrir, geti ekki verið sjálfskipaðir verðmætagæsluaðilar, þeir geti ekki sjálfir ráðstafað eignum og því fjármagni, sem bankarnir eiga, á þann hátt sem þeir ákveða frá einum tíma til annars. Þeir geta ekki ætlað sér slíkt hlutverk. Það er afmarkað hvaða störfum þeir eiga að gegna sem ráðnir bankastjórar. Ég tel að það sé alveg sama hve aðilinn er fjársterkur, hvort það er ríkisstofnun eða forstöðumenn, þeir hljóta að sækja sína heimild til þess að rástafa fjármagni almennings eða sinna stofnana.

Það, sem ég vil undirstrika hér og ég tel að hafi komið fram í þessum umr., er að það þarf að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Það þarf sannarlega að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Það þarf að staðsetja hlutverk Seðlabankans í þjóðfélaginu. Ég veit ekki til þess, að nokkuð af því, sem Seðlabankinn vinnur að, hafi nokkurn tíma verið samkv. heimildum. Eru of margir bankastjórar í Seðlabankanum? Þar eru þrír bankastjórar. Hvernig stendur á því, að þeir geta tekið að sér aukastörf hingað og þangað, verið í burtu langtímum saman? Það kostar líka peninga. Eru þeir of margir? Ef þeir eru of margir þarf að fækka þeim og gera það þannig að það sé nóg að gera. Það verður að setja þeim erindisbréf og það þarf að koma inn í alla bankastarfsemina, eins og ríkisfyrirtæki almennt, að þeir sæki sína fjárfestingarheimild til Alþingis ef þurfa þykir, af því að þarna á Seðlabankinn hlut að máli, en alls ekki að hann geti ráðskast með fjármuni bankans til og frá eins og honum hentar, hvað mikið sem við getum fagnað því, að þessum verðmætum er bjargað. Það er allt annað mál. Ég vil taka undir þá hlið málsins.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það hefur verið drepið á ýmislegt í þessum umr. Mér þykir leitt að Karl Marx er ekki þarna í bandi. Mér þykir ekki líklegt að Seðlabankinn bindi hann í skrautband. Mér þykir það heldur ólíklegt.

Varðandi Sinfóníuhljómsveitina óttast ég það dálítið, ef þessar umr. dragast á langinn, að fram komi fleiri óskir um að Seðlabankinn taki að sér ýmsa menningarstarfsemi. Kannske væri ráð að ljúka umr. áður en í óefni er komið að því er það snertir.

Varðandi Seðlabankann sem slíkan og safn af þessu tagi er rétt að geta þess, að allir seðlabankar á Norðurlöndum, breski seðlabankinn, vestur-þýski seðlabankinn og eflaust flestir seðlabankar eiga skjalasöfn. Þeir eiga sín bréfasöfn, þeir eiga bókasöfn, sérfræðibókasöfn o. s. frv. Sum þessara safna eru mjög vegleg.

Það er auðvitað talsverður vandi að draga mörkin, hvaða bækur eiga heima í svona safni. Ég sá t. d. þarna ævisögu Tryggva Gunnarssonar í þremur bindum. Ég geri ráð fyrir því að slíkar bækur eigi heima í svona safni. Þær varða svo hagsmuni, atvinnumál og efnahagsmál. (Gripið fram í.) Landsbankinn kostaði útgáfuna, segir hv. þm. Halldór Blöndal. Það var við hæfi. Það er erfitt að draga þarna mörk. Ég held að langsamlega mest af því, sem þarna er, séu skjalasöfn, bréfasöfn og sérfræðibækur af ýmsu tagi. En eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi er nokkuð af öðrum bókum. Kann að vera að bókelskir menn í Seðlabankanum hafi freistast til að kaupa eitthvað af öðrum bókum. Ég skal ekki um það dæma, hvort þeir hafi þar farið yfir eðlileg mörk. Ég held að ekki þurfi að deila um það, að safn af þessu tagi er nauðsynlegt og æskilegt, að ég tali nú ekki um myntsafnið.

Varðandi framtíð safnsins er þess að geta, að það er ekki búið að ganga frá safninu. Það er ekki lokið við að skrásetja það og það er ekki búið að skipuleggja það. Þess vegna er e. t. v. ekki eðlilegt að það sé þegar opið. En mér finnst eðlilegt að safnið verði opið þegar þar að kemur, þó að mér þyki langlíklegast að sérfræðingar og aðrir þeir, sem sérstaklega fjalla um efnahagsmál, peningamál og atvinnumál og aðra slíka þætti í hagkerfinu, verði þar tíðastir gestir.

Varðandi endurskoðun á lögum um Seðlabankann get ég upplýst það, sem raunar hefur verið skýrt frá fyrir alllöngu, að starfandi er nefnd fulltrúa þingflokkanna sem m. a. hefur það verkefni að endurskoða lög um Seðlabankann. Það er sérstaklega tekið fram í skipunarbréfi nefndarinnar, að hún eigi að endurskoða lög um Seðlabankann og gera tillögur til viðskrh. um þau málefni.

Það er hins vegar spurning hvað á að setja strangar reglur varðandi bókasafnið. Eins og ég tók fram áður finnst mér, með tilliti til þess, að við teljum okkur fræga

bókaþjóð, varla ástæða til að lasta það að Seðlabankinn hafi freistast til að kaupa einhverjar bækur sem ef til vill má telja að fjalli ekki sérstaklega um peninga, banka eða efnahagsmál yfirleitt.

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég vil þakka þeim hv. alþm. sem tekið hafa til máls í þessari umr. Ég vísa því beint heim til föðurhúsanna að hér hafi farið fram eitthvert last um starfsmenn bókasafns Seðlabankans. Það er með öllu ósatt, og var skýrt tekið fram að þeir inntu sitt starf af hendi af hinni mestu prýði. Hins vegar hefur því ekki verið svarað, hvort ráðning þeirra hafi farið fram gegnum ráðninganefnd ríkisins.

Ég vil taka undir það sem hv. þm. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv., sagði áðan. Það er mál til komið að lögin um Seðlabanka Íslands verði endurskoðuð. Það er mál til komið að bókasafn Seðlabankans láti frá sér fara ársskýrslu eins og aðrar opinberar stofnanir, svo að hægt sé að sjá hvað mikið fé er í þetta veitt, jafnframt því sem gefin verði út bókaskrá.

Ef hver einasta ríkisstofnun í landinu, þar sem fagurkerar kunna að sitja við stjórn, getur freistast til að stofna söfn um hitt og þetta, þá veit ég ekki hvar það gæti endað. Mér verður hugsað til Framkvæmdastofnunar ríkisins í glæsilegu húsi sem reka mætti í hvaða deild bankanna sem er, flóðlýstu til yndis og ánægju vegfarendum. Ég ætla að vona að sá ágæti maður, framkvæmdastjóri hennar sem er yfirlýstur unnandi fagurbókmennta, taki sig ekki til og verði gripinn af þeirri áráttu að safna dýrmætum bókum. Það er ekkert svar að hér sé verið að amast við bókasöfnun. Hér er verið að amast við því, að stofnanir eins og Seðlabankinn fari sínu fram, fram hjá öllum, ráðskist með fé landsmanna án þess að spyrja kóng eða prest. Því hlýt ég að mótmæla sem alþm. hér á Alþingi. Við það verður ekki unað. Stofnanir eiga ekki að fá að ráðskast með fé á þennan hátt. Ég held að margir væru mér sammála um að stofnun eins og Framkvæmdastofnun ríkisins mætti að skaðlausu leggja niður. Enginn mundi nokkru sinni sakna hennar. Síðan á að fara að byggja hér annað eins stórhýsi eða meira utan um Seðlabanka Íslands. Það skal tekið fram, að ég spurði hvort bókasafnið flytti þá í hina nýju byggingu. Svarið var nei.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram að starfsmenn Seðlabankans eru ekki ráðnir af ráðninganefnd ríkisins. Starfsmenn bankanna eru ekki ráðnir af ráðninganefnd ríkisins og þessir starfsmenn að sjálfsögðu ekki heldur.

Það kom hér fram að þeir aðilar, sem þarna starfa, hafi ótakmarkaðar heimildir, til að kaupa bækur. Þetta er alrangt. Þeir hafa engar ótakmarkaðar heimildir til að gera slíkt. Þeir hafa engar heimildir til að ráðskast með fé eins og þeim sýnist.

Aðalatriðið er þetta: Er eðlilegt að stofnanir eins og Seðlabankinn og Landsbankinn, sem er elsti banki þjóðarinnar, varðveiti slíkt safn sem þetta? Það tíðkast í nágrannalöndunum, svo að vitnað sé í þau, þó að ekki eigi að byggja allt á þeim. T. d. er bókasafn seðlabankans þýska álíka að vöxtum og Landsbókasafnið íslenska. Það er vegna þess að í þá stofnun hefur safnast mikið af heimildum sem ákveðið er að varðveita með skipulegum hætti. Í vörslu bankanna hefur komið mikið af tímaritum og alls konar gögnum sem hefur verið byggt utan um. Það hefði kannske verið miklu eðlilegra að henda þessu öllu saman. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Það á að sjálfsögðu að varðveita þetta og það á að gera það heillegt svo að það nýtist þjóðfélaginu í heild og hægt sé að nota það með skipulegum hætti.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki ræða frekar um safnið heldur aðeins segja örfá orð í tilefni af því sem hv. þm. sagði um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Hv. þm. sagði að það ætti að leggja þessa stofnun niður. Honum virðist ekki vera kunnugt um að hans flokkur tók þátt í að setja þessa stofnun á fót.

Í öðru lagi er alveg sýnilegt að hv. þm. er ekki kunnugur úti á landsbyggðinni. Hann mundi finna það, þó hann finni það ekki hér, ef hann hefði átt heima úti á landsbyggðinni, hvaða verkefni það eru sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur látið sig varða á undanförnum 10—11 árum í sambandi við margþætta uppbyggingu atvinnulífsins hringinn í kringum landið. Það mundi hann finna.

Mig langar aðeins til að segja þetta í tilefni af því sem hv. fyrirspyrjandi sagði, en varðar ekki þá spurningu sem beint var til mín.

Fjáröflun fyrir Bjargráðasjóð, fsp. (þskj. 430). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Hinn 8. des. s. l. var hér til umræðu fsp. sem ég hafði þá lagt fram vegna harðinda norðanlands. Þar spurðist ég m. a. fyrir um það, hvenær þess yrði að vænta að bændur fengju úrlausn sinna mála vegna uppskerubrestsins sem varð á s. l. hausti. Þá hafði verið skipuð nefnd til að athuga það tjón sem orðið var, og í svari landbrh. kom fram að hann vænti þess, að tillögur þeirrar nefndar yrðu teknar til athugunar í ríkisstj. í lok þeirrar viku eða mjög fljótlega a. m. k., að ríkisstj. mundi taka málið til meðferðar fyrir jólin.

Mér er kunnugt um að bændur væntu þess, að þeir gætu fengið einhverja úrlausn fyrir áramótin, þó að úr því yrði ekki. Síðan hafa þeir mátt þreyja þorrann og góuna og þess sjást engin raunveruleg merki að úrlausn fáist á þeirra vanda. Ég þarf ekki að taka það fram, að það er náttúrlega mjög bagalegt fyrir allan rekstur þegar tekjurnar detta alveg niður, verða að engu og menn verða að fleyta sér áfram á lánum, ég tala ekki um þegar lánakjörin eru orðin jafnerfið og núna. Mér er kunnugt um að hjá þeim bændum, sem mest treystu á kartöflurnar, t. d. við Eyjafjörð, og verst voru staddir áður, eru nú miklir erfiðleikar. Sumir þeirra hafa orðið fyrir verulegum óþægindum vegna þess að þeir hafa ekki getað staðið í skilum eða gert neinar áætlanir um það, hvernig þeir gætu staðið undir rekstrinum á næstu mánuðum. Ég hygg að þeir hafi ekki enn fengið svör um það, hvað þeir geti vænst hárra lána úr Bjargráðasjóði. Ég hef rétt nýverið fengið bréf frá formanni félags kartöflubænda við Eyjafjörð þar sem hann leggur m. a. á það áherslu, að bjargráðasjóðslán yrðu undanskilin tekjufærslu við útreikning á tekjuskattsstofni. Skal ég ekki fara út í það hér, en athuga það mál á öðrum vettvangi.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri.

Ástæðan fyrir því, að ég legg þessa fsp. fram, er einvörðungu sú, að bændur eru í erfiðri stöðu, þeir vita ekki hvers þeir mega vænta og þau viðskiptafyrirtæki, sem þeir versla mest við, eiga einnig í miklum erfiðleikum vegna þess, hversu fyrirgreiðsla Bjargráðasjóðs hefur dregist á langinn.

Það er satt að segja engin sýnileg ástæða fyrir því, að þessi dráttur hefur þurft að verða. Það er alveg ljóst að hægt hefði verið að kippa þessu í liðinn fyrir löngu ef til þess hefði verið nægilegur vilji. En reynslan sýnir okkur að þessi nægilegi vilji hefur ekki verið fyrir hendi í ríkisstj. allri, hvað sem um hæstv. landbrh. má segja, en ég efast ekki um að hann hafi skilið þetta vandamál betur en ýmsir aðrir í ríkisstj.

Fsp. mín er þessi, með leyfi hæstv. forseta: Hvað lýður fjáröflun fyrir Bjargráðasjóð til að bæta bændum tjón vegna uppskerubrests? Í öðru lagi: Hvenær er þess að vænta, að bændur megi búast við fyrirgreiðslu úr Bjargráðasjóði?

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Í tengslum við þessa fsp. þykir mér rétt að gefa örstutt yfirlit yfir störf þeirrar nefndar sem að þessum málum hefur unnið.

Fóðurbirgðanefnd var skipuð 20. ágúst. Áttu sæti í henni Gísli Hjörleifsson bóndi, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Stefán Á. Jónsson bóndi sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Nefndin hóf þegar störf og hefur skilað nokkrum áfangaskýrslum um störf sín til rn., en lauk störfum með bréfi dags. 5. mars s. l.

Til þess að gefa stutt yfirlit yfir störf nefndarinnar vil ég rifja það upp, að 26. ágúst skrifar hún sveitarstjórnum bréf með beiðni um könnun á fóðurbirgðum. 29. sept. sendir nefndin landbrn. frumtillögur um úrbætur á þeim vanda sem henni var falið að gera tillögur um. 14. okt. sendir nefndin þessar frumtillögur til sveitarstjórna ásamt beiðni til þeirra um að hraða forðagæsluskýrslum.

Í síðari hluta nóvembermánaðar fól landbrn. tveimur mönnum að taka út tjón sem orðið hafði á garðlöndum kartöflubænda, einkanlega við Eyjafjörð. Þessir tveir menn skiluðu úttekt sinni um mánaðamótin nóv.-des. 3. des. var fóðurbirgðanefnd ásamt fulltrúa frá Landssambandi kartöflubænda, Sveinberg Laxdal, falið að gera tillögur um fyrirgreiðslu til kartöflubænda og annarra garðyrkjubænda sem orðið höfðu fyrir tjóni vegna snjóa og árferðis. 14. des. berast tillögur frá fóðurbirgðanefnd um fyrirgreiðslu vegna garðyrkjubænda ásamt meginniðurstöðum. 17. des. skilar fóðurbirgðanefnd bráðabirgðaniðurstöðum um lán til bænda vegna fóðurskorts, en vekur athygli á því, að skýrslur vanti enn frá allmörgum sveitarfélögum. 1. febr. skilar nefndin tillögum um aðstoð, um lán samtals að fjárhæð 1501 millj. kr. til 377 bænda vegna fóðurvöntunar og til 93 bænda vegna tjóns á garðlöndum. Og 5. mars skilar nefndin lokaniðurstöðum sem höfðu þá tekið örfáum breytingum frá 1. febr. Fela þær tillögur í sér að 381 bónda í 92 hreppum verði veitt lán úr Bjargráðasjóði, samtals að fjárhæð 10 001 100 kr., og 93 bændum verði veitt lán úr Bjargráðasjóði vegna tjóns á garðávöxtum, að fjárhæð 4 829 200 kr., eða samtals 14 830 300 kr.

Mál, er þetta efni varða, hafa verið lögð fyrir ríkisstj. Í fyrsta lagi frumtillögur fóðurbirgðanefndar sem skilað var til rn. 14. okt., í öðru lagi bráðabirgðaniðurstöður nefndarinnar frá 14. og 17. des. og í þriðja lagi niðurstöður nefndarinnar eftir 1. febr.

Ríkisstj. tók þessi gögn til athugunar og afgreiðslu. Í fyrsta lagi voru í samræmi við tillögur nefndarinnar veittar fyrir fram af jarðræktarframlögum 2.5 millj. kr. fyrir áramót vegna grænfóðurakra á óþurrka- og kalsvæðunum. Var það greitt fyrir fram af fjárlögum þessa árs með velvilja fjmrn. Í öðru lagi voru samkvæmt tillögum nefndarinnar veittar 25 þús. kr. til þessa að styrkja efnagreiningar á heyi að hluta á helstu óþurrka- og kalsvæðum landsins. Á hinn bóginn var ekki afgreitt í ríkisstj. að útvega lán til þess að mæta lánsfjárþörf Bjargráðasjóðs meðan niðurstöður lágu ekki fyrir og enn vantaði að verulegu leyti skýrslur frá allmörgum sveitarfélögum. Óhætt er að segja það hér, að þetta atriði tafði verulega störf nefndarinnar, sem að þessu efni vann, og hefur þar af leiðandi tafið verulega að úrbætur fengust í þessu mikilsverða máli. Er það ekki ný saga að bíða þurfi helst til lengi eftir skýrslum sem einstök sveitarfélög eru beðin að láta í té. Á hinn bóginn samþykkti ríkisstj. eftir skamma athugun tillögur nefndarinnar óbreyttar eftir að þær bárust 1. febr. s. l.

Síðan hefur verið unnið að útvegun fjármagns. Ég ræddi þann þátt málsins bæði við Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana og fékk þar nokkrar undirtektir, en var vitaskuld bent á að samkv. venju eru það fjmrn. og félmrn. sem annast það að ganga frá slíkri lántöku. Var síðan í höndum þeirra ráðuneyta að ganga frá og útvega fjármagn til að mæta þessum vanda, sem nam 15 millj. kr. Öllum er kunnugt að Bjargráðasjóður heyrir undir félmrn. Það var þess vegna ráðuneytisstjórinn í félmrn., sem jafnframt er formaður Bjargráðasjóðs, sem hefur annast útvegun fjármagns að meginhluta ásamt ráðuneytisstjóra fjmrn. Nú er svo komið að það fé liggur fyrir sem þarf á að halda til þessarar aðstoðar. Hefur það verið fengið frá Seðlabanka Íslands, Viðlagatryggingu Íslands og að nokkru frá viðskiptabönkunum. Jafnframt hefur verið unnið að því á vegum Bjargráðasjóðs að undirbúa afgreiðslu lána. Ætti ekki að verða löng bið á því, að sá þáttur málsins leysist.

Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir jól var tekin inn í 6. grein fjárlaga heimild fyrir ríkisstj. til að afla Bjargráðasjóði lána til að endurlána bændum vegna afurðatjóns af völdum kals og uppskerubrests. Segja má að það hafi komið mér á óvart, að þessi texti í fjárlögum ríkisins þótti ekki fullnægjandi til að ganga frá þessari lántöku. Kom það ekki í ljós fyrr en afskipti fjmrn. hófust af málinu nú á síðari stigum. Þess vegna hefur nú verið útbýtt brtt. fjh.- og viðskn. hv. Nd. við frv. til lánsfjárlaga og í þeim brtt. er till. þess efnis, að inn komi ný málsgr. svohljóðandi: „Bjargráðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 allt að fjárhæð 15 millj. kr.“ Er það niðurstaða þessa máls, að ekki teljist unnt að afgreiða þessi lán til bænda fyrr en lánsfjárlög hafi verið afgreidd.

Ég vonast sannarlega til þess, að lánsfjárlög verði unnt að afgreiða í þessari viku eða a. m. k. strax eftir næstu helgi og þegar sú afgreiðsla Alþingis hefur farið fram verði unnt að leysa úr þessu máli.

Ég vil hins vegar taka það fram, að mér þykir mjög miður að orðið hefur meiri dráttur en æskilegt er á úrlausn í þessu efni. Eins og ég tók fram hefur það sumpart verið vegna formsatriða um ábyrgðir og heimildir ríkisstj. í lögum og í öðru lagi vegna þess að allmikill dráttur varð á að ná saman þeim skýrslum sem leggja þurfti til grundvallar.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem hér fer fram, langar mig að skjóta nokkrum orðum að hæstv. landbrh. og öðrum þeim sem hlut eiga að máli. Í fyrsta lagi er auðvitað mjög alvarlegt mál hvernig staða Bjargráðasjóðs er orðin. Það kemur æ oftar fyrir að sjóðurinn er fullkomlega vanmegnugur að bjarga málum af þeim toga sem hér um ræðir. Auðvitað gengur það ekki lengi, að sjóðurinn taki erlend lán til þess að bjarga í horn þegar svo stendur á sem nú. En liður af þessu máli er það, að í ljós hefur komið að undanförnu æ betur að lán úr Bjargráðasjóði — eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi með nokkrum orðum — og önnur aðstoð við bændur vegna uppskerubrests eða harðæris hvers konar er ekki undanskilin við útreikning til verðbreytingarfærslu í framtali. Það hefur því gerst — það er sannað mál — að skuldaaukning vegna harðæris hefur verið skattlögð. Það jafngildir því í stuttu máli, að skaðinn hafi verið skattlagður. Þetta gengur auðvitað ekki heldur.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. landbrh. hvort hans ráðuneyti hefði eitthvað kannað þetta mál eða hvort von væri á einhverjum lagfæringum, sem kæmu í veg fyrir að bændur hlytu enn alvarlegri skell en sjálft tjónið gefur til kynna, með því að fá aðstoð frá sjóðum eins og Bjargráðasjóði.

Ég vil enn fremur, af því að ég er hingað kominn, geta þess — og skal vera stuttorður, herra forseti — að landbrh. minntist á tjón sem varð vegna kalkskemmda. Ég lagði fram á þingi fyrr í vetur tillögu um sérstakan stuðning vegna kalrannsókna að Möðruvöllum í Hörgárdal þar sem við eigum tvímælalaust einn hæfasta sérfræðing landsins í kalrannsóknum. Ég er dálítið hissa á að þessi till. virðist hafa dagað uppi í nefnd hér á þinginu. A. m. k. hefur hún ekki komið á borð þm. aftur frá nefnd þrátt fyrir það að Búnaðarþing hafi lýst yfir fyllsta stuðning við þessa till.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það er eðlilegt að umr. verði um mál af þessu tagi eins og það liggur fyrir núna. Við höfum átt því að venjast, að horft hafi til vandræða þegar Bjargráðasjóður hefur þurft að hlaupa undir bagga vegna skaða sem orðið hefur. Er skemmst að minnast þess, að á s. l. ári, þegar foktjónin urðu sem mest 17. febr., stóð lengi á því í Alþingi að útvegað væri fjármagn til að koma þar til hjálpar, því að tryggingar voru ekki fyrir hendi í þessu tilfelli.

Fjármögnun sjóðsins, eins og hann hefur verið upp byggður, er greinilega orðin ónóg. Er því mikil nauðsyn að taka það kerfi allt til endurskoðunar sem við getum kallað að sé eins konar tryggingarkerfi fyrir ekki einungis landbúnaðinn, heldur landsbyggðina á ýmsum sviðum.

Ég minntist áðan á foktjónið sem varð í fyrravetur. Það má nefna harðærið í vor og sumar sem hér hefur verið minnst á. Það má líka minna á óhöpp sem hafa orðið viðvíkjandi uppskeru, uppskeruóhöpp getur maður kallað það, bæði kartöflurnar í Eyjafirðinum, sem fóru undir snjó, og mikið um að gulrófuakrar hafi orðið ónýtir á Suðurlandi.

Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvort ekki væri á áætlun í ráðuneyti hans að taka þessi mál til gagngerrar endurskoðunar. Mér er óhætt að greina frá því, að á Búnaðarþingi var þetta mál mikið til umræðu og þar var hvatt til þess að raunar tekin ákvörðun um að beita sér fyrir því, að endurskoðun yrði gerð á þessum tryggingarmálum. Hefði mátt vænta að hún mundi tryggja framgang málsins ef hæstv. landbrh. hefði talið ástæðu til að leggja hönd að því verki eða styðja að því.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Árni Gunnarsson og Steinþór Gestsson hafa gert að umtalsefni stöðu Bjargráðasjóðs og spurst fyrir um það, hvort ekki væri í ráði að taka þau mál til endurskoðunar.

Ríkisstj. hefur þegar skipað nefnd til þess að endurskoða hlutverk og tekjustofna Bjargráðasjóðs. Ég veit að hv. þm. muna eftir því, að sú nefnd starfar á vegum félmrn. vegna þess að Bjargráðasjóður heyrir undir það ráðuneyti. Þess vegna hefur það ekki getað verið hlutverk landbrn. að setja nefnd í þetta verk. Ég hef hins vegar hvatt mjög til þess, að það væri gert, og það raunar um langan tíma.

Ég veit ekki betur en að nefndin hafi þegar verið skipuð, a. m. k. er frá því gengið fyrir nokkru. Mjög er nauðsynlegt að í þetta verk verði ráðist, og ég tel að það sé hvergi ofsagt sem hér var rætt um af hv. þm. Árna Gunnarssyni, að það gengur ekki að byggja starfsemi sjóðsins á lántökum í sífellu. Það er hins vegar misskilningur hjá hv. þm. að sjóðurinn hafi byggt starfsemi sína á erlendum lánum. Hann hefur til þessa tekið innlend lán og sú fjáröflun, sem nú hefur farið fram til að mæta þeim vanda sem nú er við að fást, er innlend fjáröflun.

Einhvers staðar hef ég sagt frá því í sambandi við fjáröflun til Bjargráðasjóðs annars vegar og fjáröflun til Viðlagatryggingar hins vegar, að einn bóndi í minni sveit greiðir meira til Viðlagatryggingar en sveitarfélagið í heild auk Bjargráðasjóðs. Þetta eru ekki jöfn skipti, þetta er ekki eðlileg fjáröflun til tveggja sjóða af þessu tagi. Það er útilokað annað en að breyta lögum um Bjargráðasjóð þannig að hann hafi tryggari tekjustofna og geti verið þess megnugur að standa á eigin fótum til að sinna því hlutverki sem honum ber.

Annar þáttur þessa máls, sem fram kom í máli hv. þm. Árna Gunnarssonar, var að skattalög eru svo haganlega úr garði gerð, ef maður orðar það svo, að lánveitingar úr Bjargráðasjóði, sem allajafna bera nokkru lægri vexti en lán á almennum lánamarkaði, verða til þess að þeir, sem þau taka, fá verulega tekjufærslu. Þessi lán geta þess vegna orðið skattstofn til ríkisins. Þetta er auðvitað einn þáttur í þeim ákvæðum skattalaganna sem hér um ræðir og er eða getur a. m. k. orðið ósanngjarn.

Ég vil ekkert um það segja, hvort þessum ákvæðum skattalaga verður breytt nú. En ég tel að skattalögin séu að þessu leyti þannig að það þurfi a. m. k. að gæta vel að því, að þau leiði ekki til þess, að þeir, sem verða fyrir sérstökum óhöppum og hljóta aðstoð til að mæta þeim óhöppum af hálfu opinberra aðila, verði kollsigldir af skattlagningu. Þetta er út af fyrir sig verulega alvarlegt mál og við höfum auðvitað haft þetta fyrir augum frá því að skattalögin voru færð yfir í þetta form fyrir nokkrum árum, að ég hygg á árinu 1978. Ég held að þegar menn sjá reynsluna af þessum ákvæðum skattalaganna muni ýmsir sannfærast um að þar sé breytinga þörf.

Hv. þm. Árni Gunnarsson ræddi um till. um kalrannsóknir. Ég hef ekki mikið fylgst með þeirri till. hér í þinginu, en veit þó af henni. Auðvitað hefur mikið verið unnið að kalrannsóknum í áratugi hér á landi. En það er rétt, að einn af starfsmönnum tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum hefur aflað sér sérstakrar þekkingar í þeim efnum. Ég beitti mér fyrir því, að útvegað væri fjármagn

til að geta nýtt kunnáttu þessa manns við kalrannsóknir á síðasta ári, og ég hygg að það hafi orðið til þess, að þekking hans gæti nýst betur. Vissulega er þörf á að sú vísindaþekking, sem okkar færustu menn ráða yfir í þessu skyni, nýtist bændum og þar með þjóðinni allri og geti orðið til þess að draga úr áföllum af kali svo sem hér hafa orðið og við erum nú að ræða afleiðingarnar af.

Fyrirspyrjandi (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að loksins skuli komið að því, að út rætist hjá þeim bændum sem hafa orðið fyrir þungum skakkaföllum á s. l. hausti. Á hinn bóginn get ég ekki skilið þau orð hæstv. ráðh., að tómlæti sveitarfélaganna hafi valdið þeim drætti sem orðið hefur á því að kartöflubændur við Eyjafjörð fengju úrlausn, sem er sérstakt mál og öðru óviðkomandi í þessum efnum.

Ég verð líka að segja það með fullri virðingu fyrir hæstv. fjmrh., sem ekki er hér staddur, að stundum hefur hann notað vafasamari lánsfjárheimildir til að afla lánsfjár bæði hér og erlendis en þá heimild sem samkomulag varð um við afgreiðslu fjárlaga. Auðvitað er í fjárlögunum fullnægjandi heimild til þess að taka lán handa Bjargráðasjóði til að endurlána bændum vegna afurðatjóns af völdum kals og uppskerubrests. Hitt er ekkert annað en fyrirsláttur til þess að reyna að slá striki yfir vanrækslusyndir ríkisstj. í þessu máli. Ég get vel skilið að hæstv. landbrh. skuli taka það fram, að það sé í höndum hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. að sjá um fjármagnið, lántökurnar til Bjargráðasjóðs. Ég trúi því að hann segi það satt, að þangað megi rekja þennan slóðaskap. Samt sem áður verður hann að sætta sig við það, að hann getur ekki með öllu firrt sig ábyrgð af þessu tómlæti.

Bændur hafa auðvitað orðið fyrir verulegu tjóni vegna þessa dráttar. Aðstoð Bjargráðasjóðs kemur ekki að sömu notum og hún hefði gert ef ríkisstj. hefði verið fyrr á ferðinni og þetta fjármagn hefði borist fyrr. Auðvitað kemur fjármagnið ekki að jafnmiklum notum nú og þá hefði verið.

En sem sagt, málið er loksins að komast í höfn og er ástæða til að fagna því. En ég vil um leið taka undir þau orð hv. 6. þm. Norðurl. e., að það ríkir náttúrlega óskaplegt tómlæti um mörg af helstu málefnum bænda. Ég tala nú ekki um þegar hugurinn beinist að kalrannsóknunum og því, hversu illa er staðið að uppbyggingu tilraunastöðvarinnar á Möðruvöllum fyrir norðan. Ég veit satt að segja ekki hvernig á að lýsa því, en þar er búið að kasta miklu fé á glæ með því að reisa hús hálfvegis, festa fjármunina svo að þeir komi engum að notum og halda uppi hallærisbúskap á jörð sem á að vera til fyrirmyndar. En það var auðvitað ekki við öðru að búast. Um leið og eyfirskir bændur slepptu hendinni af tilraunabúinu og afhentu það ríkinu hlutu þeir að finna að húsbóndinn var orðinn annar. Það var ekki við því að búast, að myndarlega yrði staðið að þessum rekstri eftir að ríkið tók við honum. Þetta er það sem maður reynir oft þar sem hin dauða hönd ríkisins kemur nálægt.

Umr. frestað.

Menntun fangavarða, fsp. (þskj. 435). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Á Alþingi var s. l. vor samþykkt ályktun um nefndarskipan í menntunarmálum fangavarða. Þetta var gert eftir miklar og fróðlegar umr. hér á Alþingi um úrbætur í þeim málum og það sem brýnast mætti þar telja til úrbóta.

Viðbrögð ráðh. voru mjög lofsverð og skjót og nefndarstörf hygg ég að hafi verið mjög til fyrirmyndar um flýti og góð vinnubrögð. Slíkt ber sannarlega að þakka og meta, enda ekki oft sem það kemur fyrir, að nefndir skili áliti áður en maður á von á.

Ég taldi rétt að hér á Alþingi yrði gerð grein fyrir því af hæstv. dómsmrh., hverjar eru helstu niðurstöðurnar í nefndarálitinu, þó að ég sjái raunar að því hefur verið dreift á borð þm. sem skýrslu, ágætu plaggi sem ég er með í höndunum og vissulega ágætt að fá í hendur, svo að allir þm. geti gert sér grein fyrir hvaða tillögur nefndin hefur gert.

Mér finnst hins vegar ástæða til að kynna hinar helstu niðurstöður fyrir Alþingi og þá um leið almenningi sem fær þá af því gleggri tíðindi, hvað þessi skýrsla hefur inni að halda og hvað sé til ráða.

Í öðru lagi er fullljóst að ráðuneytið þarf við ýmsu að bregðast í ljósi þessara niðurstaðna. Ég sé raunar fyrstu viðbrögðin hér í dag í frv. um ákveðin atriði varðandi fangelsi og vinnuhæli, starfslið þessara stofnana. En mörg viðamikil mál bíða úrlausnar. Það sést best við að lesa þessa skýrslu og líta á það námsefni og það námsfyrirkomulag sem þar er gert ráð fyrir. Því er spurt á þskj. 435: Hverjar eru helstu niðurstöður úr áliti þeirrar nefndar sem lauk störfum í jan. s. l. og fjallaði um menntun fangavarða? Í öðru lagi: Hvað hyggst ráðuneytið gera í framhaldi af þessu ítarlega nefndaráliti?

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Í dag var skýrslu nefndar til að endurskoða menntun fangavarða dreift um borð hv. alþm. Skýrsla þessi hefur og verið kynnt ríkisstj. fyrir skömmu. Hefur hún væntanlega áð geyma fullnægjandi svör við spurningum hv. 2. þm. Austurl. Ég mun þó í fáum orðum svara fsp. hans á þskj. 435.

1. Hverjar eru helstu niðurstöður úr áliti þeirrar nefndar sem lauk störfum í jan. s. l. og fjallaði um menntun fangavarða?

Svar: Umrædd nefnd skilaði áliti 12. jan. s. l. Tillögur hennar varðandi menntun fangavarða eru í stuttu máli þessar:

1. Varðandi grunnmenntun leggur nefndin til að gera skuli þá kröfu til þeirra, sem sækja um fangavarðarstarf, að þeir hafi lokið grunnskólaprófi og tveggja ára viðbótarnámi eða menntun eða starfsþjálfun sem meta má að jöfnu.

2. Nefndin leggur til að þeir, sem ráðnir eru til fangavarðarstarfa, sæki þriggja vikna fornámskeið áður en þeir hefji starf. Á því námskeiði séu þeim kynntir ýmsir þættir í starfi fangavarða og þær reglur sem í fangelsi gilda.

3. Nefndin leggur til að úr hópi þeirra, sem slíku fornámskeiði ljúka og hafa síðan starfað við afleysingar á orlofstíma, séu árlega valdir 6—8 menn í námsstöður sem þeir gegni í eitt ár. Að þeim tíma liðnum eigi þeir kost á að sækja eins vetrar námskeið, er standi frá því í október þar til í apríl, 25 vikur eða samtals 750 kennslustundir. Á því námskeiði verið kennd tungumál, fangelsisfræði, afbrotafræði, samfélagsfræði, heilsufræði, hvers konar líkamsrækt og sjálfsvarnartækni og ýmislegt fleira sem að gagni er talið koma í starfi fangavarða. Þeir,

sem námskeiðinu ljúka teljast fullmenntaðir fangaverðir. Meðan þeir sækja námskeiðið fá þeir full fangavarðarlaun.

4. Nefndin leggur til að þeir fangaverðir, sem þegar eru í starfi, eigi kost á að sækja framhaldsnámskeið. Árlega verði fjórum fangavörðum heimilað að sækja námskeiðið.

5. Nefndin gerði kostnaðaráætlun um framkvæmd tillagnanna og hljóðar sú áætlun upp á 1.4 millj. kr. á ári miðað við verðlag í des. s. l.

2. Hvað hyggst ráðuneytið gera í framhaldi af þessu ítarlega nefndaráliti?

Svar: Í fyrsta lagi hyggst ráðuneytið leita eftir lagaheimild til þess að stofna til slíks námskeiðahalds með því að bera fram frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli og ef slík lagaheimild fæst að leita eftir nauðsynlegum fjárveitingum til að stofna til námskeiðanna.

Því má svo loks bæta við, að frv. af þessu tagi, frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 frá 24. apríl 1973, hefur verið dreift á borð hv. alþm. í dag.

Fyrirspyrjandi (Helgi Seljan): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. svör hans. Ég vil þakka honum fyrir skýrsluna, sem hér hefur verið dreift á borð þm., og það frv., sem hann hefur nú lagt fram í hv. Nd. sem fyrsta áfanga að því að koma þessari skýrslu eða nefndaráliti í framkvæmd.

Fyrir hönd okkar þremenninga, sem stóðum að flutningi þessarar þáltill. í fyrra, vil ég nota þetta tækifæri til að þakka nefndinni, sem vann þetta starf, mjög skjót og góð vinnubrögð. Ég vænti þess sannarlega að í ljós komi að hún hafi haft erindi sem erfiði.

Umræður utan dagskrár.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um þingsköp. 25. nóv. á s. l. ári bar ég fram fsp. til fjmrh. á þskj. 119. Þessari fsp. hef ég ekki fengið svarað enn þá, þrátt fyrir það að hún er búin að vera á dagskrá Sþ. sem 2. mál í nokkur skipti. Þess vegna vonast ég til, herra forseti, að mér leyfist að spyrja hverjar reglur gildi um skyldur ráðh. að svara spurningum alþm. sem bornar eru fram á þinglegan hátt.

Forseti (Jón Helgason): Ég hef spurt hæstv. fjmrh. m. a. í dag um það, hvort hann hefði svar á reiðum höndum við þessari fsp. Hann tjáði mér að það væri ekki í dag. Hann er nú farinn af fundi.

Sameinað þing, 68. fundur.

Þriðjudaginn 23. mars, að loknum 67. fundi.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 22. mars 1982.

Sighvatur Björgvinsson, 3. þm. Vestf., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Ég leyfi mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþingmaður Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, Gunnar R. Pétursson rafvirki, Patreksfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Alexander Stefánsson,
forseti Nd."

Gunnar R. Pétursson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og kjörbréf hans því verið rannsakað. Býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 472). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Nefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku, þáltill. (þskj. 479). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Beiðni um skýrslu um mat á eignum Iscargo (þskj. 473). — Hvort leyfð skuli.

ATKVGR.

Beiðnin leyfð með 31 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár að gefnu tilefni, er varðar mál sem er í senn mikilvægt og þolir ekki bið.

Svo sem alkunna er urðu þau tíðindi 12. mars s. l., að iðnrh. gaf orkumálastjóra fyrirmæli sem jafngiltu riftingu á skriflegum samningi sem Orkustofnun hafði gert við Almennu verkfræðistofuna vegna jarðvegsrannsókna í Helguvík, þar sem ætlunin er að reisa hina nýju eldsneytisgeyma fyrir varnarliðið. Menn hafa verið furðu lostnir yfir þessu framferði hæstv. iðnrh. Virðist svo vera hvort sem um er að ræða stjórnarsinna eða stjórnarandstæðinga. A. m. k. telur hæstv. utanrrh. þetta framferði einstætt í sinni röð og bregður samráðh. sínum, hæstv. iðnrh., um valdníðslu.

En þessi stjórnsýsluathöfn hæstv. iðnrh. vekur fleiri spurningar. Hvað um heimild hæstv. iðnrh. til þeirrar ákvarðanatöku sem hér er um að ræða? Þetta er spurning um hvort æðra sett stjórnvald gengur inn á svið lægra setts stjórnvalds með ólögmætum hætti. Þetta er spurning um hvort hæstv. iðnrh. hafi haft heimild til ákvörðunar sinnar eða hvort um valdþurrð gæti verið að ræða.

Ástæðan fyrir því, að ég vek athygli á þessu, er sú, að Orkustofnun hefur sérstaka stjórn og ekkert hefur komið fram um aðild stjórnar Orkustofnunar að því sem gerst hefur. Það hefur ekkert komið fram um að stjórn

Orkustofnunar hafi tekið ákvörðun um að rifta samningnum við Almennu verkfræðistofuna að hafi mælt fyrir um það eða raunar hafi nokkuð vitað um það.

En hvað er þá um skipun og hlutverk stjórnar Orkustofnunar — þessarar stjórnar sem svo litlar sögur fara af, jafnvel þegar svo stór mál eru ráðin á vegum Orkustofnunar sem nú er raun á með riftun samningsins við Almennu verkfræðistofuna?

Með bréfi iðnrn., dags. 1. ágúst 1980, var skipuð nefnd til að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu Orkustofnunar. Hinn 15. des. 1980 skilaði nefndin áfangatillögum ásamt greinargerð og var þar m. a. lagt til að skipuð yrði stjórn Orkustofnunar. Í samræmi við þessar tillögur ákvað iðnrh. að skipa þriggja manna stjórn Orkustofnunar. Stjórnin skyldi hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar, fjalla um stefnu hennar, skipulag og starfshætti og fara ásamt orkumálastjóra með tengsl við iðnrn. Í samræmi við þetta skipaði hæstv. iðnrh. með bréfi, dags. 24. febr. 1981, þriggja manna stjórn fyrir Orkustofnun. Fram til þessa hafði Orkustofnun ekki haft sérstaka stjórn, heldur heyrt beint undir iðnrh.

Þessi skipulagsbreyting á Orkustofnun þótti umtalsverð og gerði hæstv. iðnrh. grein fyrir henni í umr. hér á hv. Alþingi í aprílmánuði s. l. Vitnaði hæstv. iðnrh. þá til greinargerðar þeirrar nefndar sem vann að tillögugerð um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu Orkustofnunar. Ráðh. sagði þá að markmiðið með skipulagsbreytingunum væri að bæta almenna stjórnun og stjórnsýslu á Orkustofnun og skapa þannig grundvöll fyrir árangursríkari rekstri. Orkustofnun hefði stækkað verulega á s. l. áratug, bæði hvað varðar starfslið, fjármagn til ráðstöfunar og fjölda einstakra verkefna. Skipulag stofnunarinnar hefði hins vegar ekki að sama skapi þróast til aðlögunar breyttum aðstæðum. Ætti þetta sérstaklega við um yfirstjórn stofnunarinnar. Megininntakið í áfangatillögum nefndarinnar væri breikkun efsta stigs stjórnar á Orkustofnun, eins og það var orðað, aukin áhrif almennra starfsmanna á stjórnun og starfshætti og efling stjórnsýslu og fjármálastjórnunar á stofnuninni. Auk þess væri hér um að ræða ráðstafanir til að efla tengsl stofnunarinnar við iðnrh. og til að skapa möguleika á betri samhæfingu við hina ýmsu orkumálaaðila landsins.

Í þessum umr. tók hæstv. iðnrh. enn fremur fram með tilvitnun í tillögur endurskoðunarnefndarinnar, að stjórn Orkustofnunar skuli hafa með höndum yfirstjórn stofnunarinnar, marka henni stefnu, fjalla um skipulag og starfshætti og fara ásamt orkumálastjóra með tengsl stofnunarinnar við iðnrh. Tekið var fram að í verkahring stjórnarinnar yrðu allir þættir stjórnunar, almennrar starfsemi og starfsmannahalds á stofnuninni, þ. á m. stefnumótun, samþykkt verkefna og fjárhagsáætlana og stefnumörkun í samskiptum við aðila utan stofnunarinnar. Enn fremur tók hæstv. iðnrh. fram að hann teldi að með því að setja Orkustofnun stjórn væri stigið skref sem að bestu manna yfirsýn hefði verið rétt að stíga og yrði stofnuninni til framdráttar.

Það er ekki að ófyrirsynju að mönnum komi í hug stjórn Orkustofnunar þegar slíkir atburðir verða sem riftun samnings Orkustofnunar við Almennu verkfræðistofuna, og óneitanlega gegnir það nokkurri furðu, að ekkert skuli hafa heyrst til stjórnar Orkustofnunar þegar slíkir atburðir hafa gerst viðvíkjandi Orkustofnun sem raun ber nú vitni um. Mér virðist bresta mjög á að hv. Alþingi og raunar almenningur í landinu fái þær upplýsingar sem hann á rétt á um hlut stjórnar Orkustofnunar í því sem nú hefur gerst.

Það verður ekki lengur þagað þunnu hljóði um þetta mál og því hef ég núna hreyft þessu máli utan dagskrár. Hér er um mál að ræða sem er í senn mikilvægt og þolir ekki bið, eins og ég áður sagði.

Ég leyfi mér að óska eftir að hæstv. iðnrh. gefi hv. Alþingi upplýsingar um hver eru afskipti stjórnar Orkustofnunar af samningi stofnunarinnar við Almennu verkfræðistofuna? Var samningurinn gerður með vilja og vitund stjórnarinnar? Hefur ráh. haft samráð við stjórnina um aðgerðir sínar vegna samningsins? Hver er afstaða stjórnarinnar til samningsins og aðgerða ráðh.?

Það, sem hér er spurt um, varðar formhlið þessa mál. Það er spurningin um valdþurrð. Þar að auki er efnishlið málsins. Það er valdníðsla hæstv. iðnrh., eins og hæstv. utanrrh. hefur orðað það.

Það var í gær sem iðnrn. gaf út fréttatilkynningu um samning Orkustofnunar og Almennu verkfræðistofunnar um jarðfræðilegar rannsóknir í Helguvík. Í fréttatilkynningunni segir að iðnrn. hafi lokið hinn 18. þ. m. við athugun á samningum Almennu verkfræðistofunnar og Orkustofnunar. Niðurstöður rn. hafi verið þær, að samningarnir séu haldnir annmörkum, eins og það er orðað. Helsti annmarkinn, sem tilgreindur er, varðar sjálf Ólafslög, lög nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl. Fer nú gamanið að kárna þegar hæstv. iðnrh. ber svo fyrir brjósti stolt hæstv. utanrrh., hin svokölluðu Ólafslög, að hann sést ekki fyrir í þeim efnum og beitir valdníðslu að dómi hæstv. utanrrh. til varnar Ólafslögum. Þá var því aldrei spáð, að til þess gæti komið að Jarðboranir ríkisins veittu byggingarleyfi eða boranir jafngiltu slíkum stjórnvaldsráðstöfunum, en fréttatilkynning iðnrn. virðist gera ráð fyrir slíku, og er það þó ekki meira bull en annað sem þar segir.

Í fréttatilkynningunni segir að iðnrn. hafi lokið 18. þ. m. athugunum á samningum milli Almennu verkfræðistofnunnar og Orkustofnunar, en niðurstöður voru fyrst birtar í gær. Flest er nú dapurt við málsmeðferð hæstv. iðnrh. þegar slíkur háttur er á hafður, þó að erfðaskrá sé að vísu ekki birt fyrr en andlátið ber að.

Hæstv. iðnrh. ber nú skylda til að skýra fyrir alþm. aðgerðir sínar og framferði allt vegna jarðfræðirannsóknanna í Helguvík. Hæstv. ráðh. ber að svara ásökunum hæstv. utanrrh. um valdníðslu. Hæstv. ráðh. ber að gefa skýringu á því, hvers vegna stjórn Orkustofnunar hefur ekki komið við sögu í þessu máli. Hlutur hæstv. iðnrh. er ekki góður, hvort heldur framferði hans heyrir undir valdníðslu eða valdþurrð.

Í fréttatilkynningu iðnrn. frá í gær segir að athugun og breytingar á samningum Orkustofnunar og Almennu verkfræðistofunnar sýni að slíkrar athugunar hafi verið full þörf. Í þessari fullyrðingu felst vantraust og ásökun á hendur stjórn Orkustofnunar. Það er stjórn Orkustofnunar sem á að vera ábyrgð á þeim samningum sem stofnunin gerir. Hæstv. iðnrh. lýsir ábyrgð á hendur stjórn Orkustofnunar og þá fyrst og fremst á hendur formanni stjórnarinnar, borgarstjóranum í Reykjavík. Ef stjórn Orkustofnunar ber ábyrgð á svo stórfelldum mistökum við samningsgerðina við Almennu verkfræðistofuna sem hæstv. iðnrh. vill vera lát ber honum að gera ráðstafanir til að slíkt endurtaki sig ekki, veita stjórninni áminningu eða jafnvel víkja henni frá. Ef hins vegar hið sanna er að stjórn Orkustofnunar hafi hvergi komið

nærri þessum samningum ber að upplýsa það og leysa stjórnina undan tilefnislausu ámæli. Eftir því sem við veltum þessu meir fyrir okkur verður augljósari nauðsyn þess, að hæstv. iðnrh. svari refjalaust þeim fsp. sem ég hef lagt hér fyrir hann.

Að sjálfsögðu má ekki farast fyrir að hæstv. iðnrh. tjái sig um það efni sem nú er brennandi spurning. Það er spurningin um hvort samningum Orkustofnunar og Almennu verkfræðistofunnar hefur verið rift eða ekki. Um þetta er ágreiningur svo sem kunnugt er. Annars vegar heldur hæstv. utanrrh. því fram, að samningunum hafi verið rift. Hins vegar segir hæstv. iðnrh. að samningunum hafi ekki verið rift. Óneitanlega varðar miklu hvor þeirra félaga, hæstv. utanrrh. eða hæstv. iðnrh., hefur á réttu að standa. Ég vænti þess, að þeir tjái sig báðir um þetta efni í þessum umr. Ef þeim kemur ekki saman um hver staðreyndin er í þessu efni, óska ég eftir að hæstv. forsrh. skýri í þessari umr. frá því, hver skoðun hans og ríkisstj. í heild er á þessu máli. Undan því verður ekki skorast. Það er það minnsta að hæstv. forsrh. geri hv. Alþingi grein fyrir skoðun ríkisstj. í svo mikilvægu máli sem hér um ræðir.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Vestf., leiðarljós stjórnarandstöðu Sjálfstfl. í orkumálum, hefur látið það ljós skína hér úr ræðustól og með málflutningi sem oft heyrist frá honum þegar hann tekur til máls um orkumál og atriði þeim skyld. Ég skal reyna, þrátt fyrir það að hans fyrirspurnir væru reifaðar mjög í þoku og leiðarljósið væri þoku umvafið, að veita honum úrlausn þó að ég geri mér enga von um að hann telji það fullnægjandi frekar en það sem okkur ber á milli í sambandi við orkumál.

Hv. þm. byrjar á að gefa sér forsendur og spyrja síðan. Og annað atriði, sem hann lætur koma fram í máli sínu, er að honum sé alveg sérstaklega umhugað um verkefni og hlutverk stjórnar Orkustofnunar, en hann gagnrýndi mig mjög harðlega fyrir tæpu ári fyrir að ég skyldi hafa sett hana á laggirnar. Nú er þessum hv. þm. mjög í mun að hún hafi hvergi verið sniðgengin í þessu máli.

Það er víða leitað fanga hjá hv. stjórnarandstæðingum þessa daga og þeir reyna mjög að nýta meginmálgagn sitt, Morgunblaðið, í því samhengi. Þannig reiðir hv. 4. þm. Vestf. fram þá staðhæfingu sem hann hefur úr Morgunblaðinu, sem ég efast ekkert um að hann lesi mjög vandlega. Þó virðist ekki hafa nægt honum að hann hafi fengið skýringar af hálfu iðnrn. sem birtar voru í Morgunblaðinu í dag í sambandi við þetta mál. — En forsendan, sem hann sækir sér í Morgunblaðið og það birtist laugardaginn næst liðinn var þess efnis, að rift hefði verið samningum milli Orkustofnunar og Almennu verkfræðistofunnar.

Það er meginatriði í þessu máli, að engum slíkum samningum hefur verið rift fyrir tilstuðlan iðnrn. Það, sem gerðist í þessu máli, var að fimmtudaginn 10. mars óskaði ég eftir því — og raunar degi fyrr, miðvikudaginn 9. mars — að sjá samninga sem þá voru í undirbúningi milli Almennu verkfræðistofunnar og Orkustofnunar. Ég fékk þá fimmtudaginn 10. mars og óskaði þá eftir því, kom þeim tilmælum á framfæri við orkumálastjóra, að dokað yrði við með framkvæmd samninganna á meðan litið yrði yfir þá í iðnrn. (**GeirH:** Var samningsgerðin í undirbúningi þá?) Samningurinn var undirritaður þegar ég fékk hann í hendur fimmtudaginn 10. mars. (**GeirH:** Ráðh. sagði áðan að hann hefði verið í undirbúningi.) Ég óskaði eftir því miðvikudaginn 9. mars að fá að sjá samninga sem þá væru á döfinni í sambandi við þetta mál, og fékk þá í hendur degi síðar. (**GeirH:** Voru þeir á döfinni eða voru þeir undirritaðir?) Mér þykir leitt ef hv. 1. þm. Reykv. er farinn að tapa heyrn. Ég hef tvívegis svarað því sem hann spyr hér um. (Gripið fram í. — **Forseti:** Ég bið þm. um að vera ekki með samtöl í þingsal.) Þessir samningar voru síðan til athugunar á vegum iðnrn. um vikutíma og sú athugun lá fyrir fimmtudaginn 18. mars. Um þetta efni gaf iðnrn. út fréttatilkynningu í gær um leið og bréf var sent orkumálastjóra um niðurstöður rn. Vegna þess að í þessa fréttatilkynningu hefur verið vitnað hér af hv. 4. þm. Vestf., en mjög á dreif, ætla ég að leyfa mér að lesa hana eins og hún liggur fyrir, en hún er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Iðnrn. lauk hinn 18. mars s. l. við athugun á samningum, sem gerðir voru milli Almennu verkfræðistofunnar og Orkustofnunar. Í framhaldi af því hefur iðnrh. falið Orkustofnun að safna saman öllum tiltækum upplýsingum um jarðfræði, grunnvatnsrennsli og mengunarhættu í nágrenni Keflavíkurflugvallar og gera tillögur til iðnrn. um frekari rannsóknir er æskilegar geti talist.

Þann 10. mars s. l. voru gerðir samningar milli Almennu verkfræðistofunnar og Orkustofnunar um jarðfræðirannsóknir í Helguvík í Keflavíkurkaupstað og jarðboranir á Hólmsbergi í Gerðahreppi. Iðnrn. taldi nauðsynlegt að athuga lögmæti þessara samninga í ljósi margháttaðrar óvissu varðandi skipulags- og byggingarmál og fleira í Helguvík og grennd. Hefur gagna verið aflað frá öðrum ráðuneytum og stofnunum og umrædd samningagerð verið metin.

Niðurstöður rn. eru þær, að samningarnir séu haldnir þess háttar annmörkum að gera þurfi á þeim breytingar eða auka við þá áður en Orkustofnun er unnt að hefjast handa um vinnu samkvæmt þeim.

Annmarkar þessir felast m. a. í því, að greiðslur samkv. samningunum skulu fara fram í erlendri mynt, en til þess skortir lagaheimild og er því andstætt lögum nr. 13/1979, um verðlagsmál o. fl., svonefndum Ólafslögum. Áhersla er jafnframt á það lögð af hálfu rn., að opinberar stofnanir gangi ekki á undan öðrum og áskilji sér greiðslur í erlendri mynt í samningum við íslenska aðila.

Þá þykir og rétt að setja í samningana fyrirvara, sem fela það í sér að Almenna verkfræðistofan hf. og viðsemjandi hennar geti ekki byggt neinn rétt á því síðar, að opinber stofnun hefur tekið að sér rannsóknir á hafnarstæði í Helguvík og svæði fyrir olíutanka á Hólmsbergi, í því felist engin fyrirheit af hálfu íslenskra stjórnvalda um að veita leyfi til byggingarframkvæmda síðar.

Einnig er talið rétt að kveða á um það í samningum aðila, að verkkaupa, Almennu verkfræðistofunni hf., sé ljóst að með samningunum er engin afstaða tekin til ágreinings sem uppi er um skipulag á umræddum svæðum.

Jafnframt er lögð sú skylda á Almennu verkfræðistofuna hf. að kynna hinum erlenda viðsemjanda sínum framangreint svo og að afla leyfis réttra umráðamanna til umferðar um rannsóknarsvæðin.

Fallist er á að Orkustofnun byrji vinnu samkvæmt samningunum þegar Almenna verkfræðistofan hefur samþykkt framangreindar breytingar á samningunum og viðauka við þá.

Bréf rn. til Orkustofnunar er dags. 18. mars s. l., en var ekki sent Orkustofnun fyrr en í dag vegna fram kominna krafna og eindaga af hálfu bandarískra sjóhersins, er fram komu s. l. fimmtudag, en eru nú liðnir hjá.

Í tilefni af ásökunum í garð iðnrh. um valdníðslu vegna athugunar á samningum þessum þykir rétt að taka fram að Orkustofnun heyrir stjórnarfarslega undir iðnrh. og hann hefur eftirlitsskyldu með þeirri stofnun eins og öðrum undirstofnunum rn. Framangreind athugun og breytingar á samningunum og viðauka við þá, sem af henni leiðir, sýna að slíkra athugunar var full þörf."

Hvað snertir stjórn Orkustofnunar starfar hún á ábyrgð iðnrh. og er m. a. falið að vinna að stefnumörkun varðandi Orkustofnun. Stjórnin hefur fylgst með þessu máli, orkumálastjóri hefur gert henni grein fyrir því á tveimur fundum og hún hefur fengið öll málsgögn í hendur frá iðnrn.

Ég sé, herra forseti, ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, það liggur skýrt fyrir eins og það hefur verið afgreitt af hálfu iðnrn., en ítreka það aðeins að lokum, að aldrei stóð til að rifta þessum samningum af hálfu rn. Það var málflutningur sem upp var tekinn af Morgunblaðinu til að reyna að blása þetta mál út og efna til úlfúðar vegna þess. Sú fyrirætlan mun ekki heppnast Morgunblaðinu og ég óska því til hamingju með það.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég tel mig knúinn til að leggja nokkur orð í belg, þó að mér sé það að sjálfsögðu ekkert fagnaðarefni að standa í deilum við samráðh. minn. En ég verð því miður að segja að vinnubrögð hans í þessu máli hafa verið undarleg, vægast sagt. 10. mars gefur hann Orkustofnun fyrirmæli um að hún skuli hætta við að efna skriflegan verksamning sem gerður hafði verið. Það þýðir ekki fyrir hæstv. iðnrh. að vera að halda því fram, að þarna hafi aðeins verið um góðlátleg tilmæli til Orkustofnunar að ræða. Það eru næg vitni að því, að þetta voru fyrirskipanir frá iðnrh., enda má nærri geta hvort Orkustofnun, sem var búin að skrifa undir verksamninga og er ekki kunn að því að rifta því sem hún hafi skrifað undir og standa ekki við sín heit, hefði horfið að því ráði að hætta ef það hefðu bara verið góðlátleg tilmæli frá orkumálaráðh. Nei, það voru fyrirskipanir. Ég hef sagt um þetta atferli að það sé einstætt. Ég held að það sé það. Mér eru, a. m. k. á þessu augnabliki, ekki tiltæk dæmi úr íslenskri stjórnarfarssögu sem setjandi séu á bekk með þessu, að ráðh. grípi inn í mál stofnunar sem að vísu heyrir undir hann, en hefur þó að nafninu til a. m. k. sérstaka stjórn, og segi henni að hætta við að fullnægja skuldbindingum sem hún hefur gengist undir, hvort sem er munnlega eða skriflega. Það var skriflega í þessu dæmi. Ég leyfi mér að efast um að það finnist nokkurt fordæmi fyrir slíku í íslenskri stjórnarfarssögu. Ef einhver hér skyldi þekkja slík fordæmi væri mér þökk á að hann vildi nefna þau og koma fram með þau. Sem betur fer held ég að þetta sé óþekkt og falli ekki saman við þær réttarhugmyndir sem Íslendingar hafa gert sér.

Þetta er mjög alvarlegt mál — alvarlegt vegna þess að þarna er um að ræða eða gæti verið um að ræða fordæmi. Það er auðlærð ill danska. Það gæti verið að einhverjir ráðherrar, sem fyndu til valds síns, tækju upp á því síðar að beita svipuðum aðferðum og þessum. Þess vegna er þetta alvarlegt mál. Nú bíð ég eftir að hæstv. iðnrh., sem hefur athugað þetta og sjálfsagt látið aðra gera það, bendi mér á fordæmi fyrir svona starfsháttum hér á landi. Þeir kunna að vera þekktir erlendis, en hér eru þeir það ekki.

Það er ágreiningur uppi um það málefni sem hér er um að ræða. Við hæstv. félmrh. höfum deilt um það og getum haldið áfram að deila um það, en það er allt annars eðlis. Það er deilt um málefnið sjálft. Auðvitað fellst ég ekki á hans sjónarmið eða hans túlkun eða útlistun, og hann gerir sjálfsagt einhverjar aths. við minn málflutning varðandi málið. En það er allt í lagi að menn hafi skiptar skoðanir á málefni. Þetta, sem hér er um að tefla, er allt annars eðlis.

Ég leyfi mér að halda því fram, að það sé enginn lagalegur grundvöllur fyrir þessari ákvörðun iðnrh., hvort sem það er valdníðsla eða valdþurrð, nema hvort tveggja sé. En ég tek það fram, að ég nota ekki orðið valdníðsla í þeirri merkingu sem hér er títt að gera í fjölmiðlum lon og don. Ég nota það í lagatæknilegri merkingu. Það er ákveðið hugtak í lögfræði og það er í þeirri merkingu sem ég nota það.

Hæstv. iðnrh. bjóst við því hálfpartinn að hann mundi ekki geta gert hv. fyrirspyrjanda úrlausn í málinu. Ég efast stórlega um að hann geti gert nokkrum manni úrlausn í þessu máli, að hann geti skýrt vinnubrögð sín fyrir nokkrum manni. Eins og ég sagði áðan vantar lagalega grundvöllinn. Nú hefur hæstv. iðnrh. sjálfsagt sér til aðstoðar einhverja lögfræðinga í sínu rn. Nú væri gaman að heyra hvort þeir hefðu verið spurðir ráða um þetta, hvort þeir hefðu kannske ráðlagt svona vinnubrögð eða haldið að þau gætu gengið. Ég hefði gaman af að heyra rödd þeirra lögfræðinga.

Ég ætla ekki á þessum stað og þessari stundu að fara langt út í þetta mál. Þetta vildi ég þó láta koma fram hér, að það er enginn lagalegur grundvöllur undir þessari ákvörðun iðnrh. og hún er einstæð og hún er hættuleg — hættuleg sem fordæmi í íslenskum rétti. Hæstv. iðnrh. stendur í stórræðum. Hann leggur senn út í mikilvægar viðræður við álfélag. Ég segi bara að ég vona að í því máli hafi verið lagður sterkari lagalegur grundvöllur en er undir þessari ákvörðun hæstv. iðnrh. Annars hjálpi okkur allir heilagir.

Hæstv. iðnrh. las hér upp þá fréttatilkynningu sem fór frá iðnrn. í gær. Jú, hann gat þess, að það hefði við athugun á málinu komið í ljós að annmarkar væru á samningunum, það væri ólögmætt ákvæði í þeim, greiðsla fyrir verkið væri ákveðin í dollurum, en ekki í íslenskum krónum. Nú er þetta samningur við erlendan aðila í raun og veru. Það skiptir engu máli þó að Almenna verkfræðistofan hafi þarna milligöngu. Það vita allir. Mér er sagt að ósk um að ákveða þetta í dollurum hafi komið frá Orkustofnun, orkumálastjóra. Ég verð að segja að það finnst mér ekki óskynsamleg ákvörðun og ekki óskynsamleg tilmæli þegar litið er á hvernig þróun í gjaldeyrismálum hefur verið á undangengnum mánuðum varðandi íslenskar krónur og dollara. En það átti aldeilis að láta höggið ríða að gagni því að þetta ákvæði um að miða við dollara í staðinn fyrir krónur var andstætt lögum um verðlag, svonefndum Ólafslögum, nr. 13/1979. Nú þætti mér gaman að hæstv. iðnrh. léti þingsvein ná fyrir sig í þessi margumtöluðu lög, lög nr. 13/1979, sem heita ekki verðlagslög, heldur lög um stjórn efnahagsmála o. fl., og fletti upp í þeim og sýndi mér hvar í þessum lögum nr. 13/1979 væri að finna ákvæði sem þetta varðaði. Þar er hvergi að finna neitt ákvæði sem

lýtur að þessu. Það kann að vera að það sé í einhverjum öðrum lögum. Þetta sýnir þau flumbrulegu vinnubrögð sem við hafa verið höfð í þessu sambandi í iðnrn., að geta ekki einu sinni nefnt rétt lagaákvæði í þessu sambandi, heldur grípa til þess ráðs að ætla að fara að segja að þetta sé í lögum sem stundum hafa verið kölluð Ólafslög. Þetta er sem sagt hrein vitleysa. Það er ekkert ákvæði í þessum lögum sem varðar þetta. Ef annað er eftir þessu geta menn rétt ímyndað sér hversu athugun á þessu hefur verið vönduð.

Ég skal ekkert segja um það á þessari stundu, hvort Orkustofnun fær þennan samning þrátt fyrir allt sem á undan er gengið. Það er ekki í mínum höndum. Það er í höndum bandarískra sjóhersins og þess aðalverktaka sem vinnur á hans vegum. Það hafði verið settur ákveðinn tímafrestur af þessum aðilum, að ef ekki væri búið að svara fyrir kl. 4 á föstudag væri þessi samningur við Orkustofnun úr sögunni. Ég hef haldið að það væri hægt að byggja á því sem þessir aðilar segðu. Ég tók þetta trúanlegt, að þar með væru þessir samningar úr sögunni og Orkustofnun fengi þetta ekki, heldur tæki sjóherinn það í sínar hendur. En vera má að hæstv. iðnrh. viti betur um þetta en ég, og vera má að þrátt fyrir þau undarlegu vinnubrögð, sem hér hafa verið viðhöfð, fái Orkustofnun þetta verk allt að einu. Ég skal á þessu stigi ekkert um það segja. En söm er gerð hæstv. iðnrh. Hann hefur óneitanlega með þessum ráðstöfunum sínum stofnað þessum samningum Orkustofnunar, sem ég hefði haldið að gætu verið fundið fé fyrir hana á þessum tíma, í hættu og kannske — ég veit það ekki enn — þannig að þetta verði tekið úr höndum Orkustofnunar. Það getur nefnilega vel verið að þeim detti það í hug fyrir vestan að það geti vel komið til þess síðar á samningstímanum að valdamanni hér detti í hug að segja stopp. Það er ekki víst að þeir vilji treysta á það, þó að hann segi nú að þetta sé í lagi, nú megi Orkustofnun fara að byrja, að vísu að fullnægðum ýmsum skilyrðum sem eru þó ekki neitt nema eintóm málamyndaskilyrði.

Ég sagði áðan að lagalegi grundvöllurinn undir þessu væri enginn. En þá heilbrigða skynsemin! Hvað ætli almenningur hér á landi segi um þá heilbrigðu skynsemi að taka greiðsluandvirði fyrir þetta verk í íslenskum krónum í staðinn fyrir dollara? Ætli menn telji það heilbrigða skynsemi? Ég efast um það. Það er þetta sem á að verða. Það er ekki líklegt að það standi á þeim fyrir vestan að verða við þeirri málaleitan. En svo eru það ýmis önnur atriði sem ég skal ekkert segja um.

Það hefur verið dálítil deila á milli okkar félmrh. undir hvorn okkar skipulagsmál á þessum slóðum heyrðu. Mér hefði þótt alveg nóg að við deildum um það. En nú ríður hæstv. iðnrh. fram á völlinn, og eftir þessari fréttatilkynningu að dæma er eins og hann ætli að láta sig skipulagsmál þarna varða. Það er engu líkara. Ég veit ekki til þess, að hann hafi nokkurt skipulagsvald. Mér virðist hann því vera farinn að sækja nokkuð á starfsbróður sinn, hæstv. félmrh.

Hann segist fela Orkustofnun að athuga þarna ýmislegt: mengun, vatnsrennsli o. fl., o. fl. Hann skipar ekki Orkustofnun að gera þetta á varnarsvæðum, það er alveg hreint og klárt. Þau heyra ekki undir hann. Það er þá ræman í Keflavík sem um er að tefla. Og mér finnst hann ganga nokkuð nærri hæstv. heilbrmrh., því að satt að segja hefði ég haldið að þessi mál, sem nefnd eru þarna, lægju nær verksviði heilbrmrh. en iðnrh. og orkuráðh.

(Félmrh.: Er utanrrh. á móti því að láta athuga þetta á varnarsvæðum?) Nei, nei, ég læt athuga það allt miklu betur en hæstv. iðnrh. gerir og jafnvel félmrh. til jafns. Við gerum það hvor á sínum stað, þar sem við höfum valdið, ég og þú.

Eins og ég sagði í upphafi ætla ég ekki að gera neina almenna úttekt á þessum málum. Það er vissulega ekkert ánægjuefni, eins og ég sagði, að þurfa að standa í deilum um þetta við samstarfsráðherra sinn. En ég vildi taka þessi atriði fram, staðreyndir í málinu sem sýna að það hefur verið unnið að því á óvandaðan hátt, eins og t. d. að geta ekki vitnað í rétt lög o. s. frv. Ég hef viljað gefa hæstv. iðnrh. kost á að nefna við hvaða fordæmi hann styðst í þessu efni. Og ég hef viljað vekja athygli á þessu af því að ég tel alvarlegt mál ef á að fara inn á þessar brautir í framtíðinni, að einhver valdsmaður, ráðh., geti eftir geðþótta farið að fella niður skriflega samninga sem stofnun sem undir hann heyrir hefur gert. Slíkt stjórnarfar má ekki innleiða hér á landi. Þess vegna eiga þessi vinnubrögð hæstv. iðnrh. að verða víti til varnaðar — lýsandi víti til varnaðar um alla framtíð.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég átti satt að segja ekki von á að Morgunblaðinu bættist sá liðsmaður sem hér kom fram í málflutningi hæstv. utanrrh. áðan. Ég get a. m. k. ekki óskað ríkisstj. til hamingju með það. Ég ætla ekki að fara að standa í deilum við hæstv. utanrrh. á þessum vettvangi, þó að hann hafi borið mig hér býsna þungum sökum og haft uppi orð sem ég hafði ekki gert ráð fyrir að fram kæmu frá honum hér á hv. Alþingi. Hann gengur nefnilega í þá sömu gryfju og hv. 4. þm. Vestf. að gefa sér það, sem lesa mátti í Morgunblaðinu laugardaginn 12. mars líklega, að ég hafi gefið fyrirmæli um að rifta samningum. Það eru fyrirmæli sem ég hef ekki gefið og hef aldrei gefið í þessu samhengi. Ég kom á framfæri leiðréttingu við þá fullyrðingu í Morgunblaðinu degi síðar. Það eina, sem ég óskaði eftir við orkumálastjóra í þessu máli, var að dokað væri við meðan athugað væri lögmæti þessa samnings sem Orkustofnun hafði gert við Almennu verkfræðistofuna. Ástæðan fyrir því, að beðið var um að doka við þarna, var sú, að um var að ræða aðgerðir sem snertu viðkvæma deilu og spurningu um valdsvið og verksvið milli ráðuneyta. Ég taldi skylt að athuga hvort Orkustofnun væri með óeðlilegum eða ólögmætum hætti að hætta sér út á svæði sem gæti komið henni í koll. Sem yfirmaður þeirrar stofnunar taldi ég rétt að þetta væri gert, og ég lét aldrei koma fram þá daga sem þessi athugun stóð yfir annað en henni mundi ljúka með eðlilegum hætti. Það hefur verið gert með greinargerð sem iðnrn. sendi frá sér í bréfi til Orkustofnunar. Þar var vitnað til þess sem hér var til umr., m. a. í sambandi við þessa verksamninga, þar sem segir varðandi samningana um jarðboranir og jarðfræðirannsóknir að „samkv. samningnum varðandi jarðboranir er gert ráð fyrir að greiðslur fari fram í Bandaríkjadollurum. Rn. getur ekki á þetta fallist. Orkustofnun skal hlutast til um að ákvæðum samningsins er varða greiðslur verði breytt þannig að allar greiðslur samkv. samningnum verði miðaðar við og fari fram í íslenskum krónum og með því virtar gjaldeyrisreglur og ákvæði b-liðs 4. tölul. 1. mgr. 39. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 13/1979, um verðlagsmál o. fl." Þetta er það sem þarna er vitnað til.

Ég ætla í sambandi við þetta mál að öðru leyti aðeins

að bæta því við, að ég tel að það væri þörf á að athuga ýmsa þætti í sambandi við afskipti utanrrn. í sambandi við þetta mál á sama tíma og deilur hafa verið uppi um verksvið og valdsvið milli ráðuneyta. Þar á ég m. a. við það, að af hálfu utanrrn. skuli hafa verið gengið inn í málið og verið að koma á framfæri í fjölmiðlum sjónarmiðum sem rakin eru til verkkaupa, þ. e. bandaríska sjóhersins, í þessu efni, eins og gert var s. l. fimmtudag. Ég átta mig ekki á hvaða hagsmuni er verið að verja af hálfu varnarmáladeildar utanrrn. eins og gert var með því að fara að koma því í fjölmiðla að þar væru komnir upp eindagar. Ég hafði ekki frétt af því máli fyrr en það kom fram í fjölmiðlum um það leyti sem mitt rn. var að ljúka afgreiðslu á þessu máli.

Ég ætla, hæstv. forseti, ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hef svarað hv. fyrirspyrjanda, sem vakti máls á þessu hér, því sem ég tel ástæðu til að komi fram hér á Alþingi. Ég tel ekki rétt að atriði, sem varða viðkvæma deilu innan ríkisstj., séu að öðru leyti hér til umr. af minni hálfu.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er ástæðulaust að endurtaka það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt, nema taka almennt undir þau ummæli sem hann viðhafði áðan. En það, sem olli því að ég kvaddi mér hljóðs, voru þau eftirtektarverðu ummæli hæstv. iðnrh. þegar hann sagði að Orkustofnun væri laus allra mála þrátt fyrir sína undirskrift af því að Orkustofnun hefði farið út fyrir sitt umboð þótt það bitnaði á samningsaðila Orkustofnunar. Það er allundarleg lögfræði, svo að ekki sé meira sagt.

Eins og hæstv. utanrrh. talaði um áðan var hér um samning að ræða sem í raun og veru var við varnarliðið. Slíkir samningar eru yfirleitt í dollurum, að ég hygg. Það var því eðlilegt að þessi samningur yrði í dollurum. Fyrirkomulagsatriði var með hverjum hætti frá honum yrði gengið. Nú óskaði Orkustofnun eftir að þessi samningur yrði í dollurum, sem hæstv. iðnrh. virtist véfengja að væri lögum samkvæmt, og þá lét hann Orkustofnun doka við. Hann, sem braut af sér, átti réttinn. Þetta er að snúa lögunum við, svo að ekki sé meira sagt.

En að hinu leytinu vil ég taka undir óskir hv. 4. þm. Vestf. áðan um að hæstv. forsrh. skýri sín viðhorf í þessu máli og hvaða augum hann lítur á þau. Nú má vel vera að svo illa standi á að sú málamiðlun, sem hann hyggst beita sér fyrir, sé ekki komin á þann rekspöl að hann treysti sér til að tala mikið um þessi mál að svo stöddu. En eins og við munum lýsti hæstv. forsrh. yfir fyrir skömmu að hann hefði tekið þessi mál í sínar hendur og yrði þess að vænta, að betra samkomulag yrði milli ráðuneyta en áður hefði verið. Það lá í orðunum. Nú virðist samt sem áður sem þetta hafi gengið eitthvað erfiðar en við mátti búast. Ef við berum saman ummæli ráðh. áðan er ekki að sjá að neitt samkomulag sé í sjónmáli. Þess vegna vil ég óska eftir að hæstv. forsrh. svari því hér, hvort hann taki undir það með hæstv. utanrrh., að við megum ekki fara inn á þær brautir að valdsmaður geti að eigin geðþótta fellt niður skriflegan samning, hvort hann geti tekið undir það með hæstv. utanrrh., að við getum ekki innleitt slíkt stjórnarfar hér á landi, heldur eigum að haga okkur svo að það sé í samræmi við lög og reglur, að hér sé réttarríki eins og við viljum hafa það, kannske það besta í veröldinni. Ég vildi óska að hæstv. forsrh. væri svo lítillátur að hann segði okkur eitthvað af hug sínum í þessum efnum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir að hafa svarað fsp. mínum, þó að hann gerði það ekki eins og ég hefði viljað að hefði orðið, þó að mikið vantaði á að hann gæfi þær upplýsingar sem óskað var eftir. Það var e. t. v. ekki að vænta þess, að hann gerði það, því að hann virtist, eftir því sem honum féllu orð, ekki skilja það sem ég hafði sagt.

Hann sagði, að það, sem ég hefði sagt, hefði allt verið í þoku, sagðist ekki skilja það. Ég leyfi mér að efast um að svo sé ástatt um nokkurn mann hér inni annan en hæstv. iðnrh., að hann hafi ekki skilið það sem ég sagði. Ég leyfi mér að vekja athygli á því, hvernig spurningar mínar voru settar fram, hvort það hafi verið yfir þeim einhver þokuslæðingur. Ég spurði: Hver eru afskipti stjórnar Orkustofnunar af samningi Orkustofnunar við Almennu verkfræðistofuna? Ég spurði: Var samningurinn gerður með vilja og vitund stjórnarinnar? Ég spurði: Hefur ráðh. haft samráð við stjórnina um aðgerðir sínar vegna samningsins? Hver er afstaða stjórnarinnar til samningsins og aðgerða ráðh.? Eru menn í vandræðum að skilja við hvað hér er átt?

Nei, hæstv. ráðh. var ekki í vandræðum með að skilja þetta. En hæstv. ráðh. var í vandræðum með að standa fyrir máli sínu áðan. Í því lá vandi hans. Hann vildi sem minnst um þetta mál tala, og höfuðatriði í svari hans var raunar að ég hefði fallið í þá gryfju að taka Morgunblaðið trúanlegt og gefa mér forsendur eftir forskrift Morgunblaðsins.

Nú vil ég taka það fram, að Morgunblaðið er að sjálfsögðu góð heimild í þessum efnum sem öðrum. En það, sem ég tók fyrst og fremst mið af, var hæstv. utanrrh. Ég hygg að það hafi ekki þurft að leika neinn vafi á því í þeim orðum sem ég sagði áðan. Hvers vegna segir hæstv. iðnrh. þá það sem hann var að segja? Hann vill drepa málinu á dreif. Hann vill ekki um það tala.

Hvað segir hann svo þegar hann sýnir tilburði til að svara hæstv. utanrrh.? Hann segist ekki vilja óska ríkisstj. til hamingju með samstöðu mína og hæstv. utanrrh. Látum það vera. En hann segir að utanrrh. hafi fallið í sömu gryfjuna og ég. Ekki meira um það af hálfu hæstv. iðnrh.

Hæstv. iðnrh. sagði svo í sinni seinni ræðu að það væri um viðkvæma deilu að ræða innan ríkisstj. og hann vildi ekki frekar ræða hana á þessum fundi. Í raun og sannleika hefur hann ekkert rætt efnislega um þetta mál. Hann svaraði því einu af því sem ég spurði, að haft hefði verið samband við stjórn Orkustofnunar, ég má segja að hann hafi sagt: einu sinni eða tvisvar. Ekki er það nú nákvæmt svar við spurningum mínum, og má draga nokkrar ályktanir af þessu svari. Það er kannske vafasamt að draga ályktanir af nokkru sem hæstv. iðnrh. hefur sagt í þessu máli. Ég get þó ekki varist þeirri hugsun, að tal hans um, að tvisvar hafi verið haft samband við stjórn Orkustofnunar í þessu sambandi, bendi til þess, að stjórn Orkustofnunar hafi í fyrsta lagi ekki verið sérlega virkur aðili að samningsgerðinni og í öðru lagi að því sem gerðist eftir að hæstv. iðnrh. greip fram í fyrir Orkustofnun. Ef þetta er ekki rétt ályktun gefur hæstv. iðnrh. nánari upplýsingar um það. Hann á ekki að vera í vanda með það.

Ég sagði áðan að í raun og veru væri ekkert bitastætt af því sem hæstv. iðnrh. sagði og hefði mátt telja til einhvers konar svars við því sem ég sagði. Sama er að segja um svar hans við því sem hæstv. utanrrh. sagði. Það var svo

alvarlegt sem hæstv. utanrrh. sagði að það er ekki hægt að una því, að hæstv. iðnrh. komist hjá að tjá sig um þau efni. Alþingi á heimtingu á að hæstv. iðnrh. tjái sig um þau atriði sem hæstv. utanrrh. gerði sérstaklega að umræðuefni. Það er ekki Alþingi óviðkomandi ef í ríkisstjórn Íslands situr ráðherra sem getur í störfum sínum verið jafnvarhugaverður og kom fram í orðum hæstv. utanrrh. Það er ekki hægt að una því umyrðalaust að maður, sem skapar svo alvarlegt fordæmi í stjórnsýslumálum sem hæstv. utanrrh. benti á, sitji í stöðu ráðh. Það er a. m. k. lágmarkskrafa að hæstv. ráðh. geri betur grein fyrir sínu máli en hann hefur gert. Það er ekki hægt að una því, að ráðh. vinni eins óvandað að málum og hæstv. utanrrh. dró fram um vinnubrögð hæstv. iðnrh.

Hvað segja þessar umr. okkur þá fyrst og fremst? Það eru ekki miklar upplýsingar frá hæstv. iðnrh. En við mættum láta þessi víti verða okkur til varnaðar. Var það ekki einmitt það sem hæstv. utanrrh. sagði? Jú, hann sagði það. En ég spyr: Hvað ætlar hæstv. utanrrh. að gera til að gefa þessum orðum sínum meiri áherslu en orðið er? Mig uggir að það sé ekki nægilegt að hæstv. utanrrh. lesi hæstv. iðnrh. pistilinn, eins og hann gerði áðan. Ég óttast að það þurfi frekari aðgerða við. Mér er þess vegna spurn hvort svo ágætur og glöggur maður sem hæstv. utanrrh. er treysti sér að halda áfram í ríkisstj. með ráðh. sem viðhefur slík vinnubrögð sem hæstv. iðnrh. hefur og hæstv. utanrrh. varar svo sterklega við.

Auðvitað varðar þetta mál fleiri en hæstv. utanrrh. Það hefur komið fram í þessum umr. eins skýrt og getur verið, að það er djúpstæður ágreiningur milli utanrrh. og iðnrh. Ég vék að þessu í fyrri ræðu minni og taldi sjálfsagt og eðlilegt að hæstv. forsrh. tjáði sig um þetta mál ef hann mætti gefa upplýsingar um hver væri stefna hans og ríkisstj. í heild í þessu mikla ágreiningsmáli, í því þýðingarmikla máli sem hér um ræðir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér hafa allmörg þung orð fallið af munni hæstv. utanrrh. í þessum umr., mjög óvenjuleg, verð ég að segja, í umr. um mál af þessu tagi, þegar um er að ræða samráðh. í ríkisstj. Það er auðvitað ekki að furða þó að stjórnarandstaðan spyrji spurninga í tilefni af slíkum ummælum, þegar hæstv. utanrrh. lætur sér ekki nægja að viðhafa allsérkennileg orð um hæstv. iðnrh., heldur kallar á „alla heilaga" sér til hjálpar og aðstoðar í glímunni við þann voðamann sem hæstv. iðnrh. er.

Hér er talað um valdníðslu, hér er talað um valdþurrð og hér er talað um að ranglega hafi verið að málum staðið, í miklum hneykslunar- og vandlætingartón af hæstv. utanrrh., sem er einn af ráðh. Framsfl., og af hv. stjórnarandstæðingum. Í þessum umr. hefur það þó ekki komið fram, sem kannske mætti verða mönnum nokkurt umhugsunarefni í þennan hóp, einnig þeim hv. alþm. sem kjósa að styðja hersetuna á Íslandi, að s. l. fimmtudagskvöld gerðust þau tíðindi, að yfirmaður varnarmáladeildar utanrrn., sem læðist hér um baksali þessa stundina, ef mér sýndist rétt, lét það koma fram sem upplýsingar frá sér, að bandarískt sjóherinn hefði í hótunum við íslensk stjórnvöld og ef þau væru ekki búin að gera eins og bandaríska sjóhernum þóknaðist fyrir kl. 4 daginn eftir yrði tilteknum samningum rift. Hér var um að ræða hótanir frá bandaríska sjóhernum. Hér hefur verið ráðist á ráðh. og hér hafa embættismenn verið gagnrýndir líka. Í þessum efnum gerist það, að bandaríski sjóherinn hefur í hótunum við íslensk stjórnvöld þegar það gerist að íslenskur ráðherra óskar eftir að yfirfara þau verk sem stofnun á hans ábyrgð er að vinna að á svæði og í máli sem er deilumál innan hæstv. ríkisstj. Hér gerist það, að bandarísk sjóherinn, bandarísk stjórnvöld eru að blanda sér í íslensk innanríkismál. Ég hygg að slíkt athæfi hljóti að teljast fordæmanlegt af öllum sanngjörnum mönnum og að allir sanngjarnir menn hljóti að viðurkenna að það sé eðlilegt af íslenskum stjórnvöldum, stjórnvöldum í fullvalda, sjálfstæðu ríki, þótt smátt sé, og sjálfsagt að slík stjórnvöld neiti að beygja sig fyrir slíkum hótunum. Þessar hótanir voru með þeim hætti, að það var vitaskuld alveg útilokað á þeirri stundu, sem þær komu fram fyrir íslensk stjórnvöld, að hrökkva undan þeim. Það, sem gerist í málinu, er að hæstv. iðnrh. neitar að hlýða þessum hótunum og gengur ekki frá málinu á þeim tímafresti sem bandarískt sjóherinn hafði sett, heldur kýs að taka sér þann tíma sem hann telur nauðsynlegan í verkið. Þar með er tímafrestinum hafnað, hótuninni hafnað og hún brotin niður.

Í sambandi við vinnubrögð bandarískra sjóhersins mættu menn gjarnan tala um valdníðslu eða valdþurrð — eða hvað? — Dettur einhverjum manni í hug í þessum sal að bandarískt sjóherinn sé með einhverjum hætti valdaaðili í þessu fullvalda ríki? Hefur hann vald, hefur hann heimild, hefur hann stöðu til að hafa í hótunum við íslensk stjórnvöld? Getur verið að svo sé komið að engum öðrum en okkur Alþb.-mönnum í þessum sal detti í hug að nefna orðið valdþurrð þegar bandarískt sjóherinn gengur fram með þessum hætti, hvað þá heldur orðið valdníðsla?

Hér erum við vitaskuld komnir að kjarna þessa máls, sem er sá, að bandarísk stjórnvöld eru vísvitandi og sjóherinn í þeirra umboði að reyna að reka fleyg í þá pólitísku samstöðu sem myndast hefur um núverandi ríkisstj. Við stjórnarandstöðuna og við bandaríska sjóherinn mundi ég vilja segja á þessari stundu: Það er ekki ætlunin að láta það takast að sú samstaða bresti. Það er ekki ætlunin að láta bandaríska sjóhernum takast að reka fleyg í þann meiri hl. sem hefur skapast á Alþingi Íslendinga og staðið hefur að núv. hæstv. ríkisstj. undanfarin tvö ár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, ekki fjalla um efnisatriði málsins, enda var stofnað til þessara utandagskrárumræðna fyrst og fremst um formsatriði og kemur í ljós í umr. að ekki eru allir á eitt sáttir í þessu máli. Það er reyndar synd að vera að trufla þennan opna fund í hæstv. ríkisstjórn Íslands um þessar mundir, á því kærleiksheimili sem menn keppast um að mála glansmyndir af í fínum ræðum og í blaðaskrifum. En vegna þess að líkast til er Sjálfstfl. eini hlutlausi flokkurinn gagnvart Ólafslögum, því að Sjálfstfl. var utan stjórnar þegar þau voru samþykkt á Alþingi og þá voru í hæstv. ríkisstj. báðir þeir ráðherrar sem nú deila hart, tel ég vera rétt að einhver og þá kannske helst úr okkar hópi komi hér upp og lesi þessa lagagrein sem er eina atriðið sem hæstv. iðnrh. hengir hatt sinn á. Það er það einasta sem eftir er af hans málflutningi, það aleina sem hann telur nú til stuðnings því sem hann hefur gert í þessu máli.

Hann vitnaði að sjálfsögðu rangt til laganna, kallaði þau verðlagslög o. fl., en númerin voru rétt. Þetta eru lög

nr. 13 frá 10. apríl 1979, kaflinn um verðtryggingar. Hann vitnaði til 39. gr. laganna, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta: „Það eru skilyrði verðtryggingar samkv. lögum þessum“ — og síðan er talið upp í fjórum töluliðum og í 4. tölul. segir, það var sá tölul. sem hæstv.ráðh. vitnaði til, „að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir“ — og síðan kemur a- og þá b-liður og í þann lið vitnaði hæstv. ráðh. og þar segir: „miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkv. lögum eða reglugerð.“

Hér er augljóslega átt við hvernig fara eigi með verðtryggingar þegar um er að ræða lög, þar sem miða skal við gengi erlends gjaldeyris, eða reglugerðir, eins og t. d. var gert af núv. ríkisstj. í sambandi við svokölluð afurðalán. Við það er átt með þessum lögum og ekkert annað því að auðvitað hafa íslenskir aðilar heimild til að taka við greiðslu í erlendum gjaldeyri, svo framarlega sem þeir standa skil á þeim greiðslum í bönkum og snúa þeim yfir til íslenskra fjármuna.

Ég ætla ekki að leggja dóm á ummæli hæstv. utanrrh., jafnglögg og þau voru, um hve mikil skynsemi það er fyrir fyrirtæki á borð við Orkustofnun að versla við aðila í erlendum gjaldeyri. Sá dómur er kannske stærsti dómurinn sem fallið hefur í þessari umr. um þá stefnu sem núv. hæstv. ríkisstj. fylgir og leiðir til þess, að einn af hæstv. ráðh. ríkisstj. segir að það séu bestu samningar sem hægt sé að gera að sjá til þess, að ekki sé verslað í íslenskum krónum. Þetta er álit hæstv. ríkisstj. á þeim gjaldmiðli sem hún ber ábyrgð á.

Herra forseti. Þar sem enginn hafði bent á þetta lagaatriði, en það er miðpunktur þessara umr. því að það er eina atriðið sem hæstv. iðnrh. hefur hengt hatt sinn á, vildi ég að þetta kæmi fram. Þetta eru lög sem hann ásamt hæstv. utanrrh. ber ábyrgð á, enda eru lögin stundum nefnd í höfuðið á hæstv utanrrh., nefnd Ólafslög. Það er sem sé algerlega augljóst mál, að sá, sem samið hefur fréttatilkynningu iðnrn., hefur gersamlega farið villur vegar varðandi túlkun þessara laga og það ætti auðvitað hæstv. ráðh., sem á sínum tíma átti sæti í þeirri ríkisstj. sem setti þessi lög, að vita manna best.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þegar litið er yfir þetta mál hlýtur að vakna sú spurning, hvort hæstv. iðnrh. hafi lent í þessu máli af barnalegri yfirsjón og fljótfærni eða hvort hér sé um hreinan valdhroka að ræða. Það kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. að hann teldi að með valdboði hefði iðnrh. rift þegar gerðum samningum. Hæstv. iðnrh. talaði hins vegar um að hann hefði haft hug á að biðja Orkustofnun að doka við. Hann talaði um að þetta hefði verið gert undir því yfirskini að hér hefði verið spurning um valdsvið ráðuneyta. En þegar litið er yfir málið sýnist mér að það hafi ekki verið áhyggjur hæstv. iðnrh. yfir hugsanlegum lagabrotum Orkustofnunar eða umhyggja fyrir henni sem réð því fyrst og fremst að hann greip hér til aðgerða. Ég held að tilgangurinn hafi augljóslega verið að reyna að stöðva þetta mál eða tefla framgang þess. En í þessum hita sást iðnrh. annaðhvort ekki fyrir um eigin valdsvið ellegar þá að hann hirti ekki um hvernig valdsviði sínu væri háttað. Ég hugsa að flestum hafi verið þetta ljóst, þessi megintilgangur aðgerða iðnrh., þegar í upphafi, en eftir að svar iðnrn. barst í gær held ég að það ætti öllum mönnum að vera fullljóst að svona var í pottinn búið.

Eins og komið hefur fram í þessum umr. eru þar tilgreindar tylliástæður einar fyrir þessum drætti og þessari rannsókn iðnrn. Ég hlýt að taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram um að ekki einungis hafi skort lagagrundvöll til þessara tilþrifa af hálfu hæstv. iðnrh., heldur hafi þar líka brotið í bága við almenna skynsemi, fyrir atferli af þessu tagi sjáist ekki fordæmi, en hins vegar felist hættulegt fordæmi í þessum aðgerðum.

Ef hér er um einberan valdhroka að ræða er það auðvitað mjög alvarlegt mál. En ég verð reyndar að vekja athygli á því, að það er eilítið ljós punktur í þeirri umr. sem hér hefur farið fram. Mér sýnist nefnilega hæstv. iðnrh. vera á hálfgerðum hlaupum allan tímann frá þeim aðgerðum sem hann hefur gripið til. Það bendir auðvitað til þess, að hann sé ekki sérlega ánægður með þær. Hann hefur tekið til baka, a. m. k. til hálfs, þær aðgerðir sem hann greip til í upphafi, og í þessum umr. hefur hann í rauninni beðist undan því að þurfa að verja gerðir sínar.

Þetta mál er auðvitað hættulegt stjórnarfarslega séð. En það er líka á því önnur hlið. Framferði af þessu tagi gerir íslensk stjórnvöld hláleg, og það er ekki heldur gott. Ég undrast að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa gripið inn í þetta mál til að fá í því niðurstöðu og sjá til þess, að farið væri að lögum, að ég nú ekki tali um að farið yrði að heilbrigðri skynsemi.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skil vel að hæstv. félmrh., formaður Alþb., skuli hafa fundið sig knúinn til að standa hér upp og reyna að bera blak af hæstv. iðnrh. Ég verð að segja það, að ég hef ekki orðið vitni að öllu aumari frammistöðu eða öllu meiri rassskellingu, sem nokkur hæstv. ráðh. hefur fengið, hvorki fyrr né síðar, en hæstv. iðnrh. hefur fengið í þessum umræðum, bæði með aumum tilsvörum sínum við þeim fyrirspurnum, sem hv. 4. þm. Vestf. beindi til hans, og jafnframt með þeirri ráðningu, sem hæstv. utanrrh. veitti honum. Það þýðir því ekkert fyrir hæstv. félmrh. að koma hér upp og reyna að drepa þessu máli á dreif með því að draga fram það sem hann telji vera kjarna málsins, einhverja ímyndaða hótun bandaríska sjóhersins. Það er ekki kjarni þessa máls. Í fyrsta lagi kom sú ímyndaða hótun ekki fram fyrr en hæstv. iðnrh. var búinn að fremja þá stjórnvaldsathöfn sem hér er mest til umræðu, þá stjórnvaldsathöfn sem auðvitað er kjarni þeirrar umr. sem hér á sér stað. Í öðru lagi var hér ekki um neina hótun að ræða, ekki eins og hún birtist a. m. k. venjulegum borgurum, heldur fyrst og fremst spurningu um hvort staðið yrði við samninga sem gerðir höfðu verið á fullkomnum viðskiptalegum grundvelli.

Mér fannst þau ummæli, sem hæstv. utanrrh. viðhafði í þessum umr., vera svo merkileg og einstök að ég kvaddi mér hljóðs fyrst og fremst til að reyna að drepa á nokkur meginatriði þeirra, vekja athygli á þeim og draga þau nánar fram.

Í fyrsta lagi ber hæstv. utanrrh. hæstv. iðnrh. ósannindum. Hæstv. utanrrh. heldur því fram ákveðið, að hæstv. iðnrh. hafi gefið fyrirmæli um að Orkustofnun skyldi hætta við að efna umræddan samning, og hann bætti við: Það eru næg vitni að því, að þetta voru fyrirmæli af hálfu iðnrh. Nú vill hæstv. iðnrh. ekki við þetta kannast, en engu að síður er hér um svo alvarlegar ásakanir að ræða af hálfu eins ráðh. í garð annars að undir því getur hæstv. iðnrh. ekki setið. Það verður að koma fram í dagsljósið hvað þarna fór raunverulega á milli, og það er

nauðsynlegt að þau vitni, sem þar eru til staðar, komi fram í dagsljósið þannig að þingheimur og alþjóð fái upplýst hvað raunverulega gerðist í þessu máli.

Í öðru lagi heldur hæstv. utanrrh. því fram, að enginn lagalegur grundvöllur hafi verið fyrir þessari ákvörðun hæstv. iðnrh., og hann bætir við, að hann hafi ekki á reiðum höndum nein hliðstæð dæmi úr íslenskri stjórnarfarssögu. Þegar hæstv. utanrrh. segir þetta er rétt að hafa í huga að hér mælir maður sem veit betur en flestir aðrir um þessi mál. Hér mælir maður sem í mörg ár var prófessor í stjórnarfarsrétti við Háskóla Íslands, hefur skrifað kennslubækur í stjórnarfarsrétti, m. a. ítarlega kafla um valdníðslu og valdþurrð. Hann kemur hér fram og fullyrðir að það sé enginn lagalegur grundvöllur fyrir aðgerðum hæstv. iðnrh. Þetta er mjög alvarleg ásökun sem nauðsynlegt er að draga fram og hafa í huga.

Í þriðja lagi ásakar hæstv. utanrrh. hæstv. iðnrh. fyrir óvönduð vinnubrögð — ekki aðeins að það skorti lagalegan grundvöll undir það sem hann gerir, heldur séu hér viðhöfð óvönduð vinnubrögð. Hér eru notuð orð eins og „flumbrugangur", „hrein vitleysa" og að geta ekki einu sinni nefnt rétt lög í þeirri fréttatilkynningu sem iðnrn. sendi frá sér. Hér er um alvarlegar ásakanir að ræða og maður spyr auðvitað sjálfan sig: Þegar einn ráðh. segir slíkt við annan, hvað þá með vinnubrögð hæstv. ráðh. í öðrum málum? Við verðum vitni að því, að hvert málið á fætur öðru klúðrast sem hæstv. iðnrh. kemur nálægt. Það eru öll mál að sigla í strand sem hann kemur nálægt, hvort sem það eru virkjunarmál, iðnaðar- eða orkumál. Allt það, sem þessi hæstv. ráðh. kemur nálægt, endar í einhverju klúðri og vitleysu. Slík mál eiga mörg eftir að koma til umræðu hér á hv. Alþingi nú næstu daga.

Hæstv. utanrrh. fullyrti að hæstv. iðnrh. hefði stofnað þeim samningum, sem hér um ræðir, í hættu, — samningum sem munu færa, ef þeir endanlega komast á, Orkustofnun verulegar tekjur sem hún ella hefði misst af. Hæstv. iðnrh. stofnar fleiri samningum í hættu. Hann virðist stofna í hættu öllum þeim samningum og öllum þeim samningaviðræðum sem hann kemur nálægt og tilheyra embætti hans. Um það eigum við líka eftir að ræða hér á Alþingi næstu daga og ég skal ekki fara nánar út í það hér.

En í fimmta lagi, og það finnst mér vera atriði sem hæstv. utanrrh. mælir hér af mikilli alvöru og miklum þunga til okkar þm., telur utanrrh. að slíkt stjórnarfar sem hæstv. iðnrh. temur sér megi ekki innleiða hér á landi. Til hvers skyldi hæstv. utanrrh. vera að vitna í þessu sambandi? Skyldi það vera t. d. þar sem hæstv. iðnrh. fékk sitt pólitíska uppeldi, í Austur-Þýskalandi? Ég skal ekkert fullyrða um það, en mér finnast það þung aðvörunarorð sem einn ráðh. mælir í garð annars þegar hann segir við hann: Slíkt stjórnarfar má ekki innleiða hér á landi. — Ég tek undir þessi orð hæstv. utanrrh. Mér finnst að hér hafi verið gengið of langt og að hæstv. iðnrh., sennilega með fullum stuðningi hæstv. félmrh., eins og hér hefur komið fram, hafi gengið allt of langt í þessu máli og hér hafi verið stigið skref í átt til stjórnarfars sem Alþingi verður að standa gegn að verði innleitt hér á landi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég get stytt mál mitt, en vil rifja það upp, að hæstv. iðnrh. lét að því liggja í fyrsta svari sínu hér í dag að hann hefði beðið um að fá að athuga samning Orkustofnunar við Almennu verkfræðistofuna þegar sá samningur var á döfinni. Ég spurði hann úr sæti mínu hvort samningurinn hefði þá verið frágenginn eða einungis á döfinni. Hann svaraði ekki endurtekinni spurningu minni þar að lútandi, en í ljós hefur komið að samningurinn var þá undirritaður og frágenginn af hálfu Orkustofnunar. Hver var þá ástæða iðnrh. til að grípa inn í verksvið Orkustofnunar sem hann auðvitað hafði í raun og veru ekki vald til, sbr. röksemdir hv. 4. þm. Vestf. um valdþurrð? Jú, auðvitað var það að áeggjan hæstv. félmrh. sem ætlaði að beita hæstv. iðnrh. fyrir sig í deilum þeirra hæstv. félmrh. og hæstv. utanrrh.

Nú er leiga Orkustofnunar á bor einkaréttarlegs eðlis og hefur engar opinberar afleiðingar í sjálfu sér. Það eru út af fyrir sig mjög varhugavert fordæmi, þau skilyrði sem hæstv. iðnrh. setur Orkustofnun í bréfi sínu til hennar sem birtist í Morgunblaðinu í morgun. Það er vafasamt fordæmi, ef Orkustofnun lætur t. d. verktaka eða byggingaraðila í té bor, að gefa skýn, eins og hæstv. iðrnh. gerir, að í því felist ekkert fyrirheit um byggingarleyfi. Auðvitað felst ekkert fyrirheit um byggingarleyfi í því, að Orkustofnun leigi tæki eins og jarðbor til annars aðila, né heldur felst í því ástæða til ágreinings um skipulag á einhverjum þeim svæðum sem þarna er um að ræða. Síst af öllu er það á ábyrgð Orkustofnunar að afla leyfa til umferðar um rannsóknarsvæðin fyrir borun. Það er auðvitað á ábyrgð leigutaka. Þetta eru allt saman látalæti hæstv. iðnrh., — látalæti sem hæstv. iðnrh. verður að hafa í frammi samkv. fyrirskipun hæstv. félmrh., flokksbróður síns, að ég tali nú ekki um skilyrðin um greiðslu í íslenskum krónum sem hæstv. utanrrh. hefur svarað bæði sem höfundur þeirra laga, sem vitnað er til, og sem ráðh. í núv. ríkisstj. og þar með fellt dóm um gildi íslensks gjaldmiðils miðað við dollar.

Ég held að bréf hæstv. iðnrh. til Orkustofnunar í dag feli í sér út af fyrir sig mjög alvarleg fordæmi. Ég vara við þeim skilningi sem hæstv. iðnrh. leggur í leigu Orkustofnunar á tækjum sínum til annarra aðila, ef þeir skyldu á seinni stigum málsins og síðar vitna til þessa bréfs iðnrh. og skírskota til þess, að með leigu tækis frá Orkustofnun hafi þeir öðlast byggingarleyfi, umferðarrétt og hvað eina sem opinber yfirvöld eiga að láta í té og meta sjálfstætt hverju sinni án tillits til þess, hver leigir hverjum ákveðið tæki.

Það er ljóst, að hér hafa fallið harðir dómar ráðh. hvers um annan. Hæstv. félmrh. kom hér og sagði eitthvað á þá leið fullur vandlætingar, að hæstv. utanrrh. hefði talað um valdníðslu og stjórnarandstaðan um valdþurrð. En ég spyr nú hæstv. félmrh.: Hver talaði um valdarán? Hæstv. félmrh. talaði um aðgerðir hæstv. utanrrh. sem valdarán og lögbrot, og má ekki á milli sjá. En það kostulegasta í málflutningi hæstv. félmrh. var að hann kastaði sér eftir björgunarbelti og björgunarbeltið var bandarískt sjóherinn. Það lá mikið við úr því að hæstv. félmrh. gat notað bandarískt sjóherinn sem björgunarbelti til að haldast áfram á floti sem ráðh. örlítið lengur. En það var einmitt þegar hann vildi meina að bandarískt sjóherinn hefði í hótunum. Því hafa reyndar verið gerð skil hér áður. Þetta er einkaréttarsamningur. Það er ekki sagt að menn hafi í hótunum þótt aðili að einkaréttarsamkomulagi beri fyrir sig að vanefndir hafi átt sér stað. Því er þetta veikburða flotholt sem hæstv. félmrh. ætlar að halda sér uppi á í núv. ríkisstj. Sannleikurinn er sá, og það kom fram í utandagskrárumr. fyrir viku og aftur nú í dag, að hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh., sem þá var ekki

eins kominn til sögunnar, eru á flótta. Þeir mega varla mæla hér í ræðustól um þetta mál. Þeir bera fyrir sig, eins og hæstv. félmrh., fjarstaddan embættismann, en þora ekki að beina skeytum sínum að hæstv. utanrrh. eða svara honum eða draga hann til ábyrgðar fyrir það sem átti að draga viðkomandi embættismann til ábyrgðar fyrir.

Eins er það með hæstv. iðnrh. Hann segir að hæstv. utanrrh. hefði gerst liðsmaður Morgunblaðsins, en ég sé ekki betur en hæstv. iðnrh. hafi með bréfi sínu í dag, ekki síst vegna þeirra fyrirvara sem hann greinir þar frá, lýst yfir að hann væri í raun og veru búinn að afsala sér öllum fyrirvörum um gerð samnings Orkustofnunar og Almennu verkfræðistofunnar um leigu á viðkomandi bor, og þá hefur hann aldeilis gerst liðsmaður Morgunblaðsins. Ég bið Morgunblaðið að gæta sín á slíkum liðsmanni.

En hér hefur einni spurningu ekki verið svarað, umfram það sem hæstv. iðnrh. vanrækti að svara eins og honum bar, fyrirspurnum hv. 4. þm. Vestf. Hv. 4. þm. Vestf. beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hver skoðun hæstv. forsrh. væri á valdsviði hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. í framhaldi af þeirri fsp. sem þingflokkur Alþfl. gerði fyrir viku um valdsvið hæstv. utanrrh. og hæstv. félmrh. Þá fékkst ekki svar við fsp. þingflokks Alþfl. þótt menn drægju ákveðnar ályktanir eftir þær umr., og skal það ekki rifjað upp. En með því að hér hafa gagnkvæmar ásakanir heyrst úr þessum ræðustól, annars vegar frá hæstv. utanrrh. og hins vegar frá hæstv. félmrh. og hæstv. iðnrh., og með því að hæstv. forsrh. hefur verið spurður um hvor þessara aðila hafi á réttu að standa, en hann ekki svarað enn sem komið er, þá er ástæða til að ítreka þá fyrirspurn sem hv. 4. þm. Vestf. bar fram í upphafi þessara umr. utan dagskrár. Við þá fyrirspurn skal bætt að það hafa nú látlaust gengið gagnkvæmar ásakanir ráðh. í hálfan mánuð, að því er ég hygg, eða þar um bil, og þess vegna er tími til kominn að hæstv. forsrh. komi í veg fyrir fleiri uppákomur ráðh. í ríkisstjórn Íslands og taki af skarið um hvert valdsvið þeirra er og réttmæti gerða þeirra.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þessar umr. snúast í rauninni um það atriði, hvort Orkustofnun eigi með starfsliði sínu og tækjum að framkvæma þær rannsóknir og boranir, sem til stendur og þarf að gera nú á næstunni, eða hvort erlendur aðili fái það verk í hendur. Það er vitað, að hjá varnarliðinu hefur verið og er nokkur tilhneiging til þess, að undirbúningur og hönnun ýmissa mannvirkja sé á vegum þess. Hæstv. utanrrh. hefur í þessu sambandi lagt sig fram um að rannsóknir, undirbúningur og hönnun séu í eins ríkum mæli og unnt er á höndum Íslendinga sjálfra. Nú liggur fyrir að Orkustofnun er með samþykki iðnrh. tilbúin að taka að sér þessar boranir og rannsóknir og telur sig geta lokið þeim á þeim tíma sem til er skilinn í samningum.

Vegna þess að spurt var um viðhorf mín og skoðun er auðvitað von mín að þetta verk verði unnið af íslenskri stofnun með íslensku starfsliði og tækjum þeirrar stofnunar. Hvort það má verða úr því sem komið er get ég ekkert um sagt en ég tel mjög æskilegt að það geti orðið og um það held ég að allir hv. alþm. hljóti að vera sammála.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að vekja athygli þingheims á því, að hæstv. forsrh. hefur ekki svarað þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint hér í dag.

Efri deild, 59. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Umferðarlög, frv. (þskj. 496). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sveitarstjórnarlög, frv. (þskj. 82, n. 493, 494). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Félmn. hefur tekið til meðferðar frv. það sem hér er á dagskrá. Nefndin gerir till. um að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá sem flutt er á sérstöku þskj.

Þetta frv. fjallar að sjálfsögðu um hið mikilvægasta mál þar sem um er að ræða breytingar á sveitarstjórnarlögum. Með tilliti til þessa sendi nefndin frv. til umsagnar vítt og breitt um landið, til sýslumanna, bæjarfógeta og landshlutasamtaka og Sambands ísl. sveitarfélaga. Í umsögnum þeirra kennir margra grasa. Þar er lýst óánægju eða andstöðu við ýmis efnisatriði frv., jafnframt er lýst stuðningi við önnur. En hjá sumum aðilum, einkum er það hjá sýslumönnum, er lagt til að málið verði ekki afgreitt að sinni þar sem ekki hafi gefist tími til að leggja málið fyrir sýslunefndarfundi sem eru venjulega að voreða sumarlagi, skilst mér. Þá hefur í ýmsum umsögnum verið bent á að sveitarstjórnarlögin séu í endurskoðun. Svo er ástatt að stjórnskipuð nefnd vinnur að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaganna. Benda sumir á að ekki sé eðlilegt að afgreiða frv. meðan á þessari endurskoðun stendur.

Með tilliti til þessa, hæstv. forseti, hefur nefndin lagt fram till. um rökstudda dagskrá eins og ég gat um áðan. Þessi till. er lögð fram á þskj. 494 og er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að stjórnskipuð nefnd vinnur nú að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga og rétt þykir að tillögur hennar liggi fyrir áður en efnisleg afstaða er tekin til þessa frv. tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 494 samþ. með 11 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 420, n. 514, 515). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981. Allshn. hefur rætt þetta frv. Í grg. með frv. kemur fram að rn. hafi haft lög nr. 90/1981 til athugunar og komið hafi í ljós að hæpið sé að það takist að festa kaup á nægilegu magni af stimplum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningar á vori komanda. Nefndin hefur eftir atvikum fallist á samþykkt frv., en þó aðeins sem bráðabirgðaúrræði sem gildi til ársloka 1982, og flytur brtt. þess efnis á þskj. 515. Brtt. eru á þann hátt, að það komi ný grein sem orðist þannig að ákvæði 1. gr. frv. gildi til ársloka 1982, síðan bætist við 3. gr. sem orðist svo:

„Frá 1. jan. 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:

Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess lista sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum."

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir afgreiðslu allshn. á þessu frv., en vil bæta hér við nokkrum aths. sem 1. flm. þess frv. sem samþykkt var sem lög frá Alþingi í des. s. l., lög nr. 90 31. des. 1981, og nú er verið að gera breytingu á áður en lögin eru komin til framkvæmda.

Sú breyting á kosningalögunum, sem hér er um að ræða, þ. e. að nota þar til gerða stimpla við utankjörfundarkosningu, er talin skapa aukið öryggi, fækka vafaatkvæðum og ógildum og flýta talningu. En veigamesta atriðið við þessa breytingu í hugum flestra og a. m. k. allra flm. á sínum tíma var að með þessu lagaákvæði er verið að færa blindum og öðrum, sem erfitt eiga með að kjósa án aðstoðar, þann rétt að geta kosið hjálparlaust, þ. e. stuðning til sjálfshjálpar. Þegar frv. varð að lögum töldu þessir aðilar, samtök blindra, að með því hefði verið stigið eitt skref í átt til jafnréttis og réttlætis hvað þeirra hagsmuni varðar. Að vísu vissum við að nokkur tregða var og efi hjá einstökum embættismönnum um að framfylgja þessu ákvæði. Auðvitað er ekki fyrirhafnarlaust að fá umræddu stimpla. Það þarf að panta þá utanlands frá, flytja þá inn og síðan að fullvinna þá hér heima, festa á þá stafi og það sem tilheyrir. En með góðum vilja er þetta sannarlega yfirstíganlegt.

Flm. vissu einnig að þetta mundi kosta nokkurt fjármagn. En við vorum öll sammála um að því fjármagni væri vel varið, enda um stofnkostnað að ræða sem fljótlega skilaði sér í betri kosningum. Þá má einnig benda á það, að á ári fatlaðra fór ekki mikið fyrir lagasetningu til handa fötluðum, svo að það var ekki um neina ofrausn að ræða þó að þeim væri fært þetta réttlætismál á ári fatlaðra.

Eftir að þing kom saman eftir áramót fór að kvisast hér að við hefðum aldeilis verið flott í okkur með þessa stimpla því að þeir kosti of fjár. Og þar stendur kannske hnífurinn í kúnni. Í grg. frv. kemur nefnilega fram að með þessu frv., sem hæstv. dómsnrh. mælti hér fyrir 10. mars s. l., eigi að spara því að stimplarnir séu dýrir og með því að fækka þeim samkv. þessu frv. hæstv. ráðh. geti ríkissjóður sparað. Ekki er ég að gagnrýna það, að farið sé varlega og sparlega með skattpeninga þegnanna, síður en svo. En einhvern veginn finnst mér að þarna hafi verið ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur, að fara að skerða þennan rétt til handa blindum og bera því svo við, að samráð hafi verið haft við blinda þegar frv. var samið. Auðvitað sætta þeir sig við þetta. Þeir eiga ekki annarra kosta völ. Og það gerðum við nefndarmenn einnig því að við áttum ekki annarra kosta völ. Okkur er stillt upp við vegg, það er svo skammur tími til stefnu.

Það væri kannske ekki úr vegi að minnast hér á frv. sem nýlega hefur verið til umr. í þessari hv. deild, þ. e. frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá kom fram hjá hv. 4. þm. Reykn., Geir Gunnarssyni, að hæstv. menntmrh. hafði ekki lagt fram tölur um þann kostnaðarauka sem frv. mundi hafa í för með sér. Auðvitað vissu allir að það mundi hafa í för með sér kostnaðarauka. En ég held að allir hafi samt sem áður verið sammála því, að nauðsynlegt væri að frv. færi í gegnum þingið. Nú vill svo til að þessi kostnaðaráætlun eða kostnaðarmat liggur fyrir og það kostar ríkissjóð á ári samkv. þeirri skýrslu 1.2 millj. Ég hef ekki heyrt neinn mann kvarta undan því. Á hverju eigum við von næst? Að það komi fram frv. til að lækka þennan kostnað? Það má t. d. benda á að þarna er einn nýr kostnaðarliður sem verður vegna stjórnar- og nefndarstarfa, en ekki hefur verið áður. Þau störf hafa verið ólaunuð, en eru nú áætluð 92 þús. á ári. Ef þessum lögum stimplana hefði verið framfylgt eins og til var ætlast hefði sá kostnaður verið í eitt skipti fyrir öll 450 þús. — ekki á ári. Þetta má gjarnan koma fram til samanburðar.

En það, sem ég vil fyrst og fremst gagnrýna í sambandi við þetta mál allt, eins og það er til komið, er að mér finnst það óvenjulegt — e. t. v. er það vegna þess að ég þekki ekki enn þá nógu vel til — að embættismennirnir ráði hvort lögum sé framfylgt eða ekki og það sé bara komið með nýtt frv. til að breyta lögunum ef þeim þóknist ekki lögin sem löggjafinn hefur sett á hinu háa Alþingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 515,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 515,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 12 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Efri deild, 60. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, að loknum 59. fundi.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 521). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 57. fundur.

Miðvikudaginn 24. mars, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 414). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 519).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 166). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og þetta frv. ber með sér er sjúkratryggingagjald einungis lagt á tekjur sem eru hærri en 101 250 kr. Það er því augljóst að gjaldið er eðli sínu samkvæmt skattur af sama toga og stighækkandi tekjuskattur. Ég sé ekki ástæðu til að vera með mismunandi nöfn á sams konar skattheimtu sem rennur til ríkisins, auk þess sem reynslan hefur kennt okkur að þetta nafn, sjúkratryggingagjald, er einungis notað til þess að auka skattheimtuna umfram það sem ella hefði orðið.

Ég geri mér grein fyrir að við því verður ekki spornað héðan af, að meiri hl. Alþingis nái því fram að þetta sjúkratryggingagjald verði lagt á á þessu ári, en ég sé ástæðu til þess að varpa þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort gert sé ráð fyrir því við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár, að þessu gjaldi verði haldið áfram eða ekki, eða hvort hugmynd hans sé kannske að fella það með formlegum hætti inn í tekjuskattinn, eins og eðlilegt virðist. Það er óþarfi að vera með alla þessa smáskatta og ekki nema sjálfsagður þrifnaður að fækka þeim þegar það skiptir í rauninni engu máli. Það kemur hvort eð er í sama stað niður fyrir gjaldandann hvort þær krónur, sem renna til ríkisins, heita tekjuskattur eða sjúkratryggingagjald.

Fsp. mín til hæstv. fjmrh. er þessi: Hefur hann í hyggju að fella sjúkratryggingagjaldið inn í tekjuskattinn á næsta ári eða áformar hann að leggja samsvarandi frv. fyrir strax á hausti komanda eins og nú hefur verið gert? Ég geri ráð fyrir að hann sé þegar farinn að setja sig í þær stellingar að undirbúa næsta fjárlagafrv., svo að ég býst við að hann hafi rennt huganum að þessu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég skal fúslega gera tilraun til að svara þessari spurningu hv. þm. Ég verð að segja það af fullri hreinskilni, að ég er ekki búinn að setja mig í þær stellingar, eins og hann orðaði það, að undirbúa næsta fjárlagafrv. Það er ekki hafinn undirbúningur að gerð fjárlagafrv. fyrr en á vordögum. En sá skattur, sem hér um ræðir, er úr því erfðagóssi sem ríkisstj. fékk frá fyrri stjórnum og mun eiga uppruna sinn hjá fjmrh. Sjálfstfl., Matthíasi Á. Mathiesen, en hann lagði á þennan skatt á árinu 1975.

Það er alveg rétt, sem hv. þm. bendir á, að vel gæti komið til greina að fella þennan skatt saman við tekjuskattinn. Það hefur hins vegar fremur orðið að ráði að lækka þennan skatt verulega. Eins og menn vita hefur hann verið afnuminn af lægri tekjum og er ekki nema svipur hjá sjón.

Ég tek undir það með hv. þm., að það væri með vissum hætti hreingerning í íslenskri löggjöf að losa sig við þennan skatt og fella hann að tekjuskattslögum, enda er þetta, eins og kunnugt er, skattur sem fyrst og fremst er lagður á hærri tekjur en ekki lægri tekjur. En sem sagt, það hafa engar ákvarðanir verið teknar um þetta efni og ég get því ekki svarað spurningu hv. þm. að öðru leyti.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS.

nei: AG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JÞ, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG.

ÁG, BGr, JS, MHM, GP, VG greiddu ekki atkv.

3 þm. (HG, KP, SvH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Hæstv. félmrh. skaut því að mér, að það væri áformað í stjórnarsáttmálanum að fella þennan skatt inn í tekjuskattinn. Mér skildist á hæstv. fjmrh. að hann væri ekki farinn að hugleiða málið enn. En þar sem mjög hriktir í stjórnarsamstarfinu og svo getur farið að hann eigi ekki langa setu í sætinu enn, þá vil ég í mestu góðvild beina því til hans að fara að hugleiða málið áður en það verður of seint, áður en ríkisstj. fellur. Ég segi nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í framhaldi af aths. hv. þm. Halldórs Blöndals vil ég aðeins segja að enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Þó að margur fjmrh. hafi staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, að hann kynni einhvern tíma að hætta störfum, þá hefur samt engum dottið í hug, eins og hv. þm. Halldóri Blöndal greinilega datt í hug, að það væri ráð að ganga frá fjárlögum langt fram í tímann til vonar og vara. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 520).

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 242 (sbr. 58), n. 504 og 513, 503, 516, 517 og 518). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Í málefnasamningi hæstv. ríkisstj. segir í upphafi samningsins um efnahagsmál, um hjöðnun verðbólgu: „Ríkisstj. mun vinna að hjöðnun verðbólgu, þannig að á árinu 1982 verði verðbólgan orðin svipuð og í helstu viðskiptalöndum okkar."

Þannig hefst málefnasamningurinn þegar farið er að ræða um ákveðin mál. Fjárlög og lánsfjárlög eru spegilmynd af efnahagsstefnu ríkisstj. á hverjum tíma.

Fjh.- og viðskn. Nd. hefur haft frv. til lánsfjárlaga til athugunar síðan skömmu fyrir jól. Það var afgreitt frá fjh.- og viðskn. Ed. 17. des. Ætlun ríkisstj. og stuðn-

ingsmanna hennar á Alþingi var að afgreiða málið þá þegar frá Nd. Stjórnarandstaðan í báðum deildum gagnrýndi þessa málsmeðferð og sýndi fram á að víða væru lausir endar í lánsfjáráætluninni, mörg mál lægju fyrir sem ekki hefði verið tekin afstaða til og enginn vissi hvernig með ætti að fara. Ríkisstj. og stuðningslið hennar á Alþingi lét sér loks segjast við þessa gagnrýni. Samið var milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að málið skyldi afgreitt þegar eftir jólahlé, en eigi síðar en 27. jan. s. l.

Stjórnarandstaðan hefur verið reiðubúin til að afgreiða málið á tilsettum tíma. Stuðningsmenn ríkisstj. hafa hins vegar verið ráðvilltir í málinu. Fundir hafa ekki verið boðaðir langtímum saman í fjh.- og viðskn., og nú við afgreiðslu málsins flytur minni hl. n., sem styður ríkisstj., á þriðja tug brtt. Þetta gerist þegar næstum því tveir mánuðir eru liðnir frá því að ætlunin var að afgreiða málið eftir jólaleyfi. Fjmrh. ræðst svo að formanni nefndarinnar í fjölmiðlum þó að hæstv. ráðh. viti gjörla, að það hefur staðið á ríkisstj. í mörgum tilfellum með upplýsingar, og í raun og sannleika eru fjölmargar upplýsingar ekki komnar enn þá, eins og síðar verður að vikið.

Öll þessi vinnubrögð sýna glöggt þann hringlandahátt sem einkennir störf og stefnu ríkisstj. og stuðningsliðs hennar á Alþingi um þessar mundir.

Enn þá hefur ekki verið tekin afstaða til fjöldamargra mála sem borist hafa til ríkisstj. og fjh.- og viðskn. beggja deilda Alþingis og varða lánsfjárlög. Þar má nefna mál eins og erindi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, vanda járnblendiverksmiðju. Til uppbyggingar á aðstöðu skipasmíðaiðnaðarins er ekkert ætlað umfram hluta ríkissjóðs, sem er 17 millj. kr., en heildarfjárfesting er talin verða um 40 millj. kr. Þessar hafnarframkvæmdir vegna skipaiðnaðar skiptast á átta verkefni samkv. fjárlögum: Akranes 2 millj., Stykkishólmur 600 þús., Ísafjörður 2 millj., Skagaströnd 2 millj., Húsavík 500 þús., Vestmannaeyjar 4 millj., Garðabær 4.4 millj. og Reykjavík 1.5 millj. Hvernig afla á þeirra 23 millj., sem á vantar í þessar framkvæmdir, er ekki vitað. Það er vitað mál, að þessir aðilar hafa ekki nema lítinn hluta af þessu fjármagni, og því var reiknað með að tekin yrði inn í lánsfjárlögin heimild til lántöku. Sennilegasta skýringin á því, að stuðningslið ríkisstj. hefur enga skoðun á þessu máli og hefur ekkert fengist til að segja, er að það ætlar sér, ef eitthvað verður úr þessum framkvæmdum, að benda þessum aðilum á að leita til svokallaðrar langlánanefndar til þess að fá þar heimild til lántöku utan við fjárfestingarlánaáætlun. Það er þá ekki gert nema í einum tilgangi, ef þessi tilgáta mín er rétt. Það er gert til þess að fela eða láta ekki koma fram meira en orðið er þá óhóflega miklu erlendu skuldasöfnun sem á sér stað undir forustu núv. hæstv. ríkisstj.

Síðast en ekki síst nefnum við Byggingarsjóð ríkisins. Hann skuldar í Seðlabankanum vegna yfirdráttar 40 millj. kr. auk þess sem vantar 90 millj. á að áætlanir hans standist á yfirstandandi ári. Engin skýring fæst gefin, ekkert liggur fyrir um hvernig eigi að mæta óskaplega miklum vanda Byggingarsjóðs ríkisins.

Það er athyglisvert, að eftir allan þann tíma, sem stjórnarliðar hafa haft frv. þetta að lánsfjárlögum til athugunar, fjalla langflestar tillögur þeirra um smávægilegar orðalagsbreytingar eða frekari skerðingar á framlögum til stofnlánasjóða atvinnuveganna, nokkrar brtt. eru um aukin útlán og þar með aukna innlenda og erlenda lánsþörf, en reynt er að komast hjá að taka afstöðu til stórmála, eins og ég vék að áðan.

Engin samstaða er lengur til innan stjórnarliðsins. Það höfum við þm. séð á undanförnum dögum. Síðast í gær var haldinn opinn ríkisstjórnarfundur hér í sölum Alþingis, til tilbreytingar frá öðrum ríkisstjórnarfundum, þar sem utanrrh. rassskellti iðnrh. allmyndarlega. A. m. k. situr ekki iðnrh. hér núna. Honum er kannske eitthvað illt í bossanum.

Stjórnarandstaðan í Ed. gerði ítarlega grein fyrir áliti sínu þegar frv. var afgreitt frá deildinni. Skal hér minnt á nokkur aðalatriði sem einkenna öðru fremur afgreiðslu þessa frv. til lánsfjárlaga.

Innlend fjáröflun er að öllum líkindum stórlega ofmetin, svo að ekki sé meira sagt. Ætlunin er t. d. að selja spariskírteini á yfirstandandi ári fyrir 150 millj. kr., en salan í fyrra varð aðeins 43 millj. kr.

Úr lífeyrissjóðunum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í fyrra var þessi fjáröflun um 270 millj. kr. Innlánsaukning í banka og sparisjóði fyrstu mánuði ársins er nú miklu minni en á sama tíma í fyrra.

Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr. samkv. skýrslu ríkisstj. um lánsfjáráætlun.

Í aths. við lánsfjárlagafrv. segir um 1. og 2. gr.: „Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 kemur fram að heildarlánsþörf A- og B-hluta ríkissjóðs nemur 1 135 970 kr. Nú er ráðgert að afla 40 millj. kr. með sérstöku stofnlínugjaldi og kemur sú upphæð til lækkunar á heildarlánsþörf."

Ég spyr: Hvað líður þessu frv.? Hvað líður því frv. sem boðað er á s. l. hausti að eigi að leggja fram og eigi að afla ríkissjóði 40 millj. kr. tekna? Nú er senn liðinn fyrsti ársfjórðungur af þessu ári, en þetta frv. eða þessi lög áttu að afla ríkissjóði 40 millj. kr. tekna miðað við heilt ár. Er ríkisstj. hætt við þetta frv.? Er hún hætt við að flytja það? Ef svo er ekki, hvað er það þá sem tefur ríkisstj. í að leggja þetta frv. fram? Ég spyr hæstv. fjmrh. ef hann má vera að því að hlusta. (**Fjmrh.:** Já, já, hann hlustar.) Já það er gott að hafa margar hlustir. Ég spyr hann: Hvernig á að afla þessa fjár? Hvert er efni þessa frv. og hvað er það sem tefur að það sé lagt fram? Er allt á sömu bókina lært?

Erlend fjáröflun er aukin gífurlega. Frá frv. má gera ráð fyrir að hún aukist um allt að 200 millj. kr. Erlend fjáröflun er þó ærin fyrir ef haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á yfirstandandi ári. Það var þó sá málaflokkurinn sem ríkisstj. ætlaði að leggja mesta áherslu á og hún valdi í starf iðnrh. mann sem hefur getað dregið þessi mál það lengi að nú er sumum stjórnarliðum þegar nóg boðið og hefði mátt vera það fyrr. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum a. m. k. 39% af þjóðarframleiðslu og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar. Greiðslubyrði af útflutningstekjum er áætlað að verði 19% samkv. væntanlegum lánsfjárlögum, en í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir svo um þetta orðrétt:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% a útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum."

Finnst hv. þm. ekki ríkisstj. hafa staðið sig vel í þessu fyrirheiti, að setja sér markmið um 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar og vera eftir tveggja ára setu þegar komin upp í 19% eða 1/5 af útflutningstekjunum?

Það er eftirtektarvert, að erlend lán hafa hækkað gífurlega nú að undanförnu. Árið 1979 voru ný erlend lán 563 millj., 1980 1032 millj., samkv. áætlun 1981 1735 millj. og samkv. lánsfjáráætlun 1982, áður en tekið er tillit til þeirra brtt. sem nú liggja fyrir, fara erlendu lánin upp í 2050 millj. kr.

Alger óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs í ár í kjölfar þess, að hann skortir helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir í fyrra, eða 53 millj. af 123 millj. kr. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárskort atvinnuveganna og áframhaldandi samdrátt í fjármunamyndun á þessu ári. Í yfirliti Seðlabankans, hagfræðideildar, sem hann gaf út 8. jan., segir að Framkvæmdasjóður hafi samkv. lánsfjáráætlun átt að fá 123 millj., en í reynd voru það 70 millj. eða 1 millj. lægri upphæð en á árinu 1980. Byggingarsjóður ríkisins átti að fá samkv. lánsfjáráætlun 153 millj., en í reynd fær hann 120 millj. Þetta er það sem mestu máli skiptir. En ríkissjóður, sem var ekki inni á þessum markaði fyrr en lítillega á árinu 1980 eftir að núv. stjórn kom, hafði þá 12 millj., hann reiknaði með í lánsfjáráætlun 34—60 millj. á s. l. ári. Í reynd er ríkissjóður með 57 millj. kr. Þarna er komin nokkur skýring á því sem hæstv. fjmrh. hefur verið að gorta af að undanförnu, að skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann hafi lækkað. Það er hægt að lækka þær með því að ráðast á þann markað sem þessir sjóðir hafa haft á undanförnum árum, með því að fara inn á hann í samkeppni og skilja þá eftir peningalausa. Seinna kem ég að því, hver úrræði hæstv. fjmrh. eru í þessu sambandi.

Samkv. lánsfjáráætlun fyrir s. l. ár var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir keyptu skuldabréf af Framkvæmdasjóði, eins og ég sagði áðan, að fjárhæð 123 millj. kr. En í reynd voru kaupin 70 millj. og því vöntunin 53 millj. Ástæðurnar fyrir því, að þetta brást með jafnhörmulegum hætti, eru að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og jafnframt 40% kaup þeirra samkv. lánsfjáráætlun eru ofmetin í framkvæmdaáætlun, eins og fulltrúar Framkvæmdasjóðs héldu fram við gerð þeirrar áætlunar. Síðan gerist það, að fjmrn. skiptir lífeyrissjóðunum milli Byggingarsjóðs ríkisins, Byggingarsjóðs verkamanna, Framkvæmdasjóðs og ríkissjóðs og mun hafa greint viðkomandi lífeyrissjóðum bréflega frá því, hvert þeir skyldu snúa sér með þessi viðskipti. Ráðuneytið úthlutar samkv. þessu Framkvæmdasjóði viðskiptum sem nema 117.8 millj. kr. þó að lánsfjáráætlun geri ráð fyrir 123 millj. kr. En í rauninni er samtala þessarar úthlutunar 97.7 millj. kr. eða 25.3 millj. kr. undir áætlun lánsfjáráætlunar.

Undanfarin ár hefur verulegur hluti viðskipta Framkvæmdasjóðs við lífeyrissjóðina byggst á viðskiptum vi Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Við úthlutun fjmrn. þessu ári eru þessi viðskipti Framkvæmdasjóðs við Lí eyrissjóð starfsmanna ríkisins felld niður, en í stað þess er gert ráð fyrir að þessi skerti lífeyrissjóður kaupi skuldabréf af ríkinu sem áætluð eru 40 millj. kr., en urðu í reynd um áramót 57 millj. kr. Framkvæmdasjóði er vísað á viðskipti við ýmsa smásjóði sem margir hverjir hafa lítið eða ekkert keypt af skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða að undanförnu eða þá beint viðskiptum sínum til annarra sjóða sem lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir. Á þessu sést að ríkisstj. eða fjmrh. hefur brugðist skyldu sinni varðandi lánsfjárútvegun til Framkvæmdasjóðs á þessu ári með þeim árangri, að atvinnuvegasjóðirnir hafa þegar fyrir lok síðasta árs gefið lánsloforð fyrir þessum lánum, en eftir var í lok ársins að standa við að útvega atvinnusjóðunum verulegan hluta þess fjár. Þegar þetta var séð sneri stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins og forstjóri hennar sér til ríkisstj., til fjmrh., og lýsti áhyggjum sínum af þessum málum. Eftir að hafa rætt við fjmrh. er lögð fram tillaga í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins svohljóðandi:

„Með því að staðfest hefur verið af fjmrh., að ekki geti orðið af þeirri tilfærslu lífeyrissjóðafjár milli ríkissjóðs og Framkvæmdasjóðs sem um er fjallað í orðsendingu Framkvæmdasjóðs til fjmrh. 20. nóv. 1981, og þar eð fjmrh. fyrir hönd ríkisstj. leggur til, að Framkvæmdasjóður afli erlends láns til að leysa hluta þeirrar fjárvöntunar er um ræðir, samþykkir stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að Framkvæmdasjóður leiti eftir erlendu láni að fjárhæð um 25 millj. kr."

Lengra vildi Framkvæmdasjóður eða meiri hluti stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins ekki ganga.

Við Steinþór Gestsson greiddum atkv. gegn þessari tillögu. Við létum það koma fram í okkar áliti, að við greiðum atkv. gegn þessari till. og gerum þá kröfu að ríkisstj. standi við samþykkt Alþingis um að Framkvæmdasjóði verði útvegað það fjármagn sem honum er ætlað samkv. lánsfjárlögum fyrir þetta ár, samtals 123 millj. kr. Ef það fjármagn fæst ekki af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða, m. a. vegna aðgerða fjmrh., þá er skylda ríkisstj. að útvega það með öðrum hætti innanlands. Hér má ekki hafa á frekari tafir. Atvinnuvegasjóðirnir hafa þegar byggt á lánsfjáráætluninni og gefið út lánsfjárloforð til atvinnufyrirtækja í landinu.

Ég minni á að þegar gortað er af aukningu fjár innlánsstofnana, sem var töluverð á s. l. ári, kemur ekki fram að áætlanir, sem gerðar eru við samþykkt lánsfjáráætlunar fyrir árið 1981, sýna að ákveðnir lífeyrissjóðir hafa ekki lagt það fjármagn til sem þeim var ætlað. Það er vitað mál að margir lífeyrissjóðir eiga fé inni í bönkum. Og hvað skyldi inneign hinna ýmsu lífeyrissjóða vera mikill hluti af þessari aukningu? Það væri fróðlegt að vita, ef nokkur veit það. Þetta er e. t. v. ein sennilegasta skýringin á aukningunni. En eftir sitja bæði húsbyggingasjóðirnir og Framkvæmdasjóður með tóman kassa, með loforð sem þeir gefa út í trausti þess, að farið sé eftir samþykktum Alþingis, sem svo er engan veginn staðið við. Á sama tíma, eftir að búið er að bregðast atvinnuvegasjóðunum og húsnæðissjóðunum með þessum hætti, eru einu viðbrögð núv. ríkisstj. að skerða það fjármagn sem ríkið veitir til atvinnuvegasjóðanna og m. a. er fjallað um í þeim brtt. sem formaður nefndarinnar mun mæla fyrir hér á eftir.

Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er mikið áhyggjuefni um þessar mundir. Þeim er ætlað að afla hjá hjá lífeyrissjóðakerfinu tæplega 300 millj. kr., en fengu í fyrra rúmlega 130 millj. kr. Skyldusparnaður er auk þess ofáætlaður, ef marka má reynsluna frá því á síðasta ári, en hún er sú, að nær ekkert fékkst nettó af skyldusparnaðarfé. Verst er þó að lausaskuld Byggingarsjóðs ríkisins við Seðlabankann um áramót, sem nam, eins og ég sagði áðan, 40 millj. kr., er í lausu lofti. Að auki skortir sjóðinn 90 millj. til þess að geta framfylgt útlánaáætlun sinni, sem er þó niðurskorin. Þess má geta, að sú áætlun gerir

einungis ráð fyrir að lána 1100 frumlán til nýrra íbúða á vegum einstaklinga, en 1978 voru slík lán tæplega 1900.

Þróun fjárfestingar samkv. áætluninni og reynslu fyrri ára er uggvænleg. Framkvæmdir á sviði stóriðju og stórvirkjana dragast saman um 43.5% að magni til frá fyrra ári, framkvæmdir í hitaveitum um 31.5% og fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 9.1%, auk þess sem fyrirsjáanlegt er að samdráttur verður í íbúðabyggingum fimmta árið í röð, en sá samdráttur er að magni til um 15% síðan 1978. Aftur á móti er meiri gróska í fjárfestingu í opinberum byggingum, því að hún eykst um 6.8%.

Erlend lántaka til að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina setur vægast sagt dökkan svip á þetta frv. og væntanleg lánsfjárlög. Þar má nefna kreppulán, sem Byggðasjóður hefur verið látinn veita fyrirtækjum í sjávarútvegi í því góðæri sem ríkt hefur, lán til að fjármagna rekstrartap orkufyrirtækja, Sementsverksmiðju ríkisins, svo að ég nefni aðeins örfá dæmi.

Mig langar í sambandi við orkumálin að nefna hvað risastór vandi er víða þar á ferðinni. Þá veiti ég mér þau forréttindi að nefna það orkufyrirtæki sem mér er e. t. v. skyldara en öll önnur, Orkubú Vestfjarða. Þegar það var stofnað lágu fyrir skýlaus fyrirheit og loforð þáv. iðnrh. og þáv. ríkisstj., sem sat 1974—1978, eins og greint hefur verið frá í skýrslu þessa fyrirtækis til iðnrh., um lagningu Vesturlínu, en hún tafðist verulega. Þetta fyrirtæki hefur látið reikna út tjón sem það hefur orðið fyrir vegna seinkunar Vesturlínu, orkuskorts og söluskilmála. Þetta tjón er reiknað sem kostnaðarauki af þessum sökum á verðlagi 1. febr. á þessu ári. Orkuvinnsla í dísilrafstöðvum á árinu 1979 vegna seinkunar Vesturlínu er hvorki meiri né minni en um 7 millj. kr. Orkuvinnsla í dísilrafstöðvum 1980 var 21 millj. og 69 þús., óhagstæð orkukaup um Vesturlínu 1980 869 þús., orkuvinnsla í dísilrafstöð vegna orkuskorts 1981 7 millj. 685 þús., orkuvinnsla í dísilrafsöð vegna viðgerða á Vesturlínu, sem frægt er orðið, 1 millj. 155 þús. og óhagstæð orkukaup um Vesturlínu á árinu 1981 um 4 millj. 15 þús. kr. Samtals er þessi vandi þessa eina orkufyrirtækis 41 millj. 793 þús. kr.

Þessi mál hafa verið send til ríkisstj., til iðnrh., fjmrh. og hæstv. forsrh., sem var iðnrh. þegar þessi fyrirheit voru gefin á stjórnarárunum 1974—1978. Þetta er ekki nýtt vandamál. Þetta hefur legið fyrir iðnrn. og ríkisstj. frá 1979, 1980, 1981 og nú er það með þessum hætti. En ekkert hefur gerst. Nú vil ég spyrja hæstv. iðnrh. og hæstv. fjmrh. hvort eitthvað sé að gerast í þessu máli. Mér leikur forvitni á að vita það. Það er mikið í húfi fyrir þennan landshluta. Og það er líka mikið atriði, þegar ríkisstjórnir fara og aðrar koma, að skuldbindingar eru í gildi þó að ný ríkisstj. taki við. Það á að standa við þær skuldbindingar. Ég nefni eitt dæmi sem er táknrænt fyrir efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj., en ég gæti tekið þau mörg. Það er Sementsverksmiðja ríkisins. Ég held meira að segja að einn hæstv. ráðh. eigi sæti í stjórn Sementsverksmiðjunnar. Í bréfi Sementsverksmiðju ríkisins til fjh.- og viðskn. Ed., dags. 27. nóv. á s. l. ári, segir m. a.:

„Ljóst er að rekstrarhalli verksmiðjunnar á þessu ári, 1981, verður milli 6 og 7 millj. kr., sem að mestu leyti er til kominn á fyrri hluta ársins þegar eðlilegar verðhækkanir voru ekki heimilaðar."

Hvað sagði ríkisstj.? Við verðum að standa á bremsunni. Við megum ekki hleypa öllu út í verðlagið. Það verður að gæta aðhalds, sagði hún alltaf. Aðhaldið var það, að fyrirtæki eins og þetta, ríkisfyrirtæki — hvernig hefði verið farið með einstaklinga og félagasamtök? — þetta fyrirtæki var rekið með 6—7 millj. kr. halla af því að ríkisstj. var að falsa verðbólguna. Það var þetta sem ríkisstj. var að gera allt s. l. ár. Á árinu 1980 lét hún gengið ráða. Þá hélt hún framleiðslukostnaði þannig að hjól atvinnulífsins snerist með sæmilega eðlilegum hætti í flestum tilfellum, en engan veginn öllum. Svo fór hún í gengisbindindi á gamlársdag 1980. Þetta bindindi stóð allt s. l. ár, en tvisvar sinnum datt ríkisstj. í það að vísu. En það birti upp, þetta voru tiltölulega stuttir túrar báðir og litlir. En núna hefur hún heldur betur lagst í það frá því í janúar og liggur í því enn.

Niðurstaðan í sementsverksmiðjumálinu er þessi að því er segir í bréfi Sementsverksmiðju ríkisins: Snemma í haust heimilaði ríkisstj. verksmiðjunni að taka 10 millj. kr. erlent lán til að losna úr þeim miklu greiðsluerfiðleikum sem skapast höfðu síðasta árið, þannig að greiðslustaða verksmiðjunnar er nú viðunandi. M. ö. o.: fyrst er hún látin tapa, svo eru tekin lán, lán til þess að greiða með hallareksturinn sem varð, en síðan kemur aftur að því að greiða þetta lán upp og þá þarf að hækka sementið. Það var bara verið að fresta verðhækkunum á sementi eins og fjölmörgum öðrum greinum á s. l. ári, allt í einum og sama tilgangi: að blekkja fólk, að halda niðri öllu því sem snerti vísitöluna. Annað mátti æða áfram og þurfti ekki að hafa þar neinar hömlur á, eins og allir vita.

Í 4. gr. frv. til lánsfjárlaga segir: „Iðnrekstrarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 millj. kr., eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, til endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar." Þrátt fyrir athugun, sem málið fékk í Ed., fékkst ekki, í öllu því óðagoti sem var á ráðamönnum þar, skýrt neitt nánar hvað hér er átt við og hvað hér er að gerast. Við sjálfstæðismenn í nefndinni óskuðum því eftir að rætt yrði við stjórn Iðnrekstrarsjóðs og spurt hvort það sé að beiðni Iðnrekstrarsjóðs að verið sé að taka þetta erlenda lán til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar og hvort þetta væru ekki stóraukin umsvif hjá Iðnrekstrarsjóði. Jú, það mátti segja að það hafi komið út, að hér væri um stórkostlega aukin umsvif Iðnrekstrarsjóðs að ræða, því að á árinu 1981 námu allar styrk- og lánveitingar Iðnrekstrarsjóðs tæplega 10.7 millj. kr. samtals. Eigið fé sjóðsins var 30. des. 1980 8.6 millj. kr. Og það kom fram hjá þeim, að það skapaði sjóðnum allt of mikla áhættu ef sérstök endurlán til athugunar á orkufrekum iðanði, sbr. 4. gr. frv. sem ég gat um áðan, 10 millj. kr., væru ekki tryggð á fullnægjandi hátt. Það kemur því fram nú, einmitt fyrir þessa athugun, að hér bætist við 4. gr. í brtt. heimild fyrir fjmrh. að ábyrgjast endurlánin með sjálfskuldarábyrgð. Ef þetta atriði hefði farið í gegn eins og Ed. gekk frá því í dansinum fyrir jólin hefði Iðnrekstrarsjóður orðið gjaldþrota.

Nú spyrja menn: Til hvers á að nota þetta fjármagn? Það eru 3 millj. inni í fjárlögum til athugunar á orkufrekum iðnaði, en samkv. þessu er gert ráð fyrir 10 millj. kr. Ef þetta verður samþykkt er hér um að ræða hvorki meira né minna en 13 millj. kr. í þessu skyni. Eftir nokkra fyrirhöfn tókst að fá þær upplýsingar, að í megindráttum væri gert ráð fyrir þessari uppskiptingu á þessu fjármagni: Kísilmálmverksmiðjan 2 millj., magnesíumverksmiðja 1 millj., natríumklóratverksmiðja 1 millj., trjákvoðuverksmiðja 2 millj., álverksmiðja 3 millj.,

staðarvalsrannsóknir 2.5 millj. og aðrar rannsóknir 1.5 millj.

Ég er ekki fær um að meta hvort hér er um brýna nauðsyn að ræða. En ef ríkisstj. vill fylgja öllu eftir með gát, þá finnst mér ívið mikið í lagt með þessar svokölluðu staðarvalsrannsóknir að sú nefnd eigi að kosta 2500 millj. gkr.

Eins og ég hef áður sagt er mestur fjöldi brtt. minni hl. n., sem styður ríkisstj., fólginn í frekari niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna, en þessir sjóðir voru skornir niður miðað við lög meira en nokkru sinni fyrr við síðustu fjárlagagerð. Þetta hlýtur að hafa í för með sér sérstakan vanda atvinnuvegasjóðanna, einkum í ljósi þess, að fjármögnun þeirra á s. l. ári var mjög í molum, eins og ég hef áður sagt.

Um aðrar brtt. stjórnarsinna vill meiri hl. n. taka fram:

4. brtt. er um að hækka heimild til lántöku fyrir Byggðasjóð úr 50 millj. í 60 millj. í því skyni að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi svokölluð kreppulán. Forráðamenn ríkisstj. hafa látið í veðri vaka að þessi fyrirgreiðsla yrði miklum mun meiri í ljósi þess taprekstrar sem orðinn er í sjávarútveginum þrátt fyrir mikinn afla og yfirleitt gott verð á erlendum mörkuðum. Hætt er því við að þann vanda, sem stefna ríkisstj. í atvinnumálum hefur leitt yfir eina undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, verði erfitt að leysa með þessari fyrirgreiðslu.

Á stjórnarfundi Framkvæmdastofnunar ríkisins 25. nóv. var lögð fram svohljóðandi samþykkt frá ríkisstj. varðandi þessi svokölluðu kreppulán:

„Ríkisstj. samþykkir að beita sér fyrir því, að lán, sem veitt verða Byggðasjóði til að endurlána fiskvinnslu- og útgerðarfyrirtækjum vegna rekstrarerfiðleika, verði 10—15 ára innlend lán, afborgunarlaus fyrstu þrjú árin, með sömu kjörum og lán Framkvæmdasjóðs til Stofnlánasjóðs. Aflað verði heimildar Alþingis til að veita Byggðasjóði ríkisábyrgð á hálfri upphæð þessara lána."

Stjórn stofnunarinnar leit svo á, að átt væri við með þessari samþykkt að umrædd ríkisábyrgð verði á helmingi endurlána Byggðasjóðs. Á þessum fundi kvað ég nauðsynlegt að fá nánari skýringar á orðalagi í bréfi ríkisstj. um að hún muni beita sér fyrir að útvega Byggðasjóði fé. Ég minnti í því sambandi á efndir varðandi fé frá lífeyrissjóðum til Framkvæmdasjóðs samkv. lánsfjáráætlun 1981 sem ég gerði hér að umræðuefni. Ég taldi orðalag þessarar samþykktar ófullnægjandi, því þurfti að liggja fyrir hve háa fjárhæð ríkisstj. ætlaði að útvega til þessa verkefnis, hvenær Byggðasjóður fengi þetta fé og með hvaða lánskjörum, áður en sjóðurinn hæfi lánveitingar. En það lá mikið við. Fyrirtæki voru stöðvuð og menn gátu ekki beðið og það var farið í að lána. Formaður stjórnarinnar, Eggert Haukdal, lét bóka að hann ítrekaði að hann samþykkti ekki að gengið yrði á framlög Byggðasjóðs til þess að leysa þennan vanda. Hann tók fram að samfara umræddum lánveitingum væri töluverð áhætta, en eitthvað mundi þó verða endurgreitt til sjóðsins. Færi það eftir því, hversu há fjárhæð yrði útveguð úr Byggðasjóði í þessu skyni. Benti hann á að um það yrði fjallað á Alþingi í umr. um lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1982.

Þórarinn Sigurjónsson kvaðst líta á umrædda aðstoð sem alger bráðabirgðalán og yrði Byggðasjóði útvegað sérstakt fé til þeirra. Síðar, þegar svonefnd úttektarnefnd hefði unnið sitt verk, yrði gengið frá endanlegum lánum. Þetta var það helsta sem þá kom fram.

Það voru útvegaðar 30 millj. kr. í Seðlabankanum og síðar 10 millj. Það er búið að lána, að mig minnir, rúmlega 43 millj. eða nokkuð umfram þetta. Nú gerir þessi brtt. ráð fyrir aðeins 10 millj. kr. hækkun frá því sem búið er að ákveða áður, en á fundi, sem öll stjórnin var á með fjmrh. og sjútvrh., varpaði sjútvrh. því fram, að hann teldi að þessi upphæð mundi sennilega fara í 200 millj. kr.

Benedikt Bogason, sem er formaður þeirrar nefndar sem vinnur að úttekt á fjárhagsstöðu fiskvinnslufyrirtækja, gerði grein fyrir störfum nefndarinnar fyrir nokkru á fundi Framkvæmdastofnunar. Hann taldi nefndina ekki á þessu stigi geta lagt fram tölur um heildarfjárvöntun, en ljóst væri að fjármagn þyrfti að koma frá fleiri aðilum en Byggðasjóði, t. d. eigendum, viðskiptabönkum o. fl. Að því tilskildu er stærðargráðan áætluð 150—250 millj. kr. Og hann áætlar að nefndin muni ljúka starfi sínu í maí til júní n. k. Sami maður sendi orðsendingu til forsrh. þar sem hann skilgreinir hlutverk sitt í þessari nefnd og segir:

„Nefndin mun gera tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem þess þurfa við. Endurskipulagning gæti falist m. a. í aukningu á eigin fé, nýju fé í formi lána til langs tíma eða breytingu á skammtímaskuldum til langs tíma."

Hann segir í lok þessa bréfs eða orðsendingar til forsrh.:

„Ég vil svo lýsa þeirri skoðun, að ég tel brýna nauðsyn bera til að einhver heimild komi inn í lánsfjáráætlun. Stærðargráða þessarar heimildar gæti að mínu mati verið 150—250 millj. kr. og eru þá meðtalin áðurnefnd lán, sem þegar hafa verið veitt í þessu skyni, að upphæð 43 millj. kr."

Í byrjun janúar eða nánar tiltekið 12. jan. fara forstjóri, formaður og varaformaður þessarar stjórnar á viðræðufund við forsrh., fjmrh. og sjútvrh. um fjárhagsvanda útgerðar og fiskvinnslu og nauðsyn þess, að Byggðasjóði yrði útvegað viðbótarfjármagn ef sjóðurinn ætti að leysa úr þessum vanda. Þar er talað um að heildarfjárhagsvandinn sé um 200 millj. kr. Á þessum fundi kom fram hjá fjmrh. að hann treysti sér ekki til að taka þessar 150 millj. kr. inn á lánsfjáráætlun 1982 þar sem það þýddi meiri erlendar lántökur. Að öðru leyti tók hann jákvætt undir beiðni stofnunarinnar og samþykkti að það væri hlutverk ríkisstj. að útvega viðbótarfjármagn til þess að leysa þann vanda. Mundi ríkisstj. beita sér fyrir því, að fjár yrði aflað innanlands á þessu ári.

Nú skulum við líta á möguleikana á því að afla þessa fjár innanlands. Ég hef áður gert að umræðuefni útboðin, þá miklu aukningu sem hefur orðið frá árinu á undan. Það kemur einnig fram, að forsrh. lagði áherslu á að haft yrði samstarf við viðskiptabankana til lausnar á þessum fjárhagsvanda og þeir yrðu þátttakendur í því. Á sama tíma og talað er um að það eigi að fá fjármagn í viðskiptabönkunum er verið að banna viðskiptabönkunum að lána. Það er verið að taka af þeim meiri fjárráð en áður með því að binda innlánsfé þeirra. Og þetta segir ríkisstj. að sé gert til þess að koma í veg fyrir aukningu útlána. Ef aukning útlána til hins frjálsa atvinnurekstrar er nú meinið, á þá aðeins ríkisstj. að fá alla peninga að láni, sem til eru í landinu, og á aðeins að lána þeim sem eru búnir að stöðva atvinnureksturinn, en refsa hinum sem hafa staðið sig eilítið betur?

Formaður stjórnarinnar, Eggert Haukdal, skýrði á

þessum sama fundi frá því, að í ofangreindum viðræðum hefði verið margítrekað að Byggðasjóður gæti ekki leyst umræddan fjárhagsvanda nema fá til þess vibótarfé. Sjóðurinn gæti þó sjálfur tekið þátt í skuldbreytingum á lánum fyrirtækjanna og e. t. v. aðstoðað eigendur til þess að auka eigið fé fyrirtækjanna gegn góðum tryggingum. Og það hefur sjóðurinn sannarlega gert. Ég held að ég muni rétt að það sé búið að skuldbreyta í veiðum og vinnslu milli 23 og 24 millj. í lok nóv. á s. l. ári, og þær skuldbreytingar halda áfram. En þær gera það að verkum, að sjóðurinn hefur auðvitað minna fé á milli handanna.

Stefán Guðmundsson alþm. benti á að í viðræðunum hefðu tekið þátt þrír ráðherrar svo að að hans áliti væri öruggt að sjóðnum yrði útvegað viðbótarfjármagn í þessu skyni. Hann benti einnig á, að ekki yrði langt þar til lánsfjáráætlun ríkisstj. yrði afgreidd, og lagði til að afgreiðsla frekari lánveitinga biði þangað til. Eftir mikið jaml og japl ákveður ríkisstj. að heimila hásetum sínum í fjh.- og viðskn. að flytja brtt. um að hækka þessi lán um 10 millj. M. ö. o.: það eru eftir tæpar 7 millj. þó að þetta komi. Nú spyr ég hæstv. ráðh.: Hvar hyggst hann útvega innanlands þetta fjármagn? Og ég spyr stuðningsmenn ríkisstj. hvort þeir sætti sig við eftir sínar yfirlýsingar að ganga þannig frá lánsfjáráætlun eftir allar fullyrðingarnar og eftir margendurtekið álit þeirra að ekki komi til greina annað en stórauka þessi útlán.

Ég er ekki eins frjálslyndur og hæstv. sjútvrh. Það stendur aldrei á honum að nefna háar tölur. En ég hefði verið ánægður fyrr sem stjórnarmaður þó að við hefðum ekki fengið 200 millj. Ég hefði gjarnan viljað ganga til samkomulags bara um helming af þessari upphæð, en að við það væri staðið. Ég tel að það hafi líka margt breyst til batnaðar. En sumt hefur líka orðið til hins verra og skuldbreytingin er ærið verkefni fyrir Byggðasjóðinn einan að taka á sig, því að hún verður í auknum mæli, og það eru ekki heldur litlar skuldbreytingar sem Fiskveiðasjóður hefur verið að gera að undanförnu.

Það er ein tillaga hér líka sem kemur frá ríkisstj. og kom inn löngu eftir að afgreiðslufresturinn var útrunninn. Það er till. um að fjmrh. sé heimilt að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Fjmrh. setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efnum og aðföngum til ylræktarversins.

Þetta mál kom okkur á óvart. Við höfðum ekki hugmynd um að búið væri að stofna nýtt félag. Við höfum heyrt mikið um nauðsyn þess að byggja slíkt ylræktarver. Ég hygg að ég muni það rétt, að það var Steinþór Gestsson sem á sínum tíma flutti þáltill. í þessum efnum, og síðan hefur mikið verið um þessi mál rætt, en lítið að undanförnu. Nefnd var að sjálfsögðu sett í þetta mál eins og öll önnur, og í flestum málum eru nú margar nefndir.

Eftir að hafa rætt við ráðuneytisstjóra landbrn. fengum við í hendur ljósrit af bréfi til landbrh. um þetta mál frá þessari nefnd. Vilhjálmur Lúðvíksson var formaður nefndarinnar og hann segir í lok bréfsins: „Reiknað er með að leita að hluta til erlendra sérfræðinga um markaðsleit fyrir ylræktarafurðir. Það er ekkert ákveðið, það eru engin samtök stofnuð enn, það er enginn markaður öruggur eða í sjónmáli." Og í bréfinu segir: „Hæpið er að reikna með neinum framkvæmdum vegna þessa máls fyrr en 1983 og því tæplega nauðsyn að gera ráð fyrir því í lánsfjáráætlun nú. En ofangreindur kostnaður gæti greiðst af fjárlögum eða úr sjóðum ráðuneyta. Í von um að ofangreindar ábendingar verði að gagni og að landbrn. og iðnrn. sjái til að niðurstöður fáist um ofangreind atriði sem fyrst."

Það þarf auðvitað ekki að taka fram að iðnrh. fékk afrit af þessu bréfi. M. ö. o.: það skeður ekkert að dómi þessarar nefndar á árinu 1982. Hvers vegna er þá verið að flytja þessa brtt.? Hvers vegna er þá verið að taka ákvörðun fyrir fram? Við skulum segja að úr því verði og að það verði reist á nokkurn veginn traustum grunni að byggja slíkt ylræktarver. Þegar það liggur fyrir, þegar hægt er að meta hvort það á rekstur fram undan og það eru öruggir aðilar sem að því standa, þá finnst mér alveg sjálfsagt að taka með fullri vinsemd á þessari tillögu. En ég sé enga ástæðu til að Alþingi fari að gefa svona yfirlýsingar fyrir fram, þvert ofan í það sem það fólk, sem hefur verið að kanna þessi mál, er að leggja til. Hvað er hér á bak við? Er einhver feluleikur á bak við þetta? Eru kannske einhverjir nýir að koma inn í dæmið sem kannske er óþægilegt að nefna? Þetta vekur vissar grunsemdir. (Gripið fram í.) Kannske Iscargo ætli að fara í ylræktarver næst, ég veit það ekki.

Þá stendur hér í tillögu minni hl.: Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, með einfaldri ábyrgð lán til smíða á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkv. mati Ríkisábyrgðasjóðs. Og hér er sagt að þessi skip megi vera allt að 35 m löng og að ábyrgð miðist við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skipsins. Mér finnst undarlegt ef það er ætlun tíkisstj., ef hún meinar eitthvað með því að stuðla að raðsmíði, sem átti að gera á s. l. ári, að tala þá um einfalda ábyrgð. Hvar ætlast ríkisstj. til að þessir aðilar fái lán, 80% lán í þessum skipum með einfaldri ábyrgð? Það væri fróðlegt að heyra það af vörum þessara hæstv. ráðh. hvaða lánastofnanir það eru sem eru opnar fyrir tugmilljóna eða hundraða milljóna lánum gegn einfaldri ábyrgð. Það var búið að segja í fjh.- og viðskn. að hér ætti að vera um sjálfskuldarábyrgð að ræða. Þegar nefndin klofnar er ekki vitað annað en að svo sé. Síðan er þessu breytt. Hefði verið hægt að afgreiða lánsfjárlögin fyrr? Það er allt svona í lausu lofti. Vinstri höndin veit ekki hvað sú hægri gerir á þessu kærleiksheimili. Ég spyr því: Hverjum er ætlað að lána skipasmíðastöðvunum á smíðatímanum gegn einfaldri ríkisábyrgð? Er þar átt við bankana sem er alltaf verið að skerða og hafa ekki fé til nema taka erlent fé að láni til að lána?

Svo er hitt atriði málsins. Nú sækja margir um bæði að kaupa fiskiskip til landsins og byggja innanlands. Fjárráð Fiskveiðasjóðs eru takmörkuð og hann er m. a. skorinn niður. Á sama tíma koma skip inn á færibandi og eftir ákveðnum reglum, og þau eru að verða sum nokkuð skrýtin í laginu sem eru að koma síðustu dagana. En það kvað vera allt gert eftir skipun hæstv. sjútvrh. að hafa lagið skrýtið. Mér sýnist vera komið hálfgert Framsóknarlag á fiskiskipin sem eru að koma.

Það er talað um að gæta hófs í fjárfestingum, en það er haldið áfram viðstöðulaust í skipabyggingum og kaupum á skipum til landsins. Í sambandi við skipakaup til landsins ráða algerlega geðþóttaákvarðanir tveggja ráðh.

Ég ætla að geta hér um eitt atriði. Útgerðarmaður sótti um heimild til þess að kaupa línu- og netaskip frá Noregi og skrifaði viðskrn. um heimild til erlendrar lántöku vegna kaupa á því. Um var að ræða skip 31.20 m á lengd, búið til línu- og netaveiða og með flatningsvél. Verð skipsins var 12 millj. 365 þús. norskar kr. og reiknað með afhendingu í sept. á þessu ári. Skipið, sem hann átti fyrir, var orðið úrelt og hefði annaðhvort verið tekið úr notkun eða selt úr landi fyrir lítið verð. Loksins eftir að sá frestur, sem viðkomandi maður hafði, er útrunninn skrifar rn. honum bréf þar sem það heimilar erlenda lántöku sem nemur alls 67% heildarverðs. Þó er heimildin því skilyrði bundin, að lán, sem nemur 50% heildarverðs, verði samþykkt og afgreitt í Fiskveiðasjóði. Heimildin gildir til 1. febr. 1982. Heilt eintak lánsskjala skal afhenda gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 1. febr. 1982.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabankans hringdi oft og spurði manninn hvað liði að afhenda gjaldeyriseftirliti bankans lánsskjölin, sem átti að gera fyrir 1. febr., en hann hafði ekki fengið svar frá Fiskveiðasjóði fyrir þann tíma af þeirri einföldu ástæðu að Fiskveiðasjóður hafði enga peninga að lána. M. ö. o. er leyft að taka erlent lán, en sett að skilyrði að fá lán innanlands hjá sjóði sem hefur enga peninga til að lána. Þetta eru hundakúnstir í lagi. Hér á hlut að máli maður sem búinn er að vera sjómaður, skipstjóri og útgerðarmaður allt sitt líf og er nú kominn í land. Hann fær þessa afgreiðslu. En svo fá ýmsir aðrir kúnstuga afgreiðslu hjá þeim félögum sitt á hvað, hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh.

Mér er alveg ljóst að það er mjög vandasamt mál hvernig á að taka á vanda innlendra skipasmíðastöðva. Sem þjóð getum við ekki lagt niður skipasmíðina. Það verður að halda henni áfram. En það verður einnig að fara hægt í sakirnar og ekki hægt að velta því öllu yfir á sjávarútveginn, enda er sjáanlegt að þau nýju skip, sem hafa verið að koma á undanförnum árum, geta engan veginn staðið undir vöxtum og afborgunum af stofnlánum sínum.

Í lauslegri rekstraráætlun, sem gerð var í ágústlok á s. l. ári, þar sem gerð er grein fyrir rekstrarframlagi skuttogara af minni gerð til greiðslu afborgana og vaxta af stofnlánum nýs skips miðað við rekstrarskilyrði þá, þegar horft er til eins árs, þyrfti þetta skip að fiska um 16 535 tonn, en skipin með hámarksafla nú eru með rétt innan við 6 þús. tonn. Sjá allir hvert er verið að fara, og ekki hefur ástandið batnað síðan. Að vísu hefur fiskverð hækkað, en gengi hefur líka fallið að sama skapi og verðbólgan æðir áfram.

Á sama tíma sem ríkisstj. tekur ekki alvarlega á iðnaðarvandamálinu fer ríkið sjálft í skipabyggingu. Það leitar til Bretlands þar sem breska ríkisstj. greiðir niður fyrir breskum skipasmíðaiðnaði. Þá á ég við það skip sem Skipaútgerðin er nú að láta smíða í Bretlandi. Mér er ljóst að það voru ýmis vandkvæði á því að smíða þetta skip hér innanlands. En það hafa verið fluttir inn skrokkar fiskiskipa sem hafa verið innréttaðir hér að öllu leyti og hafa skapað íslenskum iðnaðarmönnum mikla vinnu. Af hverju var ekkert gert í því að auka atvinnu Íslendinga sjálfra? Það er ekki vitað að það hafi verið gert á einn eða annan hátt.

Það er vitað mál, að þeir, sem fyrst og fremst ráða stefnunni í peningamálum í þessu landi, eru Allaballarnir. Þeir eru mestu ráðamenn í ríkisstj., eins og allir vita, frá haustinu 1978 og til þessa dags, að undanskildum einum ársfjórðungi. Þeir lögðu fram mjög viðamikla stefnu þar sem þeir töluðu um sjúkdómseinkenni efnahagslífsins. Þeir segja í þessari stefnu sinni frá 1978:

„Erlendar skuldir hafa hlaðist upp í ríkum mæli á seinustu þremur árum og nema nú meira en hálfri millj. kr. á hvert mannsbarn. Íslenskir atvinnuvegir þróast ekki með eðlilegum hætti, heldur hafa staðnað á ýmsum sviðum, en erlend stóriðja sækir á. Framleiðsla landsmanna og gjaldeyrisöflun er ófullnægjandi. Margvísleg fjármálaspilling grefur um sig og siðferðileg upplausn verður æ greinilegri. Verðbólgan hefur um árabil verið helsta gróðamyndunaraðferð íslenskra fjáraflamanna og flytur stöðugt fjármuni frá allri alþýðu til verðbólgubraskara. Verðbólgan fer eldi um fjárfestingarsjóði landsmanna og hvers konar tryggingarsjóði alþýðu, svo að eigin fé þeirra rýrnar verulega á hverju ári. Verðrýrnun peninga ýtir undir fjárfestingarkapphlaup og stuðlar að óarðbærri fjárfestingu í stórum stíl, ekki síst á sviði verslunar og viðskipta.

Þrátt fyrir hagstæðar ytri aðstæður eiga Íslendingar nú við margþættan vanda að etja. Sjúkdómseinkenni birtast með ýmsum hætti. Hér verða nefnd nokkur þau alvarlegustu. Verðbólga, sem nemur þreföldun vöruverðs á rúmum þremur árum, hefur neytt samtök launamanna til látlausrar varnarbaráttu og leitt til endurtekinna stórátaka á vinnumarkaði með skömmu millibili.“ — Þar er átt við útflutningsbannið á íslenskar afurðir. — „Ýmsir þættir atvinnurekstrar og þá einkum útflutningsframleiðslan hafa lent í heimatilbúinni kreppu aftur og aftur vegna sívaxandi rekstrarkostnaðar innanlands.“

Þeir segja að svona sé ástandið í þessu landi 1978 og fyrstu aðgerðirnar þurfi að vera veruleg lækkun söluskatts með annarri tekjuöflun á móti, sparnaði í ríkisrekstri og niðurfellingu útgjalda, lækkun verslunarálagningar og vaxta á afurða- og rekstrarlánum, breyttri stefnu í gjaldeyrismálum. Markmiðið er að endurheimta þann kaupmátt launa, sem náðist í seinustu kjarasamningum, og bæta síðan lífskjör almennings stig af stigi. Það hafa þeir gert með því að skerða verðbætur á laun 10 eða 11 sinnum síðan.

Orsakir vandans, segja þessir herrar, eru að aðgerðir, sem þá voru gerðar, felast í skefjalausum gengisfellingum, sem nú svara til 170% hækkunar á erlendum gjaldeyri síðan ágúst 1974, og stórfelldri hækkun á óbeinum sköttum. Hugsið ykkur það. 170% hækkun á erlendum gjaldeyri á fjórum árum. Og nú koma þeir og stjórna, þessir frelsandi englar, og þeir hafa stillt svo trommuna að dollarinn hefur hækkað úr 2.60 frá 1. sept. 1978, þegar þessir herrar tóku við, miðað við nýkr. í 10.11 kr. Á þremur og hálfu ári hefur dollarinn hækkað um 288% á móti 170 á fjórum árum. Það er von að sakleysinginn úr Alþb. segi að þetta sé miklu betra, því að þetta er hærri tala. Svona er farið að ráðast að vandanum, svona var farið að því að lýsa ástandinu sem var á þessum árum, og svona er staðið að málum þegar þessir menn komast í ráðherrastóla og ráða.

Hvað segja þeir um vaxtamálin þarna? Vextir hafa verið hækkaðir gífurlega og verið tengdir við hraða verðbólgunnar. Hækkun vaxta er sögð afleiðing verðbólgunnar, en óneitanlega eru háir vextir um leið ein af orsökum hennar. Af hverju hækka vextir á hverju einasta ári? Af hverju er verið að hækka vexti nú á þessu

ári? Því er lýst yfir, að ríkisstj. vilji lækka vextina. Og þeir lækkuðu að vísu, vísilvextir, um 1%, en þá hættu bankarnir að mestu að lána víxla, en hækkuðu líka þóknunina á móti. En verðtrygging lána á sér stað. Vaxtakostnaður eða lántökukostnaður hefur aldrei verið meiri en eftir veru Allaballanna í ríkisstj. Og hverjir fara verst út úr vöxtum? Hverjir fara verst út úr þessari miklu verðbólgu? Það er fyrst og fremst fólkið sem hefur lægst launin. Verðbólgubraskararnir geta þrifist. Þeir hafa margir haft gott upp úr myntbreytingunni. Þeir hafa ekki skammað ríkisstj. Þeir hafa þagað.

Stuðlað sé að sem stöðugustu gengi íslensku krónunnar, segir Alþb. 1978, og horfið af braut gengisstefnunnar sem ríkt hefur í gjaldeyrismálum Íslendinga að undanförnu. (**Gripið fram í:** Hvað er þm. að lesa?) Nei, þetta var allt brennt í skrifstofu Alþb. og ekki einu sinni Hjörleifur getur fengið eintak, hvað þá einkavinur hans úr Vestmannaeyjum. Getur nokkur maður hugsað sér ómerkilegri menn en þessa menn? Er til annað eins í víðri veröld? Hugsið ykkur smekkleysuna að geta setið með þessum kauðum í ríkisstj.

Ríkisstj. talar alltaf um aðhald. Það er eitt af því fáa sem forsrh. kann að tala um. Rétt um það bil sem sex ráðherrar voru að fara á þing Norðurlandaráðs í Finnlandi skrifaði Ragnar Arnalds fjmrh. bréf, sparnaðarbréf til allra í ríkiskerfinu. Þar segir hann: Útgjaldalækkun er í meginþáttum tvíþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða 6% lækkun allra framlaga til framkvæmda fjárfestingarlánasjóða svo og tilfærslu til stofnana og samtaka. Í öðru lagi er stefnt að lækkun rekstrarútgjalda stofnana í samvinnu við rn. og stofnanir með auknu eftirliti og aðhaldi. Nær þetta m. a. til endurráðninga, yfirvinnu og utanlandsferða starfsmanna. Eftir þetta sparnaðarbréf fóru þeir sex til Finnlands og fimm höfðu konurnar með. Flokkurinn, sem fór á vegum ríkisstj., var yfir 20 manns auk hinna kjörnu þingfulltrúa, sem eru ákveðnir hér af Alþingi, sex að tölu. Það vita allir. Nú hef ég ekki á móti því, að ráðh. sæki slíka fundi, en ég tel enga ástæðu til að þeir stökkvi sex úr landi í einu á kostnað þjóðarinnar, á sama tíma og þeir eru alltaf að tala um aðhald og sparnað í rekstri. Það er ekkert að marka þessa menn, ekki neitt.

Það frv., sem hér er til afgreiðslu, til lánsfjárlaga gerir ráð fyrir að það verði 33% verðbreyting milli áranna 1981 og 1982 en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á þessu ári. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala" fjárlaga frv. Frá því að þessi „reiknitala" var ákveðin á haustmánuðum hefur orðið veruleg launabreyting. Grunnkaup hækkaði um 3.25% umfram forsendur fjárlagafrv. fyrir síðustu áramót, og í kjölfar meiri fiskverðshækkunar en gert er ráð fyrir í þessum forsendum varð stórfelld gengisbreyting í janúar. Gengi Bandaríkjadollars hefur hækkað um 33.2% síðan 9. okt í fyrra, þegar frv. til lánsfjárlaga var lagt fram, og er þá meðtalin 12% gengisbreyting í jan. s. l. Og eins og ég sagði áðan, frá því að Allaballaáhrifa fer að gæta á stjórn landsins 1. sept. 1978 til 25. mars 1982 hefur gengi dollarans hækkað um aðeins 288%, og þeir eru býsna hrifnir af.

Verðbólgan verður augljóslega meiri en 25—27% á þessu ári, en það þyrfti hún að verða ef forsendur lánsfjárlaga ættu að standast. Jafnvel ríkisstjórnin í sinni draumórakenndu óskhyggju segist ætla að festa bót á efnahagsstefnu sína síðar á þessu ári með því að draga úr hraða verðbólgunnar í 30%. Ríkisstj. er nú í virkum verðbólgudansi og getur hver sem er spurt sjálfan sig að því, hvernig muni takast til að festa nýja bót á verðbólgubuxur ríkisstj. á þeirri fleygiferð og húlahoppi sem hún stundar í vaxandi mæli. Ég er hræddur um að nálin, sem festa á með bótina, muni fara inn úr buxunum og ekki verði það til þess að draga úr hávaðanum.

Nú fyrir nokkrum dögum voru tvær vísitölur reiknaðar. Seðlabankinn hefur reiknað út lánskjaravísitölu fyrir aprílmánuð og hækkaði hún um 3.71% á þeim mánuði. Það jafngildir 54.9% á 12 mánuðum. Hagstofan hefur reiknað út vísitölu byggingarkostnaðar eftir verðlagi í fyrri hluta mars. Hún reyndist vera 1015 stig og hafði hækkað um 11.7% frá síðasta útreikningi, þ. e. frá byrjun des. 1981.

Á einu ári hefur byggingarvísitalan hækkað úr 681 stigi í 1015 stig eða um liðlega 48.8%. Sé hins vegar 11.7% hækkun byggingarvísitölunnar framreiknuð næstu 12 mánuði þýðir það 55.67%.

Sé litið á hækkun framfærsluvísitölunnar óniðurgreiddrar reyndist hún 12.7% 1. febr. s. l., og spár Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að svipuð hækkun verði 1. maí. Þetta jafngildir um 58% hækkun á 12 mánuðum. Jafnvel þótt niðurgreidd framfærsluvísitala sé lögð til grundvallar í verðbólguútreikningum, sem augljóslega er misvísandi mælikvarði, svo að ekki sé meira sagt, reiknast verðbólguhraðinn á þann mælikvarða 45% á 12 mánuðum.

Það er því deginum ljósara, miðað við þá þróun, sem við blasir í verðbólguhraða, og hið öra gengisfall krónunnar frá því að frv. til lánsfjárlaga var lagt fram, að lánsfjárlög, ef afgreidd verða á þann hátt sem lagt er til í till. minni hl. fjh.- og viðskn., verða byggð á forsendum sem brostnar eru fyrir löngu. Á það skal bent og það undirstrikað, að lánsfjárlög, sem byggð eru á svo röngum forsendum um verðbólgu og gengisskráningu, en fastri krónutölu til ýmissa framkvæmda, þýða raunverulega stórfelldan sjálfvirkan niðurskurð á framkvæmdum og leiða til algers glundroða í fjármálakerfi landsins. Hér er um miklu meira alvörumál að ræða en að því er varðar fjárlög, vegna þess að tekjur fjárlaga hækka með aukinni verðbólgu, en í lánsfjárlögum er miðað við ákveðna krónutölu til hinna ýmsu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru samkv. þeim.

Hér skal ítrekað, að það frv. til lánsfjárlaga sem hér er til afgreiðslu og áætlunin, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum sem einfaldlega eru skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarsinna. Með afgreiðslu frv. er því hvorki verið að marka stefnu né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að fullnægja gersamlega misskildum sjálfsmetnaði sem núv. ríkisstj. hafði í upphafi. Frv. og þau lánsfjárlög, sem hér er verið að afgreiða að tillögu minni hl. n., bera með sér sama bráðabirgðabragðið og aðrar aðgerðir ríkisstj. Meiri hl. n., fulltrúar stjórnarandstöðunnar, er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst.

Það, sem þessi þjóð þarf á að halda, er að fá alvöruríkisstjórn og alvöruforsætisráðherra, ekki mann sem lifir í hugarheimi og tekur ekki tillit til þess sem er að gerast í kringum hann. Og það má segja að eftir höfðinu dansa limirnir, þó að höfuðið ráði þarna í raun og veru engu, því að það eru limirnir sem sprikla, eins og við sáum hér í gær. Það er þetta sem þessa þjóð vantar til

þess að snúa við af þeirri ógæfubraut sem hún er á. Og það er mikið sem Allaballarnir geta lært — því að þeir geta lært ef þeir vilja læra — að taka upp þann sið að segja satt um málin. Til eru menn í Allaballaflokknum sem eru ábyrgir menn og hafa sýnt að þeir geta verið ábyrgir, en því miður er enginn þeirra í ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég hafði fyrst og fremst hugsað mér að gera grein fyrir þeim brtt., sem minni hl. n. flytur, og mun reyna að stytta mál mitt eins og kostur er varðandi efnisatriði málsins. Þó vil ég taka það fram í upphafi varðandi orð hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um hversu lengi hefur dregist að ganga frá þessu máli, að ýmislegt kemur þar til. Í fyrsta lagi hafa menn verið að athuga brtt. Í öðru lagi hefur verið reynt í nefndinni, eftir því sem kostur hefur verið, að afla þeirra upplýsinga, sem beðið hefur verið um, og verða við öllum beiðnum um viðtöl við aðila. Þetta hefur að sjálfsögðu tekið sinn tíma. Ég vildi gjarnan að hv. þm. hefði það í huga varðandi hversu langan tíma störf nefnda taka. Ég vil halda því fram, að þetta sé fullkomlega eðlilegt, en mér finnst ekki réttmætt af honum að kenna fyrst og fremst ríkisstj. um það eða ráðvilltum nefndarmönnum minni hl.

Þessi lánsfjárlög hafa verið til meðferðar á Alþingi síðan í haust. Í upphafi var unnið að málinu sameiginlega *í báðum nefndum, en síðan tók nefnd Nd. við eftir áramót* og hafa verið haldnir fjölmargir fundir um málið síðan það kom til meðferðar í nefndinni. Minni hl. n. hefur talið það vera skyldu sína að framfylgja því samkomulagi, sem hafði orðið fyrir áramót, að erlendri lántöku yrði haldið í skefjum eftir því sem unnt væri umfram það sem gert er ráð fyrir í lánsfjárfrv.

Við gerum okkur fullkomlega ljóst að það mun verða erfitt fyrir ríkisstj. að vinna innan þeirra marka sem lánsfjárlögin heimila, miðað við þau áform sem fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. gerir ráð fyrir, og það liggur fyrir, að þar mun þurfa að beita hinu margumtalaða aðhaldi, og fyrirsjáanlegt, að einhverju verður að fresta af þeim áformum sem þar koma fram eða draga verður úr þeim framkvæmdum eftir því sem unnt er. Bæði er það, að gengisforsendur hafa nokkuð breyst, og það liggur fyrir, eins og kom fram hjá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, að það mun vera einhver fjárvöntun vegna spariskírteina. Hins vegar seljast þau nú betur en áður var, þannig að úr því kann eitthvað að rætast. Það liggur einnig fyrir, að gert var ráð fyrir byggðalínugjaldi þegar fjárfestingar- og lánsfjáráætlun var samin, en fjáröflunarfrv. í því skyni hefur ekki komið enn fram hér á Alþingi. Þá liggur einnig fyrir að sú upphæð, sem gert er ráð fyrir að komi frá bönkum og sparisjóðum til opinberrar fjárfestingar, er í algeru hámarki. Þannig liggur fyrir við afgreiðslu þessara lánsfjárlaga að það mun verða verulegum vandkvæðum bundið að vinna innan marka þeirra, en ég vænti þess, að hæstv. ríkisstj. sjái sér fært að gera það.

Ég ætla þá að gera grein fyrir þeim brtt. sem koma fram á þskj. 503.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að erlend lántaka hækki um 13 millj. Það er vegna máls sem er til afgreiðslu alveg á næstunni og var fyrirsjáanlegt að yrði vandamál. Ríkissjóður hefur samið um smíði á skipi fyrir Skipaútgerð ríkisins og kaup á notuðu skipi frá Noregi. Það hafa orðið breytingar m. a. á gengisforsendum síðan frv. var lagt fram, og því var nauðsynlegt að hækka þessa lántöku úr 40 millj. í 53 millj. og gerir 1. gr. frv. ráð fyrir því.

Í öðru lagi kom fram, eins og hv. þm. Matthías Bjarnason gat um, í 4. gr. frv. að Iðnrekstrarsjóði væri heimilt að taka lán á árinu 1982 að fjárhæð allt að 10 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að endurlána til athugunar á sviði orkufreks iðnaðar. Við athugun nefndarinnar á þessu máli kom það fram, að á fjárlögum er gert ráð fyrir 3 millj. kr. fjárveitingu í þessu skyni, en þær 10 millj., sem hér um getur, áttu að bætast við. Iðnrn. var spurt um hvernig það hygðist nota þessa peninga og með hvaða hætti væri ráðgert að taka þetta lán og hver ætti að endurgreiða það. Kom í ljós að þeim málum hafði ekki verið komið fyrir með þeim hætti að nein vissa væri fyrir að einhver aðili fyndist sem væri tilbúinn að taka þessi lán með það í huga að endurgreiða þau. Þau verkefni, sem þessir peningar áttu að fara til, voru í fyrsta lagi staðarvalsrannsóknir 2.5 millj. kr. Verður ekki séð að neinn aðili utan ríkisins sé tilbúinn að fjármagna eða taka lán til þeirra athugana, án þess að ég leggi neinn dóm á störf þeirrar nefndar. Í öðru lagi var gert ráð fyrir athugun á magnesíumverksmiðju, sem ekki er nú alveg í sjónmáli, og natríumklóratverksmiðju, 1 millj. kr., sem ekki er alveg í sjónmáli heldur. Ekki er vitað um að neinn aðili sé tilbúinn að taka lán til rannsókna á því sviði. Þá var gert ráð fyrir athugun vegna *trjákvoðuverksmiðju 2 millj., álverksmiðju 3 millj.*, kísilmálmverksmiðju 2 millj., sem er að mestu lokið, og öðrum rannsóknum 1.5 millj. Okkur þótti eðlilegt að hér yrði um að ræða sjálfskuldarábyrgð, en það væri nauðsynlegt að leita eftir samþykki fjvn. áður en slík sjálfskuldarábyrgð væri veitt.

Það hefur komið fram að fjvn. fjallaði um þetta 3 millj. kr. fjárframlag við störf á s. l. hausti. Virðist vera líklegt að a. m. k. hluti af þessu fjármagni verði ekki endurgreiddur. Ég held að það geti allir verið sammála um að það er alls ekki nauðsynlegt og ekki hugsanlegt að allt rannsóknarfé fáist endurgreitt með einhverjum hætti. Ég á því von á að það þurfi að líta á eitthvað af þessum fjárframlögum sem beina fjárveitingu, og ættu þau þess vegna fremur heima á fjárlögum en í lánsfjárlögum. Því þótti eðlilegt að fjvn. fjallaði um þetta mál í framhaldi af umfjöllun nefndarinnar um 3 millj. kr. fjárveitinguna sem samþykkt var í des. s. l.

3. brtt. er aðeins orðalagsbreyting. Eðlilegra þykir að segja: Heimild er til lántöku í stað „Heimilda er leitað" í 7. gr. frv.

Við 8. gr. er gert ráð fyrir að bætist ný mgr. sem fjallar um að heimilda Bjargráðasjóði að taka lán á árinu 1982 allt að 15 millj. kr. Slík heimild var í fjárlögum án þess að hún væri bundin við ákveðna fjárhæð og þykir rétt að taka hana fram í þessu sambandi.

Við 10. gr. er gert ráð fyrir að bætist ný málsgr. svohljóðandi:

„Fjmrh. er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir allt að helmingi lána, sem Byggðasjóður veitir fyrirtækjum í útgerð, fiskiðnaði og iðnaði til fjárhagslegrar endurskipulagningar vegna rekstrarerfiðleika, en heildarfjárhæð lánanna er að hámarki 60 millj. kr."

Það hafði verið samþykkt að veita lán að upphæð 40 millj. til sjávarútvegs og 10 millj. til iðnaðar, en í máli stjórnar Framkvæmdastofnunarinnar og starfsmanna hennar hefur komið fram að það muni vera nauðsynlegt

að hækka þessa heimild nokkuð. Fer fram athugun á þeim málum núna, en þeir hafa tjáð að fyrirsjáanlegt væri að einhverja frekari fyrirgreiðslu þyrfti að veita í þessu skyni. Því leggur minni hl. n. til að þetta hámark verði fært í 60 millj. kr.

6. brtt. er í framhaldi af efnahagsráðstöfunum ríkisstj. í jan. s. l., en þar var gert ráð fyrir niðurskurði á fjárlögum og skerðingu hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða um 6% í flestum tilfellum. Brtt. 7—17 eru í samræmi við það.

18. brtt. er að beiðni samgrn., en hún felur í sér að þrátt fyrir ákvæði vegalaga skal framlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum ekki fara fram úr 43 millj. á árinu 1982. Það þykir eðlilegt, þegar þarf að skerða vegafé, að hin sjálfvirka regla um hlutdeild þéttbýlisvegafjár í heildarvegafé sé ekki undanþegin — þetta fé skerðist einnig í sambandi við niðurskurð á fjárframlögum.

Í 19. brtt. er aðeins orðalagsbreyting varðandi lán lífeyrissjóðanna til Framkvæmdasjóðs, en þar var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir skyldu skila fjmrn. áætlun um sitt ráðstöfunarfé fyrir 16. jan. Það er orðið úrelt á þessu stigi og þess vegna var því breytt í „upphaf hvers árs."

20. brtt. er gerð að beiðni landbrh. fyrir hönd ríkisstj. og er um að heimila fjmrh. að fella niður endurgreiðslu á aðflutningsgjöldum og sölugjaldi af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Það er alveg rétt, eins og fram hefur komið, að ekkert liggur fyrir um hvort talið verður hagkvæmt að reisa slíkt ylræktarver, og má í sjálfu sér deila um hvort slík heimild eigi að koma til fyrr en slíkri athugun hefur verið lokið. Við teljum hins vegar vera vel verjanlegt að slíkt liggi fyrir nú þegar, þannig að þeir aðilar, sem hugsanlega hafa áhuga á að ráðast í slíkt verkefni, viti um það á þessu stigi og geti gengið út frá því við athuganir sínar og ákvarðanatöku í framhaldinu. Því miður er ekkert sérstakt enn þá sem bendir til að slíkt geti orðið á þessu ári, en minni hl. n. hefur fyrir sitt leyti ekkert við það að athuga að fjmrh. hafi slíka heimild ef til þess kemur.

21. brtt. heimilar fjmrh. að ábyrgjast lán með einfaldri ábyrgð vegna smíða á skipum eða bátum sem eru styttri en 35 metrar og með allt að 1000 hestafla vélum. Þessa grein þarf að athuga nánar. Hefur komið fram að skipasmíðastöðvarnar munu ekki hafa mikil not af þessari ábyrgð og þurfi að koma til sjálfsskuldarábyrgð ef þær eigi að geta haft einhver not af ábyrgðinni. Mun minni hl. n. taka það mál til athugunar milli 2. og 3. umr.

Herra forseti. Ég sé að þingfundartíma er nú lokið og ég get fyrir mitt leyti lokið máli mínu á þessu stigi, en komið þá síðar í umr. að frekari aths. Ég vil aðeins ítreka að minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem koma fram á þskj. 503. Ég vil geta þess, að fjöldinn allur af beiðnum lá fyrir nefndinni um erlendar lántökur sem við sáum ekki möguleika á að verða við. Það voru m. a. beiðnir frá sveitarfélögum. Ég vil geta þess sérstaklega að til umræðu í nefndinni kom beiðni frá borgaryfirvöldum í Reykjavík um lántöku vegna Reykjavíkurhafnar upp á um 1 millj. dollara. Ég vil taka það fram, að sveitarfélögin hafa fullar heimildir til að taka erlend lán fáist til þess leyfi stjórnvalda. Hér er um að ræða hafnarframkvæmdir í Reykjavíkurhöfn, og höfðu nm. í sjálfu sér ekkert við það að athuga að slíkt lán yrði tekið, en töldu óþarft að slík heimild kæmi inn í lánsfjárlög, til þess væru fullar heimildir að taka slíkt lán.

Ég vil aðeins ítreka það, herra forseti, að minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef gert hér grein fyrir.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að nota langan tíma til að ræða það mál sem hér er á dagskrá, þótt vissulega sé það mjög mikilvægt, eitt allra mikilvægasta mál hins háa Alþingis. Ástæðan er sú, að fulltrúar Alþfl. í hv. Ed. gerðu rækilega grein fyrir afstöðu flokksins til málsins, og vísa ég til málflutnings þeirra þar. Þó get ég ekki látið hjá líða að benda enn einu sinni á að áætlaðar lántökur vaxa mjög úr hófi fram og það þótt framkvæmdir á sviði stóriðju og stórvirkjana minnki um nær helming frá s. l. ári, framkvæmdir í hitaveitu minnki um þriðjung, fjárfestingar atvinnuveganna dragist saman um liðlega 9% og samdráttur verði í íbúðabyggingum fimmta árið í röð. Þær framkvæmdir hafa nú dregist saman um 15% að magni til frá árinu 1978. Á þessu ári er áætlað að frumlán til nýrra íbúða á vegum einstaklinga verði 1100, en voru 1900 árið 1978. Allir hljóta að sjá að í algert óefni stefnir í þessum málum ef ekki verður spyrnt við fótum. Þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þennan mikla samdrátt á þessum mikilvægu sviðum öllum, stórvaxa lántökur, aðallega erlendar lántökur. Við tökum erlend lán til að halda uppi hærra fiskverði en fyrir afurðirnar fæst á erlendum mörkuðum. Við tökum erlend lán til að mæta hallarekstri fyrirtækja, ekki síst opinberra þjónustustofnana. Við tökum erlend lán til að kaupa íslensk skip frá einum firði til annars. Og við tökum erlend lán til að greiða niður verð landbúnaðarvara ofan í útlendinga. Við greiðum okkur sjálfum hærra kaup en við í reynd vinnum fyrir með hærra fiskverði en markaðir standa undir, og við greiðum minna fyrir vörur og þjónustu, sem við notum, en hún í reynd kostar. Við tökum erlend lán til að mæta mismuninum. Við erum m. ö. o. að leggja þungar byrðar á börn okkar og barnabörn til að geta lifað hærra í dag en við höfum í reynd efni á. Áður stálum við sparifé gamla fólksins, nú stelum við af börnum okkar.

Áður fyrr var talið eðlilegt að taka erlend lán til útlenda hluta þeirra framkvæmda sem beint eða óbeint öfluðu erlends gjaldeyris til að greiða lánin til baka. Nú er áætlað að taka 52% meiri lán en sem nemur öllum framkvæmdum við stórvirkjanir, stóriðju- og hitaveituframkvæmdir, og er þá innlendi hluti framkvæmdakostnaðarins meðtalinn. Nettóaukning erlendra lána á árinu verður 1340 millj. kr., en framkvæmdakostnaður við stórvirkjanir, stóriðju og hitaveitur samtals 824 millj. kr. Það þarf að nota andvirði þriðja hvers fisks, sem úr sjó er dreginn, til að standa undir greiðslum af erlendum lánum. Við stóraukum lántökurnar þótt verulega hafi dregið úr öllum meiri háttar framkvæmdum.

Um brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. er fátt að segja og vísa ég til nál. meiri hl. n. þar um. Ég bendi þó á að enn er verið að draga úr fjárframlögum ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, og er þá ótt og títt höggvið í sama knérunn þegar framlög til þessara sjóða eru lækkuð mörgum sinnum á ári hverju mörg ár í röð. Það er engu líkara en núv. hæstv. ríkisstj. sé staðráðin í að ganga af hinu opinbera húsnæðislánakerfi dauðu. Vegna vaxtamismunar á teknum og veittum lánum byggingarlánasjóðanna er stutt í að allt

framlag ríkissjóðs fari í það eitt að greiða vaxtamismun, að maður tali nú ekki um þegar framlagið minnkar eins ört og verið hefur. Og ekki nóg með það, heldur verður þá búið að binda framlag ríkissjóðs til þeirra hluta áratugi fram í tímann. Hver verður staða húsbyggjenda þá? Mér finnst oft að hæstv. ríkisstj. sé alls ekki sjálfrátt í þessum málum.

Ein er þó sú brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. sem ég vil lýsa stuðningi við. Það er 21. brtt., síðasta brtt., um stuðning við nokkra raðsmíði meðalstórra fiskibáta, en þar er endurnýjunar vissulega þörf. Við megum ekki heldur ganga af íslenskum skipasmíðaiðnaði dauðum þótt misvitur ríkisstj. hafi nú um tveggja ára skeið gert sitt besta til þess með hömlulausum innflutningi niðurgreiddra fiskiskipa erlendis frá og innflutningi gamalla ryðkláfa. Með því hefur hæstv. ríkisstj. ekki aðeins gert sitt til að ganga af íslenskum skipasmíðaiðnaði dauðum, heldur er með þessu markvisst unnið að því að stórskerða lífskjör sjómanna og þjóðarinnar allrar. Við Alþfl.-menn styðjum 21. brtt. meiri hl. fjh.- og viðskn., en leggjum jafnframt þunga áherslu á að hæstv. ríkisstj. taki upp skynsamlegri vinnubrögð í þessum efnum, fari til tilbreytingar að hugsa um þjóðarhag og hætti að stunda atkvæðakaup frá degi til dags.

Við Alþfl.-menn höfum oft skýrt afstöðu okkar til óhóflegrar fjárfestingar í landbúnaði og til mikillar offramleiðslu landbúnaðarvara, og hef ég engu þar við að bæta nú. Okkur finnst ótækt með öllu að Framleiðsluráð landbúnaðarins og reyndar hvaða aðili utan Alþingis sem er geti tekið lán í stórum stíl á sínu nafni og velt þeim síðan öllum yfir á ríkissjóð til greiðslu. Ríkissjóður á að greiða allar afborganir, alla vexti og allan kostnað af lánum sem Framleiðsluráðið tekur. Það er vandséð hvers vegna Framleiðsluráði er yfir höfuð blandað í þessi mál, nema þá til að fela staðreyndir. Annar getur tilgangurinn ekki verið. Því hefur hv. 3. þm. Vestf. lagt fram brtt. á þskj. 518 við 9. gr. þessa frv. sem gengur út á það, að síðasti málsl. greinarinnar falli niður, en hann er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán Framleiðsluráðsins og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar."

Það er lagt til að þessi málsl. falli niður.

Herra forseti. Um afstöðu Alþfl. til þess frv., sem hér er til umr., vísa ég að öðru leyti til umsagnar talsmannaflokksins í hv. Ed. og til nál. meiri hl. fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á þskj. 513.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. gerði ítarlega grein fyrir sjónarmiðum meiri hl. fjh.- og viðskn. varðandi þau lánsfjárlög sem hér eru til umr. Vék hann mjög ítarlega í framhaldi af því nál., sem við höfum gefið út á þskj. 513, að einsökum efnisatriðum þessa frv. En mig langar til að bæta þarna örlitlu við, hverfa svolítið aftur í tímann og víkja að því, hvernig að þessum málum var staðið, og gera örlítinn samanburð á því og hvernig að þessum málum er staðið í dag af þeim mönnum sem gagnrýndu frumsmíði lánsfjáráætlunar á sínum tíma.

Það eru nú um það bil 20 ár síðan fyrstu lánsfjárlögin voru samþykkt á Alþingi. Það hét þá „erlendar lántökur til opinberra framkvæmda." Um var að ræða tiltölulega lágar upphæðir fyrstu árin, þ. e. á árunum 1963—1971, enda var það í samræmi við þá stefnu í fjármálum og efnahagsmálum sem þær ríkisstjórnir höfðu sem sátu það tímabil, þ. e. viðreisnartímabilið. En 1971 breytist þetta. Þá breytist ríkisstjórnin í þessu landi og við tók vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar. Þeir tóku við góðu búi, digrum sjóðum. Það mátti líka sjá það fyrstu mánuðina eftir að þeir tóku við og settust í ráðherrastólana. En það var ekki um að ræða endalausa uppsprettu fjármagns sem þeir hefðu not af. Auðvitað kom að því, að sjóðirnir, sem þeir tóku við með svo miklu fjármagni, urðu gjaldþrota og með einhverjum hætti varð að afla fjár til að standa undir framkvæmdum, standa undir eyðslu, sem þeir höfðu stofnað til. Á árunum 1971—1974 var í vaxandi mæli farið í erlendar lántökur til að fá fjármagn sem þurfti til að koma fram þeim áformum og óskum sem þeir komu sér saman um. Á þessum tíma var framkvæmdaáætlun, þ. e. frv. um erlendar lántökur vegna framkvæmdaáætlana, ekki samþykkt fyrr en komið var fram á árið og pantanir höfðu borist í 2—3 mánuði frá þeim ráðh. sem þá sátu í ríkisstj. og hugðust nú gera mikið.

Þess vegna var það eitt af þeim atriðum sem bætta stjórn á efnahags- og fjármálum sem ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar ákvað á árinu 1974, að samhliða samþykkt fjárlaga skyldi gerð áætlun um erlendar lántökur, lánsfjármarkaðinn, og lánsfjáráætlun skyldi lögð fram svo snemma sem mögulegt væri, helst auðvitað með fjárlagafrv., en skilyrðislaust yrði það frv., sem heimilaði erlendar lántökur, samþykkt á sama tíma og fjárlög. Eðli málsins samkv. á að samþykkja það áður en atkvgr. við 3. umr. fjárlaga fer fram.

Á árinu 1975, um haustið, var unnið að fyrstu lánsfjáráætluninni, eins og hún hét þá, nú lánsfjár- og framkvæmdaáætlun, og hún var lögð fram í desember, á sama tíma og þm. fjölluðu um fjárlögin, og lögin voru samþykkt á nákvæmlega sama tíma. Þannig gerðist þetta síðla árs 1976. En á árinu 1977 tókst að leggja fram lánsfjáráætlun þegar 2. umr. fjárlaga fór fram. Höfðu þá fjvn.-menn haft lánsfjáráætlunina til skoðunar nokkra daga og gátu þess vegna gert sér grein fyrir hvert stefndi í þessum málum.

Það var ekki laust við að sá sem gegndi embætti fjmrh. þessi ár fengi að heyra það frá þeim Alþb.-mönnum, að allt of seint væri að lánsfjáráætlun væri lögð fram við 2. umr. fjárlaga, hvað þá 3. umr. Lánsfjáráætlun yrði að leggja fram með fjárlögum og þannig að hægt væri að ganga frá henni, samþykkja lánsfjárlög á sama tíma og fjárlög. Þetta hafði að vísu verið gert. Enda þótt skammur tími væri til að vinna þessi mál tókst þetta. En ég minnist þess, að hæstv. núv. fjmrh. hreyfði einhverjum athugasemdum. Formaður Alþb. á þeim tíma hreyfði aths. Ég man eftir að fulltrúi Alþb. í fjvn., núv. hv. formaður fjvn., gerði aths., og ég held að ég muni eftir því, að hv. 6. landsk. þm. hafi vikið að því hér, að þetta þyrfti að verða örlítið fyrr á ferðinni. Það var allt saman hárrétt. Það voru aths. sem voru réttar og þess vegna létu menn sér detta í hug, þegar mynduð var ríkisstjórn á miðju ári 1978, að nú yrðu viðhöfð önnur vinnubrögð og nú skyldi ekki vera neitt sem hægt væri að komast fram hjá, það gerðu ekki aðeins loforð eða yfirlýsingar, ekki bara stjórnarsamningur, heldur yrði sett í lög að lánsfjáráætlunin skyldi lögð fram á sama tíma og fjárlög og afgreidd á sama tíma. Þetta var gert. Að vísu tókst þeim ekki haustið 1978 að ljúka gerð lánsfjáráætlunar né heldur leggja fram á Alþingi frv. til l. um lánsfjárlög, eins

og þó hafði tekist á árunum á undan. Til þess að þetta endurtæki sig ekki voru sett ákvæði í lög, sem nefnd hafa verið Ólafslög, þar sem þetta var neglt niður og nú skyldu menn ekki komast hjá því. Hvað hefur gerst síðan? Lánsfjáráætlun fyrir árið 1979 var ekki til og lánsfjárlög ekki samþykkt fyrr en komið var langt fram á vetur og fyrir 1980 ekki heldur. Þá afsökuðu menn sig með því, að það væru nýorðin stjórnarskipti. 1981 gerðist nákvæmlega hið sama. Og nú erum við komnir fram á árið 1982, bráðum liðinn fjórðungur af árinu, og enn erum við að ræða um lánsfjáráætlun og lánsfjárlög.

Þeir, sem gagnrýndu frumsmíði lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga á sínum tíma, hafa fengið tækifæri. Þetta er fjórða tækifærið sem þeir fá til að framkvæma lánsfjárlagagerðina, eins og þeir töldu í upphafi að hana skyldi framkvæma og negldu það niður með lagasetningu á árinu 1979.

Það er ástæða til að rifja þetta upp og vekja athygli á þessu því að í raun og veru er hér um að ræða örlítið sýnishorn af stjórn landsins allan þennan tíma. Það stenst ekkert af því sem sagt hefur verið, ég tala nú ekki ef menn taka upp úr pússi sínu stefnuskrá flokka þeirra sem nú sitja í ríkisstj. frá því fyrir kosningar og bera saman. Það var gert hér í dag af hv. 1. þm. Vestf. Þá sjá menn best með hvaða háttalagi núv. ríkisstj. starfar.

Það liggur ljóst fyrir, að setning lánsfjárlaga og gerð lánsfjáráætlunar er ekki síður þýðingarmikið atriði en gerð fjárl. og setning fjárlaga. Svo stór þáttur er fjármögnun opinberra framkvæmda með erlendu fé að það er ekki síður ástæða til að menn geri sér í upphafi árs grein fyrir hvert skuli stefnt í þeim efnum. Þegar um 20—25% af því fjármagni, sem ríkið tekur til sín, er lánsfjármögnun, þá er ekki síður ástæða til að hyggja að þegar lánsfjáráætlun er gerð. Það liggur í augum uppi hvers vegna. Það, sem ríkissjóður hefur í beinar tekjur, er skattfé frá borgurunum. Það er það sem við, sem lifum á líðandi stund, leggjum í sameiginlegan sjóð. En lántökur eru víxill á framtíðina. Þar eru víxill á þá sem síðar koma til með að greiða til ríkisins. Með þeirri stefnu, sem höfð hefur verið þau tvö ár sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur setið, sjáum við hrikalegri lántökur og niðurstöður en við hefðum e. t. v. látið okkur detta í hug.

Það liggur ljóst fyrir hjá hverjum einstakling, hjá hverri fjölskyldu, hjá hverju fyrirtæki, hverju þjóðfélagi, að greiðslubyrði er það sem skoða verður mjög gaumgæfilega þegar erlendar lántökur eru annars vegar, til þess einfaldlega að menn geri sér grein fyrir því, hvort þeir hafi efni á því, sem þeir eru að gera, eða ekki. Lánsfjáráætlunin fyrir árið 1981 og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 eru með sama markinu brenndar. Hér er fyrst og fremst verið að safna saman óskum pólitískra gæðinga. Hér er verið að stofna til erlendrar lántöku og ekkert hirt um hvað við erum í raun og veru að gera og hvert stefnir á næstu árum. Sem greiðslubyrði af þjóðarframleiðslu eru erlend lán nú að nálgast 20%. Þegar lánsfjárlagafrv., sem hér er á ferðinni, er komið til framkvæmda nálgast hlutfall erlendra skulda í heild 40%. Árið 1977 voru þessar tölur 14% í greiðslubyrðinni og erlendar skuldir voru 31% af þjóðarframleiðslu. Það er því fullkomlega ljóst að núv. hæstv. ríkisstj. stefnir þessu í hreinan voða.

Þegar lánsfjárlögin voru samþykkt 1977 og 1976 var um að ræða frv. til l. með sex greinum árið 1976 og í samskonar frv. 1977 voru sjö greinar. Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982 er komið upp í hvorki meira né minna en 29 greinar. Hvað segir þetta okkur? Jú, þegar frv. er skoðað liggur í augum uppi að hér er ekki eingöngu um að ræða frv. til l. um heimild til erlendrar lántöku. Hér er um að ræða frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og um að ræða það sem við köllum hér í þingsölum bandorm. Hér er um að ræða hreinar breytingar á ótalmörgum lögum. Hér er um að ræða breytingar á fjárl. sjálfum sem nýbúið er að samþykkja. Hér er um að ræða ábyrgðarheimildir vegna framkvæmda sem alls ekki hafa verið teknar ákvarðanir um. Hér er um að ræða niðurskurð á framlagi til fjölmargra stofnsjóða og þannig mætti lengi telja — 29 greinar, eins og ég sagði áðan. Frv. er ekki lengur frv. til lánsfjárlaga. Hér er um að ræða einn bandorm í sambandi við efnahagsráðstafanir sem núv. ríkisstj. telur sig þurfa að gera.

Frv. var lagt fram í nóvembermánuði. Forsendur þess eru hinar sömu og fjárl. Það er ákveðin tala sem fundin er og reiknað út frá henni. Þegar frv. verður samþykkt eru forsendurnar í efnahagslífinu orðnar gerbreyttar og frv. verður því pappírsgagn og ekkert annað en pappírsgagn þegar það hefur verið samþykkt. Það er pappírsgagn að því leyti, að allar tölur, sem í því eru, eru rangar. Þær eru ekki í neinu samræmi við það sem er að gerast. Þær eru ekki einu sinni settar fram í neinu samræmi við það sem var að gerast þegar frv. var lagt fram, hvað þá að það sé í nokkru samræmi við það sem hefur gerst síðan og er enn að gerast. Og enn þá breytist frv. Fram koma brtt. frá minni hl. sem eru fyrst og fremst brtt. sem ríkisstj. hefur óskað eftir við stuðningsmenn sína að fluttar yrðu, og enn hækka erlendar lántökur. Enn er verið að leggja nýja pinkla á ríkið í einu eða öðru formi. Það er verið að samþykkja viðbótarvíxla fram í tímann og það meira að segja svo að menn hafa ekki hugmynd um hvaða tölur standa á þeim víxlum. Þannig eru þessi vinnubrögð.

Það liggur í hlutarins eðli að svo er komið sem ég vék að áðan. Ríkið tekur meir og meir til sín. Fólkið hefur minna hjá sér. Við erum með miklum meiri erlendar lántökur en talið er forsvaranlegt. Greiðslubyrðin er orðin miklu meiri en talið er hægt að rísa undir, að ég tali nú ekki um að engar þær tölur, sem hafa verið nefndar í þessu sambandi, eru í samræmi við það, sem stjórnarsamningur núv. hæstv. ríkisstj. segir til um, eða það, sem fram hefur komið hjá stjórnarflokkunum þegar þeir á sínum tíma gengu til kosninga, gagnrýndu það, sem gert hafði verið á árunum 1974—1978, og sögðu fólki, hvernig þeir hygðust nú gera þetta allt öðruvísi.

Ég skal ekki, herra forseti, fjölyrða meira um þetta frv. Ég hef vikið að þeim atriðum sem ég vildi undirstrika og bæta við það sem frsm. meiri hl. n. sagði í ræðu sinni í dag. En ég vil að lokum leyfa mér að mæla fyrir tveimur brtt. sem meiri hl. flytur á þskj. 516 og 517.

Á þskj. 516 leggjum við til að upphaf 28. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Fjmrh. skal leita samninga við þá lífeyrissjóði, sem lögbundnir eru eða njóta viðurkenningar fjmrn., sbr. 1. tölul. D-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, að þeir verji á árinu a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma af ríkissjóði, Byggingarsjóði ríkisins, Byggingarsjóði verkamanna, Framkvæmdasjóði Íslands og fjárfestingarlánasjóðum o. s. frv."

Við teljum að þessum málum sé best komið með samkomulagi við þessa aðila. Þannig var það þegar sjálf-

stæðismenn fóru með þessi mál, og við teljum að þannig eigi það að vera.

Á þskj. 517 flytjum við brtt. við 6. tölul. í brtt. minni hl. á þskj. 503, þar sem gert er ráð fyrir heimild til handa ríkisstj. að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr. Skömmu eftir að fjárlög eru samþykkt sækir ríkisstj. um heimild til að lækka ríkisútgjöldin. Þetta er að sjálfsögðu vegna þess að lánsfjáráætlun og ákvarðanataka í efnahagsmálum eru ekki gerðar á þeim tíma sem þær skal gera. Ákvarðanir um fjárlög, lánsfjáráætlun og ráðstafanir í efnahagsmálum fyrir árið 1982 átti að taka allar í desembermánuði. Ef það hefði verið gert þyrfti ríkisstj. ekki hér að sækja um heimildir til að lækka ríkisútgjöldin um 120 millj. kr. En það, sem okkur sýnist þó öllu verra, er að Alþingi fær ekki vitneskju um með hvaða hætti eða hvernig þessi lækkun ríkisútgjalda skuli eiga sér stað. Við óskuðum eftir því í fjh.- og viðskn., að við fengjum sundurliðun á þeirri lækkun ríkisútgjalda sem hér er áformað, en ekki var möguleiki að fá þær upplýsingar. Fjárlögin höfðu gert ráð fyrir 50 millj. kr. lækkun. Hér er bætt við 70 millj. í 6. brtt. minni hl. samkv. beiðni ríkisstj. Okkur í meiri hl. finnst eðlilegt og sjálfsagt að slík lækkun ríkisútgjalda fari ekki fram öðruvísi en það sé að fengnu samþykki fjvn. Hér á Alþingi vinna menn margar vikur í sambandi við fjárlagagerð að því, hvernig þeir geti skynsamlegast nýtt það fjármagn sem til ríkissjóðs rennur. Svo er komið og ætlað að lækka ríkisútgjöldin með einu pennastriki um 120 millj. kr. án þess að þingið fái nokkuð um það að vita. Við teljum því eðlilegast og flytjum brtt. á þskj. 517 við brtt. minni hl., 6. tölul., að upphaf hinnar nýju greinar, sem þar er lagt til að verði 11. gr., orðist svo: „Þrátt fyrir ákvæði fjárlaga ársins 1982 er ríkisstj. heimilt að fengnu samþykki fjvn. að lækka ríkisútgjöld um 120 millj. kr.“ Við viljum freista þess að fá þessari till. breytt þannig, enda þótt hún sé ekki þannig orðuð í brtt. minni hl. á þskj. 503.

Ég vil svo ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, að vinnubrögð þeirra, sem nú fara með fjármálastjórnina, eru ekki í samræmi við þá gagnrýni sem þeir létu koma fram þegar frumsmíði lánsfjáráætlunar og lánsfjárlaga var til meðferðar á Alþingi, enda er framkvæmd mála öll í samræmi við það.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Á s. l. hausti blasti við víða um land stöðvun margra fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu. Þessi fyrirtæki voru mörg hver burðarásar í atvinnulífi á viðkomandi stöðum og stöðvun þeirra hefði leitt af sér óbætanlegt tjón. Sem betur fer voru þó ekki öll fyrirtæki svona komin. En því var það að ríkisstj. útvegaði nokkurt fjármagn til þess að komast hjá stöðvun og Framkvæmdastofnun ríkisins tók að sér að sjá um útdeilingu þessa fjár. Aðeins bráðasti vandinn var leystur, en fyrirheit gefið af þremur ráðherrum fyrir hönd ríkisstj. um að meira fé yrði tryggt í þessu skyni.

Nefnd var skipuð til að gera úttekt á fyrirtækjunum og mun hún skila af sér í vor. En auðséð er að talsvert meira fé þarf til að koma, þótt það sé vonandi ekki eins mikið og m. a. sumir hæstv. ráðherrar slógu fram að þyrfti. Þeim mun einkennilegra er nú við afgreiðslu lánsfjáráætlunar, þegar allir aðilar, sem að þessu máli komu, voru sammála um nauðsyn aukins fjár til þessara hluta, að ekki skuli nú sjást nein teljandi fyrirheit um framhald þessa máls. Þeim peningum er öllum ráðstafað sem áður voru veittir. Hér eru að vísu 10 millj. í viðbót, en það er allt of lítið.

Hv. 1. þm. Vestf. greindi frá afstöðu stjórnar Framkvæmdastofnunar til þessara mála fyrr við umr. Eins og kom fram í máli hans er alls ekki vilji fyrir því í stjórn stofnunarinnar að það fé, sem Byggðasjóður fær á fjárlögum, gangi til þessara hallærislána. Með því væri kippt fæti undan annarri lánastarfsemi, en mjög er nauðsynlegt m. a. að efla iðnaðaruppbyggingu í landinu. Á síðustu árum hafa ríkisstjórnir skert mjög framlög til Byggðasjóðs, sem honum ber lögum samkvæmt, og er núv. ríkisstj. ekki til fyrirmyndar í þeim efnum. Það virðist vera að menn séu fljótt gleymnir á, eftir að þeir hafa verið í stjórn Framkvæmdastofnunarinnar og eru komnir í ráðherrastóla, að það þurfi fé í Byggðasjóð. Þó eru þessir sömu menn stöðugt að vísa umbjóðendum sínum þangað því að þar hljóti að vera hægt að fá lán.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh.: Ætlar ríkisstj. að skilja við þetta mál í miðjum klíðum, þ. e. að útvega fjármagn til endurskipulagningar fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu, og hver eru fyrirheit ríkisstj. um framhald á fjármagnsútvegun?

Að öðru leyti vil ég segja um hin fyrirhuguðu lánsfjárlög, að ég er ósáttur við hinn mikla niðurskurð á verklegum framkvæmdum, einkum í vegamálum, og um hann hefði ég viljað greiða atkv. sérstaklega. Niðurskurður á ýmsum rekstrarliðum er hins vegar sjálfsagður, en hætt er við að hann haldi illa í framkvæmd. Lítið dæmi um það er nýliðið Norðurlandaráðsþing þar sem 30 manns voru að spóka sig á kostnað þjóðarinnar, flestir að óþörfu.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. neitt að ráði, en mig langar til að segja örfá orð í sambandi við þetta mál.

Það er nú eins og fyrri daginn, að ef mann langar til að tala við einhverja hæstv. ráðh. eru þeir fjarstaddir — nema hæstv. fjmrh., hann er að vísu við, einn af tíu. Ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. samgrh. út úr í sambandi við ákveðið málefni, en ekki er því að heilsa, að hann sitji þingfund, og líklega ekki von á að hann komi hér í kvöld. (**AG:** Hann er á skíðum.) Á skíðum, segir hv. þm. Albert Guðmundsson. Það er greinilega samband þeirra í milli og það er gott.

En fyrst um vinnubrögðin. Það má furðu gegna að nú munu vera í kringum 5 mánuðir síðan þetta mál var lagt fram á hv. Alþingi. Nú er það til 2. umr. í seinni deild eftir 5 mánaða dvöl í þinginu. Það sýnir náttúrlega svo að ekki verður um villst hvernig stjórn er háttað hjá hæstv. ríkisstj. og málatilbúnaði í þeim meginmálum sem hér er fjallað um á hverju einasta þingi, að það skuli taka á sjötta mánuð líklega, a. m. k. 5 mánuði, að koma stórmáli, einu af meginmálum hvers þings, eins og lánsfjárlögum í gegnum þingið.

Hæstv. fjmrh. hefur skammað fjh.- og viðskn. eða fyrst og fremst formann þeirrar nefndar fyrir slæleg vinnubrögð. En því hefur verið vísað til föðurhúsanna og hæstv. ríkisstj. bent á að hún ætti sjálf að skoða sinn hug og sín vinnubrögð gagnvart þessu máli. En það er furðulegt að hugsa til þess, geta menn ímyndað sér það: Ef hvert og eitt einasta mál, sem snertir meginþætti í stjórnkerfi og efnahagslífi landsins, ætti að vera hér í þinginu í 5 mánuði, hvernig áhrif halda menn að slík vinnubrögð hefðu á eðlilega stjórn á ekki bara þinginu, heldur á þjóðarskútunni? Auðvitað bitnar þetta ekki síst á henni,

enda má nú sjá minna að því er varðar sjórn þjóðarskútunnar undir handleiðslu hæstv. ríkisstj.

Hv. þm. Matthías Á. Mathiesen sagði að ég hefði gagnrýnt meðferð mála í sambandi við lánsfjárlög 1979. Það er rangt hjá hv. þm. Ég sat ekki á þingi þá. (**MÁM:** Ekki 1979, heldur 1976 og 1977.) 1976 og 1977, það er rétt, 1979 var hann með í huganum. 1976 og 1977 var gagnrýnt og það réttilega, en það er ekki síður ástæða til gagnrýni nú, eins og meðferð þessa máls hefur verið háttað í höndum hæstv. ríkisstj. Ástæða var til gagnrýni þá, en líklega er miklum mun meiri ástæða til gagnrýni nú á meðferð þessa máls hjá ríkisstj. En ég hef ekki búist við að orð og gerðir t. d. hæstv. fjmrh. færu saman í stjórnarandstöðu annars vegar og sem stjórnarliða hins vegar. Það er tvennt ólíkt í hans hugarheimi í raun og veru. Hann getur talað á tvennan hátt um nákvæmlega sama málefni og fer þá eftir því, hvort hann er í stjórnarandstöðu eða stjórnaraðstöðu. Svo er í raun og veru um miklu fleiri hæstv. ráðh. núv. ríkisstj. Menn tala tungum tveim, en það er oft erfitt að skilja í milli þegar menn eru annars vegar í stjórnarandstöðu og hins vegar í stjórnaraðstöðu.

Eins og hér hefur verið rakið í dag og þarf auðvitað ekki að ítreka er staðreynd að núv. hæstv. ríkisstj. lifir á erlendum lántökum. Hún fóðrar allt atvinnulíf landsmanna og efnahagslíf á erlendum lántökum. Það er sú fóðurgjöf sem hv. þm. Framsfl. standa fyrir í þessari ríkisstj. ásamt hæstv. fjmrh. Fóðurblandan er erlendar lántökur á lántökur ofan. (**MB:** Er ekki fóðurskattur?) Sá skattur verður borgaður af seinni tíma mönnum. Það er ekki ætlun hv. þm. í stjórnarliðinu eða hæstv. ráðh. að borga þann skatt sjálfir. Það ætla þeir framtíðinni að gera. Og það er kannske mergurinn málsins. Menn ætla að lifa stutt, en lifa vel í þessari ríkisstj., greinilega á kostnað annarra. (Gripið fram í.) Já, góða veislu gera skal, stendur einhvers staðar, og það undir handarjaðri hæstv. fjmrh. Hann gerir ekki ráð fyrir að sitja lengi í stól ráðh. umfram það sem komið er, og þá er um að gera að lifa vel meðan hann lifir.

Ég ætla t. d. að spyrja hæstv. samgrh. með hvaða hætti hann hygðist — kannske getur hæstv. fjmrh. svarað því fyrir hann því að góður er nú samgangurinn á milli þeirra — hvernig hann hygðist fjármagna eða standa að þeim framkvæmdum, t. d. í skipaiðnaði, sem gert er ráð fyrir á fjárlögum. Það vantar a. m. k. 23 millj. kr. til þess að hægt sé að fjármagna þær framkvæmdir sem gert er ráð fyrir á fjárlögum að því er varðar skipaiðnaðinn. Og hver er meiningin? Hvernig er sú fjármögnun fyrirhuguð þegar ekki er gert ráð fyrir að veittar séu heimildir til lántöku til þessara framkvæmda? Um þetta hefði ég gjarnan viljað fá svör samgrh. (**Fjmrh.:** Ég skal svara því.) Hæstv. fjmrh. býðst til að svara því á eftir. Það er vel þegið, þ. e. ef eitthvert hald verður í því svari. Það er mergurinn málsins.

Eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Vestf. er ljóst að að því er varðar fjármögnun atvinnuvegasjóðanna er staðan sú, að ríkissjóður með hæstv. fjmrh. í broddi fylkingar hefur sölsað undir sig flesta þá fjársterku sjóði, sem eitthvað bitastætt er í, og fjármagnið þaðan er látið renna í ríkissjóð, en fjárfestingarlánasjóðirnir eru sveltir. Þetta hefur gerst í tíð núv. hæstv. fjmrh. fyrst og fremst. Hann hefur í raun og veru skikkað hina stærri og fjáðu lífeyrissjóði til að skipta fyrst og fremst við ríkissjóð, en fjármögnun atvinnuvegasjóðanna hefur setið á hakanum. Það er t. d. alger óvissa um fjármögnun Framkvæmdasjóðs í ár, og allt bendir til að áætlanir ríkisstj. um fjármagn frá lífeyrissjóðunum séu allt of háar, séu í raun og veru miklu hærri en gera má ráð fyrir að reynslan sýni, þannig að fjármagn kemur til með að vanta í þessa sjóði.

Ekki tekur betra við í sambandi við húsnæðismálalöggjöfina. Byggingarsjóður ríkisins skuldar 40 millj. núna, er með yfirdrátt upp á 40 millj. kr., og talið að hann vanti að auki um 90 millj. kr. á þessu ári til að geta sinnt með eðlilegum hætti þeirri fyrirgreiðslu sem honum ber. Það mun vera komið svo nú að ekki er talið svara kostnaði að halda fund í stjórn Húsnæðisstofnunar vegna fjárskorts og talað um að koma á kvótakerfi í sambandi við úthlutun verkamannabústaða. Allt þetta gerist þegar sjálfskipaðir fulltrúar öreiganna sitja í ríkisstj. Þetta gerist undir handarjaðri þess flokks sem hæstv. fjmrh. er í fararbroddi fyrir og hefur hingað til talið sér skylt a. m. k. að reyna að hlúa að þessum þætti í þjóðlífinu.

Það er tiltölulega nýtt fyrirbrigði í íslensku efnahagslífi og fjármálapólitík að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja með erlendum lántökum. Það gerist líka undir handarjaðri núv. hæstv. fjmrh. og er að sjálfsögðu dyggilega stutt af hans meðreiðarsveinum í ríkisstj.

Ég held að það sé augljóst, að hvernig sem á þetta mál er litið er efnahagsstjórnin slík, að númer eitt, númer tvö, númer þrjú er að lifa á erlendum lántökum meðan sætt er í ráðherrastólunum. En það er auðvitað fjarri lagi að hugsa á þann hátt. Það nær ekki nokkurri átt. Það er ábyrgðarleysi af hverjum og einum stjórnmálamanni, sem það gerir, að haga þessum málum á þann hátt að hugsa einvörðungu um líðandi stund, láta skeika að sköpuðu, láta sig engu varða þó að framtíðin þurfi að borga margfalt meira vegna óstjórnar í efnahagslífinu en þyrfti að gera vegna þess ráðslags sem núv. hæstv. ríkisstj. stendur að.

Það var vikið að því í dag og var raunar getið um það í frv. til fjárlaga fyrir árið 1982, að gert var ráð fyrir og er raunar gert ráð fyrir enn, að mér skilst, að leggja um 40 millj. kr. skatt á byggðalínur. Enn hefur engin vitneskja fengist um með hvaða hætti slíkan skatt á að leggja á, og það virðast engin svör fást um það enn. Er þó líklega ekki nema um einn mánuður, að því er manni skilst, til þingloka. Það væri gaman ef hæstv. fjmrh. gæti líka svarað því, hvernig þessum svokallaða 40 millj. kr. byggðalínuskatti á að haga, með hvaða hætti hann á að leggja á. Hver á að borga?

Það er auðvitað óvirðing við Alþingi að halda þannig á málum að ríkisstj. — þó það séu 10 ráðh. í henni, það skiptir ekki máli — ætli sér að taka það vald að lækka ríkisútgjöldin um 120 millj., framkvæmdaframlögin sem Alþingi er tiltölulega nýlega búið að ákveða. Það er auðvitað lágmark, þó ekki væri nema kurteisinnar vegna, hæstv. fjmrh., að slík ákvörðun yrði þó borin undir fjvn., en ekki að ráðh. hafi úrskurðarvald og einræðisvald. Þó að sumir ráðh. hafi tilhneigingu til einræðiskenndar er furðulegt að bjóða Alþingi, — þó að 10 ráðh. sitji í hæstv. ríkisstj., — að þeir ætli sér að taka slíkt einræðisvald af þinginu sjálfu. Ég trúi því ekki, þó að margt sé miður sagt og auðvitað hafi hæstv. fjmrh. margt miður gert í sinni ráðherratíð, að eftir allar þær fjálglegu yfirlýsingar, allar fjálglegu ræðurnar á undangengnum árum í stjórnarandstöðu, sé hann andvígur því, að slíkur niðurskurður sé borinn undir fjvn. En kannske á það eftir að koma í

ljós og kannse á það eftir að valda manni enn þá meiri vonbrigðum með hæstv. fjmrh. en nú þegar hefur gerst ef hann ætlar að standa þannig að málum. Ég vil þó ekki trúa því fyrr en ég tek á því.

Enn er eitt sem ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um. Mér er tjáð, og vildi gjarnan að það yrði leiðrétt sé það rangt, að nú sé búið að undirskrifa kaupsamninga varðandi skipakaup fyrir Skipaútgerð ríkisins án heimilda. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. ráðh. um það. Er þetta rétt? Hefur slíkt verið gert án þess að nokkrar heimildir séu fyrir hendi? Ég vildi gjarnan fá það upplýst.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða öllu lengri tíma í þetta. Ég vænti þess, að hæstv. fjmrh. svari því sem ég spurði um í sambandi við skipaiðnaðinn. Það er mikið mál ef það fer svo, að þær framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru eins og fjárlög gera ráð fyrir varðandi skipaiðnað á nokkrum stöðum, stöðvast vegna þess að ekki fæst heimild til lántöku fyrir þá aðila sem hér eiga hlut að máli. Það er þá til lítils og sýndarmennska einber að vera að ætla fjármagn á fjárlögum til slíks, ef hæstv. ríkisstj. og ríkisvald hverju sinni ætla að koma í veg fyrir að hægt sé að hefja þær framkvæmdir, sem eru nauðsynlegar, með því að veita ekki framkvæmdaaðila heimild til lántöku. Það verður að fylgja jafnframt heimild. Annað er helber sýndarmennska. Ég fer að halda — og það skulu vera mín lokaorð — að eitt megininntakið í efnahagsstefnu og raunar öðrum gerðum hæstv. ríkisstj. sé helber sýndarmennska.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. um lánsfjárlög var vísað til hv. fjh.- og viðskn. skömmu áður en þm. fóru í jólaleyfi síðari hluta desembermánaðar og nú kemur frv. til 2. umr. Ég þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv. þótt ekki leyni ég því, að ég hefði kosið að frv. hefði komið fyrr fram því liðnir eru þrír mánuðir síðan frv. var vísað til nefndarinnar. Hins vegar er það fjarri mér, að ég sé með nokkrar ásakanir í garð hv. formanns nefndarinnar, 3. þm. Austurl., eins og haldið var fram áðan. Ég hef ekki neins staðar látið að því liggja að hann beri sök að því, hversu mjög hefur dregist að málið yrði afgreitt. Tilraun Morgunblaðsins til að gera mér upp orð í þeim efnum var frá blaðinu komin og byggðist ekki á því sem ég sagði í þeim efnum við blaðið. Hitt er annað mál, að mig var vissulega farið að lengja eftir að nefndin skilaði þessu máli af sér. En mér er kunnugt um að hv. þm. tóku starf sitt svo mjög alvarlega að þeir þurftu að afla marghátttaðra upplýsinga. Það mun vera aðalskýringin á því, að afgreiðsla málsins dróst.

Í þessum umr. hafa verið lagðar fram nokkrar spurningar sem sjálfsagt er að svara þegar við 2. umr. málsins. Ég vil hins vegar taka það fram, að ég mun kjósa að fara nokkrum orðum um fjármál ríkissjóðs og lánsfjáráætlun almennt við upphaf 3. umr. Þar mun ég gera grein fyrir afkomu ríkissjóðs á liðnu ári og skuldastöðu við Seðlabankann eftir þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Ég mun einnig ræða þar nýjustu upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á tveimur fyrstu mánuðum ársins og um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið um sparnað í ríkisrekstri og lækkun ríkisútgjalda á árinu 1982.

Ég tek undir það með hv. þm., sem að þessu hafa vikið, að að sjálfsögðu á þingið heimtingu á að vita með hvaða hætti þessi sparnaður verði framkvæmdur. Hann hefur þegar verið ákveðinn af ríkisstj. og af stjórnaraðilum, þm. stjórnarflokkanna, en hefur hins vegar ekki verið tekinn sérstaklega fyrir í fjvn. Það er rétt sem um það hefur verið sagt. Það má vissulega deila um hvort málið ætti að koma formlega fyrir fjvn., en að sjálfsögðu hefur verið haft náið samráð við alla þá fjárveitinganefndarmenn sem styðja núv. ríkisstj. og standa með henni að þessari ákvörðun. Ég hef hins vegar ekkert á móti því, að upplýsingar um þennan sparnað á fjárlögum komi til nefndarinnar og verði teknar þar til umr. En meiri hl. nefndarinnar og ríkisstj. og stjórnarflokkarnir hafa sem sagt þegar ákveðið að standa þannig að þessum sparnaði sem nú hafa verið teknar ákvarðanir um. Ég mun einnig fjalla þar frekar um lánsfjáráætlunina og lántökur á árinu í því sambandi. (**Gripið fram í:** Á ráðh. einnig við hv. 6. þm. Suðurl.?) Ég mun ræða þetta mál nánar við 3. umr. málsins.

Hv. þm. Eggert Haukdal ræddi áðan um fjármagnsútvegun vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í fiskiðnaði, útgerð og iðnaði á vegum Byggðasjóðs og spurðist fyrir um hversu mikið fé yrði til ráðstöfunar í því sambandi. Ég verð að upplýsa það hér, að sú könnun, sem fram hefur farið um stöðu þessara fyrirtækja, stendur enn yfir og liggur því enn ekkert fyrir um hve mikil fjárþörf verður talin í þessu skyni. Sú úttekt, sem gerð var á þessum málum á haustmánuðum og skömmu eftir áramót, liggur að vísu fyrir. En hitt er ljóst, að það þarf að fara allvandlega yfir þetta. Ekki er ég í neinum vafa um að rekstrarstaða fjöldamargra þeirra fyrirtækja, sem illa stóðu á haustmánuðum, hefur verulega batnað á seinustu mánuðum, þannig að ekki er víst að sú fjárþörf, sem nefnd var á haustmánuðum, sé enn í fullu gildi í dag. Þetta þarf að kanna nánar og verður gert, en á þessu stigi málsins er ekki hægt að taka neinar ákvarðanir í þessum efnum. Ég vil þó leggja áherslu á að óhjákvæmilegt er að um verði að ræða innlenda lánsfjáröflun í þessu skyni, og það sem gert verður er þá að sjálfsögðu að nokkru leyti háð því, hversu tekst til með þá lánsfjáröflun, en mér hefur virst að hún yrði fyrst og fremst að eiga sér stað í bankakerfinu.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurðist fyrir um samninga um skipakaup á vegum Skipaútgerðar ríkisins og á hvaða heimildum þessir samningar byggðust. Ég vil upplýsa að þessir samningar byggjast að sjálfsögðu á þeim heimildum sem fólgnar eru í fjárlögum, en þar er fjallað um fjármál Skipaútgerðar ríkisins, bæði í B-hluta fjárlaganna og raunar einnig í 6. gr. fjárlagafrv. Hins vegar er ljóst að það er ekki hægt að ganga endanlega frá lántökum í sambandi við þessi skipakaup fyrr en lánsfjáráætlun hefur verið samin. Það eru því seinustu endarnir sem eftir er að hnýta í sambandi við þessi skipakaup sem fólgnir eru í lánsfjáráætluninni sem hér er til umr. En það er síður en svo að engar heimildir hafi verið fyrir hendi til að ganga frá þessum skipakaupum enda þótt ekki sé hægt að ganga endanlega frá málinu fyrr en það mál, sem hér er til umr., hefur verið afgreitt.

Hv. þm. spurði að því, hvort einhvers staðar væri gert ráð fyrir fjármagni vegna hafnarframkvæmda í þágu skipaiðnaðar, og nefndi réttilega að í fjárlögum er fé ætlað í þessu skyni. Þar er hlutur ríkissjóðs tilgreindur og málið er því á hreinu hvað varðar hlut ríkissjóðs. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir að sveitarfélögin, sem að þessum framkvæmdum standa á móti ríkissjóði, leggi fram fé og útvegi fé á eigin vegum. Við höfum hvorki í fjárlögum né í lánsfjáráætlun fjallað sérstaklega um þennan þátt málsins, enda hefur það sjaldnast verið gert.

Þó mun það hafa verið svo að á árinu 1980 var ætlað sérstakt fé til sveitarfélaga sem stæðu í slíkum framkvæmdum, en það er ekki í fjárlögum og lánsfjáráætlun þessa árs. Við höfum gert ráð fyrir að sveitarfélögin gerðu sínar ráðstafanir. Þau hafa vissulega ýmsa möguleika. Hugsanlega geta þau fengið lán í Iðnlánasjóði. Ég veit að sum þeirra hafa þegar fengið slík lán. Hugsanlegt er að um verði að ræða erlendar lántökur að einhverju leyti eða aðra lánsfjáröflun. En lánsfjáröflun þeirra í þessu skyni þarf ekki endilega að koma fram í hinni opinberu lánsfjáráætlun. Ég veit t. d. að Vestmannaeyjakaupstaður hefur leitað til langlánanefndar og óskað eftir lántöku í þessu skyni, og þá er sú erlenda lántaka tekin af þeim kvóta sem gert er ráð fyrir í almenna yfirlitinu um erlendar lántökur á árinu að langlánanefnd sé með.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurðist fyrir um skatt á byggðalínur, eins og hann orðaði það. Vissulega er þetta dálítið ónákvæmt til orða tekið því að ekki stóð til að leggja skattinn á byggðalínurnar sjálfar, en það var ætlunin að afla fjár til að greiða niður fjármagnskostnað byggðalína að nokkrum hluta með sérstökum hætti. Í lánsfjáráætlun er gert ráð fyrir að í þessu skyni verði aflað fjármuna sem nema 40 millj. kr. Þessi áform eru enn uppi, en ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Ástæðan er sú, að málið tengist allverulega hugsanlegri yfirtöku nýs heildsölufyrirtækis í raforkuiðnaði á byggðalínunum. Eins og hv. þm. mun kunnugt hafa staðið yfir samningaviðræður milli Landsvirkjunar annars vegar og Laxárvirkjunar hins vegar um sameiningu þessara tveggja fyrirtækja í nýrri landsvirkjun. Jafnframt hefur verið gert ráð fyrir að þetta nýja fyrirtæki yfirtæki rekstur byggðalínanna og annaðist framvegis greiðslu fjármagnskostnaðar vegna þeirra, enda yrði þá þetta nýja fyrirtæki eigandi að þessum byggðalínum. Þessum samningum er enn ekki lokið og ég geri ráð fyrir að ákvarðanir í þessu máli muni verða teknar í tengslum við þessa samningagerð. En áformin eru enn óbreytt hvað þetta mál varðar.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að lengja þessa umr., en hef gert ráð fyrir að taka til máls við 3. umr. Auðvitað er fjöldamargt sem ástæða er til að svara í fullyrðingum stjórnarandstæðinga við þessa umr. Stjórnarandstæðingar gera sér ljóst að það er erfitt að skamma ríkisstj. fyrir að halli sé á fjárlagadæminu eða að ríkissjóður sé að safna skuldum vegna þess að hann afli minni tekna en eytt er. Stjórnarandstæðingar gera sér ljóst að á þessu sviði koma þeir ekki höggi á ríkisstj. En þá hafa þeir í þess stað valið þann kost að býsnast mikið yfir erlendum lántökum þótt að vísu megi stöðugt greina í máli þeirra að þeir vildu hafa lántökurnar miklu meiri en þær eru. Það kom t. d. glöggt fram í máli hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar fyrr í kvöld, að hann taldi að þær upphæðir, sem væru í lánsfjáráætlun og ætlaðar væru til ýmissa þarfa innanlands, væru allt of litlar og lágar, þær mundu ekki duga. Það var því ekki hægt að skilja orð hans á annan veg en þann, að það væri bersýnilega þörf á að taka miklu meiri lán en gert er.

Eins þekkjum við mikinn áhuga þm. Sjálfstfl. og Alþfl. á orkuframkvæmdum og stóriðjuframkvæmdum, en enginn þarf að efast um að erlendar lántökur mundu verða gífurlega miklu meiri og greiðslubyrði þyngri ef um gríðarlega mikla framkvæmdaaukningu væri að ræða á því sviði.

Stjórnarandstæðingar býsnast mikið yfir að lánsfjáráætlunin sé allt of há. En það er eftirtektarvert, sem ég hef raunar áður sagt hér í þinginu, að lánsfjáráætlunin hækkar ekki milli ára nema um 27—28% þótt reiknitala lánsfjáráætlunar sé 33%. Hækkunin milli ára er sem sagt miklu minni en nemur áætlaðri verðbólguaukningu sem væntanleg lánsfjárlög eru miðuð við.

Auðvitað er það svo einn hluti af blekkingum stjórnarandstæðinga að reyna að telja fólki trú um að hin góða afkoma ríkissjóðs byggist fyrst og fremst á erlendum lántökum. Þetta er málflutningur sem maður rekur sig á mjög oft. Staðreyndin er hins vegar sú að A-hluti ríkissjóðs tekur engin erlend lán í sína þágu. Aftur á móti ganga hin erlendu lán til sjálfstæðra fyrirtækja, ýmist á vegum ríkissjóðs, á vegum sveitarfélaga og ríkissjóðs eða eingöngu á vegum sveitarfélaga eða annarra aðila sem á lánsfjármagni þurfa að halda. Hinar erlendu lántökur eru sem sagt allar utan við rekstrarsvið ríkissjóðs og koma hvergi þar inn og fara þá ekki heldur þar í gegnum.

Ég nefni þetta hér sem dæmi um meginatriði þessa máls sem ástæða væri til að fjölyrða miklu frekar um, en ég geri það ekki að sinni. Hvort hv. stjórnarandstæðingar kjósa að halda þessari umr. áfram verða þeir að gera upp við sig. Ekki hef ég neitt á móti því, nógur er tíminn. En ég læt þetta duga að sinni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af því sem fram kom hjá hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðh. sagði að haft hefði verið samband við þá þm. í fjvn., sem styddu hæstv. ríkisstj., um niðurskurð sem fyrirhugaður er á fjárlögum sem afgreidd voru nýlega eða í raun og veru væri búið að ákveða. Mér heyrðist allt annað í máli hv. þm. Eggerts Haukdals áðan en að haft hefði verið samráð við hann um slíkan niðurskurð, og ég vil gjarnan spyrja hv. þm. Eggert Haukdal um það. Hefur hann lagt blessun sína yfir þann niðurskurð sem hæstv. fjmrh. var hér að lýsa, upp á 120 millj.? (**Gripið fram í:** Ég hef ekki gert það.) Einmitt það. Það kemur fram, hæstv. fjmrh., að meiri hl. í fjvn. hefur ekki lagt blessun sína yfir þennan niðurskurð. Það er víðs fjarri. Það er minni hl. fjvn., eftir því sem hv. þm. Eggert Haukdal segir, sem hefur þá lagt blessun sína yfir þennan niðurskurð. Það eru þá einvörðungu fjórir af stjórnarliðum, af þeim fimm sem nefndina skipa, sem hafa lagt blessun sína yfir þann niðurskurð sem hæstv. fjmrh. var að lýsa. Í ljósi þess skil ég afskaplega vel að hæstv. ráðh. skyldi ekkert vilja um það ræða hér í kvöld, en lýsa yfir að hann mundi fara frekari orðum um það við upphaf 3. umr. málsins hér. Það er sem sagt staðreynd, að það er ekki meiri hl. í fjvn. fyrir þeim niðurskurði sem hæstv. fjmrh. hefur lýst. Stjórnarliðið stendur ekki að þeim niðurskurði, það er ljóst.

Að því er varðar það sem hæstv. ráðh. sagði um heimildir til skipakaupa, þá dreg ég mjög í efa að það sé rétt hjá hæstv. fjmrh., að til séu heimildir fyrir því að ganga frá skipakaupum eins og mér er tjáð að búið sé að gera. Ég dreg mjög í efa að slíkar heimildir séu fyrir hendi því að mér skilst að það sé búið að ganga frá þessum kaupum. (**Fjmrh.:** Ekki lántökuheimildinni.) Það er búið að undirskrifa kaupsamninga. Er það ekki rétt, hæstv. ráðh.? Já eða nei. (**Fjmrh.:** Ég þekki það ekki.) Á, það var nefnilega það! Hæstv. ráðh. þekkir ekki málið, en segir þó hér að allar heimildir hafi verið til slíkra ráðagerða sem hér er um að ræða. (**HÁ:** Ertu á móti kaupunum?) Það var engin umr. um það, hv. þm. Hall-

dór Ásgrímsson. Spurningin var um heimildir til að undirskrifa og gera kaupsamning, eins og búið er að gera, og menn eiga ekki hér vísvitandi að ljúga til um það sem verið er að gera. (**Fjmrh.:** Hver hefur gert það?) Mér heyrist á öllu að hæstv. fjmrh. fari með ósannindi að því er varðar málið. (**Fjmrh.:** Mér heyrðist spurt um heimildirnar, en ekkert annað.) Það eru engar heimildir fyrir því að ganga frá kaupsamningi. Í vörninni fer hæstv. fjmrh. í að lýsa yfir að hann viti ekki um málið. Slíkur er málflutningur hæstv. ráðh. í þessu máli. Sé hann eins í öðrum geta menn leitt getum að því, hvernig staðan er og hvernig staðið er að málum í hæstv. ríkisstj. Þá er komið sama upp á teningnum og hæstv. utanrrh. sakaði iðnrh. um í umr. í gær. Allt bendir þetta á ráðslag eða vinnubrögð hæstv. ráðh. Alþb. Það eru alltaf þeir sem eru sakaðir um að beita vinnubrögðum sem eru ámælisverð og gagnrýnisverð.

Það er ljóst af svari hæstv. fjmrh., að það á ekki að aðstoða sveitarfélög, sem hlut eiga að máli, í sambandi við framkvæmdir í skipaiðnaði. Það var hreint og klárt nei við þeirri spurningu. Þau skulu sjá um sig sjálf þrátt fyrir að vitað er að það væri brýn þörf á að tekin hefði verið inn í t. d. lánsfjárlög heimild til þessara sveitarfélaga til að taka erlend lán til að fjármagna sinn hluta af þessum framkvæmdum. Þetta var gert 1980 og er því fordæmi fyrir því. Ég tel enga ástæðu til annars en að hæstv. ríkisstj., ef hún á annað borð meinar eitthvað með því, að slíkar framkvæmdir eigi sér stað, geri slíkt hið sama á árinu í ár.

Það er einnig ljóst af svörum hæstv. ráðh. að það liggur ekkert fyrir um með hvaða hætti á að leggja á hinn svokallaða byggðalínuskatt. Ég man ekki betur en að í grg. með fjárlagafrv. hæstv. ríkisstj. fyrir árið í ár hafi þetta verið kallaður skattur á byggðalínur. Ég skal ekki fullyrða um það, en mikið má vera ef það er ekki ýjað að því í grg. hæstv. fjmrh. með fjárlagafrv. fyrir árið í ár, að hér sé um að ræða skatt á byggðalínur. Enn liggur ekkert fyrir um með hvaða hætti það á að gerast og þó er tiltölulega stuttur tími eftir af þinghaldi. Þetta ber auðvitað enn vitni þess, hvernig staðið er að málum og hver vinnubrögð eru viðhöfð í hæstv. ríkisstj.

Ég skal ekki, herra forseti, hafa um þetta öllu fleiri orð. Ég held að það sé ljóst, að það mál, sem við erum hér að ræða nú, ber nákvæmlega sama keim þeirra fljótræðislegu og stjórnunarlausu aðgerða hæstv. ríkisstj. og stjórnarmeirihluta hér á Alþingi og ótalmörg önnur mál — meiri háttar mál og raunar smærri líka sem hæstv. ríkisstj. hefur lagt fyrir þingið.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég lagði nokkuð margar spurningar fyrir hæstv. ráðh. í ræðu minni í dag, bæði fyrir fjmrh. og eins ýmsa aðra ráðh., en það hefur engri spurningu verið svarað að öðru leyti en því sem lýtur að málefnum Byggðasjóðs í sambandi við svokölluð kreppulán.

Hæstv. fjmrh. sagði að enginn vissi hve mikil fjárþörfin væri. Að vissu leyti er það rétt, að hún liggur ekki fyrir. Það eitt liggur fyrir, að fjárþörfin er mikil og hún er mörgum sinnum meiri en þær 7 millj. sem hæstv. fjmrh. hefur heimilað skipshöfn sinni í fjh.- og viðskn. að flytja brtt. um hér við 2. umr. lánsfjárlaga. Hann hefur sjálfur viðurkennt og það er skjalfest í fundargerðum Framkvæmdastofnunar ríkisins, að hann viti að hér sé um háar fjárhæðir að ræða sem þurfi að mæta. Hann segir að það sé óhjákvæmilegt að þess fjár verði aflað á innlendum lánamarkaði. Ég færði hér rök fyrir því, að með þessu lánsfjárlagafrv. er verið að gera ráðstafanir til að afla fjár innanlands, en við höfum enga trú á að þær fái staðist, miðað við það sem gerðist á árinu 1981.

Hæstv. fjmrh. sagði að það væri skoðun sín að rekstrarstaða í sjávarútvegi hefði batnað verulega. Ég skal játa að rekstrarstaðan hefur batnað. Hún hefur batnað við aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessu ári. En syndir ríkisstj. frá árinu 1981 eru ekki enn þá fyrirgefnar. Þær liggja í skuldasöfnun þessara atvinnufyrirtækja margra hverra. Og þó að staðan hafi batnað hefur hún ekki batnað það mikið að þessar syndir séu borgaðar upp — það væri ekki verið að sækja um skuldbreytingalán til höfuðsjóða sjávarútvegsins ef hægt væri að greiða þessar skuldir. Menn vilja ekki skulda við þau vaxtakjör sem eru meira en þau þurfa að vera. Þetta er það sem við vitum að liggur eftir. Ég held að það væri hollt fyrir ríkisstj. að komast í einhverja snertingu við atvinnulífið í landinu, við líf fólksins, finna æðaslátt atvinnulífsins, finna hvernig allt gerist þar og gengur.

Það eru líka á lofti alvarlegar blikur. Skreiðarmarkaður er nú að lokast. Við skulum vona að það verði ekki lengi, en það hefur líka komið fyrir að þeir markaðir hafa verið lokaðir mjög lengi, jafnvel árum saman, og ef þeir verða lokaðir lengi hefur það geigvænleg áhrif því til eru gífurlegar birgðir. Ég þekki vel þessi mál því að löng lokun varð á skreiðarmörkuðum í Nígeríu fyrir nokkrum árum. Nú eru margfalt meiri birgðir en voru þá. Ef þetta leysist ekki er ég hræddur um að staða fiskvinnslunnar standi verr innan ekki langs tíma en hún stóð í lok síðasta árs.

Við skulum líta á þá alvarlegu hlið málsins, að það er minnkandi loðnugengd. Það er alger óvissa um hvort nokkrar loðnuveiðar verða leyfðar allt þetta ár og alls ekki fyrr en seint í haust. Ef ekki verða betri spár þá en eru núna er auðvitað ekkert vit í að leyfa loðnuveiðar á þessu ári. En við skulum vona að spár verði betri og rannsóknir, sem fari fram í sumar, leiði í ljós að það sé meira magn loðnu en fiskifræðingar töldu á s. l. vetri.

Allt hefur þetta geigvænleg áhrif til hins verra fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Hins vegar eru björtu hliðarnar þær, að þorskveiði hefur aukist ár frá ári þrátt fyrir þær spár, að þorskurinn ætti allur að vera útdauður og það fyrir nokkrum árum, það væri búið að drepa síðasta þorskinn. Sú aukning, sem hefur orðið á þorskveiðum og öðrum bolfiskveiðum hefur þó haldið lífskjörum þessarar þjóðar uppi á síðustu tímum. Sú aukning hefur fyrst og fremst orðið til vegna útfærslu landhelginnar, brotthvarfs útlendinga af miðum og friðunaraðgerða bæði með stækkun möskva í botnvörpuveiðarfærum og friðun svæða umhverfis landið til lengri og skemmri tíma. Allar þessar aðgerðir hafa líka leitt það af sér, að sjómenn eru almennt farnir að líta allt öðrum augum á þessar aðgerðir en gert var fyrir nokkrum árum. Nú keppast menn hreinlega við að standa við og standa traustan vörð um þær aðgerðir sem gerðar hafa verið. Menn vita að þeir eru að fara þarna með eigið fé og framtíð þjóðarinnar.

Ég segi eins og er, að þegar ríkisstj. lenti í þeim erfiðleikum á s. l. hausti, að fyrirtækin í landinu voru að stöðva rekstur sinn og hundruð manna voru atvinnulaus, þá var hringt frá morgni til kvölds og óskað eftir fyrirgreiðslu. En þeir, sem eftir voru og höfðu ekki eins hátt, biðu eftir framhaldi og afgreiðslu þessarar lánsfjáráætl-

unar og lánsfjárlaga. Efndirnar eru svo þessar. Það er erfitt að henda reiður á loforð um og fyrirheitum ráðh. í þessari ríkisstj. Þegar þeir bregðast með öllu eins og í þessum efnum. Stjórnarliðarnir í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hljóta að verða fyrir ekki minni vonbrigðum en ég. Ég grunaði þó alltaf ríkisstj. um græsku, en þeir trúðu á heiðarleika ráðh. í ríkisstj. og að þeir mundu standa við orð sín. Ég bjóst samt aldrei við að ráðh. væru svo lélegir að þeir ætluðu að bæta aðeins 7 millj. við það sem búið er þegar að ráðstafa. Ég ætlaði þá meiri menn en svo. Ég varð fyrir vonbrigðum eins og stjórnarliðarnir í þessari stofnun.

Hæstv. fjmrh. sagði sveitarfélögin verða að útvega sér fjármagn til hafnarframkvæmda vegna skipaiðnaðar, sem er um 23 millj. Ríkissjóður tekur inn í fjárlög 17 millj. til þeirra átta verkefna sem aflað er svo lánsfjár til í þessu lánsfjárlagafrv. Þetta var gert 1980, eins og hæstv. fjmrh. viðurkenndi, og framkvæmdir voru mun minni á árinu 1981. Ég þori ekki að fullyrða hvernig farið var með þennan hluta, hvort það hafi verið tekin erlend lán í gegnum langlánanefnd, svo ég vil ekki vera með neinar fullyrðingar í þeim efnum. En það eitt veit ég, að erfitt verður að sækja í bankakerfið 60% af því framkvæmdafé sem þarf. Ég hygg að erfitt verði fyrir Vestmannaeyjakaupstað að sækja 6 millj. í bankakerfið til framkvæmda við skipalyftuna þar, en mest af þessu fjármagni fer þangað eða um fjórðungur framkvæmdanna, og erfiðleikarnir verða sennilega ekkert minni hjá flestum öðrum.

Hæstv. fjmrh. boðaði hér að hann ætlaði að flytja yfirlit yfir afkomu og horfur ríkissjóðs við 3. umr. þessa máls. Það hefði verið öllu viðfelldnara að flytja þennan boðskap við 2. umr. þannig að menn hefðu fengið einhvern tíma til að melta þann boðskap áður en málið kæmi til endanlegrar afgreiðslu í þessari hv. deild.

Hann lét að því liggja að ég hefði verið að kvarta undan því hvað lánsfjáráætlunin væri í raun og veru knöpp, hvað hún væri lág. Það er alger misskilningur. Það gerði ég ekki. Mér finnst lánsfjáráætlun vera mjög há. Hins vegar þýðir ekki að vera með krónutölur sem eru miðaðar við ákveðnar áætlanir og erlendar lántökur, en á þeim hefur orðið breyting og það veruleg breyting með gengislækkunum sem hafa orðið frá því að þetta frv. var lagt fram á s. l. hausti. Ég hreyfði því í nefndinni, að rétt væri að samræma þessar tölur miðað við skráð gengi nú þegar málið væri komið til afgreiðslu endanlega á Alþingi. Hitt hefur verið venja, að slíkt framkvæmdafé, sem hefur verið á lánsfjáráætlun, hefur verið umreiknað í þann gjaldeyri sem á að kaupa hlutina eða taka lán til á, miðað við afgreiðslu lánsfjárlaga. Tímabilið, sem verður frá því að frv. er lagt fram og þar til afgreiðsla fer fram, þýðir í raun og veru lækkun á þessum framkvæmdamætti í erlendum gjaldeyri til móts við þær gengisbreytingar sem orðið hafa á þessu tímabili. Hæstv. formaður nefndarinnar setti hausinn undir sig. Hann skildi auðvitað að þetta var alveg rétt, en sagði að það þyrfti ekki að gera það, þetta væri allt of mikið verk og væri til að umturna. Við stökkvum ekki yfir lækinn í tveimur stökkum. Ef við ætlum að stökkva til hálfs hljótum við að lenda í læknum. Ef miðað hefur verið við ákveðnar verðlagsforsendur til að uppfylla ákveðnar framkvæmdir vantar á að endar nái saman. Þetta eru vinnubrögð sem ég setti út á.

Ég hefði talið að ýmislegt, sem þarna er, hefði mátt bíða og færa á milli ára. Annað tel ég of lágt. Það, sem ég gagnrýni mest, eru þær erlendu lántökur sem er verið að taka til að fjármagna taprekstur á s. l. ári. Ég benti t. d. í ræðu minni í dag sérstaklega á bréf Sementsverksmiðju ríkisins sem eitt dæmi af mörgum í þeim efnum. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að segja að A-hluti fjárlaganna taki ekki erlend lán, en B-hlutinn taki þau. A- og B-hluti eru rekstur ríkissjóðs. Þetta er bara form sem hefur verið tekið upp: að skipta rekstri ríkisins í tvo hluta, í A-hluta og B-hluta. Það er hægt að segja alveg eins að ríkiskassinn sé alveg fleytifullur af peningum og hinn kassinn meira en tómur, en sér komi hinn kassinn ekkert við af því að það sé B-kassi, hitt sé A-kassi. Það er meiri hundalógikin sem hæstv. ráðh. temur sér.

Það er rétt að tekjur ríkissjóðs hafa farið langt fram úr áætlun á s. l. ári. Það er ekki fyrir sérstaka skarpskyggni hæstv. fjmrh., að hann hafi meira vit á peningamálum og rekstri en ýmsir aðrir. Það er fyrir þá stefnu sem hann á kannske heiður eða skömm skilið fyrir ásamt lagsbræðrum sínum í ríkisstj., — fyrir þá stefnu að hér er óðaverðbólga, hér er verðbólgan á fleygiferð. Eyðslan er í hámarki hjá þessari þjóð og flestir geta ekki hugsað sér að fara að sofa á kvöldin nema vera búnir að eyða úr veskinu sínu. Eftir því sem meira er eytt, því meira tekur ríkissjóður í tekjur í söluskatti og öðrum slíkum sköttum og því fær Ragnar Arnalds meira í kassann. Þetta er allur galdurinn. Um leið og ætti að fara að sýna alvöruaðhald lækka auðvitað þessar umframtekjur og það snarlega og þá hallast fljótlega á merinni. En það yrði þjóðinni meira til góðs að taka upp slíka stefnu.

Það er líka hægur vandi hjá mönnum að vera skuldseigir og borga ekki á réttum tíma. Það eru engin smávegis forréttindi sem ríkissjóður hefur umfram alla aðra í þessu landi. Ef menn greiða ekki gjöld sín á tilteknum tíma fá þeir 4.75% dráttarvexti á mánuði. Það eru engar smátekjur sem ríkið hefur af því. En ríkið getur leyft sér að salta reikninga frá mönnum í stórum kössum, ekki í nokkrar vikur, heldur í marga mánuði, og finnst það hin mesta ósvífni ef menn segjast vilja fá vexti af vanskilaskuldum ríkisins við sig. Ég gæti nefnt hæstv. fjmrh. mýmörg dæmi. Ég gæti nefnt honum dæmi um smáatvinnurekendur, um iðnaðarmenn sem hafa beðið mánuðum saman eftir greiðslum, en þeir hafa orðið að taka lán í bönkum til að borga fjmrh. söluskattinn svo þeir fái ekki 4.75% á mánuði í dráttarvexti. Þetta er enginn smáaðstöðumunur. Þetta eru engin smáforréttindi sem rekstrarstjóri A- og B-hluta fjárlaganna hefur umfram aðra menn í þessu landi. Og þetta er auðvitað Alþingi til skammar. Allir flokkar hafa tekið undir að menn eigi að vera skilvísir í greiðslum til samfélagsins, til ríkis og sveitarfélaga, og það eigi að refsa mönnum með dráttarvöxtum ef þeir borga ekki á réttum tíma. Þetta hefur auðvitað skapað aðhald því að allir, sem geta borgað, reyna að borga á réttum tíma. En við bjuggumst ekki við að þá væri tekin aftur upp sú stefna hjá ríkisvaldinu að geyma reikninga frá einstaklingum og félögum niðri í kassa mánuðum saman og segjast enga vexti borga. Ég er viss um að kjáni eins og ég gæti rekið fyrirtæki vel ef ég hefði svona forréttindi eins og hæstv. Arnalds hefur.

Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál, en ég endurtek það, að hér er teflt á tæpasta vað. Það er mikið stjórnleysi og samkomulagsleysi ríkjandi í ríkisstj., eins og allir vita. Meira að segja er forsrh. hættur að segja að það sé gott samkomulag, og þá hlýtur að vera orðið

slæmt. Eitt, sem maður sér, er sú tekjuöflun, sem boðuð er og er skýrð í athugasemdum við 1. og 2. gr., frv. um nýjan skatt vegna byggðalínuframkvæmda. Frv. kemur samt ekki fram. Auðvitað vita allir að frv. er ekki komið fram vegna þess að það er ekki samkomulag um málið. Þetta er ástæðan fyrst ekki er lýst yfir að það sé alveg horfið frá þessari fjáröflun.

Eitt vil ég þó taka fram, að ég væri ekki eins uggandi þó að erlendar lántökur yxu ef þau lán yrðu tekin til að búa í haginn fyrir vaxandi þjóðarframleiðslu. Þá liti maður nokkuð öðrum augum á slíkar lántökur. En þegar framkvæmdir í orkumálum dragast svo gífurlega saman sem þetta frv. ber glöggt vitni um, milli 40 og 50%, og við horfum á auknar lántökur vegna taprekstrar og þess að þær verða seint endurgreiddar af því sem þeim er varið til, þá er illa farið.

Ég tel líka að við stæðum ólíkt betur að vígi ef eitthvert skipulag og einhver stjórn væri á skipainnflutningnum núna. Svo er nú komið og hefur verið á undanförnum árum að um 77% af ráðstöfunarfé Byggðasjóðs fara til fiskveiða og fiskvinnslu og þó aðallega til fiskveiða. Ég hef alltaf verið að búast við að hæstv. ríkisstj. kæmi með einhverja skynsamlega stefnu í málefnum skipasmíðastöðvanna í landinu þannig að allt verði gert sem hægt er til að létta á kostnaði við þessar stöðvar og þar með lækka verð á framleiðslu þeirra, skipunum, en mér er ljóst eins og öllum öðrum, að við getum ekki stöðvað þessar skipabyggingar með öllu og átt á hættu að hundruð eða þúsundir Íslendinga verði atvinnulausir. Þarna verður að gera breytingar. Fjármagnskostnaðurinn er óheyrilega hár við þessa framleiðslu, miðað við fjármagnskostnað skipasmíðastöðva nágrannaþjóða okkar, og því fer sem fer. Samhliða þessum háa fjármagnskostnaði erum við með fjórum til fimm sinnum hærri verðbólgu og því hlýtur samkeppnisaðstaða þessara aðila að fara hríðversnandi.

Ég ætla svo ekki, herra forseti, að tefja þessar umr. öllu lengur þó að ég hefði búist við að fá greiðari og betri svör frá hæstv. ráðh. við fjölmörgum spurningum sem ég lagði fyrir þá í dag.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Aðalerindi mitt er það, að ég vildi mega draga 21. brtt. á þskj. 503 til baka til 3. umr. Ég gat þess í framsögu með nál., að við teldum nauðsynlegt að athuga hana betur milli 2. og 3. umr. Þess vegna finnst mér eðlilegt að till. verði dregin til baka milli umr.

En ég vil taka fram vegna fyrirspurnar hv. þm. Karvels Pálmasonar um Skipaútgerð ríkisins, að ég átti satt best að segja von að þm. Vestfirðinga hefði meiri áhuga á eflingu Skipaútgerðar ríkisins en svo, að hann væri að draga í efa að heimilt væri að endurnýja skipakost hennar. Eins og allir vita þjónar þetta fyrirtæki fyrst og fremst þeim stöðum á landinu sem búa við erfiðustu samgöngurnar, ekki síst Vestfjörðum, og ég átti von á að hann fagnaði því, að nú væri fram undan miklar framfarir hjá þessu fyrirtæki. En í athugasemdum við fjárlög stendur eftirfarandi:

„Á árinu 1982 er áformað að afla heimilda til lántöku alls að fjárhæð 40 millj. kr. til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins. Fjárhæðin er við það miðuð að lánsfé áranna 1981 og 1982 renni til smíði sem svarar eins skips og kaupa á öðru."

Samgrn. ritaði fjh.- og viðskn. bréf, dagsett 2. nóv., — það er greinilega ritvilla, það á að vera 2. des. vegna þess að með því er bréf frá Skipaútgerð ríkisins dagsett 1. des. 1981, — þar sem rakið er að í þessu bréfi frá Skipaútgerðinni sé áætluð fjárfesting á árinu 1982 eftirfarandi:

Nýsmíði 39.6 millj. kr. eða 2465 þús. pund. Kaup á Lynx (það er norskt skip) 21.8 millj. kr. Bygging vöruskemmu 6.5 millj. kr. og tækjabúnaður 2 millj. Þetta eru samtals 69.9 millj. Frá því dregst lántökuheimild frá árinu 1981 11 millj. og áætlað söluverð m/s Heklu 6.5 millj. Lántökuþörf 1982 er því 52.4 millj. kr.

Hinn 20. jan. 1982 ritaði samgrn. eftirfarandi bréf til Skipaútgerðar ríkisins:

„Ráðuneytið hefur að undanförnu haft til athugunar ósk Skipaútgerðar ríkisins um heimild til þess að kaupa norska skipið Lynx. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er 40 millj. kr. lántaka til þess að fjármagna m. a. kaup á skipi fyrir útgerðina. Með vísun til þessarar heimildar á fjárlögum samþykkir rn. hér með kaup Skipaútgerðar ríkisins á norska skipinu Lynx."

Síðan leggjum við til í brtt. okkar að Skipaútgerðin fái heimildir til þess að taka lán allt að 53 millj. kr. á árinu 1982. Með þessu held ég að ljóst megi vera að viðkomandi rn. og Skipaútgerð ríkisins hafa haft fullar heimildir til þeirra athafna sem framkvæmdar hafa verið.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð sem ég vil bæta við vegna orða hv. þm. Karvels Pálmasonar. Hann taldi að í lánsfjáráætlun — raunar sagði hann að það væri í fjárlögum — væri vikið að skatti á byggðalínu. Ég vil upplýsa hann um það, að hvergi er minnst á skatt á byggðalínu í fjárlögunum. **(KP:** Í frv. ráðherrans.) Í frv. ráðh., sem hann nefnir svo, þ. e. í frv. til lánsfjárlaga, er einungis talað um sérstaka fjáröflun vegna byggðalína. Þess er hins vegar ekki getið, hvort um verði að ræða skatttöku eða fjáröflun með öðrum hætti og um það hafa ekki verið teknar ákvarðanir. Það er t. d. vel hugsanlegt að nýrri landsvirkjun yrði heimilað að afla þessa fjár í gegnum raforkuverðið án þess að nokkur sérstök skattheimta þyrfti að koma þar til. Þetta er hins vegar ekki frágengið mál.

Hv. þm. reyndi að gera mér upp einhver ósannindi í seinustu ræðu minni út af málefnum Skipaútgerðar ríkisins. Staðreyndin er auðvitað sú, að hann spurði mig ekkert hvort samningur hefði verið gerður um kaup á þessum skipum. Hann spurði alls ekki um það. Hann spurði um hitt, hvort heimildir væru til að gera slíkan samning, og ég upplýsti fjvn.-manninn Karvel Pálmason um að heimildir væru í fjárlögum. Hann var ekki betur að sér í fjárlögunum en þetta. Hvort hins vegar samningurinn hefur verið gerður eða ekki, það er mál sem ég hef ekki fylgst með og get ekki svarað neinu til um. En aðalatriðið er hitt, að heimildin er fyrir hendi.

Hv. þm. reyndi að snúa út úr orðum mínum þegar ég ræddi áðan um samband sem verið hefði við stuðningsmenn stjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda upp á 120 millj. Ég sagði það áðan og stend við það, að samráð var haft við stuðningsmenn ríkisstj. í fjvn. og raunar við alla stuðningsmenn stjórnarinnar, en síðan tók ríkisstj. lokaákvörðun. (Gripið fram í.) Hv. þm. Eggert Haukdal mun vafalaust ekki mótmæla því, að haft hafi verið samráð við hann. Hitt er svo allt annað mál, eins og kom raunar fram hjá honum áðan, að vera má að hann hafi ekki að öllu leyti verið sáttur við þá ákvörðun sem tekin var. En það er allt annað mál. Hvort meiri hluti er hér í þinginu fyrir

því að lækka ríkisútgjöldin verður að sjálfsögðu að koma í ljós þegar atkv. eru greidd um það. Ég efast ekki um að svo sé.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hún skal vera örstutt þessi athugasemd.

Það er fyrst út af því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði. Mér finnst það ekki við hæfi jafnmikils ágætismanns og þessi hv. þm. almennt er, að vera að gera mönnum upp orð hér í ræðustól. Ég veit ekki til að ég hafi í einu orði vikið að því, að ég væri andvígur endurnýjun á skipaflota Skipaútgerðar ríkisins. Mér þætti gaman ef hv. þm. gæti bent á það. Honum er heimilt mín vegna að fara beint í það sem kemur út úr talvélinni, og ef hann getur bent mér á að ég hafi mælt gegn því að endurnýja skipaflota Skipaútgerðar ríkisins, þá bið ég hann að gera svo vel að gera það. Menn eiga ekki, þó að í rökþrot komist, að haga sér með þeim hætti segja ósatt — það má ekki segja meira hér — eða gera mönnum upp orð þó að þeir telji sig standa höllum fæti í málflutningi. Ég vísa því til föðurhúsa að ég hafi hér á nokkurn hátt vikið að því, að ég væri andvígur endurnýjun á skipaflota Skipaútgerðar ríkisins. Það var einungis reynt að fá upplýsingar.

Hæstv. fjmrh. reyndi enn að klóra í bakkann, þó aumlega væri, eins og í fyrra skiptið. Hann segir að það komi vel til greina í sambandi við skattinn vegna byggðalínanna að taka hann í gegnum orkuverðið án þess að það sé sérstök skattlagning. Það er engin skattlagning ef bara er bætt ofan á orkuverðið, þá virðist það vera í lagi og að dómi hæstv. ráðh. engin sérstök skattlagning. Ég sé ekki að það skipti neinu máli fyrir þann sem á að greiða þennan skatt, hvort tekin er í hækkuðu orkuverði viðbót við það sem er eða hvort lagður er á sérstakur skattur. Það er einkennileg fjármálaspeki hjá hæstv. fjmrh. ef hann heldur að það sé einhver meginmunur á því fyrir þann sem á að greiða. (**Fjmrh.:** Það er lagalegur munur.) Er það lagalegur munur? Já, það er nefnilega það.

Í sambandi við samráðin við meiri hl. fjvn. fer ekkert milli mála, hæstv. fjmrh. Hv. þm. Eggert Haukdal lýsti því yfir áðan — að vísu úr sæti sínu, ég veit ekki hvort það hefur heyrst inn á segulbandið — að ekki hefði verið haft samráð við hann um niðurskurð á þeim 120 millj. sem gert er ráð fyrir að lækka ríkisútgjöldin um. Það hefur því ekki verið haft samráð við meiri hl. fjvn. í því máli. Stuðningsmenn ríkisstj., segir hæstv. ráðh. Þá er hann hér með búinn að afgreiða það mál, að hv. þm. Eggert Haukdal er ekki lengur stuðningsmaður ríkisstj., a. m. k. ekki í þessu máli, eftir því sem hv. þm. segir sjálfur.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég gerði mér ekki grein fyrir að hv. þm. Karvel Pálmason væri svona viðkvæmur fyrir Skipaútgerð ríkisins, en það gleður mig. (Gripið fram í.) Ég sagði ekki að hv. þm. hefði mælt á móti því, að Skipaútgerðin endurnýjaði sinn skipakost, en ég sagðist hafa átt von á að hann sæi meiri ástæðu til að gleðjast yfir því en að vera að nudda sér upp úr formsatriðum í þessu máli. Það var það sem ég átti við.

En varðandi samráðin við meiri hl. fjvn. og stuðningsmenn ríkisstj. get ég staðfest það, að samráð var haft við fulltrúa í fjh.- og viðskn. og meiri hl. fjvn. Ég sat á þeim fundi svo að ég get borið um það vitni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég gríp hér inn í umr. á síðasta stigi að gefnu því tilefni, að orðaskipti áttu sér stað á milli hæstv. fjmrh. og hv. 6. landsk. þm. um þær till. sem liggja fyrir af hálfu hæstv. fjmrh. og ríkisstj. í tilefni af afgreiðslu þessarar lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar, um niðurskurð á ríkisútgjöldum að upphæð 70 millj. kr. til viðbótar þeim 50 millj. kr. sem heimild er fyrir í fjárlögum.

Ég tók svo eftir að umræðuefni þessara tveggja ræðumanna hér væri það, að hve miklu leyti samráð hefði verið haft við þm. er styddu ríkisstj., og álitamál væri, hvort samráð hefði verið haft við þá alla, og dregið mjög í efa. Það liggur hins vegar alveg ljóst fyrir, að ekkert samráð hefur verið haft við þm. stjórnarandstöðunnar, og mér skilst að það eigi að bera upp þessa till. við 2. umr. þessa máls, að heimila ríkisstj. frekari niðurskurð á útgjöldum án þess að leggja slíkar tillögur fyrir eða gera grein fyrir þeim í einstökum atriðum.

Hæstv. fjmrh. mun hafa lofað að gera grein fyrir þessu við 3. umr. fjárlaga. Ég tel víst að við sjálfstæðismenn séum mjög fylgjandi því, að sparnaðar sé gætt í ríkisrekstri, og munum fylgja tillögum þar að lútandi, en ekki hverjum sem er. Við viljum gjarnan fá að fjalla um það ef tilefni gefst til. Þess vegna er með öllu óeðlilegt að bera þessa till. upp hér við 2. umr. lánsfjár- og fjárfestingaráætlunar ef hæstv. fjmrh. er ekki reiðubúinn að gera grein fyrir þessum till. í einstökum atriðum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Í sjálfu sér er það ekki neitt stóratriði af minni hálfu hvenær gerð er grein fyrir þessum sparnaðaráformum. Ég hygg að ég sé búinn að gera grein fyrir þeim hér í þinginu nokkuð við umr. sem hér fóru fram fyrir mánuði, en það hefur kannske farið fram hjá hv. þm. (**GeirH:** Ég spurði hæstv. ráðh. áður en ég steig í ræðustól, hvort hann hefði gert grein fyrir þessum tillögum.) Já, það er rétt, það var gerð grein fyrir þessum till. í grófum dráttum þegar efnahagsaðgerðir ríkisstj. voru ákveðnar í lok janúarmánaðar. Hins vegar hefur síðan verið gerð ítarlegri samantekt á því, með hvaða hætti þessi niðurskurður verði, og ég hélt að hv. þm. væri að spyrja um þessa ítarlegri samantekt, en ég ætlaði að gera grein fyrir henni við 3. umr. málsins.

Ég vil vekja á því athygli, að þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson var forsrh. fyrir nokkrum árum varð ríkisstj. hans að grípa til þess að skera niður útgjöld fjárlaga. Ég minnist þess ekki, að þm. stjórnarandstöðunnar hafi á nokkurn hátt fjallað um þessi mál. Ég minnist þess hins vegar að það var skorið niður eitt og annað sem t. d. viðkom mínu kjördæmi, en þáv. ríkisstj. leitaði ekki til þm. stjórnarandstöðunnar til að gera henni nákvæma grein fyrir hvað hún væri að skera niður. Það er rétt að vekja á því athygli líka, að í fjárlögum er heimild fyrir ríkisstj. til þess að skera niður eða lækka útgjöld fjárlaga um 50 millj. kr., en það er ekki bundið því skilyrði að haft sé samráð við fjvn. eða að fengið sé samþykki þm. fyrir því. Þess vegna er málið ekki þannig að hér sé verið að leggja fram till. um lækkun ríkisútgjalda upp á 120 millj. og menn eigi þar með að samþykkja einhvern tiltekinn niðurskurð. Það er einungis verið að afla heimildar, sem er öllu stærri og meiri um sig en fjárlög gera ráð fyrir, þ. e. 120 millj. í staðinn fyrir 50 millj. Raunar má segja að þm. fái allgóða mynd af verulegum hluta þessarar lækkunar ríkisútgjalda með því að lesa brtt. minni hl. hv. fjh.- og viðskn., því að þar er gerð grein fyrir verulegum niðurskurði, að svo miklu leyti sem hann er lækkun á framlögum til fjárfestingarsjóða.

Það er hins vegar ljóst að þessi lækkun á útgjöldum ríkissjóðs er öllu margbrotnari en þar kemur fram, og ég hafði gert ráð fyrir því að gera grein fyrir henni við 3. umr. um lánsfjáráætlun.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Út af því, sem hæstv. fjmrh. sagði áðan varðandi niðurskurð eða lækkun ríkisútgjalda í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, vil ég vekja athygli hans á því, að þegar það var gert var haft samráð um það við fjvn., og þær hugmyndir, sem fram komu, voru lagðar fyrir fjvn. til endanlegrar afgreiðslu. Það er einmitt í samræmi við það sem við flytjum þá till. sem ég gerði grein fyrir áðan, þ. e. að sú lækkun útgjalda, sem lögð er til í brtt. minni hl., 120 millj., verði ekki gerð öðruvísi en að fjvn. komi þar til og fjalli um og samþykki þær till.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 58. fundur.

Fimmtudaginn 25. mars, kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 242 (sbr. 58), n. 504 og 513, 503, 516, 517, 518). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 503,1 (ný 1. gr.) samþ. með 20:6 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 503,2 samþ. með 32 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 20:1 atkv.
6. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 503,3 samþ. með 34 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Brtt. 503,4 samþ. með 28 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Brtt. 518 felld með 19:7 atkv.
9. gr. 1. málsl. samþ. með 30 shlj. atkv.
9. gr. 2—3. málsl. samþ. með 19:8 atkv.
Brtt. 503,5 samþ. með 38 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS, RA, GP, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, VG, AG, AS, ÁG, BGr, BÍG, EH, FÞ, GS, GeirH, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, JÞ, SvH.

2 þm. (ÞS, FrS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þessi brtt. minni hl. fjh.- og viðskn. felur í sér hækkun á lánum til Byggðasjóðs um 10 millj. frá því sem var í frv. Ég læt í ljósi mikla óánægju mína með afgreiðslu þessa máls þvert ofan í gefin loforð ákveðinna ráðherra og fyrirheit til að sinna þessu verkefni. Þó tel ég skárra að hækka þetta um 10 millj. en ekki neitt og segi því já.

10. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 517 talin samþ. með 19:17 atkv., en atkvgr. vefengd og óskað að hún yrði endurtekin.
Brtt. 517 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 503,6 tekin aftur til 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég leyfi mér að draga í efa að nokkurt fordæmi sé fyrir því að till., sem atkvgr. hefur fallið um og niðurstöðum hennar hefur verið lýst úr forsetastóli, geti verið tekin til baka og ógilt einungis af því að atkvgr. gekk á móti vilja hæstv. fjmrh. Ég vænti þess, að hæstv. forseti taki úrskurð sinn til baka, og beini því til hans, að atkvgr. verði látin ganga fram hér í deildinni. (**Forseti:** Ekki get ég orðið við því.)

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það gerist nú alltíðindasamt hér í þingi. Ég tek undir það, sem hv. síðasti ræðumaður gerði hér athugasemd við, og tek undir óskir hans að úrskurður forseta um lögmæta atkvgr., eins og hann féll, verði látinn standa. Það nær auðvitað ekki nokkurri átt, þó að einhverjum einstökum hæstv. ráðh. líki ekki niðurstöður atkvgr. hér í þinginu, að tekið sé tillit til þess eftir að búið er að úrskurða um atkvgr. Það er svo fráleitt sem hugsast getur. Ég veit ekki hvar slíkt endar, ef þau vinnubrögð á að taka upp hér í þingi að ef einhverjum hæstv. ráðh. — ég tala nú ekki um þegar þeir eru orðnir 10 — ef þeim mislíka úrslit atkvgr., þá eigi að breyta atkvgr. vegna þess. Ég ítreka óskir um að hæstv. forseti láti þann úrskurð, sem hann lýsti hér um niðurstöður atkvgr., gilda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Úrslit atkvgr. voru vefengd og það er mjög algengt að forseti verði við því að endurtaka atkvgr., sem vefengd hefur verið, til að taka af tvímæli. Nú stóð til að endurtaka hana eins og sjálfsagt var, en í því sama bili er kölluð aftur brtt. og síðan brtt. við brtt. sem til umr. og afgreiðslu voru.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Þegar atkvgr. er vefengd hefur það æðioft komið fyrir að atkvgr. hefur verið endurtekin. Ég hef ekki athugasemd við það að gera að forseti endurtaki atkvgr., enda voru hans orð, þegar hann kom og lýsti talningu, að samkv. talningu sinna skrifara hefði atkvgr. farið á þann veg sem hann lýsti. En að draga til baka till. sem þegar er hafin atkvgr. um, — ég man ekki eftir því fordæmi hér þann tíma sem ég hef verið hér. En vel má vera að það geti gerst. Ég vil þess vegna biðja forseta að ganga úr skugga um það, áður en hann lætur þann úrskurð út ganga, að aðaltillagan og síðan brtt. séu dregnar til baka.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er sammála þeim skilningi sem hv. 1. þm. Reykn. lýsti hér, og þegar ég bað um orðið ætlaði ég að koma inn á það sama. Ég læt í ljós undrun mína yfir því, að menn dragi till. til baka þegar hafin er atkvgr. og lokið er atkvgr. um brtt. við brtt. Það er algerlega nýtt. Ég minnist þess ekki þann tíma sem ég hef átt sæti á Alþingi, að slíkt hafi átt sér stað. Hitt er líka undarlegt, að geta ekki beðið um atkvgr., skýra atkvgr., eins og gert var áðan. Ég taldi rétt að óska eftir því að draga til baka 3. umr. atkvgr. um brtt. við brtt., eftir að 1. flm. að brtt. hafði óskað eftir að taka hana aftur. Ég óska jafnframt eftir því, að hæstv. forseti taki sér umhugsunarfrest til að úrskurða í þessu máli, því að það er að mörgu leyti óvarlegt undir slíkum kringumstæðum að gera það hér á stundinni. Ég vil því líta svo á

að þessar tillögur séu óafgreiddar að öðru leyti en því, að atkvgr. liggur fyrir um brtt. við brtt. sem búið var að lýsa þegar fjmrh. kippti við sér.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Forseti hafði ákveðið að endurtaka atkvgr. um brtt. við brtt. á þskj. 517. Þar af leiddi að hún var óafgreidd. Á öllum stigum fram að því að lokaafgreiðslu er lýst á brtt. er hægt að kalla hana aftur. Þess vegna held ég fast við minn úrskurð um það, að hv. 3. þm. Austurl. hafi verið heimilt að kalla sína brtt. til baka. Af því leiddi að sjálfsögðu að brtt. á þskj. 517 hlaut að verða kölluð aftur, eða þau voru a. m. k. viðbrögð 1. flm., hv. 1. þm. Vestf.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég tel mér skylt að segja frá því hér, að það urðu smámistök hjá sjálfum mér og raunar fleirum. Þegar atkvgr. fór fram var ég talinn greiða atkv. með till., sem var rangt. Þess vegna tók ég undir þegar ég heyrði kallið um endurtekningu á atkvgr. og styð það, því að þarna urðu á mistök. Mér finnst ástæðulaust annað en að endurtaka atkvgr. ef ekki er hægt að taka tillit til athugasemdar við talningu. Ég taldi mér skylt að láta þetta koma fram, um leið og ég styð endurtekningu á atkvgr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég leyfi mér að taka upp till. þá sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson dró til baka og bera hana fram í mínu nafni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 1. landsk. þm. tekur upp tillögu í athugasemdum um þingsköp. Leyfi ég mér að vefengja, að menn geti haft aðstöðu til slíks málskots sem þessa, og tek það ekki til greina.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í 47. gr. þingskapa segir:

„Atkvgr. fer fram á þann hátt, að hver þm. réttir upp hægri hönd sína, hvort sem hann greiðir atkv. með eða móti máli. Skrifarar telja atkvæðin, en forseti skýrir frá úrslitum atkvgr., eftir að atkvæða hefur verið leitað með og móti.“

Nú var það svo, að hv. 1. þm. Vesturl. rétti upp hægri hönd sína með brtt. hv. 1. þm. Vestf. Hlaut ég því að telja hann í hópi þeirra sem voru með till. Get ég ekki skilið hvernig varaforseti deildarinnar finnur það út, að þarna hafi skrifara skotist, og óska eftir að þetta komi fram, að ég hlýt að telja atkv. eins og þau falla, en ekki eftir hugarburði þingmanna.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Vegna þessara orða forseta vil ég taka það fram og skýrt undirstrika, að það er ekki óeðlilegra að taka till., sem dregin hefur verið til baka, upp — eins og þingsköp heimila undir þessum kringumstæðum — en að hæstv. forseti dregur til baka og eiginlega nemur úr gildi löglega atkvgr. sem hér hefur farið fram í deildinni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ójú, á þessu er mikill munur. Við 3. umr. gefst mönnum kostur á að ræða innihald till., hún er þá ekki afgreidd áður.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég vil eindregið óska eftir því, að gert verði 15 mínútna hlé á þingfundi því að hér hafa skapast ákaflega óvenjulegar kringumstæður í sambandi við atkvgr., svo að flokkar geti borið saman ráð sín.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Fordæmi er að vísu fyrir því, að gefið hafi verið hlé — það gerðist til að mynda í fyrra, ef ég man, — í miðri atkvgr. (**Gripið fram í:** Að beiðni ráðh.?) Matthías Bjarnason er ekki ráðh. (**Gripið fram í:** Í fyrra.) Já, það er fordæmi fyrir því. Á hinn bóginn kann ég ekki að meta hverjum úrslitum kann að ráða enda þótt hér verði um verulegar frestanir á brtt. og afgreiðslu þeirra að tefla til 3. umr. Nú kannast menn við það, að mjög svo algengt er, við afgreiðslu fjárlaga sér í lagi, að brtt. eru kallaðar aftur um leið og kemur að afgreiðslu þeirra, kemur að því að þær eru bornar upp, þannig að engin aðferð hér er óvenjuleg eða nýstárleg og ætti ekki að vera mönnum nýstárleg. (**GeirH:** Þetta er nú annars eðlis, forseti.) Er þetta annars eðlis í sjálfu sér? (Gripið fram í.) Ég sé ekki stóran mun. Það kann að vera að sá sé munurinn að fjárlög eru lagaígildi en hér er um bein lög að tefla og ná kannske lengra. Ég sé ekki þann stigsmun. Það er kannske stigsmunur, en það er ekki mikill eðlismunur að mínum dómi.

En úr því að menn hafa miklar athugasemdir fram að færa við atkvgr. þessa, þá held ég að ég verði við tilmælum um að fresta fundi þar til 15 mínútur fyrir 3, til þess að mönnum gefist kostur á að lægja öldurnar, og mundi þá einna helst mælast til þess við formenn þingflokka að þeir skytu saman fundi til ráðagerða. — [Fundarhlé.]

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ef við hlaupum yfir síðasta sprettinn og förum til þeirrar stundar á fundinum þegar greidd voru atkv. um brtt. við brtt. sem flutt er af mér og öðrum fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni og fulltrúa Alþfl., þá skal ég til samkomulags fallast á og fella mig við úrskurð forseta um það, að atkvgr. um þessa brtt. verði endurtekin. Ég tel það tvímælalaust skyldu, eftir að sú atkvgr. er þegar hafin, að henni sé lokið og þá haldi eðlileg atkvgr. áfram um sjálfa brtt.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að forseti hafi í einu og öllu farið að réttum þingsköpum, og mér finnst undarlegt að það skuli vera dregið í efa. Hitt er svo annað mál, að ég get vel fallist á að þessi atkvgr. fari nú fram, enda hefur verið orðið við því að leiðrétta þá atkvgr. sem var hér fyrst. Það lá fyrir að orðið hefðu ákveðin mistök, sem alla tíð getur gerst. En til þess að ekki þurfi að verða meira mál út af þessu atviki, sem mér finnst menn gera heldur mikið úr, skal ég fallast á það fyrir mitt leyti að atkvgr. fari nú fram.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þá er svo litið á að afturköllun á brtt. hinni 6. á þskj. 503 hafi ekki farið fram. Verður þá endurtekin atkvgr. um brtt. við brtt. á þskj. 517 og verður nafnakall viðhaft.

Brtt. 517 felld með 18:17 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, GP, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, FÞ, GS, GHall, GGP, GHelg, HÁ, GH, IGuðn, IGísl, JE.

EH greiddi ekki atkv.

4. þm. (ÓE, PJ, ÞS, FrS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Eins og fram kom í umr. sem fram fóru í gær hef ég gert ráð fyrir því að gera grein fyrir áformaðri lækkun ríkisútgjalda við 3. umr. málsins. Jafnframt hef ég alltaf gert ráð fyrir því, að samráð verði haft við fjvn. þótt ákvörðunin verði háð endanlegri ákvörðun ríkisstj. Ég segi nei.

Brtt. 503,6 (ný gr., verður 11. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 503,7 felld með 18:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG.

nei: ÁG, BGr, BÍG, EH, GeirH, HBl, JS, KP, MHM, MB, MÁM, PS, GP, SteinG, VG, AG, SvH.

4 þm. (FrS, ÓE, PJ, ÞS) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þingflokkur Sjálfstfl. er andvígur því að skerða frekar en þegar er orðið framlög til Byggðasjóðs og vekur athygli á þeirri ákvörðun stjórnar sjóðsins að veita stóraukin fjárframlög til samgöngumála og þá einkum til vegamála, sem á þessu ári munu nema 70 millj. kr., samhliða því að sjóðurinn verður nú að skuldbreyta í auknum mæli vanskilum fyrirtækja, einkum í sjávarútvegi, vegna mikils hallarekstrar á s. l. ári. Af þessum ástæðum hefði Byggðasjóður þurft á þessu ári á auknu framlagi að halda. Því kemur ekki að okkar dómi til greina frekari niðurskurður en orðinn er. Ég segi nei.

11. gr. (verður 12. gr.) 1. málsl. samþ. með 18:7 atkv.

11. gr. (verður 12. gr.) 2. málsl. samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 503,8 samþ. með 19:6 atkv.

12. gr. (verður 13. gr.), svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.

Brtt. 503,9 samþ. með 19:2 atkv.

13. gr. (verður 14. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 503,10 samþ. með 20:2 atkv.

14. gr. (verður 15. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 503,11 samþ. með 18:6 atkv.

15. gr. (verður 16. gr.), svo breytt, samþ. með 18:6 atkv.

Brtt. 503,12 samþ. með 18:6 atkv.

16. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 18:6 atkv.

Brtt. 503,13 samþ. með 18:7 atkv.

17. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 18:3 atkv.

18. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 18:6 atkv.

19. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

20. gr. (verður 21. gr.) samþ. með 18:11 atkv.

Brtt. 503,14 samþ. með 18:7.

21. gr. (verður 22. gr.), svo breytt, samþ. með 18:5 atkv.

Brtt. 503 (ný gr., verður 23. gr.) samþ. með 19:8 atkv.

22. gr. (verður 24. gr.) samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 503,16 samþ. með 19:5 atkv.

23. gr. (verður 25. gr.), svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 503,17 (ný gr. verður 26. gr.) samþ. með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH SvG, AS.

nei: BGr, BÍG, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, PS, GP, SteinG, VG, AG, ÁG, SvH.

4 þm. (FrS, ÓE, PJ, ÞS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram að við meðferð á þessum málum hefur verið ákveðið að skerða framlög til sjóða almennt um 6% og á það einnig við um þennan sjóð. Hins vegar vil ég taka það fram, að fallið var frá því að skerða Kirkjubyggingasjóð og er ekki gerð till. um að í þessum brtt. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það þótti mikil rausn og til eflingar kristni í landinu þegar söluskattur var gefinn eftir af nýju Biblíunni. En ég sé að ríkisstj. ætlar að ná því aftur í gegnum Kristnisjóð. Ég segi nei.

Brtt. 503,18 (ný gr. verður 27. gr.) samþ. með 20:2 atkv.

24. gr. (verður 28. gr.) samþ. með 18:3 atkv.

25.—27. gr. (verða 29.—31. gr.) samþ. með 19:2 atkv.

Brtt. 516 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, PS, GP, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, SvH.

nei: EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS.

4 þm. (FrS, ÓE, PJ, ÞS) fjarstaddir.

Brtt. 503,19 samþ. með 19:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: PS, GP, VG, ÁG, BGr, HBl.

MB, MÁM, SteinG, AG, BÍG, GeirH, JS, JÞ, MHM, SvH greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓE, PJ, ÞS, FrS, KP) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Þegar ég athuga þessa brtt. sýnist mér að þar sé um mjög freklega íhlutun *opinberra aðila að ræða í þessa eign verkalýðsfélaganna* og meðlima hinna einstöku launþegasamtaka. Ég geri ráð fyrir að það mundi fara um suma þeirra hv. þm. sem hér eru inni, ef fjmrn. og þeir, sem núv. ríkisstj. styðja, vildu fara að hnýsast í og setja slíkar kvaðir á eignir þeirra, því óneitanlega eru lífeyrissjóðirnir eign aðila verkalýðshreyfingarinnar. Ég segi því nei við þessari brtt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það er hálfkátlegt að hlusta á aths. manna við þessa brtt. og kröfur um nafnakall og annað þess háttar, því að ef menn hyggja vel að, sjá þeir að breytingin er fólgin í því einu að dagsetningin 16. jan. verður að 1. jan. Það er stórmálið sem við erum að greiða atkv. um nú. Ég segi já.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér þykir mjög eðlilegt að nafnakall sé í slíku stórmáli sem þessu og vil gera grein fyrir atkv. mínu. Ástæðan fyrir þessari brtt. er einfaldlega sú, að í frv., eins og það kom frá Ed., stóð 16.

jan. og eins og allir þm. vita er 16. jan. þegar liðinn og ekki verður um það að ræða að gera þá lagaskyldu til lífeyrissjóðanna að skila sínum reikningum fyrir þann tíma á þessu ári. Til að hafa aðeins meiri sveigju í þessu máli var flutt sú brtt., að í stað 16. jan. kæmi: við upphaf hvers árs. Það geta verið nokkrir dagar, en ekki 1. jan., eins og hæstv. fjmrh. sagði. Ég vil taka það fram, til að forðast misskilning, að það er í byrjun ársins sem ætlast er til að lífeyrissjóðirnir skili þessu. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Formaður fjh.- og viðskn. Nd., sem yfirleitt er glöggur maður, er farinn að draga dám af hæstv. fjmrh. varðandi það að einblína á smáatriðin og aukaatriðin. Við erum einfaldlega á móti því, sem þarna er lagt til að leggja fyrir lífeyrissjóðina, burt séð frá dagsetningum. Þess vegna erum við á móti þessu ákvæði. Ef við greiddum atkv. með þessu væri ákvæðið þannig ákveðið, hitt mundi ekki koma til atkv. Þetta er svo einfalt.

Á hinn bóginn vil ég svo aðeins benda á það, að í þessari grein er gert ráð fyrir að samkv. lögum skuli hver lífeyrissjóður skila fjmrn. áætlun um ráðstöfunarfé sitt á árinu og af hvaða aðilum hann hyggist kaupa skuldabréf samkv. 1. mgr., hvort tveggja sundurliðað eftir mánuðum. Þessi lögboðna skuldbinding er færð á lífeyrissjóðina í plaggi sem mætti vel bera fyrirsögnina: Hvernig hæstv. ríkisstj. hugsar sér að komast hjá því að standa við skuldbindingar sem ákveðnar hafa verið í lögum. — Um það er þetta frv., að standa ekki við lögboðnar skuldbindingar, heldur reyna að komast hjá því. Það er það sem hæstv. ríkisstj. og þm. hennar eru nú önnum kafnir við að rétta upp höndina fyrir, og ég segi nei.

28. gr. (verður 32. gr.) 1. mgr., svo breytt, samþ. með 19:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: MHM, MB, MÁM, PS, GP, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, GeirH, HBl, JS, JÞ.

SvH greiddi ekki atkv.

5 þm. (KP, ÓE, PJ, ÞS, FrS) fjarstaddir.

4. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. virtist og þóttist hafa himin höndum tekið er ég gerði grein fyrir atkv. mínu við atkvgr. sem hér fór fram á undan í sambandi við brtt. við þessa grein, sem óneitanlega er mótandi um hvað ríkisstj. hefur gert og er að gera í sambandi við þetta sparifé launþega í landinu. Ráðh. hafa tekið það með ógnunum og ofbeldi til ráðstöfunar í ríkishítina. Það er á móti þessu sem ég er, eins og ég er á móti því, að með valdboði frá Alþingi sé gengið inn á sparisjóðseign einstaklinganna í landinu til nota fyrir pólitíska meiri hl. sem stendur jafnveikt og hann gerir og hagar sér á þann hátt sem hann gerir nú á Íslandi. Ég segi því, herra forseti, nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson greiddi atkv. með alveg hliðstæðri tillögu efnislega séð, í meginatriðum svipaðri, á árunum 1976—1978 og það með glöðu geði. Ég fylgi hans góða fordæmi frá liðinni tíð og segi já.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir atkv. mínu með tilvísun til orða hæstv. fjmrh. Hann fór rangt með. Það er mjög mikill munur á ákvæðum þeirra laga, er hann vitnaði til, og þeirra lagaákvæða, sem hæstv. fjmrh. og minni hl. fjh.- og viðskn. þessarar deildar leggja nú til. Í þeim lögum, sem hæstv. fjmrh. vitnaði til sem samhljóða þeim tillögum sem við erum nú að greiða atkv. um, var lögð sú skylda á lífeyrissjóðina að verðtryggja 40% af ráðstöfunarfé sínu, en hins vegar var ekki kveðið á um með hvaða hætti lífeyrissjóðirnir ættu að verðtryggja ráðstöfunarfé sitt. Þær tillögur, sem hér liggja fyrir, eru því frekleg takmörkun á sjálfstæði lífeyrissjóðanna og því segi ég nei.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Þessi lagagr. er efnislega alveg eins og hún var þegar ég samþykkti hana nokkrum sinnum meðan ég studdi ríkisstjórn hv. þm. Geirs Hallgrímssonar meðan hann var forsrh., en þá var gert ráð fyrir að lífeyrissjóðirnir verðtryggðu 40% af fé sínu. Ekki minna en 20% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands var varið til kaupa á skuldabréfum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Með tilvísun til afstöðu minnar á þeim árum, en þá sagði ég já, segi ég já einnig nú.

28. gr. (verður 32. gr.) 2.—6. mgr. samþ. með 19:12 atkv.

Brtt. 503,20 (ný gr., verður 33. gr.) samþ. með 19:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

nei: MB, MÁM, PS, SteinG, VG, AG, ÁG, BGr, BÍG, GeirH.

JS, JÞ, MHM, GP, HBl, SvH greiddu ekki atkv.

5 þm. (CKP, ÓE, PJ, ÞS, FrS) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í þessari till. er heimild til fjmrh. til að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers sem komið verður á fót vegna útflutningsframleiðslu. Þrátt fyrir ítrekaða leit í stjórnkerfinu liggur ekkert fyrir um að það verði komið á fót ylræktarveri á árinu 1982, en þessi lánsfjárlög ná til þessa eina árs. Nefnd, sem hefur haft með málið að gera, lýsir því í niðursöðu álits síns til landbrh. að hún telji að ekki verði úr neinum framkvæmdum á árinu 1982 og óvíst um framhaldið. Því tel ég þessa till. algerlega óþarfa og eiga engan veginn heima í þessu frv. Hitt verður að koma síðar, ef til þess verður gengið, og þá er ég mjög opinn fyrir því að greiða fyrir slíku fyrirtæki. Ég segi því nei.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég get í einu og öllu tekið undir þá greinargerð sem hv. 1. þm. Vestf. lét koma hér fram þegar hann greiddi atkv. Til viðbótar vil ég láta þess getið, að ég hef litla trú á að núv. hæstv. ráðherrar velji slíku eða öðrum nýjum fyrirtækjum stað sem ber að velja þeim og þá að sjálfsögðu í ljósi þess, hvar framleiðni þeirra getur verið mest. Ég óttast að ef slíkt fyrirtæki verður sett upp undir stjórn þessara hæstv. ráðh. geti slíkt ylræktarver alveg eins verið staðsett á Hofsósi eða austur á Breiðdalsvík, sem ég tel ekki rétta staðarvalið. Því segi ég nei.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil upplýsa, að þessi till. er fram borin vegna sérstakra tilmæla

frá landbrn. og að ósk þeirra manna sem mest hafa unnið að undirbúningi þessa máls. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Ef svo fer hins vegar að ekkert verður af framkvæmdum á þessu ári segir það sig sjálft að ekki reynir á heimildina og sýnist þá vera skaðlítið að heimildin hafi legið fyrir og verið samþykkt. Ég segi því að sjálfsögðu já.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Fyrir allmörgum árum flutti ég hér á hv. Alþingi till. til þál. um að gerð yrði könnun á því, hvort hagkvæmt reyndist að stofna til útflutnings á gróðurhúsaframleiðslu í svokölluðum ylræktarverum, eins og fjallað er um í þeirri brtt. sem við greiðum atkv. um nú. Síðan hef ég reynt að fylgjast með því, hvernig sú könnun hefur gengið. Ég veit að tvívegis hefur verið skilað nál. um þetta og í bæði skiptin hefur skort nokkuð á að talið væri fært að leggja í þessa framkvæmd. Ég hafði haldið, þangað til ég heyrði annað núna frá hæstv. fjmrh., að þetta mál væri gleymt og grafið í einhverju ráðuneytanna, eins og það hefur verið að undanförnu. Ég verð að segja að á meðan ekki kemur neitt opinberlega fram um hvar og hvernig þessu ylræktarverki verður komið fyrir eða frá málum þess gengið, þá þykir mér það vera gráglettni örlaganna, að á sama tíma og meiri hl. er að skerða lögmæt framlög til sjóða atvinnuveganna skuli menn gera því skóna að fella niður gjöld af fyrirtæki sem ekki er nein von um að verði reist á þessu ári. Vegna þess að mér er sárt um þetta mál vil ég ekki að það sé verið með það í slíkum skollaleik, og ég segi nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar að þessi liður sé subbulegasti þáttur þessarar lánsfjáráætlunar. Ég held að hér sé á ferðinni „minidúsa", eins og ég vil leyfa mér að kalla það, upp í einhvern hv. þm. Sunnlendinga, sem horfa nú fram á að fá ekki þá steinullarverksmiðju sem þeir væntu að þeir fengju. Þetta mál kemur upp á sama tíma, og það eru engin rök fyrir því að hefja framkvæmd við þetta ylræktarver eins og sakir standa. Engar athuganir hafa farið fram sem renna stoðum undir að þetta sé hagkvæmt, og nákvæmlega ekkert bendir til að í þessa framkvæmd verði ráðist. Herra forseti. Þess vegna er þetta dúsa upp í einhverja þm. til að fá þá til að samþykkja aðra liði þessarar áætlunar. Ég segi nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég vona að mér fyrirgefist þó að ég komi hér upp til að gera aths. við aths. hv. þm. Árna Gunnarssonar, þar sem hann hélt fram staðhæfingum sem ekki eiga sér neina stoð í raunveruleikanum. Hann sagði að við Sunnlendingar horfðum fram á að við fengjum ekki nefnda steinullarverksmiðju. Það er rangt. Alþingi á eftir að skera úr í því máli. (**HBl:** Þú beygir þig eins og vant er.)

Herra forseti. Þá kem ég að mínum aths. Það er mikill hraði í verksmiðjumálum nú á dögum, — svo mikill að það á að endurgreiða aðflutningsgjöld af einhverju fyrirtæki sem enginn veit hvar verður, hvernig verður, hversu dýrt né heldur hvað það á að framleiða. En þrátt fyrir þessa lítilfjörlegu galla á till. hefur það verið siður að fella niður aðflutningsgjöld með meira og næstum öll gjöld af hinni ýmsu stóriðju í landinu. Það á eftir að verða einhvern tíma í framtíðinni, áreiðanlega mjög fljótt, hæstv. iðnrh., stóriðja í ylrækt, og ég sé ekki neina ástæðu til að sú stóriðja, hin innlenda ylræktarstóriðja, fái ekki líka þessa afslætti, og þrátt fyrir allt dúsutal segi ég já.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég vil leiðrétta það sem kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni. Nefnd, sem vinnur að þessum málum, ritaði bréf til landbrh. 19. okt. 1981 og það var fljótlega, ég held að það hafi verið í janúarmánuði, sem landbrh. kom að máli við mig og sjálfsagt fleiri og taldi mikilvægt að þetta atriði lægi fyrir. Hér er um það að ræða, að þeir aðilar, sem hugsanlega vildu fara út í slíkan atvinnurekstur gangi að því sem vísu að heimilt sé að fella niður aðflutningsgjöld. Menn tala oft fagurlega um það hér á Alþingi að skapa eigi einstaklingunum skilyrði til að byggja upp atvinnurekstur. Það er verið að gera hér. En því miður má það vera rétt, að ekki muni vera til aðilar sem vildu notfæra sér þessi skilyrði. En það kemur skýrt fram í því bréfi, sem kom til nefndarinnar, að það er gert ráð fyrir að þetta ylræktarver, ef byggt verður, verði á svæðinu umhverfis eða við Hveragerði. Ég segi já.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Með hliðsjón af því, sem formaður fjh.- og viðskn. sagði áðan, vil ég óska eftir því við hann sérstaklega, að hann taki til athugunar milli 2. og 3. umr. hvort ekki sé rétt að taka samsvarandi ákvæði þessu inn varðandi trjákvoðuverksmiðju við Húsavík. Ég vil svo biðja hæstv. fjmrh. um að sjá svo til milli 2. og 3. umr. að þm. fái í hendur nauðsynlegar skýrslur og gögn um þetta ylræktarver til þess að þeir geti betur áttað sig á málinu. Við höfum fengið í hendur fjölmargar skýrslur um ýmsar verksmiðjur sem ekki er leitað heimildar fyrir að megi hefja byggingu á, en hér er sem sagt um að ræða verksmiðju sem ástæða þykir til að biðja um lánsheimild fyrir. Ég óska eftir að við fáum upplýsingar um þær hagkvæmniathuganir sem fram hafa komið, hvaða menn eigi hér hlut að máli, skýrslu um á hvaða rökum hæstv. ríkisstj. byggir þá beiðni sína, að þessi lánsfjárheimild sé veitt, og annað af því tagi. (**Gripið fram í:** Þetta er ekki lánsfjárheimild.) Þetta er lánsfjárheimild. (**Gripið fram í:** Nei.) Ég biðst afsökunar. Mér varð nú á. Þetta er heimild til að fella niður innflutningsgjöld. Ég óska eftir að nauðsynleg gögn um þetta mál verði send þm. svo að þeir geti áttað sig á þeim yfir helgina, áður en 3. umr. um lánsfjárlög fer fram. Á meðan þetta liggur ekki fyrir og meðan ég fæ ekki um þetta fullnægjandi upplýsingar treysti ég mér ekki til að taka afstöðu til málsins og greiða því ekki atkv.

Brtt. 503, 21 tekin aftur til 3. umr.
29. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Sameinað þing, 69. fundur.

Fimmtudaginn 25. mars, að loknum fundi í neðri deild.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 25. mars 1982.

Helgi Seljan, 2. þm. Austurl., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég sakir veikinda mun ekki geta sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður Alþb. í Austurlandskjördæmi, Sveinn Jónsson verkfræðingur, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í forföllum mínum."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Helgi Seljan,
forseti Ed."

Sveinn Jónsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili, rannsókn kjörbréfs hans þá farið fram og býð ég hann velkominn til starfa.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 331). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Sú till. til þál., sem ég mæli hér fyrir fyrir hönd Alþfl., er tvíþætt. Í fyrsta lagi er þeim vilja Alþingis beint til hæstv. utanrrh., að hann beiti sér fyrir því hvarvetna þar sem þess er kostur að fundin verði pólitísk lausn á deilumálum í El Salvador. Í öðru lagi er því beint sérstaklega til hæstv. utanrrh., að hann beiti sér eftir megni fyrir því, að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi við þá ríkisstjórn sem situr í landinu í skjóli hervalds.

Í samþykkt þessarar till. felst stefnuyfirlýsing Íslendinga í þeim málum sem nú eru efst á baugi í El Salvador. Í henni felst líka samúð Íslandinga með þjóðinni þar í þeim hörmungum ógnarstjórnar, ofbeldis og kúgunar sem hún má þola, á sama hátt og Alþingi lýsti samúð sinni á sínum tíma gagnvart sams konar ástandi í Póllandi. Þessi stefnuyfirlýsing er byggð á þeirri grundvallarforsendu, að ríkjandi hernaðarástandi verði að linna. Hún er byggð á því, að stuðningur Bandaríkjastjórnar Ronalds Reagans við stjórnvöld í El Salvador sé forkastanlegur og að sá stuðningur auki á hörmungar og kúgun og loks að einungis pólitísk lausn en ekki hernaðarleg sé til á þeim deilum sem í landinu geisa.

Svo til daglega berast nú fréttir af manndrápum, pyntingum og mannréttindabrotum í El Salvador. Samkv. heimildum frá fulltrúum kirkju- og mannréttindasamtaka hafa tugþúsundir manna verið myrtar á kerfisbundinn hátt í landinu á síðustu tveimur árum. Það er talið að um hálf milljón þjóðarinnar eða 10. hver landsmaður sé á flótta. Það er talið að tugir manna séu pyntaðir og drepnir á degi hverjum eins og sakir standa, þar á meðal fjöldi barna. Allar lýsingar mannréttindasamtaka upp á síðkastið staðfesta það, sem áður hefur komið fram, að mannréttindabrotum hefur fjölgað í El Salvador á undanförnum mánuðum frekar en hitt, hvað sem öllum yfirlýsingum líður.

Nýútkomin skýrsla Amnesty International ber einmitt vott um þetta. Þar er lýst hræðilegum voðaverkum stjórnarherranna gagnvart óbreyttum borgurum og flóttamönnum. Skýrslur mannréttindasamtaka, sem starfa í landinu, ber allar að sama brunni. Í þeim kemur fram, að stjórnvöld í El Salvador stefni markvisst að því að koma stjórnarandstæðingum fyrir kattarnef. Frásagnir af fjöldamorðum við Suppur-fljótið og Lempa-fljótið gefa til kynna hverjar hörmungar hér eru á ferðinni. Það er talið að a. m. k. 600 manns hafi verið drepnir við Rio Suppur, þar á meðal konur og börn. Þessum voðaverkum er tæpast hægt að lýsa.

Sænskur mannréttindafrömuður, Hans Jörgen Frank, sem var í El Salvador í janúar s. l., heyrði á fjögur vitni sem hefðu komist undan við fjöldamorðin í bökkum fljótsins Lempa, sem er á landamærum El Salvador og Hondúras. Vitnin lýstu því, hvernig a. m. k. 40 manns að þeim ásjáandi, konur og börn þar á meðal, voru myrtir á hinn hörmulegasta hátt. Karlmennirnir voru skotnir, börnunum var drekkt. Allt þetta fólk var flóttafólk gersamlega óvopnað. Þessar frásagnir hafa verið staðfestar í skýrslu Amnesty International. Fjöldamargir slíkir atburðir eru nú á skrá mannréttindasamtaka.

Þessir atburðir eru sífellt að gerast. Samfara sókn stjórnarhersins síðustu vikur hafa hrikaleg ógnarverk verið framin á óbreyttum borgurum. Það er talað um að um þúsund manns hafi verið myrtir í desembermánuði einum svo að dæmi sé tekið. Stjórnarhermenn hafa nú hafið nýja sókn, — sókn sem beinist m. a. að óbreyttum borgurum. Samkv. áreiðanlegum heimildum tóku stjórnarhermenn t. d. af lífi 124 smábændur í San Vicente Nýverið og önnur fjöldamorð hafa nýlega átt sér stað í El Campissino. Ég þarf ekki að rekja þetta lengur fyrir hv. deild. Hér hefur aðeins verið stiklað á fáeinum atriðum til að varpa ljósi á þau hrikalegu mannréttindabrot, þá kúgun og þá ógn sem gengur yfir landið. Í sumum tilvikum hópar hægri gamanna, en það hefur verið sýnt fram á tengsl milli herforingjastjórnarinnar og þessara öfgahópa.

Þeir eru til sem leggja að jöfnu baráttu vinstri- og miðjumanna í El Salvador fyrir bættu þjóðfélagi annars vegar og hins vegar ógnarverk hersins og dauðasveitanna. Þessari skoðun hefur brugðið fyrir á síðum dagblaðanna, t. d. í Morgunblaðinu, en ekki síður í Dagblaðinu og Vísi. Hið gagnstæða er auðsætt hverjum manni sem kynnir sér sögu síðustu tveggja ára í El Salvador. Þá sést hverjir það eru sem eru kúgaðir í landinu, hverjir það eru, sem eru hundeltir af her, lögreglu og dauðasveitum, og hverjir þeir eru, sem hafa á hinn bóginn kerfisbundið staðið að voðaverkum. Bandaríska tímaritið Time fullyrðir t. d. hinn 22. febr. s. l., að í landinu hafi fjöldi manna verið myrtur með köldu blóði, og bætir við: „Að mestu leyti hafa dauðasveitir hægri manna staðið að þessum morðum ásamt öryggissveitum landsins."

Allar þessar upplýsingar sýna og sanna að með engu móti verður því haldið fram, eins og ríkisstjórn Ronalds Reagans hefur gert, að framfarir hafi átt sér stað í mannréttindamálum í El Salvador. Allt bendir til hins gagnstæða, nefnilega að herforingjaklíkan og stjórnvöldin ætli með öllum ráðum að kveða niður öll önnur stjórnmálaöfl í landinu. Þessir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, stjórnarsinnarnir, halda ótrauðir áfram að ganga milli bols og höfuðs á öllum stjórnarandstæðingum og jafnvel fjölskyldum þeirra. Þeir, sem eru herforingjunum þóknanlegir, geta hins vegar leyft sér næstum hvað sem er. Það er athyglisvert að skoða hverjir

það eru sem geta verið þóknanlegir með þessum hætti. Dæmi um það er Roberto d'Aubnisson sem er í framboði fyrir einn flokka hægri manna. Roberto þessi er stofnandi eins af hryðjuverkahópum hægri öfgamanna og hann er reyndar undir grun um að hafa lagt á ráðin um morðið á Romero erkibiskupi og hefur jafnvel gefið það í skyn sjálfur.

Það fer ekki milli mála, að ríkisstjórnin í El Salvador ber ábyrgð á einhverjum mestu fjöldamorðum síðustu ára, og það sem verra er: það má fullyrða að núverandi ríkisstjórn í landinu sé við völd vegna stuðnings ríkisstjórnar Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta. Landið hlaut ótaldar milljónir dollara á síðasta ári í efnahags- og hernaðarstuðning og alltaf er þessi stuðningur að aukast. Það er engin tilviljun að samlíkingin við Víetnam heyrist nú æ oftar nefnd í sambandi við þessa atburði. Fjöldi ábyrgra ríkisstjórna víða um heim hefur reynt að hafa áhrif á stjórnvöld í Bandaríkjunum og fá þau til að breyta stefnu sinni í þessum heimshluta. Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur ítrekað vakið athygli á þessu ástandi og ályktað um það. Það er líka rétt að benda sérstaklega á yfirlýsingu utanrrh. Mexíkó og Frakklands frá 28. ágúst 1981, þar sem fram kemur ótvíræður stuðningur við frelsisöflin í El Salvador. Afstaða fjölmargra ríkja hefur einmitt tekið mið af þessari yfirlýsingu. Ég vil því leyfa mér, með leyfi forseta, að vitna í meginefni hennar, en þar segir m. a.:

„Það er alfarið á valdi alþýðumanna í El Salvador að finna réttláta og varanlega lausn á þeim miklu hörmungum sem yfir landslýð hafa dunið. Ríkisstjórnir Frakklands og Mexíkó viðurkenna að bandalag stjórnarandstöðunnar FMLN og FDR er fluttrúi stjórnmálaafla sem reiðubúin eru til þess að axla ábyrgð og taka á sig þau réttindi sem eru því samfara. Það er því lágmark að bandalagið fái að taka þátt í undirbúningi samingaviðræðna sem hljóta að vera forsenda pólítískrar lausnar."

Hér lýkur tilvitnun minni í þessa yfirlýsingu. Í henni er það grundvallaratriði, að fólkið fái að ráða framtíð sinni sjálft án utanaðkomandi íhlutunar, og undir það vil ég sterklega taka. Í yfirlýsingunni er í annan stað stuðningur við stjórnarandstöðu landsins, FMLN og FDR, — stuðningur við hana sem stjórnmálaafl sem hafi fullan rétt til að hafa áhrif á gang mála. Undir þetta vil ég einnig taka. Skoðun okkar Alþfl.-manna er að stjórnarandstaðan eigi fullan og óskoraðan rétt á að njóta viðurkenningar og rétt á að taka þátt í undirbúningi samningaviðræðna sem séu forsenda pólitískrar lausnar. Við krefjumst þess, að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi við ógnarstjórnina í El Salvador. Í því felst vitaskuld jafnframt krafa um að stjórnarandstaðan, FDR, verði viðurkennd og fái að móta framtíðarskipan mála.

Við Alþfl.-menn höfum lagt ríka áherslu á að engin hernaðarlausn sé til í þessu máli. Stjórnin í El Salvador getur vitaskuld haldið áfram að fangelsa og deyða vinstrisinna og miðjumenn og fjölskyldur þeirra, en reynslan ætti að kenna ríkisstjórn Ronalds Reagans að aðrir munu koma í þeirra stað. Það mun ekkert vinnast til framtíðar með þessum aðgerðum. Það verður einungis frekar spillt fyrir. Þess vegna væri líka skynsamlegt af ríkisstjórn Ronalds Reagans að sjá til þess, að stjórnarandstaðan fengi rétt til áhrifa.

Ef litið er á þann stuðning, sem yfirlýsing utanrrh. Frakklands og Mexíkó hefur hlotið, er ekki um að villast hvaða stefna það er sem flestar hinna frjálsu þjóða heims aðhyllast. Þetta sést einnig berlega á undirtektum við boði Bandaríkjastjórnar um að aðrar þjóðir sendi fulltrúa til að fylgjast með kosningum í El Salvador sem fyrirhugaðar eru um næstkomandi helgi. Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur, eins og kunnugt er, tekið undir yfirlýsingu utanrrh. Mexíkó og Frakklands, en mánuði eftir að sú yfirlýsing var undirrituð lýsti ríkisstjórn Hollands yfir stuðningi við FDR sem eitt af stjórnmálaöflunum í landinu, og í yfirlýsingu utanrrh. Hollands, Max van der Stoel, kemur fram eindreginn vilji fyrir því að FMLN og FDR fái að taka þátt í samningum um lausn deilunnar. Ríkisstjórnir Norðurlanda og jafnaðarmannaflokkarnir á Norðurlöndum hafa ítrekað sett fram margþætta gagnrýni sína á stefnu Bandaríkjastjórnar í málefnum Mið-Ameríku. Í því sambandi nægir að minna á ummæli Ankers Jörgensens forsrh. Danmerkur, sem gagnrýndi Bandaríkjastjórn harðlega fyrir afskipti hennar af málefnum El Salvador. Í annan stað má minna á það, að fyrrv. varnarmálaráðherra Noregs, Stoltenberg, sagði nýlega að stefna Bandaríkjanna í þessum heimshluta væri að grafa undan varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins. Í sama streng hafa tekið fjölmargir virtir stjórnmálaleiðtogar í Evrópu og víðar, m. a. Dennis Healy talsmaður verkamannaflokksins breska í utanríkismálum, en hann sagði í Lundúnum s. l. haust að stefna Bandaríkjanna í þessum heimshluta væri ekki aðeins megn ástæða mannlegra hörmunga í landinu, heldur væri hún alvarleg ógnun við einingu Vesturlanda.

Aðeins fáeinar ríkisstjórnir hafa þegið boð ríkisstjórnar Bandaríkjanna um að senda fulltrúa til að fylgjast með kosningunum sem fyrirhugaðar eru um næstkomandi helgi. Það sýnir vel hvern hug þessar ríkisstjórnir bera til stefnunnar í málefnum El Salvador og hvaða trú þær hafa á þeim kosningum sem fram undan eru. Það munu hafa verið um 60 ríkisstjórnir, sem fengu boð um að senda fulltrúa, en aðeins fáeinar hafa þegið boðið og einkum þá þekktar einræðisstjórnir, sem kunnar eru af sambandi sínu við herforingjastjórnina í El Salvador. Af þessu ætti að vera ljóst að ríkisstjórn Ronalds Reagans hefur smám saman verið að einangrast í þessu máli.

En það hafa líka orðið fleiri til að álykta um þessi mál. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna lýsti nýlega yfir miklum áhyggjum sínum vegna stöðugt versnandi ástands í El Salvador og skoraði á deiluaðila að ná samkomulagi með samningaviðræðum og á alla aðila, sem sent hafa hergögn til El Salvador, að hætta því nú þegar.

Evrópuþingið fordæmdi líka nýlega stefnu ríkisstjórnar Ronalds Reagans í El Salvador og lýsti yfir stuðningi sínum við friðarviðræður samkv. þeim hugmyndum sem forseti Mexíkó hefur lagt til að komið yrði á fót. Evrópuþingið lýsti einnig yfir áhyggjum sínum vegna þeirra kosninga sem fram eiga að fara um næstu helgi. Í ályktun Evrópuráðsins segir að ekki verði hægt að líta á kosningar þessar sem frjálsar kosningar þar sem ekkert stjórnmálalegt frelsi hafi verið tryggt í landinu og frambjóðendur stjórnarandstöðunnar eigi morðtilræði yfir höfði sér hafi þeir sig á annað borð í frammi.

Í sambandi við þessar kosningar verður ekki komist hjá því að svara fáeinum grundvallarspurningum. Hvernig er unnt að halda frjálsar kosningar þegar hernaðarástand ríkir í landinu? Hvernig er unnt að ætlast til þess, að stjórnarandstæðingar taki þátt í þessum kosn-

ingum, þó ekki nema vegna þess að þeir verða að vera í felum fyrir öfgahópum sem njóta stuðnings ríkisstjórnarinnar og verndar? Hvernig er unnt að tala um frjálsar kosningar þegar engir vinstri eða miðflokkar eru í framboði og geta það augljóslega ekki af ofangreindum ástæðum. Að nefna þetta frjálsar kosningar er auðvitað öfugmæli.

Ekki verður heldur hjá því komist að svara þeirri spurningu, hvað mundi breytast að þessum kosningum gengnum, ef þær verða haldnar. Napoleon Duarte getur með kosningaúrslitum talið sig hafa fengið eins konar umboð til að stjórna áfram. Telja menn að í því felist einhver lausn mála? Ríkisstjórn hans hefur einmitt skapað það ofbeldisástand sem nú ríkir í landinu. Ekki mun það breytast þó kosið hafi verið. Annar kostur er sá, að niðurstaðan verði sigur einhverra af þeim hægri og fasistaflokkum sem bjóða fram við hlið Duartes. Hafa menn trú á að það þýði betri tíð? Ég hef ekki trú að því. Ofbeldisöflunum mun verða beitt gegn landsmönnum af ekki minni hörku en fyrr. Ég held að það sé ljóst og því verði ekki móti mælt, að í besta falli sé ríkisstjórn Ronalds Reagans ekki enn að fullu ljóst hvert stefnir, hún geri sér ekki grein fyrir þeirri blindgötu sem hún hefur komið málum í í þessu landi.

Því hefur verið haldið fram af ríkisstjórn Ronalds Reagans að Kúbumenn og Sovétmenn og Nicaraguamenn standi að baki skæruliða í El Salvador. Þetta hefur ekki verið sannað. Nýlega komu fréttir af hermanni sem hafði verið fluttur til Washington til að bera vitni um þetta. Þegar hann kom á leiðarenda upplýsti hann að hann hefði verið pyntaður til að gangast undir að gefa slíka yfirlýsingu, þetta væri fals eitt og ekki satt.

Sannleikurinn í þessu máli verður sjálfsagt vandfundinn, en hitt er það, að ríkisstjórn Ronalds Reagans stimplar alla stjórnarandstæðinga sem vinstri öfgamenn og kommúnista. Gott dæmi um þetta er jafnaðarmaðurinn Manuel Ungo, sem er í forsvari fyrir stjórnarandstæðingum í El Salvador. Hann er formaður FDR. Ég átti þess kost í októbermánuði s. l. að kynnast þessum hógværa manni lítillega. Ég verð að segja að af samtölum mínum við hann fannst mér reyndar mikið til um einlægni hans og lýðræðisást. Þar var ekki gífuryrðunum fyrir að fara, en þunginn í málflutningi var mikill. Það þarf enginn að efast um að Manuel Ungo sé lýðræðissinni, þessi fyrrum ráðh. sem sagði af sér þegar ríkisstjórn, sem hann tók sæti í, fékkst ekki til að koma á þeim umbótum sem lofað hafði verið.

Þetta er maður, sem settist í sæti félaga síns, sem hafði verið í forustu fyrir FDR, en var myrtur á blaðamannafundi. Það var athyglisvert að heyra þennan mann lýsa því, hvers vegna ekki væri mögulegt að taka þátt í kosningunum, sem þá voru fyrirhugaðar — og eru það reyndar enn, hinn 28. þessa mánaðar. Hann sá nauðsyn þess, að heiðarlegar kosningar færu fram í landinu, og vill einbeita sér að því, að það verði gert. En hann benti á og hann hefur sífelldlega bent á að fáir geti tekið þátt í kosningum þar sem útkoman er fangelsi og ofsóknir, ótti og svik. Skoðun hans er sú, að fyrst verði að koma á vopnahléi og viðræðum milli deiluaðila og breiðri stjórn sem geti tryggt lýðræði í landinu. Þessi maður, Manuel Ungo, vildi ekki beita vopnaðri baráttu þar til fyrir tiltölulega skömmu, þegar hann sannfærðist um að lýðræðissinnar í El Salvador, vinstrimenn og miðjumenn, ættu ekki annars úrkosta.

Spurningin er þessi: Á að útiloka stóran hluta þjóðarinnar frá stjórnmálaafskiptum eða á fólkið í landinu og þá öll stjórnmálasamtök að fá ákvörðunarrétt um framtíð landsins? Með því að beita sér fyrir kosningum í landinu við núverandi aðstæður, þar sem aðeins hægri öflin og fasistar bjóða fram, eru menn að leggja blessun sína yfir tvennt: Í fyrsta lagi eru menn að horfa fram hjá þeim fjöldamorðum, sem ríkisstjórn Duartes ber ábyrgð á, og í öðru lagi er verið að leggja blessun yfir gerspillt þjóðfélagskerfi sem er í sjálfu sér rótin að vandamálunum í landinu og reyndar í allri Mið-Ameríku. Þessi tvö sjónarmið takast á í þessu máli um þessar mundir. Ég er ekki í neinum vafa um hvoru sjónarmiðinu Íslendingar vilja fylgja. Því er haldið fram, einkum af talsmönnum ríkisstjórnar Ronalds Reagans, að átökin í El Salvador séu um leið átök milli austurs og vesturs. Ég er sannfærður um að allir, sem eitthvað hafa kynnt sér aðstæður fólks í landinu, sjái að vitaskuld þarf engin utanaðkomandi áhrif til þess að fólkið rísi upp og myndi hreyfingar gegn ríkjandi öflum. Kúgunin hefur verið svo gegndarlaus. Þegar þjóðir Mið-Ameríku rísa upp gegn stjórnarherrunum er það vegna ástandsins sjálfs. Þar þarf enga „inspirasjon" frá kommúnistum eða Sovétríkjunum. Það sýnir sig líka að fyrir hvern liðsmann þjóðfrelsishreyfingarinnar, sem fellur eða felldur er, bætast tíu nýir í hópinn. Það má segja að þessi ógnarstjórn, sem er í El Salvador, vinni þannig gegn sjálfri sér. Virt bandarísk blöð viðurkenna þetta og svo hitt, að baráttuvilji stjórnarhermanna fari sífellt þverrandi. En ef ríkisstjórn Ronalds Reagans heldur áfram stefnu sinni getur vel verið að henni takist að hrekja þetta fólk í faðm kommúnismans. Það má ekki gerast.

Þjóðfrelsishreyfingin FDR leggur áherslu á samningaleiðina. Hún er reiðubúin að taka þátt í breiðri ríkisstjórn með þátttöku Duartes og jafnvel hluta hersins, svo framarlega sem haldnar yrðu kosningar sex mánuðum síðar. FDR hefur líka samið stefnuskrá sem m. a. tekur til utanríkismála. Það má geta þess, að í henni er sérstaklega tekið fram að leggja verði áherslu á gott samband við Bandaríkin.

Það er enginn vafi á að lausnin á þessu máli er í rauninni í höndum Bandaríkjastjórnar. Það er afstaða hennar og afskipti sem ráða úrslitum. Fleiri og fleiri Bandaríkjamenn sjá þetta og sjá að stefnir í óefni. T. d. hafa yfir 100 bandarískir þingmenn hvatt ríkisstjórn Ronalds Reagans til að fara samningaleiðina. Það er mikilvægt að allir, og þá við líka, leggist á eitt um að beita sér af alefli fyrir samningaleiðinni og gegn þeirri stefnu sem nú er uppi af hálfu ríkisstjórnar Ronalds Reagans.

Herra forseti. Þegar málefni El Salvador komu til umr. hér í þinginu í byrjun febrúar vegna fsp. minnar um afstöðu ríkisstj. til stjórnvalda og atburða þar í landi lýsti hæstv. utanrrh. Ólafur Jóhannesson stjórn Duartes sem hreinni ógnarstjórn. Hæstv. utanrrh. sagði að ástandið í landinu væri hörmulegt, þar sem auðæfi liggi á fárra manna höndum, en allur almenningur búi við sárustu neyð. Hann sagði enn fremur: Núv. ríkisstjórn í El Salvador hefur gefið loforð um úrbætur, en hægt virðist ætla að miða að hrinda þeim í framkvæmd. Ég vil svo sannarlega taka undir þessi orð hæstv. utanrrh. og ég tel rökrétt framhald þeirra vera að samþykkja þá þáltill. sem ég mæli hér fyrir, enda vænti ég góðrar samvinnu við hæstv. utanrrh. um framgang málsins.

Við þessar umr. í febrúarmánuði benti hæstv. utanrrh.

einnig á áskoranir Allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um að ríkisstjórnir heims sendu ekki vopn til El Salvador. Það verður að teljast sjálfsagt að minnt sé á þessar áskoranir Sameinuðu þjóðanna, samtaka allra þjóða heims, sem hæstv. utanrrh. gerði að umtalsefni, eins og gert er í þeirri þáltill. sem ég mæli hér fyrir. Ég skil hæstv. utanrrh. svo, að hann hafi með þessum orðum verið að taka undir þau sjónarmið sem við Alþfl.-menn höfum borið fram í þessu máli. Ég leyfi mér að vænta þess, að allir þingmenn geti tekið undir þessi sjónarmið og samþykkt þá till. sem hér er flutt. Hinu þjóðfélagslega misrétti í El Salvador er viðhaldið með ógnarstjórn, og hún situr við völd vegna stuðnings og aðstoðar frá ríkisstjórn Ronalds Reagans, bæði í fjárhagslegum og hernaðarlegum skilningi.

Sumar ríkisstjórnir hafa gengið lengra í stuðningi sínum við stjórnarandstöðuna í El Salvador en þessi till. gerir ráð fyrir. Ég hefði gjarnan kosið að stuðningur okkar Íslendinga gæti gengið lengra í þá átt og í átt við skoðun okkar Alþfl.-manna og verið t. a. m. í sama formi og yfirlýsing utanrrh. Mexíkó og Frakklands. En með tilliti til ýmissa sjónarmiða, sem ég hef orðið var við hér á landi, taldi ég rétt að velja það orðalag á þáltill., sem valið hefur verið, til þess að sem víðtækust samstaða geti tekist um þessa till. um viljayfirlýsingu Íslendinga.

Herra forseti. Við Alþfl.-menn höfum ítrekað lýst samstöðu og samúð með hinum almenna borgara í þessu stríðshrjáða landi. Við teljum að rödd Íslands út á við skipti máli. Við teljum að sú rödd eigi að tala máli alþýðunnar í El Salvador. Því leggjum við til að því sjónarmiði verði komið á framfæri við Bandaríkjastjórn, að hún hætti öllum hernaðarstuðningi við ógnarstjórnina í El Salvador. Ef hernaðarstuðningnum verði hætt verður ríkisstjórnin í El Salvador að koma til móts við vilja þjóðarinnar. Þessi till., sem ég mæli hér fyrir, er flutt til að leggja okkar lóð á vogarskálina svo að einmitt þetta megi verða og til að stuðlað verði eftir mætti að pólitískri lausn á þeim hörmungum sem þarna dynja yfir.

Herra forseti. Ég legg til að þessari till. verði vísað til hæstv. utanrmn. að lokinni þessari umr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Um þessar mundir er mikið rætt og ritað um ástandið í Mið- og Suður-Ameríku. Augu heimsins hafa beinst meira en oftast áður að þessu landssvæði þótt þar séu hryðjuverk og mannréttindabrot ekkert nýnæmi.

Flestar þjóðir Mið- og Suður-Ameríku hafa orðið að búa við einræði og harðstjórn um langan aldur. Byltingar hafa verið daglegt brauð og ríkisstjórnir oftast verið herforingjastjórnir sem troðið hafa á almennum mannréttindum.

Sú till., sem hér er til umr. og snertir ástandið í El Salvador og afstöðu Bandaríkjanna til þess, er sú fyrsta sinnar tegundar sem kemur fram hér hjá okkur á hv. Alþingi. Mér er ekki kunnugt um að Alþingi Íslendinga hafi nokkurn tíma fyrr ályktað um ástand mála á þessu landssvæði né heldur að slíkar ályktunartillögur hafi verið lagðar fram. Það hlýtur að vera áhorfsmál hvenær íslenska þingið eigi að ályktа sérstaklega um atburði í einstökum ríkjum. Meginspurningin er því sú, hvort ályktа skuli í þessu máli fremur en öðrum málum sem augu heimsins beinast að á hverjum tíma. Ef ályktа á í þessu máli, hví skal ekki ályktа um innrásina í Afganistan? Af hverju er ekki rætt hér á Alþingi um deilur Ísraels og Arabaríkja? Ber okkur að fordæma í þál. afskipti og hernaðarbrölt Kúbumanna í Afríku? Áttum við að ályktа um Kampútseu og innrás Víetnama í það land? Svo mætti lengi telja. Auðvitað ber okkur að ræða þessi mál og skiptast á skoðunum þegar skýrsla utanrrh. er til umræðu, og það hefur ætíð verið gert.

Mér er nær að halda, enda hefur það komið fram í ræðu hv. frsm. þessarar þáltill., að ályktun Alþingis og ríkisstjórnar Íslands um ástandið í Póllandi í desember s. l. hafi orðið kveikjan að því að nú koma fram á Alþingi þáltill. um ástandið í einstökum ríkjum og áskoranir til íslensku ríkisstjórnarinnar um að beita sér með ákveðnum aðilum til stuðnings vissum málefnum, t. d. því sem allir Íslendingar geta verið sammála um að gera kröfur til hjá öllum þjóðum, en það er að mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna sé haldinn. Um þetta held ég að allir þingmenn allra flokka hér á Alþingi geti verið sammála.

Af minni hyggju var þáltill. um Pólland sjálfsögð og nauðsynleg. Til þess liggja ýmsar ástæður, eins og t. d. mikil skipti okkar og Pólverja, ekki aðeins á sviði vörukaupa og vörusölu, heldur einnig vegna menningartengsla, þekkingar okkar á sögu þeirra og list, samúð okkar Íslendinga með baráttu þeirra í gegnum aldirnar fyrir frelsi sínu, og síðast en ekki síst þýðing þróunarinnar í Póllandi fyrir varanlegan frið í Evrópu. Þá ber þess að geta, að áður en Pólverjar komu á herforingjastjórn, settu á herlög og afnámu rétt Samstöðu til athafna og starfa í pólsku þjóðfélagi höfðu, ef ég man rétt, Alþýðusamband Íslands og íslenska þjóðkirkjan ásamt kaþólsku kirkjunni hér á landi ákveðið að efna til samskota meðal íslensku þjóðarinnar til að styðja Pólverja í efnahagslegri neyð þeirra. Auk samþykktar Alþingis sá íslenska ríkisstjórnin ástæðu til að ályktа sérstaklega um Póllandsmálið og voru ástæður án efa þær sömu og hjá Alþingi Íslendinga.

Til viðbótar má ég kannske benda á að e. t. v. er ekki sísta ástæðan sá mannlegi eiginleiki að hugsa fyrst til þess sem næst okkur stendur og okkur er skyldast, til okkar eigin fjölskyldu, til nágranna okkar, til landa okkar og svo nágranna okkar í næstu löndum. Það er erfitt fyrir okkur hér uppi á Íslandi oft á tíðum að gera okkur grein fyrir hvað er að gerast í fjarlægum löndum sem við sjálfir höfum afskaplega lítil samskipti við og verðum í flestum tilfellum að byggja skoðanir okkar á upplýsingum fjölmiðla. Við vitum að í þeim upplýsingum eru ákaflega skiptar skoðanir og fer oft eftir því, hvernig viðkomandi fjölmiðlar taka á þessum sömu málum, — fjölmiðlar sem í flestum tilfellum eru bundnir ákveðnum pólitískum skoðunum og stuðningi við ákveðnar þjóðir.

Það hefur því reynst mér hvað best, ef ég hef reynt að setja mig inn í slík mál, að leita upplýsinga hjá þeim sem ég hef trú á að fari með rétt mál og túlki skoðanir sem falli að skoðunum manns sjálfs. Í þessu tilfelli er það hiklaust Amnesty International, kirkjan, þegar hún á í hlut, og hjá mér persónulega enn frekar í sambandi við þetta mál upplýsingar sem ég hef fengið á liðnum árum frá bandarísku verkalýðshreyfingunni, en ég hef nú um nokkurra missera skeið fengið að fylgjast með hvernig Bandaríkjamenn hafa aðstoðað og unnið með innlendum aðilum meðal almennings, meðal fátækra smábænda og landbúnaðarverkafólks í Mið-Ameríku, að því að rétta hag þessa fólks.

Þegar litið er yfir ástandið í El Salvador í heild má taka

undir það sem sagt hefur verið, að síðustu mánuði hefur stríðið í El Salvador verið tvíþætt: annars vegar borgarastríð um völdin í landinu, hins vegar áróðursstríð á alþjóðavettvangi.

Í borgarastríðinu takast á þrír aðilar: Öfgamenn til hægri, fulltrúar gömlu landeigendanna sem farið hafa með öll völd í landinu með stuðningi ólíkra fylkinga í hernum. Ríkisstjórnin, sem upphaflega var mynduð sem miðjuafl, en hefur færst yfir á hægri vænginn vegna þess að hinir vinstrisinnuðu hafa kosið vopnin í stað þess að reyna að feta veg lýðræðisins og taka þátt í stjórn landsins. Öfgamenn til vinstri hafa stofnað skæruliðasveitir sem í engu gefa eftir að grimmd og mannvonsku þeim sveitum sem starfa fyrir öfgalið til hægri. Þær herja á stjórnarhermenn.

Síðan er áróðursstríðið á alþjóðavettvangi. Þar eru helstu þátttakendur Bandaríkin og Sovétríkin og svo að sjálfsögðu fylgifiskar þeirra, allt niður í einstaka þingmenn á þjóðþingum, eins og við verðum átakanlega varir við á Alþingi Íslendinga, svo og fjölmiðlamenn sem allt í einu eru orðnir þátttakendur í slíkum atburðum með sinni afstöðu.

Það er auðvitað engin launung á því, eins og kom fram hjá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, að Bandaríkin styðja þá ríkisstjórn í El Salvador sem er við völd. Þar eru jafnframt nokkrir tugir bandarískra hernaðarráðgjafa um þessar mundir, að mér er tjáð. Sovétstjórnin hefur hins vegar kosið að fara þær leiðir sem henni eru kærastar í öllum löndum öðrum en Afganistan og Austur-Evrópuríkjunum. Hún leitast við að fela sinn hernaðarlega stuðning við öfgamenn til vinstri sem víða eru að störfum og eru annaðhvort bundnir skipulegum kommúnistaflokkum eða öðrum vinstri öflum. Það er ekki lengur þrætt um það, hvort Sovétmenn og Kúbumenn taki þátt í baráttu með svokölluðum þjóðfrelsisöflum í Afríku, ég endurtek: Afríku, það hefur verið viðurkennt og sannað.

Enn þá láta þessir sömu aðilar svo sem hendur þeirra séu hreinar af blóðbaðinu í El Salvador. Er reyndar sömu sögu að segja um ráðamenn í Nicaragua, nágrannaríki El Salvador. Þar eru komnir til valda skoðanabræður þeirra sem ráða í Sovétríkjunum og Kúbu og þangað er veitt gífurlega miklu fé og afli til þess að koma á fót öflugasta her í Mið-Ameríku. En ég held að samt sem áður sé óhætt að taka undir þá skoðun blaðamanns, sem lét í sér heyra í tímaritinu Newsweek fyrir skömmu, að þrátt fyrir mikinn stuðning bæði Castros og Sandinista, fyrir hönd Sovétríkjanna, við byltingarmenn í El Salvador sé ekki hægt að telja þá vera ástæðuna fyrir þeim mikla óróa sem nú ríkir í Mið-Ameríku. Við verðum að hafa það í huga, að í gegnum aldirnar hefur fátæktin og kúgunin verið landlæg í þessum löndum og það eru einræðisherrar þessara landa sem hafa átt mestan þátt í því að sá því sæði uppreisnar sem nú fer vaxandi og virðist víða vera að bera ávöxt. Það er ekki Kúba sem er ástæðan fyrir óróleikunum á þessu svæði. Hins vegar hafa stjórnendur Kúbu notað sér út í ystu æsar tækifæri sem þar hefur gefist, er haft eftir einum bandarískum starfsmanni utanríkisráðuneytisins á þessu svæði.

Ég held að skynsömum mönnum, sem líta hlutlaust á málin, sé ljóst að jafnvel þótt Reagan forseti Bandaríkjanna gæti komið í veg fyrir aðgerðir utanaðkomandi afla, eins og þeirra á Kúbu og í Nicaragua, þá er svo mikið af uppsöfnuðum vandræðum og þjóðfélagslegu óréttlæti í mörgum þessara ríkja að þau mundu halda áfram að loga, loga óróleikans og loga byltingar, sem nú geisar ekki aðeins í því landi sem við höfum nú sérstaklega til umræðu í sambandi við þetta mál.

Það er því óhætt að taka fyllilega undir þau orð hæstv. utanrrh. sem hann viðhafði í svari sínu við fsp. hér í Sþ. ekki alls fyrir löngu. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta: „Undirrót þess skelfingarástands, sem ríkt hefur í El Salvador, er án alls vafa hið gífurlega þjóðfélagslega óréttlæti, sem þar hefur viðgengist, og það hyldýpi, sem skilur hina fámennu yfirstétt frá öllum landslýð."

El Salvador hefur um áratugaskeið haft einhverja hæstu hlutfallstölu eignalausra landbúnaðarverkamanna og leiguliða sem nokkurs staðar finnst í latnesku Ameríku. Bág kjör þeirra í landinu hafa haft mikil áhrif á hina pólitísku stöðu innanlands, átt sinn þátt í sívaxandi ólgu sem hefur leitt til blóðugra átaka. Það sem skeði árið 1980, þegar gengið var í að skipta jarðeignum upp, var mjög mikilvægt í sambandi við alla þróun í átt til lýðræðislegra stjórnarhátta, enda nutu þær aðgerðir mikils stuðnings í landinu.

Það var 6. mars 1980 sem stjórn El Salvador samþykkti þessa jarðeignaskiptingaráætlun. Þegar hún kemst til framkvæmda — sem ég bæði vona og veit að mun verða í framtíðinni vegna þess m. a. að þetta er eina ráðið til þess að leysa vandamálin í þessu landi — þá verður um að ræða eina mestu umbreytingu í landbúnaði í allri sögu Mið- og Suður-Ameríku. Þessi áætlun var í þremur þrepum og ef öll þrjú þrep hennar hefðu náð fram hefði hún flutt eignarrétt á landi til um 225 þús. fjölskyldna af um 300 þús. fjölskyldum landbúnaðarverkamanna í landinu.

Forustusveit þeirra, sem barist hafa fyrir þessu átaki, er samband smábænda eða þrýstihópur þeirra, eins og sumir vilja kalla, sem kallaður hefur verið Union Comunal Salvadoriana. Þessi hópur eða samtök voru stofnuð 1966 með aðstoð frá samtökum sem eiga uppruna sinn í stuðningi bandarísku verkalýðshreyfingarinnar, sömu samtökum og hafa aðstoðað við skipulag og þróun í málum fátækra smábænda í Mið- og Suður-Ameríku.

Stjórnendur í El Salvador, sem þar réðu þegar ákveðið var að taka til við þessa breytingu og tilfærslu jarðeigna, leituðu einmitt aðstoðar þessara samtaka við að koma breytingunni á. Vegna þess að samtökin nutu mikils stuðnings í sveitum landsins fékk ríkisstjórnin forseta þessa sambands til að stjórna áætluninni. Báðir aðilarnir voru þess fullvissir, að ef þeir gætu komið af stað borgarastyrjöld í landinu mundi sigurinn verða þeirra. Vitna ég hér til aðilanna, sem lögðust gegn þessu, öfgaaflanna til hægri og vinstri . Það er enginn vafi á því, að árásir beggja þessara aðila og launmorð eru hluti af áformum þeirra um að koma á óstöðugleika í landinu og kollvarpa ríkjandi stjórnvöldum, sem lengi framan af — og maður verður að trúa enn þá taka nokkurt tillit til þeirra réttinda sem áskilin eru í mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, a. m. k. þegar þeir vilja hlusta á skynsamlegar tillögur eins og komið hafa fram nú ekki alls fyrir löngu frá fulltrúum Mexíkó og Frakklands.

Þeir, sem að þessari landbúnaðaráætlun unnu og fylgdust með framvindunni, voru þess fullvissir og eru, að ef borgarastyrjöld nær hámarki í landinu eru öll líkindi til — og þessi tala hefur ekki verið vefengd — að a. m. k. 200 þús. manns muni láta lífið í þessu litla landi sem hefur aðeins 4.5 millj. íbúa. Og það sem kannske verra er: það eru allar líkur á að slík átök mundu leiða til

þess, að önnur lönd á svæðinu drægjust inn í þessa baráttu, eins og þegar er komið á daginn, með því að styðja annan hvorn hinna stríðandi aðila.

Það er skoðun margra — og sú skoðun er ekki sótt til Bandaríkjanna — að ef svokölluð vinstri byltingaröfl sigra í landinu muni samanburðurinn við stjórn Pol Pots í Kampútseu ekki verða mjög langsóttur. Þegar er reynsla komin á þetta í einu nágrannaríki El Salvador, Nicaragua. Það er ekki auðvelt fyrir okkur hér uppi á Íslandi, sem viljum láta ljós okkar skína á vandamál í þessum hluta heimsins eins og annars staðar, að gera okkur grein fyrir af hverju þetta litla land, El Salvador, er í raun fyrsti frambjóðandinn í það hlutverk að teljast jafngildi Kampútseu á vesturhveli jarðar og hvers vegna þessi endurskipulagning eða skipting jarðeigna, sem verið er að reyna að koma í framkvæmd við mjög erfiðar aðstæður, hefur haft slík áhrif á þetta ástand.

Því hefur verið haldið fram af sérfræðingum frá Sameinuðu þjóðunum, að í El Salvador finnist vandamál sem ríkjandi eru bæði í Asíu og í Mið- og Suður-Ameríku. Landið er lítið og þéttbýlt og þeir, sem kynnt hafa sér ástand þar, segja að íbúafjöldinn skiptist nokkurn veginn á þann hátt sem hér skal greina:

Um 2.4 millj. manna eða í kringum 400 þús. fjölskyldur lifa á þéttbýlissvæðum. Þar eru um 30% þessara manna atvinnulausir eða hafa mjög litla atvinnu. Mikið af þessu fólki hefur flúið til þéttbýlissvæðanna, til borganna úr fátækt dreifbýlisins, aðeins til þess að komast að þeirri ömurlegu staðreynd, að lífið er jafnslæmt þar og ekkert betra en í sveitunum. Þetta er sú ömurlega staðreynd sem fólk úr dreifbýli alls staðar í heiminum, þar sem fátækt ríkir, kemst að, sama hvort það er austur í Indlandi, í Afríku eða í Suður-Ameríku.

Af þeim 2.2 millj. íbúa, sem þá eru eftir, að frátöldum þeim sem í þéttbýlinu búa, eru um það bil 350 þús. fjölskyldur sem lifa enn úti í sveitum landsins. Aðeins lítill hluti þeirra vinnur störf sem ekki teljast til landbúnaðar eða á sinni eigin litlu jörð.

Þá eru eftir um það bil 300 þús. af þessum fjölskyldum, sem lifðu sem landeignalausir verkamenn allt fram að 6. mars 1980 þegar umrædd jarðeignalög voru sett. Stór hluti þessara jarðeignalausu fjölskyldna vann fyrir sér á stórum kaffi-, sykur- og baðmullarekrum í eigu ríkra landeigenda. Einmitt þessi staðreynd mun hafa vakið bandarísku verkalýðshreyfinguna til þess að sinna sömu skyldu og þeir tókust á herðar er þeir skipulögðu sveitir slíks fólks, þúsunda slíkra, tugþúsunda, sem unnu skyld störf í Bandaríkjunum, bæði í Kaliforníu og öðrum suðurríkjum Bandaríkjanna.

Í El Salvador mun stór hluti þessa fólks hafa aflað sér tekna eftir leiðum sem eru kannske þekktari í Asíu en í Suður- og Mið-Ameríku, sem leiguliðar á litlu ræktuðu svæði sem þeir svo greiddu fyrir með hluta af uppskeru sinni. Það er óhætt að fullyrða að stærsti hluti uppskerunnar af þeim 2—3 ekrum, sem þeir höfðu til umráða, hafi farið til þess að borga landeigandanum leiguna. Á nákvæmlega sama hátt og í Asíu gat landeigandinn í El Salvador átt t. d. 50 ekrur og leigt þær út til 50 fjölskyldna, verið alveg eins gráðugur og sá landeigandi sem bjó í borg í El Salvador og átti 10 sinnum stærra land. Þessar 300 þús. jarðeignalausu fjölskyldur eru um 40% af allri íbúatölu landsins.

Þetta hlutfall landbúnaðarverkamanna og leiguliða hefur ekki aðeins skapað vandamál í El Salvador, heldur má benda á fjölmörg lönd sem hafa búið við sama ástand og orðið að ganga í gegnum svipaða þróun. Sagan segir okkur frá Mexíkó og Rússlandi í byrjun aldarinnar, Kína á fjórða og fimmta áratug þessarar aldar, Bólivíu og Kúbu á sjötta áratugnum, Víetnam á þeim sjöunda, Eþíópíu og Nicaragua á áttunda áratugnum. Í öllum þessum löndum höfðu skapast djúpstæð vandamál, sem áttu rót sína að rekja til þess óréttlætis sem fólst í þessu ábúðar- og vinnufyrirkomulagi, og kom niður á stórum hluta af íbúafjölda dreifbýlisins sem nam — eins í El Salvador — allt að 1/3 af heildaríbúafjölda viðkomandi landa. Reyndar var þetta sama hlutfall í þeim löndum, sem ég hef þegar nefnt, og olli þeim stórfelldu átökum sem enduðu með falli þeirra stjórna sem þá voru við völd.

Að vísu þekkjum við önnur lönd þar sem skyld jarðeignavandamál voru leyst án slíkra átaka. Nálægt okkur stendur að sjálfsögðu Danmörk sem leysti sín vandamál á þessu sviði á áttunda tug 19. aldar. Við getum bent á Japan, Suður-Kóreu, Formósu á árunum eftir síðari heimsstyrjöld, og sjálfsagt finnast fleiri sem nefna mætti.

Þrátt fyrir þær skoðanir sem menn almennt hafa á vopnastuðningi Bandaríkjanna við hægri harðstjórnaröflin í El Salvador og víðar, sem ég tek undir, þá mótmælir enginn því, að Bandaríkin hafa víðs vegar um heim veitt mikilsverðan stuðning til að efla efnahag landanna. Þekkjum við Íslendingar góð dæmi þess.

Því hefur verið haldið fram, að sá stuðningur, sem Bandaríkin höfðu veitt El Salvador allt fram á sjötta áratug þessarar aldar, hafi ekki náð tilgangi sínum vegna þess að í þeim stuðningi var lögð áhersla á þróun iðnaðar og byggingu ýmissa risamannvirkja, eins og hafna og þjóðvega. Þeim, sem þar lögðu á ráðin, hafði sést yfir að þau lönd, sem Bandaríkin studdu til þess að koma á breytingum í sínum landbúnaði, voru löndin sem komust hjá bændabyltingu, eins og átti sér stað á Kúbu og í Víetnam, og þessar aðgerðir urðu ekki aðeins til þess að komist var hjá blóðugum innanlandsátökum, heldur til þess að efnahagur þessara landa og alls almennings tók stórstígum framförum, langt fram yfir það sem gerðist hjá nágrönnum þeirra í Asíu. Og það er alls ekkert erfitt að finna ástæðuna. Bændur, sem eiga landið, framleiða miklu meira á landi sínu en annarra. Lönd, sem að meginhluta eru landbúnaðarlönd, þar sem bændur eiga sitt land, eru þess umkomin að framleiða svo að umframbirgðir verða. Þetta verður til þess að fjármunir komast á hendur fjölda fólks sem eru hinir eiginlegu neytendur. Síðan færist fjármagnið aftur í gegnum margs konar þjónustu til bygginga og enn frekari þjónustu, til iðnaðar og til fjárfestingar í landbúnaði. Og ég leyfi mér að fullyrða að það eru engir aðrir en Bandaríkjamenn sem þekkja þetta mál hvað best. Þeir hafa gengið í gegnum slíka þróun í sínum landbúnaði sjálfir og má rekja það til svokallaðra Homestead-laga sem sett voru árið 1862. Með þeim var það einmitt fjölskyldulandeignin sem varð grundvöllur að framleiðsluaukningunni í amerískum landbúnaði mið- og vesturríkjum Bandaríkjanna. Auðvitað má til viðbótar benda á þá staðreynd, sem enginn getur mælt á móti, hvað varðar undirstöðufæðutegundir þessa fólks í Mið- og Suður-Ameríku og reyndar í Asíu líka, maís, hrísgrjón og hveiti, að alls staðar er það litli jarðeigandinn, sem vinnur á eigin jörð, sem framleiðir ekki aðeins meira en gert var með gamla fyrirkomulaginu, leiguliðakerfinu, heldur líka meira en svokallað samvinnukerfi sem við þekkjum frá löndum

sósíalismans hér í Vestur-Evrópu. Er nærtæk dæmi og lýsingar um það að finna frá Póllandi frá síðustu árum.

Það er ávallt spurning hvernig Íslendingar eða öllu heldur fulltrúar þeirra á alþjóðavettvangi eigi að taka á ýmsum þeim deilumálum sem uppi eru á hverjum tíma. Mér finnst að sjálfsögðu eðlilegt að tekin sé afstaða til þeirra mála út frá þeim meginsjónarmiðum sem við teljum að liggja eigi til grundvallar í samskiptum ríkja, þar sem tekið er tillit til sjálfsforræðis þeirra fyrst og fremst. Umfram allt hljóta þó Íslendingar að skipta sér af mannréttindamálum og vera í hópi þeirra ríkja sem harðast berjast fyrir því, að almenn mannréttindi séu virt í öllum ríkjum heims.

Á alþjóðavettvangi hafa Íslendingar unnið að þessum málum, og á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa Íslendingar ávallt stutt þær ályktanir sem leitt geta til þess, að mannréttindi séu í heiðri höfð. Eins og fram kemur í skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum voru mannréttindi í El Salvador til umræðu á 36. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Mexíkó, Danmörk, Svíþjóð og nokkur önnur lönd báru fram tillögu um ástand í mannréttindamálum í El Salvador. Eins og fram kemur í skýrslu um þátttöku Íslands í Allsherjarþinginu, var þetta umdeildasta tillagan í þriðju nefnd á 36. Allsherjarþinginu, enda var tillagan borin upp í óþökk stjórnvalda í El Salvador sem töldu að efni tillögunnar væri verulega vilhallt stjórnarandstæðingum og innihéldi ósannar og óstaðfestar ásakanir. Margar tilraunir voru gerðar til að fá flytjendur til að milda orðalagið, en það tókst ekki.

Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í tillögunni er lýst þungum áhyggjum yfir alvarlegu ástandi í mannréttindamálum í El Salvador og afleiðingum þess fyrir fólkið í landinu. Þá er harmað að ekki hafi tekist að ná samkomulagi stjórnmálaflokka þar um að efna til lýðræðislegra kosninga og stjórnarmyndunar án ofbeldis og ofsókna. Harmað er ofbeldisástand og mannréttindabrot, sérstaklega af völdum vopnaðra sveita á vegum stjórnvalda í landinu, er beri enga virðingu fyrir lífi og réttindum borgaranna. Skorað er á öll ríki að skipta sér ekki af innanríkismálum landsins og hætta allri hernaðaraðstoð við aðila þar, þannig að stjórnmálaöfl í landinu geti komið á friði, lögum og reglu. Þá er skorað á stjórnvöld að tryggja mannréttindi þjóðarinnar og stefna með því að friðsamlegri pólitískri lausn vandamála landsins.

Mannréttindanefndinni er falið að fjalla um málið á næsta fundi á grundvelli skýrslu sérstaks ráðunauts um ástandið. Loks er ákveðið að fjalla um málið á 37. Allsherjarþinginu."

Gengið var til atkvæða um tillöguna í nefnd og þingi og var hún samþykkt með 68 atkv. gegn 22, og ég held að 53 hafi setið hjá. Þessi ályktun var nr. 36 á þessu þingi. Norðurlönd greiddu öll tillögunni atkvæði ásamt Austurríki, Belgíu, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Lúxemborg og Vestur-Þýskalandi af Vesturlöndum. Hjá sátu m. a. Ástralía, Bretland, Japan, Kanada, Portúgal og Spánn. Á móti voru m. a. Bandaríkin og Ísrael. Þessar upplýsingar eru úr skýrslu utamnrrn. um störf fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum.

Það kemur jafnframt fram í þessari skýrslu, sem dreift hefur verið til allra hv. þm., að ýmsar fleiri ályktanir um mannréttindamál voru samþykktar á þinginu, þ. á m. um mannréttindi í Guatemala og auk þess stofnun mannréttindasjóðs til styrktar þeim er mannréttindi hafa verið brotin á í Chile með fangelsun eða frelsissviptingu eða þeir neyddir til að flýja land. Norðurlandaþjóðirnar fluttu þá tillögu og var Ísland í hópi flutningsaðila. Er það gott dæmi um störf íslenskra sendinefnda á alþjóðavettvangi að málefnum um mannréttindi.

Þá má geta þess, að á fundum Alþjóðaþingmannasambandsins, sem Alþingi Íslendinga er aðili að, hefur þetta mál verið á dagskrá og í sept. s. l. var samþykkt ályktun um mannréttindi í El Salvador á fundi Alþjóðaþingmannasambandsins sem haldinn var í Havana. Sú tillaga er efnislega eins og tillögur sem samþykktar hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, að öðru leyti en því, að þar er lýst yfir áhuga á sameiginlegri yfirlýsingu Mexíkó og Frakklands um ástandið í El Salvador. Sú yfirlýsing var gefin út eftir að Mitterand Frakklandsforseti hafði hitt Portillo, forseta Mexíkó, og þeir rætt þessi mál.

Í þessari sameiginlegu yfirlýsingu, sem gefin var út af utanríkisráðherrum landanna, er lagt til að samtökin FMLN og FDR verði viðurkennd sem lögmætir pólitískir aðilar og samið við þá um framtíða landsins og auk þess verði hafin uppbygging og þróun í lýðræðisátt undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna.

Meginágreiningurinn snýst þess vegna um það, hvort taka eigi mark á fyrirhuguðum kosningum í El Salvador, sem fram fara 28. mars n. k., eða hvort ekki séu forsendur fyrir þeim kosningum fyrr en samið hefur verið um framtíð landsins við foringja skæruliðahópanna í landinu.

Það er ljóst að FMLN og FDR bjóða ekki fram í þessum kosningum og telja kosningarnar hina mestu markleysu, en sjö flokkar, sem nú teljast til stjórnarandstöðu í El Salvador, munu taka þátt í kosningabaráttunni og hafa boðið fram. Óneitanlega læðist að manni sá grunur, að þeir aðilar svokallaðra byltingarafla, sem afneita þátttöku í kosningum þessum á þann hátt sem lýðræðisríki og þing þekkja, en boða hana í staðinn með bensínsprengjum, séu sjálfir ekki á hraðri leið til aukins lýðræðis né í átt til þess, að allir þegnarnir njóti einföldustu mannréttinda, eins og þátttöku í kosningum.

Það er auðvitað áhorfsmál hvort ræða eigi efnislega um ástandið í El Salvador, enda blandast þá inn í málið ástandið í heild á þessu heimssvæði. Umræður um það, sem er að gerast í El Salvador, taka að sjálfsögðu mið af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í nágrannaríkjunum, einkum í Nicaragua, þar sem Sandinistar hafa tekið völdin, í Hondúras, Guatemala og jafnvel í Costa Rica, þótt þar hafi verið kyrrt að undanförnu.

Það hefur verið mikið rætt og ritað um þessi mál í erlend blöð og innlend að undanförnu og framsögumaður vitnaði m. a. í nokkur slík skrif. M. a. hefur þetta verið gert vegna nýrrar stjórnar í Hondúras, vegna gervikosninga og harðstjórnar í Guatemala vegna afnáms mannréttinda þar, — ég tek þó fram að getur verið breytt frá því að ég samdi þessa ræðu, því að mér skilst að annaðhvort í gær eða fyrradag hafi verið gerð bylting í Guatemala, — vegna afnáms mannréttinda og ógnarstjórnar gagnvart frumbyggjum í Nicaragua, svokölluðum Miskito-indíánum, vegna afskipta Kúbumanna í Mið-Ameríku og á Karabíska svæðinu, en Kúbumenn hafa yfir að ráða einum best búna her í heimi, og loks vegna afskipta Bandaríkjamanna á þessu svæði, sem reyndar eru ekki

ný af nálinni.

Að sjálfsögðu mætti um þessi atriði ein sér eða öll sameiginlega flytja margar langar ræður. Ég held þó að aðalatriði þess máls, sem hér er til umr., sé að gera sér grein fyrir þeim ágreiningi sem ríkir á milli þjóða um ástand og horfur í El Salvador, ágreiningi sem hefur verið fluttur hér inn á Alþingi. Annars vegar er afstaða Bandaríkjanna og langflestra Mið- og Suður-Ameríkuríkjanna, sem lýsir sér í því, að fyrst þurfi að efna til kosninga í landinu og í framhaldi af þeim verði teknir upp samningar við skæruliðahópana, þess vegna þurfi að koma í veg fyrir að skæruliðum takist að eyðileggja kosningarnar sem þar fara fram á sunnudaginn kemur. Hins vegara er afstaða Mexíkó og örfárra annarra Suður-Ameríkuríkja, sem studd er af Kúbu og Frakklandi, eins og áður er minnst á.

Mexíkóstjórn leggur áherslu á að fyrst verði samið við skæruliða og að Sameinuðu þjóðirnar skerist í leikinn nú þegar. Þá er vitað að viðræður, bæði opinberar og leynilegar, hafa farið fram milli forráðamanna þessara ríkja. Alexander Haig hefur rætt við Castaneda utanrrh. Mexíkó og Claude Cheysson utanrrh. Frakklands. Þá hefur Alexander Haig átt fund 23. nóv. s. l. með Rafael Carlos Rodrigues, sem er þriðji æðsti maður Kúbu.

Afstaða utanrrh., sem fer með þessi mál af hálfu ríkisstj. á alþjóðavettvangi, hefur verið skýr, eins og fram hefur komið í ályktunum sem Ísland hefur greitt atkv. með á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, bæði á 35. og 36. Allsherjarþinginu.

Þar sem ég tel að hugsanlegar yfirlýsingar Alþingis eigi fyrst og fremst að beinast að mannréttindamálum vil ég vekja athygli á því sem segir á bls. 186 í áðurnefndri skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Þar segir svo um mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna orðrétt, með leyfi forseta

„Undanfarin fjögur ár hafa verið bornar fram á allsherjarþingum tillögur um stofnun embættis mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, í líkingu við embætti flóttamannafulltrúa samtakanna, en vegna mjög harðrar andstöðu Austur-Evrópulandanna og fylgiríkja þeirra hafa tillögurnar ekki náð fram að ganga og málinu jafnan verið vísað til mannréttindanefndarinnar til athugunar.

Costa Rica, Danmörk, Noregur og Svíþjóð og 16 önnur lönd báru fram tillögu, þar sem gert var ráð fyrir að fela mannréttindanefndinni að veita málinu forgang á næsta fundi sínum og leggja raunhæfar niðurstöður um það hér fyrir næsta fund efnahags- og félagsmálaráðsins. Því næst skyldi málið lagt fyrir 37. Allsherjarþingið með það fyrir augum að taka ákvörðun um stofnun embættisins. Eins og undanfarin ár fluttu Alsír, Indland, Júgóslavía og Kúba breytingartillögur sem drógu úr öllum styrk upphaflegu tillögunnar og hefðu í reynd komið í veg fyrir efnislega meðferð málsins.

Eftir langt málþóf og margar breytingartillögur flutningsmanna og ofangreindra fjögurra landa náðist loks samkomulag um texta, þar sem mannréttindanefndinni er falið að fjalla aftur um málið og leggja skýrslu um niðurstöður sínar fyrir efnahags- og félagsmálaráðið og 37. Allsherjarþingið. Var sú tillaga samþykkt samhljóða í nefnd og á þingi, ályktun nr. 36."

Ég held að við Íslendingar gætum hjálpað mikið til með því að stuðla að því, að embætti eins og þarna var verið að lýsa verði sett á stofn á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í skýrslu þeirri, sem Ólafur Jóhannesson, hæstv. utanrrh., hefur lagt fram hér á Alþingi og rædd verður síðar, kemur í ljós stefna íslensku ríkisstj. í málefnum El Salvador. Get ég tekið undir hana í einu og öllu. Sömu skoðanir komu fram í svari hans við áðurnefndri fyrirspurn, og þær skoðanir studdu þeir sjálfstæðismenn sem voru hér viðstaddir er sú umr. fór fram. Í skýrslu hæstv. utanrrh. segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu minni á s. l. ári vék ég nokkuð að málefnum El Salvador. Því fer fjarri að ástandið hafi batnað á þeim tíma sem síðan er liðinn. Ógnaröldin er alls ráðandi og ýmsar fylkingar til hægri og vinstri keppast um að myrða andstæðingana, en allur almenningur í landinu líður mest, eins og oftast vill verða. Það yrði of langt mál að reyna hér að skilgreina ástandið í El Salvador og benda á líklegustu lausnirnar. Almennar kosningar standa fyrir dyrum, en vandséð er að þær geti leyst mikið eins og í pottinn er búið. Ýmsir vinstri flokkar fá ekki að taka þátt í kosningunum eða vilja það ekki, og framboð eða jafnvel aðeins þátttaka í atkvæðagreiðslu getur jafngilt dauðadómi frá einhverjum þeirra fylkinga sem berjast um völdin. Núverandi ríkisstjórn í landinu er blanda af herforingjastjórn og borgaralegri stjórn, lítilsmegnug og sjálfri sér sundurþykk. Hún hefur reynt að skipta stórum jarðeignum milli smábænda til að draga úr þjóðfélagsmisréttinu, en árangur af því starfi er enn óviss vegna upplausnarástandsins í landinu. Bandaríkjamenn hafa veitt stjórninni hernaðaraðstoð til að berjast við skæruliðafylkingu vinstri manna sem þeir segja studda af ýmsum kommúnistaríkjum, og jafnframt veita Bandaríkjamenn stjórninni nokkra efnahagsaðstoð í von um að hún styrki stöðu kristilegra demókrata Duartes í kosningunum og þar með aðstöðu miðjumanna í stjórnmálum El Salvador.

Sameinuðu þjóðirnar hafa tvívegis ályktað um ástandið í El Salvador. Þar hafa aðilar verið víttir fyrir framferði sitt og skorað á þá að taka upp viðræður til að leysa málin á friðsamlegan hátt. Ísland hefur greitt þessum tillögum atkvæði sitt, en því miður bendir enn ekkert til að friðsamleg lausn sé í sjónmáli. Sumir þeirra hópa, sem berjast við ríkisstjórnina, hafa gefið til kynna að þeir kunni að vera reiðubúnir til samningaviðræðna, en stjórnin er því andvíg og vísar m. a. til kosninganna sem fram eiga að fara.

Ástandið í sumum öðrum Mið-Ameríkuríkjum, einkum Guatemala, er í sjálfu sér ekki miklu betra en í El Salvador. Mesta ógnunin við frið og stöðugleika í þessum ríkjum er fátækt, félagslegt óréttlæti og alræðisvald fámennisstjórna. Aðeins með auknu jafnræði, aukinni almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu verður hægt að stuðla að lýðræðisþróun og forða því að sterkir öfgahópar steypi þessum ríkjum út í alræðisvald kommúnismans. Þegar svo er komið gefast ekki tækifæri til að skoða hug sinn að nýju og hyggja að því, hvort aðrað leiðir væru ekki gæfulegri. Næg eru dæmin til að sanna það." — Þetta er orðrétt tilvitnun úr skýrslu utanrrh. sem hér liggur fyrir hv. Alþingi til umræðu einhvern tíma á næstunni.

Þegar við lítum til þeirrar stöðu sem nú er á alþjóðavettvangi og reyndar ekki síst hér í Vestur-Evrópu, finnst mér allt of einfalt að draga mörk á milli Bandaríkjamanna og Sovétmanna. Sumum hefur að vísu þótt merkilegt að þeir, sem hafa barist hvað mest, best og drengilegast gegn einræðisstjórnarfari Sovétmanna, eru

nú orðnir baráttumenn vinstri skæruliða í El Salvador, sem eru sumir afsprengi þeirra einræðisafla sem náð hafa völdum í Nicaragua og eru í sjálfu sér ekki hótinu betri en öfgasinnuð harðstjórnaröfl sem ríkjandi eru í Guatemala.

Ég get ekki látið hjá líða, áður en ég kem að mínum lokaorðum, að minnast á þátt kaþólsku kirkjunnar í þeirri borgarastyrjöld sem nú er í El Salvador, en því nafni má nefna þessi átök. Þar hafa þeir sem þjóna kirkjunni, eins og því miður víða annars staðar, bæði biskupar, nunnur og prestar, fallið fyrir vopnum launmorðingja og orðið að þola ill örlög. Hefur mátt sjá á liðnum misserum að kaþólska kirkjan hefur verið á mörkum þess að teljast liðsmaður vinstrisinnaðra stjórnarandstæðinga í El Salvador. Og þótt margir kirkjunnar þjónar hafi verið andstæðir þeim kosningum sem fram undan eru í landinu, þá hafa þeir snúist nær einhuga með þeim í dag. Er það ekki síst að þakka þeirri afstöðu sem biskupar landsins og páfi hafa tekið.

Reyndar mætti ala langt mál um kosningarnar, sem eiga að fara fram 28. mars n. k., og afstöðu manna til þeirra, ráðandi manna í ýmsum löndum heims. Ég gæti t. d., ef tími hefði gefist til, sagt hv. þm. frá umræðum sem áttu sér stað í stjórnmálanefnd Evrópuráðsins aðeins fyrir nokkrum dögum um þetta mál, en þar var samþykkt að senda til El Salvador fulltrúa Evrópuráðsins, stjónmálanefndarinnar, til að fylgjast með þessum kosningum. Hins vegar kom það fram á síðustu stundu hjá formanni nefndarinnar, verkamannaflokksþingmanninum Urin frá Englandi, að það væri líklega ekki hægt vegna þess að ekki væru til peningar til þess að senda hann þangað. Þar voru sem sagt annars vegar mannréttindin og hins vegar peningarnir á vogarskálunum.

Vinstri menn í El Salvador, eins og hér hefur reyndar komið fram í fyrri ræðu, telja þessar kosningar marklausar og vilja að sem fæstir kjósendur láti álit sitt í ljós. Stjórnarskráin, sem hið nýja þing eigi að semja, verði aðeins eitt tæki til að tryggja völd hersins, landeigenda og yfirstéttar.

Eitt og annað bendir þó til þess, að þessi aðför byltingarmanna að kosningunum njóti ekki almennra vinsælda í El Salvador og það sé ekki í þessu skyni sem almenningur hafi stutt skæruliða, eins og ég hef áður komið inn á. En það er enginn vafi á því — og það held ég að sé nokkuð sem megi undirstrika — að bændur eru stuðningsmenn áðurnefndrar áætlunar ríkisstjórnarinnar um að skipta landeignum stjórjarðeigenda, sem ég hef hér eytt nokkrum tíma í að lýsa.

Eins og ég sagði er afstaða páfans til þessara kosninga til komin vegna áskorana biskupanna í El Salvador. Í þeirri áskorun kemur þetta m. a. fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Við teljum að deila, sem á sér innlendar orsakir, hafi verið færð inn á alþjóðavettvang þannig að það sé ekki lengur á valdi El Salvador-manna sjálfra að leysa deiluna. Staðreynd er að Sovétmenn leggja sitt af mörkum til að viðhalda ágreiningnum."

Páfi tók einnig, í ræðu sem hann flutti, undir þá hvatningu biskupanna, að sem flestir tækju þátt í kosningunum sem eiga að fara fram á sunnudaginn kemur. Orð þeirra verða ekki skilin á annan veg en þann, að þeir telji áróðursstríð á alþjóðavettvangi spilla fyrir friði í El Salvador. Þetta er alvarleg áminning til allra þeirra sem telja það sér t. d. til pólitísks framdráttar í heimalandi sínu að vera að hampa borgarastyrjöldinni í El Salvador. Við leiðum að sjálfsögðu ekki til lykta borgarstyrjöldina í El Salvador með því að ræða hana á stjórnmálavettvangi hér á Íslandi, þó ég telji sjálfsagt að ræða það. En við verðum að mínu mati að gjalda nokkurn varhug í ályktunum okkar um þessi sömu mál. Ég held að við getum sameinast um það að taka undir með kirkjunnar mönnum í El Salvador þegar þeir biðja þess, að þjóðinni sjálfri takist að leysa deilur sínar á friðsaman hátt og til þess hafi íbúarnir frelsi bæði í orði og verki.

Ég tel að til þess að svo megi verða þurfi að koma til aðstoð og hjálp Sameinuðu þjóðanna og vinsamlegra þjóða sem hafa og halda í heiðri mannréttindastefnuskrá Sameinuðu þjóðanna. Og vegna þess að ég vitnaði í upphafi ræðu minnar til þeirra skoðana og aðgerða sem bandaríska verkalýðshreyfingin hefur haft í frammi í sambandi við þetta mál í El Salvador, þá vil ég nú í lok ræðu minnar vitna til niðurstöðu sem þeir komust að og gerðu að sinni seint á síðasta ári og hafa látið fara frá sér til Alþjóðasambands frjálsra verkalýðsfélaga, sem verkalýðsfélög eiga aðild að alls staðar að úr heiminum. Þeir segja í þessum ályktunum sínum að það sé álit þeirra og einnig verkalýðshreyfingarinnar í El Salvador, að ef sigur vinnist, ef þeir hægri menn, sem ráða og hafa ráðið í landinu El Salvador, sigruðu í þessari styrjöld sinni, þá verði það til að skapa örvæntingu og hörmungar fyrir alla launþega í þessu hrjáða landi. Og þeir segja enn fremur — og það er niðurlag ályktunarinnar að þeir fordæmi allan tilflutning vopna frá Sovétríkjunum til skæruliðanna í El Salvador, alveg eins og þeir, bandaríska verkalýðshreyfingin, fordæmi að bandarísk vopn séu notuð af hægri öflum í El Salvador í innanlandsátökum. Þeir fordæma það alveg eins. Og þeir ljúka þessari ályktun sinni með þessum orðum: Ef ekki verður ábreifanleg framþróun í sambandi við jarðeignaskiptinguna, í sambandi við frjálsar kosningar, í sambandi við mannréttindi og í því að uppræta og útiloka hinar hræðilegu dauðasveitir sem þar eru að verki, þá verður ekki komið á því þjóðskipulagi í þessu hrjáða, fátæka landi sem verkalýðshreyfingin um allan heim vill stuðla að.

Herra forseti. Ég vil láta þessum orðum mínum lokið um þetta mál. Að sjálfsögðu tek ég undir það með hv. flm. þeirrar till. sem hér er til umr., að hún fari til athugunar hjá utanrmn. Mín skoðun er sú, að það þurfi að breyta orðalagi í till. ef það verður ofan á hjá utanrmn. og hv. þm. að Alþingi eigi að álykta um þetta mál. Ég tel nauðsynlegt að breyta orðalagi tillögunnar þannig að þeir utanaðkomandi aðilar, sem sök eiga, verði allir teknir undir sama hatt, en við förum ekki hér á Alþingi Íslendinga að flokka niður í hópa sökudólga þegar við vitum ekki meira um vandamálin í El Salvador en flestir hér gera.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þingflokks Alþb. lýsa yfir stuðningi við fram komna þáltill. hv. þm. Alþfl., þó að við áskiljum okkur rétt til að leggja fram brtt. þegar málið kemur til nefndar. Þá höfum við fyrst og fremst í hyggju að minna á tillögu Frakka og Mexíkana um leiðir til að finna pólitíska lausn á borgarastyrjöldinni í landinu, en eins og kunnugt er hafa Mitterand og Portillo lýst því yfir, að El Salvador verði ekki stjórnað án þátttöku og samvinnu við lýðræðislegu byltingarhreyfinguna FDR og Farabundo

þjóðfrelsishreyfinguna. Ástæða væri einnig fyrir Alþingi að taka undir þessa yfirlýsingu og viðurkenna áðurnefnd samtök sem réttmæta fulltrúa alþýðunnar í El Salvador. Og ekki væri síður eðlilegt að Íslendingar hétu því að taka þátt í þeirri aðstoð sem Norðurlöndin og þá sérstaklega Svíþjóð hafa veitt pólitískum flóttamönnum frá El Salvador.

Hér er búið að halda langar ræður um ástandið í þessu hrjáða landi. Í Suður-Ameríku er nú herforingjaeinræði í Argentínu, Chile, Uruguay, Bolivíu, Honduras, Guatemala og El Salvador, ógnarstjórnir sem njóta fulltingis og efnahagsaðstoðar Bandaríkjastjórnar og bandarískra auðhringa. Herforingjaklíkur hafa stjórnað El Salvador frá 1931 þegar síðasta kjörna forsetanum var steypt af stóli. Farabundo Marti, sem þjóðfrelsishreyfingin í El Salvador er kennd við, var myrtur 1932, um leið og fjöldamorð á bændum og verkamönnum áttu sér stað í San Salvador og um alla landsbyggðina. Alls voru þá drepnir um 30 þús. manns. Árið 1979 tók herforingjastjórn Napoleons Duartes við völdum. Hún er studd af Bandaríkjastjórn og í henni sitja einnig fulltrúar Kristilega hægri flokksins. Duarte hefur reynt að vera einhverskonar miðjuafl í El Salvador, en flestir eru þeirrar skoðunar að í kosningunum 28. mars muni hægri öflin að sjálfsögðu fara með sigur af hólmi, þar sem stjórnarandstöðuöflin taka ekki þátt í kosningunum, enda þúsundir manna dauðadæmdar sem þeim tilheyra. Frá 15. okt. 1979 til síðustu áramóta hefur mannréttindanefnd El Salvador staðfest 34 123 morð sem framin hafa verið af her og dauðasveitum hægri manna. Skipulagðar pyntingar og ógnanir gagnvart starfshópum og skipulögð morð ráðandi afla á konum og börnum hafa verið sönnuð. Þetta er okkur öllum allt af vel kunnugt.

Á árinu 1980 sameinuðust andstöðuöflin í El Salvador í lýðræðislegu byltingarhreyfinguna FDR sem einbeitir sér að pólitískum og diplómatískum samskiptum og Farabundo Marti þjóðfrelsishreyfinguna sem er leiðandi afl í hinni pólitísku baráttu. Alþýðan í El Salvador greip ekki til vopna fyrr en þrautreyndar höfðu verið allar leiðir til friðsamlegra lausna.

Ég harma mjög að hv. þm. Pétur Sigurðsson skuli ekki sitja hér í salnum á meðan ég flyt ræðu mína. Ég hef ýmislegt að athuga við hans ræðu. Mundi forseti kannske fara þess að leit við hann að vera hér inni? (**Forseti:** Ég skal athuga málið.)Það er þess vegna ekki um það að ræða að hér sé — eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson gaf í skyn í ræðu sinni áðan — hver að drepa annan, eins og gerist í ýmsum löndum, en þannig talaði hann hér í langri og mikilli ræðu. Við erum nefnilega komin að því atriði sem skiptir hér höfuðmáli og við könnumst við frá Víetnam-styrjöldinni og átökunum þar í áratugi. Tvisvar sinnum á 50 ára tímabili hafa lýðræðisöfl sigrað í þingkosningum, en í bæði skiptin hrifsaði herinn völdin og blóðbað og aftökur fylgdu í kjölfarið. Þetta skiptir hverja lýðræðisþjóð höfuðmáli. Þess vegna er ósiðlegt að tala hér um þessi mál eins og hér sé bara eitthvert fólk að finna upp á því að slást hvað við annað. Þannig tölum við ekki á Alþingi Íslendinga, svo fjarri okkur er slík hugsun. Ég verð að biðja þingverði um að skila þessu til hv. þm. Péturs Sigurðssonar. (**Forseti:** Hv. 1. landsk. þm. er ekki í húsinu sem stendur.) Jæja, ég ætlast þá til að honum verði afhent ræða mín þegar hún kemur úr vélritun á morgun.

Andspyrnuhreyfingin í El Salvador hefur lýst sig reiðubúna til pólitískra samninga við stjórnvöld um friðsamlega lausn. Hún yrði að sjálfsögðu fólgin í því að komið yrði á tvíhliða viðræðum með þátttöku áheyrnarfulltrúa frá öðrum ríkisstjórnum. Þetta fólk treystir auðvitað engum frá núverandi yfirvöldum El Salvador. Til grundvallar slíkum viðræðum nægir stefnuskrá stjórnarandstöðunnar sem byggir á eftirfarandi meginatriðum sem við mundum varla treysta okkur hér á Alþingi Íslendinga til að vera á móti. Það er í fyrsta lagi viðurkenning á þjóðlegu sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétti, virt verði trúfrelsi í landinu, framkvæmdar verði róttækar umbætur í landbúnaði og eigur fjölþjóðafyrirtækja verði þjóðnýttar, en það skyldi nú aldrei vera að þeir hagsmunir séu þarna á ferðinni, gamalkunnugt vandamál. Í fimmta lagi að búið verði við þrenns konar eignarform: einkaeign, ríkiseign og sambland þessara tveggja. Í sjötta lagi að El Salvador gangi í samtök óháðra ríkja. Og í sjöunda lagi að nýr her verði myndaður með þátttöku byltingarhersins og þess hluta stjórnarhersins sem ekki er ábyrgur fyrir stríðsglæpum.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu mjög langa, en ég hlýt að koma hér inn á örfá önnur atriði. Allar tilraunir Bandaríkjastjórnar til þess að sanna, að andófið í El Salvador sé runnið undan rótum Sandinista í Nicaragua eða Castros á Kúbu, hafa farið út um þúfur, enda ætti það ekki að koma þeim við. Stjórnin í El Salvador er rúin trausti hinnar fátæku alþýðu og lifir eingöngu á efnahags- og hernaðaraðstoð Bandaríkjastjórnar. Alþýðan styður einhuga baráttu þjóðfrelsishreyfingarinnar og í þeim stuðningi felst að lýðræðislega byltingarhreyfingin telur sig geta unnið hernaðarlegan sigur þó að hún vilji binda enda á blóðbaðið sem fyrst með póltískri lausn.

Það hefði verið gaman að hv. þm. Pétur Sigurðsson hefði setið hér. Ég ætlaði nefnilega að segja honum það, ef hann veit það ekki, að 86 bandarískir þingmenn hafa lýst yfir að ástandið í El Salvador eigi ekki rót sína að rekja til kommúnísks samsæris, heldur sé orsakanna að leita í djúpstæðu og langvinnu óréttlæti og kúgun, sem fámenn yfirstétt landeiganda og leiguþýja auðhringa hefur staðið fyrir áratugum saman með stuðningi spilltra herforingja, og allt hafi þetta verið látið viðgangast af Bandaríkjastjórn. Manni er innanbrjósts eins og maður sé kominn 15 ár aftur í tímann og sé farinn að tala um Víetnam að nýju.

Þingmennirnir 86 segja hernaðaraðstoð Bandaríkjastjórnar til herforingjaklíkunnar í El Salvador sé sú mesta sem nokkurt ríki í Suður-Ameríku hafi notið. Þeir fullyrða að hernaðaraðstoð leysi engan vanda í El Salvador vegna þess að vandamálið sé pólitískt í eðli sínu. Það skyldi þó aldrei vera. Þeir fullyrða að það sé Reagan-stjórnin, sem viðhaldi hinu bitra og órökrétta borgarastríði í landinu, og það er álit þingmannanna, að hernaðaraðstoðin frá Washington sé ónauðsynleg, óréttlætanleg og hrein mistök. *Með hliðsjón af þessum vitnisburði* og fjöldamörgum öðrum er full ástæða til að taka undir kröfu Alþfl. af fyllsta þunga um að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi sínum við ríkisstjórn landsins sem situr í skjóli bandarísks hervalds. Þetta er sérstaklega mikilvægt nú þegar sannkallaðar skrípakosningar fara í hönd í El Salvador þar sem pólitískir leiðtogar stjórnarandstöðunnar eru landflótta, eru réttdræpir ef þeir láta sjá sig í landinu. Sérstaklega ber að vara við því, að Bandaríkjastjórn noti þessar kosningar til þess að rétt-

læta það þjóðarmorð, sem nú fer fram í El Salvador, og haldi áfram hernaðaraðstoð við Duarte og hægri öfgamenn.

Hingað til hafa bandarísk stjórnvöld skellt skollaeyrum við öllum tilraunum til samningaumleitana. M. a. hafa þau hafnað tilboði Alþjóðasambands jafnaðarmanna um að Willy Brandt yrði skipaður sáttasemjari í fyrirhuguðum viðræðum samkvæmt tillögu Mexíkana og Frakka. Við þurfum ekki að fara mörgum orðum um það hér, hversu hrikalegt ástand er í þessu landi Þar búa nú um 4 millj. manna — kann vel að vera að ræðumaður hafi haft rétt fyrir sér áðan þegar hann talaði um 4½ millj. og eru flestir landbúnaðarverkamenn af kynstofni indíána. Bandaríkjamenn ættu reyndar ekki að kippa sér upp við að ganga frá örlítið fleiri indíánum eins og þeir gerðu í eigin landi. Um 6% þjóðarinnar búa við allsnægtir og lifa í vellystingum — 6% sagði ég — og eiga mikinn meiri hluta alls jarðnæðis í landinu. Þessi landeigenda- og forréttindaaðall hefur neitað að fallast á allar umbætur í landbúnaði, sem bætt gætu hlut bænda og landbúnaðarverkamanna, og má ekki heyra minnst á uppskipti jarða. Ég skil ekki hvaðan hv. þm. Pétri Sigurðssyni er sú vitneskja komin, að verið sé að vinna að uppskiptingu jarða í El Salvador. Ég tel mig hafa lesið töluvert mikið um þessi mál í hinum ýmsu tímaritum hinna ýmsu landa og alls staðar hefur verið tekið fram að það sé alls ekki verið að gera hið minnsta átak til að vinna að uppskiptingu jarða.

Þjóðartekjur á mann í þessu landi eru meðal þess lægsta sem þekkist í Suður-Ameriku og er þá langt til jafnað. Um 600 þús. El Salvadorbúar eru núna landflótta af völdum borgarastyrjaldar og búa flestir í ömurlegum flóttamannabúðum í næstu nágrannaríkjum. Hernaðarleg lausn er því ekki til á vanda þessa fólks. Það er engin lausn á þessu máli önnur en pólitísk, og ekkert annað ern félagslegt réttlæti getur bjargað þessari þjóð.

Það er auðvitað skylda okkar að taka þátt í þeirri alþjóðlegu hreyfingu sem nú styður alþýðuna í El Salvador og fordæmir hernaðarstefnu Bandaríkjamanna. Það má ekki láta Bandaríkjamönnum haldast uppi að fórna heilli smáþjóð, þurrka hana út af kortinu í ímyndaðri baráttu við heimskommúnisma, sem hvergi er til nema í höfðinu á Reagan og hans kumpánum.

Það er undarlegt siðferði sem kom fram í ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar. Hann talaði um að okkur sé nú skyldast að líta næst okkur. Við, þetta forréttindafólk, sem býr í hinum eina sæmilega siðmenntaða hluta heimsins, eigum að sjá hvert um annað. Minnist ég þá enn ræðu minnar um aðild Íslendinga að Alþjóðaorkustofnun. Þessar ríkustu þjóðir heims eiga að sjá um að þær haldi áfram að vera ríkustu þjóðir heims á kostnað hinna fátæku, hinna ólæsu, hinna sveltandi. Þetta þætti ekki góð siðfræði ef hún væri kennd í barnaskóla.

Við þm. Alþb. höfum ævinlega og ávallt stutt frelsisbaráttu hvers þess ríkis sem gengið er á og kúgað er. Menn tala hér um eitthvert afmarkað fyrirbæri sem kallað er mannréttindi. Hvernig dettur mönnum í hug að tala yfirleitt um mannréttindi í El Salvador? Þar er ekki um að ræða nein mannréttindi. Þarna er erlent stórveldi í krafti peninga, í krafti hervalds að kúga bláfátækt bændafólk, myrða það og skjóta eins og hunda hvar sem til þess næst. Og svo eru menn að tala um einhverjar nefndir sem eiga að fara að ræða um mannréttindi í þessu landi.

Ég vildi benda hv. þm. Pétri Sigurðssyni á tvær bækur sem hann ætti að lesa. Bandarískur félagsfræðingur, Oscar Lewis, hefur skrifað tvær mjög merkilegar bækur sem eru félagslegar rannsóknir á lífi manna í Mið-Ameríku. Önnur heitir La Vida og fjallar um líf fátæklinga í Puerto Rico. Hin heitir Börnin í Sanche og fjallar um líf fátæklinga í Mexíkó. Ég er hrædd um að sá heimur, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson dró upp áðan, eigi lítið skylt við það. Ég hef enga ástæðu til að halda að Oscar Lewis, sá merki fræðimaður, hafi haft í huga að gera hlut eins eða annars meiri en hann er. Hann rannsakaði staðreyndir eins og þær eru.

Það þarf töluverða hreysti til þess hér á Alþingi Íslendinga að leggja að líku ástandið í Póllandi og ástandið í El Salvador, og þar með er ég ekki að fagna ástandinu í Póllandi. En það er æðimikill munur á því, hvort fólk er drepið í hundraða- og þúsundatali, tugþúsundatali, nýtur ekki minnstu mannréttinda, kann hvorki að lesa né skrifa, hefur hvorki föt, mat né húsaskjól, og hins vegar átökum eins og eru að eiga sér stað í Póllandi. Mér varð einu sinni á sjálfri að tala svona. Ég fékk þá lexíu sem ég gleymi aldrei. Ég ætla að segja þeim fáu hv. þm. sem mál mitt heyra hvernig það gerðist.

Ég var einu sinni á alþjóðaþingi suður í Rúmeníu. Ég kom frá mínu góða landi með ræðu að heiman. Þá stóð yfir umræðan um rétt Solzhenitsyns til að skrifa bækur í Sovétríkjunum. Ég fordæmdi auðvitað ritskoðun og hélt fram tjáningar- og skoðanafrelsi á þessari ráðstefnu hátt og skýrt og þóttist meiri að, og ég get staðið við þá ræðu enn í dag. En í viðræðum við fólk frá Afríku, fólk frá Mið-Ameríku, fátæklinga frá Bandaríkjunum varð ég þess vör, að ræða mín hafði haft afar lítil áhrif á þetta fólk. Og ég hreinlega spurði hvort mönnum fyndist ég hafa verið að segja einhverja vitleysu. Nei, nei, því fannst það ekki. En þetta fólk sagði bara: Okkur kemur þetta skelfilega lítið við. Ef þið hafið ekkert annað að hugsa um upp á Íslandi en hvort einhverjir Rússar megi skrifa bækur, þá skuluð þið gera það. Við höfum við alvarlegri vandamál að stríða. Og það er hræðilegur sannleikur í þessu.

Kona ein, sem gerði mesta hríð að mér um þetta, sagði mér að maður hennar, hún var frá Búrúndí, hefði verið hálshöggvinn, þrjú börn hennar af fimm voru dáin úr hungri. Ég skildi mætavel að henni væri nokkuð sama um Solzhenitsyn. Hún sagði einfaldlega: Í Sovétríkjunum hafa þó allir eitthvað að borða, þeir kunna að lesa og skrifa. Ef við værum komin svo langt, þá skyldum við fara að taka þátt í þessari umræðu ykkar þarna norður frá.

Við skulum ekki gera okkur sek um — eins og ég gerði þarna og skal aldrei gera aftur — þennan hlutfallarugling, að rugla því saman hvort fólk hefur að borða, hvort fólk er skotið og myrt eins og hundar eða hvort menn deila um ákveðin mál, eins og gert er í Póllandi. Skal ég þó vera fyrst til að fordæma það ofbeldi stjórnvalda að grípa til valdbeitingar gagnvart frjálsum verkalýðssamtökum. En á þessu tvennu er sá reginmunur sem menn verða að hafa í huga.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson talaði um að stjórnvöld væru tilbúin að semja við skæruliða. Hvílíkur barnaskapur. Þeir eru allir löngu, löngu komnir á lista yfir þá sem verða skotnir hvar og hvenær sem þeir finnast. Það verður ekki um neina samninga að ræða þar. Það, sem El Salvadorbúar eru hræddir við á þessari stundu, er að

Bandaríkin geri innrás í landið og hlutist til um innanríkismál El Salvador með vopnavaldi eins og þau gerðu í Víetnam. Hvað eigum við lengi að horfa upp á þessa atburði gerast með þessi eilífðarbláu augu á ágæti Bandaríkjamanna? Hversu lengi eigum við að ræða heimsmál hér á Alþingi Íslendinga á þeim nótum að aldrei sé hægt að tala um Bandaríkin án þess að fara að tala um Sovétríkin líka. Þetta er eins og að halda á spili þar sem öðrum megin er svart og hinum megin er hvítt og alltaf verður að setja út hvort tveggja í einu.

Í byrjun níunda áratugs aldarinnar hljótum við að verða að fara að breyta þessari umræðu. Framtíð mannkynsins er undir því komin að allar þjóðir komist á það stig sem verður að teljast mannsæmandi á 20. öldinni. Við hin förum með þeim ef til alvarlegra átaka kemur. Lífríki heimsins er ógnað ef heilum löndum er eytt, eins og nú er t. d. verið að gera í Amazonhéruðunum. Það er verið að kippa undan okkur öllum skilyrðum til lífs á jörðinni. Og svo standa menn hér og lesa einhvern þvætting upp úr einhverjum skýrslum þar sem ekkert er hugsað í samhengi, sömdum handa einföldum stjórnmálamönnum til að lesa yfir þjóðþingum. Ég lýsi því yfir, að ég frábið mér að sitja undir svona lesningum.

Ég skal ekki hafa ræðu mína lengri, herra forseti. Hér hafa allir talað of lengi. En þetta mál er vissulega þess virði. Ég tek ekki undir að það sé neitt vafamál að við eigum að álykta um slík mál. Sannleikurinn er sá, að við eigum alltaf að álykta um þessi mál. Við eigum að álykta í hverju einasta slíku máli, hvar og hvenær sem er. Þess vegna vil ég fyrir hönd þingflokks míns lýsa eindregnum stuðningi við þessa till. En eins og ég minntist á áðan tel ég að hún mætti vera ákveðnari. Ég geri mér ljóst að flytjendur hafa eflaust verið að leita eftir samkomulagi. Ef ræða hv. þm. Péturs Sigurðssonar var fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl., þá hef ég ekki mikla von um að við getum komist að samkomulagi, nema hann ætlist til þess, að við leggjum að jöfnu það sem er að gerast í Póllandi og það sem er að gerast í El Salvador. En við skulum sjá hvernig þessu reiðir af.

Ég skora á hv. utanrmn. að afgreiða þessa till. á þessu þingi og mun okkar fulltrúi þar beita sér fyrir því.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hef ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið í máli hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, sem hefur gert grein fyrir okkar afstöðu til þessarar till. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til að vekja athygli á tilteknum staðreyndum sem er ákaflega fróðlegt fyrir þingheim að skoða og hugleiða.

Fyrir nokkrum vikum var gerð samþykkt á hv. Alþingi um ástandið í Póllandi. Sú samþykkt var gerð með öllum atkvæðum þm. úr öllum flokkum og hér var hvert sæti skipað í þessum virðulega sal. Nú gerist það, að fjallað er um mál sem snertir hagsmuni Bandaríkjastjórnar — þeirrar stjórnar sem ber m. a. ábyrgð á hersetunni á Íslandi. Þá eru innan við tíu menn í salnum mestallan tímann sem fjallað er um málið. Þeir menn, sem mest töluðu á þeim tíma um Póllandsmálið og iðulega blanda sér í umr. um utanríkismál hér á hv. Alþingi, sjást ekki hér í dag. Einn þeirra las langan heimastíl áðan og hljóp svo úr salnum. Aðrir hafa ekki komið hér við. Hv. þm. Framsfl., flokks hæstv. utanrrh., hafa ekki verið hér — aðrir en þeir sem hafa skyldum að gegna eins og hæstv. forseti. Hér hafa talast við í dag annars vegar flm. þeirrar till., sem hér er um að ræða, hv. þm. Alþfl., og þm. Alþb. Aðrir virðast ekki telja ástæðu til að fjalla sérstaklega um þetta mál og gefa því sérstaklega gaum og skiptast á skoðunum um það. Ég kalla það ekki að skiptast á skoðunum þegar menn standa í ræðustól hálftíma til klukkutíma og lesa heimastílinn sinn og hlaupa svo í burtu.

Ég tel að í máli hv. þm. Péturs Sigurðssonar hafi komið fram mjög svipaður tónn og ævinlega kom fram hér á Alþingi Íslendinga fyrir 15 árum eða svo þegar rætt var um styrjöldina í Víetnam. Það kom þá ekki fyrir að þm. úr öðrum flokkum en helst Alþb. gengju fram fyrir skjöldu til að lýsa stuðningi við frelsishreyfingu alþýðunnar í Víetnam og við bráðabirgðabyltingarstjórnina í Víetnam og krefðust viðurkenningar á henni. Þá kom fram hjá þm. Sjálfstfl. sama áhugaleysið, sama fyrirlitningin á lýðbaráttu fátækrar alþýðu í þessum löndum vegna þess að hún er að berjast við þau stjórnvöld sem eru íhaldinu á Íslandi þóknanleg, þ. e. stjórnina í Washington. Þetta mætti verða landsmönnum öllum nokkurt umhugsunarefni um þessar mundir þegar umræður um hersetuna og herstöðina hér á Íslandi eru talsvert miklar sem betur fer og menn skiptast á skoðunum og það kemur fram hvar skilur á milli í afstöðunni til þessa stóra máls, sem er stórt og þýðingarmikið þjóðfrelsismál Íslendinga og verður meðan herinn situr í þessu landi.

Ég gat ekki skilið hv. þm. Pétur Sigurðsson öðruvísi en sem svo, að hann væri andvígur till. hv. þm. Kjartans Jóhannssonar og annarra þm. Alþfl. Ég ætla ekki að fara yfir þau rök sem hann taldi sig tína til. Ég get þó nefnt eitt. Hv. þm. ræddi um málið þannig að í rauninni væri þetta mjög fjarri okkur og væri mjög langt í burtu. El Salvador er geysilega langt í burtu frá okkur hérna upp við heimskautsbaug, feikilega langt í burtu, og við eigum ekki að vera að gera um það miklar ályktanir hér af því að það er svona langt í burtu. Hv. þm. upplýsti ekki hvaða fjarlægðarmælikvarða ætti að leggja á mannréttindamál í heiminum yfirleitt, hversu skammt frá mannréttindabrot ættu að vera til þess að hann teldi sæmandi að Alþingi Íslendinga gerði um þau ályktanir. Hins vegar er þetta mál ekki lengra í burtu en svo, að þessa dagana hef ég haft fregnir af því, að þrír menn, sem tóku þátt í frelsisbaráttu alþýðunnar í Guatemala, höfðu áhuga á að komast hingað til Íslands — svo langt í burtu — til að flýja undan ógnarstjórninni sem þar er um að ræða. Tveir þessara manna standa nú uppi. Sá þriðji hefur verið drepinn af stjórnvöldum í því landi. Þessi mál eru m. ö. o. ekki lengra frá okkur en svo, að þegar fólk í þessum löndum fréttir af því, að til er eyland langt norður á hnettinum sem hugsanlega tekur sæmilega á móti flóttafólki, þá lætur það sér detta í hug að koma hingað til lands. Þó er misjafnt hvernig tekið hefur verið á móti förumönnum í þessu landi. Þarf ekki annað en að nefna unglingspilt sem þvældist hingað og olli hér miklu írafári í pólitík um tíma fyrir liðlega einu ári og hét Patrick Gervasoni, en ég veit ekki betur en að sé nú staddur í heimalandi sínu við velþóknun þarlendra stjórnvalda sem nýlega hafa tekið þar við völdum.

Það er talað um í skýrslu hæstv. utanrrh., bæði nú og á síðasta þingi, hvaða rök það eru sem Ameríkumenn beita fyrir afstöðu sinni í þessum efnum. Í skýrslu utanrrh. á Alþingi síðast segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandaríkjamenn telja hagsmunum sínum í Suður-Ameríku stefnt í voða með stuðningi Sovétmanna og

ýmissa fylgiríkja þeirra við kommúníska uppreisnarmenn í landinu og því sé þeim einn kostur nauðugur, sá að styrkja stjórnvöld í El Salvador og senda þeim hernaðarráðgjafa." — Vissulega segir hæstv. utanrrh. í skýrslu sinni til Alþingis á s. l. ári í framhaldi af þessu: „Ég vil ekki að svo komnu máli fella neinn dóm í þessum deilum, enda er það ekki aðalatriðið." En því miður kemur ekki fram í skýrslu hæstv. utanrrh. í fyrra né heldur í þeirri skýrslu, sem nú liggur fyrir, hver eru rök þeirrar kúguðu alþýðu sem berst þarna gegn ofurefli liðs í El Salvador.

Í skýrslunni, sem hefur verið útbýtt á Alþingi nú, þskj. 447, er einnig minnst á þessi mál og þar er vitnað í afstöðu Bandaríkjastjórnar, en rök hinna koma ekki fram. Hins vegar er í báðum þessum skýrslum, því miður, alið á þeirri kommúnistahræðslu sem ætluð er af Bandaríkjastjórn til að réttlæta framkomu hennar í El Salvador. Í skýrslunni á þskj. 447 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 5:

„Aðeins með auknu jafnræði, aukinni almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu verður hægt að stuðla að lýðræðisþróun og forða því að sterkir öfgahópar steypi þessum ríkjum út í alræðisvald kommúnismans."

Vegna orðanna í þessari skýrslu og vegna þeirra ummæla sem hér hafa fallið hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni er brýn nauðsyn að Alþingi Íslendinga geri ályktun í þessu máli.

Ég væri tilbúinn til þess fyrir mitt leyti að samþykkja till. þm. Alþfl. eins og hún liggur fyrir hér. Ég væri einnig reiðubúinn að kanna til hlítar hvort ekki er unnt að lýsa yfir beinum stuðningi hér á Alþingi við alþýðusamtökin í El Salvador og lýsa yfir viðurkenningu á þeim sem fulltrúum þess lands með svipuðum hætti og komið hefur fram í afstöðu ríkisstjórna Frakklands og Mexíkó. Ég tel að það sé nauðsynlegt, m. a. vegna þeirra ummæla sem ég var hér að vitna til í skýrslu utanrrh., að Alþingi segi sína skoðun á málinu, og ég tel nauðsynlegt að það gerist á þessu þingi. Við hljótum að ganga eftir því að þessi till. verði afgreidd í utanrmn.

Því er haldið fram, að okkar hlutur í þessum efnum geti ekki verið stór vegna þess að hér sé um að ræða smáþjóð langt í burtu, eins og hv. þm. Pétur Sigurðsson reyndar orðaði. Ég tel að þessar úrtöluraddir um afstöðu Íslendinga og þýðingu hennar eigi engan veginn rétt á sér. Það hefur komið í ljós aftur og aftur á undanförnum áratugum að þar sem Íslendingar beita sér fyrir málum á alþjóðavettvangi hefur það vakið athygli og jafnvel ýtt af stað alþjóðlegri þróun sem ekki einu sinni stórveldin hafa getað ráðið við. Ég nefni landhelgismálin í þessu sambandi. Ég tel að rödd Íslands skipti máli einnig í sambandi við El Salvador. Hún skiptir máli vegna þess að hér er um að ræða sjálfstæða, fullvalda þjóð hún skiptir máli vegna þess að hér er um að ræða eina af aðildarþjóðum Atlantshafsbandalagsins og hún skiptir máli vegna þess að hér talar þjóð sem hefur bandaríska her.

Ég vil ljúka máli mínu, herra forseti, með því að þakka hv. þm. Alþfl., Kjartani Jóhannssyni, formanni þess flokks, fyrir að hafa frumkvæði að tillöguflutningi þessum, og ég vænti þess, að Alþingi sýni hug sinn til till. með jákvæðari hætti en komið hefur fram í því kæruleysi sem birtist í auðum stólum þessa salar í dag.

Forseti (Jón Helgason): Vegna orða síðasta ræðumanns vil ég að það komi fram, að því miður eru varaforsetar ekki staddir í húsinu þannig að ég hafi aðstöðu til að tjá mig um þetta athyglisverða mál.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég þakka þann stuðning sem hefur komið fram við þessa till. í máli tveggja síðustu hv. þm. Ég verð hins vegar að segja það, að ræða hv. þm. Péturs Sigurðssonar olli mér verulegum vonbrigðum. Mér sýndist í henni gæta mikillar tilhneigingar til að drepa allri umr. á dreif.

Það var að sjálfsögðu fróðlegt að fá sögulegt yfirlit yfir jarðaskiptingu í öllum heiminum og hvernig það hefði verið á undanförnum hundruðum ára og svolítið um næringarfræði í leiðinni. Ég hafði ekki lagt það á mig að setja það í framsöguræðu mína fyrir þessari till. og taldi það ekki skýra málin neitt verulega að því er það varðar sem hér er til umr.

Ég get ekki heldur skilið þau ummæli hv. þm. Péturs Sigurðssonar að agnúast út í þá menn í El Salvador sem hafa á undanförnum árum verið að berjast gegn þeirri kúgun sem hann þó lýsti öðrum þræði að hefði verið mikil, gegn þeirri fátækt sem hann þó lýsti öðrum þræði að hefði verið yfirþyrmandi, — menn sem höfðu barist með orðum einum um langa hríð, en upp skorið enn frekari ofsóknir, fangelsi, morð og dauða. Þessir menn, eins og t. d. Miguel Ungo, höfðu barist með þessum hætti, höfðu tekið þátt í ríkisstjórn með þessum aðilum í þeirri góðu von að þeir mundu geta komið sjónarmiðum sínum fram — ekki bara komið þeim á framfæri, heldur líka komið þeim fram. En þeir uppskáru, eins og ég sagði, einungis meiri kúgun. Það er við þessar aðstæður sem þeir hafa séð sig neydda til að grípa til vopna.

Það kom fram í framsöguræðu minni, að hverjum þeim sem skoðaði sögu atburðanna í El Salvador á undanförnum árum ætti að vera ljóst hverjir það væru, sem hefður verið kúgaðir og pyntaðir, og hverjir það væru, sem hefðu verið ráðandi stétt og hefðu ástundað morð og kúgun um langa hríð.

Ég vil spyrja hv. þm. Pétur Sigurðsson og samflokksmenn hans í sambandi við þær kosningar sem þarna eru fram undan og hann gerði að nokkru umtalsefni og sagði að væri deilumál hvernig ætti á að taka, — ég vil spyrja hann og hans flokksmenn: Telja þeir að það geti verið lýðræðislegar kosningar við þær aðstæður sem ríkja í landinu, þegar vinstri menn og miðjumenn eru ekki í framboði, þegar þeir eiga yfir höfði sér morð á sjálfum sér og sínum fjölskyldum ef þeir láta á sér kræla? Telur hann að slíkar kosningar séu í rauninni nokkuð annað en farsi? Ég held að allir Íslendingar hljóti að sjá að svo sé.

Ég trúi því ekki heldur, þó að það virtist lítið fara fyrir því í ræðu hv. þm., að hann láti þær hörmungar sér í léttu rúmi liggja sem ganga yfir þessa þjóð. Ég trúi því ekki öðru en að hv. þm. Pétur Sigurðsson og samflokksmenn hans sjái að þarna stefnir í algjört öngþveiti og kosningar við þessar aðstæður muni síst verða til að breyta málum til hins betra.

Mér finnst líka að hv. þm. Pétur Sigurðsson og félagar hans í Sjálfstfl. ættu að sjá, eins og margir stjórnmálaleiðtogar í Evrópu hafa séð, að afstaða ríkisstjórnar Ronalds Reagans í þessu máli stefnir einingu Vesturlanda í hættu, og mér finnst að hv. þm. Pétur Sigurðsson og samflokksmenn hans ættu að sjá að það er mikill fjöldi

Bandaríkjamanna sem gagnrýnir harðlega stefnu ríkisstjórnar Ronalds Reagans og talar fyrir sömu stefnu og ég hef talað hér fyrir núna, vegna þess að þeir hafa skilið að bandaríska ríkisstjórnin er að stefna áliti og stöðu þjóðar sinnar í mikla hættu.

Ég harma að hv. þm. Pétur Sigurðsson skyldi taka svo til orða, að ef vinstri öflin næðu yfirhöndinni færi í El Salvador með svipuðum hætti og hjá Pol Pot. Ég tel þetta fráleitt, og ég vil vænta þess, að í framhaldi þessara umr., eftir að þetta mál kemur úr nefnd, komi fram jákvæðari afstaða gagnvart því máli sem hér er flutt.

Ég trúi ekki öðru en að hv. þm. Pétur Sigurðsson sé reiðubúinn að lýsa samúð sinni með þessari þjóð í þeim hörmungum sem yfir hana hafa dunið, að hann sé reiðubúinn að lýsa því yfir að Ísland eigi að stuðla að pólitískri lausn þessa vanda, og ég trúi ekki öðru en að hann sé reiðubúinn að láta það koma fram, að við stuðlum að því að Bandaríkin láti af afskiptum sínum í þessum heimshluta. Öðrum þræði fannst mér eins og hv. þm. vildi gjarnan segja þetta þó hann ætti erfitt með það.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. Hún hefur verið fróðleg. Eins og ég gat um í upphafi vænti ég þess, að þetta mál fái góða meðferð í utanrmn., og hef lagt á það áherslu, að það gæti náðst samstaða um till. af þessu tagi eða sem víðtækust samstaða. Auðvitað geta menn haft vilja til að hafa áherslurnar með ýmsum hætti. Ég gat um að þessi till. hefði verið samin með tilliti til þess, að um hana gæti tekist sem víðtækust samstaða.

En að lokum einungis þetta: Það er mikilvægt að okkar rödd heyrist í þessu máli. Afstaða okkar skiptir máli og þess vegna tel ég og legg á það ríka áherslu, að utanrmn. eigi að taka þessa ályktun til skjótrar afgreiðslu þannig að hún geti komið til endanlegrar meðferðar í þinginu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég vil einungis við lok þessarar umr. vekja á því rækilega athygli, að í þeirri tillgr., sem hér er lögð fyrir hv. Sþ., er gert ráð fyrir, eins og það er orðað, pólitískri lausn deilumála í landinu, þ. e. í El Salvador, og það segir sig auðvitað sjálft, að með pólitískri lausn er átt við að að því sé stuðlað að þeir aðilar, sem eru að deila í landinu, og þar með talin skæruliðahreyfingin, — þessar hreyfingar, þessi pólitísku öfl setjist að samningaborði, hvort sem það verður undir stjórn manna eins og Willys Brandts eða einhverra annarra. Með því að orða þetta svo og ef samstaða gæti tekist um það hér á hv. Alþingi er auðvitað verið að viðurkenna andspyrnuhreyfinguna í El Salvador sem sjálfsagðan aðila að lögum. Þetta skiptir mjög verulegu máli.

Hæstv. félmrh. sagði alveg réttilega áðan og vísaði þar í ríkisstjórnir bæði Frakklands og Mexíkó, sem hafa sem ríkisstjórnir viðurkennt andspyrnuhreyfinguna í El Salvador sem samningsaðila í þessu landi, að með þessu orðalagi, eins og hv. 2. þm. Reykn. skýrði frá áðan, væri till. og svona orðuð til þess að um hana geti náðst samstaða. En vitaskuld felst í þessari lausn málsins að andspyrnuöflin í El Salvador, að skæruliðahreyfingin í El Salvador yrði viðurkennd.

Í annan stað — almennt um þetta mál — má auðvitað gera ótölulegar athugasemdir við það mál sem hv. 1. landsk. þm., Pétur Sigurðsson, flutti áðan. Í fyrsta lagi varpar hann fram þeirri spurningu, hvort okkur komi þetta mál við. Því er til að svara, að í fyrsta lagi kemur okkur þetta mál við vegna þess að manneskjur eiga í hlut, en í annan stað er aðild okkar að þessu máli með óbeinum hætti vegna þess samstarfs sem við eigum við Bandaríkin með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Ég segi enn og aftur eins og ég hef sagt áður við slík tilefni, að hér tala ég sem stuðningsmaður Atlantshafsbandalagsins og þeirrar samvinnu við Bandaríkin. En það er auðvitað staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa haft mjög mikil afskipti af atburðarásinni í þessum heimshluta og í þessu landi og hafa að undanförnu verið að hafa þarna vaxandi afskipti. Þeir hafa tekið afstöðu með ríkisstjórn Napóleons Duartes, sem þarna situr og ranglega var áðan kölluð miðstjórn, sem auðvitað er ekki, hvernig sem á er litið. — Og það er á annað að líta sem felst í þessari tillgr. Beint er til utanrrh. að við beitum áhrifum okkar á erlendum vettvangi og þá með talið innan Atlantshafsbandalagsins, þar sem við erum aðilar, því að Bandaríkjastjórn verður að fara að skilja, — og það er ekki aðeins að gerast í þessu landi, það er að gerast um allan hinn vestræna heim, — að ef fram fer sem horfir og ef t. d. afskipti hennar í þessu landi halda áfram í þá veru sem þau því miður virðast stefna eru Bandaríkin að gera sig að óæskilegum bandamanni. Þetta eru hinir breyttu tímar. Þetta er hin bitra reynsla sem næstliðinn áratugur kenndi okkur. Þetta er hin bitra reynsla allrar sögunnar sem spannst í kringum Víetnamstríðið. Í hverju landinu á eftir öðru, Hollandi, um öll Norðurlönd, heyrast þær raddir í æ ríkari mæli frá fólki sem stutt hefur þetta varnarbandalag og þessi samtök lýðræðisþjóðanna, að ef Bandaríkjamenn eru að fara út á þessa braut, ef þau eru að gleyma lærdóminum frá Víetnam, þá eru þau þar með að gera sig að óæskilegum bandamanni og stefna öllu þessu samstarfi í voða. Það yrði þung ábyrgð og það yrðu ægileg spor að stíga.

Menn hafa gert mál hv. þm. Péturs Sigurðssonar að umræðuefni. Hann lék sér að því m. a. að bera saman landlaust fólk í tíma og rúmi, bar meira að segja saman við danska landleysingja um 1890. Er þar ólíku saman að jafna, þó ekki væri af annarri ástæðu en þeirri, að sú yfirstétt í El Salvador, sem talin er vera innan við 2% og ráða yfir fast að 80% af landi og er rótin að þessu óhugnanlega félagslega ranglæti, sem er auðvitað ekki aðeins í þessu landi, heldur á þessum slóðum, styðst við það sem menn eru nú farnir að kalla dauðasveitir. Hún styðst við sveitir hryðjuverkamanna. Ekki bara núna, heldur aftur í söguna, áratug fyrir áratug, hefur ævinlega sýnt sig að þær væru tilbúnar að taka lögin í sínar hendur og skirrðust einskis þegar því er að skipta. Það er það sem hefur verið að gerast nú og það er það sem mun gerast.

Það var annað sem hv. þm. Pétur Sigurðsson velti fyrir sér áðan: hvort mundi sigra hægri sinnaður fasisti eða sá sem hann kallaði miðjumanninn Napóleon Duarte í kosningunum á sunnudaginn. Það er auðvitað á hvers manns vitorði að það skiptir nákvæmlega engu máli hvor þessara aðila verður sigurvegari í kosningunum á sunnudaginn. Í fyrsta lagi bera þær ekki minnsta vott af lýðræði eða vali þjóðarinnar, en í öðru lagi eru ekki forsendur fyrir lýðræði í þessu landi, fyrir þeim skilningi á lýðræði sem við eigum við, því að lýðræði er auðvitað annað og meira en að greiða atkvæði á einhverju tilteknu árabili. Í lýðræðishugmyndinni felast einnig hugmyndir um mannréttindi, um frelsi. Setjum svo að þeir gefi út þá niðurstöðu, sem auðvitað enginn veit hvað er að marka, að Napóleon Duarte hafi verið sigurvegari í kosningunum, hvernig halda menn að næstu vikur, næstu dagar,

næstu mánuðir verði í þessum efnum? Það ber ekki minnsta vott af þeim almenna skilningi sem við leggjum í lýðræði. Auðvitað munu hryðjuverkasveitirnar vaða uppi, eins og þær hafa gert til þessa með góðvild og samúð stjórnvalda, taka lögin í sínar hendur hvenær sem þeim svo sýnist og hvenær sem hin fámenna yfirstétt landeigenda telur valdi sínu ógnað. Það er auðvitað kjarni málsins.

Um þetta mætti auðvitað ræða lengi fram og til baka, en það, sem ég vildi aðallega leggja á áherslu, er tvennt. Það er skylda okkar að líta svo á, ekki aðeins sem manna, heldur einnig sem aðila að vestrænu varnarsamstarfi, hvaða skoðanir sem við höfum á því og þær kunna að vera skiptar, — þá er það engu að síður staðreynd, að með því fulltrúalýðræði, sem við höfum, hefur meiri hl. valið þá leið, — en sem slíkir og sem aðilar að slíku varnarsamstarfi, höfum við móralskar skyldur hver við annan í því samstarfi, og ef einn aðili í þessu samstarfi rífur sig út úr, gerir eitthvað, þó að í óskyldum heimshluta sé, sem við siðferðilega og hvernig sem á er litið getum ekki sætt okkur við, þá er hans ábyrgð mikil og þá er hann að stofna þessu samstarfi í hættu. Hann verður sjálfur að taka afleiðingunum af því.

Í annan stað vil ég enda þar sem ég byrjaði. Í þessari tillgr. er lagt til að Alþingi samþykki það sem kallað er pólitísk lausn í þessum efnum. Pólitísk lausn felur vitaskuld í sér að höfð verði um það forusta að þessir aðilar setjist við samningaborð. Þar á auðvitað að eiga sæti andspyrnuhreyfingin, skæruliðahreyfingin í El Salvador, sem í er margt fólk sem ofsótt hefur verið árum og áratugum saman. Það er ósköp skiljanlegt að það hafi langþreytt gripið til þess að verja sig með vopnum. En pólitísk lausn á þessum málum þýðir að við þetta samningaborð séu þessir aðilar jafnréttháir hinum sem þeir semja við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 61. fundur.

Mánudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 138, n. 534). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir nál. sjútvn. þessarar hv. deildar um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, með áorðnum breytingum. Nefndin hefur rætt þetta frv. á mörgum fundum og fengið fjöldann allan af umsögnum um þetta mál. Niðurstaða nefndarinnar er eftir þá skoðun að mæla með því, að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir nál. skrifa Stefán Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Gunnar Thoroddsen, Guðmundur Karlsson og Egill Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 139, n. 535). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Það er eins með þetta frv., 131. mál, og með það frv. sem ég talaði fyrir rétt áðan, 130. mál, en þetta er frv. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum. Nefndin hefur lagt töluvert mikla vinnu í þetta frv. og eins og með hið fyrra fengið fjöldann allan af umsögnum og menn til skrafs og ráðagerða. Niðurstaðan af þeirri vinnu varð sú, að nefndin varð öll sammála um afgreiðslu málsins.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á þessu frv., eru að við 1. gr. bætist ný mgr. er verði 3. mgr. og hljóði svo: „Verð umbúða skal dragast frá þegar útflutningsgjald er lagt á unnar afurðir."

Á 2. gr. verði sú breyting gerð, að í stað 3.5% útflutningsgjalds af fob-verðmæti útflutnings komi 3.2%.

3. gr. breytist þannig, að í stað 38% komi 41%, í stað 18% komi 20%, í stað 22% komi 24% og í stað 22% komi 15%. Meginbreytingin í þessu og reyndar sú eina er að gjaldið til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda er það sem mismunurinn er gerður á í krónutölu. Með þessum breytingum, sem nefndin leggur til, er gjaldið til samtakanna sjálfra verulega lækkuð.

Við 5. gr.: Aftan við 1. málsl. bætist nýr málsliður: „sbr. þó 3. mgr. í 1. gr." — Það er tilvísun í breytinguna á 1. gr.

E. t. v. mundu margir vilja álykta að veigamesta breytingin hér væri sú, að við leggjum til að ákvæði til bráðabirgða falli brott úr þessu frv., en það er ákvæðið um að heimilt skuli að leggja á gjald til viðbótar við útflutningsgjaldið, sem áætlað var 2.5%, til að byggja aðstöðuhús hér í Reykjavík fyrir grásleppuafurðirnar. Nefndin er sammála um að leggja til að þetta ákvæði falli brott. Hins vegar er okkur nefndarmönnum ljóst, að forsvarsmenn Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda hafa gengið á fund viðkomandi ráðh. og fengið þar góðar undirtektir um að þeir fengju aðstoð við að koma þessu húsi upp og þá með eðlilegum hætti. Okkur finnst líka eðlilegast að það sé gert á þann hátt og þeir, sem koma til með að nýta þetta hús, borgi visst geymslugjald sem standi undir rekstri slíkra skemma.

Undir þetta nál. rita Stefán Guðmundsson, Geir Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Gunnar Thoroddsen, Guðmundur Karlsson og Egill Jónsson. Allir nm. eru sammála um að mæla með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 535, 1 samþ. með 13 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 535, 2 samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 535,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 535,4 samþ. með 15 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
6.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 535,5 (ákv. til brb. falli niður) samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 93, n. 386, 387, 396, 456). — Frh. 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Þessar umr. hafa staðið alllengi yfir, það er langt síðan 2. umr. um þetta frv. hófst hér í deildinni, en það voru einkum tvö atriði í ræðu hv. 11. þm. Reykv. sem mig langaði að gera sérstaklega aths. við. Annars fjallaði hann allmikið um störf allshn. og vildi ekki taka frásagnir af því, sem þar hefði gerst, eftir þeim upplýsingum sem þar hafa komið fram, eins gildar og ef einhverjir pappírar væru lagðir fram frá mönnum utan þings. Ég geri ráð fyrir að formaður allshn. muni ræða um þá hlið málsins. En ég rakti í framsöguræðu þær upplýsingar sem okkur voru gefnar í þeim viðræðum sem áttu sér stað í allshn., og ég tel að þær séu jafngildar og þó við hefðum lagt fram einhverjar skriflegar upplýsingar frá aðilum utan þings.

Ég vil sérstaklega minnast á það atriði, að ég skýrði frá því í minni framsöguræðu, að það hefði borist listi um þau mál sem hæstaréttardómarar hefðu unnið að á vegum dómsmrn. Þar skar sig mjög úr einn dómari, Ármann Snævarr, hvað það voru mörg mál sem hann vann að. Ég gat þess þá jafnframt, að hann mundi hafa fengið leyfi frá störfum til að vinna að þessu. Hv. 11. þm. Reykv. fannst undarlegt að hann skyldi fá leyfi á sama tíma sem kvartað væri undan því að hægt gengi með afgreiðslu mála frá Hæstarétti. Leyfi það, sem hér um

ræðir, fékk Ármann Snævarr á tímabilinu okt.-des. 1980, þ. e. fyrir meira en ári, og þá var annar maður settur í hans stað á meðan þannig að það átti ekki að draga úr vinnu hjá Hæstarétti.

Í öðru lagi spurði hv. 11. þm. Reykv. að því, hvort við hefðum kannað hvort hæstaréttardómarar hefðu verið sammála um frv. sem hér liggur fyrir. Þá vil ég skýra frá því, að á fund nefndarinnar kom Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, sem hefur verið formaður réttarfarsnefndar, og hann sagðist vera sammála um þá tímabundnu ráðningu hæstaréttardómara sem frv. gerir ráð fyrir. Það var ekki um það atriði sem hann var ekki á sömu skoðun og aðrir hæstaréttardómarar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það gerist nú, eins og hér hefur komið fram, nokkuð sundurslitin umr. um þetta mál, og það hefur satt best að segja dregist meira á langinn að afgreiða það héðan úr þessari hv. deild en e. t. v. væri æskilegt.

Ástæðan til þess, að ég kveð mér hér hljóðs að nýju við þessa umr., eru einkum ummæli sem féllu í ræðu sem hv. 11. þm. Reykv. flutti hér fyrir allnokkru, og hefur raunar verið vikið að einu þeirra atriða nú þegar af hv. 3. þm. Suðurl.

Í ræðu hv. 11. þm. Reykv. kom fram, að ég tel, nokkur gagnrýni á störf allshn. að þessu máli. M. a. gagnrýndi hann að nefndin skyldi ekki hafa óskað eftir skriflegri greinargerð frá Lögmannafélaginu um málið, en látið nægja að ræða við stjórnarmenn á fundi, eins og hann — með leyfi forseta — tók til orða í þessum ræðustól. Ég held að þetta frv. hafi fengið þá umfjöllun í allshn. sem eðlilegt er. Það hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun, og vil ég í stuttu máli gera grein fyrir því, hvernig nefndin hefur fjallað um þetta frv.

Strax á 3. fundi nefndarinnar, 24. nóv. s. l., kom Steingrímur Gautur Kristjánsson á fund hennar og gaf henni margvíslegar upplýsingar, en hann var einn þeirra virtu og mikilsmetnu lögfræðinga sem hv. 11. þm. Reykv. hefur orðið tíðvitnað til í þessum ræðustól, og ekki skal ég draga úr því.

Á 4. fundi nefndarinnar, hinn 1. des., kom forseti Hæstaréttar á fund nefndarinnar og gaf sömuleiðis margháttaðar upplýsingar, m. a. þær, að nú biðu afgreiðslu í Hæstarétti 121 einkamál og 21 opinber mál sem væru tilbúin til flutnings.

8. des., á 5. fundi nefndarinnar, mættu fulltrúar Lögmannafélags Íslands, a. m. k. 5 fulltrúar, ef ég man rétt, sem gáfu nefndinni mjög ítarlegar upplýsingar og lýsti skoðunum sínum munnlega við nefndina. Það hefur verið gagnrýnt, að ekki skuli hafa af okkur hálfu verið óskað eftir skriflegri greinargerð, en þess var hreinlega ekki talin þörf og talið ástæðulaust. Nú er það svo auðvitað, að menn geta ekki átt sæti í öllum nefndum. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur valið þann kost eða hans þingflokkur að hann sé ekki fulltrúi flokksins í allshn. Hann hefði þá átt betri kost á að fylgjast með þessu. En það komu ekki fram neinar beiðnir í nefndinni um að þetta yrði skriflegt, og auðvitað hljóta munnlegar skýrslur af þessu tagi að vera nákvæmlega jafngildar og skriflegar samkv. íslenskum réttarvenjum.

Á fundi nefndarinnar 8. des. mætti einnig forseti lagadeildar Háskóla Íslands og að beiðni nefndarinnar var honum falið að semja stutta greinargerð um valkosti í þessu efni, sem þegar hefur verið gert grein fyrir, og þeir valkostir voru síðan ræddir á 7. fundi nefndarinnar 2. febr.

Á 8. fundi nefndarinnar 9. febr., mætti Þór Vilhjálmsson hæstaréttardómari, formaður réttarfarsnefndar, eins og áður hefur verið vikið að.

Á 9. fundi nefndarinnar, þar sem um þessi mál var fjallað, mætti hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson og gaf nefndinni upplýsingar.

Á 10. fundi nefndarinnar, þar sem um þessi mál var fjallað, hinn 25. febr., var lagt fram skriflegt svar dómsmrn. varðandi ýmis störf hæstaréttardómara sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði beðið um.

Ég sé því ekki að unnt sé að halda því fram með neinni sanngirni, að að afgreiðslu þessa máls eða athugun hafi ekki verið unnið í allshn. með þeim hætti sem eðlilegt hlýtur að teljast.

Ég skal ekki gera sérstaklega að umtalsefni mörg önnur atriði úr ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um þessi mál, utan það eitt, að í ræðu, sem sá hv. þm. flutti í þessari hv. deild hinn 8. mars s. l., hélt hann því margsinnis fram, að nokkur ákvæði hæstaréttarfrv. brytu í bága við stjórnarskrá. Enn fremur kom það fram í máli hans við það tækifæri, að í greinargerð nokkurra lögmanna, sem hér hefur oftlega verið vitnað til, komi fram sú skoðun þeirra, að ákveðin ákvæði frv. til l. um Hæstarétt séu andstæð stjórnarskrá. Sé hins vegar greinargerð þessara ágætu manna lesin, sú greinargerð sem þeir sendu öllum alþm., kemur hvergi fram, það er hvergi fullyrt, að þetta sé andstætt stjórnarskránni. Þar segir, með leyfi forseta: „Kynni slíkt tilvik að vera talið andstætt 61. gr. stjórnarskrár". — Kynni að vera talið. Annars staðar hér segir, með leyfi forseta: „Verði umrætt frv. um dómara til bráðabirgða að lögum er stigið varhugavert skref í sögu íslenskrar dómaskipunar: a) Því kann að verða haldið fram, að hér sé um að ræða brot á 61. gr. stjórnarskrár." — Síðan segir í b-lið: „Jafnvel þótt menn treysti sér ekki til að fullyrða að umrætt bráðabirgðaákvæði fari berlega í bága við stjórnarskrá má vekja athygli á því, að hér er stigið nýtt skref" o. s. frv.

Það er sem sagt ekki rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að í greinargerð þessara ágætu lögfræðinga og fræðimanna sé þetta fullyrt berum orðum. Það er hvergi gert. Þetta tel ég nauðsynlegt að leiðrétta og hvet svo til þess, að við rekum af okkur slyðruorðið með afgreiðslu þessa frv. hér. Við það hafa verið fluttar brtt. Meginatriði málsins er að það takist að greiða þannig úr, flýta störfum í Hæstarétti þannig, að menn verði ekki að una þeirri óvissu sem fylgir því að þurfa að bíða árum saman eftir að fá úrslit deiluefna hjá þessum æðsta dómstól landsins. Meginatriðið er auðvitað að auka réttaröryggi og flýta því, að menn geti fengið skorið úr sínum deilumálum, því að satt best að segja er núverandi ástandi og sá hali mála, sem Hæstiréttur nú dregur á eftir sér ár frá ári, auðvitað gersamlega óviðunandi.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 542) samþ. með 13 shlj. atkv.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Tilefni þessarar brtt. er það, að okkur sýnist að freista þurfi þess að nýta þá möguleika sem unnt er til að hraða afgreiðslu í

Hæstarétti, og það frv., sem fyrir liggur, lýtur í þá átt. Það er alkunna að þingleyfi Hæstaréttar mun vera þrír mánuðir, og þykir okkur flm. það fulllangt. Reyndar er það svo, að lögmönnum almennt þykir þetta þingleyfi allt of langt. Fæ ég ekki skilið að hæstaréttardómarar þurfi svo langt leyfi sem þar er tekið. Því leggjum við til að í framhaldi af ákvæði 11. gr. frv. komi svohljóðandi setning: „Þingleyfi skulu þó aldrei vera lengri en 6 vikur.“ Vonast ég til að hv. þdm. samþykki þessa brtt., enda er ljóst að verði hún samþykkt jafngildir það starfi eins hæstaréttardómara ef miðað er við eitt mánár.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég held að ég muni það rétt, að ég hefi talað tvisvar við þessa umr., og hef fengið leyfi forseta til að gera hér aths. Ég bjóst hins vegar við að hæstv. dómsmrh. mundi kveðja sér hljóðs og svara ýmsum af þeim spurningum, sem til hans hefur verið beint í þessari umr., og tjá sig um þær brtt. sem hér liggja fyrir. Það liggja fyrir fimm brtt. við þetta frv.: þrjár frá mér, ein frá hv. þm. Eiði Guðnasyni og ein frá hv. þm. Karli Steinari Guðnasyni og Eiði Guðnasyni. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. dómsmrh. geri rökstudda grein fyrir afstöðu sinni til þessara brtt. áður en atkvgr. fer fram í deildinni.

Ég ítreka það sem ég hef sagt hér áður, að ég tel að frumvörp um eina af þremur meginstofnunum í stjórnkerfi landsins, Hæstarétt, sem er þriðja megingreinin í okkar stjórnkerfi, séu á ýmsan hátt alvarlegri og viðkvæmari frumvörp en ýmislegt annað sem við erum hér að fjalla um. Það vill hins vegar svo til, að stjórnarskrá Íslands er mjög rýr að ákvæðum hvað dómsmál snertir, en væru hliðstæð ákvæði um dómsskipunina, dómsvaldið, í stjórnarskránni og eru um löggjafarvaldið sérstaklega og framkvæmdavaldið er alveg ljóst að það frv., sem við erum hér að fjalla um, og a. m. k. nokkrar af þeim brtt., sem hér eru fluttar, væru tillögur um stjórnarskrárbreytingar. Það er þess vegna öll efnisástæða til þess, að hæstv. dómsmrh., flm. þessa frv., geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara brtt. svo að hún liggi fyrir á rökstuddan hátt, hvort sem hann er sammála þeim eða ósammála.

Enn fremur vakti ég athygli á því við síðustu umfjöllun málsins í deildinni í fyrri hluta 2. umr., að hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hafa nokkrir prófessorar í lögum við Háskóla Íslands, þar með talinn forseti lagadeildar, og ýmsir virtustu dómarar við dómstóla hér í Reykjavík sent frá sér greinargerð og er nú bráðum hálft ár síðan sú greinargerð kom fram. Í þeirri greinargerð er að finna ítarlegan rökstuðning gegn ákvæði til bráðabirgða, sem í þessu frv. er. Látið er að því liggja, eins skýrt og nánast hægt er að gera með öllum rökstuðningi og ályktunum þeirrar greinargerðar, að þeir telji að stjórnarskrárlegri stöðu Hæstaréttar sé stefnt í hættu með því að samþykkja ákvæði til bráðabirgða í þeim búningi sem það er nú.

Ég er þeirrar skoðunar, að þegar forseti lagadeildar Háskóla Íslands, nokkrir prófessorar aðrir í lögum við Háskóla Íslands og ýmsir þeirra, sem lengst hafa starfað við æðstu dómstigin sem eru hér í höfuðborg landsins, senda frá sér slíka greinargerð um Hæstarétt Íslands, þá sé lágmarkskrafa að flutningsaðilar frv. sendi frá sér skriflegt svar við þessum rökstuðning svo að það liggi alveg ljóst fyrir skriflega í þskj. hver eru rök dómsmrn. eða þá annarra aðila, sem hlut eiga að máli, fyrir því að hafna eða vísa til hliðar þessari álitsgerð prófessora í lögum við Háskóla Íslands og dómara við æðstu dómstigin hér í höfuðborginni. Það hefur verið venja hér varðandi ýmis minni háttar frv. í þinginu að leita álits lagadeildar Háskóla Íslands, og sú venja hefur skapast hér í þinginu, að það álit er talið mikilvægur úrskurður varðandi ýmis viðkvæm deilumál. Nú vill svo til, að þótt ekki sé um formlegt álit frá lagadeildinni sem stofnun að ræða eru það ýmsir einstaklingar, sem hana skipa, og aðrir háttsettir dómarar sem hafa sent þessa ályktun frá sér.

Ég var ekki að gagnrýna það í sjálfu sér í minni síðustu ræðu fyrir nokkrum vikum að nefndin hefði ekki krafist þess að fá skriflega greinargerð frá Lögmannafélaginu. Ég hefði hins vegar talið það æskilegt og vil nefna í því sambandi að þegar verið er að fjalla hér um efnahagsmál, eins og gert er hvað eftir annað í þinginu, er yfirleitt, eftir að fulltrúar Seðlabanka, Þjóðhagsstofnunar og ýmissa aðila koma á fund nefnda, óskað eftir skriflegum álitsgerðum þessara aðila um þessi efni svo að það liggi fyrir skýrt í nál. eða öðrum þskj. hver afstaða þessara stofnana hefur verið. Ég hefði talið að fyrst þessi greinargerð liggur á annað borð fyrir um Hæstarétt væri alveg nauðsynlegt að einhver aðili treysti sér til að svara þeirri greinargerð skriflega, vegna þess — ég endurtek það — að hvort sem mönnum líkar betur eða verr hefur þessari hv. deild fyrir nokkrum mánuðum verið send þessi skriflega álitsgerð frá þeim hópi manna, sem hér hefur verið vitnað til, og við henni hefur ekki borist neitt svar, skriflegt eða munnlegt, úr ræðustól Alþingis varðandi afstöðu rn. eða annarra aðila til þessara röksemda.

Ég vil þess vegna formlega óska eftir því við hæstv. dómsmrh., að áður en þetta frv. verður afgreitt frá þessari deild leggi dómsmrn. fram skriflega greinargerð þar sem rök séu flutt fyrir því, hvers vegna dómsmrn. kýs að vísa til hliðar eða hafna þeim röksemdafærslum sem þessi títt nefndi hópur prófessora í lögfræði og dómara í höfuðborg landsins hefur sent frá sér. Ég tel það ekki sæmandi málsmeðferð, hika ekki við að segja það, að þegar verið er að fjalla um Hæstarétt Íslands og við erum að gera breytingu á dómsvaldinu í landinu, sem er í reynd stjórnarskrárgildi ef horft er til ákvæða stjórnarskrárinnar um löggjafarvaldið, þá liggi ekki fyrir skýrt og greinilega röksemdafærsla dómsmrn. gagnvart því, hvers vegna það hafnar þeim röksemdafærslum sem þessi hópur fremstu lögfræðinga landsins hefur sent frá sér. Ég tel a. m. k. að Hæstiréttur Íslands sé svo alvarlegt umræðuefni og þær ásakanir, sem fram hafa komið í þessari grg., séu þess eðlis, að þeim beri að svara með þessum hætti.

Ég vil þess vegna, herra forseti, ítreka þá ósk mína til hæstv. dómsmrh., að hann í fyrsta lagi lýsi rökstuddri afstöðu sinni til þeirra brtt. sem hér hafa komið fram, bæði frá mér og hv. þm. Eiði Guðnasyni og Karli Steinari Guðnasyni, og í öðru lagi að áður en atkvgr. fer fram í þessari deild um þessar brtt. og frv. leggi dómsmrn. fram skriflegt svar sitt við þeirri álitsgerð lögfræðinga sem hv. Ed. Alþingi barst fyrr í vetur.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég hafði vænst þess að hv. Ed. færi að taka endanlega afstöðu til þessa frv. Að mínum dómi hefur frv. verið skilmerkilega rökstutt. Það hefur fengið mjög ítarlega umfjöllun og vitna ég þar í orð hv. formanns allshn., 5. þm. Vesturl. Dómsmrn. hefur lagt sig fram um að svara

öllum fsp. sem borist hafa um þetta frv. Hvað eftir annað hefur verið mætt á fundum hv. allshn. Ed. til að gefa skýringar um þetta mál. Ég kannast ekki við að ég eigi eftir að svara nokkurri fsp. sem beint hefur verið til mín í þessu máli, nema þá þeirri sem hv. 11. þm. Reykv. beindi til mín í síðustu aths. sinni, sem hann hefur nú nýflutt.

Ég sé ekki ástæðu til að fara að tefla máli þessu í tvísýnu með því að fara að skrifa nýja greinargerð um þetta mál. En til að lýsa afstöðu minni svo að enginn fari þar villur vegar get ég gjarnan rifjað upp, úr hvaða jarðvegi þetta frv. er sprottið, og minnst á helstu rök sem liggja að þessum tillögum.

Um þær er það að segja, að í fyrsta lagi eru í ríkisstjórnarsáttmálanum ekki mörg orð um dómsmál, en þar er þó tekið fram að unnið skuli að því að hraða meðferð dómsmála. Allir þeir, sem eitthvað fylgjast með í þessum efnum, vita að full þörf er á að hraða meðferð dómsmála, ekki síst þar sem það er ljóst að sú töf, sem verður á því að menn fái endanlega úrlausn í sínum málum, er einkum í Hæstarétti af því að þar vinnst ekki tími til að ganga nógu greitt eða á nógu skömmum tíma frá málum.

Það var einhvern tíma sem hv. 11. þm. Reykv. vildi fá að vita hvort þetta frv. eða ýmis ákvæði þess væru frá dómsmrh., hæstaréttardómurum, einhverjum mönnum í dómsmrn. eða hvort allir hæstaréttardómarar væru sammála. Ég held að hv. dm. í Ed. hljóti að vera nokkuð vissir um það nú orðið að hæstaréttardómarar eru ekki ævinlega sammála. Það kemur mjög oft fyrir að þeir skiptast í afstöðu til hinna mikilvægustu mála og sér enginn neitt athugavert við það, nema hvað það er kannske óæskilegt að Hæstiréttur klofni, eins og það er kallað, mjög oft.

Þær tillögur, sem bornar eru fram í þessu frv. um Hæstarétt Íslands, eru auðvitað sprottnar upp úr ýmsum hugleiðingum, ekki hvað síst milli mín og forseta Hæstaréttar, og á ég þá ekki hvað síst við fyrrv. forseta Hæstaréttar sem jafnframt var formaður réttarfarsnefndar frá upphafi, frá því að hún var stofnuð 1972, því það er tiltölulega nýlega búið að skipta um formann í réttarfarsnefndinni. (**ÓRG:** Ármann Snævarr?) Nei, það var Björn Sveinbjörnsson. Hann er þar af leiðandi einn af aðalhöfundum lögréttufrv. svo að hann þekkir þetta mál mjög vel frá öllum hliðum.

Vitanlega var það það fyrsta, sem ég tók til athugunar til að framfylgja ákvæðinu í stjórnarsáttmálanum, að skoða þær leiðir sem helst kæmu til greina. Eftir ítarlegar umræður við hina færustu menn á þessu sviði, þ. á m. hæstaréttardómara og þáv. forseta Hæstaréttar, get ég gjarnan rifjað upp hvaða leiðir komu helst til greina að okkar dómi til að hraða meðferð mála í Hæstarétti.

Þær leiðir, sem helst koma til greina til að stuðla að skjótari úrlausn mála fyrir Hæstarétti, eru þessar:

1. Hækkun áfrýjunarfjárhæðar í einkamálum. Þessa leið verður að fara varlega. Áfrýjunarfjárhæð er nú 2 þús. kr. og e. t. v. mætti hækka hana í 4—5 þús. kr. Þetta leysir þó tæplega mikinn vanda að því er greiðari meðferð mála snertir í Hæstarétti.

2. Fela mætti Hæstarétti vald til að ákveða hvort áfrýja megi máli eða ekki. Slíkar reglur eru í gildi sums staðar á Norðurlöndum. Þess er þó að gæta að þar eru alls staðar a. m. k. þrjú dómstig, en hér á landi aðeins tvö. Telja verður að fara verði með mikilli gát í því að takmarka rétt borgaranna til að skjóta málefni sínu til æðri dóms til endurskoðunar. Það eru mannréttindi sem varasamt er að skerða til muna. Við vitum að Íslendingar eru yfirleitt þannig gerðir að þeir telja vart kominn endanlegan dóm í máli sínu fyrr en um það er genginn hæstaréttardómur.

3. Millidómstig sem yrði áfrýjunardómstóll í minni háttar málum. Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi frv. til l. um lögréttu, en ekki fengið afgreiðslu. Í því frv. er gert ráð fyrir millidómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar sem yrði að jafnaði endanlegur áfrýjunardómstóll í þeim málum, þ. á m. kærumálum, sem héraðsdómur dæmdi í á fyrsta dómstigi, en fyrsta dómstig í öllum stærri málum. Þeim málum mætti síðan áfrýja til Hæstaréttar. Með stofnun slíks dómstóls yrði létt miklu álagi af Hæstarétti og þörf fjölgunar hinna reglulegu kómara þar yrði tæpast nauðsynleg fyrst um sinn. Einhvern veginn þyrfti þó að leysa úr þeim vanda sem steðjar nú að vegna hins mikla fjölda óafgreiddra mála, jafnvel þótt lögréttuleiðin væri farin.

4. Mjög mikil nauðsyn er á að Hæstiréttur fái að ráða sérfróða menn dómnum til aðstoðar, eins og tíðkast alls staðar annars staðar á Norðurlöndum. Slíkt mundi mjög auðvelda störf dómaranna og auka vinnuafköst þeirra. Sem stendur eru engir slíkir sérfróðir aðstoðarmenn við réttinn, en gert er ráð fyrir þeim í þessu frv. og er þegar samþykkt fjárlagaheimild fyrir a. m. k. einn aðstoðarmann, ef ég man rétt.

5. Fjölgun reglulegra dómara í Hæstarétti. Árið 1973 var hæstaréttardómurum fjölgað úr fimm í sex, með lögum nr. 42 frá 1973, og úr sex í sjö 1979, með lögum nr. 24 frá 1979. Vissulega kæmi mjög til álita að fjölga dómurum í 10—11, en þá gæti rétturinn starfað í tveimur fimm dómara deildum. Það er þó tæpast tímabært meðan ekki er ráðið hver örlög lögréttufrv. fær. Hins vegar væri ugglaust rétt að fjölga dómurum strax í átta, en þá gæti dómurinn starfað í tveim deildum í senn, sem þriggja manna dómur, er dæmdi kærumál og minni háttar áfrýjunarmál, og fimm manna dómur, er dæmdi meiri háttar mál. Reynt hefur verið, eftir því sem hægt hefur verið talið, að dæma sem flest mál af þrem dómurum eftir að það var heimilað með lögum frá 1973. Hin síðari ár hefur um helmingur af málum verið dæmdur af þrem dómurum og eru þá öll mál meðtalin, einnig útivistardómar.

6. Sú leið, sem einna helst kæmi til greina til að hraða úrlausn þeirra mála sem nú bíða dóms fyrir Hæstarétti, væri líklega sú að lögleiða heimild til að setja 3—4 eða 2—3 varadómara um stuttan tíma í einu til að reyna að ljúka þessum málum eða a. m. k. fækka þeim. Gæti þetta orðið með þeim hætti, að slíkir varadómarar yrðu settir um þriggja eða fjögurra eða sex mánaða skeið á ári. Dómurinn mundi þá starfa í tveim deildum þann tíma og hinir föstu dómarar yrðu í meiri hluta í báðum deildunum. Svipað fyrirkomulag og þetta hefur tíðkast um nokkurn tíma í Finnlandi og var einnig í gildi í Noregi um skeið eftir stríðið. Þetta fyrirkomulag er að ýmsu leyti gallað. T. d. hafa settir hæstaréttardómarar ekki sama starfsöryggi og hinir skipuðu og þeir eru ekki jafnóháðir framkvæmdavaldinu og hinir skipuðu vegna þess að þeir þurfa aftur að hverfa að fyrri störfum eða öðrum störfum er setningu lýkur. Nokkrir annmarkar eru á því, að Hæstiréttur starfi í tveim deildum, a. m. k. til langframa. T. d. kynni þá að verða meiri hætta á ósamræmi í dóminum en ella. Samt sem áður verður að telja að þetta sé eina færa leiðin til að leysa úr þeim vanda sem Hæstarétti er nú á höndum. Þess ber að geta, að talsverð reynsla er hér á landi af setningu hæstaréttardómara, bæði í einstökum

málum og um tiltekinn tíma, jafnvel svo árum skiptir. Sýnir sú reynsla að hinir settu dómarar hafa rækt starf sitt með miklum ágætum.

Ég geri réð fyrir að þær staðreyndir, sem hér eru yfir hafðar, séu flestum hv. dm. nokkuð kunnar eftir svo langvarandi umfjöllun þessa frv. Ég taldi þó rétt að rifja þær upp við þessa umr. Ég er ekki að segja að þessi leið, sem bent er á í frv., sé sú eina rétta, enda sést það best á þeim atriðum sem ég hef nú nefnt. En það er eins og oft áður, að þegar um fleiri en eina leið eða margar leiðir er að tefla verður að velja eina leiðina ef eitthvað á að komast áfram. Og þá leið, sem valin er í frv., tel ég sæmilega góða miðað við allar aðstæður.

Ég tel svo ekki ástæðu til að ræða miklu meira um frv., svo mikið er búið að fjalla um það. Ég tel ekki heldur ástæðu á þessu lokastigi við 2. umr. í hv. Ed. að gera grein fyrir hverri einstakri af þeim brtt. sem fyrir liggja. Ég vil þó segja að ég er andvígur þeim öllum, mundi ekki greiða þeim atkv., nema tveim.

Fyrri brtt. er sú, að frv. taki gildi 1. júlí 1982. Ég óska þess, að þetta frv. fái sem allra fyrst efnislega afgreiðslu hér í hv. Ed. Ég tel að það sé búið að þvælast fyrir því nógu lengi af vissum mönnum. Ég leyfi mér að segja það. Það er þegar búið að tefja þetta um hálft ár því að ætlunin var fyrst að það tæki gildi um s. l. áramót.

Í öðru lagi gæti ég í sjálfu sér verið fylgjandi varatill. hv. 11. þm. Reykv. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frá upphafi ársins 1983 skal Hæstiréttur skipaður 11 dómurum og skal skipan nýrra dómara vera samkv. 2. gr. laga nr. 24/1979. Nú losnar staða fasts dómara í Hæstarétti eftir þennan tíma og skal þá hvorki skipa né setja dómara í hans stað. Þetta gildir þó aðeins um fjórar fyrstu stöðurnar sem þannig losna."

Þetta er í sjálfu sér að mínum dómi mjög frumleg till. sem ég hef varla efni á að mæla gegn, því að vissulega er lagt mikið vald í hendur dómsmrh. að skipa þegar í stað fjóra nýja hæstaréttardómara. En ég bið menn þó að velta ýmsu fyrir sér í sambandi við þessa varatill. hv. þm. Í fyrsta lagi: Ímynda menn sér að þessi till. mundi hraða athugun á lögréttufrv. eða ígildi þess? Mundu menn ekki frekar telja að það legðist þá til hliðar, a. m. k. um allmörg ár? Í öðru lagi: Eru menn ekkert ragir við að leggja svo mikið vald í hendur dómsmrh.? Og í þriðja lagi: Vildu hv. þm. hugleiða hvort þetta er ódýr lausn? Ég ætla ekki að segja meira um þessa varatill., sem vissulega er þó athyglisverð.

Ég held að ég hafi svo ekki fleiri orð um þetta frv., en ítreka aðeins óskir mínar þess efnis, að hv. Ed. sjái sér sem allra fyrst fært að afgreiða það frá sér.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég þakka umburðarlyndi forseta og deildarinnar að leyfa mér að gera örstutta aths. vegna svars dómsmrh. við þeim spurningum og óskum sem ég setti fram.

Ég harma mjög að dómsmrn. skuli ekki treysta sér til að leggja fram skriflegt svar við þeirri álitsgerð sem send var hv. Ed. Alþingis, ef ég man rétt, í nóvembermánuði s. l. Dómsmrn. hefur haft nægan tíma til að undirbúa það svar og hugleiða það mál, þannig að ég tel mjög illa farið að rn. skuli ekki treysta sér til að setja fram skrifleg rök. Þótt það sé rétt hjá hæstv. dómsmrh., að þetta mál hafi verið lengi hér til umr. á Alþingi, hefur hæstv. ráðh. aldrei í allri þeirri umr. fjallað einu orði efnislega um þessa greinargerð og gerði það ekki heldur nú. Það tel ég ekki eðlilegar umr., einkum og sér í lagi þegar hæstv. ráðh. lagði á það áherslu, bæði nú í sinni ræðu og eins áður, að málið fengi efnislega umfjöllun hér á Alþingi. Það hefur einmitt verið kjarnaatriði þessara efnislegu umr. að taka afstöðu til þessarar greinargerðar.

Ég tel þó að hæstv. dómsmrh. hafi í lok sinnar ræðu tekið afstöðu með greinargerð lögfræðinganna, vegna þess að stuðningsyfirlýsing hans við varatill. mína fól einmitt í sér viðurkenningu á því, að ábending um hugsanlegt stjórnarskrárbrot, ef bráðabirgðaákvæði eins og það er í frv. núna væri samþykkt, eigi fullan rétt á sér. Hæstv. ráðh. lýsti yfir að hann væri fylgjandi varatill. og gæti ekki mælt gegn henni. Eins og kom fram fyrir tveimur vikum, þegar ég gerði grein fyrir þessari brtt., er hún einmitt flutt til þess að komast fram hjá þessum vanda um stjórnarskrárbrotið. Hæstv. ráðh. hefur nú gefið þá merku yfirlýsingu hér, að hann sé fylgjandi því að fara fram hjá þessum deilum, komast hjá því, að stjórnarskrárbrotið liggi hugsanlega á borðinu, með því að samþykkja þessa varatill. mína. Ég lýsti því rækilega, þegar ég flutti þessa varatill., að ég kysi helst að fara aðra leið, eins og bæði aðaltill., sem ég flyt, og aðrar tillögur sýna fyllilega, en til að afstýra því, að stjórnarskrárbrot væri hugsanlega framið, tók ég að mér að flytja þessa varatill. Nú hefur hæstv. dómsmrh. lýst yfir að hann gæti fylgt þessari varatill. Það er satt að segja synd að hæstv. ráðh. skuli ekki eiga sæti í þessari deild svo að hann gæti fylgt þeirri skoðun sinni eftir þegar atkvgr. fer fram. En ég beini því nú til hv. deildar, að fyrst við höfum orðið sammála, ég og hæstv. dómsmrh., um að það væri æskilegasta lausnin að komast fram hjá þessum vanda um stjórnarskrárdeilurnar með því að samþykkja ákvæði til bráðabirgða, þá væri ástæða til að hv. dm. hugleiddu í fullri alvöru að ljá þessari varatill. brautargengi sem nægði til samþykkis.

Hitt finnst mér alveg óþörf hógværð hjá hæstv. dómsmrh., að vera að efast um að við berum það traust til hans, að við treystum okkur til að fela honum að skipa fleiri en einn hæstaréttardómara. Ég get lýst því yfir hér, að það vantar ekkert á að ég beri fullt traust til ráðh. um að skipa einn, tvo, þrjá eða fleiri hæstaréttardómara. Það segir sig sjálft og var alveg óþarfi að vera að benda á að núv. hæstv. dómsmrh. væri falið mikið vald hvað þetta snertir. Sumir hæstv. dómsmrh., fyrirrennarar hans, hafa setið það lengi í embætti að þeir hafa skipað marga hæstaréttardómara og ekki verið deilt á það, held ég, nema einu sinni í sögu réttarins, ef ég man rétt, á öllum þessum áratugum — og það fyrir löngu, svo að það finnst mér ekki vera nein efnisleg ástæða.

Herra forseti. Ég þakka aftur umburðarlyndið. Ég hefði að vísu kosið að fá rökstudda afstöðu til fleiri brtt. og enn fremur kosið að fá þá skriflegu greinargerð sem ég hef verið að óska hér eftir hvað eftir annað. En ég verð að lýsa því yfir í lokin, að mér finnst stuðningsyfirlýsing hæstv. dómsmrh. við varatill. mína vera nægilegt svar í sjálfu sér. Þar með hefur hæstv. ráðh. viðurkennt að röksemdir hóps lögfræðinga, sem hafa verið kynntar í deildinni, og þær efasemdir, sem ég hef hér flutt um bráðabirgðaákvæðið eins og það er í frv., eigi fyllilega rétt á sér og það sé þess vegna rétt að samþykkja þá varatill. um orðalag þessa bráðabirgðaákvæðis sem ég hef gert till. um.

ATKVGR.

Brtt. 387 felld með 11:5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, KSG, KJ, ÓRG, SoG.

nei: DA, EKJ, GB, GK, GTh, JH, SalÞ, StefG, TÁ, SvJ, ÞK.

4 þm. (EgJ, GeirG, LJ, ÓlJ) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.

Brtt. 456,1 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 7:6 atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 456,2 felld með 11:4 atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 542 felld með 9:5 atkv.

5.—8. gr. (verða 6.—9. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 396 (na 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 16 shlj. atkv.

Brtt. 456,3 felld með 12:3 atkv.

Brtt. 456,3 varatill. felld með 15:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, SoG.

nei: GK, GTh, JH, KSG, KJ, SalÞ, StefG, TÁ, SvJ, DA, EgJ, EG, EKJ, GB, ÞK.

3 þm. (LJ, ÓlJ, GeirG) fjarstaddir.

Ákvæði til bráðabirgða samþ. með 15:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, SvJ, DA, EgJ, EG, EKJ, GB, GK, GTh, JH, KSG, KJ, SalÞ, StefG, ÞK.

nei: ÓRG.

SoG greiddi ekki atkv.

3 þm. (GeirG, LJ, ÓlJ) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil nota tækifærið til að lýsa samþykki mínu við það álit allshn., að nauðsyn beri til að endurskoða frv. til lögréttulaga, sem alloft hefur verið lagt fram á Alþingi, en eigi náð fram að ganga. Ég segi já.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Því hefur verið haldið fram, að þetta ákvæði til bráðabirgða kunni að vera í andstöðu við stjórnarskrá lýðveldisins. Enginn þeirra aðila, sem allshn. ráðgaðist við og ræddi við, treysti sér til að fullyrða neitt í þá veru. Ég held að þetta ákvæði til bráðabirgða sé nauðsynlegt til að greiða fyrir fljótari gangi mála hjá Hæstarétti og auki þar með réttaröryggi þegnanna í þessu landi, og þess vegna segi ég já.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. Ed. Alþingis hefur borist ítarleg álitsgerð frá kennurum í lögfræði við Háskóla Íslands og hópi dómara við æðstu dómstigin hér í höfuðborginni. Þar er því haldið fram með greinargóðum rökum, að að öllum líkindum feli þetta ákvæði í sér brot á stjórnarskránni. Það hefur komið rækilega fram, að hvorki dómsmrn. né nokkur annar aðili hefur treyst sér til að setja fram skriflega greinargerð þar sem rökum þessa hóps lögfræðinga væri hnekkt. Þótt hv. þm. Eiður Guðnason segi að í meðferð nefndarinnar hafi ekki verið fullyrt að hér væri um brot á stjórnarskránni að ræða, þá er það ekki rétt orðalag varðandi það álit sem hér hefur verið sett fram, vegna þess að það hefur falið í sér varkára fullyrðingu fræðimanna í lögfræði um að að öllum líkindum væri hér um brot á stjórnarskránni að ræða. Afstaða mín hefur byggst á því, að þegar Alþingi væri að breyta skipan Hæstaréttar Íslands ætti það að gerast á þann hátt, að enginn vafi, ekki nokkur minnsti vafi væri á því, að sú breyting væri í samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins. Ég hefði kosið að fara aðra leið í þessum efnum, og það hefur komið fram í umr. í dag að hæstv. dómsmrh. hefði getað fellt sig við þá leið. Það er því ljóst að hægt er að fara leið sem leysir vanda Hæstaréttar án þess að stjórnarskrárlegri stöðu réttarins sé þar með teflt í hættu. Allir þeir hv. þm., sem hér í dag segja já við þessu ákvæði til bráðabirgða, eru að ljá því atfylgi sitt, að stjórnarskrárlegri stöðu réttarins sé stefnt í hættu. Það er athyglisvert, herra forseti, hverjir taka þátt í þessu nafnakalli og hverjir taka ekki þátt í því og eru fjarverandi við atkvgr. þótt þeir hafi hlýtt á alla umr. málsins. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 37, n. 427 og 543). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Þetta frv., sem hér er til umr., var flutt fyrr í vetur sem stjfrv. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað ítarlega um það og fengið til viðræðu við sig um efni þess bæði fulltrúa fjmrn. og skattrannsóknarstjóra, sem átti sæti í nefnd sem vann að gerð þessa frv., og enn fremur fulltrúa frá Kaupmannasamtökum Íslands og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Það er ljóst, að framkvæmd og innheimta söluskatts er á ýmsum sviðum mjög erfið. Nauðsynlegt hefur verið talið að gera ýmsar endurbætur á þeirri framkvæmd til að tryggja í senn að innheimta söluskatts verði með raunhæfari hætti og meira jafnrétti ríki meðal aðila sem söluskatt eiga að greiða, einstökum aðilum verði ekki gert kleift að skjóta sér undan söluskatti, eins og nú er því miður raun á, heldur verði framkvæmdin á þann veg að jafnt verði látið yfir alla aðila ganga.

Það hefur verið töluvert til umræðu hér á undanförnum árum að taka upp virðisaukaskatt líkt og gert hefur verið í ýmsum nágrannalöndum okkar. Þó er ljóst að innleiðsla virðisaukaskatts hér á landi yrði mjög flókin í framkvæmd og vafasamt að hún mundi í fyrsta áfanga skila betri innheimtu en raunhæft kerfi söluskatts. Hægt er þó að rökstyðja virðisaukaskattinn frá ýmsum öðrum sjónarmiðum og þá fyrst sérstaklega ýmsu í fari atvinnuveganna í landinu. En meðan við búum við söluskatt á grundvelli þeirra laga, sem í gildi eru, er nauðsynlegt að tryggja að innheimta hans sé með sem ákjósanlegustum og öruggustum hætti.

Það frv., sem hér til umr., var unnið af nefnd sem að mestu leyti var skipuð sérfróðum aðilum sem langa reynslu hafa af framkvæmd söluskattslaganna og hafa haft það verksvið að tryggja að innheimtan yrði örugg og réttmæt. Þær breytingar, sem hér eru lagðar til að gerðar verði á lögum um söluskatt, eru byggðar á tillögum þessarar nefndar. Það er hins vegar ljóst, að ýmsir aðilar, sem annast innheimtu söluskattsins, aðilar í verslun og viðskiptum, telja það fyrirkomulag, sem hér hefur verið tíðkað, á ýmsan hátt gallað og vilja gera á því breytingar og jafnvel ekki styðja sumar þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv., þótt greinilegt hafi verið að nokkur munur var á áliti þeirra aðila úr verslunarlífi og viðskiptum sem við leituðum til, án þess að ég reki það

nánar hér.

Eftir þessa ítarlegu umfjöllun í nefndinni var það niðurstaða meiri hl. n. að leggja til að frv. yrði samþykkt óbreytt í trausti þess, að á grundvelli þess yrði tryggð öruggari innheimta söluskatts en verið hefur til þessa og þar með aukið réttlæti í okkar þjóðfélagi.

Einn nm., Kjartan Jóhannsson, skrifar undir nál. meiri hl. með fyrirvara, sem hann mun sjálfsagt gera grein fyrir hér á eftir, en minni hl. n., Eyjólfur Konráð Jónsson og Lárus Jónsson, skilar séráliti sem að sjálfsögðu verður gerð hér grein fyrir einnig.

Það er von mín, herra forseti, að þetta frv. verði afgreitt frá Ed. í þá veru, sem meiri hl. n. leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Eyjólfur Konráð Jónsson): Herra forseti. Það er rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði rétt áðan, að þetta mál hefur fengið allgóða meðferð í nefndinni, a. m. k. hefur talsvert mikill tími farið í að ræða við ýmsa aðila um málið og reyna að komast til botns í því, hvernig hugmyndin sé að framkvæma þessa væntanlegu löggjöf.

Þeir, sem voru kallaðir á nefndarfund utan embættismannakerfisins, gerðu ýmist heldur lítið úr frv. eða andmæltu því og bentu á marga ágalla og einna dýpst tók í árinni fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga sem taldi að þarna væru ekki nein nýmæli sem væru til bóta, heldur þvert á móti, en að hinu leytinu væri þetta hálfgert viðrinisfrv., og lagði á það ríka áherslu að bókhaldslög t. d., eins og þau nú eru, væru nægileg og þyrfti ekki sérákvæði um bókhald í söluskattslögin.

Að því er varðaði Kaupmannasamtökin bentu kaupmenn sérstaklega á það, sem þeir hafa raunar gert áður, að þeir ættu rétt á því, a. m. k. siðferðilegan rétt, að fá einhverja greiðslu fyrir þá fyrirhöfn sem þeir hafa af innheimtu söluskatts, ekki síst ef allt kerfið yrði gert miklu dýrara fyrir þá og flóknara, eins og að er stefnt með þessu frv.

Sá galli er á gjöf Njarðar, að þegar við ræddum við embættismennina fengust eiginlega engar upplýsingar um hvernig fyrirhugað væri að framkvæma þessi væntanlegu lög. Við bentum sérstaklega á 7. gr. frv., þar sem á að binda í lögum að fjmrh. fái mjög miklar heimiðir, nánast ótakmarkaðar, til að setja reglugerðir um hvað eina er varðar framkvæmd þessara væntanlegu laga. Er þar um að ræða gífurlega mikið vald sem honum yrði fengið. Ég leyfi mér, herra forseti, að lesa upp síðustu mgr. þeirrar greinar. Hún er svohljóðandi:

„Fjmrh. getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ. á m. reglur um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald fyrir alla söluskattsskylda aðila, skráningu í bókhald, á reikninga, strimla, staðgreiðslusölulista og önnur gögn til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, færslu þeirra og geymslu."

Í þessu felst að ráðh. gæti t. d. fyrirskipað svonefnda stimpilkassa, innsiglaða stimpilkassa, sem eru í fyrsta lagi dýrir og yrðu þar að auki sjálfsagt að vera með tvöföldum strimlum, þar sem í sömu verslununum er höndlað bæði með vörur, sem söluskattur er á, og eins aðrar, sem enginn söluskattur er greiddur af, og ætti þá afgreiðslufólkið væntanlega að skilja þar á milli. Þetta yrði auðvitað mjög erfitt í framkvæmd. Það hefur raunar líka verið upplýst af þessum embættismönnum, sem á fund okkar komu, að hvergi á Norðurlöndum a. m. k. væri lögskylda að nota kassa, og því jafnvel haldið fram, að það muni hvergi vera í víðri veröld, þó að söluskattar séu í flestum vestrænum löndum og raunar víst fyrir austan járntjald líka.

Spurt var að því í nefndinni, hvernig fara skyldi með í sjoppum, sem kallaðar eru, ef maður keypti þar einn sígarettupakka og eina karamellu, því að söluskattur er innreiknaður í tóbaksverð, eins og kunnugt er, en hins vegar ekki af karamellunni. Þá hefði væntanlega, ef þar hefði verið stimpilkassi, átt að stimpla karamelluna inn sérstaklega og sígarettupakkann eða eina sígarettu sérstaklega. Þetta er auðvitað nánast óframkvæmanlegt.

Þá var að því vikið, að líka væri hugsanlegt að hafa löggiltar bækur í minni fyrirtækjum og að afgreiðslumaður ætti að skrifa hverju sinni inn afgreiðslu á vöru í þessar bækur og það ætti að vera eitthvert öryggi fyrir því, að um réttar söluskattsgreiðslur yrði að ræða. Í fyrsta lagi hygg ég að það mundi enginn, sem væri að versla þar, taka sérstaklega eftir því, hvað maðurinn skrifaði inn í þessa bók eða í hvaða dálk hann skrifaði. En hitt er kannske verra, að svona ákvæði mundu áreiðanlega fremur verka til þess, að þvermóðska og kannske jafnvel löngun til að snuða ríkið, e. t. v. meiri en ella, mundi fæðast hjá ýmsum mönnum a. m. k. því að ekki eru allir svo skapgóðir að þeir mundu una slíkum hætti í viðskiptum.

Það er rétt, sem frsm. meiri hl. sagði, að ef við hefðum hér virðisaukaskatt yrði þetta allt saman auðveldara viðureignar og vafalaust mundi hann innheimtast betur en söluskatturinn. Ég er ekki í nokkrum vafa um það og við sem skilum minnihlutaáliti, að undanskot er að því er söluskatt varðar þegar hann er orðinn svo gífurlega hár sem raun ber vitni, því að freistingin er þá mikil. Eftir því sem við komumst næst í viðræðum við ýmsa þá sem til nefndarinnar komu er þetta einna hættulegast í litlum fyrirtækjum, ýmiss konar þjónustufyrirtækjum t. d., en í stærri fyrirtækjum virðist okkur ekki um mikla hættu að ræða, nema helst það, sem hér á að setja betur undir lekann en áður, að menn færi eitthvað milli mánaða söluskattsgreiðslurnar. Þar er líka veruleg freisting, sérstaklega í lánsviðskiptum, því að mönnum finnst það ekki ósanngjarnt, þegar þeir fá ekki vöruna greidda fyrr en einum eða tveimur mánuðum eftir afhendingu, að þeir greiði ekki heldur söluskattinn fyrr en þeir fá fjármagnið í hendur. Vissulega má segja að það væri sanngjörn regla, sérstaklega þegar vextir eru jafngífurlega háir og nú er og fjárskortur mikill.

En okkur skilst að það sé ákvörðun hæstv. ríkisstj. að keyra þetta mál í gegn. Ég hef fyrir mitt leyti aðvarað hv. formann fjh.- og viðskn. um það og reynt að leiðbeina honum og þeim stjórnarsinnum, eins og oft áður, að gera nú ekki neitt það sem kynni að torvelda mönnum að standa í störfum sínum. En ég er hræddur um að á það verði litið sem æðimikla ofstjórnartilburði ef farið er inn á aðra hvora þá leið sem embættismennirnir nefndu; annaðhvort þennan stimpilkassa, þar sem þeir eru mjög dýr verkfæri og erfitt með þá að fara, eins og ég sagði áðan, þar sem bæði er um að ræða söluskattsskyldar vörur og vörur án söluskatts í sömu fyrirtækjunum, eða þessar löggiltu bækur sem ætti að skrifa inn í hvert tangur og tetur sem afgreiða þyrfti. Mér finnst nærri því að þegar svo væri komið yrði að greiða mönnum fyrir þá miklu vinnu sem af þessu skapast.

Þeir bentu á það í Kaupmannasamtökunum, að það

getur verið eðlilegt að reyna að hafa áhrif á það, jafnvel lögbinda, að nótur, sem kæmu frá heildsölum eða innflytjendum, væru t. d. í tveimur litum þannig að menn sæju strax hvaða vörur það væru, sem ætti að greiða af söluskatt, og hverjar ekki. Þetta er allt saman í belg og byðu núna og veldur verulegum vandkvæðum við að skilja í sundur veltu fyrirtækjanna. Það væri miklu frekar ástæða til að reyna að greiða fyrir mönnum með einhverjum slíkum hætti en fara að þyngja refsingar og skapa bæði gífurleg óþægindi og mikinn kostnað. Að vísu minnist ég þess, að hæstv. fjmrh. sagði úr þessum ræðustól þegar hann fylgdi máli þessu úr hlaði, að til greina gæti komið að ríkissjóður lánaði mönnum andvirði þessara kassa einhvern tíma eða hluta þess andvirðis ef þeir verða teknir upp. En ég hygg að með hliðsjón af því, að hvergi í veröldinni mun hafa verið tekið upp þetta kerfi — áreiðanlega vegna þess að menn hafa óttast erfiðleika í framkvæmdinni — þá sé ráðlegt fyrir hæstv. ríkisstj. að fara sér hægt í því að gera eitthvað það sem mundi valda megnri óánægju hjá þeim mönnum sem framkvæma eiga þetta mál og eiga að innheimta skattinn. Þeir mundu beinlínis af þeim sökum kannske reyna að skjóta undan meira en þeir ella hefðu gert, ef þeim fyndist ríkisvaldið koma fram við þá af sanngirni og skilningi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef undirritað meirihlutanál. með fyrirvara, — nál. sem mælir með því, að frv. verði samþykkt. Fyrirvarinn er á þessa lund:

„Ljóst er að söluskattskerfið hefur gengið sér til húðar. Hin mörgu undantekningarákvæði og hin háa skattprósenta gera virkt eftirlit og góð skil mjög torveld og auka á tilhneigingu til og hættu á undandrætti. Uppsöfnunaráhrif skattsins hafa slæm áhrif á atvinnulífið í landinu og rýra samkeppnisstöðu margra atvinnugreina gagnvart innflutningi. Þess vegna hefur Alþfl. borið fram tillögur um að virðisaukaskattur komi í stað söluskatts. Með hverju árinu sem líður verður æ brýnna að gera þá breytingu að taka upp almennan virðisaukaskatt eða ígildi hans í stað þess söluskattskerfis sem nú er, enda munu ekki nást góð skil á skattheimtu með öðrum hætti.

Með tilvísun til þessa ítreka ég nauðsyn kerfisbreytingar, en fellst á samþykkt þessa frv. sem bráðabirgðaaðgerðar, sem geti e. t. v. eitthvað bætt skil og eftirlit meðan ekki hafa verið gerðar þær kerfisbreytingar sem Alþfl. leggur höfuðáherslu á."

Herra forseti. Við þennan fyrirvara er engu að bæta. Í honum felst að við látum gott heita og mælum með því að þetta frv. verði samþykkt í þeirri von að það muni eitthvað bæta skil skattsins. En trú okkar stendur til þess, að kerfinu í heild verði breytt. Það er í raun með trausti á það sem við föllumst á þessa breytingu sem bráðabirgðaaðgerð.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 8:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 9:2 atkv.

Neðri deild, 59. fundur.

Mánudaginn 29. mars, kl. 2 miðdegis.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 538, 503,21). — 3. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Við 2. umr. um frv. til lánsfjárlaga tók ég það fram, að ég mundi fjalla nánar um efni lánsfjáráætlunar og ríkisfjármálin almennt við 3. umr. málsins. Ég mun hér á eftir fjalla um fimm þætti þessara mála: í fyrsta lagi erlendar lántökur almennt, í öðru lagi um afkomu ríkissjóðs 1982, í þriðja lagi um skuld ríkissjóðs við Seðlabanka, í fjórða lagi um afkomu ríkissjóðs á tveimur fyrstu mánuðum þessa árs og í fimmta lagi um sparnaðaráform og lækkun ríkisútgjalda. En eins og kunnugt er vefjast þau mál mjög inn í afgreiðslu lánsfjáráætlunar með þeirri tillögugerð sem samþykkt var við 2. umr. málsins.

Fyrst eru það þá erlendu lántökurnar.

Það er í tísku um þessar mundir meðal stjórnarandstæðinga að saka ríkisstj. um óhóflegar erlendar lántökur. Ekki er auðvelt að festa hendur á þessari gagnrýni sem oftast er flutt með miklum ýkjubrag. Svo er að sjá, eftir að viðunandi jafnvægi komst á í rekstri ríkissjóðs og ekki reyndist lengur unnt að byggja gagnrýni stjórnarandstæðinga á hallarekstri ríkissjóðs, að stjórnarandstaðan hafi talið sér nauðsyn að flagga einhverju öðru neikvæðu framan í þjóðina. Og þá urðu erlendu lántökurnar fyrir valinu fremur en flest annað. Þó er það staðreynd, að erlendum lántökum er háttað með nákvæmlega hliðstæðum hætti og verið hefur um árabil. Ríkissjóður tekur ekki erlend lán í sínar þágu nú frekar en áður, enda þess ekki þörf. Hins vegar tekur ríkissjóður innlend lán, einkum til vegagerðar. Jafnframt er það staðreynd, að afborganir af eldri lánum ríkissjóðs hafa numið talsvert hærri fjárhæðum en upphæð nýrra tekinna lána frá því að núv. ríkisstjórn var mynduð, enda hefur verið verulegur rekstrarafgangur hjá ríkissjóði þessi tvö ár.

Erlend lán eru fyrst og fremst tekin af ríkisstofnunum sem hafa sjálfstæðan fjárhag, af sameignarfyrirtækjum ríkis og sveitarfélaga, af fyrirtækjum sveitarfélaga, einkum hitaveitum, af Framkvæmdasjóði vegna stofnlánasjóða atvinnuveganna og af fjöldamörgum einkafyrirtækjum í landinu.

Erlend lán eru nær eingöngu tekin til fjárfestinga og til að greiða framkvæmdir sem skila munu lántakendum arði sem notaður verður til að endurgreiða lánin. Rúmlega 80% lána á vegum ríkis og sveitarfélaga ganga til orkumála. Vissulega eru til örfáar undantekningar frá því, að lán séu aðeins tekin til fjárfestinga. Slíkar undantekningar hafa átt sér stað um langt árabil, en dæmi þess hafa alltaf verið mjög fá.

Fjármagnskostnaður byggðalína og Kröfluvirkjunar er enn fjármagnaður með nýjum lánum eins og gert hefur verið um árabil meðan þessi mannvirki eru ekki komin á fastan fjárhagslegan grunn og skila því ekki tekjum. En vonandi verður breyting til batnaðar hvað þetta varðar með bæði þessi mannvirki innan tíðar. Ég vona að breyting verði á þessu hvað byggðalínurnar snertir á þessu ári.

Sementsverksmiðjan tekur nú einnig sérstakt rekstrarlán. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá stjórnar-

andstöðunni, að heppilegra hefði verið að komast hjá þessu rekstrarláni verksmiðjunnar með því að hækka verð á sementi fyrr en gert var á s. l. ári, en að sjálfsögðu er þessi lántaka afar smávaxin þegar á heildina er litið og engin ástæða til að halda að verksmiðjan geti ekki endurgreitt lánið án aðstoðar ríkissjóðs.

Þegar litið er á heildarlántökur erlendra lána á þessu ári, kemur í ljós að þær vaxa talsvert miklu minna en nemur breytingum á verðgildi krónunnar. M. ö. o. þýðir þetta að erlendar lántökur minnka að magni til á þessu ári. Má vera að ekki geri sér allir grein fyrir þessari staðreynd eftir linnulausan áróður stjórnarandstöðunnar um hið gagnstæða.

Á lánsfjáráætlun, sem samþykkt var af Alþingi fyrir einu ári, var gert ráð fyrir erlendum lántökum sem námu í heild 1734 800 þús kr. Ef lánsfjárlög verða samþykkt óbreytt eins og þau liggja nú fyrir má gera ráð fyrir að heildarlántaka nemi um 2 270 730 þús. kr. Hækkunin milli ára er 30%. Vissulega fór það svo eins og oft áður að erlendar lántökur urðu heldur meiri á árinu 1981 en gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjárlögum, fyrst og fremst vegna þess að verðbólga var meiri á liðnu ári en gert hafði verið ráð fyrir í reiknitölum fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Hið sama gæti gerst nú, að lántökur yrðu meiri, sérstaklega í einkageiranum, sem erfiðara er að hafa taumhald á. Ég á ekki von á því að lántökur opinberra aðila muni verða svo mjög miklu meiri en hér er gert ráð fyrir, enda þótt líklegt megi telja að verðbólga verði meiri á milli ára nú en gert er ráð fyrir í reiknitölum fjárlaga og lánsfjáráætlunar. Að svo miklu leyti sem upphæðir duga þá ekki til verður það að sjálfsögðu að koma fram í nokkrum niðurskurði framkvæmda. En það er einkum og sér í lagi einkageirinn, og eins geta verið einstaka tilvik þar sem ekki er hægt að skera upphæðir þannig niður í reynd, og þá getur orðið þarna einhver hækkun eins og varð á seinasta ári. Ég hef hins vegar enga ástæðu til að ætla að það sé meiri munur á hugsanlegri útkomu ársins og núverandi lánsfjárlögum, sem við erum hér að fjalla um en þeim lögum sem samþykkt voru á seinasta ári. Og ljóst er að hækkunin milli ára, sú sem ég nefndi áðan, er ekki nema 30% enda þótt hér sé almennt miðað við talsvert miklu meiri verðhækkun milli ára samkvæmt forsendum fjárlaga.

Hverjar eru svo tillögur stjórnarandstöðunnar um minni erlendar lántökur? Það er von að spurt sé því að ég leita eftir þeim hér inni sem heyrt hefur um þær getið. Nei, þvert á móti er mjög kvartað yfir því í þessum umr., að þessar lántökur nægi ekki miðað við núverandi verðbólgustig og muni því verða um raunverulegan niðurskurð að ræða á framkvæmdum hjá opinberum aðilum, að svo miklu leyti sem verðbólga verður meiri en reiknitölur gera ráð fyrir. Ég spyr enn: Eru einhverjar tillögur uppi hjá stjórnarandstöðu um niðurskurð á framkvæmdum, sem fjármagnaðar eru með erlendu fé, umfram þann niðurskurð sem vænta má að leiði af því að verðbólga verði heldur meiri en reiknitölur gera ráð fyrir? Ekki þekki ég þær tillögur, enginn hefur heyrt þeirra getið í þessum sal. Hins vegar þekki ég kröfur stjórnarandstöðuþingmanna um stóraukna erlendar lántökur, einkum í þágu orku- og iðnaðarmála.

Hvað segja svo stjórnarandstæðingar um minni erlendar lántökur með aukinni þátttöku lífeyrissjóða í innlendri fjáröflun lánsfjáráætlunar? Þetta er þó sá möguleiki sem álitlegastur er til að draga úr erlendum lántökum. En allir, sem eru í þessum sal, vita að hv. stjórnarandstaða og málgögn hennar hafa barist með kjafti og klóm gegn því framlagi lífeyrissjóða til lánsfjáráætlunar sem nú er í lánsfjárlögum, eins og fram kom við atkvgr. hér í deildinni s. l. fimmtudag, hvað þá að stjórnarandstaðan sé reiðubúin að hækka lögbundin skuldabréfakaup úr 40% ráðstöfunarfé lífeyrissjóða upp í t. d. 45% eins og uppi voru áform um í haust. Í þessu máli er því slagorð stjórnarandstöðunnar í verki: meiri erlendar lántökur. Það er sú krafa sem glymur í þessum umræðum beint og óbeint, þó að menn svo hafi að yfirvarpi allt annan áróður, þ. e. að lántökur séu of miklar. Þegar til kastanna kemur eru þessir menn hvorki með tillögur um niðurskurð framkvæmda né niðurskurð á erlendum lántökum. Og þeir eru ekki heldur með neinar tillögur um aukna innlenda sparifjármyndun til þess að draga úr erlendum lántökum.

Ágætt dæmi um falskan og óheiðarlegan áróður af þessu tagi um erlendar lántökur var ræða kunns atvinnurekanda sem slegið var upp í Morgunblaðinu daginn eftir undir stórri fyrirsögn, þar sem fullyrt var að erlendar skuldir þjóðarinnar hefðu aukist á s. l. ári um 10 millj. kr. á dag og mest hefðu þetta að sjálfsögðu verið eyðslulán, eins og það var nefnt í ræðunni og fyrirsögninni. Fjarstæðukenndar fullyrðingar af þessu tagi eru að sjálfsögðu ekki svaraverðar. En ég get upplýst hér að samkvæmt greinargerð, sem unnin hefur verið af sérfræðingum Seðlabankans, mun láta nærri að nefnd upphæð, sem slegið var upp í Morgunblaðinu á sínum tíma, sé í raun fjórum sinnum lægri. Ýkjurnar voru nú ekki meiri en þetta, þær voru 400%.

Vissulega er það rétt sem bent hefur verið á, að greiðslubyrði erlendra lána fer vaxandi. Meginskýringin er sú, að verðbólga er óvenjulega mikil bæði austan hafs og vestan og vextir óvenjulega háir. Mikil alþjóðleg verðbólga með langtum hærri vöxtum en nokkru sinni hefur áður verið veldur því, að verðgildi lánanna rýrnar miklu örar en áður var. Skuldirnar smækka því ört í alþjóðlegri verðbólgu, en á hinn bóginn þarf mikið að greiða af lánum í formi hárra vaxta. Í raun er því verið að greiða þau lán, sem ekki eru á föstum vöxtum, örar niður en áður var. Þess vegna hækkar greiðslubyrðin óvenjulega mikið meðan þetta ástand varið á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Ég hef hér undir höndum nýlegar upplýsingar frá Seðlabankanum um stöðu þjóðarbúsins út á við. Til þess að gera hv. þm. ljóst hvernig þetta dæmi stendur hef ég farið fram á það við þingverði, að þeir dreifi þessum gögnum til allra þm. Munu þessi gögn vera komin á borð þm., að því er mér sýnist.

Í þessari töflu er gerð grein fyrir löngum erlendum lánum á árabilinu 1970—1981 og síðan hver staða stuttra vörukaupalána hefur verið, hver staða ógreidds útflutnings hefur verið, hver gjaldeyrisstaða hefur verið. Út frá þessum upplýsingum hefur verið hægt að reikna hver hafi verið raunveruleg nettóstaða við útlönd þegar tekið hefur verið tillit til birgðanna og til gjaldeyristöðunnar. Þá sjáum við hver staða þjóðarinnar gagnvart öðrum löndum raunverulega er, reiknað í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu. Eins og menn sjá á aftasta dálki í þessu töfluyfirliti hefur nettóstaðan verið 21.3% af vergri þjóðarframleiðslu í árslok 1970 og er á því svæði um nokkurra ára skeið. Síðan hækkar hún mjög verulega á árunum 1975 og 1976, upp í 37.7% og

35.3%, en lækkar síðan aftur. Eins og menn sjá er nettóstaða þjóðarbúsins út á við — þegar tekið hefur verið tillit til langra erlendra lána og einnig til gjaldeyrisstöðunnar og vörubirgðanna — nokkurn veginn sú sama árin 1978, 1979, 1980 og 1981. Hún hefur meira að segja lækkað. Staðan í árslok 1981 er lægri en hún var á árunum 1978 og 1979, eða 31.8%, og verulega miklu lægri en hún var á árunum 1975 og 1976. Sjá menn af þessu hvað upphrópanir um háskalega stöðu þjóðarbúsins út á við vegna erlendrar lántöku eru í raun innantómar og yfirborðskenndar þegar málið er skoðað í heild sinni.

Ég get hins vegar bætt því við, að ég tel að það sé höfuðnauðsyn að vera á varðbergi gagnvart of miklum erlendum lántökum. En ráðið til þess er auðvitað fyrst og fremst að efla innlendan sparnað. Það fé verðum við auðvitað fyrst og fremst að fá frá þeim aðilum í þjóðfélaginu sem ráða yfir verulegu sparifé. Þess vegna hafa verið uppi hugmyndir bæði um aukin framlög lífeyrissjóða og aukin framlög bankakerfisins til lánsfjáráætlunar, til sameiginlegra verkefna þjóðarinnar. Staðreyndin er auðvitað sú, að tal stjórnarandstöðunnar um erlendar lántökur getur verið góðra gjalda vert, ef ekki væri öllum ljóst að hún meinar ekki orð af því sem hún segir.

Ég ætla þá næst að víkja að afkomu ríkissjóðs á liðnu ári. Um það efni verður birt þskj. væntanlega síðar í þessari viku og er því ástæðulaust að fara mörgum orðum um þann þátt málsins. En samkvæmt þeim tölum, sem fyrir liggja um afkomu ríkissjóðs á árinu 1981 og byggðar eru á bráðabirgðauppgjöri ríkisbókhaldsins frá því í janúarmánuði s. l., má sjá eftirfarandi niðurstöðu. Skal þá tekið fram að þetta yfirlit er miðað við greiðslugrunn eins og fjárlögin. Þessar tölur eru hins vegar eitthvað frábrugðnar þeim tölum sem birtar verða í endanlegum ríkisreikningi þar sem hann er byggður á rekstrargrunni. Ég vænti þess, að allir hv. þm. geri sér grein fyrir þessum mismun, sem m. a. liggur í því, að söluskattur í desembermánuði er ekki kominn inn í greiðslugrunninn, þann grunn sem ég mun gera hér grein fyrir, en er aftur á móti kominn inn í rekstrargrunninn og veldur því yfirleitt að rekstrarafkoma ríkisreiknings er heldur hagstæðari en greiðsluafkoma í árslok, á þeim grunni sem hér skal lýst.

Samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhaldsins voru tekjur ríkissjóðs á árinu 1981 5996.9 millj. kr., en gjöld 5911.1 millj. kr. Tekjur umfram gjöld urðu því 85.8 millj. Þegar þessar tölur hafa verið leiðréttar með hliðsjón af lánahreyfingum upp á 0.2 millj. og með hliðsjón af breytingum á viðskiptareikningum upp á 13.5 millj. kemur í ljós að greiðsluafgangur liðins árs hefur numið 72.1 millj. kr. Þegar þessar reiknitölur er bornar saman við tölur fjárlaga kemur í ljós að útkoman er allmiklu hagstæðari en fjárlög höfðu gert ráð fyrir. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að greiðsluafgangur yrði 27.7 millj., en hann varð 72.1 millj. Þegar þessar tölur eru að öðru leyti bornar saman við fjárlögin kemur að sjálfsögðu fram nokkurt frávik, sem m. a. stafar af því, að launataxtabreytingar frá upphafi til loka árs 1981 voru í fjárlögum áætlaðar um 33%, en urðu um 42% vegna meiri hækkunar verðbótavísitölu og launahækkunar sem ófyrirséð var. Svipuðu máli gegnir um almennar verðlagsbreytingar. Í fjárlögum 1981 var miðað við 42% verðbreytingu milli áranna 1980 og 1981, sem í raun varð 50%. Það eru því bæði árin sem koma þarna nokkuð við sögu. Niðurstaðan er sem sagt greiðsluafgangur að fjárhæð 72.1 millj. kr. sem mun síðan breytast, væntanlega heldur hækka, þegar niðurstöður væntanlegs ríkisreiknings fyrir árið 1981 liggja fyrir. En óhætt er að fullyrða hér og nú að útkoma ríkissjóðs á liðnu ári er sú hagstæðasta sem verið hefur um mjög langt skeið. Þarf að fara aftur til ársins 1970 til að fá sambærilega niðurstöðu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að skuld ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabankann hefur farið ört minnkandi að raungildi á seinustu árum. Þessi skuld varð fyrst og fremst til á árumun 1974, 1975, 1976, 1977 og 1978. Ef reiknað er á föstu gengi og föstu verðlagi og þessi skuld metin miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 909 stig kemur í ljós að skuldin nam um 200 millj. árið 1974. Hún er komin upp í um 1000 millj. árið 1977 og fer síðan upp í 1200 millj. árið 1979, en hefur hrapað mjög ört á þeim tíma sem liðinn er síðan. Nú er þessi skuld á sama verðgildi komin niður í rétt um 200 millj. aftur og er því af mjög svipaðri stærðargráðu að raungildi og hún var á árinu 1974.

Um afkomu ríkissjóðs á tveimur fyrstu mánuðum þessa árs er ekki ástæða til að hafa mörg orð, enda segir sig sjálft að tveir mánuðir eru svo lítill hluti af árinu að þeir ráða engum úrslitum. Þó er hægt að upplýsa það hér, og er eðlilegt að gera það í framhaldi af grg. um afkomu ríkissjóðs á liðnu ári, að á þessum tveimur fyrstu mánuðum er afkoma ríkissjóðs í mjög eðlilegu jafnvægi.

Í þessum fyrstu mánuðum ársins hefur oft verið mikill greiðsluhalli, eins og hv. þm. mun vafalaust kunnugt og eins og vill verða á fyrstu mánuðum hvers árs, allt fram á sumar. T. d. í fyrra, á því ágæta ári fyrir ríkisssjóð, var samt greiðsluhalli í janúar og febrúar upp á 90 millj. kr. Nú er 14 millj. kr. tekjuafgangur á fyrstu tveimur mánuðum ársins og gætir þar að sjálfsögðu einkum tekna af sölugjaldi frá lokum seinasta árs.

Ég vil næst víkja nokkrum orðum að erlendum lántökum sem fyrirhugaðar eru eða staðið hefur verið að á þessu ári vegna lánsfjáráætlunar. Kannske hefði ég átt að víkja að þeim þætti málsins áður en ég ræddi um afkomu ríkissjóðs, en ekki skiptir öllu máli í hvaða röð þetta er fram sett. Ég vil minna á það, að hinn 26. febr. s. l. var undirritaður samningur um lán til íslenska ríkisins að fjárhæð 75 millj. dollara eða um það bil 723 millj. ísl. kr. Þetta lán er tekið í tengslum við lánsfjáráætlun ársins 1982. Lánið hefur hins vegar einungis verið staðfest með undirritun en ekki hefur verið dregið á það enn, og er beðið eftir afgreiðslu lánsfjáráætlunar að svo verði gert.

Lánveitendur voru 12 bankar í Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Vestur-Evrópu, þeirra á meðal nokkrir stærstu og öflugustu bankar vestanhafs svo og tveir norrænir bankar. Milligöngu um öflun lánsfjárins hafði City Bank í London sem lánar 9 millj. af lánsfjárhæðinni, en aðrir bankar lána 6 millj. hver. Lánið er veitt til 10 ára og er afborgunarlaust fyrstu 5 árin. Vextir eru breytilegir og miðast við millibankavexti í London, en til viðbótar er greitt fast ofanálag sem er 3/8 úr prósentu fyrstu 5 árin en 1/2% eftir það. Lántökugjald er 1/2%. Þessi kjör eru með því besta sem nú þekkist á erlendum lánamörkuðum.

Þetta lán, sem tekið var í London í febrúarmánuði s. l., er því svokallað veltilán með breytilegum vöxtum og er miklu nær að líkja því við yfirdráttarheimild, því að lánið má greiða upp að fullu hvenær sem henta þykir og draga má lánið að nýju eftir þörfum. Einnig má skipta því yfir í aðra gjaldmiðla þegar heppilegt er talið. Sennilegt er að

næsta meiri háttar lán verði með föstum vöxtum. Vafalaust er hyggilegast að blanda saman veltilánum og lánum með föstum vöxtum og jafnframt að dreifa áhættunni af hugsanlegum breytingum á verðgildi mynta með því að taka lán af ýmsu tagi og í ýmsum mismunandi myntum.

Mér var tjáð, þegar ég undirritaði þetta lán nú fyrir skemmstu í London, að frændur okkar Danir hefðu nýverið tekið sams konar lán í London, en kjörin hefðu verið áberandi lakari.

Satt best að segja er alveg ljóst að Íslendingar njóta mikils lánstrausts í öðrum löndum, en gott lánstraust endurspeglast í góðum lánskjörum. Erlendar lánastofnanir virðast keppast um að bjóða Íslendingum lán og oftast á betri kjörum en almennt gerist. Íslendingar hafa staðið ágætlega í skilum og virðast taldir líklegir til að gera það áfram. Gott lánstraust getur að sjálfsögðu stafað af mörgum ástæðum, en kannske er ein ástæðan sú, að staða ríkissjóðs er góð og hefur verið góð, ólíkt því sem er í mörgum nálægum löndum.

Stundum bjóðast lán frá lítt þekktum aðilum sem bjóða ótrúlega góð kjör miðað við það sem þekktar lánastofnanir bjóða. Slík tilboð eru athuguð vandlega, en þó er það meginregla, að menn verða að gera grein fyrir lánveitanda og hvernig sjóður sá er til kominn sem lán er boðið úr. Verður þá oft fátt um svör. Ýmis lánstilboð frá erlendum bankastofnunum eru nú til athugunar.

Ég vil síðan víkja örfáum orðum að fyrirhuguðum sparnaðaráformum ríkisstj. og áformum um lækkun ríkisútgjalda. Í skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi hinn 28. jan. s. l., voru margháttaðar aðgerðir boðaðar í efnahagsmálum, m. a. niðurfærsla verðlags. Kostnaður ríkissjóðs við niðurfærslu verðlags á árinu 1982 er áætlaður 350—360 millj. kr. Er þar einkum um að ræða tollalækkanir og auknar niðurgreiðslur landbúnaðarvöruverðs. Þar af er reiknað með að aukning niðurgreiðslna 1. febr. s. l. hafi kostað ríkissjóð um 165 millj. kr. á árinu.

Fjármunir til niðurfærslu verðlags verða fengnir með ýmsum aðferðum í ríkisfjármálunum. Útgjöld fjárlaga fyrir árið 1982 eru lækkuð um 120 millj. kr. með sparnaðaraðgerðum og samdrætti í framkvæmdum. 180—190 millj. kr. eru fengnar af gjaldahlið fjárlaga með þeim hætti að verja áður óráðstöfuðum fjárhæðum til niðurgreiðslna. Það, sem á vantar, jafnast með sérstakri skattlagningu á banka, en frv. þess efnis hefur þegar verið lagt fram hér í þinginu.

Að undanförnu hefur verið unnið að sparnaðaraðgerðum í ríkisfjármálum í samræmi við samþykktir ríkisstj. Aðgerðir til lækkunar ríkisútgjalda eru þessar:

Í fyrsta lagi að lækka öll framlög til framkvæmda um 6%, en það lækkar útgjöld um 32 millj. kr. Hafa ber í huga þegar sá niðurskurður er nefndur á nafn að að sjálfsögðu skiptir mestu máli fyrir framkvæmdaaðila hvert verður verðbólgustigið á árinu. Ljóst er að þessar aðgerðir verða til þess að verðbólga verður 12—13% minni en ella hefði verið. (**Gripið fram í:** Miðar hæstv. ráðh. við fjárlög?) Ég miða við þær spár sem fyrir lágu nú um áramótin, en þá var gert ráð fyrir að verðbólga væri á nýjan leik á uppleið. (**Gripið fram í:** En af hverju miðar hæstv. ráðh. ekki við fjárlög?) Vegna þess að reiknitala fjárlaga var sett inn í fjárlagafrv. á s. l. sumri og kemur í raun og veru ekki þessu máli við að öðru leyti en því, að hún er sú viðmiðunartala sem fjárlögin miðast við. Því hefur ekki verið haldið fram, hvorki á s. l. sumri, þegar fjárlögin voru sett fram né síðar, að reiknitala fjárlaga fæli í sér spár eða endanleg fyrirheit um verðbólgu á þessu ári. Það var einmitt sérstaklega tekið fram í frv. til fjárlaga og margtuggið af stjórnarandstöðunni í umræðum um fjárlög, að þetta skyldi vera reiknitala og ekki spá um verðbólgu. Þegar af þeirri ástæðu er ljóst að reiknitala fjárlaga kemur þessu máli ekki beinlínis við.

En það, sem ég vildi sagt hafa, var að ef þessar efnahagsaðgerðir ríkisstj. verða til þess, að verðbólga hér á landi verði 12—13% minni en ella hefði orðið, sem vonir standa til og við höfum fyllstu ástæðu til að ætla, þá segir það sig nokkuð sjálft, að framkvæmdagildi fjárveitinga, sem skornar eru niður um 6%, verður eftir sem áður talsvert meira en verið hefði með óniðurskornar fjárveitingar. Þarf ekki að útskýra það frekar fyrir jafngáfuðum mönnum og hv. alþm. eru.

Ég nefndi hér að öll framlög til framkvæmda væru lækkuð um 6%. Því má bæta við, að dregið er úr framlögum til fjárfestingarlánasjóða um 6% til viðbótar við þá skerðingu sem þegar var ákveðin í fjárlögum fyrir árið 1982. Lækkun ríkisútgjaldanna þessu samfara nemur um 23 millj. kr. Framlög til jarðræktar og búfjárræktar eru einnig skert um 6% eða um 3 millj. kr. Lækkun framlaga til framkvæmda nemur því alls um 58 millj. kr. eða rétt um helmingi heildarniðurskurðar á fjárlagatölum.

Í öðru lagi er stefnt að sparnaði í útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins um 20 millj. kr. á árinu. Verið er að kanna hvaða leiðir eru færar í þessu efni, en eins og fram hefur komið að undanförnu er fyrirsjáanlegt að rekstrarafkoma sjúkrahúsa, sem njóta greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins, er mikið áhyggjuefni. Þetta atriði svo og önnur atriði tryggingamála þarf að skoða í tengslum við sparnað í útgjöldum.

Í þriðja lagi lækka framlög til rekstrar ríkisstofnana og hvers konar rekstrarstyrkir til aðila utan ríkiskerfisins. Með sparnaði í rekstri er alls áformað að lækka útgjöldin um 40 millj. kr. Í þessu tilliti kemur þrennt til. Flest framlög til rekstrar eru lækkuð um 4%, auk þess sem fagráðuneyti hafa gert tillögur um lækkun útgjalda hvert á sínu sviði. Áformað er að hækka sértekjur nokkurra stofnana sem afla tekna samkv. gjaldskrám. Ýmsar sparnaðaraðgerðir í rekstri ráðuneyta og stofnana, sem ætlað er að skila nokkrum árangri á árinu 1982, eru þó sennilega mikilvægastar þegar til lengri tíma er litið. Hér er um að ræða stóraukið eftirlit með utanlandsferðum og yfirvinnu opinberra starfsmanna. Athugun hefur leitt í ljós að yfirvinna í stofnunum ríkisins hefur aukist árlega um 6—8% að jafnaði á árunum 1979—1981. Leitað hefur verið samstarfs við öll ráðuneyti um að auka eftirlit og aðhald með þessum tveimur veigamiklu útgjaldaliðum. Er nú unnið að því að setja reglur um þessar aðhaldsaðgerðir.

Sundurliðuð áform um lækkun ríkisútgjalda liggja nú að mestu fyrir og verða m. a. kynnt fjvn. þingsins innan skamms.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir nokkrum mikilvægum atriðum sem varða lánsfjáráætlun og ríkisfjármálin að öðru leyti. Vafalaust spinnast einhverjar umr. út frá þessari greinargerð. Er ekki nema gott um það að segja þar sem hér er um mikilvægt mál að ræða. En ég vil, áður en ég lýk máli mínu, gera hér grein fyrir brtt. sem ég flyt við frv. Sú brtt. á að koma í staðinn fyrir

brtt. sem meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. flutti við 2. umr. málsins en var dregin til baka til 3. umr. og fjallar um raðsmíði fiskiskipa. Ég hef látið yfirfara þessa till. betur og það hefur verið fjallað um hana ítarlega. Fullt samkomulag er um að flytja hana með þeirri breytingu, að um verði að ræða sjálfskuldarábyrgð, en ekki einfalda ábyrgð eins og till. gerði ráð fyrir. Kannske hefði verið eðlilegast að hv. fjh.- og viðskn. hefði flutt þessa till., en þar sem formaður nefndarinnar er veikur og tjáði mér í morgun að hann mundi ekki komast á þingfund í dag varð það að samkomulagi að ég flytti till. þannig að hún gæti komið til atkv. nú við 3. umr. Till. er svohljóðandi:

„Fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast, gegn þeim tryggingum sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs samkv. mati Ríkisábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 metra löng með vélarafl allt að 1000 hestöfl. Heimild þessi nær til smíði fjögurra skipa í senn.

Ábyrgð þessi miðast við að skip sé óselt við veitingu ríkisábyrgðar og ríkisábyrgðin falli niður við sölu skips frá skipasmíðastöð.

Fjmrh. ákveður nánari framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð."

Ég vil taka það fram, að ég var heldur tregur til að fallast á sjálfskuldarábyrgð í þessu sambandi. Ég hafði þá afstöðu lengst af að þetta yrði og ætti að vera einföld ábyrgð, eins og eðlilegast er í öllum slíkum tilvikum. Það var hins vegar vegna nokkurs einstrengingsháttar að minni hyggju af hálfu ríkisbankanna að þessi varð niðurstaðan, og verður við það að una. En útlit var fyrir að þessi raðsmíði mundi algjörlega detta upp fyrir ef ekki yrði um sjálfskuldarábyrgð að ræða.

Ég vil þó taka það fram, að að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að þessi lán falli alls ekki á ríkissjóð. Og þar sem um er að ræða heimildarákvæði vil ég taka það skýrt fram um leið og ég flyt þessa till., að komi í ljós að þeir aðilar, sem hér standa að málum, láti lánin falla á ríkissjóð, þá mun verða tregt um afgreiðslu þeirra heimilda sem eftir verða, nema reynt sé að girða fyrir að slíkt eigi sér stað. Þetta er að sjálfsögðu formleg ábyrgð og verður að ganga út frá því að hér sé ekki um það að ræða að verið sé að velta þessum lánum yfir á ríkissjóð. Þessa aðvörun tel ég mér skylt að hafa uppi um leið og ég flyt þessa tillögu.

Herra forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hefur gert Alþingi grein fyrir nokkrum þáttum varðandi það frv. til lánsfjárlaga, sem hér liggur fyrir, og eyddi mestum tíma sínum í að ræða um erlendar lántökur. Það er mjög skiljanlegt að hæstv. ráðh. eyði tíma í að reyna að skýra út fyrir hv. Alþingi og þjóðinni þá miklu aukningu sem orðið hefur á erlendum lántökum undir stjórn hans. Það verður hins vegar að segjast eins og er, að þrátt fyrir þær skýringar, sem hann hefur hér flutt, er það mjög gagnrýnivert hver þróunin hefur orðið í þeim efnum og hvert enn stefnir varðandi erlendar lántökur undir stjórn hæstv. ríkisstj.

Hæstv. fjmrh. vildi sérstaklega gera að umtalsefni hlut stjórnarandstöðunnar í þessu máli og taldi að það vantaði tillögur frá henni, bæði um niðurskurð framkvæmda og aukinn innlendan sparnað, en þetta hvort tveggja væri grundvallaratriði þegar og ef meta þyrfti þörf á erlendum lántökum. Þetta eru mjög ódýrar áróðursaðferðir sem hæstv. fjmrh. hefur uppi þegar hann lýsir eftir slíku frá stjórnarandstöðunni.

Grundvallaratriðið í þessum efnum, sem stjórnarandstaðan hefur að sjálfsögðu margoft haldið fram og flutt um tillögur, er stefna núv. hæstv. ríkisstj., í efnahags- og fjármálum. Ég skal koma nánar að því á eftir, en við sjáum mörg dæmi um það í því frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur fyrir, að auknar erlendar lántökur eiga sér stað vegna efnahagsstefnu ríkisstj. hvernig öllu atvinnulífi hér á landi er haldið í kreppu þannig að taka þarf sérstök erlend lán, sérstök erlend kreppulán til þess að greiða fyrirtækjum sem vegna stefnu ríkisstj. hafa verið rekin með stórkostlegu tapi á s. l. ári.

Það er líka ódýrt hjá hæstv. fjmrh. að auglýsa eftir tillögum um aukinn innlendan sparnað af hálfu stjórnarandstöðunnar. Hér er á ferðinni fjmrh. sem hefur gengið lengra en nokkur annar, sem þetta embætti hefur setið áður, í skattheimtu bæði hjá einstaklingum og fyrirtækjum í landinu. Okkar hugmyndir og tillögur hafa m. a. verið þær að létta af sköttum, að draga úr skattheimtu hjá bæði einstaklingum og fyrirtækjum, til þess m. a. að hægt sé að örva innlendan sparnað sem nýta megi til ýmislegra gagnlegra framkvæmda. En hæstv. fjmrh. sér greinilega ekki samhengið þarna á milli því að hann kemur hér fram hvað eftir annað með nýjar tillögur um stóraukna skatta í einu eða öðru formi.

Sannleikurinn er sá, að hvað sem hæstv. fjmrh. segir um þetta efni, þá eru erlendar lántökur nú eitt mesta áhyggjuefni í íslensku efnahagslífi. Hæstv. ríkisstj. hefur algjörlega brugðist í stjórn þessa mikilvæga þáttar í íslenskum efnahagsmálum, því að þrátt fyrir stóraukna skattheimtu, eins og ég sagði áðan, eykst fjárvöntunin stöðugt og þessi fjárvöntun er brúuð með auknum erlendum lántökum.

Hæstv. fjmrh. dreifði hér frá Seðlabanka Íslands yfirliti um stöðu erlendra lána í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Þetta er reiknað út á tvennan hátt: Annars vegar með því að taka löngu erlendu lánin eingöngu og reikna þau sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Hins vegar er það sem kallað er nettóstaða erlendra lána. Þá eru tekin bæði stutt vörukaupalán svo og það sem ógreitt er af útflutningi og gjaldeyriseignin eins og hún er á hverjum tíma.

Auðvitað fást mismunandi tölur eftir því hvor aðferðin er notuð. Þó er alveg sama hvor aðferðin er notuð í þessu efni, það sést mjög glögglega í báðum þessum þáttum hver tilhneigingin er undir stjórn núv. hæstv. fjmrh.

Ef við tökum árið 1979 og tökum löngu erlendu lánin eingöngu, þá voru þau 34.4% af þjóðarframleiðslu það ár, árið 1980 34.7%, 1981 37.2%, en sú tala er áætluð. En árið 1982, sem hæstv. fjmrh. sleppti í ræðu sinni áðan, er áætlað að þetta hlutfall muni fara upp í 39% af þjóðarframleiðslu. Við sjáum á því hversu hér er um gífurlega hækkun að ræða undir stjórn hæstv. fjmrh.

Ef við tökum hina reikningsaðferðina, það sem kallað er nettóstaða á þessu greiðslujafnaðaryfirliti, kemur í ljós að 1979 var nettóstaðan 32%, 1980 31.8%, 1981 31.8%. Hér er þó um bráðabirgðatölur að ræða — það er rétt að hafa í huga — sem geta breyst. Og sannast sagna er sú tala, sem ég hef fengið frá Seðlabankanum fyrir árið 1981, hærri en þarna er gefið upp, en ég skal ekki um það segja. En síðan er áætlað, sem hæstv. fjmrh. nefndi ekki í sinni ræðu áðan, að þessi nettóstaða muni fara upp í

34.9% á árinu 1982. Það er því alveg sama hvora reikningsaðferðina við notum, við sjáum að tilhneigingin er mjög ört upp á við í báðum tilvikum. Og sannast sagna er hér stefnt í hættuástand að því er snertir erlendar lántökur fyrir íslenskt þjóðarbú.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að við Íslendingar njótum trausts á erlendum lánamörkuðum. Hingað liggja leiðir margra erlendra bankamanna, sem bjóða lán á hagstæðum kjörum, og það er vissulega freisting fyrir stjórnmálamenn, sem eyða meira en þeir afla, að kasta sér í fang hinna erlendu bankamanna til þess að láta þá sjá um þann vanda sem að steðjar hverju sinni. En við skulum hafa það í huga líka, og hæstv. fjmrh. íjaði að því í ræðu sinni áðan, að það getur fljótt skipast veður í lofti í þessum efnum, bæði ef eitthvað bjátar á varðandi framleiðslu þjóðarbúsins, varðandi almenna stöðu okkar efnahagsmála svo og geta erlendar lántökur farið yfir ákveðin mörk þannig að okkar staða á erlendum lánamörkuðum verði mun verri en hún hefur verið. Hæstv. fjmrh. nefndi einmitt dæmi frá Danmörku í því sambandi. En það væri illt verk og óafsakanlegt ef núv. hæstv. ríkisstj. héldi þannig á okkar málum að lánstraust okkar rýrnaði. Við Íslendingar þurfum á lánsfé að halda á næstu árum til margra arðbærra framkvæmda. Við eigum eftir að virkja mikið, bæði vatnsföll og jarðhita, og við eigum eftir að byggja og reisa atvinnufyrirtæki í tengslum við okkar raforkuver. Til slíkra framkvæmda þurfum við erlent lánsfé og það er vel réttlætanlegt að taka erlent lánsfé í því skyni. En að taka lán til daglegrar neyslu og eyðslu, það hlýtur þegar til lengdar lætur að rýra okkar lánstraust.

Hæstv. fjmrh. gat þess áðan, að stór hluti af okkar erlendu lánum færi í orkuframkvæmdir. Það er rétt, þannig hefur það verið um allmörg undanfarin ár. En á þessu ári eru orkuframkvæmdir að dragast mjög verulega saman. Og þrátt fyrir það að orkuframkvæmdir dragist saman stórhækka erlendar lántökur á því ári sem nú er að líða. Samkv. þeim upplýsingum, sem fram koma í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun sem hæstv. fjmrh. ber ábyrgð á og við þm. fengum í hendur, er gert ráð fyrir að raforkuframkvæmdir muni á þessu ári dragast saman um 8.5%, aðallega vegna þess að Hrauneyjafossvirkjun er að ljúka og ekki hafin vinna við neina virkjun í hennar stað. Gert er ráð fyrir að hitaveituframkvæmdir dragist saman um 32% vegna þess að lokið er framkvæmdum að mestu við Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Borgarfjarðar og Hitaveitu Akureyrar. Hér er um mikinn samdrátt að ræða í þessum mikilvæga framkvæmdaflokki sem hefur notið erlendra lána að mestu leyti undanfarin ár. Þegar svo mikill samdráttur verður sem raun ber vitni hefði átt að vera hægt, ef vel hefði verið að málum staðið, að draga saman erlendar lántökur að sama skapi.

Sannleikurinn er sá, að það er allt of mikið um það í þeirri lánsfjáráætlun, sem hér liggur fyrir, og í þeim upplýsingum, sem við höfum undir höndum um lántökur á árinu 1981, að um hrein eyðslulán sé að ræða, lán sem ekki skila sér aftur í arðbærum framkvæmdum. Ég skal nefna nokkur dæmi um það.

Í fyrsta lagi á Sementsverksmiðja ríkisins að taka lán vegna taprekstrar á árinu 1981. Hæstv. fjmrh. gat reyndar um það sjálfur í ræðu sinni, en vildi gera lítið úr því og taldi að það væri ekki stórt lán í samanburði við önnur þau lán sem hér er verið að tala um. Vel kann það að vera. En það er þó ljóst að það er vegna vísvitandi taprekstrar, það er vegna stefnu hæstv. ríkisstj. í verðlagsmálum sem Sementsverksmiðja ríkisins neyðist nú til að taka erlent lán til að greiða niður halla vegna ársins 1981.

Í öðru lagi skulum við taka fyrirtækið Siglósíld. Þar var einnig um að ræða taprekstur og er gert ráð fyrir að fyrirtækið taki erlent lán til að fjármagna þann taprekstur. Ekki er þar vel að málum staðið.

Í þriðja lagi — og hæstv. fjmrh. gat reyndar um það líka — eru byggðalínur enn að fullu fjármagnaðar með erlendu lánsfé og ríkið tekur á hverju ári ný erlend lán til að greiða afborganir og vexti af þeim lánum sem fyrir voru, þannig að lán vegna byggðalínanna velta stöðugt upp á sig. Nú eru byggðalínur búnar að vera í notkun í nokkuð mörg ár svo að hér er auðvitað um hrein eyðslulán að ræða. Hér er ekki lengur um lán að ræða sem ætluð eru til arðbærra framkvæmda, eins og hugsanlega mátti halda fram þegar þessi lán voru upphaflega tekin til að reisa þessar byggðalínur.

Í fjórða lagi gætum við líka nefnt Krófluvirkjun. Krófluvirkjun var byggð eingöngu fyrir erlent lánsfé. Ekkert hefur verið greitt niður af þeim lánum með sérstökum framlögum úr ríkissjóði eða annars staðar frá, heldur eru stöðugt tekin ný lán fyrir afborgunum og vöxtum. Talið er að lánsfjárþörfin vegna fjármagnskostnaðarins eins sé á þessu ári 71.5 millj. kr. Þessi lán velta stöðugt upp á sig, aukast frá ári til árs vegna þess að engin tilraun er gerð til að taka á þessum málum.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir því í frv. til lánsfjárlaga, að Framkvæmdasjóður Íslands annist erlenda lántöku að fjárhæð 20 millj. kr. fyrir Framleiðsluráð landbúnaðarins til greiðslu útflutningsuppbóta landbúnaðarafurða vegna verðlagsársins 1980—1981. Ekki er hér um að ræða arðbæra framkvæmd sem líklegt er að skili arði svo að þjóðarbúið sé betur í stakk búið til að greiða niður þessar erlendu lántökur.

Ég skal í sjötta lagi nefna enn eitt dæmi sem fram kom í umr. hér á Alþingi ekki alls fyrir löngu þegar viðskrh. upplýsti að á haustmánuðum hefðu verið gefnar tvær heimildir til erlendrar lántöku vegna sölu á fiskiskipum milli staða hér innanlands. Hann upplýsti að Hraðfrystihús Patreksfjarðar hefði fengið erlent lán vegna kaupa á togskipinu Sigurey frá Siglufirði. Hæstv. viðskrh. upplýsti líka að Glettingi hf. í Þorlákshöfn hefði verið heimiluð erlend lántaka að upphæð 2.5 millj. dkr. vegna kaupa á ms. Ísleifi frá Vestmannaeyjum. Auðvitað er hér um að ræða hrein eyðslulán. Meðan verið er að selja verðmæti milli staða innanlands er kaupendum heimilað að taka erlend lán til að standa undir sínum hluta af kaupverðinu. Hér eru engin ný verðmæti að myndast, heldur um hrein eyðslulán að ræða.

Í sjöunda lagi, svo að ég nefni enn eitt dæmi, fær Byggðasjóður verulega hækkaða lánsheimild til þess að taka lán og endurlána síðan ýmsum fyrirtækjum, aðallega í sjávarútvegi, sem hafa verið rekin með tapi á s. l. ári. Þessi lán eru í daglegu tali okkar á milli nefnd kreppulán. Auðvitað er hér um hrein eyðslulán að ræða. Hér er verið að heimila erlendar lántökur til þess að greiða niður taprekstur sem m. a. stafar af þeirri stefnu sem hæstv. ríkisstj. hélt uppi í efnahagsmálum á s. l. ári. Þessi upphæð gæti raunverulega orðið nokkru hærri en rétt er um í þessari lánsfjáráætlun eftir þeim upplýsingum sem við þm. höfum fengið.

Það er hægt að nefna enn fleiri dæmi um slík eyðslulán.

Ýmis opinber fyrirtæki ríkis og sveitarfélaga þurfa að taka mun hærri lán en ella hefði verið vegna stefnunnar í verðlagsmálum. Ég nefni t. d. bæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Hitaveitu Reykjavíkur. Þessi fyrirtæki eru raunverulega knúin til þess að fara út í erlendar lántökur vegna þess að þau hafa ekki fengið að haga ákvörðunum í verðlagsmálum í samræmi við sínar þarfir. Þá er þeim gefin ávísun á erlend lán í stórum stíl sem auðvitað eru hrein eyðslulán. Sama má segja um Landsvirkjun. Landsvirkjun tekur mun hærri erlend lán á þessu ári og síðasta ári en nauðsynlegt hefði verið ef fylgt hefði verið eftir þeirri stefnu sem fyrirtækið sjálft vildi hafa í sínum verðlagsmálum. Þegar farið er að taka erlend lán í hreinan rekstrarhalla er að sjálfsögðu augljóst að hér er um hrein eyðslulán að ræða.

Ég hef hér nefnt allmörg dæmi um það hvernig brugðið er út af þeirri stefnu, sem sjálfsögð er, að erlend lán séu fyrst og fremst tekin til þess að standa undir arðbærum framkvæmdum svo að þjóðarbúið sé betur undir það búið eftir en áður að greiða af slíkum lánum þegar þau koma til afborgunar. Frá þessari stefnu er nú brugðið í ríkara mæli en nokkru sinni fyrr og erlend lán tekin til margs konar eyðslu sem óþarfi væri ef eðlilegri stefnu hefði verið haldið uppi í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar.

Ég er þeirrar skoðunar og vil ítreka það sem ég sagði áðan, að þróunin í hinum erlendu lántökum er mikið áhyggjuefni. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. fjmrh. að koma hér upp og reyna að draga úr áhyggjum manna út af því. Við höfum þegar hlýtt á aðvörunarorð ýmissa manna sem fara með stjórn ýmissa fjármálastofnana. Ég nefni t. d. formann bankaráðs Seðlabankans sem ítrekað hefur í greinum í Fjármálatíðindum varað við þeirri stefnu að fara í of ríkum mæli út á braut erlendra lántaka eins og við erum að gera. Þess vegna er að mínu mati þessi stefna um erlendar lántökur einhver sú allra varhugaverðasta og hættulegasta sem núv. ríkisstj. heldur uppi og er þó af nógu að taka varðandi stjórn hennar á efnahagsmálum.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Við 2. umr. um þetta mál urðu nokkur orðaskipti milli mín og hæstv. fjmrh. annars vegar og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar hins vegar, form. fjh.- og viðskn. þessarar deildar. Það er nauðsynlegt að koma á framfæri við þessa 3. umr. leiðréttingum við fullyrðingar bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar í þeim orðaskiptum sem hafa orðið okkar í milli.

Við þá umr. spurði ég hæstv. fjmrh. hvort heimildir væru fyrir hendi fyrir Skipaútgerð ríkisins til að kaupa skip, eins og mér er tjáð að búið sé að gera samning um, undirskrifaðan samning, þannig að í raun og veru er af kaupum orðið. Bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, form. fjh- og viðskn., margítrekuðu það við 2. umr. málsins, að fullar heimildir væru fyrir hendi til þessara kaupa. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson las upp úr grg. með fjárlagafrv. fyrir árið 1982 þar sem um þetta var fjallað og sagt að aflað mundi verða heimilda til slíkra hluta. Hæstv. fjmrh. taldi sig vera undrandi yfir því, að fjárveitinganefndarmaðurinn Karvel Pálmason skyldi ekki vera betur að sér í því sem stæði í fjárlögunum en raun bar vitni og ekki vita um þá heimild sem þarna lýtur að.

Nú vil ég benda hæstv. fjmrh. á að lesa fjárlögin sjálf — ekki frv., það eru engin lög — og fletta upp á bls. 135 þar sem 6. gr. er, heimildagreinin, og lesa þar hvaða heimildir er þarna um að ræða. Hæstv. fjmrh. ætti sjálfur að vera betur inni í fjárlögunum en raun ber vitni.

Sú eina heimild, sem fyrir hendi er, er að veita ríkisábyrgð fyrir láni sem áformað er að taka vegna byggingar skips fyrir Skipaútgerð ríkisins. Aðeins eitt skip er í smíðum. Um þetta var mikið rætt í fjvn. við afgreiðslu fjárlaga á s. l. hausti. Forsvarsmenn Skipaútgerðar leituðu að vísu mjög fast á að fá frekari heimildir til endurnýjunar á flotanum. En meiri hlutinn sem þá réð og ræður enn, þ. e. stuðningslið hæstv. fjmrh., neitaði því. Það er því engin heimild fyrir hendi í fjárlögum nema til smíðar einu skipi fyrir Skipaútgerð ríkisins. (**Gripið fram í:** Var hann að skrökva?) Já, hann var að skrökva, og það ekki í fyrsta skiptið, hæstv. fjmrh. Hvað segir hv. þm.? (**Forseti:** Samtal bannað.) Það er nú ástæða til, herra forseti, að upplýsa þm. Alþb. um innræti hæstv. ráðh. (**Forseti:** Það er hægt að gera það í beinni ræðu án samtala.)

Sem sagt, hér er vísað á bug þessum fullyrðingum hæstv. ráðh. og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar um að heimildir hafi verið fyrir hendi til kaupa á því skipi sem nú virðist vera búið að kaupa af Skipaútgerð ríkisins. Þetta er nauðsynlegt að komi fram, að báðir þessir hv. þm., í toppstöðum í þjóðfélaginu, hafa farið hér með ósannindi.

Ég segi þetta ekki hér vegna þess að ég sé andvígur því, — eins og ég tók fram við 2. umr. — að skipafloti Skipaútgerðar ríkisins sé endurnýjaður. En það gengur auðvitað ekki, hvorki á því heimili né öðru, að embættismenn í kerfinu leiki lausum hala og ráði í raun og veru hvaða ákvarðanir eru teknar og hvað er gert. Það er það sem verið er að gagnrýna, að slíkt ráðslag, slík óstjórn sé viðhöfð, hvort sem það snýr að þessu fyrirtæki ríkisins eða einhverjum öðrum. Því verður að breyta.

Það virðast fleiri vera skáldmæltir í þingliði Alþb. en höfundur Jóns Odds og Jóns Bjarna, því að slíkur leirburður sem hæstv. fjmrh. var hér með í sambandi við stefnu hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum er fáheyrður að ég held. Hæstv. ráðh. kom hér með langa skrifaða ræðu — hefur greinilega haft nógan tíma vegna þess hve hv. fjh.- og viðskn. var lengi að vinna að málinu, hefur þá haft nógan tíma til að koma þessu á blað — með langa skrifaða ræðu, sem fyrst og fremst byggðist upp á því að gagnrýna stjórnarandstöðuna fyrir að hafa ekki komið með tillögu um þetta og hitt, og auglýsti eftir tillögum.

Hæstv. ráðh. sagði að stjórnarandstaðan heimtaði meiri erlendar lántökur. Mér er ekki kunnugt um að nokkur tillaga hafi verið flutt af stjórnarandstöðunni um auknar erlendar lántökur umfram það sem hæstv. ríkisstj. hefur gert, ætlar að gera og hefur gert, og er nóg um. Það er því ástæðulaust fyrir hæstv. fjmrh. að tala í þessum dúr. Það hefur engin tillaga verið flutt um auknar erlendar lántökur af stjórnarandstöðunni mér vitanlega umfram það sem hæstv. ríkisstj. ætlar sér sjálf að gera. En hitt hefur verið gagnrýnt og það eðlilega, hversu hinar erlendu lántökur eru orðnar miklar, hversu mikið er búið að ávísa nú þegar á framtíðina að því er varðar greiðslu á þessum lánum öllum saman.

Hæstv. fjmrh. gagnrýndi stjórnarandstöðuna fyrir að vilja ekki frekari lögþvingun á lífeyrissjóðina í landinu. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., stjórnarandstaðan vill ekki frekari lögþvingun á lífeyrissjóðina um ráðstöfun á fjár-

magni. En hún hefur marglýst yfir að eðlilegt væri, hinn eðlilegi vettvangur, hin eðlilega leið að því er varðaði viðskipti ríkisvaldsins og lífeyrissjóðanna væri samkomulag, samningaleiðin um þessi mál, en ekki lögþvingun.

Ég sé ekki betur, ef hæstv. fjmrh. fengi að ráða ferðinni í þessum efnum, en að ekki yrði langt í það að mikill meiri hluti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna yrði lögbundinn til hinna og þessara ríkissjóða í kerfinu. Það er auðvitað ósköp eðlilegt og sjálfsagt að þeir einstaklingar, í þessu tilfelli sjóðsfélagar í lífeyrissjóðunum, reyni að verjast þeim ágangi hæstv. fjmrh. sem fram hefur komið í þessum efnum. Þessir einstaklingar eiga þetta fé, en ekki ríkissjóður. Það stefnir í hreina eignaupptöku ef hæstv. fjmrh. fær að ráða ferðinni í þessum efnum. Og þessu hefur stjórnarandstaðan verið á móti, hæstv. ráðh. En það er eins og mig minni að þegar hæstv. núv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu fyrr á árum hafi hann sjálfur verið andvígur lögþvingun á lífeyrissjóðina. Hæstv. ráðh. hefur í því sem öðru líklega skipt um skoðun eftir að hann kom í stólinn.

Að því er varðar fjárlögin og lánsfjárlögin mætti ætla að þar væri um þann heildarramma að ræða í sambandi við fjárfestingar og framkvæmdir, að þar væri að finna öll þau lán, erlend lán og önnur, sem gert væri ráð fyrir að tekin yrðu á árinu 1982. Nú er víðs fjarri að lánsfjárlögin segi allan sannleikann í þeim efnum, hversu mikið af lánum verði tekið á árinu 1982. Hæstv. fjmrh. sagði við 2. umr. þessa máls í sambandi við skipaiðnaðarframkvæmdirnar að sveitarfélögin gætu bara sjálf tekið þessi erlendu lán. Hann ávísar bara á hina og þessa í þjóðfélaginu, þeir geti tekið hin og þessi lán fyrir utan lánsfjárlögin sjálf. Og auðvitað verður það með því móti lægri upphæð í lánsfjárlögum sem ríkisstj. verður sökuð um að taka í erlendum lánum. En þau koma eigi að síður, þau koma bara aðra leið. Það er auðvitað staðreynd sem ekki verður á móti mælt, að greiðslubyrði vegna erlendra lána er nú hærri en hún hefur nokkurn tíma verið áður. Það er staðreynd sem ekki er hægt að mæla á móti. Þær upplýsingar liggja fyrir, að svona er staðan. Hvernig sem hæstv. fjmrh. reynir að hagræða því sér í hag og hæstv. ríkisstj., þá er þetta eigi að síður staðreynd, að greiðslubyrðin vegna erlendra lána hefur aldrei verið meiri en hún er núna, einhvers staðar milli 19 og 20% af útflutningsverðmæti. Þetta eru staðreyndir sem liggja fyrir hjá Seðlabanka Íslands, og það væri fróðlegt að heyra ef hæstv. fjmrh. neitaði þessu.

Það er rétt, sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði áðan, að það hefur enginn fjmrh. gengið lengra í skattheimtu en hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds. Þetta liggur fyrir. Hvern skyldi hafa órað fyrir því í tíð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar, á árunum 1974—1978, ef menn legðu sig niður við að lesa ræður núv. hæstv. fjmrh., eins og hann talaði þá í stjórnarandstöðu, — hvern hefði þá órað fyrir að þessi sami einstaklingur, hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds, væri mesti skattheimtumaður sem um getur í stól fjmrh.?

Eg held að það sé líka rétt hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, að eitt mesta áhyggjuefni varðandi efnahagsmálin og stöðu þjóðarinnar sé hvað erlendu lántökurnar eru orðnar miklar og greiðslubyrði þeirra gífurleg.

Hæstv. fjmrh. kom hér í lokin inn á sparnað í ríkiskerfinu og taldi upp nokkur atriði — að vísu ekki í tölum nema í einu, hafi ég tekið rétt eftir — sem ætti að spara. Hæstv. ráðh. sagði að niðurskurðartillögur ríkisstj. væru tilbúnar. Sé svo, hvernig stendur þá á því, að við hér á Alþingi fáum ekki að sjá þetta plagg hæstv. ríkisstj.? Er ekki ástæða til þess, fyrst málið er afgreitt, að þinginu sé gerð grein fyrir því eins og það liggur fyrir?

Hæstv. ráðh. drap á nokkur atriði. Hann drap t. d. á það sem mér skildist vera númer eitt, lækkun framlaga til Tryggingastofnunar ríkisins um 20 millj. Það væri fróðlegt að heyra það hjá hæstv. heilbrmrh., hvaða þjónusta það er sem þarna á að skerða fyrst og fremst og er númer eitt að mati hæstv. fjmrh. Hvað er það hjá Tryggingastofnun ríkisins, hvað er það í sjúkrakerfinu eða heilbrigðiskerfinu sem má skerða um 20 millj. kr. án þess að það komi niður á þjónustu? Það væri fróðlegt að fá að vita það. Kannske getur hæstv. heilbr.- og trmrh. upplýst hvar þjónustu er ofaukið þar.

Það var fleira sem hæstv. fjmrh. talaði um að ætti að spara. Hann sagði m. a. að taka ætti upp eftirlit með utanlandsferðum á vegum ríkisins. Ég held að það sé greinilegt að þetta eftirlit er ekki komið í gang núna, ef marka má af öllum þeim ferðum sem hv. þm. formaður þingflokks Alþb. fer utan. Kannske á þetta eftirlit og þessi sparnaður eftir að koma að því er varðar utanlandsferðir á vegum ríkisins, en ég held að augljóst sé að þetta eftirlit og þessi sparnaður er ekki genginn í gildi enn því að utanlandsferðir á vegum ríkisins virðast blómgast vel, það er ekki annað að sjá. En það væri auðvitað fróðlegt, og ég sé ekki að neitt mæli gegn því, það er miklu frekar allt sem mælir með því að hæstv. ráðh. geri hér grein fyrir þessum niðurskurði, hvernig og með hvaða hætti á að spara í ríkiskerfinu, eins og hann er að tala um nú, og bara beinharðar tölur. Það er málið. Ég er viss um og man það raunar vel, að núv. hæstv. fjmrh. gekk í skrokk á fyrrv. hæstv. fjmrh., Matthíasi Á. Mathiesen, á sínum tíma og krafðist skýringa og gagna um niðurskurð sem þá var á döfinni og var framkvæmdur. Þá heimtaði hæstv. núv. fjmrh. öll gögn á borðið. Það er í þessu sem og í mörgu öðru sem hæstv. ráðh. Ragnar Arnalds hefur skipt um skoðun eftir því hvort hann er í ríkisstj. eða utan ríkisstj. Það er því miður fylgifiskur allt of margra stjórnmálamanna og ekki á það síst við um þá Alþb.-menn sem ráða ferðinni.

Ég skal ekki, herra forseti, eyða lengri tíma nema tilefni gefist frekar til að því er varðar þetta. Ég taldi rétt og nauðsynlegt að koma því hér á framfæri að bæði hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldór Ásgrímsson sögðu hér ósatt við 2. umr. þessa máls. Það þarf að komast inn í þingtíðindi að svo var. Það er leiðrétt hér með. Ég vil að lokum óska eftir því við annaðhvort hæstv. fjmrh. eða hæstv. heilbr.- og trmrh. að hann gefi þingdeildinni skýrslu um hvað það er í heilbrigðis- og sjúkrakerfinu sem þessir hæstv. ráðherrar telja að megi skerða núna um 20 millj. kr. án þess að það komi niður á þjónustu í kerfinu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Það er sem betur fer ekki á hverjum degi sem hv. þm. halda því blákalt fram, að uppi séu höfð hrein ósannindi hér í deildinni, og þess vegna er óhjákvæmilegt að svara slíkum ásökunum í örfáum orðum.

Ég er satt að segja mjög undrandi á því, að fjvn.-maðurinn hv. þm. Karvel Pálmason skuli ítrekað vera að opinbera fáfræði sína um það sem í fjárlögunum stendur. Það var nóg fyrir hann að gera það kvöldið góða þegar

við ræddumst við, en að vera að taka þetta upp á nýjan leik og auglýsa enn frekar fáfræði sína í þessum efnum finnst mér vera að bera í bakkafullan lækinn.

Í fjárlagafrv., á bls. 132, stendur um Skipaútgerð ríkisins, liður 992: Tekin lán 40 millj. Þegar leitað er skýringa á þessum teknu lánum stendur í B-hluta á bls. 184 í fjárlagafrv.: „Á árinu 1982 er áformað að afla heimildar til lántöku alls að fjárhæð 40 millj. kr. til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins. Fjárhæðin er við það miðuð að lánsfé áranna 1981 og 1982 renni til smíði sem svarar eins skips og kaupa á öðru." — Síðan gengur fjárlagafrv. til hv. fjvn. Hún gerir enga breytingu á þessu ákvæði, en aftur á móti er við fjárlagaafgreiðsluna sett inn ákvæði í 6. gr. þar sem veitt er ótvíræð heimild til að taka lán í sambandi við skip Skipaútgerðarinnar. Ég finn ekki í fljótu bragði hvaða liður þetta er, en það skiptir ekki máli. Eins og kom fram hjá hv. þm. áðan er þessi liður fyrir hendi í 6. gr. fjárlaganna. Síðan samþykkir Alþingi fjárlögin. Alþingi hefur þar með samþykkt að fela ríkisstj. að kaupa eitt skip og láta smíða annað skip, og það hefur líka veitt þá lántökuheimild sem hér er, en kann hins vegar að vera ófullnægjandi, miðað við endanlegan frágang beggja þessara mála, vegna þess að það þarf að taka meira lánsfé en heimild er fyrir í fjárlögunum. Sú heimild verður væntanlega samþykkt þegar lánsfjárlögin verða afgreidd.

Það, sem ég sagði hér um kvöldið góða þegar við ræddum málið, við hv. þm. Karvel Pálmason, var einfaldlega að heimildin til að kaupa og heimildin til að láta smíða væri í fjárlögunum ásamt hluta af þeim heimildum sem þarf til lántökunnar. Það er því alveg ljóst að hæstv. samgrh. var í fullum rétti til að ganga frá þessum smíðasamningi og þessum kaupsamningi í fullu samráði við fjmrh., eins og hann gerði. Hins vegar breytir það ekki hinu, að það er þörf á að lánsfjárlög verði samþykkt þannig að það sé endanlega hægt að ganga frá þeim lántökum sem snúa að þessum skipakaupum. Það er því hvert orð satt og rétt sem ég sagði um þessi mál í umr. í þinginu á fimmtudaginn var og satt best að segja aldeilis furðulegt, þegar svona margir dagar eru liðnir síðan málið var til umr., að hv. þm. skuli ekki kynna sér málið áður en hann veður fram aftur á nýjan leik með svo rakalausar árásir sem hann gerði áðan. En það er nú svo, að það er háttur þessa ágæta þm. að tala stundum áður en hann hugsar. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem við höfum reynslu af slíku.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Mér finnst furðulegt það háttalag hæstv. fjmrh. að ryðjast inn í umr., þegar nokkrir þm. eru á mælendaskrá, eftir að hafa flutt hér þriggja kortera ræðu áðan, — mér finnst það ósmekklegt af hæstv. ráðh. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem hann gerir þetta. Þetta er a. m. k. í annað eða þriðja skipti sem hann finnur hvöt hjá sér til að gera þetta með þessum hætti — líklega vegna þess að hann finnur hvað hann stendur höllum fæti í málflutningnum. Ég taldi ástæðu til að gera athugasemd við þetta og vænti þess, að það séu ekki fleiri hv. þm. því marki brenndir, eins og hæstv. fjmrh., að haga sér með þessum hætti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þetta var ekkert um þingsköp, heldur þræta. Hv. þdm. er öllum vitanlegt að hæstv. ráðh. hafa í sínum málaflokkum forgang um orðið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég sé ástæðu til að drepa nokkuð á þrjá málaþætti sem hæstv. fjmrh. taldi sig gera grein fyrir í ræðu sinni við upphaf 3. umr. um lánsfjár- og fjárfestingaráætlun ríkisstjórnarinnar. Fyrsti málaþátturinn er varðandi erlenda skuldasöfnun, annar málaþátturinn er varðandi afkomu ríkissjóðs og þriðji málaþátturinn eru fá orð varðandi þær efnahagsráðstafanir eða svokallaðar sparnaðartillögur sem hæstv. fjmrh. taldi sig hafa gert grein fyrir.

Um erlenda skuldasöfnun hefur mikið verið rætt og ekki að ófyrirsynju, svo ört sem þær vaxa og einkum svo þung sem greiðslubyrði vaxta og afborgana erlendra lána er í hlutfalli af gjaldeyristekjum okkar á yfirstandandi ári. En hæstv. fjmrh. vildi gera lítið úr þessu öllu og sló sér á brjóst og sagði: Verðgildi íslensku krónunnar minnkar meira en erlendar lántökur vaxa. Það var sem sagt verið að afsaka eina vitleysuna, sem hæstv. ríkisstj. er sek um, með annarri engu minni. Það á að afsaka vöxt erlendra lána með því að verðgildi íslensku krónunnar hafi minnkað meira. Verðbólgan er sem sagt skálkaskjól ríkisstj. einnig að því er varðar vöxt erlendra lána.

Nú er það svo, að ein skýringin á vexti erlendra skulda er auðvitað að ríkisstj. er að fela raunverulegan verðbólguvöxt hér innanlands. Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, gat um nokkur dæmi þessa. Það er t. d. alveg ljóst að neitun ríkisstj. á réttmætum og nauðsynlegum gjaldskrárhækkunum Landsvirkjunar, hitaveitu, rafmagnsveitna, Pósts og síma, Sementsverksmiðju — allar þessar synjanir á verðhækkunum þjónustu eða framleiðslu þessara fyrirtækja eru til þess gerðar að leyna fyrir landsmönum hver verðbólguvöxturinn er í raun, og þá er flúið á náðir erlendra lána og tekin erlend lán til að standa undir taprekstri eða nauðsynlegum útgjöldum þessara fyrirtækja. Hv. 6. þm. Reykv. greindi mjög skilmerkilega frá þessu.

En það er ekki eingöngu að þessi fyrirtæki verði að taka erlend lán fyrir þeim útgjöldum sem þau hingað til hafa staðið undir með tekjum af sölu þjónustu sinnar og framleiðslu, heldur er alveg horfið frá þeirri stefnu sem fylgt var í orkumálum varðandi orkuframkvæmdir fyrr á árum, þ. e. að orkuöflunarfyrirtæki eins og Landsvirkjun átti helst að geta fjármagnað nýjar virkjanir að 1/4 til 1/3 með eigin fjármagni. Nú er því þannig háttað, að Landsvirkjun verður að taka erlend lán fyrir öllum stofnkostnaði nýrra virkjunarmannvirkja og auk þess verður Landsvirkjun að taka viðbótarlán fyrir greiðsluhalla þar sem er um að ræða raunverulegan taprekstur vegna synjana á gjaldskrárhækkunum. Hitaveita Reykjavíkur hefur nær sömu sögu að segja. Gagnstætt því, sem áður var um dreifingarkerfi raforku á þéttbýlissvæðum, að þau fyrirtæki ættu að standa undir fjárfestingarkostnaði ef ekki var um óvenjulegan kostnað að ræða sem eingöngu kæmi fyrir á tiltölulega löngu árabili, þá áttu þessi fyrirtæki að standa undir þessum fjárfestingarkostnaði, en þeim er nú ætlað að taka erlent lán fyrir þessum kostnaði eða fresta framkvæmdum og eiga þá á hættu að þjónustunni við almenning verði í hættu stefnt.

Við Reykvíkingar fengum aðeins aðvörun nú í vetur í kuldakastinu í janúarmánuði hvað hitaveituna snertir þegar byrjað var að kynda upp varastöð hitaveitunnar með olíu, innfluttum orkugjafa, í stað þess að það hefði verið óþarfi hefði fyrirhyggju þeirrar verið gætt er forráðamenn hitaveitunnar kröfðust af hæstv. ríkisstj., en

ríkisstj. skellti skollaeyrum við. Þá fóru um 80% af dagstekjum Hitaveitunnar í að hita upp með olíu, og má af því marka að fjárhag þess orkufyrirtækis hefði fljótt verið stefnt í voða ef slík stefna hefði verið og væri við lýði og kuldakastið hefði verið langvarandi.

Það er þess vegna ljóst að hæstv. ríkisstj. hefur í raun reynt að leyna menn raunverulegri verðbólgu í landinu með því að leita á náðir erlendra lána og stofna til greiðslubyrða vaxta og afborgana sem eru að verða óbærilegar.

Þá hefur enn fremur komið fram að fjármagnskostnaður byggðalínanna, vextir og afborganir, er fjármagnaður með nýjum erlendum lánum, að ekki sé minnst á fjármagnskostnað Kröflu.

Í þriðja lagi má svo undirstrika það, sem einnig kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að lán eru tekin í erlendum gjaldeyri til að greiða útflutningsuppbætur vegna útflutnings íslenskra landbúnaðarvara. Það er sem sagt ekki eingöngu verið að flytja út íslenskar landbúnaðarvörur langt undir framleiðslu- og kostnaðarverði, heldur eru einnig tekin erlend lán til að greiða bændum mismuninn á útflutningsverði og framleiðslukostnaðarverði.

Í fjórða lagi nefndi þm. erlend lán vegna fiskiskipakaupa hér innanlands milli staða, en því til viðbótar má og nefna að þau erlendu lán, sem tekin eru vegna kaupa á fiskiskipum erlendis frá, eru auðvitað að hluta til eyðslulán þar sem fiskiskipastólinn er þegar svo stór sem raun ber vitni og ekki þörf á stærri flota til að ná sama aflamagni á land nema síður sé þar sem fiskveiðibann ríkir marga daga ársins, eins og á þorskveiðum.

Í fimmta lagi hefur svo verið nefnt að Byggðasjóði er vísað á erlend lán til að standa undir lánveitingum til framleiðslufyrirtækja innanlands, sem rekin eru með tapi, til að greiða tap þessara innlendu framleiðslufyrirtækja. Í þessu felst fyrst og fremst gagnrýni okkar stjórnarandstæðinga, en ekki í hinu, að ekki séu tekin enn meiri erlend lán til að fjármagna framkvæmdir. Við höfum engar tillögur um það flutt og gagnrýni okkar hefur alls ekki beinst að því, að nauðsynlegt sé að taka fleiri og hærri erlend lán til að auka framkvæmdir innanlands.

En það var eftirtektarvert, bæði í málflutningi hæstv. fjmrh. og raunar í þeirri skýrslu sem hann lét dreifa um stöðu þjóðarbúsins út á við, að þar var farið fljótt yfir sögu að því er greiðslubyrði erlendra lána varðar. Í skýrslu Seðlabanka Íslands um stöðu þjóðarbúsins út á við er alls ekki nefnt einu orði hver greiðslubyrðin er. Það vantar algerlega þann dálk í þá yfirlitsskýrslu. Hér hefur komið fram að þessi greiðslubyrði verður 19—20% af gjaldeyristekjum á yfirstandandi ári, þ. e. að fimmta hver króna, sem við vinnum okkur inn í erlendum gjaldeyri, fer í að borga afborganir og vexti af erlendum lánum.

Ég skal út af fyrir sig ekki gagnrýna að þessi skýrsla Seðlabanka Íslands og hæstv. fjmrh. miðast við svokallaða nettóstöðu við útlönd, þótt við höfum yfirleitt látið okkur fyrst og fremst nægja að fylgjast með löngum erlendum lánum í hlutfalli við þjóðarframleiðslu. Ef við lítum á þann dálk fer staðan ört versnandi. Varðandi nettóstöðu við útlönd, þar sem stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og gjaldeyrisstaða eru tekin með í reikninginn, voru þær tölur, sem gefnar voru upp, að því er mér hefur verið tjáð í fjh.- og viðskn., nokkru hærri þó þær væru miðaðar við 15. mars s. l., en nýrri tölurnar við 26. mars s. l. En þessar tölur voru að því er varðar árið 1981, sem er bráðabirgðatala, 33.7% í stað þess að hér segir í framlagðri skýrslu 31.8% og á yfirstandandi ári 34.9%. Ég vildi þess vegna að þessu gefna tilefni fá fram skýringu á því frá hæstv. fjmrh. annaðhvort nú eða síðar, eftir að hann hefur aflað gagna um það hjá Seðlabankanum, hvað ber á milli þeirra talna, sem gefnar voru upp 15. mars s. l. og nú standa með dagsetningunni 26. mars. Hér getur verið um það að ræða að einstök lán eða birgðir séu flutt á milli ára, og má af því marka að nettóstaðan er mun óábyggilegri en sú staða sem byggist á löngum erlendum lánum þó ég sé mjög fylgjandi því, að þm. hafi hvort tveggja fyrir framan sig og geri sér grein fyrir heildarmynd að þessu leyti.

Hæstv. fjmrh. vildi afsaka hækkandi greiðslubyrði afborgana og vaxta af erlendum lánum með því að mikil verðbólga hefði verið erlendis og vextir hækkað. Ég held að hækkandi vextir geti að vissu leyti verið skýring þarna, en þó eru háir vextir ekki algert nýmæli erlendis. Hins vegar held ég ekki að vaxandi verðbólga erlendis sé hér skýring vegna þess að verðbólgan hefur þó heldur farið minnkandi í þeim löndum þar sem við skuldum, eins og í Bandaríkjunum. Þar kemur auðvitað sem skýring, að dollarinn hefur hækkað í verði miðað við íslensku krónuna, og enn fremur kemur sú skýring, sem er e. t. v. sú uggvænlegasta, að útlit er fyrir að úr þjóðarframleiðsu og þjóðartekjum okkar dragi og þá mun þessi greiðslubyrði hækka óðfluga.

Það er e. t. v. ástæða til þess að við Íslendingar gerum okkur grein fyrir því, þegar löng erlend lán eru 39% í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, að þessi tala mun ekki vera nema u. þ. b. 25% í Danmörku og gera menn sér þar þó mjög miklar áhyggjur af erlendri skuldaaukningu. Hins vegar er þessi tala í Póllandi komin nálægt 100%, að því er ég þykist hafa lesið eða heyrt einhvers staðar, en hins vegar er skuld miðað við hvern íbúa Póllands lægri en skuld hvers íbúa hér á landi er í erlendum lánum. Það, sem bjargar okkur, er að þjóðarframleiðsla miðað við hvern mann hér á landi er hærri og þess vegna er greiðsluþol okkar meira. En vel getum við staðið í þeim sporum að þessi tala fari að nálgast meir en helming framleiðslu og þá er voðinn vís.

Hæstv. fjmrh. sagði, að eina ráðið til að draga úr erlendum lántökum væri að auka innlendan sparnað, og nefndi þá að stjórnarandstaðan væri andvíg því að lífeyrissjóðirnir stæðu undir lánveitingum til þeirra þarfa sem lánsfjáráætlunin gerir ráð fyrir nauðsyn erlendra lána til. Ég vil segja það mjög skýrt og skilmerkilega, að auðvitað viljum við auka innlendan sparnað, en við aukum ekki innlendan sparnað með því að vísa á lífeyrissjóðina í landinu. Við aukum aðeins innlendan sparnað með því að gera það aðlaðandi fyrir landsmenn að geyma fé sitt. Það er ekki aðlaðandi fyrir landsmenn að geyma fé sitt nema þeir geti gengið út frá því, að það sé jafnverðmætt þegar sparnaðartímanum lýkur og þegar sparnaðurinn hefst, að þeir geti gert sér vonir um og verið vissir um að eiga a. m. k. jafnmikið þegar þeir þurfa á peningum að halda og þegar þeir lögðu þá til hliðar. Lífeyrissjóðirnir byggja fjármagnsöflun sína á skyldusparnaði og þar er ekki um frjálsan sparnað að ræða. Þar greinir okkur hæstv. fjmrh. ekki á um að rétt sé að lífeyrissjóðirnir ávaxti fjármagn sitt með þeim hætti að fjármagn þeirra standi undir þeim skuldbindingum að

sjá félagsmönnum fyrir lífeyri þegar aldur færist yfir þá. Ég held að hæstv. fjmrh. hafi sannfærst um að það væri nauðsynlegt að lífeyrissjóðirnir verðtryggðu fjármagn sitt í útlánum. Að þessu leyti hefur hæstv. fjmrh. horfið frá lágvöxtunarstefnu fjármagns, þar sem hann var lágvaxtamaður í eina tíð. Það, sem okkur greinir á um að þessu leyti, er að hæstv. fjmrh. vill skylda lífeyrissjóðina til að lána til hins opinbera og til ákveðinna sjóða hins opinbera, en við sjálfstæðismenn viljum takmarka þessa skyldu lífeyrissjóða við að ávaxta fjármagn sitt með verðtryggðum hætti. Raunar var sú krafa, er við gerðum í þeim efnum í þeirri ríkisstjórn er ég veitti forustu, eingöngu að a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna væru ávöxtuð með verðtryggðum hætti. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því, að hann eykur ekki innlendan sparnað með núverandi stefnu ríkisstj.

Það hefur verið bent á, að innlendur sparnaður hafi aukist á s. l. ári, og bent á upplýsingar bankanna þar að lútandi. En ég hygg að ef frjáls sparnaður er tekinn í heild sé vafasamt að um nokkra aukningu sé að ræða. Og víst er um það, að sú aukning hverfur eins og dögg fyrir sólu ef svo heldur fram sem horfir varðandi efnahagsstefnu hæstv. ríkisstj. Upplýsingar, sem ég hef aflað mér varðandi þróun yfirstandandi árs, benda því miður til þess, að tekið sé að halla undan fæti varðandi sparnað í landinu á þessu ári.

Varðandi annan þáttinn sem minnst var á, stöðu ríkissjóðs og yfirlit það sem hæstv. ráðh. gaf, þá vil ég spyrjast fyrir um hvenær hæstv. ráðh. ætlar að gefa Alþingi skýrslu um afkomu ríkissjóðs, sem mig minnir að fjmrh. geri gjarnan einmitt fyrir lok marsmánaðar, eða svo var áður gert a. m. k. Ég tel að þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. gaf nú, geti alls ekki komið í stað þeirrar skýrslu vegna þess að upplýsingar hæstv. fjmrh. voru mjög yfirborðslegar.

Hann hróðsaði sér af 72 millj. kr. greiðsluafgangi þegar fjárlög hefðu aðeins gert ráð fyrir 27.7 millj. kr. greiðsluafgangi, ef ég tók rétt eftir. Ég held að þetta sé ekki hrósvert þegar við tökum með í reikninginn að ríkissjóður hefur vikið af borði sínu ýmsum útgjöldum, bæði eigin útgjöldum og annarra sjóða sem ríkissjóður ber ábyrgð á, eins og t. d. Byggðasjóðs og Byggingarsjóðs ríkisins, en hvorir tveggja þessir sjóðir voru með bráðabirgðalán hjá Seðlabankanum svo milljónatugum skiptir um síðustu áramót. Það er þess vegna ekkert að marka þótt skuld ríkissjóðs sjálfs við Seðlabankann lækki þegar slík skuldasöfnun á sér stað samhliða.

Sannleikurinn er sá, að hæstv. fjmrh. og núv. hæstv. ríkisstj. hafa staðið fyrir þeim blekkingaleik sem einsdæmi er. Það er e. t. v. unnt að ná á pappírnum batnandi stöðu ríkissjóðs, en það er gert með þeim hætti í fyrsta lagi að skattheimta er aukin. Frá 1977 nemur aukin skattheimta líklega um 1000 millj. nýkr. eða yfir 4 þús. kr. á hvert einasta mannsbarn í landinu; í vöggu, í starfi eða á dvalarheimilum aldraðra. Það er þess vegna ekkert sérstaklega hrósvert með slíku auknu umráðafé að geta sýnt aðeins betri afkomu ríkissjóðs sjálfs. En þetta er ekki eina ástæðan, þessi aukna skattheimta, til þess að ríkissjóður sýnir betri afkomu. Í öðru lagi er þannig farið að, að markaðir tekjustofnar, sem áttu að fara í tilteknar framkvæmdir eða þjónustu fyrir borgara landsins, eru notaðir í almenn rekstrargjöld. Þannig er t. d. farið með launaskattinn sem átti sérstaklega að ganga til Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna að miklu leyti, og fleiri dæmi má nefna um þessa aðferð núv. hæstv. ríkisstj. (**Forseti:** Á hv. ræðumaður langt mál eftir?) Nei, ég skal stytta mál mitt. — Í þriðja lagi fer hlutfall útgjalda ríkissjóðs og ríkisfyrirtækja, sem fjármagnað er með lánum, þ. á m. erlendum lánum, ört vaxandi. Ég hygg að það séu ekki ýkjur, þótt ég hafi ekki við höndina nákvæmar tölur um það, að 1977 hafi þetta hlutfall verið um eða rétt rúmlega 6%, en sé núna á milli 13 og 14%.

Það er sem sagt aukin skattheimta, það er eyðsla markaðra tekjustofna í almenn rekstrargjöld og það eru auknar lántökur sem gera það að verkum að hæstv. fjmrh. þykist geta skreytt sig með betri afkomu ríkissjóðs. Allt þetta hefnir sín innan skamms í minna gjaldþoli þegnanna, í minni framkvæmdum á þeim sviðum, eins og íbúðabyggingum, sem nauðsynlegt er að fram verði haldið, og í aukinni greiðslubyrði afborgana og vaxta af lánum sem hljóta að falla á ríkissjóð. Hér eins og annars staðar er hæstv. ríkisstj. að velta vandanum á undan sér og blekkja landsmenn. En það er komið að skuldadögunum þegar og slíkum starfsaðferðum verður ekki beitt lengur.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, aðeins fara fram á það, áður en þessari umr. lýkur, að þm. verði gefin nákvæmari skýrsla um þann niðurskurð sem hæstv. ríkisstj. hyggst gera á útgjöldum ríkisins. Sú skýrsla, sem hæstv. fjmrh. lofaði við 2. umr., er enn ekki komin fram. Svo yfirborðsleg og ónákvæm og ruglingsleg var sú skýrsla, sem hæstv. fjmrh. gaf að þessu leyti í upphafi þessarar umr., að hún fullnægir alls ekki því, sem þingheimur á kröfu á, né heldur fullnægir hún því að geta kallast efndir á loforði fjmrh. við 2. umr.

Ég skal ekki að sinni orðlengja þetta frekar, þar sem komið er fram á þingflokkstíma, en tel að hæstv. fjmrh. skuldi bæði fjh.- og viðskn. og þingdeildinni miklu greinilegri upplýsingar og eigi að breyta um málflutning sinn, því slíkur blekkingarleikur sem hann viðhafði í upphafi umr. dugir hvorki innan þings né utan.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 70. fundur.

Þriðjudaginn 30. mars, kl. 2 miðdegis.

Flugstöð á Keflavíkurflugvelli, fsp. (þskj. 452). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér ásamt hv. 2. þm. Reykn. að leggja fram eftirfarandi fsp.:

„1. Hvað líður störfum nefndar þeirrar er ráðh. skipaði 13. nóv. s. l. vegna nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?

2. Hefur verið ákveðið hvernig og hvort lántaka til byggingarinnar verður nýtt?

3. Hefur verið tekin ákvörðun um áfangaskiptingu byggingarinnar?

4. Hafa verið gerðar breytingar á hönnun byggingarinnar?“

Ég tel ástæðulaust að fara mörgum orðum um þessa fsp. Hún skýrir sig sjálf. Það hefur komið fram hér á Alþingi að stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir að allir

samstarfsflokkar ríkisstj. samþykki að af þessari byggingu verði, og nú er svo málum komið að líklega er skammt þess að bíða að frestur sá, sem fyrir hendi er til að ákveða þessa byggingu, renni út. Því er hér spurt.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. 1. liður þessarar fsp. hljóðar svo: „Hvað líður störfum nefndar þeirrar er ráðh. skipaði 13. nóv. s. l. vegna nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli?" Svarið er þetta: Nefnd sú, er skipuð var 13. nóv. s. l. til að athuga hönnun fyrirhugaðrar flugstöðvarbyggingar og hugsanlega áfangaskiptingu, hefur starfað að þessu verkefni, aflað ýmissa upplýsinga og kynnt sér gögn. Er vonast til að nefndin skili áliti innan skamms.

2. liður fsp. er svohljóðandi: „Hefur verið ákveðið hvernig og hvort lántaka til byggingarinnar verði nýtt?" Svarið er: Engin ákvörðun liggur enn fyrir um nýtingu lántöku, en gert er ráð fyrir því í skipunarbréfi nefndarinnar, að hún geri tillögur um á hvern hátt lántaka yrði nýtt.

3. liður fsp. er svohljóðandi: „Hefur verið tekin ákvörðun um áfangaskiptingu byggingarinnar?" Við því er þetta svar: Á fundum nefndarinnar hafa verið ræddar ýmsir möguleikar á áfangaskiptingu byggingarinnar, en tillögur eru ekki enn fullmótaðar.

4. liður fsp. er svohljóðandi: „Hafa verið gerðar breytingar á hönnun byggingarinnar?" Þar er svarið þetta: Starf nefndarinnar hefur miðast við fyrirliggjandi hönnun og teikningar.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka þau svör sem hér hafa verið tilgreind, þó að lítið sé á þeim að græða. Ég vona samt að sú nefnd, sem vinnur að þessu máli, fari að skila áliti og tekin verði ákvörðun um að byrja á þessari byggingu. Það má ekki líða langur tími þar til það verður gert. Mönnum má vera ljóst hversu mikil nauðsyn það er að af þessum framkvæmdum verði, því óþolandi er bæði fyrir starfsfólk og alla aðstöðu á Keflavíkurflugvelli að búa við þann þrönga kost sem núverandi flugstöðvarbygging býður upp á. Því vil ég vona að af þessu verði.

Atvinnumál á Suðurnesjum, fsp. (þskj. 452). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja forsrh. eftirtalinna spurninga:

„1. Hvenær og hvernig hyggst ríkisstj. framkvæma það ákvæði í stjórnarsáttmálanum er segir að undirbúið verði öflugt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum?

2. Hver er árangur af starfi nefndar þeirrar er skipuð var 24. júní s. l. í þessu skyni?"

Það eru að vísu áhöld um hvort eðlilegt er að spyrja forsrh. um atvinnumál á Suðurnesjum, því að þegar þeir settu saman þann stjórnarsáttmála sem núv. ríkisstj. starfar eftir hafa þeir ekki vitað betur eða verið betur að sér um mannlíf á Suðurnesjum en svo að þeir flokkuðu atvinnumál þar um slóðir sem utanríkismál. Í einum kafla stjórnarsáttmálans, er nefnist utanríkismál, segir: „Undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum." Ekki hefur enn bólað á neinu hvað varðar framkvæmd þessa ágæta fyrirheits og eru Suðurnesjamenn því vissulega áhyggjufullir hvað varðar atvinnumálin.

Sú var tíðin, að atvinna var næg á Suðurnesjum. Fiskveiðar og fiskvinnsla stóð í blóma. Þar var vaxtarbroddur útgerðar á Íslandi. Nú er svo komið að hvert fyrirtækið af öðru hættir rekstri og atvinna minnkar. Fyrir nokkrum árum voru starfrækt ellefu frystihús í Keflavík, en nú eru þau aðeins þrjú og er atvinna þar stopul, enda ekki starfrækt með fullum afköstum. Þá má geta þess, að eitt helsta fyrirtæki þar um slóðir, Fiskiðjan, hefur nú verið lagt niður og tapar þar fjöldi manns atvinnu, menn sem hafa haft þar góðar tekjur. Verst hefur þó ástandið verið í vetur og fjöldi atvinnulausra aldrei verið meiri.

Ég hef undir höndum nýtt yfirlit frá Vinnumiðluninni í Keflavík. Þar kemur fram að allan febrúarmánuð s. l. voru 132 menn atvinnulausir. Tekið skal fram að afli var svipaður í febrúarmánuði nú og í fyrra. Í fyrra, þ. e. árið 1981, voru 57 skráðir atvinnulausir í febrúar, en árið 1980 voru aðeins 16 skráðir atvinnulausir. Þessar tölur sýna að sífellt sígur á ógæfuhliðina. Fyrir nokkrum árum hefðu fáir trúað því, að í febrúarmánuði, þegar vertíð er í fullum gangi, skyldu á annað hundrað manns ganga atvinnulausir í Keflavík. Skylt er að geta þess, að nú þessa dagana hefur aðeins rofað til, en síðasta föstudag greiddu verkalýðsfélögin 75 manns atvinnuleysisbætur. Atvinna í öðrum byggðarlögum á Suðurnesjum hefur verið ágæt nú um hávertíðina, hvað sem verður. Vandinn virðist mestur í Keflavík.

Það er mikil nauðsyn að gera öflugt átak í atvinnumálum á Suðurnesjum. En til þess þarf vilja, framkvæmdir og fjármagn. Íbúar syðra hafa að mestum hluta lifað af vinnslu sjávarafla. Aftur á móti hafa ókunnugir oft í huga að á Suðurnesjum lifi menn á varnarliðsvinnu eingöngu, þar sé ekkert annað fyrir hendi. Svo er auðvitað ekki og svo má aldrei verða. Á þessu svæði verður að tryggja fólki fulla atvinnu, eins og annars staðar á landinu.

Það ástand, sem nú ríkir, má ekki vera til frambúðar, enda óþolandi. Óttast ég að þegar vertíð lýkur verði ástandið mjög alvarlegt. Við þeim vanda verður að bregðast af raunsæi. Ég vona að ráðh. boði framkvæmdir eða efndir á umræddu fyrirheiti í stjórnarsáttmálanum í svari því er hann gefur hér á eftir.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. 24. júní 1981 skipaði ríkisstj. nefnd til að vinna að framkvæmd þess ákvæðis stjórnarsáttmála ríkisstj. frá 8. febr. 1980, að undirbúið verði öflugt átak til atvinnuuppbyggingar á Suðurnesjum. Í þessa nefnd voru skipaðir: Finnbogi Björnsson framkvæmdastjóri, formaður, Geir Gunnarsson alþm. og Jóhann Einvarðsson alþm. Mér hefur borist skýrsla frá nefndinni. Er hún dags. 22. mars og er svohljóðandi:

„Nefndin hóf störf 2. júlí 1981. Hún hefur m. a. rætt við allar atvinnumálanefndir á Suðurnesjum, hverja í sínu byggðarlagi, einnig við atvinnumálanefnd Suðurnesja sem er skipuð formönnum slíkra atvinnumálanefnda á Suðurnesjum. Fram hafa komið góðar ábendingar, sem unnið er frekar að, en nefndin lítur á það sem einn meginþátt í verkefni sínu að styðja frumkvæði heimamanna til nýrrar eða aukinnar atvinnustarfsemi. Þá hefur nefndin unnið að og óskað eftir upplýsingum um eftirtalin málefni m. a.:

1. Úttekt á jarðhitasvæðum á Reykjanesi sem Orkustofnun hefur með höndum, jafnframt því sem nefndin

hefur beitt sér fyrir því að fé yrði veitt til rannsóknar á háhitasvæðum.

2. Úttekt á hafnarstæðum á Suðurnesjum, m. a. með tilliti til efnaiðnaðar á svæðinu.

3. Nefnin hefur látið vinna frumáætlun um hugsanlega áfangauppbyggingu sjóefnasamstæðu á Reykjanesi, þ. e. saltverksmiðju, natríumklóratverksmiðju, klór- og alkalíverksmiðju, ammoníakverksmiðju og magnesíumverksmiðju. Samkv. áætluninni gætu 950 manns starfað við þær.

4. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur tekið að sér að ósk nefndarinnar að endurvinna upplýsingar um rekstur, búnað og fjárfestingu í frystihúsum á Suðurnesjum, sem unnar voru 1978, með athugun á því, hverra umbóta er þörf nú. Telur hún að fiskvinnslu verði að færa til hagkvæmari og nýtiskulegri hátta. Í því sambandi hafa nefndarmenn ásamt fulltrúum Framkvæmdastofnunar nú heimsótt 10 hraðfrystihús og fiskvinnslustöðvar á Suðurnesjum og skoðað aðstæður.

5. Þá er Iðntæknistofnun að beiðni nefndarinnar að gera úttekt á hagkvæmni þess að reisa plasttunnuverksmiðju og steinsteypueiningaverksmiðju á Suðurnesjum. Er þar m. a. jarðhiti hafður í huga við framleiðslu.

6. Nefndin er nú að ræða við forvígismenn fiskimjölsverksmiðja á Suðurnesjum og víðar um hugsanlega sameiginlega verksmiðju, m. a. á grundvelli skýrslu er unnin var að tilstuðlan sjútvrn. s. l. ár. Þótt slík verksmiðja sé ekki atvinnuaukandi, séu aðrar lagðar niður, eykur hún hagkvæmni og leysir ýmsan vanda á svæðinu, svo sem mengun.

Nefndin setti sér í upphafi þær starfsreglur að einbeita sér að þeim aðgerðum sem mættu verða til að auka hagkvæmni í rekstri fyrirtækja og styðja hugmyndir sem miðuðu að nýrri og aukinni atvinnustarfsemi, hagkvæmni í rekstri og endurskipulagningu þar sem við yrði komið. Nokkuð hefur verið um óskir um að reyna að greiða úr rekstrarfjárvanda fyrirtækja, en nefndin hefur ekki talið slíkt starfssvið sitt nema saman fari við áðurnefnd markmið.

Svo sem fyrr segir hafa ýmis mál verið skoðuð, m. a. eftir góðar ábendingar. Mesta þörfin virðist vera fyrir aukna iðnstarfsemi á svæðinu. Tekið skal fram, að upptalning verkefna nefndarinnar er með áðurgefnum upplýsingum hvergi tæmandi. Starf það, sem nefndin vinnur að, verður ekki unnið á skömmum tíma, þar sem leita þarf eftir og kalla fram frumkvæði heimamanna til að ráðast í nýja atvinnustarfsemi og framkvæma þarf síðan athuganir og rannsóknir á hagkvæmni rekstrar og tryggja fjármagn sem þarf til framkvæmda.

Nefndin væntir þess að þetta teljist fullnægjandi."

Svo hljóðar skýrsla hinnar þriggja manna nefndar frá 22. mars, — nefndar sem hóf störf 2. júlí s. l.

Fyrirspyrjandi (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Ég þakka svar forsrh., sem var sú skýrsla sem umrædd nefnd hefur tekið saman. Mér sýnist á þeirri skýrslu sem lítið hafi í raun verið gert. Það hefur verið safnað saman upplýsingum um málefni sem menn þar syðra hafa vitað að hafa verið til umhugsunar. En það fólk, sem nú gengur atvinnulaust og hefur gengið atvinnulaust og mun sennilega ganga atvinnulaust að óbreyttu, hefur litla atvinnu af því sem hér er upp talið, og hræddur er ég um að bráðar aðgerðir þurfi til að koma ef úr á að bæta.

Eins og ég gat um áðan voru í febrúarmánuði á annað hundrað manns atvinnulausir og 75 manns fengu atvinnuleysisbætur s. l. föstudag. Menn vona að sjálfsögðu að þetta lagist núna í aprílmánuði, en þegar vertíðinni lýkur veit ég ekki hvað er fram undan. Ég veit að ástandið er alla vega alvarlegt.

Ég hygg að af því, sem hér er nefnt og er næsta rýrt, verði ekki neitt nema tryggt verði fjármagn til að framkvæma það sem þarna er um talað, og vissulega skortir það til að hleypa nýju lífi í atvinnulíf á Suðurnesjum.

Eins og ég gat um áðan er hvert fyrirtækið á eftir öðru að hætta rekstri þar. Ekkert nýtt virðist á döfinni. Það, sem þessi skýrsla gefur til kynna, er ekkert sem getur komið til í náinni framtíð. Við skulum vona að það verði ekki langt þangað til, en það, sem núna þarf, eru úrbætur nú þegar. Vona ég að ríkisstj. sjái sóma sinn í að sinna þessu svæði betur en hér virðist vera um að ræða.

Það er vissulega furðulegt að ríkisstj., sem búin er að sitja þennan tíma, skuli fyrst 24. júní s. l. láta sér detta í hug að kalla saman nefnd til að skrifa upp svona upplýsingar eða hugmyndir sem hafa verið til umræðu hjá sveitarstjórnum á Suðurnesjum að eigin frumkvæði. Frá ríkisins hálfu virðist sáralítið eða ekkert fyrirhugað eða ekkert frumkvæði koma.

Sjóefnavinnsla á Reykjavesi, beiðni um skýrslu (þskj. 523). — Hvort leyfð skuli.

Beiðnin leyfð með 32 shlj. atkv.

Fiskikort, fsp. (fsp. 455). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Á þskj. 455 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til sjútvrh. um útgáfu fiskikorta, en hinn 15. mars 1977 var samþykkt svohljóðandi ályktun á hinu háa Alþingi um útgáfu fiskikorta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að nú þegar verði hafinn undirbúningur að útgáfu sérstakra fiskikorta með Lóran-C staðarlínum í og öðrum þeim upplýsingum, sem að gagni mega koma við fiskveiðar.

Við undirbúning fjárlaga fyrir næsta ár verði tekið tillit til þess kostnaðar, sem útgáfa slíkra korta hefur í för með sér."

Mér er kunnugt um að nokkur fiskikort hafa verið unnin. Það eru kort með lóranlínum um ástand sjávarbotns og eru það kort af hafsvæðum út af Reykjanesi og Vestfjörðum. Á hinn bóginn virðist sem þessi kortagerð hafi dregist úr hömlu, en skilningur á notagildi þeirra hefur farið mjög vaxandi og þekkja sjómenn best til þess. Ég sé þess vegna ástæðu til þess, eins og hér liggur fyrir, að bera þessa fsp. fram til að fá nákvæmari útlistun á stöðu málsins hjá hæstv. sjútvrh.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Sjútvrn. hefur aflað sér upplýsinga frá Sjómælingum Íslands um útgáfu umræddra fiskikorta og vil ég, með leyfi

forseta, lesa bréf Sjómælinga:

„Vísað er til bréfs rn., dags. 17. þ. m., varðandi fsp. til sjútvrh. um framkvæmd þál. frá 15. mars 1977 um útgáfu fiskikorta.

Fiskikort, sem gerð eru í samræmi við þál. frá 15. mars 1977, eru gefin út af Sjómælingum Íslands í samvinnu við sjútvrn. Eftir að tekist hafði að sigrast á ýmsum tæknilegum erfiðleikum voru fyrstu þrjú kortin gefin út árið 1980. Á s. l. ári voru gefin út fimm kort til viðbótar af fiskislóð við Suðuvestur- og Vesturland. Nú er verið að vinna að átta nýjum kortum yfir fiskislóð við Suðausturland sem verða gefin út á þessu ári, og verður þá búið að gefa út samtals 16 fiskikort.

Sala kortanna var fremur treg til að byrja með, en hefur glæðst upp á síðkastið.

Sjómælingar Íslands sjá um tæknilega vinnslu kortanna, prentun og sölu, en starfsmaður sjútvrn. safnar upplýsingum um festur og fiskislóðir, sem merktar eru í kortin.

Þrátt fyrir ítrekaða beiðni Sjómælinga um aukna fjárveitingu vegna þessa starfs hefur fjárveitingavaldið ekki séð sér fært að leggja neitt verulega af mörkum til þess að hraða útgáfu kortanna."

Undir þetta skrifar Gunnar Bergsteinsson, forstöðumaður Sjómælinga Íslands.

Ég hef jafnframt kynnt mér þetta mál nokkru nánar og mér er tjáð að það standi ekki lengur á ýmsum upplýsingum, sem eins og kemur fram í bréfinu töfðu dálítið útgáfu kortanna til að byrja með. Mér skilst að verulegt magn af slíkum upplýsingum liggi fyrir þannig að unnt væri að hraða útgáfu kortanna, en mér hefur einnig verið tjáð að óskir Sjómælinga Íslands, bæði til síns ráðuneytis og við fjvn., um aukna fjárveitingu í þessu skyni hafi, eins og fram kemur reyndar í bréfinu, fengið takmarkaðan hljómgrunn þótt nokkurt fjármagn hafi nú verið veitt í þessu sambandi. Reyndar var mér jafnframt tjáð að menn hefðu gert sér vonir um meiri sölu kortanna og því verið talið að minni fjárveitinga kynni að vera þörf. Salan hefur glæðst upp á síðkastið og kann það eitthvað að hjálpa til í þessari fjárhagsstöðu, en þó er það skoðun mín, að ef hraða á verulega útgáfu kortanna verði að koma til verulega aukin fjárveiting í þessu skyni.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. svör hans. Það athyglisverðasta, sem fram kom í svari hans, var auðvitað að þessi bráðnauðsynlega útgáfa fiskikorta hefur mætt litlum skilningi hjá fjárveitingavaldinu, og það var einkum það sem ég vonaðist til að fá að heyra frá hæstv. ráðh., að hann mundi beita sér fyrir breytingum í þeim efnum.

Sala á þessum kortum hefur farið hægt af stað að vísu. Það á þær skýringar að sjálfsögðu að menn þurfa tíma til að komast upp á lag með að nota þau, en hún hefur aukist. Er hægt að nefna sem dæmi að Mikla norræna ritsímafélagið keypti allstórt upplag af þessum kortum af Reykjanessvæðinu vegna legu sæsímans þar. Þyrfti að kanna sérstaklega hvort ekki gæti verið um ýmis fleiri tilvik að tefla í því sambandi, að gera mætti hér aukinn markað vegna legu sæsíma, rafstrengja o. s. frv.

Ef að verulegu gagni á að koma, sér í lagi fyrir togaraflotann, þarf að endurskoða þessi kort reglulega, en nákvæmni þessara miðana og þessara korta er með ólíkindum og stórkostlegur sparnaður, t. a. m. í veiðarfærum, sem af þessu verður því að menn geta staðsett sig svo nákvæmlega að kannske munar skipsbreidd og fært inn á þessi kort flök af skipum og aðra festu sem til stórtjóns hafa orðið.

Hér er fimm ára þál. og búið er að gefa út níu fiskikort alls af að vísu þýðingarmiklum svæðum. En bæði er það, að þetta gengur allt of hægt, og enn fremur hafa þeir ekki fengið fangs á að endurskoða kortin reglulega, en þess er alveg brýn þörf ef að fullum notum á að koma.

Ég fer nú eindregið fram á það við hæstv. sjútvrh. að hann beiti sér fyrir því, að hert verði á þessari framkvæmd. Sannleikurinn er reyndar sá, að fjárlaga- og hagsýslustofnun, sem hefur lítinn skilning haft á þessu máli, hefur auðvitað ekkert leyfi til annars eftir ákvörðun Alþingis en að sinna þessu eins og vera ber. Alþingi sjálft hefur tekið sína ákvörðun. Enn og aftur kem ég að þessu sama, hversu daufir framkvæmdamenn okkar, sem starfa í umboði okkar, hæstv. ráðh., eru að fylgja eftir beinum fyrirmælum hins háa Alþingis. Þyrfti hæstv. fjmrh. sérstaklega að leggja við hlustir í þessu efni og minnast þess að taka í lurginn á þeim þar uppi í fjárlaga- og hagsýslustofnun og sjá svo um að það verði nægilegt fé til að hraða útgáfu fiskikorta.

Tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar, fsp. (þskj. 430). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Á þessum vetri hafa alloft átt sér stað umr. hér á hv. Alþingi um nauðsyn þess að bæta aðstöðu iðnaðar, sem á í harðri samkeppni við iðnað erlendis, bæði iðnað vegna innflutnings til landsins svo og vegna útflutnings á okkar eigin iðnaðarvörum.

Þegar hæstv. ríkisstj. kynnti hér á Alþingi skýrslu um aðgerðir í efnahagsmálum voru í þeirri skýrslu ýmis atriði sem virtust lofa nokkuð góðu um að skilningur hæstv. ríkisstj. á ýmsum vandamálum iðnaðarins væri að aukast og nauðsynlegt væri að létta af iðnaðinum ýmsum gjöldum sem á honum hvíla. Til dæmis var boðað og síðan um það samþykkt hér frv. að launaskattur skyldi lækka um 1% eða úr 3.5% í 2.5%. Boðað var að endurskoðuð yrði tollheimta af tækjum til atvinnurekstrar til að bæta möguleika á framleiðniaukingu í þessum greinum. Ýmislegt fleira var tilgreint sem talið var nauðsynlegt að gera til að bæta aðstöðu iðnaðarins.

Einn liður í aðgerðum hæstv. ríkisstj. í efnahagsmálum í vetur var að leggja á sérstakt tollafgreiðslugjald. Þegar reglugerð var sett um þetta gjald kom það nokkuð á óvart að svo virtist sem aðföng til iðnaðar, bæði hráefni svo og tæki og vélar til iðnaðar, væru látin greiða þetta tollafgreiðslugjald. Þetta hygg ég að hafi komið flestum á óvart, ekki síst miðað við þau orð sem voru látin falla hér á hv. Alþingi þegar þessi mál voru hér til umr.

Ég hef því af þessu tilefni lagt fram ásamt hv. 10. þm. Reykv., Friðrik Sophussyni, fsp. á þskj. 430 til hæstv. fjmrh. sem hljóðar svo:

„1. Að hve miklu leyti er tollafgreiðslugjald lagt á aðföng til iðnaðar samkv. reglugerð sem sett hefur verið um það efni?

2. Hvað er gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar gefi ríkissjóði mikið í tekjur á þessu ári?"

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og Friðrik Sophusson spyrja í fyrsta lagi um að hve miklu leyti tollafgreiðslugjald sé lagt á aðföng til iðnaðar samkv. reglugerð sem sett hefur verið um það efni.

Svarið er, að í þessum efnum er fylgt ákvæðum laganna. Meginreglan varðandi aðföng til iðnaðar er sú, að á þau er lagt krónutölugjald miðað við tiltekna fjárhæð. Er það 50 kr. ef tollverð vörusendingarinnar er innan við 5000 kr., en 200 kr. sé tollverð vörusendingarinnar 5000 kr. eða meira. Fast tollafgreiðslugjald takmarkast þó við þá vöruflokka sem tollfrjálsir eru samkv. 1. gr. tollskrárlaga og jafnframt eru undanþegnir sérstöku tímabundnu vörugjaldi samkv. 1. gr. vörugjaldslaga. Sama gildir um vörur sem tollar hafa verið felldir niður af, m. a. samkv. 12. tölul. 3. gr. tollskrárlaga. Aðföng, sem njóta tollfríðinda samkv. ákvæðum fríverslunarsamninga EFTA og Efnahagsbandalagsins, eru undanþegin tollafgreiðslugjaldi fyrst um sinn, meðan ekki er lagt krónutölugjald samkv. lögum um tollafgreiðslugjald á svonefndar fríverslunarvörur, en það verður ekki fyrr en að nokkrum vikum liðnum, eins og áður hefur komið fram. Ráðuneytið hefur einnig ákveðið, að meðan ekki er lagt neitt tollafgreiðslugjald á innfluttar iðnaðarvörur frá EFTA og Efnahagsbandalaginu verði ekki lagt neitt tollafgreiðslugjald á þau aðföng iðnaðar sem flutt eru inn frá löndum EFTA og Efnahagsbandalagsins, þótt aðföngin flokkist ekki undir svonefndar fríverslunarvörur, enda séu þessi aðföng tollfrjáls og án vörugjalds af einhverjum öðrum ástæðum.

Annar liður fsp. er svohljóðandi: „Hvað er gert ráð fyrir að tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar gefi ríkissjóði mikið í tekjur á þessu ári?" — Ég verð að gefa það svar við þessari spurningu, að engar tölulegar upplýsingar eru fyrirliggjandi um það sérstaklega hverjar tekjur tollafgreiðslugjald á aðföngum til iðnaðar muni gefa ríkissjóði á þessu ári. En ég vek á því athygli, sem er ljóst af lögunum um tollafgreiðslugjald, að á aðföng til iðnaðar, sem eru tollfrjáls af öðrum ástæðum, er ekki lagt 1% tollafgreiðslugjald. Þau eru sem sagt undanþegin þessu sérstaka eina prósentugjaldi, en á aðföngin leggst hins vegar lágt krónutölugjald, eins og fram kom hér á undan í svari mínu, og þó ekki fyrst um sinn á aðföng til iðnaðar sem keypt eru frá Efnahagsbandalags- og EFTA-löndum. Mér sýnist því auðvelt að fullyrða að hér verði um heldur smávaxna upphæð að ræða.

Fyrirspyrjandi (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans. Hann sagði að að því er snertir tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar væri fylgt ákvæðum laganna. Það getur vel verið að hægt sé að teygja þau reglugerðarákvæði, sem hér um ræðir, undir lagaákvæðin eins og þau eru. En ég held engu að síður að hér sé um að ræða töluvert stærra mál en hæstv. fjmrh. vill vera láta. A. m. k. hafa samtök iðnaðarins tekið þetta mál sérstaklega upp og telja að hér sé um að ræða verulega skattlagningu á aðföng til iðnaðar, bæði hráefni og ýmsar vélar og varahluti sem notað er í iðnaði hér á landi, og það svo mikið í sumum tilvikum að 1% launaskattslækkunin hverfi að miklu eða jafnvel öllu leyti í sumum tegundum fyrirtækja vegna þessa tollafgreiðslugjalds sem fyrirtækin þurfi að greiða. Ég hygg því að þó að hæstv. fjmrh. vildi gera lítið úr þessu sé hér um töluvert meira mál að ræða. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þessi þáttur reglugerðarinnar um tollafgreiðslugjald sé tekinn til sérstakrar endurskoðunar í ráðuneytinu. Ég hygg að þegar þm. voru að samþykkja lögin um tollafgreiðslugjald hér á sínum tíma hafi menn ekki reiknað með að ýmis aðföng, bæði hráefni, vélar, varahlutir og fleira, yrðu álagningarstofn tollafgreiðslugjalds.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég tel að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ætti ekki að trúa sögusögnum eins og þeim sem hann var að lýsa í svarræðu sinni. Það er alveg ljóst að fullyrðingar af því tagi, sem hann bar fyrir sig, eru fjarstæðukenndar.

Það er líka alveg ljóst að í lögunum kemur skýrt fram hvernig á að leggja toll á aðföng til iðnaðar. Ég er undrandi á því, að hv. fyrirspyrjandi skuli ekki hafa kynnt sér lögin betur en svo, að hann telur að þm. hafi staðið í einhverri ákveðinni meiningu, allt annarri en segir alveg skýrt og klárt í lögunum. Það stendur alveg skýrt og klárt í lögunum, að aðföng til iðnaðar skuli ekki fá á sig 1% gjald, en hins vegar skuli þau fá á sig þetta sérstaka krónutölugjald, þetta stendur eins skýrt og nokkuð getur verið í þessum lögum. Ég veit ekki hversu margir þm. hafa lesið þessi lög eða frv. áður en þeir samþykktu það, en þeir, sem það gerðu, áttu að vita hvað þeir voru að gera.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er stundum sagt að sókn sé besta vörnin. Hæstv. ráðh. hefur greinilega ætlast til þess að ná betri stöðu í þessu máli með því að sækja fast á og benda á að þm. hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera þegar þeir samþykktu ákveðin lög. En ég held að það skilji allir, sem eitthvað hafa um þessi mál fjallað, að hér er verið að ræða um iðnaðinn, sem hefur ákveðna sérstöðu, og til þeirrar sérstöðu átti að taka sérstakt tillit við þær efnahagsaðgerðir sem hæstv. ríkisstj. efndi til nú um daginn. Það verður að skoða þetta mál í því ljósi sem nú skal nefnt.

Í fyrsta lagi hefur hæstv. ríkisstj., sérstaklega hæstv. fjmrh. og þeir sem hafa farið með fjármálastjórnina, gjörsamlega svikist um að fara eftir því sem hv. Alþingi bauð þeim að gera vorið 1979, þegar vísað var til ríkisstj. lagafrv., sem flutt var af fulltrúum allra stjórnmálaflokka, um að gera breytingar á tollskrárlögum svo að aðföng til iðnaðar yrðu ekki aðflutningsgjaldsskyld. Þetta liggur fyrir. Eftir þessu hefur ekki verið farið. Hæstv. iðnrh. hefur haft þessa stefnu á sínum snærum, boðað hana þrisvar á Alþingi í þáltill. Ekkert gerist hjá hæstv. fjmrh. Þvert á móti grípur hæstv. fjmrh. tækifærið, þegar hann vorið 1980 neyðist til að lýsa yfir stuðningi við tollkrít vegna þess að hæstv. forsrh. sagði hér á hv. Alþingi að þá um haustið, haustið 1980, mundi koma frv. um tollkrít fram á Alþingi, — þá grípur hæstv. ráðh. tækifærið loks þegar það mál er komið í eindaga og ákveðin nefnd hefur skilað skýrslu til hæstv. ráðh., nefnd sem hann sjálfur skipaði um tollkrítarmálin. Í þeirri nefndarskýrslu er gert ráð fyrir að hæstv. ráðh. komi með lagafrv. inn á Alþingi fyrir s. l. áramót. Hvað gerir hæstv. ráðh., hvað gerir hæstv. fjmrh. annað en það sem honum einum mundi hafa dottið í hug? Hann leggur á sérstakt gjald, tollafgreiðslugjald, undir því yfirskini að bráðum komi tollkrítarfrv., en það á að koma á næsta ári.

Herra forseti. Mér þótti vera ærin ástæða til þess, að

þetta kæmi fram í þessum umr. hér, til þess að undirstrika hvaða stöðu hæstv. ríkisstj. lítur á í sambandi við iðnaðinn og hvernig hæstv. fjmrh. notfærir sér einhverjar framtíðarspekúlasjónir til þess að heimta sífellt meira fé af atvinnuvegunum.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil rifja það upp vegna ummæla hv. þm. Friðriks Sophussonar, að í ársbyrjun 1981 var tekin ákvörðun um lækkun aðflutningsgjalda á aðföngum til iðnaðar. Þessi ákvörðun er talin hafa lækkað tekjur ríkissjóðs á liðnu ári um 10 millj. kr., 1 milljarð gkr., og á því ári, sem nú er að líða um samsvarandi upphæð að breyttu breytanda. Það er því mesti misskilningur að ekkert hafi verið gert í þessum málum. Hitt er annað mál, að þessi aðflutningsgjaldamál almennt eru mjög flókin og viðtæk og hafa verið til nánari athugunar. Það getur verið uppi ágreiningur um hvað eigi að teljast aðföng til iðnaðar og hvað ekki, og það er ekki útilokað að frekari spor verði stigin í þessa átt. En það er alrangt hjá hv. þm. að ekkert hafi verið gert á þessu sviði.

Hvað tollkrítarmálið snertir, þá er rétt að það hefur nokkuð dregist að frv. yrði lagt fram hér í þinginu. Það er líklega ekki í fyrsta skipti sem dregst að koma frv. fram. Það vill nú stundum gerast og í þessu tilviki hefur þar orðið nokkur dráttur. En ég get huggað hv. þm. með því, að tollkrítarfrv. mun sjá dagsins ljós hér í þinginu áður en vikan er úti.

Friðrik Sophusshon: Herra forseti. Ég vakti athygli á þessum málum vegna þess að þau ber að skoða í ljósi þeirrar fsp. sem hér var borin upp af hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni.

Það er alveg rétt, sem kemur fram hjá hæstv. ráðh., að gerð var breyting með auglýsingu snemma árs 1981. En það breytir ekki því, að Alþingi Íslendinga fór þess á leit við hæstv. fjmrh., reyndar þann sem þá sat, að samið yrði frv. — ég endurtek: frv. til breytinga á tollskrárlögum til að ná fram þeirri hugsun sem kom fram í frv. okkar fjórmenninganna. Auglýsing frá hæstv. fjmrh., þótt voldugur sé, getur aldrei verið í frumvarpslíki.

Sameinað þing, 71. fundur.

Þriðjudaginn 30. mars, að loknum 70. fundi.

Aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 522). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Sparnaður í olíunotkun fiskiskipa, þáltill. (þskj. 533). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Málefni El Salvador, þáltill. (þskj. 331). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Viðauki við vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 490). — Fyrri umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Við meðferð á vegáætlun þeirri, sem nú er í gildi, hjá hv. fjvn. og ekki síst í sambandi við þá langtímaáætlun sem þar var til meðferðar, var rætt um þrjá vegi hér á landi, sem eru taldir sérstaklega áhættusamir fyrir umferðina, þ. e. Útnesveg um Ólafsvíkurenni, Djúpveg um Óshlíð og Ólafsfjarðarveg um Ólafsfjarðarmúla.

Í þál. um langtímaáætlun, sem samþykkt var, er einn liður sem gerir ráð fyrir því að draga úr umferðarhættu. Að mati Vegagerðarinnar er slysatíðni á þessum þremur vegum, sem ég hef nú nefnt, einna mest og varð samkomulag um það í hv. fjvn. að gera ráð fyrir sérstöku fjármagni til umbóta á þessum þremur vegum.

Ég staðfesti jafnframt með bréfi til hv. fjvn. að ég mundi leggja fram í ríkisstj. tillögu um viðauka við vegáætlun vegna þessara þriggja vega sem ég hef nefnt. Bréf þetta er birt í athugasemdum með umræddri þáltill. og leyfi ég mér að lesa það með leyfi forseta:

„Að gefnu tilefni skal tekið fram að ráðuneytið hefur óskað eftir því við Vegagerð ríkisins að hún láti gera áætlun um framkvæmdir til þess að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur af snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á vegum um Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, þar sem hætta fyrir umferð er talin mest af þjóðvegum landsins.

Samgrh. mun leggja til við ríkisstj. að lögð verði fram á næsta Alþingi viðaukatillaga við vegáætlun, þannig að þessum framkvæmdum verði sinnt samkv. áætlun Vegagerðar ríkisins og sem sérstöku verkefni innan stofnbrauta, og verði fjármagns til þeirra aflað sérstaklega. Hefur um það verið rætt við fjmrh.

Er þess vænst að framkvæmdir geti hafist sumarið 1982."

Till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árið 1981—1984 er flutt í samræmi við það fyrirheit sem ég nú las.

Frá því að vegáætlun og þáltill. um langtímaáætlun var samþykkt hefur á vegum Vegagerðar ríkisins verið unnið mikið verk við athugun á þessum þremur vegum, þ. e. um Ólafsfjarðarmúla, Óshlíð og Ólafsvíkurenni, og hafa komið frá Vegagerðinni ítarlegar skýrslur sem þm. viðkomandi kjördæma hafa fengið aðgang að.

Á grundvelli þessarar athugunar hefur jafnframt verið gerð áætlun um þessar framkvæmdir allar þrjár og verið þar skoðaðir ýmsir valkostir. Í þeirri þáltill., sem ég mæli nú fyrir, segir svo neðst á fremstu síðu: „Í meðfylgjandi greinargerð Vegagerðarinnar eru raktir þeir valkostir, sem til álita hafa komið, og gerð grein fyrir þeim lausnum sem Vegagerðin mælir með."

Því miður urðu þau mistök, sem mér varð ekki ljóst fyrr en eftir að till. hafði verið dreift og reyndar ekki fyrr en nú nýlega, að þessi greinargerð Vegagerðarinnar fylgdi ekki þáltill., en ég hef gert ráðstafanir til þess að hún verði ljósrituð og henni dreift til allra þm.

Ég ætla hins vegar að fara með nokkrum orðum yfir þessa sömu greinargerð og rekja helstu kosti sem athugaðir hafa verið í þessu sambandi. Í greinargerðinni segir m. a.:

„Vegagerðin hefur unnið að áætlanagerð í samræmi við umrædda þál. um langtímaáætlun og fyrirheit samgrh. Hefur hún auk síns starfsliðs notið aðstoðar ýmissa sérfræðinga. Var m. a. leitað til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands um jarðfræðilega ráðgjöf og til rannsóknastofnunar norsku vegagerðarinnar um ráðgjöf varðandi varnir gegn snjóflóðum og hruni. Hin norska stofnun sendi sérfræðing sinn í þessum efnum til Íslands. Var hann til ráðgjafar um lausnir, og í Óshlíð, þar sem stefnt er að endurbótum á núverandi vegi, gerði hann ítarlegar tillögur um útfærslur. Eru áætlanir byggðar á þeim tillögum.

Hér á eftir verður gerð nokkur grein fyrir einstökum vegarköflum, kostum þeim, sem hafa komið til álita, og þeim lausnum, sem Vegagerðin leggur til að verði valdar til úrbóta í öryggismálum umferðar á þessum köflum. Kostnaðartölur eru á verðlagi í ágúst 1981."

Fyrst mun ég gera nokkra grein fyrir Ólafsvíkurenni.

„Vegurinn tengir saman þéttbýlisstaðina í Neshreppi utan Ennis annars vegar og Ólafsvík hins vegar. Núverandi vegur er skorinn í skriður og flúið móberg. Snjóflóð og grjóthrun eru mestu hættuvaldar á veginum, en aurskriður í minna mæli," segir í greinargerð Vegagerðarinnar. Hins vegar bæti ég því við, að aurskriður hafa einmitt nú í vetur verið gífurlega miklar og stundum legið nærri stórslysum. Síðan segir:

„Slysatíðni er há á veginum eða rúmlega þreföld meðalslysatíðni á þjóðvegakerfinu. Hefur oft legið við stórslysum þarna, bæði á vegfarendum og þeim mönnum sem vinna að viðhaldi vegar og þjónustu við vegfarendur.

Ársumferð um veginn er um 300 bílar á dag, en sumarumferðin 460 bílar á dag.

Eftirfarandi fimm valkostir voru teknir til skoðunar:

1. Endurbygging núverandi vegar á alls tæplega 3 km kafla. Vegþekjur yrðu byggðar á mestu hættusvæðum á alls rúmlega 800 m, þar af um 375 m sem stæðust snjóflóð. Kostnaður áætlaður 60 millj. kr.

2. Jarðgöng um 1000 m löng og endurbygging vegar beggja megin ganga. Áætlaður kostnaður 68 millj. kr.

3. Nýr vegur í fjöru neðan Ennis á um 3 km kafla, þar af um 1.7 km sem verja þarf gegn sjávaröldu. Núverandi vegi haldið til að taka á móti grjóthruni og draga úr snjóflóðum. Kostnaður áætlaður 46 millj. kr.

4. Ný leið um Ennisdal bak við Enni, alls um 11.3 km að lengd. Mesta hæð yfir sjó 225 m og lenging milli þéttbýlisstaða um 6 km. Kostnaður áætlaður 37 millj. kr.

5. Vegur fyrir Jökul byggður upp og lagður bundnu slitlagi. Alls yrðu endurbyggðir 67 km og kostnaðaráætlun 70 millj. kr.

Vegagerð ríkisins telur að valkostir 4 og 5 leysi ekki vandamál umferðar milli áðurnefndra þéttbýlisstaða" — en það eru þeir valkostir sem lengja leiðina töluvert. „Valkostur 3 er ódýrastur af þeim sem þá eru eftir, og þar eru óvissuþættir við mannvirkjagerðina fæstir." — Það er sá valkostur sem gerir ráð fyrir því að nýr vegur verði lagður í fjöru.

„Samkv. þeim frumathugunum, sem gerðar hafa verið, telst vel séð fyrir öryggi umferðarinnar gagnvart snjóflóðum, grjóthruni og aurskriðum" með þessum valkosti. „Vegur þarna verður á hinn bóginn fyrir særoki þegar vindur stendur af hafi. Við verstu aðstæður gætu jafnvel orðið ölduslettur á veginum og gæti vegur lokast í slíkum tilvikum. Tilhögun vegar er með þeim hætti, að dregið er sem mest úr þessum áhrifum, og er talið að aðstæður í sjávarstöðu og vindi, sem gætu lokað vegi, komi ekki fyrir oftar en einu sinni á ári að meðaltali. Lokun mundi einungis standa yfir í nokkrar klukkustundir.

Í heild telst þetta mjög viðunandi lausn og með hliðsjón af kostnaðartölum og óvissuþáttum í mannvirkjagerð leggur Vegagerð ríkisins til að valkostur 3 verði tryggður.

Framkvæmdatilhögun gæti verið þannig, að á fyrsta ári yrði unnið við báða enda vegarins að þeim kafla sem liggur í sjó. Enn fremur ætti að opna grjótnámu o. fl. þess háttar. Á öðru ári yrðu miðhluti vegarins lagður. Verður að ljúka honum með grjótvörn og tilheyrandi á einu sumri. Mætti þá taka veg til umferðar, þó að slitlag og annar frágangur færi ekki fram fyrr en á þriðja ári. Framkvæmdir geta hafist 1982 ef fjárveiting er fyrir hendi."

Þá kem ég að Óshlíð.

„Vegurinn tengir Bolungarvík við Ísafjörð og þjóðvegakerfið. Hann er skorinn í skriður og klettabelti. Í fjallinu eru víða gilskorningar sem safna í sig snjóflóðum og grjóthnullungum sem falla aðallega úr klettabeltinu efst í fjallinu. Í sumum giljanna koma einnig fram aurskriður í miklum rigningum. Á milli giljanna hrynur víða grjót úr vegskeringunni og skriðunum ofan skeringar. Slysatíðni er mjög há á veginum, meðaltal áranna 1976—1980 sýnir fjórfalda slysatíðni miðað við meðaltal á þjóðvegum landsins. Banaslys hafa orðið á veginum vegna ofanhruns og oft legið við stórslysum.

Ársumferð um veginn er um 320 bílar á dag (1980), en sumarumferð um 430 bílar á dag.

Tvær meginlausnir hafa komið til skoðunar, þ. e. jarðgöng eða endurbygging núverandi vegar og bygginga vegþekju á hættulegustu staði" — og verður þeim aðeins lýst.

„1. Jarðgöng eru um 4.2 km að lengd. Farið er inn í fjallið við Seljadal og út úr því aftur nálægt Fremra-Ósi í Bolungarvík. Jarðgöng eru einbreið með útskotum, og geta slík jarðgöng annað um það bil tvöfaldri meðalársumferð vegarins. Lagfæra þarf veg fyrir Seljadal að Skarfaskeri og tryggja gegn hruni og snjóflóðum. Kostnaður við göng og endurbætur vegar er áætlaður um 140 millj. kr.

2. Endurbygging núverandi vegar er fólgin í að lagfæra feril vegarins þannig að hann þoli a. m. k. 50—60 km hönnunarhraða. Jafnframt verði hann breikkaður í fulla breidd og gerðar rásir ofan vegar a. m. k. 3—5 m breiðar. Við gil yrðu rásir þó mun breiðari eða a. m. k. 8—10 m og þannig úr garði gerðar að þær gætu tekið við minni snjóflóðum og grjóthruni.

Samfara þessu yrði gert átak til að draga úr og stöðva grjóthrun ofan vegar, m. a. með viðhaldi og endurbótum stalla, sáningu í skriður, stöðvun ágangs sauðfjár á hlíðina o. fl. þess háttar.

Gert er ráð fyrir að byggðar séu vegþekjur á verstu

snjóflóðastöðunum. Er þar um fjóra staði að ræða, þ. e. Steinsófæru, Hvanngjár ytri og innri og Ófæru með Stiga, og er heildarlengd á vegþekjum áætluð um 150 m. Snjóflóð hafa verið skráð undanfarna sex vetur og hefur um helmingur þeirra komið fram á ofangreindum fjórum stöðum. Af þessum fjórum stöðum er Steinsófæra með flest snjóflóð, og er gert ráð fyrir að vegþekja þar verði byggð áður en langt líður á framkvæmdatímanum.

Hinar þrjár vegþekjurnar verða á dagskrá síðast á framkvæmdatíma, og leggur Vegagerðin til að ákvörðun um þær verði tekin til skoðunar að nýju í ljósi fenginnar reynslu, áður en til byggingar þeirra kemur. Kostnaður við þær er þó að fullu tekinn með í kostnaðaráætlun en hún nemur 60 millj. kr.

Vegagerð ríkisins telur að öryggi vegfarenda í Óshlíð muni aukast mjög mikið með endurbyggingu vegar og byggingu vegþekja þó að ekki geti orðið um fullkomið öryggi að ræða gagnvart snjóflóðum og ofanhruni. Kostnaður við jarðgöng er meiri en tvöfaldur kostnaður við endurbyggingu vegar með vegþekjum. Fleiri óvissuþættir eru einnig við þá framkvæmd og hún hefur takmarkaða afkastagetu. Að þessu athuguðu leggur Vegagerðin til að núverandi vegur verði endurbyggður.

Tillaga um framkvæmdaröðun liggur fyrir. Yrðu teknir fyrir ákveðnir kaflar og þeim komið í það horf sem lýst er hér að framan. Kaflar yrðu teknir í umferð jafnóðum og þeim er lokið. Áfangaskipti eru því ekki mjög þvinguð. Framkvæmdir munu á hinn bóginn hafa mjög truflandi áhrif á umferð um veginn meðan á þeim stendur. Framkvæmdir geta hafist 1982 ef fjármagn er fyrir hendi."

Loks geri ég grein fyrir Ólafsfjarðarmúla.

„Vegurinn tengir Ólafsfjörð við aðrar byggðir Eyjafjarðar og þjóðvegakerfi landsins. Hann er skorinn í skriður og klettabelti. Eru þessi klettabelti hin hrikalegustu, einkum yst í Múlanum, en þar fer vegurinn hæst í um 260 m yfir sjó og neðan hans eru lóðrétt björg í sjó fram.

Þarna er mjög snjóþungt og lokast vegurinn því oft af snjó. Þannig hefur hann að jafnaði verið lokaður 30—40 heila daga á hverjum vetri undanfarin ár. Við þetta bætast álíka margir dagar með lokun hluta úr degi vegna snjóa, snjóflóða og aur- eða grjótskriða.

Hafa snjóflóð tekið bíla og borið þá niður í fjöru, og þarna hafa orðið banaslys. Slysatíðnin er nálægt meðallagi á veginum, en í því sambandi ber að hafa í huga að vegurinn er oft lokaður af snjó og honum auk þess lokað þegar hætta er talin á ferðum.

Ársumferð um veginn 1980 er um 160 bílar á dag og sumarumferð um 220 bílar á dag.

Til úrbóta komu í upphafi þrenns konar lausnir til álita, þ. e. 1. Vegur um Drangsskarð. 2. Jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, og hafa þar verið skoðaðir fimm mismunandi kostir. 3. Endurbætur á núverandi vegi með byggingu vegþekja á hættulegustu stöðum.

Við frumsamanburð hafa lausnir 1 og 3 verið settar til hliðar" — þ. e. vegur um Drangsskarð og endurbætur á núverandi vegi með byggingu vegþekja — „þar eð þær hafa verið jafndýrar eða dýrari en þeir jarðgangakostir sem álitlegastir eru, en standast hins vegar ekki samanburð við þá að því er snertir bættar vetrarsamgöngur og öryggi vegfarenda. Eftirfarandi fimm jarðgangakostir hafa verið skoðaðir:

1. Flag — Bríkargil. Lengd jarðganga 1.6 km.
2. Vogagjá — Bríkargil. Lengd jarðganga 2 km. Áætlaður kostnaður 70 millj. kr.
3. Vogagjá — Kúhagagil. Lengd jarðganga 2. 5 km. Áætlaður kostnaður 80 millj. kr.
4. Mígandi — Kúhagagil. Lengd jarðganga 3.9 km. Áætlaður kostnaður 130 millj. kr.
5. Mígandi —Brimnesdalur. Lengd jarðganga 4.2 km." Kostnaðaráætlun fylgir ekki.

„Til að gera þessa valkosti sambærilega hefur í öllum tilvikum verið reiknað með vegagerð frá Míganda að Ólafsfjarðarkaupstað. Fyrir styttri jarðgöngin er þá gert ráð fyrir snjóflóðavörnum, þ. á m. vegþekjum á hættulegustu stöðum utan jarðganga. Hafa verður þó í huga að ekki næst sambærilegt öryggi utan ganga eins og í göngum við aðstæður eins og eru í Múlanum.

Við samanburð þessara kosta verður talið að lausn 1 sé lökust" — þ. e. Flag — Bríkargil — „og með henni náist ekki nægilegur árangur í því að bæta vetrarsamgöngur og auka öryggi. Lausnir 2, 3 og 4 teljast á hinn bóginn mjög frambærilegar í þessu tilliti. Lausn 5 er það raunar einnig" þ. e. Mígandi — Brimnesdalur — „en þar sem hún er dýrari en lausn 4 en lakari með tilliti til vetrarsamgangna, kemur hún ekki til álita.

Hið raunverulega val stendur því milli hinna þriggja ofangreindu lausna.

Við samanburð á lausnum 3 og 4 sést að hin síðari er um 60% dýrari en sú fyrri. Sá vegarkafli sem sparast, þ. e. Mígandi — Vogagjá, er með þeim hætti, að á honum má ná mjög viðunandi öryggi með nýjum vegi og tilheyrandi varnaraðgerðum, svo sem reiknað er með í lausn 3.

Kostnaðarmunur lausna 3 og 2 er á hinn bóginn ekki ýkjamikill (innan við 15%), en einn hættulegur staður er þar á milli (þ. e. Kúhagagilið), sem er úr sögunni ef lausn 3 er valin.

Með hliðsjón af framansögðu leggur Vegagerð ríkisins til að lausn 3" — þ. e. jarðgöng með munna í Vogagjá að austan og Kúhagagili að vestan — „verði fyrir valinu." Áætlaður kostnaður við það var, eins og ég las áðan, 80 millj. kr.

Samanburður valkosta og vallausna hefur farið fram á grundvelli bráðabirgðaskoðunar á jarðfræði Múlans og stærðargráðusamanburði kostnaðar. Gera þarf miklu ítarlegri rannsóknir áður en raunveruleg hönnun hefst. Tillaga sú um lausn, sem gerð var grein fyrir hér að ofan, er háð þeim fyrirvara, að niðurstöður rannsókna verði í megindráttum í samræmi við þá mynd sem bráðabirgðaathuganir hafa gefið af jarðfræði svæðisins og öðrum aðstæðum.

Fáist fjármagn til rannsókna gætu þær hafist sumarið 1982 og hönnun síðan í framhaldi af því. Framkvæmdir gætu þá hafist 1984 eða 1985. Hæfilegur framkvæmdatími fyrir þetta mannvirki væri þrjú ár og yrði þá haft í huga að mannvirkin nýtist ekki fyrr en því er lokið."

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir greinargerð Vegagerðarinnar. Eins og ég sagði í upphafi liggja fyrir ítarlegar skýrslur og frekari upplýsingar um þessi mál sem ýmsir þm. hafa þegar skoðað.

Í till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984 er aðeins gert ráð fyrir því að hefja þessi verk. Gert er ráð fyrir að verja í þessu skyni 10 millj. kr., og eins og reyndar áður hefur komið fram í umr. hér á hinu háa Alþingi hefur legið fyrir stjórn Framkvæmdastofnunar tillaga um framlag til vegamála og í því

sambandi gert ráð fyrir að 10 millj. kr. af því framlagi renni til að koma þessum verkum af stað. En ég endurtek: þetta er aðeins byrjun og vitanlega þarf miklu meira fjármagn í svo stór verk ef þeim á að miða vel áfram, eins og fram kemur að sjálfsögðu vel í þeim tölum sem ég hef lesið. En hálfnað er verk þá hafið er, er stundum sagt, og ég tel mjög mikilvægt að þetta verk geti hafist. Við endurskoðun vegáætlunar, sem fara á fram að ári, verður að auka við þessar framkvæmdir þannig að um muni.

Í þessari till. er jafnframt gert ráð fyrir að umræddum 10 millj. kr. verði skipt þannig: Útnesvegur um Ólafsvíkurenni 6.9 millj. kr., Djúpvegur um Óshlíð 3 millj. kr., Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla 0.1 millj. kr., og er þar, eins og fram kom í því sem ég las áðan, eingöngu um rannsóknir að ræða.

Tveir vegirnir eru tilbúnir til framkvæmda eins og fram kom í greinargerðinni. Hins vegar er það mat Vegagerðarinnar, miðað við þá reynslu sem hefur fengist í vetur af gífurlega miklum aurskriðum á Ólafsvíkurenni, að þar sé ekki til setunnar boðið og mjög nauðsynlegt að framkvæmdir geti hafist. Þær 3 millj. kr., sem ætlaðar eru í Djúpveg um Óshlíð, koma jafnframt að fullum notum, því að þar er unnt að skipta verkinu nokkuð eftir því sem fjármagn leyfir. Ég vil hins vegar geta þess, að í sambandi við Óshlíðina hafa komið fram skiptar skoðanir. Ýmsir vilja m. a. leggja meiri áherslu á jarðgöngin sem ég nefndi áðan og er áætlað að kosti 140 millj. kr. Ég hef óskað eftir því við Vegagerðina, að hún skoði það nánar, en því er ekki að neita að þarna er um gífurlega mikinn kostnaðarmun að ræða og þarna er um að ræða einbreið göng með útskotum til að mætast og er það að sjálfsögðu mjög mikill ókostur á þeirri lausn, ekki síst þegar athugað er að göngin eru 4.2 km að lengd. Ástæðan fyrir þessum mikla kostnaði er m. a. sú, að þær boranir, sem gerðar hafa verið þarna í nágrenninu, sérstaklega í sambandi við Breiðadalsheiðina, benda eindregið til þess, að klettalög á þessu svæði séu þannig að þau séu mjög sprungin og þurfi að gera ráð fyrir að steypa innan í slík jarðgöng alla leiðina. Það er að sjálfsögðu mjög kostnaðarsamt. Auk þess er það niðurstaða hins norska sérfræðings, að ná megi viðunandi öryggi eftir þeim leiðum sem hér er lagt til og byggðar eru á hans greinargerð.

Ég gat þess áðan, að kostnaður við þessa þrjá vegi er samtals áætlaður um 190 millj. kr. Það kom fram í þeim tölum sem ég nefndi um einstök verkefni. Hér er um gífurlegt átak að ræða, en að mati þeirra, sem gerst þekkja, eru þessir þrír vegir tvímælalaust þeir hættulegustu, eins og kemur fram í upplýsingum Vegagerðarinnar. Mér er mætavel ljóst að víða um land eru hættulegir vegir og víða um land eru vegir sem þarf að lagfæra og valda umferðartöfum, ekki síst á veturna. En að mati Vegagerðarinnar og með tilliti til þess, sem fram er tekið í 4. lið þál. um gerð langtímaáætlunar um að draga úr slysahættu á vegum, hefur verið talið rétt — og fjvn. var sammála um það — að þessir þrír vegir yrðu þannig teknir út úr.

Herra forseti. Ég vil leggja til að till. þessari verði að lokinni umr. vísað til hv. fjvn.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu, að þetta mál er nú komið hér á borð þm. og til umr. Ég hygg að það hafi verið svo um fleiri en mig, að menn var farið að lengja eftir því, að það sæi dagsins ljós. Mér er ekki gjarnt að þakka hæstv. ráðherrum mikið, en þó finnst mér ástæða til að þakka það að málið er komið hér til þingsins, enda þótt ég lýsi megnri óánægju minni með tillögur hæstv. ráðh. um skiptingu fjármagnsins og framkvæmdir og einnig óánægju minni með það, að mér vitanlega hafa Vestfjarðaþm. ekki fengið neitt að fylgjast með gangi málsins. Mér vitanlega hefur hæstv. ráðh. ekki á nokkru stigi málsins haft nein samráð eða leyft þm. Vestfjarðakjördæmis að fylgjast með þessu máli. Tel ég það miður, en ekki meira um það.

Það munu nú vera í kringum 10 ár frá því að fyrst var veitt fjárveiting til þess að rannsaka hvað hægt væri að gera til þess að koma í veg fyrir eða a. m. k. minnka þá miklu hættu sem vegfarendum stafar af umferð um Óshlíð. Allan þennan tíma hefur Vegagerðin haft þetta mál til meðferðar. Maður skyldi því ætla að nægur tími hefði gefist til þess að ganga nokkurn veginn úr skugga um það, með hvaða hætti væri tryggast og best að ganga svo frá þessum vegi að sem mestu öryggi væri náð fyrir vegfarendur.

Ég tók eftir því, að hæstv. ráðh. sagði áðan að t. d. á veginum um Ólafsvíkurenni væri þreföld meðalslysatíðni. Í skýrslu Vegagerðarinnar segir að því er varðar Óshlíðina, að meðalslysatíðni síðustu fjögur ár var 7.66. Á árinu 1981 var sjöföld meðalslysatíðni á Óshlíðarvegi, þó ekki nema þreföld á Ólafsvíkurenni. Það kemur mér því spánskt fyrir sjónir, að á þeim veginum, sem sýnir langsamlega mestu slysatíðnina, skuli ekki vera sett mest fjármagn í framkvæmdir. Ég er ekki að öfundast neitt yfir því, að fjármagn sem þetta, 6.9 millj., sé sett í framkvæmdir á Ólafsvíkurenni. Þeir eru vel að því komnir. En ef menn á annað borð leggja til grundvallar slysatíðni og öryggisleysi í umferðinni á vegunum sýnist mér ótvírætt að Óshlíð ætti að vera númer eitt í framkvæmdaröð.

Hæstv. ráðh. gat ekkert um slysatíðni á Óshlíð. Það var eina tilfellið. (**Sjútvrh.:** Jú.) Ekki heyrði ég það, ég bið þá afsökunar. Það var þá eina tilfellið af þessum þremur sem ekki var getið um slysatíðni. Ég heyrði það bæði varðandi Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla. Sem sagt, slysatíðni á Óshlíðarvegi er miklum mun meiri en á hinum tveimur Ó-vegunum og því full ástæða, að mér finnst, til þess að endurskoða tillögur hæstv. ráðh. um fjármagn til þessara framkvæmda.

Eins og hæstv. ráðh. gat um og hér liggur fyrir er það tillaga Vegagerðarinnar að því er varðar Óshlíð, að ráðist sé í framkvæmdir, breikkun vegarins og búnir til svokallaðir stallar, sem svo er kallað vestra og við þekkjum vel, uppi í hlíð til þess að taka við ofanhruni ásamt öðru. En á þessari framkvæmd er sá galli að því er varðar vegsvæði fyrir utan Seljadal, svæðið milli Seljadals og Bolungarvíkur, að yrði farið í slíkar framkvæmdir þar þýddi það, að ég tel, að lokun vegarins um svo og svo langan tíma, enda er það tekið fram í grg. með till. Ég sé ekki hvernig Vegagerðin ætlar að ráða fram úr því vandamáli, ef á að loka þessum vegi um svo og svo langan tíma, t. d. yfir sumarið. Þarna er ekki um neina aðra leið að fara, nema því aðeins að það verði gerður vegarruðningur yfir heiði og hlýtur því verkefni að fylgja ærinn kostnaður. Ég tel óforsvaranlegt í alla staði að loka af þetta byggðarlag um svo og svo langan tíma meðan á vegaframkvæmdum stendur.

Annað er í þessu sambandi ef farið yrði í þær framkvæmdir sem Vegagerðin leggur til. Nú er ég ekki að tala

um svæðið frá Hnífsdal og út í Seljadal, menn eru nokkuð sammála um að þar verði ekki gert annað en farið eftir hugmyndum Vegagerðarinnar varðandi framkvæmdir. En svæðið frá Seljadal út til Bolungarvíkur, út í Óshóla, það er svæði sem menn eru ekki alveg á eitt sáttir um hvernig best verði hagað framkvæmdum á. Það er augljóst að verði farið að tillögum Vegagerðarinnar á þessu svæði, vegurinn breikkaður, auknir þeir stallar eða skerðingar — held ég að sé talað um — í hlíðinni ásamt fleiru, þá fylgir slíkri framkvæmd, að ég held, mikill viðhaldskostnaður ef á annað borð á að halda því við. Við höfum að vísu þá reynslu með þá stalla sem fyrir eru, að þeir eru sjaldnast hreinsaðir, og verði það áfram eins og það hefur verið vex öryggið lítið þó að þetta kæmi til viðbótar. Það hefur margoft verið kvartað yfir því af hálfu þm., að stallar þessir skuli ekki vera hreinsaðir, því að vissulega veita þeir aukið öryggi ef þeim er haldið við, en það hefur því miður ekki verið gert. En kannske vaxa fjármunir til viðhalds ef stallarnir verða fleiri.

Ég held sem sagt að í ljósi þessa sé nauðsynlegt að sumarið í sumar verði notað til þess að bera saman annars vegar jarðgöng og hins vegar þá leið sem Vegagerðin leggur til á þessu svæði og sjá hver kostnaðarmunur er á því ef hann er einhver. Eins og ég sagði er ég alveg viss um það, að miðað við þessar tillögur, yrði að þeim farið, yrðu það gífurlegir fjármunir sem verja þyrfti í viðhald og spurning hvort það skilar sér ekki betur í annars konar framkvæmdum, t. d. jarðgöngum. Ég tala nú ekki um þegar það kemur til viðbótar, að með jarðgöngum á þessu svæði, sem Vegagerðin talar um, er í raun og veru rutt úr vegi, segir Vegagerðin, svo til allri slysahættu á þessu svæði. Talið er að þær framkvæmdir, sem Vegagerðin leggur til tryggi ekki nema 50% umferðaröryggi þegar þær eru komnar til framkvæmda að fullu, en jarðgöng tryggja svo til eins mikið öryggi og hægt er að fá.

Hæstv. ráðh. gat um það áðan, að slæm reynsla væri af berginu þarna vestra, og vitnaði til þess sem gerðist á Breiðadalsheiði. Það er út af fyrir sig rétt. Þær tiltölulega afmörkuðu og flaustursleg kannanir, sem gerðar voru á Breiðadalsheiði, leiddu ekki sérstaklega góðan árangur í ljós. En mér er tjáð að berglög neðar í hlíðinni, niður undir sjó á Óshlíð séu talsvert betri, þéttari en um var að ræða á þeim stað sem athugaður var á Breiðadalsheiði. En allt þetta þarf auðvitað að kanna og ganga úr skugga um hvort ekki er eðlilegra og æskilegra flestra ef ekki allra hluta vegna að fara í þá framkvæmd sem gert er ráð fyrir með jarðgöngum, þó að í augnablikinu teljist hún þetta dýrari, eða það sýni sig, að reikni menn fram viðhald og taki öryggisþáttinn inn í dæmið, þá sé það skynsamlegri framkvæmd.

Ég vildi gjarnan fá vitneskju um, ef hæstv. ráðh. veit eitthvað um það, sem er kannske ekki von að hann viti, hvernig Vegagerðin hyggst ráða fram úr því vandamáli sem hlýtur að verða á veginum við þessar framkvæmdir, ef af þeim verður. (**EgJ:** Er þm. í vafa um að það verði af þessum framkvæmdum?) Það er engu búið að slá föstu enn að því er varðar leiðina frá Seljadal og út til Bolungarvíkur. Ráðh. talaði a. m. k. þannig, og ég held að menn séu sammála um að það þurfi að skoða aðeins betur. Þess vegna er ég að spyrja hvort það hafi verið kannað af hálfu Vegagerðarinnar, með hvaða hætti menn ætla að leysa úr umferðarvandamálinu á þessu svæði þegar og ef í þessa framkvæmd verður farið.

Varðandi svæðið frá Hnífsdal og út í Seljadal held ég að menn séu á eitt sáttir um það, að þar verði farið að tillögu sem Vegagerðin hefur uppi, og raunar ekki önnur lausn fyrirsjáanleg líklega á því svæði, þannig að engar deilur ættu að geta orðið um það. Og það er auðvitað hægt að fara í þær framkvæmdir af fullum krafti á komandi sumri. Auk þess þarf fjármagn til þess að rannsaka og ganga úr skugga um það, hvort jarðgöng væru ekki heppilegri lausn á hinu svæði vegarins en þær tillögur sem Vegagerðin er nú uppi með.

Ég skal ekki, herra forseti, fara öllu fleiri orðum um þetta mál. En ég taldi rétt nú strax við 1. umr. málsins að vekja athygli á þessum þætti málsins og spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ráðh., hvort honum væri kunnugt um með hvaða hætti Vegagerðin ætlaði að ráða fram úr umferðarvandamálinu ef ráðist verður í þær framkvæmdir sem hér er gert ráð fyrir. Ég er persónulega þeirrar skoðunar, eins og fram hefur komið, að skynsamlegt væri að nota sumarið í sumar til þess að ganga úr skugga um með rannsóknum, borunum og öðru hvort ráðlegt væri að fara í jarðgangagerð. Öllum þeim spurningum, sem þar kunna að koma upp, á að vera hægt að svara með rannsóknum á þessu sumri, þannig að framkvæmdir í þeim þætti málsins ættu að geta legið fyrir og orðið að reynd á árinu 1983, þó að ég leggi höfuðáherslu á það, að í byrjunarframkvæmdir við kaflann frá Hnífsdal að Seljadal verði ráðist, eins og ég geri ráð fyrir að menn séu sammála um, og auk þess komi fjármagn til allra þeirra rannsókna sem nauðsynlegt er talið að gera á hinu svæðinu. Ítreka ég svo að lokum óánægju mína með tillögur hæstv. ráðh. um skiptingu fjárins og að við skyldum ekki, þm. Vestf., fá að fylgjast með hugmyndunum og vinnslu málsins að því er Óshlíð varðar. Ég er ekki að krefjast hinna upplýsinganna.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég hygg að það hafi verið samhljóða álit flestra ef ekki allra þm. að þeir þrír vegir, sem nefndir eru í þessari till. til þál., séu hættulegustu vegirnir á landinu, þó að þeir séu margir fleiri þar sem engan veginn er nægilegt umferðaröryggi. Ég ætla ekki á þessu stigi að fara í meting um hvernig eigi að skipta því fjármagni. Þetta er sameiginleg ákvörðun, sem Alþingi tekur, og skiptingin er vitaskuld komin undir því, með hvaða hætti eigi að standa að framkvæmdum. Það er búið að gera allmargar kannanir á framkvæmdum við suma þessa vegi, og það er jafnframt það sem hér hefur orðið ofan á. Ég ætla ekki að endurtaka það, sem hæstv. ráðh. hefur lýst, að hugmyndin um jarðgöng um Óshlíð eða frá Seljadal að Ósi mundi kosta miklu meira fjármagn en þyrfti til vegaframkvæmda. Við vitum að þó að við séum að vinna að undirbúningi langtímaáætlunar um vegagerð vítt og breitt um landið er ákveðin skipting á milli hinna einstöku kjördæma og eftir því sem ákveðnar einstakar framkvæmdir í kjördæmi verða dýrari verður biðin lengri við aðrar framkvæmdir. Hér er því um mikið matsatriði að ræða.

Ég ætla ekki, eins og ég sagði í upphafi, að fara að ræða skiptinguna í þessari þáltill. Henni verður vísað til nefndar. Við þm. höfum í höndunum skýrslur um undirbúning að rannsóknum á þessum framkvæmdum við alla þessa þrjá vegi, og það verður að ráðast hvað verður talið skynsamlegt að fara í fyrst til að hraða sem mest framkvæmdum við þessa vegi alla og þá um leið að hraða því að auka öryggi vegfarenda um þessa vegi.

Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hætta á veginum um Óshlíð er mjög mikil. Hins vegar er ekki alltaf hægt að leggja til grundvallar fréttir um það sem kemur fyrir. Það er oft og tíðum ekki talið fréttnæmt grjóthrun á Óshlíð. Hins vegar er fréttamennskan kannske meiri annars staðar frá, eins og gerist og gengur, en um það deilum við ekki að brýn er þörf á framkvæmdum bæði við veginn um Ólafsvíkurenni og eins við Ólafsfjarðarveg. Það er líka skiljanlegt að þegar áform eru uppi eins og um jarðgöng um Ólafsfjarðarmúla, þá er ekki reiknað með öðru en lítils háttar hönnun á þessu ári því að undirbúningurinn tekur langan tíma. Ef á að fara út í jarðgangarannsóknir á Óshlíð er sjáanlegt að það mun líða þó nokkur tími þar til í þessar framkvæmdir verði farið. Á meðan bíður sama hættan vegfarenda um þennan erfiða veg sem og hina. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en tel rétt að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, kynni sér mjög ítarlega þau gögn, sem fyrir liggja, og óskir manna, bæði heimamanna og annarra, í þessum efnum, áður en hún skilar áliti, þó að hún verði vitaskuld að hafa hraðan á.

En það er annað, sem ég vildi gera hér að umræðuefni, en það er fjárútvegun til vegagerðar, þessara sem annarra framkvæmda. Í upphafi þessarar tillögu segir að „Alþingi ályktar að á árinu skuli aflað 10 millj. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982". Síðan kemur hvernig þessu fjármagni skuli skipt á þá þrjá vegi sem hér hafa verið til umr. Í grg. er ekki minnst einu orði á þá fjármögnun sem hefur komið til vegamála frá Framkvæmdastofnun ríkisins, en ráðh. gat þess lítillega í ræðu sinni að tillaga hefði verið flutt í Framkvæmdastofnun um aukið fjármagn til vegagerðar á undanförnum árum, og samkv. gildandi vegáætlun má verja 30 millj. kr. til framkvæmda af því fjármagni sem Framkvæmdastofnunin hefur lánað og heitir að lána áfram.

Nýlega flutti forstjóri stofnunarinnar tillögu um að stórauka þessi framlög til vegagerðar. Það er veruleg fjárvöntun til vegagerðarinnar árið 1982 til að halda framkvæmdamagni nokkurn veginn óbreyttu frá því sem ætlað var á s. l. ári. Sömuleiðis var haft í huga að fé vantaði til framkvæmda við þessa vegi á þessu ári. Því var í þessari tillögu ætlað að Byggðasjóður tæki erlent lán að upphæð 20 millj. kr. sem hann tæki að sér að greiða bæði vexti og afborganir af. M. ö. o.: hér var um 20 millj. kr. gjafafé á þessu ári að ræða til þessara tilteknu verkefna og til að fylla í þann ramma sem reiknað var með til að halda framkvæmdamagni vega nokkurn veginn óbreyttu. Auk þess voru í þessari tillögu um 7 millj. til vegaframkvæmda þannig að heildarframlög til vegaframkvæmda, sem Byggðasjóður fjármagnaði ýmist með lánum eða framlögum, færu upp í 57 millj. kr. Um þetta var fullkomin samstaða í stjórn Byggðasjóðs á milli fulltrúa frá öllum þingflokkum þannig að tillaga forstjóra var um leið orðin tillaga allra stjórnarmanna. Það hefur komið greinilega fram í stjórn þeirrar stofnunar, að hún telur mikilvægi vegamála vera svo brýnt að hún vill gjarnan draga úr öðrum lánveitingum til að auka verulega hlutdeild sína í vegamálum og öðrum samgöngumálum.

Auk þessara 57 millj. til vegamála eru ætlaðar 13 millj. kr. lánveitingar til annarra þátta samgöngumála og þá sérstaklega í hafnarframkvæmdum. Á þessu sést að Byggðasjóður er að stefna að því að fara í stórvaxandi mæli yfir í vegaframkvæmdir til að styrkja og renna styrkari stoðum undir þá stefnu sem verið er að marka í vegagerð í langtímaáætlun. Ég tel að þetta sé mjög mikils virði og ég met mjög mikils þá forustu, sem forstjóri Framkvæmdastofnunar ríkisins hafði upprunalega í þessu máli, og þann áhuga, sem hann hefur enn. Ekki síður met ég þann mikla áhuga sem allir stjórnarmenn í Framkvæmdastofnuninni hafa sýnt í þessu máli. Því þykir mér undarlegt að það skuli koma hér fram að Alþingi ályktí að á árinu skuli afla 10 millj. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982. Ætlar hæstv. samgrh. þá að fá þessar 10 millj. annars staðar að láni? Verður þá um 10 millj. kr. aukningu að ræða til annarra framkvæmda? Mér finnst margt benda til þess, þegar þetta orðalag er haft, og því vil ég spyrja um það, því að ég efast ekki um að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins geti bent á ýmis önnur verkefni og það væri á margan hátt okkur öllum mjög kærkomið: Er það ásetningur hæstv. samgrh. að fá þessar 10 millj. að láni til viðbótar í samræmi við þá yfirlýsingu sem hann gaf hér á hv. Alþingi við afgreiðslu vegáætlunar og er prentuð á þessu þskj.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, en ég tel að það sé nauðsynlegt að fá fram hvort þessu sé þannig farið, þó að ég sakni þessarar upphæðar í lánsfjáráætluninni. En það getur vel verið að hún eigi eftir að koma þar fram því að þar hefur ýmislegt gerst hjá hæstv. ríkisstj. Ég mundi ekki tala mikið um það þó að 10 millj. kr. tillaga skyti upp kollinum í öllum þeim frumskógi sem sú áætlun nær yfir.

Umr. frestað.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, 186). — Frh. einnar umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég tel rétt nú við framhald þessarar umr. að víkja að fáeinum atriðum sem snerta þá þáltill. sem mælt var fyrir fyrr í þessum mánuði um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Áður en ég vík að örfáum atriðum í máli þeirra hv. þm. sem þátt tóku í þessari umr. tel ég rétt að rifja það upp, að eftir að umr. þessi hófst var gengið frá samkomulagi milli Rafmagnsveitna ríkisins sem virkjunaraðila við Blöndu og fulltrúa fimm hreppsnefnda á virkjunarsvæðinu um virkjunartilhögun. Þar með var náð verulegum áfanga í þeirri viðleitni af hálfu stjórnvalda að tryggja framgang Blönduvirkjunar í anda þeirrar þáltill. sem hér er til umr., þ. e. að leitast við að ná sem víðtækustu samkomulagi um virkjunartilhögunina við heimamenn. Þeir aðilar, sem að þessu samkomulagi stóðu við virkjunaraðila, voru fulltrúar meiri hl. fimm hreppsnefnda af sex á svæðinu, eins og áður greinir, þ. e. hreppsnefnda Blönduóshrepps, Torfalækjarhrepps, Svínavatnshrepps, Seyluhrepps og Lýtingsstaðahrepps. Þetta samkomulag var staðfest fyrir hönd virkjunaraðila, Rafmagnsveitna ríkisins, af Kristjáni Jónssyni rafmagnsveitustjóra og af mér sem ráðh. með fyrirvara um samþykki ríkisstj.

Það hefur verið kynnt í meginatriðum í hverju þetta samkomulag er fólgið þó að fáeinar breytingar hafi verið gerðar frá þeim drögum sem kynnt voru hv. alþm. um það leyti sem umr. hófst um þetta mál, en ég tel rétt að

víkja hér að niðurlagi í þessu samkomulagi, 16. tölusettum kafla í því sem varðar samningsaðild o. fl., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Rafmagnsveitur ríkisins gera samning þennan með heimild ríkisstj. á grundvelli laga nr. 60/1981, um raforkuver. Er þeim heimilt að framselja öll réttindi og skyldur virkjunaraðila samkv. samningnum til Landsvirkjunar eða annars aðila sem falið yrði að reisa og reka Blönduvirkjun lögum samkvæmt. Samningsaðilar eru á einu máli um að bjóða Bólstaðarhlíðarhreppi fulla aðild að samningi þessum við hlið hreppanna fimm. Gerist hann aðili tilnefnir hann annan þeirra tveggja samráðsnefndarmanna, sem Lýtingsstaða- og Seyluhreppur eiga samkv. 2. gr., en þeir tilnefna hinn sameiginlega. Þótt Bólstaðarhlíðarhreppur gerist ekki aðili að samningi þessum eru þeir, sem að honum standa, sammála um að það eigi ekki að hafa áhrif á samninginn og stöðu þeirra samkv. honum. Samningur þessi miðast við að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun í landskerfinu, og fellur hann úr gildi að öðrum kosti."

Síðan þessi samningur var undirritaður af aðilum með fyrirvara um samþykki ríkisstj. hefur mál þetta mikið verið til umræðu, sem ekki þarf að rifja upp, og hv. alþm. hafa orðið vitni að því, að þrátt fyrir þessa samningsgerð er engan veginn svo, að allir séu á einu máli um þá virkjunartilhögun sem þarna er gert ráð fyrir og samið hefur verið um milli aðila eftir langvarandi samningaviðræður sem ég gerði grein fyrir í framsögu minni um þetta mál. Inn í þessa umræðu að undanförnu hafa komið margir þættir sem varða þau atriði sem deilt hefur verið um frá byrjun, að umr. hófst um Blönduvirkjun og aths. tóku að koma fram varðandi virkjunartilhögunina, þ. e. landnýtingu og viðhorf sem henni tengjast, og aðilar, sem bera þau sjónarmið fyrir brjósti, hafa komið á framfæri sínum sjónarmiðum og aths. bæði við iðnrn. og hv. alþm. Ég tel að í þeim ábendingum, sem þar hafa fram komið, — ég skil mörg hver þau sjónarmið sem þar eru fram borin, mönnum þykir eftirsjá í landi, ekki síst í gróðurlendi, undir vatn og virkjanir, — hafi ekki komið fram nein ný atriði sem skipti neinu verulegu máli né breyti þeirri mynd sem fyrir hefur legið í þessum efnum og fram hefur verið dregin og var til umræðu milli aðila á meðan samningaumleitanir stóðu yfir. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að fram komi af minni hálfu. Það sama gildir varðandi þau sjónarmið sem fram hafa komið frá Náttúruverndarráði og hafa verið kynnt hv. alþm., en þar vísar ráðið til fyrri ályktunar og bendir á nokkur atriði til viðbótar. Þar er ekki efnislega um að ræða nein ný viðhorf, að mínu mati, frá því áliti sem Náttúruverndarráð lagði fram varðandi virkjunartilhögun Blöndu árið 1978. Það er nauðsynlegt að fram komi að fyrir Náttúruverndarráð hafa ekki verið lagðar neinar nýjar áætlanir um virkjunartilhögun. Sú umræða, sem fór fram á síðasta ári, fór ekki fram hjá Náttúruverndarráði, heldur gafst ráðinu kostur á að kynna sér hana og mættu að ósk ráðsins fulltrúar frá virkjunaraðila á fundum þess og gerðu þar grein fyrir þeirri umræðu sem fram færi varðandi hugsanlega aðra virkjunarkosti við Blöndu. Þar kom jafnframt fram að ekki lægju fyrir neinar nýjar tillögur um breytta virkjunartilhögun, og ráðið sá ekki ástæðu til á þeim tíma að gera aths. við málið eða bera fram nein ný sjónarmið þar að lútandi. Hitt kemur ekki á óvart og lá fyrir, að Náttúruverndarráð hlýtur að vera talsmaður þeirra aðila sem telja eftirsjá í lífríki, hverju nafni sem nefnist, þ. á m. gróðurlendi, og þær áherslur voru fram dregnar í ályktun ráðsins sem samþykkt var og staðfest raunar af Náttúruverndarþingi á árinu 1978 og var prentuð sem fskj. með frv. til l. um raforkuver á s. l. vori og lá þá fyrir.

Ég vil aðeins víkja að einu atriði, meginatriði í sambandi við þá umræðu sem fram hefur farið að undanförnu um virkjunartilhögun við Blöndu og varðar þá þáltill. sem hér er til umr., en það er sá misskilningur sem gætir, að kostur hafi verið gefinn af stjórnvalda hálfu á annarri virkjunartilhögun en virkjunartilhögun I, eins og hún hefur verið kölluð, eigi Blanda að verða næsta virkjun í landskerfinu. Þessi virkjunartilhögun gerir ráð fyrir 400 gígalítra miðlun að baki virkjuninni. Hagkvæmniútreikningar, sem setja Blöndu í fremstu röð þeirra þriggja virkjana sem hafa verið bornar saman hvað snertir hagkvæmni og kostnað miðað við uppbyggingu raforkukerfisins til aldamóta, byggjast á þessari grunnforsendu virkjunarinnar hvað snertir miðlunarlón. Inn í samkomulag við hreppsnefndir á virkjunarsvæði Blöndu hefur hins vegar verið byggt ákveðið tillit til landnýtingar- og landverndarsjónarmiða, eins og virkjunaraðili mat að fært væri, þ. e. að fylla ekki þetta miðlunarlón hraðar en þörf væri að mati virkjunaraðila og að fenginni reynslu af uppgræðslu lands, sem mun liggja fyrir þegar þar að kemur, sem er kannske meginatriðið í sambandi við tillitssemi við landnýtingarviðhorf og hvað snertir hlífð við gróðurlendi, að þegar kemur að efstu mörkum þessarar miðlunar, nálægt 478 metra hæð yfir sjó, líti menn á það og beri sig saman um það, hvort hægt sé að hliðra eitthvað til nálægt þessum efstu mörkum þannig að umtalsvert land sparaðist með því að draga eitthvað lítils háttar úr miðlun, en á móti kæmi þá minni skylda virkjunaraðila til uppgræðslu lands á móti. — Þetta eru atriði sem ég vildi að kæmu hér fram.

Í umræðum um þetta mál á liðinni tíð hefur það ítrekað komið fram, að önnur tilhögun við Blöndu með langtum minna miðlunarlóni, t. d. 220 gígalítra miðlunarlóni, væri ekki viðunandi staða fyrir orkuvinnsluiðnaðinn í landinu vegna þess að slík miðlun bæði drægi úr hagkvæmni viðkomandi virkjunar og skapaði óöryggi fyrir raforkukerfið og þá hlyti að koma upp önnur röð virkjana. Þetta kemur raunar skýrt fram, kom bæði skýrt fram í frv. til laga um raforkuver sem samþykkt var á Alþingi á s. l. vori, og þetta er einnig dregið fram í þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir, þar sem ráð er gert fyrir virkjunartilhögun I. Á þeim grundvelli var umrætt samkomulag gert.

Herra forseti. Hér fyrr við umr. töluðu nokkrir, þ. á m. hv. 4. þm. Vestf. og hv. 2. þm. Reykn. Það var athyglisvert, að mér þótti, við þeirra mál sérstaklega að það var lítið vikið að þeirri þáltill. sem hér er til umr. Sérstaklega var það hv. 4 þm. Vestf. sem flutti hér langa og ítarlega ræðu. Ég ætla ekki að fara að bera hana saman að lengd við framsöguræðu mína, en hann tók sér drjúgum meiri tíma og ekki lasta ég það. Hitt er vert að rifja upp, að hann kom mjög lítið að efni fyrirliggjandi till., en ræddi orkumál vítt og breitt og tillögugerð stjórnarandstöðuhluta Sjálfstfl. þar að lútandi á fyrri þingum og sumpart á þessu þingi, og það væri nokkuð á sig lagt að fara að elta ólar við það sem þar kom fram. Það væri sannarlega efni í langt mál, ef ég ætlaði að svara eða gera aths. við margt af því sem kom fram í máli hv. þm., og ég ætla að spara mér það að þessu sinni. Það verður eflaust

tilefni til þess í þessari umr. eða í umr. sem tengjast kannske meira því sem hv. þm. vék að í máli sínu, en hann talaði allmikið um orkunýtingu og hugmyndir síns flokks, eða þess hluta Sjálfstfl. sem hann mælir fyrir, þar að lútandi, skipulagsþátt orkumála og fjármögnun orkuframkvæmda. Um þetta allt saman mætti vissulega margt segja. En það, sem stóð upp úr í máli hv. þm., var það sem mjög oft hefur heyrst hér í þingsölum frá honum og þeim sem fylgja honum að máli, að það sé vonlaust fyrir okkur Íslendinga og ofætlun að ráðast í hagnýtingu orkulinda landsins af eigin rammleik, eins og gert hefur verið ráð fyrir af núv. ríkisstj. með uppbyggingu virkjana og orkunýtingu á vegum okkar Íslendinga sjálfra. Það kom alveg skýrt fram í máli hv. þm., að það væri ekki unnt að reisa hér þrjár virkjanir, sem aflað var heimilda fyrir í lögum um raforkuver á síðasta vori, á næstu 10—15 árum nema með mikilli þátttöku útlendinga og þá alveg sérstaklega í sambandi við þann iðnað sem til kæmi til þess að hagnýta orkuna frá þessum virkjunum. Þetta fór ekkert milli mála hjá hv. þm. og er heldur ekkert nýtt. En ég hef svo oft vikið að þessu, bæði á þessu þingi og fyrr á hv. Alþingi, þar sem ég hef lýst allt öðrum viðhorfum, andstæðum viðhorfum við málflutning hv. þm., að það væri að bera í bakkafullan lækinn að fara að endurtaka það í þessari umr.

Ég vil þó aðeins rifja það upp, að miðað við áætlanir um þá fjármögnun, sem þarna væri á ferðinni, er ekki meira í fang færst en svo að ekki er um að ræða hærra hlutfall af þjóðartekjum til þessara þátta, virkjana og orkunýtingar, ef ráðist væri í uppbyggingu með þeim hraða, en ríkisstj. hefur sett fram að ekki sé óeðlilegt á næstu 10—15 árum. Og það virðist gleymast hv. þm., sem eru með úrtölutóninn og mæla fyrir erlendri stóriðju í þessum efnum, að við höfum senn að baki stórátak í orkumálum okkar þar sem er að hagnýta innlenda orkugjafa í stað olíu í sambandi við húshitun. Fjárfesting í nýjum hitaveitum fer hraðminnkandi á næstu árum og eykur að sjálfsögðu það svigrúm sem við höfum til að taka myndarlega á í öðrum efnum í hagnýtingu orkulinda okkar.

Ég tel ekki, herra forseti, ástæðu til að víkja að þessu sinni að fleiri atriðum úr ræðu hv. 4. þm. Vestf. En ég vil aðeins koma að einu eða tveimur atriðum í máli hv. 2. þm. Reykn. sem hér talaði.

Hann gerði mikið úr því, að sú þátill., sem hér lægi fyrir, boðaði engin ný tíðindi. Það má áuðvitað orða með ýmsum hætti hvað menn telja tíðindi og hvað menn telja spor í rétta átt í sambandi við ákvarðanir í virkjunarmálum landsmanna og orkunýtingu, en það er eflaust afstæður mælikvarði. En einhvern tíma hefðu það þótt tíðindi í þessum efnum þegar Alþingi samþykkir heimildir fyrir hátt í 4000 gwst. af orku eða 4 terawattstundir af orku eða fyllilega tvöföldun á þeirri orku sem framleidd er í landinu og þegar til umr. er hér á hv. Alþingi till. borin fram af ríkisstj. um röðun þeirra framkvæmda sem um er að ræða. Þegar hv. 2. þm. Reykn. flutti sitt mál var að vísu ekki búið að ganga frá því samkomulagi við fimm hreppsnefndir á virkjunarsvæði Blöndu sem nú liggur fyrir, og það kann að hafa átt þátt í þeirri áherslu sem hann lagði á að þessi till. segði ekki ýkjamikið umfram það sem áður lá fyrir. En sú er von mín, að það samkomulag, sem þarna var gert, verði stefnumarkandi í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir, og framhald mála. Ég vænti þess, að menn taki höndum saman um að ganga til verka í samræmi við fyrirliggjandi till. og saman náist um það. Þeir aðilar, sem að þessu samkomulagi stóðu við Rafmagnsveitur ríkisins og ég hef staðfest með fyrirvara um samþykki ríkisstj., hafa áreiðanlega íhugað sitt mál vel og sína hagsmuni áður en þeir settu nöfn sín undir umrætt samkomulag.

Hv. 2. þm. Reykn. vék einnig að því, hversu miklu betur við stæðum að vígi í sambandi við orkumál okkar ef samþykktar hefðu verið tillögur Alþfl., sem fram voru bornar á síðasta Alþingi, og það sama kom reyndar fram með enn sterkari áherslu hjá hv. 4. þm. Vestf. Þá er rétt að rifja upp hvað í þessum tillöguflutningi fólst. Ég man ekki eftir því, að það hafi verið uppi tilraunir til röðunar á virkjunarframkvæmdum í tillögum stjórnarandstöðuhluta sjálfstæðismanna á síðasta þingi. Þar var gert ráð fyrir því, að mér skildist, að ráðast helst í allt í einu eða eftir hendinni. Það var ekki hnitmiðaðra en það, og þegar um var að ræða orkunýtingu voru ekki neinar tillögur um neina tiltekna orkunýtingu af okkar hálfu, enda er það í samræmi við þá stefnu sem hv. 4. þm. Vestf. hefur mælt fyrir, að við Íslendingar eigum ekki að vera að sinna þeim málum, heldur eigi það að vera útlendingar sem komi færandi hendi með iðnaðarmöguleika til að hagnýta orkulindir okkar. Ósköp svipað var þessu farið með tillögur hv. þm. Alþfl. á síðasta þingi. Þær voru mjög keimlíkar till. stjórnarandstöðuhluta Sjálfstfl. og lausnarorðið í sambandi við orkunýtinguna hjá báðum þessum aðilum — gott ef þeir voru ekki flestir þar saman komnir, hv. þm. stjórnarandstöðunnar á Alþingi — var að kjósa nefnd eða nefndir til að fjalla um málin. Það var lausnarorðið. Það átti að setja á fót nefnd til athugunar mála, og þarf ekki að rifja upp hvaða einkunnir þessir hv. þm. velja nefndum sem að störfum eru á vegum hæstv. ríkisstj. fyrr eða síðar og þó að þær skili verkum og skili greinargerðum á Alþingi þykir að heldur léttvægt. En þeir töldu sem sagt, báðir þessir talsmenn hv. stjórnarandstöðu í fyrri hluta þessarar umr., að það hefði eitthvað annað verið uppi á teningnum ef farið hefði verið að þeirra tillögum um nefndarskipun, — skipun stóriðjunefnda, orkusölunefnda, að mati hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu a. m. k., og því miður gætti mjög svipaðrar áherslu hjá hv. þm. Alþfl., sem ég hef þó gert mér vonir um að vildu taka þessi mál með öðrum hætti og meira út frá hagsmunum og sjónarmiðum okkar Íslendinga. Það vona ég reyndar að verði nú niðurstaðan hjá hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar þegar þeir gaumgæfa þessi mál betur.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar að sinni.

Páll Pétursson: Herra forseti. Samkvæmt till. þeirri til þál., sem hér liggur fyrir til umr. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu, segir í 2. lið tillgr. að Blönduvirkjun samkv. virkjunartilhögun I verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn. Hæstv. iðnrh. var að enda við að skýra frá því, að hann teldi að slíku samkomulagi hefði verið náð og það samkomulag, sem þarna var gert, verði, eins og hann orðaði það, stefnumarkandi. Ekki get ég óskað hæstv. iðnrh. til hamingju með þá stefnumörkun, og mér finnst óhjákvæmilegt að benda á það hér og nú, að þetta samkomulag hefur ekki náðst og er ekki í vændum ef málið er keyrt með þeim hætti sem gert hefur verið síðustu daga.

Það skiptir ekki öllu þó að hæstv. ráðh. hafi laumast til að skrifa undir eitthvað í ráðherrabústaðnum um daginn með nokkrum hreppsnefndarmönnum að norðan. Það er ákaflega slæmt að verða að fullyrða þetta vegna þess að þessa deilu verður að setja niður, en það þýðir ekkert annað en viðurkenna staðreyndir. Það er hörmulegt að þessi deila skuli ekki hafa verið sett niður fyrir löngu, en það er alveg ótrúleg þráhyggja þeirra manna, sem óðastir hafa verið í að virkja samkv. tilhögun I, sem hefur komið í veg fyrir að nauðsynlegt samkomulag hafi náðst.

Rannsóknir við þessa virkjun hófust sumarið 1974. Frumhönnun var gerð 1975 og málið var fyrst kynnt heimamönnum í apríl 1975. Hugmyndir þær, sem kynntar voru um lónstæði við Reftjarnarbungu, hlutu strax neikvæð viðbrögð heimamanna, þó að sýslumaður Húnavatnssýslu og hópur manna á Blönduósi ásamt með ýmsum mönnum í Torfalækjarhreppi yrðu strax ákafir baráttumenn fyrir hugmyndinni. Sem dæmi um neikvæð viðbrögð þeirra, sem áttu land þetta, og til upprifjunar fyrir þá, sem nú eru undrandi hissa á því, að menn fyrir norðan láti heyra í sér, vil ég nefna t. d. ályktun sveitarfundar í Svínavatnshreppi frá 15. júní 1975, ályktun sveitarfundar í Seyluhreppi frá 14. júní 1975, einróma ályktun sveitarstjórna í Lýtingsstaða-, Seylu-, Bólstaðarhlíðar- og Akrahreppum frá 4. apríl 1977. Svona mætti lengi telja. Það hafa stöðugt verið gerðar samþykktir sem hafa hafnað þessari tilhögun, allt síðan 1975 og til þessa dags.

Núv. iðnrh. reyndi að finna lausnir á þessari deilu og setti nefnd í málið. Nefndin boðaði menn til fundar í fyrravetur og kynnti þar loksins hugmyndir að breyttri tilhögun lóns. Þeir, sem ekki höfðu getað fellt sig við tilhögun I með stíflu við Reftjarnarbungu, tóku strax vel í að athuga nánar hugmyndina með tilhögðun II með stíflu við Sandárhöfða. Þá hefði mátt halda að lausn væri í sjónmáli, þar sem þeir, sem í andófi höfðu verið, voru allt í einu orðni fúsir til samninga. Með tilhögun II var hægt að byggja jafnstóra virkjun. Tilhögun II gat framleitt rafmagn á samkeppnishæfu verði við tilhögun I ef tillit er tekið til skaðabótakostnaðar, þar sem við tilhögun II færi 46% minna gróðurlendi undir lónið en við tilhögun I, þ. e. 5505 hektarar eftir tilhögun I, en ekki nema 2984 hektarar eftir tilhögun II. Þá kom í ljós að miðað við tilteknar framkvæmdir aðrar í miðlunarkerfinu, þ. e. svokallað grunnkerfi II, sem er núverandi kerfi við Hrauneyjafossvirkjun, 210 megawött, Sultartangastífla, stóra Kvíslaveitan, stækkun Þórisvatns í 1450 gígalítra, fjórðu vélar í Sigöldu og með fyrri áfanga Fljótsdalsvirkjunar með 543 gígalítra miðlun og 190 mw. afli, var hægt um alllanga framtíð að komast af með 220 gígalítra miðlun við Blöndu og þá var raforkukostnaður orðinn lægri frá Blöndu en samkv. tilhögun I. Þetta var auðvitað einsýnt að velja, enda líka hægt að stækka lónið síðar ef þurfa þætti, og leggja þá ekki í óþarfa fjárfestingu þar sem verður óþarflega mikið miðlunarrými þegar vatnsveitur á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu og Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun eru komnar í gagnið. Hentugt er talið að hafa 30% miðlunarrými í kerfinu, þ. e. 30% af ársnotkuninni í geymslu þegar birgðir eru mestar. Þegar Eyjabakkalónið og 400 gígalítra lón við Blöndu væru komin í gagnið væru 200 gígalítrar í kerfinu sem ekki þyrfti á að halda og óskynsamlegt að kosta til þess að geyma.

Þá er rétt að benda á að samkv. 1. gr. b í samningsdrögunum er miðað við að reka virkjunina í upphafi með 220 gígalítra miðlunarrými. Hæstv. iðnrh. var reyndar að draga það í efa í ræðu sinni að þetta yrði gert. En hvers vegna var þá verið að setja þetta í samninginn? Hvers vegna var verið að setja þetta inn ef átti að svíkja það? Var verið að gera þetta til að „blöffa" menn? Ekki trúi ég því. Jafnframt því sem hægt væri að vinna þarna með 220 gígalítrum var líka hægt að byrja á Blöndu. Því er einsýnt að byggja heldur 220 gígalítra miðlun við Sandárhöfða, sem allir geta vel við unað, en 220 gígalítra miðlun við Reftjarnarbungu, sem menn sættast ekki á. Það er hagkvæmara fjárhagslega að miðla við Sandárhöfða 200 gígalítrum en við Reftjarnarbungu þegar tekið er tillit til bóta.

Samkv. samningsdrögum skal virkjunaraðili kosta uppgræðslu 3000 hektara verði virkjað samkv. tilhögun I. Uppgræðslan miðast við að framkvæma árlega áburðargjöf sem þarf til að koma af stað gróðri, sem sé a. m. k. sambærilegur að beitargildi og varanleik við þann sem glatast, og viðhalda honum með áburðardreifingu. Í þeim bótaútreikningum, sem hæstv. iðnrh. kynnti í framsögu sinni, er þessi kostnaður stórlega vantalinn, svo hrapallega vantalinn að þar vantar upp á mestallan viðhaldskostnað. Um þennan kostnað eru uppi margar kenningar. Ég treysti best áliti Landgræðslunnar þar sem gert er ráð fyrir árlegri áburðargjöf um alla framtíð. Landgræðslan hefur af þessu langmesta reynslu og mesta þekkingu á málinu. Túnin hjá okkur niðri í byggðinni spretta ekki nema borið sé á þau á hverju ári. Þess vegna er sjálfsagt að reyna að spara þennan kostnað eins og unnt er. Með tilhögun II er hægt að komast af með helmingi minni uppgræðslu eða nálega það, og það jafnar orkukostnað frá virkjuninni, hvor leiðin sem er valin, og því sjálfsagt að kjósa heldur þá leið, sem hægt er að skapa allsherjar samkomulag um, heldur en þá leið sem hefur í för með sér stanslausan ófrið og e. t. v. óbotnandi málaferli.

Ég vek athygli á því, að ekki hefur verið samið við Bólstaðarhlíðahrepp. Ég vek athygli á því, að meiri hluti íbúa í Svínavatnshreppi telur að hreppsnefndarmenn þeir, sem undirskrifuðu, hafi ekki haft umboð. Ég vek athygli á því, að enn er ósamið um öll veiðimál, enn er ósamið við eigendur heimalanda, sem fara undir vatn, og um stöðvarhús og skurði. Það er ósamið um vegi, rafleiðslur o. s. frv. Og það er rétt að vekja líka athygli á því, og það er kannske einn af kjarnapunktunum í málinu, að það er ekki verið að semja við rétta menn. Það er verið að semja við Rafmagnsveitur ríkisins sem virkjunaraðila. Auðvitað dettur engum í hug að Rafmagnsveitur ríkisins reisi þessa virkjun. Það væri ekkert vit. Það er miklu eðlilegra og sjálfsagt að Landsvirkjun reisi þessa virkjun. Auðvitað á að semja við það fyrirtæki sem kemur til með að reisa virkjunina og bera ábyrgð á mannvirkinu. En það er eftir öðru í þessu máli að semja við rangan aðila sem ekki kemur til með að bera ábyrgð á framkvæmd verksins. Ég ber það traust til ráðamanna Landsvirkjunar, að þeir kjósi heldur frið og samkomulag en ósamkomulag og endalaus málaferli, en það er meira en ég þori að segja um suma valdsmenn hjá RARIK.

Ég kemst ekki hjá því að rekja örlítið nánar raunasögu þessara samninga og hvernig RARIK-mönnum tókst að klúðra þeim.

Þegar jákvæð viðbrögð heimamanna við tilhögun II voru komin í ljós fyrir ári brá svo furðulega við, að

legátar ráðherrans kipptu að sér hendinni og máttu enda tveir ónefndir ráðherrar ekki til þess hugsa að meira land bjargaðist en þeir hefðu verið tilbúnir að fórna. Þetta er hugsunargangur sem mér er raunar framandi. Þess vegna er þessi deila ekki leyst. Þess vegna eru skilyrði 2. málsl. ályktunarinnar ekki uppfyllt, þ. e. samkomulag hefur ekki náðst við heimamenn. Sendlar ráðh. hafa hnoðast á að reyna að telja menn á að fallast á tilhögun I og það hefur ekki gengið.

Ég mun ekki á þessu stigi rekja með hvaða hætti þrýstingi hefur verið beitt til að knýja fram samþykki einstakra manna. Það má vera að færi gefist á því síðar, og kann ég þó sjálfsagt ekki þá sögu alla, en ég kann töluvert af henni. Þrátt fyrir alla þessa fyrirhöfn og allan þennan djöfulgang, þar sem ekkert hefur verið til sparað og tilgangurinn hefur átt að helga meðalið, hefur ekki orðið samkomulag, fjarri því.

Í desember var búið að berja saman samningstexta og hann var borinn undir atkvæði í viðkomandi hreppum. Hreppsnefnd Blönduóshrepps samþykkti samninginn einróma. Hreppsnefnd Torfalækjarhrepps samþykkti með 4:1 atkv. Í Svínavatnshreppi var samningurinn felldur í almennri leynilegri atkvgr. Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hafnaði samningnum og almennur sveitarfundur lagði blessun sína yfir gerðir hreppsnefndarinnar. Í Seyluhreppi hafnaði sveitarfundur samningnum. Í Lýtingsstaðahreppi var enginn á mjög fjölmennum sveitarfundi sem treysti sér til að samþykkja samninginn óbreyttan. Þar voru menn hins vegar ekki sammála um hve harkalega ætti að neita. Í Lýtingsstaðahreppi undirrituðu 90 atkvæðisbærir íbúar svofellda yfirlýsingu:

„Við undirritaðir íbúar í Lýtingsstaðahreppi mótmælum því eindregið að Blanda verði virkjuð samkv. virkjunarleið I vegna mikillar gróðureyðingar og annarra neikvæðra umhverfisáhrifa er sú virkjunartilhögun hefur í för með sér. Hins vegar erum við hlynntir því, að reyndir verði samningar um að virkja Blöndu samkv. öðrum valkostum sem valda minni gróðurskemmdum."

Þrátt fyrir þessi skýlausu úrslit var haldið áfram að keipa og enn fóru menn að nudda og skrúfa fyrir norðan. Þeir höfðu ekki erindi sem erfiði, en breyttu samningsdrögunum, samningstexta, með málalengingum, en ekki að merkingu. Þá loksins þraut menn langlundargeð og náttúruverndarsamtök voru stofnuð. Félagasöfnun er ekki lokið, en nú þegar hafa yfir 400 félagar undirritað svohljóðandi stefnuskrá:

„Undirrituð gerast hér með félagar í náttúruverndarsamtökum sem hafa það að markmiði að stuðla að náttúruvernd á vatnasvæði Blöndu og Héraðsvatna. Samtökin hyggjast ná markmiði sínu með því að: a) hafa vakandi auga á öllu, sem haft getur skaðleg áhrif á gróður og lífríki svæðisins, og vinna að því, að áhrif verði sem minnst, b) hafna virkjunartilhögun I við fyrirhugaða Blönduvirkjun."

Stjórn félagsins og varastjórn ályktaði eftirfarandi:

„Fundur haldinn að Varmahlíð hinn 14. febr. 1982 í Landverndarsamtökum vatnasvæða Blöndu og Héraðsvatna mótmælir harðlega þeirri sóun á landi og lífríki sem virkjunartilhögun I við Blöndu mundi hafa í för með sér. Félagið gerir þá kröfu, að þegar í stað verði fallið frá þeirri áætlun og fundinn samningsgrundvöllur um aðra virkjunarleið þar sem lónstæði yrði minnkað svo sem frekast er unnt. Samtökin benda á lausn með stíflu við Sandárhöfða. Fundurinn bendir einnig á, svo sem málþóf undanfarandi ára sýnir, að aldrei getur náðst samkomulag við heimamenn um virkjunarleið I. Með skírskotun til landgræðslu- og landverndaráætlunar, sem hæstv. landbrh. Pálmi Jónsson hefur mælt fyrir á Alþingi nýlega, og annarrar um meðferð gróðurlendis og landnýtingu, sem hv. alþm. Davíð Aðalsteinsson er flm. að ásamt fleirum, væntum við eindregið að hæstv. ríkisstjórn og Alþingi sýni vilja í verki og geri nýja úttekt á virkjunarleiðum við Blöndu þar sem fullt tillit yrði tekið til landverndarsjónarmiða."

Þá efndi félagið til fundar og að honum loknum sendi það frá sér svofellda fréttatilkynningu sem ég mun lesa, með leyfi forseta. Fréttatilkynningin er send 18. febr. 1982:

„Í gærkvöldi, miðvikudaginn 17. febr., var haldinn í félagsheimilinu í Árgerði í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði almennur félagsfundur í Landverndarsamtökum vatnasvæða Blöndu og Héraðsvatna. Þar fluttu ávarp þeir Bjarni Guðleifsson formaður SUN, Ólafur Dýrmundsson landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands og Stefán Sigfússon fulltrúi landgræðslustjóra ríkisins. Einnig mættu á fundinn þrír fulltrúar RARIK, þ. á m. framkvæmdastjórinn Kristján Jónsson. Fundinn sóttu um 160 manns og þar ríkti mikill einhugur um að hafna þeirri tilhögun við virkjun Blöndu er nú er stefnt að og kölluð hefur verið leið I. Eftirfarandi ályktun var samþykkt með atkv. allra fundamanna:

„Ályktun: Almennur félagsfundur í Landverndarsamtökum vatnasvæða Blöndu og Héraðsvatna, haldinn í Árgarði 17. febr. 1982, mótmælir harðlega þeirri eyðingu gróðurlendis sem virkjunarleið I við Blöndu hefur í för með sér. Jafnframt mótmælir fundurinn þeim vinnubrögðum sem höfð hafa verið í frammi við samningsgerðina, þ. e. að knýja á um einhliða lausn er samræmist ekki landverndarsjónarmiðum. Fundurinn krefst þess, að reyndir verði samningar um að virkja Blöndu samkv. öðrum valkostum, sem taka fullt tillit til landverndarsjónarmiða, og bendir jafnframt á að það sé eina leiðin til þess að sæmilegur friður verði um virkjunina."

Búnaðarsamband Skagfirðinga lét málið til sín taka. Ályktun frá fundi stjórnar og ráðunauta Búnaðarsambands Skagfirðinga:

„Fundur stjórnar og ráðunauta Búnaðarsambands Skagfirðinga, haldinn að Varmahlíð 23. jan. 1982, lýsir þeirri eindregnu afstöðu sinni, að við hönnun og framkvæmd virkjana, svo sem Blönduvirkjunar, beri jafnan að leggja megináherslu á að sem minnst landsspjöll og gróðureyðing eigi sér stað og verja veri verulegum fjármunum því til varnar. Hagkvæmniútreikningar einir sér verði ekki látnir ráða útslitum við endanlega tilhögun virkjana. Því bendir fundurinn á tilhögun II a sem æskilegustu leiðina að virkjun Blöndu."

Undir þetta setja nöfn sín Sigurður Sigurðsson á Brúnastöðum, Þórarinn Magnússon, Einar E. Gíslason, Sigurjón Sigurbergsson, Árni Bjarnason, Þórarinn Sólmundsson og Egill Bjarnason.

Búnaðarþing lét að sjálfsögðu málið til sín taka og samþykkti svohljóðandi ályktun:

„Búnaðarþing lýsir þeirri eindregnu afstöðu sinni, að við hönnun og framkvæmd virkjana og aðra meiri háttar mannvirkjagerð, sem óhjákvæmileg er, beri jafnan að leggja áherslu á að sem minnst landsspjöll og gróðureyðing eigi sér stað og verja beri verulegum fjármunum

því til varnar. Einhliða hagkvæmniútreikningar á virkjunarkostnaði verði ekki látnir ráða úrslitum við tilhögun virkjana á kostnað gróðurlendis og annars lífríkis. Þingið leggur áherslu á að fyllsta tillit verði tekið til framangreindra sjónarmiða við alla samningagerð og framkvæmd er varðar nýtingu og orkuvinnslu fallvatna á Íslandi. Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir því, að skipuð verði samstarfsnefnd Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, Landgræðslu ríkisins og Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, er verði falið að fylgjast með þeim verkefnum á sviði orkumála, sem eru til umræðu á hverjum tíma, og leita eftir að sjónarmið landverndar og landnýtingar og almenn hagsmunasjónarmið bænda, svo sem grunnverðmæti lands, verði virt strax á rannsóknar- og undirbúningsstigi framkvæmdanna."

Þetta var ályktun Búnaðarþings og henni fylgdi svohljóðandi greinargerð:

„Ályktun þessi felur í sér viljayfirlýsingu Búnaðarþings um að aukið tillit verði tekið til landverndar- og landnýtingarsjónarmiða strax á frumstigi væntanlegrar mannvirkjagerðar, svo sem virkjana. Framkvæmd þessara mála hefur eigi verið svo góð sem skyldi. Árekstrar og deilur hafa jafnvel orðið harkalegar, svo sem við Laxá og Blöndu. Árekstra má alla rekja til þess, að mál eru ekki rædd og kynnt fyrr en undirbúningur og hönnun verkefna eru langt komin eða svo til lokið. Þá er af skiljanlegum ástæðum erfiðara að fá framkvæmdaaðila til þess að fallast á breytingar eða ábendingar sem auðvelt eða auðveldara hefði verið að ná fram á frumstigi hönnunar. Því er lagt til að skipuð verði samstarfsnefnd þeirra aðila, sem ályktunin getur, og hafi það verkefni að fylgjast með gangi mála og koma sjónarmiðum á framfæri í tíma. Hér er um brýnt og viðamikið verkefni að ræða. Í bréfi eða skýrslu frá Verkfræðistofu Helga Sigvaldasonar, dags. 9. 4. 1981, kemur m. a. fram að miðað við fullnýtingu vatnsorku í landinu, ca. 28 terawattstundir, þarf um það bil að tólffalda miðlanir í takt við fullnýtingu á vatnsafli í landinu. Hætt er við að megnið af bestu og fegurstu gróðurvinjum á hálendinu hyrfi smátt og smátt undir miðlunarlón ef einhliða peningasjónarmið virkjunaraðila yrðu látin ráða. Þá fjármuni, sem verja þyrfti til landverndar við þessar framkvæmdir, mætti líta á sem viðbót við þjóðargjöfina."

Það ætti sem sagt að vera lýðum ljóst, að ekki ríkir einhugur um tilhögun I, þvert á móti. Það er þýðingarlaust að hamra stöðugt á henni. Það er ekki sáttaleið og um hana verður ekki friður. Þrír af hreppsnefndarmönnum í Svínavatnshreppi fundu sig þrátt fyrir allt til þess knúna að ganga gegn niðurstöðum almennrar leynilegrar atkvgr. og samþykktu samninginn, en þá höfðu tveir hreppsnefndarmannanna gengið af fundi og annar þeirra var oddvitinn. Þegar í stað undirritaði talsverður meiri hluti kjósenda í Svínavatnshreppi eftirfarandi yfirlýsingu:

„Við undirrituð, íbúar Svínavatnshrepps, mótmælum hér með samþykkt meiri hluta hreppsnefndar frá 13. febr. 1982 á samningi um Blönduvirkjun og teljum sjálfsagt að virða ekki niðurstöðu þeirrar atkvgr. sem þessir sömu hreppsnefndarmenn fluttu tillögu um að færi fram í hreppnum og viðhöfð var hinn 13. desember s. l. Við mótmælum því, að tilvitnuð samþykktar hreppsnefndar verði talin bindandi fyrir íbúa þessarar sveitar."

Þrátt fyrir þessa ótvíræðu yfirlýsingu meiri hluta kosningabærra íbúa í Svínavatnshreppi létu áðurgreindir þrír hrepppsnefndarmenn hafa sig til þess að laumast til Reykjavíkur og skrifa nöfnin sín á blað með hæstv. iðnrh. Vinnubrögðin við undirritun þessa voru með þeim ódæmum að ég þekki engin þvílík dæmi um stjórnvaldsathöfn. Fulltrúar landverndarsamtaka Blöndu- og Héraðsvatnasvæðisins höfðu óskað viðtals við hæstv. iðnrh. til að kynna honum viðhorf samtakanna til málsins og gera honum grein fyrir að ekki væri um neina sátt við heimamenn að ræða. Hæstv. ráðh. hét að veita þeim viðtal á miðvikudegi, en kallaði af mikilli skyndingu hóp manna til Reykjavíkur á mánudegi. Hann þorði ekki að bíða komu landverndarmannanna og hafði efnt til skriftaræfingar í ráðherrabústaðnum. Meiri hluti bænda í Svínavatnshreppi viðurkennir ekki rétt meiri hluta hreppsnefndar til þessara gerninga. Auðkúluheiði var keypt af ríkinu á sínum tíma og borguð af bændunum sjálfum, hverjum og einum, og er því eign þeirra, eins og jarðirnar, en ekki eign hreppsins. Auk þess ber að geta þess, að í vor eru hreppsnefndarkosningar og eðlilegra væri að bíða þeirra.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur staðfastlega neitað, og ég á von á að hún haldi áfram að neita samningaviðræðum um tilhögun I. Ég bið menn að athuga að eignarnámshugmyndum verður ekki heldur tekið þegjandi þar í sveit.

Fulltrúar Landverndarsamtaka Blöndu og Héraðsvatna komu til Reykjavíkur, þrátt fyrir að iðnrh. þyrði ekki að bíða komu þeirra, og gerðu skilmerkilega grein fyrir viðhorfi landverndarfólks. Ég þarf ekki að fjölyrða um þeirra ferð. Hún er mönnum í fersku minni ef þeir hafa fylgst með blöðum og útvarpi. Þeim tókst að opna augu margra, enda hafa þeir réttmætan málstað.

Stjórn Sambands náttúruverndarfélaga ályktaði um málið í fyrri viku og lýsir furðu sinni á þeirri afstöðu stjórnvalda að ljá ekki máls á samningum um minnkun miðlunarlóns, þar sem flest skynsamleg rök virðast hníga að því, að það sé hægt án þess að skerða verulega afköst virkjunarinnar.

Landvernd hefur ítrekað umsögn sína um Blönduvirkjun, þar sem virkjunarkostur I er ekki talinn heppilegur vegna landskemmda. Leggur Landvernd áherslu á að kanna hvort ekki sé mögulegt að virkja Blöndu með öðrum hætti en þeim að skemma stór svæði gróðurlendis.

Þá tók Náttúruverndarráð málið upp, og vegna þess að hæstv. iðnrh. var hér með ritskýringar á umsögn Náttúruverndarráðs um virkjun Blöndu neyðist ég til að óska leyfis forseta til að lesa upp úr henni. Þetta er löng og ítarleg umsögn og byrjar með því að þeir endurtaka umsögn frá 16. 3. 1978, þar sem þeir höfðu sett fram ýmsa fyrirvara um hvað þyrfti að gera áður en til virkjunar kæmi. M. a. benta þeir á hættu af jarðvegsfoki úr lónstæðinu sem gæti valdið uppblæstri, hættu sem stafað gæti af löngum veituskurði, sem lítil reynsla er af hérlendis, bent var á að kanna þyrfti hugsanleg verðurfarsáhrif lónsins og bent var á að athuga þyrfti hver áhrif kynnu að verða af auknu vetrarrennsli og hugsanlegum nýstíflum og flóðum neðan til í Blöndu. Því miður var ekki orðið við þessu. Það var kákað í sumum þessara þátta og búnar til skýrslur sem ekki eru trúverðugar. En síðan segir, með leyfi forseta:

„Síðan Náttúruverndarráð gaf framangreinda umsögn hafa verið gerðar ætlanir um nokkra aðra virkjunarkosti við Blöndu og þeir verið kynntir ráðinu, m. a. á

fundi þess 24. ágúst 1981, þar sem mættur var Kristján Jónsson rafmagnsveitustjóri. Náttúruverndarráð hefur hins vegar ekki gefið um þá umsögn, enda ekki verið formlega eftir því leitað. Þó er ljóst að verulegur munur er á þessum virkjunarkostum hvað varðar áhrif þeirra á gróður og lífríki og með tilliti til annarra sjónarmiða sem fram voru sett í umsögn ráðsins frá 1978. Ráðinu er ljóst, — og nú bið ég hæstv. iðnrh. að taka eftir, — „að mikill munur er á þeim virkjunarkostum sem mest hafa verið ræddir, þ. e. virkjunarkostum I og II. Með kosti I fer verulega meira land undir vatn heldur en ef kostur II yrði valinn. Þá er ljóst samkv. upplýsingum, sem nú liggja fyrir um miðlunarþörf landskerfisins, að stærra lónið, kostur I við Blöndu, mundi ekki draga úr þörf fyrir miðlunarlón annars staðar, svo sem eins og við Fljótsdalsvirkjun. Meiri landfórn við Blönduvirkjun mundi því ekki leiða til þess, að hægt yrði að þyrma öðru verðmætu landi eða náttúruverðmætum, svo sem á Eyjabökkum. Í þessu sambandi bendir ráðið á að mikill hluti hins stóra lóns, kostur I, mundi verða grunnur og þar myndast miklar fjörur fyrri hluta sumars. Því minna sem lónstæðið er, því meiri verður hættan sem kann að stafa af foki úr lóninu og jarðvegseyðingu út frá því, sbr. umsögn ráðsins frá 1978. Fyrir liggur að kostur I er talinn um 90 millj. ódýrari en kostur II með sama miðlunarrými. Hins vegar telur ráðið þann kostnaðarsamanburð ófullnægjandi þar sem komið hafa fram mismunandi tölur um það, hve mikið kynni að sparast í landbótum ef sá kostur yrði valinn sem hefur í för með sér minna lón og minni náttúruspjöll. Náttúrverndarráð telur brýnt að kannað verði af þar til bærum aðilum", — ég endurtek: af þar til bærum aðilum, — „hve mikið kynni að sparast í ræktunarkostnaði og viðhaldi ræktunar, kostnaði við girðingar og viðhald þeirra svo og í kostnaði við vegi og brýr og fleira ef kostur II yrði valinn. Fyrr en þetta hefur verið gert er ekki hægt að bera kostina saman á raunhæfan hátt og því óráðlegt að dómi ráðsins að binda sig við einn virkjunarkost frekar en annan. Ráðið leyfir sér í þessu sambandi að minna á samþykkt Náttúruverndarþings 1981, þar sem segir m. a.:

„Þingið harmar hins vegar ef nauðsynlegt verður að leggja víðáttumikil gróðurlendi undir vatn og virkjanir. Telur þingið að virkjunaraðilum beri skylda til að græða upp jafnmikið land og hverfur undir vatn. Með tilvísun til framanritaðs beinir Náttúruverndarráð þeim tilmælum til iðnrh., að mál þessi verði könnuð betur með tilliti til náttúruverndar- og landverndarsjónarmiða áður en endanleg ákvörðun verður tekin um virkjunartilhögun, og er það von ráðsins að til þeirra reynist svigrúm bæði innan ramma þess samnings, sem gerður hefur verið milli virkjunaraðila og fulltrúa hreppa í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum, svo og þeirra tímamarka sem sett hafa verið um upphaf og lok virkjunarframkvæmda." "

Svo segir hæstv. iðnrh. að engin ný atriði í málinu hafi komið fram upp á síðkastið, engin ný efnisleg viðhorf. Hæstv. iðnrh. situr ekki lengur í Náttúruverndarráði. Það er ömurlegt að horfa á hæstv. iðnrh. og fyrrum náttúruverndarmann gangast fyrir þeim verkum sem hann hefur látið hafa sig til á þessum síðustu og verstu dögum.

Ef við gefum okkur að kostnaður við tilhögun I, þar sem virkjunarmannvirki séu innifalin, sé 1000 millj., sem er að vísu tala frá því einhvern tíma í fyrrasumar, og síðan til viðbótar nýræktarkostnaður upp á 32 millj. kr., en þessi upphæð orðin 1 milljarður 32 millj. Árlegur kostnaður af slíkum stofnkostnaði, miðað við 40 ára endingu og 3% raunvexti af fjármagni, verður með annuitetsreglu 44 millj. 646 þús. Kostnaður við tilhögun II með sams konar stofnkostnaði, og þá á ég við 400 gígalítra lón í báðum tilfellum og nákvæmlega sömu vélar og sams konar skurði, nema nýræktin er helmingi minni vegna þess að helmingi minna sykki, hefur verið skotið á að væri 90 millj. kr., aukakostnaður við stíflugerð við Sandárhöfða. Þá yrði kostnaður kominn upp í 1106 millj. og það gerir með sams konar annuitetsreglu og 3% raunvöxtum 47 millj. 848 þús. eða að 3 millj. 202 þús. kr. dýrara á ári er að reka tilhögun II. Tökum hins vegar með í dæmið sparnaðinn af ræktunarkostnaðinum. Árlegan ræktunarkostnað telja Búnaðarfélag Íslands og Landgræðslan vera 2 millj. 400 þús. kr. minni við tilhögun II. Mismunurinn, sem þá er verið að deila um, er ekki orðinn nema 802 þús. á ári eða 1.8%.

Staða málsins er sem sagt sú, að öll náttúruverndar- og landverndarsamtök landsins eru á einu máli um að reyna að forðast kost I. Og staða málsins er líka sú, að samkomulagi hefur ekki verið náð við heimamenn. Ég hef þreytt hv. þdm. með því að lesa upp ályktanir því til sönnunar, en taldi rétt að þær geymdust upp á seinni tíma í opinberum gögnum Alþingistíðinda.

Fyrir norðan hafa þeir Blöndungar farið hamförum og nokkrir hreppsnefndarmenn hafa breytt fyrri afstöðu, sumir þeirra að mínum dómi mjög óvænt, og skrifað nöfnin sín, en mjög stór hópur fólks sættir sig alls ekki við þessa tilhögun og mun ekki láta nauðga henni upp á sig vegna þess að það telur ólíðandi að þannig sé farið með landið okkar. Þarna er áformað að sökkva 56 ferkm af grónu landi í uppistöðulónið. Á Íslandi hefur verið unnið að uppgræðslu og gróðurvernd fyrir þjóðargjöfina sælu. Síðan 1974 hafa verið friðaðir og hafin uppgræðsla á 84.2 ferkm. Þarna á að taka til baka 56 ferkm, sem eru algrónir og miklu traustara gróðurlendi, og helmingnum af því á að fórna að óþörfu bara til þess að örfáir menn þurfi ekki að slá af stórmennsku sinni og geti notið þeirrar ánægju að láta það fólk, sem ekki er þeim sammála, kenna á valdi sínu.

Ég tel að það sé rétt að fram komi skýrt á þessum vettvangi, að a. m. k. 400 fulltíða menn af þeim, sem málið snertir nánast, geti ekki hugsað sér framkvæmdina með þeim hætti sem sífellt er verið að hamra á, og þess vegna er ekki samkomulag. Þess ber auðvitað að geta, að miklu stærri hópur kjósenda fyrir norðan og margir reyndar í fjarlægum byggðarlögum vill endilega fá virkjun, er tilbúinn að heimta að öllu sé til kostað að virkjunin rísi strax, líka því að virkjað verði eftir tilhögun I. Ég hef ekki fjölyrt um þau félagslegu áhrif sem það mun hafa ef nú verður látið kné fylgja kviði og áfram þjösnast með ofríki á þessu fólki og skoðanir þess, lífsviðhorf og siðferðiskennd fótum troðin. Þeir menn, sem fyrir því standa, taka á sig mikla ábyrgð, meiri ábyrgð en þeir fái risið undir til lengdar.

Þá er einnig því við að bæta, að þeir menn, sem eyða gróðri og lífríki gersamlega að þarflausu á 25 ferkm á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheiðum taka á sig mikla sök og það er sök sem ekki fyrnist. Það, sem nú á að gera, er að ráðgjafar iðnrh. slaki til og hætti að berja höfðinu við steininn. Við verðum að viðurkenna staðreyndir, viðurkenna að þetta fólk fyrir norðan á líka sinn rétt. Ég er fullviss að með góðra manna hjálp er hægt að ná á

nokkrum dögum samkomulagi um tilhögun virkjunar sem allir geta sæmilega við unað og framleiðir ekki dýrara rafmagn né að marki minna en ef virkjað væri eftir nú fyrirliggjandi áætlun. En til þess þarf náttúrlega að hafa frið fyrir þeim mönnum sem einkum hafa reynt að herða þennan hnút.

Ég tel sjálfsagt að ljúka rannsóknum við Sandárhöfða í sumar. Þær vantar og þess vegna eru áætlunartölur um kostnaðarsamanburð ekki nægilega nákvæmar. En því miður tókst sumum ráðherrunum að koma í veg fyrir að þær yrðu gerðar í fyrrasumar. Hæstv. iðnrh. er ekki í þeirri sök.

Ég legg áherslu á að ég tel rétt að virkja Blöndu næst svo framarlega sem menn fallast á að gera það eftir tilhögun sem samkomulag næst um. Það er óverulegur kostnaðarmunur og samkv. samningsdrögunum, sem undirrituð hafa verið, hefur RARIK viðurkennt að unnt er að komast af með 220 gígalítra miðlun. Fljótsdalsvirkjun mun innan skamms einnig rísa og þessar tvær virkjanir vinna saman og skila okkur öruggu og ódýru rafmagni í framtíðinni. Framkvæmdunum þarf ekki að seinka þó að stíflu sé breytt, þar sem jafnhliða rannsóknum er hægt að halda áfram við vegagerð sem þegar er hafin. Nú heiti ég á alla góða menn hér á þingi að stuðla að því, að menn nái góðum friði og farsælli framkvæmd. Og svo skulum við leysa málið á þessum grundvelli.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir og er fram borin af hæstv. iðnrh., hefur verið alllengi á dagskrá í Sþ., var reyndar lögð fram fyrir áramót, og umr. um hana sniglast hér áfram hægt og rólega án þess að maður finni fyrir verulegri áherslu af hálfu hæstv. ráðh. á því, að hún verði afgreidd. Það er e. t. v. skiljanlegt þegar þessi þáltill. er skoðuð, eins og ég mun nánar víkja að á eftir.

Hæstv. iðnrh. minntist á það í ræðu sinni áðan, að hv. 4. þm. Vestf., sem flutti ítarlega ræðu þegar þetta mál kom til umr. hér fyrir nokkru, hefði rætt almennt um orkumálin og orkunýtingarmál í tengslum við þessa þáltill. Það er mjög eðlilegt, að það sé gert, og undan því þarf enginn að kveinka sér, svo nátengd sem þessi mál öll eru, eins og fram hefur komið í þeim ítarlegu umr. sem fram hafa farið um orkumál, t. d. á s. l. vori. Það hefur verið flutt hörð gagnrýni á hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi í þessum málum og fyrir kák í öllum undirbúningi, og ég held að sú gagnrýni sé fullkomlega á rökum reist.

Á s. l. vori var flutt hér frv. um raforkuver, sem var allt mjög óljóst og óákveðið og fól ekki í sér neinar endanlegar ákvarðanir, enda fékk þetta frv. harða gagnrýni. Beindist sú gagnrýni einkum að eftirtöldum atriðum. Í fyrsta lagi lá sá mikilvægi þáttur, sem snýr að orkunýtingunni, alveg eftir. Það er öllum vitað, að stórvirkjanir kalla á fastmótaða stefnu varðandi orkufrekan iðnað, en sú stefna er ekki til hjá hæstv. ríkisstj. Í öðru lagi var ekki tekið af skarið varðandi næstu virkjun. Hvert árið líður á fætur öðru án þess að ákvörðun sé tekin, og þessar tafir eru nú farnar að hamla verulega uppbyggingu okkar vatnsaflsvirkjana og þeim stórfelldu möguleikum til nýsköpunar atvinnuveganna sem þeim fylgja. Hæstv. iðnrh. gaf mjög skýlausa yfirlýsingu um það, þegar þetta var til umr. á s. l. vori, að ákvörðun yrði tekin á haustþingi. Nú er langt liðið á þingtímann og enn bólar ekki á raunverulegum ákvörðunum, eins og ég mun nánar koma að hér á eftir.

Eftir allan þennan tíma, eftir það tæpa ár sem liðið er síðan frv. um raforkuver var samþykkt hér á Alþingi, hefði mátt ætla að nú væri komið að endapunktinum, að nú væri unnt að taka langþráða ákvörðun um næstu virkjun og hvernig nýta ætti orku úr henni, og jafnframt væri unnt að marka ákveðna stefnu um áframhaldandi uppbyggingu raforkuvera til aldamóta og nýtt stórátak til eflingar atvinnulífi landsmanna. En hvað skeður? Enn einu sinni fáum við tillögu frá hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. sem er í algerum véfréttastíl og segir í rauninni ekkert ákveðið um það, hvað næst skuli gera. Eins og tillagan lítur nú út og miðað við allar aðstæður er hún ekki ákvörðunarhæf hér á hv. Alþingi. Því valda mörg atriði og ég skal víkja að nokkrum þeirra.

Þm. hafa fengið í hendur ítarlegar skýrslur frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Þær skýrslur eru lagðar fram samkv. fyrirmælum í lögum um raforkuver frá s. l. vori, þar sem segir að áður en tillögur um nýjar vatnsaflsvirkjanir og virkjunaráfanga, þ. á m. um framkvæmdaröð, séu lagðar fyrir Alþingi til samþykktar skuli liggja fyrir greinargerðir frá ofangreindum aðilum um þjóðhagslega hagkvæmni virkjunarleiða og þýðingu þeirra fyrir raforkukerfi landsins. Í öllum þessum skýrslum kemur fram að grundvöllur ákvörðunar um framkvæmdaröð er ákvörðun um nýtingu orkunnar. Þetta má víða sjá í skýrslunum og ég vil nefna um það nokkur dæmi.

Skýrsla Landsvirkjunar frá því í nóv. 1981 um raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun drepur á þetta atriði á allnokkrum stöðum. Á bls. 1 í inngangi segir m. a., með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur kappsamlega verið unnið að því á vegum Landsvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkustofnunar að rannsaka orkulindir landsins og gera áætlanir um virkjanir sem geti orðið grundvöllur ákvarðanatöku um næstu áfanga í orkuöflun. Rannsóknirnar og hönnun, sem framkvæmdar hafa verið með aðstoð ráðunauta, eru það vel á veg komnar, að aldrei fyrr hefur verið um svo marga virkjunarkosti að ræða á því stigi rannsókna að taka mætti ákvarðanir um framkvæmd þeirra, án þess að mjög verulega óvissa ríki um tæknilega áhættu og stofnkostnað. Á hinn bóginn er enn óljóst hvernig orkumarkaður þróast á komandi árum, vegna þess að ekki er vitað á þessu stigi hvenær og í hve ríkum mæli verður ráðist í nýjan orkufrekan iðnað sem flestir virðast sammála um að koma skuli. Meðan sú óvissa ríkir í þessum efnum sem raun ber vitni er ekki hægt að meta raunverulegan fjárhagslegan grundvöll fyrir áframhaldandi uppbyggingu orkuöflunarkerfisins nema að takmörkuðu leyti.“

Þetta segir í þessum kafla í skýrslu Landsvirkjunar, og síðar í þessum sama kafla, á bls. 5 í skýrslunni, segir m. a. með leyfi forseta, eftir að raktar hafa verið hugmyndir iðnrn. um orkufrekan iðnað:

„Líklegt verður að teljast að fjárhagslega hagkvæmast hljóti að vera að stækka þau stóriðjufyrirtæki sem þegar eru komin á fót, þ. e. álverið í Straumsvík og járnblendiverksmiðjuna. Um það hefur þó ekkert verið ákveðið, en nokkrar viðræður hafa átt sér stað um hvort tveggja á undanförnum árum.

Ekki er unnt sem stendur að slá neinu föstu um tímasetningar þeirra stóriðjukosta, sem að ofan eru taldir, né heldur um arðsemi þeirra. Augljóst er að styttri tíma ætti

að taka að öðru jöfnu að semja um áðurnefndar stækkunarframkvæmdir iðjuveranna en að koma á fót nýjum stóriðnaði. Reynslan hefur sýnt að það getur tekið allmörg ár að undirbúa ákvarðanir um nýjan orkufrekan iðnað, og síðan bætist framkvæmdatíminn við. Óraunhæft virðist því vera að reikna með að hægt sé að koma nýju stóriðjufyrirtæki í rekstur fyrr en í fyrsta lagi um og upp úr miðjum þessum áratug. Af ýmsum ástæðum er því í kafla III gert ráð fyrir að næstu aðgerðir í uppbyggingu orkufreks iðnaðar verði stækkun járnblendiverksmiðjunnar, sem komi í rekstur þegar árið 1983, en síðan sigli í kjölfarið framkvæmdir við ofangreinda nýiðnaðarkosti eða jafngildi þeirra í orkuþörfum. Er reiknað með því að þeir komi í rekstur um og eftir miðjan áratuginn eftir því sem orkuframboðssvigrúmið leyfir."

Síðar í þessum sama kafla á bls. 9 segir enn fremur með leyfi forseta: „Þegar á heildina er litið, með þeim orkuverðs- og raunvaxtaforsendum sem að framan er reiknað með, virðist samt að það sé mun hagkvæmara fyrir Landsvirkjun að byggja orkuvinnslukerfið upp með aukinni orkusölu til stóriðju, eins og gert er ráð fyrir í áður tilvitnuðum lögum, heldur en byggja það upp fyrir almenningsveitur eingöngu. Ef gert er ráð fyrir að með aukinni orkusölu til núverandi stóriðjuvera fáist einnig veruleg leiðrétting á núgildandi orkuverði er ljóst að það skerpir enn á ofangreindri niðurstöðu.

Ef reiknað er með hraðri uppbyggingu og litið til næstu 10—20 ára sýna nákvæmari athuganir að skuldastaða fyrirtækisins og eiginfjármögnunargeta verði viðunandi með áðurgreindum orkuverðsforsendum. Sé gert ráð fyrir því, að leiðréttting fáist á núverandi orkuverði til stóriðju, batnar staðan enn sem því nemur. Hér er þá reiknað með að rekstrarerfiðleikar næstu ára, sem skapast hafa vegna samansafnaðs rekstrarhalla undanfarinna ára, auk þess vanda sem hugsanleg yfirtaka Landsvirkjunar á byggðalínum kann að valda, verði leystir á viðunandi hátt.

Eins og að framan er greint virðist helsta niðurstaða ofangreindra athugana benda til þess, að hagkvæmt sé að stefna á harða uppbyggingu orkuöflunarkerfisins, ef hagstæður markaður fæst. Einnig bendir flest til þess, að Blönduvirkjun sé hagkvæmasti stórvirkjunarkosturinn sem nú er völ á.

Markaðsþróun gæti þó hugsanlega orðið svo ör, að hagkvæmt þætti að nýta það orkuframboðssvigrúm, sem skapast með Hrauneyjafossvirkjun, til þess að auka verulega orkusölu til stóriðju á tímabilinu fram til þess að Blönduvirkjun gæti tekið til starfa, þ. e. á árinu 1987. Þetta væri unnt með því að skjóta Sultartangavirkjun eða stækkun Búrfellsstöðvar fram fyrir Blöndu. Athuganir á hvort þetta sé viðráðanlegt benda til að svo sé."

Það kemur sem sagt glöggt fram í þessum tilvitnuðu köflum, að orkumarkaðurinn, orkunýtingin er svo nátengd ákvörðun um næstu stórvirkjun og næstu stórvirkjanir að það verður ekki skilið hvort frá öðru. Þetta kemur víða fram og ég vil enn vitna í skýrslu Landsvirkjunar. Þar segir í yfirliti og niðurstöðum í tölul. 2 og 3:

„Þegar á heildina er litið benda athuganir Landsvirkjunar til þess að Blönduvirkjun (Tilhögun I) sé hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem næsta stórvirkjun fyrir landskerfið. Ræður þar fyrst og fremst lægri framleiðslukostnaður auk góðrar staðsetningar í landskerfinu. Gert er ráð fyrir að hún geti hafið orkuframleiðslu í fyrsta lagi árið 1987, en tímasetning hennar að öðru leyti hlýtur að ráðast af markaðsaðstæðum.

Aðrir virkjunarkostir, sem nefndir eru í tilvitnuðum lögum, þ. e. Fljótsdals-, Sultartanga- og Villinganesvirkjanir, virðast auk stækkunar Búrfellsvirkjunar vera hagkvæmir frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Röðun þessara virkjana og tímasetning lengra fram í tímann í framhaldi af aðgerðum á Þjórsársvæðinu og Blönduvirkjun er hins vegar fyrst og fremst háð uppbyggingu markaðarins og staðsetningu nýrrar stóriðju. Fyrr en fyrir liggja ákveðnar forsendur um stærð og hagkvæmni aukins iðnaðarmarkaðar er varla hægt að gera marktækan samanburð á því, hver þessara virkjana ætti að koma næst á eftir Blönduvirkjun. Má þá einnig minna á að frekari virkjunarrannsóknir hafa ætíð í för með sér einhverjar breytingar á virkjunartilhögun og endurmat á kostnaði."

Þetta eru tilvitnanir í greinargerð Landsvirkjunar um þetta efni, sem sýna mjög glögglega hversu ákvarðanir um uppbyggingu markaðarins eru nátengdar ákvörðun um næstu virkjanir. Greinargerð Orkustofnunar, sem við fengum í hendur nú í tengslum við þetta mál, heitir „Vinnsla og flutningur raforku til aldamóta, samanburður virkjunarleiða, 4. hefti, áhrif aukins orkufreks iðnaðar." Hér er um að ræða framhald af skýrslu sem þm. fengu í hendur á s. l. vori. Í þessari skýrslu eru reiknaðar út nokkrar leiðir varðandi orkufrekan iðnað. Í skýrslunni frá því í vor voru tekin tvö tilvik, í fyrsta lagi orkuþörf almenna markaðarins án stóriðju, en í öðru lagi nýr orkufrekur iðnaður, er kæmi í þremur 50 mw. áföngum, sem yrði allur á einum stað, en þrír möguleikar kannaðir varðandi staðsetningu, þ. e. Grundartangi, Eyjafjörður og Reyðarfjörður.

Reiknaðar voru út fjórar mismunandi leiðir varðandi virkjanaröð til aldamóta. Að gefnum þessum forsendum var meginniðurstaða athugunar sú, að virkjunarleiðin Blanda—Sultartangi—Fljótsdalur—Stórisjór og Búrfell II væri hagstæðust í öllum tilvikum nema einu, sem sagt því að orkufrekur iðnaður risi upp á Reyðarfirði, en þá var hagkvæmast að byrja á Fljótsdalsvirkjun.

Nýja skýrslan felur í sér niðurstöðu framhaldsrannsókna. Í þeirri rannsókn er gengið út frá sex mismunandi iðnaðarstefnum. Þá voru niðurstöður þær, að virkjunarröðin Blanda—Fljótsdalur—Sultartangi er hagkvæmust í öllum tilvikum sem fela í sér aukna stóriðju frá því sem nú er. Aðeins í því tilviki, sem engin stóriðja kemur, er virkjunarleiðin Blanda—Sultartangi—Fljótsdalur ívið hagkvæmari samkv. þeirri skýrslu. Þetta hef ég rakið hér til að sýna hversu mikið grundvallaratriði iðnaðarstefnan er og ákvarðanir í stóriðjumálum þegar kveða skal á um nýjar virkjanir og ákveða röð þeirra. Niðurstöður um hagkvæmustu röðun eru mjög mismunandi eftir því hvernig, hvar og hvenær stóriðjan er reiknuð inn í dæmið. Til enn frekari áréttingar því, hversu hér er um mikið grundvallaratriði að ræða, vil ég vitna í erindi dr. Jóhannesar Nordals, stjórnarformanns Landsvirkjunar, á aðalfundi Sambands ísl. rafveitna í júní í sumar, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Kem ég þá að síðasta þætti þessa erindis, þar sem ég mun ræða stuttlega um þróun raforkumarkaðarins og tímasetningu virkjunarframkvæmda. Í umræðum þeim, sem farið hafa fram um orkumál að undanförnu, hefur komið fram gífurlegur áhugi á því, að sem fyrst verði ráðist í nýja stórvirkjun og jafnvel verði byggðar fleiri virkjanir samtímis á næsta áratug. Flestum ætti hins veg-

ar að vera ljóst að bygging nýrra orkuvera er algerlega háð því, hver þróun orkumarkaðarins verður. Vatnsorkuver eru sérstaklega fjármagnsfrekar framkvæmdir, og það er því dýrt spaug að byggja orkuver sem engan markað hefur. Rétt tímasetning raforkuframkvæmda með tilliti til markaðsþróunar er því ein mikilvægasta forsenda hagkvæmrar orkuframleiðslu. Hins vegar er áætlunargerð á þessu sviði alls ekki auðveld þar sem taka þarf ákvarðanir um stærri virkjunarframkvæmdir 5—6 árum áður en framleiðsla getur hafist. Óvissa um markaðsþróun hlýtur því ætíð að vera mikil á svo löngu tímabili."

Ég hleyp hér yfir nokkra kafla í þessu erindi, en síðar segir:

„Ljóst er að ákvarðanataka í stóriðjumálum krefst mikils undirbúnings og engu verður slegið föstu um hagkvæmni slíkra framkvæmda fyrr en að öllum undirbúningi loknum. Að vísu má gera ráð fyrir að hægt væri á einu til einu og hálfu ári að komast að raun um það, hvað menn telja hagkvæmt og æskilegt að stækka þau stóriðjuver, sem fyrir eru í landinu, þ. e. álbræðsluna í Straumsvík eða járnblendiverksmiðjuna við Grundartanga.

Aðdragandinn að byggingu algerlega nýrrar verksmiðju, t. d. álbræðslu eða kísilmálmbræðslu á Norðurlandi eða Austurlandi, hlýtur hins vegar að taka miklu lengri tíma, jafnvel þrjú ár eða lengur. Þetta bendir því eindregið til þess, að varla sé raunhæft að taka ákvörðun um næstu stórvirkjun á þessu eða næsta ári nema unnt verði á þeim tíma að ákveða stækkun annaðhvort Grundartangaverksmiðjunnar eða álbræðslunnar í Straumsvík. Satt að segja benda þær áætlanir, sem fram koma, til þess, að nægileg raforka geti verið fyrir hendi til að stækka Grundartangaverksmiðjuna um einn ofn jafnvel þó að ný virkjun komi ekki fyrr en undir lok þessa áratugar.

Allt ber þetta að sama brunni. Næg orka á að verða fyrir hendi a. m. k. næsta áratuginn frá þeim orkuverum, sem þegar eru fyrir eða í byggingu, til þess að mæta almennri raforkueftirspurn í landinu. Ákvarðanir um nýjar virkjanir er því varla réttlætanlegt að taka fyrr en traustar áætlanir liggja fyrir um nýjan orkufrekan iðnað."

Hér lýkur tilvitnun í þetta erindi dr. Jóhannesar Nordals, en þessi ummæli voru viðhöfð fyrir um 10 mánuðum.

Allt það, sem hér hefur verið rifjað upp, styður þá skoðun, að þessi þáltill. sé ekki ályktunarhæf. Það vantar grundvöllinn, það vantar markvissa alvöruáætlun um uppbyggingu orkufreks iðnaðar, og þau orð, sem eru í 4. tölul. þessarar þáltill. um orkufrekan iðnað, eru að sjálfsögðu ekkert annað en orðin tóm. Að baki þeirra liggur ekkert raunhæft, ekkert sem hægt er að byggja á.

Forsvarsmenn hæstv. ríkisstj. miklast af þeim orkunýtingarkostum sem þeir telja að séu fyrir hendi. Hæstv. iðnrh. hefur rifjað þá upp og hefur gert það oft og með mjög svipuðum orðum frá ári til árs, hverjir þessir kostir séu. En ákaflega hægt miðar áfram í átt til raunveruleikans í þeim efnum. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson ræddi þetta líka í ræðu sinni í þeirri umr. sem fram fór hér á dögunum, og það er fróðlegt að bera saman ræðu sem hann flutti um sama efni fyrir um ári. Sú ræða, sem hann flutti nú, var ótrúlega lík þeirri ræðu sem hann flutti þá. Þar eru taldar upp hugrenningar orkustefnunefndar hæstv. ríkisstj., en heldur miðar okkur þá aftur á bak í þeim efnum en áfram. Þá á ég við að nú hefur verið frestað ákvörðunum um stækkun Grundartangaverksmiðjunnar og allt er í óvissu um hvað gerast muni varðandi álverið í Straumsvík.

Stöðugt eru hæstv. iðnrh. og aðrir forsvarsmenn ríkisstj. að skýra okkur hér á hv. Alþingi frá viðræðum við alls konar erlenda aðila sem hafa áhuga og hinu og þessu varðandi orkufrekan iðnað á Íslandi. Í þessu sambandi koma mér í hug orð hæstv. viðskrh. hér á dögunum — og ég held að hæstv. iðnrh. geti haft þau nokkuð sér til varnaðar — þegar hann var að lýsa öllum þeim erlendu umboðsmönnum, sölumönnum og ráðgjöfum sem hingað koma í stríðum straumum til að koma á viðskiptum með olíu. Hæstv. viðskrh. hafði ekki mikla trú á slíkri sölustarfsemi. Sama er raunverulega að gerast í stóriðjumálunum. Hingað er stöðugur straumur erlendra umboðsmanna ráðgjafarfyrirtækja og sölumanna sem eru að bjóða þjónustu sína, vilja koma á viðskiptum, selja tækniþekkingu, selja markaðsþekkingu og bjóða gull og græna skóga varðandi orku. Þetta eru endalausar viðræður, en ekkert raunhæft gerist nema nýjar skýrslur sem byggðar eru á sandi að miklu leyti. Þetta er að miklu leyti friðþægingarstörf af hálfu hæstv. ríkisstj. og fylgismanna hennar í þessu efni. En hvað kemur svo út úr þessu öllu saman?

Nú er boðað frv. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Hæstv. iðnrh. og reyndar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson voru mjög glaðir og ánægðir yfir því. Þeir meta þetta greinilega sem tákn stórhugar og framtakssemi sem vert sé að þakka. Við höfum séð slík frv. frá hv. iðnrh. áður. Í fyrravor voru lögð fram þrjú frv.: um steinullarverksmiðju, um saltverksmiðju og um stálbræðslu. Það lá geysilega mikið á. Allt var sett á annan endann til að reyna að koma þessum frv. í gegn rétt fyrir þinglok því að nú átti aldeilis að láta hendur standa fram úr ermum. Mörg orð voru höfð um stórhug og framtakssemi, en lítið hefur gerst í þessum málum síðan þá. Ég held að kjörorð hæstv. iðnrh. og reyndar hv. þm. Guðmundar G. Þórarinssonar, sem talaði um þetta á sínum tíma í þessari umr., gæti verið: „Frumvarp er friðþæging" — því hér er ekki um annað en friðþægingarstarf að ræða.

Ég hef lesið þessar skýrslur um kísilmálmverksmiðjuna. Mig brestur að vísu tækniþekkingu í mörgum greinum til að meta það til fulls, en að mínu mati eru þetta faglega samdar skrifborðsskýrslur. Þar vantar allt sem raunverulega skiptir máli. Það eru engir raunhæfir samningar um eitt eða neitt og ekki gerð grein fyrir hvernig þetta geti orðið, hvaða vöru við höfum að selja, á hvaða verði, hvenær. Það er talað um 1975, sem ég held að sé algerlega óraunhæft. Hver á að eiga verksmiðjuna? Allt eru þetta óljós og óákveðin atriði sem enginn hefur enn þá tekið ákvörðun um. En í þessu efni er boðað frv. Og auðvitað bíðum við spenntir eftir að sjá hvernig það verður úr garði gert. En ekki virðist grundvöllurinn mjög traustur sem þarna er verið að byggja á.

Það er ágætt að geta talað og skrifað eins og hæstv. iðnrh. getur hæglega gert. En það eru þó framkvæmdirnar og árangur þeirra, sem á endanum sker úr í þessum málum.

En það eru fleiri atriði sem koma til greina þegar meta skal þessa þáltill. Því er slegið föstu að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar virkjun, enda takist að ná um

það samkomulagi við heimamenn, eins og segir í þessari till. Rétt er í þessu sambandi fyrst að huga nokkuð að tímasetningu virkjananna. Hvar stöndum við að því leyti? Þegar hæstv. iðnrh. lagði frv. um raforkuver fram á Alþingi s. l. vetur sagði hann að stefnt væri að því að önnur hvor virkjunin, Blanda eða Fljótsdalsvirkjun, gæti hafið rekstur á árunum 1986—1987. Þessi þáltill. ber það með sér, að hæstv. iðnrh. telji nauðsynlegt að næsta virkjun komi í gagnið í síðasta lagi 1987, sbr. lokaorðin í tölul. 6 í till. til ál., þar sem segir að verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987.

En hvar stendur Blanda að þessu leyti? Hvenær er hægt að byrja á Blönduvirkjun t. d.? Og hvenær er þá hægt að ljúka henni? Hver mánuður líður án þess að hægt sé að taka ákvörðun. Það er alveg ljóst að ekki verður byrjað á þessu ári. Útboðslýsingar miðað við virkjunartilhögun I, sem talað er um, eru ekki tilbúnar og samningaumleitanir hafa gengið svona og svona þó að búið sé að undirrita samning við fimm hreppa, eins og hér hefur verið lýst í þessum umr. Það vantar enn samning við einn hrepp, Bólstaðarhlíðarhrepp, og hæstv. ríkisstj. stendur frammi fyrir hugsanlegu eignarnámi í því sambandi. Hún hefur ekki kveðið upp úr um hvað gera skuli, en ljóst er að hver sem niðurstaðan verður í þessu efni, þá tekur þetta allt tíma. Allir samningar við einstaka bændur og einstaka landeigendur eru ógerðir og það kæmi mér ekki á óvart að raunhæf áætlun um gangsetningu Blönduvirkjunar væri í fyrsta lagi árið 1988.

Ég vil hins vegar fullyrða það, að illa hefur verið staðið að samningaumleitunum við heimamenn varðandi Blönduvirkjun. Reyndar hefur hv. þm. Páll Pétursson kallað þetta raunasögu, þessa samninga og hún er það að vissu leyti. Bæði var farið of seint af stað með þessa samninga og hæstv. iðnrh. hefur sýnt það í þessu máli, að hann er ekki góður samningamaður. Það hefur verið allt of mikill hofmóður og allt of mikill hroki í hæstv. iðnrh. varðandi þetta mál. Hann setti fram samningsdrög í sept. 1981 og lýsti þeim sem eins konar úrslitakostum. Menn fundu strax að þetta hleypti illu blóði í heimamenn. Menn vildu ekki láta bjóða sér slíkt. Og þegar í ljós kom að samningsdrögin voru ekki samþykkt lýsti hæstv. iðnrh. yfir í sjónvarpi að réttast væri að tala ekkert meira við þessa menn. Þetta kom fram í sjónvarpsþætti þar sem hann var ásamt hæstv. landbrh., og það fór ekkert á milli mála, að þarna var það hrokinn sem réð ferðinni, þó að síðan hafi aðrir greinilega tekið völdin af hæstv. ráðh. því að farið var að höndla meir og reynt að tala áfram við heimamenn þarna fyrir norðan. Þessi hofmóður hefur ekki reynst vel. Sannast sagna er þetta ótrúlega líkt aðferðum sem hæstv. iðnrh. hefur beitt í samningum við ýmsa aðra aðila sem hann stendur í samningum við. Að ögra og ógna virðist vera aðalaðferð hæstv. iðnrh., hvort sem hann er að tala við Alusuisse-menn eða menn fyrir norðan eða þá sem eiga að bora í Helguvík. Allt þetta, öll þessi framkoma í slíkum mikilvægum samningum hefur leitt til þess, að þeir fara allir í hnút og allt stendur fast.

Hæstv. iðnrh. hefur haft með höndum nú um alllangan tíma mikilvæga samninga fyrir hönd Íslands og Íslendinga í tveimur málum sem skipta landsmenn mjög miklu. Úrslit í báðum þessum málum eru gífurlega mikilvæg fyrir okkur Íslendinga. Annað málið ræður úrslitum um það, hvort hér á landi verður næst byggð virkjun sem að flestra dómi er sú hagkvæmasta sem völ er á. Í hinu málinu ráðast úrslit um það, hvort rafmagnsverð til Alusuisse eða ÍSALS verði hækkað til samræmis við orkuverð annars staðar eins og allir eru sammála um að nauðsynlegt sé að vinna að. En báðir þessir samningar eru í strandi. Það er engin tilviljun, því að hæstv. ráðh. hefur notað svipaðar aðferðir í báðum þessum tilvikum. Hann hefur ekki reynst góður samningamaður fyrir okkar hönd í mikilvægum málum, og það er eindregin skoðun mín, að því fyrr sem aðrir taka við þessum málum, því fyrr sem aðrir reyna að taka til við þessa samningsgerð, því betra.

Ég vil aðeins varðandi tímasetningu Fljótsdalsvirkjunar láta þá skoðun í ljós, að ég tel að það verði mjög erfitt að hugsa sér að Fljótsdalsvirkjun geti komist í gagnið fyrr en í fyrsta lagi 1988, jafnvel ekki fyrr en 1989—1990. Þar eru enn á ferðinni ýmis tæknileg vandamál sem ég skal ekki fara að rekja hér. Menn óttast t. d. ísvandamál í þeim 25 km langa skurði sem byggja á, og þeir, sem sérstaka ferð fóru til þess að kynna sér slíka skurði fyrr í vetur, hafa lagt til að rannsakað sé rennsli í slíkum skurði í módeli. Allt getur þetta að sjálfsögðu lengt undirbúningstímann því að nauðsynlegt er að tryggja sem best öryggi, að slíkur undirbúningur sé allur sem vandaðastur.

Till. hæstv. iðnrh., sem hann nú leggur hér á borð fyrir okkur, er því í raun till. um næstu virkjun, hvort sem það er Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun, í fyrsta lagi 1988. Og því lengur sem dregst að taka ákvörðun um nýja virkjun, því lengur sem dregst að fá nýja virkjun í gagnið, því minni líkur eru á því, að hægt sé að bæta nokkuð við orkufrekan iðnað áður en ný virkjun tekur til starfa, ef ekki á að setja almenna markaðinn í hættu.

Ég óttast það og er reyndar orðinn fullviss um það, að vegna þess, hve langt verður í það að ný virkjun tekur til starfa vegna óhæfilegs dráttar á ákvörðunum, vegna þess hve illa hefur verið haldið á þessum málum, þá séum við nú í þeirri hættu að vera búnir að sitja af okkur tækifæri til að auka frekar orkufrekan iðnað hér á landi fyrr en ný virkjun er tekin til starfa, hvort sem það er kísilmálmverksmiðja eða stækkun á Grundartanga eða hvaða aðgerðir sem menn vilja fara út í í þessum efnum.

Það þarf því greinilega mjög rækilega að fara ofan í allar tímasetningar varðandi þessa þáltill. Sú nefnd, sem fær þetta til athugunar, þarf að sjálfsögðu að ræða mjög ítarlega við þá sérfræðinga sem þarna koma helst til greina. En eins og till. er úr garði gerð nú af hálfu hæstv. ráðh. er ljóst að Alþingi getur ekki samþykkt hana.

Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á hugmyndir þær sem fram koma í greinargerð Landsvirkjunar sem þm. fengu í hendur varðandi Búrfellsvirkjun II. Í kaflanum um yfirlit og niðurstöður segir svo í tölul. 1:

„Hagkvæmast virðist tvímælalaust vera að næstu aðgerðir í raforkuöflun landsmanna verði stíflugerð við Sultartanga, vatnaveitur til Þórisvatns (Kvíslaveita) og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Þessar aðgerðir bæta ódýrustu orku sem völ er á við orkuframleiðslu hins samtengda landskerfis, auk þess sem þær auka mjög rekstraröryggi á Þjórsársvæðinu. Jafnframt bjóða þessar aðgerðir upp á sveigjanlegan framkvæmdahraða til aðlögunar markaðsþróun á hverjum tíma. Samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim er nauðsynlegt að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu. Hér virðist stækkun Búrfellsvirkjunar vera mun hagkvæmari kostur

en stækkun Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, eins og tilvitnuð lög gera ráð fyrir. Kemur hér einkum til að stækkun Búrfellsvirkjunar bætir aflmisvægið, sem nú ríkir milli þessara virkjana, og gefur auk þess aukna orkuvinnslugetu sem út af fyrir sig getur réttlætt þá fjárfestingu sem til þarf. Þess má og geta, að stækkun Búrfellsvirkjunar kostar mjög ámóta upphæð og stækkanir Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana, sem ekki skila aukinni orkuvinnslu inn á hið samtengda landskerfi. Landsvirkjun leggur því eindregið til að aflað verði lagaheimildar fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að afli allt að 140 mw."

Ég vil spyrja hæstv. iðnrh. hver viðbrögð hans séu við þessari tillögu, hvort búast megi við því, að farið verði eftir þessari tillögu Landsvirkjunar og aflað lagaheimildar fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar þannig að möguleiki sé á því, ef nauðsyn krefur, að skjóta þeirri virkjun inn á milli þeirra annarra stóru virkjana sem við erum að tala um, til þess að vera betur í stakk búnir til að takast á við aukin verkefni í orkufrekum iðnaði.

Í þessum umr. hefur mönnum orðið tíðrætt um stefnu í orku- og stóriðjumálum. Það er mjög eðlilegt, svo nátengd sem sú stefna er því sem hér er á dagskrá. Stefna Sjálfstfl. er mjög skýr í þeim efnum. Formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., Geir Hallgrímsson, gerði grein fyrir henni í framsögu fyrir þáltill. um hagnýtingu orkulinda til stóriðju sem óafgreidd er, en ég vil þó sérstaklega að gefnu tilefni ítreka hana hér í þessum umr. Í ályktun síðasta Landsfundar Sjálfstfl. segir m. a.:

„Nú er þörf stórhuga framkvæmda í orkumálum og blasa við aðkallandi verkefni við stórvirkjanir á Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Jafnframt þarf að hyggja að byggingu virkjana á Vesturlandi og Vestfjörðum með tilliti til rekstraröryggis orkukerfisins. Slík stórhuga virkjunaráform eru forsenda þess, að landið allt verði áfram byggt. Það aðgerðaleysi, sem ríkt hefur á þessu sviði, stefnir lífskjörum þjóðarinnar í framtíðinni í voða.

Sjálfstfl. telur að næsta stórátak þjóðarinnar í atvinnumálum eigi að vera að byggja upp stóriðju sem geti beint og óbeint staðið undir atvinnu a. m. k. helmings þess fjölda fólks sem bætist við á vinnumarkaðinn á næstu tveimur áratugum. Í þessu skyni verði unnið að því að koma á fót 3—4 nýjum stóriðjuverum, einu á Suðurlandi, einu á Austurlandi og 1—2 á Norðurlandi. Auk þess verði stóriðjuverin í Straumsvík og á Grundartanga stækkuð sem fyrst. Síðan munu fylgja á eftir nýjar virkjanir af svipaðri stærð til að tryggja hægkvæmustu rekstrareiningar stóriðjuveranna. Þegar þessu marki hefur verið náð verður um það bil helmingur af hagkvæmasta vatnsafli landsins beislaður.

Við iðjuverin má ætla að yfir 3000 manns gætu fengið vinnu fyrir næstu aldamót og svipaður fjöldi við uppbyggingu þeirra og við virkjunarframkvæmdir, eða samtals um 6000 manns. Jafnframt mundi þessi undirstöðustarfsemi auka atvinnu á öðrum sviðum efnahagslífsins um a. m. k. 9000 mannár, þannig að af þessu gæti leitt beint og óbeint a. m. k. 15 þús. ný störf hér á landi af um 25 þús. manna áætlaðri fjölgun á vinnumarkaði á þessu tímabili. Framkvæmdahraði miðast fyrst og fremst við atvinnuþörf þjóðarinnar og byggðaáætlanir.

Með þessu vill Sjálfstfl. hefja nýja sókn í virkjunarmálum og beita sér fyrir uppbyggingu stóriðjuvera sem geti orðið vaxtarbroddur atvinnuuppbyggingar um land allt."

Þessi stefna er mjög glögg og er að sjálfsögðu í mikilli andstöðu við þá stefnu hiks og vandræða sem ríkisstj. fylgir. Í þessu sambandi er og rétt að rifja upp stefnu Sjálfstfl. varðandi eignaraðild og forræði Íslendinga yfir slíkum verksmiðjum. Það tel ég nauðsynlegt að rifja hér upp vegna þess að bæði hv. þm. Guðmundur Þórarinsson og hæstv. iðnrh. hafa mjög rangtúlkað þá stefnu í ræðum sínum í þessum umr. Þeim verður tíðrætt um það, sem þeir kalla „orkusölustefnu", og tala um „hálfnýlendu erlendra stórfyrirtækja", eins og ég held að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson hafi nefnt það. En stefna Sjálfstfl. í þessum efnum hefur bæði birst í reynd og í ályktunum flokksins á landsfundum hans. Í ályktun landsfundar 1979 segir t. d. að stefnt verði að skipulagningu raforkuvinnslu og orkufreks iðnaðar með forgöngu ríkisins, en með aukinni þátttöku einkaaðila í iðnaði. Gengið verði til samstarfs við erlenda aðila eftir því sem hagkvæmt er á hverjum tíma, en stefnt að virkari þátttöku innlendra aðila. Þetta var mjög glögg stefna þegar á árinu 1979, að stefna að virkari þátttöku innlendra aðila. Og í ályktun landsfundar flokksins 1981, þ. e. á s. l. hausti, segir:

„Sjálfstfl. telur að ákvarðanir um eignaraðild íslendinga að iðjuverum svo og samstarfssamningar um önnur atriði eigi að ráðast af eðli hvers máls fyrir sig og aðstæðum á hverjum tíma. Af hans hálfu koma því til greina margvíslegir kostir að þessu leyti."

Í reynd hefur Sjálfstfl. beitt sér fyrir margvíslegu formi í þessum efnum. Álverið í Straumsvík er alfarið í eigu útlendinga. Járnblendiverksmiðjan er að meiri hluta í eigu Íslendinga svo og kísilgúrverksmiðjan við Mývatn, þannig að Sjálfstfl. hefur eiginlega leikið allan skalann í þessu efni eftir aðstæðum og atvikum hverju sinni. Og þannig á það að vera. Við eigum ekki að vera með neina vanmetakennd, svo að ég noti orð hæstv. iðnrh. í þessum efnum, en ég vil nota þau í annarri merkingu en hann. Við hljótum að þurfa að vera raunsæ í þessum efnum, og við sjáum það nú, þegar við áttum okkur á niðursveiflunni í málmiðnaðinum í heiminum, er við sjáum bæði hvernig ástandið er hjá álverum víða um heim og hjá okkar eigin álveri og í verksmiðjum eins og járnblendiverksmiðjunni, að það er nauðsynlegt að dreifa þessari áhættu. Áhættan við rekstur slíkra fyrirtækja er svo gífurleg að það er nauðsynlegt að dreifa henni. Við eigum þess vegna óhikað að ganga til samninga og samstarfs við erlenda aðila um eignaraðild að slíkum fyrirtækjum því að það er fyrst og fremst til þess að dreifa hinni miklu áhættu sem við gerum það. Við náum ýmsum gróða í gegnum sölu á raforku, sölu á margvíslegri þjónustu hér innanlands, en við viljum dreifa þessari gífurlegu áhættu til þess að sitja ekki uppi með hana einir. Sannleikurinn er sá, að við værum ekki öfundsverðir af því, Íslendingar, að sitja nú uppi með tapið hjá álverinu á sama hátt og við sitjum nú uppi með tapið af járnblendiverksmiðjunni. Hæstv. iðnrh. hefur sagt að von sé á einhverjum frv. í þeim efnum, til þess að bjarga við eða treysta fjárhag þess fyrirtækis. Við eigum því auðvitað kinnroðalaust á fullum jafnréttisgrundvelli að ganga til samstarfs við erlenda aðila um þá þætti slíkrar starfsemi sem við teljum nauðsynlega til þess bæði að dreifa áhættunni og til þess að okkar hagnaður á hverjum tíma verði sem mestur.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Um þá þáltill., sem hér liggur fyrir, má segja: „Fjöllin tóku jóðsótt og fæddist lítil mús." Þegar frv. um raforkuver var samþykkt á s. l. vori var því breytt mikið í meðförum þingsins. Þessar breytingar voru gerðar sökum þess að í sinni upphaflegu mynd var frv. nánast bara vangaveltur um virkjunarkosti og enn þá lauslegri vangaveltur um orkunýtingarkosti. Raunverulega lá þá ekkert þannig fyrir að unnt væri að hefja framkvæmdir, nema við aðgerðir á Þjórsársvæðinu og Sultartangavirkjun, sem ætlunin var þá og virðist enn vera hjá sumum að fresta aftur fyrir allt annað, þótt það muni ekki takast. Á það vil ég leggja áherslu.

Ætlast var til að sá tími, sem liði uns Alþingi tæki ákvörðun um virkjanaröð, yrði notaður til að ganga frá undirbúningi bæði að virkjunum og nýtingu orkunnar. Þetta hefur að nokkru leyti verið gert að því er varðar virkjanirnar, en nýting orkunnar virðist enn svífa í lausu lofti. Þau mál eru öll á vangaveltustiginu þrátt fyrir ótölulegan fjölda svokallaðra starfshópa, stóran stafla af skýrslum og óendanlegt málæði. Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, er því hvorki fugl né fiskur ef ekki liggur eitthvað ákveðið fyrir um nýtingu orkunnar, auk þess sem virkjanaröð er skökk. Til þess að reyna að sníða af henni verstu vankantana um virkjanaröð höfum við hv. þm. Guðmundur Karlsson lagt fram brtt. sem hér liggja fyrir og ég mun nú gera nánari grein fyrir.

1. brtt. er við 1. liðinn. Lagt er til að liðurinn orðist svo: „Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjun verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsá — Tungnaársvæðinu og í framhaldi af því stækkun þeirra stöðva sem fyrir eru eftir þörfum til þess að ná sem mestri orkuvinnslugetu."

Í upphaflegu till. er gert ráð fyrir að takmarka orkuöflunina á Þjórsár—Tungnaársvæðinu við 750 gwst. Það er auðvitað hrein firra að setja einhver slík takmörk. Þessum staðhæfingum til áréttingar vil ég vitna í skýrslu Landsvirkjunar til ríkisstj. frá 14. des. 1981, sem ber heitið „Orkuöflunarleiðir í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun." Þar eru niðurstöður m. a.:

„Hagkvæmast virðist tvímælalaust vera að næstu aðgerðir í raforkuöflun landsmanna verði stíflugerð við Sultartanga, vatnaveitur til Þórisvatns (Kvíslaveita) og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Þessar aðgerðir bæta ódýrustu orku, sem völ er á, við orkuframleiðslu hins samtengda landskerfis, auk þess sem þær auka mjög rekstraröryggi á Þjórsársvæðinu. Jafnframt bjóða þessar aðgerðir upp á sveigjanlegan framkvæmdahraða til aðlögunar markaðsþróun á hverjum tíma. Samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim er nauðsynlegt að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu. Hér virðist stækkun Búrfellsvirkjunar vera mun hagkvæmari kostur en stækkun Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana eins og tilvitnuð lög gera ráð fyrir. Kemur hér einkum til að stækkun Búrfellsvirkjunar bætir aflmisvægið, sem nú ríkir milli þessara virkjana, og gefur auk þess aukna orkuvinnslugetu sem út af fyrir sig getur réttlætt þá fjárfestingu sem til þarf. Þess má og geta, að stækkun Búrfellsvirkjunar kostar mjög ámóta upphæð og stækkanir Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjana, sem ekki skila aukinni orkuvinnslu inn á hið samtengda landskerfi. Landsvirkjun leggur því eindregið til að aflað verði lagaheimilda fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að afli allt að 140 mw."

Eins og hér kemur fram telur Landsvirkjun að aðgerðir á Þjórsársvæðinu bæti ódýrustu orku, sem völ er á, við hið samtengda landskerfi. Það væru því hrein afglöp að takmarka þá orkuöflun. Og enn fremur segir Landsvirkjun:

„Á núverandi orkuveitusvæði Landsvirkjunar er Sultartangavirkjun fullundirbúin og rannsóknir á stækkun Búrfellsvirkjunar langt komnar. Í þessar virkjanir væri hægt að ráðast með litlum fyrirvara, en tímasetning næstu framkvæmda á Þjórsársvæðinu eftir áðurnefndar aðgerðir þar hlýtur að ráðast af því, hve ört markaður fyrir iðnað okkar vex á næstu árum og hvar hann yrði staðsettur. Einnig er á það að benda, að á Þjórsársvæðinu er fjöldi hagkvæmra virkjunarkosta sem eftir er að hagnýta, og má því reikna með áframhaldandi framkvæmdum þar næstu áratugi. Augljós hagkvæmni er í því fólgin, að þessar framkvæmdir séu sem samfelldastar, þannig að sú aðstaða, sem smám saman hefur verið að myndast þar, nýtist sem best."

Hér leggur Landsvirkjun áherslu á hagkvæmni þess að órofið framhald verði á framkvæmdum á Þjórsársvæðinu.

Þá er það brtt. við 2. lið. Lagt er til að 2. liður orðist svo: „Eftir því sem orkunýting gefur tilefni til verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Hrauneyjafossvirkjun Blönduvirkjun samkv. virkjunarkosti I og samhliða henni Sultartangavirkjun."

Nú er vinna hafin við byggingu stíflu Sultartangavirkjunar og að hætta við þá virkjun í miðjum klíðum væri hreinn molbúaháttur. Auðvitað á að vinna samfellt að framkvæmdum þar uns virkjuninni er lokið, samfara Blönduvirkjun.

Þá er það brtt. við 3. lið. Lagt er til að liðurinn orðist svo. „Unnið verði áfram að rannsóknum og hönnun Fljótsdalsvirkjunar. Framkvæmdir við hana verði hafnar svo fljótt sem hagkvæmt þykir."

Vitað er að rannsókn og hönnun Fljótsdalsvirkjunar er skemmra á veg komin en hinna tveggja og þar eru á ferðinni ýmis tæknileg vandamál, þannig að eðlilegt er að hún rísi á eftir hinum virkjununum, þó að e. t. v. verði ráðist í hana að einhverju leyti samhliða þeim ef orkunýtingin gefur tilefni til.

4. brtt. er við 6. lið, að hann falli niður, en hann er svohljóðandi í þáltill.:

„Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987."

Sem sagt er lagt til að þessi liður falli niður. Um þennan lið þarf ekki að hafa mörg orð. Þrátt fyrir það að sumir formælendur Fljótsdalsvirkjunar hafi bæði leynt og ljóst reynt að koma í veg fyrir byggingu Blönduvirkjunar — og nú síðast með því að setja alvarlegan hnút á málið — verður því ekki trúað að óreyndu, að heimamenn láti hafa sig lengur að leiksoppi, heldur verði málin leyst á farsælan hátt sem allir geti við unað. Verði þessi liður felldur út falla þær aðgerðir um sjálfar sig sem unnendur Fljótsdalsvirkjunar hafa haft í frammi til að setja fótinn fyrir Blönduvirkjun.

Ekki má gleyma því, að allar þessar hugmyndir um byggingu virkjana eru algerlega háðar því, hvort einhver markaður verður fyrir orkuna eða ekki. Skýrslubunkar á borðum ráðh. nota ekki orku. Reisa þarf alvöruiðjuver í þessu skyni. Virkjanir án orkunotenda eru eins og virkj-

anir án orku, og þjóðin hefur ekki ráð á öðru Kröfluævintýri. Hér þarf því að gera stórátak í iðnaðarmálum ef við eigum að nýta okkur orku fallvatnanna í stað þess að halda áfram að láta hana renna óbeislaða til sjávar.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Í þeirri umr., sem hér hefur farið fram um virkjanamál, liggur sá hlutur eftir að ræða hver verði eigandi virkjananna, hvort sem um er að ræða Blöndu- eða Fljótsdalsvirkjun. E. t. v. finnst mönnum að þetta skipti ekki máli. E. t. v. er hægt að tala um það í öðru orðinu, að fallvötnin séu mesta auðlind vors lands, og í hinu orðinu, að það skipti ekki máli um ókomna framtíð hverjir verði eigendur þessara virkjana.

Ég held að þetta mál sé nokkuð tengt stjórnarskrármálinu sem til umræðu er einnig. Það hlýtur að vera að alþm. þurfi að taka afstöðu til þessa máls. Ég tel persónulega að best væri að það væri eitt virkjunarfyrirtæki sem reisti og ræki allar aðalvirkjanir þessa lands og ætti jafnframt allar háspennulínur sem flytja raforku til orkukaupenda. Þegar ég tala um orkukaupendur á ég við hvort heldur um er að ræða aðila, sem kaupa í stórum stíl, eins og stóriðjuver eða almenningsrafveitur.

Sveitarfélögum er að lögum ætlað það hlutverk að ráða á því svæði sem afmarkað er í hverju tilfelli. Þannig á t. d. Reykjavík sitt lögsagnarumdæmi, Seltjarnarnes sitt lögsagnarumdæmi, Hafnarfjörður sömuleiðis og Kópavogur. Ekki get ég sagt að ég sjái landamærin á milli og forsendurnar fyrir þessari skiptingu. Engu að síður er hún staðreynd. En hitt hlýtur þá að vekja undrun, að fyrirtæki, sem ber nafnið Landsvirkjun, er í eigu tveggja sveitarfélaga og ríkisins, þ. e. Reykjavíkurborgar og Akureyrar og ríkisins. Spurningin er: Hvers vegna á Kópavogur ekki að eiga í þessu fyrirtæki, hvers vegna á Hafnarfjörður ekki að eiga í þessu fyrirtæki, hvers vegna á Sauðárkrókur ekki að eiga í þessu fyrirtæki? Hver er ástæðan fyrir því að svona er að málum staðið? Á að afhenda allar aðalauðlindir vors lands tveimur sveitarfélögum og ríkinu, eða á að stokka upp spilin um eignaraðildina að Landsvirkjun?

Ég er ekki að leggja til að við tökum eignir af Reykjavíkurborg eða Akureyri, þær eignir sem þær nú þegar hafa. Aftur á móti þykir mér eðlilegt að þann veg sé að málum staðið, að með auknum eignum Landsvirkjunar, sem eru á ábyrgð allrar þjóðarinnar, aukist hlutdeild ríkisins í Landsvirkjun. Þessi er annar valkosturinn. Hinn er sá, að rafveiturnar sjálfar fái aðild að Landsvirkjun og að skiptingin verði á þann veg að atkvæðisréttur manna í landinu til yfirráða yfir orkuverunum byggist ekki á því, að þeir hafi margfalt vald ef þeir eru íbúar Reykjavíkur eða Akureyrar.

Ég tel að það sé mjög erfitt að halda þessari umr. áfram ef iðnrh. er ekki hér í nágrenninu, og vil ég óska eftir því við forseta að mega fresta máli mínu eða að hann komi hér í salinn.

Herra forseti. Ég hef borið fram ákveðna ósk, að annað tveggja verði þessari umr. frestað eða að iðnrh. mæti hér í salinn.

Herra forseti. Þá mun ég halda áfram máli mínu. Ég hef hér verið að reifa það mál, að það sé í alla staði óeðlilegt að Landsvirkjun með núverandi eignaskiptingu gerist eigandi að öllum virkjunarrétti í landinu. En jafnframt hef ég verið að undirstrika það, að ég tel æskilegt að það verði aðeins einn virkjunaraðili sem jafnframt verði eigandi allra aðalbyggðalína í landinu.

Spurning mín til iðnrh. er þess vegna sú, hvort að því sé unnið við eigendur Landsvirkjunar að ríkið auki eignarhlutfall sitt í fyrirtækinu svo sem virkjunum miðar áfram. Þar á ég við það, að ef Landsvirkjun sér um virkjun Blöndu og Fljótsdalsvirkjun verði jafnframt frá því gengið, að hlutdeild ríkisins aukist í fyrirtækinu.

Ég ræddi það hér áðan, að hverju sveitarfélagi er ætlað fyrst og fremst að skipta sér af málum innan marka sveitarfélagsins. Þess vegna hlýtur að vera eðlilegt, um leið og við ræðum virkjunarframkvæmdir, að ræða það hér hverjir eiga að verða eigendur hinna nýju virkjana.

Það er búið að segja hér eitt og annað um þær samningaviðræður sem fram hafa farið. Ég ætla ekki að bæta miklu við það mál. Það var minnst hér á Kröfluævintýrið og að við hefðum ekki efni á öðru slíku. En það mætti gjarnan bæta því við, að við höfum ekki efni á annarri Laxárdeilu. Ég held að meðal almennings í landinu sé viðurkennt að við þurfum að skila landinu sem ósnortnustu til næstu kynslóðar. Menn mega gjarnan hugleiða þá stöðu sem náttúruverndarmenn eru í um alla Evrópu í dag. Það er ekki trúlegt að það verði til gæfu í virkjunarmálum Íslendinga ef einsýni og kannske naumur meirihlutaréttur þvingar allt sitt fram. Það gæti farið svo að Laxárdeila og Kröfluævintýri væru smámunir miðað við þau illindi sem upp gætu hafist í landinu ef menn reyna ekki af fremsta megni að sætta sín sjónarmið þegar samið er um stórvirkjanir.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. talaði um það áðan að hann myndi ekki eftir því, að með till. Alþfl. frá því í fyrra hefði verið gert ráð fyrir röðun á virkjunaráföngum. Ég sé sérstaka ástæðu til að ítreka enn einu sinni ályktun þingflokks Alþfl. um þetta mál, svo að hæstv. iðnrh. þurfi ekki að vaða í villu um það efni. En hitt var rétt hjá hæstv. ráðh., að það var hluti af stefnumörkun Alþfl. að samningar um sölu á raforku til orkufreks iðnaðar yrðu teknir úr höndum hæstv. iðnrh. og þeir settir í hendur sérstakrar nefndar sem Alþingi kysi. Við töldum að fullsannað væri að hæstv. iðnrh. og ríkisstj. hefðu sannað ónýti sitt í því að undirbúa orkunýtinguna og orkufrekan iðnað og þess vegna væri fyllsta ástæða til þess, að Alþingi tæki í taumana og tæki þessi mál að sér. Við lítum svo á, að nefnd af þessu tagi sé áf allt öðrum toga en þær nefndir sem hafa verið að semja skýrslur uppi í iðnrn., og ég er sannfærður um að hefði verið farið að þessum till. stæðum við mun betur í dag.

Ályktun okkar Alþfl.-manna um þetta efni hófst á því að minna á að án uppbyggingar í orkufrekum iðnaði væri allt tal um virkjunaráform innantómt hjal. Við getum því ekki séð annað en að við stöndum einmitt enn í þeim sporunum. Hér fer fram mikil umr. um virkjunaráform, en grundvöllinn sjálfan vantar, þ. e. hvaða iðjuver á að reisa og hvar til að nýta þessa orku til að skapa ný atvinnutækifæri. Við ítrekuðum þetta með því að segja: Sé ekki ætlunin að reisa og reka iðjuver, sem byggja framleiðslu sína fyrst og fremst á stórnotkun raforku, er engin ástæða til stórfelldra virkjunarframkvæmda. Umræður um röðun eru þá líka harla tilgangslausar. Í annan stað ályktuðum við að virkjun orkunnar til að nýta orkufrek iðnaðartækifæri væri álitlegasti valkosturinn sem Íslendingar eiga til að treysta lífskjörin í landinu og fjölga atvinnutækifærum. Og þá sagði: Verði ekki þegar

snúið á þá braut má búast við vaxandi landflótta og stöðvun í efnahagsmálum.

Það hefur ítrekað komið fram í málflutningi okkar Alþfl.-manna, að við teljum brýna nauðsyn bera til að það verði gjörsamlega skipt um stefnu í atvinnumálum þjóðarinnar. Við höfum lagt áherslu á það, að varið yrði miklu fjármagni í uppbyggingu á orkufrekum iðnaði og í virkjunarframkvæmdir, en hins vegar yrði dregið úr því fjármagni sem fer nú og hefur farið í miklum mæli hjá núv. ríkisstj. í stækkun skipastólsins. Eins höfum við talið og teljum að ástæða sé til að draga úr fjárfestingu í landbúnaði. Sannleikurinn er sá, að þessi misvísun fjárfestingarinnar í landinu er eins konar lífskjararýrnunarstefna sem fylgt er af hálfu stjórnvalda. Af þeirri braut verðum við vitaskuld að snúa.

Við ályktuðum enn fremur: Alþfl. telur brýnt að þegar í stað verði teknar ákvarðanir um slíka stefnumörkun í stað þess úrræðaleysis sem ríkir. Alþfl. telur að slík stefna eigi að fela í sér eftirfarandi meginþætti:

1. Samningagerð um sölu raforku til orkufreks iðnaðar verði falin sérstakri orkusölunefnd sem Alþingi kjósi, enda hafa iðnrh. og ríkisstj. þegar sannað ónýti sitt í þessum málum. Orkusölunefndin miði störf sín við að sala til orkufreks iðnaðar a. m. k. fjórfaldist á næstu tveimur áratugum. Sérstaklega verði unnið að því, að fljótlega rísi eitt nýtt iðjuver á Austurlandi, eitt á Norðurlandi og eitt á Suður- eða Suðvesturlandi, auk stækkana á þeim orkuverum sem fyrir eru.

Það er innihald þessa hluta ályktunarinnar, að menn setji sér ákveðin markmið, bæði að því er varðar framkvæmdir og tíma, og að það sé unnið að uppbyggingu í þessari grein, bæði að því er varðar hinn orkufreka iðnað og virkjanirnar, í samræmi við slíka áætlun þannig að menn hafi ákveðna stefnu til langs tíma. Það er mjög mikilvægt vegna þess að í þessum efnum þarf að taka ákvarðanir í góðan tíma.

2. liður ályktunarinnar var þannig: Virkjanaundirbúningur og framkvæmdir eiga að vera á hendi eins aðila, Landsvirkjunar, sem öllum sveitarfélögum landsins sé gert kleift að gerast aðilar að eftir því sem þau óska. — Þetta held ég að ætti að vera öllum ljóst hvað þýðir. Hér er hugmyndin sú, að Landsvirkjun rísi virkilega undir nafni og öll sveitarfélög landsins fái tækifæri til þess að gerast eignaraðilar að henni, öll sveitarfélög landsins og þar með að allir íbúar landsins sitji við sama borð í þessum efnum.

3. liður ályktunarinnar svo svofelldur: Til þess að geta nýtt þau tækifæri, sem bjóðast, og tryggja samfelldar virkjunarframkvæmdir verði ávallt kappkostað að á hverjum tíma séu fyrir hendi fullkannaðir virkjunarvalkostir sem svara til a. m. k. 300 mw. umfram þær virkjanir sem unnið er að á hverjum tíma. — Í þessu felst að þessi hluti efnahagslífsins sé reiðubúinn á hverjum tíma að fara í framkvæmdir þegar tækifæri gefast, að menn standi ekki uppi klumsa og hafi ekki tilbúna virkjunarvalkosti þegar góð tækifæri bjóðast.

4. þáttur ályktunarinnar er svofelldur: Landsvirkjun verði þegar heimilað að reisa og reka eftirtalin orkuver til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir hendi: Í fyrsta lagi nýjar virkjanir eða viðbætur við eldri orkuver á Tungnaár- og Þjórsársvæðinu með allt að 220 mw. uppsettu afli. Í annan stað Blönduvirkjun með allt að 180 mw. uppsettu afli. Og í þriðja lagi Fljótsdalsvirkjun með allt að 330 mw. uppsettu afli. Þá er Landsvirkjun og heimilt að gera stíflu við Sultartanga og gera þær ráðstafanir aðrar á vatnasvæðum ofan virkjananna sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þeirra.

Með þessari stefnumörkun er það tryggt, að undirbúnar séu og menn séu reiðubúnir að hefja framkvæmdir við allar þessar þrjár virkjanir þannig að á því standi ekki, Alþingi hafi gengið frá því, að virkjanir geti haldið áfram með samfelldum hætti á Suðurlandi og þar þurfi ekki að koma til atvinnuröskunar vegna þess að skrykkjótt gangi og út gangi boð eða bönn frá Alþingi eða ríkisstj., og í annan stað, að þær tvær virkjanir aðrar, sem lengst eru komnar í hönnunarundirbúningi, verði heimilað að reisa og reka.

Síðan kemur 5. liður þessarar ályktunar, sem er um það bil árs gömul, og hann er svona: Við þær framkvæmdir, sem þannig verði þegar heimilað að ráðast í, verði við það miðað að:

1) Uppsett vélaafl á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu geti hafið raforkuframleiðslu á árunum 1983—1985 í áföngum. 2) Blönduvirkjun geti hafið orkuframleiðslu 1986. 3) Fljótsdalsvirkjunaráfangar hefji orkuframleiðslu á árunum 1987—1989. — Hér er um tímasetta ákveðna röð að ræða um það, á hvaða tíma virkjanirnar eiga að koma inn á kerfið. Það er í samræmi við þann hluta þessarar ályktunar sem ég rakti hér fyrr, að menn setji sér ákveðin tímamörk til að vinna eftir um öflun valkosta í orkufrekum iðnaði.

6. liður ályktunarinnar er þannig: Ef ekki næst samningar við landeigendur um virkjun Blöndu samkv. tilhögun I eða jafnhagkvæmri tilhögun fyrir 1. júlí 1981 verði Blönduvirkjun frestað, en Fljótsdalsvirkjun flýtt að sama skapi.

7. liður er þannig: Einungis verði vikið frá ofangreindri virkjunarstefnu ef ekki næst samningar um hagkvæma orkusölu í samræmi við hana.

Hér er afdráttarlaus stefna mörkuð og ef þessi stefna hefði verið samþykkt fyrir ári hefðu allir aðilar mátt vita glöggt hvar þeir stæðu og hver væri meining ríkisstj. og Alþingis að því er öll þessi atriði varðar. Ég er sannfærður um að þá hefði gengið betur að undirbúa virkjanir, þá hefði betur miðað í því að velja og finna og ganga frá valkostum í orkufrekum iðnaði, þá hefði gengið betur að standa að málum að því er varðar samninga um Blönduvirkjun.

Nú er það auðvitað mála sannast að vegna þess að ákvörðun hefur dregist svo mjög sem raun ber vitni mundi ekki vera unnt að standa við þessi ártöl núna og yrði að flytja þau til um það ár sem liðið er, það ár sem tapað er. En við stöndum í raun og sannleika í því sem næst sömu sporum og fyrir ári. Þó hlýtur það að vekja ugg, að nú þegar svo á að heita að ákvörðun hafi verið tekin um Blönduvirkjun, samningur að vísu undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstj., skuli svo hafa til tekist að þar sé ekki um samkomulag að ræða, eins og var t. d. forsenda þess að hún yrði næsta virkjun utan þeirrar virkjanaraðar sem í gangi ætti að vera á Suðurlandi, og þessi ákvörðun skuli hafa gerst með þeim endemum að allt eins líklegt verður að telja að ekki sé hald í henni og jafnvel þó að eigi að heita ákvörðun muni ekki reynast verða virkjað samkv. þessari ákvörðun. Það er búið að stilla upp slíku stríði við heimamenn að ég tel að það sé allsendis óvíst að þessi ákvörðun, þó að hún eigi að heita tekin nú, reynist hafa nokkurt hald. Þetta mun vitanlega koma í ljós, en þennan ugg setur að manni.

Um þá þáltill., sem hér liggur fyrir, hlýt ég að segja og ítreka það sem ég hef áður sagt, að í henni felast ekki eiginleg stefnumörkun og engin ákvörðun. Undirstöðuna sjálfa vantar þar sem er ákvörðunartakan um orkufrek iðnaðartækifæri. Það þýðir lítið að veifa þeim verksmiðjum sem hefur verið veifað að undanförnu, eins og steinullar- eða stálverksmiðju eða verksmiðjum af þessu tagi, því að orkunotkun þeirra er hverfandi miðað við þau tækifæri til orkubeislunar sem við höfum verið að ræða hér — ekki bara í dag, heldur á undanförnum árum. Og þá er vitaskuld sárt að ekki skuli miða betur en raun ber vitni, ekki síst þegar við vitum að ekki er vaxtar að vænta í þjóðarbúinu í landbúnaðargeiranum, ekki er vaxtar að vænta í sjávarútvegi sem neinu nemi, heldur bendir allt til þess, að þær auðlindir sú fullnýttar og vel það og yfirfjárfesting hafi átt sér stað í vissum hlutum þeirrar greinar, nefnilega í skipastólnum.

Mönnum er auðvitað farið að leiðast þetta gauf, að ekki skuli miða betur, og allt bitnar þetta á þjóðinni. Mér finnst eins og þau upphlaup, sem hafa átt sér stað undanfarna daga og eiga að flokkast undir ákvarðanatöku, séu með allt of miklum sýndarbrag. Það er hlaupið til og skrifað undir samning um Blöndu með slíku fyrirvaraleysi að jafnvel hinir ráðherrarnir í ríkisstj. vita ekki hvort þeir vissu af því að það ætti að skrifa undir eða ekki. Það eru teknar ákvarðanir, skilst manni, annan hvern dag, kísilmálmverksmiðja, sykurverksmiðja og þar fram eftir götunum, en við höfum séð svona uppröðun áður og komist að raun um að þó að þetta eigi að heita ákvarðanir er sýndaryfirbragð á því og heldur lítið hald í.

Mönnum er auðvitað líka farið að leiðast að hvorki gengur né rekur hjá hæstv. iðnrh. í fleiri málum, eins og t. d. samskiptum við Alusuisse og að knýja fram hærra raforkuverð. Ég trúi að það séu 14-15 mánuðir síðan það mál hófst með upplýsingum um það sem nefnt var „hækkun í hafi." Nú er það vitaskuld svo, að þær kröfur, sem Íslendingar eiga vegna þessarar svokölluðu hækkunar í hafi, kunna að reynast vafasamar. Ég skal ekkert um það fullyrða, en upphæð þeirra krafna, sem Íslendingar hafa lagt fram í þeim efnum, er vitaskuld hverfandi í samanburði við þá hækkun sem við hljótum að gera kröfu til varðandi raforkuverðið. Þess vegna er hver mánuður sem líður mjög dýr.

Mér hefur virst að sú krafa, og ég held að það sé rétt hjá mér, sem Íslendingar hafa uppi vegna svonefndrar hækkunar í hafi sé af stærðinni 1.4 millj. dollarar. Mér sýnist að þær kröfur, sem við hljótum að gera vegna þess hverja nauðsyn ber til að hækka raforkuverðið, séu af stærðinni 700 þús. til 1200 þús. dollarar á mánuði. Krafan vegna þessarar hækkunar í hafi svarar sem sagt til kröfu um raforkuverðshækkun á við skulum segja tveimur mánuðum eða einhverju slíku. Ég nefni þetta bara til þess, að menn átti sig vel á hvað brýnt er að takist að leiða þessi mál skjótlega til lykta, og með hliðsjón af því, hver feiknadráttur hefur orðið á að niðurstaða fengist í þessu máli.

Flokksstjórn Alþfl. ályktaði einmitt nýlega um þetta mál. Í þeirri ályktun var lögð áhersla á tvennt: í fyrsta lagi hversu áríðandi væri að ganga frá yfirstandandi deilumáli milli Alusuisse og ríkisstj. um skattamál og þess háttar svo að samningar um meginatriði drægjust ekki á langinn, og í annan stað að árétta það meginatriði að ná fram endurskoðun á samningunum, einkum varðandi raforkuverð og skattaákvæði.

Nú geta menn haft mismunandi skoðanir á því, hvernig þessi samningur var á sínum tíma. En ég held að það sé augljóst af þeim gögnum, sem tiltæk eru um þetta mál, að raforkuverðið, sem samið var um á sínum tíma, var fyllilega sambærilegt við það sem gerðist í tilsvarandi sölum annars staðar í heiminum. Á seinustu þremur til fimm árum hefur aftur á móti hallað mjög undan fæti, og nú er það alls ekki sambærilegt. Á sama hátt og Alusuisse féllst á það 1975 að breyta raforkuverðinu tel ég að það hljóti nú að fallast á breytingu á raforkuverðinu sem taki tillit til þeirrar þróunar sem hefur orðið síðan. Það tókst að fá það til að taka tillit til þróunarinnar árin fyrir 1975. Á þetta eigum við að leggja megináherslu. (**Gripið fram í:** Hvaða atriði í upprunalegum samningi?) Ég veit ekki hvort ég skil hv. þm., en það, sem ég vil benda á, er að einu sinni áður hefur tekist að fá þetta raforkuverð hækkað þegar aðstæður höfðu breyst frá upprunalegum samningi. Á sama hátt hafa aðstæður gerbreyst nú frá 1975 og mér finnst standa Alusuisse næst að taka tillit til aðstæðna núna með sama hætti og gert var 1975. Vitaskuld er krafa okkar að raforkuverðið sé í samræmi við það sem eðlilegt getur talist á hverjum tíma. Það var krafa okkar og þeirri kröfu náðum við fram þegar samningarnir voru gerðir. Það var auðvitað krafa 1975, og það hlýtur að vera krafa núna.

Ég gat ekki látið hjá líða að fara fáeinum orðum um þetta atriði, svo mikilvægt sem það er og vegna þess að þetta hefur verið í umr. að undanförnu. Ég treysti því, að iðnrh. beiti sér af alefli til að ná fram þessu mikla hagsmunamáli þjóðarinnar og einbeiti sér að því að ná fram hækkun á raforkuverðinu með öllum þeim ráðum sem skynsamleg geta talist.

Ég ætla ekki, herra forseti, að fjölyrða öllu frekar um þessi mál á þessari stundu. Vitaskuld er margt sem væri ástæða til að ræða í þessu sambandi, en um þáltill. sjálfa sé ég í rauninni enga ástæðu til að hafa mörg orð. Til þess gefur hún ekkert tilefni.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það má nú segja að hér á Alþingi fari þennan daginn á vissan hátt fram framhaldsumr. sem hófst fyrir einu ári og fjallaði þá um frv. til l. um ný orkuver, eins og það var og er nefnt. Í þeirri löggjöf var m. a. kveðið á um að það mál skyldi koma fyrir Alþingi aftur og þá á þeim grundvelli, að um það yrði tekin ákvörðun með hvaða hætti þeim framkvæmdum, sem þar var sérstaklega getið, yrði ráðað, hver framkvæmdaröðin yrði. Menn minnast þess kannske að hæstv. iðnrh. lagði á það áherslu á s. l. hausti og í upphafi þessa vetrar og lét ganga út um það sinn boðskap, að umr. um till., sem hér er núna fjallað um, og afgreiðslu yrði lokið fyrir jólaleyfi alþm. Þessu svipar sannarlega til ýmissa verka frá s. l. vetri, því það var ætíð verið að tímasetja hin ýmsu verkefni hæstv. iðnrh. við hátíðir og frídaga alþm., en sú varð hins vegar raunin, að allt stóð í hnút fram á síðustu daga Alþingis, þar á meðal frv. um ný orkuver. Hér sannast það, að sú saga, sem hefur átt sér stað einu sinni, getur gjarnan endurtekið sig öðru sinni. Það er í rauninni verið að endurtaka umr. frá því í fyrravor og sáralítið miðar í þessum efnum, eins og ég mun síðar víkja að.

Þessi vinnubrögð eiga sér að sjálfsögðu ýmsar skýringar og þá kannske sérstaklega þær, að það hefur verið einkenni á starfsferli núv. ríkisstj. að henni hefur ekki

lánast að taka ákvarðanir sem hafa þýtt einhvern sérstakan árangur, nema með því baksi sem allir alþm. hafa orðið vitni að. Menn hafa gjarnan vitnað til þess, að í þessum efnum gangi hæstv. iðnrh. alveg sérstaklega illa að koma sínum málum áfram. En ég fæ ekki séð að hans hlutur í þessum efnum sé miklu verri en annarra ráðh., og mætti rifja upp ýmislegt í þeim efnum og þá alveg sérstaklega á þeim sviðum sem snerta atvinnumálin í þessu landi. Á ég þá alveg sérstaklega við hvernig hefur gengið í embættisferli hæstv. sjútvrh., formanns Framsfl., að ótöldu því, hvernig málum í íslenskum landbúnaði er komið þessa dagana. Er í rauninni skemmst að minnast þeirra umræðna, sem fóru fram á síðasta Búnaðarþingi um landbúnaðarmál, og innihaldsins í þeim tillögum og þeim ályktunum, sem þaðan hafa borist og m. a. hefur verið dreift til þingflokkanna og í hinar ýmsu starfsnefndir hér á Alþingi. Þessu má ekki gleyma þegar sérstaklega er rætt um þátt hæstv. iðnrh. Þetta er sá sjúkdómur, þetta eru þær starfsaðferðir, sem einkenna störf núv. hæstv. ríkisstj. Ég er ekki reiðubúinn að dæma hvort hlutur hæstv. iðnrh. er miklu verri en hinna ráðh. þegar það hendir að einhverjar ákvarðanir á annað borð þurfi að taka. Í rauninni verður þetta sérstaka mál, erfiðleikar í því einmitt raktir til úrræðaleysis og stefnuleysis núv. hæstv. ríkisstj., og vera má að viss og stór þáttur einmitt í sambandi við þetta mál gefi ákveðna skýringu á tilurð núv. hæstv. ríkisstj.

Það hefur verið margsinnis látið berast út frá hæstv. iðnrh., og raunar hygg ég að svo hafi einnig verið þegar aðrir ráðh. hafa minnst á orkumál, að röðun framkvæmda, röðun virkjana, ætti að fara eftir því hvað niðurstöður hagkvæmniútreikningar á hverjum virkjunarkosti fyrir sig segðu til um. Nú er það þannig, að auðvitað er hægt að meta þetta á marga vegu og það er umdeilanlegt. En menn höfðu alltaf einhvern pata af því, að með vissum reikningskúnstum væri hægt að hafa Blönduvirkjun efsta, og þess vegna hefur ríkisstj. bundið sig í það að nota einfalda hagkvæmniútreikninga þannig að verð á hverja afleiningu varðandi áætlun hverrar virkjunar fyrir sig yrði látið mæla þessa stærð og raða framkvæmdum.

Eins og ég sagði áðan er hægt að meta hagkvæmnina á miklu fleiri vegu en þennan, m. a. þann, hvað hver virkjun um sig skapar mikið afl í þessu landi, hvað hún útrýmir miklu af innfluttri orku og hvernig hún auðveldar okkur þannig að nýta þann auð sem við eigum í fallvötnum landsins. Ef við vildum líta á málið með þessum hætti hefði Fljótsdalsvirkjun að sjálfsögðu verið langsamlega efst á blaði. Það er ekki nokkur vafi á að ef væri tekið tillit til þjóðhagslegs gildis þessara virkjanakosta á þessum grundvelli væri ekkert áhorfsmál hvað væri þar efst á blaði. En þetta passar ekki við Blöndu, þetta passar ekki norður í Húnaþingi og þetta passar ekki við þá lífsnauðsynlegu niðurstöðu sem ríkisstj. verður að fá með illu eða góðu, að Blönduvirkjun verði sett efst. Hafi menn einhvern tíma verið í vafa um þetta getur mönnum tæpast dulist það lengur, miðað við þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í frammi, því að ef um eitthvert samkomulag er að ræða norður í Húnaþingi, eitthvert samkomulag um virkjun Blöndu, er það þvingað fram með illu eða góðu. Þar með hafa menn séð hvað legið hefur mikið á í þeim efnum.

Ég hygg að hv. þm. sé varla ljóst að allt það, sem verið er að deila um í sambandi við Blönduvirkjun, er nú til staðar varðandi Fljótsdalsvirkjun. Allt samkomulag, bæði við hagsmunaaðila og við náttúruverndaraðila, liggur þar fyrir. Ég efa að öllum hv. alþm. sé þetta ljóst. Samt sem áður er stofnað til stórátaka og mikilla deilna og þær raunar framkallaðar af ríkisstj.

Nú liggur fyrir í grg. með þeirri till., sem hér er til umræðu, umsögn þeirra þriggja stofnana sem iðnrn. óskaði eftir umsögnum frá, þ. e. Rafmagnsveitna ríkisins, Orkustofnunar og Landsvirkjunar, og ég segi það alveg hreint út hér, að ég legg ekki ýkjamikið upp úr umsögn þessara stofnana hverrar um sig. Rafmagnsveitum ríkisins hefur verið falið af hendi iðnrh. og eigin stjórnar að koma á samkomulagi um að koma á virkjun norður í Húnaþingi. Ég minni á að formaður stjórnar Rafmagnsveitnanna er enginn annar en núv. hæstv. landbrh., og mér dettur ekki í hug að hann hafi beitt áhrifum sínum í þá veru að kalla eftir þeim útreikningum sem ríkisstj. og þá sérstaklega honum sjálfum pössuðu í þessum efnum. Ég minni á hvað hæstv. iðnrh. hefur haft í frammi gagnvart Orkustofnun og hvert húsbóndavald hann telur sig hafa yfir þeirri stofnun. Ekki þarf að fara langt til að minna á atburði sem sanna það. Mér dettur ekki í hug annað en hæstv. iðnrh. hafi notað sína aðstöðu þar eins og annars staðar til að kalla fram það sjónarmið sem honum hentaði í þessum efnum. Og þá kem ég að þriðju stofnuninni, sem er sjálfstæðust að þessu leyti, þ. e. Landsvirkjun. Hennar umsögn er alls ekki tvímælalaus í þessum efnum, síður en svo. Hún er m. a. í algeru samræmi við það sem hefur komið fram hjá nálega hverjum einasta ræðumanni við þessa umr., að hagkvæmni þessara virkjana ráðist af því, hvort markaður er fyrir orkuna og hvar hann er. Ég vek alveg sérstaklega athygli á þessu. Ég vek alveg sérstaklega athygli á því hér á Alþingi, hvað þetta verk allt er ósannfærandi. Ákvörðunin hefur verið tekin af hæstv. ríkisstj., en síðan hafa menn verið að leita eftir rökum fyrir því að geta fundið þeirri ákvörðun stað. Hér hefur verið um hreinan látbragðsleik að ræða af hendi hæstv. ríkisstj. og m. a. af þeirri ástæðu hefur hún nú kallað yfir sig ósamkomulag í þessu máli. Það þarf ekki að vera veikleikamerki þó að menn greini á um leiðir, síður en svo. En það er vissulega mikið veikleikamerki þegar þvingaðir eru fram samningar með sama hætti og hefur verið gert varðandi Blönduvirkjun.

Nú hefur hæstv. iðnrh. haft um það orð í þessum umr., að í till. okkar sjálfstæðismanna frá því í fyrra hafi ekki komið fram nein stefna um röðun virkjana. Munurinn á okkar till. og till. ríkisstj. er m. a. sá, að við höfum fellt okkur við og talið eðlilegt að röðun og verkhraði færi eftir þeim verkefnum sem hverri og einni virkjun um sig væri falið. Við höfum viljað líta á þessi mál öll í heild. Það liggur t. d. fyrir, eins og kom fram fyrr í þessari umr. hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að í tillögugerð ríkisstj. og áætlunum er í rauninni gert ráð fyrir stærri miðlunarlónum en þörf er fyrir. Það má líka færa að því rök, að vatnsafl Blöndu væri svo að segja fullnýtt þótt einungis væri um rennslisvirkjun að ræða — ég tala ekki um ef miðlunin væri miklu minni en kostur I gerir ráð fyrir. Þetta er þó bundið því, að þetta afl sé geymt annars staðar, en það er einmitt stærsti kostur Fljótsdalsvirkjunar hversu miklu afli hún miðlar.

Ef menn fengjust nú til þess að líta á þessi mál í heild væri hægt að reisa miklu minni miðlun norður við Blöndu, en nýta miðlunarmöguleika austur í Fljótsdal.

En af hverju er þetta þá ekki gert? Það passar ekki inn í reikningsdæmið hjá núv. hæstv. ríkisstj. Ef þessi aðferð er höfð er ekki hægt að einfalda málið með sama hætti og ríkisstj. er nauðsynlegt þegar taka á ákvarðanir um virkjanaröð. Við þessar aðstæður mundi virkjunarkostnaður við Blöndu á pappírnum hækka og þar af leiðandi, ef farið væri einvörðungu eftir hagkvæmnisútreikningum miðað við hverja afleiðingu væri hún ekki orðin lengur efst í röð. Ef menn vildu hins vegar líta á þessi mál í einni heild sem samfellt verkefni kæmi dæmið allt öðruvísi út og þjóðhagslega gæti þetta gengið upp jafnvel. Ef myndarlega væri unnið gæti þetta skapað okkur miklu meiri möguleika á sviði orkuframleiðslu og orkunýtingar. Það liggur ekkert fyrir um það, eins og málin standa núna, hve mikla þörf við höfum á miðlunarlóni norður við Blöndu. Ástæðan er sú, að það er ekki búið að gera neinar áætlanir um það og ekkert farið að vinna að því að koma orkunni í verð. Ég sá að hæstv. iðnrh. blikkaði mig þegar ég mælti þessi síðustu orð og þykir mér það raunar ekkert undrunarefni, jafnhlýir og góðir þræðir og liggja nú á milli þm. Austfirðinga og þá ekki síst mín og hæstv. iðnrh. En svo einkennilega vill til, að í skýrslu og greinargerð, sem hæstv. iðnrh. hefur sett nafnið sitt undir, er hægt að finna alveg nákvæmlega sömu stefnu. Það er að vísu hægt að finna þar flest, en hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta, efst á bls. 7, um lið 3 í grg. fyrir till. hæstv. ráðh.:

„Hér er kveðið á um að Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun verði næstu meiriháttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun.“ Og nú bið ég hæstv. iðnrh. að fylgjast vel með: „Hraði við þessar virkjunarframkvæmdir sem og þær, sem á undan koma, mun öðru fremur ráðast af þróun markaðar.“ Finnst mönnum ekki skrýtið að hæstv. iðnrh. skuli segja það eftir allar sínar ræður hér, að hraði þeirra fari nú eftir þróun raforkumarkaðarins? En svo kemur þetta gullvæga: „En ákveðið er að framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun og Blönduvirkjun skarist og einnig að unnið verði að framkvæmdum við Sultartangavirkjun samhliða Fljótsdalsvirkjun, eftir því sem orkunýting gefur tilefni til.“

Það eina, sem er ákveðið, er að þessi margumtalaða skörun eigi sér stað, skörun og aftur skörun, skörun á milli Blöndu og Fljótsdals og skörun á milli Fljótsdals og Sigöldu.

Ef lesið er aðeins lengra og þessari umsögn um 3. lið er lokið kunna menn enn einu sinni að verða undrandi. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ef gert er ráð fyrir að raforkusala til orkufreks iðnaðar og vegna sparnaðar á innfluttu eldsneyti rösklega tvöfaldist á næstu tíu árum frá því sem nú er má þannig reikna með að Fljótsdalsvirkjun komist í gagnið um 1990 og Sultartangavirkjun litlu síðar.“ — Ef gert er ráð fyrir þessu eða hinu getur dæmið gengið upp. Þannig er nú fótaslátturinn í þessari tillögugerð.

Nú er kannske vert að vekja athygli á því sem kom fram í ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar þar sem hann var að tala um líkar ræður frá því sem þær hefðu verið fyrir einu ári. Það er ekkert mjög einkennilegt að líkar ræður séu fluttar um svipaðan texta. Þegar verið er að leita að ákvörðunum, leita að einhverju áþreifanlegu í þessum tillöguflutningi, kemur það fram, eins og ég sagði í upphafi, að hér er um framhaldsumræðu og þenkingar að ræða. Í grg. fyrir frv. til l. um orkuver, sem samþykkt var í fyrra, segir m. a. að hraðað verði verkhönnun við Blönduvirkjun. Hvað á nú að gera, hæstv. iðnrh.? Það á að ljúka rannsóknum í staðinn fyrir að áður átti að hraða þeim. Lokið verði rannsóknum vegna Fljótsdalsvirkjunar og hafin verkhönnun hennar. Hvað á að gera núna í Fljótsdal? Það er talað um að það eigi að ljúka verkhönnun á næsta ári. Hafnar verði tilraunir með uppgræðslu og gróðurbætur á virkjunarsvæði Blöndu í samráði við sérfræðinga og heimamenn og ráðist verði í vegagerð á virkjunarsvæðunum. Hverju gerir samkomulagið svonefnda við bændur í Húnaþingi ráð fyrir? Á ekki að bíða eftir ýmsum ákvörðunum þar til þessar eða aðrar slíkar tilraunir liggja fyrir? Í lokin sagði fyrir einu ári að samhliða þessu verði leitast við að ná sem fyrst samningum við hagsmunaaðila vegna Blönduvirkjunar. Er þessu lokið? Eru þessir samningar til? Þarf ekki að vinna þetta verk? Ég bið ykkur, hv. alþm., að fara yfir þetta kver, till. til þál. um virkjunarframkvæmdir, og finna einhverjar áþreifanlegar ákvarðanir sem ná lengra en þetta og skýra þetta mál.

Það er þó kannske vert að leita sérstaklega eftir svari hjá hæstv. iðnrh. varðandi 2. lið till., og nú ætla ég að biðja hæstv. iðnrh. að taka vel eftir og helst vildi ég að hann skrifaði upp orð mín svo að það lægi alveg fyrir, hver spurningin væri, og þá líka yrði alveg skýrt hver yrðu svörin. 2. liðurinn hljóðar þannig:

„Blönduvirkjun, samkvæmt virkjunartilhögun I, verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun á eftir Hrauneyjafossvirkjun, enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn.“ Ég endurtek, herra forseti: enda takist að ná um það samkomulagi við heimamenn.

Hvað felst í þessu? Er fullnægjandi að það sé hægt að þröngva fram samkomulagi við sumar hreppnefndir og jafnvel þótt fyrir liggi að einungis sé um mjög nauman meiri hluta að ræða innan hverrar hreppsnefndar fyrir sig? Hvað felst í þessu orðalagi, að það eigi að ná samkomulagi við heimamenn? Það er engin tilviljun, það getur ekki verið tilviljun, að hér er ekki talað um að það eigi að ná samkomulagi við sveitarstjórnir í viðkomandi byggðarlagi. Hér er alveg óumdeilanlega átt við að það þurfi að ná slíku samkomulagi að ekki hljótist af deilur og ófriður í héraði. Þess vegna verður hæstv. ráðh. að sjálfsögðu að segja alveg skýrt til um það, hvaða skilning hann leggur í þessi orð. T. d. eins og það, hvort hæstv. iðnrh. og ríkisstj. duga þeir samningar eða samningsdrög sem búið er að gera norður við Blöndu. Dugar hæstv. ríkisstj. það til þess að ráðast í virkjun Blöndu?

Í framhaldi af þessu vil ég líka fá skýr svör varðandi 6. lið till., en með leyfi hæstv. forseta er hann á þennan veg: „Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1987.“ — Eru þá aðstæður norður í Húnaþingi orðnar þær, að það sé sjálfgefið að fara í Fljótsdalsvirkjun? Hvernig þarf samkomulagið að verða? Hvað þarf að gerast til þess að hægt sé að hefja framkvæmdir við Blöndu til þess að hún geti orðið númer eitt? Hvernig ætlar hæstv. ríkisstj. að skilja við þetta mál hér á Alþingi? Ætlar hún að skilja við það með nákvæmlega sama hætti og fyrir einu ári, að hafa valdið hjá sjálfri sér þótt hún hafi lofað því og gefið um það fyrirheit að Alþingi ætti að ráða þessu máli til lykta?

Það gleður mig að ég sé að hæstv. iðnrh. er farinn að skrifa. Ég efa ekki að ég fái svör. En hér er að sjálfsögðu þungamiðja málsins vegna þess, sem öllum mönnum er

ljóst, að það hefur verið ætlun ríkisstj. með hæstv. iðnrh. í broddi fylkingar að hafa Blöndu efsta á blaði í sambandi við virkjunarframkvæmdirnar og að þessar hagkvæmnirannsóknir, eins og reyndar hefur hér verið bent á, eins og þær eru með ýmsum hætti ófullkomnar, eru settar á svið til þess að ríkisstj. fái einhverja ástæðu til að taka ákvörðun. En fram hjá hinu verður að sjálfsögðu ekki gengið og þar eru það ekki neinir reiknimeistarar, þar eru það ekki neinar verkfræðiskrifstofur eða skýrslugerð sem geta ráðið, — það verður ekki komist fram hjá því að segja það alveg skýrt hér á Alþingi, hvað er átt með samkomulaginu við heimamenn og hvað þurfi að vera til staðar til þess að ríkisstj. meti málið þannig að samkomulagi hafi verið náð við heimamenn. Þetta er þungamiðja málsins og þetta er það sem snýr að Alþingi, m. a. vegna þess að það er ekki ágreiningur um Blönduvirkjun ef samkomulag við héraðsmenn er til staðar. Jafnmikill stuðningsmaður Fljótsdalsvirkjunar og ég er í virkjunarmálum liggur það fyrir, að ég hef flutt till. með öðrum þm. Sjálfstfl. þar sem fallist er á að virkjað verði norður í Húnaþingi þegar samkomulag er til staðar. Ég sé nóg ráð til að ná fram myndarlegum áformum í orkumálum á Austurlandi þótt það verði ekki með þeim hætti að það verði efnt til bræðravíga í öðrum landshluta. Það er ekki með þeim hætti sem sjálfstæðismenn vilja ná fram sínum málum í sambandi við orkumál.

Í tillöguflutningi okkar fyrir virkjun í Fljótsdal hafa verið fengin rök með því að það yrði unnið að því að fá markað fyrir þá orku. Það er kannske skýrasti munurinn á vinnubrögðum og áformum okkar sjálfstæðismanna og núv. hæstv. iðnrh., að hann er e. t. v. að leitast við að ná fram virkjunarkosti á Austurlandi eða einhverjum orkukosti með því að notfæra sér og kalla fram ágreining í húnvetnskum byggðum, alveg gagnstætt því sem við teljum að sé forsenda virkjunar þar, og með sama hætti á hugsanlega að nota þetta umhverfi til að koma fram orkuáformum á Austurlandi í stað þess að við leggjum á það áherslu að það verði gert með þeim hætti að skapa markað fyrir orkuna. Fyrir þessari stefnu eru til ályktanir og samþykktir frá sveitarfélögunum við Reyðarfjörð, frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi, sem öll sveitarfélögin eiga aðild að, og meira segja frá Alþýðusambandi Austurlands. En hæstv. iðnrh. hefur talið sér þann kostinn betri að standa í styrjöld við ýmsa þá aðila, sem að þessu máli standa, til að gera þessa stefnu tortryggilega og í rauninni að hindra framkvæmdir við Fljótsdalsvirkjun með því að koma í veg fyrir að myndarlega verði staðið að því að taka til við að undirbúa orkufrekan iðnað í þessu landi. Ef það hefði verið gert hefðu öll þessi mál verið margfalt léttari í meðförum — og það sem skiptir þó allra mestu máli, það hefði þó miðað verulega í þá átt að bæta kjör þessarar þjóðar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 72. fundur.

Miðvikudaginn 31. mars, kl. 2. miðdegis.

Samningur við Færeyjar og Noreg um veiðar á kolmunna, þáltill. (þskj. 539). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Tildrög þeirra samninga, sem hér liggja fyrir um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna, eru rakin í aths. við þáltill. Með bréfi, dags 25. febr. s. l., óskaði sjútvrn. eftir því við utanrrn. að leitað yrði efir samkomulagi við landsstjórn Færeyja um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þús. lestum af kolmunna í fiskveiðilögsögu Færeyja og í efnahagslögsögu Íslands á árinu 1982. Sams konar samningar voru gerðir við Færeyjar í ársbyrjun 1980 og aftur 1981.

Utanrrn. lagði til við landsstjórn Færeyja að gert yrði samkomulag milli aðila í samræmi við framangreint og féllst færeyska landsstjórnin á það. Gengið var frá samkomulaginu með bréfi utanrrh. til Pauli Ellefsen lögmanns, dags. 10. mars, og svarbréfi Pauli Ellefsen sama dag. Bréfin eru birt sem fskj. með þessari þáltill.

Í bréfunum er vitnað í niðurstöður viðræðna frá 10. jan. 1979 og er þar m. a. átt við tilkynningarskyldu skipanna og skyldu til að hlíta reglum um lágmarksstærð og friðunarsvæði.

Á fundi í íslensk-norsku fiskveiðinefndinni, sem haldinn var hinn 3. mars í Reykjavík, fór fulltrúi Noregs fram á að aðilar sameinuðust um að beina þeim tilmælum til ríkisstjórna sinna að gerður yrði samningur milli Íslands og Noregs um gagnkvæmar heimildir til veiða á 20 þús. tonnum af kolmunna í efnahagslögsögu Íslands og efnahagslögsögu Noregs á árinu 1982. Samþykkti fulltrúi Íslands að standa að þessum tilmælum að því tilskildu að veiðiheimildir Íslendinga væru innan efnahagslögsögu undan ströndum meginlands Noregs.

Ríkisstjórnir Íslands og Noregs féllust á að gera með sér samning í samræmi við framangreint. Gengið var frá samkomulaginu í bréfi sendiherra Noregs til utanrrh., dags. 23. mars 1982, og svarbréfi utanrrh. sama dag. Bréfin eru birt sem fskj. með þessari þáltill. og þar er að finna sams konar ákvæði og ég gat um áðan varðandi samkomulagið við Færeyjar.

Rétt er að undirstrika það, að veiðar þessar taka aðeins til lögsögu undan ströndum Noregs, eða eins og segir í norska bréfinu, „innenfor Norge fastlands økonomiske sone," þ. e. að svæðið við Jan Mayen er alveg utan við þetta.

Því er verr að Íslendingum hefur tekist heldur illa að komast upp á það að veiða kolmunna. En auðvitað verður að vænta þess, að þeir læri þær veiðar eins og aðrir og geti farið að stunda þær í auknum mæli. Með það fyrir augum eru þessir samningar gerðir.

En annað kemur einnig til og það er að ekki er ólíklegt að í framtíðinni verði það svo, að tekin verði upp kvótaskipting á kolmunna, og þá er það atriði sem eflaust hefur mikið að segja, hvað menn hafa veitt af kolmunna áður eða hvaða heimildir menn hafa áður haft til veiða á kolmunna. Það gæti því hugsast og að því er stefnt líka með þessum samningum, að þessar veiðiheimildir gætu orðið grundvöllur undir kvótaskiptingu og skapað þá Íslandi rétt í þessu sambandi.

Nótuskiptin fylgja hér með og eru birt sem fskj. með þáltill.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en legg til að þáltill. verði að þessari umr. lokinni vísað til utanrmn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, 186). — Frh. einnar umr.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það er nú nokkur tími liðinn frá því að þessar umr. hófust. Þær hófust að sjálfsögðu með framsögu hæstv. iðnrh. og að henni lokinni flutti ég ræðu sem hæstv. iðnrh. fór í gær mjög lofsamlegum orðum um að því leyti, að hann sagði að mín ræða hefði verið lengri en hans ræða, og ég segi lofsamlegum vegna þess að ég tel að hæstv. iðnrh. telji að langar ræður séu góðar.

Eftir að ég hafði haldið mína ræðu kvaddi sér hljóðs hv. 12. þm. Reykv. og vék nokkrum orðum að minni ræðu. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að tíunda það sérstaklega hér vegna þess að mér fannst sú ræða vera alveg sérstaklega málefnalaus. Hv. þm. taldi ástæðu til þess að viðhafa nokkur stóryði í tilefni af því, sem ég hafði sagt, og var þá með sleggjudóma t. d. um álverið í Straumsvík, fór nokkrum orðum um orkusölustefnu í stíl kommúnista, talaði um að ef farið væri að stefnu okkar sjálfstæðismanna í stóriðjumálum stefndum við í villimannaþjóðfélag, eins og mig minnir að hann hafi orðað það. Hann vék sérstaklega að Kanada sem við ættum að forðast að líkjast í þeim efnum sem varðar stóriðju, við ættum að forðast að líkjast þeim fátæklingum sem þar væru.

Hv. 12. þm. Reykv. fór nokkrum orðum til um það, hve kanadíska þjóðin væri grátt leikin í stjóriðjumálunum vegna þess að þar væri um að ræða svo mikla þátttöku útlendinga í stóriðjuverum. Ef ég man rétt hefur hæstv. iðnrh. í þessum umr. vitnað til Kanada á nokkuð annan veg. Ef ég man rétt var hann einhvern tíma ekki alls fyrir löngu að leggja áherslu á það, að ekki væri mark takandi á því, þó að það væri hagstætt verð til stóriðju í Kanada. Vegna hvers? Vegna þess að Kanadamenn ættu sjálfir stóriðjuverin og væru að selja sjálfum sér.

En ég ætlaði aðeins að víkja örfáum orðum að ræðu hv. 12. þm. Reykv. áður en lengra er haldið, aðeins örfáum orðum til viðbótar. Hann lagði mikla áherslu á eignaraðild Íslendinga að stóriðjuverum. En hann gerði meira. Hann sagði að sú eignaraðild mætti ekki miðast við ríkið, það væri ekki ætlun hans að ríkið væri þar fyrst og fremst eignaraðili, heldur lá í orðum hans, ef hann sagði það ekki beinlínis, að það ættu að vera einstaklingar, það ætti að afla fjár hjá einstaklingum í landinu til þess að gerast eignaraðilar að stóriðju. Nei, það verð ég nú að segja, að mér fannst þetta og margt fleira af því, sem hv. 12. þm. Reykv. sagði í þessari ræðu sinni, ekki lýsa miklu raunsæi í þessum málum. Gildir þá einu þó að það kunni kannske að leynast meira í hinum kunnu peningasjóðum Sambands ísl. samvinnufélaga en ég hef þó gert ráð fyrir. Hv. þm. lagði áherslu á það, að hann væri samþykkur þeirri stefnu að það ætti að reisa allar þær virkjanir, sem þáltill. gerir ráð fyrir, á 12 árum. Og hvernig ætti að fara að því að fjármagna það? Því lýsti hann í þessum orðum sem ég hef þegar vikið að. Mér finnst öll þessi ræða hv. 12. þm. Reykv. þess eðlis, að ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um hana.

Þá vil ég víkja að ræðu hæstv. iðnrh. sem hann flutti hér í gær. Ég átti von á að hæstv. ráðh. sæi ástæðu til að koma málefnalega inn á a. m. k. einhver þau atriði sem ég gerði tíðrætt um í minni ræðu fyrr í þessum umr. En það verð ég að segja að hæstv. ráðh. gerði ekki mikla tilraun til slíks. Með tilliti til þess má kannske segja að ég hafi ekki mikla ástæðu til þess að bæta við það sem ég hef áður sagt í þessum umr. og þeim mun síður þar sem síðar hafa verið fluttar tvær ágætar ræður sem ég nefni sérstaklega og hafa gengið í svipaða átt og ég mælti. Á ég þá við ræðu hv. 6. þm. Reykv. og hv. 11. landsk. þm., en þeir töluðu í þessum umr. báðir í gær. Ég vil þó víkja nokkrum orðum að ræðu hæstv. iðnrh. hér í gær.

Það kenndi í inngangsorðum hans nokkurs yfirlætis um það, að það hefði verið fullkomlega ástæðulaust, lá í hans orðum, að ræða sumt af því sem ég var að ræða um í minni ræðu. Sérstaklega hafði hann orð á því, að það hefði ekki verið ástæða til að rifja upp ýmis atriði sem áður hefðu gerst í orkumálunum. Ég skil ósköp vel að hæstv. iðnrh. kæri sig ekki um slíka upprifjun. En hann verður að hafa það sem sannara reynist í þessum málum, hvort sem honum líkar betur eða verr.

Hæstv. iðnrh. sagði í hálfkæringi að ég hefði verið að tala um mál eins og skipulagsmál orkumálanna, orkunýtingu og fjármögnun á orkuframkvæmdum og annað slíkt sem hann nefndi. En hann vék ekki einu orði eða reyndi að tjá sig um þessi efni með tilliti til þess sem ég hafði sagt og lagt áherslu á í minni ræðu. Það hvarflaði ekki að hæstv. ráðh. að segja eitt orð frá eigin brjósti t. d. um skipulag orkumálanna. Þó er það svo, að það er staðreynd, að það skipulagsleysi, sem er í þessum efnum, hamlar stórlega öllum markvissum og skipulagsbundnum aðgerðum í orkumálum landsins. Þó er það staðreynd, að lög þau, sem ríkisstj. fékk samþykkt um orkuver á síðasta þingi, og sú þáltill., sem við nú ræðum, eru ljósasti vottur um það, hvernig ástandið er í skipulagi orkumálanna. Ég benti á það í minni ræðu hver væri ástæðan fyrir þessu og ég ætla ekki að fara að rekja það mál hér frekar. En ástæðan er sú, að hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. eru á algerlega öndverðum meiði í þessum efnum og hafa verið á undanförnum árum.

Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði sagt að það væri algerlega vonlaust og ofætlun að ráðast af eigin rammleik í þrjár stórvirkjanir, sem um getur í þessari þáltill., á 10—15 árum nema með þátttöku útlendinga. Hér fer hæstv. iðnrh. algerlega með rangt mál. Ég tók einmitt fram að við yrðum að gera ráð fyrir því, að eignaraðildin að orkuverunum hlyti að vera algerlega í höndum Íslendinga. Ég tók þetta beint fram. Hæstv. ráðh. segir rangt til um þetta efni. En þetta er annað mál en eignaraðildin að stóriðjufyrirtækjunum og kem ég nánar að því.

Hæstv. ráðh. sagði í sinni ræðu í gær, og taldi sig geta skopast að því, að í frv. okkar sjálfstæðismanna á síðasta Alþingi um ný orkuver hafi ekki verið gerð tillaga um röðun virkjanaframkvæmda. Það er alveg rétt, það var ekki gerð till. um röðun virkjanaframkvæmda. Þegar umr. voru um þetta mál í Ed. á síðasta þingi, þar sem frv. var lagt fram, var raunar það eina, sem var bitastætt í aðfinnslum hæstv. iðnrh. gagnvart þessu frv., að ekki væri um röðun að ræða. En hvers vegna var ekki um röðun að ræða? Það var vegna þess að það lágu ekki fyrir neinar ákvarðanir eða slíkur undirbúningur undir stóriðjuframkvæmdir í landinu að hægt væri með vitrænum eða ábyrgum hætti að gera tillögur um röðun virkjanaframkvæmda. Í verki samþykkti svo hæstv. iðnrh. þetta sjónarmið á síðasta Alþingi. Hvernig gerði hann það? Hann gerði það með því, þegar stjórnarfrv. um orkuver var lagt fram og samþykkt sem lög á síðasta Alþingi, að þá var þar ekkert kveðið á um röðun virkjanafram-

kvæmda. Hvers vegna var ekkert kveðið á um röðun virkjanaframkvæmda? Það var af þeirri sömu ástæðu sem við sjálfstæðismenn kváðum ekki á um röðun virkjanaframkvæmda. Það var ekkert raunhæft að byggja á í þeim efnum. En það er ekki ádeiluefni á okkur sjálfstæðismenn. Það er ádeiluefni á hæstv. iðnrh. og ríkisstj. Það var þeirra að gera eitthvað raunhæft í þessum efnum og skapa grundvöll ekki einungis fyrir þeim virkjunum, sem verið er að tala um, heldur fyrir röðun framkvæmda.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni í gær — og átti það, eftir því sem það var sett fram, að vera Sjálfstfl. til háðungar — að lausnarorð sjálfstæðismanna í stórvirkjunarmálunum hefði verið það að koma upp nefnd, koma upp stóriðjunefnd. Svona er hæstv. ráðh. lyntur og svo skilningsvana er hann á aðgerðir í þessum efnum, þegar við sjálfstæðismenn komum með till. um að unnið verði markvisst og skipulega að stóriðjumálum og verkefnið verði falið sérstakri þingkjörinni nefnd, að þá telur hæstv. ráðh. að hann hafi efni á því að gera lítið úr slíkri till. Ég hygg að það megi af þessu sjá hver staða hæstv. *iðnrh. er í þessum efnum. Og hvenær er það sem hæstv* iðnrh. telur sig færan um að gera tillögur um röðun virkjanaframkvæmda? Hann taldi sig ekki færan um það á síðasta þingi, eins og ég gat um, þó að hann vildi telja að við sjálfstæðismenn hefðum átt að gera það. Það er fyrst með framlagningu þeirrar þáltill., sem við hér ræðum, sem hæstv. iðnrh. gerir sínar till. Það er ekki fyrr. En það verð ég að segja, að hæstv. iðnrh. hefði eins getað gert þessar till. á síðasta þingi. Að vísu hefðu þær þá verið byggðar á sandi, en það er einmitt það sem þessar tillögur eru nú. Þær eru byggðar á sandi vegna þess að ekkert raunhæft liggur fyrir um orkunýtinguna til þess að skapa grundvöll fyrir þeim þrem stórvirkjunum sem við hér ræðum um, hvað þá röðun á framkvæmdum við að reisa þær.

Ég sagði áðan að hæstv. iðnrh. hefði í raun og veru ekki gert neina tilraun til þess að ræða efnislega um þau atriði sem ég gerði tíðrætt um í minni fyrri ræðu í þessum umr. Hæstv. iðnrh. gekk svo langt að hann svaraði ekki í sínu máli í gær beinum fsp. sem ég lagði fyrir hann og snerta mjög þá till. til þál. sem við erum hér að ræða. Hæstv. ráðh. getur ekki skotið sér undan því að tjá sig um þau efni sem vikið var að í þessum fyrirspurnum.

*Með þessari þáltill., sem við nú ræðum, fylgja greinar*gerðir þriggja aðila: Orkustofnunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsvirkjunar. Í minni fyrri ræðu ræddi ég sérstaklega álitsgerð eða greinargerð Landsvirkjunar. Mér þótti það vera þýðingarmest, m. a. með tilliti til þess, að gert er ráð fyrir að Landsvirkjun verði framkvæmdaraðili að þeim virkjunum sem við erum að ræða. Mér þótti sum atriði í greinargerð Landsvirkjunar vera þess eðlis, að þau þörfnuðust nánari skýringa, og ég tel að það sé hlutverk hæstv. iðnrh. að gefa þær skýringar sem óskað er eftir á fskj. málsins sem hann leggur fram.

Í niðurstöðum af skýrslu Landsvirkjunar segir að hagkvæmast virðist tvímælalaust vera að næstu aðgerðir í *raforkuöflun landsmanna verði stíflugerð við* Sultartanga, vatnaveitur til Þórisvatns, þ. e. Kvíslaveita, og stækkun Þórisvatnsmiðlunar. Eins og ég hef áður tekið fram hygg ég að enginn ágreiningur geti verið um þetta. Og það er komið að þessu efni í 1. tölul. þeirrar þáltill. sem við nú ræðum. En í skýrslu Landsvirkjunar segir að samhliða þessum aðgerðum eða í beinu framhaldi af þeim sé nauðsynlegt að auka uppsett afl á Þjórsársvæðinu. Hvað þýðir þetta? Skýrsla Landsvirkjunar gefur skýringu á því. Þar segir að stækkun Búrfellsvirkjunar virðist vera mun hagstæðari kostur en stækkun Sigöldu*virkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar sem gert er ráð fyrir í lögum um raforkuver frá síðasta ári, komi hér* einkum til að stækkun Búrfellsvirkjunar bæti aflmisvægið, sem nú ríkir milli þessara virkjana, og gefi auk þess aukna orkuvinnslugetu, sem út af fyrir sig geti réttlætt þá fjárfestingu sem til þarf. Enn fremur segir í skýrslu Landsvirkjunar að þess megi og geta, að stækkun Búrfellvirkjunar kosti mjög ámóta upphæð og stækkanir Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana sem ekki skila aukinni orkuvinnslu inn á hið samtengda landskerfi. Landsvirkjun leggur því eindregið til að aflað verði lagaheimildar fyrir stækkun Búrfellsvirkjunar að afli allt að 140 mw. Þetta segir í skýrslu Landsvirkjunar sem er fskj. með þessari þáltill.

Spurning mín var þessi og ég vil endurtaka hana hér. Ég spyr hæstv. iðnrh. hvort þetta þýði að Landsvirkjun leggi til að næsta stórvirkjun verði reist á Þjórsársvæðinu, að vísu ekki Sultartangavirkjun með allt að 130 mw. afli, heldur Búrfellsvirkjun með allt að 140 mw. afli. Þetta er sú spurning sem ég lagði áður fyrir hæstv. iðnrh., — spurningin sem hann vék sér undan að svara, spurningin sem ég endurtek hér nú.

En ég vík ekki strax frá skýrslu Landsvirkjunar. Í henni segir að þegar á heildina sé litið bendi athuganir fyrirtækisins til þess að Blönduvirkjun, þ. e. tilhögun I, sé hagkvæmasti virkjunarkosturinn sem næsta stórvirkjun fyrir landskerfið, ráði þar fyrst og fremst lægri framleiðslukostnaður auk góðrar staðsetningar í landskerfinu. Tekið er fram að Blönduvirkjun gæti hafið orkuframleiðslu í fyrsta lagi árið 1987. En í skýrslu Landsvirkjunar er bætt við að tímasetning virkjunarinnar að öðru leyti hljóti að ráðast af markaðsaðstæðum, eins og þar segir. Með tilvísun til þessa lagði ég ákveðna spurningu fyrr í umr. fyrir hæstv. iðnrh., — spurningu sem hann vék sér undan að svara í gær, spurningu sem ég ætla að endurtaka nú. Hún er á þá leið, hvað það þýði að tímasetning Blönduvirkjunar ráðist af markaðsaðstæðum. Hvað á Landsvirkjun við með þessu? Er það ætlun Landsvirkjunar, að ekki verði ráðist í Blönduvirkjun fyrr en séð sé fyrir orkunýtingu með stórðiðju? *Þetta er spurningin til hæstv. iðnrh.*

Ég hef hér vikið í nokkrum orðum að ræðu hæstv. iðnrh. sem hann flutti í umr. í gær. Ég sagði í upphafi að það væri ekki rík ástæða til að svara mörgu í þessari ræðu sem vék að mínu máli áður, vegna þess hve fátækleg ræða hæstv. iðnrh. hefði verið í þeim efnum. En ég vil, áður en ég lýk máli mínu, víkja nokkrum almennum orðum að því sem ég tel höfuðatriði og þess vert að draga fram í stuttu máli í þessum umr.

Það, sem einkennt hefur umr. um orkumál á síðustu misserum, er það sjónarmið, að við Íslendingar eigum nú að leggja kapp á að hagnýta orkulindir landsins. Það er byggt á því sjónarmiði, að þar sé um þessar mundir eða *geti verið vaxtarbroddurinn í íslenskri atvinnuþróun,* hliðstætt því sem framfarir í sjávarútvegi voru í byrjun þessarar aldar. Með tilliti til þessa sjónarmiðs lögðum við sjálfstæðismenn fram á síðasta þingi frv. um ný orkuver þar sem gert var ráð fyrir öllum þeim þrem virkjunum sem þessi þáltill. fjallar um, auk stækkunar Hrauneyjafossvirkjunar. Með þessu vildum við marka þá stefnu, að það yrði gert stórátak í orkumálunum og meira en nokkru

sinni fyrr. Þetta átak var svo mikið að samkv. till. okkar sjálfstæðismanna átti á 10 árum að tvöfalda uppsett afl í vatnsaflsvirkjunum landsins. Það var rúmlega 100% aukning. Okkar till. gerði ráð fyrir á að 10 árum yrðu reist orkuver sem væru að stærð samtals rúmlega 700 mw. og kæmu til viðbótar þeim 680 mw. sem búið var að virkja áður.

Gat nokkur verið á móti þessari stefnu? Það komu engar mótbárur gegn þessari stefnu í löngum og ítarlegum umr. um frv. okkar sjálfstæðismanna Ed. á síðasta þingi. Það hafa síðan ekki komið nein mótmæli eða andstaða gegn þessari stefnu, það vottar ekki fyrir því. Þvert á móti segjast allir vilja fylgja þessari stefnu — og hæstv. iðnrh. líka. Þess vegna hefði hann átt að stuðla að því, að frv. okkar sjálfstæðismanna á síðasta þingi hefði verið samþykkt vafningalaust. En hann gerði það ekki og skal ég ekki fara nánar út í að lýsa þeim vinnubrögðum.

Kjarni málsins er sá, að hæstv. iðnrh. vill ekki vera minni en við sjálfstæðismenn í þessum efnum. Hann leggur til að þessar virkjanir verði allar reistar á álíka tíma og við leggjum til, hann vill ekki vera minni. Samkv. þessu erum við sammála um þetta. Ríkisstj. hefur gengið inn á þessa stefnu, sem við sjálfstæðismenn mörkuðum fyrst með frv.-flutningi okkar á síðasta þingi.

En böggull fylgir skammrifi. Það er ekki nægilegt að vilja þetta. Við verðum að vera með raunhæfar aðgerðir til þess að gera þetta mögulegt. Og það er ekkert smáátak sem við erum að ræða um hér. Við erum að ræða um þessar virkjanir, sem ég hef gert grein fyrir, og stóriðjuframkvæmdir til að skapa grundvöll fyrir orkunýtingu, nýtingu orkunnar frá þessum virkjunum. Það er alger nauðsyn að gera slíkt og út í lofið að tala um þessar nýju virkjanir að öðrum kosti, vegna þess að samkv. orkuspá þurfum við ekki þessar nýju virkjanir fyrr en kemur fram á næsta áratug, nema til komi nýjar þarfir fyrir orkunýtingu. Við erum ekki að virkja út í loftið, við virkjum aðeins ef við þurfum á því að halda. En hvað þýðir þetta, þrjár slíkar stórvirkjanir? Það þýðir að við þurfum að byggja nokkur stóriðjuver á þessum tíma — ekki eitt stóriðjuver, heldur nokkur stóriðjuver á stærð við álverið í Straumsvík, hvort sem það eru stóriðjuver til álvinnslu eða til annarrar vinnslu. Þetta er ekkert smáræðis átak.

Það er gert ráð fyrir því að kostnaður við að koma upp stóriðju til hagnýtingar orku frá vatnsaflsvirkjunum sé álíka mikill og kostnaðurinn við vatnsvirkjunina sem þarf til þess að þjóna viðkomandi stóriðju. Ef við byggðum stóriðjuver álíka stórt og álverið í Straumsvík og reistum vatnsvirkjun til þess að sjá slíku stóriðjuveri fyrir orku, þá er talið að kostnaðurinn af hvoru tveggja nemi álíka hárri upphæð og öllum erlendum skuldum Íslendinga í dag. Þetta er ein virkjun og þetta er eitt stóriðjuver. En samkv. till., sem við erum að ræða, leggur hæstv. iðnrh. og ríkisstj. til að það séu byggðar þrjár stórvirkjanir og þá þurfum við að fá nokkur stóriðjuver til þess að hagnýta þá orku. Þetta er viðfangsefni. Ég hef haldið því fram, að ef þetta tal ætti að vera raunhæft, þá væri ekki unnt fyrir okkur á þessum tíma að framkvæma þá stefnu sem hæstv. iðnrh. leggur hér til, það væri ekki framkvæmanlegt nema með mikilli þátttöku útlendinga til að byrja með í stóriðjuframkvæmdum. Ég hef haldið þessu fram. Þess vegna hef ég viljað meina að hæstv. iðnrh. legði raunverulega til meiri þátttöku útlendinga í stóriðjuframkvæmdum en nokkur annar eða til jafns við okkur sjálfstæðismenn. Ef hann er ekki að gera það er þessi tillöguflutningur hæstv. iðnrh., málatilbúnaður hans allur ekkert annað en loddaraleikur af verstu tegund — ekkert annað.

Ég vona að hæstv. iðnrh. skipi sér í raun um þá stefnu, sem við sjálfstæðismenn höfum markað, og geri þennan tillöguflutning sinn um þrjár stórvirkjanir á þessu tímabili að raunveruleika. Það verður ekki gert með öðrum hætti.

Hæstv. iðnrh. talar í þessu sambandi oft um íslenska atvinnustefnu. Þá vill hann halda því fram, að það eigi að þýða að ekkert komi til greina annað en að Íslendingar einir leggi fram fjármagn til þeirra stóriðjuframkvæmda sem ég hef hér lýst. Ég tel mig hafa fært rök fyrir því, að það er óraunhæft. En ef við tölum um íslenska atvinnustefnu, þá er það svo, að ef farin er sú leið sem við sjálfstæðismenn höfum lagt til og markað frá upphafi stóriðju hér á landi, þá er möguleiki á því, eftir því sem aðstæður leyfa með tímanum, að Íslendingar eigi sem mest sjálfir í þessari stóriðju. Og ég legg áherslu á það, að að öðru jöfnu eigum við auðvitað að standa að slíku. En þeir menn, sem hafa mótað stóriðjustefnu okkar fram að þessu, mótað það sem raunhæft hefur verið gert í þessu efni, þeir hafa verið að skapa grundvöllinn fyrir því að við getum í raun og sannleika talað um og stefnt að sem mestri eignaraðild Íslendinga í þessum stórvirkjum.

Ég sagði áðan að hæstv. iðnrh. hefði ekki undirbúið þetta mál þannig að grundvöllur sé fyrir þeim virkjunum sem þáltill. gerir ráð fyrir, hvað þá að það sé raunhæfur grundvöllur fyrir röðun framkvæmda. En þetta mál er svo þýðingarmikið að þó að sú till., sem við ræðum, sé þessum annmörkum búin, þá þurfum við að leitast við að bæta hana í meðferð þingsins.

Ég vek athygli á að í þessari till. er ekkert talað um að hraða virkjunarframkvæmdum. Ég tel að það sé nauðsynlegt að fá inn í till., áður en hún verður afgreidd frá Alþingi, ákvæði um að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdum öllum skuli hraðað svo sem kostur er og að þau vinnubrögð skuli viðhöfð sem miða að því, að framkvæmdum verði lokið á 10 árum, samkv. heildaráætlun er gerð verði um byggingu allra virkjanana. Það vantar í þessa till. ákvæði um þetta efni.

Ég tel enn fremur að það þurfi að fá inn í till. ákvæði um að ríkisstj. skuli gera ráðstafanir til þess, að komið verði á fót iðnaði til nýtingar þeirrar orku sem unnin verður í orkuverunum umfram þörf hins almenna markaðar, og að tekið verði inn í till. ákvæði um að þessum aðgerðum verði hraðað svo sem verða má og þess gætt, að fullt samræmi verði á milli markaðsöflunar fyrir orku og byggingar virkjananna.

Ég vil mega vona það, að í svo mikilvægu máli sem hér er um að ræða verði gæfa Alþingis og ég vil segja þjóðarinnar það mikil þrátt fyrir allt, að okkur takist að gera þessa till. raunhæfa. Ég er ekki og hef ekki verið með ádeilur á þá röðun virkjanaframkvæmda sem hér er gert ráð fyrir. Ég geri ekki athugasemdir við hana. En ég geri þá athugasemd, að allt tal um byggingu virkjana og röðun virkjana er haldlaust og tilgangslaust nema við sköpum grundvöllinn fyrir þessum framkvæmdum.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Vestf. Ég hjó eftir því í hans máli, að hann taldi að ég hefði lýst því hér yfir, að ef orkustefnu Sjálfstfl. yrði fylgt yrði hér á landi einhvers

konar villimannaþjóðfélag. Ég held að þm. hafi misheyrst. Ég mun hafa sagt í þessari ræðu að ég óttaðist að ef orkustefnu Sjálfstfl. yrði fylgt yrði hér á landi einhvers konar vinnumannaþjóðfélag og á því geri ég auðvitað nokkurn mun. (Gripið fram í.) Já, það er ábyggilega misheyrn, vegna þess að ég sagði vinnumannaþjóðfélag. (**ÞK:** Við skulum hafa það sem réttara er.) Þakka þér fyrir. Það, sem ég átti við, var að ég hef alla tíð óttast það sem ég hef kallað orkusölustefnu Sjálfstfl. og mér hefur fundist koma mjög skýrt fram í ræðum þm. Sjálfstfl., stefnu þeirra og framkvæmdum á undanförnum árum. Nú finnst mér þm. Sjálfstfl. nokkuð vera farnir að draga hér í land og telja að þetta sé alls ekki þeirra stefna — og það er vel. En það, sem ég átti við með þessu, var að ef þessi stefna, orkusölustefna Sjálfstfl., kæmist í framkvæmd, þ. e. að orkunýtingarfyrirtæki hér á landi yrðu alfarið í eigu erlendra aðila, þá mundu Íslendingar fyrst og fremst njóta vinnu hjá slíkum aðilum en ekki hafa full yfirráð, virk yfirráð, eins og við framsóknarmenn gjarnan köllum þetta, yfir slíkum fyrirtækjum, þeir mundu vinna hjá þessum fjölþjóðafyrirtækjum og verða þar af leiðandi nokkurs konar vinnumannaþjóð. Það er það sem ég átti við með þessu orðalagi.

Þm. talaði um að ég hefði vitnað til Kanada. Það er alveg rétt. Þær tölur sem ég hef skoðað varðandi þessi mál, orkunýtingu og orkunýtingarstefnu, í Kanada benda til þess, að við hljótum að fara mjög gætilega þegar komið er að þessari orkusölustefnu Sjálfstfl. Þær tölur, sem ég hef nú undir höndum — af því að þetta bar nú á góma aftur — eru frá 1979. Samkv. þeim bendir allt til að Kanadamenn muni nota mesta orku allra þjóða í veröldinni á íbúa eða sem svarar árið 1979 um 9.16 igildum olíutonna á ári á íbúa. Aðrar tölur eru t. d. Danmörk með um 4.23 olíutonn á íbúa á ári, Frakkland 3.75, Vestur-Þýskaland 4.6 o. s. frv. Ísland er með 5.8. Kanadamenn nota miklu meiri orku en Bandaríkjamenn sem nota um 8.7 olíutonn á ári á íbúa. Kanadamenn hafa náð það langt í nýtingu sinna orkulinda nú þegar, að þeir eru sennilega með allra mestu orkunotkun á íbúa allra þjóða. Svo langt hafa þeir náð í orkunýtingu sinni og nýtingu ýmiss konar hráefna og auðlinda sem þeir hafa.

Ef maður síðan skoðar þjóðarframleiðslu á mann þetta ár, þá kemur í ljós að þjóðarframleiðsla á mann í Kanada er 9 580 dollarar. Í Danmörku er hún hins vegar 12 940, í Frakklandi 10 680, á Íslandi 10 980 o. s. frv. Ég ætla ekki að lesa meira. Það kemur í ljós að þjóðarframleiðsla á mann í Kanada er tiltölulega lág miðað við þau lönd sem við viljum miða okkur við enda þótt þeir séu komnir svona langt í sinni orkunýtingu. Þess vegna hef ég verið að segja hér í ræðum að þetta er ekki einhlítt. Það er ekki einhlítt að halda hér langar ræður um mikla orkunýtingu og nauðsyn þess, að Íslendingar virki sín fallvötn og sínar orkulindir hið hraðasta, vegna þess að það er engan veginn sama hvernig að þessu er síðan staðið. Ef menn fara að þessu svipað og Kanadamenn sem svona langt hafa náð í sinni orkunýtingu, en eru staddir þannig að erlend fjölþjóðafyrirtæki eiga þau atvinnufyrirtæki sem orkuna nýta, þá er ekki víst að það bæti okkar lífskjör eða auki þjóðartekjur og þjóðarframleiðslu. Það er það sem ég hef verið að segja.

Orkusölustefna Kanadamanna og sjálfstæðismanna hér á Íslandi má ekki ráða þegar við höldum áfram með orkunýtingu okkar hér. Þetta er algert meginmál, vegna þess að sú stefna leiðir til lítillar þjóðarframleiðslu á íbúa, hún leiðir þess vegna til lægri lífskjara og hún leiðir til þess, að á Íslandi verður vinnumannaþjóð. Ísland gæti með slíku móti, svo lítið land og fámennt en með svo mikla orkunýtingarmöguleika, orðið nokkurs konar hálfnýlenda erlendra fjölþjóðafyrirtækja. Þetta er auðvitað algert meginmál. Þess vegna hafa framsóknarmenn lagt áherslu á það sem þeir hafa kallað „virk yfirráð" yfir þessum orkunýtingarfyrirtækjum. Ég vil bara rifja það hér upp til þess að forðast allan misskilning í tilefni af orðum hv. 4. þm. Vestf., að hér er um algert meginmál að ræða.

Hitt er annað, að mér finnst að sjálfstæðismenn séu nokkuð að hverfa frá þessari orkusölustefnu sinni núna. Þeir eru farnir að slá talsvert meira úr og í, og mér fannst af ræðu hv. 4. þm. Vestf., Þorvalds Garðars, núna áðan að hann teldi að Íslendingar ættu að eiga eins mikið og mögulega væri hægt í þessum fyrirtækjum. Ég er satt að segja mjög glaður að heyra þetta þó að ég sé ekki alveg viss um að við, ég og hv. þm. Þorvaldur Garðar, yrðum sammála um það, hversu mikið Íslendingar gætu átt. Það er kannske eftir að ná frekara samkomulagi um það.

Við framsóknarmenn höfum lagt megináherslu á meirihlutaeign, þó að hún geti myndast á nokkrum árafjölda, en síðan virkum yfirráðum, þar sem við leggjum áherslu á að yfirráð Íslendinga yfir þessum fyrirtækjum eru ekki næg þó að um meirihlutaeign sé að ræða, heldur verða að koma til yfirráð Íslendinga sjálfra og full þátttaka í markaðsmálum, tæknimálum og öðru slíku.

Ég vil sérstaklega benda á það í þessu sambandi, að miklar umr. hafa orðið um álverið í Straumsvík, sem í rauninni er fyrirtæki sem mér hefur fundist fullnægja alveg þeim skilyrðum sem sjálfstæðismenn hafa sett fram í sinni orkusölustefnu. Ég er alveg viss um að verðlagning álversins í Straumsvík á hráefnum til ÍSALs er of há. Ég er alveg viss um það eftir að hafa skoðað þau mál. Ég er alveg viss um að með slíkri verðlagningu kemst álverið hjá skattgreiðslum hér í þeim mæli sem eðlilegt væri ef fyrirtækið greiddi skatta miðað við sína afkomu. Í mínum huga er enginn vafi um þetta. Ég er líka alveg viss um að fjölþjóðafyrirtæki eins og álverið í Straumsvík heldur marga stjórnarfundi um það, hvernig hægt sé að komast af með sem minnstar skattgreiðslur, og það er eðlilegt. Það er auðvitað gert með því að flytja fjármagnið til á milli landa, þannig að það endi þar sem skattgreiðslur eru fyrirtækinu hagstæðastar, líklega í þessu tilviki í Sviss. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt við það. En þarna hvílir ábyrgð á okkur Íslendingum að fylgjast með og veita aðhald.

Ég er líka alveg viss um að meginhluti íslensku þjóðarinnar er þeirrar skoðunar, að orkuverðið til álversins í Straumsvík sé orðið allt of lágt. Tvöföldun á orkuverðinu er meira að segja ekki næg fyrir okkur. Og það er ekki lítið þegar hugsað er til þess, að tvöföldun orkuverðsins í Straumsvík gæti líklega gefið okkur einhvers staðar á milli 8 og 10 þús. millj. gkr. á ári í tekjur. En hallinn á Landsvirkjun hefur kannske verið 1½ gamall milljarður, þannig að það mundi gerbreyta allri stöðu okkar orkuvinnslufyrirtækja ef þessi sjálfsagða og eðlilega leiðrétting fæst fram — eða ég vil kannske öllu heldur segja: þegar hún fæst fram, vegna þess að hún verður að fást fram. En ég held að þarna sé dæmi um það, — ég ætla ekki að ræða fortíðina í þessu sambandi, heldur eingöngu afleiðingu þeirra löngu samninga, sem gerðir voru við álverið á sínum tíma, og í því gerbreytta umhverfi og

gerbreyttu aðstæðum, sem við nú lifum við, eru þessir samningar óviðunandi.

Ég vil benda á það enn á ný, að þetta er hættan af þeirri orkusölustefnu sem mér finnst að Sjálfstfl. hafi lagt mikla áherslu á, en mér finnst að hann sé dálítið að hverfa frá núna.

Hv. 4. þm. Vestf. gerði skipulagsmál orkumála mjög að umræðuefni. Ég veit að þessi þm. hefur borið skipulagsmál orkumálanna mjög fyrir brjósti og oft fjallað um þau. Ég verð að játa að mér hefur alltaf gengið illa að skilja það, hvernig sjálfstæðismenn vilja skipuleggja orkumálin. Þegar við framsóknarmenn vorum upphaflega með þær hugmyndir að orkuvinnslufyrirtæki væri eitt í landinu sem sæi um meginorkuvinnslu, þá fannst mér sjálfstæðismenn alltaf á móti því. Ég man ekki betur en þeir felldu það í borgarstjórn Reykjavíkur að Landsvirkjun yrði færð út, einmitt á þeirri forsendu að þá höfðu þeir allt aðra stefnu. Þá átti þetta að vera landshlutafyrirtæki. Ef ég skil þennan þm. rétt núna, þá er hann hins vegar kominn — eða Sjálfstfl. — á þá skoðun, að nú skuli þetta vera eitt orkuvinnslufyrirtæki, þó þannig að þeir aðrir, sem áhuga hafa á, gætu virkjað í landshlutunum líka. Ég satt að segja sé ekki hvernig þetta getur verið stefnan. Mér finnst að þeir séu komnir hálfa leið yfir til okkar framsóknarmanna með þessa stefnu sína, eins og kannske stefnuna í orkunýtingu líka, og það er vel, ef þeir stíga þá allt skrefið og koma alla leið. Það má kannske segja um þá að þeir séu á réttri braut. En eins og þessi skipulagsmál eru hjá Sjálfstfl. núna, þá verð ég að játa að ég skil þau ekki almennilega og mér finnst þetta einhvern veginn ekkert skipulag. (**Gripið fram í:** Það er auðheyrt.) Já, ég hef þetta bara eftir þm., eða eins og ég skildi hann í ræðunni áðan.

Þm. gerði að umræðuefni að ég hefði sérstaklega talað um að þessi orkunýtingarfyrirtæki ættu ekki að vera alfarið í ríkiseign. Það er rétt. Ég lagði á það nokkuð mikla áherslu í minni ræðu. Hann lagði síðan út af því, að líklega ætti ég við að Sambandið ætti að eiga þetta allt saman. Það var svona óþarfa lykkja hjá þm., enda veit hann að ég átti ekki við það. Hitt er annað, að ég er þeirrar skoðunar að samvinnufélögin, almenn hlutafélög, almenningshlutafélög og einstaklingar eigi að koma inn í eignaraðild að þessum orkunýtingarfyrirtækjum. Ég skal í örstuttu máli gera grein fyrir hvað ég á við með því.

Ríkisstj. hefur markað stefnu um hraða í orkunýtingu. Hún hefur markað þá stefnu, að á næstu 12 árum skuli verða virkjaðar þær virkjanir sem heimildar var leitað til að virkja með lögum frá síðasta þingi, það eru miklar framkvæmdir, en jafnframt að um aldamót skuli orkureikningurinn hafa verið jafnaður, en það þýðir að orkufrekur iðnaður skuli hafa þrefaldast um aldamót, eða að orkufrekur iðnaður, sem nú nýtir um 2000 gwst. eða 2 terawattstundir á ári, skuli um aldamót nýta um 6 terawattstundir á ári. Hér er um glettilega mikla breytingu á íslensku þjóðfélagi að ræða vegna þess að það er líklegt, að ef þetta mark næst, þá muni um 40—50% af útflutningstekjum Íslendinga vera frá orkufrekum iðnaði um aldamót. Þarna er um feiknalegar breytingar að ræða. Ef svo fer að íslenska ríkið verði meginaðili, meirihlutaeignaraðili í öllum þessu fyrirtækjum fram til aldamóta, þá stöndum við hér frammi fyrir þjóðfélagi þar sem um helmingur eða meira en það af öllum útflutningsverðmætunum er frá fyrirtækjum sem að meiri hluta eru í ríkiseign. Ég játa að það er mér mikið umhugsunarefni. Þess vegna er það sem framsóknarmenn hafa hvað eftir annað sagt að inn í þessa eignaraðild verði að koma einstaklingar, samvinnufélög og hlutafélög. Það er viðtekin staðreynd, að frelsi einstaklings og frelsi almennings í lýðræðisþjóðfélagi byggist á því, að jafnvægi sé sem mest í dreifingu fjármagns í þjóðfélaginu og dreifingu valds. Ég hygg, að ef við stefnum í þjóðfélagsuppbyggingu á þennan hátt, þar sem íslenska ríkið sjálft á gífurlegan hluta af atvinnufyrirtækjunum um aldamót, þá muni það beinlínis hafa áhrif á rekstur annarra aðila og frelsi þeirra í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að fara frekar út í þær vangaveltur, en það er þetta, það er þessi framtíðarsýn, sem er í huga framsóknarmanna þegar þeir segja: Þetta verður að færast út. Skothentar yfirlýsingar frá 4. þm. Vestf. um að hér séu framsóknarmenn eingöngu að tala um Sambandið, eru alveg út í hött í þessu sambandi. Við erum að tala um framtíðarsýn íslenska þjóðfélagsins, hvernig íslenska þjóðfélagið verður upp byggt, hvers konar þjóðfélag það verður um aldamót, hvers konar lýðræði við viljum hafa hér. Það er þess vegna sem við erum að fara inn á þetta svið.

Ég ætla svo ekki að lengja umr. frekar í þessu sambandi nú, en að gefnu tilefni vegna ummæla hv. 4. þm. Vestf. sá ég ástæðu til að leggja þessi orð inn í umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þar sem beint hefur verið til mín í þessari umr. nokkrum fsp. tel ég rétt að víkja að þeim nokkrum orðum og örfáum atriðum sem tengjast þessari umr.

Ég vil í fyrsta lagi lýsa afstöðu minni vegna ásakana um það, að með óeðlilegum hætti hafi verið staðið að samningagerð við fimm hreppsnefndir af sex sem í hlut eiga á virkjunarsvæði Blöndu. Ég hygg að þeir, sem að þeirri samningagerð stóðu með ríkinu, mundu ekki taka undir ásakanir þar að lútandi, og ég tel það með öllu ómaklegt í garð þeirra manna sem stóðu að því með virkjunaraðila og mér fyrir hönd ríkisstj., með fyrirvara um samþykki hennar, að vera með aðfinnslur og aðdróttanir í því sambandi. Það hafði sem kunnugt var verið unnið að undirbúningi þessa máls í hálft annað ár og lögð mikil alúð við það og leitast við að taka tillit til fram kominna sjónarmiða, án þess þó að kollvarpa hugmyndum og óskum þeirra sem borið hafa Blönduvirkjun mjög fyrir brjósti, og láta reyna á hvort málamiðlun tækist. Það samkomulag, sem undirritað var 15. mars, var afrakstur af löngu starfi þar sem báðir aðilar, sem í hlut áttu, lögðu sig fram. Mér er hins vegar alveg ljóst að ekki eru allir ánægðir með þessa samningagerð, og það getur átt bæði við virkjunaraðila og aðila á heimavettvangi, eins og við þekkjum, og ég skil það mætavel. T. d. er alveg ljóst að þeir, sem bera fram rök landnýtingar og gróðurverndar einhliða, hljóta að sjá eftir því landi sem þarna tapast. Það tel ég ofur skiljanlegt. En við skulum jafnframt hafa í huga að landvernd þurfum við að ástunda í víðtækum skilningi þess orðs. Við þurfum að gæta þess, jafnhliða því sem við reynum að halda sem mestu til haga af gróðurríki landsins, að við ofnytjum það ekki og töpum því ekki út í hafsauga gróðurmoldinni, vegna þess að við höfum ekki enn snúið þeirri vörn í sókn sem við höfum staðið í í sambandi við eyðingu gróðurlendis í landinu um langt skeið, þó að viðleitni sé í þá átt. Og vegna ásakana um tillitsleysi við umhverfissjónarmið vil ég rifja það upp hér fyrir hv. þm., að á síðasta ári var stigið stærsta skref í

sambandi við náttúruverndarmál í landinu þar sem komið var til móts við óskir Náttúrverndarráðs og náttúruverndarsamtaka um land allt um að friðlýsa það svæði sem þau mest hafa borið fyrir brjósti og skrifað efst á sinn lista af þeim svæðum sem orkuiðnaðurinn taldi sig þurfa að nýta. Þar á ég við Þjórsárver. Mér finnst það bera vott um mikla einsýni í málflutningi ef menn vilja horfa fram hjá þeirri staðreynd, að það hefur verið vaxandi skilningur á þessum sjónarmiðum almennt í landinu og hann hefur komið fram af hálfu þeirra sem um orkumál fjalla, m. a. og alveg sérstaklega með friðlýsingu Þjórsárvera á síðasta ári.

Ég ætla ekki — og það hefur ekki verið gert af þeim sem að þeirri gjörð stóðu og héldu um hagsmuni raforkuiðnaðarins — að rekja það í krónum og aurum eða telja upp ferkm þess lands sem þannig er tekið til varðveislu, vonandi um aldur og ævi, mjög verðmætt svæði náttúrufarslega í okkar landi. En við þurfum að leita málamiðlunar í sambandi við umsvif mannsins í landinu þar sem reynt er að sætta sjónarmiðin. Viðleitni núv. ríkisstj. og þeirra, sem fengu það hlutverk fyrir hönd iðnrn. að fara með samningaumleitanir vegna Blönduvirkjunar, hefur tekið mið af þessu svo langt sem þeirra umboð náði. Og vegna þess að látið hefur verið að því liggja, að Rafmagnsveitur ríkisins, sem hafa haft forustu um þetta mál sem virkjunaraðili, hafi staðið að því með eitthvað lakari hætti en vænta mætti af öðrum, eins og t. d. Landsvirkjun ef hún hefði haldið á þessu máli, er ástæða til að rifja það upp, að í samninganefnd ríkisins í þessu máli og ráðgjafarnefnd rn. um þessa virkjunarframkvæmd og fleiri virkjunarframkvæmdir var og er stjórnarformaður Landsvirkjunar sem hefur staðið að *þessu máli og verið jafnstiga, fylgt í því í einu og öllu* öðrum sem þar hafa haldið á máli. Ég skil mætavel þegar raddir koma úr heimabyggðum sem harma að þarna skuli gengið á hagsmuni gróðurlendis, og ég veit að í hópi þeirra, sem að slíkum ályktunum hafa staðið á ákveðnum tíma undirbúnings máls, eru sumpart sömu aðilar og hafa síðan staðið að samningagerð, vegna þess að þeir hafa fundið að þeim hefur nokkuð áunnist. Þeirra sjónarmið hafa fengið nokkrar undirtektir í sambandi við gerð þess samkomulags sem fyrir liggur og liggur fyrir ríkisstj. til staðfestingar, ef á það verður fallist.

Ég hef látið það koma fram í þessari umr., að það hefur ekki verið settur neinn lokapunktur í sambandi við þessa virkjanaröðun að því leyti, að það ætti að ráðast í Blönduvirkjun á hverju sem gengi í heimabyggðum. Stefna ríkisstj. hefur verið að leita samkomulags um þetta mál, og hefur verið settur inn í þáltill. ríkisstj. varnagli um það, að ef ekki verði ráðist í þessa virkjun, þá er það sett fast og ákveðið í hvaða virkjun yrði næst ráðist, næstu vatnsaflsvirkjun, ef ekki yrði að ráði að ráðast í Blönduvirkjun sem þarna er í fremstu röð.

Ég vil víkja örfáum orðum að þeim fylgigögnum sem lögð voru fram hér á hv. Alþingi fyrir áramót, um svipað leyti og sú þáltill. sem hér er til umr., vegna þess að það hefur verið spurst fyrir um viss atriði þar að lútandi, sérstaklega að því er varðar greinargerð Landsvirkjunar. Ég tel að þessar greinargerðir séu mjög á einn veg í meginatriðum. Á hitt má þó benda og það er út af fyrir sig rétt, að Landsvirkjun tekur í sinni tillögugerð ekki eins ótvíræða afstöðu varðandi röðun virkjana og fram kemur í greinargerð Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins. Landsvirkjun tekur hins vegar fram í sinni greinargerð, að hún telji að skynsamlegra sé að ráðast í *Blönduvirkjun sem næstu vatnsaflsvirkjun.* Það kemur þar fram en hún fer ekki lengra í tillögugerð sinni varðandi röðun og færir fram fyrir því sín sjónarmið sem ég tel ekki ástæðu til að rekja hér frekar vegna þess að þau liggja fyrir og menn geta dregið sínar ályktanir af þeim. Hún mælir hins vegar ekki gegn þeim sjónarmiðum sem fram eru borin í þessari þáltill. Hún hefur ekkert lagt fram sem hnekki þeim till. eða gangi gegn þeim till., eða þannig met ég ekki framlegð Landsvirkjunar til þessa máls.

Spurt hefur verið hvort svo megi líta á, að ábendingar í greinargerð Landsvirkjunar varðandi Búrfellsvirkjun II, sem svo hefur verið kölluð, bendi til þess, að Landsvirkjun sé að gera tillögu um að það verði næsta vatnsaflsvirkjunin í landskerfinu. Ég hef ekki skilið greinargerð eða *málflutning talsmanna Landsvirkjunar* í þá átt. Ég tel að þeirra ábendingar um næstu virkjun séu ótvíræðar í þeirra greinargerð. Hins vegar hafa verið að koma fram ný og breytt sjónarmið af hálfu Landsvirkjunar á síðustu mánuðum í sambandi við aðgerðir á Þjórsársvæðinu. Það segir okkur kannske nokkra sögu um það, að þó að mál virðist vera orðin nokkuð fastbundin og fastmótuð af hálfu virkjunaraðila geta sjónarmið verið að taka breytingum eftir því sem rannsóknum þokar fram. Þannig er greinilega komin af hálfu Landsvirkjunar fram aukin áhersla á Búrfellsvirkjun II fram yfir Sultartangavirkjun og í stað þess að fara í aflaukandi aðgerðir við Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun, eins og fram hafði komið á fyrri stigum og fram kom í greinargerð með frv. til l. um raforkuver.

Þessar áætlanir af hálfu Landsvirkjunar liggja hins vegar enn ekki þannig fyrir iðnrn. að við höfum talið rétt að taka þær upp með ákvarðandi hætti eða taka afstöðu til þeirra tillagna, en að sjálfsögðu mun verða á þær litið þegar þær liggja heildstætt fyrir, og þá ekki síst í því samhengi, hvort þarna sé verið að hverfa frá því að auka afl Sigölduvirkjunar og Hrauneyjafossvirkjunar og koma upp auknu afli við Búrfell í staðinn, sem þýddi jafnframt nokkuð aukna orkuvinnslugetu. En um röðun slíkra framkvæmda eða samhengi við þær tillögur, sem fyrir liggja, verður ekkert sagt á þessu stigi mála, enda engar heimildir fengnar fyrir þeirri framkvæmd lagalega séð sem þarna er á dagskrá. Og vegna þess að hér í umr. hefur verið rætt um Sultartangavirkjun og á hana lögð áhersla af a. m. k. einum ræðumanni — og ég held fleiri, þá er einmitt vert að vekja athygli á þessari breyttu áherslu af hálfu Landsvirkjunar og því jafnframt, að rannsóknir við Sultartangavirkjun hafa ekki gengið hraðar og betur en svo, að þar er enn þá ákveðnum spurningum ósvarað, ákveðnum þáttum varðandi virkjunina. Ég er ekki að segja að þeir séu stórfelldir. Verkhönnun liggur fyrir, en staðið hafa yfir fram eftir síðasta sumri jarðfræðirannsóknir í sambandi við aðveituleið að stöðvarhúsi eða aflvélum þeirrar virkjunar. Er þar við nokkuð flókna jarðfræði að fást í Sandafelli þar sem jarðgöng hafa verið fyrirhuguð. Þetta tel ég rétt að fram komi vegna þess að menn eru að láta liggja að því, að undirbúningi og rannsóknum vegna þeirra virkjana, sem heimilda hefur verið aflað fyrir, væri mjög misjafnlega á veg komið, því verið haldið fram í þessari umr., að Fljótsdalsvirkjun t. d. lægi þar eftir öðrum virkjunum. Það er ekki rétt staðhæfing. Þessar þrjár virkjanir mega

teljast nokkuð jafnfætis hvað undirbúning og rannsóknir snertir.

Þá vil ég aðeins koma að því sem hér hefur fram komið, að vegna þess að ekki hefur verið tekin afstaða til röðunar virkjana hafi komið til verulegra tafa í sambandi við framkvæmdir og undirbúning vatnsaflsvirkjana. Þetta er ekki réttmætt. Það hefur verið unnið óslitið og með eðlilegum hraða að undirbúningi þeirra vatnsaflsvirkjana sem heimilda hefur verið aflað fyrir og hér er tillaga um hvernig ráðist verði í. Það er fyrst ef það dregst mikið úr þessu sem til alvarlegra tafa getur dregið í sambandi við undirbúning næstu vatnsaflsvirkjunar. Þetta er alveg nauðsynlegt að hv. þm. hafi í huga. Ég er ekki með þessu að bera af mér neinar ásakanir í sambandi við tillögugerð eða seinagang í málum. Ég tel þær ásakanir óréttmætar. En það verður hver og einn að dæma um það. Staðreynd er að þær hafa ekki orðið til þess að seinka undirbúningi og vinnu við þær vatnsaflsvirkjanir sem efst eru á blaði og fjallað er um í þessari þáltill.

Væntanlega vita allir hv. þm. að undirbúningur stórra og fjárfrekra mannvirkja gerist stig af stigi, og þó að verkhönnun þessara virkjana sé talið lokið eru margir rannsóknarþættir sem halda áfram á seinni undirbúningsstigum, samhliða gerð útboðsgagna viðkomandi virkjana, og þarf að verja til þess nokkru fjármagni. Mér finnst það alltaf dálítið einkennilegur málflutningur hér á hv. Alþingi þegar verið er að bera fram aðfinnslur við það, að reynt sé að vanda undirbúning fjárfrekra og þýðingarmikilla verkefna, og látið eins og það sé eitthvað nýtt fyrir hv. alþm. að það þurfi að setja saman skýrslur og greinargerðir áður en hægt sé að taka ákvarðanir. Ég held raunar að málflutningur af því tagi falli tiltölulega dauður og ómerkur hjá öllum þeim sem gaumgæfa þessi mál og hafa um flókin mál að fjalla, eins og hv. alþm. allir hafa, hver á sínum vettvangi og í sínum störfum.

Í sambandi við orkunýtingarmálin hefur því af ýmsum hv. ræðumönnum verið haldið fram, að ekki sé hægt að taka afstöðu til röðunar virkjunarframkvæmda vegna þess að það sé ekki búið að ganga frá orkumarkaðinum í hólf og gólf, hvernig eigi að nýta orku frá þeim virkjunum sem hér er gerð till. um. Ég furða mig nokkuð á þessum málflutningi. Það hlýtur að vera öllum augljóst, að ekki er skynsamlegt að fara hraðar í framkvæmdum en þannig að markaður og orkuframleiðsla haldist nokkurn veginn hönd í hönd, þó þannig að við séum öryggismegin í þeim efnum, að við teflum ekki á tæpt vað. Ég vil í því sambandi taka undir það sem fram kom í máli hv. 2. þm. Reykn., að við þurfum alltaf að hafa tilbúnar framkvæmdir til þess að geta hert á ef aðstæður breytast og bjóða að hægt sé að koma við aukinni framleiðslu í krafti okkar orku. Og það er raunar það sem verið er að gera með þeirri langtímastefnu sem hér er fram borin.

Ég held að það sé ekki á færi neins hér á Alþingi að segja fyrir um það, og væri óviturlegt að ætla að fara að slá því föstu, með hvaða hætti í einstökum atriðum við nýtum orku frá þeim þremur stóru orkuverum sem hér eru til umr. Þar hljótum við að haga hraðanum eftir því, sem markaður verður tryggður eða er fyrirsjáanlegur, og leitast við að stilla þetta saman. Mitt sjónarmið er það og ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, að við Íslendingar eigum að hafa forustu í þeim málum, við undirbúning atvinnurekstrar í krafti okkar virkjana. Það hefur margoft verið endurtekið.

Það hefur verið rætt um að koma þurfi orkunni í verð. Ég tek sannarlega undir þau orð. Það þarf að koma orku í verð og það þarf að koma okkar orku í gott verð. Það þarf að tryggja það verð fyrir orkuna að það verði ekki íþyngjandi þáttur í okkar þjóðarbúskap. En viðhorfin eru að sjálfsögðu einfaldari í þeim efnum ef við höfum sjálfir tök á atvinnurekstrinum. Ef um viðskipti skyldra aðila er að ræða, ríkisins sem meirihlutaaðila í viðkomandi iðnfyrirtækjum og sem eiganda virkjananna, þá er það að sjálfsögðu heildarútkoman sem máli skiptir. En dæmið lítur auðvitað talsvert öðruvísi út ef menn eru að fjalla um það út frá því sem nefnt hefur verið orkusölustefna, þ. e. að gera samninga fyrst og fremst við útlendinga um sölu á orku.

Inn í þessa umræðu hefur blandast umræða um álverið í Straumsvík, og það hefur verið undirstrikað hér af tveimur talsmönnum stjórnarandstöðunnar hvílík nauðsyn er að fá þar á leiðréttingu og fá þar hækkað raforkuverð. Ég vil alveg sérstaklega þakka fyrir þær áherslur sem fram hafa komið frá hv. talsmönnum stjórnarandstöðunnar, t. d. hv. 2. þm. Reykn. og hv. 6. þm. Reykv., í þessum efnum, og ég vænti þess, að við berum gæfu til að ná þarna fram breytingu. Það er einmitt samstaðan hér á löggjafarsamkomunni og samstaða í landinu um réttmætar kröfur sem ein getur tryggt okkur þann árangur sem við þurfum að ná í því stóra máli.

Herra forseti. Það eru aðeins fá atriði til viðbótar. Í síðustu ræðu, sem haldin var hér í gær, var beint til mín af hv. 11. landsk. þm. spurningu þess efnis, hvort samkomulag hafi tekist við heimamenn í Húnaþingi í sambandi við Blönduvirkjun. Ég vísa til þess samkomulags, sem fyrir liggur, og ég vísa til þeirra orða minna í ræðu hér í gær, að aðilar að þessu samkomulagi hafa ákveðið að bjóða sjötta sveitarfélaginu, sem hefur ekki gerst þar aðili, að verða þátttakandi í því, og láta á það reyna. Þetta verður að koma í ljós, þetta verður tíminn að leiða í ljós, hvort hægt er að skapa þannig víðtæka og fulla samstöðu allra sveitarfélaga á svæðinu til þessa máls á grundvelli þess samnings sem fyrir liggur. Ég heiti á alla hv. þm. að leitast við að koma þessu máli þannig fram að þokkalegur friður megi takast um það, því ef það verður ekki tel ég að verulegum hagsmunum sé stofnað í hættu. Ég tel að af þeim samningi, sem meiri hluti í fimm hreppsnefndum á Norðurlandi vestra hefur gerst aðili að, séu heimamenn fullsæmdir þó að þeir séu einnig þar á svæði sem telja að ekki hafi verið tekið það tillit til landnýtingarsjónarmiða sem þeir hefðu kosið. En eins og ég gat um er í þessari þáltill. sleginn varnagli varðandi það, að hverju skuli stefnt ef ekki tekst viðunandi samkomulag um Blönduvirkjun, þannig að skynsamlegt þyki að bestu manna yfirsýn, svo að ég noti tíðkanlegt orðalag, að ráðast þar í framkvæmdir. Ég vænti sem sagt að það megi takast og öldur megi lægja í þessu mjög viðkvæma og að mörgu leyti erfiða máli sem hefur lengi verið á dagskrá.

Hv. 4. þm. Vestf. beindi hér áðan til mín tveimur spurningum sérstaklega. Ég tel mig hafa svarað því sem lýtur að Landsvirkjun og hugmyndum hennar varðandi Búrfellsvirkjun II þannig að ekki þurfi þar við að bæta. Hv. þm. hinn sami spurði hvort orðalagið í greinargerð Landsvirkjunar um það, að tímasetning Blönduvirkjunar ráðist af markaðsaðstæðum, mundi þýða að Landsvirkjun sé ekki að leggja til að ráðist verði í Blönduvirkjun. Ég les það ekki út úr þessari greinargerð. Ég tel það

skýrt fram dregið. (**ÞK:** Spurningin var hvort Landsvirkjun segði að það þyrfti að vera búið að ákveða stóriðjufyrirtæki.) Það hef ég ekki heldur, hv. þm., lesið út úr grg. Landsvirkjunar. Hitt er væntanlega öllum ljóst, að hraði þeirra virkjunarframkvæmda, sem hér er um rætt, hlýtur að fara eftir þróun markaðar og þeim viðhorfum sem menn hafa — bjartsýni eða svartsýni eftir atvikum — í sambandi við uppbyggingu markaðar fyrir raforkuna. En eins og fram kemur í grg. með þessari till., sem ríkisstj. ber hér fram, eru menn bjartsýnir á að okkar orkulindir geti í framtíðinni rennt stoðum undir fjölbreytni í okkar atvinnulífi, undir arðbæran atvinnurekstur, nýja þætti í okkar þjóðarbúskap, í formi orkufreks iðnaðar, þar sem við Íslendingar séum ráðandi og höfum tögl og hagldir. Sú er stefna ríkisstj., að þeim undirbúningi er unnið og lögð einmitt sérstök áhersla á að hraða athugun mála varðandi orkunýtingarþáttinn. Það er beinlínis að því vikið í sjálfri þáltill.

Páll Pétursson: Herra forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í þessari umr. sem vert væri að taka til nánari umfjöllunar, en áður en ég byrja á því ætla ég að fara nokkrum orðum um hreint aldeilis ótrúlegan póst sem ég fann í hólfinu mínu núna um hádegið. Þetta var með kveðjum frá Rafmagnsveitum ríkisins og var tilkynning til fjölmiðla frá samninganefnd virkjunaraðila um Blönduvirkjun. Ég er ekki óvanur að sjá blekkingar eða áróður með stimpli Rafmagnsveitna ríkisins, og ég er ekki heldur óvanur að sjá tilskrif frá Kristjáni Jónssyni rafmagnsveitustjóra. Þetta er þriðja sendingin sem hefur komið í hólfin okkar á örfáum dögum. Þessi söngur er oftast sá sami, og sumt af honum er eiginlega svo fáfengilegt að það er varla að taki því að vera að fjalla um hann, en ég held ég megi þó til að verja í það nokkrum mínútum.

Þessi áróður hefur í seinni tíð beinst að því að reyna að sverta hugmyndina um tilhögun II, og það hefur ekki verið lítið lagt undir ef eitthvað mætti finna til að sverta hana. Það hefur verið farið þar með gersamlega staðlausa stafi og er gert enn og aftur í þessu plaggi. Mjög villandi kostnaðarsamanburður er dreginn upp. Raunar ber að viðurkenna að það er erfitt að gera nákvæman kostnaðarsamanburð varðandi miðlun við Sandárhöfða vegna þess að ekki hafa farið fram fullnægjandi boranir við Sandárhöfða og það er mikið mein, en það er vegna þess að sumir ráðh. lögðust gegn því, að það yrði gert á s. l. sumri. Ef þetta lægi fyrir væru menn með miklu vissari tölur í höndunum, en þegar af þeirri ástæðu að það tókst að stöðva að farið yrði í þessar boranir er þetta allt saman lausara í reipunum og tölurnar ekki eins nákvæmar.

Í plaggi Rafmagnsveitnanna er fráleitur útreikningur varðandi bótakostnað. Það hefur iðulega komið fram að þessi upprætunarkostnaður stenst ekki með nokkru móti. Þarna er gert ráð fyrir að borið sé á þriðja hvert ár, fyrst sé borið á á hverju ári, en síðan borið á þriðja hvert ár. Landgræðslan tekur þetta ekki í mál. Það eru einhverjir menn hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem tilkynna þetta, en Landgræðslan fellst ekki á það. Ég er með í höndum nýtt bréf frá Landgræðslunni, nýja útreikninga frá Landgræðslunni, um kostnað af þessu, þar sem kemur glögglega fram að hún telur árlegan áburðarkostnað, miðað við verðið í fyrra, 1595 kr. á hvern einasta hektara. Það þarf sem sagt að bera á þarna á hverju ári. Annað í þessu sambandi líka, sem á milli ber, er að það land, sem þarna er gert ráð fyrir að rækta, er ofan við 500 m yfir sjávarmál að verulegum hluta vegna þess að land í 400 m hæð er ekki til á þessu svæði. Þar af leiðandi er þetta allt saman enn þá ótraustara og óvissara. Það er miklu dýrara að standa við þennan samning en reynt er að láta í veðri vaka. Ég ætla að leyfa mér að lesa á bls. 3 dæmi um þennan áróður, sem ég talaði um, og þær blekkingar, sem beitt er í þessu máli. Það er b-liður 6. greinar í lesinu. Þar segir svo:

„Á Eyvindarstaðaheiði fer meira land undir vatn með tilhögun II en við tilhögun I. Þótt verulegt land sparist á Auðkúluheiði við 220 gígalítra miðlun stækkaði það landsvæði, sem fer undir vatn austan Blöndu, úr 13.5 ferkm í 18.2 ferkm. eða um 4.7 ferkm, og við 400 gígalítra miðlun um 7.2 ferkm í 20.7 ferkm, einnig austan Blöndu. Ekkert liggur fyrir um að auðveldara væri að ná samkomulagi við eigendur Eyvindarstaðaheiðar með slíkri aukningu á því landi sem þarna færi undir vatn."

Þetta er ekki rétt. Við eigum ekki að tala um ferkm í þessu sambandi. Það, sem máli skiptir, er hvaða land er gróið og hávaða land er ekki gróið. Við skulum tala um algróna hektara. Það vill svo vel til að Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefur lagt á það mat, hvað er algróið á þessu svæði. Kemur í ljós að við valkost I austan og vestan Blöndu er að glatast algróið land upp á 5505 hektara, en við tilhögun II glatast ekki nema 2984 hektarar og er þó nóg. Þarna ber á milli 46% eða rúma 2500 hektara. Það er alveg út í hött að reikna grjótið jafnverðmætt og graslendið. Með því að hafa stíflu við Sandárhöfða nýtast undir miðlunarlón áreyrar og sandar við ána, sem ekki eru raunhæf í þessum samanburði. Reyndar fer nokkuð af góðu landi líka við tilhögun II, en það er ekki neitt miðað við það sem fargast ef hin aðferðin er viðhöfð.

Hér er sagt frá í þessu lesi, á bls. 3 í 7. lið, að sú breyting á veituleið, sem um hefur samist og felst í því að gera veituskurð úr Austara-Friðmundarvatni beint í inntakslón í Eldjárnsstaðaflá í stað þess að veita vatni um Fiskilækjarflá og Gilsvatn, sé til þess gerð að auðvelda rekstrarleið búfjár á Auðkúluheiði og hlífa Gilsvatni. Auk þess verði með þessari aðgerð möguleiki til að virkja fallið milli Austara-Friðmundarvatns og inntakslónsins og sé viðbótarkostnaður metinn á um 8 millj. kr. Þeir byrjuðu á að meta þennan kostnað á 18 millj. kr., en þeir eru lagnir að reikna hjá Rafmagnsveitunum og geta fengið út flest af því sem þeim dettur í hug, sýnist manni. Nú er þetta komið niður í 8 millj. kr.

Það er rétt að vekja athygli á því, að mörgum heimamönnum kom mjög spánskt fyrir sjónir hvaða akkur væri eiginlega í því að færa þennan skurð. Hann liggur að vísu ekkert óhaganlegar þar sem hann er fyrirhugaður núna. En hin leiðin var ekki miklu óhaganlegri. Maður gerir þá ráð fyrir að í Fiskilækjarflá hefði verið grafinn skurður, og þá hefði veituleiðin legið í gegnum Gilsvatn. Það er talað um að hlífa Gilsvatni þarna, en nú er fyrirhugað að stífla innrennslið í Gilsvatn eða taka af svonefndan Fiskilæk, sem frá fornu hefur legið á milli Austara-Friðmundarvatns og Gilsvatns. Þá breytist auðvitað Gilsvatn með því og verður ekki neitt í náND það sama vatn, og einnig má reikna með að í það síist jökulvatn og þá fer að verða lítil hlífðin.

Heimamenn sáu ekki alveg, hvað væri fengið með því að færa skurðinn, og óskuðu eftir að fá útreiknað hvort þarna sparaðist beit fyrir kindur með þessu. Ingvi Þor-

steinsson hjá Rannsóknastofnun landsbúnaðarins sló á það máli og fann út að þessi 8 millj. kostnaður sparaði hvorki meira né minna en beit fyrir 36 kindur. Svo er verið að tala um að við landverndarmenn séum með dýrar kröfur um breytingar á tilhögun, en þarna var allt í einu hægt að henda út um gluggann 8 millj.

Þessa peninga mætti sem hægast nota á betri og markvissari hátt. Í þessum samningi er nefnilega verið að bruðla með opinbera fjármuni. Það er ágætt að hv. alþm. geri sér grein fyrir því.

Hér bar á góma um daginn, frétti ég að var, — ég var að vísu ekki viðstaddur þá umr., ég var á þingi Norðurlandaráðs, — einkennilega ráðstöfun á spennistöð í Varmahlíð í Skagafirði og rafmagnslínu þar, sem tveir ráðh. höfðu afhent bréflega á spennandi sveitarfundi norður í Varmahlíð.

Það má nefna ýmis fleiri dæmi ég ætla ekki að gera það í þessari umr. að svo komnu máli — um glannalega meðferð fjármuna, en gaman hefði ég af að vita ef ráðh. gætu svarað því, hver væri orðinn heildarkostnaðurinn við þessa samningagerð. Á ég þá ekki við bótakostnað framtíðarinnar, heldur hvað útlagt hefur verið til að koma samningum á, í flugferðum, þyrluferðum, ökuferðum, mannakaupi, hótelreikningum o. s.frv. Ég er ansi hræddur um að það sé að verða dálagleg summa, og gott væri að fá það upplýst.

Hæstv. iðnrh. leggur á það ríka áherslu í þessum umr. og kom inn á það í gær m. a., að breytingar á miðlunarlóni eða tilhögun virkjunar mundu hafa í för með sér að Blanda gæti ekki orðið næsta virkjun landsmanna. Þetta er auðvitað hin mesta firra. Hv. þm. Egill Jónsson benti á í ágætri ræðu sinni í gær hvílíkur hótanablær er á þessu. Það er verið að reyna að knýja menn til að samþykkja tilhögun, sem þeir mundu annars ekki fallast á, með því að annars fengju þeir ekki virkjunina. Það er nefnilega alveg sama hvernig þetta er reiknað, eftir hvorri tilhöguninni sem er, Blanda er alltaf langhagkvæmust. Hún er miklu hagkvæmari en Fljótsdalsvirkjun hvernig sem reiknað er og hvernig sem farið er að við tilhögun, miklu hagkvæmari en Sultartangi og með hverri tilhögun sem er talsvert hagkvæmari en Fljótsdalsvirkjun. Þetta er atriði sem vel má hafa í huga. Það er líka nógur tími til rannsókna, til að gera þær rannsóknir sem á vantar að hægt sé að ákvarða formlega aðra virkjunarleið en þessa *númer eitt*, vegna þess að í sumar verður að sjálfsögðu ekki unnið nema við undirbúningsframkvæmdir og við vegagerð. Þessi stífla í Blöndu kemur ekki inn fyrr en á síðari stigum verksins, og þar af leiðir að það er ekkert nema fyrirsláttur að ekki sé hægt tímans vegna og ekki svigrúm tímans vegna til að vinna þetta verk. Það þarf að bora við Sandárhöfða einhverjar holur og það tekur ekki mjög langan tíma. Síðan þarf að vinna úr þeim niðurstöðum sem þannig fást. En ef þær boranir bæru jákvæðan árangur, ef menn rækjust ekki á eitthvað óvænt, er hægt að ljúka þeim á einu sumri. Í versta tilfelli fengju menn ekki nóga heppilegan stað í fyrstu atrennu og þá gæti þetta dregist yfir á annað sumar, segja mér fróðir menn. Ég skal ekki meta líkurnar á því, en þessi stífla verður hvorki byggð í sumar né næsta sumar svo að þetta er ekkert nema fyrirsláttur.

Nú sé ég, herra forseti, að nú er kominn sá tími sem ég boðaði þingflokksfund. Ég hef enn ekki lokið ræðu minni. (**Forseti:** Ég vil þá biðja þm. að fresta henni.) Ég á nokkuð eftir og mun að sjálfsögðu fúslega verða við því að fresta máli mínu. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni, þegar ég gerði hlé á henni fyrir þingflokksfundi, að ég ætlaði að fara nokkrum orðum um aðfarirnar við þessa samningagerð, og ég get ekki annað sagt en ég tel að þær hafi verið ljótar. Það hefur verið beitt miklum þrýstingi og iðulega *óeðlilegum þrýstingi — ekki bara af hálfu þeirra manna* sem settir voru til þess af hinu opinbera að koma samningi á, heldur einnig af áhugamönnum og kappsmönnum úr liði þeirra Blöndunga. Einstakir hreppsnefndarmenn hafa verið hundeltir. Skuldugum bændum hefur verið hótað. Bankafyrirgreiðsla hefur verið tengd úrslitum í Blöndumálinu. Meira að segja leikur grunur á að leiguliðar hins opinbera hafi verið látnir skilja hvernig þeir eigi að haga sér. Fréttaflutningur af þessum málum öllum hefur verið með mjög áróðurskenndum blæ oft og tíðum — að vísu á báða bóga, en þó held ég að þeir, sem samninga vildu hvað sem það kostaði, hafi haft ansi mikið yfirhöndina. Fundargerðir hafa ekki verið færðar jafnóðum, ekki lesnar upp í fundarlok, heldur hafa þær verið færðar eftir á og sendar fundarmönnum heim til sín síðar. Þar hefur verið oft og tíðum dregið sérstaklega fram það sem virkjunaraðilar vildu heyra fremur en það sem þeir ekki vildu heyra.

Ég get nefnt dæmi um fund sem landverndarmenn héldu með samninganefnd norður í Varmahlíð í vetur. Þetta var töluverður fundur þar sem landverndarmenn komu sjónarmiðum sínum á framfæri við samninganefnd og töldu að með því næðu þeir í gegnum fundargerð eyrum ráðherranefndar og þeirra manna sem áttu að taka ákvörðun í málinu. Þeir áttu þarna langan fund og gerðu grein fyrir máli sínu, og þeir þóttu viðræðugóðir, samninganefndarmennirnir. Þessa fundar var hvergi getið utan í annarri fundargerð frá hreppsnefnd Svínavatnshrepps. Þar sögðu samninganefndarmenn ferðasöguna og hvað þeir hefðu gert undanfarna daga, og þá sögðu þeir eitthvað á þá leið, að þeir hefðu átt fund með náttúruverndarmönnum í Seyluhreppi og leiðrétt margs konar misskilning, eins og þeir sögðu. Annað var ekki sagt frá því.

Það hefur verið reynt að þegja yfir þeirri andstöðu sem alla tíð hefur verið fyrir hendi. Það hefur verið reynt að dylja hana fyrir samfélaginu og hafa þannig áhrif á ákvarðanatöku hér syðra og á almenningsálitið í landinu. Það kann að vera að landverndarmenn hefðu átt að láta fara meira fyrir sér á einhverjum stigum málsins. En þeir eru ekki hávaðamenn og almenningur þarna fyrir norðan trúði því ekki, að til þess arna kynni að reka sem nú hefur komið á daginn.

Það væri eðlilegt að fara nokkrum orðum um lögfræðihlið málanna. Hvernig skyldi lögformlegur réttur bænda fyrir norðan hafa verið tryggður? Jú, virkjunaraðili tók að sér að greiða lögfræðiaðstoðina og bauð fram duglega og fræga lögfræðinga til þess arna. Fyrrv. alþm. Björn á Löngumýri dró í efa að þetta væri skynsamlegt fyrirkomulag. Að vísu tók hann fram að hann væri ekki að áfellast þessa sérstöku lögfræðinga, en sín reynsla af lögfræðingum væri sú, að þeir ynnu fyrir þann sem greiddi þeim launin, og vitnaði í þetta gamla máltæki: Sá á hund sem elur. — Þetta voru góðir lögfræðingar. Ég held að það hafi verið ómaklegt hjá Birni að láta í það skína að þeir hafi ekki viljað gæta sæmilega réttar bænda fyrir norðan, en þeir vildu fyrst og fremst drífa á samkomulag og fá þetta mál út úr heiminum. Þetta eru

duglegir menn og hafa sjálfsagt ekki nennt að vera að standa í þessu þrasi mjög lengi, enda dálítil hætta á að það hefði spillt fyrir þeim heimilislífi og starfsskilyrðum hér fyrir sunnan. Það vildi nefnilega svo skemmtilega til, að aðallögfræðingur norðanmanna, Jón Steinar Gunnlaugsson lögfræðingur fyrir Auðkúluheiði, rekur lögfræðiskrifstofu með lögfræðingi virkjunaraðila, Hirti Tortasyni, þannig að ef þeir hefðu farið að akneytast eitthvað hvor í öðrum þarna fyrir norðan, þá hefði það getað haft óheppileg áhrif yfir skrifborðið hérna fyrir sunnan. Þetta er mannlegur þáttur og skiljanlegur. Ég er ekki að segja að þeir hafi ekki viljað að okkar réttur væri tryggður. En númer eitt hjá þessum mönnum öllum var að koma á samkomulagi og láta ekki stranda samkomulagið.

Það hefur verið lögð mikil vinna í að egna hreppana hvern gegn öðrum og reynt að ala á tortryggni manna austan Blöndu gegn Auðkúluheiðarmönnum, leiða þeim fyrir sjónir að Auðkúluheiðarmenn mundu hafa meiri hag af breytingum á lónstæði en Eyvindarstaðaheiðarmenn. Þetta er ljót saga. Meira að segja lét hæstv. landbrh. sér um munn fara langan lestur á fjórðungsþingi á Húsavík í haust þar sem hann var að reyna að leiða Eyvindarstaðaheiðarmönnum fyrir sjónir hvað þeir mundu fara illa út úr því ef breytt yrði um tilhögun. Þarna er deila fyrir hendi og er ekkert óeðlilegt að svo sé, því að þetta er mikið mál. Það er um stórt að deila. Það er verið að deila um hvern rétt lífið í sjálfu sér eigi. Þarna á að sökkva 5505 hekturum af algrónu landi. Ég bið menn að hugleiða: Þetta eru 0.24% af öllu gróðurlendi Íslands. Þetta er á annan hektara af hverri einustu bújörð á Íslandi. Það er eins og skák, sem væri eitthvað meira en 100 m á kant, væri tekin af hverri einustu bújörð á Íslandi. Þetta er miklu stærra land en grætt hefur verið upp fyrir þjóðargjöfina og með miklu traustari og náttúrlegri gróðri.

Það er auðvitað ekki hægt að komast af án rafmagns, og það væri fásinna að ætla sér að ekki þyrfti e. t. v. að fórna einhvern tíma og einhvers staðar grónu landi. Það getur verið ill nauðsyn og það erum við reiðubúnir að gera. En við viljum láta spara það gróna land sem sökkt er. Það vill svo til að það er óþarfi að sökkva nær helmingnum af þessu landi. Það er hægt að fá jafngóða virkjun og spara samt nærri helminginn af þessu landi. 2500 hektara er leikur einn að spara. Það reiknaði einhver töluglöggur alþm. út hérna í gær, að ef sá kostnaðarmunur, sem RARIK-menn hafa verið að tala um, væri raunhæfur og ef farið væri eftir virkjunartilhögun II og hann kæmi fram í rafmagnsverði til fjölskyldna í landinu, þá mundi hver fjölskylda í landinu verða að greiða 5.50 kr. meira á ári fyrir rafmagn. Það mættu kallast björgunarlaun á þessum 2500 hekturum.

Hæstv. iðnrh. talaði um að það hefði verið lögð alúð við þessa samningagerð og það hefði verið tekið mikið tillit til náttúruverndar og umhverfismála. Ég get ekki tekið undir það. Ný þjóðargjöf getur ekki skapað þetta land eða annað jafngott. Það er hlálegt, eins og ég minntist á í gær, að hæstv. iðnrh., sem einu sinni var talsmaður Náttúruverndarráðs, ákaflega langorður talsmaður Náttúruverndarráðs, skuli verða til þess að gera þetta. Það er von að hann tali um Þjórsárver. Það er von að hæstv. iðnrh. veki athygli á að Þjórsárverum hafi verið bjargað, og það er gott svo langt sem það nær. En það verður enginn „stikkfrí" á því svo að hann megi gera allt sitt líf allra handa hervirki bara fyrir að hann hafi komið á björgun Þjórsárvera.

Það, sem ber á milli þessara tveggja tilhagana, er jafnstórt land og allt byggingarsvæði Reykjavíkur, eins og öll Reykjavíkurbyggð. Reykjavíkurborg stendur á 25 ferkm.

Ég læt útrætt um þetta miðlunarlón. En það er hægt að gera fleiri breytingar á tilhögun. Það er hægt að færa inntakslón virkjunarinnar. Það er hægt að hafa á öðrum stað, í svokölluðu Austara-Friðmundarvatni, og með því að færa stöðvarhús. Þetta er hugmynd sem mundi spara nokkra ferkm af ágætu landi sem liggja nærri byggð og eru mjög hagkvæmt beitiland. Til þess arna, það skal viðurkennt, þarf miklar rannsóknir og þá yrði að færa stöðvarhús. Það kostar náttúrlega talsvert miklar rannsóknir, en þetta væri einn möguleikinn til að gera þetta aðgengilegra.

Það er reyndar ekki sjálfgefið í svona rannsóknum að menn hitti strax á æskilegasta kostinn. Menn þurfa að prófa sig áfram og leita að bestu lausninni. Landsvirkjun breytir sínum áætlunum. Við urðum varir við það í umr. fyrr í dag, að áætlanir Landsvirkjunar eru meira að segja breytingum undirorpnar, og hefur þó Landsvirkjun tvímælalaust yfir að ráða bestu og færustu og vönustu vatnsvirkjunarverkfræðingum landsins. Stórisannleikur frá því í fyrra um næstu skref í orkuöflun á Landsvirkjunarsvæðinu er allt í einu orðinn vafasamur nú á vordögum. Nú eru menn farnir að tala um aðra röð framkvæmda og breytta frá því sem verið var að tala um þegar heimildarlögin voru til umr. í fyrra.

Þennan Blöndusamning á auðvitað að gera við Landsvirkjun vegna þess að Landsvirkjun kemur til með að reisa mannvirkið og bera ábyrgð á því og lifa með fólkinu og eiga viðskipti við fólkið þarna fyrir norðan til frambúðar, og það munar ekkert litlu fyrir virkjunaraðila að hafa frið við heimamenn. Það hefur komið fram í umr. áður og á það benti hæstv. iðnrh. fyrr í dag, að stjórnarformaður Landsvirkjunar var einn af mörgum mönnum í þessari samninganefnd og hann var einn af mörgum ráðgjöfum ráðh. En hann hafði ekki sína húskarla í rannsóknum þarna fyrir norðan og hann hafði ekki sína aðstoðarmenn frá Landsvirkjun með sér í þessum samningum. Það voru Rafmagnsveitur ríkisins sem höfðu forustu um samningagerðina.

Það er dálítið sérstætt með stjórnarform Rafmagnsveitna ríkisins. Ég er ekki alveg viss um að allir hafi tekið eftir því, að þær lúta ákaflega tiginni stjórn. Einn af ráðh. í ríkisstj. er stjórnarformaður í Rafmagnsveitum ríkisins. Hæstv. landbrh. er stjórnarformaður Rafmagnsveitna ríkisins. Ég held að það sé sem betur fer nokkuð fágætt að ráðherrar séu jafnframt stjórnarformenn í mjög umsvifamiklum ríkisstofnunum. (**FrS:** Bráðabirgðaríkisstjórn.) Það kann að vera að þetta sé bráðabirgðaríkisstjórn, en einhvern veginn held ég að hefði tekist að finna mann til að taka við stjórnarforustu hjá RARIK þegar þjóðfélagið þurfti á starfskröftum hæstv. landbrh. að halda í landbrh.-stóli. Þetta er nefnilega, þegar grannt er skoðað, samningur Pálma Jónssonar, hæstv. landbrh., við nokkra kjósendur í Norðurlandskjördæmi vestra. Það er þá ekki á góðu von, enda er þessi samningur að flestu leyti dæmi um hvernig samningur eigi ekki að vera.

Í fjöldamörgum atriðum er hann ákaflega óljós. T. d. er ekki slegið föstu hvort miðlunin verði 400 gígalítrar

eða 200 gígalítrar. Það er varnagli fyrir 200 gígalítrum með alveg kostulegu orðalagi sem ég ætla ekki að tefja fundinn með því að fara að lesa upp. Ég er ekki með samninginn í höndum, en ef einhver hv. þm. vildi færa mér hann væri ég tilbúinn að benda á það. (Gripið fram í.) Nei, þessi er gamall. Þessi samningur gefur bændum ekki sæmilegar bætur eða neinar tryggingar. Aftur á móti er hann ákaflega dýr fyrir almenning í landinu, langtum dýrari en ástæða er til. Í honum morar af greinum sem eru alveg óþarfar. Þarna eru taldir upp vegir, girðingar og brýr í belg og biðu. Sumt af þessu er þarft, en sumt kemur þessu máli ekkert við. (Gripið fram í.) Já, það kann að vera, hv. þm., að styrjaldir kosti alltaf eitthvað.

Hér hef ég fengið í hendur samning þennan. Nú ætla ég að lesa fyrir ykkur b-liðinn úr 1. gr., með leyfi forseta:

„Við gangsetningu Blönduvirkjunar mun virkjunaraðili viðhafa þá aðferð að auka vatnsmagn í miðlunarlóninu þannig að vatnshæð sé í upphafi miðuð við 220 gígalítra miðlunarrými og fari ekki hærra fyrr en nauðsynlegt er vegna miðlunarþarfar í landskerfinu. Skal samráðsnefnd samkv. 2. gr. fylgjast með aðgerðum í þessu efni og er heimilt að skjóta ágreiningi um þær til ráðh. Í samræmi við f-lið hér á eftir verða botnlokur og/eða lokubúnaður miðaðar við að gera þetta kleift. Meðan vatnsborð er lægra mun virkjunaraðili nota tímann til að kanna, hvort aðstæður séu til að bjarga gróðurlendi undan vatni umfram það sem áætlað var, og ber að leggja á það sérstaka áherslu.

c. Virkjunaraðili gerir í janúarmánuði ár hvert rekstraráætlun fyrir virkjunina þar sem fram komi áætluð orkuvinnsla á miðlunarstað. Þegar miðlunarrými í landskerfinu er orðið svo mikið að ekki sé nauðsynlegt að fylla öll miðlunarlón skal, eftir því sem við verður komið, takmarka vatnssöfnun í Blöndulóni í því skyni að bjarga gróðurlendi undan vatni til lengri tíma."

Það lítur eiginlega svo út að þeir ætli að hafa þarna um einhver ár, meðan verið er að byggja Fljótsdalsvirkjun, allt á kafi, en síðan eigi að tappa af — og búast menn þá við að fá eitthvert stararengi þarna undan leirnum? Ég veit ekki til hvers menn eru að setja svona kúnstir í samning.

Síðan kemur í d-lið: „Við endanlega gerð miðlunarlónsins skal tekið sérstakt tillit til allra möguleika á landvernd á Galtarársvæðinu, og ber að hafa í huga menningarsögulegt gildi þess að forðast þar óþarfa landspjöll. Skal það jafnframt gilda um vinnutilhögun á Galtarársvæðinu meðan á virkjunarframkvæmdum stendur." — Ég held að það sé nokkuð sama hvernig þeir andskotast á því sem fer í kaf. — „Haft verði samráð við þjóðminjavörð um framkvæmd ofangreindra atriða." **(Gripið fram í:** Landsbókavörð.) Nei, það er ekkert minnst á landsbókavörð. Nú kemur rúsínan í pylsuendanum: „Í framhaldi þess mun virkjunaraðili kanna hvort unnt sé að loka fyrir Langaflóa, þannig að hann fari ekki undir lónið, og þá leiða burt það vatn sem við það mundi í hann safnast. Mun virkjunaraðili gera þessa ráðstöfun ef niðurstaða hans verður sú, að hún sé framkvæmanleg án verulegs kostnaðarauka."

Ég get fullyrt það hér og nú, að þessi aðgerð er ekki framkvæmanleg án verulegs kostnaðarauka. Þetta skal ég sanna með því, að vatnið úr Langaflóa rennur til Galtarár og til þess að vatnið renni þarna þarf það að fara niður í móti. Ef ætti hins vegar að leiða það burt þarf það að fara upp í móti. Það fullyrði ég meira að segja stjórnarformaður Rafmagnsveitna ríkisins getur ekki látið vatnið gera án verulegs kostnaðarauka. **(Gripið fram í:** Dæla því.) Það kann að vera að hann komist upp á lag með að dæla,en af því held ég að hljóti að vera nokkur kostnaður.

Svona er þetta, það er nærri sama hvar gripið er niður í þessum samningi. Þetta er allt á þessa bók lært. Inn í hann eru komin mörg atriði sem ákaflega litlu máli skipta, og það er vegna þess að einhvers staðar í öllu þessu umtali, því að þetta eru orðnir langir og margir fundir, hefur verið minnst á: Jú, gott að hafa brú á þessum læk, skrifaðu brú. — Og svo hefur verið skrifuð brú. Safnast þegar saman kemur. En ærnar okkar eru ekkert of góðar að vaða margar þessar ár og þær taka það ekki nærri sér og getur meira að segja verið heldur hagur að því að hafa lækina til að standa fyrir þeim svo að þær hlaupi ekki heim ef það gerir él á sumrin.

Þessum samningi hefur verið böðlað á með óeðlilegum hætti. Okkur hefur verið sýnd fádæma stífni og þvermóðska. Það hefur verið beitt þrýstingi langt umfram það sem sæmilegt er. Svo er hæstv. iðnrh. að tala um að hann vonist nú til að öldur fari að lægja þarna fyrir norðan. En ég get fullvissað hann um að það er alveg borin von ef haldið verður áfram á þessari braut því að öll þessi vinnubrögð hafa miðað að því að klúðra málinu og herða hnútinn.

Ég er alveg inni á að Blöndu eigi að virkja næst, en til þess að svo megi verða verður að laga þessa tilhögun því að annars fæst ekki friður um málið. Það verður að koma á samkomulagi sem menn geti sæmilega við unað. Þá getum við reist skynsamlega virkjun þarna, örugga og hagkvæma. Það má ekki böðlast á fólki til að taka af því eignir þess, sem ekki eru falar, taka af því land til eyðileggingar. Ég tek það fram, að við værum a. m. k. ekki að sjá neitt viðlíka mikið eftir þessu landi ef við ættum að láta það af hendi til einhverra annarra nota. Ef við t. d. þyrftum að hjálpa nágrönnum okkar Vatnsdælingum um beitiland mundum við ekki sjá nærri eins mikið eftir landinu. Við mundum taka því góðmótlega. Við mundum lofa þeim að beita á þetta land og jafnvel selja þeim það ef til kæmi. En það er allt annað að eyðileggja land í eitt skipti fyrir öll. Það verður ekki aftur tekið og á því er meira en stigsmunur.

Fólkið þarna sér ekki nauðsynina. Það sér ekki þá þjóðarnauðsyn að taka allt. Það sér nauðsyn þess að taka nokkuð, en ekki nauðsyn þess að taka allt, enda logar allt í deilum. Málaferli eru á næsta leiti ef svona verður áfram haldið. Ég trúi því ekki, að hv. alþm. skilji ekki þetta mál. Það eru að vísu nokkrir sem ég veit að skilja það ekki, en ég trúi því ekki, að það sé þingmeirihluti fyrir svona aðferðum.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Þessi umr. hefur nú staðið alllengi og ég reyndar þegar haldið alllanga ræðu um það mál sem hér er á dagskrá. Ég skal því ekki lengja þessa umr. að ráði, en það eru þó nokkur atriði sem ég tel nauðsynlegt að gera að umræðuefni að sérstaklega gefnu tilefni manna hér í dag.

Ég vil sérstaklega gera að umtalsefni ræðu sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, — sem ég sé reyndar ekki í salnum hér nú — hélt í dag og er í mjög svipuðum dúr og hann hefur haldið hér oft áður. Hann gerir það gjarnan í þeim ræðum, sem hann heldur hér um orku- og atvinnumál, að nefna Kanada sem sérstakt

fordæmi til að varast, og hefur þá uppi tölulegan samanburð á nýtingu á orku á íbúa, ber síðan saman við þjóðarframleiðslu á íbúa og reyndar ýmis fleiri atriði sem lesa má um í skýrslum sem OECD gefur út á hverju ári. Auðvitað er þessi samanburður út í hött, og það að líkja stefnu Sjálfstfl. sérstaklega við þá stefnu, sem höfð sé uppi í Kanada, er fásinna. Auðvitað einfaldar þessi hv. þm. hlutina mjög mikið, eins og honum er mjög tamt að gera. Það er alls ekki víst að sú röksemdafærsla standist að segja sem svo, að Kanada sé ekki betur á vegi statt fjárhagslega vegna stefnu sinnar í orkunýtingarmálum. Það má jafnvel alveg eins spyrja: Hvernig væri Kanada á vegi statt varðandi þjóðarframleiðslu á mann ef orkunýtingin væri ekki svona mikil? En þetta eru ýkjur hjá hv. þm. Sannleikurinn er sá, að ef maður skoðar þessar tölur svolítið ofan í kjölinn, sem hann er að flytja okkur um fátækt Kanada, eins og hann orðar það sjálfur, þá er Kanada nokkurn veginn í miðjunni af þeim löndum sem OECD gefur út skýrslur um. Miðað við þjóðarframleiðslu á mann eru fremst Sviss, Danmörk, Svíþjóð og Þýskaland í þeirri röð. Ísland er áttunda í röðinni, Kanada er númer tólf, nokkurn veginn í miðjunni, en fyrir neðan koma ýmis lönd sem við viljum ekki nefna fátæk lönd, eins og Austurríki, Finnland og Bretland. Þessar fullyrðingar, sem hér eru endurteknar hvað eftir annað, að Kanada sé svo fátækt land að við þurfum að varast þá stefnu sem þar sé haldið uppi, eru að sjálfsögðu rangar og standast engan veginn. Þessi samanburður er líka yfirborðslegur að mörgu leyti vegna þess að Kanada hefur í ýmsum atriðum farið allt öðruvísi að í sínum orkunýtingarmálum heldur en við höfum gert og allt öðruvísi en nokkrum manni dettur í hug að gera hér á landi. Þar má nefna t. d. að í Kanada hefur virkjunarrétturinn oft verið seldur til fyrirtækja sem eiga virkjanirnar og byggja stóriðjufyrirtækin einnig. Í mörgum tilvikum eru því virkjanirnar og stóriðjufyrirtækin í Kanada á sömu hendi og þá oft um útlenda aðila að ræða. Þessi samanburður er því alveg út í hött. Það hefur engum manni dottið í hug að hér yrði virkjunarréttur í höndum annarra en Íslendinga.

Í mörgum tilvikum líta menn nefnilega á virkjanir og stóriðjufyrirtæki sem eitt og sama fyrirtækið. — Af því að ég sé að hv. 12. þm. Reykv. er genginn í salinn vil ég ítreka það, að í mörgum tilvikum eru það útlendingar sem eiga virkjanirnar og eiga einnig og reka stóriðjufyrirtækin. Það er stefna sem engum hefur dottið í hug að boða hér á landi. Við höfum haft þá ákveðnu stefnu, að Íslendingar eigi virkjanafyrirtækin, byggi þau og reki, en við höfum hins vegar talið rétt að orka sé seld stóriðjufyrirtækjum eða orkufrekum iðnaðarfyrirtækjum, og við höfum ekki gert það að neinu trúaratriði að útlendingar megi ekki eiga þátt í þeim fyrirtækjum.

Ég held ég verði að ítreka það sem ég sagði hér í gær, vegna þess að hv. 12. þm. Reykv. var þá ekki hér í salnum, og leiðrétta þann misskilning sem hann er haldinn og heldur fram, ég vona ekki af ásettu ráði, þegar hann vill kalla stefnu Sjálfstfl. í þessum málum orkusölustefnu. Það er áróðursbragð. Sjálfstfl. hefur bæði í orði og á borði haft uppi stefnu sem gerir ráð fyrir margvíslegu formi á aðild okkar Íslendinga að slíkum fyrirtækjum. Ég rifjaði það upp, að á árinu 1979 samþykkti landsfundur Sjálfstfl. að stefnt yrði að virkari þátttöku innlendra aðila í stóriðjufyrirtækjum. Og þetta er í fyrsta sinn sem ég sé orðin „virk þátttaka“ eða virkari þátttaka Íslendinga. Það var ekki fyrr en löngu síðar að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson fór að prédika þá stefnu, að virk íslensk yfirráð ættu að vera yfir þessum fyrirtækjum. Kannske hefur hann bara verið búinn að lesa þetta í landsfundarstefnuskrá sjálfstæðismanna frá 1979. Þessi stefna var ítrekuð á landsfundi Sjálfstfl. á s. l. hausti. Í samþykkt fundarins segir, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. telur að ákvarðanir um eignaraðild Íslendinga að iðjuverum svo og samstarfssamningar um önnur atriði eigi að ráðast af eðli hvers máls fyrir sig og aðstæðum á hverjum tíma. Af hans hálfu koma því til greina margvíslegir kostir að þessu leyti.“

Þetta vil ég mjög undirstrika vegna þeirrar ræðu, sem hv. þm. hélt hér áðan, og benda líka á að undir forustu sjálfstæðismanna hafa verið farnar margvíslegar leiðir í þessum efnum. Við höfum farið þá leið og beitt okkur fyrir því, að járnblendiverksmiðjan væri reist að meirihluta í eigu Íslendinga. Við höfum beitt okkur fyrir því, að kísilgúrverksmiðjan væri reist við Mývatn í meirihlutaeigu Íslendinga. Við höfum því haft uppi eftir atvikum og aðstæðum hverju sinni þá stefnu sem við teljum réttasta miðað við það sem verið er að leggja út í á hverjum tíma. Við höfum hins vegar alls ekki verið haldnir þeirri vanmetakennd að telja að útlendingar megi undir engum kringumstæðum koma hér við sögu sem eignaraðilar. Við teljum eðlilegt að lagt sé raunhæft mat á það hverju sinni, í hve ríkum mæli við viljum ganga til samstarfs við útlendinga um eignaraðild að slíkum fyrirtækjum.

Við viljum að ekki sé gengið fram hjá þeirri staðreynd, að hér er um mjög áhættusaman atvinnurekstur að ræða í mörgum tilvikum, eins og dæmin sanna bæði af álverksmiðjunni og járnblendiverksmiðjunni, og við höfum talið nauðsynlegt að dreifa þeirri miklu fjárhagslegu áhættu, sem þarna er á ferðinni, þannig að útlendingar taki þátt í áhættunni einnig, en að við tökum okkar ágóða inn á annan hátt, með sölu orkunnar, sölu margvíslegrar þjónustu til slíkra aðila og þar fram eftir götum. Ég vil sérstaklega ítreka það, að hv. 12. þm. Reykv. fer ekki með rétt mál þegar hann reynir að skýra þá stefnu, sem Sjálfstfl. hefur haft uppi í þessum málum, og gerðir hans í þeim hingað til.

Ég vil aðeins víkja nokkrum orðum að tveimur eða þremur atriðum sem fram komu í ræðu hæstv. iðnrh. Ég gerði í minni ræðu hér í gær að umtalsefni, eins og reyndar hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur gert, hvernig staðið hefur verið að samningum við heimamenn í Norðurlandi vestra. Ég ítreka það sem ég sagði þá, að það hefur verið illa staðið að þeim samningum. Hæstv. iðnrh. hefur gengið að þeim samningum með hótunum og ögrunum sem hafa farið illa í heimamenn og eru ekki leið til þess að ná samningum í jafnviðkvæmu deilumáli og þar um ræðir. Hæstv. iðnrh. reyndi að smeygja sér út úr þessu í ræðu sinni áðan með því að telja að ómaklega hefði verið veist að samningamönnum ríkisins í þessu efni og hér væri um að ræða aðdróttanir í þeirra garð. Nefndi hann þar til sérstaklega stjórnarformann Landsvirkjunar sem verið hefði í þessum samningum. Hæstv. iðnrh. getur ekki snúið sig út úr þessu máli á þennan veg. Það var hæstv. iðnrh. sem gaf tóninn í þessum viðræðum. Hann hefur stjórnað þeim og það hefur ekki verið gert neitt í þessu efni sem hann hefur ekki samþykkt. Það er því alls ekki verið að drótta neinu að samningamönnum ríkisins sem hafa unnið sitt verk í umboði hæstv. ráðh. Það er sá

sem verkinu stjórnaði, sá sem gaf fyrirmælin, sem að sjálfsögðu ber höfuðábyrgðina. Það er ekki hægt að skjóta sér á bak við aðra í þeim efnum.

Hæstv. ráðh. vildi meina að ekki hefði komið til tafa hingað til vegna þess að ekki væri búið að taka ákvörðun um nýja virkjun, þessi skortur á ákvörðunum hefði enn ekki orðið til þess að tefja virkjunarframkvæmdir, enda væri sleitulaust unnið að undirbúningi allra þessara virkjana, eins og hæstv. ráðh. komst að orði. Þetta er ekki rétt. Hæstv. ráðh. veit að samhengið í virkjunum á Íslandi er að rofna. Hrauneyjafossvirkjun er að ljúka, og það er engin önnur virkjun tilbúin nú til þess að taka við. Við erum ekki tilbúnir til þess að hefja vinnu við neina aðra virkjun, enda sjáum við að verulegur samdráttur er í fjármögnun raforkuframkvæmda hér á landi á þessu ári og líklegt að svo haldi áfram ef ekki verður breytt um stefnu. Þær tafir, sem orðið hafa á ákvörðunum bæði varðandi næstu virkjanir og þá iðnaðarkosti sem til greina komi að tengja þessum virkjunum, hafa gert það að verkum, að við erum að dragast aftur úr og samhengið í virkjunarframkvæmdum okkar er að rofna.

Herra forseti. Ég vildi gera athugasemdir við þessi atriði sem fram hafa komið í ræðu manna hér í dag. Læt ég svo máli mínu lokið.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessari umr. og meta það meira að mál þetta kæmist til nefndar. En eftir þá ræðu, sem hv. þm. Páll Pétursson hefur flutt hér í dag í tvennu lagi, sé ég mér ekki fært annað en að gera örfáar athugasemdir.

Öllum er að sjálfsögðu kunnugt um að þessi hv. þm., 1. þm. Norðurl. v., hefur verið andvígur Blönduvirkjun frá öndverðu og barist gegn henni. Hann hefur að vísu nú hörfað í það að segjast vilja samþykkja virkjunarkost II og er það að sjálfsögðu nokkur framför. Andstaða þessa hv. þm. við þetta mál er öllum kunn. Hann sækir mál sitt af kappi og stundum með stóryrðum, stærri orðum en hv. alþm. leyfa sér yfirleitt að láta sér um munn fara.

Ég hefði ekki séð ástæðu til að fjalla um ræðu þessa hv. þm. sem hann flutti hér í gær, enda þótt þar væru að mörgu leyti veilur í málflutningi og margar missagnir, en þegar hann hefur ræðu sína í dag veitist hann að fjarstöddum mönnum með þeim hætti sem ég get ekki látið fram hjá fara án þess að gera athugasemdir við.

Hv. þm. vekur athygli á því, að dreift hefur verið til Alþingis og fjölmiðla greinargerð frá samninganefnd virkjunaraðila um Blönduvirkjun. Hv. þm. Páll Pétursson hefur þau orð um þetta plagg, að í því séu fjölmargar blekkingar og áróður og að þetta muni búið út af einhverjum mönnum hjá Rafmagnsveitum ríkisins og að hann sé ýmsu vanur frá þeirri stofnun. Látum vera að hann hefði getað tengt það við mig, að bera á mig blekkingar og áróður. Ég er hér til andsvara sem formaður stjórnar þessarar stofnunar. En vitaskuld er það ekki ég sem hef staðið að samningu þessa fréttapistils, heldur sú samninganefnd ríkisins sem hér á hlut að máli. Í þessari samninganefnd eiga sæti Jóhannes Nordal, Kristján Jónsson, Jakob Björnsson, Tryggvi Sigurbjarnarson, Guðjón Guðmundsson og Sigurður Eymundsson. Ég tel það viðurhlutamikið að bera á þessa menn að þeir láti fara frá sér plagg til fjölmiðla og Alþingis sem feli í sér blekkingar og áróður. Það kom vitaskuld greinilega fram í máli hv. þm., að hann átti við að hér væri um vísvitandi blekkingar og vísvitandi áróður að tefla.

Nú er ekki þar með öll sagan sögð. Þessi fréttatilkynning byggist á útreikningum frá öðrum stofnunum, frá öðrum fyrirtækjum en hér eiga hlut að máli, og frá undirmönnum þeirra forustumanna í raforkumálum sem átt hafa og eiga sæti í samninganefnd ríkisins. Hv. þm. lét sér t. a. m. um munn fara að útreikningar varðandi bótakostnað stæðust ekki með nokkru móti og einhverjir menn hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins hefðu búið þetta til, fundið þetta út.

Þeir menn, sem lögðu hönd að því verki að yfirfara og reikna út nú síðast bótakostnað vegna uppgræðslu, bæði stofnkostnað og viðhaldskostnað, voru dr. Björn Sigurbjörnsson forstjóri RALA, dr. Ólafur Guðmundsson deildarstjóri hjá RALA, Ingvi Þorsteinsson deildarstjóri hjá RALA, og í fullu samráði við Landgræðslu ríkisins, landgræðslustjóra. Hv. þm. hefur gefið hér í skyn hvað eftir annað, að það séu mikil skil á milli þeirra manna sem starfað hafa að málinu hjá Rannsóknarstofnun landbúnaðarins annars vegar og Landgræðslu ríkisins hins vegar. En þau skil voru ekki merkjanleg í þessum útreikningum.

Hv. þm. rangfærði — og getur verið að hann hafi tekið rangt eftir í þessum útreikningum — að miðað væri við það að áburðargjöf skyldi verða þriðja hvert ár á viðhaldstíma gróðurlenda, en hið rétta er að reiknað er með áburðargjöf annað hvert ár. Þá er reiknað með að bera 375 kg á hektara, sem er 25% meira en venja er í slíkum tilvikum, og er sagt að það sé gert vegna sveiflna í árferði. Ég ætla ekki að fara út í tölur í þessu sambandi, þetta liggur fyrir. En ég vildi vekja athygli á því, að í mörgum greinum er hér verið að bera á fjarstadda forustumenn, sem trausts njóta hjá þjóðinni, falsanir, blekkingar eða áróður. Ég tel þetta ekki viðeigandi jafnvel þó menn vilji sækja mál sitt fast hér á hv. Alþingi og berjast allharkalega fyrir sínum sjónarmiðum, sem hverjum og einum er að sjálfsögðu leyfilegt.

En þetta mál nær vitaskuld enn þá lengra í áburði um blekkingar og áróður. Hér var talað um að rangfærðir væru útreikningar á virkjunarkostum. Að því verki að bera saman kostnað við virkjunarkosti og ýmsan marktækan samanburð hvað hann snertir hafa starfað fyrst og fremst Orkustofnun undir forustu Jakobs Björnssonar og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens. Einnig hefur Landsvirkjun komið þar við sögu, svo sem greina má í grg. þeirrar þáltill. sem hér liggur fyrir. Þeir útreikningar, sem finna má m. a. í þessu plaggi, eru á ábyrgð þessara aðila, og ég ítreka að ég tel ekki viðeigandi að telja alla þessa starfsmenn raforkuiðnaðarins, forustumenn í raforkumálum og forustumenn stofnana landbúnaðarins áróðursmenn sem fari með blekkingar. Það er ekki viðeigandi.

Hv. þm. gerir tíðum samanburð á virkjunartilhögun I og virkjunartilhögun II. Hann sagði í upphafi ræðu sinnar í dag að það væri ítrekuð viðleitni af hálfu þeirra aðila, sem ég hef hér greint og standa að baki þeim útreikningum sem þessi fréttatilkynning byggir á, — ítrekuð viðleitni til þess að sverta virkjunarkost II. Þegar hv. þm ber þessa tvo virkjunarkosti saman virðist mér, ef eitthvað er hægt að ráða í hans málflutning, að hann beri saman virkjunarkost I með 400 gígalítra lóni og virkjunarkost II kannske stundum með 220 gígalítra lóni, kannske stundum með 160 gígalítra lóni. Hann komst að þeirri

niðurstöðu í dag að ef farið væri í virkjunarkost II væri það land, sem tapaðist einhvers staðar nálægt 29 km². Ef á það er litið, hvernig þetta kemur út samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja — og ég tel hvorki blekkingar né áróður — þá er það land, sem fer undir miðlunarlón við virkjunarkost I við Reftjarnarbungu með 400 gígalítra lóni, 56.6 km². Ef farið er í virkjunarkost II við Sandárhöfða með 400 gígalítra lóni fara undir vatn 44.3 km². Mismunurinn er rúmir 12 km², en alls ekki eins og fram hefur komið í máli hv. þm. Páls Pétursonar þar sem hann talar um að bjarga megi um helmingi landsins, sem fer undir vatn, með því að fara í kost II. Ef talið hefði verið fært af sérfræðingum orkumála að virkja Blöndu nú með 220 gígalítra lóni eru þessar tölur þannig að við Reftjarnarbungu færu undir vatn 40.3 km² en við Sandárhöfða 35 km². Hér skakkar því mjög miklu og ég hygg að einhverjum kynni að detta í hug áróður eða blekkingar þegar tiltekinn hv. þm. talar á þann veg sem hann hefur gert í mörgum efnum, m. a. í því að bera saman virkjunarkosti með ósambærilegu móti, þannig að virkjunarkostur I er ævinlega hafður með 400 gígalítra lóni en virkjunarkostur II með miklum mun minna, sennilega einhvers staðar fyrir neðan 200 gígalítra lóni, ef á að vera hægt að fá þær tölur til að koma heim og saman.

Þetta vildi ég láta koma fram varðandi þann samanburð og þær aðdróttanir, sem fram komu í upphafi ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. hér í dag, og ítreka að ég mótmæli því og raunar harma það, að einn hv. þm. leyfir sér úr þessum ræðustól að bera á fjölda forustumanna, sem ekki eiga þess kost að svara hér fyrir sig, blekkingar og áróður, að þessir menn, forustumenn stofnana í raforkuiðnaði, starfsmenn verkfræðiskrifstofa, forustumenn stofnana í landbúnaði, þeir láti gögn frá sér fara á grundvelli blekkinga og áróðurs. Ég met það svo að enginn hv. þm. léti sér til hugar koma að halda svo á sínu máli fyrr en í nauðir væri rekið og rökin þrotin.

Hv. þm. skopaðist að því, að við breytingu á veituleið samkv. tölul. 7 í þessari fréttatilkynningu væri verið að bjarga, eins og hann orðaði það, landi fyrir 36 kindur fyrir 8 millj. kr. Nú ætti að vera það samræmi í málflutningi hv. þm., að hann fagnaði því að takist að forða landi frá því að lenda undir vatn, eins og hann orðaði það, að bjarga landi sem þyldi beit fyrir 36 kindur. En þó að þetta sé gott og blessað og styðji auðvitað fremur en hitt þessa breytingu, þá er þetta ekkert aðalatriði málsins og raunar ekki á það litið þegar ákvörðun var tekin um að gera þessa breytingu.

Meginmálið er það, sem kemur raunar fram í texta, að við þá breytingu, sem gerð er að færa veituleiðina lítið eitt austar, vex svigrúm fyrir meginþunga fjársafnsins sem kemur af heiðinni vestan veituleiðarinnar. Það vex svigrúm á færu landi, en þar vestar er nokkuð mikið mýrlendi og fenjasvæði þannig að talið var af kunnugum mönnum, og ég er þar sjálfur nokkuð kunnugur, að þetta hefði verulegt gildi. Þetta var auðvitað sjálfsagt að gera með tilliti til þess, að í frumgögnum þessa máls er frá því greint, að með því að færa veituleiðina eins og hér hefur verið ákveðið sé mögulegt að virkja fallið á milli Austara-Friðmundarvatns og inntakslóns og sagt að líklegt megi telja að það verði gert síðar. Þegar við stöndum frammi fyrir því, að líklegt sé að slík breyting verði gerð síðar til að virkja fallið, þá er vitaskuld sjálfsagt að fara þessa leið þegar í upphafi og forðast þannig rask og óþörf landspjöll, um leið og það hagræði fylgir sem ég hef áður getið um varðandi rekstrarleið afréttarpenings.

Það þarf þess vegna ekki að vera að skopast að þessu atriði, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þetta var eðlileg og sjálfsögð lagfæring á þessari veituleið. Og raunar man ég að á kynningarfundi um þetta mál fyrir meira en ári í Húnaveri minntist ég þegar á breytingu í þessa átt. Mér þykir vænt um að allir urðu sammála um að sjálfsagt væri að gera þessa breytingu.

Hv. þm. Páll Pétursson hóf mál sitt í seinni hluta ræðu sinnar með því að segja að aðferðir hefðu verið ljótar við samningagerð, það hefði verið beitt miklum þrýstingi, skuldugum bændum hefði verið hótað, bankafyrirgreiðsla hefði ráðist af því, hvernig úrslit yrðu í Blöndumálinu, grunur léki á að leiguliðum á ríkisjörðum hefði verið tilkynnt hvernig þeir ættu að haga sér. Hér eru aðdróttanir sem mér koma jafnvel enn meira á óvart en hinar fyrri. Og þessar aðdróttanir verða skráðar í þingskjöl, Alþingistíðindi. Ég hlýt að mótmæla því, að einhverjum óeðlilegum þrýstingi, hvað þá viðbrögðum af þessu tagi, hafi verið beitt í þessu máli. Það er a. m. k. mér gersamlega ókunnugt um. Og ég trúi því ekki, að þeir menn, sem starfað hafa á vegum ríkisins að samningagerð og unnið hafa að því að ná þessu máli saman, hafi nokkru sinni látið sér til hugar koma að beita slíkum aðferðum. Vitaskuld er það rétt, sem fram kom í máli hv. þm., að kapp var lagt á að ná samningum. Það var auðvitað farið í það að leita samninga til þess að ná þeim. Það tókst að ná þessum samningum, og þegar það hafði tekist luku þeir menn, sem að því stóðu af beggja hálfu, upp einum rómi um að að samningum hefði verið unnið af lipurð, af þrautseigju, af drengskap og af vilja til þess að ná samningum þannig að aðilar mættu sæmilega við una. Sá dómur var annar en sá sem við heyrðum úr þessum ræðustól áðan. Ég hlýt einnig að harma það, að þetta sama kom fram hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, þótt það væri með kurteislegum orðum flutt að sjálfsögðu. Ég dreg mjög í efa að sá hv. og ágæti þm. sé því mjög kunnugur, hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Sjálfsagt hefur í einstökum tilvikum mátt betur gera, en ég hlýt að harma það, að hann virðist standa í þeirri trú, að það hafi verið gert, eins og hann orðaði, með hótunum og ögrunum.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um það öðru leyti en því, að ég beini því til hv. alþm., hvort líklegt sé að meiri hluti hreppsnefndarmanna í fimm hreppum hafi skrifað undir samninga undir hótunum og ögrunum. Þá leggja þeir menn, sem þannig hugsa, annað mat á þá menn, sem eru í forustusveit sveitarfélaga í mínu kjördæmi, heldur en ég geri. Að hér sé samningur Pálma Jónssonar við nokkra kjósendur sína á Norðurlandi vestra, það er auðvitað hrein fjarstæða, en vel þætti mér svo ef svo væri. Vel þætti mér ef þeir ágætu menn, sem stutt hafa að þessu máli úr heimahéraði og styðja þessa samninga í mínu kjördæmi, væru kjósendur mínir, hver og einn einasti. Það þætti mér vel. En ég læt mér ekki til hugar koma að svo sé. Álitamál kann að vera hvort hv. þm. Páll Pétursson vill halda því fram, að allir þeir, sem eru á móti þessum samningum, séu hans kjósendur, og þá a. m. k. það, hvort þeir, sem eru með samningunum, geti alls ekki hugsað sér að kjósa hann eða þá sem hann er fulltrúi fyrir. Sleppum því, en svona innskot sýna auðvitað með mörgu öðru að það eru ekki röksemdir, heldur sleggjudómar og fáránlegar yfirlýsingar sem hafa orðið bardagaaðferðir þessa hv. þm.

Ég skal ekki hafa miklu fleiri orð um þetta mál. Ég vil aðeins segja það varðandi ályktanir sem hafa komið frá ýmsum náttúruverndarsamtökum, frá Búnaðarþingi, frá félagssamtökum bænda o. s. frv., að vitaskuld er það með eðlilegum hætti að aðilar af þessu tagi og raunar Íslendingar allir vilji spara land eftir því sem frekast er unnt. Sumar þessar ályktanir eru vitaskuld þannig úr garði gerðar að þær eru fram settar með það sjónarmið í huga að verja land, eins og kallað er, og jafnvel það sjónarmið án tillits til annarra þátta málsins getur allt verið með eðlilegum hætti. En málið er víðtækara. Hér er um mikla fjármuni að tefla, gífurlega hagsmuni þjóðfélagsins í heild. Við gerum það ekki með glöðu geði, bændur, að láta land, en við hljótum að meta það, hvort ekki sé réttlætanlegt að fórna landi þegar gífurlega miklir hagsmunir þjóðarinnar í heild eru í húfi — og svo er í þessu máli.

Ég skal ekki fara út í mikinn samanburð á þessari landstærð frekar, en sá kostnaðarmunur, sem talinn er vera á kosti I og II — og þá vitaskuld miðað við 400 gígalítra lón í báðum tilvikum — er eftir að reiknaðar hafa verið allar bætur, uppgræðsla og viðhald gróðurs á endingartíma virkjunarinnar, — hann er talinn nema 85 millj. kr. Landið, sem þarna er um að tefla, er 12,3 ferkm. Ferkílómetrinn af þessu landi mundi því kosta 7 millj. nýkr. ef horfið væri að því að fara í dýrari kostinn.

Ég man eftir því, að fyrir rúmum tveimur árum var selt verulegt land hér á höfuðborgarsvæðinu. Ferkílómetrinn í því landi var nákvæmlega helmingi ódýrari, kostaði 3.5 millj. nýkr. Það eru talsverðar fjárhæðir sem verið er að tala um, og það þýðir ekki að láta svo hér á hv. Alþingi að fjármagn skipti ekki máli. Það er tilgangslaust.

Ég vil aðeins bæta því við sem raunar kom fram hjá hæstv. iðnrh., að sumir þeirra manna, sem staðið hafa að ályktunum sem einhverjir kunna að meta gegn þeim virkjunarkosti sem ráðið er að fara í, virkjunarkosti I, þeir hafa verið meðal mestu forvígismanna heimamanna við þessa samningagerð. Til að mynda var hér í gær lesin ályktun frá Búnaðarsambandi Skagafjarðar. Formaður stjórnar Búnaðarsambands Skagafjarðar var annar aðalsamninganefndarmaður síns sveitarfélags, Lýtingsstaðahrepps, og tók þátt í undirskrift samninga. Og það er vitaskuld vegna þess að þótt eðlilegt geti verið og jafnvel sjálfsagt að álykta um mál út frá einu sjónarmiði, að verja land eftir því sem kostur er, þá sjá menn þegar þeir eru komnir í þá aðstöðu að þurfa að taka á sig ábyrgð á öllum þáttum málsins og meta það frá öllum hliðum, að það getur verið réttlætanlegt og nauðsynlegt að láta af hendi land til þess að ná miklum hagsmunum eigin byggðarlaga og þjóðarinnar í heild. Það hygg ég að hafi verið sjónarmið t. a. m. þessa manns, og svo er einnig um sjónarmið fjölmargra fleiri.

Ég ætla ekki að ræða það hér, að látið er að því liggja af hv. þm. — sem ég hef hér talað nokkuð til og hefur gripið til orða og röksemda sem ekki eru sæmandi hér á hv. Alþingi — að eftirmál kunni að verða um þetta efni. Ég hlýt að lýsa trausti mínu á þeim íbúum í þeim byggðarlögum, sem hér eiga hlut að máli, sem um þetta eiga að fjalla, að skynsemi ráði, en ekki kapp sem byggist á einhverjum ókennilegum orsökum og ekki verður metið öðruvísi en svo að það hafi gengið of langt. Þess vegna mælist ég til þess, og vænti þess að allir, sem hlut eiga að máli, leggi sitt lið til þess, að þær framkvæmdir, sem hafnar verða á grundvelli þess samnings sem gerður hefur verið og með þeim frávikum sem unnt kann að vera að gera á grundvelli ákvæða samningsins, um samráðsnefnd og önnur slík ákvæði, þeir leggist á eitt við að greiða fyrir því, að þetta mál megi ganga farsællega fram.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Það verða þeim hv. þm. vonbrigði, sem svo kynnu að halda, að hér fari að upphefjast hatrömm deila milli okkar hv. þm. Páls Pétursssonar um Blönduvirkjun. Hv. þm. var býsna þungorður í ræðu sinni áðan og deildi á opinbera aðila. Einnig hefur hann deilt á sveitunga sína og gerir býsna lítið úr þeim og öðrum sveitarstjórnarmönnum í Húnavatnssýslu og Skagafirði. Hv. þm. sagði að þar logaði allt í deilum. Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að deilur eru um málið í héraði, en ég verð því miður að láta það álit mitt í ljós á þessum stað, enda hef ég sagt honum það áður sjálfum persónulega, að hv. þm. hefur að mínu mati ekki verið neinn friðarpostuli í þessu máli. Páll hefur gert nokkuð að því að gera samning þann, sem um er rætt milli heimamanna og virkjunaraðila, tortryggilegan. Sjálfsagt hefði margt betur mátt fara um þennan samning, ég ætla ekki að neita því. Hef ég raunar ekki fylgst með þeim samningi frá degi til dags. En ég vil benda á að samningarnir hafa verið samþykktir af meiri hluta löglega kosinna sveitarstjórnarmanna í fimm sveitarfélögum af sex sem á svæðinu eru. Þessir sveitarstjórnarmenn ásamt öðrum heimamönnum hafa unnið að samningunum líklega í ein tvö misseri. Þessir menn hafa hagsmuna að gæta á þessu svæði og gera sér því eflaust fulla grein fyrir hvað þarna er um að vera og hvað þeir eru að gera. Ég tel það grófa móðgun við þessa ágætu menn, sem ég þekki flesta, að væna þá annaðhvort um annarlegar hvatir eða að þeir hafi látið þvinga sig, nauðga sér eða plata sig til þeirra samninga sem þeir hafa undirskrifað. En lýðræðislegar reglur verða að ráða og virða verður lög landsins í umfjöllum um þetta mál sem önnur mál þó þeir, sem aðra skoðun hafa á málinu, séu ekki fyllilega ánægðir.

Ég hef ekki beitt mér verulega í þessu máli þar sem ég hef ekki talið það hlutverk mitt að segja þeim mönnum fyrir verkum sem best máttu vita og ábyrgðina bera. Okkur er ljós sá ágreiningur sem um málið er, og mér er ljóst að hvernig sem málið fer líður nokkur tími þar til allir verða sáttir. En ég er jafnviss um að svo fer að lokum. Mér virðist sem sagt að í þessu langvinna samningaþófi, þar sem menn hafa reynt að leita samkomulags, hafi heimamenn haft nokkurn vinning af, komið fram einum og öðrum breytingum heimahéruðum til hagsbóta, þó menn vilji gera misjafnlega mikið úr þeim ávinningi eins og gengur og gerist þegar hart er deilt. Sá ávinningur, sem náðst hefur frá því að byrjað var og þangað til undirskrift var gerð, hefur þó nægt til þess, að þeir sveitarstjórnarmenn, sem samþykkt hafa samninginn, hafa talið sínum sveitarfélögum þennan ávinning nægjanlegan til þess að samþykkja samninginn.

Ég mun ekki hér dæma menn seka eða sýkna, vitra eða óvitra, eftir því hvort þeir eru með eða á móti undirskrift samnings þessa. Hér deila menn um leiðir að svipuðu marki. Ég virði skoðanir beggja hópa, eins og raunar oftast má gera þegar menn deila, og ég tel að með þeim samningum, sem hér liggja fyrir, hafi báðir aðilar, þ. e. þeir sem hafna ekki virkjunarleið I og þeir sem kjósa aðrar leiðir, haft nokkurn ávinning af þessu samninga-

þófi, í landverndarátt ekki síður en kannske á ýmsan annan hátt.

Eins og margoft hefur verið bent á er öryggi í rafmagnsmálum Norðlendinga vægast sagt bágborið eins og nú stendur, og er ekki um það deilt þar sem grunnrafmagn er næsta lítið í héraðinu sjálfu og bilanir af ýmsum völdum í öðrum landsfjórðungum valda tíðum rafmagnsleysi í okkar héraði, á Norðurlandi vestra. Það má réttilega benda á nauðsyn þess að hafa orkuöflun nálæga, ef um mikla orkunotkun verður að ræða, og viljum við víst flest á Norðurlandi vestra verða þátttakendur í orkunýtingu í okkar heimabyggðum frekar en að verða neydd til að sækja lifibrauð okkar í önnur héruð. Eins og fram hefur komið er ekki á döfinni núna að um verulega orkunýtingu verði að ræða á Norðurlandi vestra á næstu árum. En ég trúi því, að innan ekki mjög margra ára verði sú raunin á, enda erum við á Norðurlandi vestra tilneydd, hvort sem okkur líkar það betur eða verr, að sætta okkur við að meginatvinnuuppbygging héraðsins verði í iðnaði ýmiss konar, ef við eigum ekki að tapa okkar ágæta upprennandi fólki í burt, því að viðurkennt er að þær grunnatvinnugreinar, sem stundaðar eru á Norðurlandi vestra, þ. e. landbúnaður og fiskveiðar, taka ekki endalaust við fólki eins og nú horfir í þeim atvinnugreinum.

Við verðum sjálfsagt að sætta okkur við að meiri háttar breyting á tilhögun Blönduvirkjunar leiði af tæknilegum ástæðum til frestunar á virkjuninni um nokkur ár eða áratug. Talað er um röðina Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Sultartangavirkjun. Ef um breytingu á þeirri röðun verður að ræða, þ. e. ef Blanda fer aftur fyrir, ef hún verður ekki í fyrstu röð, er enginn kominn til að segja um það hér og nú, hver röðunin verður síðar, ef um breytingu verður að ræða á annað borð. Við heyrum hér að krafa er um virkjun á Suðurlandi. Ég ætla ekki að dæma um það eða spá neinu um það, hver framvinda málsins verður. Ég vil aðeins benda á að virkjun Blöndu er hagkvæm jafnvel þó að einhver önnur leið verði farin en sú leið sem hér um ræðir, þ. e. leið I.

Ég vil benda á í þessu sambandi og endurtaka að löglega kjörnar sveitarstjórnir í héraðinu hafa tekið sínar ákvarðanir. Ég vil benda á að nokkurra missera samningaviðræður heimamanna og virkjunaraðila hafa leitt til ákveðins samkomulags. Ég er ekki viss um það, að þó lengra líði með samninga, þá auki það frið. Ég vil benda á í þessu sambandi öryggissjónarmið byggðarlagsins hvað raforku varðar. Ég bendi einnig á stjórnarsáttmálann þar sem sagt er að næsta stórvirkjun skuli vera utan eldvirks svæðis. Ég bendi á framtíðarhagsmuni heimamanna í sambandi við raforku sem framleidd er í héraðinu sjálfu.

En þrátt fyrir allt þetta er það enn þá von mín, að viðunandi friður og samkomulag náist um þessi mál svo að allir megi vel við una. Þrátt fyrir þessa umr. hér í dag kunna að finnast fleiri leiðir sem til sætta kynnu að leiða. Við eigum landið, Ísland. Það er okkar að meta á hvern hátt við nýtum þetta land, og það er von mín, að endalok þessa máls verði þannig að þau verði héraði og þjóð til heilla.

Páll Pétursson: Herra forseti. Mér þykir heldur verra og raunar miklu verra að hæstv. landbrh. er ekki í salnum því ég þurfti að gera athugasemdir við málflutning hans, en hann mun vera horfinn af vettvangi. Er forseta ekki sama þó þessi athugasemd mín bíði þangað til á framhaldsfundi í kvöld? (**Forseti:** Ætlunin er að ljúka umr. núna.) Þá verð ég að láta hjá líða að minnast á atriði sem ég ætlaði að nefna að öðrum kosti.

Hæstv. landbrh. fær mig ekki til að trúa því, að hann hafi ekki vitað um fréttatilkynningar Kristjáns Jónssonar rafmagnsveitustjóra. Ég efast um að nokkur hér í húsinu trúi því, að hann hafi ekki vitað um þær. Hvað blekkingar og áróður varðar er það ekkert annað en blekkingar og áróður að halda því fram, að gras vaxi og viðhaldist eftir þeirri forskrift sem gefin er í þessum samningi. Það mun koma á daginn, og reynslan er ólygnust.

Landbrh. vildi gera Landgræðsluna ábyrga fyrir þessum útreikningum RALA eða þessum yfirlýsingum RALA. Ég er með bréf í höndum ritað nú í mars og undirritað af Stefáni Sigfússyni hjá Landgræðslunni sem fer með þessi mál varðandi þessa virkjun. Ég er með umsögn um frv. um Blönduvirkjun frá 1978 undirritaða af Sveini Runólfssyni. Ég man fullyrðingar Sveins Runólfssonar á fundi í Húnaveri í fyrravetur sem hnigu að því, að það yrði að bera á á hverju einasta ári. Hæstv. landbrh. vildi láta sem þessir útreikningar væru á ábyrgð Landsvirkjunar. Ég vildi gjarnan að þeir Landsvirkjunarmenn treystu sér til að taka ábyrgð á þessum útreikningi. Ég hef margtekið fram að það, sem á milli ber er tilhögun I og II. það er talan sem gildir, ekki ferkílómetratal af grjóti, heldur það sem eyðileggst af grónu landi. Mismunurinn á því er 46% og um það eru óyggjandi tölur frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Mismunurinn er að 5505 hektarar af algrónu landi við tilhöfun I, glatast en 2984 við tilhögun II.

Breytingar á veituleið, sem landbrh. var að reyna að gera að einhverju máli, skipta sáralitlu máli vegna búfénaðarferða á Auðkúluheiði. Fé, sem kemur út á milli Friðmundarvatna, á ekkert erindi austur yfir Fiskilæk. Engu máli skiptir upp á fénaðarferð þó að þessari veituleið sé breytt.

Þetta með nýju virkjunina, sem hann ætlaði að skjóta inn í skurðinn í Botnum, er heldur spaugileg hugmynd. Ég held að búið verði að virkja flestar sprænur á Íslandi áður en að því kemur. (Forseti hringir.) Herra forseti. Ég ætla að stytta mál mitt.

Þessir virkjunarkostir eru sambærilegir. Ég ber það til baka sem hæstv. landbrh. sagði. Ég fullyrði að í þessu máli hefur verið um óeðlilegan þrýsting að ræða. Landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur t. d. greint frá viðskiptum sínum við landbrh. nú í lok síðasta árs á opinberum vettvangi, og fleiri embættismenn ríkisins hafa orðið varir við landbrh. í þessu máli.

Það eru ekki gífurlega miklir hagsmunir í veði fyrir þjóðfélagið að taka fremur virkjunarkost I. Menn, sem ausa peningum, 8 millj., í skurð þar, spennistöð þar, rafmagnslínu þar, eru ekki að hugsa um peninga. Þeir eru að hugsa um eitthvað allt annað.

Landbrh. endaði á viturlegum orðum og þótti mér undurvænt að heyra þau úr munni hans. Hann sagði að hann vonaði að skynsemin réði, en ekki kapp sem byggðist á ókennilegum orsökum. Þarna er ég honum algerlega sammála. Og ég er mjög glaður ef hæstv. landbrh. ætlar nú allt í einu að fara að láta skynsemina ráða, en ekki kapp sem byggist á ókennilegum orsökum.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hef eins og aðrir hv. þm. í tvo daga hlýtt á þessar umr. og eins og eðlilegt er hafa þær mjög snúist um Blönduvirkjun, það

gífurlega þýðingarmikla mál, sem því miður horfir nú ekki eins vel um og við hefðum víst flestir viljað.

Því miður hefur það komið hér fram, að hæstv. ráðh., sem um málið hafa talað, eru ekki sammála. Það er raunar ekkert nýtt að ráðh. í þessari hæstv. ríkisstj. séu ósammála.

Hæstv. landbrh. lauk máli sínu á því, að hann kvaðst vænta þess, að góður einhugur gæti skapast um framkvæmdir sem hafnar verða á grundvelli samningsins sem undirskrifaður hefur verið, hygg ég að hann hafi sagt orðrétt. Aftur á móti hefur hæstv. iðnrh. nú í þessum umr. þrívegis undirstrikað að ekkert væri ákveðið um virkjun Blöndu. Ég man ekki nákvæmlega orðalag hans í gær, en það er áreiðanlega rétt túlkað í dagblöðum, t. d. Tímanum, að hann hafi gert því skóna að frá Blönduvirkjun yrði horfið, en í dag sagði hann: Það hefur ekki verið settur neinn lokapunktur. — Ef ekki skapast sæmilegur friður verður verulegum hagsmunum stofnað í hættu og það er sleginn varnagli í þáltill.

Hæstv. iðnrh. segir sem sagt hér enn í dag að það sé alls ekki ákveðið að virkja Blöndu. Það er eina virkjunin sem hægt er að ráðast í á næstu mánuðum og misserum því önnur er ekki undirbúin. Hann heldur dyrunum sem sagt enn þá opnum, ætlar sér e. t. v. að hverfa frá Blönduvirkjun. Það er sú stóra hætta. Ég efast um að þessi hæstv. ráðh. hafi nokkurn tíma ætlað sér að ráðast í Blönduvirkjun. Ýmislegt bendir til þess, að hann hafi haldið þannig á málum beinlínis viljandi að koma í veg fyrir að Blanda yrði virkjuð. Það er þetta sem eftir stendur í þessum umr., því miður. Hitt er líka staðreynd og líka því miður, að óeining er heima í héraði og raunar takast menn þar á með óhugnanlega mikilli hörku. Skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

Ég hef áður sagt hér fyrir alllöngu úr þessum ræðustól, að ég vildi helst að engan mann þyrfti að kúga í þessu máli, svo augljóst hagsmunamál sem þetta er hinum norðlensku byggðum og landinu öllu. Ég held að enn þá sé hægt að komast hjá því að kúga nokkurn mann. En þegar hæstv. ráðh. segir hér orðrétt að Bólstaðarhlíðarhreppi verði „gefinn kostur á að skrifa undir samninginn" er það auðvitað enn ein ögrunin. Mætti ekki segja að það yrði rætt við mennina? Er það ekki lágmarkskurteisi, ef hæstv. iðnrh. ætlar sér að leiða málið farsællega til lykta? Ég hefði haldið það. Það var auðvitað bæði ögrun og hótun fólgin í því að segja: Blanda verður virkjuð ef það verður 400 gígalítra lón og valkostur I, annars verður farið annað. — Málið var opnað bæði með ögrun og hótun, en menn gera slíkt ekki í samskiptum heilbrigðs fólks ef þeir ætla að ná samkomulagi og einingu. Því miður hefur þannig verið á þessu máli haldið.

Ég hygg að það væri gott að menn slíðruðu sverðin og síðan yrði rætt saman aftur og þá auðvitað á grundvelli 220 gígalítra miðlunarlóns, sem kannske er hagstæðasti kosturinn þegar allt kemur til alls vegna þess að aðstæður eru mikið breyttar. Það er enginn orkufrekur iðnaður það langt kominn í undirbúningi og raunar ekkert verið í því gert sem útheimti stærra lón á fyrstu rekstrarárum Blönduvirkjunar. Það er enginn kominn til með að sannfæra mig um að einmitt þessi b-liður, sem þegar hefur verið samið um við fimm hreppa, sé ekki einmitt heppilegasta endanlega lausnin, 220 gígalítrar, þegar miðlunarlón koma annars staðar. Ég held að það væri heppilegt að skoða það allt frá grunni. Það er líka engin ástæða til annars en að leyfa hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps að skýra sín sjónarmið. Allar hafa hreppsnefndirnar sett fram mismunandi sjónarmið, mismunandi kröfur, komið þeim fram sumum, gert mismunandi athugasemdir, og þessir samningar hafa verið lengi í deiglunni, sjálfsagt ekki að öllu leyti vel orðaðir þegar verið er að sætta óteljandi sjónarmið. En það hefur þó náðst, að ekki er krafist lengur stærra miðlunarlóns en 220 gígalítra. Ég leyfi mér raunar að skýra þessa liði, þennan b-lið og þá undirliði sem vísað er til, þannig að ríkisvaldið hafi ekki heimild til að stækka þetta lón nema með samþykki heimamanna. Ég held að ef það vildi gefa þá skýlausu yfirlýsingu væri málið leyst. Þá mundi Bólstaðarhlíðarhreppur líka koma og skrifa undir og landverndarmenn, náttúrverndarmenn, mundu vel við una.

Ég held að það sé hægt að leysa þetta mál á einum degi ef vilji er fyrir hendi. Það er verið að reyna að koma í veg fyrir lausn málsins og það hefur hæstv. iðnrh. verið að gera allan tímann. Hann lýsir yfir nú í dag, að það hafi ekki verið settur neinn lokapunktur. Það eru hans lokaorð: Það er enginn lokapunktur. Ég ætla að halda þessu áfram. — Það er þetta sem eftir stendur í umr.

Ég vænti þess, að hæstv. landbrh. hafi rétt fyrir sér, þ. e. að framkvæmdir verði hafnar og það verði gengið að því að ná heildarsamkomulagi, þær verði hafnar á grundvelli þessa samnings, miðað við 220 gígalítra, það verði náð allsherjarsamkomulagi og hafnað verði kenningum hæstv. iðnrh. um að það hafi enginn punktur verið settur og það sé hægt að vitna til varnaglans sem sleginn er í þáltill., eins og hann sagði.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka frekari þátt í þessum umr., en eftir þessa sérkennilegu síðustu ræðu hv. 5. landsk. þm. sé ég ástæðu til að bæta við fáeinum orðum.

Það er sannarlega dálítið sérkennilegt fyrir okkur þm. úr öðrum landshlutum að hlýða á umr. eins og þær sem fram hafa farið síðustu stundirnar í sambandi við þetta mál, þar sem þm. viðkomandi svæðis hafa sérstaklega lagt orð í belg, og það er dálítið sérkennilegt þegar talsmaður þessa svæðis, eins og hv. 5. landsk. þm., kemur hér inn í þessa umr. og ber mig sökum um að reyna að spilla fyrir framgangi Blönduvirkjunar. Ég vil ekki vera að taka upp í mig stór orð í þessu sambandi, ummæli hv. þm. dæma sig sjálf, að ég tel, án þess að notað séu þar lýsingarorð eða einkunnir.

Það er talað um að ég hafi ekki sett punktinn aftan við þetta mál. Hvað var hv. þm. að segja? (Gripið fram í.) Hann var að segja að hann teldi að það ætti ekki að setja punktinn aftan við málið, þær samningaumleitanir, sem leiddar hafa verið til lykta við fimm hreppsnefndir á svæðinu, ættu ekki að gilda, heldur ætti að taka málið upp, punkturinn væri ekki kominn þar aftan við og það ætti að fara út í framkvæmdir. Óljóst var við hvað hv. þm. átti, nema það væri að halda út í óvissuna með framkvæmd upp á 1000 millj. kr. Það er kannske tillaga þessa hv. þm.

Ég vil að lokum vekja athygli á því, að ég hef alla tíð lagt áherslu á að það yrði náð sem víðtækustu samkomulagi um þetta viðkvæma mál. Ég tel að þeir, sem að því hafa staðið fyrir hönd iðnrh., virkjunaraðili og aðilar á hans vegum, hafi lagt sig í framkróka um að ná sem víðtækustu samkomulagi. Ég hlýt að vekja athygli að því, að þegar menn eru að tala um að breyta virkjunartilhögun með því að deila með tveimur í miðlunargetu

viðkomandi virkjunar, þá eru menn jafnframt að breyta grunnforsendum sem hafa valdið því, að samkomulag hefur tekist um þá virkjunarröð og virkjunarleið sem hér er gerð tillaga um, þ. e. að láta hagkvæmnimælikvarðann ráða í sambandi við niðurstöðu. Ef menn halda, að það sé hægt að breyta grunnforsendum virkjunarinnar og hagkvæmniforsendum, og þegar þar við bætist að öryggissjónarmiðum er betur fullnægt með öðrum hætti, þá eru menn sannarlega að stofna því máli í hættu sem ég hélt að væri áhugaefni og hagsmunamál þm. þess landshluta sem hér hafa talað um upp á síðkastið.

Ég ætla ekki að fara að leiða fram tölur í þessu samhengi, og ég tel líka að tölur segi ekki allt. Það er fleira sem þarf að taka inn í þessa mynd og hefur verið tekið inn í þessa mynd. Öryggisþátturinn skiptir þar sannarlega máli og á hann hlýtur einnig að verða litið. En ég stend að þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, og hef reynt að vinna heils hugar að þessu máli. Mér þykir heldur hart að heyra málflutning af því tagi sem loksins kom hér fram hjá hv. 5. landsk. þm., sem hefur haldið sig til hlés þangað til við lok þessarar umr.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Mér þykir dálítið einkennilegt að heyra hæstv. ráðh. halda því fram, að ég vilji kollvarpa þessum samningi. Ég vitnaði einmitt til þess, að inn í þennan samning er komið ákvæði um 220 gígalítra lón, og ég sagði að mín lögskýring væri raunar sú, að ég teldi að ríkið væri við það bundið um aldur og ævi ef í það færi og bændur vildu ekki samþykkja stærra lón. Ég vil einmitt halda mig við þennan samning. Norðlenskir bændur og sveitarstjórnarmenn hafa vissulega náð verulegum árangri, þrátt fyrir allar þær aðfarir sem þeir hafa verið beittir, og skal ég ekkert fara út í það því að ég veit ekki til þess, að skuldugum bændum hafi verið hótað eða eitthvað í þá áttina. En ég veit hvað hefur gerst opinberlega, og það er einmitt það sem ég er að segja, að þarna hefur náðst svo mikill árangur að það er ábyggilega örstutt í land að ná heildarsamkomulagi ef menn vildu það. En ég veit hvað hefur gerst opinberlega, og það er einmitt það sem ég er að segja, að þarna hefur náðst svo mikill árangur að það er ábyggilega örstutt í land að ná heildarsamkomulagi ef menn vildu það. En þá kemur hæstv. ráðh. hér og segir að síðasta hreppnum skuli „gefinn kostur á að skrifa undir samninginn". Hann á ekki einu sinni að fá að ræða um einstök atriði. Síðustu hrepparnir komu einmitt inn atriðinu í b-lið. Áður voru aðrir búnir að semja. Auðvitað glöddust íbúar hinna hreppanna yfir því, að það kom þarna eitt atriði, sem öllum var til hagsbóta, til viðbótar hinum. Það er ekkert verið að gagnrýna einn eða neinn sveitarstjórnarmann, síst þá sem hafa komið inn þeim ákvæðum sem ég er hér að hæla.

Svo er það hitt, að ég hafi haldið því fram að það hafi ekki verið settur neinn lokapunktur. Það var hæstv. ráðh. sjálfur sem sagði þetta orðrétt. Hann sagði einu sinni í gær og tvisvar í dag að málinu væri alls ekki lokið, hann ætlaði að halda því gangandi áfram. Hvað á maður að ætla? Er það ekki til að hindra að framkvæmdir geti hafist að ljúka ekki málinu og samningunum? Það er hægt að ljúka þessu. Stjórnarformaður Landsvirkjunar, Jóhannes Nordal, var hér nefndur. Ef hann væri sendur norður og hann hefði alræðisvald til að ljúka samningum efast ég ekki um að hann mundi gera það á einum eða tveimur dögum, ef t. d. Landsvirkjun yrði strax falið að hafa framkvæmdir með höndum og ljúka þessum samningum, — maður sem kann að umgangast fólk og vill ná árangri, vill ná sáttum, vill sýna sanngirni, vill ekki níðast á fólki og ekki heldur níðast á landi að óþörfu. Dr. Jóhannes Nordal mundi auðvitað ná þessum samningum ef hann réði gangi mála. Ég efast ekki um það eitt einasta augnablik.

Ég vona að hæstv. iðnrh. taki þá afstöðu, sem hæstv. landbrh. tók, að framkvæmdir verði hafnar á grundvelli samningsins sem undirskrifaður hefur verið. Ég sagði það líka í minni fyrri ræðu. Samt segir hæstv. ráðh. að ég hafi verið á móti samningunum. Ég tók undir það sem hæstv. landbrh. sagði, að það ætti að hefja þessar framkvæmdir og ganga til þess að semja endanlega við Bólstaðarhlíðarhrepp og ræða jafnframt við landverndarmenn og náttúruverndarmenn. Svona einfalt er málið.

Það hefur aldrei verið mín skoðun að það ætti að virkja á Íslandi eða byggja stóriðjuver til þess að níðast á fólki eða landinu. Það er til að bæta landið og til að bæta mannlífið. Við eigum auðvitað að leita samninga og samkomulags. Þegar það liggur fyrir, að allar líkur a. m. k. benda til þess, að uppistöðulón, sem er einungis 220 gígalítrar, geti orðið jafnhagstæð virkjun, ef ekki hagstæðari en hin stærri sem veldur þessum deilum, því þá í ósköpunum ekki að fara inn á þá leið? Ég get ekki skilið það öðruvísi en svo, að sá sem ræður, hæstv. iðnrh., hafi engan áhuga á að semja. Þess vegna segir hann þrisvar í þessum umr. að málinu sé alls ekki lokið, það hafi ekki skapast sæmilegur friður, — sem hann einn getur skapað, hann hefur valdið, — og ef hann ekki skapist verði verulegum hagsmunum stofnað í hættu o. s. frv., og við þessu öllu saman sé sleginn sá varnagli, að það verði hætt við virkjunina. Þetta eru hans orð, en ekki mín.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131). — Frh. einnar umr.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðauki við vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 490). — Frh. fyrri umr.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi í örfáum orðum lýsa ánægju með að þessi till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984 skuli fram komin. Um þetta er held ég engum blöðum að fletta né nokkur að velkjast í vafa um að þeir þrír vegir eða vegakaflar, sem hér eru til sögunnar nefndir, eru sérstæðir fyrir ýmissa hluta sakir. Það er sömuleiðis að ég held ekki á neinn hallað þó fullyrt sé að réttlætanlegt sé í hvívetna að nokkrar sérreglur gildi um þessa vegi.

Ég vildi líka við þetta tækifæri, þegar þessi till. væri hér til umr., minna á að haustið 1980 flutti einn af þm. Alþfl., Gunnar Már Kristófersson, till. til þál. um athugun á endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni. Þessi till. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta kanna hvernig best verði hagað endurbótum á veginum undir Ólafsvíkurenni, þannig að komið verði í veg fyrir hættu af grjóthruni og snjóflóðum."

Þessi till. náði að vísu ekki fram að ganga, en hins vegar hefur hún nú efnislega náð fram að ganga og réttmæti hennar verið viðurkennt með till. sem hér er nú til umr.

Það er öllum ljóst, sem fylgst hafa með fréttum, bæði í fyrravetur og í vetur, að ástand vegarins fyrir Ólafsvíkurenni hefur verið gjörsamlega óviðunandi. Hann hefur hvað eftir annað lokast, ýmist vegna þess að þar hafa fallið snjóskriður eða aurskriður, fyrir utan að allir, sem eiga um þennan veg, einkanlega að vetrarlagi og haustlagi þegar skiptist á frost og þíða eða úrkoma er mikil, eru í beinni lífshættu meðan þeir aka þarna undir.

Því hefur verið lýst hér allítarlega af hæstv. samgrh., hvernig þarna háttar til, og skal ég ekki fjölyrða um það, en áreiðanlegt er að það er guðs mildi einni fyrir að þakka að þarna hafa ekki orðið slys.

Ég vildi sem sagt aðeins með þessum fáu orðum lýsa ánægju með að þessi till. skuli nú fram komin. Þingheimur fær væntanlega að heyra hér á eftir hvernig samgrh. hyggst afla fjár til þessara framkvæmda, en aðalatriðið er að sjálfsögðu að í þessar framkvæmdir verði ráðist, þarna verði byrjað sem fyrst, vegna þess að samgöngur milli þessara tveggja þéttbýlisstaða yst á Snæfellsnesi eru auðvitað mjög mikilvægar. Þarna fara um miklir flutningar og það ástand, sem íbúarnir á utanverðu Snæfellsnesi hafa orðið við að búa í þessum efnum, hefur verið og er gjörsamlega óþolandi og því afar brýnt að úrbætur nái fram að ganga hið allra fyrsta.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Ég fagna þeirri till. sem hér er til umr., þ. e. till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984. Ég lít svo á, að með samþykkt þessarar þáltill. sé verið að staðfesta að framkvæmdir við vegagerð undir Enni verði hafnar í ár ásamt nokkrum framkvæmdum í Óshlíð og rannsóknum í Ólafsfjarðarmúla, þar með verði byrjað að vinna samkv. yfirlýsingu hæstv. samgrh. er hann lagði fram við afgreiðslu vegáætlunar á s. l. vori um framkvæmdir við Ó-vegina svokölluðu, Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla, og að þessum verkefnum verði sinnt sem sérstökum verkefnum innan stofnbrauta. Ég fagna því, að Vegagerð ríkisins hefur rannsakað vegstæði og aðstæður til framkvæmda á þessum stöðum, þótt það sé misjafnt á veg komið sem eðlilegt er eftir umfangi og aðstæðum.

Hæstv. samgrh. sagði í framsöguræðu sinni um þessa till., að skýrsla um kannanir Vegagerðarinnar og áætlanir hefði verið send þm. þeirra kjördæma, sem viðkomandi Ó-vegir væru í, og þm. hefðu fengið allar upplýsingar um þau mál. Þetta er rangt a. m. k. hvað mig varðar, og ég hef þær upplýsingar reyndar frá fleiri þm. Vesturlands að sama sé gagnvart þeim. Ég hef engar upplýsingar fengið nema með því að sækja mér þær sjálfur til Vegagerðar ríkisins. Þar fékk ég skýrslu um Ennið eftir að hafa óskað eftir henni og einnig allar upplýsingar sem ég hef þar beðið um. Hitt hefur ekki gerst, að upplýsingar hafi verið bornar fram né skýrslur í einu eða neinu formi sendar mér um þetta mál.

Kannske er það rétt í sambandi við þetta að fram komi að ég taldi mér skylt að benda Vegagerðinni á þá menn vestur þar sem hefðu mesta reynslu og kunnugleika á leiðinni undir Enni í fjörunni og kynnu nokkur skil á sjávargangi, sandroki, skriðuföllum og snjóflóðum á þeirri leið meðan hún var farin á bílum. Þessir menn eru Ársæll Jónsson vitavörður á Hellissandi, sem bjó á Sveinsstöðum utan við Enni í nokkur ár, og Rögnvaldur Ólafsson framkvæmdastjóri á Hellissandi. Báðir þessir menn þurftu mjög að ferðast undir Enni sökum starfa sinna og tel ég trúlegt að þeir séu þeir bílstjórar sem flestar ferðir hafa farið undir Enni, þ. e. fjöruleiðina. Vegagerðin taldi ekki ástæðu til að leita upplýsinga hjá þeim Ársæli og Rögnvaldi. Þetta skiptir kannske ekki máli í þessu stóra máli. Vegagerðin hefur sjálfsagt fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður undir Enni frá öðrum en þessum mönnum.

Sú fullyrðing hæstv. ráðh., að þm. hafi verið sendar skýrslur og þeir látnir fylgjast með könnunum og undirbúningi þessarar framkvæmdar, er ekki rétt. Kannske hefur það verið álitinn óþarfi líkt og að leita upplýsinga til þeirra manna sem ég hef hér nefnt.

Það kom fram í framsöguræðu hæstv. samgrh., að forsenda vegagerðar um Ólafsvíkurenni væri að bæta samgöngur á milli byggðanna í Neshreppi utan Ennis, Hellissands og Rifs, og Ólafsvíkur. Ekki vil ég gera lítið úr þeirri þörf að þær samgöngur séu góðar. Við fyrir utan Enni þurfum margt að sækja til Ólafsvíkur, m. a. læknisþjónustu, og Ólafsvíkingar sækja ýmislegt til okkar líka. T. d. er flugvöllurinn okkar megin. Gagnvart íbúum Neshrepps, þeim á Helissandi og Rifi, eru samgönguslit við Ólafsvík vond, en þau eru ekki nema hluti af vandamálinu. Um leið og Ennisvegur lokast gerist það allt of oft að samgönguslit verða einnig í hina áttina með ófæran veg fyrir Jökul, þannig að engar leiðir eru til að komast neitt ef nauðsyn kallar að.

Þegar hv. alþm. heyra þá frétt, að skriða hafi fallið í Enni eða að Ennisvegur sé lokaður, en fréttir af slíku berast hv. þm. miklu sjaldnar en þeir viðburðir eiga sér stað, er það allt of oft svo, að vegurinn fyrir Jökul er þá líka lokaður og byggðirnar í Neshreppi þar með einangraðar, þótt Vegagerðin sjái ekki ástæðu til að geta þess í sínum upplýsingum að svo sé ástatt með Útnesveg. Þessu fylgir einnig það, að ýmsar ferðir eru farnar um Enni sem ekki væru farnar ef upplýsingar væru veittar um Útnesveg og þeim vegi haldið opnum.

Þess er getið í skýrslu Vegagerðar ríkisins um Enni, að kannaðir hafi verið fimm valkostir um þá leið. Í fyrsta lagi er nefnd lagfæring núverandi vegar, sem síðan yrði yfirbyggður með vegþekjum. Þetta er sú leið sem ég hefði talið að væri óskalausn, sérstaklega vegna þess að með henni tel ég að hægt væri að komast næst því að losna við truflanir og hættur af völdum veðurfars, skriðufalla og snjóflóða. Eftir könnun Vegagerðar ríkisins á aðstæðum hafnaði hún þessari leið sökum kostnaðar svo og jarðgöngum. Vegagerðin leggur til að farin verði þriðji valkosturinn, þ. e. fjöruleiðin, sú leið sé ódýrust og óvissuþættir í gerð þess mannvirkis einnig fæstir. Ennisdalsleið og leiðin fyrir Jökul svo og ferjuleið milli Rifs og Ólafsvíkur eru ekki taldar lausnir á þessu vandamáli.

Ég lýsi ánægju minni yfir því að sú ákvörðun hefur verið tekin að fara fjöruleiðina undir Enni. Ég tel að sú leið breyti samgöngum við Neshrepp svo mikið til batnaðar að eftir að vegur kemur undir Enni sé varla um það

að ræða að sá vegur lokist lengi svo ekki sé hægt að komast um hann í neyðartilfellum.

Slysahætta á vegi undir Enni vegna hruns getur orðið einhver, en varla nema brot af þeirri hættu sem er á þeim vegi sem nú er. Hitt tel ég vera mikla bjartsýni, að vonast til að vegur undir Enni lokist ekki venjulegri umferð nema í algjörum undantekningartilfellum. Mitt mat er það, að svo geti farið að vegur undir Enni verði nokkuð oft illfær venjulegri umferð vegna sjóroks, ekki aðeins í landátt, heldur jafnframt í þeim áttum þegar hvirfilvindar myndast undir Enni, og það er því miður nokkuð algengt í suðlægum áttum. Einnig er nokkuð víst að snjóflóð og aurskriður geta lokað vegi þar sem áætlað vegstæði er í fjörunni. Einnig verður erfitt að útiloka eitthvert staksteinahrun á veginn. Þá er það sandfok sem var einn erfiðasti þátturinn við að eiga þegar farið var undir Enni fyrrum. Vera má að vegstæðið sjálft dragi úr þessari hættu, en undir Enni eiga sér stað ótrúlega miklir sandbyljir við svipaðar aðstæður og ég nefndi áðan, þegar hvirfilvindar myndast í suðlægum áttum. Ég hef bæði eyðilagt rúður og málningu á bíl í einni sandhviðu undir Enni, sem kom yfir eins og hendi væri veifað og alls ekki við henni búist.

Ég taldi mér skylt að láta þetta koma fram hér. Það er ekki sett fram til að draga úr gildi þeirra samgöngubóta sem ég tel að þessi vegur verði, heldur vegna hins, að ég tel ekki rétt að draga upp einhverja glansmynd af þessari vegagerð og að ég tel að með framkvæmd hennar verði vandamál umferðar undir Enni ærin áfram. Það dregur ekki úr þeirri staðreynd, að tilkoma vegar undir Enni leysir brýnasta vandamál þeirrar leiðar. Það er ekki líklegt að þessi vegur lokist þannig að ekki verði hægt að fara hann í neyðartilfellum. Sandrok og sjórok stöðvar ekki umferð í þeim tilfellum. Snjóflóð og skriður verða varla nema í undantekningartilfellum og slíkt getur átt sér stað næstum á hvaða vegi sem er á Íslandi.

Hæstv. samgrh. beitti fyrir sig þeim gamla og góða málshætti um þá till., sem hér er til umr., og um þau verk, sem þar er um fjallað, að hálfnað sé verk þá hafið er. Ég vona að svo sé í sambandi við þessi verk og eins og ég sagði í upphafi máls míns lít ég svo á, að með samþykkt þessarar þáltill. sé verið að staðfesta að framkvæmdir í vegagerð undir Enni verði hafnar í ár og sú leið hafi verið valin að fara með veginn undir Enni.

Ég vænti þess, að hv. alþm. samþykki og veiti þessari till. lið.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. ræðumenn fagna því, að þessi þáltill. er komin fram, og ég vonast til að hún fái greiðan framgang hér á hv. Alþingi. Þeir vegir, sem hér um ræðir, eru óneitanlega rétt metnir sem lífshættulegir vegir, og raunar eru allar þessar þrjár leiðir með hæstu slysatíðni eins og Vegagerðin mælir slíkt. Allir þessir vegir hafa það sameiginlegt, að þeir eru aðalsamgöngutenging viðkomandi byggðarlaga og íbúar þessara svæða eru svo til algerlega háðir þessum vegum í sambandi við aðallífsþarfir sínar hvað varðar heilbrigðismál, viðskipta- og atvinnumál. Allir eru vegirnir lífshættulegir. Ég get nefnt sem dæmi að nú í vetur hafa t. d. fallið aurskriður í Ólafsvíkurenni eins og hendi væri veifað dag eftir dag og er talið að magnið í stærstu skriðunum hafi verið milli 50 og 70 þús. rúmmetrar. Gjár opnuðust í fjallið alveg upp á topp og skriður náðu út í stórstraumsfjöruborð. Má segja að það sé mikil mildi að ekki skuli hafa orðið stórslys í sambandi við þessi skriðuföll, þó að litlu munaði í eitt skiptið þar sem áætlunarbifreið full af fólki hafi farið um veginn nokkrum mínútum áður en skriðan féll. Þetta sýnir best hve rétt mat það er hjá öllum aðilum, sem um þessi mál hafa fjallað, að flokka slíka vegi undir lífshættulega vegi.

En það, sem ég vil aðeins koma hér inn á, er í sambandi við fjármögnun þessara framkvæmda. Það er óneitanlegt, að hér er um stórframkvæmdir að ræða í vegagerð á Íslandi þar sem hér er um fjárhæðir að ræða sem nema hundruðum millj. kr. Það var alltaf sú hugsun hjá mér og sjálfsagt mörgum fleiri, að það yrði að meðhöndla þessa svokölluðu Ó-vegi á sérstakan hátt, þannig að gert yrði ráð fyrir að útvega til þeirra sérstakt fjármagn sem væri utan við vegáætlunina sjálfa. Ég held að flestir hafi reiknað með að þannig yrði hægt að standa að þessum verkefnum. Mér finnst að það sé a. m. k. enn þá möguleiki á að skoða það vandlega í sambandi við vegáætlunina, þegar hún verður endurskoðuð, að marka þessu þennan farveg.

Ég tel sérstaka ástæðu til þess við fyrri umr. um þessa þáltill. að lýsa yfir ánægju minni og stuðningi við þá ákvörðun stjórnenda Framkvæmdastofnunar ríkisins að *lána fé til þessara vegaframkvæmda og raunar þá* ákvörðun að stórauka afskipti Framkvæmdastofnunar af fjárframlagi eða fjárútvegun til vegamála almennt. Ég hef lýst þeirri skoðun her áður og get endurtekið hana, að ég tel að stórframkvæmdir í vegagerð á Íslandi séu eitt stærsta byggðamálið, sem nauðsynlegt er að vinna að hér á landi, og ég tel að það sé út af fyrir sig eðlileg og sjálfsögð stefna stjórnenda Framkvæmdastofnunarinnar að auka fjármagn til vegaframkvæmda.

Ég ætla ekki að lengja þessar umr. þar sem ég kem til með að fjalla frekar um þessa till. sem einn af nm. í fjvn. En ég endurtek að ég vænti þess, að hv. þm. verði sammála um að hér eru nauðsynjamál á ferð og allir þessir Ó-vegir, hvar á landinu sem þeir eru, eigi að meðhöndlast þannig að það verði samstaða um að leggja þá alla. Ekki kemur til greina að hafa neinn meting um þetta verkefni. Öll þau byggðarlög, sem hér um ræðir, eru í raun og veru á sama báti hvað varðar þýðingu þessara vega, og við eigum að standa saman sem einn maður um að reyna að finna möguleika á að hrinda þessum framkvæmdum fram eins fljótt og við verður komið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka góðar undirtektir undir þessa till. Að vísu var hv. þm. Karvel Pálmasyni dálítið erfitt um tungutak þegar hann þakkaði till., og kannske er það skiljanlegt.

Út af því, sem hv. þm. hafa sagt, að ekki hafi verið við þá rætt um þessar framkvæmdir, þá er það út af fyrir sig rétt. Eg ræddi þær ekki við Vestfjarðaþm., ekki við Vesturlandsþm. og ekki við þm. Norðurl. e. Það var satt að segja af ásettu ráði gert. Ég hafði ekki mikil afskipti af því, hvernig Vegagerðin skipti þessu fjármagni. Ég tjáði Vegagerðinni að ég óskaði eftir að framkvæmdir byrjuðu á þeim vegum báðum sem mætti hefja framkvæmdir við, en ég léti hana alveg eina um hvar hún teldi framkvæmdir mikilvægari. Mér hefði að sjálfsögðu verið ljúft að fá þetta fé allt saman í Óshlíðina, en ég tel mér ekki heimilt að beita áhrifum mínum til þess að farið sé á annan veg í þessar mikilvægu framkvæmdir en faglegt mat Vegagerðarinnar dæmir rétt. Þess vegna taldi ég ekki ástæðu til að fara út af fyrir sig að fjalla um framkvæmdir þessar við

þm. viðkomandi kjördæma, enda ljóst að þm. fá nú tækifæri til að fjalla um þær. Ef þeir óska að breyta eða eru ásáttir um að breyta því sem hér er lagt til, þá hef ég út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Ég held að ég hafi að vísu ekki sagt að upplýsingar hafi verið sendar öllum þm., en a. m. k. sagði ég að ég taldi að allir þm. hefðu fengið upplýsingar um þessi verk. En það er alveg rétt, að ég óskaði ekki eftir því við Vegagerðina beinlínis að þm. væru sendar skýrslurnar. Ég tjáði Vegagerðinni aðspurður að ég teldi sjálfsagt að þm. viðkomandi kjördæma fengju allar upplýsingar um þessar framkvæmdir. Mér þykir vænt um að heyra á hv. þm. Skúla Alexanderssyni að þær upplýsingar mun hann hafa fengið.

Um slysatíðnina var dálítið rætt í fyrri hluta þessarar umr. Að vísu er hv. þm. Karvel Pálmason ekki viðstaddur, en mér þykir þó rétt að fara nokkrum orðum um slysatíðnina.

Slysatíðni er að mati Vegagerðarinnar á fjögurra ári tímabili talin fjórfalt meðaltal í Óshlíð en þrefalt í Ólafsvíkurenninu. En þetta segir alls ekki alla söguna, heldur er einnig fróðlegt að líta á hvernig slysatíðni hefur breyst með árunum. T. d. kemur í ljós að í Ólafsvíkurenni var slysatíðni 3.55 á móti um það bil 2 reyndar 1979, en hækkar síðan upp í 11.03 árið 1980. Það er gífurleg aukning í slysatíðni í Ólafsvíkurenninu þarna á milli ára og miklu meiri aukning satt að segja en verður í Óshlíðinni, þar sem hún er nokkru meiri 1980 en í Ólafsvíkurenni, þ. e. 12.55 á móti 11.03 slys á km á móti 1.7 sem er landsmeðaltalið. En það, sem mun þó sérstaklega hafa ráðið tillögum Vegagerðarinnar um meiri framkvæmdir í Ólafsvíkurenninu, er sú staðreynd, sem kom fram hjá hv. 1. þm. Vesturl., að nú í vetur hafa aurskriður orðið ákaflega miklar á þessum vegi og af þeim ástæðum ekki talið unnt að fresta framkvæmdum þar. Þetta er, eins og ég sagði, faglegt mat Vegagerðarinnar og á það hef ég ekki reynt að hafa hin minnstu áhrif og tel ekki rétt þegar svo er ástatt eins og um þá vegi sem hér um ræðir.

Mér er fyllilega ljóst að fjármagnið, sem nú fæst, er ekki mikið, allt of lítið að sjálfsögðu, og hefði viljað hafa það miklu meira. Hins vegar er nokkur vandi á höndum þar sem vegáætlun er í gildi og verður ekki, sem betur fer, endurskoðuð í ár. Því varð að útvega fjármagn fyrir utan aðra fjáröflun til vegagerðarinnar.

Hv. þm. Matthías Bjarnason spurði: Hvaðan kemur fjármagnið? Ég hygg að hann viti það mætavel. Staðreyndin er sú, að ég hef átt ítarlegar viðræður við hv. þm. Sverri Hermannsson, forstjóra Framkvæmdastofnunar, og hef fylgst með þeim tillögum sem þar liggja frammi. Ég ræddi við hv. þm. og forstjóra um hvort honum sýndist koma til greina að ráðstafað yrði einhverju af því fé, sem Framkvæmdastofnunin hyggst leggja til vega nú, í byrjunarframkvæmdir við þessa svonefndu Ó-vegi. Ég get getið þess, að í þingflokki Framsfl. hefur þessi hugmynd verið rædd og hlotið þar fullkominn stuðning, og ég veit ekki betur en svo hafi einnig verið í öðrum þingflokkum. Hér er því um að ræða 10 millj. kr. af því sem Framkvæmdastofnunin af góðvild sinni, skulum við segja, leggur til vegamála og síst er mitt að vanþakka. Það geri ég ekki. Hugmyndin er sú, að þessi till. fylgi nokkurn veginn þeirri samþykkt sem gerð verður, vona ég, í stjórn Framkvæmdastofnunar. Þetta þarf að fylgjast að.

Ég ætlaði mér að vísu að svara nokkru því sem kom fram hjá hv. þm. Karvel Pálmasyni um kosti við Óshlíðina, þ. e. jarðgöng annars vegar og skurði ofan vegar og vegþekjur hins vegar, en ég skal hafa það stutt þar sem hann er ekki viðstaddur. Þó þykir mér rétt að fram komi í þingtíðindum ákveðin atriði um það.

Ég mun hafa upplýst í minni framsögu að göngin yrðu 4.3 km á lengd og þau yrðu einbreið, þ. e. fyrir eina bifreið, og eru þó áætluð kosta 140 millj. kr. Þarna er talið að þurfi verulegan blástur til að hreinsa loft úr göngunum. Að vísu segir Vegagerðin að ef hægt væri að losna við blástur mundi kostnaður lækka nokkuð, en gegn því er eindregið lagst í svo löngum göngum. En ein meginástæðan fyrir því, að Vegagerðin telur þá lausn of dýra, er sú, að göngin eru, eins og ég sagði, einbreið og mundu að mati Vegagerðarinnar ekki nægja fyrir þá umferð, sem þarna er, nema í tiltölulega fá ár, áætlað um 10 ár, en þá verði umferðarþungi, sérstaklega á sumrin, orðinn svo mikill að einbreið göng yrðu til verulegs trafala. Kostnaðurinn við tvöföld göng er miklu meiri en þarna er metið. Satt að segja held ég að sé nokkur oskhyggja að bergið sé miklu betra en Vegagerðin telur. Auk borana í Breiðadalsheiði hefur verið skoðað berg miklu neðar í hlíðum, m. a. í Óshlíðinni, og bendir allt til þess, að það sé ákaflega sprungið. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því ef þm. Vestfjarða komast að þeirri niðurstöðu, að þeir vilji fresta framkvæmdum jafnvel eitthvað til að kanna ítarlega göng, en boranir í því skyni yrðu mjög kostnaðarsamar. Það er víða um djúpboranir að ræða á þessari leið, og ég óttast að það kynni að taka töluverðan tíma og meira en eitt sumar. Hitt er rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að það er áhyggjuefni að framkvæmdir á Óshlíðinni mundu mjög tefja þar umferð og að sjálfsögðu ljóst að þegar vegþekja er byggð á tiltölulega mjóum vegi í mjög brattri hlíð er erfitt að koma umferðinni fram hjá. Þetta veldur áhyggjum og hefur satt að segja ekki verið nægilega skoðað og vandamálið ekki leyst.

Ég hygg, að ég hafi svarað því út af fyrir sig sem fram hefur komið þegar í umr., og læt þetta nægja. Ég vona að till. þessi komi fljótlega til hv. fjvn. og þm. fái þar sem og þm. þeirra kjördæma, sem eiga hlut að máli, tækifæri til að ræða við Vegagerðina og skoða vandlega allar þær forsendur sem til grundvallar eru lagðar. Eins og ég hef áður sagt: Ef sú niðurstaða verður af þeirri athugun að breyta eigi einhverju um framkvæmdaröðun hef ég að sjálfsögðu ekkert við það að athuga. Till. er lögð hér fram eins og Vegagerðin leggur til og er byggt á faglegu mati.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni að hér skuli vera komin fram till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984. Þessi viðauki við vegáætlunina er í samræmi við afgreiðslu á vegáætlun á s. l. vori, þau fyrirheit sem þá voru gefin af samgrh. um að útvegað yrði sérstakt fjármagn til framkvæmdar við svokallaða Ó-vegi, þ. e. þessa sérlega hættulegu vegi sem svo hafa verið taldir, um Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla. Ég ætla að fara örfáum orðum um þær hugmyndir sem fram hafa komið um vegagerð í Ólafsfjarðarmúla í umr. um þessa O-vegi.

Í grg. eða aths. með þessari þáltill. segir, með leyfi forseta:

„Við skiptingu fjárins er tekið tillit til þess, að mikil rannsóknar- og hönnunarvinna þarf að fara fram í Ólafsfjarðarmúla áður en framkvæmdir geta hafist þar. Er

því einungis veitt fé til þeirra starfa, en á hinum stöðunum báðum yrði hafist handa um framkvæmdir á þessu ári."

Það er þetta sem ég vil vekja sérstaklega athygli á, að í sambandi við Ólafsfjarðarmúla er aðeins verið að fjalla um tiltölulega lítið fjármagn, 0.1 millj., til að framkvæma rannsóknar- og hönnunarvinnu. Þær hugmyndir, sem helst hafa verið uppi hjá Vegagerð ríkisins varðandi Ólafsfjarðarmúla, eru jarðgöng. Hafa þar verið í athugun fimm valkostir sem hafa að vísu verið skoðaðir mismunandi ítarlega, og sá, sem einkum er nú rætt um, er kafli milli svokallaðrar Vogagjár og Kúhagagils. Lengd þessara jarðganga yrði 2.5 km og áætlaður kostnaður á verðlagi í ágúst 1981 er 80 millj. kr. Nú er ljóst að það hefur ekki verið haft ítarlegt samráð við heimamenn varðandi val á þeirri leið, sem áætlað er að fara, og ekki verið rætt við þm. Norðurl. e. um það sérstaklega. Við höfum hins vegar fylgst með þessu og vitum um þessar hugmyndir. Önnur göng, sem hefur verið nokkuð rætt um, eru á milli Kúhagagils, þessa sama staðar, og staðar sem kallaður er Mígandi. Þar á milli yrðu jarðgöngin 3.9 km og þar af leiðandi líka nokkuð miklu dýrari, áætlaður kostnaður á sama verðlagi, í ágúst 1981, 130 millj. kr. Ljóst er að þarna er um verulegan kostnaðarmismun að ræða. Hljóta menn að verða að athuga vel út í hvað er verið að leggja ef talið er ráðlegt að lagt sé í framkvæmdir sem eru svo kostnaðarmiklar. Þó vil ég taka það fram, að ég tel að þegar ráðist er í svo miklar framkvæmdir sem þarna eru hugsaðar hljótum við að stefna að því, að sú lausn, sem valin er, sé varanleg, það sé verið að ganga til þeirrar lausnar á þessu vandamáli, þessum hættulega vegi, að það sé varanleg og endanleg lausn.

Það kemur fram í greinargerðum, sem komið hafa frá Vegagerð ríkisins, að ef styttri jarðgöngin yrðu valin yrði jafnframt að gera ráð fyrir snjóflóðavörnum og þar á meðal vegþekjum á hættulegustu stöðunum utan jarðganganna. En þá ber þó einnig að hafa í huga, að ekki næst sambærilegt öryggi utan ganganna eins og inni í göngum við slíkar aðstæður sem eru þarna í Múlanum, þar sem mikil hætta er bæði á grjóthruni og snjóflóðum og aurskriðum.

Ef þessi lengri göng yrðu fyrir valinu yrðu þau m. a. dýrari fyrir það að gera verður ráð fyrir loftræstikerfi í svo löngum göngum sem þar yrði um að ræða. Mér hafa sagt kunnugir menn, heimamenn á Ólafsfirði, að fyllilega kæmi til athugunar að þeirra áliti einhver millileið þarna á milli. Lengri göngin liggja neðar í Múlanum og eru þar af leiðandi lengri, auk þess sem þau kosta líka nokkra vegagerð að gangamunnunum sitt hvorum megin. En ef valin yrði þarna millileið ofar í Múlanum yrði um að ræða styttri göng en þau sem ég hef rætt um, en nokkru lengri þó en hinn kosturinn. Með því telja staðkunnugir heimamenn að komist verði fram hjá erfiðustu köflunum á þessum vegi og þá kannske fundin lausn sem allir mundu geta sætt sig við.

Ég vil vekja athygli á þessu hér og nú. Ég tel að með þessari þáltill. og samþykkt hennar sé alls ekki verið að velja endanlega lausn á þeirri leið, sem þó er hugsuð hér varðandi Ólafsfjarðarmúla, þ. e. þessi 2.5 km löngu göng. Ég vil leggja áherslu á það. Hér er talað um að það eigi eftir að rannsaka þetta ítarlegar og leggja kostnað í hönnunarvinnu. Ég tel að með þessari samþykkt sé alls ekki gengið út frá því, hver kosturinn verður þarna endanlega valinn. Ég vildi láta það koma hér fram.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það eru örfá orð.

Ég fagna því, að þessi þáltill. er hér komin fram og það eigi að hefja framkvæmdir á þessu ári samkv. henni á svokölluðum Ó-vegum. Að vísu er það ekki mikið fjármagn sem til þess er ætlað á þessu ári, kannske rúmlega 5% af því sem áætlað er að þessir þrír vegarkaflar muni kosta. En það má segja að hálfnað sé verk þá hafið er.

Ég vil vera með þann fyrirvara í sambandi við Ólafsfjarðarmúla að Vegagerðin hafi samráð við heimamenn á Ólafsfirði og Dalvík í sambandi við þessa framkvæmd. Eins og síðasti hv. ræðumaður skýrði hér frá eru þar skiptar skoðanir um hvort þessi 2.5 km löng göng muni nægja. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um það því að í sjálfu sér kom allt fram í máli hv. þm. um þetta efni. Ég vil þó leggja áherslu á að þegar er farið í svona framkvæmd sé það gert þannig að leysa þann vanda sem er þarna fyrir hendi. Ég er ekki sannfærður um að þetta þurfi að muna í kostnaði eins miklu og fram kemur á þessum tveimur valkostum. Mér hefur a. m. k. verið bent á að það væri líklegt að þarna mundi vera hægt að fara millileið sem mundi leysa þennan vanda eða a. m. k. að heimamenn á Ólafsfirði mundu geta sætt sig við.

Ég vil aðeins undirstrika þetta atriði við þessa umr. og vil svo vænta þess, að þessum framkvæmdum öllum verði flýtt eftir því sem kostur er vegna þess að hér er verið að reyna fyrirbyggjandi aðgerðir. Það hafa orðið slys á þessum vegum og ber náttúrlega að reyna að fyrirbyggja að slíkt komi fyrir, en það verður ekki gert öðruvísi en að gera vegabætur á öllum þessum stöðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 472). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 472 flytjum við þm. Suðurlands till. til þál. um að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að ganga nú þegar til samninga við Jarðefnaiðnað hf. um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn á grundvelli laga nr. 61/1981. Í grg. till. eru rakin nokkur atriði sem eru ástæðan fyrir flutningi hennar. Ég vil samt við þessa umr. benda á nokkur fleiri í því sambandi og rekja staðreyndir málsins.

Fyrirtækið Jarðefnaiðnaður hf., sem samkv. till. er gert ráð fyrir að hafi forustu um byggingu steinullarverksmiðju, var stofnað á árinu 1974. Þá þegar og reyndar ári fyrr höfðu hafist umræður um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Hinn 5. maí 1974 kom Vilhjálmur Lúðvíksson á fund hjá Jarðefnaiðnaði, ræddi um hagnýtingu sunnlenskra jarðefna og bar fram tillögu um byggingu 15 þús. tonna steinullarverksmiðju. Síðan hefur Jarðefnaiðnaður unnið að undirbúningi þessa máls. Hefur það verið gert bæði með markaðsathugunum, sérstaklega erlendis, og með tæknilegum undirbúningi. Félagið komst fljótlega að þeirri niðurstöðu, að rétt mundi að hafa samstarf við norska fyrirtækið Elkem og sænska fyrirtækið Jungers við tæknilegan undirbúning verksins, og hefur því samstarfi verið haldið áfram fram til þessa.

Það er langt mál ef rekja ætti alla sögu þessa steinullarverksmiðjumáls. Ég ætla ekki að gera það en tel þó nauðsynlegt að drepa á örfá atriði.

Hinn 27. júní 1979 barst Jarðefnaiðnaði bréf frá iðnrn. sem ég tel nauðsynlegt að lesa, en þar er skýrt frá því, að iðnrn. taki að sér forustu um staðarval verksmiðjunnar. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta, málefnið er framkvæmdarathugun steinullarverksmiðju:

„Nú er að mestu lokið þeim þáttum steinullaráætlunarinnar sem unnir voru sameiginlega fyrir bæjarstjórn Sauðárkróks og Jarðefnaiðnað. Skýrsla um bræðsluprófanir er væntanleg innan skamms. Skýrsla Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins um Ameríkumarkað er ókomin, en mun liggja fyrir von bráðar. Talsvert efni er fyrir hendi um Ameríkumarkaðinn. Skýrsla um breska markaðinn liggur fyrir, sömuleiðis um innanlandsmarkaðinn. Skýrsla um bræðsluofna er að koma út.

Stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun sú, sem verið er að vinna að, yrði of kostnaðarsöm og umfangsmikil ef gera ætti hana fyrir tvo staði, m. a. vegna þess að ekki liggja fyrir grundvallartölur um starfsemisaðstöðuna frá áhugaaðilum á þeim stöðum sem um hefur verið rætt. Gert er ráð fyrir að gerð verði ein áætlun og hún miðuð við staðsetningu á fyrir fram gefnum stað til hægðarauka. Mun fylgja skilgreining á þeim þáttum sem staðbundnir eru. Staðarval mun rætt þegar stofn- og rekstrarkostnaðaráætlun liggur fyrir í ágúst.

Brýnt er að áætlunin komist í hendur eins aðila og á það ekki síst við vegna fyrirsjáanlegra samskipta við hugsanlega erlenda kaupendur á steinullarafurðum og vegna ákvörðunar um staðarval. Iðnrn. hefur því í hyggju að taka frumkvæðið um frekari kannanir og fylgja áætluninni eftir þar til að staðarvali kemur og ákveðið verður um framkvæmdaraðila, ef niðurstöður stofn- og rekstrarkostnaðaráætlunar gefa tilefni til slíks.

Þess er vænst, að þér skiljið aðstöðu rn. og séuð samþykkir þessum framgangi málsins."

Eins og fram kemur í þessu bréfi voru á þessum tíma orðnir tveir aðilar sem áhuga höfðu á byggingu steinullarverksmiðju, en Steinullarfélagið á Sauðárkróki hafði þá unnið að þessu máli um nokkurn tíma einnig. En ástæðan fyrir því, að ég las þetta bréf hér, er fyrst og fremst sú, að við hjá Jarðefnaiðnaði gátum ekki skilið það á annan hátt en þann, að iðnrn. ætlaði sér að taka ákvörðun um hvaða aðili það yrði sem byggði steinullarverksmiðju. Ég verð því að viðurkenna að ummæli iðnrh. komu mér dálítið á óvart í sjónvarpsviðtali nú fyrir tæpum hálfum mánuði, en í því viðtali sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil aðeins bæta því hér við, að ríkið er ekki forgönguaðili í þessu steinullarmáli. Það eru áhugaaðilarnir. Lögin um steinullarverksmiðju, sem samþykkt voru á þinginu s. l. vor, kveða á um að ríkinu sé heimilt að vera með sem minnihlutaaðili í svona fyrirtæki og taka þátt í því, þannig að það er út af fyrir sig enginn sem hefur bannað aðilum að fara af stað með svona fyrirtæki. En báðir telja sig þurfa að hafa þarna tilstyrk ríkisins. Og ríkið kemur inn í myndina."

Eins og ég sagði skildum við hjá Jarðefnaiðnaði hið fyrrgreinda bréf þannig, að iðnrn. ætlaði sér að taka ákvörðun um staðarval, og það skýrir gang málsins og afstöðu Jarðefnaiðnaðar og vinnubrögð fram að þessum tíma. Sama viðhorf virtist felast í lögunum. Að vísu er þar aðeins um heimild að ræða fyrir ríkið að vera hluthafi allt að 40%. En í lögunum eru einnig ákvæði um annan stuðning við byggingu verksmiðjunnar, sem við teljum nauðsynlegt að þeir njóti sem a. m. k. á jafnréttisgrundvelli ættu þá að reisa verksmiðjuna.

Eftir lagasetninguna á Alþingi á s. l. vori um steinullarverksmiðju fól iðnrn. þeim Herði Jónssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni að kanna málið betur, óska frekari gagna frá áhugaaðilum og leita að niðurstöðu til þess að auðvelda ríkisstj. afgreiðslu málsins. Það væri einnig hægt að ræða ýmislegt um það sem kom fram meðan sú athugun stóð, en ég ætla aðeins að binda mig við niðurstöðurnar af þessari athugun sem er það síðasta sem gert hefur verið á því sviði.

Á fundi, sem við nokkrir fulltrúar frá Jarðefnaiðnaði áttum í iðnrn. fyrir áramótin með iðnrh., fulltrúum hans og þeim Herði Jónssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni, sagði ég að í grundvallaratriðum hefðu þeir Hörður Jónsson og Vilhjálmur Lúðvíksson orðið sammála Jarðefnaiðnaði í niðurstöðum sínum í bréfi sem þeir sendu iðnrh. 17. des. s. l. Þeir væru sammála okkur um það, að sú tækni, sem Jarðefnaiðnaður hefði byggt á í áætlunum sínum, væri sú eina sem kæmi til greina, þeir væru sammála um að byggja skyldi bæði á innlendum og erlendum markaði og þeir vísuðu í það álit steinullarnefndarinnar, sem starfaði um eins árs skeið, að frá hagkvæmnisjónarmiði væri Sauðárkrókur síðri en Þorlákshöfn. Þessari túlkun minni á niðurstöðunum var ekki andmælt á þessum fundi.

Hvað tæknina varðar hafði Jarðefnaiðnaður, eins og ég sagði áður, byggt á samstarfi við Elkem og Jungers. Steinullarfélagið hafði verið í samstarfi við franska fyrirtækið St. Gobain með allt aðra tækni og lagt fram áætlanir byggðar á þeim grundvelli á s. l. ári. Jarðefnaiðnaður hf. hafði talið, að fyrir tækni St. Gobain væri ekki grundvöllur hér, og lýst vantrú sinni á því. Þetta álit Jarðefnaiðnaðar var rækilega staðfest í lokaniðurstöðum Harðar Jónssonar og Vilhjálms Lúðvíkssonar.

Ég verð að viðurkenna það, að ef niðurstaðan hefði orðið sú, að tækni St. Gobain hefði verið sú eina sem ætti að nota, þá hefði ég talið það algera fjarstæðu og ekki koma til greina hjá Jarðefnaiðnaði að fara fram á það við ríkið, að það semdi við Jarðefnaiðnað um byggingu steinullarverksmiðju sem byggði á þeirri aðferð með samstarfi við St. Gobain. Á það hefur verið bent, að Steinullarfélagið hf. hafi einnig haft sambandi við Elkem og Jungers. Ég efast ekkert um að það er rétt, því að vafalaust hafa þeir byggt á athugunum þá niðurstöðu, sem þeir komust að um tækni þeirra sem þeir sögðu frá í skýrslu sinni á s. l. sumri að væri lélegri og dýrari og vart sé ástæða að taka hana upp. Ég hlýt því að láta í ljós undrun mína, ef ríkisstj. vill nú frekar fara að semja við þann aðila sem hefur lýst vantrú sinni á þeirri tækni sem sérfræðingar iðnrn. telja að ein komi til greina. Er það vænlegra til árangurs fyrir afkomu fyrirtækisins?

Um möguleika á útflutningi á steinull hafa verið nokkuð skiptar skoðanir. Vissulega er það rétt, að um þessar mundir er ekki sérstaklega bjart yfir útflutningi á íslenskum iðnaðarvörum, einkum þó á þeirri framleiðslu sem fyrst og fremst byggist á orku, eins og áli, kísiljárni og kísilgúr. Jarðefnaiðnaður hefur þó fengið tilboð frá breskum fyrirtækjum um kaup á steinull á því verði sem gerir rekstur verksmiðjunnar hagkvæman, eins og fram kemur í skýrslu þeirra Harðar Jónssonar og Vilhjálms Lúðvíkssonar. Þar er talin besta afkoman að reka verksmiðju sem byggi bæði á innlendum og erlendum

markaði. Þetta verð er einnig í samræmi við álit bresks markaðssérfræðings sem Jarðefnaiðnaður fékk til að kanna þessi mál. Sænskur maður, sem Iðnþróunarsjóður hefur fengið til að athuga þetta, hefur bent á að möguleikar geti verið á að flytja hálfunna steinull, ef svo má segja, til Þýskalands þar sem henni megi þjappa meira saman og flutningskostnaður geti því orðið lægri. Hann hefur hins vegar minni trú á breska markaðnum, en mun væntanlega athuga hann betur.

Um verksmiðjustærð hefur e. t. v. gætt nokkurs misskilnings. Eins og fram kemur í fskj. með þessari þáltill. gerði Jarðefnaiðnaður á s. l. sumri tillögur um tvær stærðir af verksmiðju og gerði áætlun um rekstur þeirra. Að mati okkar hefur stærri verksmiðjan marga kosti. En þó hér séu sett upp þessi dæmi er vitanlega hægt að fara milliveg. En bræðsluofninn er nokkuð fastur kostnaðarliður í verksmiðju, af hvaða stærð sem hún er innan þessara marka. Verð hans er lítt breytilegt miðað við stærð. Hins vegar getur verið nokkur munur e. t. v. á því frá hvaða fyrirtækjum hann er keyptur, enda þótt um sömu gerð sé að ræða, þ. e. með sömu tækni. Í stærri verksmiðjunni er hins vegar hægt að koma við meiri hagræðingu þannig að launakostnaður verður lægri á hvert framleitt tonn, svo að þrátt fyrir nokkurn mismun á stofnkostnaði verður miklu minni munur á rekstrarkostnaði, eins og fram kemur í skýrslu Harðar Jónssonar og Vilhjálms Lúðvíkssonar. Þeir segja þar að arðsemi stærri verksmiðjunnar sé ekki alveg óviðunandi jafnvel þótt erlendi markaðurinn bregðist alveg. En það, sem er þó aðalatriðið frá sjónarmiði Jarðefnaiðnaðar, er að ekki sé um alla framtíð verið að útiloka það, að framleiðsla á steinull geti orðið útflutningsiðnaður. Það er augljós kostur að geta farið af stað með nýjan iðnað sem getur byggt bæði á innlendum og erlendum markaði. Ef byggð væri verksmiðja sem þannig væri sett að hún hefði enga möguleika á útflutningi, þá væri verið að koma í veg fyrir það a. m. k. um ófyrirsjáanlega framtíð, að íslenskt hráefni mætti nota til þessarar útflutningsframleiðslu, en það er einmitt meginkosturinn við þessa vinnslu, að hráefnið er alveg við verksmiðjuvegginn í Þorlákshöfn. Benda má á það, að hráefnisverð á basaltsandinum þ. e. kostnaðurinn við að koma honum inn í verksmiðjuna, er áætlaður 10 kr. á tonn. Það var þó talin varfærin áætlun þannig að kostnaðurinn ætti ekki að verða meiri. En hliðstætt hráefnisverð í Svíþjóð, sem að vísu er mulið berg sem þeir nota, er 80—190 kr. á tonn. Þarna er því um að ræða framleiðslu þar sem Svíar — sem við ættum að keppa við á erlendum markaði því að þeir eru vaxandi útflytjendur á steinull til Bretlands — verða að greiða allt að 19 sinnum hærra hráefnisverð en við þurfum að gera. Ætli það séu margir iðnaðarkostir sem við eigum völ á hér í landinu þar sem við þurfum aðeins að greiða 1/19 af hráefniskostnaðarverðinu miðað við keppinauta okkar annars staðar? Það er líka athyglisvert, að steinullarfyrirtækið Dansk Rockwool hefur spurst fyrir um möguleika á að kaupa basalt héðan frá okkur. En þeirri framleiðslu hentar ekki sandur. Sjá menn ekki hversu gífurlegur aðstöðumunur það er að þurfa að sækja grjót frá Íslandi til Danmerkur, mylja það fyrst hér og flytja það síðan í skipum og skipa upp, í staðinn fyrir að geta mokað þessu svo að segja beint úr námunni í bræðsluofninn? Mér finnst það alveg furðulegt, ef menn vilja ekki a. m. k. halda opnum möguleikunum til slíkrar framleiðslu, til að nota slíka möguleika sem íslensk hráefni bjóða. Varla trúa menn því, að eini möguleikinn, sem við höfum til að nota okkar innlendu orku til útflutningsframleiðslu, sé að sækja súrál og önnur hráefni hálfa leið um hnöttinn.

Eins og ég sagði áðan benda þeir Hörður Jónsson og Vilhjálmur Lúðvíksson á að frá hreinu arðsemisjónarmiði sé Þorlákshöfn heppilegri staður. Menn greinir hins vegar á um það, hversu sá mismunur sé mikill. Mismunurinn hefur verið reiknaður niður með því að byggja á hugmyndum um flutningskostnað frá Skipaútgerð ríkisins. En í niðurlagi bréfs frá Skipaútgerð ríkisins, dags. 8. jan. á þessu ári, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það eru því horfur á að flutningsgeta útgerðarinnar aukist það mikið, að unnt verði að anna umræddum flutningum þó til útflutnings komi. Á þessu stigi getur útgerðin þó ekki skuldbundið sig að þessu leyti vegna óvissu um aðra flutninga og vegna þess að stjórnvöld hafa ekki mótað stefnu útgerðarinnar svo langt fram í tímann."

Það verður hver og einn að meta hversu mikið er hægt að byggja á slíkum hugmyndum. Ég mun ekki ræða það hér frekar þar sem það verður vafalaust athugað af þeirri nefnd sem fær þessa till. til meðferðar.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns hefur Jarðefnaiðnaður hf. unnið lengi að undirbúningi þessa máls. Félagið leitaði fljótt stuðnings ríkisins við undirbúningsathuganir og fékk aðstoð við það m. a. með sérstökum samningi við Iðntæknistofnun Íslands á árinu 1977. En það var alltaf vilji Jarðefnaiðnaðar að reyna að koma þessum atvinnurekstri af stað með framtaki Sunnlendinga sjálfra og þeirra sem þá vildu styðja til þess. Þetta kom fram í samþykkt hluthafafundar Jarðefnaiðnaðar sem haldinn var á Selfossi 29. mars 1981, eftir að staðarvalsnefndin hafði skilað áliti sínu og áður en frv. um steinullarverksmiðju var lagt fram hér á Alþingi. Þessi samþykkt var þannig:

„Fundurinn samþykkir að hefja nú þegar söfnun almenns hlutafjár meðal allra einstaklinga, fyrirtækja og sveitarfélaga á Suðurlandi til að reisa og reka steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn með 14—15 þús. tonna framleiðslugetu. Jafnhliða verði leitað hlutabréfaloforða utan félagssvæðisins frá áhugaaðilum, einstaklingum og fyrirtækjum og þá sérstaklega þeim sem hagsmuna eiga að gæta í tengslum við rekstur væntanlegrar verksmiðju. Stefnt skal að því marki, að svo mikið hlutafé safnist að ekki þurfi að koma til meðeign hins opinbera eða erlendra aðila."

Þessi samþykkt var áréttuð með bókun stjórnar Jarðefnaiðnaðar á fundi 29. þ. m. þar sem segir:

„Stjórn Jarðefnaiðnaðar hf. ítrekar fyrri samþykktir sínar og ályktun hluthafafundar félagsins frá 29. mars 1981 um að stefnt skuli að því marki, að svo mikið hlutafé safnist að ekki þurfi að koma til meðeign hins opinbera í steinullarverksmiðjunni í Þorlákshöfn. Með hliðsjón af þessum samþykktum mun stjórnin haga störfum þannig, að því marki verði náð hið allra fyrsta."

Það, sem liggur að baki þessum samþykktum, er vilji Sunnlendinga til að verksmiðjan verði sem allra mest þeirra eign og þeir taki ábyrgð á rekstri hennar, enda fái þeir að njóta þeirra ákvæða sem lögin um steinullarverksmiðju frá s. l. vori gera að öðru leyti ráð fyrir í sambandi við byggingu hennar.

Um hlutafjársöfnun er það að segja, að farið var af stað fyrir ári með hlutafjársöfnun í Þorlákshöfn og fengust þar þá hlutafjárloforð sem námu 3 millj. kr. miðað

við verðlag á þeim tíma. En vegna óvissunnar um staðarvalið og e. t. v. misskilnings okkar á bréfi iðnrn. sem ég las upp áðan, reyndist þungt fyrir fæti að halda áfram með frekari hlutafjársöfnun fyrr en ákvörðun um staðarval lægi örugglega fyrir.

Öflugur bakhjarl Jarðefnaiðnaðar við fjármögnun á þessari verksmiðju er Iðnþróunarsjóður Suðurlands. Hann var stofnaður fyrir tveimur árum. Í hann leggja sveitarfélög á Suðurlandi 1% af bráttótekjum sínum og er hann ætlaður til iðnaðaruppbyggingar í héraðinu. Hreppsnefnd Ölfushrepps hefur samþykkt að aðstöðugjald af steinullarverksmiðju skuli renna í þennan sjóð. Þannig verður verksmiðjan að sameiginlegri framkvæmd Sunnlendinga.

Ástæðan fyrir því, að Sunnlendingar vilja að steinullarverksmiðjan verði að mestu þeirra eign, er vitanlega sú, að þeir hafa trú á að rekstur hennar geti orðið grundvöllur að frekari iðnaðaruppbyggingu á Suðurlandi vegna þeirrar félagslegu samstöðu sem að baki Jarðefnaiðnaðar býr, en það félag, Jarðefnaiðnaður, er einnig fyrirtæki allra sveitarfélaga á Suðurlandi auk fjölmargra einstaklinga.

Óhætt er að fullyrða að það yrði mikið áfall fyrir þá félagslegu uppbyggingu, sem þarna hefur tekist að ná, ef steinullarverksmiðjunni yrði valinn staður annars staðar en þar sem hagkvæmast er.

En hvað er það þá annað sem hefur áhrif á staðarval? Rætt hefur verið um byggðasjónarmið. Ef hafa á þau í huga teljum við, eins og fram kemur í greinargerðinni, að þau hljóti að mæla með Þorlákshöfn. Öllum er kunnugt um það, að á s. l. ári fluttist hlutfallslega flest fólk burt úr Suðurlandskjördæmi. Ég get fullyrt að fólk, sem alið er upp á Suðurlandi, vill búa þar og ekki þurfa að flytja í burtu. Ástæðan fyrir brottflutningi er fyrst og fremst sú, að það vantar atvinnu handa öllum sem þar vilja vera, og sú vöntun virðist hvergi á landinu vera meiri. Ef litið er á aðstæður er e. t. v. skiljanlegt hvernig á þessu stendur. Undanfarinn áratug hafa orkuframkvæmdir verið í gangi á Suðurlandi og þar hafa margir fengið atvinnu. Það hefur m. a. leitt til þess, að þau atvinnufyrirtæki, sem höllum fæti stóðu, áttu erfitt uppdráttar að keppa við vinnumarkaðinn uppi á hálendinu og hafa sum jafnvel orðið að hætta. Og þá er einnig augljóst að við þær aðstæður var erfiðara að koma nýjum fyrirtækjum af stað. En þegar samdráttur kemur í virkjunarframkvæmdir er ekki annað til að grípa til.

Á þessu tímabili átti sér líka stað mjög mikil atvinnuuppbygging allt í kringum landið. Þá var hafin endurnýjun togaraflotans og uppbygging hraðfrystihúsanna. Þessi uppbygging olli gerbyltingu um allt land. En eins og við vitum eru fáar hafnir á Suðurlandi og fáir staðir sem gátu verið með á því sviði. Það var líka eðlilegt að þegar miklu fjármagni var beint til virkjunarframkvæmda á Suðurlandi yrði þrýstingur frá öðrum landshlutum meiri að fá fjármagn til sín. Nú er orkan, sem hefur verið unnið að því að beisla á Suðurlandi, að mestu leyti flutt burt úr héraðinu og þau gjöld, sem fást af þeirri framleiðslu sem unnin er með sunnlenskri orku, renna ekki til sunnlenskra sveitarfélaga, heldur annarra. Ég held að það sé því ekki til mikils mælst þó Sunnlendingar fari nú fram á að fá aðstoð og stuðning við að byggja eina verksmiðju, sem að stofnkostnaði til er svipuð og togari sem ætti að fara að smíða innanlands í dag.

Það hefur verið bent á það, að Sunnlendingar eigi kost á fleiru, og m. a. hefur verið útbýtt frv. um sykurverksmiðju á borð þm. hér í dag. En ef við horfum 10 ár aftur í tímann, þegar atvinnuuppbyggingin, sem ég var að tala um áðan, hafði hafist víða um land, hvað hefði verið sagt ef við Sunnlendingar hefðum haldið því fram að yrði keyptur togari til Ólafsfjarðar, þá ætti það að vera rök til þess, að á næstu árum eða áratug kæmu ekki togarar til Dalvíkur, Húsavíkur, Þórshafnar eða Raufarhafnar? Ef það eiga að vera rök fyrir því, að ekki megi byggja steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn nú, verksmiðju sem kostar svipað og einn nýr togari, af því að það kunni að vera möguleikar einhvern tíma á næstu árum að byggja upp önnur atvinnutækifæri, jafnvel þó að það væru fyrirtæki sem kostuðu á við tvo togara, einhvers staðar annars staðar á Suðurlandi, þá finnst mér að þau rök séu dálítið langsótt. Ég vænti því þess, að hv. atvmn., sem ég óska eftir að fái þetta mál til athugunar, og síðan hv. alþm. sjái, hvað hér er um þjóðhagslega hagkvæmt og sjálfsagt mál að ræða, og veiti því brautargengi.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hæstv. forseti Sþ., Jón Helgason, hefur lokið máli sínu. Þar hefur hógvær og prúður séntilmaður gert grein fyrir röksemdum fyrir því, að ef steinullarverksmiðja á að rísa, þá skuli hún fremur rísa sunnan heiða en norðan. Allar voru þessar röksemdir réttar og sannar og skilmerkilega fluttar, en til hvers?

Sannleikurinn er sá, að allir tilburðir okkar til þess að koma réttum málstað áfram rétta leið með röksemdum eru líklega vonlausir. Ákvörðun hæstv. iðnrh. byggist ekki á röksemdum. Hún byggist á allt öðru. Tveir hæstv. ráðh. í ríkisstj., jafnvel þrír, hafa af mikilli ýtni — svo að maður nefni nú ekki orðið frekju hér á þessu friðsæla kvöldi — haft uppi mikla tilburði til þess að koma í sitt kjördæmi öllum sköpuðum hlutum með illu eða góðu, hvort sem þar er um virkjanir að ræða eða annað sem fjármagn þarf til. Sannleikurinn er nefnilega sá, að það er langt liðið frá því að þessi ákvörðun var í raun og veru tekin, svo langt, að hún var tekin áður en rannsóknir fóru fram. Rannsóknirnar og kannanirnar voru til þess að reyna að sýna fram á að það væri miklu minni mismunur á hagkvæmni þessara tveggja verksmiðja, annars vegar á Sauðárkróki og hins vegar í Þorlákshöfn, heldur en raun er á. Þær kostuðu langan tíma, gífurlegt flóð af pappír, þó kannske enn meir af peningum, skattpeningum borgaranna í þessu landi.

Fyrirtækin, sem takast á um þessa verksmiðju, hafa lagt í þetta samtals um 130—140 millj. gkr. til þess að sýna fram á að verksmiðja á þeirra stað væri hagkvæmari en á hinum. Steinullarfélagið á Sauðárkróki hefur líklega eytt 70 millj. gkr. í þessu skyni. Og hvað voru þeir svo að sanna allan tímann, öll þessi ár? Þeir voru að sanna það, að verksmiðja frá frönsku fyrirtæki, frá St. Gobain, væri það besta, það eina rétta. Hvernig fór svo eftir allt saman, þegar menn voru búnir að eyða öllum þessum árum og öllum þessum pappír og þaðan af meiri peningum til þess að sanna þetta? Verksmiðjan er ónothæf. Framleiðendur hennar taka ekki ábyrgð á henni nema orkan, sem til hennar þarf að brúka, verði olía að $^{9}/_{10}$ hlutum. Þar var farið illa með mikla vinnu og mikla peninga. Á sama tíma, það var hliðarverkefni, reyndu þeir að sanna að sú tækni og sá verksmiðjubúnaður, sem Sunnlendingar börðust fyrir að koma upp í sinni verksmiðju frá sænskum aðilum og fleirum, Elkem og

Jungers, væri vond, dýr og illbrúkanleg. Hvað vilja þeir núna? Þeir vilja einmitt fá þá verksmiðju sem þeir eru búnir að úthúða öll þessi ár. Það er ekki samræmi í þessu frekar en öðru í þessum málum.

Eitt er þó alveg ljóst, að þó að þessir aðilar hafi eytt miklum peningum höfum „við í iðnrn." eytt kannske enn þá meiri peningum í sama skyni — og ekkert gekk. Þar var ekki samræmi í hlutunum heldur, enda bjóst maður varla við því. Herra forseti. Það er raunalegt að þurfa að segja það en það er satt.

Hvað er það sem þarf til þess að framleiða steinull? Það þarf sand. Það er nú víðast hvar sandur. Þó er hann misjafnlega aðgengilegur. Við í Þorlákshöfn höfum sand til milljón ára framleiðslu a. m. k. og hefur það þó ekki verið mælt nákvæmlega. Við höfum ekki eytt peningum í að rannsaka það. Þar er einn mikill sandbingur sem hefur orðið mönnum til mikilla vandræða um langa hríð. Og það þarf ekki annað en gægjast út um dyrnar á þessari væntanlegu verksmiðju til þess að fylla þar allt af sandi eftir óskum með litlum tilkostnaði eða engum. Náttúran sjálf sér um þá lageringu alla saman. En á Sauðárkróki fá þeir sand úr Héraðsvötnum þegar lægst er í þeim. Þeir verða sem sagt að ná í þennan sand einu sinni á ári og geyma hann þess á milli. Ætli það kosti ekki eitthvað? Og ýmislegt í þessu kostar eitthvað. Sérfræðingarnir frá rn. reyndu eins og þeir gátu, með því að kaupa sér alltaf betri og betri landakort, að sanna að það væri styttra frá Sauðárkróki til Reykjavíkur heldur en frá Þorlákshöfn hérna yfir heiðina. Það tókst ekki og nú voru góð ráð dýr. Þeir settu Framkvæmdastofnunina í gang og byggðadeild, og þar fann forstöðumaðurinn bróður sinn í góðu embætti hér í bænum sem hafði ráð á skipum nokkrum sem eru ákaflega dýr og illa rekin á kostnað skattborgaranna í landinu. Það gerir hins vegar ekkert til. Það gerir ekkert til þó að það kosti miklu meiri peninga að gera þetta fyrir norðan. Það er algert aukaatriði. Hagkvæmni og allt þess konar er nú ekki ofarlega í huga þessara áður nefndu ráðherra. Það er aukaatriði. Það eru ekki þeir sjálfir sem borga, það er þjóðin sem borgar.

En Skipaútgerðin, það var þetta fyrirtæki, kom einu sinni enn með glanstilboð og bauðst til þess að flytja alla steinull ef verksmiðjan færi norður. Það má geta þess, að Skipaútgerð ríkisins þjónar ekki Suðurlandi. Þó borga Sunnlendingar í hana eins og aðrir. Hún bauðst til að flytja steinullina suður fyrir um það bil fimmtung af kostnaðarverði, fimmtung af töxtum. Það var rausnarlega boðið. Þetta sama fyrirtæki hefur að vísu áður komið með svona góð tilboð. Það var þegar ullarþvottastöðin á Akureyri var lögð niður. Þá var ein aðalástæðan til þess að af því gæti orðið, eins og vissir herramenn óskuðu eftir, tilboð frá Skipaútgerðinni um að flytja ullina bæði norður og suður fyrir lítið sem ekki neitt. Þeir gerðu áætlun um það og buðust til að taka fyrir þetta bara ákveðna peningaupphæð, langt undir öllum venjulegum kostnaði. Síðan hefur ullin að mestu leyti verið keyrð milli Akureyrar og Reykjavíkur og norður aftur. Hver skyldi borga bílunum? Skipaútgerð ríkisins? Skattborgararnir greiða.

Annað dæmi um þessa ágætu Skipaútgerð mætti nefna frá þeim dögum þegar Herjólfur fór að ganga milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur — gengur nú á ýmsu í rekstri þess skips. Þó hann sé myndarlegur og afli mikilla tekna, flytji 40—50 þús. farþega á ári, 10 þús. tonn af vörum og 10—20 þús. bíla, þá er það nú svo, að rekstur slíkra skipa er heldur óhagkvæmur og ríkið þarf að leggja fyrirtækinu til peninga árlega eins og öðrum sem eru í þessum bransa, en ekkert líkt þeim milljörðum öllum sem fara til Skipaútgerðar ríkisins. Hvað skyldi nú ríkisfyrirtækið hafa boðið? Það bauð nefnilega ýmsum vöruflutningamönnum, sem flytja vörur milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, að flytja vörur með Ríkisskip þessa leið fyrir miklu minna gjald en Herjólfur bauð. Þarna var ríkisfyrirtækið komið í samkeppni með undirboði við Herjólf, sem veldur því að hann þarf auðvitað að fá aðeins meiri peninga frá ríkinu árlega í nóvember eða desember. Það gerir hins vegar ekkert til því að skattborgararnir greiða það. Það er nefnilega svo, að helmingurinn af allri fragt er fluttur á ríkisins kostnað með þessu fyrirtæki, og auðvitað er gott að fá svona glanstilboð frá Skipaútgerð ríkisins sem hefur svona traustan bakhjarl, þ. e. budduna hjá almenningi. Þessum herramönnum er ekki sárt um hana.

Já, við þurfum sand. En við þurfum líka skeljasand. Það eru þekkt skeljasandsmið hér í flóanum sem hefur verið gengið í nú í langan tíma. Þau eru örugg á sínum stað og gefa góðan afla þegar í er sótt. Það þarf líka skeljasand fyrir norðan. Hann mun vera þar til, en það hefur hins vegar ekki verið kannað, enda gerir það ekkert til því að það mundi efla Skipaútgerðina enn meira að fá að flytja skeljasandinn norður líka, að vísu á kostnað skattborgaranna einu sinni enn. En ég hef ekki áhyggjur af því.

Svo þurfum við rafmagn. Og það þarf líka rafmagn fyrir kísilmálmverksmiðjuna sem á að framleiða 5% af öllum kísilmálmi í veröldinni. Og hvar skyldi hún vera sett niður? Hún er auðvitað sett niður í því kjördæmi sem minnst rafmagn hefur í heimi. Ekkert kjördæmi í heimi hefur eins lítið rafmagn. Þangað liggur að vísu þessa dagana allvæn rafmagnssnúra, en þeir, sem þekkja lítið til rafmagns, þekkja betur til skorkvikinda, — þeir hafa aldrei hugsað út í að það kostar mikla peninga að keyra þennan rafstraum í gegnum þessa löngu mjóu línu hringinn í kringum landið. Það gerir hins vegar ekkert til því að kísilmálmverksmiðjan verður að fara á réttan stað.

Það var merkilegt með þessa staðarvalsnefnd sem tók þátt í að rannsaka málið með Sauðárkrók og Þorlákshöfn. Hún var líka fengin til þess, enda ágætir menn í henni, að velja einhvern stað á þessu landi, á mörg þúsund km vogskorinni strönd, þann stað einan sem kæmi til greina að taka við kísilverksmiðjunni. Og eftir langa og mikla leit fundu þeir Mjóeyri við Reyðarfjörð. Þar var hann. Þessir sérfræðingar rannsökuðu bara staðinn, en vissu ekkert að þar var rafmagnslaust.

En þessi verksmiðja, hvort sem hún verður syðra eða nyrðra, þarf rafmagn. Og hvaðan skyldi það koma? Eitt veit ég þó, að þetta rafmagn eins og annar rafstraumur í landinu rennur um hlaðið í Hveragerði. Skyldi þá ekki vera þar fullt af rafmagni? Ekki meira en svo, að það er ekki einu sinni hægt að reka þar frystikistu, hvað þá verksmiðju. Þar búa menn við spennu upp á 180 volt árið um kring og þegar illa stendur á enn þá minna. Allt rafmagnið hér er nefnilega flutt vestur yfir heiði án þess að ætlast sé til að menn geti einu sinni rafmagnað sjálfa sig í kjördæminu þar sem allt rafmagn landsins er framleitt. Það á að keyra 5—8 mw. í þessu skyni til Sauðárkróks, og ég er ekki í vafa um að tveir ágætir hv. þm. og jafnvel hæstv. ráðherrar eru tilbúnir að lofa fyrirtækinu

spennistöð og raflínu. Ég er ekki í nokkrum minnsta vafa um það.

Þessar röksemdir eins og aðrar eiga ekki greiðan aðgang að hinum gráu sellum í höfðinu á þessum mönnum, nema þær fari beint út aftur, því að þetta hefur verið ákveðið fyrir löngu. Rannsóknin var bara sýndarverk, „camouflage" eins og þeir segja í útlöndum. Það átti að setja á þetta vísindablæ. Að þessu sinni ætla ég ekki að segja ykkur söguna af því, þegar ég fór með hæstv. forseta Sþ. í heimsókn til mesta vísindamanns í landinu sem tók þátt í þessari staðarvalsnefnd, en það er góð saga. Hana segjum við við síðari umr.

Það gat hvert mannsbarn, meira að segja þau mannsbörn sem ekki kunnu að reikna, sagt sér það sjálft, að það hlýtur að vera og er alveg ljóst, að verksmiðju af þessu tagi er auðvitað best að hafa sem næst markaðnum. Steinull er einu sinni þannig vara. Hún er fyrirferðarmikil, dýr í flutningi, og það gefur auga leið að það er ekki af hagkvæmnisjónarmiðum sem þessari verksmiðju er ætlaður staður á Sauðárkróki. Það er eitthvað allt annað. Við vitum hvað það er. Ég er búinn að segja það. Þeir Ragnar og Pálmi, hæstv. ráðherrar, eru búnir að segja hæstv. iðnrh. að gera þetta. Hann er góður piltur og vel ættaður, enda náfrændi Jóns Helgasonar forseta Sþ. En það er svona, þegar gelt er lengi og hvasst að mönnum láta þeir um síðir undan. En á röksemdalegum grunni er þetta ekki byggt. Það má vera öllum ljóst.

Það er nefnilega svo, að þegar þetta plagg þeirra staðarvalsmanna er lesið, þá treysta menn sér ekki til þess að benda á neinn þátt, um hráefnisöflun, vinnslu, dreifingu eða sölu, sem er hagkvæmari fyrir verksmiðjuna fyrir norðan heldur en sunnan. Menn geta tekið hvern einstakan þátt, þótt ég nenni því ekki af því að ég veit að það er þýðingarlaust. Ég skoraði á þá hv. alþm. sem með lokuð augun hafa gengið til fylgis við þessa till., allt of marga framsóknarmenn, að koma þessu norður frá hæstv. ráðh. sem hlýddi sínum þingbræðrum.

Hver ætli hafi verið ein aðalröksemdin fyrir því, að þetta skyldi fara norður? Hún er sú, að það að flytja vörur fyrir svo sem ekki neitt frá Norðurlandi til Suðurlands mundi stórefla Skipaútgerð ríkisins. Að vísu þurftu þeir að fá tvö skip. En hvað kosta þau á milli vina, tvö skip? Nokkra milljarða stykkið. Annað eins fer nú í súginn í iðnaðarmálunum. Þeir þurftu líka að fá bætta hafnaraðstöðu og það eiga Sauðkræklingar inni, ekki hefur verið lagt það fjármagn þangað. En hver er hin röksemdin sem hægt er að finna úr þessu plaggi? Hver er hún? Það er sú röksemd, að það séu svo geysilega mörg önnur iðnaðartækifæri á Suðurlandi. Af hverju skyldu þau þá ekki vera notuð? Af hverju skyldu menn ekki hafa Suðurland í huga þegar þeir tala um þessar verksmiðjur allar? Hvað er fram undan í iðnaðarmálum? (**Gríðið fram í:** Sykurverksmiðja.) Já, hver þorir að spá því, hvað hefur sést á blaði um það? Það á að stækka stóriðjuna og álverið, annað álver. Það vantar eitthvað meira í Grundartanga. Það er saltverksmiðja, magnesíumverksmiðja, kalíumklóratverksmiðja eða hvað. Það er trjákvoðuframleiðsla „og så videre," eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði í dag því að hann var nýkominn af Norðurlandaráðsfundi.

Hvað skyldi vera þessum verksmiðjum öllum sameiginlegt? Aðeins eitt, og það er að þeim er ekki ætlaður staður á Suðurlandi. Eftir sem áður þarf raforka Sunnlendinga að knýja allar þessar „fabrikkur" þeirra áfram. Eins og ég hef bent á áður hafa menn gert þá skyssu hér í þjóðfélaginu að setja samasemmerki á milli orkuframleiðandi fyrirtækja eða vatnsorkuvera og iðnaðarmöguleika. Þegar Blönduvirkjun var á hallelújastiginu og allir fögnuðu sem mest, áður en til vandræðanna kom milli þeirra Páls og Pálma, hv. þm., þá sögðu menn að Blönduvirkjun mundi verða lyftistöng undir iðnaðaruppbyggingu á Norðurlandi. Allir studdu þeir þetta, allur Framsfl. eins og hann lagði sig milli Horns og Langaness, og þeir fögnuðu mikið. Þegar var farið að tala um raforkuframleiðslufyrirtæki á Austurlandi og meira að segja áður en mönnum datt hún í hug, þá skyldi setja þar kísilverksmiðju, hvort sem hún hefði nokkurt rafmagn eða ekki. Það virðist talið gott að hafa þær á „lager," þessar verksmiðjur. En reynslan sýnir bara allt annað.

Við höfum á Suðurlandi svo gott sem öll raforkuver landsins sem einhver friður hefur verið um. Þar er engin iðnaðaruppbygging, alls engin, samasemmerkið er yfirstrikað. Það er ekkert samhengi í því og hefur ekki verið. Þessi síðari röksemd þeirra Sauðkræklinga um að Sunnlendingar eigi mikla aðra möguleika er blekking eins og annað. Menn hafa verið með alls kyns aðrar hugmyndir. Hér er búið að prenta eitt frv. um sykurverksmiðju sem hv. þm. Ingólfur Guðnason færði mér. Þetta er gamalt mál eins og önnur sem nefnd hafa verið, og öll þau mál, sem hafa verið sýnd okkur Sunnlendingum eins og nokkurs konar dúsa að undanförnu í staðinn fyrir hina, þau hafa því miður hingað til verið dæmd úr leik vegna óhagkvæmni. Vonandi á það eftir að breytast. Ég vona sannarlega að við fáum iðnaðartækifæri á Suðurlandi sem eigi eftir að skila góðum árangri þjóðarbúinu í heild.

Hvað erum við að gera með því að setja upp svona verksmiðjur? Að efla atvinnu í landinu, auka framleiðsluna, stækka kökuna sem er til skipta. En hún stækkar ekki með því að setja upp tapfyrirtæki. Hún stækkar þeim mun meira og verður að þeim mun meiri búdrýgindum í íslensku þjóðarbúi sem fyrirtækin skila meiri arði. Öðruvísi fyrirtæki eigum við auðvitað ekki að setja upp. Það er nóg af hinum fyrir. Og þegar valinn er verri kosturinn í máli eins og þessu, þá eru menn vísvitandi að velja kost sem ekki gefur eins mikið í aðra hönd.

Mig varðar um þjóðarhag.

Mér dytti ekki í hug að leggja til að reist yrði verksmiðja af einhverju tagi á Suðurlandi sem væri með greinilegu tapi, ef það væri kostur á að setja hana niður einhvers staðar annars staðar hagkvæmari. Þetta er augljóst og hefur alltaf verið augljóst hverjum einasta manni sem hefur opin augun á annað borð, að það er hagkvæmara að hafa þessa verksmiðju syðra heldur en nyrðra.

En hver eru þau sjónarmið sem gætu komið þarna önnur til greina? Það er eins og hæstv. forseti Jón Helgason nefndi hér áðan, byggðasjónarmiðið gæti kannske komið þarna inn. Og mesti Norðlendingur í heimi, Bjarni Einarsson, formaður byggðadeildar í Framkvæmdastofnun, þó hann sé fæddur í Borgarfirðinum, talaði lengi um það, að frá byggðasjónarmiði væri þetta miklu heppilegra. Eitt stóð þá sérstaklega upp úr. Það var að ef verksmiðjan yrði sett á Sauðárkrók mundi hún — hvernig er það nú orðað á stofnanamálinu — þá mundi hún efla þjónustustarfsemi á staðnum meira fyrir norðan heldur en sunnan. Og af hverju? Það hef ég ekki skilið, enda er ómögulegt að sanna það. Við höfum ekki getað komið okkur upp eins öflugri þjónustu-

starfsemi á þessu svæði sem við erum að tala um að reisa þessa verksmiðju á fyrir sunnan. En ef við fáum ekkert í viðbót verðum við alltaf í sama farinu, þá eflist hún ekki. Þetta var nefnilega alveg gullið tækifæri til þess að efla ekki aðeins iðnaðinn á Suðurlandi, heldur einnig alla þjónustu þar í kring.

Það hefur verið minnst hér á fólksflótta á Suðurlandi. Á síðasta ári fjölgaði íbúum í Suðurlandskjördæmi um 19, í öllu kjördæminu. Vestmannaeyjar eru í þessu kjördæmi enn þá. Þar fjölgaði íbúum á þessu sama ári um 22, sem sagt meira en heildaraukningin var í öllu kjördæminu að Vestmannaeyjum meðtöldum. Það þýðir að það fækkaði í landi um 3. Samt fæddust þarna — sem betur fer og guð hefur lofað okkur — börn upp á 250 stykki eða svo. Allmargir kvöddu þennan táradal á árinu, samt ekki meira en svo að mismunurinn er einhvers staðar um 130, þ. e. 130 manns hafa farið burt úr kjördæminu vegna þess að þeir hafa ekki haft vinnu. Enn býr fólk á Selfossi sem þar er talið til heimilis en hefur enga vinnu. Fimmti hver maður á þeim stað verður að leita atvinnu annars staðar, út fyrir plássið, meira að segja í Reykjavík. Sama er í Hveragerði. Þar er varla hægt að setja upp eina einustu verslun. Þannig er nú ástandið í þessu blessaða kjördæmi okkar. Ekki getur það verið af þessum ástæðum sem menn hafa valið verksmiðjunni stað fyrir norðan.

Herra forseti. Hvílíkt eymdarlíf má ekki vera á Sauðárkróki ef trúa má því, að þessi verksmiðja þeirra fyrir norðan muni kippa þar öllu í lag? Það vill svo til að ég hef hér í vasanum hluta ræðu minnar, sem er lítill miði úr hinni voldugu Morgunblaðspressu, og hún er upplýsingar um Sauðárkrók. Því miður er dagsetningin horfin. En ég vil — með leyfi hæstv. forseta — fá að lesa úr henni nokkur orð. Það eru ekki vilhallir menn að sunnan sem hafa sett þennan texta saman og þaðan af síður sent hann til Moggans. Það eru Sauðkrækingar sjálfir sem hafa nuddað saman þessum texta og komið honum í pressuna. Og hann hljóðar á þessa leið, herra forseti:

„Sauðárkróki, 23. mars. Fyrir skömmu var afgreidd í bæjarstjórn Sauðárkróks fjárhagsáætlun kaupstaðarins fyrir árið 1982. Heildartekjur bæjarsjóðs eru áætlaðar rúmlega 21 millj. kr!" — Það er fátt fólk þarna. — „Helstu tekjuliðir eru útsvör og aðstöðugjöld, rúmar 13 millj. kr., og fasteignagjöld um 3.5 millj. o. s. frv. Til framkvæmda á rekstraryfirliti eru rösklega 6 millj. kr., sem er 28.8% af heildartekjum bæjarins" — og mundu margir vel við una. Og svo segir, herra forseti: „Stærstu útgjaldaliðir gjaldfærðrar fjárfestingar" — allt er þetta á nútímamáli — „eru framkvæmdir við gatnagerð, bæði við nýbyggingar gatna í nýja Túnahverfinu, sem áætlað er að kosti 2.2 millj. kr. Þá er fyrirhugað að verja um 5 millj. kr. í varanlega gatnagerð á þessu ári." Og þá segir, herra forseti: „Er áætlað að ljúka að mestu malbikun á götum í „gamla bænum" — og gamli bærinn er af einhverjum ástæðum í gæsalöppum þarna fyrir norðan — „á næsta sumri." Það er ekkert annað, það er verið að ljúka við malbikun á bænum í sumar. „Helstu útgjaldaliðir á eignfærðri fjárfestingu eru vegna nýs leikskóla sem risinn er af grunni í Hlíðahverfi. Ráðgert er að opna aðra deild hans í maí n. k." Stutt á milli áfanganna. „Til nýja íþróttahússins, sem hafin var bygginga á á s. l. ári, er áætlað að verja um 1.5 millj. kr. Mikill áhugi er ríkjandi hér fyrir byggingu íþróttahússins, þar sem aðstæður hér til iðkunar eru óviðunandi. Skólanemendum hér hefur fjölgað stórlega á undanförnum árum, ekki síst eftir að fjölbrautaskólinn tók til starfa."

Herra forseti. Ég má til að staldra hér við aðeins augnablik. „Skólanemendum hér hefur fjölgað stórlega." Ekki fækkar fólkinu þarna. Það hleypur ekki burt. Það er mikil gróska þarna, enda segir hérna: „ekki síst eftir að fjölbrautaskólinn tók til starfa." Skyldi hann ekki hafa kostað einhverja peninga? Í þennan fjölbrautaskóla hafa farið meiri peningar en í nokkurn annan skóla á landinu af því tagi til margra ára. Það er eina skólastofnunin, sem ég veit til, þar sem tillögur menntmrn. um fjárveitingar voru ekki skornar niður eins og alls staðar gerist. Þær voru þrefaldaðar. (**Gripið fram í:** Hver skyldi nú vera skýringin á þessu?) Hver situr á kassanum? spurði maðurinn. Ég er ekkert að tala um það. En þarna er greinilega um talsverðar framkvæmdir að ræða.

Herra forseti. Með leyfi ætla ég þá að lesa afganginn sem er lítilvægur að vísu, en hann er svona:

„Helstu rekstrarliðir bæjarsjóðs eru vegna félagsmála, tæpar 4 millj. kr., menntamál 2.5 og vaxtakostnaður 2.4. Þess má geta, að hér á Sauðárkróki," segir síðan, „hafa verið miklar byggingarframkvæmdir á undanförnum árum." Það bendir til fólksfækkunar, eins og þið áttið ykkur á, hv. þm. „Um s. l. áramót voru 69 íbúðarhús í smíðum, 46 bílskúrar og 15 aðrar byggingar." Samdrátturinn í atvinnulífinu. Og svo segir, herra forseti: „Í janúar s. l. var úthlutað yfir 30 einbýlishúsalóðum í hinu nýja Túnahverfi sunnan sjúkrahússins. Þá er í byggingu heilsugæslustöð, sem vonir standa til að verði tekin í notkun á þessu ári, og hafin er bygging elli- og hjúkrunarheimilis í tengslum við sjúkrahúsið."

Herra forseti. Þessi upptalning segir sitt. Í hverri einustu línu í þessari frétt frá Sauðárkróki eru nýjar framkvæmdir taldar upp. Þarna er sem sagt allt á fullri ferð sem betur fer. Það hefur allt lifnað vel við í Norðurlandskjördæmi vestra síðasta áratug, Framsóknaráratuginn okkar allra. Uppbygging í sjávarútvegi hefur hundraðfaldast á Sauðárkróki á 12 árum, á sama tíma og bátum hefur fækkað í Vestmannaeyjum um 40%. Það sýnir að þarna er síður en svo ástæða til þess að taka ákvörðun um ný fyrirtæki til þess að lyfta undir þennan stað. Þar er allt í blóma og góðu gengi.

Á Sauðárkróki vinnur næstum fjórði hver maður við iðnað nú þegar, fiskiðnaður ekki meðtalinn. Það er meira en víðast hvar annars staðar. Það er raunar alveg sama, herra forseti, hvert litið er í þessum efnum. Þau byggðasjónarmið, sem mæla með að þessi verksmiðja fari norður, eru engin, nákvæmlega engin og miklu minna en engin í raun og veru.

Það hefur, herra forseti, verið talað hér allmikið um það, að við á Suðurlandi viljum velja stóra verksmiðju, en þeir fyrir norðan litla. Þetta er nú sama verksmiðjan sem þarna er um að tala. Það er bara meiningin fyrir norðan að láta hana vinna minna á ári hverju, en Sunnlendingar hafa hins vegar stefnt í útflutning.

Ég vil benda á eina röksemd í viðbót sem síst er til þess fallin að vekja traust á niðurstöðu staðarvalsnefndar. Þeir segja — og hæstv. iðnrh. tekur það upp eftir þeim oft og mörgum sinnum og það munar áreiðanlega litlu að hann sé farinn að trúa því, hann er búinn að segja það svo oft sjálfur — að útflutningur sé útilokaður. Kannske er hann erfiður, en þeir segja að hann sé útilokaður. Á hvaða forsendum byggja menn svona staðhæfingar og niðurstöður? Þó við reiknum dæmi alveg rétt, þá verður

útkoman alltaf vitlaus ef forsendurnar eru rangar. Þarna eru forsendurnar líka rangar, vegna þess að þegar talið er saman hversu mikið menn geta fengið í krónum fyrir þá framleiðslu af steinull sem flutt yrði til Evrópulanda, þá skulu menn miða við það og taka eftir því, að staðarvalsnefndin reiknaði með verði á Evrópugjaldeyri eins og það var í fyrrasumar. Hvernig var staða Evrópumyntar í fyrrasumar? Heyrðu menn ekki veinin hreinlega í öllum iðnrekendum í landinu hversu lágur þessi gjaldeyrir var og var hér um bil búinn að setja allan iðnað í landinu á hausinn? Niðurtalningin og verðbólgulækkunin kröfðust vissra fórna og mestra af því sem þurfti að selja til Evrópu, menn fengu svo lágt skráðan gjaldeyri til baka. Við þetta lágmarksgengi Evrópugjaldeyrisins eru útreikningar staðarvalsnefndar miðaðir. Og var það furða þó að þeir fengju ekki beint góða útkomu? Eigum við að miða okkar útreikninga í sambandi við afurðir, t. d. kísilmálmverksmiðju eða einhverra annarra verksmiðja, innlendrar framleiðslu til útflutnings, við þetta gengi? Eigum við að trúa því, að það standi svona til eilífðar? Eigum við að byggja allar okkar framtíðaráætlanir í þessu landi á því, að það verði stöðug kreppa og vaxandi í Evrópu? Ef við trúum því og ef við stefnum að því að horfa bara á þessar óþægilegu staðreyndir eins og þær eru núna, þá skulum við líka hætta að virkja. Þá skulum við ekkert vera að tala um kísilmálmverksmiðju þar og álverksmiðju á hinum staðnum. Það eru vonlaus fyrirtæki. Þau fyrirtæki, sem eru í þessu stússi núna í landinu, töpuðu stórfé á síðasta ári vegna þessarar kreppu, vegna þessa samdráttar sem er ógnvekjandi. Álverksmiðjan, sem er gróið fyrirtæki, tapaði yfir 200 millj., og Grundartangaverksmiðjan tapaði eitthvað um 80 millj. á síðasta ári. Það eru 8 milljarðar gkr. Það er geysimikið fé. Þessi röksemd heldur ekki. Ég trúi ekki að menn ætli að miða við það, að þessi staða verði svona til frambúðar.

Herra forseti. Ég ætlaði mér aldrei að segja margt að þessu sinni og þaðan af síður að taka langan tíma. Ekki vil ég tefja fyrir því, að þessi ágæta till. komist í nefnd, velviljaða nefnd væntanlega. Það er ágæt byrjun, þokkalegur formáli, að hafa svona klukkutíma í þetta, en rekja hlutina heldur betur þegar þar að kemur og fleiri eru viðstaddir.

Mér finnst það satt að segja, herra forseti, dálítið slæmt að upphaf umr. um slíkt nýtt iðnaðarverkefni, meðalstórt iðnaðarverkefni, eins og hæstv. iðnrh. hefur kallað það, skuli fara fram á næturfundi. Er ekki alvara á bak við þessa hugmynd? Er þetta bara eitthvað til að sýnast eða eitthvað til þess að vera að laumast með á kvöldin og nóttunni? Eigum við ekki að tala hér þegar allir heyra? Eru menn gersamlega búnir að tapa trúnni á að alþm. hlusti yfirleitt á rök? Af hverju? Er það vegna þess að menn haldi það, sumir nýir hv. þm. jafnvel að ríkisstj. ráði yfir þinginu og segi því fyrir verkum? Gerir hún það stundum? Koma menn að hætti einræðisherra með sínar hugmyndir og segja: Þetta skuluð þið samþykkja. — Ég veit ekki betur en stjórnarskrá lýðveldisins Íslands geri ráð fyrir að ríkisstj. sé framkvæmdastjóri Alþingis og komi í verk því sem Alþingi ákveður. Hið háa Alþingi má ekki setja niður og verða afgreiðslustofnun fyrir þrýstihópa eða ríkisstjórnina. Ríkisstj. er ekki yfir okkur, heldur þvert á móti. Og þess vegna eigum við ekki að taka þegjandi og hljóðalaust við skipun frá þessum virðulegu hæstv. ráðherrum. Ég hef ekki tilhneigingu til þess og mun ekki hafa. (**SvH:** Ekki einu sinni þessum?) Ég er ekkert að sortera þá úr, þetta eru allt bestu menn. En þeir mega vita það, að þeir eru ekki herrar yfir Alþingi. Hið háa Alþingi á að gefa þeim tóninn og setja lög fyrir landsbúa sem þeir síðan afgreiða eftir tillögum þingsins og samþykktum.

Þess vegna, herra forseti, og það skulu vera mín lokaorð að þessu sinni, trúi ég því ekki, að hæstv. ríkisstj., þótt ákafamikil sé á stundum eins og við höfum heyrt hér í dag og oft áður, láti sér sæma að taka ákvörðun um að þessi tiltekna verksmiðja, sem er nú kannske lítið brotabrot af öllu því sem við fáumst við, fari til Norðurlands. Það er ekki ríkisstjórnarinnar mál eftir að tillaga um annað hefur verið lögð fram í hinu háa Sþ. Það er ekki lengur hennar mál. Ríkisstj. ber skylda til þess að bíða þess, hver verður niðurstaða í atkvgr. í Sþ. Og á þeim tíma, sem líður frá þessari stundu þangað til sú afgreiðsla fer fram, skulum við allir reyna að pota hver í okkar horni að okkar málstað án hótana eða óeðlilegs þrýstings. Eðlilegur þrýstingur er nauðsynlegur.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Þar sem ég hef komið nokkuð að þessu máli steinullarverksmiðjunnar, undirbúningi þess fyrirtækis, tel ég viðeigandi að koma hér inn í umr. og rekja svolítið vissa þætti málsins sem snerta þá till. sem ég hef borið fram í ríkisstj. í sambandi við staðarval fyrir þessa verksmiðju sem aflað var heimildar fyrir með lögum nr. 61/, þar sem ríkisstj. var heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar, eins og segir í 1. gr. þeirra laga.

Sú fjárfesting, sem þarna er um að ræða, er á verðlagi 1. sept. 1981, miðað við verksmiðju með 6 þús. tonna afköstum, um 90 millj. kr. samtals og hlutafé þá um 27 millj. kr. Hlutur ríkissjóðs í slíkri verksmiðju væri á sama verðlagi um 11 millj. kr. En stærri verksmiðja, sem áætlanir hafa verið gerðar um einnig, var hvað fjárfestingu snerti á sama verðlagi 116 millj., hlutafé þá 35 millj. kr. og hlutur ríkissjóðs 14 millj. kr.

Það var að því vikið hér af hv. 1. flm. þessarar þáltill., að iðnrn. hefði haft forgöngu um mál þetta á vissu skeiði. Það má til sanns vegar færa, að iðnrn. tók að sér að athuga ákveðna þætti málsins í samvinnu við áhugaaðila og að beiðni þeirra og í fullu samráði við þá, að því er ég best vissi, og studdi að athugun þessa máls án þess að þar væri beitt hlutdrægni, a. m. k. að því leyti sem ég kom að þessu máli. Ég tel rétt hér og nú að vitna aðeins til framsöguræðu minnar fyrir lagafrv. um steinullarverksmiðju á s. l. vori í hv. Ed. Alþingis hinn 6. maí, en þá sagði ég, með leyfi hæstv. forseta, m. a.þetta:

„Ljóst er að áhugi er mikill hjá báðum aðilum, Steinullarfélaginu nyrðra og Jarðefnaiðnaði syðra, að beita sér fyrir byggingu steinullarverksmiðju. En mat þessara aðila á rekstrargrundvelli og markaði er með ólíkum hætti og hafa báðir aðilar kynnt sjónarmið sín allrækilega á opinberum vettvangi að undanförnu."

Og síðar í sömu ræðu sagði ég:

„Það er vissulega nokkurt nýmæli, að fleiri en einn aðili keppi um iðnaðarkost af því tagi, sem hér um ræðir, og ætli sér að reiða fram verulegt fjármagn í því skyni. Slíkur áhugi um iðnaðaruppbyggingu hlýtur að teljast jákvæður af hálfu samfélagsins, en reynslan verður að skera úr um hvor ber hærri hlut og finnur grundvöll fyrir

slíku fyrirtæki. Ég tel ekki óeðlilegt að þeim aðila, sem hyggist byggja á útflutningi, gefist kostur á að láta reyna á markaðsöflun og teljist hún nægilega trygg að mati stjórnvalda verði notaðar heimildir til ríkisþátttöku í slíku fyrirtæki að því marki sem nauðsynlegt er talið innan ramma lagaheimilda. Um þessa málsmeðferð hafa hins vegar bindandi ákvarðanir verið teknar, og reynist útflutningur ófýsilegur er eðlilegt að framleiðsla fyrir innanlandsmarkað verði á döfinni."

Með þessum orðum í framsögu fyrir nefndu lagafrv. taldi ég mig draga nokkurn stefnumarkandi ramma í sambandi við það, hvernig á málum yrði tekið varðandi þessa tvo keppinauta, að svo miklu leyti sem á aðild ríkisins reyndi að því máli.

Eftir samþykkt nefndra laga var báðum áhugaaðilium ritað erindi þar sem óskað var eftir að þeir legðu hugmyndir sínar fyrir iðnrn., helst innan þriggja mánaða frá því að lögin voru endanlega samþykkt og staðfest. Þeir undirbjuggu sín mál hvor á sínum vettvangi og sendu inn sínar tillögur, og þær voru fengnar til athugunar þeim mönnum sem að þessu máli hafa komið um langt árabil. Það eru nærfellt 8 ár, held ég megi telja, síðan tekið var að athuga möguleika á steinullarframleiðslu í einhverjum verulegum mæli hérlendis. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur og Hörður Jónsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri hjá Iðntæknistofnun hafa allan þennan tíma haft afskipti af athugunum á steinullarframleiðslu og verið helstu ráðgjafar iðnrn. í þessu máli, og rn. fékk þá áframhaldandi til að líta á áform áhugaaðilanna. Þeir töldu að eins og þau lágu fyrir síðsumars væru þau ekki nægjanlega skýr þannig að hægt væri að taka ákvörðun, og því var óskað frekari upplýsinga og gagna frá aðilum og þeim settur frestur til að skila þeim. Eftir að nefndir sérfræðingar höfðu yfir málin farið skiluðu þeir iðnrn. umsögn 17. des. 1981. Ég tel vegna umræðna hér nauðsynlegt að rekja nokkuð aðalefnisatriðin í þessari umsögn, því að hún er undirstöðugagn í sambandi við þetta mál, eins og á því hefur verið tekið af hálfu iðnrn. Þar segir í upphafi varðandi steinullarverksmiðju:

„Vísað er til bréfs undirritaðra til rn., dags. 13. okt. 1981, og skýrslu, sem fylgdi: „Umsögn um tillögur Steinullarfélagsins hf. og Jarðefnaiðnaðar hf.," dags., í okt. 1981. Meginniðurstöður voru þær, að ekki væri tímabært að taka ákvörðun um fjárfestingu í steinullarverksmiðju samkv. tillögum félaganna eins og þær lágu þá fyrir, og lagt til að þeim yrði gefinn frestur til að skýra betur mál sín:

1. Steinullarfélagið hf. skyldi skýra betur og fá staðfest tilboð í þá verksmiðju, er þeir hygðust reisa til að framleiða fyrir innlendan markað einvörðungu. (Áætlanir félagsins miðuðust einvörðungu við innlendan markað og var skilað ítarlegum upplýsingum um markaðsáform í því sambandi.)
2. Jarðefnaiðnaður hf. skyldi skilgreina betur markaðsáform sín á erlendum markaði og viðskiptasambönd, þannig að ljósara yrði hvaða skyldur kaupendur tækju á sig, hvaða þyngdar- og gæðaflokka hver þeirra vildi selja og hvaða þróun í sölu á einstökum gæðaflokkum þeir teldu raunhæfa. (Áætlanir Jarðefnaiðnaðar hf. miðuðust einvörðungu við stóra verksmiðju og verulegan hluta framleiðslunnar til útflutnings.)"

Síðar í þessari umsögn segir nánar varðandi áform þessara aðila og þá fyrst varðandi Steinullarfélagið hf.:

„Það leggur nú fram kostnaðaráætlanir sem byggðar eru á tilboði í 6 þús. tonn á ári (miðað við þrjár vaktir, fimm daga viku), bræðsluofn frá Elkem og verðhugmynd frá fyrirtækinu Wooding International, svo og tilboði Jungers Verkstad AB í framleiðslulínu. Að mati Steinullarfélagsins er fjárfestingarkostnaður svipaður (78.3—82.1 millj. kr.) og reiknað var með í smærri verksmiðju áður (80 millj. kr.), — ívið lægri ef verðhugmyndir Wooding International eru notaðar."

Varðandi áform Jarðefnaiðnaðar segir í sömu greinargerð:

„Jarðefnaiðnaður leggur nú fram tvær rekstraráætlanir, annars vegar fyrir 6 þús. tonna verksmiðju og hins vegar fyrir 14 400 tonna verksmiðju. Hefur Jarðefnaiðnaður lækkað áætlaða sölu sína á heimamarkaði verulega frá því sem var í fyrri tillögu til samræmis við markaðsáætlun Steinullarfélagsins sem við höfum metið raunhæfa. Áætlun um útflutning gæti hugsanlega staðist fyrir minni verksmiðjuna, en veruleg óvissa er um möguleika á að selja alla framleiðslu stærri verksmiðjunnar, svo sem áður er getið.

Þar sem val á tækni og áætlun um fjárfestingarkostnað eru nú allvel skilgreind og innlendir markaðsmöguleikar einnig, þykir rétt að bera saman arðsemi og afkomumöguleika 6 þús. tonna verksmiðju og 14 400 tonna verksmiðju miðað við mismunandi hlutdeild útflutnings.

Meginniðurstöður eru þær, að lítil verksmiðja, án útflutnings, getur gefið viðunandi arðsemi (11.05%), en arðsemin batnar nokkuð (12.15%) ef tekst að flytja út allt að 3 þús. tonn á ári. Sýnir sá kostur mesta arðsemi af þeim sem hér eru sýndir.

Stærri verksmiðja, sem flytur út allt að 5 þús. tonn, gefur heldur minni arðsemi (10.9%) en fullnýtt minni verksmiðja (12.15%). Ef erlendur markaður bregst alveg verður arðsemin nokkru minni (9.30%) en í lítilli verksmiðju við sömu aðstæður, en virðist þó ekki alveg óviðunandi."

Og síðar, ég bið hv. þm. að taka eftir: „Heildarniðurstaða okkar er sú, að lítil verksmiðja gefi besta arðsemi og öryggi að því er markaðsmál varðar. Hins vegar virðist stærri verksmiðja, sem miðuð er við framleiðslu fyrir erlendan markað í meira mæli, ekki bjóða upp á aukna arðsemi, en fjárfestningarkostnaður er 28.8% hærri. Framlegð af útflutningsframleiðslunni er raunar mjög lítil eins og fram kemur í töflu 2 (sem fylgdi þessari greinargerð). Stærri verksmiðjan er þó ekki óraunhæf að því er arðsemi varðar, en að teknu tilliti til erfiðari rekstrarskilyrða fyrir stóra verksmiðju með litla nýtingu á afkastagetu er að okkar mati rétt að velja minni verksmiðjuna en hagnýta útflutningsmöguleika eftir föngum.

Framlögð gögn frá báðum aðilum sýna nú að hagkvæmast sé að nota ljósbogaofn við bræðslu og spunahjól við trefjaframleiðsluna. Forsendur eru fyrir því að leita samkeppnistilboða samkv. útboðslýsingu sem gerð yrði á vegum framkvæmdaaðila. Gæti þetta lækkað fjárfestingarkostnað eitthvað.

Um staðsetningu slíkrar verksmiðju vísum við til skýrslu steinullarnefndar frá mars 1981, en þar segir að hreint hagkvæmnimat gæti bent til staðsetningar á Reykjavíkursvæðinu, þar næst í Þorlákshöfn en síst til Sauðárkróks. Munurinn er þó óverulegur, sérstaklega ef miðað er við innlendan markað einvörðungu. Flutningaöryggi og hagræði við afgreiðslur, sérstaklega til útflutnings, gæti þó bent á sömu röð.

Byggðasjónarmið og aðrir valkostir um ný atvinnu-

tækifæri á viðkomandi svæðum gætu bent á öfuga röð. Sú staðhæfing er að sjálfsögðu umdeilanleg."

Loks segir í skýrslu steinullarnefndar, að — það er tilvitnun í skýrslu frá mars 1981 — „arðsemisrök og byggðaleg sjónarmið mæli ekki afgerandi með öðrum staðnum frekar en hinum."

Og í niðurlagi þessarar greinargerðar segir að lokum:

„Ekkert hefur komið fram sem breytir þessum niðurstöðum steinullarnefndar, og teljum við því ekki efnislegar forsendur mæla með einum stað fremur en öðrum."

Þetta voru, herra forseti, niðurlagsorð úr þessari greinargerð þeirra manna sem lengst og mest hafa athugað þessi mál um 8 ára skeið, þ. á m. hið umdeilda staðarval fyrir steinullarverksmiðju. Því er mjög fjarri lagi sá málflutningur sem fram hefur komið og heyrðist hér við upphaf þessarar umr., að það væri verið að ganga gegn ljósum rökum sem mæltu frekar með því, að þessi verksmiðja væri sett niður á Suðurlandi heldur en nyrðra. Ég bið hv. þm. og þá, sem þannig hafa mælt, að taka eftir þessum orðum mínum. Ég er ekki þar með að segja að þeirra orð séu ómerk. Ég skil afar vel þau sjónarmið sem þeir mæla fyrir fyrir sitt landsvæði og fyrir hagsmuni þess. Það er ofureðlilegt.

Ég vil, herra forseti, rifja það upp sem ég greindi frá áðan og kom að í minni framsöguræðu í fyrravor þegar ég mælti fyrir lagafrv., að forsendurnar, matið á möguleikum til útflutnings stærri verksmiðju annars vegar yrði tekið til athugunar og á það látið reyna fyrst, en væri það ekki talið nægilega tryggt, slík markaðsöflun að mati stjórnvalda, þá yrði athugaður framleiðslukostur miðað við innanlandsmarkað sem grundvöll.

Ég tel rétt, herra forseti, í þessu sambandi að geta þess, að upplýsingar liggja fyrir um það, að aðeins um 50% af framleiðslugetu steinullarverksmiðja í Vestur-Evrópu sé nú nýtt, og umsagnir bærra sérfræðinga, ekki innlendra heldur einnig erlendra, benda til þess, að ekki séu líkur á að verð breytist til hækkunar á þeim markaðssvæðum sem Jarðefnaiðnaður hefur haft í huga og til athugunar í sambandi við hugsanlegan útflutning, heldur jafnvel frekar hið gagnstæða.

Varðandi byggðaleg sjónarmið eru þau vissulega áhorfsmál og geta talist umdeilanleg. Á það fellst ég vissulega. Ég vil aðeins vitna í því sambandi til skýrslu steinullarnefndarinnar, þess þáttar sem unninn var af byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins um þetta og er í skýrslunni frá mars 1981, þar sem segir um þetta efni, þannig að það liggi hér fyrir:

„Nefndinni var falið auk athugunar á áhrifum staðsetningar á stofn- og rekstrarkostnað verksmiðjunnar að gera grein fyrir samanburði hinna tveggja staðsetningarkosta út frá þjóðhagslegum viðhorfum, mannafla og áhrifum á byggðaþróun.

Það er álit nefndarinnar, byggt á niðurstöðum kafla 6.6., sem unninn var af Bjarna Einarssyni framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, að tvö atriði, er varða áhrif á byggðaþróun, séu staðsetningu á Sauðárkróki í vil: Staðbundin áhrif til aukningar atvinnu verði þar meiri og staðsetning þar stuðli að verulega bættri nýtingu strandferðaskipa og stuðli þar að auki að hagkvæmni í flutningakerfi landsins. Hins vegar er rétt að benda á að bæði á Suðurlandi og á Norðurlandi vestra er mikil nauðsyn á nýjum atvinnutækifærum, sérstaklega í iðnaði.

Í þessu nefndaráliti er einungis fjallað um einn iðnþróunarmöguleika, steinullarverksmiðju, og er því eðlilegt að endanlegt mat ríkisvaldsins á staðsetningu hennar taki mið af því, hvor staðurinn eigi auðveldara með að finna annan kost jafngóðan innan svipaðs tíma."

Herra forseti. Ég tel rétt að bæta hér nokkru við um þann þátt sem þarna var að vikið og hv. síðasti ræðumaður gerði að sérstöku umtalsefni og reynt hefur verið að gera tortryggilegan í umræðum um þetta mál, þ. e. áhrifin á flutningakerfi landsins og þátt Skipaútgerðar ríkisins og tilboð af hálfu fyrirtækisins í væntanlega flutninga á steinull frá Sauðárkróki. Ég hef undir höndum greinargerð eða bréf sem minnisblað til mín frá Skipaútgerðinni, skrifað 24. mars, þar sem segir — með leyfi hæstv. forseta — m. a. þetta:

„Flutningsgjaldið fyrir steinullina væri á núverandi verðalgi 37.70 kr. á hvern rúmmetra til Reykjavíkur, en 47.10 kr. til annarra hafna. Nákvæmur samanburður við kísilgúrflutningana" — ég vil skjóta því hér að, að Skipaútgerðin annast flutning á kísilgúr frá Húsavík til Reykjavíkur samkv. tilboði og annast það í samvinnu við Hafskip sem flytur kísilgúr út, — „nákvæmur samanburður við kísilgúrflutningana er erfiður þar sem þeir eru teknir á þunga, en þetta verð er þó talsvert hærra. Við lítum ekki svo á að gjaldskrá útgerðarinnar sé ætluð flutningum sem þessum, heldur tilfallandi flutningum og minni háttar samningum. Umrætt gjald er 35.3% til 44.1% af taxta gjaldskrárinnar." Ég vil skjóta því hér inn, að ég heyrði nefnt eitthvað um 10% eða svo í umr. hér áðan. „Í þessu verði er engin þjónusta innifalin sem upp- og útskipunargjöldum er ætlað að koma fyrir. Við teljum okkur því aðeins bundna af þessu verði að samið verði við okkur um flutningana án undangengins almenns útboðs.

Það, sem liggur að baki þessari verðhugmynd, er eftirfarandi: Hér er um að ræða tiltölulega mikið magn vöru sem þolir ekki hátt flutningsgjald og því tilgangslaust að bjóða samkv. almennri gjaldskrá. Flutningar þessir krefjast ekki aukinnar flutningsgetu þar sem um er að ræða aukna nýtingu tómarýmis. Einnig eru af okkar hálfu gerðar kröfur um að möguleiki sé á jöfnun flutninga með birgðasöfnun. Einu verulegu kröfurnar, sem flutningar þessir gera, eru tíðari viðkomur á Sauðárkróki í Norðurlandsferðum."

Greinargerð, sem fylgdi með þessu minnisblaði frá Skipaútgerðinni, er dags. 2. mars 1981. Þar segir frekar um þetta. Ég tel rétt að vitna aðeins til hennar, þar segir m. a.:

„Það er ekki áhugamál Skipaútgerðar ríkisins að hlutast til í deilu Sunnlendinga og Norðlendinga um staðsetningu steinullarverksmiðju. Rekstraráætlanir útgerðarinnar eru ekki miðaðar við þessa flutninga, og staðsetning í Þorlákshöfn og flutningur þaðan með bílum breytir því ekki gerðum áætlunum né áætlaðri arðsemi. Það er hins vegar ein af höfuðröksemdum fyrir eflingu strandferðaþjónustunnar að ódýr og vel skipulögð flutningaþjónusta geti stóraukið möguleika á iðnþróun í þeim landshlutum sem Ríkisskip þjónar, þ. e. Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Það eru því miklar líkur á að fleiri mál eigi eftir að koma upp, þar sem iðnþróunarmöguleikar opnast í þessum landshlutum vegna ódýrrar flutningaþjónustu. Þeir möguleikar gætu þá að sjálfsögðu orðið í samkeppni við höfuðborgarsvæðið eða nágrannabyggðir þess."

M. ö. o.: hár flutningskostnaður verður þá ekki hindrun þess, að landkostir nýtist að verðleikum. Í niðurlagi þessarar greinargerðar Skipaútgerðar ríkisins segir að lokum:

„Greinargerð Jarðefnaiðnar er mjög villandi um þátt Ríkisskips í staðarvali steinullarverksmiðju. Útilokað er annað en fulltrúi Jarðefnaiðnaðar, sem setið hefur fundi með fulltrúum Ríkisskips, viti betur en fram kemur í greinargerðinni" — og þar er vitnað til umsagnar frá Jarðefnaiðnaði um þátt Ríkisskips.

„Verðhugmynd Ríkisskips er sett fram í fullu samræmi við ríkjandi viðskiptavenjur. Þótt ekki sé gert ráð fyrir steinullarflutningum í áætlunum útgerðarinnar mundi tilkoma þeirra bæta afkomu hennar verulega. Hér er því engan veginn um óraunhæft „dumping" tilboð að ræða. Verðhugmynd Ríkisskips er fram komin löngu áður en kunnugt varð um deilu þá sem nú stendur yfir um staðsetningu verksmiðjunnar.

Fyrir liggur að líklegasti útflytjandi sé Eimskip. Eimskip er einnig með strandferðaþjónustu við stærstu hafnir á Vestfjörðum og Norðurlandi og hefur undanfarið boðið þjónustu sína fyrir allt að 40% lægri kostnað en Ríkisskip. Það verður því að teljast líklegt að Eimskip muni bjóða á móti Ríkisskip í flutninga þessa verði verksmiðjan á Sauðárkróki." — Þetta var úr greinargerð Skipaútgerðarinnar frá 2. mars 1981.

Herra forseti. Ég hef hér rakið helstu forsendur í sambandi við þá tillögu sem ég flutti í ríkisstj. hinn 18. mars 1982 varðandi staðsetningu steinullarverksmiðju. En ég vil leyfa mér að rifja þá tillögu hér upp. Hún er þannig:

„Með tilvísan til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstj. fyrir sitt leyti að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins hf. í samræmi við meginhugmyndir sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað. Jafnframt samþykkir ríkisstj. að endurgreiða Jarðefnaiðnaði hf. sannanlega útlagðan kostnað vegna undirbúnings að stofnun steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn, allt að 600 þús. kr., enda verði það fjármagn notað til að koma sem fyrst fótum undir iðnfyrirtæki á vegum félagsins."

Þessi upphæð, 600 þús. kr. í undirbúningskostnað sem þarna kemur fram, miðar við upplýsingar sem ég fékk hinn 12. febr. s. l. frá Jarðefnaiðnaði hf. um kostnað þeirra við undirbúningsvinnu vegna steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Ég taldi eðlilegt, miðað við þróun þessa máls og vegna þess að bæði byggðarlögin hafa mikla þörf fyrir að bætt sé staða atvinnulífs hjá þeim, að ríkisvaldið bætti þeim aðilanum, sem ekki fengi umrædda verksmiðju, aðstöðu sína með því að endurgreiða honum þann kostnað sem lagt hefur verið í. Það er auðvitað matsatriði hvort eðlilegt sé að standa þannig að máli, en í þessu tilfelli, vegna þess að mál þetta hefur þróast með nokkuð óvenjulegum hætti, samkeppni af þessu tagi um þetta stórt iðnfyrirtæki er, má ég segja, einsdæmi hérlendis, taldi ég eðlilegt og forsvaranlegt að gera það að tillögu minni, að þessi undirbúningskostnaður yrði endurgreiddur.

Mér var það að sjálfsögðu ljóst, að þessari tillögu af minni hálfu yrði ekki tekið með neinni gleði af þeim aðilum sem eru talsmenn Suðurlands, eðlilegir málsvarar Suðurlands og þeirra hagsmuna sem þeir þurfa að líta til fyrir sína umbjóðendur. Það þarf hins vegar ekki að rifja það upp, að mjög var á eftir því kallað, ekki síst af Jarðefnaiðnaði hf., að lyktir kæmu í mál þetta, enda var búið að draga fram þau efnisatriði sem eðlilegt var að lægju fyrir áður en tillaga sem þessi kæmi fram. Vissulega var það ætlan mín með þeirri ítarlegu athugun, sem fram fór að losna við það að höggva þyrfti með pólitískum hætti eða réttara sagt pólitískri tillögu sem byggðist ekki á skýrum efnislegum rökum varðandi arðsemimismun eftir því hvor staðurinn yrði valinn. Ég hafði frekar gert ráð fyrir að athuganir mundu leiða slíkt í ljós. En eins og skýrt hefur komið fram hér og í greinargerð þeirra manna sem gerst mega vita um þetta og lengst hafa að þessu unnið, þá var þeirra niðurstaða sú, að hvorki arðsemirök né byggðarleg sjónarmið mæli afgerandi með öðrum staðnum frekar en hinum.

Ég vil svo að endingu, herra forseti, aðeins bæta því við, að ég vænti þess sannarlega að sá hnekkir, sem talsmenn Suðurlands og Jarðefnaiðnaðar hf. telja eðlilega að þeir verði fyrir með því að þessi iðnaður, steinullarframleiðsla, rísi á Norðurlandi, verði ekki varanlegur fyrir hagsmuni þess félags né þeirra byggðarlaga sem í hlut eiga, heldur verði þeim kleift að koma fyrr en seinna fótum undir arðvænlegan iðnað á sínum vegum. Ég tel að það sé ekki óeðlilegt mat, sem ég hef túlkað, að möguleikar Suðurlands á sviði jarðefnaiðnaðar og marghátt-aðs iðnaðar séu fjölbreyttari en gerist í byggðum Skagafjarðar. Þetta er að sjálfsögðu umdeilanleg staðhæfing, staðhæfing sem telst til álitamála, en þetta er mín skoðun og einn þáttur af mörgum sem ég hef fram borið og réðu því hvaða tillögu ég hef fram borið í þessu máli.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja þetta mál frekar af minni hálfu, en ég ítreka það, að það er sannarlega þörf fyrir atvinnuuppbyggingu og fjölbreyttara atvinnulíf á Suðurlandi, byggt á þeim auðlindum sem þar eru til staðar, þeirri framleiðslu sem þar fellur til. Þar sýnist manni vissulega, þegar grannt er skoðað, að margt hafi dregist til höfuðborgarsvæðisins sem með eðlilegum hætti hefði átt að geta þróast og dafnað í heimabyggðum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Athuganir iðnrn. á því, hvar skynsamlegast sé að byggja steinullarverksmiðju, hafa nú staðið yfir í full tvö ár og reyndar lengur. Þegar upplýsingasöfnun og skýrslugerð er einnig lokið með viðeigandi skoðun rn. er næsta lota pöntuð og svo koll af kolli og skýrslubunkinn vex. Allar hafa þessar athuganir sýnt — og kem ég að því síðar, að staðsetning verksmiðjunnar frá arðsemisjónarmiði er mun hagkvæmari í Þorlákshöfn en á Sauðárkróki og það þótt ýmis atriði hafi verið teygð og toguð á alla kanta til að fá skárri útkommu fyrir Sauðárkrók í þessum samanburði. Hafa ríkisfyrirtæki óspart verið notuð eða réttara sagt misnotuð í þeim tilgangi.

Allir arðsemiútreikningar varðandi Sauðárkrók eru t. d. miðaðir við að Skipaútgerð ríkisins flytji mestan hluta framleiðslunnar til Reykjavíkur fyrir gjald sem er aðeins ¼, aðeins 25% af venjulegri gjaldskrá útgerðarinnar. Hæstv. iðnrh. sagði að Ríkisskip hafi ekki ætlað að gera upp á milli staða, ekki ætlað að hlutast til um staðarval. Hvernig stendur þá á því, að ef á að flytja steinull frá Þorlákshöfn til Reykjavíkur með Ríkisskip er það 117% dýrara en frá Sauðárkróki? Væntanlega eru Ríkisskip líka tóm á þeirri leið til Reykjavíkur eins og að norðan. Það fær því ekki staðist hjá hæstv. iðnrh. að Ríkisskip hafi ekki ætlað sér að hlutast til um staðarvalið.

Nú vitum við það, eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Suðurl., að helmingur af rekstrarkostnaði útgerðarinnar er borinn uppi af skattpeningum. Þá sýnist vafasamt að það sé hægt, miðað við þessa taxta sem eru þó helmingi of lágir til að útgerðin standi undir sér, að gefa 75% afslátt frá þeim. Skýringin er sögð sú, að vöruflutningar séu miklu meiri frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, og þá væntanlega hinum megin frá líka, bæði að norðan og sunnan, heldur en öfugt og því sé mikið ónotað lestarrými á leiðum til Reykjavíkur.

Þegar tilboð Ríkisskips var gert haustið 1981 var reiknað með smíði þriggja nýrra skipa. Ákveðið hefur verið að smíða eitt, engar áætlanir uppi um fleiri. Eitt skip til viðbótar stendur til að kaupa í leyfisleysi og leigja enn eitt og selja síðan eldri skipin. Lestarrými verður þó engan veginn jafnmikið og reiknað var með þegar tilboðið var gert. Þar við bætist svo, að Ríkisskip hefur gert samning við Hafskip um flutning á kísilgúr frá Húsavík til Reykjavíkur og nú er verið að reisa verksmiðju á Sauðárkróki til átöppunar á vatni til útflutnings. Reikna má með að Ríkisskip taki að sér flutninga á þeirri framleiðslu til Reykjavíkur. Ef trjákvoðuverksmiðja verður reist á Húsavík má enn reikna með aukningu á flutningum í þá áttina. Það gæti því allt eins farið svo að ónotað lestarrými á leiðinni frá Norðurlandi til Reykjavíkur verði lítið sem ekkert. Um þetta segir í bréfi frá Ríkisskip, dags. 18.1. 1982, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar ákvarðanir hafa verið teknar um frekari smíði nýrra strandferðaskipa, en Ríkisskip mun leggja áfram áherslu á að tvö ný skip til viðbótar verði smíðuð."

Það segir meira í þessu bréfi. Það eru líka settir fyrirvarar um að það sé vafasamt að fyrirtækið geti staðið við það tilboð sem það hafði áður gert, en hæstv. forseti kom inn á það í framsöguræðu sinni þannig að ég þarf ekki að endurtaka það. Engu að síður er í öllum samanburði gengið út frá því, þrátt fyrir alla fyrirvara nú, að Ríkisskip flytji alla framleiðslu verksmiðjunnar fyrir 25% af venjulegum farmgjöldum, og þar við bætist svo að flytja alla gáma fyrir ekkert norður. Maður hefði haldið að það þyrfti pláss til þess líka. Þetta á að gera í skipum, sem ekki eru til og ekki er ákveðið að smíða, og í ónotuðu lestarrými, sem allt eins er líklegt að verði ekki til staðar, a. m. k. ekki í nauðsynlegum mæli. Á þessu eru allir arðsemiútreikningar verksmiðju á Sauðárkróki byggðir og öll arðsemi fokin út í veður og vind ef þessar forsendur verða ekki fyrir hendi. Á svo veikum fótum stendur arðsemiútreikningur verksmiðju á Sauðárkróki í samanburði við Þorlákshöfn.

Þrátt fyrir að allar forsendur um ónotað lestarrými standist og þar með tilboð Ríkisskips um 75% afslátt á farmgjöldum verður flutningskostnaður frá verksmiðju á Sauðárkróki talsvert miklu hærri en frá verksmiðju í Þorlákshöfn. Ef miðað er við 3100 tonna sölu á innlendum markaði og 3000 tonn á erlendan markað, þ. e. með lítilli verksmiðju nokkurn veginn fullnýttri, sem auðvitað gefur bestan arð og meira að segja gerir það að áliti sérfræðinga rn., er heildarflutningskostnaður frá verksmiðju á Sauðárkróki 1.7 millj. kr. hærri en frá verksmiðju í Þorlákshöfn. Þá lækkar hagnaður af umsetningu úr 14.3% í 10.9% eða nálega um 30% — og munar um minna. Á allt þetta blása fulltrúar iðnrn. og sérfræðingar og segja að þetta sé ekki meiri munur en svo, að það sé innan við skekkjumörk, faglega sagt.

Auðvitað eru þessi rök rn. haldlaus. Hvað sem hugsanlegum skekkjumörkum líður er þessi mismunur alltaf inni í dæminu — þessi mismunur sem er um 30% af áætluðum hagnaði verksmiðjunnar. Á þetta blása þeir og segja að flutningskostnaður sé jafn frá báðum stöðum. Eins og ég sagði er þessi 30% munur miðaður við að Ríkisskip geti staðið við þetta lága boð, við 75% afsláttinn, sem enginn vissa er fyrir, eins og ég hef bent á, nema þá að til komi gífurlegar meðgjafir frá ríkissjóði.

Ef Ríkisskip getur aftur á móti ekki annað þessum flutningum með þessum lágu farmgjöldum er grundvellinum fyrir steinullarverksmiðju á Sauðárkróki kippt í burtu, a. m. k. í samanburði við Þorlákshöfn.

Ef reiknað er með skráðum töxtum skipafélaganna hækkar flutningskostnaður vegna verksmiðju á Sauðárkróki um 9.2 millj. kr. á ári, ef miðað er við innanlandsmarkað einan eins og hann er áætlaður á fimmta starfsári verksmiðjunnar, og um 16.3 millj., ef áætlaður útflutningur þessa starfsárs er talinn með og þá miðað við minni verksmiðjuna, meðalhagnaður fyrir skatta er áætlaður frá 12.4 og upp í 15.6 millj. Það dugar ekki fyrir mismuninum á flutningnum. Allur áætlaður hagnaður af verksmiðju á Sauðárkróki hyrfi því í aukinn flutningskostnað, ef miðað er við skráð farmgjöld skipafélaganna, en áhrifin á verksmiðju í Þorlákshöfn yrðu aftur á móti miklu minni. Þó að hún yrði að borga skráð farmgjöld fyrir allan sinn flutning skakkar þar 2.7 millj. á ári, ekki 16.3 eins og á Sauðárkróki, ef reiknað er með nokkurn veginn fullum afköstum lítillar verksmiðju í báðum tilvikum og þá miðað við fimmta starfsár. Á þessu sést hve arðsemiútreikningur verksmiðju í Þorlákshöfn stendur á miklu traustari fótum en sams konar útreikningur fyrir verksmiðju á Sauðárkróki.

Norðanmenn hafa staðið í samningsumleitunum við franskt fyrirtæki um kaup á vélum sem aldrei hafa verið notaðar til að framleiða steinull. Auk þess gera samningsdrög þeirra ráð fyrir banni á útflutningi frá Íslandi á bestu markaði álfunnar um langa framtíð og óheyrilega háu framleiðslugjaldi til seljenda vélanna einnig um langa framtíð. Stærð vélanna átti að miðast við innanlandsmarkað eingöngu. Nú hafa sérfræðingar iðnrn. dæmt þessa framleiðsluaðferð og þessar hugmyndir allar ónothæfar.

Sunnlendingar hafa aftur á móti, eins og hér hefur komið fram, staðið í sambandi við Elkem í Noregi og Jungers í Svíþjóð um kaup á vélum og búnaði í helmingi stærri verksmiðju eða ríflega það — verksmiðju sem ætlað er að framleiða 14 þús. tonn á ári og gæti með því að fjölga vikulegum vöktum framleitt 20 þús. tonn á ári. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum framleiðslugjöldum og þaðan af síður takmörkunum á útflutningi frá Íslandi. Reyndar hafa sænskir aðilar stungið upp á samvinnu við okkur um útflutning á breskan markað, en hann er talinn vera sá besti í dag. Eins og ég sagði hafa þessar áætlanir Sunnlendinga staðist, en Norðlendinga ekki, enda fráleitt að kaupa vélar, sem hafa ekki verið notaðar til steinullarframleiðslu, og fráleitt að beygja sig undir ok erlends einokunarhrings um hátt framleiðslugjald og útflutningsbann á bestu markaði álfunnar um langa framtíð. Þegar þetta lá fyrir, að áætlanir norðanmanna stóðust engan veginn að mati fulltrúa iðnrn., var rokið til og haft samband við sömu aðila og Sunnlendingar hafa um árabil staðið í sambandi við. Ætlunin er að ganga beint inn í undirbúningsvinnu Sunnlendinga, hversu heiðarlegt sem mönnum sýnist það vera. Af höfðings-

skap sínum býðst hæstv. iðnrh. til að borga útlagðan kostnað við þessa athugun, enda nýtist hún fyllilega fyrir Norðlendinga ef þannig færi.

Segja má að sú 14 þús. tonna verksmiðja, sem Sunnlendingar hafa haft í huga, sé minnsta gerð af „standard" verksmiðjum. Við minnkun hennar sparast sáralítið í stofnkostnaði eða nálægt 15%, fulltrúar iðnrn. segja reyndar 28.8%, en þá er reiknað með að jafnframt verði dregið verulega úr sjálfvirkni, m. a. í pökkunarsal. Við minnkunina tapast aftur á móti mikið í framtíðarmöguleikum. Stofnkostnaður og flestir rekstrarþættir eru svo til þeir sömu, hvort sem framleitt er eingöngu fyrir innanlandsmarkað eða útflutningur er einnig með í myndinni. Auðvelt virðist vera að gera langtímasölusamning við enska og þýska aðila og jafnvel fleiri kaupendur steinullar um fast verð ef við svo óskum. Rekstur stærri verksmiðju, þótt eingöngu sé framleitt fyrir innlendan markað, skilar 9.3% raunvöxtum af heildarfjárfestingu á móti 11% í minni verksmiðjunni. Það þarf ekki nema sáralítinn útflutning til að jafna þennan mismun. Minni verksmiðjan gefur á sama hátt 11% „*innri*" *raunvexti, en 12% ef einnig er framleitt til* útflutnings.

Það hefur verið sýnt fram á að útflutningur, að einhverju marki a. m. k., borgi sig undir öllum kringumstæðum, og það kemur líka fram í niðurstöðum sérfræðinga iðnrn. Þá hefur verið gengið út frá lægsta verði sem verið hefur á Evrópumarkaði á þessum vörum í þeirri lægð sem gengið hefur yfir iðnaðarþjóðirnar nú undanfarið, allra lægsta verðið sem þær komust niður í, og miðað við óheppilegustu og óhagkvæmustu gengisskráningu sem verið hefur á íslenskri krónu, s. l. haust, ef miðað er við útflutning á Evrópumarkað. Með því að taka litla verksmiðju fram yfir stóra sparast, eins og áður segir, lítið í stofnkostnaði, en framtíðarmöguleikar minnka stórlega, enda kom þetta mjög greinilega fram í ræðu hv. 3. þm. Suðurl.

Ég hef staðið í þeirri meiningu að stefna bæri að því að nota innlenda orku til að auka útflutningstekjur okkar, að ekki sé talað um þegar unnið er úr innlendu hráefni eins og í þessu tilviki. Það sýnist því fráleitt að stefna að því að útiloka útflutning fyrir fram eins og Norðlendingar vilja.

Einu megum við ekki heldur gleyma þegar kostir framleiðslu til útflutnings eru metnir, og á það auðvitað við um fleiri en steinullarverksmiðjuna, en það eru þeir þróunarmöguleikar sem því fylgja þegar íslenskir framleiðendur selja sínar vörur á erlendum mörkuðum, sú vöruvöndun og sú vöruþróun sem af því leiðir. Staðsetning steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn m. a. með útflutning í huga, gæti verið fyrsta skrefið í þá átt að mynda staðgóða þekkingu á einangrunar- og byggingarvörum, ef nýta á þau jarðefni önnur sem finnast á Suðurlandi og hæstv. iðnrh. hefur svo mjög talað um. Nálægð Þorlákshafnar við aðalmarkaðinn á landinu fyrir ýmiss konar framleiðslu til byggingariðnaðar eykur möguleika á framleiðslu léttra byggingareininga sem aftur getur leitt af sér verulega lækkun á byggingarkostnaði. Þar við bætist svo að við höfum slæma reynslu af fyrirtækjum sem í krafti fjarlægðar og annarrar verndunar leyfa sér að líta fram hjá vöruvöndun og vöruþróun og eru svo styrkt af almannafé til að standast samkeppni innfluttrar vöru. Hörð samkeppni á erlendum mörkuðum ýtir undir framleiðendur að fylgjast vel með vöruþróun keppinautanna og vanda gæði vöru sinnar sem mest. Staðarval, sem býður upp á minni arðsemi, eykur líkurnar á því, að stjórnendur verksmiðjunnar leiti til hins opinbera um stuðning í einhverri mynd, t. d. niðurgreiddra farmgjalda.

Hæstv. iðnrh. kom inn á það, að 50% af framleiðslugetu steinullarverksmiðja í Evrópu væru ónotuð. Það átti að vera sönnun fyrir því, að það væri ekki hægt að selja steinull til Evrópu. Hv. 3. þm. Suðurl. kom inn á að þessar verksmiðjur í Evrópu borga frá 10—19 sinnum meira fyrir hráefnið en verksmiðja hér á landi. Væntanlega verður raforka hjá okkur, þegar unnið er með jöfnu álagi allan sólarhringinn eins og hér er gert, ódýrari en í Evrópu, þar sem mikið af raforkunni þarf að framleiða með olíu. Þessi rök standast því engan veginn. Ef þetta er rétt væri ekki heldur hægt að selja *alúmíníum* t. d. til Japans. Þar er búið að loka 30—40 álverksmiðjum af því að þær geta ekki keppt við verksmiðjur í öðrum löndum vegna þess að þær eru knúnar með olíu. Er það sönnun þess að Japanir þurfi ekki að kaupa alúmíníum? Það hefði ég haldið að væri ekki. Og auðvitað gætu Sunnlendingar ekki síður en norðanmenn byggt minni verksmiðju, og þeir hafa einnig aflað sér tilboða í hana, en þeim finnst það stríða á móti allri skynsemi og benda á að aldrei hafi minni áhætta verið tekin við ákvörðun um framleiðslu fyrir erlendan markað en í þessu dæmi, ef af verður.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það, herra forseti, að efnahagsleg rök mæli með Þorlákshöfn langt umfram Sauðárkrók. En hvað þá um byggðasjónarmiðið? Spyrja sjálfsagt margir, alla vega þeir sem telja að Suðurland sé á stór-Reykjavíkursvæðinu. Það eru ótrúlega margir sem halda því fram beint eða óbeint og meta reyndar byggðasjónarmiðið út frá fjarlægðinni frá Reykjavík einni saman. Einn af virtustu þm. okkar orðaði það þannig fyrir nokkrum dögum, að Sunnlendingar hefðu gert mistök með því að miða ekki allar áætlanir sínar við að framleiðsla verksmiðjunnar verði flutt með Ríkisskip austur og norður land til Reykjavíkur þá leiðina. Þá hefðu þeir alveg örugglega verið metnir hæfir af iðnrn. og langtum fremri en Sauðkrækingar.

Rétt er að meðaltekjur íbúa á Norðurlandi vestra eru með því lægsta sem þekkist á landinu. En það á einnig við um skattumdæmi Suðurlands. Þessi tvö kjördæmi, þessi tvö landsvæði, hafa á undanförnum árum skipst á um lægsta og næstlægsta sætið í þessum efnum. Síðasta ár var *Norðurland vestra aðeins fyrir neðan og þar á undan* Suðurland o. s. frv.

Það hefur verið komið hér inn á fólksfjölgun á þessum svæðum. Á Suðurlandi, ef Vestmannaeyjar eru ekki taldar með, fækkaði um þrjá menn á síðasta ári. Það varð fækkun upp á þrjá menn. Í hér um bil öllum sveitarfélögum Suðurlands fækkaði og þar með í Ölfushreppi þar sem Þorlákshöfn er. Þar varð fækkun. Það varð aftur á móti 22 manna fjölgun í Vestmannaeyjum, sem er að vísu ekki mikið miðað við stærð kaupstaðarins, þannig að það varð fjölgun um 19 menn í kjördæminu, en það varð fækkun á Suðurlandi sem slíku um þrjá menn. Á Norðurlandi vestra fjölgaði á sama tíma um 82 eða um 0.77%. Það er reyndar mesta fjölgun á öllu landinu, ef Reykjanes og Reykjavík eru ekki talin með, og ekkert voðalega langt frá landsmeðaltalinu, sem var á síðasta ári aðeins liðlega 1%. Þannig er sama hvort litið er á tekjurnar eða fólksflóttann. Hv. 4. þm. Suðurl. sagði að það

hefðu flutt 130 fleiri frá Suðurlandi en til. Það voru 230, en ekki 130, sem fluttu frá Suðurlandi á því ári umfram þá sem fluttu til Suðurlands. Frá þessum tveimur þýðingarmiklu byggðasjónarmiðum er ekki hægt að segja að Sauðárkrókur hafi vinning, nema síður væri.

Atvinnuleysi á Suðurlandi hefur um langt skeið verið tvöfalt meira en meðaltal landsins og hvergi á landinu verið meira en í næsta nágrenni væntanlegrar verksmiðju, þ. e. á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þar er svipað atvinnuleysi og við erum að býsnast yfir að sé mikið úti í löndum, 3—4%, langsamlega mest á landinu. Satt að segja vonast ég eftir því, að það besta, sem út úr þessari verksmiðju kemur, verði að eyða atvinnuleysi á þessum svæðum.

Verulegur samdráttur er í mjólkurframleiðslu og hefur hann komið harðast niður á Suðurlandi. Þar eru mjólkurframleiðendur flestir. Við það vex auðvitað byggðavandinn á Suðurlandi meira en annars staðar. Það er aftur á móti enginn samdráttur í sauðfjárrækt. Það er kannske vegna þess að hæstv. landbrh. er sjálfur sauðfjárbóndi. Þetta þýðir í reynd að útflutningsuppbætur, sem áður gengu til mjólkurframleiðenda, ganga núna til sauðfjárbænda. Við þetta bætist svo gífurlegur samdráttur í virkjunarframkvæmdum. Hæstv. iðnrh. sagði fyrir nokkru að Sunnlendingar þyrftu engu að kvíða í þessum efnum því að starfsmenn við virkjunarframkvæmdir á Suðurlandi yrðu 100—150 næstu árin. Það er rétt, en eigi að síður er það gífurlegur samdráttur frá því að vera 300—400 eins og er búið að vera í fjöldamörg ár og allt upp í 600 á ári. Það fækkar a. m. k. um 200—300 manns í virkjunarframkvæmdum á svæðinu, og hvar eiga þessir menn allir að fá vinnu?

Nú er stefnt að stórvirkjun og byggingu steinullarverksmiðju samtímis á Norðurlandi vestra og þar með stefnt að mikilli spennu á vinnumarkaði á sama tíma og fyrirsjáanlegt er verulegt atvinnuleysi á Suðurlandi. Ég hefði haldið að skynsamlegra væri að jafna framkvæmdum betur, stórvirkjun fyrir norðan, stóriðju fyrir austan og steinullarverksmiðju fyrir sunnan þótt auðvitað sé hún langsamlega minnst þeirra fyrirtækja sem ég hef minnst á.

Hv. 4. þm. Suðurl. skammaði staðarvalsnefnd kannske meira en hún átti skilið. Hún var sett í að finna stað fyrir kísilmálmverksmiðjuna og fann Reyðarfjörð, enda var henni bannað að skoða arðsemina annars staðar. Það er því ekki hægt að skamma hana fyrir það að hún hafi fundið Reyðarfjörð. Hún mátti ekki finna neitt annað. Það var hæstv. iðnrh. sem bannaði henni að gera það. Kostnaðurinn við að finna þennan stað, sem fyrir fram var ákveðinn, var tíu sinnum meiri en nú stendur til að borga Sunnlendingum í skaðabætur fyrir þeirra undirbúningsvinnu.

Þegar þessi staðarvalsnefnd lét meta áhrif steinullarverksmiðju frá byggðasjónarmiðum séð var reiknað með 15 km radíus frá Þorlákshöfn. Það mátti alls ekki vera 16 km radíus og það er ágætisskýring til á því. Auk þess átti verksmiðjan engin áhrif að hafa, engin áhrif í Hveragerði, engin á Selfossi, engin á Stokkseyri, engin á Eyrarbakka. En Skagafjörður var allur tekinn með. Satt að segja, eins og ég hef áður sagt, met ég verksmiðjuna ekki síst fyrir að hún kemur til með að útrýma atvinnuleysi á þessum stöðum. Eyrarbakki verður í 16 km fjarlægð frá verksmiðjunni, eftir að brúin við Óseyrarnes hefur verið byggð, og Stokkseyri 2—3 km lengra frá. Auðvitað kemur fólk á Árborgarsvæðinu öllu til með að vinna við bygginguna og rekstur verksmiðjunnar. Sérstaklega verða áhrifin á allt svæðið og allt Suðurland mikil og góð eftir að brúin við Óseyrarnes hefur verið byggð.

Herra forseti. Ég þykist hafa leitt rök að því, að arðsemiútreikningar allir mæli með Þorlákshöfn langt umfram Sauðárkrók. Ég tel mig einnig hafa leitt rök að því, að byggðasjónarmið mæli ekki síður með Suðurlandi en Norðurlandi vestra og það sérstaklega ef haft er í huga að nú stendur til að reisa þar stórvirkjun sem auðvitað skapar mikla vinnu um allt kjördæmið og jafnvel ofþenslu á vinnumarkaði þar. Minnst 300—400 manns koma til með að vinna beint við virkjunarframkvæmdir og þar að auki fjöldi manns við vegaframkvæmdir og annað sem í kringum þetta verður. En hvað er það þá, herra forseti, sem veldur því að ríkisstj. ætlar eftir sem áður, og þrátt fyrir Blönduvirkjun, að reisa verksmiðju á Sauðárkróki? Sú einfalda staðreynd, að tveir ráðh. eru þm. Norðurl. v., sá þriðji er þaðan og hefur verið alþm. þess kjördæmis um langan tíma og fjórði ráðh. er þm. Norðurl. e. Enginn ráðh. er frá Suðurlandi. Í þessu liggur skýringin og engu öðru, eins og kom greinilega fram í máli hv. 4. þm. Suðurl.

Ef við lítum á hver þróunin hefur verið í tíð núv. ríkisstj. um fjárveitingar og fyrirgreiðslu til Norðurlands vestra miðað við önnur kjördæmi blasir við að framkvæmdafé á fjárlögum til Norðurlands vestra hefur hækkað frá því að vera 45% yfir meðaltal kjördæmanna árið 1979 í það að vera 122% yfir öðrum kjördæmum á yfirstandandi ári — meira en tvöfalt — og er þá miðað við fjárveitingar á íbúa. Suðurland hefur á þessu tímabili verið ýmist rétt fyrir ofan eða rétt fyrir neðan landsmeðaltalið, frá 95—105% eða þar um bil. Þegar ég tala um framkvæmdafé á ég við framlag ríkissjóðs til byggingar skóla, dagvistarheimila, íþróttamannvirkja, sjúkrahúsa, hafnarframkvæmda og flugmála. Það er sama á hvaða málaflokk er litið, framlag til Norðurlands vestra hefur stórhækkað meðan það stendur í stað eða minnkar til annarra kjördæma.

Það er skiljanlegt og mannlegt að þm. hugsi meira um hag síns kjördæmis en annarra, en það hljóta að vera takmörk fyrir því, hve langt ráðh. mega ganga í þeim efnum. Þeir eru ráðh. sinna málaflokka fyrir allt landið, en ekki bara sinna kjördæma, en því virðast þeir sumir hverjir hafa gleymt.

Sauðárkróksbúar halda því stíft fram, að þeir hafi verið brautryðjendur málsins. Það er rangt. Á Suðurlandi var farið að huga að þessu máli strax 1966 og það hefur verið á dagskrá meira eða minna allar götur síðan. Skipulega hefur verið unnið að því frá 1974, þegar Jarðefnaiðnaður hf. var stofnaður. Aftur á móti var félagið á Sauðárkróki ekki stofnað fyrr en 1977.

Öll sveitarfélög á Suðurlandi, 37 að tölu, eru aðilar að Jarðefnaiðnaði hf., og aðalverkefni félagsins á undanförnum árum hefur verið að undirbúa byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Auk þess eru svo til öll sveitarfélög á Suðurlandi aðilar að Iðnþróunarsjóði Suðurlands, en hann er nátengdur Jarðefnaiðnaði hf. Í sjóðinn greiða sveitarfélögin, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl., 1% af öllum hefðbundnum tekjustofnum sínum. Sjóðurinn er beinn aðili að undirbúningi að byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Ölfushreppur gefur síðan eftir aðaltekjustofn sinn af verk-

smiðjunni, þ. e. aðstöðugjöldin, sem rennur í Iðnþróunarsjóð Suðurlands sem síðan á að styðja iðnþróun í Suðurlandskjördæmi öllu. Slík samvinna sveitarfélaga í heilu kjördæmi er einsdæmi hér á landi og ætti vissulega að vera öðrum sveitarfélögum til fyrirmyndar.

Hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. hafa báðir hrósað þessu samstarfi og talið það öðrum til fordæmis. Á öllu þessu traðkar hæstv. iðnrh. og að því er virðist ríkisstj. öll eða meiri hl. hennar. Hún eyðileggur áralangt uppbyggingarstarf 37 sveitarfélaga, allra sveitarfélaganna á Suðurlandi, í einu höggi eftir að búið er að draga þessa aðila alla á asnaeyrunum í meira en tvö ár. Hvílík ríkisstj.! Hvílíkur stuðningur við uppbyggingu atvinnulífs í heilum landsfjórðungi! Stóru mistökin hjá Sunnlendingum er að hafa nokkurn tíma gert ráð fyrir aðild ríkissjóðs að málinu. Reyndar gerðu þeir það ekki. Þeir ætluðu aldrei að gera það, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Suðurl. Hann minnti á fundinn á Selfossi á sínum tíma og ákvarðanir sem síðar hafa verið teknar. Ríkisstj. hefur í þessum málum reynst hinn argasti dragbítur í stað þess að vera driffjöður í uppbyggingu atvinnulífs og taka höndum saman við þau mörgu sveitarfélög sem saman hafa unnið í þessum tilgangi.

Nú ber svo við hina allra síðustu daga að fjölmiðlar eru allt í einu farnir að fjölyrða um aðrar verksmiðjur, hina og þessa atvinnumöguleika Sunnlendinga. Það er talað um sykurverksmiðju í Hveragerði. Það síðasta um það mál, sem frá iðnrn. heyrðist fyrir nokkrum mánuðum, var að slík verksmiðja væri óhagkvæm og ekki bæri að byggja hana. Nú er hún allt í einu orðin vel arðbær, að því er sagt er, og fréttir berast um lagasmíð og reyndar er lagafrv. komið hér á borðin til okkar. Þetta er látið berast í fjölmiðla. Þm. vita ekkert um málið, ekki einu sinni formaður þess áhugamannafélags sem að málinu hefur unnið um árabil. Hann fréttir af þessu fyrst í fjölmiðlunum — ekki frá iðnrn., heldur frá fjölmiðlunum. Einnig er allt í einu farið að tala um ylrækt í Hveragerði og nú er Reykjanes einnig með í þeim hugmyndum, ef verður af byggingu slíkrar verksmiðju. Það er jafnvel farið að tala um stálbræðslu í Þorlákshöfn. Ekki veit ég hvort fjölmiðlar hafa þá frétt frá iðnrn. eða einhvers staðar annars staðar frá. Ég veit ekki betur en það fyrirtæki sé búið að fá lóð í Straumsvík og sé byrjað að safna þar brotajárni. Ekki vil ég hafa á móti þessum fyrirtækjum, síður en svo, en greinilegt er til hvers þessi leki til fjölmiðla er nú kominn. Mikið vantar á, m. a. vegna fyrri reynslu af núv. hæstv. ríkisstj., að ég geti treyst á þau atvinnutæki, sem ég hef hér minnst á, a. m. k. á næsta alllöngu árabili.

Ég bendi á og undirstrika það, að grundvöllur steinullarverksmiðjunnar er allt annar en þessara fyrirtækja. Eins og ég sagði eru öll sveitarfélög á Suðurlandi aðilar að steinullarverksmiðjunni og rekstur hennar á svo að standa undir iðnaðaruppbyggingu á Suðurlandi öllu gegnum Iðnþróunarsjóð Suðurlands. Ekkert slíkt á við um verksmiðjur þær sem nú er farið að tala um í fjölmiðlum. Kannske þær verði byggðar í fjölmiðlum.

Ég endurtek að ég er alls ekki andvígur þeim verksmiðjum sem hér hefur verið minnst á, þótt ég treysti varlega á þau atvinnutæki fyrir Suðurland, a. m. k. næstu árin. En þó að allar þessar tiltölulega litlu verksmiðjur yrðu reistar á Suðurlandi dugar það varla til hvað atvinnutækifæri snertir til að vega á móti þeim samdrætti sem fyrirhugaður er í virkjunarframkvæmdum. Það eru fleiri menn sem missa vinnuna í virkjunarframkvæmdum en þó að allar þessar verksmiðjur yrðu reistar á Suðurlandi, sem engar líkur eru á, því miður.

Herra forseti. Ég skora því á hv. þm. að kynna sér vel allt sem steinullarverksmiðjuna snertir, kynna sér málið bæði frá arðsemisjónarmiði og frá byggðasjónarmiðum. Ef hv. þm. gefa sér góðan tíma til þess þurfa Sunnlendingar engu að kvíða varðandi afgreiðslu málsins.

Páll Pétursson: Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir til umr., er nokkuð óvanaleg. Þetta er óvanalegur málatilbúnaður. Í fyrravor settum við lög um steinullarverksmiðju og ríkisstj. var falið að velja samstarfsaðila um verksmiðjuna. Þá var gengið út frá því, að það yrði ákvörðun ríkisstj. sem réði hvar verksmiðjan risi. En nú hafa þm. og þ. á m. stjórnarliðar seilst inn á verksvið ríkisstj. og ætla Alþingi að taka ákvörðun um málið.

Það er raunar líka óvanalegur aðdragandi og undirbúningur að þessu máli og ekki að öllu eyti heppilegur. Með vitund ríkisvaldsins hafa tveir áhugaaðilar verið hafðir í gangi við sama verkefnið með vitund og vilja ráðuneytisins. Hæstv. fyrrv. iðnrh., Gunnar Thoroddsen, lýsti yfir á iðnþróunardegi fyrir nokkrum árum norður á Sauðárkróki, að hann teldi rétt að reisa steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Menn þar fyrir norðan hafa síðan unnið grandalausir að þessu verkefni og töldu, að þeir hefðu vilja iðnrn. til að vinna þetta verk, og höfðu á hverjum tíma náið samráð við iðnrn. Ég ætla ekki að rekja þá breytingu sem varð á afstöðu ráðuneytisins þegar gögn þeirra voru framseld Jarðefnaiðnaði hf., en á Sauðárkróki komust menn að því fyrir nokkuð löngu, að útflutningur væri hæpinn eða jafnvel vonlaus, og þá breyttu þeir stefnunni og tóku ákvörðun um að reisa heldur litla verksmiðju. Það var ekki fyrr en fyrir fáum mánuðum að Sunnlendingar sáu að þeir voru að gera skakkt með því að stíla upp á útflutning og ákváðu að minnka verksmiðjuna. Þetta er annað kjarnaatriðið í málinu. Sauðkrælingar voru með litla verksmiðju og stíluðu á innanlandsmarkað en ekki á útflutning. Sunnlendingar voru alltaf að gera gælur við útflutninginn og höguðu sínum undirbúningi samkv. því.

Hitt kjarnaatriði málsins er náttúrlega byggðasjónarmiðið. Það er fábreytt atvinnulíf á Sauðárkróki og þetta er eini iðnþróunarkostur sem menn koma auga á af þessari stærð sem henti því byggðarlagi. Það kemur margt annað en steinull til greina í Þorlákshöfn. Það má alls ekki skilja orð mín svo að ég sé að hafa á móti uppbyggingu atvinnulífs á Suðurlandi, það er síður en svo. En ef menn líta hlutlaust á þetta komast þeir að raun um að möguleikarnir eru fjölbreyttari þrátt fyrir allt hér fyrir sunnan, enda er það engin tilviljun að í undirbúningi eru verksmiðjur af ýmsum gerðum hér fyrir sunnan.

Hagkvæmni er svipuð á Sauðárkróki og í Þorlákshöfn, en hagkvæmnin er mest í Reykjavík. Ég tel fráleitt að reisa þessa verksmiðju í Reykjavík, jafnvel þó hagkvæmnin sé þar mest. Og það er sannarlega gott að menn hafa fjárhagslega hagkvæmni ekki eina að leiðarljósi, heldur líta á önnur sjónarmið, byggðasjónarmið o. fl. Við höfum nú rætt hér lengi dags um virkjanamál þar sem sífellt er hamrað á því, hvernig fjárhagsleg hagkvæmni náist mest, og hún sett ofar öllu, gjörsamlega ofar öllu öðru.

Ég vil ekki efna til deilna um þessa tillögu. Mér finnst hún óþörf. Það er seilst hér inn á verksvið ríkisstj. Hún er

röng að því leyti, að ég tel að réttara sé að þessi verksmiðja rísi á Sauðárkróki. Þess vegna vil ég leyfa mér, herra forseti, ásamt félögum mínum að leggja fram skriflega brtt. Meðflm. mínir eru Ingvar Gíslason, Pálmi Jónsson, Stefán Valgeirsson, Stefán Guðmundsson, Lárus Jónsson, Ragnar Arnalds, Soffía Guðmundsdóttir, Ingólfur Guðnason, Árni Gunnarsson, Guðmundur Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson og Halldór Blöndal.

Brtt. er á þá leið, að í stað orðanna „Jarðefnaiðnað hf. um byggingu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn" komi: Steinullarfélagið hf. um byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og að fyrirsögn breytist samkv. því.

Ég vona að brtt. fái stuðning Alþingis, og jafnframt vona ég að menn sameinist um að efla atvinnulíf á Suðurlandi með öðrum verksmiðjum sem þar komi til með að rísa.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég hygg að hv. þm. og raunar landslýður allur hafi heyrt flest þau rök sem fram hafa verið borin hér í ræðum í kvöld — og kannske rakaleysur einhverjar líka. Það hefur, eins og menn vita, verið dengt yfir þm. og raunar fréttastofur greinargerðum bæði af hálfu ráðuneytis og þeirra tveggja fyrirtækja sem hér eru til umr. Flest af því, sem hér hefur fram komið, hafa menn þegar lesið eða heyrt og þess vegna kannske ástæðulaust að efna til næturfundar til að endurtaka það sem allir vita eða hafa heyrt.

Það var þó eitt nýtt eða ekki nema nokkurra daga gamalt, svo að ég hafi heyrt a. m. k., sem kom fram hjá hv. þm. Jóni Helgasyni, þar sem hann gat um að 29. mars 1981 hefði Jarðefnaiðnaður ákveðið að hefja söfnun hlutafjár og orðrétt bókað: „Stefnt skal að því marki að svo mikið hlutafé safnist, að ekki þurfi að koma til meðeignar hins opinbera eða útlendinga." En hann gat þess, að á því ári, sem síðan er liðið, hefði lítið fé safnast, þar um hefði valdið óvissa um staðarval, og þungt væri fyrir fæti með hlutafjársöfnun.

Þetta er nákvæmlega eins um Steinullarfélagið, að auðvitað vilja Skagfirðingar helst afla alls fjárins hjá fólki þar nyðra eða annars staðar og félögum og vera lausir við opinber framlög. Það er enginn munur á því. Stefna beggja félaganna er nákvæmlega sú sama. En það er auðvitað eins í Skagafirðinum, að meðan endanlega hefur ekki verið tekin ákvörðun um staðsetningu fyrirtækisins er þungt fyrir fæti þar eins og hjá Sunnlendingum. En vonandi er að það takist að afla hlutafjár svo að ríkisframlag þurfi ekki til að koma, þó að engin vissa sé fyrir því nyðra fremur en syðra.

Ég ætla ekki að fara að ræða um arðsemiútreikninga og annað slíkt. Það hefur verið gert svo oft í blöðum og í öllum þeim aragrúa greinargerða sem þm. hafa fengið og eins því sem ráðh. las hér upp. Það er staðreynd, að þeir sérfræðingar, sem meta þetta — og ég ætla þeim að þeir reyni að gera það eftir bestu samvisku — komast að þeirri niðurstöðu, að arðsemi sé mjög svipuð ef verksmiðjur eru af nokkuð svipaðri stærð.

Það skal játað, að Sauðkræklingar fóru af stað með athuganir á steinullarvinnslu í talsvert stórri verksmiðju. Ég sá þetta auðvitað og fylgdist með og mér leist aldrei á það. Ég hafði aldrei sérstakan áhuga á þessari stóru verksmiðju. Hugmyndin var góð og við vorum allir hrifnir af henni, en kannanir, sem fóru fram á markaði, sérstaklega erlendis, einkum markaðskönnun sem barst frá Bretlandi, sannfærði mig um að þessi verksmiðja væri vonlaus, það væri ekkert vit í henni. Það var svo mikil óvissa í sambandi við markað að sú verksmiðja hefði hlotið að fara á hausinn. Þess vegna varð það úr að farið var að rannsaka minni verksmiðju. Og það var einmitt svo, að bæjarstjórinn á Sauðárkróki, Þorsteinn Þorsteinsson, sem var einn af helstu forráðamönnum Hagvangs og sérstakur sérfræðingur í markaðsathugunum og arðsemiútreikningum og skipulagningu fyrirtækja, komst brátt að þeirri niðurstöðu, að slík verksmiðja væri ekki sú heppilega, heldur minni verksmiðju. Hins vegar héldu þeir hjá Jarðefnaiðnaði áfram með sína stóru verksmiðju alllengi þangað til þeir minnkuðu hana líka.

En sem sagt, við skulum ekki þræta um þetta. Ég skil öll þau sjónarmið sem Sunnlendingar setja fram. Það er vissulega nauðsynlegt fyrir þá að koma upp iðnaði. Manni dettur í hug að fyrir einum og hálfum áratug eða svo var sagt að ég hefði viljað koma upp 20 álbræðslum. Það var að vísu ekki rétt, en það hefði gjarnan mátt á þeim tíma koma upp öflugum fyrirtækjum og mun öflugri en því sem hér er um rætt. Vissulega verðum við að iðnvæða landið og munum gera það þegar við fáum stjórnarfar, sem viðunandi er, ekki afturhaldsstjórn eins og þá sem nú er við völd.

Það er athyglisvert, að menn tala um að afskipti ríkisvaldsins af atvinnulífinu séu óeðlileg og um það er ég innilega sammála um og ógeðfellt að þurfa að taka þátt í umr. eins og þessari, að Alþingi eða ríkisstj. sé að taka ákvarðanir um fyrirkomulag í atvinnulífinu, staðsetningu o. s. frv. Við þurfum auðvitað að huga að því, að það er alla tíð verið að soga fjármagnið frá fólkinu til ríkisins, ríkisstofnana og opinberra aðila, og herða að atvinnulífinu, sem auðvitað veldur því, að engin fyrirtæki verða stofnuð á heilbrigðum grunni, þar sem arðsemisjónarmið ein, áhætta og ágóðavon ráða því, hvort í atvinnurekstur er ráðist eða ekki. Ég er sammála þeim Sunnlendingum um það, að auðvitað er óeðlilegt að þurfa að fara að með þeim hætti sem hér hefur raunin á orðið og allt of ríkt er í þessu þjóðfélagi. Auðvitað eiga að rísa öflug almenningshlutafélög þar sem arðsemisjónarmið, dugnaður og útsjónarsemi fá að ríkja, en opinberir aðilar séu ekki að hnýsast í allan atvinnurekstur. Það er ánægjulegt að heyra að sumir aðstandendur þeirrar vandræðaríkisstjórnar, sem við nú höfum, sem færir allt í þveröfuga átt við það sem hér er rætt um að þyrfti að vera, að þeir gagnrýni þetta og sjái í hvert óefni stefnir. Þetta var útúrdúr.

Ég skal ekki segja um hvort það er eðlilegur viðskiptamáti hjá Ríkisskip að vilja nota autt rúm í skipum að norðan til Reykjavíkur. Ég hygg þó að þetta mundu félög gera þó í einkaeign væru, ég veit ekki á hvaða verðlagi, en áreiðanlega á einhverju lægra verði en þegar skipin sigla þær leiðir sem aðalflutningar eru. Ég er lítill aðdáandi Ríkisskips og teldi eðlilegra að einkaframtak annaðist þann rekstur. Engu að síður held ég að einkafyrirtæki mundu frekar taka gjald fyrir að hafa eitthvað að flytja suður en að vera með skipin tóm, svo að ég er ekki viss um að þetta sé óeðlilegt tilboð af hálfu Ríkisskips. Þeir sérfræðingar, sem um það fjalla, telja það ekki vera. Það mundi áreiðanlega vera einhver slíkur mismunur einnig hjá hvaða einkafyrirtæki sem væri. En sem sagt, arðsemiútreikningana held ég að við verðum að taka trúanlega. Að minnsta kosti hafa engin þau rök komið til mín frá þeim, sem eru að gagnrýna þá, sem

bitastætt er í að einu leyti eða neinu. Það hef ég ekki getað orðið var við.

Hér var flutt ein mjög skemmtileg ræða af hv. þm. Garðari Sigurðssyni. Þó fannst mér óviðurkvæmilegt að fara að metast um það, hverjar framkvæmdir væru í hinum einstöku kaupstöðum sem eru að byggja sig upp, og taka þá Sauðárkrók sem sérstakt dæmi um að þar væri mikið um athafnir á sviði íbúðabygginga, skólabygginga, heilsugæslustöðva o. s. frv. Þetta er allt saman rétt. Það eru harðduglegir menn sem stjórna bæjarmálum Sauðárkróks, og þótt þeir eigi við mikla fjárhagserfiðleika að etja, eins og önnur sveitarfélög sem eru í uppbyggingu, hefur þeim tekist að áorka ótrúlega miklu. En að öfundast yfir því, það finnst mér vera óviðurkvæmilegt, svo að ekki sé notað sterkara orð. Fólk leggur gífurlega hart að sér við vinnu á þessum stöðum. Menn vita að það hefur verið mikil vinna úti á landi, sem betur fer, vegna aukningar á afla og mikillar vinnu í frystihúsum. Þessi fyrirtæki eru öll meira og minna á vonarvöl, meira og minna eignarlaus og hafa tapað gífurlega á s. l. ári, en engu að síður hafa þau þó veitt atvinnu og það hefur gert það að verkum, að fólk hefur þó haldið áfram að byggja og reynir auðvitað að fá skólahúsnæði fyrir börn sín og gera við götur, lappa upp á þær, vil ég nú segja, því að vissulega vantar mikið á að allar götur á Sauðárkróki séu enn orðnar malbikaðar. En það á ekki að öfundast yfir þessu.

Hitt er aðalatriðið, að undirstöðuna undir atvinnulífið vantar. Það er sagt að svo og svo stór hluti íbúa Sauðárkróks lifi á iðnaði. Hver er þessi iðnaður? Það er byggingariðnaður fyrst og fremst. Það eru tvö sæmileg iðnfyrirtæki þar önnur en þau sem eru beint í byggingariðnaði. En ef atvinnulífið brestur, hver byggir þá? Hvað verður fyrir þetta fólk að gera?

Ég held að við ættum ekki að vera að hnotabítast um það hvar mesta þörfin sé að þessu leyti. Hún er mikil alls staðar. Við getum lifað á sjávarútveginum að vissu marki, en að hámarki er þó komið það sem hægt er að veiða. Það er svo margendurtekið að ég þarf ekki að víkja að því frekar. Við eigum að snúa bökum saman um að efla iðnað og miklu stærri og öflugri fyrirtæki en það sem hér um ræðir, en ekki að vera að öfundast út af því, hver fái hvað. Og ég vísa á bug öllum röksemdum um að Sauðárkrókur sé ekki eins vel að þessari verksmiðju kominn og Þorlákshöfn. Raunar tel ég miklu eðlilegra að verksmiðjan rísi á Sauðárkróki vegna þess frumkvæðis sem Sauðárkrókur hefur haft. Þó að þessar gömlu bókanir frá Jarðefnaiðnaði séu til eru þær bara partur af mörgum. Þeir voru að vinna í allt öðru, reyna að flytja út vikur og bruna og ýmislegt slíkt, jafnvel í samkeppni við einkafyrirtæki og að gera þeim fyrirtækjum erfitt fyrir. Það voru þeirra aðalmarkmið þangað til þeir fundu það út, að Sauðárkrókur væri að vinna að þessu verkefni. Þá var hlaupið til og kapphlaupið hófst. Því er vonandi að ljúka.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Nú var flutt vond ræða í þessu máli sem væri náttúrlega ástæða til að taka alvarlega til athugunar, þegar algjörlega er snúið við sannleikanum og talið að Sauðkrælingar hafi alla tíð haft frumkvæði um þetta mál. (Gripið fram í.) Ef þetta er sannleikurinn í málinu, þá kann ég ekki að lesa, þá hlýt ég að hafa lesið aftur á bak sem ég vona að ekki hafi gerst.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði að það þýddi ekki að vera að veifa gömlum plöggum og gömlum fundargerðum, þó að einu sinni hafi verið rætt um þetta efni, þá hafi menn verið að hugsa um allt aðra hluti þangað til þeir komu auga á steinullarverksmiðjuna. Það er náttúrlega mjög auðvelt að sanna með því að vitna í fundargerðir hvernig málin þróuðust, og ef hann ætlar að halda því fram, að við höfum verið að braska með vikurútflutning áður en við tókum til við að athuga byggingu steinullarverksmiðju, þá fer hann villur vegar, því að það er rétt núna síðustu árin sem Jarðefnaiðnaður hefur verið að fást við útflutning á vikri.

Ég skal ekki ræða þennan þátt miklu meira. Ég sé ekki að það hafi neina þýðingu. Þegar haldið er fram svona firru, rakalausri firru, þá verður hún ekki kveðin niður nema með einu móti, bara með því eina móti að þm. sjái í gegnum þær blekkingar, sem svona eru bornar fram og lagðar á borðið, og greiði atkv. um tillöguna að þeirri athugun lokinni eftir sinni sannfæringu og ekki öðru.

Við skulum í þessu efni ekki viðhafa sömu vinnubrögðin og hæstv. iðnrh. sagðist hafa haft þegar hann tók ákvörðun um að gera tillögu um að verksmiðjan færi til Sauðárkróks. Hann segir að sú ákvörðun sé ekki byggð á efnislegum rökum. Hún er aðeins pólitísk ákvörðun. Svona eigum við ekki að vinna þegar við erum að fást við málefni sem þetta. Ég treysti því, að alþingismenn hafi á því sama mat og ég, en ekki sama mat og hæstv. iðnrh., því að það er hættulegt þegar menn ganga fram hjá efnislegum rökum sem þegar hafa verið lögð fram. (**Iðnrh.:** Efnislegum mismun.) Efnislegum rökum. Við sjáum hvað kemur út af spólunni.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson sagði líka að hann hefði séð áætlanir hjá Steinullarfélaginu fyrir norðan um að því hefði dottið í hug að vera með útflutning á steinull og sér hefði litist illa á þá útreikninga og þær áætlanir. Þó er það svo, að heiðursmennirnir Vilhjálmur Lúðvíksson og Hörður Jónsson, sem hafa rannsakað þetta mál mest á vegum hæstv. iðnrh., halda því fram, að það geri allan reksturinn öruggari og vænlegri að styðjast við útflutning. Það er sagt hér svo að óyggjandi er.

Hér segir með leyfi hæstv. forseta: „Stærri verksmiðjan er þó ekki óraunhæf að því er arðsemi varðar, en að teknu tilliti til erfiðari rekstrarskilyrða fyrir stóra verksmiðju með litla nýtingu á afkastagetu er að okkar mati rétt að velja minni verksmiðjuna, en hagnýta útflutningsmöguleika eftir föngum."

Þetta segja þessir háttvirtu menn 18. mars 1982. Kannske hefur þetta komið í hendur hæstv. ráðh. eftir að hann tók þessa pólitísku ákvörðun. Hann hefur þess vegna gengið fram hjá efnislegum rökum. En þetta er eitt af því sem ég get kallað ákveðin efnisleg rök sem mæla með því, að verksmiðjan sé byggð í Þorlákshöfn en ekki á Sauðárkróki.

Mér þykir líka rétt að kynna hér lítils háttar hugleiðingar sem sérfræðingur á þessu sviði hefur leyft mér að hafa afnot af, — sérfræðingur sem hefur unnið heilmikið við slíkar athuganir í ríkiskerfinu og eru þess vegna þessar aðstæður mjög vel kunnar. Ég vildi kynna hér það sem hann hefur um þetta mál að segja.

Hann telur að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til tveggja þátta, sem þó eru mikilvægir ef litið er til langs tíma, í þeirri athugun sem gerð hefur verið af hálfu steinullarnefndarinnar, þeirra Vilhjálms og Harðar. Það eru þeir þróunarmöguleikar, sem steinullarverksmiðjan

gæti gefið, og nauðsyn þess, að íslensk fyrirtæki reyni eftir mætti að selja vörur sínar á erlendum mörkuðum vegna vöruvöndunar og vöruþróunar sem af því leiðir. Staðsetning steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn gæti verið fyrsta skrefið til þess að mynda staðbundna þekkingu á einangrunar- og byggingarvörum sem þarf ef nýta á þau jarðefni sem finnast á Suðurlandi. Nálægð Þorlákshafnar við aðalmarkaðinn í landinu fyrir ýmiss konar framleiðslu til byggingariðnaðar eykur líkurnar á því, að slík þróun eigi sér stað og langþráður draumur um léttar byggingareiningar og lækkandi byggingarkostnað geti orðið að veruleika. Þetta er annar þátturinn sem þessi sérfræðingur telur að mæli sérstaklega með því að setja verksmiðjuna upp í Þorlákshöfn.

Hinn þátturinn er sá, að við höfum bitra reynslu af mörgum fyrirtækjum sem í krafti fjarlægðar eða annarrar verndunar leyfa sér að gera að engu vöruvöndun og vöruþróun og eru síðan styrkt með almannafé til að standast samkeppni við innflutta vöru.

Ef væntanleg steinullarverksmiðja eygir einhverja möguleika á því að flytja út steinull ætti að gera henni það eins auðvelt og kostur er. Hörð samkeppni á erlendum mörkuðum ýtir undir framleiðendur að fylgjast vel með vöruþróun keppinauta og vanda gæði vöru sinnar sem mest. Þessi andvari kæmi innlendum neytendum til góða og verksmiðjan mundi halda sinni upphaflegu samkeppnisstöðu innanlands.

Ákvörðun um að staðsetja steinullarverksmiðjuna á Sauðárkróki gerir að engu þá möguleika sem hér hafa verið upp taldir. Staðarval, sem býður upp á minni arðsemi, eykur líkurnar á því, að stjórnendur verrksmiðjunnar leiti til hins opinbera um stuðning í einhverri mynd sem endanlega verður borgaður af almenningi.

Ég kynni þessi tvö atriði hér af því að ég tel að þau séu mjög mikilvæg þegar lagt er út í nýjan iðnað. Það er ekki vænlegt að leggja út í iðnað sem eingöngu byggir á innanlandsmarkaði og er í harðri samkeppni við framleiðslu erlendra fyrirtækja sem hafa þróaða markaði og eru búin um langan aldur að þróa sína vöru og vanda hana. Við verðum að búa við einhvers konar vernd ef þessi litlu fyrirtæki eiga ekki að standa höllum fæti, og þau kynnast því ekki hvernig þarf að ganga til verks til þess að þóknast vandlátum neytendum og halda vöru sinni í þeim gæðaflokki sem þarf til þess að hún sé útgengileg. Þetta eru áreiðanlega þeir þættir sem hafa mikla þýðingu þegar við veljum á milli stærðar, sem getur stuðst við útflutning, og stærðar, sem getur það ekki.

Það hefur verið rætt um það, að ekki mætti hugsa til þess að byggja á útflutningi nema örugg vissa væri fyrir hendi um að hægt væri að selja framleiðsluna. Það er sem ég sjái að hægt væri að segja við íslenska útvegsmenn: Þið skuluð ekki veiða fisk sem þið verðið að setja upp í skreið, því það er ómögulegt að segja vegna markaðsörðugleika hvenær hægt er að selja skreiðina. Nei, ég held að eina vörn okkar til þess að halda uppi öflugum vinnuafköstum og vinnulaunum í landinu sé að þora að leggja í útflutningsiðnað þó það hafi einhverja áhættu í för með sér, þora að brjóta upp á verki sem hefur í sér fólgna möguleika til þess að lyfta kjörum okkar nokkru hærra.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að ég hafi þessi orð mín öllu fleiri. En þó verð ég að lokum að koma að því sem ég ýjaði að í byrjun máls míns, og það er það frumkvæði sem Sunnlendingar hafa haft í þessu efni. Ég ætla ekki að rekja þá sögu náið, en ég veit að hægt er að leiða að því vitni hvenær sem er, að stöðug vinna að þessu verkefni hefur átt sér stað allar götur síðan Jarðefnaiðnaður hf. var stofnaður 1974. Mér er fullkunnugt um að á þeim tíma var ekki farið að huga að steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Þess vegna verð ég að segja að mér ofbauð þegar ég heyrði í morgunvöku 23. febr. í vetur viðtal við bæjarstjórann á Sauðárkróki, Þorstein Þorsteinsson, að verið var að spyrja hann út úr um steinullarverksmiðjuna og hann endar mál sitt á þessum vel völdu orðum: „Við völdum þetta verkefni til að vinna að fyrir mörgum árum og erum búnir að ljúka þeirri vinnu núna, þannig að við teljum ekkert eðlilegt í því, að það verði farið að rjúka með þetta eitthvað annað.“ Hvað er verið að rjúka með eitthvað annað en á Sauðárkrók? Verksmiðjuuppbyggingu, framleiðsluaðferð sem við höfum verið að gera áætlanir um sem Sauðkrækingar vilja nú fá. Þeir urðu að falla frá því sem þeir hafa verið að basla við allan þennan tíma, þessa frönsku verksmiðju, eru svo með stór orð og yfirlætisleg um það frumkvæði sem þeir þykjast hafa haft. Það er ekki að furða þó manni hitni í hamsi við að heyra svona oflátungsorðbragð.

Ég vil svo að lokum aðeins segja það, að ég veit ekki til að það finnist bókað nokkurs staðar hjá Jarðefnaiðnaði hf. að farið hafi verið fram á að fá fjárhagslega aðstoð ríkisins til að koma þessu máli í höfn. Hitt er annað mál, að það var á sínum tíma leitað eftir tæknilegri aðstoð, sem var fúslega veitt, og ber að þakka það.

Ég verð að segja að ég harma það nú að við skyldum ekki, þegar þeirri tæknilegu aðstoð lauk, ríða á vaðið og efna til byggingar verksmiðjunnar þá strax. Nú er komið á þriðja ár síðan þessari tæknilegu vinnu var lokið. Þá værum við betur á vegi staddir en núna, eftir allan þennan velting á milli ráðuneyta í tvö til þrjú ár.

Það vakti athygli mína fyrir nokkrum dögum, þegar viðtal var við bæjarstjórann á Sauðárkróki um verksmiðjuna og hann spurður um framgang málsins, þá var svar hans að síðustu þetta ef ég man rétt: „Það er alger forsenda fyrir byggingu verksmiðjunnar á Sauðárkróki að hlutdeild ríkisins komi til“.

Ég held að ég endi orð mín á að segja þetta: Ég vona að þeim verði það að góðu, en það er einnig von mín að við þurfum ekki að lúta að því.

Eggert Haukdal: Herra forseti. Hv. flm. þessarar till. hafa þegar fært fram fullnægjandi rök fyrir staðsetningu steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn eins og till. þessi gerir ráð fyrir. Sé ég ekki ástæðu til að endurtaka þá röksemdafærslu. Till. fer í nefnd þar sem ég á sæti, og þar gefst mér tækifæri til nánari umfjöllunar áður en hún kemur hér aftur til umr.

Margt mætti að vísu ræða í þessu sambandi og þá ekki síst hversu iðnrh. og ríkisstj. hafa klúðrað þessu máli sem og fleirum þessa dagana. Umr. í dag um virkjunarmálin og nú í kvöld um þetta mál benda til að ríkisstj. hafi ekki orðið þingmeirihluta í ýmsum málum sem illa hefur verið staðið að af hennar hálfu, og uppsker hún þannig eins og hún sáir.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan að Sunnlendingar hefðu seilst inn á verksvið ríkisstj. með þessum tillöguflutningi. Nú finnst honum gott að ríkisstj. leysi málið þegar hann á von á að Sauðárkrókur verði fyrir valinu.

En hvernig er með virkjunarmálin? Var að heyra á honum í dag hér á Alþingi að þau væru í góðum höndum hjá ráðherrunum Hjörleifi, Pálma og Ragnari ásamt fleirum? En þetta eru einmitt mennirnir sem berjast gegn Suðurlandi í steinullarmálinu og böðlast þar eins og í virkjunarmálunum. Í steinullarmálinu eru vinnubrögð þessara manna af hinu góða að dómi hv. þm. Páls Péturssonar, en í virkjunarmálunum af hinu vonda.

Ég vil aðeins að lokum vekja athygli á ákvæði til bráðabirgða í lögunum frá 25. maí s. l. um steinullarverksmiðju. Það hljóðar svo:

„Ekki er ríkisstj. heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags samkvæmt 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkvæmt 1. tölul. 3. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkvæmt 2. tölulið 3. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda."

Nú spyr ég: Telur ríkisstj., þrátt fyrir þetta ákvæði, að henni sé heimilt að lýsa yfir þátttöku sinni í steinullarverksmiðju á Sauðárkróki áður en fyrir liggi árangur hlutafjársöfnunar og aflað hafi verið öruggra viðskiptasambanda? Iðnrh. hlýtur að hafa kynnt sér þessi atriði hjá báðum aðilum á grundvelli laganna áður en hann tók sína ákvörðun og lagði fyrir ríkisstj. Ég leyfi mér að vænta skýrra svara við þessu.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. þm. Garðars Sigurðssonar, að vissulega er það ókostur að umr. um þetta mál skuli fara fram á þessum tíma sólarhrings. Það finnst mér ekki gott.

Í lögunum, sem samþykkt voru á Alþingi 25. maí 1981, um steinullarverksmiðju, segir í 1. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar."

Af þessu tel ég að þessi þáltill. á þskj. 472 sé óþörf og það sé ríkisstjórnarinnar að velja sér samstarfsaðila eftir að athuganir á framlögðum gögnum hafa farið fram.

Ég ætla ekki hér og nú að eyða löngum tíma í umr. þó vissulega megi margt segja um þetta mál.

Allt frá árinu 1975 hef ég fylgst með þróun og framvindu undirbúnings að stofnsetningu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki. Þar hafa menn reynt að feta sig áfram skref fyrir skref að ákveðnu marki sem nú sýnist sem betur fer í sjónmáli. Þar hefur verið lagt meginkapp á að vanda allan tæknilegan og viðskiptalegan undirbúning fyrirtækisins. M. a. hafa nákvæmar rannsóknir farið fram á fyrirhuguðu námusvæði með aðstoð Iðntæknistofnunar og Norrænu eldfjallastöðvarinnar. Þessar rannsóknir voru gerðar til að ganga úr skugga um stöðugleika í samsetningu hráefnis. Einnig hafa bræðsluprófanir efnisins verði gerðar erlendis. Niðurstöður þessara rannsókna hafa verið í alla staði mjög jákvæðar.

Með bréfi til steinullarnefndar iðnrn. í ársbyrjun 1980 tilkynnir Steinullarfélagið hf. þá niðurstöðu sína, að það hyggist stefna að minni verksmiðju sem miði fyrst og fremst við innanlandsmarkað. Aftur á móti hefur Jarðefnaiðnaður hf. lagt allt kapp á verksmiðju, er miði að útflutningi í miklum mæli, talið fásinnu að ræða um þá verksmiðjuhugmynd, sem Steinullarfélagið hf. hefur verið með í sínum áætlunum, og barist gegn þeirri hugmynd í a. m. k. tvö ár. Nú hafa þeir hins vegar fallið frá hugmynd sinni um útflutning að þeirri verksmiðjustærð sem Steinullarfélagið á Sauðárkróki hefur barist fyrir, lítilli verksmiðju.

Þegar frv. til l. um steinullarverksmiðju var hér til umr. fyrir um ári sagði iðnrh. m. a., með leyfi herra forseta:

„Ég tel ekki óeðlilegt að þeim aðila, sem hyggst byggja á útflutningi, gefist kostur á að láta reyna á markaðsöflun og teljist hún nægilega trygg að mati stjórnvalda verði notaðar heimildir til ríkisþátttöku í sliku fyrirtæki að því marki sem nauðsynlegt er talið innan ramma lagaheimilda."

Þar með var ljóst að ef Jarðefnaiðnaði hf. tækist að styðja áætlanir sínar með haldbærum rökum mundi iðnrh. gera tillögu um staðsetningu steinullarverksmiðju með um 15 þús. tonna afkastagetu í Þorlákshöfn. Þetta hefur Jarðefnaiðnaði hf. ekki tekist og því gera hv. þm. nú tillögu um byggingu á lítilli verksmiðju í þá átt sem Steinullarfélagið var með í sínum áætlunum.

Um það hefur verið rætt af þeim jarðefnaiðnaðarmönnum, að sú framleiðsluaðferð, sem Steinullarfélagið var með í athugun, hafi ekki gefið nægilega góða raun. Þar er átt við St. Gobain aðferðina. Staðreynd þessa máls er sú, að Steinullarfélagið hefur frá upphafi málsins verið í sambandi bæði við Elkem og Jungers um vélbúnað og einnig hefur verið rætt við fleiri fyrirtæki, sjálfsagt ein átta að tölu. Reynt hefur verið að kanna til hlítar hæfni, verð, afkastagetu og fjölbreytni framleiðslunnar. Þetta hefur verið gert og reynt að meta. En það vona ég að öllum sé ljóst er um þetta mál fjalla, að það er ekki undirbúningsfélagsins að taka ákvörðun um vélbúnað. Það á rétt kjörin stjórn þess fyrirtækis, er stofnað verður, að gera.

Í skýrslu steinullarnefndar iðnrn. um staðsetningu og hagkvæmni steinullarverksmiðju segir m. a. í kaflanum um staðarval, með leyfi forseta:

„Svæðisbundin atvinnuáhrif eru talsvert sterkari á Sauðárkróki en í Þorlákshöfn. Að því leyti eru áhrif verksmiðjunnar á byggðaþróun sterkari þar." Og áfram er haldið: „Áhrif verksmiðjunnar á flutningakerfi landsins eru hagstæðari á Sauðárkróki en í Þorlákshöfn". Og enn: „Þar sem bæði Suðurland og Norðurland vestra og reyndar fleiri landshlutar þurfa nauðsynlega á þeirri atvinnuaukningu að halda, sem felst í byggingu verksmiðju slíkrar sem hér um ræðir, gæti ákvörðun um staðarval ráðist af því, í hvorum landshlutanum er auðveldara að finna annan kost jafngóðan innan svipaðs tíma til að leysa það vandamál sem við blasir.

Ég fagna þeim hugmyndum sem nú eru uppi til aukinnar atvinnuuppbyggingar á Suðurlandi, svo sem um sykurverksmiðju, ylræktarver, stálverksmiðju og um ýmiss konar framleiðslu úr vikri. Hugsanlegir eru atvinnumöguleikar á Suðurlandi í tengslum við sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo ég nefni ekki stærri atvinnukosti sem mér skilst að sumir menn séu nú að tala um.

Þessu ber vissulega að fagna. Þetta eru atvinnukostir sem hver um sig er töluvert stærri og raunar sumir miklu stærri en steinullarverksmiðja og koma því til með að veita fleirum atvinnu og styrkja mjög atvinnulíf á Suðurlandi.

Það er sjálfsagt öllum ljóst varðandi það fyrirtæki, sem hér er um rætt, að fast hefur verið sótt að fá það staðsett bæði á Sauðárkróki og í Þorlákshöfn. Hafa menn bent

m. a. á einhæft atvinnulíf þessara kjördæma máli sínu til stuðnings.

Herra forseti. Mín lokaorð verða því þessi. Steinullarfélagið á Sauðárkróki hefur unnið að undirbúningi að stofnsetningu verksmiðju er miði starfsemi sína við innanlandsmarkað. Jarðefnaiðnaður hf. hefur aftur á móti unnið að undirbúningi að stórri verksmiðju er miði að útflutningi. Niðurstaða þeirrar nefndar, er að þessu máli hefur unnið á vegum iðnrn., er að sá kostur, er Steinullarfélagið hefur unnið að, sé besti kosturinn. Ef hins vegar stærri verksmiðjan hefði verið talin skárri kostur hefði Steinullarfélagið örugglega tapað í þessu máli. Út frá þessum forsendum er því eðlilegra að staðsetja verksmiðjuna á Sauðárkróki. Hvað aðra atvinnuuppbyggingu varðar á þessum svæðum er ljóst að atvinnukostir á Suðurlandi eru margvíslegir, eins og ég hef bent á. Hins vegar verður því miður að segja um Norðurland vestra að þar er ekki um marga kosti að ræða og engir í sjónmáli nema steinullarframleiðsla sem byggi framleiðslu sína á basalti sem gnægð er af við Skagafjörð. Það eru vandfundin atvinnufyrirtæki í iðnaði sem er rekstrarlega hagstætt að reisa og reka utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Hér hefur þó tekist að finna slíkan atvinnukost. Því vænti ég þess, að afgreiðsla þessa máls verði á þann hátt sem hæstv. iðnrh. hefur lagt til í ríkisstj. eftir mjög ítarlega skoðun á málinu.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég ætla að láta öðrum það hlutverk eftir að tímasetja hugmyndir manna um steinullarverksmiðju á Íslandi, enda er steinullarframleiðsla nokkuð gömul iðngrein og steinull þekkt einangrunarefni hér á landi. Það er þekkt í sögunni, að tveim eða fleiri hafa dottið í hug svipaðar hugmyndir á svipuðum tíma án þess að vita hverjir af öðrum, og tel ég að metingur um það atriði, hverjum íslenskum aðila datt fyrst eða fyrr í hug að grjótið í kringum okkur kynni að vera einhvers virði, sé algert aukaatriði þegar talað er um framleiðslu steinullar á Íslandi. Með þessu vísa ég á bug sem rökum í málefninu efni bréfs sem alþm. var sent með yfirskriftinni „Hvað vilja Sauðkræklingar vita um upphaf steinullarstarfsemi á Suðurlandi." Í þessu bréfi er getið margra ártala og atburða sem ég hef enga möguleika á að sannreyna hvort er rétt eða rangt, enda tímasetningar viðtala, funda eða annars, sem fram kemur í bréfinu sem undirritað er af herra Ölver Karlssyni, harla lítið innlegg í það mál sem hér er um rætt.

Ég hef ekki kynnt mér, hvenær menn á Suðurlandi fóru fyrst að hugsa um og tala um framleiðslu steinullar, og tel það einnig heldur lítið innlegg í umr. Ég mun ekki heldur saka neinn um fávísi eins og gert er í bréfinu. Ég mun ekki heldur saka neinn um að hafa blekkt einhvern, eins og getið er um í þessu ágæta bréfi. Aðalatriði í þessu máli er ekki sögulegs eðlis, heldur leiði ég hugann að nútímanum, uppbyggingu iðnaðar og fjölbreyttari atvinnutækifærum víðs vegar um landið. Í mínum huga er efst skynsamleg dreifing atvinnutækja um landið, en ekki hugsanir manna fyrir allt að 16 árum, eins og fyrir kemur í títt nefndu bréfi.

Fyrst þegar ég kom hingað sem þm. á hv. Alþingi veturinn 1979 varð ég var við áhuga manna á Sauðárkróki um stofnun steinullarverksmiðju þar, og var mér kynnt málið sem þm. kjördæmisins. Menn komust fljótlega að þeirri niðurstöðu, að útflutningur steinullar væri ekki arðvænlegur og bæri því að miða framleiðsluna aðallega við innlendan markað, þótt eitthvað yrði e. t. v. að flytja út meðan markaður væri að nást innanlands í samkeppni við innfluttar vörur markaður væri að nást innanlands í samkeppni við innfluttar vörur svipaðs eðlis, þ. e. ef um möguleika á útflutningi væri að ræða. Nokkru síðar bárust fréttir af því, að Jarðefnaiðnaður hf. á Suðurlandi hefði einnig áhuga á að reisa steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn og þá miklu stærri verksmiðju, fyrst og fremst með útflutning í huga. Á undanförnum misserum hefur síðan verið allmikið deilt um hversu arðvænlegur útflutningur steinullar væri. Steinullarfélagið hf. hefur haldið því fram, að útflutningur steinullar væri ekki arðvænlegur, en Jarðefnaiðnaður hf. hefur haldið hinu gagnstæða fram og talið að stóra verksmiðju ætti að reisa og flytja út steinull til annarra landa. Nefndir hafa verið settar í málið, markaðskannanir gerðar, útreikningar gerðir og skýrslur gefnar út, ýmist að tilhlutan félaganna eða iðnrn.

Við hinir almennu þingmenn, e. t. v. með litla tækniþekkingu eða of litla þekkingu á völundarhúsi markaðsins, verðum oftar en ekki að treysta á hlutlaust mat annarra og þá helst þeirra sem sérþekkingu hafa til að bera á hinum ýmsu sviðum, vegna þess að við eigum vart annars kost í ýmsum tilvikum. Síðasta skýrsla, sem ég hef séð um þessi mál, er frá 17. des. 1981 og er undirrituð af Herði Jónssyni og Vilhjálmi Lúðvíkssyni, og veit ég ekki annað en að þeir séu mjög virtir og vel metnir menn á sínu sviði. Þar sem ég þykist vita að hv. alþm. hafi þessa skýrslu undir höndum og hafi kynnt sér hana að nokkru ætla ég mér ekki að eyða tíma hv. alþm. með því að fara sérstaklega eða nákvæmlega út í þessa skýrslu, heldur benda á örfá atriði sem þar koma fram.

Fyrst vil ég benda á bls. 4 í skýrslunni, en þar koma fram nokkur atriði sem ég vil sérstaklega minnast á.

Þar er talað um útflutning varmaeinangrunar til Bretlands, og í skýrslunni segir:

„Má í því sambandi benda á að verulegt offramboð er á óbrennanlegri einangrun (steinull og glerull) í Bretlandi, enda framleiðslugeta þar talin um 195 þús. tonn á ári, en markaðsstærðin rétt um 100 þús. tonn." Framleiðslumöguleikarnir í Bretlandi eru því rétt rúmlega hálfnýttir.

Síðar í skýrslunni, undir lið 4, segir enn fremur, með leyfi forseta: „Jarðefnaiðnaður leggur nú fram tvær rekstraráætlanir, annars vegar fyrir 6 þús. tonna verksmiðju og hins vegar fyrir 14 400 þús. tonna verksmiðju. Hefur Jarðefnaiðnaður lækkað áætlaða sölu sína á heimamarkaði verulega frá því sem var í fyrri tillögu til samræmis við markaðsáætlun Steinullarfélagsins sem við höfum metið raunhæfa".

Enn fremur vil ég benda hv. þm. á að gefa gaum að arðsemitölum á bls. 5 og 6, en á bls. 5 segir m. a. undir lið 6: „Heildarniðurstaða okkar er sú, að lítil verksmiðja gefi besta arðsemi og öryggi að því er markaðsmál varðar. Hins vegar virðist stærri verksmiðja, sem miðuð er við framleiðslu fyrir erlendan markað í meira mæli, ekki bjóða upp á aukna arðsemi, en fjárfestingarkostnaður er 28.8% hærri." Þetta segir í þessari ágætu skýrslu.

Eins og fram kemur í lokaniðurstöðum fyrrnefndar skýrslu, sem ég hef leyft mér að lesa upp úr, segir í næstsíðustu málsgr. að arðsemimörk og byggðarleg rök mæli ekki afgerandi með öðrum staðnum frekar en hinum. Þetta geta menn lesið sér til um í skýrslunni, og ég

ætla ekki að fara að tefja tímann að óþörfu með því að lesa meira upp úr henni.

Þá er spurningin: Hvað skal þá ráða staðarvali verksmiðjunnar? Eflaust kemur margt til greina þegar að þeirri ákvörðun kemur. Hæstv. ríkisstj. hefur komist að sinni niðurstöðu sem flm. þáltill. sem hér er til umr. hafa greinilega ekki sættt sig við, þó flestir líti svo á að hæstv. ríkisstj. hafi fulla lagaheimild til endanlegrar ákvörðunar um samstarfsaðila og þá staðsetningu um leið. Um hvað er þá deilt?

Ég gat þess hér fyrr, að skiptar skoðanir hefðu verið um stærð væntanlegrar verksmiðju og arðsemi útflutnings, en nú vil ég spyrja: Er það sanngirniskrafa flm. þessarar þáltill., að hvort sem þeirra áætlanir stæðust eða ekki skyldi verksmiðjan verða reist í Þorlákshöfn? Er það mat þeirra, að hvort sem þeir hefðu rétt eða rangt fyrir sér í sínum útreikningum skipti það ekki máli, þeir skyldu hafa vinninginn samt? Ef svo er verð ég víst að fara heim og lesa mér betur til í almennri siðfræði.

Ég vil spyrja flm. þessarar þáltill.: Eiga Sunnlendingar engra kosta völ nema þessarar einu tiltölulega litlu steinullarverksmiðju til atvinnuuppbyggingar í byggðarlaginu? Ég vil þá geta um að nokkur vikurútflutningur hefur verið um landshöfnina í Þorlákshöfn. Það hefur verið talað um blómaræktarver í Hveragerði. Á borðum okkar er frv. til l. um sykurverksmiðju með afkastavexti allt upp í 29,4%, sem á að staðsetjast í Hveragerði. Ég spyr: Hvað með stærsta mjólkurbú á Norðurlöndum? Hvað með auðugustu fiskimið landsins úti fyrir ströndinni? Það mætti lengur telja. Hvað með ferðamannamótttöku í hinum víðlendu og fögru sveitum héraðsins? Hvað með myndarlegt skólasetur á Laugarvatni, héraðsskóla, menntaskóla, húsmæðraskóla, íþróttakennaraskóla? Ég tel þetta allt nokkurs virði. Hvað með sunnlenska sölu á svokölluðum einingahúsum og framleiðslu þeirra, sem eru seld til annarra landsfjórðunga, m. a. til Norðurlands vestra? Ýmissa spurninga í sama dúr mætti spyrja.

Herra forseti. Mér er ljúft og skylt að viðurkenna að flm. þessarar þáltill. eru hluti af þjóðinni og eiga þar af leiðandi rétt á sínum skammti af þeirri svokölluðu köku sem þjóðin þarf að skipta á milli sín. En við á Norðurlandi v. erum líka hluti af þjóðinni og þurfum líka að fá af kökunni. E. t. v. væri auðveldasta leiðin til að allt gengi vel að við flyttum öll hingað suður og jafnvel suður í Þorlákshöfn. Það þyrfti örfáar blokkir handa okkur þar og þá gætu allir verið ánægðir og allt yrði svo ódýrt og viðráðanlegt. En það er ekki það sem við viljum, hvorki Sunnlendingar að flytja til Reykjavíkur né Norðlendingar að flytja suður á land. Þess vegna verðum við að temja okkur aðeins víðari sjóndeildarhring en þessi tillögugerð flm. ber vott um, þar sem er verið að taka þau völd frá ríkisstj., sem við gáfum henni í fyrra, og eingöngu í tilgangi héraðapots.

Hv þm. Garðar Sigurðsson hélt hér langa og ágæta ræðu fyrr í kvöld og sagði þá m. a. að ráðh. væru framkvæmdastjórar Alþingis og ættu að gera vilja þess. Þar erum við hv. þm. Garðars Sigurðsson alveg sammála. Á vordögum í fyrra, nánar tiltekið 25. maí, gaf Alþingi — og ég vænti með atkv. hv. þm. Garðars Sigurðssonar — ríkisstj. heimild til að taka þátt í stofnun hlutafélags er reisi og reki steinullarverksmiðju. Það var auðvitað það sem ríkisstj. átti að gera. Hún átti að ákveða hvern aðila hún fengi til samstarfs við sig og hefja svo undirbúning og framkvæmd. En það er leiðindasvipur yfir því að Alþingi gefi ríkisstj. heimild eða fyrirmæli eitt árið og taki það svo til baka næsta ár.

Herra forseti. Þetta er orðinn langur fundur og langar umr., enda eðlilegt þar sem hér er um atvinnutækifæri að ræða sem báða landshluta vantar sárlega. Með tilliti til þess, að möguleikar í iðnaði í Skagafirði eru fábreyttari en á Suðurlandi er ég meðflm. að þeirri brtt. sem útbýtt var á borð okkar nú í kvöld á þskj. 568, en ég óska Sunnlendingum alls hins besta í atvinnumálum þeirra í framtíðinni.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég er eiginlega búinn að segja alveg nóg í þessu máli, ég talaði hér einn klukkutíma í kvöld, en ég vildi spyrja hæstv. forseta að því, hvort hæstv. iðnrh. sé orðinn þreyttur á að fylgjast með iðnaðarmálum, hvort það væri ekki hægt að fá hann til að hlusta á röksemdir andstæðinganna, og kanna hvort hann sé einhvers staðar nærri. Ekki fyrir það að ég trúi því, að hann fari að hlusta á neinar röksemdir þannig að hann fari að taka mark á þeim í þessum efnum. Þetta hefur verið ákveðið af allt öðrum mönnum fyrir lifandi löngu, eins og ég sagði í kvöld.

Ágætur maður, hv. þm. Ingólfur Guðnason, flutti hér ræðu áðan sem var svolítið skrýtin, þar sem hann hélt því fram um okkur Sunnlendinga, að við vildum fá verksmiðjuna til okkar hvort sem okkar niðurstaða væri rétt eða röng, og lét að því liggja, að einhver niðurstaða hjá sérfræðingum hefði sýnt að okkar niðurstaða væri röng. Það kemur auðvitað alls ekki til mála. Hvað sögðu sérfræðingarnir í lokin? Þeir töldu upp í hvaða röð væri best að setja verksmiðjuna niður, og ævinlega var þá Sauðárkrókur aftastur. (**Gripið fram í:** Nei.) Það vissum við. Það er ósköp klárt mál.

En í ræðu hv. þm. Ingólfs Guðnasonar nefndi hann að við hefðum möguleika á að framleiða einingahús. Þau hafa lengst af verið framleidd á Siglufirði. Hann sagði við við hefum íþróttakennaraskóla á Laugarvatni. Að vísu er hann íþróttahúslaus og hefur ekki fengist peningur í það. Ég veit að hv. þm. Stefán Guðmundsson kannast vel við það mál. Það er enn þá verið að nota sömu laugina og ég synti í þegar ég var að byrja í menntaskóla fyrir 33 árum, minnir mig. Þar er sami pollurinn, 12 metra langur, á sama tíma og 50 metra laugar eru komnar í annan hvern bæ í landinu. Íþróttahúsin fyrir norðan eru þannig að það eru varla nema 500 metrar á milli þeirra sumra á meðan íþróttakennaraskóli landsmanna býr við þann kost að hafa ekkert íþróttahús. Ferðamannamóttöku, pylsusölu og slíkt ætlum við ekki að taka inn í þessar umr. Það fer vel inn á milli, eins og tómatsósan á hamborgurunum, en það kemur málinu ekkert við. Það er verið að tala hér um allt annað. Og við höfum áreiðanlega ekki miklar tekjur af því.

Svo kemur það núna að auðugustu fiskimiðin séu út af Suðurlandi. Ég þykist þekkja það miklu betur en þessi ágæti þm., búinn að vera þarna meira og minna til sjós síðan 1949 á hverju einasta ári. Það er alger misskilningur, því miður, að þetta séu auðugustu fiskimið landsins. Þarna gengur að vísu hrygningarstofninn fram hjá í mars og apríl, en aðra tíma ársins er sannarlega ekki um auðugan garð að gresja. Því miður er það þannig. Við þurfum að sækja okkar fisk langt. Allt svona tal ætti að geyma til síðari tíma og menn ættu að lesa sér til áður en þeir flytja svona ræðu. Ég vil eindregið mælast til þess að

ágætur þm. eins og Ingólfur Guðnason er láti sig ekki henda að tala um það sem hann hefur ekki hugmynd um.

Það hefur verið nokkur vikurútflutningur frá Þorlákshöfn, hann er að benda okkur á hann, en eftirspurnin á vikri hefur ekki verið meiri en svo að það er sami skammturinn sem er verið að nudda í útlendinga fyrir lítinn prís á hverju ári. Það er ekki mikill hagur af því, rétt stendur undir sér og búið, er sáralítið magn og veitir fáum vinnu, aðallega þeim sem keyra vikurinn, örfáum mönnum. (**Gripið fram í:** Er það ekki vinna líka?) Jú, en það er ekki mikil vinna við það og alls ekki hægt að nefna það í sama orðinu.

Ég er undrandi á því að vera að tína svona lagað til. Ég kann ekki við að nota það orð sem maður nefnir oftast í sambandi við svona smámuni, af því að þetta er virðuleg stofnun. Og blómarækt í Hveragerði. Hér komu einhverjir Hollendingar um árið og ætluðu að setja upp ylræktarver í Hveragerði og framleiða í stórum stíl. Ég þekki ekki plöntur, það ætti hæstv. iðnrh. að þekkja betur, 60 blaðsíður eru í einni skýrslunni frá honum um plöntur og sveppi á Austurlandi eða eitthvað svoleiðis. Það kom í ljós þegar búið var að athuga málið að það ætti að kaupa lampana af Philips í Eindhoven og það átti að nota heita vatnið hérna hjá okkur í Hveragerði. Þrátt fyrir ákaflega lágt orkuverð þótti mönnum ekki viðlit að fara út í fyrirtækið vegna þess að það bar sig ekki. Við erum ekki eins og þeir þarna á Norðurlandi að vilja fá eitthvert fyrirtæki hvort sem það ber sig eða ekki. Alls ekki. (**Gripið fram í:** Höfum við beðið um það?) Við erum með sárafá fyrirtæki á Suðurlandi sem eru á ríkisframfæri, en þau eru á öðrum hverjum firði þarna fyrir norðan, því miður. Ég vildi að þau bæru sig öll.

Svona er hægt að telja upp. Sykurverksmiðja með 29% afkastavexti. Ég ætla að vona að sykurverksmiðja geti starfað hér á landi, en miðað við það sykurverð, sem er á heimsmarkaðinum núna, er ástandið þannig að ætlað er að kílókið af sykri framleitt í sykurverksmiðju í Hveragerði, miðað við það orkuverð sem ráðh. ætlar að selja okkur orkuna á, þegar hann gefur Svissurum hana, það kosti eitthvað nálægt 6 kr. hér, en það kostar 3 kr. frá útlöngum. Það gefur ekki 29% afkastavexti nema maður reikni eins og sérfræðingar iðnrn. Þá er hægt að fá allan fjandann út.

Stærsta mjólkurbú á Norðurlöndum. Hvernig er með það? Það mætti spyrja hv. þm. Þórarin Sigurjónsson að því, hvernig er með stærsta mjólkurbú á Norðurlöndum. Það er verið að taka skóflustungu uppi í holtum núna um daginn hérna í Reykjavík og hæstv. landbrh. gerði það með bestu skóflu ráðuneytisins. Og hvaða skóflustunga var þetta? Þetta var fyrsta holan, svo kemur önnur, svo kemur stór gryfja og mikið hús ofan á. Og hvað á að gera þar? Mestallt af því, sem hingað til hefur verið gert í mjólkurbúinu á Selfossi. Þetta er iðnaðarstefnan. Nú má ekki einu sinni koma við með mjólkina á Selfoss. Mjólkurbílstjórarnir eiga í framtíðinni að vinka þar sem mjólkurbúið var og svo á að vinna þetta allt í Reykjavík. Að þessu standa, því miður, forustumenn bænda á Suðurlandi. Drottinn minn! Kjötvinnslan hjá SS er að fá stórhýsi yfir sig hérna í Reykjavík. Hvað ætli við glötum mörgum atvinnutækifærum á Suðurlandi með slíkri stefnu?

Herra forseti. Ég nenni ekki að eltast við þetta. Svona ræður eru ágætar ef maður væri í einhverju skammastuði hér, en því fer fjarri. Ég harma að hér á hinu háa Alþingi skuli geta komið svona brtt. Hugsið ykkur! Hvernig lesum við till. hér? Tillögugreinin er yfirleitt mjög stutt, um kjarna málsins, en þessi kjarni málsins er studdur af grg. Ef við breytum þessu eina orði í till. og lesum svo grg. á eftir kemur fram að hún er öll um að það sé auðvitað skynsamlegast að reisa þessa verksmiðju á Suðurlandi. Guð minn góður! Hvað verður eftir? Við getum notað öfugan rökstuðning fyrir till., gerið ykkur grein fyrir því. Þetta megum við ekki gera. Biðjist afsökunar og dragið till. til baka. Þið getið þó greitt atkv. frekar á móti okkar till., en þetta er hneyksli. Þess eru engin dæmi að menn hafi hagað sér svona hér fyrr. Menn eru að vísu farnir að taka oft upp óþægilega og leininlega nýja siði, en þetta er kórónan á öllu saman. Þarna eru menn að bíta höfuðið af skömminni.

Það hafa verið fluttar ræður hér af norðanmönnum og þær hafa verið ósköp vandræðalegar. Satt að segja yrði ég vandræðalegur í framan ef ég ætti að standa fyrir því að mæla með svona löguðu fyrirtæki fyrir norðan, mjög vandræðalegur. Maður mundi fara heldur hjá sér í stólnum og reyna að fela sig og snúa sér undan eins og þeir hafa gert, — meira að segja sjálfur Eyjólfur Konráð Jónsson sem hefur ævinlega verið liðugur í talfærunum.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson og norðanmaður var að tala um verksmiðju utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Hann og margir aðrir hafa fallið í þá gryfju að nágrenni Þorlákshafnar er ekki hluti af atvinnumarkaði stór-Reykjavíkursvæðisins, ekkert nálægt því. (Gripið fram í.) Við höfum goldið þess, Sunnlendingar, að vera í nálægð Reykjavíkur. Við vorum skildir eftir þegar byggðastefna þeirra vestan-norðan- og austanmanna byrjaði og hefur gengið á allan þennan tíma, í meira en 10 ár. Við höfðum tapað á byggðastefnunni og það er kominn tími til að snúa henni í aðrar áttir. Fyrr verður þessu landi ekki stjórnað almennilega en þeir menn, sem standa fyrir byggðastefnu af þessu tagi, í eina átt, hafa verið settir til hliðar í íslenskum þjóðmálum.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson nefndi það einnig, að að sjálfsögðu hlyti að verða notuð sú mikla tæknilega undirbúnigsvinna sem lagt hefur verið í. Hvaða undirbúningsvinna skyldi það vera? Skyldi það vera undirbúningsvinna norðanmanna sem alltaf hafa stefnt að verksmiðju sem ekki er talið mögulegt að reisa, sem er óhagkvæm, notar olíu? Nei, það er ekki þeirra tæknilega undirbúningsvinna sem á að nota. Það er undirbúningsvinna Jarðefnaiðnaðar sem þeir ætla að nota. Alveg á sama hátt og þessi brtt. er við mikla vinnu sem lögð hefur verið í þessa þáltill. af okkar hálfu ætla þeir að nota vinnu Jarðefnaiðnaðar hf. fyrir sína verksmiðju. Þeir ætla að taka verksmiðju sem þeir eru búnir að úthúða allan tímann, af því að þeir urðu að hlaupa frá sinni verksmiðju. Þeir hafa sem sagt hlaupið frá borði af sínu eigin skipi yfir í okkar myndarlegu fleytu, sem ævinlega hefur haft hinn rétta kúrs sem verður sá endanlegi, og hafa hugsað sér að gera uppreisn um borð. Þetta er þokkalegt.

Nei, herra forseti, ég á varla orð yfir þetta. Alltaf og sífellt glymur það í eyrum manna að atvinnukostir sunnanlands séu miklu betri en fyrir norðan og miklu fleiri, eins og hv. þm. Ingólfur Guðnason var að nefna. Ég er margsinnis búinn að spyrja fylgjendur þessarar norðantillögu að því, hverjir þessir kostir eru. Hverjir eru þeir? Leggið þá á borðið. Segið okkur það. Það getur enginn sagt. (**Gripið fram í:** Ég lagði þá á borðið hjá þér áðan.) Já, hérna. Crysanthemum-græðlingar í Hveragerði. Þeir

eru ekki arðbærir, því miður. Og var það fleira? Nei. Það eru innantóm orð eða þá einhverjar skýjaborgir sem ekki hafa verið til nema rétt á pappírnum. Það kemur ekki í staðinn fyrir það sem við höfum verið að berjast fyrir í mörg undanfarin ár og höfum haft á réttu að standa. Það þýðir ekkert að vera að veifa þessu. Ég var að tala um þetta áðan.

Ég vil benda hæstv. iðnrh. á, og ég ætla að biðja hann að gera undantekningu og hlusta núna, að arðsemi steinullarverksmiðju, sem hér hefur verið nefnd á Sauðárkróki, þessarar litlu, er auðvitað talin meiri ef hún getur flutt eitthvað út. Það fer ekkert á milli mála. Ég er sannfærður um að það verður þyngra að ýmsu leyti að eiga við innanlandsmarkað. Menn eru íhaldssamir og breyta ekki gjarnan strax um, en það kemur ef menn fá góða og ódýra einangrun. En þegar réttir úr kreppunni í Evrópu og menn eru að fara að endureinangra næstum því alla Evrópu, — hún er illa einangruð, menn hafa bara ekki efni á því núna í stórum stíl, — þá verður mest tækifærið að flytja út. Þá getum við boðið ódýra steinull með ódýrum flutningi í tómarýminu margnefnda sem er í skipum sem fara til Evrópu. Skipin okkar fara tóm út og koma full heim af alls konar drasli. Arðsemin af þessari minni verksmiðju fyrir norðan er tíu komma eitthvað prósent.

Hver skyldi vera arðsemin af kísilmálmverksmiðjunni stóru ef markaður er sæmilegur og ef einhver vill kaupa það og ef einhver vill borga sæmilegan gjaldeyri fyrir það? Þrjú ef eru þarna í röð og þau eru sjö á þeirri verksmiðju og ekkert færri en í sambandi við steinull. Samt á að fara út í þetta verkefni. Vitið það hvað það kostar? Það er risavaxin tala, 747 millj. nýjar. Ég ætla að vona að það gangi allt vel þó þar sé ekkert rafmagn. En arðsemi þeirrar verksmiðju, sem gefin er upp í því mikla plaggi, — einhvers staðar í skjalabunkanum finnst sá miði þar sem talað er um arðsemina þar — hún er líka eitthvað svipað þessu, 10 og eitthvað. Steinullarverksmiðjan hjá okkur fyrir sunnan stendur svipað og ekkert lakar en þetta. Lakasta talan er einhver brot úr prósentu minni, en eðlileg tala er að mínu mati hærri. Hún er hærri. Arðsemi steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn er meiri en á kísilmálmverksmiðjunni á Reyðarfirði. Og þar hafið þið það.

Herra forseti. Það er kannske óþarfi að vera að ræða þetta mál miklu frekar, en þarna kom fram ein röng fullyrðing um að hæstv. ríkisstj. hafi komist að niðurstöðu. Ég tel að ríkisstj. hafi ekki komist að niðurstöðu fyrr en hún hefur tekið málið til afgreiðslu í ríkisstj. Það hefur ekki verið gert. Menn verða að gæta sín á orðalaginu. Ég trúi því ekki, að það verði gert fyrr en þessari atkvgr. hefur verið lokið hér í Sþ. Ég vil aðeins benda á það, að þegar verið er að tala um heimildarlögin frá því í fyrra, þá var ríkisstj. heimilað að leggja svona og svona mikla peninga, svona og svona stórt hlutfall af því að reisa steinullarverksmiðju, en það var ekkert sagt hvar hún ætti að vera. Það var eftir, og samkomulagið er ekki um það sem er eftir, úti í blámóðunni. Það stendur hvergi í plagginu. Þið skuluð ekki vera að veifa því ranga tré í þessu máli. Veifið þá frekar engu.

Það er rétt að það hefur kannske ekki verið skynsamlegt hjá mér að vera að tala um hversu miklar framkvæmdir væru á Sauðárkróki. En ég vil fullyrða að ég sagði það ekki í því skyni að öfundast yfir því, hvað vel gengi hjá þeim. Ég tók það meira að segja skýrt fram. Ég óska þessu ágæta verkafólki á Norðurlandi vestra alls góðs og fagna því, að þar eru framfarir. Það var ekki af neinni öfund mælt. Það var aðeins til að sýna að það væri síður en svo nokkur deyfð þar. Við sjáum það af meðallaunum í kjördæminu Norðurlandi vestra. Línurit er til yfir meðallaun í öllum skattumdæmum landsins til margra ára. Þau eru til frá opinberum aðilum sem ég treysti, enda eru það ekki sérfræðingar frá Rannsóknaráði ríkisins. Þau línurit sýna að Norðurland vestra var býsna langt niðri í meðallaunum, seig svo nokkuð áfram, en stefnir nú til himins. Það línurit hækkar. Þeir voru lægstir, en þeir eru það ekki lengur, ekkert nálægt því. Hverjir eru lægstir? Hvar stefnir kúrfan niður? Í skattumdæmi Suðurlands, því miður. Við höfum ekki staðið okkur nógu vel, hv. þm., og engir okkar. Það er sannleikurinn.

Að lokum, herra forseti, ætla ég aðeins að nefna eitt atriði úr ræðu hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, en þar sem hann er farinn ætla ég ekki að segja mikið um það. Hann nefndi að þeir norðanmenn vildu nota tómarýmið í skipunum á leiðinni suður. Til að geta notað það þurfa skipin alltaf að koma við þarna á Króknum og sækja steinullina, og auðvitað er dýrara að vera alltaf með eitthvað í skipinu. Það þyngir það og það eyðir meiri olíu o. s. frv. Þetta hlýtur því að kosta eitthvað. Þeir þurfa að taka þetta um borð og þeir þurfa að taka þetta í land. Þetta hlýtur allt að kosta sitt. En það verð, sem þeir ætla að heimta fyrir, er ákaflega lágt. Það er svo lágt að ég efast um að það geti nokkurn tíma staðið undir kostnaði, því það þarf að hreinsa vel þau skip eftir svona flutning o. s. frv. En það er rétt og það er skynsamlegt að nota sér tómarýni og reyna að semja um lága fragt, fasta fragt. Það er aldrei svo að það hafi ekki verið eitthvað skynsamlegt líka fyrir norðan stundum, en aðalgallinn á þessu er sá, að þessi skip eru bara ekki til. Það er eftir að smíða þau og meira að segja eftir að teikna þau.

Við erum nefnilega að tala um ýmislegt í þessum efnum í býsna lausu lofti. Ég ætla að vona að þessir ágætu norðanmenn komi þó þokkalega niður. Ef hið háa Alþingi leyfir sér nú einu sinni að hugsa um málin frá hagkvæmnisjónarmiði, hvar sé eiginlega helst möguleiki á að reka verksmiðju með sæmilegu lagi og sem næst markaðinum, hráefnið við höndina og orkan við túngarðinn, þá velja menn auðvitað þann kostinn að reisa verksmiðjuna syðra.

Stefán Guðmundsson: Herra forseti. Þetta eru ekki beint skemmtilegar umræður. Ég vil taka það fram til þess að fyrirbyggja misskilning, að ég ætla ekki að fara í einhvern barning og togstreitu um það, hvar er malbikað og hvar er ekki malbikað, hverjir eiga íþróttahús, hverjir eiga ekki íþróttahús, hverjir eiga 50 metra sundlaug og hverjir eiga 12.5 metra laug. Þetta finnst mér allt á heldur lágu plani. En ég skal taka skýrt fram og ætla að lesa það hér upp sem ég sagði áðan í sambandi við stór-Reykjavíkursvæðið. Ég dæmi ekki Suðurlandið inn á stór-Reykjavíkursvæðið. Það sem ég sagði, hv. þm. Garðar Sigurðsson, var þetta: Það eru vandfundin atvinnufyrirtæki í iðnaði sem er rekstrarlega hagstætt að reisa og reka utan stór-Reykjavíkursvæðisins. Hér hefur þó tekist að finna slíkan atvinnukost.

Þetta var það sem ég sagði um stór-Reykjavíkursvæðið. Hins vegar get ég endurtekið — og það er ekki fundið upp hjá okkur, hvorki mér né hv. þm. Ingólfi

Guðnasyni — þá atvinnukosti sem Sunnlendingar hafa verið að athuga undanfarin ár. Ég held að menn sem tala hér af vandlætingu og fyrirlitningu, að mér finnst, um stóran og öflugan atvinnukost, sykurverksmiðju í Hveragerði, ættu að setjast niður og ræða við upphafsmanninn að þessu máli, samþingismann þeirra, Þórarin Sigurjónsson, sem á heiður skilið fyrir að hafa í gegnum árin barist fyrir þessum atvinnutækifærum og þessu fyrirtæki og talar oftast nær fyrir daufum eyrum. Svo koma samþingismenn hans og tala hér af einhverri vandlætingu og hálfgerðri fyrirlitningu um slíkt fyrirtæki. Þetta fyrirtæki er þó töluvert miklu stærra hvað mannafla varðar heldur en steinullarverksmiðjan.

Ég er ekki að finna það upp hjá mér að tala um að hugmyndir séu uppi um að Stálfélagið setji sig niður í Þorlákshöfn. Ég las það í blöðunum í viðtölum við ágætismenn sem þar eiga hagsmuna að gæta. (**Gripið fram í:** Er ekki byrjað á grunninum annars staðar?) Nei, það er ekki byrjað á grunninum. (**Gripið fram í:** Það er líka í blöðunum.) Nei, það var ekki í blöðunum. Það, sem stóð í blöðunum, var að það var verið að jafna lóð til þess að þeir gætu fengið að geyma það hráefni sem þeir ætla að vinna. Þeir bíða sjálfsagt eftir aðalfundi til þess að taka frekari ákvarðanir í þessu máli.

Menn tala hér af fyllstu vandlætingu um ylræktarver, þm. þessa kjördæmis. Mér er sem ég sæi kjósendur okkar á Norðurlandi vestra ef við töluðum svona um þá möguleika sem væru e. t. v. að skapast í atvinnumálum. Ég skil þetta ekki. Ég þekki sem betur fer margt ágætisfólk á Suðurlandi og vil una því alls hins besta. En í þessu máli fór svo með þennan atvinnukost, að iðnrh. leggur til að sú verksmiðja, sem um er talað, verði reist á Sauðárkróki vegna þess að það er talinn hagkvæmari kostur. (**GS:** Hvar kemur það fram?) Það kemur fram í niðurstöðum nákvæmlega og ég þarf ekki að fara að lesa það upp. Það kom fram í ágætri og greinargóðri ræðu iðnrh. sjálfs áðan þegar hann fór yfir þau gögn og þær niðurstöður sem nefndin skilaði af sér. Það fer ekkert á milli mála og það hljóta menn að geta lesið ef þeir vilja lesa rétt. Það eru niðurstöður þeirrar nefndar sem um þetta mál fjallaði.

Menn hafa verið að tala um það, hverjir hafi átt upptökin í sambandi við verksmiðjuna. Ég ætla ekki að fara að metast um það, hverjir byrjuðu á þessu, og hef ekki aðstöðu til að fara í gamlar fundargerðabækur til þess að lesa mér til um það. En staðreyndin í málinu er þessi, að Steinullarfélagið á Sauðárkróki byrjaði að fást við byggingu á stórri verksmiðju. Það hefur komið hér fram, það er staðreynd og það veit ég að menn vita. En að mjög vel athuguðu máli sannfærðumst við um að það var óhagkvæmur kostur. Sunnlendingar héldu hins vegar áfram og börðust hart um og töldu að það væri eini kosturinn sem arðbær væri og vit væri að fara í. En svo þegar í ljós kemur að það er ekki, hvað skeður þá? Menn segja að við norðanmenn höfum tekið einhverjar hugmyndir frá Sunnlendingum. Nei, þá eru það Sunnlendingar sem svissa yfir og fara yfir í að reisa litla verksmiðju. (Gripið fram í.) Hvað með franska fyrirtækið? Ég skal svara fyrrv. ráðh. um franska fyrirtækið.

Steinullarfélagið á Sauðárkróki ræddi frá upphafi vega, eða fulltrúar þess, við þessa aðila, bæði Elkem og Jungers, og þeir ræddu við fleiri en þá. Þeir ræddu a. m. k. við sex aðra aðila í þessari grein til þess að kynna sér málið sem best. Síðan kom þessi kostur til skoðunar, þetta franska fyrirtæki St. Gobain, sem menn eru að tala hér um að sé bara eitthvert rugl út í loftið. Það er ekkert rugl út í loftið. (Gripið fram í.) Það er fyrirtæki fyrir því. Og ég vil bæta því við í sambandi við þetta mál, að það er fásinna að halda að það sé undirbúningsfélags að steinullarverksmiðju á Sauðárkróki eða Jarðefnaiðnaðar hf. á Suðurlandi að taka ákvörðun um þann vélakost sem velja á í fyrirtækið. Það er fráleitt. Það á fyrirtæki að gera sem er löglega til stofnað. Það er löglega kjörin stjórn þess fyrirtækis sem á að velja þann búnað sem í fyrirtækið fer, en ekki eitthvert undirbúningsfélag, hvort sem það er staðsett á Sauðárkróki eða í Þorlákshöfn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér hafa farið fram líflegar umræður um þetta mál sem vonlegt er. Ég ætla ekki að lengja þær.

Það var beint til mín einni fsp. af hv. 6. þm. Suðurl. þar sem hann vék að ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju, og innti eftir hvort tekið yrði tillit til þeirra ákvæða. Ég hlýt að svara því játandi og vísa til þeirrar tillögu sem ég flutti í ríkisstj. og hef reyndar þegar lesið, þar sem segir í upphafi: „Með tilvísun til laga nr. 61/1981 samþykkir ríkisstj. fyrir sitt leyti að steinullarverksmiðja rísi á Sauðárkróki á vegum Steinullarfélagsins hf. í samræmi við meginhugmyndir sem félagið hefur lagt fram um stærð og markað."

Þarna hlýtur að sjálfsögðu jafnframt að reyna á bráðabirgðaákvæði laganna varðandi fjármögnun og viðskiptasambönd.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða margt sem hér hefur komið fram. Hér var sagt að þessi till. væri óþörf. En ég held það hafi komið mjög góður rökstuðningur fyrir flutningi hennar í máli hæstv. iðnrh. Hann sagði að í tillögum sérfræðinganna hefðu ekki komið fram efnisleg rök sem mæltu með einum staðnum fremur en öðrum. Um það virðast vera skiptar skoðanir, hvort það eru efnisleg rök, að arðsemin sé betri á öðrum staðnum en hinum. Við Sunnlendingar teljum að það og fleira, sem þar er sett fram séu efnisleg rök, en við skulum láta það liggja á milli hluta. Hver hefur sitt álit á því. En vegna þess að þarna voru að mati iðnrh. ekki efnisleg rök þurfti að taka pólitíska ákvörðun í málinu. Ég tel alveg nauðsynlegt að það sé Alþingi sem tekur slíka pólitíska ákvörðun, en ekki ríkisstj., þar sem ákvörðun mundi þá fara eftir — við skulum segja þeirri tilviljun, hvað margir ráðherrar væru úr einstöku kjördæmi og hvaða kjördæmi hefði enga ráðherra.

En það, sem er þó kannske enn þá þyngra á metunum, er það sem ég var að minnast á, að þarna tel ég verið að marka vissa iðnaðarstefnu sem nauðsynlegt er að Alþingi taki ákvörðun um. Þarna er tækifæri til að nýta innlent hráefni sem kostar íslenska verksmiðju aðeins $^{1}/_{19}$ af því sem keppinautar okkar á Norðurlöndum verða að greiða fyrir þetta hráefni. Ef á að taka ákvörðun um að þennan kost skuli ekki nýta um ófyrirsjáanlega framtíð til þess að koma íslenskri orku í verð, þá tel ég að þarna sé um svo örlagaríka ákvörðun að ræða að það sé alveg nauðsynlegt að það sé Alþingi allt sem móti þá iðnaðarstefnu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 73. fundur.

Fimmtudaginn 1. apríl, kl. 2 miðdegis.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, 186). — Frh. einnar umr.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. mun hafa lagt til að þessu máli yrði vísað til fjvn. Mér finnst það óeðlileg afgreiðsla á máli sem þessu, og ég hygg að það séu vart finnanleg dæmi fyrir því, að efnislegu máli eins og þessu sé vísað til fjvn. Ég tel að það eigi miklu frekar heima í atvmn., sé þess eðlis. Ég legg því til að þessu máli sé vísað til atvmn. í Sþ. Ég tel að það sé óeðlilegt, hvort sem um er að ræða hæstv. ráðh. eða einstaka þm., að menn geti lagt til að málum sé vísað til þeirrar nefndar sem hentar best í vissum tilfellum, heldur hljóti efnisatriði og efnishlið málsins að ráða því, til hvaða nefndar málið fer. Ég legg til að málinu verði vísað til atvmn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Viðauki við vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 490). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og til fjvn. með 41 shlj. atkv.

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 472). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Efri deild, 62. fundur.

Fimmtudaginn 1. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Söluskattur, frv. (þskj. 37). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 522). — 3. umr. — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 549). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hegningarlög, frv. (þskj. 536). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það um breytingu á almennum hegningarlögum og breytingu á sektarmörkum nokkurra laga, sem hér er lagt fyrir hv. Ed., fjallar um breytingar á sektarákvæðum almennra hegningarlaga, sem eru í 50. gr. laganna, og um breytingu á sektarákvæðum 52 annarra laga sem teljast til svonefndra sérrefsilaga.

1. gr. frv. fjallar um 50. gr. almennra hegningarlaga þar sem ákveðið er hámark sektar samkv. þeim lögum, og af því ákvæði ræðst einnig hámark sektar sem beita má samkv. öðrum lögum sem tiltaka ekki sérstakt sektarhámark. En annar meginþáttur þessa frv. er að fella brott út sérrefsilögum bundna krónutölu sekta. Hámark sektar samkv. 50. gr. er 300 þús. kr., en í frv. er lagt til að það verði hækkað í 1 millj. kr. Síðast var þessu ákvæði breytt með lögum nr. 34 frá 23. maí 1980 og er nú verið að færa mörkin upp vegna verðbólguáhrifa, bæði þeirra, sem þegar eru orðin, og eins með tilliti til þess, að ekki þurfi að breyta ákvæðum aftur þegar á næsta ári.

Í 2. -53. gr. frv. er fjallað um viðurlagaákvæði 52 laga sem hafa að geyma sektarákvæði þar sem ákveðin er krónutala sektarfjárhæðar. Öll þessi ákvæði eiga það sammerkt, að þessi sektarmörk eru orðin úrelt og í mörgum tilvikum hefur afleiðing þess orðið sú, að lögin hafa orðið óvirk. Hegningarlaganefnd hefur tekið saman tillögur um breytingar á refsiákvæðum þeirra laga, þar sem sektarmörk eru þannig bundin, og eru það 200 lög. Í stað þess að bera fram frv. til breytinga á öllum þeim lögum var valinnn sá kostur að velja úr það sem að mati nefndarinnar og rn. var mest þörf á að breyta í fyrsta áfanga. Þessar tillögur voru kynntar öðrum rn. og varð samkomulag um að þessar brtt. væru fluttar af dómsmrh. í einu frv. í stað þess að flytja 53 frv.

Allar þessar breytingar eiga það sammerkt, eins og þegar er rakið, að niður eru felld ákvæði um tiltekin sektarmörk og lagt til að brot varði sektum, sem merkir þá að mat sektarupphæðar er lagt í hendur dómstóla innan marka ákvæðis 50. gr. almennra hegningarlaga. Þetta þýðir þó ekki að sektir þurfi almennt að hækka að raungildi, en að sjálfsögðu þýðir þetta að sektarákvæði verða virk þar sem þau eru óvirk nú.

Í einstaka tilvikum, svo sem í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, er lagt til að viðurlög verði þyngd og að auk sekta verði heimilt að beita varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar. Þá er rétt að vekja athygli á því, að lagt er til að sektir renni almennt í ríkissjóð, en í nokkrum tilvikum eiga þær nú að renna í sveitarsjóð. Eftir að löggæsla er nú alfarið rekin á kostnað ríkissjóðs þykir rétt að sektartekjur renni til ríkisins.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 138). — 3. umr.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 576) samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Vegna þess, hversu dregist hefur að ganga frá þessu máli og það á nú eftir að fara í gegnum Nd., hef ég leyft mér að flytja brtt. við 4. gr., sem hljóðar þannig: „Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1982." Brtt. felur sem sagt í sér að í stað 1. apríl 1982 komi 1. maí 1982.

ATKVGR.

Brtt. 576 samþ. með 12 shlj. atkv.
Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. og afgr. til Nd.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 541). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands. Frv. er samið af nefnd sem ég skipaði 25. apríl 1980. Tilgangur nefndarstarfsins var „að kanna möguleika á því að tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiri háttar náttúruhamförum" eins og segir í skipunarbréfi nefndarinnar. Verkefni nefndarinnar var jafnframt endurskoðun á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands. Í nefndinni áttu sæti þeir Guðmundur Hjartarson bankastjóri, Pétur Stefánsson verkfræðingur, Þorleifur Einarsson jarðfræðingur og Ásgeir Ólafsson forstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Sú nefnd, sem vann að undirbúningi gildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands, aflaði þá ýmissa upplýsinga um tryggingar af þessum toga í öðrum löndum. Niðurstaðan varð sú að leggja fram lagafrv. um Viðlagatryggingu Íslands þar sem gert er ráð fyrir víðtækari tryggingu gagnvart tjóni en nokkurs staðar annars staðar. Hér er því stigið nýtt skref í þessum efnum og gerð tillaga um víðtækari útfærslu á starfsemi Viðlagatryggingar Íslands. Frv. byggir þó á sömu grundvallarreglum og lög um Viðlagatryggingu, þ. e. að þau mannvirki og verðmæti, sem tryggð verði, skuli tryggð samkv. viðurkenndum almennum vátryggingarvenjum og innan þess ramma sem lög nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga, marka.

Í frv. þessu, sem er 10 greinar, er gert ráð fyrir nokkrum veigamiklum breytingum á lögum um Viðlagatryggingu Íslands.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að auk þeirra mannvirkja, sem hingað til hafa fallið undir lögin um Viðlagatryggingu Íslands, komi fleiri mannvirki. Munar þar mest um þau mannvirki sem talin eru upp í b-lið 1. gr. frv. eða 5. gr. laganna, þ. e. hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur, hafnarmannvirki, brýr, raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu.

Í 2. gr. frv. er fjallað um með hvaða hætti eigi að ákveða vátryggingarfjárhæðir. Segir þar að varðandi þau verðmæti, sem talin eru í 5. gr., skuli miða við sömu fjárhæð og brunatrygging nemur á hverjum tíma, að því er varðar ræktað land og lóðir á að miða við þá fjárhæð, sem skráð er hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma, og að því er varðar þau mannvirki, sem talin eru upp í b-lið 5. gr. og ég las upp áðan, skal miðað við áætlað endurbyggingarverð mannvirkjanna.

Í 3. gr. er fjallað um það, með hvaða hætti verði varið eigin áhættu vátryggðs, og byggt á þeirri meginreglu að vátryggjandi beri sjálfur 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en tilgreind er í 3. gr., þ. e. 5 þús. kr. sem lágmarksfjárhæð að því er varðar a-lið 5. gr., en 50 þús. kr. að því er varðar b-lið 5. gr., þ. e. þau stóru og miklu mannvirki sem ég gerði grein fyrir.

4. gr. fjallar um árleg iðgjöld til vátryggingarinnar. Þar er gert ráð fyrir að verðmæti, sem tryggð eru samkvæmt a-lið, beri iðgjöld sem eru 0.25%, en verðmæti, sem tryggð eru samkv. b-lið, beri 0.20‰.

Hér er um að ræða þau meginákvæði sem við er miðað að breyta samkvæmt frv. þessu. Þó segir í 3. málsgr. 4. gr.: „Nú er hrein eign stofnunarinnar meiri en 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs og skal þá lækka iðgjöld um helming. Verði hrein eign meiri en 3‰ áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs skal innheimta iðgjalda falla niður. Fari eignin niður fyrir 2‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs skal hefja innheimtu fullra iðgjalda að nýju. Fari hrein eign niður fyrir 1‰ af áætluðum vátryggingarfjárhæðum í lok árs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld, sbr. 1. mgr., með 100% álagi þar til 2‰ markinu er náð."

Ég vil þessu næst vekja sérstaka athygli á 8. gr. frv., en þar er gert ráð fyrir að stjórn Viðlagatryggingar Íslands verði heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins. Síðari málsgr. þessarar greinar er flutt að beiðni fjvn. Í athugasemdum um þessa grein segir: „Hér er lagt til að stjórn stofnunarinnar verði heimilt að verja nokkru fé til rannsókna á eðli náttúruhamfara með það í huga að unnt verði að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum, enn fremur að henni sé heimilt að veita styrki til björgunarstarfsemi sem Almannavarnir ríkisins viðurkenni. Verður að telja Viðlagatryggingu réttan vettvang til slíkra styrkja, þar sem starfsemi slíkra björgunarsveita hefur þegar sannað gildi sitt og ómótmælt er að tryggingabætur geta farið eftir því, hversu öflug og skipulögð þessi starfsemi er."

10. gr frv. fjallar um gildistöku þess ef að lögum verður. Þar er miðað við að lögin öðlist gildi frá og með 1. janúar 1983, þar sem ljóst er að hér er um að ræða mikið og flókið verkefni sem tekur tíma að undirbúa.

Meðan nefndin var að störfum var fjallað um ýmsa þætti, ýmiss konar mannvirki sem hugsanlega ætti að taka undir starfsemi Viðlagatryggingarinnar. M. a. bárust nefndinni erindi og ábendingar um að æskilegt væri að tjón af völdum ofviðra yrðu tekin inn í 4. gr. laganna. Eins og hv. þm. muna var þetta mál nokkuð rætt á síðasta þingi, vegna ofviðris sem geisaði hér í febrúarmánuði

1981. Þá var um það rætt að taka inn í viðlagatrygginguna ákvæði um foktryggingu. Þetta mál var rætt mjög ítarlega í nefndinni, sem undirbjó frv. þetta, og í nefndarálitinu segir: „Komið hefur í ljós í þau skipti sem meiri háttar ofviðri hafa gengið yfir einstaka landshluta, að þeir eru ávallt margir sem ekki hafa hagnýtt sér þá tryggingarvernd sem fáanleg er hjá tryggingarfélögunum gegn slíku tjóni. Menn hafa í mörg ár, a. m. k. frá 1960, átt þess kost að kaupa sérstaka foktryggingu, auk þess heimilistryggingu og húseigendatryggingu, en allar þessar tryggingar bæta tjón af völdum ofveðurs. Nefndarmenn telja æskilegast að hinn almenni vátryggingarmarkaður annist þessar tryggingar, einkum þegar þess er gætt, að þótt um geti verið að ræða mörg minni háttar tjón í sama veðrinu er það undantekning að um sé að ræða svonefnd „katastrófutjón," þ. e. tjón af þeirri stærðargráðu sem Viðlagatryggingin er fyrst og fremst stofnuð til að mæta. Reynist það hins vegar vilji Alþingis, „segir áfram í nefndarálitinu, „að stofnunin bæti einnig tjón af völdum ofviðra, leggur nefndin til að sjálfsáhætta hinna tryggðu verði helmingi hærri þegar um slík tjón er að ræða. Nefndin telur að eigendur húseigna og lausafjár geti í flestum tilvikum komið í veg fyrir slíkt tjón með fyrirbyggjandi aðgerðum og eðlilegu viðhaldi eigna."

Í frv. er m. ö. o. ekki tekin inn þessi foktrygging. Ég hef talið rétt að fallast á sjónarmið nefndarinnar í þessu efni vegna þess að mér varð kunnugt um þetta sjónarmið á s. l. hausti. Þá skrifaði ég tryggingafélögunum og Sambandi ísl. tryggingafélaga og óskaði eftir að þau gerðu sérstakt átak til að auglýsa þær foktryggingar sem völ er á á vegum hinna almennu tryggingafélaga. Það gerðu tryggingafélögin og mér er kunnugt um að það var nokkuð um að fólk sneri sér til þeirra af þessu tilefni. Ég held að það sé rétt að miða við það, að þessi tryggingastarfsemi verði almennt hjá hinum almennu tryggingafélögum í landinu, þar sem Viðlagatrygging Íslands hefur allt annað og miklu víðtækara hlutverk en getur falist í því að tryggja tjón af þeim toga sem oftast er um að ræða hér þegar óveður gengur yfir.

Viðlagatryggingin byggist á þeirri tryggingalegu forsendu, að hún er hrein eignatrygging og bætir aðeins það beina tjón sem verður á hinum tryggðu eignum. Það er auðvitað ljóst, að margs konar óbeint tjón hlýst af því, þegar byggingar eða tæki brenna eða farast og rekstur fyrirtækja raskast, framleiðsla minnkar eða leggst niður og fólk missir atvinnuna. Nefndinni, sem undirbjó frv., var ljóst að viðlagatryggingin verður að þróast stig af stigi og sníða sér stakk eftir vexti. Taldi nefndin því ekki tímabært að leggja til að viðlagtryggingin tæki að sér að bæta óbeint tjón. „Rétt þykir því að undirstrika," segir í nefndarálitinu, „að svonefnd rekstrarstöðvunartrygging getur innifalið bætur vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Þessa tryggingu geta fyrirtæki, stofnanir og aðrir, sem hafa einhvers konar rekstur með höndum, fengið keypta hjá flestum íslensku vátryggingarfélaganna."

Nokkru eftir að nefndin tók til starfa kom til umræðu að nefndin léti gera kort sem sýndu hvar á landinu væri helst hætta á náttúruhamförum er valdið gætu eignatjóni. Töldu nefndarmenn að slíkt kort gæti gefið betri yfirsýn yfir hættusvæðin en löng lýsing í rituðu máli. Það varð því úr að Þorleifur Einarsson jarðfræðingur, einn nefndarmanna, tók að sér þetta verk ásamt Guðmundi Ó. Ingvarssyni landfræðingi. Þau kort, sem hér er um að ræða, eru birt með þskj. Það er að vísu, því miður, svarthvít prentun þannig að þau skila sér ekki sem skyldi. En hér er í fyrsta lagi um að ræða yfirlitskort yfir eldstöðvar og hraun sem runnið hafa á nútíma. Í öðru lagi er um að ræða yfirlit fyrir hraun og eldstöðvar sem orðið hafa til og verið virk eftir landnám. Í þriðja lagi er yfirlit yfir eldstöðvar og meiri háttar gjóskufall á Íslandi. Í fjórða lagi er um að ræða yfirlit yfir jarðskjálftasvæði. Á því korti sést glöggt hvar þau svæði liggja helst þar sem jarðskjálftasvæðin eru flokkuð annars vegar eftir sterkum jarðskjálftum og hins vegar vægum jarðskjálftum. Og í fimmta lagi er um að ræða kort yfir jökulhlaupa- og flóðahættu sem sýnir annars vegar jökulhlaup og flóð í ám og hins vegar eldstöðvar í jöklum.

Svo merkilegt sem það kann að virðast voru kort af þessum toga ekki til áður en þessi nefnd hóf starfsemi sína. Tel ég ástæðu til að láta það koma fram hér, að ég er nefndinni þakklátur fyrir að hafa látið vinna þessi kort, því að síðan hefur komið í ljós að Almannavarnir og fjölmargir fleiri aðilar hér á landi hafa óskað eftir að fá þau til afnota. En tekið skal fram, áður en lengra er haldið, að allur kostnaður við gerð þessara korta var greiddur af Viðlagatryggingu Íslands.

Í grg. frv. eru ítarlegar skýringar á kortum þessum sem ég tel ekki ástæðu til að fara út í hér. Ég vil geta þess að í grg. um 4. gr. á bls. 13 í þskj. hefur fallið niður skýring á b-lið 4. gr., þ. e. hvaða verðmæti það eru sem tryggð eru með 0.20% iðgjaldi. Þetta mál skýrir sig að öllu leyti sjálft, en ég hefði talið eðlilegt, eins og venja er til, að hafa þetta í grg. engu að síður og tel ástæðu til að geta þess hér. Ég vil einnig biðja hv. þd. velvirðingar á að prófarkalestur á þessu plaggi er ekki sem skyldi. Verður það æ algengara, satt best að segja, að ekki sé vandað til prófarkalesturs eins og þörf er á þegar verið er að leggja hér plögg fyrir Alþingi.

Kostnaðurinn við Viðlagatryggingu Íslands, þess stærri viðlagatryggingu sem hér er gerð till. um, er auðvitað talsverður. Nefndin lagði mikla vinnu í að afla upplýsinga um hugsanlegar vátryggingarfjárhæðir þeirra mannvirkja og verðmæta sem hér bætast við. Leitað var til hinna ýmsu stofnana og aðila með beiðni um upplýsingar. Það kom í ljós, sem nefndarmönnum þótti athyglisvert, að margir aðilar höfðu ekki handbærar tölur um endurbyggingarverð þeirra mannvirkja eða raungildi sem þeir hafa umráð yfir. Aðrir töldu sig geta látið vinna að gagnsöfnun en þyrftu tíma til þess o. s. frv. Tafði þetta mjög störf nefndarinnar.

Niðurstöður af þessari könnun liggja fyrir á bls. 4 í þskj. Þar kemur fram mat á þeim verðmætum sem hér er um að ræða. Talið er að á verðlagi í árslok 1981 nemi hugsanlegar vátryggingarfjárhæðir þeirra mannvirkja, sem hér verið að tala um, 27 milljörðum nýkr. Hitaveitur eru taldar vera verulega stór liður eða 232.6 milljarðar gkr. á því verðlagi sem reiknað er með í töflunni á bls. 4, vatnsveitur 68 milljarðar, skolpveitur 93.1 milljarðar, raforkuvirki (sem ekki hafa verið tryggð) 531.8 milljarðar gkr., símí og önnur fjarskiptakerfi 67.1 milljarðar gkr., hafnarmannvirki 193.1 milljarðar gkr., brýr 92 milljarðar gkr. og ræktað land og lóðir 503.5 milljarðar gkr., samtals 1689 milljarðar gkr. eða 16.9 milljarðar nýkr.

Á verðlagi í árslok 1981 er, eins og ég sagði, talið að samtala þessara verðmæta sé hugsanlega í kringum 27 milljarðar kr.

Ársiðgjöld fyrir þau verðmæti, sem lagt er til að skyldutryggð verði í þessu frv., til viðbótar því sem þegar er tryggt, mundu nema 5.4 millj. kr. á ári. Samkvæmt reikningum Viðlagatryggingar Íslands fyrir árið 1980, en það er síðasta uppgjör sem nú liggur fyrir, námu iðgjaldatekjur það ár 10.5 millj. kr., en hrein eign Viðlagatryggingar Íslands í árslok 1980 nam 36 millj. kr. Varasjóður Viðlagatryggingar Íslands er í vörslu Seðlabanka Íslands og er ávaxtaður með kaupum á verðtryggðum spariskírteinum ríkissjóðs. Eigið fé í árslok 1981 var áætlað 60 millj. kr.

Ekki er þörf á að geta þess ítarlega hér, en auðvitað hlýtur meginstyrkur og megingrundvöllur starfsemi eins og þeirrar, sem hér er um að ræða, að liggja í því, að Viðlagatryggingin geti keypt endurtryggingu á alþjóðlegum endurtryggingarmarkaði og á þann hátt dreift afleiðingum og þunga hugsanlegra stórtjóna á milli vátryggingarfélaga og á milli landa.

Í tengslum við þetta frv. um Viðlagatryggingu Íslands hafa nokkrar umræður farið fram um stöðu Bjargráðasjóðs. Bent er á að hann eigi að koma til móts við menn þegar svipuð vandamál koma upp og Viðlagatrygging Íslands á að nokkru leyti að taka tillit til. Ég vil af þessu tilefni geta þess, að ríkisstj. hefur nýlega skipað sérstaka nefnd með þremur fulltrúum Búnaðarfélags Íslands og tveimur fulltrúum sínum til þess að fara yfir og endurskoða lögin um Bjargráðasjóð með tilliti til þeirrar tillögu um endurskoðun á lögunum um Viðlagatryggingu Íslands sem hér liggur fyrir.

Ég vil einnig geta þess, herra forseti, að frv., eins og það liggur hér fyrir, er svo að segja óbreytt frá því sem það kom frá nefndinni í öndverðu. Á því hefur aðeins ein breyting verið gerð og hún kemur fram í 8. gr. sem ég gat um hér áðan, að stjórn Viðlagatryggingarinnar verði heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

Ég taldi rétt að flytja frv. óbreytt eins og það kom frá nefndinni en ég geri mér ljóst að fjöldamargir aðilar, sem eru ábyrgir fyrir eign og rekstri stórra og þýðingarmikilla mannvirkja hér á landi, hljóta að vilja segja sitt orð um tryggingu af þessu tagi. Ég er þá með í huga aðila eins og Landsvirkjun, Rafmagnsveitur ríkisins, Orkustofnun og fleiri slíka aðila. Vil ég fara fram á það við hv. þingnefnd, sem málið fær til meðferðar, að hún kanni viðhorf þessara aðila sem best.

Það hefur löngum viljað loða við okkur á síðustu árum, eftir að lífskjör þjóðarinnar fóru að batna, einkaneysla jókst stöðugt og velmegun varð meiri en áður, að það hefur verið haft við orð að menn vildu eyða frá degi til dags því sem aflað væri og það væri skortur á framsýni og fyrirhyggju sem einkenndi okkur frekar en annað. Ég held að samþykkt á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, af þeim toga sem hér er gerð till. um, gæti orðið til marks um það, að við vildum nokkuð hyggja að framtíðinni og búa okkur í sameiningu undir að mæta þeim áföllum, sem hugsanlega geta komið upp í þessu landi af náttúruhamförum. Ég teldi þess vegna gott ef Alþingi tæki vel í þetta frv. og afgreiddi það á sem bestan hátt.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heildbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 14 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Iðnlánasjóð, en það er flutt að höfðu samráði við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

Lög um Iðnlánasjóð eru að stofni til frá árinu 1935, en núgildandi lög eru frá árinu 1967. Þá fór fram heildarendurskoðun á lögum um sjóðinn. Síðan hafa verið gerðar fimm sinnum breytingar á þeim lögum. Árið 1971 var bætt við ákvæði um erlendar lántökur sjóðsins og vaxtakjör. Árið 1973 var sú breyting gerð að hækka iðnlánasjóðsgjald úr 0.4% í 0.5% og að árlegt framlag ríkissjóðs yrði 50 millj. gkr. eða 500 þús. nýkr. á árinu. Árið 1974 var gerð smávegis orðalagsbreyting á lögum sjóðsins er snerti undanþágu varðandi mjólkurbú og kjöt- og fiskiðnaðarfyrirtæki að því er tók til greiðslu á iðnlánasjóðsgjaldi. Á árinu 1977 var með breytingum á lögum sjóðsins breytt ákvæði í lögum um lánadeild veiðarfæraiðnaðar. Einnig var sjóðnum veitt heimild til að lána til framkvæmda er auka hollustu og öryggi og bæta starfsumhverfi á vinnustöðum. Árið 1979 var síðan stofnuð lánadeild iðngarða við sjóðinn.

Frv. það, sem hér er lagt fram og ég mæli fyrir, felur í sér þrjár meginbreytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er lagt til að iðnlánasjóðsgjald verði lækkað sem nemur 90%, þ. e. úr 0.5% af aðstöðugjaldsstofni í 0.05%. Í öðru lagi er lagt til að lánstími og lánshlutfall verði rýmkað verulega, þannig að hámarkslánstími verði 25 ár í stað 15 ára samkv. gildandi lögum og að hæsta leyfilegt lánshlutfall hækki úr 60% í 70%. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði í núgildandi lögum Iðnlánasjóðs um sérstaka veiðarfæradeild verði fellt niður, en sú deild byggðist á sínum tíma á sérstöku gjaldi sem innheimt var af innfluttum veiðarfærum. Sú gjaldtaka var felld niður fyrir nokkrum árum.

Lagt er til að lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins komi til framkvæmda á næsta ári, þ. e. á árinu 1983, og þá á aðstöðugjaldsstofn ársins 1982.

Lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins mun bæta rekstrarskilyrði iðnfyrirtækja. Hækkun lánshlutfalls og lengri lánstími eru einnig atriði sem bæta munu hag iðnaðarins.

Iðnlánasjóður var sá fjárfestingarlánasjóður sem hvað fyrst tók upp verðtryggingu á útlánum sínum. Með þeirri aðgerð og fleirum hefur tekist að varðveita höfuðstól sjóðsins þannig að í lok seinasta árs nam eigið fé hans 137 millj. kr.

Það er samdóma álit iðnrn. og samtaka iðnaðarins að við þessar aðstæður sé unnt og rétt að starfrækja Iðnlánasjóð sem gegnumstreymissjóð, eins og það er kallað, þ. e. að sjóðurinn sinni sínu hlutverki með lántökum. Ríkisstj. hefur fallist á þetta sjónarmið og þetta frv. er hér flutt sem stjórnarfrv.

Iðnlánasjóður hefur vaxið verulega undanfarin ár og er mikilvægt að sjóðurinn eflist enn frekar þar sem hann gegnir afar þýðingarmiklu hlutverki fyrir þróun íslensks iðnaðar. Á síðasta ári, 1981, lánaði sjóðurinn um 94 millj. kr. og gat annað milli 61 og 62% af lánseftirspurn. Eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum hefur farið mjög hratt vaxandi á fyrstu mánuðum þessa árs og er það vissulega góðs viti um fjárfestingaráform og framkvæmdir í iðnaði í landinu. Lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins og minnkandi framlag ríkissjóðs, en það er einungis 500 þús. kr. í ár, skerðir vissulega tekjur sjóðsins nokkuð. Það er því afar

brýnt að tryggja sjóðnum aðgang að lánsfé. Þarf að hafa það atriði vel í huga við gerð fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar fyrir árið 1983, þannig að þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði skerði ekki möguleika sjóðsins til að rækja hlutverk sitt.

Með þeirri stefnumótun varðandi skipulag og starfsemi Iðnlánasjóðs, sem hér er lögð til, tel ég að öðrum fjárfestingarlánasjóðum sé gefið gott fordæmi. Bæði Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóður hafa um langan tíma notið verulegra framlaga úr ríkissjóði, en Iðnlánasjóður hefur fengið þar langtum minna. Það er stefna stjórnar Iðnlánasjóðs, og iðnrn. hefur verið henni fylgjandi, að rétt sé að afnema nú nánast alveg framlög bæði ríkissjóðs og iðnaðarins til sjóðsins. Ég vil í þessu sambandi benda hv. þm., sem vildu kynna sér samanburð á stöðu sjóða stvinnuveganna, á töflu sem er að finna í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. fyrir árið 1982, töflu númer 14, þar sem sýnd er eigin fjármögnun atvinnuvegasjóðanna. Ætla ég þó ekki að fara að efna til neins metings á milli. Þar eru sögulegar forsendur sem liggja að baki, og nú hafa verið teknar upp breytingar sem varða verðtryggingu á fjármagni allra þessara atvinnuvegasjóða.

Þetta yfirlit í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun segir okkur þá sögu, að kjör á lánum til atvinnuveganna hafa verið mjög misjöfn á liðnum árum þó að nú sé orðinn þar jöfnuður á. Eigin fjármögnum Iðnlánasjóðs er samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun 1982 áætluð 43 millj. kr.

Herra forseti. Með væntanlegri lögfestingu þessa frv. verður stigið skref til að bæta starfsskilyrði iðnaðarins. Ég vona að fleiri þættir geti fylgt í kjölfarið fyrr en seinna. Þótt nú styttist starfstími yfirstandandi þings vænti ég að frv. þetta geti fengið hér þinglega meðferð og hljóti góðar viðtökur og verði lögfest fyrir þinglok. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 413, n. 547). — 2. umr.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. félmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar og mælir með samþykkt þess.

Frv. þetta er niðurstaða nefndarstarfs. 18. mars 1980 skipaði félmrh. nefnd til að kanna gildandi lög og reglur um kjör og aðbúnað farandverkafólks, þar með talið erlent verkafólk, og gera tillögur til úrbóta í þeim efnum.

Helstu breytingar, sem frv. þetta felur í sér, eru þær, að gert ráð fyrir að skilyrði þess, að atvinnuleyfi megi veita útlendingi samkvæmt lögunum, sé, auk að fyrir liggi umsögn verkalýðsfélags á staðnum í hlutaðeigandi starfsgrein, að við umsókn liggi fyrir undirskrifaður ráðningarsamningur milli atvinnurekanda og viðkomandi starfsmanns til tiltekins tíma eða verkefnis. Þessi ráðningarsamningur verður að tryggja erlendum starfsmanni laun og önnur starfskjör til jafns við heimamenn ásamt tilvísun til þess kjarasamnings sem um starfið gildir. Í ráðningarsamningi skulu vera ýmsar upplýsingar sem varða starfskjör útlendings hér á landi, m. a. um ferðakostnað og heimflutning, ákvæði um húsnæði og hvernig með skuli fara þegar atvinna kann að falla niður af óviðráðanlegum ástæðum.

Ákvæði frv. um fyrirliggjandi ráðningarsamning og dreifingu vinnumáladeildar félmrn. á upplýsingum erlendis, er varða öll helstu atriði starfskjara á Íslandi, eru hvort tveggja nýmæli í lögum þessum, til þess fallin að tryggja betur en nú er að ráðningu erlends starfsfólks fylgi allar tiltækar upplýsingar um aðbúnað og starfskjör á Íslandi og aðilar hafi kynnt sér þær til hlítar áður en gengið er frá ráðningu. Ýmis önnur nýmæli eru leidd af þessari kerfisbreytingu.

Ég vil láta þess getið, að þessu frv. fylgdi sérálit frá einum nm. sem undirbjó frv., Þorsteini Pálssyni framkvæmdastjóra. Í hans séráliti kom fram fyrst og fremst að hann vildi að endurskoðun gildandi laga leiddi ekki til of mikillar skriffinnsku, sem annaðhvort mundi hefta með óeðlilegum hætti möguleika á ráðningu útlendinga eða vera dauður bókstafur, eins og sagði í séráliti þessa nm. Taldi hann að með því móti mundi endurskoðun laganna ekki ná tilgangi sínum, en það sé megingalli frv., eins og það var lagt fram, að mælt sé fyrir um óraunhæfa skriffinnsku. Sérálitið miðar að því að gera framkvæmd leyfisveitinganna einfaldari í sniðum án þess að draga úr því öryggi útlendingum til handa sem eðlilegt mætti telja að lögin veittu og beita mætti með lögum.

Frv. var breytt nokkuð í meðferð Nd. til móts við þau sjónarmið sem fram komu í séráliti Þorsteins Pálssonar.

Hv. félmn. Ed. þótti rétt að kveðja á sinn fund formann þeirrar nefndar sem samdi frv., Arnmund Backman aðstoðarmann ráðh., og jafnframt Þorstein Pálsson og skýrðu þeir sjónarmið sín á fundi nefndarinnar. Sumir nm., m. a. ég, töldu að það færi vel á því að ganga nokkuð lengra til móts við sjónarmið sem fram komu í séráliti Þorsteins Pálssonar en samkomulag var um í hv. Nd., en ekki voru allir á þeirri skoðun í nefndinni. Aðrir töldu að nú þegar væri nægilega langt gengið til móts við þau sjónarmið sem fram höfðu komið frá Þorsteini Pálssyni. Það varð því niðurstaðan hjá nm. í hv. félmn. Ed. að mæla með frv. óbreyttu eins og samkomulag hafði orðið um í hv. Nd.

Þessi afgreiðsla nefndarinnar er að mínu viti ekki óeðlileg. Í raun og veru hefur ekki verið um efniságreining að ræða varðandi þau mál sem sérstaklega voru rædd og ágreiningi ollu, heldur eru það frekar formsatriði en efnisatriði sem um er deilt. Allir aðilar hafa viljað stefna að því sama með þessari löggjöf þó að verið hafi lítið eitt skiptar skoðanir um með hverjum hætti það yrði best gert.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—16. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 141, n. 550 og 553). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 11 6. apríl 1973, um framkvæmd eignarnáms. Nefndin sendi málið

til umsagnar og í tveimur þeirra umsagna, sem nefndinni bárust, var lagst gegn samþykkt frv.

Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, sem hefur verið mjög til umræðu á undanförnum árum, en erfitt að finna einfalda lausn á. Með tilliti til þessara umsagna sem bárust m. a. leggur meiri hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj. til þess að þetta mál verði kannað betur.

Undir nál. skrifa Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Helgason, Stefán Guðmundsson, Salome Þorkelsdóttir og Egill Jónsson. Minni hl. n. skilaði séráliti.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Svo sem fram hefur komið hjá hv. 3. þm. Suðurl. varð nefndin ekki sammála um afstöðu til þessa frv. til l. um breyt. á lögum um framkvæmd eignarnáms. Minni hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt. Ásamt mér skipar þann minni hluta hv. þm. Soffía Guðmundsdóttir.

Skemmst er frá því að segja, að frv. sama efnis hafa áður verið lögð fram hér á Alþingi af sömu flm., en eigi náð fram að ganga. Í fyrra var frv. sama efnis sent að frumkvæði flm. til umsagnar vel flestra oddvita á landinu og þau svör sem bárust voru að yfirgnæfandi hluta jákvæð.

Að þessu sinni var frv. flutt í nokkuð breyttri mynd, þótt efnisákvæði séu hin sömu að mestu, og ekki var talin ástæða til að senda frv. enn á ný svo vítt og breitt til umsagnar sem áður hafði verið gert, heldur var látið nægja að senda það til Sambands ísl. sveitarfélaga, Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda. Tvö síðast nefndu samtökin skiluðu umsögnum til allshn. sem voru neikvæðar, þ. e. lagst var gegn því að frv. yrði lögfest. Í rökstuðningi þeirra aðila, sem raunar er hinn sami hjá báðum og saminn er af lögfræðingi bændasamtakanna, kemur fram sú skoðun, að með lögfestingu þessa frv. væri þegnum þjóðfélagsins mismunað. Ég held hins vegar að það sé ekki réttur skilningur á eðli þessa máls.

Umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga varðandi þetta frv. barst allshn. 2. febr., en þar segir, með leyfi forseta:

„Með bréfi, dagsettu 16. des. s. l., sendi allshn. Ed. framangreint frv. til umsagnar sambandsins. Á stjórnarfundi sambandsins 29. f. m. var einróma samþykkt að mæla með lögfestingu frv. Þetta tilkynnist hv. þdn. hér með."

Undir þetta ritar Magnús E. Guðjónsson - framkvæmdastjóri.

Stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga mælir sem sagt eindregið með lögfestingu þessa frv. Finnst okkur, sem skipum minni hl. n., það óneitanlega vega töluvert þungt.

Svo sem fram hefur komið er frv. fyrst og fremst ætlað að breyta aðferðum við ákvörðun eignarnámsbóta í þá átt að afnema óréttlæti sem flm. telja að nú viðgangist, stuðla að eðlilegri þróun byggðar og gera það að meginreglu laga og það er auðvitað mergurinn málsins að ekki skuli taka tillit til verðbreytinga sem rekja megi til tilgangs eignarnámstökunnar. Að þessu leyti er auðvitað í frv. mörkuð ný stefna frá því sem verið hefur þar sem miðað er að því að tryggja einstaklingum sanngjarnt verð fyrir eignir sínar, en tryggja jafnframt mjög ríka hagsmuni samfélagsins.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en við, sem skipum minni hl. n., leggjum til að frv. verði samþykkt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Alþt. 1981. B. (104. löggjafarþing).

Birting laga, frv. (þskj. 333, n. 551 og 558). — 2. umr.

Frm. meiri hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. varð ekki sammála um afstöðu til þessa frv. um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldaerinda. Við, sem skipum meiri hl. n., en það eru auk mín hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, Egill Jónsson og Salome Þorkelsdóttir, leggjum til að frv. verði samþykkt. Minni hl. n. leggur hins vegar til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Í skemmstu máli að segja gerir þetta frv. ráð fyrir því, að við 1. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda skuli bætast ein setning, með leyfi forseta, sem er þannig hljóðandi: „Brbl. skal auk þess kynna með fréttatilkynningum til hljóðvarps, sjónvarps og dagblaða."

Ég ætla ekki að fara að endurtaka hér eða rifja upp hvert tilefni flutnings þessa frv. var. Það er öllum hv. þm. mætavel kunnugt.

Tilgangur okkar flm. með flutningi frv. er eingöngu að tryggja það betur en verið hefur, að almenningi verði ljóst og hann hafi ævinlega möguleika til að vita þegar út eru gefin brbl. Það hlýtur að teljast eðlilegt í því fjölmiðlaþjóðfélagi sem við lifum nú í og ef hugsað er til þeirrar þýðingar sem ríkisfjölmiðlarnir og dagblöðin hafa fyrir alla þjóðina, að útgáfa brbl. sé einnig kynnt þar, en ekki aðeins í Stjórnartíðindum. Þau eru aðeins send til áskrifenda, og virðist vera með höppum og glöppum hvort þau berast til fjölmiðla eða hvort efni þeirra vekur þá athygli sem leiði til þess, að efnisatriði þar séu birt. Þar virðist happa- og glappaaðferðin, því miður, hafa ráðið.

Sú eina hugsun, sem er að baki flutningi þessa frv., er að tryggja enn frekar rétt almennings, réttinn til að vita og réttinn til að fylgjast með og fá að heyra um ákvarðanir réttkjörinna yfirvalda. Sá réttur, rétturinn að vita, ætti auðvitað að vera staðfestur í stjórnarskrá og verður það vonandi eftir endurskoðun stjórnarskrárinnar sem fram hlýtur að fara áður en mjög langt um líður.

Ég skil það satt að segja ekki, ef hv. þdm. geta ekki fallist á þessa litlu breytingu til að tryggja enn frekar hagsmuni almennings og réttinn til að vita, en leggja til að þessu máli verði vísað til ríkisstj., sem allir vita að er bara kurteisisleg leið til að drepa mál til að þurfa ekki að fella það. Um leið og þessu máli hefur verið vísað til ríkisstj. gerist auðvitað ekkert í því frekar nú, en verði sú niðurstaða munum við flm. þessa frv. auðvitað flytja þetta mál aftur á næsta þingi. Ég trúi því satt að segja ekki fyrr en á verður tekið, að menn treysti sér ekki til að samþykkja þessa litlu breytingu sem varðar einungis hagsmuni almennings og tryggir betur en verið hefur að allri þjóðinni birtist vitneskja um útgáfu brbl.

Frsm. minni hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Frsm. meiri hl. allshn. hefur gert grein fyrir efni þessa frv., sem við í minni hl. n., Stefán Guðmundsson, Soffía Guðmundsdóttir og ég gátum ekki orðið sammála meiri hl. um.

Í nál. á þskj. 558 kemur það fram, að nm. eru allir sammála um að nauðsynlegt og sjálfsagt sé að ríkisstj. kynni almenningi vel setningu brbl., en í grg. fyrir frv. kemur fram hvert sé tilefni þess, að þetta frv. sé flutt, þ. e. að komið hafi í ljós að þeirra mati einhver mistök við útgáfu einna brbl. 14. janúar s. l. Í umræðum hér á

Alþingi kom það fram, að lögin höfðu verið send fjölmiðlum, en það hafði ekki verið nefnd fréttatilkynning.

Það, sem sérstaklega veldur því, að minni hl. n. getur ekki lagt til að þetta frv. verði samþykkt, er það álit okkar, að það sé ekki eðlilegt að meint mistök einu sinni séu grundvöllur að lagasetningu á Alþingi. Það er alveg ótrúleg lagasetningargleði að telja að það þurfi að hlaupa til og setja lög á Alþingi þó að einhver smávægileg mistök séu að mati flm. í framkvæmd í einstökum tilvikum. Mér finnst alveg furðuleg, sérstaklega hjá Sjálfstfl., sú lagasetningargleði sem kemur fram í þessu nál. **(Gripið fram í:** Af hverju frekar hjá honum?) Já, það er dálítið merkileg þessi athugasemd hv. 11. landsk. þm., að hann skuli ekki sjá það eða ekki finnast það neitt í ósamræmi við stefnu þá, sem Sjálfstfl. boðaði í orði, að segja: Ef einhvers staðar verða á einhver mistök setjum við lög um það. — Það er þetta sem við í minni hl. n. erum á móti og því leggjum við til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360, n. 555). — 2. umr.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Landbn. Ed. hefur orðið sammála um að mæla með frv. til l. um breyt. á lögum um landgræðslu. Þetta frv. felur í sér tvennar breytingar: Annars vegar að gróðurverndarnefndir starfi bæði í kauptúnum og sveitum og líka, sem reyndar er aðalbreytingin, að undir vissum kringumstæðum sé heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlífa afréttum og reyndar heimahaglendi líka án þess að ítala komi þar til. Þessi löggjöf kemur í framhaldi af nefndarstarfi, sem allir þingflokkarnir áttu aðild að, um endurskoðun á þjóðargjöfinni eða landgræðsluáætlun og er í samræmi við það samkomulag sem þar var gert á milli stjórnmálaflokkanna.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Neðri deild, 60. fundur

Fimmtudaginn 1. apríl, að loknum fundi í Sþ.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 538, 503, 21, 544). — Frh. 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það þokast áfram hægt og hægt umr. og afgreiðsla í lánsfjárlögum og lánsfjáráætlun. Við 2. umr. ræddum við mjög ítarlega bæði lánsfjáráætlunina og störf í fjh.- og viðskn., spurðum hæstv. fjmrh. og aðra ráðh. allmargra spurninga, en svör við þeim spurningum fengust yfirleitt ekki. Fjmrh. sat hér inni, en svaraði ekki við þessa umr. nema örlitlu af öllu því sem fram kom. Síðan liðu, mig minnir, tveir dagar eða svo uns málið kemur hér til 3. umr., og þá hefur hæstv. ráðh. upp raust sína og ræðst með miklum bægslagangi á stjórnarandstæðinga og talaði þar mjög fjálglega um sína miklu snilli sem fjmrh. og alveg sérstaklega gaf hann góða glansmynd af glæstum fjárhag ríkisstjóðs, en tók þó jafnan fram í ræðu sinni að hér væri aðeins átt við A-hluta fjárlaga. M. ö. o.: B-hluti fjárlaga er einhver annar kapituli í ríkisrekstrinum sem hæstv. ráðh. virðist ekkert varða um.

Hann sagði og þandi mjög út brjóstkassann: Hvar eru brtt. stjórnarandstöðunnar? Vill stjórnarandstaðan taka enn meira af erlendum lánum? Er þetta það sem hún leggur til mála? Það er rétt að stjórnarandstaðan flytur ekki brtt. og situr mjög á sér að lækka framlög til ýmissa framkvæmda sem ríkisstj. er búin að ákveða. Ástæðunnar fyrir því, að það er erfitt um vik að flytja brtt., er fyrst og fremst að leita til aðgerða hæstv. ríkisstj. á s. l. ári og í upphafi þessa árs. Ef stjórnarandstaðan hefði ráðið á s. l. ári væri fjárfestingaráætlunin tugum ef ekki hundruðum millj. kr. lægri upphæð en sú sem við er að glíma núna. En hvað gerðist? Það var tekin upp sú óheillavænlega stefna í efnahagsmálum að reka atvinnulífið, reka stjórfyrirtækja ríkisins með stórhalla, og afleiðingin er að koma núna í ljós. Það er verið að taka erlend lán fyrir ríkisfyrirtæki til að borga hallann frá s. l. ári, til að borga fölsunina sem ríkisstj. viðhafði í sambandi við verðbólguna.

Við erum þegar að byrja að súpa seyðið af vitlausri stefnu ríkisstj. sem ekki veit sitt rjúkandi ráð. En hún er ekkert að vitkast, þessi ríkisstj. Hún veður áfram í villu og svima. Hún heldur vitleysunni áfram og veður upp fyrir axlir forina. Hvað hefði mátt spara í fjárfestingum í skipakaupum á s. l. ári? Við höfum alfarið stöðvað allan innflutning skipa á árinu 1981 og árið 1982 höfum við ráðið, vegna þess að flotinn er nógu stór. Og það hefur annað komið upp á sem skiptir líka miklu máli. Það eru 52 skip, sem hafa stundað loðnuveiðar, núna komin á bolfiskveiðarnar og eru núna að veiða þann kvóta sem skammtaður er samkvæmt tillögum sérfræðinga okkar, en í staðinn fyrir að halda að sér höndum er farið út í geðþóttaákvarðanir við innflutning fiskiskipa. Það kæmi mér ekki á óvart að þar réði mestu ef menn gætu sýnt flokksskírteini í Framsfl., en ekki hvar þörfin sé mest. Þar er ýmislegt að koma á daginn sem mun ekki gera lýsinguna á þessari stjórn og stjórnarsamstarfi fegurri en þegar þessir menn eru sjálfir að lýsa hver öðrum á undanförnum dögum og vikum.

Það eru fleiri hneykslí til en hér hefur verið lýst á þingi og þau eru að koma upp á yfirborðið. Það er kominn tími til að hræra upp í því spillta stjórnkerfi sem hér ræður ríkjum. Það var ekki til þessarar stjórnar stofnað af heilindum, heldur með svikum og prettum. Ferill hennar er ekki langur, rúm tvö ár, en hann er varðaður af svikum og prettum. Andrúmsloftið innan stjórnarinnar er orðið þannig að þar treystir enginn öðrum. Það eru allir tilbúnir að svíkja hver annan — ekki á milli flokka, heldur líka á milli manna — í þessari stjórn. Var ekki formaður þingflokks Framsfl. að lýsa vinnubrögðum ákveðinna manna hér í gær síðast? Hvernig hefur utanrrh. lýst vinnubrögðum iðnrh. og félmrh.? Menn taka sig til og gefa stórar gjafir á kostnað þjóðarinnar ef þeir þurfa að hafa einhverja góða í kjördæmum sínum. Þetta eru vinnubrögð þessarar svikastjórnar og það er ekki von að vel fari. Það fer allt illa sem er illa stofnað til. Það getur ekki farið á annan veg.

Ég hefði haldið að eftir þá gusu, sem kom frá fjmrh. í upphafi 3. umr., skýringuna á niðurskurði, væri full þörf á að vísa þessu máli aftur til umfjöllunar í fjh.- og viðskn. Formaður nefndarinnar hefur verið veikur þangað til í gær og þá sneri ég mér til hans og spurði hvort ekki væri hægt að fá fund í nefndinni í morgun, sem hann kvað ekki vera hægt því hann væri upptekinn annars staðar. Það er auðvitað ekkert við því að segja. En ég var að fá núna frá form. nefndarinnar þó nokkurn doðrant um lækkun ríkisútgjalda, nú rétt áður en fundur hófst. Ég endurtek þá kröfu okkar sjálfstæðismanna og Alþfl. að um þessi atriði úr ræðu fjmrh. verði fjallað um í fjh.- og viðskn.

Við höfum ekki á móti því, síður en svo, að lækka útgjöld ríkisins samkvæmt fjárlögum þar sem hægt er að lækka þau, en við höfum á móti því að lækka útgjöld með þeim hætti að það sé aðeins á pappírnum, en fái engan veginn staðist að öðru leyti.

Hæstv. fjmrh. sagði að að undanförnu hefði verið unnið að sparnaðaraðgerðum í ríkisfjármálum í samræmi við samþykktir ríkisstj. og aðgerðir til lækkunar ríkisútgjalda séu í fyrsta lagi að lækka öll framlög til framkvæmda um 6%, en það lækkar útgjöld um 32 millj. kr. Þá ber að hafa í huga, þegar sá niðurskurður er nefndur á nafn, að að sjálfsögðu skiptir mestu máli fyrir framkvæmdaaðila hvert verður verðbólgustigið á árinu. Alveg er ljóst að þessar aðgerðir verða til þess að verðbólga verður 12—13% minni en ella hefði verið, miðað við þær spár sem fyrir lágu um áramótin, en þá var gert ráð fyrir, sagði fjmrh., að verðbólga væri á nýjan leik á uppleið. — En af hverju miðar ráðh. ekki við fjárlög? var þá spurt hér úr sal. Vegna þess að reiknitala fjárlaga var sett inn í fjárlagafrv. á s. l. sumri, sagði hann, og kemur í raun og veru ekki þessu máli við að öðru leyti en því, að hún er sú viðmiðunartala sem fjárlögin miðast við. Hann sagði jafnframt að því hefði ekki verið haldið fram, hvorki á s. l. sumri, þegar fjárlög voru sett fram, né síðar, að reiknitala fjárlaga fæli í sér spár eða endanleg fyrirheit um verðbólgu á þessu ári. Það var einmitt sérstaklega tekið fram í frv. til fjárlaga og margétið upp, sagði ráðh., af stjórnarandstöðunni í umr. um fjárlög að þetta skyldi vera reiknitala og ekki spá um verðbólgu þannig að þegar af þeirri ástæðu væri ljóst að reiknitala fjárlaga kemur ekki þessu máli beinlínis við. Þannig smeygði hann sér út úr þessu, en heldur óhöndulega. Ég tel að vitaskuld verði að fara eftir réttum forsendum, bæði við gerð fjárlaga og þá ekki síður við gerð lánsfjárlaga, þegar þriðjungur er liðinn af því ári sem lánsfjárlögin eiga að gilda.

Við héldum því hér fram og það með réttu, að í þessum lánsfjárlögum væri ofmetin innlend fjáröflun til að standa undir lánsfjáráætluninni — og þá eigum við ekki síst við sölu spariskírteina. Á yfirstandandi ári reiknum við með 150 millj. kr. fjáröflun í spariskírteinum, en hún reyndist ekki vera nema 43 millj. kr. á árinu 1981. Á þessu ári er ætlað afla frá lífeyrissjóðum um 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í fyrra var þessi fjáröflun um 270 millj. kr. Er óeðlilegt að við í stjórnarandstöðu höldum fram að hér sé teflt á mjög tæpt vað og raunar meira, að hér er gengið lengra en nokkrir möguleikar eru til að afla fjármagns með þessum hætti? Þá höfum við líka í huga efndir ríkisstj. á öflun fjár til lánsfjárlaga á s. l. ári. Þá vantaði 53 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, eins og allir vita, og ég rakti við 2. umr. vöntunina til húsnæðismálasjóðanna. Erlend fjármögnun hefur verið aukin svo stórkostlega að stefnumið ríkisstj. hafa gersamlega hrunið. Í stjórnarsáttmálanum segir um þessi efni, að erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr um það bil 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum, en með þessari afgreiðslu er hún komin í 19% eða að næstum því fimmta hver króna, sem fæst fyrir þær afurðir sem seldar eru úr landinu, fari í afborganir og vexti af skuldum. Og áfram er þessari skuldaaukningu við útlönd haldið. Ekki líkt því allt er innan ramma lánsfjárlaga, því hvað vitum við óbreyttir þm. um langlánanefndina og hvað er verið að sulla þar? Það eru nefnilega alveg einstakir sullukollar sem núna ráða ríkjum í þessu landi. Það verður heldur betur verk að taka til og þurrka upp eftir að þjóðin verður svo hamingjusöm að losna við þessa óheillafugla úr ráðherrastólunum.

Ég sagði áðan: Ætli það væri ekki einhver munur í þessu landi ef það hefði verið staðið við þau fyrirheit að fjölga ekki skipum eins og gert hefur verið? En farið er út í sullumbull eins og hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. eru að gera. Það er ekki að ófyrirsynju að hæstv. forseti Sþ. flytji þáltill. um að kanna til hlítar hvernig skip eigi að byggja til að eyða sem minnstri olíu, því sennilega hefur honum orðið töluvert um þegar Sjólaskipið kom til Hafnarfjarðar, eins og búið var að breyta stefninu á því. Ég held að þeir séu ekki margir, a. m. k. ekki í sjómannastétt, sem vilja fá slíkt framsóknarlag á flota landsmanna.

Nei, hæstv. fjmrh., ég ætla að biðja þig að muna eftir því, að lánsfjárlögin hefðu orðið hundruð millj. lægri og annar innflutningur ef hefði verið farið að okkar ráðum. Ef þið hefðuð reynt að halda svolítið í skankana á þessum tveimur framsóknarráðherrum hefðuð þið staðið betur að vígi núna og þá hefði hæstv. fjmrh. kannske getað talað með virkilegri breidd hér, en ekki bara með belgingi eins og hann gerði í upphafi 3. umr. Það mætti líka fara að halda svolítið aftur af iðnrh. sem hefur nú sofið í tvö ár, en fengið svo ofsalegt kast eftir að hann vaknaði að hér rignir niður frv. á borðin og það kvað vera unnið allan sólarhringinn í Gutenberg til að prenta frv. iðnrh. Það er betra að sofa minna á milli og hafa þetta eitthvað jafnara.

Í sparnaðaráformum ríkisstj. til niðurgreiðslu segir að það skuli skera niður útgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins um 20 millj. kr. Það er aftarlega á merinni í þessari upptalningu. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Með hvaða hætti ætlar hann á níu mánuðum á þessu ári að skera niður til Tryggingastofnunar ríkisins um 20 millj. kr.? Hvað á að skera þar niður? Nú eru rekstrarútgjöld Tryggingastofnunar ríkisins ekki nema örlítið brot af því fjármagni sem fer í gegnum þá stofnun sem að niðurskurður upp á 20 millj., upp 2000 gamlar milljónir, á níu mánuðum getur ekki verið framkvæmanlegur nema skera um leið niður annaðhvort sjúkratryggingar eða líftryggingar þá, ellilaunin eða hvort tveggja. Annað fær ekki staðist. Það fylgir engin skýring frá hæstv. ráðh., ekki nokkur. Á að fara inn á þessa braut? Þá verður líka að lækka útgjöldin til sjúkrahúsanna þó vitað sé að það á langt í land að hægt sé að greiða rekstrarhalla sjúkrahúsanna frá s. l. ári eða halann frá s. l. ári. Það form, sem er á greiðslum til sjúkrahúsa, var að sumu leyti gott þegar það var tekið upp. Miðað við að verðbólgan væri ekki

mjög mikil, eins og var þegar það var tekið upp, gat það gengið. En í þeirri miklu verðbólgu, sem við höfum lifað í á undanförnum árum, hefur þessi hali verið að lengjast svo gífurlega að það hefur verið gripið til þess ráðs að loka stundum einstökum deildum eða þá að þau sjúkrahús, sem eru í eigu sveitarfélaga, hafa þá gripið til bæjarsjóðs á hverjum tíma. Allt þetta er í óvissu, en samt er talað um að skera enn meira niður. Það liggur ekkert fyrir í þessum efnum, — ekkert nema sundurlausar vangaveltur um niðurskurð, sem fá engan veginn staðist. Svo má líka bæta því hér við, sem skiptir ekki minna máli, að við afgreiðslu fjárlaga voru þessi útgjöld allt of lágt áætluð. Ég man vel að framlög til Tryggingastofnunar ríkisins voru a. m. k. áætluð 20 millj. kr. of lág. Auk þess hafði stofnunin gengið á sjóði, sem eru í hennar vörslu, til að borga út það sem á að gera lögum samkvæmt svo þessi upphæð er hærri. Svo kemur ríkisstj. og segist ætla að skera enn þá niður um 20 millj. Það er ekki heil brú í þessu. Það er alveg sjáanlegt að það veit enginn í þessari stjórn hvert er verið að fara eða hvert stefnir. Þetta flak rekur fyrir sjó og vindi stjórnlaust með öllu. Skipstjórinn þekkir ekki einu sinni á kompásinn, ef það er þá nokkur kompás um borð.

Í sambandi við niðurskurð til hinna ýmsu sjóða komum við aftur að töluvert stóru atriði. Það á að draga úr fjárfestingu. Það er sjálfsagt að leita samstarfs ríkisstj. og stjórnarandstöðu um það þar sem það er hægt. En þegar á að fara að draga úr fjárfestingu verður það að gerast með þeim fyrirvara að sjóðsstjórnir viti það fyrirfram. Við skulum hafa það í huga, að það, sem brást við fjárútvegun samkvæmt lánsfjárlögum á árinu 1981, hefur hlaðist upp hjá atvinnuvegasjóunum. 53 millj. kr. fjárvöntun á s. l. ári til Framvæmdasjóðs til að endurlána atvinnuvegasjóðunum gerir það að verkum, að þetta var ekki vitað fyrr en í árslok. Þá voru þessir sjóðir búnir að ráðstafa þessu fjármagni til útlána. Svo kemur árið 1982. Þegar þrír mánuðir eru liðnir af árinu segir ríkisstj.: Við ætlum að skera enn þá niður um 6%. Þetta vita allir menn að fær ekki staðist. Ég ætla ekki ráðh. svo grunnhyggna að þeir viti þetta ekki líka. En af hverju eru menn að rembast við að sitja við verk sem þeir geta ekki unnið? Því fá þeir sér ekki heldur hvíld? Aldrei getur komið verra en þetta fyrirbrigði. Það, sem kæmi í staðinn, væri alltaf eitthvað skárra og jafnvel miklu skárra.

Hæstv. fjmrh. segist ætla að spara og spara og nú ætlar hann að spara, segir hann á yfirvinnu ríkisstarfsmanna, draga úr henni. Það verður fróðlegt, áður en a. m. k. stjórnarliðið réttir upp hendur með þessum lögum, að þá að vita hvað hafi þegar verið skorið niður af yfirvinnu í sjálfum ráðuneytunum. Og hæstv. fjmrh. ætlar að skera niður utanlandsferðirnar, segir hann. Þar er ég honum alveg sammála. En ég er honum ekki sammála í því, að um leið og hann skrifar sparnaðarbréfið fóru sex ráðh. á Norðurlandaráðsþingið og fóru með á milli 20 og 30 manns með sér. Þetta er ekki góður sparnaður. En eitthvað virðist þeim vera að fara að ofbjóða eyðslan í þessum efnum. Eitthvað hafa þeir séð. Ég lagði fram fsp. 11. nóv. í vetur, þar sem ég óskaði skriflegs svars við spurningu um utanlandsferðir á vegum hins opinbera. Ég hef einu sinni spurt um þetta utan dagskrár í þingi. 11. þ. m. — ég held að það sé páskadagur — eru liðnir fimm mánuðir frá því að þessi fyrirspurn var lögð fram, en það fæst ekkert svar. Hvað er það sem verið er að fela? Af hverju má ekki sýna mönnum þetta? Þetta var gert á þeim árum sem ég átti sæti í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar. Þá spurði einn ágætur þm. um nákvæmlega sama. Það var auðvitað farið í að svara því, enda þingleg skylda að svara þeim fyrirspurnum sem leyfðar eru hér á hv. Alþingi. En eitthvað hefur nú farið fyrir brjóstið á sumum ráðh. Eitthvað hafa þeir skoðað þessi plögg fyrst fjmrh. tekur við sér og segir að það þurfi nú að fara að draga úr þessu. En af hverju mega þm. ekki sjá þetta og þjóðin?

Mig langar líka til að minna hæstv. fjmrh. á það, sem ég gerði einnig við 2. umr., að ágætt er að reyna að taka afmarkaðan hluta fjárlaga og sýna viðunandi útkomu, en það er ekki eins gott að láta það viðgangast hjá ríkissjóði að fresta því að greiða reikninga á sjálfan ríkissjóð. Á sumum stöðum í ríkiskerfinu er reikningunum safnað í kassa og verða nokkurra mánaða gamlir. Ég veit ekki hvort þeir eru saltaðir. En það er geymt. Það er gott að segjast vera góður fjmrh., en vera svo skuldseigur að borga ekki reikninga fyrr en eftir langan tíma og segja: Sjáið þið bara hvað ég stend mig vel hjá honum Jóhannesi Nordal í Seðlabankanum. — Ef allt væri tekið upp úr kössunum, sem bíður að borga, þendi hann ekki brjóstkassann út eins og hann gerði við upphaf 3. umr. Þegar aðrir skulda, þegar þegnarnir í landinu skulda ríkissjóði, fá þeir á sig refsivexti ef þeir koma ekki og greiða á réttum tíma, að jafnaði 4.75% á mánuði og í sumum tilfellum meira hvað varðar t. d. vanskil á söluskatti. Nú deilum við ekki um það, stjórn og stjórnarandstaða, að menn eiga að greiða gjöld sín á réttum tíma og menn eiga að greiða sína reikninga á réttum tíma. Það á ríkissjóður líka að gera og ríkisstofnanir. Það á að vera samræmi í þessu. Þetta á að vera gagnkvæmt, en það er það ekki og þar er líka hægt að blekkja fólk.

Í sjálfu sér finnst mér ekki óeðlilegt að þá séu tekin lán erlendis, sérstaklega ef þau lán skila sér í miklum gjaldeyrissparnaði og í fyrirtækjum sem skila góðum arði og standa undir sínum fjárfestingum. En ef við lítum á lánsfjárlögin á milli ára 1981 og 1982 er það eftirtektarvert, að til orkuframkvæmda er samdráttur á milli 40 og 50%. Sá framkvæmdamáttur erum við flestir eða allir sammála um að hefði gjarnan mátt halda sér í skynsamlegum framkvæmdum bæði hitaveitna og orkumála. Þessi ríkisstj. setti sér það í upphafi að vera mjög djörf og fljótráð og fljót að taka ákvarðanir í orkumálum, en það hefur gengið með þeim hætti, að nú er hér um að ræða samdrátt á milli 40 og 50% á milli þessara tveggja ára.

Ég veit að hæstv. fjmrh. segir: Þetta mál og þetta frv. er búið að vera allt of lengi í meðferð fjh.- og viðskn. Nd. — Vitaskuld má alltaf deilda um það og reyna að kenna einhverjum um, því alltaf verður einhver að vera til að hengja. En þetta frv. er ekki fullkomnara frá hæstv. ráðh. en það, að hann flytur sjálfur brtt. við það við 3. umr. Það undarlega er að þetta er brtt. við frv., en það liggur fyrir brtt. frá stjórnarþingmönnum í fjh.- og viðskn., þm. Framsfl. og þm. Alþb., um sama efni. Hún er um að við frv. bætist ný grein, sem verði 34. gr. og er þess efnis, að fjmrh. sé fyrir hönd ríkissjóðs heimilt á árunum 1982—1985 að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands sem nemi allt að 80% smíðaverðs. Þetta mál kom í febrúarmánuði fyrir fjh.- og viðskn. í tillögu frá ríkisstj. Þá var um að ræða einfalda ábyrgð ríkissjóðs er næmi allt að 80% smíðaverðs samkvæmt mati ríkisábyrgðasjóðs. Sú till. var að veltast fyrir

ríkisstj. og þm. stjórnarliðsins í þessari nefnd alllangan tíma. Á síðustu dögum áður en nefndin gekk frá nál. sínu skýrði formaður nefndarinnar frá því, að þessari einföldu ábyrgð yrði breytt í sjálfskuldarábyrgð. Þegar till. frá þessum þm. í nefndinni var lögð fram hér í þinginu við 2. umr. var búið að breyta þessu aftur í einfalda ábyrgð. Við atkvgr. við 2. umr. tók formaður nefndarinnar þessar till. aftur til 3. umr. Og nú við 3. umr. flytur fjmrh. nýja till. þvert ofan í hinar, eins og þeir tali ekki saman, fulltrúar stjórnarliðsins í fjh.- og viðskn., og það er brtt. við frv. til lánsfjárlaga, en þetta er brtt. við brtt. sem fyrir liggur frá þremur þm. stjórnarliðsins í fjh.- og viðskn. Nú er aftur komið inn á sjálfskuldarábyrgð. Þeir eru búnir að fara a. m. k. þrjá hringi opinberlega og vafalaust mjög marga innan ríkisstj. í þessu máli. Þetta sýnir auðvitað stefnufestuna, eins og allt annað. Það er ekki einu sinni hægt að trúa stjórnarþingmönnum í fjh.- og viðskn. fyrir að flytja brtt. við eigin till., að breyta úr einfaldri ábyrgð í sjálfskuldarábyrgð, heldur verður fjmrh. að gera það sjálfur. Hann sagði í upphafi 3. umr. að hann gerði þetta vegna þess að formaður nefndarinnar væri sjúkur. Þar voru tveir aðrir alveg við fulla heilsu, en hann treysti þeim ekki til að flytja þessa till. Sjálfs er höndin hollust, má kannske segja, en ekki er þetta traustvekjandi.

Ég held að hæstv. fjmrh. og þá ekki síður hæstv. iðnrh. hefðu átt að skýra þingheimi betur frá hvernig þeir hugsa sér að raðsmíði skipa gangi fyrir sig. Ég er alveg sammála hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. um að skipasmíðaiðnaður einn stendur ákaflega höllum fæti og hann á við afar erfiða samkeppni að stríða, því að skipasmíðaiðnaður nágrannaþjóða okkar er borgaður niður af ríkisvaldi þeirra þjóða og því hlýtur samkeppnisaðstaða þessa iðnaðar okkar að vera mjög erfið. Þar við bætist að við erum sennilega með fimm-, sex-, sjöfalda verðbólgu á við þessar þjóðir. En á sama tíma er þetta sagt: Við smíðum bara áfram fiskiskip fyrir sjávarútveginn þó að það sé sjáanlegt að það er ekki nokkur grundvöllur fyrir rekstri þessara nýju skipa. Áður sögðu menn: Það er í lagi að koma með nýtt skip. Verðbólgan hjálpar okkur. Við fáum góða aflamenn á ný skip. Við fiskum meira en á gömlu skipin og vextir eru meira eða minna bundnir. — En nú er þessu ekki lengur til að dreifa. Nú eru takmarkanir á öll skip við veiðar, hvort sem þau eru ný eða gömul, og því geta þessi nýju skip ekki skarað fram úr hvað snertir aflamagn. Og vöxtunum af öllum stofnlánum fylgir verðtrygging. Þeir fylgja verðbólgunni. Skipin halda áfram að hækka í verði þó þau séu byrjuð að veiða. Þess vegna er þessi stefna, að byggja með þessum hætti án þess að líta á þetta frá hendi ríkisstj. sem iðnaðarmál, fjarstæðukennnd stefna. Sjávarútvegurinn getur ekki staðið undir þessu. Þetta vita þessir hæstv. ráðh. mætavel.

Samkv. áætlun, sem gerð var á vegum Framkvæmdastofnunar ríkisins í ágústmánuði á s. l. ári, lauslegri áætlun yfir stofnkostnað og rekstur slíks nýs 500 tonna skuttogara eða innan við 500 tonn, hefði slíkur skuttogari þurft að fiska 16 400 tonn til að standa undir sér, til að standa við skuldbindingar sínar. Þetta hefur breyst síðan til hins verra. Aflahæstu skipin eru með um eða innan við 6000 tonn. Sjá því allir hvað er verið að fara með þessum hætti. Það er engin samvinna höfð á milli ríkisstj. og aðalstofnlánasjóðs sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóðs. Þar sækja menn unvörpum um skip, bæði um smíði innanlands og eins innflutt. Þeim umsóknum er synjað. M. a. kemur fram niðurskurður til Fiskveiðasjóðs og mikil ásókn í þessi lán á s. l. árum. Samt ætlast ríkisstj. til að hægt sé að hefja raðsmíði með þessum hætti. Vitaskuld er traustara að bjóða fram sjálfskuldarábyrgð en einfalda ábyrgð, það skal fúslega viðurkennt. En hvaða stofnun á að lána 80% út á þessa ríkisábyrgð? Ekki eru það viðskiptabankarnir því að verið er að auka bindiskyldu þeirra og krafa ríkisstj. er að þeir dragi úr útlánum sínum. Þeir hafa fengið bágt fyrir hvað þeir hafa lánað almenningi. Samt er komið hér og sagt: Við ætlum að setja þessa smíði af stað. Það er engin skýring á hvar þessir peningar eiga að fást. Dettur nokkrum í hug að skipasmíðastöðvarnar í landinu geti svo útvegað sér 20% til viðbótar þessu láni? Það verður ekkert hægt að fara annað en til útlanda. Það er ekki um neinn annan peningamarkað að ræða en erlenda fjármögnun. Hún er ekki inni í þessu dæmi svo að ef þessi stjórn heldur áfram með svona stefnu eða stefnuleysi er ekki lengi verið að fara upp í fjórðung af útflutningstekjunum í afborganir og vexti af erlendum skuldum. Hvað verðum við lengi að ná Pólverjum ef þessi hryggðarmynd heldur áfram að stjórna landinu?

Fyrir tæpum tveimur árum var lagður skattur á alla skattborgara í landinu til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Fjmrn. situr á þessari innheimtu. Það sem innheimt er, er ekki greitt til þessa sjóðs og var þetta þó nefskattur sem við, bæði ég og fleiri, samþykktum að leggja á þrátt fyrir að við erum andvígir svokölluðum nefsköttum. Við gerðum það vegna málefnisins, vegna þess að við treystum því, að þetta væri aðeins til bráðabirgða og til að hraða framkvæmdum við dvalarheimili aldraðra eða elliheimili í landinu. Þess vegan stóðum við með hæstv. heildbr.- og trmrh. í því, að þetta gjald yrði lagt á. En hvað skeður? Fjmrh. liggur á þessu eins og ormur á gulli og borgar ekkert til aldraðra. Ég heyri ekki stunu eða hósta frá flokksformanni hans, heilbr.- og trmrh., út af þessu hátterni. Ég sé ekki að Þjóðviljinn minnist á þetta einu orði og hefur hann þó verið skelegt baráttutæki fyrir þá sem minnst mega sín og þurfa á betri aðhlynningu að halda. Nú er allt í lagi. Það er ekki sama hver liggur á krónunum, hvort það er Arnalds eða einhver annar. Þetta lækkar auðvitað skuldina við Seðlabankann, það er alveg rétt. Það er kannske það sem skiptir höfuðmáli.

Hæstv. ráðh. talar mikið um hvað þjóðin hafi orðið fyrir þungum búsifjum núna. Loðnan hefur horfið af miðunum og svo getur farið, að engin loðnuveiði verði á þessu ári. Vitaskuld er þetta mikill skaði fyrir þjóðarbúið og fyrir alla þá sem þennan atvinnuveg stunda, bæði á sjó og landi. En ég vil benda á það, að fyrir skynsamlega stefnu, sem tekin var upp á árunum 1874—1978 um fiskvernd, um aukna möskvastærð í botnvörpu og samningana um að koma útlendingum út úr 200 mílna landhelgi, skapaðist grundvöllur undir vaxandi þorskveiði. Þá mátti ekki fara yfir 230 þús. tonn. Það voru landráð að fara yfir 230 þús. tonn. Sennilega hefði sá, sem var sjútvrh. þá, verið skotinn ef hann hefði verið ráðh. í einhverju öðru landi, eftir því sem fjölmiðlar þá höfðu upp raust sína. En hvað hefur komið á daginn? Sérstaklega þorskstofninn hefur styrkst. Vísindamenn hafa gerbreytt tillögum sínum. Það hefur öll árin verið veitt miklu meira og þrátt fyrir það hækka tillögur vísindamanna um veiði. Bolfiskveiðin hefur aukist sem nemur og rúmlega þó því verðmæti sem við fengum fyrir loðnuna þegar mest var veitt af henni og verðið var best.

Hvernig stæðum við að vígi núna ef við ættum að búa við sama aflamagn og var á þessum árum? Þá væru fyrst erfiðleikar í þessu landi. Þá væri erfiður fjárhagur og erfitt um atvinnu víða. En hér hefur ekki orðið neinn samdráttur af þessari ástæðu. Eina breytingin er heldur í jákvæða átt, örlítil aukning á síldveiðum. Þessi ríkisstj. lifir því algerlega á þeim aðgerðum sem gerðar voru 1974—1978.

Ég ætla enn á ný að endurtaka þá kröfu okkar, að þetta mál og þessi niðurskurður fái meðferð í þingnefnd. Stjórnarliðið ræður því með atkv. sínum hvort það telur betur henta að hafa stjórnarandstöðu algerlega utan við niðurskurð. Á dögum hinnar svokölluðu viðreisnarstjórnar var, að mig minnir, tvisvar gripið til álíka niðurskurðar. Þá var það gert með þeim hætti að fela fjvn. að gera tillögur í samráði við rn., þannig að þingið var allt með í þeirri ábyrgð. Það er auðvitað miklu hyggilegri leið fyrir eina ríkisstjórn að hafa þingið allt með, láta þingið taka ábygrð. Stjórnarandstaða tekur ábyrgð með því að skrifa upp á niðurskurð eða leggja fram aðra tillögu, en við getum ekki sem stjórnarandstaða lagt fram tillögur um niðurskurð þegar öllu er haldið leyndu fyrir okkur.

Óhamingjan er sú, að það var stefnulaust allt s. l. ár í fjármálum og efnahagsmálum þjóðarinnar og því er komið sem komið er. Þess vegna er nú verið, vegna hins mikla og gífurlega taprekstrar bæði í atvinnulífinu og hjá stærstu fyrirtækjum ríkisins, að taka erlend lán til að fjármagna taprekstur. Þetta er ekki hygginna manna háttur. Ég vil hins vegar segja þessari ríkisstj. það þó til lofs, að hún hafði annan hátt á á árinu 1980. Þá lét hún miklu frekar staðreyndir ráða gerðum sínum og þá var útkoma atvinnurekstrarins ekki eins hörmuleg og síðar kom á daginn. En þá gerbreytti hún um stefnu. Við erum núna, bæði við afgreiðslu fjárlaga, við afgreiðslu lánsfjárlaga, við afgreiðslu hinna ýmsu stofnlánasjóða, bæði í atvinnulífinu og sömuleiðis í húsnæðismálakerfinu, að súpa seyðið af því. Það er verulegur samdráttur fram undan alls staðar. Í kjölfar samdráttar fylgir minnkandi atvinna. Minnkun atvinnu hefur átt sér stað, en hjá atvinnuleysi hefur verið komist með stórauknum erlendum lántökum á s. l ári. Það er ekki hægt að gera til lengdar. Það er að verða minnkun á þjóðarframleiðslunni og samdráttur fram undan með þeirri stefnu eða stefnuleysi sem hér hefur ríkt að undanförnu og þá alveg sérstaklega á s. l. ári og það sem af er þessu ári.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það var næstum furðulegt þegar hæstv. fjmrh. kom hér í ræðustólinn við upphaf þessarar umr. og hóf að gagnrýna vinnubrögð stjórnarandstöðunnar, hóf að gagnrýna það, að hér hefur verið vakin athygli á hlutum sem uggvænlega horfa og bent hefur verið á af þeim stofnunum sem gerst þekkja til peninga- og efnahagsmála í landinu og eru með öllu óvilhallar.

Það hefur komið glögglega fram í ræðum bankastjóra Seðlabankans á ársfundum bankans á undanförnum árum hvert stefndi með erlendar lántökur. Lengi vel gagnrýndi núv. hæstv. fjmrh. þá ríkisstj. sem hér var 1974—1978, ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, en þar gegndi ég embætti fjmrh. Hann gagnrýndi sérstaklega erlendar lántökur og notaði oft hlutfall erlendra lána til viðmiðunar við þjóðarframleiðsluna 1975. Það var ár sem þjóðarframleiðslan dróst mjög saman. Það var ár sem viðskiptakjörin versnuðu mjög í framhaldi af því sem gerst hafði 1974. Þess vegna var um að ræða mjög slæmt ár til viðmiðunar við þjóðarframleiðslu, hvaða stærðir eða atriði sem voru tekin. En þetta er það sem við gerum þegar við erum að meta stöðu efnahags- og fjármála. Þá er það að sjálfsögðu þjóðarframleiðslan, þ. e. hvað þjóðin hefur til sölu og þar af leiðandi hvað það er sem þjóðin hefur möguleika á að eyða. Það var fyrir u. þ. b. ári að seðlabankastjórinn vék að því í ræðu sinni, að svo væri nú komið í sambandi við erlendar lántökur að hlutfallið væri nú miðað við þjóðarframleiðslu að verða hærra en árið 1975, og þá að sjálfsögðu til viðmiðunar mismunurinn á árferðinu 1975 og á árinu 1980. Það er líka hægt að heyra það af ræðum hæstv. fjmrh., að þessi viðmiðun er ekki lengur inni í myndinni, einfaldlega vegna þess að hlutfall erlendra lána af þjóðarframleiðslu er komið langt upp fyrir hlutfallið 1975.

En þess vegna vík ég að þessu hér í framhaldi af því sem hv. 1. þm. Vestf., frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hefur gert, að einmitt erlendu lántökurnar, hinar miklu erlendu lántökur, eru hluti af því dæmi sem sett hefur verið upp til þess að reyna að blekkja, til þess að reyna að telja mönnum trú um að stjórn ríkisfjármálanna sé í góðu lagi og að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann sé að minnka, en það verður ævinlega og hefur þurft alveg fram að s. l. áramótum að hafa það með, að þær væru að minnka að raungildi. Þegar þessum hæstv. ráðherrum hefur verið ljóst að þeirra fjármálastefna, þeirra stefna í efnahagsmálum hefur ekki getað leitt til þess, að skuld ríkissjóðs við Seðlabankann lækkaði að krónutölu, þá er hvort tveggja, að erlendar lántökur eru auknar svo gífurlega sem raun ber vitni, og hitt, að verðbólgan er látin dansa áfram, því að þá minnkar skuld ríkissjóðs við Seðlabankann að raungildi. Þetta eru dæmin eins og þau liggja fyrir okkur og verða ekki hrakin, enda hefur hæstv. fjmrh. ekki gert tilraun til að gera það.

En áður en að þessu er staðið er þegar búið að auka mjög á skattheimtuna í landinu og auka tekjur ríkissjóðs sem mun nema á árinu 1982 um 1 milljarði króna frá því sem hefði verið ef sú skattheimta hefði gilt sem hér gilti í upphafi árs 1978. Það er stórkostlega aukin skattheimta, það eru stórkostlega aukin erlend lán og verðbólgan hefur aldrei verið meiri en í tíð núv. hæstv. ríkisstj. Samt sem áður tekst ekki að lækka skuld ríkissjóðs við Seðlabankann eins og fjárlög gerðu ráð fyrir um 100 millj. kr., einfaldlega vegna þess að verðbólgan hefur verið það mikil og áfram kynt undir hana. Það er einmitt stefna vinstri stjórna að draga úr ráðstöfunarfé fólksins, draga það í hendur ríkisins og ráðskast með það. Það er ljóst að allt frá 1977 til 1981 er hækkun skattheimtu sem hlutfall af þjóðarframleiðslu 3.3%. Skattheimtan er 1977 25%, en reynist 1981 28.3%.

Ef við höldum áfram að gera okkur grein fyrir þeim feluleik sem hér er að staðið, þá má bera saman skuld ríkissjóðs 1977 — og ég verð að nota tölurnar frá 1980 því að tölur 1981 eru ekki fram komnar, það tekur þetta langan tíma að gera sér grein fyrir þeim. Árið 1977 er skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 149 millj. kr. og í lok þess árs eru erlendar skuldir ríkissjóðs samkvæmt tölum, sem upp hafa verið gefnar, 794 millj. eða samtals 943 millj. Ef við tökum þetta sem hlutfall af þjóðarframleiðslunni þá, þá er um að ræða 24.7%. Ef hins vegar er tekið árið 1980 eða áramótin 1980—81, er

skuld ríkissjóðs við Seðlabankann 315 millj. kr. og erlendar skuldir 3459 millj. samtals 3774 millj. kr. eða 28.4% af þjóðarframleiðslu. Frá árinu 1977 til 1980, á árunum 1978, 1979, og 1980 hækka skuldir ríkissjóðs samtals sem nemur 3.7% af þjóðarframleiðslunni. Og ef það er reiknað út miðað við þjóðarframleiðsluna 1980 er hér um að ræða tæpar 500 millj. kr. Þetta er dæmið þegar það er skoðað ofan í kjölinn. Það skiptir ekki máli hvort skuldin er við Seðlabankann eða skuldin er erlend skuld. Það, sem hér þarf að gera, er að leggja saman skuldir ríkissjóðs og gera sér grein fyrir stöðunni. Og þá kemur í ljós að skuldaaukningin er 500 millj. kr. miðað við þjóðarframleiðslu á árinu 1980.

Hæstv. fjmrh. vék að því í sinni ræðu hvernig útkoma ríkissjóðs hefði verið árið 1981. Það var upphaf þess 1976, að Alþingi var gefin skýrsla samkvæmt bráðabirgðatölum ríkisbókhalds um afkomu ríkissjóðs. Það tók nokkurn tíma og sú skýrsla var ekki lögð fram fyrr en í marsmánuði. Síðan var þetta gert 1977 og 1978 og þá tókst að sjálfsögðu að gera þetta miklu fyrr. Við lentum síðan í stjórnarbreytingu og skýrsla ráðh., sem kom á borð þm. í fyrra, kom í apríl, og við erum enn komnir fram í aprílmánuð án þess að Alþingi hafi verið gerð grein fyrir því með slíkri skýrslu hver útkoma ríkissjóðs var 1981. Hins vegar gerði hæstv. ráðh. í ræðu sinni við upphaf 3. umr. lánsfjárlaga nokkra grein fyrir því, án þess að þm. fengju tækifæri til þess að skoða þær tölur áður. Hann hefur hins vegar tjáð mér að skýrslan muni koma innan örfárra daga, vonandi fyrir páskaleyfi. En aðlilegast hefði verið, úr því að lánsfjáráætlun er hér til 3. umræðu svo seint, að ráðh. hefði lagt skýrsluna fram fyrir 3. umr. lánsfjárlaga og við getað rætt hana þá í leiðinni í stað þess að koma fram með þær tölur sem hann gerði og gefa þm. ekki tækifæri til þess að ræða skýrsluna sem slíka.

Hæstv. ráðh. kallaði eftir tillögum frá minni hl. á Alþingi varðandi niðurskurð á fjárlögum. Í lánsfjárlögum er óskað heimildar til hækkunar á þeim tölum sem fjárlög gerðu ráð fyrir, 50 millj. í 120, en það er fyrst í dag sem ríkisstj. lætur frá sér fara hverjar hennar hugmyndir eru. En fyrir nokkrum dögum auglýsti ráðh. eftir því, hverjar væru tillögur stjórnarandstöðunnar. Hann hafði tíma til þess a. m. k. að gera sér grein fyrir hvernig hann hygðist nota niðurskurðarheimild fjárlaganna og í öðru lagi hverjar tillögur hann hefði uppi ef heimild yrði veitt fyrir 120 millj. kr. Það er í dag sem skjalið er lagt til okkar fjh.- og viðskn. manna, en við höfum óskað eftir því um langan tíma. Að vísu eru sum blöðin dagsett 5. febr., þannig að það hefði nú verið hægt að leggja það til nm. þá, a. m. k. hvað snertir 50 millj. kr., en það er fyrst í dag sem það sést í heild hvernig ráðh. hugsar sér að beita þeirri heimild verði hún samþykkt við 3. umr. lánsfjárlaga.

Hv. 1. þm. Vestf. gerði grein fyrir því, að við hefðum óskað eftir fundi í fjh.- og viðskn. til þess að skoða þessi mál. Og ég verð að segja að mér finnst furðu sæta að fjvn., sem eðli málsins samkvæmt á að fjalla um þessi mál, hefur ekki fengið tækifæri til þess. Mér skilst að þessi skýrsla hafi verið lögð þar fram á fundi í morgun fyrst, en þeir nm. ekki fengið tækifæri til að ræða þessar till. Svo mikið og erfitt er starf fjvn.-manna, svo mikla vinnu leggja þessir menn fram til þess að koma saman fjárlögum ríkisins, að það er lágmarkskrafa að þeir fái tíma til þess að virða fyrir sér hvað það er sem ríkisstj. hyggst breyta út frá því sem þeir höfðu lagt til og Alþingi hafði samþykkt, áður en til þess kemur að samþykkt sé slíkt ákvæði. Mér er enn fremur tjáð að fjmrn. sé þegar farið að rita bréf þar sem þess er getið að það eigi að lækka ríkisútgjöldin sem nemur 120 millj. kr. Auðvitað er þar um áform að ræða, en mér hefði fundist eðlilegast að slíkar bréfaskriftir yrðu látnar bíða þar til Alþingi hefði samþykkt þá till. sem hér liggur fyrir.

Þar sem lánsfjárfrv. — eins og það heitir raunverulega, bandormur um efnahagsmál ætti það að heita — er 34—35 greinar, frv. sem ætti að vera upp á 5—6 greinar, finnst mér ekki koma til greina að bjóða Alþingi það, að þar sé verið að fá heimildir til þess að breyta lögum, fjölda laga, og leggja síðan fram niðurskurðartillögur sama daginn og 3. umr. fer fram um lánsfjáráætlun, öðruvísi en að nefndinni gefist tækifæri til að bera saman frv.-textann og þær niðurskurðartillögur sem lagðar hafa verið fram. Og eðlilegast væri, ef rétt væri að staðið, að bíða þar til fjvn. hefði fengið tækifæri til að segja til um það sem hér er lagt til — og þá, ef til þess þyrfti að koma, gera brtt. við það frv. sem hér er til umr.

Ég ítreka því það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, að nm. fái tækifæri til að fjalla um þessar tillögur og gera samanburð á texta frv. sem hér er til umr.

Í þeim orðum, sem hæstv. fjmrh. viðhafði við upphaf 3. umr. vék hann að einu ákvæði lánsfjárfrv., þ. e. þar sem lífeyrissjóðir eru skuldbundnir til að kaupa ríkistryggð bréf til þess að fjármagna þá lánsfjáráætlun sem ríkisstj. hyggst framkvæma á þessu ári. Það kom enn fremur fram í atkvgr. við 2. umr., að einhverjir þm. töldu sig hafa greitt atkv. með svipuðu ákvæði í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Hér er rangt með farið, eins og hv. 1. þm. Reykv. gerði grein fyrir við atkvgr. við 2. umr. Það var aðeins með lánsfjárlögunum 1978 að sú skylda var lögð á herðar lífeyrissjóðanna að þeir verðtryggðu sín útlán. Áður hafði verið gert samkomulag við þá um kaup á bréfum. Það má m. a. s. fara lengra aftur en til upphafs ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, samkomulag hafði áður verið gert um kaup á 20% af ráðstöfunarfé sjóðanna. Hins vegar var óskað eftir frekari þátttöku þeirra. En lögin frá 1978 gera ekki ráð fyrir kvöð eða skyldu eins og það frv., sem hér er til umr., gerir ráð fyrir.

Það var og er skoðun okkar sjálfstæðismanna, að hér eigi að vera frjálst samkomulag. Það er enn fremur skoðun okkar, að þeir sjóðir, sem ríkissjóður nú hefur látið kaupa af sér bréf, kannske til að gera dæmið við Seðlabankann eitthvað fallegra, skuli halda áfram að kaupa bréf af þeim aðilum sem þeir keyptu af áður, til þess að byggja upp atvinnulífið í landinu. Það er ekki nóg með það, að verið sé að skylda sjóðina til að kaupa slík bréf, heldur hefur núv. ríkisstj., til þess að fjármagna ríkishítina hjá sér, látið kaupa bréf af ríkissjóði fyrir það fjármagn sem var áður notað til kaupa á bréfum frá Framkvæmdasjóði og Húsnæðismálastofnun. Það er auðvitað í samræmi við annað hjá núv. hæstv. ríkisstj. í peningamálastjórn landsins.

Það er ekki bara að skattheimtan hafi verið aukin svo geigvænlega sem raun ber vitni, það er ekki bara að innlend verðbréfakaup af ríkissjóði hafi verið aukin, heldur hefur verið lögð viðbótarkvöð á viðskiptabankana til þess að fjármagna lánsfjáráætlun ríkisstj. Það er nú komið hjá bankakerfinu, þeim aðilum sem ætlað er að fjármagna atvinnulífið, þannig er nú komið á hávertíðinni, að allir bankarnir hafa orðið að yfirdraga

reikninga sína hjá Seðlabanka Íslands. Aukin innlend útgáfa á verðbréfum, aukin skattheimta, auknar álögur á viðskiptabankana til kaupa á bréfum frá ríkissjóði, aukin binding, allt verkar þetta á þá lund að bankakerfið er rekið með yfirdrætti frá Seðlabankanum.

Ég held að þeir, sem telja að hér sé um að ræða góða fjármálastjórn geri sér ekki grein fyrir í hverju góð fjármálastjórn liggur. Það er ljóst að sú lánsfjáráætlun, sem hér er til umr., stefnir þessum málum öllum saman í enn þá meiri voða. Það er ljóst að öll þessi lán verðum við að borga. Hvað þýðir það á síðari stigum, hvað þýðir það á næstu árum ef þá á ekki að draga úr? Það þýðir aukna skattheimtu, það þýðir áfram auknar erlendar lántökur.

Það var hér áður fyrr fjmrh. sem fékk orð í eyra þegar hann lagði á skatta og þegar hann tók erlend lán. Sá heitir Eysteinn Jónsson og var mjög þekktur einmitt í þessum efnum. En þeir skattborgarar þessa lands, sem þekktu þann tíma, gera sér grein fyrir því, að þeir eru nú að lifa verri tíma en jafnvel þegar, eins og þeir segja, þessi annars ágæti maður gegndi embætti fjmrh. Eftir að útvarpið hafði sagt frá fyrri hluta þessarar umr. og ræðu hæstv. fjmrh. vék skattborgari að mér þessari vísu:

Áður fyrr var Eysteinskan
illa séð á Fróni,
en okkur veldur Arnaldskan
enn þá meira tjóni.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það má segja að uppákoman innan hæstv. ríkisstj. hafi birst í mörgum útgáfum hér, sérstaklega undanfarnar vikur. Ekki þarf að rifja upp ummæli hæstv. utanrrh. í garð hæstv. iðnrh. eða ýmsar athugasemdir hæstv. utanrrh. við vinnubrögð og framferði hæstv. félmrh. Öllum er í fersku minni hvað hv. þm. Páll Pétursson fjallkóngur þeirra framsóknarmanna eins og hann er kallaður, hafði um hæstv. landbrh. og raunar hæstv. fjmrh. líka að segja hér í gær. Þarna eru nú komnir nokkrir hæstv. ráðherrar sem hafa verið í sviðsljósinu nokkrar undanfarnar vikur, og allt í þeim dúr að mönnum hefur þótt það vera óeðlileg vinnubrögð, óeðlileg afskipti þessara hæstv. ráðherra af tilteknum málum.

Það er augljóst að hæstv. núv. fjmrh. ætlar ekki að vera eftirbátur þessara. Nú er hann líklega einn íslenskra fjmrh. sem gerir margítrekaðar tilraunir til þess að sannfæra hv. alþm. um að það séu ekki fjárlögin sem eigi að gilda hér, eins og frá þeim var gengið, heldur sé það fyrst og fremst frv. til fjárlaga fyrir árið 1982 og þá raunar grg. með því fjárlagafrv. Hann hefur hér margítrekað komið upp og reynt að telja þingheimi trú um þetta. Meira að segja hefur honum verið svo brátt, að hann hefur ruðst hér inn í umr. með óeðlilegum hætti, en ruglast þó svo í rýminu að hann hefur ekki fundið það í fjárlagafrv. sínu sem hann ætlaði þó að vitna til. Svo mikill hefur flumbruhátturinn verið í að reyna að telja hv. alþm. trú um þetta.

Það skal vissulega viðurkennt, að það deiluefni, sem hefur verið milli mín og hæstv. fjmrh., er lítilvægt. Það er ekki stórt atriði. En eigi að síður er það þess eðlis, að það er nauðsynlegt að hið rétta komi í ljós. Og mér sýnist á öllu að ekki muni eiga við hæstv. fjmrh. hin fleygu orð: Yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun ég setja þig. Ef hæstv. ráðh. hagar sér í þessum litlu málum með þessum hætti, þá er við hinu nákvæmlega sama að búast í hinum stærri málum. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? Þetta voru ekki mín orð. Ég heyri að hv. þm. Árni Gunnarsson er ekki vel heima í kristindómnum. Hann mætti lesa betur ef hann heldur að þetta séu orð eftir mér höfð. Það er megn misskilningur. En auðvitað eru menn misjafnlega heima í þeim fræðum eins og öðru.

Hæstv. fjmrh. kom hér upp s. l. mánudag og sagði að ég væri með rakalaus ósannindi þegar ég lýsti yfir að það væru ekki í fjárlögum yfirstandandi árs heimildir til handa Skipaútgerð ríkisins til þess að kaupa skip. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera enn eina tilraunina til að koma hæstv. fjmrh. niður á jörðina þannig að ljóst verði í hans huga hvað hér er um að ræða.

Í fjárlagafrv., á bls. 230, þar sem fjallað er um strandferðir sem augljóslega heyra undir Skipaútgerð ríkisins, segir, með leyfi forseta: „Til fjárfestingar hjá fyrirtækinu er fyrirhuguð 40 millj. kr. lántaka til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins, sbr. grg. um lánahreyfingar.“ Og í þessari grg. um lánahreyfingar segir, með leyfi forseta: „Á árinu 1982 er áformað að afla heimildar til lántöku alls að fjárhæð 40 millj. kr. til endurnýjunar skipastóls fyrirtækisins. Fjárhæðin er við það miðuð að lánsfé áranna 1981 og 1982 renni til smíði sem svarar eins skips og kaupa á öðru.“ Þetta stendur orðrétt í fjárlagafrv., þ. e. í þeim hluta fjárlagafrv. sem heitir B-hluti og mér heyrðist að hæstv. fjmrh. væri fyrst og fremst að sverja af sér í umr. s. l. mánudag, að í raun og veru kæmi honum ekkert við. Það væri aðallega A-hlutinn sem hann ætti um að fjalla, en ekki hinn. Þetta var sem sagt í grg. fjárlagafrv. fyrir árið 1982. En þessu hafnaði fjvn. Menn verða að gera sér grein fyrir að fjárlagafrv. er allt annað en samþykkt fjárlög. Hæstv. fjmrh. ætti t. d. að spyrja flokksbróður sinn, hv. þm. Geir Gunnarsson, formann fjvn., með hvaða hætti þetta var afgreitt. Það stendur raunar í fjárlögunum, en hæstv. fjmrh. virðist ekki komast í skilning um hvað þar er um að ræða. Fjvn. hafnaði sem sagt þessu, að sett yrði inn í fjárlög heimild til annars en lántöku vegna smíði eins skips.

Ég las fyrir hæstv. ráðh. upp úr fjárlögunum síðast á bls. 135, það er liður 39: „að veita ríkisábyrgð fyrir láni sem áformað er að taka vegna byggingar skips fyrir Skipaútgerð ríkisins.“ Þetta er endanleg afgreiðsla fjvn. og Alþingis á þessu máli. Það er því um tómt mál að tala hjá hæstv. fjmrh., hversu oft sem hann kemur hér í ræðustól, hann er búinn að koma nokkrum sinnum, — hversu oft sem hann kemur aftur er um tómt mál að tala hjá honum annað en viðurkenna þessa staðreynd, að það eru fjárlögin sem gilda en ekki það sem stóð í fjárlagafrv., því að endanleg afgreiðsla Alþingis hefur farið fram á fjárlögunum.

Ég vísa enn á bug öllum stóryrðum hæstv. fjmrh. í minn garð, að ég fari með rakalaus ósannindi. Hæstv. fjmrh. og hv. þm. Halldór Ásgrímsson, formaður fjh.- og viðskn., hafa báðir sagt ósatt í þessu máli. Það eru ekki aðrar heimildir til í fjárlögum en það sem hér er vitnað til, hvað svo sem hæstv. fjmrh. eða ríkisstj. hefði viljað fá inn í fjárlögin, það er annað mál. Svona var málið afgreitt.

Aðeins örfá orð um annað í þessum umr. Fjárveitinganefndarmenn fengu afhent um hádegisbil í dag plögg um lækkun ríkisútgjalda frá hagsýslustofnun. Þetta kom fram eftir ósk nm. í fjvn., hefði raunar átt að vera komið fram löngu fyrr. En á þeim tíma, sem menn hafa haft til að skoða það áður en þessi umr. fer fram, er auðvitað alveg augljóst að ekki var hægt að gera sér grein fyrir

neinu í málinu. Því hefur verið haldið fram hér áður og ég tek undir það, að það eru auðvitað ótæk vinnubrögð að fjvn. og alþingismönnum öllum sé ekki gerð grein fyrir þeim niðurskurði, sem hér er verið að tala um, og með hvaða hætti menn ætli sér að framkvæma slíkan niðurskurð.

Hv. 1. þm. Vestf. vék hér t. d. áðan að atriði í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins og það hefur verið margspurt um það hér. Hæstv. heilbr.- og trmrh. virðist ekki heyra þær spurningar. Að minnsta kosti koma svörin ekki. Það hefur verið margspurt um það, hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. vilji ekki gera þingheimi grein fyrir því, hvernig á að framkvæma niðurskurð upp á 20 millj. hjá Tryggingastofnun ríkisins það sem eftir er ársins. Einhvern tíma hefði þessi hæstv. ráðh. og málglaði þm. gengið fram í því að krefja ráðh. sagna um tiltölulega miklu minna atriði en hér er um að ræða að því er varðar ríkisfjármálin. (Gripið fram í.) Það má raunar segja um fleiri, hæstv. fjmrh. virðist ætla að endast illa líka. En ég ítreka spurningu til hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er vonlaust að fá um það skýrslu hér eða svör frá hæstv. ráðh., hvernig á að framkvæma niðurskurð hjá Tryggingastofnun ríkisins um 20 millj. kr. það sem eftir er ársins án þess að það komi niður á þjónustu þessarar stofnunar? Það má vel vera að þetta sé hægt, en mér leikur hugur á að vita með hvaða hætti er hægt að gera það. Ítrekaðri spurningu til hæstv. trmrh. er hér komið á framfæri.

Það er svo eitt út af fyrir sig, niðurskurður á fjárveitingum í fjárlögum. Menn geta komið með á blaði svo að segja allar tölur þar um, en síðan bara veitt aukafjárveitingar til þess að brúa bilið aftur. Og það er það sem hefur gerst. Á undangengnum árum hafa aukafjárveitingar stóraukist. Þær hafa stóraukist svo að það er í raun og veru búið að setja við hliðina á hinum formlegu fjárlögum, sem Alþingi afgreiðir, önnur fjárlög með aukafjárveitingum eftir því sem hæstv. ráðh. dettur í hug. Ég efast um að það þýði nokkuð fyrir hv. þm. Matthías Á. Mathiesen að neita því að það hafi einnig gerst í hans fjmrh.-tíð. Líklega hefur það ekki verið eins slæmt og nú, en það skyldi þó ekki vera að það hafi gerst. (Gripið fram í.) Stórlega minnkað núna. Augljóslega hefur það gerst. En þetta er sem sagt hægðarleikur einn, að setja tölur á blað um niðurskurð á fjárveitingum í fjárlögum, en bæta það svo bara upp með aukafjárveitingum annars staðar. Það er það sem hæstv. fjmrh. hefur í raun og veru gert á undangengnum árum. Um það var rætt við afgreiðslu fjárlaga á s. l. hausti og sýnt fram á með tölum og rökum hverjar þessar aukafjárveitingar í heild hafa verið. Og það voru ótrúlega stórar fjárhæðir sem þar var um að ræða. Það segir í raun og veru ekkert þó að þm. fái hér í hendur þetta plagg með tölum um fyrirhugaðan niðurskurð. Það getur eigi að síður í lok ársins verið búið að veita aukafjárveitingar upp á hærri fjárhæð en hér er verið að tala um að skera niður. Með þeim hætti heldur þenslan í efnahagslífinu að sjálfsögðu áfram, og ríkið heldur áfram að taka stærri hluta til sín en kannske eðlilegt væri.

Ég tek undir þá kröfu, að það er auðvitað æskilegast allra hluta vegna, það var a. m. k. talið æskilegast þegar hæstv. núv. fjmrh. var í stjórnarandstöðu, þá krafðist hann þess, að fjvn. væri höfð með í ráðum varðandi niðurskurð á ríkisútgjöldum, þó hann vilji ekki hafa sömu afstöðu nú. En það er auðvitað langsamlega eðlilegast allra hluta vegna, til þess að sem bestur árangur náist í því starfi, að hafa stjórnarandstöðuna með í ráðum, gera hana samábyrga, ég tala nú ekki um þegar hún býðst til þess. En því boði virðist hæstv. núv. ráðherrar ekki vilja taka, en lemja hausnum við steininn og segja: Þetta gerum við án þess að öðrum komi það við.

Það er auðvitað alveg rétt, sem báðir hv. Matthíasarnir, hv. þm. Matthías Bjarnason og hv. þm. Matthías Á. Mathiesen, gerðu hér að umræðuefni. Auðvitað ætti að gefa tóm til þess að bera þessa hluti saman. Það er ósköp eðlileg krafa af hálfu stjórnarandstöðunnar, áður en málið er endanlega afgreitt hér í deildinni, að hún fái tóm til að bera þessa nýju skýrslu um niðurskurð á ríkisútgjöldum saman við þau áform, sem áður hafa verið uppi. Ég sé ekki að hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstj. geti með neinum rökum neitað slíkri beiðni, svo eðlileg og sjálfsögð sem hún er. Það er sýndarmennska, hrein og bein sýndarmennska að mínu viti að afhenda fjvn. þetta um hádegi í dag og ætla síðan að afgreiða málið núna síðdegis. Það er gjörsamlega vonlaust að menn hafi getað gert sér nokkra heildarmynd af því eða borið saman það, sem er í dag, og það, sem á að vera samkvæmt þeim till. sem ríkisstj. leggur nú fram um niðurskurð á ríkisútgjöldum. Þess vegna er það eðlileg krafa og ég tek undir hana að auðvitað á að gefa þm. tóm til að athuga málið betur.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil svara fsp., sem hér var borin fram af hv. þm. Karvel Pálmasyni, sé enga ástæðu til að sitja undir henni án þess að svara. Það er vegna Tryggingastofnunar ríkisins. Það er gert ráð fyrir að kanna hvort unnt verði að spara þar í kringum 20 millj. kr., en það er um það bil eða rétt innan við 1% af útgjöldum stofnunarinnar á þessu ári. Það varð niðurstaða okkar þegar verið var að ganga frá þessum áformum um sparnað í ríkisútgjöldum, að þetta mál yrði kannað ofan í kjölinn líka. Það kemur auðvitað eitt og annað til álita án þess að verið sé að skera niður þjónustu heilbrigðisstofnana. Þar er um að ræða fleiri þætti en sjúkrahús. Þar er um að ræða þætti eins og lyfjakostnað, tannlæknakostnað o. fl. Þessir hlutir ráðast af ákvörðunum, sem teknar eru um daggjöld á hverjum tíma, og ekki hægt að segja til um það á þessu stigi, hvernig þetta verður útfært í einstökum atriðum. Það hefur hreinskilnislega sagt ekki verið ákveðið. En það hefur verið í athugun og það verður glímt við þessa tölu. Náist hún hins vegar ekki nær það auðvitað ekki lengra, sem þýðir þá að þeim mun minna svigrúm verður til annarra verka. En það hefur verið ætlunin að reyna að glíma við þessa tölu. Við höfum ekki gengið frá því endanlega hvernig það verður, ég vil ekki vera að leyna þingdeildina því, en málið hefur verið skoðað. Ég minni á að auðvitað hlýtur mál af þessu tagi að koma til umræðu í tryggingaráði þar sem eru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna og þar sem um er að ræða yfirstjórn Tryggingastofnunar ríkisins. Ég geri ekki ráð fyrir að það verði neinn leyndur einu eða neinu í þessu efni. Það hefur aldrei verið ætlunin af okkar hálfu.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hæstv. félmrh. Ég gerði áðan að umræðuefni Tryggingastofnun og fjárvöntun hennar og þær upplýsingar sem fyrir lágu við fjárlagaafgreiðslu í vetur. Jafnframt sagðist ég ekki skilja á hvern hátt ætti að skera niður á níu mánuðum 20 millj.

frá þeirri stöðu sem var hjá Tryggingastofnuninni við afgreiðslu fjárlaga. Mér finnst svar hæstv. ráðh. við þessari spurningu eiginlega vera svar við ræðu hv. 6. landsk. þm. Svarið er í raun og veru það, að 20 millj. eru settar á blað, að það skuli niðurskurðurinn verða, en hins vegar sé allt annað eftir, allt sé í lausu lofti hvernig að þessu verði staðið. Menn tala um að það sé 1% af heildarútgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins. En það eru ekki eftir nema níu mánuðir svo að þetta er orðið 1 1/4% núna, því að þrír mánuðir eru flognir frá okkur. Og vafalaust verður nokkur tími liðinn þangað til þeirri athugun, sem ráðh. gat um, er lokið. En ef við lítum á hvað mörg prósent af heildarútgjöldum Tryggingastofnunar eru föst — og meira að segja ekki föst, heldur fylgja verðlaginu — þá eru það örfá prósent sem hægt er að tala um í þessu sambandi sem rekstrarkostnað, því að lífeyristryggingarnar eru fastar og eiga að fylgja verðlagsþróuninni, eins og hæstv. ráðh. veit gjörla um, og sjúkratryggingarnar fylgja að verulegu leyti einnig verðlagsþróuninni. Þetta eru yfir 90% af útgjöldum Tryggingastofnunarinnar. Hér verður ekki um að ræða lækkun hvað það snertir, heldur mikla hækkun í takt við verðbreytingar í þeirri miklu verðbólgu sem þjóðin býr við. Það er sjáanlegt að hvað þennan lið snertir er meira um að ræða að festa einhverjar niðurskurðartölur á blað, en það fylgir ekkert meira. Það er sjáanlegt að þessi niðurskurðaráform eru öll í lausu lofti hjá ríkisstj. eins og allt annað.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Umr. um þetta mál er nú lokið og atkvgr. á að fara fram. Ég vek athygli á því, að í umr. hér í dag hefur verið gerð krafa um að þetta mál fengi frekari meðferð í hv. fjh.- og viðskn. Þessi krafa hefur verið hundsuð af stjórnarliðinu. Á þessu vek ég sérstaka athygli. Hins vegar má segja að það sé í fullu samræmi við vinnubrögð hæstv. ríkisstj. Það þykir engin þörf á því, að mikilvæg mál fái eðlilega meðferð hér í þinginu. Þegar ráðherrar hafa tekið ákvörðun eiga óbreyttir þm. að þegja. Hversu lengi ætla svokallaðir stuðningsmenn þessarar ríkisstj. að láta bjóða sér svona vinnubrögð? Hversu lengi ætla þeir að láta traðka svona á sér? Mér er í sjálfu sér alveg nákvæmlega sama hvernig óbreyttir liðsmenn stjórnarinnar láta fara með sig. En mér er ekki sama hvernig Alþingi er misboðið með hrokafullri framkomu hæstv. ráðh. Sú var tíðin að þessir herrar þóttust láta sér annt um virðingu þingsins og mynduðu meira að segja ríkisstj. til þess að bjarga sóma þess, eins og allir vita, og til þess að það mætti verða fóru þeir auðvitað eftir samvisku sinni, en auðvitað ekki eftir venjulegum leikreglum. Hvar er nú virðing þessara sömu manna fyrir Alþingi og hvar er samviska þeirra? Ég sé ekki betur en þeir séu það sem kallað er samviskulausir, og þeir vanvirða Alþingi hvað eftir annað með framkomu sinni. Ég vildi með þessum orðum vekja athygli á því, hvernig réttmætar kröfur um meðferð mikilvægs máls eru gersamlega hundsaðar af stjórnarliðinu.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Út af þessum óvanalega fyrirlestri um þingsköp vil ég taka það fram og minna á það, að lækkun ríkisútgjalda um 120 millj. var samþykkt við 2. umr. og er því frágengið mál af hálfu þessarar deildar nema fram komi ný till. um það efni. Ég lýsti því yfir, að ég mundi gera fjvn. grein fyrir efni þessarar lækkunar ríkisútgjalda. Það hef ég nú þegar gert og sent bæði fjh.- og viðskn. deildanna og fjvn. ítarlega lista um áform ríkisstj. í þeim efnum. Það stendur því ekkert upp á ríkisstj. hvað þetta atriði snertir. Það liggur ekki fyrir nein tillaga frá stjórnarandstæðingum í þessu máli og liggur þar af leiðandi ekki fyrir neitt tilefni til sérstakra fundarhalda umfram það sem þegar er orðið. Þess vegna sé ég ekki að okkur sé neitt að vanbúnaði að ganga til atkvæða um þetta mál.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Vegna ummæla hæstv. fjmrh. vil ég benda á að það var ákveðin krafa gerð hér í dag af nm. úr Sjálfstfl. og Alþfl. um að málið kæmi til athugunar í nefnd að fengnum upplýsingum og framlögðum niðurskurðartillögum ríkisstj. Það hafði enginn fyrir því einu sinni að svara því, hvorki játandi og því síður neitandi. Því er hér um óvenjuleg vinnubrögð að ræða.

Hinu vil ég vekja athygli á, vegna þess sem hæstv. fjmrh. sagði, að þó að samþykkt hafi verið við 2. umr. heimild til niðurskurðar á fjárlögum eru það ekki orðin lög, það verða ekki lög fyrrr en frv. hefur fengið fullkomna afgreiðslu í báðum þingdeildum. Meira að segja þótt frv. til lánsfjárlaga verði samþykkt við 3. umr. er það ekki orðið að lögum og ekki niðurskurðurinn heldur, ekki fyrr en Ed. er búin að fjalla um málið, vegna þess að frv. tók breytingum í þessari hv. þingdeild.

Á þessu taldi ég rétt að vekja athygli og gera athugasemd við þessi ummæli hæstv. ráðh. Þingmenn hafa ekki enn fengið að sjá þennan niðurskurð nema nm. í fjvn., sem fengu hann um hádegið í dag. Ég fékk þetta afhent nákvæmlega kortér fyrir tvö í dag frá formanni fjh.- og viðskn. Nd. og getur hver séð sjálfan sig í því, hvað hann getur kynnt sér slíkt mál vel á jafnskömmum tíma.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég vil taka það fram, að það mál, sem hér er um fjallað, fékk mjög ítarlega umr. í nefnd. Það var reynt að verða við öllum þeim óskum sem þar komu fram um upplýsingar. Í gær var þess farið á leit við mig að ég beitti mér fyrir því, að fundur yrði haldinn í morgun um þetta mál. Ég gat það ekki vegna annarra funda hér í þinginu, og ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að vera mjög óvenjulegar aðstæður, þegar nefnd hefur afgreitt frá sér mál og það hlotið fullnaðarafgreiðslu frá henni til að það sé tekið til meðferðar í nefndinni aftur. Ég tel eðlilegt, ef einhverjar spurningar vakna hjá einstökum þm. vegna orða ráðh. hér í umr. eða annars sem kemur fram í umr., að þeim spurningum sé svarað í umr. sjálfri en að málinu sé ekki vísað aftur til nefndar af þeim sökum. Mér finnst það ekkert óvenjulegt, og ég man sjaldan eftir að málum hafi verið vísað til nefndar aftur nema þá að fram hafi komið sérstakar. brtt.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa frv. var að því fundið, að tillaga var gerð um að veita heimild til niðurskurðar ríkisútgjalda án þess að skýring eða upplýsingar fengjust um hvernig þessi heimild mundi verða notuð. Þá kvaðst hæstv. fjmrh. hafa gert stjórnaraðilum grein fyrir þessu og mundi gera þinginu nánar grein fyrir þessu við 3. umr., ef ég man rétt. Ég tók þá fram að ég teldi þetta ekki fullnægjandi og með þessum hætti og vinnubrögðum væri Alþingi óvirðing sýnd.

Hæstv. fjmrh. hóf síðan í fyrradag 3. umr. með ræðu þar sem hann vék að ýmsum málefnum varðandi frv.,

sem til umr. var, og ríkisfjármál almennt, án þess að gefa þá um það skýrslu eða upplýsingar, eins og í raun hafði verið heitið, nema mjög yfirborðslega, hvernig heimild til lækkunar ríkisútgjalda yrði notuð. Til marks um, hve yfirborðskennd frásögn hæstv. fjmrh. þá var, er sú staðreynd, að hann hefur afhent fjvn.-mönnum sérstaklega skriflegar upplýsingar í dag væntanlega, a. m. k. hafa nm. okkar í fjh.- og viðskn. ekki fengið þessar upplýsingar fyrr en í dag — rétt áður en seinni hluti 3. umr. hefst.

Ég held að allir þm. geri sér grein fyrir að þetta eru vinnubrögð sem eru fyrir neðan virðingu Alþingis og því fullkomlega réttmæt sú athugasemd og þær ávítur sem formaður þingflokks Sjálfstfl. bar hér fram. Ég vil til áhersluauka nefna sem dæmi þau orðaskipti sem hér fóru fram fyrr í dag, þar sem hv. 1. þm. Vestf., að því er mig minnir, spurði hæstv. félmrh. hvernig unnt væri að gera ráð fyrir niðurskurði er næmi 20 millj. kr. á útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins. Hæstv. félmrh. hefur verið spurður um þetta sama — ég veit ekki hve oft — meðan á þeim umr. hefur staðið sem hafa farið fram um þetta frv. Hann hefur setið sem fastast í sæti sínu þar til hann fann sig tilneyddan að svara þessari fsp. í dag. En þá var fsp. svarað á þann hátt að öllum þingmönnum var ljóst að hæstv. félm.- og trmrh. hafði ekki gert sér neina grein fyrir hvernig unnt væri að ná 20 millj. kr. niðurskurði í útgjöldum Tryggingastofnunar ríkisins. Það er rétt sem hv. 1. þm. Vestf. sagði þá, það er færð inn tala á pappír sem ekkert stendur á bak við. (**Gripið fram í:** Er þetta um fundarsköp?) Svo undrast þessir hæstv. ráðherrar að við látum ekki bjóða okkur slík vinnubrögð. Þetta er athugasemd um fundarsköp og slælega frammistöðu ráðherra gagnvart Alþingi til fullnægingar þeirri skyldu sem ráðh. ber að gegna gagnvart öðrum alþm.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Örstutta athugasemdin, sem ég ætla að gera, er sú, að á þeim fundi fjvn., þar sem þetta plagg var lagt fram, var aðeins eitt mál til umr. Til fundarins var boðað eingöngu um þetta eina mál og það var um vegamál. Þetta tek ég fram til þess að fólk viti og átti sig á því, hvernig með það mál er farið sem hér hefur verið bent á. Auðvitað er það hæstv. ríkisstj. til stórskammar hvernig haldið hefur verið á þessu máli.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Eins og fram hefur komið fengu fulltrúar Sjálfstfl. í fjh.- og viðskn. þá grg., sem fjmrh. gat um áðan, um lækkun ríkisútgjalda, þegar umr. hófst í dag rétt um tvöleytið. Þar sem hér er um að ræða þann niðurskurð sem gert er ráð fyrir í frv. eins og það lítur út nú hefði verið eðlilegast að fundur hefði verið haldinn í nefndinni, gefið út framhaldsnefndarálit og þetta fylgt sem fskj. sem forsenda þeirrar heimildar sem ráðh. er að afla sér.

ATKVGR.

Brtt. 503,21 tekin aftur.

— 544 samþ. með 26 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tala hér fyrir litlu frv., sem hefur hlotið meðferð í hv. Ed., um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 frá 1971.

Frv. gerir ráð fyrir að Innheimtustofnunin geti tekið að sér gegn greiðslu hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðsskuldum manna sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Þá geti stofnunin enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

Þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru fluttar m. a. að ósk dómsmrn. sem óskaði eftir að tekin verði upp í lögin heimild til handa Innheimtustofnuninni til að annast innheimtu á meðlögum greiddum erlendis fyrir íslenska ríkisborgara. Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga hefur einróma samþykkt fyrir sitt leyti að framangreind breyting verði gerð á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til félmn. með 32 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466) — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þetta frv., eins og menn sjá, var borið fram í hv. Ed. og hefur þar fengið afgreiðslu og er nú til 1. umr. hér í hv. Nd.

Það frv., sem hér liggur fyrir, á sér að sjálfsögðu mjög langan aðdraganda. Það hefur í raun og veru tekið mörg ár að fjalla um þetta mál og iðulega hafa legið fyrir þinginu frv. um Sinfóníuhljómsveit, en þau hafa ekki náð fram að ganga og oft staðið þannig á að þau hafa verið mjög lítið rædd. Nú hefur þetta frv. verið lagt fram að nýju og gengið í gegnum hv. Ed. Þó að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á frv. frá því að það var lagt fram í upphafi hv. Ed. eru þær breytingar ekki á þann veg, að þær breyti neinu um heildarstefnu þessa frv., og þær breytingar, sem orðið hafa, má fremur telja til bóta en hitt.

Ég vil taka það fram strax í upphafi, að ég legg ákaflega mikið upp úr því, að þetta mál verði nú afgreitt, að hv. Alþingi sjái sér fært að afgreiða nú og gera að lögum frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Eins og sjálfsagt flestir eða allir vita er Sinfóníuhljómsveitin orðin býsna gróið og gamalt fyrirtæki. Stofndagur hennar er talinn vera í marsmánuði 1950. Hér er því alls ekki um að ræða mál sem menn kannast ekki við eða viðfangsefni sem við höfum ekki glímt við alllengi, síður en svo. Í raun og veru er Sinfóníuhljómsveitin að verða með eldri menningarstofnunum og á þegar að baki 32 ára sögu.

Hinu er ekki að leyna, að það hefur stundum verið nokkuð erfitt að reka hljómsveitina, grundvöllur hennar hefur verið á margan hátt mjög erfiður. Upphaflega stóðu að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar fyrst og fremst Ríkisútvarpið og Reykjavíkurborg, og Þjóðleikhúsið lagði þar nokkuð í púkkið. Ríkið kom reyndar ekki inn í þetta mál eða fór ekki að leggja neitt að ráði fram beint úr ríkissjóði fyrr en allmörgum árum síðar. En síðar

fór þetta meira að festast. Jafnvel þó að ekki væru nein ákveðin lög um þetta, heldur aðeins samkomulag á milli þeirra aðila sem tóku að sér reksturinn, fór smám saman að festast í sessi hvernig reka skyldi hljómsveitina og hverjir skyldu bera kostnaðinn við hana. Þá kom að sjálfsögðu fljótlega að því, að ríkissjóður tók að sér mjög stóran hluta þessa rekstrar, sem sýnist fullkomlega eðlilegt. En Sinfóníuhljómsveitin á sér sem sagt orðið langa sögu og full ástæða til að koma henni í fast horf og búa henni lagagrundvöll.

Eins og fram kemur í 1. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að Sinfóníuhljómsveitin verði sjálfstæð stofnun, eins og þar stendur, með sérstakan fjárhag. Má segja að vissu leyti að það sé nýtt að ákveða það, vegna þess að hljómsveitin hefur verið í mjög nánum tengslum við Ríkisútvarpið. Ríkisútvarpið hefur séð um reksturinn að verulegu leyti og haft með að gera skrifstofuhald fyrir hljómsveitina, en í sjálfu sér er það ekki heppilegt skipulag.

Í 2. gr. er gerð grein fyrir því, hvert skuli vera markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar. Kemur þar fram að það sé að auðga tónmenningu Íslendinga, efla þekkingu og áhuga á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp. Þetta er í raun og veru sá tilgangur sem alltaf hefur verið í meginatriðum í sambandi við Sinfóníuhljómsveitina og að því leyti til ekkert nýtt í því efni. Ég vil þó leggja mikla áherslu á að Sinfóníuhljómsveitin hefur mikinn og ákveðinn menningartilgang, sem ég held að flestir muni verða á einu máli um að sé nauðsynlegt að halda uppi í okkar þjóðlífi, eins og gerist með öðrum þjóðum sem eru á svipuðu menningarstigi og Íslendingar, þjóðum sem við viljum miða okkur við.

Í 3. gr., sem er mjög mikilvæg grein, er frá því greint hverjir skuli standa að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Þar eru taldir upp fjórir aðilar og þau hlutföll sem ætlað er að hver leggi fram. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram sem rekstraraðili 56%, Ríkisútvarpið 25%, borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Síðan er gert ráð fyrir að fleiri sveitarfélög gætu komið inn sem rekstraraðilar ef þau kysu og þá með heimild ráðuneytisins.

Ég veit ekki hvort ástæða er til að fara mjög mörgum orðum um þessa 3. gr., en eins og menn sjá eru aðalrekstraraðilarnir þeir aðilar sem langlengst hafa staðið að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, þ. e. Ríkisútvarpið, ríkissjóður og borgarsjóður Reykjavíkur. Síðan kemur bæjarsjóður Seltjarnarness þarna inn með dálítið framlag. Það á sér að vísu nokkra sögu, að bæjarsjóður Seltjarnarness er meðal þeirra sem reka munu Sinfóníuhljómsveitina. Það var á vissu árabili mjög mikið að því unnið að fá önnur bæjarfélög og sveitarfélög í grennd við höfuðborgina til að taka nokkurn þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar, en þegar á reyndi tókst það ekki. T. d. vildu Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður eða Mosfellssveit ekki vera þarna með. Hins vegar var samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarness að leggja fram nokkuð úr bæjarsjóði til að reka Sinfóníuhljómsveitina. Seltjarnarnes hafði þannig að þessu leyti sérstöðu meðal sveitarfélaganna í grennd við höfuðborgina. Þessa þykir mér rétt að minnast og geta sérstaklega. En höfuðatriðið er sem sagt þetta: að ríkissjóður mundi þarna taka á sig 56% af rekstri sveitarinnar, Ríkisútvarp 25%, borgarsjóður 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Þetta eru þau hlutföll sem ætlað er að gildi um rekstur hljómsveitarinnar.

Ég tel að það sé mjög brýnt og mikilvægt að þetta samkomulag, sem ég vil meina að sé, verði lögfest. Í raun og veru byggist þessi 3. gr. á samkomulagi sem orðið hefur á milli þeirra aðila sem þarna eru taldir upp, og er mjög brýnt að þetta samkomulag geti náð lögfestingu.

Ég held að ef menn skoða þetta mál ítarlega muni menn komast að raun um að þetta er ekki óeðlileg skipting á rekstrarframlögum. Það er að sjálfsögðu fullkomlega eðlilegt að ríkissjóður leggi verulega til í þessu efni, og ég held að það sé einnig auðvelt að sannfæra menn um að Ríkisútvarpið hefur ekki tapað á að leggja fram fé til Sinfóníuhljómsveitarinnar, heldur skilar það sér aftur í dagskrá og dagskrárefni sem Ríkisúvarpið hefur yfir að ráða í gegnum aðild sína að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hefur reyndar verið sýnt fram á að það sé síður en svo að Ríkisútvarpið leggi þar neitt til aukalega, heldur fái það framlag sitt endurgreitt með vissum hætti. Borgarsjóður Reykjavíkur hefur fallist á að greiða 18% til hljómsveitarinnar. E. t. v. geta þó verið uppi mismunandi sjónarmið um hvort borgarsjóður Reykjavíkur eigi yfirleitt að taka þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. En ég er á þeirri skoðun, að það sé mjög eðlilegt, ekki síst þegar litið er á þetta mál í sögulegu ljósi, því að það verður að segjast sem er, að forráðamenn Reykjavíkurborgar á sinni tíð áttu verulegan þátt í því, að Sinfóníuhljómsveitin varð til. Borgarsjóður Reykjavíkur er þannig sögulega mjög bundinn þessu fyrirtæki, að ekki sé meira sagt, auk þess sem augljóst er að það eru umfram allt borgarar hér í Reykjavík sem hafa aðstöðu til að njóta tónleika Sinfóníuhljómsveitarinnar.

4. gr., 5. og trúlega 6. og 7. gr eru mjög mikilvægar greinar allar saman, og e. t. v. eru þær þess eðlis, að eitthvað geti skoðanir manna verið skiptar um efni þeirra. Þessar greinar, 4.—7. gr., fjalla um stjórn hljómsveitarinnar, hvernig unnið skuli að því að stjórna Sinfóníuhljómsveitinni, að sjálfsögðu bæði sem fyrirtæki og einnig sem listrænni stofnun.

Í 4. gr. segir að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar skuli skipuð fimm mönnum og síðan hverjir tilnefna skuli: einum tilnefndum af Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af starfsmannafélagi hljómsveitarinnar, einum tilnefndum af fjmrn. og einum af Ríkisútvarpinu. Menntmrn. skipar síðan formann án tilnefningar. Þetta er fjármálastjórn hljómsveitarinnar.

Í næstu grein á eftir, 5. gr., er fjallað um hvað þessi stjórn á að gera sérstaklega. Það er m. a. að ráða framkvæmdastjóra sem ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart stjórninni. Hann skal ráðinn til fjögurra ára í senn, en heimilt að endurráða hann. Samkv. 5. gr. á stjórnin að ákveða verksvið framkvæmdastjórans.

Ef við lítum svo á 6. gr. er vert að hyggja þar að efni málsins. Þar er gert ráð fyrir að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ráði fastan hljómsveitarstjóra og aðalhljómsveitarstjóra og skipi verkum með þeim. Þar er einnig gert ráð fyrir því, hversu stór hljómsveitin skuli vera. Ég vil draga athygli manna að 6. gr. að því leyti til, að í henni, eins og hún er nú orðuð, felst nokkur breyting frá því sem áður var. Nú er tekið fram beinum orðum og ákveðið að í hljómsveitinni skuli vera minnst 65 stöðu-

gildi. Þetta er talsvert ákveðnara orðalag en hefur stundum áður verið í frv. sem borin hafa verið upp um þetta efni. Ég vil þess vegna draga athygli manna að því, að þarna er kveðið alveg fast að orði um þetta. Ég vil jafnframt mæla mjög með því við hv. deild, að þessu ákvæði verði ekki breytt, vegna þess að það er viðurkennt að 65 manns í hljómsveit sé lægsta tala sem hugsanleg sé ef hægt á að vera yfirleitt að tala um sinfóníuhljómsveit. 65 manna hljómsveit er sem sagt minnsta stærð sinfóníuhljómsveitar sem um er rætt. Slík hljómsveit á þá að vera fær um að taka að sér að flytja flest sinfónísk verk og meiri háttar verk þó að ekki sé hún stærri, en flestar sinfóníuhljómsveitir eru að sjálfsögðu miklu fjölmennari en þetta. Ég vil draga athygli manna að þessu atriði og eins hinu, að þarna er gert ráð fyrir að ráðinn sé fastur hljómsveitarstjóri og aðalhljómsveitarstjóri og að skipt sé verkum milli þeirra. Þetta er reyndar mjög í samræmi við það skipulag sem verið hefur, að það er einn ákveðinn maður sem leiðir hljómsveitina og er við alla tíð, má segja, en síðan gjarnan er fenginn hljómsveitarstjóri að, einhver sérstakur og vel fær hljómsveitarstjóri erlendur, til að taka að sér að verulegu leyti stjórn á hljómsveitinni.

Ef við lítum svo til 7. gr. er það sama að segja. 7. gr. er að vissu leyti tengd stjórn hljómsveitarinnar því að þar er að finna ákvæðin um svokallaða verkefnavalsnefnd, en verkefnavalsnefnd á að vera stjórn hljómsveitarinnar og hljómsveitarstjórum til aðstoðar við verkefnaval, eins og nafnið bendir til. Þetta er í raun og veru hin listræna stjórn, ef svo má segja, á hljómsveitinni.

Ég vil geta þess, að upp úr því er mikið lagt af þeim, sem einkum hafa fjallað um þetta mál, að þessi skipan geti haldist, að stjórn hljómsveitarinnar verði með þeim hætti sem hér er greint frá. Hinu vil ég þó ekki leyna, að það eru til menn sem gætu hugsað sér aðra skipun, sem sagt að láta líta svo út sem stjórn hljómsveitarinnar væri minni í sniðum og færri sem kæmu þar til verka, þannig að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar og framkvæmdastjóri réðu þar enn meira en e. t. v. má segja að sé gert ráð fyrir í þessu frv. Ég legg því ákaflega mikið upp úr því við hv. þingdeild og menntmn., sem trúlega fær þetta mál til meðferðar, að þessu skipulagi verði haldið.

Síðan er haldið áfram í frv. að rekja ýmsar heimildir varðandi stjórn og skipulag á hljómsveitinni og þar stendur, eins og sjálfsagt er, að stjórnin leggi fram fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir fjárveitingaraðila, fyrir Alþingi, á hverju ári með nægilegum fyrirvara o. s. frv.

Í 9. gr. er svo gert ráð fyrir að semja megi við ríkisbókhaldið um að það taki að sér bókhald Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hingað til hefur Ríkisútvarpið að langmestu leyti annast þessi störf. Hefur það að sjálfsögðu verið mikill baggi á Ríkisútvarpinu að þurfa að taka að sér slík umfangsmikil störf og margs konar ábyrgð sem því fylgir. Við lögfestingu þessa frv. ef af verður, og með því að veita Sinfóníuhljómsveitinni lagagrundvöll sýnist eðlilegt, eins og gert er ráð fyrir í frv. beinum orðum, að hún verði sjálfstæð stofnun og þá verði önnur skipan á um rekstrarfyrirkomulag eða skrifstofufyrirkomulag en hingað til hefur verið.

Ég vil svo að lokum benda hv. þdm. á 10. gr., þar sem lögð er sú skylda á Sinfóníuhljómsveitina að fara árlegar tónleikaferðir um landið. Þá er gert ráð fyrir að til að kosta þessar ferðir eða þá starfsemi verði notaður sá hluti skemmtanaskatts sem rennur til hljómsveitarinnar, 10%.

Þetta frv. er ekki viðamikið eða margar greinar, en eigi að síður efnismikið og hefur afar mikið gildi fyrir framtíðarskipulag og framtíðarþróun Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ég ætla ekki að halda því fram eða spá því, að Sinfóníuhljómsveitin yrði ekki til og hún dytti algjörlega út ef þetta frv. yrði ekki að lögum. Það er alls ekki skoðun mín að svo yrði eða að ég leggi málið fram með slíkum rökum. En hitt held ég þó að sé alveg augljóst mál, að það sé kominn meira en tími til að lögfesta reglur um starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem starfað hefur á mjög veikum grunni, ýmsum samningslegum grunni, nú í 32 ár. Ég vil líka geta þess, að Sinfóníuhljómsveitin er frá listrænu sjónarmiði og starfslega mjög myndarlegt fyrirtæki og hefur að mörgu leyti sýnt að hún á sér mikla framtíð. En vissulega yrði það styrkur við þetta starf ef hægt væri að lögfesta og festa enn frekar en orðið er þær reglur sem hljómsveitin starfar eftir.

Þetta mál, eins og ég gat um, var mjög ítarlega rætt í Ed. og af áhuga, að því er mér virtist. Ég hygg að þar hafi málið verið mjög ítarlega rætt og haft samband við fjöldamarga aðila, bæði þá, sem upp eru taldir sem rekstraraðilar, og einnig náttúrlega stjórnendur hljómsveitarinnar og starfsfólk. Mjög ítarleg samráð voru höfð við fulltrúa starfsfólks og ýmsa aðra aðila.

Einnig var gerð á því athugun fyrir tilstilli Ed. hvaða kostnaðarauki mundi fylgja því, ef þetta frv. yrði lögfest. Það kemur reyndar í ljós, að reikna má, samkv. því sem fjárlaga- og hagsýslustofnun gerir ráð fyrir, nokkurn aukinn kostnað hjá ríkissjóði í þessu sambandi, eða um 1.2 millj. kr. á ári. Ég veit ekki hvort ástæða er til að halda því fram, að þarna sé um mikinn kostnaðarauka að ræða. Ég held ekki. Ég held að það sé ekki ástæða til að halda því fram. Hins vegar er gott að fyrir liggur álit frá fjmrn. um hver þessi kostnaðarauki muni verða. Þess vegna vil ég geta hans hér.

Herra forseti. Ég vænti þess, að þetta frv. fái góða og greiða afgreiðslu hér í hv. deild. Að sjálfsögðu er það höfuðósk mín að þetta frv. geti orðið að lögum áður en þingi lýkur, en hins vegar sjálfsagt mál að hv. menntmn., sem ég vænti að fái málið til meðferðar, fái tíma til að fjalla um málið.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en legg til að málinu verði vísað til hv. menntmn. að lokinni þessari umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að segja að ég er í grundvallaratriðum hlynntur þessu frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands þó að ég telji ástæðu til að gera nokkrar athugasemdir við frv.

Ég vil minna á vegna orða hæstv. menntmrh. að þessi hljómsveit heitir Sinfóníuhljómsveit Íslands. Mér hefur oft þótt skorta talsvert á að hún stæði undir því nafni. Ég skal greina frá ástæðum þess.

Hljómsveitin hefur undanfarin misseri og ár verið bundin við Reykjavíkursvæðið. Hún hefur haldið að vetri til tónleika á hálfs mánaðar fresti sem sótt hafa að jafnaði um 1000 manns. Þannig má með nokkrum sanni segja að hljómsveitin gæti þess vegna borið nafnið Sinfóníuhljómsveit Reykjavíkur. Hljómsveitin hefur að vísu heyrst í Ríkisútvarpinu í útsendingum frá Háskólabíói, þar sem hún heldur sína tónleika. En það er nú einu

sinni svo á tækniöld og framfaraöld, að þeir eru orðnir fáir sem setjast við útvarpið sitt til að hlusta á sinfóníutónleika. Það gera menn jafnan við hljómflutningstæki heima hjá sér, sem eru betur til þess fallin að koma á framfæri tónlist.

Í 2. gr. þess frv., sem hér liggur fyrir, segir orðrétt, með leyfi forseta: „Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga, efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar, m. a. með tónleikahaldi sem víðast um landið og með tónlistarflutningi í útvarp." Mér hefði þótt hæfa að þessu frv. fylgdi yfirlit um tónleikaferðir Sinfóníuhljómsveitarinnar frá upphafi sveitarinnar, því að ég þykist vita að mjög hafi dregið úr tónleikahaldi sveitarinnar úti um land. Ég minnist þess frá árum ágæts framkvæmdastjóra sveitarinnar, Gunnars Guðmundssonar heitins, að þá fót sveitin mjög oft í tónleikaferðir út á landsbyggðina, en úr því hefur stórlega dregið og það harma ég mjög. Ég hefði talið að í frv. hefðu þurft að vera meiri kvaðir en þar koma fram um hvert væri hlutverk sveitarinnar. Að vísu segir í 10. gr., með leyfi forseta: „Sinfóníuhljómsveit Íslands skal árlega fara í tónleikaferðir um landið." Þetta gefur að vísu fastlega til kynna að sveitin eigi að ferðast um landið og hafa tónleika á einhverjum stöðum, — ekki er tekið fram hverjum, — en það er auðvitað húsakostur þorpa og bæja um landið sem takmarka það.

Þetta var fyrsta atriðið sem ég vildi koma á framfæri, að ég hef talið að sveitin væri um of bundin við stór-Reykjavíkursvæðið og stæði því varla undir nafni af þeim sökum. Mér er hins vegar alveg ljóst að það eru m. a. peningalegar ástæður sem liggja því til grundvallar, að sveitin hefur ekki farið oftar, en aðrar ástæður hljóta þó að vera fyrir hendi.

Þá vil ég aðeins koma að 3. gr. frv. þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands standa eftirtaldir aðilar og greiða þeir rekstrarkostnað hennar í eftirgreindum hlutföllum: a) Ríkissjóður 56%. b) Ríkisútvarpið 25%. c) Borgarsjóður Reykjavíkur 18%. d) Bæjarsjóður Seltjarnarness 1%."

Ég vil segja það hreint út, að ég hef ævinlega og ávallt verið algjörlega mótfallinn því, að Ríkisútvarpið tæki þennan þátt í rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Mér er fullljóst og ég veit af eigin reynslu hvaða baggi og byrði þessi greiðsla Ríkisútvarpsins til sveitarinnar hefur verið á undanförnum árum. Ég hefði talið að á öld frjáls útvarpsrekstrar og sjónvarpsrekstrar og móttöku á sjónvarpsefni hvaðanæva að úr heiminum veitti Ríkisútvarpinu ekkert af aurunum sínum til að standa upp í hárinu á þeim öflum sem vilja þenja út útvarp og sjónvarp í nafni frelsis og peningavalds. Ég er þess vegna mótfallinn því, að Ríkisútvarpið greiði þessi 25% til sveitarinnar. Það er sjálfsagt og eðlilegt að Ríkisútvarpið geri samninga við sveitina um flutning á tónlist sem sveitin flytur, en mér finnst ekki ná nokkurri átt að binda það slíkum fastmælum að Ríkisútvarpið, sem er fjárvana stofnun, haldi að 1/4 uppi Sinfóníuhljómsveit Íslands. Mér finnst að sá stórhugur hefði átt að fylgja, þegar menn eru að tala um Sinfóníuhljómsveit Íslands, að íslenska ríkið héldi uppi þessari hljómsveit og sæi henni fyrir fjármunum. Það væri öllu meiri reisn yfir því en þessari skiptingu sem hér er rætt um. Í sjálfu sér er ekkert óeðlilegt við að borgarsjóður Reykjavíkur greiði 18%, enda eru það Reykvíkingar að mjög stórum hluta sem njóta þessarar hljómsveitar. Að vísu skilst mér að allmargir Bandaríkjamenn, sem starfa á Keflavíkurflugvelli, sæki þessa tónleika og séu þar fastir gestir, en það er önnur saga.

Ég vil líka amast nokkuð við því, að í þessu frv. er ekki gerð nein tilraun til að binda Sinfóníuhljómsveit Íslands við að gegna uppeldishlutverki gagnvart börnum og unglingum. Þorkell Sigurbjörnsson gerði mjög merka tilraun fyrir nokkrum árum með að halda tónleika fyrir börn, útskýra tónverk, útskýra tónlistina sem sveitin flutti, og á því var mikill menningarbragur. Ég er sannfærður um að árangurinn af því starfi var mjög umtalsverður. Síðan þetta gerðist hefur ekkert verið gert til að nota sveitina til að kynna börnum og unglingum heim sinfóníunnar, heim hinnar æðri tónlistar, heldur hefur kannske meira borið á því, að sveitin hafi farið út í að flytja tónlist af léttara tagi til að laða að gesti. Er ekkert við því að segja ef henni tekst að fylla húsið þrisvar sinnum í staðinn fyrir einu sinni á venjulegum tónleikum. Ég hefði sem sagt talið — og beini þá orðum mínum til hæstv. menntmrh. — að í þessu frv. hefði þurft að fylgja einhver kvöð um uppeldishlutverk Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en það er engin tilraun gerð í frv. til að negla hljómsveitina fast við þá kvöð að sýna yngstu kynslóðinni í landinu þann sóma að kynna henni leyndardóma þeirrar tónlistar sem hljómsveitin flytur. Þetta þykir mér öllu lakast af því sem ég amast nú við í þessu annars ágæta frv.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um stækkun sveitarinnar sem er auðvitað kjarni þessa máls, að fjölga á stöðugildum í sveitinni upp í 65. Ég held að hver maður hljóti að gera sér grein fyrir því, að rekstur hljómsveitar af þessu tagi kostar óhemjumikla peninga. Það er hæstv. menntmrh. ábyggilega fullljóst. Það hefði kannski þurft að fjölga í sveitinni fyrir löngu, því að segja má að hún hafi aldrei verið eiginlega sinfóníuhljómsveit, fyrr en þá að hún verður það eftir að þetta frv. verður samþykkt. En það er annað atriði í sambandi við fjölgunina í sveitinni sem mér er einnig nokkur ami að. Mér hefur fundist á undanförnum árum, að þegar ráðnir hafa verið tónlistarmenn til sveitarinnar höfum við allt of oft þurft að leita út fyrir landsteinana. Í gamni er talað um útlendingahersveitina í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Menn tala fjálglega um að þessi sveit hafi gífurlegu uppeldishlutverki að gegna að ala upp tónlistarfólk, og það er alveg hárrétt. En það bregður svo skrýtilega við, að þegar sveitin þarf á fólki að halda verða stjórnendur hennar að leita út fyrir landsteina til að fá tónlistarmenn sem leika á þau hljóðfæri sem nauðsynleg eru í sveitina.

Þetta voru þau höfuðatriði sem ég vildi benda á. Ég tel sem sagt að það hafi skort mikið á að sveitin stæði undir nafni undanfarin ár, hún hafi ekki rækt hlutverk sitt við landsbyggðina. Ég held að allir landsbyggðarþingmenn viti að þetta er rétt. Hlustendahópur hennar hefur verið ákaflega takmarkaður og hann hefur takmarkast af því, að menn hafa ekki getað sótt þessa tónleika sem eru haldnir í Reykjavík. Því miður eru tónleikarnir kannske allt of lítið sóttir. Í 100 þús. manna borg er það ekki mikið að 1000 manns sæki slíka tónleika. Í öðru lagi hef ég mikið á móti því, að Ríkisútvarpinu sé gert að skyldu að greiða það fé til sveitarinnar sem það gerir. Og í þriðja lagi tel ég að í frv. hefði átt að vera ákvæði um það hlutverk sveitarinnar að halda tónleika fyrir börn og unglinga þannig að hún sinnti því uppeldishlutverki sem

allir básúna og allir tala sem hæst um að hún gegni í íslensku tónlistarlífi almennt. Ég held að þetta sé tiltölulega rökrétt ályktun. Og úr því að er verið að taka það sérstaklega fram í 10. gr. frv., að sveitin fari í árlegar tónleikaferðir, hefði ég ekki séð því neitt til fyrirstöðu að sú kvöð væri sett á sveitina með lögum að hún héldi sérstaka tónleika fyrir börn og unglinga, skólatónleika eða hvaða nafni sem menn vildu nefna það.

Ég ætla ekki að fara út í önnur atriði, en ég hefði gjarnan kosið að það hefðu verið settar býsna miklar kvaðir á þessa sveit og þá menn sem í henni starfa. Ég gæti sagt ýmislegt um þau efni hér, en ætla ekki að lengja þessa umr. með því. En svo að tekin sé t. d. vinnuskylda þessara manna, þá held ég að það hafi pottur verið brotinn — og launamálin og fleira sem þarna kemur inn í, — því að starfsmenn sveitarinnar eru yfirleitt tiltölulega vel launaðir miðað við opinbera starfsmenn og af þeim sökum m. a. er hægt að gera meiri kröfur til þeirra en gerðar hafa verið. Það verður í þessu máli að treysta hæstv. menntmrh. fyrir því, að með þessu verði fylgst.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég stend aðallega upp til að lýsa yfir eindregnum stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir. Um þetta frv. er mikið búið að fjalla og raunar þegar búið að fjalla um það sameiginlega í hv. menntmn. beggja deilda.

Um þetta frv. efnislega mætti auðvitað ýmislegt segja, og þá vil ég fyrst taka undir það sjónarmið, sem kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni að vitaskuld væri eðlilegast að Sinfóníuhljómsveit Íslands væri rekin fyrir framlag ríkisins. Það held ég að flestir geti verið sammála um. En það er alveg ljóst, eftir að þetta frv. hefur verið flutt eða svipuð frv. á einum fjórum þingum, að um þetta er ekki samkomulag og þess vegna er skiljanlegt að sú nefnd, sem vann að samningu frv., fór ekki þá leið, heldur aðra til að reyna að ná samkomulagi.

Ég vil vekja athygli á því, að Reykjavíkurborg hefur alla tíð reynt að styðja við bakið á Sinfóníuhljómsveit Íslands og borgarfulltrúar voru að mestu sammála um það, a. m. k. voru þeir fáir sem settu sig á móti því, að borgin héldi áfram að leggja fram það rekstrarfé sem hún hefur gert, sem er samkv. þessu frv. 18%. Mun það láta nærri að vera það sem Reykjavíkurborg hefur hingað til greitt. Hvort það sé eðlilegt, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, getum við hins vegar deilt um. Reykvíkingar standa vissulega nærri Sinfóníuhljómsveit Íslands, en ekkert nær en Þjóðleikhúsinu, Þjóðminjasafni eða öðrum þeim menningarstofnunum sem venjulega eru staðsettar í höfuðborg.

Ég vil ekki, þrátt fyrir þá skoðun mína að Sinfóníuhljómsveit Íslands ætti að vera rekin fyrir ríkisframlag, gera það að ásteytingarsteini. Ég mun styðja frv. með þeirri kosnaðarskiptingu sem hér er lögð til. Ég vil hins vegar lýsa nokkurri furðu minni á að nágrannabyggðirnar, bæjarfélögin hér í kring, skuli ekki hafa meiri rausn til að bera en svo, að einungis bæjarsjóður Seltjarnarness treysti sér til að taka þátt í þessum kostnaði. Ég held að það sé alveg ljóst, að auðvitað njóta bæjarbúar hér í kring þessara tónleika ekkert síður en Reykvíkingar, a. m. k. ættu fjarlægðirnar ekki að há því.

Það er einkennilegt þegar talað er um Sinfóníuhljómsveit Íslands, að þá ræða menn gjarnan um hvað þröngur hópur sæki tónleika hljómsveitarinnar, tala um að 1000 manns komi hálfsmánaðarlega á tónleika. Vissulega kann það að vera rétt. En ég held að menn geri sér ekki alveg ljóst hver undirstaða starf hljómsveitarinnar er í öllu tónlistar- og jafnvel leikhúslífi í borginni. Menn flykktust ekki þúsundum saman á óperu í Reykjavík ef enginn Sinfóníuhljómsveit væri. Það væri óhugsandi. Ég held að menn verði að hugsa aðeins til þess, að án Sinfóníuhljómsveitar Íslands yrðu engar ballettsýningar, enginn óperuflutningur. Það eru ótalmargar sýningar algjörlega háðar því, að hér sé starfandi sinfóníuhljómsveit. (Gripið fram í.) Vegna spurningar hv. 4. þm. Suðurl. skal það upplýst að tónlistarfólk úr Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir óperuflutningi þeim sem nú fer fram í Gamla bíói.

Menn tala líka gjarnan um vinnuskyldu hljómsveitarmanna. Óneitanlega er ekki hægt annað en að skilja það svo að hún sé talin lítil. Ég er undrandi á að það skuli þurfa að benda hv. þm. á að tónlist og tónlistarkunnátta og æfingar fyrir tónleika eru ekki vinna sem hægt er að leysa af hendi á venjulegum vinnutíma eins og aðra vinnu. Ég hélt að menn gerðu sér fyllilega ljóst hvers konar þjálfun þarf til að leika á hljóðfæri. Ég hélt að jafnvel flestir foreldrar, sem eiga börn sem eru að læra tónlist, gerðu sér ljóst hvílík vinna liggur á bak við hverja tónleika hjá hverjum tónlistarmanni. Ef menn telja að vinnuskylda sé lítil ættu menn að endurskoða þá fullyrðingu.

Annað, sem gjarnan ber á góma þegar talað er um Sinfóníuhljómsveit Íslands og starfsmenn hennar, er það uppeldishlutverk sem þeir eiga að inna af hendi í þjóðfélaginu. Ég hlýt að spyrja: Eru þessar kröfur gerðar til annarra fastráðinna starfandi listamanna í landinu? Hefur verið gerð sú krafa til leikara Þjóðleikhússins að þeir annist meira og minna leiklistaruppeldi í landinu? Ég held að til þessara starfsmanna séu gerðar allmiklu meiri kröfur en til flestra annarra fastráðinna listamanna.

Þegar við komum að 3. gr. um kostnaðarskiptinguna, þá sagði hv. 6. þm. Norðurl. e. áðan að honum fyndist óeðlilegt að Ríkisútvarpið greiddi 25% af kostnaði við hljómsveitina. Sannleikurinn er sá, að ég held að Ríkisútvarpið tapi hreinlega ekki á því. Ég er næstum því viss um að ef Ríkisútvarpið ætti að kaupa það efni, sem það fær frá hljómsveitinni, á þeim töxtum sem um það gilda mundi Ríkisútvarpið síður en svo hagnast á þeim skiptum. Það má hins vegar kannske segja að það sé nokkuð óvnejulegt að stofnun eins og Ríkisútvarpið sé beinn aðili að rekstri hljómsveitarinnar, en ég er alveg sannfærð um að Ríkisútvarpið tapar ekki á þeirri þátttöku.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið. (**Gripið fram í:** Þetta er bara málþóf.) Ég skal hætta því málþófi, hv. þm. Meginerindni mitt hingað var þó að lýsa því yfir, að ég er tilbúin að styðja þetta frv. eins og það liggur fyrir og skora á menntmn. hv. deildar að gera það. Ég tel að mikið sé búið að fjalla um þetta frv., það sé búið að ná ákveðnu samkomulagi. Mikill ágreiningur, sem upp færi að koma nú, yrði ekki til annars en að tefja enn einu sinni að frv. nái fram að ganga. Ég tel það satt að segja til vansa fyrir Alþingi Íslendinga ef það getur ekki heiðrað Sinfóníuhljómsveit Íslands í þakkarskyni fyrir 30 ára starf með því að setja nú loksins hljómsveitinni lög til að vinna eftir. Ég vil skora á hv. þm. að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að vinna þessu frv. brautargengi. Á því eru engir þeir annmarkar sem ættu að gera mönnum það erfitt.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég lít ekki svo á að hér hafi verið neitt málþóf né heldur að þeir hv. þm., sem tekið hafa til máls um þetta frv., síst af öllu sá hv. þm. sem var að ljúka máli sínu, séu að tala gegn þessu frv. Ég tel m. a. að þær athugasemdir, sem fram komu hjá hv. 6. þm. Norðurl. e., séu á engan hátt óeðlilegar. Við erum að ræða hér mikilsvert mál og mér finnst ekkert óeðlilegt þó að hv. þm. komi að sínum athugasemdum og sjónarmiðum við 1. umr. Þess vegna er fjarri mér að líta svo á, þó að hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi fundið eitt og annað að þessu frv. og starfsemi hljómsveitarinnar fyrr og síðar, eða skilja orð hans svo, að hann hafi verið að tala gegn frv. né því, að lögfestar yrðu reglur um starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hins vegar get ég ekki neitað því, að mér þótti sumt af því, sem hv. þm. hafi fram að færa sem athugasemdir, ekki nægjanlega vel grundvallað. En það er önnur saga.

Ég held t. d. að það sé ekki ástæða til að gera mikið veður út af því, þó að Sinfóníuhljómsveitin heiti þarna Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég held að það sé ekki rétt að hún standi ekki undir nafni sem slík. Hitt er auðvitað allt annað mál, að því fer fjarri að Sinfóníuhljómsveitin hafi haft og hafi e. t. v. á næstunni fulla möguleika á að fara mjög títt í hljómleikaferðir. Ég vil samt benda hv. 6. þm. Norðurl. e. á að í 10. gr. er lögð ákveðin skylda á hljómsveitina um ferðalög og ætlast til að hún verji til þess tilteknu fjármagni sem hún hefur yfir að ráða, skemmtanaskattstekjum hljómsveitarinnar. Ég hlýt sem sagt að geta orðið hv. 6. þm. Norðurl. e. sammála um að það væri mjög æskilegt að hljómsveitin færi oftar um landið en hún gerir. En við verðum að líta þarna raunsætt á. Það er kostnaðarsamt og við verðum auðvitað að horfa á þá hlið málsins líka. Við skulum vona að Sinfóníuhljómsveitin fái aðstöðu til þess síðar og þróunin fari í þá átt að hún geti oftar farið í hljómleikaferðir um landið.

Ég vil líka taka undir það, sem hv. þm. var að nefna, að ég hefði kannske átt að leggja hér fram yfirlit yfir tónleikaferðirnar þannig að hægt væri að ganga úr skugga um hvort sá grunur hv. þm. væri réttur, að dregið hafi verið úr þeim ferðum. Ég skal fúslega viðurkenna að ég hef ekki kannað þetta mál og veit ekki hvort slíkur samanburður er fyrir hendi. Hins vegar held ég að það sé hægt að afla gagna af þessu tagi ef gengið verður í það. Mér finnst alveg sjálfsagt að menntmn., sem trúlega fær málið til meðferðar, afli slíkra gagna og kynni sér hvort reyndin sé að tónleikaferðum hljómsveitarinnar hafi fækkað fremur en hitt. Ég held að það sé hægt að ganga úr skugga um þetta.

Svo er sú gagnrýni að það sé óeðlilegt að Ríkisútvarpið greiði 25% af kostnaði. Mér er ljóst að þetta mál má ræða aftur og fram. Vissulega væri mjög eðlilegt og ekkert eðlilegra kannske en ríkið tæki á sig þennan hluta Ríkisútvarpsins, og ég get vel ímyndað mér að það fari í þá átt þó síðar verði. Hins vegar vil ég benda mönnum á það alveg í fullri vinsemd, að það væri ekki greiði við sinfóníuhljómsveitarmálið núna og lögfesting á starfsreglum hljómsveitarinnar ef ætti nú að kippa Ríkisútvarpinu þarna út. Það er sama og drepa málið. Á þetta vil ég benda. Ég fullyrði að Alþingi og reyndar ríkisstj. séu ekki á þessari stundu við því búin að taka að sér nú að greiða hlut Ríkisútvarpsins í þessu tilfelli. Ég vona því satt að segja að menn líti raunhæft á þetta mál, en ekki eingöngu út frá því sem kann að sýnast eðlilegt og rökrétt ef þannig er litið á.

Ég vil minna á að hlutur Ríkisútvarpsins hefur minnkað frá því sem verið hefur. Ríkisútvarpið stendur nú undir 28% af kostnaði, en þarna er gert ráð fyrir að minnka þennan hlut í 25%. Ég vil líka benda á það, sem ég benti á áður og kom reyndar fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns áðan, að það verður ekki sagt, ef málin eru gerð reikningslega upp, að Ríkisútvarpið tapi á þessum viðskiptum. Hvort það græðir vil ég ekki fullyrða, en ég held að tap það, sem Ríkisútvarpið verður fyrir, sé ekki sýnilegt. Kannske átta menn sig ekki á því, í hverju þetta er fólgið, en þetta er fyrst og fremst fólgið í því, að Ríkisútvarpið útvarpar sem dagskrá hljómleikum beint. Hitt kemur líka til, að Ríkisútvarpið fær á segulbönd til geymslu allan þorrann af hljómleikum hljómsveitarinnar og margs konar verkum, sem spiluð eru inn á plötur og bönd, og getur geymt og gripið til hvenær sem á þarf að halda, þannig að mjög mikið af þeirri tónlist, sem útvarpið notar og skýtur inn í ýmsa þætti, er komið frá Sinfóníuhljómsveitinni (Gripið fram í.) Já, það er áreiðanlega talsvert mikið. Þetta er eins konar plötubanki eða segulbandsbanki sem kemur útvarpinu að miklu haldi.

Það, sem mér þótti einnig ástæða til að gera aths. við vegna þess, sem fram kom í máli hv. 6. þm. Norðurl. e., er að hann tók svo til orða að ekkert væri gert til að tengja hljómsveitina uppeldisverkefnum — eða hvernig það var orðað. Það, sem hann átti við, var það, skilst mér, að ekki væri gert ráð fyrir að hljómsveitin sinnti neitt börnum og unglingum og tæki þannig að sér að kynna unglingum, skólafólki t. d., tónlist og þá æðri tónlist. Eg held að þarna gæti nokkurs misskilnings. Í síðustu málsgr. 2. gr. er ákvæði sem mér þykir nauðsynlegt að kynna fyrir hv. deild. Þar stendur: „Tengja ber starf hljómsveitarinnar tónlistarkennslu í landinu svo sem kostur er.“ Auðvitað hljómar þetta eins og hvert annað stefnuskráratriði og enginn veit hvort þetta verður framkvæmt. En ég vil benda hv. 6. þm. Norðurl. e. á að þessi setning hefur tiltekna merkingu. Hún hefur þá merkingu að Sinfóníuhljómsveitinni beri að sinna svo sem hægt er beinni tónlistarkynningu fyrir unglinga og fyrir skólafólk. Ég verð að geta þess hér af þessu gefna tilefni, að Sinfóníuhljómsveitin leitast við að gera þetta með ýmsum hætti, m. a. með því að fara í skóla, að sjálfsögðu ekki allur skarinn í einu, en alltaf hluti hljómsveitarmanna, og þetta fellur inn í þeirra starf, auk þess sem skólafólki er tíðum boðið að koma í heimsókn til hljómsveitarinnar og þar er þessu unga fólki kynnt starf hljómsveitarinnar, hvernig hljóðfæraskipan er í hljómsveitinni og hvernig þar er starfað yfirleitt, og menn leiddir inn í þessa heima tónlistarinnar. Þarna er beinlínis gert ráð fyrir að tengja starf hljómsveitar og tónlistakennslu í landinu svo sem kostur er. Ég skal viðurkenna að þetta er stefnumarkandi ákvæði og þetta þarf að framkvæma. En þarna er þetta og það er fullur skilningur á þessu máli hjá þeim sem stjórna hljómsveitinni og unnið hafa að því að semja þetta frv. Vil ég að það komi fram.

Ýmis önnur atriði hafa vafalaust komið fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. Ég skal ekki fara ítarlega út í þau. Þó tók ég eftir því, að hann var að amast við því sem menn hafa kallað „útlendingahersveitina“ innan hljómsveitarinnar. Ég skal ekki kveða upp neinn ákveðinn dóm um hvort of margir útlendingar séu þar að störfum. Ég held samt sem áður að það þurfi í sjálfu sér ekkert að vera óeðlilegt þó að allverulegur hluti hljómsveitarmanna reki ekki alveg ættir sínar til okkar hv. 6. þm.

Norðurl. e. eða sé okkur náskyldur að þjóðerni. Þetta er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt. Við erum ung og fámenn þjóð og við erum smám saman að byggja upp okkar tónlistarlíf, og það er ekkert óeðlilegt þó að við þurfum að leita til útlendinga um ýmsa aðstoð í þessum efnum. Við skulum athuga hvernig við höfum byggt upp tónlistarlíf okkar á þessari öld. Ef átt hefði að gilda í þeirri stefnu, sem þar hefur ríkt, einhver andúð á útlendingum og að bægja þeim frá ströndum landsins, þá er ég ákaflega hræddur um að orðið hefði lítil þróun hér í tónlistarlífi og ekki eins og hún hefur þó verið. Svo mikið hafa útlendir tónlistarmenn lagt af mörkum til þróunar íslenskri tónlist á þessari öld að það er fremur ástæða til að meta það og þakka það en amast við því. Í listrænum efnum verða menn að setja markið hátt, og til að spila í sinfóníuhljómsveit verður auðvitað að hafa hina bestu og hæfustu menn. Hitt er auðvitað alveg laukrétt, að við þurfum jafnframt að kosta kapps um að mennta okkar eigið fólk, sem hæfileika hefur, til að geta tekið við tónlistarstörfum, þ. á m. í Sinfóníuhljómsveitinni, og sú stefna er alveg áreiðanlega uppi. Ég held að það sé fásinna að ætla að halda því fram, að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar beiti einhverri útilokunaraðferð gagnvart íslenskum hljómlistarmönnum. Ég held að það sé alveg útilokað að slíkt sé gert, og því mun ég síst af öllu trúa.

Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Það er mjög mikilvægt að hv. menntmn. fái þetta mál til athugunar og vinni vel að því í umboði hv. deildar. Að sjálfsögðu munu ekki verða nein vandkvæði á að fá allar þær upplýsingar sem hægt er frekast að fá fyrir nefndina til að fá fyllri mynd af þessu máli. Það er að sjálfsögðu opið. En ég legg á það mjög mikla áherslu að nefndin hraði störfum sínum og að möguleiki sé á því að lögfesta frv. áður en þingi lýkur á þessu vori.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í að ræða þetta mál, enda menningarmál og varla við hæfi að ég eyði tíma hv. deildar í að ræða það sem ég tel mig ekki hafa nægilegt vit á.

Mig undrar svolítið að hæstv. ráðh. skyldi segja áðan að hann mundi ekki tefja umr., en þoldi svo ekki við að hlusta á nema tvo óbreytta áður en hann fór aftur í stólinn. Mér finnst einhvern veginn að fagráðh. og sérfræðingar í slíkum greinum eigi að leyfa hinum óbreyttu og vankunnandi að koma með sínar kvartanir og spurningar til þess að öðlast meiri reynslu og þekkingu, þeir fengju að spyrja ráðh. um sem flest vegna vankunnáttu í þessum efnum.

Ég skildi ekki nógu vel það sem hæstv. ráðh. sagði nú síðast, þar sem hann sagði að það væri enginn greiði við málið að koma með brtt. Hvað þýðir þetta? Þýðir það að það sé yfirleitt málum til baga að hv. þm. leyfi sér að koma með uppástungur um annað en stjfrv. leggja til? Þýðir það um leið að við værum að drepa málið? Það stendur þannig á með þetta mál um Sinfóníuhljómsveitina, að það hefur venjulegast verið alveg á síðasta snúningi. Mér hefði fundist að við hefðum átt að gefa okkur tíma til að ræða þetta í haust og gefa okkur góðan tíma í það þá þannig að það þyrfti ekki að vera nein hætta á því, alls engin hætta á að þetta mál stöðvaðist því að vafalaust sumt af þessu mikilvægt fyrir hljómsveitina. Ég trúi því, að svo sé þó að ég viti það ekki. En það er slæmt að draga slíkar umr. svo lengi að varla sé óhætt að stynja upp öðrum hugmyndum en þarna koma fram.

Hæstv. ráðh. sagði líka að við skyldum gera það sem er raunhæft, en ekki það sem kynni að vera eðlilegt og rökrétt. Ég ætla ekki að útlista þetta. Það segir sig sjálft hvers konar hugsanagangur þetta er.

Ég get lýst því yfir strax að ég mun ekki flytja brtt. við þetta frv., þó að ég hefi sannarlega ýmislegt við það að athuga. Ég mun hins vegar leggja það til, nefni það strax við hæstv. ráðh., eins og oft er gert þó lög séu samþykkt, að þessi mál séu ekki núna frágenginn endanlega þannig að menn séu búnir að finna það eina rétta í þessum efnum. Það er ákaflega hættulegt að finna sannleikann yfirleitt, en verst í menningarmálum og listum. Við megum ekki slá því föstu að einhver ein list sé best og réttust. Ein aðferð getur heldur aldrei gengið til eilífðar. Við verðum ævinlega að leita nýrra og betri leiða til þess að listin verði sem mest lifandi, að ég tali nú ekki um tónlist.

1. gr. frv. segir sannarlega mikinn sannleika því að þar stendur, ef við sleppum tveimur orðum úr einni setningunni: „heimili hennar er í Reykjavík.“ Það er vissulega sannmæli. Þetta er víst lögfræðilegt orðalag: heimili hennar og varnarþing. Ég kann ekkert í þeim efnum. En hún á heima í Reykjavík, hún spilar í Reykjavík og það er hlustað á hana í Reykjavík og hvergi annars staðar. Sannleikurinn er sá: 20 sinnum eða svo koma hér saman 800 manns að meðaltali og hlusta á tónlist þessarar hljómsveitar og það kostar 1 ½ milljarð gkr. Ég er út af fyrir sig ekki að sjá eftir því, en það er 1% íbúa Reykjavíkur og ½% þjóðarinnar. Áhuginn er ekki meiri en þetta, því miður.

Ég held að sá tónlistaráhugi, sem er í landinu, sé ekkert frekar Sinfóníuhljómsveit Íslands að þakka en öðrum, en ég leyfi mér að fullyrða að hinn litli tónleikaáhugi sé starfsháttum Sinfóníuhljómsveitar að kenna. Því held ég fram. Ég mundi sjálfur alls ekki reka hljómsveitina með þessum hætti, ef ég réði, og þaðan af síður velja verkefni eins og hún hefur gert oft og tíðum. Það stendur í frv.: Starf Sinfóníuhljómsveitarinnar miði að því að auðga tónmenningu Íslendinga og efla áhuga og þekkingu á æðri tónlist og gefa landsmönnum kost á að njóta hennar starfs. Ég er ekki viss um að hljómsveitin hafi sinnt þessu hlutverki, ef grun um það og mér finnst það, að stjórn hljómsveitarinnar sé nú með þeim hætti að starfsemi hennar auðgi ekki tónmenningu og auki alls ekki áhuga. Ég tel það mjög mikilvægan þátt í starfsemi þessarar hljómsveitar að hún hagi sinni vinnu þannig, að sem flestir vilji koma og hlusta á músikina. Til þess þarf hún að velja sér verkefni við hæfi þess hlustendahóps sem hún spilar fyrir. Ég er t. d. í miklum vafa um að sum verk, sem t. d. voru leikin á þessu starfsári hljómsveitarinnar, hafi orðið eða verði til að efla áhuga þess fólks sem ekki er vant að hlusta á þess konar tónlist, það þurfi að grípa til allt annarra ráða. Ég vil halda því fram, að það sé stöðnun í hljómsveitinni, því miður. (**Gripið fram í:** Hvað hefur þú hlustað á marga tónleika?) Það þarf að vera miklu meira líf í þessari starfsemi. Það þurfa að vera menn í þessu með mikið hugmyndaflug og mikinn áhuga, ekki fyrst og fremst til að spila kannske eitt og eitt tónverk sérstaklega vel, heldur til að breiða tónlistina út. Það er mikið sáluhjálparatriði fyrir fólk að hlusta á tónlist, ekki síst góða, og langhelst ef það er kostur á að

fara á góða tónleika þar sem það getur horft og hlustað á lifandi músík.

Það var einn hv. þm. sem greip fram í, herra forseti, ræðu mína og vildi fiska eftir því, hversu marga tónleika ég hefði hlustað á. Ég fer ekki á sinfóníutónleika hér í Reykjavík. Ég fer að vísu öðru hvoru í leikhús. Ég fór þangað fyrir 10 árum. (Gripið fram í.)

Herra forseti. Þessar ungu konur þarna óska mikið eftir viðtali við mig, svo ég verð víst að fara að stytta mál mitt. Það skiptir út af fyrir sig ekki máli hversu oft ég fer á tónleika eða ekki. Hins vegar fylgist ég dálítið með þessu, veit hvað er að ske, og ég hef fagnað ýmsu sem þessi hljómsveit hefur flutt. Mér fannst t. d. ákaflega skemmtilegt þegar ég heyrði að konsertmeistarinn í Málmey, Íslendingur, kom til Íslands og lék hér einleik í fiðlukonsert Mendelsohns, C-moll konsertinum. Það er ljúf músík og rómantísk, lætur vel í eyrum og hvetur fólk til að hlusta á aðra tónlist þó að sá konsert sé á þessu ári 138 ára gamall. Hann var leikinn fyrst 1844, þegar höfundurinn var 35 ára gamall, enda fæddur 1809, en hafði þá tekið við stjórn Gewandthaus konsertanna í Leipzig. En það er ekki aðalatriðið. Á sama hátt finnst mér það ekki vera tilefni til þess að fólk flykkist til að hlusta á hljómsveitina þegar hún, svona lítil eins og hún er sögð vera, leikur hljómsveitarverk sem að vísu er eftir landa stjórnandans því hann er ekki íslenskur. Hann mun heita Jean-Piérre Javquillat, eitthvað þvílíkt, og mun vera hálffranskur. Þeir fluttu þarna verk sem erfiðleikar eru í útlöndum stundum að flytja eftir kröfum höfundarins. Symphonie fantastique heitir þetta verk og krefst a. m. k. tvöfaldrar stærðar af sinfóníuhljómsveit. Það er varla við hæfi hljómsveitar, sem gæti áreiðanlega spilað mikið af rómantískri og síklassískri músík með þessum starfskröftum, að fara að glíma við þess konar verk og ekki til þess fallið að hvetja menn til að venja sig á að hlusta á slíka tónlist.

Herra forseti. Eg mun fara að stytta mál mitt vegna framíkalla. Ég þyfti að hafa hér dálítið innskot, en það er kannske ekki þess virði að komi slík innskot. Það er einmitt að mínum dómi eitt höfuðatriðið í þessum efnum, að á meðan við reynum að ala fólk upp í að hlusta á eitthvað annað en 10 vinsælustu lögin hverju sinni þurfti hljómsveitin að haga sér alveg sérstaklega með tilliti til þess. Að vísu fellur þetta ekki öllum í geð og kannske allra síst þeim sem lengst eru komnir, eins og þeir sem kölluðu fram í hér og kunna þetta allt saman mjög vel, en fyrir þá, sem eru komnir stutt á leið, held ég að þetta sé nauðsynlegt, og ég get einmitt talað fyrir þá.

Hæstv. ráðh. sagði áðan að talið um útlendingana í hljómsveitinni bæri vott um andúð á útlendingum. Ég vil alveg mótmæla því fyrir hönd hv. þm. Árna Gunnarssonar að hann hafi nokkuð verið að víkja að því. En auðvitað eigum við að skipa þessa hljómsveit Íslendingum að svo miklu leyti sem mögulegt er því þetta er þó Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ef okkur vantar fólk til starfa sem við höfum ekki hér heima er auðvitað alveg sjálfsagt að njóta starfskrafta erlendra listamanna sem koma oft með nýtt blóð inn í tónlistina og hafa gert. Hér eru mjög margir ágætir erlendir listamenn sem hafa komið hingað og lyft íslenskri tónlist upp á annað plan. Þar eru margir mætir menn, bæði látnir og lifandi, sem eiga þar hlut að máli. En alveg í andstöðu við þetta sjónarmið hæstv. ráðh. stendur í 2. gr. að leggja beri sérstaka áherslu á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar. Ekki er ég að draga úr því, að fólk fái að heyra íslenska tónlist, og sjálfsagt verður að spila eftir þá höfunda sem eru að setja saman músík hér á Íslandi. Ef tónlistin er nú einu sinni alþjóðleg og þetta orðalag, íslensk tónlist, fer illa í eyrum mér. Tónlistin er abstrakt list ef nokkur abstrakt list er til og hún getur eiginlega aldrei orðið íslensk eða ensk, þó að vissu leyti sé ýmis tónlist byggð á þjóðlögum og þjóðsöngvum og þjóðlegum stefjum ævagömlum og margir meistarar hafi notað sér það.

Þá komum við næst að hinum veraldlegu efnum, peningamálum og prósentureikningi, sem eru alveg nauðsynleg í hverri ræðu, og þá sjáum við í 3. gr. að eftirtaldir aðilar greiða rekstrarkostnað hennar. Nú er ég ekki vel að mér í hagfræðilegum hugtökum, en þetta munu vera þeir aurar sem hljómsveitin þarf að fá til þess að geta borgað kaup og eitthvað af því tagi. Hverjir eiga þá að borga? Það er ríkissjóður sem borgar 56%, Ríkisútvarpið 25% — samtals 81% fyrir ríkið í raun og veru og er ekkert að því. Þá kemur: borgarsjóður Reykjavíkur 18% og bæjarsjóður Seltjarnarness 1%. Nú er það svo, að áður en maður lærir margföldunartöfluna lærir maður að leggja saman. Geri maður það í þessu tilfelli kemur út 100%. Þarna er sem sagt allur kostnaðurinn kominn í prósentur eða er það ekki? Svo kemur einhvern tíman seinna að Sinfóníuhljómsveitin skuli kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi svo að sem mest af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greitt af slíkum tekjum hennar. Mér skilst að útgjöld hljómsveitarinnar séu líka rekstrarkostnaður, ef ég skil rétt, og er þá rekstrarkostnaðurinn yfir 100% eða var 'eitthvað oftalið? (**Gripið fram í:** 112%) Þetta er ekki beint í rökrænu samhengi, enda þá alveg í stíl við margt annað sem við höfum verið með hér að undanförnu og gerir heldur ekkert til. Ég vil aðeins benda á að þarna virðist mér vera pínulítil skekkja í þessu reikningsdæmi. Það er út af fyrir sig ekki mjög flókið því að þessar tekjur hljómsveitarinnar hljóta að vera fyrir aðgangseyri, og það er ekki mikill aðgangseyrir sem getur komið inn fyrir svo fáa tónleika fyrir svo fátt fólk. Þó að „menningarelítan" á höfuðborgarsvæðinu borgi tuttugu og þrisvar sinnum fyrir að koma þarna og hlusta á músíkina segir það auðvitað ákaflega lítið upp í hálfan annan milljarð gamalla króna eða hvað það nú er. En mér finnst samt, þó lítið sé, að þetta eigi að teljast með þeim tekjum sem þarf til að greiða rekstrarkostnað hljómsveitarinnar.

Ég mun óska eftir því, að sú nefnd, sem fær málið til meðferðar, gefi þessar upplýsingar, en það verði ekki til að tefja málið, hæstv. ráðh., ég mun ekki verða til þess, aðeins að við fáum upplýsingar um hversu mikið neytendur greiða fyrir tónlistina og hversu mikið hlutfall það er af heildarkostnaði. Eigum við þá að segja sem svo að við förum að velta fyrir okkur hvað er sanngjarnt að sá, sem nýtur listarinnar, greiði mikinn hluta af kostnaði. Á það að vera 10% eða 20% eða eins og hjá leikhúsunum allt að 40% eða á það að vera minna? Það hefur verið eitthvað ár að hlusta á hana, enda auðheyrt, — að menn að aðgöngumiðar kosti þarna, — ég hef ekki farið í 30 og eitthvað ár að hlusta á þetta, enda auðheyrt, — að menn séu látnir borga allt of lítið fyrir þetta. Maður hefur heyrt marga tala um að þetta sé ódýrt. Auðvitað á þetta ekki að vera svo dýrt að menn geti ekki farið að horfa á eða hlusta, en það á að greiða sanngjarnt verð fyrir. Þeir, sem halda því fram að það eigi ekki að vera hærra, meta greinilega listina lítið, a. m. k. til fjár. Ég held að það sé

rangt mat. Flest almennileg list er dýr, en hún þarf alls ekki að vera mjög dýr. Í þessu tilfelli er ég alls ekki að leggja til að fólk þurfi að snara út miklum upphæðum. En það er mikil upplifun að hlusta á lifandi tónlist, sérstaklega ef hún er vel flutt, og kemur víst fyrir hjá þessari hljómsveit eins og hjá öðrum. Ég spyr vegna þess að það gæti farið svo að einhverjir hefðu þá hugmynd í framtíðinni að fast hlutfall af rekstrarkostnaði yrði greitt með aðgangseyri og öðrum tekjum hljómsveitarinnar. Þetta kostar auðvitað mikið, en það kostar líklega enn meira að láta sig vanta það.

Herra forseti. Það væri svo sem hægt að láta hér koma amen eftir efninu, en óneitanlega langar mig að minnast aðeins á örfá atriði sem ég heyrði menn vera að tala um.

Ég þekki það ekki og mér er alveg sama hver stjórnar þessu, en það er mjög mikið atriði að þeir, sem eru ráðnir þarna í föst störf, ég er alls ekki að dylgja um að þessir menn ástundi vinnusvik eða neitt af því tagi, hafi þá alla vega nóg að gera, að þeir nýti allan sinn vinnutíma í þágu tónlistarinnar. Ég skildi ekki hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur þegar hún sagði að það væri ekki hægt að æfa tónlist á venjulegum vinnutíma. Ég held að það sé alveg sama hvað klukkan er þegar menn eru að dunda við það, ég þekki það ekki, en það er kannske ekki hægt að gera þetta nema á nóttunni. Mér er alveg óskiljanlegt af hverju er ekki hægt að gera þetta í björtu. En þessa starfskrafta á að nýta, þó það sé óviðurkvæminlegt að brúka slíkt orð yfir störf fólks, og eðlilegt er að þeir vinni þann tíma sem ríkið greiðir þeim fyrir þeirra störf.

Þá dettur mér í hug hvort ekki sé hægt að hafa tónleika fleiri. Ég trúi því ekki, að með skynsamlegum vinnubrögðum sé ekki hægt að hafa þessa tónleika miklu fleiri. Finnst mörgum ekki einkennilegt ef þeir líta á Morgunblaðið — ég tek það nú af því að það er stærsta og þykkast og flytur okkur mikið af auglýsingum — að það eru heilar síður fullar af því sem er að ske í borginni. Það eru kvikmyndasýningar og leikhús í öllum áttum. Alls konar leikhús hafa sprottið upp. Ég þekki ekki nöfnin á þeim og langar ekkert til að kynnast þeim, en ég veit nógu mikið til þess að vita að þar er alltaf meira og minna fullt hús — nema í Þjóðleikhúsinu auðvitað — árið um kring eða allan veturinn. Á einu og sömu sýninguna fara þúsundir og tugir þúsunda manna, jafnvel hundruð þúsunda. Alltaf sama leikritið, sjáið þið. Það er sama og ein efnisskrá hljómsveitarinnar. Það er heilmikil vinna að æfa upp 3—4 verk, sem leikin eru á tónleikum, ekkert síðri vinna en að æfa einhverja leikritavitleysu. Tónlistarmenn eru að vísu það vel menntaðir hér og flinkir að þeir þurfa auðvitað ekki eins langan tíma og að æfa fyrir leikrit. En mér alveg ofbýður sú sóun að það skuli ekki vera hægt að spila efnisskrána nema einu sinni eftir allt þetta starf. Það, sem okkur vantar, er að efla áhugann af miklum krafti til að fá fólk til að koma a. m. k. þrisvar sinnum á eina efnisskrá. Ég er alveg sáróánægður með það, að ég hef hvergi orðið var við að menn hafi reynt í raun og veru að lyfta þessu. Þar þarf elju til og áhuga. En því miður, eins og ég sagði áðan, finnst mér að hljómsveitin sé stöðnuð. Hún er föst í sama farinu. Það má aldrei gerast í listrænum efnum.

Herra forseti. Um þetta er auðvitað hægt að segja margt fleira en þetta. Ég hef aðeins minnst á kjarna þess sem ég áleit skipta mestu varðandi þessa hljómsveit, en að ég hef einhvern tíma áður sagt nokkur orð um þetta hér. Mér var raunar legið á hálsi fyrir það af sumum félögum mínum að ég hefði stöðvað framgang frv. á sínum tíma, en þannig var í það skipti að það átti að afgreiða 3. umr. á einum klukkutíma eða svo síðasta dag þingsins, rétt áður en forseti lýðveldisins kom hér til að slíta þinginu. Það voru auðvitað alveg ósæmileg vinnubrögð. Enginn mátti í rauninni segja neitt. Núna höfum við tímann fyrir okkur, og ég vona að enginn verði til að stöðva þetta, þó ég sjái satt að segja ekki nauðsyn þess að hafa endilega 65 menn eða fleiri í hljómsveitinni. Það er gífurlega mikið af tónlist, sem hefur verið samin í heiminum, gífurlega mikið magn, og líklega mesti parturinn saminn fyrir miklu minni hljómsveitir en þessa. Fyrstu menn, sem sömdu eitthvað af sinfóníum t. d., afkastamenn, miklir sinfóníuhöfundar sömdu þannig. Haydn samdi á annað hundrað sinfóníur og Mozart samdi tæplega 50. Þær eru allar sniðnar fyrir miklu minni hljómsveitir en þessa. Auðvitað er gott að hafa tiltækan þennan starfskraft, eins og það heitir núna, og tónninn verður sjálfsagt fyllri ef við höfum fleira fólk, en það er ekki kjarni málsins.

Ég held að þessi löggjöf skipti ekki miklu til eða frá í því sem raunverulega kemur tónlistinni við. En mér finnst ekki óeðlilegt og raunar rétt, að það sé löggjöf til um hljómsveitina, og mun auðvitað ekki verða til þess að tefja fyrir því, enda búinn að segja nóg.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi, og ljótt er ef satt er, að hv. 1. þm. Vestmanneyinga hafi stöðvað lagasetningu um Sinfóníuhljómsveit Íslands fyrir um tveim árum eða svo, og ekki til þess fallið að vegur Alþingis vaxi ef þessi vitneskja berst mjög víða. (**Gripið fram í:** Það er ekki satt.)

Hér hafa margvíslegar hugmyndir komið fram um Sinfóníuhljómsveitina sem ég tel rétt að víkja nokkrum orðum að. Auðvitað vaknar þá fyrst sú spurning, hvernig gert sé ráð fyrir í þessu frv. að staðið sé að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar og hvort okkur virðist sem sú skipan, sem hér er lögð til, verði til verulegra bóta. Ég vil þá fyrst minna á að því fer víðs fjarri, að fjárlög séu samþykkt með þeim hætti að þeim mönnum, sem bera ábyrgð á rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar sé gefinn nokkur kostur á því að leggja fram raunhæfa rekstrar- eða starfsáætlun fyrir hljómsveitina. Þetta á við bæði um Sinfóníuhljómsveit og Þjóðleikhús. Ég er með hér fyrir framan mig ríkisreikninginn fyrir tveim árum. Hann er þessu sama marki brenndur. Þar vantar verulega á að séð sé fyrir nægilegum framlögum til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ég er ekki í nokkrum vafa um það, að bæði hæstv. ríkisstj., þegar hún leggur fjárlagafrv. fram, og eins meiri hluti fjvn. gerir það vísvitandi að vanáætla gjöld þessara menningarstofnana tveggja, Sinfóníuhljómsveitar og Þjóðleikhúss. Þetta hefur síðan í almennri umræðu valdið því, að þessar stofnanir hafa fengið á sig leiðinlegan blæ í huga sumra, eins og raunar kom fram í umr. áðan.

Frá mínum bæjardyrum séð er grundvallaratriði, ef menn vilja standa vel á bak við Sinfóníuhljómsveitina, að sómasamlega sé að henni búið í fjárlögum þannig að um raunhæfa rekstraráætlun geti orðið að ræða. Í framhaldi af því teldi ég mjög æskilegt ef unnt yrði að koma á einhverju því skipulagi sem tryggði það, að góð framvinda hljómsveitarinnar gæfi hljóðfæraleikurum fyrirheit um nokkra umbun sjálfum sér til handa. Þessi hugmynd hefur oft komið upp, var um skeið mjög rædd innan

hljómsveitarinnar sjálfrar, en hins vegar hafa ekki skapast fyrir því pólitískar forsendur að unnt sé að taka hana upp nú, heldur verður það að bíða betri tíma þegar aðrir menn fara með yfirráð þessara mála.

Ég er svolítið undrandi á því, að enn í dag skuli því haldið fram hér, að það sé aðeins 1000 manna hópur sem njóti hljómsveitarinnar. Ég held að engum manni blandist hugur um að tónlistin stendur nú með þvílíkum blóma hér á landi að varla er hægt að jafna því við nokkra aðra listgrein í landinu. Þessi staðreynd hefur vakið mikla athygli erlendis, og ég hef af því spurnir að ýmsir þeir erlendu hljóðfæraleikarar og tónskáld, sem hafa komið hingað, séu mjög hrifnir af því, á hve háu plani íslensk tónlist er, og bera þeir þó getu okkar saman við getu þeirra þjóða sem fremstar standa í þessum efnum á Vesturlöndum.

Mér kemur jafnmikið á óvart þegar verið er að gera því skóna að einhver útlendingahersveit hafi haslað sér völl í Sinfóníuhljómsveitinni. Það er auðvitað svo að smám saman hafa innlendir hljómsveitarmenn leyst af hólmi erlenda. Það er líka svo að ýmsir erlendir hljómsveitarmenn, sem hingað hafa komið, hafa lyft Grettistaki og orðið ómetanlegir fyrir íslenskt hljómlistarlíf. Ég get nefnt þar mörg nöfn. Ég get látið nægja að nefna menn eins og Urbancic eða Róbert Abraham og fleiri mætti auðvitað nefna sem ég skal ekki gera nú. Páll Pampichler Pálsson hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveitinni, og marga fleiri má hér nefna til. Auðvitað er eðlilegt að við fáum erlenda tónlistarmenn hingað til þess að gefa okkur nýtt blóð, á sama hátt og það er nauðsynlegt fyrir okkar tónlistarmenn að fara út fyrir pollinn og starfa með erlendum tónlistarmönnum.

Hv. 6. þm. Norðurl.e. gerði mikið úr því, að Sinfóníuhljómsveitin væri byrði fyrir Ríkisútvarpið. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvernig hann hugsar það. Ef litið er á rekstrarreikning Ríkisútvarpsins kemur í ljós að til Sinfóníuhljómsveitarinnar renna milli 2 og 3% af rekstrargjöldum. Mér finnst bagginn ekki ýkjastór. „Bera bý bagga skoplítinn hvert að húsi heim.“ Mér finnst þetta satt að segja skoplítill baggi fyrir allt það starf sem þeir menn, sem hafa unnið Sinfóníuhljómsveitina upp, hafa unnið Ríkisútvarpinu. Ég vil sérstaklega minna á eitt í þessu sambandi. Hljóðfæraleikarar Sinfóníuhljómsveitarinnar fá aðeins greiðslu í eitt skipti fyrir öll fyrir flutning á tónverkum. En ef við berum það saman t. d. við leikara kemur í ljós að þeir fá fyrst full laun við frumflutning verks í Ríkisútvarpi, síðan fá þeir, að ég hygg, helming, ef verkið er endurflutt innan tiltekins tíma, og svo fulla greiðslu þegar frá líður. Leikarar og hljóðfæraleikarar sitja því þarna við ólíkt borð og mjög hallar á hljóðfæraleikarana í því sambandi. Ég held ég fari rétt með þetta, en væri þakklátur ef hæstv. menntmrh. leiðrétti ef hér er eitthvað missagt.

Mér er í raun ómögulegt að reikna dæmið þannig að Ríkisútvarpið sé baggi á Sinfóníuhljómsveit frekar en öfugt. Ég vil á hinn bóginn mjög fagna því, að í meðförum Ed. tókst að breikka starfsgrundvöll Sinfóníuhljómsveitarinnar, eins og hann er hugsaður í lögunum, með því að inn var tekin sú breytingartillaga að á viðskiptagrundvelli sé heimilt að efna til samvinnu milli Sinfóníuhljómsveitarinnar annars vegar, Þjóðleikhússins, Íslensku óperunnar og Íslenska dansflokksins hins vegar. Þetta var náttúrlega nauðsynlegt ákvæði og hefur sennilega ekki komist inn í upphaflega gerð frv. fyrir vangá.

Þá vil ég einnig mjög fagna þeim breytingum sem orðið hafa á 2. gr. og tel þær mjög til bóta, einkum það, að sérstaka áherslu beri að legga á flutning og kynningu íslenskrar tónlistar utan lands sem innan, ef tilefni gefast, *og vil í því sambandi láta í ljós þá skoðun mína*, að sjálfsagt sé að einungis íslensk verk séu á verkefnaskrá Sinfóníuhljómsveitarinnar ef hún fer í ferðalög til annarra landa.

Nú get ég ekki annað en dáðst að því, hvað hv. þm. Vestmanneyinga, hv. 4. þm. Suðurl. er einbeittur og staðfastur í sinni alþjóðahyggju — og sver sig þar í ætt við kommúnismann þegar hann talar um að það sé ekki einu *sinni til íslensk tónlist frekar en ensk eða þýsk, heldur* sé aðeins til alþjóðleg tónlist. Er það náttúrlega til vitnis um að hann hefur einhvers staðar fengið gott uppeldi. En hræddur er ég samt um að menningarmafíunni í Alþb. hafi mistekist þegar hún var að reyna að koma vitinu fyrir þennan hv. þm. Auðvitað er til íslensk tónlist. En hitt vekur kannske spurningu, hvort til sé nokkur sovésk tónlist yfir höfuð að tala, sem maður getur kallað tónlist, hvort *einmitt alþjóðahyggjan eins og hún er í framkvæmd* drepi ekki niður alla listsköpun, hvort sem það er á sviði tónlistar eða annars staðar, þó svo að góð verk séu samin í löndum eins og Sovétríkjunum sé sú stónlist sprottin af allt öðrum hvötum en þeim sovésku. Ég held að það sé jafnfráleitt kannske að það sé til sovésk tónlist og að Púskin sé sovéskt skáld, eins og þó er haldið á lofti í Austur-Þýskalandi.

Ég vil svo aðeins í þessu samhengi láta í ljós undrun yfir því, þegar gefið er í skyn að íslenskir hljómlistarmenn vinni ekki fyrir kaupi sínu. Við höfum einmitt orðið vör við það núna, að þeir hafa lyft Grettistaki í Gamla-Bíó og þeir leggja geysimikla vinnu í að kynna tónlistina.

Það er kannske undarlegast við þessar umræður að leggja eins mikla áherslu á uppeldislegt hlutverk Sinfóníuhljómsveitarinnar og hv. 6. þm. Norðurl. e. gerði áðan, með hliðsjón af því að tónlistarmenntun hefur aukist mjög í landinu. Ég held ég fari rétt með það, að það sé ekki saman að jafna hversu miklu meira rennur núna til tónlistarfræðslu og kennslu en nokkru sinni fyrr. Er ég þá ekki að tala bara um þetta einstaka ár, heldur hvernig þróunin hefur orðið. Úti um land getum við bent á fámenn sveitarfélög þar sem mikil tónlistarvakning *hefur orðið í kjölfar þess að fjárhagslegt bolmagn hefur* orðið til að ráða tónlistarkennara. Ég get nefnt jafnvel þann stað á landinu sem fjarlægastur er Reykjavík í þessu sambandi, Raufarhöfn, þar sem mikil tónlistarvakning hefur orðið á undanförnum árum.

Alltaf má svo deila um það, hversu mikla vinnu og hversu mikla fjármuni Sinfóníuhljómsveitin eigi að leggja í það sem kalla mætti að kynna yngstu kynslóðinni *þá hljómlist sem hún flytur. Þegar talað er um kvöð í* þessu sambandi verða orðin náttúrlega heldur almenn nema þeim séu gerð gleggri skil en var gert áðan. Væri fróðlegt að fá frekari hugmyndir um þetta, t. d. hvað eðlilegt væri að verja miklu fé til þess og hvernig slík samvinna gæti orðið við aðra þá sem vinna að því að auka tónmennt með þjóðinni.

Ég skal ekki gera stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar að *umtalsefni* nú, 4., 5., 6 og 7. gr. frv., verkefnavalsnefnd og annað því líkt. Það má auðvitað alltaf um það deila hvaða skipulag sé best. Ég skal ekki á þessu stigi málsins fullyrða neitt um það, hvort við sjáum ástæðu til þess í

menntmn. að flytja brtt. eða gera athugasemdir við þá tilhögun sem hér er lögð til. En ég vil að það komi fram alveg skýrt, að Sjálfstfl. mun leggja á það áherslu, að frv. nái fram að ganga á þessu þingi, langan tíma þar sem málið hefur fengið mjög rækilega umfjöllun í Ed.

Ég vil sérstaklega láta í ljós ánægju yfir þeirri fjölgun, sem hér er gert ráð fyrir að verði í Sinfóníuhljómsveitinni, og mjög leggja að hæstv. menntmrh. að fylgja þessari lagasetningu eftir þegar gengið verður frá fjárlagafrv. svo að þetta fyrirheit geti orðið að raunveruleika þegar á næsta ári. Það er því miður þannig að almenn lög gefa enga tryggingu fyrir því að fjármagn sé fyrir hendi. Við vorum síðast í dag að samþykkja hér í deild lánsfjáráætlun sem gerir ráð fyrir að skerða mjög lögboðin framlög til einstakra verkefna. Í almennum lögum er því ekki hægt að tryggja að nægilegur fjárhagslegur grundvöllur skapist, og þau gefa ekki heldur rétt til mannaráðninga, heldur verður að fylgja því eftir í stjórnarráðinu sjálfu og svo í fjárlögum. Ég vænti þess, að hæstv. menntmrh. muni gera það.

Það má náttúrlega tala langt mál um það hvort Sinfóníuhljómsveitin hafi sinnt tónleikahaldi úti á landi nægilega vel. Auðvitað er æskilegast að sem mest gæti orðið úr þvílíku starfi. En við rekum okkur á að slíkt tónleikahald er mjög dýrt og þau 10%, sem hér er gert ráð fyrir, hrökkva í sannleika sagt mjög skammt. En auðvitað erum við, sem erum þm. strjálbýlisins, mjög hvetjandi þess að verja meira fjármagni til þessa en gert hefur verið um hríð.

Hv. 4. þm. Suðurl. spurðist fyrir um það, hvað þeir, sem nytu hljómlistarinnar, — hann á sennilega við þá sem leggja leið sína á sinfóníutónleika, — hafi greitt mikið af útgjöldum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Ætli það séu ekki rétt tæp 7% á árinu 1979. Þetta er náttúrlega ekki mjög mikið, en við verðum þá að minnast þess, að það kostar peninga að vera menningarþjóð. Þetta er sá skattur sem við verðum að greiða til þess. Og það er enginn vafi á því, að ef áhrif tónlistarinnar yrðu rakin inn í mannlífið sjálft, þau hollu og góðu áhrif sem tónlistariðkun hefur á einstaklinga og fjölskyldur, á börn í skólum, þá skila þessir peningar sér margfaldlega til baka. Ég hef oft einmitt vakið athygli á því, að ýmsir af bestu nemendum mínum hafa verið mjög snjallir og góðir tónlistariðkendur. Ég minnist þess sérstaklega, að einhver besti nemandi, sem ég hef kennt á öllum mínum ferli, er nú að ljúka einleikaraprófi í píanóleik og lék einmitt fyrir skömmu frumflutt verk eftir Atla Heimi Sveinsson með mikilli prýði. Þessi stúlka var í skóla afskaplega vel að sér í öllum greinum og til fyrirmyndar og hafði alltaf tíma einnig til þess að gefa sig að félagsmálum. Ég held þess vegna að það sé mjög hæpið að einblína á þessa einu tölu í ríkisreikningi, sem heitir ríkissjóður A-hluti, aðra aðila í B-hluta og sveitarfélög. Ég held að það góða, sem við fáum í aðra hönd af tónlistarmenntuninni, af því að menn leggja sig eftir henni, það sé ekki í ríkisreikningi. Það sé í allt, allt öðrum reikningi sem hvergi er bókfærður, hvergi nokkurs staðar og við fáum seint bókfærðan.

Ég væri þess vegna miklu frekar tilleiðanlegur til þess að leggja meira af mörkum til Sinfóníuhljómsveitarinnar en hér er lagt til. Og eins og ég sagði áðan, það má auðvitað deila um hvernig frá slíkri löggjöf skuli ganga, hvernig yfirstjórnin skuli vera. En við hljótum að þreifa okkur áfram í þeim efnum og þakka það mikla verk sem einstaklingar hafa unnið fyrir þessa hljómsveit fyrr og síðar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég skal tala hér stutt mál og vil einungis lýsa stuðningi við þetta frv. og því, að ég er sem menntmn.-maður reiðubúinn að taka þátt í og stuðla að afgreiðslu þess eins og það hefur komið frá Ed., þó ekki væri nema af þeirri ástæðu að þetta mun vera fimmta þingið sem þetta frv. í lítið breyttri mynd er lagt fyrir. Það hefur verið lagt fram af þremur ríkisstjórnum og manni þykir kominn tími til að slík grundvallarlög, sem svo má kalla, séu sett um þessa stofnun.

Eins og rækilega hefur verið undirstrikað af mörgum hv. ræðumönnum í þessari umr. er það staðreynd, að í tónlistarlífi hér er feikileg gróska. Það má segja að það sé meiri gróska hér í tónlitstarlífi en í nokkurri annarri listgrein. Þetta á sér efalítið margar orsakir. Ein er sú, að það er orðið þéttriðið skólakerfi í tónmenntamálum. En önnur ástæða er sú, og það skulu menn ekki vanmeta, að Sinfóníuhljómsveit Íslands á bara með tilveru sinni verulegan þátt í þessari grósku. Það eru ekki aðeins þessir reglulegu tónleikar sem haldnir eru, heldur má að öðru leyti rekja margháttað tónlistarlíf til hennar og svo það að þar verða auðvitað til hinir færustu kennarar.

Þetta hefur svo sem verið rakið hér ítarlega og óþarfi við að bæta. En vegna þess að ég vil leggja áherslu á hversu nauðsynlegt er að þetta frv. verði samþykkt, þá vil ég segja það, að menn hafa hér nefnt til, að ég hygg, þrjú efnisatriði sem menn vildu sjá kannske á annan veg, og allt er það mjög eðlilegt, Í fyrsta lagi er það, að Sinfóníuhljómsveitin ræki hlutverk sitt á landsbyggðinni betur, í annan stað að meira verið um það að haldnir séu skólatónleikar, og svo í þriðja lagi að starfsfólki þar verði gerð kennsluskylda.

Allt getur þetta verið sjálfsagt og eðlilegt. En þó hygg ég að það sé nokkur kjarni málsins, að þessi efnisatriði, sem nefnd hafa verið, eru stjórnunarlegs eðlis. Ég hygg að það sé ágætt að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar, eins og nú er lagt til að hún sé skipuð, sé kunnugt um þessi sjónarmið og þennan áhuga Alþingis, en að það sé óþarfi að setja þetta í lög að svo stöddu. Menn geta vel hugsað sér það, að eftir að þessi grundvallarlög hafa verið sett, þar sem kveðið er á um stjórn hljómsveitarinnar, fjölda hljóðfæraleikara og um kostnaðarskiptingu, verði reynslan að skera úr um það, hvernig þeim hlutverkum einnig, sem hér hafa verið nefnd af öðrum hv. ræðumönnum, er sinnt. Það er þá hægur vandi fyrir næsta Alþingi, hvernig svo sem það verður saman sett, eða næstu þing að gera viðbætur við þessi lög ef mönnum þykir ástæða til. En því er þetta nefnt að það getur verið flókið mál að setja í lög skyldur um það, með hverjum hætti t. a. m. hljómsveit eins og þessi skal fara út um land, þó svo að það sé almennum orðum talað hið æskilegasta markmið.

Annað má nefna í þessu sambandi. Það hefur færst mjög í vöxt, sem er vitaskuld af hinu góða, að fólk utan af landi tekur sig saman í hópferðir til að sækja hér leikhús. Ég held að ég fari rétt með, að flugfélög séu fólki innan handar með að greiða niður ferðakostnað í slíkum tilfellum. Það má vel hugsa sér að þessi hljómsveit taki þátt í slíku með því að leika á öðrum kvöldum en hún hefur gert. Þetta nefni ég bara sem eitt dæmi og til að undirstrika hversu erfitt er að hugsa sér að setja slíkt í lög. Allt

þetta getur heyrt framtíðinni til.

Hér er gerð tillaga um stjórn hljómsveitarinnar, um kostnað og um stærð hennar. Þetta eru auðvitað aðalatriði málsins. Hitt, sem nefnt hefur verið, þykir mér frekar heyra til framkvæmdaatriðum, stjórnunaratriðum. Ef hins vegar hljómsveitin þróast í næstu framtíð í þessum efnum til annarrar áttar en Alþingi hefur kosið, ef hljómsveitin sinnir ekki hlutverkum þeim sem hér hafa verið nefnd, þá er auðvitað alltaf opin leið fyrir Alþingi að gera bragarbót og viðbætur við þessi lög.

Ég held að að öðru leyti sé ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta á þessu stigi. Málinu verður væntanlega vísað til hv. menntmn. Það ættu að vera allar líkur á því, að nefndin skili frv. frá sér fljótt og vel til 2. umr. og það verði að lögum á þessu þingi. Væntanlegri stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar verður áreiðanlega kunnugt um þau útfærsluatriði sem hér hafa verið nefnd, bæði áhugann hér á Alþingi og það, að slíkur vilji er til. Þá ætti að vera hægur vandi að stjórna hljómsveitinni í þeim anda. En þyki þingi í hinni allra næstu framtíð sem þar vanti eitthvað á, þá ætti að vera hægt að setja viðbætur við þessi lög.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil byrja á því að lýsa stuðningi mínum við það starf ráðh. að setja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Jafnframt lýsi ég undrun minni yfir því, að það hafi gerst og yfirleitt geti gerst, í þessu tilfelli hefur það gerst í 32 ár, að ríkið raunverulega reki stofnun sem Alþingi hefur ekki samþykkt sem slíka, mjög fjölmenna stofnun.

Ríkisútvarpið hefur sett stofnunina á stað og borið höfuðábyrgð á allri starfrækslu hennar án þess að Alþingi hafi nokkurn tíma samþykkt að það gerði slíkt. E. t. v. finnst mönnum að í þessu felist einhver ádeila á tónlist eða slíkt. Svo er ekki. Þetta er aðeins spurning um það, hvert sé valdsvið stofnana sem við erum að gera sjálfstæðar úti í þjóðfélaginu. Eiga þær stofnanir að halda sínum starfsvettvangi innan þess ramma, sem lög þeirra gera ráð fyrir, eða eiga þær að finna sér verkefni eftir áhugamálum forráðamanna?

Fyrir stuttu kom til umræðu hér á Alþingi að Seðlabanki Íslands hefur á að skipa bókhneigðum mönnum sem hafa komið sér upp þar miklu og myndarlegu safni. Ríkisútvarpið hefur á að skipa og hafði á að skipa mönnum sem höfðu mikinn áhuga á tónlist. Þeir komu sér upp sinfóníuhljómsveit. Má gera ráð fyrir því, að sjónvarpið komi sér upp kvikmyndaveri með 60—100 manna starfsliði allt árið um kring til að framleiða myndir í álíka gæðaflokki og Snorri Sturluson og leigi sér svo kvikmyndahús hér úti í bæ til að halda sýningar á þessum myndum? Með slíku tiltæki væri sjónvarpið alls ekki að feta neinar nýjar brautir. Það væri aðeins að feta þá slóð íslenskra embættismanna að gera það sem þeim sýnist án þess að þeir telji að þeir þurfi nein lög á bak við sig. Þeir þurfa fyrst og fremst, að því er virðist, að hafa það í lögum að þeim sé ekki nákvæmlega bannað að gera þetta.

Þetta hlýtur í sjálfu sér að leiða hugann að virðingu Alþingis og þeirri staðreynd, hvort lýðræðið, sem við tölum um á hátíðis- og tyllidögum, hafi verið að þróast yfir í embættismannavald og þetta embættismannavald sé að fjarlægja íslenskt þjóðfélag frá lýðræðinu. Ættum við e. t. v. að taka það upp að láta kjósa vissa stjórnendur stórra stofnana og láta þá standa ábyrga frammi fyrir þjóðinni með vissu millibili og gera grein fyrir gerðum sínum í stað þess að ráða þá til starfa ævilangt með klásúlum um að það megi nánast ekki víkja þeim úr starfi nema þeim hafi stórlega brotið lög?

Ég held a. m. k. að Alþingi Íslendinga þurfi að taka upp ný vinnubrögð. Ég held að það verði að gera sér grein fyrir því, að án eftirlits og virkara aðhalds út á við í þjóðfélaginu veldur það ekki því hlutverki sem því er ætlað.

Ég vil í beinu framhaldi af þessu geta þess, að ég lít svo á að Ríkisútvarpið, sem kom Sinfóníuhljómsveitinni á laggirnar, hafi einnig átt mestan þáttinn í því að ræna Sinfóníuhljómsveitina ærunni úti á landi, ræna hana gjörsamlega ærunni. Hvernig hefur verið farið að því? Jú, hún hefur verið látin flytja sína tónlist eftir tækniútbúnaði sem hefur verið alls ófær um að koma þessari tónlist til skila. Það leiðir svo aftur á móti hugann að því, hvort Ríkisútvarpið, sem fékk ákveðin verkefni og fékk einkaleyfi á ákveðinni þjónustu, hvort sú stofnun hefur sinnt því hlutverki eins og henni bar eða hvort stjórnendur stofnunarinnar hafa beint eða óbeint orðið til þess að færa fjármagn frá þeim verkefnum, sem þeim var ætlað að vinna, til verkefna sem þeir höfðu meiri áhuga á að sinna.

Ég ætla ekki að gera mörg atriði frv. að umræðuefni. Þó er það svo, að vegna fullyrðinga um að ríkið eitt eigi að eiga og reka Sinfóníuhljómsveitina get ég ekki varist því að leiða hugann að stefnu í menningarmálum. Er það rétt stefna í menningarmálum íslenska ríkisins að reka margar menningarstofnanir hér í höfuðborginni og segja svo við þá þegna sem greiða þennan kostnað og búa úti á landi: Þið eigið að koma í hópferðum hingað eða viðkomandi starfsfólk þessara stofnana á yfir sumartímann að fara í hálfgerðar lystireisur út á land til að koma menningunni á framfæri við sauðsvartan almúgann? (Gripið fram í.) Ég get vissulega tekið undir það í þessari stefnu, að ég tel að kannske sé einna mest þörf fyrir menninguna hér á þessu svæði, en vil þó ekki fara út í sérstakan meting á því sviði.

Hitt er aftur á móti spurning, hvort ekki væri rétt að standa þannig að þessum menningarmálum, að sveitarfélögunum væri gert kleift að gerast aðalrekstraraðili og ríkisvaldið kæmi til móts við hin ýmsu sveitarfélög á svipaðan hátt og það kemur til móts við skólana, greiðir vissan hluta af rekstrarkostnaðinum. Mér er ljóst að með því fyrirkomulagi mundum við trúlega hér í Reykjavík ekki eiga nema eitt borgarleikhús í sameign Reykjavíkurborgar og ríkisins, en þá gæti verið að við ættum líka norður á Akureyri, vestur á Ísafirði og á Austfjörðum leikhús sem væri starfrækt í sameiningu af ríkinu og sveitarfélögunum á þeim svæðum. Hið nákvæmlega sama mætti segja að væri eðlileg stefna í tónlistarlífinu.

Hér hefur verið nokkuð vikið að því, hvert hlutfall eigin tekna í gegnum sölu á aðgöngumiðum væri hið eðlilega eða hið æskilega fyrir hljómsveitina. Menn hafa verið að tala um að þetta sé, þurfi kannske að vera 10 eða 15%. Það hlýtur að vekja þá spurningu, hvort það sé yfirleitt réttlætanlegt að greiða með aðgöngumiðum um 90%. Ég vil halda því fram að hugsanlegt væri að standa þannig að þessu máli, að í staðinn fyrir að ríkið greiddi svona mikið með aðgöngumiðum tæki það upp þá stefnu að kaupa vissan fjölda aðgöngumiða á ári og gefa þeim þegnum þjóðfélagsins, sem e. t. v. hafa ekki minni áhuga á músík eða minni hæfileika á því sviði, en minna mega

sín, kost á að sækja þessa hljómleika með því að afhenda miðana til hinna ýmsu hópa í þjóðfélaginu til skiptis. Það væri út af fyrir sig menningarstefna sem væri fyrir þjóðina alla, ekki fyrir einhverja útvalda.

Það er að lokum tvennt sem ég vil gera hér að umræðuefni.

Ég er í sjálfu sér alveg sammála því sjónarmiði hv. 6. þm. Norðurl. e., að á þeim tímum, þegar við erum að bollaleggja að svipta Ríkisútvarpið einkaleyfi á sviði sjónvarps og útvarps, sé útvarpinu full nauðsyn á að geta keppt á þessu sviði án þess að á það séu settar neinar sérstakar kvaðir, og þess vegna hef ég talið æskilegt að útvarpið væri ekki rekstraraðili. Ég mun aftur á móti ekki bera fram brtt. um slíkt, því að mér er ljóst að það er ekki grundvöllur fyrir því að koma málinu svo breyttu áfram.

Hitt atriðið er það, hvort eðlilegt sé að hafa tvöfalt stjórnunarkerfi á hljómsveitinni. Er það skynsamlegt að annars vegar skuli vera menn, sem beri ábyrgðina á fjármálum hljómsveitarinnar, og hins vegar menn, sem beri ábyrgð á hvaða verk séu tekin til flutnings.

Ég verð að segja eins og er, að ég hef dálítinn ótta af þessu. Ég hefði talið miklu æskilegra að leita eftir því að fá tónlistarmenn með fjármálavit og ábyrgð til þess að sitja í stjórn hljómsveitarinnar. Ég tel að þetta þýði að mörgu leyti að stjórnunarkerfið verði ákaflega veikt og hætt við því, að þeir, sem sjá um verkefnavalið, telji sig alfarið óbundna af því, að það hafi einhverja fjármunalega hagsæld í för með sér fyrir hljómsveitina. Það má vel vera að menn telji að það sé vonlaust að finna tónlistarmenn með fjármálalega þekkingu. Mér finnst það vantraust engu að síður á þann hóp manna ef menn telja að svo sé.

Ég held að okkur sé mikil nauðsyn að standa þannig að ráðstöfun jafnmikilla fjármuna og þarna fara í gegn, að stjórnkerfið beinlínis stuðli ekki að því að um hæpna nýtingu þess fjármagns sé að ræða. Ég vil hér lýsa efasemdum mínum hvað þetta snertir, þrátt fyrir það að vafalaust hafi þeir sem lögðu þetta til haft viss rök fyrir sínu máli.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég get ekki látið þessari umr. lokið án þess að gera tvær athugasemdir. Það er í fyrsta lagi það, að mér finnst óhæfa að hæstv. menntmrh. láti að því liggja, ef menn taka til máls og gera athugasemdir um þetta mál, að þeir séu að drepa það, Þetta minnir mig svolítið á Zolaréttarhöldin, þegar kviðdómur þorði ekki annað en að dæma Zola sekan vegna þess að menn voru hræddir við afleiðingarnar, að herráðið kynni að gera eitthvað.

En ég var ánægður að heyra það hjá hæstv. menntmrh., að hann væri sammála mér í því, að auka þyrfti tónleikaferðir sveitarinnar. Og hann var sammála mér í því, að það væri langtímamarkmið að losa Ríkisútvarpið við greiðslu vegna hljómsveitarinnar.

Ég vil svo leiðrétta það, að í mínu máli kom ekki fram nein andúð á útlendingum. Það er fjarri öllum sanni. Það, sem ég sagði, var að ég benti á þversögnina í því, að það væri talað um kennsluhlutverk og uppeldishlutverk sveitarinnar mjög fjálglega í öðru orðinu, en í hinu orðinu kæmi í ljós að það þyrfti að ráða útlendinga til þess að unnt væri að reka sveitina.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að segja við hæstv. menntmrh. að þessi hljómsveit er hljómsveit fólksins í landinu en ekki fárra útvaldra.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég hafði nú ekki mikla ástæðu til að taka til máls. Ég vil hins vegar þakka allt það jákvæða sem búið er að segja um þetta mál almennt, og ég er ekki í vafa um að málið á nægilegt þingfylgi til þess að það ætti að geta orðið að lögum með skaplegum hætti á þessu ári.

Hins vegar verð ég að segja það, að ég er svolítið undrandi á því þegar verið er að gera mér upp þau orð, að ég telji það ekki vera neinn greiða við málið að koma fram með brtt. eða að ég sé beinlínis að halda því fram, að það sé verið að drepa málið þó að menn geri hér athugasemdir við það, eins og kom fram hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. síðast og mig furðaði stórlega á.

Það, sem ég sagði einfaldlega í þessu sambandi, var að jafnvel þó að finna mætti ýmis rök fyrir því, að það væri æskilegast að ríkissjóður stæði einn undir Sinfóníuhljómsveitinni, og það væri alls ekkert óeðlilegt þó að að því yrði unnið að Ríkisútvarpið drægist þar út úr þegar þar að kæmi, þá benti ég hv. þm. á að það væri ekki greiði við málið nú að koma með tillögu af því tagi. Það var það sem ég sagði, vegna þess að það er ekki, — við skulum viðurkenna það, — það er ekki, getum við sagt, pólitískur vilji fyrir slíku og þess vegna yrði það náttúrlega sama og að drepa málið ef sú till. kæmi fram og reynt væri að knýja sérstaklega fast á um það efni. Við höfum því miður ekki möguleika á að framkvæma það á þennan hátt eins og er. Ég held hins vegar að það sé réttmæt ábending að æskilegt væri að þetta verði sem mest á einni hendi, rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, og að því kemur vafalaust að svo verður, að þetta verður fyrst og fremst ríkisfyrirtæki sem landsmenn allir standa undir, hvort sem menn búa hér eða þar. En sem sagt, ég held að við séum þegar upp er staðið yfirleitt sammála um kjarna þessa máls.

Ég vil þakka þær jákvæðu umræður sem fram hafa farið um þetta efni, og ég vil taka mjög sterkt undir það sem fram hefur komið hjá ýmsum hv. þm., þar á meðal hv. 9. þm. Reykv. og 7. landsk. þm., og vert er að benda á, að tónlistarlíf hér á landi stendur nú með afar miklum blóma. Og ég held að það sé alveg augljóst mál, að það vekur aðdáun þeirra sem því kynnast, t. d. útlendinga sem hér dveljast. Ég hef orðið þess var hjá ýmsum útlendingum sem hér dveljast, t. d. sendiráðsfólki, og hið sama er að segja um tónlistarmenn sem hingað koma og kynnast tónlistarlífinu. Ég vil taka mjög ákveðið undir það, að tónlistarlíf stendur með blóma hér og okkur, sem höfum forræði fyrir landsstjórninni, ber að styrkja það á þann veg sem frekast er hægt að gera. Einn þáttur í því mundi vera að samþykkja nú eftir langa mæðu lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 63. fundur.

Föstudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Atvinnuréttindi útlendinga, frv. (þskj. 413). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 581).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 28, n. 569, 570). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft til umfjöllunar alllengi 28. mál, frv. hv. Alþfl.-manna um sjúkraflutninga og óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslækna. Þetta frv. var lagt hér fram og mælt fyrir því fyrir áramót. Ég vil nú, áður en ég geri grein fyrir störfum heilbr.- og trn. varðandi umfjöllun þessa máls, minna á það, að líklega stóðu fulltrúar flestra stjórnmálaflokkanna upp hér við umr., þegar mælt var fyrir frv., og lýstu stuðningi við það að vissu leyti, enda þótt engin loforð væru að sjálfsögðu gefin um að það yrði samþykkt óbreytt.

Eins og ég gat um áðan var löng umræða í nefndinni um þetta frv. Við reyndum, eftir því sem okkur þóttu tök á, að leita upplýsinga m. a. um kostnað sem hugsanlega mundi leiða af samþykkt frv. Hins vegar situr eftir mjög mikið mál að því er varðar þetta allt saman þ. e. skipulag sjúkraflutninganna. Þau mál eru raunar algjörlega óleyst eftir sem áður. Gert var ráð fyrir í frv. að þessi kostnaður, þ. e. bæði ferðakostnaður samlagslæknanna og flutningskostnaður sjúklinga, yrði greiddur að fullu.

Nefndinni þótti ekki fært að ganga svo langt. Niðurstöður eru birtar í brtt. og ég held að það sé gleggst að ég lesi upp með leyfi forseta þær till. sem nefndin hefur fram að færa og eru birtar á þskj. 570.

Nefndin leggur til að stafliður h í 43. gr. orðist svo, með leyfi forseta:

„Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd er 10 km er að ræða á landi eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga."

Eins og þetta var áður í almannatryggingalögunum var gert ráð fyrir að ferðakostnaður þessi yrði greiddur að hálfu ef læknir notaði eigið farartæki, ella að 3/4 hlutum. Sú breyting, sem hér hefur verið tíunduð, gerir ráð fyrir að allt verði greitt fram yfir 10 km vegalengd.

Samkv. brtt. nefndarinnar er gert ráð fyrir að stafliður i orðist þannig:

„Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús innanlands, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi eða ef nota verður skip eða flugvélar við flutningana, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sjúkraflutningur innanbæjar greiðist því ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km og frá kostnaði við skip eða flugvélar dragast 500 kr. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns úr sjúkrahúsi í heimahús, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið, að hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.

Sé fylgd nauðsynleg greiðist fargjald fylgdarmanns og að 3/4 ef um áætlunarferð er að ræða."

Meginbreytingarnar eru sem sagt þær, að tekið er til greiðslu úr almannasjóðum að mestu leyti þar sem flutningur er fram yfir 10 km vegalengd. Allt að 10 km greiða almannatryggingarnar eða almannasjóðir ekki.

Ég gat um það áðan og vil endurtaka það, að okkur þótti ekki fært á þessu stigi að ganga lengra. Að dómi okkar nm. er tekinn þarna sár broddur af þeim kostnaði sem hefur lent með miklum þyngslum á örfáa einstaklinga í landinu. Þetta er niðurstaða sem við getum sætt okkur við. Ég gat um það áðan, að skipulag sjúkraflutninganna þyrfti að taka til rækilegrar endurskoðunar. Það er von mín að svo verði gert. Ekki síst í ljósi þess þótti okkur eðlilegt að ganga ekki lengra í þessum efnum að svo stöddu.

Þessar breytingar hafa óhjákvæmilega í för með sér kostnað fyrir almannasjóði. Við fengum aðstoð frá Jóni Sæmundssyni í heilbr.- og trmrn. til þess að gera grófa áætlun um hverjar tölur þetta kynnu að verða. Samkv. staflið h hefði kostnaðaraukning orðið 255 þús.kr. hefði þessi breyting verið í gildi á liðnu ári, samkv. staflið i flug- og landflutningar 285 þús. og flutningar milli sjúkrahúsa 150 þús. eða samtals 690 þús. kr. Á verðlagi þessa árs hefði þessi kostnaður orðið allt árið um 920 þús. kr. Að gefnu tilefni vil ég taka fram að þessi kostnaðaráætlun hlýtur að vera mjög gróf. Það er erfitt að finna þetta nákvæmlega út, en ég hygg að þær tölur, sem hér eru tíundaðar, séu ekki mjög fjarri sannleikanum.

Nefndin leggur sem sagt til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef kynnt hér.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég verð að játa að ég var orðinn nokkuð óþreyjufullur eftir því, að þetta mál kæmist út úr þeirri nefnd sem hafði það til meðferðar, og mun formaður hv. nefndar jafnvel hafa orðið var við þessa óþreyju mína annað veifið. Því var ég óþreyjufullur að ég taldi að málið hefði fengið svo góðar undirtektir hér í deildinni þegar það var flutt við upphaf þings, en þetta er 28. mál þingsins, að ég gerði ráð fyrir að það gæti fengið skjóta afgreiðslu. Aðalatriðið er þó vitaskuld að afgreiðsla fáist og eftir atvikum get ég sætt mig við þá afgreiðslu sem hér er lögð til af hálfu nefndarinnar.

Frv., eins og ég lagði það fram upprunalega og við þm. Alþfl., gerði ráð fyrir að kostnaður af því tagi sem hér er um fjallað, þ. e. ferðakostnaður samlagslæknis annars vegar og hins vegar óhjákvæmilegur flutningskostnaður sjúks manns um lengri vegalengd en 10 km, yrði greiddur að fullu af almannatryggingunum. Brtt. fela hins vegar í sér að fyrstu 10 km skuli greiddir af sjúklingum, hvort heldur um er að ræða flutninga á sjúklingum eða vitjun af hálfu læknis. Á sama hátt hefur nefndin gert ráð fyrir því,

að ef sjúkraflutningar eiga sér stað með skipi eða flugvél skuli sjúklingurinn greiða 500 kr.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. í upphafi benti ég sérstaklega á það hrikalega misrétti, sem fælist í þeim reglum sem í gildi eru, gagnvart þeim sem búa mjög langt frá lækni og þyrftu jafnvel að borga fyrir 100 km akstur undir lækni, sem á þágildandi verðlagi taldist vera 275 kr. eða 27 500 gkr., þegar læknir kæmi að vitja sjúklings, og sams konar kostnaður gæti komið upp á ef flutningur læknis gerðist t. d. með snjóbíl. Ég benti líka á það mikla misrétti sem varðaði greiðslu á sjúkraflutningum, þegar fjórðungur af flugfargjaldi næmi upp undir 2000 kr. fyrir ýmsa hluta landsins, Austfirði, Vestfirði, Norðurland, ef farið er til Reykjavíkur. Og þó að sú regla væri almenn að menn greiddu fjórðunginn, þá væri það gat í lögunum, að þegar um væri að ræða flutning milli sjúkrahúsa gæti flugfargjaldið lent að fullu á sjúklingunum, jafnvel 5—8 þús. kr.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að verði gerðar, fela í sér að aldrei verður um svo hrikalega gjaldtöku að ræða, um eins hrikalega mismunun að ræða og ég rakti dæmi um samkv. núgildandi reglum. Það er í rauninni sett hámark á það, hvað sjúklingarnir þurfi að greiða, í mesta lagi 500 kr. ef um er að ræða flutning með flugvél eða með skipi, og í annan stað að því er varðar sjúkraflutninga á landi, þá greiði þeir einungis kostnað vegna fyrstu 10 km, og á sama hátt að því er varðar ferðakostnað samlagslæknis, þá sé einungis greitt fyrir fyrstu 10 km.

Eins og kom fram í grg. okkar flm. með frv. á sínum tíma hafði okkur verið bent á að regla af þessu tagi kæmi til álita. Við töldum hana að vísu ekki fullnægja þeim réttlætiskröfum sem eðlilegt væri að gera, vegna þess að við teljum eðlilegt og sanngjarnt að sjúklingur beri engan kostnað af sjúkraflutningum. En eftir atvikum getum við sætt okkur við þetta og fögnum því, að svo rík samstaða skyldi nást um þetta mál og að dregið hafi verið mjög verulega úr misréttinu með því að samþykkja frv. með þessum breytingum.

Að síðustu fögnum við því, að þetta mál skuli hér koma til afgreiðslu, og væntum þess, að nú verði skammt í að þetta geti orðið að lögum.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Ég hefði kannske átt að geta þess áðan, einmitt vegna þess að það kom fram í umr. um þetta mál hvort ekki þyrfti að setja ákvæði inn í þessa lagagrein varðandi verðbreytingar, að við lítum svo á að slíkar heimildir til verðbreytinga séu þegar fyrir hendi í niðurlagi 43. gr. almannatryggingalaganna.

ATKVGR.

Brtt. 570,1 (nýr h-liður 1. gr.) samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 570,2 (nýr i-liður 1. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 578). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til lánsfjárlaga var upphaflega lagt fram í þessari hv. deild og hlaut mjög ítarlega meðferð í nefnd. Nú hefur frv. verið afgreitt frá Nd. og er þá skemmst að segja af þeirri afgreiðslu, að þar var ekki um að ræða neinar teljandi breytingar á efnisatriðum lánsfjáráætlunar, en á hinn bóginn voru tekin inn í frv. ákvæði sem varða lækkun ríkisútgjalda í samræmi við efnahagsáætlun ríkisstj. fyrir þetta ár og áform um lækkun ríkisútgjalda að upphæð 120 millj. kr. Þessi ákvæði eru allmörg eins og kunnugt er.

Við meðferð málsins í Nd. var að vísu tekið inn ákvæði sem varðar raðsmíði fiskiskipa og er nú 34. gr. frv., að ríkissjóði sé heimilt, gegn þeim tryggingum sem metnar eru gildar, að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán til smíði á fiskiskipum innanlands. Nær þessi heimild til smíði fjögurra skipa í senn. Einnig er rétt að geta þess, að heimild, sem er í 6. gr. fjárlaga og miðar að því að tekið sé 15 millj. kr. lán til Bjargráðasjóðs til endurlána vegna erfiðleika í landbúnaði sem sköpuðust vegna erfiðstíðarfars á seinasta ári, þessi heimild er hér formlega komin inn í lánsfjáráætlunina. Raunar hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að útvega þetta fé.

Herra forseti. Þar sem málið hefur hlotið rækilega meðferð hér í deildinni og ekki hafa verið gerðar neinar teljandi efnisbreytingar á frv. sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um málið. Ég vil þó láta þess getið vegna mikilla umr. í Nd. um væntanlega lækkun ríkisútgjalda, að ég gerði upphaflega grein fyrir meginreglum í sambandi við lækkun ríkisútgjalda þegar efnahagsáætlunin var til umr. hér í þinginu 28. jan. s. l. Síðan gerði ég aftur grein fyrir þessum þætti málsins við 3. umr. um frv. til lánsfjárlaga í Nd., en sendi síðan sundurliðaðan lista yfir lækkun ríkisútgjalda hjá hverri einstakri stofnun til hv. fjvn. og hv. fjh.- og viðskn. í Ed. og Nd. Ég tel því, að þinginu hafi verið gerð nægileg grein fyrir þessum þætti málsins, og sé enga ástæðu til að málinu sé vísað til nefndar. Hins vegar hef ég heyrt hugmyndir um að óskir komi fram um það og mun þá að sjálfsögðu ekkert hafa við það að athuga ef þess er sérstaklega óskað.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. er þetta frv. komið til okkar á nýjan leik úr Nd. Það má segja að það sé hálfgerður uppvakningur úr neðra, eins og við stundum köllum þá ágætu hv. deild. Upphaflega var ætlunin — hæstv. ríkisstj. lagði á það höfuðáherslu — að þetta mál yrði afgreitt fyrir jól. Þar voru þá ýmis vandkvæði sem stjórnarandstaðan benti mjög rækilega á, að víða vantaði ákvörðun um hvernig með ætti að fara mál ýmissa sem höfðu fengið synjun við afgreiðslu málsins af hálfu stjórnarliðsins í nefnd, auk þess að mál þetta var allt með þeim hætti að augljóst var að slík afgreiðsla væri algjör flaustursvinna af hálfu hins háa Alþingis.

Hæstv. ríkisstj. féllst á að láta málið bíða og varð samkomulag um að það biði til 27. jan., að loknu jólaleyfi þm. En síðan er liðinn allur sá langi tími sem menn vita. Nú er kominn 2. apríl og þetta frv. enn að velkjast hér á milli deilda eftir allítarlega umfjöllun í Nd.

Eins og hæstv. fjmrh. sagði urðu veigalitlar breytingar á þessu frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982 á öllum þessum tíma. Þetta undirstrikar að hæstv. ríkisstj. hefur í raun-

inni gefist upp á að hafa ákveðna efnahagsstefnu. Hún heldur upp í í besta tilfelli, eins og gert er þegar bát rekur fyrir sjóum og vindum, en stefnir í rauninni ekki í neina ákveðna átt.

Ég mun ekki, herra forseti, ræða þetta mál mikið efnislega nú, en vil þó geta hér nokkurra meginatriða sem varða forsendur þessara lánsfjárlaga. Ég vil strax geta þess, að ég mun óska eftir að umr. verði frestað og málið komi fyrir hv. fjh.- og viðskn. þar sem ég mun óska eftir ákveðnum upplýsingum um málið eins og nú er komið. Bæði er það svo, að við sjáum betur, hver framvinda verður á þessu ári, heldur en var um áramótin, og auk þess eru enn ýmsir óljósir þættir í þessu máli sem ég tel að þurfi að upplýsa hv. Alþingi um, hvernig meiri hl. sá sem styður ríkisstj. hugsar sér að afgreiða málið að lokum.

Í þessu frv. er enn gert ráð fyrir því, að verðbólga á yfirstandandi ári verði aðeins 25—27%. Ég hef áður vakið athygli á því, að lánsfjárlög með slíkum forsendum eru miklu hættulegri en þó slíkar forsendur hafi verið fyrir fjárlagagerð, vegna þess að í þessu frv. og væntanlegum lánsfjárlögum er gengið út frá ákveðinni krónutölu til ýmiss konar framkvæmda og sú krónutala er miðuð við 25—27% verðbólgu á þessu ári. Slíkar áætlanagerðir eru náttúrlega algjörlega út í hött.

Nú vil ég upplýsa það, að ég hef nýlega haft samband við Hagstofu Íslands og hún spáir nú að framfærsluvísitala hækki um 11.7 fram að 1. maí, á þeim þremur mánuðum. Og þá hafa niðurgreiðslur í mars verið dregnar frá, sem eru 0.43. Þetta þýðir verðbólguhraða á 12 mánuðum upp á 55.7. Og hagstofustjóri upplýsir að óbreyttum Ólafslögum og óbreyttu ástandi verði verðbætur launa 1. júní um 10.10%, sem er langt, langt umfram forsendur þessa frv. og langt umfram það sem hæstv. ríkisstj. þykist stefna að á þessu ári.

Það er athyglisvert í þessu sambandi, að skerðing verðbóta á laun mun verða um 1.6% 1. júní, en eins og menn muna var skerðing verðbóta á laun 2.21% 1. mars s. l. Skerðing verðbóta á laun er því orðin 3.81% á þessu sex mánaða tímabili að óbreyttum Ólafslögum. Það er mjög athyglisvert að bera þetta saman við þá kjarasamninga sem gerðir voru í fyrra upp á grunnkaupshækkun 3.25%. Það er tekið gott betur en sú grunnkaupshækkun með þessum skerðingarákvæðum. Það er því ástæða til að vekja athygli á því, að þrátt fyrir allt þetta og þrátt fyrir þær niðurgreiðslur sem hæstv. ríkisstj. hugsar sér að auka svo mjög sem hér hefur komið fram, — aukning þeirra ein samsvarar meiri kostnaði fyrir ríkissjóð á ári heldur en lagt er til byggingar grunnskóla, sjúkrahúsa, dagvistarstofnana, hafna og flugvalla í landinu, aukningin ein, — þrátt fyrir þetta veður verðbólgan áfram með þessum hætti og er víðs fjarri því að nálgast þær forsendur sem eru í þessu lánsfjárlagafrv. Fleira styður þá skoðun að verðbólguhraðinn sé nú um 55%, nýlegir útreikningar á byggingarvísitölu o. s. frv.

Um þetta frv. hafa að vonum orðið miklar umr. Það er tvennt sem mönnum hefur orðið mjög tíðrætt um. Það er annars vegar innlendur sparnaður, hversu megi auka hann til þess að draga úr erlendum lántökum, og erlendar lántökur hins vegar. Formælendur ríkisstj. hafa haldið fram að innlendur sparnaður hafi stóraukist. Rétt er það, að innlán í peningastofnanir jukust á s. l. ári verulega umfram það sem þau hafa áður gert. En því miður er það svo, að heildarsparnaður í þjóðfélaginu í fyrra, þá því ári sem menn guma mest af því að peningalegur sparnaður hafi aukist, minnkaði stórlega. Sparnaður einstaklinga, sparnaður atvinnuveganna og opinber sparnaður minnkaði meira en sem nam aukningu peningalegs sparnaðar, þannig að heildarsparnaðurinn í þjóðfélaginu minnkaði og hefur ekki verið minni um mörg herrans ár en hann var í fyrra, einmitt á því ári sem menn guma af þessum peningalega sparnaði sem hefur aukist.

Því miður styður þetta þá skoðun mína, auk þess sem upplýsingar liggja nú fyrir um innlán í bankakerfið á þessu ári og þau hafa stórminnkað, að þetta frv. sé byggt á sandi að því er varðar innlenda fjáröflun.

Að því er varðar erlenda fjáröflun hef ég margsinnis bent á að staða erlendra lána, bæði nettóstaða og staða langra lána í hlutfalli við þjóðarframleiðslu, verður óhagstæðari eftir að þessi lánsfjárlög hafa verið samþykkt, verði þau samþykkt, heldur en nokkru sinni fyrr. Hæstv. fjmrh. hefur haldið hinu gagnstæða fram. Ég hef aflað mér upplýsinga um það frá Seðlabankanum, sem ég mun óska eftir í hv. nefnd að verði staðfestar þar, að löng erlend lán verða í ár, þegar þessi lánsfjárlög hafa verið samþykkt, 39% þjóðarframleiðslu, sem er langhæsta hlutfall sem um getur, og nettóstaða erlendra lána verður 34.9%, en ekki 32% og hæstv. ráðh. hefur haldið fram. Greiðslubyrðin verður 19% af útflutningstekjum í stað þess að stjórnarsáttmálinn gerir ráð fyrir að þar verði ekki farið fram úr 15% sem hámarki.

Þessi atriði vil ég gjarnan fá staðfest frá viðkomandi aðilum í nefnd og þess vegna hef ég óskað eftir að hlé verði gert á þessari umr. og hv. fjh.- og viðskn. geti komið saman til að fá staðfestingu á þessum upplýsingum auk annara upplýsinga áður en endanlega verður gengið frá þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv. og umr. frestað.

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978. Ríkisreikningur fyrir árið 1978 hefur verið lagður fyrir þingið og eins og þar kemur fram hafa útgjöld numið 165 260 073 000 kr. á því ári, en tekjur hafa numið heldur lægri fjárhæð svo að mismunur verður 1 609 088 000 kr. Að öðru leyti er ekki ástæða til að fjölyrða um efni ríkisreikningsins sem nánar verður tekinn til meðferðar í nefnd. Ég vil leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 61. fundur.

Föstudaginn 2. apríl, kl. 2 miðdegis.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22:1 atkv. og til menntmn. með 24 shlj. atkv.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er leitað eftir heimild til að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 26.8 millj. dollara í 82 millj. dollara. Er þetta í samræmi við samþykktir stjórnar bankans um aukningu hlutafjár.

Hlutafjáraukningin er í tvennu lagi: annars vegar almenn aukning í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign. Hluti Íslands er þar 25.1 millj. dollara. Af þeirri fjárhæð þarf að yfirfæra strax 3/4% eða 188 þús. dollara. En 6 3/4%, jafnvirði 1 694 þús. dollara, þarf að greiða inn á reikning Alþjóðabankans í Seðlabankanum á nokkrum árum. Miðað er við að það gerist á sjö árum og yrði þá árleg greiðsla jafnvirði um 270 þús. dollara á því gengi sem gildir á greiðsludegi. Það er samkomulag í ríkisstj. milli stjórnarflokkanna að afla nauðsynlegs fjár á fjárlögum í samræmi við þetta. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að þessi háa fjárhæð, sem hér er leitað heimilda fyrir, er ekki raunverulega hvað snertir öflun fjár á fjárlögum, nema 6 3/4% og svo 3/4% sem ég lýsti hér áður. Það er um sérstaka aukningu hlutafjár að ræða þar sem hverju ríki er heimilt að gerast áskrifandi að 250 hlutabréfum sem nú eru að nafnverði 30.2 millj. dollara samtals. Engar greiðslur eru samfara þessum hluta aukningarinnar. Þótt hlutafjáraukning sé 55.2 millj. dollara þarf ekki að greiða nema jafnvirði 1 882 þús. dollara, sem dreifist á mörg ár, eins og ég tók fram áður. Meginhluti hlutafjárins, sem ekki er greiddur, stendur til tryggingar skuldbindingum bankans í framtíðinni, en í því felst í reynd engin áhætta.

Þess gerist varla þörf að gera Alþingi grein fyrir starfsemi Alþjóðabankans og gildi hennar fyrir Íslendinga. Íslendingar hafa verið aðilar að Alþjóðabankanum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum frá stofnun þeirra rétt eftir seinustu heimsstyrjöld. Hlutverk þessara stofnana er að efla framfarir og bæta lífskjör í aðildarríkjunum og auka alþjóðaviðskipti og samstarf í peningamálum. Hafa Íslendingar tvímælalaust haft mikið gagn af þátttöku í þessu alþjóðasamstarfi.

Fram til ársins 1973 tóku Íslendingar 10 lán hjá Alþjóðabankanum með hagstæðum kjörum. Heildarupphæð lánanna var 47 millj. dollara og var lánsfénu varið til ýmissa orkuframkvæmda, vegagerðar, hafnarframkvæmda og landbúnaðar. Síðustu lánin voru veitt árið 1973 vegna Sigölduvirkjunar og síðar hafnarframkvæmda í Þorlákshöfn eftir eldsumbrotin í Vestmannaeyjum.

Síðan 1973 hafa Íslendingar ekki fengið nein lán hjá bankanum, enda hefur bankinn takmarkað lánveitingar sínar eingöngu við þau lönd sem búa við bág kjör. Alþjóðabankinn og systurstofnun hans, Alþjóðaframfarastofnunin, veita nú aðeins lán til þróunarlandanna og eru þessar stofnanir langþýðingarmestu alþjóðastofnanir sem vinna á sviði þróunaraðstoðar. Fjármagn Alþjóðabankans hefur verið lánað til ýmiss konar framkvæmda, svo sem orkuvera, járnbrautarlagna, vegaframkvæmda og hafnargerða. En á undanförnum árum hefur Alþjóðabankinn aukið útlán til landbúnaðar, húsnæðismála, menntamála og ýmiss konar félagslegra framkvæmda sem mikil þörf er fyrir í þróunarlöndunum.

Aukning á hlutafé Alþjóðabankans er nauðsynleg til þess að bankinn geti sinnt hinni sífellt vaxandi fjármagnsþörf þróunarlandanna. Má því líta á fyrirliggjandi frv. sem stuðning Íslands við þróunarlöndin, en á því er nú vaxandi skilningur, að okkur beri að auka framlög okkar á því sviði. Um frekari upplýsingar vísa ég til aths. við frv. og til þeirrar skýrslu sem þar kemur fram um lánveitingar sem við höfum notið frá Alþjóðabankanum á sínum tíma. Ég vil einnig undirstrika það, að Alþjóðabankinn er rekinn, eins og kunnugt er, í mjög nánum tengslum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og við Íslendingar eigum mikið undir því, eins og önnur aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að hafa náin og traust samskipti við þessar stofnanir ef nauðsyn ber til, af ástæðum sem allajafna geta orðið eins og okkar atvinnulífi og efnahagslífi er háttað. Það geta t. d. orðið sveiflur í okkar sjávarafla, eins og kunnugt er, það geta orðið miklar verðsveiflur á erlendum mörkuðum og þetta getur orðið til þess, að við þurfum að grípa til þeirra heimilda og þeirra réttinda sem við eigum hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess að fá það skyndilán meðan illa árar hjá okkur. Þetta var gert á árunum fyrir 1970. Þá voru tekin stór gjaldeyrislán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, eins og kunnugt er, til þess að við gætum haldið hér uppi frjálsum gjaldeyrisviðskiptum.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til að málinu verði að lokinni þessari 1. umr. vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og allir hv. þdm. sjá hefur hv. deild nú sem mest að vinna. Á dagskrá eru enn óafgreidd 21 mál. Ég bið um góða samvinnu til að sem flest komi fyrir og helst öll, en ég hef ekki áformað að fundur standi lengur en til kl. 7, og enn fremur að hv. þdm. sitji fundinn sem fastast því að vafalaust munu atkv. ganga í síbylju er líða tekur á daginn.

Hv. 1. landsk. þm. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár og tekur nú til máls, en ég get því miður ekki leyft mjög langar utandagskrárumr.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég kom fyrst inn á Alþingi haustið 1959 og nú á síðustu dögum og vikum hef ég, að mér finnst, lifað mestu niðurlægingu Alþingis sem átt hefur sér stað allt þetta tímabil. Ég vil reyndar

fullyrða að svo sé allt frá því að lýðveldi okkar var stofnað. Það er illa farið þegar til þess er hugsað að efalaust hafa margir haft trú á að stjórnarmyndunin 1980 yrði til að efla veg Alþingis og auka virðingu almennings fyrir störfum þingsins svo og þeirra sem þar starfa, hv. alþm. Síðustu atburðir á stjórnmálahimninum hafa þó ekki orðið til þess.

Hæstv. utanrrh. felur sérfróðum aðilum að kanna það verk sem Alþingi fól honum að leysa af hendi, þ. e. byggingu olíugeyma í Helguvík, með það fyrir augum að framkvæmdir gætu hafist þar í ársbyrjun 1983. Þessi undirbúningsverk höfðu ekki komist í gang þegar hæstv. félmrh., formaður Alþb., sá sig neyddan til að bregða fæti fyrir þær rannsóknir sem áttu að hefjast, og undir þetta tók að sjálfsögðu hæstv. iðnrh. Utanrrh. lét hafa það eftir sér, að ákvörðun iðnrh. varðandi Orkustofnun í þessu sambandi væri á þann veg að hann væri að beita valdi sínu í annarlegum tilgangi, hefði framið valdníðslu.

Þessu var vart lokið þegar næsti þáttur í þessum pólitíska farsa hófst.

Blönduvirkjunarsamningur kemur til umr. á Alþingi og einn þingflokksformanna, hv. þm. Páll Pétursson, hefur þau orð um að þessum samningum sé böðlað áfram með óeðlilegum hætti, bændum sé hótað, hreppsnefndarmenn hundeltir og leiguliðum hins opinbera sagt hvernig þeir eigi að haga sér. Í Morgunblaðinu í dag er vegna þessa máls vitnað til Egils sögu Skallagrímssonar. Hann ætlaði að ríða til þings með kistur sínar tvær fullar af ensku silfri. Hann ætlaði að bera kisturnar til Lögbergs þegar þar væri fjölmennast og sá síðan silfrinu yfir og meðal þingheims. Taldi gamli maðurinn að þá mundu nokkrar hrindingar og pústrar verða sem líklega mundu enda á að allur þingheimur berðist. Þetta ástand minnir vissulega á það sem er að gerast á Alþingi þessa daga, því að í kjölfar ákvörðunar um Blönduvirkjun og steinullarverksmiðju hefur hæstv. ríkisstj. borið á borð þm. sitt silfur. Það eru hin ýmsu lagafrumvörp sem eiga að vera dúsur ráðvilltra þm. sem hafa ofar í sínum huga og í sinni stefnu hina staðbundnu föðurlandsást en hag þjóðarinnar í heild. Þegar einnig er haft í huga að til viðbótar því, sem ég hef þegar sagt, hefur verið borið á borð fyrir okkur hér á hv. Alþingi að mútum hafi verið beitt norðanlands í formi heykögglaverksmiðju og spennistöðvar, tekur maður óneitanlega minna mark á stórum orðum hv. þm. Páls Pétursonar, enda er framhaldið eftir því, þegar hann lætur þau orð út úr sér hér að það sé alveg sama um arðsemi fyrirhugaðra fyrirtækja, og á ég þá að sjálfsögðu við staðsetningu umræddrar steinullarverksmiðju. Það er eitt sem hv. stjórnarþm. og ráðh. eru sammála um, að til Reykjavíkur skuli ekkert fyrirtæki fara, en hins vegar skuli slegist um staðsetningu þeirra á hinum óarðbærari stöðum með það hugfast að það sé silfur Egils, silfur ríkisstj., sem verið sé að útdeila. Og steinullarverksmiðja, ylræktarver og kóróna þessa alls, sykurverksmiðja, sem öllum ber saman um að sé svo fjarri allri skynsemi að engu tali tekur, slíkt er ekki traustvekjandi fyrir Alþingi og alþm. Um traust á hæstv. ríkisstj. ætla ég að segja sem minnst.

Í raun er þetta inngangur að mínu máli, sem ég hef hér utan dagskrár, því að mér virðist svo sem enn eitt málið sé nú komið upp á yfirborðið sem lykti heldur sterkt af silfri Egils. Ég á hér við síðustu skipakaupin til landsins, þegar keypt er um það bil 10 ára gamalt skip frá Englandi, skuttogari, sem kemur með furðulegum forsendum til landsins svo að ekki sé meira sagt.

Í málgagni hæstv. sjútvrh. og viðskrh. í dag, Tímanum, gefur sjútvrh. þá yfirlýsingu að hann hafi verið plataður í þessu máli, en viðskrh. segir að hann telji ekki ástæðu til að gera neitt frekar í þessu máli, jafnvel þótt þessi yfirlýsing liggi fyrir frá formanni flokksins, hæstv. sjútvrh. Nú verða sjálfsagt aðrir hv. þm. til að ræða þessi skipakaup frekar frá þessu sjónarhorni, enda ekki mitt meginmál í ræðustól að þessu sinni þótt ég fari hins vegar örfáum orðum þar um, sérstaklega þó þessa yfirlýsingu hæstv. sjútvrh.

Það kom fram á Alþingi í gær hjá hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni, að hann talaði um framsóknarlag á gömlu skipi sem nýkomið er til landsins. Það hefði verið soðið framan af stefni þess svo að mál stæðust og skipið teldist eftir það bátur, en ekki togari. Með ekki mjög miklu ímyndunarafli má álíta að stefnt skuli að því að skip, sem er skuttogskip, yrði eins bæði framan og aftan. Virðist því ekki fjarri lagi hjá hv. 1. þm. Vestf. að tala um framsóknarlag á slíku skipi sem yrði þá eins til beggja enda, opið í báða enda í sjó niður, en óneitanlega læðist sá grunur að manni þegar umrætt skip, sem ber nafnið Einar Benediktsson, kemur til landsins með sínu sérstaka framsóknarlagi, enda ber hofmóður yfirlýsingar hæstv. viðskrh. því best vitni.

Það er tvennt sem ég vil ræða um sérstaklega. Það hefur verið mín skoðun og ég veit að svo er um framámenn í röðum sjómannasamtakanna og útgerðarmanna líka og sú skoðun talin réttmæt, að Aldurslagasjóður fiskiskipa, sem er aldurstrygging fiskiskipa, sé sjóður sem eigandi getur sótt bætur í þegar hann vill hætta rekstri skips, enda hefur hann greitt iðgjald af þessari tryggingu. Það má því telja eðlilegt að eiganda skips sé frjálst að ráðstafa tryggingabótum til að kaupa nýtt skip ef bæturnar koma úr þessum sjóð.

Úreldingarsjóður fiskiskipa er hins vegar fjármagnaður með hluta af útflutningsgjaldi og má því líta á þá fjármögnun sem framlag sjávarútvegsins, þ. e. útvegsmanna, sjómanna og fiskverkenda. Tilgangur þessa sjóðs er að auðvelda útvegsmönnum að hætta rekstri úreltra skipa með styrk til viðbótar styrk úr Aldurslagasjóði í þeim tilgangi að minnka fiskveiðiflota okkar. Úreldingarsjóði er í sjálfu sér ekki ætlað að örva innflutning skipa eða stuðla að endurnýjun fiskiskipa nema að hluta. Ég vil benda á að sú stefna hefur verið viðurkennd sem eðlileg að í stað skipa, sem farast, skuli smíða ný skip eða afla nýrra skipa, og sú stefna er viðurkennd meðal hv. þm. að þetta eigi helst að gerast hér heima til að styrkja íslenskan iðnað. Nú hefur hins vegar brugðið svo við í tíð núv. hæstv. sjútvrh., að allt virðist eiga að koma tvöfalt ef skip farast eða úreldast, bæði nýbygging og einnig innflutningur — og þá á gömlu skipi í nær öllum tilfellum. Verður að álíta að þegar hæstv. sjútvrh. gefur slíkt leyfi beri honum skylda til að láta skoða hvers konar skip er um að ræða, hvort það uppfylli íslenskar kröfur o. s. frv., hvernig búnaði þess sé háttað. En þegar þetta umrædda skip kemur hingað heim kemur í ljós að það getur í hæsta lagi haft 9 eða 10 manna áhöfn. Samningar milli sjómanna og útvegsmanna hljóða hins vegar á þann veg, að á þessu skipi eigi að vera 14 manna áhöfn.

Það hefur enginn dregið í efa að á okkar minni togskipum, sem hafa fram til þessa með vitorði hæstv. sjútvrh. og hæstv. dómsmrh. brotið vökulögin svokölluðu, er ærin vinna þegar unnin og æðilangur vinnu-

tími hjá áhöfn þótt um 14 manna áhöfn sé að ræða. Nú er hins vegar stefnt með leyfinu til kaupa á þessu skipi í skjóli hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh. að enn frekari vinnuþrælkun en fyrir er og þekkist þegar. Það kemur auðvitað ekki þessu máli við þótt útgerðarmaður umrædds skips hafi hugsað sér að kaupa sér frið með einhverjum yfirborgunum þeirrar áhafnar sem hann hefur í huga að ráða á þetta skip. Þetta gerist á sama tíma og kvartanir berast til viðkomandi yfirvalda dag eftir dag, viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár í sambandi við brot sem eiga sér stað á vökulögunum og um þá óhemjuvinnu sem hvíli á þeim mönnum sem á okkar skuttogurum vinna.

Ég veit að hv. þm. þykir sumum hverjum nokkuð leiðigjarnt hjá mér að vera sífellt að minnast á þessi mál. Ég minni þó enn á að um leið og pólitískir stuðningsmenn núv. hæstv. ríkisstj. í verkalýðshreyfingunni hafa átt margs konar kaupskap við suma hæstv. ráðh. um svokallaða félagsmálapakka hafa sjómenn verið skildir eftir að mestu leyti í þeirri gjafakeppni viðkomandi ráðh. Vinnuvernd og hollusta á vinnustað og annað þess háttar hvílir ekki þungt á hæstv. sjútvrh. þegar um íslenska sjómenn og vinnuaðstöðu þeirra er að ræða.

Í síðustu kjarasamningum unnu einstakir ráðherrar markvisst að því að brjóta lögmæta vinnustöðvun sjómanna á bak aftur, og í skjóli ríkisstj. eru hálaunaðir embættismenn fengnir til að sanna þá hættu sem þjóðfélaginu sé búin af nokkrum skattfríðindum sjómanna, þeirra sem helst mega ekki á blað þegar um félagslegar framfarir er að ræða hjá landverkafólki, þeirrar stéttar sem skilað hefur í hafið árlega um margra áratuga skeið að meðaltali 20 mannslífum vegna slysa í starfi.

Ég skal ekki þreyta hv. þm. með því að benda á allar þær yfirlýsingar sem hæstv. sjútvrh. og reyndar fleiri hæstv. ráðh. hafa haft um stofnstærð okkar fisktegunda, um hættuna af offjölgun skipa, um fjölgun skrapdaganna, um fjölgun þeirra daga, sem skipin verða að bíða í höfn eftir því fá að hefja veiðar að nýju, og um leið minnkandi framleiðni þessa atvinnuvegar og um leið stórminnkandi tekjur sjómanna og minnkandi tekjur útgerðarmanna. Samfara þessu leyfi ég mér að benda á ítrekaðar yfirlýsingar í svokölluðum stjórnarsáttmála, þar sem má heita að á annarri hverri síðu sé vitnað til nauðsynjar á aukinni framleiðni í hinum ýmsu atvinnuvegum. Bendi ég þá hv. þm. aftur á þau frumvörp sem liggja nú á borðum okkar og hafa verið kölluð dúsur til ákveðinna þm., til ákveðinna kjördæma í sambandi við þau átakamál sem eiga sér stað innan hæstv. ríkisstj. og stjórnarflokkanna.

Ég vil leyfa mér í tilefni af þessum skipakaupum að óska eftir því bæði við hæstv. viðskrh. og hæstv. sjútvrh., að þeir gefi Alþingi skýrslu um aðdraganda þessara kaupa. Ég skal ekki fara frekar út í það hér sem hefur þegar komið fram í blöðum í dag og öðrum fréttum. Það hefur verið dregið mjög í efa að þeir, sem flytja skipið inn, eigendur skipsins, séu lögmætir eigendur þeirra réttinda sem kölluð hafa verið svo í sambandi við að fá skip í stað eldri skipa. Skal ég ekki fara nánar út í það vegna þess að ég vonast til að það komi fram hjá hæstv. ráðh. En það er ljóst, að hæstv. viðskrh. hefur gefið leyfi til þess að eigendur skipsins tækju 67% af kaupverði þess að láni í erlendri mynt. Spurning mín til hans er til viðbótar, vegna þess að því hefur ekki verið mótmælt hér á Alþingi sem komið hefur fram, að hann hafi útvegað erlend lán til að flytja skip á milli staða hér á Íslandi, hvort þessir sömu aðilar hafi fengið frekari fyrirgreiðslu um erlend lán til að fjármagna þau 33% sem á vantar. Mínar spurningar til hæstv. sjútvrh. eru þessar: Sendi hann lýsingu á þessu skipi til Siglingamálastofnunarinnar og fékk hann álit Siglingamálastofnunar á því, hvort skipið væri búið til að sigla hér á Íslandsmiðum að vetrarlagi og í ís, hvort það væri búið til að veita áhöfn þau hlunnindi um borð, getum við kallað það, sem ber samkv. samningum sem í gildi eru á milli samtaka útgerðarmanna og sjómanna? Ég vil jafnframt spyrja hæstv. sjútvrh. hver svör siglingamálastjóra hafi verið þegar leitað var til hans. Ef ekki hefur verið leitað til hans vil ég gjarnan fá að heyra það frá sjútvrh., hver það sé í hans rn. eða utan þess sem ráðleggur honum slík kaup.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. þm. Pétur Sigurðsson hóf mál sitt á að ræða um virðingu Alþingis og hélt síðan áfram að tala um silfur Egils og sagði að silfur ríkisstj. væri eins og silfur Egils, því væri dritað um landið eftir hentugleikum. Ég man nú ekki betur — ég er ekkert sérstaklega sögufróður maður þó að ég hafi gaman af sögu — en Egill dræpi þrælana eftir að þeir voru búnir að grafa silfrið, að það hafi aldrei fundist. (**PS:** Ég biðst vægðar. Þú mátt ekki drepa mig.) Það er fjarri því að mér detti slíkt í hug og ég skal ekki fara lengra út í þessa sögu, en hv. þm. verður að finna snjallari samlíkingu en þessa ef hún á að hitta í mark.

Varðandi þetta mál, sem hér um ræðir og ég var sérstaklega spurður um, skal ég að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni þm. að gefa skýrslu um afskipti viðskrn. af þessu sérstaka máli, sem hann spurði um, og vil strax taka fram að frekari fyrirgreiðsla en 67% lánveiting hefur ekki verið veitt í viðskrn. og ég veit ekki til að hún hafi verið veitt neins staðar frá — ekki hvað snertir gjaldeyrisfyrirgreiðslu.

Hv. þm. minntist nokkuð á skrif í dagblaðinu Tímanum um þetta mál og minntist á að ég hefði verið með hofmóð í svari mínu þar. Ég sagði í sjálfu sér ekki neitt vegna þess að ég frétti fyrst um það í fyrrakvöld og sá í sjónvarpi að það var vefengt að þeir aðilar, sem hafa keypt Einar Benediktsson til landsins, hafi átt það skip sem fór í skiptum fyrir Einar. Ég óskaði eftir því í rn. í gærmorgun að þetta mál yrði athugað. Síðan var hringt í mig í gærkvöld heima hjá mér, og ég var þá ekki búinn að koma í rn. og athuga hvað gerst hefði í þessu, þannig að það var varla von til að ég gæti gefið miklar upplýsingar, hvorki Tímanum né öðrum, um þennan þátt málsins. Ég sagði þess vegna bókstaflega ekki neitt fyrr en ég vissi frekar um hvað þessi athugun leiddi í ljós. Mér finnst því koma úr hörðustu átt þegar þm. er að drótta því að mér, að ég hafi verið með sérstakan hofmóð í mínum yfirlýsingum. Ég hef raunar ekkert sagt um málið enn þá.

Mér er það ljúft, eins og ég sagði áðan, að gefa yfirlit um það sem hefur gerst í viðskrn. varðandi þetta mál.

Í bréfi, dags. 7. des. s. l., sóttu Ólafur H. Ingimarsson stýrimaður, Tálknafirði, og Níels Anton Ársælsson skipstjóri, Tálknafirði, um heimild til innflutnings og erlendrar lántöku vegna togbáts frá Englandi. Í bréfinu kom fram að umsækjendur hefðu starfað sem sjómenn frá Tálknafirði og verið helmingseigendur að mb. Fálkanum BA-309 frá Tálknafirði, sem fórst 19. sept. 1981, og einnig verið eigendur að ms. Sæhrímni ÍS-100, sem dæmdur hefur verið í Úreldingar- og Aldurslagasjóð.

Umsóknin var send til umsagnar sjútvrn. og í bréfi þess, dags. 30. des. 1981, segir m. a., en það er föst regla um meðferð svona mála í viðskrn. að þau eru send til umsagnar sjútvrn. áður en nokkrar ákvarðanir eru teknar um frekari meðferð málsins:

„Það sem bæði Fálkinn BA-309 og Sæhrímnir ÍS-100, sem voru í eigu umsækjenda, hafa verið teknir út notkun á árinu getur rn. mælt með umsókn þessari."

Síðar reis um það deila, hver muni hafa verið lögmætur eigandi að mb. Fálkanum BA-309 þegar skipið fórst. Viðskrn. leitaði því á ný álits sjútvrn., sem hinn 4. mars staðfesti að það mælti með umsókn ofangreindra aðila. Með bréfi viðskrn. frá 4. mars sama dag var heimilaður innflutningur og erlend lántaka vegna urædds fiskiskips. Heimildin var veitt að vandlega athuguðu máli með hliðsjón af aðild umsækjenda að útgerð báta, en annar hafði farist, en hinn verið tekinn af skipaskrá. Rn. var ekki kunnugt um neinn ágreining um eignaraðild Níelsar Ársælssonar að ms. Sæhrímni ÍS-100.

Í tilefni þeirra umræðna, sem orðið hafa varðandi þessi skipakaup, óskaði rn. í gær eftir frekari upplýsingum frá kaupendum vegna þessa máls. Í grg., sem rn. barst í gær frá Benedikt Sveinssyni hrl. fyrir hönd kaupenda ms. Einars Benediktssonar, segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutafélagið Vélskip hf., Tálknafirði, var stofnað 19. mars 1980 vegna kaupa á ms. Sæhrímni frá Þingeyri. Hlutafé er kr. 250 þús. og á fjölskylda Níels Ársælssonar 55%, þar af Níels Ársælsson sjálfur 42%. Gunnbjörn Ólafsson og fjölskylda eiga 45%. Ms. Sæhrímnir var gerður út frá Tálknafirði frá maí 1980 til hausts 1980, að skipið fór í Slipp í Reykjavík til viðgerðar. Skipstjóri allan tímann var Níels Ársælsson og Ólafur Ingimarsson stýrimaður. Vélskip hf. reyndi að selja skipið, en sala tókst ekki og var að lokum talið að viðgerð á skipinu mundi ekki svara kostnaði. Úreldingarsjóður og Aldurslagasjóður veittu Vélskip hf. styrki til að eyða bátnum samkv. bréfum Samábyrgðar Íslands, sem eru dags. 4. sept. s. l. Veðhafar knúðu fram uppboð á skipinu áður en til greiðslu kom úr sjóðnum til að nýta þá fyrirgreiðslu, sem samþykkt hafði verið af sjóðnum, varð samkomulag um það milli hluthafa, að Gunnbjörn Ólafsson keypti bátinn á uppboðinu, og fékkst fyrirgreiðslan úr sjóðnum færð yfir á nafn Gunnbjörns, enda þar nánast um nauðsynleg formsatriði að ræða þar sem Vélskip hf. gat ekki verið uppboðskaupandi þar sem félagið var uppboðsseljandi. Af framansögðu er ljóst að Níels Ársælsson hafði yfir að ráða meirihlutaeignaraðild að ms. Sæhrímni með hluthafaeign sinni í Vélskip hf. meðan skipið var gert úr, og skipið er dæmt í Úreldingarsjóð meðan sú eignaraðild varir." Þetta er úr skýrlsu Benedikts Sveinssonar hrl. sem hann sendi viðskrn. í gær. Gunnbjörn Ólafsson hefur ekki haft samband við viðskrn. vegna þessa máls.

Varðandi meðferð málsins vildi ég segja að þegar það var vefengt í fyrradag, að kaupendur ms. Einars Benediktssonar hefðu verið eigendur Sæhrímnis ÍS-100, óskaði ég eftir því í gær að viðskrn. athugaði málið nánar. Í morgun lágu þessar upplýsingar fyrir og eftir að hafa fjallað nánar um þær telur rn. ekki ástæðu til frekari aðgerða, nema eitthvað það nýtt komi fram sem gefur tilefni til þess.

Kaupendur Einars Benediktssonar, þeir Níels Ársælsson skipstjóri og Ólafur Ingimarsson stýrimaður, óskuðu eftir að innflutningsleyfið væri stílað á væntanlegt hlutafélag sem þeir ætluðu að stofna um kaupin á skipinu, eins og altítt er þegar menn festa kaup á nýjum skipum. Þessir menn eru starfandi sjómenn sem urðu fyrir því mikla áfalli að skip þeirra fórst við Látrabjarg í vonskuveðri í septembermánuði á árinu 1981, og þeir tveir björguðust þar, eins og kunnugt er. Þessa sjómenn vantaði því skip í stað þess sem þeir höfðu misst, og er það raunar upphaf þessa máls.

Það sem gerst hefur er að tveir bátar, mb. Fálkinn BA-309 og ms. Sæhrímnir ÍS-100, hafa verið teknir af skipaskrá. Fálkinn var 59 smálestir og Sæhrímnir 89. Einar Benediktsson er skilgreindur sem bátur þar sem hann er styttri en 39 metrar. Hann er 35 metrar að lengd og vélaraflið verður innan 900 hestafla. Þetta eru þær helstu upplýsingar sem ég get gefið um þetta mál. Mér hefur verið sagt að skipið sé tæpar 300 rúmlestir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. viðskrh. var mál þetta eins og önnur lík sent sjútvrn. til umsagnar og við svöruðum því eins og fram kom í svari hans, enda töldum við mjög eðlilega endurnýjun á þessum tveimur bátum sem nefndir voru í bréfi umsækjanda, Fálkanum og Sæhrímni. Þeirri reglu hefur ætíð verið fylgt, að ef útgerðarmenn óska að endurnýja skip sín fyrir gömul skip, sem tekin eru úr notkun, fái þeir heimild til þess. Ég vil leiðrétta það, sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, að síðan sé flutt annað skip inn út á slíka heimild. Það er alrangt. Þegar þetta er gert eru gömlu skipin tekin af þeirri skrá úreldingar sem Fiskveiðasjóður leggur til grundvallar fyrir almennar leyfisveitingar. Þess er vandlega gætt og um það er samstarf milli sjútvrn. og Fiskveiðasjóðs. Ég kannast því ekki við eitt einasta tilfelli þar sem rúmlestatala skipa, sem sérstök skip hafa verið flutt inn í staðinn fyrir, hefur verið tekin með í því sem lagt er almennt til grundvallar. Ég leyfi mér að fullyrða að svo sé ekki því að þess er vandlega gætt.

Hv. þm. taldi óeðlilegt að útgerðarmaður, sem selur skip í gegnum Úreldingarsjóð, fengi heimild til að endurnýja skip sitt. Það var orðað svo af einum ágætum hv. þm., að Úreldingarsjóður væri ekki til þess að taka útgerðarmenn úr umferð, heldur skip. Ég er honum sammála um það, enda vil ég upplýsa að það, sem fæst úr Úreldingarsjóði, dugar yfirleitt varla til að borga þær skuldir sem hvíla á gömlu skipunum. Það gerir það áreiðanlega ekki í þessu tilfelli, þannig að ég hygg að það hafi ekki komið eyrir af úreldingarfé til að kaupa hið nýja skip. A. m. k. kemur mér mjög á óvart ef svo er.

Það er haft eftir mér að ég hafi verið plataður í þessu máli. Reyndar átti að bæta við: Ef rétt reynist það sem fullyrt er hef ég verið plataður. — Það kom ekki fram í greininni, en mér heyrist á svari hæstv. viðskrh. að tvímælalaust hafi fyrirtækið Vélskip hf. á Tálknafirði verið meirihlutaeigandi að Sæhrímni og þá m. a. sá ungi maður, sem er að kaupa nýtt skip, og fjölskylda hans. Sú breyting á eignaraðild, sem verður við uppboð á skipinu, virðist vera nánast formsatriði. Hins vegar kom í ljós, í sambandi við Fálkann BA-309 að umsækjendur gátu ekki fært sönnur á eign sína á Fálkanum. Mér er hins vegar persónulega vel kunnugt um að þessir menn gerðu Fálkann út eftir að hann var keyptur og meðan hann var ofansjávar, og ég leyfi mér að fullyrða að þeir menn, sem til þekkja, m. a. á Tálknafirði, hafi talið þessa menn

meðeigendur að Fálkanum. En það er rétt, að í ljós kom að þeir hafa ekki afsal til að sanna sitt mál. Þess vegna kom umsóknin aftur til sjútvrn. Þá höfðu þessir ungu menn lagt í töluverðan kostnað til að festa sér þetta einka skip. Miðað við að Sæhrímnir var 120 rúmlesta skip, var eftir atvikum talið rétt að mæla með því að endurnýjun fengist út á það skip eitt. Ég viðurkenni að okkur þótti stækkunin þá fullmikil miðað við að Fálkinn er dottinn út úr myndinni, en miðað við þessi atvik, eins og ég hef nefnt, þótti þó rétt að mæla með þessu, og mér heyrðist, eins og ég sagði áðan, að fram kæmi hjá hæstv. viðskrh. að það hafi verið út af fyrir sig eðlilegt.

Hv. þm. spurði hvort skipið hafi verið skoðað o. s. frv. Að sjálfsögðu. Það fær ekkert skip að koma inn í landið nema með heimild frá Siglingamálastofnun. Það er þá ekki tollafgreitt. Að sjálfsögðu var svo í þetta sinn. 12. jan. 1982 skrifar Siglingamálastofnun umsögn um skipið, sem er þá byggð á teikningum og öðrum upplýsingum sem hún hafi fengið. Þar eru gerðar ýmsar athugasemdir, m. a. aths. við íbúðir. Reyndar kemur fram að klefarnir séu stórir og ýmislegt sé út af fyrir sig jákvætt við klefana, en þó er talið nauðsynlegt að lagfæra þar einangrun, lagfæra gólf, bæta við sturtu o. s. frv., svo að ég nefni eitthvað af því sem nefnt er í þessari umsögn. Síðan er farið utan og litið á skipið og væntanlegum kaupendum gerð grein fyrir því með bréfi 18. febr. 1982, hvað þurfi að gera við skipið áður en það fái haffæriskírteini. Í þessu bréfi segir m. a., með leyfi forseta:

„Getur siglingamálastjóri fyrir sitt leyti fallist á að skip þetta verði flutt til landsins og að skráning þess verði leyfð á Íslandi, að því tilskildu að eftirfarandi atriðum, sem hér eru upp talin, verði fullnægt í síðasta lagi áður en endanlegt haffæriskírteini verður gefið út."

Síðan eru talin upp 32 atriði, sum mjög smávægileg. það eru nánast lagfæringar sem hver maður getur gert. Það eru að sjálfsögðu gerðar kröfur um að björgunarbátar séu yfirfarnir og séu í lagi og yfirleitt gerðar kröfur um allan þann öryggisbúnað sem er til í íslenskum reglugerðum um slík skip. Sumt af því er mjög lítilfjörlegt. Annað, sem breyta þarf, er stærra. Sé ég ekki ástæðu til að lesa listann hér upp, en hv. fyrirspyrjandi getur að sjálfsögðu fengið aðgang að honum ef hann vill. Þó vil ég nefna atriði sem kunna að vera stærri, eins og t. d. að setja upp vökva- eða rafknúinn skutrennuloka, lagfæra fiskimóttöku í aðgerðarrými, lagfæra lúgur fyrir fisk á þilfari, koma í veg fyrir að sjór geti runnið þar niður um o. s. frv. Það er fjölmargt sem hér er talið upp, þannig að ég hygg að ég geti fullvissað hv. fyrirspyrjanda um að þetta skip hefur verið vandlega athugað og gerðar til þess allar þær kröfur sem eru gerðar til fiskiskipa.

Hitt vil ég svo taka fram, að það verður að vera útgerðarmannanna sjálfra að ákveða hvort þeir kaupa skip hafandi fengið þessi skilyrði í hendurnar. Sjútvrn. getur ekki tekið neinn þátt í því, enda hygg ég að útgerðarmennirnir séu sjálfir, a. m. k. í langflestum ef ekki öllum tilfellum, langsamlega færastir um að meta slíkt, a. m. k. þeir sem einhverja reynslu hafa. Sömuleiðis stuðlar sjútvrn. að sjálfsögðu ekki að því að samningar á milli sjómanna og útgerðarmanna séu brotnir. Það kemur vitanlega ekki til mála. Um það allt verða útgerðarmenn sjálfir að fjalla við sjómannafélög á sínum stað, og ég er viss um að svo verði gert í þessu tilfelli.

En án þess að fara nú ítarlega út í almenna endurnýjun flotans vil ég fara um það fáum orðum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi að endurnýja bátaflotann, og ég vil mjög gjarnan stuðla að því, að það verði gert með innlendri skipasmíði. Ég vil að þau skip séu fullkomin og góð, og því hefur verið að því stefnt að koma hér af stað raðsmíði sem megi lækka verulega innlendan smíðakostnað á skipum. En ég vil taka skýrt fram að takist það ekki kemur ekki til mála að miklu hærri kostnaður við endunýjun skipa innanlands verði gerður að útgerðarvandamáli. Staðreyndin er nefnilega sú, að við eigum í samkeppni við þjóðir í kringum okkur sem njóta að því er virðist langtum lægri smíðakostnaðar en býðst hér innanlands. Eins og ég segi tekst vonandi að lagfæra það með raðsmíðum. Ég fæ á borðið hjá mér svo að segja daglega frá hinum mætustu og virtustu útgerðarmönnum samanburðartölur á því, hvað kostar að smíða skip hér innanlands og smíða nýtt skip erlendis. Við vitum að í þessu eru alls konar niðurgreiðslur erlendis, sem við ráðum því miður ekki við. Eina leiðin til að reyna að lækka þetta er með raðsmíðinni. En ofan á aðra aðstoð, sem sjávarútvegur erlendis nýtur, sem er gífurleg, er vart unnt að leggja á Íslenska útgerðarmenn að borga þennan mikla kostnaðarmun. Ég endurtek: Vonandi tekst að lækka hann. Þess vegna hef ég talið rétt, að þegar útgerðarmaður tekur skip úr notkun verði honum heimilt á sama ári að flytja inn skip sem er með svipaðan sóknarþunga. Það fer ekki alveg nákvæmlega eftir brúttórúmlestatölunni. (**Gripið fram í:** Hvað var Sæhrímnir stór?) Sæhrímnir — ég held að ég fari rétt með — var 120 lestir. Eins og ég sagði áðan er fullmikill stærðarmunur á þessum skipum eftir að Fálkinn dettur út.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég vil leyfa mér að fullyrða að í mjög mörgum tilfellum hefur tekist að fá ágæt skip, notuð, erlendis, sem hafa sómt sér vel í hinum íslenska flota. Ég er þeirrar skoðunar, að þetta skip sé í eldra lagi, og það er ljóst, að það þarf að gera ýmislegt við það. Ég vil lýsa von minni að þetta skip verði happadrjúgt á íslenskum fiskimiðum.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Hæstv. samgrh. svaraði því til í fjölmiðlum, að hann hefði verið plataður í þessu máli. Hann er reyndar að reyna að klóra í bakkann núna eftir ræðu hæstv. viðskrh., en ég sé þó ekki að honum hafi tekist það á einn eða neinn hátt. Það er ekki gott þegar hæstv. ráðherrar eru plataðir, og það versta er þegar menn geta komist upp með það hvað eftir annað.

Hæstv. samgrh. sagði ekki alls fyrir löngu að kratar hefðu platað sig til að fallast á raunvaxtastefnuna. Það er reyndar furðulegt að hann skuli ekki hafa skipt um kúrs eftir að hafa verið við stjórnvölinn á þjóðarskútunni í nokkur ár síðan. Það bendir ekki til að sá kúrs hafi verið mjög slæmur.

Það er slæmt, eins og ég sagði, að menn skuli geta komist upp með að plata ráðh. hvað eftir annað. Ef menn leysa út nokkur hundruð króna ávísanir er gjarnan spurt um skilríki. En ef menn kaupa skip til landsins á fölskum forsendum, koma annars vegar með nafn á skipi, sem er sokkið og greitt af tryggingarfélagi fyrir alllöngu, og hins vegar með nafn á skipi sem Úreldingarsjóður og Aldurslagasjóður eru búnir að greiða, gerir enginn neitt þó að þetta reynist meira og minna falskt. Það er auðvitað rétt, sem kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., að það nær auðvitað engri átt að hægt sé að kaupa ný skip endalaust út á skip sem Úreldingarsjóður er búinn að greiða, því að

í hann koma peningar frá útgerðarmönnum og sjómönnum og hann er annars vegar til að hjálpa mönnum að leggja ónýtum skipum og hins vegar til að draga úr stærð flotans.

Einhvern tíma sagði hæstv. ráðh. líka að Flugleiðir hefðu platað hann, ef ég man rétt. Ísleifsútgerðin í Vestmannaeyjum plataði líka hæstv. ráðh. — eða kannske það hafi verið flokksbróðir hans, Björgvin Jónsson, sem plataði hann í því máli. Ísleifsútgerðin keypti ekki alls fyrir löngu í gegnum Björgvin Jónsson nýlegt 430 tonna skip frá Færeyjum, en átti í staðinn að flytja út 240 tonna bát, ágætisbát í góðu standi. Báturinn fór þó aldrei úr landi eins og tilskilið var. Það var Björgvin Jónsson, flokksbróðir hæstv. ráðh., sem sá um kaupin. Hann keypti gamla bátinn. Hvernig fór hann svo að því að uppfylla þau skilyrði að annað skip færi úr landi? Hann kaupir Sporð. Ég veit reyndar ekki hvort hann keypti hann, en telur sig að forminu til hafa eignast hann eftir að Aldurslagasjóður er búinn að greiða hann, eftir að Úreldingarsjóður er búinn að greiða hann. Það er nú verið að rífa þennan sama Sporð í Hafnarfirði, rífa hann í brotajárn, ef ég þekki rétt. Til að kóróna allt saman kemur þriðji flokksbróðirinn inn í spilið, hæstv. viðskrh., og leyfir Björgvin að taka erlent lán til að kaupa bátinn frá Vestmannaeyjum til Þorlákshafnar.

Síðan hefur eitt skemmtilegt mál komið hér upp og það er varðandi skipið sem Sjólastöðin í Hafnarfirði keypti. Hún hafði leyfi til að kaupa bát, en kaupir togara og til að kippa því í liðinn var bara klippt framan af skipinu. Þar með var öllu réttlæti fullnægt og allir kátir og ánægðir. Ekki vildi ég vera því skipi stímandi á móti í vondu veðri og miklum sjógangi. Auk þess er skipið herfilega ljótt eins og það er núna og stingur hrottalega í augun. Áður var talað um Færeyjalag á skipi og Breiðafjarðarlag og hitt og þetta lag, og allir vissu við hvað væri átt, en nú er farið hér á hinu háa Alþingi að tala um framsóknarlag, og trúi ég að það muni festast við svona skip.

Nokkrir hv. þm. framsóknarmanna hafa lagt fram þáltill. um að lag á skipsskrokkum skuli kannað, kannað hvaða lag sé best til að spara eldsneytið sem mest. Það get ég sagt þessum hv. þm., að það lag að vera með stefnið þversum, framsóknarlagið er áreiðanlega ekki best upp á það að spara olíu.

Afkoma sjómanna og útgerðarmanna og reyndar þjóðarinnar allrar þolir ekki svona ævintýramennsku í sjávarútvegsmálum. Það er mál að linni.

Hæstv. ráðh. talaði um að hann vildi stuðla að innlendri skipasmíði. Hann stuðlar aldrei að innlendri skipasmíði með því að hleypa niðurgreiddum skipum inn í landið í stórum stíl og ryðguðum kálfum fyrir tombóluprís. Hann stuðlar aldrei að innlendri skipasmíði með því. Hann gengur af innlendu skipasmíðinni dauðri.

Hann talar mikið um svipaðan sóknarþunga, réttlætir, að tveir bátar séu teknir út á móti togara, og talar um svipaðan sóknarþunga. Hæstv. ráðh. virðist ekki gera sér grein fyrir að sóknarþungi skipa vex mjög ört, sömu skipanna, vegna breyttra og bættra veiðarfæra, t. d. kraftaverkaneta svokallaðra sem komu fyrir nokkrum árum. Sömu skip veiða miklu meira en áður var. Sama er að segja um siglingatæki og fiskleitartæki. Þau eru orðin svo fullkomin og eru að verða svo fullkomin að það er næstum því hægt að finna hvern einasta fisk í sjónum.

Ráðh. getur ekki endalaust sagt að þeir hafi verið plataðir því að það er greinilegt að þeir vilja láta plata sig í þessum málum. Þá er spurningin: Höfum við efni á að hafa slíka ráðh. sem alltaf eru að láta plata sig?

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Efnislega ætla ég ekki að ræða þessa fsp. sem hv. 1. landsk. þm. bar fram, og til þess liggja persónulegar ástæður að ég geri það ekki þó að ég gæti margt um þetta mál sagt. En ég kveð mér hér hljóðs vegna ummæla og svars hæstv. viðskrh. þar sem hann sagði að þetta leyfi hafi verið veitt og veitt leyfi til 67% erlendrar lántöku. Ég vil spyrja hann eftir hverju hann fer og hvernig hann meti og vegi menn sem sækja um innflutning skipa.

Áður en ég kem að því vil ég að það komi alveg umbúðalaust fram, að ég hefði talið skynsamlegast að leyfa ekki innflutning á einu einasta skipi á árinu 1981 og viðhalda því einnig á árinu 1982. Þá væri ekki verið að mismuna neinum, þá hefði erlend skuldasöfnun orðið mun minni og þá hefði verið léttara undir fæti á mörgum sviðum. En þegar farið er út í það að veita einum og neita öðrum, þá skil ég ekki þankagang hæstv. viðskrh.

Á s. l. hausti sótti útgerðarmaður frá Patreksfirði um leyfi til að kaupa skip erlendis frá, sem var af sömu stærð og skipið sem hann átti fyrir og var orðið ónýtt eða svo gott sem. Það borgaði sig ekki að gera við það. Þetta er fullorðinn maður sem búinn er að vera sjómaður allt sitt líf, skipstjóri og útgerðarmaður nú sennilega í tvo áratugi. Hann sækir um innflutning á skipi. Hann fær svar að lokum frá viðskrh. um að honum sé heimilað að taka 67% erlent lán. Það var það sem hann bað um. En svo bætti hæstv. viðskrh. við því skilyrði, að Fiskveiðasjóður tæki við og endurlánaði, vitandi að Fiskveiðasjóður hefur tekið upp þá stefnu að bæta ekki við flotann og síst af öllu að veita lán til skipakaupa erlendis frá. Nú segir sami hæstv. ráðh. áðan um útgerðaraðila sem hefur gert út í fimm mánuði: Ég veiti honum leyfi til að taka 67% lántöku án nokkurs skilyrðis frá Fiskveiðasjóði. — Hvar er réttlætið hjá þessum hæstv. ráðh.? Hvernig ætlar hann að réttlæta þessar gerðir sínar gagnvart Alþingi og gagnvart þjóðinni? Það er eitthvað þarna á bak við. En hvað er það? Vill ekki hæstv. ráðh. upplýsa hvað það er, af hverju hann dregur menn þannig í dilka? Á að refsa mönnum sem eru við þennan atvinnuveg alla ævina?

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki níðast á velvilja forseta í því að leyfa mér að vekja athygli á þessu máli utan dagskrár í dag, hafandi í huga hvað mikið er hér á dagskrá. Mér finnst þó að fsp. mín. og svör ráðh. og þær umr., sem á eftir hafa farið, sýni fram á að hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa misnotað ráðherravald sitt til þess að hygla pólitískum flokksgæðingum og veitt þeim leyfi, eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. sjútvrh., sem virðist ákaflega dýrmætt hjá íslenskum útgerðarmönnum og öðrum, bæði sjómönnum og öðrum sem vilja fara í útgerð í dag, og sú fsp., sem kom áðan fram frá hv. 1. þm. Vestf., er auðvitað þannig að hæstv. viðskrh. þarf að svara henni.

Ég skal ekki fara frekar út í að eltast við svör hæstv. sjútvrh., en bendi hins vegar á að samkv. svari hans kemur í ljós að umrætt leyfi hefur ekki getað fengist út á 57 tonna bátinn sem fórst, vegna þess að þessir menn gátu alls ekki talist eigendur hans. Samkv. kenningu hans átti ekki og var ekki hægt að veita leyfi til skipakaupa út á það úreldingarfé sem fékkst út á 59 tonna bátinn. Það

dugði mjög skammt til þess, enda mennirnir ekki eigendur að því skipi heldur. En allt í einu tromma þessir menn upp með leyfi fyrir 312 tonna skipi, 10 ára gömlu.

Eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Vestf. þurfa þessir menn ekki að gangast undir þær kvaðir að fara til Fiskveiðasjóðs til þess að fá þar endurlánað fyrir 67% erlenda láninu. Af hverju skyldi það vera? Það skyldi þó ekki vera vegna þess að umræddir menn eru framsóknarmenn?

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vona að það sé rétt, að þessir ágætu menn séu framsóknarmenn. (**Gripið fram í:** Þú veist það vel.) Nei, ég veit það ekki. Ég hef satt að segja ekki talið umræddа aðila vera framsóknarmenn. Mér kæmi ekki á óvart þó að þeir væru sjálfstæðismenn, ég verð að segja eins og er, en ég hef ekki beðið um flokksskírteini, það vil ég upplýsa. (**Gripið fram í:** Hann gengur í flokkinn.) Það væri vonandi. Ég hef ekki spurt hann að því, en ég fagna hverjum góðum sjómanni sem gengur í Framsfl. Það má gjarnan berast út. En sem sagt, ég stóð fyrst og fremst upp til að vísa því á bug, að þarna hafi nokkur flokkssjónarmið ráðið. Það er alrangt og það eru brigsl sem hv. þm. ætti ekki að hafa hér í frammi.

Ég vil líka taka það fram, að ég er sannfærður um að sóknarþungi þessa nýja skips er ekkert eða lítið meira en tveggja bátanna. Ég gæti trúað að þetta væri svona álíka. En ég sagði líka áðan að það var miðað við aðstæður og miðað við þá fjárfestingu, sem þarna var orðin, að ég fyrir mitt leyti taldi rétt að fallast á að hann fengi þetta skip fyrir Sæhrímni sem var 120 lesta bátur.

Ég skal ekki fara mörgum orðum um það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, en ég vil segja fyrir mitt leyti að ég tel ekki óeðlilegt að láta á það reyna, hvort Fiskveiðasjóður fellst á að lána út á viðkomandi skip. Hins vegar er Fiskveiðasjóður með reglur um aldur skipa sem hann víkur ekki frá og ég hef ekki óskað eftir að hann víki frá. Það kann í ýmsum tilfellum að vera eðlilegt að menn fái að flytja inn skip þó að það fari ekki í gegnum Fiskveiðasjóð, en að þetta sé lagt fyrir Fiskveiðasjóð og látið á það reyna. Út af því ákveðna máli, sem hv. 1. þm. Vestf. talaði um áðan, get ég upplýst að það mál var samþykkt í gær á fundi Fiskveiðasjóðs. (**Viðskrh.:** Hann veit það.) Hann veit það kannske. Já, það var samþykkt í gær, og ég tel það mjög gott mál. Þar er um endurnýjun á mjög gömlu skipi að ræða fyrir milu nýrra skip, sem er meira að segja heldur minna að brúttórúmlestatölu, ef menn eru að bera slíkt saman, og mjög eðlilegt að stuðla að því að Fiskveiðasjóður fjalli um það mál.

Það, sem hv. þm. Magnús H. Magnússon sagði áðan, minnir mig á viðræður sem ég átti við nokkra Vestmanneyinga nýlega. Einn þeirra sagði að Vestmanneyingar væru ekkert of góðir til að sækja sjóinn á gömlu bátunum eins og þeir hafa gert í áratugi. Ég er þessu mjög ósammála. Ég held að t. d. þar eins og í fjölmörgum verstöðvum hér sunnanlands sé endurnýjunarþörfin ákaflega brýn, m. a. vegna sjómanna. Ég held að hún sé mjög brýn. Og ég vil leyfa mér að fullyrða um mörg þau eldri skip sem hafa komið inn, m. a. til Vestmannaeyja, að það sé veruleg framför að þeim skipum sem menn nota nú og sækja út á ystu brún. Ég tel að það sé líka öryggismál sjómanna að bátar séu endurnýjaðir og stækkaðir og vinnurými um borð bætt. Ég tel að það sé nauðsynlegt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég er hér með í höndunum afsal þar sem Sæhrímnir hf., Þingeyri, selur og afsalar Vélskipi hf., Tálknafirði, vs. Sæhrímni, ÍS-100. Þetta afsal er dags. 20. mars 1980 og það hefur legið í viðskrn. þannig að það fór ekkert á milli mála á þessum tíma hver átti Sæhrímni, þó að upp kæmi ágreiningur milli aðila um það, hver ætti minni bátinn, Fálkann.

Hv. þm. Pétur Sigurðsson sagði að það væri framsóknarlag á þessu nýja skipi. Það er skuttogaralag á því og það er þá framsóknarlag. Ég uni því ágætlega ef skuttogaralagið er orðið að framsóknarlagi, vegna þess að skuttogarafloti þjóðarinnar — þó menn séu að skammast út í hann daginn út og daginn inn — færir meiri björg í bú og er meiri undirstaða undir íslenskt efnahagslíf, atvinnulíf og þjóðarbú heldur en kannske margan grunar. Ég get þess vegna vel fellt mig við það að skuttogaralagið sé framsóknarlag. (**Gripið fram í:** Ertu að segja mér þetta kannske?) Já, ég er að segja hv. þm. þetta meðal annarra.

Það hefur komið fram í þessu máli, að það eru tvö skip, sem hafa verið tekin af skrá, og veitt leyfi fyrir einu í staðinn. Ég hef raunar engu við það að bæta sem ég hef áður sagt í því efni. Hv. þm. Matthías Bjarnason gerði að umræðuefni þær reglur sem farið væri eftir í sambandi við veitingu á innflutningsleyfum fyrir skip. Ef um er að ræða notuð skip eru í raun og veru engar fastákveðnar reglur. Þegar um er að ræða ný skip erlend er reglan sú, að Fiskveiðasjóður verður að lána 50%, 17% fá menn að láni beint erlendis frá, og það verður að skipta á skipum, taka skip af skrá. Hins vegar er ekki tekið fram að það þurfi að vera nákvæmlega jafnstór skip, og það getur vel verið ágreiningsefni í þessu máli að stærra skip er keypt. En ég verð að segja það, að þó að ég viðurkenni þau sjónarmið að gæta þarf þess, að fiskiskipastóllinn verði ekki allt of stór, þá er ég algerlega mótfallinn því, að spenna þetta í spennitreyju þannig að menn, sem vinna við þessa atvinnugrein, geti sig hvergi hrært, þeir verði að kaupa nákvæmlega jafnstórt skip og það sem tekið er af skrá. Ég er algerlega mótfallinn því og ég tel mjög eðlilegt að útgerðarmenn fái heimild til þess að stækka við sig skip, ef þeir á annað borð þurfa að skipta, þó að ég viðurkenni að reglurnar um mörkin milli togara og báta séu þýðingarmikil mörk sem verður að hafa í huga.

Það verða að vera sérstakar ástæður fyrir hendi að mínu mati ef veitt er leyfi fyrir láni fram hjá Fiskveiðasjóði. Og ég áleit að það væru sérstakar ástæður fyrir hendi í þessu máli. Það voru sjómenn, það var skipstjóri og það var stýrimaður, sem misstu sitt skip og munaði minnstu að þeir týndu lífinu, og ég tel að það séu svo ríkar ástæður í sambandi við slík mál að ástæða sé til að gera undantekningu. Um þetta kunna að vera skiptar skoðanir. En ég verð að segja það, að þegar menn eru hér að tala um virðingu Alþingis finnst mér spurning hvort svona mál á að gera að stóru og löngu umræðumáli á Alþingi, að menn, sem hafa misst skip, sjómenn, fá leyfi til að kaupa annað skip. Mér finnst það vera mikil spurning.

Hv. þm. Matthías Bjarnason sagði fyrst að það hefði ekki átt að veita leyfi fyrir neinu skipi á þessu ári — engu skipi. Ég veit ekki betur en hann hafi talað við mig um að vinna að þessu sérstaka máli, og ég taldi það ekkert athugavert. Þessi maður, sem hann nefndi, hefur nú fengið lán úr Fiskveiðasjóði og hann fær innflutningsleyfi

fyrir skipi. Það er rangt hjá Matthíasi að ég hafi unnið á móti því. Ég hef verið því vinveittur að svo miklu leyti sem ég hef komið að því máli.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þetta er ákaflega einkennilegt mál. Það kemur maður í sjútvrn. eða viðskrn. Viðskrn. virðist vera orðið hliðarráðuneyti við sjútvrn. hvað varðar fiskiskipakaup, og er aldeilis óeðlilegt að þau skuli vera í margra höndum. En þessi maður kemur í rn. og langar í skip og segist hafa átt tvo báta sem hafi annaðhvort sokkið eða farið í úreldingu. Svo kemur í ljós að hann átti hvorugan bátinn. Annan bátinn átti hann einhvern tíma áður, en annar aðili hafði eignast hann í milli. þannig að þegar hann gerir þetta á hann engan bát til að láta í staðinn. Hvað heitir þetta á íslensku? Þetta heita svik. Þetta eru svik við stjórnvöld. Maðurinn hefur sem sagt svikið sér út leyfi fyrir skipi. Því miður er það þannig. Þessu skipi ber þess vegna skilyrðislaust að skila aftur, enda er nóg af skipum nú í flotanum.

Við höfum verið að bæta við einu og einu skipi, sumum allt of dýrum og allt of stórum fyrir þá sem eiga að reka þau, enda vonlaust, og reyndar á það eftir að koma í ljós. *Því miður er staðreyndin sú. En á þessu ári höfum við* ekki verið að bæta við einu og einu skipi í þorskveiðiflotann. Á einum degi bættust 52 stór og vel búin fiskiskip í sóknina í þorskinn. Það er mikill hópur. Meira en 50 harðduglegir formenn á stórum og vel útbúnum skipum bætast nú í þessa sókn. Þó að við viljum endurbæta úreltan bátaflota er þarna komin algerlega ný mynd fram. Flotinn stækkar stórkostlega í einu vetfangi og með þá staðreynd í huga verða menn að athuga sinn gang.

Ég undrast dálítið það sem menn hafa verið að segja hérna. Hæstv. sjútvrh. hefur verið að reyna að klóra svolítið í bakkann. Hann viðurkenndi þó að hann hefði verið svikinn, og það var karlmannlega mælt. En ég held að menn eigi ekki að reyna að tína til rök til þess að réttlæta þetta á einn eða annan hátt. Það er óréttlætanlegt. Þessir bátaræflar, sem voru teknir út í staðinn, voru ekki skip til þess að sækja sjó á Íslandsmiðum. Þess vegna er augljóst að sá togari, sem kemur í staðinn, hefur miklu meiri sóknarmöguleika. Það er enginn vafi. Það þýðir ekkert að segja: Ég held að þetta skip hafi ekki meiri sóknarþunga en þessir bátar. — Það þýðir ekki neitt, það er svo augljóst. Við skulum hætta að reyna að afsaka okkur með rökum sem halda ekki. Það er ekki góður siður. Við eigum bara að viðurkenna að þarna hafi orðið hrapalleg mistök. Þau geta átt sér stað og ekki ætla ég að dæma menn fyrir það. Hins vegar eru þetta svik af hálfu þess manns sem var að sækja um leyfi til að kaupa skip.

Hæstv. sjútvrh. sagði réttilega að margir sjómenn á Íslandi þurfa að vinna sína vinnu við erfið skilyrði á smáum bátum og með vondum aðbúnaði. Þar er ekki hægt að beita lögum um hollustuhætti og allt það á vinnustað sem við höfum verið að samþykkja hér fyrir alla sem vinna á þurru landi. En hvað svo sem um það má segja, þann vilja ráðh. að bæta vinnurými, eins og hann orðaði það, þá er það aldeilis ekki gert með þessum ryðkláfi sem verið er að kaupa núna og hefur aðeins plass fyrir 10 menn, en á skuttogurum eiga auðvitað að vera miklu fleiri menn. Með því að hafa svona fáa menn er auðvitað verið að bjóða upp á að vökulög séu brotin og vinnuálag verði óeðlilega mikið. Ég held að ráðh., hvort sem er í þessari ríkisstj. eða annarri, eigi ekki að beita sér fyrir slíku — alls ekki.

Það mætti auðvitað margt um þetta segja. En ég vil vekja athygli á því og lýsa þeirri skoðun minni, að menn geti ekki farið í eitthvert annað rn. og krækt sér í skip, ef ekki er hægt að ná í það í sjútvrn. Það er nauðsynlegt að þetta sé allt á einni hendi. Það ber brýna nauðsyn til að breyta þeim reglum, sem til kunna að vera í þessum efnum, þannig að smíði innanlands eða utan, kaup á skipum innanlands eða utanlands frá fari öll í gegnum sama aðilann. Við höfum ekki efni á því að bæta við fleiri og fleiri skipum, auka fjárfestinguna, án þess að það komi nokkurri krónu meira inn í afla. Aflinn er takmarkaður, þessi stærð er föst. Svona mikið megum við veiða og svona mikið fáum við fyrir þennan afla. Ef við bætum við 10 skipum í flotann fer allur rekstrarkostnaður þessara nýju skipa inn á sama fiskverð. Ég vona að menn skilji hvað ég á við. Það kemur bara minna í hvers hlut og það verður verra að reka þau skip sem fyrir eru. Svo kemur auðvitað að lokum að því, að það verður ekki hægt að reka eitt einasta skip með nokkru lagi. Þetta ýtir undir óeðlilega hækkandi fiskverð, lækkandi gengi og enn frekar bullandi verðbólgu. Við megum ekki í einu orðinu vera að tala um að við ætlum að telja niður verðbólguna, eða hvernig svo sem menn orða það, og stórauka svo í landinu á mörgum sviðum fjárfestingu sem engu skilar. Ef nokkuð ýtir undir verðbólgu, þá er það slíkt.

Menn verða að horfast í augu við þessar staðreyndir. Ég álít að sjútvrh. — hver sem hann er — eigi að setja þröngar reglur í þessum efnum sem gefi ekki prýstihópum þann möguleika að liggja stöðugt og ýta á að fá leyfi til þessa eða hins. Þá geta menn vísað hreinlega til þessara reglna, að þetta megi ekki, þetta sé ekki hægt, og það gengur jafnt yfir alla. Hins vegar ef ráðherrar hafa of miklar heimildir, þá er tilhneiging til að láta undan þrýstingi, enda hefur sú raun orðið á.

Ég legg enn á það áherslu, að ég álít nauðsynlegt að öll skipakaup, hvaðan sem er, fari í gegnum einn stað. Það er hægt að takmarka aðsóknina í þetta með því ósköp einfaldlega að lækka lánahlutfall Fiskveiðasjóðs þannig að ekki sæki aðrir í þetta en þeir sem hafa eitthvert bolmagn til þess og eru færir um að reka sín skip.

Herra forseti. Hæstv. ráðh. nefndi hér áðan að við í Vestmannaeyjum hefðum fengið að kaupa einhver eldri skip til notkunar. Það er rétt. Ég verð að viðurkenna það, að ég var hlynntur því á sínum tíma. En nú er komin upp allt önnur mynd, eins og ég nefndi áðan, með tilkomu loðnuflotans í þorskinn. En þó að við höfum keypt eldri báta, þá hefur engum dottið í hug að kaupa afgamla báta. Eins og ráðh. sagði og flestallir, sem hér eru inni, vita geta menn fengið 50% lán í Fiskveiðasjóði til þess að kaupa notuð skip erlendis frá, með einu skilyrði þó ásamt öðrum, og það er að skipið sé ekki eldra en fimm ára. Það eru aldursmörk sem ætíð hefur verið miðað við. Og það er skynsamlegt að vera ekki að flytja inn eldri skip en þetta. Ef við kaupum fimm ára skip á það þó ekki nema þrjú ár eftir í stóra skoðun, átta ára klössun. Það hefur hingað til ekki þótt skynsamlegt að flytja inn svo gömul skip. En þetta er afgamalt skip. Það er tvöfalt eldra en þau mörk sem Fiskveiðasjóður setur, og er raunar ekkert vit í því að gera slíkt.,

Sá dugnaðarmaður, sem reyndi að ná sér í þetta skip, átti ekkert skip til þess að úrelda og fá annað í staðinn,

sem ég álít að eigi alls ekki að setja sama-sem-merki á milli. Við erum að reyna að draga úr flotanum. En með því að eignast þetta skip hefur hann þó fengið eitt gamalt í hendurnar sem hann kannske getur sett í Úreldingarsjóð áður en langur tími líður.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt sem mest ég má, en í fyrsta lagi langar mig til þess að leiðrétta það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. og var af hans hálfu talin ein veigamesta forsenda fyrir því að réttlæta það, að Einar Benediktsson yrði fluttur inn í landið í staðinn fyrir Sæhrímni ÍS-100. Það er það atriði sem hann gat um hér skýrt og greinilega í ræðustól, að hann hafi talið að Sæhrímnir væri 120 brúttólestir að stærð. Samkv. skrám og upplýsingum, sem hægt er að ná í, á bls. 186 í skipaskrá, var þetta skip 87 brúttólestir. Þó að við leggjum saman brúttólestatölu Sæhrímnis og Fálkans nær sú brúttólestatala ekki helmingnum af stærð hins nýja skips, Einars Benediktssonar, sem er 312 brúttólestir. Auðvitað er þetta ekki einhlítur mælikvarði á sóknarþungann, en þetta segir samt sína sögu, og vegna þess að hæstv. ráðh. gerði þetta að stóru máli í sínum málflutningi taldi ég rétt að þetta kæmi hér skýrt og greinilega fram. Sæhrímnir ÍS var 87 brúttólestir en ekki 120. Fálkinn, sem núverandi eigendur Einars Benediktssonar geta ekki sýnt fram á að þeir hafi verið eigendur að, er 59 brúttólestir. Einar Benediktsson er, eins og hér hefur komið fram, 10 ára gamall togari, 312 lestir. Og það hélt ég að allir, a. m. k. allir hv. þm. Vestfirðinga vissu, að við þær gæftir, sem þar verður að sæta í útgerð, er stórkostlegur munur að vera á togara — ég endurtek — togara á borð við Einar Benediktsson eða á smábátum eins og Sæhrímni og Fálkanum. Þetta vita þeir sem hæla sér mest af því að hafa flutt skuttogara til landsins. Sóknarþunginn er því engan veginn sambærilegur.

Þá hefur það komið fram, herra forseti, í þessum umr. að heimiluð var 67% erlend lántaka í þessu skyni. Þetta ber að skoða með tilliti til ákvörðunar Fiskveiðasjóðs í gær um að lækka lánshlutfall úr 66% í 60%. Í hvaða skyni? Í því skyni að koma í veg fyrir og draga úr innflutningi fiskiskipa til landsins. Á þetta ber að leggja áherslu og sýnir annnars vegar ákvörðun hæstv. ráðh. og hins vegar viðleitni stjórnar Fiskveiðasjóðs til þess að koma í veg fyrir þá þróun sem hefur átt sér stað hér að undanförnu.

Við þetta allt saman bætist — svo sem kom réttilega fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 4. þm. Suðurl. — að sóknin hefur verið að aukast í þorsk vegna þess að loðnuflotinn hefur að verulegu marki verið settur á þorskveiðar, þar sem loðnuveiðar hafa brugðist. Þeir menn, sem bera ábyrgð á því að leyft er að flytja inn 312 tonna togara í staðinn fyrir 87 lesta bát bera ábyrgð á því að við búum hér á landi við sífellt rýrnandi lífskjör. Þessir hæstv. ráðherrar hafa lýst því yfir að þeir vilji telja niður verðbólguna, en þeir eru að telja niður lífskjörin.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Hæstv. viðskrh. sagði að ég hefði talað við sig út af umræddri umsókn og það er rétt. Ég hef sótt á um innflutning skipa. En ég hef líka sagt að það hefði ekkert skip átt að flytja inn á s. l. ári og þessu ári, það er líka rétt. En ég fór ekki að tala við hæstv. viðskrh. um innflutning skipa fyrr en búið var að veita leyfi fyrir innflutningi skipa. Þá fannst mér eðlilegt að þessi aðili fengi skip. Ég hefði hiklaust veitt þessum aðila með þeim allra fyrstu leyfi til að flytja inn skip sakir langs starfs hans við útgerð og á sjónum sem skipstjóri og útgerðarmaður. En við því hefði ekkert verið hægt að segja þótt hann hefði fengið synjun ef enginn innflutningur hefði átt sér stað. Hvenær hefur verið ríkari þörf á að koma í veg fyrir innflutning skipa, ef það er ekki þegar fór að líða á árið 1981 og á þessu ári, ef hæstv. ríkisstj. vill reyna að hugsa? Það er verið að byggja ný skip, stór og afkastamikil skip innanlands, og það er engin smáaukning sem hefur orðið á fiskiskipaflotanum við það að loðnuveiðar eru hættar og allur sá floti, um 50 skip, fer á bolfiskveiðar. Það er ekkert lítið sem er verið að rýra kjör þeirra, sem bolfiskveiðarnar hafa stundað, við þessa óumflýjanlegu breytingu sem er ekki við neinn um að sakast.

Hitt get ég ekki fallist á, að menn hagi sér þannig að þegar skip fer í úreldingu eða aldurslagatryggingu hjá einhverjum og einhverjum, þá geti menn á allt öðrum stað á landinu sagt: Ég ætla að gera þetta skip ónýtt, ef ég fæ innflutning hjá honum Tómasi, sbr. skip sem heitir Sporður. Ég held að hæstv. viðskrh. ætti að hafa mynd af sporði yfir skrifborðinu sínu, því að það ætti vel við eftir þau sporðaköst öll sem þar hafa átt sér stað að undanförnu.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég verð nú að byrja á því að segja það, að mér finnst einkennilega farið með þennan tíma hér í dag. Ég vissi ekki betur en ákveðið hefði verið að halda þennan föstudagsfund vegna þeirra óvenjulegu aðstæðna að hér bíður fjöldi mála afgreiðslu milli deilda sem mjög er kallað eftir og allir þm. væntanlega sammála um að þurfi að flýta, og þess vegna hefði þessum degi verið betur varið í þær umr. heldur en það sem hefur farið hér fram til þessa.

Ég verð að segja það með fullri virðingu fyrir hv. 1. landsk. þm., að mér finnst að þeir þm., sem hafa þá aðferð að draga hér inn á Alþingi, gjarnan utan dagskrár, ónákvæmar fréttir úr blöðum um ýmis mál, án þess að leita áður staðreynda um viðkomandi mál, eru að mínu mati að kasta rýrð á virðingu Alþingis, það er mitt mat, og eyða þannig dýrmætum tíma þm. frá nauðsynlegri afgreiðslu mála sem allir viðurkenna að þurfi að fara fram. Þessi tímasóun er því flestum til tjóns.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til að segja það, að mér finnst furðulegar og mjög ósmekklegar þær aðdróttanir hv. 1. landsk. þm. í garð sjútvrh. þar sem hannýjar að því, að hæstv. ráðh. vilji stuðla að því að öryggi sjómanna minnki og öryggi sé ekki fyrir hendi á þeim skipum sem verið er að flytja til landsins. Þetta er ósmekkleg fullyrðing, ekki síst frá hv. þm. sem a. m. k. vill láta trúa því, að hann beri hag sjómanna fyrir brjósti sérstaklega.

Ég verð að játa í sambandi við þessar umr. að það er mín skoðun, — má vel vera að það sé vegna þess að ég er alinn upp í sjávarútvegsþorpi og þekki þess vegna vel það sem þar fer fram, — að það sé lífsnauðsyn fyrir þessa þjóð að endurnýja fiskiskipaflotann og sú stefna sé viðurkennd, að við eigum ávallt fullkomnasta fiskiskipaflota í heimi. Við erum að státa af því á mörgum málþingum, að við séum meðal mestu fiskveiðiþjóða heimsins. Við eigum að minna á það, sem auðvitað allir vita, að lífsafkoma þessarar þjóðar byggist á fiskveiðum og sjósókn.

Ég verð að segja það, að mér finnst furðulegt ef hv. þm. gera sér ekki grein fyrir gildi þess að hafa fullkominn

fiskiskipaflota. Hafa þm. hér verið í verstöðvum þessa lands og séð gömlu bátana okkar koma að landi í vitlausum veðrum? Hafa þeir séð hvernig þessi fiskiskip eru útleikin? Þau eru yfirhlaðin ísingu svo að við liggur að þeim hvolfi, öryggi sjómanna í lágmarki. Ég þekki fjölda sjómanna í verstöðvum vestanlands sem hafa verið nú síðari árin að laga sig eftir þeim aðstæðum sem orðnar eru í okkar fiskveiðum, að það verður að sækja helmingi fastar og miklu meira á djúpmið heldur en áður hefur þekkst. Þeir gera þetta á sömu litlu bátunum sem þeir hafa áður sótt eingöngu á grunnmið. Þess vegna segi ég það, að það á að vera vilji fyrir því að endurnýja þennan flota. Ég tel að í fiskveiðistefnu eigi fyrst og fremst að taka mið af fullkomnum fiskiskipum. Við erum fiskveiðiþjóð. Við verðum að byggja okkar afkomu á sjávarútvegi og fiskveiðum, og við eigum í þeim efnum að hugsa um öryggi þeirra manna sem sækja sjóinn, okkar sjómannastéttar, þeim er ekki bjóðandi nema fullkomin skip. Þess vegna á úrtölutal um endurnýjun fiskiskipaflota okkar ekki að heyrast hér í sölum Alþingis.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki flytja langt mál.

Hv. þm. Matthías Bjarnason gagnrýndi það að veitt væru leyfi fyrir lánum utan við Fiskveiðasjóð á sama tíma sem hann skýrði frá því, að óskað hefði verið eftir því við mig, að ég gerði það. Auðvitað má deila um það, hverjum á að veita leyfi og hverjum ekki. En ég vil endurtaka það, að ég álít að það þurfi að vera sérstakar aðstæður fyrir hendi.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson flutti hér talsvert mikla ræðu um að það ætti ekki að flytja inn fleiri skip. Ég man ekki betur en hann væri á eftir mér eins og grár köttur í sambandi við innflutning á bátum til Vestmannaeyja. Það er langbest að menn fái að heyra það, hvernig þeir tala utan þingsala og hvernig þeir tala hér inni í þingsölum. Ég kann ekki við þetta.

Vestmanneyingar fengu endurnýjun á skipum, nokkrum bátum. Ég hef ekki verið að telja það eftir. Ég held að varla verði talið að þeir hafi allir verið samflokksmenn mínir, það held ég ekki, ef menn eru að blanda þeim málum saman. Og ég verð að segja það, að ég hefði áhuga á að gerð væri úttekt á þeim leyfum, sem ég hef veitt til innflutnings á skipum, með tilliti til þess, hvar menn eru í pólitík. Ég er ansi hræddur um að það mundu verða fleiri en framsóknarmenn sem þar koma við sögu — miklu fleiri. Ég er dálítið þreyttur á þessum söng um sjávarútveginn, söngnum um að það sé allt of mikil fjárfesting í sjávarútvegi, undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar. Ætli það sé ekki víðar pottur brotinn í sambandi við fjárfestingu í landi voru heldur en í sjávarútvegi? Er ég þó á engan hátt að draga úr því, að það sé sjálfsagt að stækka fiskiskipaflotann ekki of mikið. Hitt er annað mál, að sagan sannar að það er hægt að fiska mikið á gömul skip. Það var veitt leyfi hér fyrir tveimur árum líklega, — ég held að það hafi verið áður en ég varð viðskrh., — fyrir 10 eða 11 ára bát til Þorlákshafnar. Hann var keyptur fyrir mjög lágt verð. Þetta var aflaskipið, þetta var toppurinn á aflanum á næstu vertíð, þannig að það eru mörg sjónarmið sem koma til greina þegar rætt er um þessi mál. Ég álít, og hef það mikið traust á útgerðarmannastéttinni, þeim sem gera út skip í landinu, að þeir hljóti að hafa mikið um það að segja hvernig þeir vilji fjárfesta, hvaða skip þeir vilji kaupa o. s. frv.

Það er kannske ýmislegt fleira, herra forseti, sem ég vildi segja að gefnu tilefni. (**Forseti:** Það verður að bíða.) Ég skal láta máli mínu lokið.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég er hræddur um að ég ætli aðeins að syndga upp á náðina núna, eftir að samstarfsmaður forseta hér, hv. þm. Alexander Stefánsson, leyfir sér að viðhafa þau orð sem hann hafði. Að vísu læt ég það liggja á milli hluta hvort ég sé borinn þeim sökum af þessum sveitastjórnarmanni á Vesturlandi, að ég vilji ekki öryggi sjómanna sem mest, enda geta þeir sjálfir frekar borið um það heldur en hann og flokksbræður hans. Hitt vil ég leiðrétta hjá honum, að ég hef ekki í þessum umr. borið hæstv. sjútvrh. þeim sökum að hann vildi ekki sem mest öryggi þeirra sem sjó stunda. Hins vegar benti ég á það, að hann og framsóknarmenn og aðrir ráðherrar ríkisstj. hafi ekki látið íslenska sjómannastétt fylgjast með í þeirri félagslegu þróun, sem þeir hafa keypt sér fylgi við hjá öðrum stéttum þjóðfélagsins.

Þá vil ég einnig benda þessum hv. þm. á það, þegar hann talar um að við megum ekki koma hér upp utan dagskrár vegna sérstakra mála, — ég vil benda honum á það og jafnframt flokksbróður hans, forseta Sþ., að tvisvar fór ég fram á það við þessa menn í síðustu viku að fá að taka til máls utan dagskrár vegna ósannra orða sem þessi hv. þm., Alexander Stefánsson, viðhafði í blaðagrein fyrir skömmu. Þeir sögðu báðir: Nei, það er enginn tími til þess. Þú verður að bíða. Við þurfum að pumpa áfram mútufrv. ríkisstj., sem flokksbróðir þessa hv. þm. kallar svo, formaður þingflokksins, hv. þm. Páll Pétursson. — Þá er þessari setningu lokið, herra forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég hef ekki orðið til að flytja hér ræðu áður við þessa umr. og tel að það sé sanngjarnt að ég segi hér örfá orð vegna þeirrar fullyrðingar, sem fram kom hjá hv. 1. landsk. þm., að staðbundin ættjarðarást réði gjörðum manna frekar en ást til þjóðarinnar allrar. Það er nefnilega svo að vissulega hafa menn misjafnar tilfinningar til svæða eftir því, hvernig þeir þekkja þetta land. Þetta var einu sinni af góðu skáldi orðað á þann veg:

Hún elskaði ekki landið, en aðeins þennan blett,
af ánni nokkra faðma og hraunið svart og grett.

Það getur vel verið að þetta sé orðin óeðlileg ættjarðarást. Ég hef hlustað hér á það jafnframt í sömu ræðu að látið er að því liggja, að þm. telji að innlend skipasmíði eigi alfarið að ganga fyrir. Mér sýnist nefnilega að ef svo yrði, þá væri um ansi staðbundna ættjarðarást að ræða, svo að ekki sé meira sagt. Hvað skyldi sá skattur vera mikill á fámenn byggðarlög sem lagður er á með því að þvinga þau til að gera viðskipti við innlendar skipasmíðastöðvar á miklu hærra verði en hægt er að fá skip erlendis frá? (**MB:** Hver þvingar hvern?) Hver þvingar hvern? spurði 1. þm. Vestf. Hann ætti að lesa sína ræðu frá því í gær og átta sig á því sem hann sagði þá um innlenda skipasmíði. Hvað er það sem hefur orðið til þess að Íslendingar hafa sótt sjóinn í kringum landið? Það er þörfin fyrir skip sem þvingar staði úti á landi til að leita eftir því að fá skip.

En víkjum þá aftur að innlendu skipasmíðinni. Því er haldið fram hér og það mál sótt fast, að aðföng til iðnaðar eigi að fást á heimsmarkaðsverði. Ég er hlynntur því, að

sú stefna sé ríkjandi. En á hvaða verði eiga þá aðföngin, sem útgerðarmenn og sjómenn þurfa að nota, að fást? Á að selja þau eftir einokunarreglum sem banna viðskipti við erlendar skipasmíðastöðvar ef þær bjóða miklu hagstæðari kjör? Hvar er samræmið í þessum málflutningi? Ég fyrir mína parta mótmæli þeim mikla skatti, sem lagður hefur verið á fátæk byggðarlög hér á landi, með því að koma í veg fyrir að þeir aðilar fengju að kaupa skip þar sem hagstæðast væri að kaupa þau. Og ég kalla það þvinganir, hvað sem hv. 1. þm. Vestf. segir um það mál. Ég veit ekki betur en með fullri sanngirni sé hægt að líta svo á, að landshlutarnir eigi réttinn til veiðanna í sjónum út af sinni strönd. Var það ekki sú regla sem gerði það að verkum að við Íslendingar fengum veiðileyfið hringinn í kringum landið? (**Gripið fram í:** Búum við Íslendingar ekki í sama landi?) Þarf formaður þingflokks Sjálfstfl. að spyrja slíkrar spurningar? Er hann ekki vitandi um það sjálfur? Við höfum um langan tíma haft þá reglu, að það er viss nethelgi út af ströndinni í þessu landi, það vita menn. Við höfum sett reglur sem hafa bannað heimabátum að stunda hefðbundin mið. Þetta veit hv. þm. Matthías Bjarnason. Spurningin er hvort við getum sett reglur, sem banna mönnum að sækja hefðbundin mið á litlum bátum, og sagt svo: Þið fáið engin skip. — þetta er það réttlæti sem mér sýnist að talsmennirnir, sem nú hafa verið að gjamma fram í hér hver eftir annan, telji sanngjarnt. Það væri sanngjarnt að samræma stefnuna í aðföngum gagnvart sjávarútvegi og íslenskum iðnaði og ætla báðum sama hlut.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess vegna þeirra, sem gagnrýna langar umr. utan dagskrár, að forseti á að gæta málfrelsis hér á hinu háa Alþingi. Það er áreiðanlega eitt æðsta hlutverk til þess að halda virðingu þessarar virðulegu stofnunar að gæta þess.

Umferðarlög, frv. (þskj. 496). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir, felur í sér þá breytingu á umferðarlögum, að eigin áhætta, sjálfsábyrgð þess sem fébótaábyrgð ber á tjóni af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis, verði ákveðin af dómsmrh. að fengnum tillögum frá Tryggingaeftirlitinu. Fjárhæð þessi er nú fastákveðin í lögum 360 kr. og hefur verið frá því á árinu 1980. Hefur fjárhæð þessi nú minnkað að verðgildi og hefur þannig ekki sömu áhrif til varnar gegn umferðarslysum eða til lækkunar á iðgjöldum og áður. Því er brýnt að heimild fáist til að hækka þessa fjárhæð. Er lagt til að dómsmrh. verði veitt heimild til að ákveða fjárhæð eigin áhættunnar að fengnum tillögum Tryggingaeftirlitsins. Eins og frv. hefur verið breytt í Ed. má fjárhæð þessi ekki vera hærri en 1.25 ‰ af lögboðinni vátryggingarfjárhæð ökutækis.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að viðhafa fleiri orð um frv. þetta. Ég vil beina því til hv. þingnefndar, að athugun máls þessa verði hraðað, en iðgjöld bifreiðatrygginga hafa nýlega verið ákveðin og þá gert ráð fyrir hækkun eigin áhættunnar.

Að svo mæltu legg ég til að frv. þessu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 521). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Eins og hv. þd. er kunnugt voru samþykkt fyrr á þessu þingi lög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, þar sem m. a. var ákveðið að nota skyldi stimpla við utankjörfundakosningu. Þessi lög koma til framkvæmda við sveitarstjórnarkosningar á vori komanda.

Er farið var að undirbúa framkvæmd laga þessara kom í ljós að hér var um að ræða allverulegan kostnað, sem óvíst var að menn hefðu gert sér fulla grein fyrir, og að hæpið var að takast mætti að afla nægilegs magns stimpla í tæka tíð, en stimplarnir þurfa að liggja fyrir hjá kjörstjórum strax og utankjörfundakosning hefst. Var hér um að ræða dreifingu á um 4500 stimplum til allra kjörstjóra, sem eru um 300 talsins hérlendis og erlendis, og kostnaður áætlaður um hálf millj. kr., var enn þá hærri í fyrstu. Varð að ráði að leggja til við Alþingi að lagaákvæðinu yrði breytt á þá lund, að kjósanda yrði heimilt að velja um hvort hann stimplar eða ritar listabókstaf á kjörseðilinn og að stimplar verði ekki hafðir á öllum kjörstöðum, heldur einungis á skrifstofum sýslumanna og bæjarfógeta og hjá nokkrum hreppstjórum og í sendiráðum. Er þá miðað við að stimplar verði á um 50 kjörstöðum, 15 á hverjum stað, og keyptir verði 1000 stimplar og kostnaðurinn um 100 þús. kr.

Er frv. þetta var upphaflega lagt fram var það haft í huga, að áður en stofnað yrði til frekari innkaupa fengist reynsla af notkun stimpla við utankjörfundaratkvgr., en hér er um að ræða algera nýjung við kosningar. Hv. Ed. hefur nú breytt frv. á þann veg, að gert ráð ráð fyrir að ákvæðið, eins og það var lagt fram, gildi aðeins til áramóta, hins vegar komi ákvæðið eins og það var afgreitt fyrr í vetur þá til framkvæmda.

Herra forseti. Ég tel eigi ástæðu til að fjalla um frv. frekar á þessu stigi, en vísa til nokkru ítarlegri framsögu er ég flutti í hv. Ed. Vegna undirbúnings utankjörfundakosninga er æskilegt að afgreiðslu frv. þessa verði flýtt af hálfu þingnefndar og þd. Ég legg að lokum til að frv. þessu verði að umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Á s. l. vori var samþykkt á Alþingi þáltill. varðandi menntun fangavarða. Samkv. henni hefur nefnd skilað tillögum um hvaða skilyrði væri rétt að setja um grunnmenntun fangavarða og hvernig námskeiðahaldi mætti haga til að mennta fangaverði m. a. Skýrslu nefndarinnar hefur verið dreift á Alþingi.

Til þess að skapa grundvöll fyrir setningu reglugerðar um menntun fangavarða svo og um önnur skilyrði, sem

rétt þætti að setja um ráðningu manna til fangavarðarstarfa, hefur frv. þetta verið samið. Það er breyting á 12. gr. laga nr. 38/1973, um fangelsi og vinnuhæli, en þessi grein hefur verið endurskrifuð þannig að hún taki til alls starfsliðs fangelsa í stað þess starfsliðs eingöngu sem veitir sérhæfða þjónustu, eins og nú er. Er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag sérhæfðrar þjónustu séu sett með reglugerð.

Ég tel ekki ástæð til að fylgja þessu litla frv. úr hlaði með fleiri orðum, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 522). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Mánudaginn 16. nóv. s. l. var frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75 frá 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands, fylgt úr hlaði í hv. Ed. Það er nú nýkomið til Nd. Ég verð að leyfa mér að fara um þetta frv. nokkrum orðum.

Eins og kunnugt er *segir í ríkisstjórnarsáttmálanum* eitthvað á þá leið, að unnið skuli að umbótum í dómsmálum og stuðlað að hraðari meðferð dómsmála með því m. a. að einfalda meðferð minni háttar mála. Ég tel að nokkuð hafi áunnist í þessum málum m. a. á liðnu þingi, sem samþykkti nokkur frumvörp, sem horfa í þessa átt. En þá er komið að því, að Hæstiréttur ræður ekki við að anna öllum þeim málum, sem þangað berast, á skömmum tíma.

Fjöldi mála, sem skotið er til Hæstaréttar, hefur verið þessi síðustu árin: Árið 1974 223, 1975 185, 1976 244, 1977 240 og 1980 250. Dæmd mál þessi sömu ár voru sem hér segir: 1974 127, 1975 141, 1976 141, 1977 159 og 1980 168. Gefur því auga leið að með ári hverju fjölgar þeim málum sem bíða dóms, og má segja að stefni í algert óefni ef ekki verður gripið til einhverra ráða.

Það er enn fremur deginum ljósara að skjót afgreiðsla dómsmála er höfuðnauðsyn í hverju réttarríki, en jafnframt verður að gæta hins fyllsta réttaröryggis. Ber því mikla nauðsyn til að bæta starfsaðstöðu Hæstaréttar til þess að hann geti með skjótum og öruggum hætti leyst úr þeim mikla málafjölda sem þangað berst. Þær leiðir, sem helst koma til greina til að stuðla að skjótari úrlausn mála fyrir Hæstarétti, eru þessar — ég leyfi mér að rifja þær upp því að það er ekki alveg einsýnt að ein ákveðin leið sé leiða best, heldur þarf að velja á milli eins og oft er:

1. Hækkun áfrýjunarfjárhæðar í einkamálum. Þessa leið verður að fara varlega og þó að áfrýjunarfjárhæð væri hækkuð leysir það ekki mikinn vanda.

2. Fela mætti Hæstarétti vald til að ákveða hvort áfrýja megi máli eða ekki. Slíkar reglur eru í gildi sums staðar á Norðurlöndum, en telja verður þó að fara verði með mikilli gát í því að takmarka rétt borgaranna til að skjóta málum sínum til æðri dóms til endurskoðunar. Það eru mannréttindi sem varasamt er að skerða til muna.

3. Þá er hægt að hugsa sér millidómstig sem yrði áfrýjunardómstóll í minni háttar málum. Á undanförnum árum hefur nokkrum sinnum verið lagt fyrir Alþingi frv. til l. um lögréttu, en ekki fengið afgreiðslu. Í því frv. er gert ráð fyrir millidómstigi milli héraðsdóms og Hæstaréttar sem yrði að jafnaði endanlegur áfrýjunardómstóll í þeim málum, þ. á m. kærumálum, sem héraðsdómur dæmdi á fyrsta dómstigi, en fyrsta dómstig í öllum stærri málum. Þeim málum mætti síðan áfrýja til Hæstaréttar. Með stofnun slíks dómstóls verður að vænta þess, að miklu álagi yrði létt af Hæstarétti og þörf fjölgunar hinna reglulegu dómara þar yrði tæpast nauðsynleg fyrst um sinn. Einhvern veginn þyrfti þó að leysa úr þeim vanda sem steðjar nú að vegna hins mikla fjölda óafgreiddra mála.

4. Mjög mikil nauðsyn er á að Hæstiréttur fái að ráða sérfróða menn dóminum til aðstoðar, eins og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Úr því er nokkuð bætt með þessu frv.

5. Fjölgun reglulegra dómara í Hæstarétti. Árið 1973 var hæstaréttardómurum fjölgað úr 5 í 6 og úr 6 í 7 1979. Vissulega kæmi mjög til álita að fjölga dómendum í 10—11, en þá gæti rétturinn starfað í tveimur 5 dómara deildum. Það er þó tæpast tímabært meðan ekki er ráðið hver örlög lögréttufrv. fær. Hins vegar væri ugglaust rétt að fjölga dómurum strax í 8, en þá gæti dómurinn starfað í tveim deildum í senn sem þriggja manna dómur, er dæmdi kærumál og minni háttar áfrýjunarmál, og 5 manna dómur, er dæmdi meiri háttar mál. Reynt hefur verið, eftir því sem hægt hefur verið talið, að dæma sem flest mál af þrem dómurum eftir að það var heimilað með lögum nr. 43 frá 1973.

6. Sú leið, sem einna helst kæmi til greina til að hraða úrlausn þeirra mála sem nú bíða dóms fyrir Hæstarétti, væri líklega að lögleiða heimild til að setja 3—4 eða 2—3 varadómara um stuttan tíma í einu til að reyna að ljúka þessum málum eða a. m. k. fækka þeim. Gæti þetta orðið með þeim hætti, að slíkir varadómarar yrðu settir um þriggja eða fjögurra mánaða skeið á ári. Dómurinn mundi þá starfa í tveim deildum þann tíma og hinir föstu dómarar yrðu í meiri hluta í báðum deildum. Svipað fyrirkomulag og þetta hefur tíðkast um nokkurn tíma í Finnlandi og var einnig í gildi í Noregi um skeið eftir stríðið. Þetta fyrirkomulag er að ýmsu leyti gallað. T. d. hafa settir hæstaréttardómarar ekki sama starfsöryggi og hinir skipuðu og þeir eru ekki jafnóháðir framkvæmdavaldinu og hinir skipuðu vegna þess að þeir þurfa aftur að hverfa að fyrri störfum eða öðrum störfum er setningu lýkur. Nokkrir annmarkar eru á því, að Hæstiréttur starfi í tveim deildum, a. m. k. til langframa. T. d. kynni þá að verða meiri hætta á ósamræmi í dóminum en ella. Samt sem áður verður að telja að þetta sé eina færa leiðin til að leysa úr þeim vanda sem Hæstarétti er nú á höndum. Þess ber að geta og er skylt að geta, að talsverð reynsla er hér á landi af setningu hæstaréttardómara, bæði í einstökum málum og um tiltekinn tíma, jafnvel svo árum skiptir. Sýnir sú reynsla að hinir settu dómarar hafa rækt starf sitt með miklum ágætum.

Ég hef nú rifjað upp fyrir hv. alþm. þær leiðir, sem helst koma til greina til að ráða fram úr þeim vanda sem hér er um að tefla. Sú leið, sem er valin í frv., er nánast 6. leiðin sem ég nefndi. Hún gerir ráð fyrir að fjölga hinum reglulegu dómendum Hæstaréttar úr 7 í 8, eins og 1. gr. frv. ber með sér. Þá gerir hún enn fremur ráð fyrir að heimila Hæstarétti að ráða ritara og aðra sérfróða aðstoðarmenn og annað starfslið til að létta undir við störf eða flýta fyrir störfum í Hæstarétti. Loks er í frv. ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að árin 1982 og 1983 geti

dómsmrh. samkv. tillögu Hæstaréttar sett 2—3 dómara. úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að sex mánuði hvort ár.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki miklu fleiri. Ég bendi á að frv. hefur fengið ítarlega umfjöllun í Ed., var þar lengi í allshn. og allshn. kallaði á sinn fund ýmsa fróða menn til að spyrja þá spjörunum úr um frv. þetta. En það kemur frá Ed. nær alveg óbreytt frá því það var lagt fyrir deildina hinn 16. nóv. s. l.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en vænti þess aðeins, að þetta mál hljóti hraða og örugga meðferð og afgreiðslu í þessari hv. þd. Leyfi ég mér að leggja til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548). — 1. umr.

Flm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. á þskj. 548, sem er 260. mál þessa hv. þings, um breytingu á tvennum lögum raunar: annars vegar lögum nr. 42/1903, um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, og hins vegar lögum nr. 53/1963, um veitingasölu, gististaðahald o. fl. Flm. þessa frv. eru úr allshn. Nd.

Svo sem kunnugt er hafa í vetur orðið allnokkrar umræður um erlend nöfn á íslenskri atvinnustarfsemi og kemur þar raunar tvennt til. Í fyrsta lagi ber að taka fram, að árið 1959 var gerð lítils hátta breyting á lögum nr. 42 frá 1903 — raunar um sama mál — þar sem lagt var bann við því, að atvinnustarfsemi, sem heyrði undir þau lög, bæri erlend nöfn. Hins vegar tókst svo illa til í það skipti, að í lögunum varð prentvilla. Sagt var að ágreiningi, sem rísa kynni, skyldi vísa til Örnefnanefndar. Hún starfar samkv. lögum nr. 35 frá 1953, en í lögunum frá 1959 var vísað til laga nr. 33 frá 1953. Ef menn skoða lagasafn er raunar tekið fram neðanmáls að hér sé um augljósa prentvillu að ræða. Engu að síður hefur þessi prentvilla staðið framkvæmd laganna fyrir þrifum.

Eftir allítarlega athugun í allshn. er þessi augljósa prentvilla í fyrsta lagi leiðrétt. Í annan stað er viðbót í 8. gr. laga nr. 42 frá 1903. Í lögunum sagði að nafn það, sem notað er við atvinnuna, og undirskrift fyrir hana eigi að lúta ákvæðum sem hér fara á eftir o. s. frv., „enda beri fyrirtækið nafn, sem samræmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara". Nú hefur reynslan leitt í ljós að þetta er ekki alveg svona einfalt vegna þess að það er gerlegt að skrá fyrirtæki og þá undir alíslensku nafni, en síðan rekur fyrirtækið atvinnustarfsemi undir öðru nafni og þá nafni sem ekki samrýmist íslensku málkerfi í hvívetna. Fyrir vikið er bætt inn í lagagreinina þessum orðum: „enda beri fyrirtækið og atvinnustarfsemi þess nöfn, sem samrýmist íslensku málkerfi að dómi skrásetjara". Síðan kemur, eins og reyndar verður í lögunum þegar prentvillan hefur verið leiðrétt: „Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar, sem starfar samkv. lögum nr. 35/1953". Þessi breyting er gerð við 8. gr. laga nr. 42 frá 1903 og þá lagt til að jafnframt falli úr gildi lög nr. 24 frá 1959, sem er sú lagagrein, sem ég hef vísað til, með prentvillunni.

Í annan stað er lagt til að inn í 4. gr. laga nr. 53 frá 1963, sem er um veitingasölu, gististaðahald o. fl., þar sem talin eru upp skilyrði fyrir því, að menn geti rekið slíka starfsemi, sé bætt fjórða skilyrði, sem sé því, að óheimilt sé að veita leyfi ef nafn á fyrirtæki og eða atvinnustarfsemi falli ekki að hljóðkerfi og beygingum í íslensku máli. Og enn fremur til samræmis: Ágreiningi, sem rísa kann út af nafni, má skjóta til nefndar þeirrar sem starfar samkv. lögum nr. 35 frá 1953.

Herra forseti. Ég hygg að í raun og veru sé hér aðeins um að ræða leiðréttingar sem gangi til þeirrar áttar sem áður hafði vakað fyrir löggjafanum í þessum efnum, en í ljósi reynslunnar sé nauðsynlegt að gera þessar breytingar svo að þau lög nái tilgangi sínum, þ. e. þeim tilgangi sem þeim áður var ætlað.

Svo sem ég hef tekið fram er þetta mál flutt af nefndarmönnum í hv. allshn. Nd., en í desembermánuði barst nefndinni bréf þar sem á þessi efni var bent. Þar sem frv. er flutt af nefnd læt ég, herra forseti, nægja að óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476, n. 497). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Þetta mál hefur nú verið hér á dagskrá nokkuð á aðra viku, en það er mikið að snúast og varla við nokkurn að sakast í þeim efnum.

Hér er um að ræða breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum. Í fyrsta lagi fjallar frv. um að lækka skal útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum úr 5.5% í 2.5%. Ástæðan fyrir þessari lækkun er sú, að á þessar afurðir leggst 3% fullvinnslugjald og með því að hafa útflutningsgjaldið óbreytt bera þessar afurðir samtals 8.5% gjald, sem er auðvitað ósanngjarnt miðað við aðrar. Er þetta þá aðeins fært til samræmis við aðra útflutningsvöru sjávarútvegsins.

Í öðru lagi er breytt 1. gr. laga nr. 84 frá 1981 þannig að sjútvrh. er heimilt að ákveða, að áður en útflutningsgjald er lagt á söltuð matarhrogn megi draga frá fobverði samanlagt verð umbúða og sérstakra hjálparefna. Þetta er einnig til samræmingar því að þetta má gera við saltsíld og eins varðandi umbúðir um ediksöltuð síldarflök.

Þetta mál er samkomulagsmál og er eiginlega ekki um annað en réttláta samræmingu að ræða, enda leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 549). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Segja má að tvö mál séu til umræðu sem hljóti að fara saman, þ. e. 12. dagskrármálið, útflutningsgjald af grásleppuafurðum, og 11., sem er breyting á lögum um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og varðar einnig grásleppuafurðir.

Samkv. 12. dagskrármálinu er lagt til að 3.25% útflutningsgjald verði lagt á grásleppuafurðir, og í 3. gr. frv. er lagt til að því verði skipt þannig, að 41% þessa gjalds renni til greiðslu iðgjalds af líf-, slysa- og örorkutryggingum skipverja, 20% renni til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins, 24% til Fiskveiðasjóðs Íslands og 15% til Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda. Aðrar greinar þessa frv. eru í fullu samræmi við þær reglur sem gilda um greiðslu útflutningsgjalds. Tel ég mig ekki þurfa að rekja það nánar.

Ég vil hins vegar upplýsa að þetta mál er reyndar fylgifrv. frumvarpsins um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og hafa þau verið lengi í smíðum. Þau voru samin í samráði við Samtök grásleppuhrognaframleiðenda fyrir tveimur árum og lögð fram á hinu háa Alþingi á síðasta þingi, en urðu þá ekki útrædd. Hins vegar var mikið fjallað um þau í nefnd í hv. Ed., og eftir þá umfjöllun ákvað sjútvrn. að taka málið til endurskoðunar. Það var gert s. l. sumar. Þessi mál, um útflutningsgjald af grásleppuafurðum svo og Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, voru tekin til gagngerðrar endurskoðunar og lögð fram að nýju nú nokkru fyrir áramótin. Þau hafa að nýju fengið ítarlega meðferð í sjútvn. Ed. og hefur þar enn verið breytt nokkuð til samkomulags, m. a. fellt niður ákvæði til bráðabirgða um greiðslu gjalds til byggingar á geymsluskemmu hér í Reykjavík. Þetta var nauðsynlegt til að ná samkomulagi um frv., og er ekki farið fram á að þetta verði endurskoðað að neinu leyti. Þó tel ég sjálfsagt að geta þessa hér, vegna þess að þar var um samkomulagsatriði með grásleppukörlum að ræða, og ég tel alveg tvímælalaust að góð geymsla sé nauðsynleg til að varðveita þessa afurð. Það hefur komið mjög fram í vetur. Ég vil jafnframt geta þess, að til samkomulags hef ég heitið því að aðstoða samtökin við að koma upp geymslu eftir nánari athugun, m. a. með því að mæla með lánveitingu til byggingar á slíkri geymslu úr Fiskveiðasjóði, þannig að þó ákvæðið til bráðabirgða um geymsluna sé fellt úr frv. hef ég heitið því að aðstoða við framgang þess. Þetta vil ég að komi fram.

Ég veit ekki hvort hæstv. forseti leyfir mér að fara örfáum orðum um 11. dagskrármálið, það er svo nátengt.

Eins og ég las upp úr frv. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, 3. gr., er ætlað að 20% gjaldsins renni til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins. Það er einmitt ráðstöfun þess fjármagns hjá Aflatryggingasjóði sjávarútvegsins sem frv. á þskj. 138 fjallar um. Gert er ráð fyrir að þegar fjallað sé um ráðstöfun á þessu fé vegna grásleppuhrognaframleiðenda taki fulltrúi frá Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda sæti í stjórn Aflatryggingasjóðs. Ég vil geta þess, að einnig það frv. var endurskoðað í sumar. Gert var ráð fyrir því áður, að við Aflatryggingasjóð yrði sérstök deild, en það mætti andstöðu og var því fallið frá því og náðist fullt samkomulag við stjórn Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins um að sá háttur yrði á hafður sem nú er gert ráð fyrir í frv. Hefur það farið óbreytt í gegnum hv. Ed.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til að frumvörpunum báðum, ef ég má orða það svo því að ég geri ekki ráð fyrir að hafa aðra framsögu um frv. um Aflatryggingasjóð, verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Samtök grásleppuhrognaframleiðenda eiga að fá samkv. þessu frv. 15% af útflutningsgjaldi til starfsemi sinnar. Það hlýtur því að vera eðlilegt að menn hugleiði hvernig þau eru byggð upp og hvort þau gefi rétta mynd af þeim fjölda sem stundar þennan veiðiskap. Við höfum oft og tíðum félög í þessu landi sem mynda svo heildarfélagsskap. Það má t. d. í því sambandi nefna Alþýðusamband Íslands og þar er um fulltrúalýðræði að ræða. Ástæðan fyrir því, að þessi háttur er á hafður, er sú að það væri ákaflega erfitt að boða til fundar á einum stað allan þann hóp sem þar hefði rétt á fundarsetu. Mér sýnist einnig að það sé ákaflega hæpið að gera ráð fyrir að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda geti starfað með eðlilegum hætti nema þar verði tekið upp fulltrúalýðræði, þ. e. grásleppuhrognaframleiðendur á hinum ýmsu stöðum myndi félög og sendi svo fulltrúa þegar aðalfundur er haldinn hér í Reykjavík. Ef aðalfundur er aftur á móti haldinn með þeim hætti að hann er auglýstur hér í Reykjavík liggur í hlutarins eðli að þeir, sem fjærst búa, muni undir flestum kringumstæðum eiga verst með að sækja þann fund og trúlegt að heimtur frá þeim verði litlar á fundinn.

Ég geri þetta hér að umræðuefni vegna þess að mér hafa borist í hendur undirskriftir þar sem óskað er eftir breytingum á þessu. Ég tel að það væri æskilegt, ef sú nefnd, sem fær þetta til meðferðar, gerði könnun á því, hvort ekki er hægt að ná fram því eðlilega sjónarmiði, að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda byggist á fulltrúalýðræði svo deilur um þetta atriði geti fallið niður.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Mér finnst óeðlilegt að Alþingi eða ríkisstj. fari að skipta sér af því, hvernig Samtök grásleppuhrognaframleiðenda haga sínum félagsmálum, og ég verð að segja að ég er dálítið undrandi á að hv. 5. þm. Vestf. skuli gera þessa einu aths. við þetta mál. Ég held að við hljótum að geta treyst mönnum í þessum samtökum fyrir því að hafa þá skipun á sínum málum sem þeim sýnist.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Suðurl. virtist ekki hafa mikinn skilning á þessu máli, enda mun hægt að fara á stuttum tíma úr hans kjördæmi á fund í Reykjavík, og kannske speglar það afstöðuna. Hins vegar væri fróðlegt að vita hvert þessi 15% ættu að fara, ef samtökin mundu nú klofna, og hvort það væri réttlætanlegt, ef stærri hópur stæði fyrir utan, að skattleggja hann til að greiða til þess hóps sem hefur nokkurs konar prókúruumboð fyrir nafninu Samtök grásleppuhrognaframleiðenda.

En hitt, hvort við eigum að skipta okkur af hvernig félög skipuleggja sín mál í þessu landi, hlýtur náttúrlega að vera spurningin um hvort við gerum einhverjar kröfur til skipulagningar félaga ef við ætlum að fara að lögþvinga greiðslur til þeirra. Hin almenna regla félaga er

sú, að félagsmenn greiði skatt af fúsum og frjálsum vilja til þeirra samtaka sem þeir eru í.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Aðeins út af þessu máli. Ég hef að vísu fullan skilning á því sem hv. 5. þm. Vestf. fjallar hér um, og ég get tekið undir það með honum, að æskilegt er að lýðræði í hverjum félagsskap sé sem allra mest. Hins vegar verð ég að tjá mig sammála hv. 4. þm. Suðurl. því að ég fæ alls ekki séð hvernig við getum skyldað Samtök grásleppuhrognaframleiðenda í þessari lagasmíð til eins eða neins í þessu sambandi. Ég held að það sé ekki hægt.

Hins vegar vil ég láta það koma hér fram, að ég hef átt marga fundi með stjórn þessara samtaka og ég hef sannfærst um að það er ekki bara út af þessu máli, heldur fjölmörgum öðrum hagsmunamálum grásleppuhrognaframleiðenda algerlega nauðsynlegt að þarna séu ein samtök. Ég verð að segja að t. d. í sambandi við stjórnunarhugmyndir sem við erum líklega neyddir til að framkvæma, þ. e. að takmarka grásleppuveiðar, er mjög mikils virði fyrir okkur í sjútvrn. að hafa þessi samtök til að styðjast við. Allt, sem við höfum gert í þessum málum, hefur verið gert í fullu samráði við þau samtök.

Mér er hins vegar ljóst að innan samtakanna eru töluverðar deilur. Það kunna að vera ýmsar skýringar á því, m. a. kannske þær, að menn telja sig ekki hafa nægilega mikil áhrif á stjórn samtakanna. Í stjórninni eru þó menn sem stunda grásleppuveiðar annars staðar en á Suðvesturlandi. Ég ætla ekki að fara að ræða um þær deilur, en það er eindregin von mín að þær sjatni og þessi samtök eflist. Ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt fyrir grásleppuhrognaframleiðendur.

Áður en við höfum að skipta að ráði við þessi samtök gengum við úr skugga um að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra, sem hafa haft leyfi frá sjútvrn. til grásleppuveiða er í þessum samtökum. Sá fjöldi hefur stöðugt farið vaxandi. Ég hef leyft mér að líta svo á að þetta væru þau einu samtök sem við gætum stuðst við. Ég endurtek: Það er von mín og, ef ég má orða það svo, ráðlegging til grásleppuhrognaframleiðenda að þeir komi sér saman í einum samtökum og ráði þar sínum málum á þann veg að sem lýðræðislegast sé.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 577 (sbr. 138). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og till sjútvn. með 27 shlj. atkv.

Sykurverksmiðja í Hveragerði, frv. (þskj. (564). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um sykurverksmiðju í Hveragerði, sem er 266. mál þessarar deildar. Í 1. gr. frv. segir svo:

„Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í hlutafélagi, er reisi og reki sykurverksmiðju í Hveragerði, og að leggja fram í því skyni allt að 40% hlutafé þess, enda verði hlutafé félagsins minnst 30% af stofnkostnaði verksmiðjunnar."

Gert er ráð fyrir að einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög verði eigendur að a. m. k. 60% hlutafjár og er það hliðstætt því sem gert hefur verið ráð fyrir í heimildarlögum um miðlungsstór iðnfyrirtæki að undanförnu, þar sem áhugafélög hafa staðið að undirbúningi, svo sem varðandi steinullarverksmiðju og stálbræðslu, svo að þekkt og nýleg dæmi séu tekin. Vil ég leggja áherslu á það atriði, að ríkið ætlar sér ekki að vera frumkvæðis- eða meirihlutaaðili að stofnun sykurverksmiðju, enda segir í ákvæði til bráðabirgða í frv. svo:

„Ekki er ríkisstj. heimilt að taka þátt í hlutafélagi samkv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkv. 1. tölul. 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkv. 2. tölul. 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags."

Í 2. gr. er kveðið á um að framlag ríkissjóðs sem hlutafé verði allt að 29 millj. kr. og að ríkissjóður ábyrgist allt að 25% heildarlánsfjárþörf vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Stofnkostnaður sykurverksmiðju er áætlaður 241 millj. kr. á verðlagi 1. mars 1982. Framlög og ábyrgðir ríkissjóðs eru í samræmi við þessar tölur. Samkv. 2. gr. er ríkinu heimilt að leigja væntanlegu hlutafélagi lóð úr landi ríkisins í Ölfusdal undir verksmiðjubyggingu og tryggja því rétt til nýtingar jarðgufu á jarðgufusvæði í eigu ríkisins.

Í 3. gr. er kveðið á um að iðnrh. og fjmrh. skipi fulltrúa á aðalfundi félagsins að jöfnu.

Hugmyndin um byggingu sykurverksmiðju á sér nokkurn aðdraganda. Málið kom til kasta Alþingis vorið 1977, en þá var samþykkt þáltill. þess efnis, að gerð yrði hagkvæmniathugun á að byggja sykurhreinsunarverksmiðju á Íslandi. Var finnska fyrirtækið Finska Socker AB fengið til að gera skýrslu um málið á grundvelli athugunar. Skýrslan var tilbúin í okt. 1977. Lagt var til í henni að framleiða sykur úr melassa og var hér um grundavallarbreytingu að ræða, þar sem áður hafði verið reiknað með að hreinsa hrásykur. Rófumelassi er tiltölulega ódýrt og vannýtt hráefni, sem fellur til í venjulegum sykurverksmiðjum sem framleiða sykur úr rófum.

Á árinu 1978 var stofnað Áhugafélag um sykuriðnað hf. Beitti félagið sér fyrir því í samvinnu við Finska Socker AB með stuðningi Norræna iðnaðarsjóðsins að vinna ítarlega skýrslu um sykurvinnslu í Hveragerði. Skýrslan inniheldur m. a. forhönnun á verksmiðjunni. Í skýrslum Áhugafélags um sykuriðnað og eins í skýrslu starfshóps iðnrn., sem ég vík að síðar, eru flestir útreikningar sýndir í finnskum mörkum. Er ástæðan sú, að fyrirtækið Finska Socker AB vann upphaflega útreikninga og var áfram miðað við finnsk mörk til að halda samræmi við fyrri athuganir.

Niðurstöður úr skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB frá því í febr. 1980 eru prentaðar í grg. með frv., en þar kemur m. a. fram eftirfarandi:

„1. Það er fullkomlega tæknilegur möguleiki að byggja sykurverksmiðju sem grundvallast á melassahráefni.

2. Það er mögulegt að framleiða 1. flokks kristallaðan

sykur úr sykurinnihaldi frummelassa með venjulegri kristöllunaraðferð.

3. Sú orka, sem vinnslan þarf á mismunandi stigum, sérstaklega eiming á sykurupplausninni og lokamelassanum, fæst úr jarðgufu. Einnig er hægt að framleiða raforku til eigin þarfa með jarðgufunni.

4. Það er hagkvæmt að velja verksmiðjunni stað í Hveragerði, þar sem nauðsynlegar forsendur fyrir framleiðslu af þessu tagi eru fyrir hendi: vinnuafl, vatn, kælivatn og það sem mikilvægast er: jarðgufa, en tilraunir sýna að nægjanleg jarðgufa með heppilegum eiginleikum er fyrir hendi.

5. Núverandi dreifi- og sölukerfi á Íslandi getur séð um dreifingu og sölu á allri ársframleiðslunni, um 10 þúsund tonnum á ári.

6. Tilraunir sýna að það er mögulegt að þurrka þann hluta hráefnisins, sem ekki er sykur, hinn svokallaða lokamelassa, og gera úr honum þurrt fóður, svokallað melassamjöl eða mjölkenndan melassa. Það ætti að vera mögulegt að koma melassamjölinu með tiltölulega skjótum hætti á markaðinn með hjálp íslensku fóðurblöndunarfyrirtækjanna.

7. Á grundvelli tiltölulega nákvæmrar forhönnunar er fjárfesting í verksmiðjunni áætluð 106.3 millj. finnskra marka reiknað á verðlagi í nóv. 1979. Fjárfestingin nær yfir verksmiðjulóð, verksmiðjubyggingar og vélbúnað, búnað til öflunar og dreifingar á orku, geymslur fyrir hráefni og framleiðsluvörur og flutningatæki svo og annan óhjákvæmilegan kostnað. Það vekur athygli að hlutdeild tolla, skatta og opinberra gjalda í heildarfjárfestingunni er um 20%.

8. Ef 15 ára endurgreiðslutími og 12% ársvextir eru notaðir við fjárfestinguna verður kostnaðarverð sykursins í finnskum mörkum talinn 2.4 á kg. Þegar 36% verslunarálagningu er bætt við fæst verðið í íslenskum krónum gömlum á þeim tíma 350 á kg á venjulegum kristölluðum sykri. Þetta verð er vel samkeppnishæft við sykurverð eins og það var á Íslandi í nóv.—des. 1979, segir í þessari skýrslu frá Finska Socker og Áhugafélaginu á þeim tíma. Almennt er hægt að draga þá ályktun, að sykurframleiðsla á Íslandi tryggi sykurverð til neytenda sem er hóflegt og sambærilegt verðlagi í öðrum Evrópulöndum. Þetta er mögulegt við núverandi aðstæður án niðurgreiðslna og með lítils háttar stuðningi eins og tíðkast í flestum löndum Evrópu.

9. Hin áframhaldandi mikla hækkun á eldsneytisverði eykur stöðugt verðið á hreinsuðum sykri á heimsmarkaði. Þar sem jarðvarmi er fyrir hendi á Íslandi býður eigin sykurframleiðsla upp á mikilvæga möguleika til að hagnýta þessa orku. Þurrkun lokamelassans eykur enn notkunargildi jarðvarmans.

10. Þjóðhagsleg áhrif fjárfestingarinnar verða í fyrsta lagi tiltölulega jafnt og hóflegt sykurverð, í öðru lagi næst umtalsverður gjaldeyrissparnaður, um það bil 158 millj. finnskra marka á ári. Þar fyrir utan er hægt að reikna með hagstæðum áhrifum á atvinnuástand þar sem verksmiðjan býður upp á ný störf fyrir 60—70 manns. Einnig hlýtur hin nýja tækni, sem berst til landsins, að vera áhugaverð."

Iðnrn. skipaði í maímánuði 1980 starfshóp til að yfirfara skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker AB. Samkv. bréfi rn. bar starfshópnum að leggja mat á niðurstöðu skýrslunnar og tæknilegar forsendur og hagkvæmni þess að reisa og reka sykurverksmiðju í Hveragerði. Jafnframt bar starfshópnum að athuga aðra framleiðslu sem tengst gæti rekstri verksmiðjunnar og ábendingar hafa komið fram um. Starfshópur þessi skilaði niðurstöðum sínum í jan. 1981 og var skýrslu hans dreift hér á hv. Alþingi í maímánuði 1981. Ég tel rétt að drepa á helstu niðurstöður og upplýsingar úr þeirri skýrslu, þó að hún sé hv. alþm. aðgengileg í heild.

Í fyrsta lagi segir þar: „Heildarframleiðsla á hrásykri í heiminum er um 90 millj. tonna á ári. Þar af eru framleidd um 30 millj. tonna af rófusykri og falla þá til um 10 millj. tonna af rófumelassa, sem mundi verða aðalhráefni íslenskrar sykurverksmiðju. Ekki er líklegt að verulegar breytingar verði á sykurframleiðslutækninni á næstu árum, svo að gera má ráð fyrir áframhaldandi framboði af melassa.

2. Hrásykur er landbúnaðarafurð og gilda hliðstæðar reglur, höft og innflutningskvótar í sykurræktunarlöndum og gilda almennt um landbúnaðarafurðir. Hrásykurverksmiðjur eru yfirleitt nálægt ræktunarsvæðunum. Alþjóðleg samtök hrásykurframleiðenda reyna að sporna á móti verðsveiflum á hrásykri.

3. Óverulegur hluti, eða 10—15% af hrásykri er seldur á frjálsum uppboðsmarkaði. Þar hafa verðsveiflur verið mjög miklar og virðist reglan um framboð og eftirspurn ein ráða þar verðlagningu.

4. Eftirspurnin eftir hvítum sykri hefur farið vaxandi ár frá ári á hinum frjálsu mörkuðum. Láta mun nærri að 67 millj. tonna af hvítum sykri séu seldar á þessum mörkuðum. Afgangurinn af framleiðslunni er seldur á lokuðum mörkuðum, eins og t. d. innan Efnahagsbandalags Evrópu, en ríki innan þess framleiða um 12 millj. tonna af hrásykri og flytja út um 3 millj. tonna af hvítum sykri, aðallega til Afríku og Asíulanda.

5. Íslendingar flytja nær allan sinn sykur inn frá Efnahagsbandalagi Evrópu, aðallega frá einu fyrirtæki í Danmörku. Íslensku innflytjendurnir eru taldir um 50 taldsins, enda er hvítur sykur fluttur inn í mjög smáum sendingum. Við njótum þannig kosta og galla hins frjálsa uppboðsmarkaðar.

6. Tæknilega virðist ekkert því til fyrirstöðu að framleiða hérlendis sykur úr melassa. Líklegt má telja að framboð af melassa verði nægilegt. Spurningin er einvörðungu um verðið. Verð á melassa hefur farið hækkandi á undanförnu. Verðlagning á melassa ákvarðast af eftirspurn eftir skepnufóðri og grundvallast á samsvarandi fóðurgildum. Nokkur skoðanaágreiningur er um þessi atriði milli erlendra kunnáttu- og hagsmunaaðila.

7. Íslendingar nota um 10 þús. tonn af hvítum sykri árlega. Talið er að það magn breytist lítið á komandi árum þótt þjóðinni fjölgi. Erfitt er þó að fullyrða um það. Neysla á íbúa hefur farið minnkandi að undanförnu. Rétt er þó að nefna að samdráttur í kex- og sælgætisiðnaði gæti vissulega haft veruleg áhrif á innlenda eftirspurn.

Til þess að fullnægja þörfum landsmanna fyrir sykur koma þrjár leiðir til álita, ef einvörðungu er horft á hag neytenda.

1. Óbreytt ástand, þ. e. að kaupa sykur á dagverði á uppboðsmörkuðum og leyfa mörgum innflytjendum og frjálsri samkeppni að sjá um verðmyndun.

2. Opinber innkaup og verðjöfnunarsjóður, þ. e. að fylgja í fótspor flestra Evrópulanda og setja lög og reglugerðir um sykurinnflutning.

3. Að reist verði sykurverksmiðja.

Ekki er á neins manns færi að segja til um með full-

kominni vissu, hvernig verð á hvítum sykri þróast í hlutfalli við melassaverð á komandi árum. Samkv. útreikningum miðað við tilteknar forsendur er líklegt að hér sé unnt að reisa og reka sykurverksmiðju, er ynni hvítasykur úr melassa og seldu á hliðstæðu verði og er á hvítum sykri innan Efnahagsbandalagslandanna og framleiddi einnig melassamjöl og seldi á heldur lægra verði en innflutt fóður."

Þetta var tilvitnun úr skýrslu starfshóps iðnrn. frá jan. 1981.

Eins og segir í aths. með frv. er ekki einfalt mál að leggja mat á arðsemi sykurverksmiðju hérlendis. Verð á aðföngum, hinum svokallaða melassa, hefur verið nokkuð stöðugt en stórar sveiflur hafa verið á verði hvítasykurs. Áhugafélag um sykuriðnað hf. og starfshópur rn. voru ekki sammála um viðmiðunarverð á melassamjöli og verð á sykri frá verksmiðjunni. Áhugafélag um sykuriðnað telur eðlilegt að miðað sé við meðalverð áranna 1970—1980 og reyndist það vera 2.90 finnsk mörk á kg eða 6.40 kr. á kg. En starfshópur rn. taldi eðlilegt að miða við 2.50 finnsk mörk á kg eða 5.50 ísl. kr. Einnig eru skiptar skoðanir um á hvaða verði ætti að reikna melassamjölið og hvort verksmiðjan geti selt allt það magn af melassamjöli sem til fellur.

Reiknað er með að framleiða um 10 þús. tonn af sykri, en við þá framleiðslu fellur til jafnmikið magn eða 10 þús. tonn af melassamjöli. Yrði þetta melassamjöl notað í fóður og kæmi að hluta í stað innflutts fóðurkorns. Veltur á miklu hvaða viðtökur melassamjölið fær hjá bændum.

Melassi hefur verið notaður sem fóður fyrir búfé í mörgum löndum og í Finnlandi hefur búfé verið gefinn afgangsmelassi, sem svo er kallaður. Áhugafélag um sykuriðnað áætlar verð á melassamjöli 1.92 kr. á kg miðað við verðlag í júlí 1981, og er það verð vel samkeppnisfært við innflutt fóðurkorn, þ. e. um 80% af verði innflutts fóðurkorns miðað við sama þurrefnisinnihald.

Í des. 1981 lagði Áhugafélag um sykuriðnað hf. fram endurmetna útreikninga um stofnkostnað, rekstrarkostnað og arðsemi fyrirhugaðrar sykurvinnslu í Hveragerði og eru allar tölur færðar til verðlags í júlí 1981 eins og fram kemur í fskj. I með frv. Miðað við þær forsendur, sem Áhugafélagið leggur til grundvallar sínum útreikningum, er hér um arðbært fyrirtæki að ræða. Í útreikningum félagsins kemur fram að afkastavextir séu 29.4 sbr. fskj. I. Ég vil sérstaklega undirstrika að hér er átt við afkastavexti af hlutafé. Yfirleitt er venja að reikna með afkastavöxtum af heildarfjárfestingunni.

Iðnrn. hefur gert útreikninga á arðsemi miðað við nánast sömu forsendur og Áhugafélag um sykuriðnað hefur í sínum útreikningum. Útreikningar rn. byggðir á þessum forsendum sýna að afkastavextir heildarfjárfestingar yrðu rétt um 11% , rétt tæp 11 reiknað á föstu verðlagi, en skylt er að taka fram að þá var miðað við verðið 2.83 finnsk mörk á kg, en síðan hefur sykurverð lækkað niður í 2—2.20 finnsk mörk á kg, sem er mjög sérstætt ástand og í algeru lágmarki miðað við verðþróun um langt árabil.

Helstu rekstrarliðir í fyrirhugaðri sykurvinnslu eru, miðaðir við þriðja starfsár verksmiðjunnar, hráefnisútgjöld 34%, launakostnaður 15, afskriftir 29, vextir 6 og ýmis kostnaður 16, sbr. sundurliðun í aths. Stofnkostnaður er áætlaður, eins og áður er getið, 241 millj. kr., sem skiptist þannig: Byggingar o. fl. 43 millj. kr., vélar o. fl. 184 millj. kr. og rekstrarfé 14 millj kr., samtals 241 millj. kr.

Starfshópur iðnrn. benti á að hugsanlegt væri að smíða eitthvað af vélum, sem þarf til verksmiðjunnar, hérlendis.

Um staðsetningu er það að segja, að Áhugafélag um sykuriðnað hf. stefnir að því að reisa verksmiðjuna við Hveragerði. Felast staðarkostir fyrst og fremst í nálægð við jarðgufu. Melassa yrði skipað á land í Þorlákshöfn og þarf að reisa aðstöðu þar fyrir móttöku á hráefninu. Samkv. uppdrætti er verksmiðjunni ætlaður staður við mynni Grænadals austan Varmár. Ríkið á þetta land og var það á sínum tíma keypt að frumkvæði raforkumálastjórnarinnar með það fyrir augum að sem best færi saman nýting lands og jarðhita á þessum hluta ásamt því landi sem ríkið átti fyrir í Ölfusdal.

Jarðhitasvæðið í Ölfusdal er hluti af háhitasvæðinu í Henglinum og er einstakt að því leyti, hvað það er nálægt byggð. Fyrir eru á þessu svæði fjórar borholur sem mögulegt væri að nýta í tengslum við verksmiðjuna. Orkustofnun hefur framkvæmt mælingar á tveimur þeirra og reyndust þær vera nothæfar. Þrátt fyrir þetta hefur Áhugafélag um sykuriðnað hf. tekið inn í áætlun sína allan stofn- og rekstrarkostnað þriggja nýttra 1000 metra djúpra borhola ásamt tilheyrandi gufuveitu fyrir verksmiðjuna. Af þessum þremur borholum yrði ein ávallt til vara ef loka þyrfti annarri af hinum tveimur, t. d. vegna hreinsunar og bilana. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan framleiði raforku til eigin þarfa úr jarðgufu og er gert ráð fyrir því í áætlunum um borholur og gufuveitu. Orkukostnaður í heild er áætlaður um 7% framleiðslukostnaðarverðs sykursins. Í sambærilegri verksmiðju erlendis, sem fullnægði orkuþörf sinni með olíu, yrði orkukostnaður um 24% af kostnaðarverði innflutts sykurs sem kominn væri í vörugeymslu heildsala á Íslandi.

Sykurnotkun hér á landi var árið 1980 9723 tonn samkv. hagskýrslum og er skipting á þeirri notkun sýnd á fskj. II sem unnið er af Félagi ísl. iðnrekenda. Á þessu yfirliti kemur fram að heimili nota um 30% af innfluttum sykri en iðnaður ýmiss konar 70%.

Framboð af hrásykri og þar með hvítum sykri er mjög háð hversu gengur með ræktun á sykurreyr og sykurrófum. Uppboðsverð á hrásykri hefur sveiflast mjög undanfarna áratugi. Verðbreytingar á sykri hafa leitt til þess, að tilraunir hafa verið gerðar til þess að hafa stjórn á ræktun á sykurreyr og sykurrófum, framboði á hrásykri og söluverði. Verð á hvítum sykri hefur haldist lágt undanfarin tvö ár og seinustu mánuði hefur, eins og áður er getið, innflutningsverð á sykri farið lækkandi. Er vissulega erfitt að spá um verðþróun.

Með bréfi Áhugafélags um sykuriðnað hf. til iðnrn., dags. 7. des. 1981, er spurst fyrir um hvort rn. vilji beita sér fyrir því, að sykurvinnslu í Hveragerði verði tryggður sykurmarkaður á Íslandi t. d. í 10 ár. Starfshópur rn. áleit á sínum tíma að nauðsynlegt kynni að reynast að setja lög um sykurinnflutning og afurðir er innihalda sykur. Ef sett væru lög um að sykurinnflutningur verði háður leyfum og tollaður til jöfnunar á framleiðslukostnaði íslenskrar sykurverksmiðju yrði jafnframt nauðsynlegt að leggja verðjöfnunartolla á allar þær vörur er innihalda sykur eigi samkeppnisaðstaða innlends iðnaðar ekki að raskast. Slík lagasetning yrði á marga lund erfið í framkvæmd og krefst mikillar skriffinnsku. Mál þetta var

tekið upp við Félag ísl. iðnrekenda, sem lagðist eindregið gegn hugmyndum um slíka lagasetningu, sbr. bréf þess á fskj. III með frv. Því er ekki fyrirhugað að setja lög um sykurinnflutning og verður því fyrirhuguð verksmiðja að gera ráð fyrir því í áætlunum sínum að geta keppt við heimsmarkaðsverð á sykri.

Herra forseti. Eins og fram kemur í 1. gr. frv. er hér um heimildarlög að ræða og þátttaka ríkissjóðs í fyrirhugaðri sykurvinnslu svipuð og gert er ráð fyrir í heimildarlögum sem Alþingi samþykkti í fyrra um steinullarverksmiðju og stálbræðslu, en að baki beggja þessara iðnaðarkosta standa áhugaaðilar eins og varðandi sykurvinnsluna, sem óska eftir vilyrði um stuðning og fjárhagslega aðild ríkisins. Ríkisstj. hefur því talið rétt að afla heimildar til þátttöku í hugsanlegri sykurvinnslu, en í ákvæði til bráðabirgða, sem ég rakti áðan, er sett það skilyrði, að tryggt hafi verið hlutafjárframlag annarra aðila fyrir 60% hlutafjár væntanlegs félags.

Ýmsar hugmyndir hafa að undanförnu komið fram um breytingar á vinnslu sykurs til iðnaðarnota og nýtingu efna, annarra en hefðbundin hafa talist, til sykurvinnslu. T. d. hefur nýlega verið nefnt að úrvinnsla sykurefna úr mysu gæti komið til álita hérlendis. Skylt er að hafa auga á þróun af slíku tagi þegar metin er sú verksmiðja sem hér er til umr., því að hér er um verulega fjárfestingu að ræða og engum er greiði gerður með því að veðja á rangan hest í þessu máli fremur en öðrum. Hlýtur það að vera forgönguaðila í fyrirtæki, sem stofnað yrði, að hafa vakandi auga á öllu sem að hag þess lýtur.

Ég vænti þess, að hv. þdm. og iðnn. beggja deilda taki málið til gaumgæfilegrar meðferðar og stuðli að því, að það fái afgreiðslu með eðlilegum hætti og helst á þessu þingi. Ég legg því til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra foseti. Ég vil leyfa mér að þakka iðnrh. fyrir að hafa lagt fram þetta frv. um sykurverksmiðju í Hveragerði. Þetta mál hefur verið á dagskrá nokkuð lengi eða síðan 1977, að þál. um það var samþykkt hér í þinginu. Þá var ríkisstj. falið að kanna það og nú kemur það hér í lagafrv. til þess að Alþingi geti tekið ákvörðun um framhald þess.

Áhugamannafélag um sykuriðnað var stofnað 1978 af nokkrum áhugamönnum, aðallega í Hveragerði. Þetta áhugamannafélag hefur unnið að málinu síðan eftir því sem það hefur haft aðstöðu til. Það hefur unnið margar skýrslur um þessi mál og það safnaði hlutafé til að gera athuganir og rannsóknir á hagkvæmni sykurvinnslu á Íslandi. Hinrik Guðmundsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Verkfræðingafélags Íslands hefur unnið þarna mikið og gott starf og átt stærstan hlut í vinnslu þessara athugana sem hafa legið fyrir nú um nokkurt skeið. Ásamt með því hefur Finska Socker lagt margvíslegar upplýsingar í þá skýrslu, enda hefur það mikla reynslu í þessari vinnslu sykurs og því fyrst að nota þessa aðferð. En hún byggist á melassa frá venjulegum sykurverksmiðjum. Rófnamelassi er talinn hafa 50% sykurinnihald og ef þessi melassi er unninn áfram í svona verksmiðjum kostar töluvert meira að ná því sykurmagni en því sem búið er að taka. Þess vegna er það yfirleitt ekki unnið meira en að 50% lokamelassa. Hann er síðan notaður til fóðurs búfénaði þeirra þjóða sem rækta sykurrófur. Þegar búið er að taka það auðveldasta úr sykurrófunum er mun kostnaðarsamara að ná því sem eftir er ef nota þarf olíu til þeirra hluta. Fyrirhugað er að vinna þetta hráefni áfram hér á landi, flytja inn þennan 50% melassa og vinna hann áfram með jarðgufu, sem er nægilega mikið til af hér á landi víða, m. a. í Hveragerði, eins og stefnt er að með þessu frv. til laga.

Það er stefnt að því, að í þeirri verksmiðju, sem hér um ræðir, verði hægt að vinna úr þessum melassa 40% svo að ekki verði eftir nema 10% af lokamelassa. Er áformað, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., að þurrka þennan melassa í sérstakri verksmiðju sem yrði sett upp við sykurverksmiðjuna og gert er ráð fyrir í stofnkostnaði. Að lokinni þurrkun á þessu er ráðgert að nota hann til íblöndunar í fóðurblöndur sem yrðu á markaði hér innanlands. Þessi lokamelassi er talinn mjög góður og er eftirsóttur a. m. k. meðal annarra þjóða, en hefur lítið verið notaður hér á landi og þá ekki öðruvísi en eins og síróp eða eins og melassinn er þegar ekki er búið að þurrka hann.

Í landinu eru notuð um 10 þús. tonn af sykri. Af þessum sykri fara í kringum 70% til ýmiss konar iðnaðar, en um 30% fara til einkaneyslu. Það er þess vegna langstærstur hlutinn sem fer til iðnaðar. Þess vegna er mikið atriði að þeir, sem nota sykurinn, geti verið með í að vinna hann hérlendis. Hefur verið rætt um það hjá áhugamönnum um sykuriðnað að reyna að fá þessa aðila til samstarfs um verksmiðju. Til þess að framleiða þetta magn innanlands, 10 þús. tonn, þurfum við að flytja inn um 25 þús. tonn af melassa sem yrði síðan unninn hér. Úr honum kæmu þá um 10 þús. tonn af sykri eins og neyslan er í landinu. Þessi 25 þús. tonn yrðu flutt inn á tankskipum og mundi þar af leiðandi verða ódýrara að flytja þau inn í landið. Er gert ráð fyrir að okkar skip, sem flytja frá landinu ýmiss konar lýsi t. d., gætu tekið þennan melassa aftur frá Evrópu, t. d. frá Finnlandi, Þýskalandi eða einhverjum öðrum Evrópulöndum. Úr þessari vinnslu, þessum 25 þús. tonnum kæmu í kringum 10 þús. tonn af þurrum lokamelassa. Honum þyrfti að koma á markaðinn hérna innanlands. Hann er talinn mjög gott fóður og ætti að vera vel samkeppnisfær að verði til við annað fóður hér á landi eða innflutt fóður og þess vegna ólíklegt annað en auðvelt sé að selja þetta magn, því að í landinu notum við 600 þús. tonn af innfluttu kjarnfóðri.

Ég kem þá að því með nokkrum orðum, hver kostnaðurinn er við að byggja svona verksmiðju. Hann er mjög mikill og er áætlaður, eins og segir í þessu frv., 1. mars 1982 um 241 millj. kr. En mér finnst að við þurfum að athuga þessa tölu ofurlítið. Í þessari tölu eru ekki innflutningsgjöld, eins og reyndar er tekið fram í frv. Þetta er því sú upphæð sem það kostar að byggja þessa verksmiðju að frádregnum innflutningsgjöldum. Þetta er kostnaður við að reisa fullkomna og fullbyggða sykurverksmiðju með öllum tækjum og geymslum, skrifstofubyggingum og öðru sem til þarf. Enn fremur er þarna kostnaður við að bora þrjár borholur í Hveragerði sem eru 1000 metra djúpar hver og yrðu notaðar til orkuöflunar eða til þess að fá nægilega gufu. Eins og hæstv. iðnrh. nefndi er áformað að nota tvær holur og að ein hola yrði til öryggis ef einhver þeirra bilaði. Þessi borkostnaður er innifalinn í þessum 241 millj. En ég má benda á það, að í Hveragerði er nægilega mikið af holum, sem rikið á, og ætti því að vera hægt að spara sér a. m. k. í byrjun að bora þessar holur og þá yrði þeim upphæðunum ódýrara að koma fyrirtækinu af stað.

Það er einnig gert ráð fyrir í þessari kostnaðaráætlun

að koma upp sérstakri gufutúrbínu til framleiðslu á nægilegri rafmagnsorku fyrir fyrirtækið. Er þá reiknað með að nota sömu gufuna og er notuð við vinnsluna á sykrinum. Auk þess, eins og fram kemur í frv., eru bílar og flutningatæki, tankar og geymslur í Þorlákshöfn, sem þarf til þess að taka á móti melassanum og flytja til Hveragerðis, reiknaðir með í stofnkostnaðinum.

Ég vil þá aðeins minnast á nokkra þætti í sambandi við það sem vinnst við það að koma upp svona verksmiðju í landinu. Það mundi veita 60—70 manns atvinnu. En þegar við tölum um 60—70 manns, sem fá atvinnu, þá held ég að það leiði af sjálfu sér að þessir 60—70 manns þurfa ýmiss konar þjónustu og margt í kringum verksmiðjuna sjálfa, þannig að ekki væri ólíklegt að bæta mætti við kannske allt að 100 manns sem yrðu starfandi óbeint í kringum verksmiðjuna. Hér er því um verulegt atvinnufyrirtæki að ræða sem veitir mörgu fólki atvinnu, og yrði þess vegna að teljast mjög hagkvæmt hvað það snertir að færa þessa vinnslu á sykri inn í landið.

Með því að flytja melassann inn í tankskipum mundi sparast mikið í flutningskostnaði. Við mundum spara í erlendum gjaldeyri 15—18 millj. finnskra marka, sem þýðir um 25—30 millj. ísl. kr., með því að flytja inn svona hálfunninn melassa. Minna yrði flutt inn af erlendu kjarnfóðri, sem notað er handa búfjártegundum okkar í dag, sem nemur þessum 10 þús. tonnum. Þetta er líka atriði í þessu máli. Við fáum líka eitt sem mér finnst verulega ástæða til að minna á, og það er að við öðlumst dýrmæta reynslu af notkun jarðgufu til iðnaðar. Það er líka hægt að hugsa sér áframhaldandi nýtingu á þeirri orku sem afgangs er frá verksmiðjunni. Það mætti byggja upp annan iðnað eða ylræktarver eða nýta hitann til upphitunar húsa, svo að eitthvað sé nefnt. Vandinn er sá, sem reyndar kemur fram í þeirri greinargerð sem fylgir frv., að við þurfum að kosta nokkru til að koma í veg fyrir mengun af því heita vatni sem kemur frá verksmiðjunni. Það er reiknað með því í þeim stofnkostnaðaráætlunum, sem hér liggja fyrir frá áhugamönnum um sykuriðnað, að það verði annaðhvort að byggja geyma til að kæla afgangsvatnið eða dæla því ofan í jörðina aftur. Sá kostnaður er nokkur og ef hægt væri að losna við hann mundi stofnkostnaður verða minni.

Þá vil ég líka minna á það, að orkukostnaðurinn í heild við þessa framleiðslu mundi vera um 7% af framleiðslukostnaðarverði sykurs. Til samanburðar má geta þess, að ef þetta væri unnið erlendis með olíu mundi þessi kostnaður verða 24% af kostnaðarverði innflutts sykurs. Stafar það eingöngu af því að olía yrði notuð til þessarar vinnslu. Sést best af þessu hvað hagkvæmt er að nýta þá gufu og orku sem við höfum hér í landinu, auk þess sem það skapar gífurlega mikla vinnu og sparar gjaldeyri. Samkv. skýrslu Guðmundar Björnssonar verkfræðings frá 4. des. 1981 yrði sykurverð til heildsala eftir 9 ára rekstur 2.30 kr. ísl., eða lægra verð en það hefur verið lægst á síðustu 10 árum, 1970—1980. Það hefur sem sagt aldrei orðið lægra en það, jafnvel þó að verð hafi sveiflast mikið til eins og línuritið með frv. sýnir.

Ég vil nú ekki hafa þessi orð öllu fleiri, en ég vona að sú nefnd, sem fær þetta til umfjöllunar, athugi málið vel og að það verði skoðað af færustu mönnum svo að ekki verði um mistök að ræða. En vegna þess, að ég veit að það er ýmislegt mjög hagstætt við að koma þessari verksmiðju upp, er ég þess fullviss að hér er um mjög gott mál að ræða. Ég legg áherslu á að frv. fái eins fljóta afgreiðslu og unnt er svo að hægt sé að fara sem fyrst af stað með undirbúning og uppbyggingu á góðu fyrirtæki.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni frv. til l. um sykurverksmiðju í Hveragerði sem gerir ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilað að taka þátt í hlutafélagi sem reisi og reki sykurverksmiðju sem að stofnkostnaði er talin vera 241 millj. kr. eða 24 gamlir milljarðar. Er gert ráð fyrir að ríkisstj. sé heimilt að leggja fram allt að 29 millj. kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og að ríkisstj. sé heimilt að veita ríkisábyrgð fyrir lánum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt, til byggingar verksmiðjunnar að fjárhæð samtals allt að 43 millj. kr. Að auki er gert ráð fyrir að felld séu niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til þessarar verksmiðju. Hér er því um að ræða fyrirtæki sem kostar gífurlega mikið fé, og gert er ráð fyrir að varið sé miklu af sköttum borgaranna til þess að leggja í þetta fyrirtæki.

Ég vil strax segja það, að mér finnst við lestur þessara gagna, sem við þm. höfum fengið, að í þessu máli séu svo margar brotalamir að það sé útilokað að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Ég hef að vísu tækifæri til að fylgjast með því í nefnd, þar sem ég á sæti í iðnn. þessarar deildar, en ég mun eindregið mæla gegn því, að þetta frv. verði samþykkt nú. Til þess þarf Alþingi meiri tíma. Það þarf að rannsaka þetta mál mun betur og mér finnst að Alþingi geti ekki látið söguna frá því á s. l. vori endurtaka sig, þegar á örstuttum tíma voru afgreidd frumvörp um þrjú önnur fyrirtæki, þar sem ríkinu var heimilað að leggja fram hlutafé, fyrirtæki sem vafalaust eru mismunandi góð, en nú hefur komið í ljós, eftir að Alþingi gerði sínar samþykktir, að verulegar brotalamir eru á og skal ég ekki nánar fara út í það.

Ég vil í þessu sambandi — þó að ég eigi tækifæri á því að fylgjast með þessu í nefnd — drepa á nokkur atriði, sem fram koma í gögnum þessa máls, sem ég tel að séu mjög alvarlegir fyrirvarar af hálfu þeirra sem um þetta mál hafa fjallað af hálfu iðnrn., þó að þeirra till. sé sú, að út í slíkan rekstur verði farið. Þeir benda t. d. á það á bls. 11 í þeirri skýrslu sem við þm. fengum í hendur á s. l. vori, að hrásykur sé landbúnaðarafurð og gildi hliðstæðar reglur, höft og innflutningskvótar í sykurræktunarlöndum og gilda almennt um landbúnaðarafurðir. Hrásykurverksmiðja er yfirleitt nálægt ræktunarsvæðunum. Alþjóðleg samtök hrásykurframleiðenda reyna að sporna á móti verðsveiflum á hrásykri. Þessu fylgir líka atriði sem við þekkjum mætavel úr okkar landbúnaðarsögu, að það eru bæði miklar niðurgreiðslur á sykri og alls kyns framleiðslustyrkir, sem veittir eru framleiðendum í sykurræktarlöndum til þess að tryggja að þeir geti selt sínar afurðir. Sykurframleiðsla er svo mikilvæg atvinnugrein í ýmsum löndum að reynt er að komast inn á markaðinn með miklum fjárgreiðslum af hálfu viðkomandi ríkisstjórna. Þetta er atriði sem verður að sjálfsögðu að hafa mjög vel í huga, þó að ljóst sé að verðið sé að miklu leyti mótað af uppboðsmörkuðum.

Markaðsverð sykurs er mjög sveiflukennt. Það kemur fram á bls. 14 í þessari skýrslu, að niðurstaða nefndar iðnrn. sé að verðið þurfi að vera hærra en 2.5 finnsk mörk á kg, er telst hátt miðað við meðalinnflutningsverð undanfarin 10 ár. „Hvernig hvítasykursverð þróast í hlutfalli við melassaverð á komandi árum er á einskis manns færi að segja til um," segir í þessari skýrslu. Þeir tala sem sagt um lágmarksverð 2.50 finnsk mörk.

En nú kaupum við sykur á 1.80—2.00 finnsk mörk, sem sagt á mun lægra verði en því lágmarksverði sem nefndin, sem um þetta fjallaði, telur að þurfi að vera. (**ÞS:** *Meðalverð 10 ára.*) *Já, meðalverð 10 ára, en við* verðum að miða við hvað við sjáum fram á og hvernig markaðurinn er líklegur til að þróast. Sannleikurinn er sá, að þó að þetta sé meðalverð sem þarna var talað um og hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson nefndi í sinni ræðu, þá er það staðreynd, að verðið í dag er 1.80—2.00, og það er enn reiknað með lækkun á markaðnum eins og ég skal nánar sýna fram á með þeim gögnum sem ég hef undir höndum.

Sannleikurinn er sá, að það er á ferðinni ný tækni í sambandi við sykurframleiðslu sem við verðum að horfa á þegar slíkt mál er metið. T. d. í Bandaríkjunum er nú hafin stórfelld framleiðsla á sérstöku kornsírópi sem kemur algerlega í stað sykurs og er um 15% ódýrara en sykur. Notkun þessa efnis eykst jafnhratt og nýjar verksmiðjur taka til starfa og framboðið eykst. Mikilvægi þessarar þróunar má sjá á því, að gosdrykkjaframleiðendur þar í landi, í Bandaríkjunum, nota um 25—30% allrar sykurframleiðslunnar, en hér á landi nota gosdrykkjaframleiðendur um 20% sykurframleiðslu. Ég hef hér úrklippu úr bandarísku fagtímariti sem gefið er út af þeim sem framleiða gosdrykki, og þar er verið að veita *upplýsingar um við hverju megi búast einmitt á* þessum markaði, upplýsingar fyrir þá sem eru í þessari framleiðslu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna þess að gosdrykkjaiðnaðurinn er helsti kaupandi á sykri á heimamarkaði", þ. e. yfir 30% af allri sykurframleiðslunni í Bandaríkjunum, „þá er það skoðun okkar, að notkun sérstaks kornsíróps muni lækka sykurverð í náinni framtíð. Við búumst við því að sykurverð og verð á sérstöku kornsírópi muni halda áfram að lækka til lengri tíma litið."

Þetta er spá í þessu fagtímariti sem sérstaklega fjallar um þetta mál.

Starfshópurinn hefur líka gert ákveðna fyrirvara sem nauðsynlegt er að menn átti sig á og iðnrn. — a. m. k. á tímabili — gerði að sínum. Sá fyrirvari kemur sérstaklega fram í bréfi sem iðnrn. sendi Félagi ísl. iðnrekenda 28. jan. s. l., þar sem rn. var að boða til fundar og óska eftir að Félag ísl. iðnrekenda tæki þátt í slíkum fundi. Í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Forsenda fyrir byggingu sykurverksmiðju hérlendis er setning sykurlaga." — Takið eftir þessu orðalagi hv. þm.: „Forsenda fyrir byggingu sykurverksmiðju hérlendis er setning sykurlaga. Innflutningur á sykri verður þá háður leyfum. Einnig verður að stofna sérstakan sykursjóð, er hafi það hlutverk að tryggja innlendri iðnaðarframleiðslu sykur á heimsmarkaðsverði. Tekna í sjóðinn verður að afla með því að skattleggja innlendu framleiðsluna og hugsanlega innflutning eða með framlagi ríkissjóðs. Hafa Finska Socker" — þ. e. finnska fyrirtækið sem var ráðgjafi í þessu efni — „gert það að skilyrði fyrir þátttöku sinni við byggingu sykurverksmiðju að sykurlög verði sett. Önnur leið til lausnar þessu er bann við innflutningi á sykri og að settir verði verðjöfnunartollar á allar vörur sem fluttar eru til landsins og innnihalda sykur, t. d. kex, kökur, öl, gosdrykki, sælgæti."

Rn. var sem sagt þeirrar skoðunar í janúar s. l., að forsenda þess að reisa slíka verksmiðju væri annaðhvort að banna innflutning á sykri til landsins eða skattleggja sérstaklega innflutning á sykri til þess að halda uppi verðinu svo að hin íslenska framleiðsla gæti þá orðið samkeppnisfær við þá erlendu.

Félag ísl. *iðnrekenda snerist mjög hart gegn* þessu, og sú varð niðurstaðan í rn., eins og fram kemur í grg. sem fylgir frv., að iðnrn. leggur ekki til að sett verði lög um sykurinnflutning. En það er nokkuð athyglisvert, að forsenda fyrir þeirri ákvörðun rn. virðist ekki vera sú, að þeir telji slík sykurlög óæskileg í sjálfu sér eða innflutningsbann á sykri óæskilegt í sjálfu sér, heldur vegna þess, hversu erfitt verði að framfylgja slíkum reglum vegna þess hve sykur er stór hluti í ýmsum vörum sem fluttar eru til landsins. Starfshópurinn eða nefnd iðnrn. hefur líka látið frá sér fara atriði sem verða að skoðast sem mjög alvarlegir fyrirvarar í þessu efni. Hæstv. iðnrh. las t. d. upp VII. kafla í niðurstöðum nefndarinnar. Ég vil þó, vegna þess að mér finnst það merkilegur kafli, lesa hann upp, með leyfi forseta, en þar segir:

„Íslendingar nota nú um 10 þús. tonn af hvítum sykri árlega." Ég skýt hér inn í: 10 þús. tonn er það sem reiknað er með að verksmiðjan framleiði, sem sagt alla notkun okkar Íslendinga. „Talið er að það magn breytist lítið á komandi árum þótt þjóðinni fjölgi. Neysla á íbúa hefur farið minnkandi að undanförnu. Rétt er þó að nefna að samdráttur í kex- og sælgætisiðnaði gæti haft *veruleg áhrif á innlenda eftirspurn. Til* þess að *fullnægja* þörfum landsmanna fyrir sykur koma þrjár leiðir til álita, ef eingöngu er horft á hag neytanda:

1. Óbreytt ástand, þ. e. að kaupa sykur á dagverði á uppboðsmarkaði og leyfa mörgum innflytjendum og frjálsri samkeppni að sjá um verðmyndun.

2. Opinber innkaup og verðjöfnunarsjóður, þ. e. að fylgja í fótspor flestra Evrópulanda og setja lög og reglugerð um sykurinnflutning. Til álita gæti komið að verðjafna úr sjóðnum þegar uppboðsverð á sykri er hátt, en skattleggja í hann þegar verðið er lágt. Gert er ráð fyrir samningum um innkaup. Hugsanlega kemur þátttaka í ISA til greina, en það eru alþjóðleg samtök hrásykurframleiðenda.

3. Reisa sykurverksmiðju. Verksmiðjan mundi veita um 70 manns atvinnu og sjá fyrir sykurþörf landsmanna á meðalverði er ekki væri langt frá meðalverði EBE. Verksmiðjan mundi nota innlenda orku. Þessi valkostur er sennilega dýrasti valkosturinn í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði og sá áhættusamasti."

Þetta er það sem nefndin tekur sérstaklega fram í sinni greinargerð.

Það er rétt að hafa það í huga, að sykurnotkun hér á landi skiptist þannig að 30% eru notuð í einkaneyslu, þ. e. á heimilum, en 70% af sykri eru notuð til iðnaðarframleiðslu, ýmiss konar iðnaðar. Ef við rösuðum um ráð fram í þessu efni, ef farið væri að byggja sykurverksmiðju án þess að það mál væri búið að athuga mun betur en nú hefur verið gert, þá gæti það orðið til þess að hækka verulega verð á fjöldamörgum iðnaðarvörum, ef á að þvinga þær til þess að kaupa hina innlendu framleiðslu og gera annan iðnað okkar verr samkeppnishæfan innan annarra landa sem við erum í harðri samkeppni við, bæði vegna innflutnings þaðan svo og vegna þess að við viljum gjarnan flytja út okkar iðnaðarvörur. Allt það sem ég hef hér tilgreint — og reyndar mætti tilgreina mörg fleiri atriði sem fram koma í þessum skýrslum — bendir til þess, að það sé óráð að ætla sér að ná þessu frv. fram á þessu þingi. Þetta mál þarf miklu betri athugun. Sú

nefnd, sem fær það til meðferðar, þarf að gera á því rækilegar sérfræðilegar athuganir sem tekur miklu lengri tíma en eftir lifir af þessu þingi.

Áhugi á nýjum atvinnugreinum og nýjum iðnaðartækifærum hér á landi er vissulega góðra gjalda verður og ég tel lofsvert framtak þeirra manna, sem áhuga hafa á þessu máli, að hafa vakið máls á því og hafa lagt í það vinnu og fyrirhöfn að gera þessar athuganir. En reynsla okkar sýnir þó ótvírætt að slíkir áhugamenn hafa alltaf tilhneigingu til að fegra hlutina um of, hafa tilhneigingu til þess að draga úr stofnkostnaði í áætlunum, draga úr rekstrarkostnaðaráætlunum og fegra markaðsaðstæður mun meira en ástæða er til. Ég vil þó segja að þegar þessar skýrslur eru lesnar niður í kjölinn bera þær þó vott um lofsverða hreinskilni, sem við verðum vissulega að taka tillit til þegar við metum þetta mál endanlega. Hér er verið að leggja til að verja miklum fjármunum af hálfu skattborgaranna til að reisa fyrirtæki sem er í meira lagi vafasamt.

Þórarinn Sigurjónsson: Herra forseti. Það er ofurlítið í sambandi við það sem hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson sagði.

Ég vil taka það fram, að það er mjög nauðsynlegt að gefa gaum öllum nýjum atvinnugreinum sem hugsanlega gætu orðið til þess bæði að auka atvinnu í landinu og spara gjaldeyri, eins og þessi atvinnugrein gefur tilefni til að ætla að muni vera hægt. Það er þó hægt að segja að það sé tilhneiging til að fegra hlutina, en ég held að það sé búið að athuga þetta mál mjög vel af mjög gætnum mönnum, eftir því sem ég þekki best til. Þó vil ég eindregið taka undir það sem hv. þm. sagði, að við athugum þetta mál mjög vel og látum það ekki fara öðruvísi frá okkur en að það sé fullkomlega athugað um hagkvæmni þess að gera þetta. Ég stend í þeirri meiningu eftir þá vinnu sem við höfum lagt í þetta, að hér sé um verulega gott mál að ræða.

Í sambandi við það, sem hv. þm. vitnaði til greinar sem birtist í amerísku blaði, Beverage World, um þessi mál, vil ég lesa hér upp bréf sem ég fékk í hendurnar viðvíkjandi því. Greinin heitir "State of the Bottling Market" og birtist í Beverage World í nóv. 1981. Það er Hinrik Guðmundsson verkfræðingur sem skrifaði bréfið. Þar segir með leyfi hæstv. forseta:

„Í greininni reynir Thompson að spá fyrir um þróun í framleiðslu gosdrykkja og hráefna til þeirra í Bandaríkjunum á næstu árum og ráðleggur um fjárfestingar í því sambandi. Hann hugsar að sjálfsögðu í samræmi við stærð og gerð bandaríska samfélagsins, sem er öðruvísi að gerð en hið íslenska og auk þess þúsundfalt mannfleira. Greinin er vissulega fróðleg fyrir þá sem vilja eða þurfa að fylgjast með þróun gosdrykkjaframleiðslu þar í landi, en hefur ekki beina þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

Thompson víkur að því, að meira en 30% af sykurframleiðslunni (væntanlega í Bandaríkjunum) fari til gosdrykkjagerðar og því sé líklegt að maíssíróp verði að einhverju leyti tekið til gosdrykkjagerðar í stað sykurs, ef verulegur verðmunur er á sykri og maíssírópi, og muni það valda verðlækkun á sykri. Það er vissulega hægt að nota maíssíróp í staðinn fyrir sykur að hluta til við gosdrykkjaframleiðslu og það var gert um tíma í Ölgerðinni Egill Skallagrímsson hf. eftir stríðið, þegar sykurskortur var í heiminum. En þetta var neyðarúrræði og því hætt þegar sykur var aftur fáanlegur á viðhlítandi verði, enda voru gosdrykkir gerðir úr maíssírópi ekki eins góðir og úr sykri. Maíssíróp er framleitt úr maíssterkju með því að brjóta hana með sýru og hvötum niður í dextrósu, maltósu og glúkósu, sem er langtum minna sæt en venjulegur sykur, enda þótt sykurmagnið sé það sama, sykurtegundin er önnur. Thompson gerir ekki grein fyrir efnasamsetningum HFCS, en nafnið bendir til að í maíssírópi sé bætt frúktósu eða sætefnum til bragðbætis, en sætefnin hafa lengi legið undir grun um að vera krabbameinsvaldar og því verið bönnuð í matvælaiðnaði, m. a. hér á Íslandi.

Sé gert ráð fyrir því, að stórframleiðsla á maíssírópi fari í hönd, jafnvel svo milljónum eða tugmilljónum tonna skipti á ári, þá fer ekki hjá því að eftirspurn eftir maís vex að sama skapi stórlega og verð hans hækkar. Verðmunurinn, sem Thompson telur vera 15%, er þá fljótur að fara. Verðsveiflur á maís og sykri vegna veðurfars og mismunandi uppskeru halda auðvitað áfram eftir sem áður.

Í þessu sambandi má geta þess, að í hverri 0.25 lítra flösku af sætum gosdrykk eru um 25 grömm af sykri, sem kostar 1/40 af verði 1 kg af strásykri eða 10—15 aura ef strásykursverðið er 4—6 kr. kg. Þá skal þess einnig getið, að fyrirhuguð sykurverksmiðja í Hveragerði gæti selt gosdrykkjaframleiðendum fljótandi sykur á lægra verði en sykur í sekkjum. Fljótandi sykur yrði fluttur eftir þörfum með tankbílum til gosdrykkjaframleiðenda og dælt þar í geymslutank, sem síðan mætti dæla úr til safagerðar eftir hentugleika. Framleiðendur mundu þá losna við allar sekkjatilfærslur, geymslupláss mundi nýtast betur og ekki þyrfti að hafa fyrir því að leysa sykurinn upp í vatni fyrir notkun í safagerð. Þannig mundi tilkostnaðurinn lækka.

Af fyrrgreindum ástæðum og með hliðsjón af því sykurverði, sem áætlanir ÁS eða (Áhugamannafélags um sykuriðnað) og FS (Finska Socker) hafa leitt í ljós, tel ég ekki ástæðu til að hafa áhyggjur af verðfalli á sykri vegna samkeppni af hálfu maíssírópsframleiðenda".

Ég hef svo ekki fleiru við þetta að bæta, en af því að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson vitnaði til greinar Thompsons hér áðan fannst mér eðlilegt að þetta kæmi fram.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að bæta miklu við það sem ég sagði áðan, aðeins að taka það fram til að fyrirbyggja misskilning, ef hann væri hjá mönnum, að iðnrn. ber þetta mál ekki fram með það í huga, að sett verði einhver verndarlöggjöf í sambandi við innflutning á sykri, og gerði þeim áhugaaðilum grein fyrir því sem hafa mjög eindregið óskað eftir að aflað yrði heimilda til stuðnings og þátttöku af ríkisins hálfu í þessu fyrirtæki, þó sem minnihlutaaðila eins og hér er gert ráð fyrir. Það er fyrst eftir að það lá fyrir, að áhugaaðilarnir, sem hafa lagt mikla vinnu í þetta mál, vildu eftir sem áður að þessara heimilda yrði aflað, að þetta frv. er flutt sem stjfrv. Það er alveg ljóst, að ef við færum að taka hér upp eða setja sérstaka löggjöf um þessi efni, þá mundi því fylgja marghátt aður vandi og fyrirhöfn og einnig hætta á að menn færu þá inn í niðurgreiðslu varðandi íslenskan iðnað, því að fyrirheit eru um að íslenskur iðnaður fái að njóta verðs á aðföngum sínum sem sambærilegt sé við heimsmarkaðsverð. Ég tel ekki skynsamlegt að bæta á þann vanda, sem við glímum þar við, eða þá stefnu, sem við höfum framfylgt og þurfum að

framfylgja sérstaklega þegar um er að ræða innflutt hráefni. Það háttar vissulega öðruvísi til þegar um er að ræða úrvinnslu úr innlendum afurðum, svo sem ull og skinnum, í sambandi við okkar eigin iðnað. — Þetta vildi ég að hér kæmi fram.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til iðnn. með 27 shlj. atkv.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 540). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Málefni aldraðra hafa verið mjög í sviðsljósinu í hinum vestræna heimi, en einkum þó á Norðurlöndum um þessar mundir. Ástæða þess er sú þjóðfélagsþróun sem leiðir til þess, að hlutfall aldraðra meðal þjóðfélagsþegnanna fer hækkandi og þeim fer fjölgandi sem eru í elstu aldurshópunum. Þetta vil ég ekki kalla vandamál, eins og heyrist stundum. Ég tel að hér sé um að ræða vísbendingu um verkefni sem við verðum að fást við og leysa.

Hvergi hafa umskipti orðið eins glögg og hér á landi á þessu sviði því að fyrir aðeins einni öld, eða á árunum 1860—1870, voru meðalævilíkur kvenna á Íslandi 37.9 ár, en karla 31.9 ár. Okkur finnst þessar tölur ótrúlegar, en við megum ekki gleyma því að um miðja síðustu öld gengu farsóttir yfir þetta land nær árvisst, en viðnámsþróttur þjóðarinnar var lítill, matarskortur verulegur og húsakostur lélegur. Manndauði var því mikill. Á það má minna, að á 10 ára bilinu frá 1841—1850 dóu að meðaltali 343 af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum áður en þau náðu eins árs aldri. Á þeim tíma var þetta tvisvar til þrisvar sinnum hærri tala en t. d. í Danmörku. Mislingaárið 1846 komst ungbarnadauði hér á landi upp í 644 börn af hverjum 1000 lifandi fæddum börnum. Ísland er því eitt gleggsta dæmið um hvernig þjóð vinnur sig upp frá því að vera vanþróað land til þess ástands sem við nú höfum og kennum við velmegun eða velferð.

Í dag eru Íslendingar í þeim hóp þjóða sem getur stært sig af því að hafa lægstan ungbarnadauða. Á árinu 1980 dóu 7.7 af hverjum 1000 lifandi fæddum, og það er hvergi vitað um lægri tölu í heiminum. Jafnframt getum við greint frá því, að Íslendingar ná hærri meðalaldri en þekkist með öðrum þjóðum: konur 79.7 árum og karlar 73.7 árum. Almenn dánartala hér er 6.7—6.9 af hverjum 1000 íbúum og er óvíða lægri í heiminum. Allt eru þetta taldir góðir mælikvarðar á heilbrigðisástand þjóðanna.

Á þetta vil ég minna þar sem við erum að leggja fram frv. til l. um málefni aldraðra, en eins og ég sagði í upphafi hlýtur þjóðin að eignast vaxandi hóp aldraðra með batnandi heilsufari og það verður að taka sérstakt tillit til þessa hóps.

Í fyrrra lagði ég fram stjfrv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða og á sama þingi var lagt fram þmfrv. um sérhannað húsnæði fyrir aldraða og öryrkja. Hvorugt þessara frv. náði fram að ganga, en samkomulag var um að ákvæði stjfrv. um Framkvæmdasjóð aldraðra yrðu að lögum og var stofnun þess sjóðs staðfest með lögum nr. 49/1981. Í nál. heilbr.- og trn. Nd., sem fjallaði um það frv., var lagt til að skipuð yrði nefnd til að endurskoða stjfrv. ásamt þeim brtt. og aths. sem fram höfðu komið, og jafnframt var vísað til ríkisstj. þáltill. þm. Alþfl. um heilbrigðis- og félagslega þjónustu við aldraða.

Í framhaldi af þessu skipaði ég 24. júlí s. l. nefnd sjö manna, sem fékk það hlutverk að gera tillögur um samræmingu á skipulagi í heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða með tilliti til félagslegra og heilsufarslegra sjónarmiða, og vitnaði þá til þáltill. sem fyrr var greind. Í þessari nefnd eiga sæti Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir formaður starfsmannafélagsins Sóknar, tilnefnd af Alþýðusambandi Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson lögfræðingur, tilnefndur af Vinnuveitendasambandi Íslands, Gunnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri, tilnefnd af Öldrunarfræðafélagi Íslands, og Adda Bára Sigfúsdóttir, tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Án tilnefningar skipaði ég Pétur Sigurðsson alþm., Hrafn Sæmundsson prentara og Pál Sigurðsson ráðuneytisstjóra í nefndina og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar. Dögg Pálsdóttir lögfræðingur hefur unnið með nefndinni sem starfsmaður og ritari. Þessi nefnd tók til starfa í byrjun sept. s. l. og hefur hún samið það lagafrv. sem hér hefur verið lagt fram. Nefndin varð sammála um upphaflega gerð frv., en lítillegar breytingar hafa verið gerðar á því við meðferð málsins í ríkisstj. og mun ég gera grein fyrir þeim hér síðar.

Aðaltilgangurinn með því að semja sérstakt frv. um málefni aldraðra er sá, að það verði komið á samræmdu skipulagi á allri þjónustu við aldraða og þar verði tekið tillit til heilsufarslegra jafnt sem félagslegra sjónarmiða. Þá hefur það verið markmið nefndarinnar að tengja öldrunarþjónustu við þá þjónustu sem þegar er fyrir hendi þannig að ekki verði byggt upp nýtt bákn þjónustustarfsemi í þessu skyni. Hefur því niðurstaðan orðið sú að tengja þessa starfsemi við heilsugæslustöðvar, þar sem þær eru í hraðri uppbyggingu og munu verða um landið allt, og tengja hana síðan við félagslega þjónustu sveitarfélaga þegar hún kemur og þar sem hún er þegar komin.

Áður en ég greini frá efni þessa frv. vil ég benda á mjög gagnleg fskj., sem frv. fylgja, sem geta orðið þm. til leiðbeiningar þegar þeir taka efnislega afstöðu til þessara mála. Sérstaklega vil ég benda á að í þessum gögnum er að finna mannfjöldaspá fyrir Ísland árabilið 1980—2000. Í þessari spá kemur fram að gert er ráð fyrir að almenn mannfjölgun verði á bilinu 19.4—23.3% á þessum tíma, en gert ráð fyrir að þeim, sem eru 70 ára og eldri, fjölgi um 39.7% á sama tíma eða næstum tvisvar sinnum hraðar en heildarmannfjöldinn eykst. Það er því gert ráð fyrir að aldraðir, þ. e. þeir sem eru 70 ára og eldri, verði nálægt því 6200 fleiri um næstu aldamót en þeir eru í dag. Þetta rennir að sjálfsögðu sterkum stoðum undir þá fullyrðingu hér að framan, að málefni aldraðra séu verkefni sem við verðum að líta á sérstaklega til þess að þeim verði sinnt svo viðunandi sé.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég telji að þessu máli hafi ekki verið sinnt til þessa. Margt hefur verið vel gert í þeim efnum, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga og einstakra áhugaaðila á þessu sviði undanfarin ár og áratugi. Í þessu sambandi vil ég t. d. nefna að tala rúma og vistmannafjöldi á dvalarheimilum aldraðra jókst um tæplega 500 á tímabilinu 1972—1981. Þar að auki hafa mörg sveitarfélög tekið þessi mál til sérstakrar meðferðar, einkum stærri sveitarfélög, og er þar Reykjavík að sjálfsögðu mjög í fararbroddi, en borgin hefur sinnt þessum málefnum í vaxandi mæli á síðustu árum. En til

þess að starfið verði hnitmiðað tel ég að löggjöf eins og sú, sem hér hefur verið lýst, sé nauðsynleg, a. m. k. um einhvern tíma meðan ríki, sveitarfélög og aðrir, sem að þessum málum vinna, eru að aðlaga sig þeim breytingum sem í vændum eru.

Ég vík þá að helstu nýmælum þess frv. sem ég legg hér fram. Þau eru:

1. Sett er fram það markmið, að aldraðir eigi völ á þeirri heilbrigðisþjónustu og félagslegri þjónustu, sem þeir þurfa, og að þessi þjónusta sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við ástand og þörf hins aldraða.

2. Lagt er til að yfirstjórn öldrunarmála sé í höndum eins rn., heilbr.- og trmrn., og að þar verði sett á stofn sérstök deild til að annast þennan málaflokk.

3. Lagt er til að sett verði á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Hlutverk þessarar nefndar yrði allvíðtækt; annars vegar stefnumótun og hins vegar er henni ætlað að vera ráðgefandi aðili.

4. Lagt er til að stjórnum heilsugæslustöðva, í samvinnu við félagsmálaráð þar sem þau starfa, verði falin stjórn öldunarmála á sínu svæði.

5. Lagt er til að við hverja heilsugæslustöð starfi þjónustuhópur aldraðra. Þessi þjónustuhópur yrði samstarfshópur starfsfólks heilsugæslustöðvar, starfsfólks félagslegrar þjónustu svo og þeirra stofnana sem vinna að öldrunarþjónustu á starfssvæði þjónustuhópsins.

6. Lagt er til að komið verði á fót heimaþjónustu fyrir aldraða. Með heimaþjónustu er átt við þá aðstoð sem veitt er á heimili aldraðs einstaklings. Þessi þjónusta er tvíþætt, annars vegar heilbrigðisþjónusta og hins vegar félagsleg þjónusta.

7. Sett er fram tillaga um skilgreiningu á því, hvaða stofnanir teljist dvalarstofnanir fyrir aldraða.

8. Lagt er til að vistunarmat fari fram áður en menn verði vistaðir á dvalarstofnunum fyrir aldraða.

9. Lagt er til að kostnaður af vistun á dvalarstofnunum fyrir aldraða verði greiddur af sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins eða með beinum framlögum úr ríkissjóði. Þó er gert ráð fyrir að vistmenn taki þátt í greiðslu dvalarkostnaðar eftir ákveðnum reglum í samræmi við tekjur.

Frv. skiptist í fimm kafla, en auk þess eru þar ákvæði til bráðabirgða. Í I. kafla frv. er rætt um skiplag öldrunarþjónustunnar og það markmið sem miða skuli að. Þar er gert ráð fyrir að yfirstjórn öldrunarmála sé í heilbr.- og trmrn., og til þess að undirstrika mikilvægi málsins er gert ráð fyrir að sett verði á stofn sérstök deild innan rn. sem annist þessi mál. Þá er gert ráð fyrir að stofnaður verði samstarfshópur um málefni aldraðra, sem í eigi sæti fulltrúar frá Öldrunarráði Íslands, frá félagsmálaráðuneyti og Sambandi ísl. sveitarfélaga, og sé þessi samstarfsnefnd tengd rn. þannig að deildarstjórinn sé ritari ráðsins og ráðh. skipi tvo menn án tilnefningar.

Í 4. gr. eru verkefni þessarar samstarfsnefndar tilgreind, en þau eru fyrst og fremst að hafa frumkvæði að stefnumótun um málefni aldraðra og að annast áætlanagerð um málefni þeirra fyrir landið í heild. Þá er gert ráð fyrir að nefndin verði tengiliður milli ráðuneyta og stofnana um starfsemi að málefnum aldraðra og sé ráðh. og ríkisstj. til ráðuneytis um hvaðeina sem snertir þessi málefni. Þá er gert ráð fyrir að samstarfsnefndin skeri úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, og að lokum er gert ráð fyrir að samstarfsnefndin geri tillögu til ráðh. um reglur um vistunarmat aldraðra, sem gert er ráð fyrir að fari jafnan fram þegar aldraðir þurfa að vistast á stofnunum til langs tíma.

Frv. gerir, svo sem ég áður sagði, ráð fyrir að starfsemi fyrir aldraða sé tengd við heilsugæslustöðvar, og er gert ráð fyrir að stjórn heilsugæslustöðvar, í samráði við félagsmálaráð þar sem þau eru starfandi, fái tiltekin verkefni á sviði öldrunarmála. Þessi verkefni eru talin upp í 5. gr. frv. og er þar fyrst og fremst um að ræða skipulagningu á öldrunarþjónustu í umdæmum, að kveðja menn til starfa í þjónustuhóp aldraðra, að gera tillögur til sveitarstjórna um starfslið í heimaþjónustu umdæmis og að sjá um að ákvæðum og reglugerðum, sem lúta að málefnum aldraðra, sé framfylgt.

Þá er gert ráð fyrir að á hverri heilsugæslustöð sé til kallaður sérstakur starfshópur innan stöðvarinnar sem hefur þessi mál með höndum, svokallaður þjónusthópur aldraðra, en þar sem það á við getur þessi þjónustuhópur starfað við aðra heilbrigðisstofnun en heilsugæslustöð, allt eftir ákvörðun sveitarstjórnar. — Til að fyrirbyggja misskilning vil ég taka fram, að þjónustuhópur við aldraða er samstarfshópur starfsfólks í heilsugæslustöð eða félagslegri þjónustu viðkomandi sveitarfélags, en hér er ekki verið að byggja upp starfsemi sem krefst aukins starfsliðs. Hlutverk þjónustuhóps aldraðra er fyrst og fremst að fylgjast með heilsufarslegri og félagslegri velferð aldraðra í umdæminu, að meta vistunarþörf, eins og áður var á minnst, og sjá til þess, að aldraðir á heilsugæslusvæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Þá á ávallt að hafa það markmið fyrir augum að aldraðir geti sem allra lengst búið eðlilegu heimilislífi.

Í II. kafla frv. er rætt um Framkvæmdasjóð aldraðra og má segja að þessi kafli sé að mestu leyti óbreyttur frá gildandi lögum um þetta efni sem gildi tóku í lok s. l. árs. Þó vil ég geta eftirfarandi breytinga:

Í fyrsta lagi er frv. gert ráð fyrir sérstöku gjaldi sem innheimt verði í þennan sjóð í fimm ár.

2. Þar er gert ráð fyrir að skipaðir séu varamenn sjóðsstjórnarmanna og að deildarstjóri öldrunarmála í heilbr.- og trmrn. sé ritari sjóðsstjórnar. Þá er lagt til að kostnaður við vörslu og stjórn sjóðsins verði greiddur af honum sjálfum.

3. Í sambandi við hlutverk sjóðsins er lögð til sú breyting frá gildandi lögum, að heimilt sé að veita framlög til að standa straum af breytingum og endurbótum á dvalarstofnunum aldraðra sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum laganna.

4. Þá er og gert ráð fyrir að sjóðurinn geti fjármagnað önnur verkefni sem sjóðsstjórnin telur brýn og ráðh. samþykkir og tengd eru öldrunarmálum, svo sem kannanir á málefnum aldraðra og því um líkt.

Í III. kafla frv., sem ber heitið Heimaþjónusta, er rætt um þá aðstoð á heimili aldraðs einstaklings sem lögin gera ráð fyrir. Hér er um að ræða tvíþætta þjónustu: Annars vegar heilbrigðisþjónustu, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfingu sem fram getur farið þar. Hins vegar er um að ræða félagslega þjónustu, svo sem heimilishjálp, félagsráðgjöf, heimsendingu matar og annað því um líkt. Þá er gert ráð fyrir að ráðh. geti með reglugerð ákveðið að fleiri þjónustuþættir heyri til þessari þjónustu og að hún taki til fleiri en aldraðra þyki það henta.

Hinir ýmsu þættir heimaþjónustunnar eru skipulagðir af stjórn heilsugæslustöðvarinnar, svo sem fram kemur í

5. gr. frv., þegar stjórnin hefur fengið tillögur þjónustuhóps aldraðra. Er þetta gert í samvinnu við félagsmálaráð þar sem þau eru starfandi. Frv. gerir ráð fyrir að þessi þjónusta sé sem víðtækust og ekki einvörðungu veitt að degi til, heldur einnig sem kvöld-, nætur- og helgardagaþjónusta ef aðstæður eru þannig að skynsamlegt sé að reyna að koma slíku við.

Í IV. kafla frv. er rætt um dvalarstofnanir fyrir aldraða. *Í þessum kafla er gert ráð fyrir dvalarstofnunum aldraðra á fimm mismunandi vegu.*

Í fyrsta lagi er þar um að ræða sérhannaðar íbúðir þar sem sérstaklega er tekið tillit til þarfa aldraðra. Er gert ráð fyrir að þessar íbúðir geti verið tvenns konar hvað þjónustustig snertir, þ. e. annars vegar þjónustuíbúðir þar sem bæði er húsvarsla og afnot af sameiginlegu rými, en hins vegar verndaðar þjónustuíbúðir búnar kallkerfi með vörslu allan sólarhringinn þar sem fólk getur fengið ýmsa sameiginlega þjónustu, svo sem máltíðir, ræstingu og því um líkt.

2. Dvalarheimili fyrir aldraða eru ætluð öldruðu fólki sem ekki er fært um að annast eigið heimilishald með aðstoð. Þar er gert ráð fyrir einstaklingsherbergjum og fjölbýliseiningum. Gert er ráð fyrir að dvalarheimili aldraðra veiti þjónustu í ríkum mæli og að þar séu sameiginlegar vistarverur til vinnu, tómstundastarfa og þjálfunar.

3. *Hjúkrunarheimili* eða *hjúkrunardeildir* eru ætluð öldruðum sem eru svo lasburða að þeir geta ekki notfært sér þá þjónustu sem veitt er í dvalarheimilum fyrir aldraða eða í íbúðum af neinu tagi. Hjúkrunarheimili og hjúkrunardeildir eru því hönnuð með það í huga að hægt sé að veita þar góða hjúkrunar- og læknisþjónustu. Þá er það nýmæli í frv., að gert er ráð fyrir að á slíkum heimilum sé a. m. k. helmingur vistrýmis í einstaklingsherbergjum. Frv. gerir ráð fyrir að hjúkrunarheimili séu tvískipt eftir vandamálum sjúklinga þannig að sjúklingar með sérstök geðræn vandamál geti verið á sérstökum deildum.

4. Sjúkradeildir fyrir aldraða er gert ráð fyrir að séu hannaðar á svipaðan hátt og spítaladeildir eru nú. Þessar deildir eru fyrst og fremst ætlaðar langlegufólki því sem þarfnast mjög mikils eftirlits og hjúkrunar. Frv. gerir ráð fyrir að slíkar deildir séu í starfstengslum við öldrunarlækningadeildir sjúkrahúsa, lyflækningadeildir eða almenn sjúkrahús og þau séu nánast hluti af almenna sjúkrahúsakerfinu.

5. Dagvist fyrir aldraða er talin upp í frv. þessu sem sjálfstæð starfsemi, en þó er gert ráð fyrir að hún gæti ýmist verið sjálfstæð eða hluti stofnunar, hvort heldur er dvalarheimilis, íbúðar eða hjúkrunarheimilis. Þá er gert ráð fyrir að vistmenn í dagvist geti sótt hana daglangt daglega eða tímabundið.

Nokkur umræða varð um það, þegar rætt var um frv. *um öldrunarmál á síðasta þingi, hvernig haga skyldi* ákvörðun um innlögn á þessar stofnanir. Í 18. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir að stjórn dvalarstofnunar ákveði vistun, en áður en stjórnin ákveður vistun þarf hún bæði að fá tillögur forstöðumanns stofnunar og mat þjónustuhóps aldraðra á þjónustuþörfinni. Þó er gert ráð fyrir að vistmenn á dvalarstofnun eigi forgang að vistun á hjúkrunardeild á sömu stofnun án þess að sérstakt mat þurfi að fara fram og að stjórnir dvalarstofnana og daglegir *stjórnendur ráði flutningi vistmanna innan dvalarstofnunar* þannig að ekki sé verið að gera kerfið allt of flókið.

Í frv. eru tekin upp ákvæði gildandi laga um dvalarheimili fyrir aldraða og er þau að finna í 19.—22. gr. í frv.

Þá er gert ráð fyrir að þær dvalarstofnanir fyrir aldraða, sem starfandi eru við gildistöku laganna, verði að lúta ákvæðum þeirra. Er stefnt að þriggja ára umþóttunartíma til að uppfylla skilyrði um búnað sem leiðir af ákvæðum 17. gr. Er þá sérstaklega minnt á ákvæði sem bætt er inn í reglur um Framkvæmdasjóð aldraðra til að stuðla að því, að þær stofnanir, sem nú eru starfandi, geti haft fjárhagslegt bolmagn til þessara nauðsynlegu breytinga.

V. kafli frv. fjallar um ýmis ákvæði og er þar fyrst til að taka, að í 24. gr. eru ákvæði um að vistmenn í þjónustuíbúðum greiði húsaleigu samkv. ákvörðun rekstraraðila, en vistmenn í vernduðum þjónustuíbúðum greiði bæði húsaleigu og sérstakt þjónustugjald samkv. ákvæðum sömu aðila. Er gert ráð fyrir að daggjaldanefnd ákveði að *öðru leyti daggjöld á dvalarstofnunum fyrir aldraða*, þ. e. dvalarheimilum aldraðra, hjúkrunarheimilum, hjúkrunardeildum og sjúkradeildum. Hins vegar er gert ráð fyrir í 27. gr. að ráðh. setji gjaldskrá um dagvist fyrir aldraða og fari þar að ráðum samstarfsnefndar um málefni aldraðra samkv. 3. gr.

Í 26. gr. er það nýmæli í frv. þessu, að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði dvalarkostnað á þjónustustofnunum aldraðra öðrum en íbúðum og dagvistun. *Greinin gerir ráð fyrir að vistmenn sjálfir taki þátt* í þessum kostnaði þannig að lífeyrir þeirra hjá lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins renni til sjúkratryggingadeildar. Þá er gert ráð fyrir að eigi vistmaður rétt í lífeyrissjóði renni hluti þess lífeyris til sjúkratryggingadeildar til að greiða kostnað. Þó gerir greinin ráð fyrir að vistmaður á dvalarheimili fyrir aldraða haldi eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en 1500 kr. á mánuði, en vistmaður á hjúkrunarheimili, hjúkrunardeild eða sjúkradeild haldi eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og ekki lægri upphæð en 1000 kr. á mánuði, og er gert ráð fyrir að þessar upphæðir breytist í samræmi við breytingar á upphæðum bóta almannatrygginga.

Í ákvæði til bráðabirgða er gert ráð fyrir að ákvæði þessarar greinar, 26. gr., geti komið til framkvæmda í áföngum því að augljóst er að hér er um að ræða mjög mikla breytingu á gildandi greiðslufyrirkomulagi og getur þurft aðlögunartíma bæði fyrir Tryggingastofnun og lífeyrissjóði að koma greininni til framkvæmda svo sem frv. gerir ráð fyrir.

Í 27. gr. er gert ráð fyrir að kostnaður af rekstri heimaþjónustu sé greiddur af sjúkrasamlögum, en þó þannig að kostnaðarþátttaka ríkis og sveitarfélaga í þessari þjónustu sé önnur en gildir um aðra þjónustu, þannig að sveitarfélög greiði 65% og ríkissjóður 35%, og verður annaðhvort að gera þennan kostnaðarþátt upp sérstaklega *milli ríkis og sveitarfélaga eða reikna þennan kostnaðarþátt* inn í heildarkostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í sjúkratryggingum og breyta þannig hlutfallstölu þeirri sem nú gildir.

Gert er ráð fyrir, verði frv. þetta samþykkt, að lögin öðlist gildi 1. jan. n. k., en í ákvæðum til bráðabirgða er gert ráð fyrir að undirbúningur að framkvæmdinni verði þegar hafinn; annars vegar með því að setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra og hins vegar að *koma á hinni sérstöku deild í heilbr.- og trmrn. sem á að* sjá um framkvæmd þessa málaflokks. Þá er í bráða-

brigðaákvæði einnig gert ráð fyrir að lögin skuli endurskoðuð innan fimm ára með sérstöku tilliti til Framkvæmdasjóðs aldraðra. Þá er í bráðabirgðaákvæði einnig gert ráð fyrir að 26. gr. komi til framkvæmda í áföngum, svo sem ég hef þegar lýst.

Herra forseti. Ég hef rakið ákvæði frv. í allstuttu máli. Þm. hafa eflaust veitt því athygli, að með þessu frv. fylgja mjög ítarleg fskj. um ýmis atriði sem þessu máli eru viðkomandi. Það vinnst ekki tími til að gera grein fyrir þessum fskj., en ég vil ítreka að í þeim er að finna mjög mikilvægar upplýsingar um ástand þessara mála hér á landi í dag. Í fyrsta lagi er að finna upplýsingar um vistrými fyrir aldraða eins og það var 1. nóv. s. l. Í öðru lagi eru þar ítarlegar upplýsingar um hvern þátt Tryggingastofnun ríkisins á nú í greiðslu fyrir vistun á dvalarheimilum fyrir aldraða. Í þriðja lagi eru verulegar upplýsingar um ákvæði dönsku félagsmálalaganna hvað snertir aldraða svo og um stofnanir á vegum sveitarfélaga þar í landi. Í fjórða lagi er þar að finna yfirlit yfir ýmsa þætti tryggingamála er snerta aldraða. Í fimmta lagi eru upplýsingar frá heilbrigðismálaráði Reykjavíkur um heimahjúkrun í Reykjavík, en eins og ég sagði áður er Reykjavík að mörgu leyti til fyrirmyndar í sambandi við starfsemi að málefnum aldraðra. Í sjötta lagi er yfirlit yfir kostnað kaupstaðanna allra á árinu 1980 vegna rekstrar heimilishjálpar, og kemur það sama fram og áður, að Reykjavík er þar í nokkurri forustu, en mjög mörg sveitarfélög, jafnvel kaupstaðir, sinna þessu verkefni lítið sem ekki. Að lokum eru í fskj. ýmis sýnishorn af því, hvernig lífeyrisrétti, þar með töldum lífeyrirsjóðarétti, er háttað hjá einstaklingum sem fæddir eru á árabilinu 1901—1905, eftir því í hvaða lífeyrissjóði þeir eiga rétt og eftir því hvernig fjölskylduaðstæðum þeirra er háttað.

Í þessari framsöguræðu ætla ég ekki að fara fleiri orðum um það frv. sem hér er lagt fram. Ég vil hins vegar minna á það, að Alþingi hefur áður með sérstakri þál. gert árið 1982 að ári aldraðra. Í tilefni af því eru starfandi tvær nefndir; annars vegar nefnd, sem Alþingi kaus sérstaklega af því tilefni, og hins vegar nefnd sú sem fyrr greinir og annaðist samningu þessa frv. Sameinuðu þjóðirnar hafa ákveðið að halda á þessu ári heimsráðstefnu um öldrun og verður hún haldin í Austurríki í sumar. Þar að auki hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ákveðið að árið 1982 verði helgað málefnum aldraðra og alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl er valinn til að koma þessum málefnum á framfæri og kynna þau fyrir þjóðum heims. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin velur hverjum heilbrigðisdegi sérstakt kjörorð og kjörorð Alþjóðaheilbrigðisdagsins í ár er „a life to years", sem við höfum snúið á íslensku þannig að við segjum: gæðum ellina líf. Með þessu viljum við minna á að ellin er ekki sjúkdómur í sjálfu sér og ellin veldur ekki sjúkdómum. Þeir, sem aldraðir eru, eru hins vegar móttækilegri fyrir sjúkdóma á því aldursskeiði en sumir aðrir. En menn eldast misvel og margt fólk, sem náð hefur háum aldri, er líkamlega og andlega hraust. Líklega eru þó elliárin um margt viðkvæmasti hluti ævinnar næst á eftir ungbarnaaldrinum. Fram hjá því verður þó ekki litið, að ellinni fylgir fyrr eða síðar hrörnun af einhverjum toga sem getur rutt sjúkdómum braut, og að því þarf að hyggja í tíma. Verði menn aldraðir kemur að því að þeir, sem næstir standa, geta ekki lengur veitt nauðsynlega aðstoð og þá verða aðrir aðilar að koma til: fyrst vinir, kunningjar og nágrannar, síðan opinberir aðilar, sveitarfélög, ríki og áhugamannasamtök.

Það er hlutverk þess frv., sem ég hef lýst hér, að reyna að koma skipulagi á málefni aldraðra fyrir þjóðfélagið í heild, að hætta að líta á málefni aldraðra sem vandamál, en líta í staðinn á það sem eitt af þeim verkefnum sem við verðum að vinna saman að. Markmið þess verkefnis er það sem segir í kjörorði ársins: að gæða ellina lífi.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar frv. um málefni aldraðra var lagt fram á síðasta þingi höfðum við Alþfl.-menn einkum við það frv. að athuga að ekki væri nægilega vel séð fyrir félagslega þættinum í þjónustu fyrir aldraða, svo sem heimilisþjónusta og heimahjúkrun. Á því þingi lögðu því Alþfl.-menn fram fjölmargar brtt. við það frv., einkum að því er snertir félagslega þáttinn og uppbyggingu á heimilisþjónustu fyrir aldraða. Ég vil fagna því, að þetta frv. er fram komið, og kannske sérstaklega því, að auðsætt er að í þessu frv., sem hér er til umr., hefur verið tekið tillit til sjónarmiða okkar Alþfl.-manna, eins og fram kemur í grg. frv., en til ríkisstj. var vísað á síðasta þingi till. til þál. frá Alþfl.-mönnum um samræmingu á heilbrigðis- og félagslegri þjónustu fyrir aldraða. Fram kom í nál. að það var gert í trausti þess, að við samningu á nýju frv. um málefni aldraðra yrðu þeir þættir, sem þáltill. fól í sér, teknir til greina.

Í 1. gr. frv., sem lagt var fram á síðasta þingi, kom fram, að markmiðið væri að stuðla að samræmingu heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða. Í því frv., sem við nú fjöllum um, kemur fram að markmiðið sé að aldraðir fái þá heilbrigðis- og félagslegu þjónustu, sem þeir þurfa á að halda, og hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast og hagkvæmast miðað við þörf og ástand hins aldraða, einnig að lögin miði að því að aldraðir geti svo lengi sem verða má búið við eðlilegt heimilislíf, en að jafnframt sé séð fyrir nauðsynlegri stofnanaþjónustu þegar hennar er þörf. Hér er því um grundvallarmismun á markmiðum í þessum tveim frumvörpum að ræða. Því vil ég sérstaklega fagna, því að ég er þeirrar skoðunar, að þjónustukeðju fyrir aldraða eigi að byggja upp með þeim hætti að hún gefi hinum aldraða valkosti, t. d. á þann hátt að aldraðir eigi þess kost að dvelja í átthögum sínum og umhverfi svo lengi sem þeim er mögulegt ef þeir svo óska.

Við þessa umr. ætla ég ekki að fara efnislega ofan í einstaka þætti eða greinar þessa frv. Frv. var lagt fram fyrir tveimur eða þrem dögum svo að mér hefur ekki gefist tími til að skoða það eins og ég hefði óskað fyrir þessa umr. eða gera samanburð á því og þeim fjölmörgu brtt. sem við Alþfl.-menn lögðum fram á síðasta þingi. Ég vil því aðeins við þessa umr. beina einni eða tveimur spurningum til ráðh. varðandi III. kafla frv., um heimilisþjónustu, sem ég tel að frekari skýringa þurfi við, svo og varðandi 26. gr. frv.

Í 27. gr. grv. kemur fram að kostnaður af rekstri heimaþjónustunnar skuli greiddur af sveitarfélögunum 65% og af ríki 35% kostnaðar. — Herra forseti. Ég talaði um að ég vildi beina nokkrum spurningum til ráðh. Ég sé að hann er ekki viðstaddur. (**Forseti:** Gerið svo vel að athuga um heilbr.- og trmrh. Svavar Gestsson. Það er óskað eftir að hann sé við.) Já, ég talaði um, hæstv. félmrh., að ég vildi beina til þín einni eða tveimur spurningum, þannig að ég óskaði eftir nærveru þinni hér í

þingsalnum. Þær eru varðandi III. kafla frv., um heimilisþjónustu, og einnig varðandi 26. gr. frv.

Í 27. gr. kemur fram að kostnaður af rekstri heimaþjónustunnar skuli greiddur af sveitarfélögum 65% og af ríki 35% kostnaðar. Ég skil það svo að með heimaþjónustu sé hér átt við bæði heilbrigðisþáttinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfingu í heimahúsum, og hins vegar félagslega þáttinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsendingu matar. Fyrirkomulagið nú er að heimilisþjónustu er á vegum sveitarfélaganna og hefur kostnaður vegna hennar verið töluvert þungur baggi á sveitarfélögunum. Heimahjúkrun hefur aftur á móti verið á vegum heilsugæslustöðvanna og kostnaðarskipting nálægt 85% í hlut ríkisins og 15% í hlut sveitarfélaganna. Ef skilningur minn á þessu ákvæði frv. nú er réttur er þar gert ráð fyrir að kostnaður vegna heimilisþjónustu og heimahjúkrunar verði borinn uppi þannig að sveitarfélögin greiði 65% en ríkið 35. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða er kostnaðarskiptinguna varðar, bæði að því er snertir heimilisþjónustuna og heimahjúkrunina, sem felst í því, að hlutur sveitarfélaganna í heimahjúkrun verður nú 65 í stað 15, en á móti kemur að ríkið taki nú þátt í kostnaði við heimilisþjónustu og greiði 35% kostnaðar. Erfitt er að átta sig á því nákvæmlega hvernig þessa breytta kostnaðarskipting kemur niður á hinum ýmsu sveitarfélögum. Því tel ég nauðsynlegt, að þingnefnd sú, er málið fær til umfjöllunar, fái samanburð, t. d. hjá stærstu sveitarfélögunum, á hvernig þessi kostnaðarskipting kemur út: *annars vegar greiðslubyrði sveitarfélaganna í dag, bæði miðað við heimilishjálp og heimahjúkrun, miðað við núgildandi kostnaðarskiptingu, og hins vegar að fram komi samanburður á því, hvernig greiðslubyrðin verði hjá sveitarfélögunum miðað við ákvæði frv.* Þó ég vilji ekki fullyrða neitt fyrr en sá samanburður liggur fyrir, sem ég hef hér minnst á, sýnist mér þó á töflum á bls. 32 og 33 í frv., þar sem fram kemur kostnaður Reykjavíkur við heimilishjálp og heimahjúkrun fyrir árið 1980, að ef þau ákvæði um kostnaðarskiptingu, sem fram koma í frv., hefðu þá verið í gildi hefði Reykjavíkurborg þurft að greiða árið *1980* um *800* þús. kr. meira fyrir heimahjúkrun og heimilishjálp. Samkv. frv. á að stórauka þessa þjónustu t. d. sem kvöld-, nætur- og helgidagaþjónustu. (**Félmrh.:** Má ég aðeins grípa inn í hjá hv. þm. Hér er eingöngu verið að tala um heimilisþjónustu, en hún breytir engu um þann kostnað sem uppi hefur verið um heimahjúkrun.) Ég vil benda hæstv. ráðh. á að í 15. gr. er skilgreint hvað sé heimaþjónusta og það er talað um að hún sé tvíþætt; annars vegar heilbrigðisþátturinn, þ. e. heimilislækningar, heimahjúkrun og endurhæfing í heimahúsum, stendur í frv., og hins vegar félagslegi þátturinn, þ. e. heimilishjálp, félagsráðgjöf og heimsending matar. Ef við lítum svo á 27. gr. er talað um kostnað af rekstri heimaþjónustu. Ef þetta er skilgreining á heimaþjónustunni, sem fram kemr í 15. gr., get ég ekki skilið betur en þetta sé kostnaðarskiptingin varðandi heimaþjónustuna, bæði heimahjúkrun og heimilisþjónustuna.

Það er nokkuð ljóst að sá hópur, sem mun njóta heimilisþjónustunnar, mun stórlega aukast verði frv. samþykkt og komist það í fulla framkvæmd. Í því sambandi vil ég benda á 8. gr. frv., en þjónustuhópur við heilsugæslustöðvar hefur það hlutverk að sjá til þess, að aldraðir á svæðinu fái þá þjónustu sem þeir þarfnast. Í aths. með þessu ákvæði stendur að með ákveðnu millibili, t. d. einu sinni eða tvisvar á ári, yrði athugað hverjir úr hópi aldraðra hefðu ekki sótt þjónustu heilsugæslustöðvarinnar, og mundi þá þjónustuhópurinn kannske sérstaklega með símtali eða heimilisvitjun athuga hagi þeirra sem ekki koma, en nákvæma spjaldskrá á að halda yfir alla aldraða og búsetta á svæðinu. Ef við tökum aldraða 70 ára og eldri eru þeir um 15 þús. samkv. töflu í grg. frv., sem fram kemur í grg. með frv. að 543 fengu heimahjúkrun í Reykjavík á árinu 1980, og samkv. upplýsingum frá Heimilishjálpinni í Reykjavík fengu um 1000—1100 manns heimilisþjónustu á árinu 1980 og í dag eru um 100 manns á biðlista eftir heimilishjálp. Það segir sig sjálft, að ef 70 ára og eldri eru um 15 þús. og reglulega á að fylgjast með þeim, sem ekki hafa sótt þjónustu heilsugæslustöðvarinnar, má örugglega gera ráð fyrir að í ljós kæmi verulega aukinn fjöldi sem þyrfti á einhvers konar heimilisþjónustu að halda. Ef þessi breyting á kostnaðarskiptingu á sér stað á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, sýnist mér að Reykjavíkurborg, eins og sagði, þurfi um 800 þús. kr. viðbótarfjármagn til að halda uppi þeirri þjónustu sem er í dag. Síðan kæmi öll viðbótarþjónusta samkv. frv., bæði aukning á fjölda þeirra, sem þjónustuna þurfa, og aukin þjónusta, svo sem með kvöld-, nætur- og helgidagaþjónustu. Ef þetta er misskilningur hjá mér þarf það að koma mjög skýrt fram hjá ráðh. og jafnvel gera breytingar á þessum ákvæðum til þess að ekki þurfi að vera misskilningur í framkvæmd þessara laga.

En við komum þá að forsendunum fyrir því, að sveitarfélögin geti haldið uppi þeirri þjónustu sem frv. gerir ráð fyrir, en það er hvernig það sé hægt,miðað við núgildandi tekjustofna sveitarfélaganna. Það er sú mynd sem blasir við okkur, og mér sýnist í fljótu bragði að ekki einasta komi ríkið ekki til móts við aukinn heildarkostnað í heimahjúkrun og heimilisþjónustu samkv. frv., heldur að á sveitarfélögin séu lagðar auknar byrðar miðað við þá þjónustu sem veitt er samkv. núgildandi fyrirkomulagi á kostnaðarskiptingu. Vera má að skilningur minn á þessu sé ekki réttur, eitthvað sé í þessu frv. sem breyti þessari mynd, en þá hlýtur það að koma fram hjá hæstv. félmrh. í þessari umr. Auðvitað *gæti breytt eitt*hvað þessari mynd heimild sem fyrir hendi er í 27. gr. um þátttöku einstaklinga í kostnaði samkv. gjaldskrá sem ráðh. setur, en á það ber þá að líta, að undanþegnir kostnaði samkv. gjaldskrá eru þeir sem hafa ekki aðrar tekjur en ellilífeyri og tekjutryggingu, og ugglaust má ganga út frá því að þeir séu stærsti hópurinn sem á heimilisþjónustu þurfi að halda.

Það er því mikilvægt að þm. geri sér vel ljóst hvaða áhrif þessi breytta kostnaðarskipting hefur, vegna þess að enn hefur ekki verið hægt að halda uppi fullnægjandi heimilisþjónutstu hjá mörgum sveitarfélögum vegna þess kostnaðar sem henni fylgir. Ef í ljóst kemur að sveitarfélögin standa jafnvel að vígi hvað fjármögnun varðar til að geta haldið upp þessari þjónustu eftir að frv. þetta hefur verið samþykkt og hvergi er gert ráð fyrir auknun tekjustofnum í þessu skyni, þá er auðvitað ljóst að við aukum ekki svo sem nauðsynlega þarf félagslega þjónustu við aldraða í heimahúsum. Frá þessu þarf að ganga tryggilega í þessu frv. því að með aukinni félagslegri þjónustu er ekki einasta hægt að gera öldruðum kleift að dveljast lengur í heimahúsum, ef þeir svo óska, heldur getur hér einnig verið um sparnað að ræða fyrir ríkissjóð sem fram kemur í minni þörf fyrir rými á stofn-

unum.

Eins vil ég benda á að athuga þarf vel þá skipulagningu sem hér er lögð til varðandi stjórnun þessa þáttar. Í dag hafa félagsmálaráð og félagsmálastjóri þessa skipulagningu á hendi, en í frv. er gert ráð fyrir skipulagningu af hálfu stjórnar heilsugæslustöðvanna að fengnum tillögum þjónustuhóps aldraðra og í samvinnu við félagsmálaráð. Hér þarf auðvitað að huga vel að kostum og göllum við slíka skipulagsbreytingu, hvaða ávinning við höfum af þeirri breytingu og hvort heilsugæslustöðvarnar eru í stakk búnar til að bæta við sig þessari þjónustu. Eins þarf að huga vel að verkefnaskiptingu sem fram kemur í 2.—8. gr. frv., milli hópa og samstarfsnefnda, hvort um skörun sé að ræða og hvort við séum að setja af stað svifaseint og kannske kostnaðarsamt bákn sem hægt væri að komast hjá. Því miður hef ég ekki haft tækifæri til að skoða vel þessar greinar eða meta þessa skipulagningu á þjónustukeðjunni, en því er ekki að neita, að ég hef vissar efasemdir og óttast að við séum með þessu að setja af stað kerfi sem þungt geti reynst í allri framkvæmd.

Samkv. frv. á að setja á stofn deild öldrunarmála. Síðan skal setja á stofn samstarfsnefnd um málefni aldraðra. Í hverju heilsugæsluumdæmi skal stjórn heilsugæslustöðvar hafa ýmis viðamikil verkefni með höndum. Síðan skal skipa þjónustuhóp við hverja heilsugæslustöð sem einnig hefur mörg viðamikil verkefni á sinni könnu varðandi ýmsa uppbyggingu. Þá kemur sérstök sjóðsstjórn, sem sér um úthlutnun úr Framkvæmdasjóði aldraðra, sem að mestu er tilnefnd af sömu aðilum og fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra samkv. 3. gr. Tel ég t. d. að athuga mætti hvort ekki mætti sameina verkefni sjóðsstjórnar verkum samstarfsnefndarinnar svo um væri að ræða eina stjórnarnefnd sem hefði á hendi verkefni samstarfsnefndarinnar og úthlutun úr sjóðnum, en samstarfsnefndin á að annast áætlanagerð um málefni aldraðra og hlýtur því að hafa góða yfirsýn yfir þörf á uppbyggingu á hverjum stað.

Ein spurning að lokum til hæstv. félmrh.: Samkv. 26. gr. er lögð til grundvallarbreyting á greiðslu kostnaðar *vegna vistunar á dvalarstofnunum, eins og ráðh. hefur* lýst. Samkv. þessu ákvæði á vistmaður á stofnun að greiða allt að fullu vistgjaldi, en halda þó eftir til eigin þarfa 25% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en 1500 kr. á mánuði. Á hjúkrunardeildum skal vistmaður halda eftir til eigin þarfa 15% tekna sinna og aldrei lægri fjárhæð en 1000 kr. Síðan segir að við ákvörðun tekna vistmanna gildi ákvæði 19. gr. laga um almannatryggingar. Mér sýnist á þessu að skilgreining á hverjar séu tekjur vistmanna sé viðmiðun við greiðslu ellilífeyris og tekjutryggingar samkv. 19. gr. almannatryggingalaga. Ef við tökum t. d. vistmann á dvalarstofnun sem heldur eftir 15% af þessum tekjum er spurning mín til ráðh. hvað verði um tekjur hans t. d. úr lífeyrissjóði. Er meiningin, ef samanlagðar tekjur vistmanns, þ. e. ellilífeyrir, tekjutrygging og greiðslur úr lífeyrissjóði, eru innan við vistgjald á dvalarheimilinu, að þá renni þær til greiðslu á því, en hann haldi eftir 15% af hluta ellilífeyrisgreiðslna úr Tryggingastofnuninni og lífeyrissjóðsgreiðslur hans renni alfarið til greiðslu vistgjalds, eða mun hann einnig njóta greiðslna sinna úr lífeyrissjóðnum að 15% hluta. Ég vil að lokum ítreka sérstaklega ósk mína til ráðh. um að hann beiti sér fyrir að samanburður liggi fyrir um greiðslubyrði sveitarfélaganna miðað við núgildandi kostnaðarskiptingu af heimilishjálp og heimahjúkrun annars vegar og hins vegar hver greiðslubyrði sveitarfélaganna verður miðað við ákvæði frv., þannig að öllum megi ljóst vera hvort með samþykkt þessa frv. megi vænta þess, að við náum m. a. þeim markmiðum sem að er stefnt með þessu frv., þ. e. að auka félagslega þjónustu við aldraða.

Pétur Sigurðsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera langorður um þetta frv., enda hef ég tekið þátt, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., í samningu þess. En hins vegar, og kannske svarar það nokkrum þeim spurningum sem komu fram hjá hv. síðasta ræðumanni, voru nokkrar breytingar, þótt hæstv. ráðh. færi ekki mörgum orðum um þær breytingar, gerðar á frv. frá því að það kom frá þeirri starfsnefnd sem skilaði frv. um 20. jan. Hafa orðið nokkrar breytingar á vegum þingflokka stjórnarliðsins og hæstv. ríkisstj. síðan, þ. á m. er sú breyting á 27. gr., sem hér hefur verið vitnað til, að þar hefur verið skotið inn í því ákvæði, að sveitarfélögin eigi að greiða 65% kostnaðar, en ríkið 35% kostnaðar. Samkv. tillögum nefndarinnar átti þetta að vera alfarið í höndum sjúkrasamlaganna.

Aðrar breytingar, sem hafa verið gerðar, eru að vísu, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., ekki stórvægilegar. Þó eru ákvæði um að ákvæði 26. gr. komi til framkvæmda í áföngum og einnig um að umrædda samstarfsnefnd eigi að setja strax á stofn sem sérstaka deild í heilbr.- og trmrn.

Ég vil þegar taka undir það með hv. síðasta ræðumanni, að mér finnst mjög vel koma til athugunar að samstarfsnefndinni svokölluðu samkv. frv verði líka falið það verkefni sem stjórn Framkvæmdasjóðsins hefur. Í *sjálfu sér hefur fyrirkomulagið í frv. ekkert upp á sig, en* eru sjálfsagt leifar af því að hv. Alþingi tók þetta atriði út úr ríkisstj.-frv. í fyrra til að flýta fyrir söfnun fjármuna til brýnustu verkefnanna sem þá var verið að vinna að og er verið að vinna að enn þá. Mér finnst sjálfsagt að nefndin, sem fær málið til athugunar, skoði þetta.

Aðrar breytingar, sem gerðar voru, eru ekki mikilvægar. *Ég vil þó leyfa mér vegna þeirra orða,* sem féllu áðan um aukinn kostnað sveitarfélaganna og þá bent á Reykjavík sérstaklega, að geta um að í nefndinni átti sæti einn borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar sem ég veit persónulega að er ekki mjög ánægður með frá breytingu á 27. gr. sem ég var að minnast á, en allir féllust á hana vegna áhuga viðkomandi aðila á að koma málinu inn í þingið og fá það til umr. og helst til afgreiðslu sem fyrst. Ég bendi á að á móti útlögðum kostnaði sveitarfélaga kemur mikill sparnaður fyrir sveitarfélögin sem felst í ákvæðum 1. mgr. 26. gr. og reyndar í ákvæðum þeirrar greinar allrar. Þetta mun létta mikið á sveitarfélögunum og ríkinu reyndar líka, þótt ég geri mér fulla grein fyrir að það muni taka nokkurn tíma að svo verði, m. a. vegna þess að þótt við séum sjálfsagt öll hér á hv. Alþingi samþykk því og stefnum að því að koma lífeyrismálum alls almennings í það horf að hann geti orðið sæmilegur til framfærslu, þá vantar enn nokkuð á að svo sé. En það er stefnt að því með frv. vegna þess að hér er um að ræða heimili fyrir aldraða, að þeir, sem hafi tekjur til þess, taki þátt í sínum framfærslukostnaði. Aðilar, sem nú eru t. d. á hjúkrunarheimilum og sjúkratryggingarnar borga fyrir *alfarið, fá tekjur frá tveimur eða jafnvel þremur lífeyris*sjóðum og það góðum lífeyrissjóðum. Þetta fé kemur

hvergi fram annars staðar en hjá aðstandendum, börnum eða öðru skyldfólki þessara aðila, en það fer ekki neitt af því til að greiða fyrir framfærslu viðkomandi einstaklings. Nú er samkv. frv. lagt til að breyta þessu, en samt sem áður í heiðri höfðu gamla kenningin, sem ég geri einnig ráð fyrir að allir þm. séu sammála um, að það verði enginn látinn gjalda þess þótt hann hafi ekki tekjur til að standa undir þessum kostnaði, heldur komi, eins og hingað til hefur verið, sá skerfur sem þarf frá tryggingunum.

Ég hef minnst á það hér, að þetta frv. var tilbúið hjá nefndinni og sent hæstv. ráðh. síðari hluta janúarmánaðar. Það er verið að taka það til umr. 2. apríl. Allir, sem tjáð hafa sig um málið, bæði úr röðum stjórnarliða og reyndar hæstv. ráðherrar líka, hafa verið sammála um og látið það koma fram í orðum sínum, að þeir væru áhugamenn um að flýta þessu máli og fá það samþykkt. Nú vildi það til að þetta frv. stöðvaðist á leið sinni til þingsins nokkuð lengi og hefur ekki fengist nægileg skýring á því enn, af hverju svo var. Þó þykist ég nokkuð renna grun í af hverju það hafi verið. Þóttist ég a. m. k. geta það þegar ég las grein eftir hv. þm. Alexander Stefánsson, sem ég hef vitnað til undir öðrum umr. hér í dag. Þessi grein heitir Ár aldraðra og birtist föstudaginn 19. mars í Dagblaðinu og Vísi. Þar segir hann orðrétt, með leyfi forseta, m. a.: „Ríkisstj. hefur gengið frá nýju frv. til laga um málefni aldraðra, sem þingflokkar fjalla nú um þessa dagana." Ég vitnaði m. a. til síðari hluta þessarar stetningar í dag og sagði að þarna hefði hv. þm. farið með óstatt mál. Nú skal ég viðurkenna það og bið hann afsökunar á því, að að sjálfsögðu getur verið að hann beri svo mikið traust til hæstv. ráðh. að hann hafi staðið í þeirri meiningu, að hæstv. ráðh. hefði sent öllum þingflokkum Alþingis málið til skoðunar. En svo var ekki. Það var aðeins sent þingflokkum stjórnarliðsins. Áhuginn var ekki meiri en það hjá hæstv. ráðh. á því að láta þm. kynna sér málið til að flýta fyrir afgreiðslu þess. Hitt er misskilningur hjá hv. þm., sem ég hef vitnað hér til, að ríkisstj. hafi gengið frá nýju frv. Það var að sjálfsögðu sú nefnd, sem skipuð var, sem samdi frv., og það voru aðeins lítils háttar breytingar gerðar á því hjá ríkisstj., eins og þegar hefur komið fram hjá hæstv. ráðh. og reyndar í orðum mínum líka.

Ég vil taka það fram að lokum, að ég undraðist nokkuð skipan þessarar nefndar í byrjun. Þegar Vinnuveitendasambandi Íslands og Alþýðusambandi Íslands var falið að skipa fulltrúa í þessa nefnd, þeim tveim landssamtökum sem hvað minnst hafa komið um dagana að þessum málum, brá mér óneitanlega, en að sjálfsögðu bjargaðist það mjög vel vegna þess að frá þessum samtökum komu hinir ágætustu einstaklingar sem hafa sýnt málinu mikinn áhuga og þekkja það mjög vel og hafa unnið mjög vel í nefndinni, eins og raunar öll nefndin. Ég vil nota þetta tækifæri til að láta það koma fram hér, vegna þess að hæstv. ráðh. skipaði nefndina, að það var mikil samstaða og einhugur í nefndinni um að reyna að leggja fyrir ráðh. heillegt frv. sem tæki mið af þeim skoðunum, sem komu fram á síðasta þingi, með það í huga að okkur takist, ef ekki á þessu þingi, þá a. m. k. fyrir lok þessa árs, að ná þessu frv. fram og þá með þeim breytingum sem þingið telur sig þurfa að gera á því.

Ég sé ekki, herra forseti., að ég hafi ástæðu til að ræða þetta frekar efnislega núna. Þetta frv. mun koma til þeirrar nefndar sem ég starfa í. En ég fagna því að það skuli vera komið fram.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil sérstaklega fagna því, að þetta frv. til l. um málefni aldraðra er nú komið formlega fram á Alþingi, og veiti því stuðning. Ég vil taka það fram í upphafi, að eins og kom fram þegar frv. um heilbrigðis- og vistunarþjónustu fyrir aldraða var hér til umr. á síðasta þingi gerði ég grein fyrir afstöðu þingflokks Framsfl. til þess frv., en þingflokkurinn lagðist þá gegn samþykkt þess eins og það var lagt fram af ríkisstj., en óskaði eftir að það yrði tekið til umfjöllunar og umsamið og endurbætt og stóð síðan að því að Framkvæmdasjóður aldraðra yrði að lögum.

Frv., sem hér liggur fyrir, er með þeim hætti að það er ástæðulaust annað en leggja til að það verði afgreitt með eins miklum hraða og hægt er því að hér er tekið á mikilvægu máli. Ég vil vitna til þess, að ég tel að ýmislegt í þessu frv. sé vissulega stefnumarkandi og ástæðulaust annað en fylgja því fram. Þörfin fyrir að taka þessi mál föstum tökum er öllum ráðandi öflum ljós fyrir löngu, og sem betur fer hefur hafist almenn umræða um þessi mál á opinberum vettvangi, sem er tiltölulega nýtt hér á landi í svo miklum mæli sem nú hefur orðið, og ber alveg sérstaklega að fagna því. Í þessum umr. hafa augu manna beinst að því framtaki sem hefur verið í þessu landi, og ástæða er til að undirstrika í umr. nú framtak eigenda Elliheimilisins Grundar og það brautryðjendastarf sem þeir aðilar hafa unnið unnið og eins aðilar og samtök sem hafa staðið að DAS og fleiri félagasamtökum sem vinna að slíkum málum. Hér er um mjög lofsvert framtak að ræða sem ég held að öllum sé ljóst að þjóðinni ber að þakka og efla þessa starfsemi. En það er skoðun mín, að samstillt átak þjóðarinnar allrar þurfi að koma til einmitt nú þegar öllum er ljóst orðið eftir þær miklu umræður, sem fram hafa farið, að það þarf að gera miklar umbætur á þessu sviði. Sumar þarf að gera fljótt, en aðrar þurfa vandaðan undirbúning og taka lengri tíma.

Ég vil sérstaklega geta þess hér, að ég tel að sveitarfélögin í landinu hafi mörg hver farið myndarlega af stað í sambandi við þennan málaflokk, bæði að því er varðar byggingu íbúða fyrir aldraða og vistunarheimili, og því hefur verið vaxandi gaumur gefinn að hefja byggingu eða undirbúning að byggingu hjúkrunarheimila fyrir aldrað fólk. Þetta er eitt af því sem er mest aðkallandi og hefur verið mest gagnrýnt hvernig ástand á þessu sviði er hjá okkur.

Ég tel líka að stofnun Öldrunarráðs Íslands á s. l. hausti hafi verið merkur áfangi í þessum málum, og það takmark, sem það hefur sett sér, að bæta lífsafstöðu aldraðra og verkefni, er mjög vel til fundið. Þarna eru margir öflugir aðilar sem geta gert stórvirki á þessu sviði ef þeir eru sameinaðir til átaka og vilja í raun vinna að úrlausn þessara mála.

Mitt mat er einnig það, að um leið og þessi mál eru tekin föstum tökum sé það rétt stefna, sem kemur fram í frv., að tengja þjónustu við aldraða heilsugæslustöðvum í landinu. Við höfum lagt gífurlegt fjármagn í að byggja upp heilsugæslustöðvar víðs vegar um landið og þá hlýtur að vera eðlilegt að tengja með löggjöf og skipulagi þá starfsemi, sem þar er til staðar, öldrunarþjónustu. Þar kemur til þáttur eins og heimahjúkrun.

Ég minntist á sveitarfélögin. Ég tel að þau eigi að hafa meiri og meiri afskipti af öldrunarmálum og ekki hvað síst að því er varðar húsnæðismál aldraðra. Ég tel að það

eigi að efla og auka heimilisþjónustuna fyrir forgöngu sveitarfélaga. Út af fyrir sig get ég vel fallist á að sú breyting, sem kemur fram í 27. gr. frv., sé vel viðunandi fyrir sveitarfélögin, miðað við þá aðstöðu sem er, þar sem þau eiga lögum samkvæmt nú að sjá algerlega um heimilisþjónustu með því að taka á sig 65% kostnaðar. Þetta finnst mér ekki óaðgengilegt og trúi því raunar og hef orðið var við að sveitarfélögin hafa áhuga á að sinna þessum málefnum algerlega. Auðvitað koma þau til með að taka þetta sem lið í þeirri kröfu, sem þau hljóta að gera og eru að gera, að fá til sín aukna tekjustofna. Það er eðlileg þróun sem hlýtur að fylgja breyttu skipulagi á málefnum sveitarfélaganna á næstunni.

Ég legg einnig mikla áherslu á að haldið verði áfram að virkja samtök áhugafólks og félagasamtaka um þessi málefni og ekki hvað síst að efla samtök aldraðra sjálfra sem hafa sýnt í verki að þeir vilja fá möguleika til að leysa sjálfir sín húsnæðismál og bæta félagslega aðstöðu sína.

Í umr. hefur verið komið aðeins inn á grein sem ég skrifaði í Dagblaðið fyrir nokkru. Ég hef ekkert út af fyrir sig við það að athuga og ætla ekki að gera neina aths. við það nú, vegna þess að hv. 1. landsk. hefur leiðrétt það sem mér fannst hann segja ómaklega í minn garð í dag, og ég tek fyllilega til greina þá skýringu sem hann gaf á þessu, og afsökunarbeiðni. Í þessari grein gat ég þess, að Framsfl. hefur haft um langt skeið starfandi hóp af fólki sem hafði það hlutverk að fjalla sérstaklega um málefni aldraðra, safna upplýsingum um þau mál og gera tillögur til úrbóta og móta stefnu flokksins í þessum málum. Þessi starfshópur lauk áfanga í sínu starfi fyrir síðasta miðstjórnarfund Framsfl. og lagði fyrir miðstjórnina fastmótaðar tillögur sem samþykktar voru á síðasta miðstjórnarfundi. Mér finnst ástæða til að grípa ofan í örstuttan kafla, með leyfi hæstv. forseta, — ég skal reyna að tefja ekki umr. mikið, en mér finnst að það sé innlegg í 1. umr. þessa máls. Þar segir m. a.:

„Framsfl. minnir á að þjóðin stendur í mikilli þakkarskuld við hina öldruðu, sem búið hafa okkur í hendur það Ísland sem við eigum í dag, og lagt gull í lófa framtíðar. Þróun mála hér á landi bendir ótvírætt til hækkandi hlutfallstölu aldraðra. Bætt ytri skilyrði, eins og húsnæði, fæði, stóraukin heilsugæsla og félagsleg þjónusta, hafa nú afgerandi þýðingu til hærri aldurs. Framsfl. setur það fram sem markmið sitt í ölrdrunarmálum að aldraðir eigi jafnan völ á þeirri heilbrigðis- og félagslegri þjónustu sem þeir þurfa á að halda. Áríðandi er að þessi þjónusta sé veitt án tillits til efnahags eða búsetu og allir eigi svipaðan kost á að njóta hennar. Þessi þjónusta verði veitt á því þjónustustigi sem eðlilegast og hagkvæmast er miðað við þörf og ástand þess aldraða. Sérstaka áherslu ber að leggja á að öldruðum sé gert kleift að búa á eigin heimilum og í umhverfi sínu eins lengi og heilsa og kraftar leyfa, en fái jafnframt notið nauðsynlegrar þjónustu á stofnunum þegar hennar er þörf. Þá ber einnig að hafa að leiðarljósi grundvallarmannréttindi aldraðra sem og annarra einstaklinga í lýðræðisþjóðfélagi — réttinn til sjálfsákvörðunar, áhrifa og þátttöku."

Síðan eru skilgreindir í þessari stefnumótun helstu þættir í málefnum aldraðra, þ. e. hlutverk ríkis, hlutverk sveitarfélaga, stjórnun og samræming, lífeyris- og tryggingamál., húsnæðis- og skipulagsmál, þjónusta utan stofnana, atvinnumál, samtök aldraðra og heilbrigðismál. Um hlutverk ríkisins segir svo:

„Hlutverk ríkisins skal vera að annast yfirstjórn öldrunarmála, tryggja nauðsynlega samræmingu, vinna að stefnumótun og áætlunargerð og sjá um að fjármagn til þessa málaflokks verði aukið. Framkvæmdasjóður aldraðra verði efldur. Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið annist þessa yfirstjórn. Komið verði á fót samstarfsnefnd um málefni aldraðra sem hafi það hlutverk að annast umsjón með þessum málaflokki og gera tillögur til rn. varðandi hana. Samstarfsnefndin verði skipuð fulltrúum frá sveitarfélögum, frá Öldrunarráði Íslands og frá heilbrigðisþjónustunni. Forðast skal of mikil ríkisafskipti af þessum málaflokki og koma í veg fyrir miðstýringu, sem draga mundi úr frumkvæði og áhuga sveitarfélaga, félagasamtaka og einstaklinga á þessu sviði."

Um hlutverk sveitarfélaga segir svo: „Hlutverk sveitarfélaga skal vera að annast uppbyggingu og rekstur dvalarstofnana fyrrir aldraða og annast heimaþjónustu fyrir þá. Þau skulu annast stjórn öldrunarmála hvert á sínu svæði eða í samvinnu við önnur sveitarfélög eftir því sem við á. Þau skulu tryggja nauðsynlegt samráð starfsfólks heilsugæslustöðva og annarra heilbrigðisstofnana og starfsfólks félagslegrar þjónustu sveitarfélaga um málefni aldraðra á viðkomandi svæði. Þau skulu gefa frjálsum félagasamtökum svigrúm til að vinna að málefnum aldraðra og veita slíkum samtökum stjórnunaraðild að dvalarstofnunum aldraðra, þar sem þáttur þeirra er verulegur í uppbyggingu stofnananna. Sveitarfélögin skulu taka þátt í fjármögnun við uppbyggingu dvalarstofnana fyrir aldraða, enda séu þeim tryggðir tekjustofnar svo að þau geti valdið þessu verkefni."

Um lífeyris- og tryggingamál segir m. a.: „Flokkurinn vill að átak verði gert til úrbóta í lífeyris- og tryggingamálum aldraðs fólks, sem taki mið af því, að sem mestur jöfnuður ríki í lífeyrisgreiðslum. Óverjandi er að viðhalda því misrétti og misræmi sem nú viðgengst í tryggingamálum aldraðra, þ. e. annars vegar milli þeirra, sem njóta aðeins lífeyrissjóðs Tryggingastofnunar ríkisins, og hins vegar þeirra, sem að auki fá lífeyri úr einum eða fleiri lífeyrissjóðum."

Þá vil ég koma inn á kaflann um húsnæðis- og skipulagsmál sem mér finnst vera mikilvægur í þessum málum:

„Flokkurinn vill stuðla að því að aldrað fólk geti búið sem lengst á heimilum sínum og í því umhverfi sem það best þekkir og er því kærast. Lögð verði megináhersla á fjölþætt úrræði í húsnæðismálum aldraðra. Bent er á að með bættri hönnun og auknu eftirliti með byggingu almenns íbúðarhúsnæðis í landinu er unnt að reisa vandaðar íbúðir sem taka verulega mið af sérþörfum aldraðra umfram það sem hingað til hefur viðgengist. Þannig er líklegt að í mörgum tilfellum sé hægt að lengja dvalartíma aldraðra á eigin heimilum. Mikilvægt er að sveitarfélögin geri á því athugun hvar aðlögun húsnæðis að sérþörfum aldraðra sé raunhæf og æskileg í grónum hverfum þéttbýlisstaða, og hafi sveitarfélögin forgöngu um endurbætur húsnæðis eða nýbyggingar í stað lélegs og heilsuspillandi húsnæðis þeim til handa.

Þá skal á það minnt að þýðingarmikið er að sveitarfélögin sjái um að ætíð sé nægilegt framboð aðgengilegra smáíbúða í almennum íbúðahverfum, sem m. a. gætu hentað öldruðu fólki sem vill minnka við sig huúsnæði. Slíkar íbúðir gætu ýmist verið í eigu sveitarfélaga, einstaklinga eða samtaka aldraðra. Framtak ýmissa hópa og samtaka aldraðra á síðustu árum er áhugaverður og æskilegur kostur í húsnæðismálum aldraðra.

Flokkurinn fagnar og styður heils hugar hina miklu og

stórhuga uppbyggingu í öldrunarþjónustu víða um land á síðustu árum, en bendir um leið á að áfram verði unnið að skipulagðri byggingu sérhannaðs húsnæðis fyrir aldraða. Flokkurinn telur eðlilegt, að fjármögnun byggingar íbúða fyrir aldraða komist undir félagslegan þátt húsnæðislöggjafar og fái þar vissan forgang. Kannaðir verði möguleikar fyrir öðru fáanlegu fjármagni, svo sem með skuldabréfasölu til einstaklinga, félagasamtaka, lífeyrissjóða og stéttarfélaga."

Þá er þjónusta utan stofnana:

„Helstu leiðir til að aldraðir geti búið í eins eðlilegu umhverfi og við eins eðlilegar aðstæður og verða má eru m. a. þessar: Að efla heimilishjálp að mun í sveitarfélögum þar sem slík þjónusta er nú þegar til staðar og sérstaklega að koma heimilishjálp á fót þar sem hún hefur ekki verið starfrækt. Hlutverk heimilishjálpar er fjölþætt: að létta undir við heimilishaldið almennt. Enn fremur og ekki síður er það hlutverk heimilishjálpar að rjúfa einangrun fólksins og auka öryggi þess. — Efla þarf heimahjúkrun verulega. Koma þarf á kvöld-, nætur- og helgidagaþjónustu varðandi þessa þjónustuþætti og samræma stjórnun þeirra. Litlar og hentugar íbúðir og aðstoð við viðhald fasteigna fyrir aldraða. Ívilnanir og eftirgjöf á greiðslum fyrir ýmiss konar þjónustu og á gjöldum til ríkis og sveitarfélaga. Öflugt og fjölþætt tómstundastarf er einhver sterkasta vörn gegn einangrun, kvíða og tómleika. Árlegt heilsufarseftirlit 75 ára og eldri. Sálusorgun, húsvitjanir presta og annarra starfsmanna kirkjunnar. Mikilvægi frjálsra félaga í sjálfboðastarfi, t. d. skipulögð heimsóknarþjónusta.

Atvinnumál. Það er álit flestra að gefa þurfi því meiri gaum í framtíðinni, hvernig verklokum einstaklingsins er háttað. Umskipti mega ekki vera snögg, heldur aflíðandi. Vinna verði skipulega að undirbúningi og aðlögun þess er hættir störfum. Því þarf að koma til meiri sveigjanleika en nú er. Fólk eigi kost á hlutastörfum síðustu vinnuárin ef það óskar þess. Lögð er á það þung áhersla, að allir eigi kost á einhvers konar viðfangsefnum við hin almennu starfslok, aðstoð þurfi að vera fyrir hendi til að sinna margvíslegum áhugamálum, eins konar smiðja sem hver og einn geti sótt í að vild.

Flokknum er það mikið kappsmál að kannað verði rækilega hvort ekki megi nýta reynslu og þekkingu aldraðra, t. d. við ráðgjöf í atvinnulífinu almennt og við fjölþætt uppeldisstörf, m. a. á yngri stigum skólanna, dagvistarheimilum og víðar.

Flokkurinn vill forðast of mikil ríkisafskipti, miðstýringu og stofnanaveldi í öldrunarmálum sem og í öðrum þáttum þjóðmála. Vænleg leið til almennrar virkni og þátttöku fjöldans í uppbyggingu öldrunarþjónustu er að efla og virkja samtök aldraðra sjálfra og annars áhugafólks um framgang þessa málaflokks."

Herra forseti. Ég er nú kominn að lokum máls míns. Ég vil leggja mikla áherslu á þetta síðasta, að virkja samtök áhugafólks og almennan áhuga ýmissa aðila í landinu til átaka, en fyrst og síðast er það einstaklingurinn sjálfur sem taka skal mið af í stefnumótun í málefnum aldraðra. Nauðsynlegt er samkv. framansögðu að styðja aldraða og hjálpa þeim, en aldrei má lama sjálfsbjargarviðleitni þeirra. Einstaklingurinn skal ávallt njóta virðingar og jafnframt eiga kost á að vera virkur og sjálfstæður. Það hlýtur að falla að því markmiði sem ár aldraðra hefur á alþjóðavettvangi: að gæða ellina lífi.

Ég endurtek fyrir hönd flokksins: Við styðjum þetta frv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef því miður ekki við höndina stefnuskrá Alþb. í þessum málaflokki né heldur Alþfl. og ekki heldur míns flokks, en að gefnu tilefni frá hv. síðasta ræðumanni, hv. þm. Alexander Stefánssyni, get ég tekið undir allt það sem hann las upp úr stefnuskrá Framsfl. því að ég held að stefnuskrá Framsfl. í þessu máli sé efnislega nákvæmlega sú sama — kannske ekki eins orðuð og stefnuskrá allra hinna flokkanna. Ég held að stefnuskrár flokkanna séu allar byggðar á þeirri vinnu sem unnin hefur verið af öllum pólitískum flokkum sem mynda borgarstjórn Reykjavíkur og hafa unnið þar saman ágreiningslaust frá því 1972. Ég vil því að það komi fram í þeim ágætu upptökutækjum, sem hér eru í gangi, að stefnuskrár allra flokkanna eru nákvæmlega eins efnislega, en geta hugsanlega verið mismunandi orðaðar.

En það, sem ég vil segja hér, er að ég fagna framlagningu þessa frv. og ég fagna líka þeim áhuga sem ég hef persónulega orðið var við hjá hæstv. ráðh. í þessum málaflokki, á málum aldraðra. Það er enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokka eða stjórnmálamanna um átak í þessum málafokki.

Ég vil geta þess, að það var árið 1972 undir forustu Geirs Hallgrímssonar borgarstjóra, sem þá var, formanns Sjálfstfl., að borgarstjórn varð sammála um að gera málefni aldraðra að forgangsverkefni borgarstjórnar. Það var ágreiningslaust í borgarstjórn og allir sammála um að taka frá 7.5% af útsvarstekjum borgarinnar eins og þær eru hverju sinni og leggja í byggingarsjóð fyrir aldraða í Reykjavíkurborg. Ég undirstrika að þetta var ágreiningslaust. Þessi svokallaða byggingarnefnd fyrir aldraða í Reykjavík var kosin 1973, þá undir forustu Birgis Ísl. Gunnarssonar borgarstjóra, en alltaf með fullu samkomulagi allra flokka. Byggingarnefndin hélt nokkra fundi til undirbúnings og skipulagningar á byggingarstarfsemi og á fyrirkomulagi eftir að byggingar risu, og náðist fullkomið samkomulag bæði í byggingarnefndinni, í borgarráði og borgarstjórn síðar.

Ég sé að þeir, sem störfuðu hvað mest að skipulagningu og að byggingarframkvæmdum á vegum Reykjavíkurborgar frá 1972 fram að því að hæstv. páv. trmrh., Magnús H. Magnússon, setti á stofn nefnd, samkv. því sem kemur fram í grg. þessa frv., 17. apríl 1979, eru einnig í þeirri nefnd sem hefur undirbúið þetta frv., svo að það er ekki að furða þótt frv. sé að öllu leyti eins og það skipulag sem Reykjavíkurborg hefur starfað eftir síðan 1973. Þar kemur rn. inn sem var borgarstjórn, þar kemur félagsmálaráð inn sem var félagsmálaráð Reykjavíkurborgar, og þar kemur þjónustunefnd inn sem var þjónustunefnd fyrir stofnanir aldraðra þegar starfandi o. s. frv.

Það er ekkert nýtt í þessu frv., en þó vil ég taka það fram, að ég er í svolitlum vafa um 27. gr. Hér segir, með leyfi forseta: „Kostnaður af rekstri heimaþjónustu skal greiddur af sjúkrasamlögum" o. s. frv. Þar er talað um tekjuskiptingu. Ég held að það mundi vera gagnlegt að fá umsögn Reykjavíkurborgar og Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, áður en frv. kemur úr nefnd, til að fá fram hvað þetta þýðir fyrir Reykjavíkurborg, sem er með þessa þjónustu í gangi, og hvort það er kostnaðarauki eða ekki. Ég skal ekki segja um það á þessu stigi, en mun

bíða eftir umsögn Reykjavíkurborgar til að leggja mat á það.

Samkvæmt þeim aðferðum, sem hér eru kynntar, hafa verið byggð á vegum Reykjavíkurborgar Furugerði 2, Norðurbrún 1, Austurbrún, Lönguhlíðarhúsið, Hafnarbúðir, Hvítabandið er nú tekið í notkun, Dalbrautin, Heilsuverndarstöðin Í Reykjavík tekin í notkun — ekki byggð en tekin í notkun á þann hátt sem hér er gert ráð fyrir, og nú á að taka í notkun í næsta mánuði dvalarheimili sem við höfum kallað án þess að hafa skírt það endanlega, Droplaugarstaði, vegna þess að það stendur við götu sem heitir Droplaugarstígur.

Í undirbúningsnefndunum voru á sínum tíma haldnir tveir borgarfundir til að ganga frá þessu skipulagi. Í þessum undirbúningsnefndum voru, til viðbótar við þá borgarfulltrúa sem enn þá starfa að þessum sömu byggingarmálum, í sátt og samlyndi allan tímann, þeir Þór Halldórsson, sem er einn af ráðgjöfum ríkisstj. um þessi mál og hafði samvinnu við þá nefnd sem leggur fram þetta frv., Halldór Steinsen, Arinbjörn Kolbeinsson, Gísli Sigurbjörnsson og fleiri. Hafa þeir verið framsögumenn bæði á þeim fundum, sem upphaflega voru haldnir að Hafnarbúðum, Hótel Sögu og á fleiri fundum, þannig að þessar tillögur og hugmyndir fagmanna, sem starfa hvað mest að öldrunarmálum og störfuðu hvað mest að öldrunarmálum, hafa allar komið fram og er þeim safnað saman. Síðan hafa tveir af þessum mönnum farið utan til að kynna sér betur þessi mál og undirstrika það sem áður hafði komið fram. — En í nefndinni — og mjög áhugasamir um þessi mál öll — voru líka læknarnir Úlfar Þórðarson og Páll Gíslason. Ég taldi þá ekki upp áðan vegna þess að þeir voru líka borgarfulltrúar og áhrifamiklir innan byggingarnefndarinnar. Þeir sitja þar enn báðir.

Ég fagna þessu frv., en þó með þeim fyrirvara að borgarstjórn eða borgarráð eða félagsmálaráð Reykjavíkurborgar eða sú þjónustunefnd, sem er starfandi, skili umsögn um það. Það hefur að sjálfsögðu verið byggt á þeirri gríðarlega miklu reynslu sem er komin af fyrirmyndarstofnunum eins og Elliheimilinu Grund og DAS. DAS er nú komið með útibú í Hafnarfirði sem ég held að sé með fallegustu og bestu heimilum sem ég hef séð. Þrátt fyrir að okkar nýju heimili í Reykjavíkurborg séu góð fannst mér einhvern veginn bjartara yfir DAS-heimilinu og gott andrúmsloft.

Ég fagna þessu frv. Ég veit ekki hvort ég má þá tala fyrir hönd Sjálfstfl., ég hef ekki fengið neitt sérstakt leyfi til þess, en ég held að mér sé alveg óhætt að fullyrða að flokkurinn allur stendur að þessu þegar þar að kemur.

Pétur Sigurðsson: Aðeins örstutt, herra forseti, af því að ég var búinn að kveðja mér hljóðs. Hv. síðasti ræðumaður tók að vísu ómakið af mér.

Mér fannst í byrjun og fram eftir ræðu hans að það væri ómaklegt í sambandi við þessi mál að minnast ekki einmitt á það sem hann gerði síðast í ræðu sinni, þ. e. þann þátt sem Elliheimilið Grund og forsvarsmenn Grundar og reyndar Áss líka hafa átt í öldrunarþjónustu í Reykjavíkurborg.

Það er rétt, sem kom fram hjá hv. ræðumanni, að samþykkt þeirrar tillögu, sem kom fram í borgarstjórn 1972, skipti sköpum og kjör byggingarnefndarinnar sem tók til starfa næsta ár á eftir. Má segja að 10 ára afmæli þessarar starfsemi hjá Reykjavíkurborg sé á þessu ári. Hins vegar á Elliheimilið Grund 60 ára afmæli á þessu ári, en Hrafnista í Reykjavík verður 25 ára á þessu ári.

Sú stefna, sem kemur fram í þessu frv., var mótuð 1968, 1969 og 1970 í Sjómannadagssamtökunum og þá á grundvelli þess sem hafði verið unnið á vegum millibinganefndar í Stórþinginu norska og mér sýnist hafa rutt sér til rúms á Norðurlöndum á seinni árum og er kannske hvað hagkvæmast og heppilegast hjá þeim þjóðum sem ekki fóru of geyst af stað í byrjun í skjóli þess mikla fjármagns sem þær þó höfðu. Ég held að með þessu frv. og þeirri stefnu, sem nú er mörkuð í sambandi við t. d. þær tegundir húsnæðis sem við erum að taka upp og veitum ákveðinn lagalegan rétt, séum við að draga lærdóm af því, sem okkar nágrannar hafa verið að glíma við, og getum dregið lærdóma af ýmsum vandamálum sem hafa komið fram hjá þeim.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Nú er svo mjög liðið á fundartímann að það er ekki við hæfi að setja á langar ræður. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa okkur að ljúka þessari umr. núna, því að það er mikið atriði að málið komist til nefnar og meðferðar hið fyrsta. Ég vil einnig þakka þeim hv. þm., sem hér hafa talað, fyrir þann áhuga, sem þeir hafa sýnt, og velvilja í garð málsins. Ég vil þá svara þeim fsp. sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi var vegna 26. gr. spurt um næstsíðustu mgr. hennar, hvort þar væri átt við tekjur vistmanna frá lífeyrisdeild almannatryggingganna þegar hlutfall lágmarkstekna er reiknað út. Svarið er já. Það er átt við tekjur sem menn hafa úr lífeyrisdeildinni. Ég vek athygli á að í 3. mgr. er í raun og veru gert ráð fyrir mjög verulegri hækkun á svokölluðum vasapeningum. Samkvæmt mínu minni eru vasapeningar, sem menn hafa á stofnunum núna, einhvers staðar á milli 600 og 650 kr. á mánuði. Hér er gert ráð fyrir að verulegri hækkun að því er varðar á dvalarheimilum og dvalarstofnunum og einnig gert ráð fyrir að menn haldi eftir minnst 1000 kr. þegar þeir eru á hjúkrunarstofnun. Hér er um að ræða mjög verulega breytingu, og er gert ráð fyrir að þetta ásamt öðrum ákvæðum greinarinnar komi til framkvæmda í áföngum.

Meginbreyting greinarinnar er hins vegar sú, að sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins á að greiða fyrir vistun á dvalarstofnun samkv. 2.—4. tölul., 17. gr., en upp í það eiga síðan að ganga tekjur manna frá lífeyristryggingadeild, sem falla niður eins og kunnugt er, og úr lífeyrissjóðum, en þó skulu menn aldrei hafa minna eftir en þessum 1000 kr. eða 1500 kr. Hér er sem sagt um að ræða mikla breytingu frá núgildandi kerfi, og þessi breyting byggist á þeirri hugsun, að það skuli vera sama aðferð við fjármögnun á vistun manna hvort sem þeir eru á dvalarstofnun eða hjúkrunarstofnun, en að þeir skuli þó hafa heldur meira fé handa á milli þegar þeir eru á dvalarstofnun en eftir að þeir hafa lagst inn á hjúkrunarstofnun. (**AG:** Er ekki alveg öruggt að þessir 1000 kr. vasapeningar séu þá tryggðir?) Jú, að sjálfsögðu. Þetta tekur sömu breytingum og aðrar bætur almannatryggginga. Það kemur fram í síðustu mgr. greinarinnar.

Talið er að þessi breyting ein, að hækka vasapeninga upp í 1500 kr. á mánuði á dvalarstofnunum, kosti kringum 10 millj. kr. á ári ef hún kæmi til framkvæmda að fullu. Ekki hefur fengist áætlun um hvaða áhrif breytingin á vasapeningum á hjúkrunarstofnun hefði í för

með sér. Það er flókið dæmi að reikna út þannig að niðurstaða af því liggur ekki fyrir.

Í öðru lagi spurði hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir um heimaþjónustu. Það, sem átt er við, er einfaldlega að ríkið greiðir nú 35% í kostnað við heimilisþjónustu við aldraða. Það er það sem verið er að tala um. Það eru sem sagt ný útgjöld fyrir ríkið. Er talið að á árinu 1981 hefði þetta þýtt 5 millj. kr. í aukaútgjöldum fyrir ríkissjóð. Hér er því ekki verið að ganga á sveitarfélagið, heldur er verið að auka það fé, sem gengur til sveitarfélaganna í þessum efnum, og ýta undir heimilisþjónustu á þeirra vegum, vegna þess að við teljum að það því sé hugsanlegt að spara sjúkravistun og þar með útgjöld ríkisins á öðrum sviðum.

Af hverju dróst að leggja málið fram? Það var einfaldlega vegna þess að þegar frv. var lagt fyrir upphaflega frá nefndinni, sem hv. þm. Pétur Sigurðsson sat í og gat um hér áðan, var ljóst að kostnaðurinn af samþykkt frv. varð mjög verulegur eða í kringum 30 millj. kr., eins og það lá upphaflega fyrir, og menn voru nokkurn tíma að meðtaka þann boðskap. Þess vegna dróst málið svo. Það er ástæðan og ekkert annað. Það eru mín mistök að þingflokkarnir fengu málið ekki til meðferðar. Ég hefði gjarnan viljað að þingflokkarnir hefðu fengið frv. strax. En þingflokkar stjórnarandstöðunnar fengu það strax og þeir óskuðu eftir því. A. m. k. gekk ég frá því við ráðuneytisstjóra minn fyrir tveimur vikum eða svo, að þingflokkar stjórnarandstöðunnar gætu fengið málið líka, og ég vona að þeir hafi fengið það.

Auðvitað horfa menn á þær upphæðir sem þarna er verið að leggja á ríkið. Þá vil ég geta þess á móti, að í gangi hafa verið samningar á milli heimilislæknafélagsins og ríkisins og Reykjavíkurborgar um heilsugæslukerfi í Reykjavík. Þetta nýja heilsugæslukerfi fyrir Reykjavík hefur í för með sér útgjaldaauka fyrir Reykjavíkurborg sem nemur á verðlagi ársins 1982 10—12 millj. kr. Var talið útilokað af borgarstjórn Reykjavíkur að samþykkja þessa breytingu á heilsugæslu í borginni öðruvísi en eitthvað kæmi þarna á móti af hálfu ríkisins. Mér er kunnugt um að forráðamenn borgarinnar telja að það framlag, sem með þessu frv. kæmi til heimilisþjónustu, sé talið nægilegt af hálfu ríkisins til þess að borgin geti fallist á hið breytta fyrirkomulag. Ég vona að borgarstjórn Reykjavíkur geti í framhaldi af þessu gengið frá þeim málum sem að henni snúa varðandi heilsugæslu í Reykjavík, en gert var ráð fyrir að breytt fyrirkomulag í þeim efnum tæki gildi síðast á þessu ári.

Ég endurtek þakkir mínar til hv. þm., sem hér hafa talað, og sérstaklega til hæstv. forseta og vona að þingnefnd og þingheimur taki þessu máli jafnvel og hv. þm. hafa gert á þessum fundi. — Ég vona að ég hafi svarað öllum fsp. sem til mín var beint.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Hæstv. félmrh. hefur upplýst það, að í 27. gr., þar sem talað er um heimaþjónustu, sé átt við heimilisþjónustu. Það er mjög gott að fá þetta upplýst í þessari umr. Eins og þetta er fram sett í frv. er mitt álit að það sé mjög villandi vegna þess að í 15. gr. er skilgreint hvað sé heimaþjónusta og þar er bæði talað um heimahjúkrun og heimilisþjónustu. Ég tel að til þess að fyrirbyggja allan misskilning í framkvæmd þessa ákvæðis sé mjög nauðsynlegt að nefnd sú, sem fær málið til meðferðar, breyti þessu orði, sem stendur þarna, „heimaþjónusta," og í stað komi þá einfaldlega „heimilisþjónusta" og skilgreint hvað það er samkv. 15. gr. Þetta mun ég leggja mikla áherslu á að nái fram að ganga til þess að fyrirbyggja, eins og ég segi, allan misskilning í framkvæmd á þessu ákvæði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 64. fundur.

Mánudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„1. apríl 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með tilvísun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri, Stöðvarfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

1. þm. Austurl.
Tómas Árnason."

Guðmundur Gíslason hefur setið áður á Alþingi og býð ég hann velkominn til starfa.

Framkvæmd eignarnáms, frv. (þskj. 141, n. 550 og 553). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 550 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 13:2 atkv.

Birting laga, frv. (þskj. 333, n. 551 og 558). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 558 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 11:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓRG, ÓlJ, StefG, SoG, GGísl, DA, GB, GTh, SvJ, JH, ÞK.

nei: KSG, KJ, LJ, SalÞ, EgJ, EG, EKJ, GK.

1 þm. (GeirG) var fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Eiður Guðnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér um ræðir, hefur þann tilgang einan að tryggja að almenningur fái betri vitneskju um athafnir stjórnvalda, útgáfu brbl. Ég tel fráleitt að samþykkja ekki svo einfalt frv. sem hér er um að ræða. Að skjóta sér undan að taka afstöðu til þess með því að vísa málinu til ríkisstj. tel ég fráleitt. Ég segi nei.

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf., en í því segir svo m. a. í 1. gr.: „Ríkisstj. er heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1.3 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni hf. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni hf."

Gert er ráð fyrir að aukning hlutafjár ríkissjóðs verði með þeim hætti að hann taki að sér að greiða fjögur lán sem nú hvíla á fyrirtækinu, og eru lánin talin upp í grg. með frv. Samtals eru þau að upphæð 1 290 460 bandaríkjadalir eða um 13 millj. ísl. kr. Annar aðaleigandi Kísiliðjunnar hf., Manville, mun yfirtaka lán að upphæð 262 500 bandaríkjadala, sem Manville, áður John Manville, veitti Kísiliðjunni fyrir nokkrum árum. Samhliða þessu verða gerðir nýir samningar milli Kísiliðjunnar hf. og Manville um söluþóknun og greiðslu fyrir tækniþekkingu. Í samningi um söluþóknun er kveðið á um 25% gjald, en í reynd hefur gjald þetta verið mun lægra frá byrjun og er áformað að semja um 12% gjaldtöku af þessu tagi og hugsanlega verða fleiri breytingar gerðar á sölusamningi.

Í tæknisamningi, sem gengið var frá á sínum tíma, er kveðið á um að Kísiliðjan greiði Manville 6% tækniþjónustugjald, en í reynd hefur þetta gjald numið 2% um alllangt skeið og er ætlunin að fastsetja þá upphæð, 2%, í nýjum samningi. Þessar breytingar á samningum við starfsaðilann eru tvímælalaust til bóta að mínu mati.

Ráðstafanir þær, sem ég hef hér greint frá, hafa það að markmiði að treysta rekstrargrundvöll Kísiliðjunnar hf. Fulltrúar iðnrn. og Manville hafa átt viðræður um málefni fyrirtækisins og varð niðurstaða þeirra í samræmi við það sem frv. þetta gerir ráð fyrir, en við undirbúning þess var haft náið samráð við fjmrn. og frv. hér lagt fram sem stjfrv.

Rétt þykir að rekja í stuttu máli hvers vegna þessi hlutafjáraukning er talin nauðsynleg. Nú eru 15 ár liðin frá stofnun Kísiliðjunnar. Ef litið er til rekstrarafkomu fyrirtækisins þetta tímabil má skipta því í þrennt:

Í fyrsta lagi árin 1966—1972, en það tímabil var Kísiliðjunni erfitt. Vinnsla á kísilgúr var algjör nýjung hér á landi og byggðist á aðferðum sem áttu sér ekki hliðstæðu annars staðar í heiminum. Þessi ár voru erfið meðan verið var að ná tökum á framleiðslutækni sem þurfti til að vinna kísilgúr af botni Mývatns og beita gufuorku við framleiðsluna.

Í öðru lagi eru það árin 1973—1978, en á þeim árum var nettóhagnaður hjá fyrirtækinu öll árin. Á árinu 1977 varð verulegt eignatjón hjá Kísiliðjunni af völdum náttúruhamfara. Má þar sérstaklega nefna að á því ári eyðilögðust hráefnisþrær fyrirtækisins. Á árinu 1978 var byggð ný hráefnisþró sem kom í stað þriggja eldri þróa sem eyðilagst höfðu. Kísiliðjan varð sjálf að standa straum af fjármögnun á byggingu nýju þróarinnar, þar sem engar tryggingabætur fengust út á eldri þrærnar. Heildarkostnaður við byggingu nýju þróarinnar var 1300 þús. bandaríkjadala og var það fjármagnað með erlendu láni að upphæð 1 millj. dala og 300 þús. dalir voru greiddir með eigin fé fyrirtækisins.

Í þriðja lagi eru það árin 1979—1980 og raunar allt fram undir þennan dag. Á þessum árum fór að halla undan fæti í fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Aðalástæður þess voru í fyrsta lagi að á árinu 1979 gat fyrirtækið ekki framleitt á fullum afköstum vegna gufuskorts, en gufuöflun fyrir Kísiliðjuna hafði farið úr skorðum vegna eldsumbrota. Úr því var bætt á árinu 1980 með borun tveggja nýrra hola til gufuvinnslu í Bjarnarflagi og tókst að leysa þau vandamál fyrir fyrirtækið með þeim að-

gerðum. Í öðru lagi gætti á árinu 1980 nokkurs sölusamdráttar í Evrópu sem rekja má til almenns samdráttar í efnahagslífi þar og raunar víðar. Varð sölusamdrátturinn um 15% frá því sem ráð hafði verið fyrir gert í söluáætlunum, þ. e. 22 þús. tonn. Í þriðja lagi ber að nefna að fjárfestingar vegna mengunarvarna að kröfu heilbrigðisyfirvalda voru miklar. Sett voru upp hreinsitæki fyrir útblástursloft frá gufuþurrkurum og ýmsar úrbætur voru gerðar til að draga úr mengun í andrúmslofti hið innra vegna starfsmanna. Á verðlagi 1. mars 1982 kostuðu þessar framkvæmdir rúmar 8 millj. kr. Auk þess leiddu þær til aukins rekstrarkostnaðar, þ. e. aukinnar raforkunotkunar og dýrari umbúða.

Þessar fjárfestingar og lántökur, sem þeim fylgdu, urðu til að auka mjög greiðslubyrði fyrirtækisins. Var það því illa í stakk búið til að mæta þeim sölusamdrætti, sem ég gat um, og þeirri þróun gengismála er varð í heiminum á liðnu ári, 1981. Afurðir Kísiliðjunnar eru nær allar seldar til Evrópu, en skuldir fyrirtækisins eru aftur á móti í bandaríkjadollurum. Sterk staða dollarans gagnvart Evrópumyntum hefur því orðið til að veikja fjárhagsstöðu Kísiliðjunnar að undanförnu.

Markaðshorfur fyrir kísilgúr eru nú taldar nokkuð góðar, þannig að fyrirtækið getur nú framleitt með fullum afköstum. Útlit er fyrir hallalausan rekstur með þeim aðgerðum sem frv. þetta felur í sér, sbr. töflu 1 sem fylgir frv.

Þær tillögur um aukið hlutafé, sem ráð er fyrir gert í frv., leiða til nokkurra breytinga á eignarhlutdeild í Kísiliðjunni. Það er rétt að fram komi að samstarfsaðilinn, Manville, var ekki fús til að auka sína hlutafjáreign á móti ríkinu, og breytingarnar á hlutföllum hlutafjár og eignarhlutföllum stafa af því, að ríkissjóður eykur sitt framlag meira en nemur framlagi samstarfsaðilans, en núverandi eignarhlutdeild er þannig að ríkissjóður á 51.6%, Manville á 47.8% og sveitarfélög á Norðurlandi eystra eiga 0.6% hlutafjár. Ef frv. hlýtur samþykki hér á hv. Alþingi verður eignarhlutdeild í fyrirtækinu þannig samkv. áætluðum tölum, sem gætu þó breyst lítillega við endanlegt uppgjör, að ríkissjóður ætti 63%, Manville 36.5% og sveitarfélög á Norðurlandi eystra 0.5%.

Herra forseti. Ég vænti að frv. þessu verði vel tekið, þó að ástæðurnar fyrir flutningi þess séu vissulega ekki eins og æskilegt hefði verið, en ég vænti þess, að frv. fái afgreiðslu á þessu þingi. Kísiliðjan hf. við Mývatn er að mörgu leyti merkilegt fyrirtæki þótt staðsetning þess í næsta nágrenni Mývatns hafi verið og sé eðlilega umdeild. Þeim mun meiri ástæða er til að leggja áherslu á traustar mengunarvarnir hið ytra sem innra og góða umgengni af hálfu forráðamanna verksmiðjunnar.

Kísiliðjan stendur undir blómlegum byggðakjarna í Mývatnssveit og skapar umtalsverðar gjaldeyristekjur. Með þeim aðgerðum, sem hér er lagt til að gerðar verði, styrkist fjárhagsleg staða fyrirtækisins og Kísiliðjan verður betur í stakk búin að ljúka þeim aðgerðum til mengunarvarna, sem ólokið er, og bæta starfsumhverfi á vinnusvæði sínu.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að fagna þeim ákvæðum sem fram koma í þessu frv. til laga um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf. sem stuðla að því að bæta rekstrarafkomu þess fyrirtækis.

Eins og fram kom í máli hæstv. iðnrh. hefur Kísiliðjan verið lyftistöng fyrir héraðið og fyrir sveitarfélög í Norðurlandskjördæmi eystra og í sínu næsta nágrenni, aukið þar mjög á fjölbreytni atvinnulífsins og skapað auknar tekjur sveitarfélaganna.

Eins og mönnum er kunnugt var rekstrarafkoma þessa fyrirtækis mjög léleg á síðasta ári. Eins og fram kemur í grg. með frv. stafar það bæði af óhagstæðri þróun gengismála fyrir þessa starfsemi svo og hversu markaðsmál voru erfið. Nú horfir betur og er batnandi útlit hvað varðar markaðshorfurnar. Eftir að þær ráðstafanir, sem hér er gert ráð fyrir, hafa náð fram að ganga virðist samkv. töflu 1, sem fylgir frv., að tapinu, sem var á síðasta ári, og áætluðu tapi á yfirstandandi ári verði snúið í hagnað. Ætti fyrirtækið að verða gert upp með nokkrum rekstrarafgangi ef af þessu verður.

En mig langaði aðeins að spyrja hæstv. iðnrh. um eitt atriði sem fram kemur í athugasemdunum við frv. Þar er gert ráð fyrir að nýir samningar verði gerðir milli Kísiliðjunnar og Manville um söluþóknun. Sveitarfélög í Norðurlandskjördæmi eystra, þ. á m. Húsavík, hafa haft nokkrar tekjur af hagnaði Manville, sem stafar af söluþóknun þess fyrirtækis vegna sölu á framleiðsluvörum Kísiliðjunnar hf. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðh. hvort þessar fyrirhuguðu breytingar á samningnum sem hér er getið um, muni leiða til þess, að breytingar verði á þeim tekjum sem sveitarfélög hafa haft af hagnaði Manville.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð í tilefni þessa frv. Ég vil í sjálfu sér ekki neita því, að þær ráðagerðir séu eðlilegar sem hér eru uppi, þ. e. að auka hlutdeild ríkissjóðs í þessu fyrirtæki. Það er augljóst að þarna hafa verið rekstrarörðugleikar. Hins vegar fyndist mér æskilegra að slík aukning hlutafjár gerðist undir öðrum kringumstæðum. Ég vil ekki neita því, að það er frekar óbragð að því með tilliti til þess, að samstarfsaðilar okkar sjá sér, að því er virðist, ekki fært að auka hlutafjárframlög til jafns við okkur. Hins vegar ætla ég ekki að fara að leggja stein í götu þessa frv. Ég stend ekki hér upp til þess. Það, sem ég vil fyrst og fremst að hæstv. ráðh. tjái sig um í ríkari mæli en hann gerði hér í ræðustól, er þátttaka sveitarfélaganna í þessum rekstri með tilliti til hlutafjár, ekki síst í ljósi þeirra ráðagerða sem uppi eru um nýjan iðjurekstur sem þingið mun koma til með að fjalla um næstu daga. Þar er gert ráð fyrir verulegri þátttöku heimaaðila, og þá finnst mér heldur leiðinlegt að sjá það hér, að hlutfall heimaaðila skuli fara lækkandi. Ég vildi æskja þess, að nú þegar yrði athugað við heimamenn hvort þeir vildu ekki í þessu sambandi leggja sitt af mörkum. Ég vildi aðeins víkja þeirri spurningu að hæstv. iðnrh.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það var út af þessari síðustu athugasemd sem ég vildi bæta ofurlítilli spurningu við til hæstv. iðnrh. Hún er í þá veru, hvort hann gæti upplýst hversu mikil arðgreiðsla hefur farið fram til sveitarfélaganna í nágrenni Kísiliðjunnar við Mývatn og hver hagur það hefur verið fyrir þau að vera hluthafar í þessu fyrirtæki. Og þá vildi ég kannske mega bæta við þeirri spurningu, hvort hann teldi eðlilegt að hlutafé þeirra væri aukið eða að lögð væri á það áhersla, þar sem augljóst er að hér er einvörðungu verið að auka hlutafé til þess að bæta rekstrarstöðu, til að vinna upp á mót

rekstrarhalla síðustu ára. Mér þykir mikilvægt að fram komi í þessari umr. hvert sé mat iðnrh. í þessum efnum og hvort það er almenn skoðun eða skoðun fleiri manna en hv. síðasta ræðumanns, að leita eigi eftir því við sveitarfélögin, að þau taki á sig aukið hlutafé í þessari verksmiðju — sem að sjálfsögðu er greitt af þeirra tekjustofnum, greitt af þeirra skatttekjum — til að standa undir hallarekstri á þessu fyrirtæki.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. ráðh. hefur það fyrirtæki, sem hér er til umr., mikla sérstöðu í mörgu tilliti. Bæði er það að kísilgúr hefur ekki verið unninn annars staðar í heiminum með þessum aðferðum og auk þess hefur þessi verksmiðja átt við sérstæðan umhverfisvanda að etja vegna eldsumbrota að undanförnu eins og kunnugt er.

Það hefur gengið á ýmsu um rekstur Kísiliðjunnar. Upphaflega átti hún í erfiðleikum vegna þess, hve sérstaða hennar var mikil, tæknilegum erfiðleikum, eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., og nú upp á síðkastið vegna eldsumbrota. Því miður verður að bæta því við, að Kísiliðjan við Mývatn hefur líka átt við að etja öfugþróun í stjórnarfari undanfarin ár. Það er rétt, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., að gengismálin í heiminum hafa haft mikil áhrif á rekstrarafkomu Kísiliðjunnar að undanförnu og sennilega ekki eins mikil á neitt fyrirtæki í landinu. Á hinn bóginn fór hækkun dollarans á almennum gjaldeyrismarkaði saman við gengisstefnu íslenskra stjórnvalda, sem var mjög öndverð öllu atvinnulífi á Íslandi, ekki bara útflutningsatvinnuvegunum, heldur einnig samkeppnisiðnaðinum, þar sem þeir, sem kepptu við innfluttar vörur, urðu oft og tíðum að horfast í augu við mjög mikla hækkun á innlendum kostnaði samfara því sem útlendar vörur hækkuðu ekki í verði. Ég hef ekki farið nákvæmlega ofan í það dæmi, hvernig afkoma Kísiliðjunnar hefði verið á s. l. ári ef skaplega hefði verið á málum haldið að þessu leyti, en ég vil benda á að á borðum þm. er annað frv. um aðra verksmiðju sem hefur farið illa út úr stefnu stjórnvalda, auk þess sem þar hafa komið líka önnur atriði til.

Í vetur spurði ég hæstv. ráðh. um afkomu fleiri iðnfyrirtækja sem eru í eigu ríkisins. Hvert einasta þeirra tapaði stórfé á s. l. ári. Svar hans var að þetta tap mundi verða unnið upp með því að ganga á eignir fyrirtækjanna eða með aukinni skuldasöfnun. Í fersku minni er okkur þm. að Sementsverksmiðjan þurfti sérstakt lán á s. l. ári til þess að geta náð endum saman vegna rekstrartaps.

Ég vil þrátt fyrir þetta láta í ljós ánægju mína yfir því, að hæstv. ríkisstj. virðist reiðubúin til að hlaupa undir bagga með þessu fyrirtæki, Kísiliðjunni hf. Ég lít svo til sem þm. Norðurl. e., að þetta fyrirtæki hafi þrátt fyrir allt verið mjög mikil lyftistöng fyrir ákveðnar byggðir þess kjördæmis og raunar ein af stoðunum undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Því miður hugnast mér ekki að reka fyrirtæki með þeim hætti sem hér er gert, en þrátt fyrir það vil ég lýsa þeirri skoðun minni, að það sé rétt stefna að koma nú til liðs við þetta fyrirtæki og reyna til þrautar hvort ekki sé hægt að sigrast á þeim erfiðleikum sem að mörgu leyti eru þessu fyrirtæki óviðráðanlegir og stafa af fyrrgreindum ástæðum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir undirtektir við þetta frv. Ég skal reyna að svara þeim fsp. sem fram hafa verið bornar, að svo miklu leyti sem ég get það án gagnaöflunar.

Varðandi það, sem hv. 5. þm. Norðurl. e. vék að um söluþóknun til sveitarfélaga, samkv. samningi þar að lútandi, var spurning hans á þá leið, hvort breyting yrði á tekjum sveitarfélaganna vegna fyrirhugaðra breytinga á þessari þóknun. Ég nefndi það, að þarna hefði í reynd verið um að ræða, a. m. k. um alllangt skeið, þá prósentutölu eða viðmiðun sem gert er ráð fyrir að verði nú bundin í samningi, þannig að ég tel að ekki sé um neina breytingu að ræða samkv. þessu. Það eru engar ráðagerðir uppi þar að lútandi, a. m. k. er mér ekki kunnugt um þær. Hitt er svo annað mál, að það er full ástæða til þess að fara yfir þetta svið, tekjur og tekjudreifingu af stærri iðnfyrirtækjum í landinu. Iðnrn. hefur verið að afla gagna og vitneskju hjá starfandi fyrirtækjum hér og erlendis um tilhögun þeirra mála, en það er ekkert sem tengist þessu fyrirtæki eða þessum breytingum sérstaklega.

Í öðru lagi var spurt hér um hlut heimaaðila. Ég hygg að það hafi verið hv. 3. þm. Vesturl. sem einnig vék að því máli. Það hafa ekki mér vitanlega komið fram óskir af hálfu sveitarfélaga á Norðurl. e. um að auka hlutdeild sína. Lækkun á þeirra hlutdeild — 0.1% ef frv. þetta yrði að lögum — stafar einvörðungu af tilfærslu í eignarhlutdeild og auknu hlutafé ef ekki kæmi aukin hlutur sveitarfélaganna þar á móti.

Ég mundi fagna því ef sveitarfélög á Norðurlandi eystra sæju sér fært og vildu leggja fram aukið hlutafé í Kísiliðjunni hf. Ég tel hins vegar eðlilegt að ríkið sé þar forustuaðili, þar sem það hefur staðið undir rekstri fyrirtækisins sem meirihlutaeigandi frá upphafi. Ég teldi mjög æskilegt að sveitarfélög gætu aukið þar sinn hlut, og ég tel fyllilega eðlilegt að kannað verði hvort vilji sé til þess. En ég hygg að slíkar óskir liggi ekki fyrir og sérstök athugun á vilja sveitarfélaga hafi ekki farið fram í sambandi við þetta.

Meginálitamálið í sambandi við þetta frv. var af hálfu þeirra rn. sem um það fjölluðu hvort þessi hlutafjáraukning væri réttmæt og hvort unnt væri og æskilegt að fá samstarfsaðilana til aukinnar þátttöku eða til að leggja fram aukið hlutafé á móti og halda sinni eignarhlutdeild. Nú tel ég það síður en svo spor í öfuga átt að hlutur íslenska ríkisins fari vaxandi í þessu fyrirtæki. Ég vil þó taka fram að það var síður en svo að kapp væri lagt á það af hálfu stjórnvalda að breyta eignarhlutdeildinni frá því sem var.

Það var ekki vilji til þess frá fyrirtækinu John Manville, nú Manville, að leggja fram meira hlutafé en sem svaraði þessu eina láni upp á 262 þús. bandaríkjadala. Ástæðurnar, sem þeir færðu fyrir því, voru sérstaklega þær, að fyrirtækið ætti í örðugleikum í sambandi við rekstur annars staðar og hefði önnur fjárfestingaráform ofar á blaði. Auk þess teldu þeir að þær ástæður, sem leitt hefðu til þeirra erfiðleika í rekstri Kísiliðjunnar sem raun ber vitni, væru staðbundnar og þeim nánast óviðkomandi, þar sem er jarðeldurinn í nágrenni Mývatns — sem ekki verður að sjálfsögðu skrifaður á erlenda fremur en innlenda aðila — svo og sú ákvörðun íslenskra stjórnvalda að gera sérstakar kröfur vegna umhverfismála í Mývatnssveit og lýsa Mývatnssveit verndarsvæði. Þetta hafa þeim m. a. fært fram í umræðum um þetta mál og tel ég rétt að það komi hér fram.

Um arðgreiðslur af hlutafé til sveitarfélaga vegna rekstrar Kísiliðjunnar hef ég því miður ekki tiltækar

upplýsingar, en það er sjálfsagt að afla þeirra, ef óskir eru þar að lútandi, og koma þeim á framfæri við hv. iðnn. Þarna er um umtalsvert fjármagn að ræða með beinum og óbeinum hætti, m. a. vegna hafnargjalda á Húsavík og vegna gjalda sem runnið hafa til Skútustaðahrepps. Ég má segja að eftir að hallaði undan fæti hjá fyrirtækinu hafi komið til sérstakar greiðslur til Skútustaðahrepps til að vega upp á móti minnkandi aðstöðugjaldi. Tengist það öðrum erfiðleikum hjá því sveitarfélagi í sambandi við náttúruhamfarir á svæðinu. Þetta liggur allt fyrir á sínum stað, að ég hygg, og sjálfsagt að veita þær upplýsingar hér á hv. Alþingi þó að ég hafi þær ekki hér meðferðis nú.

Varðandi mál hv. 3. þm. Norðurl. e. sé ég ekki ástæðu til að fara að ræða þetta frv. í tengslum við mat manna á efnahagsþróun hérlendis eða erlendis. Það mætti margt um það segja. Aðeins vil ég benda á að það er ekki neitt sérstakt fyrir Ísland að erfiðleikar séu uppi í iðnrekstri, hvað þá í þungaiðnaði, og hægt að færa mjög mörg dæmi því til stuðnings. En ég sé ekki ástæðu til að gera það hér og nú. Ég þakka undirtektir hv. þdm., sem hér hafa tjáð sig um frv., og vona að það verði lögfest á þessu þingi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 582). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Lánsfjárlög 1982, frv. (þskj. 578). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar kom saman til fundar s. l. föstudag og komu þá á fund n. starfsmenn hagdeildar Seðlabanka Íslands. Jafnframt hafði n. samband við hæstv. fjmrh. og kom á framfæri við hann óskum um viðbótarupplýsingar. Upplýsingar frá Seðlabankanum og þær upplýsingar, sem hæstv. fjmrh. ætlaði að láta nefndinni í té, hafa nú borist þeim sem upplýsinganna óskuðu og verður væntanlega vikið að þeim hér í umr. á eftir.

Að öðru leyti sjáum við, sem myndum meiri hluta fjh.- og viðskn. ekki ástæðu til að fjalla nánar efnislega um málið, nema tilefni gefist til í umr. hér á eftir, en leggjum til að frv. til lánsfjárlaga verði samþykkt eins og það birtist deildinni eftir umfjöllun í hv. Nd.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Mér skilst, að hæstv. fjmrh. sé á leiðinni, og vildi gjarnan hinkra aðeins eftir honum svo að hann yrði hér viðstaddur. Ég verð ekki langorður, þannig að það er von til að hv. deild geti afgreitt þetta mál fljótlega, þegar hæstv. ráðh. kemur. (**Forseti:** Það verða gerðar ráðstafanir til þess að vita hvort hann getur komið.)

Herra forseti. Þá hefur hæstv. fjmrh. gengið í salinn. Ég vil gera hér örfáar athugasemdir að lokum við afgreiðslu á frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Eins og hv. dm. muna óskaði ég eftir því, að hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar kæmi saman til fundar og ræddi þetta mál nú þegar það kemur aftur til deildarinnar eftir langan tíma í Nd. — en þó þannig að í meginatriðum má segja að sömu annmarkar séu á þessu frv. til lánsfjárlaga og voru þegar það fór frá þessari hv. deild. Ég gerði ásamt fleiri hv. dm. ítarlega grein fyrir þessum annmörkum þá. En ég óskaði eftir þessum fundi til að fá upplýsingar um þrennt í rauninni og ég skal takmarka mál mitt við það: Í fyrsta lagi upplýsingar um stöðu erlendra skulda þjóðarbúsins að þessum lánsfjárlögum samþykktum, hvernig sú staða yrði í árslok 1982. Þessara upplýsinga óskaði ég eftir frá Seðlabankanum. Þær bárust mér í hendur nú fyrir um klukkutíma. Í öðru lagi óskaði ég eftir að fá upplýsingar um hver væri þróun innlána, peningalegs sparnaðar, það sem af er þessu ári, og hver hún hefði verið á s. l. ári til samanburðar. Og í þriðja lagi óskaði ég ýmissa upplýsinga um hvernig forsendur þessara lánsfjárlaga mundu vera og hvort þær mundu standast.

Þá vík ég fyrst að erlendum lánum. Hæstv. ráðh. hefur undanfarið látið hafa eftir sér í fjölmiðlum og fram hefur komið eftir honum í Nd., að hann væri í rauninni mjög ánægður með stöðu íslenskra efnahagsmála að þessu leyti, erlendar skuldir væru ekki meiri en þær hefðu verið. Við stjórnarandstæðingar höfum lagt höfuðáherslu á að aukning erlendra skulda væri hrikaleg, á sama tíma sem gífurlegur samdráttur er í fjárfestingu sem unnt væri að gera ráð fyrir að stæði undir þessum lántökum. Fram hefur komið að samdráttur í stóriðju og stórvirkjunum er yfir 40% að magni til frá því í fyrra og 30—40% samdráttur í hitaveituframkvæmdum. Samt sem áður eru lántökur svo gífurlegar sem hér hefur verið tíundað. Ég legg áherslu á að það er þetta atriði sem við gagnrýnum, en ekki erlend skuldaaukning án tillits til þess hvað fyrir þessa peninga er gert.

Hæstv. ráðh. birti hér tölur um það, hver nettó-staða þjóðarbúsins út á við hefði verið undanfarin ár. Hann komst að raun um það að árið 1981 — og það er staðfest af Seðlabankanum — hefði nettó-staða erlendra lána verið í kringum 32% af þjóðarframleiðslu og hefði ekki aukist síðustu 2—3 árin. Það er rétt hjá hæstv. ráðh., að endanleg tala fyrir árið 1981 reyndist þessi vegna hagstæðrar þróunar á gjaldeyrismörkuðunum fyrir okkur vegna hækkunar dollarans. Hins vegar var stefnt í allt annað með lánsfjárlögum 1981. Ef sú þróun á gjaldeyrismörkuðunum hefði ekki orðið sem raun varð á hefði nettó-staða okkar versnað verulega á s. l. ári. En þetta er kannske ekki höfuðatriðið. Hæstv. ráðh. segir í besta tilviki hálfan sannleika með þessu, vegna þess að nú er stefnt í það að þessi staða versni stórkostlega. Og það var það sem ég vildi fá upplýsingar um frá Seðlabanka. Ég er hérna með bréf, dagsett í dag, sem ég fékk fyrir hálftíma. Þar segir að þessi nettó-tala verði 36% að hún versni úr því að vera 32% eða nálægt því í hvorki meira né minna en 36% á þessu ári. Þennan sannleika ætti hæstv. ráðh. að segja þjóðinni, fyrst hann er á annað borð að leggja svo mikla áherslu á að tekist hafi að halda erlendum lánum, nettó-skuld okkar við útlönd, í sama hlutfalli á s. l. ári.

Þá er það upplýst af Seðlabankanum nú, að greiðslu-

byrði erlendra lána eftir samþykkt þessara lánsfjárlaga verði ekki 19% af útflutningstekjum, eins og gert hefur verið ráð fyrir áður, heldur 20%. Þetta er niðurstaðan. En í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. er gert ráð fyrir að svo hóflega verði farið í erlendar lántökur að þessi greiðslubyrði fari ekki yfir 15%. Hún er sem sagt komin fjórðungi yfir það sem hæstv. ríkisstj. þóttist ætla að stefna að einungis fyrir tveimur árum. Þess vegna þykir mér með miklum ólíkindum þegar menn eins og hæstv. fjmrh. koma fram fyrir þjóðina — á því ári sem samdráttur er jafngífurlegur í stórframkvæmdum — og segja: Það er allt í lagi hjá okkur, við höfum ekki aukið skuldir þjóðarinnar meira en eðlilegt er. — Staða langra erlendra lána, þeirra skuldbindinga sem eru í rauninni opinberar skuldbindingar þjóðarbúsins, versnar svo að hún fer í 40% af þjóðarframleiðslunni í árslok með samþykkt þessara lánsfjárlaga og hefur aldrei nokkurn tíma verið hærri.

Um það má kannske deila, hvort eðlilegt sé að leggja áherslu á nettó-stöðu þjóðarbúsins út á við, þegar verið er að tala um hversu skuldugir við séum eða um löng erlend lán. En um það verður ekki deilt, að löng erlend lán eru tekin að tilstuðlan stjórnvalda á hverjum tíma og í öllum alþjóðaviðskiptum er fyrst og fremst horft á það, hversu skuldug viðkomandi þjóð er í löngum erlendum lánum. Mér er tjáð að þær þjóðir, sem hafa gerst svo skuldugar að þær skuldi 40% af sinni þjóðarframleiðslu í erlendum skuldum, séu sérstaklega litnar hornauga af alþjóðastofnunum. Það er rétt, sem fram hefur komið hjá hæstv. ráðh., að enn er ekki svo komið að Íslendingar séu litnir hornauga að þessu leyti. En nú syrtir í álinn. Loðnan er horfin og það er gert ráð fyrir að verulegur samdráttur verði frá því sem áður var áætlað í okkar útflutningstekjum og þjóðarframleiðslu. Þegar það fer saman, að svo ótæpilega er gengið í það að taka erlend lán — og slíkar blikur eru á lofti — og jafnframt er ljóst að við erum verr í stakk búnir en ella vegna samdráttar á sviði stórframkvæmda og orkuframkvæmda, sem spara okkur að sjálfsögðu stórfelldan gjaldeyri, þá er miklu eðlilegra að hæstv. fjmrh. komi opinskátt fram við þjóðina og segi: Því miður verð ég að segja ykkur alveg hreint eins og er, að hér horfir ekki nægilega vel. Þetta hafði hæstv. viðskrh. manndóm í sér til að segja í þessari hv. deild þegar lánsfjárlög voru til umr. í haust. En nóg um það.

Allar þær upplýsingar, sem ég aflaði mér um stöðu erlendra lána og greiðslubyrði um áramót að þessum lánsfjárlögum samþykktum benda til þess, að mjög sígi á ógæfuhlið í þessum efnum. Þessar tölur eru miklum mun verri en ég hafði fengið áður uppgefnar án þess að þær væru skuldbindandi af hálfu Seðlabankans. Hér er það alveg skýrt tekið fram, að þessar tölur eru í samræmi við þjóðhagsspá í febrúar s. l., en þá er ekki búið að endurskoða þjóðhagsspána. Nú eru horfur á að þjóðarframleiðslan verði verulega minni en gert var ráð fyrir þá, því miður verð ég að segja. Þetta eru hin verstu ótíðindi, jafnvel verri en stjórnarandstaðan hefur verið að segja frá hér í þingsölum í vetur. En hér er um tölur að ræða sem eru staðfestar af hálfu Seðlabankans.

Þá vil ég koma að innlendum sparnaði. Samkvæmt þeim lánsfjárlögum, sem hér eru til afgreiðslu, er ætlunin að stórauka lántökur hins opinbera af innlendu fé. Ég hef margbent á að þessar áætlanir virðast algerlega byggðar á sandi. Hæstv. fjmrh. gerði að vísu spariskírteini ríkissjóðs nokkru aðgengilegri fyrir sparifjáreigendur. Ég veit ekki — og hef ástæðu til að spyrja hæstv. ráðh. um það — hvernig sala spariskírteinanna gengur. En eitt get ég fullyrt og það er að þótt spariskírteinasala ríkissjóðs gangi skár en hún hefði gert að öðrum kosti, þá yrði þar fyrst og fremst um tilflutning á sparnaði að ræða.

Í fyrra jukust innlán í bankakerfið mjög mikið, meira en undanfarin ár. En þrátt fyrir þessa innlánsaukningu jókst ekki heildarsparnaður í þjóðfélaginu, heldur minnkaði hann samkvæmt upplýsingum sem fyrir liggja nú frá Seðlabankanum. Sparnaður í atvinnulífinu, sparnaður í opinberum rekstri, sparnaður einstaklinga í öðru formi en peninga minnkaði meir en aukning peningalegs sparnaðar var, þannig að það er langt, langt síðan jafnlítill sparnaður hefur orðið í íslensku þjóðlífi og á s. l. ári. Og beri menn það nú saman við þá glansmynd sem hæstv. ríkisstj. vill að þjóðin horfi á að þessu leyti. Ég hef hér upplýsingar um innlán í bankakerfið fyrstu mánuði ársins í ár og fyrstu mánuði ársins í fyrra. Innlán með vöxtum jukust fyrstu tvo mánuðina í fyrra um 13.3%, en núna aðeins um 9.1%. Heildarútlán í fyrra jukust aðeins um 7.4%, en núna um 8.8%, þannig að það er ljóst hvert stefnir að þessu leyti, og því miður eru allar áætlanir um að stórauka lántökur hins opinbera samkv. lánsfjárlögum við slíkar aðstæður algerlega út í hött.

Þriðja atriðið, sem ég talaði um hér síðast og óskaði upplýsinga um, var hvernig forsendur lánsfjárlaganna væntanlegu stæðu. Eins og menn vita er gert ráð fyrir því í frv. til lánsfjárlaga og lánsfjáráætlun, að ekki verði nema 25—26% verðbólga frá ársbyrjun til ársloka á Íslandi í ár. Sú verðbólga er næstum þegar orðin. Hún yrði sem sagt að verða nálægt núlli seinni hluta ársins ef þær forsendur ættu að standast. Ég hef áður gert grein fyrir því, hversu mikill munur er á að afgreiða lánsfjárlög með slíkum hætti eða fjárlög, þar sem í lánsfjárlögum er gengið út frá ákveðinni krónutölu til hinna ýmsu verkefna. (**Fjmrh.:** Í fjárlögum líka.) Í fjárlögum er það líka gert, hæstv. fjmrh., en þó einungis að hluta til, þ. e. á sviði framkvæmda, sem orðið hafa illa úti einmitt vegna þess. Raungildi framkvæmda og þess, sem ríkissjóður leggur hverju sinni í framtíðaruppbyggingu, hefur minnkað ár eftir ár einmitt af þeim sökum.

Hæstv. ráðh. lét mér í té upplýsingar frá 5. apríl um skýrslu Þjóðhagsstofnunar um verðbólguna á þessu ári, þ. e. hugmyndir um framreikning vísitölunnar eins og hann verður eftir ákvörðun ríkisstj. um niðurgreiðslur. Þar er sagt að niðurstöður séu óbreyttar. Þar er gert ráð fyrir 40% verðbólgu frá upphafi til loka árs, en ekki 25—26% eins og lánsfjáráætlunin segir, og er þá einungis talað um framfærsluvísitöluna, en byggingarvísitalan hækkar um 44% frá upphafi til loka árs samkvæmt þessum áætlunum og 47% frá því í fyrra, þannig að ef ætti að byggja á þessum forsendum hæstv. ráðh. um framkvæmdafé þyrfti framkvæmdafé í lánsfjárlögum fyrir árið 1982 að vera 47% hærra en það var í fyrra til þess að það haldi raungildi sínu. Nú er einungis gert ráð fyrir að það verði um 30% hærra. En því miður er það svo að alveg er ljóst að þessi spá, sem er sjálfsagt gerð af fullum vilja til þess að reyna að láta líta svo út að verðbólgan verði sem allra minnst á þessu ári, hún stenst ekki. Hagstofan gerir ráð fyrir að framfærsluvísitala hækki um 11.7% 1. maí og er þá þegar tekið tillit til niðurgreiðslna í mars og að verðbótavísitala hækki um 10.10% 1. júní. Að sjálfsögðu má laga framfærsluvísitöluna eitthvað til

með auknum niðurgreiðslum. Það tekst hins vegar ekki með byggingarvísitölu, og hún er miklu betri mælikvarði á það hvort lánsfjárlög séu raunhæf eða ekki. En samkvæmt þessu er verðbólguhraðinn, ef hann er mældur á þessa niðurgreiddu og nafntoguðu framfærsluvísitölu, 55% nú, ef spá Hagstofunnar rætist. Því miður byggjast lánsfjárlögin, sem eru hér nú til 3. umr., á þessum forsendum, sem í rauninni eru algerlega út í bláinn, eins og margsinnis hefur verið bent á í þessum umr.

Herra forseti. Ég skal ekki fjölyrða meira um þessi lánsfjárlög, enda mörg orð búinn að segja út af þeim, og vísa til þeirra nál. sem fyrir liggja í þessum efnum. En ég verð að segja það að lokum, að það er nokkuð langt síðan ég hef orðið vitni að því að hæstv. ráðh. hafi reynt að segja þjóðinni hálfsannleika með jafnaugljósum hætti og gert hefur verið undanfarið í þessum efnum, sérstaklega að því er varðar erlendar lántökur. Og mér er alveg óskiljanlegt hvers vegna menn reyna að fara svo augljóslega öfugt með staðreyndir eins og hæstv. ráðh. hafa gert að þessu leyti.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vitna að mestu leyti til fyrri ræðu minnar um þetta efni, við 2. umr., þegar þetta mál var hér til meðferðar fyrr í vetur. Ég mun þess vegna ekki víkja að einstökum þáttum í þessari lánsfjárlagagerð, heldur einungis þeirri meginstefnu sem í frv. felst. Sú meginstefna birtist vitaskuld í meiri erlendri skuldasöfnun en nokkru sinni fyrr.

Það hefur verið harla einkennilegt að sjá það á síðum Þjóðviljans og í málflutningi hæstv. fjmrh., hversu lítið þessir aðilar, hæstv. ráðh. og Þjóðviljinn, vildu gera úr þeirri skuldasöfnun sem hér hefur átt sér stað. Ég tel að málflutningur hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar við umfjöllun þessa máls fyrr í vetur hafi tekið meira mið af sannleikanum og verið þjóðhollari, því þó hann fengist til að samþykkja þessi lánsfjárlög varaði hann samt við því, að nú væri heldur hátt stefnt í erlendri skuldasöfnun. Það hefði vissulega verið rismeira ef ráðherrar og Þjóðviljinn hefðu tekið þá stefnu og lagst á sveif með okkur í stjórnarandstöðunni og hv. formanni fjh.- og viðskn. þessarar deildar um það að vara við þessari gífurlegu skuldasöfnun.

Einn mælikvarðinn á þessa skuldasöfnun er vitaskuld hvað greiðslubyrðin sé mikil. Ef við lítum yfir liðin ár hefur greiðslubyrðin sem hlutfall af útflutningstekjum yfirleitt verið á bilinu 10—14%. En nú allra seinustu árin hefur sigið mjög á ógæfuhliðina. Á árinu 1981 er þetta um 17% og nú liggja fyrir áætlanir um að á þessu ári verði greiðslubyrði erlendra lána um 20% af útflutningstekjum. Ríkisstj. setti sér að halda sig við 15%. Ég vil vekja athygli á því, að hér er farið 33% fram úr áætlun og áformum ríkisstj., hvorki meira né minna. Það er þriðjungi meiri þungi í greiðslubyrðinni en gert var ráð fyrir í áætlun ríkisstj.

Hversu alvarlegt þetta er held ég að menn sjái best af því, að fjórði hver þorskur, reyndar fjórða hver branda, sem dregin er úr sjó, fjórða hver vinnustund í fiskvinnslu og við fiskveiðar á samkvæmt þessu að fara í það að standa undir erlendum skuldum. Þetta er ógnvekjandi staðreynd og verður aldrei nógu oft endurtekin.

Greiðslubyrði af þessu tagi er næsta óþekkt hjá þjóðum sem búa við hliðstæðan efnahag og við. Hún er stórvarasöm. Og ef litið er á það, í hvað þessi lán eiga að fara sem tekin eru núna, hafa líka átt sér stað umskipti á því sviði. Aldrei fyrr hefur það gerst, að jafnhátt hlutfall erlendra lána væri tekið til þess að endurnýja gömul erlend lán. Það er farið að nálgast helming. Hvað gerist þá í framtíðinni, ef sífellt meira verður bundið í endurnýjun lána, og hvar stöndum við ef að kreppir og við höfum ekki sömu tækifæri til þess að fá erlend lán og áður hvort heldur sem er er þjóðarvoði sem ég hlýt enn einu sinni að vara mjög eindregið við.

Það hefur komið fram í málflutningi okkar Alþfl.-manna, að þessi sigling væri þjóðhættuleg og stefndi sjálfstæði þjóðarinnar í voða. Ég hlýt enn og aftur að ítreka að hér er meira lagt undir en nokkru sinni fyrr. En það, sem verst er af því öllu, er að stærri hluti þessara erlendu lána eru hrein eyðslulán heldur en nokkru sinni fyrr. Eigi að lýsa erlendum lántökum næsta árs í fáeinum orðum er það þannig, að næstum helmingur fer í endurnýjun á gömlum erlendum lánum og þriðjungurinn af því, sem þá er eftir, fer í hrein eyðslulán, fer í lán til að mæta eyðslu með allt öðrum hætti en nokkru sinni hefur tíðkast áður. Hingað til höfum við fylgt þeirri stefnu að nettó-hluti erlendra lána, það sem er umfram það sem fer í endurnýjun, færi fyrst og fremst í orkufrekar iðnaðarframkvæmdir og í beislun fallvatnanna og hitaveituframkvæmdir. En núna er farið 500 millj. kr. fram úr þessari upphæð í erlendum lántökum, umfram það sem fer í endurnýjun erlendra lána. Þetta eru vitaskuld alvarlegustu atriðin í þeirri lánsfjáráætlun sem hér er til umr.

Skuldin á hvert mannsbarn verður 45—50 þús. kr. í lok þessa árs, eða 18—20 millj. gkr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Þetta er meiri skuldasöfnun en við höfum nokkurn tíma séð fyrr. Þetta gerist á sama tíma og við erum með viðskiptahalla sem nemur 1000 millj. kr. Ef fram vindur á þessari braut hefur eyðslu líðandi stundar verið ávísað á börn okkar og það er ekki til fyrirmyndar fyrir okkar. Bara viðskiptahallinn á nýliðnu ári svarar til 14—15 þús. árslauna verkamanna í dagvinnu. Þetta er gífurleg fjárhæð, fjárhæð sem við erum að ávísa á framtíðina. Það er af sem áður var, að ríkisstj. tali um jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Hún hrósaði sér mikið af því fyrir einu ári, enda eru þessar tölur náttúrlega fyrst og fremst til marks um það, að í þessum efnum ríkir gífurlegt ójafnvægi.

Það er nauðsynlegt fyrir okkur sem þjóð og alveg sérstaklega fyrir þm. að horfast í augu við þessar staðreyndir. Það er ljóst að þessi skuldasöfnun getur stefnt sjálfstæði þjóðarinnar í hættu. Það er verið að hnýta skuldabagga til framtíðarinnar, og þeirrar tilhneigingar gætir í sífellt vaxandi mæli að taka lán sem koma ekki til greiðslu fyrr en eftir langan tíma.

Eins og ég sagði í upphafi, herra forseti, ætla ég ekki að fara nánar út í einstök atriði, heldur einungis að vara mjög eindregið við þeirri meginstefnu, sem í þessum lánsfjárlögum felst, — þeirri meginstefnu sem er sívaxandi skuldasöfnun erlendis og þýðir það, að landið stendur verr í árslok gagnvart útlöndum en það hefur nokkru sinni gert fyrr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Varla er ástæða til að tjölyrða mikið frekar um þetta mál þar sem það er margrætt hér innan veggja þinghússins.

Við 3. umr. málsins í Nd. gerði ég grein fyrir nokkrum meginatriðum þess. Vakti ég þar m. a. athygli á því, að nettó-staða þjóðarbúsins út á við, þ. e. erlend lán þegar

tekið hefur verið tillit til birgðasöfnunar útflutningsbirgða og gjaldeyriseignar, hefði nánast ekkert breyst undanfarin ár, enda þótt því sé mjög haldið á lofti að erlendar skuldir hafi verulega aukist. Reiknað sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur þessi prósenta staðið nokkurn veginn í stað, verið um eða innan við 32% í mörg undanfarin ár.

Hv. þm. Lárus Jónsson hefur svo aftur dregið núna fram nýjar tölur um spá Seðlabankans um þróun þessara stærða á árinu 1982. Þessa spá hafði ég ekki séð og ekki fengið í hendur, en þar er spáð að þessar stærðir muni hækka verulega á þessu ári. Ekki vil ég andmæla því, að það kunni að vera rétt hjá hv. þm., og er það vissulega áhyggjuefni ef svo reynist. Hins vegar er kannske rétt að vekja athygli á þeim ummælum hans hér áðan, að Seðlabankinn hefði spáð fyrir árið 1981 verulega mikilli hækkun á þessum prósentutölum, en þær spár hefðu að vísu ekki ræst. Auðvitað er spá alltaf spá. Hún er háð mjög mörgum óvissum grunnstærðum. Og þegar um er að ræða að nettó-staða sé hugsanlega að fara versnandi á árinu 1982, sem vel kann að vera að reynist rétt, þá er ekki endilega víst að um sé að ræða verulega aukningu á erlendum lántökum, því um það er alls ekki að ræða í þessu tilviki, eins og flestir gera sér grein fyrir. Erlendar lántökur vaxa ekki milli áranna 1981 og 1982 um þá tölu sem verðbólgunni nemur. Það hefur margoft komið hér fram að erlendar lántökur eru taldar vaxa í kringum 30% milli ára, en sennilega verður verðbólgan milli 35 og 40%, þannig að skýringin á því, að þessi prósentutala kunni að hækka á árinu 1982, er greinilega ekki sú, að erlendar skuldir séu að aukast. Hver er þá skýringin? Skýringin er ósköp einfaldlega sú, að það eru vondar horfur í sjávarútvegsmálum Íslendinga, sérstaklega hvað snertir veiðar á loðnu á þessu ári. Útlit er fyrir að það ár, sem nú er að líða, sé fyrsta árið um margra ára skeið sem engin loðna veiðist eða þá mjög lítil loðna. Og ef svo fer að engin loðna veiðist á þessu ári, sem menn eru farnir verulega að óttast, — ef ekki á að byrja að rannsaka loðnustofninn fyrr en í október byrja veiðarnar varla fyrr en í nóvember, — ef svo fer, þá dragast þjóðartekjur Íslendinga saman, þá eru þær ekki að aukast, þá beinlínis dragast þær saman þrátt fyrir þá miklu fjárfestingu sem er hér á mörgum sviðum, m. a. í orkuiðnaðinum. Þá þarf enginn að vera undrandi á því, að prósentutala, sem er fundin sem hlutfall byggt á þjóðarframleiðslu, hækki. En það er þá staðreynd sem er allt annars eðlis en erlendu skuldirnar og erlendu lántökurnar. Það er staðreynd sem við ráðum greinilega ekki mikið við og verðum bara að horfast í augu við af blákaldri alvöru.

Annað það, sem getur haft áhrif á þessa stærð, er ef viðskiptahalli verður verulegur á árinu. En viðskiptahallinn kann einmitt að stafa af námkvæmlega sömu ástæðu, að loðnuafli bregðist í fyrsta skipti í mörg ár og ekkert annað komi í staðinn. Ef aftur á móti þetta breytist þannig að töluverð loðna veiðist á árinu, þá munu þessar prósentutölur að sjálfsögðu breytast í grundvallaratriðum, bæði vegna þess að viðskiptahallinn verður þá minni í árslok og þjóðarframleiðslutalan miklu hærri. Menn sjá sem sagt að þessar tölur, sem við erum að tala hér um í sambandi við nettó-stöðu þjóðarbúsins út á við, þær ráðast greinilega ekki eingöngu af erlendum lántökum og segja kannske ekki endilega ýkjamikið um erlendar lántökur. Þær geta sagt miklu meira um aðrar stærðir þjóðarbúsins og aðrar breytingar innan efnahagskerfisins.

Nákvæmlega það sama gildir um greiðslubyrði lána sem reiknuð er í hlutfalli af útflutningstekjum. Þessi prósentutala var um langt skeið á bilinu 13—14%, fór kannske rétt yfir 14% en hefur verið rétt þar í kringum um langt skeið. Nú er þessi prósentutala hins vegar verulega á uppleið eins og kunnugt er. Skýringin á því er augljóslega sú, að við njótum nú lakari kjara við erlendar lántökur okkar en var fyrir nokkrum árum, eins og raunar allir íbúar þessarar jarðar. Vextir hafa hvarvetna hækkað mjög verulega og þar af leiðandi hefur greiðslubyrði af erlendum lánum vaxið að sama skapi. Að greiðslubyrðin geti hugsanlega stefnt í hærri tölur á árinu 1982 en áður var ráð fyrir gert á sér svo auðvitað nákvæmlega sömu skýringu og ég var að nefna áðan, vegna þess að greiðslubyrðin er reiknuð af útflutningstekjum. Skýringin er sem sagt ekki sú, að verið sé að taka svo mikil erlend lán og greiðslubyrðin sé að hækka þess vegna, heldur hitt, að viðmiðunartalan, deilitalan sjálf, útflutningstekjurnar vaxa ekki að því marki sem verið hefur, heldur dragast jafnvel frekar saman vegna stórminnkaðs útflutnings á sjávarafurðum. Allt þetta verðum við auðvitað að hafa í huga þegar við ræðum þetta. Að ræða um greiðslubyrði eða nettó-stöðu á jafnyfirborðslegan hátt og gert var hér af tveimur fyrri ræðumönnum, Lárusi Jónssyni og Kjartani Jóhannssyni, það gegnir auðvitað ekki því hlutverki að upplýsa almenning í landinu um raunverulega stöðu þessara mála.

Ég sagði í hv. Nd. og vil ítreka það hér, að um fátt er talað hér á landi af jafnmiklu ábyrgðarleysi og jafnmikilli yfirborðsmennsku og erlendar lántökur og erlendar skuldir. Þar geta menn leyft sér að fimbulfamba með ýmiss konar fullyrðingar án þess að ræða nokkurn tíma málin í botn. Menn tala unnvörpum um að ríkissjóður taki mikil erlend lán, þó vitað sé af flestum, sem um þau mál ræða, að ríkissjóður í þess orðs eiginlegu merkingu tekur engin erlend lán. Hann tekur einungis innlend lán. Þau lán, sem tekin eru á vegum ríkisins erlendis, eru fyrst og fremst til fjárfestingar á vegum sjálfstæðra fyrirtækja, sem ríkissjóður á, og eru tekin til fjárfestingar, og þessir aðilar munu síðan standa undir þeim og greiða til baka með arði af þeirri fjárfestingu sem um er að ræða. Auðvitað verður að gera meginmun á því, hvort það er A-hluti ríkissjóðs, sem er að taka lán, eða B-hluti. Við höfum gert ráð fyrir að A-hluti ríkissjóðs taki einungis innlend lán og það í ákaflega litlum mæli, vegna þess að þar er að meginhluta til um rekstur að ræða og a. m. k. um fjárfestingar að ræða sem standa ekki sjálfar undir endurgreiðslu lánanna. Aftur á móti gildir það um B-hluta fyrirtækin, að þeim er ætlað að standa sjálf undir endurgreiðslu lánanna með tekjum af rekstri sínum. Þar af leiðir að þegar t. d. Áburðarverksmiðjan tekur verulegt erlend lán til þess að byggja saltpéturssýruverksmiðju, þá er það auðvitað fásinna og ekkert annað að líkja því við skuldasöfnun ríkissjóðs, að ríkissjóður sé að safna skuldum og taka eyðslulán, eins og stjórnarandstaðan reynir að stilla málum upp og hræra þessu öllu saman.

Vissulega má ekki skilja orð mín svo, að ég sé að halda því fram, að erlend lán megi vera miklu meiri en þau eru og erlendar lántökur hinna ýmsu innlendu aðila eigi að vera miklu meiri en þær eru nú. Auðvitað má ekki skilja orð mín á þann veg. Ég tel að erlend lán séu vissulega í hámarki, við þurfum að vara okkur á því að ganga þar of

langt. En ég kemst ekki hjá að vekja athygli á því, að úrræði stjórnarandstöðunnar í þessum efnum eru engin, nákvæmlega engin. Hún talar í öðru orðinu um að erlendar lántökur séu allt of miklar, en í hinu orðinu um að þær séu allt of litlar. Glöggt merki þess eru t. d. sífelldar kvartanir stjórnarandstæðinga um að lánsfjáráætlun sé ekki raunhæf, hún sé bara marklaust plagg vegna þess að verðbólgan kunni að verða meiri á árinu en ráð var fyrir gert þegar lánsfjáráætlun var sett saman. Það eru stöðugar kvartanir frá stjórnarandstöðunni um að dæmið gangi ekki upp, erlendu lántökurnar þurfi því greinilega að vera miklu meiri. Auðvitað er kjarni málsins sá, að ef verðbólga verður meiri á árinu en lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir, þá þýðir það ósköp einfaldlega niðurskurð á þeim framkvæmdum sem lánsfjáráætlun gerir ráð fyrir. Þetta er staðreynd sem ríkisstj. og stjórnaraðilarnir eru reiðubúnir að horfast í augu við og taka sem hverri annarri staðreynd sem ekki verði hlaupist burt frá eða komist í kringum. En stjórnarandstaðan stillir málunum á hinn veginn, að það verði að bæta þarna úr, það verði greinilega að hækka lánsfjáráætlunina vegna þess að hún sé allt of lág.

Þegar svo aftur kemur að hinum þætti málsins, að afla innlends fjár til þess að draga úr erlendum lántökum, þá er ekki mikillar hjálpar að vænta frá stjórnarandstöðunni. Það eru auðvitað takmarkaðar leiðir til þess að minnka erlendar lántökur með innlendri lánsfjáröflun. En þær leiðir er einmitt ríkisstj. að fara þrátt fyrir harða andstöðu stjórnarandstöðunnar, sem gerir allt sem hún getur til að koma í veg fyrir að innlend lánsfjáröflun verði nægilega mikil. Er þar skýrast dæmi hversu hart stjórnarandstaðan hefur barist gegn því, að fengið verði meira lánsfé frá lífeyrissjóðunum í landinu, en það er kannske það úrræðið, sem helst er tiltækt til þess að draga úr erlendum lántökum, að afla fjár hjá lífeyrissjóðunum í meiri mæli en nú er gert. En það þarf ekki að segja neinum það hér, að báðir stjórnarandstöðuflokkarnir hafa barist af mikilli hörku gegn því að þetta sér gert. (Gripið fram í.) Hv. þm. Karl Steinar spyr að því hér í framíkalli, hvort verkalýðshreyfingin muni vera þessu samþykk. Mér er kunnugt um það alveg jafnt og hv. þm. Karli Steinari, að það er ekki nægilegur skilningur á því innan verkalýðshreyfingarinnar að þetta sé efnahagsleg nauðsyn. Það er alveg rétt að það vantar þann skilning, en sem betur fer hefur sá skilningur verið að vaxa. Ég var t. d. á sínum tíma heldur tregur til að fallast á svo miklar lántökur frá lífeyrissjóðunum. En ég er fyrir löngu búinn að sjá að það gengur ekki að ekki sé betri og meiri stjórn en verið hefur á því mikla ráðstöfunarfé sem lífeyrissjóðirnir ráða yfir. Ég hef algjörlega breytt um afstöðu í þessu máli og tel þjóðarnauðsyn að dregið sé úr erlendum lántökum með því að lífeyrissjóðirnir taki meiri þátt í lánsfjáráætluninni en verið hefur nú um skeið. Mér virðist að ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna sé svo mikið að vöxtum, eins og nú er komið, að það megi alveg að ósekju hækka það hlutfall, sem lífeyrissjóðirnir leggja til lánsfjáráætlunarinnar, frá því sem nú er. En því miður verður það að segjast eins og er, að það er fyrst og fremst stjórnarandstaðan sem stendur þar mjög hart í vegi, notar hvert tækifæri til þess að æsa menn til andstöðu gegn þessu og hefur þannig áorkað að ekki er hægt að stíga neitt spor í rétta átt í þessum efnum, eins og ríkisstj. hafði þó áformað þegar lánsfjáráætlunin var lögð fram.

Ég gæti nefnt ýmis dæmi þess, að stjórnarandstaðan hefur uppi bæði tillöguflutning hér í þinginu og málflutning sem bendir eindregið til þess, að hún vilji taka miklu meiri erlend lán en gert er, og stendur á hinn bóginn algjörlega í vegi fyrir því, að unnt sé að afla meira fjár eftir þeim leiðum sem tiltækar eru innanlands svo að erlendar lántökur verði minni. Þess vegna hef ég sagt og segi enn að tal stjórnarandstöðunnar í þessum efnum er yfirborðshjal, hræsni, snakk og ekkert annað, því að hún meinar ekki orð af því sem hún segir þegar hún býsnast hér um erlendar lántökur.

Ég tel að ríkisstj. fylgi ákveðnum meginreglum í sambandi við lánsfjáráætlun sem sé afar mikilvægt að sem best samstaða geti tekist um. Við erum að reyna að efla innlenda lánsfjáröflun eftir þeim leiðum, sem tiltækar eru, og mundum gjarnan vilja að stjórnarandstaðan tæki jákvæðari afstöðu til þeirrar viðleitni okkar. Við höfum getað tryggt að ríkissjóður er ekki rekinn með halla og þarf ekki á erlendum lánum að halda fyrir A-hluta ríkissjóðs, og við höfum reynt að takmarka eins og nokkur kostur hefur verið að erlend lán séu tekin í rekstur. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar réttilega bent á að nokkur dæmi eru þess, að svo sé gert, og þá verður líka að viðkurkenna að svo hefur verið um mörg ár. Það hefur gerst á hverju einasta ári um langt skeið að einhver lán hafa verið tekin vegna rekstrarerfiðleika. Ég minnist þess t. d., að þegar stjórnarskipti urðu sumarið 1978 þurftu nokkur sveitarfélög í landinu, þ. á m. Reykjavíkurborg, að taka erlend lán vegna erfiðrar rekstrarstöðu sinnar. Og það er ekki til fyrirmyndar að sjálfsögðu. Þetta gerist alltaf öðru hverju, að tekin eru erlend lán í slíkum tilgangi. En það er ekki til fyrirmyndar og ætti auðvitað að vera eins lítið um það og hugsast getur.

Hv. samflokksþingmaður minn spyr mig hvort ég ætli ekki að fá þetta mál afgreitt fyrir páska. Það er ágæt spurning frá þeirri hlið. Ég vil þó segja það eins og er, að þau mál, sem hér er um að ræða, erlendar lántökur og málflutningur stjórnarandstöðunnar í þeim efnum, er þess eðlis að það er auðvitað ekki hægt að sitja og hlusta á þann málflutning án þess að hafa uppi nokkur svör. Ég vona að allir geri sér grein fyrir því, að það er nauðsynlegt fyrir Alþingi að ræða þessi mál. Og auðvitað skiptir ekki öllu máli hvort lánsfjáráætlun er afgreidd þennan daginn eða hinn. Hitt er auðvitað mikilvægast, að við getum skipst þannig á skoðunum hér í þessum hóp að við vitum hvað við erum að tala um og hvað við erum að samþykkja, og mitt innlegg í þessa umr. er auðvitað lagt fram í því skyni, þannig að ég tek nokkra áhættu í því sambandi og tel alveg óhjákvæmilegt að ræða þessi mál af fullri hreinskilni. Hitt er annað mál, að ég hafði ekki gert ráð fyrir að tala hér mjög lengi og mun senn fara að stytta mitt mál.

Ég vil að lokum geta þess, að í þeim skjölum frá Þjóðhagsstofnun, sem lögð hafa verið fram nú meðan umr. var frestað, kemur fram að gert er ráð fyrir að framfærsluvísitala hækki milli ára um 42%. Hins vegar er rétt að upplýsa það, að við höfum gert okkur vonir um að hækkunin milli ára yrði nokkru lægri. Hækkunin á árinu er um 40% samkvæmt þessu plaggi, en við höfum í okkar efnahagsáætlun miðað við 35%, og miðað við það, að frekari ráðstafanir í efnahagsmálum verði gerðar á þessu ári, höfum við auðvitað von um að þessi prósentutala um verðbólgu milli ára verði eitthvað lægri en þarna er gert ráð fyrir. Við gætum hugsað okkur að ef verðbólgan yrði 35% á árinu, þ. e. frá upphafi til loka ársins, þá yrði

verðbólgan milli áranna 1981 og 1982 um 37—38%. Það er hins vegar alveg rétt sem stjórnarandstaðan hefur bent á að reiknitala fjárlaga og lánsfjáráætlunar er heldur lægri, 33%. Þá þýðir þessi munur ekkert annað en það, að framkvæmdafé mun draga heldur skemmra en áformað var. Svo einfalt er það mál. Vissulega þýðir það í reynd niðurskurð á erlendum lántökum, vegna þess að á sama tíma á þessi verðbólga sér stað og gengið breytist, en tölurnar eru í íslenskum krónum, þannig að lántakan er í reynd minni en hún er upphaflega ráðgerð. En þetta er í raun og veru sá niðurskurður á lánsfjáráætlun sem stjórnarliðar komu sér saman um þegar þeir afgreiddu málið fyrir áramót, að láta sig hafa það að verðbólga yrði hugsanlega heldur meiri en lánsfjáráætlun og reiknitala hennar gerði ráð fyrir, og þá þýddi það auðvitað í reynd bæði vissan niðurskurð á erlendum lántökum og lækkun á lánsfjármagni til framkvæmda frá því sem upphaflega hafði verið ráð fyrir gert. Ég hélt satt að segja, miðað við allt þetta mikla tal stjórnarandstöðunnar um að draga þurfi úr erlendum lánum, að hún fagnaði því, að slíku aðhaldi skuli vera beitt. En eins og menn heyra af ræðum stjórnarandstæðinga harma þeir það mest að svona skuli fara, og það er í fullu samræmi við það sem ég hef hér bent á, að í raun og veru er allur tillöguflutningur og málflutningur stjórnarandstöðunnar í þessum efnum eitt allsherjar ákall um meiri erlendar lántökur. Þeir flytja hins vegar engar tillögur um minni lántökur og koma ekki með neinar tillögur um hvernig megi auka innlendan sparnað, en spyrna þar hins vegar hart á móti. Þetta tel ég nauðsynlegt að komi hér fram. Óski menn frekari umræðna um þetta mál er ég að sjálfsögðu reiðubúinn að taka þátt í þeim.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þetta var skrýtin ræða. Hæstv. ráðh. talaði um að hann vildi gjarnan fá málefnalega umr. um erlenda skuldasöfnun. En það, sem hann hafði fyrst og fremst til málanna að leggja, var skætingur í garð stjórnarandstöðunnar og útúrsnúningur.

Ég hef sjaldan orðið fyrir því að hlusta á ráðh. verða eins gjörsamlega rökþrota og þennan hæstv. ráðh. í þessum umr. Kjarninn í hans boðskap var m. a. sá, að það væri stefna stjórnarandstöðunnar að auka erlendar lántökur og sporna gegn innlendri lánsfjáröflun. Hann sagðist ekki kannast við neinar tillögur um að stjórnarandstaðan hefði uppi tilburði um að draga úr erlendum lántökum eða greiða fyrir innlendri lánsfjáröflun. Það er eins og maðurinn sé bæði blindur og heyrnarlaus, því að við höfum ítrekað birt og boðað stefnu okkar í þessum efnum á undanförnu ári. Maðurinn er gjörsamlega rökþrota í þessu máli.

Hver er leiðin til þess að auka innlenda lánsfjáröflun? Leiðin er vitaskuld sú að framfylgja raunvaxtastefnu eins og við Alþfl.-menn höfum lagt til. Meðan það er ekki gert mun allt annað reynast hjóm eitt vegna þess að heildarkakan, sem menn hafa þá til ráðstöfunar, vex ekki. Eina ráðið til þess að auka hér möguleika á innlendri lánsfjáröflun, grundvallarforsendan fyrir því að ná árangri í þeim efnum, er auðvitað að framfylgja raunvaxtastefnunni. Og það merkilega er að þessi hæstv. ráðh. fékk aðeins að finna smjörþefinn af því, að þetta er mögulegt, því að það gerðist á fyrra ári um tíma að menn nálguðust það að framfylgja þessari stefnu. Og hvað gerðist þá? Sparnaður í bönkunum jókst og svigrúmið til innlendrar lánsfjáröflunar jókst. Það þýðir ekkert að vera að hjakka og hjakka varðandi einhverjar bindingar í lífeyrissjóðunum. Það fé, sem þar er til ráðstöfunar, er að svo og svo miklu leyti í fjárfestingu, hvort heldur það gerist í gegnum lánsfjáráætlun eða í gegnum lífeyrissjóðina sjálfa. Það er bara spurningin um hvernig kökunni er skipt á hina ýmsu hluta þjóðarbúsins. Það er ekki spurningin um það, hvort menn hafi meira eða minna fé í innlendri lánsfjáröflun, heldur einungis spurningin um það, hvernig því er skipt. Ef menn vilja hafa stærri hluta í innlendri lánsfjáröflun er auðvitað ráðið að sparnaðurinn aukist í landinu, eins og horfur voru á og greinilega gerðist hluta árs í fyrra.

Ég vil líka minna á, að við Alþfl.-menn höfum talið nauðsynlegt að draga úr erlendum lántökum, og ég mótmæli því alfarið, að við höfum flutt nokkra einustu tillögu sem feli í sér tilefni til aukinnar erlendrar lántöku. Þvert á móti höfum við flutt tillögur t. d. varðandi stærð skipastólsins um að draga úr innflutningi fiskiskipa, sem mundi hafa stórkostleg áhrif til þess að draga úr erlendri skuldasöfnun. Og þar er tvöföld ástæða til þess að draga úr, vegna þess að það er ekki einasta að menn séu að binda sér byrðar með því að kaupa þessi skip erlendis frá, heldur er líka verið að binda sér viðbótarbyrðar vegna rekstrar þessara skipa, og engar tekjur koma á móti þegar heildarfiskaflinn er takmarkaður.

Það liggur því ljóst fyrir, að um grundvallaratriði þessa máls hefur ríkisstj. gjörsamlega yfirsést. Hún hjakkar á hálfhring í kringum lífeyrissjóði og því um líkt, við að búta niður það sem er síminnkandi, í stað þess að taka á þessum málum með raunhæfum hætti. Ætli það væri ekki munur fyrir hæstv. fjmrh. ef hann hefði staðið gegn þessari skriðu skipainnflutnings og þeirri erlendu lántöku sem því fylgir? Ætli það væri ekki munur fyrir hæstv. fjmrh. ef honum hefði tekist að auka hér innlendan sparnað með framkvæmd raunvaxtastefnunnar, eins og við Alþfl.-menn höfum lagt til? Þá horfði hér allt öðruvísi við. Núna er hann að afsaka sig með því, að það séu lakari kjör á lánum í útlöndum en hafi verið áður, eins og við höfum ekki vitað það. Það kemur ekki þessu máli við. Og það er heldur engin afsökun að tala um að hlutfallstalan sé svona há af því að þjóðarframleiðslan sé að dragast saman. Byrðarnar verða þetta þungar m. a. vegna þess að þjóðarframleiðslan er að dragast saman. Það er alveg ljóst. Það er m. a. þess vegna sem fjórði hver þorskur og fjórða hver branda, sem dregin er úr sjó, fjórða hver vinnustund í fiskvinnslu, hverju nafni sem nefnist, fer í það að vega á móti þessari greiðslubyrði. Svo talar hæstv. fjmrh. um að stjórnarandstaðan sé að hræra saman hlutunum. Við fluttum hér tiltölulega mjög hógværar ræður þar sem við vöruðum við þessari skuldasöfnun, litum á þjóðarbúið sem heild og hvernig það stæði. En hver var það sem fór að hræra? Það var hæstv. ráðh. Hann vildi ekki einu sinni tala um ríkisfjármálin í heild, heldur bara um A-hlutann sér. Og síðan talar ráðh. um að stefnan í þessari lántöku sé sú, að fyrirtæki muni standa undir henni. Þó verður hann að játa það á sig síðar í sömu ræðu, að dæmi séu um að tekin séu erlend lán í rekstur. Og þess eru fjölmörg dæmi. Það þarf ekki einu sinni að rekja þau, svo vel þekkir allur þingheimur hvernig komið er í þeim efnum. En við skulum taka bara einn einfaldan mælikvarða á það, hvernig þessum lántökum er farið núna miðað við það sem áður var.

Það, sem fer í endurnýjun á lánum, í það að framlengja gömul lán, var á árinu 1980 35% af innkomnum lánum, löngum erlendum lánum. Á þessu ári er það komið í 45%. Bara á þessum tveim árum hefur þetta hlutfall hækkað úr 35% í 45%. Það er ástæða til að vara mjög eindregið við þessari þróun. Og það er annar mælikvarði sem er mjög lýsandi. Á árinu 1980 var varið 703.5 millj. kr. í virkjanir, stóriðju og hitaveitur. Lántökur erlendis nettó, löng lán, voru þá heldur minni eða 686 millj. kr. Á árinu 1981 helst þetta líka nokkurn veginn í hendur. Það, sem varið er í virkjanir, stóriðju og hitaveitur, er um 1000 millj. kr., og löng erlend lán eru rúmlega 1000 millj. kr. En hvað gerist á þessu ári núna? Það er það sem er alvarlegt. Á þessu ári er varið 825 millj. kr. í virkjanir, stóriðju og hitaveitur, þær framkvæmdir sem geta staðið undir lántökum af þessu tagi. En hvað er tekið að láni til að standa undir þessu? Það er 50% meira. Það eru um 1 300 millj. kr. Það er þessi þróun sem er mjög einkennandi fyrir þau lánsfjárlög sem hér eru til umræðu. Fram að þessu hafa menn fylgt þeirri reglu, að löng erlend lán, nettó-hluti þeirra, stæðist nokkurn veginn á við það sem væri sett í virkjanir, stóriðju og hitaveitur. En núna leyfa menn sér að fara 50% fram úr. Þarna munar 400—500 millj. kr., sem eru hrein eyðslulán, miðað við það sem menn hafa tíðkað á undanförnum árum.

Ég verð að segja það, herra forseti, að mér finnst það koma úr hörðustu átt hjá hæstv. ráðh. þegar hann talar um að stjórnarandstaðan fjalli um þessi mál af ábyrgðarleysi og yfirborðsmennsku. Ræða ráðh. sjálfs áðan bar einmitt keim af þessum atriðum, af ábyrgðarleysi og yfirborðsmennsku og tilraun til að villa um með því að tala um A-hluta fjárlaga í staðinn fyrir að tala um þjóðarbúið í heild, með því að slá úr og í.

Það er auðvitað áhyggjuefni þegar hæstv. fjmrh. talar um svo alvarlegt mál sem þetta af slíkri sýndarmennsku sem hann gerði hér áðan og kórónar svo allt saman með því að kenna stjórnarandstöðunni um. Þó er ljóst af þeim dæmum, sem ég hef hér rakið af tillöguflutningi okkar Alþfl.-manna, að við höfum einmitt flutt till. sem mundu verða til þess að snúa af þessari braut, að dregið yrði úr erlendum lántökum, að innlend lánsfjáröflun væri aukin.

Það væri vissulega ástæða til þess, að farið gæti fram málefnaleg umræða um þessi mál eins og hæstv. ráðh. var að óska eftir. En þá verður hæstv. ráðh. líka að vera reiðubúinn að fjalla um þessi mál á grundvelli staðreyndanna, en ekki bara með útúrsnúningi, skætingi, árásum á stjórnarandstöðuna og kvartandi og kveinandi undan því, að hún standi í vegi fyrir að hægt sé að breyta um stefnu. Sannleikurinn er sá, að stjórnarandstaðan, við Alþfl.-menn höfum flutt hverja tillöguna á fætur annarri sem mundi hafa komið í veg fyrir þessa þróun, *sem mundi hafa komið í veg fyrir að við stæðum í þeim* sporum sem ríkisstj. hefur nú komið þjóðarbúinu í. Það er auðvitað sannleikurinn í þessu máli.

Ég skal nú ekki lengja þessa umr., herra forseti. En ég verð að segja það, að málflutningur af því tagi, sem hæstv. ráðh. hafði hér uppi áðan, er vitanlega fyrir neðan virðingu Alþingis. Þeir, sem sitja í nefndum og hafa farið yfir þessi mál og líta á fáeina einfalda mælikvarða, eins og ég hef hér gert núna, þeir sem eru reiðubúnir að líta á hvaða tillögur hafa verið fluttar um hvernig eigi að halda á málunum með öðrum hætti, þeir flytja ekki mál sitt með þeim hætti sem hæstv. ráðh. gerði.

Ég vil að lokum vænta þess, herra forseti, að hæstv. ráðh. sjái nú að sér og athugi sinn gang og treysti sér til að ræða þessi mál á eðlilegum og málefnalegum grundvelli, en ekki með árásum og útúrsnúningi.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það er kannske ekki mikil ástæða til að fara mörgum orðum um málflutning hæstv. ráðh. í þessari hv. deild við þessa umr. Hann viðhafði hér þau orð, að við stjórnarandstöðuþingmenn fimbulfömbuðum hér um ákveðin mál. Ég vil vísa þessu til föðurhúsanna og tel að hæstv. ráðh. hafi rækilega varpað þarna steini úr glerhúsi.

Hæstv. ráðh. fór mörgum orðum um málflutning okkar um erlendar lántökur. Ég kom hér fram með nýjar upplýsingar frá Seðlabankanum um hvert mat Seðlabankans væri á því, hvað samþykkt þess frv., sem við erum nú að fjalla um í þessari hv. deild, mundi þýða. Að sjálfsögðu er útilokað fyrir Alþingi eða Seðlabankann annað en að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað samþykkt þessa frv. þýðir. Og þá þarf að sjálfsögðu að reyna að horfa fram í tímann.

Hvorki hæstv. ráðh. né einstakir þm. né Alþingi né Seðlabankinn geta metið hvað við erum að gera í þessum efnum nema menn reyni að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta horfir, til hvers samþykkt þessa ákveðna frv. leiðir. Ég þarf ekki að endurtaka það, að þær upplýsingar, sem ég kom hér fram með nú um það, eru uggvænlegar. Hæstv. ráðh. sagði að ég hefði með mínum málflutningi raunar andmælt þessu sjálfur. Ég hefði bent á að í fyrra hefði Seðlabankinn gefið út spádóma á þessu sviði og þeir hefðu ekki ræst. Það má náttúrlega lengi halda svo á málum, að benda á að einstakir spádómar í þessum efnum hafi ekki ræst. En það kastar tólfunum þegar menn koma og segja: Spádómurinn rættist ekki, þess vegna er málflutningurinn óábyrgur sem hafður er frammi í dag, en hæla sér svo af því jafnframt, að þessi spádómur hafi ekki ræst vegna eigin verðleika. Sannleikurinn er sá, að hæstv. ríkisstj. vill þakka sér þann utanaðkomandi búhnykk á s. l. ári sem varð til þess, að nettó-staða þjóðarbúsins við útlönd versnaði ekki eins mikið og efni stóðu til. Hæstv. ráðh. hefur, bæði hér á hinu háa Alþingi og eins í fjölmiðlum, beinlínis þakkað sjálfum sér og ríkisstj. það að staðan versnaði ekki á s. l. ári.

Það er að sjálfsögðu ekki bæði hægt að þakka sér fyrir slíkan búhnykk og tala svo — eins og hæstv. ráðh. gerði hér áðan — um að það væri ekki á hans færi að koma í veg fyrir, að loðna veiddist ekki, og það væri ekki á hans færi að koma í veg fyrir, að vextir hækkuðu ekki í alþjóðaviðskiptum. Hvorugt þetta er á valdi hæstv. ráðh., það er alveg hárrétt. En þá þarf hann líka að hafa kjark og þor til að skýra rétt frá því, að það væri ekki á hans valdi og það væri ekki af hans völdum sem staðan í þessum efnum versnaði ekki eins og horfur voru á í fyrra.

Nú er hins vegar allt annað uppi á teningnum, eins og hæstv. ráðh. viðurkenndi sjálfur. Það eru mjög versnandi horfur um okkar þjóðarbúskap og versnandi horfur um að við höldum okkar útflutningstekjum. Það er einmitt vegna þess að slíkar sveiflur eru hættulegar. Þær eru jafnhættulegar fyrir þjóðarbúið og tekjur okkar sjálfra. Ef tekjur okkar sjálfra minnka höfum við minni möguleika á að standa undir lánum. Hvert og eitt einasta heimili í landinu veit að það er einmitt vegna þess að tekjur þess geta breyst, að menn þurfa að vera varkárir í að taka lán og að það kemur að skuldadögum. Og þegar

sveiflur eru í tekjum þjóðarbús, eins og í tekjum heimila, þá er einmitt ástæða til þess að gjalda varhug við því að taka lán. Það er nákvæmlega af þessum ástæðum sem við höfum varað við því hér, stjórnarandstæðingar, hversu mikið hefur sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum á undanförnum árum. Og ég vil enn og aftur benda á það, að þetta gerist á því ári sem stóriðja og stórvirkjanir, orkuframkvæmdir rýrna samkv. skýrslu ríkisstj. sjálfrar. Þær dragast saman að magni til um 43.5% og framkvæmdir við hitaveitu um 31.5% að magni til. Og ég vil leggja áherslu á það, að í málflutningi okkar stjórnarandstæðinga hefur þetta tvennt verið borið saman.

Það er að sjálfsögðu út af fyrir sig ekki hægt að líta svo á að erlendar lántökur séu af hinu illa, jafnvel þó að þær aukist verulega, ef um er að ræða að þetta fé sé lagt í arðbærar framkvæmdir, við skulum hugsa okkur t. d. til vegamála, sem eru sjálfsagt einar arðbærustu framkvæmdir sem við getum lagt opinbert fé í, eða orkuframkvæmda, svo að dæmi séu tekin. En það er á því ári sem þessar framkvæmdir dragast svona stórkostlega saman, sem við erum að fara langt yfir strikið í erlendum lántökum.

Ég vil rifja hér upp það sem stendur um þetta efni í stjórnarsáttmálanum sem er ekki nema rétt um tveggja ára gamall. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum.“ Síðan kemur hér varnagli: „Efri mörk erlendrar lántöku verði þó ákveðin nánar með hliðsjón af eðli framkvæmda með tilliti til gjaldeyrissparnaðar og gjaldeyrisöflunar.“ Hér er að sjálfsögðu verið að slá þann varnagla, að þetta gæti kannske farið fram úr 15%, og væri kannske ekkert óeðlilegt við það, ef verið væri að fara í framkvæmdir sem spöruðu gjaldeyri eða öfluðu gjaldeyris. En það, sem er að gerast núna er þveröfugt. Það er verið að draga þessar framkvæmdir stórkostlega saman á sama tíma sem greiðslubyrðin hækkar upp í — ekki 16%, ekki 17%, heldur 20% af útflutningstekjum. Það er þetta meginatriði sem við stjórnarandstæðingar höfum bent á og gagnrýnt. Að öðru leyti held ég að ég segi ekki meira um það sem varðaði erlendar lántökur í máli hæstv. fjmrh.

Hæstv. ráðh. taldi að við stjórnarandstæðingar værum þversum í þessum efnum og vildum ekki einu sinni auka opinberar lántökur á innlendum fjármagnsmarkaði. Það var engu líkara en að hæstv. ráðh. teldi að það væri bara hægt að finna þarna fé, eitthvert nýtt fjármagn til að draga úr erlendum lántökum, þá væri ráðið einfalt, bara taka meiri lán á innlendum markaði.

Það er að sjálfsögðu misskilningur hjá hæstv. ráðh., að það verði til einhverjir peningar með því að taka lán á innlendum markaði. Þeir peningar, sem verða til þar, verða vegna sparnaðar. Ég hef hér reynt að upplýsa hæstv. ráðh. og vonandi fleiri ráðamenn þjóðarinnar um það, að því miður varð niðurstaðan sú, þrátt fyrir það að menn hafa hér hver um annan þveran hælt sér einna helst af því, að stjórnarstefnan hafi leitt til aukins innlends peningalegs sparnaðar á s. l. ári, — þrátt fyrir þetta er heildarsparnaður í þjóðfélaginu minni en hann hefur verið nokkru sinni, a. m. k. um mörg undanfarin ár.

Hér hef ég í höndum bréf frá Seðlabanka Íslands sem staðfestir þetta. Það er dagsett 11. mars s. l. Þar segir, með leyfi forseta: „Þjóðhagslegur heildarsparnaður nam 25.6% af vergri þjóðarframleiðslu árið 1980, en 23.5% árið 1981, samkv. bráðabirgðauppgjöri Þjóðhagsstofnunar.“ Innlendur sparnaður, heildarsparnaður minnkaði um 2% miðað við þjóðarframleiðslu á árinu í fyrra. Ástæðan er einfaldlega sú, að sparnaður þjóðarinnar, sparnaður í opinberum rekstri minnkaði, sparnaður í atvinnufyrirtækjunum minnkaði vegna lélegrar afkomu atvinnuveganna, sparnaður hjá venjulegu fólki — í öðru en í peningalegum sparnaði sem jókst nokkuð í fyrra — minnkaði. Og þessi sparnaður minnkaði svo mikið að nam meiru en aukningu á peningalegum sparnaði, sem var nokkur í fyrra. Það varð tilflutningur á sparnaði, en heildarsparnaðurinn minnkaði. Og þegar svo er ástatt, eins og ég benti hæstv. ráðh. á í umr. áðan, að heildarinnlán í bankakerfið hafa aukist miklu mun minna en í fyrra, þá er útilokað að tala um að það sé einhver lausn á erlendum lántökum að auka lántökur hins opinbera á innlendum lánsfjármarkaði. Þar eru þessir peningar einfaldlega ekki til, nema það eigi þá að taka þá frá öðrum, t. d. húsbyggjendum eða atvinnuvegunum, og draga þá úr fjárfestingu atvinnuveganna.

Þróunin hefur verið sú undanfarið, að dregið hefur úr fjárfestingu atvinnuveganna, einkum á þeim sviðum sem æskilegt hefði verið að auka þá fjárfestingu. Ein skýringin á því, að þjóðartekjur okkar hafa ekki aukist undanfarin ár þrátt fyrir gífurlega aflaaukningu og hagsæld til sjávarins, er einmitt sú, að stefnan hefur að þessu leyti verið röng.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að ræða frekar um furðulegan málflutning hæstv. fjmrh. við þessa lokaumr. um lánsfjárlög. Því miður verður að segja sem svo, að þessi lög verða óbrotgjarn minnisvarði um fjármálastjórn núv. ríkisstj., og sá minnisvarði er ekki fagur.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 597).

Þinghlé.

Forseti (Þorv. Garðar Kristjánsson): Nú er fram undan ein af stærstu hátíðum ársins, páskahátíðin. Með því að svo virðist sem þetta verði síðasti fundur deildarinnar fyrir páskahátíðina vil ég óska öllum deildarmönnum gleðilegra páska og vænti þess, að við sjáumst öll heil og hress þegar páskaleyfinu lýkur.

Neðri deild, 62. fundur.

Mánudaginn 5. apríl, kl. 2 miðdegis.

Málefni aldraðra, frv. (þskj. 540). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 2, n. 449 og 468, 450, 469, 579). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá menntmn. Nd. við frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. á allmörgum fundum og gert á því nokkrar breytingar og flytur nefndin þær breytingar í sameiningu. Við höfum gert það að tillögu okkar, að ný grein komi inn í frv. sem verði 2. gr. Hún kveður á um, hvaða byggingar skuli teljast opinberar byggingar samkvæmt þessu frv., og þá jafnframt um undantekningar frá þeim byggingum, sem frv. nær til en ekki skulu vera inni í þessum listskreytingaráformum. Það eru byggingar sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar sem nefndinni þykir ekki ástæða til að eyða sérstaklega í að skreyta. Einnig komi inn í 2. gr. að ríkisstj. geti ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana sem hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.

Við 3. gr. er breyting, en þar er einungis eitt orð fellt út. Í frv. er talað um „fjárlaga- og hagsýslustofnun fjmrn.," en við komumst næst því að hún heiti bara fjárlaga- og hagsýslustofnun.

Við 5. gr., sem samkvæmt nýrri töluröð verður 8. gr., gerum við þá till., að greinin orðist þannig: „Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og byggingarnefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn" o. s. frv. Með þessu erum við að gera hlut heimamanna meira ráðandi en var í upphaflega frv., þ. e. að framkvæmdum skuli haga í samvinnu við arkitekt byggingarinnar og byggingarnefnd. Við viljum leggja áherslu á hlut heimamanna í þessum framkvæmdum.

Að lokum gerum við tillögu um að bráðabirgðaákvæði frv. breytist nokkuð og eru þau prentuð á sérstöku þskj., þ. e. á þskj. 579. Einnig gerum við þá athugasemd við 13. gr., að til viðbótar þeim lögum, sem áttu að falla úr gildi, falli úr gildi 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 frá 29. apríl 1976, — til viðbótar þeirri lagagrein sem áður er um getið í 13. gr.

Eins og ég sagði áðan varð nefndin að lokum sammála um sameiginlegar brtt. þó að áður hafi komið á borð þingmanna álit meiri hluta og minni hluta. Sannleikurinn var sá, að þegar við fórum að athuga málið betur, fórum aftur yfir það, sáum við að það var svo skammt á milli okkar að auðvelt reyndist að ná hinu besta samkomulagi um þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 450 og 579.

Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Fyrir þessari þingdeild hafa legið tvö frv. um listskreytingar opinberra bygginga. Annars vegar er frv. sem við erum flm. að, við hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, og hv. 3. þm. Reykn., Ólafur G. Einarsson. Í því frv. var gengið út frá því að á listskreytingu opinberra bygginga skyldi litið sem byggingarkostnað mannvirkis og var þar gert ráð fyrir að varið skyldi frá 1—2% af byggingarkostnaði til listskreytingar hverju sinni. Á hinn bóginn lá fyrir deildinni stjfrv. þar sem sú leið var valin að stofnað skyldi til sérstaks listskreytingasjóðs. Þar er gert ráð fyrir að 1% álag á samanlagðar fjárveitingar ríkisins í A-hluta skuli renna til listskreytinga.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að frv. ríkisstj. gerir náttúrlega ráð fyrir heldur minna fjármagni en í frv. okkar fólst, og við höfum raunar séð það á þessu þingi m. a. og á undanförnum þingum að lögákveðin framlög til sjóða úr ríkissjóði eru stundum léttvæg þegar hæstv. ríkisstjórnir fara að beita stóra hnífnum. Þær gera þá stundum ekki mikið með hvað í lögum stendur, og skiptir þá ekki máli hvort sá sjóður, sem skorinn er niður, heitir Erfðafjársjóður, Kirkjusjóður eða Listskreytingasjóður. Eitt skal yfir þetta allt saman ganga. Það er því síður en svo að slíkt ákvæði í þessu frv. gefi tryggingu fyrir þessu fjármagni. En það er rétt að vera jákvæður í þeim efnum samt, og auðvitað er þakkarvert að sérstöku formi skuli þó komið á listskreytingar opinberra bygginga, því þær hafa satt að segja verið mjög handahófskenndar á undanförnum árum. Ber að þakka það út af fyrir sig.

Það er nokkur reynsla komin á þær listskreytingar sem gerðar hafa verið í samræmi við ákvæði grunnskólalaga og skólakostnaðarlaga um þau efni, og held ég að óhætt sé að fullyrða að meðal sveitarfélaganna úti á landi hefur vaknað meiri áhugi í þessa átt en áður, sem er m. a. afleiðing af því, að í skólum landsins er nú betri kennsla og betri kynning en áður varðandi listskreytingu og fólk stendur nær listinni en áður var. Af þeim sökum lögðum við fulltrúar Sjálfstfl. í menntmn. áherslu á að þetta gamla fyrirkomulag, að sveitarfélögum væri frjálst í samvinnu við ríkið að verja allt að 2% áætlaðs stofnkostnaðar til listskreytingar, skyldi haldast í þeim skólabyggingum sem hafist var handa um að byggja, það væri sem sagt á valdi sveitarfélaganna að fara heldur þá leið ef þau kysu svo. Nú hefur menntmn. í heild fallist á að opna þennan möguleika og stöndum við ásamt nefndinni allri að brtt. á þskj. 579 um þau efni. Af þeim sökum hljótum við Ólafur G. Einarsson, hv. 3. þm. Reykn., að kalla aftur brtt. okkar á þskj. 469.

Nú er það auðvitað álitamál, hvernig stjórn listskreytingasjóðs skuli háttað. Í þessu frv. er sú leið valin að leggja mikið vald í hendur sjóðstjórnarinnar sjálfrar og taka að sama skapi frumkvæðið úr höndum sveitarfélaganna. Það er markmiðið með þeirri hugmynd sem á bak við sjóðstjórnina liggur. Í bréfi frá formanni Félags íslenskra myndlistarmanna, Sigrúnu Guðjónsdóttur, til formanns nefndarinnar er þetta skýrt tekið fram þegar hún segir með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig voru menn á eitt sáttir um að æskilegt væri að frumkvæði varðandi skreytingar væri í höndum Listskreytingasjóðs, en ekki sveitarstjórna, eins og fram kemur í frv. Birgis Ísl. Gunnarssonar o. fl."

Þetta er m. ö. o. hugmyndin á bak við þetta frv. Okkur tókst á hinn bóginn að ná samstöðu um að sveitarstjórnirnar gætu haldið frumkvæði sínu varðandi þær skólabyggingar sem nú er verið að reisa. Síðan er ákvæði um að endurskoðun skuli fara fram á lögunum að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir á listskreytingu opinberra bygginga. Á þessum tíma geta bæði kerfin sem sagt fengið að vinna saman á næstu árum og þá ætti nokkur reynsla að hafa fengist af hvort betra sé og hvort kannske sé eðlilegra að láta Listskreytingasjóðinn ekki taka til þeirra opinberu bygginga þar sem sveitar-

félögin eru verulegir aðilar að framkvæmdum. Á þessu stigi málsins er of snemmt að deila um það frekar, en ég vil sem sagt leggja áherslu á að samkomulag hefur tekist um að sveitarstjórnirnar halda frumkvæði sínu, ef þær vilja, í þeim byggingum sem byrjað er að reisa.

Ég vil svo almennt segja það, að þótt þetta frv., eins og það liggur fyrir, sé auðvitað spor í rétta átt — og ég vil segja verulegt spor — er ýmislegt ógert enn svo að starfsaðstaða myndlistarmanna sé viðunandi. Í þeirri nefnd, sem nú vinnur á vegum menntmrn. að tillögum til úrbóta í þessum efnum og ég á m. a. sæti í, eru uppi hugmyndir um að launasjóður myndlistarmanna verði settur á stofn með svipuðum hætti og Launasjóður rithöfunda, Tónskáldasjóður Íslands, sem við nokkrir þm. lögðum fram frv. um fyrir skömmu, og fleiri. Að síðustu hefur verið um það rætt að fella niður tolla af vörum til listaverkagerðar og vil ég þá fyrst nefna listmálaraliti, en á þeim er almennur tollur 35% og 30% vörugjald, fyrir utan auðvitað aðra skatta. Þar er um verulega leiðréttingu að ræða, sem á að geta valdið því, að starfsskilyrði myndlistarmanna verði mun betri en verið hefur um skeið. Þá eru að vísu mörg önnur verkefni óleyst, en verulegur áfangi mundi nást þegar þessu hefur verið komið í kring og aðeins lagað til.

Ég vil svo gera mér vonir um að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi og fái afgreiðslu í Ed. svo að unnt verði að taka það inn í dæmið þegar gengið verður frá fjárlögum fyrir næsta ár.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Hér er á ferðinni vissulega eftirtektarvert mál og að mínum dómi ekki alveg augljóst að sú afgreiðsla, sem hér er stefnt að, sé sú hagstæðasta. Ég verð að segja að ég er fyrir mitt leyti andvígur því, að settur sé á stofn sérstakur sjóður með sérstakri sjóðstjórn sem á svo að hafa það verkefni sem getið er um í 5. gr., þ. e. að sjóðstjórnin eigi að ákveða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingarinnar. Ég er þeirrar skoðunar, að það sé miklu eðlilegra og líklegra til góðs árangurs að þessi ákvörðun sé tekin af aðstandendum byggingarinnar í samvinnu við arkitekt hennar. Það er alveg sama hvort það heitir sveitarstjórn, ráðuneyti eða byggingarnefnd, ég treysti þeim miklu betur til þess, sem eru úr því umhverfi og starfa náið með arkitektinum sem fæst við byggingarnar, að finna réttu leiðina til að fá fram smekklegar og fallegar listskreytingar en einhverri sjóðstjórn sem starfar langt frá þeim stað sem verið er að byggja á.

Það var um það getið áðan, að þetta væri áhugavert mál fyrir myndlistarfólk, og ég efa ekki að svo sé. En ég held að það verði ekki fram hjá því gengið, að sá aðilinn, sem hlýtur að hafa mest ákvörðunarvald um með hverjum hætti bygging er skreytt, sé arkitekt hennar. Ég byggi þá skoðun mína á því, að það er nú orðið almennt viðurkennt að það megi ekki breyta byggingu arkitekts nema með hans leyfi. Þó að talað sé um það hér að sjóðstjórnin eigi að ákveða þetta í samvinnu við arkitekt byggingarinnar er það samstarf, eins og ég tók fram áðan, miklu erfiðara viðfangs en ef staðið væri að þessu með þeim hætti að aðstandendur byggingarinnar fengju að ráða að einhverju leyti.

Ég ætla ekki að tala um þetta lengi. Ég er á móti sjóðsstofnun til þessa, en ég er ákveðið fylgjandi því, að ákveðnum hluta af byggingarkostnaði sé varið til listskreytingar. Það þarf ekki að mínum dómi að vera heimildarákvæði. Það má vera föst ákvörðun. Það yrði miklu farsælla að mínum dómi en að fara að setja upp sjóð með einni stjórn fyrir landið allt.

Ég tel mig óbundinn af því samkomulagi sem gert hefur verið í nefndinni og ég er andvígur sjóðnum og mun ekki greiða honum atkvæði.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr. og er raunar annað málið sem lagt var fram á þessu þingi í haust um listskreytingar á vegum ríkisins, horfir auðvitað til mikilla framfara að því leyti, að gert er ráð fyrir að festa fjármagn til þessa með ákveðnari hætti en verið hefur. Ég held, eins og raunar hefur komið fram hjá öllum ræðumönnum hér, að sú ákveðna hugmynd horfi til mikilla framfara og þar með meginhugsunin í þessu frv.

En varðandi það, sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni, vil ég vekja athygli á að í frv., eins og það var lagt fram af hæstv. menntmrh., var kveðið á um mikið miðstýringarvald til handa þessari sjóðsstjórn. Í 5. gr. frv., eins og það var lagt fram, sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Sjóðsstjórnin ákveður listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingarinnar.“ — Það var m. ö. o. ákveðið að sjóðstjórnin skyldi hafa vald til að ákveða þetta sjálf. Varðandi það fellst ég á rök hv. síðasta ræðumanns. Ég er sannfærður um að þetta kerfi og hið mikla vald til handa þessari stjórn hefði beinlínis verið mjög skaðlegt, enda spurðu menn hvort þetta mundu ekki þýða að heilt bákn mundi rísa upp í kringum sjóðstjórnina, að hún mundi vera á faraldsfæti marga hringi í kringum landið til að skoða aðstæður og annað slíkt. Þegar menn höfðu velt þessu fyrir sér og skoðað gögn í þá veru var frvgr. breytt mjög verulega og nú hljóðar hún svo — að vísu með öðru númeri af því hún verður 8. gr.: „Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og bygginganefnd.“ — M. ö. o.: einu mjög veigamiklu grundvallaratriði hefur verið breytt. Þessu valdi hefur verið dreift og frumkvæðið er nú hreint og klárt ekki hjá sjóðstjórninni, heldur hjá bygginganefnd og arkitekt og hlutverk sjóðstjórnarinnar er síðan að vinna að samræmingarstarfi og að samþykkja, þ. e. hún hefur í raun, eins og þetta nú er sett, neitunarvald, en frumkvæðið er heima í héraði eða hjá þeim aðilum sem að byggingarframkvæmdunum standa. Ég tel að með þessu hafi frv. verið breytt í verulegum grundvallaratriðum frá upphaflegri mynd, eins og fram kom í gögnum sem hv. þm. Halldór Blöndal las upp og borist höfðu nefndinni. Það var mikill miðstýringarþanki í frv., eins og það upphaflega var kynnt, og ekki aðeins ég, heldur fleiri nefndarmenn drógu mjög í efa að skynsamlegt væri að fela stjórninni svo mikil og afgerandi völd, sem vafalaust hefðu haft í för með sér að upp risi bákn. En þessu hefur sem sagt verið breytt. Ég vil vekja rækilega athygli á því, hvernig þessari grein hefur verið breytt. Ég hygg að það þýði að þessi almenna hugmynd þróist í allt aðra átt en upphaflega var stefnt að, m. ö. o. að hér verið ekki miðstýrt bákn með miklu valdi, heldur hafi þessu valdi verið dreift, en það þarf samþykki stjórnarinnar. Hennar starf felst þá í samræmingu frekar

en frumkvæði.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Ég tel að nefndin hafi í heild sinni komið að mjög góðum niðurstöðum í sambandi við það efni sem hér er um fjallað. Ég vil taka fram að þær brtt., sem hér liggja fyrir nú, sem eru að vísu allmargar, horfa allar til bóta á þessu frv. Ég þakka líka nefndarformanni fyrir að hafa gefið mér tækifæri til þess að fylgjast með því, hvernig umr. hafa fallið í nefndinni um þetta. Ég hef yfirleitt ekkert við það að athuga, hvernig þessar till. eru orðaðar. Ég held að óhætt sé að segja að þær horfi allar til bóta.

En það, sem ég vil leggja áherslu á, er að meginefni þessa frv., sem felst í 2. gr. frv. eins og það var upphaflega hugsað, er óbreytt enn þá, 1. og 2. gr. reyndar, um stofnun þessa sjóðs og hvernig tekna skuli aflað í sjóðinn. Þetta stendur og er auðvitað höfuðatriði málsins. Hins vegar tel ég að hv. menntmn. hafi verulega bætt um þá ágalla, sem kunna að leynst í frv. varðandi framkvæmdaatriði og ég hef ekkert nema gott um það að segja.

Ég gerði nokkuð ítarlega grein fyrir því, þegar ég lagði þetta mál fyrir í haust, hvers vegna sú leið var valin að stofna til sérstaks listskreytingasjóðs ríkisins fremur en að reyna að halda í eldri ákvæði um þetta efni. Þá skýrði ég frá því hver ástæðan var. Hún var sú, að ég átti nokkuð ítarlegar umræður um þetta við stjórn Félags ísl. myndlistarmanna og bar mig einnig saman við ýmsa þá sem hafa haft með að gera framkvæmd á þeim ákvæðum sem gilda um listskreytingu skólamannvirkja, og niðurstaðan varð sú eftir nokkuð ítarlega athugun af minni hálfu, að heppilegasta leiðin mundi vera að breyta þarna um kerfi og finna kerfi sem tryggði snurðulausari framkvæmd á þessum hugmyndum en verið hefur eftir þeim lagaákvæum sem gilt hafa bæði í eldri skólakostnaðarlögum og eins í grunnskólalögunum frá 1974. Sannleikurinn er sá, að í framkvæmdinni hafa þessi ákvæði þótt rekast á, varla verið í samræmi hvort við annað og verið mjög örðugt að framkvæma eftir þeim. Eins og við munum, sem unnum að gerð grunnskólalaganna á sinni tíð, var frv. upphaflega lagt þannig fyrir að hálfu ráðh. að frumkvæði um listskreytingu skyldi vera hjá ríkissjóði eða hjá menntmrn., en þessu ákvæði var síðan breytt í meðförum þingsins 1973—1974 og vafalaust hef ég staðið að einhverju leyti að því með öðrum, þó ég muni það ekki nákvæmlega, að því var breytt þannig að öll forstaða og frumkvæði skyldi vera í höndum sveitarstjórna. Í reyndinni hefur þetta, að fela sveitarstjórnunum frumkvæðið, orðið til þess að það hefur ekki gætt þess áhuga sem þó lá á bak við upphaflegu ákvörðunina um að hafa þetta ákvæði í grunnskólalögunum, þannig að það hefur því miður reynst mjög örðugt að framkvæma þessa hugmynd. Það hefur einmitt reynst svo að þessi dreifing á frumkvæðinu hefur orðið til þess að minna hefur verið framkvæmt í þessum efnum og miklu ómarkvissari stefnu haldið uppi en til stóð. Hins vegar hygg ég að það sé rétt, sem fram kom í máli hv. 7. landsk. þm., að þessi sjónarmið kunni að vera að breytast. Ég er alls ekki frá því að það kunni að vera rétt að einmitt frá því að farið var að ræða þessi mál aftur í fyrra og hittið fyrra hafi vaknað áhugi margra og skilningur margra sveitarstjórnarmanna á því, að það hafi verið galli á framkvæmdinni m. a. af þeirra hálfu og þeir hafi ekki sýnt nægilegt frumkvæði í þessum efnum og e. t. v. sé frumkvæðisáhuginn eitthvað að vakna að nýju. Það má vel vera að það sé rétt sem hv. 7. landsk. þm. segir um það efni. Þess vegna er ég honum að athuguðu máli alveg sammála um það sem fram kom í brtt. hans og ýmsum umr. hér, að það sé kannske óvarlegt að taka algerlega frumkvæði úr höndum sveitarstjórnanna. Ég hygg að það sé rétt leið, sem hv. 7. landsk. þm. hefur átt mikinn hlut að innan nefndarinnar og menntmn. samþykkt, að þessi ákvæði í grunnskólalögunum haldist áfram þannig að sveitarstjórnirnar geti beitt sínu frumkvæði ef þær hafa áhuga á. Ég tel að þessi breyting á frv. sé til bóta, eins og flest annað sem frá nefndinni hefur komið.

Ég ætla ekki að gera lítið úr áhyggjum hv. 2. þm. Suðurl. um framkvæmdaratriðin. Ég er ekki að gera lítið úr því, að menn velti fyrir sér hvernig fari um framkvæmdaratriðin í sambandi við þá ákvörðun að ákveða listskreytingar í skólum eða öðrum opinberum byggingum. Hins vegar held ég að hv. 2. þm. Suðurl. sé einum of svartsýnn hvað þetta varðar og geri of mikið úr því miðstýringarvaldi, sem þarna er fyrirhugað, og alveg sérstaklega eftir að hv. menntmn. hefur lagt til að breyta orðalagi 5. gr. Sýnist mér það mun minni ástæða til að hafa áhyggjur af þessu efni. Ég skal viðurkenna fúslega að ég var ekki að öllu leyti ánægður með 5. gr., þó að ég stæði að henni að lokum, og ætlun mín var að fylla frekar út í mál hennar með reglugerðarákvæðum. En ég held að það sé mun auðveldara að vinna að því verki eftir að fram er komin þessi till. frá hv. menntmn. og ef hún verður samþykkt. Ég held að þar hafi nefndin hitt á réttara orðalag og réttari hugsun en fram kom upphaflega í 5. gr.

Ég fagna því sem sagt, að þetta mál hefur fengið góða og ég vil telja jákvæða afgreiðslu hér. Ég vona að þetta mál, ef það verður að lögum, hafi raunverulega áhrif í þá átt að auka listskreytingu í skólum og öðrum opinberum byggingum og efli vinnumarkað myndlistarfóks einnig, sem er mjög mikilvægt atriði og skipti af minni hálfu afar miklu máli þegar ég stóð að undirbúningi þessa máls.

Ég læt sem sagt í ljós þá von, að hv. þingdeild afgreiði þetta mál, og styð þær brtt., sem liggja fyrir í málinu, þannig að málið geti haldið áfram sína leið til Ed. og geti orðið að lögum áður en þingi lýkur nú í vor.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.

Brtt. 450,1 (ný gr., verður 2. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 450,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 450,3 (7. gr. verði 6. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 450,4 (8. gr. verði 7. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 450,5 (ný 5. gr., verður 8. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

9.—12. gr. (verða 10.—13. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 450,6 (ný 13. gr., verður 14. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Brtt. 469 tekin aftur.

Brtt. 579 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61, n. 484, 500 og 505, 501). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið flutt hér síðan þessi sérstaki skattur var lagður á í fyrsta sinn á árinu 1979 og þá var frv. flutt af vinstri stjórninni sem tók við haustið 1978. Síðan hefur þessi skattur verið lagður árlega á samkvæmt sérstökum lögum sem gilt hafa fyrir eitt ár í senn.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að framhald verði á þessari skattlagningu á árinu 1982. Sjálfstfl. hefur verið á móti þessari skattlagningu frá því að hún hófst árið 1979, og var fullkomin samstaða í þingflokki Sjálfstfl. um að vera á móti þessari skattlagningu og hún talin alröng með öllu af öllum þm. Sjálfstfl. Hins vegar hefur það gerst, að nú í tvö skipti hafa þrír ef ekki fjórir af þm., sem telja sig til Sjálfstfl., gengið til liðs við rauðliða í þinginu til að samþykkja þennan rangláta skatt. Aldrei virðist hafa hvarflað að þeim að skýra frá hvað hefur breytt afstöðu þeirra til þessa máls. Væri mjög fróðlegt að heyra hvað hafi gert að verkum að þeir hafa snúist gegn sínum flokki og eigin samþykktum í þessu máli. Mér finnst vera kominn tími til að gefa skýringu á þessu máli þegar í þriðja sinn á að fara að endurtaka þetta frá því að þeir komu í ríkisstj.

En það eru fleiri fjölskyldumeðlimir í núv. ríkisstj. sem hafa látið í ljós andúð sína á þessum skatti en þessir þm. Sjálfstfl. Höfuðleiðtogar Framsfl., hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., sem því miður eru ekki hér í dag, — annar kvað vera kominn á skíði og hinn í golf, — hafa lýst yfir að þeir væru á móti þessari skattlagningu og vildu afnema hana með öllu.

Furðulegt er líka til þess að vita, að 3. þm. Austurl., sem hefur gert að miklu baráttumáli að greiða fyrir uppbyggingu strjálbýlisverslunar, mælir nú með því að halda áfram skattlagningu m. a. á þessa sömu strjálbýlisverslun með samþykkt þessa frv. Væri líka fróðlegt, ef hann skýrir sitt nál., að fá að heyra af hverju hann breytir svo gegn sinni sannfæringu í þessum efnum. Það er ekki hægt að skýla sér á bak við fjárlagagerðina því að þessir sömu menn bera ábyrgð á þeirri ákvörðun sem var tekin í sambandi við fjárlagagerð.

Við, sem skipum 1. minni hl. fjh.- og viðskn., höfum verið á móti þessari skattlagningu frá upphafi, en auk mín skrifa undir þetta nál. hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, og hv. 1. þm. Reykn., Matthías Á. Mathiesen. Hins vegar tel ég það athyglisvert, sem fram kemur í nál. 2. minni hl., fulltrúa Alþfl., Sighvats Björgvinssonar, en hann telur að þessi skattur hafi verið lagður á mjög tímabundið og Alþfl. hafi fylgt þessari skattlagningu, en nú segir hann, að kominn sé tími til að spyrna við fótum, og flytur brtt. um að lækka þennan skattstofn úr 1.4% í 0.7 á þessu ári, en hann falli niður með öllu á árinu 1983.

Það fer að verða hæpinn þingmeirihluti fyrir þessari skattlagningu ef menn vilja standa við yfirlýsingar sínar í þessum efnum, ef menn vilja standa við það sem þeir hafa áður samþykkt og áður lagt til, eins og hæstv. landbrh., sem hér er inni og er algerlega á móti þessari skattlagningu. Það er kominn tími til að hann gefi einhverja yfirlýsingu hér á Alþingi um hvað hafi gert það að verkum, að honum snerist hugur og fór inn á skattránsstefnu kommúnista og Framsóknar. Leiðtoga Framsfl. hrýs hugur við að leggja þennan skatt á og lýsir því yfir í fyrra að hann vilji hverfa frá honum, og ekki hefur nú staðið á yfirlýsingum viðskrh., en þegar kemur til atkvgr. og afgreiðslu í hv. Alþingi eru þessir fuglar flognir.

Frsm. 3. minni hl. (Guðrún Hallgrímsdóttir): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði á þskj. 61. Eins og fram kemur í athugasemdum við frv. er gert ráð fyrir tekjum samkv. því í fjárlögum yfirstandandi árs. 3. minni hl. leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt í samræmi við ákvæði fjárlaga. Undir nál. þetta skrifa Guðrún Hallgrímsdóttir, Halldór Ásgrímsson og Ingólfur Guðnason.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Þegar þessi skattur var lagður á í fyrsta sinn árið 1979 var hann hugsaður sem liður í tímabundnum ráðstöfunum þáv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Skattinum var aldrei ætlað að standa í lögum nema mjög skamman tíma, enda er vafasamt að slíkur skattur eigi rétt á sér nema sem tímabundin ráðstöfun. Stafar þetta af augljósum göllum á framkvæmd skattheimtunnar, alls kyns mismununar, sem honum fylgir, og hvers konar vafaatriða sem slíkri skattheimtu fylgja. Sem frambúðarúrræði í skattamálum er skattheimta af þessu tagi óæskileg.

Þótt skatturinn hafi jafnan verið framlengdur til eins árs í senn er hann smátt og smátt að festast í sessi sem varanlegur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Er sú þróun í meira lagi óæskileg, að veigamiklir þættir tekjustofna ríkissjóðs skuli vera skattar af því tagi sem frá upphafi voru hugsaðir sem tímabundin bráðabirgðaráðstöfun með öllum þeim göllum sem óneitanlega hljóta ávallt að fylgja slíkum tekjuöflunaraðferðum.

M. a. vegna þess að þm. Alþfl. áttu á sínum tíma hlut að því leiða sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í lög sem tímabundið úrræði til aðeins eins árs til fjáröflunar vegna sérstakra efnahagsúrræða haustið 1979, hafa þeir fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu skattsins tvívegis síðan. En eins og að framan segir er það skoðun þingflokks Alþfl. að gjalda beri varhug við að festa slíkan skammtímafjáröflunaraðferð varanlega í sessi, en í þá átt stefnir tvímælalaust með umræddu skattheimtu.

Þingflokkurinn telur að nú sé kominn tími til að taka ákvörðun um að stöðva þá þróun, þannig að aðilum, sem undirbúa fjárlagagerð, verði ljóst að Alþingi muni ekki fallast á að endurnýja umræddan skatt til frambúðar um eitt ár í senn, og jafnframt verði ákveðið hvenær þessi skattheimta verið látin niður falla. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982 lagði þingflokkur Alþfl. til að sú ákvörðun yrði tekin af Alþingi að umræddur skattur yrði felldur niður í tveimur jöfnum áföngum, hann yrði lækkaður um helming á yfirstandandi ári, en alfarið felldur niður á næsta ári.

Í samræmi við framangreinda afstöðu þingfl. Alþfl., sem fram kom í tillöguflutningi við afgreiðslu fjárlaga yfirstandandi árs, hefur hv. 3. þm. Vestf. flutt brtt. á þskj. 501 um að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði lækkaður um helming. Verði sú till. samþykkt munu þm. Alþfl. greiða atkvæði með framlengingu

skattsins í því formi um eitt ár til viðbótar. Verði sú till. felld styðja þm. Alþfl. ekki framlengingu skattsins og munu í öllum tilvikum samkvæmt framansögðu greiða atkvæði gegn frekari framlengingu skattsins verði þess leitað á næsta þingi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil við þessa umr. vekja athygli á að í síðustu Verslunartíðindum, málgagni Kaupmannasamtaka Íslands, gerir Gunnar Snorrason, *formaður Kaupmannasamtakanna*, grein fyrir því m. a., hve óréttlátur þessi skattur er og hve mikilli mismunun hann getur valdið. Hann tekur sem dæmi verslunarmiðstöðvar í hinum ýmsu hverfum Reykjavíkur og raunar annars staðar á landinu, þar sem hluti húsnæðisins er notaður undir verslun annars vegar og annar hluti húsnæðisins er notaður undir ýmiss konar þjónustustarfsemi hins vegar. Hann bendir á að þetta geti valdið því, að fasteignareigandinn, húseigandinn, leggi fremur áherslu á að fá sem leigutaka ýmiss konar þjónustuaðila sem hafa með höndum starfsemi sem ekki þarf að greiða þennan skatt af, en mörkin þar á milli geti verið næsta óljós. Ég vil taka undir þetta sjónarmið og vekja athygli á þeirri hættu sem ekki eingöngu felst í mismunun af þessu tagi, heldur gæti hér beinlínis orðið um spillingu að ræða sem ekki er ástæða til að skapa skilyrði fyrir eins og þessi skattlagning getur gert.

Ég vil enn fremur benda á að á fundi, sem Verslunarráð Íslands hélt nýverið hér í Reykjavík um framtíð miðbæjarins, var vakin athygli á að þessi skattur torveldaði eðlilega þróun í skipulagi miðbæjarins og kæmi í veg fyrir að miðbærinn gæti innt það hlutverk af hendi sem miðbær í höfðuborg ætti að gera. Þetta felst í því, að um óeðlilega skattlagningu er að ræða, en eins og kunnugt er, þá er mat fasteigna í miðbæ borgarinnar það hæsta sem um getur í landinu, jafnvel þótt eigendur geti ekki nýtt fasteignir sínar vegna ófrágengins skipulags og annarra atriða sem á skortir af hálfu borgaryfirvalda.

Hér eru nefnd tvö dæmi um skaðleg áhrif þessarar skattlagningar, og önnur dæmi og önnur rök hafa verið færð fram til stuðnings því, að hér sé um algjörlega óeðlilegan skatt að ræða. Í því sambandi hlýt ég að leggja áherslu á að nýverið hefur nefnd skilað áliti sem fjallaði um jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna. Þessi nefnd fjallaði reyndar eingöngu um jöfnun starfsskilyrða landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, en formaður nefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, gerði grein fyrir nál. á aðalfundi Félags íslenskra iðnrekenda og lét þá í ljós þá skoðun, að næst yrði að taka til meðferðar jöfnun starfsskilyrða þjónustugreina, eins og verslunar, viðskipta, samgangna, þannig að allir atvinnuvegir landsmanna sætu við sama borð.

Ég vil undirstrika að þessi sérskattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði ber vitni um mismunun milli atvinnugreina sem kann ekki góðri lukku að stýra. Í raun og veru er þessi skattlagning vitnisburður um það vanmat sem núv. ríkisstj. og fyrrv. vinstri stjórnir leggja á gildi heilbrigðrar verslunar í landinu. Það liggur í augum uppi að það húsnæði, sem nýtt er til verslunar- og skrifstofuhalds, er í engu þýðingarminna fyrir verslun og viðskipti en iðnaðarhúsnæði, fiskverkunarhúsnæði eða húsnæði nýtt til landbúnaðar er fyrir þær atvinnugreinar. Hér er sá úrelti hugsunarháttur, að verslun sé þýðingarminni en aðrar atvinnugreinar í landinu. Er í því sambandi stundum talað um framleiðsluatvinnugreinar og þjónustuatvinnugreinar og framleiðsluatvinnugreinar að þessu leyti tekna fram yfir þjónustuatvinnugreinar. En sannleikurinn er sá auðvitað, að hver sú króna, sem sparast í hagkvæmum innkaupum og lægra vöruverði innanlands eða hærra vöruverði fyrir útflutningsafurðir okkar, er jafnverðmæt og hver sú króna sem fæst fyrir fisk dreginn úr sjó eða fyrir aukna hagkvæmni í fiskvinnslu. Þennan skilning skortir núv. ríkisstj. og er það miður.

Í dag hefur áður verið minnt á að fulltrúar Framsfl. í ríkisstj., a. m. k. tveir, hæstv. sjútvrh. og hæstv. viðskrh., hafa alveg sérstaklega nefnt þennan skatt sem dæmi um að verslun í strjálbýli sé gert erfitt fyrir að sinna hlutverki sínu. Í kjölfar slíkra ummæla hafa þeir látið á sér skilja og raunar gefið yfirlýsingar um að þeim framsóknarmönnum þætti skattur þessi með öllu óeðlilegur og þeir mundu vinna að afnámi hans. Slíkar yfirlýsingar hafa verið gefnar síðla árs 1980 og sömuleiðis síðla árs 1981. Nú sé ég ekki hæstv. viðskrh. í deildinni. Hann á að vísu sæti í Ed. Þótt hér sé um mál að ræða sem fellur vissulega undir starfsvið hans og ætla mætti að hann sæti hér í deildinni meðan þessar umr. færu fram, þá hefur hann þá afsökun að hann á sæti í Ed. En ég vil óska eftir því við hæstv. forseta deildarinnar, að hann gefi mér kost á að leggja fram fyrirspurn til hæstv. viðskrh. áður en þessari umr. lýkur. (**Forseti:** Hæstv. viðskrh. er staddur í Englandi. — **Gripið fram í:** Það er varamaður fyrir hann hér í þinginu. — **Forseti:** Hann á ekki málsvara í þessari deild.) Herra forseti. Ég tel með öllu óeðlilegt að þessari umr. sé lokið hér í deildinni án þess að hæstv. viðskrh. sé hér við og þm. eigi kost á að fá fyrirspurnum til hans svarað. (**Forseti:** Ég skal sjá svo um að 3. umr. verði ekki lokið án þess að þess gefist kostur. Á meira get ég ekki fallist um hríð.) Ég þakka hæstv. forseta út af fyrir sig fyrir það, en árétta að ég tel með öllu óeðlilegt að hæstv. ráðh. sé ekki viðstaddur 2. umr. í þessu máli sem skiptir mjög miklu þá atvinnugrein sem hann á að bera ábyrgð á.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG, VG, ÞS, AS, ÁG, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, KP, MHM.

nei: PS, SteinG, AG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, MB, MÁM, ÓE, SvH.

GP, JS greiddu ekki atkv.

4 þm. (StH, BGr, EH, JÞ) fjarstaddir.

2.—5. gr. samþ. með 20:11 atkv.

Brtt. 501 *felld* með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, PS, GP, SteinG, VG, AG, ÁG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, SvH.

nei: JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG, ÞS, AS, FÞ, GS, GHall, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.

4 þm. (JÞ, StH, BGr, EH) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég er alfarið á móti þessum sérstaka skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, en þar sem ég tel þó skárri brtt. þá, sem hér liggur fyrir til atkvgr., en sjálfa greinina í frv., þá vil ég freista þess að fá skattinn lækkaðan og því segi ég já.

6. gr. samþ. með 18:11 atkv.
7.—9. gr. samþ. með 20:1 atkv.
10. gr. samþ. með 20:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞS, AS, ÁG, FÞ, GS, GHall, GGP, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG.

nei: AG, BÍG, FrS, GeirH, HBl, MB, MÁM, ÓE, PS, SteinG, SvH.

VG, JS, KP, MHM, GP greiddu ekki atkv.
4 þm. (BGr, EH, JÞ, StH) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vek athygli á að brtt. 2. minni hl. fjh.- og viðskn. á þskj. 501 hefur þegar verið felld. Ég hafði gert mér vonir um, þegar þm. Alþfl. í nafnakalli við 1. gr. gerðu ýmist að samþykkja till. eða sitja hjá, að það væri von um að fá þó skattinn lækkaðan. En nú er komið í ljós að þetta er einungis málamyndatillaga á þskj. 501 og þeir láta sig einu gilda hversu hár skatturinn er. Þetta er dapurleg niðurstaða af þeirra hálfu. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 20:1 atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 43, n. 457, 458, 487). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. Nd. hefur haft til meðferðar frv. til laga um brunavarnir og brunamál, 43. mál þingsins á þskj. 43, stjfrv. Nefndin sendi frv. til umsagnar flestum þeim aðilum er mál þetta varðar. Svör bárust frá brunamálastjóra, stjórn Brunamálastofnunar ríkisins, Viðlagatryggingu Íslands, Sambandi ísl. tryggingafélaga, Samband ísl. sveitarfélaga, Landssambandi slökkviliðsmanna, en auk þess frá varaslökkviliðsstjóranum á Akureyri og Héðni Emilssyni tryggingafræðingi, stjórnarmanni í brunamálastofnuninni. Þessu til viðbótar kallaði nefndin til viðræðna um frv. formann stjórnar Brunamálastofnunar Íslands, Jón Bergsson verkfræðing, stjórnarformann Viðlagatryggingar Íslands, Ásgeir Ólafsson, og framkvæmdastjóra Sambands ísl. tryggingafélaga, Hafstein Hafsteinsson. Hefur því félmn. deildarinnar lagt mikla vinnu í þetta frv., en brunavarnir og brunamál skipta að sjálfsögðu miklu máli í okkar þjóðfélagi og telja flestir mjög brýnt að skipan þessara mála sé í góðu lagi og full þörf á að ný löggjöf tryggi sem best að svo geti orðið.

Í athugasemdum við lagafrv. þetta segir svo, með leyfi forseta:

Frv. er niðurstaða nefndar sem skipuð var af félmrh. 1980. Helstu breytingar, sem frv. þetta felur í sér, eru þessar, eins og segir í aths. við það, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Nánar verði kveðið á um hlutverk brunamálastofnunar varðandi kynningu og fræðslu svo og réttindi og skyldur skökkviliðsmanna.

2. Öll sveitarfélög verði skylduð til að halda uppi brunavörnum, nema ráðh. veiti sérstaka undanþágu.

3. Brunamálanefndir sveitarfélaga verði afnumdar sem ákvörðunaraðili um meðferð brota á lögum og reglugerðum um brunavarnir og brunamál, en vald og skyldur slökkviliðsstjóra aukin í þessum efnum. Jafnframt komi skýrari ákvæði um meðferð slíkra mála.

4. Tekjustofnar brunamálastofnunar verði styrktir með hækkun brunavarnagjalds og breyttum reglum um álagningu þess."

Í umsögnum um frv. og í viðtölum við framannefnda aðila komu fram nokkuð mismunandi viðhorf til frv. Nefndin varð sammála um nokkrar breytingar á frv., sem felast fyrst og fremst í eftirtöldum atriðum:

1. Að gera stjórn stofnunarinnar virka að því er varðar stjórn og eftirlit með stofnuninni, nokkurs konar vinnustjórn, m. a. með því að í stað sex manna stjórnar verði hún skipuð þremur mönnum. Er gert ráð fyrir í brtt. að stjórnin taki ákvörðun um ýmis mál, sem upprunalega frv. gerði ekki ráð fyrir, og þessi virka stjórn verði þá að koma reglulega saman og eins oft og verkefnin kalla á.

2. Undanþáguákvæði um skyldu sveitarfélaga til að halda uppi sérstökum brunavörnum eru betur skilgreind.

3. Viðlagatrygging er undanskilin gjaldskyldu til stofnunarinnar.

4. Framlög tryggingafélaga eru hækkuð úr 1.25% í núgildandi lögum í 1.75% af bruttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga og eru þá miðuð við iðgjaldatekjur ársins á undan, eins og er í núgildandi lögum.

Í nál. á þskj. 457 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin hefur tekið frv. til umfjöllunar á mörgum fundum sínum. Frv. var sent til umsagnar. Auk þess komu á fund nefndarinnar fulltrúar ýmissa aðila sem mál þetta varðar. Nefndin varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem hún flytur á sérstöku þskj. Einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. við frv. sem fram kunna að koma." — Undir þetta nál. skrifuðu allir nm. í félmn. Nd.

Á þskj. 458 eru 14 brtt. frá nefndinni, sem ég vil aðeins gera frekari grein fyrir.

1. brtt. er við 2. gr. frv., en eins og ég nefndi áður er í frv. gert ráð fyrir sex manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hún væri þannig skipuð að ráðh. skipaði formann hennar, einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar, einn eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og tvo menn eftir tilnefningu brunatryggingafélaga í landinu. Í stað þess leggur nefndin til að ráðh. skipi þriggja manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipi einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna og einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga. Ráðh. skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunar.

Það kom fram í nefndinni, að eins og allir vita er Samband ísl. sveitarfélaga samnefnari fyrir öll sveitarfélög í landinu, þar með talið Reykjavíkurborg. Fulltrúi tilnefndur af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga í stjórn brunamálastofnunar gætir því hagsmuna allra sveitarfélaga landsins í þessum málum.

Ég tel rétt að geta þess, að það hefur verið föst hefð í landssamtökum sveitarfélaga að formaður stjórnar sambandsins sé jafnframt fulltrúi eða starfsmaður Reykjavíkurborgar, og hafa lögmenn Reykjavíkurborgar gengt þessu embætti hver eftir annan. Ég tel því eðlilegt að ályktа, að vel sé séð fyrir hagsmunum Reykjavíkur-

borgar og húsatryggingum borgarinnar í væntanlegri stjórn og tel að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga muni tryggja að svo verði.

Þá telur nefndin eðlilegt að fulltrúi sé frá Sambandi ísl.tryggingafélaga frekar en frá brunatryggingafélögum í landinu. Virðist sú skipan mála hafa gefist vel samkv. gildandi lögum og vera komin í fastan farveg.

Með tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna hafa þeir aðilar myndað virka stjórn sem mest þurfa að fjalla um brunavarnir og brunamál í landinu.

Að mati nefndarinnar er svo fámenn stjórn miklu hæfari til virkari stjórnunaraðgerða með brunamálastjóra en fjölmennari stjórn og mætti taka slíka skipan upp víðar í opinberum stofnunum.

Þá varð nefndin sammála um að leggja til að breyta því sem stendur í 3. mgr. 2. gr. frv. Í greininni stendur: „Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðh. brunamálastjóra. Skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum." — Nefndin varð sammála um að breyta þessari mgr. þannig: Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðh. brunamálastjóra. Skal hann hafa sérþekkingu á brunamálum.

Nefndin varð sammála um að leggja til að fella út úr frv. upptalningu um menntunarstig brunamálastjóra. Í lögum standi að hann hafi sérþekkingu á brunamálum. Leggur nefndin þann skilning í þetta ákvæði, að sú sérþekking, sem brunamálastjóri þarf að hafa, byggist á víðtækri menntun, svo sem háskólaprófi eða tækniskólaprófi, og því til viðbótar á sérmenntun vegna brunamála. Upptalning í lögum á því að vera óþörf. Er t. d. nægjanleg upptalning að nefna verkfræðing? Hví þá ekki frekar byggingaverkfræðing eða byggingafræðing og byggingatæknifræðing frekar en tæknifræðing o. s. frv.? Þetta verður að vera matsatriði stjórnvalda, en sérmenntun og sérþekking á þessu verksviði er aðalkrafan. Nefndin vill ekki að slakað sé á menntunarkröfum til þessa embættis. Ég vil að það komi hér skýrt fram.

Þá leggur nefndin til að tvær síðustu mgr. 2. gr. verði sameinaðar í eina grein. Eins og er í frv. eru þær í tveimur mgr.:

„Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu og er jafnframt ráðunautur ríkisstj. um allt, sem að brunamálum lýtur.

Brunamálastjóri ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningum opinberra starfsmanna."

Nefndin leggur til að 4. og 5. mgr. verði ein mgr. og orðist svo: Brunamálastjóri veitir brunamálastofnuninni forstöðu. Hann ræður starfsmenn brunamálastofnunarinnar og taka þeir laun samkv. kjarasamningi opinberra starfsmanna.

Niður er fellt að mati nefndarinnar það ákvæði, að hann eigi að vera jafnframt ráðunautur ríkisstj. um allt sem að brunamálum lýtur.

Við 3. gr. gerir nefndin þá brtt., að í stað b-liðar í upptalningunni, þar sem stendur: „Að hafa yfirumsjón með brunavarnaeftirliti sveitarfélaga" o. s. frv., komi nýr b-liður: Að hafa á hendi tækniaðstoð við brunavarnaeftirlit sveitarfélaga og í öllum meiri háttar atvinnufyrirtækjum, verksmiðjum, birgðastöðvum fyrir olíu og bensín, verkstæðum, skólum, samkomuhúsum, sjúkrahúsum, hótelum o. s. frv., í samráði við viðkomandi slökkviliðsstjóra.

Að mati nefndarinnar er heppilegra að hafa þetta þannig, enda í fullu samræmi við þær umsagnir sem við fengum um þetta atriði frá núverandi stjórn og þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við frv.

Þá leggur nefndin til einnig að c-liður 3. gr. breytist. Þar stendur: „Að yfirfara uppdrætti að nýbyggingum, viðbótum og meiri háttar breytingum á mannvirkjun töldum í b-lið, til þess að ganga úr skugga um" o. s. frv. Í staðinn fyrir „töldum í b-lið" komi: sem kveðið er á um í reglugerð. — Auðvitað er þetta beint reglugerðaratriði.

Þá leggur nefndin einnig til að f-liður breytist. Þar stendur „Að halda uppi rannsóknarstarfsemi á sviði brunamála og leiðbeina um val og uppsetningu á slökkvibúnaði og aðvörunarkerfum", þá bætist inn í á eftir orðinu „uppsetningu" orðin: og notkun á. Þetta er aðeins til að undirstrika nauðsyn þess, að þeir, sem um þessi mál fjalli, fái sem besta þjálfun og upplýsingar um þennan þátt slökkvistarfa eða brunamála.

Þá leggur nefndin einnig til að h-liður breytist þar sem stendur í frv.: „Að semja árlega skýrslu um orsakir eldsvoða" o. s. frv. Þá bætist inn í: og afleiðingar. — Þetta er að mati nm. nauðsynlegt því að oft má læra af því sem kemur fram um orsakir og afleiðingar eldsvoða. Það verður a. m. k. til að vekja athygli á mikilvægi þessara mála.

Við 4. gr. gerir nefndin brtt. við 1. mgr.: „Sveitarfélög skulu halda uppi brunavörnum í samræmi við kröfur" o. s. frv. Þar bætist inn í: þar með talið eldvarnaeftirlit í samræmi við þær kröfur o. s. frv. Við bætum eldvarnaeftirliti inn í, enda er gert ráð fyrir að eldvarnaeftirlit verði stór þáttur í málefnum sveitarfélaga að því er varðar brunavarnir.

Þá er einnig brtt. við 4. mgr. 4. gr. Þar stendur: „Félmrh. getur að fenginni umsögn brunamálastofnunar undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn." Nefndin leggur til að þessi mgr. orðist svo: Félmrh. getur, að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunar, undanþegið sveitarfélag skyldu til að halda uppi sérstökum brunavörnum, berist rökstudd beiðni um slíkt frá sveitarstjórn. Það var lögð mjög rík áhersla á þetta atriði frá hendi stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, að þessu undanþáguákvæði verði beitt þar sem fámenn sveitarfélög geti ekki framkvæmt þetta ein sér, en vilji frekar hafa samstarf við önnur sveitarfélög, enda hefur slíkt samstarf viðgengist og þarf að stuðla frekar að því.

4. brtt. er við 11. gr. Á eftir orðinu „umsögn" í lok greinarinnar komi: stjórnar. — Þar sem stendur hér „að fenginni umsögn brunamálastofnunarinnar" komi: að fenginni umsögn stjórnar brunamálastofnunarinnar.

5. brtt. er við 18. gr. og er greinin efnislega eins. Þar stendur: „Félmrn. skal, að fengnum tillögum brunamálastjóra, veita mönnum réttindi til að setja upp kynditæki og gera við þau. Einungis þau kynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af brunamálastofnuninni." — Það er miklu í miklu meira samræmi við fyrri mgr., að það verði brunamálastjóri sem viðurkenni slíkt, og leggur nefndin því til að í staðinn fyrir „brunamálastofnuninni" komi: brunamálastjóra.

6. brtt. er við 19. gr. og er greinin efnislega eins. Á eftir orðinu „tillögum" í 2. mgr. komi: stjórnar. — Þetta, eins og ég tók fram í upphafi, miðast við að gera þessa fámennu stjórn virkari í stofnuninni en gert var ráð fyrir.

7. brtt. er við 23. gr. Í staðinn fyrir greinina eins og hún er í frv.: „Lögreglustjóri skal sjá um, að lögregluranns-ókn fari fram þegar eftir brunatjón. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt" o. s. frv., þá hljóði greinin þannig: Lögreglustjóri skal sjá um að lögregluranns-ókn fari fram þegar eftir brunatjón. Ef kveðja þarf til sérfróða menn vegna rannsóknar á eldsvoða, skal stjórn brunamálastofnunarinnar tilnefna þá samkv. tillögu brunamálastjóra. Réttarrannsókn þarf hins vegar ekki að fara fram, ef brunatjón er óverulegt og eldsupptök kunn. Afrit af gögnum um hverja slíka rannsókn ber að senda viðkomandi tryggingafélagi og brunamálastofnun þegar þau liggja fyrir. — Nefndin taldi eðlilegt að þessi mikilvægi þáttur þessara mála færi fram á þann veg, að stjórn brunamálastofnunarinnar, sem á að vera virk stjórn, taki beinan þátt í þessu atriði málsins.

Viðamesta breytingin er sjálfsagt við V. kafla frv., 24. gr., um brunavarnagjaldið. Nú stendur í frumvarpsgreininni: „Öll tryggingafélög og aðrir, er tryggingar annast, skulu greiða brunamálastofnuninni 1.5% af bruttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga (frumtrygginga) á tasteignum og lausafé. Sama gildir um tryggingu sem innifelur bæði brunatryggingu og annars konar tryggingu. Viðlagatrygging skal reiknuð með sem gjaldskyld trygging í þessu efni, þar eð hún innifelur brunatjón af völdum náttúruhamfara. Skulu framlögin því greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur yfirstandandi árs hverju sinni samkv. áætlun tryggingafélaga og ákvörðun þeirra í ársbyrjun um iðgjald. Endanlegt uppgjör við hvert félag fer fram þegar ársreikningar liggja fyrir."

Um þetta fékk nefndin mjög harðorð mótmæli frá bæði Sambandi tryggingafélaga og eins frá Viðlagatryggingu, en Viðlagatrygging átti að gefa í tekjur samkv. þessu nálægt 150 þús. kr. Var talið óeðlilegt að Viðlagatrygging tæki þátt í þessu gjaldi þar sem Viðlagatrygging er ekki brunatrygging, heldur fyrst og fremst trygging gegn náttúruhamförum og fær sínar tekjur gegnum brunatryggingafélögin með sérstöku álagi á iðgjöld, eins og hv. þm. vita. Er því talið eðlilegt að mati nefndarinnar að fella gjaldskyldu Viðlagatryggingar út úr frv. Miðað við gjaldtöku í núverandi lögum, sem er 1,25% af bruttóiðgjaldatekjum vegna brunatrygginga á fasteignum og lausafé, eru þessar tekjur fyrir yfirstandandi ár áætlaðar í fjárlögum 1982 953 100 kr. Nefndin varð sammála um, vegna aukinna umsvifa sem hin nýju lög munu leggja á þessa stofnun, að hækka gjaldið í 1.75%, sem á að gefa eftir sömu forsendum tekjur upp á 1.4 millj. kr.

Eitt ákvæði, sem var nýtt í þessu frv., að framlög þessi yrðu greidd ársfjórðungslega og miðað við iðgjaldatekjur yfirstandandi árs samkv. áætlun tryggingafélaganna og ákvörðun þeirra í ársbyrjun, mætti, eins og ég áður sagði, mjög hörðum viðbrögðum frá tryggingafélögunum. Þau óskuðu eftir að þetta mál yrði athugað vandlega. Eftir að hafa skoðað ýmis rök með og á móti í sambandi við þetta atriði varð nefndin sammála um að leggja til að fyrirkomulagið yrði óbreytt miðað við núgildandi lög, þ. e. að framlagið yrði greitt ársfjórðungslega og miðað við iðgjaldatekur ársins á undan, enda fer endanlegt uppgjör fram þegar ársreikningar viðkomandi tryggingafélaga liggja fyrir. Má segja í sambandi við þetta atriði eins og margt annað í sambandi við þessa stofnun, að hægt er hvenær sem er að endurskoða þennan tekjuþátt, þ. e. prósentuupphæð af bruttóiðgjaldatekjum, ef sýnist svo eftir starfsemi þessarar stofnunar að hún þurfi meiri tekjur eða öflugri tekjustofna en þarna kemur fram.

Í b-lið 24. gr. frv. er: „Brunamálastofnun skal semja gjaldskrá og leggja hana fyrir ráðuneytið til staðfestingar." Nefndin varð sammála um að b-liur umorðist: Stjórn brunamálastofnunar er heimilt að semja gjaldskrá og fá hana staðfesta af ráðuneytingu. Í slíkri gjaldskrá skal kveðið á um skoðunargjöld og önnur gjöld, er brunamálastofnunin tekur fyrir veitta þjónustu. — Þetta er nýmæli, að setja þarna inn sérstaka gjaldskrá fyrir stofnunina, og er sjálfsagt rétt að stofnunin fái þessa heimild. Þar með geta komið nokkrar tekjur inn í stofnunina í sambandi við þessa breytingu.

9. brtt. nefndarinnar er við 25. gr. Það er aðeins orðalagsbreyting. „Slökkviliðsstjóra ber að hafa eftirlit með því í sínu umdæmi" o. s. frv., stendur í frv., en nefndin leggur til að upphaf greinarinnar orðist svo: Slökkviliðsstjóri hefur eftirlit o. s. frv.

Brtt. við 26. gr. er í samræmi við það sem áður hefur komið fram og er við 1. mgr. Á eftir orðinu „til" í 4. línu komi: stjórnar Brunamálastofnunarinnar, en ekki Brunamálastofnunar ríkisins, eins og þar stendur.

11. brtt. er við 27. gr. Það er nokkur efnisbreyting sem nefndin leggur til, en í frv. stendur: „Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta samkv. 26. gr. Hefur brunamálastjóri þá rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein. Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við félmrn."

Nefndin leggur til að þessi grein orðist svo: Nú telur brunamálastjóri að brotin séu ákvæði laga þessara eða reglugerðar og slökkviliðsstjóri geri ekki fullnægjandi ráðstafanir til úrbóta samkv. 26. gr., og skal brunamálastjóri þá, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar, benda slökkviliðsstjóra á misbrestina, og hefur brunamálastjóri síðan rétt til að beita þeim heimildum, sem slökkviliðsstjóra eru veittar í þeirri grein, ef ekki er úr bætt. Ef brunamálastjóri telur að sveitarstjórn gegni ekki skyldu sinni samkv. lögum þessum, þá er honum heimilt að láta bæta úr á kostnað sveitarsjóðs, að höfðu samráði við stjórn brunamálastofnunar.

Það er sem sagt stjórn brunamálastofnunarinnar sjálfrar sem hefur með þetta að gera, en ekki félmrn. í þessu tilfelli. Það er gerð einfaldari stjórnin á þessu.

12. brtt. er við 28. gr. og er greinin efnislega eins. Í staðinn fyrir að ráðh. setur að fenginni tillögu brunamálastjóra o. s. frv. leggur nefndin til að ráðh. setji að fenginni tillögu stjórnar brunamálastofnunarinnar reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa lengra mál um frv. og brtt. að sinni, en nefndin varð sammála um þessar breytingar þó að einstakir nm. hafi óskoraðan rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt. Ég endurtek að í aðalatriðum er um samræmingu að ræða, en við töldum rétt að gera þarna tilraun til að gera umfang þessarar stofnunar aðeins skilmerkilegra, ef það má orða það svo, þannig að fækka stjórnarmönnum úr sex í þrjá og reyna að fá virka stjórn yfir þessum málaflokki.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 487 brtt. við frv. til laga um brunavarnir og brunamál ásamt hv. þm. Benedikt Gröndal og Vilmundi Gylfasyni.

Á þskj. 458 hefur félmn. flutt nokkrar brtt. við frv., sem m. a. fela í sér að í stað sex manna stjórnar brunamálastofnunar komi þriggja manna stjórn. Með þessari breytingu er m. a. lagt til að fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórninni falli út, en Reykjavíkurborg hefur átt fulltrúa í stjórn brunamálastofnunar frá upphafi eða síðan 1969. Ég á von á að sú ráðstöfun að hafa sérstakan fulltrúa frá Reykjavíkurborg hafi þótt bæði rétt og eðlileg, jafnvel þótt Samband ísl. sveitarfélaga ætti þar fulltrúa, en það fyrirkomulag hefur þótt eðlilegt vegna sérstöðu Reykjavíkur í því máli.

Það er skoðun okkar flm. að brtt. á þskj. 487, sem felur í sér áframhaldandi skipun fulltrúa Reykjavíkurborgar, að eðlilegt sé að sú skipan verði á áfram. Við bendum á að meira en helmingur af tryggingaverðmætunum er á Reykjavíkursvæðinu. Reykjavík sem stærsti tryggingatakinn á því mikilla hagsmuna að gæta án þess að vera tryggð bein aðild að stjórn, en skattur til brunamálastofnunar verður, ef till. félmn. nær fram að ganga, 1.75% af brúttóiðgjöldum vegna brunatrygginga.

Einnig vil ég benda á og undirstrika, og er það ekki síst sá þáttur sem undirstrikar nauðsyn þess að Reykjavíkurborg fái beina aðild að stjórn, að innan Sambands ísl. tryggingafélaga, sem fulltrúa fær í þriggja manna stjórn brunamálastofnunar, eru öll brunatryggingafélögin í landinu að undanteknum Hústryggingum Reykjavíkur. Við flm. þessarar brtt. á þskj. 487 teljum því sérstöðu Reykjavíkur það mikla í þessu máli, að full ástæða sé til að Reykjavíkurborg tilnefni einn fulltrúa í stjórn brunamálastofnunar. Við höfum því leyft okkur að flytja brtt. við 2. gr. frv., sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Ráðh. skipar fjögurra manna stjórn brunamálastofnunar til fjögurra ára í senn. Hann skipar einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga, einn mann eftir tilnefningu Landssambands slökkviliðsmanna, einn mann eftir tilnefningu Sambands ísl. tryggingafélaga og einn eftir tilnefningu Reykjavíkurborgar. Ráðh. skipar formann stjórnar úr hópi tilnefndra stjórnarmanna og ákveður þóknun til þeirra fyrir stjórnarstörf. Stjórnin skal hafa eftirlit með rekstri og starfsemi brunamálastofnunarinnar."

Við leggjum til að 2. gr. frv. verði samþykkt með breytingunni sem ég hef hér lýst.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 487 tekin aftur til 3. umr.
Brtt. 458,1 a samþ. með 20:7 atkv.
Brtt. 458,1 b—c samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 458,2 samþ. með 26 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 458,3 samþ. með 28 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 458,4 samþ. með 26 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
12.—17. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 458,5 samþ. með 25 shlj. atkv.
18. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 458,6 samþ. með 28 shlj. atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
20.—21. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 458,7 (ný 23. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 458,8 samþ. með 26 shlj. atkv.
24. gr., svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 458,9 samþ. með 26 shlj. atkv.
25. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 458,10 samþ. með 26 shlj. atkv.
26. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 458,11 (ný 27. gr.) samþ. með 27. shlj. atkv.
Brtt. 458,12 (ný 28. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
29.—32. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 401, n. 532). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur á fundum sínum fjallað um þetta frv. og varð sammála um afgreiðslu þess. Nefndin leggur fram eina brtt., að aftan við frv. bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Lög nr. 45 frá 16. apríl 1971 skulu endurskoðuð í heild og skal endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984.

Frv. var sent Búnaðarþingi til umsagnar og mælir Búnaðarþing með að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að í 2. tölul. 1. gr. á eftir orðunum „og þjónusta landbúnaðarins" komi: til ársloka 1985. Nefndin taldi að hún hefði í raun og veru orðið við þessari breytingu með bráðabirgðaákvæðinu sem ég er búinn að skýra frá.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. landbn. varð samstaða um þetta mál í nefndinni. Frsm. nefndarinnar lýsti því hér áðan, að Búnaðarþing hefði ályktað um málið og lagt til að álagt gjald samkv. 2. lið 1. gr. gilti ekki lengur en til ársins 1985. Um þetta varð ekki samkomulag í landbn. Hins vegar er gert ráð fyrir því í till. nefndarinnar, að efnt verði til endurskoðunar á lögunum fyrir árslok 1984. En í raun og veru er hálfsögð sagan þegar þessi saga er sögð á þennan hátt. Þetta búvörugjald, framleiðendagjald svokallaða, sem gengur til Stofnlánadeildarinnar, hefur verið innt af hendi í mörg ár og það hefur verið tengt mótframlagi frá ríkissjóði í allmörg ár.

Það er talið af Búnaðarþingi, að þegar niður fellur sú kvöð sem á Stofnlánadeildinni hefur legið að greiða lífeyri þeirra bænda sem ekki hafa áunnið sér lífeyrisrétt-

indi, þá mundi verða óhætt að fella einnig niður þetta búvörugjald. Að mínum dómi réttlætir þá tillögugerð einnig það, að fast framlag ríkisins hefur á undanförnum árum verið stórlega skert, og þá verð ég að segja að það er ekki óeðlilegt að líta svo á að einhver linun yrði í gjöldum sem bændurnir þyrftu að inna af höndum, þegar ríkið hagar sér þannig og hefur þó lagaskyldu til að greiða ákveðin gjöld.

Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef haft af árinu 1979, vantar af fastaframlagi ríkisins 2 500 000 kr. og það vantar af mótframlagi ríkisins gegn öðrum innheimtum gjöldum 78 763 642 kr., eða samtals á árinu 1979 81 263 642 kr. Árið 1980 fer á sömu leið. Af fastaframlagi ríkisins vantar 3 300 000 kr. og af mótframlagi ríkisins á móti öðrum gjöldum vantar það ár 470 368 800 kr. Sem sagt, á því ári vantar 473 668 800 kr. Á árinu 1981 er fast framlag ríkisins komið í það horf sem í lögunum segir, í 250 þús. nýkr., en af mótframlagi ríkisins vantar 8 868 703.73 kr. Samtals vantar því á árunum 1979—1981, að báðum meðtöldum, 14 418 029.15 kr. Þegar þetta er haft í huga er ekkert óeðlilegt að fram komi raddir og tillögur um að fellt verði niður það framleiðendagjald sem er lagt á bændur og búvöruframleiðslu þeirra.

Eins og ég sagði áðan varð að samkomulagi í nefndinni að frv. skyldi fá meðmæli nefndarinnar í heild. Ég undirstrika það, að ég stend að því og hvet til þess að frv. verði samþykkt. En ég geri það fyrst og fremst með það í huga, að hægt verði að fara ofan í þessa hluti áður en kemur til þess að breyting verði á gjaldskyldu Stofnlánadeildarinnar vegna Lífeyrissjóðs bænda. Ég geri það vegna þess, að á því er mikil þörf að þeirri greiðslu verði haldið áfram, en ég tel rétt að stokka upp þessi mál þegar því verkefni er lokið, vegna þeirra vanefnda sem orðið hafa um framlög í Stofnlánadeildina af ríkisins hálfu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það kemur fram í nál. frá landbn. Nd. eftir umfjöllun um þetta mál, að fjórir nm. skrifa undir álitið með fyrirvara. Það eru Árni Gunnarsson og hv. þm. Pétur Sigurðsson, Skúli Alexandersson og Steinþór Gestsson. Þessi fyrirvari af minni hálfu stafar af því, að ég taldi rétt við umr. um málið að leggja þunga áherslu á nauðsyn þess, að lögin um Stofnlánadeildina yrðu endurskoðuð, eins og fram kemur í nál., og þeirri endurskoðun yrði lokið fyrir árslok 1984.

Ástæðan fyrir þessari ósk er m. a. sú, sem kom hér fram í ræðu hv. þm. Steinþórs Gestssonar, og einnig sú, að ég tel m. a. að lánareglur sjóðsins þurfi að endurskoða. Ég vil benda á það, að landbn. Nd. barst bréf frá Búnaðarbanka Íslands, dags. 24. mars 1982, vegna umfjöllunar nefndarinnar um málið. Þar kemur fram að staða Stofnlánadeildarinnar er afar slæm. Ég vil — með leyfi forseta — fá að lesa hér hluta úr þessu bréfi, þar segir:

„Eftir stóra áfallið 1978, þegar deildin tapaði á einu ári um 19 millj. nýkr. og tapaði á því ári öllum varasjóðum og var í árslok komin með 15 millj. nýkr. í öfugan höfuðstól, var skipuð nefnd til að finna grundvöll að rekstri deildarinnar. Sú nefnd komst að þeirri niðurstöðu, að ef deildin lánaði út með svipuðum kjörum og tekin lán mundi hún vinna sig upp með þeim tekjustofnum, sem hún hefur, og vera komin á réttan kjöl við árslok 1981.

Við árslok var réttur höfuðstóll upp á 14.3 millj., en þess verður að geta, að gengislán deildarinnar voru reiknuð upp miðað við skráð gengi um áramót. En eins og öllum er kunnugt, þá varð gengisfelling 14. jan. 1982 og tapaði deildin þá 16.6 millj. Því má segja að raunverulega staða hafi verið 7.7 millj. hagstæður höfuðstóll. Eftirstöðvar erlendra lána námu um áramót 104.4 millj. kr., en endurlán með viðmiðun við erlent gengi 50.4 millj. kr. Því hafði deildin á sér erlend lán upp á 54 millj. kr."

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Vegna fyrirspurnar um vaxtakjör á lánum til bænda, þá skal það upplýst, að vextir á almennum lánum eru 2%, en aftur á móti eru þeir 3.75% á lánum sem deildin tekur af Framkvæmdasjóði"

Ég vil vekja athygli á því sérstaklega, að í bréfi bankans kemur fram að nefnd, sem var skipuð eftir áfallið mikla 1978, telur vera brýna nauðsyn að deildin láni út með svipuðum kjörum og tekin lán. En síðar kemur í ljós að deildin lánar út með 2% vöxtum en tekur lán með tæplega 4% vöxtum. Þetta gengur náttúrlega ekki upp þegar til lengdar lætur. Ég vildi vekja athygli á þessu.

Annað atriði, sem ég tel nauðsynlegt að komi hér fram, eru nýsamþykktar lánareglur Stofnlánadeildar. Ég verð að segja að gerður sé nokkur mannamunur, þar sé hreinlega farið í manngreinarálit þegar um er að ræða hvaða búskap bændur stunda. Það kemur nefnilega fram í þessum lánareglum, að bústofnslán t. d. eru einungis lánuð til kaupa á sauðfé, nautgripum og loðdýrum, þau eru ekki lánuð öðrum bændum. Þó erum við að samþykkja hér lög sem gera alifugla- og svínabændum að greiða í sjóðinn ½%, en á sama tíma er þessum bændum mismunað alveg stórlega. Þeir fá ekki lán samkvæmt þessum nýsamþykktu lánareglum sjóðsins. Þá er eingöngu lánað til þeirra greina sem við eigum í mestum vandræðum með.

Ég tel að þetta þurfi að athuga mjög gaumgæfilega: Í fyrsta lagi það sem ég nefndi áðan, að það geti ekki gengið til lengdar að Stofnlánadeildin taki lán með tæplega 4% vöxtum en láni út á 2% vöxtum. Það rekur enginn sjóði upp á slík býti. Þá vil ég benda á það enn fremur, að í þessum lánareglum, þar sem fjallað er um verðtryggingar og vaxtakjör, kemur ljóslega fram að umtalsverður hluti lánanna er lánaður út með 2% vöxtum, eins og ég nefndi áðan, en nokkrir lánaliðir eru með 4% vöxtum. Það, sem er eftirtektarverðast, er að vextir af jarðakaupalánum eru bara 1%. Ef deildin þarf að taka lán með tæplega 4% vöxtum til þess að lána sem jarðakaupalán, lána þau út aftur með 1% vöxtum, þá stendur hún ekki lengi undir sjálfri sér. Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu.

Ég er hins vegar sammála þessu frv. með þeirri brtt. sem hér hefur komið fram um endurskoðun, og ég vil brýna það fyrir þeim aðilum, sem fara með völdin í þessari virðulegu stofnun, Stofnlánadeildinni, að undinn verði bráður bugur að því að endurskoða allt kerfi Stofnlánadeildarinnar frá upphafi til enda. Þetta er orðið úrelt fyrirkomulag. Mér sýnist t. d. af þeim lánareglum, sem nú hafa nýverið verið samþykktar, að þar sé mönnum beinlínis mismunað. Það er sérstaklega tekið fram að ekki sé lánað til alifugla- og svínaræktar. Þó eru menn að tala um það á sama tíma, að hér þurfi að fjölga búgreinum, hér þurfi að gera meira að því að fjölga þeim greinum í búskap sem hugsanlega geta borið sig. Þess vegna er það algerlega ótækt að mínu viti, að þar sem um

bústofnslán er að ræða sé eingöngu lánað til kaupa á sauðfé, nautgripum og loðdýrum. Ég hef að vísu ekkert á móti því, að það sé lánað til loðdýraræktar, en ég tel um leið að það hefði verið jafneðlilegt að lán yrðu veitt alifugla- og svínabændum — og kannske öðrum búgreinum sem hér eru að ryðja sér braut.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Aðeins örfá orð. Þó að það hefði verið ástæða til að ræða þessi mál vil ég ekki gera það tímans vegna.

Ég vil bara segja það, að í sambandi við bústofnskaupalánin er það Lífeyrissjóður bænda sem lánar til þess og setur lánareglurnar. Stjórn Stofnlánadeildarinnar ræður þar engu um. Í sambandi við jarðakaupalánin er raunar það sama að segja, vegna þess að Lífeyrissjóðurinn lánar þar meginhlutann af fjármagninu með 1% vöxtum, með þeim skilyrðum að lánareglurnar séu á þennan veg. Þeir, sem borga 2% vexti af lánum, eru þeir sem borga jöfnunarsjóðsgjaldið. Það er tekið af afurðunum 1% og lækkuð lán til þeirra sem hafa verið að taka lán á undanförnum árum, og jöfnunarsjóðsgjaldið stendur undir þessum mismun. Þeir, sem þurfa að borga hærri vaxtagjöldin, eru undanþegnir því. Þá er hinn félagslegi þáttur tekinn með og þaðan kemur ekki slík greiðsla. Í sjálfu sér er þetta gert til að létta byrði þeirra sem hafa orðið að taka lán á undanförnum árum með verri kjörum en áður voru. Það er ástæðan fyrir þessum mismun.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni að nýbúið sé að ganga frá lánareglum. Það er ekki búið og verður ekki gert fyrr en föstudaginn eftir páska.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vildi bara að það kæmi fram vegna síðustu orða hv. þm. Stefáns Valgeirssonar, að ég kom með þessar lánareglur á fund hjá landbn. og geta allir nm. borið það með mér að formaður nefndarinnar, hv. þm. Stefán Valgeirsson, sagði að það væri búið að samþykkja þessar reglur. Þess vegna tók ég fram að búið væri að samþykkja þær.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Ég hef ekkert á móti því, að inn sé bætt ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna þannig að þau verði tekin til endurskoðunar eins og þar segir, verði frv. að lögum.

Ég tel ekki ástæðu til að ræða þá þætti, sem hér hafa komið fram, neitt sérstaklega. Ég bendi aðeins á að sú regla hefur gilt á síðustu árum, að fjárveitingar ríkisins til stofnlánasjóða hafa verið skertar og hefur það gengið nokkurn veginn jafnt yfir alla stofnlánasjóði. Hefur sú regla gilt um Stofnlánadeild landbúnaðarins sem aðra sjóði af þessu tagi.

Varðandi lánareglur, sem hér hafa orðið orðaskipti um, get ég staðfest að nýjar lánareglur fyrir þetta ár hafa enn ekki verið staðfestar. Hins vegar eru auðvitað til lánareglur fyrir deildina. Þær, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. hefur fengið í hendur, eru væntanlegar þær sem staðfestar voru á síðasta ári.

Ég vil einnig taka það fram til viðbótar við það sem formaður og frsm. nefndarinnar sagði um lánakjör, en hann skýrði alveg réttilega og nægilega ítarlega lánakjör á bústofnskaupalánum og jarðakaupalánum og hvað þar liggur að baki og þarf ekki að endurtaka, að í sambandi við að einstökum mönnum eða einstökum aðilum sé mismunað samkvæmt þessum reglum má geta þess, að deildin veitir lán til framkvæmda í hinum ýmsu búgreinum án þess að þar sé mismunað að öðru leyti en því, að ef tiltekin búgrein hefur ekki greitt sín gjöld til Stofnlánadeildar verður ekki um lán að ræða. Því miður hafði orðið verulegur misbrestur á að t. a. m. þeir bændur, sem stunda alifuglarækt og jafnvel svínarækt, hefðu greitt sín gjöld til Stofnlánadeildarinnar. Um þau mál var deila uppi. Því var það að sett var á laggir nefnd til að athuga þessi mál. Árangur af starfi þeirrar nefndar birtist í þessu frv. Sú skipting á gjöldum til deildarinnar frá einstökum búgreinum er það sem hér kemur fram. Er vonast til þess, að þegar þetta frv. verður afgreitt sem lög verði þessi deila úr sögunni og allar þessar búgreinar, sem hér er um að tefla, greiði sín gjöld með eðlilegum hætti. Þá er ekki um neina mismunun að ræða.

Þetta vildi ég að kæmi fram til viðbótar við það sem hér hefur verið sagt. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en þakka hv. nefnd fyrir þá afgreiðslu sem hér er orðin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 532 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 37). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum. Frv. þetta miðar að því að bæta og herða innheimtu söluskatts og tryggja sem best skil skattsins í ríkissjóð. Frv. þetta hefur þegar verið afgreitt frá Ed., þar sem það var afgreitt með stuðningi þm. Alþb., Framsfl., Alþfl. og þeirra sjálfstæðismanna sem styðja ríkisstjórnina þannig að um þetta mál hefur skapast nokkuð víðtæk samstaða þótt ekki hafi þar allir verið á einu máli.

Forsaga þessa máls er sú, að ég skipaði nefnd sumarið 1980 til að gera tillögur um bætta innheimtu söluskatts og var nefndinni sérstaklega ætlað að leita leiða til að tryggja sem best skil söluskatts í ríkissjóð. Var nefndinni falið að endurskoða gildandi lagaákvæði um dráttarvexti og viðurlög við skattaundandrætti og kanna öll önnur atriði sem gætu horft til að auðvelda eftirlit með söluskattsskilum. Í þessari nefnd voru sex ágætir menn; þeir Árni Kolbeinsson, Garðar Sigurðsson, Garðar Valdimarsson, Geir Geirsson, Jón Hallsson og Jónas Gunnarsson og var Árni skipaður formaður nefndarinnar. Nokkru eftir að nefndin hóf störf var Skúli Alexandersson skipaður í nefndina í stað Garðars Sigurðssonar, sem baðst undan störfum þar.

Nefndin skilaði áliti í marsmánuði 1981 og er þetta frv. að meginstefnu til byggt á tillögum hennar. Í nefndaráliti því, sem hér um ræðir, segir m. a., með leyfi forseta:

„Núgildandi viðurlaga- og refsiákvæði eru að stofni til frá árinu 1974. Er þar annars vegar um að ræða ákvæði 21. gr. laganna sem kveða á um sjálfvirk viðurlög, án sakar, við drætti á söluskattsskilum og skýrslugjöf. Eru þessi viðurlög nokkurs konar sambland af dráttarvöxtum

og refsikenndum viðurlögum. Nefndin telur, að þessi ákvæði hafi að meginstefnu reynst vel, og gerir því ekki tillögur til róttækra breytinga á þeim. Hins vegar er um að ræða ákvæði 25. og 26. gr. um eiginlegar refsingar ákveðnar af skattsektanefnd eða dómstólunum. Nefndin telur þessum ákvæðum að ýmsu leyti áfátt, t. d. gætir óeðlilegs misræmis milli ákvæða 25. og 26. gr., og einnig sé nauðsynlegt að samræma þessi ákvæði samsvarandi ákvæðum í XII. kafla nýju tekjuskattslaganna."

Einnig er um að ræða að verið er með þessu frv. að hækka sektamörk við brotum á bókhaldsákvæðum og breyta ýmsum atriðum sem varða refsiákvarðanir vegna söluskattsbrota.

Þá er rétt að nefna það , að verði þetta frv. að lögum er ráðh. veitt heimild til að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, þ. á m. reglur um sérstakt bókhald, fylgiskjöl þess og færslu, þar með talið birgðabókhald fyrir alla söluskattsskylda aðila, skráningu í bókhald, á reikninga, strimla, staðgreiðslusölulista og önnur gögn til sönnunar færslum, löggildingu bóka og gagna, færslu þeirra og geymslu, eins og segir í 7. gr. frv. Þessi grein er mikilvægari en menn kynnu að halda við fyrstu sýn þar sem hún veitir ótvíræðar heimildir til að leggja þær skyldur á söluskattskylda aðila um skráningu í bókhald, um strimla og staðgreiðslusölulista sem eiga að gera eftirlitsmönnum með söluskatti fært að fylgjast miklu betur með hvort söluskatti sé til skila haldið. Er gert ráð fyrir að reglum um þetta efni verði breytt og að gerðar verði nokkru strangari kröfur til söluskattskyldra aðila hvað snertir skráningu á viðskiptum en verið hefur.

Ég sé ekki, herra forseti, ástæðu að öðru leyti til að fjölyrða um þetta frv. Ég tel afar mikilvægt að tækifæri gefist til að bæta söluskattsinnheimtuna. Söluskatturinn er langsamlega mikilvægasti tekjustofn ríkissjóðs og óneitanlega leikur sterkur grunur á að verulegar tekjur misfarist af þeim fjármunum sem ríkissjóður á að fá í sinn hlut af söluskatti. Vissulega er ekki von til þess, að úr því verði að fullu bætt með strangari löggjöf eða hertu eftirliti, en þarna má þó margt laga og að því stefnir þetta frv.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Þinghlé.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég óska hv. þdm. gleðilegrar páskahátíðar. Fundi er slitið.

Sameinað þing, 74. fundur

Þriðjudaginn 6. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist eftirfarandi bréf:

„Alþingi, 5. apríl 1982.

Benedikt Gröndal, 4. þm. Reykv., hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík, Jón Baldvin Hannibalsson ritstjóri í Reykjavík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Jón Baldvin Hannibalsson hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og rannsókn kjörbréfs hans þá farið fram. Býð ég hann velkominn til starfa á Alþingi.

Sjónvarp og hljóðvarp á Vestfjörðum, fsp. (þskj. 438). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að gera fsp. til hæstv. menntmrh. um móttökuskilyrði sjónvarps og hljóðvarps á Vestfjörðum. Spurt er:

„1. Hverjar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á árinu 1982 til að koma viðunandi sjónvarpssambandi við þá sveitabæi og þéttbýlisstaði á Vestfjörðum, sem ýmist hafa engin eða þá mjög slæm skilyrði til móttöku á sjónvarpi?

2. Hvað líður áætlunum um uppsetningu FM-senda á Vestfjörðum svo að Vestfirðingar geti notið móttöku á FM stereo-útsendingum hljóðvarps?"

Það er ekki að ófyrirsynju að ég hef leyft mér að spyrja þessara spurninga sem tilgreindar eru á þskj. 438. Það stendur þannig á að það er á vissan hátt ófremdarástand á Vestfjörðum hvað snertir móttökuskilyrði sjónvarps. Í Vestfjarðakjördæmi eru núna um 65 býli sem ýmist hafa engin eða þá mjög slæm skilyrði til móttöku á sjónvarpi. Þetta ástand er vítt og breitt um Vestfirði.

Svo að ég tiltaki hvar þetta er vil ég nefna að í Geiradalshreppi eru tveir bæir þar sem eru slæm skilyrði. Í Reykhólahreppi eru tveir bæir sem þurfa leiðréttingar við. Annar hefur ónothæf skilyrði, hinn slæm. Í Gufudalshreppi eru sömuleiðis tveir bæir sem eins er ástatt um. Í Rauðasandshreppi eru þrír bæir sem þarf að koma til aðstoðar í þessum efnum. Tveir bæirnir hafa ónothæf eða sama sem engin sjónvarpsskilyrði, einn bærinn slæm. Í Suðurfjarðahreppi eru tveir bæir sem hafa ónothæf skilyrði. Í Ketildalahreppi eru sjö bæir sem allir eru taldir hafa ónothæf sjónvarpsskilyrði, og gefur auga leið að það er harla slæmt ástand í þeim hreppi hvað þetta snertir. Í Auðkúluhreppi eru fimm bæir, svo að ég haldi áfram, sem þarf að koma til aðstoðar. Fjórir hafa slæm skilyrði og einn hefur ónothæf eða engin skilyrði. Í Þingeyrarhreppi er um að ræða fjóra bæi sem hafa ónothæf skilyrði. Í þessari skýrslu, sem ég hef, stendur þó, svo að alls sé gætt, að ekki sé föst búseta á þessum bæjum. Í Suðureyrarhreppi eru fjórir bæir sem hafa ónothæf skilyrði og er þar mjög slæmt ástand. Þetta er í Staðardal í Súgandafirði. Í Súðavíkurhreppi eru þrír bæir sem hér koma við sögu. Tveir hafa ónothæf skilyrði og einn hefur slæm skilyrði. Ekki tekur betur við þegar innar kemur í Djúpinu. Í Ögurhreppi eru sex bæir með ónothæf skilyrði eða sama sem engin skilyrði og einn með slæmu

skilyrði. Í Reykjarfjarðarhreppi eru sex bæir sem ýmist eru með slæm skilyrði eða ónothæf, og fjórir bæir í Nauteyrarhreppi eru með ónothæf skilyrði. Ef við víkjum okkur í Strandasýslu er í nyrsta hreppi í Strandasýslu einn bær með ónothæf skilyrði og svo þéttbýlisstaðurinn Djúpavík sem er einnig með ónothæf skilyrði. Í Hrófbergshreppi sunnar í sýslunni eru fimm bæir með ónothæf skilyrði og í Kirkjubólshreppi einn bær með slæm skilyrði. Í Fellshreppi eru tveir bæir með ónothæf skilyrði. Í Óspakseyrarhreppi eru fimm bæir sem þurfa úrlausnar við, fjórir eru með ónothæf skilyrði og einn með slæm.

Ég hef farið fljótlega yfir þetta ástand á sveitabæjum á Vestfjörðum og hygg ég að ekki þurfi að orðlengja frekar um að brýn er þörf á að tekið sé til hendi í þessum efnum.

En 2. liður varðar FM-sendingar á Vestfjörðum, hljóðvarpssendingar, og þar eu Vestfirðingar á eftir öðrum. Þeir hafa nú þegar aðeins þrjá FM-senda af 35 FM-sendum sem hafa verið settir upp á landinu vítt og breitt. Er spurt einnig um hvað líði framkvæmdum í þeim efnum.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil taka fram að vissulega hefði verið æskilegt af minni hálfu að geta gert nána grein fyrir framkvæmdaáætlun um dreifikerfi Ríkisútvarpsins í sumar, en því miður er þess ekki kostur á þessari stundu. En áætlunin er langt á veg komin og hún ætti að geta legið fyrir áður en mjög langt um líður, og ég er fús til að skýra þingheimi frá því þá, hvernig hún lítur út. Vonandi getur það orðið fljótlega eftir páska.

Fsp. hv. 4. þm. Vestf. er um afmörkuð atriði og henni mun ég svara eins og hún liggur fyrir, enda má heita ákveðið hvað til greina kemur að framkvæma á Vestfjörðum á þessu sumri. En ég vil taka það fram í þessu sambandi, að hvað varðar þessar framkvæmdir felst auðvitað engin endanleg lausn á vandamáli Vestfirðinga í þessum efnum. Það er síður en svo.

Fsp. eru á þskj. 438. svo að ég snúi mér að því að svara beint þeirri fyrri, hverjar framkvæmdir séu fyrirhugaðar á árinu 1982 til að koma á viðunandi sjónvarpssambandi við þá sveitabæi og þéttbýlisstaði á Vestfjörðum sem ýmist hafa engin eða þá mjög slæm skilyrði til móttöku á sjónvarpi, þá vil ég greina frá því, að sett verða upp tæki á Gelti og reyndar bráðlega, en með tilkomu þeirra komast Galtarviti og bæir í Staðardal við Súgandafjörð í sjónvarpssamband. Þá er fyrirhugað að reisa í sumar sjónvarpsendurvarpsstöð við Gjögur, en hún mun sjá íbúum við innanverðan Reykjarfjörð fyrir sjónvarpi. Auk þess þykir mér rétt að geta þess, að unnið er að athugunum og mælingum og verður áfram í sumar, strax og hægt er og færð leyfir, vegna stöðva við innanvert Ísafjarðardjúp.

Hvað varðar 2. fsp. er frá því að greina, að keyptir hafa verið til landsins fimm FM-sendar sem á að setja upp í sumar á Vestfjörðum. Þessir sendar verða á Þverfjalli, Botnsheiði, Holti í Önundarfirði, Patreksfirði og á Bíldudal. Í framhaldi af þessum uppsetningum verða kannaðir möguleikar á frekari FM-væðingu á Vestfjörðum.

Ég vil geta þess einnig, að fyrirhugað er að verja 10 millj. kr. til endurnýjunar og nýrra senda í dreifikerfi sjónvarps almennt, en 4 millj. kr. til dreifikerfis útvarps nú í sumar.

Ég hef haldið mér við það í þessum svörum að svara því sem beint er að spurt í fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans, þó að það gæti nokkurra vonbrigða hjá mér eftir þær upplýsingar sem hann gefur um væntanlegar framkvæmdir í þessum efnum á Vestfjörðum á þessu ári. Það er vegna þess að svo mikið þarf að gera á Vestfjörðum varðandi að bæta sjónvarpsskilyrði og setja upp FM-senda hljóðvarps að raunverulega þarf, ef vel á að vera, að gera markvert átak í þeim efnum og að ekki dragist úr hömlu að það sé gert. Þess vegna er mjög þýðingarmikið að það sé tekið á þessu viðfangsefni á þessu ári.

Hæstv. menntmrh. gat þess, að sett yrði upp sendistöð á Gelti sem mundi þjóna vitanum, vitavarðarbústaðnum í Keflavík eða Galtarvita, og er gott til þess að vita. Sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni yfir því, að gert er ráð fyrir að þessi framkvæmd verði með þeim hætti, að bæir í Staðardalnum í Súgandafirði geti notið góðs af. Það bætir úr brýnni þörf á þeim slóðum. Ég er líka að sjálfsögðu ánægður með að það er gert ráð fyrir að sett verði upp sendistöð á Gjögri sem mundi koma að gagni fyrir sveitabæinn Reykjarfjörð í Reykjarfirði og svo Djúpuvík. Eins og ég gat um áðan hefur þessi þéttbýlisstaður, þó lítill sé, Djúpavík, ekki haft sjónvarpsskilyrði og var sérstaklega brýnt að bæta úr því.

Hins vegar verð ég að segja það, að mér urðu nokkur vonbrigði að því sem hæstv. ráðh. sagði um að könnuð yrðu sjónvarpsskilyrði innanvert við Djúpið. Mér skildist að það væri ekki ætlunin að bæta úr ástandi þar á þessu ári, en á því er mikil þörf, einkum í Mjóafirði og innarlega í Nauteyrarhreppi, að gera bragarbót í þessum efnum. Það nær harla skammt ef fyrirætlanir eru núna einungis um að athuga hvað eigi að gera á þessum slóðum. Ég verð að segja að ærinn tími hefur verið til að athuga um þessi efni þannig að það hefði átt að vera búið.

Mér þykir gott út af fyrir sig að heyra það og það er mjög þýðingarmikið, að gert skuli vera ráð fyrir að settir verði upp fimm FM-sendar á þeim stöðum á Vestfjörðum sem hæstv. ráðh. gat um og gaf fyrirheit um að yrði gert á þessu ári. Það bætir mikið úr þeirri þörf sem er fyrir FM-kerfi á Vestfjörðum, þar sem Vestfirðir hafa verið langt á eftir í þeim efnum eins og ég kom lítillega inn á í minni fyrri ræðu. Auðvitað get ég verið ánægður með það sem gert er, en í mínum huga ber meira á óánægju yfir því sem ekki er gert og vangert er og á enn þá að draga að verði gert í svo þýðingarmiklum verkefnum sem eru mjög aðkallandi, eins og ég hef áður lagt áherslu á.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er auðvitað ljóst og ekki ný staðreynd, að Ríkisúvarpinu er fjár vant til að byggja upp, treysta og styrkja dreifikerfi, ekki aðeins sjónvarps heldur og útvarps. Það er engin ný saga hér í sölum Alþingis og verður svo áfram meðan afnotagjöldum stofnunarinnar er haldið óeðlilega lágum vegna hins margumtalaða vísitöluleiks. Hitt er aftur annað mál, sem menn skyldu hafa í huga, að það verður auðvitað aldrei svo, því miður, hversu mjög sem menn kunna að óska þess, að sjónvarp nái á hvern afdalabæ og hvert sem er á landinu. Okkar sjónvarpsdreifikerfi er nú þegar verulega miklu þéttara og nær til fleiri staða hlutfallslega en er í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku raunar

líka, að ég hygg, og sömu sögu er að segja um Bretland, Skotland, Frakkland og Þýskaland. Prósentutalan hér er töluvert hærri. Það er afar einfalt mál að kostnaðar vegna er það óviðráðanlegt. Þau tilvik eru og þannig, bæir þannig staðsettir, að kostnaðurinn við að koma þangað sjónvarpsmynd er svo mikill að það er óraunhæft um að tala hversu æskilegt sem slíkt annars væri. Í þessum efnum sem öðrum verður auðvitað að setja skynsamlega reglu.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan að hann væri reiðubúinn að gera Alþingi frekari grein fyrir framkvæmdum í sambandi við dreifikerfi Ríkisútvarpsins síðar. Ég vil því mælast til þess við hæstv. ráðh., án þess að farin sé *þingskapaleiðin, að óska eftir skýrslu. Ég óska eftir því* við ráðh., að áður en þingi lýkur leggi hann fram skýrslu um starfsemi Ríkisútvarpsins þar sem gerð sé grein fyrir helstu framkvæmdum, fjárfestingum og áætlunum.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er kunnara en frá þurfi að segja að þegar tolltekjur voru teknar af Ríkisútvarpinu var vegið að þeim möguleikum að koma dreifikerfi sjónvarps eðlilega um landið. Hitt er einnig kaldhæðni örlaganna, að stór hluti af þeim búnaði, sem þarf til að byggja þessar stöðvar, er í mjög háum tollflokkum. Þess vegna finnst mér skjóta dálítið skökku við ef menn koma hér og lýsa því yfir, að eftir einhverjum prósentusamanburði við Noreg, Svíþjóð eða Bretland megi helst ætla að þessi mál séu í nokkuð góðu lagi hér á Íslandi. Ég fyrir mitt leyti tel að þau verði þá fyrst í góðu lagi þegar hægt er að segja að sjónvarpið nái til þjóðarinnar allrar. Það má vera að það séu til undantekningar, þar sem þetta sé óviðráðanlegt vegna kostnaðar, en það væri þá sanngjarnt að þinginu yrði gerð grein fyrir þeim stöðum alveg sérstaklega. En meginreglan hlýtur að vera sú, að ef einhverri þjónustustofnun er ætluð einokunaraðstaða í þessu landi fylgi einnig þjónustuskylda gagnvart landinu öllu. Að öðrum kosti hlýtur að vera mjög óeðlilegt að veita henni einokunaraðstöðu.

Flóð í Þjórsá í Villingaholtshreppi, fsp. (þskj. 430). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég hef lagt hér fram fsp. til iðnrh. um flóð í Þjórsá í Villingaholtshreppi. Fsp. hljóðar svo:

„Hvaða ráðstafanir hafa raforkuverin við Þjórsá gert vegna vatnsmiðlunar og aukins vetrarrennslis árinnar til þess að varna landskemmdum og flóðahættu af völdum hennar í Villingaholtshreppi?

2. Hver eru áform um framkvæmdir?"

Nú um nokkurt árabil hefur aukist flóðahætta í Þjórsá í Villingaholtshreppi, og telja fróðustu menn að það sé vegna þess að aukið hefur verið mjög vatnsrennsli árinnar að vetrarlagi og valdi því, að meira verði um ísmyndanir, en líka vegna þess að verið sé að fleyta ís framhjá virkjununum ofarlega í Þjórsá. Þegar ísinn kemur niður á sléttlendið, niður í Flóa hleðst hann upp og áin leitar úr farvegi sínum. Veldur það þar af leiðandi hættu á að hún renni upp á Flóann. Hefur hún komist það hátt að orðið hefur til vandræða hjá bændum sem búa næst ánni. Þetta er ekki góð þróun og menn eru uggandi yfir því, að það geti valdið miklum skemmdum ef ekki verður að gert.

Á síðasta hausti flæddi áin upp og lokaðist vegurinn heim að bæjunum á Egilsstöðum, en einnig komst flóðið upp að bæjum neðar í Villingaholtshreppi, Mjósyndi og þeim bæjum sem standa næst ánni. Hér er um það vandamál að ræða að ekki verður litið fram hjá því, jafnvel þó að búið sé að gera nokkra bragarbót á þar sem nú hefur verið hlaðið í nokkur skörð við ána sem hættulegust voru. En það dugir ekki til. Ef veruleg jakastífla kemur í ána eru bakkarnir og landið þarna svo lágt að flóðið getur farið vestur yfir Flóann og valdið verulegum skemmdum á mörgum bæjum og vegum.

Einnig vel ég taka það fram, að það er stórhætta í Skeiðahreppi hvað varðar landskemmdir. Áin tekur stöðugt meira og meira af ræktunarlöndum bændanna þar. Er það líka sérstaklega vegna þess, að vetrarrennslið er meira og jakaferðin í ánni skefur og skemmir bakkana og þeir falla niður og gróðurlendið flýtur burt.

Ég óska eftir frekari upplýsingum um hvað orkuverin ætli að gera í sambandi við þetta. Þess vegna er þessi fsp. lögð fram.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég svara fram kominni fsp. hv. 1. þm. Suðurl. varðandi hvaða ráðstafanir raforkuverin við Þjórsá hafi gert vegna vatnsmiðlunar og aukins vetrarrennslis árinnar til að varna landskemmdum og flóðahættu af völdum hennar í Villingaholtshreppi og hvað áformað sé um framkvæmdir. Ég hef leitað til virkjunarfyrirtækisins Landsvirkjunar eftir upplýsingum um mál þetta og byggi svar mitt á því sem frá fyrirtækinu hefur borist. En þar segir:

„Landsvirkjun hefur þegar ásamt Villingaholtshreppi staðið að og kostað byggingu varnargarða við bæinn Mjósyndi í Villingaholtshreppi, sem hindrar ána í að flæða yfir túnið og inn í útihús á þeim bæ. Um verk þetta og fleira var á sínum tíma gerður sérstakur samningur, dags. 7. okt. 1977, milli Landsvirkjunar og hreppsins, en þar segir m. a. í 3. gr.:

„Í þáttöku Landsvirkjunar í byggingu varnargarðanna og fjármögnun kostnaðarins við þá felst engin viðurkenning Landsvirkjunar á því, að hún beri ábyrgð á tjóni eða óhagræði sem þeir, sem hagsmuna hafa að gæta, kunna að verða fyrir vegna ís- eða vatnságangs á árbakka Þjórsár og rekja má til krapamyndunar í ánni, leysinga og/eða vatnsborðsbreytinga af hvaða ástæðu og tagi sem er."

Nú í vetur hafa þessir garðar hindrað ána í að flæða yfir túnið að Mjósyndi, eins og gerðist á árinu 1977.

Þá hefur Landsvirkjun samkv. sama samningi með svipuðum fyrirvörum veitt bændum styrki vegna girðingataps og annars tjóns sem þeir urðu fyrir snemma vetrar 1977.

Allt frá því ári hefur Landsvirkjun haft þessi mál í athugun og fylgist með þróun þeirra. Hafa bæði verið farnar skoðunarferðir til að kynnast þeim vanda sem áin skapar ábúendum og einnig hafa starfsmenn Landsvirkjunar litið eftir varnargörðunum við Mjósyndi. Land hefur verið mælt og loftmyndir teknar af Þjórsá frá ósum upp að Búrfelli svo að kortleggja megi breytingar og landspjöll þegar þurfa þykir. Nú eru þessi mál í sérstakri athugun hjá fyrirtækinu vegna bréfs hreppsnefndar Villingaholtshrepps um málið frá 16. febr. s. l. Þegar athugun þessari lýkur mun Landsvirkjun taka upp viðræður um niðurstöðurnar við hlutaðeigandi aðila í Villingaholtshreppi og aðra þá sem hér kunna að hafa hags-

muna að gæta."

Þetta eru þær upplýsingar sem ég hef fengið bréflega frá Landsvirkjun um málið. Frekari upplýsingar, sem rn. hefur aflað sér frá fyrirtækinu um ofangreindar athuganir, eru m. a. þær, að mælingar hafa farið fram á hæð Urriðafossvegar. Er það liður í athugun á því, hve mikið þurfi að hækka veginn til þess að hann standist vatnságang. Að þessum athugunum loknum verða hugsanlegar aðgerðir ræddar við viðkomandi aðila á svæðinu.

Ég tel að í þessum viðbrögðum af hálfu Landsvirkjunar komi fram jákvæð afstaða til að taka á þeim vandamálum sem fylgja auknu vetrarrennsli í Þjórsá eftir að hún í vaxandi mæli hefur verið tekin til virkjunar og vatnsmiðlunar með auknu vetrarrennsli sem afleiðingu. Þetta er fylgifiskur vatnsmiðlana og vatnsvirkjana sem víðar á eftir að gera vart við sig, enda hafa áhyggjur komið fram víðar en þarna um áhrif af slíkum breytingum. Nú kann að vera að meira hafi borið á þessu hin síðari ár, t. d. á fyrri hluta þessa vetrar, vegna þess hvernig áraði, og eflaust er erfitt að færa sönnur á hversu mikið frávikið er frá þeim aðstæðum sem áður ríktu. En ég tel mjög eðlilegt að virkjunaraðilar komi til móts við þolendur, eins og gert hefur verið í þessu tilviki, þó að erfitt sé að sanna með ótvíræðum hætti hver ástæðan sé fyrir viðkomandi breytingum. Það fer þó ekki fram hjá neinum að nýting fallvatna okkar til raforkuframleiðslu með miðlun að vetrarlagi hefur aukna hættu á ís- og krapamyndun í för með sér og þá einnig í Þjórsá, þó að slík fyrirbæri hafi verið kunn áður.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, en því miður er ekki áformað að gera mikið við Þjórsá. Ég held samt að þar sé verulega mikil hætta á því, að þetta geti valdið miklum erfiðleikum. Ef áin heldur áfram að flæða þarna upp, eins og hún hefur gert núna ár eftir ár og hefur komist upp að bæjum, þá getur það valdið stórskemmdum og tjóni á fjölda bæja með auknu vetrarrennsli sem stefnt er að með aukinni vatnsmiðlun, og gæti hún þá farið vestur yfir Flóann. Það mundi þýða að þarna lokast af margir bæir. Það gæti valdið ýmsum skemmdum þannig að erfitt væri að bæta.

Ég vil líka minnast á að það er sama að segja um ána í Skeiðahreppi. Þar hefur hún verið að taka meira og meira af landi. Það er staðreynd að austustu bæirnir, bæði Skeiðháholt og Blesastaðir, hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna þess að áin sargar stöðugt meira og meira af ræktunarlöndum. Svo virðist að eftir að vetrarmiðlun varð meiri og meira rennsli árinnar á veturna auki það stöðugt hættuna. Aukin vatnssöfnun í Þórisvatni verður til þess að auka vatnsrennslið á veturna, en það þýðir að vatnið breiðir meira úr sér þegar niður á flatlendið kemur. Við þann mikla ís sem er fleytt í burtu frá Búrfellsvirkjun, hefur líka komið að því að áin skemmir meira.

Stjórn Landsvirkjunar hefur haft eitthvert eftirlit með þessu á liðnum árum, eins og fram kom hjá hæstv. ráðh., og ég vona að fylgst verði vel með þessu í framtíðinni og þá verði gripið inn í og komið í veg fyrir að tjón hljótist af. En það, sem veldur nú sérstökum áhyggjum, er flóðahættan í Villingaholtshreppi. Ef áin fer upp þar er ábyggilega erfitt að breyta því á stundinni og það getur valdið miklum skemmdum ef áin fer vestur yfir Flóann. Þess vegna lagði ég fram þessa fsp. til að heyra um hvort virkjunaraðilar hafi ekki hugsað sér að gera þarna meira en búið er að gera, meira til að koma í veg fyrir að þetta gæti komið fyrir.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það er aðeins til áréttingar. Mér finnst gæta hjá hv. fyrirspyrjanda þess misskilnings, að það séu neikvæð viðhorf hjá virkjunaraðila í sambandi við þetta mál. En í svari mínu áðan kom fram og haft eftir Landsvirkjun sem viðbrögð við erindi frá Villingaholtshreppi, að hún sé reiðubúin að taka upp viðræður við hreppinn um þennan vanda á grundvelli athugana sem standa yfir. Ekki þarf að eyða orðum að því, að það er ekki sama hvernig við er brugðist, hvernig staðið er að slíkri mannvirkjagerð, sem er kostnaðarsöm ef ráðist er í að gera varnargarða. Þarf að byggja það bæði á góðum landmælingum og að menn átti sig á breyttum rennslisháttum árinnar, í þessu tilviki Þjórsár.

Ég tel ekki að ástæða sé til að finna að viðbrögðum Landsvirkjunar sérstaklega í þessu efni. Ég treysti því, að hún taki jákvætt undir þetta, og mundi hlutast til um og ýta á það ef ég mæti það svo, að það væri ekki góður hugur af hennar hálfu í þessu efni. Hitt liggur fyrir, að fyrirtækið hefur ekki viðurkennt neina skyldu af sinni hálfu í þessum efnum út frá lagalegum sjónarmiðum. Það er svo önnur saga. En farsælast er ef menn geta tekið sameiginlega á vanda sem þessum, sem er augljós. Og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda að þarna getur vissulega verið umtalsverð vá fyrir dyrum, sem snertir byggðir í neðanverðum Flóa, og nauðsyn að bregðast við slíku fyrr en seinna.

Langbylgjustöð, fsp. (þskj. 452). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. að því, hvað líði áætlunum um framkvæmdir við byggingu nýrrar langbylgjustöðvar til þess að leysa af hólmi úrelta og úr sér gengna sendistöð á Vatnsendahæð við Reykjavík. Hér er gert ráð fyrir að einhverjar áætlanir séu á döfinni í þessu efni, og það er ekki að ástæðulausu að gert er ráð fyrir því. Ljóst er að núverandi sendistöð á Vatnsendahæð er þegar orðin allt of veik og útsendingar hennar nást illa víða um land og á miðunum umhverfis landið. Auk þess hafa loftnetsmöstur verið dæmd ónýt og geta fallið hvenær sem er með þeim afleiðingum að útvarp, m. a. til sjómanna á hafi úti, félli niður í ófyrirsjáanlega langan tíma. Hér er því um að ræða mál sem er allrar athygli vert, svo að ekki sé meira sagt.

Ég hef í höndum bréf og álitsgerðir varðandi þetta mál sem allar hníga að því, að það megi ekki bíða raunar stundinni lengur að hafist verði handa um að reisa nýja langbylgjustöð í staðinn fyrir stöðina á Vatnsendahæð. Ég er hér t. d. með bréf frá Verkfræðiþjónustu Guðmundar Óskarssonar til Pósts og síma, dags. 19. júlí s. l. Þar segir að fram hafi farið úttekt á ástandi tveggja 150 metra hárra loftnetsmastra á Vatnsendahæð og niðurstaða úttektarinnar sé á þá lund, að burðarþol mastranna sé nú allsendis ófullnægjandi og beri að fella þau við fyrstu hentugleika. Í þessu bréfi eru svo gefnar upplýsingar sem varða þessa niðurstöðu.

Ég sé ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta bréf, en ég hef einnig í höndum greinargerð um útvarpsmöstur á

Vatnsendahæð, könnun á ástandi þeirra sumarið 1978 af Almennu verkfræðistofunni hf., og þar kennir margra grasa og of langt mál yrði að tíunda allt. Ég vil aðeins víkja að nokkrum atriðum í niðurstöðum þessarar skýrslu sem liggur þegar fyrir árið 1978. Þar segir m. a.:

„Hönnunarálag þetta" — þ. e. á möstrunum sem nú eru — „er aðeins rúmlega helmingur þess sem nú hefur verið krafist og styrkur mastranna nýbyggðra aðeins um 2/3 af styrk mastra byggðra samkv. kröfum nú til dags."

Þá segir enn fremur að ástand mastranna sé afar slæmt, eins og það er orðað, og að ryðpollar hafi verið bæði mjög víða og einnig víða mjög djúpir. Sagt er um skástangirnar að lauslega áætlað virðist helmingur þeirra vera ónýtur eða stórskemmdur af ryði. Í þessari greinargerð segir að af þessu öllu megi ljóst vera að burðarþol mastranna hafi rýrnað verulega af völdum ryðs. Þá segir að þess vegna sé hætta á að möstrin brotni, ef vindhraði á Vatnsendahæð nái 11 vindstigum, og raunar sé það nokkurt undrunarefni að þau skuli enn standa uppi. — Þetta er sagt 1978 og það er ekkert gert og menn vita hvað er í húfi, ef þessi möstur falla, fyrir landsbyggðina og fyrir sjómenn á miðunum umhverfis Ísland.

Svo segir í þessari skýrslu frá 1978 að þeir kunnáttumenn, sem þar hafi fjallað um, telji ekki fært að mæla með því, að gert verði við útvarpsmöstrin á Vatnsendahæð, slíkt væri allt of kostnaðarsamt og möstrin eins og þau eru upphaflega byggð úrelt.

Það er af þessu tilefni sem ég hef leyft mér að gera þá fsp. til hæstv. menntmrh. sem er á þskj. 452.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Spurt er að því, hvað líði áætlun um byggingu nýrrar langbylgjustöðvar. Því er til að svara af minni hálfu, að þótt æskilegt væri vissulega að reisa nýja langbylgjustöð til að leysa af hendi gömlu Vatnsendastöðina hefur ekki verið tekin lokaákvörðun um slíka nýbyggingu enn þá. Hins vegar hefur margs konar vinna verið unnin til undirbúnings slíkri ákvörðun og ég mun leggja til að hafist verði handa um þessa byggingu á næsta ári.

Ný langbylgjustöð er afar kostnaðarsamt fyrirtæki og það hleypur enginn í slíkt verk. Áætlað er að langbylgjustöð af æskilegri stærð og gerð muni kosta 90—100 millj. kr. eða 9—10 milljarða gkr. Af því má sjá að hér er um risamannvirki að ræða.

Því verður ekki á móti mælt, að þörfin fyrir nýja langbylgjustöð er mikil, en fjárskortur hefur frestað framkvæmdum til þessa. Ég vil þó benda á að þó að þörf Ríkisútvarpsins fyrir langbylgjusendingar sé mikil hefur sú þörf á ýmsan hátt minnkað eftir því sem FM-kerfið breiðist út, en áætlað er að FM-kerfið nái til allra hér á landi eftir 2—3 ár. Hins vegar er ljóst að FM-kerfið leysir ekki langbylgjusendingar af hólmi algerlega. Langbylgjan skiptir miklu máli fyrir svæði utan mannabyggðar og fyrir hafið umhverfis landið. Traust langbylgjustöð er því óefað öryggistæki fyrir alla þjóðina, eins konar máttarstólpi í almannavarnakerfinu. Slík stöð heldur uppi því sérstaka hlutverki útvarpsins að vera til taks þegar neyðin kallar, að vera hluti af öryggisþjónustu landsmanna, jafnvel fremur en því hlutverki að vera menningar- og fréttamiðill. Ég tel því margt mæla með því, að ekki verði lagt á Ríkisútvarpið eitt að kosta nýja langbygljustöð, heldur komi ríkissjóður þar beint við sögu ásamt útvapinu, sem að sjálfsögðu ber að kosta slíka framkvæmd að verulegu leyti.

Ég endurtek að ég byggi þetta álit á þeirri staðreynd, að langbylgjustöðin er allt eins öryggismál og almannavarnamál eins og þáttur í eiginlegum útvarpsrekstri, sem sé að miðla fréttum og öðru dagskrárefni til menntunar eða afþreyingar. Ég endurtek hversu mikilvægt það er að koma upp nýrri langbylgjustöð. En ég hlýt að minna á hversu kostnaðarsamt málið er, auk þess sem ég legg áherslu á að það er ekki lengur mál Ríkisútvarpsins eins að bera kostnað af endurnýjun langbylgjustöðvarinnar. Slíka framkvæmd ætti að fjármagna á sérstakan hátt.

Svar mitt við fsp. er það, að lokaákvörðun hefur ekki verið tekin af útvarpsins hálfu um byggingu langbylgjustöðvar, en málið er mikið rætt og unnið að undirbúningi þess og ég mun leggja til, að hafnar verði framkvæmdir á næsta ári, og vænti þess þá, að hv. Alþingi verði við því búið að leggja verulegt fjármagn í það, vafalaust á þann hátt að samþykkja lánsheimild fyrir Ríkisútvarpið eða ríkissjóð til að koma slíkri stöð upp.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni fyrir að hafa borið fram þessa fsp. og vakið athygli á því ófremdarástandi sem ríkt hefur um langan tíma að því er varðar langbylgjusendi Ríkisútvarpsins á Vatnsendahæð. Ég fagna þeirri yfirlýsingu hæstv. menntmrh., að hann muni gera tillögur um að á næsta ári verði hafist handa um framkvæmdir við nýja langbylgjustöð, og sömuleiðis þeirri yfirlýsingu hans, að það sé ekki mál Ríkisútvarpsins eins að fjármagna byggingu slíkrar stöðvar, sem er býsna kostnaðarsamt fyrirtæki eins og kom fram í máli ráðh., því að vissulega er hér um öryggistæki að ræða.

Það gengur satt best að segja kraftaverki næst að möstrin á Vatnsendahæð skuli enn standa uppi. Þær lýsingar, sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson vitnaði til áðan, eru áreiðanlega ekki orðum aukнar og hefur raunar verið vitnað til þeirra fyrr í umr. hér í Sþ. þegar þessi mál hefur borið á góma. Samkv. áætlunum verkfræðinga breska ríkisútvarpsins, BBC, er áætlað að meðalaldur, meðallíftími, slíkra loftnetsmastra sé um 30 ár. Möstrin á Vatnsendahæð eru 50 ára gömul. Þarna er brýnt, að hafist verði handa og ný langbylgjustöð reist, vegna þess öryggis sem slíkt hefur í för með sér.

Fyrirspyrjandi (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svör hans. Ég hlýt að fagna því, að hann ætlar að leggja til að tekin verði ákvörðun um að reisa nýja langbylgjustöð á næsta ári. Ég verð raunar að lýsa nokkurri undrun á að það þurfi að líða enn þá eitt ár. Ekki er óeðlilegt að undrast slíkt þegar höfð er í huga sú lýsing sem ég gaf áðan á ástandi langbylgjustöðvarinnar á Vatnsendahæð. Sú lýsing, sem ég vitnaði til, var ekki gerð á þessu ári. Hún er fjögurra ára gömul. Hún er frá 1978. Þar var sagt að möstrin gætu fallið hvenær sem væri. Ég verð með tilliti til þess að segja að það er nokkuð mikill hægagangur á framkvæmdum í þessu máli, jafnvel þótt við gerum ráð fyrir að það standist sem verið er að gefa fyrirheit um núna, að verkið verði hafið á næsta ári.

Mér þykir rétt að leggja áherslu á það, að hvað sem líður FM-kerfinu getur það aldrei komið í staðinn fyrir langbylgjustöð. Það kom reyndar fram hjá hæstv. ráðh. og líka hjá þeim hv. þm. sem talaði næst á undan mér, hv. 5. þm. Vesturl.

Við skulum ekki vera að gera því skóna að það verði

með nokkrum hætti vikist undan því að hafa snör handtök í þessu máli því að voðinn er vís ef möstrin falla. Þá verður um ófyrirsjáanlegan tíma, eins og það er orðað í greinargerð þeirri sem ég vitnaði til áðan, ekki hægt að útvarpa á langbylgju með skelfilegum afleiðingum fyrir landsbyggðina, sjómennina á miðunum umhverfis Ísland og vegna alls öryggis, því að hér er líka um öryggismál að ræða, eins og hæstv. menntmrh. benti raunar sjálfur á.

Ég verð að segja að mér finnst ekki höfðuatriði hvort *Ríkisútvarpið greiðir þessa framkvæmd, eins og það* gerði í upphafi, eða aðrir aðilar komi þar að. Auðvitað segi ég þetta með þeim fyrirvara að búið sé þannig að Ríkisútvarpinu að það geti sinnt verkefnum sínum í þessum efnum sem öðrum. En það er langt frá því að svo sé. Það er ekki aðalatriði hvaða aðili greiðir þennan kostnað. Hann kemur undir öllum kringumstæðum frá ríkinu og það er almenningur í landinu sem greiðir kostnaðinn. Almenningur í landinu á kröfu til að þegar sé hafist handa um þetta verk, til þess að það verði ekki dýrara en það þarf að vera og til þess að það hendi ekki slys, sem alltaf vofir yfir meðan ekkert er gert.

Sameinað þing, 75. fundur.

Þriðjudaginn 6. apríl, að loknum 74. fundi.

Fiskveiðar í erlendri fiskveiðilandhelgi, þáltill. (þskj. 566). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Verðtrygging tjóna- og slysabóta, þáltill. (þskj. 567). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Herforingjastjórnin í Tyrklandi, þáltill. (þskj. 580). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Skýrsla um utanríkismál (þskj. 477).

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Skýrslu minni um utanríkismál var útbýtt á Alþingi um miðjan mars s. l. Ég geri því ráð fyrir að hv. alþm. hafi kynnt sér hana og hafi hana við höndina. Ég sé því ekki ástæðu til að endursegja hana hér, en læt nægja að vísa til hennar almennt, auk þess sem ég mun vekja athygli á einstökum atriðum eftir því sem mér virðist þörf á, einkanlega þá að málum þar sem eitthvað hefur gerst að marki frá því að gengið var frá skýrslunni til prentunar snemma í mars s. l.

Jafnframt skýrslunni um utanríkismál er vísað til skýrslu um Sameinuðu þjóðirnar sem var samtímis lögð fyrir Alþingi. Ég bendi á að aftast í skýrslunni um utanríkismál er að finna efnisyfirlit, eða réttara sagt aftan við hana, og ætti það að vera til hægðarauka. Eins og efnisyfirlitið ber með sér er skýrslunni skipt í átta aðalkafla eða þætti sem hver um sig skiptist svo í greinar um tiltekin málefni, eftir því sem við á.

Í inngangi, sem er I. kafli, eru m. a. birt orðrétt ákvæði stjórnarsáttmálans um utanríkismál. Þau eru það skýr að varla verður deilt um hvað þar stendur. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þau á þessu stigi. Vera má að til þess gefist tilefni síðar í umræðunum.

Annar aðalkafli skýrslunnar fjallar um alþjóðamál. *Þar er í undirgreinum sérstaklega fjallað um mál eins og* samskipti austurs og vesturs, Madrid-ráðstefnuna, afvopnunarmál, Austurlönd nær og syðri hluta Afríku. Auðvitað hefði þar mátt nefna fleiri mál, en þetta eru þau mál sem efst hafa verið á baugi að undanförnu.

Um alþjóðamálin almennt er það að segja, að á allra síðstu árum hefur ástandið í þeim efnum farið hríðversnandi. Spennan eykst og ágreiningsefni verða æ fleiri og alvarlegri. Það eru mikil viðbrigði frá þeim friðarvonum sem óx fiskur um hrygg lengst af áttunda áratugarins. Hið kalda stríð færist nú hvarvetna í aukana. Ég leyfi mér að undirstrika það sem sagt er um þetta í skýrslu minni á bls. 4: „Andstæðurnar milli austurs og vesturs eru nú skarpari en þær hafa verið allt frá tímum kalda stríðsins og ná til flestra þátta í samskiptum þessara aðila. Ófriðarblikur hafa enn á ný aukist í Austurlöndum nær, spennan hefur vaxið í Mið-Ameríku og lítið miðar í afvopnunarviðræðum og norður- suður viðræðunum um nýskipan alþjóða efnahagsmála. Við þetta bætast síðan þeir efnahagsörðugleikar sem gengið hafa yfir flest iðnvædd ríki á Vesturlöndum og atvinnuleysi tugmilljóna manna."

Því miður verður að viðurkenna að mannkynið stendur nú andspænis meiri óvissu og öryggisleysi en oftast áður, svo að ekki sé meira sagt. Í upphafskaflanum um alþjóðamál er rætt um málefni Tyrklands og El Salvadors og annarra Mið-Ameríkuríkja. Um Tyrkland má bæta því við, að Efnahagsbandalag Evrópu hefur fjallað ítarlega um ástandið þar og tók forseti ráðherraráðsins, Leo Tindemanns, utanríkisráðherra Belgíu, sér sérstaka ferð á hendur til Tyrklands fyrir rúmlega hálfum mánuði til að kanna stöðu mála. Eftir þá ferð virðist bandalagið bjartsýnna en áður á að yfirlýsingar hershöfðingjanna um endurreisn lýðræðis standist bæði að því er varðar tímasetningar og efnisatriði.

Í ráðherranefnd Evrópuráðsins hafa málefni Tyrklands einnig verið til athugunar. Má búast við að á fundi sínum um miðjan apríl taki nefndin ákvörðun um aðgerðir sem hún telur heppilegastar til þess að stuðla að því, að lýðræði og mannréttindi verði endurreist í Tyrklandi sem fyrst. Það er augljóst að fyrir því eru takmörk hve lengi Tyrkland getur verið aðili að Evrópuráðinu án þess að lýðræðislegir stjórnarhættir verði þar aftur upp teknir.

Kosningar hafa farið fram í El Salvador. Kosningaþátttakan varð meiri en ráð hafði verið gert fyrir. Má e. t. v. draga af því einhverja ályktun. Þótt Kristilegir demókratar hafi fengið flest atkvæði þeirra flokka, sem þátt gátu tekið í þessum kosningum, tókst þeim ekki að ná meiri hluta. Því miður lítur svo út sem samvinna nokkurra helstu öfgaflokkanna til hægri geti orðið ofan á, og þarf þá litlum getum að því að leiða, að líkurnar á samningaviðræðum á milli stríðandi afla í samræmi við ályktun Allsherjarþingsins eru enn fjarlægari en áður. Nefna má að forseti Mexíkó hefur átt visst frumkvæði í

sáttaumleitunum. Ekki er vitað hvort sú tilraun ber nokkurn árangur.

Í skýrslunni er vikið að samskiptum austurs og vesturs og fjallað um afvopnunarmál. Ég vísa til þess er þar segir, en vil bæta við örfáum orðum.

Eins og ég vík að í skýrslunni er ráðgert að annað auka-allsherjarþingið um afvopnunarmál komi saman í New York dagana 7. júní til 9. júlí n. k. Því miður er varla við því að búast, að þetta þing marki tímamót í sögu afvopnunarmála. Grundvöllurinn fyrir raunhæfri afvopnun eða a. m. k. samdrætti í vopnabúnaði er gagnkvæmt traust milli ríkja og æðimikið skortir nú á, svo að ekki sé meira sagt, að þær forsendur séu til staðar. Á fyrsta auka-allsherjarþinginu um afvopnun tóku kjarnavopnaveldin m. a. undir það, að frekari tilraunir með kjarnavopn yrði að stöðva. Á þeim fjórum árum, sem síðan eru liðin, hafa tilraunir með kjarnavopn farið fram einhvers staðar í heiminum að meðaltali einu sinni í viku.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur falið afvopnunarnefndinni í Genf að semja um fækkun kjarnavopna, en þau ríki, sem yfir þeim ráða, hafa hingað til á allan hátt tregðast við að fjalla á raunhæfan hátt um slíka samningsgerð í nefndinni. Þar sem starf nefndarinnar byggist á reglunni um samþykki allra endurspeglar hún valdahlutföllin í heiminum og geta meirihlutaályktanir frá Sameinuðu þjóðunum litlu breytt þar um. Meðan tortryggni ræður ríkjum er vonin um raunhæfar aðgerðir lítil. Gildir þá í raun það sama um störf auka-allsherjarþingsins um afvopnun í sumar, þótt þær umræður sem þar fara fram, og þær hvatningar, sem það mun væntanlega samþykkja, geti varla orðið til annars en einhvers góðs.

Samskipti austurs og vesturs og vígbúnaðarkapphlaupið er alvarlegasta áhyggjuefnið í okkar heimshluta. Það þarf að draga úr vígbúnaðinum, ekki hvað síst úr kjarnorkuvígbúnaðinum. Mest ábyrgð hvílir á stórveldunum og þá alveg sérstaklega á risaveldunum, en ábyrgð hvílir einnig á öllum öðrum ríkjum, því að öll ríki, sem geta, keppast við að vígbúast. Afvopnunarmálin eru í sjálfheldu. Þann vítahring þarf að rjúfa. Einhliða afvopnun kemur ekki til greina og verður ekki framkvæmd. Það er ekki raunsætt. Afvopnunin verður að vera gagnkvæm, en einhver verður að stíga fyrsta skrefið. Það er ekki fjarri, sem sænski utanríkisráðherrann hefur sagt nýlega, að hugsunin á bak við vígbúnaðarkapphlaupið er í raun og veru ósigur fyrir mannlega skynsemi. Ég hef ekki um það fleiri orð, en vísa til skýrslunnar og þá sérstaklega til þess sem segir um Pólland, þó að ég fari ekki nánar inn á Póllandsmálið hér. En Póllandsmálið er einnig aðalþröskuldurinn á Madridráðstefnunni. Eins og stendur eru afvopnunarmálin að mínu mati kjarni allra alþjóðamála.

Þriðji aðalkaflinn fjallar um alþjóðastofnanir og svæðasamtök. Þar bendi ég sérstaklega á skýrslu um Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem hér liggur fyrir. Enn fremur er rétt að benda á skýrslu fulltrúa Íslands á 33. þingi Evrópuráðsins sem nýlega hefur verið lögð fram hér á Alþingi.

Í stjórnarsáttmálanum er lögð sérstök áhersla á að sinnt sé starfi í Sameinuðu þjóðunum og Norðurlandaráði. Þeirri stefnu hefur verið reynt að fylgja. Það er meginþáttur íslenskrar utanríkisstefnu, að öllum ríkjum, hvort sem þau eru stór eða smá, beri að standa við skuldbindingar sínar samkv. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á það hefur hvarvetna verið lögð áhersla af Íslands hálfu. Utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittast tvisvar á ári. Á þeim fundum er lögð áhersla á að samræma sjónarmið Norðurlandanna í alþjóðamálum eftir því sem kostur er, og má segja að það hafi leitt til þess, að þau hafi t. d. á alþjóðavettvangi, eins og hjá Sameinuðu þjóðunum, langoftast staðið saman þó að frá því séu undantekningar.

Við greinina um varnarmáladeild á bls. 15 ætla ég að bæta fáeinum orðum.

Störf varnarmálanefndar eru margþætt og margvísleg. Varnarmáladeild fer með mál, er varða samskipti við varnarliðið, og hefur umsjón með lagaframkvæmd á varnarsvæðunum. Samskipti við varnarliðið hafa verið góð, en alltaf koma upp ýmis mál sem úr þarf að greiða. Hefur það yfirleitt tekist vel að mínu mati. Ég vil taka það fram, að á þeim tíma sem ég hef gegnt embætti utanrrh. hef ég aldrei orðið þess var, að varnarliðið gerði tilraun til að hafa afskipti af innanlandsmálum. Ég tel að allar fullyrðingar um hið gagnstæða séu sprottnar af misskilningi, enda hef ég ekki heyrt nefnd nein rökstudd dæmi um slíkt.

Það liggur í augum uppi, að það er forsenda fyrir dvöl varnarliðsins að það hafi ekki afskipti af innanlandsmálum. Yrði misbrestur í því efni væri brostin veruleg forsenda fyrir dvöl varnarliðsins hér á landi. Því hljóta allir að gera sér grein fyrir og það hljóta allir að skilja. (**ÓRG:** Það er spurning hvort miðstjórn Framsfl. skilur það.) Já, það er hægt að ræða um það á eftir ef hv. framítakandi gerði sér það ómak að útlista það nánar. (**ÓRG:** Við getum reynt það í sameiningu.) Það er ágætt að fá smáupplyftingu í þessu.

Vinnuálag á varnarmáladeild er mjög mikið. Þar er því þörf á auknum starfskröftum.

Við hlið varnarmáladeildar starfar varnarmálanefnd sem sérstaklega fjallar um framkvæmdir á vegum varnarliðsins og er utanrrh. til ráðuneytis um þau málefni. En ef það væri staðreynd, sem ekki er, að varnarliðið hefði haft afskipti af innanlandsmálum, þá á ekki við að mínum dómi neitt góðlátlegt klapp á kollinn á því og segjast áminna það um að gera þetta ekki, enda hélt ég að menn hefðu getað skilið það sem ég sagði áðan.

Hafréttarmálefnin eru okkur Íslendingum jafnan hugstæð. Rétt er að geta þess, að á fundinum í Genf í ágúst 1981 var í fyrsta sinn gefið út uppkast að hafréttarsáttmála, en hinar fyrri útgáfur höfðu verið óformleg drög. Þetta undirstrikaði m. a. að nú færi að draga að lokum ráðstefnunnar sem þá hafði verið að störfum í nær átta ár. Einn stóran skugga bar þó þarna á. Er þar um að ræða viðtækar breytingartillögur sem Bandaríkjastjórn hefur sett fram varðandi sáttmálann, einkanlega varðandi málmvinnslu á alþjóðahafsbotnssvæðinu. Viðbrögð þróunarríkja við þessum breytingartillögum hafa verið mjög neikvæð og því er sú hætta vissulega fyrir hendi, að ekki náist eining um endanlega gerð sáttmálans. Hvort þá yrði gengið til atkvæða um textann eða starfi ráðstefnunnar frestað um óákveðinn tíma er enn óljóst. Við hljótum að vona í lengstu lög að fullt samkomulag náist, svo að öll ríki heims treysti sér til að fullgilda sáttmálann. Að öðrum kosti kynnu hættulegar deilur um einstök ákvæði hans að geta blossað upp hvenær sem væri. Ellefu ríki á Hafréttarráðstefnunni: Norðurlönd öll, Ástralía, Nýja-Sjáland, Kanada, Holland, Írland og Austurríki, hafa komið upp óformlegum vinnuhópi til að leita að

málamiðlun milli sjónarmiða Bandaríkjamanna, sem reyndar njóta nokkurs skilnings ýmissa stærri iðnríkja, og þróunarríkjanna hins vegar. Og nú alveg nýlega hefur Sviss bæst í hóp þessara ríkja, þannig að þarna er í raun um 12 ríki að tefla sem reyna fyrir sér um málamiðlun. Hvort slík málamiðlun tekst er enn allsendis óvíst, en við verðum að vona hið besta. Að öðru leyti vísa ég til V. kafla skýrslunnar þar sem fjallað er um ýmis hafréttarmál. Vona ég að þar sé ýmsan fróðleik að finna sem gott sé fyrir hv. alþm. að eiga aðgang að á einum stað.

Í framhaldi af því, sem segir í VI. aðalkafla skýrslunnar um þróunarsamvinnu, langar mig til að bæta við nokkrum orðum um norður-suður vandamálin svokölluðu.

Á undanförnu ári hefur því miður nær ekkert þokast áfram í norður-suður málaflokkunum eða um samskipti ríkra þjóða og fátækra. Þar með á ég þó ekki við að umræður hafi legið niðri. 36. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fjallaði nokkuð um þennan málaflokk á s. l. hausti, og raunar hefur þessu þingi enn ekki verið formlega slitið, aðallega vegna þess að þingforseti kveðst enn standa fyrir óformlegum viðræðum varðandi þennan dagskrárlið, sem fjallar um alhliða samningsviðræður um alþjóðaefnahagsmál, og verði þingið kallað saman til að fjalla um það mál þegar — og ef er sjálfsagt réttara að segja þá líka — í samkomulagsátt miðar.

Í október s. l. var haldinn fundur leiðtoga 22 ríkja í Khartoum til að ræða þessi sömu mál og reyna að marka framtíðarstefnu. Lítill árangur hefur enn komið í ljós af þeim fundi þótt línur kunni að hafa skýrst eitthvað. Í tillögum þróunarríkjanna, sem fram komu 1979, eru vissulega settar fram róttækar hugmyndir um grundvallaratriði í alþjóðlegum efnahagsmálum. Byrðarnar munu fyrst í stað aðallega falla á vestræn iðnaðarríki, þótt segja megi að ýmis atriði þessara tillagna gætu bætt hag allra þegar til lengri tíma er litið. Ýmis Vesturlönd, einkum Bandaríkin hafa ekki verið reiðubúin til heildarsamningaviðræðna um þessi mál, ekki síst vegna þess að erfiðleikar í efnahagsmálum heimsins og heima fyrir gera þeim ekki fært að taka á sig frekari byrðar. Sovétríkin og þeirra fylgiríki halda sig að mestu utan við, með þeirri gamalkunnu röksemdafærslu að þau eigi enga sök á ástandinu og hafi því engum skyldum að gegna.

Meðan hvorki gengur né rekur í þessum málum stendur aðstoð við fátækustu ríki heims í stað eða dregst jafnvel saman. Nýlega fékk ég í hendur upplýsingarit frá Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna sem gefur yfirþyrmandi mynd af einum þætti ástandsins. Ég held að það sé hollt fyrir okkur að heyra nokkrar staðreyndir sem þar koma fram. Við höfum lengi talið hér á landi að barnalífið væri ekki unnt að meta til fjár. En á árinu 1981 hefðu 1000 kr. á ári á barn gert gæfumuninn. Hefði þeirri fjárhæð verið eytt á skynsamlegan hátt handa hverjum og einum hinna 500 millj. fátækustu mæðra og barna í heiminum hefði mátt sjá þeim fyrir bættum mat, hættuminni meðgöngu, grundvallarmenntun og heilsugæslu, auknu hreinlæti og heilnæmara vatni. Jafnframt því að draga þannig úr neyðinni hefðu slíkar aðgerðir stuðlað að því að draga úr offjölgun mannkyns og auka hagvöxt á komandi árum. Í stuttu máli sagt hefðu slíkar aðgerðir til að tryggja grundvallarþarfir allra barna í heiminum bæði verið stærsta mannúðarmál, sem unnt er að vinna að, og einhver besta fjárfesting sem heimsbyggðin hefði getað lagt í.

En á árinu 1981 reyndust 1000 kr. á ári hærra verð en heimsbyggðin var reiðubúin að greiða. Greitt verð reyndist vera eitt barnslíf aðra hverja sekúndu eða 17 millj. yfir árið. Innan við 10% þessara barna voru bólusett gegn sex algengustu og hættulegustu tegundum barnasjúkdóma. Slíkt kostar 50 kr. á barn. Það er hins vegar of dýrt og því varð kostnaðurinn 5 millj. barnslífa.

Árið 1982 verður ekkert betra. Nú í dag munu 40 þús. börn látast, 100 millj. munu fara hungruð að sofa í kvöld, og áður en árið er liðið hafa 10 millj. börn beðið varanlegt tjón til líkama og sálar af næringarskorti og 17 millj. munu hafa dáið áður en fimm ára aldri er náð.

Þetta eru óhugnanlegar staðreyndir, en staðreyndir eigi að síður. Okkur hlýtur öllum að vera hollt að hafa þær í huga þegar við deilum hér um skiptingu á þjóðarkökunni og veltum því fyrir okkur, hvort þetta allsnægtaþjóðfélag eigi að láta sér nægja að leggja fram 50 aura af hverjum 1000 kr. þjóðarframleiðslunnar til að lina þessar þjáningar eða hvort við eigum að vera svo rausnarlegir að hækka þetta upp í 65 aura af hverjum 1000 kr. þjóðarframleiðslunnar. Okkur finnst sjálfsagt að þessar óhugnanlegu staðreyndir séu okkur fjarlægar. Þær eru vissulega ekki fyrir hendi í okkar allsnægtaþjóðfélagi þó að við finnum okkur næg tilefni til að kveina og kvarta. En ég hef viljað benda á þetta hér til þess að vekja menn til umhugsunar um þessi efni og kannske ekki síst vegna þess að Ísland gat sér á einni tíð alveg einstaklega gott orð fyrir framlag til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Í VII. kafla skýrslunnar er greinargerð um þróun utanríkisviðskipta á árinu 1981 tekin saman af viðskrn. Er þar mjög margt athyglisvert að finna. Ég ræði hana þó ekki hér nú, enda mun viðskrh. e. t. v. síðar víkja að þeim þætti skýrslunnar. En ég vil undirstrika það sem í skýrslunni segir, að vinna að utanríkisviðskiptum er veigamikill þáttur í starfi allra okkar sendiráða. Sum sendiráðin hafa viðskiptamál að höfuðviðfangsefni. Munu margir telja einna mikilvægast að sendiráðin sinni þessum þætti mála, þar sem við höfum ekki ráð á að hafa jafnfjölmenn sendiráð og flestar aðrar þjóðir.

Í lokakafla skýrslunnar er fjallað um utanríkisþjónustuna. Verður eigi fjölyrt um hana frekar. Þess má þó geta, að um utanríkisþjónustu Íslands gilda sérstök lög, nú lög nr. 39/1971, jafnframt hinum almennu stjórnarráðslögum og stjórnarráðsreglugerð. Hefur utanrrn. að því leyti til sérstöðu meðal annarra ráðuneyta. Í þessum lokakafla vík ég að utanríkisviðskiptum og hugsanlegum breytingum á framkvæmd þeirra mála. Þar er fyrst og fremst um að ræða hugmyndir starfsmanna utanríkisþjónustunnar og þá þeirra starfsmanna sérstaklega sem mesta reynslu hafa í þessum efnum. Ég vildi vekja athygli á þessum hugmyndum svo að menn gætu hugleitt þær. Það er ljóst að ekki er heppilegt að hrapa að slíkum breytingum sem þar eru orðaðar. Þar getur verið um viðkvæm mál að tefla, bæði út frá pólitísku sjónarmiði og einnig út frá öðrum sjónarmiðum, og er því auðvitað rétt að fara sér hægt og gefa sér góðan tíma til umhugsunar. En auðvitað skiptir meginmáli að skipulag þessara mála sé sem hagkvæmast og horfi til sem mestrar hagræðingar.

Herra forseti. Ég hef með þessum orðum fylgt úr hlaði þeirri skýrslu um utanríkismál sem lögð hefur verið prentuð fyrir þingið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil hefja mál mitt með því að þakka hæstv. utanrrh. skýrslu þá sem hann

hefur lagt fram á Alþingi um utanríkismál. Ég leyfi mér einnig að nota þetta tækifæri til þess að þakka samstarf utanrrh. við utanrmn. sem hefur verið með ágætum.

Við erum væntanlega sammála um að meðferð utanríkismála geti ráðið úrslitum um hvort Íslendingar haldi sjálfstæði sínu, en skilyrði þess að vera sjálfstæð þjóð er að unnt sé að gæta öryggis borgaranna og tryggja sjálfsákvörðunarrétt þjóðarinnar. Við værum væntanlega ekki heldur að ræða um utanríkismál nema við gerðum okkur grein fyrir þessu og hefðum skoðun á stefnum og straumum í alþjóðamálum. Spurningin er ekki sú, hvort við viljum hafa áhrif á þróun alþjóðamála, heldur hin, hverju við fáum ráðið um örlög okkar og annarra í samskiptum þjóða í milli. Einhverjir vilja sjálfsagt gera lítið úr áhrifum smáþjóðar á alþjóðavettvangi, en því nauðsynlegri er smáþjóðum víðtæk þjóðarsamstaða um stefnuna í utanríkismálum. Stórveldi eins og Bandaríkin leggja ríka áherslu á slíka samstöðu. Hvað þá um nauðsyn þjóðarsamstöðu okkar Íslendinga?

Ég vil ekki draga í efa að óreyndu að allir Íslendingar vilji tryggja sjálfstæði þjóðarinnar. En ég hygg að málið sé ekki einfaldað um of þegar ég segi að leiðir að því markmiði hafi skilist að nokkru. Þrír stjórnmálaflokkar, Sjálfstfl., Framsfl. og Alþfl., og þorri landsmanna fylgja og vilja taka þátt í varnarsamtökum vestrænna þjóða. Alþb. eitt stjórnmálaflokka fylgir svokallaðri hlutleysisstefnu.

Það ber að fagna þeirri viðtæku samstöðu sem tekist hefur um að marka ábyrga utanríkisstefnu að þessu leyti. Hins vegar er ljóst að brotalöm er á núv. ríkisstj. í utanríkismálum frá upphafi, eins og er að koma betur og betur í ljós einnig í öðrum málaflokkum. Stjórnarsáttmálinn um utanríkismál, sem vitnað er til í skýrslu utanrrh., ber þessa ljóst vitni. Þar er lögð áhersla á þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum og Norðurlandaráði, en engu orði vikið að þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu. Raunar er ástæða til að rifja það upp, að þátttaka okkar í Sameinuðu þjóðunum var vitnisburður í raun um fráhvarf okkar frá hlutleysi, þar sem Sameinuðu þjóðirnar voru samtök sigurvegaranna í annarri heimsstyrjöldinni, og er það t. d. ástæðan til að Sviss hefur enn ekki gerst aðili þeirra. Forverar Alþb. í Sósíalistaflokknum, Sameiningarflokki alþýðu, greiddu þó þátttöku okkar í Sameinuðu þjóðunum atkvæði og kröfðust reyndar að við gerðumst stofnaðilar að Sameinuðu þjóðunum og gengjumst undir það skilyrði að segja möndulveldunum stríð á hendur. Þá var hlutleysistefnan í þeim hávegum höfð hjá íslenskum sósíalistum. Hvað snertir þátttöku okkar í Norðurlandaráði, þá er þess að geta, að því er ekki ætlað að vera vettvangur almennra utanríkismála vegna skilyrða sem Finnar verða fyrst og fremst að sæta vegna vináttusamnings við Sovétmenn, og sýnir það skilyrði hvaða kvaðir Sovétmenn leggja á vini sína. En ekki ber á öðru en íslenskir sósíalistar mundu sætta sig við það.

Skýrsla utanrrh. bætir að svo miklu leyti sem unnt er úr þeirri alvarlegu brotalöm í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., að ekkert er minnst á meginþátt íslenskrar utanríkisstefnu, þátttöku okkar í varnarbandalagi vestrænna lýðræðisríkja. Alþb. hlýtur því að hafa margt við þessa skýrslu að athuga. Ég tek nú raunar eftir því, að enginn hæstv. ráðh. þeirra Alþb.-manna er viðstaddur svo mikilvægar umr. sem hér fara fram um skýrslu utanrrh., og segir það sína sögu. (**SighB:** Og enginn þm. heldur utan einn.) Honum er líklega ætlað að bera byrðarnar af tvískinnungi Alþb. í ríkisstj. og utan ríkisstj. meðal herstöðvaandstæðinga og þeirra sem bera ábyrgð á mestu varnarframkvæmdum frá því að við gengum í Atlantshafsbandalagið. En raunar ættu þeir Alþb.-menn, sem aðhyllast hlutleysi, að hafa lært af reynslunni. Gagnsleysi og raunar skaðsemi hlutleysisstefnu og uppgjöf þeirra, er henni fylgja, hafa komið greinilega í ljós.

Atburðarásin í upphafi annarrar heimsstyrjaldarinnar er enn í fersku minni miðaldra manna og eldri. Þá óðu herir einræðisherra yfir hvert hlutlaust land á fætur öðru án þess að rönd yrði við reist. Hlutleysi ríkja eins og Svíþjóðar og Sviss er því aðeins virt, að styrjaldaraðilar telji það henta hagsmunum sínum, og útheimtir að að baki hlutleysisins sé verulegur herstyrkur. En Svíþjóð og Sviss eru meðal þeirra þjóða sem mestum fjármunum verja til varnar og vígbúnaðar í hlutfalli við þjóðartekjur. Skaðsemi hlutleysis kemur þó greinilegast fram í þeirri staðreynd, að allar líkur benda til að unnt hefði verið að komast hjá annarri heimsstyrjöldinni ef varnarsamtök eins og Atlantshafsbandalagið hefðu þá verið til. Loks er svo rétt að nefna legu lands okkar, sem er slík að fátt sýnir betur haldleysi hlutleysis. Urðum við varir við það í upphafi annarrar heimsstyrjaldarinnar þegar land okkar var hernumið af Bretum, en við gerðum síðan varnarsamning við Bandaríkin árið eftir og yfirgáfum þá hlutleysisstefnu er við höfðum markað þegar Ísland varð fullvalda ríki 1918.

Sjálfstfl. hefur frá upphafi Atlantshafsbandalagsins markað ákveðna stefnu í þessum málum. Á síðasta landsfundi flokksins var m. a. komist svo að orði í ályktun um utanríkismál, með leyfi forseta:

„Sjálfstfl. hefur verið sjálfum sér samkvæmur í utanríkismálum. Hann fylgir ábyrgri utanríkisstefnu sem í senn tekur mið af brýnum hagsmunum Íslands og þeirri þróun að þjóðirnar verða hver annarri háðari. Í hugmyndabaráttunni á alþjóðavettvangi er afstaða Sjálfstfl. skýr. Hann berst fyrir mannréttindum og frelsi þjóða og einstaklinga til að ráða málum sínum án íhlutunar stórvelda. Sjálfstfl. berst gegn útþenslu heimskommúnismans og varar við tilraunum áhangenda hans bæði utan og innan landamæra Íslands til að koma hér á landi á því þjóðskipulagi, sem hneppir þjóðir í fjötra, stefnir að því að uppræta menningu þeirra, lítur á kristna trú sem andstæðing og breytir blómlegum byggðum í fátæktarhéruð í nafni Marx og Leníns."

Afstaða Alþb., Sósíalistaflokksins — Sameiningarflokks alþýðu og Kommúnistaflokksins áður hefur vissulega verið með öðrum hætti. Raunar hefur þessi afstaða sveiflast til og frá, en unnt hefur verið að fylgjast með að þær sveiflur hafa allt fram á þennan dag farið eftir því sem hagsmunum Sovétríkjanna hefur komið best. Menn muna að lærifeður núv. formanns Alþb., Einar Olgeirsson og Brynjólfur Bjarnason, kröfðust samstöðu með Bretlandi, Bandaríkjamönnum og Sovétmönnum áður en griðasáttmáli Hitlers og Stalíns, er hratt annarri heimsstyrjöldinni af stað, var gerður. Eftir það var krafist hlutleysis um tíma eða þar til Hitler og Stalín voru komnir í hár saman. Þá dugði ekki minna en að segja Þjóðverjum stríð á hendur, eins og ég hef áður rakið. Nú birtist þessi fylgispekt Alþb. við hagsmuni Sovétmanna með ýmsu móti.

Sagt er um Kim Il Sung, einræðisherra Norður-Kóreu, að hann hafi tekið heilsíðuauglýsingu í New York Times

þar sem ágæti hans var útmálað. Síðan vitnaði Kim Il Sung heima fyrir í ummæli hins virta blaðs til sönnunar mannkostum og stjórnunarhæfileikum sínum. Eitthvað þessu líkt er samspil Sovétmanna og Alþb.-manna. Sovétmenn láta sér líka þótt Alþb. reyni að lýsa sjálfu sér sem samtökum sósíaldemókrata á borð við flokk Mitterands til þess svo að geta vitnað í ummæli herra Ólafs R. Grímssonar, sem þeim eru þóknanleg, til þess að segja heimamönnum hvað utanríkisstefna kommúnista sé ágæt og stefna lýðræðisríkja slæm. Mætti fleira um þetta samspil segja, en það bíður betri tíma.

Þróun alþjóðastjórnmála vekur vissulega ugg og kvíða um þessar mundir. Merki þessa eru mörg, en þeirra helst aukinn vígbúnaður, styrjaldarhætta og jafnvel hætta á notkun kjarnorkuvopna. Af slökunartímabili hefur tekið við aukin spenna í samskiptum þjóða. Þær vonir, sem menn gerðu sér þegar Helsinki-sáttmálinn var undirritaður, hafa brugðist. Því til sönnunar má nefna að í stað þess, að slík slökun átti að leiða til árangurs í afvopnunarviðræðum, þá er upplýst að Sovétmenn hafa aukið herstyrk sinn einmitt að miklum mun á slökunartímabilinu, gagnstætt því sem vestræn lýðræðisríki hafa dregið saman herstyrk sinn og vopnabúnað.

Það er að vísu ljóst, að í Sovétríkjunum er jarðvegur tortryggni er gerir stjórnvöldum betur fært en ella að sannfæra menn þar í landi um að setið sé á svikráðum við þá og árásarhætta sé e. t. v. til staðar. Þeir, sem hafa komið til Sovétríkjanna — og m. a. staðnæmst við það merki er reist hefur verið til að minnast þess hvar herir Hitlers námu staðar við borgarhlið Moskvu, geta vel skilið að valdhafar geta nýtt slíkan jarðveg til að ala á tortryggni og skapa sjálfum sér skilyrði til aukins vígbúnaðar og þeirra álaga á landsmenn sem nauðsynleg eru í þeim tilgangi og leiða til skerðingar lífskjara. Einræðisherrar hafa einnig að þessu leyti allt aðra stöðu til þess að fara sínu fram án þess að spyrja kóng eða prest og síðast af öllu landsmenn sína. Hér er ólíku máli að gegna meðal lýðræðisríkja, þar sem opin umræða verður að fara fram áður en stjórnvöld geta lagt fjármuni til vígbúnaðar og vopnakaupa, áður en unnt er að leggja á aukna skatta til þess að standa undir slíkum útgjöldum. Það er því ljóst, að í lýðræðisríkjum er vígbúnaður og vopnabúnaður, hvort heldur er gerð kjarnavopna eða annarra tegunda vopna, bundinn því, að almenningur telji slíkan vopnabúnað og varnarráðstafanir nauðsynlegar. Í þessu felst vissulega mikill munur á aðstöðu lýðræðisríkjanna annars vegar og einræðisríkjanna hins vegar. Þessi munur kom ljóst fram í annarri heimsstyrjöldinni þegar Hitler hafði tíma og tök á að vígbúast án þess að lýðræðisríkin uggðu að sér. Þessi lærdómur ætti vissulega að verða lýðræðisríkjum áminning um að gæta vöku sinnar.

Það er skiljanlegt að menn í ríkjum Vesturlanda vilji leggja áherslu á að verja fjármunum sínum til þess að bæta kjör sín og veita sér ýmsa þá muni sem gera lífið þægilegra og ánægjulegra. Þetta val, sem þegnar í vestrænum lýðræðisríkjum eiga, eiga þegnar austantjalds ekki. Af því leiðir aftur að við vitum ekki um fyrirætlanir austantjaldsmanna og Sovétmanna eins og þeir vita um fyrirætlanir lýðræðisríkja. Það er skiljanlegt, að í frjálsum löndum bindist menn samtökum um að stuðla að friði, og nú hafa ýmsar friðarhreyfingar verið allathafnasamar. Hins vegar er dregið í efa hvers konar hreyfingar eru hér á ferðinni, hvaða stjórn þær lúta, hverra erinda þær ganga og hverjum þær gera gagn. Ég efast ekkert um að meðal þessara samtaka séu samtök manna sem af heilum hug og einlægni berjast fyrir friði með þessum hætti. Hins vegar er sömuleiðis ljóst að margar þessar friðarhreyfingar ganga erinda einræðisafla Sovétmanna í þeim tilgangi að svæfa vestræn lýðræðisríki á verðinum fyrir frelsinu. Við höfum heyrt nægilega vel upplýstar fréttir um fjárhagslegan stuðning við þessar friðarhreyfingar sem koma eftir dularfullum leiðum til ýmissa þeirra manna sem þar standa framarlega í flokki. Það er ólíklegt að slíkt austrænt gull finni ekki sinn farveg til okkar lands eins og annarra landa til þess að vinna þeim málstað gagn sem einræðisherrarnir telja sér sérstaklega þóknanlegan.

Það er út af fyrir sig ekkert nema gott um áróður friðarhreyfinga að segja ef áhrif þeirra væru hin sömu vestantjalds og austan. Austantjalds hafa slíkar hreyfingar engan grundvöll. Það eru engar forsendur fyrir frjálsri starfsemi þeirra. Þar eru friðarhreyfingar verkfæri valdhafanna, alveg eins og verkalýðsfélögin eru þar verkfæri valdhafanna. Friðarhreyfingar vestan járntjalds eru ýmist samtök manna, sem ganga erinda erlendra hagsmuna vitandi eða óvitandi, eða manna, sem af heilum hug bera friðinn fyrir brjósti og telja honum best borgið með afvopnun, einhliða afvopnun. Það væri hins vegar mikið glapræði, það sýnir sagan okkur best. Einræðisherrar og harðstjórar verða ekki stöðvaðir ef þeir mæta ekki andstöðu. Þeir fylla hvert það tómarúm sem skapast. Eina ráðið til að standa gegn framsókn þeirra og auknum áhrifum er að tryggja að menn verði ekki teknir sofandi á verðinum vestantjalds. Einhliða afvopnun er ekki leiðin til friðar. Svokallað ógnarjafnvægi er vissulega ekki æskilegt, en er þó betra — eða réttara sagt illskárra en yfirburðir einræðisherra og harðstjóra sem einskis svífast og geta með þeim hætti sett öðrum þjóðum úrslitakosti sem ekki er um annað að gera en að hlýða og hlíta ef varnarviðbúnaður er ekki til staðar.

Svo mikið sem afvopnunarmál í tengslum við samskipti austurs og vesturs hafa verið á dagskrá, þá þykir mér hlýða að rekja hér — með leyfi forseta — nokkur atriði úr ályktun landsfundar Sjálfstfl. að þessu leyti á s. l. hausti svohljóðandi:

„Sjálfstfl. varar eindregið við þeim háværu röddum sem segjast tala í nafni friðar og krefjast þess, að með einhliða yfirlýsingum skuldbindi Vesturlönd sig til að búast ekki til varnar gegn hernaðarmætti Sovétríkjanna. Þeir, sem slíkar kröfur gera, eru að kalla á hinn sovéska frið, þar sem kjarnorkuveldið í austri fær öllu sínu framgengt með því einu að færa til eldflaugar sínar og ógna með þeim.

Eina skynsamlega leiðin út úr vígbúnaðarkapphlaupinu er að samkomulag náist um gagnkvæma takmörkun á vígbúnaði og afvopnun stig af stigi undir nákvæmu eftirliti. Oftar en einu sinni hefur sýnt sig að þjóðir Atlantshafsbandalagsins hafa ekki getað þokað Sovétmönnum að viðræðuborðinu fyrr en þær hafa sýnt staðfestu og tekið til við að svara hinum sovéska vígbúnaði í sömu mynt. Ákvörðun um slíkt var einmitt tekin af utanríkisráðherrum Atlantshafsbandalagsríkjanna í desember 1979, þegar ákveðið var að snúast gegn SS-20 kjarnorkueldflaugum Sovétmanna sem einvörðungu er miðað á Evrópuríki. Hinir svonefndu talsmenn friðar í Vestur-Evrópu hafa einmitt lagst mest gegn þessari ákvörðun Atlantshafsbandalagsins og reyna að hnekkja henni,

þótt hún hafi leitt til þess, að Sovétmenn segjast nú tilbúnir til að taka upp viðræður um Evrópueldflaugar sínar. Hitt er eins víst, að Sovétstjórnin ætli sér það eitt að draga viðræður á langinn í von um að hin svokallaða friðarhreyfing fái því framgengt að með einhliða yfirlýsingum afsali vestrænar ríkisstjórnir sér því sem þær mundu annars ekki láta af hendi nema gegn sambærilegu skrefi af hálfu Kremlverja.

Á undanförnum tíu árum, sem kennd hafa verið við slökun í samskiptum austurs og vesturs, hafa Sovétmenn verið að færa út kvíarnar með öllum tiltækum ráðum, bæði fyrir tilstyrk annarra (Kúbumanna og Víetnama) og grímulaust í Afganistan."

Þá hafa Sovétmenn og sýnt sitt rétta andlit í Póllandi, sem varð til þess að Alþingi samþykkti till. til þál. um samúð og stuðning við pólsku þjóðina. Mönnum er í fersku minni þessi till. til þál. og skal ég ekki frekar rekja hana, en ítreka niðurlagsorð hennar: „Á örlagastundu óska Íslendingar þess af einlægni, að Pólverjar fái aukin réttindi og taki sjálfir ákvarðanir um framtíð sína í frjálsum kosningum á grundvelli opinna umræðna, en séu ekki sviptir mannréttindum með valdbeitingu og ógnun um innrás."

Þessi ályktun Alþingis er einsdæmi, að ég hygg, og hún hefur síðan verið notuð til þess að rökstyðja ýmsar aðrar tillögur til þál. um verndun lýðræðis og mannréttinda í öðrum löndum, eins og El Salvador og Tyrklandi. Ég hygg að hér sé ekki um sams konar mál að ræða. Í Póllandi ógnaði Samstaða, samtök frjálsra pólskra verkalýðssamtaka, ekki lýðræðinu eða mannréttindunum, heldur var Samstaða að vinna að því að auka lýðræði og mannréttindi í Póllandi með friðsamlegum hætti. Þar var ekki um vopnaða uppreisn að ræða eða vopnaviðskipti eins og bæði í El Salvador og Tyrklandi. Í El Salvador eigast við margvíslegar stjórnmálahreyfingar, hvort heldur litið er til þeirra stjórnmálaflokka, er tóku þátt í nýafstöðnum þingkosningum, eða til skæruliðahópanna. Það er útilokað fyrir okkur að gera upp á milli þessara deiluaðila eða gera okkur grein fyrir að hve miklu leyti um er að ræða íhlutun Kúbumanna eða Nicaragua í málefni El Salvador eða þá Bandaríkjamanna.

Hvað Tyrkland snertir vaknar sú spurning, af hverju ekki var ástæða til að álykta um málefni Tyrklands meðan lýðræðisstjórn fór þar með völdin, þegar um var að ræða um 30 morð á hverjum degi. Við hljótum að leggja megináherslu á það, að allt, sem við gerum eða fulltrúar okkar í alþjóðasamtökum, sé til þess fallið að skapa skilyrði fyrir því, að lýðræði eigi afturkvæmt í Tyrklandi og friður og réttlæti megi komast á t. d. í El Salvador og öðrum Mið-Ameríkuríkjum. Við hljótum að fela fulltrúum okkar t. d. í Evrópuráðinu og Atlantshafsbandalaginu að vinna að þessu markmiði hvað Tyrkland snertir, og við hljótum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, eins og hæstv. utanrrh. hefur gert grein fyrir fyrr á þessu þingi, að gera slíkt hið sama varðandi El Salvador og önnur Mið-Ameríkuríki.

Ég tel að það sé mjög varasamt, ef við á Alþingi Íslendinga ætlum að flytja tillögur og samþykkja um mannréttindamál og verndun lýðræðis í einstökum ríkjum, þegar af þeirri ástæðu að við yrðum að fjalla um 120—130 ríki ef svo færi. En það er haft fyrir satt, að af 150—160 meðlimaríkjum Sameinuðu þjóðanna sé hæpið að telja meira en 30 ríki til lýðræðisríkja.

Við sjálfstæðismenn leggjum áherslu á verndun lýðræðis og mannréttinda, og við mótmælum vissulega brotum á mannréttindum hvar sem um þau er að ræða og hvenær sem þau eru framin. Við hljótum eins og aðrir Íslendingar að berjast og vinna gegn einræði og harðstjórn. Ályktunin um Pólland er sérstaks eðlis. Þar er um land að ræða sem við höfum aðstöðu til að fylgjast með þróuninni í og var dæmi um tilraun meðal þjóða austan járntjalds til þess að fikra sig í átt til aukinna mannréttinda. Sú tilraun var kæfð, eins og kunnugt er, og slokknaði þar með von í brjóstum manna um að unnt væri að vinna svo að málum undir sósíalísku skipulagi að til þess leiddi að mannréttindi væru virt og lýðræði komið á. Svo mikilvægt og örlagaríkt sem það er í utanríkismálastefnu að efla mannréttindi — og þ. á m. er um það að tefla þegar við ræðum samskipti austurs og vesturs, þá er engu að síður örlagarík sú taflstaða sem skapast hefur milli norðurs og suðurs, þ. e. viðhorfin gagnvart þróunarríkjum.

Það lítur að vísu svo út nú að viðskipti austurs og vesturs séu hættulegri hvað snertir heimsfriðinn en samskipti iðnaðarríkja og þróunarríkja, en jafnvel þótt við vonum að betur rætist úr samskiptum austurs og vesturs en horfir, þá kunna samskipti norðurs og suðurs að skapa í framtíðinni hættu á ófriði sem enginn má loka augunum fyrir. Ég leyfi mér enn, herra forseti, að vitna til ályktunar landsfundar Sjálfstfl. um samskipti við þróunarlöndin, en þar var komst að orði:

„Af siðferðilegum ástæðum ber Íslendingum skylda til að gera það sem í þeirra valdi er til að koma í veg fyrir að meðbræður þeirra í öðrum löndum og álfum svelti eða líði skort á annan hátt. Jafnframt skal til þess litið, að hagsmunir Íslendinga og þróunarþjóða falla saman með margvíslegu móti. Áhrifum sínum á alþjóðavettvangi eiga Íslendingar að beita til að efla stuðning við þróunarlöndin og standa þar með einnig vörð um grundvallaratriði viðskipta- og athafnafrelsis."

Við höfum ekki lagt fram til þessa málaflokks nema tíunda hluta þess sem Sameinuðu þjóðirnar ætlast til, að því er ég hygg, og enn minni hluta miðað við það markmið sem Alþingi sjálft hefur sett sér að stefna að, að 1% af þjóðartekjum verði varið til aðstoðar við þróunarlöndin. Við hljótum að íhuga með hvaða hætti við getum aukið þessa aðstoð og hvernig henni verður best háttað. Ég tel ástæðu til að við hér á Alþingi fjöllum nánar en við höfum gert um hvernig þessari aðstoð skuli háttað og hvaða árangur hún hefur borið hingað til. Það er ljóst að við höfum ekki bundið þessa aðstoð neinum skilyrðum. Þau ríki, sem hennar njóta, eru t. d. ekki í hópi lýðræðisríkja að okkar mati og þar eru ekki alls staðar mannréttindi virt. Ég hygg þó að við séum ekki á þeirri skoðun, að við eigum að gera að skilyrði að þessi lönd breyti stjórnarfari sínu eða stjórnarskipulagi. Hins vegar ölum við þá von í brjósti, að aðstoð okkar á efnahagslegu sviði geri það að verkum að framfarir verði í viðkomandi ríkjum þannig að skilyrði skapist fyrir lýðræðislegri þróun. Það kann að taka ekki eingöngu ár, heldur áratugi. En þetta er sú von sem við ölum í brjósti, og á þessum grundvelli og forsendum hljótum við að sinna aðstoð við þróunarlöndin, um leið og mannúðarástæður eru forsendan að þessari aðstoð, sem full ástæða er til, og þarf ekki annað en vitna til orða hæstv. utanrrh. áðan um það ástand sem víða ríkir í þróunarríkjunum.

Áður en ég segi skilið við aðstoðina eða samskiptin við

þróunarlöndin vil ég endurtaka niðurlagsorðin í ályktun landsfundar Sjálfstfl., þar sem sagt var að standa ætti einnig vörð um grundvallaratriði viðskipta- og athafnafrelsis, því að reynslan hefur kennt okkur hvað snertir samskipti við þróunarlöndin að mörg þeirra eru ekki fyrr komin á legg og orðin þess umkomin að framleiða vörur, sem eru samkeppnishæfar á mörkuðum þróaðra ríkja, en iðnaðarríkin fara að hugleiða tollmúra og alls konar viðskiptahöft til þess að koma í veg fyrir að þróunarríkin geti selt vörur sínar á markaði iðnaðarríkjanna. Ég hygg að í þessu sé e. t. v. fólgin mesta hættan á því, að aðstoð við þróunarríkin beri ekki árangur þegar til lengdar lætur, og því er það jafnt samskiptum norðurs og suðurs nauðsynlegt sem samskiptum iðnaðarríkja innbyrðis, að grundvallaratriði viðskipta- og athafnafrelsis séu virt.

Það leiðir hugann að nauðsyn efnahagssamvinnu við aðrar þjóðir, sem við sjálfstæðismenn höfum verið formælendur fyrir. Við höfum átt frumkvæði að eða unnið að því með öðrum, að við tækjun heils hugar þátt í efnahagssamvinnu eins og OECD, EFTA og samningi við Efnahagsbandalagið, og við erum þeirrar skoðunar, að við eigum að taka þátt í Alþjóðaorkumálastofnuninni, en tillaga þess efnis er til athugunar hjá utanrmn. og málið til meðferðar hjá viðskrh.

Það er ljóst að einkum Alþb. hefur talið að slík efnahagssamvinna við aðrar þjóðir væri sjálfstæði okkar hættuleg. Við sjálfstæðismenn erum þvert á móti þeirrar skoðunar, að það sé skilyrði fyrir efnahagslegu sjálfstæði Íslendinga að taka upp samvinnu á efnahagssviði við aðrar þjóðir. Í þessum efnum má engin minnimáttarkennd eða þjóðernisrembingur hafa áhrif á okkur. Við eigum með fullri reisn að vinna ásamt öðrum þjóðum að því að bæta hlut okkar sem og annarra þjóða heimsins með efnahagssamvinnu, hvort sem er meðal iðnaðarríkja innbyrðis eða milli þróunarríkja og þróaðra ríkja. Til að sinna þessu verkefni er auðvitað nauðsynlegt að efla utanríkisþjónustuna, og persónulega er ég þeirrar skoðunar, að það eigi að leggja áherslu á að styrkja utanríkisþjónustuna til þess að vinna enn meir að viðskiptamálum okkar, efnahagssamvinnu og markaðsmálum okkar í framtíðinni en hingað til hefur verið gert, og kann sú leið, sem bent er á í skýrslu um utanríkismál sem skoðun embættismanna utanrrn., að sameina utanríkisviðskiptin utanríkismálum almennt í utanrrn., einmitt að vera rétta leiðin.

Það hefur komið fram, hve miklu máli samvinna á alþjóðavettvangi skiptir í hafréttarmálum, nú þegar við vonumst til þess, að Hafréttarráðstefnunni sé að ljúka. Fulltrúar stjórnmálaflokkanna á Alþingi fóru utan í dag og við gerum okkur vonir um að þetta sé síðasti fundurinn áður en til undirskriftar hafréttarsáttmála kemur. við höfum að vísu unnið mikilvægasta sigurinn, þ. e. útfærsluna í 200 mílur, en eigum þó mörgu ólokið, þ. á m. samningum við önnur lönd varðandi afmörkun á landgrunni og hafsbotnsréttindum. Þótt spor í því efni væri Jan-Mayen samkomulagið, þá þurfum við að hyggja að öðrum málum, eins og t. d. þeim réttindum sem við teljum okkur eiga varðandi landgrunnið hér suður og suðvestur af landinu í tengslum við Rokkinn svokallaða. Þá er einnig óútgert um afmörkun á milli Jan-Mayen og Grænlands, sem okkur hlýtur að skipta miklu máli, sem og samningar við Grænlendinga og samstarf við þá og Færeyinga, hvort heldur Grænlendingar eru innan Efnahagsbandalagsins eða ekki.

Þróun hafréttarmála og afskipti okkar af þeim, samvinna og samningar við útlendinga og aðrar þjóðir á því sviði, sýna að við getum án nokkurrar minnimáttarkenndar haldið svo á málum okkar að hagsmunir okkar séu tryggðir. Við höfum í þeim málum hingað til samið til sigurs.

Ég skal nú, herra forseti, fara að ljúka máli mínu, en vil aðeins með nokkrum orðum drepa á framkvæmd varnarsamningsins áður en ég lýk máli mínu.

Um framkvæmd varnarsamningsins hefur mikið verið rætt hér á þingi í vetur og hefur umræðuefnið þá verið t. d. bygging flugskýla, bygging eldsneytisgeyma og bygging flugstöðvar. Það fer fram um byggingu flugskýla og eldsneytisgeyma sem horfir, og sýnast þau mál vera í eðlilegum farvegi þrátt fyrir skemmdarverk Alþb. innan og utan ríkisstj. Svokallaður leynisamningur, þar sem Alþb. var áskilið neitunarvald, ekki eingöngu um byggingu flugstöðvar, heldur og um öll meiri háttar stjórnarmálefni, var á tímabili líklegur til þess að hefta eðlilega framvindu mála hvað varnarframkvæmdir snertir. En sem betur fer sýnist ekki svo verða hvað snertir þær framkvæmdir sem ég áðan gat um. Neitunarvald Alþb. varðandi byggingu flugstöðvar er auðvitað hagsmunum Íslendinga til skaða og raunar óskiljanlegt hvers vegna Alþb. setur þetta skilyrði, ef það er þeirrar skoðunar að samskipti Íslendinga og varnarliðsins eigi að vera sem minnst. Væru Alþb.-menn trúir þeirri þeirri skoðun sinni ættu þeir að skilja að greina verður á milli varnarstarfseminnar á Keflavíkurflugvelli og almennrar flugstarfsemi. Forsenda þess er bygging flugstöðvarinnar. En auk þessa er það íslenskt hagsmunamál að við höfum sæmilega flugstöð, þar sem allir farþegar að og frá landinu fara um þessa flugstöð. Þetta er hagsmunamál landsmanna sjálfra. Næstum því hver einasti landsmaður nýtur slíkrar afgreiðslustöðvar, að ég tali nú ekki um með hvaða hætti við viljum bjóða erlenda gesti velkomna.

Einnig er á það að líta, að allar líkur eru til að kostnaður við þessa mikilvægu þjóðnauðsynlegu framkvæmd falli með meiri þunga á okkur Íslendinga eftir því sem framkvæmdin tefst. Það er ekki eingöngu réttlætanlegt, heldur eðlilegt, með tilvísun til þeirra hagsmuna sem varnarliðið hefur af byggingu flugstöðvarinnar, að það taki nokkurn þátt í kostnaði við framkvæmdina, og ber ekki á neinn hátt að blanda því saman við kostnaðarþátttöku varnarliðsins í öðrum framkvæmdum hér á landi sem á stundum hefur verið á dagskrá, en við sjálfstæðismenn erum andvígir.

Ég vil minna á varðandi framkvæmd varnarsamningsins, að við sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn eða þm. úr okkar flokkum hafa flutt þáltill. um ráðunaut í öryggis- og varnarmálum er ynni á vegum utanrrn. Þessi till. er flutt í þeim tilgangi að við Íslendingar tökum meiri þátt en hingað til í ákvörðunum um tilhögun varna og varðandi starfsemi varnarliðsins hér á landi. Það er sameiginlegt hagsmunamál varnarliðsins, Bandaríkjanna annars vegar og Íslendinga hins vegar og raunar allra Atlantshafsbandalagsríkjanna, að framkvæmdir varna hér á landi séu slíkar að fullnægi öryggissjónarmiðum allra þessara aðila. Við Íslendingar hljótum fyrst og fremst að hugsa um okkar hagsmuni og hljótum að meta og vega þessar varnarframkvæmdir og tilhögun framkvæmda með hliðsjón af því, hvað samræmist okkar eigin hagsmunum best. Um aðalatriði þessa máls, þ. e. gerð varnarsamningsins sjálfs og dvöl varnarliðs á Ís-

landi, á það við að um sameiginlega hagsmuni er að ræða. Við gerum okkur grein fyrir því, að Bandaríkin hafa ekki varnarlið hér á landi fyrst og fremst okkar vegna, heldur sín vegna, og við höfum ekki varnarliðið hér á landi vegna hagsmuna Bandaríkjanna, heldur vegna eigin hagsmuna. En um þennan samning má segja að fari eins og á að fara um alla gagnkvæma saminga, að það er báðum samningsaðilum í hag, og meðan varnarframkvæmdir og tilhögun varnarframkvæmda og fyrirkomulag varnar- og eftirlitsstöðvarinnar er í samræmi við hagsmuni beggja aðila, þá er vel. En við Íslendingar hljótum að vilja gera okkur grein fyrir því í einstökum tilvikum, hvort svo sé eða ekki, og hlíta ekki að öllu fyrirmælum eða óskum Bandaríkjamanna eða annarra Atlantshafsbandalagsþjóða. Á stundum getur verið að við föllumst á tillögur þeirra. Á stundum getur verið að við krefjumst fyllri ráðstafana og meira öryggis og frekari varnarviðbúnaðar. Á stundum getur verið að við teljum rétt að draga úr þeim framkvæmdum sem farið er fram á. Allt þetta hljótum við að vega og meta miðað við okkar hagsmuni, en einnig með tilvísun til þess, að hér er um sameiginlega öryggishagsmuni allra vestrænna lýðræðisríkja að ræða og raunar þá vörn sem lýðræði og mannréttindi í heiminum eiga besta til þess að standast ásókn harðstjórnar og einræðis.

Herra forseti. Auk almennrar umræðu um utanríkismál, sem skýrsla utanrrh. hefur gefið tilefni til, hef ég kosið að gera einnig sérstaka grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í sjálfstæðis- og öryggismálum þjóðarinnar. Við leggjum áherslu á að sameina þjóðina til verndar sjálfstæði sínu og öryggi og fögnum þeirri viðtæku samstöðu sem tekist hefur um þau mál. En það er skylda okkar Íslendinga að leggja okkar lóð á vogarskálina í samskiptum þjóða heims svo að við og sem flestar þjóðir heims njótum friðar — ekki friðar fangelsisins, heldur friðar með frelsi.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessa greinargóðu skýrslu um utanríkismál. Hún er greinargóð nú eins og áður.

Þrennt ber að mínum dómi hæst í alþjóðamálum um þessar mundir: Í fyrsta lagi aukin spenna mill austurs og vesturs og vaxandi vígbúnaðarkapphlaup. Í annan stað ofbeldi, kúgun og mannréttindabrot í ýmsum heimshornum. Í þriðja lagi hungur og fátækt í heilum heimshlutum. Þróun þessara mála skiptir okkur Íslendinga miklu. Ofbeldi, kúgun, hungur fátækt skipta okkur ekki bara máli út frá mannúðarsjónarmiði, þau snerta ekki einungis jafnréttishugsjón okkar og óbeit okkar á misrétti, þau varða líka framtíð okkar í bráð og lengd. Í þessu ástandi getur falist kveikja ófriðar og styrjaldar rétt eins og í spennunni milli austurs og vesturs. Ég mun því í þessum orðum hér á eftir gera þessi mál einkanlega að umræðuefni, jafnframt því að fjalla um stöðu Íslands í varnarmálum og öryggi landsins svo og stuttlega um ýmsa þá málaflokka aðra sem drepið er á í skýrslu utanrrh.

Utanrrh. getur þess í skýrslu sinni að lítið miði í norður-suður viðræðunum um nýskipan alþjóðaefnahagsmála. Þó er þetta líklega stærsta verkefnið sem mannkynið stendur frammi fyrir. Þessu verkefni verður ekki ýtt til hliðar. Talið er að um 800 millj. manna búi við algera fátækt. Fimmti hluti íbúanna á suðurhveli jarðar líður hungur og næringarskort. Stærstur hluti þessa fátækasta fólks í veröldinni býr sunnan Saharaeyðimerkurinnar og í Suður-Asíu. Þjóðartekjurnar í þessum heimshluta eru að jafnaði innan við 2500 kr. á mann á ári að meðaltali. Og í þessum heimshluta er fólksfjölgun ör. Jafnvel við lækkandi fæðingatíðni mun eitt þessara fátækustu ríkja jarðarinnar vera orðið jafnfjölmennt og Bandaríki Norður-Ameríku áður en þessi öld er á enda. Þetta er ríkið Bangla Desh. Að líkindum mun íbúum jarðarinnar hafa fjölgað um 2000 millj. um næstu aldamót ef svo fer fram sem horfir. Þessi þróun varðar ekki síður hinn iðnvædda heim en þá sem suðurhvelið byggja. Okkur mun ekki duga að senda hinum sveltandi matarsendingar. Í þeirri gjá, sem myndast hefur milli fátækra og ríkra þjóða, er fólgin hætta fyrir heimsbyggðina alla. Það er skylda okkar að vinna að því með öllum tiltækum ráðum, að þessir meðbræður okkar og systur þurfi ekki að svelta og þeim sé séð fyrir nauðþurftum í fæðu, í læknishjálp, í húsaskjóli og í lágmarksfræðslu.

En þetta verkefni er stærra og mikilvægara en svona upptalning gefur til kynna. Við skulum ekki láta okkur til hugar koma að allsnægtarlönd eins og iðnþróuðu ríkin eru nú fái staðist til lengdar umlukin af fátækt og hörmungum annars staðar í heiminum. Hættan á átökum og styrjöldum er ekki einungis fólgin í spennunni milli austurs og vesturs, hún er ekki einungis fólgin í samkeppninni um völd og áhrif, hún er líka fólgin í hættunni á viðtæku hungri í veröldinni og síharðnandi baráttu um auðlindir jarðarinnar.

Ímyndunarafl okkar hrekkur varla til þegar við ætlum að fara að draga upp mynd af ástandinu meðal fátækustu þjóða heims. Mér er reyndar minnisstæð næturstund í Karachi í Pakistan fyrir tæpum 20 árum. Þegar nóttin lagðist yfir varð varla þverfótað fyrir fólki sem svaf undir berum himni. Það átti vitaskuld ekkert húsaskjól. Ég minnist þess, að þennan hóp mátti greina í tvennt: Þeir, sem betur komust af, höfðu teppi til að sveipa sig í, hinir ekki. Þó var þetta ekki einu sinni fátækasta fólkið í veröldinni, en þessi örbirgðarmynd situr greypt í huga minn nær 20 árum síðar.

Ég sagði áðan að jöfnun lífskjara í veröldinni væri meðal mikilvægustu verkefna sem mannkynið stæði frammi fyrir. Ég sagði líka að okkur dygði ekki að senda matargjafir til þeirra sem svelta. Staðreyndin er sú, að þessu verkefni verður ekki valdið nema með sameiginlegu átaki norðurs og suðurs, austurs og vesturs. Í æ ríkari mæli verður að beina kröftunum að því að hjálpa hinum vanþróuðu ríkjum til sjálfshjálpar, finna leiðir til þess að þær geti lifað af landi sínu. Þetta mun þeim ekki takast einum sér. Til þess þarf að koma skilningur og aðstoð þróuðu ríkjanna. Slökun spennu og samdráttur í vígbúnaði getur losað það fjármagn, það hugvit og þann mannafla sem þróuðu þjóðirnar verða að leggja fram í þessu skyni. Einn skriðdreki er jafnvirði skólahúsnæðis fyrir 30 þús. börn. Ein orrustuþota er jafnvirði 40 þúsund apóteka. Á hverju ári er varið yfir 500 milljörðum dollara í vígbúnað. 1/2% af þessari upphæð hrykki til þess að endurvæða landbúnaðinn í fátæku ríkjunum svo að þau yrðu sjálfum sér næg í matvælaframleiðslu. Þetta vandamál varðar mannkynið allt og í úrlausn þess geta austurveldin vitaskuld ekki skorist úr leik. Sú hefur verið afstaða þeirra, að þeim komi þetta ekki við, en sú afstaða fær ekki staðist. Skylda Sovétríkjanna og fylgifiska þeirra er vitaskuld hin sama og annarra jarðarbúa, — og reyndar hefur vígbúnaðarfjárfestingin ekki verið síður í örum vexti þar en annars staðar á sama

tíma og Sovétríkin hafa látið þessi vandamál afskiptalaus.

Það er hryggileg staðreynd að horfa á þá gífurlegu fjármuni, sem varið er í vígbúnaðarkapphlaupið, á sama tíma og stór hluti mannkyns sveltur heilu hungri. Vitaskuld er óraunhæft að gera því skóna að vígbúnaði verði hætt í einu vetfangi. En það verður að teljast raunhæft markmið að dregið verði úr aukningunni. Það er nær sanni að setja sér slík nærtæk markmið sem kleift á að vera að ná og líta á það sem fyrsta skref, frekar en að ætlast um of.

Nú er vissulega á það að líta og rétt að minna á að vígbúnaður á sér ekki einungis stað í hinum iðnvædda heimi. Fátækar, vanþróaðar þjóðir verja miklum fjármunum í vopnakaup og herbúnað. Það má vera og á reyndar að vera sérstakt umhugsunarefni með hvaða hætti verði dregið úr þessari tilhneigingu og þessari þróun. Hitt er ljóst, að mestir fjármunir og mesta hættan á allsherjarstyrjöld eru í höndum stórveldanna. Kapphlaupið þeirra á milli er geigvænlegt. Það kapphlaup verður ekki stöðvað nema takast megi að draga úr tortryggni og gagnkvæmum ótta.

Sívaxandi vígbúnaður Sovétríkjanna á undanförnum árum, innrás þeirra á Afganistan og nú síðast frelsiskúgunin í Póllandi, sem gerðist undir sovéskum þrýstingi, eru vissulega rót þeirrar aukningar í hernaðarútgjöldum og vígvélum sem nú á sér stað hjá vesturveldunum og þó einkum hjá Bandaríkjunum. Hvort heldur menn telja þessi umsvif eðlileg viðbrögð eða ekki, hvort heldur menn telja að hér sé um nauðsynleg viðbrögð að ræða eða ekki, þá held ég að öllum hljóti að vera ljóst að þessar aðgerðir Sovétríkjanna vöktu tortryggni og ótta sem lagði grundvöllinn að þessum viðbrögðum. Við bundum miklar vonir við þá slökun spennu sem átti sér stað á seinasta áratug. Samningar stórveldanna um takmörkun langdrægra eldflauga voru mikilvægt skref í þessum efnum. Þann þráð verður að leitast við að taka upp að nýju. Nú er hins vegar vaxandi spenna milli austurs og vesturs. Aðgerðir Sovétríkjanna hafa lagt til eldiviðinn í þann tortryggnisloga, en ríkisstjórn Ronalds Reagans hefur aukið á spennuna og óttann með ógæfulegum yfirlýsingum og vopnaglamri. Á sama tíma og það er hinum frjálsa heimi nauðsynlegt að tryggja og treysta frelsi sitt og hafa uppi öruggan viðbúnað svo að því verði ekki ógnað af einræðisöflum kommúnismans verður hinn lýðfrjálsi heimur að hafa forustu um að draga úr spennu og byggja upp traust í stað tortryggni. Mér dettur ekki í hug að telja þetta hlutverk auðvelt, en það er hryggilegt að sjá þetta takmark fjarlægjast, eins og nú virðist vera raunin.

Nýjustu atburðirnir í vígbúnaðarkapphlaupi stórveldanna, uppsetning SS-20 kjarnorkueldflauganna af hálfu Sovétríkjanna, og áform NATO um endurnýjun kjarnavopnabúrsins í Evrópu, hafa vakið andsvar í fjöldahreyfingum í Evrópu og nú einnig í Ameríku, svonefndum friðarhreyfingum. Þetta eru sundurleitar hreyfingar að því leyti, að áhersluatriði ýmissa hópa innan hreyfinganna eru misjöfn. Þær eru líka sundurleitar í þeim skilningi, að í þeim sameinast fólk úr öllum stéttum, en það er reyndar styrkur þeirra um leið. En það, sem sameinar öðru fremur, er að menn fá ekki skilið hvaða nauður beri til þess að hlaða kjarnavopnum á kjarnavopn ofan þegar vitað er að það, sem fyrir er, hrekkur vel til þess að tortíma mannkyninu mörgum sinnum. Afleiðingar kjarnorkustyrjaldar eru svo hroðalegar að þá hugsun fær enginn hugsað til enda. Slík vopn má aldrei nota. Ég ætla mér ekki þá dul að ráða þá gátu, hvort einmitt ógnin, sem í þeim felst, hafi hindrað styrjöld. Hitt er ég hins vegar sannfærður um, að stöðug viðbót á báða bóga er bæði tilgangslaus og hættuleg.

Vandinn er hins vegar sá, að austan járntjalds skiptir vilji fólksins valdhafana engu. En einmitt þessir valdhafar verða að leggja sitt af mörkum til þess að raunverulег takmörkun á vígbúnaði náist, til þess að skref verði stigin til að draga úr vopnabúnaði. Hinn einfaldi sannleiki er nefnilega sá, að einhliða takmörkun mun ekki endast. Jafnvel þótt hún yrði ákveðin er fullvíst að jafnskjótt og sá aðili, sem til þess gripi, teldi að á hann hallaði, þá yrðu þau öfl yfirsterkari sem vildu og teldu að vígbúast yrði á ný til að jafna metin. Hér getur hvorki gilt: Þú fyrst, svo ég, né heldur: Fyrst ég, svo þú. Skrefin verður að stíga í takt. Barátta friðarhreyfinganna er á hinn bóginn hávær skilaboð til stórveldanna um að setjast að samningaborði. Þeim skilaboðum, þeim boðskap, komast stórveldin ekki hjá að sinna. Við Alþfl.-menn tökum undir þá kröfu friðarhreyfingarinnar, að kjarnorkuvopnakapphlaupið verði stöðvað og stórveldin setjist að samningaborði.

Jafnaðarmannaflokkar Danmerkur, Noregs, Finnlands, Íslands og Svíþjóðar lýstu í fyrra yfir þeim vilja sínum að beita sér fyrir áframhaldandi kjarnorkuvopnaleysi á Norðurlöndum sem lið í víðtækara samkomulagi um takmörkun vopnabúnaðar í Evrópu. Þetta var og er í rauninni tilboð um skref til slökunar spennu sem kallar á viðbrögð og andsvar frá stórveldunum, en þó einkum frá Sovétríkjunum sem hafa yfir að ráða miklum kjarnavopnabirgðum á nálægum svæðum. Einhliða yfirlýsing án tilslakana af hálfu grannans í austri eða án samhengis við aðra þætti hefur hins vegar aldrei komið til greina, enda leysir hún engan vanda, svo sem sást reyndar berlega af því þegar sovéskan kafbát hlaðinn kjarnavopnum rak á sænskar fjörur, og mun það vera eina skiptið sem Norðurlönd hafa ekki verið kjarnorkuvopnalaust svæði.

Valdbeiting og kúgun er regla frekar en undantekning í heiminum, svo ömurlegt sem til þess er að vita. Jafnframt því að beita okkur fyrir því, að þessu verði snúið við, verðum við að horfast í augu við þessa grimmilegu staðreynd. Dæmin eru mörg.

Innrás Sovétríkjanna í Afganistan var meðal grófustu landvinninga seinni ára. Sovétríkin gengu þar á lagið vegna þess að í Afganistan var valdalegt tómarúm sem þau töldu sig geta fyllt upp í afskiptalaust. Þá var ekki hikað við að ráðast til atlögu. Og allar götur síðan hafa Sovétríkin skellt skollaeyrum við mótmælum flestra þjóða heims og haldið áfram að beita hervaldi sínu til að kúga þessa þjóð til hlýðni.

Setning herlaga í Póllandi og alger frelsissvipting pólsku þjóðarinnar er í annan stað til marks um hvernig ógnun um utanaðkomandi íhlutun er beitt til að kúga þjóð til hlýðni. Enn einu sinni sannaði kommúnistískt þjóðskipulag ofbeldi sitt og innræti. Frelsisvottur er ekki liðinn og kerfið getur reyndar ekki einu sinni brauðfætt þjóðir sínar með viðunandi hætti. Í atburðunum í Póllandi endurtekur sagan sig allar götur frá því í Austur-Þýskalandi 1953, síðan í Ungverjalandi og Tékkóslóvakíu. Allt er þetta á sömu bókina lært: Hver frelsisneisti slökktur með hervaldi.

Innrás Argentínu í Falklandseyjar nú á dögunum sýnir hvernig óprúttnir einræðisherrar hagnýta sér varnarleysi eða vígbúnaðarleysi til að hernema lönd. Hvort eðlilegt sé að Falklandseyjar séu breskt land er önnur saga og skiptir ekki máli í þessu sambandi. Hitt skiptir máli, að samningaumleitanir voru í gangi, en herforingjarnir í Argentínu sáu sér leik á borði og hagnýttu sér vígbúnaðarleysið í eyjunum, — í eyjum sem reyndar eru jafnfjarri Argentínuströnd og Færeyjar eru Íslandi.

Í þessum þremur dæmum, af Afganistan, Póllandi og Falklandseyjum, getum við séð að vígbúnaðarleysi býður freistingu heim, að útþenslustefna Sovétríkjanna nýtir sér sérhvert tómarúm, að ógnum um íhlutun leiðir til herlaga og kúgunar mannréttinda á áhrifasvæði Sovétkommúnismans.Hver sá, sem hefur lent undir járnhæl þessa kommúnisma, er sífelldlega brotinn til hlýðni.

Atlantshafsbandalagið var stofnað sem vörn gegn útþenslu Sovétkommúnismans. Hlutverk þess var að tryggja lýðfrjálsum þjóðum á norðurhveli frið og öryggi og standa þannig vörð um lýðræðisskipulagið. Það hefur tekist. Við höfum notið friðar. Þennan einfalda sannleika hljótum við og verðum að hafa í huga. Dæmin, sem ég rakti áðan, sýna að hættan er ekki liðin hjá. Enn er full þörf á árvekni og viðbúnaði. Varnarleysi býður hættu heim. Hlutleysi er engin trygging. Þvert á móti skapar það tómarúm við ríkjandi aðstæður sem útþensluþjóð leitast við að fylla eins og dæmin sanna. Það varnar- og öryggisfyrirkomulag sem við höfum búið við hefur látið okkur njóta friðar. Það vitum við og við kunnum engin betri ráð til að treysta öryggi okkar. Það hefur ríkt jafnvægi á okkar slóðum. Röskun þess jafnvægis af okkar hálfu væri mjög óviturlegt.

Varnarleysi Íslands eins og Alþb. boðar byði heim hættu á hernámi og ógnunum af því tagi sem ég rakti dæmi um áðan. Alþb.-menn segja að aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og hérvera varnarstöðvar geri okkur að skotmarki Rússa. Ég segi: Varnarleysi við núverandi aðstæður mundi gera okkur að tálbeitu og skotmarki beggja. Tómarúm á Íslandi í þessum skilningi, eins og Alþb. berst fyrir, mundi auka umsvif beggja á hafinu umhverfis okkur og við gerðum frelsi okkar, öryggi og sjálfstæði að leiksoppi.

Talsmenn Alþb. leika oft eins konar hernaðarleiki hér á Alþingi og frammi fyrir alþjóð. Þeir segja að í stríði yrðum við að skotmarki, að varnarstöðin í Keflavík yrði stjórnstöð í árásum Bandaríkjanna á Rússa, að við yrðum meðsekir í hildarleik. — En þetta stríð má aldrei hefjast. Í því yrði engu og engum þyrmt. Hlutleysi mundi ekki heldur gagnast þá. Öll okkar viðleitni á að beinast að því að koma í veg fyrir slíka styrjöld. Reynslan sýnir að við núverandi fyrirkomulag hefur það tekist í okkar heimshluta.

Talsmenn Alþb. hafa ítrekað á undanförnum misserum hafið upp sérstakar áróðurshrinur gegn varnarstöðinni á Keflavíkurflugvelli. Kjarninn í þessum áróðri hefur verið sá, að Keflavíkurstöðin hafi tekið eðlisbreytingu og sé nú árásarstöð. Þessar fullyrðingar fá ekki staðist. Eins og áður hefur verið rakið varð eðlisbreyting fyrir 20 árum þegar stöðin var afhent flotanum til umsjónar í stað flugliðsins. Þá varð sú eðlisbreyting að fækkað var í liðinu um helming. Hingað komu eftirlits- og kafbátaleitarflugvélar og sett var upp svonefnt SOSUS-hlustunarkerfi. Síðan hefur engin eðlisbreyting átt sér stað. Tæki hafa fullkomnast og flugvélar verið endurnýjaðar. Leitartækni er betri, hlustunartæki heyra betur, en eðlisbreyting er það ekki. AWACS-ratsjárvélarnar eru framhald á þróun af þessum toga. Ratsjárstöðvar voru reistar hér á hverju landshorni fyrir 20 árum til að fylgjast með flugvélaferðum, einkum þeirra sem ekki láta af sér vita, þ. e. sovéskra herflugvéla fyrst og fremst. Tvær þessara stöðva voru síðan lagðar niður. Eitt meginhlutverk AWACS-vélanna er að koma í þeirra stað þótt ljóst sé að þessar vélar búa yfir ýmissi tækni, sem tekur fram því sem áður gilti, og njóti þess eiginleika að sjá yfir stærra svæði og verða ekki fyrir sömu takmörkunum af hnattlögun jarðarinnar og jarðstöðvar.

Á hinn bóginn hafa orðið verulegar eðlisbreytingar á sovéska flotanum á Norðurhöfum. Uppbygging hans er gífurleg. Það má nefna viðbót flugvélamóðurskipa í þennan flota, en þau hafa einmitt tekið þátt í flotaæfingum skammt frá Íslandi, eins og t. d. skipið Kiev gerði fyrir nokkrum árum. Það má nefna smíði stærstu kjarnorkukafbáta heims, eins og Typhoonskipanna sem munu vera um 23 þús. smálestir. Það má nefna kjarnorkubeitiskipið Kirov sem sást á reynslusiglingu norður af landinu ekki alls fyrir löngu. Og það má nefna langfleygar flugvélar, eins og Backfire, sem munu geta náð til Íslands frá Kóla-skaga. Hér hefur greinilega átt sér stað eðlisbreyting sem við Íslendingar hljótum að taka mið af.

Varðandi samskipti okkar við varnarliðið hefur þingflokkur Alþb. haft í frammi upphlaup annað veifið. Öll hafa þau þó runnið út í sandinn. Seinast hafði það í hótunum í svonefndu Helguvíkurmáli og lá við að iðnrh. tækist að koma í veg fyrir að íslenskar hendur fengju verk að vinna við rannsóknir á svæðinu. Þessi málatilbúnaður var ráðh. til háðungar.

Hingað til hefur Alþb. líka tekist það furðulega ætlunarverk sitt að koma í veg fyrir byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Nú er svo komið að ákvörðun um framkvæmdir má ekki dragast öllu lengur, þá mundi tækifærið ganga okkur úr greipum. Utanrrh. hefur lýst málinu svo, að verið væri að fleygja 50 millj. dala út um gluggann. Ég vil minna á að aðskilnaður venjulegra flugsamgangna frá varnarstöðinni og bygging nýrrar flugstöðvar er áratuga baráttumál Íslendinga. Ég vil líka minna á að miðstjórn Framsfl. gerði sérstaka samþykkt í fyrra um að reisa skyldi flugstöðina. Við þau heit ætti Framsfl. að standa. Sannleikurinn er sá, að núverandi flugstöð er þjóð og landi til vansæmdar. Er erfitt að sjá hvað gengur Alþb. og ýmsum Framsóknarþm. til að koma í veg fyrir að þessi vansæmd verði afmáð og ný flugstöð reist. Ég vil nota þetta tækifæri til að skora á hæstv. utanrrh. að beita sér með öllum tiltækum ráðum og alkunnri festu og klókindum fyrir framgangi flugstöðvarmálsins. Ég vil líka beina því til þm. Framsfl. sérstaklega að standa við bakið á utanrrh. sínum í þessu máli og í svonefndu olíutankamáli, og eru þessi orð mælt að gefnu tilefni. Það er mikið hagsmunamál byggðanna á Keflavíkur- og Njarðvíkursvæðinu að sú úrlausn í olíugeymamálinu, sem utanrrh. vinnur að, nái fram að ganga. Flugstöðin varðar þjóðina alla. Hún er anddyri landsins. Vegna þessa geri ég þessi mál tvö sérstaklega að umtalsefni.

Hafréttarmál hafa löngum verið okkur Íslendingum hugleikin og við höfum haft ákveðna forustu á því sviði á undanförnum áratugum. Nú eru þau í eins konar sjálfheldu vegna einstrengingslegrar afstöðu Bandaríkja-

stjórnar, eins og fram kom í máli hæstv. utanrrh. áðan. Þó er ljóst að 200 mílna efnahagslögsagan er í höfn, en mörg viðfangsefni bíða engu að síður á þessu sviði, bæði varðandi efnahagslögsögu og landgrunn. Í þeim málum verðum við að halda vöku okkar og starfa af alefli. Þetta varðar verndun og nýtingu sameiginlegra fiskstofna og fiskstofna sem flakka á milli lögsögusvæða. Við getum fagnað þeim samningum sem tókust um Jan Mayen-svæðið, bæði varðandi fiskveiðar og landgrunn. Milliríkjasamningurinn um verndun á laxi í Norður-Atlantshafi er líka spor í rétta átt. Á hinn bóginn ríkir mikil óvissa um stöðuna á þeim svæðum sem vita að Grænlandi. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu í Grænlandi varðandi úrsögn þeirra úr Efnahagsbandalaginu hafa komið þessum málum í nýja stöðu. Nú er mjög brýnt að ná fram algeru banni við loðnuveiðum, a. m. k. um sinn. Að því hlýtur að verða undinn bráður bugur, og þannig skildi ég hæstv. utanrrh. En það er íhugunaratriði, hvort ekki eigi strax að leita eftir samningum við Grænlendinga um framtíðarskipun mála, en ræða síðan við Efnahagsbandalagið um hvernig með skuli fara þar til Grænlendingar hafa tekið við fullum yfirráðum yfir þessu hafsvæði.

Um kröfugerð vegna skiptingar landgrunns sunnan Íslands, sbr. ályktun Alþingis frá 19. maí 1980, skal ég vera fáorður. Af skýrslu utanrrh. má sjá að því máli miðar áleiðis og virðist vera í réttum farvegi.

Í framhaldi af þessu er ekki úr vegi að víkja að samskiptum okkar við næstu nágranna okkar, Færeyinga og Grænlendinga. Þau samskipti eru smám saman að fá á sig þá mynd sem þeim ber, skipa þann sess sem við á. Þessi þrjú lönd, Ísland, Grænland og Færeyjar, hafa mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta í hafréttarmálum, í öryggismálum og í fiskveiðimálum. Reyndar hafa þau jafnframt slíka lykilstöðu í þessum málaflokkum að önnur veigameiri eru vandfundin. Þetta þarf að nýta. Það krefst aukins samráðs og aukinnar samvinnu þessara landa í milli.

Um þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana skal ég vera fáorður, þótt hér sé um mjög mikilvægan málaþátt að ræða. Ég vil fyrst segja að Norðurlandasamvinnan er einstök í sinni röð og skiptir okkur Íslendinga mjög miklu máli. Mikilvægi hennar verður seint ofmetið menningarlega, pólitískt og efnahagslega. Þessa samvinnu verðum við að leggja rækt við. Þátttaka okkar í Sameinuðu þjóðunum er annar hyrningarsteinn íslenskra utanríkismála sem sífelldlega verður að leggja alúð við. Þátttaka okkar í þessum alþjóðastofnunum og svæðasamtökum og öðrum slíkum, svo sem Evrópuráðinu, gæti þó nýst okkur betur en raun ber vitni ef aðstaða til að sinna þessu samstarfi væri bætt. Þótt því fylgi kostnaður verðum við sem fullvalda ríki að kappkosta að sinna þessu samstarfi vel, og einmitt af því getum við haft ómældan hag.

Varðandi alþjóðastofnanir vil ég að lokum sérstaklega gera að umtalsefni að ekki má dragast öllu lengur að ganga frá aðild okkar að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég minni á tillögur okkar Alþfl.-manna um þetta efni. Af slíkri aðild höfum við mikið hagræði og það veitir okkur öryggi sem við þurfum á að halda. Ég vænti þess, að við þurfum ekki að bíða öllu lengur eftir því, að af þessari aðild verði.

Einn hlutinn í skýrslu utanrrh. fjallar um utanríkisviðskipti og er saminn í viðskrn. að venju. Ég ætla ekki að fjalla um efnisatriði þessa kafla, en einungis að benda á fáein atriði varðandi utanríkisviðskipti.

Í fyrsta lagi er andvaraleysi að svo haldi enn fram sem áður, að nær allur olíuinnflutningur okkar komi frá einu landi. Þótt verðlag sé nú talið hagstætt vil ég minna á að þannig hefur líka verið stundum áður, en samt höfum við orðið fyrir sérstökum erfiðum áföllum og að mínum dómi reyndar ósanngirni af hálfu seljenda við sérstakar aðstæður. Það er ekki góð stefna að hafa öll eggin í einni körfu. Staðan í olíuframboði og eftirspurn eftir olíu um þessar mundir gerir auðveldara um vik að svipast um og ná hagstæðum samningum um olíuviðskipti en verið hefur um langa hríð. Þetta tækifæri á vitaskuld að nýta. Mín skoðun er sú, að viðskrh. hafi sofið á verðinum í þessu mikla hagsmunamáli, og ég tel það mjög gagnrýnivert.

Í annan stað vil ég benda á að fjölbreyttir og traustir markaðir fyrir afurðir okkar eru undirstaða þess, að efnahagslífið fái þrifist hér á landi. Á þessu sviði eru vafalaust mörg tækifæri vannýtt, en blikur á lofti má sjá á ýmsum öðrum mörkuðum. Ég hef undanfarin fjögur ár varað við vaxandi samkeppni frá Kanadamönnum á freðfiskmarkaði okkar í Bandaríkjunum. Andsvar okkar hlýtur að vera bæði öflun og efling annarra markaða, svo sem í Evrópu, og hitt engu að síður, að leggja rækt við tækniframfarir, hagræðingu og gæði í frystiiðnaðum ásamt því að auka framlegð í veiðunum með því að hafa hemil á stærð fiskiskipaflotans og þar með kostnaði af veiðunum.

Þriðja atriðið, sem ég vil gera að umtalsefni varðandi utanríkisviðskipti, er skreiðarmarkaður okkar í Nígeríu. Hann hefur áður reynst okkur stopull. Í þeim efnum ríkir nú líka nokkur óvissa. En nú er meira í húfi en nokkru sinni fyrr. Mér er ofarlega í huga að þess verði gætt að ofþenja ekki þennan markað, og vil ég ætla sölusamtökum að gæta að slíkri hættu. Á hitt vil ég jafnframt leggja áherslu, að utanr.- og viðskrn. leggi sérstaka rækt við og vinni í að treysta viðskiptasambönd okkar við þetta land, Nígeríu. Þótt margt annað í utanríkisviðskiptunum gefi tilefni til frekari umfjöllunar læt ég nægja á þessu stigi að benda á ofangreinda þrjá þætti.

Það horfir víða ófriðlega í heiminum. Víða líða þjóðir af styrjaldarátökum. Víða eru þjóðir kúgaðar og mannréttindi fótum troðin. Mannréttindabrotin eru ekki einungis kúgun í sjálfu sér, heldur einnig kveikja að stærra báli og meiri hörmungum. Kúgun og ofbeldi fæða af sér styrjaldir. Þessi mál skipta okkur Íslendinga miklu, ekki bara af mannúðarástæðum, heldur eins af því að þau varða framtíð mannkyns og öryggi okkar sem þjóðar. Ég hef gert sum þessara mála, eins og Afganistanmálið og Póllandsmálið, að umtalsefni fyrr í ræðu minni. Öðrum hlýt ég að víkja að nokkrum orðum, en enn önnur munu liggja ónefnd að þessu sinni þótt vissulega mætti vera ástæða til að ræða um þau líka. Ég mun tímans vegna einungis fara fáeinum orðum um nokkur þessara mála.

Í Tyrklandi situr herforingjastjórn sem hefur fótum troðið almenn mannréttindi. Þessi stjórn naut þolinmæði og umburðarlyndis lýðfrjálsra ríkja framan af. Til þess lágu ekki síst þær ástæður, að herinn í Tyrklandi hafði áður sýnt að þótt hann tæki völdin í sínar hendur um hríð skilaði hann þeim fljótt aftur til fóksins, og svo hitt, að því varð ekki neitað, að í landinu ríkti hrein skálmöld mánuðina áður en herinn lagði undir sig stjórnvölinn. Nú er þolinmæðin hins vegar þrotin. Forustumenn verkalýðssamtaka og stjórnmálasamtaka eru ofsóttir og fang-

elsaðir. Pyntingar viðgangast samkv. framlögðum skýrslum og allt er stjórnarfarið mjög harðneskjulegt, svo að vitnað sé í skýrslu hæstv. utanrrh., og ekki sér enn í valdaafsal herforingjanna. Nýverið töluðu þeir um frjálsar kosningar í árslok 1983 eða jafnvel ekki fyrr en á árinu 1984. Það er löng bið. Þessum mannréttindabrotum, þessari ógnarstjórn, hljóta Íslendingar að mótmæla af einurð hvarvetna þar sem því verður við komið. Sú áhersla, sem við Alþfl.-menn höfum lagt á að Ísland beitti áhrifum sínum í þessu veru, kom fram í fsp. Vilmundar Gylfasonar til hæstv. utanrrh. fyrr í vetur, og sú áhersla, sem við leggjum á þessi mál, hefur nú verið ítrekuð með flutningi þáltill. sem Vilmundur Gylfason flytur fyrir hönd Alþfl. ásamt með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Við væntum þess að þessi till. fái jákvæðar undirtektir og framsóknarmenn og sjálfstæðismenn láti af úrtölum þeim sem þeir hafa haft uppi í þessu máli og komu reyndar seinast fram í máli hv. 1. þm. Reykv., formanns Sjálfstfl. Vífilengjur duga ekki. Rödd okkar á að heyrast hátt of skýrt.

Í Suður-Afríku heldur ríkisstjórnin þar uppteknum hætti. Með kynþáttakúgunarstefnu er meiri hluta þjóðarinnar haldið í heljargreip. Sá meiri hluti nýtur engra mannréttinda og mikill hluti hans býr við sultarkjör. Fangelsanir og pyntingar eru daglegt brauð. Sífellt bætist í hóp þeirra sem láta lífið í ríkisfangelsunum. Dauði Neils Agets nýverið var ekki fyrsta dæmið um voveiflegan dauða fanga í ríkisfangelsum Suður-Afríku. Ásigkomulag Somil Fetah, forseta sameinaða verkalýðssambandsins í Suður-Afríku, þegar honum var sleppt úr fangelsi nýlega og lagður inn á sjúkrahús er annar vitnisburður um stjórnaraðferðirnar þar á bæ. Endurteknar árásir Suður-Afríku í Angóla eru enn til marks um að ríkisstjórn Suður-Afríku heldur uppi ógn, ekki einungis á hendur eigin borgurum, heldur líka gagnvart grannríkjum sínum. Við höfum fordæmt Apartheid-stefnuna, en kynning þessara mála mætti vera meiri svo og á sjálfstæðisbaráttu Namibíu, sem enn býr við ólögleg yfirráð Suður-Afríku þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur helgað árið 1982 eflingu refsiaðgerða gegn kynþáttahatursstjórn Suður-Afríku. Alþfl. telur að þessi samþykkt gefi tilefni til sérstakra viðbragða af hálfu Íslendinga. Markmiðið á að vera að hafa áhrif í þá átt að uppræta kynþáttahatursstefnu ríkisstjórnarinnar í Suður-Afríku og þvinga Suður-Afríku til að sleppa þeim tökum sem landið hefur á grannríkinu Namibíu. Við Alþfl.-menn höfum af þessu tilefni lagt til að komið verði á fót landsnefnd til stuðnings jafnrétti og frelsi í Suður-Afríku. Rökstuðningurinn kemur fram í þáltill. okkar, sem Eiður Guðnason er 1. flm. að. Það er sérstakt tilefni til að hrinda þessu máli nú í framkvæmd þannig að viðbrögð okkar við samþykkt Sameinuðu þjóðanna komi strax fram.

Somosa var frjálslyndur í samanburði við herforingja í El Salvador. Þetta eru ekki mín orð. Þau eru höfð eftir Robert White, fyrrum sendiherra Bandaríkjanna í El Salvador. White hafnar líka algerlega þeim kenningum ríkisstjórnar Ronalds Reagans Bandaríkjaforseta, að orsaka ástandsins í El Salvador sé að leita í undirróðri frá Kúbu og Sovétríkjunum. White staðhæfir að orsakanna sé að leita í félagslegum og efnahagslegum aðstæðum í landinu sjálfu, í atvinnuleysi, hungri og félagslegu óréttlæti. Ríkjandi yfirstétt hefur lifað við auð og allsnægtir í skjóli hervalds. Hún hefur haldið ræktanlegu landi í járngreip sinni. 0.4% þjóðarinnar eiga 40% af öllu ræktanlegu landi og 90% þjóðarinnar reyna að draga fram lífið á 20% ræktanlegs lands. Talið er að einungis um 16% vinnuaflsins hafi haft stöðuga vinnu árlangt og 60% þjóðarinnar hafa ekki haft rafmagn. Það voru gefin loforð um að skipta landinu milli smábænda. Þau loforð voru ekki efnd. Framkvæmd þeirra var frestað. Þau svik voru aðdragandi þess ástands sem nú ríkir í El Salvador og ég hef áður gert sérstaklega að umræðuefni hér á Alþingi.

Í framsöguræðu minni með þáltill. um málefni El Salvadors rakti ég staðreyndir varðandi manndráp, pyntingar, kúgun og mannréttindabrot í þessu stríðshrjáða landi. Ég varaði þá við því, að þær kosningar, sem þá voru fram undan, væru engin lausn á vanda þjóðarinnar. Það hefur nú komið á daginn. Ég lýsti þá stuðningi okkar Alþfl.-manna við yfirlýsingar Frakklands og Mexíkó, og ég ítreka það nú. Á þessum málum er ekki til nein hernaðarleg lausn, einungis pólitísk lausn. Þáltill. okkar Alþfl.-manna felur í sér að Ísland beiti áhrifum sínum til þess, að fundin verði slík pólitísk lausn og til þess að Bandaríkjastjórn láti af hernaðarstuðningi við sitjandi ríkisstjórn. Með samþykkt hennar kæmu sjónarmið Íslendinga fram með mjög skýrum hætti. Furðulegur málflutningur hv. þm. Péturs Sigurðssonar fyrir hönd Sjálfstfl. í sambandi við umr. um þessa þáltill. gerir í raun enn nauðsynlegra en ella að till. verði samþykkt svo að fram komi meirihlutaálit Alþingis, sem ég er sannfærður um að hlýtur að vera stuðningur við sjónarmið okkar Alþfl.-manna. Sömu undanbrögð komu fram hjá hv. 1. þm. Reykv. áðan. Hann taldi útilokað að gera upp á milli aðila og virtist óvitandi um hverjir væru hinir kúguðu og hundeltu í þessu landi. Líka af þeim sökum tel ég nauðsynlegt að þessi þáltill. verði samþykkt.

Framlag Íslands til þróunaraðstoðar hefur verið og er enn smánarlega lítið. Þótt framlag á fjárlögum teljist nú hærra en nokkru sinni fyrr er það aðeins ellefti hluti þess markmiðs, um 0.7% sem við höfum sett okkur eins og aðrar þjóðir, 1/11 hluti. Ég vil nota þetta tækifæri til að setja fram þá hugmynd, að Íslendingar setji sér nú það mark að tvöfalda framlag sitt til þróunaraðstoðar á hverju ári næstu árin. Með því móti yrði takmarkinu, sem við höfum sett okkur eins og aðrar þjóðir, náð á fimmta ári héðan í frá. Þess er að vænta að ný lög um Þróunarsamvinnustofnun Íslands reynist lyftistöng undir framlag okkar til þróunaraðstoðar. Á hinn bóginn er það sérstakt gleðiefni sem fram kemur í skýrslu utanrrh., að ýmis þróunarríki hafi leitað hingað eftir aðstoð við uppbyggingu fiskveiða. Á því sviði höfum við sérstakri þekkingu að miðla og með slíkri aðstoð værum við einmitt að hjálpa þróunarlöndunum til að bjarga sér sjálf. Það er besta aðstoðin að mínum dómi, eins og fram kom fyrr í ræðu minni.

Herra forseti. Ég hef gert grein fyrir viðhorfum okkar Alþfl.-manna til ýmissa þátta utanríkismála. Við teljum bæði rétt og sjálfsagt að gildandi fyrirkomulag í vörnum landsins verði einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu hér eftir sem hingað til. Við teljum þátttöku okkar í norrænni samvinnu og Sameinuðu þjóðunum til annarra hyrningarsteina íslenskrar utanríkisstefnu, og við viljum að við þá sé lögð sérstök rækt. Við Alþfl.-menn tekjum mjög mikilvægt að þar sem mannréttindi eru fótum troðin heyrist rödd Íslands greinilega. Það á við í

Afganistan, í Póllandi, í El Salvador, í Tyrklandi og í Suður-Afríku, svo að einhver dæmi séu nefnd. Því fremur er ástæða til þess að rödd okkar heyrist skýrt þar sem hv. formaður utanrmn. hafði uppi málaflækjur um sum þessara málefna hér áðan — og reyndar hafa málgögn Sjálfstfl. haft uppi hinn furðulegasta málflutning og ekki fengist til að fordæma kúgunina og kúgarana t. d. í El Salvador.

Ég hef, herra forseti, notað verulegan hluta af þessari ræðu til að fjalla um spennuna milli austurs og vesturs og vígbúnaðarkapphlaupið annars vegar og skyldur okkar til að draga úr fátækt í þriðja heiminum og byggja brú milli norðursins og suðursins hins vegar. Mér er ljóst að þetta eru erfið verkefni, hvort heldur er stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins og slökun spennu eða átak til að jafna aðstöðu milli norðursins og suðursins. En þetta eru svo óendanlega mikilvæg verkefni að þau verður sífellt að hafa í forgrunni. Á það viljum við Alþfl.-menn leggja áherslu. Það er skylda okkar Íslendinga að stuðla að jákvæðri þróun í þessum efnum eftir mætti, og það vil ég gera að mínum lokaorðum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Áður en ég vík að skýrslu utanrrh., sem hér er til umr., vil ég lýsa því yfir, að það eru merkileg tímamót í þróun íslenskra stjórnmála að svo mikil samstaða skuli vera fyrir hendi milli Alþb. og Alþfl. varðandi flesta höfuðþætti alþjóðamála. Það kom fram í þeirri ræðu sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson var að flytja áðan. Satt að segja er það nokkuð sérkennileg staða að standa hér eftir þessa ræðu og vera meira sammála flestu því, sem í þessari ræðu kom fram, en því, sem er að finna í skýrslu þess hæstv. utanrrh. sem situr í ríkisstjórn sem Alþb. á aðild að. Hvort sem vikið er að því, sem fram kom um nauðsynina á nýrri skipan efnahagsmála í heiminum og ný samskipti norðurs og suðurs, hvort sem vikið er að kjarnorkuvígbúnaðinum, hvort sem vikið er að málefnum Tyrklands, El Salvadors eða Suður-Afríku, hvort sem vikið er að samskiptunum um friðarhreyfingarnar í Evrópu og Bandaríkjunum, sem hér komu fram hjá formanni Alþfl. áðan, þá er samstaða okkar í öllum þessum málum alger. (**SighB:** Og Pólland.) Og Pólland, Afganistan og Argentína og þau lönd önnur sem ég átti eftir að koma að í upptalningu minni.

Það er vissulega mjög merkilegt, að á svo breiðu sviði heimsmálanna — varðandi norður og suður og ný efnahagsleg samskipti í veröldinni, varðandi kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupið, varðandi kúgun og herforingjastjórnir og ofbeldi, hvort heldur er í Tyrklandi, Póllandi, Afganistan, Suður-Afríku, Tyrklandi eða El Salvador — skuli vera hægt að ná fram slíkri samstöðu sem kemur fram í þeirri ræðu, sem formaður Alþfl. flutti áðan, og þeim orðum sem við fulltrúar Alþb. gætum haft um þessi efni. Það er nokkuð sérkennilegt að finna sjálfan sig í þeirri stöðu að vera meira sammála formanni Alþfl. um mörg af þessum efnum en því sem stendur í skýrslu hæstv. utanrrh.

Vissulega var það miðkaflinn í ræðu hv. þm. Kjartans Jóhannssonar, um Atlantshafsbandalagið og herstöðina hér, sem við gerum veigamiklar athugasemdir við. En ég tók þó eftir því, að formaður Alþfl. orðaði það þannig, að Atlantshafsbandalagið hefði tryggt friðinn. Hann er að því leyti einu skrefinu nær raunveruleikanum en hv. formaður Sjálfstfl., sem sýknt og heilagt tönnlast á því, að Atlantshafsbandalagið hafi tryggt lýðræðið. Formaður Alþfl. áttar sig greinilega á því, að Atlantshafsbandalagið hefur ekki tryggt lýðræðið. Það sýnir sagan í Portúgal.

Hins vegar er það ekki rétt, sem kom fram hjá formanni Alþfl. áðan, að herstöðin og varnarsamningurinn við Bandaríkin hafi komið í veg fyrir aukin umsvif í höfunum í kringum Ísland. Þvert á móti, eins og kom fram síðar í ræðu hans, hafa Sovétríkin á undanförnum árum aukið umsvif sín í höfunum hér í kring og Bandaríkjastjórn, eins og ég mun koma að síðar, er með veigamiklar áætlanir um stórfellda aukningu á þessum hernaðarumsvifum. Það er alveg ljóst, að hvorki varnarsamningurinn né sá búnaður, sem hér er á grundvelli hans, hefur hindrað á neinn hátt hina miklu hernaðaruppbyggingu sem er að eiga sér stað í höfunum í kringum okkur. Að mínum dómi er alvarlegasti gallinn á skýrslu hæstv. utanrrh. sú algera þögn sem í þessari skýrslu er að finna og í ræðu hæstv. ráðh. um þessar miklu hernaðaráætlanir. Það verður til þess að maður spyr sjálfan sig: Hver er ástæðan fyrir því, að utanrrh. Íslands skuli telja þögnina um þessi miklu þáttaskil vera það sem mest er við hæfi þegar rædd á utanríkismál Íslands? Við blasir að stórveldin bæði, og þó kannske sérstaklega það sem tekið hefur að sér að verja Ísland, hafa nú þegar sett fram áætlanir um stórfellda eflingu kjarnorkuvopna í höfunum í kringum Ísland. Þá sér utanrrh. Íslands enga ástæðu til að skýra þjóðinni eða Alþingi frá þessum miklu áætlunum eða fjalla sérstaklega um hver eigi að vera viðbrögð Íslands við þessum nýju þáttaskilum. Varla verður því trúað, eins og ég mun koma að á eftir, að ekki sé fyrir hendi þekking á þessum miklu efnum í utanrrn. því að ekki þarf að leita lengra en til Tímans, málgagns hæstv. ráðh., til að finna nokkuð ítarlegar lýsingar á þessum efnum.

En áður en ég kem að skýrslu hæstv. ráðh. vil ég aðeins segja að gaman verður að fylgjast með því á næstu árum og áratugum, ef gæfan verður hv. þm. Geir Hallgrímssyni hliðholl og hann situr hér á Alþingi fram til aldamóta, hvort hann ætlar í 20 ár í viðbót að flytja þá sömu ræðu og hann byrjaði að flytja fyrir 20 árum. Hv. þm. Geir Hallgrímsson virðist ekki hafa séð neina ástæðu til að draga nýjar ályktanir eða setja fram nýja hugsun eða athugasemdir varðandi það sem hefur verið að gerast í heimsmálunum á sviði kjarnorkuvígbúnaðar, á sviði samskipta risaveldanna eða á öðrum sviðum á síðustu árum. Hann flytur hér nákvæmlega sömu gömlu kaldastríðsræðuna sem hann lærði í Heimdalli á þeim tíma þegar Ronald Reagan var enn að leika í kúrekamyndunum og gegndi formannshlutverki í verkalýðsfélagi leikaranna í Hollywood. (**SighB:** Og Ólafur Ragnar Grímsson var í Framsfl.) Nei, því miður var Ólafur Ragnar Grímsson ekki í Framsfl. á þeim tíma. (Gripið fram í.) Ég heyri að hæstv. utanrrh. er mikið kappsmál að Framsfl. beri á góma hér á eftir og skal ekki vikist undan því, enda hefur ráðh. nú þegar óskað eftir því í umr. að þm. annarra flokka túlki fyrir sig ályktun miðstjórnar Framsfl. Það telst sjálfsagt einsdæmi í þingsögunni, að utanrrh. tiltekins stjórnmálaflokks skuli formlega óska eftir því á Alþingi, að þm. annarra flokka túlki fyrir sig miðstjórnarsamþykkt eigin flokks. En ég mun reyna að verða við þeirri ósk ráðh. á eftir. (**Utanrrh.:** Þm. hefur svo sterkar taugar enn þá til Framsfl.) Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að ég hef enn þá sterkar taugar til

Framsfl. En það er kannske spurningin hvort hafi slaknað á taugasambandi milli ráðh. og flokksins.

Í skýrslu hæstv. utanrrh. er vikið að því á bls. 9, að vígbúnaðarkapphlaup kjarnorkuveldanna hafi verið með tilteknum hætti. Í skýrslunni segir að kjarnorkuyfirburðir Sovétríkjanna í Evrópu séu 3.27:1, og er vitnað þar í ákveðna herfræðistofnun í Lundúnum. Þetta er eina samanburðartalan, einu samanburðarfræðin sem iðkuð eru í skýrslu hæstv. utanrrh. þegar borinn er saman kjarnorkuvopnastyrkleiki Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Það er nánast eins og þessi texti í skýrslunni, eins og reyndar sumt annað, sé samin eftir minnisblöðum áróðursdeildar Pentagon. Jafnvel í hægri sinnuðum blöðum í Bandaríkjunum er hægt að finna miklu raunhæfari lýsingar á samanburði kjarnorkuvopnastyrkleika Bandaríkjanna og Sovétríkjanna en fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh.

Reyndar er það svo, að þegar menn fjalla um samanburð á kjarnorkuvopnastyrkleika er það mjög flókið mál. Það er mikill ábyrgðarhluti að setja það fram með svo einföldum hætti sem hæstv. ráðh. gerir í sinni skýrslu, nánast með einföldum áróðursblæ. Það er ljóst öllum þeim sem kynnt hafa sér þessi mál, að staða risaveldanna á sviði kjarnorkuvígbúnaðar er með þeim hætti að á einu sviðinu hefur annað þeirra yfirburði, en á öðru sviðinu hefur hitt yfirburðina. Samskipti risaveldanna á sviði kjarnorkuvígbúnaðar eru þannig samflétta gagnkvæmra yfirburða frá einu sviðinu til annars. Í þessu sambandi mætti benda utanrrn. á, að það ágæta blað, U. S.News and World Report, sem varla verður sakað um að vera óvilhallt ríkjandi utanríkisstefnu í Bandaríkjunum, hefur nýlega birt alkunnan samanburð á þessum gagnkvæma styrkleika risaveldanna. Þar kemur fram m. a. að á sviði langdrægra eldflauga eru yfirburðir Sovétríkjanna fólgnir í því að þau hafa yfir að ráða 1398 slíkum eldflaugum, en Bandaríkin 1052. Hins vegar eru yfirburðir Bandaríkjanna allmiklir á sviði langdrægra kjarnorkuflugvéla. Hafa Bandaríkin yfir að ráða 316 slíkum flugvélum, en Sovétríkin 150. Á sviði kjarnorkuvopnaflugskeyta, sem skotið er úr kafbátum, eru yfirburðir Sovétríkjanna með þeim hætti, að þau hafa yfir að ráða 989 slíkum flugskeytum, en Bandaríkin 576. Á sviði langdrægra kjarnorkusprengja eru yfirburðir Bandaríkjanna slíkir, að þau hafa yfir að ráða 9 þús., sumir segja 10 þús., slíkum sprengjum, en Sovétríkin 7 þús., sumir segja 6 þús. Ég hélt satt að segja að þessi einfalda vitneskja væri svo kunn öllum þeim sem í utanrrn. sitja, að þegar settur væri á blað texti um samanburð á kjarnorkuvopnastyrkleika risaveldanna gættu menn þess að gera skýra grein fyrir þessum mismunandi tegundum af yfirburðum sem hvort risaveldið um sig hefur á mismunandi sviðum kjarnorkuvígbúnaðar, en væru ekki að fara með eina tölu sem eingöngu þjónar þeim tilgangi að gefa mjög villandi mynd af kjarnorkuvopnastyrkleikanum í veröldinni.

Til viðbótar við þær upplýsingar, sem hægt er að finna í U. S. News and World Report og mætti benda utanrrh. á að lesa, langar mig til að minnast á nýlegt viðtal, sem birtist í New York Times, við Paul Wranke, sem var helsti sérfræðingur ríkisstjórnar Carters í afvopnunarmálum. Hvað segir þessi helsti sérfræðingur ríkisstjórnar Carters í afvopnunarmálum um kjarnorkuvígbúnað risaveldanna? Hann segir:

„Við höfum um það bil 10 000 langdrægar kjarnorkusprengjur í Evrópu, sem geta eyðilagt skotmörk í Sovétríkjunum. Sovétríkin hafa um það bil 7000. Við höfum þess vegna algera yfirburði" — þ. e. Bandaríkin — „á þessu sviði. Ef hins vegar er litið á megatonnastyrkleikann blasir við að Sovétríkin hafa yfirburði." En hann bætir við: „Þetta skiptir engu höfuðmáli. Á einu sviðinu höfum við algera yfirburði. Á öðru sviðinu hafa þeir algera yfirburði. Það, sem skiptir máli, er að við höfum getu til þess, bæði Bandaríkin og Sovétríkin, að gereyða hvort öðru mörgum sinnum."

Það er margt fleira, sem kemur fram í þessari frá sögn af skoðunum aðalsérfræðings ríkisstjórnar Carters í afvopnunarmálum, sem er af allt öðru tagi en sá texti sem lesa má í skýrslu hæstv. utanrrh. Paul Wranke er einnig þeirrar skoðunar, eins og kemur fram í þessu viðtali í New York Times nýlega, að ef samþykkt væri tillagan um algera frystingu vígbúnaðarkapphlaupsins á þessari stundu, þ. e. hin svokallaða „Freeze-tillaga" sem komið hefur fram í öldungadeildinni og fulltrúadeildinni í Bandaríkjunum, þá mundi sú samþykkt vera Bandaríkjunum í hag vegna þess að Bandaríkin hafi algera yfirburði á þessu sviði. Þessi helsti sérfræðingur ríkisstjórnar Carters, sem gegndi einhverjum mestu trúnaðarstörfum í síðustu ríkisstjórn Bandaríkjanna á sviði kjarnorkuvopna- og afvopnunarmála, er sem sagt þeirrar skoðunar, að ef á þessari stundu væri samþykkt að frysta alla frekari aukningu kjarnorkuvígbúnaðar í heiminum yrði það Bandaríkjamönnum stórfellidlega til hags.

Það má einnig nefna hér fjölmörg önnur ummæli þm. í Bandaríkjunum, bæði í fulltrúadeildinni og í öldungadeildinni, sem gefa töluvert aðra mynd af þeirri stöðu en fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. Ég nefni þetta hér vegna þess að ég geri þá kröfu til utanrrn. á Íslandi, að þegar það lætur frá sér fara texta þar sem vikið er að samanburði á kjarnorkuvopnastyrkleika stórveldanna sé reynt að gefa Íslendingum ítarlega og sanna mynd af þessum veruleika, en ekki spilaðar einhverjar einfaldar áróðursplötur sem helstu áróðursmeistarar vígbúnaðarkapphlaups stjórnarinnar í Bandaríkjunum væru fullsæmdir af. Ég sé ekki á hvern hátt það getur þjónað hagsmunum Íslendinga að vera að taka eins einhliða afstöðu í þessu áróðurskapphlaupi og kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh., þegar það liggur fyrir að mikill fjöldi fyrrv. ráðherra í Bandaríkjunum, mikill fjöldi færra sérfræðinga í Bandaríkjunum, mikill fjöldi bandarískra þingmanna, bæði í öldungadeildinni og fulltrúadeildinni, er á allt annarri skoðun. Við þurfum að átta okkur á því, að það er hinn gagnkvæmi vígbúnaðarstyrkleikur risaveldanna, ólíkt byggður upp á hinum ýmsu sviðum, sem skapar þetta mikla vandamál. Væri fróðlegt að fræðast um það hér í þessum umr., hvort þm. Sjálfstfl. með formann utanrmn. og formann Sjálfstfl. í broddi fylkingar eða hæstv. utanrrh. gætu stutt þá tillögu sem öldungadeildarþingmennirnir Edward Kennedy og Mark Hatfield hafa lagt fram í öldungadeild Bandaríkjaþings um frystingu kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupsins. Ég get lýst því yfir hér, að þm. Alþb. ættu ekki í nokkrum vandræðum með að samþykkja þessa tillögur. Ég skora á hv. þm., sem ég hef hér nefnt, fulltrúa Sjálfstfl., og einnig hæstv. utanrrh. að svara því hér í umr., hvort þeir væru reiðubúnir að styðja tillögu sama efnis í kjarnorkuvígbúnaðarmálum og þá sem þegar hefur verið lögð fram af þessum tveimur öldungadeildarþm. á þingi Bandaríkjanna.

Því miður er það þannig að í kringum kjarnorkuvígbúnaðarmálin er háð mikið áróðursstríð og mikil valdabarátta. Það er miður vegna þess að kjarnorkuvígbúnaðarmálin eru ásamt misskiptingu auðsins í veröldinni stærstu mál sem við þurfum að glíma við á þessari jörð, — mál sem eru þess eðlis, að ef illa fer í þeim efnum getur tortíming nánast gervallrar heimsbyggðar orðið afleiðingin. Það er þess vegna einmitt á þessum sviðum sem nauðsynlegt er að hleypidómalaus og áróðurslaus afstaða komi fram — sérstaklega hjá stjórnvöldum sem tala í nafni þjóða í þessum efnum.

Það var ánægjulegt að heyra að formaður Alþfl. lýsti hér áðan yfir stuðningi við þær friðarhreyfingar sem starfað hafa í Evrópu á undanförnum mánuðum og nú eru að rísa í Bandaríkjunum. Það er önnur afstaða en komið hefur fram hjá ritstjóra Alþýðublaðsins sem nú nýlega hefur tekið sæti á Alþingi. Það er önnur afstaða en komið hefur fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni í umr. fyrr hér á Alþingi. En vonandi boðar þetta stefnubreytingu hjá Alþfl. Það er líka ánægjulegt að miðstjórn Framsfl. skyldi samþykkja sérstakar stuðningsyfirlýsingar við friðarhreyfingarnar á síðasta aðalfundi miðstjórnar. Það sýnir okkar a. m. k. að fagnaðarfyrirsögnin í málgagni Geirs Hallgrímssonar fyrir nokkrum mánuðum á forsíðu: „Friðarhreyfingin er dauð" — hefur ekki haft við rök að styðjast. (**EG:** Það er ekki sama friðarhreyfing og friðarhreyfing.) Það er alveg rétt, hv. þm. Eiður Guðnason, það er ekki sama friðarhreyfing og friðarhreyfing, en til að gera mitt mál stutt get ég einfaldlega sagt að ég get tekið undir hvert orð sem formaður Alþfl. sagði um það efni í ræðu sinni áðan.

Það hefur ekki heldur borið mikið á því í þessum umr., að risaveldin bæði, Bandaríkin og Sovétríkin, eru nú með áætlanir um gífurlega aukningu á kjarnorkusprengjuforða sínum. Við höfum ekki ítarlegar upplýsingar um þær áætlanir hjá Sovétríkjunum. En fyrir nokkrum dögum birtist í bandarískum blöðum frásögn af því, að ríkisstjórn Reagans hefði tekið ákvörðun um að framleiða á næstu árum hvorki meira né minna en 17 þús. nýjar kjarnorkusprengjur. Er þá ætlað að á þessum áratug verði um 25 þús. kjarnorkusprengjur í vopnabúri Bandaríkjanna.

Ég vék að því áðan, að áróðursmoldviðrið í kringum kjarnorkuvígbúnaðarumræðurnar væri mjög mikið. Oft er gripið til þess að telja það, sem er á dagskrá hverju sinni, algerlega nauðsynlegt út frá hagsmunum lýðræðis, frelsis eða varna vestrænna þjóða. Það er t. d. ekki langt síðan MX-eldflaugaáætlunin í Bandaríkjunum var talin bráðnauðsynleg í þágu varna Bandaríkjanna. Það voru haldnar margar ræður af Reagan Bandaríkjaforseta og talsmönnum hans um nauðsyn þess, algera nauðsyn þess, að koma upp MX-eldflaugunum. Í Morgunblaðinu á Íslandi mátti lesa frásagnir af því, hvað þessi eldflaugakerfi væru bráðnauðsynleg. En það hefur hins vegar ekki farið mikið fyrir því í fréttum hér á Íslandi undanfarið, að nú bendir allt til þess, að ríkisstjórnin í Bandaríkjunum muni hætta við gömlu MX-áætlunina, í þeim búningi a. m. k. sem hún var upphaflega sett fram, og jafnvel hætta við hana algerlega. Það, sem fyrir nokkrum mánuðum var talið algerlega nauðsynlegt í þágu „varna vestrænna ríkja", eins og það var orðað hátíðlega, er nú einfaldlega gufað upp af áætlunarborðum herforingjanna og fjármálayfirvaldanna, en annað að koma í staðinn. Það væri nokkuð fróðlegt að taka saman yfirlit yfir öll þau vopn og þær vopnategundir sem talsmenn þessa vígbúnaðarkerfis hafa talið nauðsynlegar á undanförnum árum og áratugum, en hafa síðan einhvers staðar gufað upp á leiðinni.

Ég vék að því áðan, að það, sem væri e. t. v. merkilegast við þá skýrslu utanrrh., sem hér hefur verið lögð fram, væri það sem ekki er um fjallað í henni. Það hefði mátt ætla að þegar lögð er fram skýrsla um utanríkismál Íslendinga á Alþingi, þar sem vikið er að vígbúnaðarmálum, stöðu okkar í heiminum og ýmsu öðru sem snertir land okkar og hagsmuni þess, þá væri vikið a. m. k. einhverjum orðum að þeim nýju áætlunum sem þegar hafa verið samþykktar um gífurlega aukningu vígbúnaðar á hafinu í kringum okkur. En það er ekki stafur í þessari skýrslu um það. Það er ekki orð í þessari skýrslu um þær áætlanir sem þegar hafa verið settar fram um staðsetningu hundraða, jafnvel þúsunda, stýrieldflauga á hafinu í kringum Ísland og nágrannalönd okkar fyrir lok þessa áratugs. Mér er spurn: Af hverju stafar þessi þögn? Stafar hún af vankunnáttu? Stafar hún af því að menn hafa ekki fylgst með? Eða stafar hún af því, að menn vilja ekki segja þjóðinni frá þessum miklu áætlunum?

Ég bjóst við því, að í ræðu hæstv. utanrrh. yrði vikið að þessu einhverjum orðum, vegna þess að fyrri skýringin um vankunnáttuna verður varla tekin gild eftir að málgagn ráðh., dagblaðið Tíminn, hefur birt ítarlega frásögn af þessum áætlunum. Í Tímanum laugardaginn 27. mars s. l. birtist heilsíðufrásögn undir fyrirsögninni „Kjarnorkueldflaugar á skipum og kafbátum geta leyst eldflaugar í Evrópu af hólmi. Styrkur bandaríska flotans verður stóraukinn á næstu árum." Í upphafi greinarinnar segir: „Verður Norður-Atlantshafið, og þar með hafið umhverfis Ísland, nýr skotpallur fyrir eldflaugar sem borið geta kjarnorkuvopn? Ráðamenn í Bandaríkjunum og hjá NATO hafa íhugað þennan möguleika vandlega."

Síðan birtir Tíminn ítarlega greinargerð um þessar áætlanir og þessi nýju hugðarefni herforingja Bandaríkjanna og NATO um að gera hafið í kringum Ísland að veigamiklum skotpalli fyrir einmitt sömu tegundir af eldflaugum og valdið hafa hinum miklu deilum og ólgu á meginlandi Evrópu á undanförnum mánuðum. En um þetta er ekki orð, hvorki í skýrslunni né í ræðu hæstv. utanrrh. Í frásögn Tímans segir að þessar upplýsingar komi m. a. fram í skýrslu sérstakrar nefndar um kjarnorkuvopn í Evrópu til þeirrar nefndar bandarísku öldungadeildarinnar sem hefur með samskipti við erlenda aðila að gera. Tíminn hefur auk þess fengið hluta þessara upplýsinga staðfestan í samtölum við háttsetta embættismenn í Washington. Varla verður því trúað, að dagblaðið Tíminn hafi betri sambönd í Washington en utanrrn. við Hverfisgötu.

Í viðtali við Tímann segir Ken Mayers, einn af yfirmönnum Center for Strategic and International Studies við Georgetownháskólann í Washington: „Ég get staðfest að það er rætt alvarlega um það, að eldflaugar á skipum og kafbátum geti leyst eldflaugar á landi að einhverju leyti af hólmi." — Síðan segir: „Það er ekkert leyndarmál, að þessi stjórn, sem nú situr að völdum, ætlar sér að auka styrk bandarísku flotans mjög verulega, bæði á Norður-Atlantshafi og annars staðar," segir John Lellenburg, yfirmaður í málefnum NATO í bandarísku varnarmálaráðuneytinu (Pentagon). Síðan kemur kafli í þessari frétt Tímans, sem ég mun lýsa nánar með tilvísunum í aðrar heimildir, erlend blöð, hér á eftir. En í

málgagni ráðherrans, Tímanum, segir í kaflanum sem ber millifyrirsögnina: „3—4 þúsund nýjar eldflaugar til flotans“:

„Það er greinilegt að Lellenburg fer ekki með neitt fleipur þegar hann segir að styrkur bandaríska flotans verði aukinn verulega. Samkvæmt skýrslu hinnar sérstöku nefndar um kjarnorkuvopn í Evrópu hefur verið gerð áætlun fyrir flotann sem miðar að því, að komið verði fyrir á milli 3 og 4 þúsund nýjum eldflaugum um borð í skipum og kafbátum. Eru þetta venjulegar meðallangdrægar eldflaugar sem hægt er að nota til að granda óvinaskipum og gera árásir á stöðvar á landi. Verður byrjað að koma þessum eldflaugum fyrir á næsta ári og í athugun er að nota einnig eldflaugar með kjarnaoddum.“

Þessar fréttir, sem Tíminn hefur frá fréttaritara sínum í Washington, hafa líka birst á alþjóðlegum fréttavettvangi. 18. sept. s. l. birti International Herald Tribune, sem væntanlega er keypt í rn., frétt undir fyrirsögninni: 2500 stýrieldflaugar nú ætlaðar bandarískra sjóhernum. — Í fréttinni kemur fram, að ætlunin sé að staðsetja þessar 2500 stýrieldflaugar bæði í kafbátum og á herskipum ofan sjávar á árabilinu 1982—1986. Í skýrslunni og fréttinni segir að þetta muni þýða alls 2527 stýriflaugar fyrir árið 1989 og þær eigi að setja bæði í kafbáta, á flugvélamóðurskip og á önnur meiri háttar herskip. Þess má einnig geta, að í því þekkta tímariti Aviation Week and Space Technology birtist fyrir um það bil ári nokkuð ítarleg frásögn af því, að þegar hefði verið samþykkt í Bandaríkjunum að taka úr notkun eldri flugvélamóðurskip eða meiri háttar herskip, og nefnd sem dæmi New Jersey og Iowa, og taka af þessum skipum allt yfirdekkið til að koma fyrir á þeim stýrieldflaugum. Það er rakið mjög ítarlega í fréttinni, hvernig á árabilinu frá 1983 og fram til loka þessa áratugs eigi að búa hverja tegundina af þessum herskipum á eftir annarri þessum nýju stýrieldflaugum. Ég vek athygli á að við erum að tala um 2500 stýrieldflaugar, sem er margfaldur sá fjöldi stýrieldflauga sem valdið hefur hvað mestum deilum á meginlandi Evrópu á undanförnum árum, — um það bil fimmfaldur fjöldi þeirra stýrieldflauga sem hinar miklu pólitísku deilur hafa staðið um í Þýskalandi, Bretlandi, Belgíu, Hollandi og öðrum löndum á undanförnum árum. — Í þessari frétt kemur einnig fram, að samningur hefur verið gerður við Westinghouse-fyrirtækið í Bandaríkjunum upp á 18 millj. dollara til að þróa á næstu 22 mánuðum sérstakt skotkerfi fyrir þessar stýrieldflaugar sem hægt verður að setja í kafbáta, þá sömu kafbáta og sigla í höfunum í kringum Ísland. Í frétt, sem birtist í breska blaðinu Times s. l. haust, kemur fram til viðbótar, að auk herskipanna New Jersey og Iowa eigi einnig að breyta systurskipum þeirra, Wisconsin og Missouri, í þessu skyni á þessum áratug.

Herra forseti. Það mætti rekja margar aðrar greinar eða ítarlegri frásagnir, bæði úr málgagni Framsfl., Tímanum, og einnig úr alþjóðlegum blöðum sem fjalla á sérfræðilegan hátt um þessi efni. Ég læt þetta nægja hér, en get rakið meira til viðbótar ef þess er óskað til að staðfesta að það liggur nú þegar fyrir umfangsmesta áætlun um aukningu kjarnorkuvopnaforða bandaríska flotans sem gerð hefur verið á síðari árum. Það er kjarni þessarar áætlunar, að kafbátar og herskip á Norður-Atlantshafi eigi að vera búin þessum kjarnorkueldflaugum. Það þýðir m. ö. o. að hafið í kringum Ísland verður meginkjarnorkuvopnabúr um lok þessa áratugs. Ef það er ekki efni til umræðna í skýrslu utanrrh., ef það er ekki efni í umræður um utanríkismál á Alþingi Íslendinga, þá veit ég satt að segja ekki hvað við eigum að taka fyrir. Hér fer saman einn veigamesti þátturinn í kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupi risaveldanna og okkar eigið hafsvæði, úthafið í kringum Ísland og nágrannalönd okkar, Færeyjar, Grænland og Noreg.

Ég spurði að því áðan: Hvernig stendur á því, að það hefur ekki komið eitt einasta orð frá utanrrn. á Íslandi opinberlega um þetta efni? Hvernig stendur á því, að ráðh. og rn. hafa ekki séð ástæðu til að segja íslensku þjóðinni frá þessum miklu áætlunum sem Bandaríkin hafa nú þegar gert og fyrirtæki eins og Westinghouse og önnur fyrirtæki í Bandaríkjunum eru þegar byrjuð að framleiða eftir? Dagsetningar á tilkomu þessa nýja kjarnorkueldflaugakerfis í kafbátunum í kringum okkur og breytingar herskipanna Iowa, New Jersey, Missouri og Wisconsin eru allar komnar í áætlunarfarveg. Ég kann ekki svör við því, en æskilegt væri að það væri upplýst í umr. á eftir, hvers vegna ekki hefur verið ástæða til að fræða Alþingi og þjóðina um þetta efni. Það er svo nokkuð sérkennileg staðreynd, sem ég er viss um að sagnfræðingar framtíðarinnar munu hafa verulegan áhuga á, að á sama tíma og þessi þögn er ríkjandi um stórfelldustu flotauppbyggingu á Norður-Atlantshafi á sviði kjarnorkuvopna, sem sett hefur verið fram nokkurn tíma, skuli vera ákveðið af hálfu hæstv. utanrrh. og stutt sérstakri þingflokkssamþykkt í Framsfl. að afhenda Bandaríkjasjóher í fyrsta sinn úthafshöfn á Íslandi.

Í Helguvík er eitt besta hafnarstæði fyrir úthafsskip á Íslandi. Hvers vegna hefur bandarískri sjóherinn, sem stefnir svo grimmt að uppbyggingu á Norður-Atlantshafi, slíkan áhuga á höfn í Helguvík? Hvernig stendur á því, að einmitt þegar slíkar áætlanir liggja fyrir í Bandaríkjunum skuli vera tekin sú ákvörðun að bandarískri sjóherinn geti eignast höfn á Íslandi?

En Tíminn, málgagn Framsfl. og hæstv. utanrrh., er merkilegt blað. Það er satt að segja töluvert önnur heimsmynd sem birtist þessar vikurnar og mánuðina í því blaði en er að finna í skýrslu hæstv. utanrrh. Það vekur spurningar um hver hafi misskilið hvern.

Fyrir nokkru, sunnudaginn 21. mars, birti Þórarinn Þórarinsson, sem tvímælalaust verður að telja reyndasta og fróðasta sérfræðing Framsfl. á sviði utanríkismála, helgargrein, stjórnmálagrein, á þeim stað þar sem talsmenn Framsfl. hafa í áratugi birt lesendum Tímans meginboðskap sinn. Þessi grein Þórarins Þórarinssonar ber heitið: „Hernaðarleg staða Íslands og hættan vegna hennar.“ Fyrsti kaflinn í þessari grein reyndasta talsmanns Framsfl. í utanríkismálum ber heitið: „Í þjóðbraut kjarnorkukafbáta.“ Það er það heiti sem Þórarinn Þórarinsson vill velja því ástandi sem ríkir hér í kringum okkur af hálfu beggja risaveldanna, að við séum í þjóðbraut kjarnorkukafbáta. Annar kaflinn í þessari grein ber heitið: „Hættan magnast.“ Þriðji kaflinn ber heitið „Herstöðin í Keflavík.“ Fjórði kaflinn heitir: „Gerbreytt staða.“ Næstsíðasti kaflinn ber heitið: „Góð tíðindi frá Washington.“ Er þar vikið að þeirri tillögu öldungardeildarþingmannanna Kennedys og Hatfields sem ég spurði um áðan hvort formaður Sjálfstfl. og formaður utanrmn. og hæstv. utanrrh. gætu stutt efnislega. Í lokakaflanum í þessari grein er fjallað um það sem ber heitið: „Framlag Íslendinga.“ Vegna þess að þessi höf-

undur, sem hefur bráðum í hálfa öld fjallað um utanríkismál á síðum málgagns Framsfl., hefur fram að færa ýmislegt sem ég held að öllum, sem um þessi mál fjalla, væri hollt að hugsa um ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að lesa nokkra kafla úr þessari stjórnmálagrein málgagns Framsfl., þó ekki væri nema til þess að það væri efniviður í umr. um hver hefði misskilið hvern. Í Tímanum segir m. a.:

„Íslendingar hafa hvergi nærri gert sér ljósa þá uggvænlegu staðreynd, að land þeirra er komið í „þjóðbraut kjarnorkukafbáta." Því fer fjarri að þessi þróun sé að taka enda. Þvert á móti bendir allt til að kafbátavígbúnaðurinn á hafinu umhverfis Ísland muni enn færast í aukana.

Bæði risaveldin stefna nú að því að byggja stærri kafbáta en áður og búa þá bæði fleiri eldflaugum en áður og að hver eldflaug geti borið fleiri kjarnaodda en áður. Þá stefna þau að því að búa bæði kafbáta og ofansjávarskip stýriflaugum sem flutt geta kjarnavopn.

Breska stjórnin hefur alveg nýlega ákveðið að endurnýja kjarnorkuvopn sín. Kafbátarnir verða endurnýjaðir, einnig eldflaugarnar og kjarnaoddarnir. Frakkar eru einnig að auka og endurnýja þann kafbátaflota sem búinn er kjarnavopnum.

Að sjálfsögðu gera kjarnorkuveldin það ekki uppskátt, hvar þau hafa þennan kjarnavopnaflota sinn, en það þarf ekki mikla þekkingu til að gera sér ljóst að stærsta hluta hans er að finna á hafsvæðinu kringum Ísland." Ég endurtek þessi orð ritstjóra Tímans: „stærsta hluta hans er að finna á hafsvæðinu kringum Ísland." En áfram segir í greininni:

„Þessu fylgir margvísleg hætta fyrir Ísland og íslensk fiskimið. Þess vegna er ekki aðeins eðlilegt, heldur óhjákvæmilegt, að Íslendingar hefjist handa, veki athygli á þessu á alþjóðavettvangi og beiti sér fyrir því, að þessi kafbátavígbúnaður verði í fyrsta lagi frystur og síðan unnið markvisst að samdrætti hans af hálfu allra viðkomandi aðila."

Hér lýkur þessum hluta tilvitnunarinnar, en efnislega felur hann í sér kröfu um að Íslendingar beiti sér fyrir því, að þessi kjarnorkuvígbúnaðaraukning á hafinu í kringum Ísland verði fryst. Nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því, að þessi áskorun í málgagni Framsfl., Tímanum, verði framkvæmd, að það verði verkefni íslenskra stjórnvalda að beita sér fyrir því, að Bandaríkin og Sovétríkin frysti nú þegar kjarnorkuvígbúnaðaráform sín í þessum heimshluta?

Síðan segir áfram í grein Þórarins Þórarinssonar:

„Þegar framangreindar staðreyndir eru hafðar í huga, verður það best ljóst, hversu mjög hafa breyst varnarmöguleikar Keflavíkurflugvallar síðan varnarsamningurinn var gerður 1951.

Þá voru engar líkur til þess, ef til átaka kæmi milli Sovétríkjanna og Bandaríkjanna, að hægt yrði að gera árás á Keflavíkurflugvöll öðruvísi en frá skipum eða flugvélum. Rússar höfðu þá hvorki kjarnavopn né flugskeyti, sem þeir gætu beitt í hugsanlegri árás á Keflavíkurflugvöll. Rökstuddar vonir voru fyrir því, að hægt væri að verja völlinn árásum.

Slíkar vonir sem þá voru fyrir hendi eru nú hrundar með öllu," segir þessi reyndasti talsmaður Framsfl. á sviði utanríkismála í nær hálfa öld. En hann segir meira, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef til átaka kæmi milli risaveldanna á Norður-Atlantshafi — en annarra hernaðarlegra átaka er vart að búast við þar — gætu Rússar skotið eldflaug frá kafbáti, sem væri í tiltölulega lítilli fjarlægð, og við slíkri árás eru engar varnir til og verða ekki til svo að fyrirsjáanlegt sé.

Þess ber svo að gæta, að árásarhættan er meiri nú en 1951, þar sem herstöðin á Keflavíkurflugvelli er nú miklu mikilvægari en þá, þar sem hún er orðin ein þýðingarmesta upplýsingastöð Bandaríkjanna um ferðir rússneska kafbátaflotans, eins og Benedikt Gröndal vék að í ræðu sinni."

Ég sé ekki betur en að í þessum orðum ritstjóra Tímans og eins helsta sérfræðings Framsfl. í utanríkismálum sé að finna algera staðfestingu á þeim sjónarmiðum mínum sem ég flutti hér fyrir nokkrum mánuðum þegar við ræddum, ég, hæstv. utanrrh. og fleiri þm., um eðli herstöðvarinnar hér og tengsl hennar við kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaup risaveldanna.

Það er vissulega ánægjulegt að sjá að innan Framsfl. skuli vera til menn sem gera sér jafnskýra og glögga grein fyrir þeim hættum sem íslenskri þjóð eru búnar, bæði nú og á næstu árum. Ég hefði verið mun ánægðari með skýrslu hæstv. utanrrh. ef þessara sjónarmiða Framsfl. hefði gætt meira í henni.

Í greininni er enn fremur fagnað sérstaklega þeirri tillögu sem Edward Kennedy og Mark Hatfield hafa lagt fram á þingi Bandaríkjanna og lýst yfir stuðningi við „þrýstistefnuna" í kjarnorkuvígbúnaðarmálum. Því er jafnframt fagnað, að í Bandaríkjunum sé að rísa fjöldahreyfing sem berst fyrir nákvæmlega sömu markmiðum og friðarhreyfingin í Evrópu gerði á s. l. ári.

Í lok greinarinnar er að finna þá niðurstöðu, að „eins og staða Íslands er með vaxandi kafbátaflota, búnum kjarnorkuvopnum, á hafinu umhverfis landið og mikla árásarhættu varðandi Keflavíkurflugvöll, ef til styrjaldar kæmi, hljóta Íslendingar af alefli að styðja alla viðleitni sem beinist að því að koma á stöðvun vígbúnaðarkapphlaupsins og gagnkvæmri afvopnun.

Ef árangur næðist í þeim efnum mundi það meira en nokkuð annað afstýra þeirri hættu sem yfir Íslandi vofir og þó einkum Keflavíkurflugvelli meðan vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram."

Herra forseti. Þessi stefnugrein ritstjóra Tímans, þess manns sem lengur en nokkkur annar hefur gegnt fulltrúa- og forustustörfum fyrir Framsfl. á sviðum utanríkismála, er vissulega fagnaðarefni sem innlegg inn í þá alvarlegu umræðu sem þarf að fara fram hér á Íslandi. Ég hefði kosið að skýrsla utanrrh. bæri meira svip þeirra sjónarmiða sem þarna koma fram. En kannske eru þessi skrif Tímans, málgagns Framsfl., líka misskilningur að dómi hæstv. ráðh., eins og samþykktir miðstjórnar flokksins.

Þá er rétt að vekja athygli á því til viðbótar, að fyrir nokkrum dögum birtist í Tímanum leiðari undir fyrirsögninni: „Friðarsóknin í Bandaríkjunum" — þar sem lýst var á mjög greinargóðan hátt stefnumálum þeirrar miklu fjöldahreyfingar, þeirrar friðarhreyfingar, sem risið hefur í Bandaríkjunum á undanförnum mánuðum, þeirri undirskriftasöfnun sem nú fer fram í einu fjölmennasta ríki Bandaríkjanna og hefur nú þegar hlotið fleiri undirskriftir en nokkur hliðstæð undirskriftasöfnun á undanförnum árum.

Það verður vissulega skemmtilegt að fylgjast með því, þegar hv. þm. Geir Hallgrímsson og þeir Morgunblaðs-

menn ásamt ritstjóra Alþýðublaðsins munu keppast við að reyna að koma sama kommúnistastimplinum á friðarhreyfingarnar í Bandaríkjunum og þeir hafa verið að keppast við á undanförnum mánuðum að koma á friðarhreyfingarnar í Evrópu. Þótt þeir geti kannske reynt að læða því inn hjá almenningi á Íslandi, að ég og mínir líkar séu grunsamlegir í þessum efnum, eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson gerði áðan, verður gaman að sjá þá flytja sömu ásakanir á Edward Kennedy og ýmsa öldungadeildarþingmenn í Bandaríkjunum. Staðreyndin er nefnilega sú, að þeir, sem hafa hér á undanförnum mánuðum talað gegn friðarhreyfingunum í Evrópu og nú verða, ef þeir vilja vera sjálfum sér samkvæmir, að tala gegn friðarhreyfingunum í Bandaríkjunum, eru orðnir svo langt til hægri í allri þessari alþjóðlegu umræðu að stór hluti þm. í öldungadeild og fulltrúadeild Bandaríkjaþings er með miklu raunhæfari skoðanir á þessum efnum en þessir stjórnmálamenn á Íslandi — skoðanir sem í reynd eru miklu líkari því sem ég og ýmsir talsmenn Alþb. og stór hluti Framsfl. og reyndar margir einnig í Alþfl. höfum verið að halda fram á undanförnum vikum og mánuðum.

Það er rétt, sem aðeins er vikið að í skýrslu hæstv. utanrrh., að á undanförnum mánuðum hafa komið fram ýmsar tillögur í afvopnunarmálum. Sumpart eru þessar tillögur settar fram í áróðursskyni. Sumpart eru þær settar fram sem grundvöllur alvarlegra viðræðna. Hvort heldur þær eru frá Sovétríkjunum eða Bandaríkjunum eru þær þó greinilega knúðar fram m. a. í krafti þess fjöldastyrks sem málstaður friðarins hefur hlotið í þessum löndum. En það er athyglisvert, að það verður ekki hægt að lesa skýrslu hæstv. utanrrh. á annan veg en þann, að hann styðji þá tillögu sem Reagan Bandaríkjaforseti hefur lagt fram. Nú vil ég lýsa því yfir aftur, eins og ég gerði hér á Alþingi á sínum tíma, að ég tel tillögu Reagans að vissu leyti vera jákvætt skref í áttina að því að viðurkenna nauðsynina á raunhæfri afvopnun. Það er hins vegar einn stór galli á þeim tillögum sem ríkisstjórn Reagans hefur lagt fram í afvopnunarviðræðunum í Genf. Hann er sá, að kjarnorkuvopn á hafinu, kjarnorkuvopn í kafbátum, kjarnorkuvopn í herskipum á hafinu, eru algerlega undanþegin þeim afvopnunartillögum sem ríkisstjórn Reagans hefur sett fram. Það er hið stóra gat sem er á þeirri tillögu. Þau kjarnorkuvopn, sem yrðu aðallega á hafinu og í hafinu kringum Ísland, á ekki að takmarka. Þeim á ekki að fækka. Nei, þvert á móti er tillagan sett fram á þann hátt að skapa svigrúm fyrir Bandaríkin til að auka kjarnorkuvígbúnaðinn á hafinu í kringum Ísland og nágrannalönd okkar á sama tíma og kjarnorkuvopnaforðinn yrði takmarkaður á meginlandi Evrópu. Ég hefði kosið að talsmenn Íslendinga á vettvangi alþjóðastofnana bentu rækilega á þennan galla á tillögum Reagans, á sama tíma og menn gætu tekið undir ýmsilegt annað sem í þeim felst. Þessi tillöguflutningur er beinlínis þannig úr garði gerður að hann skapar okkur Íslendingum og öðrum strandríkjum hér á Norður-Atlantshafi stórfellda hættu. Ég get ekki séð hvernig íslenskur utanrrh., sem vill gæta hagsmuna ríkisins, getur tekið undir þessar tillögur án þess að vekja jafnframt rækilega athygli á því stóra gati sem þarna er.

Hæstv. utanrrh. setti fram þá ósk áðan, að ég tæki að mér að útskýra ályktun miðstjórnar Framsfl. um utanríkismál. Það er dálítið merkilegt í sjálfu sér, að ráðh. skuli telja þörf á að biðja um útskýringar á þessari samþykkt og gera það ekki innan flokksins, heldur gera það í heyranda hljóði á Alþingi. En sakir minningar um félagsskap okkar í Framsfl. á sínum tíma skal ég verða við þessari ósk hæstv. ráðh. Jafnframt væri óskandi að formaður miðstjórnarinnar, sem nú er, vegna fjarveru hins, sem kosinn var aðalformaður miðstjórnar af alkunnum ástæðum og þingheimi eru kunnugar, gæti einnig tekið þátt í þessari umr. svo að ekki leiki nokkur vafi á hvernig beri að túlka samþykktir æðstu stofnunar Framsfl. milli flokksþinga í þessum mikilvæga málaflokki. Ályktun miðstjórnar Framsfl. um utanríkismál er ekki löng. Í henni er hins vegar að finna mjög afdráttarlausa afstöðu til ýmissa þeirra málefna sem ég hef hér gert að umræðuefni. Þar stendur m. a.:

„Aðalfundur miðstjórnar Framsfl. telur nauðsynlegt að Íslendingar stuðli að því á alþjóðavettvangi, að dregið verði úr hættunni á því, að kjarnorkustyrjöld brjótist út í heiminum.

Nauðsynlegt er að Framsfl. hafi frumkvæði í þessum efnum."

Nú er það dálítið merkilegt, að miðstjórnin skuli ekki telja rétt að utanrrh. eða ríkisstj. hafi frumkvæðið í þessum efnum, heldur segir miðstjórnin að Framsfl. skuli hafa frumkvæði í þessum efnum. Það er sérkennilegt og nokkur nýjung, að flokkur sem fer með utanríkismál og hefur reyndar gert það meginþorra þessa áratugs, skuli telja nauðsynlegt að hann taki sérstaklega að sér frumkvæðið í þessum efnum. Það mætti kannske túlka það á þann veg, að flokkurinn treysti ekki nægilega þeim, sem í fyrirsvari eru á sviði utanríkismála meðal þjóðarinnar, til að fara með þetta frumkvæði. Ég skal ekki svara þeirri spurningu hér. Hitt er ljóst, að Framsfl. telur það vera fyrsta verkefni að hafa frumkvæði um að dregið verði úr hættunni á því, að kjarnorkustyrjöld brjótist út í heiminum, sérstaklega í okkar heimshluta. Ég get ekki séð annað en það þýði, sérstaklega þegar höfð er í huga sú grein ritstjóra Tímans, sem ég vék að áðan, og þær fréttir, sem blaðið hefur fært af uppbyggingu kjarnorkuvígbúnaðar á hafinu í kringum Ísland, að Framsfl. ætlist til að Íslendingar taki upp frumkvæði í baráttunni gegn kjarnorkuvígbúnaðaruppbyggingu varðandi kafbáta og herskip á hafinu í kringum Ísland, þess vegna hljóti miðstjórn Framsfl. að telja það undarlegt, eins og ég hef talið hér, að í skýrslu hæstv. utanrrh. skuli ekki vera minnst einu orði á þetta atriði.

Þá segir enn fremur: „Aðalfundurinn fagnar þáltill. þingmanna flokksins um alþjóðlega ráðstefnu um afvopnun á Norður-Atlantshafi."

Þetta er líka nokkuð skýrt. En það mætti spyrja í framhaldi af því, vegna þess að mér er ekki kunnugt um að það hafi komið fram: Styður hæstv. utanrrh. þessa till.? Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því í utanrmn., að þessi till. verði samþykkt? Það væri mjög æskilegt að fá svör við því á eftir, vegna þess að þingi fer senn að ljúka og þessi till. hefur legið í utanrmn. í nærri því tvo mánuði. Það væri mjög æskilegt að fá leiðbeiningar um það frá hæstv. ráðh. síðar í dag, hvort hann er því meðmæltur að þessi till. verði samþykkt.

Þá segir enn fremur í ályktuninni: „Fundurinn lýsir stuðningi við frjálsar og óháðar friðarhreyfingar sem vinna að gagnkvæmri afvopnun."

Þetta er mjög merkileg yfirlýsing. Alþb. varð fyrst flokka til að lýsa yfir stuðningi við þessar friðarhreyfingar. Framsfl. hefur nú einnig tekið undir þessa ósk. Það er

vissulega mjög mikilvægt þegar horft verður til þeirra mála sem friðarhreyfingar t. d. kirknanna í Hollandi og Þýskalandi og friðarhreyfingin í Bandaríkjunum hafa á stefnuskrá sinni, að fá það skýrt fram, að flokkur utanrrh. á Íslandi skuli vilja styðja þessa stefnuskrá. Það sýnir m. a. að miðstjórn Framsfl. er á allt annarri skoðun en Geir Hallgrímsson í þessu efni og allt annarri skoðun en ritstjóri Alþýðublaðsins í þessu efni.

Síðan er því bætt við: „Enn sem fyrr er það stefna Framsfl. að taka þátt í varnarsamtökum vestrænna þjóða, en jafnframt að hinn erlendi her fari héðan jafnskjótt og aðstæður leyfa."

Þetta er að vísu nokkuð gamalkunnur texti úr samþykktum miðstjórnar Framsfl. Það má þó minna á að fyrir nokkrum árum, þegar páv. formaður Framsfl. flutti stefnuræðu á miðstjórnarfundi í flokknum, — mig minnir að það hafi verið síðasta stefnuræðan sem hann flutti áður en hann lét af formennsku fyrir nokkrum árum, — þá vék hann að því, að það væri tímabært fyrir Framsfl. að fara að láta af yfirlýsingum sínum um að herinn ætti að fara. Ef ég man rétt voru í þeirri ræðu setningar á þá leið, að eðli hersins hér væri nú orðið slíkt að það væri kannske ekki ástæða til að vera að amast mikið við slíkri starfsemi. Ég tel vissulega mikilvægt að Framsfl. sjái þó ástæðu til að ítreka þetta fyrra stefnumál sitt.

Síðan lýsir fundurinn því yfir, að við ríkjandi aðstæður telji hann rétt að fylgt sé óbreyttri stefnu í öryggismálum og átelja beri allar tilraunir varnarliðsins til afskipta af innlendum málum. — Það hefur komið skýrt fram að þessa setningu telur hæstv. utanrrh. byggða á algerum misskilningi. Í skýrslu sinni lýsir hann því yfir, að það hafi engin vandamál verið í samskiptum við varnarliðið og samvinna hafi verið mjög góð á s. l. ári. Engu að síður ályktar flokkur hans um þessi efni. Ég held að það sé einsdæmi í stjórnmálasögu Íslendinga, að utanrrh. eða yfirleitt ráðherrar í nokkrum málaflokki skuli gefa þá yfirlýsingu að jafnmikilvæg samþykkt, sem æðsta stofnun flokks hans geri í þeim málum sem undir hann heyra, sé byggð á misskilningi. Reyndar hafði ráðh. í viðtali við Morgunblaðið harðari orð um þessa samþykkt Framsfl. en ég hef hér vitnað til, því að hann bætir við að hún hafi verið samþykkt í hugsunarleysi. Það væri kannske ástæða og tilefni til að spyrja í framhaldi af þessum yfirlýsingum ráðh.: Er eitthvað fleira í utanríkismálasamþykkt miðstjórnar Framsfl. sem ráðh. telur byggt á misskilningi eða er þetta það eina? Það væri satt að segja mjög gagnlegt fyrir okkur hina að fá að vita hvort ráðh. er samþykkur öllum öðrum yfirlýsingum sem fram koma í miðstjórnarsamþykktinni eða hvort þetta er það eina sem hann telur vera misskilning.

Afskipti af innanlandsmálum er hins vegar mjög teygjanlegt hugtak. Hæstv. ráðh. gaf nokkuð afdráttarlausa yfirlýsingu um það, að ef bandarískt herinn færi að skipta sér af innanlandsmálum bæri að grípa til harðra gagnaðgerða í þeim efnum. Lét hann mjög þung orð falla í þeim efnum sem ég styð algerlega. En málið er ekki alveg svona einfalt. Hér starfar bandaríska sendiráðið og hér starfar Menningarstofnun Bandaríkjanna. Það er alveg ljóst, að þessar tvær stofnanir, bandaríska sendiráðið og hin svokallaða Menningarstofnun Bandaríkjanna, hafa margvísleg afskipti af málefnum hersins hér á landi. Bandarískt sendiherrann er æðsti viðræðuaðili utanrrn. um herinn hér á landi, og starfsmenn Menningarstofnunar Bandaríkjanna hafa, eins og gögn hafa sýnt og fjölmörg dæmi sannað, margvísleg afskipti af afstöðu Íslendinga til herstöðvarinnar og varnarsamningsins. Ber að skilja þetta svo, að yfirlýsing hæstv. utanrrh. taki einnig til þessara aðila, líka til bandarískra sendiráðsins og menningarstofnunar Bandaríkjanna, vegna þess að þessar tvær stofnanir eru á mjög náinn hátt tengdar starfsemi hersins hér á landi og ábyrgar fyrir ákveðnum hluta þeirrar starfsemi í samræmi við bandarískra stjórnkerfið? Ég gæti nefnt ýmis dæmi um að náin samvinna hefur verið með íslenskum stjórnmálamönnum og bandarískra sendiráðinu í deilum um innanlandsmál á Íslandi. Náið samráð og ráðgjöf og upplýsingaþjónusta hefur komið fram af hálfu bandarískra sendiráðsins gagnvart þessum íslensku stjórnmálamönnum. Kannske gefst tækifæri til þess einhvern tíma síðar að leggja fram gögn, sem sýna þetta svart á hvítu, til viðbótar við þau gögn sem ég hef nú þegar kynnt Alþingi. En það er alveg ljóst af þeim gögnum sem ég hef séð og skoðað, að þeir eru nokkuð margir stjórnmálamenn og stjórnmálaskýrendur á Íslandi sem hafa mjög náið samband við bandarískra sendiráðið um gang mála hér innanlands. Ef yfirlýsing hæstv. ráðh., sem hann gaf hér áðan, tekur einnig til þessarar starfsemi, þá væri vissulega tilefni til þess að athuga það nánar á grundvelli þeirra gagna sem hægt verður að leggja fram um þessi efni.

Til viðbótar er í ályktun miðstjórnar Framsfl. lögð áhersla á, að umsvif varnarliðsins verði í engu aukin, og fagnað því starfi sem utanrrh. hefur unnið á þessu sviði. — Það eina, sem ég ætla að segja um þennan texta, er að hann má túlka á ýmsa vegu. Ég ætla ekki að blanda mér inn í þá umr., en það er hægt að færa nokkuð ítarleg rök fyrir því, að ýmsar áætlanir, sem settar hafa verið fram, feli ekki beint í sér að umsvifin séu ekki aukin.

Í lokagrein ályktunarinnar er talið nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir því, með hverjum hætti ætlunin er að verja Ísland ef til átaka kæmi. — Ég vil taka undir þessa áskorun miðstjórnar Framsfl. Ég vænti þess, að hæstv. utanrrh. verði við þessari áskorun miðstjórnar eigin flokks innan tíðar og við hér á Alþingi og þjóðin öll fáum að sjá þær áætlanir sem Bandaríkjastjórn og NATO hafa gert um varnir Íslands ef til átaka kemur. Vona ég að þessi kafli í samþykkt miðstjórnar Framsfl. sé ekki líka byggður á misskilningi. Það væri synd ef þjóðin og þingið fengi ekki að sjá þessar áætlanir. Ég vona því eindregið að þær verði lagðar fram og ekki verði veitt þau svör við því, eins og hafa verið veitt við ýmsum öðrum óskum, að það séu svo viðkvæm skjöl að þau þoli ekki að íslenska þjóðin fái að fjalla um þau.

Þannig er nokkuð ljóst að í ályktun miðstjórnar Framsfl. kemur fram töluvert ööruvísi tónn í öllum áherslum og allri heimssýn og allri vandamálaskilgreiningu en birtist í skýrslu hæstv. utanrrh.

Ég vil að lokum varðandi þessa umr. um kjarnorkuvígbúnaðinn vekja athygli hæstv. ráðh. og Alþingis og utanrrn. á mjög merkilegri grein, sem maður að nafni Roger Morlander birti í Washington Post fyrir nokkrum dögum. Þessi maður var starfsmaður í Öryggisráði Hvíta hússins á tímum Nixons forseta og var sýndur slíkur trúnaður af Nixon og Kissinger að hann fékk að semja algerlega stefnugrundvöll Bandaríkjanna í afvopnunar- og kjarnorkuvígbúnaðarviðræðum sem þá áttu að eiga sér stað í Genf. Sú stefna, sem hann markaði, var samþykkt óbreytt af bæði Kissinger og Nixon. Þessi maður er

nú í fararbroddi baráttunnar fyrir auknum og raunhæfum upplýsingum um kjarnorkuvígbúnað í Bandaríkjunum. Hann hefur látið af störfum í því vígbúnaðarkerfi sem hann starfaði í áður. Hann rekur m. a. í þessari grein þá niðurstöðu sína, að þrátt fyrir að þetta sé það svið mannlegra málefna þar sem örlög jarðarinnar geti ráðist með hvað afdrifaríkustum hætti, þá séu ákvarðanir þar teknar á grundvelli mikillar vanþekkingar, á grundvelli tilfinningaafstöðu, á grundvelli hleypidóma og á grundvelli tilviljana. Hann rekur einnig dæmi um hvernig tæknibilanir hvað eftir annað í vígbúnaðarkerfinu hafa gefið til kynna að kjarnorkustríð væri að hefjast. Hann rekur einnig hvernig í viðræðum, sem farið hafa fram innan Hvíta hússins og í innstu hringum vígbúnaðarráðgjafar Bandaríkjaforseta, hafi háttsettir herforingjar sett fram það sjónarmið, að kjarnorkustríð væri ekki ófýsilegur kostur og væri fyllilega raunhæfur möguleiki sem þáttur í utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Hann vitnar orðrétt í þessi ummæli: „Vegna þess að aðeins 500 millj. manna mundu deyja".

Þessi maður er einn af þeim örfáu í veröldinni, þeir eru nefnilega ekki mjög margir, sem hafa haft það að daglegu verkefni um áraraðir að leggja grundvöll að ákvörðunum risaveldanna um kjarnorkuvígbúnaðarkapphlaupið og hafa verið í innsta hring þess þrönga hóps sem ákvarðanir hefur tekið um það efni. Reynsla hans og niðurstaða er vissulega tilefni til þess, að íslenskir þingmenn og reyndar almenningur allur kynni sér rækilega sjónarmið hans. Það væri full ástæða til þess, þar sem við eigum í margvíslegum samskiptum við þær stofnanir sem taka ákvarðanir af þessu tagi, erum aðilar að Atlantshafsbandalaginu, erum háðir þeim ákvörðunum sem þarna eru teknar, að við kynntum okkur þessa lýsingu. Niðurstaða hans er því miður sú, að kjarnorkuvígbúnaðarkerfið sé með þeim hætti að líkurnar á því, að kjarnorkustyrjöld brytist út vegna tæknilegra mistaka eða vegna tilviljunar, hafi aukist svo stórfelldlega á síðustu árum vegna vígbúnaðarkapphlaups beggja risaveldanna að það verði að reikna með því sem möguleika ef ekki verður þegar í stað horfið frá þessari vígbúnaðarbraut sem risaveldin hafa fyrst og fremst verið á.

Þessi niðurstaða hans, þessi boðskapur er hinn sami og eitt víðlesnasta tímarit Bandaríkjanna, Time, birti á forsíðu sinni fyrir viku og bar heitið: „Thinking the Unthinkable" — eða m. ö. o. að gera ráð fyrir því, sem hingað til hefur verið talið óhugsanlegt: Að einhver hluti jarðarinnar eða kannske jarðarbúar allir mundu tortímast í kjarnorkustyrjöld. Þetta er raunhæft mat þeirra manna sem hafa verið æðstu ráðgjafar forseta Bandaríkjanna um þessi efni. Er ekki ástæða til þess, að menn eins og hv. þm. Geir Hallgrímsson, sem í ræðum sínum hér kallar á aukinn vígbúnað, hugleiði aðeins reynslu og viðvörunarorð þessara manna sem hafa miklu meiri þekkingu á þessum efnum en við sem erum í þessum sal.

Mér hefur hér orðið tíðrætt um kjarnorkuvígbúnaðarmálin vegna þess að mér finnst þar vera hið stóra gat sem er á skýrslu hæstv. utanrrh. Því miður verður að segja það einnig, að varðandi ýmis önnur málefni, eins og Tyrkland og El Salvador, er ekki í þessari skýrslu að finna það sjálfstæði í afstöðu eða þá gagnrýni á aðgerðir herforingjanna í löndunum báðum sem ég hefði talið nauðsynlegt að utanrrh. í lýðræðisríki sýndi. Það var miklu nær að skoðanir, sem hv. þm. Kjartan Jóhannsson flutti hér áðan, samræmdust því sem segja ber úr forustustól íslensku þjóðarinnar um þessi efni.

Í þessari skýrslu er lítið vikið að því ástandi sem í reynd hefur skapast í Tyrklandi í kjölfar valdatöku hersins. Á hinn bóginn eru fluttar nánast orð fyrir orð, setningu fyrir setningu þær afsakanir sem Bandaríkin og nánustu talsmenn þeirra hafa haft í frammi gagnvart herforingjastjórninni í Tyrklandi. Það er ekki vikið að því í þessari skýrslu, að síðan herforingjastjórnin tók við völdum í Tyrklandi hafa 70 þús. manns verið fangelsaðir og yfir 30 þús. þeirra sitja enn þá í fangelsum. Það er ekki vikið að því í þessari skýrslu, að stærsta verkalýðshreyfing landsins hefur verið bönnuð, 2000 forustumenn hennar sitja nú í fangelsum og aðalforustusveit hennar, 50 verkalýðsleiðtogar á yfir höfði sér dauðadóm. Það er ekki vikið að því í þessari skýrslu, að fyrir nokkru var einn fremsti mannréttindalögfræðingur Tyrklands fangelsaður, fluttur brott af heimili sínu og í dýflissu herforingjastjórnarinnar, þrátt fyrir að hann njóti margvíslegrar virðingar á alþjóðlegum vettvangi fyrir störf sín að mannréttindamálum.

Í þessari skýrslu er sett fram sú ályktun, að það kunni að vera skammt í að herforingjarnir muni efna loforð sitt um að koma á lýðræði í Tyrklandi. Enn á ný vil ég vitna í Tímann sem föstudaginn 1. apríl birti yfirlitsgrein eftir ritstjóra blaðsins undir fyrirsögninni: „Er stefnt að fasisma í Tyrklandi?" Það er miklu raunhæfari fyrirsögn á hugleiðingum, hvert þróunin stefni í Tyrklandi, en yfirlýsingar um að herforingjarnir kunni að stefna að lýðræði. Í fjölmörgum blöðum á alþjóðlegum vettvangi hefur á síðustu vikum og mánuðum verið vikið ítarlega að þeim pyntingum sem fjölmargir forustumenn í stjórnmálum, í verkalýðshreyfingu og í mannréttindamálum hafa sætt í tyrkneskum fangelsum. Hið virta franska blað, Le Monde, birti t. d. fyrir nokkrum dögum ítarlega grein um þær kerfisbundnu pyntingar sem stundaðar eru í fangelsum í Tyrklandi. Þar er að finna óhugnanlegar lýsingar á sviðsettum henginum, á kynferðisofbeldi, á raflosti og fjölmörgum öðrum aðferðum sem beitt er í fangelsum herforingjastjórnarinnar. Blaðið Guardian birti einnig frásagnir af því nýlega, hvernig fyrrv. borgarstjóri Istanbul, jafnaðarmaður sem með engu móti er hægt að ásaka fyrir öfgakenndar skoðanir í þjóðmálum, var fangelsaður á heimili sínu og færður í dýflissu herforingjastjórnarinnar. Þannig mætti lengi telja frásagnir af því sem gerst hefur síðan herforingjarnir tóku völdin í Tyrklandi. Má í því sambandi minna á bæði ályktun Evrópuráðsins og einnig sérstaka samþykkt sem gerð var af aðalnefnd Evrópuráðsins fyrir nokkrum dögum þegar mannréttindalögfræðingurinn Apaydin var fangelsaður af herforingjastjórninni fyrir þá sök eina að hafa tekið að sér að vera verjandi verkalýðsforingjanna fimmtíu.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli hv. alþm. á sérstakri ályktun og greinargerð sem Alþýðusamband Íslands samþykkti 1. apríl s. l. Í þessari ályktun, sem samþykkt var með öllum greiddum atkv. í miðstjórn Alþýðusambands Íslands, kemur fram skýr og eindregin fordæming á því ástandi sem þróast hefur í Tyrklandi undir herforingjastjórninni. Í ályktuninni er því lýst hvernig stjórnmálaflokkar hafa verið bannaðir, hvernig verkalýðsfélög hafa verið bönnuð, hvernig stjórnmálamenn og leiðtogar verkalýðsfélaga hafa verið ofsóttir, hvernig fjölskyldur þeirra hafa sætt hinni verstu meðferð af hendi yfirvalda og hvernig dómar eru kveðnir upp án

þess að nokkur eðlileg málsvörn fari fram. Í grg., sem Alþýðusamband Íslands hefur tekið saman á grundvelli lýsinga frá hinum frjálsu verkalýðsfélögum í Vestur-Evrópu, er að finna mjög ítarlega lýsingu á því, hvernig farið er með lögfræðinga, stjórnmálamenn og verkalýðsleiðtoga undir herforingastjórninni í Tyrklandi, hvernig kerfisbundið hefur verið unnið að því að útrýma sjálfum grundvelli frjálsrar verkalýðsstarfsemi í þessu landi með því að taka úr umferð alla forustusveit verkalýðshreyfingarinnar, með því að yfirtaka byggingar hennar, með því að banna málflutning hennar og á margvíslegan annan hátt komið í veg fyrir að starfsemi frjálsra verkalýðsfélaga geti nokkurn tíma í náinni framtíð risið á ný í Tyrklandi. Þar er einnig lýst þeirri meðferð sem verkalýðsforingjar hafa orðið að sæta í fangelsum herforingjastjórnarinnar, þar sem komið hefur verið í veg fyrir að þeir hafi geta sofið dögum og jafnvel vikum saman, hvernig þeir hafa verið beittir raflosti, siðferðilegri niðurlægingu, barsmíðar hafa verið tíðkaðar og fjölmörg önnur dæmi, eins og sviðsettar hengingar, nefnd um framferði herforingjastjórnarinnar. Það er þess vegna ljóst að í Tyrklandi er núna á kerfisbundinn hátt verið að vinna að því að festa í sessi öfgafulla fasistastjórn. Yfirlýsingar forsvarsmanna herforingjanna um að þeir séu að koma á lýðræði í landinu eru skrum eitt. Allar þessar aðgerðir gagnvart stjórnmálaflokkunum, jafnaðarmannaflokknum og öðrum flokkum, og verkalýðshreyfingunni er á engan hátt hægt að réttlæta með því ógnarástandi sem ríkti í Tyrklandi fyrir valdatöku herforingastjórnarinnar. Því er jafnvel haldið fram í grg. verkalýðshreyfingarinnar norrænu og frjálsu verkalýðshreyfingarinnar í Evrópu að herforingjarnir í Tyrklandi og stjórnvöld í Tyrklandi tengd þeim hafi í vikunum og mánuðunum fyrir valdatökuna leyft ofbeldisverkunum að leika lausum hala til að geta haft ástæðu til að grípa völdin.

Það er satt að segja merkilegt, eins og hér hefur þegar komið fram í umr., að þegar í utanrmn. Alþingis og í viðræðum við þingflokkana er leitað eftir því, að Alþingi fordæmi þetta afnám á lýðræði og þá ógnarstjórn sem þarna ríkir, þegar þess er óskað að íslenskir alþm. lýsi yfir stuðningi við yfirlýsingu sem allir viðstaddir norrænir þm. samþykktu á þingi Evrópuráðsins, skuli Sjálfstfl. og Framsfl. skerast úr leik. Það krefst vissulega skýringar í þessum umr., hvers vegna forustusveit Framsfl. og Sjálfstfl. hefur lagst eindregið gegn því og raun ber vitni að sjálfsöð yfirlýsing um ástandið í Tyrklandi og hin tiltölulega .hógværa samþykkt Evrópuráðsins er væri samþykkt hér á Alþingi. Hvernig stendur á því, að forustusveit Framsfl. og Sjálfstfl. vill halda þessum hlífiskildi yfir herforingjunum í Tyrklandi þótt allar alþjóðlegar heimildir lýsi mjög rækilega því ógnarástandi sem þar er?

Sama gildir reyndar um El Salvador. Í skýrslu hæstv. utanrrh. í fyrra var að finna kafla þar sem endurteknar voru ásakanir Bandaríkjastjórnar um að erlend íhlutun væri meginorsök þeirra átaka sem voru í El Salvador. Að vísu var tekið fram að ekki væri felldur dómur um þetta efni. Þó var talin sérstök ástæða til að helga ákveðna grein í skýrslunni því efni að endursegja þessar áróðurslummur frá ríkisstjórn Bandaríkjanna. Ég gerði á þeim tíma athugasemd við þennan kafla, og gangur mála hefur sýnt að þetta reyndist ómerkilegur áróður af hálfu ríkisstjórnar Bandaríkjanna. Því miður verður að segja það eins og er, að í skýrslunni, eins og hún er nú, er ærið margt sem bendir til þess, að hæstv. ráðh. sé mjög svipaðrar skoðunar og stjórnvöld í Bandaríkjunum varðandi málefni í El Salvador.

Herra forseti. Ég mun reyna að ljúka máli mínu á næstu mínútum, en það eru fjölmörg önnur atriði sem væri vissulega ástæða til að fjalla hér ítarlega um. Það hefur aðeins í umr. af hálfu einstakra manna verið vikið að því ömurlega efnahagsástandi, sem ríkir núna í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, og þeim afleiðingum, sem áframhald ríkjandi efnahagsstefnu í Bandaríkjunum getur haft fyrir iðnríki Vesturlanda. Þessi ágreiningur um efnahagsstefnu á Vesturlöndum er orðinn svo harður og grimmur að Frakklandsforseti sér sérstaka ástæðu til að gera sér ferð til Bandaríkjaforseta til að reyna að fá hann til að breyta stefnu sinni. Efnahagsbandalagið reynir allt hvað það getur til að fá Bandaríkjaforseta til að breyta stefnu sinni. Það er nokkuð samdóma álit þeirra forsvarsmanna í efnahagsmálum í Evrópu, sem um þetta hafa fjallað, að haldi þessi hávaxtaefnahagsstefna áfram í Bandaríkjunum muni hún þýða svo stóraukið atvinnuleysi í Evrópu og slíka áframhaldandi fátækt fyrir ríki þriðja heimsins að við munum hér innan örfárra missera búa við efnahagskreppuástand sem mun minna á þá miklu heimskreppu sem var rótin að heimsstyrjöldinni miklu og gaf fasista- og öfgahreyfingum í Evrópu þann jarðveg sem þurfti á að halda til að geta byggt stríðsáætlanir sínar á fjöldafylgi. Þessi ágreiningur um efnahagsstefnuna er það örlagaríkasta, ásamt kjarnorkuvígbúnaðarmálunum, sem við erum að fást við. Um þennan ágreining er líka harla lítið að finna í þessari skýrslu.

Enn fremur mætti nefna að alvarleg ástæða hefði verið til að fjalla ítarlega um ástandið í Mið-Austurlöndum og aðgerðir Ísraels gagnvart Arabalöndunum í þessum heimshluta.

Enn fremur hefði ég kosið að fjalla ítarlegar um þær hugmyndir, sem settar eru fram í lok skýrslunnar varðandi nýskipan á sviði utanríkisviðskipta. Ég vil láta nægja að segja hér að ég tel ekki rétta leið að byrja á því að fara að breyta ráðuneytum hér á Íslandi áður en gerbreytingar eru gerðar á markaðsstarfsemi Íslendinga erlendis og á þátttöku stóru sölusamtakanna í því að efla samvinnu utanríkisþjónustunnar og annarra aðila á því sviði. Ég held að þau stóru vandamál, sem við eigum við að glíma í markaðsmálum erlendis, verði ekki leyst með því að breyta starfsháttum ráðuneyta hér heima, heldur fyrst og fremst með nýjum starfsháttum og öflugu samvinnukerfi erlendis þar sem markaðssvæðin eru fyrir hendi.

Herra forseti. Ég hef í þessari ræðu gert nokkuð að umtalsefni annars vegar þær áherslur og þær eyður og þá heimssýn, sem birtist í skýrslu hæstv. utanrrh., og hins vegar það, sem málgagn Framsfl., Tíminn, málgagn ráðh. hefur sett fram á undanförnum vikum og mánuðum. Vissulega er það svo, að margt af því efni, sem birst hefur í Tímanum og einnig er að finna í ályktun miðstjórnar Framsfl., er miklu nær því, sem ég tel vera rétta og raunsanna lýsingu á þeim meginvandamálum sem við eigum við að glíma í þessum efnum, en sá texti sem fluttur er í skýrslu hæstv. utanrrh. Það er umhugsunarefni, bæði fyrir ráðh. og Framsfl. og stuðningsmenn hæstv. ríkisstj., að Morgunblaðið skuli telja sig eiga meiri samleið með málflutningi ráðh. en virðist koma fram í Tímanum. Það hefur þegar verið vikið að því hér, að

hæstv. utanrrh. hafi sett fram þá fullyrðingu, að miðstjórn Framsfl. hafi byggt ályktun sína um eitt atriði á misskilningi. Það er mál sem sjálfsagt verður gert upp innan Framsfl. og við kveðum ekki upp úr með hér. En allur sá texti, sem birst hefur landsmönnum af hálfu flokksins á undanförnum vikum, á sama tíma og þessir atburðir hafa verið að gerast, gefur vissulega tilefni til þess, að við hér, en sérstaklega sagnfræðingar framtíðarinnar, veltum því fyrir okkur hver hafi misskilið hvern, hvort hæstv. utanrrh. hafi misskilið Framsóknarflokkinn eða Framsóknarflokkurinn misskilið hæstv. utanrrh.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Mér þykir hlýða í tengslum við skýrslu utanrrh. um utanríkismál að gera nokkra grein fyrir starfi ráðherranefndar Norðurlanda.

Á þingi Norðurlandaráðs í marsbyrjun nú í ár var lögð fram ítarleg skýrsla um starfsemina á árinu 1981 og er þá greinargerð að finna prentaða í heild í riti ráðherranefndarinnar.

Í ræðu þeirri, sem formaður samstarfsráðherranna, finnski ráðherrann Jakob Söderman, hélt á þinginu, tók hann svo til orða:

„Í ræðu þessari vík ég að þeirri stefnutilhneigingu sem er ríkjandi í þjóðfélagspólitík allra Norðurlandanna. Við þurfum aðeins að hugsa til atvinnuleysisins, verðbólgunnar, efnahagsvandamálanna og til þess, hversu Norðurlöndin eru háð umheiminum, til að fá mynd af hinum mikilvægustu vandamálum áttunda áratugarins. Hin sameiginlega reynsla og skilgreiningar á vandamálum geta orðið að bestu liði í baráttunni við þessi mál. Undir hina nýju norrænu stefnu heyrir aukin viðleitni til að huga að þeim möguleikum sem fram koma við samskipti milli einstakra landa innan Norðurlandanna."

Á fundi sínum í Helsingfors í des. skýrðu forsætisráðherrarnir frá hinni margþættu samvinnu okkar. Mikilvægt er að tryggja starfsgrundvöll í ákveðnum og viðurkenndum málefnum, svo sem stefnu í atvinnumálum. Í ljósi þess verðum við að ganga út frá því sem vísu, að norræn samvinna er meira en orðin tóm. Hún er vísvitandi aðgerðir út á við, hún hefur mikilvægu og æskilegu pólitísku hlutverki að gegna fyrir norrænt fólk, samstarf sem rétt nýtt gefur í aðra hönd mikilvæg hlunnindi þjóðfélagslega og efnahagslega bætt kjör almennings í löndunum. Tvær tillögur hafa verið lagðar fram á sviði menningarmála og rannsókna. Um er að ræða stefnuna í menningarmálum á áttunda áratugnum og stefnu varðandi samvinnu á sviði rannsókna. Rannsóknasviðið nær beint og óbeint til allra þátta þjóðfélagsins. Við höfum fulla ástæðu til að finna til ábyrgðar svo að þau mál geti þróast í samræmi við tillögur ráðherranefndarinnar.

Af hálfu ráðherranefndarinnar er þróunin til aukinna beinna samskipta þjóðanna, þar sem löndin í heild eiga ekki aðild, þýðingarmikið atriði. Ég get staðhæft að slík samskipti milli tveggja landa, sem hin Norðurlöndin taka ekki þátt í, hafi samt sem áður mikla þýðingu og að upplýsingar um slík málefni skuli jafnan liggja fyrir. Ráðherranefndin er eðlilegur vettvangur í þessu samhengi. M. a. hefur komið fram í þingræðum svo og innan ráðherranefndarinnar mikilvægi þess að leggja áherslu á að halda opnum möguleikum á að norræn ríki geti tekið þátt í og tengst síðar slíkri samvinnu tveggja eða þriggja landa innan Norðurlandanna.

Á fundi í Kaupmannahöfn ekki alls fyrir löngu mælti Norðurlandaráð með áætluninni um norræna samvinnu varðandi útflutningsáform. Ráðherranefndin hefur nú lokið störfum sínum varðandi þetta mál. Með tilvísun til inngangskaflans í greinargerðinni um starfsemina vil ég upplýsa að ráðherranefndin hefur gert nokkrar breytingar á upprunalegu formi samstarfsins á þann veg, að nú ríkir einhugur milli hinna fimm norrænu landa um á hvern hátt samvinna þessi er framkvæmanleg í reynd. Breytingin felur í sér að Norræni fjárfestingarbankinn taki á sig aukna áhættu um 5—10% og að hægt sé að grípa til hins almenna áhættulánasjóðs bankans meðan á uppbyggingu stendur til að standa straum af hugsanlegu tapi lána til fjármagnsáætlana. Stjórn Fjárfestingarbankans er hlynnt breytingu þessari, þar eð hún hefur ekki áhrif á lánagetu bankans sem nú er á alþjóðamælikvarða.

Á fundi í Helsingfors 8. des. fjölluðu norrænu forsætisráðherrarnir um „mynd" norrænnar samvinnu. Í því sambandi gerði ráðherranefndin grein fyrir þeirri starfsemi sem fram fer til þróunar þessari samvinnu. Forsætisráðherrunum þótti tilhlýðilegt að halda áfram því samstarfi. Ráðherranefnd Norðurlandanna og forsætisnefnd Norðurlandaráðs hafa eftir Kaupmannahafnarfundinn, sem áður er vikið að, unnið einkum að vissum samvinnuþáttum, bæði innan Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar. Eru menn sammála um að nauðsyn beri til að fjalla um málefni norrænnar samvinnu svo hratt sem auðið er, einkum að því er varðar málefni sem þurfa skjótra ákvarðana við. Því meiri forgang sem hin einstöku mál fá, því skjótari nýting verður á þeim sviðum sem standa í brennipunkti. Ef við getum framkvæmt sameiginlegar kannanir á áhrifaríkan hátt verður árangurinn betri og nýting norrænnar samvinnu hagkvæmari. Með því að gera sameiginlegt átak verður árangurinn tryggður þegar fjármagn er lítið innan einstakra landa.

Það er einkenni þingræðis, að innan vissra reglna um starfshætti, réttindi og ákvarðanatöku ríkir mikið frjálsræði. Þingmenn sjálfir eru ábyrgir fyrir kjarna málefnanna. Þegar Helsingforssamningurinn var fullgerður fyrir rúmum áratug var hann gerður á þeim forsendum, að svipuð viðhorf ríktu innan ráðherranefndarinnar. Um samspil þessara aðila er lítið talað í dag. E. t. v. er þessi sögulegi grundvöllur um samstarf áríðandi til að líta nánar í dag á mynd samvinnunnar. Hugsanlegt er að lík skoðun geti einungis farið fram á þjóðlegum vettvangi. Nú er verið að koma á fót nefnd til að kanna vandamálin nánar innan norrænnar samvinnu.

Ég tel rétt að fram komi afstaða okkar Íslendinga varðandi NORDSAT. Íslensk ráðherranefnd er starfandi að þessu vandamáli. Í henni eiga sæti menntmrh., samgrh., iðnrh. og samstarfsráðherra. Staðgenglar þeirra hafa haldið fund og komist að svofelldri niðurstöðu: Eftir að málið hafði verið rætt frá ýmsum hliðum reyndust fundarmenn allir þeirrar skoðunar, að forsendur brysti fyrir því að segja nú já eða nei við þátttöku í sjálfu NORDSAT-málinu. En vinnan á könnunartímabilinu ætti að leiða slíkt í ljós og því voru allir á einu máli um að taka bæri þátt í könnunarvinnunni, „studiefasen". Jafnframt voru menn sammála um að ef ákveðið yrði að taka þátt í „studiefasen" ætti fljótlega að ákveða þær lágmarkskröfur sem af Íslendinga hálfu bæri að gera í málinu.

Svohljóðandi till. hefur nýlega verið samþykkt í ríkisstj. um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Með skírskotun til fyrri afstöðu ríkisstj. og sérstakrar áskorunar síðasta þings Norðurlandaráðs samþykkir ríkisstj. að eiga aðild að því ásamt ríkisstjórnum Finnlands, Noregs og Svíþjóðar að kanna skipulega næstu tvö ár hvort grundvöllur sé fyrir samstarfi um útvarps-, sjónvarps- og fjarskiptamál milli Norðurlanda".

Þetta tel ég jákvæða lausn af okkar hálfu. Ég tel ekki nauðsynlegt að tíunda afrek okkar varðandi norræna samvinnu, en ljóst er að við teljum bæði ávinning og sæmd að samstarfi við frændur okkar á Norðurlöndum. Innan tíðar mun verða lagt fram á Alþingi frv. þar sem leitað verður eftir samþykki þingsins á því, að íslenska ríkið gangi í ábyrgð fyrir Norræna fjárfestingarbankann á tiltekinni fjárhæð vegna lána er bankinn veitir til kaupa á norrænum fjárfestingarvörum sem einkum eru ætlaðar til framkvæmda í þróunarlöndunum. Sams konar frv. eru lögð fram á þjóðþingum hinna Norðurlandanna um þessar mundir. Er þetta gert í framhaldi af ákvörðun ráðherranefndar Norðurlandaráðs sem nýlega var gengið endanlega frá í Osló. Með þessum frv. er stigið nýtt skref í þá átt að örva sölu á norrænum fjárfestingarvörum í þróunarlöndunum. Er að því stefnt að skapa aukið öryggi til þess að unnt sé að reka starfsemi af þessu tagi öllum aðilum til hagsbóta.

Það gefur auga leið, að ræða mætti um norræna samvinnu og einstakar greinar hennar í miklu lengra máli. Sannleikurinn er sá, að hún er orðin mjög viðamikil og margþætt og hún hefur farið vaxandi á síðustu árum þó að dýpstu og elstu rætur hennar nái langt aftur í ár og aldir.

Í ríkisstjórnarsáttmálanum segir m. a. um utanríkismál, að ríkisstj. leggi áherslu á að framfylgja sjálfstæðri utanríkisstefnu, í því sambandi skuli sérstök áhersla lögð á tvo meginþætti: þátttöku Íslendinga í starfi Sameinuðu þjóðanna og samvinnu Norðurlandaþjóða. Hin fjölþætta norræna samvinna um þessar mundir milli þjóðþinga, ríkisstjórna, ráðuneyta, embættismanna, einstaklinga og nefnda sýnir ljóslega að umræddri stefnuyfirlýsingu í stjórnarsáttmála er fylgt fast eftir. Ekki er sjáanlegt annað en sömu stefnu verði fylgt og svipuð þróun haldi áfram, að svo miklu leyti sem unnt er að skyggnast inn í nánustu framtíð.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það eru nú orðnar allmiklar umr. um skýrslu utanrrh. sem maklegt er og eðlilegt. Það hefði verið ástæða fyrir mig að víkja að ýmsu sem hér hefur komið fram, en ég hafði sérstaklega ætlað mér að ræða hér einn þátt, sem varðar okkar utanríkismál, og kem nánar að því. En ég get ekki orða bundist yfir ræðu hv. 11. þm. Reykv. Hann kom víða við, þó að hann væri aðallega í kjarnorkumálunum. Hann dæmdi ýmsa menn hart. Þar var greinilega í heiðurssæti formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv. En það var einnig augljóst að annar maður var ekki miklu betri, og það var hæstv. utanrrh. Það mátti ekki ætla annað af tali hv. 11. þm. Reykv. en að hæstv. utanrrh. væri dyggur stuðningsmaður hv. 1. þm. Reykv. Enginn getur staðið óstuddur, ekki heldur utanrrh. Við vitum að það er ríkisstj. sem styður hæstv. utanrrh. enda er hæstv. utanrrh. hluti af ríkisstj. Og svo er ríkisstj. studd. Þar er nú ekki það þýðingarminnsta, að hv. 11. þm. Reykv. styður ríkisstj. af alefli. Ríkisstj. mundi ekki lifa ef eitthvert lát væri á þeim stuðningi. Ef málið er rakið virðist þannig nú hv. 11. þm. Reykv. fyrst og fremst hafa verið að húðstrýkja sjálfan sig í öllum þeim árásum sem hann hélt uppi í sinni ræðu. Það er heldur ekkert lítið ámælisvert sem hv. þm. hafði fram að færa á hendur ríkisstj. Það mátti ekki annað ætla af því, sem hv. þm. sagði, en ríkisstjórn Íslands væri í vitorði eða a. m. k. væri kunnugt um þær fyrirætlanir Bandaríkjamanna að gera hafsvæðið umhverfis Ísland að því skelfilegasta víghreiðri kjarnorku sem fyrirfyndist á jarðkringlu okkar.

Það var eðlilegt að hv. 11. þm. Reykv. fyndi sig nokkuð óöruggan í þessari stöðu, enda kom á daginn að hann var eins og drukknandi maður, þegar hann greip í bjarghring sem hann taldi vera, þar sem var formaður Alþfl. Það mun nú sýna sig hvort þetta flotholt Ólafs Ragnars Grímssonar verður að því gagni sem hann hyggur að verði.

Ég ætla ekki hér, eins og tíma mínum er háttað og tíma allra þm. svo seint á þessum fundi, að fara nánar út í þessi mál, en sný mér að því sem ég vildi gera að mínu höfuðumtalsefni. Það er þáttur Evrópuráðsins og starfsemi þess sem viðkemur okkur að sjálfsögðu, þar sem við erum eins og kunnugt er aðilar að Evrópuráðinu. Þykir mér þá rétt að ræða sérstaklega í þessum umræðum um 33. þing Evrópuráðsins, sem haldið hefur verið frá því að umræða fór fram um síðustu skýrslu utanrrh. um utanríkismál.

Evrópuráðið er pólitísk stofnun, sem er fyrst og fremst samansett af ráðherranefnd, sem er fulltrúi ríkisstjórnanna, og þingi, sem er fulltrúi þjóðþinga aðildarríkjanna. Tengslum milli þessara tveggja stofnana er haldið uppi af svokallaðri sameinaðri nefnd sem fulltrúar beggja eiga sæti í. Aðalframkvæmdastjórinn og starfslið hans þjónar svo þessum aðilum. Þing Evrópuráðsins er ráðgefandi þing og hefur ekki löggjafarvald. Þingið skipa 170 fulltrúar.

Gert er ráð fyrir reglulegu þinghaldi á hverju ári og er því skipt í þrjá hluta: að vori, hausti og vetri. Með þessu móti getur þingið fylgst betur með breytingum á sviði alþjóðamála. Þingið lætur til sín taka hin margvíslegustu mál, svo sem pólitísk, efnahagsleg, félagsleg, menningarleg, að undanskildum hermálum. Málin hafa áður verið undirbúin af þingnefndum og eru afgreidd í formi tillagna til ráðherranefndar, ályktana, fyrirmæla og álitsgerða.

Í skýrslu utanrrh., sem hér er á dagskrá, er fjallað um starfsemi Evrópuráðsins að því er varðar ráðherranefndina. Við fulltrúar Íslands á þingi Evrópuráðsins höfum hins vegar lagt fram skýrslu um störf þingsins. 33. þing Evrópuráðsins var venju samkv. skipt í þrjá hluta. Var fyrsti hlutinn haldinn 11.—15. maí 1981, annar hlutinn 30. sept. til 8. okt. 1981 og þriðji hlutinn 25.—29. jan. 1982. Þingfundir eru ávallt haldnir í aðalstöðvum Evrópuráðsins í Strasbourg.

Umræður á 33. þinginu snerust einkum um ástandið í Tyrklandi. Hér hefur Tyrkland borið á góma í þessum umr. svo að það er ekki ástæðulaust að víkja að því sem gerðist á þingi Evrópuráðsins. Miklum tíma var varið í þær umræður á fyrsta hluta þings Evrópuráðsins í maímánuði 1981 og á þriðja hluta þingsins í janúarmánuði s. l. Aðaluppistaðan í umræðunum var áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu og hvort leyfa ætti fyrrum þingmönnum í sendinefnd Tyrklands á Evrópuþingi setu á 33. þinginu. Hvort tveggja varð tilefni deilna þingmanna í milli og urðu langar umræður um þessi atriði.

Málalyktir fengust svo á síðasta hluta þingsins í janúarmánuði s. l. með því að samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta ályktun þar sem því er beint til ríkisstjórna, að athugaðir verði möguleikar á að ríkisstjórn Tyrklands verði kærð fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins vegna brota á mannréttindayfirlýsingunni. Í ályktuninni lýsir þingið m. a. yfir þungum áhyggjum vegna frétta um pyntingar og illa meðferð fanga.

Í fyrra samþykkti 32. þingið ályktun sem m. a. kvað á um að kjörbréf tyrknesku fulltrúanna rynnu út 11. maí 1981 og að ekki mundi verða um þátttöku Tyrkja að ræða í þingi Evrópuráðsins ef kosningar hefðu ekki farið fram í landinu fyrir þann tíma. Þó svo að kosningar hefðu ekki farið fram ræddu ýmsir þingmenn um þann möguleika, að tyrkneskum fyrrverandi þingmönnum skyldi verða gefinn kostur á að sitja á Evrópuráðsþinginu og greiða þar atkvæði. Meiri hlutinn var þó á þeirri skoðun, að slíkt stríddi berlega gegn stofnskrá Evrópuráðsins og þingsköpum þess.

Maífundurinn samþykkti að seta fyrrum tyrkneskra þingfulltrúa á þingi Evrópuráðsins gangi í berhögg við reglur Evrópuráðsins. Þetta var samþykkt með 51 atkv. gegn 48, en 10 sátu hjá. Alllíflegar umræður urðu um pólitíska stöðu mála í Tyrklandi. Stjórnmálanefnd þingsins gat ekki komið sér saman um texta sem leggja ætti fyrir þingið. Talsmaður nefndarinnar, Austurríkismaðurinn Ludwig Steiner, hafði skilað skýrslu eftir könnunarferð til Tyrklands, en nefndinni tókst ekki að ná samkomulagi um að leggja skýrsluna fyrir þingið. Skýrsla þessi var því lögð fram í nafni Steiners svo og drög að samþykkt. Fram komu um 10 breytingartillögur og viðaukatillögur við texta þann er Steiner hafði lagt fram í eigin nafni. Í fyrirmælunum, sem loks voru samþykkt, var minnt á nauðsynþess að hætt yrði pyntingum og illri meðferð á föngum í Tyrklandi svo og að reglur yrðu mildaðar er kveða á um 90 daga varðhald án dóms og laga. Með samþykkt þessara fyrirmæla var brottvísun Tyrklands úr Evrópuráðinu slegið á frest.

Litlar umræður urðu um Tyrklandsmálið á haustfundinum, en þó var samþykkt ályktun þar sem á ný er lögð áhersla á að ástandið í Tyrklandi samrýmist ekki stofnskrá Evrópuráðsins.

Í byrjun janúarmánaðar s. l. fór nefnd á vegum stjórnmála- og laganefndar þingsins í könnunarferð til Tyrklands til að reyna að gera sér grein fyrir ástandinu þar. Sú breyting hafði orðið á stjórnmálalegu ástandi í Tyrklandi, að Evren hershöfðingi, forseti Tyrklands, hafði í nýársboðskap til þjóðarinnar gefið upp tímaáætlun um að drög að stjórnarskrá yrðu lögð fyrir þjóðaratkvæði haustið 1982 og að þingkosningar fari fram 1983 eða í síðasta lagi vorið 1984. Ekki fylgdu þó neinar yfirlýsingar um almenn mannréttindi í Tyrklandi.

Miklar umræður urðu um Tyrklandsmálið á janúarfundi Evrópuráðsins. Komu einkum fram þrjú sjónarmið í þeirri umræðu. Fulltrúi breska íhaldsflokksins og ýmsir aðrir fulltrúar hægri flokka héldu því fram, að ekki bæri að einblína á ástandið í Tyrklandi eins og það væri í dag, heldur yrði að bera það saman við ástandið eins og það var fyrir valdaránið 12. sept. 1980. Að því leyti væri ástandið í dag betra en þá, þar eð öryggi íbúanna væri nú tryggt. Viðurkennt var að pyntingar ættu sér stað, en jafnframt minnt á að ekki væri óeðlilegt að herforingjastjórnin þyrfti meira en 18 mánuði til að koma reglu á í Tyrklandi.

Í öðru lagi komu fram sjónarmið sem fulltrúar Grikkja, Portúgala og Spánverja aðhylltust ásamt ítölskum kommúnistum og nokkrum róttækum sósíalistum, þ. á m. hollenskum fulltrúum. Bent var á að traust Evrópuráðsins væri í veði sem mannréttindastofnunar. Bæri því að beina þeim tilmælum til ráðherranefndarinnar að Tyrklandi ætti að víkja úr Evrópuráðinu samkv. 8. gr. stofnskrárinnar. Fyrir fulltrúum Portúgals og Spánar, en þau lönd hafa nýverið öðlast lýðræðislegt stjórnarfar, vakti einnig að gera þeim öflum í ríkjum þessum, er veltu fyrir sér möguleikum á að kollvarpa lýðræðinu, fyllilega ljóst að fyrir slík uppátæki yrði refsað í Evrópuráðinu.

Í þriðja lagi komu svo fram þau sjónarmið, sem einkum Norðurlöndin aðhylltust, að áður en til brottrekstrar kæmi ætti að reyna möguleika Evrópuráðsins á að hraða þróun í átt til lýðræðis í Tyrklandi og væru þeir möguleikar best tryggðir með áframhaldandi aðild Tyrklands að stofnuninni. Meiri hluti þingfulltrúa aðhylltist síðan sjónarmið þessi. Í umræðunum kom fram að með þessu móti héldi Evrópuráðið opnum möguleikum á að hafa áhrif á herforingjastjórnina í Tyrklandi. Samfara þessari hógværu afstöðu gagnvart aðild Tyrklands að Evrópuráðinu kom fram hörð afstaða gegn pyntingum og illri meðfer fanga og mikil gagnrýni á banni við starfsemi stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga. Ýmsir ræðumenn minntu á skýrslur, einkum frá Amnesty International, sem staðhæfu ekki einungis að pyntingar ættu sér stað í Tyrklandi, heldur hefðu þær færst í vöxt. Aðrir minntu á réttarhöldin yfir foringjum verkalýðsfélaganna og bæri því að kæra Tyrkland fyrir mannréttindanefnd Evrópuráðsins.

Stjórnmálanefndin lagði fram skýrslu sem tekin hafði verið saman af austurríska þingmanninum Ludwig Steiner og formanni stjórnmálanefndarinnar, breska þingmanninum Tom Erwin. Með skýrslunni fylgdu drög að ályktun, en við bættust 420 breytingartillögur og viðaukatillögur. Aðeins nokkrar þessara breytingartillagna hlutu meirihlutafylgi á þinginu. Þá hafði einnig verið lögð fram sérstök skýrsla af fulltrúa þýskra sósíaldemókrata, Hans Bardens, fulltrúa í laganefndinni, þar sem fjallað var um ástandið í landinu út frá réttarfarslegu sjónarmiði.

Ályktunin, sem samþykkt var, er mjög umfangsmikil. Í henni kemur m. a. fram að þing Evrópuráðsins líti svo á, að ástandið í Tyrklandi haldi áfram að vera ósamrýmanlegt stofnskrá Evrópuráðsins, en að áframhaldandi vera Tyrklands í Evrópuráðinu geri því kleift og skyldi stofnunina til að fylgjast með því, að lýðræði verði aftur komið á í Tyrklandi og að mannréttindi verði virt. Lýst er ánægju yfir að dregið hafi úr hryðjuverkum í Tyrklandi, en bent er á að samfara þessu hafi ekki enn verið komið á almennum mannréttindum, sem voru takmörkuð eða afnumin, sbr. 15. gr. stofnskrár Evrópuráðsins. Lýst er yfir áhyggjum yfir skýrslum um að pyntingar og slæm meðferð fanga eigi sér enn stað. Harmað er að stjórnmálasamtök eru útilokuð frá þátttöku í störfum hinnar sérstöku ráðgjafarsamkundu sem stofnuð hefur verið til þess að gera drög að stjórnarskrá. Þingið álítur að Evrópuráðið geti ekki — án þess að glata trausti sem mannréttindastofnun — frestað því á ný að taka harða afstöðu gegn núverandi ástandi í Tyrklandi. Fordæmd eru þau mannréttindabrot sem hafa átt sér stað í Tyrklandi, m. a. bann við starfsemi stjórnmálaflokka og verkalýðsfélaga,

fangelsanir vegna skoðana, pyntingar og slæm meðferð á pólitískum föngum og réttarhöld þar sem ákærðum er ekki tryggður réttur til málsvarnar.

Þá er athygli ríkisstjórna aðildarríkja Evrópuráðsins beint að 24. gr. stofnskrár Evrópuráðins sem heimilar sérhverju aðildarríki að vísa til mannréttindanefndarinnar sérhverju broti á ákvæðum sáttmálans. Þingið álítur að málsmeðferð, sem gert er ráð fyrir í 24. gr. sáttmálans, eigi að beita í máli Tyrklands til að upplýsa að hve miklu leyti staðhæfingar um pyntingar og önnur mannréttindabrot eigi við rök að styðjast.

Í lok ályktunarinnar er ýmsum tilmælum og áskorunum beint til tyrknesku ríkisstjórnarinnar um að hefja aðgerðir til að tryggja að lýðræði verði komið á í Tyrklandi á ný og að mannréttindi verði virt. Samhliða ályktun þessari voru samþykkt tillaga og fyrirmæli í Tyrklandsmálinu.

Tyrklandsmálið bar langhæst í umfjöllun 33. þings Evrópuráðsins. En eftir setningu herlaga í Póllandi hinn 13. des. s. l. fjallaði þingið að sjálfsögðu á janúarfundinum *allítarlega um málefni Póllands og tóku næstum* 50 ræðumenn til máls um ástandið í Póllandi. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna héldu því fram, að atburðirnir í Póllandi hefðu átt sér stað vegna þess að vestræn ríki hefðu ekki brugðist nógu harkalega við öðrum útþenslu-aðgerðum Sovétríkjanna. Sömu aðilar gagnrýndu hina nýgerðu samninga um útflutning á gasi frá Sovétríkjunum til nokkurra Vestur-Evrópuríkja. Ýmsir fulltrúar hægri flokkanna gagnrýndu og undanslátt Vestur-Evrópuríkja varðandi lánakjör og greiðsluskilmála Pólverjum til handa.

Ýmsir þingmenn sósíaldemókrata og sósíalista vöruðu við því að blanda saman Póllandsmálinu og afvopnunarmálunum. Forðast bæri að láta afstöðuna í Póllandsmálinu færa ríki Vestur-Evrópu aftur til tíma kalda stríðsins. Slíkt mundi ekki hjálpa Pólverjum, nema síður væri. Fram kom að mótsagnakennt væri að ýmsir hefðu *gagnrýnt setningu herlaga og tilkomu herforingja*stjórnarinnar í Póllandi um leið og þessir hinir sömu væru reiðubúnir að samþykkja slíkar aðgerðir í Tyrklandi.

Einnig kom fram sú skoðun, að *þróunin í Póllandi bæri* ekki vott um veikleika hjá Vesturlöndum, heldur væri hér um að ræða vísbendingu um djúpstæðan klofning innan Varsjárbandalagsins. Margir þingmenn voru þó á því, að þróunin í Póllandi, sem væri til komin vegna beinnar eða óbeinnar íhlutunar Sovétríkjanna, væri brot á Helsinki-samþykktinni. Samstaða var um að afnema bæri herlögin í Póllandi, að hin frjálsu verkalýðsfélög fengju að starfa aftur og að ríkisstjórnin tæki aftur upp viðræður við Samstöðu og kirkjuna. Jafnframt náðist samstaða um að senda bæri Pólverjum matvæli, helst í gegnum óháðar stofnanir.

Fyrir þinginu lá skýrsla frá franska Gaulleistanum Jacques Baumel ásamt drögum að ályktunuartillögu. Allmargar breytingartillögur og viðaukatillögur komu fram áður en ályktunin um Pólland var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta. Nokkrir fulltrúar greiddu atkvæði *gegn tillögunni* og nokkrir sátu hjá. Þingið fordæmir kröftuglega valdbeitingu pólska hersins sem gerð væri í skjóli hótana um bein afskipti Sovétríkjanna. Þá er harmað að *setning herlaganna hinn* 13. des. 1981 hefði komið í veg fyrir lýðræðislega þróun sem falið hefði í sér virðingu fyrir almennum mannréttindum. Þá er Samstöðu lýst sem verkalýðshreyfingu sem á sér mjög víðtækan stuðning meðal þjóðarinnar og hefur ávallt komið málum sínum fram á friðsamlegan hátt. Þingið álítur að ástandið í Póllandi sé alvarleg hindrun gegn þessari þróun, stríði gegn Helsinki-samþykktinni og sé jafnframt í mótsögn við viðleitni til slökunar spennu.

Þingið álítur að núverandi stjórn í Póllandi sitji þar í *óþökk meiri hluta pólsku þjóðarinnar*. Lýst er yfir ánægju með skilyrði þau sem sett eru fram af vestrænum ríkjum til að samskipti þeirra við Pólland geti komist í eðlilegt horf, þ. á m. á viðskiptasviðinu, en þau eru afnám herlaganna, að pólitískir fangar verði látnir lausir, að listamenn og rithöfundar geti óheftir látið skoðanir í ljós svo og að komið verði á ný á viðræðum við Samstöðu og kirkjuna.

Þá er lýst yfir stuðningi við þær skoðanir, að aðildarríki Evrópuráðsins eigi að taka Póllandsmálið upp á Madrid-ráðstefnunni og krefjast þar að pólska ríkisstjórnin virði Helsinki-samþykktina. Ítrekuð var nauðsyn þess, að leitað verði nýrra leiða til að bæta sambúð ríkja í Evrópu, og risaveldin væru hvött til að hrinda í framkvæmd samningum um kjarnorkuvopnaafvopnun í Evrópu. Þá er lögð áhersla á að aðildarríki Evrópuráðsins og lýðræðisríki heimsins haldi áfram að láta Pólverjum í té aðstoð, *einkum með sendingu matvæla. Jafnframt sam*þykkti janúarfundurinn fyrirmæli varðandi flóttamenn frá Póllandi.

Af öðrum alþjóðamálum, sem þingið *fjallaði* um, má nefna samskipti Evrópuráðsríkjanna og Bandaríkjanna, en fyrir þinginu lá skýrsla frá Jacques Baumel um þau mál. Samþykkt var ályktun um samband Evrópuráðsins og Norður-Ameríku, þar sem m. a. kemur fram að hvorki Evrópuríki né ríki Norður-Ameríku geti séð fram úr vanda þessa áratugar upp á sitt eindæmi. Þá er því haldið fram, að öryggi Evrópu sé stefnt í voða meðan ekki takist að efla traust austurs og vesturs á Madrid-ráðstefnunni um öryggi og samvinnu. Enn fremur er vonast eftir að viðræður Sovétríkjanna og Bandaríkjanna um meðaldrægar kjarnaflaugar í Evrópu beri árangur.

Samþykktar voru tvær ályktanir um Madrid-ráðstefnuna.

Claude Dejardin, þingmaður belgíska sósíalista, fylgdi úr hlaði skýrslu stjórnmálanefndarinnar um ofsóknirnar í Íran. Samþykkt var *mótatkvæðalaust* ályktun þar sem það er m. a. harmað, hve aðildarríki Evrópuráðsins geti lítil áhrif haft á ráðamenn í Íran í þessum málum. Lýst er yfir samstöðu með þeim aðilum í Íran, þar á meðal Bahái-trúarsöfnuðinum, sem verða fyrir óréttlátum ofsóknum. Þá eru ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins hvattar til að nota hvert tækifæri er býðst til að sannfæra ríkisstjórn Írans um nauðsyn þess að alþjóðlegar samþykktir, sem Íran er aðili að, séu í heiðri hafðar.

Herra forseti. Ég hef hér vikið nokkuð að þeim alþjóðamálum, sem síðasta þing Evrópuráðsins lét til sín taka, einkum Tyrklandsmálunum og Póllandsmálunum. Þingið lét til sín taka að venju fjölmörg mál, svo sem efnahagsmál, félags- og heilbrigðismál, vísinda-, tækni- og umhverfismál, landbúnaðarmál, löggjafarmál og málefni flóttamanna, svo að eitthvað sé nefnt. Ég ætla mér ekki að fara að ræða öll þessi mál í þessum umr., en leyfi mér að vísa til þskj. 560, þar sem er að finna skýrslu fulltrúa Íslands á 33. þingi Evrópuráðsins frá maí 1981 til jan. 1982.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, hefur tekið þátt í þessum umr. fyrir hönd okkar Alþb.-manna og hef ég ekki neinu við það að bæta. Ég vil aðeins drepa hér á eitt atriði, sem nefnt er í þessari skýrslu og varið til þess einni og hálfri síðu eða svo, en það er kaflinn um utanríkisviðskiptamál og utanríkisþjónustuna á bls. 23 og 24. Þar er þeirri hugmynd hreyft, að viðskrn. verði lagt niður eða ráðuneytin verði sameinuð. **(Utanrh.:** Utanríkisviðskiptin.) Utanríkisviðskipt, já, að þau verði tekin, sem þýðir auðvitað að það yrði ákaflega lítið eftir í höndum viðskrn. Kemur þetta fram á nokkrum stöðum á bls. 24 í skýrslunni, sett fram til umhugsunar og lýkur með þessum orðum: „Það er einróma álit þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem mest hafa hugleitt þessi mál, að virk og sveigjanleg utanríkisþjónusta verði best tryggð með því, að allir meginþættir utanríkismála, þ. á m. utanríkisviðskiptamál, séu í höndum utanríkisþjónustunnar bæði erlendis og hér heima."

Ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að ég hef alltaf haft þau sjónarmið, frá því að ég kynntist viðskrn., að það væri nauðsynlegt að efla viðskrn. sem utanríkisviðskiptaráðuneyti. Ég tel að það hafi komið í ljós á síðustu áratugum, að viðskrn. hafi sinnt þessum málum oft og tíðum mjög vel, og ef um er að ræða samskiptahnökra eða vandamál á milli viðskrn. og utanrrn., þá á að vera unnt að leysa þau með auðveldum hætti.

Ég tel að það eigi að vera okkur metnaðarmál að eiga hér öflugt utanríkisviðskiptaráðuneyti, sem sinnir markaðsmálum af þrótti, og að við eigum að leggja á það áherslu í stað þess að viðskrn. staðni í því fari sem það er nú.

Þetta vil ég láta koma hér fram, herra forseti, og tel ekki ástæðu til að bæta frekar við þessa umr. nema svo einu atriði enn. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem undirbúið hafa þær skýrslur sem hér hafa verið lagðar fram um starfsemi Evrópuráðsins. Ég tel að þær gefi tilefni til að hugleiða hvort ekki er rétt og nauðsynlegt að framvegis verði einnig lagðar hér fram sérstakar skýrslur um starfsemi Norðurlandaráðs. Vil ég koma því hér á framfæri við hv. Alþingi svo og hæstv. samstarfsráðherra sem með þau mál fer.

Umr. frestað.

Þinghlé.

Forseti (Jón Helgason): Þar sem þetta er síðasti fundur fyrir páska vil ég óska hv. alþm. gleðilegrar páskahátíðar og vænta þess, að við hittumst öll heil að lokinni hátíð. Ég segi fundi slitið.

Efri deild, 65. fundur.

Miðvikudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Ég býð hv. þdm. velkomna til þings eftir páskaleyfi. — Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 14. apríl 1982.

Samkv. beiðni Eyjólfs Konráðs Jónssonar, 5. landsk. þm., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagerðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, frú Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.
F. h. þingflokks sjálfstæðismanna,
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og þarf því eigi að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 320, n. 586, 587). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. þetta til l. um veitingu ríkisborgararéttar með hefðbundnum hætti. Þegar ég segi hefðbundnum hætti, þá er átt við það, að svo sem venja er til hefur verið samvinna milli allshn. Ed. og Nd. um athugun þessa máls. Hafa tveir fulltrúar hvorrar nefndar ásamt skrifstofustjóra Alþingis farið yfir allar þær umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt sem frá dómsmrn. bárust og hér lágu fyrir. Allshn. mælir með samþykkt frv. með þeirri brtt. sem nefndin flytur á sérstöku þskj.

ATKVGR.

Brtt. 587 samþ. með 16 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 16 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Hegningarlög, frv. (þskj. 536, n. 599). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. - Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á almennum hegningarlögum og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga. Í sem skemmstu máli hefur frv. það, sem hér um ræðir, í för með sér að sektarmörk hækka allverulega frá því sem hefur verið, enda hefur verið svo um langan tíma að sektir hafa ekki fylgt þeirri verðlagsþróun sem hér hefur verið, þeirri óðaverðbólgu. Þetta hefur haft þær afleiðingar að sektir, sem leyfilegt hefur verið að beita sem viðurlögum við ýmiss konar refsiverðu athæfi, hafa á stundum verið hlægilega lágar. Nægir að minna á það er nokkrir erlendir vágestir, liggur mér við að segja, urðu á s. l. ári uppvísir að því að ræna hér eggjum og ungum og hlutu eitthvað í kringum 1000 gkr. í sekt, ef mig misminnir ekki.

Megintilgangur þessa frv. er sem sagt að lagfæra þetta þannig að sektir geti gegnt því hlutverki sem þeim væntanlega er ætlað, að koma í veg fyrir eða hindra að menn brjóti lög. Nefndin fékk til fundar við sig Jón Thors deildarstjóra í dómsmrn. Einnig kannaði nefndin afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga til þeirra atriða þessa frv. er kunna að varða sveitarfélögin, einkum það atriði að nú er gert ráð fyrir að sektir renni alfarið í ríkissjóð en ekki sumar hverjar í bæjar- eða sýslusjóði. Afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga til þessa máls var könnuð og kom þá í ljós að hér hefur verið um mjög lítilvægt atriði að ræða. Það hefur ekki verið hægt að segja að sektir hafi verið tekjuliður sveitarfélaga eða sýslufélaga, fjarri því. Eðlilegt er sömuleiðis, þegar ríkið stendur undir öllum löggæslukostnaði, að sektir renni þá jafnframt til ríkisins. Af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga og talsmanna þess kom í munnlegum viðræðum ekki fram nein mótbára gegn þessu, heldur töldu menn þetta fyrst og fremst eðlilegt ákvæði.

Allshn. leggur sem sagt samhljóða til að frv. þetta verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—54. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Skipan dómsvalds í héraði, frv. (þskj. 601). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Frv. það, sem hér liggur fyrir um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn, o. fl., felur fyrst og fremst í sér þá breytingu frá gildandi lögum að breyta skipan á lögreglustjórn í hreppum Kjósarsýslu austan Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi þannig að hún falli undir lögreglustjórann í Reykjavík.

Skipulag löggæslu í Reykjavík og nágrenni, þ. e. Garðakaupstað, Hafnarfirði, Kópavogi, Seltjarnarnesi og Kjósarsýslu, hefur á undanförnum árum verið til nokkurrar umræðu og athugunar. Byggð á þessu svæði hefur þést og er orðin samofin heild með tilliti til búsetu, atvinnu, viðskipta og þjónustu. Þróun byggðarlaganna hefur mótast af nábýli við Reykjavík, einkum að því er varðar atvinnu. Mörk milli sveitarfélaga eru hins vegar víða óglögg og óregluleg og oft óheppileg sem mörk löggæsluumdæma. Þetta leiðir til óþæginda við starfsskiptingu þar sem hvert lögreglulið starfar að jafnaði aðeins innan marka síns umdæmis, en þarf e. t. v. að fara um annað umdæmi þegar sinnt er verkefnum í sjálfu umdæminu. Því mælir margt með því, að löggæslu á

þessu svæði verði skipað undir eina stjórn.

Segja má að stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins á árinu 1977 hafi verið fyrsti vísir að samhæfingu löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknarlögregla ríkisins annast lögregluranns6kn meiri háttar brotamála í Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðakaupstað, Hafnarfirði og Kjósarsýslu, auk þess sem hún getur veitt lögreglustjórum aðstoð við rannsókn brotamála eða farið með slíka rannsókn hvar sem er á landinu eftir ákvörðun rannsóknarlögreglustjóra eða ríkissaksóknara.

Á undanförnum árum hefur í dómsmrn. verið unnið að athugun þess, hvort rétt væri að leggja lögreglustjórn á öllu svæðinu undir eina stjórn, undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Tóku starfsmenn rn. saman álitsgerð um þetta efni á árunum 1978 og 1979 þar sem fjallað er um hvaða afleiðingar sameining löggæslunnar hefði og hvernig að henni mætti standa. Enda þótt margt mæli með því að koma þessari skipan á fyrir allt þetta svæði þykir að svo stöddu ekki tímabært að leggja fram tillögur í þá átt. Hins vegar hefur sameining löggæslu í hreppum Kjósarsýslu austan Reykjavíkur og á Seltjarnarnesi og löggæslu í Reykjavík augljósa kosti. Umdæmi þessi lúta nú lögreglustjórn bæjarfógeta og sýslumanns með aðsetri í Hafnarfirði. En milli umdæma þessara og aðsetursins er um tvö lögsagnarumdæmi, Kópavog og Reykjavík, að fara.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að ákveðið verði að Kjarlaneshreppur, Kjósarhreppur og Mosfellshreppur í Kjósarsýslu og Seltjarnarneskaupstaður teljist til umdæmis Reykjavíkur að því er lögreglustjórn varðar og lúti stjórn lögreglustjórans í Reykjavík. Hins vegar er gert ráð fyrir að dómsstörf öll og önnur stjórnsýsla, svo sem innheimta skatta og tolla, tollgæsla, umboð almannatrygginga og fleira lúti áfram embætti bæjarfógeta og sýslumanns í Hafnarfirði. Breyting þessi mun naumast hafa í för með sér beinan sparnað fyrir ríkissjóð, en hins vegar aukið hagræði vegna skemmri vegalengda við ferðir lögreglumanna og samskipti íbúa við stjórnendur löggæslunnar, auk hagræðis við stjórn löggæslu á svæðinu og þar af leiðandi — leyfi ég mér að segja — allmikinn óbeinan sparnað. Að því er starfslið varðar hefur skipulagsbreytingin einungis í för með sér að þeir lögreglumenn, sem nú starfa á Seltjarnarnesi, munu flytjast undir stjórn lögreglustjórans í Reykjavík.

Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir meginefni frv. þess sem hér er til umr. og fram kemur í 11. gr. frv. Að því er varðar efni frv. að öðru leyti skal það tekið fram, svo sem fram kemur í aths., að þar er fyrst og fremst um að ræða nokkrar breytingar á skipulagi lögreglustjóraembættisins í Reykjavík. Þá er um að ræða nokkrar breytingar til samræmis við breytta löggjöf. Og loks er lagt til í 7. gr. að heimilt verði að stofna embætti héraðsdómara við embætti bæjarfógeta og sýslumanns á Selfossi vegna fjölda dómsmála þar.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um frv. þetta á þessu stigi. Hér er um það að ræða að koma hagræðingu á skipulag löggæslu í nágrannabyggðum Reykjavíkur fyrir íbúa byggðanna, lögreglulið og stjórn löggæslunnar. Ég vænti þess, að frv. hljóti góðar undirtektir þdm., og legg til að því verði að umr. lokinni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til allshn. með 13 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476). — 1. umr.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Frv. þetta er nánast leiðrétting á gjaldi sem tekið hefur verið af útfluttum söltuðum matarhrognum eftir breytingu sem gerð var á s. l. ári. Með breytingu, sem gerð var á s. l. ári, var ákveðið að taka 3% af fob.-verði saltaðra matarhrogna og frystra þorskhrogna í Þróunarsjóð lagmetis. Var þá jafnframt gert ráð fyrir að hið venjulega útflutningsgjald, sem er samtals 5.5%, lækkaði að sama skapi. Hins vegar láðist að breyta lögum til að tryggja það og hefur því útflutningsgjald af söltuðum matarhrognum og frystum þorskhrognum nú orðið samtals 8.5%, sem aldrei var ætlunin þegar um þessa breytingu og þessa tilfærslu á gjaldi af söltuðum matarhrognum yfir í Þróunarsjóð lagmetis var samið. Hér er því um að ræða breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum sem lækkar útflutningsgjald af þessum nefndu afurðum til samræmis við það gjald sem af þeim er nú greitt í Þróunarsjóð.

Jafnframt er gert ráð fyrir að söltuð matarhrogn og fryst þorskhrogn njóti sömu kjara í sambandi við útflutningsgjaldaákvörðun og söltuð síld, þ. e. að tunnuverð sé frádregið þegar útflutningsgjaldið er reiknað, enda eru þær umbúðir tiltölulega miklu stærri hluti af útflutningsverðmæti þessara afurða en almennt gerist. Því er gert ráð fyrir að sú heimild, sem nú er í lögum fyrir ráðh. til að fella niður gjald af slíkum umbúðum þegar um síldarafurðir er að ræða, verði einnig látin ná til saltaðra matarhrogna.

Þetta mál hygg ég að skýri sig vel sjálft. Um það var fjallað í hv. Nd. og í sjútvn. þar að sjálfsögðu, sem lagði til að frv. yrði samþykkt óbreytt. Ég vil að lokinni þessari stuttu framsöguræðu, herra forseti, leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til sjútvn. með 13 shlj. atkv.

Loftferðir, frv. (þskj. 273, n. 588 og 590). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Það frv., sem hér um ræðir, er í raun um tvö atriði og er tvær efnisgreinar. Fyrri greinin er um að heimila rýmkun á eignarnámsheimildum vegna framkvæmda o. fl. í þágu flugmála. Höfum við, sem skrifum undir sérálit í þessu máli, ekkert við þá grein að athuga.

2. gr. frv. er um það að flytja heimildir til handa ráðh. um veitingu flugrekstrarleyfa úr lögum um stjórn flugmála. Við teljum ástæðu til að gera athugasemd við þessa grein og höfum því gefið út svofellt nál.:

„2. gr. þessa frv. fjallar um að flytja ákvæði laga nr. 119 frá 28. des. 1950, um stjórn flugmála, inn í loft-

ferðalög. Hér er um að ræða heimildarákvæði fyrir samgrh. um veitingu flugrekstrarleyfa. Við teljum að núv. samgrh. hafi notað þessa heimild á þann hátt, að löggjafinn ætti að endurskoða þessi ákvæði og hafa bein eða óbein áhrif á ákvarðanir um veitingu þessara leyfa. Til þess að undirstrika þessa skoðun okkar munum við greiða atkv. gegn því að setja þetta ákvæði í loftferðalög."

Ég tel, herra forseti, ekki ástæðu til að fjalla nánar um þetta mál, þar sem segja má að þarna sé um tæknilegt, atriði að ræða, að flytja þessi ákvæði inn í loftferðalög, en samt sem áður vildum við að þessi skoðun okkar kæmi fram.

Frsm. minni hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. meiri hl. samgn. varð nefndin ekki alveg á sama máli um afgreiðslu þessa frv., frv. til l. um breytingu á loftferðalögum. Ástæðan kom fram í máli hans. Hér er ekki verið að setja í lög nýjar reglur um skipulag þessara mála, heldur að færa þetta inn í lögin um loftferðir sem ég held að menn séu út af fyrir sig sammála um.

Sá ágreiningur, sem þarna kom fram, er af öðrum toga spunninn, eins og fram kom í máli hv. frsm. meiri hl., og þar sem við í minni hl. teljum að þar sé um algerlega haldlaus rök að ræða getum við ekki fallist á þau sjónarmið og leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 10:8 atkv.
3.—4. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Neðri deild, 63. fundur.

Miðvikudaginn 14. apríl, kl. 2 miðdegis.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 591). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61). — 3. umr.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég sé nú reyndar að hv. 1. þm. Reykv. er genginn í salinn, en þegar þetta mál var hér síðast á dagskrá óskaði hann eftir því að fá að beina til hæstv. viðskrh. nokkrum fsp. varðandi þetta mál. Ég vil því fyrir hönd hv. 1. þm. Reykv., þó hann sé mættur, óska eftir að við þessu verði orðið.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég sé ástæðu til að verða við þessu. Ég minnist þess að fram á þetta var farið. Er því málið tekið út af dagskrá.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548). — 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 609). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir, um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, felur í sér að Alþingi heimili ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju að Mjóeyri við Reyðarfjörð til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan atvinnurekstur.

Mál þetta á sér rúmlega tveggja ára aðdraganda og má rekja upphaf þess til stjórnarsáttmála ríkisstj. Gunnars Thoroddsens frá 8. febr. 1980. Þar er lögð áhersla á rannsóknir á sviði orkunýtingar og uppbyggingu meiri háttar nýiðnaðar á vegum landsmanna sjálfra er m. a. byggi á innlendri orku. Með hliðsjón af þessu ákvæði stjórnarsáttmálans hefur síðan verið unnið að athugunum á ýmsum möguleikum sem til greina koma í orkufrekum iðnaði. Sýndu fyrstu almennu athuganirnar, sem fram fóru í þessu efni vorið 1980, að kísilmálmframleiðsla gæti verið hagkvæmur kostur í þróun þessa iðnaðar hérlendis. Í framhaldi af þessu tók dr. Jón Hálfdánarson hjá Íslenska járnblendifélaginu að sér að gera frumathugun á framleiðslu kísilmálms hér á landi. Skilaði hann skýrslu um málið í nóvember 1980 og bentu niðurstöður hennar til þess, að ástæða væri til að ráðast í frekari undirbúning að slíkri framleiðslu.

Í febr. 1981 skipaði iðnrn. verkefnisstjórn til að hafa umsjón með frekari athugunum á þessu sviði. Í henni áttu sæti Finnbogi Jónsson deildarstjóri í iðnrn., formaður, Hörður Jónsson framkvæmdastjóri hjá Iðntæknistofnun og Jón Steingrímsson verkfræðingur hjá Íslenska járnblendifélaginu. Verkefnisstjórnin réð sér ritara, en Almenna verkfræðistofan hf. var aðalráðgjafi varðandi verkfræðilega þætti. Auk þess hafa ýmsar stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar unnið að málinu síðan á vegum verkefnisstjórnar.

Orkustefnunefnd ríkisstj. hefur fylgst með undirbún-

ingi málsins og einnig hafa einstakir fulltrúar í nefndinni tekið þátt í viðræðum og athugunum vegna ákveðinna þátta þess. Verkefnisstjórnin skilaði iðnrn. skýrslu um verk- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið í maí 1981 og skýrslu um frumathugun kísilmálmverksmiðju um miðjan nóv. 1981. Var báðum þessum gögnum dreift hér á hv. Alþingi strax og þau lágu fyrir. Lokaskýrslu skilaði verkefnisstjórnin svo í byrjun mars s. l. og fylgir hún sem viðauki með frv. þessu. Skýrslu verkefnisstjórnar fylgir einnig greinargerð staðarvalsnefndar iðnrn. um félagsleg áhrif kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Í skýrslu sinni leggur verkefnisstjórnin til að ráðist verði í byggingu 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að aflað verði lagaheimildar um stofnun hlutafélags, er annist byggingu og rekstur verksmiðjunnar, að undirbúningi og framkvæmdum verði hagað þannig, að verksmiðjan geti tekið til starfa vorið 1985. Iðnrn. sendi Þjóðhagsstofnun skýrslu verkefnisstjórnar til umsagnar, og jafnframt hefur verið leitað eftir umsögn bresks ráðgjafarfyrirtækis um forsendur og niðurstöður skýrslunnar. Vænti ég þess, að umsagnir þessar liggi fljótlega fyrir þannig að þær megi koma að gagni við umfjöllun málsins hér á hv. Alþingi. Þá má einnig nefna að Náttúruverndarráð og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafa haft mál þetta til meðferðar.

Miðað er við að kísilmálmverksmiðjan rísi að Mjóeyri við Reyðarfjörð. Í því efni hefur m. a verið tekið mið af *áliti staðarvalsnefndar frá því í apríl 1981* og þeirri stefnumörkun ríkisstj., að orkufrekur iðnaður dreifist á landshluta með hliðsjón af æskilegri byggðaþróun og þéttbýlismyndun í einstökum fjórðungum. Á Austurlandi er stór hluti af auðnýtanlegri vatnsorku landsins og því þjóðhagslega hagkvæmt að koma þar á fót iðnaði sem nýtir hluta af þessari orku. Sú iðnaðaruppbygging þarf að gerast með þeim hætti, að hún valdi sem minnstri röskun á félagslegum aðstæðum og þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er. Bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði fellur vel að þessum markmiðum.

Fyrirhugað verksmiðjusvæði er í landi Sómastaðagerðis í Reyðarfjarðarhreppi. Þar eru möguleikar á stóru iðnaðarsvæði sem auk kísilmálmverksmiðju gæti rúmað ýmsa aðra iðnaðarstarfsemi í framtíðinni. Hafnarskilyrði á þessum stað eru með því besta sem gerist hér á landi. Áætlaður kostnaður við 140 m langan hafnarbakka með 10 m dýpi fyrir allt að 20 þús. tonna skip er um 30 millj. kr. eða einungis tæp 4% af heildarstofnkostnaði þessarar verksmiðju. Verksmiðjusvæðið liggur vel við nálægum byggðarlögum. Fjarlægð til Reyðarfjarðarkauptúns er um 4 km og til Eskifjarðarkaupstaðar um 9 km. Íbúafjöldi á þessum tveimur stöðum var 1. des. s. l. um 1800 manns. Frá verksmiðjusvæðinu til Egilsstaða eru um 38 km, íbúafjöldi á Egilstöðum er um 1160 manns, og ætla *má að verksmiðjan muni ekki síst á byggingartíma sækja* verulega þjónustu þangað svo og til annarra nágrannabyggðarlaga, eins og Fáskrúðsfjarðar, Neskaupstaðar og Seyðisfjarðar, en íbúafjöldi á þessum þremur síðast nefndu stöðum er um 3500 manns.

Bygging og rekstur kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á atvinnulíf og vinnumarkað á Miðausturlandi. Miklu varðar að framkvæmdirnar hafi í för með sér jákvæða þróun í atvinnulífi í fjórðungnum, en leiði ekki til stökkbreytinga og verulegrar röskunar á félagslegu umhverfi og þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er. Í þessu efni skiptir t. d. miklu máli að tilhögun framkvæmda sé með þeim hætti, að umframeftirspurn eftir vinnuafli komi ekki hart niður *á starfandi fyrirtækjum*. Annars vegar er um að ræða tímabundin áhrif sem leiðir af eftirspurn eftir starfsliði á byggingartíma, sem áætlað er að geti orðið um 350 manns þegar flest er, og hins vegar varanleg áhrif vegna stöðugs rekstrar verksmiðju með allt að 130 manna starfsliði. Með rekstri verksmiðjunnar er áætlað að starfandi fólki á Reyðarfjarðarsvæðinu fjölgi um 17% eða þar um bil og sú fjölgun muni á tiltölulega skömmum tíma leiða til aukningar í atvinnu- og þjónustugreinum í nálægðum byggðarlögum. Leiddar hafa verið að því líkur, að starfsemi kísilmálmverksmiðju geti þegar fram í sækir skapað langt til jafnmörg störf í þjónustugreinum og svarar því fólki sem starfar við verksmiðjuna sjálfa. Miðað við áætlaðan starfsmannafjölda í verksmiðjunni mundi þetta þýða um 110 ný þjónustustörf á Miðausturlandi.

Samkv. framansögðu er áætlað að rekstur verksmiðjunnar skapi með beinum og óbeinum hætti atvinnu fyrir um 240 manns, en það jafngildir 31% af þeim mannafla sem spáð er að komi á vinnumarkað á Miðausturlandi fram til ársins 1990. Þjóðhagsleg hagkvæmni þess að ráðast í byggingu kísilmálmverksmiðju er talin ótvíræð af þeim sem um mál þetta hafa fjallað. Má benda á nokkur atriði sem máli skipta í þessu samhengi.

Í fyrsta lagi eru afkastavextir af fjárfestingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði taldir verða um 10% samkv. þeim forsendum sem við er miðað. Raunvextir á alþjóðlegum lánamörkuðum í dag eru hins vegar verulega lægri eða um 6%. Samkv. þessari áætlun mun fjárfesting í kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði því skila arði vel umfram kostnaðarverð fjármagnsins, a. m. k. þegar til lengri tíma er litið.

Í öðru lagi er reiknað með að verksmiðjan greiði orkuverð sem stendur undir framleiðslukostnaði raforku frá nýjum virkjunum jafnframt því að skila arði til orkuframleiðslunnar sjálfrar. Þann arð ber að líta á sem þjóðhagslegar tekjur.

Í þriðja lagi munu ýmis aðföng, sem keypt eru til verksmiðjunnar, m. a. flutningar og önnur þjónusta, einnig skila umtalsverðum arði innanlands.

Í fjórða lagi er innlendur kostnaður við byggingarframkvæmdirnar sjálfar áætlaður 57% af heildarkostnaði og skilar sá hluti stofnkostnaðar verksmiðjunnar einnig umtalsverðum þjóðhagslegum arði.

Í fimmta lagi mun bygging og rekstur *kísilmálmverk*smiðju verða algerlega undir forustu og stjórn landsmanna sjálfra og þannig munu Íslendingar afla sér afar þýðingarmikillar þekkingar og reynslu á öllum þáttum stóriðju, allt frá hönnun og byggingu verksmiðju til markaðssetningar afurðanna. Þessi þekking mun auðvitað koma að verulegu gagni við aðrar stóriðjuframkvæmdir á vegum Íslendinga í framtíðinni.

Loks má geta þess, að unnt er að nýta afgangsvarma frá verksmiðjunni til húshitunar á Eskifirði og Reyðarfirði. Forathuganir sýna að bygging slíkrar hitaveitu í tengslum við verksmiðjuna gæti lækkað húshitunarkostnað í þessum byggðarlögum mjög verulega og fært þannig til viðbótar þjóðhagslegar tekjur af verksmiðjunni. Þegar á heildina er litið er því þjóðhagsleg arðsemi kísilmálmverksmiðju væntanlega meiri en bein arðsemi verksmiðjunnar eins og hún er reiknuð með um 10% afkastavöxtum á föstu verðlagi.

Skal nú vikið að verksmiðjunni sjálfri og framleiðslu á kísilmálmi.

Frv. miðar við tveggja ofna verksmiðju í fyrstu með stækkunarmöguleikum síðar. Hráefni vegna framleiðslunnar eru kvarts, kol, koks, kurl eða trjábolir og rafskaut og verða hráefnin innflutt. Gert er ráð fyrir hefðbundnum ofnum, þ. e. hálflokuðum, en við hönnun verður við það miðað, að unnt verði að loka ofnum síðar ef hagkvæmt þykir. Lokaðir ofnar eru enn á þróunarstigi, en þegar starfræksla slíkra ofna verður möguleg mun verða unnt að nýta kolsýrling, er myndast við málmbræðsluna, ásamt rafgreindu vetni til innlendrar eldsneytisframleiðslu. Er þar um mjög athyglisverða þróunarmöguleika að ræða sem skipt geta miklu í orkubúskap okkar í framtíðinni.

Kísilmálmframleiðsla er tæknilega mjög hliðstæð framleiðslu á kísiljárni, en meiri kröfur eru gerðar til hráefna fyrir kísilmálm, og járn er ekki notað við framleiðsluna. Markaður er hins vegar allur annar fyrir kísilmálm en kísiljárn eins og síðar verður að vikið. Tvö erlend fyrirtæki á sviði ofnaframleiðslu, Elkem í Noregi og Mannersmann Demag í Þýskalandi, hafa þegar gert formleg tilboð um sölu nauðsynlegra tækja og véla í verksmiðjuna. Nauðsynlegt er að taka upp viðræður við þessi fyrirtæki á næstu mánuðum og semja um endanlega gerð ofna og ofnkaup á grundvelli þessara tilboða fyrir 1. sept. n. k., ef halda á þeirri framkvæmdaáætlun sem verkefnisstjórnin gerði ráð fyrir, þ. e. að verksmiðjan geti hafið rekstur árið 1985. Byggingar vegna verksmiðjunnar verða allar hannaðar í samræmi við íslenska staðla.

Mengunarhætta við kísilmálmvinnslu er í öllum megindráttum hin sama og í kísiljárnvinnslu. Mengunarhætta ytra umhverfis er fyrst og fremst frá ofnreyknum sem flytur með sér ókristallað kísilryk. Með reyknum berst einnig brennisteinsdíoxíð sem er skaðlegt ef það er í miklum mæli. Gert er ráð fyrir að ofnreykurinn verði kældur með lofti niður fyrir það hitastig að hann þoli síun, og honum síðan blásið í gegnum síur þessar, þar sem meginhluti ryksins verður eftir en lofttegundirnar sleppa út. Þetta er raunar hliðstæð hreinsunaraðferð og þekkt er og reynsla er fengin af úr járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Þetta ryk yrði síðan kögglað með vatni og lagt á hauga, og raunar er ekki ólíklegt að fyrir það finnist hagnýt not, svo sem reyndin er í vaxandi mæli erlendis og þegar liggur fyrir frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga í tengslum við sementsframleiðslu.

Mengunarhættta innandyra liggur fyrst og fremst í kristölluðu kvartsryki, reyk frá töppun og málmsteypu, ryki frá mölun framleiðsluvörunnar, hávaða og snörpum geislahita á vissum stöðum. Ýmis ráð eru tiltæk til varnar innri mengun og ber þar einna hæst góða loftræstingu. Er því gert ráð fyrir henni í áætluninni og miðað við að ná megi a. m. k. svipuðum árangri við mengunarvarnir og á Grundartanga, en þær eru með því besta sem þekkist í heiminum við þessa framleiðslu. Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð hafa fjallað um æskilegar rannsóknir á lífríki og umhverfi vegna verksmiðjunnar og gert um þær tillögur þótt byggja megi að verulegu leyti á fenginni reynslu af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Þarf að rannsaka marga þætti, þ. á m. staðbundna þætti, svo sem loftdreifingu og vinda með tilliti til dreifingar úrgangsefna.

Eins og áður greindi eru aðalhráefnin við framleiðsluna kvarts, kol og koks, kurl og rafskaut. Að mati verkefnisstjórnar iðnrn. er tryggt að auðvelt muni að afla allra þessara hráefna. Tvö fyrirtæki hafa skriflega staðfest áhuga sinn á gerð langtímasamninga um afhendingu á kvartsi, en það er það af hráefnum til verksmiðjunnar sem erfiðast er að afla. Í áætlunum er miðað við að kvarts verði keypt frá Spáni, samtals um 66 þús. tonn á ári, en önnur lönd, sem til greina koma í þessu sambandi, eru m. a. Finnland, Kanada, Grikkland og Portúgal. M. a. með tilliti til viðskiptahagsmuna Íslendinga eru Spánn og Portúgal talin sérstaklega áhugaverð. Gert er ráð fyrir að koks verði flutt inn frá Belgíu, en kol frá Bandaríkjunum eða Evrópu. Kurlið verður væntanlega unnið úr innfluttum trjábútum frá Svíþjóð, Noregi eða Skotlandi. Rafskaut til kísilmálmframleiðslu eru framleidd hjá tveimur fyrirtækjum og er annað á Ítalíu en hitt í Bandaríkjunum. Að mati sérfróðra aðila eru möguleikar fyrir hendi til slíkrar framleiðslu trjákurls hérlendis, ekki síst á Fljótsdalshéraði, en taka mun nokkur ár að fá úr því skorið hvort slík framleiðsla gæti orðið hagkvæm. Hefur landbrn. í hyggju að láta fara fram athugun á hagkvæmni slíkrar framleiðslu á trjákurli.

Hráefnablöndur fara nokkuð eftir því, hvort nota á kísilmálminn í álsteypu eða til svonefndrar silikonframleiðslu, en gæðakröfur, sem silikonframleiðendur gera, eru strangari með tilliti til hreinleika málmsins og þar með til hreinleika hráefna. Áhersla hefur verið á það lögð við undirbúning verksmiðjunnar að gera sem ítarlegastar athuganir á markaðsmálum kísilmálmframleiðslu.

Eins og drepið var á eru meginnotkunarsvið kísilmálms tvö: annars vegar í álsteypu og hins vegar í svonefndum silikoniðnaði. Þetta heiti, silikon, er raunar dregið af latnesku heiti frumefnisins kísils sem er silicium. Um $^2/_3$ hlutar heimsframleiðslunnar fara nú til blöndunar í álsteypu og um $^1/_3$ til framleiðslu svonefndra silikonefna. Þessi tvö notkunarsvið eru í eðli sínu mjög ólík. Fyrirtæki, sem steypa úr áli, eru mjög mörg og flest þeirra nota tiltölulega lítið magn af kísilmálmi. Silikonframleiðendur eru hins vegar fáir og hver um sig notar mikið magn af þessu efni, kísilmálmi. Fyrir silikonframleiðendur eru gæði og stöðugleiki í afhendingu mjög þýðingarmiklir þættir, en hjá álsteypunum er verðið á kísilmálminum ráðandi þáttur. Algengt er að hlutfall kísilmálms í álsteypu sé 6—12% og þykja slíkar blöndur henta mjög vel til sérhæfðra nota.

Kísilmálmur er aðalhráefnið í framleiðslu svokallaðra silikonefna. Hér er um mjög fjölbreytilegan efnaiðnað að ræða, svo sem framleiðslu á rakafráhrindandi efnum, hitaþolnum efnum, þéttiefnum, svonefndum silikonolíum, skilkongúmmíi og silikonplasti. Efni þessi keppa að hluta til við efni framleidd úr olíu og hefur hækkandi verð á olíu bætt samkeppnisstöðu silikonefna mjög verulega. Talið er að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum árið 1980 hafi verið tæp 500 þús. tonn. Ef Bandaríkin eru undanskilin eru stærstu notkunarlöndin mjög háð innflutningi á kísilmálmi þar sem eigin framleiðsla er sáralítil. Árið 1980 fullnægði Japan um 84% af þörfinni með innflutningi, Vestur-Þýskaland um 85% og Bretland heildarnotkun eða 100%. Bandaríkin hafa lengst af verið stærstu framleiðendurnir og hafa framleitt meira en nemur eigin þörfum. Á allra síðustu árum hafa Bandaríkin hins vegar flutt inn kísilmálm í vaxandi mæli og árið 1980 nam innflutningurinn um 15% af heildar-

notkun þar í landi það ár.

Á árinu 1980 var afkastageta kísilmálmverksmiðja í heiminum verulega meiri en heildarnotkun á kísilmálmi á því ári. Talið er líklegt að nokkur ríki muni draga úr framleiðslu á kísilmálmi á næstu árum vegna hækkandi orkuverðs heima fyrir. Á það m. a. við um Spán og Portúgal svo og Bandaríkin, en þar hefur orkuverð farið mjög hækkandi á undanförnum árum. Orkuverð til kísilmálmframleiðslu er mjög breytilegt eða á bilinu 9—70 mills á kwst., lægst í Noregi og Kanada, en hæst í Japan. Miðað við framleiðslu einstakra landa árið 1980 má áætla að meðalraforkuverð í kísilmálmframleiðslu nú sé um 20 mills á kwst. og svarar það nokkurn veginn til sömu upphæðar í íslenskum aurum.

Milliríkjaviðskipti með kísilmálm eru mjög mikil. Voru helstu innflutningslöndin á árinu 1980 Japan, sem flutti inn um 58 þús. tonn, Vestur-Þýskaland 55 þús. tonn, Bandaríkin 19 þús. tonn, Bretland 22 þús. tonn og Austur-Evrópa, sem flutti inn 48 þús. tonn á því ári.

Framtíðarhorfur um kísilmálmmarkaðinn verða að teljast góðar. Ekkert bendir til þess að önnur efni leysi kísilmálm af hólmi á þeim sviðum sem hann er notaður í dag. Vissar líkur eru á að ný notkunarsvið komi til sögunnar, þótt ekki sé unnt að reikna með því í markaðsspám að svo stöddu. Samkv. spá frá fyrirtækinu Commodity Research Unit Ltd., sem er sjálfstætt ráðgjafarfyrirtæki og fjallaði um þetta mál, markaðsþáttinn, fyrir iðnrn., er áætlað að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum verði um 650 þús. tonn árið 1986 og rúmlega 800 þús. tonn árið 1990. Framleiðsla á 25 þús. tonnum af kísilmálmi hér á landi á árinu 1986, þ. e. á því ári sem unnt væri að ná fullri framleiðslu með tveimur ofnum, mundi samkv. framansögðu svara til um 3.8% af heimsnotkun það ár.

Innflutningsverð á kísilmálmi til Bretlands, Þýskalands og Japans var að meðaltali um 1 560 dalir á hvert tonn á árunum 1976—1980 á verðlagi 1. mars 1982. Þar sem kísilmálmur keppir að hluta til við afurðir, sem framleiddar eru úr olíu, og raforka er hér kostnaðarliður í framleiðslunni má telja líklegt að verð á kísilmálmi verði ekki lægra að jafnaði í framtíðinni en það var á seinni hluta síðasta áratugs. Er það raunverulega varlega í sakirnar farið. Sem stendur er þó verð á kísilmálmi í lægð þótt ástandið sé ekki eins slæmt og í öðrum greinum orkufreks iðnaðar. Markaðsverðið nú er á bilinu 1 200-1 300 dalir á tonn, sem er allt að 20% lægra en það var á síðari hluta síðasta áratugs.

Gert er ráð fyrir að þau 25 þús. tonn af kísilmálmi, sem í fyrstu yrðu framleidd hérlendis, verði seld þannig að um 7500 tonn á ári fari til Japans, um 10 000 tonn til Vestur-Þýskalands, um 3000 tonn til Bretlands, um 2500 tonn til Bandaríkjanna og um 2000 tonn til annarra landa. Samkomulag hefur verið gert við Japani um þau 7 500 tonn sem þangað er áætlað að selja og samningar eru á lokastigi við Þjóðverja um sölu á um 10 000 tonnum af kísilmálmi á ári þangað. Áætlað er að þessi tvö lönd taki við um 70% af heildarframleiðslu tveggja ofna kísilmálmverksmiðju. Samningar þessir eru að sjálfsögðu gerðir með fyrirvara um stofnun fyrirtækisins og samþykkt væntanlegrar stjórnar þess.

Stofnkostnaður 25 þús. tonna kísilmálmverksmiðju er áætlaður um 750 millj. kr., miðað við verðlag 1. mars 1982, og skiptist þannig að innlendir kostnaðarliðir eru áætlaðir 57%, en erlendir kostnaðarliðir 43%. Kostnaður við vélar og tæki er byggður á bráðabirgðatilboðum Elkem í Noregi og Demag í Vestur-Þýskalandi, en þetta eru þau tvö fyrirtæki sem helst koma til greina við kaup á vélbúnaði fyrir verksmiðjuna eins og áður er getið. Aðrir kostnaðarliðir eru áætlaðir af innlendum verkfræðistofum, og hefur í því efni verið höfð hliðsjón af nýlegum sambærilegum mannvirkjum, svo sem járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og Hrauneyjafossvirkjun. Kostnaður við höfn, vatnsveitu og orkuveitu er ekki meðtalinn þar sem þau mannvirki verða í eigu annarra en verksmiðjunnar sjálfrar. Í rekstrarkostnaðaráætlun er hins vegar reiknað með greiðslu fyrir afnot af höfn svo og greiðslu fyrir vatnsnotkun og orkunotkun.

Gert er ráð fyrir að bygging verksmiðjunnar verði fjármögnuð í fyrsta lagi með hlutafé, sem verður 30% af stofnkostnaði eða um 225 millj. kr., í öðru lagi með fjárfestingarlánum, sem ríkissjóður ábyrgist, allt að 40% af stofnkostnaði eða um 300 millj. kr., og í þriðja lagi með útflutningslánum, sem fylgja munu tækjum og vélum frá því ríki þaðan sem vélarnar og tækin yrðu keypt allt að 30% af stofnkostnaði eða um 225 millj. kr.

Meðalframleiðslukostnaður kísilmálms á verðlagi 1. mars 1981 er áætlaður rúmlega 12 þús. kr. á tonn og nemur kostnaður við hráefni um 41% af framleiðslukostnaði, laun og launatengd gjöld um 10%, raforka um 19%, afskriftir og vextir um 21% og annar kostnaður um 8%.

Sem stendur er markaðsverð á kísilmálmi 12-13 þús. kr. á tonn og hefur verðið ekki verið svo lágt í tæp 10 ár. Ný verksmiðja með mikla vaxtabyrði mundi verða rekin með halla við núverandi markaðsaðstæður.

Gerð hefur verið rekstrar- og fjárstreymisáætlun fyrir afskriftartímabilið og eru niðurstöður þær, að reiknað er með að tap verði á rekstrinum fyrsta árið, 1985, um 38 millj. kr., en upp frá því verði um hagnað að ræða. Þannig er áætlað að tekjur fyrir skatta verði árið 1986 um 33 millj. kr. og eftir það á bilinu 55-65 millj. kr. á ári. Hér er um meðaltalstölur að ræða, en ljóst er að verðið mun sveiflast eftir markaðsástandi hverju sinni. Þarf að kappkosta að draga úr áhrifum slíkra sveiflna, t. d. með einhvers konar jöfnunarsjóði sem athuga þarf um í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar almennt hérlendis.

Gert er ráð fyrir að orkuverð fyrstu 10 árin, þ. e. 1985—1994, verði 15 mills á kwst. en 20 mills á kwst. á árunum 1995—2004. Í báðum tilvikum er miðað við verðlag 1. mars 1982 og er miðað við að orkuverðið yrði að fullu verðtryggt.

Afkastavextir fjárfestingarinnar hafa verið áætlaðir og er niðurstaðan sú, eins og áður greinir, að arðsemi heildarfjárfestingar verði rösk 10%, eða 10.4%, fyrir skatta á föstu verðlagi. Verður þessi arðgjöf að teljast vel viðunandi þegar haft er í huga að tæknileg áhætta í þessum rekstri er svo til enginn, að vaxandi markaður er talinn fyrir afurðir verksmiðjunnar og að raunvextir á alþjóðlegum lánamörkuðum eru í dag um 6% og líkur til að þeir verði lægri í framtíðinni.

Heildarorkuþörf fyrir tveggja ofna kísilmálmverksmiðju er talin nema 345 gwst. á ári miðað við 25 þús. tonna framleiðslu og mesta aflþörf um 45 mw. Næg orka og afl er talið til í landskerfinu til að fullnægja orkuþörf slíkrar verksmiðju. Gert er ráð fyrir að næsta stórvirkjun í landskerfinu komi í gagnið haustið 1987. Fyrir þann tíma er unnt að auka orkuvinnslugetu landskerfisins

verulega umfram þarfir hins almenna markaðar. Samkv. þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið um stofnlínukerfi landsins, eiga ekki að vera vandkvæði á því að flytja næga orku til verksmiðjunnar í upphafi. Á tímum mesta álags gæti þó annar ofn verksmiðjunnar þurft að sæta nokkrum álagstakmörkunum á fyrstu tveimur árunum, þ. e. fram til þess tíma sem næsta stórvirkjun kemst í gagnið.

Meðal þeirra framkvæmda, sem ráðast þarf í vegna kísilmálmverksmiðju, er lagning háspennulínu frá Hryggstekk í Skriðdal til Reyðarfjarðar. Þessi lína yrði um 35 km. að lengd með 132 kw spennu.

Gerð hafa verið drög að orkusölusamningi milli verksmiðjunnar og Landsvirkjunar. Er þar gert ráð fyrir að samningstíminn verði 20 ár og orkuverðið 17.5 aurar á kwst. að meðaltali, en það samsvara 17.5 mills á kwst. á því gengi sem miðað er við í samningsdrögunum. Gert er ráð fyrir að orkuverðið verði að fullu verðtryggt, en verðtryggingarákvæði og hækkanir á grunnverði á samningstímanum yrðu háð nánara samkomulagi. Með hliðsjón af því, að verksmiðjan þarf að bera þungan fjármagnskostnað á fyrstu starfsárum, er æskilegt fyrir verksmiðjuna að í fyrstu verði orkuverðið hlutfallslega lægra, en aftur á móti hlutfallslega hærra síðar þegar greiðslufjárstaða verksmiðjunnar er orðin betri. Landsvirkjun hefur þann fyrirvara á varðandi samningsdrögin, að lokið verði framkvæmdum við Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlun 1985—1986 og nauðsynlegri aukningu uppsetts afls á Þjórsársvæðinu. Samningsdrögin eru einnig byggð á þeirri forsendu, að samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana og yfirtöku fyrirtækisins á byggðalínukerfinu. Einnig telur Landsvirkjun nauðsynlegt að núverandi fjárhagsstaða fyrirtækisins verði tryggð á viðunandi hátt þannig að hæfilegt fé fáist úr rekstri til fjármögnunar nýrra virkjana án þess að lántökur í því skyni verði meiri en góðu hófi gegnir. Varðandi síðastnefnda fyrirvarann skiptir ekki minnstu máli að veruleg hækkun fáist á orkuverði til Íslenska álfélagsins hf.

Orkuverð það, sem hér er lagt til grundvallar við rekstur kísilmálmverksmiðjunnar, er byggt á áætluðum framleiðslukostnaði á orku frá næstu virkjunum, en það hefur verið talið liggja á bilinu 15-20 mills á kwst. miðað við 6% reiknivexti. Orkuverð, sem er 17.5 mills á kwst. að meðaltali eða jafngildi þess í íslenskum aurum með fullri verðtryggingu, virðist því raunhæf viðmiðun, en gert er ráð fyrir að verksmiðjan kaupi einungis forgangsorku. Lægra orkuverð en þetta mundi að sjálfsögðu bæta verulega afkomu verksmiðjunnar. En ég tel að það eigi að vera grundvallaratriði í uppbyggingu orkufreks iðnaðar hér á landi, að hann greiði viðunandi orkuverð sem sé breytilegt með tilliti til verðbólgu og ekki svo lágt að almenningur þurfi að greiða hærra raforkuverð með stóriðju en án.

Varðandi einstakar greinar frv. er rétt að taka fram eftirfarandi:

Samkv. 1. gr. er gert ráð fyrir að hlutafélag verði stofnað um rekstur verksmiðjunnar. Hins vegar eru fjárhæðir við það miðaðar, að ríkissjóður geti verið eigandi 100% hlutafjárins. Að ráði varð að nota hlutafélagaformið um reksturinn þar eð þetta er algengasta rekstrarform atvinnufyrirtækja í landinu, — rekstrarform sem löggjafinn hefur sett ítarlegar reglur um, reglur til að starfa eftir og þekkt er bæði hér á landi og erlendis. Ætti það að sjálfsögðu að auðvelda stjórnun fyrirtækisins. Frv. gerir ráð fyrir að ríkissjóður eigi tryggan meiri hluta í fyrirtækinu og meiri hluta í stjórn þess. Í hlutafélagalögum eru ákvæði er vernda rétt minnihlutaeigenda. Þar sem ráð er fyrir því gert í frv., að ríkið geti boðið öðrum samstarf sem minnihlutaeiganda er eðlilegt að nota umrætt félagsform um reksturinn.

Í sambandi við 2. gr. frv. er rétt að geta þess, að ekki er talið nauðsynlegt að erlendir aðilar eigi hlut í félaginu. Er við það miðað að íslenskir aðilar standi að því einir og bygging og rekstur, þar með talin hráefnaöflun og markaðssetning, verði ávallt undir ótvíræðu forræði íslenskra stjórnvalda. Greinin felur í sér það nýmæli, að öðrum íslendum aðilum en ríkinu er nú gefinn kostur á að taka þátt í uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Þar gæti m. a. verið um að ræða sveitarfélög, innlend hlutafélög, samvinnufélög og aðra innlenda aðila. Þess má geta, að fram hefur komi áhugi hjá sveitarfélögum á Austurlandi að eignast hlut í félaginu, þótt tæpast sé hægt að gera ráð fyrir að hann verði stór.

Í 3. gr. frv. er að finna nauðsynlegar fjáröflunarheimildir vegna byggingar verksmiðjunnar og aðildar ríkisins að hlutafélaginu. Áætlaður stofnkostnaður er sem áður segir um 750 millj. kr. Með frv. er ríkisstj. veitt heimild til að leggja fram 30% af stofnkostnaði eða allt að 225 millj. kr. sem hlutafé og taka lán í sama skyni. Greinin gerir því ráð fyrir þeim möguleika, að ríkissjóður leggi fram allt hlutafé, en verði um aðra hluthafa að ræða lækkar hlutafjárframlag ríkisins að sjálfsögðu sem því nemur. Ekki er ríkissjóði heimilt samkv. frv. að taka lán eða ábyrgjast lán vegna hlutafjárframlaga annarra aðila.

Ríkisstj. er í 3. gr. veitt heimild til að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 300 millj. kr., þ. e. um 40% af stofnkostnaði, eða taka lán að sömu fjárhæð og endurlána félaginu til byggingar verksmiðjunnar. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða sem tryggir félaginu fjárfestingarlán með hagkvæmustu kjörum sem bjóðast á almennum lánamörkuðum. Skiptir miklu fyrir rekstrarafkomu fyrirtækisins fyrstu árin að vaxtabyrðin verði sem minnst. Gert er ráð fyrir að 30% af kostnaði verði fjármögnuð með útflutningslánum, en útflutningslán eru sem kunnugt er lán sem fylgja kaupum á tækjum og vélum til verksmiðjunnar og fara lánskjör eftir reglum viðkomandi landa. Slík lán eru að jafnaði hagstæð, enda veitt til að örva útflutning.

Með ákvæðum 2.—4. tölul. 3. gr. eru ríkisstj. veittar heimildir til þess að tryggja að hlutafélagið eigi kost á þeirri aðstöðu um jarðnæði, höfn og annað sem á þarf að halda vegna verksmiðjunnar. Miðað er við að heimildir til fjáröflunar vegna þessara framkvæmdaþátta verði afgreiddar síðar af hálfu Alþingis, eftir því sem nauðsyn krefur, og fjáröflun í hverju tilviki hagað með tilliti til þess sem venja er um hliðstæðar framkvæmdir.

Vegna verulegrar eignaraðildar ríkissjóðs að félaginu og hinnar miklu fjárþarfar hlutafélagsins þykir eðlilegt að ekki verði greidd stimpilgjöld af hlutabréfum þess og að heimilt verði að lækka stimpilgjöld vegna stofnlána sem félagið tekur. Kveður 6. tölul. 3. gr. á um þetta.

Gert er ráð fyrir að kísilmálmverksmiðjan rísi á Reyðarfirði, nánar tiltekið upp af svonefndri Mjóeyri, í óskiptu landi kristfjárjarðanna Sómastaða og Sómastaðagerðis. Kristfjárjarðir eru sjálfseignarstofnanir eða ígildi slíkra. Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru eigin eignir, og Alþingi eitt getur heimilað breytingar á stofni kristfjárgjafa og

aðeins að uppfylltu því skilyrði, að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárgjafarinnar. Því er landbrh. fyrir hönd ríkisstj. og hreppsnefnd Helgustaðahrepps, bæjarstjórn Eskifjarðarkaupstaðar og hreppsnefnd Reyðarfjarðahrepps sem umráða- og hagsmunaaðilum í 4. gr. heimilað að selja ríkissjóði jarðirnar Sómastaði, Sómastaðagerði og Framnes í Reyðarfjarðarhreppi. Andvirði hinna seldu jarða skal varið til félagslegra framkvæmda í Reyðarfjarðarhreppi, Helgustaðahreppi og Eskifjarðarkaupstað. Frv. gerir ráð fyrir að félmrn. sem æðsta stjórnvald á sviði sveitarstjórnarmála samþykki ráðstöfun söluandvirðis, enda sé hún samræmanleg hinum forna tilgangi kristfjárgjafa.

Stjórnarráðið, nánar tiltekið landbrn., hefur á hendi umsjón kirkjujarða annarra en prestssetra. Því er ekki óeðlilegt að líta svo á að umráðin, sem frá ómunatíð höfðu verið í hendi kirkjunnar, séu nú réttilega í höndum landbrn. Sveitarstjórnirnar hafa hins vegar ríkra hagsmuna að gæta af sölunni og því þykir eðlilegt að þær komi fram sem hagsmunaaðilar við þessa sölu ásamt landbrh. sem seljanda. Samhliða því, að heimild er veitt til sölunnar, er fjmrh. veitt heimild til að kaupa jarðir þessar. Ábúendur jarðanna eru eigendur mannvirkja og ræktunar. Þar sem nábýlið við verksmiðjuna torveldar búskap á jörðum þessum er fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs veitt heimild til að kaupa eignir ábúenda svo að þeir geti komið sér fyrir á nýjum stað og verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni vegna verksmiðjuframkvæmdanna. Samningur um sölu jarðanna hefur þegar verið undirritaður af forsvarsmönnum viðkomandi sveitarfélaga og gerður með fyrirvara að sjálfsögðu um samþykki Alþingis.

Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leigi hlutafélaginu nauðsynlegt jarðnæði fyrir verksmiðjurekstrinn. Vegna aðildar ríkissjóðs þykir eðlilegt að hafa ekki lágmark á tölu stofnenda eða hluthafa í félaginu. Slíkar hömlur hafa reyndar flestar verið numdar úr lögum um hlutafélög í nágrannalöndum okkar og er ákvæði um þetta að finna í 5. gr. frv.

Í 6. gr. er fjallað um stjórn félagsins og skipulag. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður gæti eigendahagsmuna sinna í félaginu á aðalfundi og öðrum hluthafafundum á sama hátt og aðrir hluthafar. Rétt þykir að nýta heimildir hlutafélagalaga til að ríkið sem eigandi geti haft sem virkasta stjórn á og eftirlit með rekstri fyrirtækisins. Ríkisstj. er því í 2. mgr. 6. gr. veitt heimild til að setja á stofn fulltrúanefnd við félagið samkv. 57. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Lagt er til að fulltrúanefndin verði skipuð níu mönnum. Fjórir skulu ásamt varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar. Fjórir skulu ásamt varamönnum kosnir af starfsmönnum fyrirtækisins samkv. reglum sem ráðh. setur. Iðnrh. skipar einn, ásamt varamanni, úr stjórn félagsins til setu í fulltrúanefnd. Framkvæmdastjóri félagsins skal sitja fundi fulltrúanefndarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Hlutverk þessarar fulltrúanefndar samkv. greininni er m. a. að fylgjast með starfi félagsins og stuðla að því að ákvarðanir stjórnvalda um málefni þess nái fram að ganga, að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi þess og að koma á framfæri við félagsstjórn tillögum um málefni félagsins. Með ákvæði þessu, sem er heimildarákvæði, er að því stefnt að tryggja Alþingi áhrif á stjórn félagsins án þess að raska því sem telja má eðlilega skiptingu starfa milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. Til að tryggja áhrif fulltrúanefndarinnar á stefnu félagsins og greiðar upplýsingar til hennar þykir rétt að einn af stjórnarmönnum félagsins eigi sæti í nefndinni og framkvæmdastjóri félagsins sitji fundi hennar og hafi þar málfrelsi og tillögurétt. Í heimildarákvæðinu er enn fremur það nýmæli, að tryggja má starfsmönnum fastan vettvang til þátttöku í stefnumótun félagsins og rétt til að fylgjast með starfsemi þess og afkomu.

Samkv. 7. gr. er hlutafélaginu gert að greiða tekjuskatt og eignarskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hlutafélög með atvinnurekstur hér á landi. Um opinber gjöld félagsins fer eftir þeim lögum sem gilda á hverjum tíma, með þeirri undantekningu sem fram kemur í 2. mgr. Samkv. 2. mgr. 7. gr. er félagið undanþegið aðstöðugjaldi á atvinnurekstur sinn, en er í þess stað gert að greiða sérstakt gjald sem skiptist þannig að fjórðungur rennur til Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps, fjórðungur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, fjórðungur til rannsókna og undirbúnings á sviði orkufreks iðnaðar og fjórðungur til iðnþróunar á Austurlandi. Gjald þetta skal vera 1% af aðstöðugjaldsstofni og kemur það í stað aðstöðugjalds á atvinnurekstur félagsins samkv. lögum nr. 8 frá 1972, um tekjustofna sveitarfélaga. Samkv. þessu er félaginu gert að greiða gjöld af rekstri sínum sem svarar til aðstöðugjalds hjá iðnfyrirtækjum almennt.

Eins og 2. og 4. mgr. 3. gr. og 4. gr. frv. bera með sér er það ríkisvaldið sem skapar iðjuverinu sjálfu aðstöðu, t. d. til móttöku á orku, með lagningu vegar, öflun lóðarréttinda og með því að beita sér fyrir hafnargerð við verksmiðjuna. Af þessu má ljóst vera að ekki gæti talist eðlilegt að Reyðarfjarðarhreppur fái óskipt aðstöðugjald af rekstri verksmiðjunnar. Það er stefna núv. ríkisstj. að tengja uppbyggingu orkunýtins iðnaðar innlendri iðnþróun. Til að stuðla að því, að fjárfesting í orkufrekum iðnaði renni stoðum undir víðtæka iðnþróun, er það nýmæli tekið upp í lagagrein þessa, að 0.5% af aðstöðugjaldsstofni vegna rekstrar verksmiðjunnar renni að jöfnu til fyrirhugaðs Iðnþróunarsjóðs Austurlands og til rannsókna á sviði orkufreks iðnaðar í landinu.

Þensluáhrifa af byggingu og rekstri verksmiðjunnar mun gæta sérstaklega á Reyðarfirði og Eskifirði og það í verulegum mæli. M. a. er fyrirsjáanlegt að stækkun og endurbætur þarf að gera á skólahúsnæði og dagvistunaraðstöðu, auk þess sem sveitarfélögin verða að taka á móti verulegum hópi aðflutts fólks vegna framkvæmdanna og kosta aðstöðu vegna hinna nýju íbúa. Er því talið eðlilegt að umrædd sveitarfélög skipti með sér að jöfnu fjórðungi af gjaldi samkv. þessari grein.

Með hliðsjón af þessu og eins og áður er fram komið er lagt til að gjald samkv. 7. gr. skiptist þannig að 1/4 renni til Reyðarfjarðarhrepps og Eskifjarðarkaupstaðar að jöfnu, 1/4 renni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, 1/4 til iðnþróunarfyrirtækis eða sérstaks sjóðs, sem stofnað verður til á vegum ríkisins og verði gjaldinu varið til rannsókna og undirbúnings á nýtingu orku til meiri háttar nýiðnaðar, og 1/4 renni til Iðnþróunarsjóðs Austurlands. Samkv, þessu mun helmingur gjaldsins koma viðkomandi landshluta til góða, en hinn hlutinn landinu í heild í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og til undirbúnings orkunýtins iðnaðar.

Þar eð hlutafélagið mun fást við útflutningsframleiðslu, sem byggist m. a. á hagnýtingu innlendrar orku,

þykir rétt að láta félagið njóta svipaðrar aðstöðu um aðflutningsgjöld og söluskatt og sambærileg fyrirtæki, svo sem virkjanir og meiri háttar iðnfyrirtæki, svo sem Kísiliðjan, Þörungavinnslan og Járnblendiverksmiðjan. Í 1. mgr. 8. gr. er því lagt til að félagið verði undanþegið greiðslu aðflutningsgjalda af byggingarefni, vélum og búnaði og öðrum fjárfestingarvörum til verksmiðjunnar. Í síðari málslið 1. mgr. er lagt til að ríkisstj. sé heimilt að fella niður aðflutningsgjöld og/eða söluskatt í því skyni að jafna aðstöðumun milli íslenskra og erlendra verktaka og þjónustuaðila vegna þessara gjalda. Sams konar ákvæði er í lögum um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

Í 2. mgr. 8. gr. eru ákvæði um hráefni og aðrar framleiðslunauðsynjar verksmiðjunnar svo og framleiðsluvörur hennar, og er lagt til að aðföng og framleiðsla verði undanþegin tollum og söluskatti. Í 3. mgr. 8. gr. er lagt til að rafmagn til rekstrar verksmiðjunnar verði undanþegið söluskatti og verðjöfnunargjaldi á raforku. Sambærileg ákvæði gilda m. a. um Áburðarverksmiðju ríkisins og Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Undanþágur af þessu tagi má að sjálfsögðu fella niður síðar með lagabreytingum ef þurfa þykir.

Í 9. gr. er fjallað um byggingu hafnar við Mjóeyri sem samkv. greininni skal vera í eigu sérstaks hafnarsjóðs sem stofna skal til samkv. ákvæðum hafnalaga. Fyrirhugað hafnarsvæði er framan við fyrirhugað verksmiðjusvæði. Höfnin yrði reist í beinum tengslum við verksmiðjuna, en gert er ráð fyrir að fleiri en kísilmálmverksmiðjan komi til með að nota höfnina. Eðlilegt þykir með hliðsjón af legu hafnarinnar við Mjóeyri og til að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni milli Eskifjarðarhafnar og Reyðarfjarðarhafnar, að höfnin við Mjóeyri verði sameign Eskifjarðarkaupstaðar og Reyðarfjarðarhrepps að jöfnu. Ekki hefur þó þótt rétt að lögfesta slíka skipan, en láta hins vegar sveitarfélögunum, sem í hlut eiga, eftir að leita samninga sín á milli um það atriði. Í rekstraráætlun fyrir verksmiðjuna hefur verið við það miðað að greitt yrði fyrir afnotin með venjulegum hafnargjöldum. Um gerð hafnarmannvirkja, rekstur hafnarinnar og stjórn mun að öðru leyti fara samkv. hafnalögum og samkomulagi aðila.

Áréttað er í 10. gr. að félaginu beri að gera allar þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu, og gæta skuli ákvæða laga um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Er ávallt mikilvægt við verksmiðjurekstur sem þennan að gæta vel að umhverfisvernd bæði utan og innan vinnustaðarins.

Í 3. mgr. 10. gr. er nýmæli þess efnis, að hlutafélagið skuli vegna eðlis rekstrar þess kosta rannsóknir sem hlutaðeigandi stjórnvöld telja nauðsynlegar til að fylgjast með áhrifum af rekstri verksmiðjunnar. Með þessu ákvæði er tryggt að hlutaðeigandi stjórnvöld hafi fjárhagslegt bolmagn til að gera rannsóknir til að fylgjast megi með áhrifum hins sérgreinda iðnaðar á umhverfi verksmiðjunnar. Ákvæði þetta er sett með hliðsjón af reynslu af stjóriðjurekstri hérlendis og af því að umfang og eðli stóriðjurekstrar af þessu tagi krefst sérstakra aðgerða til að tryggja að umhverfi verksmiðjunnar verði ekki fyrir tjóni. Með hliðsjón af því, að rannsóknir samkv. 3. mgr. þessarar greinar geta verið kostnaðarsamar, þykir rétt að ágreiningi um eðli og umfang þeirra megi skjóta til úrskurðar þess ráðh. sem viðkomandi rannsóknarþáttur heyrir undir. Með bréfi 23. sept. 1981 var óskað eftir því við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Náttúruverndarráð, að samstarf yrði haft við iðnrn. varðandi mengunarvarnir við verksmiðjuna. Ráðuneytinu hefur nú borist skýrsla frá þessum aðilum um nauðsynlegar rannsóknir að þeirra mati samkv. 10. gr.

Loks er í 11. gr. ákvæði er stefnir að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækisins. Með stofnun samstarfsnefndar er mótað fast samstarfsform sem miðar að auknum réttindum og ábyrgð starfsfólks á vinnustað í þeim tilgangi að efla lýðræði í atvinnurekstri og ná betri árangri í framleiðslu. 11. gr. kveður — ásamt heimildarákvæðinu um fulltrúanefnd í 2. mgr. 6. gr. — á um afar þýðingarmikil atriði er varða stöðu starfsmanna innan fyrirtækja og áhrif á starfsumhverfi. Hugmyndir um aukinn hlut og ábyrgð starfsmanna í stjórnun og rekstri fyrirtækja eru nú mikið ræddar í flestum löndum Vestur-Evrópu, þ. á m. á öðrum Norðurlöndum. Hér á landi hafa þessi mál ekki verið eins mikið til umræðu í samtökum launafólks eða á stjórnmálavettvangi og hefði mátt vænta, en áhugi á þeim er þó vaxandi. Eðlilegt er að ríkisvaldið sem atvinnurekandi gangi á undan með góðu fordæmi í þessu efni.

Herra forseti. Eitt höfuðmarkmið efnahagsstefnu núv. ríkisstj. er að efla atvinnulíf landsmanna. Í því skyni hefur verið unnið að athugunum á iðnaði sem rennt geti stoðum undir efnahagsstarfsemi í landinu. Efst á blaði í þeim efnum er frekari nýting á náttúruauðlindum landsins. Orkulindirnar eru ein þeirra náttúruauðlinda sem Íslendingar geta í auknum mæli hagnýtt til að bæta og jafna lífskjör í landinu. Nýting þeirra verður að vera í samræmi við almenn þjóðhagsleg markmið um fulla atvinnu, batnandi lífskjör, yfirráð landsmanna yfir náttúruauðlindum, öruggt íslenskt forræði í atvinnulífinu, stöðugleika í efnahagsmálum, gott vinnuumhverfi og verndun íslenskrar náttúru gegn mengun. Bygging kísilmálmverksmiðju hér á landi fellur vel að þessum markmiðum. Með lögfestingu þessa frv. væri stigið mikilvægt skref í atvinnusögu Íslendinga og mikilvægur áfangi næðist í uppbyggingu stóriðju undir forustu og stjórn landsmanna sjálfra. Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði gæti þannig orðið fyrsta stóriðjufyrirtækið algerlega í innlendri eigu.

Þótt nú styttist óðum í starfstíma þessa þings vænti ég að frv. þetta geti orðið að lögum fyrir þinglok, m. a. með samvinnu iðnn. beggja deilda við athugun málsins.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. hefur mælt fyrir frv. til l. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Við hljótum að fagna hverri viðleitni til þess að auka orkufrekan iðnað á Íslandi. Ég minni á að Sjálfstfl. hefur haft það á sinni stefnuskrá lengi að nýta orkuna í fallvötnum landsins og hitaorkuna í iðrum jarðar til nýrra atvinnugreina. Það mál, sem hér er flutt, þarf því að skoða með jákvæðu hugarfari. Hvert nýtt mál af þessu tagi, hverja nýja verksmiðju og hvert nýtt átak sem til greina kemur að gera í þessum málum, þarf að athuga vel og vandlega. Hér eru oftast gífurlegir fjármunir í húfi og miklir hagsmunir, og ef vel tekst til getur ein slík verksmiðja átt þátt í að treysta atvinnulíf landsmanna og bæta lífskjörin, en ef illa tekst til getur slíkt fyrirtæki dregið niður lífskjör á Íslandi.

Ég sit í þeirri nefnd, sem hæstv. ráðh. hefur gert að

tillögu sinni að fái þetta mál til meðferðar, og mun þar fá tækifæri til að athuga það betur, en ég vil þó á þessu stigi málsins gera ýmsar athugasemdir við málið.

Fyrst ætla ég að fjalla nokkuð um málsmeðferð. Mér finnst rétt í þessu sambandi að bera saman málsmeðferð, sem viðhöfð var þegar síðasta stórfyrirtækið af þessu tagi var sett á stofn hér á landi, þ. e. Járnblendiverksmiðjan, og þá málsmeðferð sem viðhöfð hefur verið varðandi þetta mál.

Járnblendiverksmiðjan var lengi í undirbúningi. Fyrrv. hæstv. iðnrh., Magnús Kjartansson, skipaði eins konar stóriðjunefnd fljótlega eftir að hann tók við iðnrn. á árinu 1971, þ. e. sérstaka nefnd um orkufrekan iðnað. Störf þeirrar nefndar beindust fljótlega að Járnblendiverksmiðju. Þegar það mál var komið í nokkuð öruggan farveg var fyrir forgöngu þess ráðh. skipuð haustið 1973 nefnd þm. úr öllum flokkum, stjórnarsinna jafnt sem stjórnarandstæðinga, sem skyldi kynna sér öll gögn málsins og fylgjast með gangi þess. Þessi nefnd hélt áfram störfum þrátt fyrir stjórnarskipti 1974.

Einu og hálfu ári seinna, í febrúar 1975 var lagt fram frv. hér á hv. Alþingi um járnblendiverksmiðju. Allan þennan tíma höfðu fulltrúar allra flokka á Alþingi verið að kynna sér málið. Alþm. voru því vel í stakk búnir til að taka afstöðu til frv. þegar það kom hér fram. Þrátt fyrir það tók Alþingi sér tvo mánuði til þess að afgreiða málið. Það fékk ítarlega meðferð í nefndum beggja deilda, leitað var skriflegra umsagna og álitsgerða ýmissa aðila og fjöldi manna kom til munnlegrar skýrslugjafar í nefndinni. — Nú breyttist reyndar eignaraðild að þessari verksmiðju síðar, því að þetta frv. var miðað við þann aðila sem upphaflega átti að vera eignaraðili, þ. e. Union Carbide, en það breytir ekki því, að nú eru gjörólík vinnubrögð viðhöfð að þessu leyti.

Stjórnarandstöðunni hefur algjörlega verið haldið utan við þetta mál. Hún hefur ekkert fengið nálægt þessu að koma. Henni hafa verið skammtaðar upplýsingar. Þm. fengu svokallaða Áfangaskýrslu II í hendur á síðasta þingi, en í framhaldi af þeirri skýrslu, sem þm. fengu í hendur, var ákveðið að auka umfang verkefnisins frá því sem áður var fyrirhugað, eins og nánar segir í þeirri skýrslu um lokaniðurstöðu sem við höfum nú fengið í hendur. Í þeirri skýrslu er nánar lýst í hverju þetta umfang verkefnisins var fólgið.

Við sjálfstæðismenn höfum áður gert þetta að umtalsefni hér á þingi. Við höfum m. a. flutt um það till. oftar en einu sinni, að þm. allra flokka vinni saman í þessu máli. Mér hefur fundist, á stundum a. m. k., að sumir hv. þm. stjórnarliðsins skildu þetta. Ég vil t. d. vitna í það sem hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, sagði hér á Alþingi þegar stóriðjumál voru til umræðu 15. maí s. l. Hann beindi þá orðum sínum sérstaklega til mín. Þá var hann að gera grein fyrir, hvar hann teldi að vel væri að verki staðið varðandi undirbúning ýmissa orkufrekra iðnaðarkosta, og sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðeins þessi orð til að létta áhyggjum af hv. 6. þm. Reykv., segja honum af því að að þessu er mikið unnið. Það er engan veginn rétt að halda því fram, að stjórnarandstaðan fái ekki að fylgjast með þessum málum. Hún fær skýrslur í hendur jafnóðum og þær hafa verið unnar og á von á fleiri gögnum um þessi mál. Ég er þeirrar skoðunar, að það hljóti að koma til athugunar með haustinu og þegar lengra líður að kynna þessi mál og þessa vinnu fyrir stjórnarandstöðunni miklu ítarlegar, t. a. m. í iðnaðarnefndum þingsins."

Þetta voru góð orð og ágæt fyrirheit, og ég efast ekkert um að þau hafi verið mælt af heilum hug á sínum tíma, þegar þau voru sögð. En hv. þm. hefur greinilega ekki náð því fram innan stjórnarliðsins, að stjórnarandstaðan fengi að fylgjast með þessum málum, eins og raun ber vitni um.

Við þm. fengum í hendur nú um miðjan mars lokaskýrslu verkefnisstjórnar. Sú skýrsla er merkt sem „trúnaðarmál" og takmarkar það að sjálfsögðu notkun hennar fyrir okkur. Við eigum erfitt með að leita álits á þeirri skýrslu hjá ýmsum aðilum eins og við vildum gjarnan gera. Síðan var lagt fram frv. rétt fyrir páska og eftir því sem mér skilst er ætlast til þess að Alþingi afgreiði það fyrir þinglok sem boðuð eru nú um mánaðamót, sem sagt eftir rúman hálfan mánuð. Það er allt of stuttur tími. Ég vek sérstaka athygli á þeim himinhrópandi mun sem er á vinnubrögðum varðandi undirbúning þessa máls og undirbúning fyrri stórvirkja af þessu tagi.

Nú kann einhver að segja að járnblendiverksmiðjan hafi verið flóknara mál vegna aðildar erlendra aðila, og rétt er það að sumu leyti. Þar var um að ræða samninga sem þurfti að fara yfir og fylgjast vel með. En á hinn bóginn var þó í því fólgin viss viðskiptaleg trygging, að erlend fyrirtæki skyldu hafa verið með í þessu frá upphafi, því að ekki eru líkur á að þau hætti fjármagni sínu í neina vitleysu, a. m. k. ekki að óathuguðu máli. Þennan þátt verðum við hins vegar að meta nú alfarið sjálfir. Þess vegna er hér farið fram á að Alþingi afgreiði málið á allt of stuttum tíma.

Ég vil því næst víkja að nokkrum efnisatriðum í frv. Ég mun víkja að tækniþekkingu, fjármögnun, markaðsmálum, eignaraðild, staðsetningu, orkuafhendingu og svo hvert sé eðlilegt framhald þessa máls. Varðandi tækniþekkinguna er fróðlegt að huga að því líka, hvernig þau mál hafa verið leyst áður. Þegar álverksmiðjan var reist kom tækniþekkingin með þeim aðila sem er eigandi verksmiðjunnar, en síðan hefur sú tækniþekking færst á íslenskar hendur þar sem það eru Íslendingar sem fyrst og fremst eru starfandi við það fyrirtæki. Að því er járnblendiverksmiðjuna snertir var gerður tækniþekkingarsamningur við Elkem, sem er meðeigandi. Og að því er kísiliðjuna snertir var gerður tækniþekkingarsamningur við John Mansfield sem er meðeigandi í því fyrirtæki.

Öll þessi tækniþekking hefur vissulega flust inn í landið þar sem það eru íslenskir aðilar sem að þessu vinna fyrst og fremst. Þetta lá allt nokkuð ljóst fyrir þegar Alþingi fékk þessi mál til meðferðar á sínum tíma. Þessi mikilvægi þáttur er afgreiddur nokkuð létt í því frv. sem hér er til meðferðar. Í grg. með frv. segir, með leyfi forseta:

„Tækniaðstoð vegna byggingar og gangsetningar verksmiðjunnar verður innifalin í samningum um kaup á tækjum og vélum, en þó mun verða reynt að nýta til hins ýtrasta þekkingu og getu íslenskra verkfræðistofa við fullnaðarhönnun og byggingu verksmiðjunnar. Tækniþjónusta vegna rekstrar mun aftur á móti verða keypt þegar með þarf, enda fáanlegt frá ýmsum aðilum. Hluta af þeirri tækniþjónustu, sem kísilmálmverksmiðjan þarf á að halda, ætti að vera unnt að kaupa af Íslenska járnblendifélaginu hf. og mundi íslenska ríkið sem meirihlutaaðili í báðum þessum fyrirtækjum stuðla að

samvinnu þessara tveggja fyrirtækja í því efni.“

Nú veit ég ekki hvað býr að baki þessum orðum í grg., að það ætti að vera unnt að kaupa þetta af Íslenska járnblendifélaginu, en ég vil þó minna á að samkvæmt tækniþekkingarsamningi við Íslenska járnblendifélagið er gert ráð fyrir að sú þekking verði ekki látin út úr fyrirtækinu, þar sem um er að ræða samvinnu við Elkem sem á í harðri samkeppni við ýmsa aðila úti um heim á þessu sviði. Það ber að hafa í huga í þessum efnum einnig, að kísilmálmframleiðsla er tæknilega mun meira vandamál en framleiðsla á járnblendi eða ferrósilikon. Mér finnst því að þessum mikilvæga þætti í málinu hafi alls ekki verið gerð nægileg skil nú þegar ætlast er til þess að okkur alþm. að við samþykkjum þetta mál.

Ég vil því næst víkja nokkuð að markaðsmálum og rétt huga þá að því einnig, hvernig þau mál hafa verið leyst hingað til í stóriðjuframkvæmdum okkar Íslendinga.

Þegar Íslenska álfélagið var stofnað og álverksmiðjan sett í gang gengum við inn í markað Alusuisse og þar með var tryggð sala á afurðum fyrirtækisins. Að því er Járnblendifélagið snertir var gerður sölusamingur við Elkem gegn ákveðinni söluþóknun. Sá sölusamingur tryggir okkur besta verð miðað við það verð sem Elkem fær fyrir eigin framleiðslu í sínu fyrirtæki. Þar gengum við inn í sterkt dreifingarkerfi og tryggð var lágmarkssala fyrstu árin. Að því er Kísiliðjuna snertir var gerður sölusamningur við John Mansfield. Þetta rifja ég upp, ekki vegna þess að ég telji ekki nauðsynlegt að við Íslendingar öðlumst þekkingu á þessu sviði, heldur vegna þess að mér finnst að þessum þætti málsins séu ekki gerð nægileg skil í þessu frv., tekið fulllétt á honum. Í grg. á bls. 4 segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Varðandi markaðsöflun er gert ráð fyrir að fyrirtækið komi sér upp umboðsaðilum á hverju markaðssvæði og yrðu gerðir sérstakir samningar við hvern þessara aðila þar að lútandi. Samstarf við aðra kísilmálmframleiðendur um myndun sölusamtaka gæti komið til álita.“

Í lokaskýrslunni er einnig að þessu vikið á bls. 46. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefnisstjórn hefur frá því að hún hóf störf lagt áherslu á að gera sem ítarlegastar athuganir á markaðsmálum hugsanlegrar kísilmálmframleiðslu. Margvíslegra gagna hefur verið aflað um einstaka þætti, þ. á m. um fyrirkomulag sölu og um helstu fyrirtæki er annast sölu og dreifingu á kísilmálmi, um markaðshlutdeild einstakra notkunarsviða og líklega þróun. Viðræður hafa farið fram við fjölda fyrirtækja sem selja og/eða nota kísilmálm, og rætt hefur verið við nokkra framleiðendur á kísilmálmi til þess að afla upplýsinga um hvort hagkvæmt gæti verið að eiga samvinnu við slík fyrirtæki á sviði markaðsmála.

Reynt var að afla allra tiltækra gagna um markaðsmál og var m. a. í því sambandi leitað til próf. Schneiders, þýsks álsérfræðings, um álit á notkun kísilmálms í áliðnaði. Einnig voru keyptar almennar skýrslur um markaðsmál frá ýmsum fyrirtækjum.

Það, sem hæst ber í rannsóknum verkefnisstjórnar í markaðsmálum, er þó sérstakur samingur, sem gerður var við breska raðgjafarfyrirtækið Commodity Research Unit Ltd. í London, sem nú er eitt virtasta fyrirtæki í Evrópu á sviði ráðgjafarstarfsemi í málmiðnaði.

Samningur við þá var undirritaður í byrjun september og lá lokaskýrsla þeirra fyrir í lok febrúar. Heiti skýrslunnar er „Kísilmálmmarkaðurinn í heiminum og samkeppnisstaða Íslands í þeirri framleiðslu.“

Þetta segir í þessari skýrslu, sem við þm. höfum fengið í hendur, um það sem hæst ber í rannsóknum á markaðsmálum. Nú vitum við að slíkar skýrslur um markaðsmál eru góðra gjalda verðar og þetta fyrirtæki er, að því er ég best veit, virt og traust fyrirtæki á sviði ráðgjafarstarfsemi í málmiðnaði. En hitt er svo annað mál, að slíkar skýrslur veita auðvitað enga tryggingu fyrir einu eða neinu. Hér eru menn raunverulega að kasta sér til sunds án þess að sjá til lands. Ég vek líka sérstaka athygli á því að við þm. höfum ekki fengið í hendur skýrsluna frá Commodity Research og er það í samræmi við annað í undirbúningi og meðferð þessa máls.

Ég vil síðan víkja að fjármögnun fyrirtækisins.

Stofnkostnaður er áætlaður 750 millj. kr., eins og fram kemur á bls. 8 í grg. með frv. Þar segir enn fremur að nákvæmni í þessari kostnaðaráætlun sé metin + 10% til − 5% sveiflist þar á milli. Hins vegar er vitað að ýmis annar kostnaður fellur til sem ekki er talinn beint með kostnaði fyrirtækisins. Nefna má kostnað við raforkuflutninga, stofnkostnað við höfn, vatnsveitu, verkstæði og ýmsa fleiri slíka þætti, auk þess sem getið er sérstaklega í grg. að tveir kostnaðarliðir séu ekki inni í áætluninni, þ. e. vextir á byggingartíma og þjálfun starfsmanna, en sá kostnaður er metinn á um 4.5 millj. kr. Allt þetta þarf að sjálfsögðu að greiða þó að það sé í eigu fyrirtækisins, og líklegt er að hér sé nánast eingöngu um að ræða kostnað sem verði að fjármagna með erlendum lántökum.

Á bls. 15 í grg. er gert ráð fyrir að fjármögnun verði sem hér segir: Hlutafé verði 30% af stofnkostnaði, um 225 millj. kr. Gert er ráð fyrir þeim möguleika, að ríkissjóður leggi fram allt hlutafé. Fjárfestingarlán verði 40% af stofnkostnaði eða um 300 millj. kr. Útflutningslán verði 30% af stofnkostnaði eða um 225 millj. kr. Hér er sennilega um erlend lán að ræða að langmestu leyti.

Það þarf að sjálfsögðu að kanna rækilega hvaða áhrif þetta hefur á lánabyrði okkar vegna erlendra lána. Hér er um mjög verulegan hluta að ræða af þeim erlendu lánum sem við nú þegar höfum tekið og þurfum að standa skil á.

Ég ætla þá aðeins að víkja að eignaraðild. Frv. gerir ráð fyrir að íslenska ríkið eigi a. m. k. um 51%, en heimilt að leita til annarra aðila um 49%. Þá vaknar sú spurning, hverjir það eigi að vera. Í grg. á bls. 3 er talað um aðra innlenda aðila. Það er nánast skilgreint í kaflanum á bls. 12, þar sem einkum eru talin koma til greina sveitarfélög, samvinnufélög, hlutafélög og aðrir aðilar. Síðan segir: „Ekki er talið nauðsynlegt að erlendir aðilar eigi aðild að félaginu.“ Í 2. gr. frv. — ég vek sérstaka athygli á því — er hins vegar ekkert sem útilokar eign erlendra aðila. Það hlýtur að vekja þá spurningu, hvort haft sé í huga, ef innlendir aðilar fást ekki til að eignast 49% í fyrirtækinu, að leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild. Það kann vel að vera að ekki sé nauðsynlegt, eins og segir í grg., að erlendir aðilar eigi aðild að félaginu. En við getum líka nálgast þá spurningu frá öðru sjónarmiði. Hvað með áhættuna? Er áhættan ekki það mikil að rétt sé að dreifa henni a. m. k. í upphafi, að rétt sé að leita samvinnu við erlenda aðila um eignaraðild að slíku félagi þó ekki væri nema um eitthvert ákveðið árabil? Það er að sjálfsögðu mjög erfitt að meta áhættu af slíku fyrirtæki, og fyrir okkur þm., sem vorum að fá þessar skýrslur í hendur nú fyrir stuttu, er mjög erfitt að

meta þetta. En ég vil þó benda á að skýrslan sjálf bendir til þess, að afkastavextir séu taldir 10.4% miðað við ákveðnar forsendur. Slík afkastavaxtaprósenta er alveg í lágmarki og það er ljóst að ekkert má út af bregða til þess að hér sé ekki verið að sigla í taprekstur.

Framleiðsluna áætlar verkefnisstjórn þannig, að verksmiðjan fari af stað á árinu 1985 til 1986 og framleiði á 100% afköstum næstu 20 árin. Ég hef ekki aðstöðu til að meta þessa áætlunargerð, en ég vil þó segja að það er ekki svartsýni verkefnisstjórnar um að kenna þó að framleiðslumagnið kunni að reynast eitthvað minna.

Verksmiðjan þarf að framleiða um 3/4 af framleiðslugetu til að hafa fyrir kostnaði. Hún þolir 10% lækkun á söluverði frá því sem áætlað er, en úr því fer hún að tapa. Heimsframleiðslugetan á kísilmálmi er í dag 20—30% meiri en notkun. Ég vil sérstaklega benda á og vonast til að það sé ekki af ásettu ráði að í grg. á bls. 6 og 7, þar sem annars vegar á bls. 6 er verið að meta notkun á kísilmálmi, en hins vegar á bls. 7 að meta framleiðslu á kísilmálmi, eru Austur-Evrópulönd og Kína talin með þegar verið er að tala um notkun á kísilmálmi, en þegar verið er að tala um framleiðslu á kísilmálmi er þeim sleppt. Það er því alls ekki um sambærilegar tölur að ræða þegar annars vegar er talað um notkun, 487 þús. tonn, og hins vegar framleiðslu, 448 þús. tonn, því að þegar notkun er metin eru Austur-Evrópa og Kína tekin með, en þau eru ekki tekin með þegar metin er framleiðsla á kísilmálmi, og er þó vitað að þar er um verulega framleiðslu að ræða.

Sannleikurinn er sá, að eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, er framleiðslugeta á kísilmálmi í dag 20—30% meiri en notkunin. Verðið er 1200 til 1300 dollarar á tonnið samkv. skýrslunni, en hún gerir ráð fyrir söluverði 1525 dollurum á tonn, sem út af fyrir sig þarf ekki að vera rangt. En ég vek þó athygli á þessum mismun. Og mismunurinn hlýtur að byggjast á spám sem auðvitað er erfitt að segja fyrir um hvort eru réttar eða ekki. Hins vegar þarf ýmislegt annað að gerast til þess að rekstrarspá verkefnisstjórnar rætist. T. d. þurfa þeir, sem framleiða hráefnið, að sitja með hendur í skauti og horfa á kísilmálmverðið hækka um 20—30% frá því, sem það er í dag, án þess að gera tilraun til að hækka sínar vörur. Ef hráefnið hækkar, ef það hækkar um þessa prósentutölu, þá hverfur hagkvæmnin að sama skapi.

Það er margt sem bendir til þess, að þetta sé ekki mjög hagkvæm rekstrareining varðandi slíka verksmiðju. Hins vegar er líka á það að benda, að sem söluaðili er hún talsvert stór, þ. e. hún mun fraleiða sem nemur um 5% af heimsnotkun og hún mun lenda í verulegri samkeppni á markaði sem er stöðugum breytingum undirorpinn. Til að bera sig þarf hún mikla framleiðslu, stöðuga sölu á góðu verði og stöðugt hráefnaverð. Ég held að það sé því alveg ljóst, þegar skoðaðar eru tölur úr þessari skýrslu, að þetta fyrirtæki hefur í för með sér verulega áhættu, eins og reyndar öll önnur fyrirtæki af þessari gerð, þó að sú áhætta sé mismunandi mikil. Ég er því eindregið þeirrar skoðunar, að það beri að athuga gaumgæfilega hvort ekki eigi að leita saminga við erlenda aðila um eignaraðild að þessu fyrirtæki til þess að dreifa þeirri miklu fjárhagslegu áhættu sem fyrirtækinu fylgir. Hér er um sveiflukenndan rekstur að ræða. Við sjáum það í öðrum málmiðnaði sem við Íslendingar stundum, eins og járnblendiiðnaðinum. Þar þurfum við nú að auka eigið fé í fjárframlögum ríkissjóðs um verulega fjármuni, eins og frv. hefur verið lagt fram hér á þingi um. Sama á við um kísilgúrverksmiðjuna. Við vitum líka hvernig áliðnaðurinn er staddur. Við tökum að vísu ekki þátt í því tapi vegna þess að við erum ekki eigendur að þeirri verksmiðju. En ég vil eindregið koma þessu sjónarmiði á framfæri nú, að það sé eðlilegt að leita samninga við erlenda aðila til að dreifa þeirri miklu fjárhagslegu áhættu sem hér er um að ræða. Þetta er ekki spurningin um vanmetakennd, eins og hæstv. iðnrh. orðar það stundum þegar hann talar um hvort rétt sé að leita samninga við útlendinga. Þetta er að mínu mati fyrst og fremst spurningin um að leggja raunsætt mat á þá áhættu sem þarna er tekin, — spurningin um raunsæi og hvernig skynsamlegt sé að haga sér í slíkum viðskiptum, sem við vitum öll að eru hörð. Þetta eru harðir markaðir, það er hart barist á slíkum erlendum mörkuðum og því nauðsynlegt fyrir okkur að athuga hvort ekki sé skynsamlegt að dreifa þessari miklu áhættu.

Ég vil þá aðeins víkja lítillega að staðsetningu fyrirtækisins og vekja athygli á að fyrir fram var tekin ákvörðun um staðsetningu á Reyðarfirði. Virðist samanburður á hagkvæmni miðað við aðra staðsetningu ekki hafa farið fram. Ég vil þó taka fram að Sjálfstfl. er meðmæltur staðsetningu stóriðju á Austurlandi, hefur reyndar flutt um það till. hér á hv. Alþingi og hefur viljað tengja ákvörðun um það byggingu Fljótsdalsvirkjunar. Staðsetning kísilmálmverksmiðjunnar á Reyðarfirði er hins vegar gerð án tillits til virkjunar í Fljótsdal. Í grg. á bls. 5 segir að vísu, með leyfi forseta: „Á Austurlandi er stór hluti af auðnýtanlegri vantsorku landsins og því þjóðhagslega hagkvæmt að koma þar á fót iðnaði sem nýti hluta af þessari orku.“ Allt er það satt og rétt sem þarna segir. En þrátt fyrir þessi orð er enn engin ákvörðun tekin um Fljótsdalsvirkjun og reyndar gert ráð fyrir að kísilmálmverksmiðjan á Reyðarfirði fái raforku um ófyrirsjáanlegan tíma úr öðrum landshlutum.

Ég vil þá koma að enn einum þætti þessa máls. Það er raforkuöflunin. Það liggja fyrir drög að orkusölusamningi milli væntanlegrar kísilmálmverksmiðju og Landsvirkjunar. Um þennan samning er fjallað í 6. kafla grg. frv. Þar er drepið á þá fyrirvara sem Landsvirkjun hefur gert varðandi þessa orkuafhendingu, sem mér finnst að það sé heldur léttilega yfir þá farið í þessari grg. Mér finnst þess vegna nauðsynlegt að gera fulla grein fyrir því hér, hverjir þeir fyrirvarar eru sem Landsvirkjun setur fram, en þeir voru samþykktir í ítarlegri bókun sem gerð var á fundi í stjórn Landsvirkjunar 25. mars s. l. og send var iðnrn. Þessi ályktun er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn Landsvirkjunar hefur fjallað um erindi iðnrh., dags. 19. jan. 1982, þar sem óskað er eftir viðræðum við Landsvirkjun um fyrirkomulag á raforkusölu fyrir kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð er taki til starfa í árslok 1984. Enn fremur er í erindinu óskað eftir að liður í viðræðum þessum verði drög að rafmagnssamningi er taki til hlutaðeigandi orkusölu.

Viðræður þessar eru þegar hafnar og hafa þær leitt til þeirra draga að rafmagnssamningi sem vitnað er til hér að framan og ber að skoða sem vinnuplagg í áframhaldandi viðræðum aðila. Af ýmsum ástæðum telur stjórn Landsvirkjunar það vandkvæðum bundið að ganga nú þegar frá endanlegum drögum að hlutaðeigandi rafmagnssamningi. Veldur hér einkum sú óvissa,

sem enn ríkir um framvindu í orkumálum á næstu árum, svo og fjárhagsleg staða Landsvirkjunar, sem óhjákvæmilegt er að verði betur tryggð frá því sem nú er, ekki aðeins til þess að hún geti tekist á við meiri háttar verkefni fram undan, heldur einnig svo að vel fari miðað við óbreyttan rekstur.

Stjórn Landsvirkjunar lítur því svo á, að ýmsar forsendur þurfi að gefa sér auk almennra fyrirvara ef reikna á með því, að Landsvirkjun geti með sæmilegu öryggi séð fram á möguleika til orkusölu til kísilmálmverksmiðju sem hefji rekstur í árslok 1984. Meðfylgjandi drög eru því háð eftirfarandi fyrirvörum:

1. Þess verður að vænta, að samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana samkv. lögum um orkuver.

2. Gera verður ráð fyrir að Kvíslaveitur verði fullgerðar 1985—1986 ásamt stækkun Þórisvatnsmiðlunar og þeirri stækkun Búrfellsvirkjunar sem Landsvirkjun kann að telja nauðsynlega. Greinargerð hér að lútandi og varðandi framkvæmdaþörf í hinu samtengda orkuöflunarkerfi á allra næstu árum verður fljótlega send rn., en hún er gerð í framhaldi af skýrslu Landsvirkjunar um raforkuöflun í hinu samtengda landskerfi frá nóvember 1981.

3. Ný virkjun, Blönduvirkjun, verði byggð af Landsvirkjun og komin í rekstur 1987—1988 og byggðalínukerfið yfirtekið af Landsvirkjun samkv. áðurgreindum samningum varðandi nýjar virkjanir. Auk þess er talið nauðsynlegt að Landsvirkjun fullgeri 220 kw. háspennulínu 1986 frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar, Sprengisandslínu.

4. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar verði tryggð á viðunandi hátt, þannig að hæfilegt fé fáist úr rekstri til fjármögnunar nýrra virkjana án þess að lántökur í því skyni verði meiri en góðu hófi gegnir. Markmiði þessu verði náð með því, að stjórn Landsvirkjunar geti ákveðið heildsöluverð fyrirtækisins í samræmi við 11. gr. laga um Landsvirkjun, nr. 59/1965. Stjórninni yrði þá innan handar að hækka gjaldskrá fyrirtækisins ef nauðsyn krefur á hverjum tíma, að fenginni umsögn Þjóðhagsstofnunar, svo að fullnægt sé nýjum arðgjafarmarkmiðum, miðað við nýtt endurmat sem fram fari á eignum Landsvirkjunar sem undafari sameiningarinnar við Laxárvirkjun, verði slík arðgjafarmarkmið sett af stjórn Landsvirkjunar í samráði við Þjóðhagsstofnun, og þá með það fyrir augum að arðgjöfin verði viðunandi svo að fjármagna megi nýjar framkvæmdir með hæfilegu hlutfalli eiginfjár og lánsfjár.

Telur stjórn Landsvirkjunar breytingu sem þessa mjög brýna svo að lánstraust fyrirtækisins leyfi eðlilega fjármögnun nýrra virkjanaframkvæmda. Jafnframt er fyrirsjáanlegt að óbreytt ástand að þessu leyti leiðir óhjákvæmilega til hærra raforkuverðs til almenningsveitna en ella þegar til lengri tíma er litið.

5. Leggja verður sérstaka áherslu á að á þessu stigi málsins verði engu slegið föstu um rafmagnsverð til kísilmálmverksmiðjunnar, sem verður óhjákvæmilega háð framvindunni hvað framangreind atriði snertir.

Eins og fram kemur í samningsdrögunum er verðið háð nánara samkomulagi, sem ekki er unnt að gera fyrr en umrædd atriði skýrast, auk þess sem verðbótaákvæði skipta máli í þessu efni, svo og hvort verðið verður í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Niðurstöður yfirstandandi athugana á hvað telja megi hæfilegt rafmagnsverð til nýrrar stjóriðju hér á landi koma einnig til með að hafa sín áhrif. Sama máli gegnir hvað snertir árangur af viðleitni til hækkunar á orkuverði til stóriðju samkv. núgildandi samningum. Stjórn Landsvirkjunar leyfir sér að vænta þess, að framangreind sjónarmið verði höfð í huga við áframhaldandi meðferð þessa máls, og er að sjálfsögðu reiðubúin til frekari viðræðna varðandi framgang þess."

Þetta eru þeir fyrirvarar sem stjórn Landsvirkjunar setti þegar hún fjallaði um drög að rafmagnssamningi við væntanlega kísilmálmverksmiðju. Í þessari bókun er vitnað til sérstakrar greinargerðar sem sé væntanleg, þ. e. greinargerðar varðandi framkvæmdaþörf í hinu samtengda orkuöflunarkerfi á allra næstu árum. Nú liggur sú greinargerð fyrir.

Stjórn Landsvirkjunar fjallaði um þá greinargerð í síðustu viku og hefur sent iðnrn. hana með sérstöku bréfi. Ég vil sérstaklega geta þess, hver er meginniðurstaða þeirrar greinargerðar varðandi þetta mikilvæga mál. Í inngangi og niðurstöðum segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í framhaldi af skýrslu Landsvirkjunar um raforkuöflun í samtengdu landskerfi í framhaldi af Hrauneyjafossvirkjun, dags. í nóv. 1981, hefur verið haldið áfram að meta orkuvinnslugetu hins samtengda landskerfis með sérstöku tilliti til rekstraröryggis og mögulegs orkuframboðs á allra næstu árum. Verður hér einkum fjallað um þær orkuaukandi aðgerðir á Þjórsársvæðinu sem unnt er að ráðast í á því tímabili sem hér er tekið til meðferðar. Þessar framkvæmdir eru: Bygging Sultartangastíflu, gerð Kvíslaveitna og stækkun Þórisvatnsmiðlunar ásamt tilheyrandi aðgerðum til aflaukningar á svæðinu, þ. e. stækkun Búrfellsvirkjunar.

Framkvæmdaáætlanir um ofannefndar aðgerðir liggja nú fyrir og vísast til fskj. með greinargerð þessari um nánari skýringar á þeim.

Hér á eftir verða nú reifuð nánar ýmis sjónarmið Landsvirkjunar varðandi rekstaröryggi og orkuvinnsluþörf og í hvaða framkvæmdir skuli ráðast á næstunni. Meginniðurstöður eru eftirfarandi:

1. Með framangreindum framkvæmdum á Þjórsársvæðinu er unnt að anna eftirspurn almenna markaðarins án nýrrar stóriðju allt til ársins 1991. Verði Blönduvirkjun eða Fljótsdalsvirkjun lokið ekki síðar en árið 1988 gefa þessa framkvæmdir auk þess svigrúm til sölu á orku innan næstu fimm ára til meðalstórs áfanga í stóriðju, t. d. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði eða til stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga eða álbræðslunnar í Straumsvík.

2. Nauðsynlegur þáttur hinna orkuaukandi framkvæmda á Þjórsársvæðinu er stækkun Búrfellsvirkjunar, og er brýnt að lagaheimild fáist hið fyrsta. Án stækkunar Búrfellsvirkjunar yrði ekki svigrúm til aukinnar orkusölu til stóriðju næstu sex árin, jafnvel þótt reiknað sé með Blönduvirkjun í árslok 1987.

3. Bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði krefst lagningar háspennulínu milli Þjórsársvæðis og Norðausturlands ekki síðar en 1986.

4. Frekari stóriðjuuppbygging en að ofan er lýst er því aðeins framkvæmanleg innan næstu fimm ára að ráðist verði í Sultartangavirkjun og henni lokið árið 1986."

Þetta eru þær meginniðurstöður sem koma fram í þessari skýrslu Landsvirkjunar. Þær eru í stuttu máli varðandi þessa verksmiðju, að það sé ekki svigrúm til að

afhenda raforku til kísilmálmverksmiðju, sem tæki til starfa 1985 eða 1986, nema stækkun Búrfellsvirkjunar kæmi til. Stækkun Búrfellsvirkjunar er um 70 mw. viðbót í fyrsta áfanga, sem gæti orðið 140 síðar. Þetta eru að sjálfsögðu afleiðingar þess, hversu mjög hefur dregist að taka ákvarðanir og hefja framkvæmdir við nýja stórvirkjun að við erum, eins og margir hafa látið í ljós að undanförnu, búnir að missa fram hjá okkur það tækifæri að taka nýja stóriðju í notkun, nema veruleg aflviðbót fáist í kerfið, eins konar ný stórvirkjun, sem stækkun Búrfellsvirkjunar að sjálfsögðu er. Þetta er mjög mikilvægt að menn hafi í huga, vegna þess að í fyrsta lagi liggur nú engin lagaheimild fyrir um Búrfellsvirkjun og engin ákvörðun um hana tekin og þess vegna að sjálfsögðu alveg óraunhæft, eins og hér er gert, að vera að tala um kísilmálmverksmiðju, hvort sem er árið 1985 eða 1986, án þess að slíkar ákvarðanir séu teknar.

Herra forseti. Ég lýk nú senn máli mínu. Ég hef gert nokkra grein fyrir því í þessu máli, að enn eru mjög mörg atriði óljós varðandi þessa kísilmálmverksmiðju sem þurfa nánari athugunar við. Þessi atriði snerta nánast alla meginþætti málsins: tækniþekkingu, markaðsöflun, fjármögnun, eignaraðild og orkuöflun.

Lokaskýrslan, sem við höfum fengið í hendur, er ágæt forathugun í þessu máli, og þeir, sem að henni hafa unnið, hafa að mörgu leyti unnið mjög gott verk. En ég minni hins vegar á það, að hv. 12. þm. Reykv., Guðmundur G. Þórarinsson, sagði hér í þingræðu 11. mars s. l. að nú þegar hafi verið ráðið erlent fyrirtæki til að yfirfara þær skýrslur, sem fyrir lægju, og gefa á þeim það sem kallað væri „second opinion", eins og hann orðaði það, eða álit sitt á þessum áætlunum. Ég vil nú leyfa mér að spyrja í fyrsta lagi hvaða erlent fyrirtæki hér er um að ræða. Í öðru lagi: Hefur þetta álit verið gefið, þetta „second opinion", og mun sú þingnefnd, sem þetta mál fær í hendur, þá ekki fá tækifæri til þess að skoða það? Ég held nefnilega að það sé grundvallaratriði að slík skýrsla eins og þessi, sem unnin er af embættismönnum, samviskusömum embættismönnum, mönnum sem eins og gengur hrífast af sínu verkefni og vilja oft fegra hlutina kannske eilítið meira en efni standa til, að slík gögn fái hlutlausa athugun reynds aðila í viðskiptamálum, og það sé ein grundvallarforsendan fyrir því, að hægt sé að samþykkja mál eins og þetta hér á Alþingi, að slík athugun liggi fyrir.

Mál þetta er ekki komið á það stig að mínu mati að Alþingi geti nú samþykkt það frv. sem hér liggur fyrir. Málið er í hæsta lagi komið á það stig, að rétt væri að stofna undirbúningsfélag þar sem inn kæmu aðilar með viðskiptaþekkingu og aðilar sem hugsanlega mundu vilja hætta sínu fjármagni í þetta fyrirtæki þegar þar að kemur. Ég ítreka að það ágæta verk, sem hér liggur fyrir, gæti orðið grundvöllur þessarar frekari vinnu, en það er of snemmt fyrir Alþingi að sleppa þessu mikilvæga máli lausu nú með því að samþykkja þetta frv., eins og gert er ráð fyrir af hæstv. iðnrh.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Það er lagt kapp á að þetta mál gangi sem fyrst til nefndar. Ég vil leggja áherslu á, að svo geti orðið, og mun taka tillit til þess í mínum málflutningi og aðeins segja hér örfá orð.

Ég fagna því, að þetta frv. er fram komið hér á Alþingi. Það er öllum hv. þm. ljóst að á Austurlandi eru miklar orkuauðlindir sem verða nýttar í nánustu framtíð til almennrar uppbyggingar í landinu og til verðmætasköpunar. Það hlýtur því að vera mjög mikilvægt að byrja sem fyrst að byggja upp orkumarkað í þessum landshluta.

Það kom fram áðan að verksmiðjan yrði reist án tillits til Fljótsdalsvirkjunar. Það hlýtur hins vegar að vera nauðsynleg forsenda þeirrar virkjunar, að sem mestur raforkumarkaður hafi verið skapaður í landshlutanum áður en framkvæmdir hefjast við virkjunina.

Sú stefna hefur verið mörkuð af núv. ríkisstj., að stefnt yrði að því að verðmætasköpun, sem byggist aðallega á orku, verði orðin svo mikil um næstu aldamót að hún jafnist nokkuð á við innflutning á orku til landsins. Til þess að svo megi verða þarf að fara fram veruleg uppbygging á orkufrekum iðnaði. Það hefur komið fram fyrr á þessu þingi, reyndar í stefnuræðu forsrh., að unnið væri að því og stefnt að byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Það er því ekkert nýtt að unnið sé að þessu máli. Það er búið að vera lengi í undirbúningi.

Ég vil út af fyrir sig taka undir það, að æskilegt hefði verið að lengri tími hefði gefist til að fjalla um þetta mál hér á Alþingi. Ég vil einnig taka undir það, að mér finnst nauðsynlegt að þm. stjórnarandstöðunnar geti fylgst sem best með þessum málum. Það er enginn vafi á því, að uppbygging orkufreks iðnaðar verður allveruleg hér á næstu áratugum, og því hlýtur að vera mikilvægt fyrir þjóðina í heild að um hana geti skapast sem best samstaða hér á Alþingi. Þess vegna vil ég taka undir það, að þm. allra flokka geti fylgst sem best með.

Í þessu frv. eru, eins og í öllum frv., ýmsir kostir og ýmsir veikleikar. Það liggur ljóst fyrir að hér er um áhætturekstur að ræða, alveg með sama hætti og við leggjum í ýmsan annan áhætturekstur, höfum gert það í gegnum áratugina og hljótum að gera svo áfram.

Það hefur einnig komið fram að ýmislegt er enn í athugun, bæði að því er varðar markaðsmál og fjármögnun og fjárhagslega afkomu þessa fyrirtækis. Verður að *vænta* þess, að þær upplýsingar liggi fyrir hið fyrsta. En það, sem mér finnst fyrst og fremst vanta í þá skýrslu sem hér liggur fyrir, er nánari greinargerð um fjármálalega hlið verksmiðjunnar. Er þess að vænta, að í þeirri skýrslu, sem hér hefur verið boðað að einhver erlendur aðili vinni að, komi skýrar fram hvernig fyrirtækið verði fjármagnað og hvernig verði staðið undir rekstri þess. Til þess að svo megi verða sýnist mér nauðsynlegt að festa sig ekki um of í ýmsa kostnaðarþætti fyrirtækisins, þar verði að vera verulegur sveigjanleiki. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, er gert ráð fyrir að framleiðslukostnaður á tonn í þessari verksmiðju sé um 1 273 dalir, en í sambærilegri verksmiðju í Kanada, nýlegri verksmiðju eða í byggingu, sé það 1 124 dalir og í verksmiðjum, sem nú starfa í Noregi, á bilinu 866—893 dalir.

Það vekur vissa athygli að í Kanada er gert ráð fyrir að orkuverð sé 123 dollarar, í Noregi er orkuverð til slíkrar verksmiðju í dag 110—123 dollarar, en hér er gert ráð fyrir að íslenska verksmiðjan á Reyðarfirði greiði um 228 dollara á tonn fyrir orkuna. Þetta er mun hærra orkuverð en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga greiðir. Það er gert ráð fyrir að fyrstu árin verði greitt 15 mills fyrir orkueininguna og 20 síðar, eða að meðaltali 17.5 mills.

Ég vil út af fyrir sig taka undir það með hæstv. iðnrh., að eðlilegt sé að fyrirtæki sem þessi standi fyllilega undir kostnaði við orkuframkvæmdir. Hitt er svo annað mál, að það er að mínu mati eðlilegt að jafna nokkuð á milli

fyrirtækjanna þannig að hin eldri fyrirtæki búi ekki fyrst og fremst að góðu orkuverði, heldur verði einnig að taka tillit til þeirra sem eru að byrja og hasla sér völl. Þess vegna finnst mér það vera óþarflega ákveðið í grg. frv. og mætti taka til frekari athugunar hvort ekki er unnt að hafa orkuverðið lægra í fyrstu til þess að skapa verksmiðjunni betri möguleika til að hasla sér völl.

Einnig er rétt að athuga aðeins nánar um afskriftartíma. Hér er gert ráð fyrir að afskriftartími sé í fullu samræmi við lög um tekjuskatt og eignarskatt. Ef ég man rétt er afskriftartími járnblendiverksmiðjunnar við Grundartanga í samræmi við fyrri lög um tekjuskatt og eignarskatt. Ég held að það hafi verið ákveðið í þeim lögum, að afskriftartíminn skyldi aldrei vera skemmri en var í þágildandi lögum. Þetta er rétt að hafa í huga vegna þess að afskriftartími getur haft allveruleg áhrif á fjármagnsstreymi í fyrirtækinu.

Hér er einnig gert ráð fyrir að verksmiðjan greiði 1% gjald sem renni að hluta til sveitarfélaganna á Austurlandi, að hluta til uppbyggingar rannsókna í iðnaði, bæði á vegum Iðnþróunarsjóðs á Austurlandi og einnig á vegum ríkisins.

Það er mjög mikilvægt að leggja á þetta gjald og fá tekjur til þessara verkefna. Hitt er svo annað mál, að það er enn þá mikilvægara að fyrirtækið geti gengið og því séu sköpuð góð rekstrarleg skilyrði. En ég vil leggja á það áherslu, að verksmiðjur sem þessar þurfa að geta hjálpað til við frekari iðnþróun í landshlutunum. Það er ekki nægilegt að reisa slíkar verksmiðjur, heldur verður annar iðnaður að geta þróast jafnhliða. Þess vegna er stofnun iðnþróunarsjóðs á Austurlandi og annars staðar í landinu mikilvæg til þess að slíkur sjóður geti stutt frumkvæði einstaklinga og ýtt undir góðar hugmyndir í iðnþróunarmálum.

Ég vona að þessi atriði fái nánari meðferð og komi fram í þeim skýrslum, sem nú eru væntanlegar alveg næstu daga, og að betri upplýsingar komi fram um fjármögnun og fjárhagslega afkomu þessa fyrirtækis. Eftir því sem ég fæ best séð hefur þó ekkert komið fram sem ætti að draga úr mönnum að ráðast í þetta fyrirtæki og áhætta við það síst meiri en verið hefur með ýmis önnur fyrirtæki sem reist hafa verið. Það lá t. d. fyrir þegar járnblendiverksmiðjan að Grundartanga var reist, að þar væri veruleg áhætta, það væru sveiflur í markaðsverði. Það hefur komið skýrt fram í því frv., sem nú liggur hér fyrir Alþingi um frekari ábyrgð varðandi rekstrarvanda Járnblendifélagsins, að alltaf má búast við því, þegar sveiflur eru í markaðsverði, að einhver verði að fjármagna þessar sveiflur og hjálpa fyrirtækjunum til að komast í gegnum þær. Hins vegar bendir ekkert til þess, jafnvel þótt Íslenska járnblendifélagið hafi lent í þessum erfiðleikum, að það hafi verið röng ákvörðun á sínum tíma að ráðast í þá verksmiðju. Þetta eru sveiflur sem alltaf hljóta að verða, og það þarf að tryggja að einhver aðili sé tilbúinn að hjálpa til að jafna slíkar sveiflur. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh., að hann hefði í huga að einhvers konar jöfnunarsjóður yrði stofnaður til þess að aðstoða við slíkt. Væri fróðlegt að fá frekari upplýsingar um hvað hann hefði í huga í því sambandi.

Ég vildi aðeins víkja að eignaraðild þessa fyrirtækis. Það hefur lengi verið stefna Framsfl., að innlendir aðilar eigi meiri hluta í fyrirtækjum sem þessum og að sköpuð yrðu virk yfirráð innlendra aðila yfir slíkum fyrirtækjum. Í þessu frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður eigi a. m. k. 51% af hlutafénu eða það sama og í Íslenska járnblendifélaginu. Það er að sjálfsögðu fróðlegt að velta fyrir sér hvaða aðrir aðilar komi þarna til greina. Að mínu mati hefði verið sjálfsagt að vinna að því, að Íslenska járnblendifélagið væri eignaraðili að þessari verksmiðju, til þess að tryggja með eins góðum hætti og mögulegt er að sú tækniþekking, sem þar hefur skapast, geti nýst í þessari verksmiðju.

Við gerðum á sínum tíma samning við Elkem um að greiða 2% af söluverði afurðanna frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga fyrir tæknikunnáttu og tækniþekkingu. Ég er sammála því markmiði þessa frv., að við þurfum að losna við slíkar greiðslur og hljótum að stefna að því með aukinni innlendri tækniþekkingu að þurfa ekki að reiða slíkar greiðslur af hendi. Ég vil leggja á það áherslu fyrir mitt leyti, að að því verði unnið áfram að Íslenska járnblendifélagið verði einhver eignaraðili, þótt ekki verði hann stór, að þessu fyrirtæki. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélög, hlutafélög, samvinnufélög og einstaklingar geti orðið aðilar að félaginu. Það kom fram í ræðu hæstv. iðnrh. að tæpast væri hægt að gera ráð fyrir að eignaraðild þessara aðila, t. d. sveitarfélaga, verði stór. Gert er ráð fyrir því í frv., að heimilt sé að taka 225 millj. að láni í hlutafé og að ríkið fái heimild til þess að taka allt þetta fé að láni. Í ríkissjóði eru því engir lausir peningar til þess að leggja fram hlutafé í þessu skyni. Og það eru sjálfsagt engir lausir peningar heldur hjá sveitarfélögum austur á landi og ýmsum öðrum félögum til þess að leggja fé í þessa verksmiðju. Þess vegna finnst mér koma mjög til álita að þessir aðilar fái heimild til að taka lán til að kaupa hlutabréf ekkert síður en ríkissjóður, það verði ekki látið staðar numið þótt sveitarfélög, t. d. Eskifjarðarkaupstaður og Reyðarfjarðarhreppur, telji sig ekki vera aflögufæra með fjármagn, þeir fái heimild til að taka hluta af þessu láni til að eignast hlutafé í félaginu. Það er ekkert kappsmál að ríkið eigi allt hlutafé í þessu félagi og á ekki að vera. Það ætti engu síður að vera mikilvægt fyrir Alþingi að stuðla að því, að aðrir aðilar geti eignast þar nokkurn hlut, ekki síst sveitarfélög sem eru opinberir aðilar.

Hér er ekki gert ráð fyrir að erlendir aðilar eigi í fyrirtækinu. Er sjálfsagt rétt að það sé ekki nauðsynlegt og sjálfsagt að stefna að því, að svo verði ekki. Hins vegar finnst mér ástæðulaust á þessu stigi að útiloka það. T. d. ef hægt væri með einhverjum hætti að tryggja betur sölu afurðanna með því að einhver erlendur aðili ætti nokkurn hlut í fyrirtækinu, þá finnst mér ekki ástæða til að útiloka það á þessu stigi.

Aðalatriðið er að tryggja að fyrirtækið geti staðist og að það geti framleitt vöru sína á samkeppnishæfu verði og að tryggt verði að það geti losnað við vöruna á erlendum mörkuðum. Ef nauðsynlegt er til þess að tryggja slíkt að erlendur aðili eigi nokkurn hlut í verksmiðjunni, þá finnst mér ástæðulaust að útiloka það á þessu stigi, en markaðsmálin eru að sjálfsögðu nokkur óvissuþáttur í þessu máli. Það kemur að vísu fram í skýrslunni, að það sé nokkuð tryggt með markaði, og ég býst við að svo sé. En hins vegar segir á bls. 8, „að hagkvæmast virðist að selja í gegnum umboðsmenn í einstökum löndum.“ Ég vil mega spyrja hvað liggi til grundvallar þessari setningu. Einnig væri fróðlegt að fá nánari upplýsingar um það, hvað þurfi að greiða slíkum umboðsmönnum í umboðslaun í sambandi við slíka sölu. Eins og kunnugt er greiðum við nú 2% í umboðslaun til Elkem fyrir sölu á

afurðunum frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. (Gripið fram í.) *Og bönnum íslenskum aðilum að selja*, segir hv. þm., og er leitt til þess að vita. Væntanlega gætu íslenskir umboðsmenn verið með í því að selja þessar vörur frá verksmiðjunni hér.

Nú sé ég, hæstv. forseti, að klukkan er alveg að verða 4. Þess var farið á leit að máli þessu yrði frestað kl. 4 og mun ég verða við því. Ég vil hins vegar leggja á það áherslu, að mál þetta geti náð fram að ganga á þessu þingi og iðnn. vinni kappsamlega að því að upplýsa þau atriði sem ekki liggja ljós fyrir nú, því að málið er mjög mikilvægt, *ekki aðeins þjóðhagslega, heldur einnig fyrir* Austurland. Þar er fábreytt atvinnulíf. Það er mikil samstaða um það í landshlutanum að ráðast í uppbyggingu í orkufrekum iðnaði. Ég hygg að það sé meiri samstaða þar en víða annars staðar og það væri leitt til þess að vita, ef hv. Alþingi gæti ekki metið þá samstöðu og kappkostað að koma þessu máli í höfn.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ríkisstj. hefur markað þá stefnu, að orkuiðnaður skuli þrefaldast í landinu til aldamóta, þ. e. að heildarorkunotkun orkufreks iðnaðar verði um 6 terawattstundir á ári um aldamót, hún er nú um 2 terawattstundir.

Á því er enginn vafi, með tilliti til þeirrar gífurlegu aukningar sem fyrirhuguð er í orkuiðnaði í þessu landi, að kísilmálmur er einn af þeim kostum sem þar hljóta að koma til greina. Annað atriði er það, að ef horft er yfir orkuiðnað virðist söluútlit vera betra í kísilmálmi en í kísiljárni eða áli. Veldur þar kannske sérstaklega vöxtur í hinum svonefnda silikon-iðnaði, en áætlað er að árleg magnaukning í notkun kísilmálms muni vera 5—6% á ári næstu árin.

Eins og fram hefur komið í umr. um þetta frv., sem hér liggur fyrir, er það stefna ríkisstj. að dreifa orkuiðnaði sem víðast um landið. Auðvitað er það hverju sinni nokkur spurning hvaða kostur kunni að vera þjóðhagslega hagkvæmastur þegar litið er til uppbyggingar slíkra iðjuvera. *Margir hafa orðið til að benda á að hagkvæmast* muni vera þjóðhagslega að nýta þá aðstöðu sem þegar er fyrir í landinu, þ. e. að stækka þau iðjuver sem nú eru starfrækt, eins og álverið í Straumsvík og kísiljárnsverksmiðjuna á Grundartanga. Viðræður standa nú yfir við Alusuisse um framtíðarsamstarf í Straumsvík, og ætla ég ekki að fara fleiri orðum um það. Stjórn kísiljárnsverksmiðjunnar á Grundartanga hefur hins vegar litið svo á að stækkun þeirrar verksmiðju sé ekki vænleg í þeirri stöðu sem nú er.

Enn aðrir hafa velt því fyrir sér, hvort framleiðsla kísilmálms kunni að vera arðbærari á Grundartanga en annars staðar þar sem framleiðsla á kísilmálmi er mjög skyld framleiðslu á kísiljárni. Markaður þessara vara er reyndar ólíkur og annar og hráefni annað og alveg ljóst að framleiðsla yrði að vera verulega aðskilin. Það kann hins vegar að vera spurning hvort þar kynni að leynast hagkvæmur kostur. Ég hygg þó, ef til þess er horft að í framtíðinni verður virkjað mikið á Austurlandi, að hagkvæmni af staðsetningu slíkrar iðju á Grundartanga og á Reyðarfirði muni vegast nokkuð upp af orkutapi við flutning á orku frá Austurlandi suður. Ég hygg því að margt bendi til þess, að staðsetning slíkrar verksmiðju muni verða hagkvæm á Austurlandi.

Hitt er annað, að það hlýtur að vera alveg ljóst að samstarf við Íslenska járnblendifélagið er mikils virði við þá nýju verksmiðju sem hér er verið að fjalla um. Það er *óneitanlega mjög mikils virði að reyna að nýta þá* reynslu, sem þar er komin upp, við stjórnun slíks fyrirtækis og einmitt ekki hvað síst við uppbyggingu slíks fyrirtækis, þannig að menn þurfi ekki að ganga í gegnum sömu byrjunarörðugleikana við uppbyggingu verksmiðju á Reyðarfirði og gert var við uppbyggingu verksmiðju á Grundartanga.Mér finnst mjög vel koma til greina að Íslenska járnblendifélagið yrði að einhverju leyti, að einhverjum hluta, eignaraðili að kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þarf sjálfsagt að athuga það *mál vel*.

Ég vil fara nokkrum orðum um eignaraðild þessarar nýju verksmiðju eins og hún er fyrirhuguð í frv. sem hér er til umr. Þar kemur raunar fram að ríkið skuli eiga ekki minna en 51% hlutafjárins, en heimildar er óskað til að ríkið geti lagt fram allt hlutaféð og verið eitt eigandi ef aðrir aðilar fást ekki til þátttöku.

Það hefur verið stefna Framsfl., að innlendir aðilar skuli eiga meiri hluta í þeim orkuverum sem reist verða hér í framtíðinni, þau séu að meiri hluta í eigu innlendra aðila. Við óttumst nokkuð að horfa til þeirrar framtíðar, ef þau iðjuver, sem reist verða, verða að öllu eða mestu leyti í eigu ríkisins á næstu árum, sem reist verða. Í því sambandi er einfaldast að benda til þess, að ef menn hyggja á þreföldun orkuiðnaðar fram til aldamóta í þessu landi er ljóst að um aldamót verða um 40—50% af útflutningstekjum þjóðarinnar líklega frá orkuiðnaði og *grundvallarbreyting orðin frá því sem nú er*, þegar við höfum milli 70 og 80% af útflutningstekjunum af sjávarútvegi. Ef svo fer að íslenska ríkið verði að mestu leyti eignaraðili að öllum þeim iðjuverum, sem reist verða hér fram til aldamóta þá stefnum við að því að í ríkiseign verði megnið af þeim fyrirtækjum sem útflutningsteknanna afla. Framsfl. stendur nokkur ógn af slíkri framtíðarsýn. Og ég hygg að menn hafi nokkuð rétt fyrir sér í því, þegar skoðað er frelsi einstaklingsins í lýðræðisþjóðfélagi eða hvaða þjóðskipulagi sem er, að grundvöllurinn *að því, að frelsið sé virt, er að jafnvægi haldist sem mest* í þjóðfélaginu, jafnvægi valddreifingar og auðdreifingar. Ef vald skipast of mikið á eina hendi eða of fáar þrengir að frelsi einstaklingsins, og eins er það með auðinn. Ég hygg að frelsi einstaklingsins í þjóðfélagi, þar sem atvinnureksturinn í svo ríkum mæli væri á hendi ríkisins, væri orðið nokkuð aðþrengt. Þess vegna er það að okkar mati, framsóknarmanna, mjög mikilvægt að örva sem flesta innlenda aðila til þátttöku í þessum orkuiðnaði, sem ljóst er að við munum leggja áherslu á að byggja upp hér á næstu árum. Við teljum í rauninni að það eigi að örva innlenda aðila til þátttöku með ýmsu móti.

Ég vil vekja athygli á því, að þó að í rauninni sé ráð fyrir því gert í þessu frv. að ekki sé nauðsynleg þátttaka erlendra aðila, þá er ekkert sem útilokar að erlendir aðilar gætu orðið eignaraðilar að kísilmálmverksmiðjunni við Reyðarfjörð að einhverjum minni hluta, ef *það þætti henta*.

Ég vil jafnframt sérstaklega fara nokkrum orðum um þau gjöld og kostnaðarliði sem þessari verksmiðju er ætlað að standa straum af.

Það er gert ráð fyrir í þessari skýrslu verkefnisstjórnarinnar að verksmiðjan geti skilað um 10.4% afkastavöxtum heildarfjárfestingar. Hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan að það mundi vera í algjöru lágmarki. Ekki skal ég deila við hann um það. En ég vil hins vegar benda á að

verkefnisstjórnin telur sig ná þessum afkastavöxtum eftir að gert er ráð fyrir að verksmiðjan greiði þrisvar sinnum hærra orkuverð en t. d. álverksmiðjan í Straumsvík og um það bil tvisvar og hálfu sinnum hærra orkuverð en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Hér er auðvitað um að ræða verulegan mun, ekki hvað síst þegar menn gera sér grein fyrir að hér er um að ræða 345 gwst. á ári eða heildarkostnað sem nemur nærri 60 millj. nýkr. á ári. Jafnframt er gert ráð fyrir að þessi verksmiðja greiði aðstöðugjald sem er um tvöfalt hærra en það landsútsvar sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga greiðir. Það er þess vegna alveg ljóst, að í þessum frumvarpsdrögum er gert ráð fyrir að þetta fyrirtæki taki á sig verulega miklu hærri gjöld en slíkar verksmiðjur sem þegar eru fyrir í landinu, og það hljóta menn að meta þegar arðsemiprósentan eða afkastavextirnir eru skoðaðir.

Ég er raunar þeirrar skoðunar, sérstaklega þegar litið er til aðstöðugjaldsins, að menn verði að reyna að sameina þessa gjaldstofna, þ. e. að samræma þá sem allra mest milli skyldra fyrirtækja í landinu. Það er erfitt að benda á það með rökum, að eðlilegt sé að þessi nýja verksmiðja, sem við ætlum að hrinda af stað nú, greiði tvöfalt hærra aðstöðugjald en til að mynda járnblendiverksmiðjan á Grundartanga. Það er auðvitað eðlilegt að hún greiði eins hátt orkuverð og er unnt að koma við, en enn á ný verður að ítreka að þegar arðsemiprósentan er metin, þá hljóta menn að taka tillit til þess, að hér er um að ræða fyrirtæki sem á að greiða þrefalt hærra orkuverð en járnblendiverksmiðjan á Grundartanga greiðir.

Ég hygg, þegar þessir afkastavextir eru skoðaðir, að áætlanir um stofnkostnað séu nokkuð vel unnar, sérstaklega þegar litið er á að áætlanir um allan vélbúnað verksmiðjunnar eru byggðar á tilboðum, nokkuð áreiðanlegum tilboðum, sem þegar hafa borist frá fleiri en einum framleiðanda.

Ég held hins vegar að það megi taka undir með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að fjármögnunaráætlun þyrfti að vinna ítarlega fyrir þessa verksmiðju. Markaðsáætlanir hafa verið unnar, markaðsspár hafa verið gerðar, og þingnefndir, sem þetta mál munu fá til umfjöllunar, munu fá í hendur nánari upplýsingar um aðila sem lýst hafa áhuga á kaupum á kísilmálmi frá þessari nýju verksmiðju.

Ég hef sagt það hér áður í umr., þegar drepið hefur verið á kísilmálmverksmiðjuna, að þegar hefur verið óskað eftir því við erlendan viðurkenndan aðila, að hann yfirfari þær áætlanir sem verkefnisstjórnin hefur unnið. Í því felst í sjálfu sér ekkert vanmat á verki verkefnisstjórnarinnar, heldur er hér um að ræða sjálfsagða öryggisleið, að óháður aðili framkvæmi óháð mat á þeim útreikningum sem þarna liggja fyrir. Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, spurði um hvaða fyrirtæki hér væri um að ræða. Fyrirtækið heitir Hill Samuel og er bankafyrirtæki í London. Það vinnur að þessari athugun, sem við höfum kallað „second opinion," að sjálfstæðri endurskoðun þessarar áætlunar, og við gerum okkur vonir um að sú endurskoðun liggi fyrir og muni berast okkur eftir næstu helgi. Ég geri ráð fyrir að þeirri athugun, því áliti þessarar viðurkenndu bankastofnunar verði dreift til þm. þannig að þeir fái, þegar fjallað verður um málið, álit hennar í hendur.

Þessi stofnun hefur um nokkurn tíma unnið að yfirferð á þessari skýrslu verkefnisstjórnarinnar. Hún mun sérstaklega í þessari skýrslu sinni gera ráð fyrir hvaða áhrif ýmsir kostnaðar- og tekjuliðir hafa á arðsemi verksmiðjunnar. Þar mun sérstaklega koma fram hvaða áhrif á arðsemi verksmiðjunnar ýmis frávik í orkuverði hafa, hækkun eða lækkun orkuverðsins, — hvaða áhrif hefur frávik í verði hráefna, ef hráefni hækka, á arðsemisprósentuna, hvaða áhrif breytt verðbólga hefur, hvaða áhrif breytt söluverð á kísilmálmi hefur á afkastavextina og hvaða áhrif breytt sölumagn frá verksmiðjunni hefur í þessu efni. Ég bind miklar vonir við endurskoðun þessa erlenda fyrirtækis og hygg að það muni renna nokkru traustari stoðum undir þær upplýsingar, sem hér liggja fyrir, og það muni verða þm. mikill styrkur að fá slíka endurskoðun í hendur. Ég er þeirrar skoðunar að ef slík endurskoðun frá virtu erlendu fyrirtæki sé jákvæð sé ástæða til að reyna að leggja áherslu á að flýta þessu máli í gegnum þingið.

Hv. 6. þm. Reykv., Birgir Ísl. Gunnarsson, gerði nokkuð að umræðuefni málsmeðferð og mismun á málsmeðferð annars vegar á kísiljárnverksmiðjunni á Grundartanga og hins vegar þeirri verksmiðju sem nú liggur hér fyrir frv. um. Ég hygg að það muni vera rétt hjá honum, að meðferð þess frv. tók miklu lengri tíma en við höfum nú gert ráð fyrir að þurfi til að afgreiða þetta mál. Ég hygg að það sé rétt, sem fram kom hjá honum, að það hafi verið reynt að vinna að athugun á frv. um kísiljárnsverksmiðjuna eins vel og unnt var að koma við og það frv. hafi fengið glettilega vandaða málsmeðferð. Það sýnir kannske hvað best hvað er erfitt að spá um þessi mál, að ég hygg að flestar þær forsendur, sem menn þá gerðu ráð fyrir um framtíð verksmiðjunnar, hafi nú breyst og jafnvel hin vönduðu vinnubrögð hafi ekki tryggt að menn hafi séð inn í framtíðina — ekki eins og æskilegt hefði verið. Ég hygg að raunar sé nú staðan sú, að það sé erfitt að spá um framtíðina í þessu efni, og kannske er framtíð kísiljárnsverksmiðjunnar á Grundartanga þessi árin gleggsta dæmið um það. Eigi að síður er auðvitað ástæða til þess, að menn vinni þetta mál þannig að þeir hafi sannfæringu fyrir því sem þeir eru að gera. Þm. hafa fengið í hendur bæði áfangaskýrslu um þetta mál og síðan lokaskýrslu nú og munu væntanlega fá í hendur bæði álit hinnar ensku bankastofnunar um endurskoðun á skýrslu verkefnisstjórnarinnar og jafnframt upplýsingar varðandi þá aðila sem þegar hafa lýst áhuga á kaupum á kísilmálmi frá þessari verksmiðju.

Menn hafa gert nokkuð að umræðuefni staðsetninguna á Reyðarfirði. Í því sambandi er auðvitað rétt að fram komi að höfn eða hafnargerð þar virðist vera mjög hagkvæm í fyrsta lagi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að afgangsvarmi verksmiðjunnar nýtist til upphitunar á Reyðarfirði og Eskifirði, og það er auðvitað mjög mikilvægt þar sem gert er ráð fyrir að sú upphitun verði hagkvæm, jafnframt því, eins og fram kom í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að ein af forsendum Fljótsdalsvirkjunar er auðvitað að markaðurinn á Austurlandi stækki.

Það, sem vakti einna mesta athygli mína í málflutningi hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar, voru þeir fyrirvarar sem hann las hér upp frá Landsvirkjun, um orkusölu til kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Ég verð að játa að þeir fyrirvarar komu mér algerlega í opna skjöldu. Hafi ég tekið rétt eftir lýsti hann því hér, enda stjórnarmaður í Landsvirkjun, að einn af fyrirvörum Landsvirkjunar um, að hún geti útvegað orku til þessarar verksmiðju, sé að stækkun Búrfellsvirkjunar fari fram áður en Blöndu-

virkjun kemur í gagnið. Ég verð að játa að þetta kemur mér algjörlega í opna skjöldu.

Í skýrslu verkefnisstjórnar um kísilmálmverksmiðju, á bls. 20, eru upplýsingar frá Landsvirkjun um þá orku sem talin er vera aflögu til stóriðju í kerfinu fram til ársins 1988. Þar segir, með leyfi forseta: „Samkv. nýjasta mati Landsvirkjunar" — en það mat mun vera frá því fyrir áramótin síðustu — „yrði með þessum aðgerðum" — þ. e. vatnaveitum á Þjórsársvæðinu og Sultartangastíflunni — „eftirtalið orkumagn og afl til ráðstöfunar í kerfinu umfram þarfir núverandi stóriðju og almenns markaðar: 1984: 290 gwst., 1985: 480 gwst., 1986: 600 gwst., 1987: 670 gwst."

Hér er ekki verið að tala um neina stækkun á Búrfellsvirkjun. Hér er verið að tala um þá orku sem aflögu sé í kerfinu fram til 1988 eða þar til að Blönduvirkjun kemur í gagnið. Þegar litið er á að heildarorkuþörf þessarar kísilmálmverksmiðju er talin nema um 345 gwst. hefði maður talið að þarna væri talsvert rúm eftir þó að kísilmálmverksmiðjan tæki til starfa og ekki væri stækkað við Búrfell.

Ég hélt satt að segja að þarna væri um að ræða nýjustu upplýsingar frá Landsvirkjun. Nú upplýsir stjórnarmaður Landsvirkjunar að Landsvirkjun hafi endurskoðað þessar tölur. Það hlýtur að koma okkur mjög í opna skjöldu, sem höfum verið að reyna að vinna að þessum málum og fylgjast með nýjustu upplýsingum, að það skuli nú vera fyrirvari frá Landsvirkjun um orkusölu til kísilmálmverksmiðjunnar að Búrfell II sé virkjað áður en Blanda kemur í gagnið. Mér er spurn: Hvað hefur gerst? Ég vil varpa þeirri spurningu til þessa stjórnarmanns Landsvirkjunar sem upplýsti okkur um þessar tölur: Hvað hefur gerst? Hvað er það, sem hefur breyst svona stórlega frá áætlunum Landsvirkjunar núna fyrir áramótin, sem prentaðar eru í þessari skýrslu verkefnisstjórnar á bls. 20, til þeirra upplýsinga sem hv. þm. las upp fyrir okkur áðan? Ég verð að segja það enn á ný, að hér er um talsvert alvarlegt mál að ræða.

Ég tók þátt í vinnu að frv., sem lagt var hér fram á síðasta þingi, til laga um raforkuver, þar sem var leitað heimildar þingsins til nýrra virkjana. Þá töluðu menn um Sultartangavirkjun, Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun, reyndar virkjun Héraðsvatna við Villinganes og síðan stækkun á virkjun við Hrauneyjafoss og Sigöldu. Þá töluðu menn ekki um Búrfell II. En frv. var varla komið í gegnum þingið þegar þær upplýsingar bárust frá Landsvirkjun, að Búrfell II mundi vera hagkvæmari virkjun en Sultartangi. Ég verð að játa að þetta kom mér nokkuð í opna skjöldu þá. Eftir að hafa athugað, hvernig þessar vatnsveitur liggja á Þjórsársvæðinu, virðist vera augljóst að Búrfell II er hagkvæmari virkjun en Sultartangi við þær aðstæður sem þarna eru nú. Hitt er mér reyndar dálítið illskiljanlegt, hvernig stendur á að Landsvirkjun kom ekki auga á þetta fyrr.

Við höfum lent í orkuskömmtun undanfarin ár, miklu meiri orkuskömmtun en nokkurn óraði fyrir. Við lentum í orkuskömmtun eftir að tvær aflvélar voru komnar í notkun við Hrauneyjafoss, sem allir orkusérfræðingar höfðu sagt okkur að ekki mundi geta komið til. Þar virtust áætlanir Landsvirkjunar bregðast. Kannske getur þessi stjórnarmaður Landsvirkjunar frætt okkur á hvað það var, sem brást í þessu efni, og hvers vegna upplýsingar um að Búrfell II sé hagkvæmari kostur en Sultartangavirkjun komu svo seint.

Nú kemur þm. hér í ræðustól og upplýsir okkur um að þær tölur um ummframorku í kerfinu fram að næstu stórvirkjun, sem við töldum að væru nýjastar til frá Landsvirkjun og liggja fyrir frá Landsvirkjun frá því fyrir áramót, séu í grundvallaratriðum rangar og að forsendan fyrir því, að Landsvirkjun geti selt þessari verksmiðju orku, sé beinlínis sú, að Búrfellsvirkjun sé stækkuð áður en Blönduvirkjun taki til starfa. Ég verð nú að játa að mér finnst hér um svo mikilvægt mál að ræða að við hljótum að verða að óska skýringa frá Landsvirkjun á því, hvað hér hefur gerst. Þessar upplýsingar, sem fyrir liggja, eru fárra mánaða gamlar. Ef þær tölur, sem þarna liggja fyrir, hefðu t. d. verið hækkaðar um 30—40% hefði það kannske sloppið, en nú stöndum við beinlínis andspænis því, að það verði að virkja sérstaka virkjun, áður en Blanda kemur í gagnið til þess að þetta mál geti gengið fram, og allar þær tölur, sem við erum með í höndum og héldum að væru nýjastar, séu í öllum grundvallaratriðum rangar. Með tilliti til áætlana Landsvirkjunar um vatnsmagn og miðlanir á Þjórsársvæðinu og orkuskömmtun í landinu í kjölfar þeirra, með tilliti til nýrra upplýsinga um, að Búrfellsvirkjun II verði að koma á undan Sultartangavirkjun, og með tilliti til upplýsinga hv. 6. þm. Reykv., Birgis Ísl. Gunnarssonar, núna um að það sé grundvallaratriði að nýrri virkjun sé skotið fram fyrir Blönduvirkjun, þá hljóta menn að fara að efast dálítið um áætlanagerðir Landsvirkjunar. Ég vil biðja hv. þm., ef honum er kleift, að gefa okkur skýringar á hvað hefur gerst. Hvaða stór grundvallaratriði eru það sem hafa breyst á þessum fáu mánuðum frá því að við fengum þær tölur, sem hér eru birtar í skýrslunni, þar til hann kemur með þennan nýja stórasannleik inn í þingið núna?

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun ekki ræða efnislega um frv. Það kemur væntanlega í nefnd, sem ég á sæti í, og þar kem ég til með að fá tækifæri til að taka efnislega afstöðu til hinna ýmsu greina þess. Það er útilokað annað en nefna nokkur atriði.

Það er ekki undantekning hjá hæstv. iðnrh., heldur föst regla, að koma með öll meiri háttar mál fram þegar ekki eru nema örfáar vikur, jafnvel ekki nema dagar, þangað til þing á að ljúka störfum. Svo er þess krafist að málin séu afgreidd. Þetta þýðir auðvitað að þingið hefur enga möguleika á að skoða málin eins og skyldi. Raunverulega er hæstv. ráðh. að taka ákvörðunarvaldið úr höndum Alþingis með þessu móti. Þannig var það í fyrra. Þá var dembt inn þremur frv. þegar örfáar vikur voru eftir: steinull, járnbræðslu og saltverksmiðju.

Hér hefur nokkuð verið talað um hvar hagkvæmast væri að byggja þessa verksmiðju. Staðarvalsnefnd — ranglega kölluð það — samþykkti Reyðarfjörð vegna þess að henni var í byrjun uppálagt að ákveða Reyðarfjörð sem stað fyrir verksmiðjuna. Það kom enginn annar til greina og henni var bannað að bera hagkvæmni verksmiðju á þeim stað saman við aðra staði. Stundum á alfarið að fara eftir arðseminni, byggja þar sem arðsemin er mest. Í öðrum tilvikum skiptir það engu máli. Þá virðist staðarvalið fara eftir því, hvað hæstv. ráðh. dettur í hug í það og það skiptið. Það er síður en svo að ég sé á móti Reyðarfirði. Ég álít, eins og hér hefur komið fram, að það eigi að dreifa slíkum verksmiðjum um landið eftir föngum. Ég get þó ekki komist hjá því að benda á þann tvískinnung sem mér finnst vera í þessu máli.

Hæstv. ráðh. minntist á raforkuverð, og mér finnst

ekkert athugavert við það í sjálfu sér. Hins vegar langar mig til að vita um hvort þarna er átt við raforkuverð komið að verksmiðju eða frá stórvirkjun. Þar er geysimikill munur á. Það eru ekki bara línurnar sem kosta mikið, heldur er mikið raforkutap við flutning á svona löngum leiðum. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita hvort þarna er miðað við raforkuna við viðtökustað í verksmiðju eða stöðvarvegg virkjunar.

Það var talað hér um aðstöðugjald. Mér finnst sú skipting, sem þarna kemur fram, vera að mörgu leyti skynsamleg miðað við það sem áður hefur verið. Þó finnst mér að sveitarfélög þurfi engin sérstök gjöld að fá í svona tilvikum, engar sérstakar tekjur. Sveitarfélögin fá miklar tekjur af fasteignagjöldum og miklar tekjur af mönnum sem vinna þarna. Mér finnst að allar sértekjur stóriðjufyrirtækja eigi að renna t. d. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og jafnast þannig til allra sveitarfélaganna eða Iðnþróunarsjóð fyrir allt landið sem ynni að því að byggja upp slíkan iðnað annars staðar. Mér fannst t. d. mjög rangt bæði í sambandi við Straumsvík og fleiri staði, þegar ákveðið sveitarfélag fær svo til allar sértekjurnar af svona fyrirtækjum.

Hæstv. ráðh. minntist á arðsemina, 10.4% afkastavexti. Ég minni á að arðsemin af steinullarverksmiðju, sem framleiðir fyrir útflutning, er í öllum tilvikum meiri, hvernig sem málin eru sett upp og hve slæmt sem útlitið er fyrir útflutning á hverjum tíma. En þá má ekki nota raforku og innlend hráefni til að framleiða útflutningsvörur, það er tabú, það er algerlega bannað ef um steinull er að ræða. Það bann er látið ráða því, að verksmiðjan á að rísa á Sauðárkróki en ekki í Þorlákshöfn, eins og hæstv. ríkisstj. virðist ætlast til. M. ö. o.: það má ekki framleiða steinull til útflutnings þó að arðsemin sé meiri en af þeirri verksmiðju sem hér er verið að tala um, en þar á að framleiða allt til útflutnings. Það getur vel verið að það sé hægt að finna einhverja þá reglu, að einhver smáframleiðsla fyrir innanlandsnotkun geti gefið í einhverjum ákveðnum tilvikum eitthvað meiri arðsemi. Ég þykist vita það.

Ég bendi enn og aftur á hve sjónarmið hæstv. ráðh. stangast harkalega á. Stundum skiptir arðsemin öllu, stundum skiptir hún litlu eða engu. En þó að mér finnist það mjög gagnrýnivert, hvernig að þessu er staðið, að koma með þetta þegar ekki eru nema tiltölulega fáir vinnudagar eftir hjá Alþingi, þá mun ég samt gera mitt til að flýta afgreiðslu málsins, hvort sem það tekst á þessu þingi eða ekki.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það frv., sem hér hefur verið lagt fram, fjallar um stórmál og vafalaust eru sum ákvæði þess stefnumótandi eða gætu verið það. Ég er í grundvallaratriðum hlynntur því, að iðnaðaruppbyggingu verði dreift um landið. Hins vegar má jafnframt hverjum vera ljóst að arðsemin skiptir höfuðmáli í því sem við erum að gera. Við erum með verksmiðju við Hvalfjörð sem er rekin með dúndrandi tapi, svo ekki sé meira sagt. Það hefði þess vegna verið eðlilegt að kanna hvort þriðji ofninn, sem þar eru hugmyndir um að verði settur upp, hefði ekki frekar átt að bræða kísilmálm svo fengist úr því skorið í fyrsta lagi, hvort hagkvæmni er í slíkri vinnslu, og í annan stað, hvort bæta hefði mátt fjárhagslegan grundvöll þess fyrirtækis sem þar er. Með því hefði ekki á nokkurn hátt verið komið í veg fyrir að verksmiðja yrði byggð fyrir austan seinna, ef arðsemin hefði verið í lagi og rafmagnið einnig til staðar. Ég vil beina því til hæstv. iðnrh., að hann svari því, hvort e. t. v. hafi verið gerð á því könnun, hvort hagkvæmt væri að fara þá leið sem ég gat um.

Einnig get ég ekki að því gert, að mér finnast ákvæði 7. gr., sem hér eru, á margan hátt óaðgengileg sem framtíðarstefna. Það hljóta að vera mikil hlunnindi fyrir hvern þann stað sem fær mikla atvinnuuppbyggingu frá opinberum aðilum. Verði launagreiðslur hjá þessari verksmiðju hliðstæðar því sem er hjá ríkisverksmiðjunum í dag væri verið að greiða þar hærri laun en á hinum almenna vinnumarkaði og sveitarfélögin munu að sjálfsögðu njóta þess. Þess vegna efa ég réttmæti þess, að þeir staðir njóti þar að auki sérstakrar skattheimtu frá þessum verksmiðjum, á sama tíma og við höfum ekki hugmynd um hvort ríkið neyðist e. t. v. til að greiða stórfé með þeim.

Einnig hlýtur það að vera nokkurt áhyggjuefni fyrir þingmann frá Vestfjörðum að sjá að það skuli stofnaður sérstakur iðnþróunarsjóður sem hafi tekjur af stóriðju. Ég á ekki von á að þar vestra verði farið í stóriðju, og spurningin er: Mun það þá koma í veg fyrir að slík svæði eigi sama aðgang að annarri iðnaðaruppbyggingu í landinu vegna þess að það sé búið að byggja upp sérstakt sjóðakerfi fyrir þau kjördæmi sem fá stóriðjuna? Þætti mér a. m. k. ekki rökrétt að standa þannig að, um leið og við afgreiðum stóriðjuuppbygginguna á þessum stöðum, að setja jafnframt með sérstöku sjóðafyrirkomulagi fótinn fyrir þau svæði sem fyrirsjáanlegt er að ekki verði byggð upp stóriðja á.

Ég vil bæta því við, að ég held að það verði að líta svo á að við getum ekki haft sérstakar klásúlur fyrir hverja einustu verksmiðju sem við byggjum í landinu, heldur verði að vera um að ræða samræmd lagaákvæði varðandi skattheimtu og greiðslur til opinberra aðila frá þessum fyrirtækjum.

9. gr. vekur mér einnig nokkra undrun, en það má vel vera að hún sé höfð svona óljós þar sem eftir sé að ganga frá öllum samningum þar að lútandi.

Að lokum vil ég segja þetta: Við erum hvað eftir annað að skoða iðnaðarhugmyndir þar sem gert er ráð fyrir mjög lágu raforkuverði miðað við það sem hinn almenni notandi þessa lands þarf að greiða. Ég fæ ekki séð að það séu nein sérstök hlunnindi fyrir Austurland í heild þó að við björgum örlitlum hluta af því svæði með hagstæðari lausn í upphitunarmálum en aðrir eiga aðgang að. Þess vegna hlýtur hæstv. iðnrh. jafnframt að luma á þeirri heildarlausn í upphitunarmálum sem skapi eitthvert réttlæti fyrir landið í heild. Það er engin lausn að halda áfram að kljúfa landið í sundur á þann veg að sums staðar sé þetta í viðunandi ástandi, en annars staðar leiði það beinlínis til byggðaröskunar eins og að málum er staðið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það hefur verið vikið að fjölmörgum atriðum í þessari umr., sem ástæða hefði verið til að ræða frekar, en mér er að sjálfsögðu skylt að greiða fyrir því að þetta mál komist til nefndar á þessum fundi. Ég mun því aðeins víkja að mjög fáum atriðum sem til mín hefur verið beint eða ástæða er til að nefna.

Ég treysti því, að í þingnefnd verði færi á því og í þingnefndum að koma á framfæri upplýsingum og veita svör við þeim spurningum sem þar vakna í sambandi við

þetta frv. og raunar hefur verið vikið að í þessari umr. Eins og fram hefur verið tekið og ég gat um í framsögu minni er að vænta umsagna frá aðilum eins og Þjóðhagsstofnun, en einnig erlendis frá í sambandi við frekara mat á þeim gögnum sem frv. þetta byggist á.

Það hefur verið komið víða við í þessari umr. og eitt af því, sem nefnt hefur verið af fleiri en einum hv. ræðumanni, er spurningin um að nýta þá þekkingu sem þegar er komin inn í landið í sambandi við stóriðju, þ. á m. hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Eins og vikið er að í grg. með þessu frv. er gert ráð fyrir að leita eftir því að hagnýta þá þekkingu eftir föngum.

Sumir hv. ræðumenn hér hafa nefnt að ekki væri óeðlilegt að athugað væri hvort Íslenska járnblendifélagið hefði hug á að gerast eignaraðili í því hlutafélagi sem stofnað verður um þessa kísilmálmverksmiðju. Auðvitað er það atriði sem engin ástæða er til að útiloka fyrir fram. Menn hljóta hins vegar að velta því fyrir sér, hvaða kosti það hefði að fá slíkan samstarfsaðila inn í þetta hlutafélag og þá er ég nú fyrst og fremst með í huga markaðsmálin sem hér hefur borið nokkuð á góma. Ég held að það sé ástæða til þess fyrir menn að íhuga, m. a. í sambandi við afgreiðslu þessa máls hér í þinginu, hvort okkur sé í rauninni einhver sérstakur hagur að því fyrirkomulagi í markaðsmálum, sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga býr við, eða ekki og hvort hugsanlegt samstarf þarna á milli mundi leiða til betri stöðu fyrir kísilmálmverksmiðju markaðslega séð eður ei. Ég minni á að með markaðssamningnum milli Elkem og Íslenska járnblendifélagsins sér Elkem um sölu afurða og hefur nánast einkarétt á þeirri sölu, og það bindur með vissum hætti möguleika þess fyrirtækis í markaðsmálum. Það hefur komið fram að undanförnu í þeim þrengingum, sem Íslenska járnblendifélagið á í, að ýmislegt gæti mælt með því, að það hefði verið meira sjálfstæði í þeim efnum við þær aðstæður, sem nú ríkja, en samningarnir gera ráð fyrir og það gæti verið skynsamlegt og hagstætt að framleiða þar „á lager" ef svo mætti segja, nýta afkastagetu verksmiðjunnar og framleiða „á lager" og selja út frá okkar sjónarmiðum meira en sjónarmiðum samstarfsaðilans sem fer með markaðsmálin. Ég vil ekki kveða upp neina dóma í þessum efnum, en vek athygli á að þarna er að mörgu að hyggja og afstaðan til samvinnu eða formlegs samstarfs þarna á milli hlýtur m. a. að skoðast í tengslum við æskilegt fyrirkomulag markaðsmálanna.

Vegna þess að þau hefur borið hér á góma vil ég ítreka það, sem fram kom í minni framsöguræðu, að nú þegar hefur verið gengið frá samkomulagi, rammasamkomulagi, um sölu á hluta af afurðum þessarar verksmiðju, að sjálfsögðu með fyrirvara, en með gildu samkomulagi þó, sem hægt er að byggja á formlega samninga síðar, um sölu á 7 500 tonnum til japanskra aðila, og einnig er kominn á rekspöl samningur við vestur-þýska aðila um enn meira magn, þannig að það hefur þegar mikið áunnist, að ég tel, og verið skotið býsna traustum fótum undir markaðsþáttinn, miðað við aðra þætti þessa máls, sem auðvitað er afar þýðingarmikill í sambandi við rekstur sem þennan.

Hv. 3. þm. Austurl. spurði einmitt um þetta efni og hvað mælti með því að hafa það fyrirkomulag sem verksmiðjustjórnin einkum mælir með, þ. e. að hafa umboðsmenn svæðisbundið til þess að annast markaðsmálin. Það væri langt mál að víkja að því ítarlega og ég ætla ekki að gera það hér, en það er mat þeirra, sem hafa litið á þessi mál, að slík svæðisbundin sala með aðilum, sem tækju að sér að sjá um söluna á viðkomandi svæði, gefi meiri sveigjanleika en að binda þetta aðeins einum aðila og það verði um meiri gagnkvæm skipti milli framleiðanda og kaupenda að ræða með slíkum hætti en ef aðeins væri um einn aðila að ræða, sem annaðist söluna, og þarna sé hægt að tryggja betri tengsl við notendur. Þetta atriði sem verður auðvitað til áframhaldandi athugunar eins og fleiri þættir þessa máls.

Varðandi umboðslaun hefur verið reiknað með því í kostnaðarforsendum, að þau gætu numið 3% til slíkra aðila, en í reynd eru taldar líkur á að þau verði mun lægri, jafnvel undir 2%, sem er það sem Elkem tekur fyrir sína markaðsþjónustu varðandi afurðir járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér um eignaraðildarmálin sérstaklega, um þau hefur oft verið rætt hér á hv. Alþingi í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar, aðeins staðfesta það, sem fram hefur komið hér hjá einstökum ræðumönnum, að það er ekkert í lagatextanum sem útilokar einhverja aðild erlendra aðila ef þeir vildu leggja hlutafé í þetta fyrirtæki. Hins vegar er ekkert, sem fram hefur komið, sem mælir að mínu mati sérstaklega með að eftir slíku sé leitað, og það hefur ekki verið við undirbúning málsins við það miðað, að kvaddir verði þar til erlendir samstarfsaðilar.

Hv. 6. þm. Reykv. vék að áhættunni í þessum efnum. Það er sjónarmið út af fyrir sig og ég vil ekki vera að slá neinu striki yfir viðhorf af því tagi. Við þurfum vissulega að hafa gát á áhættuþættinum í sambandi við orkufrekan iðnað og þá ekki síst þannig að beina okkar málum á því sviði inn á ólíkar framleiðslugreinar, en veðja þar ekki á eina framleiðslugrein. Það er einmitt það sem hér er verið að gera. Hér er verið að bæta við nýjum framleiðsluþætti sem dreifir jafnframt áhættunni.

Það var vikið að raforkuþættinum sérstaklega og hv. 12. þm. Reykv. taldi að hér hefðu komið fram mjög óvæntar upplýsingar þar að lútandi. Ég gat um þann fyrirvara sem Landsvirkjun hefur sett fram í sambandi við þau drög sem fyrir liggja að raforkusamningi. Ég las þá upp hér að verulegu leyti. Það hefur alveg nýlega komið fram greinargerð frá Landsvirkjun þar sem hún er að meta sínar áætlanir eða réttara sagt að endurmeta. Slík greinargerð barst iðnrn. í gær frá stjórn Landsvirkjunar. En okkur var kunnugt um ýmsa fyrirvara af hennar hálfu í sambandi við raforkusöluna, og það er tekið með í athugasemdum við frv. þar sem þeir fyrirvarar eru raktir.

Eitt af því, sem nýjast er í þessum efnum, er að Landsvirkjun leggur nú áherslu á að aflaukandi aðgerðir á Þjórsár-Tungnaársvæðinu verði í tenglsum við stækkun Búrfellsvirkjunar, en ekki með þeim hætti sem gert var ráð fyrir og raunar lögfest í heimildum í lögum um raforkuver sem sett voru í fyrra, að bætt yrði við fjórðu aflvélinni í Hrauneyjafossvirkjun og Sigölduvirkjun. Landsvirkjun er í nýjustu tillögum sínum að hverfa frá því, að það sé ráðlegt að fara í aukið afl í þeim virkjunum, en í staðinn leggur fyrirtækið og stjórn þess áherslu á að bætt verði við afl í Búrfellsvirkjun. Það er mál sem sjálfsagt er að athuga í fyllstu alvöru, hvort ekki er skynsamlegra að hverfa að því heldur en hinu, sem áður var fyrirhugað. Ég tel engan veginn ástæðu til að vísa því frá að óathuguðu máli. Þvert á móti ber að skoða það með jákvæðum huga. Þarna er ekki um virkjun að ræða í þeim

skilningi — ekki um nýja virkjun — heldur viðbótarafl og áreiðanlega hagkvæma viðbót, þar sem er stækkun á Búrfellsvirkjun sem kölluð hefur verið Búrfellsvirkjun II, en jafnframt fæst aukin orkuvinnslugeta inn á kerfið í nokkrum mæli.

Þetta tel ég rétt að fram komi í sambandi við þennan þátt. En auðvitað þarf að athuga vel allt sem lýtur að orkuframleiðslunni og orkuflutningi til verksmiðjunnar á Austurlandi á meðan ekki er komin upp ný virkjun, nýtt afl þar eystra, sem þó er að stefnt að verði innan ekki mjög langs tíma, eins og hv. þm. er kunnugt, þar sem eru tillögur um Fljótsdalsvirkjun og heimildir sem fyrir liggja um hana.

Það var spurt um það af hv. 5. þm. Suðurl., hvort það raforkuverð, sem gert hefur verið ráð fyrir í hagkvæmniathugunum, sé miðað við afhendingu frá stöðvarvegg virkjunar eða við viðtökustað í verksmiðju. Hér er um að ræða þá orku, sem afhent yrði verksmiðjunni, sem greidd yrði með þessu verði samkv. þeim útreikningum sem fyrir liggja um þetta, en endanleg ákvörðun um raforkuverð verður að sjálfsögðu ekki ráðin fyrr en með formlegum orkusamningi.

Ég tek alveg undir það sjónarmið, sem hér hefur komið fram, að vissulega þurfum við að athuga vel hvernig við verðleggjum okkar orku og hvernig við tengjum saman orkuverðið og nýjan iðnað. Það er alveg rétt, sem hv. 3. þm. Austurl. benti á, að það getur verið ástæða til að hjálpa nýjum fyrirtækjum á laggirnar með því að létta undir í sambandi við kröfur varðandi orkuverð fyrst í stað, þegar um er að ræða íslensk fyrirtæki, því þá er þetta í rauninni eitt og sama dæmið sem við erum með í höndunum. Raunar er gert ráð fyrir slíkri þrepun í sambandi við þessa kísilmálmverksmiðju, þar sem meðalverðið hefur verið sett 17.5 mills í áætlunum, en gert ráð fyrir heldur vægara verði fyrstu 10 árin, en aftur hærra á seinni 10 árunum. Þetta er mál sem þarf nánari athugunar við. En allir erum við væntanlega sammála um að halda þannig á málum að orkufrekur iðnaður í landinu greiði á heildina litið þá orku sem til hans er varið og helst betur og verði ekki íþyngjandi fyrir hinn almenna markað, eins og raunin hefur orðið á undanförnum árum.

Hv. 5. þm. Vestf. vék að nokkrum þáttum þessara mála, m. a. varðandi opinber gjöld og nauðsyn að samræmi yrði þar á milli varðandi hliðstæð fyrirtæki í landinu. Undir þetta get ég tekið. Það ber að stefna að slíku, að samræma álagningu opinberra gjalda á orkufrekum iðnfyrirtækjum, en það á ekki að hindra að við stígum skref sem réttmæt eru talin í þessum efnum. Ég tel að það sé mjög æskilegt að hverfa að því ráði, sem lagt er til í þessu frv., að í senn sé hægt að veita fjármagni til sveitarfélaga í landinu almennt í gegnum jöfnunarsjóð þeirra, en einnig til svæðisbundinnar uppbyggingar í iðnaði.

Hv. 5. þm. Vestf. nefndi Vestfirði í þessu sambandi og óttaðist að þeir yrðu afskiptir. Ég skil ósköp vel það sjónarmið. Spurning kann að vera hvort ætti að líta á gjaldtöku af þessu tagi eða álagningu sem eins konar auðlindaálagningu. Þá gætu menn kannske farið að horfa til þeirra auðlinda sem Vestfirðingar ausa af, sem betur fer, nokkuð ríkulega, þ. e. auðlinda sjávar. Það væri hugsanlegt að afla tekna til uppbyggingar í öðrum atvinnurekstri af þeirri ríkulegu auðlind, á sama hátt og þeir, sem búa vel að orkulindum, leggja eitthvað á þær til svæðisbundinnar uppbyggingar. Þetta er aðeins sett hér fram til íhugunar og ábendingar í þessu sambandi, en ekki hugsað sem stefnumarkandi framlag á þessu stigi.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta hér og nú. Það verður eflaust tækifæri til þess að ræða þessi mál við síðari umr. ef ástæða þykir til af minni hálfu. Ég mun leitast við að koma upplýsingum á framfæri við þá þingnefnd sem um þetta mál fjallar. Ég tel mjög æskilegt ef iðnn. þingsins gætu unnið a. m. k. að hluta til sameiginlega að athugun þessa máls vegna þess stutta tíma sem við höfum til stefnu miðað við að þetta frv. verði lögfest eins og óskir eru um frá minni hálfu.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., en hv. 12. þm. Reykv. beindi til mín ákveðnum fsp. áðan sem ég tel rétt að fara örfáum orðum um.

Hann taldi að það væri mikið ósamræmi á milli þeirra áætlana, sem Landsvirkjun hefði látið frá sér fara fyrr á þessum vetri, og þeirra áætlana, sem nú lægju fyrir, sem gera það að verkum, eins og fram hefur komið, að Landsvirkjun treystir sér ekki til að afhenda kísilmálmverksmiðju orku nema með auknu afli. Ég bendi hins vegar á að hæstv. iðnrh. taldi að þetta kæmi sér ekkert sérstaklega á óvart. Ég reikna því með að þetta sé atriði sem menn hafi átt að geta gert sér grein fyrir í nokkuð langan tíma, enda hefur Landsvirkjun alltaf lagt mikla áherslu á þetta. Jafnframt Kvíslaveitum hefur ávallt komið fram í áætlun Landsvirkjunar að nauðsynlegt væri að auka aflgetuna.

Þegar frv. um raforkuver var samþykkt hér á Alþingi s. l. vor var bætt inn í það frv. stækkun Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana. Það var hins vegar gert að lítt athuguðu máli. Ég held að flestir þm. muni eftir því, hvernig þær breytingar á því frv. urðu til. Þær urðu til meira og minna á hlaupum eða á hnjám manna í göngum og hliðarherbergjum því að það þurfti að koma þessu frv. í gegn hvað sem það kostaði og þetta virtust vera þær breytingar sem dygðu til þess, að frv. fengi þann meiri hl. sem það hafði ekki áður. Þetta er hins vegar dæmi um til hvers óvönduð vinnubrögð geta leitt.

Ég minnist þess, þegar iðnn. Nd. fékk þessi mál til meðferðar, að fulltrúar Landsvirkjunar mættu þar og þeir lögðu mikla áherslu á, að jafnframt Kvíslaveitu og Þórisvatnsmiðlun kæmi aukið afl, og nefndu bæði Hrauneyjafoss og Sigöldu í því sambandi, en þeir nefndu þar líka möguleika á stækkun Búrfells. Menn fengu hins vegar ekki tækifæri í óðagoti nú síðustu daga þingsins til að kanna þessi mál rækilega og þess vegna var stækkun Sigöldu- og Hrauneyjafossvirkjana skellt inn í frv. á síðustu stundu. Ég tel að menn séu að vissu leyti að súpa seyðið af því nú því að nú liggja fyrir áætlanir um að það teljist mun hagkvæmara að byggja Búrfell II frekar en fara í stækkun Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjana. Hins vegar var stækkun Hrauneyjafoss- og Sigölduvirkjana eða stækkun Búrfells II aldrei stillt upp á móti byggingu Sultartangavirkjunar. Því mega menn ekki rugla saman.

Ég tel að sjálfsögðu nauðsynlegt að fulltrúar Landsvirkjunar gefi iðnn. Nd. skriflega álitsgerð um þetta mál og fulltrúar fyrirtækisins komi jafnframt til viðræðu við nefndina um þetta mál, en ég taldi þó rétt vegna orða hv. 12. þm. Reykv. að bæta því við sem ég hef nú sagt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 400, n. 506, 507). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Lög um búnaðarmálasjóð eru höfð til grundvallar við ákvörðun á gjaldstofni við álagningu á gjöldum bæði til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Lífeyrissjóðs bænda og til Bjargráðasjóðs. Það var skipuð nefnd af landbrh. til að semja frv. til laga bæði um búnaðarmálasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins og þetta frv. er frá þeirri nefnd komið.

Á þskj. 506 er nál. frá landbn. þar sem hún leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem er á sérstöku þskj., þskj. 507. Það eru ekki neinar efnisbreytingar í þessari brtt. við 2. gr. frv.

Það hefur verið 0.5% gjald til búnaðarmálasjóðs af öllum landbúnaðarvörum, en breytingin, sem þetta frv. felur í sér, er að það verði lækkað um helming eða verði hér eftir 0.25% gjald af afurðum alifugla, svína og fiskeldi, fiskrækt, veiðileigu og leigu á landi til annarra nota en búrekstrar. Að öðru leyti er þetta frv. samið með hliðsjón af þeim breytingum sem hafa orðið í landbúnaði á síðustu árum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 76. fundur.

Fimmtudaginn 15. apríl, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið er til dagskrár vil ég minnast Þórðar Benediktssonar fyrrverandi alþingismanns, sem andaðist í gærmorgun, 14. apríl, 84 ára að aldri.

Þórður Benediktsson var fæddur 10. mars 1898 á Grenjaðarstað í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hans voru Benedikt prófastur Þar Kristjánsson og Ásta Þórarinsdóttir seinni kona hans. Hann lauk verslunarskólaprófi í Reykjavík vorið 1919. Á árunum 1919—1920 vann hann verslunarstörf í Reykjavík, en dvaldist síðan erlendis 1920—1923. Í febrúar 1924 settist hann að í Vestmannaeyjum, hafði þar á hendi verkstjórn og starfaði auk þess við fiskmat og verslun fram til ársins 1942. Upp frá því átti hann heimili í Reykjavík, vann hjá Sambandi ísl. berklasjúklinga 1943 til 1974 og var framkvæmdastjóri Vöruhappdrættis SÍBS frá stofnun þess 1949 til 1967. Hann var varaformaður stjórnar Sambands ísl. berklasjúklinga 1946—1954 og formaður þess 1955—1974.

Þórður Benediktsson varð landskjörinn alþingismaður í haustkosningunum 1942. Kom hann til þingsetningar 14. nóvember, en varð að þingsetningardegi liðnum að hverfa frá störfum vegna veikinda. Átti hann ekki afturkvæmt til þings sökum heilsuleysis fyrr en 1. febr. 1946, en sat þá á þingi í þrjá mánuði í lok kjörtímabilsins. Þingsaga Þórðar Benediktssonar varð því ekki löng. Á öðrum vettvangi varð hann þjóðkunnur. Hann átti við berklaveiki að stríða og þekkti af eigin raun örðugleika berklasjúklinga í lífsbaráttunni. Á sjúkdómsárum hans unnu samtök berklasjúklinga og stuðningsmenn þeirra að því að bæta hlut berklasjúklinga, einkum þeirra sem áttu afturkvæmt úr sjúkrahúsum. Þar var hann einn forustumanna, sem unnu af eldmóði að því að gera hugsjónir að veruleika. Boðskapur þeirra fékk hljómgrunn hjá alþjóð og vitni um árangur þeirra samtaka má m. a. sjá á Vinnuheimilinu á Reykjalundi, sem hefur vakið verðskuldaða athygli víða um lönd, og á vinnustöðum öryrkja á öðrum stöðum. Þar sést farsælt ævistarf Þórðar Benediktssonar og samstarfsmanna hans.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Þórðar Benediktssonar með því að rísa úr sætum.

Jarðstrengur til sjónvarpssendinga, þáltill. (þskj. 602). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Fjáraukalög 1978, frv. (þskj. 530). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1978. Ríkisreikningurinn fyrir árið 1978 hefur verið lagður fram. Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent fjmrn. tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1978. Þeir leggja til að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgjöldum sem ríkisreikningurinn 1978 sýnir, að undanskildum alþingiskostnaði.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál, en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og til fjvn. með 42 shlj. atkv.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, 186). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Norðurlandasamningar um vinnumarkaðsmál, þáltill. (þskj. 562). — Fyrri umr.

Utanrrh. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda. Þessir samningar eru:

1. Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, sem var undirritaður í Kaupmannahöfn 6. mars 1982.
2. Samningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar, sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982.
3. Samningur um viðurkenningu á starfsréttindum

innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar, sem gerður var í Svendborg 25. ágúst 1981.

4. Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara í grunnskólum, sem undirritað var í Helsingfors 3. mars 1982.

Í athugasemdum með þessari þáltill. er gerð grein fyrir hverjum þessara samninga fyrir sig, tildrögum þeirra og efni þeirra í höfuðdráttum. Þetta eru auðvitað allt merkilegir samningar og mikilvægir hlekkir í norrænni samvinnu. Af þessum samningum er auðvitað fyrsti samningurinn sem nefndur var, samningurinn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað, mikilvægastur. Hann hefur verið alllengi í gildi á Norðurlöndunum, en Ísland stóð þar utan við af þeim ástæðum að ekki þótti fært fyrir Íslendinga að taka þátt í þeirri samvinnu. Nú hefur hins vegar orðið sú breyting á, að með fyrirvara, sem fékkst tekinn inn í samninginn, þar sem heimild er til að grípa til aðgerða ef nauðsyn krefur, þykir fært fyrir Íslendinga að fullgilda þennan samning og þær hlutaðeigandi stéttir, sem hér eiga mestan hlut að, mæla nú með honum.

Þar sem tími er nú naumur og þar sem málin eru allrækilega, þó í stuttu máli sé, skýrð í athugasemdum með þáltill. og nauðsyn ber til að koma þessari þáltill. til nefndar sem fyrst svo hún geti fengið afgreiðslu fyrir þinglok, þá ætla ég ekki, herra forseti, að lengja mál mitt meira um þetta að sinni, en leyfi mér að leggja til að þáltill. verði að þessari umr. lokinni vísað til utanrmn.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að segja hér fáein orð um dagskrármálið, sérstaklega samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars s. l.

Í sambandi við þennan samning og undirritun hans hafa komið fram vissar áhyggjur manna um að þetta gæti haft hættuleg áhrif á íslenskan vinnumarkað, hér væri gengið of langt í norrænni samvinnu, eins og það var orðað í einu dagblaðanna, og menn væru hér að reisa sér hurðarás um öxl. Ég vil af þessu tilefni vekja athygli á bókuninni sem fylgir samningnum um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Bókunin er á bls. 5—6 í þskj. 562 og þar segir í tölul. 7.f: „Samningurinn skal ekki vera því til fyrirstöðu að íslensk stjórnvöld geti, í sérstökum tilvikum og að höfðu samráði við hin samningslöndin, áskilið atvinnuleyfi í því skyni að koma í veg fyrir röskun jafnvægis vegna hópflutninga starfsfólks eða meiri háttar flutning einstaklinga sem beinast að sérstökum svæðum, störfum eða atvinnugreinum." Þessi bókun hefur sama gildi og samningurinn sjálfur.

Í öðru lagi er ljóst að orðið „samráð" í þessum texta, í bókun 7.f, þýðir ekki „samþykki" hinna samningslandanna, þannig að Ísland getur að eigin frumkvæði tekið ákvörðun um að krefjast atvinnuleyfa vegna Norðurlandabúa ef verulegur tilflutningur fólks virðist ætla að stuðla að röskun jafnvægis eða meiri háttar flutningum á fólki inn á ákveðin svæði, í ákveðin störf eða ákveðnar atvinnugreinar.

Í þriðja lagi vil ég minna á að textinn, sem er um að ræða í bókun 7.f, er gerður í fullu samkomulagi við Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja eftir marga samningafundi með fulltrúum þessara aðila, sem höfðu verið andvígir því, að Ísland gerðist aðili að þessum samningi, en Vinnuveitendasamband Íslands hafði hins vegar um áratugaskeið verið hlynnt því, að Ísland gerðist aðili að þessum samningi.

Ég vil einnig láta það koma fram hér úr þessum ræðustól við fyrri umr. málsins, að þennan skilning minn, sem ég hef hér sett fram, lét ég koma fram í nefnd norrænna vinnumálaráðherra á Norðurlandaráðsþingi og á blaðamannafundi sem norrænir vinnumálaráðherrar héldu í Kaupmannahöfn 6. mars s. l., þar sem sérstaklega var greint frá samningi þessum. Þannig er samningsaðilunum fullljóst með hvaða fyrirvörum við erum aðilar að þessum samningi.

Þetta taldi ég nauðsynlegt að kæmi fram fyrir þingheim þegar í stað, herra forseti.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til utanrmn. með 33 shlj. atkv.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 284). — Ein umr.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni og Benedikt Gröndal leyft mér að flytja till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Þessi till. hefur nú legið alllengi fyrir Sþ. og umr. um hana hefjast því fremur seint að mínu mati, en það hefði verið fyllilega tímabært að fjalla um flugmálastefnu hér á þingi miklu fyrr á þessum vetri þannig að þingheimur hefði átt þess kost að fjalla um það stefnuleysi sem nú ríkir í íslenskum flugmálum og er nánast að gera þau að hálfgerðum skrípaleik.

Ég mun nú gera grein fyrir þessari till., en hún er í átta meginatriðum. Sjálf till. er ærið viðamikil og því eðlilegt að það þurfi nokkurn tíma til að fjalla um hana. Í till. segir, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að móta opinbera stefnu í íslenskum flugmálum, er byggist á eftirtöldum grundvallaratriðum:

1. Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.

2. Öðrum flugfélögum í innanlandsflugi verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsynlegt reynist, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða, er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir.

3. Verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja það, að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna.

4. Ekkert flugfélag skal hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug.

5. Stefnt skal að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi.

6. Framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkv. fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5% fjárlaga. Því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs.

7. Þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli í samræmi við þá stefnumörkun stjórnvalda, að aðskilja beri almenna flugstarfsemi á flugvellinum frá starfsemi varnarliðsins.

8. Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og reist ný flugstöð er öll flugfélög geti haft not af."

Herra forseti. Þetta eru átta liðir, grundvallaratriði í þeirri till. sem við höfum leyft okkur að flytja hér um mótun opinberrar stefnu í flugmálum. Ég mun síðar í ræðu minni koma að hverjum einstökum lið og geta ýmissa atriða, sérstaklega þess sem hefur verið að gerast á síðustu misserum, og er fyllsta ástæða til þess að þingið gefi gaum að ýmsum upplýsingum sem ég hef aflað mér varðandi þau mál sem hafa verið ofarlega á baugi síðustu vikur og mánuði.

Ég ætla þá fyrst að víkja nokkuð að grg. sem fylgir með þessari till., en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Það má öllum vera ljóst, að góðar og öruggar flugsamgöngur eru Íslendingum mikilvægari en flest annað. Þetta á bæði við um flugsamgöngur við umheiminn og innanlands. Segja má með fullum rétti, að traustar flugsamgöngur séu íslensku þjóðinni trygging fyrir frelsi hennar og sjálfstæði. En þetta verður ekki að fullu tryggt nema flugið sé að að mestu eða öllu leyti í höndum Íslendinga sjálfra, en þó auðvitað innan þeirra marka er alþjóðlegir samningar setja, og er þá átt við gagnkvæma loftferðasamninga.

Til þess að tryggja góðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Íslandi, svo og innanlands til frambúðar, verður að vera kleift að þróa rekstrareiningar í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi."

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja sérstaka áherslu á þessa síðustu setningu, sem ég las hér: „Til þess að tryggja góðar og öruggar flugsamgöngur til og frá Íslandi, svo og innanlands til frambúðar, verður að vera kleift að þróa rekstrareiningar í þá stærð, sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi." Þetta er, herra forseti, rauði þráðurinn í þeirri till. sem við leyfum okkur að flytja hér. Það er rauði þráðurinn að rekstrareiningar í flugi geti verið svo stórar að þær geti sinnt fluginu allt árið, en ekki eingöngu á þeim tímum ársins þegar hagnaðarvonin er mest og að þetta verði enn fremur gert með fullnægjandi öryggi í huga. Þetta er mjög veigamikið atriði í þessari tillögu. — En síðan segir, með leyfi forseta:

„Á mælikvarða hinna risavöxnu alþjóðlegu flugfélaga eru íslensk flugfélög örsmá, og mundu þau vafalaust eiga erfitt um vik ef stóru flugfélögin tækju þá ákvörðun að hefja harða samkeppni í Íslandsflugi, sem þau hafa rétt til samkv. gildandi tvíhliða loftferðasamningum."

Herra forseti. Hér er einnig komið að mjög mikilvægu atriði, sem mér finnst og er sannfærður um að enginn skilningur hafi verið á hér á landi undanfarin ár. Menn hugleiða það ekki, þegar þeir tala um uppbyggingu flugmála á Íslandi, að erlend flugfélög í þeim löndum, sem við höfum tvíhliða loftferðasamninga við, geta flogið inn á íslenskan markað hvenær sem þeim þóknast, og það er að gerast nú þegar. T. d. er SAS að undirbúa talsvert mikið flug hingað til lands á sumri komanda, sem auðvitað mun stórskaða íslensku flugfélögin, og það veit enginn hverjir fylgja í kjölfarið. Ég leyfi mér að lesa áfram, herra forseti:

„Íslensk stjórnvöld hafa aldrei mótað alhliða flugmálastefnu, sem spannar hið stóra svið millilanda- og innanlandsflugs. Þó hafa stöku ríkisstjórnir og ráðh. látið vinna allgott starf, er að notum getur komið við mótun alhliða opinberrar stefnu í flugmálum.

Í málefnasamningi ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens eru nokkur atriði, er snerta samgöngumál almennt og flugmál sérstaklega. Þau atriði verða nú rakin hér:

a) Unnið verði að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er.

b) Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið allt og einstaka landshluta.

c) Lögð verði áhersla á bætt skipulag flutninga innanlands og milli landa.

d) Framkvæmdum við flugvelli og öryggisbúnað þeirra verði hraðað.

e) Í byggðamálum verði unnið að brýnum framkvæmdum í undirstöðuþáttum, svo sem á sviði orkumála, samgangna og fjarskipta.

f) Áætlanir um flugstöð á Keflavíkurflugvelli verði endurskoðaðar og ekki ráðist í framkvæmdir við hana nema með samkomulagi allra aðila í ríkisstjórninni.

g) Athugað verði, hvort rétt sé að breyta því skipulagi, að utanrrn. hafi yfirstjórn allra málaflokka á Keflavíkurflugvelli."

Herra forseti. Mig langar aðeins að doka við nokkra liði málefnasamnings núv. ríkisstj.

Í a-lið segir, að unnið skuli að því að færa viðhald flugvéla í meira mæli inn í landið en nú er. Eitthvað hefur verið að því gert, en ekki nærri nógu mikið.

Í b-lið segir: „Gerðar verði samgönguáætlanir fyrir landið allt og einstaka landshluta." Ég hef ekki orðið var við samgönguáætlanir af þessum toga spunnar í tíð núv. ríkisstj.

Í c-lið segir: „Lögð verði áhersla á bætt skipulag flutninga innanlands og milli landa." Í þeim efnum hefur heldur farið á verri hliðina en þá skárri.

Síðan segir í d-lið: „Framkvæmdum við flugvelli og öryggisbúnað þeirra verði hraðað." Í því hefur ekkert tiltakanlegt átak verið gert.

En ég mun lesa áfram, með leyfir forseta, úr athugasemdum: „Af þessari upptalningu má ljóst vera, að núv. ríkisstj. hefur ekki fremur en aðrar ríkisstjórnir gert tilraun til að móta alhliða flugmálastefnu.

Í desember 1976 var dreift á Alþingi skýrslu sérstakrar nefndar um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, sem lokið var við í nóvember sama árs. Skýrsla þessi var síðan lögð fram sem þskj. 594 og henni fylgt úr hlaði með ræðu samgrh. í Sþ. hinn 4. maí 1977. Áminnst skýrsla hefur verið höfð til hliðsjónar hjá flugráði og samgrn. við gerð fjárlagatillagna fyrir árið 1977 og 1978.

Ljóst er að ekki er unnt að mæta tillögum flugvallanefndar um fjármagn og framkvæmdahraða, en þar sem í skýrslu hennar eru á glöggan hátt dregnar saman upplýsingar um núverandi ástand íslenskra flugvalla og gerðar tillögur um sem skipulegastar úrbætur í þeim efnum, þá hefur verið talið rétt að leita með tillögu þessari eftir vilja Alþingis um alhliða stefnumörkun þess í uppbyggingu flugvalla og annars þess búnaðar sem nauðsynlegur er til sem öruggastra flugsamgangna hér á landi.

Hinn 2. maí 1978 var síðan afgreidd frá Sþ. þáltill., er

hljóðar svo:

„Alþingi ályktar, að stefnt skuli að því við skiptingu þess fjár, sem árlega er veitt til framkvæmda í flugmálum, að hliðsjón verði höfð í öllum meginatriðum af tillögum um flugvallanefndar frá nóvember 1976 og að við mat á forgangsröð slíkra framkvæmda verði eftirfarandi einkum haft í huga: a) Öryggisbúnaður flugvallarins. b) Aðbúnaður flugfarþega. c) Fjöldi flughreyfinga og magn flugflutninga. d) Ástand núverandi flugbrauta og/eða búnaðar. e) Mikilvægi flugs fyrir viðkomandi byggðarlag. f) Þarfir millilandaflugs."

Það er á valdi hvers og eins þm. að meta og vega á hvern hátt þessari þáltill. hefur verið fylgt eftir."

Herra forseti. Ég mun nú taka fyrir einstakar greinar, sem eru grundvallaratriði þessarar þáltill., og í sambandi við það geta margvíslegra nýrra upplýsinga sem ég hef aflað mér, sérstaklega vegna þeirra atburða sem orðið hafa í flugmálum síðustu misseri hér á landi og eru að verða einn mesti skrípaleikur sem þjóðin hefur orðið vitni að í flugmálum.

Í tölulið 1 segir að stefnt skuli að því að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands. — Þessi stefna byggist á því grundvallaratriði, að rekstrareiningar nái að þróast í þá stærð sem nauðsynleg er til að geta sinnt áætlunarflugi allt árið við fullnægjandi öryggi. Þetta tók ég fram í upphafi máls míns.

Það er öllum mönnum ljóst, sem eitthvað fást við flugmál á Íslandi, að millilandaflugið og aðalflugleiðir innanlands eru ekki til skiptanna, ef unnt á að vera að bjóða öruggar flugsamgöngur. Þetta hefur verið sannað með margvíslegum rökum, sem ekki verður hnekkt. Þá er þessi stefna staðfest er stjórnvöld beita sér fyrir sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða árið 1973. Í bréfi samgrh., dags 25. júní 1973, kemur þessi stefna mjög skýrt fram, en þar segir orðrétt — og vil ég biðja menn að taka eftir, þetta les ég með leyfi forseta:

„Ráðuneytið vitnar til þess, sem fram hefur komið varðandi réttindi nýs sameinaðs flugfélags, ef stofnað verður, í viðræðum þeim um samvinnu eða sameiningu Flugfélags Íslands hf. og Loftleiða hf., sem staðið hafa yfir frá því seint í nóvember s. l. ár, með þátttöku trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar, og nú eru komnar á lokastig.

Sjónarmið flugfélaganna um þessi atriði eru dregin saman í 6. lið bréfs stjórnarformanns Loftleiða, dags. 30. f. m., til ráðuneytisstjóra samgrn., sem hefur stjórnað umræddum viðræðum.

Ráðuneytinu virðist að einkum sé um eftirgreinda þrjá þætti réttinda til flugstarfsemi að ræða, sem óskað er staðfestingar rn. á, að nýtt sameinað félag mundi njóta:

1) Hið sameinaða félag fái einkarétt á öllu áætlunarflugi til útlanda. 2) Hið sameinaða félag fái sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands. 3) Hið sameinaða félag fái forgangsrétt til leiguflugs til og frá útlöndum eftir því sem við verður komið."

Herra forseti. Hér kemur skýrt fram hver er vilji og hver er stefna þeirra stjórnvalda sem fóru með flugmál þegar stefnt var að sameiningu Flugfélags Íslands og Loftleiða. Það er algjörlega ljóst og getur ekki farið fram hjá nokkrum einasta manni, að þetta voru skynsamleg vinnubrögð. Það eru skynsamleg vinnubrögð í 220 þús. manna þjóðfélagi að reka eitt sterkt áætlunarflugfélag sem hefur sérleyfi til áætlunarflugs á millilandaflugleiðum og helstu flugleiðum innanlands. Allt annað er fásinna. Og þegar hæstv. samgrh. stendur upp og segir í blöðum, eins og hann hefur leyft sér að segja, að hann vilji marka þá stefnu, að hér séu tvö áætlunarflugfélög, þá er sú stefna ekki mörkuð af neinum skynsamlegum rökum eða neinu skynsamlegu viti. Það er eitthvað annað sem liggur þar á bak við. Á sama tíma og við lesum þetta í íslenskum blöðum flettum við líka erlendum blöðum þar sem segir frá því, að flugfélög séu núna í stórum stíl að verða gjaldþrota, flugfélög sem eru tíu sinnum stærri en Flugleiðir, flugfélög og aðilar sem hafa prédikað að samkeppni sé nauðsynleg í flugi til að lækka fargjöld. Núna standa Bandaríkjamenn frammi fyrir mestu erfiðleikum í flugi Bandaríkjanna um 20 ára skeið. Og þá stendur hæstv. samgrh. upp á Íslandi, þar sem hann á að stjórna flugmálum 220 þús. manna, og segir að það verði að efna til samkeppni. Þetta er ekki mjög vitrænt. Ég held að það hljóti að vera hverjum manni ljóst, að á bak við þá stefnu að hafa hér í landi tvö áætlunarflugélög, sem keppa um millilandaflugið, hljóti að vera eitthvað annað en umhyggja fyrir íslensku flugi og öryggi þess. Ég vil líka benda á að hæstv. samgrh. hefur ekki með þessari flugleyfastefnu — ég veit ekki hvort ég á að segja: gjöfum sínum eða hvort ég á að nota eitthvert annað orð — stofnað til samkeppni. Menn skyldu átta sig á að hann hefur ekki stofnað til samkeppni, heldur hefur hann stofnað til áætlunarflugs á nýjum flugleiðum til hliðar við þær sem fyrir hendi eru. Það hefur ekki verið stofnað til neinnar samkeppni með þeim flugleyfum sem þessi hæstv. samgrh. hefur gefið út að undanförnu.

Það mál, flugleyfamálið, er náttúrlega svo alvarlegt mál að hv. Alþingi yrði helst að fjalla um það alveg sérstaklega. Mig langar í þessu sambandi að geta þess, sem ég efast um að margir hafi áttað sig á, vegna þess flugleyfis sem hæstv. ráðh. veitti Arnarflugi, flugleyfis sem Iscargo hafði áður og mátti skilja á hæstv. ráðh. að hann væri að pína Iscargo hf. til að skila svo Arnarflug gæti fengið það, — það væri ekki inni í myndinni að hann gæti látið Arnarflug hafa flugleyfi á sömu flugleið ef Iscargo hefði það flugleyfi. Nú þykir mér slæmt að ráðh. skuli ekki vera hér í salnum því að mig langar að veifa framan í hann loftferðasamningum, sem Íslendingar og Hollendingar hafa gert annars vegar og Íslendingar og Vestur-Þjóðverjar hins vegar, þar sem ljóst kemur fram að hæstv. ráðh. getur veitt eins mörgum flugfélögum og honum þóknast flugleyfi á flugleiðinni til Amsterdam og til München. Þetta getur hann samkvæmt þessum samningum, sem ég hef hér í höndunum. Og það er skilningur fróðustu manna, sem ég hef hér einnig, að þessir samningar séu þess eðlis, að það séu engin takmörk á því, hve mörgum flugfélögum sé hægt að veita flugleyfi á þessum flugleiðum. En hæstv. samgrh. hefur látið skiljast að hann væri að gera Arnarflugi hf. stórgreiða með því að láta Iscargo hf. skila flugleyfi sínu svo Arnarflug gæti fengið það. Í þessu felst auðvitað svo dæmalaus blekking að ég stórefast um að t. d. Arnarflugsmenn hafi áttað sig á þessu í þeim samningum sem gerðir voru um kaup Arnarflugs á Iscargo hf. Það er mjög alvarlegt mál sem hér er á ferðinni. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa upp álit fróðs manns á þessum samningum svo það fari ekkert á milli mála. — Af því að hæstv. ráðh. er genginn í salinn væri kannske gott fyrir hann að vita, að

hann gat veitt Arnarflugi flugleyfi til Amsterdam án þess að taka það af Iscargo. Hann hafði heimild til þess samkvæmt loftferðasamningum. Trúi ráðh. því ekki eru samningarnir í höndum mér. Þar er talað um flugfélög og flugleyfi, en ekki flugfélag og eitt flugleyfi.

Um samninginn milli Íslendinga og Hollendinga annars vegar og Vestur-Þjóðverja og Íslendinga hins vegar segir í áliti þessa sérfróða manns: „Samningar þessir eru báðir birtir í þriggja bóka útgáfu. Hún hlýtur að vera til í Alþingi og heitir „Samningar Íslands við önnur ríki". Engin spurning er um það, að samkvæmt báðum þessum samningum geta bæði aðildarlöndin tilnefnt eitt eða fleiri félög til að fara með sín samningsréttindi, sbr. þau orð sem merkt eru o. s. frv. í samningunum. Við Svisslendinga er enginn formlegur samningur til og ekki fyrirhugaður, heldur mun hafa verið rætt um „ad hoc"-leyfi eins íslensks félags að áskildum gagnkvæmum réttindum fyrir þeirra félag hér ef óskað væri eftir af svissneskum stjórnvöldum."

Það er því alveg ljóst, að þessi samkeppnisþáttur í stefnuleyfi samgrh. í flugmálum er út í loftið. Hann er bara vitleysa. Hann er eitthvað sem hann uppdiktar og býr til. Þetta á enga stoð neins staðar. Hann hefur ekki efnt til neinnar samkeppni. Ég held að menn verði að gera sér ljóst að hér er á ferðinni mjög alvarlegt mál.

Allt það mál sem snertir Iscargo og Arnarflug er alvarlegt, og ég dreg stórlega í efa að aðilar þess máls hafi áttað sig á hvað þar fór fram.

Þá langar mig líka í innskoti að gera nokkra grein fyrir því, úr því að ég er farinn að ræða þennan þátt þessarar till., að ef vandlega er að gætt eru eins miklar líkur á því, að þessi samningur sé brot á hlutafélagalögum landsins og væru þar mörg atriði sem koma inn í. Ég skil raunverulega ekki hvernig hægt var að undirrita þennan samning án þess að menn skyggndust í hlutafélagalögin og athuguðu hvað þau segja. Við skulum líta á 78. gr. þessara laga. Þar segir, með leyfi forseta: „Hluthafafundur má ekki taka ákvörðun, sem bersýnilega er fallin til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins." — Þessi kaupsamningur hefur ekki verið borinn undir hluthafafund, eins og ber að gera að allra lögfróðra manna áliti.

Ég vil einnig — með leyfi forseta — benda á 63. gr. þessara laga. Þar segir: „Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélags samkvæmt því sem lög og samþykktir þess ákveða." — Fer með æðsta vald. Þess vegna hlýt ég að draga þá ályktun, að þennan samning hefði átt að bera undir hluthafafund. Ég leyfi mér þess vegna að segja það hér á hinu háa Alþingi, að allt, sem snertir þennan samning, allt, sem snertir þá flugmálastefnu eða stefnuleysi, sem þessum samningi fylgir og þeim leyfisútgáfum sem hafa átt sér stað, er af þeim toga spunnið að fyllsta ástæða væri til að skoða það mál ofan í kjöl. Og ég vænti þess fastlega, að hæstv. fjmrh., þó hann sé nú ekki viðstaddur hér, láti fara fram það mat á eignum Iscargo hf. sem hér hefur verið óskað eftir skýrslum. Þá mun ýmislegt koma í ljós, fáist það mat gert, sem mun koma hv. þm. á óvart.

Mig langar enn að vitna til hlutfélagalaganna, með leyfi forseta. Þar segir í 60. gr.: „Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir, sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hlutahafa eða félagsins."

Iscargo hf. er hlutafélag. Mér er ekki kunnugt um að salan á því félagi eða eignum þess hafi verið borin undir hluthafa. Það ber allt að sama brunni í þessu máli. Það er fnykur af því, eins og ég orðaði það í umr. utan dagskrár um samninginn.

Það er kannske ástæða til að koma síðar að ýmsum atriðum í því stefnuleysi sem hér hefur ríkt í flugmálum og er mjög alvarlegt fyrir þjóð sem byggir jafnmikið á góðum flugsamgöngum við umheiminn, eyland út í miðju Norður-Atlantshafi, sem verður að tryggja frelsi sitt og tilveru m. a. með góðum og traustum samgöngum, en ekki þeirri hringavitleysu sem hefur átt sér stað í flugmálum hér undanfarin misseri, sem eru öllum aðilum, sem að hafa staðið, til háborinnar skammar.

Þá ætla ég að víkja lítillega að 2. lið þessarar till. (Gripið fram í.)

Ég á talsvert eftir, já. Vill þm. komast að fljótlega?

Í 2. tölulið segir að öðrum flugfélögum verði gert kleift, með opinberri aðstoð ef nauðsyn krefur, að tengjast neti aðalflugleiða til að halda uppi áætlunarflugi til þeirra staða er aðalflugleiðirnar ná ekki til. Þessir tveir flokkar flugleiða verði skýrt afmarkaðir. — Um þennan lið má segja að gildi mörg af þeim rökum er fram koma í skýringum við 1. tölulið. Hér gildir það einnig að rekstrareiningar í innanlandsflugi geti orðið svo stórar að unnt reynist að halda uppi öruggu og reglulegu flugi með góðum flugvélum á fjölförnustu leiðum. Ég þarf varla að skjóta því hér inn í, að menn skyldu aðgæta hvað hefur verið að gerast með flugvélar íslenska flotans að undanförnu. (Gripið fram í.) Flugleiða, já. Einmitt, hæstv. ráðh., það er nefnilega málið. (Gripið fram í.) Það er málið. Það skyldi þó ekki vera vegna þess, hæstv. ráðh., að svo hafi þrengt að félaginu að því sé ekki unnt að halda uppi því eftirliti sem nauðsyn krefur og öryggisreglur krefjast, endurnýjun flugvélaflota og annars. Ráðh. þarf ekki að koma fram með þær vangaveltur sínar, sem hann hefur borið hér á borð, að það hatist allir Íslendingar við Flugleiðir. Það er mesti misskilningur. Hæstv. ráðh. hefur sagt hér hvað eftir annað í umr. á þingi, að fólk sé orðið leitt á þjónustuleysi þessa félags, sé orðið leitt á því, að það hafi staðið sig illa, og sé orðið leitt á ýmsum þáttum í rekstri þess. Þetta hefur ráðh. sagt berum orðum hér. (Gripið fram í.) Þar er hann beinlínis að segja það sem ég hef verið að fullyrða hér, að þjónustan væri ekki nógu góð. Og af hverju er hún ekki nógu góð? Getur það verið af því að þetta félag hefur verið í það miklu rekstrarfjársvelti að Alþingi hefur orðið að samþykkja sérstök lög til að halda rekstri þess gangandi, — lög sem voru auðvitað tóm vitleysa? Það átti aldrei að fara út í að styrkja Norður-Atlantshafsflugið hjá þessu félagi. Ég mótmælti því mjög harðlega á sínum tíma, enda endemis endaleysa, og mun koma í ljós þótt síðar verði að það flug stendur sig ekki og mun aldrei gera með þeim flugvélakosti sem félagið hefur. (**Gripið fram í:** Á að leggja niður flug til Ameríku?) Það er allt í lagi að hafa 1—2 ferðir í viku, hv. þm. (**Forseti:** Ekki samtöl á fundinum.) Langi þm. í samtal er það allt í lagi mín vegna. Ég skal heldur ræða málið við hann frammi í reykstofu á eftir.

Í sambandi við 2. tölulið þarf vart að minnast á nauðsyn eðlilegrar endurnýjunar flugflotans, en af ýmsum ástæðum og þá m. a. vegna rangrar verðlagsstefnu hefur

ekki reynst unnt að endurnýja innanlandsflugflotann eins og æskilegt hefði verið. Ég held að hv. þm. ættu að kynna sér aldur þeirra flugvéla sem notaðar eru í innanlandsflugi hér á landi. Ég er ekki þar með að segja að þær séu lakari vélar, en engu að síður slitnar það sem lengi er notað.

Um nokkurra ára skeið hafa lítil flugfélög haldið uppi áætlunarflugi innan landsfjórðunga. Forustumenn þeirra félaga hafa sýnt fádæma dugnað og gjörbreytt öllum samgöngum til einangraðra byggðarlaga. Þeir hafa hins vegar fengið lítinn stuðning til að halda rekstrinum gangandi þegar illa hefur árað. Þetta flug er mikilvægt og lífsnauðsynlegt. Hið opinbera verður að veita þessu flugi meiri stuðning en nú er, en binda svo um hnúta að ekki skarist aðalflugleiðir og þær sem litlu flugfélögin hafa annast.

Hér er líka komið að mjög mikilvægu atriði. Ég tel nauðsynlegt að það verði afmarkað svið aðalflugleiða innanlands þar sem boðið verði upp á margar reglubundnar ferðir á milli staða sem við getum gengið að því vísu og með nokkru öryggi að verði flogið til vegna þess að flugvélar séu í lagi og öryggistæki séu í lagi. Síðan verður að halda uppi þjónustunni til hinna minni einangruðu byggðarlaga sem, eins og ég áðan nefndi, harðduglegir menn víða um land hafa gert án þess að njóta — ja, ég vil segja: nokkurs stuðnings ríkisvaldsins.

Um 3. tölulíðinn vil ég segja þetta: Þar er talað um að verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum verði gerð raunhæf til að tryggja að eðlileg endurnýjun flugflota, þjónusta og rekstur geti farið fram og fyllsta öryggis sé gætt í hvívetna. — Það hefur áður verið á það minnst, að röng verðlagsstefna, sem ég kalla svo, í fargjaldamálum hafi komið í veg fyrir að þessi endurnýjun gæti átt sér stað. Umtalsverður hallarekstur á innanlandsflugi svo og öðru flugi hlýtur fyrr eða síðar að hafa þær afleiðingar, að allt viðhald verði dýrara og óhagkvæmara eftir því sem flugvélarnar verða eldri. Þetta er hættuleg stefna í flugi, þar sem mikið ríður á að flugvélakostur sé sem fullkomnastur og að tafir verði ekki óeðlilega miklar vegna tíðra bilana. Þetta er einnig að mati flm. umtalsvert öryggisatriði. Ég held að það þurfi ekki að fara fleiri orðum um þennan lið.

Um 4. tölulíðinn hef ég þetta að segja: Í 4. tölulið segir að ekkert flugfélag skuli hafa forgangsrétt til leiguflugs og öllum frjálst að semja við hvaða flugfélag sem er, uppfylli það skilyrði um öryggismál. Þess verði þó ávallt gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug. — Þessi tölulíður þarfnast ekki margra skýringa. Í honum er kveðið svo á, að ferðaskrifstofum og öðrum þeim aðilum, sem skipuleggja hópferðir, sé heimilt að semja við hvert það flugfélag er best kjör bíður, svo fremi að flugfélagið uppfylli allar kröfur um öryggisreglur. Þess verði hins vegar gætt, að leiguflug verði aldrei í beinni samkeppni við almennt áætlunarflug.

Herra forseti. Þetta er ákvæði um að það verði ekki komið í veg fyrir að allir, sem áhuga hafa, geti stundað leiguflug, geti notað leiguflug svo lengi sem viðkomandi þyki það heppilegt og fram hafi farið útboð t. d. á slíku leiguflugi. Hins vegar vil ég fyrirbyggja að leiguflug af því tagi fari í bága við áætlunarleiðir. Ég tel það bæði óheppilegt og óeðlilegt.

Um 5. tölulið segir að stefnt skuli að því, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla í íslenska flugflotanum fari fram á Íslandi. — Nokkrar ríkisstjórnir hafa haft þetta mál á stefnuskrá sinni og íslenskir flugvirkjar hafa barist fyrir framgangi þess. Talsvert hefur miðað áleiðis. Í till. er minnt á ályktun sem trúnaðarráð Flugvirkjafélags Íslands gerði og sendi frá sér, þar sem skorað er á stjórnvöld að færa þessa viðhaldsþjónustu sem mest hingað til lands, sem ég tel bæði nauðsynlegt og eðlilegt einnig. Um þetta hef ég ekki fleiri orð.

Í 6. tölulið segir að framlag ríkissjóðs til flugmála ár hvert samkvæmt fjárlögum nemi eigi lægri fjárhæð en 1.5% fjárlaga, því fé verði varið í samræmi við þá áætlun, sem gerð var 1976 um áætlunarflugvelli og búnað þeirra, og tilgreindar tölur færðar til verðlags hvers árs. — Við athugun fjárlaga áranna 1968—1981 kemur í ljós að framlag ríkissjóðs til flugmála sem hlutfall af niðurstöðu fjárlaga hvers árs er sem hér segir: 1968 0.96%, 1969 0.99%, 1970 0.80%, 1971 0.79%, 1972 0.86%, 1973 0.70% og 1974 1.06%, sem er hæsta hlutfallið sem farið hefur til flugmála af fjárlögum á þessu árabili. 1975 fer hlutfallið aftur niður í 0.92%, 1976 niður í 0.54%, 1977 0.68% og 1978 í það lægsta sem það hefur verið 0.46%, 1979 upp í 0.53%, 1980 0.55% og 1981 0.60%. Það er raunverulega ekkert undarlegt þótt flugmálastjóri lýsi því yfir í blöðum, að Alþingi Íslendinga og stjórnvöld hafi engan áhuga á flugmálum yfirleitt. Það kemur ekki á óvart. Það kemur mér ekki á óvart m. a. vegna þess að ég hef fylgst talsvert grannt með störfum núverandi flugmálastjóra sem hefur oft og tíðum orðið að fara til útlanda og ganga í búðir félaga okkar, Bandaríkjamanna, til að betla tæki til flugöryggisþjónustu bæði hér í Reykjavík og úti á landi, tæki af ýmsum toga, afdankaða slökkviliðsbíla o. fl. slíkt.

Það er ekki mikil reisn yfir þessari flugmálastefnu. Þetta er auðvitað engin flugmálastefna. Það er engin flugmálastefna að vera með þrjá malbikaða flugvelli í landinu, en allir hinir eru malarvellir. Sumir hverjir verða eins og forað á vorin, eins og Egilsstaðaflugvöllur og fleiri flugvellir t. d. Raufarhafnarflugvöllur. Ég get talið þá á fingrum mér allt í kringum landið. Sé ég nú að hv. þm. Alexander Stefánssyni er skemmt, eins og ævinlega þegar einhver mál af þessum toga koma til umr. á hv. Alþingi. Hann hefur kannske einhverja hugmynd um hvernig flugvellir eru í hans kjördæmi, og væri gaman ef hv. þm. kæmi hér upp á eftir og segði frá því.

Ég held að það hljóti allir að gera sér grein fyrir því, að með framlögum af þessu tagi til flugmála næst enginn árangur, hvorki í öryggismálum, flugvallamálum né neinu af því tagi, aldrei nokkur einasti árangur, því þetta fjármagn er auðvitað ekki neitt. Ég tel ekki ástæðu til að rekja athugasemdir við þessa prósentuliði. Það getur hver lesið það sem vill. Það er villa þarna að vísu í till. Það hefur komið inn setning þar sem segir „athugasemdir við einstakar greinar frv". Þetta er greinilega úr einhverju öðru máli og á ekki heima hér.

Það eru að mati sérfróðra manna litlar líkur á að verulegar framfarir geti orðið við gerð og búnað flugvalla hér á landi á næstu árum nema umtalsverð hækkun verði á fyrrgreindu hlutfalli. Hefur verið staðnæmst við töluna 1.5% af niðurstöðutölu fjárlaga.

Það þarf ekki að rekja frekar það ófremdarástand sem ríkir í þessum málum. Það þekkja allir hér og kannske þá frekar sem farþegar, en ekki síður þeir sem þurfa að stjórna þessum verðmætu tækjum og fljúga með fólk út og suður um landið, bera ábyrgð á mannslífum. Ég verð að segja það sem persónulega skoðun mína, að það er

mikil mildi að ekki skuli hafa orðið alvarlegri slys í íslensku flugi en orðið hafa. Það er mikið lán, sem hvílir yfir þessum samgönguþætti hér á landi, að ekki skuli hafa orðið alvarlegri slys en raun ber vitni um. Það er ekki okkur alþingismönnum að þakka og ekki hinu háa Alþingi. Það er kannske fyrst og fremst að þakka hæfum flugmönnum og flugvélavirkjum.

Í 7. töluliðnum er vikið að framkvæmdum við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Ég hef oft og mörgum sinnum lýst þeirri skoðun minni hér á Alþingi, að mér þyki það þjóðarósómi fyrir Íslendinga að þurfa að fara frá landi sínu inni á miðju varnarsvæði erlends hers og koma til landsins á sama stað. (**Gripið fram í:** Bara senda herinn í burtu.) Og það er ekki heldur þjóðarsómi að því að taka á móti útlendingum t. d., sem til landsins koma, inni í miðri herstöð. Það er m. a. af þeirri ástæðu sem ég tel mjög brýnt að færa þessa flugstöð út fyrir varnarsvæðið. Ég hef ekki skilið t. d. afstöðu Alþb.-manna í þessu máli, þ. e. að vera ekki sammála um að reyna að hraða því að koma flugstöðinni út fyrir varnarsvæðið. Ég hef stundum orðað það svo, að þetta kynni að vera einhver sálfærðileg herfræði, þ. e. að minna menn óaflátanlega á að varnarliðið er þarna með því að neyða þá til að þurfa að nota þessa flugstöð, sem er auðvitað ekkert annað en skúrabygging frá því um 1950 sem hvorki heldur vatni né vindi og er okkur sem fullvalda þjóð auðvitað til skammar.

Í 8. tölulið þessarar till. er komið að mjög mikilvægum þætti, sem um hefur verið deilt og verður á næstu árum, en ég vil að verði tekin afstaða til vegna þess að ekki er hægt að hanga svona í lausu lofti með annan mikilvægasta flugvöll landsins, ef ekki mikilvægasta flugvöllinn, Reykjavíkurflugvöll. Þar segir og er því slegið föstu, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs, með það í huga verði hann endurbættur eftir föngum og ný flugstöð reist er öll flugfélög geta haft afnot af.

Oft hefur verið um það rætt, að flytja bæri Reykjavíkurflugvöll og nota flugvallarsvæðið fyrir nýtt íbúðahverfi, og hefur jafnvel verið talað um nýjan miðbæ. Allar þessa hugleiðingar hafa strandað á þeirri einföldu staðreynd, að annar staður er ekki betri fyrir flugvöll í nágrenni Reykjavíkur. Kostnaður við gerð nýs flugvallar yrði gífurlegur og nýr flugvöllur eyðilegði það hagræði sem er að því að hafa flugvöll í miðri borginni.

Eins og flug hefur verið rekið frá Reykjavíkurflugvelli hin síðari árin hefur það hvorki valdið ama né óþægindum. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum er brýnt að hefja þegar lagfæringar og endurbætur á Reykjavíkurflugvelli og síðast en ekki síst að reisa þar nýja flugstöð. Þessu máli til stuðnings fylgir hér ályktun fundar, sem haldinn var 29. apríl 1981 og fjallaði um framtíð Reykjavíkurflugvallar, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðstefna Flugmálafélags Íslands, flugmálastjórnar og Félags íslenskra atvinnuflugmanna, haldin 29. apríl 1981, ályktar að nú þegar hefjist virkt samstarf flugmálayfirvalda, Reykjavíkurborgar, samtaka sveitarfélaga, flugrekstraraðila og annarra, sem hagsmuna hafa að gæta, um að tryggja framtíð og þróun Reykjavíkurflugvallar á núverandi stað.

Hugmyndir um breytta staðsetningu Reykjavíkurflugvallar eru andstæðar ákvörðunum borgaryfirvalda og samgrn. í aðalskipulagi frá 1976.

Fullyrða má að fyllsta öryggis sé gætt við flugumferð við Reykjavíkurflugvöll í hvívetna.

Annað hentugt flugvallarstæði er ekki til á stór-Reykjavíkursvæðinu.

Sú staðreynd, að Reykjavíkurflugvöllur er staðsettur í hjarta borgarinnar skapar umsvif, atvinnu og tekjur fyrir borgina.

Tíðar og öruggar ferðir frá dreifbýlinu til Reykjavíkur hafa orðið til þess, að íbúar dreifbýlisins hafa sætt sig við að þurfa að sækja til höfuðborgarinnar hvers konar þjónustu sem ella yrði gerð krafa um að dreift yrði um landið með stórlega auknum kostnaði fyrir ríkið og tekjuskerðingu hjá Reykjavíkurborg."

Undir þetta rita Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Flugmálafélag Íslands og flugmálastjórn.

Á þennan fund var að vísu boðið fulltrúum frá samgrn., flugráði, flugrekstraraðilum, landshlutasamtökum sveitarfélaga, bæjarstjórnum nokkurra kaupstaða, borgarráði Reykjavíkur, almannavörnum ríkisins og samgöngunefndum efri og neðri deildar Alþingis.

Ég held að það dyljist engum, að Reykjavíkurflugvöllur er ekki eingöngu Reykvíkingum lífsnauðsynlegur og bráðnauðsynlegur þar sem hann er, heldur er hann til mikils hagræðis fyrir alla þá sem leita þurfa til Reykjavíkur utan af landi. Skyldu menn hafa það hugfast þegar þeir fjalla um framtíð Reykjavíkurflugvallar.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þessari tillögu. Ég gæti talað hér miklu lengur og ég gæti dregið fram upplýsingar, sem ég hef hér í bunkum, um það stefnuleysi og þá fásinnu sem að mörgu leyti hefur ríkt í íslenskum flugmálum á undanförnum árum og ber nú hæst á síðustu misserum þegar hæstv. samgrh. tekur ýmsar ákvarðanir sem mjög eru vafasamar, svo ekki sé tekið dýpra í árinni.

Við Alþfl.-menn höfum margoft bent á nauðsyn þess, að hér yrði mótuð alhliða flugmálastefna. Fyrri ríkisstjórnir, ráðherrar og einstakir þm. hafa flutt hér á þingi nokkrar tillögur og fyrirspurnir varðandi flugmál. Ég hef látið taka þetta allt saman fyrir mig. Það er eftirtektarvert í þessum málum að langflest eru þau til að auka byrðar flugsins í landinu. Þau verða til að auka skatta á flugfarþega, en minna er um tillögur til úrbóta í íslenskum flugmálum. Ég vil þó taka það skýrt fram, að þáltill., sem lögð var fram á þinginu 1977 og 1978 um markmið og leiðir í flugöryggismálum, er til algjörrar fyrirmyndar. Eftir henni er nú unnið og starfað og það sýnir að nauðsynlegt er að ganga frá og binda svo um hnútana að hægt sé að vinna eftir einhverri stefnu í þessum mikilvæga málaflokki. Þá vil ég einnig minna á að hv. þm. Kjartan Jóhannsson hefur flutt hér á þingi frv. til laga um flugmálaáætlun, sem er mikilvægur þáttur í nauðsyn mótunar opinberrar stefnu í flugmálum.

Ég vil aðeins, herra forseti, segja að lokum að það, sem hefur verið að gerast í flugmálum hér á Íslandi undanfarnar vikur og mánuði, er með þeim endemum að ég held að þurfi að leita nokkuð langt til að finna samjöfnun. Það væri býsna gott ef hæstv. samgrh. — hann hyggst taka til máls um þessa tillögu — gerði mjög ítarlega grein fyrir því geysilega mikilvæga máli, af hverju hann vill efna til aukinnar samkeppni í íslenskum flugmálum, á sama tíma og við höfum lýsandi dæmi úti um allt í þjóðfélagi okkar, úti um allan heim, að samkeppni í flugi er einhver erfiðasta samkeppni sem um getur. Bandarísk flugfélög, eins og ég nefndi upphaflega, eru að fara á

hausinn — ekki í stykkjatali heldur í tugum — í landi hinnar frjálsu samkeppni. Það hafa verið gerðar tilraunir áður hér á landi til að efna til samkeppni. Ég get minnt á Air Viking, ég get minnt á Iscargo. Hvernig hefur þetta farið? Það væri kannske rétt að fá útskýringar á eftir á því, af hverju þetta hefur ekki gengið og hvaða líkur séu þá á að þetta muni ganga betur núna, þegar hæstv. samgrh. er enn á ný að efna til samkeppni sem aðeins hefur endað á einn hátt eins og dæmin sanna. Stærri þjóðfélög en okkar hafa valið þann kost að hafa eitt stórt flugfélag. Nú ætla ég ekki að leggja neinn dóm á hvort slíkt flugfélag á að vera í ríkiseign að hluta eða öllu leyti eða hvort það á að vera í eigu einstaklinga. Ég legg engan dóm á það í þessari umr. Ég hef að vísu mínar skoðanir á því.

En ég held án gamans, herra forseti, að Íslendingar verði að taka sig taki í flugmálum. Það blasir alls staðar við endalaus röð af mistökum og fjárskortur. Það blasir við að verið er að efna til samkeppni hér sem fer bara á einn veg. Spurningin er: Hvenær verða Flugleiðir beðnar um að kaupa Arnarflug? Eða er spurningin: Hvenær verður eitthvað annað fyrirtæki í landinu beðið um að kaupa Arnarflug? Þetta er auðvitað kjarni málsins. Hér þurfum við að fá mjög skýr og greinargóð svör. Hvernig er þessi ákvörðun grundvölluð af hæstv. samgrh.? Er þetta eitthvað sem hann gerir í flýti, eins og honum stundum hættir til, eða er þetta þaulhugsað mál sem má rekja aftur til 1974 eða 1975 eða jafnvel 1976? Þetta eru auðvitað spurningar sem við verðum að fá svar við því að við hér á hinu háa Alþingi og ráðh. í ríkisstj. förum með vald sem fólkið í landinu ljær okkur með atkvæðum sínum. Ráðh. ber af þeim sökum að fara vel með þetta vald, en ekki illa, og nota vald sitt þannig að það komi þjóðinni í heild til góða, en ekki nokkrum einstaklingum.

Herra forseti. Ég læt þá lokið máli mínu um nauðsyn mótunar stefnu í íslenskum flugmálum, þó að ástæða væri til að fara mörgum fleiri orðum um þetta mál í heild. Ég treysti því auðvitað og vona að hæstv. núv. samgrh. átti sig á því, að hann er að fara villur vegar í þessum málum, en ef hann gerir það ekki muni, þegar önnur ríkisstj. tekur við, væntanlega nokkuð fljótlega, sá samgrh., sem næst tekur við þessum málaflokki, leiðrétta það sem rangt hefur verið gert því það er auðvitað mjög nauðsynlegt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal ekki eyða mörgum orðum á þessa þáltill. því að þessi mál hafa verið þrautrædd hér bæði utan dagskrár og á dagskrá á undanförnum vikum. Þó verð ég að koma að fáeinum atriðum sem hv. þm. nefndi.

Í fyrsta lagi verð ég að lýsa furðu minni á einstrengingslegum og einhliða málflutningi hv. þm. Það var nánast eins og útsendur málsvari Flugleiða væri kominn hér í pontuna á hinu háa Alþingi, eins og bergmál af því, sem sumir ágætir fulltrúar Flugleiða hafa flutt á opinberum fundum og ég hef hvað eftir annað hlustað á og tekið þátt í að ræða.

Í öðru lagi verð ég aftur — þó að ég gerði það úr stól mínum — að leiðrétta þann alvarlega áburð sem hv. þm. bar á mig að ég segði við öll tækifæri að menn hötuðust við Flugleiðir. Það hef ég aldrei nokkurn tíma sagt. Þetta er svo fáránlegt að ég á enga skýringu á slíkum ummælum nema einhverja ofurást hv. þm. á þessu fyrirtæki. Ég hef hins vegar hvað eftir annað sagt að það kvarti margir undan þeirri þjónustu sem fyrirtækið veitir. Það er allt annað mál. Það hafa fjölmargir gert. Ég get meira að segja kallað til vitnis suma hv. þm. sem hafa gert það í mín eyru eftir ferðir með Flugleiðum, því miður. Hitt er svo staðreynd, að Flugleiðir sinna ákaflega mikilvægri þjónustu hér við mörg byggðarlög og eiga sem betur fer harða og góða stuðningsmenn í þessum byggðarlögum, menn sem vilja veg félagsins sem mestan, hag þess góðan og þjónustuna betri, og ég er einn af þeim. Hvers vegna heldur hv. þm. að ég hafi gengið fram fyrir skjöldu til að beita mér fyrir aðstoð við félagið sem er að vísu gleymd nú? Hv. þm. segist hafa verið á móti því að aðstoð yrði veitt við Atlantshafsflugið. Gleymir hv. þm. því, að það kom í ljós við nánari athugun að tap Flugleiða hefði vaxið verulega ef Atlantshafsflugið hefði lagst niður? Þetta kom t. d. til umræðu við síðustu aðstoð sem var veitt. Þá kom í ljós að félagið hafði alls ekki efni á því að leggja Atlantshafsflugið niður, m. a. vegna þess að ákaflega mikið af sameiginlegum kostnaði er fært á Atlantshafsflugið sem annars mundi færast á langtum minni einingu. Nei, ég vísa svona ósannindum algjörlega á bug.

Í þriðja lagi vil ég jafnframt nefna það í upphafi þessa máls, að ég ætla ekki að fara að ræða um kaup Arnarflugs á Iscargo. Ég hef gert það utan dagskrár og lýst því, að ég hef ekki leitað mér upplýsinga um það mál. Mér er ekki kunnugt um hvort það er brot á hlutafélagalögum. Það er dómstóla að ákveða, ef hluthafar óska þess, og ég þykist viss um að hluthafar í Arnarflugi, ef þeir telja þetta brot á lögum og ef þeir telja á sinn hlut gengið, muni leita réttar síns. Ég hef ekki heldur rætt við þá. Ég veit að hv. þm. hefur ítarlegar upplýsingar um þessi mál frá hluthafa og veit eflaust, hvað þeir hafa í huga, miklu frekar en ég. Ég hef slíkar upplýsingar sem sagt ekki. Og ég hef ekki, eins og ég hef áður sagt hér, talið rétt að krefjast upplýsinga um þessi viðskipti flugfélaganna tveggja.

Ég vil hins vegar koma dálítið að mörkun þeirrar stefnu sem hér er rætt um og er náttúrlega stórmál.

Þegar Alþingi ákvað aðstoð við Flugleiðir fyrir tveimur árum settu hv. fjh.- og viðskn. þingsins það skilyrði, að Flugleiðir seldu hlut sinn í Arnarflugi, eða m. ö. o. að Arnarflug yrði sjálfstætt fyrirtæki. Við þetta voru gerðar athugasemdir af örfáum einstökum þm., en mikilvægust var þó sú brtt. sem fram kom frá hv. Alþfl.-mönnum, að þetta yrði bundið í lögum. Með þessu móti sýndu hv. nefndir þingsins þann vilja sinn að hér fengju að starfa tvö sjálfstæð flugfélög með farþegaflug á alþjóðaleiðum. Ég var og er þessari stefnu sammála og skal koma að því nánar hvers vegna.

Ég hef jafnframt talið mér skylt að reyna að skapa slíku flugfélagi starfsgrundvöll. Í þessari till. virðist mega lesa að slíkt flugfélag eigi að fá starfsgrundvöll á leiguflugsgrundvelli einum. Það hefur orðið ákaflega mikil breyting á leiguflugi og áætlunarflugi innbyrðis og við getum sagt sameiginlega. Áætlunarflugfélögin hafa tekið þessi mál að meira eða minna leyti í eigin hendur. Hin gífurlega sterku alþjóðlegu samtök þeirra, IATA, hafa ráðist gegn því, sem þau hafa talið ógna sér í leigufluginu, og að meira eða minna leyti tekið það, sem taldir voru hagsmunir farþega í leiguflugi, inn í áætlunarflugið. Nú er t. d. hægt að kaupa ákveðinn fjölda sæta í leiguflugi með áætlunarflugvélum og slíkar sölur eru ekki bundnar þeim ströngu skilyrðum sem leiguflugfélögunum eru sett. Má nefna fjölmargt í því sambandi. Þetta hefur orðið til þess, að afkoma þeirra flugfélaga, sem reka

eingöngu leiguflug, hefur versnað ákaflega mikið á undanförnum árum og þau hafa flest, ef ekki öll, talið nauðsynlegt að hafa einhvern fastan áætlunarflugsgrundvöll. Þegar þessi mál voru rædd hér í fjh.- og viðskn. fyrir tveimur árum kom m. a. greinilega fram hjá fulltrúum Arnarflugs að þeir teldu nauðsynlegt að fá einhvern slíkan grundvöll fyrir sinni tilveru, ef við eigum að kalla það svo. Ég hygg því að mönnum hafi verið það fyllilega ljóst, þegar þessi stefna var mörkuð með þeim skilyrðum sem nefndirnar settu, að Arnarflug a. m. k. leitaði eftir því að fá eitthvert áætlunarflug í sínar hendur.

Ég kem nánar að því síðar, hvernig ég hyggst mæta því sjónarmiði. Í þessari till. er hins vegar gert ráð fyrir að horfið sé aftur að því sem ákveðið var 1974 með sameiningu flugfélaganna, þ. e. að hér verði eitt flugfélag með allt áætlunarflug til og frá landinu í sínum höndum. Staðreyndin er sú, að það hefur ákaflega mikið breyst frá því þetta var gert. M. a. hefur þetta flugfélag seilst til mjög mikilla áhrifa á fjölmörgum öðrum sviðum í íslensku þjóðlífi sem tengjast fluginu á einn eða annan máta. Má þar nefna hótelrekstur, þar sem þetta flugfélag hefur yfirgnæfandi áhrif orðið, enn fremur leigubifreiðarekstur, sem er mjög verulegur á vegum þessa flugfélags, ferðaskrifstofurekstur o. fl. þess háttar.

Jafnframt hefur komið í ljós á þessum tíma, að hagur flugfélagsins hefur satt að segja alls ekki batnað, langt frá því. Menn geta sagt að þar sé eingöngu um að kenna hertri samkeppni á Norður-Atlantshafsleiðum. Ég er ekki sammála því. Ég held satt að segja að þetta flugfélag eins og önnur félög í landinu þurfi einhvern samanburð. Ég held að það sé mikilvægt. (Gripið fram í.) Já, SÍS hefur mikla samkeppni. SÍS hefur ekki nema 25%, að því mér er tjáð, af heildarverslun í landinu og það er náttúrlega gífurlega mikill munur eða að hafa 100% af áætlunarflugi til og frá landinu, 100% innlendra flugfélaga. (**Gripið fram í:** Af hverju voru félögin sameinuð á sínum tíma?) Það er góð spurning. Ég varaði við því á sínum tíma hér í hinu háa Alþingi, að þau yrðu sameinuð. Það má fletta því upp í mínum ræðum. Ég taldi réttara að fara aðra leið, sem sagt að skipta flugleiðum á milli flugfélagana. Ég get vel fallist á það, að mönnum ofbauð þegar flugfélögin bæði flugu til Kaupmannahafnar og London á sama klukkutímanum með örfáa farþega. Þarna kom sem sagt til greina að skipta flugleiðum. En sú leið varð ekki ofan á. Leiðin, sem varð ofan á, var að sameina flugfélögin og veita einu flugfélagi nánast einokun á áætlunarflugi — og reyndar nánast einnig leiguflugi til og frá landinu.

Það hafa fyrr verið andmæli gegn því að slaka á einokun. Ég veit að hv. þm. getur flett upp í fjölmörgum ræðum og skrifum um það, þegar því var andmælt að fleiri skipafélög fengju að sigla til og frá landinu. Menn töldu að allt mundi hrynja. Menn töldu að við mundum missa millilandasiglingar úr okkar hendi. Menn töldu voðann vísan ef Eimskipafélagið, það ágæta félag, fengi ekki áfram að hafa þá einokun sem það hafði á þeim leiðum. Hvert halda menn að ástand slíkra flutninga væri í dag ef hér væri aðeins eitt félag með allar millilandasiglingar í sínum höndum? Hvernig halda menn að það væri? Hvernig hefði verðþróun orðið? Hvar halda menn að tækniþróun væri? Ég er sannfærður um að Eimskipafélag Íslands hefur einmitt spjarað sig svo vel sem það hefur gert vegna þess að það hefur haft vissan samanburð. Og það hafa önnur skipafélög einnig gert. Nei, ég held að hér sé um tímabundna hræðslu að ræða. Menn segja: markaðurinn er svo lítill, nákvæmlega eins og menn sögðu þá. Hann er ekki til skiptanna og annað flugfélag má ekki koma inn í spilið, segja menn.

Um hvað er að ræða í sambandi við áætlunarflugið? Farþegafjöldi Flugleiða frá þeim svæðum, sem ég hef veitt Arnarflugi, er innan við 3% af heildarfarþegaflutningum Flugleiða. Flugleiðir fljúga á þessa staði, þ. e. Amsterdam og Düsseldorf, sem eru tveir af þessum þremur stöðum, aðeins yfir hásumarið, Arnarflug telur sér kleift að bjóða flug á þessa staði allan veturinn. Hér er vitanlega um töluverða útvíkkun að ræða frá því sem þarna hefur verið um að tefla til þessa. Auk þess sýndu Flugleiðir ekki vilja til þess að fljúga til Amsterdam í ein 14 ár frá því þeim var veitt leyfi til að fljúga á þann stað. Það er ekki fyrr en í fyrra að þær taka upp sumarferðir til Amsterdam. Hér er því um að ræða töluvert aukna þjónustu við þá sem til þessara staða vilja fljúga.

Enn ein meginástæðan fyrir því, að ég tel nauðsynlegt að veita Arnarflugi þannig takmarkað leyfi til áætlunarflugs, er að skapa því þann tilverugrundvöll sem hv. nefndir Alþingis í raun og veru ákváðu að gert skyldi þegar þær settu það skilyrði að flugfélagið yrði sjálfstætt. Með þessu móti skapast Arnarflugi að sjálfsögðu tækifæri til þess að sameina leiguflug og áætlunarflug á þessa staði á þann hagkvæmasta hátt sem nú er unnt með þeim reglum sem áætlunarflugfélögin hafa sett sér til hagsbóta. Ég held þess vegna að verið sé að gera úlfalda úr mýflugu þegar verið er að æsa sig upp hér á Alþingi út af því, að Arnarflug fái áætlunarflugleyfi til Amsterdam, Düsseldorf og Zürich.

Ég vil einnig geta þess í þessu sambandi að ég tel mér rétt og skylt, miðað við fyrri yfirlýsingar samgrn., að hafa um þetta mjög náið samráð við Flugleiðir. Ég hef t. d. tekið tillit til þess sem Flugleiðir lögðu höfuðáherslu á á fundi með mér, að þær héldu áfram fluginu til Frankfurt. Þar hafa þær skrifstofu og Frankfurt telja þær vera ákaflega mikilvægan stað í sambandi við Lúxemborgarflugið. Til þessa tók ég tillit.

Að þessum málum hefur verið unnið jafnt og þétt frá því að hið háa Alþingi setti þau skilyrði í nál. sem ég hef hér rakið. Reynt hefur verið að vinna að þessu með því móti að ná samkomulagi milli flugfélaganna. Það hefur því miður gengið mjög treglega. Að því hafa unnið ýmsir menn, m. a. flugmálastjóri, mjög ötullega. Fjölmargir fundir hafa verið haldnir með Flugleiðum og öðrum hagsmunaaðilum. Ég hef átt marga fundi með þessum aðilum og gert allt sem í mínu valdi hefur staðið til að ná samkomulagi. Stundum hefur mér virst að samkomulag væri að nást. Hefur þá verið hreyft hugmyndum sem mér sýndist að væru samkomulagsgrundvöllur. Því miður hafa þær vonir allar brugðist. Og því miður verð ég að segja að mér finnst andrúmsloftið hjá sumum vera eins og sagt er á ensku: „give them hell", þ. e. „látum þá hafa það", bara stofna til hinnar hörðustu samkeppni og reyna þannig að beygja ímyndaðan andstæðing. Ég er mjög eindregið þeirrar skoðunar, að á öllum sviðum sé æskilegt að hafa einhvern samanburð og einhverja samkeppni. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar, og þar sammála því sem liggur eflaust til grundvallar till. hv. flm., að í okkar litla þjóðfélagi þurfi sú samkeppni að vera einhverjum takmörkunum háð. Og vitanlega er svo á fjölmörgum sviðum, m. a. í okkar útflutningi. Engu að síður

hefur þó tekist, t. d. á því sviði, að hafa fleiri aðila sem skapa nauðsynlegt aðhald. Ég geri mér vonir um að í utanlandsfluginu takist að koma fram þeirri stefnu sem skapar samanburð og nokkra samkeppni, en leyfir samt sem áður tveimur flugfélögum að starfa og kippir á engan máta grundvelli undan Flugleiðum.

Ég vil í þessu sambandi fara örfáum orðum um þann samanburð sem menn eru að gera hér á þessari flugmálastefnu og þeirri stefnu sem Bandaríkjamenn tóku upp fyrir tveimur árum. Hér er vitanlega um allt annað og ólíkt að ræða. En það er dálítið athyglisvert, að þetta er nákvæmlega sami samanburður sem ég hef heyrt af munni sumra talsmanna Flugleiða, því miður. Stefna Bandaríkjamanna var — og má segja er enn — algjört frjálsræði, takmarka á engan máta fjölda flugfélaga og á engan máta fargjöld. Þeir hafa á engan máta takmarkað fjölda ameríska flugfélaga eða erlendra, þótt þeir hafi haft það í hendi sér. Þetta leiddi t. d. til þess, að ein fjögur eða fimm amerísk flugfélög hófu að fljúga til Amsterdam. Og þetta leiddi náttúrlega til þess fargjaldastríðs sem hófst á Norður-Atlantshafi.

Hér er ekki um það að ræða. Hér er um það að ræða, að íslensk flugfélög starfi innan IATA. Hér er um það að ræða, að á þessum áætlunarleiðum verði fylgt þeim ákvæðum sem viðskiptalöndin setja, t. d. þeim ákvæðum sem Hollendingar og ekki síður Þjóðverjar og Svisslendingar setja í sambandi við fargjöld. Samkeppni getur hins vegar legið í því, að þessi flugfélög geta boðið mismunandi hagkvæma „pakka", eins og kallað er á slæmu máli, „pakka" í sambandi við leiguflug og ákveðinn fjölda farþega. Það er m. a. sá samanburður sem fæst við þjónustu. Hér er því um allt annað að ræða og ólíku saman að jafna, slíkri flugmálastefnu sem hér er unnið að eða því sem gerðist í Bandaríkjunum.

Í sambandi við 2. liðinn verð ég að segja að þar finnst mér koma fram æðimikil fávísi hv. flm. Það er því miður óskhyggja að unnt sé að skipuleggja innanlandsflugið þannig að það, sem við getum kallað aukaflug, fari allt inn á ákveðna staði meginflugsins til Reykjavíkur. Það er margsinnis búið að ræða þetta mál, margsinnis búið að fjalla um hvort það sé framkvæmanlegt. Því miður er flugi hér á landi þannig háttað á fjölmörgum stöðum, að það er stopult. Það er háð veðrum oftast nær, svo að flugvélar þurfa að snúa frá jafnvel þegar komið er að lendingu. Ég efast ekki um að hv. þm. hefur orðið fyrir því. Í mörgum tilfellum er það svo, að á sama tíma er hægt að fljúga beint til Reykjavíkur frá mörgum smærri stöðum í kring. Og í mörgum tilfellum er hægt að koma farþegum frá þessum smærri stöðum yfir á aðalflugvöll. Flugvélin kann síðan að snúa frá og ekki reynist unnt að koma farþegum heim. Ég þekki þetta vel úr mínu kjördæmi þar sem samgöngur innan kjördæmisins og við það í lofti eru slíkum erfiðleikum háðar. Það er að vísu miklu, miklu skárra á Akureyri, en ég er viss um að slík tilfelli eru einnig vel þekkt þar í kjördæmi hv. þm. Af þessum ástæðum hefur þótt allt of mikið öryggisleysi í því að ætla að fara með farþega t. d. frá Suðureyri, svo að ég nefni mitt kjördæmi, úr Önundarfirðinum og víðar inn á Ísafjörð við hæpin skilyrði, t. d. á veturna, og oft undir hælinn lagt hvort áætlunarvélin getur komist þar inn og þá stundum ekki hægt að koma farþegunum til baka. Ég viðurkenni að slíkt skipulag sem hér er um rætt væri að mörgu leyti eðlilegt, en það er ákaflega eðlileg krafa íbúa þessara byggðarlaga, sem þurfa að ferðast um landið, að þeir fái beinar samgöngur við Reykjavík.

Um 3. liðinn get ég verið sammála hv. þm. Ég hygg að verðlagning fargjalda á innanlandsflugleiðum sé ekki á þann veg sem ætti að vera. Til greina kemur að gefa það frjálst, m. a. vegna þess að samkeppni við flugfélög, sem fljúga á ýmsa hina smærri staði, er orðin æðimikil. Flugkostur þessara flugfélaga margra er orðinn góður, sumra m. a. s. betri en flugvélar þær sem Flugleiðir reka á þessum leiðum. Því miður er sá flugkostur ekki nægilega góður og vel má vera að raunhæfari verðlagning stuðli að því að hann verði bættur.

Í 4. lið segir að ekkert flugfélag hafi forgangsrétt til leiguflugs. Þetta er mjög umdeilt. Flugleiðir hafa lagst mjög gegn því, að leiguflug verði frjálst, og t. d. í þeim viðræðum, sem hafa farið fram vikum og mánuðum saman við flugfélögin, hefur það komið mjög greinilega fram hjá Flugleiðum, að þær teldu ekki æskilegt að t. d. Arnarflug hefði frjálst leiguflug á þeirra megináætlunarstaði, þ. e. Kaupmannahöfn og London. En ég viðurkenni að þetta er umdeilt atriði. Og það er alveg rétt, sem kom fram hjá hv. þm., að erlend flugfélög geta vitanlega haslað sér völl og gera, bæði á sviði áætlunarflugs og leiguflugs.

Að 5. liðnum hefur verið unnið, eins og reyndar öllum þessum málum meira eða minna. Það hafa verið starfandi menn á vegum rn. að því að færa viðhaldið í vaxandi mæli til landsins og ég tel að það hafi að ýmsu leyti tekist.

Um 6. lið ætla ég ekki að fjalla. Það væri út af fyrir sig mjög æskilegt ef hægt væri að binda framlag til flugsins við skulum segja við hundraðshluta af þjóðarframleiðslu, eins og ákveðið hefur verið í vegamálum, og kannske kemur að því.

7. liðurinn, um flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, er töluvert annað mál og háður sérstöku samkomulagi innan ríkisstj. Hins vegar verð ég að segja það, að ef leggja á niður Atlantshafsflug Flugleiða veit ég ekki til hvers á að byggja slíka flugstöð eins og þar hefur verið teiknuð. Ég er hræddur um að hún yrði fljótlega eins konar hvítur fílabeinsturn, eins og sjást reyndar víða um heim, t. d. ef hv. þm. hafa tækifæri til að standa á Gander á Nýfundnalandi. Þar stendur einn slíkur, sem byggður var fyrir allt aðrar aðstæður sem síðan reyndust ekki réttar.

Ég er sammála um 8. lið, að Reykjavíkurflugvöllur á að vera framtíðarflugvöllur Reykjavíkur. Og reyndar hefur samgrn. markað afstöðu. Samgrh. Hannibal Valdimarsson ritaði slíkt bréf til flugráðs þar sem hann tók af skarið með það, og á því hefur engin breyting orðið af hálfu samgrn. Hins vegar hafa skipulagsyfirvöld í Reykjavík tekið málið upp hvað eftir annað og óskað eftir endurskoðun á því. Að sjálfsögðu getur enginn meinað þeim það.

Ég ætla að leiða hjá mér mörg hin stóru orðin um glappaskotin o. s. frv. í þessum málum sem hv. þm. vill rekja til mín. Satt að segja hefur stundum verið heldur leiðinlegt að ræða um íslensk flugmál, t. d. við yfirvöld í Lúxemborg, og hlusta á áfellisdómana um glappaskotin í íslenskum flugmálum, t. d. hve seint hafi veið brugðist við þeim breytingum sem augljósar voru fyrir nokkrum árum á Norður-Atlantshafinu, t. d. með tilliti til flugvélategunda, þ. e. rekstrar breiðþotu í stað þeirra sem notaðar eru núna o. s. frv., ótalmörg dæmi. Og það hefur verið heldur leiðinlegt að hlusta t. d. á íslenska flugmenn og flugliða á mínum fundum áfellast Flugleiðir fyrir þau

mörgu glappaskot sem hafa orðið, — glappaskot sem öll eru rakin til þess tíma þegar Flugleiðir hafa haft einokun.

Ég vona að þetta standi til bóta, og mér þykir ánægjulegt að heyra þær fréttir frá Flugleiðum, að fjárhagslega standi þetta til bóta. Ég vona að það haldi áfram. Það er einlæg von mín, að sú aðstoð, sem félaginu hefur verið veitt til að halda áfram Atlantshafsfluginu, geti orðið til þess að félagið endurnýi flugvélakost sinn á þessari leið og hasli sér þar aftur völl eins og það hafði áður, þó að hann verði líklega aldrei eins öflugur og hann var. Það er einnig ákaflega ánægjulegt að náðst hefur góð samstaða innan Flugleiða með starfsmönnum. Þar er allt annað andrúmsloft en áður var og maður heyrir ekki lengur slíkar raddir eins og ég nefndi áðan. Þannig tel ég að fjölmargt horfi til bóta, og það er einlæg von mín að svo haldi áfram. Það er sannfæring mín, að þótt Arnarflug fái tækifæri til að hasla sér rekstrargrundvöll með mjög takmörkuðu áætlunarflugi, og þá fyrst og fremst með leiguflugi, sé síður en svo að þeim framförum, sem virðast liggja í loftinu hjá Flugleiðum, sé stefnt í voða.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Hér liggur frammi till. til þál. um mótun opinberrar stefnu í íslenskum flugmálum. Ég veit ekki hvort það er óeðlilegt, þegar þau mál eru tekin á dagskrá, að fyrst og fremst sé rætt um hugtakið þjónustu. Flugfélögum er nú einu sinni ætlað það hlutverk að þjóna landsmönnum, en ekki hitt, að landsmenn beri þau uppi án tillits til þess, hvaða þjónustu þau veita. Og þegar maður hlustar á sólbrúna fulltrúa sterkasta aðilans á þessu sviði, þá hvarflar að manni hvaða hagsmunir það eru sem menn ætla sér að verja.

Það er t. d. forvitnilegt fyrir þm. frá Vestfjörðum að fá úr því skorið, hvort þm. Alþfl., sem koma frá því svæði, eru einnig sammála því sem stendur í 2. lið þessarar till. Ég treysti mér til að sópa af þeim þó nokkru fylgi vestra ef það er tilfellið. Ef á að fara að setja það í lög hér á Alþingi að sérhver, sem ætlar að fljúga frá Flateyri, Bíldudal, Árnesi, Hólmavík eða Súgandafirði, skuli lenda á Ísafirði áður en hann kemst suður og þetta sé allt vegna öryggisins, eins og stendur hér neðst á blaðinu, þá sýnist mér að það sé rétt að menn fái það alveg hreint á borðið hvar hv. 3. þm. Vestf. stendur í því máli.

Það væri einnig sanngjarnt að hv. 6. landsk. þm. gerði grein fyrir afstöðu sinni í þessu máli. Hann hefur einhvern tíma komið hér upp í pontuna af minna tilefni. Það er nefnilega búið að ræða það þó nokkuð mikið á þessum stöðum fyrir vestan, hvernig staðið var að innanlandsfluginu. Vissulega eru flugvellir þar margir lélegir. En var einhver viðleitni hjá þeim aðila, sem sá um innanlandsflugið til að aðlaga sinn flugvélakost þeirri aðstöðu sem var til lendingar vestra? Alls ekki. Hér innanlands skyldi nota Fokkerflugvélar alveg án tillits til þess hvort þær gætu lent á þessum stöðum eða ekki. Þá áttu menn bara að bjarga sér á milli. Þetta var aðferðin. Og núna, þegar dæmið virðist ekki lengur ganga upp, koma hér upp raddir um að það eigi að skylda menn öryggisins vegna til að fjölga lendingunum. Er þetta leiðin í samgöngumálunum sem við þurfum að berjast fyrir?

Ég tel ekki nauðsynlegt að ræða þennan sérstaka lið, 2. lið, öllu frekar, a. m. k. ekki fyrr en þeir tveir hv. þm., *sem ég hef beint spurningum til, hafa gert grein fyrir* afstöðu sinni á þann veg, að þeir séu stuðningsmenn þess texta sem hér hefur verið settur á blað.

Í 1. lið er undirstrikað að það skuli vera eitt flugfélag sem hafi sérleyfi alls áætlunarflugs til útlanda. Þetta þýðir í reynd að ef einhverjir Íslendingar vildu fara í það *að fljúga til og frá landinu og stofna flugfélag*, þá yrðu þeir að byrja á því að flytja til útlanda. Þá væri ekkert sem kæmi í veg fyrir það að þeir gætu hafið samkeppni. Hvers vegna? Vegna þess, eins og hv. flm. gat um í upphafi síns máls, að það liggur ljóst fyrir að það eru tvíhliða samningar í gildi. Erlend flugfélög geta flogið til Íslands eins og þeim *sýnist. Vissulega var einokunar*stefnan viðurkennt fyrirbrigði á sínum tíma, en það er nú meiri tímaskekkjan ef á að fara að taka hana upp aftur.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég bað um orðið áðan, kannske ekki af miklu tilefni, ætlaði að koma fram fáum athugasemdum við ýmislegt af því sem 1. flm. þessarar till. hafði að segja. En þá lá hæstv. samgrh. svo mikið á að láta ljós sitt skína í þessum efnum að hann hefur eiginlega að mestu leyti tekið af mér lystina til að ræða málið á svipuðum nótum og ég hafði hugsað mér áður. Ég held samt að ég verði að gera örfáar athugasemdir við málflutning hv. þm. Árna Gunnarssonar, vegna þess að mér finnst ekki vera samræmi í hlutunum, og það kemur fram á mörgum sviðum.

Hann deilir t. d. á hæstv. samgrh. fyrir, eins og hann orðaði það, hringavitleysu, stefnuleysi og fásinnu í meðferð íslenskra flugmála, og fleiri stóryrði hrutu af hans vörum án þess að nægilegar skýringar kæmu á móti. Og meira en helminginn af ræðutíma sínum notaði hann til þess að tala um Iscargo. Ég hélt að það mál hefði verið nokkurn veginn útrætt hér og ástæðulaust að vera að fjasa yfir því, þó að Arnarflug, stórríkt fyrirtæki, að því er virðist, *kaupi „fallít" fyrirtæki til þess að fá flugrekstrar*leyfi sem enginn annar getur fengið en Arnarflug ef Iscargo hættir. Þetta voru auðvitað algerlega tilgangslaus kaup og um það á ekki að vera að fjasa hér lengi. Við eigum ekkert að vera að skipta okkur af því, þó að ýmsir hlutir gerist í samtryggingu samflokksmanna í Framsfl. Það er auðvitað málið. Ég er ekki að segja að hæstv. samgrh. hafi haft neina milligöngu í því efni, en það liggur auðvitað í augum uppi að Arnarflug getur alls ekki notað þessa hlandbrunnu flugvél sem um var talað, hvorki undir farþega né annað raunar til sinnar starfsemi. Þaðan af síður er nokkrum manni bjóðandi inn í þá kofa sem Iscargo átti á Reykjavíkurflugvelli. Allt málið er óskiljanlegt og ég ætla ekki að heimta á því neinar skýringar. Ég held að þær liggi í augum uppi.

Hv. þm. lagði síðan út af þessu, að hæstv. ráðh. hefði verið að veita Arnarflugi flugleyfi á Amsterdam og aðrar Evrópuhafnir, flughafnir að sjálfsögðu í þessu tilfelli. En hann sagði að með þessu hefði hæstv. ráðh. alls ekki stofnað til samkeppni. En þegar hann hafði talað í 20 mínútur þýddi þetta alveg það gagnstæða. Hann hélt því fram í lok ræðunnar, að það væri greinilegt að hæstv. ráðh. vildi auka samkeppni í flugmálum, og hneykslaðist á hvoru tveggja. Illa upplýstir menn í flugmálum átta sig ekki alveg á hvernig hægt er að hneykslast á því í fyrri hluta ræðunnar, að ekki sé stofnað til samkeppni með þessum flugrekstrarleyfum, og svo í lokin að það sé einmitt verið að stefna í mjög aukna samkeppni í flugmálum. Það er ekki að furða þó að við vankunnáttumenn skiljum ekki í slíkum ræðuhöldum.

Ég gerðist svo djarfur að kalla fram í ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar og bera upp spurningar og fékk ámæli fyrir, þó að ég hafi vanist því að menn mættu

skjóta inn orði og orði, ekki síst ef innskotið væri skynsamlegra en ræðan, en ég fékk auðvitað engin svör. Hv. flm. sagði hins vegar hvað eftir annað að hann hefði sínar skoðanir á því. En hann vildi alls ekki segja okkur hér á hv. Alþingi hverjar þær væru. Það á að segja mér yfir kaffibolla hér niðri. Mér finnst það einkennilegur málflutningur, ef á að fá menn til fylgis við eitthvert mál, að ljóstra alls ekki upp sínum skoðunum nema í einkaviðræðum hér niðri í kaffistofu. Það er svo sem eftir öðru.

Hv. flm. var mikið niðri fyrir og hann um það. Það er misjafnt hversu stóran bita þarf til þess að mönnum gangi erfiðlega að kyngja honum. En hann margendurtók, fjórum sinnum taldi ég það, hann orðaði það þannig, að hér væri mjög alvarlegt mál á ferðinni. En engum held ég að hafi tekist að finna út hvaða alvara var þar á bak við, og gerir kannske ekkert til.

Hv. þm. leggur ekki lítið til í þessari tillögu. Ég er að ýmsu leyti sammála honum í mörgum atriðum. Ég vil taka það fram. En ég er ekki viss um að það sé góðum málstað til framdráttar að hringla svona með hlutina í ræðum.

Það hefur lengi verið mín skoðun að eitt flugfélag væri nóg fyrir þann markað sem við höfum í millilandaflugi þar sem um áætlunarflug er að tefla. Það sýndi sig á sínum tíma, að samkeppni í þessum efnum er hæpin vegna þess að markaðurinn er ekki stór. Hitt er svo annað mál, að ég tel ekki skynsamlegt að festa þetta í lögum. Við höfum heyrt á stundum ýmsar athugasemdir og ádeilur á Flugleiðamenn fyrir að þeir hafi ekki staðið sig nægilega vel í þetta og hitt skiptið. Þó held ég að staðreyndin sé sú, að landsmenn séu langflestir í langflestum tilfellum ánægðir með þau viðskipti. Þetta flugfélag hefur verið rekið á margan hátt af miklum myndarbrag. Sannleikurinn er sá, að það hefur einmitt séð mjög vel um viðhaldsmálin og annað þeim tengt og betur en aðrir sem hafa verið að glíma við flug hér á Íslandi, m. a. þeir sem amast við Iscargo og öðrum félögum. En ég tel ekki ástæðu til að festa þetta í lögum, því að ef eitthvað ber út af, ef þjónustan slaknar, þá þarf að vera hægt að grípa til viðeigandi ráðstafana án þess að þurfa að vera að breyta lögum um stefnu í íslenskum flugmálum. Ég get þess vegna ekki fallist á 1. tölul. þó að ég hafi þá skoðun, að millilandaflugsmarkaðurinn sé ekki stærri en það að hann þoli ekki nema eitt flugfélag.

Það er sem sagt skoðun flm., að samkeppni sé óheppileg í þessum efnum vegna smæðar markaðarins, eins og ég hef verið að segja sem mína skoðun. En svo kemur allt í einu allt annað upp á teningnum þegar um leiguflug er að tefla. Þá segir hv. flm. í ræðu áðan og það stendur í till., að öllum sé frjálst að stunda leiguflug eins og þeim sýnist og þar sé rétt að taka upp óhefta samkeppni. Það skyldi nú aldrei vera svo, að sá markaður sé ekki líka nokkuð takmarkaður. Auðvitað er hann það. Það vita allir um þann markað, nokkurn veginn upp á haus, hvað flogið er með marga Íslendinga og hvert á hverju ári. Þess vegna tel ég ekki skynsamlegt að gefið sé fullt frelsi, eins og það er kallað, til þess að hlutaðeigandi aðilar fái leyfi til að drepa hver annan með of litlum flutningum á hvert fyrirtæki. Það þarf að takmarka það líka, en alls ekki við eitt flugfélag. Þar þarf og á að halda öðruvísi á málum.

Ég skildi aldrei og fékk ekki að vita hvað það þýðir, sem stendur í 4. tölul. till., að þess verði þó alltaf gætt, að leiguflug fari ekki í bága við áætlunarflug. Svona setning segir ekki mikið. Maður hefur grun um að flm. hafi þarna ákveðnar meiningar, en alls ekki hverjar. Þýðir þetta t. d. það, að ekki megi veita leiguflugfélagi leyfi til þess að fljúga leiguflug á staði sem eru nálægt eða jafnvel á sömu staði og áætlunarflug fer fram á? Ég tel alls ekki útilokað, síður en svo, að þarna sé möguleiki fyrir fólk að fá ódýrara far á milli landa með því að leyfa leiguflug á þá staði. Það gæti einmitt orðið til þess að veita nokkuð eðlilega samkeppni í þessum efnum þó að sá aðili fái ekki heimild til áætlunarflugs. En þetta yrði auðvitað að vera í hófi. Þegar menn mæla fyrir tillögum af þessu tagi án þess að skýringar fylgi í grg. með einstökum tölul., þá þurfa þeir einmitt að nota tækifærið til þess að skýra út hvað þeir eiga við með tilteknu orðalagi. Það skiptir höfuðmáli. Skal ég ekki eyða fleiri orðum um það.

Mér fellur auðvitað ekki 2. tölul. því að það dæmi gengur ekki upp að fljúga með smáflugvélum á nokkra aðalflugvelli í landinu. Í sumum tilfellum er það hægt og hefur verið gert, en það er alls ekki hægt að hafa það sem aðalreglu. Ég held að það lag, sem hefur verið notað í innanlandsfluginu, að Flugleiðir hafi áætlunarflug á helstu staðina, en síðan komi annað traust flugfélag sem fái möguleika til þess að byggja sig upp og þjóna landsmönnum með minni flugvélum, hafi gengið þokkalega í sumum tilfellum og vel, ekki síst eftir að viðhald á vélum Arnarflugs fór til Flugleiða. En flug utan af smærri stöðunum inn á einhverja aðalflugvelli í hverjum landshluta gengur ekki upp. Sannleikurinn er sá, að það er ákaflega erfitt að reka flugfélag annars staðar en frá Reykjavík eðli málsins samkv., og ætla ég ekki að eyða tíma í að útskýra það. (**SighB:** Það er nú misjafnt.) Það er alls ekki óskynsamlegt að hafa það sem aðalreglu þó að annað geti gengið í einstaka tilfellum. Þar sem það hefur gengið er það ekki nema fyrir alveg sérstakan dugnað hlutaðeigandi manna. Það er nú einu sinni þannig, að flugferðir manna á milli staða á landinu eru yfirleitt annars vegar utan af landi og hins vegar til Reykjavíkur, en miklu minna um flug á milli annarra staða úti á landi. Langmest flugumferð í landinu er milli Reykjavíkur og annarra staða.

Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust að hafa þetta miklu lengra. Það er auðvitað hægt að nefna þarna aðra töluliði eins og 5. liðinn um viðgerðirnar og viðhald vélanna inn í landið. Það hefur verið lengi á dagskrá flugvirkjafélaganna í landinu að fá þetta inn í landið og er eðlilegt. Það skapar auðvitað vinnu og æskilegt að það viðhald verði sem mest. En ég tel að hv. flm. taki of stórt upp í sig með því að segja þarna: allar viðgerðir og viðhald. Eðli málsins samkv. er mjög erfitt, ekki síst ef um flug er að ræða eins og t. d. Lúxemborg-Keflavík-New York, að annast viðhald flugvéla á millilendingarstaðnum. Það sér hver maður í hendi sinni. En auðvitað er rétt að stefna að því, að sem mest af þeim, sem hagkvæmt er að flytja inn í landið, verði hér.

Í 6. lið fer hv. flm. ekki fram á lítið þar sem hann talar um að hækka framlög til flugmála upp í 1.5% fjárlag[a] ári. Ég held að flestir séu sammála um að reyna efti[r] að bæta hér flugleiðsögukerfi og flugvelli og [a]farþega á hinum ýmsu flugvöllum í landinu. [É]ekki við því að búast að við getum búið all[a] velli í landinu fullkomnustu tækjum. Það [e]önnur fjarstæða. Norðmenn, sem ha[fa] kerfi í sínu landi, miða við að haf[a] 100—200 þús. manns hvern. Þ

nema einn eða tveir flugvellir hér í landinu ef við ættum að hafa sama mælikvarða og þeir. Við verðum auðvitað að smíða okkur stakk eftir vexti.

En hver er þessi hækkun? Það vill svo til að þær upplýsingar eru í plagginu, að hæstar hafa fjárveitingar verið 1974 eða rúmlega 1% af fjárlögum. Þyrfti sú hæsta tala, ef hún ætti að ná þessu marki, 1.5%, að hækka um 42% og það er allvæn fjárhæð. En ef miðað er við lægstu töluna, frá 1978, þá þyrfti fjárveitingin að hækka um 226% til þess að ná þessu 1.5%. Og þessi tala þyrfti næstum að þrefaldast ef miðað er við fjárveitinguna 1981. Það er því mjög vel í lagt að leggja þetta til. Ég er hins vegar sammála hv. flm. þessarar till. um að við þurfum að reyna að gera heldur meira í þessu og reyna þá að gæta þess að fara sem best með peningana á sama tíma.

Það, sem mér hefur fundist vanta í sambandi við peningamál flugsins hjá okkur, er að fá áætlanir og fjárveitingar í fastara form og ákveðnari búning, með sviptuðum hætti og gerist með vegáætlun, og tryggja þá ákveðna tekjustofna. Síðan geta menn auðvitað deilt um það, hversu hátt hlutfall þetta á að vera af fjárlögum eða þjóðarframleiðslu eða hvaða viðmiðunartölu sem er. En lykilatriðið er að mínum dómi að koma þessu í fast form, áætlun t. d. til fjögurra ára sem sé síðan endurskoðuð á tveggja ára fresti eins og gert er með vegáætlun, eða jafnvel að stytta þetta um helming og hafa þá ekki áætlun til tveggja ára í senn, því að þarna eru býsna örar breytingar á stundum, og endurskoða jafnvel á hverju ári. Þetta er auðvitað framkvæmdaatriði, ef af þessu yrði, en meginatriðið er að mínum dómi að koma þessu í fastari og ákveðnari búning.

Um 8. tölul. er kannske hægt að segja örfá orð, fyrst ég er kominn svona langt niður eftir listanum. Þar segir flm. að Reykjavíkurflugvöllur skuli verða framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs. Mér finnst hv. flm. taka býsna stórt upp í sig með þessu, jafnvel þó að einhverjir aðrir hafi hugsað þetta áður, og skiptir ekki máli og er þá kannske síður frumlegt. En það er staðreynd, eins og segir einhvers staðar í þessu plaggi, að flugvöllurinn okkar í Reykjavík er í hjarta borgarinnar. Það orðalag og sú staðreynd segir kannske það sem þarf að segja. Það er hæpið að hafa flugvelli inni í miðjum borgum. Það er engin leið að loka augum fyrir því, að oftast verða óhöpp í sambandi við lendingu eða flugtak, þó að við á Íslandi höfum haft svo gott flugfélag — ég vil segja það — að ekki hafi orðið hér umtalsverð slys í áætlunarflugi innanlands í marga áratugi. Það er alveg sérstakt að svo skuli vera.

Það er nú þannig, herra forseti, að flugvélar á styttri flugleiðum eru farnar að taka breytingum. Þá er ég að tala um mjög stuttar flugleiðir eins og eru hér á Íslandi. Það er verið að taka upp flugvélar til þess brúks í útlöndum sem þurfa stuttar flugbrautir, og þess vegna væri *kannske hægt að nota Reykjavíkurflugvöll af þeim* ástæðum einum áfram. En það er auðvitað sama hættan varðandi flugtak og lendingu eftir sem áður. En vegna þessara breytinga á flugvélunum er hægt að notast við miklu minni flugvöll annars staðar og kostnaðarminni, ef við vildum taka þá ákvörðun að leggja Reykjavíkurflugvöll niður. Reykjavíkurflugvöllur og umhverfi hans er mjög stórt og gott byggingarsvæði og ef Reykjavíkurborg ákvæði að reisa hús bæjarbúa á því svæði á næstu árum yrði auðvitað á allan hátt miklu ódýrara fyrir bæjarbúa að reisa stór og mörg íbúðarhverfi borgarinnar þar en annars staðar. Flugvöll fyrir minni vélar og nýjar STOL-vélar, sem verða sjálfsagt notaðar hér í framtíðinni eins og annars staðar, mætti byggja hér í nágrenninu og þyrfti þá ekki að vera nærri því eins stór um sig eða dýr og flugvöllur hér í Reykjavík. T. d. væri hérna yfir á Álftanesinu rými fyrir slíkan flugvöll. Stærri vélar notuðu þá bara Keflavíkurflugvöll, og ég vorkenni engum að keyra 30 mínútur þarna á milli ef á því þyrfti að halda.

Ég vil ekki slá því fram að Reykjavíkurflugvöllur skuli vera flugvöllur Reykjavíkur til frambúðar. Mér finnst það ekki skynsamlegt. Um þetta er mikið deilt, eins og menn vita, og ég segi fyrir mig: ég treysti mér ekki til að halda slíku fram eða setja það í lög. Ef menn athuga bara hvernig Reykjavíkurflugvöllur er, þá er hann svo sem ekki mjög beysinn flugvöllur. Það er ekki nema ein almennileg braut á vellinum sem liggur í norður og suður, 02—20 eins og þeir kalla það, og svo önnur sem liggur nokkurn veginn í austur og vestur, eða kannske nær því að vera suðaustur og norðvestur, sem stefnir beint á Öskjuhlíðina. Hún er stutt og þegar menn þurfa að taka af í suðaustur þurfa þeir að reisa sig mjög fljótt upp fyrir, því að brautin endar rétt við brekkuna í Öskjuhlíðinni. Um aðrar flugbrautir er varla að tefla nema suðvesturbrautina sem kölluð er, þar sem menn taka aðflug hérna á milli turnanna á Landsspítalanum og grænmetisversluninni eða hvað það nú er, þarna *hinum megin* við Miklubrautina. Það eru margar byggingar og mikil hindrun fyrir aðflug og flugtak raunar einnig á þeirri braut og auðvitað ekkert vit í að nota slíka braut. Ég held því að það sé ekki í mikið að halda þegar allt kemur til alls.

Þá held ég, herra forseti, að hægt sé að enda á 7. lið þar sem hv. þm. Árni Gunnarsson lýsti því hér í votta viðurvist, að hann skammaðist sín alveg niður fyrir tær að lenda hér og ganga í gegnum ameríska herstöð, ég tala nú ekki um, hann roðnaði eins og óspjölluð mey þegar hann talaði um það að sýna útlendingum NATO-skilti þegar þeir kæmu hingað. Það er gaman að heyra það, að kratarnir, hv. Alþfl.-menn, mestu hermangarar og NATO-sinnar í þessu landi, skuli nú skammast sín ef þeir sýna útlendingum herstöðina.

Hverjum er þetta svo að kenna, að það þurfi að sýna útlendingum þessa stöð? Kommunum, þeim sem vilja losna við þennan ófögnuð úr landinu. Það er þá þeim að kenna. Svona er maðurinn liðugur, hv. þm. Árni Gunnarsson. Reyndar myndarpiltur og sólbrenndur, var mér sagt áðan. Það er kommunum að kenna, einmitt þeim sem vildu hreinsa af andliti Fjallkonunnar þennan ósóma, þátttöku í hernaðarkapphlaupi í veröldinni. Hugsið þið ykkur ógeðið á þessu. Ég held að menn hugsi þetta bara aldrei nógu langt. Menn eru að telja sig með því standa með vestrænum þjóðum, svona í hátíðarræðum. Menn eru bara að taka þátt í hernaðarbandalagi. Meira að segja ganga menn svo langt hér í þingsölum að *fara að tala um hvað þessi eigi nú margar morðeldflaugar* til þess að geta drepið svona og svona margar milljónir í einu, telja þetta svona milli sín hér í þingsalnum, í staðinn fyrir að skammast sín og hætta þátttöku í þessum viðbjóði, og rekja röksemdir herforingja í austri og vestri fyrir því, hvað sé nauðsynlegt að bæta við helsprengjum til þess að geta sprengt alla íbúa jarðar upp kannske 10 sinnum hvor. Svo kemur þessi hv. þm., Árni Gunnarsson, og segir að það sé kommunum að kenna að við þurfum að horfast í augu við NATO-skilti hér. Hann

segir að þetta sé fullvalda þjóð til skammar. Ég hef aldrei verið eins mikið sammála þessum manni og einmitt um þetta. En honum finnst það ekki til skammar að við reisum nýja flugstöð, eins og hann kallar það, en nefnir ekki hver á að borga. Honum finnst það ágætt. Kannske finnst honum það bara til sóma að láta Bandaríkjamenn greiða sér fyrir það eins og eldgamalli atvinnustétt að hafa afnot af vissum hluta landsins með peningum til þess að byggja fyrir okkur flugstöð, til þess að við getum gengið í gegnum nægilega fínt hús þegar við förum á milli landa. Mér ofbýður svona málflutningur satt að segja.

Herra forseti. Margt annað mætti segja um þessa till. Hún vekur kannske áhuga einhverra á flugmálum, og ég virði þann áhuga sem hv. þm. Árni Gunnarsson hefur í þessa áttina. Ég vil aðeins segja það, þó að ég sé ekki vel að mér í þessum efnum, að ég hefði í sporum hv. þm., áður en ég flytti svona tillögu — ég tala nú ekki um greinargerðina, ég minnist ekki á Iscargo-ræðuna — reynt að ræða þetta við menn sem hafa verið að gutla í þessu og eru það sumir enn þá, áður en ég færi að setja saman svona texta.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í sjálfu sér er kannske ekki mikið tilefni til efnislegra umr. um þetta mál á þessu stigi. Það er eðlilegt að þetta mál fari til nefndar, og það vill þannig til, að ég á sæti í hv. atvmn., og ég býst við að eðlilegt sé að málið fái afgreiðslu í þeirri nefnd þingsins. Gefst þá væntanlega tækifæri til að kanna þetta mál betur, kynna sér þau efnisatriði, sem koma fram í sjálfri þáltill., og athuga hvort ekki sé ástæða til að bæta fleiri atriðum við.

Það er að sjálfsögðu eðlilegt að fram fari umr. um flugmálastefnu eftir þá atburði sem átt hafa sér stað í þessum málum, bæði í vetur og eins á undanförnum árum og þó sérstaklega í ráðherratíð hæstv. núv. samgrh. Það, sem einkum hefur einkennt ráðherratíð hæstv. núv. samgrh., er hringlandaháttur og stefnuleysi í flugmálum, sem hlaut fyrr eða síðar að kalla á það, að þingið tæki þetta mál fyrir og gerði tilraun til að móta flugmálastefnu sem byggðist á meiri festu en hefur verið í þessum málum um nokkurt skeið.

Það er ástæða til að rifja það upp, að árið 1973 var mörkuð sú flugmálastefna sem talið er að fylgt hafi verið nú um 8—9 ára skeið, og í raun hefur hæstv. ráðh. lýst því yfir, að ekki hafi verið horfið frá þeirri stefnu þótt hann sjálfur hafi viljað hverfa frá henni. Hann hefur lýst því yfir í ræðu hér á hv. Alþingi þegar til umr. var aðstoð við Flugleiðir, að leyfi, sem veitt var Iscargo á sínum tíma, hafi ekki falið í sér breytingu á ríkjandi flugmálastefnu, þótt hverju mannsbarni í landinu sé það ækilega ljóst, að einmitt sú ákvörðun var grundvallaratriði sem hefur leitt til þessarar flugmálastefnu, ef hægt er að nota það orð yfir það stefnuleysi sem einkennir þennan málaflokk.

Þingflokkur Sjálfstfl. samþykkti á sínum tíma ályktun í þessum málum, einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að fyrir flugráði lá tillaga þess efnis að veita Arnarflugi leyfi til flugrekstrar til Amsterdam. Í ályktun þingflokks Sjálfstfl. kom skýrt fram að þingflokkurinn taldi óeðlilegt að veita slíkt leyfi á meðan opinber styrkur væri veittur til Flugleiða og reynt væri af því flugfélagi að tryggja samgöngur til og frá landinu.

Það er athyglisvert í sambandi við þá stefnu, sem mörkuð var 1973 með bréfi Hannibals Valdimarssonar og fyrir atbeina þáv. ríkisstj., þ. á m. Halldórs E. Sigurðssonar, og fólst í því, að Flugleiðum var lofað einokun í flugi til og frá landinu, að sama dag og sú stefna var mörkuð skyldi Air Viking fá leiguflugsréttindi. Þar má finna upphaf að þeim vandamálum sem hafa skapast í íslenskri flugsögu síðari tíma, því að á rústum gjaldþrota fyrirtækis reis Arnarflug. Það fyrirtæki starfaði á sínum tíma sem leiguflugfélag, en í miklum erfiðleikum sumarið 1978 fór Arnarflug fram á að eiga náin samskipti við Flugleiðir, og í fyrir atbeina og jafnvel óeðlilegan þrýsting þáv. ríkisstj., þ. á m. núv. samgrh., keyptu Flugleiðir meiri hlutann í Arnarflugi. En stuttu síðar var Iscargo, fyrirtæki Kristins Finnbogasonar, veitt leyfi til áætlunarflugs til Amsterdam sem síðan hefur orðið grundvöllur fyrir því, að Arnarflug hvarf úr samfélagi við Flugleiðir og hefur nú fengið flugrekstrarleyfi fyrir atbeina hæstv. ráðherra.

Í raun og veru má segja að flugrekstrarleyfi veitt Iscargo á sínum tíma hafi verið algerlega ófyrirgefanlegt athæfi, þótt ekki væri nema af þeim sökum að það flugfélag átti þá við fjárhagsörðugleika að stríða og það var ábyrgðarhluti að afhenda fyrirtækinu flugrekstrarleyfi, enda kom það á daginn að fyrirtækið gat ekki haldið út í slíku flugi, sem aftur varð til þess að Arnarflug yfirtók þetta leyfi — með atburðum sem allir hér þekkja og hefur orðið tilefni til umr. utan dagskrár, gífurlegra blaðaskrifa, og enginn veit enn hvernig sú saga kemur til að enda. Í raun hefur því verið haldið fram, þ. á m. af hv. 1. flm. þáltill. sem hér er til umr., að þar hafi legið að baki annarlegar hvatir, eins og t. d. þær, að Samband ísl. samvinnufélaga væri með þessum hætti að hasla sér völl í íslenskum flugmálum fyrir atbeina hæstv. ráðherra.

Ég minntist á það fyrr, að það sé kominn tími til að hv. Alþingi taki á þessum málum af festu og hér verði mörkuð flugmálastefna. Ég tel að sú till., sem hér liggur fyrir, sé eðlileg þegar af þeim sökum. Í raun og veru hélt ég að hæstv. samgrh. mundi hafa kjark og þor til þess að leggja fyrir þingið þáltill. um stefnumótun í flugmálum, ekki síst vegna þess að í umr. utan dagskrár 11. mars s. l., fyrir rúmum mánuði, var það mál til umr. og Steingrímur Hermannsson, núv. hæstv. samgrh., spurður um þetta atriði, og var þá ekki annað að skilja en hann ætlaði að leggja fram slíka till. sjálfur. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég endurtek:" — og þá var hann að fjalla um Iscargomálið. — „Ég leit ekki svo á að um stefnubreytingu væri að ræða í sjálfu sér" — og þá átti hann við það þegar leyfi var veitt Iscargo á sínum tíma til Amsterdamflugsins. „Hins vegar," sagði hæstv. ráðh., „vinn ég að því að fá fram verulega stefnubreytingu, ég hef aldrei farið leynt með það, og ég vildi gjarnan leggja hér fram þáltill. um stefnuna í flugmálum. Ég gæti gert það á morgun, ég er búinn að lýsa henni hvað eftir annað í ræðum."

Hér lýkur tilvitnun í ræðu hæstv. ráðh. þar sem berlega kemur fram að hann gæti þegar honum sýndist, þegar hann teldi henta — og nefndi þá morgundaginn sem greinilega er ekki runninn upp hjá honum — að hann gæti lagt fram stefnu í flugmálum í þáltill.-formi. Þetta hefur hæstv. ráðh. ekki gert af einhverjum óskiljanlegum ástæðum sem ég reyni ekki að skýra, og það er þess vegna eðlilegt að málið sé borið upp og flutt af öðrum aðilum sem telja að nú sé komið nóg af hringlandahætti hæstv. ráðh. í þessum málum.

Í raun og veru má segja að aðeins eitt hafi einkennt umfram annað aðgerðir hæstv. ráðh. í flugmálum og það sé valdagræðgi ráðh. Það er umhugsunarvert, hvernig hæstv. ráðh. reyndi að styrkja stöðu sína þegar Flugleiðir áttu í erfiðleikum á sínum tíma og þurftu á fjárhagsaðstoð að halda frá íslenska ríkinu. Þá notaði hæstv. ráðh. tækifærið til þess að efla hlut ríkisins í Flugleiðum fyrst og fremst í því skyni að fá mann kjörinn í stjórn félagsins, — mann sem hann gæti tilnefnt til viðbótar þeim manni sem fjmrn. tilnefnir í stjórnina eða hefur tilkall til á grundvelli hlutafjáreignar ríkisins. Aðalmarkmið ráðh. virtist vera að ná völdum í flugmálum þjóðarinnar fyrir atbeina fjármagns sem skattgreiðendur eiga.

Í öðru lagi hefur það verið einkenni á aðgerðum hæstv. ráðh. að opna flugið fyrir nýjan aðila, sem ekki verður skýrt öðruvísi en svo, að hann hyggist með þeim hætti ná auknum áhrifum sjálfur, eða fyrir þá aðila sem hann ber fyrir brjósti, til þess að opna leið fyrir sjálfan sig til áhrifa í íslenskum flugmálum.

Hæstv. ráðh. gerði mikið veður úr því í sinni ræðu, að hér væri verið að efna til frjálsrar samkeppni. Ég held að ekki verði hjá því komist að hrekja þessa fullyrðingu hæstv. ráðh. Hér er ekki um frjálsa samkeppni að ræða. Aðgerðir hæstv. ráðh. leiða síður en svo til frjálsrar samkeppni umfram það sem nú er þegar vegna gagnkvæmra loftferðasamninga við önnur ríki. Eins og margoft hefur komið fram eru loftferðasamningar íslenska ríkisins við önnur ríki nákvæmlega eins og allir slíkir samningar. Þeir eru með þeim hætti, að viljum við fljúga til einhverra borga eða landa, þá verðum við á móti að viðurkenna rétt þarlendra flugfélaga til að fljúga til og frá Íslandi. Þetta tryggir að sjálfsögðu frjálsa samkeppni þótt það hafi verið lítið nýtt af innlendum flugfélögum, a. m. k. í seinni tíð. En sú var tíðin að erlend flugfélög, bæði bandarísk, bresk og SAS, héldu uppi áætlunarflugi til Íslands og áttu þá í fullkominni samkeppni við íslensk flugfélög.

Þvert á móti er stefna hæstv. ráðh. sú að deila út leiðum eftir því sem honum þykir henta á hverjum tíma, en ekki að efla frjálsa samkeppni. Hæstv. ráðh. vill takmarka umsvif þess flugfélags, sem hefur verið á markaðnum, og gera það með þeim hætti að afhenda öðru flugfélagi, sem honum er þóknanlegt þá stundina, flugrekstrarleyfi til ákveðinna borga. Og hann hefur lýst því yfir, að hann muni á næstunni afturkalla flugrekstrarleyfi sem Flugleiðir hafa haft til þeirra borga sem báðir aðilar geta flogið til þessa stundina.

Því miður er hæstv. ráðh. ekki staddur hér í þingsölum. Hann leyfði sér í ræðu sinni áðan að nota þær röksemdir, að hægt var að deila á Flugleiðir fyrir nokkurs konar hringamyndun, og benti í því sambandi á bílaleigu- og hótelrekstur Flugleiða. Víst er það satt og rétt, að Flugleiðir hafa haldið úti starfsemi bæði í hótelrekstri og eins í sambandi við bílaleigu og hafa lagt fjármagn sem minnihlutaaðilar í ýmis flugfélög úti á landi sem hafa haldið úti tengiflugi við flug Flugleiða út á landsbyggðina og gert með því stórgagn. En það er athyglisvert, að þegar rætt er um hringamyndun í þessu sambandi vill hæstv. ráðh. ekki kannast við að Samband ísl. samvinnufélaga sé líklega stærsti auðhringur á Íslandi. Það er ekki nóg að Samband ísl. samvinnufélaga reki hótel, eða einn af aðilum Sambandsins a. m. k., heldur stundar þetta fyrirtæki innflutning, dreifingu, smásölu, flutningastarfsemi, iðnfyrirtæki, ferðaskrifstofu, tryggingastarfsemi og bankaviðskipti. Hvar í heiminum mundi slík starfsemi undir einum hatti ekki flokkast undir hringamyndun, jafnvel þótt sá auðhringur hafi aðeins 25%, svo að ég noti orð hæstv. ráðh., af markaðinum, aðeins 25—27%? Þær röksemdir hæstv. ráðh., sem komu fram í hans ræðu, eru þess vegna einskis virði.

Þá þáltill., sem hér liggur fyrir, held ég að sé óþarfi að ræða í einstökum atriðum. Ég tel eðlilegt að hv. atvmn. skoði till. og kynni sér hana rækilega, þótt auðvitað sé erfitt að lýsa því yfir að hægt sé að afgreiða þessa till. á yfirstandandi þingi. Varðandi fyrstu tvo liðina held ég að það sé fyrst og fremst tilgangur flm. að þvinga hæstv. samgrh. til að standa við orð sín og leggja fyrir Alþingi þáltill. um stefnu í flugmálum, sem tekur af allan vafa um það hver sé stefnan, og að horfið sé frá þeim hringlandahætti, stefnuleysi, festuleysi sem hefur einkennt flugmálin í seinni tíð.

Varðandi 3. lið till. get ég tekið undir það sem bæði hæstv. ráðh. og hv. flm. sögðu og kemur fram í till., að auðvitað er það til skammar opinberum aðilum að hafa haldið verðlagningu fargjalda niðri með þeim hætti að það virðist vera stórhættulegt að fljúga með flugvélum innanlands.

Um 4. og 5. liðinn held ég að ekki þurfi að hafa mörg orð. Ég get tekið undir það sem þar kemur fram.

Í 6. liðnum er rætt um fjárlög og flugvelli. Þar er nefnd tala sem ég hygg að þurfi að skoða betur. Kannske er óraunsætt að nefna ákveðna hundraðstölu í þessu sambandi þótt ugglaust megi gera meira í flugvallarmálum. En það, sem skiptir mestu máli varðandi þennan lið, er auðvitað að með því að laga flugvelli í landinu, gera flugvelli sem standast öryggiskröfur, er verið að efla þá byggðastefnu, þann grundvöll að byggðastefnu sem ég held að allir íslenskir stjórnmálaflokkar séu sammála um. Það er fyrst og fremst á sviði samgöngumálanna, hvort sem um er að ræða vegamál, hafnargerð eða flugvallamál, sem allir íslenskir stjórnmálaflokkar eru sammála um að þurfi að starfa með þeim hætti að geti orðið grundvöllur að eðlilegri og æskilegri byggðastefnu í landinu.

Um 7. liðinn er óþarfi að fara mörgum orðum. Fyrir hv. Alþingi liggur tillaga í frv.-formi um þetta mál. Ljóst er að yfirgnæfandi meiri hluti alþm. er fylgjandi því, að byggð verði flugstöð í samvinnu við Bandaríkjamenn á Keflavíkurflugvelli í því skyni að aðskilja starfsemi millilandaflugsins og varnarstöðvarinnar. Um þetta virðast menn vera sammála. Hins vegar veldur neitunarvald Alþb. því, að hv. þm. Framsfl. virðast ekki treysta sér til að samþykkja þetta frv. á yfirstandandi þingi. Það hlýtur að vera krafa okkar alþm., að sú till. komi úr nefnd, hv. fjh.- og viðskn. Nd., þannig að alþjóð fái að sjá hverjir það eru sem þora að samþykkja þá till., hverjir það eru sem eru gegn till. og hverjir það eru sem þora ekki að taka afstöðu til hennar. Þetta þurfa menn að geta kynnt sér, ekki síst afstöðu samflokksmanna hæstv. utanrrh.

Um 8. liðinn er óþarfi að fjölyrða. Þar er um mikið deilumál að ræða sem sjálfsagt er að athuga.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að ræða þessa till. meira við svo búið. Ég hefði gjarnan kosið að hæstv. ráðh. hefði verið viðstaddur þessa umr. Það er nauðsynlegt að rifjað verði upp fyrir honum hér í umr., og vonandi gefst tækifæri til þess síðar í dag að krefja hann sagna um það, hvað hann hafi átt við með orðinu „morg-

undagur" í ræðu sinni fyrr á þessu þingi, þegar hann sagðist vera tilbúinn jafnvel á morgun að leggja fram þáltill. um flugmálastefnu. Er morgundagur ekki kominn hjá hæstv. ráðh. eða má búast við að þessi till. sjái dagsins ljós á þessu þingi? Ég tel að gagnsemi þeirrar till., sem hér er til umr., sé fyrst og fremst fólgið í því að knýja stefnulausan ráðh. til þess að leggja fram hér á hv. Alþingi till. um það, hvernig haga eigi flugmálum í framtíðinni, en ekki verði fram haldið þeim hringlandahætti sem einkennt hefur störf hæstv. samgrh.

Guðmundur G. Þórarinsson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að leggja örfá orð í belg varðandi þessa till., sem hér liggur frammi, til þál. um mótun stefnu í íslenskum flugmálum. Ég ætla ekki að fara efnislega yfir till., en ég hef nokkrar spurningar í huga til hv. flm.

Ég skil það svo á 1. tölul. þessarar þáltill., að flm. og þá væntanlega allir hv. þm. Alþfl. séu með það í huga, að eitt íslenskt flugfélag hafi einokun á áætlunarflugi til og frá landinu og jafnframt því, eins og hér segir, á öllum aðalflugleiðum innanlands. Ég skil það svo, að þeir telji að hér eigi að vera eitt flugfélag með nánast allt áætlunarflug. Það er út af fyrir sig stefna og gott er að hún komi fram og mönnum sé alveg ljóst hvað hv. þm. eru að fara. Mér er hins vegar ekki alveg ljóst hvað átt er við í þessum tölulið með því, að þetta eina aðalflugfélag, sem þeir hugsa sér, hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands. Mér er ekki ljóst, hvað flm. eiga við með „aðalflugleiðum innanlands," og mér er spurn: Er þá átt við að taka eigi eitthvað af flugleiðum af þeim félögum sem nú fljúga innanlands? Ég hefði gaman af að heyra hvað flm. telur að sé aðalflugleið innanlands, hvað hann á við með þessu, hvort það sé eitthvað svipað og Flugleiðir hafa nú eða hvort þarf að þrengja að öðrum flugfélögum í þessu sambandi.

Mér virðist sem sagt ljóst, að hv. flm. telji að þarna eigi að vera eitt flugfélag með allt áætlunarflug sem eitthvað er. Þá kemur fyrsta spurningin til hv. flm. Árna Gunnarssonar. Þegar á sínum tíma var fjallað um það hér á hv. Alþingi að aðstoða þyrfti Flugleiðir til að halda uppi Atlantshafsfluginu voru sett ýmis skilyrði fyrir slíkri aðstoð og eitt skilyrðið var að Flugleiðir seldu eignarhlut sinn í Arnarflugi. Ég gat ómögulega skilið það skilyrði öðruvísi en þannig, að verið væri að leggja áherslu á að Arnarflug yrði sjálfstætt flugfélag. Mér virtist að allur meginþorri þm. væri inni á þessu og samþykki þetta. Einn flokkurinn hér á Alþingi gekk þó nokkuð lengra og taldi að þessi skilyrði og þ. á m. sala eignarhluts Flugleiða í Arnarflugi væru það veigamikil að um það dygði ekki einföld samþykkt, heldur væri nauðsynlegt að setja í lög að Flugleiðum yrði gert skylt að selja eignarhlut sinn í Arnarflugi. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt hjá hv. þm.) Er það ekki rétt skilið? (**Gripið fram í:** Afstaða Alþfl. var sú, að ef ætti að setja skilyrði skyldi það bundið í lögum, en það var ekki tekin afstaða til einstakra skilyrða.) Ég held að menn hafi verið sammála um þau skilyrði sem fyrir lágu, og síðan var afstaða Alþfl. að skilyrðin ætti að setja í lög. Ég hef skilið það þannig að þetta skilyrði væri þar með. Þess vegna er mín spurning: Hvers vegna var það þá svo áríðandi að mati Alþfl. að gera Arnarflug sjálfstætt, að Flugleiðir seldu eignarhlut sinn í Arnarflugi, ef það er svo mikilvægt sem kemur fram í þessari stefnu að um sé að ræða eingöngu eitt flugfélag í áætlunarflugi? Var svo áríðandi að fá sérstakt leiguflugfélag að það væri ástæða til að lögfesta slík skilyrði sem þarna var um að ræða? Ég fæ þetta ekki alveg saman og mig langar til að biðja hv. flm. að gera nánari grein fyrir því, hvað Alþfl. átti við með þessu máli.

Hv. þm. Árni Gunnarsson gerði nokkuð að umræðuefni að það hefðu verið mikil mistök að styrkja Flugleiðir til að halda áfram Atlantshafsfluginu. Hann kvaðst vera á móti því og hafa verið á móti því og þetta mundi aldrei geta gengið. Ég hef reyndar alltaf sett nokkuð stórt spurningarmerki við það, hvort hér væri um að ræða styrk við Flugleiðir. Mér hefur virst að sú aðstoð, sem flugfélagið Flugleiðir fékk, hafi í öllum aðalatriðum verið miðuð við að það fengi frá ríkinu nokkurn veginn þær tekjur sem ríkið hefði af þessu Atlantshafsflugi og mundi glata ef flugið legðist niður. Í stærstum dráttum var miðað við það. Þar af leiðandi tel ég að það sé vafasamt í sjálfu sér að kalla þetta beinan styrk og hefði kannske verið eðlilegra að kalla það eitthvað sem svo að gjöldin væru felld niður af þessu, en tekjurnar hefðu tapast ef flugið hefði fallið niður. Við, sem að þessu stóðum, töldum að það væri rétt þar sem þarna væri um að ræða atvinnugrein sem hafði tekið fjölmörg ár að byggja upp, að kasta henni ekki frá sér þó að þannig syrti í álinn því að fram undan kynni að vera eitthvað bjartari tíð og það væri vafasamt að vera búinn að leggja þessa atvinnugrein niður ef lagaðist, jafnframt því sem menn töldu að ekki væri miklu til kostað ef flugfélaginu væru í aðalatriðum lagðar til þær tekjur sem af fluginu væru og töpuðust ef flugið legðist niður hvort eð væri.

Ég er þeirrar skoðunar, að þetta hafi tekist nokkuð vel. Mér sýnist af þeim skýrslum, sem nú liggja fyrir, að halli Flugleiða hafi minnkað mjög verulega síðasta ár, jafnframt því sem Flugleiðamenn hafa sjálfir upplýst að ef Atlantshafsflugið hefði verið lagt niður væri tap þeirra miklu meira án Atlantshafsflugsins en með því.

Í ljósi þessara atriða fæ ég ekki alveg séð hvert hv. flm. stefnir með þessum orðum sínum. Mér virðist vera ljóst að þarna sé um að ræða fjölmargt þjálfað starfsfólk sem hefur haldið vinnu sinni á sama tíma og atvinnuleysi er landlægt í löndunum í kringum okkur. Reynsla fjölda fólks nýtist áfram. Vonandi er að þarna lagist. Haldið er sem sagt opnum fram í framtíðina ýmsum möguleikum. Og mér er spurn: Hvað hefur tapast í sjálfu sér? Ég tók eftir að flm. talaði um að endurnýja þyrfti flugkostinn á þessum flugleiðum. Það má vel vera. En ef litið er yfir þessi ár, hvað hefur tapast og hvað hefur unnist? Ég fæ ekki séð að það gefi tilefni til stórra orða þó að flugfélaginu hafi í stórum dráttum aðallega verið lagt til það fé sem ríkið hefði ella tapað ef flugið hefði fallið niður. Fjöldi fólks hefur haft þarna vinnu og þegar við það bætist, að tap Flugleiða hefði orðið að líkindum miklu meira ef þetta flug hefði verið lagt niður, er mér ekki ljóst hvert flm. er að fara. En spurningin, sem ég vildi bera fram við hann í þessu sambandi er aðallega þessi: Mér hefur virst að hv. þm. Alþfl. og þó kannske sérstaklega hv. 1. flm. þessarar till., Árni Gunnarsson, hafi verið mjög harðir talsmenn þess, að ný flugstöð yrði byggð í Keflavík, þ. e. sú nýja flugstöð sem þegar liggur fyrir teiknuð, ef ég hef skilið orð þm. rétt. Nú stendur nokkur deila um stærð þessarar flugstöðvar og sumir telja að hún sé óþarflega stór. Ég ætla ekki að fara inn á það mál hér, en ég hygg þó að öllum sé ljóst að ef Atlantshafsflug Flugleiða legðist niður væri þó a. m. k. ástæða til að minnka hana og endurskoða þá uppdrætti sem þarna er

um að ræða. Þess vegna spyr ég hv. þm. Árna Gunnarsson: Hvernig fær hann það saman að berjast með öðru orðinu nokkuð vasklega fyrir byggingu þessarar stóru flugstöðvar í Keflavík, en með hinu fyrir því, að Atlantshafsflug Flugleiða verði lagt niður? (**ÁG:** Þjóðinni fjölgar væntanlega.) Jafnvel þó að svo væri, Árni, hefur það ekki áhrif í þessu sambandi. Þú ætlar þá að fjölga þjóðinni mikið á næstu árum ef það ætti að nást saman. Ég held að þarna skjóti þm. yfir markið. Ég held að hann hafi ekki hugsað þetta til enda frekar en þegar hann var að fást við Arnarflugsmálið hér og skilyrðin sem sett voru fyrir aðstoðinni við Flugleiðir. Ég ætla þó ekki að fara fleiri orðum um það í sjálfu sér, en mig langar til að biðja hv. þm. að svara því, hvað hann á við með þessu, hvert hann er að fara, því að mér er það alls ekki ljóst.

Ég vil síðan segja það, að ég tek undir með mörgum sem hér hafa talað varðandi 2. tölul. þessarar þáltill. Mér virðist hann ekki raunhæfur. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það, því að ég er sammála því sem kom fram í máli ráðh. varðandi þennan tölulið.

Um Reykjavíkurflugvöll mætti sjálfsagt margt segja. Ég hygg að það sé a. m. k. óopinber stefna að hann verði þarna aðalflugvöllur til aldamóta. Hins vegar er ljóst að sambúð Reykjavíkurborgar við flugvöllinn hefur heldur versnað. Það hefur þrengst að honum og það eru ýmis vandkvæði þarna á ferðinni, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Garðars Sigurðssonar. Ég hygg að þetta þyrfti að skoða nokkuð vel, og mér mundi finnast heldur óæskilegt að Alþingi mótaði stefnu í þessa átt án þess að hafa um það nokkra samvinnu við borgaryfirvöld í Reykjavík, þar sem búið er að leggja feiknalega vinnu í athugun á hvort það sé ekki í sjálfu sér hagkvæmast fyrir Reykjavíkurborg að flugvöllurinn yrði fluttur og þetta svæði tekið til íbúðabygginga. Ég ætla ekki að fara nánar inn á þær áætlanir. En hér er um mál að ræða sem er engan veginn einfalt og glettilega viðamikið og flókið í mati.

Ég vil síðan segja að æskilegt er að fá fram á Alþingi umr. um stefnu í flugmálum. Það má vel vera að þessi till. geti átt þátt í að örva umr. um slíka stefnumótun, en ég hefði samt kosið að margt af því, sem fram kemur bæði í till. og málflutningi flm., hefði verið rökréttara og hann hefði sett sig betur inn í málið áður en hann lagði till. fram.

Flm. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Út af síðustu orðum síðasta hv. ræðumanns ætla ég að kæta hann með því, að svona till. er ekki flutt án þess að öll höfuðatriði hennar séu borin undir sérfróða menn. Það hefur verið gert í sambandi við samningu þessarar till. og ég skal gera þessum hv. alþm. það til geðs að bjóða honum til fundar við flesta þá sem staðið hafa að gerð þessarar till. svo að hann geti rætt við þá því að ég tel þá menn, sem að samningu till. hafa staðið, mun fróðari um flugmál á Íslandi en hv. síðasti ræðumaður er. Síðan skal ég svara hans annars ágætu spurningum, sem eru ákaflega eðlilegar, og koma að þeim dálítið síðar.

Ég harma að hæstv. samgrh. skuli ekki vera hér í salnum núna því að ég á margt ótalað við þann ágæta ráðh. Ég tel t. d. að það beri vott um mikil rökþrot þegar hæstv. ráðh. leyfir sér að fullyrða að ég sé einhver sérstakur málsvari Flugleiða þótt ég hafi leyft mér að flytja hér till. um mótun opinberrar stefnu í flugmálum einfaldlega vegna þess að hún er ekki til, vegna þess að hæstv. samgrh. hefur ekki gert sér far um að móta neina stefnu í flugmálum á Íslandi, heldur hafi þvílíkan hringlandahátt í þessu máli að það verður ugglaust fært á spjöld sögunnar. En kannske er þessi hæstv. ráðh. nú að semja um einhver togarakaup eða skipa í stöður úti á landi eða eitthvað slíkt. Alla vega getur hann ekki verið viðstaddur þessa umr.

Hann sagði að ég væri málsvari Flugleiða. Ég læt mér það í léttu rúmi leggja. Ég held að Flugleiðamenn telji það ekki. A. m. k. töldu þeir það ekki þegar ég mælti gegn stuðningnum við Norður-Atlantshafsflugið.

Það er ýmsu að svara úr ræðu ráðh. sem var annars næsta innihaldslítil, og menn skyldu nú taka sig til, þegar búið er að vélrita ræðuna, og lesa hana og kanna hvað er bitastætt í henni. Það er nánast ekki neitt.

Ég er hins vegar mjög ánægður með þá umr. sem hefur farið hér fram í dag. Það sýnir m. a. að menn eiga margt ósagt um flugmál á Íslandi. Þetta er gríðarlega veigamikill og stór málaflokkur og hefur verið sinnt allt of lítið á hinu háa Alþingi, eins og m. a. kemur í ljós við þessa umr.

Auðvitað sagði ráðh., eins og hans var von og vísa, að hann hefði ekki komið nálægt því máli þegar Arnarflug var nánast, að mínu mati, gabbað til að kaupa Iscargo. Þetta hefur hann sagt áður og þau orð hrjóta nú af mönnum eins og vatn af gæsum. Það tekur enginn mark á þeim. Ráðh. hefur þann hæfileika að tala eins og saklaus drengur og talar þá gjarnan þannig að hann getur verið býsna meinyrtur þrátt fyrir það og býr málin í ljómandi skemmtilegan búning svo menn taka kannske ekki alveg eftir því hvað hann er að fara. Þetta er ugglaust kostur á stjórnmálamanni, ég efast ekkert um það.

Hann svaraði hins vegar engum af þeim spurningum sem ég bar hér fram, ekki einni einustu, gaf ekki skýringu á neinu. Hann svaraði t. d. ekki þeirri spurningu, af hverju hann teldi heppilegt að hefja þá samkeppni sem hann er að koma af stað núna, nema með því einu að segja að samkeppni væri af hinu góða. En þá hefði ég viljað spyrja hæstv. ráðh.: Af hverju hafa langflestar nágrannaþjóðir okkar komist að allt annarri niðurstöðu? Af hverju hafa Skandinavar stofnað SAS? Af hverju hafa Hollendingar stofnað KLM? Af hverju Belgar Sabina? Af hverju Vestur-Þjóðverjar Lufthansa? Þannig mætti lengi spyrja. Erum við þau viðundur í veraldarsögunni og flugmálasögu heimsins að við — 220 þús. hræður — getum stofnað til þeirrar samkeppni sem nú er verið að stofna til, en aðrar þjóðir, milljónaþjóðir, voga sér ekki að fara inn á þetta svið? Þar eru ríkisflugfélög aðalflugfélögin og til hliðar við þau eru rekin smærri flugfélög sem stunda innanlandsflug og stunda leiguflug. Þessar staðreyndir verða ekki hraktar. Það verður ekki heldur hrakið, að árið 1981 var versta ár í sögu bandarískra flugmála vegna aukinnar samkeppni, vegna aukins kostnaðar, olíukostnaðar, viðhaldskostnaðar, kostnaðar af öllu tagi. En á sama tíma erum við að stofna til þessarar samkeppni.

Ég vil í þessu sambandi minna á það sem hæstv. samgrh. segir í viðtali við Tímann fimmtudaginn 11. mars 1982 og er dæmigert um stefnu hans í flugmálum. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég sagði þeim að ég teldi eðlilegt og að ég mundi ræða um það við flugfélögin, að ef Arnarflug fengi flugleyfi á Amsterdam eftir að Iscargo hefði skilað inn flugleyfinu, þá væri eðlilegt að Flugleiðir flygju ekki á Amsterdam og Düsseldorf gegn því þá að Arnarflug flygi

ekki leiguflug á Kaupmannahöfn og London."

Hver skilur þessa endaleysu? Ekki nokkur maður. Hann er að tala um að hann þurfi að láta Iscargo skila einhverju flugleyfi á sama tíma og ég hef hér í höndunum samninga á milli Íslendinga og Hollendinga, tvíhliða loftferðasamninga, sem kveða á um að það megi eins mörg flugfélög og vilja fljúga á þessum flugleiðum. Ef hv. þm. skilja þessa pólitík, skilja þessa stefnu, vildi ég gjarnan fá að heyra það.

Hæstv. ráðh. svaraði ekki heldur spurningunni, sem ég bar fyrir hann, hvort ekki væri rétt að það mættu vera 2,3 eða 4 flugfélög á þessum flugleiðum samkv. þessum tvíhliða loftferðasamningum. Ég hef gengið úr skugga um að auðvitað mega vera eins mörg flugfélög og hver vill og hver ráðh. og hver ríkisstj. ákveður að úthluta leyfum til. Það er ekki um það að ræða að taka flugleyfi af einu félagi og afhenda það öðru. Það geta tvö eða þrjú verið á sömu flugleið ef þau vilja.

Ég ætla ekki að fara að svara fyrir Flugleiðir hf. um það, hvort það félag hafi seilst til áhrifa hér og þar. Auðvitað hefur félagið gert það. Það fer ekkert milli mála. En það kom líka fram í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar að þetta félag hefur gert ýmislegt fleira sem menn vilja gleyma. Það hefur stofnað til flugrekstrar úti á landi, á eignarhlut í smærri flugfélögum sem halda uppi mjög brýnni þjónustu úti á landsbyggðinni, sbr. Norðurflug. En þetta virðist gleymast. Og aðrir „einokunarhringar", vegna þess að það varðar ekki við íslensk lög, en mundi varða t. d. við bandarísk lög, eru ekki til fyrirstöðu hjá hæstv. ráðh. þó að þeir stofni nákvæmlega sömu fyrirtækin og enn þá fleiri og á víðara sviði en hér um ræðir.

Hæstv. ráðh. sagði líka mjög merkilega setningu áðan. Hann sagði að mönnum hefði ofboðið á sínum tíma þegar Flugfélag Íslands og Loftleiðir hefðu byrjað að fljúga til Kaupmannahafnar tvær ferðir sama daginn, stundum með örfáa farþega. En hvað er hæstv. ráðh. að gera núna? Hann er að stofna til þess, að tvö flugfélög fljúgi til tveggja borga í sumar, jafnvel á sömu dögum, og með örfáa farþega. Eru ekki þversagnir í þessu? Er ekki málið það, að hæstv. ráðh. hefur ekki hugmynd um hvað hann er að gera eða segja?

Hæstv. ráðh. bar síðan saman skipafélög og flugfélög. Þetta er fáránlegur samanburður. Flugrekstur er einhver viðkvæmasti rekstur sem um getur. Flugrekstur er svo viðkvæmur að jafnvel einfaldar sveiflur í efnahagslífi þjóða hafa stórkostleg áhrif á þann rekstur. Það snertir mun síður skipafélög.

Ráðh. hélt því fram, sem er rangt hjá honum og má sanna á einfaldan hátt, að Arnarflug, með fullri virðingu fyrir því félagi, hygðist fljúga allt árið til Amsterdam og Düsseldorf. Á blaðamannafundi, sem þetta félag hélt fyrir skömmu, sögðu forráðamenn félagsins að fyrst um sinn yrði flogið að sumarlagi til þessara staða. Ráðh. sagði enn fremur, — og ég hefði gjarnan viljað að hann væri hér því að það er ekki nokkur hemja að ráðh. geti skotist í burtu þegar hann er búinn að ráðast hér á þm. og þeir vilja síðan svara ýmsum áburði, að hann sitji ekki hér og hlusti á það sem fram fer, — að í mínum málflutningi hefði komið nákvæmlega það sama fram og hjá Flugleiðamönnum, þ. e. samanburðurinn á íslensku flugi, og bandarísku flugi. Auðvitað berum við þetta saman vegna þess að þar er samkeppnin óheft. Það er samkeppni í þessu flugi, sem er núna að hafa þau áhrif að a. m. k. tveir tugir flugfélaga eru að fara á hausinn. Þetta geta menn lesið ef þeir svo kjósa.

Ég ætla ekki að deila meira við ráðh. Ég held að það sé alveg ástæðulaust og heldur tilgangslítið. Engu að síður situr það eftir, að hann svaraði ekki veigamiklum spurningum sem ég bar fyrir hann. Hann skaut sér undan því að svara þeim, eins og hans var auðvitað von og vísa. — Ég hafði nokkuð gaman af hvernig hann hóf mál sitt, því að ég var búinn að segja við nokkra félaga mína, áður en þessi umr. hófst, að nú skyldu þeir taka eftir því, að það fyrsta, sem ráðh. segði í sinni ræðu, yrði að ég væri hér staddur sem fulltrúi Flugleiða. Og hvað gerðist? Það var fyrsta setningin, að þm. væri málsvari Flugleiða. Engir nema rökþrota menn tala svona. Ég flyt hér mál til að reyna að knýja á um að í landinu verði mótuð flugmálastefna sem ekki er til, og hæstv. ráðh. vogar sér að tala svona. Ég gæti sagt mörg orð um hverra málsvari hann er, ef ég kærði mig um. Ég hef ekki vitandi vits nefnt það á nafn einu einasta orði, ekki í eitt einasta skipti, að hann væri málsvari eins eða annars.

Hv. þm. Garðar Sigurðsson og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gerðu aths. við þessa þáltill. Þær voru efnislegar og málefnalegar og ekkert við því að segja. Það dettur engum þm. í hug, sem flytur tillögur eða frv., að þau æði í gegnum nefndir og þing athugasemdalaust, og þess vegna eru málefnalegar og efnislegar aths. við þáltill. og frv. eðlilegar og sjálfsagðar.

Það hefur verið rætt um vanda litlu flugfélaganna úti á landi. Sá vandi er auðvitað mikill sem við er að glíma, en sá vandi er þó mestur að það skortir stórkostlega á um allt öryggi flugvalla. Það er sá málaflokkur sem helst kemur í veg fyrir að unnt sé að halda uppi reglubundnu og góðu flugi á Íslandi. Það væri hægt að fjölga flugtökum og lendingum á öllum flugvöllum á Íslandi um mikinn prósentufjölda ef góð aðflugstæki, góð öryggistæki væru á þessum völlum. Svo einfalt er það mál.

Það var auðvitað hárrétt, sem hv. þm. Friðrik Sophusson sagði, að í umr. utan dagskrár um kaup Arnarflugs á Iscargo lofaði ráðh. flugmálastefnu sem hann sagði að hann gæti lagt fram á morgun. Hann sagði orðrétt, með leyfi forseta:

„Ég endurtek: Ég leit ekki svo á að um stefnubreytingu væri að ræða í sjálfu sér. Hins vegar vinn ég að því að fá fram verulega stefnubreytingu, ég hef aldrei farið leynt með það, og ég vildi gjarnan leggja hér fram þáltill. um stefnuna í flugmálum. Ég gæti gert það á morgun, ég er búinn að lýsa henni hvað eftir annað."

Hvar er þessi stefna? Ég lýsi eftir þessari stefnu, hæstv. flugmálaráðherra. Hún kom ekki á borð þm. daginn eftir þessar umr. og hún er ekki komin enn þá og ég er sannfærður um að sú stefna kemur ekki fyrir þinglok, enda held ég að jafnvel flokksbræðrum hæstv. samgrh. sé farið að ofbjóða stefnuleysið og vitleysan í flugmálum hér á landi og einkum og sér í lagi eftir síðustu atburði í flugleyfamálum, sem auðvitað er annað mál, en tengist þessu þó bæði beint og óbeint og verður væntanlega upplýst, þótt enginn verði líklega dreginn til ábyrgðar. En það er subbumál og verður að upplýsa hvernig þar hefur verið að staðið.

Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson beindi til mín nokkrum spurningum, um 1. tölul. m. a. Ég hef svarað því. Ég sagði áðan að stefnan væri sú í nágrannalöndum okkar að byggja upp öflug flugfélög í ríkiseigu og til hliðar væru smærri flugfélög sem önnuðust leiðir innan-

lands og sæju um ýmis áætlunarflug. Hvað eru aðalflugleiðir innanlands? Ég held að það gefi alveg auga leið. Aðalflugleiðir innanlands hljóta að vera þær leiðir sem flestir farþegar fara með flugvélum. Til að útskýra þetta betur lít ég svo á að aðalflugleiðir séu t. d. flugleiðin til Akureyrar, Egilsstaða, Hafnar í Hornafirði, Vestmannaeyja og jafnvel Sauðárkróks og Ísafjarðar. Þetta tel ég aðalflugleiðir. Það kemur einnig skýrt fram, sem mér virðist að margir þm. hafi viljað skjóta sér á bak við, að ég tel nauðsynlegt að því flugi, sem er til hinna smærri staða, verði veitt mun meiri aðstoð en nú er. Við getum aldrei komið góðu lagi á innanlandsflugmál ef við ætlum að fara að kröfu allra þeirra sem vilja að flogið sé beint frá hverjum einasta bæ og hverju einasta þorpi á landinu, þar sem flugvöllur er, til Reykjavíkur. Það dæmi gengur ekki upp og það vita allir. Um það þýðir ekki að tala.

Þm. spurði enn fremur um það, af hverju Alþfl.-menn samþykktu að eitt skilyrðið vegna aðstoðarinnar við Flugleiðir væri sala á hlutabréfum Flugleiða í Arnarflugi sem tryggði að það yrði sjálfstætt flugfélag. Ég hef aldrei nokkurn tíma mótmælt því, að Arnarflug gæti verið sjálfstætt flugfélag, það hefur ekki hvarflað að mér, enda væri slíkt brot á öllum lögum. Það getur starfað sem sjálfstætt flugfélag. En ég tel að miklir meinbugir séu á að tvö flugfélög fari að keppa um þær fáu leiðir sem við höfum yfir að ráða. Það er kjarni þessa máls.(**GGÞ:** Af hverju var svona áríðandi að gera það sjálfstætt?) Það var ekkert áríðandi að gera það sjálfstætt. Menn töldu hins vegar ákaflega eðlilegt, og fyrir því voru skynsamleg rök þegar þessi aðstoð kom til, að Flugleiðir seldu hlutabréf sín í Arnarflugi. En hvað gerðist síðan? Þm. hefur ekki nefnt það. Hvað gerðist síðan? Flugleiðir eiga enn þá þessi hlutabréf í Arnarflugi, 40%. Og af hverju? Af því að það vildi enginn kaupa þau.

Mér þótti vænt um að heyra að Guðmundur G. Þórarinsson hefur allt aðra skoðun á stuðningnum við Flugleiðir en hæstv. samgrh. Hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson telur að þarna sé verið að endurgreiða flugfélaginu það sem það hafi lagt til þjóðarbúsins. Ráðh. hefur ævinlega og ávallt talað um þetta sem styrk til félagsins. Mér þykir mjög vænt um þetta, enda er ég sannfærður um að hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson er hæfari maður til að fara með flugmál en hæstv. samgrh. er. Mér finnst þetta afskaplega skynsamleg skoðun.

Hann spurði mig að því líka, af hverju ég hefði verið á móti stuðningnum við Norður-Atlantshafsflugið. Ég var á móti því, að þessi fjárhæð færi í að greiða niður farseðla fyrir útlendinga. Það var það sem ég hafði á móti. Ég hafði ekkert á móti því, að flugfélagið Flugleiðir yrði stutt sem slíkt í þrengingum, en ég taldi Norður-Atlantshafsflugið dauðadæmt. Það er það enn í dag, því miður, en við höldum áfram að greiða niður farseðla fyrir útlendinga sem nemur tugum dollara á hvern einasta farseðil. (**GGÞ:** Það er meira tap án þess.) Það breytir engu. Þó að það sé meira tap án þessa flugs og þó að menn geti bókhaldslega sýnt fram á það er flugið fásinna. Það er fásinna einfaldlega vegna þess m. a. — og af því að hv. þm., sem kallaði hér fram í, er verkfræðingur skilur hann tölulegar staðreyndir — að vélar félagsins fljúga þríhyrning í staðinn fyrir beina leið þannig að tilkostnaðurinn við hvert flug er margfaldur. Þetta er ein af staðreyndum málsins.

Hv. þm. talaði um að það væri þversögn í því að ég vildi berjast fyrir nýrri flugstöð á Keflavíkurflugvelli og um leið leggja niður Norður-Atlantshafsflugið. Við verðum náttúrlega að halda uppi flugi, hv. þm., á milli Íslands og Bandaríkjanna eins og annarra landa, og það er ekkert á móti því, að við höfum eina, tvær eða þrjár ferðir í viku til Bandaríkjanna ef farþegafjöldinn á milli þessara landa leyfir það. Á það að vera einhver spurning um þokkalega flugstöð í lýðveldinu Íslandi hvort við fljúgum með útlendinga á niðurgreiddum fargjöldum á milli Lúxemborgar, New York og Íslands? Þá skil ég ekki þessa „logik", sem ég mundi kalla „hundalogik", vegna þess að flugstöðina verðum við að eignast hvort sem hún er stærri eða minni. Eins og kom fram þegar ég greip fram í fyrir hv. þm. er ég þeirrar skoðunar, sem ég held að hann hljóti líka að vera, að Íslendingum eigi eftir að fjölga og við þurfum að horfa til framtíðar, a. m. k. reyni ég áfram að horfa til framtíðar. M. a. þess vegna legg ég fram þessa till. hér, að mér sýnast þessi mál vera að komast í algert óefni. Og það hafa allir viðurkennt sem um þessi mál fjalla.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa miklu fleiri orð um þetta mál. En mér þætti vænt um ef hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson, sem er ugglaust maður þekkingarinnar í sambandi við flugmál, skilaði því til formanns flokksins, hæstv. flugmálaráðh., að það hefði verið vel þess virði að hlusta á þó ekki væri nema varaformann Sjálfstfl. og hvað hann sagði um þessa till. Hér er ekki verið að karpa um það í raun og veru, hver leggur málið fram. Við verðum að fjalla um þessi mál, eins og hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson sagði. Annars gerist ekkert. Annars verða flugmálin í sömu klípunni og þau hafa verið undanfarin ár, og það er engin sjáanleg breyting enn þá. M. a. þess vegna er þessi till. lögð fram: að þvinga fram umr. um þetta mál, að þvinga fram einhver viðbrögð af stjórnvalda hálfu til af reyna að koma þessum málum í það horf sem eðlilegt gæti talist.

Auðvitað geri ég mér fulla grein fyrir því, eins og ég sagði áðan, að þessi till. flýgur hvorki frekar en aðrar — gegnum þing né nefndir, það er alveg ljóst mál, allra síst nú í þinglokin, enda hefur dregist mjög framsaga fyrir þessari tillögugerð í hv. þingi. Engu að síður hefur þessi till. þó komið af stað umr. á hinu háa Alþingi. um flugmál sem ekki hafa farið fram a. m. k. frá því ég kom hingað 1978. Ég tel því að til einhvers sé þó barist ef þessi umr. fæst fram. Ég geri enga kröfu til þess og mér hefur aldrei dottið í hug að menn gleyptu þessa till. hráa. Það er af og frá. Ég fer bara fram á að hún fái þinglega meðferð og menn geti fjallað um hana, leitað álits á henni og reynt að koma saman einhverri stefnu í þessum málaflokki. Um meira bið ég ekki. Og með þessum orðum óska ég eftir því að till. verði vísað til atvmn.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e., 1. flm. þeirrar till. sem hér er til umr., hefur haft um það stór orð hvað stefnuleysið og vitleysan séu mikil í íslenskum flugmálum nú. Ég ætla mér ekki að gerast neinn dómari í því, en sé það fyrir hendi nú í flugmálum okkar Íslendinga mundi það ekki batna mikið ef farið yrði eftir þeirri till. sem hann hefur lagt hér fram og mælt fyrir ásamt tveimur Alþfl.-mönnum öðrum. Það væri svo sem gaman að hitta þá sérfræðinga hans í flugmálum sem hann hefur fengið til að vinna með sér þessa till. og heyra rök þeirra. (**ÁG:** Alveg sjálfsagt.) Ég hef ekki fundið mjög mikið fyrir þeim rökum, sem hv. þm.

hefur flutt hér, og sé ekki annað en þau séu innlegg í deilur um það sem búið er að deila um aftur og aftur á hv. Alþingi, um viðskipti Arnarflugs og Flugleiða og meðhöndlun hæstv. samgrh. á þeim málum. Ég ætla ekki að blanda mér í þær umr., en fyrst og fremst að nefna nokkur atriði í sambandi við það sem snertir innanlandsflugið og þá um leið líta á fyrsta liðinn í till. þar sem segir: „Stefnt skal að því, að grunneining í flugrekstri Íslendinga verði eitt flugfélag, er af Íslands hálfu hafi sérleyfi til alls áætlunarflugs til útlanda.“ Og til viðbótar kemur: „Þetta sama félag hafi sérleyfi til áætlunarflugs á öllum aðalflugleiðum innanlands.“

Mikið væri gaman að fara í huganum aftur til ársins 1952, að mig minnir. Þá var tekið fyrir innanlandsflug Loftleiða, en fram að þeim tíma, á uppbyggingartímabili þeirra stóru flugfélaga, Flugfélags Íslands og Loftleiða, höfðu bæði þessi flugfélög annast innanlandsflug. Þá er leyfi tekið af Loftleiðum. Hvað skeður þá? Flugfélag Íslands fær einokunaraðstöðu til að sinna þessu flugi og hafði þá einokunaraðstöðu alllengi. Það verður engin framþróun á sviði innanlandsflugmála á löngu tímabili eftir að Flugfélag Íslands fær einkaréttinn til að sinna þessum málum. Það er ekki fyrr en Vængir koma inn á vettvanginn, líkast til á seinni hluta 7. áratugsins, að einhver breyting verður í sambandi við almenna þjónustu á flugleiðum út um landið. Sú þjónusta var því miður langt frá því að vera nógu góð vegna þess að það flugfélag, Vængir, var mjög veikt og gat ekki sinnt þeirri þjónustu sem skyldi. Á síðustu árum hefur aftur á móti annað flugfélag, arftaki Vængja, tekið við þessum þætti þar sem Flugleiðir sinna honum ekki, en þær hafa þó sinnt þessum þætti á stærstu og öflugustu flugleiðunum. Það er Arnarflug sem við tók og hefur veitt mjög góða þjónustu á þeim leiðum sem það hefur fengið. Ég held að það væri mjög vafasöm ráðstöfun ef það ætti aftur að snúa til þess að leyfa félagi eins og Flugleiðum að annast einu þessa þjónustu, það væri reglulegt spor aftur á bak.

Það er reyndar búið að ræða 2. töluliðinn hér og benda á þá galla sem liggja í augum uppi í sambandi við það að búa til flugnet sem annist aðflug að aðalflugleiðum. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson benti á hvernig ætti t. d. að framkvæma það á Vestfjörðum. Ég spyr: Hvernig á að framkvæma það á Norðurlandi vestra? Kannske á að fara að fljúga með farþega frá Blönduósi á Sauðárkrók og frá Siglufirði á Sauðárkrók o. s. frv. Ég held að þetta sé næstum óframkvæmanlegt nema kannske á tveimur stöðum á landinu, þ. e. að og frá Akureyrarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli. Frá öðrum stöðum er þetta varla framkvæmanlegt. Það er því alrangt að ætla sér að fara að byggja upp bindandi flugmálastefnu þar sem þetta yrði lagt til grundvallar.

Þriðji liðurinn er um verðlagningu fargjalda á innanlandsflugleiðum. Vitaskuld má taka undir að það hlýtur að vera eðlilegt að verðlagning standi undir rekstri þessara fyrirtækja. Ef ríkið telur að það þurfi að halda niðri verði á þessari þjónustu verður ríkissjóður að einhverju leyti að koma inn í og styrkja reksturinn, en mér finnst mjög vafasamt að halda því fram á hv. Alþingi, að verðlagningin sé þannig og það sé haldið uppi þannig löguðum flugrekstri hér að vafamál sé með öryggið. Það hafa komið upp hér þm. hver af öðrum og undirstrikað að vegna rangrar verðlagningar sé vafamál um öryggið í fluginu. Ég get ekki látið mér detta í hug að þeir, sem stjórna flugsamgöngunum og reka flugfélög, láti þær flugvélar vera í gangi sem hafa ekki fullkominn öryggisbúnað. Er raunverulega hægt að ógna með því í sambandi við þetta? Mér finnst vafasamt að koma með þennan þátt inn í þegar rætt er um verðlagninguna. Ég geri ekki ráð fyrir að það sverfi nokkurn tíma að þessum stofnunum á þann veg að gefið verði eftir í öryggismálum.

Um 4. þáttinn vil ég segja það, að ég tek undir að ekki sé rétt að neitt sérstakt félag hafi forgangsrétt til leiguflugs. En þegar verið er í öðru orðinu að tala um að byggja upp fyrst og fremst eitt flugfélag sem skuli annast allar áætlunarflugleiðir bæði utan lands og innan, þá liggur í augum uppi að á landinu verður varla um annað flugfélag að ræða sem getur keppt á þessum vettvangi. Það er þá ekki um að ræða annað en að þarna kæmu erlend félög til samkeppni. Ég get ekki tekið undir að það sé æskileg þróun. Það, sem gert hefur verið, að veita Arnarflugi heimild til flugs til Evrópu, styrkir það félag til að vera samkeppnisaðili á leiguflugsmarkaðinum. Ég tel það hafa verið framfaraspor frekar en að þar sé í einu eða neinu verið að fara inn á ranga stefnu í uppbyggingu flugmála okkar.

Í sambandi við 5. liðinn er það vitaskuld óskaþróun, að allar viðgerðir og viðhald flugvéla íslenska flugflotans fari fram hér á Íslandi. En eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson tók fram er vafamál að slíkt geti nokkurn tíma átt sér stað. Vitaskuld ber að vinna að því, að sem mest af þessari þjónustu eigi sér stað hér heima.

Í 6. lið, að bundið verði framlag til framkvæmda í flugmálum 1.5% af upphæð fjárlaga árlega, kemur vitaskuld fram mikil bjartsýni. Sú tafla, sem hér fylgir í grg. til að sýna hvernig sú þróun fjárveitinga hefur átt sér stað undanfarin ár, sýnir reyndar ekki fallegar tölur síðustu árin. Ég vil benda á að það er vafasamt að taka svona langt tímabil um fjárlög og koma með prósentuhluta fjárlaganna, vegna þess að fjárlögin eru að breytast. Á þessu tímabili hafa verið teknir margir nýir þjónustuþættir inn í fjárlögin. 0.60% árið 1981 eru því alls ekki sama hlutfall raunverulega og sama prósentutala mundi gefa til kynna 1968. Þess vegna er sú tafla vafasöm sem þarna er látin fylgja. Hitt taka náttúrlega allir undir, að það þarf miklu meiri peninga til þessara mála og æskilegt að uppbygginga flugvalla og öryggis við flugvelli verði aukin. En hvað eigum við þá að skerða eða eigum við að leggja á meiri skatta o. s. frv. ? Einhvers staðar verður að taka þá peninga sem til þessa þarf. Ég held að sé nokkur draumsýn að nefna svona háa prósentutölu, en að því þarf að vinna að þarna komi aukið fjármagn til.

Mér finnst það vera nokkur mótsögn þegar það kemur í næsta lið, að þegar í stað verði hafnar framkvæmdir við smíði flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli. Eins og við vitum þyrfti til þeirrar byggingar að fara svo mikið fjármagn að ég er hræddur um að meginhluti þess fjármagns, sem þarna yrði til ætlað, færi til þeirrar framkvæmdar þau ár sem væri verið að byggja flugstöðina og lítið færi til uppbyggingar íslenskra flugvalla á meðan sú flugstöð væri byggð. Og að þess sé krafist, að hafin sé bygging þeirrar flugstöðvar á meðan við höfum ekki hér á höfuðborgarsvæðinu almennilega flugstöð eða boðleg húsakynni fyrir íslenska farþega, — mér finnst ekki mikil reisn yfir því þó að það megi svo sem segja að það væri æskilegt að útlendingar sæju ekki þann smánarblett sem á landinu er þar syðra. Tek ég undir orð flm. um þau mál.

8. liðinn, að Reykjavíkurflugvöllur verði framtíðarflugvöllur Reykjavíkur vegna innanlandsflugs, get ég tekið undir. Ég tel að það sé raunverulega eini liðurinn sem fer nokkuð langt frá því að falla undir þá nafngift sem hv. flm. nefndi í till. að flugmálunum mætti finna. Það er vafasamt að fara að flytja Reykjavíkurflugvöll út fyrir þann stað sem hann er á nú og lítil rök fyrir því, að flugvélakostur breytist á næstu árum, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson benti á, og að þróunin verði að notaðar yrðu „stall"-flugvélar. Ég held að þróunin sé frekar á hinn veginn, að líkur séu á að flugbrautir úti um land lengist frekar en það verði farið að nota hæggengar flugvélar sem þurfa lítla flugvelli. Það er að mínu mati öfugþróun í flugmálum fyrir landsbyggðina ef þeirri stefnu verður haldið áfram, sem haldið hefur verið undanfarin ár, að byggja ekki lengri flugvelli en 800 metra og nota eingöngu hægfleygar flugvélar til þjónustu fyrir landsbyggðina. Mér sýnist frekar að þróunin ætti að vera sú, að stefnt verði að því að byggja lengri flugvelli. Þá er einmitt flugvöllur eins og Reykjavíkurflugvöllur góður fyrir lendingar slíkra flugvéla. Yrði að fara þó nokkuð langt frá Reykjavík til að fá stað fyrir nýjan flugvöll og sjálfsagt suður fyrir Hafnarfjörð. Varla kæmi til mála að byggja slíkan nýjan flugvöll fyrir Reykjavík á Álftanesi, eins og hv. þm. Garðar Sigurðsson benti á.

Ég get svo tekið undir það, að þetta mál hefur orðið til þess að hér hefur átt sér stað nokkur umr. um flugmál og er vitaskuld æskilegt að hún eigi sér stað. En ég held að því miður hafi umr. nú ekki komist upp á miklu hærra plan og hér hafi ekki komið upp neinar merkar tillögur sem breyti flugmálastefnunni íslensku mikið. Eins og ég hef tekið fram sýnist mér fátt í þessari till., sem hér er til umr., benda í þá átt, að þar sé horfið frá þeirri nafngift sem hv. flm. gaf stefnunni nú.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Menn muna það e. t. v., að fyrr á þessum vetri var haldinn almennur fundur um flugmál í veitingahúsi hér í bænum, fjölsóttur mjög af áhugamönnum um flugmál sem efndu til fundarins. Ástæðan fyrir því, að áhugamenn um flugmál töldu nauðsynlegt að halda umræddan fund, var sú, að þeirra skoðun var á þann veg, að nú stæði til að breyta þeirri stefnu í flugmálum, sem fylgt hefði verið á undanförnum árum, og óvissuástandið í flugmálunum væri það mikið að fullgild ástæða væri til þess fyrir áhugamenn um flugmál á Íslandi að beita sér fyrir almennum fundi um þau mál, sem m. a. hæstv. flugmálaráðherra var boðaður á. Hæstv. flugmálaráðherra mætti á þann fund, en þeir veittu því sérstaka athygli, sem fundinn sátu, að þegar forveri hans í ráðherraembætti og flokksbróðir, hv. fyrrv. alþm. og ráðh. Halldór E. Sigurðsson, bað um orðið gekk hæstv. flugmálaráðherra úr salnum. Af þessu geta menn séð hvort það eru ekki fleiri en þm. Alþfl. sem telja ástæðu til að ræða flugmál í ljósi þeirra atburða sem orðið hafa í þeim málum m. a. vegna opinberra afskipta á undanförnum mánuðum og misserum. Af þessu geta menn líka séð að það er viðkvæmt mál víða, sú stefna sem nú er verið að móta, sem er fráhvarf frá þeirri stefnu sem fyrrv. samgöngu- og flugmálaráðherrar hafa fylgt. Það var ekki að ástæðulausu sem hv. þm. Halldór E. Sigurðsson bað um orðið á þessum fundi til að ræða þá stefnu sem hann markaði og nú var verið að hverfa frá. Það var ekki heldur að ástæðulausu, herra forseti, sem hæstv. núv. flugmálaráðherra tók það ráð að hverfa af fundi áður en forveri hans og flokksbróðir gekk í ræðustól.

Nokkru áður en alþm. fóru í páskaleyfi greip hæstv. samgrh. inn í tiltekin mál sem sjútvrh., sem olli miklum deilum hér á Alþingi Íslendinga. Ég sat ekki á þingi þá, en fylgdist með þeim atburðum af blaðafregnum. Því miður var ekki hægt að koma því við að ræða málin við hæstv. ráðh. því hann þurfti að taka sér orlof og fara af landi brott áður en aðrir hv. þm. fengu sitt páskafrí.

Nú er Alþingi að hefja störf á ný að loknu páskaleyfi og þá er tekið fyrir annað mál sem einnig varðar störf þessa sama hæstv. ráðh. og verið hefur mikið deilumál m. a. hér á Alþingi í vetur. Bið ég menn að veita því sérstaka athygli, að þessi hæstv. ráðh., sem gat ekki verið hér viðstaddur í umr. á Alþingi um viðkvæm mál er snertu hann sjálfan og hans rn. dagana áður en þm. fóru í páskaleyfi, hefur ekki heldur setið undir umr. nú. Hann kom hér aðeins í salinn fyrst þegar umr. hófust, en hefur ekki sést núna allan seinni part dagsins og hefur ekki haft neinn áhuga á að hlýða á þá umr. um þessi mikilvægu mál sem hér hefur farið fram, hvorki á sína flokksbræður né aðra sem hér hafa talað.

Ég vil beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. forseta, að hann sjái til þess nú á síðustu dögum þingsins, þegar verið er að ræða mál sem snerta ákveðna ráðherra mjög mikið, eins og þetta mál, að þá sjái þeir sóma sinn í að vera viðstaddir umræður. Alþingi er nú ætlað að sitja á fundum bæði að kvöldi til og einnig á þeim dögum sem ekki er vani að halda þingfundi á. En hæstv. ráðherrar virðast hafa tekið upp á þeim sið að sitja ekki í þingsalnum nema þá kannske rétt þegar fundur er settur. Síðan víkja þeir venjulega allir af þingfundum og sjást ekki meira þann dag. Það er ósköp skiljanlegt, hæstv. forseti, og kannske ekki eðlilegt að ætlast til þess af hæstv. ráðh., að þeir sitji sem fastast þegar verið er að ræða mál sem snerta ekki þeirra rn. eða eru ekki sérstaklega mikilvæg út frá sjónarmiði þeirra sem ráðh. Þingmenn verða að skilja það, að þeir þurfa öðrum störfum að sinna en hér í þinginu, og þá er ekki eðlilegt að ætlast til að þeir séu alltaf viðstaddir. En þegar um er að ræða málaflokk sem eins umdeildur hefur verið í vetur og þessi málaflokkur hefur verið, þar sem á oddinum stendur ráðh. sem vægast sagt hefur fengið mjög mikla gagnrýni fyrir afskipti sín af málunum og hefur ekki getað setið hér á Alþingi síðustu dagana fyrir páska eins og aðrir þm. þurftu að gera, þá verður að gera þá kröfu til þess hæstv. ráðh., að hann sinni þingskyldum sínum. Það nær ekki nokkurri átt, hæstv. forseti, ef það er hugmynd forseta þingsins að láta Alþingi sitja fram á kvöld við að ræða mikilvæg mál, ýmist stjórnmál eða mál einstakra þm., sem varða ríkisstj. í heild eða einstaka ráðh. mjög miklu, að sá háttur sé hafður á að ráðh. mæti ekki. Ef forsetar ætla að hafa þann hátt á að nota Alþingi fyrir nokkurs konar afgreiðslustofnun fyrir málefni ríkisstj., án þess að ráðherrar láti sjá sig hér í þingsölum þegar verið er að ræða málaflokka sem sérstaklega varðar þá og eru mjög umdeildir, þá verðum við að skoða það sérstaklega, formenn þingflokka, hvort ástæða sé til að óska eftir því við forseta þingsins, að ekki sé haldið áfram þingstörfum eins og hæstv. forseti hefur gert ráð fyrir og við formenn þingflokkanna fallist á.

Hæstv. forseti Sþ. og forsetar deilda verða auðvitað að gæta þess, að þeir eru okkar oddvitar hér í þinginu, alþingismanna allra, og við hljótum að gera þá kröfu til

þeirra, að þeir sjái til þess, að handhafar framkvæmdavaldsins séu viðstaddir umr. sem snerta þá jafnmikið og sú umr. sem hér hefur farið fram. Það nær ekki nokkurri átt, herra forseti, að það geti gerst í umr. um mál eins og þetta, að málsvarar þingflokka, eins og t. d. varaformaður Sjálfstfl. og fleiri, sem hér hafa talað, þurfi að tala yfir tómum ráðherrastólum og ekki sé hægt að beina fsp. til ráðh. eða óskum vegna þess að þeir sjái ekki sóma sinn í að vera viðstaddir.

Þá hefur því einnig verið haldið fram í sambandi við till. þá til þál. sem hér hefur verið lögð fram, að í henni sé ekki gerð tilraun til að marka neina flugmálastefnu. Það er algerlega rangt. Menn geta deilt um réttmæti þeirrar stefnu sem í þáltill. er mörkuð, en það er algerlega rangt að halda því fram, að afdráttarlaus stefna komi ekki fram í tillögu.

Í fyrsta lagi er tekið skýrt og skorinort fram hvernig eigi að standa að utanlandsfluginu, þar eigi eitt félag að sjá um flugið sem hafi til þess sérleyfi. Það er sú stefna sem mörkuð var upphaflega af þáv. samgrh. Hannibal Valdimarssyni og fylgt var af arftökum hans allt fram á þennan dag.— eða fram til þess öllu heldur að hæstv. núv. flugmálaráðherra tók við. Það er því alveg ljóst hver sú stefna er sem mörkuð er í þessari þáltill. varðandi utanlandsflugið. Það er einnig ljóst að sú till., sem gerð er í þáltill. um hver sú stefna skuli vera, er till. um að framfylgt verði þeirri stefnu sem fyrrv. samgrh. mótuðu og fylgt hefur verið af ríkisstj. og Alþingi þangað til sá tók við sem nú situr í því rn.

Þá er einnig í 2. tölul. mörkuð ákveðin stefna um hvernig eigi að tengja saman starfrækslu smærri flugfélaganna annars vegar og aðaláætlunarflugfélagsins hins vegar, og kem ég nánar að því síðar.

Þá er í þriðja lagi einnig mörkuð stefna í 3. tölul. um hvernig eigi að standa að verðlagsmálum í sambandi við ákvörðun um verðlagningu á flugfarseðlum bæði innanlands og erlendis. Það eru engar nýjar fréttir að Flugleiðir hafi ekki getað endurnýjað flugflota sinn á innanlandsleiðum eins og þær hafa þó óskað eftir. Ástæðan er einfaldlega sú, að við stefnumörkun stjórnvalda um verðlagningu á flugfargjöldum innanlands hefur ekki verið tekið mið af eðlilegri endurnýjunarþörf flugvéla félagsins. Það eiga ekki að vera nein tíðindi fyrir alþm., að það er langt síðan Flugleiðir töldu nauðsynlegt að endurnýja flugflota sinn á innanlandsleiðum. En félagið hefur ekki talið sig hafa fjárhagslegt bolmagn til að gera það vegna þeirrar verðlagsstefnu sem fylgt hefur verið varðandi flugfargjöld innanlands.

Þá er í fjórða lagi mörkuð sú stefna í þessari till., að í leiguflugi eigi að vera almenn og frjáls samkeppni, en þó eigi að gæta þess, að leiguflugið stefni ekki áætlunarflugleiðum í hættu. Það er ekkert óskýrt hvað við er átt með þessu. Það er öllum ljóst, að t. d. í áætlunarflugi til útlanda eru það fyrst og fremst ákveðnir árstímar sem standa undir fjárhag þess flugfélags eða þeirra flugfélaga sem það almenna áætlunarflug annast. Menn vita að t. d. yfir vetrarmánuðina eru þessar áætlunarleiðir margar hverjar reknar með tapi, en á aðalferðamannatímanum yfir sumarmánuðina tekst vegna mikils flutnings á þessum leiðum að vinna upp tapið sem áætlunarflugið hefur verið rekið með yfir vetrartímann. Þetta vita menn ósköp vel, að jafnt flugfélög sem önnur samgöngufyrirtæki, sem byggja á áætlunarleiðum, byggja sinn rekstur á því að geta náð á ferðamannatímanum þeim farþegafjölda sem nægir til þess að geta staðið undir reglulegum áætlunarferðum allt árið um kring, einnig á þeim tímum þegar minnst er um flutninga af slíku tagi. Það, sem átt er við og menn hafa sérstaklega spurt um varðandi síðustu mgr. 4. tölul., er einmitt að menn gæti þess í sambandi við leyfisveitingar til leiguflugs, að þó svo að almenna reglan sé að frjáls samkeppni skuli ríkja í leiguflugi, þá verði aldrei gengið svo langt í slíkum leyfisveitingum að leiguflugið, sem óneitanlega er fyrst og fremst stundað á þeim tímum þegar eftir mestu er að slægjast, geti stefnt áætlunarflugleiðunum í hættu. Þetta eru engin ný sannindi vegna þess að þessi regla þykir sjálfsögð um sérleyfisrekstur á landi. Þessari reglu er fylgt þar. Þar er reynt að koma í veg fyrir að uppgangstíminn í rekstri áætlunarleiða á landi sé þannig nýttur að hætta sé á að atvinnurekstur þeirra, sem hafa einungis áhuga á því að koma inn á þann markað þegar mest er að gera, geti stefnt áætlunarleiðum í hættu. Hvers vegna geta menn, sem telja þetta vera sjálfsagt í sambandi við rekstur sérleyfa á landi, ekki skilið sömu einföldu staðreyndir varðandi rekstur áætlunarferða í lofti?

Ég veit ekki til þess, að menn hafi hingað til hér á Alþingi gert athugasemdir við ítrekaðar ályktanir félaga eins og t. d. Flugvirkjafélags Íslands og ítrekaðar samþykktir Alþýðusambands Íslands um að stefna skuli að því, að allt viðhald íslenska flugflotans færist inn í landið. Menn hlaupa hér upp í ræðustól til þess að gera grín að þessari stefnumörkun í þáltill. Alþfl.-manna. Menn hafa ekki gert grín að því, þegar Flugvirkjafélagið og Alþýðusambandið hafa verið að gera slíkar samþykktir. Hingað til hefur Alþb. talað flokka mest um íslenska atvinnustefnu. Er það ekki íslensk atvinnustefna og mikilvægur þáttur í henni að reyna að sjá svo til, að allt viðhald íslenska flugvélaflotans flytjist inn í landið? Það er ekkert gamanmál, ekki heldur fyrir þá íslensku flugvirkja sem eiga heimili sín og fjölskyldur hér á Íslandi, að þurfa að eyða miklum hluta af starfstíma sínum í sambandi við viðhald flugvéla á erlendum stöðum, vera kannske mikinn part úr ári fjarri fjölskyldum sínum og heimilum til þess að annast viðhald á íslenskum flugvélum. Það er ekkert gamanmál fyrir þessa menn. Það er ósköp skiljanlegt að áhugi sé bæði hjá þeim og samtökum launafólks almennt að reynt sé að marka þá stefnu, að þetta viðhald flytjist inn í landið. Það er hreint ekkert aðhlátursefni að tilraun skuli vera gerð til þess að fá Alþingi til að marka slíka stefnu — síður en svo.

Þá vil ég aðeins minna á í sambandi við 6. tölul., að nú upp á síðkastið hefur flugmálastjóri komið fram á vettvang fjölmargra dagblaða til þess að lýsa yfir að fjárveitingar til flugmála eigi engan stuðning meðal fjárveitingavaldsins, fjárveitingavaldið vilji ekkert og hafi ekkert viljað gera til þess að sjá flugþjónustu á Íslandi, flugvöllum og öðrum tækjum og aðbúnaði flugsins fyrir nægilegum fjárveitingum. Í 6. tölul. er lagt til að stefna verði mörkuð af Alþingi og fjárveitingavaldinu í þeim málum. Ég sé ekki hvað menn geta dregið úr mikilvægi þess eða hvaða grín menn geta gert að slíkum tillöguflutningi.

Það væri hægt að halda áfram að rekja einstök slík dæmi um þá stefnu, sem í þessari þáltill. felst, miklu lengur en ég hef hér gert. Ég tel það ástæðulaust. En hitt er alveg ljóst, að ýmislegt, sem ég hef hér nefnt, eru atriði sem eru tekin beint frá þeim aðilum, flugmálastjóra, flugvirkjum og öðrum þeim sem nálægt flugrekstri

koma. Þarna eru ýmis atriði, sem þessir aðilar hafa óskað eftir að stefna yrði mörkuð um, en Alþingi og ríkisvald hafa ekki treyst sér til, a. m. k. ekki hingað til, að taka neinar bindandi ákvarðanir um. Það er einnig rétt að það komi fram, að það er eitt af meginatriðum í þessari till. til þál. að reyna að fá Alþingi til að staðfesta á ný þá stefnumörkun sem m. a. Halldór E. Sigurðsson fyrrv. samgrh. fylgdi í flugmálum, en hæstv. núv. samgrh. hefur snúið frá.

Varðandi 2. tölul. sérstaklega vil ég aðeins segja þetta: Fyrir nokkrum árum, að mig minnir 1976 frekar en 1977, bauð flugmálastjóri fjvn. í sérstaka skoðunarferð til Noregs til þess að kynna sér skipulag flugmála og rekstur flugsamgangna í Norður-Noregi. Hann hafði um margra ára skeið farið þess á leit við fjvn., að hún færi til Noregs til að kynna sér einmitt þessi mál, vegna þess að það var álit flugmálastjóra að einmitt það fyrirkomulag, sem ríkti í flugsamgöngum í Norður-Noregi, mundi henta okkur Íslendingum ákaflega vel. Ég átti sæti í fjvn., þegar þessi ferð var farin, og átti þess kost að sjá og kynna mér það skipulag sem ríkti í flugsamgöngum í Norður-Noregi. Ég vil aðeins taka það fram, að skipulagið, sem okkur var kynnt þar á fluginu í Norður-Noregi og flugmálastjóri taldi að hentaði ákaflega vel flugmálum á Íslandi, er skipulagið sem tillaga er gerð um í 2. tölul. þessarar till. til þál. að Alþingi marki.

Skipulagið á flugrekstrarmálum í Norður-Noregi er nákvæmlega það sem þar er gert ráð fyrir að Alþingi marki. Sérstakt flugfélag, sem heitir Widerö, sér um flugsamgöngur milli aðalflugleiðanna annars vegar og smærri flugvallanna hins vegar. Það er samgrn. sem býður þann flugrekstur út og þetta flugfélag, Widerö, þarf á hverju einasta ári að leggja fram til samgrn. skýrslur um hvernig félaginu hefur gengið að standast þær áætlanir sem því er gert að fylgja til þess að hægt sé að treysta á að umrætt flugfélag geti flutt farþega frá hinum dreifðu byggðum í Norður-Noregi til aðalflugleiðanna á tilsettum tíma. Það eru ákveðnar reglur meira að segja í Norður-Noregi um að ef umtalsverð frávik eru frá þeim áætlunum, sem flugfélaginu er ætlað að starfa eftir, varði það leyfismissi hjá flugfélaginu. Flugleiðir þess eru þá boðnar út á nýjan leik og öllum flugfélögum og flugrekstraraðilum gefinn kostur á að sækja um þau leyfi. Þetta tryggir það m. a., að fólk úr dreifðustu byggðum Norður-Noregs á mjög greiða leið á höfuðborgarsvæðið, miklu greiðari leið en var áður en þetta skipulag var tekið upp.

Það er alveg fráleitt að ekki sé hægt að fylgja slíku skipulagi hér á Íslandi. T. d. ætti hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni ekki að koma neitt á óvart að nokkur hluti rekstrar flugfélagsins Arna á Ísafirði er einmitt sniðinn við þetta. Þeir fljúga póstflug á milli staðanna á Vestfjörðum, og það miðast einmitt við komu og brottfarartíma flugvélanna sem ganga frá Reykjavík til Vestfjarða: Patreksfjarðar, Þingeyrar, Bíldudals og Ísafjarðar. Áætlanir þessa litla vestfirska flugfélags eru miðaðar við að það geti flutt póst og farþega frá þessum aðallendingarhöfnum Flugleiða og Arnarflugs til hinna minni staða á Vestfjörðum án þess að um verulega bið sé að ræða fyrir farþega. Þetta tryggir samgöngurnar frá hinum dreifðustu byggðum Vestfjarða við t. d. Reykjavíkurflugvöll miklu betur en þó einhvern tíma í framtíðinni væri von til þess, að Flugleiðir flygju á þessa litlu staði svo sem einu sinni í viku.

Það, sem hefur komið upp á hjá okkur Vestfirðingum og fleirum í sambandi við flugmálin, er því miður að það hefur oft gerst, að um leið og t. d. flugsamgöngur við Reykjavíkursvæðið batna, þá versna mjög allar samgöngur innanhéraðs, vegna þess að samgöngurnar innanhéraðs hafa oft verið byggðar á því, að fólkið úr hinum smærri byggðum eigi greiða leið á aðalflugvellina í kjördæminu. Þegar hinar smærri byggðir fá síðan beinar flugsamgöngur við Reykjavík, kannske einu sinni eða tvisvar í viku, þá falla innanhéraðssamgöngurnar niður. Og það hefur orðið til þess og var þannig fyrir tilkomu flugfélagsins Arna, að það var orðið erfiðara að komast á milli fjarða á Vestfjörðum en að komast frá einhverjum þessara fjarða til Reykjavíkur. Slíkt samgönguleysi háir að sjálfsögðu uppbyggingu þessara byggða sem verða að byggja mjög mikið á þjónustu hver við aðra, vegna þess að menn geta einfaldlega ekki sótt allt sitt til Reykjavíkur. Það var á tímabili t. d. miklu meira vandamál — og er það raunar enn — að komast frá Ísafirði til Suðureyrar í Súgandafirði, sem ekki er þó yfir sumartímann lengri keyrsla en 25—30 mínútur, en að komast frá öðrum hvortum þessara staða til Reykjavíkur. Það er þetta vandamál sem lagt er til í tölul. 2 að leyst verði með því að koma upp neti flugsamgangna þar sem innanhéraðsflugið geti tengst með góðu móti aðalflugleiðunum til höfuðborgarinnar þannig að fólkið í mesta dreifbýlinu eigi ekki bara kost á því einu sinni í viku — eða jafnvel aldrei nema kannske einhvern tíma í fjarlægri framtíð — að komast á höfuðborgarsvæðið, heldur geti nýtt þetta samgöngunet til þess að eiga mjög greiða leið bæði innanhéraðs, milli fjarða og enn fremur til annarra landshluta.

Ég vil enn taka það fram, að þetta er sú stefna sem mörkuð er í flugsamgöngum í Norður-Noregi og mér og fleiri þáv. fjvn.-mönnum var kynnt í ferð fjvn. til Norður-Noregs, að mig minnir á árinu 1977. Þetta er sú stefna sem núv. flugmálastjóri taldi nauðsynlegt að marka hér á landi. Og þetta er enn fremur sú stefna sem lagt er til í 2. tölul. umræddrar þáltill. hv. þm. Árna Gunnarssonar og annarra Alþfl.-þm. að mörkuð verði. Mér finnst fráleitt ef hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson heldur að með því að flytja slíka stefnu fram muni Alþfl. tapa svo og svo miklu atkvæðamagni úti á landi. Ég held þvert á móti að með því að reyna að tengja saman innanhéraðsleiðirnar og aðalflugleiðirnar með þessu móti sé verið að gefa íbúum mesta dreifbýlisins kost á miklu greiðari samgöngum bæði innanhéraðs og við aðra landshluta en nú á sér stað.

Það er ekki aðeins, herra forseti, að menn séu að reyna að gera þetta í flugsamgöngum í lofti. Þetta er einnig sú stefna sem t. d. ráðamenn Skipaútgerðar ríkisins og samgrn. telja réttasta í sambandi við flutninga Skipaútgerðar ríkisins út á land. Það er alkunna að tillögur forstjóra Skipaútgerðar ríkisins — og ég veit ekki betur en þær séu fluttar með samþykki samgrn. — eru að ferðir Skipaútgerðar ríkisins skuli skipuleggja þannig að notaðar verði fáar aðaluppskipunarhafnir úti á landi, en svo sjái aðrir aðilar í fjórðungunum eða landshlutunum um að taka við vörunum frá Skipaútgerð ríkisins á þessum aðaluppskipunar höfnum og koma þeim á leiðarenda í hinum smærri byggðarlögum, hinum dreifðari byggðum í viðkomandi landshlutum. Með þessu móti telur Skipaútgerð ríkisins sig geta tryggt miklu örari og betri samgöngur á sjó við hinar dreifðu byggðir landsins heldur en með því að þræða hverja einustu vík á allri strandlengj-

unni eins og gert var áður fyrr. Það finnst engum þetta fráleitt og síst hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, eftir því sem ég best þekki hans skoðanir. Ég veit ekki til að hann leggist gegn þessum tillögum forstjóra Skipaútgerðar ríkisins sem margoft hafa verið kynntar okkur Vestfirðingum. Ég veit ekki heldur til að hæstv. samgrh. hafi neitt við þessa stefnu að athuga. En það er nákvæmlega hliðstæð stefna sem mörkuð er í þessari till. til þál. varðandi flugsamgöngur í lofti, og hún á eins vel við um þær samgöngur og um samgöngur á sjó. Vísa ég því enn til umræddra tillagna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fangelsismál, þáltill. (þskj. 38, n. 511, 512). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um fangelsismál á þskj. 38. Nefndin fékk umsagnir frá allmörgum aðilum um þessa till., en þeir eru: Lögmannafélag Íslands, Fangavarðafélag Íslands, Skilorðseftirlit ríkisins, dómsmrn., Félagasamtökin Vernd, fullnustumatsnefnd og landlæknir. Sumar þessara umsagna voru mjög ítarlegar. Niðurstaða nefndarinnar varð sú, að hún mælir með samþykkt till., en með breytingu þó og er brtt. flutt á sérstöku þskj., 512. Breytingin er aðallega tvíþætt.

Það er í fyrsta lagi, að lagt er til að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til að gera heildarúttekt á fangelsismálum, eins og nánar segir í brtt., í stað þess að ríkisstj. var falið að skipa slíka nefnd í till.

Hin brtt. er að það er reynt að skilgreina nokkru nánar í till. hvert eigi að vera verkefni nefndar þessarar, en það var ætlun allshn. að verkefnið yrði fyrst og fremst að kanna fangelsismál í þrengri skilningi þess orðs, en ekki að fara sérstaklega út í athuganir eða tillögugerð um hvort fangelsisvist væri í sjálfu sér æskileg sem liður í viðurlögum við brotum á hegningarlögum.

Nefndin varð sammála um þessa niðurstöðu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjúkraflutningar, þáltill. (þskj. 40, n. 556). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn., sem fjallað hefur um till. til þál. um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga. Till. þessi, sem flutt var af hv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, ásamt fleiri þm., fjallar um að fela ríkisstj. að skipa nefnd er skuli gera breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og setja inn skýr ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga, jafnframt því sem endurskoðuð verði ákvæði um greiðslu kostnaðar við sjúkraflutninga og ferðakostnað sjúklinga þannig að þau verði einfaldari og aðgengilegri og aðstöðumunur sjúklinga í sambandi við kostnað vegna sjúkraflutnings verði jafnaður.

Nefndin fékk í umfjöllun sinni umsögn frá eftirtöldum aðilum: heilbr.- og trmrn., Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, dómsmrn., Rauða krossinum og slökkviliðsstjóranum í Reykjavík. Það má segja að umsagnir hafi yfirleitt verið mjög jákvæðar um þessa tillögu.

Svo ég leyfi mér, með leyfi forseta, að vitna til þessara umsagna segir í umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga að „stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefur samþykkt að mæla eindregið með samþykkt tillögunnar". Í umsögn Tryggingastofnunar ríkisins segir að „Tryggingastofnunin telur brýnt að sett verði með lögum ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga í landinu". Jafnframt kemur fram í þeirri umsögn að „stofnunin telur ljóst að núgildandi ákvæði almannatryggingalaga um þátttöku sjúkrasamlaganna í kostnaði við sjúkraflutninga og ferðakostnað hrökkvi skammt í mörgum tilvikum og megi endurskoðast". Í umsögn Rauða kross Íslands segir m. a. að „sjúkraflutninganefnd er sammála um skipun nefndar og að æskilegt sé að lögum sé breytt í þessa átt". Dóms- og kirkjumrn. segir m. a. í sinni umsögn: „Telur rn. tímabært að lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, verði breytt með því að setja í lögin skýr ákvæði um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga, og fagnar fram kominni þáltill. um að skipuð verði nefnd í þessu skyni". Í umsögn slökkviliðsstjórans í Reykjavík segir m. a.: „Það er því full þörf á því, að reynt verði með lagasetningu að fá skýrari línur og gjarnan einfaldari til að þessi mikilvægi þáttur heilbrigðisþjónustunnar geti komist í betra og nútímalegra form. Undirritaður," segir slökkviliðsstjórinn, „lýsir því hér með stuðningi við að nefnd verði skipuð til að semja slík lög, helst fyrir næsta löggjafarþing, og er tilbúinn að veita yður nánari upplýsingar í viðtali". Í umsögn heilbr.- og trmrn. segir hins vegar að nú sé unnið að endurskoðun laga um heilbrigðisþjónustu og í tillögum nefndar, sem að þessu vinnur, séu tekin upp ákvæði um að sjúkraflutningar verði verkefni heilsugæslustöðva og að reglur um framkvæmd og skipulagningu sjúkraflutninga verði settar af ráðh., þar með talin ákvæði um lágmarksmenntun sjúkraflutningamanna, réttindi þeirra og skyldur og búnað sjúkraflutningatækja. — Í umsögn rn. kemur fram að öll líkindi séu á að Alþingi fái tækifæri til að fjalla um þessi mál fljótlega, þ. e. um endurskoðun heilbrigðisþjónustunnar, og þá þegar að loknu páskafríi.

Frv. þetta er nú ekki komið fram, en nefndin taldi að með tilliti til þeirra upplýsinga, sem frá heilbrrn. hafa komið um hversu langt endurskoðun þessara laga er þegar komin, og ákvæða, sem þar eru, væri eftir atvikum rétt að vísa þessari till. til ríkisstj. Það er þess vegna till. allshn. að umræddri þáltill. verði vísað til ríkisstj., en jafnframt bendir allshn. á þær jákvæðu umsagnir sem till. hefur fengið.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Það, sem lá til grundvallar flutningi þessarar þáltill. um framkvæmd og skipulag sjúkraflutninga, var fyrst og fremst það ófremdarástand sem ríkir í þessum málum um allt land og viðurkennt hefur verið m. a. í þeim umsögnum sem hv. allshn. hefur fengið og enn fremur, sem er ekki þýðingarminna, það ósamræmi og sá mikli mismunur sem er á aðstöðu fólks um landið í sambandi við þennan þátt í útgjöldum að því er varðar heilbrigðismálin.

Ég verð að segja að ég gerði mér ekki grein fyrir því, þegar ég vann að undirbúningi þessarar þáltill., hvað þetta er raunverulega stórt mál. Hins vegar urðu á síðasta heilbrigðisþingi mjög miklar umræður um þetta mál og komu fram upplýsingar sem staðfestu umfang málsins. Það hefur ýmislegt verið gert síðan, m. a. hefur

verið gefin út heilbrigðisskýrsla um sjúkraflutninga af landlæknisembættinu. Í þeirri skýrslu segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og fram kemur á töflum, sem birtast með í þessari bók um rekstur sjúkraflutninga á hinum ýmsu stöðum á landinu, er það mjög flókið og má segja að sjúkraflutningum sé ekki fyrir komið á neinum tveim stöðum á landinu með sama hætti."

Víðar í þessari skýrslu er bent á það ósamræmi, sem í þessu er, og hvernig þessi rekstur er.

Í bréfi, sem mér barst frá læknaráði Borgarspítalans um þetta mál, segir m. a. að nauðsynlegt sé að taka þessi mál öll til umfjöllunar og það telur brýnt að sett sé inn í lögin ákvæði um menntunarmál sjúkraflutningsmanna, en menntun þeirra er mjög misjöfn". Læknaráð Borgarspítalans lýsir yfir fullum stuðningi við endurbætur á málefnum þeim, sem varða sjúkraflutninga í landinu, og vill sér í lagi undirstrika menntunarþörfina og er reiðubúið að tilnefna fulltrúa í nefnd sem geri tillögur um þessi mál."

Þessar tilvitnanir ásamt mörgum öðrum umsögnum, sem hv. frsm. nefndarinnar kom inn á áðan, sýna nauðsyn þess, að þessi mál séu tekin föstum tökum. Ég ber fyllsta traust til þeirra aðila, sem eru að fjalla um þetta mál, m. a. þeirrar endurskoðunarnefndar um heilbrigðislöggjöfina sem vinnur í málinu. Mér er kunnugt um að nefndin leggur til að sjúkraflutningar greiðist af sjúkratryggingum og að þessi mál séu sett undir skipulag heilsugæslustöðvanna. Það þarf eigi að síður að vera vel á verði um þetta. Ég treysti því, að hæstv. ríkisstj. fylgi þessu máli eftir, því að eins og ég tók fram áðan virðist þetta vera miklu umfangsmeira og þýðingarmeira mál — ekki síst til að jafna aðstöðu í landinu — en menn höfðu gert sér grein fyrir.

Ég þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu þessa máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Upplýsinga- og tölvumál, þáltill. (þskj. 56, n. 606, 607). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Guðmundur G. Þórarinsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. allshn. um 53. mál, till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum. 1. flm. er hv. 3. þm. Vesturl., en með honum standa fleiri þm. að tillögunni.

Allshn. hefur fjallað um þessa till. og nál. er á þskj. 606. Þar kemur fram að nefndin hefur fjallað um þessa till. á fundum sínum og fengið umsagnir frá Iðntæknistofnun, BSRB, Sambandi ísl. bankamanna, ASÍ, Félagi bókagerðarmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Nefndin leggur til að till. verði samþykkt með breytingum sem hún flytur á sérstöku þskj. Fjarstaddir afgreiðslu voru hv. þm. Halldór Blöndal og Steinþór Gestsson.

Umsagnir voru yfirleitt mjög jákvæðar um þessa till. þó nokkrir umsagnaraðilar teldu að nákvæmar þyrfti að koma fram markmið till. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lítillega koma inn á nokkur atriði í umsögnum.

Í umsögn Félags bókagerðarmanna segir m. a. að „Félag bókagerðarmanna fagnar því að fram skuli komin till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum."

Í umsögn Alþýðusambands Íslands segir að miðstjórnin telji mjög æskilegt og nauðsynlegt að fram fari slík könnun sem till. gerir ráð fyrir.

Í umsögn Sambands ísl. bankamanna segir m. a.: „Samband íslenskra bankamanna fagnar fram kominni till. til þál. um stöðu, þróunarhorfur og stefnumörkun í upplýsinga- og tölvumálum og telur mjög tímabært að taka mál þessi til rækilegrar umfjöllunar í þjóðfélaginu."

Í umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja segir m. a.: „Stjórnin telur að skipun nefndar eins og gert er ráð fyrir í þáltill. og að gerð verði úttekt á stöðu og þróunarhorfum í þessum málum sé tvímælalaust tímabært."

Í umsögn Iðntæknistofnunar Íslands segir m. a. að „stjórn ITÍ telur að fram komin till. sé góðra gjalda verð, en gangi ekki nægilega langt. ITÍ leggur því til að í stað þess að láta fara fram einfalda athugun á stöðu og þróunarhorfum verði skipuð nefnd eða starfshópur er leggi fram samræmdar tillögur um hvaða aðgerðir, aðstoð eða þjónustu skuli veita af opinberri hálfu á þessu sviði."

Í umsögn Félags ísl. iðnrekenda segir m. a.: „Félag íslenskra iðnrekenda telur jákvætt að skipuð verði nefnd til að kanna stöðu upplýsinga- og tölvumála. Nauðsynlegt er hins vegar að verkefni nefndarinnar verði betur skilgreind en fram kemur í þáltill."

Eins og fram kom í máli mínu fyrr, leggur allshn. til að þáltill. verði samþykkt með brtt. sem nefndin flytur á sérstöku þskj., þskj. 607. Allshn. leggur til að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd er geri athugun á stöðu og þróunarhorfum í upplýsinga- og tölvumálum og á hvern hátt unnt er að stjórna þeirri þróun.

Jafnframt skal nefndin benda á kosti varðandi stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku á fyrrgreindu sviði. Sérstaklega skal athuga hvernig vinnumarkaðurinn geti aðlagast tölvuvæðingunni án þess að atvinnuöryggi sé stefnt í hættu.

Nefndin skal við störf sín hafa hliðsjón af þeirri vinnu og þeim skýrslum sem þegar kann að vera lokið hérlendis og erlendis.

Skal nefndin skila niðurstöðum og tillögum fyrir árslok 1982."

Jafnframt er rétt að fram komi það sjónarmið, sem nokkuð var rætt í nefndinni, að nefndarmenn töldu æskilegt að helstu samtök launþega ættu aðild að þessari nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kolbeinsey, þáltill. (þskj. 163, n. 605). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. allshn. um Kolbeinsey.

Hv. 3. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, flutti svohljóðandi till., sem er 141. mál þingsins: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey. Athuganir fari einnig fram á því, hvort og á hvern hátt megi sem best tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa."

Allshn. ræddi þessa till. og við komum auga á að þetta er hin merkasta tillaga. Kolbeinsey er mjög mikilvægur grunnlínupunktur við Ísland og þarf ekki að eyða orðum

að því. Það er enn fremur mjög mikilvægt að þar sé siglingamerki. Eyjan er lág í sjó og sést ekki úr fjarska í radar. Þannig hagar til í Kolbeinsey, að á veturna gengur hafís yfir eyna og sverfur stöðugt úr berginu. 1964 var sett upp siglingamerki í Kolbeinsey. Það var járnmastur sem steypt var niður. Ísinn klippti mastrið næsta vetur af, en steypan í undirstöðunni stendur enn óhögguð. Það er tæknilega ekki mjög flókið mál að setja upp siglingamerki sem þyldi þær aðstæður, sem þarna eru, og jafnframt ekki mjög torvelt að styrkja bergið með steypu þannig að ekki gengi eins hratt á það og undanfarin ár virðist hafa gert.

Ég vek athygli á tölum, sem prentaðar eru í grg. þáltill., þar sem í ljós kemur að 1932 var eyjan frá norðri til suðurs 113 metrar og frá austri til vesturs 75, en árið 1978 var hún frá norðri til suðurs ekki orðin nema 37.7 metrar og frá austri til vesturs 42.8 metrar og hafði lækkað um næstum helming, úr 10 metrum í 5.4.

Tillagan hljóðar um það, eins og ég sagði áðan, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að sjá um að sjómerki verði sett upp sem allra fyrst á Kolbeinsey og athuganir fari fram á því, hvort og á hvern hátt megi tryggja að eyjan standist heljaröfl stórviðra og ísa. Nefndin fékk til viðtals við sig Aðalstein Júlíusson vita- og hafnamálastjóra, og að athuguðu máli leyfir hún sér að mæla með samþykkt till. og er það nál. prentað á þskj. 605. Undir þetta rita allir nefndarmenn allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 22, n. 572). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um skipulegt átak í fiskræktar- og veiðimálum, 22. mál í Sþ., þskj. 22. Ályktunin var send til umsagnar til þeirra aðila allra sem mest hafa með þessi mál að gera, og bárust umsagnir og allar jákvæðar. Nefndin hefur aðeins lagfært orðalag á tillgr. án þess að skerða í neinu innihald hennar. Nefndin vildi m. a. benda á, að þar sem segir í 2. lið: „Að auka leiðbeiningar í fiskrækt og veiðimálum" — á að sjálfsögðu við einnig að það sé gert með því, að fiskifræðingum staðsettum úti á landsbyggð sé komið fyrir eins og er áformað í fyrri tillögum. En nefndin öll er sammála um að mæla með samþykkt till. eins og hún er orðuð eftir breytingu nefndarinnar á þskj. 572.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86, (þskj. 184, n. 546). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá fjvn. um till. til þál. um landgræðslu- og landverndaráætlun fyrir árin 1982—1986 sem er á þskj. 546.

Þessi landgræðslu- og landverndaráætlun er framhald af þeirri landgræðsluáætlun frá 1974 sem þá var samþykkt. Með þeirri áætlun náðist verulegur árangur, auk mikillar reynslu sem mun undirbyggja starfið á komandi árum.

Nú hefur verið samin ný áætlun um landgræðslu- og landvernd sem allir þingflokkar hafa tekið þátt í að undirbúa og móta. Mun ég því ekki hafa hér mörg orð um. Hún er unnin af nefnd sem þingflokkarnir tilnefndu fulltrúa í, og landbrh. skipaði formann nefndarinnar, ráðuneytisstjórann í landbrn., eins og fram kemur á þskj. 184.

Í þáltill. er gert ráð fyrir, eins og áður, að gróðurrevðing í landinu verði stöðvuð og að gróðuraukning verið ríkjandi til aukinnar hagsældar fyrir land og þjóð.

Fjvn. hefur fjallað um málið og voru allir nm. sammála um að leggja til að þessi þáltill. um landgræðslu- og landverndaráætlun verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Slysa-, líf- og örorkutryggingar björgunarmanna, þáltill. (þskj. 354). — Ein umr.

Flm. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég hef ásamt nokkrum öðrum þm. Sjálfstfl. leyft mér að flytja þessa þáltill. Eins og fram kemur í grg. er hún flutt að gefnu tilefni. Í grg. er jafnframt bent á þá miklu þýðingu sem skipulagðar björgunarsveitir hafa haft fyrir okkur, ekki aðeins þá sem sjó sækja hér við land, heldur og aðra sem lent hafa í hrakningum og þurft hafa að fá hjálp.

Við bendum í grg. okkar á ymsa aðila, sem við teljum þar upp, og bendum þá m. a. á þá sem eru í sveitum Slysavarnafélagsins, en líka flugbjörgunarsveitir og hjálparsveitir skáta og sveitir almannavarna, sem að vísu skarast af hinum fyrrnefndu. Það eru reyndar fleiri aðilar sem hér hafa komið til greina. Það eru starfsmenn Landhelgisgæslunnar, sem hafa unnið mikið að þessum störfum á liðnum áratugum. Við bendum líka réttilega á það mikla framlag sem hefur verið lagt fram í sambandi við björgunarmál hér við land og slysavarnamál af hendi varnarliðsins, sem ekki er ástæða til að gleyma þegar um þetta er rætt frá þessum sjónarhól.

Þótt það sé þegar vitað og allir þekki til, sem hafa kynnt sér málin, að þeir, sem eru í skipulögðum björgunarsveitum, eru tryggðir fyrir slysum og örorku, eru iðgjöld þeirra tryggínga greidd af viðkomandi sveitum. Þessar sveitir eru í langflestum tilfellum þannig í stakk búnar að þær verða að mæta sínum útgjöldum með söfnun þeirra fjármuna sem þær þurfa að nota til sinnar starfsemi, þ. á. m. til að standa undir slíkum tryggingum. Við, sem flytjum þessa þáltill., leggjum til að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að leita hagkvæmustu leiðar til að koma á sérstakri tryggingu fyrir þá sem kallaðir eru til starfa af almannavörnum og vinna sjálfboðastörf á vegum björgunar- og hjálparsveita við leit og björgun manna sem í háska eru staddir, eins og segir í tillgr. En í tillgr. bendum við jafnframt á að við teljum mjög eðlilegt að það verði kannað til hlítar, hvort slíkar tryggingar eigi ekki heima innan laganna um Viðlagatryggingu Íslands. Þannig vill nú til, að frv. um breytingu á þeim lögum er komið fram í hv. Ed. og er komið þar til umr. Tel ég rétt að þeir flm. að þessari þáltill., sem þar eiga sæti, athugi hvort ekki sé möguleiki á að ná þessum breytingum fram undir meðferð málsins í deildum þingsins því að ljóst er að allir gera sér grein fyrir því, að þessa þáltill., þótt hún hafi komið seint fram, hefði verið hægt að afgreiða, en vegna anna í þinginu hefur ekki tekist að fá hana á

dagskrá eða til umr. fyrr.

Þetta er mál sem ég vildi beina til hv. Ed.-manna, sem áhuga hafa á málinn, að athuga rækilega, því að í sjálfu sér er ekki aðalatriðið fyrir okkur að fá þáltill. samþykkta sem slíka, heldur að tryggja öryggi þeirra manna sem vinna að þessum nauðsynlegu störfum. Við höfum ákaflega sorglegt dæmi úr nágrannabyggð okkar, frá Vestmannaeyjum, þegar björgunarmenn létu líf sitt þar á s. l. vetri við björgun erlendra sjómanna. Þetta hefur því miður komið oft fyrir áður, bæði dauðaslys og reyndar líka önnur slys sem hafa valdið örorku og örkumlum, og ég þekki dæmi þess, að slíkir menn hafa verið ótryggðir með öllu. Ef ekki á að fyrirbyggja að menn séu kallaðir til slíkra starfa eða bjóðist til þess, eins og reyndar býr í hverjum manni, að reyna að leggja hönd að ef einhver annar er í hættu og þarfnast hjálpar, þá eigum við að sjá sóma okkar í því, Íslendingar, sem þurfum jafnmikið á þessu að halda og raun ber vitni um, að sjá um að björgunarmenn séu tryggðir þannig að þá sjálfa reki ekki upp á sker, ef þeir slasast, eða fjölskyldur þeirra ef þeir falla frá.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar, herra forseti. Ég legg til að þáltill. verði vísað til allshn. að lokinni umr.

Guðmundur Karlsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir mál 1. flm. þessarar till., hv. þm. Péturs Sigurðssonar, 1. landsk. þm., með nokkrum orðum, bæði af því ég tel að hér sé þörfu málefni hreyft og hinu, að við megum ekki gleyma sögunni, brautryðjendunum og baráttu þeirra.

Hið hörmulega slys, sem varð við Vestmannaeyjar í vetur er belgíski togarinn Pelagus strandaði og tveir erlendir sjómenn og tveir björgunarmenn þeirra drukknuðu, varð með öðru kveikjan að flutningi þessarar till. Sú gæfa hefur fylgt skipulögðu björgunarstarfi hér við land, að þetta er fyrsta dauðaslys sem verður við starf skipulagðra björgunarsveita frá byrjun.

Slysavarnafélag Íslands hefur lengst af verið öflugasti hlekkurinn í björgunar- og slysavarnakeðjunni, en ég vil nota þetta tækifæri til að minna á að vísu veikari, en eldri hlekk, sem enn heldur þrátt fyrir háan aldur og mikla reynslu og er undanfari Slysavarnafélagsins og íslensku landhelgisgæslunnar. Það er Björgunarfélag Vestmannaeyja. Það var björgunarsveit þess sem ásamt hjálparsveit skáta í Vestmannaeyjum vann að björgun áhafnarinnar á Pelagusi.

Það hefur alltaf verið stormasamt við Vestmannaeyjar og sjósókn lengst af verið erfið og hættuleg vegna erfiðra hafnarskilyrða, boða og blindskerja í kringum eyjarnar. Til að vel mætti fara hefur hún eflt með mönnum skynsamlega forsjá, harðfengi, snarræði og aukið þeim kjark og þrek.

Upp úr aldamótunum, þegar vélbátarnir komu til sögunnar, varð sjósókn enn harðari og djarflegri en áður. Menn þóttust geta boðið ægi byrginn á vélbúnum fleytum sínum, sem flestar voru smáar, frumstæðar og vanbúnar að öllu leyti. Bilanir á vélbúnaði voru tíðar því þekking og æfing í meðferð var af skornum skammti. Slys voru því mjög tíð og mannskaðar miklir. Á sama tíma jókst mjög sókn útlendinga á miðin hér við land svo að víða jaðraði við örtröð og yfirgangur þeirra og frekja við heimamenn urðu mjög áberandi og lítt þolanleg. Við þessar aðstæður varð Vestmanneyingum ljóst að ekki var á aðra en sjálfa sig að treysta um björgunarstarfsemina og strandvörnina. Verkefnið var ærið við að verja fjör og fé íbúanna fyrir ágangi náttúruaflanna og yfirgangi þessara óboðnu og óvelkomnu gesta, og máttinn til framkvæmdanna fundu menn hjá sjálfum sér.

Það var Hjalti Jónsson skipstjóri, nefndur Eldeyjar-Hjalti, sem fyrstur hreyfði því á þingmálafundi að nauðsynlegt væri að fá björgunarskip til Eyja. Það voru hin tíðu slys, sem fylgdu vélbátaútgerðinni, sem vöktu menn til alvarlegrar umhugsunar um björgunarstarfsemina. Manntjónið, eignatjónið og atvinnutjónið, sem bátstöpunum fylgdu, voru svo ægileg að ekki varð hjá því komist að reyna að ráða á því einhverja bót.

Á þessum tíma töpuðust flestar vertíðir einn og tveir bátar frá Vestmannaeyjum og stundum með allri áhöfn. Mönnum blöskraði sú aðferð, sem oftast varð að nota í neyðinni, að biðja sjóhrakta menn, sem nýsloppnir voru úr háskanum á illa búnum smábátum, að fara aftur út í illviðri og náttmyrkur til að leita að bát sem hafði ekki náð landi. Mönnum hefur oft verið óljúft að biðja þeirrar bónar, en hinum, sem beðnir voru, var enn meiri vandi á höndum og illt að neita því öllum var ljóst um hvað gat verið um að tefla. Til dæmis um ofurkapp og harðfylgi formanna þessara tíma er mér í huga lýsing gamals sægarps, sem ég heyrði einu sinni, af því þegar hann fékk sjó á lítinn og gangtregan súðbyrðing sinn við Eyjar, en lýsing hans var á þessa leið: Ég keyrði eins og ég gat, en hann náði mér samt.

Hinn 11. júní árið 1918 var samþykkt svohljóðandi þál. um heimild fyrir landsstjórnina til þess að veita fé til að kaupa björgunarbát:

„Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að veita sveitarfélagi, fiskifélagsdeild eða félagi einstakra manna í Vestmannaeyjum, sem ræðst í að kaupa björgunarbát, allt að 40 þús. kr. styrk í þessu skyni, þó ekki fram yfir þriðjung kostnaðar.

Styrkveitingin er þó því skilyrði bundin, að stjórnarráðið úrskurði ágreining, sem verða kann út af björgunarlaunum til bátsins, og leggi samþykki á allar ákvarðanir um gerð bátsins, útbúnað hans, björgunarsvæði, dvalarstað og vinnubrögð á vertíð eða þegar ætla má að hann þurfi tiltækur að vera til björgunar."

Björgunarfélag Vestmannaeyja var síðan stofnað á þessu sama ári fyrir forgöngu Karls Einarssonar alþm., en fyrsti erindreki þess var Sigurður Sigurðsson lyfsali frá Arnarholti, landskunnur maður fyrir skáldskap og atgervi allt. Félagið keypti björgunarskipið Þór, sem kom til landsins 26. mars árið 1920, og var það um leið fyrsta strandgæsluskip þjóðarinnar og vísir að íslenskri landhelgisgæslu.

Það varð almennur fögnuður í Eyjum þegar skipið, sem svo lengi hafði verið þráð og beðið eftir, kom til heimahafnar. Skipið varð að ómetanlegu gagni meðan það var gert út frá Eyjum, bæði við björgun og strandgæslu, og víst er að fjölskyldum sjómanna varð hugarhægra að vita af „gamla Þór" á vaktinni þegar stórviðri geisuðu og bátar lágu úti. Árangur þessa gamla skips sannaði og sýndi landsmönnum að strandgæslan varð að vera íslensk — svo miklu betur dugði það óvopnað en danskar freigátur og slagskip þótt með alvæpni væru.

Björgunarfélagið lenti í miklum erfiðleikum með útgerð skipsins, bæði vegna þess að leggja varð því milli vertíða fyrstu árin, þar sem ríkið vildi ekki leigja það þann tíma til strandgæslu, og hins, að það slitnaði frá bryggju í Reykjavík og varð fyrir miklum skakkaföllum.

Þó var sektarfé þeirra skipa, sem Þór tók í landhelgi það tímabil sem hann var í eign björgunarfélagsins, miklu hærri upphæð en útgerðarkostnaði og afborgunum skipsins nam á sama tíma, en það fé rann beint í ríkissjóð. Urðu björgunarfélagsmönnum mikil vonbrigði er þeir neyddust til að selja skipið ríkissjóði árið 1926, aðeins fyrir yfirtöku á áhvílandi skuld, en þar með hófst fyrir alvöru strandgæsla íslenska ríkisins. Hluthafar í félaginu fengu aldrei arð af framlögðu hlutafé né það endurgreitt við sölu skipsins. Bæjarfélagið fékk heldur ekkert í sinn hlut.

Stjórn félagsins varð að ábyrgjast persónulega skuldbindingar þess, og var það því oft ekkert smáræði sem á henni hvíldi. Ríkið hafði aftur á móti rúmlega hálfa milljón í tekjur af fyrirtækinu. Vestmanneyingar litu þó ekki svo á að þetta fé hefði tapast. Björgunarstarfsemi er þess eðlis, að hún verður ekki metin til fjár. Arðurinn var í því fólginn að tryggja líf sjómanna, eignir þeirra og atvinnu. Mannskaði verður ekki metinn til fjár, hvorki dýrleiki þeirra, sem deyja, né harmur sá, sem eftir þá býr. Hér er fagurt vitni um brautryðjendurna sem lögðu allt í sölurnar til að leysa brýnan vanda samfélags síns. „Gamli Þór" var seldur, en Björgunarfélag Vestmannaeyja starfar enn og gegnir sínu hlutverki með sæmd.

Því rifja ég þessa sögu upp hér að ekki er ástæða til að minning þeirra manna, sem brautina ruddu, falli í gleymskunnar dá þegar fjallað er um björgunar- og slysavarnamál hér á Alþingi.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á að við höfum fiskveiðasamninga við nokkrar erlendar þjóðir, en því miður er svo háttað að mörg þau skip, sem hingað koma, eru mjög vanbúin til veiða við landið. Vil ég — með leyfi herra forseta — lesa smápistil úr grein sem skrifuð var af kunningja mínum í blað úti í Vestmannaeyjum. Hann segir hér:

„Síðan hinir hörmulegu atburðir áttu sér stað austur á Urðum í jan. s l. hef ég iðulega spurt sjálfan mig þeirrar spurningar, hvort útlend skip séu nógu vel búin öryggistækjum. Nú hugsar einhver sem svo: Eigum við ekki nóg með okkur sjálf? Málið er ekki svo einfalt. Okkur koma allir sjófarendur hér við land við. Ég hjó eftir því í fréttum af téðum atburði, að ekki var hægt að láta falla vegna þess að spilið var ónothæft. Það er ekki einkamál útlendinga, sem stunda veiðar hér við land, hvernig þeir eru búnir björgunar- og hjálpartækjum. Það hefur sýnt sig. Við eigum að gera þær kröfur til þessara skipa, að þau lúti reglum íslensku Siglingamálastofnunarinnar, ef þau ætla að stunda fiskveiðar hér. Eftirlit með að þessum ákvæðum sé fylgt er einfalt. Skipin verða að tilkynna sig þegar þau koma að landinu. Þá er annaðhvort að senda varðskip til móts við þau eða kalla skipið til næstu hafnar þar sem fram færi athugun á því hvort það fullnægði settum reglum. Það er staðreynd, að því miður eru þessi skip svo vanbúin að þau valda ekki eingöngu eigin mönnum mikilli hættu og háska, heldur og íslenskum sjómönnum hvað eftir annað, og ég tel að hér sé mál sem þarf að skoða."

Ég hvet eindregið til þess, að við samþykkjum þá till. sem til umr. er. Það eru ríkar ástæður til að styðja enn frekar en nú er það mikla og óeigingjarna sjálfboðaliðastarf sem unnið er af óþreytandi björgunar- og hjálparsveitarmönnum og slysavarnafólki um land allt. Margar björgunar- og hjálparsveitirnar vantar nauðsynlegan búnað og tæki til að tryggja lágmarksöryggi félaga sinna við áhættusöm störf og æfingar. Þær vantar peninga til að geta veitt mönnum sínum þá þjálfun og reynslu sem nauðsynleg er þegar á reynir. Við getum stutt þetta starf með því að tryggja sveitunum lágmarkstekjur og með því að auðvelda þeim að verða sér úti um nauðsynleg tæki og búnað, en búnaður sveitanna er oft mjög dýr ef vel á að vera að þeim búið.

Við getum létt innflutningsgjöldum af ýmsum þessum búnaði, því hér er ekki um lúxusvarning að ræða, heldur nauðsynjar. Margt ungt fólk eyðir nú öllum frístundum sínum í þágu þessara sveita við þjálfun og við að afla fjár til rekstrar þeirra. Þetta fólk er ávallt viðbúið til starfa við erfiðustu og verstu skilyrði og leggur ekki aðeins líf og limi í hættu við björgun, heldur líka við æfingar og þjálfun. Má þá minna á þegar hjálparsveit skáta úr Vestmannaeyjum missti einn af sínum ágætustu félögum við leitaræfingu á Eyjafjallajökli fyrir fáum árum.

Við, sem höfum notið þjónustu almannavarna og þeirrar skipulögðu björgunar- og slysavarnastarfsemi sem er í landinu, metum gildi þess og skiljum þörfina fyrir það. Sá skilningur þarf að breiðast úr sem víðast og verða sem almennastur og alls staðar til í þjóðfélaginu.

Starfsmenn íslenskra almannavarna hafa unnið gott starf hér heima og getið sér gott orð erlendis sem hæfir skipuleggjarar.

Herra forseti. Ég ætla að lokum að kasta hér fram hugmynd, sem e. t. v. er ekki miklu óraunhæfari en margar aðrar sem fram hafa komið úr þessum stól. Stofnum úrvalssveit okkar vösku björgunar- og leitarsveitarmanna, sem yrði þá undir stjórn almannavarna. Búum þá vel úr garði og sendum á þá staði sem náttúruhamfarir hafa orðið á eða stórslys, eins og jarðskjálftar, flóð, eldgos og önnur óáran. Veitum sjálfboðaliðsstarfinu verðuga viðurkenningu með því að skapa ákveðnum hóp tækifæri til að nota kunnáttu sína og þjálfun öðrum þjóðum til hjálpar og fást við erfið viðfangsefni og öðlast um leið margháttaða reynslu og þekkingu sem gæti hvenær sem er orðið okkur að góðu gagni hér heima. Slíkur hópur gæti áður en langt um liði orðið okkar þarfasti og viðurkenndasti farandsendiherra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði, þáltill. (þskj. 524). — Fyrri umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt alþm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, hv. 5. landsk. þm., og Lárusi Jónssyni, hv. 3. þm. Norðurl. e., flutt till. til þál. þess efnis, að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum Raufarhafnar og Siglufjarðar með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um nýja atvinnuuppbyggingu skulu lagðar fyrir ríkisstj. svo fljótt sem verða má og kynntar alþm. Gert er ráð fyrir að kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Eins og nú standa sakir virðist augljóst, að ekki komi til þess, að meiri loðna fáist úr sjó á þessu ári. Það hefur að sjálfsögðu mjög alvarlegar afleiðingar á þeim stöðum þar sem loðnuvinnsla hefur verið verulegur þáttur í atvinnulífinu, og á það kannske einna helst við um

Raufarhöfn og Siglufjörð. Ljóst er að ef ekkert annað kemur í staðinn mun koma til alvarlegs atvinnuleysis á þessum stöðum, og jafnvel er við því að búast að fólk flytji þaðan búferlum hópum saman.

Um svipað leyti og þessi till. kom fram var þetta mál tekið upp í bæjarráði Siglufjarðar, og hinn 22. mars s. l. skrifaði bæjarstjórinn þar sjútvrh. bréf þar sem farið var fram á að skipuð yrði nefnd til að gera tillögur um hvernig unnt sé að nýta mannvirki Síldarverksmiðja ríkisins og aðstöðu til annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar norður þar. Sú nefnd hefur verið skipuð. Þá hefur Siglufjörður jafnframt ritað félmrn. bréf þar sem óskað er samstarfs ríkis og Siglufjarðar um tillögur til úrbóta og ráðstafanir vegna hins alvarlega atvinnuástands þar.

Ég hafði í dag tal af bæjarstjóranum á Siglufirði og var í rauninni ekki annað af þessu að frétta, en á hinn bóginn liggur það alveg ljóst fyrir að Siglufjörður hefur orðið fyrir og verður fyrir mjög alvarlegum búsifjum. Þannig hafa um 64% af tekjum hafnarsjóðs komið frá loðnuflotanum eða um 876 þús. kr. og verulegur hluti af tekjum vatnsveitunnar og sömuleiðis rafveitunnar stafar af loðnuvinnslunni. Ljóst er að á Siglufirði mun stöðvun síldarverksmiðjanna draga máttinn úr þjónustufyrirtækjum sem sett hafa verið á laggirnar vegna loðnuflotans. En eins og nú standa sakir er atvinnuleysi á Siglufirði vegna samdráttar hjá Siglósíld. Þar er nokkur óhugur í mönnum, þar sem þeim er ekki ljóst hvað framtíðin ber í skauti sér, og við því er jafnvel búist að uppsagnir í síldarverksmiðjunni haldi áfram.

Þetta mál er sem sagt komið nokkuð áleiðis. Á hinn bóginn hefur ekki komið til neinna afskipta af atvinnumálum á Raufarhöfn. Að vísu er haldinn fundur þar í kvöld til að ræða atvinnumálin milli sveitarstjórnarmanna og manna úr Síldarverksmiðjum ríkisins og annarra þeirra sem að atvinnumálum standa á Raufarhöfn.

Okkur þm. Norðurl. e. hefur borist bréf frá sveitarstjóra Raufarhafnarhrepps, sem jafnframt var sent sveitarstjórn, atvinnumálanefnd og hafnarnefnd, og þar er gerð grein fyrir því, hvaða áhrif stöðvun loðnuveiða hefur á sveitarsjóð Raufarhafnar. Þar er gert ráð fyrir að opinber gjöld lækki samtals um 1 184 kr., sem er auðvitað verulegt fé fyrir svo lítið sveitarfélag. Í því sambandi tekur sveitarstjóri fram að hluti samdráttar mundi koma fram á árinu 1982, en annað ekki fyrr en á árinu 1983, aðstöðugjald og landsútsvar. Sennilega kæmi 600—700 þús. kr. tekjurýrnun fram á þessu ári, en um 500 þús. á því næsta.

Síðan segir í bréfinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Ljóst er að um mjög alvarlegan samdrátt verður að ræða í tekjum sveitarsjóðs, ef um stöðvun loðnuvinnslu verður að ræða næstkomandi vetur, sem nauðsynlegt er að menn geri sér grein fyrir og íhugi hvernig bregðast megi við ef svo illa fer. Nú kann svo að fara, að um meiri eða minni samdrátt verði að ræða í loðnuveiðum, og horfir þá málið öðruvísi við, en eftir sem áður getur það verið afdrifaríkt fyrir Raufarhöfn hvernig mál þá þróast. Líkur benda til þess, að veiðar yrðu stundaðar á færri og stærri skipum, en þau skip væru mörg eða flest í eigu eða á snærum aðila sem reka bræðslur sjálfir. Eru þá líkur á því, ef veiðum yrði ekki stjórnað með hagsmuni staða eins og t. d. Raufarhafnar og Siglufjarðar í huga, að sú vinnsla, sem yrði, flyttist í auknum mæli til þeirra staða sem eiga skipin eða reka. Stjórnun veiða yrði því að miðast ekki síður við vinnslustaði en skip. Enn má benda á að ef veiðiflotinn stækkar, þ. e. skipin, orsaka grynningar í innsiglingu vandamál fyrir stærstu skipin, en sú dýpkun hefur ekki komið til framkvæmda þrátt fyrir miklar umræður.

Ekki hef ég rætt um það áfall sem atvinnulífið á staðnum verður fyrir ef til stöðvunar eða verulegs samdráttar kemur hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Um 40 manns mundu missa störf þar á vinnslutíma í 4—6 mánuði, og er þá unnið á vöktum allan sólarhringinn þannig að verið er öllu frekar að tala um 6—8 mánaða venjulega vinnu eða 25 til 30 ársstörf a. m. k. Auk þessa er mikil önnur vinna og þjónusta í kringum svona fyrirtæki: hafnarvinna, akstur, iðnaðarþjónusta, verslun við Síldarverksmiðjur ríkisins og flotann o. s. frv. Fyrir byggðarlag með 470 íbúa er hér um stórmál að ræða og sýnir, eins og bent hefur verið á áður, á hve veikum en fyrst og fremst fáum fótum atvinnulíf staðarins stendur."

Þetta var tilvitnun í bréf sveitarstjórans á Raufarhöfn til þm. kjördæmisins.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa þessi orð miklu fleiri. Við gerum okkur náttúrlega grein fyrir að það er ekki aðeins að það fólk, sem hefur unnið við Síldarverksmiðjurnar, eigi yfirvofandi að verða atvinnulaust, heldur virðist það blasa við, að þótt það fái aðra atvinnu í staðinn muni tekjurnar dragast mjög mikið saman, bæði hjá því fólki, sem vinnur við loðnuvinnsluna, og raunar einnig hjá sjómönnum. Á hinn bóginn var hér í dag lagt fram enn eitt skattafrv. sem gerir ráð fyrir að einmitt fólk af þessum toga, sem hafði vinnu sína við loðnuvinnsluna, skuli greiða allt upp í 70% af tekjum sínum til hins opinbera á þessu ári, og mun það koma með tvöföldum þunga á síðari hluta ársins og enn valda þessu fólki miklum erfiðleikum við að standa í skilum af mun minni tekjum en áður til hins opinbera. Þetta áfall kemur þess vegna ekki aðeins við sveitarfélögin sjálf, ekki aðeins við atvinnufyrirtækin á staðnum, heldur einnig við fólkið sem verður að láta sér nægja minni tekjur en áður og greiða þó hærri skatta. Þetta er náttúrlega mjög alvarlegt ástand.

Nú má auðvitað hugsa sér að standa að tillögum til úrbóta með margvíslegum hætti. Ég tel eðlilegast að þm. kjördæmanna, þm. þessara staða, Siglufjarðar og Raufarhafnar, hafi aðstöðu til þess að fylgjast náið með málum og hvernig þessum athugunum miðar áfram og tillögugerð. Þess vegna hef ég ásamt þeim þm., sem ég áður greindi frá, Eyjólfi Konráð Jónssyni og Lárusi Jónssyni. lagt til að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til að gera tillögur um hvernig reynt verði að draga úr því áfalli sem atvinnulífið á Raufarhöfn og Siglufirði hlýtur að verða fyrir á þessu ári.

Ég vil svo mælast til þess, herra forseti, að fjvn., sem ég geri ráð fyrir að þetta mál fari til, sjái sér fært að afgreiða málið þegar í stað þannig að það fái afgreiðslu á þessu þingi, svo að hægt verði að kjósa þessa nefnd fyrir þinglok. Með því mundi Alþingi lýsa yfir að það telur það samfélagsins að standa undir skell af þessu tagi, sem einstök byggðarlög verða undir, og að þjóðfélagið eigi að koma þar til hjálpar. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. fjvn. afgreiði þetta mál skjótt og vel og þannig að til nefndarkosninga geti komið strax á þessu ári.

Ég vil sem sagt leggja til að málinu verði vísað til fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Rannsókn á minnkandi laxagengd í ár á Austurlandi, þáltill. (þskj. 36). - Ein umr.

Flm. (Guðmundur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram þáltill. um rannsókn á orsökum minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi. Till. hljóðar svo, með leyfi forseta.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta rannsaka orsakir minnkandi laxagengdar í ár á Austurlandi eftir 1978. Leitað verði samstarfs við Færeyinga og aðrar þjóðir um rannsókn þessa."

Þar sem ekki vannst tími til þess á upphafsdögum þessa þings að mæla fyrir till. kemur hún nú til umr. Frá þeim tíma er ég lagði málið fram hafa aðstæður breyst. Fyrir frumkvæði hæstv. utanrrh. hefur í vetur verið haldin alþjóðaráðstefna um þessi mál og samningur gerður á alþjóðavettvangi. Af þessum sökum tel ég ekki ástæðu til frekari umr. um þetta mál nú og leyfi mér því að draga till. til baka. Engu að síður vil ég nota þetta tækifæri til að leggja áherslu á eflingu veiðirannsókna á Austurlandi og hvetja rétta aðila til að vinda bráðan bug að áformuðum rekstri útibús Veiðimálastofnunar á Austurlandi. Laxveiðar Íslendinga eru og verða ákaflega þýðingarmikill þáttur í efnahagslífi þjóðarinnar.

Tillagan tekin aftur.

Sparnaður í olíunotkun fiskiskipa, þáltill. (þskj. 533). — Ein umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 533 höfum við Stefán Guðmundsson, Guðmundur Bjarnason og Jóhann Einvarðsson flutt till. til þál. um sparnað í olíunotkun fiskiskipa, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að láta rannsaka hvað draga megi úr olíunotkun fiskiskipa með breyttu byggingarlagi og þá jafnframt hvort hagkvæmt verði að gera breytingar á þeim skipum sem nú eru í notkun.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér, hversu alvarlegt áfall það var fyrir íslenska útgerð þegar olía hækkaði stórlega í verði á síðasta áratug, þar sem hún varð þá mjög stór liður í útgerðarkostnaði. Það mun hafa verið rætt um hvað hægt væri að gera til að draga úr þessum mikla kostnaðarlið. Það, sem helst hefur verið gert hér á landi, er að breyta úr brennslu gasolíu yfir í svartolíu á togurunum og fleiri skipum, og hefur það orðið til að lækka mjög útgerðarkostnað margra þeirra. En eins og fram kemur í grg. og fskj. með þessari till. er hér bent á aðra leið, þ. e. hvort ekki megi breyta byggingarlagi skipanna þannig að orkueyðslan verði minni og um leið verði sjóhæfni og veiðihæfni skipanna bætt.

Í fskj. með till. er áætlun frá tveim tæknifræðingum, þeim Sigurði Ingvasyni og Sigurði Arasyni, um hvernig hugsanlegt væri að breyta byggingarlagi skipa þannig að ganghraði þeirra yrði meiri og orkueyðslan minni. Vísað er til þeirrar reynslu sem fengin er af togaranum Ottó N. Þorlákssyni, en það var Sigurður Ingvason sem hannaði það skip. Reynslan af því bendir ótvírætt til þess, að það byggingarlag, sem á því er, hafi þessi áhrif. Olíunotkun á úthaldsdag varð miklu minni hjá því skipi en öðru sambærilegu, þ. e. Jóni Baldvinssyni, en þó mun munurinn hafa orðið miklu meiri á olíunotkun á hvert tonn afla, og vitanlega skiptir það mestu máli. Ástæðan fyrir því er sú, að með þessu byggingarlagi verður togkraftur skipsins meiri þannig að það getur bæði dregið í verri veðrum, verið lengur að og hraðinn verður meiri þannig að meiri afli verður á hvern togtíma.

Það skiptir vitanlega mestu máli að þetta verði athugað rækilega, eins og gert er ráð fyrir í tillgr., með það í huga að þau skip, sem framvegis verða smíðuð, verði með sem heppilegustu byggingarlagi. En þeir Sigurður Arason og Sigurður Ingvason hafa einnig gert tillögu um að athugað verði hvort ekki sé hagkvæmt að breyta byggingarlagi þeirra skipa sem nú eru í notkun og líkur eru til að verði um allmörg ár enn. Eins og við vitum eru margir togarar í íslenska flotanum fárra ára gamlir og munu þess vegna verða notaðir alllengi enn. Þá er æskilegt ef hægt væri að gera útgerð þeirra hagkvæmari. Reynsla af þessu mundi fást ef gerð væri tilraun með breytingar á líkani af einum þeirra, þar sem þá ætti að vera hægt að nota að miklu leyti niðurstöður af þeim tilraunum við smíði fleiri skipa.

Við flm. teljum, að hér sé mjög mikilvægt mál að taka til athugunar, og væntum þess, að Alþingi sé okkur sammála um það og samþykki þessa tillögu.

Þegar þessum hluta umr. lýkur legg ég til að till. verði vísað til atvmn.

Guðrún Hallgrímsdóttir: Herra forseti. Ég tel að í umr. um þessa till. sé rétt að vekja athygli á að Íslendingar eru aðilar að samnorrænu rannsóknarverkefni á sviði orkusparnaðar í fiskveiðum. Það verkefni tekur m. a. til rannsókna á þeim þætti varðandi olíunotkun fiskiskipa sem fjallað er um í þessari þáltill. Hér er um að ræða verkefnið „Oljefisk" á vegum Nordforsk. Fiskifélagið er framkvæmdaaðili fyrir Íslands hönd og á m. a. mann í verkefnisstjórninni. Þá er hér á Íslandi starfandi tengihópur, sem er skipaður fulltrúum frá ýmsum aðilum, þeir eru ellefu í allt, þ. á m. frá sjútvrn., iðnrn., Landssambandi ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu, Siglingamálastofnun, Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja, Háskóla Íslands o. fl. Þetta verkefni er fjármagnað af Nordisk Industrifond að 1/3 og þátttökulöndunum, sem eru Danmörk, Noregur, Færeyjar og Ísland.

Það vekur sérstaka athygli mína, að áætlun, sem fylgir með þáltill. og gerð er af þeim Sigurðum og byggist á tilboði frá Skibsteknisk laboratorium, er samhljóða einum hluta þessa samnorræna verkefnis og mun Skibsteknisk laboratorium annast framkvæmd þess hluta. Ég tel þess vegna rétt að þakka flm. fyrir þann áhuga sem þeir sýna þessum þætti orkusparnaðar með tillögugerðinni, en ég vildi um leið benda þeim á að kynna sér hvaða verkefni eru í gangi ýmist á vegum okkar einna eða í samstarfi við aðrar þjóðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 66. fundur.

Föstudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 614). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hegningarlög, frv. (þskj. 536). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Loftferðir, frv. (þskj. 273). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 9:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 636).

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317, n. 618). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til l. um Blindrabókasafn Íslands. Eins og nafnið ber með sér fjallar frv. um stofnun Blindrabókasafns Íslands sem skal vera undir yfirstjórn menntmrn. Enda þótt hér sé um að ræða fyrstu löggjöf um þetta efni er hér ekki um nýja starfsemi að ræða. Hún hefur átt sér stað hér á landi undanfarin ár og áratugi. Í viðauka I, sem fylgir með frv., er sögulegt yfirlit yfir bókagerð fyrir blinda og sjónskerta. Sú starfsemi hefur einkum farið fram hjá Blindrafélaginu, fyrst með bókagerð með blindraletri og síðan hljóðbókagerð. Hin síðari ár hefur Borgarbókasafn Reykjavíkur einnig verið í samstarfi um þetta málefni við Blindrafélagið og annast útlán úr Hljóðbókasafni.

Menntmn. fór í heimsókn til Blindrafélagsins, þar sem hljóðbókagerðin fer fram, og skoðaði bæði hana og safnið og ræddi þar við fulltrúa frá Blindrafélaginu og Borgarbókasafni Reykjavíkur. Hljóðbókasafnið er byggt upp á tvennan hátt. Í fyrsta lagi og stærsti þátturinn er gerð hljóðbóka, sem fram fer í stúdíói á Blindraheimilinu, og í öðru lagi eru svo hljóðritanir, afritanir af hljóðritunum frá Ríkisútvarpinu þegar sögur eru lesnar upp þar. Hljóðbókagerðin hjá Blindrafélaginu byggist mikið á lestri sjálfboðaliða og aðstaða er þar í tveimur stúdíóum til að hafa upptökur í gangi sem eru þar langan tíma á hverjum degi. Fjögur eintök eru gerð af hverri upptöku, en þrjú af þeim eru til útlána.

Þrátt fyrir þessa hljóðbókagerð fullnægir Hljóðbókasafnið hvergi nærri þeirri eftirspurn sem nú er á slíku efni til útlána. Þörfin hefur vaxið ört síðustu árin og auk þeirra, sem blindir eru, hafa kannske orðið blindir á ungum aldri, er vaxandi fjöldi gamals fólks sem óskar eftir að fá að njóta þessarar þjónustu. En vegna þess að safnið hefur ekki nægan eintakafjölda hefur orðið að takmarka mjög nýja viðskiptavini við Hljóðbókasafnið og er það *vitanlega óviðunandi ástand til frambúðar*. Það, sem veldur því að ekki er unnt að taka fleiri afrit en þrjú til útlána, er samningur sem nú er í gildi við Rithöfundasamband Íslands um það efni. Formaður menntmn. átti viðræður við fulltrúa frá því sambandi og þeir tjáðu sig fúsa til viðræðna um endurskoðun á þeim samningi, en e. t. v. þyrfti fleira að koma inn í þann samning þá um leið. Það er vitanlega mjög brýnt verkefni að þetta verði gert, þar sem viðskiptavinirnir eru orðnir svo margir að það er hvergi nærri nægjanlegt að hafa aðeins þrjú eintök.

Fulltrúar Blindrafélagsins skýrðu menntmn. frá því, að þeir væru reiðubúnir að veita Blindrabókasafni Íslands aðstöðu í Blindraheimilinu þar sem upptaka og safn er nú. Það stendur fyrir dyrum viðbygging við þetta húsnæði svo að þeir telja að þar numi verða nægilegt húsrými. Og þeir telja að það sé mjög æskilegt að þessi starfsemi haldi þarna áfram til þess að hún verði í tengslum við íbúa heimilisins, en það er mikils virði fyrir þá að hafa tengsl við þá sem að þessari starfsemi vinna. Nm. telja líka mjög mikinn ávinning að því, að það sjálfboðaliðastarf sem hefur haldið uppi hljóðbókagerðinni mikið á síðustu árum, haldi áfram, þar sem það tengi þá margt fólk við þá sem þarna eru til heimilis. En þrátt fyrir það, að þarna sé hægt að byggja á aðstöðu sem þegar er fyrir, er augljóst að á næstu árum muni þurfa auknar fjárveitingar til starfseminnar til þess að hún komist í það viðunandi horf, og þá sérstaklega að sinna ört vaxandi fjölda aldraðs fólks sem óskar eftir þessari þjónustu, og þá ekki eingöngu þeim sem eru blindir, heldur þeim sem eru fatlaðir á annan hátt og eiga erfitt með lestur venjulegra bóka. Þess vegna kom sú skoðun fram í menntmn. og er studd af öllum nm., að æskilegt gæti verið að tengja þessa þjónustu við blint og aldrað fólk annarri þjónustu sem fram fer við aldraða.

Í 8. gr. frv. er kveðið á um að kostnaður við starfsemi Blindrabókasafnsins greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Ekki liggur neitt fyrir um hve miklar fjárveitingar verði að ræða, enda þörfin óljós, eins og ég sagði áðan. Hins vegar er í 8. gr. einnig ákvæði um að það geti verið um aðrar tekjur að ræða fyrir Blindrabókasafnið. Telja nm., eins og getið er um í nál., að nauðsynlegt verði að athuga síðar á þessu ári eða á næsta ári hvort fjármögnun þessarar þjónustu við sjónskert aldrað fólk og blinda geti að hluta tengst ákveðnum sjóðum eða með öðrum hætti verði tryggðar reglubundnar tekjur til starfseminnar. Þessu vildu nm. koma á framfæri við umr. málsins hér. En reynslan mun skera úr um hversu mikil þörfin verður og hvernig hagkvæmast verður að ráða fram úr þessum málum.

Það frv., sem hér liggur fyrir, má segja að sé rammalöggjöf utan um þessa starfsemi. Nefndin leggur einróma til að það verði samþykkt eins og það liggur hér fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
1.—11 gr samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 598). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta á þskj. 598, um breyt. á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45 frá 16 apríl 1971, ásamt síðari breytingum, er samið af nefnd sem ég skipaði með bréfi dags. 30 júní 1980. Í nefnd þessari áttu sæti Gunnar Guðbjartsson, þáv. formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Andrésson bóndi og Gunnar Jóhannsson bóndi, sem allir voru tilnefndir af Framleiðsluráði landbúnaðarins, en einnig voru skipaðir í nefndina Stefán Pálsson forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Guðmundur Sigþórsson deildarstjóri í landbrn., sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar. Ingi Tryggvason, núv. formaður Stéttarsambands bænda, tók sæti Gunnars Guðbjartssonar í nefndinni í forföllum Gunnars.

Megintilefni þess, að nefnd þessi var sett á laggir, var að upp hafði komið ágreiningur um innheimtu gjalda sem lögð eru á framleiðslu landbúnaðarafurða til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Einkum var ágreiningur um hversu gjöldin skyldu vera há af tilteknum greinum landbúnaðarins, sérstaklega að því er varðar svokallaðar aukabúgreinar, alifugla- og svínarækt. Nefndin aflaði sér upplýsinga frá hinum ýmsu aðilum og kvaddi á sinn fund talsmenn hinna ýmsu greina landbúnaðarins og tókst að ná samkomulagi um tillögur sem birtast í þessu frv.

Í frv. er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Eru þær helstar sem fram koma í 1. gr. frv. og varða tekjur Stofnlánadeildarinnar. Þar koma fram þær breytingar, að gjald, sem innheimtist af framleiðendum í alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileyfum, skuli vera 0.5% í stað 1% sem áður hafði verið ætlast til að innheimt væri af þessum búgreinum. Það voru taldar fullar forsendur fyrir því að lækka stofnlánadeildargjaldið af þessum búgreinum um helming. Að öðru leyti er gert ráð fyrir að stofnlánadeildargjaldið af öðrum greinum landbúnaðarins verði óbreytt frá því sem það er í gildandi lögum.

Jafnframt er í 1. gr. það nýmæli, að landbrh. verði heimilað að ákveða endurgreiðslu á svokölluðu neytendagjaldi og jöfnunargjaldi við útflutning afurða, sem ekki njóta útflutningsbóta úr ríkissjóði, eða þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til. Þetta á fyrst og fremst við um þær greinar landbúnaðarins sem flytja vörur sínar á erlendan markað án útflutningsbóta, t. a. m. loðdýraafurðir. Það er sýnilegt að ekki eru eðlilegar forsendur fyrir því, að á þann útflutning leggist í fyrsta lagi stofnlánadeildargjald, sem yrði 1%, en einnig neytendagjald, sem er 1%, og jöfnunargjald, sem einnig er 1%, sem sagt þrefalt stofnlánadeildargjald. Jöfnunargjald og neytendagjald leggjast á verð þeirra afurða landbúnaðarins sem seldar eru á innlendum markaði og greiðast því í vöruverði. Á sama hátt getur verið óeðlilegt að á þann hluta landbúnaðarafurða, sem fluttur er úr landi, bæði dilkakjöt og osta, leggist þrefalt stofnlánadeildargjald, sem yrði að reiknast sem kostnaður við þann útflutning, meðan bændur, sem selja vöru sína á innlendum markaði, greiða að sjálfsögðu aðeins hið venjubundna stofnlánadeildargjald, 1%. Er því gerð tillaga um að landbrh. verði heimilað að endurgreiða þetta gjald eða ákveða niðurfellingu þess, þegar útflutningsbætur hrökkva ekki lengur til.

Þetta eru þær breytingar sem hér eru gerðar tillögur um varðandi tekjuöflun til deildarinnar. Að öðru leyti eru ákvæði um tekjur deildarinnar óbreytt.

Þá eru hér gerðar nokkrar tillögur um breytingar er varða Byggingastofnun landbúnaðarins. Eru þær helstar er varða stjórn Byggingastofnunar og ráðningu á forstöðumanni Stofnlánadeildar og stjórn Stofnlánadeildar þannig að samræmi sé í þessum lögum. Með þessu er gert ráð fyrir að Byggingastofnunin heyri undir stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins, en ekki sé sérstök stjórn þessarar stofnunar, sem sýnist vera óþarfi, og enn fremur að forstöðumaður Byggingastofnunar sé ráðinn á sama hátt og forstöðumaður Stofnlánadeildar þannig að stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins annist ráðningu þessa starfsmanns.

Lítils háttar fleiri breytingar eru í frv. sem ekki þykir ástæða til að fara hér fleiri orðum um.

Hv. Nd. hefur afgreitt frv. með einni breytingu, þ. e. að við bætist ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að lögin í heild, þ. e. lögin um Stofnlánadeild, nr. 45 frá 16. apríl 1971, skuli endurskoðuð og skuli endurskoðun þeirra lokið fyrir árslok 1984. Að öðru leyti hefur hv. Nd. afgreitt frv. óbreytt eins og það var lagt fram.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Tollheimta og tolleftirlit, frv. (þskj. 561). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um tollheimtu og tolleftirlit með síðari breytingum, en þetta frv. fjallar fyrst og fremst um svonefnda tollkrít. Það er megintilgangur frv. að leggja grundvöll að nýju fyrirkomulagi í sambandi við tollmeðferð innflutnings og opna möguleika til þess að veittur sé greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum á innfluttum vörum í miklu ríkari mæli en verið hefur fram til þessa. Meginefni frv. kemur fram í 5. gr. þess, sem er breyting á 53. gr. tollalaganna, en í þessari frvgr. segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum heimilað tollstjórum að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum vörum. Heimild þessa má takmarka við innflytjendur sem flytja inn vörur í atvinnuskyni, þ. á m. umboðsmenn þeirra og miðlara, svo og innflytjendur sem stunda framleiðslu vara eða viðgerðarþjónustu í atvinnuskyni og flytja inn aðföng til starfsemi sinnar."

Í 3. mgr. þessarar greinar segir einnig:

„Greiðslufrestur af aðflutningsgjöldum skal vera að meðaltali tveir mánuðir frá þeim tíma er far tekur höfn eða talið frá úttektardegi vöru hafi hún verið sett í tollvörugeymslu."

Loks segir í niðurlagi sömu mgr.:

„Hafi frestur verið veittur til greiðslu aðflutningsgjalda samkv. þessari grein má ákveða með reglugerð að greiða skuli af þeim sömu vexti og gilda hverju sinni um innlán á sparisjóðsbókum samkv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961, með síðari breytingum."

Loks vil ég sérstaklega nefna upphaf næstu mgr., sem er mjög mikilvægt, en þar segir:

„Innflytjandi, sem fær greiðslufrest á aðflutningsgjöldum samkv. ákvæðum þessarar greinar, skal tollafgreiða allan innflutning sinn á þeim kjörum. Þó skal heimilt að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði ef sérstakar ástæður þykja til."

Þau rök, sem búa að baki því nýja skipulagi sem hér er gerð tillaga um að komið verði á við tollmeðferð á vörum, hafa oft verið rædd hér á Alþingi. Gerð er ítarleg grein fyrir þeim rökum í sérstöku nefndaráliti sem dreift var til hv. alþm. fyrir fjórum árum og fjallaði einmitt um þetta sama málefni. Ég ætla ekki að tíunda þessi rök hér, en nefni þó að þau byggja fyrst og fremst á því, að um aukna hagræðingu og sparnað verði að ræða sem verði báðum til góðs, bæði innflytjendum og þeim sem þurfa á þessari þjónustu að halda, og svo hins vegar ríkinu, sem hefur að sjálfsögðu mikinn kostnað af tollmeðferð á vörum, en talið er að þetta nýja fyrirkomulag gæti gert margt einfaldara og ódýrara í framkvæmd í sambandi við tollmeðferð en nú er.

Gagnrök, sem borin hafa verið fram á móti upptöku tollkrítar, hafa á hinn bóginn verið þau, að fyrst í stað, þegar þessu nýja fyrirkomulagi væri komið á, mundi verða um nokkra aukningu peningamagns í umferð að ræða. Af þeim sökum gæti orðið þensla á peningamarkaði, jafnframt því sem ríkissjóður mundi fá minni tekjur af tollheimtu fyrst í stað vegna þess að innheimtu seinkaði og mundu því tekjur ríkissjóðs verða lægri á því ári þegar tollkrítin væri tekin upp.

Það er alveg ljóst að þetta nýja fyrirkomulag verður ekki tekið upp í einu vetfangi, heldur verður að sýna ýtrustu varkárni í þeim efnum. Fyrirkomulagið verður tekið upp í áföngum og miklar takmarkanir verða á heimildum til upptöku þessa kerfis, þannig að nokkur tími mun líða frá því að lögin koma til framkvæmda og þar til þetta nýja fyrirkomulag verður komið í það horf sem að er stefnt, Einnig verður alllangur undirbúningstími frá því að lög þessi verða samþykkt og þar til málið kemur til framkvæmda. Ef lagafrv. þetta verður samþykkt nú á vormánuðum hér á hv. Alþingi er þess að vænta, að lögin taki gildi í ársbyrjun næsta árs, en verði lögin ekki samþykkt nú á vormánuðum og afgreiðsla frv. frestist til haustsins má búast við að eitthvað seinki að málið komi til framkvæmda.

Ég vil í þessu sambandi engin ákveðin fyrirheit gefa um í hvaða áföngum lögin koma til framkvæmda eða hvenær það verður, þar sem ljóst er að undirbúningur er margþættur og að mörgu er að hyggja áður en þetta fyrirkomulag getur verið komið í fullan gang.

Í umfjöllun um áhrif greiðslufrests á aðflutningsgjöldum á tekjur ríkissjóðs hefur verið reynt að meta hversu mikil hliðrun yrði á innheimtu aðflutningsgjalda. Niðurstöður þeirrar athugunar benda til þess, að tekjuhliðrunin eigi sér mjög fljótt stað og komi jafnvel fram af fullum þunga á fyrstu mánuðunum. Um þetta efni er eðlilegast að vísa til tillagna til fjmrh. um þetta mál frá því í sept. s. l., en þeirri skýrslu hefur verið dreift til alþm. Ljóst er að erfitt er fyrir ríkissjóð að taka á sig slíka tekjuhliðrun nema ráð sé fyrir því gert í fjárlögum, og því verður að stefna að því að þessi heimild til greiðslufrests komi til framkvæmda á nokkrum tíma, 1—2 árum a. m. k.

Verði lagafrv. það, sem hér liggur fyrir, samþykkt á þessu þingi eru tæknilegar forsendur fyrir því, eins og ég hef þegar sagt, að hefja framkvæmd laganna 1. jan. n. k. Er þá gert ráð fyrir að innflytjendum, sem á árinu 1981 fluttu inn vörur fyrir einhverja ákveðna lágmarksupphæð sem síðar verður ákveðin, verði veitt heimild til innflutnings með greiðslufresti. Á árinu 1983 yrðu svo þessi mörk lækkuð í áföngum. Er þá þess að vænta að seinasti hópur innflytjenda, sem hefði flutt inn ákveðið lágmarksmagn innflutnings á árinu 1981, fengi heimild til tollkrítar einhvern tíma á árinu 1984.

Rétt þykir að geta þess hér, að gert er ráð fyrir að reglum um gildistíma tollafgreiðslugengis verði breytt, en sú ráðstöfun getur haft einhver áhrif á fjárhæð innheimtra aðflutningsgjalda, þegar til lengri tíma er litið, og haft einhver áhrif til aukningar ríkissjóðstekna. Verði þessi háttur hafður á má ætla að aðlögun verði auðveldari að því er varðar getu ríkissjóðs til að mæta seinkun á innheimtum tekjum, auk þess sem minni hætta er á örðugleikum í framkvæmd samfara nýrri tilhögun á tollheimtu og tollgæslu. Á það skal þó lögð áhersla, að mikið starf er enn óunnið í sambandi við tæknilega lausn þessa máls, þó að lagatæknileg atriði varðandi upptöku greiðslufrestsins teljist leyst með samþykkt þessa frv. M. a. verður ekki annað séð en framkvæmdina verði að tryggja með stóraukinni tölvuvæðingu hjá tollheimtuembættum.

Þess má geta, að í 53. gr. núgildandi laga um tollheimtu og tolleftirlit er að finna heimild til handa fjmrh. til þess að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Samkv. heimild þessari verður greiðslufrestur aðeins veittur gegn fullgildri bankatryggingu, og jafnframt er það skilyrði sett, að varan sé tollafgreidd og flutt úr vörugeymslu innan frests sem ákveðinn verður í reglugerð og eigi má vera lengri en einn mánuður frá komudegi þar. Þessi heimild hefur ekki verið notuð til þess að veita almennan greiðslufrest á aðflutningsgjöldum. Hins vegar hefur verið höfð hliðsjón af henni í undantekningartilvikum þegar veittur hefur verið greiðslufrestur vegna innflutnings á nokkrum vörutegundum. Þessar heimildir hafa verið mjög takmarkaðar og yfirleitt ekki veittar nema í þeim tilvikum þegar sérstakar ástæður hafa verið taldar geta réttlætt greiðslufrest, t. d. þegar um innkaup á vörum hefur verið að ræða frá löndum sem ekki hafa getað haldið útflutningshöfnum sínum opnum nema hluta úr ári og innflytjendur því orðið að kaupa vörubirgðir sem tekið hefur allt að hálfu ári að selja á innanlandsmarkaði. Þessar aðstæður sköpuðust hér áður fyrr einkum vegna kaupa landsmanna á timbri frá löndum við Eystrasalt.

Þá hefur í framkvæmd gilt sú regla um tollafgreiðslu á vörum til skipasmíða og skipaviðgerða, að skipasmiðjum, viðgerðaraðilum og útgerðarmönnum hefur verið heimilað að greiða aðflutningsgjöld af vörum til þessara nota gegn útgáfu skuldaviðurkenningar og síðan

hefur verið skuldajafnað vegna endurgreiðslu aðflutningsgjalda sem heimiluð er samkv. sérstöku ákvæði í tollskrárlögum og reglum sem fjmrh. hefur sett þar að lútandi.

Í þriðja lagi má nefna að fjmrh. hefur gert samkomulag við flest bifreiðainnflutningsfyrirtæki um allt að 20 daga greiðslufrest á aðflutningsgjöldum af innfluttum nýjum bifreiðum og hafa aðflutningsgjöld verið lánuð af bifreiðum frá því 1974. Einnig má minna á í þessu sambandi að sérstakt greiðslufyrirkomulag hefur gilt um innheimtu gjalds af gas- og brennsluolíum svo og bensíngjalds.

Ein af forsendunum, sem búa að baki upptöku greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, er stytting geymslutíma á ótollafgreiddum vörum í vörslu farmflytjenda, sem aftur ætti að hafa í för með sér aukinn veltuhraða, minni vörubirgðir og lægri vaxtakostnað af þeim sökum. Þessu markmiði verður ekki náð nema greiðslufrestur verði háður nokkrum skilyrðum. Til þess að ná fram nefndu hagræði og einnig til þess að auðvelda alla framkvæmd er nauðsynlegt að binda heimild til greiðslufrests því skilyrði, að allur innflutningur sama innflytjanda verði tollafgreiddur á þessum greiðslukjörum. Ljóst er að viss vandamál geta komið upp í byrjun hjá innflytjendum þegar þeir verða að leysa til sín allar innfluttar vörur að meðaltali innan 60 daga frá komu til landsins eða koma þeim ella í tollvörugeymslu. Úr þessum vanda má draga ef innflytjendur reyna í framtíðinni að haga innflutningi sínum þannig að sem mestu hagræði verði náð með greiðslufrestinum með tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir að frv. þetta, ef að lögum verður, komi til framkvæmda fyrr en að nokkrum tíma liðnum frá gildistöku ætti innflytjendum að gefast nægilegt svigrúm til að meta stöðu sína að nýju og gera viðeigandi breytingar á innkaupaháttum sínum telji þeir slíkt nauðsynlegt. Þar sem viss vandamál eru tengd innflutningi, m. a. á bifreiðum, er gert ráð fyrir að heimilt verði að undanþiggja einstakar vörutegundir þessu skilyrði, enda verði sérstakar ástæður taldar þess valdandi, t. d. aðgerðir í efnahagsmálum. Þá er óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir sérstökum undanþágum í þeim tilvikum þegar upp koma hindranir í innflutningi, eins og verkföll og þess háttar. Loks er rétt að vekja athygli á því sem kom fram hjá mér í upphafi, að heimilt er að innheimta vexti af tollkrítinni.

Herra forseti. Hér er um viðamikið frv. að ræða. Ég hef ekki getið hér allra atriða frv., sem smærri geta talist mörg hver, en vek athygli, að í 8., 9. og 10. gr. frv. er verið að hækka upphæðir sekta, en það er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt með tilliti til þeirra verðbreytinga sem orðið hafa.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu að öðru leyti til að fjölyrða frekar um frv., en legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það er kannske rétt, svona til tilbreytingar, að ég hefji mál mitt á að fagna því, að hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram þetta frv. um svonefnda tollkrít. Það er ekki allt of oft sem hv. þm. stjórnarandstöðunnar hafa ástæðu til þess að fagna málflutningi hæstv. ríkisstj. Að vísu hafa ýmsir aðilar, svo sem forustumenn iðnaðarins, verið með efasemdir út af þessu máli, sjálfsagt vegna ótta um að framkvæmdin yrði þannig að samkeppnisstaða útlendinga batnaði á íslenskum markaði við það að tollkrít yrði leyfð. En ég held að það séu ekki haldgóð rök í þessu máli. Yfirleitt er það svo í öllum vestrænum löndum, að það er ekki litið á tolla sem einhvers konar innflutningshöft eða landamæramúra. Þeir eru fjáröflunartæki viðkomandi ríkisstjórna, og það er leitast við að þeir leggist á, á hliðstæðan hátt og neytendaskattar yfirleitt, um það leyti sem neytandinn kaupir vöruna. Þessari meginhugmynd, sem er á bak við tollkrítina, er ég fylgjandi.

En það verður því miður að segjast um þetta mál, að ýmislegt við framlagningu þess sver sig í ætt við núv. hæstv. ríkisstj. Í fyrsta lagi er það svo, að fyrir liggur í Nd. frv. sama efnis frá einstökum þm. Það hefði því verið a. m. k. þingleg kurteisi af hæstv. ríkisstj. að leggja þetta frv. fram í þeirri sömu hv. deild þannig að það gæti þá komið til sömu hv. nefndar og fjallar um þetta mál í Nd. En nóg um það.

Hæstv. ráðh. hafði hér ótal fyrirvara á því, að hann mundi framkvæmda þetta mál, jafnvel þótt það yrði að lögum á vormánuðum, eins og hann orðaði það. Mér hefur skilist á hæstv. ríkisstj. að það væru ekki margir vormánuðir eftir af störfum Alþingis. Þetta vekur grunsemdir um að hæstv. ráðh. sé í hjarta sínu ekki mjög hrifinn af þessu máli og ætlist ekki til að það hljóti raunverulega afgreiðslu á þessu þingi, hvað þá að það komi til framkvæmda þó að það hljóti afgreiðslu á hinu háa Alþingi. Samt sem áður hefur hæstv. ráðh. þegar lagt á ákveðinn skatt til þess að standa straum af tekjutapi ríkissjóðs af þessari tollkrít sem í rauninni er ekki nema tímabundið tekjutap. Hann sagði að tollkrítin mundi einfalda tollmeðferð vara og gera hana ódýrari. Ég er innilega sammála hæstv. ráðh. að þessu leyti. En því miður hefur hann farið þá leið og hæstv. ríkisstj. að leggja á tollafgreiðslugjald í blóra við það að ríkissjóður tapi tekjum vegna tollkrítar sem ekki á að koma til framkvæmda fyrr en kannske eftir ár eða mörg ár. Þá er tollafgreiðslan svo flókin að mér skilst að hún tefjist dögum og vikum saman vegna þess að menn hafi ekki í annan tíma á Íslandi lent í annarri eins skriffinnsku og flóknum afgreiðslum. Er þá langt til jafnað, þegar á Íslandi hefur ekki verið önnur eins flókin meðferð í slíkum efnum og er um tollafgreiðslugjaldið.

Það er kannske rétt að vekja athygli á því, að tollkrítarmál það, sem þetta frv. fjallar um, hefur verið lengi á dagskrá og um það var gefið eitt af fyrstu loforðum núv. hæstv. ríkisstj. Hæstv. ráðherrar tóku mjög ákveðið til orða um það efni hér á hinu háa Alþingi skömmu eftir myndun núv. hæstv. ríkisstj. Þá sagði hæstv. forsrh. efnislega að frv. um þetta efni mundi koma fyrir haustþing. Þetta sagði hæstv. ráðh. ekki á s. l. ári, heldur á árinu 1980, nánar tiltekið 29. maí 1980, um framlagningu frv. um þetta efni sem við erum nú að sjá fyrst frá hæstv. ríkisstj. eftir tvö ár, með þeim fyrirvörum sem hæstv. fjmrh. hafði. Hann sagði þetta 29. maí 1980. Og hæstv. fjmrh. sagði þá orðrétt, með leyfi hæstv. forseta, á hinu háa Alþingi:

„Það þarf að velja hentugan tíma á árinu til að tryggja að ríkissjóði komi það ekki mjög illa að verða af tekjum, þegar þessi skipan er upp tekin, og ekki sé þá á sama tíma verulegur hallarekstur á ríkissjóði eða skuldaaukning hjá Seðlabankanum. Af þessum ástæðum hef ég dregið þá ályktun, að hyggilegast mundi vera að taka upp nýtt skipulag af þessu tagi fremur á síðari hluta árs en fyrri

hluta árs.

En ég sem sagt ítreka það sem ég hef þegar sagt, að ég tel sjálfsagt að þetta mál verði gaumgæfilega athugað á næstu vikum og nú í sumar undirbúið fyrir komandi þing að hausti."

Þetta sagði hæstv. ráðh. á því herrans ári 1980, á vormánuðum sem þá voru fleiri í starfi þingsins en nú er fyrirhugað, hinn 29. maí, svo að hæstv. ráðh. hefur haft nægan tíma til að koma þessu máli frá sér og hefði ekki þurft að hafa eins mikla fyrirvara á því og hann gerði hér, að hann framkvæmdi þetta mál jafnvel þótt það yrði að lögum.

Ég sé ekki ástæðu, herra forseti, til þess að orðlengja frekar um þetta mál. Ég vil láta í ljós þá von, að hv. fjh.- og viðskn. vinni þetta skjótt og vel og að málið fái greiðan gang í gegnum þingið. Mér er ljóst að það er um þetta nokkur ágreiningur, jafnvel meðal hinna mætustu manna í atvinnulífinu. Ég tel hins vegar að hér sé um að ræða mjög mikið hreingerningarmál í okkar fjármálakerfi, — mál sem færir okkur til nútímahorfs í viðskiptaháttum að þessu leyti.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil á engan hátt andmæla því sem fram kom hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni, 3. þm. Norðurl. e., að nokkuð hefur dregist að koma þessu máli fram í frv.-formi hér á Alþingi. Það er rétt. Kannske hefði ég átt að víkja að því örfáum orðum, hver ástæðan til þess er. Úr því að ég gerði það ekki áðan skal ég bæta úr því.

Ég vil þá byrja á því að rifja það upp, að þegar ég kom í fjmrn. veturinn 1980 og hafði verið þar um nokkurra vikna skeið var mér bent á nefndarálit sem hafði verið unnið á árinu 1977, þ. e. þremur árum áður, í tíð fyrrv. fjmrh., Matthíasar Á. Mathiesens. Nál. hafði verið skilað í hans tíð, en efni þess hafði aldrei komið til framkvæmda og ekkert verið frekar í málinu gert. Ég kynnti mér þetta tollkrítarmál og nefndarálitið sem fyrir lá um það efni, og mér leist strax nokkuð vel á þá meginhugmynd sem þar er lýst. Það eru því alveg óþarfar getsakir af hálfu hv. þm. að ég hafi engan áhuga á þessu máli eða lítist illa á það. Mér líst á margan hátt vel á að taka upp þetta nýja fyrirkomulag.

Þegar svo málið kom hér til umr., líklega nokkrum vikum eftir að ég hafði fengið þetta nefndarálit í hendur — ég var búinn að gleyma þessu, það liðu þarna svo mörg ár á milli, frá því að þessu hafði verið útbýtt hér í þinginu — þá lýsti ég yfir að ég vildi gjarnan vinna áfram að málinu og stuðla að því, að lög yrðu sett um þetta efni á komandi vetri. Þegar til átti að taka reyndist hins vegar málið vera dálítið flóknara en virtist við fyrstu sýn. Það voru ákveðnir þættir þess sem ekki höfðu verið nægilega rannsakaðir. Þar var fyrst og fremst um að ræða efnahagsleg áhrif af upptöku tollkrítar. Það lágu ekki fyrir nægilegar greinargerðir um þann þátt málsins, og Seðlabankinn og hagfræðingar hans höfðu sett fram vissar athugasemdir sem vissulega þurftu nánari skýringar við. Eins var um áhrif upptöku tollkrítar á fjármál ríkissjóðs. Það mál hafði greinilega ekki verið rannsakað til nægilegrar hlítar. Því fóru fyrstu mánuðirnir í það að átta sig á þessum hliðum málanna. Auk þess kom í ljós að ýmsir höfðu horn í síðu þessa nýja fyrirkomulags. Má þar t. d. nefna íslenska iðnrekendur. Þeir hafa enn ekki með öllu látið af andstöðu sinni við þetta mál þó að verulega hafi úr henni dregið, að því er ég hygg, eftir þær breytingar sem frv. hefur tekið í seinni tíð.

Þegar svo kom fram á veturinn 1981 sýndist mér að málið væri í raun og veru í svo mikilli þoku að ekki yrði hægt að móta þar skýra stefnu öðruvísi en að skipa nýja nefnd í málið. Það gerði ég hinn 3. apríl 1981. Í nefndina voru skipaðir Árni Árnason framkvæmdastjóri frá Verslunarráði, Björn Hermannsson tollstjóri í Reykjavík — sem aldrei hafði komið að málinu og var auðvitað alveg óhjákvæmilegt að hann ynni að málinu og kæmi sínum athugasemdum á framfæri áður en málið kæmi til framkvæmda. — Einnig var þar Júlíus Sæberg Ólafsson forstjóri, Þorsteinn Ólafsson fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga og svo einn maður tilnefndur af fjmrn., Sigurgeir A. Jónsson. Þessi nefnd vann að málinu undir forustu Gunnlaugs Sigmundssonar deildarstjóra í fjmrn. sem skipaður var formaður nefndarinnar. Það var ekki fyrr en hún hafði lokið störfum að raunhæft var að taka málið til endanlegrar afgreiðslu í ríkisstj.

Það hefur að vísu tekið síðan nokkurn tíma að ganga endanlega frá málinu og það hefur enn tekið nokkrum breytingum. Þar á meðal hefur verið ákveðið að vextir skuli innheimtir af tollkrítinni. Er það auðvitað mjög mikilvægt atriði og eitt af því sem menn telja óhjákvæmilegt að gera til að ganga til móts við sjónarmið íslenskra iðnrekenda sem lagt hafa mjög þunga áherslu á þetta atriði. Eftir að þessar breytingar hafa verið gerðar hefur málið legið fyrir og er nú flutt.

Hér hefur verið af minni hálfu rakin saga þessa máls. Það er ekki af neinu sérstöku tómlæti af minni hálfu að málið hefur dregist svo lengi. Ég vil einnig ítreka að það er ekki af neinu sérstöku tómlæti í garð þessa máls að ég hef ýmsa fyrirvara um framkvæmdina. Það er alveg ljóst að hér getur verið um verulega mikið tekjutap að ræða fyrir ríkissjóð þegar málið er að koma til framkvæmda. Því mun enginn fjmrh., hvorki ég né neinn annar, treysta sér til að taka þetta nýja fyrirkomulag í notkun í einni svipan, heldur hlýtur að verða um marga áfanga að ræða og að málið komi til framkvæmda á þó nokkrum tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 591). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um Listskreytingasjóð ríkisins. Þetta frv. var flutt í Nd. snemma á þinginu og hefur fengið þar ítarlega umfjöllun, vil ég meina, og er nú komið til þessarar hv. deildar eftir umfjöllun í Nd. Ég vil líka geta þess, að frá því að frv. var lagt fram hefur það tekið nokkrum breytingum í meðförum hv. Nd. Þessar breytingar eru þó þannig að þar er ekki um að ræða neina grundvallarbreytingu á tilgangi frv. Hins vegar eru ýmsar orðalagsbreytingar og að sumu leyti að vísu efnisbreyting, t. d. hvað varðar ákvæði til bráðabirgða, sem ég ætla strax að benda hv. þdm. á. Það ákvæði er allmikið breytt frá því sem var upphaflega í frv., ítarlegra og með nokkrum efnisbreytingum sem ég vil vekja athygli á og mun kannske gera betur áður en ég lýk máli mínu.

Ég vil geta þess, að það hafði sínar sérstöku ástæður að

þetta frv. var flutt. Frv. er unnið í samstarfi við Félag ísl. myndlistarmanna eftir allítarlegar umræður milli mín og stjórnar þess félags á árinu 1980 aðallega. Upp úr þeim umræðum og eftir að ég hefði m. a. lagt nokkuð fram til þess að fulltrúar Félags ísl. myndlistarmanna gætu sótt ráðstefnu um málefni af þessu tagi í Noregi á sinni tíð var gengið í að semja frv. um þetta efni, um Listskreytingasjóð. Árangurinn er að finna hér í þessu frv. Sem sagt, þetta mál er unnið upphaflega í mjög nánu samstarfi við stjórn Félags ísl. myndlistarmanna og flutt fyrir áeggjan þess félagsskapar, má segja, a. m. k. í góðu samstarfi við félagið.

Mér þykir rétt að geta þess strax, að ástæðan fyrir því, að þetta form er valið, að stofna sérstakan Listskreytingasjóð, er sú, að áhugamönnum um þetta efni þótti nauðsynlegt að finna skilvirkari aðferð en er fyrir hendi til þess að tryggja framkvæmd þeirrar hugmyndar að listamenn eigi hlut að byggingu vandaðra húsa á vegum hins opinbera. Þetta er í raun og veru meginástæðan fyrir því, að það form var valið að stofna sérstakan Listskreytingasjóð ríkisins. Eins og hv. dm. að sjálfsögðu vita er sú hugmynd, að opinberu fé sé ráðstafað til listskreytinga opinberra bygginga engan veginn ný af nálinni, heldur hafa verið um alllangt skeið ákveðin lagaboð í gildi þar um, bæði í eldri lögum um skólakostnað og eins í núgildandi grunnskólalögum. En það verður að segja eins og er, að þessi ákvæði eru ekki aðeins erfið í framkvæmd af sjálfu sér, heldur hefur komið í ljós að mönnum finnst stangast á þau ákvæði, sem er að finna í grunnskólalögunum frá 1974, og þau ákvæði sem er að finna í skólakostnaðarlögunum frá 1967. En sem sagt, kjarni þeirra lagaboða, sem eru reyndar enn í gildi, er sá, að heimilt sé að verja fjármagni til listskreytingar skólahúsnæðis. Annað er það nú ekki og þar er allt frumkvæði fengið í hendur sveitarstjórnunum um framkvæmd á þessari hugmynd. En reynslan hefur sýnt að sveitarstjórnir hafa ekki haft áhuga á því máli. Reynslan hefur sýnt það, þannig að það hefur ákaflega lítið reynt á þessi lagaboð og sáralítið verið unnið að því að listskreyta skólamannvirki, jafnvel þó að þessi lagaboð séu fyrir hendi. Þetta hefur áhugamönnum um þetta efni að sjálfsögðu þótt mjög miður, og þá ekki síst myndlistarfólkinu, og það er af þeirri ástæðu sem það bar sig upp við mig um þessi efni og farið var að ræða það, hvort ekki væru möguleikar á að finna aðrar leiðir, finna skilvirka aðferð til að framkvæma þessa hugmynd. Niðurstöðuna er að finna í þessu frv. eins og ég hef sagt.

Í 1. gr. frv. er talað um að stofna skuli sjóð sem hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum. Síðan er í 3. gr., sem er þungamiðja þessa máls, rætt um tekjur sjóðsins og gert ráð fyrir að það sé í fyrsta lagi árlegt framlag ríkisins og í öðru lagi vaxtatekjur og svo aðrar tekjur. Af þessu er augljóst að það, sem máli skiptir um tekjurnar, er 1. liðurinn í 3. gr., hið árlega framlag ríkissjóðs, en þar segir að framlagið skuli vera 1% álag á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.), sbr. það sem nánar er greint í 4. gr. Og 4. gr. er í raun og veru eins konar framhald af því sem segir í 3. gr. að því leyti, að þar er ákveðið að framlagið, sem um er rætt í 3. gr., skuli vera afmarkaður sérliður í fjárlögum, og gert ráð fyrir að það, sem innheimtist á þennan sérlið, verði greitt í Listskreytingasjóð mánaðarlega allt fjárlagaárið.

Það er greint frá því í aths. við frv. eins og ég lagði það fram í upphafi þingsins í Nd., hverju þetta muni nema í peningum að því er áætla má, og þá er náttúrlega miðað við fjárlagaárið 1981, vegna þess að þá voru það þær forsendur sem hægt var að miða við. Þar segir að miðað við forsendur í 1. tölul. 2. gr. frv. og fjárlög ársins 1981 yrði framlag ríkissjóðs 1 millj. 350 þús. kr. Þetta er í raun og veru sú tala sem við höfum til viðmiðunar í þessu efni, hvað koma mundi í sjóðinn miðað við forsendur fjárlaga fyrir síðasta ár. Að sjálfsögðu má svo hækka þessa tölu miðað við þá verðlagsþróun sem orðið hefur síðan þessi tala var fundin, og skal ég ekki fara fullkomlega með það, hvað út úr því dæmi kæmi, en áætla má þó að þarna væri um að ræða a. m. k. yfir 40% hækkun á tölu, þannig að ég get ímyndað mér að þarna yrðu — ég er ekki fljótur að reikna — en sjálfsagt yrðu það 1.6—1.7 millj. kr. sem þarna væri um að ræða eins og nú horfir. Einnig er gert ráð fyrir þeim möguleika, að sveitarfélögin vildu vera þátttakendur í framlögum til sjóðsins, og ef svo yrði mundu tekjur sjóðsins vaxa verulega. En eins og fram kemur í 3. gr. er opnuð leið fyrir því, að sjóðurinn hafi aðrar tekjur, auk þess sem hann kynni að hafa vaxtatekjur, enda mun hann vafalaust hafa það. Síðan, þegar við komum svo að 5. gr., og reyndar langt aftur eftir frv., sem alls er 14 greinar, þá má segja að þær greinar fjalli um hvernig stjórn skuli háttað, t. d. 5. gr. Og síðan frá 6. gr. og mikið til aftur úr er fjallað um framkvæmdaatriði í sambandi við starfsemi sjóðsins og settar reglur þar um.

Í 5. gr. er talað um stjórnina og lagt til að í henni sitji fimm menn: formaður, sem menntmrh. skipar án tilnefningar, en síðan komi fulltrúar í stjórnina sem eru skipaðir samkv. tilnefningum vissra aðila, þ. e. Arkitektafélags Íslands, Sambands ísl. sveitarfélaga og Bandalags ísl. listamanna, og þá séu það myndlistarmenn sem þeir tilnefni.

Í Nd. var mjög mikið rætt um stjórnina og ekki mikill ágreiningur út af fyrir sig um það efni. Hins vegar urðu talsvert miklar umræður og athugasemdir gerðar um það, hvernig framkvæmd málsins yrði.

Menntmn. Nd. gerði nokkrar orðalagsbreytingar, sem varla er þó hægt að kalla efnisbreytingar, en gerðu þó að ýmsu leyti ákvæðin um framkvæmdina fyllri og skýrari en þau voru í upphaflega frv. Hef ég ekki nema gott eitt um það að segja. Þar var m. a. lögð áhersla á að það kæmi skýrt fram, að haft væri sem nánast samráð við þá aðila sem standa að byggingu hvers mannvirkis, heimamenn á staðnum og arkitekt byggingarinnar. Í sjálfu sér er þetta réttmæt ábending og eðlilegt í framkvæmdinni að á þetta sé lagður þungi.

Þá ætla ég að koma hér að einu atriði, sem einnig var nokkuð gagnrýnt í Nd. og kom fram í meðferð menntmn. þar, að það var gert ráð fyrir því og er gert ráð fyrir því, að sveitarstjórnirnar séu ekki að lögum beinir aðilar að þessum sjóði. Eins og ég skýrði frá í upphafi er ástæðan hreinlega sú, að það hefur gengið mjög erfiðlega að fá sveitarstjórnir til að hafa frumkvæði í þessum efnum eins og núgildandi lög ætlast til. Þess vegna var valin þessi leið: að stofna sérstakan Listskreytingasjóð ríkisins, sem væri þá á vegum menntmrn. og undir tiltekinni stjórn. Hins vegar kom fram í meðferð Nd. á málinu að það væri óvarlegt að gera ekki enn tilraun til þess að tengja sveitarstjórnirnar við þetta mál og gera sitt til þess að svo geti orðið. Af þeim sökum er ákvæði til bráðabirgða nokkru fyllra og ítarlegra en það var upphaflega í frv.

eins og ég lagði það fyrir. Í þessu ákvæði til bráðabirgða er sagt að lögin skuli taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntmrn., og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntmrn. Samkv. þessu ákvæði til bráðabirgða er enn þá opnuð leið til þess að sveitarstjórnir hafi frumkvæði í þessu og leggi sitt 1% móti ríkinu í sambandi við listskreytingar skólamannvirkja.

Ég held að þetta mál hafi hlotið allítarlega meðferð í hv. Nd. og það fékk þar að lokum góðar viðtökur og góða afgreiðslu og vel að málinu staðið að mínum dómi í hv. Nd. Ég vænti þess, að þessi hv. deild taki málið einnig til verðugrar afgreiðslu og sjái sér fært að afgreiða það áður en þingi lýkur nú í vor. Ég vænti þess, herra forseti, að málinu verði vísað til menntmn. deildarinnar þegar þessari umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585). - 1.umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breytingu á lögum nr. 18 frá 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Frv. þetta er fáort en felur í sér umtalsverðar skuldbindingar fyrir íslenska ríkið og að baki býr reynsla sem full ástæða er til að gefa gaum. 1. gr. frv. er þannig:

„1. tölul. 3. gr. laganna breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „jafnvirði 13.2 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum" komi: jafnvirði 19 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum."

Grein þessi felur í sér heimild til að hækka hlutafjáreign íslenska ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf. sem þessu nemur, þ. e. úr jafnvirði 13.2 millj. bandaríkjadollara í allt að 19 millj. dollara. Gert er ráð fyrir hækkun um 2.4 millj. dollara 1983 eða síðar, en rétt þykir að hafa lagaheimildina nokkru rýmri og raunar verulega rýmri í samræmi við eftirgreindar till., ef ráðlegt þætti á næstu árum að fjármagna stærri hluta af fjárþörf félagsins með hlutafé en þeim mun minni með lánum. Gert er ráð fyrir samsvarandi framlagi hins erlenda samstarfsaðila í fyrirtækinu, Elkem AS, þ. e. um 2 millj. dollara.

2. gr. frv. er svohljóðandi:

„Við 3. gr. bætist nýr tölul., 8. tölul., sem hljóði svo: Að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni er félagið tekur og í heild nemur allt að 6 millj. bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum."

Greinin felur í sér heimild til sjálfskuldarábyrgðar ríkisins á láni sem Járnblendifélagið tekur til að fjármagna rekstur sinn og afborganir lána. Lánið, sem yrði víkjandi gagnvart öðrum lánum félagsins, er að upphæð 6 millj. bandaríkjadollara og safnaði upp vöxtum í fimm ár eftir greiðslugetu félagsins á því tímabili. Hlutur ríkisins af ofangreindri upphæð nemur 3.3 millj. bandaríkjadollara en hlutur Elkem AS er 2.7 millj. dollara. Vextir af láninu yrðu 0.5% yfir millibankavöxtum í London eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir liggur að án þeirrar fyrirgreiðslu, sem frv. gerir ráð fyrir af hálfu hluthafa, stefnir í gjaldþrot hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga.

Um s. l. áramót hafði Járnblendifélagið fengið allt það fjármagn sem félaginu var ætlað í upphaflegum áætlunum um fjármögnun félagsins. Var þar annars vegar um að ræða hlutafé og hluthafalán í samræmi við 1. og 6. tölul. 3. gr. laga nr. 18/1977, en hins vegar og að meiri hluta lán sem félagið tók sjálft án ábyrgðar frá hluthöfum hjá Norræna fjárfestingarbankanum og öðrum. Þessar lántökur nutu óbeins stuðnings hluthafa á byggingartíma verksmiðjunnar samkv. svonefndum lúkningarsamningum sem gerðir voru í samræmi við 3. mgr. 6. gr. laganna, en þeir samningar eru nú úr gildi.

Vegna áðurgreindra rekstrarþrenginga var greiðslufjárstaða fyrirtækisins hins vegar orðin veik um síðustu áramót og fyrirsjáanleg frekari veiking hennar á yfirstandandi ári.

Járnblendifélagið þarf því á nýju fjármagni að halda til að tryggja greiðslustöðu sína á þessu ári og mæta þeim greiðsluhalla sem vænta má þar til ástand á kísiljárnmarkaði hefur breyst til hins betra.

Frv. felur í sér tillögur um þær lagaheimildir sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að tryggja greiðslustöðu Járnblendifélagsins á komandi árum, byggt á þeim upplýsingum sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Samtals nema þær heimildir til fjárskuldbindinga, sem í frv. felast gagnvart íslenska ríkinu sem er eignaraðili að 55% hlutafjár, eftirtöldu: Hlutafjáraukning að hámarki 5.8 millj. bandaríkjadala eða 59 millj. ísl. kr. Sjálfskuldarábyrgð að hámarki 3.3 millj. bandaríkjadala eða 34 millj. ísl. kr. Í heild nemur sú fyrirgreiðsla, sem hér er rætt um og skiptir beinu máli fyrir hluthafa félagsins vegna sjálfskuldarábyrgðar og hlutfafjárframlaga, 169 millj. ísl. kr. Þar af væri hlutur íslenska ríkisins 93 millj. ísl. kr. Er þetta hærri upphæð en fyrir liggur í tilboði sem viðskiptabankar Jánnblendifélagsins, Den norske Creditbank og Bank of America í London, gerðu um lausn á fjárhagsvanda félagsins eins og hann nú horfir við fyrir árin 1982—1985, en tilboð bankanna var lagt fram á stjórnarfundi í félaginu í febrúarmánuði s. l.

Samkv. því er fyrirhugað, að lántaka með sjálfskuldarábyrgð samkv. 2. gr. verði að öðru jöfnu látin ganga fyrir hlutafjáraukningu samkv. 1. gr., og reynir fyrst á aukningu hlutafjár á árinu 1983 eða síðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að nota megi þessar aðferðir hvora í annarrar stað, eftir því sem við getur átt, þ. e. hlutafé í stað lánsfjár og öfugt, og er í því efni fylgt tillögum starfshóps sem iðnrn. skipaði með aðild fjmrn. og ríkisendurskoðunar í byrjun mars s. l. Var verkefni hans að yfirfara rekstrar- og greiðslufjáráætlanir Jarnblendifélagsins og meta hvort skynsamlegt væri — og þá hvernig — að mæta fjármagnsþörf fyrirtækisins með opinberum ráðstöfunum. M. a. gerði starfshópurinn tillögur um heimild til hlutafjáraukningar umfram það sem tilboð bankanna miðaðist við.

Tilboð bankanna er í megindráttum sem hér segir:

1. Núverandi rekstrarlán 6 millj. bandaríkjadala, sem er hluti af upphaflegu lánsfé, verði endurfjármagnað með öðru láni, sem félagið taki sjálft án ábyrgðar hlut-

hafa, til sjö ára.

2. Veitt verði viðbótarrekstrarlán allt að 4 millj. bandaríkjadala til þriggja ára, sem félagið taki sjálft á sama hátt.

3. Veitt verði víkjandi lán með sjálfskuldarábyrgð hluthafa eftir eignarhlutföllum þeirra að upphæð 6 millj. bandaríkjadala ásamt uppsöfnun áfallandi vaxta í allt að fimm ár.

4. Eigendur leggi fram nýtt hlutafé (eða víkjandi lán) til félagsins eftir þörfum á árinu 1983 eða síðar, sem samkv. fyrirliggjandi áætlun yrði alls 26 millj. norskra króna.

5. Að auki er gert ráð fyrir frestun á afborgunum áranna 1982 og 1983 af fjárfestingarláni félagsins hjá Eksportfinans í Noregi, samtals 35 millj. norskra kr., og lengingu lánstíma sem því svarar.

Vonandi reynist ekki þörf á að nýta umræddar heimildir nema að hluta.

Verður nú vikið nánar að ástæðum fyrir þeim miklu erfiðleikum sem félagið er statt í og hvernig þær spár hafa brugðist sem byggt var á af talsmönnum þessarar verksmiðju er lagaheimilda var aflað vegna fyrirtækisins, en eins og mönnum er væntanlega í fersku minni urðu um það harðar deilur hér á Alþingi.

Sem kunnugt er hóf járnblendiverksmiðjan á Grundartanga framleiðslu snemma vors 1979. Afkoma Járnblendifélagsins fyrstu þrjú rekstrarárin hefur orðið verulega lakari en ráð var fyrir gert. Helstu ástæður eru einkum tvær.

Í fyrsta lagi reyndist markaður fyrir kísiljárn á árinu 1980 og þó einkum 1981 miklu lakari en í meðalári og ráð hafði verið fyrir gert í áætlunum. Var þar bæði um að ræða minna sölumagn og lækkun söluverðs. Þessu olli fyrst og fremst hin djúpa og langvinna alþjóðlega efnahagskreppa sem fylgdi í kjölfar olíuverðshækkana 1979.

Í öðru lagi reyndist fjármagnskostnaður Járnblendifélagsins meiri en búist hafði verið við. Stafaði það annars vegar af lakari rekstrarafkomu, sem fyrr var nefnd, og aukinni lánsfjárþörf af þeim sökum. Hins vegar stafar aukinn fjármagnskostnaður af því, að vextir á erlendum fjármagnsmörkuðum hafa hækkað stórkostlega síðan 1979. Er sú þróun Íslenska járnblendifélaginu, sem hefur nýhafið rekstur og ber því tiltölulega þunga greiðslubyrði, afar kostnaðarsöm. Á móti þessu kemur vissulega að bygging verksmiðjunnar var til muna ódýrari en ráð var fyrir gert og í tæknilegum efnum hefur rekstur verksmiðjunnar gengið mjög vel frá öndverðu.

Járnblendifélagið hefur kynnt hluthöfum sínum, iðnrn. og Elkem AS, núverandi stöðu félagsins og áætlun framkvæmdastjórnar og þess um rekstur og afkomu árin 1982—1985. Er í þeirri áætlun á því byggt í meginatriðum að á þessu ári hefjist hægfara þróun til batnaðar frá þeirri lægð sem ríkt hefur í kísiljárniðnaðinum síðan á miðju ári 1980. Er miðað við það, að á árinu 1985 hafi kísiljárnmarkaður komist í það horf sem hann var að meðaltali á tímabilinu 1972—1981 og að þá verði sala hjá félaginu væntanlega komin í arðvænlegt horf bæði að magni og verði. Þessi framvinda er einkum talin háð hinni almennu þróun efnahagsástands í heiminum fremur en sérstökum aðstæðum í kísiljárniðnaðinum sjálfum. Ekki er gert ráð fyrir að orkuskortur hái starfseminni á komandi árum.

Eins og áður er getið lét iðnrn. sérstakan starfshóp yfirfara rekstrar- og greiðslufjáráætlanir Járnblendifélagsins. Vann hann mikið starf á stuttum tíma og skilaði grg. til rn. 14. mars 1982. Hefur hún í heild verið send til allra hv. alþm. svo að þeir — og ekki síst viðkomandi þingnefndir er um málið fjalla — geti betur áttað sig á bakgrunni þessa máls og stöðu Járnblendifélagsins. Í skýrslu starfshópsins kemur fram að hann geti í megindráttum fallist á áætlanir Járnblendifélagsins og það álit þess og sérfræðinga Elkem, að þær áætlanir séu í varkárara lagi. Á hinn bóginn telur starfshópurinn nokkrar líkur á að afkoma Járnblendifélagsins verði á næstu árum lakari en þessi áætlun gefur til kynna og fjármagnsþörfin að sama skapi meiri. Starfshópurinn komst engu að síður að þeirri niðurstöðu, að áframhaldandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar með því sem næst fullum afköstum og án nokkurrar tímabundinnar stöðvunar væri eftir sem áður langhagkvæmasti rekstrarkosturinn sem völ væri á, eða réttara væri kannske að segja sá skásti úr því sem komið er. Að áliti starfshópsins helst þessi niðurstaða óbreytt þótt rekstraraðstæður verksmiðjunnar batni ekki frá því sem nú er og jafnvel þótt þær versni enn. Starfshópurinn er jafnframt þeirrar skoðunar, að miðað við allar aðstæður sé rétt að taka fyrrgreindu tilboði bankanna. Hann leggur hins vegar áherslu á að eigendur Íslenska járnblendifélagsins búi sig undir að leggja meira fé til fyrirtækisins á komandi árum, annaðhvort í formi hlutafjár eða ríkjandi lána, til að mæta hugsanlega lakari afkomu, ef til kemur, og eða draga úr greiðslubyrði fyrirtækisins umfram það sem bankarnir gera ráð fyrir. Þess vegna eru heimildirnar í fyrirliggjandi frv. hærri en svarar umræddu tilboði frá bönkum.

Rétt er að geta nokkurra atriða sérstalega úr skýrslu starfshópsins. Þar segir um afurðaverð: „Söluverð á kísiljárni á heimsmarkaði ræður úrslitum um afkomu verksmiðjunnar á komandi árum. Mikil óvissa er hins vegar um framvindu söluverðsins, og því miður fer því fjarri að tekist hafi að afla nægilegra gagna til að unnt sé að gera eins fullkomnar spár um þetta atriði og ástæða væri til. Vegna kreppunnar í stáliðnaðinum hefur heimsmarkaðsverð á kísiljárni verið með eindæmum lágt s. l. tvö ár. Íslenska járnblendifélagið hefur byggt framtíðaráætlanir sínar á þeirri forsendu, að raunverð kísiljárns þokist á næstu 3—4 árum upp í það sem það var að meðaltali á árunum 1972—1981. Þessa forsendu, sem styðst m. a. við upplýsingar frá markaðsdeild Elkem, telur Járnblendifélagið vera hógværa. Á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga sem starfshópurinn hefur undir höndum hallast hann að sömu skoðun."

Um verð aðfanga segir í sömu skýrslu:

„Hráefni: Nálægt helmingi af breytilegum kostnaði við framleiðslu járnblendiverksmiðjunnar má rekja til innfluttra hráefna, kvarts, kola, koks o. fl. Í áætlunum Íslenska járnblendifélagsins og útreikningum þessarar skýrslu er við það miðað, að raunverð þessara hráefna hækki einungis sáralítið eða um 0.5% á rekstrartímabili verksmiðjunnar.

Raforka: Íslenska járnblendifélagið hefur langtíma raforkusamning við Landsvirkjun. Samkv. þeim samningi á raforkuverð til Járnblendifélagsins að hækka í tæplega 9 mills, nálægt 9 aura á kwst., að meðaltali á miðju þessu ári. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að innan við helmingur þeirrar raforku, sem Járnblendifélagið hefur samið um við Landsvirkjun, er forgangsorka miðað við full afköst verksmiðjunnar. Á hinn bóginn er þess að geta, að raforkuverð til stóriðju er nú til endur-

skoðunar hér sem erlendis og trúlegt að sú stefna verði ofan á, að raforkuverð það, sem þessir aðilar verði látnir greiða, nemi a. m. k. framleiðslukostnaði frá nýjum virkjunum, en það er reyndar um tvöföld sú upphæð sem hér var nefnd áðan, 9 aura, eða nálægt tvöföld sú upphæð. Hér hefur verið tekinn sá kostur að reikna með tveimur tilvikum um rafmagnsverð: annars vegar að raforkuverð til járnblendiverksmiðjunnar verði samkv. samningi þess við Landsvirkjun á þessu ári en síðan óbreytt að raungildi. Samkv. samningi Íslenska járnblendifélagsins og Landsvirkjunar mundi raunverð raforkunnar stöðugt fara lækkandi eftir 1982." Þetta var tilvitnun úr skýrslu starfshópsins varðandi hráefni.

En eru aðrir kostir vænlegri til lausnar fjárhagsvanda Járnblendifélagsins? Um þetta atriði segir svo í skýrslu starfshópsins:

„Tilboð það, sem viðskiptabankar Íslenska járnblendifélagsins hafa gert fyrirtækinu um fjármögnun, er sem vænta má á verulega óhagstæðari kjörum en þeu lán sem íslenska ríkið hefur verið að taka að undanförnu. Starfshópurinn hefur framkvæmt samanburð á því, hversu miklu dýrara lánstilboð Den norske Creditbank og Bank of America er en þau lánskjör sem ríkisstjóður hefur aðgang að. Niðurstöður útreikninganna benda til þess, að á lánstímabilinu öllu kosti lánskjör þau, sem umræddir bankar bjóða um 428 þús. dollurum meira en þau lánskjör sem íslenska ríkið á kost á. Núvirði þessarar upphæðar miðað við 15% vexti er 1.6 millj. norskra kr.

Á móti þessum kostnaði kemur hins vegar annað atriði. Einn liðurinn í tilboði Den norske Creditbank og Bank of America er framlenging lánstíma á langtímaláni frá Eksportfinans. Þessi framlenging er með þeim hætti að fjórum hálfs árs afborgunum á næstu tveimur árum er skotið aftur fyrir aðrar afborganir. Lán þetta, sem er á mjög hagstæðum kjörum eða 8.85% ársvöxtum, yrði því afborgunarlaust næstu tvö ár og lánstími lengdur sem því samsvarar. Reiknað hefur verið út hvaða sparnaður tapaðist ef Íslenska járnblendifélagið missti af þessari fyrirgreiðslu og yrði að endurfjármagna afborganir Eksportfinans lánsins á þeim kjörum sem íslenska ríkinu standa til boða. Nemur sú upphæð um 14 millj. norskra kr. sem reiknað til núvirðis gerir 7.8 millj. norskra kr. miðað við 14% ársvexti.

Rétt er að geta þess að það er engan veginn loku fyrir það skotið, að unnt yrði að útvega sömu fyrirgreiðslu og Eksportfinans enda þótt tilboði bankanna yrði hafnað. Það er á hinn bóginn ekki sjálfgefið og víst er að beita yrði einhverjum þrýstingi til þess að slíkt næði fram að ganga. Seðlabankinn hefur sett fram það sjónarmið, að lánskjör samkv. tilboði Den norske Creditband og Bank of America séu svo óhagstæð að hætta sé á að lánskjör annarra íslenskra aðila versnuðu ef því væri tekið. Í umsögn Seðlabankans um málið kemur eftirfarandi fram, en bréf til fjmrn. frá Seðlabankanum er dags. 18. febr. 1982:

„Frá sjónarmiði ríkissjóðs er sá megingalli á þessum lánum, að vaxtakjörin eru verulega lakari en ríkissjóður sjálfur, ríkisfyrirtæki eða aðilar, sem fengið hafa ríkisábyrgðir, hafa þurft að sætta sig við. Kjörin eru einnig lakari en stærstu einkafyrirtækin hafa notið. Þetta getur spillt fyrir öðrum lántökum ríkissjóðs og annarra innlendra aðila á markaði, bæði að því er varðar kjörin á því láni, sem ætlað er að beri sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, og eins því láni fyrirtækisins sjálfs án sérstakrar ríkisábyrgðar, enda mun markaðurinn vafalaust líta á það fyrst og fremst sem íslenskt ríkisfyrirtæki. Markaðurinn fylgist mjög vel með öllum breytingum sem verða á lánskjörum. Auk óhagstæðra vaxtakjara er lánstími skemmri en ríkissjóður hefur stefnt að, a. m. k. að því er síðara lánið snertir."

Í viðræðum starfshópsins við talsmenn Seðlabanka og innlendra viðskiptabanka hefur þó komið fram að þeir aðilar telja tilboð þetta í sjálfu sér ekki óeðlilegt miðað við þá fjárhagsstöðu sem Íslenska járnblendifélagið er í. Starfshópurinn telur ólíklegt að um afgerandi upphæðir geti verið að ræða hvað þetta atriði snertir. Sé til að mynda gert ráð fyrir að samþykkt tilboðs Den norske Creditbank og Bank of America leiddi til 0.1% rýrnunar lánskjara á öllum nýjum erlendum lánum Íslendinga í eitt ár næmi sú upphæð einungis 1.3 millj. norskra kr. Þær skuldbindingar eigenda, sem felast í „The comfort letter," sem svo er kallað, hljóta einnig að teljast nokkur ókostur í tilboði bankanna. Á hinn bóginn hefur tilboð bankanna þann ótvíræða kost, að í því felst fullgerð heilleg lausn á hinum aðkallandi fjárhagsvanda Íslenska járnblendifélagsins. Allar aðrar lausnir hljóta að kosta talsverða fyrirhöfn, samningaviðræður við Elkem AS, lánastofnanir o. fl., sem gætu reynst æríð tímafrekar. Í þessu sambandi má ítreka að það eru aðeins 17 dagar þar til bráðabirgðafyrirgreiðsla a. m. k. verður að liggja fyrir. Þetta er tilvitnun úr skýrslu starfshópsins: „Að lokum má geta þess, að meðeigandi íslenska ríkisins, Elkem AS, hefur þegar íhugað tilboðið og er reiðubúið til þess að fallast á það fyrir sitt leyti. Það er mat starfshópsins, að hinum ýmsu hliðum þessa máls íhuguðum, að þagar öllu sé á botninn hvolft sé skynsamlegast að ganga í höfuðdráttum að tilboði Den norske Creditbank og Bank of America."

Í frv. er tekið tillit til sjónarmiða starfshópsins um aukið hlutafé og heimild til hækkunar á hlutafé ríkisins höfð rúm. Jafnframt er gert ráð fyrir að nota megi hvora aðferðina er hagkvæmari þykir til að tryggja greiðslustöðu Járnblendifélagsins, þ. e. hlutafé í stað lánsfjár og öfugt.

Af frv. því, sem hér er flutt, og því, sem rakið hefur verið um horfur fyrirtækisins, er ljóst, að þær forsendur, sem lagðar voru til grundvallar við ákvarðanir um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, er lagaheimilda var aflað hér á hv. Alþingi á árunum 1975—1977, hafa brugðist hrapallega, því miður hljótum við að segja, hvort sem menn tóku afstöðu með eða móti byggingu verksmiðjunnar á þeim tíma. Það er fyrst og fremst hin efnahagslega hagkvæmni sem mjög var umdeild og reynst hefur allt önnur og lakari en gert var ráð fyrir.

Annar umdeildur þáttur, mengunarmálin, leystist hins vegar mun betur en hinir svartsýnustu óttuðust, en ekki er vafi á að hin mikla umræða um mengunarhættu veitti nauðsynlegt aðhald við undirbúning verksmiðjunnar og kröfur um mengunarvarnir. Alþb. beitti sér eitt flokka óskipt hér á Alþingi gegn byggingu verksmiðjunnar, en frv. um hana var borið fram af ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Það voru ekki síst alþm. Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Magnús Kjartansson og Lúðvík Jósepsson sem vöktu athygli á og vöruðu við öllum þeim efnahagslegu þáttum í tengslum við verksmiðjuna sem síðan hafa farið úrskeiðis. Hinn fyrstnefndi varaði jafnframt mjög eindregið við mengunarhættunni.

Telja verður í ljósi reynslunnar að gagnrýni og efa-

semdir andstæðinga frv. um Grundartangaverksmiðjuna varðandi efnahagslegar forsendur hennar hafi reynst á rökum reistar. Leiða má sterkar líkur að því, að ákvörðunin um byggingu verksmiðjunnar hafi verið mistök frá efnahagslegu sjónarmiði. Miðað við það, sem nú er komið á daginn varðandi rekstrarafkomu verksmiðjunnar og áætlanir stjórnenda hennar fyrir komandi ár, verður því miður að telja fremur ólíklegt að verksmiðjan í núverandi mynd muni skila til baka þeim fjármunum sem í hana hafa verið lagðir, hvað þá þeim mikla arði sem spáð var.

Á sínum tíma var í grg. með frv. um járnblendiverksmiðjuna talið að arðsemi af fjárfestingunni yrði á bilinu 13—14%, en nú bendir flest til að þessi arðgjöf verði trauðla hærri en 5% og er þá miðað við framtíðaráætlanir stjórnenda fyrirtækisins. Hækki raforkuverð til verksmiðjunnar hins vegar í samræmi við framleiðslukostnað mun arðsemin tæplega reynast yfir 4%. Slíkir innri vextir á bilinu 4—5%, ef þeir þá nást, eru sennilega verulega fyrir neðan þau mörk sem íslenska hagkerfið þyrfti að setja, og má vera að í þessu felist beint fjárhagslegt tap á heildina litið, ekki síst fyrir íslenska ríkið.

Það er því miður óskemmtilegt en þó lærdómsríkt að bera saman spá um arð af fyrirtækinu á fyrstu rekstrarárum verksmiðjunnar, er frv. um það var lagt fram á árinu 1975, og árlegar afkomutölur miðað við meðaltal áranna 1979—1982, eins og þær nú blasa við. Spáð var í norskum kr. talið árlegum hagnaði fyrir skatt 26.6 millj. Raunin hefur orðið 38.9 millj. á þessu árabili. Spáð var tekjuskatti 3.3 millj. norskra kr. en hann hefur að sjálfsögðu enginn orðið. Spáð var arði til íslenska ríkisins 11.7 millj. Reyndin sýnir 10 millj. Fullyrðingar talsmanna frv. um verksmiðjuna varðandi raforkuverð, sem standa ætti undir framleiðslukostnaði, og næga raforku á fyrstu starfsárum verksmiðjunnar hafa því miður ekki heldur staðist dóm reynslunnar.

Það er oft sagt að auðvelt sé að vera vitur eftir á. Undir það get ég vissulega tekið. En við skulum líka minnast þess hér og nú, að hörð og ströng varnaðarorð féllu hér á hv. Alþingi um þetta fyrirtæki sem nú þarf að leggja til stórar fjárfúlgur til að afstýra gjaldþroti þess. Vert er að hafa í huga að sömu aðilar önnuðust að talsverðu leyti undirbúning vegna járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og önnuðust undirbúning vegna álsamningsins á 6. áratugnum. Hvað sem líður deilum um fortíðina er ljóst að rannsóknum og undirbúningi vegna járnblendiverksmiðjunnar var verulega ábótavant. Og vissulega hefur fyrirtækið lent í efnahagslegum mótbyr á fyrstu starfsárunum. Sú lexía, sem við m. a. þurfum að draga af þeim kostnaði sem þessi og önnur svipuð vinnubrögð varðandi fjárfestingu hafa valdið þjóðinni, er að ítarlegar rannsóknir og vandaður undirbúningur er nauðsynlegur og í raun hagkvæm fjárfesting. Þó að við höfum trú á að orkulindir landsmanna geti skapað batnandi lífskjör og treyst efnahag landsmanna á komandi árum og áratugum, ef rétt er á haldið, sýna mistökin við álverið í Straumsvík og reynslan af járnblendiverksmiðjunni, a. m. k. til þessa, að niðurstaðan getur hæglega orðið þveröfug þegar rasað er um ráð fram og trúss bundið við útlendinga í ríkum mæli og af fyrirhyggjuleysi. Hér sem í öðrum greinum atvinnulífs eigum við fyrst og fremst að treysta á eigið frumkvæði og forræði í framtíðinni og umfram allt að læra af dýrkeyptri reynslu. Í því skyni hef ég rifjað hér upp nokkra þætti varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, sem þó er á margan hátt merkilegt fyrirtæki og vel að málum staðið af forsvarsmönnum þess, stjórnendum og dugmiklu starfsliði.

Herra forseti. Ég vonast sannarlega til að ekki reyni á að nota þurfi til fullnustu þær heimildir sem felast í frv. þessu og lögfesta þarf á þessu þingi. Að áliti viðkomandi sérfræðinga, sem rýnt hafa í málefni járnblendiverksmiðjunnar að undanförnu, er talið líklegt að ofangreind fjármagnsfyrirgreiðsla nægi til að fleyta Íslenska járnblendifélaginu yfir þá greiðslufjárerfiðleika sem það nú á við að etja og starfa m. a. af óvenjulega óhagstæðum ytri rekstraraðstæðum fyrirtækisins, eins og ég hef getið um áður. Gangi þær rekstrarspár eftir, sem ég hef vitnað til hér á undan, mun fyrirtækið ekki þurfa á frekari framlögum eigenda sinna að halda. Við skulum vona að bjartara reynist fram undan hjá þessu unga fyrirtæki en hingað til og að þeir fjármunir, sem í það hafa verið lagðir og hér er gert ráð fyrir að bætt verði við samkv. þessu frv., skili sér til baka er fram líða stundir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn. þessarar deildar.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það er ekki vegna þess að ég telji þess brýna þörf við 1. umr. að útfæra nánar ýmis grundvallaratriði, sem hæstv. iðnrh. drap á í sambandi við forsögu þessa máls, að ég kveð mér hljóðs núna. Ég á þess kost að fjalla um málið í iðnn. þessarar hv. deildar og vænti þess, að við 2. umr. gefist mér færi á því að rekja ýmis grundvallaratriði í forsögu þessa máls býsna ítarlega í því skyni að hv. alþm. megi draga af þeirri sögu nokkurn lærdóm. Þá vænti ég þess, að viðstaddur umr. verði hæstv. forsrh., fyrrv. iðnrh., sem á sæti í þessari deild, því að svo ber til að við þá sögulegu könnun verður ekki hjá því komist að vitna býsna oft í ummæli hans hér í þessari hv. deild í þau tvö skipti sem hann mælti fyrir með skömmu millibili frv. til l. um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ég vil ekki orða það þannig að ég hlakki til þess að rifja þau ummæli upp fyrir honum. Ég vorkenni honum heldur ekkert að hlutsta á þau þegar þar að kemur.

Ég vil aðeins bæta því við upprifjun hæstv. iðnrh. áðan, að mál þetta gekk tvisvar í gegnum Alþingi með mjög skömmum fyrirvara. Áttu flm. þessa frv. í hvorugt skiptið nógu sterk orð til þess að lýsa því með hvílíkum ágætum málið hefði verið undirbúið, hve vel það hefði verið rannsakað í upphafi og hversu ágætir reiknimeistarar þeir sérfræðingar væru sem hefðu undirbúið þetta mál. Ég vil aðeins bæta því við hógvær orð hæstv. iðnrh. um hinar glæstu vonir sem menn bundu við þessa verksmiðju sem núv. hæstv. forsrh., þáv. iðnrh., lét sér um munn fara hér í þessari hv. deild þegar hann mælti fyrir frv. hið fyrra sinni og reiknað var með samstarfi við ameríska auðhringinn Union Carbide. Þar sagði hann: „Samkv. því (þ. e. öllum áætlunum þessara ágætu sérfræðinga sem á var byggt) er gert ráð fyrir því að hreinn hagnaður, eftir að allar greiðslur hafa verið inntar af hendi og m. a. skattar, ætti að verða hin fyrstu ár um 3 millj. dala en síðan fara hækkandi upp í 4.6 millj. dala á árunum 1983—1987" — þ. e. næsta ári og síðan tveimur árum fram yfir þann tíma sem fyrirhuguð fjárhagsaðstoð, sem nú er um fjallað, ætti að taka gildi.

Er þessu máli — svo að við stiklum á stóru — var hreyft hið síðara sinnið og stefnt var að samstarfinu við

núverandi ágætan samstarfsaðila Íslenska járnblendifélagsins. Elkem Spigerverket, sagði hv. þáv. formaður iðnn. Ed., núv. hæstv. sjútvrh., Steingrímur Hermannsson: „Hvað eftir annað kemur fram í þessari umsögn hinnar sérstöku nefndar, sem um fjallaði, og Þjóðhagsstofnunar, að arðsemin nú er byggð á töluvert traustari grunni en áður var þegar lög um járnblendiverksmiðju voru samþykkt hér á hinu háa Alþingi." Sem sagt, arðsemiútreikningarnir þá voru reistir á traustari grunni en hið fyrra sinnið þegar reiknað var með hinum mikla arði sem þáv. hæstv. iðnrh. gerði grein fyrir í sambandi við Union Carbide. Þetta staðhæfði formaður iðnn. Ed. þá, þrátt fyrir það að fyrir lægju útreikningar Þjóðhagsstofnunar, gerðir að sérstakri beiðni Alþb., um það, hver útkoman hefði verið úr rekstri verksmiðjunnar ef hún hefði verið rekin árið áður, og sýndu að tap hefði þá verið 8 millj. Samt var þetta staðhæft.

Ég vil ekki orðlengja á þessu stigi, áður en fjallað hefur verið um málið í iðnn., horfurnar eins og þær eru nú á útkomu þessarar verksmiðju, en vekja athygli á því áliti starfshópsins sem hæstv. iðnrh. gerði hér grein fyrir áðan, sem bendir til þess að ærið undarlega hafi verið um hnútana búið af hálfu þeirra sem sömdu við norska fyrirtækið og knúðu í gegn stofnun þessa fyrirtækis, svo einkennilega hafi verið um hnútana búið að jafnvel þótt horfur séu á áframhaldandi tapi, þá komi ekki annað til mála en halda áfram rekstri verksmiðjunnar, og jafnvel þótt tapið yrði enn þá meira en það er nú, þá muni eigi að síður ekki annað koma til álita en að halda áfram rekstri verksmiðjunnar með því sem næst fullum afköstum.

Peningarnir, sem hér er um að ræða að gauka að þessu fyrirtæki núna, nema samtals, eins og frá segir neðst á bls. 2 í fskj. frv., 345 millj. kr. Ég leyfði mér að hringja inn í Vegagerð ríkisins nú í morgun og spyrja hvað hægt væri að leggja bundið slitlag á langan veg fyrir 345 millj. kr. Svarið var 1 140 km. En hringvegurinn er samtals um 1 500 km.

Það gleður mig alveg sérstaklega, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson er sestur í sæti sitt hérna í deildinni, því að mér eru í fersku minni — auk þess sem ég hef þær skjalfestar — mjög strangar yfirlýsingar hans um ágæti þessarar verksmiðju, og ég heiti honum nú því af fullkomnum drengskap, að þessi ummæli hans muni ég rifja upp rækilega ásamt ummælum ýmissa annarra við 2. umr. um þetta mál.

Með tilliti til þess, að þeir fjármunir, sem okkur verður nú gert að gauka að járnblendiverksmiðju þeirra sjálfstæðismanna — og þó flísuðust þeir í málinu — framsóknarmanna — og kvarnaðist úr þeim líka, við lokaafgreiðslu málsins að vísu, en Alþfl. stóð þar rétt, — þeir peningar sem okkur verður nú gert að gauka að þessu fyrirtæki nema þeirri fjárupphæð sem nægja mundi til þess að leggja bundið slitlag á rösklega $^2/_3$ hluta af hringveginum, þá get ég ekki annað en dáðst að hógværðinni í orðalagi þeirra starfshópsmanna þegar þeir segja, eins og fram kemur í athugasemdum við frv. þetta: „Afkoma Járnblendifélagsins fyrstu þrjú rekstrarárin hefur orðið talsvert lakari en ráð var fyrir gert." Sennilega hefði Elísabet drottning sem mest dáði „understatement," klappað fyrir þessari athugasemd.

Ég ítreka þetta, að umfjöllun í iðnn. Ed. og 2. umr. um þetta mál mun kalla á miklu nákvæmari og ítarlegri skoðun á forsendum fyrir því, að lagt var út í þetta fyrirtæki, eins og framtíðin blasti við því á þeim tíma þegar sú ákvörðun var tekin, og endilega þurfum við við umfjöllun í iðnn., eins og að líkum lætur, að kalla fyrir okkur sérfræðingana sem álitin sömdu, sem hinir klóku alþm. byggðu handauppréttingar sínar á á þeim tíma, og þá fyrst og fremst forstjóra fyrirtækisins, sem lét hafa það eftir sér í útvarpi fyrri hluta vetrar, að ein af ástæðunum fyrir slæmri stöðu járnblendiverksmiðjunnar væri innlend verðbólga.

Ég mun ekki tala lengra mál að þessu sinni um frv. sem við fjöllum hér um, en vil aðeins undirstrika að nauðsynlegt er fyrir iðnn. Ed. og síðan alla hv. dm. að ganga úr skugga um það, að við höfum nú á landi hér í eigu okkar að verulegum hluta þess konar óskepi í fyrirtækismynd að við hljótum að halda áfram að reka það hversu miklu tjóni sem það veldur okkur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil nú segja eins og hv. síðasti ræðumaður, að ég get hugsað mér að ræða nánar um þessi mál í heild við 2. umr. þegar sú athugun hefur farið fram sem nauðsynleg er á þessu frv.

Hæstv. iðnrh. ræddi um ýmislegt sem er þess eðlis, að ég tel nauðsynlegt að hv. iðnn. þessarar deildar fjalli sérstaklega um það og fái í hendur margs konar gögn, m. a. skýrslu starfshóps sem hæstv. iðnrh. vitnaði í. (**Iðnrh.:** Það á að vera búið að dreifa henni til alþm.) Já, það er sú skýrsla sem búið er að dreifa. En hann var líka að vitna í aðrar heimildir, eins og bréf Seðlabankans. Ég tel fulla ástæðu til að vekja athygli á því í þessum umr., að við þurfum að fá ýmis gögn, og af því að ég er staðinn hér upp nefni ég þetta, en auðvitað mun ég óska frekar eftir þessu í hv. iðnn. sem fær málið til meðferðar.

Það eru dálítið einkennilegar ræður sem fluttar hafa verið í þessum umr. af hálfu hæstv. iðnrh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er dálítið óvenjulegt að þegar mælt er fyrir stjfrv. af ráðh. og stuðningsmanni ríkisstj. — ég heyrði ekki að hv. 4. þm. Norðurl. e. væri á móti þessu frv. — þá skuli þeir leggja sig fram um að koma með mjög alvarlegar ásakanir á hæstv. forsrh., þann mann sem ber fyrst og fremst ábyrgð á ríkisstj., og þetta er ríkisstj.-frv. Það eru mjög alvarlegar ásakanir sem hæstv. iðnrh. hefur hér komið fram með á hendur hæstv. forsrh., sem hv. 4. þm. Norðurl. e. vakti einnig sérstaka athygli á, vegna þess að hér eru höfð uppi stóryrði af þessum mönnum um mistök við stofnun járblendiverksmiðjunnar, um mistök sem verða ekki skilin öðruvísi af máli þeirra Alþb.-manna en á þann veg, að hefði mátt koma í veg fyrir, ef ekki hefði haldið hér á málum sá maður sem var í forsvari fyrir þessari framkvæmd, þáv. iðnrh., núv. hæstv. forsrh.

Það væri fullkomið tilefni til þess að ræða miklu frekar en ég hef gert um þetta og leggja út af þessu á viðeigandi hátt, en ég mun ekki gera það hér, a. m. k. ekki í þessum umr., nema að gefnu frekara tilefni.

Það er talað um mistök við stofnun þessarar verksmiðju af því að reksturinn gengur erfiðlega í dag. Það er talað um mistök vegna þess að sumar spár, sem gerðar voru á sínum tíma, hafa ekki staðist. Hafa menn nokkurn tíma heyrt það áður, að það hafi getað orðið frávik frá spám um markaðsverð á ákveðnum vörum eða vöruteg undum eða söluhorfur? Hafa menn nokkurn tíma heyrt það áður? Jú, ætli það ekki. Er það eitthvert einsdæmi í þessu landi í dag að rekstur fyrirtækis gangi illa og reksturinn beri sig ekki? Er það eitthvert einstakt fyrirbæri í

dag? Nei, við getum ekki verið svo tvöfaldir í þessum umr., ekki nokkur maður, að neita því. Ég ætla ekki að fara að rekja það hér, hvers vegna rekstur gengur illa og fyrirtæki eru rekin með tapi í hinum mikilvægustu atvinnugreinum hér á landi í dag. Ég ætla ekki að fara að ræða það. Þessir menn, sem hafa stóryrði af því tilefni að það hefur ekki allt farið eftir því sem spáð var um markaðsverð og söluhorfur á járnblendi, þeir bera ekki litla ábyrgð á þeim erfiðleikum sem nú hrjá fjöldamörg atvinnufyrirtæki í landinu vegna þeirrar stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið, vegna þess að það hefur ekki verið haldið vel á þeim málum sem við getum sjálfir ráðið við, en við ráðum ekki sjálfir við markaðsverð og söluhorfur á járnblendi.

Þeir tveir hv. ræðumenn Alþb., sem hér hafa talað, — og ég verð að segja og leggja áherslu á það, að hæstv. iðnrh. talaði fullt eins mikið sem fulltrúi Alþb. og sem ráðh. fyrir þessu máli, — hæstv. ráðh. og hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndu í sömu andrá og þeir voru að tala um járnblendiverksmiðjuna álverið í Straumsvík. Nú má segja margt af því tilefni. En með tilliti til þess, sem við erum að ræða um núna í þessum umr., er kannske vert að geta þess, að sá mikli mismunur er á þessum fyrirtækjum, að þegar gengur illa með álverið í Straumsvík þarf hæstv. iðnrh. ekki að koma með hliðstætt frv. því, sem hér er um að ræða, til stuðnings við það fyrirtæki. Það er vegna þess, eins og ég þarf raunar ekki að taka fram, að við höfum enga áhættu af rekstrinum á álverinu vegna þess að við erum ekki eignaraðilar. Hins vegar höfum við mikla áhættu af járnblendiverksmiðjunni vegna eignaraðildar okkar. (**StJ:** Vegna þess að hún var reist.) Þegar við víkjum að þessu komum við að spurningunni um eignaraðild í stóriðjufyrirtækjum. Nú ætla ég ekki í þessum umr. að fara að ræða það mál hér ítarlega, en ég hef margoft lýst því yfir, að við eigum að meta hvert einstakt tilvik eftir efnum og ástæðum og við eigum að eiga sjálfir í stóriðjufyrirtækjum eftir því sem okkur þykir hagkvæmt.

Ég var einn af þeim sem töldu rétt að við ættum þessi fyrirtæki sem við hér ræðum um. Ef við ætlum að eiga í stóriðjufyrirtækjum verðum við að gera okkur grein fyrir því, að undir öllum kringumstæðum verðum við að taka einhverja áhættu. Ég ætla ekki að gera þetta mál sérstaklega að umræðuefni með það fyrir augum að mæla gegn íslenskri aðild að stóriðjufyrirtækjum. Mér finnst að við getum ekki dregið neina algilda reglu af þessu. En þetta minnir mjög á það, hve vandfarið er í þessum efnum og hve varlega við þurfum að fara að hætta fjármunum okkar í stóriðju og hve miklu ákjósanlegra það er, innan vissra marka, að neyta þeirra möguleika sem við kunnum að hafa á hverjum tíma til þess að nota erlent áhættufjármagn.

Ég tel líka ástæðu til þess, að það komi hér skýrt fram, að það, sem er að gerast í málefnum járnblendiverksmiðjunnar, er á vissan hátt ekki annað en það sem hlýtur alltaf að gerast við allan rekstur og meira að segja í þýðingarmiklum atvinnugreinum. Þegar slíkt ber að og í miklu alvarlegri mæli en þessum hefur okkur ekki komið til hugar að hætta slíkum atvinnurekstri. Hvernig hefði farið fyrir hinni íslensku þjóð ef við hefðum hætt að draga þorsk úr sjó þegar hrunið varð á Spánarmarkaðinum upp úr 1930? Það hvarflaði ekki að neinum.

Á sama hátt á ekki að hvarfla að neinum nú að láta deigan síga í viðleitni til þess að skapa möguleika til að hagnýta orkulindir Íslands með því að skapa markað fyrir raforku á þann veg að koma upp stóriðju. Auðvitað þarf ég ekki að taka þetta fram hvað viðkemur hæstv. iðnrh., því að ég hef sagt í umr. hér ekki alls fyrir löngu á Alþingi að á Íslandi er nú enginn maður, sem er einbeittari í þeirri stefnumörkun að koma upp mikilli stóriðju á Íslandi, heldur en einmitt hæstv. iðnrh.

Ég sagði: enginn honum fremri. En ég hef bætt við áður og geri núna, að hann standi í þessu efni jafnfætis okkur sjálfstæðismönnum. Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að hæstv. iðnrh. hefur tekið upp stefnumörkun okkar sjálfstæðismanna um hagnýtingu vatnsorkunnar með virkjunarframkvæmdum. Á síðasta þingi bárum við sjálfstæðismenn fram frv. um virkjunarframkvæmdir sem þýddu að á 10 árum eða svo væri tvöfaldað uppsett afl í rafvirkjunum landsins, að komið væri upp stórvirkjunum, sem hefðu um 700 mw. uppsett afl, en við höfum núna um 680 fyrir. Þetta var tillaga okkar sjálfstæðismanna. Auðvitað gerðum við þá ráð fyrir að við sköpuðum markað fyrir þessa orku, því að við erum ekki að ráðast í slíkar framkvæmdir að óþörfu og ekki er þörf á þessu átaki nema sé skapaður markaður, þ. e. stóriðjuframkvæmdir. Hæstv. iðnrh. vildi ekki vera minni í þessu efni en við sjálfstæðismenn og legg ég honum það ekki til lasts. Og hann fékk samþykkt lög um orkuver á síðasta þingi sem fela í sér jafnstórt átak og við sjáflstæðismenn fórum fram á. Og hæstv. ráðh. er nú með til meðferðar á þessu þingi, svo sem okkur á að vera í fersku minni, till. til þál. um virkjanaframkvæmdir og röðun þessara virkjana.

Hæstv. iðnrh. talar um stóriðjuframkvæmdir í sambandi við þessi virkjanamál. Það er ósköp eðlilegt, vegna þess að eins og ég sagði áðan er ekki grundvöllur fyrir þessu nema komið verði upp stóriðju til þess að skapa markað fyrir orkuna. Ég vil trúa því í lengstu lög, að hæstv. iðnrh. reynist sá stóriðjumaður í raun sem þetta bendir til, því að ef hann gerir það ekki er allur hans málatilbúnaður í virkjanamálunum hreinn loddaraleikur af verstu gerð. Ég vil ekki trúa því á hæstv. iðnrh. En hvað um hv. 4. þm. Norðurl. e.? Hann hefur verið hreinn og beinn á móti stóriðju í landinu og hann hefur sagt það hér í stóriðjuumræðum. Ég held að ég fari rétt með það og muni það rétt að hann sé á móti stórjðju hvað sem líður eignaraðild.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. gaf mér fyrirheit um það hér áðan, að hann mundi rifja upp ræður mínar um þessi efni, og ég fagna því. Ég held að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði gott af því að gera sem mest að því að rifja upp mínar ræður. Hann mun áreiðanlega geta haft eitthvað gott út úr því. Nú sagði ég í upphafi minna orða, að ég ætlaði ekki að fara að ræða efnislega um þetta frv. svo sem vert væri og nauðsynlegt, ég hef tækifæri til að gera það við 2. umr. eins og aðrir hv. dm. Þessi orð, sem ég hef sagt núna í þessum umr., eru einungis sögð að gefnu tilefni. Ég vil biðja hv. þm. að hafa það í huga.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það frv., sem hér er til umr., er þess vert að gefa því gaum, eins og hæstv. iðnrh. orðaði það. Sú reynsla, sem býr að baki þessu frv., er verð þess að gefa henni gaum. Ég vil taka mjög undir orð hæstv. ráðh. í þessum efnum. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að þessi reynsla hefði hlotist af því að binda trúss sitt við útlendinga, eins og hann orðaði það. Ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. hvort hann teldi að hann hefði

orðið að leggja frv. fram sem hefði haft meiri eða minni fjárskuldbindingar fyrir ríkið, fyrir almenning, ef útlendingar hefðu ekki átt hlut að þessu fyrirtæki.

Er hægt að ályktа sem svo, að reynsla af Járnblendifélaginu, rekstri járnblendiversins í Hvalfirði, út af fyrir sig sýni að við eigum ekki að binda trúss okkar við útlendinga á þessum sviðum? Ég get með engu móti skilið þá röksemdafærslu. Í mínum huga er hún alveg þveröfug. Ef einhver reynsla hefur hlotist af þessu ævintýri, þá er hún sú í mínum huga, að við Íslendingar eigum að fara afar varlega, og alveg sérstaklega ríkið, í því að leggja áhættufé í slík fyrirtæki. Með því er ég á engan hátt að útiloka það, að við Íslendingar getum smátt og smátt gerst eignaraðilar að stóriðjufyrirtæki. En það vill bara svo til að við höfum fjöldann allan af verkefnum í opinberum rekstri, í opinberri fjárfestingu, sem liggur miklu beinna við að sinna heldur en að leggja fram slík framlög eins og gert var á þessum tíma, t. d. eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti á áðan, að leggja bundið slitlag á vegi sem gefur upp í 30% arð og liggur á borðinu, þarf ekkert um að deila. Þetta er sú reynsla sem ég held að sé miklu nærtækara að við könnum vegna þessa máls heldur en hitt, að það sé ekki rétt að vinna með útlendingum að því að koma upp hóflega mörgum stóriðjufyrirtækjum til þess að nýta okkar orku og flytja hana út í formi framleiðslu frá stóriðjufyrirtækjum. Það er það sem við erum að gera. Við erum að flytja orkuna út í formi framleiðslu stóriðjufyrirtækja.

Ég kvaddi mér eiginlega hljóðs út af því, að hæstv. ráðh. talaði eins og það hefði verið stefna allra annarra flokka en Alþb. að koma þessu fyrirtæki á fót. En því miður er það svo, að það var einmitt Alþb. sem hafði forustu um að hefja viðræður um að koma þessu fyrirtæki á fót, og þá var þar tekin sú stefna, að við Íslendingar skyldum eiga meiri hluta í fyrirtækinu. Þegar þetta mál var til umfjöllunar á Alþingi sat ég í hv. iðnn. þessarar hv. deildar, og ég vildi fara mjög varlega. Ég óskaði eftir margvíslegum gögnum um arðsemi þessa fyrirtækis og um það ekki síður, hvort fyrirtækið væri þess umkomið að skila þeim peningum, þeim fjármunum sem þegar í upphafi var ætlað að íslenska ríkið legði fram í ýmsum framkvæmdum og hlutafé, í hafnargerð, í vegagerð, í ýmiss konar ráðstöfun á fjármagni. Ég fékk m. a. skýrslu frá Þjóðhagsstofnun sem er dags. 22. febr. 1977. Þar kemur fram að gert var ráð fyrir að tap á verksmiðjunni á einu ári yrði hvorki meira né minna en 22 millj. kr. fyrir skatta, — tap á verksmiðjunni þegar þetta mál var til umr. Ég óskaði líka eftir að fá upplýsingar frá félaginu, sem þá var stofnað, um innstreymi og útstreymi ríkissjóðs við lántökur til að standa straum af hlutafjárframlagi. Enn fremur óskaði ég eftir upplýsingum um hvernig gert væri ráð fyrir að það fjármagn skilaði sér sem að öðru leyti yrði lagt fram í þetta fyrirtæki. Ég taldi mér skylt sem alþm. að afla þessara upplýsinga og ég fékk þær.

Ég sagði þá í umr. um frv., með leyfi forseta:

„Með samþykkt þessa frv. má áætla að Alþingi sé að skuldbinda skattborgarana til þess að ábyrgjast 3 500—4 000 millj. kr. framlög einvörðungu í hlutafjárframlag, sérstök lán, vegagerð, hafnargerð og því um líkt vegna þessa fyrirtækis, og er þá að sjálfsögðu ekki meðtalin sú fjárhæð sem fyrirtækið sjálft tekur til láns vegna uppbyggingarinnar. Ætlunin mun a. m. k. fyrst í stað að afla þessa fjár með lánum, en að sjálfsögðu á ábyrgð ríkissjóðs, og lán þarf að borga ásamt vöxtum á sínum tíma."

Síðan sagði ég, með leyfi forseta: „Þar sem líkur eru því miður á að afkoma fyrirtækisins leyfi slíkt ekki" — þ. e. endurgreiðslu á þessu — „svo sem ég hef hér rökstutt, jafnvel að rekstrartap bætist við vandann fyrstu árin, þá verð ég að lýsa andstöðu minni við ákvæðin um 55% eignaraðild ríkissjóðs í þessu fyrirtæki."

Þetta eru orðrétt ummæli sem ég viðhafði við afgreiðslu þessa máls á sínum tíma. Ég greiddi ekki atkvæði með þeim greinum frv. sem þá voru til umfjöllunar á Alþingi um eignaraðild ríkissjóðs. Hér held ég að sé komið að kjarna málsins.

Ég tek undir það, að þetta er reynsla sem við hv. alþm. eigum að draga lærdóma af. Það er meira en lítill vandi fyrir hv. alþm. að gera sér fullkomlega grein fyrir því, hvað þeir eru að gera þegar þeir eru að skuldbinda alþjóð með þeim hætti sem gert var að þessu leyti og gert hefur verið á öðrum sviðum líka. Ég held að við höfum tekið allt of stóran bita þegar þetta var gert. Ég er ekki að mæla gegn því og hefði síst haft á móti því að við ættum hlut í þessu fyrirtæki, styrktum okkar forræði með því. Ég held að við Íslendingar getum styrkt okkar forræði með ýmsum öðrum hætti en að eiga allt of mikið í þessum fyrirtækjum. Það er skoðun mín. Ég er ekki að segja að ég hefði ekki verið samþykkur því, en við tókum allt of stóran bita með þessu á sínum tíma og því miður hefur farið sem fór. Forsendurnar sem menn gáfu sér þá voru of bjartsýnar. Ég varaði við því á sínum tíma. Ég benti á þá gífurlegu áhættu sem við værum að taka á okkur með ákvörðunum sem við tókum þá. Það er oft auðvelt að vera spámaður og vitur eftir á, en ég er ekki með þessu að segja: Þarna sjáið þið, svona fór þetta. Ég varaði ykkur við, ég varaði við þessu. — Ég er einvörðungu að taka undir með hæstv. ráðh. En ég dreg bara allt aðrar ályktanir en hann. Reynslan, sem við höfum haft af stofnun Járnblendifélagsins, er í mínum huga sú, að við eigum að fara miklu mun varlegar í sakirnar en við gerðum þá þegar við erum að skuldbinda íslenskan almenning til að taka þátt í þeirri áhættu sem slíkur rekstur hefur í för með sér.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka hér til máls öðru sinni nema sérstaklega væri beint til mín fsp. Þær hafa eiginlega engar fram komið sem varða beinlínis efni þess frv. sem hér er flutt og ríkisstj. stendur að. Þó hefur verið beint til mín einni fsp. af hv. 3. þm. Norðurl. e. í þá átt, hvort ég geti leitt líkur að því, að upphæðir, sem lagt væri til að bæta við í formi hlutafjár og lánsábyrgða í þessu frv. þar sem er járnblendiverksmiðjan á Grundartanga, væru lægri ef íslenska ríkið hefði komið þar meira við sögu. Efnislega held ég að hans fsp. hafi verið á þessa leið. Það eru svipuð atriði sem fram komu í máli hv. 4. þm. Vestf., þó að það væri ekki í fsp.-formi, en hans mál og raunar mál það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. flutti hér, byggðist á sömu meginhugsun í sambandi við hugleiðingar þeirra sem sprottið hafa vegna flutnings þessa frv. og umr. hér um það.

Ég sé ástæðu til að fara um þetta örfáum orðum. Mér finnst nefnilega koma fram í þessum málflutningi, sem hér var og hefur heyrst oft á Alþingi frá hv. talsmönnum Sjálfstfl. fyrr og síðar, að í sambandi við þennan þátt efnahagslífs, orkufrekan iðnað í landinu, hagnýtingu

orkulindanna í atvinnurekstri, ættum við að hverfa frá því sem hefur þó verið í reynd samstaða um í landinu í sambandi við annan atvinnurekstur, þ. e. að þar ættum við að búa sem mest einir, byggja á eigin aflafé, þótt í lánsfjármagni sé í meira og minna mæli að sjálfsögðu. Þegar kemur til hagnýtingar orkulindanna á að vera eitthvað allt annað upp á teningnum í sambandi við fjármögnun og spurninguna um hvort Íslendingar eigi sjálfir að standa fyrir slíkum rekstri og bera á honum ábyrgð. Það er í þessu stóra og afdrifaríka máli sem skil liggja og þau býsna skörp í sambandi við atvinnustefnu í landinu.

Ég þarf ekki að taka hér langan tíma til að fjalla um deilur fortíðarinnar um þetta. En það, sem kom fram hjá hv. talsmönnum Sjálfstfl. við þessar umr., var einmitt upprifjun á þessum kjarnaatriðum. Þá vil ég fyrst víkja að spurningunni sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e.

Ég efast um að menn hefðu lagt í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga á sínum tíma með 100% þátttöku íslenska ríkisins, á árinu 1977 þegar lög voru samþykkt um hana, miðað við margháttaðar efasemdir sem fram voru bornar hér á hv. Alþingi, m. a. af stjórnarandstöðunni, um þetta fyrirtæki. Ég hygg að menn hefðu hugsað sig betur um, líka hv. þm. Lárus Jónsson, áður en til þess kæmi að greiða atkvæði með stofnsetningu verksmiðjunnar á þessum tíma, ef við hefðum átt að bera þar á fulla efnahagslega ábyrgð. Hann og aðrir talsmenn erlendrar stóriðju í landinu virðast nefnilega vera á þeirri skoðun, að hægt sé að finna einhverja eilífðarvél til að standa undir kostnaði og taprekstri í formi áhættufjár útlendinga. Ég tel að ekki hefði orðið fyrir því meirihlutafylgi hér á Alþingi að reisa verksmiðjuna, taka ákvörðun um það, ef menn hefðu ætlað að ganga lengra í þessum efnum, ekki aðeins vegna andstöðu Alþb. sem var almenn við að fara út í fyrirtækið, heldur einnig vegna þess að menn vantreystu áætlunum um það og töldu það efnahagslega á brauðfótum reist. En það var einmitt það skref sem stigið var. Það var farið út í fjárfestinguna.

Svar mitt við spurningunni er því það, að vissulega hefði algjör eignarhlutdeild Íslendinga getað haft í för með sér hærri tölur í sambandi við aðstoð við þetta fyrirtæki nú. En ég hygg að menn hefðu ekki farið út í fyrirtækið á þessum tíma með þeirri áhættu, sem því hefði fylgt, og ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. hefðu þá einnig hugsað sig um og beitt sínum röksemdafærslum þó að þær séu aðrar en ég tek undir.

Annars er líka að geta í sambandi við þetta, og ég held að það væri íhugunarefni fyrir alla hv. alþm., og það varðar þá samninga sem við höfum gert við útlenda aðila varðandi þetta fyrirtæki, svo ekki sé lengra leitað, — samninga sem eru á margan hátt tvísýnir, svo ekki sé meira sagt, fyrir okkar hagsmuni. Þar á ég ekki aðeins við raforkusamninginn eins og hann er frágenginn og kom til umræðu hér þegar taka þurfti ákvarðanir um hvort ráðast skyldi í ofn 2 á Grundartanga. Þá kom nokkuð skýrt fram hvernig við vorum bundnir samningslega í gegnum ákvæði raforkusamningsins að halda áfram fjárfestingu við verksmiðjuna. En ég er þó kannske öllu frekar með í huga markaðssamninginn sem á sínum tíma var réttlætur sérstaklega þannig að hann væri okkur hagstæður og dregi úr áhættu. Ég tel að það hafi komið nokkuð skýrt fram við athugun þessa máls nú og m. a. við hugmyndir sem fram hafa verið bornar af framkvæmdastjórn járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, að það gæti verið hagstætt fyrir fyrirtækið að vera ekki bundið þessum markaðssamningi nú og geta hagað sinni framleiðslu og sölustefnu óháð honum. Það gæti sem sagt verið hagstæðara, miðað við ákveðnar forsendur, að framleiða á fullu, hagnýta framleiðslugetu verksmiðjunnar, þó að afurðir seljist ekki að fullu, en geta hagað verðlagningunni út frá hagsmunum Íslendinga einna og íslenska ríkisins. En við erum ekki sjálfráðir í sambandi við markaðsstefnuna vegna þessa markaðssamnings.

Þá vil ég koma að deiluatriði milli okkar Alþb.-manna og hv. þm. Stjálfstfl. margra hverra. Ég segi: margra hverra, vegna þess að ég hygg að það séu ekki allir á einu máli í sambandi við hvernig haga beri fjárfestingu í orkufrekum iðnaði í landinu í framtíðinni. Ég hygg að það séu nokkuð skiptar skoðanir þar innan veggja í þeim efnum. Það hefur raunar verið það líka þegar ákvörðun var tekin um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, eins og lesa mátti raunar út úr máli þeirra hv. ræðumanna sem hér töluðu. — En það snýr að þessari skoðun: Við eigum, vegna þess að hér er áhætturekstur á ferðinni, ekki að standa undir þessum rekstri sjálfir hvað fjármögnun snertir og eignaraðild. Við eigum sem mest að treysta þar á útlendinga vegna þess að hér er svo mikil áhætta á ferðinni. Á bak við þetta virðist búa sú trú, að útlendingar, erlend stórfyrirtæki, erlend auðfélög og erlendir fjölþjóðahringar, séu einhverjar góðgerðastofnanir sem séu að færa fjármagn sitt hér upp að ströndum Íslands til að fjárfesta í fyrirtækjum í landinu, en ekki hitt, að þeir ætli sér að hafa hag af því. Halda menn í raun og veru að fyrirtæki, hákapitalísk fyrirtæki, séu að leggja fjármagn í ríkum mæli í verksmiðjur uppi á Íslandi til að tapa á þeim? Gera menn ráð fyrir því, talsmenn hins frjálsa framtaks og einkaframtaksins, að málum sé þannig varið? (**LJ:** þetta eru einkafyrirtæki. Þau gætu grætt þó að við töpuðum.) Ég held að menn ættu að hugsa sig einmitt um tvisvar áður en þeir reiða fram slíkar staðhæfingar.

Kem ég þá aðeins að því sem vikið var að af hv. 4. þm. Vestf. varðandi álsamninginn og hvílíkur munur væri þó að honum vegna þess að þar hefðu menn ekki fallið í þá gryfju að eiga meiri hlutann í fyrirtækinu, þar ættu menn bókstaflega ekki neitt í fyrirtækinu og þess vegna væri allt í lagi varðandi það fyrirtæki þó að það væri bullandi halli á álframleiðslunni. Ég veit að hv. þm. og aðrir, sem skoða þau mál gagnrýnið með opnum huga, komast að annarri niðurstöðu en þeirri sem í þessari staðhæfingu felst. Þeir átta sig á því fyrr en varir, að sá aðili, sem þarna tekur áhættuna, er búinn að hirða allmyndarlegan hagnað af þessum rekstri sínum vegna bindandi samninga sem fylgdu þessu fyrirtæki og við undirgengumst og erum nefndir hér með lagaboði til 1994 og fram á næstu öld. Halda menn að Íslendingar hafi gert þar einhverja kjörsamninga til að hagnast á? Það þarf ekki að eyða orðum að slíku. Og það er einmitt í sambandi við þetta sem við komum að kjarna málsins um hvort við eigum að haga atvinnuuppbyggingu í landinu á sviði orkufreks iðnaðar út frá eigin forsendum eða hvort við eigum að láta útlendinga um ferðina, hvort við eigum að láta útlendinga hirða hagnaðinn út úr landinu af orkulindum okkar og slíkum fyrirtækjum, — auðvitað bera þeir ákveðna áhættu líka í leiðinni, það er ljóst, — eða hvort við ætlum að verða menn til að standa undir þessum rekstri og haga uppbyggingunni út frá okkar eigin mati og láta þessa

uppbyggingu verða til að styðja og treysta annan atvinnurekstur og lífskjör í landinu til lengri tíma litið. Við skulum nefnilega hafa það líka í huga, að það eru ekki bara orkusamningarnir, fylgisamningar, sem gera þarf ef við erum að semja við útlendinga sem ætla að binda fé sitt til langs tíma í landinu, — það eru ekki bara þeir sem um er að ræða. Það er líka um það að ræða, hvort viðkomandi fyrirtæki taka eitthvert mið af því umhverfi sem þau taka starfa í, hvort þau hafa einhvern áhuga og hvata til þess að styðja að atvinnuþróun í kringum sig, eins og okkur ber að gera þegar við erum að leggja fjármagn í atvinnurekstur af þessu tagi hér í landinu og höfum gert að vissu marki í sambandi við uppbyggingu járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Íslenskir aðilar, íslenska ríkið, gat þar þó ráðið ferðinni að vissu marki sem meirihlutaaðili, en þó engan veginn í þeim mæli sem æskilegt hefði verið ef við hefðum mátt haga málum út frá eigin forsendum eingöngu í sambandi við þá uppbyggingu.

Ég vil að lokum segja, herra forseti, að ég tel að með þeim almenna ramma, sem dreginn var um samningagerðina varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, hafi vissulega verið stigið spor fram á við miðað við það sem var þegar samningurinn um álverið í Straumsvík var gerður. Það var stigið ótvírætt spor fram á við hvað snerti almenna stefnu um fjárfestingu og eignaraðild og forræði Íslendinga yfir viðkomandi fyrirtæki. En það breytir ekki því, að reynslan hefur nú þegar staðfest rök þeirra og málflutning sem báru fram efasemdir um ágæti þessarar fjárfestingar sem slíkrar á sínum tíma.

Hv. 4. þm. Vestf. var að saka mig um stóryrði áðan úr minni ræðu og var að tala um að ég hefði verið að deila á hæstv. forsrh. í máli mínu. Ég bið hv. þm. um að lesa ræðu mína í gegn þegar hann fær hana í útskrift og leita uppi þessi stóryrði og þær ásakanir sem ég reiddi fram. Ég lét tölur tala og gekk það lengst að segja í mínu máli á þessa leið: „Leiða má sterkar líkur að því, að ákvörðunin um byggingu þessarar verksmiðju hafi verið mistök frá efnahagslegu sjónarmiði." Þetta var það lengsta sem ég gekk, en ég lýsti jafnframt vonum mínum um að betur rættist úr en gert er ráð fyrir með þeim ramma sem dreginn er í þeim heimildum sem óskað er eftir með þessu frv. Ég vona sannarlega að úr þessu rætist. Ég kætist alls ekki yfir því að þurfa að bera hér fram það frv. sem felur í sér bagga á íslenska ríkið og íslenskan almenning, sem felst í þeim stuðningi sem nauðsynlegt er og eðlilegt er miðað við allar forsendur að veita járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, vegna þess, eins og skýrt kemur fram í röksemdum starfshópsins sem um málið fjallaði á vegum iðnrn., að það væri óráð að ætla að hætta þessum rekstri nú miðað við það mikla fjármagn sem í þessu fyrirtæki er bundið. Ég vona — og læt það verða mín síðustu orð — að þetta fyrirtæki, sem á margan hátt er staðið vel og myndarlega að hvað rekstur snertir, eigi eftir að sjá fram á betri tíma en nú blasa við og þær tiltölulega svartsýnu spár bera vott um sem liggja til grundvallar því frv. sem hér er fram borið af ríkisstj.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta minni hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, því það er ég sannfærður um, enda hef ég aldrei annað af honum reynt en það, að hann vill fara rétt með.

Ég hef aldrei lýst yfir að ég sé á móti orkufrekum iðnaði. Ég hef lýst yfir, og gerði það einmitt við afgreiðslu lagafrv. tveggja varðandi járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði æ ofan í æ, m. a. í hið fyrra sinnið þar sem mér telst til að ég hafi talað um frv. í samtals röska átta klukkutíma, að ég er á móti stóriðju af því tagi sem þá var knúin í gegnum Alþingi með hæpnum upplýsingum og miklu offorsi og ólýðræðislegum vinnubrögðum og óþingræðislegum vinnubrögðum. Ég vil minna hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson á það og aðra hv. þm. í þessari deild, að hafnar voru verklegar framkvæmdir uppi á Grundartanga áður en lagafrv. það, sem fjallaði um samninginn við Elkem Spigerverket, hafði verið afgreitt úr iðnn. Ed., og átti þó eftir að ræða það í Nd. Ég veit ekki hvort hv. þm. rekur minni til þess, en það hafði meira að segja hross drepist í einni gryfjunni, sem búið var að grafa þar til undirbúnings þessari verksmiðju, áður en búið var að afgreiða málið úr Ed. Ég vil manna hv. þm. á það, að búið var að ráða tæknilegan framkvæmdastjóra áður en búið var að afgreiða málið á þingi. (**Gripið fram í:** Hver bar ábyrgð á þessu?) M. a. þáv. hv. forseti Ed. Ég er ekki að kvarta undan stjórn hans á Ed. þá, síður en svo, enda fór ég um stjórn hans lofsorðum þá eins og ég gerði og síðar. Þeir hv. þm., sem stóðu að afgreiðslu þessa máls án þess að nenna að hafa fyrir því að kynna sér það, þessir lúkulipru atkvgr.-menn sem stóðu að afgreiðslu þessa frv. í hið fyrra sinnið af því að það var haft eftir starfsmönnum Union Carbide og í hið síðara sinnið af því að það var haft eftir forsprökkum Elkem Spigerverket, að þetta væri allt í lagi.

Nei, ég legg ekki orkufrekan iðnað allan að jöfnu. Ég get hugsað mér þess háttar stjórn, þess háttar eignaraðild, þess háttar eignarhald á orkufrekum iðnaði og þess háttar verslun með orkufreka vöru framleidda á landi hér að ég gæti stutt slík fyrirtæki heils hugar, að því tilskildu að ég teldi að okkur væri hagur að rekstri slíkra fyrirtækja. En ég tel það efalaust mjög þýðingarmikið nú, ekki síst með tilliti til þeirra ræðuhalda sem átt hafa sér stað á hv. Alþingi nú í vetur, og vitna þá helst til ítarlegra ræðuhalda eins aðaltalsmanns Sjálfstfl. um orkufrekan iðnað, Birgis Ísl. Gunnarssonar í Nd., að það komi skýrt fram við afgreiðslu þessa frv. nú, hvern hag íslenska þjóðin hefur af stjóriðju af þessu tagi, af því tagi sem hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson greiddi atkv. með og studdi.

Birgir Ísl. Gunnarsson sagði í merkilegri ræðu í Sþ. nú í haust að við yrðum að halda áfram svo sem horfði samvinnu við útlendinga um stóriðju á Íslandi vegna þess hags, sem við hefðum haft af samstarfinu við Alusuisse og þess hagnaðar, sem við hefðum haft af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Það er nauðsynlegt að fólk geri sér grein fyrir þeim hagnaði sem við höfum haft af rekstri þessarar verksmiðju í samstarfi við norska auðfélagið. Þetta verður að vera lýðum ljóst í sambandi við afgreiðslu þess máls sem við fjöllum um hér nú. Mennirnir, sem að þessu stóðu, axla ekki af sér neina ábyrgð.

Ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar á því, að það var ég, en ekki hæstv. iðnrh., sem undirstrikaði nauðsyn þess, að fyrrv. iðnrh. Geirs Hallgrímssonar, Gunnar Thoroddsen, sá maður sem Sjálfstfl. fékk til að stýra þeim armi ráðuneytisins, yrði viðstaddur við 2. umr. þessa máls. Ekki er það vegna þess að ég ætli að nudda honum öðrum fremur upp úr einu né neinu, heldur beinlínis vegna þess að af eðlilegum ástæðum verða mjög margar ívitnanir, margar tilvitnanir, sem

ég hlýt að lesa þá upp eftir hæstv. þáv. iðnrh. Gunnari Thoroddsen, núv. forsrh. Fúkyrði voru þar engin, en ég geri ráð fyrir að honum eins og ýmsum öðrum hv. þm., sem bera ábyrgð á því, að nú verðum við að ausa fjármunum í þetta gælufyrirtæki þeirra Þorv. Garðars Kristjánssonar & Co. uppi í Hvalfirði, ausa í það fjármunum sem hefðu nægt til að leggja bundið slitlag á rösklega 1100 km af akvegum landsins, — ég geri ráð fyrir að þeim muni svíða ýmislegt af því sem þar verður haft orðrétt eftir þeim sjálfum. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson má vel trúa því og hann skal reyna það, að mér skal lukkast að lesa tilvitnanir í ræður hans þannig að hann skilji.

Hv. þm. Lárus Jónsson gaf því heldur betur skóna að einkafyrirtæki gætu borið sig þar sem sameignarfyrirtæki fólksins gætu það ekki. Honum hefur sjálfsagt verið hugsað til Slippstöðvarinnar áður en ríkið hljóp þar undir bagga og lagði fram meiri hluta þar á móti. Kannske hefur það verið sama sem hann var að hugsa um, minnst með gleði, — ég sá ekki betur en gleðibjarminn hyrfi undir flibbann hans, — hugsað með gleði til þess, með hvað ágætum árangri og ágóða Sana var rekin á Akureyri. Nei, við þurfum ekki á þessu stigi að eyða tíma í að lesa upp úr umr. sem fram fóru hér þá. Það kom berlega fram í hinum síðari samningum og voru yfirlýsingar frá forstöðumönnum Elkem Spigerverket og þeirra sem stóðu fremst þar í hópi, að ástæðan fyrir því, að þeir gengu til þessa einkennilega samstarfs, sem þeir tryggðu sig býsna vel í, við Íslendinga um rekstur þessarar verksmiðju uppi á Íslandi, var sú, að þeir fengu raforkuna hérna á hálfvirði. Ástæðan fyrir því, að þeir fengu hana á hálfvirði, var sú, að farið var á stað með raforkuverið að þarflausu fyrir innlendar aðstæður þannig að við sátum uppi með raforku á útsöluverði.

Því er haldið fram af forsvarsmönnum járnblendiverksmiðjunnar á sínum tíma að Union Carbide, ameríski auðhringurinn, hinn 9. stærsti í heimi, hefði bakkað út úr þessu máli vegna þess að það hefði verið skipt um persónuleika í stjórn fyrirtækisins, það hefðu komið inn blíðlyndir menn sem vildu ekki framleiða járn. Þeir keyptu sig burt úr samningnum með því að greiða okkur 800 millj. kr. til að losna við að gerast aðilar að fyrirtæki sem þeir sáu fram á að yrði tap á, en þá var búið að koma málunum þannig fyrir af álappahætti að það þurfti að halda uppboð á raforkunni frá raforkuverinu sem verið var að byggja. Þannig stendur á þessu. Það er nauðsynlegt að við fjöllum ítarlega um þetta mál núna, að við rifjum vel upp ummæli forsprakkanna og leyfum þeim og öðrum að heyra þau, rifjum upp með hvaða hætti þeir skutu skollaeyrum við aðvörunarorðum og útreikningum sem sýndu að við vorum að stefna út í fjárglæfra. Það er nauðsynlegt að við rifjum þessi atriði upp þannig að þau megi verða okkur til varnaðar, ekki síst ef mönnum skyldi koma til hugar að reyna enn, ekki í annað, ekki í þriðja, heldur fjórða sinn, snilli sérfræðinganna sem þeir studdust við þegar þeir samþykktu þetta mál í upphafi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Það verður ýmislegt að bíða til 2. umr. og þá upplýsist sjálfsagt hvað hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði um stóriðjuna, hvort það er misminni, sem ég hef sagt hér, eða ekki. Ég ætla að reyna að finna þetta út og fékk umr. í þremur bindum af þingtíðindum. Mér vannst ekki tími til að ganga úr skugga um þetta, en ég veit að við hv. 4. þm. Norðurl. e. erum báðir svo miklir menn að við höfum það sem sannara reynist.

Það er ýmislegt sem væri ástæða til að koma að í því sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði, en ég ætla ekki að gera það núna. Það var kannske það alvarlegasta sem hann sagði gagnvart mér, að ég skildi ekki hv. þm. betur en hann segði að forseti þessarar hv. deildar hefði borið ábyrgð á dauða hrossins. Það vildi þá þannig til að ég var þá forseti þessarar deildar. En ekki meira um það.

Hæstv. iðnrh. talaði um það sem venjulega er kallað íslensk atvinnustefna. Ég man ekki hvort þau orð komu fyrir í ræðu hans áðan, en menn þekkja þessi sjónarmið sem hæstv. ráðh. er vanur að túlka og túlkaði hér. Hann leggur áherslu á að við Íslendingar búum sem mest að okkar eigin og sagði að það hefði löngum verið okkar stefna — ég skildi hann þannig — og hún hefði reynst vel. Undir þetta get ég tekið. Ég hygg að allir Íslendingar taki undir þetta á þeirri forsendu og vegna þess, að það sé okkar hagur að gera slíkt. Yfirleitt eigum við að haga okkar málum eftir því hver er okkar hagur. Það getur verið okkar hagur að hafa margs konar viðskipti við aðra, og þá höfum við þau viðskipti ef það er okkar hagur. Ef við tölum hleypidómalaust um stóriðju getum við líka og eigum að hafa margs konar samvinnu við erlenda menn ef það er okkar hagur. Hver metur það? Ekki útlendingarnir. Það erum við sjálfir sem metum það. Þetta bið ég menn að hafa í huga því að ef menn hafa ekki slík grundvallaratriði í huga þegar verið er að ræða um stóriðju kemur lítið út úr þeim umr. og þær umr. verða ekki uppbyggilegar.

Hæstv. iðnrh. sagði að það lægju skil í sambandi við atvinnustefnuna á milli þeirra, sem vilja hlutdeild útlendinga, og hinna, sem hana vilja ekki. Þetta er algjör misskilningur hjá hæstv. ráðh. Það liggja engin skil þarna og eðli málsins samkv. geta þau ekki legið þarna því að við getum ekki haft annan mælikvarða í þessum efnum, sem við erum að ræða um, en þann, hvað þjónar best íslenskum hagsmunum. Halda menn að það sé hægt fyrir fram að slá fastri einhverri reglu um að í tilteknum atriðum geti það aldrei verið hagur okkar að hafa samvinnu eða viðskipti við útlendinga? Nei, við megum ekki hugsa svo. Hæstv. ráðh. spyr svo eins og um einhver undur og stórmerki hvort við sjálfstæðismenn höldum, að útlendingar hafi einhvern hag af því sem við höfum ekki hag af, og hvort útlendingar séu með einhverja góðgerðastarfsemi. Það er eins og það hafi aldrei hvarflað að hæstv. iðnrh. hver sé grundvöllurinn að öllum viðskiptum. Hver er hann? Það verða engin viðskipti nema báðir hafi hag af og það er eins í þessu máli og öðrum. Það verða ekki viðskipti nema á þeim grundvelli að báðir hafi hag af. Mönnum getur missýnst, en viðskiptin takast á þeirri forsendu. Annars takast þau ekki. Þetta verður hæstv. iðnrh. að hafa í huga þegar hann er að ræða um stóriðjumálin og ýmis önnur almenn sannindi og mér liggur við að segja grundvallarsjónarmið og grundvallarreglur. En ég ætla ekki að fara frekar út í það núna.

Ég vil koma að sérstöku raunhæfu viðfangsefni sem við erum að glíma við og ekki síst hæstv. iðnrh. vegna þess að hann fer með þessi mál, er æðsti maður í orkumálum og stóriðju. Viðfangsefnið er það, sem við segjum að við séum allir sammála um, að gera núna stórátak til að hagnýta orkulindir landsins. Það segir enginn að hann sé ekki með því. Hæstv. iðnrh. er enginn eftirbátur í því að leggja áherslu á þetta og sýnir það með tillöguflutn-

ingi sínum á Alþingi. En hvernig á að framkvæma þetta? Þar liggja ekki nein skil í sambandi við atvinnustefnu á þann veg sem hæstv. iðnrh. var að gera skóna áðan. Við skulum bara spyrja: Hvernig eigum við að framkvæma stefnu iðnrh., sem er samhljóða stefnu Sjálfstfl., að reisa stórvirkjanir á 10—12 árum, eins og hann hefur sjálfur sagt fyrir nokkrum dögum í Sþ.? Ég bið menn að taka eftir því. Hvernig eigum við að framkvæma þetta, hvernig eigum við að standa undir fjármagnskostnaðinum af þessum virkjunum og af stóriðjunni sem þarf til að skapa markaðinn fyrir orkuna?

Eg spyr að þessu vegna þess að við erum með áform um stórt átak á takmörkuðum tíma. Ef við ætlum að gera þetta á 50 árum þurfum við ekki að vera að spyrja. Þá tökum við þetta eftir því sem við getum og höfum bolmagn til og teljum rétt að setja fram mikið áhættufjármagn. En við ætlum að gera þetta á skömmum tíma. Og hvað er þetta? Ég vil minna á að talið er að álíka mikið fjármagn þurfi til að koma upp stóriðju til hagnýtingar orku og þarf til að koma upp virkjun til að framleiða orku til stóriðju. Nú er talið að stóriðjufyrirtæki, sem er álíka stórt og áliðjan í Straumsvík, og orkuver til að fullnægja orkuþörf slíkrar stóriðju kosti álíka mikið og allar erlendar skuldir Íslendinga í dag. Nú erum við ekki að tala um eina virkjun og eitt stóriðjuver á þessum 12 árum. Við erum að tala um nokkur stóriðjuver þó þau séu ekki mörg. Hvernig eigum við að framkvæma þetta?

Nú geng ég út frá því, að við eigum einir allar virkjanirnar, eins og við höfum fram til þessa. Höfum við þá bolmagn til þess á svona skömmum tíma að fjármagna einir þá stóriðju sem kostar jafnmikið og þessar virkjanir? Ég leyfi mér að segja og tel að í því felist engin vantrú á íslensku framtaki, íslensku hugviti, íslenskri djörfung, að þetta sé ekki hægt að gera á þessum tíma á þennan hátt. Ég tel einnig að þó að við kynnum að hafa möguleika til að margfalda svo okkar erlendu skuldir sem þarf, þó við hefðum lánardrottna, þó við gætum tekið þessi lán, sé ekki hægt fyrir okkur og ekki ráðlegt að taka svo mikla áhættu á okkur sjálfa og að þess vegna eigum við undir öllum kringumstæðum að fá verulegt áhættufjármagn. Ef hæstv. iðnrh. telur að við þurfum ekki á þessu að halda, þurfum ekki erlent áhættufjármagn og erlenda eignaraðild að stóriðjufyrirtækjum, sem við reisum í svona ríkum mæli á svona skömmum tíma, þá tel ég að öll hans tillögugerð í virkjanamálunum sé byggð á sandi. Ég hef þess vegna viljað í lengstu lög bíða með að fella endanlega dóm um að þetta verði hreinn loddaraleikur ef svona er hugsað.

Hæstv. ráðh. talaði áðan og sagði ýmislegt gott, sem ég get alveg tekið undir og hver einasti Íslendingur getur tekið undir, í sambandi við það sem hann kallar oft „íslenska atvinnustefnu" þó að hann nefndi það ekki núna. Hann sagði líka ýmislegt sem ekki getur staðist, eins og ég hef rakið. En það, sem ég saknaði mest, var að hæstv. ráðh. kom ekkert að því, sem við stöndum núna frammi fyrir, hvernig við eigum að framkvæma hans eigin stefnu. Hvernig eigum við að gera það? Ég spyr hæstv. ráðh.: Vill hann hér og nú á þessum virðulega vettvangi í okkar ágætu deild skýra fyrir okkur hvernig hann ætlar að framkvæma þetta, ef það er ætlunin að allt þetta sé gert, sem kostar svona mikla fjármuni, af okkar eigin fé, á svona skömmum tíma, ef hann ætlar að framkvæma þetta þannig að fá ekkert erlent áhættufjármagn? Mér leikur forvitni á að vita hvernig hæstv. ráðh. ætlar að framkvæma þetta. Og það er meira en að mér leiki forvitni á að vita þetta. Mér finnst að hæstv. ráðh. beri skylda til að skýra þetta nánar.

Ég undirstrika svo að lokum að allt, sem ég hef talað um þetta, byggist á stefnu hæstv. ráðh. um þessar miklu virkjunarframkvæmdir og þessar óhjákvæmilega miklu stóriðjuframkvæmdir á þessum skamma tíma. Málið horfir allt öðruvísi við ef við ætlum að fara rólega í þetta. Ef við ætlum að reisa eina stórvirkjun á næstu 10 árum í staðinn fyrir að reisa þrjár og ef við ætlum að reisa eitt stóriðjuver í staðinn fyrir að reisa nokkur, þá horfir málið allt öðruvísi við. En við erum að flýta okkur. Við virðumst allir vera sammála um að það ríði á að koma í not sem fyrst þeirri auðlegð sem við eigum í orkulindunum, láta það ekki dragast. Á því byggist sú stefna sem við sjálfstæðismenn erum með og kemur fram í tillögugerð hæstv. iðnrh. hér á Alþingi. Þess vegna spyr ég: Hvernig á að framkvæma þetta?

Lárus Jónsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég vildi undirstrika það, að ég er innilega sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. um að það hefði verið betri fjárfesting fyrir okkur, hinn íslenska almenning, að leggja 1 100 km af bundnu slitlagi en að leggja fram hlutafé í járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Þetta var einmitt það atriði sem ég var að ræða um. Að sjálfsögðu er það svo, bæði með hið opinbera og aðra, að það eru takmörk fyrir því, fjármagni sem menn hafa hverju sinni. Það eru takmörk fyrir því, hvað menn taka t. d. að láni. Það eru takmörk fyrir því, hvað við getum tekið af sköttum af almenningi. Þess vegna eru takmörk fyrir því, sem hið opinbera hefur til ráðstöfunar á hverjum tíma. Þá verður að meta og vega hvað á að gera við þetta fé. Eigum við að leggja það í þetta fyrirtæki eða eigum við að leggja það t. d. í bundið slitlag? Ég er innilega sammála hv. þm. um að það hefði verið æskilegra og hagkvæmara fyrir allan almenning að nota þetta fé í framkvæmdir, sem sannarlega eru á borðinu eins arðsamar og við vitum allir. Það er einmitt þetta sem menn verða að gera upp við sig og athuga þegar þeir eru að ræða hlutdeild hins opinbera í stóriðjufyrirtækjum. Það er einmitt þetta, að menn hafa ýmsa möguleika til að ráðstafa fjármagninu til hagsbóta fyrir allan almenning. Og ef við höfum, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði og dró mjög fram, íslenska hagsmuni, hagsmuni alls almennings fyrir augum, þá hljótum við að hugsa sem svo: Hvernig eigum við að ráðstafa því takmarkaða fjármagni sem við höfum milli handa svo að það komi almenningi í landinu að sem mestum notum.

Hv. þm. ætti sig eitthvað út af því, að ég sagði úr sæti mínu að einkareksturinn stæði sig betur en hinn opinberi. Ég held að jafnvel hv. þm. Alþb. geti ekki komið það á óvart, að ég hef þá skoðun, og ég held að þeir hafi þá skoðun líka að mörgu leyti. Alla vega hef ég ekki heyrt till. frá þeim um að við þjóðnýtum t. d. allan atvinnurekstur á Íslandi, en það ætti að vera alveg rökrétt niðurstaða þeirra sem litu svo til að hið opinbera gæti rekið atvinnufyrirtækin betur en einstaklingarnir.

Ég vil svo að lokum fara nokkrum orðum um það sem hæstv. iðnrh. sagði í seinni ræðu sinni. Hann spurði okkur hv. þm. hvort við eigum að láta útlendinga ráða okkar atvinnustefnu. Ég vil þá varpa fram annarri spurningu: Hefðum við látið útlendinga eitthvað meira ráða ef við hefðum átt t. d. 10% í járnblendiverksmiðjunni við Grundartanga og eignast hana hægt og bítandi, eins og ég

lagði til á sínum tíma og kom fram í mínum málflutningi? Hefðum við látið þá eitthvað frekar ráða ferðinni í okkar atvinnuuppbyggingu? Að sjálfsögðu ekki. Hins vegar hefðum við ekki staðið í þeim sporum, sem við stöndum í núna, að þurfa að skuldbinda íslenskan almenning sem hluthafa í þessu fyrirtæki með þeim hætti sem við stöndum frammi fyrir í dag. Það er einmitt þetta sem málið snýst um, en ekki hvort að við eigum að treysta eingöngu á íslensk forræði í uppbyggingu stóriðju eða ekki. Ég hef þá skoðun, að við eigum að vera ófeimnir að semja við erlend fyrirtæki um þessa uppbyggingu einmitt af þeim ástæðum, sem komu fram hjá hv. 4. þm. Vestf., að við höfum ekki bolmagn til að gera jafnmikið og við viljum gera á skömmum tíma í þessum efnum sjálfir. En við þurfum að sjálfsögðu að fikra okkur áfram, Íslendingar, í því að eiga og reka slík fyrirtæki, og mér hefur hugnast best í mínum huga sú aðferð að semja þannig við þessa aðila að við eignumst fyrirtækin smátt og smátt.

Ég vildi, að þetta kæmi fram, og vil undirstrika enn og aftur að ég er nákvæmlega sömu skoðunar og hv. þm. Stefán Jónsson að við þurfum einmitt að gæta að því, þegar við erum að taka ákvarðanir um að leggja fram fé í fyrirtæki sem þessi, hvort þau séu nægjanlega arðbær, hvort þau séu besti kosturinn fyrir okkur að leggja í viðkomandi fjármagn. Þá þurfum við að sjálfsögðu að taka fleira inn í reikninginn en einvörðungu fjármagnshliðina og arðinn. Við þurfum að sjálfsögðu að taka með í reikninginn þjóðfélagsaðstæður okkar, atvinnusköpun o. s. frv. Ég held að reynslan sanni það með því, sem við stöndum frammi fyrir nú með járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, að við þurfum að gæta okkar miklu meira þegar við tökum afstöðu til slíkra mála en gert var á þeim tíma.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að koma hér og bæta örfáu við vegna fyrirspurnar sem til mín var beint síðast frá hv. 3. þm. Norðurl. e., þess efnis, hvort ég teldi að það hefði einhver áhrif á íslenskt atvinnulíf ef Íslendingar hefðu ekki átt meiri hluta í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, heldur aðeins 10% eignarhlutdeild, — hvort það hefði haft áhrif á stefnu fyrirtækisins og annað í stjórn þess. Ég svara hv. þm. alveg beint og hiklaust. Ég er þeirrar skoðunar, að sú almenna stefnumörkun, sem fólst í meirihlutaeignaraðild Íslendinga að fyrirtækinu, þó að matið á hagkvæmni þess og skynsemi að ráðast í þetta fyrirtæki á þessum tíma hafi ekki verið rétt, — þessi rammi, meirihlutaeignaraðild, hafi verið réttur og það skipti miklu og það skipti sköpum, hvort menn ráða yfir viðkomandi fyrirtæki, hvort við getum rekið það út frá okkar eigin forsendum eða hvort það er rekið út frá forsendum útlendinga sem hafa starfrækslu í landinu. Það skiptir þá vissulega máli hvort menn eru með 10% eða meiri hluta. Meirihlutaeignaraðildin ein segir ekki heldur alla sögu. Það þarf fleira til að koma til þess að um virk yfirráð sé að ræða, eins og ekki þarf að fjölyrða um hér. Þar skipta aðföng og markaður að sjálfsögðu einnig máli. Ég vil aðeins bæta því við, að núverandi framkvæmdastjóri járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, sem hefur fengið reynslu af því að standa fyrir því fyrirtæki og gert það að mörgu leyti með myndarbrag við erfiðar aðstæður, hefur skýrt frá því sem sínu viðhorfi eftir þá reynslu, sem hann hefur af að standa í forsvari fyrir járnblendiverksmiðjunni, að það hafi verið rétt ákvörðun af Íslendinga hálfu að tryggja sér meiri hluta í fyrirtækinu vegna þeirra áhrifa sem slíkt tryggði á rekstur þess og þróun í kringum fyrirtækið að öðru leyti. Ég held að það sé full ástæða fyrir hv. alþm. að gefa þessum orðum og þessari reynslu Jóns Sigurðssonar, framkvæmdastjóra járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, gaum.

Þá vil ég aðeins koma að fyrirspurn hv. 4. þm. Vestf. til mín, hvernig ég ætli að standa að framkvæmd á þeim stefnuramma sem dregin var í frv. og nú lögum nr. 60/1981, um raforkuver, og þeirri uppbyggingu markaðar sem gert er ráð fyrir, miðað við forsendur þeirra laga. Þó ber okkur að hafa þar vel í huga þá varnagla sem slegnir eru í sambandi við þá lögfestingu. Þar er enginn fastur rammi á ferðinni að þetta skuli gert fram að þessum tíma, heldur er þar um almenn stefnumið að ræða að gefnum ákveðnum forsendum varðandi hraða uppbyggingu. En það, sem spurt var um, var fyrst og fremst þetta: Er nokkur von til þess, að við Íslendingar getum risið undir þeirri fjárfestingu sem þarna er á ferðinni. (**Gripið fram í:** Á þessum tíma.) Á þessum tíma? Það var spurning hv. þm., og þá er hann væntanlega að tala um byggingu þriggja virkjana með um 800—900 mw. afli á 10—15 árum, eins og gert var ráð fyrir í grg. með frv. um raforkuver. Skiptir ekki öllu máli, hvort menn hafa verið að tala þar um 10 ár eða 15 eða 12, eitthvað þarna á milli, í því samhengi sem við erum að tala um.

Þá vil ég vísa hv. 4. þm. Vestf. á upplýsingar sem var að finna í fskj. með frv. til l. um raforkuver, þar sem það var einmitt dregið fram með útreikningum frá Þjóðhagsstofnun hvað þessi hraði í uppbyggingu þýddi í greiðslubyrði fyrir íslenska þjóðarbúið sem hlutfall af vergum þjóðartekjum, að mig minnir hafi verið viðmiðunin, og það voru tekin tvö dæmi miðað við hagvöxt, vegna þess að vöxtur þjóðarframleiðslu fer eftir þeim hagvexti sem við gerum ráð fyrir. Annars vegar var miðað við 3.5%, hins vegar við 1.5% hagvöxt á tímabilinu. Það, sem út úr þessu dæmi kom, var ekki hærra hlutfall en svo, að þegar einhverjir hv. stjórnarandstæðingar voru að ræða þetta frv. fannst þeim að það væri heldur lágt stefnt að þessu leyti. Það sýndi sig nefnilega, að miðað við þennan framkvæmdatíma, þessa uppbyggingu og fjárfestingu í orkufrekum iðnaði, sem gert var ráð fyrir að væri 1.5 millj. fyrir hverja gwst., ef ég man rétt, 1.5 millj. nýkr. miðað við hverja gwst. í orku, var ekki hærra stefnt, var ekki í meira ráðist en svo, að það fór ekki fram úr meðaltali þess sem við höfum á okkur tekið á tímabilinu 1971—1980 í orkuframkvæmdum og orkufrekum iðnaði á okkar vegum. Ég held því að þetta, sem ég vitna hér til, veiti nokkuð skýrt svar við því sem hv. þm. spurði um. Hann var að gera því skóna, að hugmyndir mínar að þessu leyti, ef við værum að miða við að við Íslendingar réðumst í þessa fjárfestingu, væru reistar á sandi, og hann ætlaði aðeins að draga það við sig, ég veit ekki hvort það er til morguns eða eitthvað lengur, að stimpla allt saman loddaraleik eða loddaraskap sem ég er að halda fram um þessi efni.

Ég held að hv. þm. eigi að gá betur að því, hvaða fjárfesting er hér á ferðinni. Ég held að hann hljóti að vita það, jafnmikið og hann hugsar og talar um orkumál, að áherslur okkar í fjárfestingu í orkumálum eru að breytast á þessum tíma. Við erum að ljúka stórátaki í sambandi við húshitun með innlendum orkugjöfum og við höfum lagt í mikla fjárfestingu í hitaveituframkvæmdum á undanförnum árum þar sem um verður að

ræða verulegan samdrátt á næstu árum. Við það skapast nýtt svigrúm til fjárfestingar í iðnaði í stað þess sem við höfum verið að leggja í orkuframkvæmdir, í hitaveituframkvæmdir og stofnlínuframkvæmdir til að koma innlendum orkugjöfum í gagnið.

Til þess að það sé enginn misskilningur uppi okkar á milli í sambandi við þetta efni eru stefnumið okkar Alþb.-manna alveg skýr í þessum efnum og það er langt síðan við höfum gert þessi mál upp. Við höfðum líka gert það þegar lögin um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga voru til afgreiðslu. Við höfðum markað okkur fyrstir flokka stefnu í sambandi við þessi mál. Hún lá skýr og ótvíræð fyrir. Við settum það fram sem lágmarkskröfu í sambandi við fjárfestingu í orkufrekum iðnaði að við værum þar meirihlutaaðilar hvað eignaraðild snerti. Við útilokuðum ekki og útilokum ekki enn að eiga einhvern hlut að samstarfi með útlendingum sem minnihlutaaðilum í slíkri uppbyggingu ef við sjáum okkur skýran hag í því, en við teljum æskilegast, að á slíkt þurfi ekki að reyna, og við eigum engan veginn að setja það fram sem eitthvert óskastefnumið ef við sjáum að við höfum bolmagn til að ráða við verkefnin að fullu og öllu sjálfir. Og meirihlutaeignaraðildin ein nægir okkur ekki. Við verðum að hafa tryggingu fyrir því að ráða yfir framleiðsluferlinum að öðru leyti þannig að við höfum ekki einhvern á leiðinni sem getur kippt í spottann þó að við höfum hinn formlega eignarhaldsmeirihluta í viðkomandi fyrirtæki. Við þurfum því að hafa þannig tök á aðföngum og markaði að við hættum ekki of miklu til. Þetta er sú stefna sem Alþb. hefur markað og ber fram. Við höfum t. d. í núverandi ríkisstjórn markað þá stefnu í sambandi við uppbyggingu næsta stóriðjufyrirtækis sem er á dagskrá hvað undirbúning snertir og liggur hér fyrir Alþingi, kísilmálmverksmiðju, að við stöndum að því fyrirtæki einir. Við teljum ekki nauðsynlegt að leita til útlendinga um eignarhlutdeild að henni. Það hefur ekki verið neitt formlega lokað fyrir það, en við undirbúning málsins er ekki gert ráð fyrir að á það þurfi að reyna. Og það er ekkert sem bendir til þess við undirbúning málsins, að nauðsynlegt sé eða sérstakur hagur fyrir okkur að fara að leita eftir einhverri minnihlutaeignaraðild útlendinga í slíku fyrirtæki. Það losar okkur t. d. undan þeim vanda að fara að gera flókna samninga, fylgisamninga, eins og við þekkjum frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, svo ekki sé talað um álverið í Straumsvík, vegna umtalsverðrar eignarhlutdeildar erlendra aðila sem hafa krafist mjög sterkra samningslegra skuldbindinga af okkar hálfu í sambandi við aðstöðu sína og rekstur hérlendis.

Ég held að við hv. 4. þm. Vestf. ættum að geta verið á einu máli um það, eftir að hann hefur athugað þetta mál betur, að það er engin ofætlun okkar Íslendinga, ef við metum það skynsamlegt að ráðast í iðnaðaruppbyggingu með þeim hraða sem þarna var til umræðu, finnum flöt á því, hagkvæm tækifæri til fjárfestingar, heldur er það fyllilega á okkar færi efnahagslega séð að standa undir slíkri fjárfestingu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 64. fundur

Föstudaginn 16. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 609). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til iðnn. með 22 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 592(sbr. 43), n. 622, 593, 623). — 3. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Frv. til laga um brunavarnir og brunamál er hér til 3. umr. Félmn. kom saman og tók til athugunar sérstakar athugasemdir sem höfðu borist í sambandi við þá breytingu sem gerð var á 2. málsgr. 2. gr. frv. við 2. umr. Það höfðu komið mótmæli frá stjórn brunamálastofnunar og eins frá Arkitektafélagi Íslands og raunar óformleg mótmæli frá Verkfræðingafélagi Íslands um þá ákvörðun félmn. að fella niður úr 2. gr. frv. upptalningu á menntunarskilyrðum í sambandi við ráðningu brunamálastjóra, en eins og hv. þm. hafa séð eru í frv. þau skilyrði, að brunamálastjóri skuli vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum. Félmn. leit svo á samhljóða að þessi upptalning væri óþörf, það væri nægjanlegt að hann hefði sérþekkingu á brunamálum þar sem, eins og tekið var fram í framsögu, nefndin hefði lagt þann skilning í þetta ákvæði, að slík sérþekking, sem brunamálastjóri þarf að hafa, byggðist á viðtækari menntun, svo sem háskólaprófi eða tækniskólaprófi og því til viðbótar sérmenntun vegna brunamála. Þess vegna væri upptalning í lögum óþörf því það mætti alveg eins segja að verkfræðingur þyrfti að vera byggingaverkfræðingur, tæknifræðingur byggingatæknifræðingur o. s. frv. Hins vegar er ljóst í sambandi við þau mótmæli sem komu fram, að m. a. lögfræðingar líta svo á að það mundi verða erfitt að fella úrskurð í svona máli ef þetta væri ekki talið upp í lögum. Eftir athugun féllst nefndin á að taka þessar athugasemdir til greina og leggur það til á þskj. 623. Brtt. gerir ráð fyrir að færa greinina aftur í það form sem hún var í upprunalega frv., þ. e. að 3. málsgr. 2. gr. hljóði þannig: „Að fengnum tillögum stjórnar brunamálastofnunarinnar skipar ráðh. brunamálastjóra, skal hann vera arkitekt, verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa sérþekkingu á brunamálum."

Nefndin varð öll sammála um að flytja þessa brtt. við 3. umr. málsins.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að hér sé um óþarflega mikið bákn að ræða, og hef talið og tel að starfsemin eigi að vera deild í Vinnueftirliti ríkisins. Ég fer ekki lengra út í það hér. Ég hef gert það áður, eins og ég tók fram.

Allar breytingar félmn. eru að mínu mati til bóta og mér þykir það því miður að hún skyldi breyta síðustu grein aftur. Brtt. á þskj. 612 tel ég að sé spor í öfuga átt.

Ég tala hér fyrir brtt. hv. þm. Gunnars R. Péturssonar

á þskj. 593 þar sem hann leggur til að 18. gr. falli niður. Sú starfsemi, sem gert er ráð fyrir í 18. gr., er nú þegar til. Eftirlitið varðandi allt sem tilheyrir rafmagni er hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, og það, sem ekki flokkast undir það, er hjá Vinnueftirliti ríkisins. Þarna er því verið að fá eina nýja stofnun enn til að hafa eftirlit með því sama.

Það er líka óþarfi að veita mönnum sérstök réttindi. Það eru menn með sérstök réttindi nú þegar á þessum sviðum. Það eru pípulagningameistarar og sveinar, vélsmíðameistarar og sveinar og rafvirkjameistarar og sveinar. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að brunamálastofnun fari til viðbótar að löggilda þessa sömu menn sem eru löggiltir fyrir. 18. gr. er því með öllu óþörf.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því í sambandi við þá brtt. sem hv. 5. þm. Suðurl. var að mæla fyrir við 18. gr., að eins og kemur fram í skýringum við greinina í upprunalega frv. er einmitt gert ráð fyrir þessu í gildandi lögum þegar skipa þarf sérstaka menn til að annast sótun og eftirlit með eldfærum. Vegna breyttrar hitunartækni hafa forsendur fyrir löggildingu á þessum mönnum orðið mikilvægari, og eins og allir vita hefur félmrn. haft með að gera námskeið fyrir slíka menn, sem hafa verið sendir á slík námskeið á vegum sveitarfélaganna. Það er þess vegna talið nauðsynlegt að hafa þetta í lögum, að þessir menn hafi ákveðin réttindi til að gera það sem þar greinir. Ég tel því að þessi brtt. sé á misskilningi byggð.

ATKVGR.

Brtt. 623 samþ. með 21:1 atkv.
— 593 felld með 19:5 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 26 shlj. atkv.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um breytingu á lögum nr. 17/1965, um landgræðslu, var lagt fyrir hv. Ed. og hefur hlotið afgreiðslu þar og afgreiddi deildin frv. eins og það var lagt fram. Frv. er samið af nefnd sem skipuð var á s. l. vori til að fjalla um tillögur um landgræðslu- og gróðurverndaráætlun sem nú hefur hlotið afgreiðslu hv. Alþingis. Í þessari nefnd áttu sæti fulltrúar þingflokkanna og ráðuneytisstjórinn í landbrn., sem var formaður nefndarinnar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ákjósanlegt væri að breyta lögum um landgræðslu svo sem lagt er til með þessu frv.

Þær breytingar, sem hér er um að ræða, eru í fyrsta lagi að gert er ráð fyrir að gróðurverndarnefndir starfi í öllum kaupstöðum sem og í sýslum landsins. Til þessa hafa gróðurverndarnefndir aðeins starfað í sýslum landsins. Í öðru lagi er tekið upp það nýmæli, að ef ástandi gróðurs er svo háttað að mati gróðureftirlits Landgræðslu ríkisins geti landbrn., að höfðu samráði við þá sveitarstjórn, sem hlut á að máli, ákveðið tímabundna takmörkun á beitarálagi á tilteknu landssvæði þar til fullnægjandi gróðurverndaraðgerðir hafa verið gerðar eða ítala er komin til framkvæmda. Þessi ákvæði eiga við bæði að því er varðar afréttarlönd og eins varðandi beitilönd í byggð, en svo er komið að sums staðar eru beitilönd eða bithagar í lágsveitum illa komnir af miklu beitarálagi, einkum í grennd þéttbýlis. Þessi ákvæði, sem hér er lagt til að lögfest verði, gera því mögulegt að grípa til skjótra aðgerða til að vernda gróðurlendi þar sem svo háttar til, ef aðrar aðgerðir, sem kosta meiri undirbúning og tíma, hafa ekki verið undirbúnar í tæka tíð.

Þetta eru þær meginbreytingar sem í þessu frv. felast. Frv. er einfalt og ég sé ekki ástæðu til að fjalla um það í lengra máli. Ég vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að afgreiða það áður en þingi lýkur.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 29 shlj. atkv. og til landbrn. með 28 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110, n. 453 og 483). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég fagna því að fá nú að mæla fyrir nál. meiri hl. hv. heilbr.- og trn. en nál. þetta er dags. 16. mars s. l. Þannig að það er orðið nokkuð við aldur þegar talað er fyrir því. Nál. þetta er á þskj. 453, um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum, sem er 107. mál þingsins.

Eins og menn minnast var með lögum nr. 117/1976 ákveðið að fjármagna rekstur ríkisspítalanna með beinum framlögum úr ríkissjóði. Það frv., sem hér er til afgreiðslu, heimilar að önnur sjúkrahús verði fjármögnuð á sama hátt. Ekki er skilgreint hvaða sjúkrahús það skuli vera, enda hlýtur það að vera samningsatriði í hverju héraði.

Miklar umr. urðu í nefndinni um daggjaldakerfið annars vegar og hins vegar rekstur ríkisspítalanna eftir að hann var færður á fjárlög. M. a. kom Davíð Á. Gunnarsson, framkvæmdastjóri ríkisspítalanna, á fund nefndarinnar. Öllum nm. er ljóst að hvorugt rekstrarformið er gallalaust. Daggjaldanefnd hefur hætt til að vanáætla verðbólguhækkanir og sjúkrahúsin hafa því komist í greiðsluþrot seinni hluta árs. Nefndu menn dæmi að

sjúklingar væru beinlínis lagðir inn vegna þarfar á daggjaldi þó að aðgerðin krefðist þess ekki. Komu fram skoðanir í þá veru, að nauðsynlegt væri að endurskoða daggjaldakerfið.

Umsagnir þær, sem greint er frá í nál., voru á ýmsa lund. Helstu andmæli gegn frv. voru þau, að óeðlileg miðstýring yrði frá heilbrmrn. Flestir nm. töldu þó fjárlagaleiðina betri en daggjaldakerfið og mæla með samþykkt frv. Tveir fulltrúar meiri hl. skrifuðu undir með fyrirvara, en tveir skila nál. á sérstöku þskj.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég tala fyrir minnihlutaáliti því sem kemur fram á þskj. 483. Við skrifuðum undir þetta nál. fulltrúar þingflokks Sjálfstfl., ég ásamt hv. 1. þm. Vestf., Matthíasi Bjarnasyni. Pálmi Jónsson, hæstv. landbrh., skrifar hins vegar undir meirihlutaálit stuðningsmanna ríkisstj.

Nú má það í sjálfu sér merkilegt heita, að bæði skuli þessi hæstv. ráðh. og aðrir stuðningsmenn ríkisstj., sem skrifa undir meirihlutaálitið, ekki hafa það mikla trú á sinni eigin ríkisstjórn að henni sé treystandi til að gera nauðsynlegar og skynsamlegar breytingar á því kerfi sem við búum við varðandi daggjöld sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, eins og allir viðurkenna og nú síðast hv. frsm. meiri hl., hv. þm. Guðrún Helgadóttir, þörf á, hafandi jafnframt í huga að það, sem lagt er til með frv. því sem við ræðum nú, mun ekki leysa nokkurn vanda.

Sá vandi, sem við er að glíma hjá þeim heilbrigðisstofnunum, sem undir daggjaldakerfi falla, er fyrst og fremst sá, að það vantar fjármagn til að standa undir rekstri þeirra og koma á móti þeirri óðaverðbólgu sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki enn tekist að ná niður í það sem hún lofaði þjóðinni þegar hún tók við völdum.

Við tökum það skýrt fram í nál. okkar, að meginhluti þeirra erfiðleika, sem við er að glíma, stafi af þeirri óðaverðbólgu sem ríki í þjóðfélaginu og ásamt ýmsum öðrum aðgerðum ríkisvaldsins, þ. á m. samningum sem ríkisvaldið hefur gengið á undan að móta og semja um, hafi aukið rekstrarkostnað þessara stofnana án þess að nokkurt samráð hafi verið haft við þær. Við þekkjum það vel, að á því tímabili, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið við völd, hafa verið samþykktir mjög þungbærir kjarasamningar fyrir allan rekstur heilbrigðisstofnana við einstakar stéttir sem falla undir þá starfsemi sem unnin er innan heilbrigðiskerfisins, samningar sem viðkomandi stofnanir hafa í raun ekkert fengið að taka þátt í, en verið alfarið ráðið í fjmrn. Alþingi Íslendinga hefur t. d. aldrei fengið nein skýr svör frá því hv. rn. um hver virkni svokallaðra læknasamninga hafi verið fyrir umræddar stofnanir.

Það væri satt að segja æskilegt að hæstv. fjmrh. eða hæstv. heilbrn. gæfi þessari hv. deild, sem málið er nú til umr. í, upplýsingar um hækkanir, sem urðu hjá sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum vegna þessara einu sérstöku samninga, og þá væru að sjálfsögðu gefnar upplýsingar um hækkanir í prósentum og krónum á mánaðarlaun, á gæsluvaktakaup, á laun vegna fræðslustarfsemi, vegna bifreiðahlunninda, vegna breytinga á lífeyrissjóðsútgjöldum og um hvort samið hafi verið um lengingu eða styttingu vinnudags, sem auðvitað hefur í för með sér aukin útgjöld fyrir stofnanirnar. Þetta hefur auðvitað gífurlega mikið að segja fyrir rekstur þessara stofnana, og ég endurtek, að æskilegt væri að viðkomandi hæstv. ráðh. gæfu þinginu upplýsingar um hve mikill aukinn kostnaður hafi verið þarna á ferðinni. Ég mun koma nánar að þessu þegar ég ræði um daggjaldakerfið, en hjá okkur fulltrúum minni hlutans í nefndinni kemur mjög skýrt fram það sem ég hef þegar sagt, að meginhluti þessara erfiðleika stafi af óðaverðbólgunni í þjóðfélaginu og svo til viðbótar og í framhaldi af því af vanmætti ríkisstj. til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar, sem daggjaldakerfið leggur á ríkissjóð, og vanhæfni ekki aðeins kerfisins, heldur einnig ríkisstj. og viðkomandi ráðh. til að leysa þau mál sem á og þarf að leysa á nútímalegan hátt.

Til að gera sér nokkra grein fyrir fjárhagsvanda þessara stofnana mun ég nú, með leyfi hæstv. forseta, vitna til viðtala sem eitt dagblaðið í Reykjavík átti við stjórnendur sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana sem undir daggjaldakerfi falla. Þessi viðtöl birtust seint í fyrra mánuði um það leyti sem þetta frv., sem við ræðum nú, var til umfjöllunar hjá hv. heilbr.- og trn.

Ég tel nauðsynlegt, vegna þess sem á eftir mun fara í sambandi við þetta mál, að í þingtíðindum verði hægt að sjá það sem um þetta hefur verið sagt af þeim aðilum sem mesta og besta þekkingu hafa á þessari starfsemi og þeim vandamálum sem rekstur þessarar starfsemi býr við. Hér breytir í raun engu um þótt um síðustu mánaðamót eða skömmu eftir síðustu mánaðamót hafi verið komið nokkuð á móti ríkjandi fjárhagsvanda eða að hluta.

Kristinn Guðmundsson forstjóri Sjúkrahúss Ísafjarðar sagði í sínu viðtali, með leyfi forseta:

„*Við lítum dimmt til framtíðarinnar ef fella á niður* daggjöld og kannske tæplega greiða okkur hallann, en það eru lagaþættir um það, að hann á að greiðast upp á fimm til átta fyrstu mánuðum. En ég veit nú ekki nema það takist enn þá. Við höfum ekki endanlegt uppgjör fyrir hallann á síðasta ári, en útlit er fyrir að hann fari ekki yfir 5%, þannig að ástandið er víða verra."

Kristinn skýrði enn fremur frá því, að sjúkrahúsið á Ísafirði hefði fengið 40% af þeirri upphæð sem beðið hefði verið um til tækjakaupa og viðhalds. Í niðurlagi síns viðtals sagði Kristinn, með leyfi forseta:

„Það þýðir kannske ekkert að vera að berja sér og það má segja að við skrimtum enn þá. Þegar ríkisspítalarnir eru í vandræðum, þá loka þeir bara heilu deildunum, en það getum við ekki. Auðvitað er hægt að koma út með sæmilega afkomu þegar sagt er stopp þegar ástandið krefst þess. Við bíðum og sjáum til," sagði hann að lokum.

Eyjólfur Pálsson forstjóri Sjúkrahúss Vestmannaeyja sagði, með leyfi forseta: „Það liggur á borðinu, að ef ekki verða breytingar hér á, þá hlýtur innan skamms að koma til hreinnar stöðvunar. Það gildir það sama um okkur og velflesta, að staðan er mjög slæm. Til viðbótar þessum almenna fjárhagsvanda stöndum við einnig frammi fyrir því að vera með stærra sjúkrahús en markaðurinn gerir kröfur til. Hallinn hjá okkur um áramótin var um 2 millj. kr.," sagði hann.

Hann sagði í viðtalinu enn fremur að bæjarsjóður Vestmannaeyja hefði að hluta til aðstoðað við reksturinn, en það væri sama með þann sjóð og aðra bæjarsjóði að hann hefði nóg með sitt. Hann sagði í viðtalinu að það væri sitt mat að sjúkrahúsin ættu að reka mál sín á sameiginlegum vettvangi, þ. e. á vettvangi Landssambands sjúkrahúsa. Hann benti á að ef um samdrátt yrði að ræða þyrfti að minnka þjónustuna við hvern og einn. Og hann lauk viðtali sínu með því að segja:

„Við höfum óskað eftir því við hið háa ráðuneyti að

það tjái sig um hvaða þjónustuskerðing eigi að fara fram. Á þessu stigi bíðum við átekta og væntum ákveðnari svara heilbrigðisyfirvalda við þeim tillögum sem samþykktar voru á fundi sem Landssambandið hélt fyrri hluta þessa mánaðar, en á þeim fundi var einmitt hæstv. heilbrmrh. og fleiri yfirmenn í heilbrigðiskerfinu."

Stefán Þorleifsson forstjóri Sjúkrahússins á Neskaupstað sagði m. a., með leyfi forseta:

„Ég held að ekkert sjúkrahús sé til á daggjaldakerfi sem bruðli þannig með fé að aukin útgjöld séu til annars en að bæta þjónustuna. Landspítali og aðrir ríkisspítalar eru ekki búnir að sanna okkur að það hafi verið sparað í þeim rekstri. Ég óttast að við afnám daggjaldakerfis og við upptöku fastra fjárveitinga verði frumkvæði um rekstur stofnana og þjónustuhlutverk tekið úr höndum heimamanna og það kalli á meiri miðstýringu. Til að þessar þjónustustofnanir þróist til heilla fyrir fólkið álít ég nauðsynlegt að frumkvæðið verði í höndum heimamanna."

Hann sagði enn fremur að staðan hjá þeim væri vart verri en verið hefði, skuldabyrðin um áramót hefði numið um 70%, eins og hann sagði. Um leiðir til lausnar á þessu vandamáli sagði Stefán Þorleifsson frá Neskaupstað m. a. þetta, með leyfi forseta:

„Ég held nú að í raun og veru sé ekki um aðrar leiðir að ræða en aukna fjárveitingu eða draga saman þjónustu. Ég tel að það sé einungis um það að ræða að fá aukna fjárveitingu. Þá er ég ekki að halda því fram, að ekki sé hægt að draga eitthvað úr, en ég held að það muni einungis koma fram í auknum kostnaði síðar. Kostnaður við mannahald er nú einu sinni um 70% af kostnaði og svo koma liðir eins og lyf, matvæli og annað slíkt. Vextir eru einnig orðnir stór liður. Það mætti eflaust breyta greiðsluformi til stofnana, koma á fyrirframgreiðslu frá tryggingum. Það mundi draga úr vaxtakostnaði. En allt, sem viðkemur viðhaldi og tækjakaupum, segir til sín síðar. Ef það yrði gert í ríkum mæli mundu þessar stofnanir eingöngu drabbast niður. Það ætti að vera sómi hvers þjóðfélags að láta stofnanir sem þessar líta vel út og þróast í framfaraátt. Við getum aldrei haft annað markmið. Ég vil leggja áherslu á að við getum aldrei metið það til fjár sem aukin heilsugæsla og aukin þjónusta við sjúka gefa í aðra hönd."

Ólafur Örn Arnarson yfirlæknir á Landakotsspítala sagði m. a., með leyfi forseta:

„Við siglum hreinlega í strand með daggjaldaákvörðunina frá í janúar að baki. Ástandið er afleitt fjárhagslega og búið að vera lengi, en með þessari ákvörðun siglir hreinlega í strand. Okkar daggjald hér lækkaði í krónutölu um 23 kr. þrátt fyrir mikinn hallarekstur og dýrtíðarhækkanir, svo það segir sig sjálft hvert stefnir. Meðaltalshalli allra þessara stofnana á s. l. ári er 12.5%, en við hér á Landakotsspítala erum með 16% halla, svo útlitið er svart."

Ólafur hélt áfram og sagði að spítalanum væri haldið gangandi „upp á krít" og engir reikningar greiddir upp. Sum fyrirtæki hefðu þegar sett stopp á spítalann og neitað að afgreiða vörur til hans nema gegn staðgreiðslu. Þá hlæðu skuldirnar utan á sig með vöxtum og vaxtavöxtum og taldi Ólafur málið vera komið í einn vítahring sem erfitt væri að sjá út úr. Hann var spurður hvort gripið yrði til einhverra aðgerða, fækkunar á sjúklingum eða lokunar deilda. „Nei," svaraði hann. Og með leyfi forseta hélt hann áfram:

„Við getum ekki fækkað sjúklingum. Við erum á neyðarvakt og erum með sjúklinga á öllum göngum. Við verðum að taka við fólkinu meðan einhver þarf að komast inn, svo við getum ekkert gert. Við höldum áfram þar til lánardrottnarnir segja stopp. En eitthvað verður til bragðs að taka og við vonumst eftir viðbrögðum frá hinu opinbera," sagði Ólafur Örn að lokum.

Forstjóri Sjúkrahúss Húsavíkur, Ólafur Erlendsson, sagði, með leyfi forseta:

„Ástandið er ekki gott hér. Við erum óhressir sérstaklega með niðurskurðinn til tækjakaupa og viðhalds. Daggjaldið til þess þáttar var skorið niður úr 43 kr. í 24 kr. hjá okkur eða um nálægt helming. En staðan í heild er sú, að okkur vantaði tæp 6% upp á að endar næðu saman um áramótin þannig að við drögum á eftir okkur skuldahala."

Í sambandi við þær fullyrðingar, að ekki væri til meira fé til að reka heilbrigðisþjónustuna en veitt var til hennar á síðasta ári og það megi ekki fara fram úr því, benti hann enn fremur á, að ef til samdráttar þyrfti að koma yrði að sameinast um að gera ráðstafanir á því sviði og það væri ekki hægt fyrir hvern og einn í sínu horni að gera slíkar ráðstafanir. Og hann sagði í lokin: „Við bíðum nú eftir heildarskipunum frá yfirmönnum heilbrigðismála um hvað gera skuli."

Haukur Benediktsson, forstjóri Borgarspítalans og formaður Landssambands sjúkrahúsa, hafði þetta að segja um ástandið á Borgarspítalanum, með leyfi forseta:

„Ég geri ráð fyrir að þurfa að borga 5.7 millj. í vexti á árinu. Það er sama upphæð og þarf til að greiða árslaun 40 manns í heilbrigðiskerfinu. Á sama tíma er verið að þrátta um hvort bæta eigi við einum manni í vinnu. Það er engin leið að standa undir þessu lengur. Þetta er allt fjármagnað með lánum og þó borgarsjóður sé ábyrgur fyrir þessu og verði að greiða launin, þá hafa þeir tilkynnt okkur að það sé enginn grundvöllur fyrir því áfram" sagði hann.

Hann sagði enn fremur að á fundi, sem Landssamband sjúkrahúsa gekkst fyrir fyrir skömmu og áður hefur verið vitnað til, hafi verið óskað eftir upplýsingum ráðuneytisins um hvernig ætlast væri til að brugðist yrði við 12.5% heildarhallarekstri þessara stofnana á síðasta ári. Þeir hefðu ekki búist við að svör mundu berast samdægurs, en enn biði Landssambandið eftir svörum.

Hann sagði enn fremur að það væri út af fyrir sig rétt, að það væri ágreiningur um þennan halla, þ. e. hvort hann sé vegna útþenslu eða vanmats á verðbólgunni, og trúlega mætti segja að það væri hvort tveggja. Og hann hélt áfram, með leyfi forseta:

„Það, sem skiptir meginmáli, er hvort þarna er þá um að ræða óleyfilega og óeðlilega útþenslu á rekstri eða vanmat á dýrtíðinni. Það er viðurkennt af rn. að það þurfi að endurskoða vísitölu daggjaldanefndar til að reikna út ýmsa kostnaðarliði. Ef til samdráttar á að koma til að minnka þennan halla er auðvitað hægt að segja upp fólki. En við viljum fá ákvarðanir um slíkt frá réttum aðilum. Við bíðum því svara þar að lútandi og reiknum með að menn ætli að setjast niður og kryfja málið til mergjar."

Hann var spurður að því í lokin, hve lengi hann teldi að sjúkrastofnanirnar gætu haldið starfseminni gangandi á þennan hátt, og svaraði:

„Svo lengi sem menn vildu lána peninga. Þetta er rekið meira og minna á lánum og vanskilum," sagði hann, „hér á Borgarspítalanum, og það er einungis spurning um

hversu lengi menn komast upp með slíkt. En auðvitað er engin framtíð í því."

Gunnar Sigurbjörnsson aðstoðarforstjóri Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hafði þetta að segja, með leyfi forseta:

„Skuldahalinn frá því í fyrra var upp á 11.5 millj. kr. Við höfum hér stystan meðallegutíma á landinu og það hefur mikil áhrif til hækkunar rekstrarkostnaðar. Það er mjög erfitt að reka þetta með slíkum skuldahala. Þetta vindur upp á sig og við erum sífellt að reyna að ná í halann frá síðasta ári. Með vöxtum og vaxtavöxtum hleður þetta utan á sig. Við erum komnir með langan skuldahala í flestum viðskiptafyrirtækjum okkar."

Og um leiðir til lausnar vandanum sagði Gunnar m. a., með leyfi forseta:

„Við erum að reyna að undirbúa okkur á allan hátt. Við verðum að vera tilbúin að minnka þjónustuna ef við fáum ekki aukið fé. Það má auðvitað lengja meðallegutímann og vera ekki með neina starfsemi um helgar. En auðvitað bitnar þetta á einhverju. Biðlistar lengjast og fleira mætti til taka. Og þá komum við að spurningunni: Hvað borgar sig fyrir þjóðfélagið? Það er nú svo með okkar þjónustu að við höfum kostnaðarhliðina fyrirliggjandi, en við getum aldrei reiknað það sem við skilum af okkur, þ. e. teknahliðina, í peningum."

Gunnar Sigurbjörnsson sagði enn fremur að sjúkrahúsið á Akureyri hefði fengið eins og aðrir 1% hækkun á daggjöldum í janúar. En það hefði verið reiknað út fyrir nokkru að til að geta staðið undir rekstrinum og jafnað skuldahalann þyrfti 25% hækkun að koma til. Og hann sagði að lokum:

„Heilsugæsluþjónustan á Íslandi er mjög góð og með því besta sem gerist meðal nágrannaþjóðanna. Ég þekki það af eigin reynslu. Auðvitað vilja allir halda góðri heilbrigðisþjónustu, en þá er einnig spurningin: Hvað viljum við leggja á okkur? Einhvers staðar frá verða peningarnir að koma."

Að síðustu, herra forseti, ætla ég að vitna í viðtal við einn af forstjórum sjálfseignarstofnunar. Það er viðtal sem var haft við Björn Ástmundsson forstjóra Reykjalundar. Hann byrjaði á að segja frá því í viðtali sínu, að það hefðu ekki verið gerðar neinar sérstakar rekstrarlegar breytingar, og taldi að um reikningslega skekkju væri að ræða hvað varðar daggjöldin. Síðan sagði hann, með leyfi forseta:

„Við erum komnir í þá stöðu gagnvart bönkunum að ég held að það verði ekki lengra komist. Við þurfum sennilega að fækka um 15 manns til að ná saman endum. Skuldir um áramótin í lífeyrissjóði, vegna þinggjalda o. fl. voru um 1.8 — 2 millj. kr. Þar er ekki meðtalið það sem hefur verið tekið úr eigin sjóðum og eðlileg rekstrarlán."

Hann var einn af mörgum, sem vitnaði í fund þann, sem Landssamband sjúkrahúsanna hélt nýverið, og skýrði frá því, að þar hefði verið leitað eftir svörum hæstv. heilbrmrh. Og hann sagði, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið hefur haldið því fram, að það hafi greitt allar kostnaðarhækkanir sem orðið hafa, en að þessi halli sé myndaður fyrir ákvarðanir og aðgerðir stjórnenda sjúkrahúsanna og sé okkar mál, það sé okkar hlutverk að snauta heim og lagfæra stöðuna. Ég tel að þarna sé um að ræða reikningslega villu, a. m. k. hvað varðar Reykjalund, og á von á að við fáum lagfæringu þar á, " sagði forstjórinn einnig.

Hann var einn af mörgum sem minntist á þá furðulegu vísitölu sem daggjaldanefnd notar og ríkisstj. virðist fara enn eftir. Og hann benti á það, sem bæði ég og aðrir þekkja úr viðskiptum sjálfseignarstofnana við daggjaldanefnd, að þessar stofnanir hafa margoft bent daggjaldanefnd á eitt og annað og komið með ábendingar og tillögur til úrbóta sem hefðu getað orðið nefndinni til hjálpar og reyndar ríkissjóði einnig ef eftir hefði verið farið, að ekki sé talað um stöðu viðkomandi stofnana.

Í viðtalinu við forstjóra Reykjalundar gerði hann að lokum daggjaldakerfið í heild sérstaklega að umræðuefni og sagði að sér hefði virst sú umræða furðuleg sem hefði verið undanfari þess frv., sem við erum að ræða hér í hv. deild, um að taka fleiri stofnanir inn á fjárlög. Hann benti sérstaklega á að það hefði komið til tals um Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri að taka það inn á fjárlög. Og forstjórinn á Reykjalundi sagði — með leyfi forseta — á þessa leið:

„Mér er daggjaldakerfið ekkert heilagt, en það er ekki búið að benda á neitt annað sem yrði betra. Þetta kerfi má lagfæra ef áhugi er á því. Það að taka sjúkrahúsin á föst fjárlög hangir ekkert saman við lækningu á peningastreyminu til stofnananna. Hér er að mínu mati fyrst og fremst fólgin hugmynd um miðstýringu á stjórnum sjúkrahúsanna, og það held ég að sé í takt við þau stjórnvöld sem nú sitja. Markmiðið er ríkisrekstur. Maður gæti haldið að þessi meðferð á daggjaldakerfinu sé ekki bein tilviljun," sagði þessi forstjóri að lokum.

Ég hef, herra forseti, talið af ásettu ráði rétt að birta álit þessara forstjóra sjúkrahúsa og sjúkrastofnana víðs vegar að af landinu til að sýna hv. þm fram á að það frv., sem hér liggur fyrir og við erum að ræða, er ekki sú allsherjarlausn vandamála sem sumir vilja láta í veðri vaka. Og ef þeir hinir, sem telja að einhver lausn sé fundin, efast um orð þessara manna leyfi ég mér að draga hér fram í þessar umræður enn eitt viðtalið, sem Morgunblaðið átti 4. mars við sjálfan framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, sem hér var vitnað til áðan af frsm. meiri hl. nefndarinnar, Davíð Á. Gunnarsson, en í fyrirsögn þessa viðtals segir, með leyfi forseta:

„Rekstrarskuldir ríkisspítalanna 12 millj. kr." Og síðan heldur hann áfram í þessu viðtali og segir: „eða sem nemur 1.2 milljörðum gkr., og þar af eru skuldir tveggja mánaða og eldri um 6 millj. kr."

Síðan er haft orðrétt eftir Davíð Á. Gunnarssyni framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, með leyfi forseta:

„Staðan er þannig, að við erum í skuld hjá öllum okkar viðskiptaaðilum, og það segir sig sjálft, að þetta er óskaplega erfiður og slítandi rekstur."

Í þessari sömu frétt er vitnað til þess sem ég hef hér áður verið að rekja, en það eru fjárhagserfiðleikar annarra sjúkrahúsa og sjálfseignarstofnana og spítala í eigu sveitarfélaga. En í þessu viðtali er haft eftir Davíð að staða ríkisspítalanna sé síst betri, svo það er ekki daggjaldakerfið sem þarna á sök á. „Ríkisspítalarnir eru á föstum fjárlögum, en hinar stofnanirnar fá daggjöld."

Framkvæmdastjóri ríkisspítalanna kemur með aðalskýringuna á þessari erfiðu rekstraraðstöðu ríkisspítalanna, sem hann segir réttilega vera verðbólguna og föst fjárlög væru ekki bætt nógu hratt til að ná hraða hennar. Síðan segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Allt frá árinu 1978 hefur verið gífurlega mikið aðhald í öllum rekstri og við höfum reynt að spara eins og við höfum framast getað. Það hefur tekist á sumum

sviðum, en á öðrum hefur ríkissjóður ætlast til þess að við værum fljótari til en við höfum ráðið við. Útkoman er sú, að við sitjum uppi með þennan vanda og það munar a. m. k. 2—3% á því, sem okkur er áætlað, og því sem við sjáum nokkurn minnsta flöt á að lifa við," sagði framkvæmdastjóri ríkisspítalanna að lokum.

Ef það er rétt, og það vil ég leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrmrh. nú um, að daggjaldanefnd hafi gert þá tillögu til ríkisstj. að það væri nóg að hækka daggjöld um það sem næmi u. þ. b. 1% frá því sem var seint á liðnu ári, hafandi það fyrir framan sig, sem hefur komið fram í þessum viðtölum við forstöðumenn og stjórnendur þessara stofnana, að hallinn væri frá 3—6 og upp í 18—19% eða að meðaltali 12.5%, þá verður að álíta að daggjaldanefnd sé ekki starfi sínu vaxin. Hins vegar virðist það fara nokkuð milli mála, hvort daggjaldanefnd hafi gert þessa tillögu eða hvort þessi tillaga hafi orðið til hjá hæstv. ríkisstj. og hún hafi verið með þessu að koma á móti eigin draumaóskum um niðurtalningu, sem hefur ekki staðist og stenst ekki frekar en annað af því sem ríkisstj. hefur lofað í sambandi við verðbólguþróun hér í landi. (**Félmrh.:** Vill hv. þm. greina nánar frá því, hvaða tillögu hann á við, hvenær hún er dagsett.) Ég hef einhvers staðar séð það svart á hvítu hvenær talið er að þessi tillaga hafi komið fram, hæstv. ráðh. En spurning mín er honum ljós og hann á að geta svarað með jái eða neii, hvort daggjaldanefnd hafi gert þessa tillögu til hans og hans rn. um hækkun upp á 1.1% um áramót. Síðan getur hann talað um það frekar í stólnum á eftir og svarað þeim spurningum. (**Félmrh.:** Þm. getur ekki svarað minni spurningu?) Ég get gert það ef óskað er frekar, en ég mundi hins vegar þá vera að brjóta trúnað sem ég tel mig vera bundinn, og þess vegna vil ég frekar að hæstv. ráðh. skýri frá þessu sjálfur. (Gripið fram í.) Ég er ekki orðlaus í þessu máli, hæstv. ráðh., og bendi áfram á að það er ekki nóg að hafa nóg af orðum — og þá vitna ég enn til þess sem ég var að vitna til um loforð ríkisstj. ekki aðeins á þessum sviðum, heldur á öllu verðbólgusviðinu, sem þið hafið ekkert ráðið við og munuð ekkert ráða við. Þið hafið vafið tungu um höfuð ykkar í loforðaglamri um niðurtalningu í 40%, niðurtalningu í 35%. Þið hafið lofað að við yrðum komnir á verðbólgustig nágrannaþjóðanna eftir tveggja ára stjórnarferil — og hvar stöndum við nú? Óðaverðbólga fram undan, óðaverðbólga að baki og óðaverðbólga í dag. Það er ekki í samræmi við það sem þið lofuðuð, hæstv. ráðherrar, í stjórnarsáttmála ykkar.

Sé aftur snúið að máli málanna, en ekki verið að svara tungulipurð hæstv. ráðherra, þá veit ég að hv. þm. spyrja: Er þá engin bót að því að bæta við fjárlagakerfið eða m. ö. o. að gera þá breytingu sem lagt er til með þessu frv.? Ég hef þegar og við í minni hl. heilbr.- og trn. látið álit okkar í ljós um það í nál. Ég skal viðurkenna að það yrði ekki til skaða og það mundi ekki valda neinu tjóni þó að eitt sjúkrahús til viðbótar hefði verið tekið beint inn á fjárlög á sama hátt og gert hefur verið við ríkisspítalana og að þetta sjúkrahús yrði t. d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. En til þess að það verði hægt fyrir fjvn. og okkur hér á Alþingi að gera okkur grein fyrir því, hvort það sé til bóta eða ekki, finnst mér að þurfi að setja eitt skilyrði áður en það yrði gert. Það er að á milli þessara stofnana, ríkisspítala og væntanlegra sjúkrahúsa, sem fara undir þetta kerfi inn á fjárlög, og allra annarra stofnana, sem búa við daggjaldakerfið, sé sambærilegt bókhald og uppsetning bókhalds hjá öllum þessum stofnunum svo að það megi lesa úr því og gera samanburð á milli, hvort við séum á réttri leið með þeim breytingum sem teknar eru upp, og að sjálfsögðu líka til að geta gert samanburð á einstökum þáttum í rekstri þessara stofnana. En við fetum okkur auðvitað ekki áfram með tilviljunarkenndum aðgerðum hverju sinni, eins og oft og tíðum virðist eiga sér stað í sambandi við þessi mál. Ef þetta er ekki gert er þetta frv. hreinlega upp í vindinn og ekkert nema pappírsgagn.

Í frv., sem við erum að ræða, er ekki talað um eitt sjúkrahús, eins og við höfum oft heyrt talað um á göngum Alþingishússins og reyndar kom fram í viðræðum okkar í heilbr.- og trn., Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hér á, að því er virðist, að vera á valdi ríkisstjórnar á hverjum tíma að kippa sjúkrahúsum inn í fjárlög eða út, ef þeim þóknast, allt eftir því hvernig stendur í bólið hjá viðkomandi ráðh. hverju sinni. Það eru engin ákvæði um það. (**Gripið fram í:** Samkvæmt fjárlögum hverju sinni, hv. þm.) Já, við vitum nú hvernig meiri hl. fjvn. starfar þegar sterkir ráðherrar eiga í hlut, eins og hæstv. heilbrmrh. er, og hafa gott vald á sínu liði. Við vitum hvernig hann stjórnar því af skörungsskap og höfðingsskap eins og honum og félaga Lenin hefur einum verið í lófa lagið síðustu áratugina.

Það vita að sjálfsögðu allir að vitneskjan um þennan mikla rekstrarhalla hjá sjúkrahúsunum hefur ekki verið neitt einkamál og lokast inni hjá daggjaldanefnd, heldur hefur hæstv. ráðh. verið fullkunnugt um þennan halla. Það kom einmitt skýrt fram á þessum fundi, sem haldinn var á vegum Landssambands sjúkrahúsa og stjórn þeirra samtaka sá ástæðu til að boða og ég hef vitnað til áður.

Það hefur komið fram í þeim tilvitnunum, sem ég hef hér lesið og bent á, hvað er að gerast og hvernig ástandið er á sjúkrahúsunum, ekki aðeins hér á höfuðborgarsvæðinu, heldur um allt land. Ég vitnaði til forstjóra sjúkrahúsa um allt land. Ég geri hins vegar ekki ráð fyrir að allir hv. þm. geri sér grein fyrir því, að hér á höfuðborgarsvæðinu hefur ríkt neyðarástand á fleiri sviðum en í hjúkrunarmálum aldraðra. Það hefur nefnilega líka verið í sjúkrahúsmálum okkar. Álagið á bráðavöktum stóru sjúkrahúsanna er orðið svo mikið að þau anna því mjög illa. Það aukast stöðugt yfirlagnir á deildum og veikir sjúklingar bíða á skoðunarherbergjum, baðherbergjum og göngum bara til þess að hægt sé að taka á móti þeim. Ég geri mér grein fyrir því, að ég held að þeir, sem hafa kynnt sér þessi mál, geri sér grein fyrir því, að þetta stafar líka og kannske einna helst af því, að það er skortur á hjúkrunarrými fyrir langlegusjúklinga, sem vonandi mun rætast úr á næstu misserum, og þess vegna hrannast slíkir sjúklingar upp á sjúkrahúsunum. En það lengjast sífellt biðlistar fólks sem þarf að komast til skurðaðgerða og rannsókna, sem oft er mikil nauðsyn á. Þetta veldur að sjálfsögðu miklu álagi á starfsfólk þessara stofnana, og það hefur ekki bætt úr hvernig staðið hefur verið að launamálum hjúkrunarliðs sem hefur orðið til að auka á þennan vanda.

Ég hef bent á það í því viðtali, sem ég vitnaði til og átt var við framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, að þótt talið væri, að ríkisspítalarnir losnuðu úr öllum vandræðum við að komast inn á fjárlög, var svo ekki. Hins vegar virðist vera miklu betra fyrir ríkisspítalana að fá neyðarhjálp en aðrar stofnanir sem búa við daggjaldakerfið.

Það hefur komið fram í greinaskrifum manna um þessi

mál að undanförnu og réttilega bent þar á að það er daggjaldanefnd með sína yfirverðlagsnefnd — ríkisstj. — sem ákvarðar tekjur til sjúkrahúsanna með daggjöldunum. En útgjöldin verða að sjálfsögðu til við hinn daglega rekstur og þegar er ljóst af því, sem hér hefur verið sagt, að þessir liðir standast ekki á. Þá virðist ekki vera nema tvennt sem veldur. Annaðhvort eru tekjurnar of lágar eða útgjöldin of há, sem má vissulega stundum rekja til þess, að reksturinn sé slæmur. En það eru fleiri en ég sem þekkja það af persónulegri reynslu, og það eru fleiri en ég sem hafa staðið í slíkum rekstri, sem eru orðnir fullir tortryggni á störf daggjaldanefndar. Sú tortryggni mín hefur komið áður fram og hana hef ég látið í ljós bæði við viðkomandi ráðh. á þeim tíma og eins opinberlega.

Það er daggjaldanefnd sem á að ákvarða daggjöld í samræmi við eðlilegan rekstrarkostnað. Þessi eðlilegi rekstrarkostnaður kemur fram og er til athugunar hjá daggjaldanefnd eftir að sjúkrahúsin hafa sent inn reikninga sína og áætlanir. En það er engu líkara en nefndin taki ekkert tillit til þess sem kemur frá þessum stofnunum þótt þar sé oft og tíðum notaður mikill mannafli og langur tími til að koma miklu magni upplýsinga frá sér til daggjaldanefndar.

Það þarf í sjálfu sér ekki að undra þótt svona fari hjá daggjaldanefnd. Ég hef sjálfur hér á Alþingi ítrekað borið blak af störfum þessarar nefndar vegna þess að nefndin hefur aldrei fengið þau starfsskilyrði sem henni eru nauðsynleg. Hvort það er vegna þess, að yfirmenn hennar í viðkomandi ríkisstjórnum hafi einhverjar duldar óskir um að með því að virða daggjaldanefnd að vettugi og störf hennar muni fyrr eða síðar takast að koma öllu kerfinu undir miðstýringu ráðh., skal ég láta ósagt um, en að það skuli geta hent slíka opinbera nefnd, sem skipuð er samkv. lögum og vinna á samkvæmt þeim, að hún vinni eftir svokallaðri vísitölu sjúkrahúskostnaðar, sem var reiknuð og fundin út á fjórum árum að vísu eða frá árunum 1964—1968, og tekin í notkun á árinu 1968, er næsta óskiljanlegt, hafandi í huga að grundvelli þessarar vísitölu hefur ekki verið breytt síðan nema að mjög litlu leyti.

Þá endurtek ég það sem ég sagði áðan, að of há útgjöld þessara sjúkrastofnana, sem svo aftur skapar rekstrarhalla, þurfa ekki að stafa af því, að reksturinn sé slæmur hjá viðkomandi stofnunum. Þetta getur stafað af því, að það hafi átt sér stað rekstrarbreyting á árunum 1980 og 1981 hjá viðkomandi stofnun. Þær breytingar þurfa ekki að vera miklar, en stafa í mörgum tilfellum af nýjum kjarasamningum, en í kjölfar þeirra verður oft um fjölgun starfsfólks að ræða, sem stjórnendur viðkomandi stofnana ráða alls ekki við, enda þessir samningar í flestum tilfellum í höndum fjmrn., eins og ég hef þegar bent á og vitnaði til samninganna við lækna sem eins dæmis. Ég bendi enn á að þessar stofnanir hafa ekki neitt um það að segja hverngi niðurstöður þessara samninga hafa orðið, og sama má reyndar segja um ýmiss konar félagsmálapakka, bæði góða og slæma, sem hafa haft mikil áhrif á þennan rekstur, eins og ég hef reyndar þegar komið að. Það er einn af hæstv. ráðh. ríkisstj., sjálfur hæstv. fjmrh., sem hefur í sambandi við þessi mál staðið í sömu sporum og Þorsteinn Pálsson framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins stendur ella.

Önnur ástæða þessa rekstrarhalla er að sjálfsögðu sú, að vísitölugrundvöllurinn er orðinn úreltur. Ég hef bent á það líka. Þessi breyting hefur verið gífurlega mikil á síðustu árum, m. a. vegna verðbólgunnar.

Við getum þá komið að þeirri spurningu, sem við vorum rétt að byrja að hreyfa í hv. nefnd þegar ekki mátti vera að því að ræða það lengur, af hverju þessi vísitölugrundvöllur sjúkrahúskostnaðar mælir hækkanir á verðlagi ranglega. Ég veit að hæstv. heilbrmrh. veit þetta vel. Hann hlýtur að vera búinn að kynna sér málið. Það er ekki svo sjaldan sem hann hlýtur að vera búinn að fá í hendur frá daggjaldanefnd og öðrum upplýsingar, skoðanir, ályktanir og tillögur um breytingar, bæði frá sjálfseignastofnunum og að sjálfsögðu frá ýmsum sjúkrahúsum, á þessum grundvelli.

Það fyrsta, sem veldur þessu, er að vísitölugrundvöllurinn er ekki endurnýjaður nógu oft. Það verður aldrei nógu oft bent á það. Þetta þýðir að hann mælir ekki rétt vægi einstakra rekstrarliða, sem hafa breyst í rás tímans, eins og vægi launa. Það vægi hefur vaxið mjög á undanförnum árum vegna styttingar vinnutíma og ýmiss konar hlunnindi, sem hefur verið samið um á þessum árum, og hefur sumt af því tæplega komist inn í þá útreikninga, svo sem þarft og skylt er.

Í öðru lagi er þessi vísitölugrundvöllur allt of einfaldur, tekið tillit til allt og fárra rekstrarþátta sjúkrastofnana í honum. Við í minni hl. heilbr.- og trn. bendum á þetta í okkar nál., og við bendum m. a. þar á þá gerbreytingu sem hefur orðið við tilkomu dagvistarstofnana, göngudeilda og fleiri nýjunga í rekstri heilbrigðisstofnana.

En þriðja atriðið, sem ég vil benda á og ég tel vega hvað þyngst til álösunar á störf daggjaldanefndar eða ríkisstj., sem í raun er yfirverðgæslustofnun þessara mála, er að það skuli einungis notaður einn vísitölugrundvöllur fyrir allar þessar stofnanir, allar sjúkrahúsastofnanir landsins. Það er auðvitað öllum ljóst, að það er mjög ólík samsetning rekstrarliða á sjúkrahúsi, þar sem t. d. vægi hárra launa er verulegt, og hjúkrunarheimila, þar sem vægi hárra launa er miklu minna, en vægi hinna lágu launa mjög verulegt. Á þetta hefur margoft verið bent og þarf enginn yfirmaður heilbrigðismála að auglýsa eftir tillögum um úrbætur á þessu sviði. Þær tillögur hafa legið fyrir hjá viðkomandi ráðh. og rn. árum saman. Þetta hefur komið til daggjaldanefndar jafnframt að sjálfsögðu í því tillöguformi að daggjaldanefnd setti upp fleiri reiknilíkön en þetta eina úrelta líkan sem hún virðist hafa notað frá því á árinu 1968.

Það þarf ekki að undirstrika að í þessum viðtölum, sem ég vitnaði til, leiðir það af sjálfu sér, að ef hallarekstur á annað borð verður hjá einni sjúkrastofnun leiðir það til enn frekari hallarekstrar vegna vaxandi vaxtabyrða og óhagkvæmari innkaupa. Þetta er gamla sagan um öll fyrirtæki. En ég hef bent á það hér mjög skýrt með viðtalinu við framkvæmdastjóra ríkisspítalanna, að frávarf frá daggjaldakerfinu til svonefnds fjárlagakerfis leysir engan rekstrar- eða fjárhagsvanda sjúkrastofnana — nema þá, eins og virðist vera komin fram ósk um frá heilbrigðisyfirvöldum, að gera það á kostnað gæða og magns í heilbrigðisþjónustunni.

Við segjum í okkar nál. og teljum, að daggjaldakerfið eins og það er eigi að leggja niður, en taka upp nýtt greiðsluform til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem m. a. byggist á því að greiða hverja þá þjónustu, sem þar er innt af hendi, í stað þess að miða greiðslu við nýtingu rúma. Ég geri mér grein fyrir að þetta muni að sjálfsögðu taka einhvern tíma, en það má

vissulega betrumbæta daggjaldakerfið tiltölulega fljótt þannig að það gæti hagsmuna beggja aðila betur en það gerir. Það á að gera á meðan það er skoðað nákvæmlega og þá í samráði við þá sem best þekkja til hvernig og að hverju eigi að stefna í þessum málum. Ég tek það fram, að ég hef í sjálfu sér ekki á móti því, að til þess að eðlilegur samanburður fáist verði einu sjúkrahúsi, Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, bætt við inn á fjárlagakerfið, eins og ríkisspítalarnir hafa verið settir, og þá með tilliti til þess, sem ég hef þegar sagt, að samræmt verði bókhald allra eða sem flestra heilbrigðisstofnana svo að eðlilegur samanburður fáist.

Ég bendi enn á að það megi endurbæta daggjaldakerfið, og það á að gera strax. Ég tel t. d. sjálfsagt að breytt verði um stjórnun daggjaldakerfisins. Það er óeðlilegt að þar skuli aldrei komast að til ákvarðanatöku fulltrúar þeirra sem standa fyrir rekstri svokallaðra sjálfseignarstofnana. Samkv. 46. gr. almannatryggingalaganna skipa eftirtaldir aðilar einn aðila í nefndina: fjmrh., Tryggingastofnun ríkisins, Samband ísl. sveitarfélaga, Landssamband sjúkrahúsa og heilbr.- og trmrh. Tryggingastofnunin á fulltrúa og er undir stjórn heilbr.- og trmrh., sem skipar einn, og einn fulltrúi er frá fjmrh. Þessir þrír aðilar mynda meiri hluta sem fulltrúar ríkisvaldsins. Þetta segi ég og undirstrika vegna þess að ég er einn af þeim sem telja að sjálfsögðu ekkert vit í því, að einn eða annar aðili fái sjálfsafgreiðslurétt úr sjóðum almennings. Ég tel hins vegar að í vissum tilfellum, og þá er það í framhaldi af öðrum breytingum sem þurfa að koma til, ætti t. d. fulltrúi Landssambands sjúkrahúsa eða Sambands ísl. sveitarfélaga að víkja úr nefndinni þegar fjallað er um annarra mál en þeirra sem þá varða. Við þekkjum þetta úr annarri löggjöf og hefur reynst vel þar. Þetta mætti gera til skiptis eftir því hverjir eiga í hlut, en þetta fylgir auðvitað í kjölfar þeirrar eðlilegu ráðstöfunar að fjölga reiknilíkönum sem daggjaldanefnd dregur lærdóm af.

Til viðbótar þessu þarf að sjálfsögðu að endurskoða vísitölugrundvöllinn á nokkurra ára fresti og hafa í huga að þeim þurfi jafnvel að fækka aftur að fenginni reynslu. Það hefur komið fram hjá þeim stjórnendum, sem ég hef vitnað til, að þeir telja ekki að ríkisvaldið vanti upplýsingar í sambandi við rekstur sjúkrahúsanna, en þeir telja hins vegar að ríkisvaldið skilji ekki upplýsingarnar sem það fær, — og er verst að hæstv. ráðh. er farinn úr salnum.

Ég hef bent á það annars staðar, að ég tel að þetta skipulag daggjaldanefndar geti byggst á sama grundvelli og í dag og jafnvel þurfi ekki að bæta við starfsfólki á hennar vegum þótt mjög sé brýnt og nauðsynlegt að vinna þau verk sem hér hefur verið getið um. Það er vel hægt að koma því þannig fyrir að fyrirtæki, sem eru sérhæfð til slíks, sjái um að vinna úr upplýsingum, sem frá sjúkrastofnunum koma, og kanna sérstaka þætti í rekstri þeirra og bókhaldi. Það eru til sérhæfð rekstrarfyrirtæki sem geta unnið slíka vinnu. En það er sjálfsagt að daggjaldanefnd hafi nú þegar liði á að skipa sem getur unnið slík störf sjálfstætt og þá ekki aðeins við stofnanir, sem búa við daggjaldakerfi, heldur einnig við þær stofnanir, sem starfa eftir fjárlagakerfinu, og sé þannig hinn sérfræðilegi aðili sem ráðleggur fjárveitingavaldinu hvað gera skuli hverju sinni.

Það má með réttu segja að ekkert fjárhagslegt sjálfstæði sé til hjá þeim stofnunum sem hér hefur verið rætt um. En það er enginn vafi á að að þeim verður enn þrengt í miðstýringarátt ef fjárlagakerfið verður tekið upp því þá mun ýmiss konar ákvarðanataka, sem hefur verið í höndum sjúkrastofnananna sjálfra, flytjast til heilbrmrn. og fjmrn., til þeirra pólitísku aðila sem þar starfa í nafni hinna pólitísku ráðherra á hverjum tíma. Má ætla að það sé einmitt vilji núverandi stjórnvalda og má sjá það á mörgum sviðum.

Ég kem þá að einu atriði sem hefur valdið nokkurri deilu, en til að fyrirbyggja allan misskilning vil ég taka það fram, að mín skoðun er sú, að það séu ákveðnir þættir, sem nú falla undir daggjaldafyrirkomulagið hjá öllum stofnunum, sem eigi að setja undir fjárlög. Ég á þar við sumt af tækjakaupum og máske meiri háttar viðhald líka. En þá tel ég ekki að það eigi að fara niður í smáar upphæðir, heldur miðast við ákveðna lágmarksupphæð og það, sem þar sé fyrir neðan, falli undir rekstrarkostnað, sem sagt að upphæðir, sem eru fyrir ofan ákveðið mark, verði settar á fjárlög, en minni upphæðir verði hluti hins almenna rekstrarkostnaðar.

Það kom fram hjá nefndinni einnig, og á það hefur ekki verið minnst hér enn þá, að ég og fleiri teljum skilyrðislaust að viðkomandi sveitarfélög eigi að halda áfram sinni eignaraðild og meðábyrgð í stjórn viðkomandi sjúkrahúsa. En ef við höldum okkur við þá stefnu verðum við auðvitað að gera okkur grein fyrir því, að til þess að svo geti orðið þarf að flytja fjármuni frá ríki til sveitarfélaganna á annan hátt en hæstv. ríkisstj. stefnir nú að með þeim dúsufrv. sem hér eru flutt nær daglega. Ég held að sameiginleg ábyrgð ríkisvaldsins og sveitarfélaganna sé mjög nauðsynleg í sambandi við stjórnun þessara sjúkrahúsa, sem eru víðs vegar um landið.

Herra forseti. Ég fer nú að stytta mál mitt, en ég vil samt að lokum benda á að þm. ættu að hafa það í huga, að launakostnaður á þessum stofnunum er nú um 70% af rekstrarkostnaði. En mig langar í lokin að vitna í viðtal sem átt var við yfirlækni Landakotsspítala, Ólaf Örn Arnarson, en hann sagði í niðurlagi viðtalsins á þessa leið, með leyfi forseta:

„Árið 1980 var rekstrarhalli Landakotsspítala 13.3% af nettógjöldum. Á því ári var verðbólga 59%. Vísitala sjúkrahúskostnaðar hækkaði það ár um 50.5%. Hvernig í ósköpunum fær staðist að verðbólgan hafi verið allt önnur á sjúkrahúsum landsins en annars staðar í þjóðfélaginu veit ég að enginn heilvita maður fær skilið. Landakotsspítali sendi á sínum tíma til daggjaldanefndar rekstraráætlun fyrir árið 1980. Þar var gert ráð fyrir lítils háttar aukningu í rekstri í fullu samráði við heilbrmrn. Þegar reikningar ársins voru gerðir upp kom í ljós að það vantaði 0.7% upp á að áætlanir stæðust. Það eina, sem fór úr skorðum, voru tekjur þær sem daggjaldanefnd ákvarðaði. Þær ákvarðanir virðast hafa verið byggðar á þessari furðulegu vísitölu, sem ekki er í neinu samræmi við veruleikann. Heilbrmrh. hefur raunar staðfest álit hagsýslustjóra um vísitöluna með þeim ummælum að hún sé allt of mikil einföldun á rekstrarkostnaði eins og hún nú er. Hann dregur hins vegar rangar ályktanir þegar hann telur að halli stafi af rekstrarbreytingum sem ekki hafi hlotið samþykki yfirvalda. Aðgerðir stjórnvalda hljóta að leiða til þess, að verulegur samdráttur verður í rekstri flestra sjúkrahúsa landsins. Það er ekki hægt að skera niður kostnað án þess að það komi einhvers staðar niður.

Svo vill til, að nefnd skipuð af heilbrm.- og fjmrh.

hefur verið falið að kanna starfsmannahald sjúkrahúsa. Þessi nefnd hefur kynnt sér rekstur nokkurra sjúkrahúsa, þ. á m. Landakotsspítala. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú, að hún gerir engar athugasemdir við fjölda starfsfólks eins og hann er í dag. Hvernig er mögulegt að lækka kostnað um 10—15% án þess að fækka starfsfólki og þar með draga úr þjónustu? Niðurstaða mín er sú," segir yfirlæknirinn að lokum, „að daggjaldanefnd hafi algerlega brugðist í starfi sínu. Hún leggur til grundvallar ákvörðunum, sem snerta mikilvægasta þátt þjóðlífsins, kolvitlausa vísitölu, sem kemur ekkert nálægt raunveruleikanum, og stjórnvöld taka síðan ákvarðanir sem byggðar eru á þessum vitlausa grunni, svo ekki er von til að vel fari. Heilbrmrh. sagði á framangreindum fundi Landssambands sjúkrahúsa, að íslenska heilbrigðiskerfið þyldi fyllilega samanburð við heilbrigðiskerfi nágrannalanda okkar. Ég er ekki viss um að þessi fullyrðing fái staðist eftir að ráðh. og félagar hans hafa farið höndum um það, ef svo fer sem horfir."

Þetta voru orð yfirlæknis Landakotsspítala sem ég var hér að vitna til. Síðasta hækkun á daggjöldum varð í byrjun apríl, en með þeirri hækkun, sem var að meðaltali rúm 13%, mun með tilliti til þeirra hækkana, sem urðu almennt 1. apríl, koma með um 5% meðaltalshækkun á þeim grunni sem gilti á s. l. ári á móti 12.5% meðaltalshalla, þannig að við sjáum að þrátt fyrir þá hækkun, sem ríkisstj. hefur leyft frá síðustu mánaðamótum, heldur enn þá áfram að stefna í sömu ófæruna.

Ég held að það hefði verið gott ef hæstv. heilbrmrh. hefði ekki verið eins og fló á skinni þegar verið er að tala um þessi mál og vitna í orð sérlærðra manna á þessum sviðum sem hafa sagt honum til syndanna og ég flyt hér inn í þingtíðindi fyrir hv. þm. Hann ætti að taka til athugunar það sem við leggjum til, minni hl. heilbr.- og trn., að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Ef sú till. nær ekki fram að ganga munum við flytja brtt. við frv. fyrir 3. umr., m. a. þess efnis, að það verði einn ákveðinn spítali, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, sem lögin eigi við ef frv. verður samþykkt.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég skrifaði undir nál. meiri hl. heilbr.- og trn. með fyrirvara og mun skýra ástæður mínar til þess.

Það kerfi, sem við búum við í dag varðandi önnur sjúkrahús en ríkisspítalana, daggjaldakerfið, er á ýmsan hátt gallað, eins og mjög vel kom fram hjá síðasta hv. ræðumanni. Höfuðgallinn er sá, að það hvetur ekki sem skyldi til sparnaðar í rekstri. Það ýtir undir — og það er reyndar grundvallaratriði fyrir afkomu sjúkrahúsanna — að öll sjúkrarúm séu ævinlega nýtt, þótt það sé ekki sjúklinganna vegna í öllum tilvikum bráðnauðsynlegt. Og það verkar letjandi á þá þróun að taka upp göngudeildarstarfsemi í auknum mæli, en hún byggist á því að veita sem allra mesta og besta þjónustu án þess að leggja fólk inn á sjúkrahús. Göngudeildarstarfsemin hlýtur að vera þjóðhagslega mjög hagkvæm, en til hennar er allt of lítið tillit tekið við ákvörðun daggjalda.

Auðvitað mætti bæta daggjaldakerfið og það mætti taka upp nýtt greiðsluform, eins og minni hl. heilbr.- og trn. talar um í nál. sínu. Það er að greiða fyrir veitta þjónustu í stað þess að miða alfarið við nýtingu sjúkrarúma.

Í því frv., sem hér er til umr., er lagt til að taka megi fleiri sjúkrahús en ríkisspítalana inn á föst fjárlög. Fyrir nokkrum árum voru ríkisspítalarnir fluttir af daggjaldakerfinu og inn á fjárlög, mig minnir að það hafi verið 1976. Ég tel að við þetta hafi sparast, miðað við óbreytta þjónustu, einhvers staðar á bilinu 3—5% af rekstrarkostnaði. Þótt þetta þyki e. t. v. ekki há prósentutala er hér um mjög miklar fjárupphæðir að ræða. Í framkvæmd hafa bæði kerfin reynst illa að því leyti, að stjórnvöld hafa ekki viðurkennt staðreyndir um verðbólguþróunina, ekki tekið nægilegt tillit til hennar, eins og mjög greinilega kom fram í máli hv. 1. landsk. þm.

Daggjaldanefndin ákveður ársfjórðungslega daggjöld og þá miðað við verðlag þann daginn, sem ákvörðun er tekin, og miðað við vísitölur sem eru meira og minna úreltar. Síðan þarf ríkisstj. að fjalla um málið og það getur dregist svo og svo lengi, stundum svo vikum og mánuðum skiptir. Á næstu þremur mánuðum hækkar svo allur tilkostnaður vegna verðbólgu og af ýmsum öðrum ástæðum, fjölgun sjúklinga o. s. frv. Seint og um síðir og ekki fyrr en reikningar viðkomandi sjúkrahúsa liggja fyrir viðurkennir daggjaldanefnd kostnaðaraukann með ákvörðun svokallaðra halladaggjalda. Kerfið býður því upp á mikinn uppsafnaðan vanda þeirra sem sjúkrahúsin reka, og alltaf hleður sá vandi utan á sig, að ekki sé talað um þegar ríkissjóður hættir að greiða þau halladaggjöld sem þá var búið að ákveða, eins og gerðist í fyrsta sinn, að ég veit til, s. l. sumar. Þá var hætt að greiða halladaggjöld vegna þess að fjárveiting var búin. Þá skipti engu máli hvort sjúkrahúsin stóðu uppi með hallann óbættan eða ekki. M. ö. o.: vandanum var í enn ríkari mæli en áður velt yfir á rekstraraðila sjúkrahúsanna og annarra daggjaldastofnana.

Rétt er að benda á það hér, þótt flestir viti það, að ríkissjóður greiðir aldrei vexti af skuldum sínum við aðra aðila, hvað þá dráttarvexti, ekki heldur af skuldum sínum við sveitarfélög, þótt hinn sami ríkissjóður sé fljótur að beita dráttarvöxtum af mikilli hörku við þessi sveitarfélög og það þótt ríkissjóður skuldi sömu sveitarfélögum miklu meira. Þarna er ójafnaði beitt af mikilli hörku. Með alla þessa reynslu af viðskiptum sínum við daggjaldanefnd og ríkissjóð í huga er ekki nema von að rekstraraðilar sjúkrahúsa séu tortryggnir á allar breytingar. Þeir halda einfaldlega að ríkissjóður sé enn að færa sig upp á skaftið og ætli sér að svindla enn meira en áður á rekstraraðilum sjúkrahúsanna og daggjaldastofnunum. Í sjálfu sér batnar þetta hvorki né versnar við það að fara frá daggjaldakerfi yfir á föst fjárlög, eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm.

Það, sem vantar, hvort kerfið sem notað er, eru traustar rekstraráætlanir, sem daggjaldanefnd staðfestir, og síðan að staðreyndir um verðbólguþróun séu viðurkenndar. Það þýðir t. d. ekki að hæstv. fjmrh. semji við lækna á þann veg að útgjöld sjúkrahúsanna af þeim mikla útgjaldalið vaxi um 30% eða þar um bil, eins og gerðist s. l. ár, og svo viðurkennir sami hæstv. ráðh. ekki þann kostnaðarauka með því að fallast á hækkun daggjalda sem því nemur. Það þýðir ekki að nota úreltar vísitölur. Það þýðir ekki að nota framfærsluvísitöluna, það þýðir ekki að nota verðbótavísitöluna og það af síður reiknitölu fjárlaga, en þetta eru þeir viðmiðunarliðir sem daggjaldanefndin hefur notað. Það verður að viðurkenna staðreyndir. Það hefur ekki verið gert, eins og mjög rækilega kom fram í máli hv. 1. landsk. þm.

Það þýðir ekki heldur að skrifa framkvæmdastjórum sjúkrahúsanna leynibréf og krefjast sparnaðar nema

benda á sparnaðarleiðir. Ef ætlunin er að skerða þjónustuna verður að viðurkenna það. Það þýðir ekki heldur að lækka greiðslur til sjúkratrygginganna um 20 millj. kr., eins og var gert fyrir nokkrum vikum í lánsfjárlögum, á sama tíma og rekstur sjúkrahúsanna og annarra heilbrigðisstofnana er að stöðvast vegna fjárskorts. Er hugmyndin að níðast enn meira en áður á sveitarfélögunum og öðrum rekstraraðilum sjúkrahúsanna og daggjaldastofnananna? Það er stóra spurningin, og það dettur mörgum áreiðanlega í hug. Aðalatriðið í þessum málum öllum, hvort kerfið sem notað er, eins og ég kom inn á áður, er að gera raunhæfar rekstraráætlanir og viðurkenna síðan staðreyndir um kostnaðarhækkanir.

Þó að sú breyting, sem áætluð er með því frv. sem hér er til umr., bæti ekki af sjálfu sér þá vankanta, sem nú eru á framkvæmd daggjaldakerfisins, og ekki heldur þá vankanta, sem eru á framkvæmd hins kerfisins þ. e. ríkisspítalanna, þá tel ég samt að það beri að fallast á þetta frv. og beri til að byrja með — og þess vegna kemur minn fyrirvari — að taka eitt sjúkrahús, t. d. Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, eins og kom fram hjá hv. 1. landsk. þm., til reynslu af daggjaldakerfinu yfir á föst fjárlög.

Ástæða mín fyrir þessari afstöðu, fyrir þessum fyrirvara, er sú að ég vil að bæði rekstraraðilar sjúkrahúsanna og aðrir sjái hvaða reynsla verður af þessari breytingu á einu sjúkrahúsi, og þá verður auðvitað að nota tölur og reiknilíkön sem allir geta treyst.

Herra forseti. Ég tel, að nauðsyn beri til að endurskoða bæði kerfin, og tek að því leyti mjög undir sjónarmið minni hl. heilbr.- og trn., bæði daggjaldakerfið og beinu framlögin, með það markmið að fá fram sem besta þjónustu fyrir sem minnst verð. Í því sambandi er einnig nauðsynlegt að auka verkefnaskiptingu milli sjúkrahúsanna og hvers konar samvinnu þeirra í milli. Ég tel að spara megi mjög miklar upphæðir með því að koma þar á góðu skipulagi. Ég tel reyndar að það þurfi að endurskoða allt skipulag þessa mjög svo mikilvæga málaflokks.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 453 skrifa ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ástæður þess eru að mörgu leyti svipaðar því sem hv. þm. Magnús H. Magnússon lýsti áðan. Ég tel að núverandi daggjaldakerfi hafi reynst illa í framkvæmd, þ. e. að sjúkrastofnanir hafi orðið að beita öllum tiltækum ráðum til þess að tryggja sem besta nýtingu rúma svo að nokkur fjárhagslegur grundvöllur væri fyrir hendi við rekstur stofnunarinnar. Einkum er þetta svo vegna þess, hve daggjöld hafa verið ákveðin lág og ákvörðun um þau tekin seint, yfirleitt ekki fyrr en allt er komið í óefni. Þá er bætt við svokölluðu halladaggjaldi, sem er að vísu farið að hætta vegna skorts á fjárlagaheimild, til þess að greiða halla síðasta árs, en lítið eða ekkert tillit tekið til þess fjármagnskostnaðar sem áfallinn er, en það hlýtur að segja sig sjálft að slíkt gengur ekki til lengdar í 40 — 50% verðbólgu.

Annaðhvort verður því að breyta daggjaldakerfinu sjálfu eða eitthvað annað að koma í staðinn. Er hugsanlegt t. d. að meta þjónustu og greiða sérstaklega fyrir hana? Ég er hins vegar ekki sannfærður um að sú aðferð, sem lagt er til í þessu frv. að taka upp, þ. e. að taka sjúkrastofnanir inn á fjárlög, sé sú lausn sem við þurfum að finna. Í því sambandi vil ég benda á m. a. að komið hefur fram í blaðafréttum nú nýverið að ríkisspítalarnir, sem eru inni á fjárlögum, eru þegar komnir í fjárvöntun upp á 17 millj. kr., og það er ekki nema apríl liðinn af þessu ári enn. Ég verð að viðurkenna að fenginni eigin reynslu af rekstri sjúkrastofnana, að ég hræðist þá stöðu á haustmánuðum þegar fjmrn. segir við forstöðumenn sjúkrahúsa að fjárveitingin sé búin og meira fé sé ekki fyrir hendi til þeirra. Þetta segi ég að fenginni reynslu. En til þess að forðast allan misskilning er ég ekki haldinn neinni sérstakri tortryggni gagnvart núv. hæstv. fjmrh., heldur er þetta reynsla mín af þeim fjmrh. sem ég hef þurft að leita til í þessu sambandi og þeir eru orðnir æðimargir. Allir hafa þeir verið fastheldnir á fé, þegar fjárlagaheimildinni er lokið, og í raun ekki treyst sér til að taka tillit til kostnaðar eins og hann liggur fyrir á hverjum tíma. Þetta hefur verið reynslan, ekki síst þegar um hefur verið að ræða þann möguleika fyrir ríkisvaldið að skella ábyrgðinni og fjárhagsskuldbindingunum á sveitarfélögin og því treyst, að þau leysi vandann. En hér er um svo stórar fjárhæðir að ræða að ég fullyrði að sveitarstjórnirnar geta ekki leyst slík vandamál til lengdar, ef upp koma, með núverandi tekjustofnum sínum.

Þar sem hér er þó gerð tillaga um aðferð til reynslu — ég vil halda því fram að þetta sé gert til reynslu — og einkum vegna mikils vanda sem orðinn er við rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, vil ég ekki standa gegn samþykkt þessa frv. En ég tek fram og ítreka að ég tel það gert til reynslu og ætti að taka málið upp aftur eftir 2—3 ár og athuga þá hvernig reynst hefur að reka sjúkrahús sameiginlega af ríki og sveitarfélagi á fjárlögum, samanborið við reynsluna af hinu svokallaða daggjaldakerfi. Jafnframt verður að nota tímann til að endurskoða þessi mál í heild þannig að sem best sé tryggt að sjúkrastofnanir séu reknar á sem hagkvæmastan hátt og allir sitji við sama borð. Ekki þætti mér ólíklegt að þar yrði blandað saman, stofnkostnaður t. d. og viðhaldskostnaður fasteigna og stærri tækja hafður á fjárlögum en annar kostnaður greiddur af daggjöldum, þar sem meira tillit yrði tekið til veittrar þjónustu en nýtingar rúma.

Herra forseti. Þetta er ástæðan fyrir því að ég skrifa undir nál. með fyrirvara, en ég mun greiða frv. atkvæði mitt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er nú verið að ræða að mínu mati eitt af stærstu málum þingsins. Þó að þetta frv. sé lítið, sem hér birtist okkur á þskj. 110, er hér í raun og veru verið að fjalla um eitt af okkar alstærstu málum. Í fyrsta lagi út frá því sjónarmiði, að hér er verið að ræða um fjármögnun á grundvallarþætti í heilbrigðisþjónustu landsmanna, þ. e. öllum sjúkrahúsum öðrum en sjúkrahúsum ríkisins. Í öðru lagi er verið að fjalla um það hér með hvaða hætti Alþingi kýs að verja peningum til að reka þessar stofnanir.

Þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, alveg sérstaklega ræða hv. 1. landsk. þm., eru samfelldur áfellisdómur yfir svokölluðu daggjaldakerfi. Ég hef satt að segja aldrei heyrt ræðu sem er jafnhreinn og beinn og alger áfellisdómur yfir daggjaldakerfinu og ræðan sem hv. þm. flutti hér áðan. Gildir þar einu hvort um er að ræða daggjaldanefnd sjálfa eða heilbrmrn. og vinnubrögð þess. Það var í rauninni allt sem hv. þm. fann þessu daggjaldakerfi til foráttu. Og ég er satt að segja ekkert undrandi á því. Þess vegna er margt í máli hans sem ég get tekið undir — mjög

margt. En ég geri það á dálítið öðrum forsendum en hann. Ég geri það út frá þeim forsendum, að ég tel að daggjaldakerfið og fjármögnun þess tryggi ekki nægilega trausta stjórn ríkisvaldsins á hverjum tíma á þeim fjármunum sem fara til heilbrigðisþjónustunnar í landinu. Ég tel að þeir, sem ábyrgð bera þar, þ. e. ríkisstj. og Alþingi, eigi að gera þá kröfu til sjálfra sín að betri stjórntök séu á málum en kostur er á að hafa í gegnum daggjaldanefnd.

Hér er hins vegar ekki till. uppi um að velta þessu kerfi við. Hér er ekki verið að gera neina slíka tillögu, eins og ætla hefði mátt af ræðu hv. 1. landsk. þm. Hér segir aðeins að um geti verið að ræða rekstur með beinum framlögum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni. Það er m. ö. o. verið allra náðarsamlegast að fara fram á það, að hv. Alþingi, löggjafarsamkomunni, verði heimilt að ákveða í fjárlögum hverju sinni hvernig eigi að fjármagna spítalana í landinu. Það eru öll ósköpin sem verið er að fara fram á með þessu frv. Það er ekki verið að segja í frv. að það eigi skilyrðislaust að leggja daggjaldakerfið niður, og væri þó kannske ekki vanþörf á, heldur er verið að segja að Alþingi Íslendinga, sú virðulega samkoma, geti við afgreiðslu fjárlaga ákveðið að það eigi að fjármagna þessar stofnanir beint.

Í frv. stendur að vísu ekki að það eigi að byrja á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, enda væri ég ekki tilbúinn til að flytja frv. um að það eigi að byrja á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Ég tel að til greina kæmi að byrja á ýmsum öðrum sjúkrahúsum frekar, minni sjúkrahúsum. Hér er ekki verið að leggja neitt annað til en að þetta sé heimilt fyrir Alþingi og að sá maður, sem þarf að leggjast inn á þessa sjúkrastofnun vegna veikinda, þurfi ekki að bera kostnaðinn af því sjálfur. Hér er verið að breyta almannatryggingalögunum með þessu frv. og segja sem svo, að þó að maður lendi á sjúkrastofnun sem ekki er í eigu ríkisins, þá þurfi hann ekki að greiða kostnaðinn af því sjálfur heldur sé hann greiddur samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni.

Ég er satt að segja undrandi á því, að menn sem þekkja jafnvel til og hv. 1. landsk. þm. í rekstri sjúkrahúsa og heilbrigðisþjónustunnar í landinu, skuli geta flutt jafnlangar vandlætingarræður um jafnlítið frv. og er hér á ferðinni og jafnsjálfsagt mál. Auðvitað eru ýmsir aðilar, m. a. forráðamenn sveitarfélaga, nokkuð ragir við að sleppa þessum fjármögnunarleiðum daggjaldakerfisins beint yfir á ríkið. Það er talað um það hér af hverjum ræðumanninum á fætur öðrum, sennilega öllum sem á undan hafa talað, að ríkið sé að skella kostnaði á sveitarfélögin. Hv. þm. Magnús H. Magnússon orðaði þetta þannig. Ég segi við ykkur, hv. alþm., að það er útilokað að ríkið komist upp með að skella neinum verulegum kostnaði á sveitarfélögin. Sveitarfélögin hafa enga burði til að taka við þessum kostnaði. Hv. þm. sat að vísu í heilbrmrn. í þrettán mánuði og kann að vera að þá hafi verið gerð alveg sérstök og markviss tilraun til þess að skella kostnaði á sveitarfélögin. Ég kannast hins vegar ekki við að þann tíma, sem ég hef setið í heilbrmrn., hafi verið gerð tilraun til þess að skella kostnaði á sveitarfélögin.

Það, sem hér er um að ræða, er að við erum með einn stærsta útgjaldalið íslenska ríkisins og við erum með tillögu um að honum megi koma fyrir með ákveðnum hætti. Við neitum að borga sjálfvirkt hvaða hallareikninga sem koma frá spítölunum á landinu. Jafnvel þó að það gerist, að sjúkrahús sýni í janúarmánuði háar hallatölur fyrir næstliðið ár, án þess að leggja fram sína reikninga, þá neita ég að samþykkja slíkar hallatölur. Ég neita að samþykkja að peningum ríkisins sé varið með þessum hætti. Þess vegna var engin furða þó að við stöldruðum við þegar við í byrjun þessa árs fengum upplýsingar um að hallinn á spítölunum á s. l. ári væri í kringum 12% eða meira. Við vorum ekki tilbúnir að fallast á þessar tölur undireins. (Gripið fram í.) Ríkið samdi við læknana, hv. þm., og það er hluti af þessum vanda, en mjög lítill hluti af þessum vanda. Það er mjög mikil einföldun á flóknu máli að ætla sér að halda því fram, að það sé meginskýringin á þessu.

Kem ég nú að skýringunum sem hægt er að hafa uppi á þessum 12% halla. Okkur þótti þetta sérkennilegt, sérstaklega vegna þess að á s. l. ári samþykktum við verulegar hækkanir á rekstrardaggjöldum sjúkrahúsa til þess að ná þeim upp á rekstrargrunn, í trausti þess að við værum að leiðrétta þetta og fengjum ekki eftir á halla af svipaðri stærð árið 1981 og við stóðum frammi fyrir eftir árið 1980.

Í framhaldi af því gerist það í heilbrmrn., að við förum yfir þessi mál. Við ræðum við forstöðumenn sjúkrahúsanna. Þeir kalla okkur til sín á fund og ég ræði við þá á fundi sem haldinn var í febrúarmánuði eða seint í janúar. Þar gerði ég grein fyrir viðhorfum heilbr.- og trmrn. og ríkisstj. Ég lagði fram nokkur atriði til að skýra okkar sjónarmið. Í bréfi til sjúkrahúsanna sagði ég m. a. að ég teldi ekkert óeðlilegt þó að ríkið reyndi að glíma við eins og 5% halla á árinu 1981, en það yrði erfitt að bæta þar mjög miklu við. Síðan óskaði ég eftir að öll daggjaldasjúkrahúsin gerðu fyrir 1. maí 1982 grein fyrir starfsáætlunum sínum fyrir árið 1983 í einstökum atriðum. Skal við það miðað að heilbr.- og trmrn. hafi maí- og júnímánuð til að fara yfir þessar áætlanir sjúkrahúsanna þannig að unnt verði að taka tillit til þeirra við afgreiðslu fjárlagafrv. í sept. 1982 og að Alþingi geti haustið 1982 farið yfir rekstrarkostnað sjúkrahúsanna í landinu fyrir árið 1983. Verða starfs- og rekstraráætlanir þessar lagðar fyrir Alþingi sem fylgiskjal með fjárlagafrv. eða á annan þann hátt sem eðlilegur kann að þykja.

Í fyrrnefndu bréfi, sem ég skrifaði sjúkrahúsunum 12 febr. s. l., segir enn fremur: „Heilbr.- og trmrn. mun nú fela daggjaldanefnd að endurskoða vísitölu sjúkrahúskostnaðar þar sem ljóst er að hún er allt of mikil einföldun á rekstrarkostnaði eins og hún er nú.“ Í sjötta lagi óskaði ég eftir því í bréfinu, að fram kæmu ábendingar frá sjúkrahúsunum um hvað eina sem betur mætti fara í stjórn og afskiptum ríkisins af starfsemi og rekstri sjúkrahúsanna. Þetta bréf var sent út, eins og ég sagði, 12. febr. s. l. og svör við því hafa verið að berast undanfarnar vikur.

Jafnframt því sem þetta bréf er sent út er fjallað um daggjöldin frá og með 1. mars s. l. Koma þar fram tvær tillögur í daggjaldanefnd. Önnur gengur út á það að koma að verulegu leyti til móts við sjónarmið sjúkrahúsanna, en hin gengur út á það að sníða útgjöldin fyrst og fremst eftir þeim forsendum sem Alþingi hefur skammtað okkur. Alþingi hefur skammtað okkur tiltekinn fjárlagaramma að fara eftir. Það er Alþingi sem ákveður hversu miklu fé er varið til daggjalda. Það er Alþingi sem ákveður það, en ekki ríkisstj. eða heilbrmrh. eða fjmrh. á hverjum tíma. Alþingi setur starfsreglur í þessum efnum að sjálfsögðu, en þörf virðist vera á að taka það fram eftir

þær umr. sem hér hafa farið fram.

Í framhaldi af þessum tveimur tillögum daggjaldanefndar gerði ég tillögu um milliveg þar sem byggt er á því að rekstrardaggjöld verði hækkuð eins og gert hafði verið ráð fyrir af fulltrúum fjmrn. og heilbrmrn. í daggjaldanefnd, en að auki yrði um að ræða sérstaka 5% hækkun upp í hallann á s. l. ári. Þessi sérstaka hækkun hefði það í för með sér, að daggjöld hækkuðu um ca. 13—14% frá og með 1. mars. Á þessu ári hefur þannig verið tekin ákvörðun um að verja 50—60 millj. kr. vegna hallarekstrar sjúkrahúsanna á s. l. ári. En mér er ljóst að það er ekki nóg miðað við þær kröfur sem uppi eru frá sjúkrahúsunum. Það er fjöldinn allur af sjúkrahúsum og forstöðumönnum sjúkrahúsa í landinu sem gera kröfur um að auka þarna við. En við skulum líka gera okkur ljóst að verulegur hluti sjúkrahúsanna í landinu er vel rekinn og er með talsvert minni halla en jafnvel þessi 5% sem ég nefndi, þó að meðaltalshallinn hafi verið á s. l. ári í kringum 12%.

Til viðbótar við þann vanda, sem hér birtist okkur í halla sjúkrahúsanna 1981 og þar af leiðandi í rekstrargrunni sjúkrahúsanna 1982 og fjárlagaforsendunum, liggur einnig fyrir að uppi eru óskir um að hefja mjög verulega nýja starfsemi í daggjaldasjúkrahúsum á árinu 1982. Ég nefni sem dæmi í fyrsta lagi hjúkrunarheimilið við Snorrabraut í Reykjavík sem verður rekið á daggjöldum. Í öðru lagi bæklunardeild og gjörgæsludeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Ég nefni hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi. Ég nefni hugsanlega stöðufjölgun í sjúkrahúsinu á Selfossi. Ég gæti nefnt fleiri dæmi. Þannig standa óskir alls staðar til verulegrar aukningar á þessum sviðum. Er nokkur furða þó að menn óski eftir því, að á þessum málum sé tekið af fullri alvöru af hálfu stjórnvalda? Og er nokkur furða þó að málið horfi þannig við okkur, að við teljum okkur skylt að reyna að fara ofan í saumana á þessum málum lið fyrir lið? Hér er hins vegar verið að fara fram á lagaheimild fyrir þingið til þess að ákveða í fjárlögum hverju sinni hvernig eigi að fjármagna þessar stofnanir. Hér er ekki verið að fara fram á neina byltingu, eins og ætla hefði mátt af ummælum hv. þm. Péturs Sigurðssonar um mig og Lenin hér áðan. (**Gripið fram í:** Þið eruð nú ekki líkir.) Ja, það er skeggið kannske sem hefur ruglað hv. 1. landsk. þm., en ég geri ekki ráð fyrir að hv. 7. landsk. þm., skrifari deildarinnar, hafi þekkt Vladimir Ilyich Lenin. Þó kann það að vera. (Gripið fram í.) Hv. þm. getur vafalaust beðið hér um orðið á eftir og gert grein fyrir kynnum sínum af Vladimir Ilyich Lenin undir þessum dagskrárlið um almannatryggingar. Forseti getur að sjálfsögðu bannað þá umræðu undir umræðum um daggjöld sjúkrahúsa, þó kannske væri fróðlegt að fá það sem innskot í þessa athyglisverðu umræðu.

En nú má spyrja: Hvernig hefur þessum málum verið háttað á undanförnum árum og af hverju stafar hallinn núna? Eru það læknasamningarnir, eins og hv. þm. Magnús H. Magnússon gat um áðan?

Í greinargerð frá daggjaldanefnd sjúkrahúsa — sem var sett saman, trúi ég, snemma í febrúarmánuði — var farið nokkuð rækilega yfir þessi mál og þar koma fram mjög fróðlegar upplýsingar. Þar kemur fram að rekstrarhalli sjúkrahúsanna hefur verið verulegur á hverju ári allt frá 1977, ég hef ekki lengri tímaviðmiðun. Árið 1977 var rekstrarhalli sjúkrahúsanna 9%, árið 1978 7.3%, árið 1979 7.4%, árið 1980 12%, árið 1981 12.5% samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Okkur sýnist að talan fyrir 1981 geti að vísu orðið eitthvað lægri.

Til samanburðar ætla ég að nefna hér fimm daggjaldasjúkrahús sem hefur verið gerð mjög nákvæm könnun á. Ég nefni meðaltalshalla þessara sjúkrahúsa 1977—1981. Á Akureyri hefur meðalhallinn verið 12.2%, á Húsavík 7.7%, á Landakotsspítala 12.3%. Það eru til dæmi um meðalhalla á þessum tíma, fjórum árum, upp í 15.1%. Og hvað er halli á sjúkrahúsi? Halli á sjúkrahúsi sýnir að teknar hafa verið ákvarðanir um rekstur umfram heimiluð daggjöld. Halli á sjúkrahúsi sýnir ekkert annað. Hér er sem sagt um það að ræða, að á þessu 4—5 ára bili hefur verið halli á heilbrigðisþjónustunni, þ. e. sjúkrahúsunum, á bilinu 7—12% eftir árum. Hér er um að ræða mjög stórar upphæðir. Það er ljóst að ákveðinn hefur verið rekstur á þessum stofnunum umfram þá fjármuni sem hefur verið varið til þeirra á hverjum tíma.

Hverjar eru svo helstu orsakir hallans að mati daggjaldanefndar. Ég ætla að lesa það upp:

1. Síaukinn fjármagnskostnaður vegna hækkandi vaxta á þessu tímabili. Nemur fjármagnskostnaður um 14% af halla áranna 1980 og 1981.

2. Frá 1979 hefur kostnaður af flutningi sjúklinga milli sjúkrahúsa lent á þeim sjúkrahúsum sem senda sjúklinga frá sér. Fyrir þann tíma lenti sá kostnaður að miklum hluta á sjúklingunum sjálfum. Hér er um að ræða viðbót á nokkrum sjúkrahúsum, t. d. á Egilsstöðum, en þessi kostnaður er breytilegur frá ári til árs.

3. Rekstrarbreytingar sem hafa haft í för með sér fækkun legudaga.

4. Efnt hefur verið til meiri háttar tækjakaupa og endurnýjunarframkvæmda sem sjúkrahús og einstakar heilbrigðisstofnanir hafa jafnvel lagt út í án samráðs við daggjaldanefnd.

5. Ljóst er að þar sem heilsugæslustöðvar eru reknar í sama húsnæði og sjúkrahúsin, eins og sums staðar á sér stað, eru oft ekki nógu skörp skil milli þessara rekstrareininga — og hygg ég að hér taki daggjaldanefnd nokkuð vægt til orða. Telur daggjaldanefnd að kostnaðarlega halli þarna verulega á sjúkrahúsin.

Þetta eru þær fimm meginástæður sem daggjaldanefnd telur vera til þess, að halli hefur orðið á daggjaldaspítölunum á undanförnum árum.

Í umr. hér um þetta mál, m. a. í ræðu hv. 1. landsk. þm., Péturs Sigurðssonar, kom fram að hann taldi að vísitala sjúkrahúskostnaðar væri allt of mikil einföldun á kostnaði sjúkrahúsanna í landinu. Undir það get ég algjörlega tekið og ég hef óskað eftir að lagður verið grundvöllur að endurskoðun á þessari vísitölu. Það er sjálfsagt. Ég held hins vegar — og það er ein ástæðan til þess, að við erum að brjóta heilann um þessa hluti — að við finnum aldrei vísitölu sjúkrahúskostnaðar sem dugir fyrir bókstaflega öll sjúkrahús í landinu. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að taka fyrir hvert einstakt tilvik, enda er hér um að ræða svo stórar rekstrareiningar að það er fyllilega réttlætanlegt að meta svo að segja hvert einstakt sjúkrahús eða heilbrigðisstofnun í landinu.

Þeir, sem eru talnaglöggir, hafa kannske gaman af því að heyra með hvaða hætti vísitala sjúkrahúskostnaðar hefur breyst á árunum 1977—1981. Síðar geta menn utan þessarar umræðu borið það saman við aðrar vísitölur. Árið 1977 hækkaði vísitala sjúkrahúskostnaðar um 42%, 1978 um 53.9%, 1979 um 49.6%, 1980 um

50.5%, 1981 um 51.9%. Þetta eru í raun og veru þær meðaltalshækkanir á kostnaði daggjaldasjúkrahúsanna sem heilbrmrn. og ríkisstj. á hverjum tíma hafa viðurkennt. (**HBl:** Í 40% verðbólgu um 51.9%.) Á s. l. ári frá árinu 1980, hv. 7. landsk. þm., 51.9%. (**HBl:** Og 40% verðbólga.) Það var 41.1% verðbólga innan ársins eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt af ítarlegum umr. sem fram hafa farið um verðbólgumál í þessum sal og mætti gjarnan hefja á ný ef hv. þm. óskar eftir því þegar hann er búinn að tala um Lenin.

Í sambandi við þessi mál vil ég aðeins nefna fleiri tölur til glöggvunar. Á árunum 1977—1980 hefur sjúkratryggingakostnaður í heild hér á landi hækkað um 30% á föstu verðlagi, þar af sjúkrahúskostnaður um 18% og kostnaður við langlegu sérstaklega, á föstu verðlagi, um 55%. Hluti ríkissjóðs í útgjöldum sjúkrasamlaga á að vera 85% á móti 15% frá sveitarfélögum, en hlutur ríkissjóðs í sjúkrahúskostnaði er hins vegar um og yfir 90% vegna kostnaðar við langlegu. Sjúkrahúskostnaður er nú um 55% af útgjöldum sjúkrasamlaganna. Það er mjög misjafnt hve stór hlutur ríkissjóðs er í greiðslu daggjalda. Á árinu 1980 greiddi ríkið um 88.4% af daggjöldum á Borgarspítalanum, 87.5% af daggjöldum á Akureyri, 91.4% í Neskaupstað, 92.3% á Húsavík, 95.3%á Siglufirði, 93.2% á Sauðárkróki og 94.1% á Blönduósi. Þessar tölur sýna fyrst og fremst mismunandi þunga langlegusjúklinga í þjónustu þessara heilbrigðisstofnana. Ég vil þessu næst víkja aftur nokkuð að vísitölu sjúkrahúskostnaðar og vekja athygli á því, að samsetning hennar hefur verið að breytast mjög verulega á síðustu árum.

Við létum fara fram könnun á því, hvert væri hlutfall rekstrarkostnaðar á nokkrum sjúkrahúsum í landinu. Við tókum nákvæmlega sex spítala og kembdum við þá lið fyrir lið og bárum síðan saman við vísitölu sjúkrahúskostnaðar. Samkvæmt vísitölu sjúkrahúskostnaðar eiga H-laun svokölluð að nema 29.4%. En í þeirri könnun, sem við látum gera á sex sjúkrahúsum, kemur í ljós að svokölluð H-laun nema hvergi meira en 22.6% og alveg niður í 11.5%, þannig að hlutfall þeirra er mjög verulega ofmetið í vísitölu sjúkrahúskostnaðar. Þar með hafa áhrif læknasamninganna í rauninni líka verið ofmetin ef þau hafa eingöngu verið mælð á vísitölu sjúkrahúskostnaðar. Hins vegar er ljóst að hlutur svokallaðra lægri launa hefur aukist mjög verulega frá því að vísitala sjúkrahúskostnaðar var ákveðin. Það kemur í ljós í þeirri könnun sem við gerðum á sex sjúkrahúsum. Þannig hefur samsetning vísitölu sjúkrahúskostnaðar greinilega breyst og þess vegna þarf að endurskoða hana.

Hér er ekki tillaga um neina allsherjarlausn á vandamálum heilbrigðisþjónustunnar, eins og haft var eftir einhverjum áðan. Það hafa heldur aldrei verið mín orð. Ég minni bara á að útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi eru á þessu ári sennilega um 8.5% af þjóðarframleiðslunni. Árið 1980 voru þau um 3%. Þessi útgjaldahluti hefur stöðugt farið vaxandi og er óhjákvæmilegt að við gerum okkur grein fyrir því, að ef við ætlum að halda heilbrigðisþjónustunni gangandi með þeim hætti, sem við höfum gert kröfur um, kostar það fjármuni sem annaðhvort verða að fást með viðbótarskattlagningu á landsmenn eða með sparnaði og tilfærslum í þeirri þjónustu sem fyrir er.

Ég vil vekja athygli á því að kostnaðurinn við ríkisspítalana eina er miklu meiri en allar tekjur íslenska ríkisins af eignarsköttum. Og ég vil vekja athygli á því, að kostnaður við rekstur sjúkrahúsanna í landinu er mun meiri en nemur öllum tekjum íslenska ríkisins af beinum sköttum, bæði eignarsköttum og tekjusköttum. Ég vil einnig vekja athygli á því, að þegar menn eru að gera kröfur um lagfæringar í heilbrigðismálum eru menn að sjálfsögðu einnig að gera kröfur um niðurskurð á útgjöldum einhvers staðar þar á móti eða skattlagningu.

Ég tel að hér sé um að ræða frv. sem fer fram á hógværa og litla breytingu, — frv. sem fer fram á að Alþingi sjálfu verði heimilt að setja einn og einn spítala á bein fjárlög. Mér finnst tæplega hægt að fara fram á öllu minna við hv. Alþingi í þeirri litlu viðleitni sem hér er uppi til þess að reyna að hafa einhvern hemil á útgjöldum til heilbrigðismála í landinu. Okkur eru takmörk sett í þeim efnum og við verðum að fara eins vel og kostur er með það fjármagn sem okkur er þar trúað fyrir.

Í nál. minnihl. heilbr.- og trn. segir svo: „Við teljum að leggja beri niður daggjaldakerfið, eins og það er nú, en taka í þess stað upp nýtt greiðsluform til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana, sem byggist á því að greiða hverja þá þjónustu sem þar er innt af hendi, í stað þess að miða greiðslur við nýtingu rúma."

Í rauninni er óheimilt að fara þá leið sem hér er nefnd af hv. þm.

Hv. minni hl. heilbr.- og trn. segir einnig: „*Undirritaður minni hl. heilbr.-* og trn. telur að samþykkt þessa frv. muni tefja fyrir nauðsynlegum og skynsamlegum breytingum til lækkunar á einum stærsta útgjaldalið ríkissjóðs."

Ég hef ekki orðið var við það í tillögum eða málflutningi hv. þm. Péturs Sigurðssonar, að þar hafi komið fram upplýsingar um með hvaða hætti hann vill lækka þennan kostnað. Ég vil heyra þær tillögur. Ég vil fá upplýsingar um það, með hvaða hætti nákvæmlega hann gæti hugsað sér að ná þessum kostnaði niður. Hér dugir ekki neitt breitt tal, eins og hæstv. forseti þessarar deildar orðar það stundum, þegar hann er að setja ofan í við menn. Hér duga ekki breiðar ræður. Við viljum fá tölur og nákvæmar tillögur hvernig menn ætla sér að ná þeirri lækkun á þessum kostnaði sem menn eru að tala um.

Þegar heilbr.- og trmrn. gerir tilraun til þess að fara fram á það við forráðamenn sjúkrahúsanna í landinu, að þeir spari, fari vel með og komi til móts við stjórnvöld á þessu sviði, þá rýkur stærsta blað landsins, Morgunblaðið, upp til handa og fóta með þvílíkum gassagangi að sjaldan hefur annað eins sést. Þegar heilbrigðisyfirvöld reyna að ná utan um þann mikla tilkostnað sem hér er um að ræða, þá verður uppi þetta stóra blað í sínum 40 þúsund eintökum, eða 35 þúsund eða hvað það nú er, og ræðst á heilbrigðisstjórnina fyrir að dirfast að fara fram á að menn komi með ábendingar um hvernig hægt væri að spara. Slíkur er áhuginn í þessum herbúðum þegar til kastanna kemur. Það er fróðlegt og það verður munað.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): *Herra forseti. Ef* hæstv. ráðh. hefði einhvern tíma verið með mér til sjós hefði ég sagt í byrjun ræðu hans að hann væri örugglega búinn að pissa í annan heilbrigðisskóinn. Í lok ræðu hans hefði ég hins vegar sagt að hann væri búinn að pissa í þá báða. Hann er búinn að fara í hring í sinni ræðu. Hann byrjar á að ráðast að mér fyrir að hafa haldið þá ofsalegu ræðu, sem ég átti að hafa haldið, og kallaði það langa vandlætingarræðu. Hann byrjaði samt sína ræðu á því að

segja að við værum að ræða hér eitt af stærstu málum þingsins. Samt finnur hann að því, að einn af nefndarmönnum í heilbr.- og trn. haldi langa ræðu um málið.

Ég er að halda langa ræðu um málið vegna þess að það frv., sem við erum að ræða hér, segir og gerir ekki neitt í þessu mikla vandamáli, í þessum sparnaði sem hæstv. ráðh. er að tala um. Í frv. koma engar tillögur fram um neinn sparnað. Það er eingöngu tillaga um að það megi fara með sjúkrahúsin, að vísu með heimild sem hann hefur bent á, inn á fjárlög. En hvaða vanda leysir það í sjálfu sér? Það leysir ekki nokkurn vanda.

Vegna þess að hæstv. ráðh. telur sig aldrei hafa fengið neina tillögu frá mér til lækkunar vil ég benda honum á að hann hefur lagt hér fram frv. fyrir nokkrum dögum og einn kafli þess frv. fjallar um stórlega lækkun alla vega að kostnaður fari frá ríkinu og yfir á aðra, yfir á einstaklingana sjálfa. Hann hefur tekið þetta upp, lagt það fram í stjfrv. Þessi tillaga kom frá mér í þeirri undirbúningsnefnd sem hæstv. ráðh. skipaði til þess að fjalla um málefni aldraðra. Það verður til sparnaðar fyrir ríkið, hæstv. ráðh. Og reyndar á hæstv. ráðh. á blöðum hjá sér margar slíkar tillögur því frá mér og mínum stofnunum, ég get tekið undir mikið af því sem hann hefur sagt hér í sinni ræðu. Hvaða stofnun sem á í hlut, hvort hún telst í eigu sveitarfélags, er sjálfseignarstofnun eða í eigu ríkisins, þá er auðvitað ótækt að stjórnendur geti þar algjörlega ráðið og farið að eigin leiðum og óskum. Það verður að fara eftir einhverjum ramma sem settur er. En þá komum við að því, hver sá rammi eigi að vera.

Hæstv. ráðh. er búinn að margviðurkenna það, að vísitölugrundvöllurinn frá 1968, sem lagður er til grundvallar við ákvörðun á þeim fjármunum sem Alþingi útvegar þessum stofnunum, er snarvitlaus. Hann var vitlaus fyrir mörgum árum, eins og þá var viðurkennt af fyrrv. hæstv. heilbrmrh. og hv. þm., sem nú er látinn, Magnúsi Kjartanssyni. Hann gerði sér grein fyrir þessu og reyndi að ná fram lagfæringum í vissum tilfellum, veit ég, á einni eða tveim stofnunum, þegar hann sá fram á að honum auðnaðist ekki í sinni ráðherratíð að ná fram fleiri og frekari breytingum, sem hann þó hafði hug á. Ég komst að því í persónulegum viðtölum við hann.

Hæstv. ráðh. talar annars vegar um þá goðgá að búa við þetta vitlausa vísitölukerfi, en vitnar samt sem áður til þess, að þetta sé það nauðsynlegasta sem við þurfum að hafa hér á Alþingi í höndunum. Ég bar fram aðra tillögu við hæstv. ráðh. og hann á hana skriflega frá mér. Hún er á þá leið, að sett verði upp reiknilíkön fyrir fleiri þætti þessarar þjónustu en er í dag. Spítali, sem er með fullbúna skurðstofu með öllu því sérfræðingsliði sem þar starfar, er ekki það sama og sjúkrahús norður í landi sem hefur með marga langlegusjúklinga að gera. Þetta vitum við sem eitthvað höfum reynt að kynna okkur þessi mál. Hjúkrunarheimili aldraðra er ekki það sama og spítali, eins og t. d. Landakotsspítali, þó að Landakotsspítali hafi marga tugi sjúklinga af því tagi sem gætu verið á hjúkrunarheimili aldraðra. Þetta vitum við líka. Þess vegna þarf að búa til fleiri reiknilíkön.

Það er rangt hjá ráðh. þegar hann segir að mín ræða hafi að meginefni til verið árás á daggjaldanefnd, starfsemi hennar og þá sem þar eru. Hún var hins vegar árás á hann og hans meðráðherra hæstvirta, sem taka völdin frá umræddri nefnd, sem á að hafa ákveðið vald, og breyta niðurstöðum og ákvörðunum nefndarinnar í allt aðra veru en ætlað er. Það er það sem ég gagnrýni. Ég hef hins vegar — og ég hef margendurtekið það hér á hv. Alþingi — borið blak af daggjaldanefnd. Ég hef bent á það ítrekað, að þau starfsskilyrði, sem þessi þýðingarmikla nefnd býr við, eru algjörlega ótæk. Ég þekki persónulega þá menn sem þar starfa, og ég veit að þeir mega ekki vamm sitt vita í þeim störfum sem þeir reyna að vinna af litlum efnum undir stjórn hæstv. ráðh. — og reyndar fyrrv. ráðh. líka, vegna þess að það hefur ekki verið séð um að skapa þeim þá aðstöðu sem til þarf. Ég var líka með í minni ræðu tillögu um hvernig ætti að bæta úr þessu. En ráðh. var á svo miklu stjákli hér fram og aftur, þeir hafa líklega verið orðnir svo blautir, skórnir hans, að hann gat ekki setið kyrr.

Það er náttúrlega svona og svona þegar hæstv. ráðh. bendir á það og telur það sem sitt aðalmál að við verðum að fara eftir því sem Alþingi ákveður um upphæðir til hinna og þessara mála hverju sinni. Við verðum þá um leið, hæstv. ráðh., að hafa í huga hvað það er sem Alþingi og fjvn. byggir sína ákvörðun á. Á hverju byggir Alþingi ákvörðun um hvað mikið eigi að fara inn í þetta kerfi? Það byggir á þessari vitlausu vísitölu, byggir á áliti hæstv. ríkisstj. á því, hver verðbólgan verði á næsta ári. Hæstv. ríkisstj. hefur um langt árabil, eða allt frá því að hún tók við völdum, lifað í draumheimi niðurtalningar sem hefur engan veginn staðist. Ég vitnaði til þess í einni af átta tilvitnunum mínum í fremstu embættismenn og stjórnendur sjúkrahúsa í landinu, — þar sem hæstv. ráðh. telur að ég persónulega hafi verið að ráðast á sig og daggjaldanefnd, sem ég var alls ekki að gera, ég var að vitna í gagnrýni á hann, því að þetta endar hjá honum, — að einn þeirra benti réttilega á að það, sem hafði verið ákveðið að þeim mundi duga yfir árið og þeir gerðu áætlanir um að mundi duga hjá sér í rekstraráætlun, það stóðst hjá þeim upp á ½%. Hins vegar stóðst ekki verðbólgan. Niðurtalningin brást. Skyldi hæstv. ráðh. kannast við það — eða hvað?

Við skulum ekki heldur gleyma öðru sem á sér stað frá þeim tíma að fjvn. tekur þessa ákvörðun. Hvað gerist? Það er ekki aðeins það sem við vitum og rétt og sanngjarnt er í þessu þjóðfélagi, að einstakar stéttir taki upp samninga við sína vinnuveitendur og nái fram kjarabótum og að sjálfsögðu hærri launum í vaxandi verðbólgu. En það hefur gerst fleira. Ríkisstj. hefur gengið á undan með góðu fordæmi í því að færa hinum og þessum stéttum ýmiss konar félagsmálapakka sem Alþingi hefur ekki tekið til greina árið á undan við ákvörðun sína um þá fjármuni sem eiga að fara til rekstrar þessara húsa. Og hæstv. ráðh. viðurkennir reyndar réttilega að launaliðurinn allur innan þessa falska vísitölugrundvallar, sem ég held að hann hafi jafnvel orðað þannig líka eins og ég hef gert, hann er náttúrlega bæði van- og ofmetinn. Hann er ofmetinn sums staðar, það er rétt. En hann er stórkostlega vanmetinn þar sem láglaunahóparnir eru í miklum meiri hluta innan umræddra stofnana, vegna þess að það hefur aldrei verið tekin til greina sú félagslega þróun sem hefur átt sér stað á liðnum árum í því að bæta hag láglaunafólksins, m. a. stytta vinnutíma, sem þýðir að þá þarf að kaupa fleiri aðila til að vinna þá vinnu sem er eftir þegar fólkið fer heim eftir að vinnutímanum er lokið.

Ég þarf ekki að fara að telja upp allt vegna þess að þetta eru meginliðir í rekstrarkostnaði allrar þessarar starfsemi, en eins og ég hef margbent á eru launaliðirnir um 70% af heildarrekstrarkostnaði. En við skulum fara yfir í sjúkrahúsin og skoða þá gífurlegu breytingu sem

hefur orðið, m. a. með einbúnaði svokölluðum í sambandi við hjúkrun og sjúkrahjálp. Sumu, sem áður fyrr var kannske tví- og þrí-notað, er núna hent eftir notkun einu sinni og það er auðvitað fleira og fleira sem kemur þar inn í, fríðindi ýmiss konar og nýr búnaður sem ekki hefur verið tekið tillit til, en sú þróun, sem hefur orðið í sambandi við vinnuálag einstakra starfshópa innan heilbrigðiskerfisins, gerir kröfur til að sé til staðar í dag.

Starfsfólk heilbrigðisstofnana stundar öllu fólki frekar vinnumarkað annarra landa og þekkir hvað þar er boðið. Það gerir sér ekki lengur að góðu að hafa ekki sama búnað, sömu tæki til sinna nota eins og „kollegar" þeirra í næstu löndum. Hvort sem við viljum eða viljum ekki verðum við að taka þetta til greina og laga okkur að því.

Ég skal taka undir allt sem hæstv. ráðh. sagði um sparnað í kerfinu og að reyna að leita að leiðum. En það frv., sem við erum að ræða hér, gerir hvorki eitt né neitt til þess að spara í kerfinu og leysir engan vanda. Ef við erum að hreyfa þessu hér í þinginu og byrja að ræða það sem hann sjálfur segir að sé eitt af stærstu málum þingsins, eins og hann orðaði það, þá eigum við ekki að fara á stað með það með svona ómerkilegu frv. sem segir ekki neitt og leysir engan vanda. Við skulum snúa okkur að málinu. Ég hef hér afsíðis rætt við hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem er á því sem ég minnist á í minni fyrri ræðu um hvað við þurfum að gera við þetta frv. ef það á að ná fram að ganga, hvaða breytingar við þurfum að gera til þess að gripið verði á málinu af einhverri alvöru. Hún mun sjálfsagt lýsa því þegar þar að kemur í næstu viku, fyrir 3. umr., áður en málið fer út úr deildinni. Það verður auðvitað að fara að snúa sér að málinu og finna einhvern skynsamlegri grundvöll að standa á heldur en við höfum í dag.

Herra forseti. Ég hef komið mínum skoðunum hér að, og í raun, þegar upp er staðið, hefur ráðh. tekið undir nær allt sem ég hafði uppi í minni gagnrýni. Hann bara misskildi það, að ég var að vitna í gagnrýni á hann, sem ég kom hér með, hvort sem var úr Morgunblaði eða öðrum blöðum. Ég efast um að sjúkrahúsforstjórar, hvort sem eru ríkisspítalanna, á Neskaupstað eða norður á Akureyri eða hvaðan sem þeir koma, — að allir þessir menn hefðu sagt eitthvað annað við Tímann eða Þjóðviljann, ef þeir hefðu haft vit á að spyrja þá, heldur en þeir sögðu við Morgunblaðið. Morgunblaðið kemur þessu máli því ekkert við, hæstv. ráðherra. Þetta eru persónulegar skoðanir þessara manna sjálfra á framkvæmd daggjaldakerfisins eins og það er í dag, sem er í hinum megnasta ólestri fyrst og fremst vegna þess að daggjaldanefnd fær ekki þá aðstöðu til starfa sem hún á að hafa vegna mikilvægis síns meðan við búum við þetta kerfi, og það er hæstv. ríkisstj. að kenna.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er nú leitt að þurfa að bíða fram í næstu viku eftir því að heyra það töfraorð frá hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur sem á að leysa þessi mál. Það er fróðlegt að heyra að þau hv. þm. Pétur Sigurðsson og hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir skuli hafa komið sér saman um lausn á þessum vanda og þau ætli að leyna þjóðina þessu í heila viku. Það verður spennandi að heyra hvað út úr þessu kemur, hvaða fæðing þetta verður. Ég skal svo sem hafa þolinmæði eins og aðrir í þeim efnum, en óneitanlega verður fróðlegt að heyra hvað út úr þessum tíðindum kemur.

Ég vil aðeins segja það að síðustu af minni hálfu, að meginatriðið er að heimild fáist til að setja á fjárlög eitt, tvö eða þrjú sjúkrahús samkvæmt ákvörðun Alþingis, ef því sýnist svo. Til þess að það sé unnt verður að styrkja heilbrmrn. til þess að hafa með að gera faglegt eftirlit með þjónustu sjúkrahúsanna. Það er ekki hægt fyrir heilbrmrn. að ganga frá þessum málum öðruvísi en að það verði á hreinu.

Varðandi ummæli hv. þm. Péturs Sigurðssonar um verðbólguna, að það sé hún sem þarna spilli öllu, þá spillir hún auðvitað mörgum áætlunum. En aðalvandinn er auðvitað sá, að það er ekki hægt að áætla greiðslur til sjúkrahúsa út á legudaga á rúm, það er fráleitur grundvöllur, sérstaklega eftir að þjónusta sjúkrahúsanna varð svo margbreytileg sem raun ber vitni. Við erum sem sagt að fara hógværlega fram á að Alþingi megi ákveða hverju sinni með hvaða hætti fé verður veitt til sjúkrahúsanna.

Hvaða vanda leysir þetta? spyr hv. þm. Þetta eitt út af fyrir sig leysir ekki vandann. En þetta ásamt öðru getur leyst vanda, þann t. d. að hv. Alþingi hafi yfirlit yfir það, hvernig það ráðstafar því fé sem landsmenn greiða í hinn sameiginlega sjóð.

Fjvn. og Alþingi vita ekkert um það í einstökum atriðum hvernig kostnaði er háttað við hina mörgu daggjaldaspítala í landinu sem skipta tugum. Alþingi hefur ekki, svo mér sé kunnugt um, í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fengið hér á borð allra þm. upplýsingar um rekstrarkostnað við hvert einstakt sjúkrahús í landinu. Ég tel að það sé nauðsynlegt að það væri framför að Alþingi setti sig inn í þessi atriði, hvert og eitt, og fengi upplýsingar um hvað kostar að reka okkar heilbrigðisþjónustu. Það liggur ekki fyrir á borðum alþingismanna hver er halli á einstökum sjúkrahúsum. Það liggur ekki fyrir á borðum alþm. hversu miklu er á hverju sjúkrahúsi varið í þennan og hinn þátt þjónustunnar. Þetta er slæmt vegna þess að þingið á að bera ábyrgð á því, hvernig fjármagninu er varið. Ég tel þess vegna að hér væri um að ræða tilraun, skref í þá átt að styrkja og bæta stjórnina á heilbrigðisþjónustunni í landinu. Og mér finnst í raun og veru ekki til mikils ætlast eða farið fram á mikið að Alþingi geti sjálft ákveðið, ef því svo sýnist, að þetta eða hitt sjúkrahúsið verði fjármagnað með beinum framlögum á fjárlögum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil af því tilefni, sem þetta mál gefur, beina þeirri fyrirspurn til hæstv. félmrh., hvaða hugmyndir séu uppi um það innan ríkisstj., að sérstök bæklunardeild taki til starfa við sjúkrahúsið á Akureyri á hausti komanda. Eins og honum er kunnugt hefur þegar tekið til starfa sérfræðingur í þessum málum við sjúkrahúsið þar, en starfsgrundvöllur hans er næsta hæpinn eins og sakir standa, svo ekki sé meira sagt. Uppi eru hugmyndir um að breyta þeirri álmu gamla spítalans, þar sem nú eru skurðstofur, í bæklunardeild. Ég óska eftir upplýsingum um það frá hæstv. heilbrmrh., hvort hægt sé að treysta því, að nauðsynlegar breytingar á þessari álmu fari fram þegar á næsta sumri þannig að bæklunardeildin geti tekið til starfa svo fljótt sem kostur er og fjármagn hindri ekki nauðsynlegar endurbætur á sjúkrahúsinu.

Ég vil taka undir það sem hæstv. heilbrmrh. sagði áðan, að það er auðvitað mjög mikils um vert að hægt sé að ná niður rekstrarkostnaði sjúkrahúsanna. Í ræðu sinni

hafði hann orð um að hallinn á sjúkrahúsinu á Akureyri væri yfir meðaltali. Ég vil af því gefna tilefni vekja athygli á að nauðsynlegt er, til þess að nýbyggingin, sem þar hefur risið, geti skilað sómasamlegri arðsemi, að uppbygging sjúkrahússins haldi áfram með meiri hraða en verið hefur svo að ný viðbótarálma geti tekið til starfa svo fljótt sem kostur er. Ég vil vænta þess út frá orðum hæstv. heilbrmrh. að hann muni leggjast á sveif með þm. kjördæmisins að ýta á eftir því máli eins og hægt er, því að satt best að segja höfum við reynslu af því, að við afgreiðslu fjárlaga sé ekki staðið við þær skuldbindingar sem sjúkrahúsinu á Akureyri voru gefnar á sínum tíma, eins og uppbyggingin á því sjúkrahúsi raunar sýnir.

Á hinn bóginn verð ég að taka upp hanskann fyrir formann fjvn., þar sem hann á ekki sæti í þessari deild, og mótmæla því, að vinnubrögð hennar séu með þeim hætti, að fjvn. setji sig ekki inn í hvernig daggjaldakerfið verkar og hversu illa það kemur út. Þetta er einstökum fjvn.-mönnum að sjálfsögðu fullkunnugt. Hins vegar er það á ábyrgð ríkisstj., hversu illa hefur verið séð fyrir fjármagni í þessar þarfir. Það er rétt, sem hv. 1. landsk. þm. sagði áðan, að hvað eftir annað hefur verið tekið fram fyrir hendur á daggjaldanefnd. Henni hefur verið skorinn svo þröngur stakkur hvað fjármagn snertir að hún hefur ekki getað veitt sjúkrahúsunum viðunandi úrlausn.

Það er vitaskuld rétt, sem hv. 1. landsk. þm. sagði áðan, að þetta frv. út af fyrir sig leysir ekki nokkurn skapaðan hlut. Ef settar eru rangar tölur inn í fjárlagafrv., ófullnægjandi tölur, þá veldur það vitaskuld því, að fjármagn vantar til að standa undir rekstrinum. Það er vitaþýðingarlaust og gagnslaust að blekkja sjálfan sig varðandi heilbrigðiskostnaðinn. Rekstur sjúkrahúsanna kostar sitt. Ef aðhaldi hefur ekki verið komið við, ef meiri hagræðingu hefur ekki verið beitt, — og það er á ábyrgð hæstv. heilbrmrh. að sjá um að það sé gert, — þá verður starfræksla sjúkrahúsanna samt að halda áfram. Sjúklingarnir þurfa á sinni heilbrigðisþjónustu að halda, og það er ekki hægt að láta starfsfólkið vera launalaust einn eða tvo mánuði í lok ársins til þess að taka af hallann á ónógum fjárveitingum. Þetta vil ég að fram komi.

En fyrirspurn mín beinist sem sagt að því, hvort þess sé að vænta, að fullur skriður verði settur á. (**Forseti:** Er það ekki allt annað mál, hv. ræðumaður?) Ég veit ekki hvort hæstv. forseti óskar frekar eftir að ég taki málið upp utan dagskrár. Þetta er einföld spurning. Ég sé ekki að þetta sé fjær sjúkrahúsunum en Lenin, ef út í það er farið. Fyrirspurnin var skýr og ég verð að endurtaka hana þar sem hæstv. forseti greip fram í í miðri setningu, og kann hann þó ekki við að það sé gert úr öðrum stólum í deildinni. (**Forseti:** Það er allt annað mál. Ég hef leyfi til þess að kalla fram í eins oft og mér sýnist.) Ekki efast ég um að umburðarlyndi hans væri meira ef sjúkrahúsið, sem um er að tefla, væri á Austfjörðum, en ekki á Norðurlandi, og hefði þá kannske sjálfur tekið til máls.

Spurningin lýtur að því hvort þess sé að vænta, að fullur skriður verður settur á lagfæringu á gamla sjúkrahúsinu til þess að bæklunardeildin geti tekið til starfa svo fljótt sem kostur er, og hvort frá því sé gengið að starfsfólk við þá deild fái viðunandi aðstöðu þegar í stað.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna fsp. um bæklunarlækningadeild við sjúkrahúsið á Akureyri skal því svarað, að ríkisstj. er með það mál í athugun. Ég vísa til þess sem ég sagði í upphafi ræðu minnar í dag, að það eru uppi óskir um að hefja verulega nýja starfsemi í heilbrigðis- og sjúkrahúsaþjónustunni á þessu ári. Það er um að ræða starfsemi sem kostar verulega fjármuni og hefur ekki verið tekin um það ákvörðun, hvernig þeirri starfsemi verður háttað í einstökum atriðum eða hvenær hún hefst. En ég hef rætt við Höskuld Baldursson, nýlega ráðinn bæklunaryfirlækni á bæklunarlækningadeildinni á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri um þau mál, og ég vona að þeir hlutir verði í því lagi sem menn geti sæmilega sætt sig við, en innan þeirra marka auðvitað sem fjárlög leyfa. Ég mun einnig ræða þessi mál nánar við forráðamenn sjúkrahússins á Akureyri nú um helgina.

Varðandi framhald framkvæmda á Akureyri get ég að sjálfsögðu ekkert um það sagt, ekki neitt, það er algerlega málefni Alþingis. Ég vil geta þess hér, að ég hef nú um nokkurt skeið verið með að störfum nefnd sem er að gera tillögur um framkvæmdaáætlun í heilbrigðismálum til næstu 5—10 ára, og sú nefnd mun m. a. taka afstöðu til þess, hvort bæta á verulega við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. En ég endurtek það sem ég sagði áðan, að ef menn eru að gera kröfur um svona lagað, þá eru menn að gera kröfur um skattahækkun eða niðurskurð á þjónustu annars staðar. Þetta verða menn að horfast í augu við.

Ég hygg að ég hafi svarað fsp. hv. þm. Halldórs Blöndals og hef í sjálfu sér ekki neinu við þetta frekar að bæta. Ég mun sem sagt ræða við forráðamenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri nú um helgina um bæklunarlækningadeildina sérstaklega.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir að hafa svarað fsp. minni og fyrir það fyrirheit hans að hafa strax um helgina samband við þá menn sem hafa með stjórn og rekstur sjúkrahússins á Akurreyri að gera. En ég vil endurtaka það sem ég sagði áðan, að það liggja fyrir skuldbindingar af hálfu ráðherranna, ekki aðeins núv. ríkisstj., heldur ríkisstj. á undan þessari, um ákveðna uppbyggingu sjúkrahússins á Akureyri, og það kjarnahús sem nú hefur verið reist byggist einmitt á þeirri hugsun. Það er nauðsynlegt að framhald verði á framkvæmdum norður þar til þess að sjúkrahúsið verði eðlileg rekstrareining og til þess að unnt verði að nýta þann mannafla og tækjakost sem þar er. Og það hlýtur að vera ekki síst skylda hæstv. heilbrmrh. og markmið Alþingis að reyna að nýta það fjármagn, sem fest hefur verið í tækjum og búnaði á hverjum stað, sem best og stuðla að því, að rekstrargjöld sjúkrahúsanna verði sem minnst á hvern sjúkling.

ATKVGR.

Till. á þskj. 483 um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 19:6 atkv.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557, n. 621). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. gerði ágæta grein fyrir máli þessu við 1. umr. og

ég sé því ekki ástæðu til að fara um frv. þetta mörgum orðum, en það felur í sér heimild til handa ríkisstj. til að hækka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22.2 millj. bandaríkjadollara í allt að 68 millj. bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollars 1. júlí 1944. Hér er um að ræða mál sem miðar að því, að við höldum áfram með sama hætti og við höfum gert að taka þátt í því samstarfi, sem við höfum tekið þátt í lengi í Alþjóðabankanum, og nýtum okkur heimildir til að auka hlutafé í bankanum.

Nefndin leggur til að frv. þetta verði samþykkt, en hv. þm. Albert Guðmundsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Austurl. í framsögu hans fyrir nál. um það mál sem hér er á dagskrá er það rétt, að ég tók ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni. Það var einfaldlega vegna þess að þær hugmyndir og þær tillögur, sem komu fram á þessu þingi umfram það sem fram hefur komið í öðrum umr. á fyrri þingum sem ég hef setið, gera slíkar kröfur til fjárframlaga frá íslenska ríkinu að augljóst er að við eigum ekki peninga til að taka þátt í þessu alþjóðasamstarfi að því marki sem hér er lagt til. Af þeim ástæðum einum lagði ég til í nefndinni og legg til hér að Ísland auki ekki hlutafé sitt í þessum alþjóðasamtökum sem Alþjóðabankinn er.

Hvað stöðu Íslands snertir breytir það engu hvort Ísland á 1% eða brot af prósenti eða eiginlega hvaða prósenta það er sem Ísland á í Alþjóðabankanum. Ísland hefur ekkert meiri aðgang að Alþjóðabankanum en nú með hlutafjáreign sinni í bankanum. Ég get ekki séð að við séum aflögufærir. Ef hér kæmi aftur á móti fram till. um að þjóðin tæki á sig auknar kröfur, jafnvel aukin erlend lán til að hlaupa beint undir bagga með þjóðum eða fólki sem er í neyð, þá mundi ég að sjálfsögðu samþykkja það. En hér erum við að þykjast vera stærri en við erum, þykjast hafa efni á að gera meira en við raunverulega höfum efni á, því ég býst við að miðað við lánsfjáráætlun, sem nú liggur fyrir, — þurfum við að að taka lán til að vera með í þessu kapphlaupi um hlutafjáreign í Alþjóðabankanum. Ég legg því til að þetta frv. verði ekki samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:2 atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 613). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Efni þessa máls felst í fyrri grein frv., þar sem segir að stefnt skuli að því að ákvæði laga um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu níu árum eftir gildistöku laganna, þ. e. grunnskólalaganna. Í 88. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, var upphaflega stefnt að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu kæmi til framkvæmda samtímis á öllu landinu sex árum eftir gildistöku laganna, en það merkir að lögin hefðu þá átt að koma til framkvæmda að öllu leyti hvað þetta snertir haustið 1980. Hins vegar er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögunum, að Alþingi fjalli nánar um níu ára skólaskyldu áður en hún kemur til fullra framkvæmda. Ég vil geta þess, að það er fyrirhugað að leggja fyrir næsta þing a. m. k. nokkrar breytingar á grunnskólalögunum, og þá er ætlunin að færi gefist fyrir Alþingi að tjá sig nánar um skólaskylduna eins og gert er ráð fyrir í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögunum. Ég vil líka minna á að Alþingi frestaði með lögum 1980 að láta níu ára skólaskyldu koma þá til framkvæmda það ár, eins og þá átti að vera, og auk þess var þessi frestun enn á ný endurtekin í fyrra. Það, sem felst í þessu frv., er reyndar að fresta gildistöku níu ára skólaskyldu enn um eitt ár, þ. e. til hausts 1983.

Ég vona, herra forseti, að það geti orðið samkomulag um að gera þetta frestunarákvæði að lögum með þeim rökum sem hér hafa fram komið. Ég vænti þess sem sagt að þetta frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, og þess vegna fer ég fram á það við hv. þingdeild að hraða málinu svo sem verða má, enda mun fremur stutt til þingslita. Ég mælist til þess að þegar þessari umr. lýkur verði málinu vísað til menntmn. og 2. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til menntmn. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 582). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Tónskáldasjóður Íslands, frv. (þskj. 575). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég hef ásamt fimm öðrum þm. úr menntmn. Nd. lagt fram frv. til l. um Tónskáldasjóð Íslands. Uppbygging sjóðsins er af okkar hálfu hugsuð með svipuðum hætti og verið hefur um Launasjóð rithöfunda og hugmyndir eru raunar uppi um Launasjóð myndlistarmanna.

Í frv. er gert ráð fyrir að á fjárlögum verði veitt til sjóðsins fé sem svarar tíföldum meðalárslaunum menntaskólakennara. Er gert ráð fyrir að þeim verði varið til þess í fyrsta lagi að styrkja menn til tónsmíða, enda hafi umsækjandi gert grein fyrir hvernig hann hyggist vinna að þeim, í öðru lagi til útgáfu íslenskrar tónlistar á hljómplötum, snældum og nótum og í þriðja lagi til kynningar á íslenskri tónlist innanlands og utan.

Hér er gert ráð fyrir að stjórn Tónskáldasjóðs verði fimm manna, skipuð til fjögurra ára í senn, formaður skuli skipaður án tilnefningar, en hinir samkvæmt tilnefningu Tónskáldafélags Íslands, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar, Íslenskrar tónverkamiðstöðvar og Félags ísl. hljómlistarmanna.

Þetta frv. er í meginatriðum ekki ósvipað hugmyndum sem áður hafa komið upp innan Tónskáldafélagsins, þótt verkefnunum sé að því leyti þrengri stakkur skorinn að hér er ekki gert ráð fyrir að úr sjóðnum verði varið fé til

vísindalegra rannsókna á sögu íslenskrar tónlistar eða annarrar þvílíkrar starfsemi, enda teljum við að verkefni af því tagi séu annars eðlis, en geti á hinn bóginn auðvitað notið styrks ef svo stendur á. Ef tónskáld gerir þá grein fyrir umsókn sinni, að liður í tónsmíðinni sé einmitt sá að vinna að rannsóknum á t. d. þjóðlögum, mundi slík vinna auðvitað geta fallið undir a-lið 4. gr. frv. En við teljum að hrein vísindastarfsemi, sem ekki er í tengslum við tónsmíðar, sé af öðrum toga og ef ríkið vilji leggja fram fé til þvílíkra rannsókna sé eðlilegt að það sé gert með öðrum hætti.

Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að á undanförnum árum eða áratugum kannske hefur mikil gróska verið meðal tónlistarmanna svo að fyrir því má færa sannfærandi rök að engin listgrein standi með jafnmiklum blóma um þessar mundir og tónlistin hér á landi. Ég geri ráð fyrir að við getum öll verið sammála um að varla er önnur landkynning ágætari um þessar mundir en ágæt frammistaða tónlistarmanna okkar á erlendum vettvangi. Þess er skemmst að minnast, að Atli Heimir Sveinsson hlaut tónskáldaverðlaun Norðurlanda og þótti hvarvetna vel að þeim kominn. Ýmis önnur tónskáld hafa gert garðinn frægan og úrvals hljóðfæraleikarar starfa nú í mörgum þjóðlöndum, eins og hv. alþm. er kunnugt.

Það er ekki hugsun flm. að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi, en á hinn bóginn leggjum við áherslu á að það verði sent til umsagnar þegar í vor til þeirra aðila, sem um slíkt verður talið rétt að leita álits hjá, þannig að umsagnir geti legið fyrir á hausti komanda, enda verði frv. þá endurflutt. Ég vil taka það fram, að auðvitað eru álitamál í þessu frv., hversu víðtækt verkefni sjóðsins skuli vera og annað því líkt, en það hlýtur allt að verða til endurskoðunar á haustþinginu.

Við leggjum að sjálfsögðu áherslu á að frv. geti orðið að lögum það snemma að hægt sé að gera ráð fyrir því við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, að sjóðurinn taki þá til starfa, og að fjárveitingar úr sjóðnum geti hafist strax á næsta ári.

Herra forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að hafa þessa framsögu lengri. Höfuðatriði málsins liggja í augum uppi og í hv. deild er einvalalið listunnenda og menningarmanna sem ég veit að munu gefa þessu máli gaum og vilja styðja að framgangi þess.

Ég vil leggja til að að þessari umr. lokinni verði málinu vísað til menntmn.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil gjarnan láta nokkur orð falla í tilefni af þessu frv., en flutningurinn minnir á þá staðreynd, að e. t. v. er kominn tími til að kanna í heild gildandi lög og reglur um opinberan stuðning við listamenn, þ.. e. „gera úttekt", eins og nú er sagt, á stöðu þessara mála og ræða hvort við séum á réttri braut í þessum efnum, m. a. að því leyti, hvort stuðningur við listamenn sé nægur og hvort það kerfi, sem við búum við, sé skynsamlegt og réttlátt. Einnig þurfum við að gera okkur grein fyrir hvernig Íslendingar standa í þessum málum miðað við þjóðir á sama menningarstigi. Við þurfum að geta svarað þeirri spurningu, hvernig við búum að listamönnum á Íslandi og hvort við stöndumst í því efni samanburð við aðrar þjóðir. Reyndar er nauðsynlegt að láta kanna svo vel sem unnt er hvernig háttar opinberum stuðningi við almennt lista- og menningarlíf í landinu, og þá meina ég auðvitað menningarlíf í víðtækum skilningi, bæði það sem varðar skapandi listir og bókmenntir og menningarstarfsemi áhugafólks í ótal greinum.

Ég tel brýnt að gera faglega úttekt á þessu máli. Það hefur aldrei verið gert hér á landi svo nokkurt gagn sé að. Þaðan af síður er til marktækur samanburður á ástandi þessara mála hér á landi og í öðrum löndum. Sannleikurinn er því sá, að við rennum að flestu leyti blint í sjóinn þegar við ræðum um málefni listamanna, t. d. fjárhagsafkomu listamanna, hvað þá ef við tökum upp í okkur svo stórt orð sem menningarmálastefnu eða „kúltúrpólitík", sem stundum er talað um á útlendum *málum, en þá vantar oft upplýsingar sem gera* okkur kleift að ræða málin með skýrum rökum. Okkur vantar heildarmynd af ástandinu til að geta metið það eins og það er í raun og veru. Við sjáum fyrir okkur einstaka þætti, en aldrei heildarmyndina. Af þessu leiðir að erfitt er að halda uppi nógu markvissri menningarmálastefnu, jafnvel þótt margir hafi áhuga á því, fullan hug á því og fullan vilja á því. Það eru margir sem betur fer og ég tel mig vera í þeim hópi. En ég hef fundið til þess í starfi mínu sem menntmrh. að skortur er á fullnægjandi upplýsingum varðandi fjármál menningar- og listastarfseminnar. Hagtölur menningarmála eru ekki auðfengnar. Ég hlýt einnig að segja sem er, að ekki er fyrir hendi neitt óyggjandi mat á afkomu íslenskra listamanna. Við vitum allt of lítið um hvernig það fjármagn nýtist sem varið er til að styðja við bakið á listamönnum, og þá á ég m. a. við hvort skynsamlegar reglur gildi um skiptingu listamannalauna og listamannastyrkja, að ekki sé minnst á þá spurningu, hvort nægilegu fjármagni sé varið til listamannalauna yfirleitt.

Ég álít fyrir mitt leyti að síst sé of miklu fé varið til listamannalauna og þaðan af síður til annarrar menningarstarfsemi. Ég get m. a. tekið undir þá stefnu, sem felst í þessu frv., að eðlilegt sé að stofna tónskáldasjóð á sama hátt og til er Launasjóður rithöfunda o. s. frv. Það er sjálfsagt mál að launa tónskáld engu síður en rithöfunda. Ég vil gjarnan vinna að því með flutningsmönnum að gera þessa hugmynd að veruleika, fyrst og fremst með því að afla henni fylgis innan ríkisstj. Hins vegar minni ég enn á það, sem ég hef einkum gert að umræðuefni, að tímabært er að gera úttekt á opinberum stuðningi við lista- og menningarlíf í landinu og þá ekki síst á skipulagi listamannalauna og listamannastyrkja. Mér er þó fyllilega ljóst að hér er ekki um neitt áhlaupaverk að ræða.

Ég vil geta þess, að á vegum menntmrn. fer nú fram hagfræðileg könnun á þessum málum. Ég hef lagt það verkefni fyrir að láta kanna ítarlega fjárhagsstuðning við listir og önnur menningarmál hér á landi og bera saman, eins og við verður komið, stöðu þeirra mála hérlendis og í nágrannalöndum, og í þriðja lagi að samin verði skýrsla eða álitsgerð sem geti orðið grundvöllur almennrar umræðu og stefnumótunar á þessu sviði. Verið er að vinna að þessu verki og von mín er sú, að álitsgerðin, sem að er stefnt, geti orðið til á þessu ári.

Ég þori að fullyrða að verk sem þetta hefur aldrei verið unnið áður hér á landi. Hér er því um brautryðjendastarf að ræða hvað varðar hagfræðilega úttekt á sviði menningarmála. Vissulega er sú hætta fyrir hendi, að starfi sem þessu verði í ýmsu áfátt. Ég geri mér samt vonir um að það verði til gagns sem umræðugrundvöllur um menningarmál og leiðbeining um hvernig Íslendingar standa í almennum menningarmálum, þ. á m. hvað varðar

stuðning við skapandi listir og einstaka listamenn. Ef þessi úttekt á menningarmálum verður í reynd sú sem ég stefni að, þá ætti hún að veita þá heildaryfirsýn sem er nauðsynleg til þess að sem flestir geti myndað sér skynsamlega skoðun á menningarmálum og því hver skuli vera opinber stefna á því sviði.

Frá þessu greini ég, herra forseti, í upplýsingaskyni, en ekki til að drepa á dreif efni þess frv. sem hér er til umræðu. Ég held reyndar að það sé nauðsynlegt að átta sig á launakerfi listamanna í heild þegar rætt er um hagsmuni eins hóps listamanna sérstaklega. En annars er þessi hugleiðing mín almenns eðlis og ber að líta á hana sem slíka.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. hans góðu undirtektir og tek undir þau orð hans, að nauðsynlegt sé að taka til endurskoðunar allt launa- og styrkjakerfi listamanna í landinu. Ég held að það sé öldungis rétt að það þurfi að marka miklu skýrari stefnu þannig að ein höndin viti hvað önnur gerir og að það fé, sem rennur til þess arna af opinberri hálfu, megi betur nýtast.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til menntmn. með 28 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 255, n. 265, 626). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 100 frá árinu 1952, um íslenskan ríkisborgararétt. Samkvæmt þessu frv. eru ráðgerðar þær breytingar á lögum nr. 100/1952 helstar:

1. Að eftir gildistöku frv. kemst á jafnstaða með körlum og konum í því efni, að börn giftra foreldra leiða ríkisfang sitt jafnt frá móður sem föður. Segja má að þetta atriði hafi verið helsta kveikjan að gerð lagafrv.

2. Gildistökuákvæði í frv. um afturvirkni framangreindrar reglu í afmarkaðan tíma leiðir til þess, að börn íslenskrar móður, sem eru fædd á síðustu 18 árum fyrir gildistöku laganna, fái íslenskt ríkisfang ef hún gefur skriflega yfirlýsingu um þá ósk innan tiltekins tíma. Auk þess að gefa framangreindri reglu afturvirkni er þetta ákvæði til þess fallið í sumum tilfellum að börn íslenskrar móður, sem ekki eiga ríkisfang með henni, en e. t. v. fjarlægt ríkisfang föður síns, geti með eðlilegum hætti notið ríkisfangsins í heimalandi sínu.

3. Tekin er upp regla eftir fyrirmynd danskra laga um heimild ættleiðenda til að lýsa ættleitt erlent barn undir sjö ára aldri íslenskan ríkisborgara.

4. Teknin er upp í frv. sú lagaregla sem önnur Norðurlönd tóku upp árið 1968 samkv. tilmælum í alþjóðasamningi um að draga úr ríkisfangsleysi með tilteknum löggjafarráðstöfunum.

5. Loks er tekin inn í frv. sú lagaregla, sem ekki var tekin upp hér á landi árið 1952, en gilt hefur milli Noregs, Danmerkur og Svíþjóðar allt frá árinu 1950, að dvöl í einhverju hinna ríkjanna jafngildi með ákveðnum hætti dvöl í heimalandi við öflun ríkisfangs.

Nefndin hefur haft samráð við hagstofustjóra, Klemens Tryggvason, um afgreiðslu þessa máls, og er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með orðalagsbreytingu á 4. gr. sem flutt er brtt. um á þskj. 626.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 626 samþ. með 26 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv.
5.—10. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 130, n. 608). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Nefndin hefur fjallað um það frv., sem hér er til umræðu, og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess án breytinga. Sú efnislega breyting, sem þetta frv. leggur til, er að sérhönnuð heimili og íbúðir aldraða og öryrkja, byggðar í tengslum við þjónustumiðstöð aldraða eða heilsugæslustöð, falli undir sömu reglur og gilt hafa um dvalarheimili aldraða. Nefndin varð sammála um að þessi breyting væri eðlileg og þarf ég ekki að fjölyrða um það frekar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 26. shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 262, n. 573 og 589, 574). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. skipaði með bréfi 1. júlí 1981 þriggja manna nefnd til að endurskoða lög nr. 31/1970, um dýralækna. Í nefnd þessari áttu sæti frú Ragnheiður Árnadóttir deildarstjóri í landbrn., formaður, Jón Guðbrandsson héraðsdýralæknir á Selfossi og Páll Agnar Pálsson yfirdýralæknir. Nefndarskipun þessi var gerð í samræmi við yfirlýsingu hæstv. landbrh. á fundi landbn. Nd. Alþingis á s. l. vori, sbr. nál. landbn., dags. 20. apríl 1981, um 213. mál.

Þó að lög um dýralækna séu ekki nema ellefu ára gömul hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls sjö sinnum. Flestar þessar breytingar varða dýralæknaskipan og eru til komnar vegna tilmæla bændasamtakanna sem óskað hafa jafnan eftir fleiri héraðsdýralæknum. Enn hafa nýlega borist samþykktir búnaðarsambanda þar sem óskað er eftir fleiri héraðsdýralæknum en nú er gert ráð fyrir. Við samningu frv. hafa verið hafðar í huga þessar samþykktir bænda sem fram eru komnar vegna þess að bændur telja sig ekki fá næga dýralæknaþjónustu eða vera afskipta. Auk þess var tekið að nokkru mið af óskum Dýralæknafélags Íslands og annarra aðila er mál þessi varða.

Rétt er að vekja athygli á því, að störf dýralækna hafa breyst verulega síðasta áratuginn samstiga breyttum

búskaparháttum. Um leið og búin hafa stækkað hefur fólki, sem við þau vinnur, fækkað og annríki aukist. Gripir eru nú fóðraðir til fyllstu afurða meira en áður tíðkaðist og eru því kvillasamari en áður. Bændur leita því meira til dýralækna og gera nú minna að því að reyna sjálfir að lækna gripi sína.

Þó með þessu frv. sé gert ráð fyrir nokkurri fjölgun héraðsdýralækna er ljóst að seint verður svo að þessum málum staðið að ekki verði ýmsir bæir nokkuð útundan varðandi dýralæknaþjónustu. Kemur hvort tveggja til strjálbýli og erfiðar samgöngur.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum. Frv. var sent til umsagnar til Búnaðarþings og til allra búnaðarsambanda í landinu og þess óskað að stjórnir þeirra hefðu samráð um umsögnina við viðkomandi héraðsdýralækni og við forustumenn þeirra hreppa sem liggja á jöðrum hvers umdæmis. Enn fremur var leitað eftir umsögn frá stjórn Dýralæknafélags Íslands.

Búnaðarþing gerði tillögur um tvær breytingar á frv. Í fyrsta lagi að Akrahreppur falli undir Skagafjarðarumdæmi, en ekki Hofsósumdæmi, eins og frv. gerði ráð fyrir, og í öðru lagi að héraðsdýralæknar skuli vera vel á verði gegn því að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjársjúkdóma.

Umsögn barst frá stjórn Dýralæknafélags Íslands, undirrituð af formanni þess, Jóni Guðbrandssyni. Koma fram í umsögninni sex ábendingar um breytingar. Umsagnir bárust frá eftirtöldum búnaðarsamböndum: Búnaðarsambandi Borgarfjarðar, Búnaðarsambandi Suðurlands, Búnaðarsambandi Austur-Skaftfellinga, Búnaðarsambanndi Austurlands, Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga og Búnaðarsambandi Austur-Húnvetninga. Enn fremur bárust umsagnir frá dýralæknunum Brynjólfi Sandholt, Gunnari Guðmundssyni og Ragnari Ragnarssyni, en sá síðastnefndi gerði ítarlegar ábendingar og kom fram með margar breytingartillögur sem fengur var í að fá.

Einnig barst umsögn frá hreppsnefnd Bæjarhrepps í Strandasýslu og frá 33 bændum og búfjáreigendum í Reyðarfjarðarhreppi, þar sem þeir síðarnefndu fara þess á leit að þeir fái sína þjónustu frá Egilsstöðum, en ekki frá Neskaupstað, eins og frv. gerir ráð fyrir. Fram kemur í þessu undirskriftaskjali að ástæðan fyrir því, að þessi ósk er fram borin um breytingu, sé að miklu auðveldara sé um allar samgöngur við Egilsstaði en Neskaupstað. Í umsögn Búnaðarsambands Austurlands er ekki minnst á þetta vandamál og í umsögn Búnaðarþings er ekki heldur minnst á þetta, og má því ætla að fulltrúar Austfirðinga á Búnaðarþingi hafi ekki bent á þetta vandkvæði. Það þarf líka að íhuga, að ef um tilfærslu yrði að ræða yrði Norðfjarðarumdæmi svo lítið og tekjurýrt að vafasamt er að nokkur dýralæknir fengist til að þjóna því. Af þessari ástæðu gerir landbn. ekki till. um breytingu, en ef að því yrði horfið að breyta á einhvern hátt texta þessa liðar kæmi helst til greina að mínu áliti að setja viðauka við þennan lið, sem er 23. liður 4. gr., eitthvað á þessa leið: Íbúar Reyðarfjarðarhrepps geta þó vitjað dýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra þegar samgöngur eru erfiðar við Neskaupstað. — Væri þetta raunar í samræmi við þann texta sem er stettur í sambandi við Bæjarhrepp í Strandasýslu.

Enn fremur barst nefndinni frá landbrh. umsögn og athugasemdir er fjórir starfsmenn heilbr.- og trmrn. höfðu gert við frv. Urðu nokkrar umræður á fundum nefndarinnar út af þessari umsögn og ekki síður hvernig hún er fram sett. Ég sé ekki beina ástæðu til þess að gera hana að umræðuefni nema tilefni gefist til, enda munu aðrir úr nefndinni að líkindum gera það.

Nefndin hefur athugað allar ábendingar um brtt , sem bárust, og tekið tillit til þeirra eftir því sem hún taldi ástæðu til. Sumar ábendingarnar eiga fremur heima í reglugerð en í lagafyrirmælum. Til dæmis þarf að setja í reglugerð að héraðsdýralæknum sé skylt að gera viðkomandi mjólkurstöð grein fyrir niðurstöðum um fjósskoðun hverju sinni þegar slík skoðun fer fram. Enn fremur hlýtur að koma til álita hvort ekki sé rétt að skipta á milli þeirra héraðsdýralækna, er starfa í sama héraði, þeirri kjötskoðun sem inna þarf af hendi í héraðinu. Enn fremur þarf að setja í reglugerð að héraðsdýralæknum sé skylt að hafa eftirlit með því, að hreppsnefndir láti hreinsa alla hunda í viðkomandi hreppi, eins og lög ákveða. Öll þessi atriði vildu sumir setja í lög.

Á sérstöku þskj. leggur landbn. sameiginlega fram brtt. við fimmtán greinar frv. Nefndin átti náið og mjög gott samstarf við nefndina sem samdi frv., og vil ég fyrir hönd nefndarinnar þakka það góða samstarf. Á þskj. 574 eru þessar brtt. og mun ég aðeins nefna nokkur atriði þeirra.

2. brtt., við 3. gr., er um það, að til þess að dýralæknir öðlist leyfi til dýralækninga skuli hann í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi vera undir handleiðslu héraðsdýralæknis sem hefur a. m. k. fimm ára starf í héraði að baki.

Við 4. gr. eru nokkrar brtt.

Í fyrsta lagi er brtt. við 10. lið, Strandaumdæmi í Strandasýslu: Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.

Í öðru lagi: Við 13. lið bætist Akrahreppur, en hverfi úr 14. lið, þ. e. frá Hofsósumdæmi.

Í 17. lið bætist Hálshreppur, en falli niður úr 18. lið.

Síðasta mgr. 4. gr. orðist svo: „Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbrh. ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir."

Í 5. gr. er brtt. um það, að landbrh. ákveði hvar dýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda. Í nokkrum tilvikum annars staðar í þessu frv. er því bætt við, að heimaaðilar og stjórn Dýralæknafélags Íslands hafi þar um málin að segja.

Við 6. gr. bætist ný málsgr.: „Um mál, sem gætu varðað heilsufar neytanda, skal hann hafa samráð við landlækni" — þ. e. yfirdýralæknir.

Við 7. gr. er breyting um að landbrh. setji dýralæknum erindisbréf samkv. tillögum yfirdýralæknis, en í frv. stóð að yfirdýralæknir ætti að setja þetta erindisbréf, sem er á móti öllum venjum.

Í 10. gr. er rætt um að Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum selji og framleiði undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Svo er bætt þarna inn í: „Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með þessari starfsemi."

Á sama hátt er lagt til í 11. gr., að komi upp smitsjúkdómar í dýrum, sem mönnum gæti stafað hætta af, skuli

höfð samráð við landlækni um nauðsynlegar aðgerðir.

Um 12. gr. var erfitt að fá samstöðu að vissu leyti. Þar eru ýmis sjónarmið í kerfinu. Varð samkomulag um að leggja til að 3. málsgrein orðist svo: „Landbrrh. setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og umsögn Hollustuverndar ríkisins, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum og afurðum þeirra“ o. s. frv.

Aftan við 3. málsgr. 15. gr. bætist: „Kærður dýralæknir getur skotið máli sínu til dýralæknaráðs. Dýralæknaráð skal skipað yfirdýralækni og stjórn Dýralæknafélags Íslands á hverjum tíma. Leyfissviptingu má fresta þar til umsögn ráðsins liggur fyrir, en hún skal lögð fram innan þriggja mánaða.“

Í 16. gr. bætist við: „Um hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga fer samkvæmt lögum nr. 49/1978.“

Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessar brtt. frekar. Þær eru, eins og áður segir á þskj. 574 og landbn. stendur einhuga að þessum brtt.

Frsm. minni hl. (Árni Gunnarsson): Herra forseti. Afgreiðsla þessa máls í landbn. á sér nokkuð merkilegan aðdraganda og á stundum nokkuð skrautlegan. Þó verð ég að segja að ég tel ástæðu til að bera nokkurt lof á formann landbn., sem í þessu máli viðhafði vinnuaðferðir sem voru þess eðlis að hægt var að koma á samkomulagi milli tveggja hæstv. ráðherra um hvernig bæri að standa að afgreiðslu þessa máls. En það verður að segjast um leið, að það hefði ekki verið ástæðulaust að setja inn í þessi lög ákvæði um endurskoðun þeirra hið allra fyrsta, því að það gafst tiltölulega skammur tími til að kanna lögin og m. a. vegna athugasemda, sem bárust frá heilbr.- og trmrn. við lögin, væri fyllsta ástæða til að endurskoða þau við besta og fyrsta tækifæri.

Ég varð t. d. nokkuð klumsa þegar ég áttaði mig á því, að í lagafrv., eins og það kom fyrir nefndina, voru setningar eins og þær, sem fram koma í 9. gr., að skylt sé héraðsdýralækni að veita staðgengli aðgang að síma ef hann óski þess. Ég veit ekki hvaða erindi þetta á inn í lög. Í 17. gr. segir að heimilt sé að greiða héraðsdýralæknum símastyrki. Í 18. gr. segir að þegar dýralæknir hafi starfað sem héraðsdýralæknir sé heimilt að veita honum hagkvæm lán til kaupa á bifreið við starf sitt. Og í 19. gr. segir: „Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra, sem vitjana hafa óskað.“

Þetta er kannske smávægileg atriði. Það eru grundvallaratriði frv. sem auðvitað skipta höfuðmáli.

Við höfum þrír nefndarmenn skilað séráliti að mjög gefnu tilefni. Það eru hv. þm. Pétur Sigurðsson, Steinþór Gestsson og ég. Við höfum þó ekki gert ágreining um afgreiðslu málsins einfaldlega vegna þess að við gerum okkur ljósa grein fyrir því, að það liggur mikið við að afgreiða þetta frv. á þessu þingi. En ég vænti þess fastlega, að unnt reynist að taka það til endurskoðunar, helst á næsta þingi ef menn sæju sér það fært. Ég vil, með leyfi forseta, fá að lesa orðrétt það nál. sem við látum fylgja við afgreiðslu þessa máls um frv. til laga um dýralækna. Þar segir:

„Þótt allir nm. landbn. Nd. standi sameinaðir að afgreiðslu frv. til laga um dýralækna telja undirritaðir nm. nauðsynlegt að vekja athygli á formgöllum og nánast óþinglegri afgreiðslu málsins í hendur nefndinni.

Frv. þetta er stjfrv. og því eðlilegt að ætla að það hefði verið afgreitt í ríkisstj. á formlegan hátt. Það kom nm. hins vegar í opna skjöldu er þeim bárust margar blaðsíður af athugasemdum um frv. frá nefnd sem heilbr.- og trmrh. hafði skipað. Þar er ekkert gert með frv. og með óvenjulegu orðbragði, a. m. k. frá opinberum embættismönnum, er það skorið niður við trog, grein fyrir grein.

Þegar þessi afstaða heilbr.- og trmrn. til frv. varð ljós vildu undirritaðir nm. vísa málinu til ríkisstj. með eftirfarandi nál.:

„Landbn. Nd. Alþingis hefur fengið til meðferðar frv. til l. um dýralækna. Nefndinni hafa borist umsagnir nokkurra aðila um málið, sem flestar eru jákvæðar. Það vekur hins vegar mikla athygli að Svavar Gestsson heilbr.- og trmrh. hefur sent Pálma Jónssyni landbrh. viðamikla grg. með athugasemdum við frv. Þar kemur m. a. fram, að um síðustu áramót hefur heilbr.- og trmrh. falið fjórum mönnum, Ingimar Sigurðssyni deildarlögfræðingi í heilbr.- og trmrn., Ingolf Petersen deildarstjóra lyfjamáladeildar sama rn., Hrafni V. Friðrikssyni yfirlækni og forstöðumanni Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Sigurjóni Jónssyni yfirlyfjafræðingi, forstöðumanni Lyfjaeftirlits ríkisins, að gera athugasemdir við fyrrnefnt frv. Þessar athugasemdir voru sendar landbrh. hinn 9. mars s. l., en þeim hafði verið komið á framfæri við heilbr.- og trmrh. 29. janúar s. l. Landbn. Nd. hefur fengið þessar athugasemdir frá landbrh.

Höfundar þessara athugasemda finna frv. til laga um dýralækna flest til foráttu, og verður ekki önnur ályktun dregin en sú, að heilbr.- og trmrh. sé nm. sammála þar eð hann sendir landbrh. grg. athugasemdalaust.

Í aðfaraorðum nefndarinnar segir orðrétt:

„Um. s. l. áramót var okkur undirrituðum falið að gera athugasemdir við frv. til laga um dýralækna, sem litið hafi dagsins ljós þá fyrir skömmu í formi nál. á vegum landbrh. Hljótum við að harma slík vinnubrögð þar sem frv. þetta er alfarið unnið á vegum þriggja manna nefndar hvar í áttu sæti tveir dýralæknar. Engin samráð voru höfð við heilbrigðisyfirvöld þó að frv. snerti veigamikla þætti heilbrigðismála, og má þar helst nefna lyfjamál og heilbrigðiseftirlit. Skýtur þetta skökku við þegar haft er í huga að heilbrrn. hefur ávallt kappkostað að senda landbrn. til umsagnar þau frv. og þær meiri háttar reglugerðir er koma inn á málefni dýralækna, og er þar skemmst frá að segja, að mjólkurreglugerð var til meðferðar í landbrn. í tæpt ár. Er unnið var að lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo dæmi sé tekið, var það sent til yfirdýralæknis svo og landbrn.

Það er skoðun okkar, að landbrh. hefði átt að senda heilbrn. frv. það, sem hér er til umfjöllunar, áður en það var sent í prentun. Slík vinnubrögð hljóta að teljast sjálfsögð.

Áður en einstakar greinar verða teknar til efnismeðferðar viljum við benda á, og það er skoðun okkar, að dýralæknalög eigi eingöngu að fjalla um réttindi og skyldur dýralækna sem slíkra, sbr. læknalög um lækna, en síðan eigi að vera sérlög um dýralæknahéruð og þá þjónustu sem hið opinbera á að veita, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu og um læknishéruð. Verður því að líta á allar athugasemdir okkar óháðar þessu meginsjónarmiði, þar sem frv. tekur yfir miklu fleiri þætti en réttindi og skyldur dýralækna.“

Af þessum aðfaraorðum má ljóst vera að grundvallarágreiningur er á milli landbrn. og heilbr.- og trmrn. um

það frv. til laga um dýralækna, sem vísað hefur verið til landbn. Nd. Þessi ágreiningur gengur svo langt, að í athugasemdum heilbr.- og trmrn. er látið að því liggja, að eitt atriði frv. standist ekki gagnvart stjórnarskrárákvæðum um handhafa framkvæmdavalds.

Þá er og bent á það, að í frv. sé fjallað um Tilraunastöð Háskólans að Keldum og landbrn. hyggist setja lög um þá stofnun sem fellur undir menntmrn. og starfar samkvæmt sérlögum. Einnig sé í frv. fjallað um Lyfjaverslun ríkisins, sem a. m. k. enn falli algerlega undir fjmrn.- Almennt eru athugasemdirnar þannig orðaðar, að ágreiningur rn. blasir við í hverri setningu.

Af lestri athugasemdanna er ljóst, að heilbr.- og trmrn. telur að stór hluti þess frv., sem landbrn. Nd. er nú að fjalla um, falli ekki undir landbrn., heldur heilbr.- og trmrn.

Frv. til laga um dýralækna er stjfrv. og er eðlilegt að ætla að um það hafi verið samkomulag í núv. ríkisstjórn. Eins og nú standa sakir eru greinilega miklir formgallar á allri umfjöllun málsins og nánast óþinglegt að landbn. Nd. haldi áfram umræðum um það. Af þessum ástæðum teljum við bæði eðlilegt og sjálfsagt að málinu verði vísað til ríkisstj. til umfjöllunar og ákvörðunar. Munum við ekki taka þátt í frekari athugun og könnun nefndarinnar á málinu. Af ofangreindum ástæðum leggjum við til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Öllum nm. var ljóst að mikið lá við að frv. þetta fengi afgreiðslu á þessu þingi. Varð því að samkomulagi að formaður nefndarinnar reyndi að sætta landbrh. og heilbr.- og trmrh. á einhverja lausn málsins. Í allan þennan málarekstur fór mikill tími og mikil vinna og lauk honum með smíði fjölmargra brtt. sem nefndin flytur nú við frv. Undirritaðir telja þetta vægast sagt óvenjulegar starfsaðferðir þegar þingnefnd verður að leysa ágreining ráðherra um stjfrv.

Margt fleira mætti um þessa makalausu málsmeðferð segja, en ugglaust gefst tækifæri til þess við umr. um málið.

Eins og áður er frá greint leggjum við til að frv. verði samþykkt með þeim brtt., sem nefndin í heild flytur á sérstöku þskj."

Við þetta er svo rétt að bæta, að eftir að þetta álit kom fram í nefndinni gerði formaður nefndarinnar sér allt far um að reyna að sætta þau að því er virtist óbrúanlegu sjónarmið er fram höfðu komið í máli þessu á milli tveggja rn., og tókst honum það með sóma og sann þannig að nm. allir gátu fallist á að ljá þessu nál. nöfn sín. Hins vegar er því ekki að leyna og er í huga okkar allra, að ég tel að það verði við fyrstu hentugleika að endurskoða þetta frv. og reyna að koma því í breytta og bætta mynd. Frv., eins og það liggur nú fyrir, er þess eðlis, að það er ekki verulegum vandkvæðum bundið að afgreiða það eða samþykkja það hér á þingi, en bæði væri eðlilegt og sjálfsagt að endurskoða frv., m. a. með tilliti til þeirra athugasemda, margra mjög réttmætra, sem fram komu frá heilbr.- og trmrn.

Það er nú einu sinni svo, að sá málaflokkur er býsna viðamikill sem þetta frv. tekur til. Það er bæði eðlilegt og væntanlega sjálfsagt að það verði skoðað vandlega, hvort stórir hlutar þessa frv., sem snerta heilbrigðismál, lyfjamál og fleira af þeim toga spunnið, heyri ekki frekar undir annað rn. en landbrn.

Herra forseti. Við, sem undirritum þetta nál. og erum minni hluti landbn., gerum ekki ágreining um flutning og afgreiðslu þessa frv. Við teljum að það sé í raun og veru í lagi, ef svo mætti orða það, að afgreiða þetta frv., enda liggur mjög á að það fái afgreiðslu, þó að við höfum hnotið um andkannalegt orðalag í frv., sem ég nefndi dæmi um áðan. Veigamesta atriðið er auðvitað það, að tvö rn., sem telja sig eiga hér hlut að máli, virðast ósammála um hvernig beri að haga veigamiklum efnisþáttum sem í þessu frv. eru.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. landbn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég sé jafnframt ástæðu til þess vegna orða hv. síðasta ræðumanns að rifja það upp, að frv. þetta er samið af stjórnskipaðri nefnd. Það er lagt fram óbreytt eins og sú nefnd gekk frá því sem stjfrv., og þær breytingar, sem lagðar eru til í brtt. hv. nefndar, eru gerðar með fullu samþykki mínu og með fullu samþykki hæstv. heilbrmrh. Um þetta mál er enginn ágreiningur á milli þessara tveggja ráðh. í ríkisstj. Allar getsakir um hið gagnstæða eru úr lausu lofti gripnar og óþarfar.

Ég endurtek svo, að ég lýsi fylgi mínu við þær brtt. sem fram eru komnar. Hitt er svo annað mál, að einstakir starfsmenn rn. geta haft mismunandi skoðanir á því, hvaða tiltekin svið í löggjöf eiga heima hjá þessu rn. eða öðru.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta frv. Þó get ég ekki látið hjá líða að undrast nokkuð alla málsmeðferð á því.

Það virðist vera töluverður ágreiningur milli rn. um frv. Nefndarmenn, sem um það hafa fjallað mánuðum saman, virðast á einhvern undarlegan hátt hafa komist að samkomulagi án þess að þá langi mjög mikið til að frv. verði samþykkt. Þeir sýnast hafa við það ótal athugasemdir. Ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni hér, að mér finnst þetta frv. ákaflega undarlegt og ég á erfitt með að greiða því atkv. að það verði sent frá hinu háa Alþingi eins og það kemur fyrir.

Mér sýnist hér á ferðinni eitthvert tilfinningamál fremur en skynsemismál. Þær breytingar, sem hér er um að ræða frá gildandi lögum, hefði mátt orða í miklu styttra máli. Það er næsta óvenjulegt að sjá ákvæði eins og þessi, ef ég má lesa, með leyfi dorseta:

„Dýralæknar skulu vanda svo sem kostur er allar skýrslur, umsagnir og vottorð og skrá þar eingöngu það, sem þeir vita fullar sönnur á, hvort sem vottorðin eru ætluð til leiðbeininga eða sem sönnunargagn í tilteknu máli."

Ég hlýt að spyrja: Þarf að taka þetta fram?

Ég ætla að leyfa mér að lesa áfram, herra forseti:

„Dýralæknar skulu forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum."

Ég spyr enn: Þarf að taka þetta fram í lögum?

Ég leyfi mér að lesa áfram, herra forseti:

„Héraðsdýralæknar eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum þegar þess er leitað, nema þeir séu sjúkir eða hindraðir af aðkallandi embættisstörfum."

Ég hlýt að spyrja hið háa Alþingi: Hver eru þau aðkallandi embættisstörf sem þeir eru að sinna fremur en dýralækningum? Ég hélt að það leiddi af sjálfu sér að embættismenn ættu að sinna þeim störfum sem þeir eru ráðnir til.

Ég leyfi mér að lesa í fjórða lagi, herra forseti:

„Héraðsdýralækni er skylt að svara fyrirspurnum í síma og veita upplýsingar varðandi sjúkdóma í dýrum, þegar þess er óskað."

Ég hlýt að spyrja: Hverjar eru þær fyrirspurnir í síma, sem honum ber að svara, sem ekki varða sjúkdóma í dýrum — eða eru það upplýsingar sem varða eitthvað annað en sjúkdóma í dýrum?

Ég verð að lýsa þeirri skoðun minni, að mér finnst slík löggjöf hreinustu endemi. Ég er ekki nákunnug málefnum þeim sem hér um ræðir, hef þó nokkuð reynt að skilja þetta undarlega frv. Og mér finnst satt að segja tæplega sæmandi að senda slíkt frá sér.

Ég vil líka gera athugasemd við það efnislega: Er það með vitund og vilja og í fullu samkomulagi við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum, að þar er bætt við starfsmönnum í þessu lagafrv. um dýralækna.

Ég vil enn, herra forseti, leyfa mér að lesa úr þessum langa bálki í 7. gr.:

„Dýralæknar skulu gegna störfum sínum og skyldum með árvekni, halda þekkingu sinni sem best við og gæta fyllstu vandvirkni og samviskusemi í öllum dýralæknisstörfum."

Getur þetta virkilega verið lagaákvæði?

Síðan er í 16. gr. setning sem mér finnst afskaplega óviðeigandi að hafa hér inni. 16. gr. fjallar um að dýralækni sé óheimilt auglýsingastarf, og segir svo í 2. mgr.: „Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir." Mig minnir að það hafi komið brtt. við þetta, en eftir stendur að bannað er að hafa í frammi gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkrastofur ætlaðar dýrum. Ég hlýt að spyrja: Finnst hv. þm. ekki að þyrfti að fara yfir þennan lagabálk á ný og nema úr honum það dómadagskjaftæði, sem ég leyfi mér að kalla svo, sem hér stendur? (Gripið fram í.)

Jú, það er rétt sem hv. þm. bendir á. Við ákvæðið, sem hér var áðan lesið um aðgang staðgengils að síma, er brtt. sem orðast svo:

„Staðgengill héraðsdýralæknis skal hafa starfsaðstöðu í húsnæði embættisins, ef hann óskar þess, þar með talin afnot af síma."

Finnst hv. þm. virkilega að þetta sé eðlileg lagagrein?

Ég held að við verðum að gera nokkrar kröfur til þess, að þeir, sem semja löggjöf þjóðarinnar, vandi verk sitt nokkru meira. Ég er ekki í nokkrum vafa um og leyfi mér að fullyrða það hér, að þetta er til komið af einhverjum örekstrum í starfi úti í hinum ýmsu héruðum landsins. En ég mótmæli því harðlega, að okkur sé skipað að samþykkja lagafyrirmæli til lausnar slíku. Ég held að þar verði yfirdýralæknir að leysa sín mál sjálfur í eðlilegri framkvæmd laga, í stað þess að við sitjum hér og leiðréttum slíkt í smásmugulegum lagagreinum.

Grunur minn er sá, að mönnum stökkvi bros þegar þeir lesa þessi lög útgefin í Stjórnartíðindum. Ég lýsi því yfir, herra forseti, að ég get ekki undir nokkrum kringumstæðum samþykkt þetta frv. svona og mun fara þess á leit við hv. þd., að þetta frv. með þeim breytingum, sem fyrir liggja, verði sent aftur til nefndar til frekari athugunar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil rifja það upp, að við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir af hálfu ríkisstj. í samræmi við fsp. frá mér, að ráðning annars dýralæknis í Þingeyjarsýslum yrði tafarlaust og frv. til laga um dýralækna næði samþykki á Alþingi, ef það á annað borð næði samþykki á Alþingi að sjálfsögðu. Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því, hvort þessi ákvörðun standi ekki og þess sé að vænta að embættinu á Húsavík verði slegið lausu eða í Suður-Þingeyjarsýslu strax og málið hefur fengið fullnaðarafgreiðslu frá Alþingi, ef það verður að lögum. Loforð um þetta var gefið við afgreiðslu fjárlaga, og ég vænti þess, að við það verði staðið.

Ég vil vegna ummæla hæstv. landbrh. áðan aðeins segja það sem mína skoðun, að ekki sé hægt að líta á skoðanir embættismanna í ráðuneytum sem einkaskoðanir þeirra, heldur hljóti slíkar skoðanir að vera á ábyrgð viðkomandi ráðh. og vera þá um leið skoðun ráðherrans. Ég held því að það verði að líta svo á, að það, sem embættismenn heilbrmrn. segja sem slíkir í bréfi til þingnefndar, hljóti um leið að vera skoðanir hæstv. heilbrmrh. — Þetta er nú útúrdúr.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. landbrh. hvort hann hafi í hyggju að héraðsdýralæknir í Þingeyjarumdæmi hinu vestra verði staðsettur á Húsavík, eins og óskir hafa komið fram um, m. a. frá Búnaðarsambandi Suður-Þingeyinga. Samkv. frv. og einnig samkv. þeim brtt., sem liggja fyrir varðandi staðsetningu dýralækna, liggur það fyrir að valdið er fengið ráðh. í hendur, hvort sem brtt. verður samþykkt eða ekki. Við 5. gr. hefur hæstv. landbn. lagt fram svohljóðandi brtt.:

„Landbrh. ákveður hvar héraðsdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda."

Þessi grein er alveg tvímælalaus um það, að valdið er í höndum ráðh. Ég vil í framhaldi af fyrri fsp. mínum til hans spyrja hann að því, hvort í hans huga séu nokkrar efasemdir um að hinum nýja dýralækni verði valinn embættisbústaður á Húsavík, eins og óskir eru um í héraði og hjá þeim dýralækni sem nú situr á Húsavík

En aðalatriðið er nú samt hitt, sem ég vil ganga úr skugga um að við verði staðið, að enginn dráttur verði á því, að héraðsdýralæknisembættinu í Þingeyjarþingi hinu vestra verði slegið lausu svo fljótt sem kostur er og þær heimildir, sem eru í fjárlögum, verði notaðar eins og gert var ráð fyrir.

Umr. frestað.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 400, n. 506, 507). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 507 (ný 2. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
3.—4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379, n. 526 og 537, 410, 527). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Landbn. hefur rætt þetta frv. á fundum sínum og liggur hér frammi brtt. frá nefndinni á þskj. 527. Síðan þessi brtt. var samþykkt og afgreiðsla málsins fór fram í

nefndinni hafa komið viðbótarupplýsingar sem gera það að verkum, að nefndin óskar eftir að taka brtt. aftur til 3. umr. og mun á fundi sínum á milli umr. athuga frekar um afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðalög, frv. (þskj. 380, n. 528, 529, 411). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er í raun og veru tengt hinu fyrra þannig að það gildir alveg það sama um þetta frv. Nefndin komst að samkomulagi og lagði til brtt. á þskj. 529, en vegna viðbótarupplýsinga, sem nefndin hefur fengið, óskar hún að fá að skoða málið betur á milli 2. og 3. umr. og tekur þar af leiðandi þessa brtt. til baka til 3. umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85, n. 624). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hafði til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir að skylda sveitarstjórn til þess að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Þetta frv. var sent til umsagnar, og barst umsögn frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga sem lagðist ekki gegn frv., en eins og margir vita hafa sveitarfélög í tekjustofnalögum sveitarfélaga heimild til þess að fella niður þessi gjöld eða lækka, sem þau flest öll hafa framkvæmt þannig.

Að athuguðu máli varð nefndin sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Mér finnst tilhlýðilegt sem 1. flm. þessa frv. að þakka hv. félmn. fyrir þá jákvæðu umsögn, sem hún hefur lagt hér fram, og vona að þetta mál nái fram að ganga hið fyrsta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334, n. 628). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Hér er um að ræða stjfrv. um breytingar á Innheimtustofnun sveitarfélaga. Frv. fékk umfjöllun í hv. Ed. og var einróma samþykkt þar eins og það liggur fyrir. Félmn. Nd. tók þetta mál til athugunar.

Hér er um að ræða, eins og kemur fram í frvgr., heimild fyrir Innheimtustofnun til að taka að sér gegn greiðslu hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðsskuldum manna sem fluttir eru brott úr sveitarfélaginu. Einnig getur stofnunin, að beiðni rn., með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara. Hér er um nauðsynlega breytingu að ræða sem stjórn stofnunarinnar hefur eindregið óskað eftir að næði fram að ganga.

Félmn. varð sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 67. fundur.

Mánudaginn 19. apríl, kl. 2 miðdegis.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Helgi Seljan): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 16. apríl 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagerðum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að vegna forfalla 1. varaþm. taki 2. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Ólafur Jóhannesson,
5. þm. Reykv."

Hér fylgir svo með annað bréf:

„Reykjavík, 16. apríl 1982.

Vegna anna sé ég mér ekki fært að taka sæti á Alþingi næstu daga.

Virðingarfyllst,
Haraldur Ólafsson."

Sigrún Magnúsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og þarf því ekki að fara fram rannsókn á kjörbréfi hennar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 637 (sbr. 43)). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Frv. um brunavarnir og brunamál, sem ég mæli hér fyrir, hefur hlotið meðferð í hv. Nd. Alþingis og tekið þar nokkrum breytingum frá því að ríkisstj. lagði það fram í haust. Frv. felur í sér tillögur um heildarendurskoðun á lögum um brunavarnir og brunamál og um stöðu Brunamálastofnunar. Frv. er samið af nefnd sem félmrh. skipaði 26. mars 1980 til þess að endurskoða lög og reglugerð um brunavarnir og brunamál, gera úttekt á stöðu og starfsemi Brunamálastofnunar ríkisins og gera tillögur um æskilegar breytingar á starfssviði og starfsemi hennar svo og um skipulag brunavarna í landinu almennt og tengsl þeirra mála við ýmsa aðra þætti í stjórnkerfinu.

Helstu breytingar, sem frv. hefur í för með sér, eru þessar:

1. Nánar er kveðið á um hlutverk Brunamálastofnunar varðandi kynningu og fræðslu en verið hefur, svo og er nánar kveðið á um réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

2. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög verði skylduð til að halda uppi brunavörnum nema ráðh. veiti sérstaka undanþágu.

3. Brunamálanefndir sveitarfélaga verði afnumdar sem ákvörðunaraðili um meðferð brota á lögum og reglugerð um brunavarnir og brunamál, en vald og skyldur slökkviliðsstjóra aukin nokkuð í þeim efnum. Jafnframt er gert ráð fyrir því í frv., að sett verði í lög skýrari ákvæði um meðferð slíkra mála.

4. Þá gerir frv. ráð fyrir að tekjustofnar Brunamálastofnunar verði nokkuð styrktir frá því sem verið hefur.

Við meðferð málsins í hv. Nd. voru gerðar á frv. nokkrar breytingar. Mikilvægasta breytingin var sú, að félmn. Nd. gerði till. um að stjórn stofnunarinnar yrði framvegis aðeins skipuð þremur mönnum, en í stjfrv. var gert ráð fyrir óbreyttri skipan þessara mála, að stjórn stofnunarinnar yrði skipuð sex mönnum. Hv. Nd. féllst á till. félmn. í þessu efni, að stjórn Brunamálastofnunar ríkisins verði framvegis skipuð þremur mönnum, einum frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, einum frá Landssambandi slökkviliðsmanna og einum frá Sambandi ísl. tryggingarfélaga. Þetta var veigamesta breytingin sem hv. Nd. gerði á frv. Um frv. varð ekki verulegur ágreiningur í hv. Nd. og skilaði félmn. þar samhljóða áliti. Ágreiningur varð þó örlítill um skipun stjórnar stofnunarinnar, þar sem nokkrir þm. Alþfl. fluttu í Nd. till. um að Reykjavíkurborg fengi að tilnefna fjórða mann í stjórn stofnunarinnar. Nd. féllst ekki á þá till.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til, nema sérstakt tilefni gefist, að fara ítarlegar út í frv. þetta. Legg ég til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn., og þætti mér vænt um ef nefndin sæi sér fært að ljúka afgreiðslu málsins þannig að það yrði að lögum á þessu vori.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 615). — 1. umr.

Flm. (Sigurlaug Bjarnadóttir): Herra forseti. Ég flyt hér á þskj. 615 ásamt fjórum öðrum hv. þm. mál er snertir löggjöf um grunnskóla. Um þetta mál þarf í rauninni ekki að hafa mörg orð umfram það sem segir í fremur stuttri grg. með frv. Efni þess er einfaldlega það, að bætt verði inn í gildandi grunnskólalög ákvæði um fræðslu varðandi ávana- og fíkniefni, þ. á m. áfengi að sjálfsögðu. Ákvæði þar að lútandi er hvergi að finna í núgildandi grunnskólalögum, svo undarlegt sem það er, en skólunum er engu að síður gert að inna af hendi þessa

fræðslu samkv. ákvæðum í áfengislögum frá 1969 og reglugerð um bindindisfræðslu frá 1956 samkv. 31. gr. í eldri áfengislögum frá 1954. Í þeirri reglugerð er kveðið svo á, *að eigi skuli verja minni tíma til bindindisfræðslu í* hverjum skóla en sem svarar að hver nemandi fái tveggja kennslustunda fræðslu í hverjum mánuði á kennslutímanum.

Framkvæmd þessara laga og reglugerðarákvæða hefur hingað til verið algerlega í molum. Þeim hefur verið slælega eða alls ekki framfylgt, eins og tekið er fram í grg. Enginn fastur tími á stundaskrá hefur verið ætlaður til þessarar fræðslu. Hún hefur því fyrst og fremst verið í höndum hvers bekkjarkennara. Það hefur verið á valdi hans hvernig og hve miklum tíma er til hennar varið. Hér þarf að sjálfsögðu að taka af meiri festu á málum, og það er augljóst að þessi fræðsla má ekki lengur einskorðast við áfengi og tóbak. Hún verður einnig að ná til þeirra fíkniefna annarra sem til skamms tíma voru hér að mestu óþekkt fyrirbæri, en hafa nú náð hér uggvænlega mikilli útbreiðslu. Þar er fyrst og fremst átt við kannabisefni og þaðan af sterkari fíkniefni svo og ýmis önnur efni sem leyfð eru til lækninga en geta leitt til skaðvænlegrar ávananeyslu.

Í þessu frv. eru ekki tillögur um hvernig þessari fræðslu skuli háttað. Það er alls ekki á færi okkar flm. að freista þess að segja fyrir um það, svo mikið og vandasamt verk sem hér er annars vegar. Það er fullvíst að fræðsla um þessi viðkvæmu og vandasömu mál getur gert illt verra ef ekki er rétt á haldið. Við höfum fyrir okkur reynslu annarra þjóða í þeim efnum. Þarna er vissulega margt sem ber að varast. En ég hygg að ótti við slík mistök megi ekki leiða okkur til uppgjafar í þessum efnum. Til þess er málið allt of alvarlegt og brýnt, sérstaklega að því er varðar börn og unglinga sem ánetjast stöðugt yngri og yngri þeim skaðvaldi sem áfengi og fíkniefni eru. Sú reynsla, sem við höfum af þessu, nær sannarlega langt út fyrir Hallærisplanið hér í Reykjavík, þótt það hafi verið hvað mest í sviðsljósinu að því er þessi mál varðar. Úti um allt land er sömu sögu að segja.

Alllengi hefur verið unnið að undirbúningi skipulagðrar fræðslu í skólum landsins á þessu sviði. Áfengisvarnaráð, samtök kennara, Krabbameinsfélagið í samvinnu við Skólarannsóknir menntmrn. hafa unnið að því að undirbúa og semja kennsluefni og leiðbeiningar fyrir kennara. Að sjálfsögðu eru það Skólarannsóknir ríkisins sem þetta verkefni hlýtur að verða tekið fyrir hjá fyrst og fremst. Það hefur verið fylgst með rannsóknum og reynslu annarra þjóða á þessu sviði, og því er ekki að neita, að ýmsar nýjar hugmyndir eru nú á döfinni sem vænlegri þykja til árangurs heldur en þær sem hingað til hefur verið beitt, þar sem slík fræðsla hefur á annað borð verið reynd í skólunum. Meginhersla er nú lögð á að reyna að byggja upp nemandann sjálfan, örva hjá honum sjálfstæða skoðanamyndun gagnvart hóphugsun og *tískuvaldi, höfða til dómgreindar og ábyrgðar fremur en* láta fræðsluna snúast fyrst og fremst um efnin sjálf og skaðsemi þeirra. Setningar eins og „taktu aldrei fyrsta staupið", „það er skaðlegt að gera þetta" og „þú mátt ekki gera hitt", svo satt og rétt sem þetta er, þá eru það ekki þessar aðferðir sem reynst hafa heilladrjúgar til árangurs í þessu efni, heldur að koma óbeina leið að efninu með því að gera sjálfan einsaklinginn færari um að dæma fyrir sjálfan sig, fara eigin leiðir hvað sem hópurinn, þetta sterka afl, hefur að segja í kringum hann.

Gert er ráð fyrir að þessi fræðsla verði feld inn í aðrar námsgreinar. Þetta er mikilvægt atriði. Helst er þá talað um líffræði og samfélagsfræði og jafnvel fleiri greinar og að þessi fræðsla komi þá sem eðilegur hluti þeirrar kennslu sem hér fer fram. Hér er vafalaust um að ræða, eins og þegar hefur verið bent á, mikið vandaverk. Það er viðurhlutamikið að hér takist vel til. Ég er sannfærð um að lögfesting þess ákvæðis, sem í frv. felst í grunnskólalögunum, þar sem það auðvitað á heima en ekki í einhverjum öðrum lögum, — ég er viss um að þetta ákvæði mundi verka sem hvatning á þá aðila, sem sinna fræðslu- og skólamálum, að koma þessum fræðsluþætti í sem heillavænlegastan farveg og framkvæmd í skólakerfinu og það sem fyrst.

Þá vil ég einnig undirstrika það sem drepið er á í grg. frv., að mjög mikilvægt er að starfandi kennarar og kennaraefni í Kennaraháskóla Íslands fái sem haldbestar leiðbeiningar um hvernig miðla skuli fræðslunni til nemenda. Einnig á þessu sviði veit ég til að gerðar hafa verið tilraunir í rétta átt með námskeiðum fyrir kennara og *fræðslu í Kennaraháskólanum, en þetta þarf allt að verða* skipulegra og markvissara en hingað til hefur verið.

Ég geri varla ráð fyrir, vegna þess hve stutt lifir þessa þings, að þetta mál nái fram að ganga. En þing kemur eftir þetta þing og þá vænti ég að þetta verði tekið upp aftur og það fái skjóta og góða afgreiðslu. Raunar má segja að stærri og vafasamari mál hafi fengið afgreiðlu á skemmri tíma en við eigum nú eftir af starfstíma þingsins, sem mun vera um 10 dagar til hálfur mánuður. Ég vil þess vegna ekki útiloka, ef vel er unnið að þessu í nefndum, að hægt yrði að ná því fram. En til þess þarf góðan vilja þm. Ég á ekki von á að um þetta mál sé nokkur ágreiningur á Alþingi.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. menntmn.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Það er kannske ekki brýn nauðsyn að fjalla um þetta mál frekar á þessu stigi. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að standa hér upp við þessa umr. Eins og þm. er vafalaust kunnugt hef ég, sá sem hér stendur, ásamt öðrum hv. ágætum þm. flutt till. til þál. um fíkniefnamálin, þar sem gert er ráð fyrir að ríkisstj. sé falið að láta fara fram heildarendurskoðun á því, hvaða leiðir séu helstar til úrbóta til að hamla frekar gegn „innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna", eins og þar stendur, að lokinni umfjöllun allshn. um það mál. Nefndin hefur skilað áliti. Till. var örlítið breytt, en við hana felli ég mig ágætlega.

Enda þótt ég sé 1. flm. að þeirri þáltill. var mér mjög ljúft að vera meðflm. að frv. til l. um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 62/1974, með áorðnum breytingum, þar sem gert er ráð fyrir fræðslu vegna fíkniefna og vegna áfengis. Hins vegar vil ég taka það fram sérstaklega, og tek undir með hv. 1. flm. þessa frv., að fræðsla á þessu *sviði er mjög vandasamt verk, og í raun og sannleika vildi* ég helst fá að vita, hvernig slík fræðsla skuli fara fram, áður en til samþykktar frv. kæmi. Þetta er kannske svolítið hliðarspor að tala á þennan hátt. Hins vegar er reynslan sú víða erlendis frá, þar sem gælt hefur verið við fræðslu — ég orða það svo: gælt hefur verið við fræðslu á sviði ávana- og fíkniefna, að það hefur jafnvel leitt til aukinnar neyslu þessara hinna sömu efna. Mín skoðun á þessu er raunar sú, að það dugi fátt annað en harðvítugur áróður. En varðandi fræðslu tel ég, og er sammála flm. að

því leyti, að hún þurfi fyrst og fremst að vera á þeim sviðum að tíunda þau mjög svo skaðlegu áhrif á líkama og heilsu, sem fíkniefnin hafa, og hamra nógu oft á því og reyna að skýra það út. Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla um þetta frv.

Ég vil endurtaka að ég tel eðlilegt, enda þótt sú endurskoðun sé lögð til sem ég gat um áðan, að þingnefnd fjalli um hvort fræðsla á þessu sviði komi til greina eða ekki. Og víst leggjum við flm. það til.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 frá 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins. Frv. þetta felur í sér samkv. 1. gr. að lögin um lagmetisiðnað, þ. e. I. kafli umræddra laga, verði framlengdur um eitt ár.

Frv. er flutt að beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis sem telur áríðandi að yfirstandandi þing framlengi núverandi starfsréttindi stofnunarinnar sem felast í þessum lögum. Sérstaklega telur stjórnin mikilvægt að stofnunin hafi áfram einkarétt til að annast sölu á niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum til landa þar sem ríkisstofnun, ríkið sjálft eða aðili fyrir þess hönd, er aðalkaupandinn.

Rök fyrir einkarétti eru m. a. þau, að í löndum Austur-Evrópu er einn kaupandi og því ekki um neina samkeppni kaupandamegin að ræða. Þessi einkakaupandi væri í aðstöðu til að fara milli seljenda á Íslandi og freista þess að fá verðið lækkað ef ekki væru ákvæði sem kæmu í veg fyrir slíkt. Einhliða samkeppni seljendamegin hlýtur að vera seljendum í óhag. Rétt er því að bregðast við þessu með einkarétti til Sölustofnunar lagmetis til umræddra landa og jafna þar með samningsaðstöðu seljanda og kaupanda.

Iðnrn. hefur farið yfir þetta mál og telur rétt og nauðsynlegt að framlengja einkarétt Sölustofnunarinnar eins og fram kemur í frv. Raunar hefði ég talið æskilegt að gera það til lengri tíma en hér er lagt til, en um annað var ekki samstaða en að þetta yrði til eins árs að þessu sinni, þannig að málið kæmi þá til endurskoðunar á næsta þingi. Ríkisstj. hefur fallist á þau sjónarmið sem fram eru borin með þessu frv., og ég vænti að það verði lögfest á þessu þingi, enda um mjög einfalt mál að ræða í rauninni.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til iðnn. með 12 shlj. atkv.

Verðtryggður skyldusparnaður, frv. (þskj. 620). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um verðtryggðan skyldusparnað á árinu 1982 í þágu Byggingarsjóðs ríkisins og vegna þess sjóðs. Með þessu frv. er lagt til, eins og nafn frv. ber með sér, að lagður verði á sérstakur verðtryggður skyldusparnaður vegna Byggingarsjóðs ríkisins og er innheimtan bundin við þetta eina ár. Í frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður endurláni síðan Byggingarsjóði ríkisins innheimtan sparnað samkv. lögunum. Lánskjör verða þau sömu og hann sætir sjálfur, þ. e. lánið skal endurgreiðast 1. jan. 1986 og vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu og bera 1% vexti. Undanþegin þessum skyldusparnaði eru þó börn innan 16 ára aldurs og menn sem náð hafa 67 ára aldri fyrir 1. jan. 1982.

Ég vil leggja á það þunga áherslu um leið og ég geri grein fyrir þessu frv., að hér er að sjálfsögðu alls ekki um að ræða skattlagningu. Hér er um að ræða lánveitingu af hálfu þeirra skattgreiðenda sem hæstar hafa tekjurnar, og þetta lán veita þeir í tiltölulega mjög skamman tíma, þ. e. að lágmarki í þrjú ár, en vissulega getur hin sparaða upphæð staðið inni miklu lengur. Og reynslan er sú, að menn taka því með þökkum að láta skyldusparnaðinn liggja inni og geyma þannig fyrir sig nokkur verðmæti til síðari ára með verðtryggðum kjörum. Ég legg sérstaka áherlsu á það líka, að það eru aðeins þeir, sem hæstar tekjurnar hafa, sem eiga að leggja fram þessi lán, og er talið samkv. töluvútskriftum að einungis um 5% framteljenda muni leggja verðtryggðan skyldusparnað af mörkum. Meginreglan varðandi einstaklinga, sem veita lán af þessu tagi samkv. frv., er sú, að skyldusparnaðarupphæðin er 6% af tekjuskattsstofni yfir 135 þús. kr., en það er það þrep sem hæsta skattprósentan er einmitt miðuð við í núgildandi tekjuskattslögum, þannig að ekki fellur skyldusparnaðarkvöð á aðrar skattgjaldstekjur en þær sem eru yfir þessum mörkum. Hins vegar er rétt að vekja á því athygli, að tekjumörkin varðandi skyldusparnaðinn liggja að sjálfsögðu talsvert miklu hærra, þar sem til viðbótar þessu lágmarki, 135 þús. kr., kemur það sem er til frádráttar brúttótekjum á skattframtali, sem er annaðhvort ýmsir frádráttarliðir lögum samkv. ellegar að lágmarki 10% almennur frádráttur. Raunar gildir það um mjög stóran hluta þeirra sem skyldusparnað leggja fram, að þeir fá lánaðan afslátt frá maka sínum sem er tekjulægri. Að sjálfsögðu er það algengast að annar maki sé tekjulægri eða að bæði hjónin séu ekki með nákvæmlega sömu tekjurnar, og því er tilflutningur á afslætti mjög algengur. Er það ein aðalástæðan til þess, að einungis tuttugasti hver framteljandi verður að láta af hendi lán með lögbundnum skyldusparnaði.

Til þess að unnt sé að gera hjónum kleift að miðla ónýttum persónuafslætti yfir til hins hjóna er form skattsins á þann veg, að sparnaðarmarkið er formlega lækkað úr 135 þús. í 90 þús. kr., eins og fram kemur í a-lið 2. gr. frv., en síðan er veittur afsláttur frá reiknuðum skyldusparnaði að fjárhæð 2 700 kr. eða sem nemur 6% af mismuninum, þ. e. 45 þús. kr. Gagnvart einhleypingum breytir þessi formlega meðhöndlun engu að sjálfsögðu, en þar sem umræddan afslátt skal millifæra eftir þörfum milli hjóna, eins og ég hef þegar nefnt, þá hækkar skyldusparnaðarmark annars hvors hjónanna um allt að 45 þús. kr. miðað við að hitt hjóna hafi ekki haft tekjuskattsstofn yfir 90 þús. kr. Samkv. ákvæðum þessarar greinar verður skyldusparnaðarmark af samanlögðum tekjuskattsstofni barnlausra hjóna á bilinu 180 þús. kr. til 270 þús. kr., en hvar skyldusparnaðarmarkið lendir á þessu bili er að sjálfsögðu háð tekjuskiptingunni milli hjóna.

Þá er skyldusparnaðarmarkið hækkað vegna framfærslu barna og nemur sú hækkun 10 þús. kr. í tekjuskattsstofni fyrir hvert barn, en afsláttur þessi tvöfaldast fyrir hvert barn umfram þrjú. Þar sem þessi ívilnun er einnig í formi afsláttar kemur hún hjónum að fullu til góða óháð tekjuskiptingu þeirra.

Hvað þetta álagningaratriði snertir má að lokum benda á að í a-lið 2. gr. eru ákvæði til ívilnunar þeim framteljendum sem eiga maka sem orðinn er 67 ára eða eldri fyrir 1. jan. 1982. Þeim er sem sagt tryggð hlutdeild í skyldusparnaðarafslætti makans enda þótt hann sé undanþeginn ákvæðum um skyldusparnað. Er þetta auðvitað veruleg rýmkun á meginreglunni hvað varðar aldurshópa þá sem hér hafa verið nefndir. Ekki þykir eðlilegt að ætla öldruðu fólki að leggja fram skyldusparnað þar sem hætt er við að það njóti ekki skyldusparnaðarins í öllum tilvikum þegar hann kemur til endurgreiðslu.

Vissulega mætti hugsa sér að skyldusparnaður væri lagður á verulegar tekjur barna þótt yngri séu en 16 ára, en þó þykir rétt eftir atvikum að gera það ekki, enda heyrir það sjálfsagt til mikilla undantekninga að börn innan 16 ára aldurs hafi þær tekjur að þau hafi möguleika á að lenda í þessum skyldusparnaði.

Eins og ég hef þegar tekið fram er skyldusparnaðurinn bundinn til einungis þriggja ára. Er það eitt með öðru sem gerir það að verkum, að þessi skyldusparnaður er bersýnilega miklu hógværari og gengur skemmra en skyldusparnaður sá sem lagður var á í ríkisstjórnartíð Geirs Hallgrímssonar fyrir nokkrum árum. Það eru sem sagt ýmis dæmi þess, að skyldusparnaður af þessu tagi hafi verið lagður á, og sennilega oftast um að ræða að lengra sé gengið en í þetta sinn.

Ástæður fyrir innheimtu þessa sérstaka skyldusparnaðar eru m. a. þær, að á þessu ári er gert ráð fyrir að hækkuð verði lán til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn, þ. e. lán frá Byggingarsjóði ríkisins, en hann fær allan innheimtan skyldusparnað til ráðstöfunar, eins og ég hef þegar tekið fram. Einnig er því ekki að neita, að Byggingarsjóður ríkisins á í nokkrum fjárhagsörðugleikum þessa stundina vegna þess að tekjur sjóðsins af skyldusparnaði ungmenna hafa farið lækkandi undanfarin ár af ýmsum ástæðum og einnig vegna þess að kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Byggingarsjóðs reyndust ekki á s. l. ári ná því marki sem reiknað var með og að var stefnt. Verði frv. þetta að lögum má gera ráð fyrir að ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins aukist um sem næst 35 millj. kr. á þessu ári.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir meginatriðum þessa máls. Mér er fullkomlega ljóst að mál þetta mun sæta andmælum, og miðað við þær yfirlýsingar, sem gefnar hafa verið í fjölmiðlum, er ekki með öllu ljóst hvort mál þetta hefur þingfylgi til að ná fram að ganga eða ekki. Það verður þá að koma í ljós, ef svo er ekki, og verður það að sjálfsögðu til þess að auka þau vandamál sem við er að glíma hjá Byggingarsjóði ríkisins. Sennilega verður ekki unnt að hækka lán til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn, ef svo færi að mál þetta næði ekki fram að ganga.

Ég vil sannarlega gera mér vonir um að hv. þm. líti ekki á þetta mál einungis í einhverju stórpólitísku ljósi eða með skjálfta í sér af völdum komandi sveitarstjórnarkosninga, heldur geri þeir sér grein fyrir að hér er um nauðsynjamál að ræða, — mál sem jafnframt verður að teljast fullkomið sanngirnismál að þeir, sem best eru stæðir í þjóðfélaginu, veiti lán af örlitlum hluta af tekjum sínum til aðeins þriggja ára til að greiða úr vanda þeirra sem standa frammi fyrir mestum erfiðleikum við að koma sér upp þaki yfir höfuðið.

Herra forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Frv. það, sem við nú ræðum, fjallar um skyldusparnað. Hæstv. fjmrh. ræddi í miklum afsökunartón um frv. Hann vildi í fyrsta lagi leggja mikla áherslu á að í frv. fælist ekki skattlagning, frv. næði aðeins til þeirra sem hefðu hæstar tekjur, eins og ráðh. sagði, skyldusparnaðurinn væri miklu hógværari en við hefðum áður þekkt, og vitnaði þá til þess sem gerðist í stjórnartíð Geirs Hallgrímssonar. Á þennan veg féllu orð hæstv. ráðh. ítrekað í ræðu hans í nokkurs konar afsökunartón fyrir þessu frv. Hvað er hæstv. fjmrh. að afsaka? Mér þykir vera ástæða til þess að víkja nokkuð að því. Ég minnist ekki á þetta vegna þess að mér komi það á óvart, að hæstv. ráðh. vilji afsaka þetta frv., því að það og allur málatilbúnaður þess er þannig að það er að sjálfsögðu mikil þörf á slíku. En annað mál er það, hvort það nægir til þess að gefa frv. nokkurt gildi.

Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að þetta er ekki í fyrsta sinn sem lögleiddur er skyldusparnaður. Og vegna þess að þessi skyldusparnaður er tengdur fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins liggur næst að minna á það, að um langt árabil hefur verið í gildi skyldusparnaður til fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins, þ. e. skyldusparnaður ungs fólks, og þarf ekki að skýra það hér fyrir hv. þm. Hæstv. ráðh. talaði um það eins og það væri eitthvað nýtt og óvænt, að skyldusparnaður sá, sem nú er í gildi, gefi lítið ráðstöfunarfé til Byggingarsjóðs ríkisins. Það hefur svo oft verið rætt um skyldusparnað unglinga til fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins og það kerfi sem sett var upp þegar skyldusparnaður var lögleiddur, að það ætti að vera óþarfi að gerast fjölorður um það mál. En ég leyfi mér samt að vekja athygli á því, að samkv. eðli málsins hlaut það að vera svo, að skyldusparnaður þessi gaf mest fyrstu árin og komst svo að nokkrum tíma raunar eftir fyrstu árin í hámark, vegna þess að þá var fyrst og fremst um innborganir að ræða en ekki útborganir til þess fólks sem þessum lögum átti að hlíta, eftir því sem það óx upp og náði þeim aldri þegar til útborgunar kom. Þannig hlaut það að vera, að þessi skyldusparnaður stefndi smám saman í það að minnka stöðugt bilið á milli þess sem var innborgað og sem var útborgað, þannig að það var alltaf minna og minna aukið fé sem kom til ráðstöfunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Það, sem hæstv. fjmrh. er nú að segja, eru engar fréttir fyrir okkur hv. þm. um þetta efni. Það eru alls engar fréttir. Hins vegar, til þess að fyrirbyggja misskilning, skulum við hafa það í huga, að þó að það sé alltaf minna og minna nýtt fé — eða aukið fé, skulum við kalla það, til ráðstöfunar í Byggingarsjóði ríkisins í gegnum þetta kerfi, þá hefur þetta kerfi mjög mikla þýðingu fyrir fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins vegna þess að í því er bundið mikið fjármagn sem fer í þessar þarfir.

Þegar talað er um skyldusparnað felur það í sér að það

er verið að leggja vissar skyldur á tiltekna þegna þjóðfélagsins. Það var mikið rætt um þessi mál á sínum tíma og oft síðan eftir að lög voru fyrst sett um skyldusparnað unglinga. Eitt af því, sem þótti réttlæta það að leggja þessar skyldur á unglinga, var að með þeim hætti væri verið að stuðla að því, að þeir ráðstöfuðu sem best sjálfsaflafé sínu til þess að koma sér upp íbúðarhúsnæði þegar þeir hefðu aldur til. Þetta þóttu rök fyrir skyldusparnaði þessum á sínum tíma og eru vissulega enn.

Hæstv. fjmrh. sagði að sá skyldusparnaður, sem við erum hér að ræða, varði það mál að auðvelda ungu fólki að koma sér upp íbúð í fyrsta sinn. Ég kem nánar að því atriði og við þá fullyrðingu er ýmislegt að athuga því miður. En þetta frv. varðar skyldusparnað og hæstv. ráðh. vitnaði í því sambandi, eins og ég sagði áðan, til þess skyldusparnaðar sem lögfestur var 1977 af ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar. Ég geri ráð fyrir að hæstv. ráðh. sé að minna á þetta vegna þess að hann telji þann skyldusparnað, sem hann hér leggur til, á þann veg að leggja megi til jafns við það sem gert var 1977. (**Félmrh.:** Hann gengur skemmra þessi.) Já, gengur skemmra, segir hæstv. félmrh. En það er ekki það sem skiptir hér máli. Það, sem skiptir máli, er hvaða almenn skilyrði og tilgangur þarf að vera fyrir hendi til þess að skyldusparnaður sé yfirleitt réttlætanlegur. Frá mínu sjónarmiði hlýtur það að vera algert undantekningartilfelli þegar gripið er til þess ráðs að afla fjár í ríkissjóð eða fjárfestingarsjóði ríkisins á þennan hátt. Það hlýtur að vera algert undantekningartilvik.

Hvernig lágu þessi mál fyrir árið 1977? Þá var verið að gera víðtækar efnahagsráðstafanir og skyldusparnaðurinn þá var þáttur í þeim ráðstöfunum og stefnumörkun í efnahagsmálunum í heild. (**ÓRG:** Ekki skilaði hún miklum árangri.) Hv. 11. þm. Reykv. segir að það hafi ekki skilað miklum árangri. Það er ekki rétt. En þó er það rétt að því leyti, að flokkur hans og aðrir slíkir gerðu sitt til þess með óspektum og ólöglegum hætti að hindra eðlilegan framgang efnahagsráðstafana ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar og draga lokur frá flóðdyrum verðbólgunnar sem við enn þá súpum seyðið af.

Ég ætla ekki að gerast fjölorður um þau almennu skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að réttlætanlegt sé að grípa til slíkra ráðstafana sem skyldusparnaður er. En ég hef vikið að því.

Hvað stendur þá eftir í því máli sem við nú ræðum? Það er sú fullyrðing hæstv. fjmrh., að skyldusparnaður sá, sem frv. þetta gerir ráð fyrir og við nú ræðum, sé til þess að efla Byggingarsjóð ríkisins og auka ráðstöfunarfé hans. Ég verð að segja það, að það er furðuleg óskammfeilni þegar ráðherrar núv. ríkisstj. koma nú með þetta sýndarfrv. og þykjast vera að efla og auka ráðstöfunarfé Byggingarsjóðs ríkisins. Hvers vegna segi ég þetta? Vegna þess að þessir herrar hafa í hvert sinn sem mál þessi hefur borið á góma, mál Byggingarsjóðs ríkisins, hér á Alþingi haldið því fram, að núv. ríkisstj. hefði séð sérlega vel fyrir stöðu Byggingarsjóðs ríkisins og ráðstöfunarfé hans. Ég hef rætt þetta úr ræðustól hér á Alþingi á undanförnum árum fjölmörgum sinnum og sagt: Þetta er ekki rétt sem þið eruð að segja, þetta er argasta blekking. Þið eruð ekki að efla Byggingarsjóð ríkisins, þið eru ekki að bæta stöðu hans, auka ráðstöfunarfé hans, heldur þvert á móti. Verkin tala. Núv. ríkisstj. með hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. í broddi fylkingar hafa svipt Byggingarsjóð ríkisins langmikilvægasta tekjustofni hans, launaskattinum. Þeir hafa á ársgrundvelli svipt Byggingarsjóð ríkisins um 220 millj. kr. á þessu ári, 220 millj. sem svarar 2% launaskatts. Það munar um minna.

Nú koma þessir herrar og segjast vera að bæta úr þessu með skyldusparnaðarfrv. því sem við hér ræðum, þar sem gert er ráð fyrir fjáröflun um 40 millj. Það þarf að athuga nánar hvort raunar nokkuð er bætt úr stöðu Byggingarsjóðs ríkisins með þessu. Hverju hafa ráðherrar Alþb. svarað þegar þeir hafa verið minntir á þetta óhæfuverk: að svipta Bygingarsjóð ríkisins 220 millj. á ári? Hverju hafa þeir svarað? Þeir hafa svarað því, að þeir hafi séð fyrir tekjum Byggingarsjóðs á annan hátt, með lánum frá lífeyrissjóðum m. a., og lagt mesta áherslu á það. Þeir hafa aldrei þreyst á því að leggja áherslu á lífeyrissjóðina. Þó er vitað að allar hugmyndir og fyrirætlanir um fjármögnun Byggingarsjóðs ríkisins með fjármagni frá lífeyrissjóðunum hafa meira og minna brenglast. Þessi fjármögnun er miklu minni en allir hafa gert ráð fyrir, enda heyrðum við hljóðið í hæstv. fjmrh. núna. Hann sagði að það hefði komið minna fjármagn frá lífeyrissjóðunum en gert hefði verið ráð fyrir. Já, við getum víst áreiðanlega slegið því föstu.

En af því að við erum að tala um stöðu Byggingarsjóðs ríkisins, þá er það ekki einungis að það séu slíkar brigður á öllum fyrirætlunum og loforðum um fjármögnun úr lífeyrissjóðunum sem ég benti á, heldur verðum við og að hafa í huga að með þessu úrræði, sem hæstv. ríkisstj. hefur hælt sér af, er beinlínis verið að vega að stöðu Byggingarsjóðs ríkisins til frambúðar. Hvers vegna? Vegna þess að það fjármagn, sem Byggingarsjóði ríkisins er ætlað á þennan veg, er með 3.5% vöxtum til 15 ára, en sjóðnum er fyrirskipað að lána þetta fjármagn til 25 ára með 2% vöxtum, og sjá allir í hvað slíkt stefnir.

Það væri rík ástæða til að ræða þessa hörmungarsögu miklu ítarlegar en ég hef nú gert. En bæði er það að ég hef, eins og ég sagði áðan, oft vikið að þessari sögu og ég vil stilla máli mínu í hóf hvað tímalengd snertir svo sem kostur er. Ég skal því ekki ræða frekar um þetta.

En þá er það frv. sem hér er til umr. og er lagt fram til þess að bæta stöðu Byggingarsjóðs ríkisins, efla starfsemi hans, auka ráðstöfunarfé hans. Í því sambandi er sérstaklega talað um, eins og hæstv.ráðh. gerði, að þetta ætti að miða að því að geta hækkað lán til nýbygginga til þeirra sem byggðu í fyrsta sinn, eins og vikið er að í grg. með frv. Ég talaði um óskammfeilni áðan í öðru sambandi. Ég held að það væri óhætt að gera það líka í sambandi við þetta. Ég vil aðeins vekja athygli á örfáum staðreyndum til að skýra mál mitt.

Í des. 1981 tók Byggingarsjóður ríkisins 40 millj. kr. lán hjá Seðlabankanum til að geta staðið við skuldbindingar sjóðsins á árinu 1981. Þetta lán átti upphaflega að greiðast í febr. árið 1982, en í febr. voru engin tök til þess og greiðslunni var frestað og gert ráð fyrir að lánið verði endurgreitt í september n. k. Það hafa engin ráð verið til þess að færa Byggingarsjóði ríkisins fjármagn til að greiða þessa skuld — engir. Þetta mál er óleyst og ef ekkert er gert hlýtur það að hafa eina þýðingu, þ. e. að það fjármagn, sem ráðstafað er til íbúðarlána á árinu 1982, verður 40 millj. kr. minna en ella því að þessa skuld verður að greiða.

Nú er gert ráð fyrir að ríkissjóður leggi fram samkv. fjárlögum 63.2 millj. til Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári. Ef ekkert nýtt kemur hér til virðist þessi upphæð

lækka niður í 23.2 millj. Geta menn þá séð hvaða þýðingu það hefur fyrir útlán sjóðsins á árinu 1982. Ég hef fyrir satt að þetta frv. sé fyrst og fremst fram komið til þess að afla fjár til að mæta greiðslu á þessari skuld frá árinu í fyrra, enda er gert ráð fyrir að þessi fjáröflun gefi 35 millj. kr., en skuldin er að vísu 40 millj. — Það er hart að hafa ekki hæstv. fjmrh. hér viðstaddan þegar verið er að ræða alvarleg mál við hann. (**Forseti:** Ég skal sjá til þess, að kallað verði í ráðh.) Já, ég vildi spyrja hann áríðandi spurningar varðandi þetta atriði. Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. ráðh. hvort hann gæti gefið upplýsingar um hvort það væri rétt hugboð, ef ég má orða það þannig, að það fjármagn, sem skyldusparnaðurinn samkv. þessu frv. gefur, sé ætlað til þess að greiða lán sem Byggingarsjóður ríkisins tók hjá Seðlabankanum í des. s. l. og nemur 40 millj. Ég er búinn að tala dálítið um þetta og þarf ekki að gera það frekar, hæstv. ráðh. skilur hvað ég er að fara.

Ég var að ræða um þessa 40 millj. kr. skuld. Og hvers vegna er hún til komin? Hún er komin til vegna ársins 1981. Það er eftir að gera hreint fyrir dyrum sjóðsins hvað þetta varðar fyrir 1981. Ef það er gert með þessu fjármagni kemur ekkert til þess að leysa vandamál sjóðsins á árinu 1982 og eru þau þó ærin. Ég leyfi mér að segja að þau eru meiri en nokkru sinni fyrr og miklu stærri en á síðasta ári.

Ég er hér með fyrir framan mig áætlun yfir lánastarfsemi Byggingarsjóðs ríkisins árið 1982. Það eru margar tölur og margir liðir. Ég ætla ekki að fara að lesa þetta hér upp, en niðurstaðan á þessari áætlun er sú, að innstreymi til sjóðsins er áætlað á árinu 1982 502 millj., en útstreymi 592 millj. Þessi áætlun gerir ráð fyrir að það vanti 90 millj. kr. til þess að hægt sé að standa við útlánaáætlanir Byggingarsjóðs ríkisins á árinu 1982. Ég fullyrði að þær áætlanir eru í algeru lágmarki og helgast í raun og veru af því, hvernig málum er komið í byggingariðnaðinum, hvernig málum er komið hjá almenningi í þessu landi, að nú í fyrsta sinn um áratugaskeið horfa málin þannig að það eru engir venjulegir menn sem geta komið sér upp húsnæði með aðstoð Byggingarsjóðs ríkisins. Lánskjörin eru slík að hinn almenni launþegi er alltaf að verða meira og meira ófær um að njóta hinna almennu lánskjara, ég tala ekki um ungt fólk sem er að byggja í fyrsta sinn.

Það er að verða svo að ungt fólk, sem er að byggja í fyrsta sinn, er að hverfa út af húsamarkaðinum í þessu sambandi. Þetta er skelfilegt ástand og skelfilegar horfur. Hæstv. ráðh. sagði áðan að tekjuöflunin, sem þetta frv. gæfi, ætti að vera til þess að hækka lán til þeirra ungmenna sem væru að byggja í fyrsta sinn. Það er ódýrt að vera með slík gylliloforð til unga fólksins í landinu sem ekki sér sér lengur fært að leggja út í byggingu eigin íbúða, eins og var aðalreglan áður fyrr. Og svo er óskammfeilnin mikil, að á sama tíma sem menn þykjast vera sérstaklega að þjóna hagsmunum unga fólksins í sambandi við nýjar íbúðir eru tillögur frammi hjá stjórnvöldum um að lækka svokölluð G-lán á árinu 1982 um 25 millj., sem þýðir að ungt fólk, sem hefur verið að reyna að finna það ráð út úr vandanum að kaupa gamalt í staðinn fyrir að byggja, sér fram á að lán til þess verða lækkuð. Er þá hringnum lokað í þeirri ósvífni sem hæstv. stjórnvöld gera sig ber að í þessu máli.

Frv., sem hér er til umr., gerir ekkert til þess að leysa vanda Byggingarsjóðs ríkisins til frambúðar, í raun og veru ekkert til þess að leysa vanda Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári, hvað þá meira. Frv. ber vott um að hæstv. ríkisstj. er orðin gersamlega ráðþrota í húsnæðismálunum, — gersamlega ráðþrota. Í örvinglan sinni grípur hún til skyldusparnaðar til þess að aura saman krónum til að bjarga sér út úr klípu vegna bráðabirgðaláns á síðasta ári. Þessi skyldusparnaður á ekkert skylt við neitt sem heitir uppbygging á íbúðarlánakerfinu, t. d. sem væri hægt að skoða sem einhverja hliðstæðu við þann skyldusparnað sem settur var á fyrir mörgum árum og enn þá stendur, — skyldusparnað ungs fólks til þess að efla byggingarkerfið.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Við Alþfl.-menn höfum margoft á undanförnum misserum og árum varað við því, að ríkisstj. fylgdi fram þeirri stefnu með gerðum sínum að eyðileggja húsnæðislánakerfið. Það er sífellt að koma betur á daginn og í rauninni má segja að það frv., sem ríkisstj. hefur nú lagt fram og hæstv. fjmrh. talað hér fyrir, sé fyrst og fremst staðfesting á þessum málflutningi okkar Alþfl.-manna, að nú hafi ríkisstj. tekist að kippa svo stoðum undan húsnæðislánakerfinu að hún sér ekki annað fært en að leggja fram sérstakt frv. um nýja skattlagningu í formi skyldusparnaðar til þess að bjarga einhverju. En það er auðvitað forkastanlegt með öllu, að á sama tíma og verið er að draga úr þeim tekjustofnum, sem húsnæðislánakerfið átti að hafa, gegn eindregnum mótmælum stjórnarandstöðunnar og þá alveg sérstaklega okkar Alþfl.-manna, þá skuli ráðh. sitja við það að semja annað frv. um skattlagningu á fólkið í landinu til þess að láta koma í stað þeirra tekjustofna sem hafa verið teknir í ríkishítina.

Menn hlustuðu áðan á flóknar útskýringar hæstv. fjmrh. Ragnars Arnalds á því, hvernig ætti að reikna þennan skatt. Ég hugsa að mönnum hafi þótt það ærið flókið og ekki einkar auðskiljanlegt, hvernig hann skyldi reiknaður, hvað þá fyrir almenning í landinu. Hann fullyrti að það væri ekki nema lítill hluti skattgreiðenda sem mundi lenda í því að greiða skattinn. Ég er hins vegar sannfærður um að það er langtum stærri hluti skattgreiðenda, sem mun lenda í því, heldur en hann gerði ráð fyrir. Og það sem verra er: þessi skattlagning mun einmitt að hluta til bitna á því fólki sem er að leitast við að koma sér fyrir, ungu fólki sem vinnur langan vinnutíma til þess að standa undir mikilli greiðslubyrði af þeim lánum, sem það hefur þegar tekið, og til þess að standa undir miklum útgjöldum í sambandi við stofnkostnað heimila sinna. Hæstv. fjmrh. segir við þetta fólk: Í stað þess að nota launaskattinn, eins og áður hefur verið gert, til þess að fjármagna húsnæðislánakerfið ætla ég að skattleggja ykkur sjálf til þess að standa undir þessum útgjöldum og reyna að halda húsnæðislánakerfinu lifandi.

Við Alþfl.-menn teljum að hér sé um gersamlega forkastanleg vinnubrögð að ræða. Við getum alls ekki fallist á að þessar leiðir séu farnar. Í þessu máli hefur ríkisstj. haft uppi alveg einstakan tvískinnung sem ekki verður liðinn með nokkrum hætti.

Það er ekki bara á þessu þingi sem við Alþfl.-menn höfum varað við því, hvert stefndi að því er húsnæðislánakerfið varðaði. Við komum fram með sérstakar ábendingar þegar í maímánuði 1980 þar sem við bentum á að fjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna samkvæmt þeim áformum, sem þá voru

uppi af hálfu ríkisstj., mundi þýða það, að þessir sjóðir gætu alls ekki staðið undir skuldbindingum sínum. Ef mæta ætti eðlilegum skuldbindingum sjóðanna mundi það þýða að það þyrfti að afla mikils aukins lánsfjár bæði til Byggingarsjóðs verkamanna og til Byggingarsjóðs ríkisins. Við lögðum þá fram með nál. yfirlit sem var byggt á útreikningum frá Þjóðhagsstofnun og sýndi að Byggingarsjóður verkamanna, sem hefur ekki tekið lán fram að þessu, mundi lenda í nýrri lántökuþörf sem næmi um 100 milljörðum gkr. — og væri þó líklega vanmetin — einungis á áratugnum fram til 1990, ef standa ætti við þau markmið sem ríkisstj. setti sér. Við bentum á það með sama hætti, að lánsfjárþörf Byggingarsjóðs ríkisins mundi aukast yfir 100 milljarða króna á árabilinu 1980—1990 frá því sem frv. Magnúsar H. Magnússonar gerði ráð fyrir á sínum tíma. Þetta voru alvarlegar viðvaranir af hálfu Alþfl. um það, að kerfið, sem ríkisstj. var að taka upp með þeim breytingum sem hún gerði á frv. Magnúsar H. Magnússonar á sínum tíma, mundi ekki geta gengið, það mundi hrynja.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að í ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar var samþykkt að tillögu Alþfl. stefnumörkun í húsnæðismálum. Þetta gerðist snemma árs 1979. Með þeirri stefnumótun var m. a. ákveðið að almenn nýbyggingalán Byggingarsjóðs ríkisins skyldu hækka í fyrir fram ákveðnum áföngum í 80% af brúttóbyggingarkostnaði á 10 árum og samsvarandi hækkun yrði á lánum til eldri íbúða. Til grundvallar þessari stefnumörkun hafði verið reiknað út ár fyrir ár og áratugi fram í tímann hvað þyrfti til að koma til að ná þessu marki og þeim öðrum sem í þessari stefnumótun fólust. Bein framlög hins opinbera þurftu að hækka að meðaltali um 30% frá mörkuðum tekjustofnum og lántökur kerfisins nokkru meira. Það var samþykkt, að ríkisstj. beitti sér fyrir þessari stefnumörkun, og í framhaldi af því var samið það frv. sem Magnús H. Magnússon lagði hér fram á Alþingi fyrir hönd minnihlutastjórnar Alþfl. seint á árinu 1979. En núverandi ríkisstj. blés á þá stefnumörkun sem í þessu frv. fólst, nefnilega að hækka í áföngum almenn lán í 80% af byggingarkostnaði. Fjármögnun kerfisins hefur gersamlega farið úr böndunum eins og ég gat um áðan.

Samkv. þessu frv. Alþfl. hefðu opinber framlög til kerfisins í heild þurft að hækka um 18% á þessu ári frá mörkuðum tekjustofnum. En hver er stefna ríkisstj. í framkvæmd á þessu ári? Hún er 47% lækkun frá þeim mörkuðu tekjustofnum sem voru í gildi þegar frv. Magnúsar H. Magnússonar og okkar Alþfl.-manna var lagt fram. Það hefði þurft að vera 18% hærra, en ríkisstj. hefur með aðgerðum sínum lækkað þessi framlög um 47%. Markaðir tekjustofnar samkvæmt eldri lögum til byggingarkerfisins í heild, bæði verkamannabústaða og Bygingarsjóðs ríkisins, þessi opinberu framlög samkvæmt mörkuðum tekjustofnum, hefðu verið 346.3 millj. á þessu ári. En ríkisstj. hefur skorið þetta niður í 182.1 millj. Þetta er sá niðurskurður sem ríkisstj. hefur verið að framkvæma á þessu kerfi á sama tíma og ráðh. sitja við að semja það frv. sem hér er til umræðu. Þetta er versta tegund af tvískinnungi.

Til þess að ná þeim markmiðum, sem frv. okkar Alþfl.-manna undir forustu Magnúsar H. Magnússonar setti sér, hefði framlagið þurft að vera nokkru hærra en þær 346 millj. sem hinir mörkuðu tekjustofnar þá gerðu ráð fyrir. Það hefðu þurft að fara í 410 millj. Ef þeirri stefnu hefði verið fylgt værum við á réttri leið núna með húsnæðislánakerfið í stað þess að núv. ríkisstj. hefur svipt undan því fótunum, eins og það frv., sem hér er flutt, er fyrst og fremst til marks um. Það hefur meira að segja gengið svo langt að jafnvel við seinustu afgreiðslu lánsfjáráætlunar og við seinustu efnahagsmálaskýrslu ríkisstj. frá því á áramótum var gengið í það að skerða sérstaklega, til viðbótar við það sem áður hafði verið skert, framlögin í þessa tvo sjóði: Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Og það eru ekki nema nokkrir dagar síðan þm. í þessari hv. deild, fulltrúar stjórnarsinna, sátu hér við það að samþykkja niðurskurð á framlögum til þessara sjóða, á sama tíma og ráðh. þeirra sátu væntanlega við að semja það frv. sem hér er mælt fyrir. Þetta er sagan af þessu máli.

Ég varaði líka sérstaklega við því í umr. um lánsfjárlög í desembermánuði s. l., í hvert óefni mundi stefna. Ég sagði þá varðandi það fé, sem yrði til ráðstöfunar hjá þessum sjóðum, með leyfi hæstv. forseta: „Mér reiknast svo til að það fé, sem hér er til ráðstöfunar, muni þýða fækkun á íbúðum, sem unnt er að veita lán út á, frá því sem er í tölum ársins 1981, sem nemur um 550 íbúðum.“ Þetta var aðvörun okkar Alþfl.-manna í sambandi við umr. um lánsfjáráætlun í desembermánuði s. l. Ég sagði enn fremur, með leyfi forseta: „Þessar tölur, miðað við 800 þús. kr. íbúðarverð og þau lánshlutföll sem í gildi eru, svara til þess, að það ætti að vera hægt að fjölga íbúðum í verkamannabústöðum um 175 eða því sem næst, en að öðrum lánveitingum til íbúða yrði að fækka um 725.“ Ég held áfram, með leyfi hæstv. forseta: „Þetta gerir samtals samdrátt um 550 íbúðir. Ég spyr: Eru menn sannfærðir um að þetta sé rétt stefna? Eru menn sannfærðir um að eftir samdrátt upp á 1100 íbúðir eigi nú að bæta við öðrum samdrætti upp á 550 íbúðir? Halda menn að þessi stefna gangi upp? Vilja menn þetta í raun og sannleika? Eða er hér verið að búa til vandamál sem mun reynast álíka erfitt úrlausnar á yfirstandandi ári — eða helmingi erfiðra úrlausnar — og brugðist verður við með sama hætti og á yfirstandandi ári, nefnilega með yfirdrætti í Seðlabankanum og tilheyrandi þrýstingi á erlendar lántökur í íslenska hagkerfinu.“

Ég skal ekki hafa þessa tilvitnun öllu lengri. En varnaðarorð okkar Alþfl.-manna í sambandi við uppbygginguhúsnæðislánakerfisins hafa hljómað hér í þessum sölum aftur og aftur og hljómuðu strax í maímánuði 1980 þegar hæstv. félmrh. mælti fyrir breytingum sínum á því frv. sem Magnús H. Magnússon hafði þá samið. Við bentum á að þetta kerfi fer á hausinn. Þessi varnaðarorð hafa hljómað í sambandi við hverja einustu lánsfjáráætlun, hver einustu fjárlög allar götur síðan, og það eru ekki nema fáeinar vikur síðan við höfðum uppi þau varnaðarorð sem ég vitnaði hér til. Og við seinustu afgreiðslu lánsfjáráætlunar fyrir fáeinum dögum fylgir ríkisstj. enn sömu stefnu, sker niður þessi framlög með eins hrikalegum hætti og raun ber vitni.

Nú er það auðvitað svo þar á ofan, að þetta frv. ríkisstj. leysir ekki vanda þessa sjóðs. Hann er með 40 millj. kr. yfirdrátt í Seðlabankanum, og það er verið að tala um að þessar tekjur geti verið 35 millj. kr. Hvers konar úrlausn er það? Og svo er verið að gera því skóna í framsögu með þessu frv. af hálfu hæstv. fjmrh., að þetta fari til þess að auka lán til þeirra sem eru að byggja í fyrsta skipti, þegar það hrekkur ekki einu sinni fyrir þeim vanskilum, sem þegar eru fyrir hendi frá fyrra ári, og þegar fyrirsjáanlegt

er að það fé, sem sjóðurinn hefur til ráðstöfunar, þýðir fækkun á þeim íbúðarlánum, sem hægt er að veita, um ca. 550, eins og borðleggjandi er samkv. gögnum frá stofnuninni sjálfri.

Herra forseti. Við Alþfl.-menn getum á engan hátt léð máls á því, að sá tvískinnungur, sem felst í þessari stefnumörkun ríkisstj., þessari framkvæmd ríkisstj. á húsnæðislánamálunum, nái fram að ganga. Við höfum ítrekað flutt hér till. um raunhæfar aðgerðir til þess að húsnæðislánakerfið geti staðist. Við höfum líka flutt sérstakar till. um að íbúðarbyggjendur gætu átt kost á sérstökum lánum, viðbótarlánum úr bankakerfinu, verðtryggðum viðbótarlánum úr bankakerfinu, til þess að menn gætu staðið sig sæmilega við að koma sér fyrir. Ég vitna til alls þessa tillöguflutnings okkar Alþfl.-manna um afstöðu okkar til húsnæðislánakerfisins og þarfarinnar á því, að ríkisstj. hverfi frá stefnu sinni og viðhorfum til húsnæðislánakerfisins, hverfi frá þeim tvískinnungi sem felst í því frv. sem hér er flutt.

Við leggjum eindregið til að þetta frv., sem hér hefur verið mælt fyrir, verði fellt.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hefur gert ítarlega grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa endemismáls. Það verður ekki sagt að þeim, sem hlýddu á ræðu hæstv. fjmrh. áðan, hafi sérstaklega virst hugur fylgja máli þegar hann talaði fyrir þessu máli. A. m. k. heyrði ég engan sannfæringarkraft í máli hans. Raunar hefur hann ekki látið svo lítið að vera viðstaddur allar þær umræður, sem hér hafa átt sér stað núna um þetta mál, og raunar lengst af enginn af ráðh. hæstv. ríkisstj. verið hér í salnum við þessa umr. (**Gripið fram í:** Ég hef verið við atkvgr. í annarri deild.) Þá ber að haga vinnubrögðum hér með þeim hætti að ráðh. geti verið viðstaddur umr. sinna mála í þeirri deild þar sem þau eru lögð fram. Og raunar var það megintilefni þess, að ég stóð hér upp, að ræða um þau vinnubrögð sem okkur þm. er boðið upp á af núv. hæstv. ríkisstj. hvað eftir annað, þegar hverju stórmálinu á fætur öðru er slett hér inn í þingið þegar innan við 10 vinnudagar Alþingis eru eftir til þess tíma er ríkisstj. hefur tilkynnt að hún stefni að því að ljúka þingstörfum. Það er ekki bara þetta mál, heldur eru þau mörg fleiri. Þetta eru auðvitað óviðunandi vinnubrögð, ekki aðeins að einu leyti, heldur öllu leyti. Þetta eiga þm. hreinlega ekki að láta bjóða sér. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar, að það ætti að breyta starfsreglum þingsins í þá veru að þegar þrjár, fjórar vikur eru til fyrirsjáanlegra þingloka — ríkisstj. hlýtur að geta mótað sér stefnu um hvenær ljúka skuli þingstörfum — þá séu ný mál ekki flutt, heldur kappkostað að afgreiða þau mál sem þegar hafa verið lögð fram. Þetta held ég að ætti að taka til athugunar því satt best að segja eru það gersamlega óverjandi vinnubrögð að slengja hér inn hverju stórmálinu á eftir öðru og ætlast til að þau séu afgreidd athugunarlítið.

Ég vildi aðeins segja örfá orð um efni þess frv. sem hér er til umr. Hér er um að ræða lánveitingu, sagði hæstv. fjmrh. Það er nú svo, að þegar um lánveitingar er að tefla þá er venjulegt að samþykki beggja aðila, lánveitanda og lántakanda, komi þar til. Hér er ekki um það að ræða. Þeir, sem veita eiga þetta lán, eru ekkert spurðir. Og ég hjó eftir því, að hæstv. ráðh. tók þannig til orða, að þarna væri um nokkra geymslu á verðmætum að ræða, og bað menn að líta ekki á þetta mál í stórpólitísku ljósi. Ég veit ekki hvernig þm. eiga að líta á þetta mál öðruvísi en eins og það er vaxið. Og ég dreg það stórlega í efa, eins og hér hefur raunar verið áður gert, að það séu aðeins 5% framteljenda sem hér eiga hlut að máli. Ég hjó eftir því, að haft var eftir hæstv. fjmrh. í sjónvarpi — ég held að það hafi verið á laugardagskvöld, að þetta kæmi á tekjur sem væru á bilinu 12—15 þús. kr. á mánuði. (**Fjmrh.:** Á seinasta ári.) Á seinasta ári, já.

Þetta kvöld, rétt eftir að lokið var við að segja þessa fregn í sjónvarpinu, hringdi til mín maður sem ég hafði ekki nein sérstök kynni af og þekki raunar ekki. Hann sagði: „Ég bý í blokk. Ég er að borga af húsnæðismálastjórnarláni, ég er að borga af lífeyrissjóðsláni og ég er með tvö vaxtaaukalán. Ég geri ráð fyrir að mínar aðstæður séu ósköp svipaðar og þúsunda annarra. Ég er með fimm manna fjölskyldu og ég þarf að hafa 13 þús. kr. á mánuði til þess að standa í skilum með afborganir og til þess að geta fætt og klætt fjölskyldu mína.

Svo kemur hæstv. fjmrh. í sjónvarpið og kallar mig hátekjumann. Þessu get ég ekki unað," sagði þessi maður. Hann sagði enn fremur: „Ég varð að tala við einhvern vegna þess að þetta finnst mér hámark ósvífninnar. Ég held að hér hafi verið seilst einum of langt."

Nógu langt hefur þessi ríkisstj. gengið í að skerða kjör launþega, svo sem menn geta mætavel séð ef þeir skoða síðasta rit Þjóðhagsstofnunar þar sem fjallað er um kaupmátt kauptaxta. Sé þar miðað við 100 árið 1979 er þessi kaupmáttur kominn núna niður í 94. Ég tel mig hafa orðið mjög áþreifanlega varan við það síðan þetta frv. var lagt fram og efni þess kynnt, þó ekki séu margir dagar síðan, að það hefur vakið mjög almenna reiði og almenna andúð. Hvers vegna? Jú, vegna þess að hér er vissulega um nýja skattlagningu að ræða, — skattlagningu sem á að vera eins konar bráðabirgðabjörgun vegna þess að ríkisstj. er búin að forklúðra öllum fjármálum Byggingarsjóðs ríkisins.

Það hefur rækilega komið fram í þessum umræðum, að af hálfu Alþfl. hefur ekki einu sinni, ekki tvisvar, ekki þrisvar, heldur langtum oftar verið varað við því, í hvert óefni stefndi í þessum efnum. Á þær aðvaranir hefur ekki verið hlustað og því er nú komið sem komið er. Það er talað um af hálfu hæstv. ráðh. og ríkisstj. að hér sé verið að skattleggja hátekjufólkið. Ég held að það sé rangt til orða tekið. Það er enn verið að vega í þann sama knérunn að leggja skatt á meðaltekjur. Og þar held ég að sé þegar of langt seilst og það fyrir löngu.

Við skulum ekki gleyma því, að það orð hefur lengi legið á, að hér á landi væru skattskil ekki sem skyldi og kannske einkum hjá þeim sem sjálfsagt hafa best tækifæri til þess og eru með sjálfstæðan atvinnurekstur að ýmsu leyti. Ég er alveg sannfærður um að það eru þúsundir manna í landinu sem hafa tekjur langt fyrir ofan þetta mark en samt munu sleppa. Það eru þeir sem geta skammtað sjálfum sér tekjur, því miður. Þetta er ein af staðreyndunum sem blasa hér við okkur. En hvað hefur núv. ríkisstjórn gert til að efla skatteftirlit, koma í veg fyrir skattsvik, efla eftirlit með skattskilum? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það er ekki á hennar verkefnalista.

Eins og hér hafa þegar verið færð veigamikil rök fyrir á þetta frv. við núverandi aðstæður engan rétt á sér. Ríkisstj. getur farið ýmsar leiðir til að létta undir með þeim, sem eru að byggja, og þeim, sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn. M. a. gæti hún samþykkt frv. sem við Alþfl.-menn höfum flutt í þessari deild. Það eru ótal, ótal

leiðir betri en sú sem hér er gert ráð fyrir, og þess vegna ber að fella það frv. sem hér er til umræðu.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Ljóst er að húsbyggjendur í landinu eiga við mikinn vanda að stríða. Þeim hefur verið gert mjög erfitt fyrir á undanförnum árum, einkum vegna fjandsamlegrar afstöðu ríkisstj. til ýmissa félagslegra þátta í þjóðfélaginu. Þessi ríkisstj. hefur hvað eftir annað gert í því að gera húsbyggjendum erfiðara fyrir að byggja yfir sig. Er þess skemmst að minnast, að þegar lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru samþykkt framdi núverandi ríkisstj. mjög alvarleg skemmdarverk á því frv. sem Magnús H. Magnússon hafði lagt fram, — skemmdarverk sem gerðu fólki erfiðara fyrir og munu gera því erfiðara fyrir að greiða lán og koma yfir sig húsnæði á næstu árum.

Sá skattur, sem nú er fyrirhugað að setja á, hvort sem það tekst eða ekki, skiptir litlu hvað varðar það að bæta úr fyrir því fólki, fyrir þessum sjóðum, vegna þess að óreiðuskuldir eða vanskilaskuldir eru háar og það, sem aflast fyrir þennan skatt, nægir hvergi nærri til þess að greiða þær skuldir. Er því vandséð að skatturinn verði til þess að hækka lán til húsbyggjenda. Við Alþfl.-menn teljum algeran óþarfa að vera með þennan smáskatt og reyndar forkastanlegt að setja þetta fram (Gripið fram í.) Skattur heitir það þegar menn taka til sín fjármuni sem þeir fá ekki leyfi til að taka, því ef um lán væri að ræða þarf samþykki beggja — eða a. m. k. tíðkast það víðast hvar þar sem venjuleg viðskipti ganga.

Ég óttast líka að þessi skattur komi ekki aðeins á hátekjumenn, heldur á meðaltekjur. Ég er sannfærður um það reyndar. Þyrfti að gera betur grein fyrir hvernig ráðh. reiknar út að þessi skattur komi einungis á hátekjur.

Það eru aðeins örfáir dagar liðnir síðan samþykkt var hér í deildinni frv. að lánsfjárlögum þar sem ákveðið var að skerða tekjustofna þessarar sömu stofnunar. Ekki sést samhengi í því að koma nú — ég vil segja: aftan að mönnum með frv. eins og hér liggur fyrir. En hér er allt í sama dúr. Það er ekki aðeins ráðist á almenning í þessum tilvikum. Það sýnir sig best í skýrslu sem Þjóðhagsstofnun gaf út nú fyrir nokkru um framvindu og horfur 1981 og 1982. Þar kemur fram að ríkisstj. hefur tekist að lækka kaupmátt kauptaxta frá því að vera í 100 árið 1979 niður í 94 stig í dag. Það munar sem sagt 6 stigum. Þetta er aðeins eitt skrefið í þeirri göngu að gera fólk ósjálfbjarga, og við Alþfl.-menn munum leggjast mjög hart gegn því. Ég vil benda á það, að við höfum lagt fram ýmiss konar frv. til hagsbóta fyrir húsbyggjendur, t. d. um það að lengja lán og gera þau viðráðanlegri. Enn hefur það frv. ekki fengist afgreitt. Enn er haldið við það að hafa lánakjör svo óhagstæð sem hugsast getur.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er búið að tala töluvert mikið nú þegar í þessu máli. Mig langar til að tjá í örfáum orðum hug minn til þess.

Ég skal játa að það hvarflaði að mér fyrst þegar ég heyrði um þetta mál, að hér væri ekki svo afleitt mál á ferðinni. Væri nema eðlilegt, þegar ungir húsbyggjendur eiga í þrengingum, að tekjur þeirra hæst launuðu í landinu yrðu lánaðar til nokkurs tíma til að bæta úr? Mér er ofarlega í huga að í áratuga verðbólgu hér er enginn vafi að launabil fólks hefur vaxið jafnt og þétt. Hinir ríku, ef við getum talað um ríka menn hér á Íslandi, hafa stöðugt orðið ríkari, hinir fátæku hafa orðið fátækari. Þetta er staðreynd. Það mun rétt vera, að launamunur er þó minni hér á landi en víðast hvar annars staðar, enda er auðstétt á við það, sem gerist í hinum stærri ríkjum, okkur Íslendingum almennt á móti skapi.

En ég verð að segja það, að eftir því sem mér miðaði lengra til skilnings á þessu máli, þá er ég nú orðin algerlega andhverf því. Mér verður að spyrja: Hvers vegna leggur ríkisstjórnin þetta mál fram? Sú skýring, sem mér er efst í huga, er e. t. v. helst til illkvittnisleg. En mér kemur einfaldlega í hug að það sé til þess að hún geti að málinu felldu sagt sem svo: Vondu íhaldsmennirnir og kratarnir í stjórnarandstöðu vilja ekki hjálpa vesalings unga fólkinu sem er að basla við að koma sér upp húsnæði í fyrsta skipti. Skuldinni á að skella á stjórnarandstöðuna og leggja út sem skilningsleysi og jafnvel andstöðu við það unga fólk sem þarna á hlut að máli. Án þess að ég fengi svar við spurningum mínum með því að lesa frv. og ekki heldur með því að hlusta á framsögu hæstv. fjmrh., þá hefði ég getað ímyndað mér að þessi skattur í formi skyldusparnaðar mundi koma á topptekjur fólks í landinu, ekki á lægri tekjur en sem nemur 15 þús. kr. á mánuði, 15—20 þús., upp í 25 þús. kr. á mánuði. Það er fólk hér í landinu sem er svo tekjuhátt. En eftir að ég heyri það upplýst hér, að sjálfur hæstv. fjmrh. upplýsir að þetta komi á tekjur frá 12—15 þús. kr. á mánuði, sem eru rétt meðaltekjur fólks í dag, þá nær þetta náttúrlega ekki nokkurri átt. Ég man ekki betur en ég hafi séð í yfirliti frá Þjóðhagsstofnun að meðalrauntekjur verkamanns á s. l. ári hafi numið 10—11 þús. kr. Af þessu getum við ráðið hvort það er rétt, sem gefið er í skyn nú, að þetta eigi að leggjast aðeins á allra hæstu tekjur. Auðvitað gerir líka það, sem á undan er gengið, furðuleg aðför að tekjum Byggingarsjóðs, þetta mál allt erfiðara viðfangs fyrir ríkisstj. Það er auðvitað með eindæmum að voga sér að rýra svo eða kippa raunar burt tekjustofni þessa mikilvæga fjárfestingarsjóðs sem á að standa undir húsbyggingarkerfinu í landinu. (Gripið fram í.) Það út af fyrir sig gerði alla vega ákaflega erfitt að ljá máls á slíkri skattlagningu eða þeim skyldusparnaði sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég vil endurtaka það, að ég bíð eftir, þegar þetta mál hefur verið fellt eins og ég geri ráð fyrir, stórum fyrirsögnum þar sem skuldinni af vanda ungra húsbyggjenda verður að stórum hluta skellt á vonda menn í stjórnarandstöðunni sem vildu ekki láta þá ríkustu í landinu koma til móts við þá sem erfiðara eiga. Sjáum til hvort það verður ekki. Og ég endurtek einnig að ég hefði vel verið til viðtals um að viðhafa þessa aðferð ef réttara hefði verið að henni staðið. Ég sé að það eru ekki bara hátekjumennirnir sem þarna eiga að borga brúsann, heldur er það miðlungsfólk eins og ég og fleiri. Og ég vil taka undir það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að það eru margir hér í landi sem hafa aðstæður til þess að draga undan skatti og skammta sér sjálfum tekjur og til þeirra náum við ekki með þessu frv., því miður.

Ég vona að það greiðist með einhverju móti úr lánum ungra húsbyggjenda. Ég er ákaflega hrædd um að þetta verði loforð sem ekki verður staðið við, þessar 35 millj. fari einfaldlega í að borga skuldahalann, sem fyrir er, og ekkert yrði eftir til þess að hjálpa þeim sem eru að byggja. Þess vegna hef ég gert upp hug minn nú þó að ég væri ekki gallhörð í fyrstu. Ég get ekki stutt þetta frv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég hef tækifæri til að fjalla um þetta frv. í nefnd, en vegna orða síðasta ræðumanns held ég að það sé alveg nauðsynlegt að hér komi fram eftirfarandi.:

Hv. síðasti ræðumaður, Sigurlaug Bjarnadóttir, lýsti sig reiðubúna til að styðja það að skyldusparnaður væri lagður á, ef miðað væri við ákveðið tekjumark, og hún greindi frá því, hvað það tekjumark væri. Hins vegar varð þm. það á, þegar hún hafnaði þessu frv. á þeim forsendum að tekjumarkið í frv. væri lægra en það mark sem hún gæti fellt sig við, að vísa til þess tekjumarks í frv. sem miðað er við tekjur ársins í fyrra. Þegar þær eru framreiknaðar til þeirra tekna í dag, þá kemur einmitt í ljós að það tekjumark, sem miðað er við í frv., er í reynd, ef horft er á tekjurnar eins og þær koma til greiðslu á þeim mánuðum sem nú eru að líða, nokkurn veginn við sama mark og hv. þm. lýsti yfir að hún gæti stutt. (**SigurlB:** Eru svona miklar kauphækkanir hjá okkur?) Það skiptir ekki það miklu máli. Það er hins vegar, eins og þm. Sjálfstfl. er mjög tamt að fjalla um hér í deild, nokkur verðbólga í landinu, og ef miðað er við þær verðbólgutölur, sem hv. þm. Lárus Jónsson er yfirleitt að halda hér fram, er þetta mjög einfalt reikningsdæmi.

Mér fannst nauðsynlegt að leiðrétta þennan misskilning hv. þm. vegna þess að þær forsendur, sem hv. þm. gaf sér, voru einmitt á þá leið, að það tekjumark, sem hún gæti samþykkt að skyldusparnaður kæmi á, og vék þar að í kringum 20 þús. á mánuði á líðandi stundu, er einmitt mjög svipað mark og miðað er við í þessu frv. Vegna þess að ég er formaður þeirrar nefndar, sem fær þetta frv. til afgreiðslu og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir á einnig sæti í þeirri nefnd, þá verður mér sönn ánægja að sýna henni fram á að það tekjumark, sem er miðað við í þessu frv., er í grófum dráttum sama tekjumark og hún var að enda við að lýsa yfir áðan að hún gæti stutt.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég verð að játa á mig þá sök, að ég gat ekki verið viðstaddur alla umr. sem hér fór fram áðan, fyrst og fremst vegna þess að fram fóru ærið langdregnar atkvgr. í Nd. og tvísýnar á köflum um mjög mikil stórmál. En ég tók eftir því, að ég var spurður einnar spurningar í þessum umr., og vil svara þeirri spurningu.

Spurningin kom frá hv. 4. þm. Vestf., Þorv. Garðari Kristjánssyni, sem spurðist fyrir um hvort ætti að nota það fé, sem fengist að láni með þessum skyldusparnaði, til að borga upp skuld Byggingarsjóðs við Seðlabankann og hvort ekki væri rétt að skuldin við Seðlabankann næmi um 40 millj. kr. Ég vil svara þessari spurningu ósköp einfaldlega þannig, að það er alveg rétt, að skuldin við Seðlabankann er 40 millj. kr., og hefur verið gert ráð fyrir að hún yrði greidd á þessu ári. Hitt er annað mál, að við teljum að Byggingarsjóður eigi nokkuð upp í þá skuld. Það var ekki ætlunin að nota þetta fé, nema þá að einhverjum litlum hluta, til að standa skil á greiðslu þeirrar skuldar, en hins vegar mundi það fé, sem hér fengist, að verulegu leyti nýtast til að gera kleift að hækka lán til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn. Þetta er mitt svar við þessari spurningu.

Varðandi málflutning hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur áðan tók ég eftir því, að hún hafði greinilega misskilið orð mín varðandi tekjumörkin sem þessi skyldusparnaður er miðaður við. (Gripið fram í.) Já, ég mun hafa sagt við fréttamann sjónvarps fyrir nokkrum dögum að gera mætti ráð fyrir að menn yrðu ekki að leggja af mörkum til skyldusparnaðar nema þeir hefðu haft 12—15 þús. kr. í tekjur á seinasta ári að meðaltali á mánuði. Þá byrjuðu menn að greiða. Þetta er þannig hugsað, að mörkin liggja við 135 þús. kr., eins og áður hefur komið fram. Síðan er það lágmark einhvers staðar í kringum 15 þús. sem kemur sem almennur frádráttur, þannig að mörkin liggja greinilega einhvers staðar fyrir ofan 150 þús. kr. á seinasta ári. 150 þús. kr. á seinasta ári eru milli 12 og 13 þús. kr. á mánuði í tekjur. Það er þar sem mörkin liggja fræðilega séð, en í reynd er mjög sjaldgæft að menn lendi með einhverjar af tekjum sínum í skyldusparnaði vegna þess að mjög algengt er að menn séu annaðhvort með einhvern viðbótarfrádrátt, sem veldur því að þeir lenda ekki í þessum mörkum, ellegar þeir fái afslátt frá maka eða annað þess háttar. En ef við lítum á þessa tölu, mánaðartekjur um mitt s. l. ár, 12 500 kr., skulum við segja, hvað skyldi það þá gera á miðju þessu ári? Miðað við 40% verðbólgu á milli ára lætur nærri að það séu um 17 500 kr. á mánuði. Þá spyr ég hv. þm. og ætlast ekki endilega til að hún svari þessu á stundinni: Mundi hún telja það almennar launatekjur í landinu sem byrjuðu við mörkin 17 500 kr. á miðju þessu ári? (**LJ:** Þetta er nálægt meðaltekjum iðnaðarmanns.) Ég er hræddur um að það heyri frekar til undantekninga í þessu þjóðfélagi, því miður, að menn hafi tekjur sem eru langt yfir þessum mörkum. Mér er t. d. kunnugt um að laun þm. eru mjög nærri þessum mörkum. Líklega eru þau heldur hærri. Ég man ekki nákvæmlega hvað þau eru há, en það er greinilegt að t. d. maður, sem einungis hefur þingmannslaun, lendir annaðhvort ekki með sín laun í þessum skyldusparnaði eða þá að það er mjög óverulegur hluti af tekjum hans.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék nokkuð að því, þegar hann ræddi þetta mál, verðtryggðan skyldusparnað, að það ætti sér nokkra hliðstæðu og væri víðs fjarri að þetta frv. gengi lengra en fordæmi væru fyrir á þessu sviði. Ég vil vekja athygli á því, að þegar skyldusparnaður var lagður á með líkum hætti og gert er ráð fyrir í þessu frv. fóru skattar til ríkisins aldrei yfir 40% af tekjum og jaðarskattur til ríkis og sveitarfélaga var ekki nema örlítið yfir 50%. Ef þetta frv. yrði að lögum mundi ríkið ráðstafa með skattheimtu og álagningu skyldusparnaðar yfir 70 kr. af hverjum 100 þeirra króna sem maður með meðaltekjur og yfir það vann fyrir á s. l. ári. Alþingi og ríkisstj. mundu ráðstafa yfir 70 kr. af síðustu 100 kr. sem hver maður með rúmlega meðaltekjur á s. l. ári vann fyrir t. d. í desembermánuði eða sem sagt af hans síðustu tekjum. Það gefur náttúrlega auga leið, að þegar ríkið er farið að seilast svo í tekjur manna og ráðstafa 70 kr. af hverjum 100 sem síðustu tekjur manna nema, þá fara menn að hugsa sig um, þegar fer að líða á ár, hvort það sé ómaksins vert að fara á sjó eða vinna einhverja erfiða útivinnu til að vinna fyrir 100 kr. sem fara svo 70 af til hins opinbera. Það er þetta sem ég lít á sem megingalla þessa frv. því það kemur fram, — þó þarna sé ekki um að ræða beina skattheimtu og undir það get ég tekið með hæstv. fjmrh. — að þetta tengist að sjálfsögðu annarri skattheimtu af tekjum. Með þessu er farið út á þá braut að hið opinbera tekur og ráðstafar yfir 70% af síðustu tekjum

s. l. árs hjá mönnum sem eru yfir meðaltekjum.

Það er að sjálfsögðu allt of langt gengið í þessum efnum og hlýtur að koma niður á vinnuframlagi manna. Að vísu gerir það það ekki á þessu ári vegna þess að hæstv. ríkisstj. bætir gráu ofan á svart. Hún kemur aftan að mönnum og ætlar sér að ákveða með löggjöf fjórum til fimm mánuðum seinna en menn hafa haft þessar tekjur að ráðstafa þeim á allt annan hátt en menn gátu átt von á þegar þeir unnu fyrir þessum tekjum. Ég er þeirrar skoðunar, ásamt öðrum hv. þm. ýmsum, að í raun ætti að setja skorður við slíkri lagasetningu í stjórnarskrá, ekki verði hægt að láta löggjafann ákveða skatta af tekjum manna, sem þeir eru búnir að hafa og ráðstafa í góðri trú, löngu eftir að þeir eru búnir að afla þessara tekna. Slík lagasetning er í hæsta máta óeðlileg og ætti ekki að teljast þingleg. — Þessi tvö meginatriði vildi ég leggja áherslu á í sambandi við þetta mál.

Það er sagt, og á það er lögð nokkur áhersla af þeim sem flytja þetta mál, að það eigi að bjarga með því Byggingarsjóði ríkisins, hann skorti peninga. Ég verð að segja að það er nokkuð merkilegt að allt í einu skuli uppgötvast núna að Byggingarsjóð ríkisins skorti peninga. Eins og hér hefur komið fram tók hann bráðabirgðalán í fyrra, 40 millj. kr., til að standa við skuldbindingar sínar. Í ár er gert ráð fyrir, að Byggingarsjóður ríkisins láni einungis til 1100 nýrra íbúða, og samt sem áður skortir hann 90 millj. kr. til að lána einungis þessi lán, án þess að sé tekið tillit til þeirrar hækkunar sem menn eru að tala um núna að þeir fái sem í fyrsta sinn byggja eða kaupa. Það skortir hvorki meira né minna en 90 millj. kr. til þess að almenni byggingarsjóðurinn geti staðið undir því að lána 1100 frumlán á þessu ári. En hvað voru þessi lán mörg fyrir ekki mörgum árum? Árið 1978 lánaði almenni byggingarsjóðurinn tæplega 1900 frumlán. Núna skortir 90 millj. kr. til þess að hægt sé að lána út á 1100 íbúðir. Þetta er nú hin mikla reisn sem er yfir stjórn hæstv. ríkisstj. á húsnæðismálum undir forræði Alþb., bæði í fjmrh.-stöðu og félmrh. Samdrátturinn er orðinn slíkur sem ég hef sagt, enda eru nýkomnar fram upplýsingar um það frá Þjóðhagsstofnun, að það var hvorki meira né minna en 10% samdráttur í íbúðabyggingum í fyrra. Og hvað sögðu hæstv. ráðh. þegar var verið að fjalla um áætlanir fyrir árið 1981? Þá sögðu þeir að það ætti að stórauka íbúðabyggingar í landinu, þær mundu stóraukast. Að vísu sýndu opinberar skýrslur einvörðungu að íbúðarbyggingar yrðu svipaðar og árið áður. En niðurstaðan varð sú sem við ýmsir stjórnarandstæðingar höfum sýnt fram á með ljósum rökum að yrði. Það kemur því úr hörðustu átt þegar verið er að reyna að tengja þetta mál því, að það eigi að fara að auka lán til þeirra sem byrja að byggja. Fyrst er að finna einhvern grunn fyrir því, að hægt sé að reka Byggingarsjóð ríkisins á eðlilegan hátt, jafnvel þó að hann láni ekki nema 1100 lán á þessu ári í samanburði við 1900 lán 1978.

Það má sjálfsagt margt um þetta mál segja. Ég hjó eftir því, að hæstv. fjmrh. sagði að hann teldi að Byggingarsjóður ríkisins ætti eitthvað upp í þessa skuld, 40 millj. kr. í Seðlabankanum, þegar færi að líða á árið. Það eru ekki meiri peningar til en svo að það skortir 90 millj. upp á að lána þessi 1100 lán. Þetta er það sem við erum búnir að hamra á æ ofan í æ á hinu háa Alþingi, hvernig komið er í húsnæðismálunum. Þess vegna er það heldur „billegt" þegar hæstv. ráðh. er spurður beint um það: Fara þessir peningar, 35 millj. sem þessu frv. er ætlað að afla, ekki bara til að greiða þessa skuld í Seðlabankanum? — sem þeir að sjálfsögðu gera ef ekki kemur neitt annað fé, þá segir hann: Ég tel að Byggingarsjóður muni eiga fyrir þessari skuld í Seðlabankanum.

Ég vil spyrja hæstv. ráðh., fyrst hann er kominn hérna og lætur svo lítið að vera við, hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að það skorti 40 millj. kr. sem almenni byggingarsjóðurinn fékk að láni í Seðlabankanum í fyrra, það skorti peninga til að borga það lán og síðan skorti 90 millj. kr. til að standa við áætlun sjóðsins á þessu ári, sem einungis gerir þó ráð fyrir að lána 1100 frumlán á þessu ári. Það skortir þetta fé í Byggingarsjóð ríkisins samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum fengið bæði í fjvn. og fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar. Um þetta eru borðleggjandi gögn, hæstv. ráðh. Fjárþörfin, vöntunin, er sem sagt 130 millj. í Byggingarsjóð ríkisins til að geta staðið við slíka áætlun. Ég sagði það áðan, en best er ég endurtaki það fyrir hæstv. ráðh., að gert er ráð fyrir að lána einungis 1100 frumlán á þessu ári, en til samanburðar voru lánuð næstum því 1900 frumlán fyrir nokkrum árum, eða 1978. Þetta er nú ástand fjármála Byggingarsjóðs ríkisins og við höfum gögn í höndum frá stjórn sjóðsins um það. Það eru því heldur álappaleg rök fyrir þessu frv. að það eigi að verða til þess að menn geti fengið heldur meira lán eftir samþykkt þess, þeir sem eru að byrja að byggja. Auðvitað þarf að útvega það fé sem á skortir að auki, ef menn ætla að auka byrðar sjóðsins.

Ég skal svo, herra forseti, ekki lengja þessa umr. úr hófi fram. Það hefði verið freistandi að ræða stefnu hæstv. ríkisstj. í húsnæðismálum yfirleitt, en þess gefst kostur við aðrar umr. þar sem hér er komið á dagskrá sérstakt frv. um húsnæðismál. Að sjálfsögðu tengist þessari bágu stöðu Byggingarsjóðs ríkisins sú furðulega afstaða núv. hæstv. ríkisstj., að hún hefur svipt þennan byggingarsjóð nánast öllum sínum tekjustofnum, m. a. tekið launaskatt að fullu frá þessum sjóði. 2% launaskattur, sem þessi sjóður hafði einu sinni, hefði gefið sjóðnum 220 millj. kr. tekjur á yfirstandandi ári. Hún hefur einnig svipt sjóðinn byggingarsjóðsgjaldi, innifalið það í tekjuskatti og fært þessa skattstofna yfir til hinna almennu þarfa ríkissjóðs. Þetta er að sjálfsögðu ein grundvallarskýringin á því, hvers vegna almenni byggingarsjóðurinn er kominn í fjárþrot.

Ég geri ráð fyrir, að það gefist kostur á að ræða þessi mál, eins og ég sagði áður, við umfjöllun á frv. hæstv. ríkisstj. um húsnæðismál, og sé ekki ástæðu til að lengja mitt mál frekar að sinni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Vegna þessa frv., sem hér er til umræðu, frv. til l. um verðtryggðan skyldusparnað á árinu 1982, kemur mér í hug að það hefur margsinnis komið fram hjá hæstv. ríkisstj., að hagur sparifjáreigenda í landinu sé góður og sparifé einstaklinga hafi aukist í stjórnartíð hennar. Hæstv. ríkisstj. hefur nælt rósir í eigin hnappagöt fyrir þetta og í ljúfum orðum upplýst þegna sína um að nú sé góðæri í landi voru. Aðgerðirnar fyrir aukningu sparifjár voru hækkaðir sparifjárvextir og verðtrygging á sparifjárreikningum, og vissulega var þörf á þó fyrr hefði verið að gæta hagsmuna sparifjáreigenda í landinu og þá sérstaklega vegna þeirra sem ekki kærðu sig um að taka þátt í verðbólgukapphlaupinu, höfðu ekki aðstöðu til eða hreinlega kunnu ekki að spila á kerfið með því að reyna að halda í við verðbólguna sem hefur verið nauðvörn

landsmanna í gegnum tíðina. Nú geta menn lagt sparifé sitt, ef eitthvað er, inn í bankann sinn og fengið af því nokkuð góða vexti og verðtryggingu.

En bankarnir eru að sjálfsögðu ekki aðeins geymslustofnanir fyrir sparifé landsmanna. Þeir eru líka þær stofnanir sem við eigum að, ef í harðbakkann slær, til að hjálpa upp á sakirnar og lána til lengri eða skemmri tíma, og því meira sem inn kemur, því meiri fyrirgreiðslu verður hægt að veita einstaklingunum og atvinnurekstrinum sem berst nú í bökkum eins og allir vita. Og hver er svo helsti keppinautur bankanna um sparifé okkar landsmanna? Jú, það er sjálfur ríkissjóðurinn. Stjórnarherrarnir höfðu ekki fyrr nælt rósirnar í barm sér en þeir fóru að hugleiða hvernig væri hægt að næla í þessa sömu peninga. Og eftir mikið hviss og píska í hornum og gluggakistum var ákveðið að taka að láni sparifé með því að yfirbjóða bankana og gefa út verðtryggð spariskírteini með betri kjörum en áður.

Nú má vel vera að stjórnarherrarnir hafi orðið fyrir einhverjum vonbrigðum með sölu á spariskírteinunum sínum. Ef til vill hafa ekki allir hlaupið upp til handa og fóta og staðið í biðröðum til að kaupa. Peningatankur hæstv. fjmrh. hefur ekki verið eins fljótur að fyllast og til var ætlast. Og þá er á ný stungið saman nefjum, hvískrað og píska í hornum og gluggakistum og niðurstaðan verður sú að leggja á einn skattinn enn. Þetta skyldi gert til að ræna sparifjáreigendur þessu sparifé. Það verður auðvitað að finna göfugt heiti á nýju skattheimtuna. (Gripið fram í.) Jú, að spara er dyggð, ekki satt, og græddur er geymdur eyrir, stendur væntanlega aftur undir nafni því nú er búið að verðtryggja eyrinn. Og hver verður svo niðurstaðan? Jú, við skulum skella á lögum um skyldusparnað, segja landsfeðurnir við þegna sína. Menn geta ekkert sagt við því. Við skilum því aftur sem við ætlum að taka okkur að láni. En þá eru það þessir árans spariskírteinisvextir sem voru allt of háir, 3.53% ofan á allt hitt, og það kemur að sjálfsögðu ekki til greina að lögfesta slíkt. 1% vextir eru alveg nóg og ekki eyri meira, og lög eru lög. Og nú kemur hæstv. fjmrh. fyrir fólkið og segir í landsföðurlegum tón: Við ætlum að hjálpa ykkur að spara. Þið eyðið allt of miklu. Þið eruð alltaf að kaupa og kaupa, byggja, kaupið ísskápa og þvottavélar og bíla, barnavagna og jafnvel reiðhjól fyrir sparifé ykkar. Þetta gengur ekki lengur. Og svo allar þessar sólarlandaferðir.

Landsfaðirinn, hæstv. fjmrh., heyrir einhverjar raddir sem eru að mótmæla: En við höfum unnið myrkranna á milli fyrir þessum peningum. Við héldum að við mættum sjálf ráða hvað við gerðum við þá ef við eigum einhvern afgang. Við héldum að við mættum ráða því sjálf, hvort við notuðum þá til að fara í sólarlandaferð eða jafnvel að endurnýja bílinn eða jafnvel að leggja það í húsið sem er hálfbyggt, eða kaupa hreinlætistæki í húsið, nú eða bara leggja það inn í bankann á sparireikninginn, að ég tali nú ekki um að okkur dytti kannske í hug að vilja kaupa ríkistryggð spariskírteini af fúsum og frjálsum vilja. (Gripið fram í.) Hv. 11. þm. Reykv. hefur fengið svör við þessari spurningu fyrr hér úr ræðustól í dag og ég þarf ekki að endurtaka það. Ég vitna í þær ræður sem hafa verið fluttar hér og svara þessari spurningu hv. þm. En landsfaðirinn, hæstv. fjmrh., segir: Þið skuluð ekki ráða þessu. Við ætlum að hafa vit fyrir ykkur. Ef þið eruð þreytt og ykkur dettur í hug að þið þurfið að hvíla ykkur eftir alla þessa vinnu skuluð þið bara fara upp í rúm. Þið þurfið ekkert að fara í sólarlandaferð. Svona er nú boðskapurinn frá heimilinu því.

Það er sannarlega kominn tími til að einhver stöðvi óbilgirni hæstv. ríkisstj. með flutningi þessa frv. Það hafa verið færð ítarleg rök fyrir því, að þetta frv. geri ekkert til að leysa þann vanda sem því er ætlað að leysa, vanda Byggingarsjóðs ríkisins. Það, sem þetta frv. hljóðar upp á, er að nú á einu sinni enn að seilast í vasa skattborgaranna og reyta með lagaboði af þeim sparifé, ef eitthvað er aflögu umfram brýnustu nauðþurftir sem þarf að nota peningana til.

Það hefur verið minnst á það hér, að hátekjumennirnir eigi að greiða þennan skyldusparnað. Hverjir eru hátekjumenn í þessu landi og hvernig aflar obbinn af því fólki sinna tekna? Ég býst við að flestir viti, a. m. k. í hjarta sínu, að það gerist með þeim hætti að unnið er myrkranna á milli, að menn leggja á sig mikla vinnu, og ekki bara einn fjölskyldumeðlimur, heldur fleiri þegar um slíkt er að ræða. Það er einmitt þetta unga fólk, sem leggur á sig mikla vinnu og þarf á öllu sínu að halda, sem mundi lenda illa í þessum skyldusparnaði. (**ÓRG:** Það er alrangt.) Það er ekki alrangt. Hér er fullyrðing gegn fullyrðingu.

Það kom fram hjá hæstv. ráðh., ef ég man rétt, að ráðherrar mundu lenda í þessum skatti. (**Gripið fram í:** Ekki þingmenn.) En ekki þingmenn. En ég er ekki viss um að allir ráðherrar lendi í þessum skatti, ekki samkvæmt 1. gr., ef menn vildu hugleiða það. Og ég er ekki viss um að hæstv. ráðh. í ríkisstj., sem eru undanþegnir þessum skatti, kæri sig um það. Það er miðað við 67 ára aldur. Það er ekki víst að menn hafi áttað sig á að ekki er alltaf einhlítt að miða við aldur. Guði sé lof fyrir að fjöldinn allur af þegnum þessa lands 67 ára og eldri er í fullu fjöri og aflar sér jafnvel dágóðra tekna. Það mætti kannske aðeins staldra þarna við og hugleiða hvort þetta sé alveg einhlít regla.

Það er svo sannarlega komið nóg af skattheimtu hæstv. ríkisstj. þegar ríkið er farið að taka 70 aura af hverri krónu eða 70 krónur af hverjum 100, hvort sem við viljum hafa það. Þá tökum við ekki með inn í myndina óbeinu skattana, ekki fasteignaskattana eða eignarskattinn og ekki það sem við greiðum í lífeyrissjóð, og þannig mætti lengi telja. Þetta eru aðeins beinir skattar. Við greiðum söluskatt af þeim 30 krónum sem eftir eru, og hann hefur verið dável hækkaður í tíð hæstv. ríkisstj.

Ég get látið staðar numið að sinni. En ég vildi aðeins láta heyra frá mér. Úr því að umræðurnar urðu meiri við 1. umr. en ég hefði reyndar gert ráð fyrir fannst mér full ástæða til að koma upp og gera örfáar athugasemdir á þessu stigi málsins, þó að sjálfsögðu gefist annað tækifæri síðar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem ég sagði áðan, aðallega vegna ummæla hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Ragnars Grímssonar.

Um það, sem hann sagði, vil ég segja: Það gildir auðvitað einu hvað þingmaðurinn framreiknar í gríð og ergi tölur um almennar launatekjur. Ég miðaði við almenn verkamannalaun frá síðasta ári og það kemur í ljós að þau eru lítið eitt lægri en lægri kanturinn við viðmiðunartölu þeirri sem þessi skyldusparnaður átti að miðast við. Málið er þannig fallið um sjálft sig. Það er greinilegt að frv. er ekki allt þar sem það er séð og það kemur til með að lenda með óhæfilegum þunga á meðaltekjufólk-

inu. Annars mun væntanlega hv. form. fjh.- og viðskn. geta frætt mig um þetta betur á fundi fjh.- og viðskn. í fyrramálið.

Málið er allt mjög svo tortryggilegt. Og það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þetta er ekki sambærilegt við skyldusparnaðarlög á dögum ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar að því leyti, að þá var hæsta skattheimta í 50%, en þetta mál, ef fram næði að ganga, mundi þýða um 70% skatt af hæstu tekjum, sem er að sjálfsögðu óhæfilega mikil skattheimta.

Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir benti réttilega á það, að þeir menn, sem fá hæstar tekjur, hafa flestir ef ekki allir unnið óhæfilega mikla vinnu. Þetta er hárrétt. En ég vil nú benda á það jafnframt, að þeir, sem rétt hafa til hnífs og skeiðar, þeir sem rétt tekst að ná endum saman, vinna ekkert síður myrkranna á milli. Sannleikurinn er sá, að hinum almenna launþega í landinu, verkamönnum og öðrum, veitist orðið fullerfitt með meðallaun að lifa af tekjum sínum í dag. Og þetta versnar frá degi til dags því að allar vörur, utan þess sem komið er inn í vísitölu, hækka svo að varla verða hendar reiður á.

Ég sé ekki að hæstv. ríkisstj. geti með tilliti til þessa gert sér vonir um að fá þetta frv. samþykkt. Ég tel að hún ætti að snúa sínu máli nú til betri vegar, og þá er ég viss um að stjórnarandstaðan mundi reiðubúin að koma til móts við hæstv. ríkisstj., með því að skila Byggingarsjóði ríkisins aftur þeim tekjustofnum sem búið er að svipta hann og vinna þar með slík skemmdarverk á þessari þörfu og nauðsynlegu lánastofnun að hún er alls óhæf orðin til að gegna sínu hlutverki.

Ég vil aðeins ítreka þetta, sem ég benti á aðan. Ég tel að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi gert það meira af löngun til að snúa út úr máli mínu og reyna um leið að finna sér og sínum samherjum eitthvað til málsbóta að hann tók þann pól í hæðina sem hann gerði í ræðu sinni áðan.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er greinilegt að það hefur verið haldinn fundur í þingflokki Sjálfstfl. á milli fyrri ræðu síðasta ræðumanns og hinnar síðari. Ég ætlaði hins vegar eingöngu að vekja athygli á því hér, að í nefndinni sem um þetta mál mun fjalla, verða væntanlega lagðar fram töflur og útreikningar sem sýna hvaða tekjuhópar það eru í landinu sem koma til með að leggja fram þennan skyldusparnað um nokkurra ára bil. Það er alveg óþarfi fyrir hv. þm. að vera að fullyrða hér eitthvað um að það sé fólk með meðaltekjum og venjulegt launafólk og aðrir slíkir sem komi til með að greiða þetta. Það er hægt að leggja fram í nefndinni mjög skýr gögn, sem sýna að það er eingöngu hátekjuhópur í landinu, 8 þúsund manns og fyrst og fremst í kringum 5—6 þúsund manns, sem að einhverju leyti kemur til með að bera þetta. Þau gögn munu verða lögð fram. Bæði nm. og aðrir þm. geta fengið að kynna sér þá útreikninga mjög rækilega því að þeir hafa verið gerðir af færustu sérfræðingum landsins, sem fengist hafa við slíka skattaútreikninga á undanförnum árum.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í dag hefur farið fram mikil umræða um húsnæðismál. Það hefur mikið verið sagt af endileysum um stöðu þeirra mála í þessu landi. Það er svo sem ekkert skrýtið þó að menn reyni að finna eitthvað til að þrengja að þessari ríkisstj. Stjórnarandstaðan verður auðvitað að reyna að finna eitthvað í þeim efnum. Það er í sjálfu sér ekkert undarlegt og kemur mér a. m. k. ekkert á óvart. Þeim er vissulega vorkunn þar. En ég hefði talið að heppilegra væri að taka þau mál til meðferðar undir umræðunni um frv. til l. um breytingu á lögum um húsnæðismál, sem verður hér rætt n. k. miðvikudag, og þá gefst tækifæri til að svara ýmsu því sem hefur vaðið uppi í málfutningi, t. d. hjá hv. næstsíðasta ræðumanni sem talaði um að Byggingarsjóður ríkisins hefði verið eyðilagður, sviptur sínum tekjustofnum, og öðrum vitleysum af þessu tagi í hverri ræðunni á eftir annarri. Við skulum ræða nánar á miðvikudaginn kemur hvernig þessu hefur verið háttað, í umr. um húsnæðismál. Við skulum ræða stöðu byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, við skulum bera stöðu þeirra saman við liðin ár þegar aðrir fóru með stjórn þeirra mála í þessu landi, og við skulum að þeim loknum bera okkur saman um, hvernig staðan er í heild, og meta þetta málefnalega. Ég er viss um að við getum öll komist að niðurstöðu eftir að við höfum farið yfir málin lið fyrir lið og látum ekkert hafa áhrif á niðurstöður okkar annað en málefnið sjálft.

Ég vildi koma þessu hér að, herra forseti, núna vegna þess að hér hefur margt verið sagt um húsnæðismálin. Þó að ég svari engu af því á þessum fundi, ber ekki að líta svo á að ég hafi samþykkt þá „speki" marga sem flutt hefur verið úr þessum stól í dag. Sumt samþykki ég að sjálfsögðu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki orða bundist út af orðum hæstv. ráðh. Ég get ekki séð að það sé nein goðgá að ræða um húsnæðismál þegar frv. er borið fram um fjáröflun til húsnæðismálakerfisins. Getur hæstv. ráðh. fullyrt að það sé óþinglegt eða á einhvern hátt óeðlilegt að ræða um húsnæðismál þegar frv. er lagt fram af hæstv. ríkisstj. um fjáröflun til þeirra? Þessi fjáröflun kemur í kjölfar þess, að hæstv. ríkisstj. hefur vissulega svipt Byggingarsjóð ríkisins tekjustofnum sínum. Hvaða tekjustofna hefur Byggingarsjóð ríkisins sem hann hafði fyrir 2—3 árum? Hvað rennur mikið af launaskatti í Byggingarsjóð ríkisins, hæstv. ráðh.? Hvað rennur mikið byggingarsjóðsgjald í Byggingarsjóð ríkisins, hæstv. ráðh.? Ég get svarað hæstv. ráðh. Ekkert. Báðir þessir tekjustofnar hafa verið teknir af. Þessir tekjustofnar hefðu gefið Byggingarsjóði ríkisins hvorki meira né minna en á milli 220—240 millj. kr. í ár. Þessir skattar hafa ekki verið lækkaðir, en þeir renna til annarra þarfa. — Það er skylt að geta þess, að 1% af launaskatti rennur í Byggingarsjóð verkamanna. Það er líka eini tekjustofninn sem rennur til húsnæðismála af þeim þremur sem ég nefndi.

Ég verð að segja að það er derringur, liggur mér við að segja, í hæstv. ráðh. að setja ofan í við hv. þm. í þessari hv. deild, sem ég tel nú fyrir margra hluta sakir sómadeild í vinnubrögðum öllum. Hæstv. ráðh. kemur hér og setur ofan í við okkur fyrir að tala um húsnæðismál þegar verið er að fjalla um frv. til fjáröflunar til húsnæðismála.

Ég vil líka benda hæstv. ráðh. á að þau gögn, sem ég hef í höndum sem nm. hv. fjvn. og fjh.- og viðskn., sýna að það skortir í Byggingarsjóð ríkisins á yfirstandandi ári 90 millj. kr., eins og ég rakti áðan, ef hæstv. ráðh. hefði viljað á það hlusta, og það skortir 40 millj. kr., sem Byggingarsjóður ríkisins tók að láni í Seðlabankanum í fyrra. Það skortir 130 millj. kr. til að standa undir því að veita 1100 aðilum frumlán. Fyrir nokkrum árum fengu

ekki 1100 aðilar frumlán úr Byggingarsjóði ríkisins, heldur tæplega 1900, árið 1978.

Ég benti á að þetta fjáröflunarfrv., sem hér er ætlað að hlaupa undir bagga og hækka lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn, fái ekki staðist vegna þess að Byggingarsjóð skorti stórfé áður en hann getur farið að sinna einhverjum hækkunum á lánum til þeirra sem byggja í fyrsta sinn.

Allt eru þetta mál sem beinlínis varða þetta fjáröflunarfrv., og ég frábið mér að hæstv. ráðh. komi hér upp og segi að þetta sé eitthvað út í loftið, þetta eigi ekki heima við þessa umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að reita hv. stjórnarandstæðinga til reiði rétt fyrir kvöldmatinn. Ég ætlaði bara að benda á nokkur atriði í stöðu þessara mála og á það, að stjórnarandstöðunni og stjórnarliðum gefst kostur á að ræða um þessi mál á miðvikudaginn kemur. Ég vnti að það teljist ekki derringur að benda á að það verður fundur hér í deildinni á miðvikudag, deildarfundur að venju trúi ég, og ég vona að húsnæðismálin verði rædd þar. Ég vona að stjórnarandstaðan hafi ekkert við það að athuga að við ræðum um húsnæðismálin þá, og mér finnst engin ástæða tili þess fyrir menn að stökkva upp á nef sér yfir slíku. Ég sé ekki að það sé þörf á því.

Það er auðvitað eitt og annað í sambandi við húsnæðismál sem er eðlilegt að ræða hér. Ég var ekki að kvarta yfir því, að það var verið að ræða um húsnæðismál. Það, sem ég var að segja, var að margt af því, sem sagt hefur verið hér í umr. um húsnæðismál í dag, er með þeim hætti að það fellur a. m. k. ekki að þeim staðreyndum, tölum, upplýsingum og öðru, sem ég hef undir höndum. Það gerir það engan veginn.

Ég vil minna ykkur á eitt atriði. Það er að árið 1976 voru svokölluð G-lán tekin upp í fyrsta sinn, lán út á eldra húsnæði. Þau tóku þá 10% af öllum útlánum Byggingarsjóðs ríkisins. Hvað gera þau hugsanlega á þessu ári? Samkv. upphaflegum tillögum húsnæðismálastjórnar hefðu G-lánin tekið álíka mikið fjármagn og öll nýbyggingarlánin. Þetta segir auðvitað þá sögu, að staða Byggingarsjóðs ríkisins og þjónusta hans hefur verið að breytast mikið á undanförnum árum frá því að hann sé eingöngu nýbyggingarsjóður yfir í það að vera alhliða lánasjóður, eins og við samþykktum á sínum tíma.

Ég vil benda hér á annað atriði sem hv. talsmenn Sjálfstfl. gera aldrei neitt úr, gera eins lítið úr og þeir mögulega geta. Það er að nú hefur verið ákveðið samkv. lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins að verja til Byggingarsjóðs verkamanna 1% launaskatti á ári hverju. Það er tekjustofn sem þangað fer. Ef menn ætla sér hins vegar á sama tíma að auka við umsvif Byggingarsjóðs ríkisins þýðir það aukna tekjuöflun með einhverjum hætti: frá lífeyrissjóðunum, með skattlagningu eða með skyldusparnaði eins og þeim sem hér er gerð till. um. Auðvitað er alveg greinilegt að það er útilokað að auka umsvif Byggingarsjóðs ríkisins, m. a. gagnvart ungum lántakendum, öðruvísi en að grípa um leið til sérstakra ráðstafana. Það er útilokað annað. Menn geta sagt: Skilið þið aftur þeim peningum sem renna nú í ríkissjóð af launaskatti. — En þar er ekki nema hálf sagan sögð vegna þess að verulegur hluti af þessum peningum rennur annars vegar í Byggingarsjóð verkamanna og hins vegar í Byggingarsjóð ríkisins. Menn tala alltaf hér eins og ríkið láti ekkert í Byggingarsjóð ríkisins. Það er rangt. Þar er um að ræða upphæð sem samsvarar um það bil 1/2% í launaskatti. Um það bil 1% í launaskatti fer í Byggingarsjóð verkamanna. Þetta liggur hér fyrir, og þó mönnum sé mikið í mun að gera mikið úr þeim vanda, sem hér er uppi, skulum við þó ekki gleyma því, að hér hefur verið gert verulegt átak til að koma af stað félagslegum íbúðarbyggingum í þessu landi. Ég skil vel að mörgum sé nokkuð í mun að gera lítið úr slíku, en við skulum samt sem áður ekki gleyma þar ákveðnum staðreyndum.

Auðvitað geri ég mér ljóst, og ég vona að hv. þingheimur geri sér það ljóst svo og landsmenn allir, að það er ekki einfalt mál að halda uppi góðu húsnæðislánakerfi í landinu. Til þess þarf mjög víðtækt átak, til þess þarf ríkisvaldið að koma til, til þess þurfa bankarnir að koma til í skipulögðum mæli og til þess þurfa lífeyrissjóðirnir að koma inn í myndina. Þegar allt þetta er tekið saman, þessir þrír meginþættir lána í landinu, kemur í ljós að þeir lána milli 70 og 80% af kostnaði við íbúðir í landinu. Þess vegna er von að menn spyrji, eins og ég og margir fleiri: Hvernig í ósköpunum stendur þá á því, að þetta er ekki fellt inn í einn samfelldan farveg? Um það þyrfti að nást samstaða þannig að unnt væri að byggja hér upp verulega myndarlegt húsnæðislánakerfi sem kæmi til móts við húsbyggjendur og þá sérstaklega þá af yngstu kynslóðinni og þá sem búa við knöpp efni. En gott húsnæðislánakerfi verður ekki byggt upp öðruvísi en fjármunirnir séu teknir einhvers staðar. Það gerist ekki öðruvísi. Það þarf að sækja þessa fjármuni með einhverjum hætti, og til þess að unnt sé að sækja fjármuni verður að ná samstöðu. Það er kjarni málsins.

Ég vona að hv. þm. misvirði ekki þessar athugasemdir mínar, sem eru fluttar í tilefni af orðum hv. þm. Lárusar Jónssonar, og vænti ég þess, að við getum átt góða umr. um húsnæðismál n. k. miðvikudag þegar frv. um húsnæðismál verður hér á dagskrá.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. félmrh. var að finna að því, að það væri rætt hér um málefni Byggingarsjóðs ríkisins. Það hefur verið bent á, hvílík fásinna það er að finna að slíku, og bent á, að það samrýmist ekki vinnubrögðum okkar í þessari ágætu deild.

Það má kannske telja að það sé í sambandi við það, að hæstv. ráðh. hefur ekki orðið þess aðnjótandi að eiga sæti í deildinni og þekkir kannske ekki vinnubrögð okkar eins vel og við hinir, að hann skuli ekki átta sig á þessu. En ég verð að segja að þær aðfinnslur, sem hér hafa komið fram, og orðaskipti þeim að lútandi hafa orðið til þess, að það hefur heldur losnað um málbeinið á hæstv. ráðh. um húsnæðismálin og var ekki vonum fyrr.

Ég hef síst á móti því að hæstv ráðh. ræði um húsnæðismálin einmitt við þessa umr., sem hér fer fram, vegna þess að þetta frv., sem við hér ræðum, er til fjáröflunar fyrir Byggingarsjóð ríkisins. Ég vænti að það verði ekki um það deilt. En það verð ég að segja, að ég átti á ýmsu von frá hæstv. ráðh. þegar hann færi í alvöru að ræða um húsnæðismálin, en naumast því, að hann tæki þau svo léttilega sem hann gerði í ræðu sinni áðan. Á ég þá ekki við að hann hafi talað stutt, heldur hvernig hann hélt á þeim atriðum sem hann vék að, og er það nánast furðulegt.

Hæstv. ráðh. tók það ráð að fara að ræða um Byggingarsjóð verkamanna. Ef það er einhver goðgá að ræða um Byggingarsjóð ríkisins í þessum umr., sem fjalla um frv. sem viðkemur Byggingarsjóði ríkisins, ætti að vera goðgá að fara að tala allt í einu um Byggingarsjóð verkamanna. En látum það vera. Hæstv. ráðh. stendur í þeirri meiningu allajafna eða kannske alltaf þegar hann talar um húsnæðismálin, að meðferðin á verkamannabústaðakerfinu sé eitthvert blóm í hnappagatið hjá hæstv. ríkisstj. En það er ekki einu sinni á þessu sviði sem hæstv. ríkisstj. og hæstv. félmrh. hafa af einhverju að guma. Þvert á móti er til háðungar hvernig staðið er að verkamannabústaðakerfinu. Á sama tíma sem það er yfirlýst stefna ríkisstj. og hæstv. ráðh., að um 1/3 af íbúðarhúsabyggingum landsmanna skuli vera á hinu félagslega sviði, er þannig búið að Byggingarsjóði verkamanna að hann nýtur hluta launaskattsins sem á er lagður, en einungis að því marki sem þarf til að standa undir 1/3 af útlánum sjóðsins. Samkv. lögum, sem hæstv. ráðh. og núv. hæstv. ríkisstj. bera ábyrgð á, er ekki heimilt að verja tekjum af launaskatti til útlána fyrir Byggingarsjóð verkamanna nema sem svarar 1/3. Hvernig á að mæta hinu? Það á að mæta hinu auðvitað. En það er ekki hægt öðruvísi en með lántökum. Og hverjar eru lántökurnar sem byggt er á? Lántökur úr lífeyrissjóðunum. Og með hvaða kjörum? Það eru lán sem eru tekin til 15 ára með 3.5% vöxtum. Þessu fjármagni á svo að ráðstafa til að lána Byggingarsjóðs verkamanna með 0.5% vöxtum.

Allt þetta kerfi, sem hæstv. ríkisstj. er að guma af í sambandi við Byggingarsjóð verkamanna, er þannig að ef áfram heldur eins og nú horfir er ekki einungis kippt grundvellinum undan eðlilegri starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins, heldur einnig Byggingarsjóði verkamanna. Þetta er hörmulegt vegna þess að það er nauðsynlegt að Byggingarsjóður verkamanna sé þannig byggður upp að hann geti gegnt því verkefni sem hann hefur haft frá upphafi, frá stofnun sjóðsins um 1930, að vera skjöldur og skjól þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu. En hvernig á Byggingarsjóður verkamanna að gegna þessu þýðingarmikla hlutverki þegar búið er með gálauslegum ráðstöfunum að búa þannig að sjóðnum að hann hlýtur að verða gjaldþrota og ófær um að sinna sínu verkefni nema bragarbót sé gerð á?

Þetta er það sem hæstv. félmrh. er sérstaklega að guma af. Til hvers? Til þess að draga athyglina frá umr. um Byggingarsjóð ríkisins.

Hæstv. ráðh. leyfði sér að segja að það hefði verið mikið sagt af endileysum í þessum umr. um Byggingarsjóð ríkisins. Hann sagði, að því er virtist ósköp góðlátlega, að hann skildi þá tilhneigingu hjá stjórnarandstöðunni vegna þess að hún þyrfti að þrengja að ríkisstj. Þetta er mikill misskilningur. Þetta mál er miklu þýðingarmeira en svo að nokkur ábyrgur þm. í stjórnarandstöðunni láti sér detta í hug að nota þetta mál sérstaklega til að þrengja að ríkisstj. Það þarf ekki af hálfu stjórnarandstöðunnar að gera neitt í þessum efnum til að þrengja að ríkisstj. Öllum er ljóst hver staða hennar er og á hverju nástrái hún hangir. Við erum ekkert að hugsa um það mál.

Hæstv. félmrh. sagði að það yrði ánægjulegt að bera saman ástand húsnæðismálanna við það sem áður var. Hæstv. ráðh. sagði: Það er ekkert einfalt mál að halda uppi húsnæðislánakerfi. Hæstv. ráðh. sagði: Það þarf að byggja upp verulegt húsnæðismálakerfi. — Og hæstv. ráðh. bætti við: Það verður ekki gert nema því sé séð fyrir fjármagni. — Þetta segir sá ráðh. sem hefur staðið fyrir því að rífa niður það lánakerfi húsbyggjenda sem upphaflega var stofnað fyrir hartnær 30 árum, að vísu smátt fyrst, en menn vissu hvað þeir vildu. Það var stöðugt verið að efla það. Það kom fram í því, að kerfinu var stöðugt séð fyrir meiri tekjum, Árangurinn kom fram í því, að lán húsnæðismálastjórnar urðu stöðugt hærri, þau urðu stöðugt meiri hluti hlutfallslega af byggingarkostnaði, og þannig hélt áfram fram undir 1970. Þá var svo komið að lán Byggingarsjóðs ríkisins námu um 40% af byggingarkostnaði. Við stöndum ekki núna í þeim sporum — og hvers vegna er það? Það er vegna þess að þess hefur ekki verið gætt, sem hæstv. félmrh. var að segja hér sjálfur í umr. áðan, að til þess að það væri öflugt veðlánakerfi þyrfti það að hafa fjármagn til umráða. Hæstv. ráðh. hefur staðið í fararbroddi fyrir þeim sem hafa horfið frá fyrri stefnu. Hann hefur staðið í fararbroddi fyrir þeim sem hafa svipt Byggingarsjóð ríkisins þýðingarmestu tekjustofnum. Þess vegna er komið sem komið er. Ég segi þetta aðeins í tilefni af orðum hæstv. félmrh. áðan. Auðvitað er hægt að skýra þetta nánar, en bæði ég og aðrir í mínum flokki og raunar stjórnarandstöðunni höfðum verið að skýra þetta á undanförnum mánuðum, á undanförnum þingum, undanförnum árum. Ég gæti vitnað í umr. í þessari deild, sem eru nokkurra mánaða gamlar, þar sem ég átti orðaskipti við bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. um þetta efni. Þar var meginákerslan af þeirra hálfu sú, að það væri vel séð fyrir veðlánakerfinu. En ég var hins vegar að benda á það sama sem ég hef verið að benda á nú.

Nú skal ég ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég fagna því, eins og hæstv. félmrh., að ræða almennt um húsnæðismálin þegar hér verður tekið til umr. frv. til l. um breytingar á Húsnæðisstofnun ríkisins.

Ég vil svo að lokum víkja einu orði eða svo að fyrirspurn sem ég gerði til hæstv. fjmrh. Hann er náttúrlega horfinn úr deildinni. Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort það eru tök á að fá hæstv. ráðh. hingað. (**Forseti:** Nei, það var um það rætt að hæstv. félmrh. svaraði spurningum ef einhverjar væru. Ég hélt að um það hefði verið samið milli manna.) Já, ég skal ekki leggja frekari áherslu á að fá hæstv. fjmrh. hingað. Kannske skiptir það ekki öllu máli. En ég minni aðeins á það — þess vegna vék ég að þessu — að ég spurði hæstv. fjmrh. að því, hvort því fjármagni, sem kæmi inn til Byggingarsjóðs ríkisins af þessum skyldusparnaði sem við nú ræðum, yrði varið til að greiða bráðabirgðalánið við Seðlabankann, sem við höfum áður rætt um, að upphæð 40 millj. Mér þykir þýðingarmikið að fá skýr, greinargóð, afdráttarlaus svör við þessu. Hæstv. ráðh. sagði: Við teljum að Byggingarsjóður eigi nokkuð upp í hluta af skuldinni af þessu fjármagni. Þá er spurningin: Hvað verður um hinn hluta skuldarinnar? Þýðir það þá að hann verði dreginn af því beina ríkisframlagi, sem núna er til Byggingarsjóðs ríkisins, samkv. fjárl. að upphæð 63.2 millj. kr.? Ef það þýðir það stöndum við frammi fyrir því, að þetta mjög svo takmarkaða og ónóga fjármagn, sem Byggingarsjóður ríkisins hefur til ráðstöfunar á þessu ári, lækkar um þá upphæð sem þessu nemur. Þetta getur ekki verið á annan veg, nema ætlunin sé að skuldin við Seðlabankann fái að standa lengur, kannske til langs tíma. Og þá er mín spurning: Er ætlunin að hún geri það?

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Það var tæpast ætlun mín að taka frekar til máls á þessu stigi um þetta mál, en ræða hæstv. félmrh. fannst mér gefa tilefni til þess þegar hann fór hér geyst og talaði um endileysur og óhæfilegan málflutning stjórnarandstöðunnar. Ég verð að segja að mér fannst endileysurnar eiginlega fyrst byrja þegar hæstv. félmrh. fór að tala. Að öðru leyti tel ég að þetta hafi verið allmálefnaleg umr. í dag og að hér hafi komið fram margar mjög athyglisverðar upplýsingar.

Hæstv. ráðh. talaði um að ekki væri einfalt mál að halda uppi góðu húsnæðislánakerfi. Ég er honum fyllilega sammála um það. En mér finnst að það hafi orðið honum allt of einfalt mál að eyðileggja þó það kerfi sem upp hafði verið byggt. Það er nefnilega oft langtum einfaldara að rífa niður en að byggja upp. Það er þetta sem við Alþfl.-menn höfum varað við allar götur síðan vorið 1980 þegar þessi mál voru til umfjöllunar. Má finna það í þingtíðindum og þskj. allar götur frá þeim tíma. Við höfum nefnilega gert okkur ljóst að til að halda þessu kerfi gangandi þyrfti peninga, en hæstv. ráðh. hefur beitt sér fyrir því, að fjárframlög til þessara sjóða væru skorin niður.

Hæstv. ráðh. gerði mikið mál úr því áðan, að 1% af launaskatti rynni til Byggingarsjóðs verkamanna. En þó er það svo, að niðurskurðurinn á mörkuðum tekjustofnum samkv. eldri lögum og samkv. því, sem nú gildir, er 47%. Þá er auðvitað fullt tillit tekið til þess, að þetta 1% renni til Byggingarsjóðs verkamanna. En við skulum átta okkur á að hlutdeildin í launaskatti til Byggingarsjóðs ríkisins ætti að vera 222.6 millj. kr., en er ekki nema 53.7. Á móti kemur framlag í Byggingarsjóð verkamanna, sem er 111.3 í staðinn fyrir að það hefði samkv. eldri lögum verið 47.4. En það eru fleiri markaðir tekjustofnar sem hafa verið strikaðir út. Það var álag á tekjuskatt og eignarskatt sem nemur 28.9 millj. kr. Ef hæstv. félmrh. vildi láta svo lítið að leggja þetta saman fengi hann út að samkv. eldri lögum mundi þetta framlag bæði í Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna vera 346.3 millj., en eins og fyrirkomulagið er núna, eftir allar útstrikanir hæstv. félmrh., er framlagið 182.1. Það er auðvitað í þessum einföldu staðreyndum sem vandi húsnæðislánakerfisins liggur.

Ég tek hér fullt tillit til þess, að framlagið til Byggingarsjóðs verkamanna hefur vaxið. Það er húsnæðislánakerfið í heild sem hefur verið skorið niður með þessum hætti. Mér finnst þess vegna koma úr hörðustu átt þegar hæstv. félmrh. talaði um það núna að auðvitað þurfti að sækja peninga til að halda þessu kerfi gangandi, þegar hann hefur ekki gert neitt annað frá því að hann tók við þessum málaflokki en að ausa þessum peningum út úr kerfinu, láta þessa peninga af hendi.

Þetta finnst mér að sé meginkjarni málsins, og þetta er auðvitað mjög alvarlegt ástand. Ég er tilbúinn að ræða þetta frekar við hæstv. félmrh. á miðvikudag eða einhvern annan dag þegar hann er betur upplagður til að ræða málin. En þessi niðurskurður, þessi meðferð á húsbyggjendum og húsnæðislánakerfinu, gengur auðvitað ekki. Ég held að í staðinn fyrir að vera að rífast um þetta væri langeðlilegast að ríkissjóður, sem sýnir býsna góða afkomu og hæstv. fjmrh. er sífellt að hrósa sér af hversu góða afkomu sýni, skili einhverju aftur af þeim tekjustofnum sem hefur verið afsalað úr húsnæðislánakerfinu og hafa runnið í ríkissjóð að undanförnu. Ég held að það væri nærtækast í þessum efnum.

Í annan stað, úr því að hæstv. félmrh. sagði að auðvitað þyrftu bankarnir að koma til móts við það kerfi sem hér er um að ræða, þá legg ég til að við fáum stuðning við það frv. okkar Alþfl.-manna, að úr bankakerfinu komi viðbótarlán til húsbyggjenda upp á 200 þús. kr. svo að þeim sé í rauninni kleift að standa að þeim verkefnum sem þeir þurfa að sinna, að þeim sé í rauninni kleift að koma sér fyrir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það er komið fram í matartímann hvort eð er þannig að menn eru sjálfsagt tilbúnir að halda eitthvað áfram, hefur mér heyrst. En ég kom aðallega hingað til að svara fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, en ekki til að skattyrðast við menn um húsnæðismál almennt. Ég hef gert grein fyrir því, að ég áskil mér rétt til að fjalla um þau síðar. Það er ekki vegna þess, að ég sé neitt sérstaklega illa upplagður, eins og hv. 2. þm. Reykn. gat sér til áðan. Ég er vanur að reyna að taka þátt í umr. og víkjast ekki undan þingstörfum af persónulegum ástæðum. Ég kannast ekki við, að ég hafi gert það, og tel að það sé ómaklegt að hafa uppi aðdróttanir af því tagi sem hv. 2. þm. Reykn. gerði áðan. Hins vegar geta önnur störf kallað að, bæði hjá mér og öðrum, og ég veit að hv. þm. átta sig á því og skilja slíkt. Ég kann ekki við aðdróttanir af þessum toga.

Varðandi fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar, 4. þm. Vestf., er málið þannig í pottinn búið að fyrir Alþingi hefur verið lögð fjárfestingar- og lánsfjáráætlun og þar er gerð sundurliðuð grein fyrir útlánaáformum Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna á þessu ári, bæði að því er varðar einstaka lánaflokka Byggingarsjóðs ríkisins og að því er varðar endursölu- og leiguíbúðir sveitarfélaga á vegum Byggingarsjóðs verkamanna. Nú hafa þessar áætlanir verið til athugunar og endurskoðunar og eru ekki frágengnar hjá húsnæðismálastjórn. Um þær hefur verið fjallað þar á fundum að undanförnu, og um þær verður fjallað á fundi sem stofnunin heldur á morgun. Ég get því ekki svarað því í einstökum atriðum hvernig þær áætlanir koma til með að líta út.

En ég vil segja það, að sú yfirdráttarskuld, sem stofnað var til á síðasta ári hjá Seðlabankanum, varð fyrst og fremst til vegna þess að skyldusparnaður ungmenna fór mjög illa sem tekjustofn á s. l. ári. Hann fór mjög illa og kom miklu lakar út fyrir Byggingarsjóð ríkisins en menn höfðu gert ráð fyrir, m. a. í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstj. sem lögð var fyrir þingið. Af þeirri ástæðu var óhjákvæmilegt að fá samþykktan yfirdrátt hjá Seðlabankanum á s. l. ári. Hann var ekki unnt að gera upp um áramót, eins og þó hafði verið stefnt að, því að slíkt uppgjör hefði þýtt niðurskurð á öllum útlánum byggingarsjóðanna á s. l. ári, sem var ekki hægt að efna til þar sem loforð um útlán úr byggingarsjóðunum eru gefin í upphafi árs eða framan af ári og ekki unnt, þegar komið er fram undir áramót eða lok árs, að skera niður útlánaáform. Þessi yfirdráttur stóð því yfir áramótin og um hann hefur verið samið við Seðlabankann.

Nú er það þannig að Byggingarsjóður ríkisins, eins og Byggingarsjóður verkamanna, er í raun og veru með tekjur úr þremur áttum. Það eru í fyrsta lagi ákveðnar tekjur sem greiddar eru beint úr ríkissjóði, það eru í öðru lagi tekjur sem koma í gegnum skuldabréfasölu frá lífeyrissjóðunum, og það eru í þriðja lagi tekjur í gegnum

Atvinnuleysistryggingasjóð og síðan hugsanlega verðtryggðan skyldusparnað, eins og þann sem verið er að tala um hér. Hér er gert ráð fyrir að heildarumsvif Byggingarsjóðs ríkisins á þessu ári verði á bilinu 390—400 millj. kr. eða við skulum segja 380—400 millj. kr. Það eru þær tölur sem byggingarsjóðsstjórnin er að fjalla um núna, en niðurstaða í einstökum atriðum þar liggur ekki fyrir.

Það hefur verið gert ráð fyrir að auka útgjöld til nýbyggingarlána og jafnvel líka til lána út á gamalt húsnæði handa þeim sem eru að kaupa eða byggja í fyrsta sinn, og þar hafa menn talað um 20—25%. Talsverður hluti af þessu skyldusparnaðarfé hlýtur að fara í þetta. Einhver hluti fer í annað. En auðvitað eru ekki peningarnir nákvæmlega merktir þannig að það sé hægt að segja að skyldusparnaðarféð fari alls ekki undir neinum kringumstæðum í Seðlabankann. Auðvitað er hérna um að ræða heildarsjóð sem húsnæðismálastjórn ráðstafar með ýmsum hætti og aflar til fjár með ýmsum hætti.

Ég vona að þetta svar sé ekki orðið allt of langt, en ég vildi skýra þetta eins og kostur er. Það er auðvitað ekki hægt að segja: Ekkert af skyldusparnaðarfénu fer til Seðlabankans, núll krónur. Þannig er það ekki. Einhver hluti fer þangað, en hvaða peningar það eru nákvæmlega get ég ekki svarað. Það ræðast af útlána- og tekjuöflunaráætlun Byggingarsjóðs ríkisins og húsnæðismálastjórnar.

Hv. þm. Lárus Jónsson gat um það áðan að 130 millj. vantaði upp á hjá Byggingarsjóði ríkisins á þessu ári. Hann fékk þetta út með því að leggja saman annars vegar fjárvöntunartölur, sem hann hefur væntanlega séð í gögnum hjá fjvn., upp á 90 millj. kr. og hins vegar skuldatöluna gagnvart Seðlabankanum upp á 40 millj. kr. Ég vil að þessu gefna tilefni taka það fram, að hér er ekki um að ræða tölur, sem unnt er að leggja saman, vegna þess að í 90 millj. kr. tölunni er yfirdráttarlánið gagnvart Seðlabankanum.

Ég vænti þess að ég hafi svarað fsp. hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9:4 atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Neðri deild, 65. fundur.

Mánudaginn 19. apríl kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 638 (sbr. 255)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 639 (sbr. 400)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. til Ed.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Lögheimili, frv. (þskj. 130). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Innheimtustofnun sveitarfélaga, frv. (þskj. 334). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj.646).

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379, n. 526 og 537, 410, 527). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 410 og 527 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 380, n. 528, 529, 411). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 441 og 529 teknar aftur til 3. umr.
1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 262, n. 573 og 589, 574, 635). — Frh. 2. umr.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í umr. um þetta frv. til l. um dýralækna varð um eitt skeið í vetur allharkalegur árekstur á milli landbrn. annars vegar, en á vegum þess er þetta frv. tekið saman, og heilbrmrn. hins vegar. Til þessa hefur verið vísað í framsöguræðum bæði meiri hl. og minni hl. hv. landbn. Nú þarf sumt í þessu frv. að fá afgreiðslu sem fyrst, þar með talin 4. gr. um hvernig dýralæknaumdæmum í landinu skuli vera skipt, en eftir stendur að mörgum spurningum sem frv. tekur til, er ósvarað og þá helst þeirri spurningu, undir hvaða geira í ríkiskerfinu þessi mál skuli heyra. Það er ljóst af því, sem nú hefur komið fram, og það er enn fremur ljóst af þeirri greinargerð, sem fjórir starfsmenn í heilbr.- og trmrn. tóku saman sem aths. við þetta frv. og hefur verið minnst á í umr. um frv. Það, sem helst gengur fram af því plaggi, er að stjórnskipulega er óljóst með hverjum hætti skuli með þessi mál fara, hvort ákveðnir þættir heilbrigðismála, sem dýralæknismál auðvitað eru, skuli vera undir stjórn landbrn. eða heilbrmrn. Ég hygg að menn geti verið sammála um að í þessum efnum verði að fara fram rækilegri úttekt en gerð hefur verið við samantekt þessa frv.

Því má svo bæta við, að eins og kannske gleggst kom fram hjá hv. 8. landsk. þm., Guðrúnu Helgadóttur, er margt í þessu frv. sem töluvert furðulegt getur talist. Ég vil bæta við það, sem hv. þm. gerði grein fyrir og las upp, sem ég held að flest hafi verið réttmætar ábendingar, því sem segir í 18. gr. þessa frv. um dýralækna, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir, er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár."

Þarna segir enn fremur með leyfi hæstv. forseta: „Í þessu skyni skal gera ráð fyrir sérstakri upphæð á fjárlögum til bifreiðakaupa fyrir nýja héraðsdýralækna. Landbrh. setur reglur um fjárreiður sjóðs þessa."

Ég held að kjarni málsins sé sá, að hér sé alls ekki um að ræða atriði sem eigi heima í lögum, heldur væri þetta kjarasamningaatriði Í annan stað: Hvað þýða í lögum orðin „hagkvæm lán"? A. m. k. í gömlum skilningi þeirra orða var átt við lán sem mjög voru niðurgreidd. Hér held ég að sé farið út á mjög varhugaverðar brautir, svo að ekki sé meira sagt, að ráðh. hafi í sínum fórum sjóð sem hann má væntanlega nota til að greiða stórlega niður lánsfé í ákveðnum skilningi fyrir ákveðna stétt manna. Hvert halda menn að næsta skref í þessum efnum væri? 18. gr. er dæmi um það, sem aðrir hafa nefnt í sambandi við þetta frv., að hér er sullað saman í raun og veru úr mörgum áttum allsendis óskyldum þáttum. Í þessari grein fullyrði ég að komið sé inn á kjarasamningaatriði sem alls ekki eigi heima í lögum undir nokkrum kringumstæðum. Réttast væri, held ég, að tveir fyrstu málsliðir 18. gr. yrðu felldir út.

En aðalatriðið er þó það, að ég held að það séu mjög réttmætar ábendingar sem fram koma frá starfshópi sem starfar á vegum heilbr.- og trmrn. um að heildarstjórn þessara mála, sem er víða, þetta snertir lyfjalöggjöf, þetta snertir rannsóknastofnunina á Keldum og svo dýralækna, sé í raun og veru eins og nú háttar eða angar þessarar starfsemi undir þremur ráðuneytum. Þetta mál er óuppgert. Það þarf lengri og ítarlegri vinnu. Þess vegna er flutt brtt. á þskj. 635, sem við flytjum undirritaðar og hv. þm. Albert Guðmundsson, 3. þm. Reykv. Hún gengur út á það, að þó svo að þessi lög taki gildi falli þau út gildi 1. jan. 1984. Þetta er aðeins til undirstrikunar á því, sem fram hefur komið hjá mörgum hv. ræðumönnum, þar með töldum hv. 6. þm. Norðurl. e., Árna Gunnarssyni, sem lagði á það þunga áherslu í framsöguræðu sinni, að þessi lög og allan grundvöll þessara laga þyrfti að endurskoða sem fyrst. Það held ég að sé nákvæmlega rétt. Með því að setja slík ákvæði inn, sem stundum eru þýdd úr amerísku og kölluð „sólarlagsákvæði", er knúið á um að slík endurskoðun fari fram, þessi lög eins og þau standa detti dauð að ákveðnum tíma liðnum og löggjafinn verði þess vegna að setja ný lög og gerður sé upp sá grundvallarágreiningur, sem augljóslega og mjög skiljanlega og að réttu á sér stað í stjórnkerfinu, undir hvern þessi mál skuli heyra. Eru þetta landbúnaðarmál, eru þetta heilbrigðismál, sem ég hallast heldur að, eða eru þetta jafnvel menntamál, en eins og menn vita heyrir hluti þessara mála undir menntmrn.? Af þessum ástæðum er sem sagt á þskj 635 flutt um það brtt. að lög þessi, þegar þau hafa öðlast gildi, falla úr gildi 1. jan. 1984. Með því er aðeins sagt að endurskoðun þessara laga verði að halda áfram, en af máli margra hv. þm. er alveg ljóst að það er skoðun manna hér, að grundvallarspurningum um þessi efni sé ósvarað.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu, þó að mér hafi kannske gefist tilefni til þess út af þeim umr. sem hafa farið fram um þetta frv.

Út af ræðu hv. þm. Árna Gunnarssonar, sem hann flutti hér s. l. föstudag, vil ég aðeins segja það, að mér fannst hann gera heldur mikið úr þeim erfiðleikum sem við hefðum lent í varðandi hæstv. ráðh. sem hér eiga hlut að máli. Ég vil upplýsa að það var fullt samkomulag við þá báða í sambandi við afgreiðslu frv. eins og nefndin gekk frá því. Og ég vil taka undir orð hæstv. landbrh., sem hann lét falla við þessa umr., að ég er sannfærður um að það eru fyrst og fremst starfsmenn ráðuneytanna sem eru með einhverja togstreitu sín á milli, en alls ekki ráðh. Þetta vil ég að komi fram.

Út af ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vil ég segja það, að ég varð dálítið hissa. — Er þm. ekki hér inni? Ég hefði viljað að hann væri hér inni. — Ég er dálítið hissa út af þeim orðum sem hún lét hér falla. Ég hygg að hægt sé að lesa upp úr ýmsum lögum svipuð ákvæði og þm. las upp úr þessu frv. Ég gæti meira að segja bent á nýlega sett lög, sem þm. mun hafa fjallað um í nefnd.

Þó að ég ætli ekki að eyða tíma þingsins í að fara að lesa upp úr lagagreinum ætla ég að koma með sýnishorn vegna þess að þm. vitnaði sérstaklega í þessi lög. Ég er auðvitað alveg sannfærður um að það var ekki út af texta þessa frv. sem þm. talaði svona. Það er vegna þess að þm. er á móti frv. Ég geri mér fulla grein fyrir því, að hv. þm. er búinn að starfa í það mörgum nefndum og fjalla um frumvörp þar sem textinn er álíka og hér er um að ræða, að það getur ekki verið fyrst og fremst ástæðan, heldur tylliástæða fyrir þeirri ræðu sem hér var flutt. En með leyfi forseta ætla ég að lesa nokkrar línur úr 12. gr. læknalaganna:

„Læknunum eru óheimilar hvers konar auglýsingar um starfsemi sína sem lækna fram yfir látlausar auglýsingar í blöðum, sem birta má í hæsta lagi þrisvar, eða á lyfseðlum og dyraspjöldum með nafni, lærdómstitli, stöðu, heimilisfangi, síma, viðtalstímum og sérgrein, ef um sérfræðing er að ræða. Læknum og stéttarfélagsskap þeirra ber að vinna á móti því, að eftir þeim séu birt ummæli eða samtöl, eða um þá ritaðar greinar í blöð eða tímarit í auglýsingaskyni, en ef ekki verður komið í veg fyrir það, þá ber þeim eða stéttarfélagi þeirra jafnskjótt að leiðrétta það, sem þar kann að vera ofmælt."

Ég gæti hér lesið hliðstæða kafla bæði úr þessum lögum og öðrum. Ég er ekki að segja að það séu málsbætur fyrir það að eitthvað sé hægt að finna að frv. um dýralækna.

Ég vil minna á að það var sett nefnd til að fjalla um þessi lög. Margt af því, sem þm. las upp, er í gildandi lögum. Það var fyrst og fremst ætlast til þess, að ákveðin atriði yrðu tekin til umfjöllunar. Þá var einmitt verið að hugleiða að leysa vanda og árekstra sem hafa komið upp í störfum yfirdýralæknis og héraðsdýralækna. Það er sjálfsagt engin tilviljun að þessi texti er einmitt í þessu frv. og lögunum eins og þau eru. Hins vegar held ég að hér sé ekki hægt að benda á atriði sem menn geti í sjálfu sér verið á móti eða það brjóti í bága við annað.

Ég talaði við hæstv. menntmrh. út af ákvæðunum, sem eru að vísu í lögum áður, um Keldur. Hann er hér staddur og ég bið hann að leiðrétta ef ég fer ekki rétt með. Hann sá ekki ástæðu til að gera neinar aths., en óskaði eftir því, að ég hefði samband við Guðmund Pétursson. Hann var erlendis, en ég talaði við formann nefndarinnar, frú Ragnheiði Árnadóttur, og hún sagði að yfirdýralæknir og Guðmundur hefðu rætt um frv. í heild sinni. Ég geri ráð fyrir að þeir hafi þá gengið frá þessu máli þannig að það verði ekki nein leiðindi í sambandi við þetta mál.

Hitt er svo ekkert nýtt, þó að við, sem erum búnir að vera hér á þingi, verðum þess áskynja að það sé togstreita um ýmis mál á milli ráðuneyta. Það er í þessu máli, en svo er ekki á milli ráðh. Það vil ég endurtaka. Eins og frv. liggur hér fyrir var fullt samkomulag aá milli nefndarinnar annars vegar og ráðherranna.

Í sambandi við þá brtt., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason og Albert Guðmundsson hafa hér lagt fram, skal ég vera fáorður. Ég held að eðlilegra hefði verið ef þarna hefði verið ákvæði til bráðabirgða um að lögin skyldu verða endurskoðuð og því skuli lokið fyrir einhvern tilskilinn tíma heldur en það standi að lögin falli úr gildi. Ég man ekki til þess, að slíkt ákvæði hafi verið leitt í lög. Það kann að vera að svo sé, en ég man ekki til þess. Mér fyndist hitt miklu skynsamlegri og eðlilegri og venjulegri leið, ef menn vilja tryggja að þessi lög verði endurskoðuð fyrir einhvern ákveðinn tíma, og síst hef ég á móti því. En í þessu sambandi vil ég að menn athugi það — ég ætla aðeins að taka eitt dæmi því að ég vil ekki vera að eyða dýrmætum tíma um of — að það eru dýralæknarnir í öllum tilvikum sem verða að stimpla allt sem fer út úr landinu. Erlendir aðilar taka ekki mark á öðrum. Menn verða að leiða hugann að því, ef á hér að fara að breyta til, svo að ég komi með eitt veigamikið atriði í þessu öllu saman.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að það, sem skiptir höfuðmáli, er að hluti af þessu frv. öðlist lagagildi. Nefndin hefur lagt verulega vinnu í að koma því í þann búning sem við töldum að allir gætu sætt sig við. Það er náttúrlega mál hvers og eins, hvort hann er á móti frv., en mér finnst það vera í hæpnasta lagi að lesa upp úr þessu frv. sem það sé eitthvað sérstakt, sé eitthvað langt neðan við það sem Alþingi hefur áður látið frá sér fara, vegna þess að slíkar fullyrðingar eru algerlega út í hött.

Ég vil svo að endingu segja það, að ég vona að það verði unnið þannig að þessu máli að það fái fullnaðarafgreiðslu áður en þingi lýkur. Ef menn eru á móti frv. eða einstökum greinum þess efnislega finnst mér að það sé allt í lagi þó það komi fram, en ég kann ekki við að menn skýli sér á bak við málflutning eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir beitti á föstudag.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég gat ekki verið við umr. um þetta mál á föstudaginn, og ég veit að formaður nefndarinnar gat um það mál sem ég vildi koma á framfæri. Það stendur í þessu frv., að það skuli stofna sérstakt umdæmi á Austurlandi, Norðfjarðarumdæmi, sem er Norðfjarðarhreppur, Neskaupstaður, Helgustaðahreppur, Eskifjarðarkaupstaður, Reyðarfjarðarhreppur. Nefndinni og þm. Austurlandskjördæmis barst erindi frá öllum búfjáreigendum við Reyðarfjörð, 33 að tölu, sem óska eftir að þeir geti leitað til dýralæknis á Egilsstöðum, sérstaklega þegar um ófærð er að ræða, og rekja það í sínu bréfi. Nú kemur fram í brtt. nefndarinnar að gert er ráð fyrir að t. d. íbúar Bæjarhrepps geti vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi ef þeir óska þess. Ég vildi mega óska eftir því, að nefndin tæki erindi Austfirðinganna til athugunar milli 2. og 3. umr. og tryggði að þessir aðilar gætu haft viðunandi þjónustu áfram, því að að sjálfsögðu verður að taka tillit til þeirra samgangna, sem eru í hverjum fjórðungi, þegar verið er að raða umdæmunum upp, og eðlilegt að það sé tryggt, ef um ófærð sé að ræða, að þá geti menn fengið þjónustu úr annarri átt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég beindi þeirri fsp. til hæstv. landbrh., þegar málið var til umr. á föstudaginn, hvort ekki mætti reikna með því, að annar dýralæknir yrði ráðinn til starfa í Suður-Þingeyjarsýslu svo fjótt sem verða má, ef þetta frv. verður að lögum. Ég minnti á það, að við afgreiðslu fjárlaga var gefin yfirlýsing af hæstv. fjmrh. um að gert væri ráð fyrir þeirri fjárveitingu á fjárlögum. Alþingi gerði því ráð fyrir við fjárlagaafgreiðsluna að fjölgað yrði um einn dýralækni í Suður-Þingeyjarsýslu strax á miðju ári eða jafnvel fyrr eða um leið og þetta frv. yrði að lögum. — Ég vil ítreka þessa fsp. mína til hæstv. landbrh., hvort ekki verði við þetta staðið

þannig að Þingeyingar megi búast við að fjölgað verði um annan dýralækni þar strax í sumar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegana orða hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefáns Valgeirssonar, um með hverjum hætti sé eðlilegt að kveða á um endurskoðun laga sem þessara, vil ég aðeins leggja hérslu á að það er veigamikill grundvallarmunur á þeirri aðferð sem hann nefndi, sem vissulega hefur oft verið beitt við lagasetningu, og hins vegar þeirri aðferð sem við hv. 3. þm. Reykv., Albert Guðmundsson, leggjum til. Ef sett væri inn lög sem þessi ákvæði til bráðabirgða um að lögin skuli endurskoðuð á einhverjum gefnum tíma, þá segir okkur margföld reynsla undanfarinna ára og af lagasetningu almennt að slíkt ákvæði getur þýtt að lög séu endurskoðuð, en það þarf ekki að þýða nokkurn skapaðan hlut. Verði ekki af slíkri endurskoðun, sem nefnd yrði í slíku ákvæði til bráðabirgða, standa auðvitað gildandi lög, jafnvel um langan tíma eða aldur og ævi, þó svo að löggjafinn hafi alls ekki ætlast til þess. Ef þeirri aðferð er hins vegar beitt sem við hv. 3. þm. Reykv. leggjum til., þ. e. að lögin falli úr gildi á ákveðnum tíma, stendur löggjafinn frammi fyrir því, að þessum gefna tíma liðnum að samþykkja annaðhvort lögin óbreytt áfram, sé það hans vilji á þeim tíma, að samþykkja lögin í breyttu og endurskoðuðu formi eða samþykkja yfirleitt engin lög.

Ég vil undirstrika að það hafa a. m. k. ein lög hér verið samþykkt með þessari aðferð. Ég held að það hafi verið lög um þýðingarsjóð sem voru samþykkt í fyrra og voru látin standa til ákveðins tíma. Stór röksemd fyrir þessu er að þessi leið, sem á útlendum málum er kölluð „sólarlagsaðferð" við lagasetningu, hefur verið farin víða erlendis og verið farin með góðum árangri. Ef menn eru að setja lög, en eru ekki alls kostar vissir um að þau séu nákvæmlega eins og þau skuli byggð upp til langs tíma, þá hygg ég að þetta sé mjög skynsamleg aðferð, að segja í upphafi að þau skuli ekki gilda nema til ákveðins tíma. Að þeim tíma liðnum stendur löggjafinn frammi fyrir því, hvort hann vill framlengja þau, hvort hann vill yfirleitt engin lög hafa eða hvort hann vill gerbreyta þeim. Hann verður að taka afstöðu til þess á þeim tíma. Sé hins vegar sú gamla aðferð höfð að segja aðeins, að lögin skuli endurskoðuð, þá þekkjum við fjölmörg dæmi þess, að það er aldeilis undir hælinn lagt hvort af slíkri endurskoðun verður eða ekki, þó svo að slíkt hafi verið augljós vilji löggjafans þegar þau lög voru sett. — Þessi orð segi ég vegna aths. frá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 7. landsk. þm. hefur lagt fram fsp. til mín við þessa umr. um hvort héraðsdýralæknisumdæmi í Þingeyjarþingi verði veitt ef þessi lög verða afgreidd á þessu Alþingi. Ég mun ekki gefa neinar ákveðnar yfirlýsingar um það nú, hvaða umdæmi verða veitt í kjölfar á samþykkt þessara laga, ef afgreidd verða, en hér segir svo í 4. gr. frv. , með leyfi hæstv. forseta:

„Skipting héraðslæknisumdæma samkv. þessari grein kemur til framkvæmda eftir því sem landbrh. ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skiptinga í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir."

Ég geri ráð fyrir að verði þetta frv. afgreitt muni ég taka þegar til athugunar að leita upplýsinga um hvar sé talið brýnast að veita nýtt dýralæknisumdæmi, og gæti komið til greina að á þessu ári væri veitt eitt eða tvö slík umdæmi. En miðað við þær lauslegu fregnir, sem ég hef frá þeim umdæmum sem hér er um að ræða, get ég vel trúað því, að Þingeyjarumdæmi verði þar í fremstu röð.

Þá man ég að hv. þm. lagði fram fsp. til mín varðandi þetta efni s. l. föstudag, þar sem hann spurði hvort ég mundi hlutast til um, ef veitt verður nýtt dýralæknisumdæmi í Þingeyjarsýslu, að báðir dýralæknarnir muni þá hafa aðsetur á Húsavík. Um þetta efni segir í frv. og í brtt. frá hv. landbn.:

„Heimilt er ráðh. að ákveða, að tveir eða fleiri héraðsdýralæknar hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda."

Varðandi tvo héraðsdýralækna í Þingeyjarsýslum mundi að sjálfsögðu farið að ákvæðum laganna og leitað umsagnar þeirra aðila, sem hér hafa verið tilgreindir, og ákvörðun tekin eftir að þær umsagnir hafa borist. En að sjálfsögðu hef ég ekkert við það að athuga, ef þær umsagnir verða með þeim hætti, að báðir dýralæknar geti setið á Húsavík, ef talið er að það geti orðið til þess að auðvelda störf þeirra og koma við meiri verkaskiptingu og hagræðingu í starfi.

Ég held að hv. þm. verði að láta sér þessi svör nægja við fsp. sínum og skilja að ég vil ekki á þessu stigi gefa um það afdráttarlausari yfirlýsingar en hér hafa komið fram.

Um þær umr., sem hér hafa farið fram skal ég ekki fjalla í mörgum fleiri orðum. Ég vil að eins staðfesta það, að í frv. þessu er í mjög mörgum greinum óbreyttur texti frá því sem er í gildandi lögum. Ég tel mig ekki þess umkominn að gera hér gys að fyrrv. hv. alþm. fyrir það, sem þeir hafa afgreitt á þeirri tíð þegar gildandi dýralæknalög voru afgreidd, eða þeim mönnum., sem staðið hafa að samningu þeirra. Vafalaust getur stundum orkað tvímælis hvað eigi að standa í lagatexta og hvað eigi þar ekki heima, en í ýmsum tilvikum hefur það ráð verið tekið af þeirri nefnd, sem undirbjó þetta frv., að láta gildandi lagatexta halda sér, ef ekki hefur verið talin nauðsyn að gera breytingar vegna nýrra viðhorfa, vegna samræmis við aðra lagabálka, sem samþykktir hafa verið, og vegna þess að þurft hafi að koma við nýmælum. Þetta hygg ég að eigi að skýra það sem hér hefur verið vakin athygli á, og komu raunar slíkar skýringar fram í máli hv. formanns og frsm. meiri hl. hv. landbn.

Um brtt. þá, sem lögð hefur verð fram á þskj. 635 frá Vilmundi Gylfasyni og Albert Guðmundssyni, segi ég að vel má vera að slík aðferð, sem hér er kynnt, sé viðhöfð sums staðar á öðrum þjóðþingum. Þessi aðferð er þó nokkurt nýmæli hér. Mér sýnist að ef ætti að fallast á að samþykkja eitthvað í þessa átt. þá þyrfti að hafa hér lengri frest. Það er ekki óyggjandi að búið yrði að afgreiða ný lög fyrir þennan tíma, og þá væri löggjöfin úr gildi fallin og það væri mjög óaðgengilegt.

Ég vil einnig segja það, eins og hér hefur komið fram, að það er fullt samkomulag um þær brtt., sem fram hafa verið settar, og bæði ég og hæstv. heilbrmrh. höfum staðið að því samkomulagi. Hitt er auðvitað ljóst, að ýmsir starfshópar í þjóðfélaginu hafa misjafnar skoðanir á því, hvað á heima í hverjum lagabálki fyrir sig. Þannig er vitað mál t. a. m., að lyfjafræðingar hafa verið því andvígir, að dýralæknar hafi heimild til sölu á dýralyfjum, og hafa viljað, að öll sala á dýralyfjum færi fram í lýfjabúðum. Það hefur hins vegar verið viðurkennt í löggjöf að dýralyf gætu verið seld af dýralæknum. Það er

gert til þess að ekki sé um óþarfavafstur að ræða fyrir þá sem þurfa á þjónustu að halda og þurfa að kaupa lyfin, því að færi salan einvörðungu fram í lyfjabúðnum þyrfti hverju sinni að leita eftir lyfseðli frá dýrakækni, en síðan að fara til lyfjabúðar og sækja lyfin þangað. Þannig er í ýmsum greinum um álitamál að ræða sem ekki eru allir aðilar í þjóðfélaginu sammála um hvernig með skuli farið, en ég hygg að með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið í hv. landbn., hafi verið náð að samræma þess sjónarmið þannig að allir aðilar geti sæmilega við unað. Vænti ég að frv. fáist afgreitt með þeim hætti.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa þeirri skoðun minni hér, að mér kemur á óvart að það skuli valda gagnrýni og jafnvel sárindum ef þm. leyfi sér að gera aths. við frv. þó að það sé komið úr nefnd með samþykki allra nm. Ég held að þau vinnubrögð séu of algeng hér í þinginu, að menn treysti fullkomlega fulltrúum sínum í nefndum og lesi jafnvel ekki alltaf þau frv. sem liggja á borðum þm. Það er a. m. k. næsta óvenjulegt að það veki kátínu í þingsal þegar lesinn er texti þess frv. sem fyrir liggur. Ég held að alveg ástæðulaust sé af hálfu hv. formanns landbn. að fyrtast við þó að þm. geri aths. við frv. og nál.

Í sambandi við þetta vil ég einnig lýsa því, að mér þykir það hvimleiður siður hér í Alþingi og af hálfu hæstv. ráðh., að hvers kyns pressuaðilar geti fengið viðkomandi ráðh. til að láta gera frv. Við höfum — og ég hef áður gagnrýnt það — fengið frv. beint frá biskupsskrifstofu til að samþykkja hér. Hér liggur fyrir endurskoðað lagafrv. um dýralækna, og hverjir hafa samið það? Yfirdýralæknir, einn héraðsdýralæknir, sem hefur verið lengi í starfi, og deildarstjóri í landbrn. Kynni nú ekki að hafa verið ástæða til að taka inn í þessa nefnd svo sem eins og tvo dýralækna af yngri kynslóðinni sem kynnu að hafa einhver önnur vinnubrögð í huga? (**HBl:** Og konur?) Að ég nú ekki tali um, ef þær fyndust í stéttinni, herra þm. Þetta eru óeðlileg vinnubrögð. Hvaða embættismaður í landinu sem er á ekki að geta komið með beina beiðni um að fá að búa til nýtt frv., stundum beinlínis til að fá lagastaðfestingu á hvers kyns heimilisböli sem hann getur sjálfur ekki leyst. Þetta eru ekki vinnubrögð sem mér líka, og það er ekkert athugavert við að ég geri aths. við það.

Það er ekkert athugavert við það, að þm., sem hefur ekki átt þess kost að lýsa sjónarmiði sínu í nefnd, óski eftir að mál verði sent aftur til nefndar til skoðunar á þeim atriðum sem umræddur þm. hafði eitthvað við að athuga. Annað er óeðlilegur þrýstingur á þá þm. sem ekki eiga sæti í viðkomandi nefndum, nema það sé meiningin að þeir þm. eigi ekkert að hafa um önnur mál að segja en þau sem þeir fjalla um í nefndum. Ég mun eftir sem áður lýsa því yfir, úr því að þessi býsn liggur á að koma þessu frv. í gegn og allir virðast ætla að samþykkja það með hangandi hendi og sjaldan hefur það verið berara en í þessari umr., að ég mun samt sem áður ekki greiða þessu frv. atkv. Mér þykir engin ástæða til að afgreiða það í þessu formi.

Ég á satt að segja dálítið erfitt með að skilja hvers vegna ekki var látið duga að bera fram frv. um breytingu á dýralæknisumdæmunum. Það er það eina sem skiptir máli. Það segir kannske dálítið um hvað við erum að gera hér í þinginu, að á bls. 8 í aths. við lagafrv. þetta segir, með leyfi forseta:

„Þó að lög um dýralækna séu ekki nema 11 ára gömul, hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls sjö sinnum."

Það hlýtur að vera nokkuð ljóst að þetta eru engin vinnubrögð. Ef við erum að semja hér lagabálka, sem endast að jafnaði 1½ ár, held ég að við ættum að taka upp vandaðri vinnubrögð. Ef átti að endurskoða frv. til l. um dýralækna þurfti að gera það miklu betur. Það hefði verið skynsamlegra að bera fram áttundu breytinguna á núgildandi lögum frekar en koma hér með bálkinn í heild jafnvondan eða næstum því eins og hann var áður.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég tel að hv. nefnd og formaður hennar hafi gert sitt besta til að bjarga þessu frv., en brtt., sem hér liggja fyrir, segja dálítið um hversu ánægð nefndin var með frv. eins og það leit út. Og það vill svo til að hér er enn einn hv. þm. sem ekki er enn þá ánægður með þetta frv. og hefur fullt leyfi til þess.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi að það hefði verið eitthvað einkennilega staðið að samningu þessa frv. Hv. þm. taldi að ástæða hefði verið til þess, að einhver af yngri dýralæknum hefði komið að samningu málsins. Og hún lét sér þau orð um munn fara, að hvaða embættismaður sem er ætti ekki að geta sett fram beiðni um að búa til frv. Ég vil láta það koma fram, að getsakir í þessa átt eru úr lausu lofti gripnar. Það hefur enginn embættismaður óskað eftir því að fá að búa til þetta frv.

Ég vil láta þess getið, að í nefnd, sem fjallaði um samningu þessa frv. var skipaður yfirdýralæknir án þess að hann hefði nokkra ósk sett fram um það. Ég vil einnig láta þess getið, að í nefndina var skipaður fulltrúi Dýralæknafélags Íslands. Ég hygg að Dýralæknafélag Íslands hafi tekið ákvörðun um það á aðalfundi sínum, hver sá fulltrúi yrði, en það var formaður félagsins, Jón Guðbrandsson dýralæknir. Formaður nefndarinnar var skipaður Ragnheiður Árnadóttir, sem er sá deildarstjóri í landbrn. sem fjallar um þessi mál af hálfu rn. Enginn af þessum embættismönnum hafði óskað eftir að fá að búa til frv. Þetta vil ég hafa alveg á hreinu.

Ég þarf ekki að fara orðum um annað sem fram kom í máli hv. þm. Þm. taldi að það væri einkennilegt að ekki skyldi aðeins lagt hér fram frv. um breytingu á dýralæknaumdæmum. Ef það hefði verið gert hefði löggjöfin að sjálfsögðu haldið sér að öðru leyti, þ.á. m. sá lagatexti sem hv. þm. hefur verið að gagnrýna úr þessum ræðustól, þannig að ég sé ekki ástæðu til að svara þeim vangaveltum mikið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er sjálfsagt öllum ljóst að æskilegast er að þjónusta í sambandi við dýralækningar, eins og reyndar önnur heilbrigðisþjónusta í landinu, sé með sem skaplegustum hætti og hægt að framkvæma hana á sem bestan hátt. Um það greinir menn væntanlega ekki á. Það hefur raunar komið fram áður, það hefur verið vakin athygli á því af nokkrum hv. þm., að mönnum finnst óeðlilegt að binda í löggjöf ýmsa þá þætti sem hér er gert ráð fyrir að setja inn í væntanleg lög. Ég sé ekki betur en nokkuð af þessum þáttum, sem hér er gert ráð fyrir að lögbinda, séu hrein kjaraákvæði og eigi að afgreiða í kjarasamningum viðkomandi stéttar og hins samningsaðilans. Mér finnst t. d. óeðlilegt og varla ná nokkurri átt það sem gert er ráð fyrir í 17. gr., með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða héraðsdýralæknum símastyrk samkv. ákvörðun landbrn. og að auki leigu vegna embættisaðstöðu til þeirra, sem eiga njóta embættisbústaðar.

Mér finnst gersamlega ótækt að vera að binda slíkt í löggjöf frekar fyrir þessa stétt manna en þá almennt fyrir launafólk. Hvers á almennt launafólk að gjalda í þessum efnum? Sama má raunar segja, eins og hér hefur áður verið vikið að í sambandi við 18. gr., um lán og lánsútvegun. Mér finnst þó kasta tólfunum í 19. gr. frv. og ætla að lesa hana yfir, með leyfi forseta:

„Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra sem vitjana hafa óskað."

Hverjum dettur í hug að lögbinda atriði eins og hér er talað um að leiða í lög? Á beinlínis að lögbinda hvaða leið dýralæknir á að fara ef óskað er eftir vitjun? Ég held að Alþingi verði að fara að gæta að sér í efnum sem þessum. Þetta er slík firra að ekki tekur nokkru tali að leggja til að slíkt verði bundið í lög. Mér þykja þeir aðilar, sem að svona löggjafarákvæðum standa, bera lítið traust til viðkomandi embættismanna ef þeir gera ráð fyrir að þeir fari að fara alls konar útúrdúra ef þeir eru kvaddir til vitjana. Auðvitað er fjarstæða að gera ráð fyrir slíku í löggjöf. Það er sagt að við Alþfl.-menn séum engir sérstakir vinir þeirra stétta sem hér eiga hlut að máli. En ég a. m. k. treysti dýralækni alveg til að velja greiðustu og eðlilegustu akstursleið til þess aðila, sem biður um vitjun, án þess að binda það í löggjöf. Kannske eru það fulltrúar Framsfl. hér á Alþingi sem bera slíkt vantraust til þessarar stéttar í landinu — eða hverjir eru það?

Sama mætti raunar segja um fleira. Og það er ekki bara varðandi þá löggjöf, sem hér er lagt til að samþykkja, að slíkir meinbugir eru á að engu tali tekur. Það úir og grúir af alls konar ákvæðum í lögum sem alls ekki eiga þar heima og er miklu betra og eðlilegra að fara með á annan hátt en binda í löggjöf.

Nú er ég ekki svo kunnugur, sjálfsagt eru einhverjir hv. þm. það, en ætli það sé hliðstætt ákvæði í héraðslæknalöggjöfinni varðandi mannfólkið? Ætli það sé bundið í löggjöf hvaða leið héraðslæknir eigi að aka ef óskað er eftir vitjun? (Gripið fram í.) Ég heyrði að hv. þm. Stefán Valgeirsson sagði að þetta væri ekki öðruvísi en væri í öðrum lögum í landinu. Nú sé ég að hv. þm. fer að fletta upp lagasafni og ætlar sjálfsagt að athuga um löggjöfina varðandi héraðslæknana, hvort það er lögbundin akstursleið þar.

Nei, ákvæði eins og hér hefur verið vikið að og raunar miklu fleiri, og sjálfsagt hafa aðrir þm. bent á önnur varðandi þetta mál, er hrein fásinna að binda í löggjöf. Ég tek líka undir það að nokkru leyti með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að mér finnst allt of mikill keimur af því varðandi frumvörp, sem við fáum til meðferðar á Alþingi, að þar sé um að ræða fyllstu óskir embættismannanna í kerfinu. Það á ekki sérstaklega við um þetta mál. Það á við um miklu fleiri. Ég tel að Alþingi megi beinlínis fara að gá að sér að halda ekki áfram á þeirri braut að vera að lögbinda fjarstæður eins og hér hefur verið bent á.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. landbrh. á því, að töluverður munur er á hvort við sættum okkur við hvers kyns óvönduð lög, sem nú þegar eru í lagasafni, eða hvort við samþykkjum jafnvond lög eða verri hér og nú. Eg vek athygli á því, að með því að samþykkja þennan lagabálk er ég t. d. orðin ábyrg fyrir lögunum eins og þau verða. Það er töluverður munur á því, hvort lagabálkur er tekinn til endurskoðunar í heild eða hvort reynt er að breyta honum eða laga hann eitthvað til. Ég vildi vekja athygli á því, að allt annað er að samþykkja brtt. við svo og svo misjöfn lög eða hvort við réttum hér upp höndina og samþykkjum þessa endurskoðun. Og mér finnst þessi endurskoðun ekki nógu vönduð, eins og hér hefur verið margbent á. Það eru þess nokkur dæmi, að hvenær sem einhver hv. þm. les smátexta upp úr þessum bálki bresta menn í hlátur.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er aðeins af einu tilefni sem ég hef ákveðið að taka þátt í þessari umr. Það snertir ekki efnishliðar málsins, heldur það að inn í þessar umr. hafa blandast hugmyndir manna um svokallaða „sólarlagsaðferð" sem heitir á enskri tungu „sunset legislation" og er alþekkt fyrirbrigði í löggjöf annarra þjóða, sérstaklega þó vestan hafs, þar sem þessi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri í baráttunni gegn útþenslu ríkisbáknsins. Oftast er þessi leið valin þar sem um er að ræða nýjungar til tilraunar, t. d. þar sem markaðurinn getur hugsanlega tekið við þeirri þjónustu síðar og þess vegan eðlilegt að lög falli niður, en einnig við mjög fjármagnsfrek verkefni sem ríkisvaldið efnir til á hverjum tíma.

Hæstv. núv. ríkisstjórn Íslands hefur markað þá stefnu og orðið fyrsta ríkisstjórn á Íslandi sem ég veit um að hefur notað þessa aðferð í löggjöf sem samþykkt var í vetur. Það var kaldhæðni örlaganna að sú löggjöf var samþykkt í kjölfar umr., sem áttu sér stað í Sþ. utan dagskrár, þar sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem sumir kalla mister Ó. Grímsson, flutti mikla drápu og taldi að menn hefðu verið heilaþvegnir í herskipum bandaríska flotans, sem m. a. hefði birst í því, að sumir hefðu vogað sér að koma inn í þetta hús hv. Alþingis og tala um „sólarlagsaðferðina." Þjóðviljinn, málgagn hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, mátti vart vatni halda og á forsíðu blaðsins var þetta tekið sem dæmi um þann undirlægjuhátt sem lýsti sér hjá hv. þm., þ. á m. þeim sem hér stendur, Eiði Guðnasyni og fleiri slíkum. En viti menn, það liðu ekki nema tveir sólarhringar, þá kom inn á borð þm. frv. til l., sem er 66. mál þingsins, um iðnráðgjafa, og í þessu frv., sem nú er orðið að lögum, lögum frá 17. des. 1981, segir svo í 5. gr.: „Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu gilda til 31. des. 1985." Hér, þvert ofan í fullyrðingar formanns þingflokks Alþb. um amerískan hugsunarhátt og undirlægjuhátt nokkurra þm., reið hæstv. iðnrh. Hjörleifur Guttormsson á vaðið og kom inn í þingið með frv. sem hafði að geyma það sem kallað er „sólarlagsaðferð" í daglegu mæltu máli.

Þetta taldi ég ástæðu til að kæmi fram í þessum umr. þar sem frá þessu hefur verið sagt. Um það, hvort það eigi við í þessari löggjöf eða ekki, skal ég ekki dæma. Ég hef ekki kynnt mér þá löggjöf, sem hér er til meðferðar, nema aðeins þær breytingar sem á henni voru gerðar. En það er auðvitað áhorfsmál, þegar ætlast er til að Alþingi endursamþykki gömul lög, hvort það eigi að gerast með þeim hætti, sem hér er lagt til, eða hvort menn vilja áskilja sér að breyta lögunum miklu meira en gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umr. Af þessari ástæðu held

ég að það sé ekki út í bláinn að tveir hv. þm., þeir Vilmundur Gylfason og Albert Guðmundsson, hafa leyft sér, sérstaklega vegna þeirrar gagnrýni sem kom fram á þetta frv., bæði frá heilbrmrn. og eins frá hv. stjórnarþm., þ. á m. hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, að álykta sem svo, að kannske væri ástæða til að yfirfara þessa löggjöf á næstu árum og koma með hana með nýju sniði inn á þingið, ekki síst vegna þess að nú er boðið upp á með þessu frv. að lögin séu tekin öll til endurskoðunar.

Þetta vildi ég láta koma fram. Það snertir reyndar ekki efnishlið málsins, en mikið áhugamál mitt, sem er það sem kallað er „sólarlagsaðferð".

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Brtt. 574,1 (ný 2. gr) samþ. með 25 shlj. atkv.
Brtt. 574,2 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 574,3 samþ. með 24 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 574,4 samþ. með 24 shlj. atkv.
5. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 574,5 samþ. með 23 shlj. atkv.
6. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 574.6 samþ. með 23:1 atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 21:1 atkv.
Brtt. 574,7 samþ. með 23 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 574,8 samþ. með 22 shlj. atkv.
9. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 574,9 samþ. með 21 shlj. atkv.
10. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 574,10 samþ. með 22 shlj. atkv.
11. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 574,11 samþ. með 20:1 atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 574,12 samþ. með 20:1 atkv.
13. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
14. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 574,13 samþ. með 23 shlj. atkv.
15. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 574,14 (ný 16. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
17. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
18. gr. 1.—2 mgr. með 17:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: PP, PJ, PS, SkA, SV, SteinG, SvG, ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ, HÁ, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ.

nei: SighB, VG, AG, JBH, HBI, JS, KP, MHM, MB. RA, FrS, GS, GeirH, GHall, JÞ, MÁM, ÓE, SvH greiddu ekki atkv.

5 þm. (StH, BÍG, GGÞ, GHelg, HG) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ef þessar tvær merkilegu greinar yrðu felldar væri hægt að líta svo á, að Alþingi væri þeirrar skoðunar að dýralæknar ættu að aka krókótt, en ekki beint. Í því mikla vafamáli treysti ég mér ekki til að taka afstöðu og greiði því ekki atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í 18. gr. laga um dýralækna er svo sagt, að það skuli veita dýralækni — og ég undirstrika — hagkvæmt lán til kaupa á bifreið fyrir starf sitt o. s. frv. Ég hygg að það sé alls ekki ljóst hvað orðin, „hagkvæmt lán" þýða í þessum efnum. Er það niðurgreitt lán eða með hvaða hætti á þessi lánastarfsemi að fara fram? Ég tel að með öllu sé óeðlilegt að slík klausa sé í lögum og segi nei.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég er svo furðu lostinn yfir því, að slíkt, sem hér er skrifað í 18. gr. og við erum að greiða atkv. um, skuli sjást í frv. til laga. Það er með mikilli hryggð sem ég les þetta. Ég segi nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Nú þykir mér orðið hart í ári hjá stjórnarflokkunum. Við erum hér að fjalla um stjfrv. og hæstv. fjmrh. leyfir sér að greiða ekki atkv. þegar ein grein þessa frv. er borin upp í nafnakalli hér á þingi. Þetta þykir mér slæmt mál fyrir hæstv. ríkisstj. Ég hef hins vegar tekið þátt í afgreiðslu þessa máls í landbn. og vegna þess að mér hafði verið tjáð að þetta væri stjfrv. taldi ég að það hefði verið gengið frá þessum þætti málsins. Ég mun auðvitað standa undir þeirri ábyrgð, sem ég hef tekið á mig sem einn af nm. í landbn., og segi já.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Með tilvísun til þeirrar greinargerðar, sem hv. 3. þm. Vestf. gerði fyrir sínu atkv. um ökulag dýralækna, treysti ég mér ekki til annars en að segja já.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Hv. 3. þm. Vestf. gerði aðeins leiðréttingu á orðum sínum sem hann mælti. áðan í greinargerð sinni.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Mér varð á að fara greinavillt, því miður. Hér er ekki verið að fjalla um hvort dýralæknar eigi að aka beint eða krókótt, heldur hversu hagstæð lán þeir eigi að fá til að aka annaðhvort beint eða krókótt. Ég hef sömu afstöðu til þessarar greinar og hv. þm. Vilmundur Gylfason o. fl. og segi nei.

18. gr. 3.—4. mgr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 574,15 samþ. með 19:2 atkv.
19. gr., svo breytt, samþ. með 19:2 atkv.
Brtt. 635 felld með 22:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SighB, VG, AG, ÁG, JBH, FrS, GHelg, JS, KP, MHM, MB.

nei: RA, SkA, SV, SteinG, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall HÁ, IGuðn, IGísl, JE, JÞ, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PS.

GeirH, HBl, SvH greiddu ekki atkv.
4. þm. (StH, BÍG, GGÞ, HG) fjarstaddir.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er komið að lokum afgreiðslu máls sem þingið hefur lagt mikla alúð við, og nú hafa gengið atkv. um allar greinar frv. Ég tel óeðlilegt að setja inn í frv. lagaákvæði af því tagi sem hér er gerð tillaga um, þó að út af fyrir sig hefði getað komið til greina að hafa í þessum lögum, eins og gjarnan er gert, ákvæði um að endurskoðun skuli fara fram eftir nokkur ár. En ég tel óeðlilegt að setja inn ákvæði um að frv. falli úr gildi á þessum tíma. Það er ekki vegna þess að ég óttist að þar með missi dýralæknar sinn símastyrk á þessari dagsetningu, ef lögin verða ekki endurskoðuð, heldur af öðrum ástæðum, og ég segi því nei.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tók það skýrt fram þegar ég mælti fyrir nál. þriggja nm. í landbn. Nd., að ég teldi nauðsyn á að þessi lög yrðu endurskoðuð hið fyrsta. Ég gerði samkomulag í þeirri nefnd um afgreiðslu þessa máls. Hér er hins vegar um að ræða viðaukatillögu og ég tel mig ekki brjóta það samkomulag sem ég gerði í nefndinni, þó ég segi já við þessari viðaukatillögu. Ég segi já.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef í löngu máli lýst óánægju minni með þetta frv. því fyrr sem slík lög falla úr gildi, því betra, og ég segi því já.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Mér hefði þótt nauðsynlegt að í frv. þessu væri gildistökuákvæði áður en kæmi brtt. um að fella það úr gildi og vil ég beina því til hv. nefndar að taka það til athugunar milli 2. og 3. umr. En ég er andvígur því, að þessi lög falli úr gildi, og segi því nei.

20. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314, n. 486 og 492). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Hér er um að ræða staðfestingu á brbl. vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu þann 14. jan. 1982. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþykkt, minni hl. skilar séráliti, en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson undirritaði nál. með svofelldum fyrirvara:

„Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hefur verið leikinn mjög grátt. Fé hans hefur óspart verið eytt og stofnað til skulda af hans hálfu. Staða sjóðsins er því vægast sagt mjög slæm. Verði ekki snúið af þessari braut má búast við að þetta gagnmerka stjórntæki verði eyðilagt.

Í ljósi þessa er augljóst að leitast verður við að styrkja stöðu sjóðsins.

Það framlag í sjóðinn, sem hér er gert ráð fyrir, getur átt þátt í því að koma í veg fyrir enn frekari veikingu sjóðsins. Fyrir því leggur undirritaður til að frv. verði samþykkt."

Ég tel ekki ástæðu til., herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál, en endurtek það sem ég sagði áður, að meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt, en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson undirritar nál. með fyrirvara sem ég hef þegar gert grein fyrir.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. minni hl. fjh.- og viðskn. teljum við fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni að Alþingi standi hér frammi fyrir gerðum hlut. Þetta frv. er flutt til staðfestingar á brbl. sem gefin voru út 14. jan., eftir að fiskverð lá fyrir. Við stjórnarandstöðu var ekkert samráð haft um ráðstöfun þess gengishagnaðar sem myndast við gengisbreytinguna. Við erum andvígir þeim hringlandahætti sem verið hefur á inn- og útgreiðslum í flestum deildum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, og okkur er ljóst að eftir það, sem á undan er gengið, s. l. tvö ár, veitir Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins ekki af þessum gengishagnaði öllum. Hins vegar er ekki því að neita, að þegar líkt hefur verið ástatt á undanförnum árum hefur verið gripið til þess ráðs að láta hluta af gengishagnaði renna til eigenda fiskiskipa til þess að þeir fái nokkra hlutdeild í gengishagnaðinum á móti þeirri skuldahækkun sem þeir verða óhjákvæmilega fyrir af völdum gengislækkana, eða m. ö. o. hluta af þeim skuldahækkunum sem verða við gengisbreytingar.

Þá hefur sjómannasamtökunum jafnan verið sýndur nokkur skilningur með framlagi til félagaslegrar starfsemi, til lífeyrissjóða, orlofshúsa og þess háttar, en hjá þeirri hæstv. ríkisstj., sem nú situr, örlar ekki á því, að þessu sé sinnt á nokkurn hátt.

Okkur er ljóst að það er ekki hægt að vera andvígir þessu frv. vegna þess sem á undan er gengið. Það eru gerðar án samráðs við Alþingi ráðstafanir fram í tímann. En við teljum það ekki vera okkar hlutverk að greiða atkv. með þeim ráðstöfunum sem gerðar eru án samráðs við Alþingi. Því munum við ekki greiða atkv. með þessu frv. og ekki heldur á móti því, vegna þess að það mundi hafa í för með sér nýjar vinnudeilur og jafnvel stöðvun fiskiskipaflotans og þar með fiskvinnslunnar í landinu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:2 atkv.
2.—3. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 355, n. 630, 375, 631). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herara forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Í því sambandi fékk hún til fundar við sig verðlagsstjóra, fulltrúa frá Verslunarráði og Sambandi ísl. samvinnufélaga.

Skriflegar umsagnir bárust frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, Félagi ísl. stórkaupmanna, Verðlagsstofnun og Kaupmannasamtökum Íslands og eru allar þessar umsagnir birtar með nál.

Eins og fram kemur í nál. undirrituðu Sighvatur Björgvinsson, Matthías Bjarnason, Matthías Á. Mathiesen og Albert Guðmundsson nál. með fyrirvara og áskilja sér þar að auki rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt., nefndin flytur sameiginlega, þ. á m. brtt. á þskj. 375.

Þær brtt. sem nefndin flytur sameiginlega, eru á þskj. 631. Það er í fyrsta lagi við 1. gr. b. Þar er fjallað um þriggja manna nefnd, en nánar er gert ráð fyrir í 2. gr. hvar skuli vera hennar störf og valdsvið. Í þessari brtt. kemur fram að óheimilt sé að aðilar, sem eiga sæti í verðlagsráði, sitji í þessari þriggja manna nefnd.

Það kemur fram í frv. að verðlagsráð getur að meira eða minna leyti falið þriggja manna nefndinni og Verðlagsstofnun ákvörðunarvald sitt eftir afmörkuðum reglum. Er þá haft í huga að verlagsráð geti falið þessari svokölluðu þriggja manna nefnd ákvörðunarvald í öllum minni háttar málum og málum sem ekki er talin ástæða til að vera ávallt að fjalla um í verðlagsráði. Ýmsir hafa óttast að með þessari skipan mála gæti vald verðlagsráðs

flust að meira eða minna leyti yfir í þessa þriggja manna nefnd, sem alls ekki er hugmyndin með frv. þessu, heldur var hugmyndin með þriggja manna nefndinni eingöngu að þeir aðilar, sem þar sætu, hefðu tækifæri til að fylgjast með undirbúningi mála og auk þess gæti nefndin tekið ákvarðanir í málum sem þyrftu skjótrar úrlausnar við. Til þess að gera þetta ljósara hefur nefndin lagt til að allir nefndarmenn verði að samþykkja slíkar ákvarðanir. Hefur það því í för með sér að ef allir nefndarmenn samþykkja ekki verður að skjóta málinu til verðlagsráðs.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera frekari grein fyrir þessu frv. Með því er stefnt að því að verðlagsráð geti gefið samkeppni frjálsa í vissum greinum. Einnig er gert ráð fyrir því, að Verðlagsstofnun fylgist náið með og hafi eftirlit með slíkri frjálsri verðlagningu. Tel ég að þetta sé sjálfsögð og mikilvæg tilraun til þess að auka frjálsræði í verðlagsmálum hér á landi, enda er gert ráð fyrir því í þessu frv., að Verðlagsstofnunin hafi fullt eftirlit þar með.

Ég vil að lokum endurtaka að nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt, en nokkrir nm. hafa áskilið sér rétt til að flytja eða fylgja brtt. sem þeir munu gera nánari grein fyrir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Meginatriðið í þessu frv. er fjórþætt. Í fyrsta lagi að fella niður þau afskipti ríkisstj. af verðlagsmálum, sem sett hafa svip sinn á verðákvarðanir undanfarnar vikur og mánuði þegar meginviðfangsefni ríkisstj. hefur verið að greiða atkv. á ríkisstjórnarfundum, ef svo má segja, um verð á svo til hverri einustu neysluvöru í landinu. Við Alþfl.-menn styðjum þetta atriði, að ríkisstj. verði ekki verðlagsyfirvald eins og hún hefur verið.

Í annan stað er í frv. lögð áhersla á að hvetja til frjálsrar verðmyndunar þó svo það sé ekki með sama hætti gert og í lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 13 frá 1979. Við þm. Alþfl. teljum það einnig vera spor í rétta átt og getum stutt þá breytingu.

Þriðja og fjórða atriðið í frv. orka tvímælis, í fyrsta lagi og þá sérstaklega það atriði frv. að fella niður viðfangsefni samkeppnisnefndar og raunar nefndina sjálfa, en samkeppnisnefnd hafði því hlutverki að gegna að úrskurða á hvaða sviðum væri nægileg samkeppni til þess að frjáls verðmyndun gæti þrifist þar. Í samkeppnisnefnd áttu sæti þrír fulltrúar, tveir tilkvaddir af Hæstarétti auk verðlagsstjóra. Þetta var sem sé hlutlaus nefnd, skipuð að meiri hluta til af Hæstarétti, sem átti að fella úrskurð um þetta vandasama og viðkvæma mál. Nú á að leiða úrskurðarvaldið inn á borð hagsmunasamtaka og aðila að verðlagsráði, þar sem m. a. aðilar vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambandið annars vegar og Alþýðusambandið hins vegar, fá mjög mikil völd, m. a. til þess að fjalla um slík mál. Við þm. Alþfl. teljum það vera spor í ranga átt að fara að gera svo viðkvæm og vandasöm mál að samningsatriði milli aðila vinnumarkaðarins.

Í samræmi við það, herra forseti, hef ég leyft mér að flytja á sérstöku þskj. ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni brtt. um að breyta þessu ákvæði frv. Brtt. eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að 1. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að samkeppnisnefnd falli niður og önnur nefnd með aðilum vinnumarkaðarins m. a. taki við hennar viðfangsefni að nokkru leyti, falli niður. Í öðru lagi gerum við ráð fyrir því í 2. brtt. okkar, að vissulega geti verðlagsráð falið sérstakri þriggja manna nefnd að undirbúa mál fyrir fundi sína, en það sé þá háð ákvörðun verðlagsráðs alfarið og þá um leið hvaða viðfangsefni og valdsvið slík nefnd hefur. Þriðja brtt. okkar er einnig aðeins breyting á frv. til samræmis við það að samkeppnisnefnd og viðfangsefni hennar verði varðveitt.

Kjarninn í þessari brtt. er m. ö. o. sá, að áfram verði það óhlutdrægur aðili, sem að mestu leyti er skipaður fulltrúum Hæstaréttar, sem úrskurði það vandasama mál hvort samkeppni sé nægjanleg í tilteknum atvinnu- eða þjónustugreinum til þess að frjáls verðmyndun geti þrifist þar. Það er meginkjarninn í okkar brtt. sem við flytjum skriflega. Ég vil vinsamlega fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann leiti afbrigða fyrir þeirri till. svo að hún geti komið til umr. og afgreiðslu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. þá skrifum við fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni undir nál. með fyrirvara. Jafnframt kemur fram í nál. að einstakir nm. áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum brtt., m. a. brtt. á þskj. 375. Hér er átt við okkur þessa þrjá nm. Sjálfstfl. Við gátum þess í nefndinni, að við værum samþykkir þeirri brtt. sem flutt var við 1. umr. þessa máls hér í hv. deild og prentuð er á þskj. 375. Fyrsti flm. þeirrar till. er 10. þm. Reykv., en við allir þrír fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni erum meðflm. ásamt Geir Hallgrímssyni.

Þessi brtt. er við 4. gr. frv. þar sem orðalag 8. gr. laga frá 1978 er fært í sama horf og var á þeim árum sem Sjálfstfl. og Framsfl. fóru með stjórn landsins og þetta frv. varð að lögum.

Síðari brtt. á sama þskj. felur í sér að ný grein, 5. gr., komi á eftir 4. gr. og orðist svo: „12. gr. laganna, sbr. 60. gr. laga nr. 13/1979, hljóði svo:

Verðákvarðanir samkv. 8. gr. skulu miðaðar við afkomu fyrirtækja sem rekin eru á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt og nýta eðlilega afkastagetu.

Verð og álagningu má ekki ákvarða lægri en svo, að fyrirtæki þeirrar tegundar, er í 1. mgr. getur, fái greiddan nauðsynlegan kostnað við innkaup eða endurinnkaup vöru, framleiðslu, aðflutning, sölu, flutning ásamt afskriftum, svo og sanngjarnan hreinan hagnað, þegar tekið er tillit til áhættunnar við framleiðslu vörunnar og sölu."

Við vorum sammála í nefndinni um að það frv., sem hér liggur fyrir sé tvímælalaust til bóta og í frjálsræðisátt, en við teljum að ekki sé gengið nógu langt í þessum efnum. Við vorum ekki á því að fella niður greinina um samkeppnisnefndina, enda höfum við tveir nm. flutt brtt. sem hv. 3. þm. Vestf. var að lýsa áðan.

Á fundi nefndarinnar út af þessu máli komu fulltrúar frá Verslunarráði Íslands sem skýrðu sjónarmið Verslunarráðsins. Einnig komu fulltrúar Sambands ísl. samvinnufélaga. Í bréfi, sem þeir sendu til áréttingar sínu áliti, segir: „Sambandið álítur, að frv. hnígi í frjálsræðisátt, og er samþykkt meginefni þess." Hins vegar telur Sambandið niðurfellingu samkeppnisnefndar óheppilega, enda hefur nefndin þegar staðfest gildi sitt með umfjöllun og úrlausn nokkurra mála sem til hennar hefur verið vísað. Undir þetta sjónarmið taka fleiri, sem ég ætla ekki að orðlengja frekar um. En bréf þriggja annarra aðila eru prentuð hér með nál. Það er álit Félags ísl. stórkaupmanna, Verðlagsstofnunar og Kaupmanna-

samtaka Íslands. Hins vegar er ekki hér bréf Verslunarráðsins sem var langt og ítarlegt. Þetta mál var þar rætt mjög ítarlega og fallist á að frv. hnígi í rétta átt, en talið allt of skammt gengið.

Í meginatriðum erum við fulltrúar Sjálfstfl. þeirrar skoðunar, að hér sé of skammt gengið. Við bjuggumst við meiru þegar hæstv. ríkisstj. gaf þá yfirlýsingu, að hún stefndi að því að ganga hér lengra í frjálsræðisátt, og við teljum að þetta frv. sé heldur smávaxinn ávöxtur af þeirri yfirlýstu stefnu, enda væri það í samræmi við lögin eins og þau voru sett hér á árinu 1978.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þessi atriði. Eins og ég sagði áðan munum við sjálfstæðismenn standa að og greiða atkv. með þeim brtt. sem við fimm þm. flokksins flytjum á þskj. 375, en þeim brtt., sem formaður nefndarinnar lýsti hér, erum við sammála því að við teljum þær heldur til bóta en hitt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj 645) samþ. með 26 shlj. atkv.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Í tilefni af því, að þetta frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, er nú hér á dagskrá enn einu sinni, vil ég láta mitt sjónarmið koma fram enn þá einu sinni.

Ég er andvígur áframhaldandi verðmyndunareftirliti, þó að ráð sé gert fyrir auknu frelsi að hluta þegar nefnd skipuð hagsmunaaðilum vinnumarkaðarins, þ. e. vinnuveitendasamtökunum og Alþýðusambandinu, er samþykk. Það er náttúrlega með samþykki ríkisstj. þá um leið. Ég tel tímabært að gefa verðmyndunina frjálsa. Þó að hér sé um smáskref í frjálsræðisátt að ræða er sú hugsun, sem kemur fram í þessu frv. og öðrum þeim, sem á undan því hafa gengið, hrein tímaskekkja í nútímaþjóðfélagi og útkjálkahugsunarháttur sem hvergi nokkurs staðar í vestrænum heimi er framkvæmanleg nema hér og það við slæman árangur. Það er að mínu mati næg samkeppni, til þess að verðmyndun sé gefin frjáls, og tímabært að Alþingi fari að átta sig á þeirri staðreynd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 66. fundur.

Mánudaginn 19. apríl, að loknum 65. fundi.

Dýralæknar, frv. (þskj. 643, 644). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 644. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Ásgrímsson óskaði eftir því, að landbn. athugaði í sambandi við 4. gr., 23. lið, hvort hún sæi sér ekki fært að taka inn svipað ákvæði og nefndin tók upp í sambandi við Bæjarhrepp í Strandasýslu. Það hefur ekki verið haldinn formlegur fundur í nefndinni, en ég hef rætt við flesta nm. og leyfi mér að flytja brtt. um það og enn fremur í sambandi við gildistöku laganna. Brtt., sem ég flyt, er í fyrsta lagi:

„Við 4. gr. Við 23. lið bætist:

Íbúar hreppanna sunnan Oddsskarðs geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Austurlandsumdæmi nyrðra ef þeir óska þess.“

Og í öðru lagi:

Við 20. gr. Framan við greinina bætist svohljóðandi ný mgr.:

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í sambandi við skiptingu á dýralæknisumdæmunum kom ósk um það til nefndarinnar einnig, að íbúar í Kópavogi og Garðakaupstað gætu jafnhliða sótt til dýralæknis í Reykjavík. Ég vil taka það fram, að mér finnst alveg sjálfsagt mál að íbúar í þessum kaupstöðum geti sótt dýralækni hvort sem þeir vilji til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur enda þótt skiptingin sé eins og um getur í 4. gr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 648) samþ. með 24 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í lok 2. umr. um þetta frv. var gengið til atkv. um brtt. frá tveimur hv. þm. í þessari deild, hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og hv. þm. Albert Guðmundssyni, þess efnis, að umrædd lög skyldu falla úr gildi 1. jan. 1984. Vakti fyrir þeim þm. sú eðlilega ósk, að mál þetta, eins og það er í pottinn búið, yrði tekið til nánari skoðunar í ljósi reynslunnar fljótlega eftir að það hefur verið lögfest og sú endurskoðun látin fara fram á lögunum fyrir 1. jan. 1984. Hæstv. félmrh. lýsti því þá yfir í ræðu, að hann teldi eðlilegt að nálgast sama markmið með þeim hætti, að í staðinn fyrir að lögin féllu úr gildi á tilteknum tíma yrði ákvæði sett í lögin þess efnis, að þau skyldi endurskoða fyrir tiltekinn tíma, sem auðvitað þýðir það sama þó svo að e. t. v. sé skynsamlegra að orða það eins og hæstv. félmrh. lagði til.

Vegna þess að ég er sammála bæði hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Albert Guðmundssyni um brtt. þá sem þeir fluttu við 2. umr., en þá var felld, og einnig vegna þess að ég get fallist á till. hæstv. félmrh., leyfi ég mér að flytja skriflega brtt. við frv. þetta þess efnis, að aftan við 20. gr. frv. bætist ákvæði til bráðabirgða er hljóði svo: „Lög þessi skal endurskoða fyrir 1. jan. 1985“ —og gefa þar með einu ári lengri skoðunarfrest en fólst í till. þeirra hv. þm. sem ég nefndi áðan. Þannig vil ég ganga nokkuð til móts við þá sem hafa talið að það sólsetur rynni nokkuð fljótt upp miðað við gildistíma laganna.

Ég óska eftir því, herra forseti, að þessari skrifl. brtt. verði lýst og afbrigða leitað svo að hún megi komast til umr. og afgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 649) samþ. með 26 shlj. atkv.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þrátt fyrir úrslit í atkvgr. við 2. umr. um brtt. frá okkur Albert Guðmundssyni geri ég mér vonir um að hin mýkri aðferð,

sem hv. 3. þm. Vestf., Sighvatur Björgvinsson, leggur nú til, finni fremur náð fyrir augum þm. og með þeim hætti verði enduskoðunarþáttur samþykktur að því er þetta frv. varðar.

Á þskj. 644 leyfum við okkur, hv. þm. Albert Guðmundsson og Karvel Pálmason ásamt þeim sem hér stendur, að freista þess enn að flytja brtt. við eina grein þessara laga, sem gengur út á það, að tveir fyrstu málsliðir í 18. gr. laganna falli niður. En þessir málsliðir fjalla um að veitt skuli hagkvæm lán, eins og þar stendur, og í því skyni skuli vera sérstakur sjóður og sá sjóður skuli vera í landbrn. Ég vil enn vekja athygli á því, að það er engin frekari vísbending um það í frv. hvað þessi orð þýða: „hagkvæm lán." Og hvernig sem á er litið tel ég að það sé algerlega ástæðulaust að hafa slíkt í lögum, það sé vont fordæmi, og hér sé um að ræða kjarasamningaatriði ef menn svo kjósa. Því er sú tillaga flutt, að þessir tveir fyrstu málsliðir 18. gr. laganna falli niður.

ATKVGR.

Brtt. 648,1 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 644 felld með 15:13 atkv.
— 648,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 649 samþ. með 17:10 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379, 410, 527). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Eins og fram kom við 2. umr. klofnaði nefndin í sambandi við þetta mál og einn nm., hv. þm. Skúli Alexandersson, skilaði séráliti. Eftir að nefndin var búin að ganga frá brtt. komu upplýsingar um hvernig á því stóð, að þetta frv. og raunar frv. um breytingu á jarðalögunum var flutt. Það er athyglisvert, að það kemur ekki fram í grg. hverjir sömdu þessi frumvörp og hvernig á tilkomu þeirra stendur. Að vísu mun hæstv. landbrh. hafa skýrt frá því þegar hann flutti frv., en því miður mun ég ekki hafa verið hér í salnum. Það er auðvitað engin afsökun fyrir mig, en sem sagt, ég hafði ekki hugmynd um það og enginn af nm., hvernig þessi mál eru til komin.

Þessi frv. byggjast á samkomulagi og þar er verið að leysa viss vandamál í sambandi við orlofsbyggðir launþegasamtakanna. Í nefndinni, sem fjallaði um þetta, áttu sæti Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Árni Jónasson erindreki Stéttarsambands bænda, Jóhannes Siggeirsson, sem mun vera hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands, og Arnmundur Backman aðstoðarmaður ráðh.

Eftir að búið var að skýra okkur frá því, hvernig þessu máli er háttað og að þetta er samkomulag um að leysa ákveðin vandamál, hefur nefndin á fundum sínum rætt þessi mál, en því miður gat hún ekki orðið sammála. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþ. eins og það var lagt fram. Minni hl. gerir grein fyrir afstöðu sinni í málinu.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Vegna þeirrar stöðu, sem komin er upp í þessu máli, þykir mér rétt að gera grein fyrir afstöðu minni og hv. þm. Péturs Sigurðssonar til málsins.

Það kom fram í máli formanns landbn., að þetta frv. væri samkomulagsmál og því teldi hann ekki rétt að hvarfla frá því sem þar hefði verið gert. Það er rétt, sem kom fram í máli hans, að slíkt bar grg. frv. ekki með sér. Sú brtt., sem meiri hl. n. hafði flutt við frv., gekk hvergi gegn því samkomulagi sem virðist hafa verið gert, heldur færði það aðeins út yfir víðara svið. Með ákveðnu tilliti til þess höfum við hv. þm. Pétur Sigurðsson ákveðið að taka upp þá till. sem við höfðum orðið sammála um að gera í landbn. og prentuð er á þskj. 527, en landbn. í heild hefur nú dregið til baka.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég dreg mína brtt. á þskj. 410 til baka, en mun styðja brtt. minni hl. landbn. eins og hv. 2. þm. Suðurl. lýsti henni hér áðan.

Frsm. minni hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr. um rýmkun á heimildum fyrir jarðanefndir að veita undanþágu á byggingaskyldu jarða þegar í hlut eiga stéttarfélög sem byggt hafa eða hafa uppi áætlanir um byggingu orlofsbúða á jörð, er til komið vegna fyrirheita sem stéttarfélögunum voru gefin við lausn kjarasamninga haustið 1980. Þetta er reyndar ekki sagt alveg berum orðum í grg. frv., en þó kemur greinilega fram að tilgangur frv. og lagabreytingarinnar er að létta af stéttarfélögunum þeim fjárhagskvöðum sem fylgja því að eiga jörð og leigja jörð til ábúðar, til búrekstrar, og halda þar við byggingum eða jafnvel byggja hana upp að nýju.

Frvgr. er þannig með leyfi hæstv. forseta:

„Jarðanefnd getur einnig undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til útilífsafnota og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð." Mgr. í jarðalögum, sem þessi grein á að bætast við, er þannig: „Jarðanefnd getur undanþegið jarðareiganda byggingarskyldu á jörð ef hún er að dómi nefndarinnar svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu."

Ábúðarlögin hafa jafnan verið frekar íhaldssöm. Þetta er eina undanþágan í jarðalögum til þess að leysa jörð undan ábúð. Í nágrannalöndum okkar, t. d. Danmörku og Noregi, er það hindrað með lögum að félag eða félagssamtök kaupi jarðir, sem hverfa þá úr ábúð, og breyti þar með félagslegri uppbyggingu sveitar eða héraðs. Ég tel að við eigum að fara mjög varlega í það að veita undanþágur frá byggingarskyldunni, og samkvæmt þeim undanþágum, sem lagt er til að jarðanefnd verði heimilt að veita samkv. frv. því á þskj. 379 sem hér er til umr., er nógu stórt skref stigið. Tillagan, sem meiri hl. landbn. flutti hér í upphafi og nokkur hluti hennar hefur nú fallið frá, en minni hl. landbn., þeir hv. þm. Steinþór Gestsson og Pétur Sigurðsson, flytja nú, gengur allt of langt og reyndar erfitt að gera sér grein fyrir hvert samþykkt hennar gæti leitt. Heimild til undanþágu er gagnslítil ef ekki er gert ráð fyrir því, að henni sé beitt. Með þessu frv. er verið að koma til móts við óskir stéttarfélaga um vissar undanþágur frá byggingarskyldunni og ég geng út frá því sem vísu, að þær verði veittar verði frv. samþykkt í þeirri

mynd sem það er lagt fram. Hér er ekki um að ræða nema fáar jarðir. Verði það ofan á, að hv. Alþingi samþykki tillögu þá, sem þeir hv. þm. Steinþór Gestsson og Pétur Sigurðsson flytja hér, sýnist mér að undanþáguheimildin verði markleysa eða þá að þær verði nokkuð margar jarðirnar sem leysa þarf undan byggingarskyldu.

Það eru mörg og ólík félög sem rúmast innan heitanna samtök launþega og samtök vinnuveitenda. Það eru stéttarfélög, starfsmannafélög margbreytileg, alls konar hópar atvinnurekenda o. s. frv. Þegar jarðanefndir standa frammi fyrir því, hverjum skuli eða hverjum skuli ekki veita undanþágu, sýnist mér það varla geta endað nema á einn veg: að jarðanefndir verði að segja nei við öllum undanþágubeiðnum eða þá standa frammi fyrir því að veita ótrúlegum fjölda slíkar undanþágur. Mundi þá fækka byggðum jörðum í sumum sveitum.

Ég tel að með samþykkt brtt. snúist Alþingi gegn tilætlun frv. um það að veita stéttarfélögum þá undanþágu, sem þar er nefnd, og gerir ekki ráð fyrir að nokkur jarðanefnd vilji taka á sig að samþykkja einn eða hafna öðrum úr þeim hópi sem brtt. gerir ráð fyrir. Segjum sem svo að brtt. verði samþykkt og undanþágur verði veittar, svo sem er tilgangur þessarar lagabreytingar. Þá skeður það vítt og breytt um land að jarðir falla úr ábúð, sumar kannske í þéttbýlum sveitum, og það breytir sjálfsagt ekki mjög miklu, ef þær verða ekki of margar. Þær sveitir þola slíkt. Sterk félagsheild stendur áfram þótt eitt og eitt býli falli úr byggð. Á slíkum svæðum er líka minnst hætta á mikilli ásókn orlofsbyggða. En flestar sveitabyggðir okkar eru strjálbýlar og veikar félagslegar heildir. Það þýðir einn bær úr byggð félagslega og búsetulega röskun. Slíka röskun viljum við forðast, jafnt þéttbýlisfólk sem íbúar sveitanna. Eyðibyggð hefur ekki mikið aðdráttarafl til uppbyggingar á orlofshúsum og sumarbústöðum.

Þörf félagssamtaka umfram það, sem ráð er fyrir gert samkv. frv., fyrir land til útivistar og byggingar orlofsbúða verður að leysa. Það er oftast hægt að leysa á annan hátt en þann að fella jarðir úr byggð. Oft er auðvelt að taka hluta af jörðum til þessara nota og þarf það ekki að rýra gildi jarðarinnar til búskapar. Eðlilegt er að mæta þessari þörf t. d. með því að ríkið leigi félagasamtökum land til að byggja á orlofsbúðir. Hentugt land til útivistar er mikið til í eigu ríkisins og það land er einnig misjafnlega nýtt. Með samstarfi sveitarstjórna og jarðanefnda við umráðaaðila ríkisins yfir slíkum landssvæðum verður hægt að ráðstafa mjög miklu af slíku landi til orlofsbyggða og útivistar, án þess að skerða búsetuskilyrði á jörðum né undanþiggja byggingarskyldu á þeim jörðum þar sem slík útivistarsvæði eða orlofsbyggðir væru.

Ég vænti þess, að hv. þm. athugi þetta mál vel áður en þeir samþykkja brtt. þá er hér hefur verið lögð fram. Með samþykkt hennar yrði freklega breytt tilgangi frv. gagnvart stéttarfélögunum, svo og brotin niður sú hefð og sú skylda, að jarðir skuli byggðar ef eftir þeim er sótt og einhver vill nytja til búskapar og búsetu.

Til viðbótar við það, sem ég hef hér sagt, vil ég bera fram tillögu um smáorðalagsbreytingu á tillgr. Mér finnst orðið „útilífsafnot" vera frekar leiðinlegt og hefði viljað skjóta því til forseta, hvort orðið útivist félli ekki þarna á sama máta inn í og næði yfir þá hugsun sem þarna liggur bak við.

Í sambandi við þann þátt brtt., sem gerir ráð fyrir því að orlofshúsin séu skattskyld, eða mér sýnist það vera meiningin, þá finnst mér að sá hluti tillgr. falli um sjálfan sig þar sem ákveðin undanþága gagnvart því atriði er í tekjustofnalögum sveitarfélaga, en það er einmitt vísað til þeirra laga um þann þátt brtt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirrar umr., sem hér hefur farið fram, tel ég nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram, að þau frv., sem hér eru nú á dagskrá, þ. e. frv. til l. um breytingu á jarðalögum og frv. til l. um breytingu á ábúðarlögum, eru flutt í framhaldi af samkomulagi sem ríkisstj. gerði við verkalýðshreyfinguna. Ég vil að þetta komi skýrt fram hér.

Við undirritun kjarasamninga 27. okt. 1980 var lagt fram bréf frá stjórnvöldum þar sem segir m. a.:

„Hr. forseti Alþýðusambands Íslands,

Snorri Jónsson.

Ríkisstjórn Íslands mun beita sér fyrir afgreiðslu mála í samræmi við þær yfirlýsingar sem hér birtast og eru í framhaldi af viðræðum við Alþýðusamband Íslands að undanförnu."

Þetta er undirritað af hæstv. forsrh., félmrh. og sjútvrh.

Síðan í þessu samkomulagi kemur fram orðrétt, með leyfi forseta:

„Ábúðarlög, jarðalög. Vegna endurskoðunar ábúðar- og jarðalaga með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaganna verður skipuð þriggja manna nefnd fulltrúa ASÍ, bændasamtakanna og landbrn."

Þessa nefnd skipaði síðan hæstv. landbrh. með bréfi dags. 14. jan. 1981 og hún vann að þeim breytingum og þeirri frumvarpsgerð sem hér um ræðir.

Ég vil, með leyfi forseta, svo að ekkert fari nú á milli mála, fá að lesa bréf sem þessi nefnd ritar hæstv. landbrh. 2. febr. s. l. Þar segir:

„Með bréfi, dags. 14. jan. 1981, voru undirritaðir skipaðir í nefnd til að endurskoða ábúðar- og jarðalög með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga. Nefndin hefur haldið átta fundi um viðfangsefnið og aflað gagna, m. a. um jarðir í eigu launþegasamtaka, staðsetningu orlofshúsa verkalýðsfélaga innan ASÍ og fleiri félagssamtaka. Þá hefur nefndin nokkuð kynnst afstöðu sveitarstjórna til orlofsbyggða félagasamtaka. Samkomulag er í nefndinni um að gera tillögur um svofelldar breytingar á ábúðar- og jarðalögum." Síðan eru taldar upp þessar breytingar, sem koma fram í þeim frumvörpum sem hér er verið að fjalla um.

Það kom fram hjá formanni nefndarinnar, hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, að raunverulega var nefndinni ekki kunnugt um þetta samkomulag — og getur sjálfri sér um kennt auðvitað vegna þess að þetta mun hafa komið fram í ræðu hæstv. landbrh. þegar hann mælti fyrir þessum tveimur frumvörpum, en er því miður ekki getið í grg. frumvarpanna. Ég segi það þess vegna sem mína skoðun, að þegar ég frétti af þessu samkomulagi ríkisstj. við verkalýðshreyfinguna þótti mér algerlega ófært að ganga á svig við þær óskir sem höfðu komið fram frá verkalýðshreyfingunni um afgreiðslu á þessu máli. Af þeim sökum styð ég það meirihlutaálit, sem nú hefur komið fram frá landbn., og það., að frv. þessi tvö, sem hér eru til umr., um breytingu á jarðalögum og ábúðarlögum, nái fram að ganga óbreytt. Ég tel að annað sé ekki sómasamlegt vegna þessa samkomulags. Það getur hver séð sjálfan sig í því máli, að ríkisstj. gerir samkomulag við verkalýðshreyfingu, ef það samkomulag yrði síðan brotið á bak aftur hér í sölum Alþingis. Ég held að það væri hvorki

heiðarlegt né réttmætt á nokkurn hátt að standa þannig að málum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég var annar flm. að þeirri till. ásamt Magnúsi H. Magnússyni, að við 2. mgr. 2. gr. laganna bættist svohljóðandi ákvæði: „Jarðanefnd getur einnig undanþegið félög launþega og vinnuveitenda byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til útilífsafnota og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð."

Ég felldi mig mjög vel við þegar ég sá till. á þskj. 527 frá meiri hl. landbn., frá öllum landbn.-mönnum nema einum sem skilaði séráliti, og ég fæ á engan hátt skilið að það sé verið að ganga á gert samkomulag milli ríkisstj. og þeirra aðila launþega sem hér er fjallað um.

Í grg. fyrir frv. segir: „Í lögum nr. 64 frá 1976 er slakað til muna á hinum ströngu byggingarskylduákvæðum, þar sem jarðanefndum er heimilað að undanþiggja jarðareiganda byggingarskyldu á jörð sinni, ef hún er að mati nefndarinnar svo kostarýr til búskapar eða þannig í sveit sett að nefndin telur ekki fært að hafa búskap þar að aðalatvinnu."

Í 1. gr. þessa frv. segir: „Jarðanefnd getur einnig undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð, ef jörðin er vel fallin til útilífsafnota og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð." Ég get ekki skilið það, þó að þessi grein sé rýmkuð, að verið sé að ganga á þann samning sem áður hefur verið gerður. Ég get ekki séð annað en það sé meiri hl. landbn. sem hefur snúið við blaðinu, hafi látið hringla með sig, að það sé hægt að taka þessa þm. og hringla með þá eins og hvert annað leikfang. Ég get ekki skilið annað en þeir hafi verið búnir að leggja niður fyrir sér, hvað þeir teldu rétt að gera. En hvað kemur svo til? Það er bara kippt í spotta. Það eru þeir, sem eru að semja frumvörp, sem geta bara tekið í þm. og hrist þá til og sagt: Þetta skulu þið gera og annað ekki. — Og þetta láta þeir hafa sig til að gera, ákveðnir menn í nefndinni. Ég sé ekki að það sé eftir mikið ris á þessum hv. þm. Þeir eru eins og hvert annað leikfang sem menn geta leikið sér að. Skoðanir skipta engu máli. Þeir höfðu skoðun á þessu máli og settu hana á blað og báru hér fram till. eins og menn. En nú koma þeir fram hér hver á fætur öðrum eins og hverjir aðrir aumingjar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera stuttorður, enda er klukkan að verða 7.

Ég vil fyrst lýsa yfir stuðningi við málflutning síðasta hv. ræðumanns. Það er ekki með nokkrum hætti hægt að sjá að gengið sé á svig við þann samning, sem hér er verið að vitna til á milli ríkisstj. og launþegahreyfingarinnar, þótt þetta ákvæði nái til fleiri aðila en stéttarfélaganna. Það er alveg ljóst eftir sem áður, að það eru jarðanefndirnar sem hafa heimild — ég undirstrika: þær geta, þeim er ekki skylt, undanþegið o. s. frv., eins og stendur í 1. gr. frv.

Hér er verið að gegna samningi, sem gerður er án þess að Alþingi komi nærri, með þeim hætti að koma í veg fyrir að jarðanefndir geti látið jafnræði ná til allra landsmanna. Ég trúi því ekki fyrr en hæstv. landbrh. staðfestir það hér, að hann telji að með því að fella niður orðið stéttarfélag sé verið að ganga á svig við samninga við stéttarfélögin í landinu, þó að þetta ákvæði sé gert aðeins rýmra en gert er ráð fyrir í þessu frv. Það geta verið fullkomin rök fyrir því, að aðilar utan stéttarfélaga, ekki eingöngu vinnuveitendur heldur aðilar utan stéttarfélaga, vilji kom upp orlofsbúðum, orlofsheimilum eða nota jarðir til útilífs, e. t. v. húsmæður eða félög áhugamanna, jafnvel um náttúruskoðun o. s. frv. Ég trúi því ekki, að hæstv. landbrh. og hv. formanni landbn. Nd. gangi það til að koma í veg fyrir að slíkir aðilar geti átt þess kost, ef jarðanefnd samþykkir að þeir séu undanþegnir byggingarskyldu á jörð. Sá fyrirvari er í frv., að það þarf samþykki jarðanefndar. Þetta er aðeins heimildarákvæði og ég kann ákaflega illa við það, að menn komi hér í pontu á hinu háa Alþingi og beiti sér fyrir þessari mismunun þegnanna. Og að hlusta á hv. þm. Skúla Alexandersson, atvinnurekanda, koma hér í ræðustól og gera það með þeim hætti, sem hann gerði í sinni ræðu finnst mér vera Alþingi til stórskammar. Ég legg til að hæstv. ráðh. komi hér í ræðustól og staðfesti hvort það geti verið að honum hafi gengið þetta til eða hvort það er, sem ég held að sé öllu fremur, að hér sé um misskilning að ræða, hér sé um fljótfærni að ræða sem hafi verið gripið til vegna þess að menn hafi ekki hugsað málið ofan í kjölinn.

Ég hef þess vegna, herra forseti, leyft mér að skrifa hér á blað brtt. þess efnis að orðið „stéttarfélag" falli á brott úr 1. gr. laganna, og óska eftir að leitað verði afbrigða um þessa till. og atkv. látin ganga um það, hvort við erum hér saman komnir til þess að mismuna íbúum þessa lands. Og ég ítreka það enn og aftur, að samkv. orðanna hljóðan er það alveg greinilegt, að jarðanefndir sýslnanna hafa um þetta síðasta orðið. Til hvers á að gera mun á þeim, sem eru að byggja á vegum stéttarfélaga, og hinum, sem byggja á vegum annars konar félagasamtaka? Engin haldbær skýring hefur komið fram. Hér ræður ríkjum greinilega gífurleg íhaldssemi einstakra þm. sem koma hér upp og þykjast vera að tala fyrir hönd stéttarfélaganna í landinu. Á ég þá við hv. þm. Skúla Alexandersson sem virðist hafa slæma samvisku í þessu máli.

Ég vil þess vegna, herra forseti, fara þess á leit, að leitað verði afbrigða í þessu máli og Alþingi fái sjálft að taka ákvörðun um, hvernig það vill breyta lögum, án þess að þurfa að taka tillit til samninga einhverra manna úti í bæ.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 651) samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að hefja hér umr. um þessi mál, en ég hlýt, vegna stórra orða og misskilnings sem hefur komið fram hér hjá tveimur síðustu hv. ræðumönnum, að segja það, að það eru fleiri, sem standa að þessu samkomulagi, en Alþýðusambandið. Eins og kom fram í mínu máli voru í þessari nefnd búnaðarmálastjóri fyrir Búnaðarfélag Íslands og erindreki Stéttarsambands bænda, Árni Jónasson. Það leit út fyrir það lengst af, að nefndin næði alls ekki saman. Það þarf að taka tillit til fleiri aðila en aðeins Alþýðusambandsins í þessu efni. Það þarf líka að taka tillit til hinna aðilanna. Í ljós hefur komið, að ef þessar breytingar yrðu samþykktar mundu a. m. k. sumar sveitarstjórnir og sumar jarðanefndir bregðast allhart við í þessu máli. Ég held að það verði aldrei leyst úr

þessum málum með öðru móti en með samkomulagi. Ég leitaði eftir því í landbn. að setja inn í lögin bráðabirgðaákvæði um að endurskoða þessi mál með það fyrir augum að reyna að leysa vandamál þéttbýlisins. En mér er ljóst að ef á að þvinga þetta fram svona, þá hafa hreppsnefndirnar í hendi sinni að stöðva þessi mál. Er það æskilegt? Eigum við ekki að reyna að finna lausn á þessu máli? Er það ekki það sem menn eru að leita að? Það verður aldrei gert með því að þvinga þetta neinn veginn fram. Ég held að menn verði að athuga það.

Ég vil út af hinum stóru orðum hv. 1. þm. Vestf. áðan benda á að hann verður að athuga það, að það eru líka aðrir, sem þarf að taka tillit til í þessu máli, heldur en eingöngu þéttbýlisbúar, og ef ekki er tekið tillit til beggja aðilanna í þessu máli næst aldrei samkomulag. Ég held að landbn. öll sé þess sinnis, að það þurfi að finnast lausn á þessu máli, og við ræddum það mjög í nefndinni. En þeir, sem tala nú um að allir séu jafnir í þessu efni, það eigi ekki að taka tillit til samkomulags sem gert hafi verið úti í bæ, eru auðvitað ekki bundnir af því, það er alveg rétt. En við, sem stöndum að hæstv. ríkisstj., hljótum að reyna að standa við það sem launþegasamtökunum hefur verið heitið í þessu efni. Ef hv. þm. komast að þeirri niðurstöðu að það sé þá eins gott að þessi mál komist ekki fram, þá er það þeirra niðurstaða og á þeirra ábyrgð. Hins vegar mun ég vera tilbúinn að leggja mig fram til þess að finna laus á þessu máli, því að auðvitað þurfa þéttbýlisbúarnir að fá not af landinu með einhverjum hætti. En það fæst aldrei með lagaþvingun.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. sem hér fara fram. Það er rétt sem fram hefur komið, að í grg. þess frv., sem hér er á dagskrá, svo og fylgifrv. þess um breytingu á jarðalögum, er ekki nákvæmlega greint frá tilefni þess, að þessi frv. eru flutt. Það var hins vegar gert þegar ég mælti fyrir þessum frumvörpum, eins og fram hefur raunar komið að nokkru.

Ég gat þess þá, að það hefði verið nokkrum erfiðleikum bundið að ná samkomulagi um þá leið sem hér er lagt til að farin verði. Það tókst þó á milli þeirra aðila sem unnu að því að semja þetta frv., og ég lýsti því við 1. umr. þessa máls, að ég væri mjög ánægður yfir að það hefði tekist og þar með liti út fyrir að unnt yrði að verða við því fyrirheiti ríkisstj. sem hér hefur verið dregið fram.

Ég tel að í málum eins og þessum, sem ekki eru í sjálfu sér nein stórmál, en geta þó verið nokkuð viðkvæm, sé afar mikilvægt að lenda ekki í því að þurfa að efna til ófriðar. Ég óttast það, að ef frv. verður breytt svo sem hér er lagt til, þannig að valdsvið jarðanefnda í þessum efnum verði víkkað út svo að það verði mjög óskilgreint, þá muni spretta af því nokkur órói sem betra væri að vera laus við. Ég tel hins vegar að það gæti komið til greina og muni koma til greina alveg á næstunni að taka til nánari endurskoðunar byggingarskyldu á jörðum yfirleitt og þá um leið hverjir eigi að fara með það vald að ákveða hvort jarðir yfirleitt skuli undanþegnar byggingarskyldu. Ef að því væri horfið að gera frekari takmarkanir á landbúnaðarframleiðslu en þegar er orðið, þá kynni að þurfa að grípa til einhverra slíkra ráða. En um öll slík efni þyrfti að nást víðtækt samkomulag, og ég tel vafasamt að hrapa að því að lítt athuguðu máli. Það er um mjög viðkvæm mál að ræða, — mál sem snerta a. m. k. sum byggðarlög, þannig að það er ekki sama hvernig á er haldið.

Ég ætla ekki að skera úr í þessu máli á annan hátt en hér hefur komið fram, að ég styð frv. eins og það liggur fyrir óbreytt, eins og meiri hl. landbn. leggur nú til að það verði afgreitt. Sömu sögu er að segja varðandi það frv. sem hér fylgir á eftir, þ. e. frv. til l. um breytingu á jarðalögum á þskj. 380.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir þá ræðu sem hann flutti hér. Það er kannske til of mikils ætlast á þessu stigi málsins, við 3. umr., að menn hlaupi inn á betri tillögur þegar þeir telja sig hafa gert samning um annað. Mér er efst í huga í þessu máli að koma í veg fyrir að ójafnræði skapist hér í landinu á milli þeirra sem hugsanlega gætu nýtt sér jarðir með öðrum hætti heldur en að byggja þær, og ég harma að sjálfsögðu að þingheimur skuli ekki taka undir þau sjónarmið, af ástæðum sem hafa komið hér fram og byggjast á því, að gerður hafi verið samningur við aðila stéttarfélaganna, og það geti verið rök í málinu, að slíkur samningur komi í veg fyrir rétt annarra jafnframt. Slík frekja er náttúrlega yfirgengileg og er leitt til þess að vita, að menn komi hér í ræðustól og verji slíkt.

En hitt vil ég þakka hæstv. ráðh. fyrir og tel vera mjög gott framlag í þessa umr., að hæstv. ráðh. lýsti yfir að taka þyrfti til athugunar byggingarskylduna yfirleitt og þá auðvitað í sambandi við landbúnaðarframleiðsluna og framtíð þessa atvinnuvegar og með sérstöku tilliti til hagsmuna byggðarlaga sem eiga í hlut. Það eru sjónarmið sem ég vil taka undir, og ég lít svo til að hæstv. ráðh. hafi með þessari yfirlýsingu sinni sagt að hann muni beita sér fyrir því, að slík endurskoðun fari fram. Fyrir það sérstaklega vil ég þakka hæstv. landbrh. Eftir sem áður hlýt ég að standa á minni till., þar sem hún kemur í veg fyrir að ójafnræði hljótist af þessu frv. til lagabreytingar sem hér er verið að ræða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Í frv. er talað um að jörð sé vel fallin til útilífsafnota og í jarðalagafrv. er talað um almenn útilífsafnot. Mér virðist augljóst, að í stað orðsins „útilífsafnot" komi: útivist og í stað „almennra útilífsnota" komi: almennrar útivistar, og hef raunar löngun til að líta svo á, að þessar breytingar séu samþykktar ef enginn hreyfir andmælum. (**Gripið fram í:** Það var samkv. samningum.) Þetta er ekki merkingarmunur, alls enginn. Ég skoða þetta samþykkt ef enginn hreyfir athugasemdum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Jarðalög, frv. (þskj. 380, 411, 529). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef raunar engu við að bæta það sem fram hefur komið um þetta mál því að þetta mál er í tengslum við ábúðarlögin. Meiri hl. landbn. tekur brtt. sína til baka og leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var lagt fram.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um erindi mitt í stólinn að þessu sinni. Á sama hátt og með það frv. til ábúðarlaga, sem hér var til umr.

næst áður, höfum við hv. þm. Pétur Sigurðsson tekið upp till. landbn. um breytingu á frv. til jarðalaga sem er prentuð á þskj. 529. Ég þarf ekki að skýra till., hún skýrir sig sjálf og var reyndar lýst við 2. umr. þessa máls.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Á sama hátt og varðandi ábúðarlögin dreg ég til baka brtt. mína og hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar á þskj. 411, en styð brtt. minni hl. landbn. á þskj. 529.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 77. fundur.

Þriðjudaginn 20. apríl, kl. 2 miðdegis.

Mat á eignum Iscargo, fsp. (þskj. 499). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Ég hef á þskj. 499 leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. samgrh.:

„1. Hvers vegna greiddi fulltrúi samgrh. í stjórn Flugleiða hf. atkv. gegn því á stjórnarfundi félagsins hinn 11. mars s. l., að fram yrði látið fara mat óvilhallra manna á verðmæti þeirra eigna Iscargo hf. sem Arnarflug hf. hefur nú keypt?

2. Er samgrh. andvígur því, að slíkt mat fari fram?"

Herra forseti. Þetta mál hefur mjög borið á góma hér í sölum hins háa Alþingis og það ekki að ástæðulausu, enda sitt af hverju komið fram sem bendir til þess, að þau viðskipti, sem þarna áttu sér stað, hafi gerst með býsna sérstæðum hætti. Margoft hefur verið nefnt í þessum umr. að það kaupverð, sem þarna var greitt, hafi verið hátt og sumir segja óeðlilega hátt. Það hlýtur að teljast svo þegar haft er í huga að þessi kaup Arnarflugs á Iscargo voru til umr., án þess að margnefnd Electra-flugvél væri þar inni í kaupunum, gerði stjórn Iscargo Arnarflugi tilboð um sölu á eignum upp á 10 millj. kr. Arnarflug svaraði með því að bjóða 6 millj. Iscargo svaraði aftur með því að bjóða 9 millj. Þá urðu þeir Arnarflugsmenn sammála um að það væri hrein tímasóun að eyða frekari tíma í viðræður við þá Iscargomenn nema forsendur breyttust verulega. Þarna hlaupa þessar eignir, mínus þessi margumrædda flugvél, á bilinu 6—10 millj. Ég held að þetta varpi svolítið nýju ljósi á það sem hér er um að tefla, í ljósi þess sem talað hefur verið um að umrædd flugvél væri metin. En þegar það svo gerist að í stjórn Flugleiða, sem eiga 40% í Arnarflugi, kemur fram tillaga um að fram fari mat óvilhallra manna á þessum eignum, þá fær það mál þær lyktir, að það er samþykkt, en það er samþykkt gegn tillögu sérstaks fulltrúa samgrh. í stjórn Flugleiða. Þar sem fulltrúi samgrh. er jafnframt fulltrúi ríkisins og fulltrúi almennings í stjórn þessa fyrirtækis og á að gæta hagsmuna ríkisins, hagsmuna skattborgaranna, er þessi spurning hér fram borin, af hvaða ástæðum fulltrúi samgrh. í stjórn Flugleiða hafi lagst gegn því, að fram væri látið fara mat óvilhallra manna á þeim eignum sem hér var um að ræða. Í öðru lagi er spurt hvort hæstv. samgrh. sé andvígur því, að slíkt mat fari fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég hef haft samband við fulltrúa samgrn. í stjórn Flugleiða og spurt hann um ástæðu fyrir afstöðu hans til umræddra mála. Ég vil taka það fram, að hann hafði ekkert samráð við mig um það áður en málið kom þar til atkv.

Hann sagðist hafa verið þessu mótfallinn af eftirgreindum ástæðum: Í fyrsta lagi hefði sér verið ljóst að allar upplýsingar um þessi kaup væru auðveldlega og fúslega fáanlegar hjá stjórn Arnarflugs. Hann hefði kynnt sér það og það stæði ekkert á því, að þær yrðu þar allar lagðar fram. Hann sagðist hafa talið að fulltrúar Flugleiða í stjórn Arnarflugs væru einna færastir að meta slíkar eignir og ekki aðrir sem gætu gert það betur. Í öðru lagi sagðist hann leggja mjög mikla áherslu á að gott samstarf og samvinna gæti orðið á milli Arnarflugs og Flugleiða, eins og að hefur verið unnið undanfarna mánuði eða a. m. k. reynt, og talið að slík tillaga yrði fremur til að skapa tortryggni og gera erfiðari þá viðleitni sem var þá í gangi um slíkt samstarf á breiðum grundvelli. Hann sagðist sem sagt hafa talið samþykktina algerlega óþarfa og geta skaðað þá viðleitni til samstarfs sem í gangi var.

Í öðru lagi er spurt: Er samgrh. andvígur því, að slíkt mat fari fram? Að sjálfsögðu ekki. Ég hef ekki haft, eins og ég hef margsinnis sagt, nein afskipti af þessu og veit ekki gjörla um hvaða eignir þarna er að ræða. Vitanlega er ég ekki andvígur því. Því ræður hlutafélagið sjálft og hluthafar.

Hv. þm. nefndi einhverjar breytingar sem hefðu orðið á verðmætum frá því að Electra-vélin var ekki með og þar til síðar að Electra-vélin var með í tilboðinu. Mér var tjáð einhverju sinni að miklu fleira hafi átt að verða undan skilið, eins og lyftarar og eitthvað fleira. En eins og ég segi: Ég hef ekki eins glöggar upplýsingar um slíkt og hv. fyrirspyrjandi.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það gerist næsta oft í þessum málum að samgrh. segist ekki hafa sömu upplýsingar og alþm. Ég held að honum ætti að vera í lófa lagið að fylgjast nokkuð gjörla með þessum málum ef hann hefði á því áhuga.

Ég verð hins vegar að lýsa miklum vonbrigðum mínum með svar hæstv. ráðh. við þessu og það sem hann hefur eftir fulltrúa sínum í stjórn Flugleiða.

Í fyrsta lagi finnst mér merkilegt að fulltrúi samgrh. í stjórn Flugleiða skuli ekki hafa samráð við sinn ráðh. um afstöðu til meiri háttar mála sem stjórn fyrirtækisins tekur ákvarðanir um. Það finnst mér afar merkilegt. Satt best að segja hljóta þeir, sem eru fulltrúar ráðh. og ríkisins þar með í stjórnum slíkra fyrirtækja, auðvitað að þurfa að hafa samráð og samvinnu við sína yfirmenn í þeim efnum.

Í öðru lagi sagði ráðh. að ljóst hefði verið að allar upplýsingar um kaupin væru fáanlegar. Þetta dreg ég stórlega í efa. Allar upplýsingar um þessi kaup hafa hvergi nærri komið fram. Á það hefur margsinnis verið bent.

Þá sagði ráðh., og hafði eftir fulltrúa sínum í stjórn Flugleiða, að fulltrúar Flugleiða væru mjög færir um að meta þessi verðmæti. Þar þykir mér aldeilis stangast á vegna þess að fulltrúar Flugleiða í stjórn Arnarflugs vildu ekki samþykkja þessi kaup og stjórn Flugleiða óskaði eftir mati hlutlausra aðila á verðmæti þessara eigna, en stjórn Arnarflugs felldi að láta slíkt mat fara fram þó svo fulltrúar Flugleiða í stjórn Arnarflugs vildu láta þetta mat fara fram. Ég fæ því ekki séð að þessi svör séu rétt. Ég verð því miður að segja það hér.

Hæstv. samgrh. segir, og hefur það eftir fulltrúa sínum, að fulltrúar Flugleiða séu manna færastir til að meta þetta. Það var ekki farið að þeirra vilja. Tillaga stjórnar Flugleiða var felld. Meiri hl. stjórnar Arnarflugs neitaði að verða við þeim tilmælum að láta fara fram mat á þessum eignum.

Þau eru býsna mörg klúðursmálin sem upp hafa komið núna að undanförnu og hæstv. ráðherrar Framsfl. hafa í töluverðum mæli haft afskipti af. Ég held að það væri öllum fyrir bestu að þessi mál væru hreinsuð og það kæmi fram í dagsljósið sem einhverra hluta vegna virðist ekki þola skímu dagsins.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í beinu framhaldi af fsp. hv. 5. þm. Vesturl., Eiðs Guðnasonar, má e. t. v. rifja upp að í umr. um þetta mál, þ. e. um kaup Arnarflugs hf. á eignum Iscargo hf., hefur mjög verið blandað saman annars vegar þessum viðskiptum og hins vegar veitingu samgrn. á flugleyfum til Amsterdam, sem fram fór sama dag og þessi viðskipti áttu sér stað eða örfáum dögum síðar. Það er að vonum að menn spyrjist fyrir um hvort verið geti að þessum viðskiptum hafi verið komið á fyrir tilstuðlan opinberra aðila með veitingu flugleyfa, hvort veiting flugleyfa, sem er á opinberri hendi, hafi verið notuð til að koma þessum viðskiptum á. Það er auðvitað kjarni málsins í sambandi við opinbert mat á þeim eignum, eins og hér er spurt um.

En það sem meira er: Mér er nær að ætla að margir aðilar að þessu máli hafi staðið í þeirri trú, að flugleyfaveitingar opnberra aðila væru háðar takmörkunum, m. ö. o. að ekki væri um það að ræða að samgrn. gæti veitt Arnarflugi slíkt leyfi nema að því tilskildu að Iscargo hf. skilaði sínum leyfum inn. Ég vil leggja á það áherslu, að þetta hefur aldrei verið sagt berum orðum, en þetta hefur engu að síður legið í loftinu í þeim málflutningi sem hafður hefur verið um þessi efni. Nú er þetta ekki svo. Milli Íslands og Hollands gildir samningur við erlend ríki nr. 228, þar sem slíkar leyfaveitingar eru galopnar. Þó svo Iscargo hefði enn þessi leyfi að forminu til, sem það var þó hætt að nota og guð og menn vissu að það mundi ekki nota um ófyrirsjáanlega framtíð, hefði samgrn. getað veitt Arnarflugi þessi leyfi viku eða mánuði eða hálfu ári eða ári áður en það gerði það. Þess vegna vil ég bera í framhaldi af spurningu hv. þm. Eiðs Guðnasonar *ofureinfalda spurningu fyrir hæstv. samgrh.* og hún er þessi: Hvers vegna var Arnarflugi hf. veitt þetta flugrekstrarleyfi rétt eftir að viðskiptasamningar milli Arnarflugs og Iscargo höfðu átt sér stað?

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hér ber allt að sama brunni. Það fást engin svör fremur en fyrri daginn. Hv. síðasti ræðumaður bar hér upp spurningu sem ég bar einnig fram til hæstv. samgrh. í umr. sem fóru fram í fyrri viku *um flugmálastefnu, þar sem ég spurði hann sérstaklega eftir því*, hvers vegna Iscargo hefði þurft að skila inn flugleyfum svo að Arnarflug gæti fengið þau. Þetta var alls ekki nauðsynlegt, eins og mönnum er ljóst ef þeir kynna sér tvíhliða loftferðasamninga sem Íslendingar og Hollendingar hafa gert.

Það er alveg fullljóst, að mjög brýna nauðsyn ber til þess að hæstv. fjmrh. geri nú gangskör að því að skila inn skýrslu um mat á eignum Iscargo, eins og farið hefur verið fram á og hið háa Alþingi hefur samþykkt. Það verður að koma skýrt fram í þessu máli, að hluti af eignum Iscargo hefur að öllum líkindum verið seldur fyrir 10—12 millj. kr. meira en efni stóðu til. Alþingi á heimtingu á að þetta mál verði upplýst.

Þá verð ég að láta í ljós nokkra furðu á orðum hæstv. samgrh., þar sem hann vitnar til sérstaks fulltrúa síns í stjórn Flugleiða þar sem hann hafi lagt áherslu á gott samstarf Arnarflugs og Flugleiða. Þá þykir mér að hæstv. samgrh. og fulltrúi hans hafi misjafnar skoðanir á málinu. Ef fulltrúi hans vill stefna að góðu samstarfi er stefna hæstv. samgrh. í einhverja aðra átt.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þetta lengra, en ég held að það sé öllum orðið ljóst að þetta mál er þannig í pottinn búið að þeir aðilar, sem að því hafa staðið, hafa ekki hreint mjöl í pokanum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði. Frjálst er að veita út af fyrir sig eins mörg leyfi til flugs á Holland og yfirvöldum sýnist, það er opið, og reyndar má segja það um Þýskaland að nokkru leyti líka, þó að þar séu heldur strangari ákvæði. Það var, eins og ég er margbúinn að segja, í nóv. í fyrra, það mun hafa verið dags. 11. nóv., það bréf sem ég skrifaði forráðamönnum Arnarflugs, eftir að flugráð hafði fjallað um málið, og tjáði þeim að þeim yrðu veitt leyfi á Þýskaland og Zürich. Þeir nefndu þá á Amsterdam einnig og þeim var sagt að það kæmi vel til greina. Áður en unnt var að ganga frá þeim málum var nauðsynlegt að eiga viðræður við yfirvöld bæði í Sviss og Þýskalandi alveg sérstaklega, og ég hef áður rakið hér ítarlega hvenær þær umræður fóru fram og hvernig þær fóru fram. Ég hef rakið þátt flugmálastjóra í því. Hann fór út og ræddi við þessi yfirvöld. Það var ekki fyrr en þessu var öllu lokið, m. a. eftir að forstjóri Arnarflugs hafði farið til Þýskalands til að ganga frá fargjaldahugmyndum og þess háttar í samræmi við þær reglur sem þar gilda, að unnt var að veita endanlegt leyfi. En Arnarflug hafði vilyrði fyrir leyfinu löngu áður en umrædd kaup komu til, og endanlegt leyfi fékk það reyndar áður en endanlega var gengið frá kaupunum, þannig að ef það hefði haft áhrif hefði það vitanlega getað hætt við kaupin þess vegna. Búið var að ganga frá leyfunum áður en frá kaupum var gengið.

Hv. þm. Árni Gunnarsson segir að það sé eitthvað óhreint í pokahorninu. Ég mótmæli því. Ef einhver ólykt *er af þessu máli stafar hún af honum en ekki af öðrum.* Ég vil leyfa mér að segja það því að það er hv. þm. sem hér þyrlar upp moldryki dag eftir dag. Þarna er um viðskipti tveggja sjálfstæðra aðila að ræða, og ég hef, eins

og ég hef margsinnis sagt, ekki talið mér skylt eða heimilt að krefja þá í smáatriðum um upplýsingar um það sem þar er að gerast. Það geta vitanlega hluthafar þessara félaga. Þeir hljóta að gæta sinna hagsmuna. Og ég veit ekki betur en fulltrúar Flugleiða hafi krafist upplýsinga og ég veit ekki betur en það, sem mér var sagt í morgun, að ekkert stæði á þeim upplýsingum. Annars hefur mér heyrst hv. þm. hafa þær upplýsingar svo að segja allar, meira að segja það sem mér hefur verið tjáð að væri trúnaðarmál innan félagsins og hann las hér upp í umr. og — eins og kom greinilega fram í því sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði um það mál — þá var talið trúnaðarmál og ég hef ekki fengið aðgang að. Ég vil spyrja hv. þm.: Hver afhenti honum þessar upplýsingar? Mér leikur forvitni á að vita það. Mundi hann vilja svara þeirri spurningu frá mér?

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal vera örstuttorður. Ástæðan fyrir því, að ég kem hér upp í ræðustól, er sú, að hér er til umr. efni sem varð upphaf þeirra miklu deilna sem hafa orðið um stefnuleysi hæstv. ríkisstj. í flugmálum. Vegna þess að hæstv. flugmálaráðh. var ekki viðstaddur alla umræðuna, sem fór fram hér um daginn um flugmálastefnu, vil ég gjarnan, þar sem það snertir þetta mál mjög náið, spyrja hann aftur spurningar sem hann var spurður um þar, en hafði ekki tækifæri til að svara vegna þess að hann var fjarstaddur. Hún var á þá leið, hvenær búast mætti við að hæstv. ráðh. legði fram stefnu sína í flugmálum í formi þáltill., eins og hann berlega gaf í skyn í umr. sem hér urðu utan dagskrár fyrr í vetur þegar hann sagðist geta þegar honum sýndist og þegar hann teldi henta — og nefndi þá morgundaginn sérstaklega í því, jafnvel á morgun sagði hann — lagt fram slíka stefnu og taldi afar heppilegt að slíkt gerðist. Ég spyr hvort búast megi við að á næstu dögum renni þessi morgundagur upp hjá hæstv. ráðh. og hvort megi búast við að íslenska þjóðin fái að kynnast því, hver sé stefna hæstv. ríkisstj. í flugmálum. Þetta mál er nátengt því að miklu veldur upphafið í þessu máli eins og öðrum. Flugrekstrarleyfi Iscargo til Amsterdam var upphafið að því að horfið var frá þeirri flugmálastefnu sem mörkuð var 1973 af þáv ráðh. Halldóri E. Sigurðssyni m. a., flokksbróður hæstv. samgrh.

Það má vel vera, herra forseti, að þetta sé ekki beinlínis það sem snýr að því máli sem hér er til umr., þessari fsp. En af því að mér þykir eðlilegt, að þessi mál séu tengd henni, og vil gefa hæstv. ráðh. tækifæri til að svara spurningu sem hann ekki gat gert um daginn vegna fjarveru sinnar, þá hef ég leyft mér að blanda þessu máli inn í þessa umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af furðulegum málflutningi, vægast sagt, hæstv. flugmálaráðh. eða samgrh., sem kemur hér upp hvað eftir annað og lýsir yfir að einhverjir séu að þyrla upp moldviðri. Hvaða moldviðri er það ef menn gera athugasemdir við kaup af þeim toga sem hér er um rætt? Er það moldviðri þegar menn gera athugasemdir við togarakaup sem þeim þykja leyfaveitingar skrýtnar í kringum? Er það moldviðri allt saman, eða t. d. embættaveitingar og annað slíkt? Nei, ég held að staðreyndin í þessu máli sé sú, að hæstv. samgrh. er kominn í fullkomin rökþrot. Hann hefur engin svör af nokkru tagi — ekki nokkur. Og hann lýsir því svo yfir hér galvaskur, að Arnarflugsmenn séu tilbúnir að veita allar upplýsingar og hafi alltaf verið, og spyr mig svo hvaðan ég hafi mínar upplýsingar. Þetta er undarlegur málflutningur, svo að ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Ég las hér á dögunum smásetningu úr viðtali við hæstv. samgrh. í hans eigin blaði, Tímanum, sem segir meira en langar ræður um stefnuleysi hans í þessum málum. Ég ætla, með leyfi forseta, að fá að lesa þessa setningu enn einu sinni. Þar segir í fyrirsögn, haft eftir ráðh.: „Vill marka þá stefnu að hér séu tvö áætlunarflugfélög.“ Svo segir ráðh., með leyfi forseta, hvað gerðist þegar hann hafði kallað tiltekna menn á sinn fund: „Ég sagði þeim að ég teldi eðlilegt og að ég mundi ræða um það við flugfélögin, að ef Arnarflug fengi flugleyfi á Amsterdam, eftir að Iscargo hefði skilað inn flugleyfinu, þá væri eðlilegt að Flugleiðir flygju ekki á Amsterdam og Düsseldorf, gegn því þá að Arnarflug flygi ekki leiguflug á Kaupmannahöfn og London,“ sagði samgrh.

Ég held að það þurfi ekki að segja miklu meira í þessu máli. Ráðh. hefur rætt um þessar flugleyfaveitingar og þær virðast hafa komið að býsna góðum notum til að koma þeim kaupum í kring sem hér eru til umr.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hér er verið að spyrja um afstöðu annars af fulltrúum ríkisins í stjórn Flugleiða og afstöðu þess ráðh., sem hann valdi, til þeirrar afstöðu sem fulltrúinn hafði í stjórninni. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi skýrt fram í kjölfar þeirra yfirlýsinga, sem hér hafa verið gefnar, m. a. af hæstv. ráðh., að þegar Alþingi tekur þá ákvörðun, eins og tekin var með lagasetningu fyrir nokkrum misserum, að þjóðin, íslenska ríkið fyrir hönd hennar, gerðist veigamikill hluthafi í einu stærsta fyrirtækis landsins, og Alþingi felur síðan ráðherrum umboð til að velja fulltrúa þjóðarinnar, ríkisins í þessa stjórn, þá geti enginn ráðh. skotið sér undan ábyrgð á afstöðu þeirra einstaklinga sem hann velur í þessa stjórn eða valdir eru í stjórnir annarra opinberra fyrirtækja, á sama hátt og Alþingi getur ekki skotið sér undan ábyrgð á þeim einstaklingum sem Alþingi velur til þess að gegna trúnaðarstörfum fyrir Alþingi og kosnir eru í formlegum kosningum hér á Alþingi. Sama reglan gildir að mínum dómi bæði í þessu tilviki og öðrum þegar ráðherrar hafa það vald að velja slíka fulltrúa þjóðarinnar. Þá fara fulltrúarnir með vald þjóðarinnar og ráðh. í viðkomandi stjórn Þeir, sem ábyrgir eru fyrir afstöðu þeirra, eru fyrst ráðh. og síðan þeir sem valið hafa ráðh. Það er alveg nauðsynlegt í umr. um þetta mál og um önnur mál þessu skyld eða sem tengjast öðrum fyrirtækjum, að mönnum sé ljós þessi grundvallarregla íslenska stjórnkerfisins.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af svörum hæstv. samgrh. áðan held ég að fullyrða megi að af einhverjum ástæðum stóðu hinir ungu og vösku stjórnendur og rekendur fyrirtækisins Arnarflugs í þeirri meiningu, að það flugleyfi, sem hér um ræðir og Iscargo hafði á Amsterdam, yrði ekki þeim veitt nema Iscargo skilaði því inn. Þetta kom glögglega í ljós í frásögn Morgunblaðsins af blaðamannafundi sem þeir efndu til til að útskýra sín mál. Það er engin furða að mennirnir hafi staðið í þessari meiningu.

Í Sþ. fór fram 11. mars s. l. umr. utan dagskrár um þessi efni í niðurlagi svarræðu sinnar segir þá hæstv. samgrh., Steingrímur Hermannsson, með leyfi forseta:

„Ég fékk í morgun bréf frá Iscargo, þar sem það afsalar sér flugleyfi á Amsterdam. Ég fékk líka bréf frá Arnarflugi, þar sem það sækir um það.“ um það hvað? Um flugleyfið væntanlega í þessum efnum.

Ég verð að segja það alveg eins og er, að hæstv. samgrh. er orðinn þekktur að því að hafa látið plata sig í skuttogarakaupum og kaupum og sölum á fiskiskipum vítt og breitt. Það er skorið af þeim að framan, og komið er í ljós að þeir eiga ekki úreltu skipin. En þarna held ég að verði að segja ráðh. til hróss, ef menn vilja hafa það svo, að í þessu hefur hann platað. Þarna er það ekki að ráðh. hafi verið plataður. Þarna er það hann sem hefur platað rekstraraðila Arnarflugs. Það er glöggt að þeir stóðu í þeirri meiningu, það er glöggt af viðtölum sem við þá eru höfð, að þeir fengju ekki þetta flugleyfi nema Iscargo skilaði sínu leyfi inn. Það er alveg ljóst af fréttafrásögn í Morgunblaðinu að þeir töldu að Iscargo mundi ekki skila leyfinu inn nema það yrði keypt upp. Þetta segir ráðh. hér á þinginu. Hann segir um stjórnendur Iscargo að þeir hafi í morgun afsalað sér flugleyfi frá Amsterdam og hann hafi fengið bréf frá Arnarflugi þar sem Arnarflug sækir um flugleyfið. Þegar því er bætt við, að ráðh. hafði enga skyldu til að veita þetta daginn eftir að viðskiptin höfðu átt sér stað — hann gat veitt þau löngu fyrr, þá sýnist mér nokkuð augljóst hvað hefur gerst í þessum efnum.

Ég ítreka og kalla eftir skýrari svörum frá ráðh.: Af hverju fóru þessi viðskipti fram eftir að kaupin milli Iscargo og Arnarflugs höfðu átt sér stað? Fyrri svör hæstv. ráðh. hér í umr. eru engan veginn fullnægjandi og komi ekki frekari svör frá ráðh. verð ég að segja að hann hefur sjálfur lýst því í blaðaviðtölum, að hann hafi verið plataður, en þarna var hann ekki plataður. Þarna var hann aðilinn sem plataði. Fyrir hönd Arnarflugs og þeirra manna sviður mér að þeir skuli hafa lent í þessum ósköpum.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ef ég má í örstuttu máli svara hv. þm. Friðrik Sophussyni, þá get ég reyndar vísað í það sem hv. þm. Árni Gunnarsson las upp áðan um þá stefnu sem ég vil marka í þeim málum. Ég sagði í þeirri umr. sem hv. þm. Friðrik Sophusson vísar til, að ég gæti lagt fram upplýsingar um þá stefnu sem ég vil hafa í flugmálum, en ég sagði jafnframt að ég teldi miklu æskilegra að reyna að ná samkomulagi við flugfélögin um það fyrirkomulag sem ætti að gilda. Að því hefur verið unnið, eins og ég hef margsinnis lýst. Ég hef aldrei lýst yfir að ég mundi leggja fram till. til þál. um flugmálastefnu. Í framhaldi af þeirri ákvörðun Alþingis, sem Alþingi tók a. m. k. óbeint í gegnum nál. fyrir tveimur árum, var ákveðið að hér gætu eða skyldu starfa tvö flugfélög í alþjóðlegu flugi. Að athuguðu því máli og þeim starfsgrundvelli, sem þarf að vera til að slík flugfélög gætu starfað, tel ég skiptingu á áætlunarleiðum, eins og nú er stefnt að, þ. e. að Flugleiðir haldi öllum meginleiðum, öllum mikilvægustu áætlunarleiðum, en Arnarflug fái að fljúga á Amsterdam, Düsseldorf og Zürich og skipta að nokkru leyti, mjög takmörkuðu leyti, leiguflugleiðum, eins og reyndar hefur verið gert að töluverðu leyti undanfarin ár, sé lagður grundvöllur að skynsamlegri stefnu í þessum málum sem bæði flugfélögin geti búið við. Að þessu hefur verið unnið ásamt ýmsu öðru samkomulagi með flugfélögum, t. d. um viðhald og um nýtingu á flugfélögum. Um þetta hefur allt verið rætt á þeim fundum sem fram hafa farið. Um þetta gæti ég lagt fram till. til þál. ef ég kysi. Ég sé þó ekki ástæðu til þess.

Ég vil síðan, út af því sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði, taka fram að ég hefði ekki talið skynsamlegt að þrjú íslensk flugfélög flygju til Amsterdam. Þess vegna hikaði ég við að veita Amsterdamleyfið á meðan tvö flugfélög höfðu leyfi til slíks flugs. Hins vegar, eins og ég sagði einnig áður, hét ég Arnarflugsmönnum því, að þeir fengju leyfi til að fljúga til Þýskalands og Zürich. Í því sambandi verða menn að minnast þess, að þeir sóttu um leyfi til að fljúga til Frankfurt, sem reyndar fékk nokkurn stuðning í flugráði. En eftir viðræður við Flugleiðir, sem lögðu mikla áherslu á að Arnarflug flygi ekki til Frankfurt, ákvað ég að verða við þeim tilmælum Flugleiða að veita því ekki leyfi til Frankfurt. Þarna er sem sagt verið að leita samkomulags um grundvöll sem Arnarflug gæti byggt á, og að því er reyndar enn verið að vinna og vona ég að það verði leitt til lykta mjög fljótlega.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Örstutt um hvað hæstv. flugmálaráðherra hefur sagt orðrétt og hvers vegna spurt var hér fyrst. Hann segir, með leyfi forseta:

„Ég vildi gjarnan leggja hér fram þáltill. um stefnuna í flugmálum. Ég gæti gert það á morgun. Ég er búinn að lýsa henni hvað eftir annað í ræðu.“

Þetta er í dálki 3034 í Alþingistíðindum frá því í vetur. „Ég vildi gjarnan leggja hér fram þáltill. um stefnuna í flugmálum.“ Áðan sagði hæstv. ráðh.: Ég gæti ef ég vildi, en ég sé ekki ástæðu til þess.

Það getur vel verið að ég sé ekki mjög vel að mér í íslensku máli, en ég get ekki skilið þetta öðruvísi en svo, að hæstv. ráðh. hafi sagt að hann vildi gjarnan — það er hægt að skilja það eftir orðanna hljóðan — leggja fram stefnuna í flugmálum í þáltill. Eftir því var beðið. Hún sá ekki dagsins ljós. En nú segir hæstv. ráðh.: Ég gæti ef ég vildi, en ég sé ekki ástæðu til.

Fleira var það ekki, forseti.

Fyrirspyrjandi (Eiður Guðnason): Herra forseti. Áður en þessari umr. lýkur vildi ég fá að undirstrika það með örfáum orðum, að þau svör, sem hæstv. samgrh. gaf hér áðan við fsp. minni, voru engin svör. Ég spurði hvers vegna fulltrúi samgrh. í stjórn Flugleiða hefði greitt atkv. gegn því að umrætt mat yrði látið fram fara. Við því komu engin svör. Það er auðvitað alveg ljóst, eins og hér hefur komið mjög skýrt fram, að ráðh. getur ekki með neinum hætti skotið sér undan ábyrgð á þessu.

Hins vegar hefur verið talað um að það sé fnykur af þessu máli. Ég held að það sé miklu meira. Það lyktar langar leiðir. Það er því miður ekki eina málið, sem ráðherrar Framsfl. hafa haft afskipti af að undanförnu, sem lyktar langar leiðir.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég vil andmæla því, að engin svör hafi komið. Ég nefndi tvær ástæður og ég virðist þurfa að endurtaka þær. Hann greiddi atkv. gegn því, að krafist yrði rannsókna á þessu máli eða mats. Ég greindi frá því, að hann taldi það geta spillt fyrir þeirri viðleitni, sem var og er, má segja, enn þá í gangi, að ná samstarfi milli þessara flugfélaga, og í öðru lagi, að það væri óþarft því að allar slíkar upplýsingar lægju fyrir fyrir hluthafa í Arnarflugi. Svo er það háttvirts þingmanns að meta hvort þetta eru fullnægjandi ástæð-

ur, en þetta eru tvímælalaust svör.

Ég vil taka það fram út af því, sem hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan, að ég er honum sammála. Vitanlega er ég ábyrgður fyrir því sem fulltrúi minn gerir. Ég hef ekki aths. við þetta að gera. Ég tel, að þetta hafi verið á rökum reist, og svörin, sem hann hafi gefið, eru mér a. m. k. fullnægjandi.

Segja má að fleiri hafi ekki svarað hér spurningum. Hv. þm. Árni Gunnarsson hefur ekki svarað spurningu minni. Ég hef aldrei sagt að upplýsingarnar væru öllum frjálsar, en ég hef sagt að þær væru hluthöfum a. m. k. frjálsar og lægju á lausu. Það hefur mér verið tjáð. Ég er hins vegar ekki hluthafi í Arnarflugi og því síður í stjórn félagsins og ég hef ekki fengið aðgang að þessum upplýsingum. Þess vegna var mér forvitni á að fá að vita hvar hann hafi fengið svo ítarlegar upplýsingar sem hann rakti um daginn þegar málið var til umr.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég tek undir það, að hæstv. samgrh. hefur engin svör veitt í þessu máli. Hann segir að ég hafi ekki svarað spurningu sem hann bar fram. Ég vil segja við hann: Þær upplýsingar, sem ég fékk, voru fullkomlega lögmætar, fengnar eftir lögmætum leiðum, en hæstv. ráðh. kemur nákvæmlega ekkert við hvaðan og hvernig ég fékk þær.

Þá vil ég líka, vegna þess að hæstv. samgrh. hefur engu svarað í þessu máli, beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh., af því að hann er hingað kominn, hvað líði því mati á eignum Iscargo sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi að færi fram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, 11. þm. Reykv., sagði réttilega áðan að hæstv. samgrh. bæri að sjálfsögðu ábyrgð sem ráðh. á þeim fulltrúa sem hann skipar í stjórn Flugleiða. Það hefur verið mikill misbrestur á því í íslensku stjórnkerfi, að ráðherrar og aðrir valdsmenn, sem fara með almannavald, séu reiðubúnir að taka ábyrgð á sínum gerðum eða mistökum. Það fannst t. d. enginn sem vildi gangast við því að hafa verið ábyrgður fyrir fjárhagslegu mistökunum sem voru unnin við Kröflu. Með sama hætti segist nú hæstv. samgrh. ekki vera ábyrgður fyrir þeirri afstöðu sem fulltrúi, sem hann skipar, tekur í stjórn Flugleiða.

Ég tel að það sé mjög alvarlegt af hæstv. ráðh., eftir þær umr. sem fram hafa farið hér um þessi Arnarflugsmál, áður en umrædd till. um mat á eignum Arnarflugs kom til umr. í stjórn Flugleiða, að beita sér ekki fyrir því sjálfur að hafa að eigin frumkvæði samráð við þann fulltrúa, sem hann skipar í stjórn Flugleiða, um hvernig hann eigi að greiða atkv. Ég lít svo á, eftir yfirlýsingu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að þetta hafi fjmrh. gert, sem einnig skipar fulltrúa í stjórn Flugleiða. Ég veit ekki betur en fulltrúinn, sem hæstv. fjmrh. skipaði í stjórn Flugleiða, hafi greitt atkv. með því, að þetta mat yrði látið fara fram. Ég vil túlka það mál þannig, að hann hafi haft samráð við hæstv. fjmrh. um afstöðu sína, eins og honum bar skylda til að gera og eins og hæstv. fjmrh. bar einnig siðferðileg skylda til að hafa frumkvæði um eftir þær umr. og þá gagnrýni sem fram hafði komið á Alþingi um þetta mál. Ég vil því ítreka þá fsp. til hæstv. fjmrh., sem hér hefur komið fram, hvort hann muni ekki verða við beiðni um þá skýrslugjöf um þetta mál sem Alþingi hefur samþykkt að beina til hans.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Út af fsp. hv. þm. Árna Gunnarssonar, 6. þm. Norðurl. e., vil ég fyrst nefna það, að ég tel ekki að Alþingi hafi samþykkt að mat færi fram á eignum Iscargo, eins og hann orðaði nú, kannske í fljótfærni. Hins vegar hefur verið beint þeim tilmælum til fjmrh., að hann láti fara fram mat af þessu tagi. Ég get þá upplýst að eftir að þessi tilmæli voru borin fram ritaði fjmrn. stjórn Flugleiða og óskaði eftir að stjórn Flugleiða, sem er fyrirtæki sem á aðild að Arnarflugi, beitti sér fyrir því sem hluthafi í því fyrirtæki, að þessara upplýsinga yrði aflað. Þetta hefur síðan gengið rétta boðleið og stjórn Flugleiða hefur samþykkt að fara fram á þessar upplýsingar og að þeim verði sem hluthafa veittar þær. En ég hef ekki fengið svör til baka og get því ekki veitt neinar frekari upplýsingar í málinu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram í þessu sambandi, að nú liggur fyrir að hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir við stjórn Flugleiða að hún beiti sér fyrir því, að fram geti farið það mat sem fulltrúi samgrh. í sömu stjórn greiddi atkv. gegn að fram færi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Það fer ekki hjá því að þessar umr. leiði í ljós enn betur en áður hve óhöndulega og klaufalega, svo sterkari orð séu ekki höfð, hæstv. samgrh. hefur farið að í sambandi við þau flugmál sem hér eru til umr., og er það því miður í ætt við meðferð hans á Steindórsmálinu svokallaða og skipakaupamálum.

Ég kveð mér hljóðs af því að hæstv. samgrh. hefur æ ofan í æ í umr. um þetta mál látið að því liggja, að Alþingi hafi ákveðið, að hér skuli starfa tvö flugfélög, og þess vegna væri honum skylt að veita þeim báðum áætlunarleyfi. Alþingi ákvað, þegar til umr. og ákvörðunar var hvort styrkja ætti Flugleiðir til að halda uppi ferðum á Norður-Atlantshafsleiðinni, að setja Flugleiðum þá skilmála að þær seldu meirihlutaeign sína í Arnarflugi, þrátt fyrir fyrri afskipti stjórnvalda af því máli sem knúðu Flugleiðir til að kaupa meiri hluta í Arnarflugi þegar það var illa sett. En meiri hl. þm. féllst á þetta, hygg ég, vegna þess að stjórnvöld, hæstv. samgrh., raunverulega sögðu það skilyrði fyrir því að samþykkja styrk til Flugleiða til að halda áfram á Norður-Atlantshafsleiðinni, að þessum skilmálum yrði fullnægt, að Flugleiðir seldu meiri hl. í Arnarflugi.

Nú skal ég láta liggja á milli hluta hvort stefna hæstv. flugmálaráðh. er rétt, að tvö flugfélög skuli hér starfa, annað stórt og hitt lítið, en hvort tveggja með leyfi á áætlunarleiðum. Það er ekki tími til að fara nánar út í það mál, þó að vakin sé athygli á að það er öndvert að styrkja eitt flugfélag með peningum skattborgaranna úr ríkissjóði og hins vegar að gera því illmögulegt að stunda sinn rekstur þannig að ekki sé þörf slíks styrks til langframa. En hvað sem segja má um þetta er það algjörlega út í hött, þegar Alþingi hefur gengið frá styrk til Flugleiða til að halda uppi flugleiðinni um Norður-Atlantshaf og jafnvel þótt hæstv. samgrh. telji að í þeirri ákvörðun hafi falist að Arnarflug ætti að fá flugleyfi á áætlunarleiðum, að fara þá að veita þriðja flugfélaginu, Iscargo, áætlunarleyfi til Amsterdam, en ganga á því stigi fram hjá Arnarflugi.

Nú hefur verið upplýst að Arnarflug hafði rekstrarmöguleika og ágæta rekstrarafkomu áður en það fékk

áætlunarleyfi, og er það vel, enda eru þar duglegir og framtakssamir menn við stýri. En hitt var algjörlega út í hött: að veita Iscargo, sem öll ástæða var til að ætla að stæði á barmi gjaldþrots, leyfi til að fljúga til Amsterdam þegar svo var ástatt um fjárhagslega afkomu félagsins sem raun bar vitni og þegar svo var ástatt að það félag þurfti að fá erlendar flugvélar til að reka þetta áætlunarflug. Það fer ekki hjá því, að menn fari að ætla að þetta hafi allt verið liður í þeirri ráðagerð hæstv. samgrh. að bjarga Iscargo frá gjaldþroti og plata Arnarflug, eins og hér hefur verið bent á.

Umræður utan dagskrár.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka fyrir að fá tækifæri til að fjalla aðeins um þingsköp að *gefnu tilefni*.

Eins og öllum hv. alþm. er kunnugt líður senn að því, að þinglausnir fari fram, og heyrst hefur úr stjórnarherbúðunum að þess sé vænst, að hægt sé að ljúka störfum Alþingis fyrir mánaðamót jafnvel eða í síðasta lagi fyrstu dagana í maí. Samt sem áður hefur hvert stórmálið af öðru komið hér inn á Alþingi, og þess er vænst af hálfu stjórnarliðsins, að þessi mál séu öll afgreidd á tiltölulega skömmum tíma. Því hefur vakið furðu mína eitt mál sem ekki hefur fengist svar við og tilheyrir fsp., en eins og hv. alþm. þekkja segir í 32. gr. laga um þingsköp Alþingis, með leyfi forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars, " — það er átt við svar við fsp. frá alþm., — „sendir ráðh. forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð. Forseti sendir fyrirspyrjanda svarið. Skal prenta fsp. og svar í Alþingistíðindum."

Meginreglan er sem sagt sú, að tiltölulega skammur tími á að líða frá því að fsp. kemur fram og þar til henni er svarað í þeim búningi sem lögin leggja til.

Ég leyfði mér að leggja fram mjög litla og saklausa fsp. til hæstv. iðnrh. og óskaði skriflegs svars hinn 10. des. s. l. eða fyrir meira en fimm mánuðum, og enn hefur svar ekki borist. Ég hafði fyrir mánuði samband við forseta Sþ. og bað um að fá að ræða málið í næsta fsp.-tíma, en það var ekki hægt vegna fjarveru hæstv. ráðh. Fyrir páska hafði ég samband við hæstv. ráðh. og sagði honum að ég mundi óska eftir af fá að ræða um þingsköp Alþingis ef svar kæmi ekki innan tíðar. Síðan er hálfu mánuður og svar hefur ekki borist, að því er mér er kunnugt. Hér er um að ræða, herra forseti, 147. mál þingsins, og það getur verið athyglisvert að lesa þær fsp. því að það má vel vera að einmitt efni málsins geri það að verkum að svar hefur ekki borist enn. Fsp. er í sex liðum, svohljóðandi, með leyfi forseta:

„1. Hvaða nefndir og starfshópa hefur iðnrn. stofnað til í tíð núv. ríkisstj. til að vinna að sérstökum málefnum?

2. Hvaða sérfræðinga hefur rn. fengið til slíkra verkefna?

3. Hver eru verkefni þessara nefnda, starfshópa og sérfræðinga?

4. Hvaða menn eru í þessum nefndum og starfshópum?

5. Hver var kostnaðurinn við þessa starfsemi árið 1980 og hvað er áætlað að hann verði í ár?" — Þetta var auðvitað á s. l. ári.

6. Hvernig hefur iðnrn. varið eftirfarandi tekjum fjárlagaársins 1981:

a) Aðlögunargjald ... 10.5 millj.

b) Efling iðnþróunar og tækninýjungar ... 400 þús.

c) Orkusparnaður ... 450 þús.

d) Ullar- og skinnaverkefni ... 180 þús."

Þetta eru sakleysislegar spurningar. Hér er ekki verið að spyrja um hve mikið hafi fjölgað stöðugildum t. d. í ýmsum stofnunum sem heyra undir iðnrn. Hér er einungis verið að spyrja um hvaða menn hæstv. ráðh. hafi beðið að leysa ýmis svokölluð verkefni á sínum vegum.

Mér er sagt að það þurfi ekki mjög mikinn tíma til að leysa slíkt vernefni, sumir segja 10 mínútur, því að þessar upplýsingar séu til. Aðrir segja að þetta sé hálfs dags verk, en öllum ber saman um að þetta sé ekki hálfs árs verk. Ég er alveg yfir mig hissa á að í rn. hæstv. ráðh., þar sem afköstin eru mörg hundruð gígabladsíður á ári, skuli ekki fást einhver maður til þess að setjast niður og telja þá sérfræðinga sem hæstv. ráðh. hefur beðið um að sinna ákveðnum verkefnum á sínum vegum að undanförnu. (Gripið fram í.) Þetta er skrifleg fsp. sem lögð var fram 10. des. á s. l. ári, árið 1981, og umr. eru hér um þingsköp Alþingis.

Á sínum tíma, þegar hæstv. iðnrh. kom á Alþingi og gerðist ráðh. strax, höfðu margir orð á að nú hefði vaskur maður komið í iðnrn. sem léti hendur standa fram úr ermum. Um áramót, fjórum mánuðum eftir að hæstv. iðnrh. hafði tekið við störfum, kom fréttatilkynning fram í dagblaðinu Þjóðviljanum, sem er málgagn hæstv. ráðh., og var sagt á þessa leið í þessari fréttatilkynningu, með leyfi forseta:

„12 nefndir, sem um lengri eða skemmri tíma hafa starfað á vegum iðnrn., hafa verið lagðar niður á tímabilinu frá 1. sept. til áramóta. Hafa sumar þessara nefnda skilað niðurstöðum með álitsgerð til rn., en um árangur af starfi annarra er ekki getið í fréttatilkynningu rn., sem send var út í gær." Síðan eru þessar nefndir taldar upp.

Dagblaðið Þjóðviljinn, málgagn hæstv. ráðh., helgaði að sjálfsögðu einn leiðara blaðsins þessum afkastamikla ráðh. og sagði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hjörleifur Guttormsson iðnrh. hefur tekið hressilega til í ráðuneyti sínu. Það heyrir til tíðinda þegar ráðh. tilkynnir á einu bretti að hann hafi lagt niður 12 nefndir á vegum rn. og leyst frá störfum 72 nefndarmenn og ritara. Er þessi tiltekt skýr vottur um stefnubreytingu í iðnrn."

Eins og allir vita tók hæstv. iðnrh. við af hæstv. forsrh., sem þá hafði verið iðnrh. um fjögurra ára skeið. Auðvitað gat hæstv. forsrh. ekki sætt sig við þessi ósköp og svaraði hæstv. iðnrh. með snjallri grein, en eins og allir vita er hæstv. forsrh. einn orðhagasti maður þingsins, og hann sagði í grein, sem hann reit í Morgunblaðið hinn 10. jan 1979 og kallaði „Áramótaskaup iðnaðarráðherra — tekið til í ráðuneyti " — á þessa leið, ég vitna orðrétt í grein hæstv. forsrh.:

„Margt er sér til gamans gert um áramót. Hjörleifur iðnrh. Guttormsson gerði sér afrekaskrá og kom á framfæri við fjölmiðla. Fréttamenn fögnuðu skrá þessari, enda eru íþróttafréttir vinsælar og hafa forgang í fjölmiðlum. Það hlaut að teljast til meiri háttar tíðinda í íþróttaheiminum, að einn maður hefði í einni lotu lagt að velli 12 nefndir með 6 tylftir manna innanborðs. Hefur margur orðið frægur af minna tilefni."

Í lok þessarar ágætu greinar segir hæstv. forsrh. um þetta íþróttaafrek hæstv. iðnrh. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í auglýsingastarfsemi sinni hefur iðnrh. láðst að geta um eitt, þ. e. hverjar nefndir hann hefur sjálfur skipað. Um leið og gumað er af því ranglega að nefndir hafa verið lagðar niður hefur hann skipað nefnd um raforkumál, iðnþróunarnefnd, nefnd út af tollalækkunum vegna EFTA, nefnd til að athuga skipasmíðar og trúlega einhverjar fleiri. Það hafa menn fyrir satt, að í þessum nýju nefndum Hjörleifs sitji fleiri menn en voru í þeim eldri nefndum, sem hann hefur í reynd lagt að velli."

Hér lýkur tilvitnun í grein hæstv. forsrh., þar sem hann hafði reyndar áður sýnt fram á að flestar þeirra nefnda, sem hæstv. iðnrh. hafði lagt niður, hefðu þegar lokið sínum störfum og voru í raun hættar að starfa.

Þannig tók hæstv. forsrh. hæstv. núv. iðnrh. á kné sér með þessum hætti. Nú held ég að svo kunni að vera, að hæstv. iðnrh. hafi kannske skipað eina eða tvær nefndir eða starfshópa til viðbótar frá því um áramótin 1978 eða 1979. Um það hef ég ekki skýrar heimildir, enda hef ég beðið eftir þeim í fimm mánuði rúma, og hélt ég að það væri lítill vandi fyrir hæstv. ráðh. að svara svo lítilfjörlegri spurningu, ekki síst vegna þess að hann þurfti ekki að telja til þá sérfræðinga, þá starfshópa, verkefni og aðra slíka nefndarmenn sem hann hafði haft í starfi hjá sér áður en núv. hæstv. ríkisstj. tók við.

Herra forseti. Af því að hæstv. ráðh. gat og hafði tíma til þess að svara fsp. á síðustu vikum finnst mér eðlilegt að ég fái tækifæri á grundvelli þingskapa Alþingis til að spyrja hæstv. ráðh. hvort von sé á að þessari fsp. verði svarað, og auðvitað eru sex dagarnir löngu liðnir, eða hvort þessari fsp. verði svarað í vor eða hvort verði beðið til hausts og þetta verði eins og þegar bændur rétta fé á haustin. Ég rifjaði upp, herra forseti, hverjar spurningarnar voru. Það getur verið að svörin séu óþægileg, ekki síst með tilliti til þess skeytis sem hæstv. iðnrh. sendi hæstv. forsrh. á sínum tíma þegar hann hætti störfum sem iðnrh. Er þá ekki kominn tími til að hæstv. forsrh. sendi sínum ágæta hæstv. iðnrh. nótur út af þessu og rifji upp fyrir honum hvað hann sjálfur sagði um þessar tiltektir í rn. undir heitinu „Áramótaskaup iðnaðarráðherra", eins og hæstv. forsrh. kallaði sína ágætu grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið fyrir nokkrum árum?

Herra forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir að fá tækifæri til að vekja athygli á þessu máli og þakka umburðarlyndið.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér er ljúft að svara hér nokkrum orðum því sem til mín er beint frá hv. 10. þm. Reykv. í sambandi við fsp. sem hann lagði hér fram rétt fyrir jól og ekki hefur verið svarað enn þá skriflega. Ástæðan er nú ekki sú, að það sé neitt óþægilegt fyrir mig að leggja fram svör við þessari fsp., og ég vil upplýsa hv. þm. um að þess er að vænta, að svör liggi fyrir mjög fljótlega. Ég hef ýtt á eftir því oftar en einu sinni og oftar en tvisvar innan míns rn., að það yrði gengið frá þessu máli, og var minntur á það af hv. þm. rétt fyrir páska að svör væru ekki komin fram við fsp.

Hv. fyrirspyrjandi telur að þetta sé lítil og saklaus fsp., og ég skal viðurkenna að hún er fullkomlega saklaus af hendi hv. þm. En hitt er matsatriði, hvort hún er lítil sem slík. Ljóst er að hún kallar á nokkra vinnu og fyrirhöfn innan rn., m. a. vegna þess að beðið er um tölulegar upplýsingar. Ég taldi rétt, vegna þess að fsp. kom fram við lok ársins 1981, að upplýsingar varðandi kostnað, sem beðið var um að væru áætlaðar, væru þá fram reiddar á grundvelli rauntalna fyrir árið 1981. Er við það miðað í sambandi við svör sem eru fyrirliggjandi, má ég segja, hjá starfsmönnum míns rn., en eftir er að ganga frá í prentun og til framlagningar hér eða framsenda til hv. þm., eins og þingsköp gera ráð fyrir.

Mér þykir í rauninni leitt, að það hefur dregist þetta lengi að svara þessari fsp., og tel það alls ekki til fyrirmyndar. Það vil! kannske verða svo í sambandi við skriflegar fsp., að meiri dráttur getur orðið að svör berist við þeim vegna þess að þær minna ekki á sig eða á þær er ekki minnt með prentaðri dagskrá þingsins hverju sinni. Ég held að það væri kannske íhugunarefni í sambandi við fsp., þar sem óskað er skriflegra svara, að þær detti ekki út af dagskrá Alþingis, eins og er um hinar fsp., og minni þannig á sig og okkur ráðh., sem eigum að standa skil á svörum þar að lútandi.

Ég ætla ekki að fara að gantast neitt hér við hv. þm. um efni þessa máls eða það sem hann rifjaði upp með skemmtilegum hætti áðan í máli sínu um afrek mín á sviði nefndaskipana og starfshópa. Það eftirlæt ég honum að meta og hafa sér til gamans og þeim sem svo vilja viðhafa. Ég vil hins vegar geta þess í sambandi við þessa fsp., að hluti hennar var einmitt varðandi hvaða nefndir og starfshópa mitt rn. hefði stofnað til í tíð núverandi ríkisstj. til að vinna að málefnum og auk þess varðandi sérfræðinga sem til hafi verið kvaddir. Varðandi 1. liðinn vil ég geta þess, að árlega er gefin út bók eða skrá yfir nefndir og ráð á vegum ríkisins, sem eru starfandi á viðkomandi ári, og þar er greint frá þóknun til þeirra nefnda. Þannig kom út í fyrra, merkt í október 1981, yfirlit um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins fyrir árið 1980, og það er þegar farið að safna upplýsingum í hliðstæða bók fyrir árið 1981 sem mun koma út í sumar og væntanlega liggja fyrir í þingbyrjun að hausti. Nú vil ég engan veginn draga í efa að hv. fyrirspyrjandi hefur áhuga á að fá upplýsingar um þetta fyrr en úr þessari bók, og þær verða honum veittar þegar svör verða veitt við þessari fsp. En hv. stjórnarandstæðinga munar í að fá upplýsingar um þetta fyrr en gerist með þessari reglulegu útgáfu á vegum hagsýslunnar um stjórnir, nefndir og ráð. Þannig var það í fyrra, að hv. 7. landsk. þm. beindi til mín fsp. sem var mjög svipaðs eðlis og þetta, og voru þá veitt skrifleg svör við því og útbýtt hér á Alþingi fyrir árið 1980, þannig að því var í rauninni svarað á þeim tíma. Það tók hins vegar yfir þrjú ár, ef ég man rétt, yfirlitið sem þar var óskað eftir. En ég vil sem sagt fullvissa hv. þm. um það, að svara er að vænta við þessari fsp. innan skamms, þannig að það mun liggja hér fyrir, og bið hann velvirðingar á að það hefur dregist lengur en skyldi og lengur en ég hafði ætlað mér að leggja fram svar við þessari fsp.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Vegna þess að hv. 10. þm. Reykv. hefur hafið hér umr. utan dagskrár langar mig til að bera fram eina fsp. til hæstv. forsrh., en það kemur kannske í sama stað niður að það sé hv. 4. þm. Austurl., Sverrir Hermannsson, forstjóri Framkvæmdastofnunar, sem svarar.

Fyrir þinglok á að leggja fram skýrslu um Framkvæmdastofnun og fara fram umr. um þá skýrslu. Hún hefur enn ekki komið. Ég held að ég og margir fleiri hv. þm. óski eftir að fá að ræða þessa skýrslu, eins og lög gera ráð fyrir, enda sitthvað að ræða í sambandi við þetta vandræðabarn í íslenska stjórnkerfinu. Mín fsp. er því

þessi til hæstv. forsrh. helst, en að öðrum kosti hans varaskeifu í þessu máli, hv. 4. þm. Austurl.: 1. Verður lögð fram skýrsla um Framkvæmdastofnun ríkisins? 2. Fara fram umr. um þá skýrslu hér fyrir þinglok? Í þriðja lagi má svo nefna hv. 6. þm. Suðurl., sem mun vera formaður stjórnar þessarar virðulegu stofnunar. Vilji aðrir ekki svara óska ég mjög eftir svörum frá honum um þetta: Munum við fá þessa skýrslu frá Framkvæmdastofnun um öll hennar útlán og annað slíkt? Og í annan stað: Munu fara umr. fram um hana hér fyrir þinglok?

Forseti (Karl Steinar Guðnason): Umræður eru nú að fara úr böndum, en rætt var um fundarsköp og gefið leyfi til þess.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þó að ég vilji ekki afsala mér vegtyllum er þess að gæta, að ég held að það standi miklu nær hv. 6. þm. Suðurl. að heita varaskeifa hæstv. forsrh. í þessari stofnun. En samkv. lögum ber að leggja skýrslu Framkvæmdastofnunar fyrir og hæstv. forsrh. geri það. Við þau lög verður að sjálfsögðu staðið. Nákvæmlega get ég ekki tilgreint hvenær skýrslan sjálf kemur til útbýtingar hér, en væntanlega á næstu dögum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. prúðmannleg svör við minni fsp. Ég er honum að sjálfsögðu þakklátur fyrir að hann skuli ætla að tala við starfsmenn sína og láta verða af því að svara þessari fsp., sem um hefur verið rætt. Þess ber að geta, að upplýsingar er ekki að finna um sérfræðinga í þeirri bók sem hæstv. ráðh. veifaði hér á fundinum og er gefin út af hagsýslunni. Um þetta mál er ekkert frekar að segja. Það hefur komið fram sem ég vildi láta koma fram í þessum umr. um þingsköp Alþingis, og ég vænti þess, að þessar umr. hafi orðið hæstv. ráðh. nægileg áminning í þessu máli.

Kortabók Íslands, fsp. (þskj. 455,). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Hinn 5. apríl 1979 ályktaði hið háa Alþingi á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hafa forgöngu um útgáfu Kortabókar Íslands."

Þá þegar hafði allmikill undirbúningur farið fram um útgáfu slíkrar bókar af nefnd, sem Háskóli Íslands átti aðild að, Seðlabanki Íslands, Landmælingar Íslands og Framkvæmdastofnun ríkisins. Í framhaldi af þessari þál. hinn 26. apríl 1979 skipaði þáv. menntmrh. Ragnar Arnalds nefnd til þess að gera tillögur til ríkisstj. um framkvæmd þessarar þál. Aðeins þremur vikum seinna er brugðið við og nefnd skipuð til þess að undirbúa tillögur um framkvæmdina, og hún skilaði áliti þegar hinn 5. febrúar 1980. Í nefndarálitinu voru gerðar tillögur um öll helstu framkvæmdaatriði vegna útgáfu kortabókarinnar og á þeim grundvelli sem starfshópurinn á vegum hinnar fyrrgreindu stofnunar hafði lagt. Það var einnig gerð kostnaðaráætlun og greiðsluáætlun og áætlun um væntanlega sölu.

Ég vil geta þess, að hinn 26. maí á s. l. ári var samþykkt í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins að lána til verksins 150 þús. kr. (**VG:** Á hvaða vöxtum?) Nærri því á vísilvöxtum, því að nú hefur orðið mikil breyting á ávöxtunarkjörum Byggðasjóðs. Vegna ýmissa atriða, sem við komum að þegar við ræðum skýrslu stofnunarinnar, nálgast þetta nú mjög vísilvexti, lánveitingar úr Byggðasjóði, og allmiklar lánveitingar eru fullverðtryggðar nú orðið. Allt hefur þetta náðst fram á umliðnum árum og enn fremur að þessi fjárhæð, sem var um helmingur þeirrar fjárhæðar sem gert var ráð fyrir að árlega þyrfti til þess að kosta, yrði afborgunarlaus í fjögur ár og vextir reiknaðir eftir á og greiddir eftir á. Stjórn Framkvæmdastofnunar samþykkti enn fremur að lána á næstu þremur árum, þ. e. á undirbúningsskeiði kortabókarinnar, helminginn á móti framlögum á fjárlögum af þeim kostnaði í sama skyni og með sama hætti.

Nú hef ég engar spurnir af þessu máli haft, nema ég veit að enginn hefur vitjað lánsloforðs stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins í þessu merka máli. Ef mér skjöplast ekki því meir, og ég verð þá leiðréttur ef það er rangt, þá minnir mig fastlega, að hæstv. núv. menntmrh. hafi verið meðflm. minn að þessari menningartillögu þegar hún var flutt og samþykkt. Því er það sem ég spyr á þskj. 455: Hvað líður útgáfu Kortabókar Íslands, sbr. þál. frá Alþingi 5. apríl 1979?

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mér er talsvert mikil ánægja að því að geta nú farið að svara þessari fsp. sem búin er að liggja hér nokkuð lengi og einhvern veginn hefur ekki komist að fyrr en núna. Ég vil strax í upphafi minnast þess með sama hætti og hv. fyrirspyrjandi, að ég var flm. með honum að þeirri till. sem hér um ræðir. En ég vil þá svara fsp. og gera grein fyrir þessu máli.

Eins og fram hefur komið í ræðu hv. fyrirspyrjanda samþykkti Alþingi vorið 1979 þál. þar sem segir að ríkisstj. sé falið að hafa forgöngu um útgáfu kortabókar Íslands. Það fer ekki milli mála, að útgáfa kortabókar af þessu tagi er býsna mikilvægt verkefni. Af kortabók er hægt að hafa fjölþætt gagn. Á það er gjarnan bent, að kortabók hafi almennt fræðslu- og menntunargildi og komi því að sérstöku gagni í skólakerfinu. Þetta er rétt ábending, en þó með þeim fyrirvara, að kortabók Íslands í því formi, sem hér um ræðir, er engin námsbók í venjulegum skilningi sem skólafólk kaupir til þess að hafa í skólatöskunni sinni.

Kortabók Íslands yrði undirstöðurit, viðamikil upplýsinganáma um náttúrufar og landshagi á Íslandi í mjög víðtækum skilningi þess orðs. Bók af þessu tagi á fyrst og fremst heima á söfnum, í opinberum stofnunum og ráðuneytum, atvinnufyrirtækjum og hjá fjölmiðlum og að sjálfsögðu í skólum, en varla þó í hverri skólastofu. Ótrúlegt er að kortabók Íslands verði almenn heimiliseign í landinu eða að hægt sé að krefjast þess af fólki, að það hafi kortabók Íslands sem kvöldlestrarbók. Kortabókin á að vera yfirgripsmikið uppsláttarrit og fróðleiksnáma í ætt við alfræðibækur.

Af þessu er ljóst að hér er um óvenjulega bók að ræða og full ástæða til að kanna hvaða leiðir skuli fara til að setja hana saman, gefa hana út og tryggja að hún nái útbreiðslu og komi að gagni. Auk þess þarf að átta sig á því, hvernig hægt er að endurnýja slíka bók reglulega, því að mjög margt úreldist furðufljótt í bók af þessu tagi, ef hún á að koma að gagni sem upplýsingarit á líðandi stund. Þá er og augljóst að útgáfa kortabókar er kostnaðarsamt fyrirtæki og býsna flókin „forretning", svo að ég noti skiljanlegt orð um skynsamlega ráðstöfun fjármuna, hvort sem um er að ræða einkafjármagn eða al-

mannafé. Og þá er ég kominn að kjarna þessa máls, herra forseti, eins og það horfir við mér þegar til framkvæmda kemur á þessu máli.

Eftir að þál. um kortabók Íslands var samþykkt skipaði menntmrh. nefnd til þess að gera tillögur um framkvæmd málsins, og er það þegar komið fram. Þessi nefnd lauk störfum í febr. 1980 og skilaði áliti til menntmrn. 20. febr. það ár. Nefndarálitið hafði að geyma upplýsingar um hvernig nefndarmenn teldu að ætti að standa að slíkri útgáfu, en þeir lögðu til að Háskóla Íslands og Landmælingum Íslands yrði falin gerð og útgáfa kortabókarinnar og að ríkissjóður legði fram fjármagn beint til útgáfunnar, en Háskólinn sæi um bókhald og fjárreiður.

Í nál. kom fram sú skoðun, að prentuð yrðu 10 þús. eintök með íslenskum texta af bókinni og 3000 eintök á ensku. Telur nefndin, að mikil eftirspurn verði eftir bókinni innanlands og utan, og telur þjóðráð að nota nú tækifærið til þess að koma á framfæri bæði innanlands og utan fróðleik um náttúru landsins, þjóðina og sögu hennar og atvinnulíf á Íslandi, eins og komist er að orði í nál. Þá fylgdi að sjálfsögðu kostnaðaráætlun yfir útgáfuna. Var kostnaður talinn vera 270 millj. kr., gamalla að sjálfsögðu, í febr. 1980, en það mun jafngilda því að vera um 630 millj. gkr. nú eða 6.3 millj. nýkr. Lagði nefndin til það þetta fé yrði ákveðið á fjárlögum í hæfilegum skömmtum í ein fjögur ár.

E. t. v. er ekki ástæða til að láta sér í augum vaxa þá upphæð sem nefndin áætlar að þurfi til útgáfunnar. Ég vefengi ekki þessar tölur. Hins vegar er það skoðun mín að ýmislegt sé við nál. að athuga að öðru leyti. Ég hef alveg sér í lagi miklar efasemdir gagnvart þeirri bjartsýni nm., að búast við því að selja megi af þessari bók 10 þús. eintök á íslensku og 3000 á ensku. Engin frambærileg rök hafa verið færð fram til styrktar þeirri fullyrðingu. Þá tel ég að hugmynd nefndarinnar um að fela Háskóla Íslands og Landmælingum Íslands útgáfuna, þ. e. að standa í því fyrirtæki að reka umfangsmikla útgáfustarfsemi, sé í meira lagi hæpin. Að sjálfsögðu yrðu þessar stofnanir að láta í té alla faglega vinnu og sérfræðilega yfirstjórn, en ég lýsi algerri vantrú á getu Háskólans og Landmælinganna að gera þessa bók að söluvöru og þeirri almenningseign sem kortabókarnefndin virðist hafa í huga.

Því miður er álit kortabókarnefndar þannig að það er ekki hægt að hafa nægilegt gagn af hugmyndum hennar eins og þær liggja fyrir. Mér þykir illt að þurfa að upplýsa þessa skoðun mína í alþjóðaráheyrn, ef svo má segja, því að í hlut eiga miklir afbragðsmenn sem í öllu vilja láta gott af sér leiða. En þetta hefur gert mér örðugt fyrir um meðferð málsins, þar sem ég hef ekki treyst mér til að gera skoðanir nefndarinnar að mínum, jafnframt því sem ég viðurkenni að það er ekki auðhlaupið að því að benda á hina einu og sönnu aðferð við útgáfu og sölu kortabókar Íslands. Mín skoðun er þó sú, að eðlilegast sé að gefa kortabókina út á vegum einhverrar starfandi og trúverðugrar bókaútgáfu. Bókaútgáfa er vandasamt verk sem menn verða að sinna af alúð og kunnáttu eins og hverjum öðrum atvinnurekstri sem vit á að vera í. Ríkissjóður ætti sem minnst að standa í bókaútgáfu, og meðan ekki er til eiginlegt háskólaforlag hér á landi sýnist mér ekki álitlegt að fela skrifstofu Háskólans bókaútgáfu fram yfir það sem er. Ég hika við slíkt.

Hitt er annað mál, að vel kemur til greina að ríkissjóður leggi fram fé til kortabókarútgáfu að sínu leyti, en þar mættu fleiri koma til með bein framlög En umfram allt ætti að tryggja sem unnt er að kortabókarútgáfan sé vel skipulagt fyrirtæki fjárhagslega á sama hátt og fagmannlega er unnið að efni og frágangi bókarinnar.

Ég hef kannað nokkuð möguleika á því, að starfandi útgáfufyrirtæki taki að sér að sjá um útgáfu og dreifingu kortabókar Íslands. Athuganir mínar leiða í ljós að fremur eru líkur á því en hitt, að slíkur framkvæmdahátt-ur mætti takast. Reyndar hef ég þegar í höndum yfirlýsingu frá bókaútgáfunni Lögbergi um að hún væri fús til að annast slíka útgáfu með tilteknum skilyrðum í samvinnu við ríkið. Ég tel slíkt tilboð allrar athygli vert, en rétt að kanna það nánar.

En í sambandi við þessa fsp., herra forseti, er kjarni málsins sá, að enn er verið að athuga hvernig best verði staðið að útgáfu kortabókar Íslands. Því miður er álit kortabókarnefndar ekki nógu góður leiðarvísir í þessu máli og ég tel nauðsynlegt að endurskoða hugmyndir hennar. Skoðun mín er sú, að það ætti að semja við duglegan bókaútgefanda um að koma þessari bók á markaðinn. Auk þess tel ég koma til greina að stofna til virkrar samvinnu ýmissa opinberra stofnana, svo sem banka og Framkvæmdastofnunar ríkisins og fleiri aðila, um beina fjárhagsábyrgð í sambandi við þessa útgáfu. En aðalatriðið hjá mér er að kortabókarnefnd hefur ekki leyst verkefni sitt þannig að telja megi viðunandi. Tillögur hennar gagnast því miður ekki í þessu stóra máli.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir skýr svör hans. Ekki ætla ég nú að fara að setja á tölu um gagnsemi og nauðsyn slíkrar útgáfu. Ég aðeins minni á að Finnar, sem urðu fyrstir til að gefa út slíkt fræðirit, upplýsingarit og uppsláttarrit um sína þjóð, gerðu það 1899. Og ég er ekki í nokkrum vafa um að sölumöguleikar eru mjög miklir erlendis fyrir slíka bók.

En tíminn líður. Það eru liðin þrjú ár síðan þessi samþykkt var gerð. Mér þykir leitt að heyra að tillögur kortabókarnefndar eru ekki nýtilegar. Ég hef ekkert sökkt mér niður í að meta þær. Hæstv. menntmrh. hefur vafalaust gert það með sínum ráðunautum og ég hlýt að taka hans álit trúanlegt í þeim efnum.

Ég fagna því, að hann hefur haft annan kost til að rannsaka þetta mál og er, að því er mér skildist, í tilhlaupi að leggja fyrir nýjar hugmyndir, ábendingar um nýjar leiðir til framkvæmda á þessu nauðsynjamáli. Og ég tek undir það, og það er ekki nýtt álit hjá mér eins og hæstv. ráðh. þekkir, að þarna eigi að leita eftir því, að fjármálastofnanir taki fjárhagslega ábyrgð á slíku verki. Ég læt það alveg vera þótt ekki náist saman endar, að útgáfan mundi í fyrstu ekki standa undir sér. Þetta er það mikið menningarverkefni að við megum ekki horfa í það. Auðvitað væri best ef hægt væri að ná sem fyrst endum saman fjárhagslega. Það hefur enginn, sem nærri þessu verkefni hefur komið, gert ráð fyrir því, en með tíð og tíma ætti þetta samt að takast.

Ég ítreka þakklæti mitt og vænti þess vegna þessarar upprifjunar málsins og með vísun til þess, sem fram kom hjá hæstv. ráðh., að málið fái nú hið fyrsta framgang sem fleyti því yfir byrjunarhjallann þannig að til útgáfustarfsins megi draga hið fyrsta.

Móðurmálskennsla í fjölmiðlum, fsp. (þskj. 455). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég er hér með aðra fsp. til hæstv. menntmrh. Hinn 5. maí 1978, og það eru tæp fjögur ár liðin síðan, ályktaði Alþingi á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að kennsla og fræðsla í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins verði efld."

Á sínum tíma bárum við fram, þm. úr öllum flokkum, þáltill. í þessa veru. Aðeins var hún þó ítarlegri á þann veg, að þar var gerð tillaga um að 13 manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþingi, skyldi hafa með höndum stjórn þessara mála. Og það sýnir sig, að ekki hafi verið vanþörf á að koma slíkri málakademíu á fót. En það er eins og vant er, menn draga hér oft lappirnar í mikilsverðustu málunum. Mig minnir að það hafi verið slök allshn. sem fékk þetta til meðferðar. Ég nenni ekki að lesa þau nöfn upp, þau eru til. Helmingurinn er horfinn af þingi, sem sýnir að hér hefur ekki verið um burðarása að tefla. Það er búið að skipta þeim út. Meiri hlutinn er horfinn af þingi, ég sé það, einn féll við síðustu kosningar. Þrír lifa enn. En að öllu gamni slepptu, þá ætla ég — með leyfi hæstv. forseta — að rifja upp örstutta greinargerð sem á sínum tíma fylgdi þessari þáltill. Hún hljóðaði svo:

„Engum dylst að íslensk tunga á nú í vök að verjast. Á þetta sérstaklega við um talað mál. framburð og framsögn. Einnig fer orðaforði þorra fólks þverrandi og erlend áhrif hvers konar vaxandi. Engum orðum þarf að fara um lífsnauðsyn þess að stemma stigu við slíkri óheillaþróun og snúa við inn á þá braut íslenskrar málhefðar, sem ein verður farin, ef íslensk menning á að lifa og dafna.

Ríkisútvarpið hefur lagt nokkuð af mörkum til fræðslu og kennslu í íslenskum fræðum, tungu og bókmenntum. Er það góðra gjalda vert, en það er skoðun flm. að betur megi ef duga skal, og á það einnig við um meðferð tungunnar yfirleitt í munni þeirra sem í útvarp tala. Áhrifaríkasti fjölmiðillinn, sjónvarpið, hefur hins vegar í engu sinnt fræðslu í meðferð íslenskrar tungu. Virðist jafnvel ekki lögð sérstök rækt við orðfæri eða framburð þeirra sem þar starfa" — og skýt ég því inn í, að ekki þarf að vitna til annars en íþróttafréttaritaranna sem hafa mest rúmið í fjölmiðli þessum. „Á þessu þarf að verða gerbreyting. Langsterkasta áróðurstækið, sem flust hefur inn á gafl á hverju heimili landsins, þarf að taka tröllataki til eflingar íslenskri menningu, sérstaklega til viðreisnar íslenskri tungu, en það er brýnasta verkefnið nú." Og síðan er hér í lokin, sem ég þarf ekki að rifja upp: „Lagt er til að kosið verði 13 manna ráð sem hafi með höndum stjórn þessara mála í fjölmiðlunum. Verkefnið er viðamikið og þykir flm. því ástæða til að allmargir eigi hlut að máli, enda hefur þjóðin til þess arna á að skipa mörgum mjög hæfum mönnum."

Svo mörg voru þau orð. En ég hef ekki orðið þess var, og er þó þetta tæki inni á gafli á mínu heimili, að neitt hafi verið aðhafst sem máli skiptir í framhaldi af þessari ákvörðun Alþingis. Og enn minni ég á það, sem ég hef þráfaldlega gert, að það er raunalegt og verður ekki á það sæst og við það unað, að framkvæmdamenn okkar, hæstv. ráðherrar, hafi að engu þær viljayfirlýsingar sem hið háa Alþingi gerir. Þess vegna er það, að ég hef leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 455 á þessa leið: „Hvernig hefur tekist til um framkvæmd þál. frá 5. maí 1978 um eflingu kennslu og fræðslu í Ríkisútvarpinu í öllum greinum móðurmálsins?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að rifja upp, eins og hv. fyrirspyrjandi, aðdragandann að þessu máli. Það er rétt, að á Alþingi 1977—78 kom fram till. frá fimm alþm. um íslenskukennslu í fjölmiðlum. Till. hljóðaði þannig, með leyfi hæstv. forseta, ég ætla að lesa hana eins og hún hljóðaði upphaflega:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að sjá svo um, að sjónvarp og útvarp annist kennslu og fræðslu í öllum greinum móðurmálsins. Þrettán manna ráð, kosið hlutfallskosningu á Alþingi, skal hafa með höndum stjórn þessara mála."

Þannig hljóðaði þessi till. og verður auðvitað ekki annað sagt en að hún lýsi miklum metnaði flm. fyrir hönd íslenskrar tungu. Að því leyti til er mikið gott um hana að segja, enda var till. samþykkt sem ályktun Alþingis, en þó með þeirri allmiklu breytingu, að síðari efnisliðurinn, um 13 manna ráðið, var felldur niður. Það er sá liður sem hv. fyrirspyrjandi, sem einnig var 1. flm., kallar nánast „akademíu Íslands".

Þál. þessi hefur alloft verið kynnt Ríkisútvarpinu á síðustu árum með óskum um að hún hlyti þar góðar viðtökur, þ. e. að fræðsla um íslenskt mál yrði ávallt mikil og sem mest í ríkisfjölmiðlum. Ég er viss um að þeir, sem gegnt hafa embætti menntmrh. síðan þessi till. var samþykkt, og það eru alls fjórir menn að mér meðtöldum, hafa allir haft skilning á því, að æskilegt væri að fræða almenning sem mest um móðurmálið í útvarpi og sjónvarpi. Þetta held ég að sé sameiginlegt einkenni á öllum þeim sem farið hafa með starf menntmrh. síðustu 4—5 ár. Hins vegar reynist málið alls ekki alveg svona einfalt þegar til kastanna kemur.

Sannleikurinn er sá, að forráðamenn Ríkisútvarpsins hafa eigin skilning á því, hvernig eigi að fjalla um dagskrármál og efnisval til flutnings í fjölmiðlum stofnunarinnar. Útvarpið er af grundvallarástæðum ófúst að taka við fyrirmælum frá framkvæmdavaldi og jafnvel frá löggjafarvaldi um hvaða efni skuli flytja í útvarpi og sjónvarpi. Útvarpsráð vill sjálft semja dagskrár ríkisfjölmiðla og unir því ekki að slíkt verði gert á Alþingi eða í stjórnarráði. En ég fullyrði að útvarpsráði er mjög vel kunnugt um áhuga Alþingis á fræðslu um móðurmálið og þeirri vitneskju hefur oft verið komið á framfæri við útvarpið.

Ég hef hér í höndum bréf frá útvarpsstjóra sem er dags. 23. mars s. l. Þetta bréf ætla ég nú að lesa í heild, enda er bréfið skrifað í tilefni af þeirri fsp. sem hér er nú til umr. Og ég vek enn athygli á því, að það er orðið býsna langt síðan þessi fsp. kom fram og það hefur ekki staðið neitt á því að ég svaraði fsp. fyrr. Ég vil að það komi skýrt fram. En bréfið hljóðar þannig:

„Til menntamálaráðuneytisins." Ég ætla að leyfa mér að lesa þetta bréf, hæstv. forseti, í heild.

„Í útvarpi hafa um langt skeið verið fluttir kennslu- og fræðsluþættir um íslenskt mál og eru enn fluttir í óbreyttu formi. Er þar fyrst að nefna þáttinn Íslenskt mál sem starfsmenn Orðabókar Háskólans sjá um. Í þeim þáttum er mjög oft leitað upplýsinga til almennings um orð og

orðtök, könnuð útbreiðsla og notkun og veittar margvíslegar skýringar. Þáttur þessi er fluttur meiri hluta ársins og jafnan endurtekinn.

Þátturinn Daglegt mál hefur lengi verið á dagskrá útvarpsins í umsjá sérfróðra manna. Þar er fjallað um íslenska tungu samtímans, mælt mál og ritað. Þáttur þessi er um það bil 5 mínútur tvisvar í viku árið um kring.

Í sjónvarpi eru ekki fræðsluþættir um íslenskt mál sem stendur. Þar var gerð þáttaröð um myndhverf hugtök fyrir tveimur árum og þótti takast allvel. Einnig voru gerðir tveir þættir um málnotkun og málsögu og olli annar þeirra nokkru uppnámi.

Á s. l. hausti flutti einn útvarpsráðsmanna (Markús Örn Antonsson) tillögu um móðurmálsþætti fyrir börn á forskólastigi og í fyrstu bekkjum grunnskóla. Fulltrúi frétta- og fræðsludeildar kannaði þetta mál, m. a. með viðtölum við sérfræðinga, og varð niðurstaðan neikvæð um þetta efni, en æskilegra talið að beina kennslu til foreldranna, sem eiga að móta málfar afkvæma sinna. Er nú unnið að þessu máli.

Segja má að sérhver manneskja, sem talar í útvarp eða sjónvarp, leggi sinn skerf til málþróunar (góðrar eða illrar). Stjórnendur dagskrárdeilda í útvarpi og sjónvarpi eru menntaðir menn og vel að sér í íslensku máli og hafa ætíð sýnt meðferð tungunnar lifandi áhuga. Það er ekki rétt að saka þá um þó að sitthvað misgott fljóti með í þeim mikla orðaflaumi sem berst gegnum þessi tæki. Þess ber að geta, að ár hvert eru flutt erindi, umræður og upplestrar, sem veita beint og óbeint fræðslu um íslenskt mál og bókmenntir.

Andrés Björnsson."

Þannig hljóðar þetta bréf. Ég held að bréfið sýni það, að dagskrárstjórn Ríkisútvarpsins vill fara sínar leiðir í dagskrárgerð. Og reyndin mun sú, að útvarpsráð vinsar úr aðkomnum hugmyndum um dagskrárefni að eigin mati, og skiptir þá ekki máli hvort hugmyndasmiðir eru sjálft Alþingi eða húsmóðir í Vesturbænum. Ég vil sem sagt að hér komi fram hvernig þessum málum er háttað.

Kjarni málsins er sá, að útvarpsráð hefur verið mjög ófúst að taka við beinum fyrirmælum frá menntamálaráðherrum varðandi efnisval í Ríkisútvarpinu. Af grundvallarástæðum er þetta náttúrlega mjög eðlilegt sjónarmið. Hins vegar get ég líka fallist á það, sem komið hefur hér fram þegar hjá hv. fyrirspyrjanda, að það væri mjög æskilegt að Ríkisútvarpið sinnti móðurmálsfræðslunni meira en gert er, og ætla ég þó alls ekki að gera lítið úr því sem gert hefur verið.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er hreyft mjög þörfu og góðu máli. Stundum heyrir maður raunar að það sé fyrir neðan virðingu Alþingis að fjalla um íslenskt mál og atriði sem að því lúta. Ég er algerlega á öndverðum meiði þar. Það er margt óþarfara sem tekið er fyrir hér heldur en málefnalegar umræður um notkun íslensks máls og hvernig að því er staðið að halda uppi merki íslenskrar tungu meðal þjóðarinnar.

Mér finnst dapurlegt að heyra yfirlýsingar hæstv. ráðh. um tregðu útvarpsráðs til að taka fyrirmælum í þessu efni. Það er ljóst að útvarpið og þó öllu fremur sjónvarpið er hinn máttugasti miðill á þessu sviði sem öðrum. En jafnvel þó að margir góðir íslenskumenn tali í útvarp og sjónvarp verður maður þar oft og óþægilega fyrir illri og ambögulegri notkun íslensks máls. Þarna ber Ríkisútvarpinu, hljóðvarpi og sjónvarpi, ótvírætt skylda til þess að leggja sitt af mörkum til bóta.

Mér dettur nú í hug eitt lítið dæmi um hvað íslenskt mál fer oft illa í munni Íslendinga. Þar vaða uppi alls konar ambögur, ruglingur orðtaka og hugtaka. Mér kemur í hug ræða háskólamenntaðs manns í umræðum um bókasöfn. Hann lét svo um mælt, að það væri nauðsynlegt að börn fengju þegar í grunnskóla smjörþefinn af bókasöfnum. Og því nefni ég þetta að ég hef heyrt það oftar. Maðurinn ætlaði auðvitað að segja að það væri nauðsynlegt að börn fengju nasasjón af notkun bókasafna. Við heyrum iðulega talað um að eitthvað sé frámunalega fallegt og framúrskarandi ljótt. Því um líkar slaufur í málinu snerta dálítið þá sem eru að reyna að tala íslensku eins og afar okkar og ömmur gerðu hér á sínu alþýðumáli.

Ég verð að segja að mér finnst mikill fengur að íslenskuþáttum útvarpsins. Og mig rekur minni til að sjónvarpið gerði fyrir nokkru tilraun í þessa átt með litlum þætti, sem mig minnir að héti: Sjón er sögu ríkari, þar sem sýnt var með myndrænum og mjög skemmtilegum hætti notkun og uppruni ýmissa gamalla íslenskra orðtaka. Mér fannst verr og miklu miður að sjónvarpið skyldi leggja þennan þátt niður. En ég reis hér upp aðeins til þess að taka undir mál hv. flm. þessarar fsp., og ég veit að vilji ráðh. er góður í þessu máli líka.

Það eru ekki bara fjölmiðlarnir, sem við þurfum að huga að, það eru skólarnir líka. Það eru furðulegustu hlutir, sem gerast í íslenskukennslu í grunnskólunum í dag, og framhaldsskólunum líka. Að vísu veit ég um fjölda kennara sem leggja mikla alúð og rækt við sína móðurmálskennslu. Aðrir eru á þeirri línu að málfræði beri helst að gera útlæga úr málakennslunni. Mér kemur þá í hug samtal við Harald Bessason prófessor, mjög fróðleg grein, að mig minnir í Lesbók Morgunblaðsins um síðustu helgi. Ég hjó eftir því, að hann sagði þar: „Í gegnum málfræðina liggur leiðin að þekkingu á málinu." Við megum dálítið vara okkur á að láta útþynnast málfræðikennsluna í skólunum, þó að málfræðistaglinu, eins og það var áður fyrr, megi kannske linna nokkuð. Við megum ekki láta það ganga svo langt að fólk viti ekki lengur mun á fornöfnum, sögn eða atviksorði og orðflokkunum yfirleitt. Þetta er til stórvandræða, ekki hvað síst þegar kemur að erlendri tungumálakennslu í framhaldsskólunum. Okkur, sem erum að basla við það, er mikill vandi á höndum. Þess vegna vil ég, að þessu máli sé nú sinnt, og tek eindregið undir mál flm. fsp. um að hér verðum við að standa á verði því að okkar íslenska menning mun enn sem fyrr byggjast á íslenskri tungu.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Hv. þm. hafa komið hér og talað um „ófúsleika" útvarpsráðs til að taka fyrirmælum. Ég verð nú bara að segja að mér finnst þetta ekki mjög lögulega til orða tekið, svo að ekki sé dýpra tekið í árinni. Ég bið menn að hugleiða það, að ef útvarpsráð á ævinlega að taka fyrirmælum frá Alþingi um hvað eina í dagskrárgerð, þannig að pólitískur meiri hluti á þingi verði í rauninni ráðandi um stefnu í dagskrárgerð ríkisfjölmiðlanna, þá held ég að það sé meira en hæpið.

Hins vegar er ég heils hugar fylgjandi þeirri till. sem hér er verið að fjalla um, að aukin verði íslenskukennsla, móðurmálskennsla, í þessum fjölmiðlum. Það hefur verið gerð grein fyrir því hér, hverjir þættir eru um þessar mundir í dagskrá útvarps. Ég held að þar komi afar

glögglega í ljós hvern áhuga almenningur hér á landi hefur á þróun og varðveislu móðurmálsins. Allur sá bréfafjöldi, sem berst til þeirra þátta, gefur það mjög glöggt í skyn.

Hæstv. menntmrh. tók hér svo til orða, að sú ályktun Alþingis, sem hér er til umr., hefði alloft verið kynnt Ríkisútvarpinu. Það má vel vera. Ég hef átt sæti í útvarpsráði síðan 1978, seint á árinu. Ég kannast ekki við að þau tilmæli hafi komið þangað inn frá hæstv. núv. menntmrh. eða hans forverum í starfi. Þó má það vel vera.

Hins vegar er auðvitað ástæðulaust að draga hér í efa vilja forráðamanna Ríkisútvarpsins til að sinna þessu máli. Ég held að bæði útvarpsstjóri, sem er vel menntaður íslenskumaður, og sömuleiðis dagskrárstjóri hafi fullan hug á því. Mergurinn málsins og meginstaðreynd er hins vegar sú, sem ég hef endurtekið hér oft í þessum ræðustól og geri enn, að meðan ríkisstjórnir og hæstv. ráðh. leika vísitöluleik með afnotagjöld Ríkisútvarpsins og halda þeim langt fyrir neðan það sem eðlilegt mætti teljast og það sem ég hygg að fólk væri reiðubúið að borga fyrir þjónustu þessarar mikilvægustu menningarstofnunar okkar, meðan þessu heldur fram er Ríkisútvarpinu naumt skammtað fé til dagskrárgerðar. Þess vegna verður að horfast í augu við það, að það eru mörg verkefni sem ekki er hægt að sinna. Ég held að ef Alþingi vill láta sinna þessu máli sé einfaldasta, öruggasta og tryggasta leiðin til að fá því framgengt, að móðurmálskennslu verði sinnt með sóma í sjónvarpi og útvarpi, að Alþingi geri sérstakar fjárhagsráðstafanir til þess að svo megi verða. Og ég vona að hér á þingi, þó að það gerist kannske ekki þá fáu daga sem eftir eru væntanlega til þingloka, verði unnt að skapa samstöðu um það hér að taka þannig á þessu máli að eftir verði tekið og áhrif hafi.

Fyrirspyrjandi (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svör hans sem leiddu í ljós að ekki hefur verið farið að vilja Alþingis í þessu máli. Hv. 5. þm. Vesturl. segir: „Ef Alþingi vill." Alþingi hefur tekið ákvörðun og lýst yfir vilja sínum í þessu máli.

Hæstv. menntmrh. upplýsir að forráðamenn Ríkisútvarpsins, embættismenn íslenska ríkisins, séu af grundvallarástæðum ófúsir að fara að fyrirmælum hins háa Alþingis. Þetta er svo sem ekki nýtt fyrirbrigði. Hv. alþm. hafa löngum og löngum orðið að bíta í það súra epli, að embættismönnum hefur haldist uppi slíkt oflæti í skjóli framkvæmdavaldsins.

Ég ætla ekki nú og hér að setja á miklu lengri tölu um þetta mál. Það er augljóst að því hefur ekki verið fylgt eftir, ég tala nú ekki um ef það reynist rétt, sem síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Vesturl. upplýsti, að hér um bil frá því sem þessi ályktun var gerð hafi ekki verið við þessu hruggað af hálfu framkvæmdavaldsins hjá þessari stofnun. Það er enginn vafi á því, að sjónvarpið, sá nautsterki fjölmiðill, — hvergi höfum við önnur eins tök á að koma á framfæri eða að kenna íslenskt mál eins og þar, ég tala nú ekki um framburð. Og ef til þess þarf að grípa að leggja hér fyrir sérstakar tillögur um framkvæmdina, fjárveitingar til þess að af framkvæmdum verði, þá er það auðvitað athugandi.

Ég heyrði ekkert frá hæstv. menntmrh. um að hann hefði neinar ráðagerðir uppi um að taka til höndum í þessu máli, og helst virtist mér og heyrðist að hann léti slag standa með þá afstöðu sem fram hefur komið hjá forráðamönnum Ríkisútvarpsins. Það þykir mér leitt að heyra. En þá verða áhugamenn í þessu efni að taka til sinna ráða fljótlega. Við þetta verður ekki unað. Til að mynda er það með ólíkindum eins og manni virðist að stofnun eins og Ríkisútvarpið — og þá á ég við sjónvarpið um leið auðvitað því að það er ein og sama stofnunin — skuli ekki skeyta meir um málfar þeirra manna sem daglega tala í eyru þjóðarinnar. Það er útilokað að nefna nein nöfn í þessu sambandi, en þetta er þó staðreynd sem allir hljóta að viðurkenna að við blasir. Maður hélt að það væri algert lágmark að að þessu væri hugað sérstaklega. Það þarf ekki að taka fram að auðvitað hefur margur, á vegum útvarpsins sérstaklega, borið af og eins ýmsir fréttamenn, og auðvitað hefur margur, sem fram kemur í sjónvarpi, haft afbragðs tungutak. En eftir sem áður er hitt svo algengt að maður hlýtur að sannfærast um að ekki sé einu sinni að þessu hugað þar sem eiga í hlut starfsmennirnir. Og þá sér maður hversu áhuginn er lítill, vegna þess að ekki kostar það aukafjárveitingu að huga að því, því að ekki er mönnum mismunað í kaupgreiðslum eftir því, hvernig málfari þeir beita. (**EG:** Það ætti kannske að gera það?) Það ætti kannske að gera það, það er rétt. Það ætti að verðlauna þá menn sérstaklega sem eru frambærilegastir í þessu efni.

Ég læt máli mínu lokið, hefði þó gjarnan kosið að hæstv. menntmrh. gæti einhverju bætt við um áætlanir sínar til þess að stugga við þeim sem eiga og ber skylda til, eftir fyrirmælum hins háa Alþingis, að taka til höndum í þessu mikilvæga máli.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég lét það koma fram, að ég teldi fyrir mitt leyti að Ríkisútvarpið gæti og ætti að auka við þá fræðslu og þá dagskrá sem fjallar sérstaklega um íslenskt mál. Það er ekki endalaust hægt að skjóta sér bak við það, eins og hv. 5. þm. Vesturl. var nú að gera að nokkru leyti, að það vantaði fé til dagskrárgerðar. Auðvitað vantar alltaf nokkurt fé til dagskrárgerðar, ekki efa ég það. En það er stefnuatriði hvernig menn ráðstafa dagskrárfé. Ég held að það væri vel möguleiki á að útbúa fleiri þætti um íslenskt mál, bæði í sjónvarpi og útvarpi, heldur en reyndin er. Og það er alls ekki rétt, að ég hafi ekki átt um það tal við forráðamenn útvarpsins að þetta yrði gert. En hitt kann vel að vera, að það eigi — og ég sé það reyndar því betur sem ég hugsa meira um þetta mál — að auðvitað eigi að snúa sér meira til útvarpsráðs í þessu efni beinlínis, við skulum segja af minni hálfu, og þá ekki síður af hálfu annarra áhugamanna um þessi efni, að snúa sér beint til útvarpsráðs, vegna þess að í útvarpsráði sitja þó ekki embættismenn ríkisins sem sýna einhverja tregðu í því að fara að beinum fyrirmælum framkvæmdavalds eða löggjafarvaldsins. (**SvH:** Þetta eru umboðsmenn okkar.) Já, einmitt það sem er, þeir eru umboðsmenn þingsins og flokkanna í þinginu, þannig að auðvitað ætti að vera auðvelt að snúa sér beint til þeirra og það ætti að vera þeirra mál að taka þetta málefni upp. En hins vegar vil ég leggja ákaflega mikla áherslu á það, sem ég hef reyndar gert hér í dag og hef oft gert áður, að við eigum að virða þá „prinsip" -afstöðu í Ríkisútvarpinu, að dagskrárstjórn þess og forráðamenn útvarpsins telji sig ekki skuldbundna af því að taka við beinum fyrirmælum um dagskrá, dagskrárefni, hvorki frá ráðherrum né frá löggjafarvaldi. Og reyndar veit ég að þeir hv. þm., sem hér hafa talað, gera sér fyllilega grein fyrir þessu og

eru mér sammála um þetta. Ég hef lagt á það mjög mikla áherslu í sambandi við yfirstjórn mína á Ríkisútvarpinu að skipta mér þar ekkert af dagskrármálum, og er þó, má segja, alloft vikið með ýmsum hætti að mér þegar menn eru á einhvern hátt óánægðir með það sem fram fer í útvarpinu. Ég tel að yfirstjórn ráðh. á útvarpinu eigi að taka til allt annarra þátta í málefnum útvarpsins en dagskrárstjórnar, og reyndar ætti það að vera afstaða löggjafarvaldsins líka, og efa ég ekki að svo er í raun og veru.

En sem sagt, ég skal halda áfram að ræða þessi mál við Ríkisútvarpið, en ég kemst ekki hjá að endurtaka það sem ég hef þegar sagt, að þar ríkir ákveðin tregða gegn þessu. Það er eins og þeim finnist, sem þar ráða, — þ. á m. hygg ég útvarpsráði — eins og þarna sé um að ræða utanaðkomandi þrýsting og óþarfa afskiptasemi sem rétt sé að hafa alla gát á. Og vissulega er rétt af útvarpsráði og forráðamönnum útvarpsins að hafa fulla gát á slíkri afskiptasemi og þrýstingi sem kann að koma fram gagnvart starfsemi útvarpsins og sérstaklega þá gagnvart dagskrárefni útvarpsins. Það er útvarpsráð sem á þar að ráða og hafa síðasta orðið. En í sambandi við þetta sérstaka mál, sem hér er til umr. — ég veit að hv. þm., sem hér eru, vita vel um afstöðu mína í því efni, — gæti ég vel hugsað mér að meira af dagskrárfé útvarps og sjónvarps væri varið til þess að fræða almenning um málnotkun og málfar. Það skal ekki standa á því hjá mér. Hins vegar get ég ekki alveg fallist á það með hv. 5. þm. Vesturl. að svo litlu fé sé varið til dagksrárgerðar að það sé ekki rúm fyrir þætti af þessu tagi. Þarna er auðvitað spurning eins og oftar um val á milli þátta og dagskrárefnis fremur en að skortur sé á fé, og skal ég þó ekkert úr því draga að Ríkisútvarpið skortir fé í sjálfu sér. Ég er líka sammála hv. 5. þm. Vesturl. um að þær hömlur, sem eru á því að útvarpið ákveði sína gjaldskrá, eru mjög til óþurftar og auðvitað þyrfti að aflétta slíkum hömlum. En mér hefur reynst það efni miklu flóknara mál en svo, að ég hafi fengið við það ráðið, og svo mun reyndar hafa verið um fleiri ráðh. í mínum sporum, að það hefur verið erfitt að fá þeim reglum breytt, þannig að Ríkisútvarpið fengi nánast sjálfdæmi um að verðleggja afnotagjöld sín.

En þessar umr. út af fyrir sig eru góðar og gagnlegar, og ég vona að við getum rætt þetta frekar og fundið einhverja leið til þess að hafa frekari áhrif á það, að útvarpið hefði fleiri þætti um móðurmálið og málnotkun heldur en nú er, þó að það megi alls ekki vanmeta það sem gert er í því efni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Það er auðvitað svo, að þegar skipta skal takmörkuðu fjármagni til dagskrárgerðar, þá er í býsna mörg horn að líta. Ég minni aðeins á einn þátt. Það eru gerðar þær kröfur til sjónvarpsins t. d., að það sinni íslenskri leikritagerð. Raunar er það svo, að það er samningsbundið að hluta til við leikara hversu langt skal gengið í þeim efnum. Það hygg ég að sé öllum hv. þm. líka kunnugt, að þetta er eitt dýrasta efni sem sjónvarpið fæst við að framleiða, þannig að það er ýmsu að sinna.

Það var aðeins eitt, sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, sem ég ekki get látið ómótmælt. Hann talaði um tregðu þeirra starfsmanna, sem þarna eiga hlut að máli, væntanlega þá yfirmanna, til að sinna þessu hlutverki Ríkisútvarpsins. Nú á hæstv. ráðh. þarna væntanlega við útvarpsstjóra, dagskrárstjóra talaðs máls í útvarpi og dagskrárstjóra fræðsludeildar sjónvarpsins. Allir þessir menn eru mér vel kunnugir í gegnum langt samstarf og ég get ekki hlustað á það hér þegjandi, að þeir séu vændir um að vera áhugalausir um framgang íslenskrar tungu. Þvert á móti þekki ég þá alla sem mikla áhugamenn um íslenskt mál og íslenska menningu. Hins vegar, þegar svo naumt er skammtað sem raun ber vitni, verður auðvitað margt út undan. Fræðsluþættir um íslenskt mál hafa ekki orðið með öllu út undan. Það hefur nokkur viðleitni verið höfð uppi á þeim vettvangi. En það er margt sem hefur orðið alveg út undan í dagskrárgerð sjónvarpsins.

Ég vildi aðeins mótmæla þessu, vegna þess að ég hygg að það sé á engan hátt við þessa ágætu starfsmenn að sakast þótt þetta hafi orðið svona, og ítreka það, að það er ekki þeirra áhugaleysi á íslenskri tungu, viðhaldi hennar og framgangi sem hér er um að kenna.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mér hefur að vísu ekki gefist kostur á að hlusta á þessa umr. frá byrjun, en ég hjó eftir því, að hv. þm. Sverrir Hermannsson gat þess, að það væri ekki síður nauðsynlegt að efla og auka þekkingu starfsfólks Ríkisútvarpsins á íslenskri tungu. Þar er ég honum hjartanlega sammála, því að ég tel það vera algjört grundvallaratriði í sjálfu sér, að starfsmenn Ríkisútvarpsins haldi sjálfir uppi látlausri íslenskukennslu með góðu fordæmi, frá morgni til kvölds, í Ríkisútvarpinu.

Á þessu eru ýmsir meinbugir eða hafa verið að undanförnu, en ég minnist þess, að annar háttur var á þessu hafður fyrr á árum. Nú veit ég ekki hvernig til hefur tekist á síðustu árum, en fyrrum var sú regla alfarið í gildi hjá Ríkisútvarpinu, að íslenskufræðingur hélt t. d. fund með fréttamönnum Ríkisútvarpsins, yfirfór fréttaefni, benti á það, sem miður fór, og gagnrýndi og benti á leiðir til bóta. Ég er þeirrar skoðunar, að einmitt á þessu sviði væri unnt að gera hvað mest til að bæta kunnáttu t. d. almennings í móðurmálinu og tryggja það að starfsmenn Ríkisútvarpsins flyttu fréttir og annað efni á góðu máli. Þarna er mjög nauðsynlegur þáttur á ferðinni, og ég vil beina þeim tilmælum t. d. til hæstv. menntmrh., hvort hann gæti ekki kannað hvernig þessum málum er háttað í dag, hvort íslenskufræðingur sé starfandi við útvarpið — og þá ekki bara að nafninu til, heldur væri hann með starfsfólkinu í látlausri kennslu, í látlausum leiðbeiningum um betra og bætt mál.

Mér dettur í hug að ágætur íslenskumaður, sem var hjá Ríkisútvarpinu fyrr á árum, amaðist mjög við því, að tilteknir útvarpsmenn gátu ekki sagt æ. Þeir töluðu látlaust um „Granland", „narri" og „fjarri" og þar fram eftir götunum. Einn þessara starfsmanna, sem ekki gat borið fram æ, datt og handleggsbraut sig. Þá sagði þessi áhugamaður um íslensk fræði: „Og gat hann þá sagt æ, helvítið á honum?"

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er aðeins út af orðum hv. 5. þm. Vesturl. Það er náttúrlega óskaplegur misskilningur hjá honum að ég hafi verið að væna tiltekna eða nafngreinda menn hjá Ríkisútvarpinu um áhugaleysi á framgangi íslenskrar tungu. Það hef ég aldrei sagt. Og það þarf ekkert að brýna mig á því, að Andrés Björnsson og Hjörtur Pálsson og allir þessir ágætu menn, sem ég nauðaþekki og ekkert minna en hv. þm. sem hér var að tala, menn sem ég þekki vel og hef mikið samband við, þeir hafa mikinn áhuga á gengi ís-

lenskrar tungu. Hins vegar var ég að lýsa almennri afstöðu forráðamanna útvarpsins um dagskrárgerð og um það, hvernig þeir litu á það hverjir skyldu ráða í þeim málum, og á þessu er náttúrlega stórkostlegur munur. Ég vil að það komi hér alveg skýrt fram, að ekkert af þessu var ég að gefa í skyn, ég var ekki að væna tiltekna og nafngreinda ágætismenn um einhvern slóðahátt og áhugaleysi um svo mikilvægt mál eins og framgang íslenskrar tungu. Ég hef aldrei látið mér koma til hugar að segja slíkt eða gefa í skyn.

Það, sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var að segja hér síðast, er sjálfsagt að kanna, hvort það sé einhver sérstakur íslenskufræðingur sem fer höndum um skrif manna hjá útvarpinu, fréttaskrif og annað. Ég er ekki kunnugur því, hvort svo er. Ég skal kanna það. Það má vel vera að það sé ekki lengur gert, en ég skal verða við þeim tilmælum að kanna það.

Sameinað þing, 78. fundur

Þriðjudaginn 20. apríl, að loknum 77. fundi.

Söluerfiðleikar búvara, þáltill. (þskj. 629). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Stefna í flugmálum, þáltill. (þskj. 284). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Slysa-, líf- og örorkutryggingar björgunarmanna, þáltill. (þskj. 354). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fangelsismál, þáltill. (þskj. 38, n. 511, 512). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 512 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 669).

Atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði, þáltill. (þskj. 524). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til fjvn. með 33 shlj. atkv.

Sparnaður í olíunotkun fiskiskipa, þáltill. (þskj. 533). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. vísað til atvmn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Fiskræktar- og veiðimál, þáltill. (þskj. 22, n. 572). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 572 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 670).

Sjúkraflutningar, þáltill. (þskj. 40, n. 556). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 556 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 34 shlj. atkv.

Landgræðslu- og landverndaráætlun 1982—86, þáltill. (þskj. 184, n. 546). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 671).

Upplýsinga- og tölvumál, þáltill. (þskj. 56, n. 606, 607). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 607 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 672).

Kolbeinsey, þáltill. (þskj. 163, n. 605). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 673).

Samningar við Færeyjar og Noreg um veiðar á kolmunna, þáltill. (þskj. 539, n. 600). — Síðari umr.

Frsm. (Geir Hallgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. til þál. um staðfestingu á samningum við Færeyjar og Noreg um gagnkvæmar heimildir til veiða á kolmunna. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að þessi þáltill. verði samþykkt. Þar sem framsaga var höfð um þetta mál og það skýrt þá sé ég ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um málið og mælist til þess, að Alþingi fallist á þáltill.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 674).

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 21, n. 571). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. um till. til þál. um votheysverkun. Eins og þar segir hefur nefndin rætt till. á fundum sínum og samþ. að mæla með samþykkt till. með eftirfarandi breytingum:

1. Í stað „almennari votheysverkun", eins og nú stendur í till., komi: aukin votheysverkun frá því sem nú er.

2. Í stað 3. og 4. liðar komi einn liður, sem verði 3. liður, svohljóðandi: endurskoða reglur um stofnlán í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun.

Það voru miklar umr. við fyrri hluta umr. um þessa till. og allir tóku vel í till., en það varð ekki samkomulag í nefndinni um að afgreiða till. óbreytta. Ég vona samt að hún nái svo breytt tilgangi sínum.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég kem hér til að þakka hv. atvmn. fyrir að vera búin að afgreiða þetta mál og leggja til að till. til þál. um votheysverkun verði samþykkt.

Nefndin hefur flutt brtt. sem hv. frsm. nefndarinnar hefur gert grein fyrir. Þessar brtt. eru tvær. Sú fyrri ber þess vott að það eru allmiklir málvöndunarmenn í þessari nefnd, eins og kannske mátti við búast. Þeir leggja til að í staðinn fyrir „almennari votheysverkun" komi: aukin votheysverkun frá því sem nú er. Það kann að vera að þetta sé betra en það sem fyrir var. Ég leyfi mér þá að þakka nefndinni fyrir að leggja það til.

2. brtt. er um að umorða það sem segir í þáltill. í 3. og 4. tölul., þar sem kveðið er á um með hverjum hætti eigi að stuðla að aukinni votheysverkun, en í 3. tölul. till. segir: „með því að veita hærri stofnlán og framlög til byggingar votheyshlaðna en þurrheyshlaðna og 4) veita sérstök stofnlán og framlög til að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður." Atvmn. gerir þá brtt. að fella þessa tölul. niður og láta koma í staðinn fyrir þetta einn tölul., sem verður 3. tölul., á þá leið að endurskoða reglur um stofnlán í því skyni að auðvelda bændum að breyta yfir í votheysverkun.

Ég skil ekki fullkomlega hvað liggur á bak við þessa brtt., en mér sýnist að það sé auðsætt að hún útilokar ekki að það sé gert sem till. gerði ráð fyrir í 3. og 4. tölul., þ. e. að hækka stofnlán og framlög til byggingar votheyshlaðna og að veita sérstök stofnlán og framlög til þess að breyta þurrheyshlöðum í votheyshlöður. Brtt. hlýtur að fela í sér að þetta verði gert. Á forsendum þess hef ég ekki fram að færa athugasemdir við brtt. og ítreka þakkir mínar til nefndarinnar fyrir afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil aðeins beina þeirri fsp. til frsm. atvmn. hvort breytingin á 3. lið stafi ekki af hinu sama og hin fyrri breyting, að hér sé um málfarslega breytingu að ræða, hér sé verið að sneiða hjá óhæfilegu eignarfalli fleirtölu í orðinu hlaða, sem er hlaðna, sem er jafn-óáheyrilegt og eignarfallsendingin í fleirtölu af hryssa: hryssna, byssa: byssna. Ég beini þessari fsp. til frsm. því að ég fæ ekki séð annað en hér hafi verið tekinn mjög stór krókur til að sneiða hjá óhæfilegu eignarfalli, en meiningin sé óbreytt.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða hér málvöndunaratriði, enda hefur það þegar verið gert í dag í fyrirspurnatíma á mjög röggsaman hátt og ágætan. Ég vil aðeins upplýsa það í sambandi við þessa till., sem ég tók mjög undir á sínum tíma og einmitt varðandi afgreiðslu atvmn. á henni, að á fundi sínum nýlega samþykkti stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins hækkun á lánaprósentu stofnlána til votheyshlaðna um 10%, þ. e. úr 40% í 50%, þannig að ég hygg að það atriði, sem við ræddum um hvað mest, við hv. 1. flm. þessarar till. á sínum tíma, sé komið í höfn með þessum hætti og það gildi nokkurt jafnræði nú eftir hækkun þessara stofnlána, a. m. k. frá hálfu Stofnlánadeildarinnar, í sameiginlegum lánum og styrkjum til votheysgerðar á móti þurrheyshlöðunum.

Ég vil að þetta komi fram hér vegna þess að um þetta var sérstaklega rætt á okkar sameiginlega umræðufundi í vetur um þetta mál.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég hlýt að fagna þeim upplýsingum sem hv. 2. þm. Austurl. gaf um að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði hækkað lán út á

votheyshlöður úr 40% í 50%. En ég vil jafnframt af þessu tilefni undirstrika það, að hér er að mínu viti allt of skammt gengið. Menn draga fæturna í þessu máli. Ég minni á að fyrir fimm árum var samþykkt hér á Alþingi till. nálega eins orðuð og efnislega alveg eins og till. sem hér er til umr. Menn gerðu sér þá vonir um að það mundi leiða til þess, að breyting yrði á heyverkunaraðferðum og við yrðum ekki lengur þannig staddir að 5% af heyöflun landsmanna væru verkuð í vothey á sama tíma sem nágrannar okkar verka sitt hey í vothey svo mikið að það eru 70% af þeirra fóðuröflun verkuð í vothey. En eftir fimm ár hafði nánast ekkert gerst í þessu efni, okkur hafði ekkert miðað áfram. Ég held að það verði ekki nægilega að gert í þessum efnum nema tekin sé upp markviss skipulögð barátta fyrir breytingu á þessu sviði með miklu meiri krafti en beitt hefur verið fram til þessa.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kornrækt, þáltill. (þskj. 74, n. 444). — Síðari umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Atvmn. hefur fjallað um till. til þál. um kornrækt. Það, sem fyrst og fremst gerir slíka till. aðgengilegri nú en oft áður, er að hægt er að verka kornið eða réttara sagt þennan jarðargróður áður en um fullkomlega þroskað korn er að ræða og skila því þannig sem mjög góðu fóðri. Þess vegna hefur áhættan af kornrækt sem skepnufóðri fallið mjög mikið. Atvmn. varð sammála um að mæla með samþykkt þessarar þáltill. eins og hún er orðuð.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Orlofsbúðir fyrir almenning, þáltill. (þskj. 13, n. 509, 510). — Síðari umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft till. til þál. um orlofsbúðir fyrir almenning til umfjöllunar, en meginefni hennar er að Alþingi kjósi sjö manna nefnd til að gera tillögur um hvernig nota skuli jarðeignir í eigu ríkissjóðs og stofnana ríkisins undir skipulögð orlofsbúða- og útivistarsvæði fyrir almenning.

Nefndin fékk umsagnir m. a. frá Alþýðusambandi Íslands og Búnaðarfélagi Íslands og Náttúruverndarráði, landbrn. og fjmrn., og er meginniðurstaða umsagnaraðila að rétt og eðlilegt sé, að land í eigu ríkisins sé nýtt í ríkara mæli en nú er fyrir almenning, og það sé rétt að kanna frekari möguleika á að koma upp orlofsbúðum fyrir almenning.

Í umsögn landbrn. kemur t. d. fram að ráðuneytið telji mikinn ávinning að samþykkt till., og lýsir ráðuneytið eindregnum vilja til að stuðla að greiðum aðgangi að ríkislandi í því skyni sem í till. felst. Kemur þar einnig fram að ráðuneytið muni veita nefndinni stuðning í því skyni að starf hennar leiði til þeirrar niðurstöðu sem að er stefnt.

Eins og fram kemur á þskj. 510 hefur allshn. gert nokkra breytingu á tillgr. Þó ég sem einn af flm. þessarar till. hefði kosið að till. hefði verið afgreidd óbreytt frá nefndinni, því ég tel hana markvissari í upphaflegri mynd, get ég fallist á þessa breytingu þar sem samstaða varð í nefndinni um það meginefni sem í till. felst. Brtt. á þskj. 510 hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að kanna og gera tillögur um hvaða jarðeignir í eigu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga.

Nefndin skal skila skýrslu um niðurstöður til Alþingis.“

Mælir nefndin með samþykkt till. á þskj. 13 um orlofsbúðir fyrir almenning með þeirri breytingu sem ég hef hér greint frá.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, þáltill. (þskj. 98, n. 495). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. á þskj. 98 um skipun nefndar til að kanna öryggisbúnað fiski- og farskipahafna. Í till. felst að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa þriggja manna nefnd til að gera heildarathugun á fiski- og farskipahöfnum landsins með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara. Skuli starf nefndarinnar miða að því: a) að benda á kunnar eða hugsanlegar slysagildrur við hafnarmannvirki og landgang skipa og báta, b) að benda á við hvaða hafnir landsins og á hvaða sviði sé helst og brýnust þörf úrbóta, c) að kanna aðbúnað til björgunar og slysavarna við hafnir landsins, d) að gera tillögur um leiðir til úrbóta í ofangreindu efni, sjómönnum og öðrum, sem um hafnir fara, til aukins öryggis.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um það sem hér er á ferðinni, því hér er á ferðinni mikið nauðsynjamál og brýnt að þeirri heildarathugun, sem till. felur í sér á fiski- og farskipahöfnum með tilliti til slysahættu sjómanna og annarra sem um hafnir fara, verði hraðað eins og kostur er.

Nefndin fékk umsagnir frá siglingamálastjóra, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands og Vita- og hafnamálastofnun, og mæla allir þessir aðilar eindregið með samþykkt till. Er m. a. á það bent, að hinn mikli fjöldi slysa og óhappa í höfnum bendi til þess, að í einhverju sé áfátt búnaði skipa og hafna eða þeim reglum er að öryggi og umferð lúta.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 495 leggur allshn. til að till. verði samþykkt óbreytt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir ástæða til að þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Þessi till. til þál. er flutt af hv. 1. varaþm. í Vesturlandskjördæmi, Jóni Sveinssyni. Eins og kom fram við umr. málsins er hér hreyft mjög merkilegu og góðu máli og þörfu, og þess vegna er mjög mikið ánægjuefni að það skyldi nást svona góð samstaða um afgreiðslu þess. Ég

vonast til að samþykkt þessarar till. verði fylgt eftir þannig að hafnar verði úrbætur á þessu sviði eins og tillgr. gerir ráð fyrir. Hér er mjög gott mál á ferð og ég vil fyrir hönd flm. þakka afgreiðslu málsins úr nefnd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Kalrannsóknir, þáltill. (þskj. 91, n. 632). — Síðari umr.

Frsm. (Eggert Haukdal): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. frá atvmn. um till. til þál. um áætlanagerð og sérstakt átak í kalrannsóknum á Íslandi. Nefndin hefur fjallað um till. og mælir með samþykkt hennar með svofelldum breytingum:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að efla kalrannsóknir.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Till. til þál. um eflingu kalrannsókna."

Till. er mjög stytt frá því sem hún var upphaflega lögð fram, og til rökstuðnings þessari breytingu vil ég vitna í álit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins þar sem m. a. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þótt hluti af kalrannsóknum geti farið fram norðanlands fer þó meginhluti þeirra fram á aðalstöðvum stofnunarinnar á Keldnaholti og á Korpu, enda er þar fyrir hendi besti tækjakostur til rannsókna. Rannsóknasvæði hafa hins vegar verið víða um Norður- og Suðurland og að nokkru leyti annars staðar á landinu. Aukinn stuðningur við stofnunina vegna kalrannsókna, bæði norðanlands og í aðalstöðvunum, er líklegur til að skila mikilsverðum árangri í baráttunni við skaða af völdum kals."

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka atvmn. fyrir þessa afgreiðslu á málinu, sem mér að vísu finnst fremur klaufaleg, en engu að síður er ég ánægður með að málið skyldi fá afgreiðslu.

Ég vil benda á að í tillgr. er þess sérstaklega getið, að miðstöð þessara rannsókna verði að Möðruvöllum í Hörgárdal, og það hefur auðvitað komið við kaunin á einhverjum mönnum sem hugsa um landshluta, en ekki landið í heild. En síðan er tekið fram að þessar rannsóknir skuli vera í fullu samráði og samvinnu við Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Ég sé því engan mun á því, þó að þetta orðalag hefði fengið að halda sér.

Síðan gerist það, að nefndin breytir fyrirsögn till. úr því að vera um áætlanagerð og sérstakt átak í kalrannsóknum í aðeins till, til þál. um eflingu kalrannsókna. Menn hafa greinilega ekki áttað sig á að það er býsna nauðsynlegt að gera áætlanir þegar á að eyða fjármunum eins og til kalrannsókna. Þess vegna var þetta haft þannig í till. að það þyrfti að gera áætlanir áður en ráðist yrði í framkvæmdir. Engu að síður stendur grg. till. eftir og í henni er auðvitað að finna það sem er kjarni þessa máls, þ. e. að kalskemmdir á Íslandi eru dýrustu gróðurskemmdir sem hér verða vegna þess að kalskemmdir verða á ræktuðum túnum sem kostar óhemjufé að bæta eftir að tún hafa skemmst. Þess vegna er það mikilvægara en margt annað, sem nú er gert í rannsóknum varðandi landbúnað m. a., að gera úttekt á þeim rannsóknum, sem þegar hafa verið gerðar á kali, og reyna að efla þær rannsóknir þannig að það megi koma í veg fyrir einhvern hluta af þeim kalskemmdum sem nú verða í túnum.

Ég vil taka það sérstaklega fram, að enda þótt RALA taki fram í bréfi sínu að hún hafi tækjabúnað og annað til þessara kalrannsókna fremur en t. d. Möðruvellir í Hörgárdal, þá leyfi ég mér að draga það nokkuð í efa vegna þess að sá maður, sem mesta reynslu hefur af þessum rannsóknum og er nefndur í grg., Bjarni E. Guðleifsson, hefur með aðstoð hæstv. landbrh. getað nú að undanförnu fest kaup á ýmsum tækjum, sem skipta mjög miklu máli við þessar rannsóknir, og er því á margan hátt mjög vel búinn undir að gera það átak sem till. gerir ráð fyrir.

Mér finnst þess vegna lakara að nefndin skyldi telja ástæðu til þessara orðalagsbreytinga, sem auðvitað gera að vissu marki minna úr till., hún verður ekki eins ákveðin, ekki eins afgerandi. En það vill oft henda okkur á hinu háa Alþingi að við viljum veikja og draga úr þeim málum sem hér eru lögð fram, ef ekki eru allir landshlutar og landshlutaþingmenn sammála um þau af einhverjum ástæðum, sem ég hef í þessu tilviki greint frá hverjar kunni að vera.

Engu að síður vil ég ekki láta hjá líða að þakka nefndinni fyrir að afgreiða þetta mál og hv. þm. Eggert Haukdal sérstaklega. Ég vænti þess, að þetta mál geti fengið góðan og rösklegan framgang, því að hér þarf að gera stórátak og hefði raunar þurft að gera það fyrir mörgum árum, þegar kalskemmdir fóru að verða mjög áberandi hér á landi.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Ávana- og fíkniefni, þáltill. (þskj. 57, n. 603, 604). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um ávana- og fíkniefni á þskj. 57. Um þessa till. þarf ekki að hafa mörg orð, svo kunn eru þau vandamál sem fylgja ávana- og fíkniefnaneyslu og erfiðleikarnir við að sporna við að fíkniefni berist hingað til lands.

Það skal ekki vanmetið að ýmislegt hefur verið gert af hálfu stjórnvalda til að verjast innflutningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna frá því að fyrst fór að bera verulega á slíku fyrir 15—20 árum. En engu að síður er ljóst að hér er um svo stórt og viðamikið og erfitt vandamál að ræða að þær baráttuaðferðir, sem notaðar eru til að verjast neyslu og útbreiðslu ávana- og fíkniefna, þurfa að vera í sífelldri endurskoðun og Alþingi þarf sérstaklega að láta þessi mál til sín taka. Á sviði löggæslunnar hefur mikið verk verið unnið, svo sem með stofnun embættis sakadómara í ávana- og fíkniefnamálum, með eflingu löggæslunnar og t. a. m. samvinnu Norðurlanda um baráttu gegn fíkniefnavandamálinu. En ég vil nefna eitt atriði sérstaklega, sem ég tel að sé varnaraðgerð sem geti skilað árangri, en e. t. v. hefur of lítill gaumur verið gefinn, en það er að stórefla alla fræðslu um skaðsemi fíkniefna og kannske sérstaklega að sú fræðsla verði skipulögð í skólum landsins. Það er ljóst að fræðsla í skólum landsins um t. a. m. skaðsemi tóbaksreykinga hefur borið góðan árangur, og ekki síður má hér ná meiri árangri en hingað til með vel skipulagðri fræðslu í skólum landsins og í ríkisfjölmiðlum um skaðsemi fíkniefna. Með þeim hætti er unnið fyrirbyggjandi starf sem ör-

ugglega mun skila árangri.

Allshn. leggur til á þskj. 604 breytingu á tillgr., að hún orðist svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram heildarendurskoðun á því hvaða leiðir séu helstar til úrbóta til að hamla frekar gegn innflutningi, tilbúningi, útbreiðslu og neyslu ávana- og fíkniefna. Tillögur þar að lútandi liggi fyrir í árslok 1982."

Nefndin mælir með að till. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef hér lýst.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki mörgum orðum við þetta að bæta. Ég vil að gefnu tilefni þakka hv. allshn. fyrir jákvæða afgreiðslu þessa máls, og fyrir hönd flm. geri ég það jafnframt.

Ég er sammála því sem kom fram í framsögu hv. frsm. fyrir þessu nál., nema ef vera kynni niðurlagi framsögunnar. Það hefur komið í ljós, að fræðsla um skaðsemi ávana- og fíkniefna er mjög vandmeðfarin. Það hefur víða komið fram erlendis. Hins vegar vil ég alls ekki neita því, að fræðsla þurfi að fara fram, en ég endurtek: Hún er mjög vandmeðfarin.

Ég vil í þessu tilefni minna á að fyrir skemmstu kom fram frv. í Ed. þess efnis, að fræðsla um þessi mál skuli fram fara í grunnskólum landsins, og er ég einn flm. að þeirri till. þrátt fyrir þau orð sem ég hef hér flutt um efasemdir varðandi fræðslu. Hún er mjög vandmeðfarin.

Ég hef engar athugasemdir fram að færa vegna þeirrar brtt., sem nefndin gerði á till., og er fullkomlega sáttur við þá breytingu.

Ég vil að endingu þakka nefndinni fyrir góða afgreiðslu málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu og upplýsingamiðlunar, þáltill. (þskj. 554). — Fyrri umr.

Flm. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Agli Jónssyni. Till. er 261. mál Alþingis og er á þskj. 554. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd sjö manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu, með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótvirkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbrh. skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður hennar. Nefndin skal skila tillögum til landbrh. fyrir 1. jan. 1983."

Um þessar mundir er notkun tölvu mjög á dagskrá, enda er margs konar vinnsla í tölvu til þess fallin að auka afköst við margs konar úrvinnslu gagna, við skipulagningu innan ýmissa starfsgreina og við miðlun og móttöku upplýsinga. Sá þáttur tölvuvinnslunnar er mjög þýðingarmikill, enda hafa einstaklingar og stofnanir hagnýtt sér slíka þjónustu aðallega erlendis frá þar sem samræming tölvukerfanna er svo skammt á veg komin hér á landi.

Landbúnaðurinn hefur nú þegar tekið upp tölvunotkun í ýmsum greinum atvinnuvegarins. Hjá Búnaðarfélagi Íslands hefur búfjárræktin verið unnin í tölvu mörg undangengin ár. Ég ætla að skýrslur nautgriparæktarfélaga og sauðfjárræktarfélaga hafi verið teknar í tölvuvinnslu nokkru áður en tölvunotkun var almennt í gangi. Tölvufræðingur búfjárræktarinnar mátti því setja upp sérstakt kerfi. Síðan hefur hliðstæð úrvinnsla orðið almenn, en ýmsir algengustu lyklar kerfanna hafa ekki verið samræmdir, enda hefur enginn opinber aðili beitt sér fyrir samræmingu svo mér sé vitanlegt.

Hér var verið rétt í þessu að fjalla um till. til þál. um þróunarhorfur og stefnumótun í upplýsinga- og tölvumálum. Hún hefur verið hér til umfjöllunar á Alþingi í vetur og til afgreiðslu nú í dag. Þess er því að vænta, að heildarúttekt verði gerð á stöðu þessara mála, og af þeirri úttekt má því móta framtíðarstefnu í tölvunotkun og tölvukerfum og ber að fagna því.

Sú till., sem hér er til umr., varðar aðeins einn takmarkaðan þátt þessara mála, en engan veginn þýðingarlítinn þátt að mínum dómi. Ég gat þess áðan að búfjárrækt Búnaðarfélags Íslands hefði unnið í tölvu skýrslur bænda um allmörg undangengin ár — skýrslur þeirra bænda sem hafa haldið skýrslur yfir kynbótagripi sína. Fleiri og fleiri þættir eru teknir í vinnslu með sama hætti. Ég hef kosið að taka með þessari till. sérstaklega til umfjöllunar röðun bújarða í tölvukerfi til flýtisauka við upplýsingamiðlun sem allmargar stofnanir í landinu ættu að hafa í sem fyllstu samræmi. Má í því sambandi nefna Þjóðskrána, Fasteignamat ríkisins, Stéttarsamband bænda, Framleiðsluráð landbúnaðarins, Búnaðarfélag Íslands, Landnám ríkisins, veðbókarskráningu, markaskrár og merkingar stórgripa, svo nokkuð sé nefnt.

Þess er rétt að geta, að alllangt er síðan Þjóðskráin tók upp ákveðna merkingu sýslufélaga og sveitarfélaga, og hefur hún nú verið tekin til afnota í flestum þeim stofnunum sem þessar merkingar þurfa að hafa. Ef tekið er til Árnessýslu heitir hún í þjóðskránni 87, en mín heimasveit heitir 09. Þessi merking er gegnumgangandi víðast hvar í stofnunum. Þó er það eins og ég gat um áðan, að sá þáttur hjá Búnaðarfélagi Íslands, sem lengst hefur verið tölvuunninn, þ. e. sauðfjárræktin, er ekki fallinn inn í þetta kerfi og þar heitir þessi sami aðili 2109. Í markaskrá heitir þessi aðili A8. Ég tel að þetta m. a. þurfi að samræma. Ef við tökum til bæjanna aftur á móti er þar ekki jafnlangt komið um samræmingu, eins og er þó um sveitarfélög og sýslufélög. Einn ákveðinn bæ hef ég sem hefur einkennisstafina 3800 hjá Þjóðskránni. Hjá Fasteignamatinu, Stéttarsambandi, Framleiðsluráði og forðagæslu og jarðrækt hefur þessi sami bær stafina 38000. Það má segja að hann hafi stafina 38, en misjafnlega marga aukastafi á eftir. Hjá Landnámi ríkisins hefur þessi sami bær númerið 21, hjá nautgriparækt Búnaðarfélags Íslands hefur þessi bær stafina 22, í sauðfjárrækt hefur hann stafina 21 og í markaskránni hefur hann stafina 20.

Það er enginn vafi á að það væri mikið til hagræðis, bæði í vinnslu og upplýsingamiðlun til bænda, að þetta *væri samræmt hjá öllum þessum stofnunum til þess að* þær gætu leitað frekar hver til annarrar um vissa upplýsingaþætti ef þetta væri samræmt. Samræming á þessu sviði er að mínu viti algjör forsenda þess, að tölvunotkun verði hagnýtt til hlítar fyrir landbúnaðinn í heild. Fleiri aðilar munu hafa gagn af slíkri kerfisbindingu bújarða við tölvuvinnslu, svo sem skráning eigna við þinglýsing-

ar, sem með þeim hætti tengdist fasteignaskrá til tryggingar því að eignir séu skráðar á rétta eigendur. Ég er sannfærður um að slík kerfisbinding gæti og leitt til hraðari afgreiðslu veðbókarvottorða til hins almenna notanda, og á því er fullkomin þörf.

Ég á von á að ýmsir séu þeir sem líta þetta mál smáum augum og telja ekki neina höfuðnauðsyn að flytja það fram eða vinna í því. Ég er á annarri skoðun. Ég viðurkenni að vísu að sú till., sem hér var afgreidd í dag um tölvunotkun, getur leitt til þess, að samræming verði einnig gerð á þessu. En mér er ljóst að það er aðkallandi verkefni, að gera hér samræmingu á, og þess vegna ástæða til að kippa því út úr og vinna það strax til frekari afnota fyrir tölvuvinnsluna.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þessa till. mína öllu fleiri orð. Ég óska eftir því, að þegar hlé verður gert á þessari umr. verði till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 522). — Ein umr.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. okkar þm. Alþfl. um að kallað skuli saman aukaþing samkv. heimild í 22. gr. stjórnarskrárinnar í ágúst 1982 til að fjalla um og afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland.

Tilgangurinn með þessum tillöguflutningi er auðsær. Þegar lýðveldið var stofnað 1944 var notast við hina gömlu stjórnarskrá konungsríkisins með nauðsynlegum orðabreytingum, enda þótt hún væri að stofni til frá 19. öld. Hafa verið gerðar margar tilraunir til að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, en þær hafa allar runnið út í sandinn í þá nær fjóra áratugi sem liðnir eru síðan lýðveldið var stofnað. Það hafa einungis verið gerðar einstaka breytingar sem fyrst og fremst lúta að kjördæmaskipan, og þar við hefur setið.

Við Alþfl.-menn gerum nú till. um að sérstakt aukaþing, stjórnlagaþing, skuli kallað saman í ágústmánuði þessa árs til að fjalla um frv. frá stjórnarskrárnefnd sem hefur haft þetta mál til umfjöllunar samkv. samþykkt Alþingis frá 6. maí 1978. Það virðist mun líklegra til árangurs að halda slíkt sérstakt stjórnlagaþing en að blanda þessu máli saman við önnur verkefni Alþingis. Það er nauðsynlegt að takist að fá afgreidda fyrir næstu kosningar nýja stjórnarskrá. Sú stjórnarskrá á ekki einungis að ná til ákvæða varðandi kjördæmaskipan og kosningar, heldur á að vera heildarendurskoðun, á að vera nútímaleg stjórnarskrá.

Við höfum fjölmörg dæmi um að það hefur dregist úr hömlu að afgreiða stjórnarskrármál. Við höfum meira að segja nýlegt dæmi þar sem fjallað var um 18 ára kosningaraldur. Það mál lenti í eindaga og vandræðum og var síðan frestað. Ég held að allir þm. hljóti að sjá að það eru mun skynsamlegri og betri vinnubrögð að ætla sér ákveðinn tíma til að sinna þessu mikilvæga verkefni, en um leið að setja sér ákveðin tímamörk um að ljúka þessu verkefni. Þannig er megintilgangur þessarar þáltill. að gefa Alþingi tóm og tíma til að fjalla vel um þessi mál og að Alþingi setji sér ákveðin tímamörk um hvenær þessu verkefni skuli lokið.

Ég gat um það áðan, að sérstök stjórnarskrárnefnd hefði verið kosin samkv. samþykkt Alþingis 6. maí 1978. Sú ályktun var á þessa lund:

„Alþingi ályktar, að þar sem 6 ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju 9 menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipan, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög."

Af þessari samþykkt má ráða tvennt: Sú stjórnarskrárnefnd, sem setið hafði áður en sú sem nú situr, hafði setið í 6 ár án þess að niðurstaða fengist, og sú stjórnarskrárnefnd, sem nú er að störfum, átti að réttu lagi að ljúka af sér árið 1980, en nú er árið 1982. Með þessari till. er gefinn frestur til að ljúka störfum stjórnarskrárnefndar þar til í ágúst n. k. Ég er sannfærður um af þeim spurnum, sem ég hef haft af störfum stjórnarskrárnefndar, að það eigi að vera vel mögulegt.

En hin nýja stjórnarskrá á ekki einungis að fjalla um kosningalög og kjördæmaskipan að dómi okkar Alþfl.-manna. Við teljum að hin nýja stjórnarskrá verði að fela í sér ný ákvæði um mannréttindi, um umhverfismál, um dómsmál, um þjóðareign á landi, um þjóðaratkvæði og um störf Alþingis. Alþfl. hefur mótað tillögur um þessi efni og m. a. gert sérstaklega drög að nýjum III. kafla stjórnarskrárinnar, sem fjallar um störf Alþingis. Þessar tillögur hafa verið kynntar öðrum þingflokkum og stjórnarskrárnefnd, og við leggjum vitaskuld áherslu á að sem flest af þeim hugmyndum verði tekið til athugunar og afgreiðslu í hinni nýju stjórnarskrá. En ég get sérstaklega um þetta vegna þess, hversu víðtækt við teljum að það verkefni sé að setja landinu nýja stjórnarskrá. Það hefur verið siður í undanförnum breytingum að láta við það eitt sitja að líta á kjördæmaskipun og kosningalög, en það er margt fleira sem vitaskuld á að vera í hinni nýju stjórnarskrá þannig að hún verði nútímaleg. Það má geta þess, að flest lönd í grennd við okkur hafa látið fara fram endurskoðun á stjórnarskrám sínum, og þar sjást mörg hinna nútímalegri viðhorfa, t. d. bæði varðandi mannréttindi og umhverfismál svo dæmi séu tekin.

Ég hef heyrt þær mótbárur við þessum tillöguflutningi okkar Alþfl.-manna, að á slíku stjórnlagaþingi, á slíku aukaþingi, gætu þm. tekið upp önnur mál til umfjöllunar og þannig yrði þetta ekki hreint stjórnlagaþing, það gæti tafið störfin. Ég vil hins vegar trúa því, að ef þingflokkarnir koma sér saman um að halda sérstakt stjórnlagaþing muni þeir standa við þá samþykkt sína og nota tímann í þetta mikilvæga verkefni. En að hinu leytinu hef ég heyrt að aukaþing þetta væri óþarft vegna þess að vitaskuld gæti Alþingi afgreitt þetta á reglulegu þingi. En þá vil ég spyrja: Er þá ekki enn fremur ástæða til að hafa áhyggjur af að einhver mál slæddust með ef menn ætla að þessu megi ljúka á venjulegu þingi? Reynslan kennir okkur vitaskuld að það hefur ekki tekist — ekki í þessa fjóra áratugi — að setja landinu nýja stjórnarskrá á venjulegum þingtíma á venjulegum þingum. Við höfum dæmin fyrir okkur, hvernig það getur dregist að afgreiða svo einfalt mál sem 18 ára kosningaraldur. Það mál lendir í eindaga og vandræðum og er síðan frestað.

Þingið hefur mörgum hnöppum að hneppa og þarf

mörgum störfum að sinna, og að bæta stjórnarskrármálinu sérstaklega við á venjulegum þingtíma eykur auðvitað annir og erfiði þingsins og eykur á líkur þess, að málið fáist ekki afgreitt. Þess vegna mælir allt með því, að Alþingi taki sér ákveðinn tíma til að sinna þessu verkefni, haldi sérstakt stjórnlagaþing.

Ég hef líka heyrt í sambandi við þennan tillöguflutning okkar Alþfl.-manna að að loknu slíku aukaþingi og afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár yrði að efna til kosninga. Auðvitað höfum við Alþfl.-menn ekki á móti því, að kosningar séu haldnar. En ég lýsi því yfir að það mál stendur opið. Þinginu er vitaskuld í lófa lagið að fresta lokaafgreiðslu á slíku aukaþingi, eftir að umfjöllun hefur átt sér stað og niðurstaða fengist í þingflokkunum, og láta lokaafgreiðsluna vera næsta aðdraganda þeirra kosninga sem næstar yrðu. Það er sem sagt ekki meginmálið í þessu máli og óþarfi að gera það að ásteytingarsteini vegna þess að hvernig með þetta skuli fara, kosningarnar, hefur þingið gjörsamlega á valdi sínu, og um það erum við Alþfl.-menn vitaskuld opnir til viðræðna.

Ég tel að það sé nauðsynlegt og það sé í rauninni krafa flestra landsmanna, að loksins megi takast að setja lýðveldinu nútímalega stjórnarskrá — stjórnarskrá sem sé í samræmi við nútímaviðhorf. Ég geri mér vonir um, að stjórnarskrárnefnd geti skilað af sér fyrir þann tíma sem hér er tilgreindur, og þykist hafa um það allgóðar upplýsingar. Jafnframt er það svo, eins og þingheimi er kunnugt, að í gangi hafa verið s. l. 9 mánuði viðræður milli formanna stjórnmálaflokkanna sem fjalla sérstaklega um kjördæmaskipun og kosningamál. Það er ekki ástæða til að rekja þær viðræður í smáatriðum, en þar hafa margvíslegar hugmyndir verið reifaðar og ég treysti mér til að segja það af þeim viðræðum, að það þurfi ekki að vera til fyrirstöðu þess, að málið geti komið til afgreiðslu og umfjöllunar á aukaþingi í ágústmánuði. Þvert á móti hefur þessu miðað það vel að mér er ekki uggur í brjósti um að flokkarnir hafi ekki getað mótað afstöðu sína með nægilega glöggum hætti fyrir þann tíma til að taka málið til umfjöllunar.

Herra forseti. Ég hef hér reifað nokkrum orðum hugmyndir okkar Alþfl.-manna um sérstakt stjórnlagaþing, um aukaþing samkv. heimild 22. gr. stjórnarskrárinnar til að fjalla um og afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland. Ég vil vænta þess, að þessi till. fái greiða afgreiðslu, vegna þess að hér er á ferðinni mál sem nauðsynlega þarf að afgreiða fyrir næstu kosningar og reynslan kennir okkur að ekki hefur tekist á undanförnum fjórum áratugum að finna tóm til að afgreiða, en það hefur ekki heldur áður verið staðið að málinu með þeim hætti sem hér er lagt til, að Alþingi ætli sér til þess sérstakan tíma og setji sér ákveðin tímamörk í þessu sambandi.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Sú stjórnarskrárnefnd, sem nú er að störfum, er skipuð 9 mönnum og eiga þar allir stjórnmálaflokkar fulltrúa. Strax á fyrstu fundum þessarar nefndar var lögð fram skrá yfir þau verkefni sem lagt var til að stjórnarskrárnefndin ynni að. Það voru milli 25 og 30 atriði sem talið var nauðsynlegt að taka til athugunar í stjórnarskrármálinu. Öll þessi atriði hafa verið rædd og rakin mjög rækilega á fundum stjórnarskrárnefndarinnar. Hún hefur aflað margvíslegra gagna til upplýsinga innanlands og utan.

Vitanlega er það nú eins og oft áður, að kjördæmamálið er það atriði úr stjórnarskránni sem einna mestar umr. hafa farið fram um, en þar eru fjölmörg önnur atriði, eins og ráða má af þessari verkefnaskrá sem ég nefndi.

Haustið 1980 tók nefndin saman tvær skýrslur, sem hún sendi þingflokkunum og síðar fjölmiðlum. Í þessum skýrslum var annars vegar greint frá kjördæmamálinu og margvíslegum tillögum og hugmyndum í sambandi við kjördæmaskipan og kosningar til Alþingis. Í hinni skýrslunni voru rakin öll hin atriðin sem um hefur verið fjallað.

Nefndin hefur haldið áfram störfum sínum og ég vil segja það hér sem formaður þessarar nefndar, að ég tel að samstarfið í nefndinni hafi verið með ágætum. Nefndarstörfum er svo vel á veg komið að ég ætla að það liggi nú nokkuð ljóst fyrir, hver tímaáætlun og starfsáætlun verði á næstunni. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum og skili tillögum til breytinga á stjórnarskránni eða frv. til nýrrar stjórnarskrár af sér næsta haust og þannig verði möguleikar, eftir að þingflokkar og ríkisstj. hafa fjallað um málið, að leggja frv. fyrir næsta reglulegt Alþingi. Það þing fengi svo rúman tíma, nokkra mánuði, til umfjöllunar þess máls. Gert er ráð fyrir að frv. verði samþykkt á árinu 1983, þá væntanlega á vordögum, og þá skal samkvæmt stjórnarskránni rjúfa þing og efna til nýrra kosninga um stjórnarskrármálið, en þær kosningar féllu þá saman við almennar kosningar sem eiga að fara fram til Alþingis á því ári. Þing kæmi svo saman eftir þær kosningar og samþykkti stjórnarskrárfrv., þannig að það yrði að lögum, gilt sem ný stjórnarskrá eða stjórnarskrárbreyting. Við orðalag til þess í stjórnarskrárnefndinni, að slík starfs- og tímaáætlun geti staðist.

Ég skal ekki fara hér á þessu stigi að ræða einstök atriði sem nefndin hefur fjallað um, en það eru í rauninni öll þau atriði sem talið hefur verið, bæði í nefndinni og utan hennar, æskilegt eða nauðsynlegt að ræða. Fjallar það að sjálfsögðu bæði um aðalvaldhafana eða handhafa stjórnvalds, um forsetavald, um Alþingi, skipun þess og störf, um dómsvaldið og ekki síst mannréttindi og fjölmargt fleira. Ég hef áður oftar en einu sinni gert grein fyrir þessum málum.

Ég held að þessi vinnubrögð og áætlun, sem ég hér hef greint, séu heppilegust og hyggilegust í sambandi við stjórnarskrármálið.

Þá till., sem hér liggur fyrir og hv. 1. flm. hefur gert grein fyrir, skal ég ekki ræða ítarlega, en ég vil benda á þrjú atriði í sambandi við hana.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að kalla saman aukaþing sem fjalli eingöngu um stjórnarskrá og afgreiði stjórnarskrá, eins og það var ákveðið og orðað í till. Ef menn vilja hafa sérstakt stjórnlagaþing til að afgreiða stjórnarskrá, eins og stundum hefur verið gert í öðrum löndum, þarf auðvitað, ef það stjórnlagaþing á að hafa heimild til að afgreiða mál og fjalla ekki um annað, að gera fyrst stjórnarskrárbreytingu sem felur slíku stjórnlagaþingi að taka eingöngu stjórnarskrána til meðferðar og afgreiða hana. Hér er hins vegar farið fram á að venjulegt aukaþing sé kallað saman til að fjalla um og afgreiða stjórnarskrána, og það kemur fram og má lesa út úr grg. og skýringum á þessari till., að það er ætlast til að það aukaþing fjalli ekki um önnur mál en stjórnarskrána.

Nú er það þannig samkv. okkar lögum, að aukaþing

hefur öll hin sömu réttindi og alþm. hafa öll þau sömu réttindi á aukaþingi og á reglulegu þingi. Á aukaþingi hefur hver þm. heimild til að bera fram frv., þáltill., fsp. og annað. Nú má vera að fyrir hv. flm. vaki, að allir þm. bindist samtökum um að hreyfa engu öðru máli á þessu aukaþingi en stjórnarskrármálinu. Það má gera ráð fyrir að slíkt aukaþing stæði í 1—2 mánuði til að ljúka þessu stóra máli, og mér kæmi það heldur á óvart, ef allir þm., 60 að tölu, stilltu sig um það allan þennan tíma að minnast á nokkurt annað mál, ríkisstjórnina, efnahagsmál eða verðbólgu eða önnur slík vandamál sem fram kunna að koma, að þeir standist það í kannske á annan mánuð innan dagskrár eða utan að minnast ekki á neitt annað mál. Ég held að það væri meiri sjálfsafneitun og sálarstyrkur en við eigum að venjast, og þyrfti í rauninni að leita til ársins 1000, þegar kristni var lögtekin, til að finna hliðstæðu eða fordæmi.

Þessu verða menn að gera sér grein fyrir, að það er ekki hægt með neinum viðtölum við þm. eða samþykktum þingflokka að binda þannig hendur allra þm. Þó að einhverjar slíkar samþykktir yrðu gerðar tel ég harla ólíklegt að allir þm. færu að sitja hér ágústmánuð og septembermánuð án þess að minnast á stjórnmál, aðeins stjórnarskrárbreytinguna eina. (Gripið fram í.) Ég veit ekki hvort hv. þm., sem hér greip fram í, formaður þingflokks Alþfl., treystir sér til að múlbinda alla sína þm. þannig að þeir mæli aldrei orð innan eða utan dagskrár um annað mál. Mér kæmi það ákaflega á óvart og reynslan sýnir annað.

Næsta atriði, sem ég vil minnast á í sambandi við till., er þetta, að í henni segir að þetta aukaþing skuli afgreiða nýja stjórnarskrá. Nú þýðir þetta að þegar þetta aukaþing væri búið að afgreiða, þ. e. að samþykkja, nýja stjórnarskrá, þá skal samkv. 79. gr. stjórnarskrárinnar rjúfa þing þá þegar og efna til nýrra kosninga. Nú kemur í ljós að þetta hefur ekki verið ætlunin eða hv. flm. hafa ekki hugsað út í þetta ákvæði stjórnarskrárinnar, og þess vegna kemur fram hjá hv. 1. flm. að það megi að vísu ljúka þessu máli að mestu leyti, en það væri í lófa lagið að fresta lokaafgreiðslu á stjórnarskránni á þessu aukaþingi. M. ö. o. er þá haldið fram öðru en því sem segir í sjálfri till. að eigi að afgreiða. En ef þessi háttur þyrfti að verða á vænti ég að hv. flm. geri sér grein fyrir því, að þá yrði á næsta reglulega þingi, sem kemur saman í október, að fjalla um málið frá byrjun, því að um leið og einu þingi er lokið, því er slitið, hvort sem það er reglulegt þing eða aukaþing, falla niður öll þau þingmál sem þar hafa verið til meðferðar. Jafnvel þó að það væri komið á lokastig, kannske 3. umr. í seinni deild, verður að byrja á nýjan leik á næsta þingi. Jafnvel með þessari breytingu, sem hv. 1. flm. var nú að gera grein fyrir, er þetta allt saman ákaflega hæpið.

Ég vil aðeins nefna þriðja atriðið, sem kannske má kalla formsatriði, en er það þó ekki að öllu leyti. Okkar stjórnskipun byggist nefnilega á skiptingu valds í þjóðfélaginu: framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds, og það er beint tiltekið í stjórnarskránni hvaða vald er á höndum forseta Íslands og hvað á höndum Alþingis. Nú segir í 22. gr. stjórnarskrárinnar: „Forseti lýðveldisins kveður Alþingi til aukafunda, þegar nauðsyn er til.“ Þetta þýðir auðvitað í verki eins og menn vita, að forsrh. gerir tillögu til forseta Íslands um það, hvort ástæða sé til þess eða nauðsyn að kveðja Alþingi til aukafunda, og síðan er það forseti, eftir tillögu forsrh., sem tekur ákvörðun um hvort slíkt skuli gert. Það, hvort eigi að kalla saman Alþingi til aukafunda, er því samkv. stjórnarskránni framkvæmdavaldsathöfn á vegum forseta Íslands og forsrh. Stjórnarskráin ákveður sem sagt ekki að Alþingi sjálft geti ákveðið að koma saman til aukaþings. Þannig eru nú ákvæðin um valdskiptingu samkv. stjórnarskránni.

Hitt er svo auðvitað allt annað mál, að auðvitað getur Alþingi samþykkt ályktun um að skora á forseta Íslands að kalla saman aukaþing. Hins vegar virðist till. vera byggð á því, að Alþingi hafi sjálft þetta vald, því að þetta er orðað þannig: „Alþingi ályktar, að kallað skuli saman aukaþing.“ M. ö. o. á Alþingi að ákveða að kalla saman aukaþing sem ekki stenst samkv. stjórnarskránni.

Það má kalla þetta formsatriði, en það er það í rauninni ekki. Hér er um að ræða grundvallaratriði í verkaskiptingu samkv. stjórnarskránni. Náttúrlega mætti lagfæra þetta með því að breyta því á þá lund, að Alþingi ályktí að skora á forseta Íslands að kalla saman aukaþing. En það er skylt, þegar svona er að farið, að benda a. m. k. á þessi atriði.

Ég vil ljúka máli mínu með því að ítreka að ég tel að meðferð og væntanleg afgreiðsla stjórnarskrármálsins væri heppilegust með þeim hætti sem ég hér gerði ráð fyrir, sem sagt að stjórnarskrárnefndin skili af sér á næsta hausti og stefnt sé að því að leggja frv. til nýrrar stjórnarskrár fyrir hið reglulega Alþingi, sem kemur saman í októbermánuði, og stefna að því, að það verði afgreitt áður en því þingi lýkur, og síðan falla kosningar vegna þingrofs eftir samþykkt slíkrar nýrrar stjórnarskrár saman við hinar almennu kosningar, og þing, sem kæmi saman eftir þær kosningar, staðfesti svo stjórnarskrána til fullnaðar.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því ágæta yfirliti sem þingheimur fékk af hálfu hæstv. forsrh. um störf stjórnarskrárnefndar og um það, hversu vel þeim miðar. Kemur það vel heim og saman við það mat, sem ég hef á lagt, og þau tíðindi, sem ég hef haft af þeim vettvangi. Ætti þess vegna ekkert að vera því til fyrirstöðu, að í ágústmánuði gæti Alþingi tekið þessi mál til meðferðar, eins og till. okkar Alþfl.-manna fjallar um.

Ég get vel fallist á þá ábendingu hæstv. forsrh., að það sé eðlilegt að orða þessa till. þannig að það sé áskorun til forseta um að þing verði kallað saman. Þetta er góð og gild ábending og fer sjálfsagt mun betur á því. En mér þótti gæta nokkurrar mótsagnar í málflutningi hæstv. forsrh. að öðru leyti.

Hæstv. forsrh. talaði um að það yrði leikur einn að afgreiða stjórnarskrána, fjalla um hana í þingflokkum, í þinginu, í nefndum, eftir því sem nauðsyn krefði á venjulegu þingi á næsta ári. Þá gerði ekkert til þó öll önnur mál ættu jafnframt að koma til umfjöllunar í þinginu, þá gerði ekkert til þótt þingmenn færu upp utan dagskrár og síðan, flyttu þáltill. og fsp., þá yrði engu að síður nægur tími til að fjalla um stjórnarskrármálið. Ef hins vegar ætti að kveðja saman sérstakt aukaþing til að fjalla um þetta mál mundi það verða til mikils vansa, ef einhver þm. impraði á einhverju öðru máli, og málið væri þar með ónýtt. Það væri líklegast ekki hægt að fjalla um stjórnarskrána á slíku aukaþingi vegna þess að einhverjir tækju til máls um eitthvert annað efni.

Nú hef ég ekki sömu áhyggjur og hæstv. forsrh. af skaplyndi þm. Ég trúi því, að ef þeir hafi sett sér að fjalla

um þetta mál og ætlað til þess ákveðinn tíma sérstaklega, þá muni þeir haga sér í samræmi við það. En jafnvel þó svo að einhver þm. impraði á einhverju öðru máli get ég ekki séð að það eyðilegði með öllu það að fjalla um stjórnarskrármálið á sérstöku aukaþingi. Ég get ekki séð annað en tíminn til þess að fjalla um málið væri langtum betri og meiri, tómið betra en að ætla að gera það innan um önnur þingstörf sem eru ærið annasöm hér á köflum. A. m. k. er það svo, að aldrei fær nein ríkisstjórn samþykkt nóg af þeim frv. til laga sem hún hefur áhuga á hverju sinni, og stöndum við nú enn einu sinni frammi fyrir því. Meginatriðið er nefnilega það, að okkur hefur ekki tekist í nær fjóra áratugi að setja hinu íslenska lýðveldi nýja stjórnarskrá og þau mál hafa viljað lenda í eindaga, jafnvel þegar einstök atriði af því tagi koma til umfjöllunar.

Ég verð að segja það líka, að mér fannst að í þeim málflutningi hæstv. forsrh. að leggja sérstaka áherslu á að það yrði að byrja að nýju, ef þetta yrði tekið fyrir á næsta reglulegu þingi eftir aukaþing, fælist líka eins konar vantraust á þingmenn, að sú niðurstaða, sem þeir hefðu náð, allt það starf, sem þeir hefðu unnið á aukaþinginu, væri ónýtt. Ég hef ekki kynnst því, að þær niðurstöður, sem menn hafa komist að hér í þinginu, sú vinna, sem menn hafa lagt af mörkum, hún væri ónýt þó menn brygðu sér frá. Ég hef hins vegar vanist því, að slíkt kæmi að fullum notum, og ég er sannfærður um að svo mun einnig verða í þessu tilviki.

Ég vil að lokum segja það, að ef þessari till. verður nú hafnað og þessi mál lenda í eindaga á næsta þingi hefur það enn einu sinni brugðist að það tækist að setja lýðveldinu Íslandi nýja stjórnarskrá. Ég held að þeir þm., sem hafa verið í vafa um að það ætti að kalla saman aukaþing með þessum hætti, ættu að hugleiða þetta atriði alveg sérstaklega, nefnilega það, að með þessu móti væri greitt fyrir því og það ætti að geta verið tryggt, að þetta mál fengi eðlilega umfjöllun, góða umfjöllun í þinginu og næði lokaafgreiðslu fyrir næstu kosningar, hvenær sem þær yrðu ákveðnar. Það er mikið ábyrgðarspor hjá mönnum að taka þá áhættu að þetta mál fari í sama farveg og venjulega, lendi í eindaga og ekki takist að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, og það er það alveg sérstaklega þegar komið hefur fram einlæg ábending, eins og þessi hér, um hvernig megi tryggja að þetta mál fái afgreiðslu og að þingið fái góðan tíma til að fjalla um það á sérstöku þingi.

Herra forseti. Ég vil svo að lokum leggja til að þessari þáltill. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það eru þrjú atriði í þessari till. sem ég hef gert að umtalsefni.

Í fyrsta lagi er ekki hægt með svona þáltill. á nokkurn hátt að tryggja að ekkert mál annað en stjórnarskráin komi til umr., eins og er megintilgangurinn með þessari till. Hún hefur að því leyti enga lagalega þýðingu því að þessum tilgangi nær þessi þáltill. ekki, eins og ég hef getið um og ekki er vefengt af hv. 1. flm. Allir þm. hafa rétt til að bera fram og ræða hvaða mál sem þeir vilja bera fram á þessu aukaþingi eins og öðrum. M. ö. o. stenst þessi meginforsenda ekki.

Í öðru lagi geri ég að umtalsefni, að samkv. till. á þetta aukaþing að afgreiða stjórnarskrá, og bendi á að þar með þyrfti náttúrlega strax á eftir að rjúfa þing. Nú hefur hv. 1. flm. viðurkennt þetta með því að draga til baka og telja nú að alls ekki eigi að afgreiða hana, heldur aðeins að fjalla um hana, en geyma afgreiðsluna til næsta reglulegs þings. Þetta annað meginatriði till. er þar með fallið um sjálft sig.

Í þriðja lagi benti ég á það, að Alþingi hefði samkvæmt okkar stjórnskipun ekki heimild til að ákveða að kalla saman aukaþing, heldur væri það verkefni forseta Íslands. Hv. 1. flm. hefur viðurkennt þetta og boðist til að breyta tillögunni.

Þessi þrjú meginatriði till., sem ég hef gert hér að umtalsefni, eru í rauninni öll saman fallin um sjálf sig þannig að eftir stendur í raun og veru ekkert af till. annað en nöfn flutningsmanna.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um vinnubrögð við endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins, kemur mér í hug stórmerk blaðagrein sem nýlega birtist í málgagni hæstv. samgrh., dagblaðinu Tímanum, eftir hálærðan hagfræðing, um stjórnarskrármál. Umræddur hagfræðingur var dr. Magni Guðmundsson. Hann lagði út af því, að litlu máli skipti, svona efnahagslega séð, hver væri forsrh. svona venjulegrar verðbólguríkisstjórnar, hvort hann héti Gunnar eða Geir, slíkt skipti ekki sköpum um hvernig okkur farnaðist hér í þessu landi. Hitt skipti hins vegar meginmáli, hver gegndi því virðulega embætti að vera í forsæti fyrir hinni merkustu nefnd sem nú starfar í íslenska stjórnkerfinu, sem er hæstv. stjórnarskrárnefnd. Af því tilefni er rétt að rifja upp að það má vel taka undir það með hagfræðingnum, að svo virðulegt sem embætti forsrh. er, þá er ekki síðra embætti hæstv. formanns stjórnarskrárnefndar. Um leið er rétt að minna þingheim á að sennilega er hæstv. forsrh. mesti sérfræðingur í heimi í stjórnarskrármálefnum því að enginn annar maður núlifandi meðal stjórnmálamanna hefur starfað jafnlengi og dyggilega að stjórnarskrármálum eða allt frá árinu 1946. Sem meðlimur þessarar virðulegu nefndar undir forsæti hans dettur mér ekki í hug að láta út úr mér nein gáleysisleg orð um, hversu með skuli fara, og ber mikla virðingu fyrir því, þegar hæstv. formaður stjórnarskrárnefndar lýsir því, hvað sé heppilegt og hvað sé óheppilegt í þeim vinnubrögðum. En ég vil fara örfáum orðum um starfshætti þessarar ágætu nefndar.

Ég tek undir það með hæstv. forsrh. og formanni stjórnarskrárnefndar, að samstarf í þeirri nefnd hefur verið harla gott. Ég tel að nefndin hafi unnið gott starf þegar hún tók fyrir í upphafi og skilaði á haustdögum 1980 tveimur skýrslum sem afhentar voru þingflokkunum til umfjöllunar. Eins og fram hefur komið var skýrslan tvískipt. Þar var annars vegar fjallað um kjördæmaskipan og kosningalög og svo í annan stað öll þau önnur atriði á verkefnaskrá nefndarinnar sem ástæða var til að fjalla um, en ekki fjölluðu um þessi raunverulega mjög svo hápólitísku málefni.

Nú má e. t. v. velta því fyrir sér, hvert starf þingflokkanna hafi verið í framhaldi af þessu. Á það er rétt að benda, að í þessum skýrslum stjórnarskrárnefndar er ekki að finna ákveðnar endanlegar tillögur. Þetta er starfsskrá, verkefnislýsing, fremur en endanlegar tillögur. Sér í lagi á þetta náttúrlega við þann þátt stjórnarskrármálsins sem pólitískt mun þykja viðkvæmastur, sem er endurskoðun kjördæmaskipunar. Það tengist óhjákvæmilega kosningalagaendurskoðun, þótt ekki sé það stjórnarskrármál.

Ég tek undir það með formanni stjórnarskrárnefndar, að ég sé út af fyrir sig ekkert því til fyrirstöðu, að nefndinni sem slíkri, ef hún verður vinnusöm þegar erli Alþingis lýkur og hv. formanni hennar gefst tóm til að einbeita sér þar að störfum í krafti sinnar yfirburðaþekkingar á þeim málefnum, geti vel miðað í þeim þætti málsins sem lýtur að hinni almennu endurskoðun stjórnarskrárinnar. Ég tek það fram í einlægni, að ekki hvarflar að mér að efa einlægan vilja og góðan ásetning formanns nefndarinnar að ljúka því verki. Hitt er annað mál, að nú hagar svo til að því er varðar endurskoðun kjördæmaskipunar, sem ég hef kallað hið pólitíska vandamál, að það mál er endanlega í höndum alþingismanna og verður ekki frá þeim tekið. Það er alveg ljóst, að frá því að stjórnarskrárnefnd skilaði sínum skýrslum, sinni verkefnislýsingu, til þingflokkanna hefur starf nefndarinnar ekki verið eins mikið, þótt alla daga sé það ánægjulegt, og það hefur að mestu leyti snúist fyrst og fremst um afmarkaða þætti og ekki hvað síst mannréttindamál. En málið er að nokkru leyti í kyrrstöðu vegna þess að fulltrúar í stjórnarskrárnefnd eru fulltrúar þingflokkanna og þeim er það ljóst, að hvaða tillögur sem kynnu að verða lagðar þar fram eða stjórnarskrárnefndarmenn sem slíkir gætu náð samkomulagi um, sem ekki nytu stuðnings og atfylgis þingflokkanna, kæmu fyrir lítið. Endanlega er þetta mál í höndum Alþingis, og þess vegna er það, að jafnhliða störfum stjórnarskrárnefndar hafa *verið í gangi viðræður milli formanna stjórnmálaflokka.* Það er ekkert launungarmál, að menn búast fyrst og fremst við að þetta mál, þessi tiltekni stóri pólitíski þáttur málsins, hljóti fyrst og fremst að verða útkljáður í viðræðum innan þingflokkanna og í samkomulagstilraunum milli forustumanna þingflokkanna innbyrðis. Það er ekki hvað síst út frá þessum forsendum sem ég tel eðlilegt, ef endurskoðun stjórnarskrárinnar að öðru leyti mætti heita vel á veg komin innan stjórnarskrárnefndar, að Alþingi gæfi sér samkvæmt mörgum fordæmum um endurskoðun stjórnarskrár með þessum hætti góðan tíma til að fjalla um hinn pólitíska þátt, sem er það sem till., sem hér er á dagskrá, gerir ráð fyrir.

Að því er varðar þær röksemdir sem hæstv. forsrh. og formaður stjórnarskrárnefndar hefur fært fram gegn þessari málsmeðferð, þær eru þrjár, þá hefur flm. þegar tekið þakksamlega lærdóm ábendingum stjórnlagafræðingsins og formanns nefndarinnar um þau formsatriði, eins og hann kallaði sjálfur, að sjálfsagt sé að hnika *til orðalagi og kveða svo á að þessi ályktun Alþingis sé í* formi áskorunar til handhafa framkvæmdavalds, þ. e. forseta lýðveldisins og forsrh., um að þessi vinnubrögð skuli viðhöfð. Að því er varðar aðra mótbáruna, að samkv. 79. gr. stjórnarskrár skuli, eins og þar er sagt, rjúfa þing að lokinni afgreiðslu málsins, minnist ég þess í lærðum umræðum í stjórnarskrárnefnd, án þess að ég ætli mér þá dul að fara að kenna hæstv. forsrh. lög, að hafa numið það af hans vörum, að ýmis fordæmi væru fyrir því við endurskoðun stjórnarskrár, þ. á m. 1933—1934, að endurskoðun hafi farið fram og síðan hafi liðið langur tími, heilt þing, þar til kosningar fóru fram því til staðfestingar. Ég er ekki enn fullnuma í þeim fræðum ef þessi rök standast. (**Gripið fram í:** Það er alveg greinilegt.) En kjarni málsins er sá, að mínu mati, að það er ekkert sem hindrar stjórnarskrárnefnd í að vinna og skila sínum tillögum um þá þætti stjórnarskrármálsins sem varða aðra þætti en kjördæmaskipunina sjálfa. Það er ákvörðun sem er hápólitísk í eðli sínu, og hún verður ekki tekin af stjórnarskrárnefndarmönnum einum. Það er ákvörðunarefni þingflokka. Og út frá þeirri forsendu tel ég eðlilegt að þau vinnubrögð, sem hér hefur verið lýst, væru viðhöfð.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í dag var kynntur fyrir þingflokkum listi með einum 59 málum sem hæstv. forsrh. og þar með hæstv. ríkisstj. og þeir flokkar, sem að henni standa, óska eftir að verði afgreidd fyrir þinglok, nú þegar kannske sex, sjö dagar lifa eftir af þessu þingi. Þetta er auðvitað ekkert einsdæmi. Þetta er kannske nokkuð há tala, nokkuð mikill málafjöldi, en þetta er hins vegar hinn venjulegi gangur mála. Og þegar þetta er skoðað og litið er til undanfarinna ára, hvernig halda menn að næsti þingvetur verði, sem væntanlega verður hinn síðasti þessarar ríkisstjórnar, þ. e. áður en gengið er til kosninga, ef við bætast á verkefnalista þess þings drög að alvörustjórnarskrá fyrir lýðveldið Ísland? Þá er ekki aðeins verið að tala um hin að mörgu leyti erfiðu mál, sem lúta að kjördæmaskipun, heldur ef farið er yfir allt sviðið, *ef litið er til mannréttindamála, eins og talað* hefur verið um, umhverfismála, dómsmála, mála sem snerta þjóðareign á landi, mála sem snerta þjóðaratkvæði, mála sem snerta störf Alþingis, svo að nokkuð sé nefnt.

Ég hygg að það sé alveg ljóst, að ef sú leið er farin sem hér hefur komið fram að hæstv. forsrh., sem jafnframt er formaður stjórnarskrárnefndar, vill fara, þá getum við sagt okkur það með nokkurri vissu á þessu augnabliki hvað muni gerast. Það, sem mun gerast, verður væntanlega að kannske hluti af þessu, kannske lítið af þessu, kannske ekkert af þessu verður afgreitt. En inn á milli hins mikla málafjölda af venjulegu tagi, sem verður hér næsta vetur, á að fara fram pólitískur strekkingur af öllum sortum og gerðum um eitt meginmál, þ. e. um kjördæmaskipun. Það verður síðan afgreitt í þinglok og þá kannske með háskalegri flýti en menn hefðu kosið bæði þá og eftir á að hyggja.

Því er þetta sagt að fyrir þessu er reynsla, þetta hefur verið svo áður. Ég vil aðeins nefna eitt dæmi þessu skylt sem hér gerðist í vetur. Hér var uppi frv. um sveitarstjórnarmál. Í febrúar kom fram hugmynd frá tveimur hv. þm. í Ed., þeim Guðmundi Vésteinssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni, um að fara með kosningaaldur niður í 18 ár, sem að því er sveitarstjórnarmál varðar er lagamál *eða á heima í almennum lögum* og ekki í stjórnarskrá. En tíminn var of naumur að sögn ráðamanna og embættismanna og af þessari breytingu varð ekki. Þetta er það sem koma skal — það er a. m. k. full ástæða til að óttast að þetta verði gangurinn næsta vetur að því er nýja stjórnarskrá varðar. Og hvers vegna er hægt að fullyrða það? vegna þess að ný stjórnarskrá hefur verið í smíðum allt frá árinu 1944. Af þessum ástæðum hefði maður ætlað að hæstv. forsrh., sem er þetta mál skyldara en öðrum þm. vegna þess að hann jafnframt gegnir því veigamikla embætti að vera formaður stjórnarskrárnefndar, gripi fegins hendi þá hugmynd um slíkt stjórnlagaþing sem hér er gerð till. um. Og maður hefði haldið að um þetta þyrfti ekki að vera neinn ágreiningur, heldur aðeins samkomulagsmál um útfærslu í þessum efnum. En því miður, hæstv. forsrh. hefur ekki kosið að taka þessari till. með eins jákvæðum hætti og hún er sett fram, heldur hefur hann tínt til minni háttar röksemdir gegn

till. og sett sig í spor lagakennarans eina ferðina enn. En allt sýnast það vera fullkomlega minni háttar athugasemdir og einni þeirra lýsti hann sjálfur sem hreinu formsatriði í þessum efnum.

Því hefur verið haldið fram hér á einu stigi málsins að þessi till. væri jafnframt till. um þingrof og nýjar kosningar. Þar með væri málið náttúrlega orðið hápólitískt að því leyti, að í till. fælist vantraust á ríkisstj. Það gefur auga leið að þeir, sem flytja þessa till., eru ekki stuðningsmenn ríkisstj. En það er engin ástæða til að blanda því tvennu saman. Það felst ekkert í þessari till. um afstöðu manna með eða á móti núverandi hæstv. ríkisstj. Þetta mál er á algerlega öðru sviði. Og það eru leidd að því rök, sem ég held að menn mótmæli ekki, að tæknilegur framgangur þessa máls getur auðveldlega orðið með þeim hætti að fram verði látnar fara fimm umr. um þessi efni og látið þar við sitja.

Gerðar hafa verið athugasemdir um hvernig þm. muni hegða sér, annaðhvort á þessu þingi eða á næsta þingi, og það er alveg rétt, að þm. eru efalítið mismunandi rólegir eða órólegir. En ég held að það sé ekki nokkur ástæða til að ætla að nokkur maður muni virða að vettugi þennan vilja eða þessi vinnubrögð, og get ég djarft úr flokki talað í þeim efnum.

Ég held því að þær athugasemdir, sem eiginlega hvorki hæstv. forsrh. né formaður stjórnarskrárnefndar bar fram hér, heldur lagakennari — þegar hann tekur hæstv. Alþingi í lagaskóla, — þær séu allar svo lítilvægar að þær snerti ekki aðalatriði eða kjarna málsins. Þetta er till. um vinnuhagræðingu fyrst og fremst. Og ég held að hver maður hér geti sagt sér það, að verði ekki einhver slík leið farin, heldur sú venjulega leið, getum við sagt, sem hæstv. forsrh. talar fyrir, þá er hann að sigla sínu eigin máli í strand. Satt að segja hefði ég talið að það væri einmitt ekki stíll forsrh. að leggja til vinnuaðferðir í þessum málum sem mjög líklega sigla málum í strand. Af því höfum við reynslu í þessum efnum.

Það væri raunar fróðlegt að heyra hvað talsmenn annarra þingflokka segja um þessa till. Það má leggja á það þunga áherslu, að þetta er till. um tæknileg efni, hvernig tæknilega skuli að frágangi stjórnarskrárinnar staðið hér og af þeim einstaklingum sem fara með völd í þeim efnum. Stjórnarskrárnefnd hefur starfað lengi. Hún hefur vonandi starfað vel, ekki er það að efa. Einmitt þess vegna ætti það að vera hennar vilji og forustumanna hennar, að sú vinna sé ekki unnin fyrir gýg. Þetta er till. um að sú vinna nýtist. Reynslan er fyrir hinu. Verði sú leið farin að leggja þessa vinnu fram á reglulegu þingi bendir öll reynsla til þess, að mest af þeirri vinnu komi fyrir lítið. Það er full ástæða til að óttast að svo fari. Því væri óskandi að hæstv. forsrh. endurskoðaði þá afstöðu sína sem hann hér hefur kynnt. Sú leið, sem hér hefur verið mælt fyrir, væri áreiðanlega skynsamlegri leið.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það er leitt að hafa ekki getað hlustað á allar þær umr. sem hér hafa farið fram, en vegna þeirra orða, sem ég hef hér hlýtt á, finnst mér nauðsynlegt að láta það koma fram, að ég tel að það sé allnokkru lengri tími, sem menn hafa til þess að ganga frá till. að nýrri stjórnarskrá, en hér hefur verið getið um. Kjörtímabil það, sem nú stendur yfir, rennur ekki út fyrr en í desembermánuði 1983. Þangað til er rúmlega eitt og hálft ár. Ég tel þess vegna að þingflokkarnir hafi ærinn tíma til þess að fjalla um þær till. sem hafa verið að mótast í stjórnarskrárnefnd og í viðræðum formanna þingflokkanna og það beri á engan hátt brýna nauðsyn til þess að fara að halda sérstakt aukaþing um stjórnarskrármál. Ef menn hins vegar telja að það væri æskilegt að halda slíkt þing, þá er ég þeirrar skoðunar að það eigi að halda sumarið 1983, en ekki sumarið 1982. Það væri miklu nær að efna til slíks þings undir lok þessa kjörtímabils, en alls ekki þegar kjörtímabilið er rétt rúmlega hálfnað. Það má vel vera að það væri æskilegt að þingið kæmi saman einhvern tíma, nokkrar vikur eða svo, síðla sumars 1983 eða þegar fer að hausta, til þess að fjalla um þær till. sem settar hafa verið fram um stjórnarskrárbreytingar, en ég tel á engan hátt tímabært að það verði gert í sumar.

Það verður því miður að játa, að þingflokkarnir hafa ekki vegna margvíslegra anna lagt nægilega vinnu í að ræða ýmsa þætti stjórnarskrármálsins aðra en kjördæmabreytinguna. Hins vegar hefur innan stjórnarskrárnefndar verið á síðustu mánuðum lögð allmikil vinna í að gera uppkast að orðalagi ýmissa nýrra greina í stjórnarskránni eða breytinga á öðrum greinum sem fjalla um ýmis önnur atriði en kjördæmaskipunina. Það er nú einu sinni svo, að íslenska stjórnarskráin hefur að mestu leyti verið óbreytt hvað þessi ákvæði snertir frá upphafi. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að þingflokkarnir og þjóðin fái nokkuð góðan tíma til þess að athuga þau atriði. Mér fyndist þess vegna vel koma til greina að sá háttur yrði hafður á, að með haustinu eða fyrri hluta næsta vetrar lægi fyrir uppkast að breytingum á hinum ýmsu greinum og köflum stjórnarskrárinnar og þingflokkarnir hefðu það síðan til meðferðar næsta vetur. Menn gætu svo metið það, þegar færi að vora, hvort menn vildu geyma afgreiðslu þess til haustþingsins 1983 eða hvort menn vildu efna til sérstaks aukaþings þá um haustið. Mér fyndist við hæfi að menn afgreiddu þá stjórnarskrárbreytinguna í októbermánuði eða svo 1983, skömmu áður en næstu þingkosningar fara væntanlega fram. Síðan væri hægt að kalla þing saman fljótlega upp úr áramótum 1984 að nýju og láta fara fram aðrar kosningar í kjölfarið á því og nýtt þing samkv. nýrri stjórnarskrá tæki til starfa einhvern tíma í lok fyrsta misseris eða upphafi annars misseris árið 1984.

Ég var einn af þeim sem höfðu efasemdir um desemberkosningarnar 1979, en skal vissulega játa að framkvæmd þeirra kosninga tókst mun betur en ég óttaðist. Ég tel það þess vegna staðreynd í okkar þjóðfélagi nú á tímum að við getum, líkt og aðrar þjóðir, látið þingkosningar fara fram nánast á hvaða tíma ársins sem er, þótt það hafi e. t. v. ekki gilt fyrir nokkrum áratugum þegar samgönguhættir voru öðruvísi en nú. Mér finnst þess vegna gæta nokkurs bráðræðis að vilja fara að ákveða aukaþing um stjórnarskrána nú, en finnst koma til greina að við tökum það til athugunar að 12—15 mánuðum liðnum.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég held að þessi till. um að kalla saman sérstakt aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá fyrir lýðveldið sé flutt í ákaflega miklum flýti. Ég held að það sé engin ástæða til að kalla saman sérstakt aukaþing til þess að fjalla um stjórnarskrána. Ég minni á það sem Alþingi hefur áður samþykkt í þessum efnum, vitna í samþykktina frá 6. maí 1978 þar sem segir: „Alþingi ályktar, að þar sem sex ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin og það er

lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju níu menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög." M. ö. o.: kjörtímabil stjórnarskrárnefndar er í raun og veru úti fyrir áramót 1980 samkv. þessari ályktun Alþingis.

Ég vil á engan hátt gera lítið úr störfum stjórnarskrárnefndar og því síður gera lítið úr því verki sem hefur verið unnið einkum af starfsmanni nefndarinnar, sem hefur verið, og þeim sérfræðingum, sem til hefur verið leitað. Þeir hafa allir sýnt mikla vandvirkni í störfum og nefndin í heild hefur fjallað um þetta. En verkefni stjórnarskrárnefndarinnar hafa fyrst og fremst snúist um fyrstu 29 greinar stjórnarskrárinnar, en mun minna um kjördæmaskipun og kosningaákvæði stjórnskipunarlaga. Hins vegar má segja að eftir að skýrslurnar voru gefnar út hafi starf nefndarinnar verið ærið slitrótt og mjög lítið í vetur, að undanskildu því að nú fyrir nokkru voru þrír fundir haldnir með stuttu millibili.

Ég tel að það hefði átt að vera búið að vinna að því, einkum af formönnum stjórnmálaflokkanna, — ég er á engan hátt að kasta rýrð á formenn þingflokka með því, en ég hef talið að hitt væri vænlegra, að formenn stjórnmálaflokkanna töluðu í alvöru um þessi mál og reyndu að finna sameiginlega lausn sem helst allir flokkar gætu sætt sig við.

Í grg., sem fylgir till. Alþfl., segir: „Alþfl. vill að kjördæmaskipun og kosningalöggjöf verði breytt. Að leiðarljósi verður að hafa réttlæti milli einstakra byggðarlaga, jöfnun atkvæðisréttar og hagsmuni hinna dreifðu byggða." Nú langar mig að spyrja: Hvernig hugsar flokkurinn sér að jafna atkvæðisréttinn? Á að gera vægi atkvæða jafnt hvar sem menn eru búsettir? Á hvern hátt á þá að tryggja hagsmuni hinna dreifðu byggða jafnhliða þessu?

Síðan segir: „Stjórnarskráin þarf að tryggja að þingstyrkur stjórnmálaflokkanna sé jafnan í fullu samræmi við kjörfylgi þeirra." Alþfl. segist vera reiðubúinn að ræða hugmyndina um Ísland allt sem eitt kjördæmi, skiptingu landsins í kjördæmi eftir fjórðungum auk Reykjavíkur og endurbætur miðað við sömu kjördæmaskiptingu og nú gildir, og þá eigi að setja ákvæði um endurútreikning þingmannatölu hvers kjördæmis á tíu ára fresti til að hindra óeðlilega röskun.

Ég tel að það taki því eiginlega ekki að nefna hugmyndina um að Ísland verði eitt kjördæmi, því um það verður aldrei samkomulag. Annar fulltrúi Alþfl. í stjórnarskrárnefndinni hefur lýst því yfir, að þetta sé ekki lengur stefnumál Alþfl., og það er ekki stefnumál hinna flokkanna heldur. Þar af leiðandi er þessi hugmynd ekki inni í þessari mynd. Hugmyndin um kjördæmi eftir fjórðungum utan Reykjavíkur hefur aldrei verið rædd neitt að ráði, hvorki í nefndinni né á milli flokka. Hins vegar hefur nokkuð verið rætt um endurbætur frá núverandi kjördæmaskipun, en þó sérstaklega að skipta a. m. k. einu kjördæmi. En þá mundu fleiri fylgja í kjölfarið, það vitum við. Ég tel aftur að ákvæðið, sem um er getið í grg. með till. þeirra Alþfl.-manna, um endurútreikning þingmannatölu hvers kjördæmis á tíu ára fresti til að hindra óeðlilega röskun, eigi fyllilega rétt á sér og ætti að ræða ítarlega.

En nú er svo komið að stjórnarskrárnefndin þarf að fara eftir því hver er vilji þingflokkanna.

Sjálfstfl. hefur markað afar skýra stefnu í þessu máli og rætt það bæði í flokksráði, í sérstakri fjölmennri nefnd innan flokksins og sömuleiðis mjög ítarlega á síðasta landsfundi. Þar eru, eins og í öðrum flokkum, mjög skiptar skoðanir í þessu máli. En ég held að mér sé óhætt að fullyrða að menn hafi allir sæst á að leggja til grundvallar þær breytingar sem orðið hafa frá því að síðasta kjördæmaskipun var sett og þingmannafjöldi ákveðinn. Frá þeim tíma hefur orðið veruleg breyting á fjölda fólks í einstökum kjördæmum. Því verður ekki í móti mælt, að í kjördæmi þar sem hefur fjölgað um yfir 140%, svo sem er í Reykjaneskjördæmi, þar hefur þetta hlutfall raskast mjög frá því að síðasta kjördæmaskipun var sett. Reykjavík er með rúmlega meðaltalsfjölgun yfir landið. Það hefur því hallað á Reykjavík. Við, sem tilheyrum hinum svokölluðu strjálu byggðum, viðurkennum það, a. m. k. flestir sem vilja vera sanngjarnir, að hér hefur orðið veruleg breyting frá síðustu kjördæmaskipun sem við teljum eðlilegt að sé leiðrétt. Sjálfstfl. hefur bent á að erfitt væri að ná samkomulagi um að fækka þingmönnum nokkuð. Einkum er þá Reykjaneskjördæmi haft í huga. Þar hafa menn nefnt fjölgun um þrjá til fjóra þingmenn frá núverandi þingmannafjölda, og í Reykjavík er rætt um að fjölga þingmönnum úr 12 í 15.

Þá komum við aftur að því erfiða hlutskipti að úthluta uppbótarþingsætum. Flestir, sem ég hef heyrt ræða þetta mál hleypidómalaust, hafa viljað halda sig við sömu tölu uppbótarþingmanna og verið hefur um langt árabil. Aðrir vilja hafa það hámarkstölu sem fer eftir jöfnun á milli flokka. Ef við höldum lengra verðum við að játa það, að með breytingunni, sem gerð var 1958, náðist mjög þokkalegt jafnvægi á milli flokka sem hefur haldist nokkuð sæmilega allan þennan tíma, þó að nokkru meira bil hafi orðið í síðustu kosningum, þar sem Framsfl. hefur fengið tiltölulega flesta þm. kjörna eða fleiri en aðrir flokkar sem allt þetta tímabil hafa skipt uppbótarþingsætunum á milli sín.

Ég tel að það sé eðlilegt við úthlutun uppbótarþingsæta að taka meira tillit til hinna stærri kjördæma, en á engan hátt að útiloka landskjörna þingmenn eða uppbótarþingmenn úr minni kjördæmunum. Ég tel fyrir mitt leyti það mjög koma til greina, að fyrsti uppbótarþingmaður komi á tölu eins og nú er, annar á hlutfall eins og nú er, en síðan þriðji og fjórði á tölur, ef það mætti verða til þess að sætta menn frekar við þessa breytingu.

Þeir aðilar, sem heimta fullkomið vægi atkvæða, eru um leið að leggja það lóð á vogarskálina, að samkomulag næst ekki um afgreiðslu málsins. Þess vegna hygg ég að það sé betra fyrir alla, fyrir fjölmennu kjördæmin Reykjanes, Reykjavík og Norðurland eystra, þar sem mjög kemur til álita að fjölga um einn þingmann, að þau hagi sinni kröfugerð með þeim hætti að leitast við að vinna upp þá röskun sem orðið hefur frá því að síðasta breyting var gerð. Þetta gerir það að verkum, að við, sem erum hér fulltrúar fyrir strjálbýlið, fyrir minni kjördæmin, erum miklu frekar til viðræðna um að fylgja þeirri breytingu fram. Við getum ekki neitað því, að með því að láta þetta bíða áratugum saman er verið að kynda elda óánægju í hinum stóru kjördæmum. Ég leyfi mér að

hafa þessa skoðun þó að ég viti að víða úti um land hafa menn töluverðan ótta af því sem kann að gerast. En þetta er það sem hefur verið að gerast í þessum málum, og það er eðlileg þróun. En við verðum að vera um leið nokkuð íhaldssamir því að við vitum það, að þó þeir sem búa í hinum strjálli byggðum hafi meira vægi í sambandi við kjör þingmanna á löggjafarsamkundu, þá þarf líka að taka tillit til þess, hvar Alþingi er, hvar stjórnvaldið og framkvæmdavaldið er. Það verður líka að meta í þessu tilfelli.

Hér næst ekkert fram nema með því að menn sýni á báða bóga í fyrsta lagi víðsýni og í öðru lagi sanngirni. Þá er hægt að ná endum saman, þá er hægt að ná þeim árangri sem flestir landsmenn ættu að geta sætt sig við. Ég tel því að það, sem mest ríður á að gera, sé að formenn stjórnmálaflokkanna, og þá nefndir þeirra með formönnunum, setjist niður og ræði um lausn þessa máls og láti ekki þessa endurskoðun eiga sér lengri undirbúning en þegar er orðið. Þetta er orðinn óhæfilegur dráttur, sem ég ætla engum einum að kenna um, þar munu vera margir sekir.

Ég hjó eftir einu í ræðu hv. 11. þm. Reykv. Hann talaði um það að kjósa á öðru misseri árið 1984. Mér þykir karl ætla að lengja kjörtímabilið. Það er gott að hann kemur inn. Hann talaði um að kjósa þegar komið væri á annað misseri árið 1984. Ég veit ekki betur en að það eigi að kjósa á fjögurra ára fresti. (**ÓRG:** Já, seinni kosninguna.) Seinni, já. Það tók ræðumaður ekki fram. (**ÓRG:** Jú, jú.) Þá hef ég misskilið hann, því ég skrifaði þetta eftir honum. En hvað sem hann lofar nú ágæti desemberkosninga, þrátt fyrir mikla andstöðu, þá held ég að allir hljóti að vera sammála um það, að þó ekki séu liðin fjögur ár í júnímánuði eigum við að halda okkur við þann mánuð sem kosningar eiga að fara fram í, og þá er það auðvitað innan fjögurra ára. Ég held að um það eigi ekki að þurfa að verða deilur, þó að okkur greini nú á um flest, Íslendinga. Við eigum ekki að gera desember að föstum kosningamánuði. En hitt tek ég alveg undir með hv. þm., að þær kosningar lukkuðust bara vel og það eru mjög breyttar aðstæður frá því sem var, en sumir hafa haldið sér alveg dauðahaldi í að það væri eiginlega dauðasynd stjórnmálamanna að fara út í vetrarkosningar.

Ég tel að vegna þeirra umr., sem hér hafa átt sér stað, hafi verið nauðsynlegt að fram kæmi þetta sjónarmið mitt og einnig sjónarmið Sjálfstfl., sem hefur tekið þá ákvörðun í þessu máli að leita samninga á þeim grundvelli sem ég hef verið að skýra. Ég endurtek það svo, að ég tel ekki þörf að kalla saman sérstakt aukaþing. En á hinu er þörf, að stjórnmálaflokkarnir í landinu setjist á rökstóla, ekki hér í 60 manna þingi, heldur fyrst og fremst í nefndum, til þess að finna lausn á þessu máli. Ég er sannfærður um að það er í reynd vilji fyrir hendi hjá öllum flokkum að reyna að leysa þetta mál á eitthvað svipaðan hátt og ég hef verið að skýra hér í þessu máli mínu.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Till. sú, sem hér er til umr., er till. um málsmeðferð en ekki um efnisatriði. Ég ætla því ekki að ræða um efnisatriði hugsanlegrar stjórnarskrárbreytingar eins og hv. síðasti ræðumaður gerði. Vissulega væri hægt að ræða mikið og langt mál um það, en það er ekki á dagskrá þegar rætt er um þessa till. sem aðeins fjallar um málsmeðferð, og ég tel það ekki líklegt til árangurs og til væntanlegs samkomulags hér í þinginu um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins að fara nú að ræða um efnisatriði þeirra breytinga þegar til umr. er hvernig á málinu skuli haldið.

Það er vissulega ánægjulegt fyrir okkur Alþfl.-menn að hlýða á ræðu hv. 11. þm. Reykv. þar sem hann lýsir yfir að illspár hans um framkvæmd kosninganna í desembermánuði 1979 hafi ekki gengið eftir, heldur þvert á móti hafi framkvæmd þeirra verið þess eðlis, að það hafi komið honum þægilega á óvart. Það vildi svo til að það vorum við Alþfl.-menn sem fórum með framkvæmd þeirra kosninga, og vissulega er ánægjulegt að hlýða á formann þingflokks Alþb. lýsa yfir að sú framkvæmd hafi farið vel úr hendi. En veldur hver á heldur. Sá, sem þá á hélt, var hv. þm. Vilmundur Gylfason og svo að sjálfsögðu forsrh. þeirrar ríkisstj. hv. þm. Benedikt Gröndal. Og það er ekki víst, þó að þessum tveimur hv. þm. hafi farið framkvæmdin vel úr hendi, að þeim ágætu mönnum, sem fara nú með þau embætti í ríkisstj., sem þessir tveir þm. fóru með haustið 1979, muni fara jafnvel úr hendi haustkosningar í lok síns kjörtímabils.

Ég vil einnig vekja athygli á því, að þeim bar ekki saman, hv. 11. þm. Reykv. og hæstv. forsrh., um hvenær bæri að stefna að því, að stjórnarskráin yrði afgreidd eða breytingar á henni. Hv. 11. þm. Reykv. óskaði einna helst eftir að sú afgreiðsla færi ekki fram fyrr en á síðasta degi kjörtímabilsins, ekki fyrr en í desember eða að hausti 1983. Hæstv. forsrh. lýsti því hins vegar yfir, að hann teldi rétt að stefna að því, að sú afgreiðsla færi fram vorið 1983. Þessi meiningarmunur er mjög vel skiljanlegur þegar til þess er litið, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er ekki aðeins 11. þm. Reykv., næstsíðasti þm. sem kjörinn er á þing af framboðslista í Reykjavík, heldur er hann einnig kjörinn á þing af framboðslista Alþb. Svo það er ósköp eðlilegt að sá hv. þm. vilji mjólka það sem mjólkað verður út úr þessu kjörtímabili. Allur er varinn góður.

Meginatriði þessa máls, herra forseti, er að með samþykkt Alþingis 6. maí 1978 voru stjórnarskrárnefnd, sem kjörin var í framhaldi af þeirri samþykkt, falin tiltekin verkefni. Samkv. þeirri samþykkt átti hin nýja nefnd að skila af sér álitsgerð innan tveggja ára. Sá tími er nú löngu liðinn. Það eru 1 1/2 — 2 ár síðan þessi nefnd átti að skila af sér störfum samkv. samþykkt Alþingis. (**ÓRG:** Það er rangt.) Það er rangt, segir hv. 11. þm. Reykv. Samþykktin er gerð 6. maí 1978. Í samþykktinni segir, með leyfi forseta, orðrétt: „Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum" o. s. frv. Það má að réttu lagi segja að hv. nefnd hafi fengið tveggja ára starfstíma samkv. þessari ályktun frá því að hún var skipuð í árslok 1978. Um það má deila, hvort heldur starfstíminn miðist við samþykkt Alþingis eða við þann tíma sem hv. nefnd hóf störf. En það er engu að síður staðreynd að nú eru liðin 1 1/2—2 ár fram yfir það að þessi hv. nefnd átti að skila af sér. Einnig segir í þessari till. hvernig nefndin átti að skila af sér störfum fyrir 1 1/2—2 árum. Hún átti ekki að skila af sér störfum með þeim hætti að óska eftir að þingflokkarnir gæfu henni einhverjar leiðbeiningar um hina viðkvæmustu þætti í verkefnum nefndarinnar. Þvert á móti stendur í samþykkt Alþingis: „Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og

starfshætti Alþingis og kosningalög."

Alþingi felur umræddri nefnd sérstaklega að gera tillögur um þessi vandasömu og viðkvæmu mál og nú er liðið 1½—2 ár frá því að nefndin átti að skila af sér þessum tillögum sínum. Það má út af fyrir sig víta gagnvart forsetum Alþingis að hafa ekki gengið eftir að nefndin skilaði af sér störfum, eins og tvímælalaust er lýst yfir í samþykkt Alþingis að hún eigi að gera. Alþingi fól nefndinni ekki að óska eftir því við þingflokkana, að þeir segðu álit sitt á þessum viðkvæmu og vandasömu málum áður en hún gerði sínar tillögur. Þvert á móti fól Alþingi nefndinni að gera tillögur um þessi mál svo að þingflokkarnir gætu tekið afstöðu til tillagna nefndarinnar, og þær tillögur áttu að liggja frammi, hæstv. forsrh., fyrir 1½—2 árum. Það er því ekki að ástæðulausu að Alþingi telur sig knúið til þess að taka upp þau mál, hvernig að afgreiðslu þessarar breytingar skuli staðið, þar sem það liggur nú fyrir að þingheimur hefur beðið í 1½—2 ár eftir tillögum stjórnarskrárnefndar undir forsæti hæstv. forsrh. (**ÓRG:** Farðu nú að setja bremsurnar á stóryrðin áður en þú segir meiri vitleysu.) Ég geri ekki annað, herra forseti, en að vitna orðrétt í samþykkt Alþingis um þessi efni. Sú samþykkt er allsendis ótvíræð. En látum nú svo vera.

Meginatriðið í till. er það, að Alþingi reyni að ná samstöðu um að gefa sér sérstakan tíma til að fjalla um breytingar á stjórnarskránni, til þess að það gerist nú ekki einu sinni enn, sem hvað eftir annað hefur gerst undir slíkum kringumstæðum, að Alþingi heykist á því að afgreiða endurskoðun á stjórnarskránni vegna þess einfaldlega að þingið taki ekki til við það viðfangsefni fyrr en á elleftu stund. Menn þurfa engar áhyggjur að hafa af því, að Alþingi mun sjálfsagt gefa sér tíma, eins og jafnan áður undir slíkum kringumstæðum, til þess að afgreiða breytingar á þingmannafjölda eða skiptingu þingmanna milli kjördæma. Alþingi mun án efa gefa sér tíma til slíkrar afgreiðslu eins og það hefur ávallt áður gert undir slíkum kringumstæðum. En reynslan færir okkur heim sanninn um að hættan er ekki sú, að þetta viðfangsefni verði vanrækt, heldur hitt, að öll önnur nauðsynleg endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins verði látin sitja á hakanum. Þess vegna er óksöp eðlilegt að þingflokkur Alþfl. komi við þessar aðstæður fram með tillögu um að Alþingi Íslendinga gefi sér nú, þegar skammt lifir af kjörtímabilinu og liðið er 1½—2 ár síðan þingið átti að fá tillögur frá umdræddri nefnd, þá gefi það sér sérstakan tíma til þess að ná samkomulagi um hvernig að málsmeðferðinni skuli staðið.

Hæstv. forsrh. segir að hér sé um að ræða valdbrest hjá Alþingi, Alþingi geti ekki tekið ákvarðanir um mál eins og till. til þál. á þskj. 522 gerir ráð fyrir. Það er að sjálfsögðu ekkert meginatriði, heldur formsatriði. En skyldi það atriði vera með öllu fordæmalaust? Ég segi nei. Ég leyfi mér í því sambandi að vitna í ræðu forseta sameinaðs Alþingis, Eysteins Jónssonar, sem hann flutti á 87. fundi Sþ. fimmtudaginn 9. maí kl. 1.55 eftir miðnætti, eins og skráð er í Alþingistíðindum. Þetta var síðasta ræða forseta Sþ. rétt áður en þingrof fór fram þá um nóttina. Forseti sameinaðs Alþingis sagði þá, með leyfi forseta, orðrétt:

„Gjarnan má segja frá því nú þegar við skiljum, vegna þess að það er þáttur í störfum þingsins, sem almenningur þó ekki þekkir, að einmitt þessa sömu viku sem pólitískar sviptingar hafa staðið hér á Alþingi hafa forustumenn stjórnmálaflokkanna unnið að því sameiginlega með þingforsetum að undirbúa þátt Alþingis í hátíðahöldum þjóðhátíðarinnar 28. júlí í sumar á Þingvöllum við Öxará. Og einmitt á þessum vikum hafa stjórnmálaflokkarnir á Alþingi náð algerri samstöðu um stórmál, sem þeir telja sameiginlega verðugt að beita sér fyrir að afgreitt verði á þeirri fagnaðarhátíð, og sú samstaða mun ekki breytast hvað sem öðru líður."

M. ö. o.: rétt fyrir þinglausnir varið 1974 tilkynnir forseti Sþ. að þingflokkar Alþingis hafi náð samkomulagi í fyrsta lagi um að kallað verði saman aukaþing þá um sumarið eftir að kosningar hafa farið fram og nýtt þing verið kjörið. Þessi ákvörðun er ekki tekin af þm. sem verða væntanlega á þingi eftir þær kosningar. Og það er ekki aðeins að þingflokkarnir hafi tekið ákvörðun um það með þessum hætti að boða til aukaþings, þrátt fyrir öll formsatriði, eftir þær kosningar sem þá fóru fram um vorið, heldur hafa þingflokkarnir samkv. yfirlýsingum forseta sameinaðs Alþingis einnig gert samkomulag um dagskrá þess fundar sem halda á í Alþingi, á aukaþingi sem boða á til að loknum kosningum.

Herra forseti. Ég var þingfréttaritari um þetta leyti. Mér er það mætavel kunnugt, að einn af þeim mönnum, sem stóðu að því að umrætt samkomulag var gert, hvað sem öllum formsatriðum líður og öllum ákvæðum í stjórnarskrá, var þáv. formaður þingflokks sjálfstæðismanna, núv. hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen. Fordæmið fyrir umræddri afgreiðslu hefur því hæstv. forsrh. þegar sjálfur gefið. Og það er ekki aðeins að hæstv. núv. forsrh., þáv. formaður þingflokks Sjálfstfl., hafi átt aðild að því að ákveða að efna til aukaþings sumarið eftir þær kosningar í fyrsta lagi, í öðru lagi hvaða mál skyldu vera á dagskrá þess aukaþings, heldur átti núv. hæstv. forsrh., þáv. formaður þingflokks Sjálfstfl., einnig hlut að ákvörðun um hver skyldi fylgja úr hlaði því máli sem vera ætti á dagskrá aukaþingsins þá um sumarið. Og hver skyldi sá aðili hafa verið sem ákveðið var fyrir þingrofið 1974 að fylgdi úr hlaði tiltekinni ályktun sem vera ætti aðaldagskrármálið á aukaþingi þá um sumarið? Það var hv. þm. Gunnar Thoroddsen.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég bjóst ekki við því að það yrði ástæða til þess að tala hér á nýjan leik. En sá furðulegi málflutningur, sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, formaður þingflokks Alþfl., hafði hér um störf stjórnarskrárnefndar, gefur vissulega tilefni til að segja nokkur orð.

Ég tel það nokkuð alvarlegt og lít ekki á það sem hvert annað blaður, að formaður þingflokks Alþfl. skuli lýsa því hér yfir, að forsetar þingsins hefðu átt að grípa inn í störf stjórnarskrárnefndar og það sé beinlínis vítavert, eins og hv. þm. orðaði það, að forsetar þingsins skuli ekki hafa skipað stjórnarskrárnefnd að skila af sér. Þingmaðurinn hafði mörg fleiri stóryrði um þetta. Kannske ber að skoða þessar yfirlýsingar sem kvöldskemmtun sem eigi ekki að taka alvarlega. En ef þessi orð eru mælt af fullri alvöru er alveg nauðsynlegt að mótmæla þeim hér. Það er mikill misskilningur að það standi í þeirri ályktun, sem Alþingi samþykkti á sínum tíma, að stjórnarskrárnefnd ætti að skila af sér, eins og þm. orðaði það, innan tveggja ára. Það stendur hvergi í þessari samþykkt — hvergi. Það, sem stendur í þessari samþykkt, er að stjórnarskrárnefnd skuli skila skýrslu og tillögum. Það gerði stjórnarskrárnefnd. Og fulltrúar allra þingflokka í stjórnarskrárnefnd voru algjörlega sammála um þau

vinnubrögð sem nefndin ákvað að hafa. Það voru fulltrúar Alþfl., fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, og núv. ritstjóri Alþýðublaðsins og núv. þm., Jón Baldvin Hannibalsson.

Fulltrúar þingflokkanna í stjórnarskrárnefnd gerðu sér fljótlega grein fyrir því, að þeir yrðu að vita skýran vilja þingflokkanna um hinar ýmsu hugmyndir að breytingum á stjórnarskránni sem fram höfðu komið, þeir gætu ekki einir og sér, þessir átta eða níu menn, setið sem sérskipaðir spekingar án umboðs frá þingflokkunum og kveðið upp úr með það, hvernig stjórnarskráin ætti að vera. Það væri nauðsynlegt að þessi vinna færi fram á þann hátt, að þingflokkarnir og fulltrúar þeirra ættu viðræður um afstöðu í einstökum málum. Þess vegna væri nauðsynlegt, áður en stjórnarskrárnefnd sendi frá sér endanlegar tillögur og lokaskýrslu, að fá fram umræður í þingflokkunum um þær frumhugmyndir að breytingum sem stjórnarskrárnefnd taldi að helst ætti að ræða. Það komu hvergi fram þau sjónarmið fyrr en nú frá formanni þingflokks Alþfl., að stjórnarskrárnefndin hefði að loknum þessum 24 mánuðum átt að skila af sér. Fulltrúar Alþfl. í stjórnarskrárnefnd voru ekki þeirrar skoðunar. Enginn fulltrúi annarra þingflokka var þeirrar skoðunar. Í viðræðum við formenn þingflokkanna kom alls ekki fram sú skoðun og ekki heldur frá þáv. og núv. formanni þingflokks Alþfl., Sighvati Björgvinssyni.

Við getum leyft okkur ýmislegt hér í þinginu í deilum á stjórn og stjórnarandstöðu og ásakað hver annan um ýmislegt í þeim efnum. En ég tel að þær ásakanir, sem hér *komu fram í garð stjórnarskrárnefndar og í garð forseta* Alþingis, um að þeir væru vítaverðir fyrir að hafa ekki gripið inn í þetta mál, séu gjörsamlega ósæmandi í þessum sal. Það er mjög leitt að þær skuli koma fram frá formanni þingflokks sem við höfum átt ágæt samskipti við. Þær varpa vissum skugga á það góða samstarf sem verið hefur innan stjórnarskrárnefndar og yfirleitt milli þingflokkanna um þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið hingað til, þótt ýmsir hefðu kannske kosið að þau hefðu verið með öðrum hætti. En þess ber að geta hér, þótt ég hafi ekki talið æskilegt að fara að rifja hér upp og ræða sérstaklega þessa þætti, þessa hliðina í störfum stjórnarskrárnefndar, að það varð að bíða marga mánuði, mig minnir jafnvel upp undir 2—3 misseri, eftir að fulltrúar þingflokkanna í stjórnarskrárnefnd gætu skýrt frá því, hver væru viðhorf þingflokkanna eftir að þessi fyrsta skýrsla barst. Það var alveg ljóst að með verkum sínum sýndu þingflokkarnir, bæði þingflokkur Alþb., þingflokkur Alþfl. og aðrir þingflokkar, að þeir töldu ekki mikla nauðsyn að hraða málinu. Þessar skýrslur voru í umfjöllun á vegum þingflokkanna mánuðum saman. Það var ekki nokkur maður, síst af öllu formenn þingflokkanna, sem þá voru að standa upp og segja að nú væri bara vikuspursmál að stjórnarskrárnefnd sendi frá sér endanlegar tillögur og að víta bæri forseta þingsins fyrir að hafa ekki gripið inn í það mál. Það er fyrst í kvöld sem þær raddir heyrast.

Það er hægt að rökstyðja nauðsyn þessa aukaþings og ræða það mál hér án þess að beita röksemdafærslum af þessu tagi. Ég útilokaði ekkert í minni ræðu að til greina kæmi að halda aukaþing um stjórnarskrármálið. Ég taldi einfaldlega ekki tímabært að gera það í sumar. Það getur vel komið til greina að gera það seinna. Ég get séð ýmis rök fyrir því, að það væri æskilegt að þingið hefði einhverjar vikur eða jafnvel einn eða tvo mánuði þar sem það ynni ekki að neinu öðru en þessu. Ég get séð ákveðin rök fyrir því. En svona skítkast, ómerkilegt skítkast frá formanni þingflokks Alþfl. í garð formanns stjórnarskrárnefndar og allra þeirra manna sem í stjórnarskrárnefnd sitja, þar með taldir fyrrv. formaður Alþfl., Gylfi Þ. Gíslason, og núv. hv. þm. Jón Baldvin Hannibalsson, er gjörsamlega ósæmandi, vegna þess að við berum allir, sem í stjórnarskrárnefnd sitjum, jafna ábyrgð á þeim vinnubrögðum sem þar hafa verið, vegna þess að mér vitanlega hafa aldrei komið fram innan nefndarinnar ágreiningsraddir um þau vinnubrögð — aldrei. Þeim málflutningi, sem hér var hafður uppi, er þá fyrst og fremst og a. m. k. jafnhliða beint til Gylfa Þ. Gíslasonar, Jóns Baldvins Hannibalssonar, Matthíasar Bjarnasonar og annarra þeirra sem í stjórnarskrárnefnd sitja, þar með talins þess sem hér stendur.

Ég er alveg reiðubúinn að ræða við hv. þm. Sighvat Björgvinsson um þessi vinnubrögð. En ég tel það ómerkilegt að koma nú fyrst og setja fram þær skoðanir sem hann gerði hér, það sé ekki vel til fallið gagnvart þingflokkunum, stjórnarskrárnefnd og formönnum stjórnmálaflokkanna. Verið er að vinna að breytingum á stjórnarskránni á öllum þessum vettvöngum af formönnum flokkanna, stjórnarskrárnefnd og þingflokkunum í sameiningu og ekki vænlegt til árangurs að vera með stóryrði og ásakanir af þessu tagi.

Ef þingflokkur Alþfl. er þeirrar skoðunar, að breyta þurfi vinnubrögðum stjórnarskrárnefndar, hefði ég talið réttari vinnubrögð að fulltrúar þingflokksins í þessari *sömu stjórnarskrárnefnd kæmu þar fram með þau sjón*armið. Ég hef að vísu ekki setið alveg alla fundi nefndarinnar, en ég hef aldrei heyrt þessi sjónarmið frá fulltrúum Alþfl. né nokkrum öðrum í stjórnarskrárnefnd.

Ég tel þess vegna að við eigum ekki að ganga miklu lengra eftir þessum umræðustíl — svo ég noti nú orð sem einn þm. Alþfl. notaði hér í kvöld, en hefur ekki heyrst lengi hér í salnum, ekki mánuðum eða misserum saman, en gott og gaman að heyra það á nýjan leik. Sú ræða, sem formaður þingflokks Alþfl. flutti hér, er ekki sá stíll sem er vænlegur til árangurs um samstöðu þingflokkanna varðandi breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil gjarnan láta koma fram hér við þessa umr., að ég tel að með þessari þáltill. sé ekki verið að benda á heppilegustu aðferðina til að koma á með þessum hætti næstu stjórnarskrárbreytingu, og vitna þar til þeirra umræðna sem hér hafa orðið nú á allra síðustu mínútum, þegar tveir ágætir þingflokksformenn eru komnir í hár saman af frekar litlu tilefni. Ég tel miklu heppilegra að hverfa ekki af markaðri braut, þ. e. að reyna að ná sem víðtækustu *samkomulagi milli* flokka, ekki á opnum þingfundum þar sem sitja 60 menn, heldur á miklu fámennari nefndarfundum, og síðan hafi nm. samráð við sína þingflokka. Framsfl. hefur tekið ákvörðun um að reyna til þrautar hvort samkomulag geti ekki tekist með öllum stjórnmálaflokkum um kjördæmaskipun á Íslandi. Við erum mjög áfram um að leita allra leiða til þess arna og höfum reyndar ekki rekist á nein ljón sem geri það ómögulegt.

Ég ætla ekki að fara að ræða hér ítarlega þær breytingar sem ég tel eðlilegt að gerðar verði eða hugsanlegt að gerðar verði. Ég vil taka það fram, að við framsóknarmenn stóðum ekki að síðustu kjördæmabreytingu og berum því ekki ábyrgð á henni sem slíkri. Ég tel hins

vegar að hrakspár þær, sem framsóknarmenn höfðu þá uppi, hafi ekki ræst, sem betur fer, og þessi kjördæmaskipun hafi reynst okkur tiltölulega vel og við höfum lært á hana, þ. e. mönnum hefur víðast hvar um landið tekist að byggja flokksstarf upp með hliðsjón af þessari kjördæmaskipun. Ég held að það sé skynsamlegt að halda sig við hana. Ég held, að rétt sé að jafna vægi atkvæða, og gæti vel hugsað mér að það yrði gert eitthvað að svipuðu marki og var 1959. Ég held að það sé nauðsynlegt að gæta mjög hófs um fjölgun þingmanna, þó að e. t. v. verði óhjákvæmilegt að fjölga þeim eitthvað. Ég held að til þess að jafna á milli kjördæma væri skynsamlegt að uppbótarþingmennirnir væru kosnir á tölu, en ekki á hlutfalli. Og ég tel ekki skynsamlegt að fækka þingmönnum í neinu kjördæmi.

Ég hef reyndar iðulega haldið því fram, að mjög væri orðum aukið það misrétti sem menn telja nú vera t. d. á milli flokka. Á milli flokka er ekki mjög mikið misræmi. Framsfl. kemur að vísu best starfandi stjórnmálaflokka út úr núverandi kjördæmaskipan, en þó munar það ekki neinum gríðarlegum ósköpum. Framsfl. fékk t. d. í síðustu kosningum nálægt því fjórðung atkvæða. Hann hefur 17 þingmenn en ekki 15 eins og honum hefði borið eftir atkvæðatölunni ef landið hefði verið eitt kjördæmi, eða nálægt 15 þingmönnum. Við vorum heppnir í þessum kosningum og fengum þingmenn fyrir lánlega skiptingu atkvæða á milli flokka, en þetta munar ekki óskaplega á styrkleik flokkanna. Það eru eitthvað rúmir 1800 kjósendur á bak við hvern þm. Framsfl. og rétt yfir 2000 á bak við þá sem flest atkvæði hafa. Eg man nú ekki þessar tölur nákvæmlega, enda skiptir það ekki öllu máli. Ég held að það sé ekki hægt að segja að það sé óskaplegt misræmi í valdahlutföllum flokkanna. Það er náttúrlega miklu meira misræmi milli atkvæðamagns á milli kjördæma, en þó er það ekki eins ógurlegt og menn vilja sumir vera láta. Af þessum 60 þingmönnum háði 21 sína kosningabaráttu í Reykjavík eða á Reykjanesi og einungis þriðjungur þingmanna er búsettur utan Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæma. Ég held því að menn geti ekki með rökum talið hlut þéttbýlissvæðisins hér á suðvesturhorninu hættulega fyrir borð borinn þannig að lýðræðinu og þjóðfélaginu stafi hætta af.

Vetrarkosningarnar 1979 hefur borið hér á góma. Ég vil taka það fram, að mér þóttu þær ganga vel fyrir sig. Og ég tel að haustkosningar hafi afar margt til síns ágætis, m. a. að fenginni reynslu úr þessum kosningum. Það kann vel að vera að þáv. hæstv. forsrh. Benedikt Gröndal og þáv. hæstv. dómsmrh. Vilmundur Gylfason hafi átt sinn hlut að því, að þessar kosningar gengu vel. En einn var þó sá sem átti miklu stærri hlut að því hvað framkvæmd þeirra tókst vel. Það var guð almáttugur, því að hann gaf góða tíð. (**ÓRG:** Hann er líka krati.) Hann er ekki krati, ég leyfi mér að fullyrða það.

Ég tel ekki ástæðu til að samþykkja þessa till. eins og hún liggur fyrir. Ég held að málið sé í góðum höndum hjá stjórnarskrárnefnd og undir forustu hæstv. forsrh., og ég vænti skynsamlegrar niðurstöðu af því starfi sem þar er verið að vinna.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég verð að segja það, að ræða sú, sem hv. 11. þm. Reykv. flutti áðan úr þessum ræðustól, vakti furðu mína. Í fyrsta lagi er það fremur óvenjulegt að heyra svo stórt tekið upp í sig sem hann gerði, og erum við þó ýmsu vanir frá honum úr þessum ræðustól. Hann gerist gjarnan vandlætingarsamur við samþm. sína. Hann talaði hér um skítkast og ég veit ekki hvað og hvað. Þetta er svo sem ekkert óvenjulegt. Ég veit að þessi stíll hans er ekki til sérstakrar fyrirmyndar. Við erum svo sem vanir því, að hann gerist hér fullyrðingasamur og fari töluvert á svig við sannleikann, ef honum þykir það henta, og hirðir þá ekki um að hafa það sem sannara reynist, því miður.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið rætt um hvort, hvenær og hvernig stjórnarskrárnefnd skyldi af sér skila. En nú vill svo til, að í samþykkt Alþingis frá 6. maí 1978 er alveg skýrt til orða tekið um það, með hverjum hætti þetta skuli gerast. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að þar sem sex ár eru liðin síðan stjórnarskrárnefnd var kosin, og það er lengri tími en venjulegur kjörtími þingkjörinna nefnda og ráða, skuli að loknum kosningum til Alþingis tilnefna að nýju níu menn í stjórnarskrárnefnd af hálfu þeirra stjórnmálaflokka sem fulltrúa eiga á nýkjörnu Alþingi, og í hlutfalli við þingmannatölu þeirra. Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög."

Ég hef að vísu séð nokkur gögn frá þessari ágætu stjórnarskrárnefnd. Ég minnist þess hins vegar ekki, og brestur þar e. t. v. minni mitt, að hafa séð gögn um öll þau atriði sem hér eru skýrt og skilmerkilega upp talin. Hafi þau gögn ekki verið lögð fram eins og hér segir fyrir um, þá er auðvitað ljóst að ekki hefur verið farið að þessari samþykkt Alþingis. Nú skora ég á hv. 11. þm. Reykv. að leiða mig og þá okkur alla í allan sannleika um þetta, benda á tillögur og álitsgerð stjórnarskrárnefndar um öll þau atriði sem hér eru nákvæmlega upp talin. Það þýðir ekkert að koma hér aftur og aftur í þennan ræðustól og fara með hálfsannleika, fara á svig við sannleikann, láta vaða á súðum og taka það sem hentar hverju sinni. Þetta er alveg skýrt. Hér verður ekkert undan skotist ef menn vilja halda þessu til streitu.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri. En þessi ályktun Alþingis er alveg ljós og ótvíræð, það hlýtur öllum að vera ljóst.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég tók eftir því, að hv. 11. þm. Reykv. hvarf úr salnum um leið og ég óskaði eftir að fá að svara rangfærslum hans. Það er hans mál. Þetta er ekki í fyrsta sinn, herra forseti, sem sá hv. þm. treystir á að hann geti við umr. hér á Alþingi haldið fram röngu máli í trausti þess að þm. annaðhvort hirði ekki um eða hafi ekki tíma til að ganga úr skugga um hvort fullyrðingar hv. þm. séu réttar eða rangar. Ég hef hins vegar tamið mér þá reglu, ef hv. þm. og ég lendum í deilu af þessu tagi, að ganga ávallt úr skugga um það, ef mér gefst tími til, hvort fullyrðingar hans séu réttar eða rangar. Og ég hef oftar en einu sinni staðið hv. þm. að því að skáka í því skjóli í fullyrðingum sínum, að þingbræðrum hans gefist ekki tími til að ganga úr skugga um hvort hann fari rétt eða rangt með. Hv. þm. fullyrti að í umræddri till. til þál., sem samþykkt var á Alþingi 6. maí 1978, hafi ekki verið kveðið á um starfstíma stjórnarskrárnefndinnar og lok hans. Mér gafst tími til þess að staðreyna réttmæti þeirra upplýsinga sem ég fór með gagnvart fullyrðingum hv. 11. þm. Reykv.

Upphaf málsins var það, að á þinginu 1978 lagði

allshn. fram á þskj. 641 till. til þál. um skipun nefndar til að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá o. fl. Niðurlagsorð þeirrar till. allshn. hljóða svo, með leyfi forseta:

„Nefndin skili tillögum sínum í tæka tíð svo að unnt sé að leggja þær fyrir næsta þing“ — þingið sem átti að koma saman á haustdögum 1979. Þetta var till. til þál. frá allshn. Við þessa till. fluttu hv. þm. Geir Hallgrímsson, Ólafur Jóhannsesson, Lúðvík Jósepsson, Benedikt Gröndal og Magnús Torfi Ólafsson brtt. á þskj. 892, sem samþykkt var óbreytt 6. maí 1978. Í stað þeirrar tilvitnuðu greinar um starfslok stjórnarskrárnefndar, sem ég las áðan, hafði verið sett inn í þessa brtt. sú grein sem hv. þm. Eiður Guðnason las orðrétt áðan og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Skal hin nýja nefnd skila innan tveggja ára álitsgerð og tillögum um endurskoðun stjórnarskrárinnar og taka sérstaklega til meðferðar kjördæmaskipun, kosningaákvæði stjórnskipunarlaga, skipulag og starfshætti Alþingis og kosningalög.“

5. maí varið 1978 mælti 1. flm. þessarar brtt., þáv. hæstv. forsrh. Geir Hallgrímsson, fyrir þeirri till. á fundi Sþ. Hann sagði í niðurlagi ræðu sinnar, með leyfi hæstv. forseta, og var þá að tala um upphaflega tillögu allshn.:

„Þá er og talinn of skammur tími að ætla stjórnarskrárnefnd að skila tillögum sínum svo fljótt að unnt sé að leggja þær fyrir næsta þing. Hins vegar er sett að hámarki til tveggja ára starfstími nefndarinnar eins og greinir frá í brtt.“

Það er lágmarkskrafa, sem gera á til forustumanna nefndar af þessu tagi, sem skipuð er eða tilnefnd samkv. samþykkt Alþingis, að þeir hefji störf sín á því að gera sér grein fyrir hvað í samþykkt Alþingis fólst. Í þessari samþykkt Alþingis, eins og nánar er útlistað í ræðu 1. flm. umræddrar brtt. sem mælti fyrir henni í nafni allra fokka þingsins, var svo fyrir mælt að stjórnarskrárnefnd, sem nýtur forsætis hæstv. forsrh., átti að skila af sér störfum fyrir 1½—2 árum.

Flm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil aðeins segja hér fáein orð að lokum þessarar umr.

Það hafa að sjálfsögðu komið fram margvíslegar ábendingar í ræðum ýmissa þingmanna hér, en auðvitað er það ótvírætt, eins og kom fram í framsöguræðu minni, að ætlunin var að stjórnarskrárnefnd skilaði af sér á árinu 1980, skilaði af sér tillögum til umfjöllunar. Það varð hins vegar að ráði hjá nefndinni að skila frá sér skýrslu. Það má segja að menn hafi látið það gott heita að svo komnu máli, og þingflokkarnir létu í ljós viðbrögð sín við þeirri skýrslu sem stjórnarskrárnefndin skilaði þá. En nú eru bráðum komin tvö ár til viðbótar, og þó að stjórnmálaflokkarnir hafi þannig fallist á það í reynd að framlengja starfslíf nefndarinnar, þá er það skoðun okkar Alþfl.-manna, að nú sé rétt að tímamörkin séu ákveðin. Það er m. a. gert með þessari till. okkar. Og ég vek athygli á því, að ef þau tímamörk eru úr gildi, sem sett voru varðandi árið 1980, þá eru nú engin tímamörk á starfstíma nefndarinnar. En auðvitað var það ótvíræður vilji Alþingis á sínum tíma, að það væru tiltekin ákveðin tímamörk sem um væri að ræða. Um þetta þarf ekki að deila. Við stöndum nú í þeim sporum að stjórnarskrárnefndin skilaði ekki tillögum á þeim tíma sem ráð var fyrir gert, eins og hér hefur verið rakið. En brýna nauðsyn ber til að við fáum nýja stjórnarskrá og þess vegna er eðlilegt og sjálfsagt og rétt að sett séu ákveðin tímamörk um þetta starf og þessi mál komi hér til umfjöllunar á Alþingi eins og till. okkar Alþfl.-manna fjallar um.

Við ályktuðum um þetta mál, Alþfl.-menn, hinn 3. apríl 1981 og lögðum línur, höfðum áður látið okkar menn í stjórnarskrárnefnd fá munnlega ábendingar okkar varðandi það álit sem hafði komið frá stjórnarskrárnefndinni. Í þessari ályktun okkar frá því í byrjun apríl 1981 lögðum við áherslu á að vinnubrögðum yrði skipt í tvennt: Stjórnarskrárnefndin sneri sér að þeim þáttum málsins sem ekki vörðuðu sérstaklega kosningaskipan og kosningalög og kjördæmismál, um það yrðu teknar upp viðræður milli flokkanna. Þær viðræður hafa verið í gangi og á þeim viðræðufundum hafa allar þær hugmyndir verið reifaðar, sem eru t. d. tilteknar í ályktun þingflokks Alþfl. frá þessum tíma, um það að endurbæta núverandi kosningafyrirkomulag innan þeirrar skipunar kjördæma, sem nú er, ellegar þá að taka upp stærri kjördæmi, hvort heldur er landið allt eða þá eftir fjórðungum. Allt hefur þetta verið rætt og þær umræður hafa skilað mönnum verulega áleiðis. Ég tek þetta sérstaklega fram vegna þeirrar ábendingar sem kom hér fram frá hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni um nauðsyn þess, að flokkarnir ræddu einmitt þessi mál saman. Og ég sagði hér í upphafsræðu minni að ég væri fullviss um að þessum samtölum hefði miðað það vel að þingflokkunum væri ekkert að vanbúnaði að hafa mótað afstöðu sína fyrir ágústmánuð n. k.

Að því er varðaði þá afstöðu Sjálfstfl., sem hv. þm. Matthías Bjarnason vitnaði til, að fjölga skyldi þm. í Reykjavík og á Reykjanesi og Norðurlandi eystra, en að ekki hefði verið tekin endanleg afstaða til þess að hálfu þingflokks og flokks Sjálfstfl. hvernig úthluta skyldi uppbótarþingsætum, þá verð ég að segja að með því móti er till. náttúrlega ekki fullburða. Ég ætla ekki að fara nánar út í einstök atriði í þessum efnum. Ég tel eðlilegt, að þessum umræðum vindi fram með þeim hætti sem verið hefur, og er þess fullviss, að þarna megi ná verulegum árangri. En ég get ekki komist hjá að vekja athygli á því, að sú till. er náttúrlega ekki fullburða sem hv. þm. Matthías Bjarnason vitnaði til.

Hv. þm. Páll Pétursson vitnaði til þessarar umræðu hér til sannindamerkis um það, að sú aðferð væri ekki heppilegust að fjalla um þetta á þinginu. Ég er hræddur um að hv. þm. Páll Pétursson verði engu að síður að sætta sig við það, að stjórnarskrármálið verði að afgreiða á þinginu. Sú undirbúningsvinna, sem fer fram undir það, fer fram annars vegar í stjórnarskrárnefnd, hins vegar í samtölum milli flokkanna, og tíminn, sem við ætlum til þess, Alþfl.-menn, er fram til ágústmánaðar. En það geta líklegast orðið verulegar umræður um þetta í þinginu engu að síður, og þá er kannske eins gott að ætla sér einhvern tíma til þeirra umræðna, ekki bara um kjördæmismál, heldur líka um ýmisleg önnur mál, því við erum væntanlega öll að gera ráð fyrir því að afgreiða hér nýja og nýtískulega stjórnarskrá fyrir lýðveldið, en ekki bara kjördæmismál.

Ég held að flestir séu sammála um það, að því er kjördæmismálin varðar, að ekki megi fórna þeim jöfnuði milli flokka sem ríkt hefur að undanförnu. Hann er að vísu ekki fullkominn, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Páls Pétursonar, vegna þess að Alþfl. og Alþb. hafa orðið að sætta sig við það að þurfa 18 til 22% fleiri atkvæði á bak við hvern þm. heldur en Framsfl. og í rauninni 40% fleiri atkvæði á bak við hvern þm. heldur

en sá þm. sem kom inn á sérstökum lista, hv. þm. Eggert Haukdal. Þessum jöfnuði viljum við ekki fórna og hann mætti gjarnan vera nokkru meiri, þó að mér sé vitanlega ljóst að þarna verði aldrei náð fullum jöfnuði. En hitt er það, að jöfnuður milli kjördæma hefur mjög raskast frá því að kjördæmabreytingin var gerð. Ég get getið þess t. d., að hlutfallið milli þm. þar sem fæstir kjósendur voru á bak við hvern þm. 1959 og þar sem þeir voru næstflestir, í mínu kjördæmi, var 1 á móti 2,5 þá, en er núna 1 á móti 4. Þetta er náttúrlega veruleg röskun, og ég held að það þurfi ekki að rekja þetta neitt sérstaklega hér. En einmitt í samtölum flokksformannanna hafa farið fram margvíslegir útreikningar til þess að prófa ýmsar hugmyndir um það, hvernig ná mætti því tvíþætta markmiði að halda a. m. k. jöfnuði á milli flokkanna og að ná meiri jöfnuði milli kjördæma heldur en nú er og þá ekki síðri en var 1959 við þá breytingu, eins og hér hefur reyndar verið vitnað til.

Ég ætla ekki að ræða þetta öllu frekar. Hér er í sjálfu sér um tvö verkefni að ræða: Annars vegar það sem lýtur sérstaklega að kjördæmaskipan og kosningalögum, úthlutun þingsæta. Það er okkur ljóst að verður að ræða sérstaklega á milli flokkanna eins og málum er nú komið. Og hins vegar öll hin atriðin sem við teljum að stjórnarskrárnefnd eigi að fjalla um. En meginatriðið er að menn ætli sér tíma til þessarar umfjöllunar, eins og ég gerði hér að umtalsefni í upphafi, vegna þess að hún er líkleg til þess að taka tíma og vegna þess að jafnvel þó að hv. þm. Páll Pétursson beri fram frómar óskir komast menn ekki hjá því að fjalla um málið í þinginu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir það að fá að gera hér örstutta athugasemd. Ég tel það alveg nauðsynlegt vegna þess að bæði hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og eins hv. þm. Eiður Guðnason virðast ekki enn hafa skilið að það var alger samstaða innan stjórnarskrárnefndar af hálfu fulltrúa allra þingflokka, fulltrúar allra þingflokka bera á því ábyrgð og það voru rétt vinnubrögð að skila skýrslu til þingflokkanna um þau tillögusvið og þær hugmyndir að breytingum sem fram höfðu komið í nefndinni. Í þeim tveimur skýrslum, sem þá voru lagðar til þingflokkanna, eru reifaðar hugmyndir að breytingum á öllum þeim atriðum sem um er getið í þeirri till. sem hér var vikið að áðan. Ég endurtek það, að ég tel það ekki rétta leið til þess að halda áfram góðum anda í samvinnu þingflokkanna um þetta efni að fara að standa hér upp nú og flytja ásakanir á formann stjórnarskrárnefndar eða aðra aðila fyrir það, að þeir beri ábyrgð á því, að hér hafi orðið um einhverja seinkun að ræða, sem ég tel alls ekki vera, vegna þess að það var orðið við þeirri skyldu að skila skýrslu á réttum tíma.

Hv. þm. Sighvatur Björgvinsson vitnaði hér í eina setningu sem Geir Hallgrímsson mælti í umr. á sínum tíma. (**SighB:** Er hún ekki fyrir brtt. allra þingflokka á Alþingi?) Það er rétt, hann mælti fyrir brtt. En það er nú einu sinni svo með tillögu, sem Alþingi flytur og samþykkir, að orðalag hennar er rétthærra en ein setning hjá einum þm. Ég tel að Alþingi sjálft og sú túlkun, sem samþykkt var í stjórnarskrárnefnd af fulltrúum allra þingflokka — og aldrei hefur verið gerð athugasemd við fyrr en hér nú í kvöld mér vitanlega, á þann hátt sem hér hefur verið gert — séu réttbær aðili til að túlka þetta. Ég vil hins vegar, herra forseti, gera að orðum mínum hér að lokum þær skoðanir orðréttar sem komu fram hjá báðum þeim þm. sem töluðu á undan Geir Hallgrímssyni í þessum umr. Þeir voru auk Geirs Hallgrímssonar þeir einu þm. sem töluðu við þetta tækifæri samkvæmt Alþingistíðindum. Það vill svo skemmtilega til að þessir tveir þm., sem töluðu þarna sitt hvorum megin við Geir Hallgrímsson, eru báðir þm. Alþfl. fyrir Vestfirði nú. Sá, sem talaði á undan Geir Hallgrímssyni, er Karvel Pálmason, og sá, sem talaði á eftir Geir Hallgrímssyni, er Sighvatur Björgvinsson. Ég vil lesa hér upp tilvitnanir fyrst í ræðu Karvels Pálmasonar og síðan örstutta tilvitnun í ræðu Sighvats Björgvinssonar og gera þessi ummæli þeirra félaganna, þm. Alþfl. úr Vestfjarðakjördæmi nú, að mínum orðum í þessari umr.

Hv. þm. Karvel Pálmason sagði örfáum mínútum áður en Geir Hallgrímsson flutti ræðuna sem Sighvatur Björgvinsson vitnaði til orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Ég er annarrar skoðunar. Ég tel að þar sé ekki við stjórnarskrárnefnd að sakast. Þessar breytingar á kosningalögum hefði verið hægt að gera hér á Alþingi hefði verið vilji eða áhugi fyrir því, burt séð frá því hvað starfi stjórnarskrárnefndar leið. Ég vil vísa á bug aðdróttunum um það, að stjórnarskrárnefnd sé fyrst og fremst þrándur í götu og sökudólgur fyrir því, að ekkert hafi gerst í breytingum varðandi þessi mál nú á þessu þingi. Og sérstaklega vil ég þó vísa á bug þeim áróðri, sem mikið hefur verið uppi hafður, og sakfellingu á formann stjórnarskrárnefndar sem ég tel að hafi verið að ástæðulausu sakfelldur um vanrækslu í störfum, til þess að fara að tala um það hér sérstaklega nú."

Ég vil beina því til hv. þm. Sighvats Björgvinssonar að áður en hann talar hér næst lesi hann þessa ræðu félaga síns, hv. þm. Karvels Pálmasonar, og lesi einnig ræðu sína, sem hann flutti einni mínútu eftir að Geir Hallgrímsson mælti þau orð sem hann vitnaði til áðan. Ég mun ljúka mínu máli með því að lesa tilvitnun úr þessari ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar og gera öll hans orð að mínum. Sighvatur Björgvinsson sagði við þetta tækifæri, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki vandalaust að gera þær breytingar sem rætt hefur verið um að gera þurfi. Reynslan sýnir okkur að það hefur ávallt tekið talsverðan tíma og þurft talsvert mikið til að þær breytingar yrðu gerðar. Flokkarnir hafa verið að safna að sér gögnum alveg eins og stjórnarskrárnefnd. Innan flokkanna eru ýmsar hugmyndir og tillögur sem ræddar hafa verið. Það hefur einfaldlega ekki verið tímabært hjá flokkunum að taka neina flokkslega afstöðu enn þá til þeirra hugmynda sem fram hafa komið. Það er skýringin á því hvernig á því stendur að stjórnarskrárnefnd hefur ekki skilað tillögum. Ég tel það ákaflega lítilmannlegt af flokkanna hálfu að ætla að afsaka þennan seinagang með því að skjóta sér á bak við formann stjórnarskrárnefndar."

Herra forseti. Tilvitnun lýkur. Þessar síðustu setningar í ræðu Sighvats Björgvinssonar eru mun gáfulegri en þær ræður sem hann hefur flutt hér í kvöld.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Hér hefur komið til allsnarpra orðaskipta milli formanna þingflokka um erindisbréf og tímamörk þau sem stjórnarskrárnefnd hafa verið sett, þ. e. hvernig túlka beri það sem segir í samþykktri þál. þar sem verkefni nefndarinnar er lýst, að hún skuli skila álitsgerð og tillögum innan tveggja ára. Ég vek athygli á því, að hv. þm. Matthías

Bjarnason, sem einnig á sæti í stjórnarskrárnefnd, hreyfði þessu máli fyrst hér í þessum umr. þar sem það kom fram í ræðu hans, að hann liti svo á að starfstíma stjórnarskrárnefndar hefði lokið í desembermánuði 1980 — nefndin hóf störf í desember 1978 — þ. e. innan tveggja ára. Þetta rifjar upp fyrir mér að innan nefndarinnar hefur þetta mál verið á dagskrá þ. e. spurst hefur verið fyrir um og rætt á fundum nefndarinnar hvernig túlka beri erindisbréfið og var reyndar gert í upphafi. Sú umr. var einnig tekin upp síðar. Það er auðvitað til marks um það, hvílíks álits formaður stjórnarskrárnefndar nýtur í stjórnfræðilegum efnum, að bæði honum og starfsmanni nefndarinnar bar saman um þá lögfræðilegu skýringu, að hér væri um að ræða að skila álitsgerð og tillögum, og það hefði nefndin gert, þá var þeirri lagaskýringu treyst. Þetta vil ég taka fram vegna þess að í ræðu hv. 11. þm. Reykv. kom það fram, að allir fulltrúar í stjórnarskrárnefnd, og ég tek undir það með honum, allir hljóta þeir að bera ábyrgð á því að hafa litið svo á að þessi skýring væri rétt, að þeir væru sammála um þetta. Ég vil láta það koma fram, að í slíkum efnum leita menn náttúrlega lagaskýringa hinna færustu manna.

Í annan stað hefur hér mikið verið rætt um hvort sé meiri sök stjórnarskrárnefndar fyrir að túlka umboð sitt með þessum hætti eða þingflokkanna sjálfra, sem hafa a. m. k. fengið tillögur og álitsgerðir stjórnarskrárnefndar í hendur, án þess að fyrir liggi að þeir hafi innan eðlilegra tímamarka tekið afstöðu til þeirra eða keyrt málið áfram með öðrum hætti.

Það fer ekkert á milli mála hvert verkefni stjórnarskrárnefndar er, þrátt fyrir þessar deilur um tímamörkin. Stjórnarskrárnefnd var ætlað, eins og margbúið er að lesa hér upp, að skila tillögum og álitsgerðum til þingflokka og endanlega frv. að nýrri stjórnarskrá. Um leið er það alveg ljóst, að sá hápólitíski þáttur þessa máls, sem lýtur að kjördæmaskipun og kosningalögum, er á valdi þingflokka, og það mál verður ekki útkljáð eða afgreitt nema að frumkvæði og fyrir tilstilli þingflokka. Menn hafa keppst hér við að lýsa því yfir, að þeir væru reiðubúnir til þess að vinna að samkomulagi milli þingflokka um það mál, og um það snýst hin pólitíska lausn. Það liggur alveg ljóst fyrir að mínu mati og ég hygg flestra stjórnarskrárnefndarmanna, að hvað sem líður störfum nefndarinnar sem slíkrar að öðrum þáttum endurskoðunar stjórnarskrár mun það ekki vera á valdi nefndarinnar, þó að hún geti formsins vegna skilað tillögum, að útkljá það mál. Til þess þarf að koma atbeini þingflokkanna og Alþingis. Og það er einmitt með hliðsjón af því sem tillaga þingmanna Alþfl. um tilhögun vinnubragða Alþingis við lausn málsins er flutt.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Sú deila, sem hér hefur komið upp, snertir ekki meginkjarna þess máls sem um er rætt hér, en hún varpar mjög skýru ljósi á hversu yfirborðskennd er gjarnan sú kunnátta sem hv. 11. þm. Reykv. tileinkar sér og fer með hingað upp í ræðustólinn. Ég sagði það þegar hv. þm. hljóp fram í símann áðan, að ég hefði gert það að reglu, að ef ég hefði tíma til í þinginu þegar hann fer með yfirlýsingar eins og hann fór með hér áðan, þá kannaði ég sannleiksgildi þeirra, því að hv. þm. skákar gjarnan í því skjóli að þm., sem hann ræðir við, hafi ekki tíma eða aðstöðu til að kanna sannleiksgildi slíkra fullyrðinga. Ég hef hvað eftir annað staðið hv. þm. að því að fara ekki rétt með. Er mér það sérstaklega í minni þegar hann bar útvarpsfréttamann fyrir tilteknum upplýsingum til sín um afskipti þm. á vegum Alþfl. af fréttaflutningi útvarpsins, sem sá útvarpsfréttamaður harðneitaði að hafa nokkru sinni sagt og mætti hér fyrir utan þingdyr til þess að staðfesta það, en hv. 11. þm. Reykv. skákaði í því skjóli að hér innan veggja hefur sá starfsmaður útvarpsins ekki málfrelsi.

Með nákvæmlega sama hætti reyndi hv. þm. að skjóta sér á bak við fullyrðingar í trausti þess, að ekki væri hægt að ganga úr skugga um það, hvort þær væru réttar eða rangar. Það gerði ég og það kom að sjálfsögðu í ljós, að fullyrðingar hv. þm. voru rangar. Yfirborðsmennskan er svo mikil í hans málflutningi að hann gefur sér ekki einu sinni tækifæri til þess að kanna það, að þau orð, sem hann hafði eftir mér og hv. þm. Karvel Pálmasyni um störf stjórnarskrárnefndar, sem við mæltum á Alþingi 5. maí 1978, voru um nefnd sem þá var verið að leysa frá störfum og hafði engan afmarkaðan skilafrest. Sú nefnd er ekki lengur til. Formaður þeirrar nefndar var þáv. hv. alþm. Hannibal Valdimarsson, fyrrv. hæstv. félmrh. Við vorum að tala um sakfellingar gagnvart þeirri nefnd og honum. Það var verið að leysa þá nefnd frá störfum vegna þess að hún hafði engan afmarkaðan starfstíma.

Það er vaninn þegar leitað er skýringa á lagasetningum frá Alþingi, ef þær eru ekki ótvíræðar í lagatextanum sjálfum, að leita þeirra annaðhvort í grg. með umræddum lögum eða þáltill. eða í ræðu flm. sem mælir fyrir umræddri till. Skýringin er ekki í neinni grg. með umræddri brtt. við till. til þál. frá allshn., sem ég ræddi um áðan, því að grg. með þeirri brtt. er engin. Hv. þm. Geir Hallgrímsson, þáv. forsrh., var á Alþingi 5. maí ekki að flytja ósköp venjulega ræðu, eins og ætla mætti af málflutningi hv. 11. þm. Reykv., heldur að mæla fyrir brtt. sem hann flutti ásamt hv. þm. Ólafi Jóhannessyni, Lúðvík Jósepssyni, Benedikt Gröndal og Magnúsi Torfa Ólafssyni fyrir hönd allra þingflokka Alþingis, og í þessari ræðu er að finna afdráttarlausa skýringu á hvernig beri að skilja þá raunar afdráttarlausau síðustu mgr., sem margoft hefur verið vitnað í í umræddri samþykkt.

Skýringin er ákaflega ljós hjá frsm. nefndarinnar. Hún er sú, eins og þar segir, að sett sé að hámarki til tveggja ára starfsemi nefndarinnar. M. ö. o.: starfstími nefndarinnar sem um er að ræða, er liðinn fyrir a. m. k. 1½ ári og umboð hennar því í meira lagi vafasamt eftir að sá starfstími er liðinn. Það væri hins vegar undarleg lagaskýring, ef nefndir, sem kjörnar væru af Alþingi og settur ákveðinn starfstími, ættu að taka að sér lagaskýringar á því, hversu langan starfstíma Alþingi hafi ætlað þeim til starfa. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er þannig t. d. formaður fjh.- og viðskn., sem kosin er af hv. Ed. Alþingis, og þess er að vænta, að starfstími þeirrar nefndar sé ekki miklu lengri a. m. k. en starfstími hvers þings. Nú kynni svo að fara, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson næði ekki endurkjöri í næstu kosningum. Gæti hann þá samkv. því tekið að sér þá lagaskýringu, að útskýra það að raunverulega hafi til þess verið ætlast, þegar hann var kjörinn í fjh.- og viðskn. Ed. Alþingis og kjörinn til formanns í þeirri nefnd, að hann gegndi því starfi fram yfir þann starfstíma sem Alþingi ætlaðist til að sú nefnd starfaði? Ég vænti þess varla, að fólki mundi þykja það mjög líkleg lagaskýring. En kjarninn í þessu máli er einfaldlega sá, að það er eins og vant er þegar hv. þm. kemur með fullyrðingar af þessu tagi, að þær þola sjaldnast skoðun.

Páll Pétursson: Herra forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Reykn., Kjartans Jóhannssonar, vil ég taka það fram, að mér hefur náttúrlega aldrei dottið í hug að stjórnarskrármálið yrði ekki rætt á Alþingi. Það, sem ég átti við, var að það væri óskynsamlegt að fara að leiða þingheim saman, þ. á m. hina ágætu kollega mína, formenn þingflokka Alþfl. og Alþb., á opinberum vettvangi í miðri gúrkutíðinni í sumar, þegar fátt skeður fréttnæmt fyrir blaðamenn, til þess að ræða viðkvæm mál eins og kjördæmaskipun og kosningalög. Ég held að það sé réttari aðferð að reyna fyrst að ná samkomulagi í nefnd og á milli þingflokka, áður en umræða hefst á þingfundum að viðstöddum blaða- og fréttamönnum, því annars væru hv. þm. — og vitna ég þá til þeirrar reynslu sem við höfum fengið á þessum fundi í kvöld — vísir til þess að fara í hár saman og það finnst mér illa farið með tímann, satt að segja. Þetta samkomulag sé ég ekki að verði komið á í ágúst í sumar, enda er alveg nógur tími til stefnu þó að svo verði ekki. Ég held að það sé viturlegra að hafa fleira fyrir stafni á þinginu þegar þetta verður til meðferðar. Menn geta sinnt ýmsum öðrum þingstörfum jafnvel þó að verið sé jafnframt að fjalla um mikilvæg mál eins og stjórnarskrármálið.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég gerði aðeins stuttlega að umtalsefni hér áðan samþykkt Alþingis frá 6. maí 1978. Það varð hv. 11. þm. Reykv. tilefni til þess að segja hér um hvað hefði orðið samstaða í stjórnarskrárnefnd. Málið er bara það, að þegar Alþingi Íslendinga hefur sett stjórnarskrárnefnd ákveðnar reglur skiptir engu máli þótt nefndin verði sammála um eitthvað annað. Það hlýtur að vera vilji Alþingis sem er æðstu lög í þeim efnum. Verði nefndin sammála um einhverjar aðrar starfsreglur en Alþingi hefur sett henni, þá er nefndin auðvitað komin út fyrir sitt starfssvið. Þess vegna hlýtur að vera alveg sama um hvað næst samstaða í stjórnarskrárnefnd, það er samþykkt Alþingis frá 6. maí 1978 sem er grundvöllurinn og starfsregla nefndarinnar. Það skiptir auðvitað öllu máli í þessu sambandi, ekki hvað menn kunna að verða sammála um í nefndinni sjálfri.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er til regla, gömul, góð og gild í íslensku réttarfari, að andmæli eða mótmæli séu of seint fram komin þegar tilefni hefur verið til þeirra áður, en ekki verið notað, og verða þá ekki tekin til greina.

Nú gerist það einkennilega í þessum umr., eftir að búið er að sýna fram á hversu vanhugsuð tillaga Alþfl. um aukaþing er, að þá grípur formaður þingflokksins allt í einu til þess að halda því fram, að stjórnarskrárnefndin sé búin fyrir löngu — eða í des. 1980 — að missa sitt umboð og hafi enga heimild til þess að starfa. (Gripið fram í.) Hvers vegna hefur þessi hv. þm. eða þingflokksformaður ekki komið þessum athugasemdum og mótmælum sínum fram fyrr?

Eins og hér hefur verið gerð grein fyrir og sérstaklega af hv. 11. þm. Reykv., segir ekki í ályktun Alþingis sjálfri neitt um það, að nefndin skuli hætta störfum eftir tvö ár. Það liggur fyrir að nefndin skilaði álitsgerð, greinargerð til þingflokkanna, áður en hún hafði starfað í tvö ár. Hins vegar var það auðvitað ljóst, að af mörgum ástæðum, m. a. hversu langan tíma hefur tekið fyrir þingflokkana að fjalla um þessar greinargerðir nefndarinnar og af ýmsum öðrum ástæðum, var útilokað að ljúka störfum og hafa tilbúið frv. til nýrrar stjórnarskrár í des. 1980.

Hér hafa starfað áður stjórnarskrárnefndir undir forustu hinna ágætustu manna. Ein þeirra starfaði undir formennsku Gísla Sveinssonar, formaður annarrar var Sigurður Eggerz, þriðju Bjarni Benediktson, fjórðu Hannibal Valdimarsson. Allir þessir ágætu menn lögðu sig fram um það að reyna að ná árangri. Margvíslegir erfiðleikar komu þar fram, m. a. mikið sundurþykki um kjördæmamál, en margt og margt fleira. Ég fullyrði það og af nokkrum kunnugleika, að þeirri nefnd, sem nú hefur starfað, hefur skilað miklu betur áfram og er komin miklu lengra í áttina til að ná árangri og niðurstöðu heldur en þessum fyrri nefndum. Þegar þessi nefnd var skipuð, hún verður til samkv. ályktun Alþingis, nefndarmenn eru tilnefndir af þingflokkunum, þá hélt ég að það væri fullkomin alvara hv. þm., eftir störf hinna fyrri nefnda, að þessi skyldi freista til hins ýtrasta að ná árangri og niðurstöðum og skila tillögum til nýrrar stjórnarskrár. Þannig hefur verið unnið að þessu máli og það er nú í sjónmáli. Í nefndinni hefur verið, eins og ég tók fram áðan, gott samstarf — mjög gott vil ég segja. Mikilla upplýsinga og gagna hefur verið aflað innanlands og utan og störfum nefndarinnar hefur miðað vel áfram. Við vonumst til þess að geta skilað okkar tillögum, skilað af okkur, eins og það er kallað, jafnvel á næsta hausti, eins og ég hef áður tekið fram.

Ef á að skilja svo ályktun Alþingis frá 1978, að umboð nefndarinnar hafi fallið niður í desembermánuði 1980, hvernig í ósköpunum stendur á því, að aldrei hefur heyrst um það nein rödd frá neinum þingflokkanna, formönnum flokkanna, formönnum þingflokkanna eða forsetum Alþingis? Það er einfaldlega vegna þess að í tillögunni sjálfri er ekkert ákvæði um það, að umboð hennar falli niður tveimur árum eftir að hún var skipuð. Nefndin hefur starfað áfram með samþykki allra nefndarmanna og með beinu eða óbeinu samþykki allra þessara aðila, þingflokka, stjórnmálaflokka og alþingisforseta.

Eftir að sýnt er að tillaga þeirra Alþfl.-manna fær ekki undirtektir, af þeirri einföldu ástæðu að hún er ekki til þess fallin að greiða neitt fyrir málinu, hún er því miður ekki nægilega hugsuð, þá grípur hv. formaður þingflokks Alþfl. til þess ráðs að deila á nefndina, sumpart fyrir vanrækslu í störfum, en sumpart fyrir að hún starfi ekki með neinum rétti og hún sé raunar löngu liðin undir lok. Ég vil aðeins undirstrika það sem formaður stjórnarskrárnefndar, að ég tel nefndina hafa starfað og starfa enn með fullum rétti, Hún vinnur áfram að því að fullnægja sínu skylduverki og að ná því marki að skila frv. til nýrrar stjórnarskrár. Ég byggi þetta m. a á því, að það hefur aldrei komið fram nein athugasemd frá neinum þingflokki, neinum þingflokksformanni, forsetum Alþingis eða öðrum, sem hér eiga hlut að máli, við að nefndin héldi áfram störfum. Hún hefur því starfað í fullu umboði réttra aðila.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 68. fundur.

Miðvikudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi gelislum, frv. (þskj. 422, n. 656). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv. Það gerir ráð fyrir að við 1. gr. nefndra laga bætist ny mgr. er verði 2. mgr. og orðist svo:

„Ráðherra getur ákveðið, að fengnum meðmælum landlæknis, að ákvæði 1. mgr. nái einnig yfir geislatæki er framleiða aðra geisla en jónandi."

Það skal tekið fram, eins og raunar stendur í aths. með þessu frv., að það er flutt að höfðu samráði við Geislavarnir ríkisins og landlæknisembættið og er með því lagt til að heimilað verði að láta ákvæði 1. gr. laga nr. 95/1962 ná yfir önnur geislatæki en þau sem framleiða jónandi geisla. Til glöggvunar er munurinn á jónandi geislum og öðrum sá fyrst og fremst, að jónandi geislar eru orkuríkari, en aðrir orkuminni. Til dæmis eru röntgengeislar jónandi, en þeir geislar, sem við fáum af hafjallasólinni, og þeir geislar, sem eru í örbylgjuofnum, ekki jónandi. Þeir eru orkuminni. Ég fer ekki nánar út í að skýra þetta, en munurinn er þessi.

Nú getur einhverjum dottið í hug að ekkert eftirlit hafi verið með innflutningi þessa varnings hingað til eða meðferð þessara tækja. Svo hefur verið. Það hefur verið eftirlit. Hins vegar hefur það eftirlit vantað stoð í lögum og að sjálfsögðu er það ástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt hér.

Heilbr.- og trn. leggur eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 423, n. 655). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um þetta frv., sem er frv. til l. um breyt. á lögum um vátryggingarstarfsemi. Eins og hv. þdm. er vafalaust kunnugt um er þetta frv. flutt fyrst og fremst til að tryggja afkomu tryggingaeftirlitsins.

Það voru gerðar allverulegar breytingar á frv. í Nd. Frv., eins og það var lagt fram, gerði ráð fyrir að iðgjöldin mundu breytast á þann veg að þau yrðu 2.5‰ af frumtryggingariðgjöldum, en jafnframt endurtryggingariðgjöldum, en áður höfðu verið innheimt 0.6‰ af endurtryggingariðgjöldum. Nd.-nefndin féllst ekki á þetta og lagði til og gerði ráð fyrir að þessi ‰-tala héldist óbreytt. En breytingin, sem gerð er, er fyrst og fremst fólgin í því, að álagningargrunnurinn er færður fram um eitt ár. Þetta hefur verið þannig, svo að dæmi sé tekið, að tekjur tryggingaeftirlitsins t. d. á árinu 1980 eru byggðar á reikningum vátryggingarfélaganna frá 1978. Þetta er sem sagt fært fram um eitt ár og með því móti virðist svo sem fjárhag tryggingaeftirlitsins verði borgið. Við skulum hugsa okkur að þessi breyting hefði verið í gildi á árinu 1978, þá hefðu gjöld tryggingaeftirlitsins orðið aðeins undir, það hefði orðið afgangur 1979 sömuleiðis og 1980, en 1981 hefðu staðist nokkurn veginn á sértekjur tryggingaeftirlitsins og gjöldin.

Heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar féllst á þessa málsmeðferð, hefur ekkert við hana að athuga og leggur til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem samþykktar voru í Nd.

Til glöggvunar vil ég taka það fram, að í niðurlagi brtt. er gert ráð fyrir að tryggingaeftirlitið sendi kostnaðaráætlanir og yfirlit um álagningu til Sambands ísl. tryggingafélaga og ársreikninga þegar þeir liggja fyrir. Þessi breyting, sem Nd.- nefndin gerði að því er þetta varðar, er fyrst og fremst komin hér inn fyrir tilstilli Sambands ísl. tryggingafélaga.

En að lokum: Heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem gerðar voru á því í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Með þessu frv. til laga um heimild til hækkunar á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum er leitað eftir heimild til að auka hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 26.8 millj. dollara í 88 millj. og er þetta í samræmi við samþykktir stjórnar bankans um aukningu hlutafjár.

Hlutafjáraukningin er í tvennu lagi: Annars vegar almenn aukning í hlutfalli við núverandi hlutafjáreign. Hluti Íslands er þar 25.1 millj. dollarar. Af þeirri fjárhæð þarf að yfirfæra strax 3/4% eða um 188 þús. dollara. 6 3/4%, jafnvirði 1694 þús. dollara, þarf að greiða inn á reikning Alþjóðabankans í Seðlabankanum á nokkrum árum. Það er miðað við að það gerist á sjö árum og yrði þá árleg greiðsla jafnvirði um 270 þús. dollara á því gengi sem gildir á greiðsludegi. Er fullt samkomulag um það í ríkisstj. milli mín og hæstv. fjmrh. og Seðlabankans að þetta verði gert með þessum hætti. Það mundu sennilega verða tæplega 3 millj. kr. sem þyrftu að koma inn á fjárlagafrv. fyrir næsta ár til að fullnægja þeim skuldbindingum sem þarna er um að tefla.

Við Íslendingar erum taldir vera það efnuð þjóð og hafa það miklar tekjur á mann að við fáum ekki, a. m. k. ekki á næstunni, möguleika á lánum frá Alþjóðabankanum. Hins vegar höfum við notið mikillar fyrirgreiðslu og verðmætrar fyrirgreiðslu frá Alþjóðabankanum eða nutum á meðan við þurftum þess með. Fylgir í aths. við lagafrv. tafla yfir þau lán sem við skuldum hjá bankanum. Er heildarupphæðin um 47 millj. dollara. Eins og sést eru vaxtakjörin ákaflega hagstæð, 6 og upp í 7 1/4%, þannig að við njótum þar og höfun notið mikillar og góðrar fyrirgreiðslu.

Ef ætti að tengja þetta sérstaklega við hagsmuni okkar

nú og í framtíðinni er þess að geta, að Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru í raun og veru stofnanir ef sama meiði, vinna saman í mikilli samvinnu, eins og kunnugt er, en við njótum og höfum notið mikillar og góðrar fyrirgreiðslu.

Ef ætti að tengja þetta sérstaklega við hagsmuni okkar nú og í framtíðinni er þess að geta, að Alþjóðabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn eru í raun og veru stofnar af sama meiði, vinna saman í mikilli samvinnu, eins og kunnugt er, en við njótum og höfum notið mikillar fyrirgreiðslu frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. T. d. fengum við á árunum 1968—1969, þegar mikið verðfall varð á útflutningsafurðum okkar, gífurlega mikla fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem bjargaði okkur að verulegu leyti yfir það erfiðleikatímabil, sem kom í kjölfar áfalla í viðskiptum okkar á árunum eftir 1967—1968. Við vitum aldrei hvenær við þurfum á slíkri fyrirgreiðslu að halda. Það getur orðið aflabrestur hjá okkur í okkar þýðingarmesta atvinnuvegi, sjávarútveginum. Það getur orðið skyndilegar og óvæntar verðlækkanir í markaðslöndum okkar þannig að við verðum ævinlega að búast við því að verða fyrir verulegum sveiflum í sambandi við gjaldeyrisviðskipti. Þá er ákaflega þýðingarmikið fyrir okkur að hafa aðgang að fyrirgreiðslu úr Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til að brúa tímabil í sambandi við slíkar niðursveiflur. Þetta mál tengist því í raun og veru óbeint Alþjóðagjaldeyrissjóðnum vegna þess að þessar stofnanir vinna svo mjög saman.

Það fylgir nokkuð glögg grg. þessu frv., sem er aðeins í tveimur greinum. Í fyrsta lagi: „Ríkisstj. er heimilt að semja um hækkun á hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum úr 22.2 millj. Bandaríkjadollara í allt að 68 millj. Bandaríkjadollara miðað við gullgengi dollars þann 1. júlí 1944." Í öðru lagi: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég hef ekki orðið var við að það væri ágreiningur um þetta mál í þinginu. Ég vil því vinsamlegast beina þeim tilmælum til hv. fjh.- og viðskn., sem eflaust fær þetta mál til meðferðar, að hraða meðferð þess til þess að það geti örugglega orðið afgreitt á yfirstandandi þingi.

Ég legg svo til að að lokinni 1. umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj.85). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til félmn. með 15 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 130). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 14 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 541, n. 657). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haldið fund um þetta mál, þ. e. frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands. Í sjálfu sér er óþarfi að taka hér fram um aðdraganda þessa máls, en ég vil leyfa mér að lesa örlítinn hluta úr grg. sem fylgir frv.

Það var sett á laggirnar nefnd á sínni tíð, sem fékk það hlutverk að kanna möguleika á að stofna til trygginga þar sem gert væri ráð fyrir að þjóðin yrði tryggð fyrir meiri háttar áföllum af náttúruhamförum, eins og efnislega er rakið í skipunarbréfi þeirrar nefndar. En í nefndinni voru Guðmundur Hjartarson bankastjóri, Pétur Stefánsson verkfræðingur, Þorleifur Einarsson jarðfræðingur og Ásgeir Ólafsson fyrrv. forstjóri Brunabótafélags Íslands, sem jafnframt var formaður umræddrar nefndar.

Nefndin, sem vann að undirbúningi, eins og tekið er fram hér, gildandi laga um Viðlagatryggingu Íslands 1975, aflaði á þeirri tíð ýmissa upplýsinga um slíkar eða áþekkar tryggingar í öðrum löndum og hér er verið að fjalla um. Of langt mál er að rekja þann þátt hér. Það mun þó óhætt að halda því fram, að óvíða sé eins víðtæk trygging starfrækt með öðrum þjóðum sem Viðlagatrygging Íslands er nú.

Heilbr.- og trn. fékk til fundar Ásgeir Ólafsson fyrrum forstjóra Brunabótafélagsins sem veitti forstöðu nefnd þeirri sem ég var að geta um. Heilbr.- og trn. naut auðvitað ágætrar leiðsagnar hans og gjörkunnugleika á tryggingamálum.

Ég held að það sé hyggilegast, til þess að hv. dm. glöggvi sig á því, hvað hér er um að ræða, að ég fari nokkuð ítarlega yfir lagagreinarnar í frv., en áður en að því er komið vil ég aðeins ítreka að nefndin, sem vann þetta frv., gekk þar götur með því hugarfari að hér væri verið að endurbæta og færa inn í ýmsa nýja tryggingaliði — þætti sem tryggðir yrðu í ljósi þess að þjóðin þyrfti að tryggja sig fyrir hinum stærri áföllum. Hér er ekki um það að ræða að taka til minni háttar tjóna. Hér er fyrst og fremst um „katastrofu"-tryggingu að ræða, eins og viðlagatryggingin hefur raunar alla tíð verið hugsuð.

1. gr. frv. hljóðar um breytingar á 5. gr. viðlagatryggingarlaganna. Hér stendur, með leyfi forseta:

„5. gr. orðist svo: Eftirtalin verðmæti er skylt að tryggja:

a. Allar húseignir og lausafé, sem í þeim er geymt, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki, enda séu þessi verðmæti brunatryggð hjá vátryggingarfélagi eða stofnun, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingarskylda nær einnig til lausafjár, sem tryggt er almennri samsettri tryggingu, er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slíkt trygging undir eignatryggingar samkv. skilgreiningu tryggingaeftirlitsins. Þó skulu þær tryggingar, er flokkast undir svonefndar „All risks" tryggingar eða einstakar sértryggingar, ekki falla undir viðlagatrygginguna, nema með sérstöku samþykki stjórnar

stofnunarinnar. Tryggja skal allt ræktað land og lóðir, sem metin eru af Fasteignamati ríkisins."

Fyrri hluti þessa a-liðar er raunar mjög svipaður og er í gildandi lögum. Viðbótin er fyrst og fremst niðurlag þessa liðar.

Í b-liðnum eru síðan talin upp þau mannvirki sem fyrst og fremst eru tryggð til viðbótar því sem áður hefur verið tryggt. Að vísu var búið að taka fram um ræktað land og lóðir. Hér er fyrst og fremst um að ræða verðmæti í opinberri eigu. Ég mun nú lesa það upp, með leyfi forseta:

„b. Neðangreind mannvirki: Hitaveitur. Vatnsveitur. Skolpveitur. Hafnarmannvirki. Brýr. Raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki. Sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi hljóðvarps, sjónvarps og flugþjónustu." Síðan stendur: „Heimilt skal stjórn stofnunarinnar, að fengnu samþykki ráðh., að ákveða að stofnunin taki að sér að tryggja önnur verðmæti en þau sem falla undir skyldutrygginguna samkv. a- og b-lið hér að framan."

Þetta niðurlag táknar auðvitað það, að aðilar, sem hafa með höndum verðmæti sem ekki falla undir þessa tryggingu, geta snúið sér til viðlagatryggingar með tilliti til þess, að viðlagatrygging taki að sér að tryggja verðmæti sem farið er fram á að tryggð séu. Þarna er tryggingin opnuð í verulega ríkari mæli en verið hefur, ef ég má svo að orði komast.

2. gr. frv. hljóðar fyrst og fremst um mat hins tryggða.

„6. gr. orðist svo: Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

a. Öll verðmæti, sem brunatryggð eru, skulu tryggð fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma."

Þessi liður, a-liðurinn, er raunar alveg eins og áður var í lögunum. Viðbótin er fyrst og fremst eftirleiðis:

„b. Ræktað land og lóðir skulu tryggð fyrir þá fjárhæð, sem þau eru skráð á hjá Fasteignamati ríkisins á hverjum tíma.

c. Mannvirki, sem tryggð eru samkv. b-lið 5. gr., skulu tryggð fyrir áætlað endurbyggingarverð.

d. Verði heimildarákvæði 5. gr. notað skulu verðmæti, sem tryggð verða, tryggjast á raunvirði."

3. gr. fjallar fyrst og fremst um eigin áhættu:

„7. gr. orðist svo: Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

a. Verðmæti, sem tryggð eru samkv. a-lið 5. gr., lágmarksfjárhæð kr. 5000.

b. Verðmæti, sem tryggð eru samkv. b-lið 5. gr., lágmarksfjárhæð kr. 50.000.

c. Verðmæti, sem tryggð verða samkv. heimildarákvæði 5. gr., lágmarksfjárhæð ákveðin hverju sinni af stjórn stofnunarinnar, innan þeirra marka, sem gilda fyrir a- og b-lið hér að framan.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma."

Hingað til hefur verið gert ráð fyrir að slíku væri breytt með reglugerð hverju sinni.

4. gr. frv. fjallar um iðgjöldin og þar segir svo, með leyfi forseta:

„8. gr. orðist svo: Árleg iðgjöld skulu vera þessi:

a. Af verðmætum, sem tryggð eru samkv. a-lið 5. gr. 0.25‰.

b. Af verðmætum, sem tryggð eru samkv. b-lið 5. gr. 0.20‰.

c. Af verðmætum, sem tryggð verða samkv. heimildarákvæði 5. gr. reiknast iðgjald, sem stjórn stofnunarinnar ákveður hverju sinni".

Ég lít svo til, að það sé óþarfi að lesa lengra úr þessari grein. Meginhlutinn af greininni, það sem ólesið er, er samhljóða því sem fyrir er í lögum. Þar er fyrst og fremst fjallað um hreina eign stofnunarinnar með tilliti til þess gjalds sem tekið er í því skyni að tryggja eign, góðan fjárhag, tryggja að viðlagatryggingin rísi undir nafni, að hún sé í stakk búinn að mæta þeim áföllum sem hún þarf e. t. v. að rísa undir. Þar er gert ráð fyrir því, eins og er í lögum, að iðgjaldið kunni að lækka eða hækka eftir atvikum, eftir því hvernig eiginfjárstaða viðlagatryggingar er hverju sinni.

5. gr. „Upphaf 1. mgr. 9. gr. hljóði svo:

Telji vátryggður að gerst hafi bótaskyldur tjónsatburður, skal hann tilkynna það stjórn Viðlagatryggingarinnar eða vátryggingarfélagi því o. s. frv." Ég fer ekki að lesa úr frv. lengra. Áður var þetta þannig, að þetta skyldi tilkynna vátryggingarfélagi. Nú er gert ráð fyrir að tjón sé tilkynnt beint til stjórnar Viðlagatryggingarinnar.

6. gr. fjallar fyrst og fremst um meðferð tjóna og möt, en þar stendur:

„12. gr. orðist svo:

Stjórn Viðlagatryggingar Íslands skal setja reglur um meðferð tjóna og möt. Við uppgjör tjóna skal stjórn stofnunarinnar leita til hæfra og óvilhallra matsmanna. Heimilt er stjórn stofnunarinnar að fela viðkomandi tryggingarfélagi uppgjör minni háttar tjóna. Nánari ákvæði um skipun matsmanna, matsreglur og uppgjör tjóna skal setja með reglugerð."

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þessa grein frekar. Þessi grein er allverulega stytt og einfölduð frá því sem er í gildandi lögum.

7. gr. „Í stað síðustu mgr. 13. gr. komi ný mgr. er orðist svo:

Sömu reglur gilda um önnur tryggð verðmæti eftir því sem við á."

Hér er um það að ræða að heimildin er aðeins víðari. Hún er rýmkuð frá því sem verið hefur, þ. e. heimildargreinin um að lækka eða synja alveg um bætur.

8. gr. „19. gr. orðist svo:

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir, sem ætlað er að varna tjóni af völdum náttúruhamfara. Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi, sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins."

Það, sem er nýtt við þessa grein, er að gert er ráð fyrir heimild til að veita fé til rannsókna og enn fremur að það sé hægt að veita styrki til björgunarsveita vegna þeirrar starfsemi sem viðurkennd er af Almannavörnum ríkisins.

9. gr. er raunar eins og margt í þessu. Það leiðir hvað af öðru. 9. gr. er til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til: „1. mgr. 22. gr. orðist svo:

Stjórnin skal semja við þau vátryggingarfélög og aðra aðila, sem annast störf fyrir stofnunina samkv. lögum þessum. Náist ekki samkomulag um þóknun fyrir slík störf, sker trmrh. úr ágreiningi."

10. gr. gerir ráð fyrir að lögin taki gildi, ef samþykkt verða, 1. jan. 1983.

Herra forseti. Ég þykist hafa farið yfir frv. eins og það liggur hér fyrir. Heilbr.- og trn. hefur ekki breytingar fram að færa á frv. Það skal viðurkennt að við eyddum ekki löngum tíma í að athuga þetta mál. Þó hygg ég að þm. hafi sett sig allvel inn í það. Tími, sem fer í athugun mála, segir ekki alla sögu.

Ég vil í lokin segja frá því, enda þótt það sé einhverjum kunnugt, hver staða Viðlagatryggingar er í ljósi fjárhags.

Í lok liðins árs voru í sjóði, má segja, um 60 millj. kr., í lok ársins 1981. Gert er ráð fyrir að innheimta á þessu ári 15—16 millj. kr. og er þá að sjálfsögðu miðað við núgildandi lög. Sú viðbót að verðmætum, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, ef innheimt væru gjöld í ljósi þeirra verðmæta, mundi auka tekjur Viðlagatryggingar um 5.4 millj. kr. og samtals yrði þetta um 21 millj. kr.

Ég vil leyfa mér að vekja athygli á að Viðlagatrygging greiðir að hámarki fyrstu 2 millj. dollara í hverju tjóni. Þeir samningar, sem nú liggja fyrir og hafa legið fyrir og eru auðvitað í gildi við endurtryggingaraðila, gera ráð fyrir að umræddir endurtryggingaraðilar greiði allt að 28 millj. dollara í hverju tjóni.

Það, sem tryggt er í dag, er áætlað vera um 80 milljarða verðmæti. Það, sem hér er gert rá fyrir að auka við, er um 27 milljarða kr. virði. Hér er auðvitað um gífurlegar tölur að ræða.

En að síðustu: Ég þakka heilbr.- og trn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu í ljósi ágætrar samvinnu um þetta mál. Um þetta hygg ég að sé enginn ágreiningur. Við viljum öll standa saman um að verjast hinum stærstu áföllum. Nefndin leggur eindregið til að þetta frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Jöfnun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 619). — 1. umr.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég flyt það frv., sem hér er til umr., ásamt hv. þm. Eiði Guðnasyni og Agli Jónssyni. Þetta frv. er um jöfnun hitunarkostnaðar.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að eitt mesta misrétti, sem fyrirfinnst í þjóðfélaginu í dag, er fólgið í hitunarkostnaði. Hitunarkostnaður þess fólks, sem býr við lakastan kost, er óbærilegur. Þess vegna láta menn sér svo tíðrætt um hitunarkostnað sem raun ber vitni. Nokkuð hefur verið bætt úr ófremdarástandinu með niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa. Samt sem áður er ástandið með öllu óviðunandi. Með tilliti til þessa er frv. þetta flutt.

Við vandanum verður brugðist með tvennu móti: Annars vegar að flýta svo sem verða má öllum framkvæmdum til að innlendir orkugjafar komi í stað olíu og ódýrari innfluttur orkugjafi verði nýttur í stað dýrari orkugjafa og orkunýting verði bætt. Hér er um að ræða það sem heyrir til frambúðarlausnar í þeim vanda sem við er að glíma. Hins vegar er að auka niðurgreiðslu orkugjafa til húshitunar. Hér er um að ræða bráðabirgðaráðstafanir meðan unnið er að frambúðarlausn. Þessar bráðabirgðaráðstafanir þola ekki bið og fjallar þetta frv. um þær.

Það er nú svo komið, að 172 þús. af 229 þús. íbúum landsins hafa húshitun sína frá hitaveitum með jarðvarma. Hér er um að ræða um 35 millj. rúmmetra húsrými af um 45 millj. rúmmetra húsrými sem samtals er í landinu. Orkusala hitaveitnanna 27 að tölu nemur nú um 2 800 gwst. á ári, en heildarorkusala til húshitunar í landinu nemur samtals 3 700 gwst. á ári. Ódýrrar rafhitunar njóta nú um 6000 íbúar landsins, sem ráða yfir um 1 millj. rúmmetra húsnæðis og þurfa um 80 gwst. á ári til upphitunar sinna húsa. Meðaldýra rafhitun hafa 4000 íbúar með um 700 þús. rúmmetra húsnæði og nota þeir um 60 gwst. á ári. Rafmagnsveitur ríkisins, Orkubú Vestfjarða og hitaveitur þessara fyrirtækja, sem nota rafmagn og olíu sem orkugjafa, sjá um 26 þús. íbúum landsins fyrir húshitun. Nemur húsnæði þeirra um 4.5 millj. rúmmetra og þarf til þeirrar húshitunar um 370 gwst. á ári. Þeir, sem kynda hús sín með olíu, eru um 21 þús. að tölu og ráða yfir 2.6 millj. rúmmetra húsnæðis og þurfa til upphitunar húsa sinna um 210 gwst. á ári. Þetta, sem ég hef nú sagt, gefur nokkra mynd og ég ætla á sinn hátt glögga mynd af því hvernig ástandið er.

Á síðari árum hefur mjög miðað til frambúðarlausnar í húshitunarmálum með hinum miklu hitaveituframkvæmdum sem átt hafa sér stað. Nú er svo komið að yfirgnæfandi meiri hluti þjóðarinnar býr við þann kost, sem bestur er í húshitun, þar sem eru hitaveitur með jarðvarma sem orkugjafa. En á sama tíma er hlutur þeirra, sem ekki fá notið þessarar aðstöðu, því miður allsendis óviðunandi.

Nú er ástandið þannig að meðalorkuverð hitaveitna nemur um 22.7% af hitunarkostnaði með olíu, hitunarkostnaður með ódýrri rafhitun nemur 38.4% af olíukostnaði og hitunarkostnaður með meðaldýrri rafhitun nemur 55.6% af hitunarkostnaði olíu. Raforkuverð Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða til húshitunar og orkuverð frá hitaveitum þessara fyrirtækja, sem hafa rafmagn og olíu sem orkugjafa, nemur 65.1% af upphitunarkostnaði með olíu. En niðurgreidd olía til húshitunar nemur 70.5% af olíuverði.

Það er af þessu sem má marka að mestur er misjöfnuðurinn gagnvart þeim sem kynda hús sín með olíu, þrátt fyrir olíustyrkinn sem nú er greiddur. Þá fylgir fast eftir í ójöfnuðinum það fólk sem býr við rafmagnsupphitun frá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða og upphitun frá hitaveitum þessara fyrirtækja sem nota rafmagn og olíu sem orkugjafa. Meginatriðið er því að rétta hlut þessa fólks, sem er um 47 þús. að tölu og ræður yfir 5.1 millj. rúmmetrum í húsnæði og þarf til upphitunar húsa sinna um 580 gwst. á ári. Þetta frv., sem við nú ræðum, tekur mið af þessari staðreynd.

Það er gert ráð fyrir að takmörk séu fyrir því, hve mismunur á hitunarkostnaði megi vera mestur. Gert er ráð fyrir að menn hljóti að geta komið sér saman um að einhvers staðar hljóti að vera takmörk í þessu efni. En með tilliti til þessa kveður frv. svo á að verð olíu skuli greitt niður sem nægi til að olíukostnaður við kyndingu húsa verði eigi hærri en sem nemur 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins sem hafa jarðvarma að orkugjafa. Af þessu leiðir, að samkv. ákvæðum frv. verða sjálfvirkar breytingar á upphæð niðurgreiðslunnar sem fylgja breytingum á verði olíu og jafnframt breytingum á gjaldskrám hitaveitnanna. Hækkun gjaldskrár hitaveitna hefur því áhrif til lækkunar á upp-

hæð olíustyrksins engu síður en hækkun olíu hefur að öðru jöfnu áhrif til hækkunar á olíustyrknum.

Vegið meðalverð hjá hitaveitum landsins er nú 22.7% af óniðurgreiddu olíuverði eða 13.1 aurar á kwst. Samkv. frv. verður því hæsta verð olíukyndingar húsa 32.8 aurar á kwst. Óniðurgreiddur kostnaður við olíukyndingu er hins vegar 57.9 aurar á kwst. og nemur því niðurgreiðsla á olíu samkv. frv. 25.1 eyri á kwst. Er þá kostnaður olíukyndingar samkv. frv. 26.7% af kyndingu með óniðurgreiddri olíu og nemur þá niðurgreiðslan 43.3% eða 251 þús. kr. á gwst. Olíunotkun fyrir hitun íbúða, stofnana og atvinnurekstrarhúsnæðis, sem frv. gerir ráð fyrir, er 328 gwst. á ári. Þetta þýðir að niðurgreiðsla á olíu samkv. 2. gr. frv. nemur á ári 82 millj. kr.

Þá gerir frv. ráð fyrir í 3. gr. að verð olíu, sem hitaveitur nota til framleiðslu rafmagns til upphitunar húsa, skuli greitt niður sem nemi þeirri fjárhæð sem hitunarkostnaðurinn verði sambærilegur og gert er ráð fyrir í 2. gr. frv. Nokkrar hitaveitur, sem nota jarðvarma sem orkugjafa. eru með toppkyndistöðvar sem notaðar eru þegar kaldast er í veðri, þ. á m. hitaveitur Akureyrar, Siglufjarðar, Egilsstaða, Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Auk þess reka Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða kyndistöðvar með olíu sem orkugjafa, svokallaðar R O-kyndistöðvar, á Höfn í Hornafirði, Seyðisfirði, Ísafirði, Bolungarvík og Patreksfirði. Þá kemur hér til olíunotkun til framleiðslu rafmagns til húshitunar sem fer eftir árferði og orkuskorti frá vatnsaflsstöðvum. Áætlað er að niðurgreiðsla á olíu til hitaveitna og rafveitna samkv. 3. gr. frv. nemi um 2 millj. kr. á ári.

Enn fremur gerir frv. ráð fyrir samkv. 4. gr. að verð á raforku til húshitunar skuli greitt niður eftir því sem með þarf til þess að hitunarkostnaður verði 10% lægri en kostnaður við kyndingu með niðurgreiddri olíu. Raforka þessi skal greidd niður hvort sem hún er heldur seld til beinnar upphitunar eða sem orkugjafi hitaveitna. Hér er ákvæði til hvatningar mönnum um að taka upp innlendan orkugjafa í stað erlends orkugjafa til húshitunar eða skipta frá olíu til rafhitunar. Verðið á raforkunni til neytenda yrði samkv. þessu ekki hærra en 90% af kostnaði olíukyndingar samkv. 2. gr. eða 29.5 aurar á kwst. Niðurgreiðslan á raforku er aðallega vegna beinnar upphitunar og þó fyrst og fremst þar sem um dýra rafhitun er að ræða. Dýr rafhitun nemur nú um 344 gwst. á ári og er greidd niður samkv. frv. um 28.2 millj. kr. á ári, en meðaldýr rafhitun, sem nemur 57 gwst. á ári, er greidd niður um 1.5 millj. kr. á ári. Til viðbótar þessu kemur svo niðurgreiðsla á raforku til hitaveitna sem nota raforku sem orkugjafa, svokallaðar R O-hitaveitur, og hefur sú niðurgreiðsla verið áætluð að nema 1.6 millj. kr. á ári. Samkv. þessu nemur niðurgreiðsla á raforku á ári samkv. 4. gr. frv. um 31 millj. kr.

Miðað við óbreytt olíuverð og óbreyttar gjaldskrár hitaveitna nema útgjöld samkv. 2., 3. og 4. gr. frv. samtals 115 millj. kr. á ári. Ef hins vegar verð hjá ódýrum hitaveitum yrði hækkað umfram verðlagshækkanir, svo sem óskað er eftir og nauðsynlegt er talið til að tryggja rekstur og viðgang hitaveitnanna, horfir málið öðruvísi við. Ef reiknað væri með að verð hjá ódýrum hitaveitum hækkaði t. d. um 30% mundi heildarniðurgreiðslan samkv. frv. þessu ekki vera 115 millj. kr. á ári, heldur 83 millj. kr. á ári, þ. e. olíuniðurgreiðslan samkv. 2. gr. yrði 67 millj. kr. á ári í stað 82 millj. kr. á ári og niðurgreiðsla á raforku samkv. 4. gr. yrði 14 millj. kr. á ári í stað 31 millj. kr. á ári. Ef stjórnvöld yrðu við eðlilegum kröfum ódýru hitaveitnanna um gjaldskrárhækkanir yrði ekki einungis tryggð betur sú orkunýting, sem hagkvæmust er til upphitunar húsa, eða notkun jarðvarmans, heldur væru og ríkissjóði spöruð umtalsverð útgjöld um leið og stefnt væri að jöfnuði í hitunarkostnaði landsmanna. Viðmiðunarreglan samkv. 2. gr. þessa frv. um jöfnun hitunarkostnaðar felur í sér hvata fyrir stjórnvöld til þess loks að taka af ábyrgð og raunsæi á því úrlausnarefni að koma á jöfnuði milli landsins þegna um hitunarkostnað húsa.

Í frv. er lagt til að ríkissjóður greiði Orkusjóði óafturkræft framlag sem varið skuli til að greiða niður verð á orkugjöfum til upphitunar húsa í landinu. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður verji fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds í þessu skyni. Samkv. lögum nr. 12 frá 1980, um orkujöfnunargjald, er innheimt mikið gjald sem rennur í ríkissjóð og nemur á þessu ári samkv. fjárlögum um 190 millj. kr. Fjármagn þetta er nú að mestu leyti almennur eyðslueyrir ríkissjóðs. Ríkissjóður hefur svo varið fé til niðurgreiðslu á olíu til upphitunar húsa og nemur sá styrkur 30 millj. kr. á fjárlögum ársins 1982. Eftir stendur þá mikið fé í ríkissjóði af þeim skatti sem innheimtur hefur verið undir yfirskini orkujöfnunar. Verður því fé ekki betur varið en til frekari aðgerða til jöfnunar hitunarkostnaðar, svo sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Ber þá að hafa í huga að frv. þetta mælir ekki fyrir um að mismunur á dýrum og ódýrum hitunarkostnaði skuli nema 2.5-földu vegnu meðalverði hjá hitaveitum landsins. Frv. kveður ekki á um að það skuli vera þessi mismunur. Ég bið hv. þm. að taka vel eftir því. En frv. kveður á um að mismunurinn megi ekki vera meiri en þessu nemur. Það mætti orða það svo: Það er sett þak á það óréttlæti og misjöfnuð sem menn ættu að telja óþolandi að yrði meiri. Það gefur auga leið að þörf er frekari jöfnunar, jafnframt því sem fjármagn er fyrir hendi af andvirði orkujöfnunargjaldsins til frekari jöfnunar hitunarkostnaðar en skylt er að ráðstafa samkv. þessu frv. Það fer þá að vilja fjárveitingarvaldsins á hverjum tíma hvað miklum jöfnuði verður náð.

Það skal tekið fram, að í þessu frv. er ekki að finna reglur um með hverjum hætti olíustyrkjum skuli úthlutað til jöfnunar hitunarkostnaði. Þykir rétt að þetta verði ákveðið í reglugerð. Frv. kveður sérstaklega á um að þess sé gætt að einfalda framkvæmd alla og sporna við misnotkun á þeim rétti sem einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum er veittur.

Í frv. er að finna heimildarákvæði um að veitt sé sérstök fjárhagsleg aðstoð hitaveitum, sem nota jarðvarma sem orkugjafa, þegar um sérstaka rekstrarerfiðleika er að ræða eða við afbrigðilegan vanda er að fást, eins og hjá hitaveitum Suðureyrar, Siglufjarðar, Egilsstaða o. fl. Er þetta til að jafna þann mun sem orkuverð þessara hitaveitna er metið hærra en sem nemur hitunarkostnaði með olíu að frádregnum olíustyrk. Það skal tekið fram, að þetta heimildarákvæði, sem hér er um að ræða, er sams konar og ákvæði um þetta efni í núgildandi lögum.

Ég hef nú farið í eins stuttu máli og mér hefur þótt unnt í að skýra þetta mikilvæga frv. Mér þykir rétt, áður en ég lýk máli mínu, að leggja áherslu á meginbreytingarnar sem í frv. er að finna.

Þar er þá fyrst til að taka, að frv. setur takmörk fyrir því, hvað mismunur á hitunarkostnaði landsmanna má vera mestur.

Í öðru lagi kveður frv. á um reglu um hvað niðurgreiðsla á orkugjöfum til húshitunar skal vera mikil, og þar er tekið mið af hvoru tveggja í senn: verði á olíu og gjaldskrám hitaveitna.

Þriðja meginnýmælið, sem frv. þetta hefur að geyma, er fólgið í því, að verð á dýrustu raforku til húshitunar skal greiða niður hvort heldur er til beinnar upphitunar eða sem orkugjafa hitaveitna. Ekki þarf að taka fram að nú er einungis greidd niður olía.

Fjórða nýmælið, sem mér þykir rétt að vekja athygli á, er að hitunarkostnaður atvinnuhúsnæðis er greiddur niður samkv. frv. jafnt sem hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis. Hér er um að ræða nýmæli. Olía er ekki nú greidd niður að því er viðkemur atvinnuhúsnæði. En það þykir rétt að jafna einnig í þessum efnum sem öðrum varðandi upphitun þannig að atvinnuvegir landsins búi sem mest við álíka kostnað við upphitun húsa hvar sem er á landinu.

Þá vek ég athygli í fimmta lagi á því nýmæli eða ákvæði þessara laga, að ráðstafa skuli andvirði orkujöfnunargjalds á þann veg að það gangi til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar. Sannleikurinn er sá, að þetta virðist vera svo sjálfsagt að ekki hefði þurft að taka slíkt fram. En því miður, eins og ég hef áður vikið að, er staðreynd að hér er um að ræða fjármagn sem hefur verið innheimt með sköttum undir fölsku yfirskini, — undir því yfirskini að það væri verið að bæta misrétti milli þegna þjóðfélagsins í húshitunarmálunum, — en fjármagnið verið gert að eyðslueyri ríkissjóðs.

Í sjötta lagi vil ég vekja athygli á því nýmæli, að gert er ráð fyrir að það fé, sem verður til ráðstöfunar til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar, gangi til Orkusjóðs og Orkusjóður ráðstafi þessu fé samkv. lögum og reglugerðum sem ákveðnar verða. Það er eðlilegt, hvað sem líður því sem verið hefur þegar eingöngu hefur verið um olíustyrki að ræða til einstaklinga, að Orkusjóður komi hér inn í þegar jafnframt er gert ráð fyrir framlagi til orkufyrirtækja. Þykir mér að öll framkvæmd þessara mála verði þá betur samræmd og í fastari skorðum en verða mundi ef einn aðili hefði ekki með þetta verkefni að gera.

Ég vek þá að lokum athygli á sjöunda nýmælinu sem ég hef viljað sérstaklega leggja áherslu á í máli mínu, og það er að þessi mál, sem varða jöfnun hitunarkostnaðar, falli ekki undir viðskrh., eins og nú er samkv. lögum, heldur verði þessi mál í verkahring iðnrh. Ég hygg að það þurfi ekki að fjölyrða um réttmæti þessarar breytingar þó að ég hafi í máli mínu ekki komið fyrr að því en nú.

Ég hef nú lokið við, herra forseti, að gera grein fyrir frv. þessu og leggja áherslu á meginnýjungar þess. Ég vil að lokum minna á að þetta frv. er að stofni til byggt á frv. sem ég ásamt þm. Tómasi Árnasyni, Stefáni Jónssyni og Eiði Guðnasyni flutti á næstsíðasta þingi. Í því frv. var kveðið á um þá viðmiðunarreglu varðandi ákvörðun olíustyrks og þau takmörk fyrir mismun sem gátu verið á upphitunarkostnaði. Þetta, sem stóð í fyrra frv. okkar fjórmenninganna sem ég vitna til, er orðrétt eins í því frv. sem hér er til umr. En á þessum frv. er verulegur munur samt.

Það er í fyrsta lagi, að í hinu fyrra frv. var gert ráð fyrir að einungis olía væri greidd niður sem orkugjafi til upphitunar, en í frv. því, sem við nú leggjum fram, ég og hv. þm. Eiður Guðnason og Egill Jónsson, er gert ráð fyrir niðurgreiðslu einnig á raforku til upphitunar, eins og ég áður tók fram.

Það er enn fremur sá mismunur á þessum frumvörpum, hinu fyrra og þessu síðara sem við nú ræðum, að í hinu fyrra var gert ráð fyrir að kostnaður vegna niðurgreiðslu væri greiddur beint úr ríkissjóði. En frv. það, sem við nú ræðum, gerir ráð fyrir að notað verði það fjármagn sem kemur inn við skattlagningu samkv. lögum um orkujöfnunargjald í þessu skyni, eins og ég hef áður greint frá.

Það eru nokkrar fleiri minni háttar breytingar, kannske sums staðar hnikað til á orðalagi eða minni háttar efnisbreytingar, sem hafa verið gerðar frá hinu fyrra frv. og til þess frv. sem við nú ræðum. Ég sé ekki ástæðu til að fara sérstaklega út í það.

Ég vil aðeins segja það að lokum, að þetta frv. er sannarlega lagt fram í því trausti, að það fái jákvæðar viðtökur og við höldum ekki áfram að tala sífellt um þann vanda sem við er að fást í upphitun húsnæðis, heldur að við látum nú verkin tala.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. 1. flm. þessa frv., hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánssonar, hefur í framsöguræðu sinni gert ítarlega grein fyrir efnisþáttum þessa máls. Sé ég ekki ástæðu til að bæta þar neinu við, svo ítarlega sem hann rakti alla meginþætti málsins.

Eitt atriði get ég þó ekki látið hjá líða að minnast á. Það er það sem um er fjallað strax í 1. gr. frv., þ. e. að til að mæta þeim kostnaði, sem þarna er gert ráð fyrir, skuli ríkissjóður verja fjármagni af andvirði orkujöfnunargjalds. Í rauninni er hlálegt að skuli þurfa að taka slíkt fram, vegna þess að nafnið eitt, orkujöfnunargjald, segir til hvers þeim fjármunum skuli varið. Staðreynd er hins vegar og ekki einsdæmi hjá nuv. hæstv. ríkisstj. að markaðrir tekjustofnar, sem renna eiga til ákveðinna þátta, eru teknir til annarra nota. Þetta höfum við séð í sambandi við húsnæðismál sem hafa verið til umr. að undanförnu í þessari hv. deild, þetta höfum við séð í sambandi við orkujöfnunargjald og þetta höfum við séð í sambandi við ákaflega margt fleira. Þess vegna er það ekkert undarlegt þó að hæstv. fjmrh. geti gumað af góðri afkomu ríkissjóðs þegar hinir merktu tekjustofnar eru teknir hver á eftir öðrum og settir beint í ríkishítina, en þau málefni, sem þessir tekjustofnar voru markaðir, eru látin reka á reiðanum þangað til í fullkomið óefni er komið, eins og er í húsnæðismálum og eins og er nú um þennan málaflokk.

Það er ekki aðeins á einu sviði, sem ríkisstj. hefur orðið ber að því að standa svona að málum, heldur er það á hverju sviðinu á eftir öðru sem slíkt hefur komið upp. Síðan megum við þm. hlusta á það hér og lesa um það í blöðum, hlusta á það í útvarpi og sjónvarpi, að fjmrh. gumar af því í eyru landslýðs, að afkoma ríkissjóðs hafi aldrei verið betri en einmitt um þessar mundir. En skýringanna á góðri afkomu ríkissjóðs er m. a. að leita í þeirri staðreynd, að markaðir tekjustofnar hafa í auknum mæli verið látnir renna beint í ríkissjóð, en ekki til þeirra verkefna sem þeim var upphaflega ætlað.

Varðandi þetta mál í heild er það eitt að segja, að hér er á ferðinni réttlætismál og kannske eitt mesta réttlætismálið sem fram hefur komið á þessu þingi. Við Alþfl.-menn höfum flutt hér frv. til l. um leiðréttingar á þessu sama máli, en lagt þar til að farnar væru nokkuð aðrar

leiðir, þ. e. upphitunarkostnaður þeirra, sem ekki búa við hagkvæmar hitaveitur, verði gerður frádráttarbær frá skatti. Virðist alveg ljóst að það frv. fær enga náð hjá stjórnarherrunum og því verður ekkert sinnt. Því þótti mér rétt að gerast meðflm. að þessu frv. sem sannarlega fjallar um hið mesta réttlætismál. Raunar fékk hitt frv., sem við fluttum, um jöfnun hitunarkostnaðar, leiði til að *létta almenningi þessar þungu byrðar.* Það fékk þá einkunn hjá einum af þm., sem styðja núv. hæstv. ríkisstj., að það væri bæði vonlaust og vitlaust, án þess að hirt væri um að rökstyðja það frekar. Þegar þeir ágætu menn tala um að leiðrétta þurfi þetta ranglæti fylgir ekki ákaflega mikill hugur máli.

Ég endurtek að mismunur hitunarkostnaðar þeirra, sem búa við það að þurfa að hita hús sín með olíu, og nú á hinum síðari tímum ekki síður marga þeirra, sem búa við rafmagnshitun, er eitt mesta misrétti sem þekkist í þjóðfélaginu. Ég ætla ekki að fara að þylja hér tölur. Það er búið að segja það hér nægilega oft, og ég hygg að öllum hv. þm. og raunar kannske ráðherrum líka, hafi þeir lagt við hlustir, sé ljóst hvert ranglæti hér ríkir. Hér er, hæstv. fjmrh., um að ræða það ranglæti sem ríkir í húshitunarmálum annars vegar þeirra sem verða að una því að kynda hús sín með dýrri olíu og jafnvel dýru rafmagni líka. Ég er sömuleiðis þeirrar skoðunar, að viðgangist þetta misrétti miklu lengur muni það hafa mjög alvarlegar þjóðfélagslegar afleiðingar, og mun ég koma nánar að því síðar.

Ég átti þess kost í byrjun þessa mánaðar að sækja fund sem samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi gengust fyrir í Stykkishólmi þar sem fjallað var um stöðu þessara mála, einkanlega að því að varðar kauptúnin á norðanverðu Snæfellsnesi. Þar hefur farið fram jarðhitaleit sem því miður hefur ekki borið árangur, og er litlar vonir með núverandi tækni að binda við að þar fáist jákvæð svör. Þess vegna blasir það við íbúum þessara svæða að taka ákvarðanir um hvort leggja skuli fjarvarmaveitur, þ. e. miðstýrt eða miðhitað vatnskerfi, í þessi byggðarlög, hvort taka skuli upp það sem ég vil kalla óbeina rafhitun, þ. e að hita vatn með raftúbu og hafa síðan vatnskerfi í húsunum, eða í þriðja lagi hvort nota skuli beina rafhitun. Á þessum fundi mættu fjölmargir sérfræðingar, bæði frá Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Á fundinum var vitnað til bréfs frá hæstv. iðnrh., sem hann skrifaði 1979 og tilkynnti sveitarstjórnum í þéttbýlisstöðum á norðanverðu Snæfellsnesi að það væri ekki eftir neinu að bíða með að hefja undirbúning fjarvarmaveitna fyrir þessi þorp. En síðan kom babb í bátinn. Það reyndist nefnilega svo, þegar betur var reiknað, að Rafmagnsveitur ríkisins gátu ekki staðið við það orkuverð sem þær höfðu boðið. Þetta eru auðvitað afar slæm mistök vegna þess að sveitarfélögin höfðu frestað ýmsum framkvæmdum og hagað öðrum framkvæmdum með tilliti til þess, að þarna yrðu lagðar fjarvarmaveitur. Þetta hefur tafið aðgerðir í þessum húshitunarmálum a. m. k. um eitt ef ekki tvö ár. Það, sem á hefur skort í þessum efnum, er að fyrir lægi mörkuð stefna stjórnvalda um að hvers konar kyndingu skyldi stefna.

Nú var það að heyra á forvígismönnum Rafmagnsveitna ríkisins á þessum fundi, sem ég hef áður vitnað til, að að þeirra mati væri hagkvæmast að hafa vatnskerfi í húsunum og hita vatnið með raftúbum. Það er það sem ég vil kalla óbeina rafhitun. Gott og vel. Sé þessi stefna mörkuð og sé það staðreynd, sem menn geti ekki reiknað sig frá, að fjarvarmaveitur séu ekki hagkvæmar verður auðvitað að hlíta því.

En satt best að segja voru þær tölur, sem nefndar voru á þessum fundi í Stykkishólmi um húshitunarkostnað og þann aukaskatt sem með þeim hætti er lagður á íbúa þessara staða, bæði þarna á norðanverðu Snæfellsnesi *svo og auðvitað alls staðar annars staðar á landinu* þar sem menn verða að una þessu, óhugnanlegar, og enn voru þær mér óhugnanlegri kannske fyrir þá staðreynd, að svo vill til að ég bý á hitaveitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur, þar sem verðið á orkunni er langt fyrir neðan það sem raunhæft eða sanngjarnt getur talist vegna þess að stjórnvöld eru í vísitöluleik með afnotagjald Hitaveitunnar. Hún fær ekki að hækka verð fyrir sína þjónustu, fær ekki að taka eðlilegt verð fyrir sína þjónustu, er skikkuð til að selja sína þjónustu undir kostnaðarverði. Allt gerir þetta málið erfiðara, allt skekkir þetta myndina og allt gerir þetta þær tölur fáránlegri sem um er verið að tala hér.

Það hafa verið gerðir ítarlegir útreikningar m. a. um hitunarkostnað húsa á Vestfjörðum. Ég veit að ég þarf ekki að rekja þær tölur hér fyrir þm., þær eru öllum mönnum kunnar, og ég veit líka að hv. þm. þessarar deildar er mætavel ljóst hver aukaskattur er lagður á þetta fólk vegna þess að þegar það kaupir olíuna eða borgar rafmagnsreikningana gerir það það með peningum sem þegar er búið að borga skatt af. Það er kannske óskhyggja, en eina réttlætið í þessu máli er auðvitað að íbúar þessa lands, hvar sem þeir búa á landinu, borgi nokkurn veginn sama orkuverð. Það mælir enginn gegn því, að við skulum öll, hvar sem við erum stödd á landinu, borga sama verð þegar við kaupum bensín eða olíu. Af hverju skyldum við ekki borga sama verð fyrir varma inn í hús? Ef okkur þykir rétt að láta alla sitja við sama borð varðandi þessa orkugjafa, olíur og bensín, hvers vegna á það ekki að ganga jafnt yfir aðra orkugjafa sem eru jafnnauðsynlegir? Ég segi ekki: nauðsynlegri, heldur jafnnauðsynlegir. Það væri lítið líf í þessu landi ef þessir orkugjafar væru ekki til.

Ég ætla, herra forseti, ekki að tala langt mál um þetta. Það var sagt í frægri ræðu og oft vitnað til, þó að þau orð væru raunar ekki uppfinning flytjandans, að vilji sé allt sem þarf. Það gildir ekki síst um þetta mál. Mig undrar að ekki skuli vera hægt að samstilla pólitíska vilja til að leiðrétta þetta hróplega ranglæti sem allt of lengi hefur viðgengist. Hvaða ályktun ber að draga af því, að ekkert skuli hafa gerst? Það er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá, að viljinn sé ekki fyrir hendi. Ég geri mér fyllilega ljóst að þessi leiðrétting á sér ekki stað í einu skrefi. Til þess er munurinn allt of mikill. Þetta verður að gerast á nokkrum tíma og í nokkrum skrefum — og það verður að gerast. Ef það gerist ekki, og þá kem ég að því sem ég minntist á stuttlega fyrr, held ég að það hafi meiri og alvarlegri þjóðfélagslegar afleiðingar en menn eiga kannske auðvelt með að gera sér í hugarlund á þessari stundu. Þetta mun nefnilega hafa þær afleiðingar, að fólk muni í vaxandi mæli flytja frá hitadýru stöðunum á hina ódýrari staði, t. d. á höfuðborgarsvæðið. Þær þjóðfélagslegu breytingar verða okkur dýrar og ég held að það dæmi hafi aldrei verið reiknað. Við skulum segja sem svo: Ef flyttu á ári 10% af íbúum þeirra 10 staða, sem búa við hæstan hitunarkostnað, hingað á Reykjavíkursvæðið, hvað mundi það kosta þjóðfélagið? Ég er sann-

færður um að það kostar þjóðfélagið kannske hundraðfalda þá upphæð sem það kostar að samþykkja þetta frv. eða samþykkja það frv. sem við Alþfl.-þm. höfum lagt fram um að gera hitunarkostnað frádráttarbæran frá skatti. Þetta verða menn auðvitað að hafa í huga. Ég held að menn hafi alls ekki hugað nægilega vel að þessari hlið málsins.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa þessi orð fleiri, en ég vona að ítrekaðar tilraunir okkar, sem stöndum að þessu frv., eigi eftir að bera árangur, og ég vona sömuleiðis, að það geti orðið fyrr en seinna, því vilji er allt sem þarf.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Ég vil byrja á að taka undir það með 1. flm. þessa frv., sem hér er til umr., hv. 4. þm. Vestf., að brýna nauðsyn ber til að jafna það misrétti sem felst í mjög misjafnlega háum hitunarkostnaði í landinu. Það er ljóst að hitunarkostnaður er óvefengjanlega í ýmsum tilfellum a. m. k. fimmfaldur og í mörgum tilfellum sjálfsagt enn meiri. Úr þessu ástandi þarf að sjálfsögðu að bæta.

Svo háttar til, að við hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson höfum einmitt að undanförnu, á undanförum vikum og mánuðum, unnið saman í nefnd sem hefur verið að fjalla um þetta mál. Sú nefnd var skipuð af viðskrh. 24. júlí s. l. og var henni falið það verkefni að endurskoða lög um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar, lög nr. 53 frá 1980. Við höfum unnið að þessu máli síðan í fyrrasumar, eins og hér kemur fram, og mér er það mikil ánægja að geta sagt frá því, að einmitt á þessum degi, í morgun, hélt nefndin sinn 20. fund og gekk á þeim fundi frá nefndaráliti til hæstv. viðskrh., þar sem hún hefur lokið störfum sínum, og skýrir í því áliti frá því sem hún hefur verið að fjalla um. Ég ætla ekki að gera það álit að umræðuefni hér. Ég tel að það sé ekki tímabært þar sem nefndin var að skila af sér í dag á sínum síðasta fundi og gögnin um það bil að berast í hendur hæstv. viðskrh. Ég vil hins vegar fara örfáum orðum um það sem hér er til umr., einmitt það misrétti, sem ríkir varðandi hitunarkostnað í landinu og þá nauðsyn að jafna hann og hvernig helst mætti að því standa.

Hættan við niðurgreiðslu á olíu, og ég tala ekki um ef á að ganga í að reyna að greiða einnig niður innlenda orkugjafa, er auðvitað sú, að dregið verði úr þeim hvata sem nauðsynlegur er til að við nýtum þá orkugjafa sem til eru í landinu. Við hljótum að reyna að ganga eins langt og kostur er í því að nýta innlenda orku. Eftir hækkun, sem varð á olíustyrkjum í des. s. l. samkv. tillögum þeirrar nefndar er ég gat um áðan var hitunarkostnaður með olíu greiddur niður um um það bil 1/3 eða líklega rúmlega það. Hitunarkostnaður með niðurgreiddri olíu var þá talinn vera um 65%. Ef ég man rétt var meðalhitunarkostnaður með niðurgreiddri olíu á s. l. ári talinn vera 64.7% að meðaltali af því að olíustyrkir voru látnir verka aftur fyrir sig. Sú hækkun, sem varð á olíustyrkjum í desember, var látin verka aftur fyrir sig fyrir allt s. l. ár samkv. tillögu nefndarinnar sem ég gat um áðan. Þá var orðið ljóst í störfum þessarar nefndar að svo nærri var komið verði á innlendum orkugjöfum, að vart væri hægt að ganga lengra á þessu sviði og ef ætti að reyna að jafna hitunarkostnað enn meir en gert yrði á þennan hátt þyrfti að koma til lækkun eða einhver breyting á verðlagningu innlendu orkugjafanna. Má þar auðvitað fyrst nefna dýrustu rafhitunartaxtana, frá Rafmagnsveitum ríkisins og frá Orkubúi Vestfjarða, og einnig nokkrar dýrar hitaveitur, sem annaðhvort hafa orðið fyrir áföllum í sínum virkjunarmálum eða eru svo nýjar að stofnkostnaður þeirra er svo hár, miðað við þann fjármagnskostnað sem við búum nú við, að taxti þeirra er yfir því marki sem við töldum að við yrðum að ná til þess að jöfnuður væri viðunandi í hitunarkosti.

Nú ber að geta þess líka, að ódýrustu hitaveitur eru með mjög lágan taxta. Munar þar að sjálfsögðu langsamlega mest um Hitaveitu Reykjavíkur. Eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Vesturl., Eiðs Guðnasonar, er líka vitað að Hitaveita Reykjavíkur hefur sótt um allverulegar hækkanir á sínum gjaldskrám og er því ljóst að það verð þyrfti að hækka. Samanburður við þetta verð, sem er í raun of lágt, hefur að mínu áliti nokkuð benglað mat landsmanna á hitunarkostnaði. Við berum okkur saman við þann lága hitunarkostnað, sem er hér í Reykjavík, sem sannarlega er of lágur, og þess vegna verður mismunurinn svo gríðarlega mikill sem ég ræddi um áðan.

Ýmsar hitaveitur, nýjar, stórar hitaveitur, eins og t. d. Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, Hitaveita Akureyrar og Hitaveita Vestmannaeyja, eru með taxta sem liggur á bilinu 53—57% af óniðurgreiddri olíu. Þetta er hugsanlega það dýrasta sem við getum sætt okkur við að það kosti að kynda upp — um það bil 55—60% af kostnaði við að kynda með óniðurgreiddri olíu. Það er vart gerandi ráð fyrir að við greiðum niður hitunartaxta þessara nýju hitaveitna, vegna þess að þá getum við að sjálfsögðu spurt okkur út í hvað var verið að leggja. Var skynsamlegt að fara í þessar framkvæmdir ef þær voru svo dýrar að við gátum ekki boðið fólki upp á að hita upp hús sín með þeim töxtum sem þessar veitur urðu að selja orku sína á?

Nú liggur einnig fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins hafa beðið um hækkun á sínum húshitunartaxta, þannig að e. t. v. er hægt að segja að nú þegar sé hann niðurgreiddur, ef nota má það orð, þó það sé e. t. v. ekki rétt, en alla vega telja forsvarsmenn Rafmagnsveitna ríkisins að þeirra taxti til húshitunar sé líklega 15—20% of lágur og þyrfti að hækka.

Þess vegna er ljóst af þessum upplýsingum, sem ég hef reynt að setja hér fram, að þarna er við mikið vandamál að glíma og allt annað en einfalt að snúa sér að því að greiða niður eða lækka verðið á þessum innlendu orkugjöfum, ef við ætlum að reyna að halda áfram á því sviði að nýta þá eins og framast er kostur.

Þessi stefna, að reyna að greiða niður hitunarkostnaðinn, og hættan við, að sú stefna dragi úr hvatanum til að nýta innlenda orkugjafa, hefur verið mikið rædd og líka að það dragi úr því að við reynum að spara orkuna í eins miklum mæli og mögulegt er. við höfum e. t. v. ekki hugað nóg að þeim þætti málanna, hugað nóg að því að gefa upplýsingar og veita aðstoð einstaklingum við að einangra hús sín, kenna þeim að nýta orkuna á réttan hátt með upplýsingum og veita því næga athygli, þegar við byggjum upp húsnæðið, að það sé byggt á þann hátt að orkusparnaðar sé gætt til hins ítrasta. Einnig hafa komið fram þær hugmyndir, að því fjármagni, sem varið hefur verið til olíustyrkja á undanförnum árum, hefði verið betur varið með því að setja það beint í ýmsa orkusparnaðarþætti. Ég hygg þó, að hér hafi verið um svo stóran vanda að ræða og svo brýnt að leysa fyrir þá einstaklinga, sem bjuggu og hafa búið við þetta misrétti, að ekki hafi verið komist hjá því að beita þessari aðferð,

þ. e. niðurgreiðslu olíunnar eða greiðslu olíustyrkja.

Við í þeirri nefnd, sem ég nefndi áðan, höfum látið reikna út fyrir okkur ýmsa kosti og skoða ýmsar leiðir til að ná fram einhverri jöfnun á hitunarkostnaði. Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara ítarlega út í álit nefndarinnar á þessu stigi vegna þess að það er vart tímabært. Ég vona að síðar gefist tími og tækifæri til þess. En varðandi það frv., sem hér er til umr., er ekki því að neita, að ýmislegt, sem þar kemur fram, er einmitt þættir sem við höfum skoðað og athugað í störfum okkar og vinnu. Við höfum leitast við að finna eitthvert viðunandi hlutfall milli ódýrustu og dýrustu upphitunar, og við höfum leitast við að finna einhverja leið til að lækka þá innlenda hitunarkosti sem standa svo verulega upp úr að vart sé unandi við að hita upp húsnæði með. Þetta eru einmitt atriði sem koma fram í þessu frv. og eru að því leytinu til mjög í samræmi og ýmislegt sem fram hefur komið í þeim störfum sem við höfum unnið í nefndinni sem var að endurskoða lögin um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. En við höfum athugað ýmsa fleiri kosti einnig og reynt að huga að því, hvaða leiðir væru hér skynsamlegastar.

Varðandi það, sem kemur fram í 1. gr. frv. um að verja skuli fjármagni til niðurgreiðslu af tekjum orkujöfnunargjalds, vil ég aðeins segja að þegar þetta orkujöfnunargjald var lagt á á sínum tíma var í aths. við það frv. þess getið, að ríkissjóður hefði auk þess að greiða olíustyrkina lagt fjárframlög til Rafmagnsveitna ríkisins og til ýmissa annarra verkefna á sviði orkumála og væri ekki óeðlilegt. Segir, með leyfi forseta, í aths. þess frv.: „Þykir ekki óeðlilegt að það, sem eftir stendur af gjaldinu, renni í ríkissjóð til að styrkja stöðu hans til mótvægis við fyrrgreind framlög til orkumála."

Nú hefur það komið fram, að á fjárlögum þessa árs munu tekjur af orkujöfnunargjaldi vera áætlaðar um 190 millj. kr. og til olíustyrkja er áætlað að verja um 30 millj. kr. Þarna er auðvitað mikið bil, en ég hygg að það megi benda á æðimargar aðrar fjárveitingar í fjárlögum sem gera ráð fyrir ýmiss konar orkujöfnun og fjárframlögum til ýmiss konar orkuöflunar sem þá jafnframt geta leitt til orkujöfnunar, án þess að ég hafi þær upplýsingar hér handbærar eða treysti mér til að tína þær til á þessari stundu. Ég vil benda á það og tel að það væri ekki óskynsamlegt að skoða þá leið til jöfnunar á orkukostum landsmanna, að lagt yrði á verðjöfnunargjald eða orkuskattur í einhverjum mæli. Við erum að vísu nú þegar með verðjöfnunargjald á raforku, en ég tel að það kæmi fyllilega til greina að leggja slíkt gjald á alla húshitunarkosti, hvílst á alla orku. Ef orkuskattur væri lagður á alla orku er ljóst að það þyrfti tiltölulega litla upphæð, tiltölulega lága prósentu, til að ná tekjum sem mundu létta okkur þessa jöfnun. Slíkt gjald verkar líka í eðli sínu til jöfnunar sé það lagt á í krónutölu. Prósentuálagning slíks gjalds er að mínu áliti óeðlileg þar sem hún verkar í eðli sínu til þess að auka bilið, leggst þyngst á hæstu taxtana og dýrustu orkuna. Þess vegna ætti við álagningu slíkra gjalda að nota frekar krónutöluaðferð. Um þetta ætla ég ekki að fara fleiri orðum. Ég vil aðeins benda á þetta atriði, að mér finnast koma þarna til greina fleiri leiðir og ekki kannske síst sú að leggja einhvern skatt, hvort sem við köllum hann orkuskatt eða hvað, á alla orku í landinu til að jafna þennan mikla mismun og þeir, sem búa við ódýrastan kost í því sambandi, tækju þá þátt í að greiða niður eða hjálpa til við að lækka verð á dýrustu kostunum til þeirra sem búa við mest óréttlæti.

Í 2. gr. þessa frv. er fjallað um það m. a., hverjum eigi að greiða olíustyrki og í hvaða formi niðurgreiðsla á olíu skuli vera. Þar er m. a. talað um, eins og verið hefur, að þetta skuli greiðast til húsráðenda sem nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Þá er hér einnig talað um að greiða þetta vegna upphitunar atvinnuhúsnæðis, til skóla og annarra menningarstofnana, sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Þá fer kannske að verða spurning: Er það þá ekki orðin öll olía til upphitunar sem gert er ráð fyrir að sé niðurgreidd í raun? Eins og lög eru nú er aðeins gert ráð fyrir að olía sé niðurgreidd til einstaklinga sem nota olíu til upphitunar íbúðarhúsnæðis, og einnig heimild til að greiða niður olíukostnað við skólahúsnæði, og hefur sú heimild verið notuð. Ég tel að ef menn treysta sér til að útvíkka þetta enn eigi þar næst að koma heilbrigðisstofnanir og dvalarstofnanir. Um atvinnuhúsnæði tel ég gegna nokkuð öðru máli, og þá er stigið stærra skref en verið hefur og munar verulega í kostnaði við olíuniðurgreiðslur.

Í 4. gr. frv. er nýmæli um að greiða niður verð á raforku til húshitunar. Ég hef áður rætt um að ég tel að þetta þurfi að athuga. Ef við ætlum að ná meiri jöfnun en þegar hefur verið náð þurfum við að athuga gaumgæfilega hvernig okkur tekst að greiða niður eða lækka verð á raforku til húshitunar. Þess vegna ítreka ég að það er margt í þessu frv. sem gengur mjög í þá átt sem fram hefur komið í nefndinni sem við hv. 4. þm. Vestf. höfum báðir átt sæti í. Þess vegna er kannske ekki óeðlilegt að það komi einmitt hér fram.

Ég ætla ekki að fara, herra forseti, öllu fleiri orðum um málið á þessu stigi. Ég get tekið undir það með hv. 1. flm., að þetta þarf að athuga vel. Hann sagði eitthvað á þá leið í lokin á ræðu sinni, að hann óskaði og vonaðist til þess, að frv. þetta fengi jákvæðar viðtökur. Ég vil taka undir með honum því að ég tel, að jöfnun á húshitunarkostnaði þurfi að fá jákvæðar undirtektir og viðtökur í þinginu, og vonast til að svo verði. Það er brýn nauðsyn á því, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, að bæta úr því ófremdarástandi, sem nú ríkir á þessu sviði, og að það takist að ná viðunandi jöfnun á húshitunarkostnaði landsmanna.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Það er oft sem frsm. þakkar fyrir undirtektir undir það mál sem hann hefur flutt, og ég verð að gera það hér. En það skal tekið fram, að annar þeirra tveggja ræðumanna, sem talaði á eftir mér er meðflm. minn, hv. þm. Eiður Guðnason, þannig að við öðru var ekki að búast af honum, enda var líka hans framlag í þessum umr. hið markverðasta.

En ég vil einnig þakka hv. síðasta ræðumanni, hv. 5. þm. Norðurl. e., fyrir það sem ég kalla góðar undirtektir undir frv. það sem ég hef hér mælt fyrir. Það kom ekkert fram í ræðu þessa hv. þm. sem túlka má sem andmæli eða beina gagnrýni eða nokkra gagnrýni á því frv. sem hér hefur verið lagt fram, og raunar kemur mér það ekki á óvart. Ég hef kynnst náið skoðunum þessa hv. þm. í þessum málum. Eins og kom fram í ræðu hans höfum við báðir verið í nefnd sem unnið hefur að athugun þessara mála og skipuð var á s. l. sumri, í júlímánuði, af hæstv. viðskrh. Ég hef verið liðsmaður í þessari nefnd, en hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur verið formaður nefndarinnar.

Ég segi eins og hv. þm., að ég ætla ekki að fara að ræða

álit það sem þessi nefnd hefur nú gengið frá. Það var reyndar í dag sem gengið var frá því áliti, og verður það sent hæstv. viðskrh. svo ég skal ekki frekar en hv. 5. þm. Norðurl. e. fara að ræða þetta álit. En ég bara ítreka það, sem lá í mínum fyrstu orðum, að ég tel að það sé stuðningur í þeirri athugun, sem nefndin hafði með höndum og lýst er í skýrslu hennar, — beinn stuðningur við þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram.

Þetta er heldur ekkert óeðlilegt í sjálfu sér þegar þess er minnst, að þegar núverandi löggjöf um þessi mál — lög um jöfnun og niðurgreiðslu hitunarkostnaðar — var samþykkt á síðustu dögum þings vorið 1980 var gert ráð fyrir, eins og fram kom í nál. hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar, að fljótlega yrði þessi löggjöf endurskoðuð. Í nál. var talað um að ætlast væri til að tekið væri mið af frv. sem ég flutti ásamt þremur öðrum hv. þm. á því þingi, þinginu 1979—80, og ég vék lítillega að í frumræðu minni. Ég benti áðan á að frv. það, sem við nú ræðum, væri byggt á þeim grunni sem lagður var í frv. frá 1980. Það var gott frv. og það var traustur grunnur. Auk mín voru flm. þess hæstv. núv. viðskrh. Tómas Árnason, og hv. þm. Stefán Jónsson og Eiður Guðnason.

Með tilliti til þess, að allt frá því 1980 hefur legið í loftinu að núgildandi löggjöf um þetta efni væri endurskoðuð og sett ný og betri, og með tilliti til þess, hvers eðlis þetta frv. er og hver saga þess er, eins og ég hef rakið nú í örfáum orðum, vildi ég mega vænta þess, að það væri almennur stuðningur við þetta frv. þannig að það gæti orðið að lögum áður en þessu þingi lýkur. Mér dettur að vísu ekki í hug að segja sem svo, að það megi engu breyta ef mönnum sýnist að eitthvað geti betur farið í þessu frv. En ég held að það sé naumast hægt að mæla gegn því að grunni til þar sem það er í samræmi við það sem hefur verið talað um af öllum talsmönnum allra stjórnmálaflokka hér í þinginu að ætti að stefna að og með beinni tilvitnun í frv. frá 1980.

Nú langar mig að spyrja hæstv. viðskrh. hvort ekki megi vænta jákvæðra viðbragða af hans hálfu gagnvart þessu frv., þannig að við mundum nú halda áfram því starfi sem við hófum þegar við stóðum saman að frv. frá 1980. Og ég spyr hvort þess megi ekki vænta, að hann leggi sitt lóð á vogarskálarnar til þess að þetta frv. nái fram að ganga óbreytt eða þá með breytingu sem kynni að vera nauðsynlegt að gera, því að mér sýnist eins og málum er komið að þetta sé eina leiðin til að fá eitthvað gert á þessu þingi í málinu. Ég hef gengið út frá því, að við værum allir, hv. þm. og hæstv. viðskrh., sem þetta mál heyrir undir, og ríkisstj. í heild, sammála um að það þurfi að gera eitthvað, að það þurfi að vinna að þessum málum eftir þeim stefnumiðum sem lögð eru til grundvallar í þessu frv. Og raunar höfum við verið að tala um það allan tímann þegar þessi mál hefur borið á góma á Alþingi frá því 1980.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis og raunar alls húsnæðis er eitt þýðingarmesta mál sem um þarf að fjalla, vegna þess að kostnaðurinn er misjafn á landsmenn af utanaðkomandi ástæðum sem erfitt er að ráða við. Með hækkun fjármagnskostnaðar við framkvæmdir, m. a. orkuframkvæmdir, hefur enn aukist sá vandi í mörgum tilvikum sem um er að tefla í sambandi við upphitunarmálin og samanburð milli einstakra landshluta, einstakra héraða.

Þegar lögin um jöfnun hitunarkostnaðar, sem nú eru í gildi, voru sett lýsti ég því yfir, að fljótlega yrði nauðsynlegt að endurskoða þau lög. Ég minnist þess, að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson spurðist einmitt fyrir um það hér á hv. Alþingi, hvenær væri að vænta endurskoðunar á lögunum. Ég hafði þegar áhuga á að reyna að mynda nokkuð breiða samvinnu um þessi mál á Alþingi og beitti mér þess vegna fyrir því, að sett var á fót nefnd sem allir stjórnaraðilar núv. hæstv. ríkisstj. eiga aðild að og allir þingflokkar. Eins og kunnugt er er hv. 5. þm. Norðurl. e. formaður þeirrar nefndar, en í nefndinni eru auk þess Eggert Haukdal alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, Kjartan Ólafsson ritstjóri og hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Þessi nefnd hefur unnið að þessum málum í allan vetur og raunar lengur og hefur raunar lokið störfum, að því er ég hygg. Ég er nú með í höndunum handrit af nál., en ég hef ekki haft tíma til að lesa það, þó ég hafi að sjálfsögðu fylgst með störfum nefndarinnar bæði fyrir tilstilli ritara hennar, Yngva Ólafssonar deildarstjóra í viðskrn., og formanns nefndarinnar, hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar.

Þessi mál, eins og margrakið hefur verið varða þegar til lengri tíma er litið hreinlega búsetu manna, eru nokkurs ráðandi um hvernig búseta verður í landinu ef ekkert er að gert. Þó það sé að vísu skynsamlegt að setja sig niður þar sem er jarðhiti o. s. frv. eru þó allar landnytjar, auðlindir og annað slíkt, sem landið og sjórinn hafa upp á að bjóða, þess eðlis, að það er nauðsynlegt þegar af þeim ástæðum og auðvitað mörgum fleiri að byggja allt landið. Þess vegna verður að leita lausna á þessu máli sem eru þess eðlis að menn setji sig niður meira og minna um allt land. Það gera menn ekki nema það sé sæmilegur jöfnuður í þessum málum.

Það er ástæða til að benda á að vandinn, þegar litið er á málið sem heild, hefur minnkað talsvert verulega frá því sem var þegar fyrri olíukreppan skall á seint á árinu 1973. Ég hef stundum minnt á það, að þegar þá voru teknar ákvarðanir um að greiða olíustyrki til að jafna hitunarkostnaðinn að nokkru leyti voru þeir samtals 95 þús. eða allt að því, en eru nú líklega komnir niður í um 20 þús., að ég hygg. Þetta sýnir hversu mjög þessi vandi hefur minnkað og hversu auðveldar almannavaldinu á að veitast við hann að fást þar sem hann er miklu minni umfangs en hann var áður. Að vísu hefur komið til nýr vandi sem er þess eðlis að það er dýrt að byggja orkuver þegar þarf að taka gífurlega mikið lánsfé með — ég vil segja: okurvöxtum, eins og vextir eru orðnir á alþjóðlegum mörkuðum. Það þýðir að fyrsta sprettinn, meðan menn eru að greiða niður stofnkostnaðinn, verður orkuverið að vera nokkuð hátt og það skapar vanda þeirra sem búa við upphitun með raforku.

Það er alveg rétt hjá hv. 4. þm. Vestf., að við vorum flm. að ágætu frv. hér á sinni tíð. En það verður að minnast þess alltaf í stjórnmálastarfi, að veröldin lítur dálítið öðruvísi út af tröppum Alþingishússins í stjórnarandstöðu en af tröppum Stjórnarráðsins í ríkisstjórn, Þegar menn eru í ríkisstjórn þurfa menn að afla fjárins, en ef menn eru í stjórnarandstöðu er léttara að bera fram tillögur án þess að þurfa að afla fjár til að framkvæma þær. Þetta eru almenn sannindi, sem við allir viðurkennum, þó að ég vilji halda í heiðri því, að menn eigi að hafa sömu skoðanir hvort sem menn eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

Þessu frv., sem hér er lagt fram af hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni, Eiði Guðnasyni og Agli Jónssyni,

hygg ég að væri langeðlilegast að vísa til ríkisstj., eiginlega til mín, á þessu stigi málsins. Ég hef alltaf litið svo á, að starf nefndarinnar, sem vinnur að endurskoðun laganna og stefnumörkun í þessum málum, ætti að vera grundvöllur að framtíðarstefnu í þessum málum. Ég held að framtíðarstefnan hljóti að verða sú, að menn greiði sama verð fyrir upphitun hvar sem menn eru búsettir í landinu. Mér er ljóst að það er sennilega ekki framkvæmanlegt eins og sakir standa, en það verður að vera framtíðarstefnan í þessum málum.

Ég tek eftir því, þó ég hafi ekki lesið nál., að nm. hafa orðið sammála um málið. Ég lýsi yfir ánægju yfir því, að það hefur tekist samstaða um meginstefnu í þessum málum. Meginstefnan í nál. sýnist mér vera sú, að munurinn milli ódýrustu og dýrustu upphitunar verði ekki meiri en þrefaldur.

Ég mun að sjálfsögðu taka þetta nál. til athugunar og er þeirrar skoðunar, að það eigi að byggja nýja löggjöf á þessu nál. Það er samkomulag um það milli nm. og ég treysti því og veit raunar að það samkomulag byggist áreiðanlega á umræðum í þingflokkunum, því að nm. eru fulltrúar sinna þingflokka og málin hafa áreiðanlega verið þrautrædd innan þingflokkanna. Ég fagna því, að mér sýnist vera þarna samstaða um meginstefnuna í þessu máli.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hæstv. viðskrh. fór nokkrum almennum orðum um þýðingu þessa máls og sagði að þetta væri eitt af þýðingarmestu málum, sem við fengjumst við núna, vegna þess misréttis sem væri varðandi kostnað við upphitun húsa. Hann sagði margt rétt í því sambandi: þetta varðandi búsetu manna í landinu, það yrði að vera sæmilegur jöfnuður milli manna í þessum efnum. Hann benti líka á að vandinn hefur minnkað. Hann er minni umfangs en áður vegna þess að það hafa fleiri og fleiri fengið aðstöðu til að njóta ódýrustu upphitunarinnar með hagnýtingu jarðvarmans.

Ég er alveg sammála hæstv. ráðh. um þetta allt, sem hér er vikið að, og fleira sem hann sagði í sama anda. En ég dreg dálítið aðrar ályktanir af þessu eða kannske réttara sagt: Mín viðbrögð við þessum vanda eru á nokkuð annan veg en hæstv. ráðh. Að vísu segir hæstv. ráðh. að veröldin líti öðruvísi út frá tröppum Stjórnarráðsins en frá hinu háa Alþingi þegar menn séu í stjórnarandstöðu. Ég held að þegar frv. var lagt fram snemma árs 1980 hafi málin staðið þannig, að það hafi ekki verið skörp skil á milli stjórnarandstöðu og stjórnarliðs, vegna þess að þá sat að völdum bráðabirgðastjórn. Ég held að allir hafi þá talið sig standa nokkuð jafnt hvað þetta snertir. Það hefur kannske verið skýringin á því, hve almenn samstaða varð þá um þetta frv.

Hæstv. ráðh. vék að nál. þeirrar nefndar sem hann skipaði í fyrrasumar til að vinna að athugun þessara mála. Hann sagði — ég skildi hann þannig — að nál. ætti að vera grundvöllur fyrir stefnu í málinu. Og hann sagði að nefndin hefði verið sammála um meginstefnu. Þetta þarf örlítillar skýringar við. **(Viðskrh.:** Ég er ekki búinn að lesa alla skýrsluna.) Já, ég hygg að hæstv. ráðh. hefði þá ekki orðað þetta á þennan veg. Þó er ég ekki með þessum orðum að gefa í skyn að það hafi verið harðvítugar deilur eða ágreiningur um það nál. sem lagt var fram. Það var ágætissamvinna í nefndinni. Við höfðum ágætan formann og ég hef ekki að kvarta undan samvinnu við neinn einstakan mann í nefndinni. Og nefndin gaf út sameiginlegt nál. Enginn hafði fyrirvara um neitt. Við erum allir sammála um markmiðið. Það þurfti ekki að setja nefnd þess vegna. Við erum allir sammála um markmiðið, að það þurfi að koma á jöfnuði. En við höfum verið að ræða um leiðirnar að því. Það, sem nefndin gerði, var að hún lét reikna út ýmsa valkosti og stillir þeim upp í sínu nál., mælir ekki beint með neinni ákveðinni leið. En eins og ég tók fram og hef tekið fram hér áður í þessum umr. er ekkert í nál. andstætt eða mælir gegn frv. sem hér liggur fyrir. Í raun og veru er það að mínu viti góður stuðningur við frv. og þá alveg, að ég hygg, afdráttarlaus um þá grundvallarstefnu frv. að setja takmörk fyrir því, hvað ójöfnuðurinn má vera mikill í húshitunarkostnaði. Nefndin var líka sammála um annað grundvallaratriði. Það er að nú eigum við ekki einungis að binda aðgerðir til jöfnunar á hitunarkostnaði við niðurgreiðslu á olíu, heldur líka dýru rafmagni.

Ég ætla ekki að rekja þetta frekar. Ég tel að þegar hæstv. ráðh. hefur lesið nál. sannfærist hann um að það mælir ekki gegn frv. þessu, enda höfðu menn í huga það sem gert var ráð fyrir alla tíð, að tekið yrði mið af frv. okkar hæstv. ráðh. og fleiri frá 1980. Þetta frv., sem við nú ræðum, byggist á þeim grunni.

Ég sagði áðan að ég væri alveg sammála hæstv. ráðh. um lýsingu hans á ástandinu og eðli þessara mála, en ég virtist draga aðrar ályktanir en hann, eins og orð hans féllu áðan. Ég vona að það sé ekki hans síðasta orð. Ég spurði hæstv. ráðh. hvort hann vildi beita sér fyrir því, að á þessu Alþingi væri sett ný löggjöf um þetta efni. Hæstv. ráðh. svaraði þessu ekki. Ég undirstrika að það hefur verið grunntónninn í öllum umr. um þetta mál frá því 1980 og þetta ár sérstaklega, að þetta Alþingi, þetta þing, liði ekki svo að það yrði ekki búið að lögfesta þá endurskoðun sem fram færi. Nú benti ég á það áðan, að mér virtist engin leið til þess nema samþykkja þetta frv. óbreytt eða með breytingum sem hæstv. ráðh. teldi að væru eðlilegar. Við getum athugað hvort það getur ekki orðið samstaða um það. Ef hæstv. ráðh. er alvara með að ljúka þessu máli á þessu þingi, eins og ég hef fram að þessu talið, sé ég ekki aðra leið en þessa.

Hæstv. ráðh. sagði að það færi vel á því að vísa þessu frv. til hans eða ríkisstj. Ég hef ekkert á móti því að vísa frumvarpi til ríkisstj. ef það á við og svo stendur á. En það þýðir í þessu tilfelli að það verður ekki gert út um þessi mál og þau afgreidd á þessu þingi.

Þetta vil ég leggja áherslu á og biðja hæstv. ráðh. að hafa í huga. Ég spyr því enn hæstv. ráðh. einfaldrar spurningar, beinnar spurningar: Vill hæstv. ráðh. stuðla að því, að við getum afgreitt þetta mál í formi nýrra laga á þessu þingi? Ég leyfi mér að óska mjög eindregið eftir því, að hæstv. ráðh. svari þessu, gefi yfirlýsingu um þetta atriði í þessum umr. þannig að hv. þm. viti hvar þeir standa í þessum efnum.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal gjarnan svara fsp. hv. þm. um þetta mál. Ég hef áhuga á að hraða setningu löggjafar til endurskoðunar á löggjöfinni um hitunarkostnað. Hins vegar hef ég verið að bíða eftir nál. því ég hef ætíð hugsað málið þannig, að ef nefndin næði samstöðu um veigamestu atriðin, sem snerta þessi mál, væri eðlilegt og raunar sjálfsagt að byggja löggjöf á því áliti, á þeirri stefnu sem þar kemur fram.

Nú hef ég ekki, eins og ég gat um áðan, fengið nál. formlega í hendur. Ég er með handrit af því og var að sjá það fyrir nokkrum mínútum þannig að ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér það, en mun að sjálfsögðu gera það gaumgæfilega. En ég vil engu lofa hv. þm. um að ég styðji það frv. sem hann hefur lagt fram hér á þinginu. Ég vil engu lofa um það á þessu stigi málsins. Ég mun athuga gaumgæfilega nál. og byggja mínar tillögur væntanlega á því. Þó vil ég ekki alveg gefa yfirlýsingu í þeim efnum í öllum atriðum. Ég þarf að sjálfsögðu að lesa nál. áður en ég hef tækifæri til að tjá mig um þetta. En ég hef áhuga á að flýta setningu nýrrar löggjafar um þetta mál.

Flm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka hæstv. ráðh. fyrir þá yfirlýsingu, að hann hefði áhuga á að flýta þessu máli, flýta því að sett sé ný löggjöf um jöfnun hitunarkostnaðar. En ég verð að segja að það slævir mikið mína ánægju og ég verð vissulega fyrir miklum vonbrigðum og ég jafnvel efast um alvöru þessarar yfirlýsingar ef hæstv. ráðh. kemur því ekki í verk að ljúka þessu máli á þessu þingi. Það er aðalatriðið fyrir mig að það verði sett ný löggjöf sem bæti ástandið frá því sem nú er.

Ég er þeirrar skoðunar, að það, sem gerst hefur með framlagningu þessa frv., sé mjög til að flýta málinu og aðstoða hæstv. ráðh. við að koma vilja sínum fram. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að gefnu tilefni, að í nál., sem við erum alltaf að tala um og vitna í, er ekki um að ræða ákveðna leið að markinu. Ég get sagt hæstv. ráðh. að hann finnur slíkt ekki þó hann lesi nál. Í nál. er engin leið, engin aðferð, sem hæstv. ráðh. hefur ekki þegar og lengi velt vöngum yfir. Það er aðeins þar að finna framreikning og útreikninga á aðferðum til hagræðis fyrir þá sem vilja taka einhverja þessara aðferða.

Ég vona að hæstv. ráðh. taki það ráð í þessu máli að ljúka því á þessu þingi og bæta þannig ástandið. Það er aukaatriði fyrir mig, hvort það er samþykkt á mínu frv. eða ekki, óbreyttu eða jafnvel breyttu. En ég held að það yrði auðveldasta leiðin fyrir hæstv. ráðh. að stuðla að samþykkt frv. sem hér er til umr. Það er líka, eins og margsannað er, í bestu samræmi við skoðanir ráðh. sjálfs, eins og þær hafa komið fram í þessum umr., eins og þær hafa komið fram á undanförnum misserum og eins og þær voru settar fram í frv. því sem hann var meðflm. minn að árið 1980.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil gjarnan láta það koma fram í þessum umr., að hv. 4. þm. Vestf. hefur unnið mikið og gott starf í þessu máli. Hann hefur minnt á að við unnum saman að undirbúningi frv. hér á sínum tíma, og hann hefur verið mikill áhugamaður, eins og margir fleiri, um þessi upphitunarmál, sem vissulega eru hin alvarlegustu mál og varða mjög miklu afkomu fólks sem býr við óhagstæð skilyrði að þessu leyti. Ég get verið honum sammála um að frv., sem hann hefur lagt fram nú ásamt fleiri, er innlegg í þetta mál. Þar koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar sem koma að notum þegar málið er undirbúið til endanlegs frv.-flutnings. Ég get mjög vel unnt honum þess, að hann hefur unnið vel að þessu máli, á sinn þátt í því ásamt fleiri nefndarmönnum í nefndinni, sem ég skipaði, að hún sendi frá sér sameiginlegt nál. sem ég álít að sé mjög mikils virði fyrir framgang málsins þó á síðara stigi verði.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 639 (sbr. 400)). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um búnaðarmálasjóð er fylgifrv. með frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins sem lagt hefur verið fyrir þessa hv. deild. Frv. hefur hlotið afgreiðslu hv. Nd. með smávægilegum breytingum. Frv. er samið af nefnd sem skipuð var með bréfi, dags. 30. júní 1980. Fékk nefndin það hlutverk að endurskoða lagaákvæði um sjóðagjöld landbúnaðarins.

Nefndina skipuðu þeir Gunnar Guðbjartsson páv. formaður Stéttarsambands bænda, Gísli Andrésson bóndi, Gunnar Jóhannsson bóndi, Stefán Pálsson forstöðumaður Stofnlánadeildar landbúnaðarins og Guðmundur Sigþórsson deildarstjóri í landbrn. og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Gildandi lög um búnaðarmálasjóð eru frá 15. febr. 1945. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt væri að gera nokkrar breytingar á lögunum vegna þess að einstök atriði þeirra væru úrelt orðin vegna breytinga á viðskipta- og framleiðsluháttum í landbúnaði, enn fremur hafa komið til nýjar búgreinar, sem ekki voru stundaðar þegar gildandi lög voru sett.

Lög um búnaðarmálasjóð ákvarða gjaldstofn við álagningu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Lífeyrissjóðs Bænda og til Bjargráðasjóðs, auk búnaðarmálasjóðs, svo sem fram kemur í lögunum.

Í 2. gr. þessa frv. kemur fram nokkur breyting á gjaldstofni og gjaldtöku til búnaðarmálasjóðs. Þar er gert ráð fyrir að vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í tvo gjaldflokka til þessa sjóðs, og er gert ráð fyrir samkv. frv. að greiða 0.25% gjald til búnaðarmálasjóðs af alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt, veiðileigu og leigu á landi til annarra nota en búrekstrar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að af afurðum annarra búgreina en hér hafa verið nefndar skuli greiða 0.50% gjald, þ. e. af nautgripaafurðum, sauðfjárafurðum, garð- og gróðurhúsaafurðum, loðdýraafurðum og afurðum hrossa. Enn fremur gerði frv. ráð fyrir að þessi prósenta væri greidd af sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum o. fl., en breyting hv. Nd. er í því fólgin, að með reglugerð skuli ákveða, eftir því sem ástæða þykir til, gjald til búnaðarmálasjóðs af þessum greinum.

Önnur atriði, sem fram koma og breytt eru í þessu frv., eru nánast til samræmis við nýja verslunarhætti og búskaparhætti. Þar er einnig kveðið nánar á um innheimtufyrirkomulag og hvaða aðilar séu gjaldskyldir til sjóðsins.

Frv. er lítið að vöxtum og ekki flókið. Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að hafa um það lengri framsögu. Ég vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að afgreiða þetta mál á þeim dögum sem eftir lifa þessa Alþingis.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 650 (sbr. 643)). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til laga um dýralækna er samið af nefnd sem skipuð var með bréfi 1. júlí 1981. Fékk nefndin það hlutverk að endurskoða gildandi lög nr. 31/1970, um dýralækna, ásamt þeim breytingum sem á þeim lögum hafa verið gerðar.

Nefndarskipun þessi var gerð í samræmi við yfirlýsingu sem ég gaf við umræður um þingmannafrv. um þessi mál hér á hv. Alþingi fyrir um það bil einu ári. Samdi nefndin það frv. sem hér var lagt fram á hv. Alþingi í Nd. Var það lagt þar fram óbreytt eins og nefndin gekk frá því. Hv. Nd. hefur gert á frv. ýmsar breytingar og varð samkomulag um þær við nefndina, sem vann að samningu frv., og einnig lýsti ég samþykki við þær breytingar.

Nefndin, sem vann að þessu verki, var skipuð þeim Páli Agnari Pálssyni yfirdýralækni, Jóni Guðbrandssyni héraðsdýralækni, formanni Dýralæknafélags Íslands, og frú Ragnheiði Árnadóttur deildarstjóra í landbrn. Var hún jafnframt skipuð formaður nefndarinnar.

Enda þótt lög um dýralækna séu ekki nema 11 ára gömul hafa verið gerðar á þeim breytingar hvað eftir annað eða alls sjö sinnum. Flestar breytingarnar varða dýralæknaskipan. Hafa þær oftast verið til komnar vegna óska eða tilmæla bændasamtaka um fleiri héraðsdýralækna og betri þjónustu. Á síðustu árum hafa borist óskir um ný dýralæknaembætti og skiptingu héraðsdýralæknaumdæma. Hafa óskir borist um allt að sex ný héraðsdýralæknaumdæmi.

Í frv. þessu er meginbreytingin einmitt á þessu sviði, þ. e. á umdæmaskiptingu héraðsdýralækna í landinu. Samkv. frv. er gert ráð fyrir að stofnuð verði sex ný héraðsdýralæknisumdæmi. Þessi nýju umdæmi eru þannig, að Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi er skipt í tvennt og tekin tvö umdæmi, þ. e. Reykjavíkurumdæmi og Hafnarfjarðarumdæmi. Borgarfjarðarumdæmi er einnig skipt í tvennt og tekið þar upp nýtt umdæmi, Akranesumdæmi. Skagafjarðarumdæmi er skipt í tvennt og tekið upp nýtt umdæmi, Hofsósumdæmi. Þá er Þingeyjarumdæmi skipt í tvennt og verður þar um tvö umdæmi að ræða, Þingeyjarumdæmi vestra og Þingeyjarumdæmi eystra. Austurlandsumdæmi nyrðra verði skipt í tvennt og þar tekin upp Austurlandskjördæmi nyrðra og Norðfjarðarumdæmi. Laugarásumdæmi er skipt í tvennt og tekið upp nýtt umdæmi, Hreppaumdæmi.

Þetta eru sem sagt sex ný héraðsdýralæknisumdæmi sem lagt er til að stofnuð verði.

Í frv. er gert ráð fyrir að skipting héraðsdýralæknisumdæma samkv. þessari grein komi til framkvæmda eftir því sem landbrh. ákveður og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma að ný héraðsdýralæknisembætti verða veitt gilda eldri lög um skiptingu landsins í héraðsdýralæknisumdæmi, lög nr. 77/1981.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir að landbrh. ákveði hvar héraðdýralæknar skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu. Samkv. þeim breytingum, sem urðu í meðförum hv. Nd., er gert ráð fyrir að það verði gert að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambands.

Frv. gerir ráð fyrir því, að heimilt verði að tveir héraðsdýralæknar sitji á sama stað, ef það má verða til þess að koma við meiri verkaskiptingu þeirra í milli, þannig að þjónusta þeirra geti gengið greiðar fyrir sig og þannig orðið til hagræðis.

Í frv. er það nýmæli að heimilt verði að greiða kostnað við ferðalög dýralæknis sem er umfram 40 km vegalengd frá heimili hans. Er þá gert ráð fyrir að ríkið greiði ferðakostnað, sem er umfram 40 km akstur frá heimili dýralæknis, en landbrh. setji reglur um framkvæmd á ákvæðum þeirrar greinar.

Það frv., sem hér er á dagskrá, er að meginstofni auðvitað byggt á eldri lögum. Ýmsar greinar þess eru að miklu leyti óbreyttar að efni til frá því sem gildandi lög segja til um, þó að þar sé á ýmsan hátt um orðalagsbreytingar að ræða og einnig nokkrar efnisbreytingar.

Frv. gerir ráð fyrir að lagaákvæði um dýralækna skarist nokkuð við aðra lagabálka. Það er þó fyrst og fremst varðandi lögin um lyfjadreifingu. Er gert ráð fyrir því samkv. frv., að dýralæknir hafi heimild til þess að annast sölu dýralyfja, en ekki sé nauðsynlegt að sala á dýralyfjum fari öll fram í lyfjabúðum. Væri horfið að því ráði mundi það væntanlega hafa í för með sér nokkuð aukin umsvif og erfiðleika fyrir þá sem þurfa að sækja sér dýralyf, því það mundi leiða til þess, að héraðsdýralæknir mundi þurfa að skrifa lyfseðla og síðan yrði að sækja lyfin í lyfjabúð. En stundum vill svo til, ekki síður en hjá mannfólkinu, að dýr veikjast með snöggum hætti. Er þá oft auðveldara að ná til dýralæknis, sem hefur lyf í fórum sínum, heldur en til lyfjabúðar sem hefur fastan afgreiðslutíma og takmarkaðari en þjónusta héraðsdýralækna er við miðuð.

Einnig skarast frv. nokkuð við lög um hollustuvernd. Urðu nokkrar umr. um þá skörun í meðförum hv. landbn. Nd. Komu fram óskir og athugasamdir frá starfsmönnum sem vinna á vegum stofnana heilbrmrn., en það tókst að ná samkomulagi um þau atriði þannig að ég vænti að sæmilega megi við una.

Varðandi þetta mál að öðru leyti geri ég ráð fyrir því, ef frv. verður afgreitt, að á þessu ári verði veitt eitt eða tvö ný dýralæknisembætti. Mun verða leitað umsagnar yfirdýralæknis og stjórnar Dýralæknafélags Íslands um það, hvar mest þörf sé á að stofna ný umdæmi eins og nú standa sakir, en að öðru leyti er ráðgert, svo sem frv. ber með sér, að ákvæði frv. taki gildi smám saman. Er það heppilegt bæði með tilliti til þess fjármagns, sem það kostar að setja upp ný embætti af þessu tagi, og einnig með tilliti til þess mannafla sem ráð er á til að sinna þessum störfum.

Það er vitaskuld tilgangur laga um þetta efni að gera ramma um þessa starfsemi. Sá rammi þarf að vera þannig úr garði gerður að hann leiði til sem mestrar hagkvæmni í þessari þjónustu, en greiði þó fyrir því, að þjónusta sé veitt með eins greiðum hætti og föng eru á. Ég hygg að yfirleitt hafi svo tekist til. Og það er auðvitað tilgangur frv. að leitast við að greiða fyrir því, að sú þjónusta, sem hér er um að tefla, verði sem hagkvæmust og liprust.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta frv. hér lengri framsögu. Ég vonast eftir því, að frv. geti hlotið af-

greiðslu hv. Ed. og þar með Alþingis á þessu vori. Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Þar sem mér mun gefast tækifæri til að fjalla um þetta mál í nefnd nú á næstu dögum mun ég ekki hafa um það mjög mörg orð. Engu að síður finnst mér hér vera að vissu leyti um nokkra meginspurningu að ræða varðandi þetta frv. og kannske þann skamma tíma sem lifir þings, að því er okkur þm. er tjáð. Ég læt í ljós nokkurn efa um að takast muni að afgreiða þetta mál. Fyrir því vil ég færa eftirfarandi rök:

Það er ljóst að miklar breytingar hafa verið gerðar á frv. í Nd. Engu að síður er ég þeirrar skoðunar, að eins og þetta frv. er núna geti Alþingi ekki af ýmsum ástæðum afgreitt það í þessari mynd. Ég skal ekki vera langorður. Ég ætla bara að telja upp nokkrar ástæður, vegna þess að ég tel alveg ástæðulaust að löggjafarsamkunda þjóðarinnar geri sig að athlægi með því að afgreiða atriði eins og þau eru orðuð hér.

Það er þá í fyrsta lagi í 3. gr., með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur: „Landbrh. getur veitt mönnum, sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar, tímabundið lækningaleyfi" o. s. frv. „og hafi að dómi yfirdýralæknis nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli." Ég álít að yfirdýralæknir eigi ekki að vera og geti ekki verið prófdómari um íslenskukunnáttu erlendra manna sem hér vilja leita eftir störfum. Það mun að vísu hafa gerst hér þegar Schierbeck sótti fyrst um landlæknisembættið, að hann var felldur á íslenskuprófi, en náði því svo aftur seinna þegar hann fékk hagstæðari prófdómara.

Í öðru lagi er í II. kafla þannig tekið til orða um skyldur yfirdýralæknis: „Honum ber að fylgjast með heilsufari húsdýra í viðskiptalöndum Íslands svo sem við verður komið." Mér finnst þetta svolítið andkannalegt orðalag, og ég satt best að segja sé ekki hver ástæða er til að taka þetta hér fram.

Sama máli gegnir raunar um 7. gr. alla, sem er upptalning á því sem sjálfsagt er og eðlilegt. Þar stendur t. d., með leyfi forseta: „Dýralæknar skulu forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, svo sem með óhóflegri lyfjanotkun, óþörfum vitjunum eða aðgerðum." Þarf að binda slíkt í lög? Þarf að binda það í lög að héraðsdýralækni sé skylt að svara spurningum í síma ef til hans er hringt? Það má vel vera að menn telji það nauðsynlegt, en ég tel þetta afskaplega afkáralega lagasetningu, ég verð að segja það alveg eins og er.

Í þriðja lagi segir í 16. gr.: „Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknir. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum, viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum." Á þetta að vera löggjafaratriði? Þetta finnst mér gjörsamlega út í hött og fáránlegt.

Þá vil ég víkja aðeins að 18. gr. og raunar 19. gr. líka. Þar eru atriði bundin í lög sem eru hrein kjarasamningaatriði dýralækna og vinnuveitanda þeirra, þ. e. ríkisins. Þessi atriði eiga að mínu mati ekkert erindi í löggjöf. Þetta eru atriði sem á að binda í kjarasamningum eins og gert er um aðra. T. d. segir hér, með leyfi forseta: „Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til þess að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár." Hvað þýða orðin „hagkvæmt lán" í þessu tilviki? Þetta er gjörsamlega út í hött, að mér finnst. Og í síðasta lagi, svo ég tefji ekki þessar umr. öllu lengur, segir í 19. gr.: „Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra, sem vitjana hafa óskað." Þarf þetta að vera löggjafaratriði?

Ég held að við hv. þm. verðum aðeins að athuga okkar gang áður en við samþykkjum þetta, vegna þess að ég teldi það beinlínis til minnkunar fyrir okkur alla ef svona lagað fer hér athugasemdalaust í gegn. Þá er hægt að kalla Alþingi afgreiðslustofnun. Ég tel mér skylt að láta þessar athugasemdir koma hér fram.

Ég hef ýmsar fleiri athugasemdir við þetta fram að færa. Ég er ekki að gera ágreining um það sem landbrh. e. t. v. telur meginefni þessa frv., ekki á þessu stigi, en ég verð því miður að segja það sem mína skoðun, að mér finnst þetta þess eðlis að því verði að breyta.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. hefur gert nokkrar athugasemdir við þetta frv., sem aðallega fjalla um orðalag, eða hversu frv. og lög um þetta efni skuli vera ítarleg. Ég tel að þær athugasemdir séu ekki veigamiklar. Ég vil t. d. taka fram varðandi athugasemd hv. þm. um það, að yfirdýralæknir skuli fylgjast með heilsufari húsdýra í viðskiptalöndum Íslands svo sem við verður komið, að auðvitað má lengi deila um orðalag. En þetta atriði er ákaflega mikilvægt. Okkur er auðvitað kunnugt einmitt á þessum dögum og vikum að það geisar alvarlegur gin- og klaufaveikifaraldur í Danmörku, á Fjóni. Það ætti að minna okkur á að það er ákaflega mikilvægt og nauðsynlegt að yfirdýralæknir fylgist með öllum slíkum málum. Það kemur oft upp veiki í dýrum erlendis sem ekki eru eins mikið fréttaefni og þessi alvarlegi faraldur. Ég held að það sé mjög mikilvægt atriði að um það séu ákvæði í lögum, að með þessu sé fylgst af hálfu okkar Íslendinga svo sem kostur er. Og það er eðlilegt að það sé hlutverk yfirdýralæknis.

Gerð var athugasemd við að yfirdýralæknir sé ekki þann veg í stakk búinn að eðlilegt sé að hann sé dómari um kunnáttu manna í íslensku máli þegar útlendingar sækja hér um dýralæknaleyfi. Það má vel vera, að það væri hægt að fá sérfræðinga sem hefðu meiri kunnáttu um það efni en yfirdýralæknir, hver sem hann er á hverjum tíma. Hitt er annað mál, að við höfum þennan opinbera starfsmann til þess að sinna tilteknum atriðum varðandi framkvæmd þessara laga. Og ég get fullyrt það, að a. m. k. núv. yfirdýralæknir hafi fullnægjandi kunnáttu til þess að skera úr um það, hvort erlendur maður, sem hér sækir um dýralæknaleyfi, hafi þá kunnáttu á íslensku máli að hann geti sæmilega gert sig skiljanlegan við þá sem hann þarf að hafa skipti við. Og það er það sem máli skiptir í þessu efni. Við vitum það, að ef erlendur dýralæknir starfar hér og kann ekkert í íslensku máli, þá er honum ekki kleift að veita í öllum tilvikum þá þjónustu sem hann er kostaður til. Þess vegna er þetta ákvæði sett inn í frv.

Hv. þm. taldi að orðalag t. a. m. í 7. gr. væri óþarflega ítarlegt. Þetta má allt vel vera og væri unnt að fella sumt af slíku inn í reglugerð. En frv. er samið af stjórnskipaðri nefnd og frv. er lagt fram nákvæmlega eins og nefndin gekk frá því. Ég taldi eðlilegt að viðhafa þau vinnubrögð

og taldi eðlilegt að Alþingi fjallaði um frv. eins og það kom frá nefndinni og hefði tækifæri til að gera þær athugasemdir og breytingar sem þætti við þurfa.

Ég tel að þau atriði, sem hér eru talin, svo sem að dýralæknar skuli forðast að baka dýraeigendum óþarfakostnað eða að héraðsdýralækni sé skylt að svara fyrirspurnum í síma og veita upplýsingar, séu engum til meins þó í löggjöf séu og löggjöfin a. m. k. rýrni ekki að gildi við að þessi ákvæði séu höfð þar, enda þótt það geti verið álitamál, hvort ekki hefði verið nægilegt að hafa slík ákvæði í reglugerð.

Nokkrar fleiri athugasemdir hv. þm. voru í svipaða átt. Ég vil þó aðeins minnast hér á eina af þessum athugasemdum, en sú varðar 18. gr., þar sem segir: „Þegar dýralæknir hefur starf sem héraðsdýralæknir er heimilt að veita honum hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt" o. s. frv. og enn fremur í næstu mgr., að gert er ráð fyrir sérstakri fjárhæð á fjárlögum í þessu skyni og að landbrh. setji reglur um fjárreiður þessa sjóðs.

Ég tel rétt að fram komi að á þessi ákvæði, sem staðið hafa lengi í lögum um dýralækna, hefur aldrei reynt. Það hefur aldrei komið til þess, að héraðsdýralækni hafi verið veitt lán samkvæmt þessari grein sem er í gildandi lögum. Og ég veit ekki til þess, að það hafi verið gert ráð fyrir fé í þessu skyni á fjárlögum ríkisins. Það eru því í sjálfu sér mjög litlar líkur til að þessar málsgr. í 18. gr. hafi gildi eða að þetta leiði til þess að héraðsdýralæknum verði veitt slík lán. En nefndin, sem vann að samningu frv., taldi rétt og skaðlaust að þessi ákvæði væru áfram í lögum. Ég fyrir mitt leyti mundi ekki gera neinar sérstakar athugasemdir við, þó að þessi ákvæði væru felld niður, ef það yrði ekki til þess að tefja um of fyrir afgreiðslu þessa máls. Þessi atriði koma vitaskuld til kasta þeirra hv. þingnefndar sem fær þetta mál. Ég veit að það er auðvitað nokkuð skammur tími eftir til þess að fjalla um frv. Um frv. hefur verið fjallað mjög ítarlega í hv. landbrn. Nd., eins og sannast af því að það hafa komið fram mjög margar brtt., sem hafa kostað verulega vinnu að ná samkomulagi um við alla þá aðila sem þar hafa þurft að eiga hlut að.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel að þó að frv. væri afgreitt eins og það liggur fyrir, þá væri fjarri því að Alþingi yrði að athlægi af þeim sökum.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. gat um það áðan að þessi lög sköruðust við önnur. Það er laukrétt. Ég vil minna á að í V. kafla lyfjalaga, sem fjallar um framleiðslu lyfja, standa þessi orð:

„Lyfjagerðir skulu framleiða stöðluð forskriftarlyf og sérlyf, sbr. 7. gr. 1.—2. tölul. Ráðherra gefur út starfsleyfi til lyfjafyrirtækja þeirra sem getur í 1. málsgr. Er óheimilt að hefja rekstur slíkra fyrirtækja fyrr en leyfi hefur verið gefið út. Til þess að fá starfsleyfi verður lyfjafyrirtæki, sbr. 1. málsgr., að fullnægja eftirtöldum skilyrðum." Og þá kem ég að þeim lið sem ég ætlaði að vitna til: „1. Að vera undir tæknilegri stjórn manns, sem veita mætti lyfsöluleyfi, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið."

Þar sem stendur: „tæknilegri stjórn manns, sem veita mætti lyfsöluleyfi" er átt við lyfjafræðing. Nú er það þannig að í þessu frv. um dýralækna stendur í 10. gr.: „Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum" o. s. frv. Ég les ekki lengra, það er óþarfi. Sú grein, sem hér um ræðir, byggist raunar á undanþáguákvæðum sem eru í frv. til breytinga á lyfjalögum sem ekki hefur náð fram að ganga enn. Þetta er því ekki í gildi samkv. orðanna hljóðan fyrr en það frv. hefur náð fram hér í þinginu.

Ég vildi aðeins benda á þetta, ekki síst vegna þess að ég á sæti í heilbr.- og trn. Ed. og við höfum þar verið að fjalla um þessi mál, m. a. vegna Keldna. Það virðist svo sem þar sé einhver togstreita milli ráðandi afla innan ríkisgeirans, hvernig fyrir skuli koma þeim málum. Ég vildi aðeins benda á þetta, að í dýralæknafrv. er um að ræða grein sem á sér ekki stoð nema því aðeins að breyting á lyfjalögunum nái fram að ganga.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Davíð Aðalsteinsson hefur vakið hér athygli á einu atriði í þessu frv. sem skarast við önnur lög, þ. e. lyfjalög. Ég bendi á að hér er gert ráð fyrir að Lyfjaeftirlit ríkisins hafi eftirlit með þeirri starfsemi sem hér er um rætt, þ. e. framleiðslu Tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á dýralyfjum. Það er einnig álit mitt og þeirra sem um þetta hafa fjallað, að þrátt fyrir það sem lög um lyfjaframleiðslu segja, þá taki þau lög ekki af þau ákvæði sem hér eru í 10. gr. og eru mjög sambærileg við það sem stendur í gildandi dýralæknalögum um þetta efni. Það færi hins vegar auðvitað vel á því, að samræmi væri í löggjöf sem snertir sambærilega þætti, og væri óskandi að Alþingi gæti staðið svo að málum að það þyrfti ekki að valda erfiðleikum eða ágreiningi.

Ég tel sem sagt að önnur lög taki ekki af þau ákvæði sem hér eru og fjalla um þá starfsemi sem fram fer í Tilraunastöð háskólans á Keldum í lyfjaframleiðslu og einvörðungu er varðandi þann þátt lyfjafræðinnar sem snertir dýralyf og hefur gefið góða raun og verið stórmerk starfsemi. Ég vona að það verði ekki farið að flækja þá starfsemi með of mikilli yfirstjórn og allt of miklum kostnaði. Ég hygg að það væri heppilegra og betra og ódýrara að sú starfsemi fái að vera í friði nokkurn veginn í því horfi sem verið hefur til þessa og verði svo framvegis.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Neðri deild, 67. fundur.

Miðvikudaginn 21. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ráðstafanir vegna breytingar á gengi íslenskrar krónu, frv. (þskj. 314). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, StH, SvG, ÞS, AS, ÁG, FÞ, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JS, MHM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA.

SteinG, VG, AG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, JÞ, MB, ÓE, PS, SvH greiddu ekki atkv.
8 þm. (EH, GS, GHall, GHelg, HBl, JE, KP, MÁM) fjarstaddir.
Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 682).

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 355, n. 630, 375, 631, 645). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 645,1 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, MHM, MB, ÓE, PS, SighB, SteinG, SvH.
nei: SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH.
4 þm. (GHelg, JE, KP, MÁM) fjarstaddir.

Brtt. 631,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 20:3 atkv.
Brtt. 645,2 tekin aftur.
— 631,2 samþ. með 23 shlj. atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vildi aðeins vekja athygli hæstv. forseta á því, að það er úr vöndu að ráða fyrir þá þm. sem hafa lagt til aðra skipan á þeim málum en hér um ræðir, en vilja engu að síður eigi setja fótinn fyrir framgang þessa frv. með því að greiða atkv. gegn greinum af því tagi eins og hér eru til umr. eftir að þeirra till. um aðra skipan hafa verið felldar. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að þó svo atkv. kunni að falla frá þm. Alþfl. með eða móti slíkum greinum eftir að þegar hafa verið felldar hér á Alþingi tillögur þeirra um aðra skipan mála, þá er það einvörðungu til þess að greiða fyrir framgangi málsins, til þess að komast hjá því að þurfa að tefja þingstörf með ónauðsynlegum nafnaköllum, fremur en í þeirri afgreiðslu þm. Alþfl. felist efnisleg afstaða. — Þessu vil ég aðeins koma á framfæri mönnum til upplýsingar.

2. gr., svo breytt, samþ. með 19:4 atkv.
Brtt. 645,3 tekin aftur.
3. gr. samþ. með 18:3 atkv.
Brtt. 375,1 felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓE, PS, SteinG, VG, AG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JÞ, MB, SvH.
nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl.
SighB, ÁG, JS, KP, MHM greiddu ekki atkv.
3 þm. (GHelg, JE, MÁM) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er athyglisvert við þessa atkvgr., að hér er verið að gera till. um það að færa orðalag verðlagslaganna til þess horfs sem gengið var frá þeim lögum vorið 1978 af þáv. stjórnarflokkum, Sjálfstfl. og Framsfl. Í núv. ríkisstj. og meðal stuðningsmanna hennar er þess vegna yfirgnæfandi meiri hluti með þessu máli, en lætur stjórnast af því valdi sem einn stjórnarflokkurinn hefur í þessum málum. Þetta vildi ég, herra forseti, að kæmi skýrt fram við þessa atkvgr., og segi já.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég greiddi atkv. með þessari grein þegar lögin voru sett 1978 af því að það var sannfæring mín. Ég sem ekki um sannfæringu mína við aðra flokka þó að flokkar fari í ríkisstj. með öðrum, og því breyti ég ekki um skoðun og segi já.

4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Brtt. 375,2 felld með 18:10 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 21:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Vegna ummæla sem ég heyrði úr forsetastóli um leið og ég gekk inn í þinghúsið þar sem hæstv. forseti lét þess getið, að það sæist við nafnakall hvaða þm. væru fjarverandi án leyfis, vil ég taka það fram, að ég var upptekinn á fundi í sjútvn. Nd. og að þeim fundi fékkst ekki frestað þrátt fyrir það að fundur hefði hafist í Nd. Svo lá á að ná ágreiningsmáli þar út úr nefnd að ekki var hægt að verða við þeirri sanngjörnu beiðni að fresta fundinum um sinn til þess að menn gætu gegnt þingskyldu sinni hér í fundarsal Nd. Ég vil vænta þess, að hæstv. forseti sýni röggsemi og geri tilhlýðilegar ráðstafanir til þess að formenn nefnda taki fullt tillit til hans og virðingar deildarinnar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Skýring, hv þm. er auðskilin, en út af fyrir sig ekki nægjanleg afsökun þar sem reglulega fundi ber að sækja, og nenni ég ekki í því sambandi að vera að fletta upp í lögum um þingsköp. En hv. formaður sjútvn. verður alvarlega að taka sig á í þessum sökum, ef hann ætlar sér þá dul að halda fyrir forseta jafnvel sjálfum skrifurunum á nefndarfundum þegar við höfum sem mest að vinna hér í hv. deild.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379, 527, 651). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 527 felld með 21:12 atkv.
— 651 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: AG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, MHM, MB, ÓE, SvH.
nei: SighB, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, ÁG, EH, FÞ, GS, GHall, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, KP, ÓÞÞ, PP, PJ, RA.
SteinG, VG, PS greiddu ekki atkv.
3 þm. (GHelg, JE, MÁM) fjarstaddir.
Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég vek athygli á því, að sé þessi till., sem nú er til atkv. hér í hv. deild, felld, þá er verið að mismuna borgurum landsins. Það er verið að taka ákvörðun um að jarðanefndir, sem kjörnar eru innan sýslna hér í landi, hafi enga heimild til þess að gera undanþágu frá þessu ákvæði ábúðarlaganna, hversu gáfulegt sem það kann að vera. Slíkir samningar, sem

settir eru í lög, eru í fyllsta máta ósiðlegir og geta jafnvel brotið í bága við stjórnarskrá landsins. Því segi ég já.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Jarðalög, frv. (þskj. 380, 529). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 529,1 felld með 19:13 atkv.
— 529,2 felld með 21:12 atkv.
Frv. samþ. með 20:1 atkv. og afgr. til Ed.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61). — 3. umr.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls hafði ég í hyggju að leggja fram fsp. til hæstv. viðskrh. og hæstv. samgrh., en þar sem þeir voru báðir staddir erlendis gat ekki orðið úr því. Hins vegar hét hæstv. forseti deildarinnar því, að 3. umr. þessa máls færi ekki svo fram að ekki gæfist tækifæri til að leggja fsp. fyrir hæstv. ráðh.

Við 2. umr. vakti ég athygli á því, eins og öllum þdm. er kunnugt raunar, að í upphafi var þessi skattur lagður á af ríkisstjórn þeirri er tók við störfum 1. sept. 1978, og þá var samviskan ekki betri en svo, að það var ítrekað tekið fram að þessi skattur væri aðeins til bráðabirgða á lagður og mundi ekki standa lengi. Ég vakti athygli á ýmsum ummælum og aths. sem fram höfðu komið varðandi þessa skattlagningu.

Í fyrsta lagi rifjaði ég upp ummæli formanns Kaupmannasamtaka Íslands, Gunnars Snorrasonar, í málgagni Kaupmannasamtakanna, Verslunartíðindum, þar sem hann gerði grein fyrir því, að þessi skattlagning leiddi til þess, að húsnæði verslunarmiðstöðva nýttist ekki í upprunalegum tilgangi til þeirrar þjónustu fyrir íbúa nálægra hverfa sem ætlast hefði verið til. Hann minnti á að eigendur fasteigna, verslunarsamstæða, kysu heldur að leigja húsnæðið til annars en verslunarrekstrar og þannig kæmi það fyrir að hlið við hlið væri starfsemi rekin og önnur greiddi hærri húsaleigu eða skatt sem svaraði skattlagningu samkv. þessum lögum, en hin væri undan því þegin. Með þessum hætti væri hætta á að verslunarbyggingar, sem reistar væru sem verslunarmiðstöðvar, gegndu ekki því hlutverki, sem ætlast væri til, til hagsbóta fyrir íbúa. Á þetta jafnt við verslunarbyggingar hér í höfuðborginni og á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Í öðru lagi minnti ég á það, að á ráðstefnu Verslunarráðs Íslands um framtíð miðbæjarins hér í Reykjavík hefði komið fram að óhófleg skattlagning á húsnæði á miðbæjarsvæðinu gerði að verkum, að miðbærinn innti ekki af höndum það hlutverk sem honum bæri, og þar með væri einnig stöðvuð sú þróun sem nauðsynleg væri í uppbyggingu miðbæjarins svo að hann stæði undir því hlutverki sem miðbæ á höfuðborgarsvæði væri ætlað.

Í þriðja lagi vildi ég vekja athygli á því, að ályktanir, bæði samtaka innan sambands verslunarinnar, samvinnuverslunarinnar og Kaupmannasamtaka, hafa verið á þá lund að þessi skattur væri ekki síst óréttlátur gagnvart verslun í strjálbýli, sem þessi samtök telja standa sérstaklega höllum fæti.

Í fjórða lagi hlýt ég að leggja áherslu á þá hættu, sem er samfara slíkum skatti sem þessum, á að opnuð sé leið spillingar þar sem mjög erfitt er að greina á milli þess húsnæðis, sem nýtt er til verslunar- eða skrifstofuhalds annars vegar, og ýmiss konar annarrar starfsemi hins vegar.

Í fimmta lagi vil ég leggja áherslu á það, eins og ég gerði við 2. umr. þessa máls, að þessi skattur byggist á þeim rótgróna misskilningi að verslunarrekstur og starfsemi á skrifstofum séu að einhverju leyti miður til þess fallin að efla þjóðarhag en önnur atvinnustarfsemi. Þessi skattur gerir versluninni sem atvinnugrein lægra undir höfði en öðrum höfuðatvinnugreinum landsmanna, en það er orð að sönnu, að sú króna, sem sparast við hagkvæmari innkaup eða hagkvæmari sölu útflutningsafurða okkar, er jafnverðmæt og sú króna sem aflast í frumframleiðslugreinum eða vinnslugreinum. Allt þetta ber að sama brunni, að þessi skattur er ekki réttlátur.

Þennan skatt ber að afnema og því er það undravert að þetta frv. skuli enn á ný borið fram og ríkissjóður ætli að byggja tekjur sínar á svo ranglátum skattalögum. En því fremur er þessu svo varið, sem ég nú hef lýst, að hæstv. ráðherrar, annars vegar hæstv. samgrh., formaður Framsfl., og hins vegar hæstv. viðskrh., ritari Framsfl., hafa báðir lýst yfir að þeir séu í raun þeirrar skoðunar, að þennan skatt beri að afnema. Samt sem áður er þetta frv. hér fram komið.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta vitna til, ummæla hæstv. samgrh. í umr. um stefnuræðu forsrh. 23. okt. 1980, þar sem hæstv. samgrh. kemst svo að orði:

„Í því sambandi leggjum við framsóknarmenn mikla áherslu á niðurfellingu nýbyggingargjalds, eins og ráð er fyrir gert og fullt samkomulag um“ en heldur síðan áfram: „Við teljum einnig skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði vafasaman nú þar sem dregið hefur úr þenslu á því sviði og upphaflegum markmiðum með honum því náð.“

Ég vitna enn fremur í ummæli hæstv. viðskrh. í umr. um fjárlög fyrir árið 1981 í Sþ. 6. nóv. 1980, þar sem hann kemst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Við umr. um skattamál hér á hv. Alþingi á s. l. vetri lét ég þau orð falla, að ég fylgdi því að framlengja skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þessu ári, en væri þó þeirrar skoðunar, að þetta mál þyrfti að taka til endurskoðunar á yfirstandandi þingi. Slík skattlagning kemur þungt niður á bæði samvinnuverslun og annarri verslun, sérstaklega þó í strjálbýlinu, en þar hefur verslun barist í bökkum á undanförnum árum.“

Af tilefni þessara ummæla hæstv. ráðh., sem þeir hafa efnislega síðar endurtekið án þess að eftir væri fylgt með endurskoðun þessa skatts, vil ég spyrja hæstv. samgrh., formann Framsfl., hvort hann sé sömu skoðunar og 23. okt. 1980, að þessi skattur sé vafasamur og upphaflegum markmiðum með honum náð, og ef svo er, hvers vegna hann standi þá að flutningi frv. um framlengingu þessa skatts. Ég leyfi mér enn fremur að spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé sömu skoðunar og 6. nóv. 1980, að taka þyrfti þetta mál til endurskoðunar og hvaða tilraunir hann hafi gert í þeim efnum á þingi s. l. vetur og hvaða árangur hafi orðið af viðleitni hans í þeim efnum, a. m. k. á yfirstandandi þingi. Ég spyr hæstv. viðskrh. hvort hann sé sömu skoðunar og áður, að þessi skattlagning komi

þungt niður bæði á samvinnuverslun og annarri verslun, sérstaklega þó í strjálbýlinu, en þar hefur verslun barist í bökkum á undanförnum árum, eins og hæstv. ráðh. komst að orði.

Ef hæstv. ráðherrar eru sömu skoðunar og þeir voru og hafa raunar endurtekið síðan í okt. og nóv. 1980 af öðrum tilefnum, þá gegnir furðu, að þeir skuli standa að frv. sem þessu, og hlýtur að vera ástæða til þess að krefjast skýringa á því. Er skýringin sú, að þeim hafi ekki orðið ágengt við endurskoðun þessa máls? Og þá er spurningin: Hver stendur í vegi fyrir því, að þeir fái vilja sínum framgengt? Ég trúi því ekki, að það séu ráðherrar úr hópi sjálfstæðismanna sem standa í vegi fyrir niðurfellingu þessa skatts. En leggist þeir á eitt, ráðh. úr hópi sjálfstæðismanna og þessir ráðh. Framsfl., þá ættu þeir ekki að vera svo valdalausir innan ríkisstj. að geta ekki komið í veg fyrir að þetta frv. sé flutt sem stjfrv. Sé það hins vegar svo mót von minni er það aðeins ein sönnun þess til viðbótar, hver það er sem ræður ferðinni í núv. hæstv. ríkisstj., þ. e. Alþb. En umfram allt ber þetta frv. því vitni, að núv. hæstv. ríkisstj. veit ekki sitt rjúkandi ráð til að afla ríkissjóði tekna. Það er gripið niður á hinum ólíklegustu og óréttlátustu stöðum, eins og þetta frv. ber vitni um, eins og nýframlag frv. hér á Alþingi um skyldusparnað ber vitni um og önnur frumvörp til aukinnar skattheimtu, sem ríkisstj. stendur að, bera vitni um.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það er rétt og ég er sammála hv. þm., að sérskattar á einstakar atvinnugreinar orka alltaf tvímælis og geta valdið mismunun. Það þarf að fara varlega í slíkt. Hins vegar tel ég að slíkir skattar eigi rétt á sér þegar um er að ræða að ná ákveðnum markmiðum, t. d. að draga úr mikilli fjárfestingu. Svo var að mínu mati þegar þessi skattur var upphaflega lagður á 1979. Mér virtist á árinu 1980 að betur liti út að þessu leyti, að það drægi nokkuð úr fjárfestingu, en síðan hefur það ekki orðið. Staðreyndin er sú, að í efnahagslífinu er mikil aukning bæði einkaneyslu og fjárfestingar í tækjum og m. a. í skrifstofuhúsnæði og þess háttar. Aukin neysla er eitt af því alvarlegra í efnahagslífi okkar. Á meðan svo er ástatt hef ég fyrir mitt leyti fallist á að þessari skattheimtu sé áfram haldið, en þó aðeins til eins árs í senn, eins og fram kemur í því frv. sem hér er til umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hv. 1. þm. Reykv. hefur lagt nokkrar spurningar fyrir mig í sambandi við það frv. til l. um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem hér er til umr., og hefur fyrst og fremst spurt mig að því, hvort ég hafi skipt um skoðun á þessu máli. Ég get sagt honum það strax að ég hef ekki skipt um skoðun. Ég er sömu skoðunar og ég var 6. nóv., að ég hygg 1981, þegar verið var að ræða skattamál í sambandi við fjárlögin.

Þegar menn taka þátt í stjórnarsamstarfi koma saman flokkar með mismunandi stefnur, mismunandi skoðanir, m. a. í skattamálum. Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar var mynduð, haustið 1978 gerðu Alþfl. og Alþb. kröfu til þess að tekin yrði upp sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Rökstuðningurinn fyrir þessari skattlagningu var einmitt sá sem hæstv. samgrh. gat um áðan, að það væri lagður skattur á slíkt húsnæði til að hægja á fjárfestingu á því sviði. Þetta var tekið inn í stjórnarsamning þeirrar ríkisstjórnar og skatturinn lagður á í fyrsta sinn árið 1979, eins og kunnugt er. Það þarf ekki að hafa mörg orð um að þegar menn starfa saman í samsteypustjórnum verða menn að taka tillit til þeirra sem menn starfa með. Svo var að sjálfsögðu þegar þessi skattur var settur á og hefur verið svo fram á þennan dag.

Þegar fjárlög voru til lokaafgreiðslu í ríkisstj. á seinasta hausti gerði ég óformlegan fyrirvara í sambandi við skattamál og nefndi þar að Framsfl. hefði áhuga að fella niður þennan skatt eða lækka hann, gera það í áföngum, lækka launaskatt og lækka fleiri skatta á atvinnulífið og það mál yrði svo athugað nánar þegar ríkisstj. fjallaði um efnahagsráðstafanir í kringum áramótin. Niðurstaðan varð sú, eins og kunnugt er, að það náðist samkomulag um að lækka launaskattinn úr 3.5% í 2.5% í iðnaði og fiskvinnslu, lækka stimpilgjöld af afurðalánum úr 1% í 0.3% og síðan yrði veitt heimild til að samræma álagningu aðstöðugjalds. Það náðist hins vegar ekki samkomulag um að lækka þennan skatt. Við í Framsfl. töldum þýðingarmeira, eins og málum er háttað, að lækka launaskattinn með tilliti til þeirrar hörðu samkeppni sem íslenskur samkeppnisiðnaður og útflutningsiðnaður verður að heyja við erlendan iðnað í fríverslunarsamstarfinu. Við lögðum því meiri áherslu á það í þetta sinn, að þessir skattar yrðu lækkaðir en skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Við höfum hins vegar ekki breytt um skoðun varðandi þennan skatt. Hann verður þó væntanlega framlengdur á þessu ári, en það hefur verið svo um hann að hann hefur verið lagður á eitt ár í senn, e. t. v. með tilliti til þess, að hann sé ekki hugsaður sem langtímaskattur.

Hv. 1. þm. Reykv. spurði mig einnig að því, hvort ég hefði breytt um skoðun á ástæðunum fyrir því, að skatturinn væri skaðlegur. Ég hef ekki breytt um skoðun á því. Ég tel að hann sé óheppilegur, alveg sérstaklega fyrir dreifbýlisverslunina í landinu sem hefur barist í bökkum, a. m. k. æðivíða, sérstaklega þó í mesta strjálbýlinu. Ég er sem sagt þeirrar skoðunar enn, að þetta sé ekki heppilegur skattur þótt við höfum tekið aðrar skattalækkanir fram yfir þessa í þessari lotu í sambandi við samkomulag um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég hafði fjarvistarleyfi þegar 2. umr. um mál þetta fór fram og átti því ekki kost á að mæla fyrir nál. sem ég flutti um það á þskj. 500. Í því kemur það m. a. fram, að þegar þessi skattur var lagður á í fyrsta sinn árið 1978 var hann hugsaður sem liður í tímabundnum ráðstöfunum þáv. ríkisstj. í efnahagsmálum. Skattinum var því af hálfu þeirra, sem hann lögðu á, aldrei ætlað að standa í lögum nema mjög skamman tíma, enda er miklu meira en vafasamt að skattur af þessu tagi geti átt rétt á sér nema sem mjög tímabundin ráðstöfun vegna ýmissa augljósra galla á framkvæmd skattheimtunnar, mismunar sem honum fylgir og hvers kyns annarra vafaatriða. Ég held að allir hljóti að vera sammála um að sem frambúðarúrræði í skattamálum er skattheimta af þessu tagi því meira en óæskileg.

Þótt skatturinn frá árinu 1978 hafi aðeins verið framlengdur til eins árs í senn er hann þó smátt og smátt að festast í sessi sem varanlegur tekjustofn fyrir ríkissjóð. Er sú þróun óæskileg, en samt sem áður þróun sem verið hefur að gerast á undanförnum árum, að tekjuleiðir, sem

upphaflega hafa verið hugsaðar sem tímabundin bráðabirgðafjáröflun, hafa verið festar í sessi smátt og smátt sem varanlegur tekjustofn ríkissjóðs.

M. a. vegna þess, að þm. Alþfl. áttu á sínum tíma hlut að því að leiða þennan skatt í lög sem tímabundið úrræði til aðeins eins árs til fjáröflunar vegna sérstakra efnahagsúrræða haustið 1979, hafa þeir á umliðnum árum fallist á tilmæli um tímabundna framlenginu skattsins sem átt hefur sér stað tvívegis síðan. En eins og að framan segir er það skoðun okkar í þingflokki Alþfl., að mjög varhugavert sé að festa slíka einkennandi skammtímafjáröflunaraðferð í sessi, en í þá átt stefnir nú. Rétt fyrir jólin, við afgreiðslu fjárlaga, tók þingflokkur Alþfl. því þá afstöðu, að tímabært væri að stöðva þessa þróun. Í samræmi við það flutti þingflokkur Alþfl. við afgreiðslu síðustu fjárlaga till. um að tekjuspá í fjárl. samkv. þessum skatti yrði lækkuð um helming. Sú till. okkar mætti skilningi hjá forsvarsmönnum Framsfl., en þeir töldu ekki tímabært að taka afstöðu til málsins við afgreiðslu fjárlaga þar sem það þyrfti ekki að taka ákvörðun um framlengingu skattsins fyrr en nú í vor. Nú er hins vegar sá tími kominn og þá þótti okkur rétt að láta reyna á afstöðu þm. Framsfl. til að afnema þennan bráðabirgðaskatt í áföngum á tveimur árum. Tillaga um að lækka þessa skattheimtu um helming, sem samþykkt var af þingflokki Alþfl. að ég flytti við 2. umr. málsins, var hins vegar felld þá með atkv. þm. Framsfl. Hefði sú till. verið samþykkt hefðu þm. Alþfl. samþykkt að greiða atkv. með framlenginu skattsins í þeirri mynd um eitt ár til viðbótar. Þar sem sú till. var hins vegar felld hafa þm. Alþfl. samþykkt á þingflokksfundi að styðja ekki framlengingu skattsins nú, en munu í öllum tilvikum greiða atkv. gegn frekari framlengingu hans verði eftir því leitað á næsta þingi.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Það hefur komið fram við fyrri umr. hér í dag hversu böslulega þeim hv. framsóknarmönnum gengur stundum að vera sjálfum sér samkvæmir í málum, jafnvel þótt ekki séu stórmál. Til þess var vitnað áðan í sambandi við umr. um skipan verðlagsmála, að þeir láti sér lynda að vera nú annarrar skoðunar í grundvallaratriðum þeirra mála en þeir voru þegar þeir áttu í öðru ríkisstjórnarsamstarfi fyrir ekki mörgum árum. Nú er líkt komið fyrir þeim í þessu máli. Það liggja fyrir yfirlýsingar þeirra um að þessi skattur sé óskynsamlegur og rangur, en engu að síður fallast þeir á að framlengja hann. Nú þarf ég ekki að tíunda rök málsins. Þeim framsóknarmönnum eru þau vel kunn og þeir hafa sjálfir lagt á það áherslu, hver þau eru.

Hér er um að ræða enn eitt dæmið um skatt sem settur er á tímabundið af sérstöku tilefni, en fyrir því er löng og dapurleg reynsla að slíkum sköttum hættir til fyrir einhvers konar tregðulögmál að verða varanlegir. Þetta er mismununarskattur. Hann er ákaflega vandmeðfarinn í framkvæmd, sbr. kærur sem út af honum hafa borist. Varla er til sá atvinnurekstur í landinu að hann þurfi ekki á að halda húsnæði til skrifstofustarfsemi. Þess vegna er vandasamt að meta það og kveða upp úrskurð um hvað af húsnæði fyrirtækja heyri raunverulega undir þennan skatt og hvað ekki.

Þetta er skattur sem lagður er á gjaldstofn sveitarfélaga og er því enn eitt dæmið um að ríkisvaldið er að seilast til skattstofna, sem öðrum eru ætlaðir, og rýra tekjumöguleika þeirra. Þá er spurningin sú, hver raunverulega beri þennan skatt, hvar skattbyrðin á endanum lendi. Það er alkunna að ríkisvaldið sjálft er einhver stórtækasti leigutaki skrifstofuhúsnæðis í landinu, og væri fróðlegt ef hægt væri að fá það upplýst hér hjá hæstv. viðskrh., hvaða upphæðir það eru sem ríkið sjálft ætti raunverulega að greiða samkv. þessu í slíkan skatt.

Þá er tvennt að nefna annað af sérstöku tilefni. Þetta virðulega hús er í miðbæ Reykjavíkur. Alþm. hljóta að taka eftir því á daglegri göngu sinni til og frá þessu húsi hvernig komið er fyrir miðbænum. Fyrir skömmu var efnt til sérstakrar ráðstefnu um það vandamál, að Reykjavíkurborg er nú að verða dæmi um það alþjóðlega vandamál miðborga að þar fer starfsemi af hverju tagi hnignandi. Ástæðurnar eru margvíslegar, en m. a. þær, að mat á lóðum í miðbæ er hátt, fasteignamat er hátt og þegar þar við bætast aðrir skattar, bæði af hálfu sveitarfélaga og ríkis, er hér oft um að ræða alvarlegan hemil á því, að húsnæði til nauðsynlegrar starfsemi sé við haldið eða það endurnýjað þannig að hægt sé að skapa lifandi miðbæ, sem er eitt eftirsóknarverðasta keppikefli í borgarskipulagi og hlýtur að vera. Á þessari ráðstefnu var hv. 3. þm. Reykv. ráðstefnustjóri. Eftir að samþykkt hafði verið ályktun um nauðsyn ýmissa aðgerða til að glæða miðbæinn nýju lífi, þar sem m. a. var í fólgin áskorun um að fella þennan skatt niður, fékk hann sérstök skilaboð á þá leið frá mönnum á þessari ráðstefnu, að þeir treystu honum til að sjá til þess, að þetta mál færi ekki hljóðalaust í gegnum þingið eina ferðina enn. Ég vænti þess, að við það verði staðið.

Að lokum vil ég aðeins nefna það, að fyrir ekki mjög löngum tíma skilaði opinber nefnd mjög viðamiklu nefndaráliti. Á ég þá við skýrslu starfsskilyrðanefndar. Þetta er með yfirgripsmeiri og vandaðri nefndarálitum um efnahagsmál sem lögð hafa verið fram á seinni árum. Kjarni þess máls er sá, að í skýrslunni er verið að fara í gegnum þann frumskóg mismununar sem fyrirtæki og atvinnurekstur í landinu þurfa við að búa. Stærstu málin í því eru að sjálfsögðu stórmál eins og gengisskráning, skattlagning, aðgangur að lánsfé, fjármögnun, fjárframlög og annað þess háttar. Kjarninn í tillögum þessarar nefndar er sá, að ríkisvaldið reyni að samræma gerðir sínar og hegða sér eftir einhverjum fyrir fram settum grundvallarreglum um að atvinnulífið í landinu búi við sambærileg innbyrðis skilyrði og samsvarandi skilyrði og keppinautar þess annars staðar. Maður hefði vænst þess, að hæstv. ríkisstj. reyndi að taka tillit til þess þegar hún fær jafnviðamiklar álitsgerðir upp í hendurnar þar sem mælt er með samræmdum vinnubrögðum af þessu tagi. Þess vegna mæla öll rök gegn því, að fyrir einhvers konar tregðulögmál eða mátt vanans rétti menn upp höndina eina ferðina enn með þessum skatti. Það væri lágmarkskrafa til þeirra framsóknarmanna, að þeir sættust á að styðja þá till. sem Alþfl. hefur hér flutt í þessu máli um að afnema þetta í áföngum.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að fjölmenn ráðstefna var haldin nýlega hér í miðborginni, nánar tiltekið á Hótel Borg, og hefðu aðilar að ríkisstj. haft gott af því að sitja þá ráðstefnu og hlusta á það sem fram fór þar, þau varnarorð sem voru töluð af sérfróðum mönnum um málefni Reykjavíkurborgar og þá sérstaklega vandamál miðborgarinnar, — þau varnarorð, sem þar voru töluð, og þau ráð, sem þar voru gefin. Það var líka rétt sem kom

fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að ég var þar ráðstefnustjóri og til mín var beint þeim skilaboðum að mér væri treyst til þess, að málið færi ekki hljóðalaust í gegnum þingið, og var þá átt við það frv. sem hér er til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Athugasemdir, sem þar komu fram eru náttúrlega mótmæli gegn 1. gr. þessa frv. sem ég held að öllum fundarmönnum hafi fundist afskaplega ósanngjörn. Það voru ekki aðeins uppi mótmæli gegn of háum fasteignagjöldum í Reykjavík. Það var almennt talið að hin háu fasteignagjöld og hið háa lóðamat í miðborg og miðborgarkjarna höfuðborgarinnar komi í veg fyrir framkvæmdir og komi í veg fyrir að borgin byggist eðlilega upp, komi jafnvel í veg fyrir það, að það verði búið í miðborginni, og sé aðalástæðan fyrir því, að miðborg Reykjavíkur, höfuðborgarinnar, er að deyja út. Það er stutt í að íbúðir fyrirfinnist ekki í miðborginni. En í 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1982 greiða sérstakan eignarskatt til ríkissjóðs."

Það er ekki nóg að greiða eignarskatt, heldur þarf að greiða „sérstakan eignarskatt". Það þarf að greiða eignarskatt A og eignarskatt B. Svona heldur skattheimtan áfram undir annaðhvort nýjum nöfnum eða nýjum töluliðum.

Hæstv. samgrh. sagði hér áðan að skattheimtan hefði verið til þess að draga úr fjárfestingunni. Það var, ef ég má orða það þannig „mótíverað" í upphafi að það mundi verða til góðs fyrir þjóðfélagið að draga úr fjárfestingu og þá helst í verslunar- og skrifstofuhúsnæði. En er það rétt? Er það til góðs? Er hæstv. ráðh. gersamlega blindur á að við svona stefnu verður fjárfesting í verslunar- og atvinnuhúsnæði erfið og jafnvel illmöguleg nema þá með dýru lánsfé sem ekkert fyrirtæki stendur undir í dag, enginn rekstur stendur undir? Halda hæstv. ráðh. í ríkisstj. að það sé leiðin til að skapa ný atvinnutækifæri að gera fjárfestingu í atvinnuvegunum hvað erfiðast fyrir? Nei, ég held að það komi í veg fyrir, að ný atvinnutækifæri séu sköpuð á vegum atvinnuveganna, að nýir og nýir skattar eru lagðir á ofan á aðra skatta sem fyrir eru. Hæstv. ríkisstj. verður einfaldlega að takmarka útgjöld sín, en ekki auka skattbyrðina á þann hátt á fyrirtækjum frekar en einstaklingunum.

Skatturinn er því ekki bara ranglátur, hann er hættulegur. Hann er stórhættulegur og kemur — ég undirstrika það — í veg fyrir að ný atvinnutækifæri séu sköpuð. Þess vegna á að leggja hann niður. Það á ekki að samþykkja þetta frv.

Hæstv. viðskrh. var enn þá athyglisverðari í ræðustól áðan. Hann byrjaði á því að lýsa yfir að hann væri gegn sérsköttun þessari á verslunina og atvinnurekstrinn, en sagði beinum orðum að hann og þá Framsfl. hefðu samþykkt þennan skatt til að þóknast Alþb. í samsteypustjórn. Þetta eru stór orð og furðuleg. Það er skilyrði í málefnasamningi að Framsfl. skuli láta af sinni lífsskoðun, láta af því, sem hann trúir á, og gera það, sem hann trúir að sé ekki rétt. Þetta er alveg furðuleg yfirlýsing, ef svo mætti að orði komast.

Ég held að það væri rétt af Framsfl. að taka í þessu tilfelli höndum saman við Sjálfstfl. og fella þetta frv., miðað við að það er komið fram hjá tveimur ráðherrum að þeir séu í eðli sínu á móti þessari skattlagningu, en verði að samþykkja hana til að halda stjórnarsamstarfi og samvinnu áfram við Alþb. Þetta er mjög athyglisvert. Ég mundi ráðleggja þeim hæstv. ráðh. að vera trúir sinni lífsskoðun, þeirri lífsskoðun sem þeir hafa báðir lýst hérna á móti þessum skatti, en ekki að selja sálu sína fyrir áhrif í stjórnmálum.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hæstv. samgrh. kvaðst vera þeirrar skoðunar, að það væri óeðlilegt að leggja sérstakan skatt á einstakar atvinnugreinar, og er sú skoðun hans virðingarverð ef hann breytti eftir henni. En það kom fram hjá hæstv. samgrh. að sérstakar aðstæður gætu réttlætt skattlagningu á einstakar atvinnugreinar og réttlætt mismunun að þessu leyti, þannig að hann tók aftur með öðru orðinu það sem hann var áður búinn að segja. Ég skildi hæstv. ráðh. svo, að réttlætanlegur væri slíkur sérskattur og slík mismunun milli atvinnugreina ef um of mikla neyslu eða of mikla fjárfestingu væri að ræða. Nú er það svo, að of mikil neysla verður ekki læknuð eða úr henni dregið með skattlagningu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði út af fyrir sig. Ég býst við að neyslustigið verði hið sama hvort sem þessi skattur er á lagður eða ekki. Að vísu má segja að þessi skattur fari að lokum út í verðlagið og sé því til þess fallinn að auka á verðbólguna. Miðað við takmörkuð fjárráð almennings getur hann þá e. t. v. að afar litlu leyti dregið úr neyslu, en það hefur ekkert markvert að segja. Það er t. d. ljóst að Samband ísl. samvinnufélaga og Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis eru að taka í notkun, að því er mér er tjáð og hef lesið, um 8000 fermetra í verslunarhúsnæði í Holtagörðum hér í borg, á vafasömu svæði, þar sem um er að ræða hafnarsvæði, en látum það liggja á milli hluta.

Þessi fyrirætlun sýnir að það er þörf fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði og sú þörf skapast af nauðsyn almennings í landinu. Verslunarrekstur getur verið óhagkvæmari í of þröngum húsakynnum eða óhagkvæmum og því gæti skattlagning, sem kemur í veg fyrir framfarir í verslunarþjónustu, haft gagnstæð áhrif að þessu leyti.

En ef hæstv. samgrh. telur slíkan sérskatt á eina atvinnugrein réttlætanlegan ef um of mikla fjárfestingu sé að ræða, vil ég gjarnan spyrja hann þeirrar spurningar, hvort hann ætli sér að setja sérstakan skatt á fiskiskipakaup til landsins eða fiskiskipasmíðar hér innanlands því að mér hefur heyrst á honum að hann teldi of mikla fjárfestingu hafa átt sér stað í fiskiskipakaupum. Við höfum heyrt það hér undanfarna daga og vikur að ráðh. hefur með réttu verið gagnrýndur fyrir framkvæmdir sínar í fiskiskipamálum, þar sem nýjum fiskiskipum er bætt við flotann á síðasta ári og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 10 nýjum skuttogurum þegar fiskstofnar okkar eru fullnýttir, ef ekki ofnýttir. Er þá ætlun hæstv. sjútvrh. að setja sérstakan skatt á fiskiskipakaup eða notkun fiskiskipa, eins og hann mælir með sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, vegna þess að hann telur um tímabundna offjárfestingu þar að ræða? Ég held að ef ráðh. ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur sé ekki nema sjálfsögð ályktun að þetta sé ætlun ráðh. að gera. En hann getur upplýst þingheim um það á eftir.

Hæstv. viðskrh. hljóp ekki alveg eins fljótt af hólmi fyrri skoðana sinna og hæstv. samgrh. og ítrekaði að hann væri sömu skoðunar og í nóvembermánuði 1980, en afsakaði sig með því að vera í samsteypustjórn og þurfa þess vegna að taka tillit til sjónarmiða samstarfsaðila. Ég rifjaði það upp hér í fyrri ræðu minni, að þar á

hann við tillit sem hann yrði að taka til Alþb. því að aðrir samstarfsaðilar eru áreiðanlega sömu skoðunar og hæstv. viðskrh. í þessu efni, að telja þennan skatt óréttlætanlegan, eða ég taldi svo. Hann kvað Framsfl. hafa viljað lækka þennan skatt í áföngum. Þm. Framsfl. höfðu tækifæri til þess við 2. umr. þessa máls að greiða atkv. með tillögu þm. Alþfl. um að lækka þennan skatt úr 1.4% í 0.7%, en þeir greiddu atkv. á móti þessari lækkun og voru þess vegna ekki heldur að því leyti samkvæmir sjálfum sér. Það góða, sem ég vil, það geri ég ekki, sannaðist á þeim.

Þá taldi hæstv. viðskrh. upp ýmsar skattalækkunartillögur Framsfl., sem hefðu náð fram að ganga: lækkun launaskatts á nokkrar afmarkaðar atvinnugreinar úr 3.5% í 2.5%, lækkuð stimpilgjöld og að þeir ætluðu að lækka aðstöðugjöld, en það verður ekki á þessu ári þegar öll sveitarfélög landsins hafa gengið frá fjárhagsáætlunum sínum. Hvað lækkun launaskatts og lækkun stimpilgjalds varðar tóku þeir það aftur, sem þeir höfðu afhent með þeim lækkunum, með hækkunum skatta á öðrum sviðum, með því að setja á tollafgreiðslugjald. Með því einu að láta skattvísitölu í tekju- og eignarskatti ekki fylgja tekjubreytingum á milli ára tóku þeir af skattborgurum þessa lands jafnháa upphæð og þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði gefur í heild sinni. Hefði skattvísitalan fylgt tekjubreytingum á milli ára hefði ríkissjóður haft til umráða þær tekjur sem skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði gefur, og þegar af þeirri ástæðu er þessi skattur ekki réttlætanlegur eða framlenging hans.

Ég vil enn fremur minna á það, sem upplýst hefur verið, að skattaaukning í tíð núv. ríkisstj. og fyrrv. ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar, sem tók við störfum í sept. 1978, ef miðað er við heilt ár 1977 annars vegar og yfirstandandi ár, nemur um 1000 millj. nýkr. eða 100 milljörðum gkr. Það er yfir 2000 nýkr. meiri skattur nú en var 1977 á hvert mannsbarn í landinu.

Ég hlýt einnig að minna á þann góða ásetning framsóknarmanna, sem birtist í ummælum hæstv. sjútvrh., formanns Framsfl., við umr. um stefnuræðu forsrh. á haustdögum 1980, þegar hann kvað það ætlun þeirra framsóknarmanna að vinna að lækkun eignarskatts, einkum á einstaklingum, en þar hafa þeir hvorki haft árangur né erfiði. Þeir hafa ekki lagt sig fram um það að einu eða neinu leyti, heldur svikið þessi fyrirheit sín fyrirhafnarlaust.

Sannleikurinn er sá, að í þessu skattafrv. kemur fram skattagleði framsóknarmanna og sú tilhneiging núv. ríkisstj., stefna núv. ríkisstj., að taka sem mest í ríkissjóð, auka ríkisumsvifin sem mest, skerða sjálfstæði einstaklinganna, efnahagslegt sjálfstæði þeirra, sem er forsenda andlegs frelsis og lýðræðis í landinu.

Ég vil svo leggja áherslu á að lokum að skattlagning sem þessi fer í þveröfuga átt við tillögur þær sem nefnd sú hefur gert er fjallaði um jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna. Sú nefnd fjallaði að vísu ekki um annað en jöfnun starfsskilyrða landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar, en sérstök áhersla hefur verið lögð á það af formanni þeirrar nefndar, dr. Jóhannesi Nordal, að nauðsynlegt væri einnig að jafna starfsskilyrði þjónustuatvinnugreina, eins og verslunar og samgangna, með tilvísun til starfsskilyrða iðnaðar, og landbúnaðar og sjávarútvegs, þar sem þjónustuatvinnuvegir gegndu jafnmikilvægu hlutverki í þágu heildarinnar, í þágu aukins hagvaxtar, sem einn getur verið grundvöllur batnandi lífskjara. Þessi skattlagning dregur úr þeirri þróun sem við verðum að treysta að eigi sér stað í framtíðinni, að hver vinnandi maður auki framleiðni sína, afkasti meira, til þess að unnt sé að hækka kaupið í landinu.

Þessi skattur er óréttlátur. Ráðherrar Framsfl. hafa gefið fyrirheit um að þessi skattur yrði aðeins tímabundinn, að hann yrði afnuminn. Það er ætlast til þess, að þeir standi við orð sín, og það kemur í ljós nú hvort svo verður. Þeir hafa fallið á prófinu hingað til, en eitt tækifæri hafa þeir enn, við atkvgr. nú við 3. umr., til að standast það próf sem þeir hafa sjálfir sett sér fyrir.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal ekki bæta miklu við þessa umr.

Ég heyrði að hv. 1. þm. Reykv. talaði um skattagleði Framsfl. Ég man vel eftir því, að þegar ég var fjmrh. hugsaði ég meira um þessi mál, skattamálin, sérstaklega. Þá var ég stundum að rekja hvað skattbyrðin væri mikil. Þá var skattbyrðin í kringum 29% til ríkisins af þjóðartekjunum — kringum það, en nú líklega rúmlega 28%, ef ég man rétt. En ég benti oft á það í deilum um þessi mál, sérstaklega varðandi skattagleðina, að á árinu 1975, þegar hv. 1. þm. Reykv. var forsrh. og fjmrh. var úr hópi Sjálfstfl., námu ríkisútgjöldin yfir 31%, ekki 28.5 eða 29%, heldur yfir 31%. Sé það skattagleði að leggja á þjóðina skatta sem nema rúmlega 28% af þjóðartekjunum, þá er það vissulega skattagleði að hafa í einn tíma ríkisútgjöld sem námu yfir 31%.

Varðandi málið að öðru leyti er það svo í samsteypustjórnum og samsteypustjórnarsamstarfi flokka, að menn verða auðvitað að velja og hafna. Annars verða engar samsteypustjórnir. Menn þurfa að samþykkja mál sem þeir eru ekki að stefnu til fylgjandi og mundi ekki samþykkja ef menn hefðu einir meiri hl., en verða að taka tillit hver til annars. Sjálfstfl. hefur t. d. allajafna haft geysilega mikinn áhuga á því að koma á frjálsu verðlagi í landinu. Ég minnist þess, að þegar hann var í stjórnarsamstarfi við Alþfl. í kringum 1970, 1969 var það, gerðist það að búið var að undirbúa frv. til l. um verðlag og samkeppnishömlur o. fl. sem Sjálfstfl. taldi gífurlega mikið „prinsip"-mál af sinni hálfu að næði fram að ganga. Þá minnist ég þess að það var fellt af einum þm. og raunar þáv. ráðh. Alþfl. á sínum tíma og málið gekk ekki fram. Sjálfstfl. sleit ekki stjórnarsamstarfinu þrátt fyrir það að þetta mál væri mjög þýðingarmikið mál fyrir flokkinn — ákaflega þýðingarmikið. Þetta er aðeins dæmi um að auðvitað verða flokkar, þegar þeir taka þátt í samsteypustjórnum, að gera ýmislegt fleira en það sem mönnum gott þykir. Væri auðvitað hægt að nefna tugi og hundruð dæma af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Hver var afstaða hæstv. ráðh. þá?) Ég var ekki á þingi þá, en ég hef alltaf verið fylgismaður frjálsara verðlags. Ég hef verið það og hef marglýst því yfir, en var ekki á þingi þá, ef ég man rétt.

Ég vil að lokum aðeins endurtaka það og undirstrika, að í sambandi við samninga nú um ráðstafanir í efnahagsmálum töldum við framsóknarmennirnir þýðingarmeira, eins og málum er háttað, að lækka launaskattinn, að lækka stimpilgjald, sem er verulegur útgjaldaliður fyrir ýmsar atvinnugreinar, og síðan að fá samkomulag um yfirlýsingu um að samræma aðstöðugjaldið. Ég

hef ekki hugmynd um hver er t. d. afstaða Sjálfstfl. í sambandi við aðstöðugjaldið, hvort hann er sammála þeirri yfirlýsingu ríkisstj., að það skuli samræmt. Ég veit það ekki. En það er rétt hjá hv. 1. þm. Reykv. að það verður ekki á þessu ári. Eigi að síður er það stefna ríkisstj. og hún hyggst sitja lengur en þetta ár, eins og margoft hefur verið yfirlýst af hæstv. forsrh.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Í sambandi við síðustu orð hæstv. viðskrh. er ekki verra að fram komi að í umr. í gærkvöld kom það raunar fram hjá helsta forustumanni stjórnarflokkanna, hv. 11. þm. Reykv., að hæstv. ríkisstj. ætlaði raunar að sitja lengur en næmi kjörtímabilinu, því að hann ætlaði ekki að láta kjósa, sá hv. þm., fyrr en um það bil sex mánuðum eftir að núverandi kjörtímabil rennur út. Það er því áreiðanlegt að mikill vilji er fyrir því í hæstv. ríkisstj. að reyna að ná eins miklu út úr þessu kjörtímabili og hún mögulega getur.

Það var í sambandi við frásögn hæstv. viðskrh. af tilteknu máli frá viðreisnarárunum sem mig langaði til að koma með eilitla leiðréttingu.

Hér var um að ræða breytingu á verðlagslöggjöfinni, sem flutt var af þáv. viðskrh. og þm. Alþfl., Gylfa Þ. Gíslasyni. Svo vildi til, að ég sem ritstjóri Alþýðublaðsins átti sæti í þingflokki Alþfl. þegar afgreiðsla þessa máls fór fram. Í þingflokki Alþfl. kom þá þegar fram, þegar málið var undirbúið og nokkru áður en frv. þessa efnis var lagt fram, að tveir tilteknir þm. Alþfl., annar páv. hæstv. ráðh. Eggert G. Þorsteinsson og hinn páv. og enn verandi alþm. Benedikt Gröndal, voru andvígir flutningi málsins og lýstu yfir að þeir mundu greiða atkv. gegn frv. ef það kæmi fram á Alþingi. Þessi samþykkt þingflokks Alþfl. var kynnt hinum stjórnarflokknum sem var Sjálfstfl. Þá lá jafnframt fyrir yfirlýsing tiltekinna þm. Framsfl. um að þeir mundu fylgja frv. af því tagi, ef það kæmi fram á þingi, enda höfðu þeir ítrekað í umr. lýst yfir að það væri bæði vilji þeirra og skoðun að gera ætti breytingar í þá átt sem frv. gekk í. Það gerðist hins vegar, þegar frv. hafði verið lagt fram, m. a. í trausti þess, að það hefði þingfylgi vegna yfirlýsinga tiltekinna þm. Framsfl., og þegar ljóst var að tveir þm. Alþfl. fylgdu ekki málinu, að þá ákvað Framsfl. að breyta fyrri afstöðu sinni og greiddi atkv. gegn frv. og þar með féll frv. Frv. þetta var ávallt lagt fram vitandi um hvernig málin stóðu í stjórnarliðinu, vitandi um hvernig afstaða þm. Framsfl. þá var til málsins, enda fyrir því margar yfirlýsingar og orðræður þm. Framsfl. um þetta tiltekna mál. En það var auðvitað ekki á valdi þeirrar ríkisstjórnar og þá síst af öllu Alþfl. að vita fyrir fram að Framsóknarþm., sem áður höfðu lýst skoðunum sínum í málinu, breyttu afstöðu sinni til frv. þegar á hólminn var komið.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Með tilvísun til skýringar hv. síðasta ræðumanns varðandi afdrif frv. um verðlag, sem fellt var í Ed. 1968 og hæstv. viðskrh. vitnaði til, þarf ég ekki annað að segja en sú frásögn sýnir að í því efni snerist Framsfl. eins og snælda og gegn sannfæringu sinni, eins og honum er gjarnt þegar hann telur annarlegum hagsmunum sínum það henta. Þetta átti sér auðvitað stað í sambandi við lög um verðlag og samkeppnishömlur haustdagana 1978, þegar Framsfl. myndaði ríkisstjórn með Alþfl. og Alþb. og hvarf þá frá fyrri stefnu sinni frá því sama vori þar sem verðlag var gefið frjálst. Það er segin saga, að Framsfl. lætur sig hafa það að ganga af trú sinni og sannfæringu til að verma ráðherrastólana.

En til þess að það komi fram, að hæstv. viðskrh. veður reyk þegar hann telur að skattar til ríkisins hafi verið mestir í stjórnartíð okkar sjálfstæðismanna, þá er ekki nóg að vitna til ársins 1975, þegar Sjálfstfl. var búinn að vera í stjórn aðeins nokkra mánuði þegar fjárlög fyrir árið 1975 voru samþykkt. Þá tók Sjálfstfl. við slíku búi úr hendi Framsfl., Alþb. og Samtaka frjálslyndra og vinstri manna að það var nauðsynlegt að rétta þjóðarskútuna af og greiða óreiðuskuldir og koma lagi á ríkisfjármálin.

Hins vegar eru skattar til ríkisins sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu samkv. skýrslu Þjóðhagsstofnunar, bls. 90, sem þm. hafa í höndum, 1977 25%, en áætlað er að þetta hlutfall sé á síðasta ári 29.2%. Eingöngu skattar til ríkisins hafa hækkað um 4.2%. Ef við tökum skatta til sveitarfélaga einnig með hafa þessar skatttekjur hins opinbera í heild hækkað úr 31.6% 1977 í 36,5% eða raunar um 5% af vergri þjóðarframleiðslu. Ef við teljum þjóðarframleiðsluna um 20 þús. millj. ber það heim og saman að 5% eru 1000 millj. nýkr.

Ég tel nauðsynlegt að þetta komi fram til að sýna það og sanna, að það er skattastefna núv. ríkisstj. og annarra forvera hennar í hópi vinstri stjórna sem gerir það að verkum að sífellt er tekið meira og meira af tekjum almennings í ríkishítina. Raunar sýna þessar tölur ekki þróunina eins og skyldi, vegna þess að til viðbótar aukinni skattheimtu hefur ríkissjóður stóraukið lántökur sínar, þ. á m. erlendar lántökur, svo að lántökur eru nú um 14% af heildarútgjöldum í staðinn fyrir 6% áður. Í þessu er fólgin geysileg aukning skattheimtunnar í nútíð og framtíð.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég skal hafa þetta fá orð.

Þegar rætt er um ríkisskattana og skattagleði er náttúrlega ekki nóg að ræða aðeins um tekjurnar, skattana. Það verður líka að ræða um útgjöldin. (**GeirH:** Og lántökur.) Að sjálfsögðu. Nú háttar þannig til að ríkissjóður hefur nærri því greitt upp allar sínar skuldir við Seðlabankann. Það kom einmitt fram í ræðu aðalbankastjóra Seðlabankans í dag á aðalfundi Seðlabankans að ríkissjóður hefur nærri því greitt upp allar skuldir við Seðlabankann. 1975 var skattahlutfallið sennilega sæmilegt, ég man nú ekki hvað það var, en það voru útgjöldin, sem ég var að benda á í ræðu minni áðan, sem námu á milli 31 og 32% árið 1975. Það er kannske besti mælikvarðinn á skattlagninguna vegna þess að það er hægt að hafa skattabyrðina lága, 25%, 26% eða hvað það nú er, með því að safna skuldum í Seðlabankanum. Þess vegna vil ég mótmæla því, sem hefur komið fram hjá hv. 1. þm. Reykv., að um sé að ræða einhverja sérstaka skattagleði hjá Framsfl. Þegar þessi mál eru skoðuð og athugað er hvernig háttað hefur verið skattlagningarprósentunni, þ. e. skattahæðinni, miðað við þjóðartekjurnar, þá kemur í ljós að þetta er sitt á hvað og Sjálfstfl. hefur ekkert skorið sig úr í þessum efnum umfram aðra flokka. Það er hægt að sjá.

Hitt er annað mál, að ég get endurtekið það sem ég hef oft sagt áður um skattamál, að auðvitað þarf að leggja á talsverða skatta í landinu ef menn ætla að halda uppi eðlilegu velferðarþjóðfélagi. Ég skal ekki leggja dóm á hvað hæfilegt er í þeim efnum. Ég hef talið að það mundi

vera í kringum 27—29% eftir atvikum. Ég tel að það verði ekki talin nein skattagleði og alls ekki ef þetta er t. d. borið saman við ýmis önnur þjóðlönd, t. d. Norðurlöndin — ég tala nú ekki um það — þar sem skattar eru hærri en á Íslandi.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, herra forseti, en vildi aðeins láta koma fram nokkur orð um hvernig þessum málum hefur verið skipað í reyndinni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég get því miður ekki tíðkað það mjög að menn fái að tala eftir að þeir hafa talað sig dauða, en örstutt aths.

Frsm. 2. minni hl. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forseta. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þessar umr., en eins og öllum er kunnugt er ákaflega lítill vandi að fá hagstæða útkomu hjá ríkissjóði með því að taka markaða tekjustofna, sem eiga að fara til annarra þarfa, í ríkissjóð til að bæta stöðu ríkissjóðs við Seðlabanka, en láta þá sjóði og stofnanir, sem eiga að fá þessa mörkuðu tekjustofna til ráðstöfunar, taka lán erlendis eða innanlands. Það er þetta sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur gert. Hún hefur t. a. m. tekið rúmlega 86 millj. kr. á þessu ári, sem ættu samkv. lögum að hafa farið inn í húsnæðislánakerfið. Þetta fjármagn hefur hæstv. ríkisstj. tekið í ríkissjóð og skert fjárreiður húsnæðislánakerfisins að sama skapi. Niðurstaðan er svo sú, að það er ekki ríkissjóður, sem þarf að taka lán í Seðlabankanum, heldur Byggingarsjóður ríkisins og húsnæðislánakerfið með þeim afleiðingum að nú segist ríkissjóður vera skuldlítill og hafa lækkað skuldir sínar við Seðlabankann, en Byggingarsjóður ríkisins skuldar þar 40 millj. kr. í umsömdu láni frá því í haust og 20—30 millj. kr. í yfirdráttarláni til viðbótar.

Umr. (atkvgr.) frestað um sinn.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110, 654). — 3. umr.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til 2. umr. kom það fram í ræðu hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni að við höfðum rætt saman um ákveðna brtt. við þetta frv. Hæstv. félmrh. lét þá þau orð falla, að hann biði spenntur eftir því töfraorði sem við mundum færa fram nú við 3. umr. um þetta mál til lausnar rekstrarvanda sjúkrahúsanna. Ef hæstv. ráðh. hefur haft þá trú, að við 3. umr. mundu falla einhver töfraorð, sem væru allsherjarlausn á rekstrarvanda sjúkrahúsanna, verður honum sennilega ekki að trú sinni, enda kom það ekki fram í ræðu hjá hv. þm. Pétri Sigurðssyni að brtt. okkar fæli í sér neina allsherjarlausn.

Hins vegar gæti sú till., sem ég hef leyft mér að flytja ásamt hv. þm. Pétri Sigurðssyni, Matthíasi Bjarnasyni og Magnúsi H. Magnússyni, flýtt fyrir því, að tekið verði upp hagkvæmara og samræmdara greiðslufyrirkomulag en við nú höfum, og einnig ætti þessi brtt. að tryggja að hægt verði farið í sakirnar að breyta um greiðsluform fyrr en reynsla hefur fengist af breyttu fyrirkomulagi. Eins má benda á að það hlýtur að vera brýnt að koma á samræmdu bókhaldi eða reglum um samræmd reikningsskil hjá öllum sjúkrastofnunum, þannig að á raunhæfan hátt sé hægt að bera saman rekstur sjúkrahúsanna og einstaka þjónustuþætti í rekstrinum og draga ályktanir af þeim, svo sem að því er hagkvæmni varðar.

Um það var einnig mikið rætt við 2. umr. þessa máls, að vísitölugrundvöllurinn væri orðinn úreltur, vægi einstakra rekstrarliða væri ekki rétt metið og kannske ekki síst að vísitölugrundvöllurinn væri allt of einfaldur og þyrfti að taka til fleiri rekstrarþátta sjúkrastofnana. Eins hefur verið gagnrýnt, að það skuli einungis notaður einn vísitölugrundvöllur fyrir allar sjúkrastofnanir, og bent á nauðsyn þess að daggjaldanefnd setti upp fleiri reiknilíkön. Þessum þáttum voru gerð góð skil í ítarlegri ræðu hv. þm. Péturs Sigurðssonar við 2. umr. þessa máls, og sé ég ekki ástæðu til að bæta við það sem fram kom í máli hans þá, en í því ákvæði til bráðabirgða, sem nú er lagt til að samþykkt verði, er m. a. lagt til að upp verði teknar reglur um samræmt bókhald fyrir öll sjúkrahús og að fjölgað verði reiknilíkönum til samræmis við starfsemi stofnana.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að rökstyðja frekar þá brtt. sem flutt er á þskj. 654, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði til bráðabirgða.

1. Á fjárlögum fyrir árið 1983 skal greiðslufyrirkomulag samkv. 1. gr. aðeins gilda fyrir Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, auk ríkisspítalanna, meðan verið er að kanna reynsluna af breyttu greiðsluformi.

2. Þegar skal lagfæra ágalla á gildandi daggjaldakerfi, m. a. með því að fjölga reiknilíkönum til samræmis við starfsemi stofnana. Einnig skal setja reglur um samræmt bókhald fyrir öll sjúkrahús og aðrar stofnanir sem undir daggjaldakerfið falla eða eru á fjárlögum.

3. Heilbrrh. skal láta fara fram heildarendurskoðun á gildandi greiðslufyrirkomulagi með það að markmiði að kanna hagkvæmustu framtíðarskipulagningu á greiðsluformi, og skal leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi.

Væntum við flm. þessarar brtt. að þetta ákvæði nái fram að ganga nú við afgreiðslu þessa máls frá hv. deild þannig að vilji Alþingis komi ótvírætt fram í því efni, að heildarendurskoðun fari fram á gildandi greiðslufyrirkomulagi, lagfærðir verði ágallar á gildandi daggjaldakerfi og hægt sé að gera raunhæfari samanburð á rekstri sjúkrastofnana með reglum um samræmd reikningsskil.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í þessari till. eru fjögur efnisatriði.

Það er fyrst gert ráð fyrir að á árinu 1983 verði Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri rekið á beinum fjárlögum auk ríkisspítalanna og að því verði m. ö. o. slegið föstu í almannatryggingalögum að svo eigi að vera. Ég tel að það sé mjög óeðlilegt að slá því föstu í almannatryggingalögum, að reka eigi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri á beinum fjárframlögum, og teldi miklu eðlilegra að það væri fjvn. sem gerði till. um það mál og Alþingi ákvæði það á fjárlögum hverju sinni, ef ástæða er til. Ég er ekki tilbúinn að samþykkja að Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri eigi að reka á föstum fjárframlögum á næsta ári. Ég vil ná um það samkomulagi, ef mögulegt er, við forráðamenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri, með hvaða hætti greiðslum verður háttað til þess á næsta ári. Við getum ekki í þessum efnum gengið svo langt að binda menn á tiltekið greiðslufyrirkomulag nema áður hafi átt sér stað viðræður og kannanir. Við reyndum á s. l. hausti að ná samkomulagi við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Það tókst ekki. Ég tel betra að halda áfram samninga-

umleitunum en að lögbinda með þeim hætti sem hér er gerð tillaga um. Ég tel þess vegna till. óþarfa og er andvígur henni.

Efnisatriði 2 í þessari till. er það, að settar verði reglur um samræmt bókhald fyrir öll sjúkrahús og aðrar stofnanir sem undir daggjaldakerfið falla eða eru á fjárlögum. Ég tel að þetta sé sjálfsagt mál og þurfi í rauninni ekki að setja þetta inn í lög vegna þess að þetta er þegar í undirbúningi og sömuleiðis þriðja efnisatriðið að endurskoða vísitölu sjúkrahúsakostnaðar, en ég skil það svo, að með orðalaginu reiknilíkön eigi hv. flm. við vísitölu sjúkrahúskostnaðar, að þar eigi að taka tillit til fleiri þátta en nú eru. Í vísitölu sjúkrahúsakostnaðar eru núna 10 atriði. Auðvitað eiga þau að vera miklu fleiri og auðvitað á að fara í saumana á því, hvernig þessum málum er háttað hjá hverju sjúkrahúsi. Ég tel að þetta sé í rauninni alveg sjálfsagt mál. Eins og ég kynnti hv. þd. á dögunum hef ég farið fram á það við daggjaldanefnd, að hún endurskoði vísitölu sjúkrahúsakostnaðar, þannig að það er í gangi allt að einu.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því í þessari till., að heilbrrh. láti fara fram heildarendurskoðun á gildandi greiðslufyrirkomulagi með það að markmiði að kanna hagkvæmustu framtíðarskipulagningu á greiðsluformi, og skal leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta Alþingi. Þessi könnun hefur verið í gangi. Það hefur verið gerð úttekt á nokkrum sjúkrahúsum á vegum heilbr.- og trmrn. og fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Þessi sjúkrahús eru Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Landakotsspítali, Húsavíkursjúkrahús, Keflavík og Neskaupstaður, og í undirbúningi hefur verið sérstök úttekt á Borgarsjúkrahúsinu í Reykjavík. Ég tel þess vegna að þessi könnun sé í gangi og óþarfi sé að setja ákvæði í lög um hana og beinlínis óeðlilegt að setja þau inn í almannatryggingalög.

Ég tel ekki ástæðu til þess, með tilliti til þess, hvernig tíma deildarinnar nú háttar, að fara mörgum orðum um þetta mál. Ég gæti gert það. Ég virði það við hv. þm., að þeir skuli flytja till. hér til að reyna að leysa þann ágreining sem uppi er í deildinni, en ég er þeirrar skoðunar, að till. geri það ekki og er andvígur henni með þeim rökum, sem ég hef hér lýst, og ætla ekki að fjölyrða um málið frekar.

Frsm. minni hl. (Pétur Sigurðsson): Herra forseti. Ég skal reyna að stytta mál mitt, enda var hæstv. ráðh. svo hógvær og hæverskur í tali sínu og umfjöllun um brtt. okkar að ég sé ekki ástæðu til að hafa mörg orð um. Í raun er hann sammála þeim öllum. Það eina, sem hann hefur á móti þeim, er að hann vill ekki festa þau atriði í lög um almannatryggingar. Nú má segja sem svo, að það er ekki það sem við erum að leggja til. Þetta er ákvæði til bráðabirgða sem er lagt til að verði með frv. sem hann sjálfur flytur um breytingu á þessum ágætu lögum. Við erum því ekkert að gera meira en kveða nánar á um hvað gera eigi. Hæstv. ráðh. segir að þetta sé allt í gangi. Nú er ekki víst að hann verði alltaf viðstaddur og gæti hrökklast úr ráðherrastól sínum jafnvel á næstu mánuðum eða misserum og þá væri gott fyrir komandi ráðh. að hafa þetta aðhald í sínu starfi, að þetta eigi að gera. Ég vænti þess, að hæstv. núv. heilbrrh. taki undir þá skoðun mína, að það sé ekki mjög víst að allir, sem eiga eftir að setjast í þetta sæti, sitji það jafnvel og hann gerir.

Varðandi Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri og þau orð, sem hann lét falla um það, heyrði ég aldrei, og er þó í þeirri nefnd sem um þetta mál fjallaði, getið um neitt annað sjúkrahús, sem líkindi væru á að færi inn í fjárlög á næstunni, en þetta eina sjúkrahús, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Ef ekki liggur meira á en að þetta megi bíða enn frekar fæ ég ekki séð annað en það megi bara afgreiða það á einfaldan hátt við afgreiðslu fjárl. á komandi hausti. Er vel hægt að hugsa sér að það mætti þá taka fleiri sjúkrahús inn samkv. þeirri reglu að afgreiða þau í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Við getum því hreinlega, þegar gengið verður til atkv. um þessi ákvæði til bráðabirgða, gengið til atkv. um þau þannig að 1. tölul. verði borinn upp sér. Hæstv. ráðh. telur hann óþarfan og eiga ekki heima, en hins vegar er hann að framkvæma hina tvo. Eins og ég segi tel ég að með því sé hann efnislega að taka undir þá og ég treysti því, að þeir fái þá góðan framgang í atkvgr. hjá þm. á eftir.

Umr. (atkvgr.) frestað um sinn.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Reykjavík, 21. apríl 1982.

Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum mun ég ekki geta sótt þingfundi á næstunni. Leyfi ég mér því með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varaþm. Framsfl. í Reykjavík, Haraldur Ólafsson lektor, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Guðmundur G. Þórarinsson,
12. þm. Reykv."

Haraldur Ólafsson hefur áður átt sæti á þessu þingi. Þarfnast kjörbréf hans því ekki rannsóknar. Býð ég hann velkominn til starfa.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61).— Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SV, SvG, AS, FÞ, GS, GHall, HÓ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA.

nei: SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, MÁM, ÓE, PS, SighB, SvH.

EH greiddi ekki atkv.

6 þm. (StH, ÞS, GHelg, KP, MHM, MB) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Ed.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110, 654). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Brtt. 654,1 felld með 18:17 atkv.

Brtt. 654,2—3 felld með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PS, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, FrS GeirH, HBl, JS, JP, MÁM, ÓE, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, SvG, AS, EH, FÞ, GS, GHall, HÓ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

6 þm. (StH, ÞS, GHelg, KP, MHM, MB) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 18:6 atkv. og afgr. til Ed.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360, n. 647). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þetta frv. er um breytingu á tveimur greinum laga um landgræðslu. Það er í fyrsta lagi á 19. gr., sem er um það að kjósa gróðurverndarnefndir í kaupstöðum, en eins og lögin eru nú eru aðeins gróðurverndarnefndir starfandi í sýslum landsins.

Seinni breytingin er viðauki við 23. gr. þannig að hægt sé að bregða skjótt við ef talið er að gróðureyðing sé komin á það stig að það þurfi að vernda landið með skjótum hætti.

Þetta mál var samþykkt í Ed. eins og það var lagt fram. Á þskj. 647 er nál. frá landbn. og hún stendur öll að því að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt í Ed. og hefur gengið í gegnum þá deild og kemur hingað til þessarar hv. deildar óbreytt frá því sem það var lagt fram hér á þinginu fyrr í vetur. En ég vil geta þess, að þetta frv. um Blindrabókasafn var samið af nefnd sem skipuð var af ráðh. 12. febr. 1979. Nefndin skilaði áliti 28. apríl 1981 og síðan var frv. hennar tekið óbreytt upp af mér og flutt á þessu þingi í hv. Ed.

Frv. þetta felur í sér grundvallarbreytingu á eignarhaldi og rekstri bókasafns fyrir blinda í landinu. Kjarni málsins er sá, að bókaþjónusta fyrir blinda og sjónskerta og aðra, sem ekki geta lesið venjulegar bækur vegna fötlunar, verði sérstök starfsemi á vegum ríkisins og leysi af hólmi núverandi hljóðbókasafn Blindrafélags Íslands og Borgarbókasafns í Reykjavík, en það er stofnun sem starfað hefur síðan 1975.

Ég vil geta þess, að samtök blindra hófu bókagerð á blindraletri fyrir rúmlega hálfri öld eða í kringum 1930. Hins vegar hefur útgáfa á blindraletri verið ákaflega erfið og auk þess hefur það sýnt sig, að margt fólk, t. d. gamalt fólk, á erfitt með að læra blindraletur og tiltölulega fáir sem það kunna.

Í sambandi við þetta, að koma bókmenntum til blindra og sjónskertra, hafa viðhorf mjög verið að breytast á undanförnum árum með tilkomu segulbanda og nýrri upptökutækni og möguleikum til þess að dreifa lestrarefni á segulbandsspólum. Hefur aðstaðan auðvitað gerbreyst í þessum efnum, og í flestum menningarlöndum í nágrenni við okkur hefur verið leitast við að nýta þessar tækniframfarir í þágu þeirra sem ekki geta lesið venjulegar bækur vegna fötlunar. Íslendingar hafa fylgst með þessu að sínu leyti, og Blindrafélagið hefur reyndar sjálft haft forgöngu um að farið var að hljóðrita bækur vorið 1957 og kom þannig upp fyrsta vísi að hljóðbókasafni. Þessi starfsemi er nú orðin þegar 25 ára og hefur smám saman verið að aukast.

Í kringum 1970, fyrir 10—12 árum, fór Borgarbókasafn Reykjavíkur að viða að sér hljóðrituðum sögum frá Ríkisútvarpinu, og jafnframt því hafa nokkrar bækur verið lesnar sérstaklega á vegum safnsins. Lengi hefur þetta staðið þannig, að Borgarbókasafnið annast dreifingu hljóðbóka og greiðir ein laun tæknimanns, en Blindrafélagið leggur til tækjabúnað og húsnæði og efniskostnaði er skipt á milli þessara tveggja aðila. Þetta er sá háttur sem nú viðgengst um Hljóðbókasafn. Með þessu frv. er meiningin að breyta þessu þannig, að Hljóðbókasafn Borgarbókasafns og Blindrafélagsins verði lagt niður, en ríkið taki að sér þessa þjónustu. Það hefur greinilega komið í ljós á þessum 25 árum og vel það, sem þessi þjónusta hefur starfað, að mjög mikil þörf er fyrir þessa starfsemi, og það er engan veginn hægt að fullnægja eftirspurninni. Þess vegna er kominn tími til að efla starfsemina og finna henni nýjan grundvöll. Með þessu frv. er einmitt stefnt að því. Með framtaki Blindrafélagsins og fyrir áhuga forráðamanna Borgarbókasafnsins í Reykjavík hefur verið unnið ómetanlegt brautryðjendastarf á þessu sviði, en nú sýnist okkur kominn tími til þess, að ríkið veiti meiri og fastmótaðri liðveislu í því að halda uppi bókaþjónustu fyrir blinda.

Ég vil leyfa mér að benda á það, að allt fram á síðustu ár hefur ríkið ekki veitt þessari starfsemi neitt umtalsvert fé. Framtak í þessum efnum hefur fyrst og fremst orðið fyrir frjálsa félagastarfsemi og fyrir góðan skilning Borgarbókasafnsins í Reykjavík. Auk þess hefur Ríkisútvarpið lagt þessu máli alveg ómetanlega liðveislu. Eins má segja að íslenskir rithöfundar hafi sýnt mikla tilhliðrunarsemi í sambandi við höfundarrétt og gefið hann yfirleitt, og þessi starfsemi hefur verið framkvæmd fyrir sérstaka hjálpsemi fjölda sjálfboðaliða.

Ríkissjóður hefur, eins og ég segi, veitt mjög óverulegt fé til bókagerðar fyrir blinda, gerði það nokkuð að styrkja útgáfu bóka á blindraletri, en það er ekki fyrr en árið 1978 sem Blindrafélagið fær styrk á fjárlögum, sem þá var 1.2 millj. gkr., til hljóðbókagerðar. Árið 1979 féll þetta framlag niður. Á fjárlögum fyrir 1980 voru veittar 4 millj. gkr. til hljóðbókagerðar, og á fjárlögum fyrir árið 1981 var þessi upphæð komin í 80 þús. Á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár er fjárveitingin 222 þús. kr., þannig að þessar tölur hafa smám saman verið að hækka nú allra síðustu árin.

Í þessu frv. segir í 8. gr. að kostnaður við starfsemi Blindrabókasafns skuli greiðast úr ríkissjóði eftir því sem fé verður veitt í fjárlögum. Ég vil því benda á að hér er ekki verið að marka stefnu um bundnar fjárhæðir, heldur er fjárveitingavaldinu ætlað að ákveða frá ári til árs hversu miklu fé skuli varið í þessu skyni. Og þó að í 4. gr. sé gert ráð fyrir að stjórn Blindrafélagsins geri framkvæmdaáætlanir og beri ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum stofnunarinnar, þá er auðvitað alveg ljóst á 8. gr. að fjárráð og framkvæmdageta hlýtur að miðast við fjárveitingar hverju sinni. Það er þess vegna ekki hægt að halda því fram, að hér sé verið að binda ríkinu ófyrirséða bagga, og augljóst að það er í höndum fjárveitingavaldsins að koma þessu máli áfram, sem ég tel reyndar mjög brýnt að verði og sé kominn tími til þess að heimildarlög séu til um þetta málefni. Hér er um mjög mikið — ég vil ekki segja endilega mannúðarmál, heldur er hér

um að ræða sjálfsagða þjónustu við það fólk sem er fatlað, sem er blint eða á einhvern hátt þannig fatlað, að það getur ekki lesið bækur, og það er því miður allstór hópur manna, ekki síst margt gamalt fólk. Og eins og ég sagði fyrr hefur komið í ljós að gamalt fólk á mjög erfitt með að tileinka sér blindraletur, en aftur á móti yfirleitt fullt gagn af því að nota svokallaðar hljóðbækur.

Ég held, herra forseti, að ég hafi þessi orð ekki fleiri nú. Ég gerði miklu rækilegri grein fyrir þessu máli í framsögu fyrir því í Ed. Auk þess eru ítarlegar athugasemdir sem fylgja frv., og ég vísa til þess sem þar stendur. Einnig vil ég minna á það, sem áður hefur komið fram, að hv. Ed. hefur fjallað um málið mjög ítarlega og samþykkt frv. óbreytt eins og það var lagt fyrir. Þannig liggur það nú fyrir þessari hv. deild. Ég vænti þess, að þetta frv. fái góða afgreiðslu í þessari hv. deild eins og var í Ed. þó stutt sé til þingloka. Ég vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og menntmn. þegar umr. er lokið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 22 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353, n. 640). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum nr. 210/1976, um tollskrá, með síðari breytingum, er þmfrv. sem flutt var í Ed. Fjh.- og viðskn. Ed. gerði nokkra breytingu á frv. Frv. fjallar um það að fella niður gjöld af öryggis- og hjálpartækjum fyrir sjón- og heyrnarskerta. Fjmrn. skal hafa samráð um framkvæmdina við augndeild Landakotsspítala og Tryggingastofnun ríkisins, sé um tæki fyrir sjónskerta að ræða, og Heyrnar- og talmeinastöð Íslands þegar um heyrnarskerta er að ræða.

Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur haft þetta frv. til meðferðar og varð sammála um að leggja til að það verði samþykkt óbreytt eins og það var endanlega samþykkt frá Ed. og er á þskj. 353.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 346, n. 642). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. er þess efnis, að við 1. gr laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

„Af innheimtum söluskatti af bensíni tímabilið 1. mars til 31. des. 1982 skulu renna kr. 0.09 af hverjum lítra til framkvæmda í vegamálum 1982."

Það hefur orðið margföldun á innkaupsverði á bensíni á undanförnum árum, sem hefur verið notuð til fjáröflunar fyrir ríkissjóð. Í byrjun síðasta mánaðar hækkaði hver lítri bensíns um 1 kr. eða 100 gkr. Af þeirri hækkun runnu 39 aurar í bensíngjald, en á þá 39 aura var lagður söluskattur að upphæð 9 aurar.

Með þessu frv. er lagt til að sá söluskattur, sem kemur á þessa bensínhækkun, renni til framkvæmda í vegamálum. Er ætlað að sú upphæð nemi á 10 mánuðum, eins og frv. gerir ráð fyrir, um 9 millj. kr. Ég tel mjög eðlilegt að sú tekjuaukning sem verður vegna þessara hækkana renni til þessa sérstaka verkefnis, sem vantar allmikla fjármuni í til þess að standa áætlun eins og gengið var frá vegáætlun fyrir ári.

Fjh.- og viðskn. var ekki á eitt sátt um afgreiðslu þessa frv. Meiri hl. nefndarinnar, sem undirritar nál. á þskj. 642, mælir með samþykkt frv., en minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Umr. frestað.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 192, n. 667, 668). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. menntmn. og brtt. nefndarinnar við frv. til laga um námslán og námsstyrki, sem er 155. mál Nd. Er frv. á þskj. 192, nál. á þskj. 667 og brtt. á þskj. 668.

Nefndin hefur rætt frv. á allmörgum fundum og leitað eftir og fengið umsagnir um það frá ýmsum aðilum. Einnig hefur hún fengið menn til viðtals út af einstökum atriðum frv. Nefndin hefur orðið sammála um að gera nokkrar breytingar á frv. eins og sést á þskj. 668.

Hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson gat ekki verið viðstaddur afgreiðslu málsins. Einnig gat hv. þm. Guðrún Helgadóttir ekki verið viðstödd lokaafgreiðslu málsins vegna opinberra erinda erlendis, en hefur óskað að þess yrði látið getið hér, að hún væri samþykk frv. með þeim breytingum sem á því voru gerðar meðan hún gat setið fundi nefndarinnar. En ég mun síðar gera grein fyrir því, hver breyting var gerð á fundi eftir að hún hafði ekki lengur tækifæri til þess að tjá sig endanlega um það, og er hún að sjálfsögðu óbundin af þeirri breytingu.

Nefndin gerir brtt. við 2. mgr. 3. gr., að hún orðist eins og stendur á þskj. Greinin fjallar um lífeyrisréttindi þeirra sem lán fá frá lánasjóði. Brtt. hnígur í þá átt, að þeir, sem taka ekki lán til náms eða framfærslu sér, eigi þess kost að taka lán til iðgjaldagreiðslu til lífeyrissjóðs, sem í þessu tilfelli er gerð till. um að verði Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er þegar starfandi, og þar sem ekki er vitað til hvers lífeyrissjóðs námsmenn komi til með að greiða í framtíðinni, þegar þeir hafa lokið námi, þótti nefndinni að þetta væri eðlilegur sjóður, sem þeir greiddu í þar til þar að kæmi, að þeir færu út á vinnumarkaðinn og þeirra lífeyrissjóður yrði ákvarðaður.

Nefndin gerir einnig till. um breytingu á 7. gr. frv. Er hún í tveimur stafliðum. Í frv. er sagt að ábyrgð ábyrgðarmanns samkv. 3. mgr. 6. gr. falli niður þegar fyrsta greiðsla hefur að fullu verið greidd. Eftir það er lánþegi einn ábyrgur fyrir greiðslu heildarskuldar.

Nefndinni þótti ekki eðlilegt að þessi háttur væri hafður á með skuldara, að öll ábyrgð vegna tekinna lána félli niður. Það tíðkast yfirleitt ekki í þjóðfélaginu, að menn geti tekið lán og á einhverjum ákveðnum tíma féllu allar ábyrgðir niður og síðan verið við hann einan að eiga hvort greiðsla færi fram eða ekki. Þess vegna hefur nefndin gert það að till. sinni, að í stað tveggja síðustu málsliða 3. gr. komi: „Ábyrgð ábyrgðarmanns samkv. 3. mgr. 6. gr. getur fallið niður þegar fyrsta greiðsla hefur

að fullu verið innt af hendi, enda setji lánþegi aðra tryggingu fyrir lánum, sem stjórn sjóðsins metur fullnægjandi.“ Ég sé ekki að þessi till. þarfnist frekari skýringa.

Í b-lið þessarar till. leggjum við til að einu orði verði bætt inn í. Í frv. stendur: „Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum lánsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr.,“ en við gerum að till. okkar að greinin verði þannig: „Sjóðsstjórn er heimilt að veita námsmönnum lánsaðstoð til bráðabirgða með víxilkaupum gegn venjulegum víxilvöxtum og ábyrgð tveggja manna.“ Við erum sem sagt þarna sama sinnis, að það sé eðlilegt að við þessar lántökur eins og allar aðrar lántökur sé ábyrgð viðhöfð.

Einnig gerum við till. um breytingu á 8. gr. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir var ekki við þá afgreiðslu og ber þar af leiðandi ekki ábyrgð á þeirri breytingu. Er þar gerð sú breyting að í stað endurgreiðslutíma á 30 árum komi 40 ár. Það hefur sýnt sig á þeim útreikningum, sem á endurgreiðslu lána hafa verið gerðir, að ef lán eru há og farið eftir þeim endurgreiðslureglum sem frv. gerir annars ráð fyrir, þá vantar mjög mikið upp á að þessi lán greiðist að fullu. En eitthvað ætti þetta að lagast ef bætt væri við þennan árafjölda, enda gefur 8. gr. að mati nefndarinnar fullnægjandi heimildir til handa stjórninni að veita undanþágur frá fastri ársgreiðslu. Ef um það væri að ræða, sem vel gæti verið, ekki síst nú eftir að menn eru farnir að fara í svo og svo langt nám, fullorðnir menn, að aldur gæti þarna verið til trafala greiðslu, telur nefndin að 8. gr. gefi stjórn sjóðsins fullnægjandi heimildir til að undanþiggja viðkomandi endurgreiðslu ef aldur hamlar.

Þá gerir nefndin að lokum brtt. við 12. gr. frv., 3. málslið. Hún hljóðar þannig í frv.: „Sé námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að dómi sjóðsstjórnar að stunda nám sitt að fullnýttri lánaheimild má veita honum styrk úr sjóðnum“ o. s. frv. Við gerum till. um að skotið sé þarna inn í: má veita honum aukalán eða styrk úr sjóðnum o. s. frv.

Fleiri till. hefur nefndin ekki gert við frv. og það er samdóma álit nefndarinnar, eins og kemur fram í nál., að hún mælist til þess, að það verði samþykkt með þessum breytingum.

Eins og hæstv. menntmrh. gerði grein fyrir í framsögu með frv. felur frv. í sér endurskoðun á gildandi lögum um námslán og námsstyrki, nr. 57/1976. Frv. er í 17. greinum og að auki ákvæði til bráðabirgða. Hefur nefndin gert fimm brtt. En það verður að segjast eins og er, að það efni, sem hér er fjallað um, er á engan hátt einfalt eða auðveldlega ákvarðað hvernig með skuli farið, þar sem misjöfn sjónarmið eru í þjóðfélaginu um gildi menntunar, mat menntunar gagnvart viðkomandi einstaklingi og gagnvart þjóðfélaginu í heild.

Nefndin hallast að því sjónarmiði, að menntun eigi að vera einstaklingnum og þjóðfélaginu til heilla og hagsældar og því beri að styðja við bakið á þeim sem til þess eru færir og til þess hafa vilja að afla sér menntunar. Jafnframt gerir nefndin allmiklar kröfur til þeirra, sem styrks eða fyrirgreiðslu njóta frá samfélaginu, um endurgreiðslu og leggur nokkra áherslu á, eins og brtt. bera með sér, að sú fyrirgreiðsla, sem þjóðfélagið veitir þeim sem menntunar njóta, verði endurgreidd að verulegum hluta.

Þessi atriði, þ. e. að hve miklu leyti kostnaður við menntun skuli greiddur úr hinum sameiginlega sjóði og að hve miklum hluta af viðkomandi einstaklingi, verða eflaust um langa framtíð deiluefni meðal manna, hópa og þjóða. Menntmn. hefur — eflaust af veikum mætti — reynt að meta þessi atriði á sinn hátt. Er niðurstaða hennar ljós á meðfylgjandi brtt. og einnig því, að hún mælir með samþykkt frv.

Nefndinni þykir eðlilegt að ekki séu gerðar snöggar eða örar breytingar á þessu sviði. Þá gætu komið upp atvik sem enginn óskaði eftir eða engan óraði fyrir. Með þeim brtt., sem nefndin gerir við frv., þykir henni að farið sé hógværlega í sakirnar og tillit sé tekið til hinna ýmsu tilvika sem upp geta komið og eflaust koma upp þegar árin líða.

Nefndin hefur reynt, eftir því sem kostur var, að meta hag þjóðfélagsins og einstaklingsins í sambandi við menntun.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. óska ég eftir að málinu verði vísað til 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það var mjög gott samkomulag í nefndinni um þetta mál, og ég hygg að með þeim breytingum, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., sé það þannig úr garði gert, að það geri hvort tveggja í senn: að fullnægja þeim tilgangi, sem gera verður til námslána og námsstyrkja, og tryggja sæmilega vel að eðlilegar endurgreiðslur geti átt sér stað hjá þeim lánþegum sem hafa fjárhagsleg skilyrði til þess að endurgreiða námslánin, — á hinn bóginn séu fullnægjandi fyrirvarar í frv. varðandi þá aðila sem missa heilsu sína eða af öðrum orsökum hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að standa í skilum við lánasjóðinn.

Ég vil jafnframt við þetta tækifæri lýsa því yfir, að það hefur orðið mjög ánægjuleg þróun í sambandi við innheimtu gjaldfallinna lána hjá lánasjóði, og þetta frv. er spor í þá átt að svo geti áfram haldið.

Ég vil við þetta tækifæri aðeins lýsa yfir, að sú skoðun kom fram í nefndinni, að nauðsynlegt væri að sú skipan, sem verið hefur á svokölluðum dreifbýlisstyrkjum, verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar og samræmd reglum lánasjóðsins. Það er ekki fyrir það að synja, að á stundum koma dreifbýlisstyrkirnir þannig út að þeir verka sem átthagafjötrar á fátæka námsmenn vegna þeirrar samræmingar sem orðið hefur á framhaldsskólanum og eins og að þessum málum er staðið.

Ég hygg að námslán og námsstyrkir og dreifbýlisstyrkir þurfi allt að vera undir einum hatti, samræma þurfi reglurnar betur svo að betri heildarsýn fáist.

Ég held, herra forseti, að óþarfi sé að hafa þessi orð fleiri. Ég vænti þess, að málið nái fram að ganga á þessu þingi.

Umr. frestað.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 614). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar sem komið er frá Ed. Eitt frv. af þessum toga er að jafnaði borið fram á hverju reglulegu Alþingi. Frv. er aðeins þrjár greinar. 1. gr. hefur að geyma nöfn 54 manna sem sækja um íslenskan ríkisborgararétt, 2. gr. fjallar um nafnbreytingar og 3. gr. er gildistökuákvæði.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta frv. fleiri orðum, en legg til að því verði að þessari umr. lokinni vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð var stofnað samkv. lögum nr. 21 frá 1931 að tillögu kirkjumálanefndar þeirrar sem skipuð var 1929. Hefur kirkjuráð nú starfað um hálfrar aldar skeið. Til kirkjuþings var stofnað með lögum nr. 43 frá 1957. Hefur það nú starfað nálega aldarfjórðung. Þessar tvær stofnanir þjóðkirkjunnar hafa leyst af hendi mikilvæg störf sem horft hafa til heilla fyrir kirkjuna. Býr kirkjuþing enn við fyrstu lögin, lítið breytt, sem um það voru sett. Lögin um kirkjuráð frá 1931 voru endurskoðuð í tengslum við frv. til laga um kirkjuþing. Voru ákvæðin um kirkjuráð felld inn í kirkjuþingslögin og komu þau í stað laga nr. 21 frá 1931.

Endurskoðun sú, sem nú hefur farið fram á lögum nr. 43 frá 1957, eins og þeim var síðar breytt, er reist á afstöðu kirkjuþings, eins og hún lýsir sér í frv. um breytingar á lögum þessum, er samþykkt var 1976, og í ályktunum þess í nóv. 1980 um tímabærar breytingar á lögunum. Kirkjuráð hefur einnig fjallað um frv. og samþykkt það. Þess skal og getið, að starfsháttanefnd þjóðkirkjunnar vann mikið verk við athugun m. a. á kirkjulöggjöf og samdi drög að frv., þ. á m. varðandi kirkjuþing og kirkjuráð.

Helstu breytingar skal ég nefna í örfáum orðum.

1. Lagt er til að kjörnum kirkjuþingsmönnum verði fjölgað um fimm. Bætt verði við tveimur í Reykjavíkurprófastsdæmi (1. kjördæmi) og myndað verði nýtt kjördæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, og verði þá 2. kjördæmi skipt í tvö kjördæmi, þ. e. Kjalarnesprófastsdæmi, er verður 2. kjördæmi, og Borgarfjarðar-, Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, er verður 3. kjördæmi. Enn fremur er lagt til að guðfræðikandidatar og prestar, sem gegna föstum störfum í þágu þjóðkirkjunnar án þess að bera ábyrgð á prestakalli, kjósi úr sínum hópi einn aðalmann og tvo varamenn til setu á kirkjuþingi. Verður þessi hópur þá kjördeild með sama hætti og guðfræðideild að sínu leyti.

Breyting sú á kjördæmunum, sem hér var reifuð, styðst við augljós rök. Reykjavíkurprófastsdæmi er langfjölmennasta prófastsdæmi landsins með rösklega 2½ sinnum fleiri íbúa en næststærsta prófastsdæmið, Kjalarnesprófastsdæmi, en það er aftur nálega tvisvar sinnum mannfleira en þriðja stærsta prófastsdæmið, Eyjafjarðarprófastsdæmi. Hefur lengi verið ljóst að fulltrúatala úr Reykjavíkurprófastsdæmi hefur verið of lág og að nauðsyn bæri til þess, að Kjalarnesprófastsdæmi yrði sjálfstætt kjördæmi við þingkosningar. Hefur náðst samstaða á kirkjuþingi um þá tilhögun þessara mála sem greinir í frv.

Lagt er til að kjörtímabilið verði 4 ár, en ekki 5 ár eins og nú er.

2. Í 2. gr. frv. er lagt til að vígslubiskupar eigi rétt til fundarsetu á kirkjuþingi. Með því nýtist starfsreynsla þeirra í þágu kirkjuþings.

3. Lagt er til í 1. gr. frv. að kirkjuþing komi saman ár hvert, en ekki annað hvert ár eins og verið hefur. Starfstími verði hins vegar styttur, verði nú allt að 10 dögum en ekki allt að hálfum mánuði eins og nú er.

Ýmis vandkvæði eru því samfara, að þingið starfi annað hvert ár. T. d. er þá ógerlegt að leita umsagnar þingsins um ýmis mál sem upp kunna að koma milli þinga, og þingið getur ekki markað stefnu í málefnum þjóðkirkjunnar með jafnskilvirkum hætti og þörf er á og fylgt henni eftir. Eðlilegt er að kirkjuþing móti í megindráttum stefnu í tillögugerð um fjárveitingar til þjóðkirkjunnar, en þess er ekki kostur miðað við þann starfsgrundvöll sem nú er lögmæltur. Yfirleitt er það almenn regla, að fulltrúasamkomur haldi fundi a. m. k. einu sinni á ári, og reynslan sýnir að þess er þörf ef slík þing eiga að geta valdið hlutverki sínu til hlítar.

4. Til viðbótar þessu felast svo í frv. ýmsar smærri breytingar, þ. á m. um ýmislegt er varðar kosningu til kirkjuþings. Verður vikið að þeim athugasemdum síðar ef þörf krefst.

Ég hef ekki fleiri orð um þetta frv., en legg til að því verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til menntmn. með 23 shlj. atkv.

Hegningarlög, frv. (þskj. 536). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 34 frá 1980, og um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. Ég ætla að fara um það örfáum orðum.

Frv. fjallar um breytingu á sektarmörkum nokkurra laga. Það er þá fyrst sektarákvæði almennra hegningarlaga, sem er í 50. gr. laganna, og enn fremur um breytingu á sektarákvæðum 52 annarra laga sem teljast til svonefndra sérrefsilaga.

1. gr. frv. fjallar um 50. gr. almennra hegningarlaga þar sem ákveðið er hámark sektar samkv. þeim lögum. Af því ákvæði ræðst einnig hámark sektar sem beita má samkv. öðrum lögum sem tiltaka ekki sérstakt sektarhámark. En annar meginþáttur þessa frv. er að fella brott úr refsilögum bundna krónutölu sekta.

Hámark sekta samkv. 50. gr. er 300 þús. kr., en í frv. er lagt til að það verði hækkað í 1 millj. kr. Síðast var þessu ákvæði breytt með lögum frá 1980. Er nú verið að færa mörkin upp vegna verðbólguáhrifa, bæði þeirra sem þegar eru orðin og eins með tilliti til þess, að ekki þurfi að breyta ákvæðinu aftur þegar á næsta ári.

Í 2.—53. gr. frv. er fjallað um viðurlagaákvæði 52 laga

sem hafa að geyma sektarákvæði þar sem ákveðin er krónutala sektarfjárhæðar. Öll þessi ákvæði eiga það sammerkt, að þessi sektarmörk eru orðin úrelt, og í mörgum tilvikum hefur afleiðing þess orðið sú, að lögin hafa orðið óvirk.

Hegningarlaganefnd hefur tekið saman tillögur um breytingar á refsiákvæðum þeirra laga þar sem sektarmörk eru þannig bundin. Eru það um 200 lög. Í stað þess að bera fram frv. til breytinga á öllum þeim lögum var valinn sá kostur að velja úr þau sem að mati nefndarinnar og ráðuneytisins var mest þörf á að breyta í hinum fyrsta áfanga. Þessar tillögur voru kynntar öðrum ráðuneytum og varð samkomulag um að brtt. væru fluttar af dómsmrh. í einu frv. í stað þess að flytja 53 frv. Allar þessar breytingar eiga það sammerkt, eins og þegar er rakið, að niður eru felld ákvæði um tiltekin sektarmörk og lagt til að brot varði sektum, sem merkir þá að mat sektarupphæðar er lagt í hendur dómstóla innan marka ákvæðis 50. gr. almennra hegningarlaga. Þetta þýðir þó ekki að sektir almennt þurfi að hækka að raungildi, en að sjálfsögðu þýðir þetta að sektarákvæði verða virk þar sem þau eru óvirk nú.

Í einstaka tilvikum, svo sem í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, er lagt til að viðurlög verði þyngd og að auk sektar verði heimilt að beita varðhaldi eða fangelsi, ef sakir eru miklar.

Þá er rétt að vekja athygli á því, að lagt er til að sektir renni almennt í ríkissjóð, en í nokkrum tilvikum eiga þær nú að renna í sveitarsjóði. Eftir að löggæsla er nú alfarið rekin á kostnað ríkissjóðs þykir rétt að sektartekjur renni þangað einnig.

Herra forseti. Ég vil leyfa mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Efri deild, 69. fundur.

Föstudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, frv. (þskj. 422). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 541). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Vátryggingarstarfsemi, frv. (þskj. 423). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 701).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545, n. 676). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Í því frv., sem hér liggur fyrir, er fyrst og fremst gert ráð fyrir að innheimtuprósenta í Iðnlánasjóð lækki úr 0.5% í 0.05%, þ. e. að gjaldið verði aðeins tíundi hluti þess sem það hefur verið. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lánahlutfall hækki úr 60 í 70% af kostnaðarverði og lánstími lengist allverulega, eða má segja úr 15 í 25 ár þegar um er að ræða annað en vélakost, en að því er varðar lán til vélakaupa úr 7 árum í 10.

Iðnn. hefur engar athugasemdir fram að færa við frv. og leggur eindregið til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476, n. 680). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 2 1. febr. 1980, um breyt. á lögum nr. 5 13. febr. 1976, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, sbr. lög nr. 7/1982, og breytingu á lögum nr. 84 21. des. 1981.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og orðið sammála um að leggja til að það verði samþykkt óbreytt. Undir nál. rita Stefán Guðmundsson, Egill Jónsson, Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Gunnar Thoroddsen, Geir Gunnarsson og Guðmundur Karlsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584, n. 675). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara að rekja starfssögu Kísiliðjunnar né heldur annað sem viðkemur því frv. sem hér er flutt. Hæstv. ráðh. gerði glögga grein fyrir stöðu Kísiliðjunnar í framsögu með þessu máli svo að ég sé ekki ástæðu til að fara ofan í þá sauma hér. Samkv. frv. er gert ráð fyrir heimild til þess að leggja fram fé vegna aukningar hlutafjár ríkissjóðs í Kísiliðjunni.

Ég vil taka það fram vegna orðskipta sem urðu hér í hv. deild við 1. umr., að ég hafði samband við aðila frá sveitarfélögum á Norðurlandi eystra vegna þess að í frv. er ekki gert ráð fyrir aukningu hlutafjár í eigu sveitarfélaganna til jafns við aukningu hlutafjár í eigu ríkissjóðs. Ég fékk þau svör, að sveitarfélögin gerðu ekkert mál úr þessu, ef ég má svo að orði komast, þetta væri svo lág prósenta hvort eð væri að það hefði alls enga úrslitaþýðingu. Og ég vil minna á það, að sveitarfélögunum stendur ævinlega til boða þrátt fyrir allt að auka hlutafé sitt, auka sína hlutdeild með viðbótarhlutafé, enda þótt ekki sé hugað að því í tengslum við þetta frv.

Iðnn. leggur eindregið til að þetta frv. verði að lögum.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um breytingu á ábúðarlögum, nr. 64 21. maí 1976, er ekki mikið að vöxtum og einfalt að allri gerð. Það á rætur að rekja til þess, að við afgreiðslu kjarasamninga í okt. 1980 lýsti ríkisstj. yfir að hún mundi beita sér fyrir því, að skipuð yrði þriggja manna nefnd fulltrúa Alþýðusambands Íslands, bændasamtakanna og landbrn. til þess að endurskoða ábúðar- og jarðalög með tilliti til hagsmuna orlofsbyggða verkalýðsfélaga. Þessi nefnd, sem raunar varð fimm manna nefnd, var skipuð með bréfi dags. 14. jan. 1981. Í henni áttu sæti Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri og Árni Jónasson erindreki, tilnefndir af bændasamtökunum, Jóhannes Siggeirsson hagfræðingur, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, Arnmundur Backman aðstoðarmaður félmrh., tilnefndur af félmrn., og Sveinbjörn Dagfinnsson ráðuneytisstjóri í landbrn. sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin varð sammála um niðurstöður sínar og lagði til að gerð yrði sú breyting á ábúðarlögum sem birtist með þessu frv. og hlotið hefur afgreiðslu hv. Nd. Sú breyting felur það í sér, að jarðanefnd geti undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð ef jörðin er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

Aðrar breytingar á ábúðarlögum er ekki gert ráð fyrir að gerðar verði samkvæmt þessu frv. Ég legg á það nokkra áherslu að um frv. varð samkomulag þeirra aðila sem að undirbúningi málsins unnu. Breytingar á ábúðarlögum, þ. á m. frekari rýmkun á byggingarskyldu á jörðum, eru nokkuð vandasamar og viðkvæmar og ég legg nokkuð upp úr því, ef hv. deild telur sér fært að afgreiða frv., að ekki verði gerðar á því breytingar sem ætla má að muni vekja deilur.

Að þessum orðum mæltum sé ég ekki ástæðu til að láta fleiri orð falla um þetta einfalda frv. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 380). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta til l. um breytingu á jarðalögum er fylgifrv. þess frv. um breytingar á ábúðarlögum er ég mælti fyrir næst á undan síðasta dagskrárlið.

Frv. gerir ráð fyrir þeim breytingum á jarðalögum, að jarðanefndum verði ætlað það verkefni að gera tillögur um land eða landssvæði til byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og almennra útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni. Einnig geti jarðanefnd heimilað not landa undir rekstur orlofshúsa fyrir félagsmenn stéttarfélaga ef óskir komi fram um það og ekki er álitið að það muni rýra til muna kosti hlutaðeigandi jarða til búskapar.

Þetta er það efni sem í frv. felst og um það var fullt samkomulag þeirra aðila sem að undirbúningi málsins unnu. Ég vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að afgreiða málið eins og það er lagt fram. Frv. hefur hlotið afgreiðslu hv. Nd. eins og það var lagt þar fram fyrr á þessu þingi.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði vísað til 2. umr. að lokinni þessari umr. og til hv. landbn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. landbrh. ósk um að þessi hv. deild, og þá væntanlega sérstaklega landbn. hennar, hraðaði störfum í sambandi við afgreiðslu þeirra tveggja mála sem hann hefur nú mælt fyrir. Að því marki sem það stendur í mínu valdi verður að sjálfsögðu orðið við þeim tilmælum. Mér finnst hins vegar hæstv. landbrh. vera nokkuð tilætlunarsamur í okkar garð þar sem við höfum færri vikur til umfjöllunar í þessari hv. deild um þetta mál, höfum kannske ekki miklu fleiri daga til þeirrar umfjöllunar en landbn. Nd. er búin að hafa mánuði. Út af fyrir sig gætu þessi vinnubrögð hjá landbn. Nd. og þær tafir, sem þar hafa orðið, verið fullt tilefni til þess að málum sem þessum væri stefnt í tvísýnu.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til landbn. með 12 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Frv. þetta er góðkunningi hv. þm. því að samsvarandi frv. hefur verið hér á ferðinni í þinginu allt frá árinu 1978 þegar þessi skattur var fyrst lagður á.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frv. sem svo mjög hefur verið til umr. hér á Alþingi á undanförnum árum og allir hv. þm. gjörþekkja. Ég vil því leyfa mér að leggja til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 ahlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem hér er um að ræða, fjallar um breytingu á lögum um almannatryggingar og gerir ráð fyrir að heimilt verði, samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni, að ákveða að rekstrarkostnaður sjúkrahúsa verði greiddur með svokölluðum beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, eins og ríkisspítalarnir eru nú kostaðir, en ekki með svokölluðu daggjaldakerfi.

Þetta mál hefur hlotið meðferð í hv. Nd. Þar var ágreiningur um málið. Fulltrúar Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu í heilbr.- og trn. Nd. lögðu til að frv. yrði vísað til ríkisstj. þar sem þeir töldu að ekki væri heppilegt að taka stefnumarkandi ákvörðun af því tagi, sem hér er gerð till. um, nú þegar.

Í umr. um málið benti ég á að hér væri í raun og veru bara verið að heimila Alþingi að taka ákvörðun við afgreiðslu fjárlaga um að daggjaldakerfið verði fellt niður á einstökum sjúkrahúsum, en í staðinn verði rekstur þeirra kostaður með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði.

Við umr. í Nd. kom fram sú hugmynd, að það yrði bundið í lögum með ákvæði til bráðabirgða með þessu frv., að rekstur Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri yrði kostaður þegar á næsta ári með hreinum fjárframlögum úr ríkissjóði. Ég lagðist gegn þessari till. með þeim rökum fyrst og fremst, að eðlilegt væri að reyna samningaviðræður við forráðamenn Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri áður en tekin væri ákvörðun um hvort sjúkrahúsið yrði flutt á bein fjárlög. Ég taldi eðlilegra að undirbúa málið í sumar og leggja það síðan fyrir Alþingi í haust til ákvörðunar samhliða fjárlögunum.

Það er augljóst mál, að þann tíma, sem liðinn er frá því að ríkisspítalarnir voru teknir á bein fjárlög, hefur verið betra aðhald í fjármálum þeirra en áður var. Við teljum að með því að taka fleiri sjúkrahús inn á bein fjárframlög úr ríkissjóði sé unnt að koma við betra aðhaldi en verið hefur hjá daggjaldaspítölunum svonefndu. Við teljum að ein meginforsenda þess sé raunar einnig sú, að heilbr.- og trmrn. verði gert kleift að standa betur að rekstrarlegri og faglegri stýringu sjúkrahúsanna en verið hefur. Á þeim forsendum hefur heilbr.- og trmrn. rætt þessi mál við starfsmenn fjmrn.

Við höfum þegar á vegum fjmrn. og heilbr.- og trmrn. undirbúið það, að unnt væri að taka sjúkrahús á bein fjárframlög með rekstrarúttekt sem gerð hefur verið á fimm sjúkrahúsum utan Reykjavíkur. Þessi sjúkrahús eru Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Húsavíkursjúkrahús, sjúkrahúsið í Neskaupstað, sjúkrahúsið í Keflavík og Landakotsspítali. Enn fremur er í undirbúningi sérstök rekstrarleg úttekt á Borgarspítalanum í Reykjavík. Það er mjög nauðsynlegt að láta fara fram rekstrarlega úttekt á þessum stofnunum. Henni er lokið á fimm spítölum, en hún er að hefjast eða mun hefjast fljótlega á Borgarspítalanum í Reykjavík.

Ég tel, herra forseti, þó að þetta mál láti ekki mikið yfir sér og þetta sé ekki stórt þskj. og ekki sé flutt hér ítarleg framsöguræða, að þetta sé í rauninni eitt af stærri málum þessa þings að fjalla um. Hér er verið að ræða um það, hvernig á að verja fjármunum til heilbrigðisþjónustunnar í landinu sem er orðin kostnaðarsöm. Við erum komin þar að tilteknum mörkum, þurfum að staldra við og átta okkur á hvort við komumst þar miklu lengra. Þetta frv. er hugsað af hálfu ríkisstj. sem tilraun til þess að taka málin nokkuð öðrum tökum en gert hefur verið.

Ég vil geta þess að lokum, herra forseti, að í frv. er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að þó að viðkomandi einstaklingar, sem þurfa á sjúkrahúsvist að halda, lendi á sjúkrahúsum sem kostuð eru með beinum fjárframlögum úr ríkissjóði, þá verði sjúkrahúsvist þeirra að sjálfsögðu tryggð eins og annarra. Þess vegna er hér um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 11 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 611). — 1. umr.

Flm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. þm. Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu í þessari hv. deild leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. þetta er flutt fyrir hönd þingflokks Sjálfstfl.

Þingmenn flokksins í stjórnarandstöðu hafa ítrekað flutt frv. og brtt. um skattamál á undanförnum þingum. Þetta frv. er einvörðungu um tekju- og eignarskatt og felur í sér nokkuð fá og afmörkuð grundvallarstefnumið sem Sjálfstfl. hefur fyrr og síðar lagt áherslu á sem áfanga í átt til gagngerrar breytingar og einföldunar á tekjuöflunarkerfi hins opinbera og þar með skattalögum. Þessi grundvallarstefnumið eru:

Í fyrsta lagi að jaðarskatti sé svo stillt í hóf að hann lami ekki athafnaþrá og vinnuframlag manna. Hér er gerð tillaga um að skattar af síðustu tekjum fari ekki fram úr 40% til ríkisins og verði því ekki hærri en rúmlega 50% að meðtöldu útsvari — í stað þess að vera talsvert yfir 60% — og nú eftir að frv. til l. um verðtryggðan skyldusparnað er komið fram er ætlunin að ríkið ráðstafi 70% af síðustu tekjum skattborgaranna

samkv. lögum.

Annað grundvallarstefnumiðið er að tekjuskattur á almennar launatekjur verði felldur niður í þessum áfanga. Nánari skilgreining er sú, að kvæntir verkamenn og iðnaðarmenn með meðaltekjur verði tekjuskattsfrjálsir til ríkisins, svo sem fram kemur í útreikningi Þjóðhagsstofnunar í fskj. með frv.

Þriðja meginatriðið er að eignarskattar verði stórlega lækkaðir. Eignarskattar eru nánast sérstakur skattur á sparnað fyrri ára í flestum tilvikum. Eignarskatta til ríkisins, t. d. á eigin íbúðir, á því að afnema. Hér er lagt til að skattstigar og skattleysismörk eignarskatta verði þau sömu og 1977 og lækki skattbyrðina í það sem hún var áður en vinstri stjórnin breytti skattalögunum haustið 1978.

Fjórða meginatriðið er að fólk verði hvatt til beinnar þátttöku í atvinnulífinu með því að skattleggja arð af hlutabréfum á sem hliðstæðastan hátt og annan sparnað, t. d. í formi ríkisskuldabréfa.

Fimmta meginatriðið er að allt atvinnulíf verði örvað með því að létta af því sköttum að nokkru marki og lækka skattstiga í 53% af félögum, eins og gilti þegar sjálfstæðismenn báru ábyrgð a ríkisfjármálum.

Að sjálfsögðu koma mörg önnur atriði til greina við endurskoðun skattalaga og vísast um sum þeirra til tillögugerðar flokksins á fyrri þingum og einstakra þm. á yfirstandandi þingi. Þess er nú á hinn bóginn freistað að setja fram framangreind fá og afmörkuð grundvallaratriði í skattamálastefnu Sjálfstfl. til umfjöllunar og afgreiðslu á þessu þingi.

Við afgreiðslu fjárlaga var því lýst yfir af hálfu Sjálfstfl., að hann mundi flytja tillögu fyrir þinglok um lækkun tekju- og eignarskatta. Þá þegar lá fyrir að tekjuhækkun milli áranna 1980 og 1981 yrði 52—53% og tekjuskattar og útsvarsstofn hækka samkv. því. Flest bendir til að svo verði. T. d. hækka tekjur í Reykjavík um 54% milli áranna 1980 og 1981 samkv. nýjustu áætlunum. Auk þess hefur Þjóðhagsstofnun nýverið gefið út bækling um ástand og horfur í efnahagsmálum og þar kemur fram að nýjustu áætlanir eru að tekjur hækki um 53% milli ára á hvern framteljanda. Engu að síður var skattvísitala einungis hækkuð með atbeina stuðningsliðs ríkisstj. um 50% og þar með skattstigar og frádráttarliðir einungis hækkaðir um það hlutfall. Útreikningar sýna að tekjuskattur, sjúkratryggingagjald og eignarskattur verða um eða yfir 100 millj. kr. hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir vegna þessara breyttu forsendna að óbreyttum skatttekjum og skattvísitölu.

Samkvæmt fjárlögum og lauslegum útreikningum Reiknistofnunar Háskólans sundurliðast þessi hækkun skatta þannig: Innheimtur tekjuskattur hækkar um 109 millj. kr., sjúkratryggingagjald um 1.5 millj. og eignarskattur um 3 millj. kr. Samtals yrði þessi hækkun því um 113.5 millj. kr. Skylt er að geta þess, að samkvæmt viðtölum við sérfræðinga Þjóðhagsstofnunar gæti þessi skattahækkun orðið nokkru minni í reynd. Verður hér reiknað með að álagning tekju- og eignarskatts gæti orðið 80—90 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir að óbreyttum lögum og skattvísitölu.

Eftir að fjárlög hafa verið afgreidd hefur ýmsum ákvæðum laga, er varða tekjuöflun ríkissjóðs, verið breytt svo sem kunnugt er og nýir skattar lagðir á og aðrir boðaðir en lækkun orðið á öðrum. Nýjustu upplýsingar benda til þess, að í heild yrði skattheimta ríkisins af þessum sökum um 150 millj. kr. meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Er þá ekki meðtalinn verðtryggður skyldusparnaður, en frv. um það efni liggur fyrir Alþingi svo sem kunnugt er. Þessi niðurstaða fæst á eftirfarandi hátt: Tollafgreiðslugjald er áætlað 54 millj. kr., söluskattur ofan á tollafgreiðslugjald 19 millj. kr., framleiðslugjald á sælgæti og kex 8 millj. kr., skattar á innlánsstofnanir 50 millj. kr., tekju- og eignarskattur 90 millj. kr. Á móti vegur að lækkaður er launaskattur um 30 millj., stimpilgjöld um 20 millj. og lækkun tolla 22 millj. kr. Hækkunin nemur nettó 149 millj. kr.

Eftir þessar tilfæringar frá því að fjárlög voru samþykkt um áramót kemur svo frv. um 6% skyldusparnað, eins og ég gat um áðan, en gert er ráð fyrir að það gefi 35 millj. kr.

Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar voru meðaltekjur í fyrra, sem skattar leggjast á, hjá kvæntum verkamanni 128 þús. kr. og hjá kvæntum iðnaðarmanni 140 þús. kr. Að óbreyttum lögum greiddi kvæntur iðnaðarmaður með tvö börn 4866 kr. í tekjuskatt og 19 953 kr. í heildartekjuskatta af þessum tekjum með útsvari og sjúkratryggingagjaldi. Samkv. frv. yrði hann nánast tekjuskattslaus til ríkisins og heildarskattar hans lækkuðu um 4350 kr. Kvæntur verkamaður með tvö börn greiddi 1086 kr. tekjuskatt og 13 074 kr. í heildartekjuskatta. Samkvæmt frv. yrði hann tekjuskattslaus til ríkisins og skattar hans lækkuðu í heild um 3810 kr. Í grg. með frv. er nákvæmur útreikningur Þjóðhagsstofnunar á þessum dæmum.

Sé litið á heildarskattbyrðina mundi hún minnka samkv. frv. um nálægt 325 millj. kr. í tekjusköttum og 75 millj. kr. í eignarsköttum. Samkvæmt lauslegri áætlun um tekjuskatta á félög lækkuðu þeir um 20 millj. kr. og eignarskattur þeirra um 30 millj. Tekjutap ríkissjóðs yrði því um 450 millj. kr. brúttó samkv. þessum tillögum. Skattahækkun frá fjárlögum er á hinn bóginn 150 millj. kr. samkvæmt framansögðu. Niðurskurðarvandinn yrði því nálægt 300 millj. kr., sem er hliðstæð upphæð aukningu niðurgreiðslna sem ríkisstj. áformar á þessu ári.

Fordæmi eru fyrir því, að launþegasamtök hafi fallist á lækkun verðbóta á laun vegna skattalækkana. Slíkt gerðist t. d. í desember 1978. Ekki virðist úr vegi að ríkisstj. ræddi þá leið við launþegasamtökin að lækka skatta a. m. k. að hluta í stað þeirrar hrikalegu aukningar niðurgreiðslna sem áformuð er. Sjálfstæðismenn hafa áður lýst sig reiðubúna til samstarfs í fjvn. og á Alþingi um að skera niður ríkisútgjöld í því skyni að ná fram fyrrgreindum grundvallarsjónarmiðum og skattalækkun sem þetta frv. felur í sér.

Samkvæmt þessu frv. hækka skattleysismörk verulega, eins og að líkum lætur, og í grg. frv. eru sett fram dæmi um það. Skattleysismörk einhleypings eru nú aðeins 57 600 kr., þannig að maður, sem er með hærri tekjur en það, lendir í tekjuskatti af aðeins 57 600 kr. En samkv. frv. hækkuðu þessi mörk í 67 þús. kr. sem dæmi. Ég sé ekki ástæðu til að rekja þessi dæmi frekar þar sem þau eru rakin mjög ítarlega í grg.

Sjálfstfl. hafði á hendi, sem kunnugt er, forræði ríkisfjármála frá 1974 og fram á haust 1978, en þá tók við önnur vinstri stjórnin á síðasta áratug. Ég sé ástæðu til að rifja upp í örstuttu máli stefnuna í skattamálum sem ríkt hefur síðan:

Frá því vinstri stjórnin kom til valda haustið 1978

hefur nýjum og hækkuðum sköttum rignt jafnt og þétt yfir almenning. Sú ríkisstj. hóf feril sinn með því að leggja á afturvirka skatta. Álagningu tekju- og eignarskatta var lokið, en með brbl. ákvað ríkisstj. að bæta 50% viðauka á tekju- og eignarskatta einstaklinga með meiru. Þessir viðaukaskattar hafa síðan verið innifaldir í tekju- og eignarsköttum og skattbyrði þessara skatta hefur þyngst mjög.

Samkv. upplýsingum Þjóðhagsstofnunar hefur skattbyrði eignarskatta aukist sem hér segir frá 1977 — þá voru þeir 0.29% — sem hlutfall af tekjum greiðsluárs: 1978 0.37%, 1979 0.38% og 1982 má gera ráð fyrir að þeir verði 1.58%, þ. e. að skattbyrði eignarskatta hefur tvöfaldast á þessu tímabili á mælikvarða tekna á greiðsluári. Tekjuskattar einstaklinga til ríkisins voru 1977 3.9% sem hlutfall af tekjum greiðsluárs, en verða nú 1982 6.1%. Samkv. því hefur skattbyrðin aukist um 50% í hlutfalli af tekjum þess árs þegar skattarnir eru greiddir.

Vinstri stjórnin lagði á fjölda nýrra skatta jafnframt hækkun tekju- og eignarskatta: gjald á ferðalög til útlanda, skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, aðlögunargjald, auk þess sem hún hækkaði söluskatt um 2%, úr 20 í 22%, haustið 1979 og vörugjald um 6% á sama tíma. Vinstri stjórnin hóf einnig þá skattahækkun á bensín umfram verðlagshækkanir sem hefur aukist síðan án þess að nokkuð sem nemi af þeirri skattahækkun hafi farið til vegamála.

Núv. ríkisstj. hefur viðhaldið öllum vinstristjórnarsköttunum nema nýbyggingargjaldi, sem var hverfandi lítið, auk þess sem aðlögunargjaldið er ekki innheimt lengur, en það var fyrst og fremst markaður tekjustofn til iðnþróunar. Hún lagði á „orkujöfnunargjald", sem í raun er 1.5% söluskattur, og kom söluskatti þar með í 23.5%. Það eitt eykur skattbyrði á þessu ári um 192 millj. kr., en það jafngildir rúmlega 400 þús. gkr. skatti á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu. Þannig hefur hæstv. núv. ríkisstj. haldið fram stefnu vinstri stjórnarinnar í skattamálum.

Sé gerður upp skattreikningur ríkisstjórna síðan 1978 og dregnar frá þær lækkanir á sköttum sem hafa verið framkvæmdar á þessum tíma, fyrst og fremst niðurfelling á söluskatti á matvörur á sínum tíma og lækkun tolla, þá kemur út úr dæminu að skattahækkunin jafngildir rúmlega 20 þús. nýkr. eða 2 millj. gkr. viðbótarálögum á hverja fimm manna fjölskyldu í landinu vegna ákvarðana þessara ríkisstjórna síðan 1978. Þá er ótalin hækkun á útsvörum til sveitarfélaga sem núv. ríkisstj. heimilaði og má giska á að leggi um 150 millj. kr. viðbótarskatt á almenning umfram það sem að framan er talið.

Þegar þessar gífurlega auknu skattaálögur eru hafðar í huga er ljóst að með þessu frv. er einungis stigið örstutt skref í þá átt að minnka skattheimtu og ríkisumsvif nú þegar útlit er fyrir að þjóðin í heild hafi minna til skiptanna í raunverulegum verðmætum á þessu ári. Eins og kunnugt er mun líta svo út sem þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur minnki. Í stað þess að ríkið gangi þá á undan með góðu fordæmi og dragi úr eyðslu sinni og skattheimtu er ætlunin að auka hana.

Að lokum, herra forseti, vil ég gera að umtalsefni hvað skattkerfið er orðið flókið og hvað dýrt er að innheimta suma skatta sem lagðir eru á nú.

Fjöldi tekjustofna er orðinn gífurlega mikill og hann fer sífellt vaxandi. Sem dæmi um það, hvað dýrt er að innheimta suma þessa tekjustofna, mun áætlað að það kosti 33% af byggingariðnaðarsjóðsgjaldi að innheimta það gjald, ýmis tryggingagjöld kosti frá 3—25% af gjöldunum að innheimta þau, matvælaeftirlitsgjald kosti 22% af gjaldinu að innheimta, lestargjald kosti 12%, vitagjald kosti 14%, skipaskoðunargjald kosti 20% af skattinum að innheimta og síldarsölugjald kosti 73%. Þetta eru nokkur dæmi um hvað fáránlegt er að leggja á sum gjöldin, sem í dag eru lögð á, og hvað það kostar gífurlega mikið að innheimta þau.

Tekjustofnar, sem eru markaðir til sérstakra verkefna í lögum, eru nú 31. Þeir, sem ekki eru markaðir sérstaklega í lögum, eru nú 32. Það eru tekjuskattur einstaklinga, eignarskattur einstaklinga, kirkjugarðsgjald, tekjuskattur félaga, eignarskattur félaga, sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sjúkratryggingagjald, almenn aðflutningsgjöld, innflutningsgjald af bifreiðum, gjald af gas- og brennsluolíu, sérstakt vörugjald, söluskattur, orkujöfnunargjald, jöfnunargjald af innflutningi, launaskattur, ferskfisksgjald, síldargjald, iðnaðargjald, iðnlánasjóðsgjald, stimpilgjald, skoðunargjald bifreiða, skrásetningargjald bifreiða, lestargjald, leyfisgjald af gjaldeyrissölu, skattur af ferðamannagjaldeyri, hvalveiðigjald, prófgjald, prófgjald iðnnema, rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverslunarinnar. Og nú nýverið hefur komið einn nýr skattur, sem er illframkvæmanlegur að mér skilst, svokallað tollafgreiðslugjald. Fyrir utan þessa skatta eru svo útsvör, aðstöðugjöld, landsútsvar, fasteignagjöld og gatnagerðargjöld.

Markaðir tekjustofnar eru þó snöggt um fleiri en hér hefur verið talið upp eða 36. Alls eru því lagðar á á milli 70 og 80 tegundir af sköttum og gjöldum, sem sum hver er mjög dýrt að innheimta. Eitt af því, sem er grundvallaratriði í skattamálum, er því að samræma og einfalda þetta skattkerfi. Þetta frv. gengur hins vegar einungis út á það að leiðrétta nokkuð skattaálögurnar í tekju- og eignarsköttum eins og ég sagði áðan.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta mál. Ítarleg grg. fylgir frv. Ég geri tillögu um að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 638 (sbr. 255)). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, nr. 100 frá 23. des. 1952. Frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd. og er komið þaðan nær alveg óbreytt frá því sem það var í upphafi. Ég mun nú gera stutta grein fyrir frv.

Í samræmi við breytingar á löggjöf annarra Norðurlanda um ríkisborgararétt, sem lögfestar hafa verið á árunum 1978 og 1979, fjallar frv. þetta um samsvarandi breytingar á lögum um íslenskan ríkisborgararétt. Núgildandi lög, sem sett voru 1952, voru að aðalefni til algerlega samhljóða þá nýlega settri löggjöf skandinavísku landanna. Íslensku lögunum hefur ekki verið

breytt síðan. Breytingar þær, sem nú hafa verið gerðar á löggjöf hinna Norðurlandanna, snerta fyrst og fremst ríkisfang barna í svokölluðum blönduðum hjónaböndum, þ. e. að bæta átti úr því, að börn, sem eiga erlendan föður en innlenda móður, fengu ekki samkvæmt fyrri lagaákvæðum innlent ríkisfang við fæðingu svo sem enn er hér á landi. Jafnframt er lagabreytingunni ætlað að koma á jafnstöðu karla og kvenna um að börn þeirra leiði ríkisfang jafnt af ríkisfangi móður sem föður. Samþykktir um það efni, sem hér að framan er rakið, voru gerðar með ýmsum hætti af Norðurlandaráði 1970 og af Evrópuráði 1973 og 1977. Höfuðatriði hinna nýju ákvæða eru þessi:

Eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, kemst á jafnstaða með körlum og konum í því efni, að börn giftra foreldra leiða ríkisfang sitt jafnt frá móður og föður. Segja má að þetta atriði hafi verið helsta kveikjan að gerð lagafrv.

Jafnframt leiðir gildistökuákvæði í frv., um afturvirkni framangreindrar reglu í afmarkaðan tíma, til þess að börn íslenskrar móður, sem eru fædd á síðustu 18 árum fyrir gildistöku laganna, fá íslenskt ríkisfang ef hún gefur skriflega yfirlýsingu um þá ósk innan tiltekins tíma. Auk þess að gefa framangreindri reglu afturvirkni er þetta ákvæði til þess fallið í sumum tilfellum að börn íslenskrar móður, sem ekki eiga ríkisfang með henni en e. t. v. fjarlægt ríkisfang föður síns, geti með eðlilegum hætti notið ríkisfangs í heimalandi sínu. Þannig mun hafa háttað til um allmikinn fjölda barna á öðrum Norðurlöndum og þar mun þessi regla væntanlega teljast annar höfuðtilgangur frv. Þessa eru trúlega mun færri dæmi hér á landi.

Í þriðja lagi má nefna að tekin er upp reglan eftir fyrirmynd dönsku laganna um heimild ættleiðenda til að lýsa ættleitt erlent barn undir sjö ára aldri íslenskan ríkisborgara.

Í fjórða lagi er tekin upp í frv. sú lagaregla sem önnur Norðurlönd tóku upp 1968 samkv. tilmælum í alþjóðasamningi um að draga úr ríkisfangsleysi með þeim tilteknu löggjafarráðstöfunum.

Loks er tekin inn í frv. sú lagaregla, sem ekki var tekin upp hér á landi 1952, en gilt hefur milli Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar frá 1950, að dvöl í einhverju hinna ríkjanna jafngildi með ákveðnum hætti dvöl í heimalandi þegar öflun ríkisfangs er annars vegar.

Í örstuttu máli má segja að frv. þetta er flutt til þess að breyta löggjöfinni frá 1952 til samræmis við gildandi rétt hinna Norðurlandanna.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi, en legg til að því verði að lokinni umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 617). — 1. umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 617 frv. til laga um breytingu á lögum um tollskrá. Frv. gerir ráð fyrir því að tollar af vélum til landbúnaðarins verði felldir niður. Það er kunnara en frá þurfi að segja að að þessu leyti býr landbúnaðurinn við óréttlæti þar sem aðrir aðalatvinnuvegirnir, eins og sjávarútvegur og iðnaður, hafa fengið niðurfellda tolla af sambærilegum innflutningi til sinna þarfa. Það hefur komið greinilega fram, m. a. í skýrslu starfsskilyrðanefndar, að að þessu leyti er hlutur landbúnaðarins — og reyndar á fleiri sviðum — miklu lakari en annarra atvinnuvega í landinu.

M. a. með hliðsjón af þessum rökum er hér um réttlætismál að ræða. En hér kemur fleira til. Að landbúnaðinum steðja um þessar mundir miklir erfiðleikar, eins og reyndar öðrum atvinnurekstri í landinu, vegna mikils tilkostnaðar. Þetta kemur m. a. fram í því, að kjör þeirra, sem stunda þennan atvinnuveg og byggja afkomu sína á honum, eru mjög misjöfn. Veldur því m. a. hinn mikli fjármagnskostnaður í þessum atvinnuvegi á hinum allra síðustu árum og sú verðtrygging sem nú er upp tekin jafnt í landbúnaði sem annars staðar í viðskiptalífinu. Ég held að það sé óumdeilanlegt, að það er viss viðleitni fyrir hendi til að bæta hér úr og reyna að snúa ofan af þessu óréttlæti frekar en að láta það safna utan á sig.

Í grg. frv. kemur fram hvað hér er um að ræða. Ekki er um háar upphæðir að ræða að því er varðar tekjutap hjá ríkissjóði, og þegar á það er litið, að með því að draga úr framleiðslukostnaði er þó frekar a. m. k. spyrnt fótum við verðhækkun á landbúnaðarvörum, þá er til efs að hér verði um að ræða það tekjutap sem í er horfandi.

Ég geri mér ljóst að á þessu þingi verður erfitt og kannske útilokað að fá þetta mál afgreitt. Alþm. hafa átt von á því, að málefni landbúnaðarins yrðu rædd hér á Alþingi með skýrari hætti en gert hefur verið og að leitast yrði við að móta hér stefnu, helst sameiginlega stefnu í málefnum þess atvinnuvegar. Það er nú augljóst að svo verður ekki á þessu þingi. Þess vegna m. a. er þetta frv. lagt fram til að sýna að vilji er fyrir breytingu sem þessari. Og þótt þetta mál gangi ekki fram núna verður það tekið upp á næsta Alþingi til frekari áherslu og — að því er ég vænti — afgreiðslu.

Ég legg svo til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Loðdýrarækt, frv. (þskj. 659). — 1. umr.

Flm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Á þskj. 659 hef ég leyft mér að flytja frv. til l. um breyt. á lögum nr. 53 frá 29. maí 1981, um loðdýrarækt. Flm. að þessu frv. ásamt mér eru hv. þm. Stefán Jónsson, Eiður Guðnason, Egill Jónsson og Davíð Aðalsteinsson.

Tilgangurinn með flutningi frv. þessa er sá, að inn í lög um loðdýrarækt komi ákvæði um að fella skuli niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjöld af efni og búnaði til loðdýrabúanna svo og vélbúnaði og tækjum til fóðurstöðva og pelsverkunar og hvers konar öðrum sérhönnuðum búnaði til loðdýraræktar. Fjárfestingar í upphafi eru erfiðastar fjárhagsafkomu í loðdýrarækt svo og öðrum atvinnurekstri, ekki síst eftir að tekin var upp

sú stefna að verðtryggja lánsfé.

Um alllangt skeið hefur mönnum verið ljóst að auka beri fjölbreytni atvinnulífs í sveitum. Byggja þarf upp nýjar búgreinar og renna fleiri og styrkari stoðum undir afkomumöguleika bænda. Hefðbundnar búgreinar hafa átt við vaxandi örðugleika að stríða í markaðsmálum. Stöðugt hefur breikkað bilið milli þess verðs, sem bændur þurfa að fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og þess verðs, sem fáanlegt er fyrir þær erlendis. Þessu bili hefur verið mætt með útflutningsuppbótum. Er um það ákvæði í lögum að greiða vissa upphæð af framleiðsluverðmæti landbúnaðarafurða í útflutningsuppbótum, en á undanförnum árum hefur það ekki dugað og sífellt þurft að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta við það fjármagn. Í fréttum undanfarna daga hefur einnig komið fram að enn er vissulega þörf á auknu fjármagni til þess að mæta þeim vanda, að bændur fái fyrir framleiðsluvörur sínar það verð sem þeim er ætlað, enn vanti fjármagn til útflutningsuppbóta.

Á síðustu 2—3 árum hefur reynst óhjákvæmilegt að draga mjög úr framleiðslu mjólkur og mjólkurafurða og er nú nær eingöngu miðað við innanlandsneyslu. Horfur á útflutningi dilkakjöts á þessu ári eru tvísýnar og getur þurft einnig að draga úr framleiðslu sauðfjárafurða eins og nú horfir í markaðsmálum. Mjög brýnt er að reyna að leita allra leiða til þess að finna nýja markaði fyrir dilkakjötið, því að við þurfum á ullinni og gærunum að halda til að geta haldið uppi þeim iðnaði sem byggist á þessum hráefnum.

Árið 1979 varð samkomulag um breytingar á jarðræktarlögum í þá veru að draga úr fjárveitingum til jarðræktar og annarra framkvæmda sem fyrst og fremst þjónuðu hinum hefðbundnu búgreinum, en verja í þess stað auknu fjármagni til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði og auðvelda á þann hátt þá stefnubreytingu sem menn voru sammála um að þyrfti að eiga sér stað í landbúnaðinum, þ. e. að draga úr framleiðslu í hinum hefðbundnu búgreinum og reyna í þess stað að leita nýrra leiða. Því miður vantar mikið á að staðið hafi verið að fullu við þau fyrirheit, sem gefin voru í þessu samkomulagi árið 1979, og fjármagn til hagræðingar hefur verið skorið niður. Þar af leiðandi hefur þróunin frá hefðbundnum búgreinum inn á nýjar brautir orðið hægari en æskilegt væri, miðað við þau skilyrði sem fyrir hendi eru í markaðsmálunum. Nokkur þróun hefur þó orðið í fiskrækt og loðdýrarækt. Á undanförnum árum hafa risið nokkrar fiskræktarstöðvar víða um land, sem vissulega lofa góðu, og stofnuð hafa verið allmörg minka- og refaræktarbú, einkum þó á tveimur til þremur seinustu árum.

Refarækt var stunduð allvíða hér á landi rétt fyrir síðustu heimstyrjöld, en lagðist niður þegar verðfall varð á skinnum í lok stríðsins. Árið 1969 voru samþykkt lög um loðdýrarækt. Hófst minkarækt hér á landi upp úr 1970. Stofnuð voru átta minkabú. En því miður átti þessi nýja starfsemi við ýmsa erfiðleik að etja. Stofnkostnaður var mikill og búin urðu fyrir áföllum þannig að nokkur þeirra hættu starfsemi. Nú munu aðeins vera starfandi fjögur minkabú, en áhugi manna á þessari starfsemi aftur mjög vaxandi. Refarækt hófst að nýju fyrir þremur árum. Er því ekki mikil reynsla komin á þá starfsemi enn þá, en óhætt mun að segja að upphafið lofi góðu. Sú hætta er hins vegar enn fyrir hendi, að mikill stofnkostnaður og hár fjármagnskostnaður leiði til þess, að íslensk loðdýrarækt eigi erfitt uppdráttar og verði ekki samkeppnisfær á þeim mörkuðum, sem keppa þarf á við þróaða framleiðslu frá nágrannaþjóðunum, og sagan upp úr 1970 endurtaki sig.

Mikil áhersla er nú á það lögð af hálfu Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands og Sambands ísl. loðdýraræktenda að loðdýrarækt verði framtíðarbúgrein á Íslandi. Jafnframt verði búið þannig um hnútana að hún geti létt undir með hefðbundnum búgreinum vegna þess samdráttar sem þegar hefur átt sér stað og enn virðist blasa við, eins og ég hef getið um áður, og á þennan hátt megi betur tryggja afkomu bænda og styrkja búsetu í dreifbýli. Á nýafstöðnu Búnaðarþingi voru ítrekaðar fyrri samþykktir Búnaðarþings um að loðdýrarækt verði fyrst og fremst stunduð sem aukabúgrein á bændabýlum og skapi þannig aukið öryggi og komi í sem mestum mæli í veg fyrir röskun er leiða kynni af samdrætti í hefðbundnum búgreinum. Í ályktuninni segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þingið telur brýnt að leiðrétt verði samkeppnisstaða loðdýraræktarbænda gagnvart svipuðum erlendum atvinnugreinum með niðurfellingu á söluskatti og aðflutningsgjöldum á aðföngum og þjónustu þessara búgreina þannig að loðdýrabúskapur njóti hliðstæðra kjara og gilda um útflutningsgreinar í samkeppnisiðnaði."

Í grg. með þessari ályktun Búnaðarþings er lögð áhersla á það áhugamál loðdýraræktenda, að skinnaframleiðslunni séu sköpuð sem líkust skilyrði og gerist með erlendum samkeppnisaðilum. Með fullri sanngirni má benda á að mjög er líkt á komið með þessari framleiðslugrein og ýmsum greinum svonefnds samkeppnisiðnaðar eins og þær eru skilgreindar. Má þar nefna ullar- og gæruiðnað, úrvinnslu sjávarafla o. fl. Það verður að teljast fullkomlega eðlilegt að loðskinnaframleiðendur njóti sömu kjara og fyrirgreiðslna og þessir aðilar hvað snertir eftirgjöf á kostnaði við öflun aðfanga.

Margt bendir til þess, að loðdýrarækt sé æskileg búgrein hér á landi. Íslenskur landbúnaður hefur ávallt byggt á kvikfjárrækt fyrst og fremst. Eru því líkur á að bændur hér geti fljótt náð tökum á þessari grein búskapar. Þá má einnig nefna að hér fellur til mikið af góðu hráefni frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum sem vel er fallið til fóðurgerðar handa loðdýrum. Loðdýraræktin getur nýtt mikið magn af verðlitlum fiskúrgangi frá frystihúsunum og sláturúrgang og feitmeti frá sláturhúsunum, sem að öðru leyti er tiltölulega verðlítið, en nýtist mjög vel sem fóður í loðdýrarækt. Einnig má benda á að veðurfar hér á landi er talið mjög ákjósanlegt, þar sem ekki er hætta á miklum hitasveiflum, t. d. á gottíma á vorin, en víða þar sem loðdýrarækt er stunduð er þetta mikið vandamál. Vegna þess, hve skinn eru létt, er flutningskostnaður frá framleiðanda til uppboðshaldara erlendis óverulegur hluti miðað við verðmæti skinnanna. Þurrkuð loðskinn má selja og flytja milli allra landa tollfrjálst.

Loðdýraræktin er að því leyti frábrugðin hefðbundnum íslenskum landbúnaði, að afurðir hennar eru seldar á erlendum uppboðsmörkuðum. Þar ríkir hin fullkomna samkeppni við skinnaafurðir annarra þjóða. Á sama hátt og orðið samkeppnisiðnaður er notað um þær greinar íslensks iðnaðar sem keppa við erlendan iðnað, innanlands sem utan, er réttnefni að kalla íslenska loðdýrarækt samkeppnislandbúnað. Skinnaframleiðendur á Íslandi hafa sannað að þeir geta framleitt skinn með fullkomlega

sömu gæðum og starfsbræður þeirra í öðrum löndum. Vissar forsendur benda jafnvel til þess, að hægt sé að framleiða skinn í hærri gæðaflokkum hér en annars staðar ef vel er búið að þessari atvinnugrein. Því þarf að búa loðdýraræktinni samkeppnishæfa stöðu gagnvart erlendum keppinautum og ekki lakari en gerist með útflutningsiðnaðinum.

Í nágrannalöndum okkar, Bretlandi og Norðurlöndunum, hefur verið mikil gróska í loðdýrarækt tvo til þrjá síðustu áratugina. Í þessum löndum er lögð áhersla á að skapa loðdýrarækt sem hagstæðust skilyrði. Þannig eru danskir loðdýraræktendur undanþegnir greiðslu hvers konar opinberra gjalda af búnaði og húsum sem til framleiðslunnar þarf.

Þó reynsla af loðdýrarækt hér á landi sé ekki mikil hefur hún samt þegar leitt í ljós að það er eitt og annað sem þarf að lagfæra og betur má fara, svo að starfsskilyrði þessarar búgreinar, sem nú er að ryðja sér hér til rúms að nýju, verði sem ákjósanlegust. Undirstaða þess, að vel geti tekist með uppbyggingu þessarar búgreinar, er næg fræðsla og leiðbeiningar um meðferð og fóðrun dýranna. Loðdýrarækt er eins og hver önnur búfjárrækt, hún tekst því aðeins að sá, sem stundar hana, hafi þekkingu og áhuga á starfi sínu og sé nærfærinn við hirðingu dýranna og geri hvert verk á réttum tíma. Hann þarf að vera nákvæmur og samviskusamur í vinnubrögðum, sem reyndar á að sjálfsögðu við um öll störf.

Gæta þarf þess, að verðlagning á hráefni í fóðurgerð sé sanngjörn og eðlileg. Hráefnið er úrgangur að mestu leyti frá sláturhúsum og fiskvinnslustöðvum. Verður að teljast óeðlilegt, þegar möguleikar finnast til að nýta þetta hráefni eða þennan úrgang, að verðið sé þá hækkað til muna. Forráðamenn fóðurstöðva loðdýrabúanna hafa orðið varir við tilhneigingu til að hækka fóðurhráefnið. En við verðum að gæta þess, að fóðurverð sé hér eins lágt og framast er unnt, og eigum að hafa til þess alla möguleika.

Þá verður einnig að horfast í augu við það vandamál sem komið hefur í ljós, að minkastofninn, sem upphaflega var fluttur til landsins, var sýktur af svokallaðri „aleutian"-veiki, sem er smitandi veirusjúkdómur og hefur mikil áhrif á frjósemi og skinnagæði og dregur dýrin að lokum til dauða. Veiki þessi er nú komin á það hátt stig að sýking er orðin allt að 90% í stofni þriggja minkabúa norðanlands. Að mati kunnáttumanna er talið ógerlegt að útrýma veiki þessari á svo háu stigi nema með skipulegum niðurskurði og sótthreinsunaraðgerðum og síðan með kaupum á heilbrigðum stofni. Er því líklegt að Alþingi verði að setja lög um skipulagðan niðurskurð á alimink hjá þeim búum, þar sem dýr eru sýkt af þessari veiki, og veita aðstoð þeim bændum sem endurnýja þurfa dýrastofn sinn vegna niðurskurðar.

Ljóst er að eitt af frumskilyrðum þess, að loðdýrarækt nái að festa rætur og verða trygg atvinnugrein hér á landi, er að starfsemin fáist viðurkennd sem „samkeppnisbúgrein" hliðstæð samkeppnisiðnaði, eins og ég hef vikið að hér á undan. Frv. því, sem hér er flutt, er ætlað að koma til móts við framangreind sjónarmið. Tekjutap ríkissjóðs af frv. þessu, ef að lögum verður, er mjög óverulegt þar sem hér er um tiltölulega nýja starfsemi að ræða, svo að ríkissjóður hefur ekki enn haft tekjur sem neinu nemur af þeim aðflutnings- og sölugjöldum sem hér er lagt til að fella niður. Samband ísl. loðdýraræktenda hefur lagt mikla áherslu á þetta atriði og gert það að einu af sínum aðalbaráttumálum, svo sem fram kemur í bréfi sambandsins til Búnaðarfélags Íslands sem fylgir með grg. þessari merkt fskj. I. Er þar lögð áhersla á kröfur þeirra og óskir um endurgreiðslu aðflutningsgjalda og endurgreiðslu söluskatts eða sölugjalds.

Á fskj. II með grg. frv. eru taldir upp þeir vöruflokkar sem helst kemur til álita að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjöld af. Listi þessi er þó ekki tæmandi, en gefur vísbendingu um hvað þarna er um að ræða. Af listanum má sjá að sumt af vörunum er nú þegar í lágum tollflokki, jafnvel tollfrjálst, en annað er í allt að 70—80% tolli. Vörugjald og jöfnunargjald er á sumum þessum vörutegundum, ekki þó á öllum, en söluskattur fellur á allar vörurnar. Hér er um að ræða vörur í sjálf loðdýrabúin, svo sem vírnet og ýmislegt annað sem til þeirra þarf, tæki og áhöld til skinnaverkunar, blöndunarvélar í fóðureldhús, fóðrunarvélar, drykkjarker og brynningarkerfi, hreiðurkassa svokallaða og ýmsar aðrar vörur sem nauðsynlegar eru við þessa búgrein. Sumt af þessum vörum er e. t. v. svo sérhæft að ekki verði notað til annarrar starfsemi en þeirrar sem hér um ræðir og mætti því fella niður aðflutningsgjöld og sölugjaldið, en með annað er þannig háttað, að það eru vörur sem geta nýst við margvíslega aðra starfsemi. Verður þá að koma til endurgreiðsla á gjöldunum. Má í því sambandi hafa hliðsjón af því, að Þjóðhagsstofnun hefur metið svokallaðan uppsafnaðan söluskatt sem hlutfall af veltu fyrirtækja í iðnaði og síðan gefið fjmrn. ársfjórðungslega upplýsingar um útflutningsverðmæti iðnfyrirtækjanna. Trúlegt er að hafa verði hliðstæðan hátt á hér, þ. e. að meta hversu mikið hlutfall viðkomandi gjöld eru af framleiðslukostnaði í loðdýraræktinni og endurgreiða síðan aðflutningsgjöldin og söluskattinn í hlutfalli við það.

Þar sem hér er um að ræða ákvæði er varða tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum og sölugjaldi og þannig háttar til, að um endurgreiðslu á sköttum yrði að ræða í sumum tilvikum, þykir rétt að fjmrh. setji reglugerð um framkvæmd þessarar lagagreinar.

Ég vil að lokum leggja áherslu á mikilvægi þess að efla og treysta grundvöll loðdýraræktarinnar. Ég er þess fullviss, að á komandi árum muni hún verða stærri og stærri hluti af íslenskum landbúnaði og muni á þann hátt koma til með að létta verulega undir í þeim erfiðleikum sem okkar hefðbundnu búgreinar virðast nú eiga við að etja.

Ég vænti þess, að ákvæði frv. eigi skilningi að mæta hjá hv. alþm. og málið fái skjóta afgreiðslu í meðförum þingsins. Að lokum legg ég til, herra forseti, að máli þessu verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Egill Jónsson: Herra forseti. Það er mér að sjálfsögðu mikill heiður að vera meðflm. að þessu frv. ásamt þeim heiðursmönnum sem þar eru aðrir flm. Þannig stóð á sama daginn og hv. frsm., 1. flm. þessa frv., hafði samband við mig um flutning þess, að ég hafði nánast útbúið frv. í framhaldi af því frv. sem ég lýsti hér áðan, um breytingu á tollskrá, frv. um tollalög, með það fyrir augum að fella niður aðflutningsgjöld af þeim vörum sem sérstaklega tilheyra loðdýrarækt.

Út af fyrir sig er hægt að fara tvær leiðir í þeim efnum. Annars vegar þá, sem frv. gerir ráð fyrir, og hins vegar að breyta tollskrá. Það, sem veldur á vissan hátt erfiðleikum í þeim efnum, er að sumt af þeim vörum, sem þessar

búgreinar nota, er einnig til nota á öðrum sviðum í viðskiptalífinu. Þarf þá að fara þá leið, sem þarna er gert ráð fyrir, að fá endurgreiðslur. Þetta er í rauninni nokkuð flókið mál og ég er satt að segja nokkuð efins í að þessi leið sé fær. Aftur á móti eru sumar vörur, sem fluttar eru inn vegna loðdýraræktarinnar, alveg aðgreindar. Má þar nefna t. d. búrin og girðingarnetin sem til þessara þarfa eru. Þar af leiðandi er á vissan hátt hægt að gera breytingar í sambandi við tollskrá sem mundu stórbæta aðstöðu þessara auka- eða nýbúgreina. En nóg um það.

Það, sem skiptir hér miklu meira máli og þá sérstaklega með tilliti til þess, að Alþingi sígur nú svo mjög til enda, er sú viðurkenning sem kemur fram með flutningi þessa máls.

Ég get ekki varist því að minnast hér aðeins á hagræðingarféð í landbúnaði. Það er sannarlega með mjúkum orðum sem frsm. þessa frv. hefur farið hér um það mál. Það er gott til þess að vita ef framsóknarmenn eru að komast að því, að þau fyrirheit, sem formaður þess flokks gaf árið 1979 og samdi um við bændasamtökin, hafa verið svo að segja alveg gjörsamlega svikin.

Formaður Framsfl. sagði í ræðu á miðstjórnarfundi þess flokks, að það væri illt til þess að vita að við þetta hefði ekki verið staðið. Síðan sú ræða var flutt hefur verið haldið áfram á þessari sömu braut. Það litla, sem var ætlað til þessa máls í fjárlögum, hefur nú nánast verið algjörlega afmáð. Þeir heiðursmenn úr Framsfl., sem heyra mál mitt, geta því borið formanni sínum þau tíðindi, að hann hafi nú efni í ræðu á næsta miðstjórnarfund, þar sem hann getur talað um áframhaldandi niðurskurð á hagræðingarfénu, áframhaldandi svik á þeim loforðum sem hann sjálfur gaf bændunum í landinu árið 1979. Það er óhjákvæmilegt, þegar fjallað er um þessi mál, að minna á þetta, jafnmiklar vonir sem við þetta voru bundnar. Það skal tekið fram og það liggur fyrir skjalfest, að auðvitað gerði ég mér ljóst og margir aðrir sjálfstæðismenn að þetta yrði svikið, eins og raun sannar nú.

Það er kannske líka með tilliti til þessarar reynslu að velviljaðir menn, eins og hv. frsm., velviljaðir menn í garð bændastéttarinnar í landinu eru farnir að þreifa fyrir sér með nýjar leiðir. Samkomulagi við ríkisvaldið er ekki að treysta. Af því hafa menn reynslu, ekki einungis á þessu sviði, heldur mörgum öðrum. Það getur vel verið og ég vona að það gefist tími til þess, áður en þessu Alþingi lýkur, að ræða þá þætti mála nánar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til hv. fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 633). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þetta frv. felur í sér nokkrar allveigamiklar breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og er gerð grein fyrir þeim breytingum í grg. frv. Þar kemur fram að húsnæðismálastjórn hefur á undanförnum misserum farið yfir lög um Húsnæðisstofnun ríkisins og reynslu þá sem fengist hefur af lögunum. Hún hefur orðið sammála um að gera nokkrar brtt. við lögin og er gerð grein fyrir þeim helstu á bls. 7, 8 og 9 í athugasemdum við lagafrv. þetta.

Fyrsta breytingin kemur fram strax í 1. gr. Þar er tekið inn ákvæði þess efnis, að framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins á næsta ári skuli vera tvöfalt hærra að verðgildi en framlagið á fjárlögum ársins 1982 eftir að sett hafa verið sérstök lög um aukna fjáröflun til Byggingarsjóðs ríkisins. Hér væri um að ræða hækkun sem næmi 50—60 millj. kr. á verðlagi fjárlaga ársins 1982. Þetta ákvæði byggist á því, að í haust verði lagt fyrir Alþingi frv. sem tryggi Byggingarsjóði ríkisins þann tekjustofn sem þarf til að standa undir þessum útgjöldum, og samsvara tekjur Byggingarsjóðs ríkisins þá, að samþykktum slíkum lögum, þeim tekjum sem koma af 1% launaskatti.

Í þeim tillögum, sem húsnæðismálastjórn gerði til mín, var gert ráð fyrir að tekjur af 1% launaskatti rynnu beint í Byggingarsjóð ríkisins. Miðað við það fyrirkomulag, sem nú er á þessum málum, hefði þetta haft í för með sér að tekjur ríkissjóðs hefðu lækkað frá því sem ella væri um nokkra tugi milljóna nýkróna. Ríkisstj. telur að ekki sé unnt að taka ákvörðun um slíka skerðingu á stöðu ríkissjóðs nema jafnhliða sé tekin ákvörðun um aðrar tekjur í staðinn. Þessi afstaða ríkisstj. byggist á sömu forsendum og sú afstaða sem stuðningsmenn stjórnarinnar hafa tekið á Alþingi í vetur þegar fluttar hafa verið tillögur um útgjöld til Byggingarsjóðs ríkisins, útgjöld sem áttu að koma út í hallarekstri ríkissjóðs, að þær tillögur hafa jafnan verið felldar vegna þess að ríkisstj. hefur ekki verið reiðubúin til þess að stuðla að hallarekstri ríkissjóðs í tengslum við þau mál sem hér er um að ræða.

Varðandi þetta fyrsta og stærsta ákvæði í frv. vil ég enn fremur segja það, að vorið 1980, þegar lögin um Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna og Húsnæðisstofnun ríkisins voru til meðferðar, var ríkisstj. legið mjög á hálsi fyrir það, að með þessum lögum væri hún að tefla fjárhag sjóðanna og Húsnæðisstofnunarinnar mjög í tvísýnu. Í umræðum um málið á Alþingi þá um vorið kom það strax fram, að ég taldi að ljóst væri að sæmilega væri séð fyrir hlut Byggingarsjóðs ríkisins á árunum 1980 og 1981, það gæti orðið nokkuð erfitt á árinu 1982 og alla vega væri ljóst að á því ári yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að Byggingarsjóður ríkisins gæti sinnt hlutverki sínu, m. a. tekið upp þá nýju lánaflokka, sem um er að ræða, á árinu 1983. Þarf því engum að koma á óvart þó að það sé stefnuákvörðun ríkisstj., sem kemur fram í 1. gr. þessa frv., að auka beinar tekjur Byggingarsjóðs ríkisins. Það er nauðsynlegt að gera. Þar er ekki verið að viðurkenna neinar nýjar staðreyndir, eins og ætla mætti af málflutningi sumra hv. stjórnarandstæðinga, heldur er hér eingöngu um það að ræða, að ríkisstj. er að standa við þær yfirlýsingar sem gefnar voru þegar lögin voru samþykkt vorið 1980.

Ég mun hér á eftir fara nokkru nánar yfir fjárhag Byggingarsjóðs ríkisins og lánsfjárhæðir í einstökum atriðum, en ætla að halda áfram nú að gera grein fyrir frv. sem slíku.

Önnur brtt. frv. gerir ráð fyrir því, að lögð verði sérstök áhersla á að greiða fyrir byggingu leiguíbúða. Lagt er til að það verði gert með þeim hætti að fella niður það bann sem jafnan hefur verið í lögum við því að veita einstaklingum, sem eiga íbúð, lán til að byggja leiguíbúðir. Eftir að öll lán hafa verið verðtryggð er ekki talin

ástæða til að neita þeim um lán til nýbygginga sem vilja leggja fjármagn í nýbyggingar. Sama gildir þá um fyrirtæki sem vilja byggja leiguíbúðir fyrir starfsfólk sitt. Tilgangurinn með þessari breytingu er að örva byggingar leiguíbúða fyrir almennan markað og afnema úreltar hömlur úr lögunum.

Þriðja meginbrtt. frv. gerir ráð fyrir því að koma til móts við þann mikla áhuga og þá miklu þörf sem er fyrir byggingu íbúða og vistheimila fyrir aldrað fólk, en þessi áhugi hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Þrátt fyrir stórauknar fjárveitingar til þessara mála vantar enn mjög mikið á að þörfinni sé fullnægt. Sérstaklega eru sveitarfélög, sem í slíkum byggingum standa, í miklum vanda með að fjármagna þær. Þess vegna er lagt til í frv. að heimila einnig stofnunum, sem byggja íbúðir og vistheimili fyrir aldraða, að selja skuldabréf þeim einstaklingum sem með kaupum á skuldabréfum vilja tryggja sér rétt til íbúðar eða vistar á dvalarheimili. Vegna þeirra, sem ekki eiga fjármagn, eru hins vegar settar skorður, að ekki má ráðstafa nema helmingi íbúðanna gegn sölu skuldabréfa nema með sérstöku leyfi húsnæðismálastjórnar. Á það ákvæði að tryggja rétt þeirra sem ekki eiga fjármagn til kaupa á skuldabréfum.

Hér held ég að um sé að ræða mjög merkilegt ákvæði sem í rauninni geti losað um talsvert fjármagn sem fólk er með hugsanlega handa á milli og vill gjarnan verja til þess að tryggja sér sæmilega íbúð en minni íbúð á efri árum.

Fjórða meginbrtt. frv. gerir ráð fyrir nokkurri breytingu varðandi hlutfall lána. Í 35. gr. gildandi laga er ákveðið að allir skuli fá lánað sama hlutfall af byggingarkostnaði staðalíbúðar miðað við fjölskyldustærð. Með frv. er lagt til að heimila að lána hærra hlutfall til þeirra sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð á s. l. tveimur árum.

Fimmta brtt. frv. er ein sú stærsta og í rauninni sú sem vafalaust vekur einna mesta athygli því að hún snertir kaupskylduákvæði núgildandi laga.

Kaupskylda á íbúðum í verkamannabústöðum, sem koma til endursölu, hefur vakið nokkrar umræður meðal sveitarstjórnarmanna og sætt nokkurri gagnrýni við framkvæmd laganna. Kaupskyldan var sett á sveitarfélögin vegna þess að íbúðir í verkamannabústöðum voru á nokkrum stöðum seldar hæstbjóðanda og lög og reglugerðir voru virt að vettugi að talið var. Í þessu frv. er lagt til að kaupskyldan nái ekki til eldri verkamannabústaða og aðeins til þeirra íbúða sem byggðar eru samkvæmt lögum nr. 51/1980. Þá er kaupskyldutími á nýrri íbúðum einnig styttur úr 30 árum í 15 ár. Með þessu ákvæði er komið til móts við óskir sveitarstjórnarmanna í landinu, en í tillögum húsnæðismálastjórnar, sem ég gerði grein fyrir í upphafi ræðu minnar, var gert ráð fyrir að kaupskyldan yrði almennt stytt úr 30 í 15 ár. Í þessu frv., eins og það er nú flutt af ríkisstj., er gengið nokkru lengra en húsnæðismálastjórn gerði tillögur um, og er það í samræmi við óskir frá samtökum sveitarstjórnarmanna. Í stað kaupskyldu á eldri verkamannabústöðum er í frv. gert ráð fyrir forkaupsrétti, eins og fram kemur í texta þessum.

Sjötta brtt., sem ég vil hér gera grein fyrir, er um breytingar á reglum um framreikning á verði íbúða í verkamannabústöðum og matsgerðir við eigendaskipti. Það er gert ráð fyrir því í frv., að reglur um þetta verði gerðar fyllri og skýrari en verið hefur. Mikilvægasta breytingin er að hætta að láta eigendur íbúðanna öðlast verulega aukinn rétt aðeins við 10 eða 20 ára eignarhald á íbúðunum. Í stað þess er með frv. lagt til að þeir, sem eiga íbúð í verkamannabústað, eignist tiltekinn rétt til eignarauka fyrir hvert ár sem þeir hafa átt íbúðina. Er þar um verulega réttarbót að ræða fyrir þá sem þurfa að selja íbúð sína áður en þeir hafi átt hana í 10 ár samtals.

Sjöundi þátturinn, sem ég vil nefna í þessu frv., snertir skyldusparnað ungmenna sem var fyrst settur í lög árið 1957 og hefur síðan lengst af verið einn helsti tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins.

Með breytingum, sem orðið hafa á ávöxtun sparifjár, var þess hins vegar ekki gætt lengi vel að bæta sem skyldi ávöxtun þessa fjár unga fólksins. Þess vegna fór það svo að þessi tekjustofn Byggingarsjóðs ríkisins féll mjög verulega. Þrátt fyrir stórlega bætta ávöxtun skyldusparnaðarins, sem er nú sennilega eitt besta sparnaðarform sem völ er á, gefur langmestar tekjur eins og sakir standa, vegna þess að hér er ekki einasta um að ræða góð kjör og verðtryggð með vöxtum, heldur er hér einnig um að ræða skattfrjálst sparifé, þannig að ég hygg að hér sé um að ræða hagstæðasta sparnaðarform sem til er, — en þrátt fyrir þetta er greinilegt að þessi tekjustofn skilar ekki þeim tekjum til Byggingarsjóðs ríkisins sem ætlast er til. Þess vegna er ekki um annað að ræða fyrir húsnæðismálastjórn og félmrn. en að leggja til annað tveggja, að þessi sparnaður verði fluttur eitthvað annað í okkar almenna sparnaðarkerfi vegna þess að hann kemur ekki húsnæðiskerfinu að notum, eða þá að leggja til að endurbæta lögin mjög verulega þannig að skyldusparnaðurinn fari aftur að gegna hlutverki sínu. Með frv. er lögð til veruleg breyting á innheimtukerfi skyldusparnaðar og að settar verði fastari reglur um endurgreiðslu á því sem kemur inn í Byggingarsjóð ríkisins.

Áttunda meginbrtt. frv. er sú, að komið er til móts við sjónarmið sem nefnd um málefni aldraðra kom á framfæri við ríkisstj. Kemur þetta fram í 7. gr. frv. Þar er gert ráð fyrir því, að ef lántaki er 70 ára eða eldri og fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki að hann fái ekki staðið undir afborgunum af láni, sé heimilt að fresta afborgunum af láninu, lánið falli hins vegar í gjalddaga og endurgreiðist að fullu við eigendaskipti. Hið sama gildir ef lántaki flytur úr húsnæðinu og ljóst er að hann muni ekki flytja þangað aftur. Hér er um að ræða viðbót við þær breytingar sem húsnæðismálastjórn lagði til.

Eins og hv. þm. sjá og heyra hef ég nú rakið átta helstu brtt. í þessu frv., en samtals felur frv. í sér 26 brtt. við húsnæðislögin. Eins og þetta frv. liggur fyrir eru þessar brtt. allar samkvæmt óskum og samhljóða samþykkt húsnæðismálastjórnar nema þrjár. Ég vil gera þm. til glöggvunar aftur grein fyrir því, hverjar þessar breytingar eru og hvar þær koma fram. Það er í 1. gr. varðandi tekjustofna sjóðsins, það er í 7. gr. varðandi lántaka sem eru 70 ára og eldri, og það er síðan í þeirri grein sem fjallar um kaupskylduna, þar gengur ríkisstj. heldur lengra en húsnæðismálastjórn í því að draga úr kaupskyldu á verkamannabústöðum. Að öðru leyti er þetta frv. í samræmi við tillögur húsnæðismálastjórnar.

Í grg. með frv. er fjallað rækilega um frv. og sé ég ekki ástæðu til að fara yfir það frekar. Ég vil þó vekja athygli á því, að nokkuð af þessum brtt. er komið fram vegna ábendinga félmrn. í bréfi sem það sendi húsnæðismálastjórn 9. nóv. 1981.

Herra forseti. Ég vil þá í framhaldi af því að hafa gert

almenna grein fyrir þessu frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins fara nokkuð yfir ýmis atriði í sambandi við húsnæðismál sem rædd hafa verið að undanförnu, m. a. úr þessum ræðustól og í fjölmiðlum, þar sem því hefur verið haldið fram, að núverandi húsnæðislánakerfi væri í raun og veru að hruni komið, það væri í rauninni ekkert eftir annað en að lýsa yfir gjaldþroti þess með einhverjum formlegum hætti og á öllum sviðum væri þar mjög óhöndulega að staðið af hálfu ríkisstj. — og þá sérstaklega auðvitað af minni hálfu sem á að bera ábyrgð á þessum málaflokki.

Í þessum umr. hefur það komið fram, að gagnrýnin hefur ekki beinst að þessu húsnæðiskerfi nema að hluta til. Hún hefur beinst fyrst og fremst að Byggingarsjóði ríkisins og því, hvernig að málum hefur verið staðið á vegum hans. Hún hefur ekki beinst að Byggingarsjóði verkamanna, sú gagnrýni hefur a. m. k. ekki heyrst hér alvarleg, og finnst mér það nokkuð athyglisvert þegar þess er gætt, að þegar lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins voru sett vorið 1980 kom það fram, að stjórnarandstæðingar töldu helst ástæðu til að gagnrýna hinn félagslega þátt í lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég man eftir því, að það var haft við orð í þessum ræðustól af einum hv. stjórnarandstæðingi, þm. Sjálfstfl., að þetta frv. væri þannig úr garði gert af okkar hálfu að með þessu móti yrðu allir eða flestallir gerðir að öreigum, eins og það var orðað, — ég hygg að ég hafi það nokkurn veginn orðrétt eftir. Það hefur ekki komið fram að þessi hrakspá stjórnarandstöðunnar hafi ræst, og ég hygg að allir séu nú sammála um að þetta félagslega íbúðarbyggingarkerfi hafi komið mjög myndarlega til móts við þá sem lakari hafa kjörin. Ég vil segja það, að með lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins er í fyrsta sinn tryggt fjármagn til félagslegra íbúðarbygginga í landinu með nokkuð myndarlegum hætti, þannig að þar er um að ræða hundruð íbúða á hverju ári sem unnt er að byggja. Nú eru í byggingu á ýmsum stigum og undirbúningi í landinu 800—900 íbúðir. Þær eru á ýmsum stigum, eins og ég sagði, og auðvitað er ekki unnt að fara eins hratt í þeim efnum og ýtrustu óskir fara fram á. Það er hins vegar ljóst, að hér hefur verið brotið í blað í þessum efnum og hér er gengið mun myndarlegar til verks en gert var í frv. Alþfl. til laga um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hann lagði fram í minnihlutastjórn sinni um áramótin 1979—1980. Þar var í raun og veru ekki gert ráð fyrir að tryggja hinu félagslega íbúðarbyggingakerfi þá tekjustofna sem hefur verið gert af núverandi ríkisstjórn.

Auðvitað er það ljóst, að um leið og þetta stóraukna fjármagn er sett yfir í hið félagslega íbúðabyggingakerfi hlýtur það að koma einhvers staðar við. Niðurstaðan varð sú hjá okkur að flytja fjármagn yfir í Byggingarsjóð verkamanna í rauninni úr Byggingarsjóði ríkisins, en jafnframt að taka ákvörðun um að Byggingarsjóður ríkisins lánaði á næstu árum ekki minna á íbúð en hann hafði gert fram að þeim tíma.

Það liggja fyrir ýmsar tölur í þeim efnum og ég vil nefna fáeinar rétt til glöggvunar.

Ef við skoðum íbúðalán og þróun þeirra t. d. frá 1976 til 1981, þá kemur fram að á árinu 1981 námu íbúðalán samtals 65% meira að raunvirði en árið 1975, þ. e. ef maður setur vísitöluna á 100 árið 1975, þá er hún 165 árið 1981 samkvæmt þeim spám sem við gerðum á s. l. hausti. En samkvæmt þeim reikningum, sem við erum nú að ganga frá, sýnist okkur að raunveruleg íbúðalán hafi aukist á árunum 1975—1981 um 77% í raun. Hér er ég að tala um það sem snýr að því fólki sem lánin fær. Ég er að tala hér um báða sjóðina, bæði Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna. Hér er m. ö. o. um að ræða hartnær tvöföldun í raun á þessum tíma fyrir þessa sjóði báða. Hitt er ljóst, að meginhluti þeirrar aukningar, sem hér er um að ræða, er hjá Byggingarsjóði verkamanna. Samdráttur hefur aftur á móti orðið nokkur í útlánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Það er hins vegar mál sem ég kem að aðeins síðar. En ég vil ítreka það, að hér hefur í rauninni átt sér stað að íbúðalán í heild hafa aukist mjög verulega, og það eru ekki bara íbúðalán byggingarsjóðanna, heldur eru það líka íbúðalán frá hinu almenna lánakerfi landsmanna, þ. e. bönkum og lífeyrissjóðunum.

Á bls. 11 í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 eru tölur um þetta efni frá Seðlabanka Íslands. Þar kemur fram að hlutfall fjárfestingarlána, þ. e. húsnæðislánakerfisins, lífeyrissjóðanna og bankanna, af byggingarkostnaði hefur verið sem hér segir síðustu þrjú ár: 1980 60%, 1981 66.4%, 1982 70.8%. Það er sem sagt óyggjandi að það hefur orðið nokkur raunaukning á hlutfalli íbúðalána á þeim þremur árum sem núv. ríkisstj. hefur farið með húsnæðismálin.

Ef við tökum aðra þætti vil ég aðeins víkja aftur að byggingarsjóðunum, ítreka það, sem ég sagði áðan um hina almennu raunaukningu lána, og bæta því við, að þessi aukning er að sjálfsögðu að langmestu leyti hjá Byggingarsjóði verkamanna. Þar er um að ræða ríflega tvöföldun í raun á þessu árabili sem ég var að tala um, meðan orðið hefur nokkur samdráttur í ráðstöfunarfé til íbúðalána á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Það stafar hins vegar ekki, eins og haldið hefur verið fram í þessum ræðustól, af því fyrst og fremst eða eingöngu að tekjustofnar Byggingarsjóðs ríkisins hafi verið skertir af núv. ríkisstjórn. Það, sem er í raun og veru merkilegast ef litið er yfir tölur um þetta, er að í ljós kemur að tekjur Byggingarsjóðs ríkisins af skyldusparnaði ungmenna hafa verið að lækka stöðugt frá því sem var fyrir fáeinum árum. Það er hægt að sýna fram á þetta mjög nákvæmlega með tölum, sem ég ætla ekki að fara að þreyta þm. með núna, ég gæti farið yfir það seinna ef óskað verður eftir. Eins get ég séð til þess, að lögð verði fram gögn til að sýna fram á þetta. En það hefur átt sér stað mjög verulegt fall í þessum tekjustofni, þ. e. í skyldusparnaði ungmenna.

Vegna þess að ég veit að menn hafa gaman af tölum hér, eins og í Nd. og alls staðar í þjóðmálaumræðum í landinu, sérstaklega hv. talsmaður Sjálfstfl., Lárus Jónsson, ætla ég að nefna til fróðleiks að árið 1981 skilaði skyldusparnaðurinn nettó 8.6 millj. kr. Ef hann hefði á því ári skilað því sama og 1978, framreiknað á föstu verðlagi, hefði hann átt að skila 37 millj. kr. Ef hann hefði skilað því sama og hann skilaði 1979 hefði hann átt að skila 48 millj. kr. M. ö. o.: á tímanum 1979—1981 féllu tekjur Byggingarsjóðs ríkisins af skyldusparnaði ungmenna um 40 millj. kr. á verðlagi ársins 1981. Og það segir sig sjálft að ekki er auðvelt, hvorki fyrir núv. ríkisstj. né húsnæðismálastjórn né aðra, að taka við slíku hrapi í tekjustofnum upp á 40 millj. kr. Það er svipuð upphæð og nú er verið að tala um að eigi að fara að íþyngja þjóðinni með, með þeim litla skyldusparnaði sem hér hefur verið flutt frv. um og rætt var hér á dögunum. Það er hærri upphæð sem tapast hefur á

þessum skyldusparnaði ungmenna heldur en nemur skyldusparnaði þeim sem gert er ráð fyrir að um 5% skattgreiðenda beri.

Síðan ætla ég að bæta því við, að þó að þessi mál standi með þeim hætti sem ég geri hér grein fyrir, þó að þetta gífurlega fall hafi orðið í skyldusparnaði ungmenna og hann hafi verið rifinn út í rauninni miklu meira en menn gerðu áður ráð fyrir, þá er innstreymið í Byggingarsjóð ríkisins ekki minna en það var áður.

Árið 1981 var heildarinnstreymi í Byggingarsjóð ríkisins 383.1 millj. kr., fyrsta árið sem þessi nýju lög okkar í rauninni taka af skarið um það hvernig þessu á að stjórna. En árið 1980 var heildarinnstreymið í Byggingarsjóð ríkisins 382.3 millj. kr. Það munaði talsvert innan við 1 millj. kr. á ráðstöfunarfé sjóðsins, á raunverulegu innstreymi í sjóðinn milli áranna 1980 og 1981. Það munaði innan við 1 millj. kr. af 383 millj. kr. veltu, þrátt fyrir að sjóðurinn tapar 40 millj. í skyldusparnaði ungmenna. Með þessum hætti hefur tekist, eins og sést, að tryggja í rauninni svipaða útlánagetu Byggingarsjóðs ríkisins og hann hafði samkv. þeim lögum sem áður voru í gildi. Gallinn er fyrst og fremst sá, að meðan við höfum verið að byggja upp hið félagslega íbúðabyggingarkerfi í landinu höfum við ekki haft fjármuni eða möguleika eða pólitískt afl til þess að breyta hinu almenna lánakerfi á sama tíma. (**Gripið fram í:** Hvaða þið?) Núv. ríkisstj. hefur ekki haft afl til að breyta hinu almenna kerfi á sama tíma. En hún lét sér ekki nægja það sem fyrrv. ríkisstjórnir létu sér nægja, að búa við ekki bara lélegt almennt húsnæðislánakerfi, ekki bara slappt almennt húsnæðislánakerfi, heldur bjuggu þessar ríkisstjórnir við það kerfi kinnroðalaust, að því er virðist, að vera með mjög vesælt, ófullkomið og slappt kerfi til að koma til móts við þá sem fyrst og fremst þurfa á stuðningi að halda. Það er sá grundvallarmunur sem verður þegar núv. ríkisstj. tekur við, þetta láglaunafólk getur nú fengið nokkra þjónustu, sem var mjög lítill kostur á áður.

Hér eru nefndar margar tölur um að þetta kerfi, sem við erum að vinna eftir, hafi í rauninni sett hér allt á annan endann og að við ráðum ekki við hlutina, Byggingarsjóður ríkisins sé að bresta. Um þetta eru höfð stór orð af stjórnarandstöðunni hér og Morgunblaðinu, sem gengur auðvitað á undan í ósannindum í þessum málum eins og öðrum og hefur gert undanfarna áratugi. En látum það nú vera, maður býst ekki við neinu af þeim. En það er aldrei spurt: Hvað þarf þjóðin að byggja? Er það þannig að Íslendingar verði að byggja 2500 íbúðir á ári á næstu 10—20—30 árum? Er það þannig? Og hvað höfum við verið að byggja? Ég ætla að nefna ykkur til fróðleiks fáeinar tölur í þessu efni.

Á árunum 1965—1980 voru fullgerðar hér á Íslandi 30 376 íbúðir. Hvað eru margar íbúðir í Reykjavík? Hvað eru margar íbúðir núna í höfuðstað landsins? Þær eru 32 þús. M. ö. o.: á 15 ára tímabili hefur verið byggður nærri því ámóta fjöldi íbúða og er alls í höfuðstað landsins. Það er hægt að nefna fleiri tölur. Á sama tíma og þjóðin hefur fullgert 30 376 íbúðir hefur henni fjölgað um 35 429. Það eru 1.2 Íslendingar í hverri íbúð, sem hefur bæst við síðustu 15 árin. Og er alveg gefið að það sé þessi hraði sem við eigum að halda áfram með? Við eigum að vera hér með gott húsnæði, en er ekki ástæða til að spyrja sig að því í fullri alvöru, hvað eigi að halda lengi áfram á þessari braut? Er ekki full ástæða til þess? Ég held að margar þjóðir aðrar en við mundu staldra við frammi fyrir tölum af þessu tagi, þegar kemur í ljós að á 15 ára tímabili eru 1.2 landsmenn um hverja íbúð sem bætist við í landinu.

Því er haldið fram, að á þeim tíma, sem við höfum farið með stjórn húsnæðismála, höfum við vísvitandi verið að keyra niður hið almenna húsnæðislánakerfi, vegna þess að við — og alveg sérstaklega Alþb. — viljum draga úr því að menn búi í eigin húsnæði, og við höfum sérstaklega mikið á móti því í Alþb., að sagt er í sumum málgögnum villandi, og við viljum rífa niður frelsi, framtak, frumkvæði, kraft og orku og þrótt einstaklingsins. Það eru skrifaðar um það hjartnæmar greinar, síðu eftir síðu niðri á Morgunblaðinu. Svo kemur þetta blessað fólk, hv. þm. Sjálfstfl., og lesa upp hér þessar hjartnæmu greinar um hvernig þessir vondu kommúnistar séu að fara með almenning í landinu, það séu 10% á síðasta ári sem þeir hafi komið þessu áleiðis niður, rifið þetta niður um 10%, samdráttur í íbúðarbyggingum um 10% og þeir ætli að halda svona áfram, í hittiðfyrra hafi það verið eitthvað minna, og það eigi að brjóta þetta niður í eitt skipti fyrir öll. Ég vil segja hv. þm. Sjálfstfl. það, og vegna þess að ég veit að þeir þurfa á því að halda lýsi ég því yfir að þetta er misskilningur hjá þeim. Þetta er ekki okkar stefna. (Gripið fram í.) Ég heyri að hv. þm. Lárusi Jónssyni kemur þetta á óvart. Hann hefur verið farinn að trúa Morgunblaðinu.

Varðandi þá tölu, sem liggur fyrir frá Þjóðhagsstofnun um 10% samdrátt í íbúðarbyggingum á síðasta ári, vil ég segja það, að sú tala er ágiskunartala. Sú tala byggist á skýrslum byggingarfulltrúa víðs vegar að af landinu, en ekki úr Reykjanesumdæmi. Niðurstöður byggingarfulltrúanna í Reykjanesumdæmi, þ. e. í Kópavogi, Hafnarfirði og Keflavík, liggja ekki fyrir og lágu ekki fyrir þegar þessar tölur voru settar saman. Samdrátturinn er þarna vafalaust nokkru minni. Það, sem unnt er að sýna fram á, er að á s. l. ári, 1981, fjölgar íbúðum sem byrjað er á t. d. í Reykjavík. Samdráttartímabilinu, sem þarna var um að ræða og á sér aðrar ástæður en íbúðarlánakerfið, virðist vera að ljúka að því er Reykjavík varðar. Byrjanir svokallaðar í Reykjavík í fyrra voru 32% fleiri en í hittiðfyrra. Samkv. skýrslu byggingarfulltrúans í Reykjavík voru það 31.7% fleiri íbúðir sem byrjað var á 1981 en 1980, og í lok ársins 1981 voru 18.5% fleiri íbúðir í smíðum í Reykjavík en um áramótin næst á undan. Það er einnig athyglisvert í þessu sambandi og mætti fara mörgum orðum um og ég er ekkert að fella neinn dóm um, en það sýnir sig að hér er um það að ræða að fólk gerir kröfur í húsnæðismálum og býr við góðan efnahag sem betur fer. Meðaltalsíbúðin á síðasta ári hér í Reykjavík er um 500 rúmmetra, en árið áður var hún um 400 rúmmetra. Samkv. þeim skýrslum, sem byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur látið mér í té, er breytingin þetta mikil á einu ári, 25% eða svo. Ég vil að vísu taka fram að árið 1979 var meðalíbúðin hér í Reykjavík 436 rúmmetrar, og á því tímabili, sem ég hef tekið tölur um, frá 1965, er meðalíbúðin minnst árið 1973, þ. e. 335 rúmmetrar, en fer upp í 502 rúmmetra þar sem hún er stærst, árið 1981. Þetta finnst mér nokkuð athyglisvert og segja sína sögu.

Jafnframt því sem það er greinilegt, að það hefur nokkuð dregið úr íbúðabyggingum á síðustu árum, m. a. vegna þess, að það var byggt mikið áður, og af öðrum ástæðum, þ. e. efnahagslegum, sem ég kem hér að á eftir, þá er greinilegt að fólk hefur í vaxandi mæli lagt áherslu á

að endurnýja eldra húsnæði. Húsnæðisstofnun ríkisins og Byggingarsjóður hafa komið til móts við þær óskir. Það er einnig fróðlegt í þessu sambandi að hafa í huga hvernig lán hafa þróast út á eldri íbúðir.

Árið 1976 veitti Húsnæðisstofnunin lán út á 783 eldri íbúðir, en árið 1981 út á 2183 eldri íbúðir. Áherslan í útlánum hefur því greinilega færst mjög mikið til frá nýbyggingum og að talsverðu leyti yfir á eldri íbúðir sem gengið hafa kaupum og sölum á undanförnum árum. Lánafjöldinn hefur á þessu tímabili, 1977—1981, verið út á 3500—4800 íbúðir á ári. Árið 1981 eru það 3950 íbúðir sem lánað er út á af Byggingarsjóði ríkisins. Lægst er talan árið 1976, 2617 íbúðir. Það er áður en hinar eldri íbúðir fara að vega mjög þungt í heildarútlánum Byggingarsjóðs ríkisins.

Eitt af því, sem menn finna að hinu nýja húsnæðislánakerfi, er það, að gengið hafi verið mjög á lánshlutföllin, þau hafi lækkað. Ég hef farið nokkuð yfir hvernig þau mál hafa þróast, og mér sýnist augljóst mál að lánshlutföll frá Byggingarsjóði ríkisins hafi í fyrsta lagi ekki lækkað að jafnaði. Í öðru lagi er ljóst að stórar fjölskyldur eiga nú kost á mun hærri lánum en áður. Í þriðja lagi er ljóst — og menn þekkja það — að lán frá Byggingarsjóði ríkisins hækka nú þrisvar, fjórum sinnum á ári þannig að þau halda verðgildi sínu gagnstætt því sem áður var.

Húsnæðisstofnun ríkisins sendi mér yfirlit um þessi mál núna nýlega. Í því yfirliti segir m. a. að miðað við þriðja ársfjórðung 1981 og 1982 eru lánin samkv. nýju lögunum um 6.6% hærri að raun en samkv. gömlu lögunum. Á árinu 1981 hefði meðallánið numið 121 þús. kr. og á árinu 1982 182 þús. kr. Þá er verið að tala um lán samkv. staðli 2, en lán til stærri fjölskyldna eru mun hærri en þetta.

Ég hef sett upp nokkur dæmi um þetta. Þá kemur fram að meðan meðallánið í júlí í fyrra var 130 þús. kr. var sambærilegt lán 1980 121 þús. kr., 1979 127 þús. kr. og 1978 124 þús. kr. Það sýnir m. ö. o. að þessi lán hafa í rauninni ekki lækkað að raungildi. Þau hafa ýmist staðið í stað eða hækkað frá því sem ella hefði verið. Hér er um að ræða tölur sem ég hef undir höndum eftir að ég hef beðið Þjóðhagsstofnun um að reikna þar út ákveðin atriði. Það er því ljóst að margt hefur verið sagt um þessi efni sem eru ýkjur og byggist ekki á staðreyndum.

Ég hef farið hér yfir nokkur atriði, herra forseti. Ég gæti bætt mörgum við, en ég vil segja þetta að lokum:

Ég þykist í fyrsta lagi hafa sýnt fram á það, að á árinu 1981, á fyrsta heila ári núverandi húsnæðislaga, hafi heldur sótt í rétta átt varðandi íbúðabyggingar í landinu á ný á hinum almenna markaði, en veruleg sókn hafi átt sér stað í hinum félagslegu íbúðabyggingum.

Í öðru lagi hef ég sýnt fram á það, að lán út á íbúðir eru síst lægri en þau voru samkv. hinu eldra kerfi.

Í þriðja lagi hef ég sýnt fram á það, að átt hefur sér stað stórhækkun lána til félagslegra íbúðabygginga og ekki hafi orðið um að ræða samdrátt á þjónustu byggingarsjóðanna, Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

Þá þykist ég hafa sýnt fram á það, herra forseti, að á undanförnum árum hafi það gerst, að fyrirgreiðsla hins almenna lánakerfis við húsbyggjendur hafi aukist sem hlutfall af kostnaðarverði íbúða frá því sem var. Byggi ég það á tölum frá Seðlabankanum samkv. fjárfestingar- og lánsfjáráætlun, eins og ég las upp áðan. Og fleiri þætti hef ég hér rakið sem ég ætla ekki að endurtaka.

En er þá allt í besta lagi? Eru þessir hlutir nánast að segja fullkomnir, þannig að engin ástæða sé til að laga þetta og engin ástæða sé til að bæta hér nokkuð úr? Því hef ég aldrei haldið fram.

Ég tel að í húsnæðislánakerfinu þurfi margt að laga. Ég tel að í hinu almenna húsnæðislánakerfi eigi nú að leggja á það áherslu að binda saman með lagasetningu fyrirgreiðslu lífeyrissjóðanna, fyrirgreiðslu bankanna og fyrirgreiðslu Húsnæðisstofnunar þannig að um geti verið að ræða mjög myndarlega fyrirgreiðslu við þá, sem þurfa á því að halda, og það séu þá fyrst og fremst þeir sem eru að byggja eða kaupa í fyrsta sinn, en þeir, sem eiga þegar íbúðir frá fyrri tíma, verði að bíða með sitt. Hinir, sem eru að leggja af stað, þurfa sérstakan stuðning, fyrst og fremst af einni ástæðu. Hún er sú, að á síðustu árum er það verðtryggingarkerfið, vextirnir, sem valda því, að hér er um allt aðra stöðu að ræða en var, — allt, allt aðra stöðu. Það voru hin ódýru lán sem björguðu því, að menn gátu byggt og keypt hérna fyrir nokkrum árum, vegna þess að menn borguðu ekki að fullu til baka það sem þeir fengu lánað.

Nú höfum við tekið upp hér almennt verðtryggingarkerfi á allar fjárskuldbindingar. Það er enginn áhugi á að snúa við á þeirri braut eftir að hún er á annað borð mörkuð og menn eru komnir inn á hana. Þess vegna verður að svara þessum nýju tíðindum með sérstöku átaki sem miðar að því að efla hið almenna húsnæðislánakerfi. Þar verða bankarnir að koma til og þar verða lífeyrissjóðirnir að koma til. En þeir, sem hvorki hafa pólitískt þrek til að ákveða ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna og hvernig því skuli varið né til að afla byggingarsjóðunum tekna né heldur til þess að ákveða að bankarnir skuli teknir inn í þessa mynd, þeir eru auðvitað ekki tilbúnir að gera það sem þarf í þessum efnum. Ef menn segja: Ég vil auka lán í 70—80% eða hvað það nú er — án þess að vera um leið tilbúnir að leggja eitthvað á sig, sitt pólitíska þrek í leiðinni, slíkir menn eru að dæma sig út í horn sem ómerkinga í rauninni, vegna þess að það er útilokað að ætla sér að ná þarna nokkrum árangri frekar en annars staðar öðruvísi en að menn taki á sig það sem þarf til þess að afla teknanna eða fjárins.

Því er það sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram hér frv. um skyldusparnað, litlar upphæðir í rauninni. 5% skattgreiðenda eiga að greiða 35 millj., spara í þrjú ár með hagkvæmum hætti og verja fénu með skynsamlegum hætti í gegnum byggingarsjóðina til þeirra sem helst þurfa á stuðningi að halda. Hér er lögð fram tillaga, hér er prófsteinn. Eru menn tilbúnir að leggja eitthvað á sig eða ekki? Þeir, sem geipa um það daginn út og daginn inn hér í þinginu, að það þurfi að laga þessa sjóði og stöðu þeirra, en þora ekki að samþykkja þetta litla frv., þeir eru að dæma sig alveg út í hött pólitskt að mínu mati. Ég tel fulla ástæðu til þess, hv. ritari deildarinnar svo og aðrir virðulegir þm., að tryggt verði að það komi fram, hvernig á því stendur, að menn eru ekki reiðubúnir til þess að styðja þetta litla frv. um skyldusparnaðinn sem ég ætlaði reyndar ekki að ræða frekar hér nema til að undirstrika það, að menn ná aldrei neinu landi í þessum efnum nema þeir þori að gera það sem þarf hinum megin.

Ég held, herra forseti, að það sé ljóst, að því miður hafi eitt og annað verið missagt varðandi þessi fræði eins og fleiri, eins og gengur í pólitískum umr. En ég held að þegar allt er skoðað niður í kjölinn í ró og málefnalega,

þá sjái menn, hvernig málin standa, og séu reiðubúnir að draga af því rökréttar ályktanir.

Ég heyri á hv. þm. deildarinnar og sérstaklega hv. skrifara hennar úr stjórnarandstöðunni, að honum þykja það mikil tíðindi sem hér hafa verið flutt, og það er rétt. Ég geri ekki ráð fyrir að hann hafi heyrt þau mjög oft, og ég væri reiðubúinn til að halda hér nokkuð áfram, því að það er margt enn ósagt úr þessum fræðum, en ég ætla ekki að þreyta þdm. frekar.

Ég vona, herra forseti, að þessu frv. verði vel tekið, og legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að vekja athygli hv. þdm. á því, að hæstv. ráðh. var að mæla hér fyrir frv. sem má heita að sé samkomulagsfrv. í hv. húsnæðismálastjórn. Ætti því að vera nokkuð greiður gangur fyrir það frv. í gegnum þingið. En hæstv. ríkisstj. hefur það ekki á þeim málefnalista sem hún vill fá afgreiddan á þessu þingi. Hæstv. ráðh. varði, af því að hann hefur svo gaman af tölum, um 25% af sínum ræðutíma í að tala um þetta frv. sem er fyrir margra hluta sakir hið ágætasta. Það eru ýmsir hlutir í frv. sem eru til mikilla bóta, og ég held að frv. mundi geta runnið í gegnum Alþingi ef á það væri lögð nokkur áhersla að það kæmist í gegnum þingið. Í frv. er t. d. ákvæði um það að tvöfalda framlög ríkissjóðs til húsnæðismála að raungildi. En ef frv. verður ekki að lögum fyrr en kannske einhvern tíma á næsta þingi, þá vona flestir landsmenn að hæstv. núv. ríkisstj. hafi þá hrökklast frá völdum. Flestir landsmenn vona það, þannig að það eru ódýr loforð sem hæstv. ráðh. er að gefa með því að flytja hér tillögu um að tvöfalda framlög til húsnæðismála úr ríkissjóði eftir að vonir standa til að hann verði farinn úr sínum ráðherrastól.

Hæstv. ráðh. varði tíma sínum, þeim sem eftir var, í það að flytja einhverja furðulegustu varnarræðu — og var úrillur í skapi — sem ég hef heyrt flutta hér á hinu háa Alþingi í mjög langan tíma. Öðrum þræði sagði hann efnislega: Jú, þetta er allt í lagi, hv. þdm., það hefur orðið samdráttur í íbúðarhúsnæði hér á undanförnum árum, en hver segir að við þurfum alltaf að byggja og byggja og byggja? Þetta er bara allt í himnalagi. — En svo öðrum þræði var hann eins og naut í moldarflagi að verja það og halda því fram, að allt hafi nú heldur farið á hinn betri veginn, að menn hafi haldið áfram að byggja, — þrátt fyrir það að hann sæti í ráðherrastóli hafi menn haldið áfram að byggja og þetta væri allt saman í himnalagi.

Það er von að hæstv. ráðh. fari mikinn þegar hann er að ræða hér um húsnæðismálin. Staðreyndirnar blasa við mönnum hvert sem litið er. Ég skal rekja hér nokkur meginatriði.

Það er ekki Morgunblaðið sem segir að það hafi orðið gífurlegur samdráttur í íbúðarhúsnæði undanfarin ár, síðan 1978, og mest eftir að hæstv. ráðh. tók við félmrh.-embætti og hæstv. fjmrh., fyrrum formaður Alþb., tók við ríkisfjármálunum. Það er ekki Morgunblaðið sem heldur því fram. Það eru beinharðar staðreyndir sem koma fram í öllum skýrslum sem hæstv. ráðh. sjálfur hefur staðið að að láta þm. í té undanfarin ár. Og mestur hefur samdrátturinn orðið í fyrra að öllum líkindum. Hvert einasta ár síðan 1978 hefur orðið magnsamdráttur í byggingu íbúðarhúsnæðis á Íslandi. Þessi samdráttur er núna 19% miðað við 1978. Mestur var hann í fyrra, 10%, eins og hæstv. ráðh. raunar sagði hér sjálfur, en dró jafnframt í efa að væri rétt.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar, sem dreift hefur verið hér á hinu háa Alþingi, segir svo orðrétt á bls. 30, með leyfi hæstv. forseta: „Bráðabirgðatölur úr byggingarskýrslum ársins 1981 sýna að smíði íbúðarhúsa hefur dregist saman til muna. Í haustspá var talið að samdrátturinn gæti numið um 5%, en nú er ljóst að hann hefur orðið töluvert meiri eða um 10%." Og eins og ég segi, á hverju einasta ári hefur orðið samdráttur í íbúðasmíðum á þessu árabili.

Annað meginatriðið, sem blasir við öllum sem fylgst hafa með húsnæðismálum síðustu árin, er það, að Byggingarsjóður ríkisins hefur verið sviptur öllum mörkuðum tekjum sínum, öllum tekjustofnum sem hann hafði, en tekjur af þeim hefðu numið í ár um 250 millj. kr.

Þriðja meginatriðið er það, að áætlað er að lána á þessu ári um 800 færri frumlán til einstaklinga, sem eru að byggja nýtt húsnæði, heldur en 1978, — 800 frumlánum minna. Árið 1978 voru lánuð 1883 lán. Þetta eru upplýsingar frá húsnæðismálastjórn sjálfri, en ekki Morgunblaðinu.

Ég vil nú mælast til þess, hæstv. forseti, að hæstv. ráðh. sæi sér fært að vera hér viðstaddur umr. Ég hefði viljað leggja fyrir hann nokkrar spurningar, og mér heyrðist á málflutningi hans áðan að honum veitti ekki af að hlusta á ýmsar viðbótarupplýsingar. (**Forseti:** Hvað sem því líður tel ég sjálfsagt að verða við því að óska eftir því við hæstv. ráðh. að vera við umr., enda hafði verið ráð fyrir því gert við hann.) Já, hæstv. ráðh. hefur nú gengið í deildina. Ég sagði áðan að áætlað væri að lána tæplega 800 færri frumlán til einstaklinga, sem byggja íbúðarhúsnæði, í ár heldur en gert var 1978, nærri helmingi færri. Árið 1978 lánaði húsnæðismálastjórn 1883 frumlán til einstaklinga úr Byggingarsjóði ríkisins, en á þessu ári áætlar hún að lána 1100 lán, þ. e. samkv. þeirri bráðabirgðaáætlun sem nú er í gildi. Ég vil vekja athygli hæstv. ráðh. á þessu og spyrja hann hvort hann geti vefengt þessar tölur. Hann gerði mikið úr því, að það hefðu verið stóraukin lán til eldri íbúða og ýmissa annarra þarfa í húsnæðismálum. Árið 1978 lánaði húsnæðismálastjórn úr almenna byggingarsjóðnum 1897 lán en áformar að lána núna 2200. Það er nú allur munurinn. Það er þess vegna ekki hægt að leita skýringanna í því, að það hafi breyst mjög verulega að þessu leyti. Hins vegar hafa nýir málaflokkar verið teknir inn, en þeir hafa yfirleitt allir verið og eru enn með smáupphæðir miðað við þessa tvo: frumlán til nýrra húsbygginga og G-lán. Þróunin hefur óneitanlega verið svona.

Í fjórða lagi er það ljóst öllum sem hafa fylgst með lánsfjáráætlanagerð og fjárlagagerð í ár, að það skortir stórfé í íbúðalánakerfið til þess að standa við áætlunina um að lána 1100 frumlán í ár. Það skortir að sögn húsnæðismálastjórnar 90 millj. kr. til að standa við áætlunina. Ég er hérna með þessa áætlun, hæstv. ráðh. Hún er dagsett 19. jan. og þar stendur samkv. áætlun II að það skorti 90 millj. kr. Ef hins vegar hefði verið breytt um útlánareglur samkv. tillögum húsnæðismálastjórnar og þeir, sem eiga enga íbúð fyrir, sem eru 42% af umsækjendum, fengju lán til byggingar íbúða borgað út í tvennu lagi, þá hefði skort 108 millj. Ef hins vegar hefði átt að hækka þessi lán til þeirra, þá hefði líka skort svipað fjármagn. Það skortir því 90 millj. kr. til þess að standa við þá áætlun sem húsnæðismálastjórn gerði 19. jan. s. l. En það skortir verulegt fjármagn að auki vegna þess að í

þeirri áætlun er gert ráð fyrir mjög óraunsærri lántöku úr lífeyrissjóðakerfinu. Ég skal koma að því síðar.

Í fimmta lagi blasir við sú staðreynd, þrátt fyrir það sem hæstv. ráðh. var að tala um áðan, að menn hefðu fengið umbætur, almennir lántakendur hefðu fengið umbætur á undanförnum árum, að einstaklingar fá nú aðeins 17.4% af byggingarkostnaði staðalíbúðar í lán frá almenna byggingarkerfinu. Þetta eru upplýsingar sem komu fram í nákvæmlega sama plaggi, dags. 19. jan., frá húsnæðismálastjórn. Þar segir, með leyfi forseta: „Samkvæmt lögum og reglugerðum hækka lánin ársfjórðungslega í samræmi við hækkun staðalíbúðar. Á árinu 1981 námu lánin um 17.4% af verði staðalíbúðar, og er þá ekki tekið tillit til þess, hvenær lánin koma til útborgunar.“ Á sama tíma sem hinn almenni borgari, sem er að koma yfir sig þaki, fær 17.4% af sínu íbúðarverði lánað úr almenna lánakerfinu, — og því miður verður þetta fé oft verðminna vegna þess hversu dregst að greiða lánin út frá því hús verður fokhelt, en þá er lánið ákveðið, — á sama tíma fá menn 90% ef þeir fara í verkamannabústaði. Og því miður hefur ýmsum sýnst að reglurnar um úthlutun þeirra íbúða væru á þann veg að þeir, sem ættu að fá þær og njóta þeirra, gætu í rauninni ekki staðið undir slíkum lánum. Nú er ég ekki að sjá neinum ofsjónum yfir því, síður en svo, eins og hæstv. ráðh. vildi gera mér upp og öðrum sjálfstæðismönnum, að það sé hlaupið myndarlega undir bagga með þeim sem miður mega sín í þjóðfélaginu. Ég tel hins vegar augljóst að hinum almenna borgara, sem á ekki kost á að fá nema 17.4% af sinni íbúð fjármagnað úr hinu almenna byggingarkerfi, hljóti að finnast sinn hlutur heldur rýr.

Í sjötta lagi er það svo, þrátt fyrir mikið skrum stjórnarliða og hæstv. ráðh. um að lögð hafi verið áhersla á byggingu verkamannabústaða og framlög ríkisins hafi verið tekin úr Byggingarsjóði ríkisins og færð yfir í Byggingarsjóð verkamanna á síðustu árum, — þá er það svo að á yfirstandandi ári hefur áætlun húsnæðismálastjórnar um byggingu verkamannabústaða verið skorin niður um 43 millj. kr., hvorki meira né minna, sem er miklu hærri tala en það hrap sem hæstv. ráðh. var að tala um að skyldusparnaðurinn hefði orðið fyrir á undanförnum árum og hann taldi aðalskýringuna á því, hve húsnæðismálakerfið er komið í algjört fjársvelti og raunar öngþveiti. Og það var ekki nóg með að þessi áætlun um fjármögnun Byggingarsjóðs verkamanna væri skorin niður í fyrrasumar og núna við lánsfjáráætlunargerð, heldur var bætt betur og enn höggvið í sama knérunn nú síðustu daga þegar lánsfjáráætlun var til endanlegrar afgreiðslu. Þá var í annað skipti skorið niður fé til ráðstöfunar úr þessum byggingarsjóði. Það er einnig staðreynd, að nú hefur verið ráðstafað úr Byggingarsjóði verkamanna um 90—100 millj. kr. af um 170 millj. kr. sem eru til ráðstöfunar á öllu árinu í þessu kerfi. Það er því alveg ljóst að kerfi verkamannabústaða verður ekkert síður í fjársvelti á þessu ári heldur en hið almenna húsnæðiskerfi.

Hæstv. ráðh. ræddi hér um að við héldum því fram, að Byggingarsjóður ríkisins hefði verið sviptur öllum sínum mörkuðu tekjustofnum. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh., enda er það staðreynd. En hann afsakar það með því, að sumt af þessu fé hafi verið fært yfir í Byggingarsjóð verkamanna. Jafnvel þó við tökum þessa sjóði báða saman fá þeir miklu minni fjármuni úr ríkissjóði heldur en hinir mörkuðu tekjustofnar þeirra hefðu gefið í aðra hönd á þessu ári ef þeir hefðu verið óhreyfðir. Ef þessir mörkuðu tekjustofnar hefðu verið óhreyfðir hefðu þeir gefið í almennan byggingarsjóð og Byggingarsjóð verkamanna eitthvað í kringum 250 millj. kr. á þessu ári. Þá tala ég bæði um launaskattinn og byggingarsjóðsgjaldið. En þó við tökum öll ríkisframlögin eru þau ekki nema um 160 millj. kr. í báða þessa sjóði. Niðurskurðurinn í framlögum er um 90 millj. kr. eða nokkurn veginn það fé sem Byggingarsjóð ríkisins skortir nú. Að sjálfsögðu voru líka framlög úr ríkissjóði utan við launaskattinn og byggingarsjóðsgjaldið á sínum tíma. Ég hef ekki tekið það inn í þetta dæmi. En jafnvel þó við gerum dæmið svona upp, tökum bara það sem þessir mörkuðu tekjustofnar hefðu gefið, þá væri það 90 millj. kr. meira en kemur inn í þetta kerfi, báða þessa sjóði, frá ríkissjóði í ár.

Ég sagði áðan að því miður væru ekki öll kurl komin til grafar þegar við værum að tala um að það skorti 90 millj. kr. í húsnæðiskerfið til að standa aðeins við 1100 frumlán á þessu ári í samanburði við 1883 lán 1978. Það eru ekki öll kurl komin til grafar. Í áætlunum þeim, sem ríkisstj. hefur fengið lögfest hér á Alþingi, lánsfjáráætlun, er gert ráð fyrir að afla 297 millj. kr. úr lífeyrissjóðunum í báða húsbyggingarsjóðina, almenna byggingarsjóðinn og Byggingarsjóð verkamanna. Í fyrra fengust úr þessu kerfi 133 millj. í þessa sjóði. Þessi tala talar skýrt sínu máli. Í fyrra fengust 133 millj. úr þessu kerfi til húsnæðismála, í ár á að afla 297 millj., þ. e. 164 millj. kr. hærra en í fyrra. Það er meira en tvöföld upphæð. Ég vona að hæstv. ráðh. skilji þetta. Auk þess er sama óraunsæið í því, hvað á að meta tekjur Byggingarsjóðs af skyldusparnaði. Hæstv. ráðh. fór mörgum orðum um það hér og sagði að það hefði orðið um stórfellt hrap að ræða. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. En ég held að áætlun um að skyldusparnaðurinn gefi 25 millj. kr. í ár sé álíka óraunsæ og um fjáröflun úr lífeyrissjóðunum. Það er margföld upphæð miðað við það sem fékkst í fyrra, margföld upphæð, eins og hæstv. ráðh. sagði hér sjálfur. Ég held að hann hafi talað um að 6—7 millj. kr. hefðu fengist með skyldusparnaði í fyrra. Þetta kemur til viðbótar vandanum um að 90 millj. kr. skorti í húsnæðismálakerfið.

Ef sama hlutfall og í fyrra fengist með þessum tveimur leiðum, úr lífeyrissjóðunum og með skyldusparnaði, þá er vandi húsnæðismálastjórnar að koma saman áætlun í ár ekki bara 90 millj., heldur tvisvar sinnum 90 millj. Ef sama hlutfall fengist úr lífeyrissjóðunum og í fyrra, — þá á ég við það verðtryggt, — þá yrði vandinn þessi: Sundurliðað er þetta þannig að Byggingarsjóður ríkisins fékk 120 millj. úr lífeyrissjóðakerfinu í fyrra, en áætlar að taka þar að láni 187 millj. Og Byggingarsjóður verkamanna fékk aðeins 13 millj. í fyrra, en áætlar að taka þar að láni 110 millj. kr. Þetta eru samtals 297 millj., og upphæðin í fyrra var samtals 133 millj.

Nú hef ég hér í höndum bréf frá formanni húsnæðismálastjórnar vegna fyrirspurnar minnar í hv. fjh.- og viðskn. um þetta atriði, en þar er þetta margfræga frv. um verðtryggðan skyldusparnað til meðferðar og ég óskaði eftir upplýsingum frá Húsnæðisstofnun. Í þessu bréfi segir, með leyfi forseta: „Með fjárhagsáætlun fyrir Byggingarsjóð ríkisins 19. jan. 1982 var húsnæðismálastjórn að gera stjórnvöldum grein fyrir fjárhagsstöðu sjóðsins og brýnni þörf á lánveitingum til allra þeirra lánaflokka sem sjóðnum er ætlað að sinna samkvæmt lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í

þeirri áætlun er gert ráð fyrir að verulegri hækkun á lánum til nokkurra lánaflokka, svo sem til vistheimila fyrir aldraða og endurbóta á eldra húsnæði. Þar var hækkunin milli ára allt að 300%." Síðan segir, með leyfi forseta, og ég legg áherslu á það: „Nú þegar lánsfjáráætlun liggur fyrir samþykkt af Alþingi er ljóst að Byggingarsjóði ríkisins eru ætlaðar 374 millj. til útlána. Því er nú ljóst að endurskoða verður fjárhagsáætlun sjóðsins frá 19. jan. og lækka fyrri áætlanir um útlán verulega." Þetta bréf er skrifað 21. apríl 1982 og undirritað af Ólafi Jónssyni, formanni húsnæðismálastjórnar.

Ég hef aðeins reynt að gera mér grein fyrir því, hvernig hægt væri að skera niður útlánaáætlun húsnæðismálastjórnar til að ná þeim upphæðum sem yrðu eitthvað nálægt 90 millj. kr., þó að það yrði ekki tvisvar sinnum 90, eins og ég gæti ímyndað mér að vandinn yrði. Til þess að lána 1100 frumlán áætlar húsnæðismálastjórn að þurfi 65 millj. kr. Það þyrfti að skera þá fjárhæð alveg niður og lána ekki eitt einasta frumlán á árinu til þess að ná þessari fjárþörf og til viðbótar 30% af þeim G-lánum sem stofnunin áformar að lána á þessu ári. En þau 2200 G-lán, sem áformað er að lána kosta í útláni 132.5 millj. kr. 30% af því plús 65 millj. eru eitthvað nálægt 90—100 millj. kr., sem er niðurskurðarþörfin án þess að taka tillit til þess, hversu gífurlega bjartsýni menn hafa um að afla fjár úr lífeyrissjóðakerfinu.

Það er því engum orðum aukið, hæstv. ráðh., að ég get ekki ímyndað mér að húsnæðislánakerfi landsins hafi nokkru sinni verið verr komið en einmitt núna undir stjórn hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. Báðir eru þeir úr sama stjórnmálaflokki, sem oftast hefur haldið því fram, að hann vildi efla húsnæðismálin sem einn af þeim þáttum félagsmála sem varðar almenning í landinu hvað mest.

Hæstv. ráðh. fór hér með margar tölur og taldi að það væri nokkuð bjart fram undan, það hefði verið byrjað á svo mörgum íbúðum í Reykjavík í fyrra. En hvað var mörgum íbúðum lokið í Reykjavík í fyrra? Í blaði hans, Þjóðviljanum, 11. febr. 1982, segir svo í stórri fyrirsögn: „484 íbúðum lokið í Reykjavík 1981." Og í lítilli, mjög lítilli undirfyrirsögn segir: „334 færri en 1980." Það þarf ekki að hafa Morgunblaðið, hæstv. ráðh., sem einhvern stórasannleik um það, hvað hefur gerst í húsnæðismálum frekar en öðru þar sem staðreyndirnar tala og jafnvel Þjóðviljinn segir sæmilega rétt frá.

Því miður eru húsnæðismálin að komast í stórfelldan hnút undir stjórn hæstv. ráðh. Ég vil enda mál mitt á því að benda góðfúslega á það, að þrátt fyrir allt skrumið um að stórauka verkamannabústaðabyggingar hafa íbúðabyggingar almennt í landinu dregist saman að magni til um 19%, miðað við árin 1978, á þeim árum sem hæstv. ráðh. og hans flokkur hafa haft einhver mestu ráð sem um getur í íslenskri stjórnmálasögu. Ég býst varla við að hæstv. ráðh. geti fært rök að því, að Alþb. hafi haft meiri tök á húsnæðismálum í aðra tíð en nú.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hef áður í allítarlegu máli gert grein fyrir því, hvaða útreið húsnæðislánakerfið hefur fengið í höndum núv. ríkisstj. Ég hef dregið upp þá dökku og sorglegu mynd, að þetta kerfi hafi verið sett á hausinn þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir okkar Alþfl.-manna. Það er ekki bara nú í haust sem við höfum bent á hversu óskyggilega horfi, heldur gerðum við þegar við setningu lagafrumvarpsins vorið 1980 grein fyrir því, að þær tillögur, sem þá voru lagðar fram, þýddu að þetta kerfi gæti ekki staðið undir sér og mundi lenda í þrotum innan tíðar. Við birtum ítarlega útreikninga sem sýndu að kerfið þyrfti að fá mjög mikið viðbótarfjármagn og að það mundi hrynja. Við höfum við hverja umræðuna á eftir annarri, í sambandi við lánsfjárlög, í sambandi við lánsfjáráætlun og í sambandi við fjárlög, bent á þetta atriði. Við höfum enn fremur aftur og aftur bent á að það væri óviðunandi með öllu að ungu fólki, sem ætlaði að koma sér fyrir, væri gert að sjá fyrir helmingi, kannske upp í 3/4 af íbúðarverði með óheyrilegu vinnuframlagi eða skammtímalánum. Til þess að hér yrði ráðin bót á fluttum við m. a. frv. um skyldur bankakerfisins til þess að veita viðbótarlán til íbúðarbygginga. Við gerðum það bæði í fyrra og núna. Hið seinna frv., sem situr í nefnd hér í deildinni, gerir ráð fyrir að bönkunum sé ætlað að veita 200 þús. kr. viðbótarlán til þeirra sem fá lán samkvæmt úthlutun frá Húsnæðisstofnun. Ef þetta væri gert væri komið mjög verulega til móts við þá sem eru að koma sér fyrir, þurfa að eignast íbúð. Þessi lán eru til langs tíma, til 20 ára, með 2—3% vöxtum. Ég held að það hefði verið heillavænlegra í þeirri miklu kreppu, sem nú er upp komin í sambandi við Húsnæðisstofnun ríkisins og húsnæðislánakerfið, ef ríkisstj. hefði fengist til að fara inn á þessa braut og ætla bönkunum þetta hlutverk, t. d. í staðinn fyrir að skattleggja þá sérstaklega. Ég hefði verið reiðubúinn til þess að taka upp viðræður við ríkisstj. og ríkisstjórnarflokkana um þetta fyrirkomulag til þess að greiða úr þeim hnút, sem við búum nú við, og því óviðunandi ástandi, sem ríkir í þessum efnum.

Við umræður hér fyrir fáeinum dögum gerði ég grein fyrir því hvernig Húsnæðisstofnun ríkisins hefði verið svipt tekjustofnum sínum og framlög til húsnæðislánakerfisins hefðu í heild verið skorin niður um 47%. Ég gerði enn fremur grein fyrir því, að fjöldi íbúða, sem veitt væru lán út á, hefði farið hraðminnkandi, hefði fækkað um 1100 íbúðir á árunum 1979—1981 samkv. yfirliti frá Húsnæðisstofnun, dags. 14. des. 1981. Og ég minnti á í sambandi við umræður um lánsfjárlög og lánsfjáráætlun hér í deildinni að ekki væri annað sjáanlegt af því fjármagni, sem húsnæðislánakerfinu væri ætlað, en að enn væri reiknað með samdrætti sem næmi að mínu mati um 550 íbúðum á þessu ári. Heildarfækkun væri þá um 1650 íbúðir á tímabilinu 1979—1982. Þetta gerist á sama tíma og þjóðinni er að fjölga. Allir sjá að slíkur samdráttur hefnir sín vitaskuld síðar á sama hátt og fjársvelti húsnæðislánakerfisins er að hefna sín þessa dagana og mun hefna sín enn grimmilegar síðar. Þetta vildi ég láta koma fram og ítreka í sambandi við það frv. til laga sem hér er til umr.

Um þetta frv. er það að segja, að hér eru settar fram nokkrar óskir um lagfæringar á því kerfi sem í gangi er varðandi framkvæmdaatriði. Það eru hugmyndir um að veita einstaklingum, sem eiga íbúð, lán til að byggja leiguíbúðir. Tilgangurinn er að örva byggingu leiguíbúða. Það eru sérstakar hugmyndir um kaup á skuldabréfum vegna byggingar á vistheimilum fyrir aldraða fólk. Það eru hugmyndir um að hækka lánahlutfall til þeirra sem eiga ekki íbúð. Og það eru hugmyndir um að fresta afborgunum af lánum hjá þeim sem eru 70 ára og eldri. Allar eru þessar hugmyndir góðra gjalda verðar. Það eru líka gerð tilraun til þess að endurbæta kaupskylduákvæði varðandi verkamannabústaði. Menn halda að með því frv., sem hér er flutt, sé verið að gera

þau fyllri og skýrari. Síðan eru ákvæði um skyldusparnað unglinga sem eiga að stuðla að því að meira af því fé komi til húsnæðislánakerfisins.

En það er ekki stafur í þessu frv. um að þetta muni kosta nokkurn skapaðan hlut. Engin grg. fylgir þessu frv. um þann kostnað sem þessar ágætu og frómu hugmyndir hefðu í för með sér — ekki nokkur stafur. Í einni grein er þess getið, að tvöfalda skuli framlag til Byggingarsjóðs ríkisins frá því sem það er í fjárlögum fyrir 1982, eftir að sett hafa verið lög um aukna tekjuöflun. Það er allt og sumt. Það eru engar hugmyndir í þessu frv. um tekjuöflun til Byggingarsjóðs ríkisins. Það hafa engar hugmyndir komið fram frá ríkisstj. um tekjuöflun til Byggingarsjóðs ríkisins eða húsnæðislánakerfisins. Að því leyti eru þessar frómu óskir vitaskuld gagnslaust plagg.

Hæstv. félmrh. reynir að hvísla: skyldusparnaðarfrumvarpið. Það er ekki tekjuöflun til húsnæðislánakerfisins. Það er lánaöflun til húsnæðislánakerfisins samkvæmt skilgreiningu ráðh. sjálfs. Það er sama og að segja: Hér höfum við fullt af útgjöldum. En þó að þú getir ekki risið undir þeim og farir á hausinn af því að taka á þig þessi útgjöld og þau viðbótarútgjöld sem hér eru, þá skiptir það ekki máli. Taktu bara lán, vinur minn. — Þetta er sama og segja við fjölskyldu sem kemst ekki af á launum sínum: Það gerir ekkert til, þú skalt bara taka lán. — Það eru væntanlega einhverjir aðrir sem eiga þá að sjá fyrir því, að hægt verði að standa undir kerfinu einhvern tíma.

Ég verð að segja alveg eins og er, herra forseti, að mér finnst margt af því, sem fram kemur í þessu frv., líklegt til að horfa til bóta að því er kerfið sjálft varðar. En það er náttúrlega harla gagnslítið að taka á sig aukin útgjöld ef ekki er séð fyrir tekjum í staðinn. Og það, sem er hryggilegast í þessu öllu saman, er að annars vegar höfum við kerfi sem stendur ekki einu sinni undir þeim útgjöldum sem það hefur nú, og hins vegar höfum við húsbyggjendur, ungt fólk, sem þarf að byggja yfir sig eða að kaupa sér íbúðir, en getur ekki með nokkru móti komið sér fyrir með mannsæmandi hætti vegna þess að þetta kerfi er svo ófullkomið.

Það er þetta sem er í rauninni hið stóra vandamál. Og meðan það tvíþætta vandamál er ekki leyst, að vera með kerfi, sem stendur undir sér, og að koma til móts við unga fólkið með svipuðum hætti og við Alþfl.-menn höfum lagt fram tillögur um ákveðin markmið í þeim efnum, þá hefur ekkert verið leyst, hvaða orðalag sem verður fundið og hvaða frómar óskir sem eru settar fram.

Hér er á einum stað fjallað sérstaklega um verkamannabústaðakerfið og svokallaða kaupskyldu í því sambandi. Það er sagt að sveitarfélögin hafi vakið máls á því, að ákvæðið, sem í gildi væri núna varðandi kaupskyldu, væri ekki nógu gott og það hefði sætt nokkurri gagnrýni við framkvæmd laganna. Það er víst heldur vægilega til orða tekið. Ég held að það hafi sætt mikilli gagnrýni og mikið af henni hafi verið réttmætt. Ég er hins vegar ekki sannfærður um að menn hafi hér fundið hina réttu braut að því er varðar hvernig með endursölu á íbúðum í verkamannabústöðum skuli farið, hvorki að því er varðar matsreglur né heldur matsverð. Ég ætla ekki að fjölyrða um það á þessu stigi, en við Alþfl.-menn munum leggja áherslu á tvennt í því sambandi: Í fyrsta lagi að endursöluákvæðin séu með þeim hætti að íbúðir, sem eru á félagslegum grundvelli, fari ekki út úr því kerfi nema þess sé raunverulega óskað að það gerist, að það sé ekki verið að éta utan af þessu kerfi með sjálfvirkum hætti nema menn séu sannfærðir um að þeir geti séð fyrir þessari þörf eðlilega í hverju sveitarfélagi. Það er ákveðinn uppgjafartónn, sýnist mér, í þessu ákvæði eins og það liggur nú fyrir. En það á ekki að ganga á fjölda þeirra íbúða sem í boði eru á félagslegum grundvelli nema ljóst sé að menn geti mætt þeirri þörf sem er fyrir íbúðir af því tagi. Í annan stað leggjum við áherslu á að það að búa í verkamannabústað og hafa eignast íbúð í verkamannabústað megi á engan hátt verða átthagafjötrar, ef ég má orða það svo, þ. e. að þeir, sem hafa notið þess að búa í verkamannabústa, verði á engan hátt hlunnfarnir við það að reyna að koma sér fyrir með öðrum hætti. Um það, hvernig ná skuli þessum tvíþættu markmiðum, erum við Alþfl.-menn reiðubúnir að fjalla í nefnd og leggja til málanna þau sjónarmið, sem við teljum að hér eigi að fylgja, og þær aðferðir, sem við teljum að séu líklegastar til að ná þessu tvíþætta markmiði. Við munum ganga að því verki með opnum huga, vitandi að þetta er ekki sérlega auðvelt.

Herra forseti. Ég ætla ekki við 1. umr. um þetta mál að fara ofan í einstök atriði þessa frv. öllu frekar né heldur að fjalla nánar um þann fjárhagsvanda, sem húsnæðislánakerfið stendur frammi fyrir, né heldur þann fjárhagsvanda, sem þeir, sem þurfa að eignast íbúðir, standa frammi fyrir. Ég hef oft áður gert það að umræðuefni. En við þingmenn Alþfl. munum að sjálfsögðu gera ítarlegri grein fyrir viðhorfum okkar í einstökum atriðum við síðari umr. um þetta frv.

Guðmundur Bjarnason: Herra forseti. Frv. það, sem hér er flutt til breytinga á lögum nr. 51/1980, um Húsnæðistofnun ríkisins, er í öllum meginatriðum byggt á tillögum frá húsnæðismálastjórn, — till. sem hún er sammála um að leggja til og eru nauðsynlegar lagfæringar á þeim lögum sem nú gilda um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég ætla ekki að fara ítarlega ofna í þetta frv. En það eru nokkur atriði, 3—4 atriði, sem mig langar til að drepa sérstaklega á, sem hér eru fram sett.

Í 7. gr. frv. er fjallað um það, að ef lántaki er orðinn 70 ára eða eldri og fjárhag hans þannig varið að sýnt þyki, að hann fái ekki staðið undir afborgunum af lánum, sé heimilt að fresta afborgunum ótiltekinn tíma. Félmn. Alþingis hefur borist bréf frá Sjálfsbjörgu, landssambandi fatlaðra, þar sem vakin er athygli á þessu og óskað eftir að í ákvæðunum, sem felast í 7. gr. frv., sé tekið tillit til málefna fatlaðra eða þau ákvæði, sem þar eru um aldraða, séu einnig látin ná til fatlaðra. Einnig finnst mér að megi athuga hvort ekki sé rétt að láta önnur atriði í frv. ná til málefna þessa fólks og hugsanlega veita því forgang við lánveitingar, t. d. því fólki sem er hreyfihamlað, e. t. v. bundið við hjólastól og hefur ekki sömu tekjuöflunarmöguleika og aðrir þjóðfélagsþegnar. Ég vil að þetta komi hér fram í umr. án þess að ég hafi þó neina fullmótaða till. í því efni á þessu stigi.

Í 9. gr. frv. eru ákvæði sem ég vil sérstaklega taka undir. Þar er kveðið á um það að húsnæðismálastjórn sé heimilt, að fengnu samþykki félmrh., að ákveða hærra lánshlutfall til þeirra sem enga íbúð eiga og hafa ekki átt íbúð eða aðra sambærilega eign á síðustu tveimur árum.

Þá er einnig í þessari grein ákvæði um að lán til þeirra, sem byggja á lögbýlum, séu ekki bundin við fjölskyldustærð eingöngu, eins og hefur verið, því að vissulega er það svo að þar verða eigendaskipti ekki eins tíð. Fólki,

sem býr í sveit, er ekki kleift að skipta um íbúðir eftir því sem fjölskyldustærð breytist. Hér er komið til móts við það sjónarmið. Ég fagna því og tel það vera mjög til bóta. Það kemur að vísu ekki fram í frv., hversu langt skal ganga í þessu efni, en sagt að aldrei verði þetta lán lægra en lán samkvæmt staðli 2 á sama ársfjórðungi. Hér er vitnað til reglugerðar varðandi staðalíbúðir og þarf að athuga nánar hversu rúmt þetta ákvæði er.

Í 17. gr. frv. segir: „Innkaupsverð íbúðar" — þ. e. þegar verkamannabústaðakerfið leysir aftur til sín íbúð — „sem byggð er eða endurseld samkvæmt lögum þessum má ekki vera hærra en upphaflegt kostnaðarverð hennar eða síðasta söluverð að viðbættri hækkun samkv. vísitölu lánskjara." Hér tel ég að athuga þurfi þá sérstöðu sem skapast getur í einstökum sveitarfélögum ef verð á húsnæði fylgir ekki eftir almennum verðlagshækkunum í landinu, t. d. ef atvinnumál í viðkomandi sveitarfélagi hafa verið með þeim hætti að verðlagið fylgir ekki eftir almennu verðlagi annars staðar. Þá þarf á einhvern hátt að taka tillit til þess og gæta þess, að íbúðarverð á þeim stöðum sé ekki samkvæmt þessu ákvæði laganna miklu hærra metið í verkamannabústað heldur en almennt gerist.

Þegar ég ræði um verkamannabústaðina langar mig líka að nefna ákvæði er varðar réttindi þeirra sem fyrirgreiðslu eiga að njóta úr Byggingarsjóði verkamanna. Ég tel að það þurfi að koma inn ákvæði þess efnis, að allir landsmenn sitji við sama borð varðandi lánafyrirgreiðslu úr þeim sjóði, einnig bændur, svo fremi að viðkomandi uppfylli önnur sett skilyrði, svo sem um tekjumörk. Á þessu munu vera nokkur vandkvæði, ég geri mér það fyllilega ljóst, varðandi einmitt kaupskylduákvæði sveitarfélagsins og ýmsa aðra þætti, ef byggja á verkamannabústaði á lögbýli, en ég tel, að þetta atriði verði að skoða, og vil leggja áherslu á það í þessum umr.

Ég tel líka réttar þær breytingar sem hér er lagt til að verði gerðar á ákvæðum um skyldusparnað. Það er mjög brýnt að treysta það sparnaðarform, auka tiltrú ungs fólks á því sparnaðarformi. Þetta er tvímælalaust, eins og fram kom hjá hæstv. félmrh., besta sparnaðarform sem til er í dag. Það er fullverðtryggt samkvæmt lánskjaravísitölu, það ber sömu vexti og útlán frá Byggingarsjóði ríkisins, það er að sjálfsögðu undanþegið sköttum eins og annar sparnaður, en það er líka frádráttarbært frá tekjum, sem mest munar um í þessu sambandi. Það er frádráttarbært frá tekjum, sem sagt undanþegið tekjuskatti og útsvari. Þetta er veigamikið atriði. Og ég trúi því ekki, að með herferð, sem gengur í þá átt að gera fólki ljósa grein fyrir ágæti þessa sparnaðar, megi ekki efla hann meir en tekist hefur á undanförnum árum. Ég tel rétt að lagfæra ákvæði laganna einmitt með tilliti til þess, að hann sé traustari stofn fyrir húsnæðiskerfið.

Þá vil ég taka undir orð hæstv. félmrh. sem hann lét falla um þá breytingu sem orðið hefur í lánamálum vegna verðtryggingarákvæða. Hér er um slíka grundvallarbreytingu að ræða að það hlýtur að vera öllum ljóst, að veruleg breyting verður í uppbyggingu húsnæðiskerfisins. Það þarf algerlega að breyta hér hugsunarhætti. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að félagslegar íbúðarbyggingar hljóta að taka í auknum mæli við af því kerfi sem áður ríkti, þegar verðbólga sá um svo og svo mikið af skuldabagga manna þegar þeir byggðu eða keyptu sér húsnæði. Nú gerist það ekki lengur. Nú verða menn að endurgreiða sín lán að fullu. Þá er auðvitað ljóst að hér er slík breyting á ferðinni að það verður að takast á við þau vandamál, sem skapast, með ákveðnum og róttækum aðferðum. Ég tel að sú breyting, sem orðið hefur að undanförnu, þ. e. að stórauka félagslegar íbúðabyggingar, sé einmitt liður í þeirri baráttu stjórnvalda, þeirri breytingu sem stjórnvöld vilja beita sér fyrir og telja nauðsynlega til lausnar húsnæðisvanda landsmanna. Öðruvísi verður það ekki gert. Og auðvitað er það erfitt meðan það er að ganga yfir, verður mikið átak fyrir okkur, en nauðsynlegt.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég veit að það verður athugað rækilega í félmn. Alþingis. Ég vonast til þess, að þau atriði, sem ég hef hér bent á sérstaklega, verði tekin þar til athugunar og umfjöllunar og að frv. verði breytt í samræmi við það.

Umr. frestað.

Neðri deild, 68. fundur.

Föstudaginn 23. apríl, kl. 2 miðdegis.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360, n. 647). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27. shlj. atkv.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 521, n. 681). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á kosningalögum til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des. 1981. Efnislega fjallar sú breyting, sem hér er á dagskrá, um að það komi aðlögunartími á það, að stimplar verði alfarið notaðir við utankjörstaðarkosningar. Ástæðan fyrir því, að þetta er lagt til er að í ljós hefur komið að nokkur vandkvæði munu vera á því að afla þess stimplafjölda sem þyrfti. Einnig er þarna um nokkurt fjárhagsatriði að ræða, en þó er það fyrst og fremst hið fyrrnefnda sem veldur því, að þetta frv. er fram komið. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27. shlj. atkv.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204, n. 677). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Frv. þetta er um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga og er lagt fram vegna óskar Iðnfræðingafélags Íslands um að starfsheitinu iðnfræðingur verði veitt lögvernd. Gert er

ráð fyrir að vernd starfsheitisins geti gilt bæði um þá sem lokið hafa námi við Tækniskóla Íslands og sambærilegu námi erlendis.

Iðnn. hefur rætt frv. og sent það til umsagnar. Allar umsagnir voru jákvæðar, og nefndin mælir samhljóða með því að málið verði samþykkkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. —5. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502, n. 679). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti allshn. um frv. til laga um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 24. apríl 1973. Nefndin hefur athugað frv. þetta á tveimur fundum sínum og er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 613, n. 664). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 664 um grunnskóla. Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 192, n. 667, 668). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 668,1 samþ. með 25:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, BÍG, FÞ, FrS, HÓ, HBl, HG IGuðn, IGísl, JS, JÞ, MHM, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, VG, ÆG, AS, SvH.

nei: GS, JE.

GHall greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÞS, JBH, EH GeirH, GHelg, HÁ, KP, MB, MÁM, PJ, PS, SighB) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
4.—5. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 668,2 samþ. með 23 shlj. atkv.
7. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 668,3 samþ. með 21 shlj. atkv.
8. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
9.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Brtt. 668,4 samþ. með 23 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
13.—14. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466, n. 663, 612). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 663 um frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Menntmn. hefur fjallað um frv. á fundum sínum og mælir með að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed. Friðjón Þórðarson og Guðrún Helgadóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Guðrún var viðstödd á fundum þar sem frv. var til umfjöllunar, en ekki þegar nál. var gefið út og málið tekið til endanlegrar afgreiðslu. En hv. þm. Guðrún Helgadóttir bað mig að geta þess, að hún væri samþykk frv. eins og það liggur fyrir frá Ed.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Á þskj. 612 hef ég ásamt hv. þm. Árna Gunnarssyni, Garðari Sigurðssyni og Jósef H. Þorgeirssyni flutt brtt. við frv. það sem Sinfóníuhljómsveit Íslands sem hér er til 2. umr. Brtt. þessi kom það seint fram að ekki reyndist unnt að vísa henni til hv. menntmn. þessarar deildar, en þar sem mér er kunnugt um að hv. nm. var kunnugt um þessa brtt., er þeir fjölluðu um frv., til ég ekki nauðsynlegt að tefja málið með því að óska eftir formlegri umfjöllun nefndarinnar um hana. Það er alls ekki, nema síður sé, ætlun flm. að tefja afgreiðslu þessa frv. með þessum tillöguflutningi og lengja þannig þann tíma sem Sinfóníuhljómsveitin verður að starfa og spila án þess að hafa nokkur lög, þ. e. lög um tilvist og starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, svo sem verið hefur undanfarin rúm 30 ár.

Þær breytingar, sem við flm. leggjum til að gerðar verði á frv., eru tvær. Þær eru mjög einfaldar og þurfa í sjálfu sér ekki mikilla skýringa við.

Sú fyrri er við 3. gr. og er tekin upp úr upphaflega frv., en hv. Ed. felldi það burt, sem ég tel að hafi verið mistök. Hún hljóðar um að hljómsveitin afli sér eigin tekna og stefnt sé að því að þær, þ. e. tekjurnar, nái 12% af rekstrarkostnaði. Ég tel rétt að hafa þetta ákvæði í lögunum, að stefnt skuli að slíkum tekjustofni og kveðið á um takmark þeirrar stefnumótunar og hver meining Alþingis sé með því. Ég tel með öllu óhæft að öllum eða nánast öllum rekstrarkostnaði við slíka stofnun sem

Sinfóníuhljómsveitin er sé skellt á opinbera aðila, svo sem verið hefur og reikna má með ef frv. verður afgreitt í óbreyttri mynd. Reynsla síðustu ára hefur sýnt að svo er, enda hafa eigin tekjur hljómsveitarinnar einungis verið um 6—8% síðustu árin. Ég vil ítreka að þetta ákvæði er tekið óbreytt upp úr frv. eins og hæstv. menntmrh. lagði það fram.

Síðari brtt. tel ég einungis vera leiðréttingu, þ. e. í stað orðanna „í minnst" í 6. gr. komi: allt að. Ég tel að það sé ætlunin með þessu ákvæði að hljómsveitin sé skipuð allt að 65 stöðum eða stöðugildum, en ekki að hún sé skipuð hið minnsta 65, en á því er að sjálfsögðu mikill munur. Í frv. er heimild til þess í sérstökum tilfellum að ráða fleiri hljóðfæraleikara tímabundið og til sérstakra verkefna. Því teljum við flm. að hljómsveitin eigi að vera skipuð allt að 65 stöðum og fleiri ef flutningur sérstakra tónverka krefst þess.

Eins og ég tók fram áðan þurfa þessar brtt. ekki mikla umfjöllun. Svo ljósar eru þær, að unnt á að vera fyrir þm. að samþykkja þær án sérstakrar umfjöllunar hv. menntmn., og því alls ekki þörf á að tefja afgreiðslu málsins, enda ekki ætlun eða tilgangur flm. með þessum tilöguflutningi.

Herra forseti. Ég beini því til hv. deildar að samþykkja þessar tillögur okkar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. er ég einn af þeim sem mæla með því, að þetta frv. verði samþykkt eins og það kom frá hv. Ed.

Ég hefði að vísu viljað að ýmsar breytingar hefðu verið gerðar á þessu frv., en ég flyt hins vegar ekki neinar brtt. um það vegna þess að ég vil ekki stofna frv. í hættu á síðustu dögum þingsins. Ég tel mikilvægara að Sinfóníuhljómsveitinni verði nú loks sett lög. Sjálfstæðismenn í Ed. fluttu ýmsar brtt. við þetta frv. Sumar voru samþykktar, en aðrar ekki. Ég tel að þar hafi verið hreyft ýmsum mikilvægum atriðum sem til bóta horfðu. Ég get nefnt sérstaklega nokkur atriði sem ég tel að betur mættu fara, eins og t. d. kostnaðarskiptingu milli rekstraraðila, aðild Ríkisútvarpsins, vinnuskyldu hljómsveitarmanna við Þjóðleikhúsið og fleira þess háttar. En úr þessu vil ég sem sagt ekki gera neitt mál á þessu stigi. Nánari ákvæði hefðu einnig mátt koma um starfsvið framkvæmdastjórans, um hljómsveitarstjórana sjálfa, um verkefnavalsnefnd og fleira. En þrátt fyrir þessar aðfinnslur mínar eða ábendingar vil ég ekki leggja annað til en frv. verði samþykkt.

Um brtt., sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson mælti hér fyrir, þarf ég ekki að hafa mörg orð. Nefndin gat ekki fallist á þær og ég tel þær ekki til bóta og mæli þess vegna með að þær verði felldar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil taka undir það, sem hv. 3. þm. Reykn. sagði áðan, að brtt. á þskj. 612 eru síður en svo fallnar til að bæta frv. eins og það liggur fyrir. Mér finnst það satt að segja lýsa hálfgerðum kotungshætti í menningarmálum að ætla að binda með lögum að hljóðfæraleikarar megi ekki vera fleiri en 65, sem er algjört lágmark þess að Sinfóníuhljómsveitin geti risið undir nafni með þeim hætti sem er sæmandi fyrir okkur sem menningarþjóð og fyrir þjóð sem á jafnágætum tónlistarmönnum á að skipa og við, ekki síst ef hliðsjón er höfð af því, að tónlistin er hér í mikilli grósku. Væri nær að Alþingi sýndi meiri rausn en hitt þegar um þessa listgrein er að ræða. Ég mæli þess vegna eindregið gegn þessari brtt. og skil raunar ekki þá hugsjón og þann kotungshátt sem að baki hennar liggur.

Um hitt vil ég segja, í sambandi við 12% af úrgjöldum hljómsveitarinnar: Hér er verið að setja viðmiðunartölu sem er valin af handahófi og ég sé ekki að eigi neitt erindi inn í lögin. Auðvitað er rétt að reyna að reka Sinfóníuhljómsveitina sem best, en við megum ekki setja inn viðmiðun sem stuðlar að eyðslusemi ef svo ber undir.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Það er kannske ástæðulaust að vera að koma hér upp aftur eftir að samnefndarmenn mínir í menntmn. hafa talað hérna. En ég vil aðeins koma hingað til að staðfesta það sem hv. Jóhann Einvarðsson sagði, að nefndin hafði þessar brtt. til umfjöllunar, enda þótt ekki væri búið að vísa þeim til nefndarinnar, og tók þær vissulega til umr. Nefndin varð sammála um að standa að frv. eins og það kom frá Ed., en féllst ekki á brtt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Svo sem kunnugt er fóru fram allverulegar umr. um þetta frv. í Ed. þar sem bornar voru fram brtt., sumar samþykktar og aðrar ekki, eins og gengur. Frv. kom til okkar í menntmn. Nd. í allnokkuð heillegri mynd.

Ég vil segja það, eins og aðrir nefndarmenn í menntmn. Nd. hafa sagt, að brtt. frá hv. þm. Jóhanni Einvarðssyni og fleirum barst til okkar í tæka tíð og fékk þar athugun, en mér sýnist raunar að hún fjalli um svo smá atriði að litlu máli skipti í fyrra fallinu sú brtt. sem þeir hv. flm. gera við 3. gr. Þar er lagt til að stefna að því, að eiga minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum. Það er að vísu rétt, sem hv. flm. sagði, að þetta var í upphaflegu frv., sem hæstv. menntmrh. lagði fyrir Alþingi sem 3. mál á hausti sem leið. En ég sé ekki og ég held að nm. hafi ekki séð neina ástæðu til að vera að binda þetta við 12%. Ég held að frá bæjardyrum ríkissjóðs geti menn út af fyrir sig vonað að þetta hlutfall verði jafnvel allmiklu hærra. Ég held að það sé ástæðulaust með öllu að vera að binda sig við þessa tölu, 12%, og breyti í raun og veru engu.

Sama sýnist mér gilda um seinni till. sem hv. þm. Jóhann Einvarðsson talaði hér fyrir, að hún virðist vera ástæðulítil, ef ekki ástæðulaus með öllu. Það er miðað við 65 stöðugildi í frv. eins og það nú liggur fyrir.

Ég vil aðeins undirstrika það og endurtaka, sem samnefndarmenn mínir í menntmn. hafa sagt, að okkur sýnist að þetta frv. sé vel úr garði gert eins og það kom frá Ed. og ástæðulaust vera að breyta því frekar.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar og ræddar við meðferð þessa frv. til l. um Sinfóníuhljómsveit Íslands frá því að það var rætt í borgarráði og hjá borgarfulltrúunum. Mig minnir — ég er ekki með þau gögn við höndina — að þá hafi verið talað um að fjöldi hljóðfæraleikara yrði 50 og eitthvað, man ég var, og ekki mætti fara upp fyrir það nema með sérstakri heimild. Nú eru þeir orðnir 65 og á að samþykkja það sem lög — og þau lög verða náttúrlega kvöð á borgarsjóði Reykjavíkur — án þess að hafa frekara samband við borgarstjórn eða borgarráð um frv. eins og það liggur hér fyrir til endanlegrar samþykktar.

En í þessu frv. eru ýmsar aðrar kvaðir á borgarsjóð. Borgarsjóður Reykjavíkur er eina stofnunin sem stendur

undir kostnaði fyrir utan ríkissjóð. Ríkisútvarpið er stofnun sem er meira og minna rekin á vegum ríkissjóðs þar sem framlög landsmanna duga ekki til að standa undir rekstri Ríkisútvarpsins. Ég verð því að mótmæla þessu frv. eins og það er og tel algera óhæfu að lögfesta framlög úr sveitarsjóði, hvort sem það er sveitarsjóður Reykvíkinga eða annarra, á þennan hátt, og því fremur að hér er um prósentuframlag að ræða og ekki nokkur leið að ákveða fyrir fram hvert framlag Reykjavíkurborgar á að vera. Það er ákveðin prósenta. Hér er hún komin í brtt. á þskj. 373 upp í 18%. Er það að vísu það sama og er í upphaflega frv., en þar var bæjarsjóður Seltjarnarness inni í að eigin ósk, en í brtt. hefur það verið fellt niður. Ég veit ekki af hverju, líklega án samráðs við það sveitarfélag.

Ég skil ekki og veit ekki hvernig ríkisstj. eða Alþingi ætlast til þess að Reykjavíkurborg geri sína fjárhagsáætlun árlega ef hún ekki veit nokkurn veginn fyrir fram hvaða kostnaðarliðum hún á að reikna með. T. d. er í þessari brtt. talað um að menntmrn., með leyfi forseta, skipi hljómsveitarráð til fjögurra ára í senn og ákveði ráðsmönnum þóknun sem greiðist af rekstrarfé hljómsveitarinnar. Það er menntmrn. eitt sem ákveður þarna þóknun og ákveður greiðslu til starfsmanna sem eru þó að hluta á launaskrá eða kostnaðarliður hjá borgarsjóði. Einnig er talað hér um launakjör og vinnutíma starfsmanna hljómsveitarinnar sem fer eftir kjarasamningi þeirra og fjmrh.

Borgarstjórn Reykjavíkur þarf að gera sína fjárhagsáætlun og móta sínar tekjur af tilkostnaði. Ég reikna þá fastlega með að hæstv. félmrh. beiti sér fyrir að borgarsjóður fái auknar tekjur til að mæta þeim lagakvöðum sem Alþingi er með þessu og á annan hátt að fæa í síauknum mæli yfir á borgarsjóð Reykjavíkur.

Ég mótmæli þessu frv., eins og það liggur hér fyrir, og tel alfarið réttara að ríkissjóður og þar með landsmenn allir standi sameiginlega undir kostnaði við hljómsveitina.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er einkennilegur tónn í mörgum hv. þm. gagnvart brtt. okkar hv. þm. Jóhanns Einvarðssonar. (**Gripið fram í:** Og fleiri.) Já, og fleiri, sem eru einnig hv. þm., herra forseti. Í hverju skyldu nú þessar brtt. vera fólgnar? Hafa menn ekki lesið þær? Mér heyrðist á hv. þm. Vilmundi Gylfasyni að hann hefði alls ekki lesið brtt. Hann talar um að við séum að binda tekjur hljómsveitarinnar af aðgangseyri við 12%. Það er agalegur misskilningur. Það sýnir og sannar að hann hefur ekki lesið brtt. og þaðan af síður skilið þær. Ég er ekkert hissa þó það komi fyrir hv. þm. Halldór Blöndal að hann lendi í þeirri gryfju að geta hvorki lesið né skilið, en mig undrar að hv. þm. Vilmundur Gylfason skuli gera það.

En í hverju eru brtt. fólgnar? Fyrri hlutinn er um að taka upp till. hæstv. menntmrh. og ríkisstj. Í frv. sjálfu, sem nefndarmenn virðast ekki hafa lesið heldur, stendur í lok 3. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sinfóníuhljómsveitin skal kappkosta að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefna að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar."

Og hvernig er brtt.? Hún er nákvæmlega eins. Það erum við, þessir fjórir hv. þm., sem leggjum til að koma sjónarmiðum hæstv. menntmrh. á framfæri. Við erum þeir einu sem styðjum hann og ríkisstj. Hinir afneita henni. Hvernig stendur á að menn turnast svona í þessum efnum? Við erum að leggja til að standa við það sem ríkisstj. hefur ákveðið, og er nú orðið bágt ef hæstv. menntmrh. Ingvar Gíslason hefur ekki fleiri eða menningarlegri stuðningsmenn en mig og hv. þm. Jóhann Einvarðsson og fleiri.

Herra forseti. Hver skyldi nú vera síðari brtt. og hvernig stendur á því, að hún er flutt? Það er ósköp einfaldlega vegna þess að í 6. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta, að stjórn Sinfóníuhljómsveitarinnar ráði hljóðfæraleikara, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, í minnst 65 stöðugildi. Hvað þýðir það? Þeir gætu þess vegna orðið 165. Það er enn ekkert þak á þessari vitleysu hjá þeim. Það má ráða eins marga og sýnist. Þetta er lágmarkið. Auðvitað er þetta fjarstæða. Hverjum dettur í hug að leyfa slíkt í lögum? Þetta kostar peninga eins og annað. Menn reika um í einhverri þoku og sjá ekki fótum sínum forráð í þessum efnum, eru eitthvað viðkvæmir fyrir þessu og hræddir við þetta, en svo blindir hélt ég að menn væru ekki að þeir væru að ganga frá lögum þar sem væri sagt að mættu vera eins margir í Sinfóníuhljómsveitinni og verkast vildi og í allra minnsta lagi 65.

Við, sem flytjum þessa brtt., og sú fyrri er stuðningur við hæstv. ráðh. Ingvar Gíslason og hæstv. ríkisstj. og ekkert annað, viljum halda fast við það sem í frv. var ákveðið. En í seinna lagi lítum við á að sú brtt. sé leiðrétting. Hún er um það, að við viljum takmarka föst stöðugildi við 65. Hv. þm. eru beðnir um að taka eftir því, því að þeir sem töluðu gegn þessum brtt. fóru rangt með. Þeir fóru allir rangt með og ósköp einfaldlega vegna þess að þeir hafa ekki viljað lesa brtt. og hafa viljað gleypa þetta hrátt án þess að smakka á því. Við leggjum til að það verði heimilt að ráða í 65 föst stöðugildi, en ef vantar fleiri hljóðfæraleikara er heimilt samkv. þessari brtt. að ráða þá. Það er ekkert sem bannar það. Þess vegna fara menn rangt með, eins og hv. þm. Halldór Blöndal, og var það svo sem engin furða. Hann sagði að þessir menn mættu ekki vera fleiri en 65. Það er rangt, enda stendur það svart á hvítu í brtt. okkar fjórmenninganna. Hvernig stendur á að menn vilja grípa til rangfærslna hérna til að hafa fram sínar skoðanir? Ég tel það algjört lágmark af hv. þm. að segja satt og lesa rétt það sem þeir eru að gagnrýna, en ekki vísvitandi rangt, því að þskj. 612 liggur fyrir og þar má lesa þetta svart á hvítu. Þar er ekki um neinn vafa að ræða.

Það er kyndugt þegar menn gagnrýna þessi 12%, sem eigi að stefna að, á þeim forsendum, að það gæti orðið betra og þess vegna væri ekki rétt að binda þetta. Auðvitað er það ekki bundið, heldur skal stefnt að því. En hvað greiða neytendur sinfóníutónlistarinnar mikinn hluta af kostnaði eins og er? Það er innan við 7%, 6.9% af kostnaði. Hins vegar er líklegt að þessi tala rjúki langt umfram 12, en það gerir ekkert til, því bæri auðvitað að fagna.

Allt er þetta rugl og rakalaust þvaður hv. þm. sem hafa mótmælt þessum brtt., og er sýnilegt að þeir hafa ekki lagt í það vinnu einu sinni að lesa brtt. sjálfa, hvað þá frv.

Herra forseti. Við hv. þm. fjórir, Jóhann Einvarðsson, Árni Gunnarsson, ég og Jósef H. Þorgeirsson, leggjum til að stefnt skuli að því að eigin tekjur hljómsveitarinnar skuli eigi vera minni en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar, sem er till. ríkisstj. og hæstv. menntmrh. Við

leggjum til að heimilt sé að ráða í 65 stöðugildi, en ekki ótakmarkaðan fjölda, og bæta við hljóðfæraleikurum ef þá vantar.

Herra forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt, herra forseti, þrátt fyrir allt í þessu máli, eins og stundum áður kannske, að lesa hreinlega upp brtt. fyrir þm. sem virðast ekki hafa tíma eða þá getu til að lesa rétt.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): *Herra forseti.* Það var út af ræðu hv. þm. Alberts Guðmundssonar sem ég kvað mér hljóðs. Ég vil benda honum og öðrum hv. þm. á bls. 6 í frv. þar sem koma fram athugasemdir við einstakar greinar. Þar er getið um skiptingu samkv. frv. sem lagt var fram 1977 og 1978. Ég þarf ekki að lesa það upp fyrir hv. þm., en þar stendur:

„Eftir framlagningu frv. 1977, en það fékk ekki afgreiðslu á því þingi, lýsti Reykjavíkurborg því yfir í bréfi, dags. 12. jan. 1979, til menntmrn., að Reykjavíkurborg gæti sætt sig við þá kostnaðarskiptingu, sem gilt hefði ef frv. hefði náð fram að ganga."

Ég vil aðeins benda á þetta, og sjálfsagt hafa báðir menntmn. Alþingis tekið þetta gilt sem jákvæði Reykjavíkurborgar við þessari kostnaðarskiptingu.

Út af þeim brtt., sem hér eru fram komnar við frv., ætla ég ekki að gera langt mál. Mér finnst fyrri brtt., þar sem sagt er að stefnt skuli að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar, geti alveg eins verið letjandi og hvetjandi og skal ég ekki hafa fleiri orð um það.

Þá er það hitt atriðið, hvort hljóðfæraleikarar skuli vera allt að 65 eða minnst 65. Það er talið að 65 hljóðfæraleikara þurfi í minnstu gerð sinfóníuhljómsveitar. En að því slepptu: Ef mig vantar 10 menn í vinnu og ég hef heimild til að ráða minnst 10 menn eða allt að 10 mönnum ræð ég að sjálfsögðu 10 menn. Frv. í fyrstu mynd og í síðari mynd gerir ráð fyrir að hljómsveitin geti ráðið aukaleikara til einstakra verkefna. Ég sé því ekki að þetta sé veigamikið atriði sem verið er að tala um hér.

Ég get fullvissað hv. þm. Garðar Sigurðsson um að nefndarmenn hafi lesið brtt. sem fram komu frá þeim fjórmenningum. Um það er ekki deilt, heldur hvort hljómsveitin skuli vera skipuð þannig að hún geti tekið að sér flutning sinfóníuverkefna eða hvort óhæfileg sparsemissjónarmið skuli ráða og gera þannig hljómsveitina hugsanlega ófæra um gegna því hlutverki sem henni er ætlað.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég þakka menntmn. þessarar hv. deildar fyrir ágæta afgreiðslu og meðferð þessa máls. Ég hlýt að nefna að þetta frv. var lagt fram sem eitt af fyrstu málum þessa þings í Ed. og var þar ítarlega um það fjallað að mínum dómi. Allmargar brtt. voru fluttar í Ed. við þetta frv. Ýmsar þeirra voru samþykktar, eins og hér hefur komið fram, þó að sumar þeirra væru það ekki.

Ein af þeim brtt., sem var samþykkt í Ed. fyrir tilstilli menntmn. þar, hygg ég, var að fella út úr 3. gr. það ákveðna prósentustig sem varðar um eigin tekjur hljómsveitarinnar. Það var upphaflega í frv., eins og ég lagði það fyrir, gert ráð fyrir að reynt yrði að stefna að því að a. m. k. næðust 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar af eigin tekjum. Hins vegar kom það nú fram, bæði í frumræðu minni fyrir þessu máli og eins í grg. sem var fyrir frv., að mjög mætti um það deila, hvort svona ákvæði hefði verulegt gildi. Þó var það niðurstaða þeirra, sem mest unnu að frv. áður en ég lagði það fram, að það mundi sennilega vera heppilegra að hafa slíka viðmiðun, í þeirri trú að það væri hvatning fyrir stjórn hljómsveitarinnar að ná þessu marki. Ég held að það sé afskaplega erfitt að finna nákvæmlega það rétta út í þessu máli, hvort þetta verður til hvatningar eða ekki, og ég vil ekki gera allt of mikið úr þessu, eins og komið er, og tel ekki ástæðu til að hafa uppi mikið karp um þetta.

Það má reyndar ekki síður segja um hina brtt. á þskj. 612, að það er býsna mikill munur á hvort við festum þarna töluna 65 stöðugildi eða hvort við notum, eins og verið hefur, allt að 65 stöðugildi. Á þessu er talsvert mikill munur óneitanlega. Ég get lýst yfir því, að það stendur ekki til að hafa hljómsveitarmenn fleiri en 65 sem þarna er rætt um. En ég held að það væri við hæfi, úr því að við á annað borð eftir svo langan tíma, má segja að sé 32 ár, erum loks að lögfesta reglur um rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar, að gera það þokkalega og sæmilega myndarlega, eins og þarna er þó reynt að gera. Eins og hér hefur verið bent á, m. a. í ræðum í dag, er það álit kunnáttumanna í þessum efnum að 65 manna hljómsveit sé í raun og veru sú minnsta hljómsveit sem hugsanlega er hægt að nefna því nafni að vera sinfóníuhljómsveit. Ég veit að ef þetta frv. hefði verið lagt fram fyrir allmörgum árum, við skulum segja 10 árum eða fyrr, má vel vera að við hefðum hugsað svolítið öðruvísi. En tíminn líður, hljómsveitin eflist, hún er þegar 32 ára, og ég held að úr því að við höfum dregið svo lengi að lögfesta reglur um hljómsveitina ættum við að standa sæmilega myndarlega að því og vera ekki að draga svo mjög úr þessari tölu.

Það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson sagði áðan, kom mér á óvart, ef Reykjavíkurborg og forráðamenn Reykjavíkurborgar vita ekki hvað stendur í þessu frv. Ég get ekki tekið það sem góða og gilda vöru að svo sé. Þetta frv., eins og ég lagði það fram núna í haust, var einnig lagt fram á síðasta þingi og það var endurtekið á þessu þingi óbreytt. Ég verð að segja að það kemur ákaflega spánskt fyrir ef Reykjavíkurborg veit ekki um hvað stendur í þessu frv. Ég get ekki tekið það sem góða og gilda vöru. Ég vona satt að segja að hv. þm. átti sig á að Reykjavíkurborg hefur mjög miklar skyldur við Sinfóníuhljómsveitina. Ég nefni m. a. það sögulega í sambandi við Sinfóníuhljómsveitina, að það voru í raun og veru forráðamenn Reykjavíkurborgar sem hvað mest stuðluðu að því í kringum 1950 að Sinfóníuhljómsveitin var yfirleitt stofnuð. Reykjavíkurborg er sá aðili sem langlengst hefur staðið að rekstri Sinfóníuhljómsveitarinnar. Hins vegar hefur hlutur borgarinnar í rekstrinum farið minnkandi. Nú er gert ráð fyrir að hann verði 18%. Það eru ekki mörg ár síðan Reykjavíkurborg samþykkti að taka þátt í 25% af kostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar, en þetta hefur breyst svo núna að það er komið niður í 18% sem Reykjavíkurborg er ætlað að standa undir. Það kemur mér ákaflega mikið á óvart ef forráðamenn borgarinnar eru sér ekki meðvitandi um þessa tölu.

Þó að ég geti að vissu leyti fallist á það, sem fram kom í ræðum hv. flm. brtt. á þskj. 612, að e. t. v. ríður það ekki Sinfóníuhljómsveitinni að fullu þó að till. þeirra væru samþykktar, — það er út af fyrir sig rétt að það mun ekki gera það, — þá held ég hins vegar að það væri hyggilegra fyrir þessa hv. deild að taka mið af því, sem samþykkt hefur verið í hv. Ed., og taka einnig mið af því, sem er till. menntmn. í þessari hv. deild um þetta atriði, sem sagt að

standa myndarlega að afgreiðslu þessa máls loksins þegar við eygjum þó nokkra von um að Alþingi geti staðið saman að samþykkja lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands. En auðvitað verða menn að eiga um þetta við sjálfa sig.

Ég hef ekki miklu meira um þetta mál að segja. Ég vænti þess hins vegar, að hv. þd. samþykki frv. eins og það kom frá Ed. og að málið geti orðið að lögum sem fyrst.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það skulu aðeins vera örfá orð vegna þeirra orða sem hv. 4. þm. Suðurl., Garðar Sigurðsson, lét falla hér áðan.

Ég held að það sé í fyrsta lagi nokkur misskilningur, að nm. í menntmn. hafi hvorki lesið né þaðan af síður skilið það frv. sem hér er um að ræða.

Að því er þessa brtt. varðar segir í frv., eins og það kemur frá Ed., að ráðið skuli í minnst 65 stöðugildi. Ástæðan til þessa kemur mjög glögglega fram í athugasemdum við 6. gr. frv., eins og það upphaflega var lagt fram af hæstv. menntmrh. í haust. Viðmiðunartalan 65 er sú lágmarkstala sem þarf að vera í sinfóníuhljómsveit til þess að hún geti tekist á við venjuleg og meiri háttar sinfónísk verkefni. Hins vegar er hér auðvitað ekki um að ræða að það séu ótakmarkaðar heimildir til fjölgunar, að þetta sé galopið upp á við, eins og hv. þm. virtist halda. Það er á misskilningi byggt vegna þess að ef um fleiri stöður er að ræða er auðvitað farið með það eins og með störf annarra opinberra starfsmanna. Það fer undir ráðningarnefnd og það er háð fjárveitingavaldi. Það er því misskilningur hjá hv. þm. að þetta sé galopið upp á við, eins og hann virtist halda. Um það fer eins og önnur slík störf, og af þeim ástæðum tel ég a. m. k. að þessi brtt. sé ástæðulaus.

Að því er fyrri brtt. varðar er út af fyrir sig alveg rétt að hún er tekin upp óbreytt eins og stóð í frv. sem hæstv. ráðh. lagði fram í haust, en þó að hann sé góður og gildur maður að öðru leyti er kannske ekki ástæða til að taka það alvarlega svo bókstaflega að menn telji skynsamlegt að stefna að þessu marki, en stefna ekki að hærra marki. Þessi varð niðurstaða hv. Ed. og á þá niðurstöðu má fallast.

Ég tel, aðallega að því er varðar þá brtt. sem hv. þm. fjallaði um og er við 6. gr. frv., að hann byggi á þeim misskilningi að halda að þetta sé galopið og að hljómsveitin geti farið upp í töluna 165 án þess að nokkur hafi eftirlit með því. Það er mikill misskilningur. Hafi það vakað fyrir flm. till. hygg ég að hún sé á nokkrum misskilningi byggð.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég held að hæstv. menntmrh. hafi ekki áttað sig á hvað er að gerast í fjármálum sveitarfélaga. Ég held að hann hafi ekki minnstu hugmynd um það. (*Gripið fram í.*) Jú, jú, segir hæstv. ráðh. Veit hæstv. ráðh. að síðasta fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar undir stjórn vinstri flokkanna þurfti á 40 millj. kr. láni að halda frá peningastofnunum til að ná saman? Veit hæstv. ráðh. að það er komið yfir 80% af heildartekjum borgarinnar í rekstrarkostnað við borgina og stofnanir hennar, hefur aldrei nokkurn tíma verið svo hátt? Veit hæstv. ráðh. að af því fé, sem þarf til eignabreytinga á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar koma yfir 20% frá sektarvöxtum Gjaldheimtunnar? Gerir hæstv. ráðh. sér enga grein fyrir því, í hvaða klemmu sveitarfélögin eru fjárhagslega? Þessi kostnaðarliður, sem ég er að ræða hér og nú um, Sinfóníuhljómsveitin, er íþyngjandi að enginn getur upplýst hvað hún kemur til með að kosta. Það er prósentuálagning á borgarsjóð, sem er óþekkt tala, ofan á þau vandræði sem ég nú gat um og eru ný dæmi frá gerð fjárhagsáætlunar síðast. Ætlar núv. vinstri ríkisstj. að halda áfram á þessari sömu braut?

Ég verð að leiðrétta hæstv. menntmrh. Framlög Reykjavíkurborgar voru aldrei ákveðin fyrir fram. Það var aldrei samþykkt nein prósenta. Það fór eftir því, hvað *við höfðum efni á að samþykkja hverju sinni*, hvað við samþykktum hátt framlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar. Það var ekki lögboðið. Það komu óskir til borgarstjórnar Reykvíkinga um aukaframlag vegna umframkostnaðar við Sinfóníuhljómsveitina, og borgarráð Reykjavíkur lagði til að það yrði ekki samþykkt og það var ekki samþykkt. Það stóð lengi á því, að ríkið legði sitt fram, vegna þess að Reykjavíkurborg neitaði að samþykkja aukaframlag vegna umframkostnaðar við rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar. Nú á að lögbinda að ákveðin prósenta af rekstri og ákveðin prósenta af alls konar ferðalögum um landið skuli greiðast að 18% af Reykvíkingum. Bréf það frá Reykjavíkurborg sem vitnað var í áðan, eins og réttilega kemur fram á bls. 6, segir ekkert annað en Reykjavíkurborg sé reiðubúin að halda áfram að starfa að þessu verkefni á sama hátt og áður, sem sagt að ákveða sjálf hverju sinni eftir efnum og ástæðum framlag til Sinfóníuhljómsveitarinnar, en það verði ekki lögbundið á þennan hátt.

Það *þýðir ekkert fyrir hæstv. menntmrh.* að halda áfram að ganga með höfuðið ofar skýjum og sjá ekki hvað er að gerast í kringum hann. Við skulum leggja þetta frv., eins og það er nú, fyrir borgarstjórn Reykjavíkur *og vita hvað hún hefur um það að segja*. Það er alls ekki eins og það var þegar það var rætt í borgarráði Reykjavíkur. Ég á sæti í borgarráði Reykjavíkur og var að mótmæla 50 og eitthvað hljóðfæraleikurum, en þeir eru komnir upp í minnst 65 núna.

Það er náttúrlega málefnasnautt að tala um að borgarstjórn Reykjavíkur viti ekki hvað stendur í frv. Auðvitað veit borgarstjórn ekki og ráðherra ekki heldur hvernig frv. verður endanlega afgreitt sem lög frá Alþingi. Ég held að enginn geti sagt um það enn þá. Þetta verður eins og skömmtunarseðill frá Alþingi til borgarsjóðs Reykjavíkur ef borgarstjórn Reykjavíkur fær ekki að segja sitt síðasta orð þegar það liggur fyrir eins og það kemur til með að verða samþykkt á Alþingi.

Við Reykvíkingar viðurkennum vissar skyldur gagnvart allri þeirri starfsemi sem fer fram í borginni, og við erum að sjálfsögðu stór hluti af þjóðinni. Þess vegna segi ég: Það er ekkert óeðlilegt, ef við viljum halda hér uppi þeim hluta af menningu veraldarinnar, sem sumir virðast telja *sinfóníuhljómsveitina, umfram jafnvel brauð* og annað sem er lífsnauðsynlegt, að við gerum það úr sameiginlegum sjóði þjóðarinnar allrar og Reykvíkingar taki þá á sig sinn þátt í þeirri starfsemi ásamt öllum öðrum. Einhvern tíma heyrði ég því fleygt í umr. um þetta mál í borgarstjórn, að rekstur Sinfóníuhljómsveitarinnar væri orðinn svo dýr að það margborgaði sig til að viðhalda þessari menningu — við skulum segja að verk yrðu flutt hér — að flytja stórar hljómsveitir frá útlöndum, flytja sinfóníuhljómsveitina frá London eða New York hingað einu sinni í mánuði með flugvélum,

það væri ódýrara. Það væri gaman að fá að vita hvort það er rétt, en það kom fram í umr.

Ég vil benda á að unglingar, börn á öllum aldri, sem fara á íþróttamót í Laugardalshöllinni, hafa þurft að borga 3—5 þús. gkr. í aðgangseyri, verulega miklu meira en fullorðið fólk með góð efni, sem stundar hljómleika sinfóníuhljómsveitarinnar, þurfti að borga á þeim tíma. Af hverju erum við að greiða það niður? Ég man ekki hvaða prósentutala það er sem stundar reglulega hljómleika hljómsveitarinnar frá Keflavíkurflugvelli. Af hverju ættum við að greiða það niður?

Ég tek undir þá till. sem hér hefur verið flutt um að auka hlutdeild aðgöngumiðasölu, auka hlutdeild tekna í kostnaði við rekstur hljómsveitarinnar. Að sjálfsögðu tek ég líka undir þá till. að takmarka fjölda fastráðinna hljómlistarmanna við hljómsveitina. Mér finnst það alveg sjálfsagt.

Það vekur furðu mína hvað eftir annað, og það eru kannske fleiri sem hafa tekið eftir því, hvernig þeir útlendingar, sem koma hingað, geta hagað sér og búið þegar þeir koma hingað. Ég er alveg furðu lostinn. Það er eins og þjóðhöfðingjar séu á ferð. Þetta eru þekktir hljómlistarmenn. Þeir búa hér á dýrustu hótelum og hafa í kringum sig hirð, bæði matar- og kaffiboð. Ég hef gert um það fyrirspurn á hóteli hér hver borgaði þá reikninga, en þar var stór hópur listamanna á ferð. Það var Sinfóníuhljómsveit Íslands. Slíkt gengur ekki. Þetta er bruðl. Og meðan Reykjavíkurborg er ekki betur stödd en það undir stjórn vinstri meiri hlutans, að yfir 80% af heildartekjum borgarinnar eru komið í rekstur á stofnunum og borginni sjálfri og innan við 20% til framkvæmda eða eignabreytinga og þar af þarf að taka 20% af þessu framkvæmdafé í refsivöxtum af borgurunum til að framkvæmdir stöðvist ekki alveg, þá held ég að hæstv. menntmrh. ætti að fara að skoða hug sinn betur og vita hvort borgarsjóður Reykjavíkur hafi efni á slíkum lúxus og að Alþingi þvingi upp á hann 18% af kostnaði, sem er óþekktur. Ég mótmæli þessu. Þrátt fyrir stuðning við sinfóníuhljómsveit sem slíka mótmæli ég þessari verklagsaðferð Alþingis.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skal ekki bæta mörgum orðum við þessa umr. frekar en hefur þegar orðið.

Mönnum hefur orðið tíðrætt um hvað mætti ráða marga menn í Sinfóníuhljómsveitina, og ekki skal ég draga úr þörfinni á að hafa fjölmennt lið til að flytja góð verk hér á landi. Ég vil ekki taka undir þau orð hv. þm. Alberts Guðmundssonar, þó að ég taki undir margt af því sem hann sagði, að við færum að flytja e. t. v. Sinfóníuhljómsveit Lundúnaborgar hingað heim. (**Gripið fram í:** Ég var ekki að mæla með því). Það er rétt. Ég dreg það til baka.

Í grg. með frv. segir: „Hér er einnig heimilað að ráða 65 fasta hljóðfæraleikara til hljómsveitarinnar. Þetta er lögbundið lágmark og er eitt meginatriði frv.“ — Það segir mér ekki annað en að það er stefnt að því að þeir verði fleiri. Ég sé í sjálfu sér ekki annað en brýna nauðsyn beri til þess, að sett sé eitthvert þak á þetta. Ég skal út af fyrir sig taka þátt í umræðu um hvort það eigi að vera talan 65 eða einhver önnur tala. En mér finnst ekki að þakið eigi að vera lágmarkstala, heldur á að setja þak um hámarksfjölda sem heimilt sé að ráða til hljómsveitarinnar. Ég tel brýna nauðsyn að svo sé gert. Mér finnst dálítið einkennileg röksemdarfærsla að vitna þá til þess, að við hefðum kannske haft aðra skoðun hefðum við fyrr á þessu 32 ára tímabili sett lög um Sinfóníuhljómsveitina, um fjölda hljóðfæraleikara. Það finnst mér einkennileg túlkun. Það má út af fyrir sig deila um hvort það eigi að vera talan 65, en hún er notuð í tillöguflutningi okkar flm. vegna þess að hún er í frv. Það þarf að setja hámark í lögin því að heimildir eru einnig til að ráða fleiri ef ákveðin tónverk krefjast þess.

Svo ætla ég að lokum að lesa hér smákafla úr grg., sem mér finnst skýra svolítið sjónarmið okkar í sambandi við þessi 12% og er reyndar samin af hæstv. menntmrh. eða starfsmönnum hans í ráðuneytinu:

„Þá er hér gert ráð fyrir því, að hljómsveitin kappkosti að afla sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi og stefnt skuli að því að eigi minna en 12% af útgjöldum hljómsveitarinnar fáist greidd af slíkum tekjum hennar. Ætíð er vafasamt að setja fjárhagsmarkmið eins og þetta í lög, en rétt þykir að gera það hér til áherslu og leiðbeiningar fyrir stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Með þessu ákvæði er henni uppálagt að stefna að því, að eigin tekjur hljómsveitarinnar verði sem mestar, og keppa að 12% markinu. Þegar fjárhagsáætlun hljómsveitarinnar 1956 var gerð var reiknað með 5.8% tekjum af tónleikahaldi hennar og hafa eigin tekjur hljómsveitarinnar verið lengst af síðan kringum þetta prósentustig. Núverandi stjórn hljómsveitarinnar hefur reynt að auka þessar tekjur sem mest má verða og hefur árangurinn orðið sá, að árið 1978 námu eigin tekjur 6.24% af útgjöldum, árið 1979 námu eigin tekjur 7.21% af útgjöldum og árið 1980 námu eigin tekjur 8.88% af útgjöldum.“

Ég held að við þurfum að reyna að halda áfram að stefna að þessu og það þurfi að vera einhver hvetjandi ákvæði í þessum lögum því að ég get ekki fallist á að þetta sé til að draga úr áhuga stjórnenda hljómsveitarinnar.

Ég vil einnig taka það fram, að í samræmi við það, sem hv. þm. Albert Guðmundsson tók hér fram áðan, er þetta einnig til þess að létta nokkuð á hlut sveitarfélaganna, sem er orðinn allnokkur í heildarrekstrarkostnaði hljómsveitarinnar.

Að lokum skora ég á þm. að skoða hug sinn betur en þeir virðast hafa gert í sambandi við þessar brtt. og vænti þess, að þetta verði ekki heldur til að tefja endanlega afgreiðslu frv. um Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umferðarlög, frv. (þskj. 496, n. 678). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á umferðarlögum nr. 40 frá 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 31 frá 22. maí 1980.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á tveimur fundum sínum og nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kom frá Ed.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Ríkisbókhald o. fl., frv. (þskj. 190, n. 685, 686). — 2. umr.

Albert Guðmundsson: Forseti. Í fjarveru frsm. hv. fjh.- og viðskn. leyfi ég mér að mæla fyrir nál á þskj. 685 um frv. til l. um breyt. á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreikninga og fjárlaga, nr. 52 1966, frá fjh.- og viðskn.

Nefndin hefur rætt þetta frv. á nokkrum fundum sínum og fengið jákvæða umsögn frá ríkisbókhaldinu og leggur til að það verði samþykkt með þeim brtt. sem gerðar eru á þskj. 686. Hér er þarft frv. á ferðinni, og ég vona að samstaða náist um það í þessari hv. deild á sama hátt og í nefndinni sjálfri.

ATKVGR.

Brtt. 686 samþ. með 23 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 136, n. 460 og 508). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til laga um lokunartíma sölubúða, en frv. þetta gerir ráð fyrir að þær breytingar verði gerðar á ákvæðum laga nr. 17 frá 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, að ákveðið verði í 1. gr. að lokunartími sölubúða skuli vera frjáls og í 2. gr. að niður falli lög nr. 17 frá 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

Nefndin hefur sent þetta frv. til allmargra umsagnaraðila, og þar sem umsagnir falla í ákaflega mismunandi farveg tel ég rétt að fara örfáum orðum um þær umsagnir sem borist hafa.

Einn af þessum umsagnaraðilum var hreppsnefnd Mosfellshrepps og hreppsnefndin svaraði og lýsti sig fylgjandi því, að þetta frv. yrði að lögum.

Bæjarstjórn Seltjarnarness lýsti sig í grundvallaratriðum samþykka efni frv., en bendir þó á að nauðsynlegt geti reynst að hafa í gildi reglur, m. a. um lágmarksopnunartíma til að tryggja rétt neytenda svo og reglur er koma í veg fyrir truflun í íbúðahverfum vegna næturölu.

Bæjarstjórn Kópavogs telur, að ekki sé rétt að fella úr gildi lög nr. 17 frá 1936, og álítur rétt að heimild til setningar reglugerðar um lokunartíma og fleira sé hjá hverri sveitarstjórn, sérstaklega með tilliti til mismunandi aðstæðna í hverju sveitarfélagi.

Verslunarráð Íslands tekur undir þær skoðanir sem fram koma í grg. með frv., en mælir hins vegar með að löggjöf verði sett um þetta efni. Frá Verslunarráðinu komu frumdrög að slíkri löggjöf. Í 1. gr. er m. a. það ákvæði að finna, að afgreiðslutími verslana skuli vera frjáls, en í 3. grein í drögum Verslunarráðsins segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Afgreiðslutíma verslana er ekki heimilt að binda í kjarasamningum vinnuveitenda og stéttarfélaga."

Frá Kaupmannasamtökum Íslands barst umsögn. Ég hygg að sjónarmiðum Kaupmannasamtakanna sé best lýst með því, að þau beina þeim eindregnu tilmælum til hv. Alþingis að sett verði nú þegar lög um afgreiðslutíma verslana þar sem verslunarfólk verði tryggt gegn óhóflegum vinnutíma og verslun gegn stórauknum kostnaði sem óhjákvæmilega kæmi fram í hærra vöruverði.

Kaupmannasamtökin segja að það sé stefna Kaupmannasamtakanna að afgreiðslutími verslana verði ákveðinn með landslögum og verði samræmdur um land allt. Þau gera að tillögu sinni að eftirfarandi grundvallaratriðum verði fylgt við ákvörðun verslunartíma: Í fyrsta lagi verði svokallaður grunntími þar sem allar verslanir séu opnar, í öðru lagi verði um að ræða ákveðinn valtíma þar sem heimilt verði að hafa verslanir opnar ákveðinn tímafjöldia á viku hverri umfram grunntímann, og í þriðja lagi gera þau tillögu um tímabundin frávik frá ofangreindum reglum í einstökum byggðarlögum þegar sérstaklega standi á, t. d. vegna atvinnustarfsemi, þjónustu við ferðamenn eða sérstaka mannfagnaði.

Samband ísl. samvinnufélaga segir svo í sinni umsögn, að sambandið álíti eðlilegast að þjónustutími verslana sé ákvarðaður af hverju sveitarfélagi um sig, enda beri sveitarstjórnir ábyrgð á nægri og skynsamlegri þjónustu handa íbúunum.

Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur sent nefndinni mjög ítarlega álitsgerð og lýsir sig andvígt frv. og telur að það sé í alla staði óeðlilegt að hafa ákvæði um verslunartíma með þeim hætti að aðilum vinnumarkaðarins verði ekki heimilt að semja um afgreiðslutíma verslana, eins og segir í áliti Verslunarmannafélagsins að þessir aðilar hafi gert um margra áratuga skeið, en bein ákvæði um opnunartíma mundu gera þá samninga að engu.

Verslunarmannafélagið telur eðlilegt að með löggjöf séu verslunarmenn verndaðir gegn óhóflegum vinnutíma, enda hafi sýnt sig að mjög erfitt hafi reynst að koma á vaktaskiptum í verslunum. Félagið bendir á að í Reykjavík eða á félagssvæði VR vinni um 3000 manns í 600—700 verslunum og ef koma eigi á vaktavinnu telur félagið að mundi þurfa að tvöfalda þá tölu starfsmanna. Félagið bendir einnig á að á undanförnum árum hafi Alþingi iðulega talið ástæðu til að setja löggjöf sem fjallar um fjöldamörg hagsmunamál launþega, og nefnir félagið sem dæmi í því efni lög um 40 stunda vinnuviku, lög um orlof, lög um aðbúnað á vinnustöðum og lög um starfskjör launafólks. Því telur félagið að ekki sé óeðlilegt að Alþingi hafi sett heimildarlög sem miði að því að koma í veg fyrir óhóflega langan vinnutíma afgreiðslufólks.

Lokaorð umsagnar Verslunarmannafélags Reykjavíkur eru á þessa leið: „Eins og ljóst er af framangreindu eru fjölmörg rök sem mæla gegn samþykkt þessa frv. Því er stefnt gegn hagsmunum afgreiðslufólks og er í beinni andstöðu við stefnu meiri hluta Alþingis á undanförnum árum, sem veitt hefur verkalýðshreyfingunni ómetanlegan stuðning með setningu fjölmargra laga er varða hagsmuni launþega. Verslunarmannafélag Reykjavíkur skorar því á Alþingi að samþykkja ekki þetta frv."

Umsögn frá Landssambandi ísl. verslunarmanna er örstutt, en þar segir frá því, að sambandið hafi kynnt sér umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur og lýsi yfir fyllsta stuðningi við umsögn Verslunarmannafélagsins og skori á Alþingi að samþykkja ekki þetta frv.

Ég hef í örstuttu máli reynt að gera þd. grein fyrir meginefni þeirra umsagna sem nefndinni bárust.

Meiri hl. n. hefur athugað þetta frv., eins og áður segir, og það er skoðun meiri hluta n. að ákvörðun um opnunartíma verslana sé best komið í höndum hverrar sveitarstjórnar fyrir sig og því beri að halda í gildi þeim ákvæðum, sem eru í lögum nr. 17 frá 1936, sem heimila sveitarfélögunum að setja sérstakar samþykktir um opnunartíma sölubúða. Meiri hl. n. leggur því til að þetta frv. verði fellt.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hl. hv. allshn., sem telur mig víst einan að því er þetta mál varðar. Það þarf varla að koma á óvart þar sem ég var 1. flm. að því frv. sem hér um ræðir og fjallar um lokunartíma sölubúða.

Það er auðvitað kunnara en frá þurfi að segja, að um margra ára eða áratuga skeið hafa verið allskiptar skoðanir um þetta efni í samfélaginu og hafa þær deilur raunar komið upp t. d. í blöðum því sem næst árvisst, ef ekki oft á ári, um mörg ár. Það frv., sem hér um ræðir, var og er raunar örstutt. Það segir aðeins að lög nr. 17 frá 1936 skuli falla úr gildi, en eftir standa þó ein setning, að opnunartími sölubúða skal vera frjáls. Fyrir þessu eru færð þau rök m. a. í grg. með frv., að einkum í þéttbýli hafi orðið grundvallarbreytingar á samfélagsgerðinni síðan þessi lög voru sett, og þau voru raunar ekki sett 1936, heldur 20 árum fyrr eða 1917. Sú grundvallarbreyting, sem hér er átt við, hefur helst orðið sú, að það gerist æ algengara að bæði maka, þ. e. bæði karl og kona í sambúð, vinni reglulegan vinnudag utan heimilis og af þessum ástæðum séu alls ekki gild rök fyrir því að lögbinda, þó það sé raunverulega ekki gert af löggjafanum, heldur af einstökum sveitarstjórnum eins og löggjöfin gefur heimild til, — að lögbinda þennan opnunartíma, en það er gert mjög víða á þéttbýlisstöðum, og það er bundið við venjulegan skrifstofutíma eða kannske heldur rýmri tíma. M. ö. o.: þau grundvallarrök, sem hníga helst að þeirri breytingu, að þetta sé gefið frjálst, eru sú staðreynd að það er af sem áður var, og það þykir hv. þm. væntanlega og vonandi af hinu góða, að allur þorri kvenna gegni starfi húsmóður í hefðbundnum skilningi þess orðs og hafi þess vegna rúman tíma til að versla á morgnum eða kringum hádegisbilið, eins og gert var hér á árum áður. Það er auðvitað öllum ljóst, að um þetta hafa verið mjög skiptar skoðanir.

Mig langar, herra forseti, til að hlaupa á nokkrum erindum, sem hv. allshn. þessarar deildar hafa borist, þar sem hin einstöku samtök, sem til var leitað, hafa verið að tjá sig í þessum efnum.

Fyrst er það nú, að hv. frsm. Jósef H. Þorgeirsson gerði raunar ágætlega og skilmerkilega grein fyrir þessu í sinni framsöguræðu.

Ef litið er t. d. á röksemdafærslu Kaupmannasamtaka Íslands vísa þau í samþykkt sem þau gerðu á fundi 3. desember á síðasta ári. Þeir segja að þeir lýsi furðu sinni á fram komnu frv. til laga varðandi lokunartíma sölubúða — það er ekkert minna. Á hverju skyldu þeir svo vera að lýsa furðu sinni, sem er, held ég, óvenjulegt orðalag í umsögnum af þessu tagi? Jú, þeir segja síðan, og með leyfi forseta vísa ég í bréf frá Kaupmannasamtökum Íslands: „Eins og aðrar starfsstéttir á það fólk, sem vinnur verslunarstörf, fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess.“ — Sannleikurinn er sá, að ég held að það sé leitun í umsögnum, sem nefndum berst, að jafnstuttri setningu sem felur í sér jafnótölulega margar rangfærslur og þessi umfjöllun Kaupmannasamtaka Íslands gerir. Í fyrsta lagi er það auðvitað alrangt að það gildi ekki eftir sem áður skynsamleg löggjöf. Það gilda sömu lög. Verði þetta frv. að lögum og þessi sérlög um verslanir afnumin gilda auðvitað eftir sem áður öll venjuleg ákvæði um verslunarfólk, þar með ákvæði um 40 stunda vinnudag. Þar gilda sömu lög og um allt annað launafólk í landinu, hvorki rýmri lög né takmarkaðari. Þetta er raunar þekkt röksemdafærsla bæði frá Kaupmannasamtökunum og eins, því verr og miður, frá samtökum verslunarfólks sem láta æ ofan í æ í það skína, að verið sé að leggja til að afnema lög og þetta fólk standi uppi lögverndarlaust, ef frv. þessa efnis verði samþykkt. Þetta er rangt.

Sannleikurinn er sá, að þetta eru meiðandi athugasemdir við tilgang þessa frv. og við flm. þess. Og af hverju eru þetta meiðandi athugasemdir? Ég hleyp frá því sem Kaupmannasamtök Íslands segja í niðurlagi umsagnar frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, sem er undirrituð af Magnúsi L. Sveinssyni og hv. frsm. Jósef H. Þorgeirsson vísaði raunar til áðan. Þar segir, með leyfi forseta:

„Því“ — þ. e. þessu lagafrumvarpi — „er stefnt gegn hagsmunum afgreiðslufólks og er í beinni andstöðu við stefnu meiri hluta Alþingis á undanförnum árum, sem veitt hefur verkalýðshreyfingunni ómetanlegan stuðning með setningu fjölmargra laga er varða hagsmuni launþega.“

Hér kemur fram sami óendanlegi hugarruglingurinn og hjá Kaupmannasamtökunum. Halda menn að þó að þessi sérlög um verslanir séu afnumin gildi ekki eftir sem áður almenn lagaákvæði um verslunarfólk? Vitaskuld. Verslunarfólk stendur í nákvæmlega sömu sporum og allir aðrir launþegar í landinu. Mér er ekki grunlaust um, að því miður hafi forustufólk í þessu félagi rangtúlkað þetta frumvarp fyrir sínu fólki, og vísa þá í blað þess, þar sem þetta frumvarp var birt og umsögn þessi undir stórri fyrirsögn: Gegn hagsmunum afgreiðslufólks.

Þessi fullyrðing Kaupmannasamtakanna og svo ítrekun hennar frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur eða talsmönnum þess í þessu efni — ég get ekki vísað til annars en þess sem undir þetta bréf ritar — þetta eru alvarlegar rangfærslur. Ég held að það hafi ekki vakað fyrir mér, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur eða hv. þm. Árna Gunnarssyni að vera að leggja til frv. sem gerði rétt þessa fólks minni en rétt allra annarra launþega í landinu. Eins og talið er upp í frv. eru í gildi margháttuð almenn lög, t. d. um 40 stunda vinnuvika, svo nokkuð sé nefnt. Vitaskuld koma þau lög til með að gilda eftir sem áður. Það er verið að leggja til að sérlög séu úr gildi numin.

Alvarlegasta rangfærslan, sem aftur og aftur er hamrað á að því er þetta varðar, kemur fram hjá Kaupmannasamtökunum, með leyfi forseta: „Eins og aðrar starfsstéttir á það fólk, sem vinnur verslunarstörf, fullan rétt á að skynsamleg löggjöf sé í gildi um atvinnu þess.“ Drottinn minn! Vitaskuld má taka undir að þetta fólk eigi rétt á skynsamlegri löggjöf eins og aðrar starfsstéttir. Það mun það hafa þó svo að þessi sérlög um verslunina, en ekki um verslunarfólk, séu felld úr gildi í þessum efnum.

Vegna þess að Kaupmannasamtökin svara fyrir sig og gera athugasemdir með þessum hætti, lýsa furðu sinni á framkomnu frumvarpi, er eðlilegt að svolítið sé spyrnt

við. Ég spyr: Vakir það fyrir Kaupmannasamtökunum í þessum efnum að hugsa um starfsfólkið fyrst og fremst? Gott og vel. Við skulum gefa okkur að svo sé, að þau séu að hugsa um verslunarfólkið í þessum efnum. En hvað þá með allar sjoppurnar sem eru opnar? Hvað með margháttuð önnur störf sem unnin eru? Af hverju er fólk í þessum tilteknu verslunum sérstaklega tekið út úr og krafist sérlaga um það, eins og er gert á öðrum stað? Niðurstaða mín af þessu — og um þetta mætti auðvitað hafa miklu lengra mál — er afskaplega einfaldlega sú, að í þessum efnum hafi launamannafélag og kaupmannasamtök — eða ráðandi öfl innan þessara félaga skulum við heldur segja — sameinast um að búa til alfalskar forsendur fyrir sínum málstað.

Því má skjóta inn, að sögulega er þetta út af fyrir sig ekkert skrýtið því að Verslunarmannafélag Reykjavíkur hefur mjög verið fyrir vagni þeirra sem hafa mótmælt opnunarlögum eða frelsislögum af þessu tagi. Því má ekki gleyma, að saga þess félags er sú, að allt fram til 1955 var þetta ekki launamannafélag í venjulegum skilningi. Þetta var sameiginlegt félag launamanna og atvinnurekenda í greininni. Stundum hef ég það á tilfinningunni, að það sé þannig sem þessi málstaður er til orðinn, af einhverri misskilinni sögulegri tryggð haldi Verslunarmannafélagið, eftir að það varð hreint launamannafélag, tryggð við þessa gömlu stefnu sína, en það taki hvorki tillit til gjörbreyttra aðstæðna í þjóðfélaginu né nógsamlega tillit til breytinga á félaginu sjálfu.

Vegna þess, sem sagt hefur verið og bæði kaupmenn og verslunarmannafélag segja um hvað þetta frv. hafi í för með sér fyrir launafólkið, endurtek ég að þessi ummæli, ítrekuð aftur og aftur, eru meiðandi fyrir flutningsmenn. Vitaskuld mun eftir sem áður verða að semja um kaup og kjör, og það sem menn vinna fram yfir 40 stunda vinnuviku, vitaskuld er til þess ætlast að fólk hafi fyrir slíka vinnu miklu betri kjör, hafi yfirborganir og þær miklar. En það eru samningsatriði aðila á hinum frjálsa vinnumarkaði. Satt að segja virðast mér allar þessar röksemdafærslur hjóm eitt þegar þess er gætt að hér erum við að tala um breiðasta skárann af einhverjum hinum mesta láglaunahóp í landinu.

Hverju sætir það, að árum og áratugum saman hefur afgreiðslufólk í verslunum verið eitthvert mesta láglaunafólk í landinu? Ég hygg að það þurfi ekki að leita langt að skýringum á því. Ég fullyrði að margt af þessu fólki væri tilbúið að vinna skiptivinnu einhvers konar, vaktavinnu, ég tala nú ekki um ef svo semdist að fyrir það hefði það mun betri tekjur en þær sem það hefur núna. Slíkt mun hækka vöruverð, segir einhver. Það er auðvitað rétt. Einhvers staðar mun þessi breyting hækka vöruverðið. En hvað erum við að gera í öllu daglegu lífi oft og iðulega annað en greiða meira fé fyrir betri og aukna þjónustu — og hvað með það? Í þessum efnum sem öðrum getur það vel verið að einhverju leyti, ég held ekki að miklu leyti og ég held raunar litlu leyti. Það getur vel verið að eitthvað af þessu muni koma fram í eitthvað hærra vöruverði. Ég sé út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við það.

Ef horft er til Reykjavíkur, sem þetta mál varðar kannske mest, nágrannabyggðanna hér og Akureyrarsvæðisins þá einnig höfum við, eins og reglur hafa verið, sjoppu- og lúgumenningu á kvöldin. Sannleikurinn er sá, að á þessu er óendanlegur ómenningarbragur og óþarft er að skipa málum með þessum hætti. Slíkt er einnig veigamikil undirstrikun þess hvað það eru falskar röksemdir að hér sé verið að hugsa um verslunarfólkið fyrst og fremst. Hverjir eru það sem afgreiða í þessum lúgum og sjoppum öllum saman? Það er væntanlega alveg eins fólk og það sem afgreiðir í hinum hefðbundnari verslunum. Ef menn meintu eitthvað með þessum röksemdum um vinnudaginn ættu þeir að hafa athugað þetta allt saman betur.

Því segi ég þetta, að ég trúi ekki orði af því sem báðir þessir aðilar segja um að þeir séu fyrst og fremst að ganga erinda verslunarfólksins, vegna þess að ég hef séð of mikið af því, t. d. í málgögnum og í greinargerðinni sem hér er vísað til, að mál þetta er lagt ranglega upp. Það er rangt að segja að þessu frv. sé stefnt gegn hagsmunum afgreiðslufólks. Það er rangt og það er meiðandi að segja að þetta frv. sé í beinni andstöðu við stefnu meiri hl. Alþingis á undanförnum árum, sem veitt hafi verkalýðshreyfingunni ómetanlegan stuðning með setningu fjölmargra laga o. s. frv. Þetta stenst ekki vegna þess að öll hin almennu lög sem í gildi eru og þau eru mörg, munu öll eftir sem áður gilda um þetta fólk. Það eru þessi sérlög sem verið er að tala um.

Þetta er um þann þátt sem að launafólkinu snýr. Hitt þarf ekki að taka fram, að auðvitað er meginforsendan með frv., meginástæðan fyrir því, að þetta frv. er flutt, að þetta eru beinir og augljósir og borðliggjandi hagsmunir neytenda. Eitt af því, sem Kaupmannasamtökin segja í þeirri grg., sem þau sendu hv. allshn., er, með leyfi forseta: „Í nær öllum nágrannalöndum okkar eru í gildi lög um afgreiðslutíma verslana, sem koma í veg fyrir vinnuþrælkun“ — kemur það nú enn — „og mismunandi opnunartíma verslana í sveitarfélögum.“ Þetta er rangt náttúrlega. Kaupmannasamtökin sjálf hafa tekið saman grg. og ég nefni eitt dæmi. Í Frakklandi er þetta alveg frjálst. Hið merkilega er að í Svíþjóð voru strangar reglur um verslunartíma en frá 1972 mega verslunareigendur þar sjálfir ráða opnunartíma verslana sinna og svo eru ýmsar reglur sem þeir sjálfir setja. M. ö. o.: það var jafnaðarmannastjórnin í Svíþjóð sem kom á 1972 reglum eins og þeim sem við hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Árni Gunnarsson erum að leggja til að hér verði teknar upp. Það finnst mér vera til umhugsunar. Væntanlega hafa þeir í Svíþjóð ekki verið að setja reglur gegn verslunarfólki, heldur aðeins að búa til nútímalegar reglur sem koma til móts við hagsmuni neytenda og raunar launafólks einnig.

Í einu bréfinu, sem hv. allshn. barst, það var bréf frá Mosfellshreppi, segir svo, með leyfi forseta:

„Í Mosfellshreppi hafa verslanir haft rúman opnunartíma, sem þær hafa ákveðið sjálfar gegn því að greiða tilskilin kvöldsöluleyfi í sveitarsjóð. Ekki er kunnugt um annað en að þjónusta þessi sé vel metin af íbúum hreppsins, og ekki hafa heyrst kvartanir frá starfsfólki um óhóflegan vinnutíma, enda mun þar vera um vaktafyrirkomulag að ræða.“

Þegar þessa er gætt, að þar í vaxandi og þróttmiklu sveitarfélagi er um að ræða að sveitarstjórnin nýtir sér ekki þann rétt sem hún hefur með lögum nr. 17 frá 1936, — ég vil taka það sérstaklega fram að starfsfólk hefur engar athugasemdir eða kvartanir gert — þá spyr ég: Um hvað er verið að tala? Af hverju taka bæði launþegasamtökin og kaupmannasamtökin svona í þetta. Og ég svara þessu. Ég held því fram, að hér sé um að ræða fyrst og fremst hagsmuni ákveðinna afla innan kaupmanna-

samtakanna, hér sé um að ræða miðlungs- og þaðan af stærri kaupmenn sem eru með marga launamenn í þjónustu sinni og óttist að þeir geti ekki keppt við kaupmanninn á horninu, óttast að þeir þurfi að borga hærri vinnulaun. Ég er þeirrar skoðunar, að þessi málatilbúnaður sé einfaldlega svona til orðinn og það, sem þessir menn segja um hagsmuni launafólks eða telja að séu hagsmunir launafólks, sé einfaldlega út í bláinn og komi þessu máli ekkert við frá þeirra bæjardyrum séð. Það er ekki það sem þeir raunverulega eru að hugsa um. Mér er ljóst að það verður dýrara að reka miðlungs- og stærri verslanir verði þetta gefið frjálst, og mér er ljóst að verði þetta gefið frjálst mun það koma sér vel fyrir kaupmanninn á horninu. Hann hefur alls staðar átt í vök að verjast gagnvart stórmörkuðum og öðrum slíkum, og ég dreg enga dul á að þetta frv. er flutt beinlínis til að rétta af samkeppnisaðstöðu litla mannsins gagnvart stórmörkuðum.

Reynsla annars staðar frá sýnir að þetta er rétt röksemdafærsla. Það má nefna umræður um þetta í Frakklandi og það má nefna það sem gerðist í Svíþjóð þegar þeir breyttu. „Litli maðurinn" — í gæsalöppum sagt og í þessum venjulega búðarskilningi — getur veitt þjónustu utan þessa tíma og bætt sig upp. Hann leggur oft meira á vörurnar. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt við að hann geri það. Neytandinn velur svo og hafnar.

Ég er m. ö. o. þeirrar skoðunar, að hér sé um að ræða pólitík innan hóps kaupmannanna og þegar menn taka afstöðu í þessum efnum séu þeir að draga taum annars deiluaðila í þeim efnum gegn hinum og þetta komi launafólki ekkert við. Það munu auðvitað gilda öll almenn lög og allar almennar reglur um þetta launafólk eins og allt annað launafólk. Mér er raun að því að þurfa að segja að launþegafélagið — ég hef ástæðu til að ætla það og sterkan grun um það — sé þátttakandi í þessum deilum, þó svo það látist vera að tala um hagsmuni launafólks. Hugsum okkur að hér í Reykjavík t. d. gilda í raun þau lög, að Alþingi heimilar sveitarstjórn að setja reglur sem segja við fólkið í verslunum: Þú átt að vinna frá kl. 9 á morgnana til kl. 6 á daginn. Af hverju setja þá ekki menn svona lög um bílstjóra eða einhverja aðra? Auðvitað dytti ekki nokkrum manni það í hug.

Þetta mál hefur aldrei snúist um hagsmuni launafólksins. Það hefur alla vega ekki verið neitt hreyfiafl, nein frumforsenda í þessum málatilbúnaði öllum. Hér er um að ræða hagsmunamál með eða móti tilteknum aðilum innan samtaka kaupmanna. — Það er um það sem þetta snýst fyrst og fremst.

Herra forseti. Um þetta mál mætti hafa langt mál því að það snertir veigamikinn þátt í því, hvernig þessi samfélagsgerð er upp byggð og saman sett. Eitt er út af fyrir sig furðulegt og kostulegt í þessum efnum, og það er afstaða Sjálfstfl. til þessa máls, Sjálfstfl. sem stofnunar og þm. Sjálfstfl. sem einstaklinga, afstöðu þeirra einnig í bæjarstjórnum, bæði í nágrannabyggðum Reykjavíkur og í bæjarstjórn Reykjavíkur. Þetta allt saman þekkja menn vegna þess að þetta hefur oft komið til í þessum efnum. Hvað er eðlilegra, hvað er skyldara hugmyndum manna um frelsi til athafna en þetta? Hugsum okkur að ungur maður eða ung kona hér í Reykjavík vilji byggja upp lítið atvinnufyrirtæki, setja upp litla verslun á einhverju horni í gamla bænum, Breiðholtinu eða hvar sem er. Eins og gerist leggja menn mjög hart að sér þegar þeir eru að koma upp slíkum smáatvinnurekstri. Hvað er eðlilegra en það, meðan þetta fólk er að byggja upp sitt litla fyrirtæki, ef það vill, að það vinni lengri vinnudag til að fá sér viðskiptavini og stofnsetja sig á þessum nýja stað í þessu nýja hverfi? Ég spyr satt að segja líka: Hvað er eðlilegra og hvað ætti að vera meira í samræmi við stefnu Sjálfstfl., sé hún einhver, en að styðja reglur af þessu tagi? Ég fæ ekki betur séð en sé einhver meining á bak við almenna hugmyndafræði flokks af tegund Sjálfstfl. væri það einmitt að vilja burt með þvingunarreglur af þessu tagi. En þá gerist það, að Sjálfstfl. gengur fram fyrir skjöldu — og auðvitað kemur það ekki nokkrum manni á óvart hér og nú, þetta hefur margoft komið upp í borgarstjórninni og þar áður í bæjarstjórninni í Reykjavík — til að setja reglur um boð og bönn í þessum efnum. Það er út af fyrir sig, að minni hyggju, bæði mjög kostuleg saga og kostulegt að þessi mál skuli gerast með þessum hætti.

En ég lít svo á, að í fyrsta lagi sé hér um að ræða augljósa hagsmuni neytenda, í öðru lagi séu það hreinar rangfærslur að þessu sé með einum eða öðrum hætti stefnt gegn verslunarfólki eða fólki sem afgreiðir í búðum, vegna þess einfaldlega að um þetta fólk munu gilda nákvæmlega sömu almennu lögin og reglurnar og um allt annað launafólk í landinu, en í þriðja lagi, og það er kannske alvarlegasta umræðuefnið fyrir þá hér inni sem hafa talið sig öðrum meiri talsmenn frelsis, lít ég svo á að þessar reglur, jafnvel frá upphafi eða alla vega í seinni tíð, séu til orðnar fyrir miðlungs- og stærri kaupmenn og sé stefnt gegn öðrum sem hugsanlega geti veitt þeim samkeppni með þessum hætti. Það finnst mér satt að segja vera ekki ómerkasti þáttur þessa máls. Ég dreg enga dul á að þetta frv. er m. a. flutt, fyrir utan öll þau almennu sjónarmið sem ég hef nefnt, til að freista þess að lyfta litla kaupmanninum í þeirri erfiðu stöðu sem hann á í gagnvart vaxandi stórmörkuðum. En í þessari umr. væri ákaflega fróðlegt að heyra hvernig hv. þm. Sjálfstfl. rökstyðja þá afstöðu sem fram kemur í nál. því sem hér hefur verið talað fyrir.

Herra forseti. Ég mun ljúka þessu máli. Ég hef óskað eftir að það gangi til atkv. Ég geri mér auðvitað ekki miklar vonir um að það verði samþykkt að þessu sinni, en sú atkvgr. gæti hins vegar orðið þeim fjölmörgu einstaklingum, sem af alls konar ástæðum hafa áhuga á þessu máli út um borg og bý, tilefni til umþenkingar um með hverjum hætti svona málum er ráðið í þjóðfélaginu, hvenær frelsi eigi að ríkja, hvenær eigi að setja reglur sem innihalda boð og bönn. Gæti verið til umhugsunar líka hverjir það eru sem vilja slíkar reglur og stuðla að þeim með atkv. sínum m. a. hér. Ég hygg að skýringanna á því hvers vegna reglur eru settar, sé oft að leita til þess, hverjir það eru sem vilja setja þær.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Lokunartími sölubúða skal vera frjáls, segir í 1. gr. þessa frv., sem hér er til umfjöllunar. Tilgangur flm. er sjálfsagt sá með því að leggja til að lokunartími verslana sé gefinn frjáls, að slíkt muni auka þjónustu við neytendur og boð og bönn varðandi lokunartíma sölubúða séu ekki rétta leiðin. En þegar betur er að gáð mundu ekki einmitt felast í samþykkt þessa frv. bönn sem óeðlilegt væri að Alþingi stæði að, og mundi ekki aukin þjónusta á þessu sviði við neytendur koma fram í samkeppni milli verslana um að hafa opið sem lengst og hana yrði að kaupa því verði sem af auknum rekstrarkostnaði leiddi sem fram kæmi í

hærra vöruverði? Væri ekki með samþykkt þessa frv., sem koma á í veg fyrir boð og bönn, verið að draga úr rétti stéttarfélags til að semja um vinnutíma launafólks? Væri ekki hreinlega verið að koma í veg fyrir að stéttarfélagið geti haft áhrif í þá veru að gæta hagsmuna launafólks að því er varðar óhóflegt vinnuálag á afgreiðslufólk, en hér er um hagsmunamál að ræða sem verkalýðshreyfingin hefur ávallt haft á oddinum í sinni kjarabaráttu?

Ég tel að þrátt fyrir orð hv. þm. Vilmundar Gylfasonar hér áðan sé með þessu frv. verið að draga úr gildi ákvæða í kjarasamningum afgreiðslufólks, sem kveða á um vinnutíma þess, en með því ákvæði er verið að sporna við óeðlilega löngum vinnutíma sem gegnum árin hefur fylgt verslunarstörfum. Hér er um ákvæði í kjarasamningum að ræða sem forustumenn í stéttarfélagi afgreiðslufólks hafa lengi barist fyrir að ósk launþeganna sjálfra. Ég vil t. d. benda á í því sambandi, að fyrir nokkrum árum beittu konur sér fyrir því að safna undirskriftum undir áskorun til forustumanna verslunarmanna um að þeir beittu sér fyrir því, að afgreiðslufólk ætti frí á laugardögum eins og flestar aðrar stéttir. Hér var ekki um að ræða kröfu frá nokkur hundruð manns, sem bjuggu við þetta vinnuálag, heldur nokkur þúsund. Ég held að ég fari rétt með að hér hafi verið um 4—5 þús. manns að ræða.

Hér er lagt til með ákvæði í frv. að binda hendur forustumanna verslunarfólks, sem eiga að gæta hagsmuna sem fjöldi afgreiðslufólks hefur gert kröfu til að vörður verði staðinn um. Þetta ákvæði verður einnig til þess, að sú heimild er tekin af sveitarfélögunum að setja sjálf reglur um hvernig lokunartíma sölubúða skuli háttað, en ég tel að treysta verði að þau geti tekið skynsamlegar ákvarðanir í því máli. Ég vil segja að sveitarstjórnarmenn eru ekki síður færir um það en alþm. að meta hvað er rétt og eðlilegt í þessum efnum og hvað best hentar á hverjum stað.

Í grg. með þessu frv. er talað um stífar og strangar reglur varðandi lokunartíma sölubúða í Reykjavík. Ég tel að það sé ekki sanngjarnt að tala um stífar eða strangar reglur í þessu sambandi. Það er ekki rétt að tala um stífar reglur þegar hægt er að veita þjónustu 70 stundir á viku yfir sumarmánuðina júní til ágúst og 78 stundir í viku 9 mánuði ársins.

Það, sem mest var deilt um s. l. sumar, var lokun verslana á laugardögum. Samkv. nýrri samþykkt borgarráðs nú er heimilt að hafa opið á laugardögum einnig yfir sumarmánuðina, en um það stóð deilan í sumar. Ég tel að deilur á laugardagslokunina hafi ekki í neinum mæli komið frá neytendum eða afgreiðslufólki, heldur hafi málið verið blásið óeðlilega upp af fjölmiðlum.

Ég tel einnig að það sé nokkuð ljóst, að verði lokunartími gefinn alveg frjáls muni það leiða til aukins vinnutíma afgreiðslufólks, enda, eins og hv. allshn. var skýrt frá og fram kom í umsögn Verslunarmannafélags Reykjavíkur, er eðli þessarar starfsgreinar þannig að það hefur keðjuverkandi áhrif að því er opnunartíma varðar, sem leiðir til þess að fleiri og fleiri verslanir hafa opið til að tryggja rekstrargrundvöll verslananna og halda sínum viðskiptavinum, sem óhjákvæmilega mun hafa það í för með sér að vinnutími launafólks verður lengri hvort sem því líkar betur eða verr. Ef lokunartími sölubúða væri gefinn frjáls felst einnig í þeirri ákvörðun mikil óvissa fyrir afgreiðslufólk verslana að því er frítíma þess varðar. Óvissan er auðvitað í því fólgin, að þessu fólki er gert ókleift að skipuleggja frítíma sinn. Er auðvitað sérstaklega slæmt yfir sumartímann að þurfa ávallt að vera við því búinn að atvinnurekandi kalli á menn til vinnu utan við hefðbundinn vinnutíma annarra launþega. Ég tel að það séu léttvæg rök að benda á að afgreiðslufólk þurfi ekki að vinna utan við hefðbundinn vinnutíma ef það svo óskar.

Ef núgildandi lög og reglugerðir setja kaupmanninum skorður mundi einnig frjáls opnunartími setja frítíma afgreiðslufólks miklar skorður, því að ég er þess fullviss að frjáls opnunartími mun leiða það í ljós, að afgreiðslufólk þarf að vera tilbúið til starfa utan venjulegs vinnutíma þegar atvinnurekendum dettur í hug. Frítíma afgreiðslufólks eru settar skorður að því leyti, að það verður að vera tilbúið til vinnu þegar atvinnurekandi vill hafa opið. Annars gæti það teflt atvinnuöryggi sínu í hættu því að atvinnurekandinn vill af eðlilegum ástæðum hafa þann í starfi sem tilbúinn er til vinnu þegar hann sjálfur óskar. Ástæða þess, að þeim er líka gert erfiðara fyrir með þessu, er að með ákvæði frv. eru numin úr gildi ákvæði kjarasamninga afgreiðslufólks um vinnutíma sem fylgir afgreiðslutíma verslana. Einnig liggur í augum uppi að erfitt er fyrir launþega að neita atvinnurekendum um vinnu eftir að hefðbundnum vinnutíma lýkur þegar nágrannaverslanirnar hafa opið, en atvinnuöryggi launþegans í því tilfelli helst auðvitað í hendur við rekstrargrundvöll verslunarinnar, sem byggist á að veita viðskiptavinum sínum ekki lakari þjónustu en nálægar verslanir.

Ég vil einnig benda á, að ég hef fulla samúð með kaupmanninum á horninu sem átt hefur í vök að verjast, eins og réttilega segir í grg. En ef afleiðing ákvæðisins í frv. verður samkeppni milli verslana um að hafa opið sem lengst tel ég að það sé síður en svo trygging fyrir betri stöðu kaupmannsins á horninu, eins og ég óttast að þetta ákvæði sé ekki til þeirra hagsbóta fyrir launþega sem sumir vilja vera láta.

Hvað neytendur varðar tel ég að afgreiðslutími verslana sé það rúmur, sérstaklega eftir heimildina til opnunar á laugardögum yfir sumarmánuðina, að ekki sé ástæða til að kvarta, enda líka langt frá að opinberar stofnanir bjóði upp á svo langan þjónustutíma. Ég verð að segja það líka, að margir kaupmenn nýta ekki þá möguleika sem þeir hafa til að bjóða neytendum þjónustu að því er varðar opnunartíma sem hentar þörf neytenda, og í því sambandi vil ég nefna hádegislokun margra verslana, en sú hádegislokun, sem víða á sér stað í verslunum, kemur sér auðvitað illa fyrir marga, ekki hvað síst útivinnandi konur. Spurning er, sem líka er vert að velta fyrir sér, ef afleiðing af þessu ákvæði í frv. verður samkeppni milli verslana um að hafa opið sem lengst, hvort það komi þá ekki niður á auknum rekstrarkostnaði verslana. Þá stöndum við frammi fyrir þeirri spurningu, hvort neytendur eru þá tilbúnir að kaupa þessa auknu þjónustu í auknu vöruverði og þar með aukinni verðbólgu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 683, 684). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 684 felld með 11:11 atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Neðri deild, 69. fundur.

Föstudaginn 23. apríl, að loknum 68. fundi.

Kosningar til Alþingis, frv. (þskj. 521). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 704).

Ríkisbókhald o. fl., frv. (þskj. 705). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Útvarpsrekstur, frv. (þskj. 583). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 583 hef ég ásamt þeim hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Pétri Sigurðssyni, Albert Guðmundssyni og Halldóri Blöndal leyft mér að flytja frv. til l. um útvarpsrekstur. Aðalatriði þessa frv. eru þau:

1. Afnám einkaréttar Ríkisútvarpsins.
2. Að sett verði á stofn svokallað útvarpsráð, sem skuli úthluta leyfum að uppfylltum tilteknum skilyrðum til útvarpsrekstrar.
3. Sveitarstjórnum verði gefið vald til að taka ákvörðun um hvort heimilt sé að reka útvarpsstöð í sveitarfélaginu.

Með þessu frv. eru tvö fskj. Í fyrsta lagi er fylgiskjal I, þar sem farið er nokkrum orðum um tilhögun útvarpsmála í nokkrum löndum og þar stuðst við upplýsingar sem komið hafa fram í Noregi, þar sem miklar umræður hafa farið fram um þessi mál og talsvert róttækar breytingar verið gerðar á útvarpsrekstri. Í öðru lagi er fylgiskjal II, um svokallað lágaflssjónvarp á Íslandi, en hér er um að ræða frumathugun sem viðskiptafræðingarnir Sigurjón Sighvatsson og Vilhjálmur Egilsson unnu að og luku í desember á s. l. ári. Á bls. 13 er fjárfestingaráætlun og rekstraráætlun fyrir hugsanlegt fyrirtæki sem tæki að sér útsendingar. — Ég vil leiðrétta villu sem er að finna í þskj. á bls. 13, en þar kemur í ljós í neðstu línu í rekstraráætluninni að það vantar sviga utan um 1 millj. 999 þús. nýkr., en sá svigi hefur mjög mikla þýðingu því hann gefur til kynna að tap sé á rekstrinum, en ekki hagnaður, eins og sýnist í þskj. sjálfu. Þetta vildi ég að fram kæmi og er mikilvæg leiðrétting á þskj.

Ég mun, herra forseti, rekja í stuttu máli almenna þróun breytingartillagna á útvarpsrekstri, þá fjalla um einstakar greinar frv., rekja nokkur mót- og meðrök, sem koma fram í umr. um þessi mál, og minnast á fyrirkomulag í nokkrum löndum.

Gífurleg tækniþróun og framfarir hafa orðið í útvarpsmálum að undanförnu og þessar framfarir hafa knúið menn hér á landi til að endurmeta afstöðu sína til útvarpsrekstrar. Hver og einn sem hefur sæmilegt viðtæki getur, ef honum sýnist svo, hlustað á erlendar útvarpsstöðvar þannig að þótt um einkarétt Ríkisútvarpsins sé að ræða nær hann aðeins til þess rekstrar sem stundaður er hér á landi. Myndsnældufrumskógurinn, sem hér hefur vaxið og sést að undanförnu, er talandi dæmi um afleiðingu þeirrar öru framþróunar, sem átt hefur sér stað á þessu sviði fjölmiðlunar, og sýnir best hvað gerist þegar ekki er brugðist við tækniþróun nútímans. Sem betur fer verður fleiri og fleiri mönnum ljóst að við svo búið má ekki standa. Það er ekki nóg að spyrna við fæti og finna þróuninni allt til foráttu. Þjóðfélagið verður að bregðast við með réttum hætti og finna farveg sem er eðlilegur í nútímaþjóðfélagi.

Fyrir nokkrum árum flutti Guðmundur H. Garðarsson lagafrv. á Alþingi til breytinga á útvarpslögum. Það frv. varð eigi útrætt, en í því komu fram ýmis ný viðhorf sem þá þóttu tíðindum sæta. Í frv. Guðmundar var gert ráð fyrir því m. a., að einkaréttur Ríkisútvarpsins félli niður. Frá þeim tíma sem Guðmundur flutti sitt frv. hefur margt gerst í þessum efnum. Þar á meðal flutti Ellert B. Scram fyrrv. alþm. frv. til l. um breyt. á útvarpslögum um staðbundinn útvarpsrekstur, og fyrr á þessu þingi fluttu hv. þm. Benedikt Gröndal og Árni Gunnarsson frv. um sama málefni sem hefur verið rætt hér á þinginu og sent til hv. menntmn.

Hæstv. menntmrh. skipaði á síðasta ári nefnd til að endurskoða útvarpslögin, svokallaða útvarpslaganefnd, og formaður hennar er Markús Á. Einarsson veðurfræðingur. Sú nefnd hefur haldið marga fundi og unnið af nokkru kappi og er gert ráð fyrir að hún skili tillögum sínum næsta haust.

Segja má að tilgangurinn með því lagafrv., sem hér er til umr., sé að leggja fram til umræðu hugmyndir sem fjölmargir einstaklingar í þjóðfélaginu hafa barist fyrir að undanförnu, enda eiga þau sjónarmið, sem koma fram í þessu frv., vaxandi fylgi að fagna. Í því sambandi má geta þess, að Sjálfstfl., stærsti stjórnmálaflokkur þjóðarinnar, lýsti yfir eindregnum stuðningi við þau sjónarmið, sem koma fram í frv., á síðasta landsfundi flokksins, sem haldinn var s. l. haust.

Með því að leggja frv. fram á Alþingi fer málið væntanlega til hv. menntmn. og þaðan til umsagnar, þannig að útvarpslaganefnd getur tekið tillit til þeirra viðhorfa sem koma fram í frv. Hlýtur það að vera málinu til framdráttar þegar þess er gætt, að ýmsir forsvarsmenn félagasamtaka, sem áhuga hafa á frjálsum útvarpsrekstri, áttu hlut að máli við samningu þessa frv.

Það er óþarfi að fjölyrða um einstakar greinar frv., en þó sé ég ástæðu til að geta nokkurra helstu atriðanna sem birtast í frv.

Í 1. gr. frv. er skilgreint orðið útvarpsstöð og er þá stuðst við þá skilgreiningu sem notuð er í gildandi útvarpslögum. Það skal tekið fram í upphafi, að núverandi

útvarpslögum er ætlað að halda gildi sínu þrátt fyrir að þetta frv. yrði samþykkt og gert að lögum, að vísu með lítils háttar orðalagsbreytingum, sem þó eru í raun miklar efnisbreytingar, eins og gerð er grein fyrir í 13. gr. frv.

Í 2. gr. er fjallað um svokallað útvarpsleyfisráð, sem ætlunin er að kosið verði til fjögurra ára í senn, en starfstímabil þess þurfi ekki að taka mið af alþingiskosningum, eins og gert er varðandi kosningar til útvarpsráðs. Útvarpsleyfisráð er ekki valdamikil stofnun. Því er fyrst og fremst ætlað að vera samræmingaraðili hlutaðeigandi stofnana og samtaka til að koma í veg fyrir að til árekstra komi. Útvarpsleyfisráð er hlutlaus aðili sem metur hæfni umsækjenda á hlutlægum grundvelli. Enn fremur er útvarpsleyfisráði ætlað að hafa eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé framfylgt af þeim sem leyfi hafa til útvarpsrekstrar.

Hlutverki ráðsins er lýst í 3. gr. frv. og er óþarfi að rekja töluliði þeirrar greinar sérstaklega. Þess ber þó að geta, að í 2. tölul. er sagt að ráðið eigi að fylgjast með rekstri útvarpsstöðva ef ástæða þykir til að ætla að þær hlíti ekki í einu og öllu ákvæðum laga þessara. Með þessu orðalagi er átt við að ráðið geti hvort tveggja tekið til greina beinar kærur, sem berast til ráðsins, eða haft frumkvæði að því að taka á meintum brotum viðkomandi útvarpsstöðvar. Samkv. 2. málsgr. 3. tölul. má skjóta ákvörðun ráðsins til menntmrh., sem eðli máls samkvæmt hlýtur að vera æðsti yfirmaður þessara mála.

Samkvæmt 4. gr. skal útvarpsleyfisráð að jafnaði veita leyfi til útvarpsrekstrar ef umsækjandi uppfyllir tiltekin skilyrði og skal leyfið veitt til þriggja ára í senn. Þetta þýðir að miklar mótbárur þurfa að vera fyrir hendi ef ráðið ætlar að neita umsækjanda um leyfi hafi hann uppfyllt öll skilyrði.

Í 5. gr. er fjallað um skilyrði til leyfisveitinga. Þar er í 1. tölul. gert að skilyrði að ábyrgðarmaður útvarpsstöðvar hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi. Slík skilyrði er auðvitað nauðsynlegt til að ævintýramenn fari ekki út á þessa braut. Samkv. 2. tölul. þarf dagskrárstjóri að hafa reynslu og er eðlilegt að sömu skilyrði séu sett fyrir dagskrárstjóra í útvarpsstöð og sett eru fyrir inngöngu manna í Blaðamannafélag Íslands, svo dæmi sé tekið. Í 3. lið er greint frá tæknilegum búnaði sem þarf að vera til staðar, og þar er sagt að nánar þurfi að kveða á um slíkt í reglugerð. Hér er fyrst og fremst spurning um gæði, og vil ég sérstaklega vísa til grg. um 6. gr. frv. hvað þetta atriði varðar. Í 4. tölul. segir að liggja þurfi fyrir ítarleg áætlun um dagskrá. Hér er fyrst og fremst um að ræða hvers konar efni skuli flutt og hlutfall efnisatriða. Loks er í fimmta lagi mjög mikilvægt ákvæði um afstöðu sveitarstjórna, en þar er gert ráð fyrir að viðkomandi sveitarstjórnir hafi ákvörðunarrétt í þessum efnum með því að meirihlutasamþykkt liggi fyrir. Þessi takmörkun á frelsi til að starfrækja útvarpsstöð er að sjálfsögðu mikil, en þykir eðlileg til að byrja með, a. m. k. á meðan menn átta sig á þeim breytingum sem óhjákvæmilega verða með tilkomu nýrra útvarpsstöðva og með þeirri hugarfarsbreytingu sem felst í því að litið sé á útvarpsstöðvar og þjónustu þeirra með sömu augum og dagblöð.

Í 6. gr. er sagt að útvarpsstöð sé heimilt að reisa sendistöð og endurvarpsstöðvar, flytja inn og eiga og reka senditæki, viðtæki og önnur slík tæki, sem sérstaklega eru framleidd fyrir útvarp. Til þess að hægt sé að samþykkja þessa grein þarf að breyta núverandi fjarskiptalögum, sem sett voru í síðari heimsstyrjöld, og um það er getið í 13. gr. frv.

Mér er kunnugt um það, herra forseti, að verið er að breyta fjarskiptalögunum, enda tími til kominn því að þau eru sett á stríðsárunum og eru ákaflega takmarkandi fyrir not á t. d. ljósmerkjum. Má segja, ef grannt er skoðað, að hægt sé að finna það út úr lögunum, að bannað sé að nota stefnuljós á Íslandi hvað þá dyrasíma án þess að beint leyfi komi til frá póst- og símamálastjórninni. Samt hefur heldur lítið heyrst að undanförnu um hvað þeirri lagaendurskoðun líður.

7. gr. er samsvarandi grein og nú er í almennu útvarpslögunum, þ. e. lögunum um Ríkisútvarpið, en þó er þessi grein nokkuð stytt með tillitit til nokkuð annars hlutverks Ríkisútvarpsins.

Varðandi 8. gr. skal vísað til grg.

9. gr. er að sjálfsögðu ákaflega mikilvæg því að þar er fjallað um tekjumöguleika slíkra útvarpsstöðva sem óháðar eru ríkinu. Lagt er til að þær geti aflað tekna með auglýsingum eða áskriftargjaldi eða sérstöku gjaldi sem tekið er fyrir útsendingu á fræðslu- og skýringarefni. Þá er það tekið fram í lögunum og gert að skyldu að auglýsingar skuli vera skýrt afmarkaðar frá annarri dagskrá útvarpsstöðvanna. Loks er útvarpsstöðvunum heimilt að ákvarða verðlagningu þeirrar þjónustu sem þær veita. Óþarfi er að skýra það í mörgum orðum, að útvarpsstöðvar verða að geta aflað tekna, og eðlilegasta leiðin til þess er að það gerist með auglýsingum eða áskriftargjaldi. Varðandi verðlagningu auglýsinga og þjónustu er eðlilegt að bera það saman við dagblöðin, og í raun hefur því verið haldið fram að með áhrifum hins opinbera á verð dagblaða sé verið að brjóta ákvæði stjórnarskrárinnar um sjálft prentfrelsið. Dagblöðin hafa m. a. þess vegna á undanförnum árum verið undanþegnir verðlagsákvæðum.

10. gr. frv. er alger hliðstæða 22. gr. núverandi útvarpslaga og er óþarfi að fara fleiri orðum um þá grein. Á sama hátt er 11. gr. hliðstæð 23. gr. útvarpslaganna.

Í 12. gr. er útvarpsstöðvum gert skylt að varðveita allt útsent efni í tvær vikur frá því að það var sent út í því skyni að hver og einn, sem telur að rétti sínum hafi verið hallað, geti fengið endurrit af útsendingunni sé eftir því leitað innan þessa frests.

Ég hef áður minnst á 13. gr. frv., þar sem lagt er til að felld verði úr gildi lagaákvæði í útvarpslögunum sem veita Ríkisútvarpinu einkaleyfi á útvarpsrekstri og jafnframt séu afnumin úr fjarskiptalögum ákvæði sem stangast á við ákvæði þessa lagafrv.

Í umræðum bæði hérlendis og erlendis um afnám einkaréttar ríkis á útvarpsrekstri hafa að sjálfsögðu komið fram fjölmörg rök bæði með og á móti frjálsum rekstri. Umræður um þessi mál hafa annars vegar sprottið vegna þess að tillögur hafa komið upp um að fella niður einkarétt, en jafnframt vegna tillagna þess efnis að heimila auglýsingar hjá opinberum útvarpsstöðvum erlendis. Þeir, sem eru á móti afnámi einkaréttarins, hafa m. a. bent á eftirfarandi rök:

1. Útvarpsrekstur er of mikilvægur til að réttlætanlegt sé að láta hann í hendur einkaaðila.
2. Einkaréttur ríkisins tryggir vernd gegn misnotkun.
3. Einkaréttur tryggir menningarlega dagskrá í háum gæðaflokki.
4. Fjölgun útvarpsstöðva og þar með útvarpsrása leiðir til þess, að hlustendur leita að léttum og ómenningarlegum skemmtidagskrám.

5. Einkaréttur ríkis tryggir aðgang minnihlutahópa að útvarpi.

6. Þar sem fólk getur ekki hlustað eða horft á nema eina stöð í einu, til hvers á þá að fjölga útvarpsstöðvum?

Við þessi sex mótrök, sem oft hefur verið gripið til, m. a. í nýlegum umræðum í Noregi, vil ég bæta tveimur atriðum, sem voru áberandi hjá andstöðumönnum frv. Guðmundar H. Garðarssonar þegar það var rætt á þingi snemma árs 1979. Annars vegar sögðu andstæðingar frv. að frjáls útvarpsrekstur leiddi til þess, að peningamenn næðu tökum á þessum sterka fjölmiðli með þeim afleiðingum að ákveðin pólitísk öfl yrðu drottnandi í útvarpsrekstri. Hins vegar var bent á að hvorki væri rétt né siðlegt að bjóða upp á fleiri útvarpsstöðvar en þær sem í gangi eru, hvað þá fleiri útvarpsstöðvar þegar sú útvarpsstöð, sem nú er í gangi og nýtur einkaréttar, fær ekki nægilega aðhlynningu frá ríkinu. Einnig væri ósanngjarnt að gefa þéttbýlisbúum tækifæri til að hlusta á tvær útvarpsstöðvar eða fleiri sem útilokað væri fyrir fólk í dreifbýlinu að hlusta á. Jafnrétti þyrfti að vera milli þéttbýlis og strjálbýlis í þessu efni.

Ég hef nú rakið mörg þeirra mótraka sem komið hafa fram gegn afnámi einkaréttar ríkis á útvarpsrekstri. Þau rök, sem hafa hins vegar oft verið nefnd til stuðnings afnámi einkaréttar, eru eftirfarandi:

1. Skortur á samkeppni í útvarpsrekstri getur leitt til stöðnunar.

2. Viss hætta er á því, að reynt sé að hafa óeðlileg flokkspólitísk áhrif á starfsemi ríkisútvarps sem styðst við einkarétt, t. d. með stöðuveitingum.

3. Starfsfólk ríkisútvarps hefur betri aðstöðu en aðrir til að hafa áhrif á dagskrána á grundvelli áhugamála sinna.

4. Fleiri útvarpsstöðvar tryggja fleiri kosti og koma í veg fyrir einhæfni án þess að minni kröfur séu gerðar til dagskrárgerðar.

5. Einkaútvarpsstöðvar verða á ýmsan hátt svipaðar dagblöðunum. Fjölbreytni gæti verið mikil, samkeppnin á heilbrigðum grundvelli. Möguleiki er á samvinnu staðbundinna útvarpsstöðva víðsvegar um land og staðbundinna stöðva við ríkisútvarpið.

6. Þar sem útvarp og sjónvarp er á fleiri en einni rás eykst áhorfendafjöldinn, ef um sjónvarp er að ræða eða áheyrendafjöldinn að vissu marki. T. d. virðist áhorfendamarkaður hér í Reykjavík og jafnvel á landinu öllu vera meiri en svo að Ríkisútvarpið-sjónvarp nái að fullnægja honum með framboði sínu á útsendingarefni. Þetta sannast m. a. með tilvísun til vídeó-byltingarinnar.

7. Með tilkomu gervihnatta á borð við NORDSAT mun framboð sjónvarps- og útvarpsefnis að sjálfsögðu stóraukast og möguleikar til að taka á móti efni batna til muna. Það er eðlilegur undanfari slíkrar gjörbyltingar að leyfa öðrum en íslenska ríkinu að reka útvarpsstöðvar.

8. Ekki er nægilegt að fjölga rásum eða opna næturútvarp hjá Ríkisútvarpinu. Slíkt er að sjálfsögðu til bóta, en kemur ekki í stað þeirrar samkeppni sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Varðandi þær mótbárur sérstaklega, sem tilgreindar voru fyrr í minni ræðu vegna umræðna um frv. Guðmundar H. Garðarssonar, um áhrif svokallaðra peningamanna og ósanngirni þess að hefja útvarp aðeins fyrir þéttbýli án þess að strjálbýlisfólk njóti þeirra gæða jafnframt, skal það ítrekað hér, að eignarhald peningamanna á útvarpsstöðvum, svo ég noti orð þeirra sem eru gegn auknu frjálsræði, er miklu fremur trygging fyrir því, að boðið sé vinsælt efni, en ef útvarp er rekið eingöngu af ríkisvaldinu. Hugsanlegt væri að sjálfsögðu að takmarka eignaraðild hvers eiganda um sig, en í frv. er að sjálfsögðu gert ráð fyrir eftirlitsaðila, þ. e. útvarpsleyfisráði, og auk þess er leyfið aðeins veitt til takmarkaðs tíma í senn. Til fróðleiks má geta þess, að í frv. norska hægriflokksins var gert ráð fyrir að enginn einn gæti átt nema 15% í viðkomandi útvarpsstöðvum.

Þessi ímyndaða hætta, sem talin er stafa af peningamönnum, er að mínu áliti gersamlega út í bláinn, enda hefur reynslan sýnt, þar sem mest frelsi ríkir við starfrækslu útvarpsstöðva, að það eru fyrst og fremst hópar trúarlegs eðlis, trúarhópar alls konar og stjórnmálaflokkar, sem hafa sóst eftir því að standa í útvarpsrekstri.

Varðandi síðari röksemdina, um dreifbýli og þéttbýli, er óhætt að slá því föstu, að ef slíkur hugsunarháttur ætti að ríkja í öllum málefnum og varðandi allar tækninýjungar er alveg ljóst að hér verða og hefðu ekki orðið neinar framfarir að marki. Slíkur hugsunarháttur er besta ávísunin á algera kyrrstöðu afturhaldsþjóðfélagsins. Ég þarf ekki annað en minna á eitt atriði í þessu sambandi, og það er litvæðing íslenska sjónvarpsins, sem auðvitað byggðist fyrst og fremst á því á sínum tíma, að tekin var ákvörðun um að senda út í lit, sem komið hafði verið í veg fyrir um nokkurt skeið. Þar með opnaðist möguleiki til að kaupa litsjónvarpsviðtæki sem gáfu síðan þær tekjur sem voru undirstaða þess að hægt var að kaupa þau tæki sem nauðsynleg voru fyrir sjónvarpið til að senda út í lit. Því miður, og það er önnur saga, hurfu þessar tolltekjur að langmestu leyti í ríkissjóð, en ekki til að byggja frekar upp dreifikerfi og litvæðingu sjónvarpsins að öðru leyti því að dreifikerfið var vissulega hluti af því öllu saman. En út í þá þætti ætla ég ekki að fara að sinni.

Í fskj. með þessu frv., eins og ég hef minnst á áður, er getið um fyrirkomulag í útvarpsmálum meðal nokkurra annarra þjóða. Tímans vegna mun ég ekki rekja það í einstökum atriðum. Þetta geta allir lesið og í raun eru til miklu ítarlegri upplýsingar. Hér er aðeins um útdrátt að ræða. En það, sem fyrst og fremst vekur athygli, er að fyrirkomulag í öðrum löndum er miklu frjálsara en hér á landi. Þar sem um einkarétt á útvarpsrekstri er að ræða fara fram þessa stundina miklar umræður um meira frelsi í þessum efnum. Þar á meðal má minnast á það, að miklar umræður urðu í danska þinginu ekki alls fyrir löngu. Þótt þær umræður yrðu ekki til þess að breyta útvarpslögunum er rétt að það komi fram, að mikill meiri hluti þeirra, sem hafa tekið þátt í skoðanakönnunum í Danmörku, vilja fjölga rásum og koma þeim í hendur einkaaðila.

Það, sem þó einkum stendur breytingum fyrir þrifum annars staðar á Norðurlöndum, eru auðvitað auglýsingatekjurnar. Það eru blöðin sem hafa staðið fyrst og fremst gegn því, að sjónvarps- og útvarpsstöðvar flyttu auglýsingar, og það á auðvitað jafnt við um opinberar útvarpsstöðvar og þær sem reknar eru af einstaklingum, en sums staðar tíðkast að auglýsingatekjur, sem innheimtast hjá ríkisútvarpi, eru síðan endurgreiddar eða sendar til blaðanna eftir ákveðnum reglum, a. m. k. að ákveðnu hlutfalli.

Herra forseti. Ég hef farið hér nokkrum orðum um frv., sem hér er til umr., og óska eftir að það verði sent hv. menntmn. deildarinnar og sent það til umsagnar. Mér er að sjálfsögðu ljóst að frv. fær ekki afgreiðslu á þessu

þingi. Meginmarkmiðið með framlagningu þess er auðvitað að hafa áhrif á það starf sem nú fer fram á vegum útvarpslaganefndar, hjá þeirri nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði á sínum tíma. Ég vænti þess, að tekið verði tillit til efnisatriða frv. og þannig komið til móts við þau sjónarmið sem eiga vaxandi fylgi að fagna hér á landi.

Það þarf ekki að ítreka að nú á tímum er tiltölulega auðvelt, vel viðráðanlegt að reka litlar útvarpsstöðvar. Þess vegna er ekki saman að jafna útvarpsrekstri í dag og útvarpsrekstri fyrir 50 árum eða rúmlega það, þegar Ríkisútvarpið var stofnað og tók yfir rekstur þess útvarps sem þá hafði verið rekið um nokkurt skeið hér á landi.

Herra forseti. Ég læt með þessum orðum máli mínu lokið.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 79. fundur.

Föstudaginn 23. apríl, kl. 5.30 síðdegis.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Jón Helgason): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

„Alþingi, 23. apríl 1982.

Formaður þingflokks Sjálfstfl. hefur í dag ritað mér á þessa leið:

„Samkvæmt beiðni Péturs Sigurðssonar, 1. landsk. þm., sem vegna utanfarar í opinberum erindum mun ekki geta sótt þingfundi á næstunni, leyfi ég mér samkv. 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 2. varamaður landsk. þm., Ragnhildur Helgadóttir, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans."

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um að þét látið fram fara rannsókn kjörbréfs í sameinuðu þingi.

Sverrir Hermannsson,
forseti Nd."

Eins og fram kemur í bréfinu hefur Ragnhildur Helgadóttir ekki átt sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili sem varamaður landsk. þm. og þarf því rannsókn kjörbréfs að fara fram. Vil ég biðja kjörbréfanefnd að taka það til athugunar og verður fundi frestað á meðan. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf Ragnhildar Helgadóttur, sem er 2. varamaður landsk. þm. Sjálfstfl., og nefndin leggur til að kjörbréfið verði tekið gilt og kosningin líka.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 36 shlj. atkv.

Efri deild, 70. fundur.

Laugardaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum, frv. (þskj. 476). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 711).

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 44, n. 691). — 2. umr.

Frsm. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Nefndin hefur rætt þetta frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess, eins og fram kemur á því þskj. sem dreift hefur verið.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557, n. 692). — 2. umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. fjh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til athugunar, en eins og kunnugt er fjallar það um eflingu Alþjóðabankans, en hann er stofnun sem fyrst og fremst er til stuðnings þróunarlöndum. Á þskj. 692 mælir nefndin einróma með að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ríkisbókhald o. fl., frv. (þskj. 705). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 12 shlj. atkv.

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690). — 1. umr.

Flm. (Jón Helgason): Herra forseti. Á þskj. 690 er frv. til l. um breyt. á lögum um eftirlaun alþm. og um eftirlaun ráðherra. Eins og fram kemur í grg. er hér fyrst og fremst um að ræða samræmingu í sömu átt og gerð hefur verið að undanförnu á öðrum lífeyrissjóðum, þ. e. að hvert starfsár veiti ákveðin réttindi, en ekki, eins og nú er, að menn þurfi að sinna þessum störfum í mörg ár áður en réttindi fást, en síðan komi réttindin í stórum stökkum. Þessi stökk hafa verið jöfnuð út þannig að þetta veitir réttindi í samræmi við þann tíma sem menn sinna þessum störfum.

Ég vænti þess, að samstaða geti orðið um að afgreiða svo eðlilega leiðréttingu, og vænti þess, að þetta frv. fái greiða afgreiðslu.

Ég vil leggja til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 15 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 372, n. 693 og 697, 694). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana og haldið allmarga fundi um þetta mál og fjallað ítarlega um frv. Til fundar við nefndina hafa mætt fulltrúar frá Sambandi ísl. viðskiptabanka, Sambandi ísl. sparisjóða, og Bankaeftirlitinu svo og bankastjórn Seðlabanka Íslands. Þá hafa nefndinni borist umsagnir, greinargerðir og bréf frá ofangreindum aðilum svo og frá Iðnaðarbanka Íslands hf., Verslunarráði Íslands o. fl. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til málsins og leggur meiri hl. n. til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Í þessum viðtölum öllum svo og umsögnum og greinargerðum komu fram ýmsar upplýsingar og aths., svo sem ekki er óeðlilegt þegar lagt er til að taka upp álagningu tekju- og eignarskatts á innlánsstofnanir sem fram til þessa hafa ekki greitt slíka skatta. Sú aths., sem fulltrúar innlánsstofnananna lögðu hvað mesta áherslu á, var að skattskylda mætti ekki leiða til þess, að eiginfjárstaða þessara stofnana rýrnaði frá því sem nú er. Eiginfjárstaðan er grundvöllur þess öryggis, er innstæðueigendur njóta, svo og trausts innlánsstofnananna bæði út á við og inn á við. Bent er á mikilvægi þess að lögfesta ákvæðin um lágmarkshlutfall milli eigin fjár innlánsstofnana annars vegar og innlána og annarra skuldbindinga þeirra hins vegar. Slík ákvæði munu vera lögfest í flestum nágrannalöndum. Hér á landi eru slík ákvæði í lögum um sparisjóði frá árinu 1941, en lengi hefur verið ljóst að þau ákvæði þarfnast endurskoðunar. Slík eiginfjárákvæði er ekki að finna í löggjöf viðskiptabankanna, en í lögum Verslunarbankans, Samvinnubankans og Alþýðubankans er þó kveðið á um takmarkanir á heimildum til arðgreiðslu ef hlutfall eiginfjár og innlána er undir tilteknu marki.

Á undanförnum árum hafa margoft komið fram ábendingar um nauðsyn þess að setja í lög ákvæði um lágmarkseiginfjárhlutfall viðskiptabankanna. Nú er að störfum nefnd sem er að endurskoða bankastarfsemina í landinu undir forustu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, formanns fjh.- og viðskn. Nd. og formanns bankaráðs Seðlabanka Íslands, og verður að telja líklegt að frá þeirri nefnd komi tillögur um lögfestingu slíkra ákvæða.

Þá komu einnig fram aths. varðandi álagningu veltuskatts á árinu 1982. Er á það bent í bréfi Seðlabanka Íslands til nefndarinnar, að slík álagning geti haft mjög alvarleg áhrif á fjárhag þeirra innlánsstofnana er standa tæpast að því er varðar afkomu og eigið fé. Er þar um að ræða ýmsa smáa sparisjóði. Einnig er á það bent í bréfi Seðlabankans, að ekki komi fram í frv. hvort veltuskattur á árinu 1982 verði frádráttarhæfur við álagningu tekjuskatts á tekjur þessa árs, sem framkvæma á á árinu 1983 samkv. ákvæðum frv. Brtt., sem meiri hl. n. leggur til við frv. og fluttar eru á þskj. 694, ganga í þá átt að mæta þessum sjónarmiðum.

1. brtt. á því þskj. er um að við frv. bætist ný grein er verði 5. gr. frv. og hljóði svo:

„Þar til álagning liggur fyrir, skulu skattskyldir aðilar samkv. lögum þessum greiða mánaðarlega fryrirframgreiðslu vegna væntanlegrar álagningar tekju- og eignarskatts, sem ákvarðast með eftirgreindum hætti:

Fyrirframgreiðslan skal vera 0.06% af heildarinnlánum þeirra aðila, sem skattskyldir eru samkv. lögum þessum.

Stofn til fyrirframgreiðslu skal vera innstæðufé viðkomandi aðila í lok hvers mánaðar, sbr. 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, og 31. gr. laga nr. 13/1979, um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur reglur Seðlabanka Íslands um innlánsbindingu frá 21. des. 1981.

Fyrirframgreiðslan skal innheimt af Seðlabanka Íslands og greidd fyrir hvern mánuð miðað við innstæðufé í lok næstliðins mánaðar. Gjalddagi fyrirframgreiðslunnar er 15. dagur eftir lok næstliðins mánaðar og eindagi 10 dögum síðar. Greiðslunni skal fylgja greinargerð skattskylds aðila í því formi er ríkisskattstjóri ákveður.

Seðlabanki Íslands skal mánaðarlega skila viðkomandi skattstjórum greinargerðum þeim sem honum hafa borist vegna s. l. mánaðar.

Ákvæði laga um launaskatt að því er varðar vanskil, viðurlög vegna vanskila, könnun á skilum, ákvörðun skila vegna vanrækslu eða vanskila á greinargerð, greiðsluskrár, kærufresti, úrskurði á kærum og áfrýjun þeirra skulu gilda um fyrirframgreiðslu þessa eftir því sem við á.

Að öðru leyti skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði XIII. kafla laga nr. 75/1981 um innheimtu og

ábyrgð á fyrirframgreiðslu samkv. þessari grein."

Svo hljóðar 1. brtt. meiri hl. n. á þskj. 694. Hér er komið í veg fyrir tvísköttun, en tekið upp nokkurs konar staðgreiðslukerfi skatta á innlánsstofnanir sem innheimt verði með veltuskattsforminu og verði fyrirframgreiðsla þar til álagning tekju- og eignarskatts liggur fyrir. Fyrirframgreiðsla skal innheimt af Seðlabanka Íslands og eru ákvæðin um, hvernig hún ákvarðast og innheimtist, þau sömu og eru um veltuskattinn, sbr. ákvæði IV til bráðabirgða í frv. Verði fyrirframgreiðslan hærri upphæð en endanleg álagning tekju- og eignarskatts skal með endurgreiðslu fara eins og segir í XIII. kafla laga nr. 75 frá 1981, sbr. síðustu mgr. í þessari brtt. Þau ákvæði er að finna í 112. gr. laganna og hljóða svo, með leyfi forseta, þ. e. 2. mgr. 112. gr.:

„Nú verður ljóst, þegar álagningu skatta lýkur eða við endurákvörðun skatta, að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur, og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma."

2. brtt. á þskj. 694 er við 6. gr. frv., er verði 7. gr. og hljóði svo:

„Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1984 vegna tekna á árinu 1983 og eigna í lok þess árs. Ákvæði 5. gr. kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok jan. 1983."

Hér er gerð grein fyrir því, að fyrsta álagning tekju- og eignarskatts skuli framkvæmd árið 1984 vegna tekna ársins 1983 og eigna í lok þess árs og eru þá innheimtuákvæðin í 1. brtt. um fyrirframgreiðslu í raun staðgreiðsla skatta og er þannig komið í veg fyrir tvísköttun svo sem áður er getið.

3.—6. brtt. á þskj. 694 eru allt breytingar sem stafa af því, að álagningu tekju- og eignarskatts er frestað um eitt ár, sbr. 2. brtt., nema ákvæði í c-lið 3. brtt., þar sem aðeins er um orðalagsbreytingu að ræða, að í stað orðanna „þessarar greinar" komi orðin: þessa ákvæðis.

Í 6. brtt. er gert ráð fyrir að við 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV bætist nýr málsliður svohljóðandi:

„Undanþegnir skatti þessum eru þeir sparisjóðir þar sem innstæður námu lægri fjárhæð en 30 millj. kr. hinn 31. des. 1981."

Hér er komið verulega til móts við þá ábendingu, að veltuskatturinn verður minnstu sparisjóðunum þungur í skauti. Eru allir sparisjóðir, sem voru með minni innstæður en 30 millj. um s. l. áramót, undanþegnir greiðslu veltuskattsins. Er hér um að ræða 33 af 42 sparisjóðum sem til eru í landinu og eru því aðeins 9 stærstu sparisjóðirnir sem greiða veltuskattinn.

7. brtt. gerir ráð fyrir að ákvæðum um endurskoðun laga þessara verði frestað um eitt ár og verði þau tekin til endurskoðunar eigi síðar en í árslok 1984. Má þá gera ráð fyrir að búið verði að taka upp almennt staðgreiðslukerfi skatta hér á landi og verði þá hægt að fella þessi lög á eðlilegan hátt að þeirri löggjöf svo og endurskoða aðra þætti þeirra í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd.

Herra forseti. Ég held að ég hefi þá gert grein fyrir þeim brtt. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. flytur á þskj. 694. Undir nál. meiri hl. skrifa eftirtaldir þm., sem jafnframt eru þá flm. þessara brtt. Það eru hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, Guðmundur Bjarnason, Gunnar Thoroddsen og Davíð Aðalsteinsson sem skrifar undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. frsm. meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. var ágreiningur um þetta mál í nefndinni. Í nál. á þskj. 697, sem verið var að útbýta hér í Ed. rétt í þessu, kemur fram afstaða minni hl. n. sem ég mæli hér fyrir. Í því nál. segir svo, með leyfi forseta:

„Frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana er augljóslega snöggsoðið og þarfnast ítarlegrar endurskoðunar ef setja á reglur um svo flókið viðfangsefni. Í umsögn Sambands ísl. viðskiptabanka og Sambands ísl. sparisjóða segir svo orðrétt:

„Umrætt frv. er stuttort og við undirbúning þess hefur augljóslega ekki gefist tími til að athuga og taka afstöðu til ýmissa veigamikilla atriða varðandi skilgreiningu á stofni til útreiknings á fyrirhuguðum tekjuskatti innlánsstofnana."

Í þessari umsögn, sem birt er hér með áliti minni hl. n., er síðan bent á sjö mjög veigamikil atriði þessari fullyrðingu til stuðnings að frv. sé nánast ófullburða, enda vita hv. dm. að þetta mál bar mjög skjótt að og þeim embættismönnum, sem falið hefur verið að vinna þetta frv., hefur áreiðanlega verið mjög mikill vandi á höndum, svo að ekki sé meira sagt, að vinna frv. um svo flókið efni á jafnskömmum tíma. Ég skal aðeins stikla á stóru um þessi sjö atriði síðar.

Þessu til viðbótar hafa einstakir bankar mótmælt mismunun, sem felst í frv., í bréfum, dags. 29. mars, frá Sambandi viðskiptabankanna og sparisjóðanna og frá Iðnaðarbanka Íslands. Iðnaðarbanki Íslands bendir m. a. á og mótmælir því, að skattlagning á veðdeild bankans sé með öðrum hætti. Veðdeild Iðnaðarbankans er gerð skattskyld, en hins vegar er fram tekið í frv. að Stofnlánadeild samvinnufélaganna sé ekki skattskyld. Raunar kom fram frá forráðamönnum Landsbanka Íslands að sama gegndi um veðdeild Landsbankans, en hún má heita nánast þjónustustofnun fyrir Byggingarsjóð ríkisins og skattaálögur á hana mundu einungis verða til þess að auka kostnað við að veita lán úr Byggingarsjóði ríkisins. En í þessu frv. er gert ráð fyrir að veðdeild Landsbankans verði skattlögð.

Mestar umr. í hv. nefnd fóru fram um það, með hvaða hætti menn hygðust mæta þessari skattlagningu. Fram kom í máli allra þeirra sem heimsóttu nefndina, að það væri einungis hægt að gera ráð fyrir að þessum skatti væri mætt með þrennum hætti: Í fyrsta lagi með hækkun útlánsvaxta banka og sparisjóða, í öðru lagi lækkun vaxta á sparifé, sem bankarnir greiddu sparifjáreigendum, eða í þriðja lagi með því að ganga á eigið fé innlánsstofnana. Engin svör fengust í nefndinni frá hv. þm., sem styðja framgang þessa máls, um það, hvernig ætlunin sé að mæta þessari skattálagningu, hvor leiðin eða allar þessar þrjár verði farnar til að mæta skattálagningunni. Það fékkst ekki svar við því, hvort ætti að lækka vexti til sparifjáreigenda til að mæta þessum skatti, hækka útlánsvexti til atvinnuveganna eða hvort ganga ætti á eigin fjárstöðu bankanna og innlánsstofnana. Þetta styður það náttúrlega að frv. er vanhugsað. Það hefur ekki enn verið tekin afstaða til þess, með hvaða hætti innlánsstofnanir, sem margar hverjar eru raunar ríkisfyrirtæki, eigi að mæta þessari nýju skattlangingu. Vegna þessa leggjum

við einfaldlega til í minni hl. hv. fjh.- og viðskn. að frv. verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar.

Ég skal svo víkja í örstuttu máli, herra forseti, að þessum aðfinnslum frá samböndum ísl. viðskiptabanka og ísl. sparisjóða. Þau segja hér í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér á eftir skal því gerð grein fyrir atriðum sem þarfnast ítarlegrar skoðunar ef samþykkja á álagningu tekjuskatts á innlánsstofnanir þrátt fyrir þau þungvægu rök sem gegn því mæla, og einnig verður vikið að þeim hugmyndum að leggja eignarskatt á þessar stofnanir."

Í fyrsta lagi segir hér, að það skorti heimildir til frádráttar frá tekjum vegna niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða. Hér er um nokkuð flókið mál að ræða og ég skal ekki fara nánar út í það, en að mati þessara manna hlýtur löggjöf, sem ekki tekur af tvímæli um þetta atriði, að leiða til árekstra og vandræða.

Í öðru lagi skortir að setja ákvæði um frádráttarbærni gjalda vegna lífeyrisskuldbindinga. Margar innlánsstofnanir hér á landi hafa tekið á sig verulegar lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna sinna umfram þær skuldbindingar að greiða iðgjöld til lífeyrissjóða á móti framlögum starfsmanna. Í frv. er ekkert ákvæði um hvernig fara skuli með þessar greiðslur.

Í þriðja lagi skortir á að það sé afmörkun milli vaxta og verðbóta í skattuppgjöri. Það eru ekki ákvæði um það í þessu frv., að vextir og verðbætur séu afmörkuð með nægilega skýrum hætti.

Í fjórða lagi er óskýrt hvernig fara skuli með útreikning verðbreytingafærslu.

Í fimmta lagi er ekki talað um skattfrelsi stofnana með veika eiginfjárstöðu í frv. sjálfu. Á hinn bóginn er komið til móts við þetta atriði í brtt. meiri hl. hv. nefndar og er það að sjálfsögðu til bóta, en mér sýnist það eina atriðið sem í rauninni er tekið tillit til af þessum aðfinnslum.

Síðan eru minni háttar atriði tæknilegs eðlis sem bent er á að betrumbæta þyrfti í frv., en ekki hafa verið leiðrétt í meðförum hv. nefndar.

Í umsögn Seðlabanka Íslands segir svo um áhrif skattlagningar á afkomu innlánsstofnana, með leyfi hæstv. forseta:

„Veltuskattur sá, sem fyrirhugað er að leggja á innlánsstofnanir á þessu ári, skal nema 0.06% af heildarinnlánum þeirra í lok hvers mánaðar. Án tekjuaukningar á móti mun því afkoma og ráðstöfunarfé innlánsstofnana dragast saman um samsvarandi fjárhæð, sem áætluð hefur verið 55 millj. kr. Eigi að jafna þessi áhrif á afkomu- og ráðstöfunarfé þarf til að koma 0.7% aukning vaxtabils, þ. e. mismunar á útláns- og innlánsvöxtum, sem væntanlega yrði að gerast með hækkun útlánsvaxta þar sem við ákvörðun innlánsvaxta yrði að taka tillit til verðlagsþróunar. Verði slík vaxtahækkun ekki látin taka til endurkaupanlegra afurðalána yrði hækkun annarra útlánsvaxta að nema 0.9%."

Í umsögn Seðlabankans segir enn fremur um eiginfjárstöðu innlánsstofnana, með leyfi hæstv. forseta, en þar er vikið að töflum sem fylgja nál. minni hl.:

„Tekið hefur verið saman yfirlit yfir eigið fé innlánsstofnana sem hlutfall af niðurstöðu efnahagsreiknings viðskiptabankanna frá 1960 og sparisjóðanna frá 1962 (tafla 1). Innifalið í því er bókfært verðmæti fasteigna og áhalda samkv. mjög mismunandi mati, og ýmis annar munur er á uppgjörsmáta, nýtt eigið fé hefur áhrif o. s. frv. Hafa innlánsstofnanir í vaxandi mæli tekið upp endurmat fasteigna, meðfram vegna þess að eigið fé nemur að öðrum kosti ákaflega lágu hlutfalli. Hins vegar er eigið fé í formi fasteigna og áhalda að sjálfsögðu með engu móti handbært sem varafé rekstrarins. Til þess að sneiða hjá þessum ágöllum eru jafnframt birtar talnaraðir um eigið fé án fasteigna, áhalda og búnaðar, en um sparisjóðina ná þær aðeins aftur til 1972."

Svo kemur hér meginatriði þessa máls, sem ég les orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í upphafi hvers tímabils, sem hér er sýnt, höfðu bæði bankar og sparisjóðir þokkalega eiginfjárstöðu, en hún fór þegar lækkandi, mjög ört frá miðjum sjöunda tugnum, og náði lágmarki 1974. Rýrnun hlutfallsins var gerð minna áberandi með því að tjalda endurmati fasteigna, en að þeim og tækjum og búnaði slepptum hrapaði fjáreignaleg eiginfjárstaða viðskiptabanka niður í 1.5% árin 1976 — 1978, en þó ekki nema í 3.5% hjá sparisjóðunum 1973. Er staða viðskiptabankanna aðeins lítillega tekin að rétta við eftir þetta, en verður þó að teljast mjög slök."

Hér er sem sagt komist að þeirri niðurstöðu, að eiginfjárstaða banka og innlánsstofnana sé mjög slök. Ef gengið er út frá því, að það eigi ekki að ganga á þá eiginfjárstöðu frekar, mun þessi skattur koma fram í hækkun útlánsvaxta að mati Seðlabankans, eins og hér kemur fram.

Menn hafa ekki tekið afstöðu til þess og það hafa ekki fengist svör um það í hv. nefnd, hvort ætlunin sé að hækka útlánsvexti. Það hafa ekki heldur komið fram svör um hvort ganga eigi á eiginfjárstöðuna. Kunnugt er að það er ekki löggjöf um það hér á landi, eins og í öðrum vestrænum löndum, hver lágmarkskrafa skuli gerð til eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Það er því nokkur freisting að ætla, miðað við vaxtastefnu núv. hæstv. ríkisstj., að menn hugsi sér að knýja það fram, að eiginfjárstaðan verði skert með þessum skatti. Þó hafa ekki fengist nein hrein svör um þetta, auk þess sem þessu frv. er svo áfátt sem hér hefur verið á bent.

Það er því niðurstaða okkar í minni hl., að við leggjum til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér hef ég ekki miklu að bæta við það sem hv. frsm. nefndarálita hafa sagt hér. Ég vildi þó ekki láta hjá líða að tala örfá orð í þessu sambandi.

Það skal játað, að alveg frá því fyrst að talað var um skattskyldu innlánsstofnana og fyrirhugað var að leggja fram frv. í því skyni hafði ég efasemdir varðandi það. Þó skal játað að ég hafði í sjálfu sér ekki fyrirvara og neitaði því ekki, að það kynni að vera eðlilegt að leggja skatt með þessum hætti eða öðrum á innlánsstofnanir. Hins vegar hefur það komið í ljós við umfjöllun þessa máls í fjh.- og viðskn., að skattlagning af þessu tagi, miðað við þær aðstæður sem bankarnir á Íslandi búa við, er hæpin, svo að ekki sé fastar að orði kveðið.

Það hefur mikið verið rætt um vaxtamun og þykir einsýnt að þessi skattur krefji um að vaxtamunur verði aukinn, þ. e. munur innláns- og útlánsvaxta. Það var nokkuð rætt um það í nefndinni, með hvaða hætti vextir væru ákvarðaðir í löndunum næst okkur og lengra frá, í ljósi þess, að þar er skattur lagður á banka. Þessi samanburður sýnist mjög ójafn varðandi ákvörðun vaxta, vegna þess að hérlendis er ákvörðun vaxta svo að segja í

öllum atriðum í ljósi stjórnvaldsaðgerða, en erlendis, þar sem skattur er lagður á banka, eru menn frjálsari að því að ákvarða vexti. Þeim efnahagsþáttum er ekki eins miðstýrt og hjá okkur.

Í upphafi máls míns lýsti ég því, að ég hefði ekki neitað því, að til greina kæmi að leggja skatt á innlánsstofnanir. Ég tel mig að vissu leyti bundinn þessu. M. a. vegna þess treysti ég mér ekki til að bregða fæti fyrir þetta frv., en ég gat ekki látið hjá líða að lýsa fullum efasemdum mínum varðandi það. Raunar hefði ég talið skynsamlegustu málsmeðferðina þá sem minni hl. fjh.- og viðskn. leggur til, vegna þess að málið er mjög illa undirbúið.

Ég endurtek: Ég mun þó í ljósi þess, sem ég hef sagt og sagði fyrst í minni ræðu, standa við og samþykkja þetta frv.

ATKVGR.

Till. á þskj. 697 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 9:7 atkv.

1. gr. samþ. með 9:7 atkv.

2.—4. gr. samþ. með 9:6 atkv.

Brtt. 694,1 (ný gr., verður 5. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 694,2 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 694,3 samþ. með 9:2 atkv.

Ákv. til brb. I, svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 694,4 samþ. með 9:2 atkv.

Ákv. til brb. II, svo breytt, samþ. með 9:2 atkv.

Brtt. 694,5 samþ. með 9:2 atkv.

Ákv. til brb. III, svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 694,6 samþ. með 12 shlj. atkv.

Ákv. til brb. IV, svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.

Brtt. 694,7 samþ. með 13 shlj. atkv.

Ákv. til brb. V, svo breytt, samþ. með 9:3 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: TÁ, DA, GeirG, GB, JH, SigrM, StefG, StJ, HS.

EgJ, EG, SigurlB, GK, KSG, KJ, LJ greiddu ekki atkv.

4. þm. (ÞK, GTh, ÓRG, SalÞ) fjarstaddir.

Neðri deild, 70. fundur

Laugardaginn 24. apríl, kl. 2 miðdegis.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 683). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. til Ed.

Útvarpsrekstur, frv. (þskj. 583). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til menntmn. með 26 shlj. atkv.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466, n. 663, 612). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2. gr. samþ. með 24:1 atkv.

Brtt. 612,1 felld með 20:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, ÁG, FrS, GS, JS, JÞ, MHM, SvH.

nei: ÓÞÞ, PJ, RH, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, VG, ÞS, AS, JBH, BÍG, FÞ, GHall, HÓ, IGuðn, IGísl, ÓE.

GeirH greiddi ekki atkv.

11. þm. (PP, SighB, EG, GHelg, HÁ, HBI, HG, JE, KP, MB, MÁM) fjarstaddir.

3. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef gert tilraun við afgreiðslu þessa frv. til að benda á það álag, sem Reykjavíkurborg er gert að skyldu með lögum að taka á sínar herðar, og lagt þá aðallega áherslu á að hlutur Reykjavíkurborgar í óákveðnum útgjöldum við Sinfóníuhljómsveitina er 18% af heildarkostnaði. En því til viðbótar vil ég benda á að hlutur Reykvíkinga í skattframlögum til ríkissjóðs er um 40% þannig að það má reikna með 40% af hlut ríkisins til viðbótar við þessi 18% — eða 50—60% samtals — sem kostnað á herðar Reykvíkinga. Sú tillaga, sem hér um ræðir, gengur í þá átt að létta byrði á borgarsjóði með því að auka hlut hljómsveitarinnar með eigin framlagi, og því segi ég já.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Hér er um stjfrv. að tefla. Það vekur athygli mína að þeir fjórir ráðherrar, sem þegar hafa greitt atkv., hæstv. ráðherrar Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Svavar Gestsson og Friðjón Þórðarson, hafa nú greitt atkv. gegn ákvæði eins og það er í stjfrv. Við fjórmenningarnir lögðum til að yrði fylgt frv.- gerð hæstv. menntmrh. og ríkisstj. og munum við auðvitað standa við það, og ég segi já.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er hverju orði sannara, að ég var flm. að því að þetta ákvæði um 12% skyldi vera í frv. eins og það var lagt fram í Ed. En ég geri þá kröfu bæði til mín og annarra að ganga ekki með steinbarn í maganum eilíflega og að menn geti tekið rökum. Ég hef sannfærst um að það sé ekki ýkjamikið hald í þessari ákveðnu tölu, 12%. Ég er alveg sammála því, sem hér hefur komið fram í umr. og nú síðast þegar menn hafa verið að gera grein fyrir atkv. sínu, að það er

auðvitað alveg nauðsynlegt að kappkostað sé að Sinfóníuhljómsveitin afli sér sem mestra sjálfstæðra tekna af tónleikahaldi. Sinfóníuhljómsveitin eða stjórn hennar leitast mjög við að gera þetta. Mig langar til að upplýsa það af þessu tilefni, að s. l. ár samkv. reikningum eru eigin tekjur 16.2%. Þannig er afskaplega lítið hald í svona tölum. Þetta er búið að ganga í gegnum margar umr. í Ed. og Nd. og tvær þingnefndir, menntamálanefndir beggja deilda, hafa talið eðlilegra að hafa ekki neina ákveðna prósentutölu, heldur aðeins það almenna orðalag að kappkosta að gera sem best í þessum efnum. Ég held að það sé, þegar upp er staðið, skynsamlega að staðið, og ég tek þeim rökum sem menntamálanefndir hafa sannfært mig um að séu rétt. Ég segi því nei við þessari till.

3. gr. samþ. með 21:2 atkv.
4.—5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 612,2 felld með 22:4 atkv.
6. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
7.—12. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25:1 atkv.

Lokunartími sölubúða, frv. (þskj. 136, n. 460 og 508). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. felld með 16:5 atkv.
Frv. þar með fallið.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Grunnskólar, frv. (þskj. 613). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 702 (sbr. 192)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Landgræðsla, frv. (þskj. 360). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 716).

Umferðarlög, frv. (þskj. 496). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 717).

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641, n. 695). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur G. Einarsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti menntmn. um frv. til l. um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. Nál. er á þskj. 695 og þar kemur fram að nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt óbreytt. Að sönnu er þetta frv. seint fram komið, en engu að síður vona ég að það fáist afgreitt á þessu þingi.

Helstu atriði frv. eða þær breytingar sem gert er ráð fyrir að gerðar verði frá gildandi lögum eru að kirkjuþingsmönnum er fjölgað um fimm. Fjölgað verði um tvo í Reykjavíkurprófastsdæmi og myndað verði nýtt kjördæmi, Kjalarnesprófastsdæmi, en áður voru saman Kjalarnesprófastsdæmi og það sem nú verður Borgarfjarðar-, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi. Auk þess kjósi prestar í föstum störfum, en án prestakalls, einn kirkjuþingsmann. Þá er kjörtímabilið stytt úr fimm árum í fjögur. Gert er ráð fyrir að kirkjuþing komi saman árlega, en nú kemur það saman annað hvert ár. Að lokum er sú breyting gerð, að víglsubiskupar eigi rétt á fundarsetu.

Eins og ég sagði áðan er þetta frv. seint fram komið og e. t. v. til nokkuð mikils mælst að það fáist afgreitt á þessum síðustu dögum þingsins, en ég vona þó að svo verði. Þetta frv. er vel undirbúið. Það á sér nokkuð langan aðdraganda. Ákvæði þess hafa verið samþykkt á

mörgum undangengnum kirkjuþingum, eða allt frá 1976, og þetta hefur einnig hlotið samþykki í þeim héruðum sem þetta varðar mest, þar sem hið nýja kjördæmi er myndað eða kjördæminu er skipt, þ. e. Kjalarnesprófastsdæmi, og Borgarfjarðar-, Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi. Frv. er sem sagt svo einfalt í sniðum að það ætti ekki þess vegna að þurfa að taka langan tíma hjá hv. Alþingi að fjalla um það. Nefndin mælir eindregið með að það verði samþykkt, og ég vona að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24:1 atkv.
2.—14. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Svo ágætur sem ritari hv. deildar er á nær öllum sviðum bregður svo við við atkvgr., þar sem hann á að fylgjast betur með en allir aðrir og meira að segja að telja atkv. með sem nákvæmastri og öruggastri aðferð, að hann lyftir ekki höfði þegar leitað er mótatkvæða. Ég vil leyfa mér, herra forseti, að gera aths. við þessa hegðun ritarans.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég bið hv. skrifara að lyfta sem oftast höfði þegar þess er þörf.

18.—19. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 24 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317, n. 696). —2. umr.

Frsm. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Menntmn. Nd. hefur farið yfir frv. um Blindrabókasafn Íslands og mælir með því, eins og fram kemur á þskj. 696 í nál., að frv. verði samþykkt óbreytt. Undir þetta rita allir nm. í menntmn., en Guðrún Helgadóttir var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Þá var um það rætt í nefndinni í fyrsta lagi, að vitaskuld væri það skoðun nm. að hér væri um feikilega mikilvægt hagsmunamál þessa fólks að ræða, en í annan stað væri þetta frv. eins konar stjórnarskrá fyrir þetta blindrabókasafn. Það mun hins vegar ráðast af fjárveitingum á næstu árum hvernig það verður í stakk búið. Þetta kemur raunar fram í nál. sem gefið var út í menntmn. Ed., en nefndin þar taldi nauðsynlegt að athugað yrði síðar á þessu ári eða næsta ári hvort fjármögnun þessarar þjónustu við sjónskert aldrað fólk og blinda gæti að hluta tengst ákveðnum sjóðum eða með öðrum hætti verið tryggðar reglubundnar tekjur til þessarar starfsemi. Það var rætt í menntmn. Nd. að taka mjög undir þessi sjónarmið sem fram komu í menntmn. Ed.

Þá má geta þess, að menntmn. hafa borist skeyti víða að, þar sem beint er áskorun til alþm. um að samþykkja þetta frv., m. a. frá Héraðsbókasafni Borgarfjarðar undirritað af Bjarna Bachmann. Slíkt skeyti hefur og komið frá Héraðsbókasafni Kjósarsýslu undirritað af Jóni Sævari Baldvinssyni. Slíkt skeyti heffur komið frá Bæjar- og héraðsbókasafni á Akranesi og bókasafni sjúkrahússins þar undirritað af Halldóru Jónsdóttur og Sigríði Árnadóttur. Slíkt skeyti hefur einnig komið frá Ísafirði, þar sem eindregið er skorað á alþm. að styðja framgang frv. um Blindrabókasafn Íslands á þessu þingi og tryggja þar með eflingu þessarar starfsemi, og er það undirritað af Jóhanni Hinrikssyni forstöðumanni bókasafnsins á Ísafirði.

Að lokum, herra forseti, menntmn. Nd. leggur öll til að þetta frv. um Blindrabókasafn Íslands verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2.—11. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, frv. (þskj. 422). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Um nokkurt skeið hafa verið í gildi lög um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum. Sú löggjöf var sett fyrst árið 1962 og er því senn tvítug orðin. Síðan þau lög voru sett hefur það gerst, að í auknum mæli hafa verið teknir í notkun lampar og tæki sem senda frá sér geisla sem ekki eru jónandi. Þessi tæki hafa m. a. stundum verið notuð með þeim hætti að haft hefur í för með sér heilsutjón á viðkomandi einstaklingum, jafnvel mjög alvarleg slys. Hér er um að ræða lampa sem kallaðir eru ýmist gigtarlampar, sólarlampar, sem senda frá sér útfjólublá geisla, eða hér er um að ræða örbylgjur frá örbylgjuofnum. Því er nauðsynlegt að setja um það lög, að Geislavörnum ríkisins sé heimilt að hafa eftirlit með geislatækjum þó að þau sendi frá sér geisla sem ekki eru jónandi. Því er þetta frv. flutt, herra forseti, og ég legg til, að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 26 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 541). — 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er um að ræða frv. sem hefur í för með sér, ef samþykkt verður, allmiklar breytingar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Frv. gerir ráð fyrir að unnt verði að tryggja mannvirki vegna afleiðinga meiri háttar náttúruhamfara.

Á árinu 1980 skipaði heilbr.- og trmrh. nefnd til að kanna möguleika á að tryggja þjóðina fyrir áföllum af meiri háttar náttúruhamförum. Verkefni nefndarinnar var jafnframt endurskoðun á lögum nr. 52/1975, um Viðlagatryggingu Íslands. Frv. það, sem hér er flutt, er nákvæmlega eins og nefndin lagði til að lögunum um Viðlagatryggingu Íslands yrði breytt.

Í umr. um málið í hv. Ed. gerði ég rækilega grein fyrir efni máls þessa, og í grg. með frv. er farið rækilega yfir helstu atriði þess. Meginatriði frv. eru þau, að gert er ráð fyrir verulegri útfærslu á tryggingasviði Viðlaga-

tryggingar Íslands. Þau mannvirki, sem gert er ráð fyrir að tryggingaskylda nái til, umfram það sem verið hefur, eru hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur, hafnarmannvirki, brýr, raforkuvirki, þar með talin dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, sími og önnur fjarskiptakerfi, þar með talin dreifikerfi sjónvarps, hljóðvarps og flugþjónustu, og loks ræktað land og lóðir.

Í greinargerðinni kemur fram hvaða verðmæti hér er um að ræða í fjármunum, en það tók langan tíma fyrir nefndina, sem undirbjó frv., að fá upplýsingar um áætlað verðmæti þeirra eigna sem hér er um að ræða. Nefndin lét gera kort af þeim svæðum sem helst kynnu að vera í hættu í þessum efnum, og eru þau kort birt í grg. frv. þar sem kemur fram hvaða svæði það eru sem helst er ástæða til að hafa í huga í þessu sambandi. Því miður eru kortin í svarthvítu og gera þar af leiðandi ekki sama gagn og ella væri, en ég hygg þó að þau sýni nokkuð hvaða svæði hér er helst um að ræða.

Í 3. gr. frv. er fjallað um sjálfsábyrgð af hverju einstöku tjóni, lágmarksupphæðir, og í 4. gr. er fjallað um árlegt iðgjald, sem sé 0.25‰ eða 0.20‰.

Í 8. gr. frv. er um að ræða breytingu sem er af nokkuð öðrum toga en almennt í frv., en þar er lagt til að stjórn stofnunarinnar, þ. e. Viðlagatryggingar Íslands, verði heimilt að verja nokkru fé til rannsókna á eðli náttúruhamfara með það í huga að unnt verði að koma við fyrirbyggjandi aðgerðum, enn fremur að stjórn Viðlagatryggingar Íslands sé heimilt að veita styrki til björgunarsveita vegna starfsemi sem Almannavarnir ríkisins viðurkenni. Þessi brtt. er fram komin eftir ábendingu sem kom til mín og rn. frá hv. fjvn.

Ég vil geta þess, herra forseti, í tengslum við þetta frv., að ríkisstj. hefur nýlega skipað nefnd til að endurskoða lög um Bjargráðasjóð Íslands. Er nauðsynlegt við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi að taka tillit til þeirrar endurskoðunar sem farið hefur verið fram á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, vegna þess að þar er um að ræða viðamikla endurskoðun á þeim lögum sem gæti snert verkefni viðlagatryggingarinnar. Fari svo að þetta frv. verði afgreitt á því þingi sem nú situr, verður hugsanlega að breyta lögum um viðlagatryggingu enn þegar lögin um Bjargráðasjóð kæmu hér til meðferðar, vonandi á næsta hausti. Ég er þeirrar skoðunar, að Bjargráðasjóður eins og hann er núna sé ákaflega veikburða. Í rauninni er það ekki vansalaust fyrir ríkisstj. og félmrn., hver svo sem þar er í ráðherrasæti á hverjum tíma, að bera ábyrgð á Bjargráðasjóði eins og hann er nú, jafnaumur og raun ber vitni um og menn þekkja. Þetta nefni ég, herra forseti, vegna þess að það er nauðsynlegt að taka mið af málefnum Bjargráðasjóðs um leið og hv. Alþingi fjallar um Viðlagatryggingu Íslands.

Herra forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég mun ekki hér ræða frv. efnislega, hef tækifæri til þess í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar. Ég vil þó ekki láta hjá líða að lýsa yfir eindregnum stuðningi mínum við meginefni frv.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get vel lýst stuðningi við þetta frv., en mér finnst ekki hægt að láta hjá líða að benda á að skoðun mín er sú, að það hefði verið eðlilegt í sambandi við frv. til l.um breyt. á lögum um viðlagatryggingu að taka inn í þessa tryggingu tjón af völdum ofviðra. Það hefði átt að taka inn í 4. gr. frv. Eins og hv. þm. geta séð í grg. með frv. var mjög leitað á þá sem sömdu frv. um að svo yrði gert. Ég segi það hér í ljósi þeirra staðreynda, að orðið hafa mjög mikil tjón af fárviðri eða ofviðri hér á landi sem hafa valdið miklu tjóni og erfiðleikum í sambaandi við uppgjör. Yfirleitt hafa Íslendingar t. d. húseigendur og margir aðrir aðilar, svo sem gróðurhúsaeigendur og fleiri, orðið fyrir gífurlegu tjóni af þessu. Hafa verið miklir erfiðleikar á að bæta þessi tjón. Hefði því verið eðlilegt að mínu mati að taka þetta inn í lög um viðlagatryggingu. Hins vegar vil ég ekki fara að gera neinar brtt. nú því að þetta mál þarf að fara í gegn.

Ég vil benda á og taka undir það sem hæstv. ráðh. kom inn á áðan í sambandi við Bjargráðasjóð, að þar stendur upp á Alþingi að taka til meðferðar stórt mál. Ég hefði talið að það hefði átt að vera komin fram miklu fyrr lagabreyting að því er varðar Bjargráðasjóð því að það er til vansa að tilgangur þess sjóðs skuli ekki hafa verið útfærður nánar en nú er. Bjargráðasjóður er nauðsynlegur. Ég vænti þess, að þegar gerð verður gangskör að því að endurskoða lögin um Bjargráðasjóð komi þessi atriði öll til athugunar nánar því að á því er full þörf. Að öðru leyti mun ég ljá þessu frv. atkv. mitt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 22 shlj. atkv.

Efri deild, 71. fundur.

Laugardaginn 24. apríl, kl. 3 miðdegis.

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 44). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Hlutafé Íslands í Alþjóðabankanum, frv. (þskj. 557). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 719).

Grunnskólar, frv. (þskj. 613). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla. Þetta frv. var flutt í Nd. og þar var það samþykkt óbreytt. Að sjálfsögðu var þar fjallað um málið í menntmn. sem öll stóð að því að leggja til að frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Kjarni þessa frv. er það sem hv. þdm. þekkja nú orðið frá síðustu tveimur þingum, en það er um að fresta gildistöku níu ára skólaskyldu. Það var gert í fyrra og hittiðfyrra, og enn er lagt til að fresta gildistöku níu ára skólaskyldunnar um eitt ár, þ. e. til hausts 1983. Samkvæmt 88. gr. grunnskólalaga var upphaflega stefnt að því, að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu kæmu til framkvæmda sex árum eftir gildistöku laganna. Þetta þýðir það, að þá hefðu lögin átt að koma til framkvæmda í landinu haustið 1980. Hins vegar vil ég benda á það, sem reyndar kemur fram í aths. við frv., að í ákvæði til bráðabirgða í grunnskólalögum var gert ráð fyrir að Alþingi fengi tækifæri til að fjalla nánar um níu ára skólaskylduna áður en tekin væri endanleg ákvörðun um að hún kæmi til framkvæmda næstum að segja sjálfkrafa.

Ég vil geta þess, að það er fyrirhugað að leggja fyrir næsta þing ýmsar breytingar á grunnskólalögunum, og þá mun gefast tækifæri til að Alþingi tjái sig nánar um skólaskylduna.

Eins og ég hef bent áður á ákvað Alþingi 1980 og aftur 1981 að fresta skyldi gildistöku þessara ákvæða um níu ára skólaskyldu. Kjarni málsins er sá, að þessi frestun verði endurtekin að þessu sinni um eitt ár.

Ég held að ég segi ekki meira um þetta, herra forseti, en vænti þess, að hv. Ed. fáist til að afgreiða þetta frv. áður en þinginu lýkur og að málinu verði nú vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til menntmn. með 13 shlj. atkv.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli í forföllum iðnrh. fyrir stjfrv. um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

Eins og fram kemur í aths. við lagafrv. er frv. lagt fram að ósk Iðnfræðingafélags Íslands og er farið fram á að starfsheitið iðnfræðingur verði lögverndað. Gert er ráð fyrir að vernd starfsheitisins geti gilt um þá sem lokið hafa námi frá Tækniskóla Íslands og sambærilegu námi erlendis. Iðnfræðingar frá Tækniskóla Íslands eru þeir sem auk sveinsprófs í löggiltri iðngrein hafa lokið tveggja og hálfs árs námi í raftækni, véltækni eða byggingartækni.

Í aths. með frv. er rakin forsaga þessa einfalda máls, og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða hér frekar um það, en vísa til grg.

Ég vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði þessu máli vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli fyrir stjfrv. til l. um breytingu á lögum um fangelsi og vinnuhæli, nr. 38 frá 24 apríl 1973. Frv. þetta var lagt fyrir hv. Nd. og hefur hún samþ. það óbreytt.

Forsaga þessa máls er sú, að á s. l. vori var samþykkt á Alþingi þáltill. varðandi menntun fangavarða. Samkv. henni hefur nefnd skilað tillögu um hvaða skilyrði væri rétt að setja um grunnmenntun fangavarða og hvernig námskeiðahaldi mætti haga til að mennta fangaverði til starfans. Skýrslu nefndarinnar hefur verið dreift á Alþingi fyrir nokkru. Til að skapa grundvöll fyrir setningu reglugerðar um menntun fangavarða svo og um önnur skilyrði, sem rétt þætti að setja um ráðningu manna til fangavarðastarfa hefur frv. þetta verið samið. Það felst í því, að 12. gr. laganna hefur verið endurskrifuð þannig að hún taki til alls starfsliðs fangelsa í stað þess starfsliðs eingöngu sem veitir sérhæfða þjónustu, eins og nú er. Er gert ráð fyrir að nánari ákvæði um fyrirkomulag sérhæfðrar þjónustu séu sett með reglugerð.

Frv. þetta er mjög einfalt í sniðum og læt ég þessi orð nægja til að fylgja því úr hlaði, en legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til allshn. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 72. fundur

Mánudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690, n. 715). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 46 frá 1965, um eftirlaun alþingismanna, lögum nr. 47/1965, um eftirlaun ráðherra, svo og lögum nr. 29 frá 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 49/1973, lög nr. 21/1975 og lög nr. 98/1980, um breyting á þeim lögum.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni voru hv. þm. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson, en undir nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Davíð Aðalsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—11. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, frv. (þskj. 705, n. 714). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52 frá 1966. Frv. þetta kemur frá Nd. Þar voru gerðar á því tvær breytingar. Nefndin hefur rætt frv. og leggur til að það verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. nm. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson, en undir nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Davíð Aðalsteinsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 683). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég tala fyrir stjfrv. um breytingu á lögum nr. 56 frá 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13 frá 1979, um breytingu á þeim lögum. Í skýrslu ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum, sem lögð var fyrir Alþingi í febrúarmánuði, segir m. a. svo um verðlagsmál:

„Í verðlagsmálum verði við það miðað að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu, samkv. frv. sem lagt verður fram á Alþingi á næstu dögum" — en það er þetta frv. — „Tekið verður upp nýtt fyrirkomulag sem miðar að því að verðgæsla komi í vaxandi mæli í stað beinna verðlagsákvæða."

Frv. það, sem hér er lagt fram, er liður í að hrinda í framkvæmd þeirri stefnumörkun ríkisstj. í verðlagsmálum sem fram kemur í skýrslunni. Í því skyni felur frv. í sér breytingu á 8. gr. laga nr. 56 frá 1978, sbr. 59. gr. laga nr. 13 frá 1979, en jafnframt eru gerðar nokkrar aðrar breytingar á lögunum frá 1978, þar sem framkvæmd þeirra hefur leitt í ljós nokkra agnúa sem æskilegt er að nema burt.

Það er rétt að nefna nokkra af þessum agnúum. Vil ég fyrst aðeins ræða hið svokallaða prósentuálagningarkerfi í versluninni, sem hefur tíðkast hér á landi um áratugi, eins og kunnugt er. Það er alkunna að menn eru nú orðið yfirleitt sammála um það, enda liggur það í eðli málsins, að prósentuálagningarkerfið hvetur ekki til hagkvæmra innkaupa þar sem álagningin í krónum talið er þeim mun hærri sem innkaupsverðið er hærra. Ítarlegar kannanir Verðlagsskrifstofunnar hafa leitt í ljós að innkaup til Íslands eru óhagstæðari en innkaup til nágrannalandanna. Menn hafa í raun og veru enga aðra skýringu á þessu en þá, að þetta kerfi hefur það í för með sér að verslunin hefur samið um há umboðslaun erlendis til þess að skapa grundvöll fyrir, að því er hún telur, sómasamlegri afkomu. Ég man t. d. eftir því, þegar ég var um árabil endurskoðandi Sambands ísl. samvinnufélaga, að þá voru umboðslaun Sambandsins verulega há, og sama er að segja um aðra verslun í landinu. Nú leikur grunur á að þessi umboðslaun skili sér ekki nándar nærri til landsins. Ég skal ekki leggja dóm á það, ég hef engin einstök dæmi að nefna í því efni, en það leikur grunur á því. Og í öllu falli hefur þetta kerfi haft það í för með sér, að innkaup til Íslands eru óhagstæðari en til annarra nágrannalanda og af því leiðir að sjálfsögðu að við greiðum meira út úr landinu fyrir vörur en ástæða væri til. Eins og ég sagði áður hafa menn enga aðra skýringu á þessum mismun en þá, að við búum hér við allt annað kerfi en allar þjóðirnar í kringum okkur sem hafa afnumið þetta prósentuálagningarkerfi fyrir áratugum. Á stríðsárunum voru höft og skammtanir í þessum málum yfirleitt hjá flestum þjóðum, en eftir stríðið var þetta afnumið og hefur það verið svo um áratugi.

Hið opinbera verðmyndunarkerfi hefur í ýmsum tilvikum þjappað saman einstaklingum úr einstökum starfsgreinum til að prýsta sameiginlega á um hækkun verðtaxta og dregið þannig úr samkeppni. Og reynsla yfirvalda er sú, að kröfur þessara hópa um verðhækkanir miðist gjarnan við að rekstur, sem er lakari en í meðal-

lagi, geti starfað áfram án tillits til þess, hvort það er þjóðhagslega æskilegt. Hér hefur vantað hvatningu til hagkvæms rekstrar og góðrar stjórnar fyrirtækja.

Annmarkar þessa ósveigjanlega álagningarkerfis hafa einnig komið fram í þjónustuiðngreinum þar sem dæmi eru um að seldar hafa verið út fleiri vinnustundir en unnar hafa verið, í því skyni að ná endum saman í rekstri. Því er einnig haldið fram, að hin ósveigjanlegu ákvæði hafi dregið úr áhuga stjórnenda viðgerðarverkstæða til að fjárfesta í framleiðniaukandi tækjabúnaði þar eð álagningin miðist við fasta krónutölu fyrir hverja útselda vinnustund. Einnig mun það satt vera, að einhver brögð séu að því, að verslanir hafi minni áhuga á að selja innlenda iðnaðarframleiðslu vegna takmarkaðrar álagningar og haldi þá frekar fram hinum erlenda iðnaði. Það leiðir m. a. af sér að meira er af honum keypt.

Hin ströngu verðlagsákvæði hafa slævt verðskyn neytenda. Neytendur telja að hið opinbera verðlagseftirlit og hinn opinberi stimpill á verðlagsprósentu sé nægileg trygging og vernd fyrir þá fyrir lágu verði og fyrir góðri þjónustu. Það þarf auk þess geysilegan herskara eftirlitsmanna til að tryggja að hinni opinberu álagningu sé fylgt. Það er fjarri því að Verðlagsskrifstofan og starfslið hennar hafi aðstöðu til að fylgja þessu eftir eins og raunar þyrfti fyrst verið er með þetta kerfi. Það þarf, eins og ég sagði, herskara eftirlitsmanna til þess að svo geti orðið.

Það mætti tína til fleiri dæmi. Ég skal láta þessi nægja við þessa umr., en vísa að öðru leyti um þetta og nokkur atriði, sem ég ræði ekki í þessari framsöguræðu, til ítarlegri framsöguræðu sem ég flutti við 1. umr. málsins í Nd.

Sú stefnubreyting, sem felst í yfirlýsingu ríkisstj. og þeim breytingum sem hér er lagt til að gera á verðlagslögunum, tekur mið af framkvæmd þessara mála eins og hún er hvað þróuðust á Norðurlöndum. Hefur þegar verið hafist handa um nokkurn undirbúning að þessum grundvelli í Verðlagsstofnuninni. Eins og fram kemur felur frv. í sér að verðlagsráð geti heimilað að fella verðlagningu undan verðlagsákvæðum þar sem samkeppni að mati ráðsins er nægileg til þess að tryggja æskilega verðmyndun og sanngjarnt verðlag. Er gert ráð fyrir að eftirlit með þróun verðlags og verðmyndun í þeim flokkum vöru og þjónustu, sem undanþegin kunna að verða verðlagsákvæðum, verði í formi svokallaðrar verðgæslu. Verðgæslan byggist einkum á eftirfarandi fjórum þáttum:

1. Upplýsingasöfnun um verðlag og verðbreytingar á vörum og þjónustu.
2. Athugunum á verðmyndun og verðlagsþróun.
3. Viðræðum og samningaumleitunum við fyrirtæki og samtök með það fyrir augum að reyna að draga úr verðhækkunum.
4. Upplýsingamiðlun til stjórnvalda og almennings um verðbreytingar og verðlagsþróun.

Rétt er að skýra nánar hvað í þessu felst. Breytingin er fólgin í því, að þegar verðlagsráð telur, að samkeppni sé nægileg, og fellir niður prósentuálagningarregluna, þá verðleggja fyrirtækin sjálf vöruna. Hins vegar er skylt að tilkynna til Verðlagsstofnunar breytingar á vöruverði. Hún tekur síðan þessar tilkynningar til athugunar. Þar með gefst Verðlagsstofnun og yfirvöldum ráðrúm til að ganga úr skugga um hvort áformuð verðbreyting sé í samræmi við eðlilegar kostnaðarhækkanir. Tilkynningarskyldunni er ætlað að ná til svo margra tegunda vöru og þjónustu að góð yfirsýn fáist yfir þróun verðlags í einstökum greinum. Til að tryggja að verðlagsyfirvöld fái þær upplýsingar, sem þau telja nauðsynlegar til að fylgjast með verðmynduninni, eru í lögunum mjög ríkar heimildir fyrir þau til gagnasöfnunar.

Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að frjáls samkeppni milli einkaverslunar og samvinnuverslunar og einnig innbyrðis ásamt virkri verðgæslu og sterkum neytendasamtökum sé líklegasta leiðin til að tryggja lægsta vöruverð, vörugæði og góða þjónustu. Ég vil svo taka það fram, að miðað við aðstæður okkar hagkerfis verður að fara fram með gætni í þessum málum og fá sem flesta til að standa að þessu. Ég vil þó vara við þeirri trú, að þessi stefnubreyting í verðlagsmálum valdi mjög miklu um að ráða niðurlögum hinnar miklu verðbólgu sem hér hefur ríkt um langan tíma. Þar koma að sjálfsögðu margir aðrir þættir efnahagskerfisins til sögunnar. Hins vegar er þessi stefnubreyting eitt af fyrstu skrefunum í þeirri kerfisbreytingu sem ríkisstj. vill gera í okkar efnahagskerfi, sem stuðlað gæti að hjöðnun verðbólgu án þess að ganga á kaupmátt launa. Þá verður að telja það framför í stjórnarháttum, að verðlag á einstökum vörum sé ekki lengur að velkjast á borði sjálfrar ríkisstjórnarinnar.

Áður en ég geri grein fyrir frv. í einstökum atriðum vil ég leggja áherslu á nokkur meginatriði:

1. Alþingi og ríkisstj. marka hina pólitísku stefnu í verðlagsmálum og setja ramma um meðferð þeirra mála.
2. Við það að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu með virkri verðgæslu í stað beinna verðlagsákvæða er verið að leggja mikla ábyrgð á hendur verslunarinnar í landinu og fyrirtækjanna, svo og neytenda, Verðlagsstofnunar og verðlagsráðs. Ábyrgð verslunarinnar verður mikil og vel eftir því tekið hvernig tekst til.
3. Fara verður fram með gætni við framkvæmd hinnar nýju stefnu og reyna að mynda víðtæka samstöðu innan skynsamlegra marka.

Það má segja að í raun og veru sé um að ræða fimm meginbreytingar í þessu frv.

1. Samkeppnisnefnd verði lögð niður, en verðlagsráð taki við störfum hennar. Þykir breytingin æskileg þar sem hætta er á að verksvið þessara tveggja aðila á sviði stjórnsýslunnar skarist, ekki síst nú þegar lögin eru að öllu leyti komin til framkvæmda. Þá þykir það horfa til einföldunar og vinnusparnaðar að einn aðili annist framkvæmd laganna í stað tveggja.
2. Lagt er til að sett verði á laggirnar þriggja manna nefnd er undirbúi mál fyrir verðlagsráð í því skyni að hraða málsmeðferð. Er og gert ráð fyrir að nefndin geti tekið ákvarðanir um einstök mál er heyra undir verðlagsráð en ekki er hægt að láta bíða til næsta fundar í ráðinu. Ákvarðanir þessar eru þó einungis til bráðabirgða. Vegna verksviðs nefndarinnar þykir rétt að verðlagsstjóri sér þar í forsæti og að stærstu hagsmunasamtök vinnumarkaðarins eigi þar sinn fulltrúa hvor.

Það urðu smávægilegar breytingar í Nd. á frv. varðandi þessa nefnd. Önnur var sú, að þeir, sem nefndina skipa af hálfu Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins, skuli ekki eiga sæti í verðlagsráði, heldur séu það aðrir menn sem þar komi til. Í öðru lagi var sú viðbót, að samþykki allra nefndarmanna þarf til að taka ákvarðanir í þessari vinnunefnd. Ég álít, að þessar breytingar hafi báðar verið til bóta, og er þeim algerlega samþykkur.

3. Lagt er til að verðlagsráð geti fellt verðlagningu undan verðlagsákvæðum án þess að ríkisstj. þurfi að veita sérstakt samþykki sitt til þess. Þá er og lagt til að Verðlagsstofnun geti skyldað aðila til að tilkynna stofnuninni verðhækkanir ef verðlagsákvæði hafa verið afnumin. Í ákvæðinu er enn fremur sleginn sá varnagli, að verðlagsráð geti gripið til ákveðinna aðhaldsaðgerða, þ. á m. hámarksverðs og hámarksálagningar, ef í ljós kemur að samkeppni er takmörkuð eða önnur tilgreind skilyrði eru til staðar.

4. Lagt er til að í lögin verði sett ný ákvæði um verðútreikninga.

5. Lagt er til að hámarks- og lágmarksfjárhæðir dagsekta, sem verðlagsráð getur lagt á þá er vanrækja að láta í té nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laganna, verði afnumdar.

Frv. fékk ákaflega ítarlega meðferð í Nd. og ég leyfi mér að vísa til nokkuð ítarlegri framsöguræðu sem ég flutti fyrir málinu þar. Ég vil leyfa mér að beina því til þeirrar nefndar, sem fær málið til meðferðar, að hún hraði meðferð þess svo að málið verði samþykkt á þessu þingi.

Að þessari umr. lokinni legg ég til að málinu verði vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Á þskj. 710 hefur hv. fjh.- og viðskn. leyft sér að flytja frv. til l. um breytingu á lögum um stimpilgjald. Frv. þetta er flutt í samráði við hæstv. fjmrh. Efni þess er fyrst og fremst að jöfnunarhlutabréf skuli ekki vera stimpilgjaldsskyld þegar þau eru gefin út. Samkv. núgildandi lögum eru jöfnunarhlutabréf stimpilgjaldsskyld og hefur það valdið því, að menn hafa síður og jafnvel ekki gefið út jöfnunarhlutabréf. Þessi leiðrétting eða hreingerning á því ekki að hafa í för með sér tekjutap fyrir ríkissjóð, en á hinn bóginn stuðla að því, að menn geti með eðlilegum hætti gefið út jöfnunarhlutabréf svo að hlutabréf séu í takt við verðgildi.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 718). — 3. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Við meðferð frv. þessa, frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana, í fjh.- og viðskn. gerði meiri hl. n. till. um breytingu á 7. gr. um gildistöku laganna. Þar inni höfðu verið ákvæði um gildistöku veltuskatts samkv. ákvæði nr. IV til bráðabirgða, en við gerð brtt. höfðu þessi ákvæði fallið niður. Leyfi ég mér því að bera hér fram brtt. við 7. gr. frv., svohljóðandi:

„Við 7. gr. frv. bætist eftirfarandi mgr.:

Ákvæði til bráðabirgða IV kemur þó til framkvæmda í fyrsta skipti vegna heildarinnlána í lok janúar 1982 og skal skattur vegna mánaðanna janúar, febrúar og mars greiddur 15. maí ásamt greiðslu fyrir apríl."

Þetta er brtt. sem ég leyfi mér að leggja hér fram við 3. umr. um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 722) samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Ég hafði óskað eftir upplýsingum í hv. fjh.- og viðskn. um það, hvernig tekjuskattur og eignarskattur kæmi út í álanginu í ár miðað við fjárlög. Þessar upplýsingar liggja nú fyrir. Eins og kunnugt er gildir skattvísitalan 150 í ár, en komið hefur í ljós að tekjur milli ára, þær tekjur sem skattar leggjast á, hækkuðu um 53%. Reiknistofnun og Þjóðhagsstofnun hafa reiknað tekjuskatt að nýju og fengið út úr því dæmi að tekjuskattur verður 56.5 millj. kr. hærri en fjárlög gera ráð fyrir og sjúkratryggingagjald 2.5 millj. kr. hærri, þ. e. ríkissjóður fær 59 millj. kr. meiri tekjur af tekjuskatti og sjúkratryggingagjaldi en fjárlög gera ráð fyrir.

Það frv., sem hér er til umr., er hins vegar um það að afla ríkissjóði tekna sem nema um 40 millj. kr. eða einhvers staðar á milli 40 og 50 millj. kr. Hér er um að ræða að tekjuskatturinn og sjúkratryggingagjaldið hækka mun meira en hér er verið að fara fram á að Alþingi samþykki með skatti á innlánsstofnanir.

Þessar upplýsingar varða einnig aðrar hugmyndir um tekjuöflun sem hér hafa verið til umr. Mér vitanlega hafa þessar upplýsingar aldrei komið fram, þegar rætt hefur verið um breytingar á tekjum ríkissjóðs, fyrr en nú. Finnst mér þær allrar athygli verðar. Það virðist sem sagt ekki vera lát á því, að hæstv. ríkisstj. komi fram með hugmyndir um nýja skatta og hækkaða skatta jafnframt því sem hún hugsar sér að innheimta miklu meiri skatta, tekjuskatt og sjúkratryggingagjald, en fjárlög gera ráð fyrir.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég hef ekki séð þær tölur eða útreikninga sem hv. þm. Lárus Jónsson vitnaði til áðan, og ég ætla alls ekki að vefengja þá. Ég geri ráð fyrir að hann hljóti að hafa þá eftir bestu heimildum. Ég vildi hins vegar mega benda hv. þm. á að það er ekki í fyrsta skipti nú að útlit er fyrir að bæði tekjur og útgjöld ríkissjóðs verði heldur meiri en fjárlög gera ráð fyrir. Munurinn á fjárlagatölum annars vegar og raunveruleikanum hins vegar hefur verið frá 10 og upp í 20%, ég held aldrei minni en 10% og allt að og yfir 20%, og það er auðvitað sýnt nú þegar að verðbólguþróun á þessu ári verður meiri en nemur reiknitölu fjárlaga sem, eins og menn þekkja, miðast við 33% milli ára. Og það er mjög ánægjulegt vegna þess að fyrirsjáanlegt er að útgjöld ríkissjóðs vaxa verulega umfram það sem fjárlög hafa gert ráð fyrir. Vitað er þegar um nokkra þætti útgjalda sem hafa greinilega verið vanáætlaðir í fjárlögum. Vil ég

þar sérstaklega nefna kostnað við heilsugæsluna í landinu. Halladaggjöld verða greinilega miklu meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Ég get upplýst hér að miðað við þær ákvarðanir, sem þegar hafa verið teknar í þessum efnum, er greinilega um að ræða a. m. k. 40 — 50 millj. kr. aukaútgjöld vegna heilsugæslukerfisins umfram það sem reiknað var með. Með þetta í huga, að útgjöldin muni verða meiri og í sumum tilvikum miklu meiri, eru það mjög ánægjuleg tíðindi sem hv. þm. Lárus Jónsson hefur boðað deildinni, að nokkuð fáist þar upp í svo að ekki ætti þá að verða halli á ríkissjóði af þessari ástæðu.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hæstv. fjmrh. er gjarnt að tala um ánægjuleg tíðindi þegar lagðir eru á nýir skattar eða fyrirséð er að skattar hækka fram úr áætlun. En ég held að það séu ekki ánægjuleg tíðindi fyrir þegna þjóðfélagsins þó að það séu kannske ánægjuleg tíðindi fyrir ríkissjóð.

Ég vildi aðeins benda á í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, að fjárlög mundu fara fram úr útgjaldamegin og þá væri það ánægjulegt að tekjurnar hækkuðu í sama mæli, að það eru auðvitað engin ný sannindi að svo er. En það, sem virðist ætla að gerast núna, a. m. k. fyrstu mánuði ársins, vegna gífurlegs innflutnings, er að tekjur ríkissjóðs, aðrar en tekju- og eignarskattur, ætla að fara miklu meira fram úr áætlun en útgjöldin, sem betur fer sjálfsagt fyrir ríkissjóð, en þarna er náttúrlega um að ræða skattaálögur.

Þær upplýsingar, sem nú liggja fyrir, eru einfaldlega þær sem við í stjórnarandstöðu bentum þegar á við afgreiðslu fjárlaga, að skattvísitala væri of lágt áætluð. Hún er 150 og skattstigar hækka aðeins um 50%, en það, sem lagt er á tekjurnar, hækkar um 53%. Þetta þýðir sem sagt þá auknu skattbyrði sem ég var að tíunda áðan, 59 millj. kr.

ATKVGR.

Brtt. 722 samþ. með 9:7 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 9:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: DA, GeirG, GB, GTh, H, Sigr, StefG, TÁ, HS.

nei: EgJ, EG, GK, KSG, LJ, SalÞ.

SigurlB greiddi ekki atkv.

4. þm. (KJ, ÓRG, StJ, ÞK) fjarstaddir.

Frv. afgr. til Nd.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 702 (sbr. 192)). — 1. umr.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um námslán og námsstyrki. Þetta frv. var lagt fram í hv. Nd. og hefur hlotið þar mjög ítarlega meðferð í almennum umr. og nefndarstarfi, og held ég að mér sé óhætt að segja að gott samkomulag hafi verið um afgreiðslu frv. Menntmn. Nd. skiladi samhljóða áliti og lagði aðeins til að gerðar yrðu fáar breytingar á frv. eins og það var lagt fram í fyrstu. Engar grundvallarbreytingar voru gerðar á frv. E. t. v. er veigamesta breytingin sú í meðförum hv. Nd., að lok endurgreiðslutímabils skv. 4. mgr. 8. gr. lengist úr 30 árum í 40 ár, sem þýðir það nánast að skuldir við sjóðinn fyrnast almennt ekki á skemmri tíma en 40 árum. Þetta er liður í því að tryggja sem best endurgreiðslu lána og styrkja þannig eiginfjárstöðu sjóðsins sem telja verður annan aðaltilgang þessa frv. Á þetta atriði er vert að benda sérstaklega.

Þá vil ég geta þess í sambandi við 3. gr. frv., þar sem opnaður er viss möguleiki fyrir námsmenn að kaupa sér lífeyrisréttindi á námstímanum, að hv. Nd. setti skýrari reglur um það efni heldur en voru í frv. eins og það var lagt fram af minni hálfu. Segir nú í frv., eftir breytingarnar í Nd., að þeir, sem rétt eiga á láni úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skuli eiga þess kost að fá aðild að Söfnunarsjóði Lífeyrisréttinda. Þetta ákvæði, um að opna möguleika fyrir námsmenn til að kaupa sér lífeyrisrétt á námsárum, hefur að vísu sætt athugasemdum ýmissa sem annars styðja þetta frv. Og rétt er það, að hér er um nýmæli að ræða í sambandi við réttindi námsmanna. Hins vegar fullyrði ég að efasemdir margra um réttmæti þessa ákvæðis hafa farið dvínandi.

Í umr. í Nd. varð ekki vart andstöðu gegn þessari hugmynd þegar til kastanna kom, eins og sést af meðferð hv. menntmn. þeirrar deildar á málinu og þessu atriði sérstaklega. Nd. gerði dálitlar breytingar á 7. gr., sem varða ábyrgð á lánum námsmanna, þ. e. að ávallt sé dyggilega gengið frá ábyrgðum með ábyrgðarmönnum meðan á námi stendur og þar til fyrsta afborgun fellur í gjalddaga, en síðan komi til annað öruggt ábyrgðarform og gert ráð fyrir því að ábyrgðarmenn losni undan ábyrgð sinni þegar námstímanum er lokið og búið er að greiða fyrstu afborgun.

Þetta eru þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. síðan það var lagt fram og engar þannig að þær breyti meginefni frv., heldur eru því til styrktar og fyllingar. Ég bendi því enn á það, að frv. fékk mjög góða umfjöllun og góðar viðtökur í hv. Nd. Þar var enginn ágreiningur um málið. Ég vænti þess, að hv. Ed. taki frv. vel og treysti sér til að afgreiða málið sem lög áður en þingi lýkur.

Um frv. er það annars að segja, að það var samið af fjölskipaðri nefnd sem í áttu sæti fulltrúar allra þingflokka og hagsmunasamtaka námsmanna og fulltrúar frá stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna. Nefnd sú, sem hér um ræðir, varð sammála um frv.-gerðina og mæltist til þess, að frv. yrði lagt fyrir Alþingi og gert að lögum. Því er óhætt að segja að víðtæk samvinna hefur verið um undirbúning þessa máls og ólíklegt að betri samvinna geti náðst í sambandi við undirbúning þingmáls en reyndin hefur orðið í sambandi við þetta frv.

Engum blandast lengur hugur um að Lánasjóður ísl. námsmanna er nauðsynjastofnun í íslensku þjóðfélagi og hann á sér hliðstæður í nágrannalöndum okkar. Námslánakerfi er síður en svo séríslenskt fyrirbrigði. Þetta sérstaka lánakerfi hefur verið að þróast úr litlu síðustu 30 ár í umfangsmikla starfsemi á síðustu árum, en fyrstu lög um Lánasjóð voru sett 1952. Allir, sem af alúð kynna sér þessi mál, gera sér grein fyrir að umfang þessarar starfsemi getur naumast minnkað frá því sem er. Hins vegar verður að tryggja að námslánakerfið sé vel skipulagt og sé ekki fjárhagsbyrði á ríkissjóði umfram það sem eðlilegt getur talist. Vel mætti orða það svo, að æskilegt væri að námslánakerfið stæði undir sér sjálft

eins og hver annar sjálfstæður rekstur. Og ég tek það fram að þetta frv. er einmitt spor í þá átt að námslánakerfið þróist þannig með árunum að bein fjárhagsbyrði ríkissjóðs fari minnkandi þótt varla geti hún horfið með öllu. Annars er fróðlegt að reyna að átta sig á því, hver fjárhagsbyrði ríkissjóðs hefur verið síðustu 10 ár vegna Lánasjóðs ísl. námsmanna. Sá samanburður leiðir í ljós að fjárhagsbyrði ríkissjóðs hefur ekki vaxið sé miðað við ríkisframlög til sjóðsins sem hlutfall af heildarútgjöldum fjárlaga. Þetta hlutfall hefur lengst af legið á bilinu 1.2%—1.5%. Ef það endurgreiðslukerfi, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., fær að njóta sín í framkvæmd munu eigin tekjur sjóðsins fara vaxandi og hlutfall beinna ríkisframlaga minnka að sama skapi.

Það, sem ég var að segja um vöxt sjóðsins síðustu 30 ár og stöðugleika hans sem útgjaldaliðar á fjárlögum í a. m. k. 10 ár, sýnir augljóslega að námslánakerfið hefur unnið sér fastan sess í opinberum rekstri og á þar heima sem félagslegt réttindamál. Og á það legg ég áherslu, að námslánakerfið er fyrst og fremst félagslegt réttindamál sem er óhjákvæmilegt í nútímaþjóðfélagi. Það er hluti af þeirri stefnu að jafna lífskjörin í landinu. Námslánakerfið eyðir forréttindaaðstöðu í langskólanámi sem fullyrða má að hefði orðið lífseigt ef þessi starfsemi hefði ekki verið tekin upp.

Þegar ég mælti fyrir þessu frv. í hv. Nd. fyrr á þessu þingi flutti ég alllanga og ítarlega ræðu um málið í heild. Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka allt sem ég sagði þá, enda fylgir frv. skýr greinargerð með ýmsum fylgiskjölum. Ég vil þó í örfáum setningum benda á hver eru kjarnaatriði þessa máls.

Í umr. um Lánasjóð ísl. námsmanna á undanförnum árum hefur tvö atriði löngum borið hæst. Annars vegar það áhugamál námsmanna að eiga kost á svokölluðu 100% láni, sem lengi hefur verið í reynd 85—90%, eins og nú er, en hins vegar það vandamál, sem snýr að fjárveitingavaldinu, að efla eigin tekjur sjóðsins. Aðalbreytingar, sem felast í þessu frv., beinast að þessum atriðum. Þannig gerir frv. ráð fyrir að tekið verði upp svokallað 100% lán, en að reglum um endurgreiðslu námslána verði breytt til þess að örva heildarendurgreiðslur til Lánasjóðsins og styrkja þannig fjárhag hans. Þetta er í raun og veru kjarni málsins. Breytingarnar, sem felast í frv., hafa þann tilgang að tryggja þessi kjarnaatriði, þ. e. 100% lán og tryggingu fyrir sem mestri endurgreiðslu lána. Eins og kerfið er nú vantar mikið á að lán endurgreiðist í heild. Háir það eðlilegri þróun og starfsemi sjóðsins og gerir það að verkum, að fjárhagsbyrði ríkissjóðs gæti hvenær sem er vaxið meira en góðu hófi gegnir eða fram yfir það sem ríkissjóður getur risið undir. Úr þessu er frv. m. a. ætlað að bæta og er áætlað að úrbætur á starfsemi sjóðsins hvað þetta snertir komi smám saman fram á næstu árum.

Herra forseti. Ég hef reynt að stytta mál mitt, en vona eigi að síður að hér hafi mikilvægustu atriði málsins komið fram. Ég vænti þess mjög fastlega, að frv. geti orðið að lögum á þessu þingi, enda bendir undirbúningur málsins og viðtökur þær, sem það fékk í hv. Nd., til þess að svo ætti að geta orðið. Í undirbúningi málsins hefur af minni hálfu verið leitast við að fá um það sem víðtækast samstarf ólíkra aðila. Þetta frv. er ekki eins manns verk, heldur árangur af víðtæku samstarfi hinna ólíkustu aðila, enda sýnir þingsagan í 30 ár að lánasjóðsmál námsmanna hafa átt stuðningi og skilningi að fagna í öllum þingflokkum.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en vænti þess, að málinu verði vísað til 2. umr., þegar þessari er lokið, og til hv. menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til menntmn. með 12 shlj. atkv.

Neðri deild, 71. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, kl. 2 miðdegis.

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23:1 atkv. og afgr. til Ed.

Blindrabókasafn Íslands, frv. (þskj. 317) — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 732).

Sinfóníuhljómsveit Íslands, frv. (þskj. 466). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 733).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353, n. 640). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 346, n. 642 og 689). — Frh. 2. umr.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til l. um breytingu á lögum

nr. 10 frá 1960, um söluskatt. Þetta nál. er frá minni hl. fjh.- og viðskn. Málið hefur verið nokkuð rætt í nefndinni, en með leyfi forseta ætla ég að lesa upp nál. eins og það er á þskj. 689:

„Á s. l. ári skipaði samgrh. nefnd til að endurskoða tekjuöflun til vegagerðar af umferðinni. Skilaði nefndin fyrir nokkru ítarlegum skýrslum og tillögum um breytta tekjuöflun, sem nú eru til athugunar hjá samgrn. og fjmrn.

Undirritaðir nm. telja sjálfsagt að endurskoða hlutdeild Vegasjóðs í óbeinum sköttum sem lagðir eru á bensín. Í því sambandi kemur til greina sú leið, er frv. gerir ráð fyrir, eða að taka tillit til þess við ákvörðun ríkisframlags samkv. fjárlögum. Í því sambandi vísast til meðfylgjandi umsagnar fjmrn.

Með tilvísun til ofanritaðs leggja undirritaðir nm. til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ég vil benda hv. þdm. á fskj. sem er prentað með nál., en þar kemur fram m. a. að telji Alþingi þörf á að auka þessi fjárframlög sýnist eðlilegast að slík ákvörðun fari fram með venjulegum hætti án þess að til mörkunar á tilteknum söluskattstekjum komi, enda sú leið mun einfaldari að því markmiði sem að er stefnt samkv. þessu.

ATKVGR.

Till. á þskj. 689 um að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar felld með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GS, GHall, HÓ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

nei: BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, RH, SighB, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, SvH.

2 þm. (FÞ, GHelg) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, RH, SteinG, VG, AG, ÁG, JBH, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS, GS, GHall, HÓ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

3 þm. (SighB, FÞ, GHelg) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19:18 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 68 frá 10. okt. 1967, um Iðnlánasjóð, sbr. fleiri breytingar sem tilteknar eru í heiti frv. og varða breytingu á lögum um sjóðinn, og er frv. flutt að höfðu samráði við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna.

Frv. þetta felur í sér þrjár meginbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að iðnlánasjóðsgjald verði lækkað um 90%, þ. e. úr 0.5% af aðstöðugjaldsstofni í 0.05%. Í öðru lagi er lagt til að lánstími og lánshlutfall verði rýmkað verulega, þannig að hámarkslánstími verði 25 ár í stað 15 ára samkv. gildandi lögum og að hæsta leyfilegt lánshlutfall hækki úr 60% í 70%. Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði í núgildandi lögum um Iðnlánasjóð um sérstaka veiðarfæradeild verði fellt niður. Sú deild byggðist á sínum tíma á sérstöku gjaldi, sem innheimt var af innfluttum veiðarfærum, en sú gjaldtaka féll niður fyrir nokkrum árum. Lagt er til að lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins komi til framkvæmda á árinu 1983 á aðstöðugjaldsstofn ársins 1982. Lækkun iðnlánasjóðsgjaldsins mun bæta rekstrarskilyrði iðnaðarins, og hækkun lánshlutfalls og lenging lánstíma eru einnig breytingar sem ganga í sömu átt.

Iðnlánasjóður er sá fjárfestingarlánasjóður sem hvað fyrst tók upp verðtryggingu á sínum útlánum. Með þessari aðgerð og fleiri hefur tekist að varðveita höfuðstól sjóðsins þannig að í lok seinasta árs nam eigið fé hans 137 millj. kr. Það er samdóma álit iðnrn. og samtaka iðnaðarins og ríkisstj., að við þessar aðstæður sé unnt og rétt að starfrækja Iðnlánasjóð sem gegnumstreymissjóð, þ. e. að hann sinni sínu hlutverki með lántökum. En þá þarf að hafa auga á því í sambandi við lánsfjárheimildir á næstu árum til sjóðsins, að þær verði svo rúmar að nægi til þess að sinna brýnni þörf. Með væntanlegri lögfestingu þessa frv. yrði stigið skref til að bæta starfsskilyrði iðnaðarins. Nauðsynlegt er að fleiri þættir fylgi í kjölfarið.

Frv. þetta er komið frá hv. Ed. og um það varð þar samstaða. Ég vænti þess, að það verði einnig hér í þessari hv. deild þannig að frv. verði að lögum fyrir lok þessa þings. Ég legg til að því verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. iðnn.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða nema einn þátt þessa frv. sem mér kemur á óvart, og það er, hygg ég, 1. gr. frv. þar sem Iðnlánasjóði er heimilað að lækka framlög til Iðnlánasjóðs úr 0.5% í 0.05%. Mætti kannske segja og spyrja til hvers yfirleitt sé verið að halda eftir þessum 0.05% með þeirri skriffinnsku og fyrirhöfn sem það hlýtur að vera að innheimta skattinn.

Nú er það að vísu rétt, að eftir því sem árin líða og Iðnlánasjóði vex fiskur um hrygg kann að vera að til þess dragi, að óhætt sé að létta af iðnaðinum þessum skyldusparnaði, sem ég kalla, og ég bið skyldusparnaðarmenn alveg sérstaklega að leggja við hlustir. Hvað hefði það þýtt í ár ef þetta gjald, þessi skyldusparnaður á iðnaðinum hefði ekki verið til? Það hefði þýtt, ef Iðnlánasjóður hefði átt að halda útlánagetu sinni, 16 millj. kr. meiri erlendan peningaslátt. Það gegndi ekki öðru máli. Iðnlánasjóður fær samkv. lánsfjáráætlun, ef ég man rétt, 80 millj. (**Iðnrh.:** Voru það ekki 85?) 85 millj., það leiðréttist hér með. Ég geri ráð fyrir að samsetning þess fjár verði að einhverjum meiri hluta til erlent fé. Ég minni enn á að nú um stundir hefur nokkur samdráttur átt sér stað í iðnaði og sér í lagi á síðasta ári. Vegna ástæðna hans hafa áform um fjárfestingu dregist saman, og það er rétt, það þarf að létta á rekstrarstöðu iðnaðarins. Að því leyti er hægt að taka undir þetta sjónarmið og eins með vísan til þess, sem ég áður sagði, að sjóðnum muni vaxa svo fiskur um hrygg að hann sé í færum um að missa af þessum eiginfjárstofni sem ég kalla, tekjustofni sem rennur til hans sem eigið fé. En þann veg er umhverfið ekki enn þá að þessu leyti. Og þegar það er haft í huga að við erum komnir fram af brúninni um söfnun erlendra skulda, þá er þetta á þessum tímum ekki rétt stefna. Ég hlýt að lýsa yfir fullkominni andstöðu minni við hana. Ég hygg að það muni fljótlega rakna úr fyrir iðnaðinum, og þá veitir honum ekkert af að eiga öflugan fjárfestingarlánasjóð. Eins ef raknar úr fyrir honum verður hann

í þeim mun betri færum um að standa undir þessum skyldusparnaði sínum. En meðan svo er að hann þarf að leita lána til starfrækslu sinnar í svo stórum stíl sem raun ber vitni um nú, þá tekur það engu tali að fella niður þennan skatt til sjóðsins.

Ég vil upplýsa það sem mönnum er e. t. v. kunnugt um, að þetta fellur að stefnu Sjálfstfl. sem hann hefur mótað um að slíkt gjald skuli felld niður. En það er ekki sama hvenær og undir hvaða kringumstæðum það er gert. Enn eru þessar ástæður ekki fyrir hendi. Það er áreiðanlegt að þeir hjá iðnaðinum þurfa að sýna fram á stórminnkaða þörf frá því sem nú er á erlendum lántökum áður en hægt sé að verða við óskum þeirra um að fella niður þessa söfnun eigin fjár Iðnlánasjóðs. Og ég endurtek það um skyldusparnaðarmenn, sem leggja stórt undir nú í skattlagningu, eins og sumir vilja kalla það, að mér kemur á óvart að þeir skuli samhliða skyldusparnaðartillögum sínum leggja til að þessi sjálfsagði skyldusparnaður, sem ég vil kalla, verði lagður niður. Og enn þyrfti að fá upplýsingar um hvernig stendur á því að á að hanga á þessum 0.05% með þeim örðugleikum sem hljóta að fylgja slíkri innheimtu, miðað við örlítið fjármagn.

Ég bið þá nefnd, sem þetta færi til meðferðar, alveg sérstaklega að athuga þetta mál. Og ég spyr enn: Er ekki kostur á að taka þetta mál til umr. á haustþingi, en ekki rubba því af á allra síðustu stundum á starfstíma hins háa Alþingis nú? Ég þarf að fá miklu haldbetri rök en ég hef til þessa heyrt fyrir því, að þessu megi hætta. Ef Iðnlánasjóður hefði átt að hafa sömu fyrirgreiðslugetu í ár og hann hefur, en þetta gjald hefði verið búið að fella niður, þá hefði þurft að auka erlendar lántökur um 16 millj. kr. Og það eru líka peningar, þegar menn eru sammála um, stjórnarliðið, að fulltroðið sé varðandi erlendar lántökur og stjórnarandstæðingar stórgagnrýnir á hinar hrikalegu erlendu lántökur og skuldasöfnun erlendis.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér kemur dálítið á óvart að heyra málflutning hv. 4. þm. Austurl. í sambandi við flutning þessa frv. Ég get að vísu tekið undir það með honum, að auðvitað er matsatriði hvenær aðstæður eru fyrir hendi til þess að gera breytingu sem þá sem hér er lögð til. En það er mat jafnt samtaka iðnaðarins sem ríkisstj. að þessar aðstæður séu fyrir hendi, og ástæðan fyrir því, að metið er réttmætt að létta því, sem hv. þm. kallaði skyldusparnað, af iðnfyrirtækjum í formi iðnlánasjóðsgjaldsins um 90%, er sú, að tekist hefur að ávaxta pund þessa sjóðs með verulega öðrum hætti en annarra atvinnuvegasjóða, eins og skýrt kemur fram í skýrslum fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar yfirstandandi árs, töflu 14, minnir mig, þar sem er yfirlit um þetta, þar sem sést öflug eiginfjárstaða Iðnlánasjóðs, andstætt við það sem því miður gildir um Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þeim sjóðum er lögum samkv. lagt til umtalsvert fjármagn úr ríkissjóði, en Iðnlánasjóður fær þar mjög lítið í sinn hlut, hefur ekki notið lögverndar að því leyti og þar hefur verið dregið saman í framlögum til hans eins og annarra sjóða, þannig að ríkisframlagið til Iðnlánasjóðs er mjög óverulegt á þessu ári, mig minnir aðeins 500 þús. Þetta hefur verið kleift og má teljast bærilegt fyrir sjóðinn sem slíkan. Þó að út af fyrir sig sé ekki réttlæti í því með tilliti til annarra lánasjóða atvinnuveganna, þá hefur þetta verið kleift vegna þess, hvernig Iðnlánasjóður, stjórn hans og forstöðumenn hafa haldið á málum varðandi ávöxtun á lánsfé úr sjóðnum. Og ég tel, andstætt við það sem fram kom hjá hv. 4. þm. Austurl., að þetta sé í senn réttmæt og eðlileg ráðstöfun nú þegar eiginfjárstaða Iðnlánasjóðs er svo sem raun ber vitni, höfuðstóllinn í lok síðasta árs 137 millj. kr.

Ástæðan fyrir því, að ekki er gert ráð fyrir að fella þetta með öllu niður, er að ríkið leggur þó lítils háttar til sjóðsins. Og það var einnig um það samstaða við samtök iðnaðarins, að ekki yrði gengið lengra að þessu leyti. Ég má segja að þetta tengist einnig innheimtu á iðnaðarmálagjaldi sem innheimt er samkv. sérstökum lögum af ríkissjóði og er til hagræðis fyrir samtök iðnaðarins. Því varð það að ráði að ganga ekki lengra að þessu leyti.

Af iðnlánasjóðsgjaldi hefur runnið allt að 10% til sérstakra hagræðingarrannsókna varðandi iðnaðinn, sem veitt hefur verið samtökum iðnaðarins, og er gert ráð fyrir að svo verði áfram þó að sú upphæð, sem þar kemur til skipta, sé að sjálfsögðu sem svarar þessu lægri í framtíðinni miðað við að þetta verði lögfest.

Ég tel ekki eftir neinu að bíða með að stíga það skref sem hér er lagt til, og tel að forsendur séu þar fyrir hendi og það gildi verulega annað um Iðnlánasjóð og iðnfyrirtækin, sem í hann hafa greitt, að þessu leyti heldur en um aðra stofnlánasjóði atvinnuveganna sem sannarlega þyrftu að athuga sinn gang. Raunar hefur verið breytt ávöxtun lánsfjár frá þeim sjóðum til verðtryggingar, en neikvæð staða eftir sem áður og um verulegt ríkisframlag að ræða til þeirra sjóða þar sem væri mjög þröngt fyrir dyrum ef það væri ekki. En eins og ég sagði er þetta vissulega matsatriði. Menn geta haft mismunandi skoðanir á því, hvenær þetta sé tímabært, og varðandi lántökurnar tel ég enga goðgá að taka erlend lán miðað við að þeim sé ráðstafað til arðbærrar fjárfestingar. Og fjárfestingar Iðnlánasjóðs eru metnar af stjórn hans, hvaða fjárfestingar eru lánshæfar og arðbærar taldar, þannig að þó að bætt sé við lánsfé til sjóðsins til þess að vega upp á móti því sem skerðist vegna niðurfellingar iðnlánasjóðsgjaldsins, þá tel ég að þar sé ekki verið að stofna til óeðlilegra skuldbindinga.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, ég get borið um það, að Iðnlánasjóður er einn af ef ekki einn best rekni atvinnuvegalánasjóður ásamt með kannske Lánasjóði sveitarfélaga og Framkvæmdasjóði. Ég beið aðeins eftir því, að hæstv. iðnrh. nefndi Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Hvað halda menn að þetta fordæmi þýði þeirra vegna? Það liggur alveg augljóst fyrir að þeir munu krefjast þess, að það verði farið í sama kjölfarið, siglt í sama kjölfarið, og samtök útvegsins verða óðar í bili komin á hálsinn á hæstv. sjútvrh. að afnema alla þá fjölmörgu pinkla sem á þá mösulbeina meri hafa verið lagðir um áratuga skeið. Sama er að segja um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég hygg að það mál hafi verið sérstaklega rætt á síðasta Búnaðarþingi. Ég hygg einnig að bændur sjálfir, sem þurfa að greiða þetta, hafi þó ekki verið svo bjartsýnir að leggja til að leggja þetta af með öllu strax, en hugsi til þess. Við það, að þetta er afnumið fyrir Iðnlánasjóð þarf engum blöðum um það að fletta, að þess muni verða krafist af þessum samtökum, að sams konar álögum verði létt af þeim. Og það er auðsýnt mál, að þarna hafa samtök iðnaðarins þrýst hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstj. til þess að láta að þessum óskum sínum. Menn eru hættir

að þola allan ágang og þrýsting. Þeir láta undan öllu sem á fjörur þeirra rekur. Mér er sem ég sjái framan í hæstv. sjútvrh. þegar Kristján Ragnarsson leggst á bakið á honum með sín samtök. Eigi að refsa útvegsmönnum fyrir illa rekinn Fiskveiðasjóð, þá er verið að hengja bakara fyrir smið, vegna þess að það eru aðeins örfá ár liðin síðan fulltrúar hagsmunaaðila komu að stjórn þess sjóðs. Og það er áreiðanlegt, að hann hefur stórrétt við í stjórnun, sá sjóður, síðan þeir eignuðust aðild þar að.

Það eru gamlar syndir sem hvíla á forráðamönnum Stofnlánadeildar landbúnaðarins, eldgamlar syndir, þar sem sjóðsstjórnin sá sér löngum og löngum fært að taka lán og endurlána þau með ódýrari hætti og lægri vöxtum en hún tók þau. Þetta er liðin saga. En mér er stórlega til efs að bændur telji að þeir eigi að borga fyrir þær syndir nú, en muni þess vegna krefjast þess eindregið, að samsvarandi verði gert þeirra vegna. Og útvegurinn allur, þá líst mér á, eins og komið er fyrir Fiskveiðasjóði Íslands, sem satt að segja er illa staddur svo að ekki sé meira sagt, mjög illa staddur, og langt frá því að Stofnlánadeild landbúnaðarins hafi rétt svo við sem þyrfti.

En ég stilli dæminu einfaldlega svona upp fyrir framan hv. þdm. Það fjármagn, sem Iðnlánasjóði var ætlað í ár, þóttust menn skera við nögl. Af hverju? Af því að menn treystu sér ekki í hærri lántökur erlendis. Ef þetta gjald hefði verið búið að fella niður, þá hefði annaðhvort þurft að skera 16 millj. kr. af ráðstöfunarfé Iðnlánasjóðs, eins og það er í ár, eða bæta við erlendum lántökum upp á 16 millj. kr. Ætli sé ekki ráð að hugsa sig um aðeins andartak? Ætli það komi ekki annað hljóð í strokkinn þegar menn fara að setja saman lánsfjáráætlun fyrir næsta ár á hausti komanda? Ætli menn þykist þá ekki þurfa að grípa til allra tiltækra ráða til þess að fjárhagsstaða og útlánageta Iðnlánasjóðs sem og annarra sjóða verði með þeim hætti, að atvinnugreinarnar megi við það búa? Það þarf enga spádómsgáfu til að segja þetta fyrir. Að sjálfsögðu verðum við í hinum mestu þrengingum, enn meiri þrengingum en við vorum í s. l. haust og undanfarin ár, af því sem erlendu skuldirnar vaxa svo gífurlega sem raun ber vitni og við neyðumst til þess að draga úr þeim. Á sama tíma sem svo er komið fyrir okkur ætla menn að fara að leggja niður innlenda tekjuöflun, frjáls framlög til stofnlánasjóðanna.

Ég hygg nú, að ef menn fá að hugsa sig um, þá sjái þeir að þetta er ekki rétt nú. Ég er ekki fjarri því að úr ræðist fyrir iðnaðinum, og vitanlega verður þessi sjóður rekinn áfram af mikilli hagsýni. Þá er ég ekkert fjarri því, að það þurfi ekki að líða mörg ár þar til við getum athugað þetta af fyllstu alvöru. En þá verða menn líka að vera viðbúnir því að önnur hagsmunasamtök sigli í sama kjölfarið. Gera menn sér þetta alveg ljóst? Þá þekkja menn ekki til innviðanna í þessu þjóðfélagi ef þeir gera sér ekki þetta ljóst. A. m. k. ættu fulltrúar verkalýðsins að geta sagt sér það því hver étur úr annars aski þegar eitthvað kemur upp á borðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til iðnn. með 29 shlj. atkv.

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584). — 1. umr.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hf. Frv. þetta er komið frá hv. Ed. sem afgreiddi málið af sinni hálfu án breytinga, að ég hygg, frá því sem það var lagt fram af ríkisstjórninni.

Samkv. 1. gr. frv. er ríkisstj. heimilt að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1.3 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni hf. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar hlutafjár ríkissjóðs í fyrirtækinu. Gert er ráð fyrir að aukning hlutafjár ríkissjóðs verði með þeim hætti að ríkissjóður taki að sér að greiða fjögur lán, sem nú hvíla á Kísiliðjunni, og eru þau talin upp í frv. Samtals eru þessi lán að upphæð í bandaríkjadölum talið 1 290 460 eða um 13 millj. ísl. kr.

Annar aðaleigandi Kísiliðjunnar hf., Manville, mun yfirtaka lán að upphæð 262 500 bandaríkjadali, sem Manville veitti Kísiliðjunni fyrir nokkrum árum. Samhliða þessu verða gerðir nýir samningar milli Kísiliðjunnar hf. og Manville um söluþóknun og greiðslu fyrir tækniþekkingu. Í samningi um söluþóknun er kveðið á um 25% gjald en í reynd hefur gjald þetta verið mun lægra frá byrjun. Er áformað að semja um 12%, og hugsanlega verða fleiri breytingar gerðar á sölusamningi.

Í tæknisamningi um fyrirtækið er kveðið á um að Kísiliðjan greiði Manville 6% tækniþjónustugjald, en í reynd hefur verið greitt 2% tækniþjónustugjald og er ætlunin að fastsetja það í nýjum samningi.

Þær ráðstafanir, sem ég hef greint frá, hafa það að markmiði að treysta rekstrargrundvöll Kísiliðjunnar hf. Fulltrúar iðnrn. og Manville hafa átt viðræður um málefni Kísiliðjunnar að undanförnu, og varð niðurstaða þeirra viðræðna í samræmi við það frv. sem hér er rætt og lagt var fyrir Alþingi sem stjfrv.

Þess má geta, að Kísiliðjan varð sérstaklega hart úti á síðasta ári vegna gengisþróunar, þar sem hún flytur nær eingöngu út á Evrópumarkað og þær gengissveiflur, sem urðu á alþjóðamörkuðum á gjaldmiðlum, komu mjög hart niður á fyrirtækinu. Fyrirtækið þurfti á sínum tíma að leggja í verulegan kostnað vegna skakkafalla af völdum jarðeldsumbrota á Kröflusvæðinu, sem náðu yfir á svæði Kísiliðjunnar, og gat þar lagt til af eigin fé umtalsverðar upphæðir á sínum tíma. En þessi hagstæða þróun gekk til baka á allra síðustu árum, eins og ég hef getið um, og því er nauðsynlegt að styrkja fjárhagsstöðu fyrirtækisins með þeim ráðstöfunum sem hér er gert ráð fyrir.

Þessu frv., ef lögfest verður, sem ég vænti að verði hér á þinginu, fylgir breyting á eignarhlutdeild í fyrirtækinu. Eignarhlutur ríkissjóðs hækkar úr 51.6% í 63%, en eignarhlutdeild Manville, áður Johns Manville, lækkar úr 47.8%, sem það nú er í, í 36.5%. Auk þess eiga sveitarfélög á Norðurlandi eystra smávegis hlutdeild í Kísiliðjunni, sem nú er 0.6% og yrði hlutfallslega aðeins lægri, eða 0.5%, ef þau auka ekki hlut sinn í fyrirtækinu. Það er hins vegar mál sem getur verið til athugunar áframhaldandi. Ekki hefur verið sérstaklega rætt við sveitarfélög á svæðinu um það, hvort þau kjósi að auka hlut sinn í Kísiliðjunni, en ég tel eðlilegt að þeim gefist kostur á að gera það og það verði kannað við framhaldsmeðferð, eftir að þetta frv. er orðið að lögum. Það er algerlega opið að taka á því máli eftir að frv. þetta hefur

verið lögfest.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði frv. vísað til hv. iðnn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21. shlj. atkv. og til iðnn. með 21 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 614, n. 708, 709). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. þessarar deildar hefur haft til athugunar frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar. Það er niðurstaða nefndarinnar eftir þá athugun að rétt sé að bæta inn í frv. þremur nöfnum. Jafnframt er það niðurstaða nefndarinnar að rétt sé eftir nánari athugun að niður falli 34. tölul. í frv. eins og það kom frá Ed.

Einn nm., Eggert Haukdal, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 709 samþ. með 24 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 461, n. 712, 713). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. hefur haft til meðferðar frv. til l. á þskj. 461 um breyt. á lögum nr. 87/1971, um orlof. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með orðalagsbreytingu samkv. brtt. sem nefndin flytur á þskj. 713. Í frv. var gert ráð fyrir að atvinnurekandi gæti ekki ákveðið orlof launþega á tímabilinu 2.—31. maí og 1.—15. sept. nema sérstakt samþykki launþega komi til.

Orðalagsbreytingin frá félmn. er þannig, að í staðinn fyrir „nema sérstakt samþykki launþega komi til" komi: nema í samráði við launþega.

Nefndin er sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þessari breytingu.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Sem 1. flm. að þessu frv. vil ég þakka félmn. fyrir röggsama afgreiðslu á því og jafnframt lýsa því, að tilgangi frv. er náð með þeirri litlu orðalagsbreytingu sem gerð hefur verið. Ég vil lýsa yfir ánægju minni með störf nefndarinnar.

ATKVGR.

Brtt. 713 (ný frvgr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 44). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Söluskattur, frv. (þskj. 37, n. 666 og 720). — 2. umr.

Frmsh. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 666 um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og tala ég af hálfu meiri hl. fjh.- og viðskn. Í nál. segir:

„Nefndin hefur rætt frv. og fengið til viðtals skattrannsóknastjóra svo og fulltrúa Verslunarráðs Íslands. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþykkt."

Undir þetta skrifa Halldór Ásgrímsson, formaður, Ingólfur Guðnason, Sighvatur Björgvinsson og Guðrún Hallgrímsdóttir, en Sighvatur Björgvinsson undirritaði álitið með fyrirvara sem prentaður er á þskj.

Eins og fram kemur og ég hef þegar sagt varð ekki samkomulag í nefndinni um frv. og skilar minni hl. séráliti.

Mörgum mun þykja lög um söluskatt, með öllum þeim breytingum sem við lögin hafa verið gerð á ýmsum tímum, nokkur frumskógur og vandratað þar um krókótta vegu og stigu. Nefndin telur að nauðsynlegt sé að fjmrn. gefi lögin út í heillegri mynd svo að auðveldara sé fyrir þá, sem lögin þurfa að nota vegna starfsemi sinnar, að átta sig á hvað sé rétt og hvað sé rangt við framkvæmd og álagningu söluskatts. Undanþáguákvæði laganna eru orðin allmörg og því ekki augljóst hversu með álagningu skuli fara í hinum ýmsu tilvikum. Sérstaklega gæti þetta átt við um smærri fyrirtæki, sem ekki hafa mikla yfirbyggingu stjórnunarlega séð, ef svo má að orði komast. Mér þykir líklegt að í ýmsum tilfellum megi rekja skekkjur við framtal til söluskatts til þess, hversu erfitt er að finna það rétta í öllum þeim breytingum sem gerðar hafa verið við söluskattslögin á liðinni tíð. En þar sem frv. það, sem hér er til umr. á þskj. 37, gengur í þá átt að gera álagningu söluskattsins markvissari og refsiákvæði eru hert að ýmsu leyti verður að telja tímabært og sjálfsagt að hafa lögin í aðgengilegu formi þannig að hverjum forsvarsmanni fyrirtækis sé tiltölulega auðvelt að átta sig á hversu hann skal að verki standa þegar hann útfyllir þau gögn sem þarf til þess að réttláta álagningu megi finna.

En því miður verður ekki allt misferli á framtöldum söluskatti rakið til þess, að menn viti ekki betur en þeir gera á þeim vettvangi. Vitað er að vísvitandi misferli á sér stað við framtöl til söluskatts þótt erfitt sé að sanna þau brot. Einmitt um þessar mundir er nokkur umræða í þjóðfélaginu um svarta atvinnustarfsemi. Þar kemur að sjálfsögðu margt til. Má þar nefna óvilja þeirra, sem samskipti hafa, til að fara að lögum í þessum málum ef auðveld tækifæri gefast til að sniðganga lögin þar sem söluskatturinn er orðinn svo mikill hluti af verði vöru og

þjónustu.

Mér þykir sýnt að það sé brýnt verkefni Alþingis að koma þessum málum þannig fyrir að þessi blettur á viðskiptum manna á milli festi ekki rætur í þjóðlífi okkar. Sem leiðir að því marki get ég tekið undir eitt og annað í fyrirvara hv. þm. Sighvats Björgvinssonar sem prentað er með nál., en meðan fylgt er þeirri leið, sem lögin um söluskatt gera ráð fyrir, tel ég að frv. það, sem hér er til umr., sé spor í rétta átt, en legg jafnframt áherslu á að leita ber nýrra og betri leiða.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það álit nefndarinnar, að sem fyrst verði gefin út í aðgengilegu formi þau lög, sem um söluskatt gilda, og einnig reglugerð þeim að lútandi, þannig að hverjum sem rétt vill gera séu ljós þau ákvæði sem um söluskatt gilda og engum eigi að vera það afsökun, að ekki hafi verið tiltækar upplýsingar um starfshætti í þessu tilviki.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. óska ég þess, að málinu verði vísað til 3. umr.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. og fram kemur á þskj. 666 og 720 varð fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. Það kemur glöggt fram í aths. við lagafrv., hver ástæðan er að dómi fjmrn. til flutnings þess. Jafnframt er þar gerð grein fyrir nefndarskipan frá því í júlímánuði 1980 þar sem rn. skipar nokkra valinkunna menn til að kanna með hvaða hætti hægt sé að bæta sem best skil á söluskatti til ríkissjóðs.

Ég verð að segja það eins og er, að ég hefði talið mun skynsamlegra strax á fyrstu mánuðum valdaferils hæstv. núv. ríkisstj., að menn hefðu snúið sér að því að halda áfram þeirri vinnu, sem unnin hafði verið í sambandi við virðisaukaskatt, og freistað þess að leggja fyrir Alþingi frv. um breytta tekjuheimtu ríkissjóðs í sambandi við söluskatt og hverfa frá því sem verið hefur um nokkuð langan tíma, þ. e. að innheimta söluskatt á síðasta stigi, en hverfa í stað þess til virðisaukaskatts eins og hann er orðaður. Á vegum fjmrn. hafði verið unnið að skýrslugerð í þessu máli og á seinasta áratug hafði þetta mál verið mjög til athugunar. Því væri mjög eðlilegt að framhaldið yrði að samið yrði frv. í þessum efnum, því að það hefur ekki komið fram, svo að ég viti til, neinn ágreiningur í sambandi við virðisaukaskatt eða að hverfa frá því söluskattsformi, sem er í dag, yfir til virðisaukaskattsins.

Það er vissulega rétt að þetta form, viriðisaukaskatturinn, er ekki gallalaust frekar en það form sem við höfum í dag í sambandi við söluskattinn. En það er að sjálfsögðu hægt að nýta sér þá reynslu sem fengist hefur af virðisaukaskattinum í nágrannalöndum okkar, en þar hefur virðisaukaskattur verið tekinn upp. Í stað þessa hefur núv. hæstv. ríkisstj. freistast til að hækka söluskattinn og ekki aðeins hann, heldur aðra skatta sem lagðir eru á. Auk þess fundið upp ótalmarga nýja skatta. Ég hefði talið að í stað þess að auka á skattbyrðina eins og raunin hefur orðið á, þá hefði verið eðlilegra og skynsamlegra að vinna að þessu máli með setningu laga um virðisaukaskatt og koma þar fram lækkun á skattprósentunni og að dómi margra betri skilum á þeirri tegund söluskatts til ríkisins, í stað þess að hækka söluskattinn og þá í leiðinni gera innheimtuna erfiðari, því að um leið og söluskatturinn er sífellt hækkaður freistast að sjálfsögðu þeir, sem á annað borð hugsa þannig, til að skjóta undan því sem þeir þar eru að innheimta fyrir ríkissjóð.

Við sjálfstæðismenn höfum bent á þetta þegar þessi mál hafa verið til umr. hér á Alþingi. Núv. hæstv. ríkisstj. hefur daufheyrst við þeim ábendingum, en staðfestir svo réttmæti þeirra ábendinga, sem frá okkur hafa komið, með flutningi þess frv. sem hér er til umr.

Vissulega verða að vera til reglur, haldgóðar reglur um skil á þeirri skattheimtu sem á sér stað á hverjum tíma. Þannig hefur að sjálfsögðu verið um hnútana búið. En ég vek athygli á því, að með söluskattslöggjöfinni er verið að fela stórum hópi manna innheimtu fyrir ríkissjóð. Síðan eru í þessu frv. lagðar fram tillögur þess efnis að þyngja mjög refsiákvæði vegna vanskila á því innheimtufé sem þessum mönnum hefur verið trúað fyrir. Svo er á hinn bóginn fjmrh. veitt nánast alræðisvald um það, hvernig þessum málum sé best fyrir komið, alræðisvald til að skylda þá aðila, sem innheimtuna annast, til marghátt-aðra útgjalda hennar vegna og skriffinnsku.

Sé um það að ræða sem þetta frv. gefur í skyn, að innheimta á söluskatti hafi versnað, þá verður ekki hægt að mínum dómi að rekja það til annars en þeirrar skattheimtustefnu sem ríkisstjórnir frá því síðla árs 1978 hafa haft. Það væri því skynsamlegra að núv. hæstv. ríkisstj. breytti um stefnu á þeim vettvangi. Í stað þess, sem hér er lagt til, að afla sér rýmri heimilda til að beita refsingum og veita hæstv. fjmrh. ótakmarkaðar heimildir til þess að setja reglugerð um skriffinnsku og íþyngjandi kostnaðarsamar aðgerðir, eins og ég sagði áðan, hefði verið eðlilegra og skynsamlegra fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að breyta um stefnu í skattamálum og hverfa frá þeirri skattheimtu sem hún hefur aukið á undanförnum árum. Með því móti hefði ríkisstj. gert sitt til þess að forða frá frekari skattsvikum en orðið er. Úr því að ekki var talið rétt og eðlilegt að breyta um kerfi í sambandi við innheimtu á söluskatti hefði verið skynsamlegra að hverfa frá þeirri skattheimtu sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur staðið að. Ég er sannfærður um að það hefði strax sýnt betri skil og þess vegna verið miklu eðlilegri og geðfelldari aðferð til þess að vinna að því markmiði sem þessu frv. er ætlað að gera.

Við, sem ritum undir nál. á þskj. 720, erum þess vegna andvígir þessu frv. og undirstrikum að eðlilegast væri að koma fram breytingum á þeirri skattheimtustefnu sem hér hefur ráðið ríkjum frá því síðla árs 1978.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn., hv. þm. Ingólfi Guðnasyni, undirritaði ég nál. á þskj. 666 með fyrirvara. Fyrirvarinn markast af því, að sú tekjuöflunaraðferð að innheimta háan söluskatt á síðasta stigi viðskipta með þeim hætti, sem gildandi lög gera ráð fyrir, er fyrir alllöngu gengin sér til húðar. Meginástæðurnar fyrir því eru einkum tvær: Í fyrsta lagi að hin fjölmörgu undantekningartilvik, sem gefin eru í lögunum, gera alla framkvæmd laganna ákaflega ruglingslega og allt eftirlit erfitt. Má raunar segja að þeir aðilar, sem eiga að hafa eftirlit með söluskattsskilum, eigi orðið mjög erfitt um vik vegna hinna miklu undantekninga sem lögin gera ráð fyrir. Auk þess er það kapítuli út af fyrir sig, að hvergi skuli vera til í heilu lagi í einni útgáfu gildandi lög um söluskatt. Þetta eru lög, sem gerðar hafa verið á þetta ein og upp í þrjár breytingar á hverju einasta ári á undanförnum árum, og þeir, sem eiga að starfa eftir lögunum

og hafa eftirlit með þeim geta ekki neins staðar á einum stað fengið upplýsingar um heildarlög þau um söluskatt sem í gildi eru. Ég vil því ítreka mjög óskir frsm. meiri hl. fjh.- og viðskn. við hæstv. fjmrh., sem ég held að hafi ekki verið í salnum þegar sá ágæti þm. flutti sína ræðu, að það eru eindregin tilmæli ekki bara meiri hl. fjh.- og viðskn., heldur fjh.- og viðskn. þessarar deildar allrar, að séð verði til þess, að gildandi lög um söluskatt verði gefin út í heilu lagi af rn. hans svo að þeir, sem eiga að fara að þeim lögum, geti með auðveldum hætti aflað sér upplýsinga um hvaða lög eru í gildi.

Þetta var fyrra atriðið, þ. e. hin ruglingslega álagning og framkvæmd söluskattsins. Síðari ástæðan fyrir því, að þessi aðferð, að taka söluskatt á síðasta stigi viðskipta, er úr sér gengin, er sú, að álagsprósenta skattsins er orðin svo há og skiptir orðið svo miklu máli í viðskiptum aðila að það getur verið mikið fjárhagslegt hagsmunamál kaupanda og seljanda að viðskipti þeirra séu ekki skráð, söluskattur ekki greiddur og jafnvel að um frekari undanbrögð frá skattheimtu sé samið. Er það augljóst, þegar næstum því fjórða hver króna, sem gengur handa á milli í viðskiptum aðila, á að vera í formi söluskatts sem seljandi á að innheimta til ríkisins, hversu mikið fjárhagslegt atriði það er orðið fyrir báða aðila, bæði kaupandann og seljandann, að gera með sér samkomulag um að láta viðskiptin hvergi koma fram. Þetta er orðinn mjög algengur háttur, því miður, í ákveðnum tegundum viðskipta.

Rétta leiðin til þess að koma í veg fyrir slíka starfshætti er að mínu áliti ekki sú að herða viðurlög eða hækka sektir. Kerfið, sem þessi skattur er álagður eftir, er orðið þess eðlis, að það er varla hægt að setja þær refsingar eða þau eftirlitsákvæði í lög sem útiloka þessa viðskiptahætti með öllu. Miklu raunhæfara er að breyta kerfinu sem hefur skapað þessa óeðlilegu viðskiptahætti. Það er tiltölulega einfalt að gera það með því að hætta að innheimta allan söluskattinn á síðasta stigi viðskipta, en innheimta hann hins vegar smátt og smátt í áföngum, eftir því sem verðmæti vörunnar eykst, með svokölluðu virðisaukaskattskerfi.

Sú er einnig reynsla nágrannaþjóða okkar. Þær gáfust upp á að innheimta söluskatt á síðasta stigi viðskipta, ekki bara vegna þess, hversu erfitt það var orðið og hversu mikil brögð voru orðin að undanþágum og undandrætti á þeim skatti, heldur einnig vegna slæmra áhrifa sem sú aðferð að innheimta neysluskatta hefur á uppbyggingu atvinnulífs og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja. Ráðamenn á Norðurlöndum fóru því þá leið að afnema söluskattskerfið en taka í staðinn upp virðisaukaskatt. Eru þeir síður en svo einir um það, því að í flestum löndum, þar sem sá skattur er innheimtur, hefur honum verið breytt úr söluskatti á síðasta stigi viðskipta yfir í virðisaukaskatt.

Sú er stefna Alþfl., sem hefur m. a. verið mörkuð á flokksþingi hans, að það eigi að stíga þetta spor hér á Íslandi. Við eigum að leggja niður söluskattskerfið eins og við þekkjum það, en taka upp í staðinn innheimtu á neysluskatti í gegnum virðisaukakerfi. Það er einnig vitað að fjölmargir aðrir stjórnmálaflokkar og aðilar í stjórnmálaflokkum hafa áhuga á sama efni. Hins vegar hefur aldrei verið tekin afstaða til þessa máls hér á Alþingi, þannig að menn vita raunar ekki hver er vilji Alþingis í þessu sambandi. Sumir þm. hér eru mjög andvígir virðisaukaskattinum, jafnandvígir og sumir aðrir eru honum fylgjandi. Það liggur hins vegar ekki fyrir hver er vilji þingmeirihlutans, en það væri nauðsynlegt að slíkt lægi fyrir áður en menn færu nánar út í það mikla starf sem tillögugerð um framkvæmd þessa skatts útheimtir.

M. a. þess vegna lagði ég fram á Alþingi haustið 1979 till. til þál. um virðisaukaskatt í stað söluskatts, sem var 88. mál þess löggjafarþings. Þar lagði ég til að Alþingi tæki ákvörðun um að hafinn yrði undirbúningur að lagasmíði um virðisaukaskatt er leysa mundi söluskattinn af hólmi. Í grg. með þáltill. var enn fremur áætlað hvaða tíma mundi þurfa til þess að útbúa slíkt lagafrv. og hvað mundi þurfa að fylgja áður en slíkt frv. gæti orðið að lögum.

Þessi till. mín, sem fól það í sér, að Alþingi tæki þarna stefnumarkandi ákvörðun, var ekki afgreidd. En ég tel óhjákvæmilegt að mjög fljótlega komi að því, að Alþingi taki ákvörðun af slíku tagi, því að nauðsynlegt er að það verði gert áður en öllu meiri vinna er lögð í það að semja frv. eða frumvörp um slíka breytingu á neysluskattsheimtu. Þessi breyting er hins vegar ekki á dagskrá nú, eins og að framan segir, og tillögur Alþfl. um að slík kerfisbreyting verði tekin á dagskrá hafa ekki fengist afgreiddar á Alþingi. Þrátt fyrir það vil ég ekki standa í vegi fyrir þeim tilraunum til að bæta skil og eftirlit með skattinum í núverandi mynd sem frv. gerir ráð fyrir. Mun ég því ljá frv. samþykki mitt þó að ég samkv. framansögðu hafi ekki mikla von um að árangurinn geti orðið marktækur. Það er ekki eftirlitið og refsingarnar sem skortir. Það, sem er ábótavant, er að söluskattskerfið sjálft hefur gengið sér til húðar og söluskattsskil verða ekki tryggð nema með því einu að því kerfi sé breytt í átt til virðisaukaskattheimtu.

Ég vil ekki ljúka máli mínu svo að ég komi ekki nokkrum orðum að öðru máli sem að vísu á ekkert skylt við þetta. Hér á Alþingi var fyrr í vetur lagt fram frv. um staðgreiðslu opinberra gjalda. Hæstv. fjmrh. lagði það fram. Við það tækifæri lýstum við Alþfl.-menn yfir að við værum mjög fylgjandi því, að staðgreiðslu skatta yrði komið á. Hins vegar hefur það orðið eins og oft vill verða um stór og yfirgripsmikil mál, eins og slíkar kerfisbreytingar eru á skattalögum, að þingnefndum hefur með öðrum verkum á þinginu í vetur alls ekki gefist tækifæri til að leggja fram þá vinnu sem þarf til þess að tryggja nauðsynlegt fylgi allra stjórnmálaflokka við þær kerfisbreytingar. Því er ljóst að frv. um staðgreiðslu skatta fær ekki afgreiðslu á þessu þingi. Við höfum nokkurn lærdóm fyrir okkur í þessu sambandi þegar gerðar voru aðrar meiri háttar breytingar á tekjuskattsheimtu.

Þegar nýju tekjuskattslögin voru sett og síðan í kjölfar þeirra mjög verulegar breytingar á þeim gerðar fyrir nokkrum árum, þá brugðu menn á það ráð — til þess að tryggja því máli góðan framgang í þingi og góða athugun við allsherjarsamstöðu um svo mikilvægar lagabreytingar — að fela þingflokkunum að tilnefna menn til þess að kanna þessi mál utan þingtíma, þegar meiri tími gæfist til þess að fara vandlega ofan í saumana á svo flóknum málum, heldur en gefst að öllum jafnaði þegar Alþingi situr á rökstólum. Ég vildi aðeins koma því á framfæri við hæstv. fjmrh., hvort ekki væri ráð til að tryggja framgang staðgreiðslufrv., sem hann lagði fram á Alþingi fyrr í vetur og nú er auðséð að muni daga uppi, að reyna að nota sömu vinnuaðferð við það mál og notuð var þegar

gildandi tekjuskattslög voru samin, þ. e. að þingflokkunum, stjórnmálaflokkunum verði falið að athuga málið sérstaklega í sumar með skipun formlegrar eða óformlegrar vinnunefndar, þannig að stjórnmálaflokkarnir geti þá notað sumarið og næsta haust til þess að skoða staðgreiðslukerfi skatta eins vel og nauðsyn ber til til þess að allsherjarsamstaða geti myndast um mál af því tagi. En það er auðvitað nauðsynlegt að reynt sé að ná samkomulagi hér á Alþingi um slíkar breytingar með sama hætti og samkomulag náðist um afgreiðslu gildandi tekjuskattslaga.

Þessu, herra forseti, vildi ég aðeins skjóta fram til hæstv. fjmrh. Ég vona að hann virði þennan vilja okkar Alþfl.-manna til að fá fram afgreiðslu á jafnmikilvægu frv. og staðgreiðslufrv. er.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil þakka hv. nefnd fyrir afgreiðslu hennar á þessu frv. um söluskatt, breytingar á innheimtureglum. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt frv. að ræða og að samþykkt þess og útgáfa reglugerðar í tengslum við það geti orðið til að tryggja betri skil söluskatts en verið hefur.

Um aðra þætti skattamála tel ég ekki ástæðu til að fjölyrða á þessu stigi málsins. Það er rétt, að til álita hefur komið að söluskattinum verði breytt í virðisaukaskatt. Það eru hins vegar takmörk fyrir því, hvað hægt er að vinna að mörgum stórfelldum breytingum á skattkerfinu á sama tíma, og mjög hæpið að ráðast þar í allt í einu. Það er ljóst að virðisaukaskatturinn og hugmyndin um að koma honum á hefur ýst til hliðar vegna annarra viðfagnsefna og þá fyrst og fremst vegna þess að verið er að koma fram verulega breyttu skattkerfi nú þessi árin eins og menn þekkja. Skattkerfisstarfsmenn hafa verið mjög önnum kafnir við að koma þeirri breytingu á. Einnig hefur verið fyrirhugað að koma á staðgreiðslu skatta hið allra fyrsta. Ég tel mjög óhyggilegt að fara bæði í breytingu á söluskatti yfir í virðisaukaskatt og að taka upp staðgreiðslukerfi skatta á sama tíma.

Í sambandi við virðisaukaskattinn er margt sem þarf að athuga nánar. Það er ljóst að hann hefur marga góða kosti og tryggir sennilega betur skil á veltuskatti af því tagi sem hér er um að ræða. Hins vegar er ljóst að skriffinnskan vex mjög verulega. Innheimtuaðilarnir eru margfalt fleiri í virðisaukaskattskerfi en í söluskattskerfi. Í öðru lagi verður að leggja virðisaukaskattinn á fjöldamargar vörutegundir sem ekki eru nú söluskattsskyldar. Er stærsti hópurinn þar matvörur sem yrði að leggja virðisaukaskatt á, þ. á m. allar landbúnaðarvörur. Þetta væri að sjálfsögðu veruleg breyting frá því kerfi, sem nú er, og mundi hafa víðtæk áhrif, ekki bara í skattamálum, heldur einnig hvað varðar neysluvenjur fólks og verðlag á mörgum vörum. Þetta mál þarf því að athuga miklu betur en gert hefur verið, og er ljóst að ekki kemst skriður á að taka upp virðisaukaskatt hér á landi fyrr en að einhverjum tíma liðnum.

Það hefur verið markmið okkar að koma á staðgreiðslukerfi hið allra fyrsta. Ég lagði fram í haust frv. um staðgreiðslukerfi og lýsti því þá yfir, að ef það frv. yrði afgreitt fyrir áramót yrði möguleiki á því að taka upp staðgreiðslukerfi í ársbyrjun 1983, en ella mundi upptaka kerfisins frestast eitthvað. Nú hefur Alþingi og það einmitt sú deild, sem við erum hér staddir í, Nd., ekki tekið þetta frv. til afgreiðslu og ekkert útlit fyrir að málið verði afgreitt á þessu þingi. Er því ljóst að staðgreiðslukerfi verður ekki tekið upp á árinu 1983. Ég mun hins vegar reyna að stuðla að því eins og ég framast má, að staðgreiðslukerfi skatta verði sem allra fyrst tekið upp, og geri þá ráð fyrir að næstu mánuðir, sumarmánuðirnir, muni eitthvað nýtast til þess að greiða úr þeim ágreiningsmálum sem óneitanlega eru í kringum staðgreiðslukerfisfrv. Þar eru viss atriði sem hafa valdið ágreiningi og tafið fyrir því, að unnt væri að afgreiða málið.

Frsm. minni hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Vegna þess, sem hæstv. fjmrh. sagði varðandi virðisaukaskattinn, vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að þetta mál hefur verið til umfjöllunar um margra ára skeið og það eru til álitsgerðir um virðisaukaskatt sem gerðar hafa verið fyrir fjmrn. Þess vegna hefði að mínum dómi verið miklu eðlilegri framgangur þessara mála á árinu 1980, að hæstv. fjmrh. hefði fram haldið þar sem frá var horfið hjá öðrum sem unnið höfðu að þessu máli á undan honum. Mér er hins vegar ljóst að það eru ýmis atriði sem athuga þarf í þessu máli, eins og hann vék að áðan. Það eru allar þær undanþágur sem eru á söluskattinum í dag. Það er ekki aðeins skattheimtan sem hér um ræðir. Það er líka verðlagið. Ef hugsað væri um virðisaukaskatt þar sem undanþágur væru engar, þá yrði að sjálfsögðu hækkun á þeim vörum sem nú eru undanþegnar söluskatti. Á hitt má benda, að það er ekki einhlítt að þar sem virðisaukaskattur hefur verið tekinn upp hafi ekki verið undanþágur og þá einmitt í sambandi við matvöruna. Það ætti þess vegna ekki að hræða menn svo mjög frá því að skoða þetta mál ofan í kjölinn og reyna að móta sér stefnu varðandi virðisaukaskattinn.

Hæstv. ráðh. vék að því frv. sem hann hefur flutt um staðgreiðslu og flutt hafði verið á árinu 1978 af þáv. ríkisstj. þegar ég gegndi embætti fjmrh. Hann fann eins og ég þá að undirtektir Alþingis voru ekki ýkjamiklar í sambandi við það að hverfa yfir til staðgreiðslukerfis, sér í lagi þar sem þær fyrirframgreiðslureglur, sem gilda í dag, gera það að verkum, að staðgreiðsla er framkvæmd eða svo til. Það er a. m. k. ekki nema í undantekningartilfellum sem ekki er hægt að ná henni fram. Vitaskuld gerist það þar sem miklar sveiflur eru í tekjum manna á milli ára, en það kemur líka til með að gerast þar sem um er að ræða staðgreiðslu. Munurinn er hins vegar sá, að dæmið verður gert upp eftir á og þeir, sem ekki hafa náð því að koma sinni skattgreiðslu fyrir til viðmiðunar réttum tekjum, verða að greiða til viðbótar þegar uppgjör fer fram. Hins vegar hafi menn ætlað sér of miklar tekjur, þá kemur til endurgreiðslu.

Þá er hitt atriðið sem hér hefur verið, fyrirframgreiðslan og heimild til hennar eftir því hverjar tekjubreytingar eru almennt á milli ára. Það ákvæði var sett inn í lög 1972 eða 1973. Ég man ekki nákvæmlega hvort árið það var. En það var gert — og um það var full samstaða hér á Alþingi — til þess að reyna að ná fram þeim áhrifum, sem staðgreiðslunni er ætlað að hafa, án þess að hverfa til staðgreiðslukerfisins, því að sé horfið að því í eitt skipti geta menn ekki snúið til baka. Hins vegar er ljóst að af þeim, sem hafa haft kynni af staðgreiðslukerfi eins og það hefur verið í okkar næstu nágrannalöndum, eru þeir miklu fleiri sem telja að ekki hefði verið rétt að hverfa til þess.

Hitt er spurningin, og það held ég að Alþingi ætti að skoða mjög vel, hvort ekki er hægt að breyta svo verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga að beinu skattarnir verði

eingöngu til sveitarfélaganna og þá lagðir á sem brúttóskattar. Þá er mjög auðvelt að koma staðgreiðslunni við, eins og raunar er nú um útsvar til sveitarfélaga. Þetta mundi einfalda dæmið bæði fyrir sveitarfélögin og fyrir ríkið. Ég held að þessi athugun þyrfti að fara fram áður en menn hugsa sér að hverfa til staðgreiðslukerfisins. Þá væru sveitarfélögin styrkt og þeirra forusta í fleiri málum kæmi til en er í dag.

Ég vildi aðeins láta þetta koma hér fram af því að hæstv. fjmrh. vék að virðisaukaskattinum og staðgreiðslukerfinu. En staðreynd málsins er sú, að í þessum málum hefur ekkert verið unnið þennan tíma frá haustinu 1978. Allt, sem hefur verið gert í þessum málum, er að auka á skattheimtuna sem svo — að dómi þeirra sem þetta frv. flytja — verður til þess, að skil til ríkissjóðs eru ekki nægjanlega góð. Þá er leiðin, sem þeir vilja fremur fara, að fá ný refsiákvæði, fá nýjar heimildir til útgáfu reglugerða í stað þess að leitast við að draga úr skattheimtunni og nýta þær upplýsingar og greinargerðir sem fyrir liggja, vinna úr þeim og koma með eitthvað raunhæft í þessum málum í stað þess sýknt og heilagt að vera með nýja og nýja skattheimtu.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:8 atkv.
2.—8. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Neðri deild, 72. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, að loknum 71. fundi.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 739 (sbr. 718)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 23 shlj. atkv.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Frv. þetta var lagt fyrir Ed. og hefur verið afgreitt þaðan. Í frv. er lagt til að viðskiptabankar og sparisjóðir auk Söfnunarsjóðs Íslands verði gerðir skattskyldir samkv. lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Eðlilegt þykir að starfsemi þessara stofnana sé skattskyld með sama hætti og starfsemi annarra atvinnufyrirtækja í landinu, en staðreyndin er sú, að starfsemi þessara stofnana er víðast hvar skattskyld í nágrannalöndum okkar.

Í frv. eru ákvæði sem fyrst og fremst miðast við að gera kleift að leggja tekjuskatt og eignarskatt á þessi fyrirtæki. En þar sem nokkuð er liðið á það ár, sem nú er að líða, og þessar stofnanir voru ekki skattskyldar á s. l. ári þykir rétt að hafa nokkuð annan hátt á við álagningu skatts á þessar stofnanir á því ári sem er að líða. Því er lagt til í ákvæði til bráðabirgða nr. IV, að á þessu ári skuli leggja skatt á aðila, þá sem skattskyldir eru samkv. þessum lögum, er nemi 0.06% af heildarinnlánum þeirra, svo sem nánar er frá greint í ákvæðinu. Sú skattlagning mun skila ríkissjóði í tekjur um 40—50 millj. kr., eftir því hver veltan verður í bankakerfinu. Til frádráttar og sem tekjutap ríkissjóðs kemur að gerð er breyting á lögum um hlutdeild ríkissjóðs í þeirri þóknun sem greidd er af gengismun og gjaldeyrismeðferð í bankakerfinu. Í lögunum er gert ráð fyrir að gjaldeyrisbankarnir skili ríkissjóði 60% af þessum tekjum af gjaldeyrissölu, en þar sem kostnaður þykir talsvert mikill við þessa þjónustu er hlutdeild ríkissjóðs jafnhliða álagningu þessa skatts lækkuð úr 60 í 50% og lækkar enn á árinu 1983 í 40%.

Við meðferð málsins í Ed. urðu nokkrar breytingar á þessu frv. Aðalbreytingarnar eru þær, að þeir sparisjóðir, sem minnsta veltu hafa og þar með minnstar tekjur, verða ekki látnir greiða þennan skatt. Var þar farið að tilmælum Sambands sparisjóða sem kom fram með hugmynd um að draga þar ákveðin mörk þannig að fátækustu sparisjóðirnir yrðu undanþegnir. Varð það úr, að farið var að tillögu Sambandsins og verður því skatturinn ekki lagður á þá sparisjóði sem minnst hafa umsvifin.

Önnur mjög mikilvæg breyting, sem gerð var á frv. í Ed., var sú, að á árinu 1983 verður skatturinn innheimtur sem veltuskattur, einnig á því ári, og með 0.06% gjaldi af heildarinnlánum, en þó er gert ráð fyrir að á því ári verði um að ræða fyrirframgreiðslu upp í væntanlegan tekju- og eignarskatt sem þá sé lagður á eftir að árið sé liðið. Það má því segja að tekið sé upp staðgreiðslukerfi fyrir innlánsstofnanirnar með þessum sérstæða hætti sem ekki á sér neitt fordæmi hér á landi, að á árinu 1983 og framvegis er lagður á veltuskattur á líðandi ári sem telst fyrirframgreiðsla upp í væntanlegan tekju- og eignarskatt. Því er um staðgreiðslu að ræða. En skatturinn er alveg óbreyttur hvað snertir árið 1982 eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Er því um að ræða hreinan veltuskatt á því ári sem er að líða. En í framtíðinni er gert ráð fyrir að um verði að ræða tekju- og eignarskatt sem þó sé staðgreiddur og innheimtur á líðandi ári, síðan sé veltuskatturinn gerður upp þegar reikningar ársins liggja fyrir. Þessi veltuskattur, sem er lagður á á árinu 1983, er því í raun gerður upp á árinu 1984. Einnig er þá gert ráð fyrir að að loknum þessum tveimur árum, sem ég nú hef nefnt, verði álagning skattsins tekin til nánari athugunar og gerðar þær breytingar sem nauðsynlegar teljast miðað við þá reynslu sem fæst af álagningunni.

Herra forseti. Ég hef hér gert grein fyrir meginatriðum þessa máls og einnig skýrt frá helstu breytingum sem gerðar hafa verið á frv. í Ed. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn. [Fundarhlé.]

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Það er nú ekki fjölmennt hér í deildinni þegar fram er haldið umr. um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Ég skal ekki heldur gera kröfu til þess, að hæstv. fjmrh., sem mælti fyrir þessu frv. áðan, verði sóttur. Ég held að ef þessi umr. héldi ekki áfram nú tefði það svo fyrir starfsemi þingsins að mér sé ekki unnt að láta standa á því sem ég ætla að segja. Ég teldi þó rétt, eins og kom fram hjá forseta, að kannað væri hvort ráðh. væri ekki í húsinu og gæti verið hér.

Frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana, 215. mál, er sjálfsagt eitt hið sérkennilegasta sem hæstv. núv. ríkisstj. hefur lagt fram sem lið í þeim skattadarraðardansi sem hún stendur fyrir. Eins og frv. lítur út eftir umr. í Ed. er lagatexti þess sjö greinar upp á tæpa hálfa aðra síðu.

Síðan koma ákvæði til bráðabirgða, en þau ákvæði taka yfir nærri tvær síður. Þetta sýnir auðvitað hvers konar vinnubrögð eru hér á ferðinni, enda kom það fram í ræðu hæstv. fjmrh. sem ekki var býsna löng. Í þeirri ræðu sýndist hann ekki telja ástæðu til að gera hv. Nd. grein fyrir þessu máli meir en svo að til þess eyddi hann 5—10 mínútum. Það kom fram í máli hans að bráðabirgðaskattlagning yrði árið 1982 og bráðabirgðaskattlagning yrði árið 1983, þ. e. greiðslur upp í skattlagningu sem síðar yrði svo athuguð nánar árið 1984.

Frá því að frv. var lagt fram í hv. Ed. og þar til það nú er til l. umr. í hv. Nd. hafa verið gerðar á frv. mjög miklar breytingar. Það má segja að þar hafi verið tekið að hluta tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið frá þeim aðilum sem gerst þekkja og við þessi lög eiga að búa, þau atriði hafa verið lagfærð, en það eru undantekningaratriði *eins og ævinlega. Hins vegar sýna best vinnubrögð* við þetta frv. þau fskj. sem eru til meðferðar og fylgja nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed., fskj. I frá Sambandi ísl. viðskiptabanka og Sambandi ísl. sparisjóða, fskj. II frá Seðlabanka Íslands, fskj. III frá Seðlabankanum, fskj. IV og V töflur frá Seðlabankanum, fskj. VI frá Búnaðarbanka, Iðnaðarbanka, Verslunarbanka, Samvinnubanka, Alþýðubankanum og Sambandi ísl. sparisjóða og VII. fskj. frá Iðnaðarbankanum hf. Þegar þessi fskj. eru öll lesin og skoðuð kemur glöggt fram að hér er gripið til skattlagningar sem er algerlega óunnin, tillögu um skattlagningu sem nánast verður að breyta á hverju ári héðan í frá, og er það í samræmi við það sem hæstv. fjmrh. sagði áðan.

Hann gat um að þetta frv. ætti að gefa ríkissjóði 40—50 millj. kr. Mér skilst að fram hafi komið að sú tala væri jafnvel ívið hærri. Í hv. Ed. er til meðferðar skyldusparnaðarfrv. sem á að gefa ríkissjóði eða Byggingarsjóði 35 millj. kr. tekjur. Allt er þetta í þá hít sem hæstv. núv. ríkisstj. eys svo úr og sýnist ekki ætla að vera á *því neinn endir.*

Þegar þessi umr. fer fram hefur Þjóðhagsstofnun látið frá sér fara upplýsingar um tekjuskatt á næsta ári út frá þeirri áætlun, sem fjárlög gerðu ráð fyrir, og þeim upplýsingum, sem Þjóðhagsstofnun hefur nú þegar fengið um tekjubreytingu á milli áranna 1980 og 1981, og reiknað út þá hversu miklar skatttekjur ríkissjóður muni hafa umfram það sem áætlað er í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Hér munu vera um að ræða 58 millj. kr.: í tekjuskatt 56.5 millj. og 1.5 millj. í sambandi við sjúkratryggingagjald. Skattheimtan á árinu 1982 mun því gefa ríkisstjóði 58 millj. kr. meira í tekjur en gert er ráð fyrir. En það virðist samt sem áður ekki duga til, því að eins og menn vita er gert ráð fyrir erlendum lántökum á þessu ári með þeim hætti að þær hafa aldrei verið meiri og hæstv. fjmrh. nýbúinn að taka stærsta lán sem tekið hefur verið.

Það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að láta bankastofnanir greiða skatta, og það er ekki heldur svo að þær greiði ekki skatta. Hæstv. fjmrh. orðaði það svo, að eðlilegt væri að þeirra starfsemi væri skattskyld eins og annar rekstur í landinu, og vitnaði til þess, að þessar stofnanir væru skattskyldar í nágrannalöndunum. Ég vil benda á að þær greiða skatt hér líka. Landsútsvar greiða bankarnir, fasteignaskatta til sveitarfélaga greiða þessar stofnanir, gjaldeyrisskatt greiða gjaldeyrisbankarnir, launaskatt, lífeyristryggingar, slysatryggingar, atvinnuleysistryggingar og vinnueftirlitsgjald. Það er þá ekki rétt með farið þegar verið er að ræða þessi mál og það er orðað að þessar stofnanir greiði ekki skatta. Það er hins vegar spursmálið um tekju- og eignarskatt sem um er að ræða. Hingað til hafa viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir verið undanþegnir skyldu til að greiða tekjuskatt og eignarskatt. Þeim hefur samkv. lögum, eins og ég sagði áðan, hins vegar verið gert að greiða landsútsvar.

Ef til þess á að koma að þessar stofnanir greiði tekju- og eignarskatt þarf að mínum dómi að vanda miklu betur til þess en gert er með því frv. sem hér er til umr. og hefur verið afgreitt frá hv. Ed. Ótalmörg atriði koma þar til greina. Það er ýmislegt, m. a. hvernig þau skattalög eru sem gilda frá og með 1. jan. 1979, sem getur réttlætt skattlagningu þessara stofnana. En þá verður að sjálfsögðu að skoða með hvaða hætti þessir aðilar skila sínum rekstri og hvernig farið skuli með tekjustofna. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að skattlagning banka *og sparisjóða er ekkert annað* en skattlagning sparifjáreigenda, hvort heldur það eru þeir, sem innstæður eiga, eða þeir, sem skipta við bankana og greiða þeim vexti af þeim lánum sem þeir þar hafa fengið. Afkomumöguleikar þessara stofnana verða að sjálfsögðu að vera fyrir hendi. Það er tvímælalaust eitt það skynsamlegasta, sem hægt er að gera, að eiga vel stæðar peningastofnanir fyrir það atvinnulíf sem við viljum hafa í landinu. Framlagning frv. eins og þessa er að sjálfsögðu eingöngu út frá því sjónarmiði að afla tekna fyrir ríkissjóð, og þá skiptir ekki neinu máli hvernig að er staðið. Það er verið að útvega ríkissjóði fjármagn til eyðslu.

Þetta frv. þarf að dómi okkar sjálfstæðismanna miklu meiri athugunar við, þ. e. þessi hugmynd um skattlagningu banka og sparisjóða. Meðal þeirra atriða, sem þar koma til skoðunar, er t. d. vaxtamismunur, mismunur á innláns- og útlánsvöxtum. Þar kemur til greina þóknun sem tekin er fyrir ýmsa þjónustu. Þar kemur til greina rekstrarkostnaðurinn og ráðstöfun á eigin fé, hvort það hefur verið fest í fasteignum eða öðrum verð*tryggðum fjármunum eða er bundið í venjulegum útlán*um. Á undanförnum árum hafa viðskiptabankarnir ekki haft heimild til að ákveða vexti af inn- og útlánum né heldur hafa viðskiptastofnanirnar haft heimild til að setja af sjálfsdáðum gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem þær veita. Stjórnvöld hafa því í raun og veru haft afkomu þessara stofnana í hendi sér.

Það væri eftir *á að hyggja hægt að halda því fram*, að það hefði gilt einu hvort viðskiptabankar í heild væru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti eða ekki. Það liggur hins vegar ljóst fyrir, að þegar þeim er ætlað að greiða tekju- og eignarskatt verða þeir fjármunir ekki sóttir til annarra en þeirra sem við peningastofnanirnar skipta. Á meðan skattalög höfðu ekki verið löguð að almennum verðbreytingum hefði tekjuskattsskylda bankanna þó leitt til eyðingar eigin fjár þeirra á skömmum tíma. Á þessu er ekki sama hætta nú og áður, eftir að verðbreytingarfærslur komu til skjalanna með þeim lögum sem nú gilda. Á hinn bóginn liggur það ljóst fyrir, að skattlagning banka þarfnast nákvæmrar yfirvegunar og þar verður að taka tillit til margvíslegra sérstakra atriða í rekstri banka og setja viðeigandi reglur um reikningsskil þeirra. Ég vil t. d. nefna í þessu sambandi vaxtayfirfærslur á milli ára, niðurfærslur á viðskiptakröfum, fyrningar vafasamra lána og skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum. Það er einnig álitamál, hvort verðbreytingarfærslur ættu að fylgja sömu reglum og nú *eru í skattalögum eða hvort þær ættu að fylgja öðrum*

reglum sem væru taldar eðlilegri og sérstæðari fyrir þessar stofnanir. Þá ber brýna nauðsyn að mínum dómi til að settar séu fastar reglur um eiginfjárstöðu þessara stofnana svo að tryggt sé að skattgreiðslur leiði ekki til óviðunandi eiginfjárstöðu banka og sparisjóða.

Þá er náttúrlega grundvallaratriðið, þegar undirbúin er skattlagning banka og sparisjóða, að það gildi sömu reglur um allar innlánsstofnanir. Það hefur nú, eins og ég gat um áðan, sýnt sig á brtt. þeim sem fluttar voru af meiri hl. fjh.- og viðskn. Ed. og samþykktar, að það frv., sem lagt var fram, hefði gersamlega farið með eiginfjárstöðu minni sparisjóðanna. Til þess að geta staðið við frv. hefðu þessar stofnanir orðið að grípa til sparifjár fólksins og nota það til að greiða í ríkissjóð. Á þetta var bent m. a. og það lagfært. Mér sýnist af þessu ákvæði, sem nú er komið, að nokkrir stærstu sparisjóðirnir muni greiða skatt til ríkisins. Hér er að sjálfsögðu verið að mismuna stofnunum eftir því hvernig þær standa, og það sýnir að þarna er ekki réttur grunnur notaður til að byggja skattheimtuna á. Það er ekki hægt að láta þessi skattalög eða þessa löggjöf gilda um allar þessar stofnanir, svo vitlaust er frv. í upphafi.

Það hefur verið spurt um það, og sjálfsagt fást við því svör í þeirri nefnd, sem fjallar um þetta mál, hvort ætlunin sé að auka vaxtabil til að standa undir þessari skattlagningu. Kemur fram í umsögn Seðlabanka Íslands, að til þess að gera það þyrfti að auka vaxtabilið um það bil 0.7—0.9%, eftir því hvort afurðalánavextir eru þar meðtaldir eða ekki. Að öðrum kosti er verið að rýra með þessari skattlagningu eiginfjárstöðu innlánsstofnananna. Það hafa ekki fengist nein svör og fengust ekki nein svör um hvort það er ætlun ríkisstj. að mæta þessari skattlagningu með hækkun útlánsvaxta eða hvort á að mæta henni með lækkun vaxta á sparifé eða þá að það sé hugsun þeirra að ganga á eiginfjárstöðu banka og sparisjóða og þá sjáum við auðvitað hvar það endar.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Ég er þeirrar skoðunar, að skynsamlegast væri að því væri vísað til ríkisstj. og málið fengi þar ítarlegri athugun. Það er, eins og ég sagði áðan, ekkert sem segir að ekki sé hægt að láta banka og sparisjóði greiða tekju- og eignarskatt eins og þeir greiða önnur gjöld til hins opinbera. En þar verður a. m. k. að haga málum þannig að það sé ekki verið að ganga á eigið fé þessara stofnana, þessar stofnanir fái með eðlilegum hætti að styrkja eiginfjárstöðu sína, að löggjöfin sé þannig úr garði gerð að hún geti gilt fyrir allar þessar stofnanir, hún sé ekki grundvölluð á þeim þáttum efnahagsreiknings stofnananna að löggjöfin geti ekki gilt nema um ákveðnar stofnanir. Og svo er það atriði, að um leið og lagður er á tekju- og eignarskattur geri menn sér grein fyrir með hvaða hætti þessum stofnunum verður heimilað að mæta þeim greiðsluauka sem þær þar verða fyrir.

Ég skal, eins og ég sagði áðan, ekki fjölyrða um þetta mál. Ef það heldur áfram göngu sinni verður það að sjálfsögðu ítarlega skoðað í fjh.- og viðskn. og gefst tækifæri til að ræða málið í hv. deild við 2. og þá fleiri umræður.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Fyrir nokkrum árum, áður en Alþb. tók þátt í að bjarga virðingu Alþingis undir forustu Gunnars Thoroddsens, var formaður þáv. þingflokks Alþb., Lúðvík Jósepsson, tíður gestur í þessum ræðustól. Hann hafði þá jafnan við orð, að það væru ekki vandræði að finna peninga í íslensku þjóðfélagi, það væri til nóg af peningum, spurningin væri bara um viljann til að sækja þessa peninga. Nú hefur komið í ljós að gengið hefur ákaflega erfiðlega fyrir Alþb. að finna þessa peninga sem nóg átti að vera til af, og hafa ýmsar tillögur um það komið fram, sumar hverjar broslegar, svo sem þegar þeim datt í hug að sækja sér stóraukna tekjur í uppfærslu af gjaldeyriseign Seðlabankans sem óx í réttu hlutfalli við lækkun íslensku krónunnar á almennum gjaldeyrismörkuðum.

Þá er einnig nokkuð lærdómsríkt í sambandi við þetta sérstaka mál, sem hér er til umr., að á sama tíma og ríkisstj. hyggst sækja gull í greipar bankavaldsins, sem hefur jafnan verið vinsælt umræðuefni hjá þeim Alþb.-mönnum, er haldinn aðalfundur yfirbanka okkar Íslendinga, Seðlabankans, þar sem kemur í ljós að sá ágæti banki var rekinn með allverulegum halla á s. l. ári, þannig að ekki vænti ég að þar sé mikið gull að finna.

Ég ætla, herra forseti, ekki að hafa langt mál um þetta frv., enda á ég kost á að skoða það í þeirri nefnd sem frv. fer til, en aðeins vekja athygli á því, sem hér hefur raunar komið fram, að eignir bankanna skapast að sjálfsögðu af viðskiptum þeirra. Það eru sparifjáreigendur sem fyrst og fremst eiga að njóta góðs af því ef bankarnir eru reknir með góðum rekstrarárangri. Þeir eiga að njóta þess í verðtryggingu þess fjármagns sem þeir leggja inn í þessa banka til afnota fyrir atvinnulífið og einstaklinga sem á slíkri lánafyrirgreiðslu þurfa að halda. Þegar ákveðið er að skattleggja þessa milliaðila, sem bankarnir eru í viðskiptum lánþega og lánveitenda, er auðvitað alveg ljóst að möguleiki bankastofnananna til að veita annaðhvort fyrirgreiðslu eða verðtryggja innlánsfé minnka að sama skapi. Sá skattur, sem hér er um að ræða og hæstv. ríkisstj. leggur til að samþykkt verði lög um hér á Alþingi, er því alls ekki skattur á bankana sem einhvern sjálfstæðan og óháðan aðila í „fjármálastrúktúr" þjóðfélags okkar, heldur er um að ræða skattlagningu á viðskiptamenn bankanna, sem annaðhvort mun verða til þess, að bankarnir geta ekki verðtryggt innlán fólksins í landinu í þeim mæli, sem fólkið væntir af þessum bönkum, ellegar þá hitt, að bankastofnanirnar verða að hætta við að sinna nauðsynlegum fyrirgreiðslum sem þessar stofnanir þurfa að veita bæði einstaklingum og atvinnufyrirtækjum. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt, ef um er að ræða hagnað hjá bankastofnunum landsins sem fólki finnst óeðlilega mikill, að reynt sé að ráðstafa einhverju af slíkum hagnaði þannig að almenningur fái notið hans. Það væri t. d. hægt að gera með þeim hætti sem við Alþfl.-menn höfum lagt til, að bankarnir taki að sér að veita húsbyggjendum tiltekna fyrirgreiðslu. En að fara að skattleggja þessar stofnanir í ríkissjóð til þess aðeins, að ríkissjóður geti fundið enn eina matarholuna til að ganga í, er að sjálfsögðu ekkert annað en það, að leitað er að enn einni aðferð — ekki til þess að skattleggja þessar tilteknu stofnanir, heldur þá aðila, einstaklinga og atvinnufyrirtæki, sem njóta þjónustu þessara stofnana.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 23 shlj. atkv.

Efri deild, 73. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, kl. 3.30 síðdegis.

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þetta frv. fjallar um kirkjuþing og kirkjuráð íslensku þjóðkirkjunnar. Vegna fjarveru hæstv. dóms- og kirkjumálaráðh. vildi ég mæla hér nokkur orð fyrir frv.

Þetta frv. var lagt fyrir hv. Nd., hefur gengið þar í gegn og var þar samróma fylgi við frv. Frv. er samið af kirkjulaganefnd, en í henni eiga sæti þeir dr. Sigurbjörn Einarsson, fyrrum biskup, dr. Ármann Snævarr hæstaréttardómari og Baldur Möller ráðuneytisstjóri, en núverandi biskup, Pétur Sigurgeirsson, hefur tekið sæti fyrirrennara síns í nefndinni.

Með frv. er farið fram á nokkrar breytingar á núgildandi lögum. Meginbreytingarnar eru þessar: Kjörnum kirkjuþingsmönnum verði fjölgað um fimm. Bætt verði tveimur við í Reykjavíkurprófastsdæmi, og er greint nánar á bls. 5 í grg. frv. í hverju fjölgun er fólgin. Þá er lagt til að kjörtímabil verði fjögur ár, en ekki fimm eins og nú er. Í þriðja lagi að vígslubiskupar eigi rétt til setu á kirkjuþingi. Í fjórða lagi að kirkjuþing komi saman ár hvert, en ekki annað hvert ár eins og verið hefur, en á hinn bóginn verði starfstími kirkjuþings allt að 10 dögum, en ekki allt að hálfum mánuði eins og nú er.

Nokkrar fleiri breytingar eru í frv. sem gerð er grein fyrir í allítarlegri grg., bæði almennri og við einstakar greinar.

Ég vænti þess, að frv. fái góðar undirtektir í þessari hv. deild eins og í Nd., og legg til að því verði vísað til 2. umr. og menntmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til menntmn. með 11 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Ríkisbókhald, frv. (þskj. 705). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 741).

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204, n. 721). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur skotið á fundi um þetta mál og leggur eindregið til að frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. — 5. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frv. (þskj. 633). — Frh. 1. umr.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Í umr. um mál þetta hér á dögunum, Húsnæðisstofnun ríkisins, komu fram, eins og við er að búast, ýmsar athugasemdir og mismunandi sjónarmið varðandi þennan málaflokk. Ég hygg að best sé að menn fái svör við þeim spurningum í nefndarstörfum frekar en ég sé að fara yfir það mál í einstökum atriðum hér.

Ég leit svo til að frv. fengi efnislega góðar undirtektir bæði hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni og hv. þm. Kjartani Jóhannssyni. Þeir fundu að því að málið væri ekki á lista ríkisstj. yfir svokölluð forgangsmál sem ætti að afgreiða á þessu þingi. Því er til að svara varðandi þetta atriði, að ég taldi ekki viðkunnanlegt að setja jafnstórt mál og þetta, sem ekki var einu sinni komið í nefnd, á þennan lista eins og hann var lagður fram af hæstv. forsrh. á fundi með forsetum og formönnum þingflokka nú fyrir nokkrum dögum. Hitt er hins vegar ljóst, að sé samstaða um þetta mál er það ekki einasta æskilegt, heldur væri mjög nauðsynlegt húsnæðiskerfisins vegna af margvíslegum ástæðum að þetta mál næði fram að ganga. Ég minni á það í þessu sambandi, að meginhlutinn af þeim brtt., sem hér er um að ræða, er fluttur að fengnu samhljóða samþykki húsnæðismálastjórnar, þannig að um frv., eins og það liggur hér fyrir, er mjög góð og víðtæk pólitísk

samstaða enda þótt nokkur ágreiningur sé um húsnæðismálin að ýmsu öðru leyti.

Með tilliti til þessa, herra forseti, vil ég leyfa mér að fara fram á við nefndina, að hún athugi mjög gaumgæfilega hvort hún getur ekki á þeim fáu dögum, sem eftir lifa þinghaldsins, afgreitt málið svo að það verði að lögum á þessu þingi, en slíkt tekst auðvitað því aðeins með stærri mál af þessum toga að um þau sé tiltölulega góð samstaða.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til félmn. með 11 shlj. atkv.

Efri deild, 74. fundur.

Mánudaginn 26. apríl, að loknum 73. fundi.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Sameinað þing, 26. apríl.

Nefndir og fjárveitingar.

Svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Friðriks Sophussonar um nefndir og fjárveitingar, á þskj. 170, sent þm. 26. apríl.

Spurt er:

1. Hvaða nefnda og starfshópa hefur iðnaðarráðuneytið stofnað til í tíð núverandi ríkisstjórnar til að vinna að sérstökum málefnum?
2. Hvaða sérfræðinga hefur ráðuneytið fengið til slíkra verkefna?
3. Hver eru verkefni þessara nefnda, starfshópa og sérfræðinga?
4. Hvaða menn eru í þessum nefndum og starfshópum?
5. Hver var kostnaðurinn við þessa starfsemi árið 1980 og hvað er áætlað að hann verði í ár?
6. Hvernig hefur iðnaðarráðuneytið varið eftirfarandi tekjum fjárlagaársins 1981:

	kr.
a) Aðlögunargjald	10 500 000
b) Efling iðnþróunar og tækninýjungar	400 000
c) Orkusparnaður	450 000
d) Ullar- og skinnaverkefni	180 000

Alþt. 1981. B. (104. löggjafarþing).

Í eftirfarandi yfirliti verða teknir saman til glöggvunar eftirtaldir liðir fyrirspurnarinnar.

Fyrst 1., 3. og 4. liður.

Þá 2. liður.

Síðan 5. liður.

Og loks 6. liður.

I. Svar við 1., 3. og 4. lið fyrirspurnarinnar.

Bent er á, að árlega gefur fjármálaráðuneytið, fjárlaga- og hagsýslustofnun, út yfirlit um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins. Í skýrslunni, dags. okt. 1981, sem fjallar um stjórnir, nefndir og ráð ríkisins árið 1980, og var að venju dreift til allra þingmanna með frv. til fjárlaga, er að finna tæmandi yfirlit yfir starfshópa, nefndir og stjórnir á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Jafnframt er bent á svar iðnaðarráðherra við fyrirspurn Halldórs Blöndals á þingskjali 153 1980, um skipun nefnda og verkefni þeirra, en í báðum þessum fyrirspurnum er vikið að sama efni.

Við upptalningu nefnda og starfshópa árið 1980 verður því um endurtekningu að ræða.

Ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens var sem kunnugt er skipuð hinn 8. febrúar 1980, og nær eftirfarandi yfirlit frá þeim tíma til áramóta 1981.

Í yfirliti því, sem hér fer á eftir og nær frá 8. febr. 1980 til 31. des. 1981, eru þær nefndir, sem ráðuneytið hefur stofnað á tímabilinu til einstakra ætlunarverka.

Annars vegar eru tilgreindar 11 nefndir, er lokið hafa störfum. Hins vegar 20 nefndir, sem ekki höfðu lokið verkefni sínu um síðustu áramót, en sumar hafa skilað áliti síðan.

1) Nefndir, er lokið hafa störfum:

Nefnd um vandamál ullariðnaðarins.

Hinn 18. febrúar 1980 hóf störf starfshópur um vandamál ullariðnaðarins.

Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri, formaður.
Stefán Gunnlaugsson, deildarstjóri.
Gunnlaugur M. Sigmundsson, deildarstjóri.
Guðmundur Sigþórsson, deildarstjóri.

Starfshópurinn lauk störfum og gerði ráðherra grein fyrir niðurstöðum sínum í júnímánuði 1980.

Starfshópur um sykuriðnað.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 6. maí 1980, var skipaður starfshópur til þess að yfirfara skýrslu Áhugafélags um sykuriðnað hf. og Finska Socker Ab., frá 29. febrúar 1980, og að leggja mat á niðurstöður skýrslunnar og tæknilegar forsendur og hagkvæmni þess að reisa og reka sykurverksmiðju í Hveragerði.

Jafnframt að taka til athugunar aðra framleiðslu, sem tengst gæti rekstri verksmiðjunnar og ábendingar hafa komið fram um.

Hörður Jónsson, framkvæmdastj., formaður.
Ragnar Önundarson, aðstoðarbankastjóri.
Sigurður Sigfússon, verkfræðingur.

Starfshópnum var eigi greidd þóknun á árinu 1980.

Hinn 9. apríl 1981 lauk starfshópurinn störfum og skilaði skýrslu til ráðuneytisins.

Viðræðunefnd um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar.

Með bréfi, dags. 3. janúar 1980, var ákveðið að fulltrúar ríkisins í væntanlegum viðræðum um sameiningu Laxárvirkjunar og Landsvirkjunar, þar sem Laxárvirkjun hefur ákveðið að sameinast Landsvirkjun, sbr. 17. gr. laga nr. 59/1965, verði:

dr. Jóhannes Nordal, stjórnarformaður Landsvirkjunar.
Baldvin Jónsson, stjórnarmaður í Landsvirkjun.
Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 12 maí 1980, var fjölgað í viðræðunefndinni af ríkisins hálfu:

Helgi Bergs, bankastjóri.
Pálmi Jónsson, ráðherra.
Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur.

Með bréfi, dags. 1. mars 1981, skilaði nefndin af sér til ráðuneytisins og lauk þar með hlutverki sínu.

Nefnd til rannsókna á nýtingu vindorku.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 2. júní 1980, var skipuð nefnd til rannsókna á nýtingu vindorku í Grímsey.

Til að gera áætlun um ofangreint verkefni í samræmi við fjárveitingar, taka ákvarðanir um framkvæmd einstakra þátta þessa verkefnis og hafa yfirumsjón með framgangi þess.

Finnbogi Jónsson, verkfræðingur, formaður.
Alfreð Jónsson, oddviti.
Geir A. Gunnlaugsson, prófessor.
Örn Helgason, eðlisfræðingur.

Nefndin gerði tillögur um ráðstöfun þeirra 7 m. g. kr., sem ætlaðar voru á árinu 1980, og lagði til að Raunvísindastofnun og Rafmagnsveitur ríkisins hefðu frekari framkvæmdir með höndum. Hefur nefndin þar með lokið hlutverki sínu.

Verkefnisstjórn um stálbræðslu.

Skipuð 10. júní 1980 til þess að hafa umsjón með gerð hagkvæmniathugunar vegna áforma um byggingu og rekstur stálbræðslu á Íslandi, sem nýta mundi innlent brotajárn.

Friðrik Daníelsson, efnaverkfræðingur, formaður.
Haukur Sævaldsson, verkfræðingur.
Sveinn Erling Sigurðsson, viðskiptafræðingur.
Jafet S. Ólafsson, deildarstjóri.

Með bréfi til ráðuneytisins, dags. 27. nóvember 1980, skilaði verkefnisstjórnin skýrslu og lauk störfum.

Starfshópur um skipulagsmál Orkustofnunar.

Með bréfi, dags. 1. ágúst 1980, skipaði iðnaðarráðherra starfshóp til þess að gera tillögur um endurbætur á innra skipulagi og stjórnsýslu á Orkustofnun:

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Axel Björnsson, eðlisfræðingur.
Stefán Sigurmundsson, fulltrúi.
Rúnar B. Jóhannesson, fulltrúi.
Jón E. Böðvarsson, deildarstjóri.

Hinn 15. desember 1980 skilaði starfshópurinn áfangaskýrslu til ráðuneytisins.

Starfshópurinn lauk störfum 1. júní 1981 og sendi ráðuneytinu tillögur um deildarskipulag jarðhitadeildar og vatnsorkudeildar Orkustofnunar.

Starfshópur til athugunar á hækkunarþörf gjaldskrár Hitaveitu Reykjavíkur.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. ágúst 1980, var skipaður starfshópur til þess, í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, að gera á vegum iðnaðarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar áætlun til nokkurra ára um þörf á hækkun á vatnsverði Hitaveitu Reykjavíkur, með hliðsjón af áformum um vatnsöflun, stækkun dreifikerfis og aðrar framkvæmdir.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Valdimar K. Jónsson, form. stjórnar veitustofnana Reykjavíkurborgar.
Stefán Reynir Kristinsson, viðskiptafræðingur.

Starfshópurinn skilaði skýrslu og lauk störfum í janúar 1982.

Starfshópur um stöðu hitaveitna.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. október 1980, var skipaður starfshópur til þess að kynna sér fjárhags- og rekstrarerfiðleika hitaveitna Suðureyrar, Blönduóss og Siglufjarðar, greina orsakir þess vanda, sem um er að ræða, og benda á leiðir til úrbóta. Einnig að kanna hvort og með hvaða hætti ríkið gæti stuðlað að lausn erfiðleika þessara fyrirtækja.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Magnús Pétursson, skrifstofustjóri.
Karl Ómar Jónsson, ráðgjafarverkfræðingur.

Hinn 3. mars 1981 lauk starfshópurinn störfum og skilaði skýrslu til ráðuneytisins.

Starfshópur um sveitarafvæðingu.

Skv. tilmælum iðnaðarráðherra með bréfi, dags. 16. mars 1981, var myndaður starfshópur til þess að fjalla um framhald sveitarafvæðingar, þ. e. undirbúa tillögur varðandi rafvæðingu sveitabýla, sem enn eru utan við samveitur.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri, formaður.
Baldur Helgason, tæknifræðingur.
Gunnar Haraldsson, hagfræðingur.

Starfshópurinn lauk störfum og skilaði greinargerð, dags. 15. maí 1981.

Starfshópur til athugunar á skattlagningu ÍSAL.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 9. janúar 1981, var settur á fót starfshópur til athugunar á skattlagningu Íslenska álfélagsins hf.

Ragnar Árnason, hagfræðingur, formaður.
Árni Kolbeinsson, deildarstjóri.
Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi.

Starfshópurinn lauk störfum og skilaði áliti til iðnaðarráðherra 19. febrúar 1981.

Starfshópur um byggðalínur.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 6. maí 1981, var komið á laggirnar starfshóp til þess að fjalla um byggðalínur.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Þröstur Ólafsson, aðstoðarmaður ráðherra.
Magnús Pétursson, skrifstofustjóri.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.
Guðjón Guðmundsson, rekstrarstjóri.
Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur.
Agnar Olsen, verkfræðingur.

Hinn 13. nóvember 1981 skilaði starfshópurinn áliti, dags. 7. september 1981, þar sem komist var að niðurstöðu um hvaða framkvæmdir við byggðalínur séu nauðsynlegar á næstu árum.

2) Nefndir, er eigi höfðu lokið störfum 31. des. 1981:

Verkefnisstjórn frumáætlunar um kísilmálmverksmiðju.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 25. febrúar 1981, var skipuð verkefnisstjórn til að láta gera athugun um kísilmálmverksmiðju hér á landi, er feli í sér frumhönnum ásamt hagkvæmniathugun.
Finnbogi Jónsson, deildarstjóri, formaður.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Jón Steingrímsson, verkfræðingur.

Hinn 31. maí og 13. nóvember 1981 skilaði verkefnisstjórnin áfangaskýrslum í ráðuneytið.

Nefnd varðandi steinullarverksmiðju.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 14. mars 1980, var skipuð nefnd til þess að kanna nánar forsendur fyrir athugun á staðarvali steinullarverksmiðju.

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, formaður.
Bjarni Einarsson, framkvæmdastjóri.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Svavar Jónatansson, framkvæmdastjóri.
Þorsteinn Þorsteinsson, bæjarstjóri, Sauðárkróki.

Með bréfi, dags. 25. apríl 1980, skilaði nefndin áliti.
Að fengnum tillögum var nefndarmönnum falið með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. apríl 1980, að starfa áfram og kanna hagkvæmni steinullarverksmiðju og gera tillögur til ráðuneytisins um staðarval fyrir slíkt fyrirtæki.

Verkefnisstjórn í rafiðnaði (VÍR).
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 29. apríl 1980, var skipuð sérstök verkefnisstjórn þróunarverkefnis, til þess að efla framleiðslu rafbúnaðar og rafeindatækja í landinu, með hliðsjón af þeirri öru aukningu, sem fyrirsjáanleg er hérlendis í hagnýtingu hvers kyns rafbúnaðar og hugbúnaðar, sem honum tengist.

Guðrún Hallgrímsdóttir, deildarstjóri, formaður.
Björn Kristinsson, verkfræðingur.
Hlöðver Örn Ólafsson, rekstrartæknifræðingur.
Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri.
Dr. Ingjaldur Hannibalsson, iðnaðarverkfræðingur.
Páll Theódórsson, eðlisfræðingur.
Sigurður Magnússon, rafvirki.

Frá september 1980 til nóv. 1981 starfaði Stefán Guðjohnsen, tæknifræðingur, sem verkefnisstjóri VÍR.
Verkefnisstjórnin hefur látið gera úttekt á framleiðslumöguleikum fyrir rafiðnað á ýmsum sviðum atvinnulífsins, m. a. raforkuiðnað og fiskiðnað. Hópurinn skilaði áfangaskýrslu á árinu 1981.

Ráðgjafarnefnd um undirbúning virkjana Jökulsár í Fljótsdal og Blöndu.
Skipuð með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. maí 1980.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Jóhannes Nordal, formaður stjórnar Landsvirkjunar.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

Nefnd til að gera tillögur um verðlagningu á orku.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 4. september 1980, var skipuð nefnd til þess að gera tillögur um verðlagningu á orku.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Finnbogi Jónsson, verkfræðingur.
Eiríkur Briem, hagfræðingur.
Guðmundur Helgason, raffræðingur.

Nefndin er enn að störfum.

Nefnd um hagnýtar hafsbotnsrannsóknir.
Með bréfi, dags. 4. september 1980, var skipuð nefnd til ráðgjafar um undirbúning olíuleitar við Ísland og stefnumótun í því sambandi. Nefndin kemur í stað starfshóps, er skipaður var með bréfi ráðuneytisins, dags. 30. maí 1978.

Árni Þ. Árnason, skrifstofustjóri, formaður.
dr. Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, varaformaður.
Benedikt Sigurjónsson, hæstaréttardómari.
Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur.
Guðmundur Magnússon, verkfræðingur.
Dr. Guðmundur Pálmason, forstöðumaður jarðhitadeildar Orkustofnunar.
Jón Ólafsson, haffræðingur.
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur.
Karl Gunnarsson, jarðeðlisfræðingur er ritari nefndarinnar.

Hefur nefndin skilað álitsgerðum til iðnaðarráðherra á árunum 1980 og 1981 og er enn að störfum.
Ólafur Egilsson, sendifulltrúi, var upphaflega skipaður í nefndina. Hann hefur vegna breyttra starfa látið þar af störfum, en sæti hans tók Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur.

Nefnd um staðarval til iðnreksturs.
Með bréfi ráðuneytisins, dags. 3. október 1980, var skipuð nefnd til að kanna hvar helst komi til álita að reist verði iðjuver í tengslum við nýtingu á orku og hráefnalindum landsins.

Þorsteinn Vilhjálmsson, eðlisfræðingur, formaður.
Vilhjálmur Lúðvíksson, verkfræðingur.
Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri.
Sigurður Guðmundsson, skipulagsfræðingur.
Haukur Tómasson, jarðfræðingur.

Ritari er Bragi Guðbrandsson, lektor.

Nefndin hefur ráðið Pétur Stefánsson, verkfræðing, Almennu verkfræðistofunnar, til starfa á sínum vegum.

Starfshópur um stöðu jarðvarmaveitna ríkisins og jarðborana ríkisins.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 21. október 1980, var skipaður starfshópur til athugunar og tillögugerðar um úrbætur á rekstrarlegri og fjárhagslegri stöðu Jarðvarmaveitna ríkisins og Jarðborana ríkisins.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri, formaður.
Edda Hermannsdóttir, fulltrúi.
Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 5. nóvember 1980, var auk þess skipaður í hópinn Glúmur Björnsson, skrifstofustjóri.

Starfshópurinn gekk frá skýrslu um Jarðboranir ríkisins í nóv. 1981.

Starfshópur um orkusjóð.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 28. október 1980, var skipaður starfshópur til þess að athuga fjármál orkusjóðs, viðskipti hans við ríkissjóð, orkufyrirtæki og lántakendur.

Páll Flygenring, ráðuneytisstjóri.
Brynjólfur Sigurðsson, hagsýslustjóri.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.

Starfshópurinn er enn að störfum.

Orkustefnunefnd.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 9. janúar 1981, var skipuð svonefnd orkustefnunefnd. Í bréfinu segir m. a.:

„Í samræmi við ákvæði stjórnarsáttmála hefur ráðuneytið ákveðið að skipa nefnd fulltrúa núverandi stjórnarflokka sér til aðstoðar við undirbúning að þessari stefnumótun. Markmiðið er að draga upp sem heildstæðasta mynd af þróunarkostum í orkumálum landsmanna fram til næstu aldamóta með hliðsjón af æskilegri þróun atvinnulífs og byggðar í landinu."

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur.
Edgar Guðmundsson, verkfræðingur.
Guðmundur G. Þórarinsson, alþingismaður.
Kjartan Ólafsson, ritstjóri.
Þorsteinn Ólafsson, fulltrúi.

Ritari nefndarinnar er Finnbogi Jónsson, deildarstjóri.

Starfshópur til athugunar á raforkuverði til ÍSAL.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 9. janúar 1981, var settur á fót starfshópur til athugunar á raforkuverði til Íslenska álfélagsins hf.

Finnbogi Jónsson, deildarstjóri, formaður.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.
Jóhann Már Maríusson, yfirverkfræðingur.
Gunnlaugur Jónsson, eðlisfræðingur.

Verkefnisstjórn um eflingu eftirmenntunar og starfsþjálfunar í iðnaði.

Með bréfum ráðuneytisins, dags. 14. og 18. maí 1981, var skipuð verkefnisstjórn til að hafa forustu um að efla eftirmenntun og starfsþjálfun í iðnaði. Þetta var gert í samræmi við tillögur eftirmenntunarnefndar, sem skipuð var af iðnaðarráðherra hinn 11. október 1979, og að höfðu samráði við fræðsluyfirvöld, hagsmunasamtök í iðnaði, tæknistofnanir iðnaðarins og fleiri aðila.

Atli Marinósson, vélstjóri, formaður.
Guðmundur Pálmi Kristinsson, verkfræðingur.
Jónas Sigurðsson, fulltrúi.
Sigurður Guðmundsson, viðskiptafræðingur.
Sveinn Sigurðsson, tæknifræðingur.

Byggingarnefnd Landssmiðjuhúss.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 15. júlí 1981, var skipuð sérstök byggingarnefnd til þess að hafa yfirumsjón með byggingu nýs verkstæðishúss Landssmiðjunnar við Skútuveg 7 í Reykjavík.

Gunnar Guttormsson, deildarstjóri, formaður.
Ágúst Þorsteinsson, forstjóri.
Gunnlaugur M. Sigmundsson, deildarstjóri.

Nefnd til samningaviðræðna við Landsvirkjun.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 7. ágúst 1981, var skipuð nefnd til þess að taka þátt í samningaviðræðum við Landsvirkjun um:

að reisa og reka Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun og Villinganesvirkjun,

að taka við meginstofnlínum landsins sem eignar- og rekstraraðili,

svo og að ræða önnur mál, sem upp kunna að koma í þessu sambandi.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Helgi Bergs, bankastjóri.
Eggert Haukdal, alþingismaður.
Kristján Jónsson, rafmagnsveitustjóri.

Ritari nefndarinnar:
Pétur G. Thorsteinsson, lögfræðingur.

Nefnd til viðræðna við Alusuisse.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 31. júlí 1981, var skipuð nefnd til þess að eiga viðræður við Alusuisse um skoðanaágreining fyrirtækisins og ríkisstjórnrinnar vegna samninga aðilanna um álbræðslu í Straumsvík og endurskoðun á þeim samningum.

Tilnefndir af iðnaðarráðherra:

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, formaður,

Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi,
Stefán Svavarsson, löggiltur endurskoðandi,
svo og Ragnar Aðalsteinsson, hrl., sem lögfræðilegur ráðunautur.

Frá aðilum að ríkisstjórn:
Guðmundur G. Þórarinsson, alþingismaður,
Ingi R. Helgason, forstjóri,
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur.

Frá stjórnarandstöðuflokkum:
Hjörtur Torfason, hrl.,
Sigþór Jóhannesson, verkfræðingur.

Ritari nefndarinnar: Pétur G. Thorsteinsson, lögfræðingur.

Orkusparnaðarnefnd.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 27. ágúst 1981, var skipuð nefnd til að vinna að orkusparnaði og hagkvæmri orkunotkun.

Skyldi nefnd þessi taka við störfum orkusparnaðarnefndar, er skipuð var með bréfi ráðuneytisins, dags. 2. ágúst 1979.

Björn Friðfinnsson, fjármálastjóri, formaður.
Björn Marteinsson, verkfræðingur, varaformaður.
Ólafur Eiríksson, tæknifræðingur.
Bergsteinn Gizurarson, verkfræðingur.

Ritari nefndarinnar:
Jón Ingimarsson, verkfræðingur.

Nefndin hefur staðið að margvíslegri kynningarstarfsemi, útgáfu fræðslurita, ráðstefnu um hagkvæmari orkunotkun við rekstur húsnæðis o. fl.

Samstarfsnefnd um eldsneytismál.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 1. október 1981, var skipuð samstarfsnefnd um eldsneytismál, er vinni að samræmingu aðgerða og athugana til þess að tryggja þjóðinni hagkvæman og öruggan aðgang að eldsneyti horft til lengri tíma.

Skal nefndin skila tillögum í áföngum eftir því sem málum miðar áfram.

Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri, formaður.
Finnbogi Jónsson, deildarstjóri.
Indriði Pálsson, forstjóri.
Jakob Björnsson, orkumálastjóri.
Jón Júlíusson, deildarstjóri.
Jónas Elíasson, prófessor.

Verkefnisstjórn vegna hagkvæmnisathugunar magnesíumframleiðslu.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 7. ágúst 1981, var skipuð verkefnisstjórn til að hafa yfirumsjón með hagkvæmnisathugun og nauðsynlegum rannsóknum vegna magnesíumframleiðslu hér á landi.

Finnbogi Jónsson, deildarstjóri, formaður.
Gamalíel Sveinsson, viðskiptafræðingur.
Sverrir Þórhallsson, efnaverkfræðingur.
Vilhjálmur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri.

Verkefnisstjóri er Friðrik Daníelsson, framkvæmdastjóri, Iðntæknistofnun Íslands, og ritari verkefnisstjórnar Egill Einarsson, efnaverkfræðingur á Iðntæknistofnun.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 26. október 1981, var verkefnisstjórninni jafnframt falið, uns annað verður ákveðið, að annast áframhaldandi athuganir á natríumklóratframleiðslu hér á landi.

Starfshópur varðandi orkusparnað og mengunarvarnir í fiskimjölsverksmiðjum.

Með bréfi ráðuneytisins, dags. 7. ágúst 1981, var skipaður starfshópur til þess að fjalla um aðgerðir til að hraða mengunarvörnum og orkusparnaði í fiskimjölsverksmiðjum, sbr. samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar 13. júlí 1981.

Guðrún Hallgrímsdóttir, deildarstjóri, formaður.
Brynjólfur Sigurðsson, fyrrverandi hagsýslustjóri.
Ingimar Sigurðsson, deildarstjóri.
Bogi Þórðarson, aðstoðarmaður ráðherra.

Starfshópurinn skilaði tillögum til iðnaðarráðherra 1. des. 1981.

Verkefnisstjórn til að hafa umsjón með hagkvæmniathugun áliðju.

Með bréfi, dags. 4. desember 1981, var skipuð verkefnisstjórn til þess að gera hagkvæmniathugun á hugsanlegri íslenskri áliðju.

Óskað var eftir að verkefnisstjórnin annist fyrir ráðuneytisins hönd viðræður við ÁSV. og VST. um umrædda hagkvæmniathugun og verkaskiptingu aðila og leggi tillögur þar að lútandi fyrir ráðuneytið.

Verkefnisstjórnin var skipuð þrem fulltrúum úr Orkustefnunefnd og ritara hennar.

Tryggvi Sigurbjarnarson, verkfræðingur, formaður.
Þóroddur Th. Sigurðsson, verkfræðingur.
Guðmundur G. Þórarinsson, alþingismaður.
Finnbogi Jónsson, deildarstjóri.

II. Svar við 2. lið fyrirspurnarinnar.

Eftirfarandi er skrá yfir einstaklinga og aðila, er starfað hafa á því tímabili, sem hér um ræðir, fyrir ráðherra, ráðuneytið eða nefndir á þess vegum að sérstökum verkefnum.

Almenna verkfræðistofan hf. ýmis iðnþróunarverkefni, staðarval stóriðju, kísilmálmverksmiðja o. fl.
Ágúst Valfells eldsneytismál.
Bergur Jónsson endurskoðun rafmagnseftirlitsmála.
Bragi Guðbrandsson v. staðarvalsnefndar.
Birgir Björn Sigurjónsson ýmis ráðgjöf á sviði orku- og iðnaðarmála.
Barrow G. (USA) orkufrekur iðnaður.
Benedikt Sigurjónsson lögfræðileg ráðgjöf.
Bjarni Einarsson steinullarverkefni.
Björn Þ. Guðmundsson lögræðileg ráðgjöf.
Commodities Research Unit (London) v. kísilmálmframleiðslu.
Coopers & Lybrand (London) v. Ísal og Alusuisse.
D. J. Freeman & Co. (London) lögfræðileg ráðgjöf.
Elías Davíðsson ráðgjöf um áliðju.
Elkem AS (Nor.) kísilmálmverkefni.

Emil Bóasson v. staðarvalsnefndar.
Endurskoðunarskrifstofa Svavars Pálssonar endurskoðunarstörf.
Mr. George C. O. Farrell (Ástralíu) ráðgjöf um áliðju.
Fjarhitun hf. verkfræði- og ráðgjafarstörf.
Forverk hf. vegna kísilmálmverkefnis.
G. O. Gutman & Co. (Ástralía) ráðgjöf um áliðju.
Gamalíel Sveinsson v. sjóefnavinnslu.
Garðar Ingvarsson v. orkufreks iðnaðar.
Gunnar Ingimundarson v. rafskautaverksmiðju.
Hnit hf. v. kísilmálmverkefnis.
Hörður Jónsson v. steinullarverkefnis.
Iðntæknistofnun Íslands v. steinullarverkefnis.
Ingi R. Helgason lögfræðileg ráðgjöf, súrálsmál o. fl.
Jón Hálfdánarson v. kísilmálmframleiðslu.
Jón L. Hilmarsson verkefni í rafiðnaði (VÍR).
Jón Steingrímsson stálbræðsla.
Kristján Jónsson ráðgjafarstörf á sviði orkumála.
Lindsay Marketing Service (Engl.) steinullarverkefni.
Samuel Moment (USA) ráðgjafarstörf v. áliðju.
Magnús Magnússon kísilmálmverksmiðja.
Orkustofnun v. eldsneytisframleiðslu.
Ólafur H. Árnason aðföng v. áliðju.
Rafagnatækni verkefnisstjórn í rafiðnaði (VÍR).
Rafhönnun verkfræðileg ráðgjöf, appírsverksmiðja, raftækniverkefni (VÍR).
Rafteikning hf. verkfræði- og ráðgjafarstörf.
Ráðgjöf og hönnun trjákvoðuverksmiðja o. fl.
Ragnar Aðalsteinsson lögfræðileg ráðgjöf.
Ragnar Árnason hagfræðileg ráðgjöf.
Ragnar Önundarson v. sykurverksmiðju.
Dr. P. Schneider (Þýskaland) v. kísilmálmverkefnis.
Sigfús Björnsson v. rafiðnaðarverkefnis.
Stefán Guðjohnsen verkefnisstjórn í rafiðnaði (VÍR).
Synthetic Fuels Association (USA) v. eldsneytisframleiðslu.
Sæmundur Óskarsson v. rafiðnaðarverkefnis.
Tækniþjónusta Kópavogs v. rafiðnaðarverkefnis.
Jan Uggla (Svíþjóð) v. stálbræðslu.
Mr. Carlos M. Varsavsky sérfræðiþjónusta v. áliðju.
Verk- og kerfisfræðistofan v. rafiðnaðarverkefnis.
Verkfræðistofa Austurlands v. kísilmálmverkefnis.
Verkfræðistofa Baldurs Líndal verkfræðileg ráðgjafarstörf v. sjóefnavinnslu, trjákvoðuverksmiðju.
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns v. rafiðnaðarverkefnis.
Verkfræðistofa Helga Sigvaldasonar v. verðlagningar á orku.
Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. verkfræði- og ráðgjafarstörf.
Viggó Benediktsson v. rafeindaiðnaðar.
Vilhjálmur Lúðvíksson ráðgjafarstörf á sviði iðnþróunarmála.
Þorsteinn Ólafsson v. eldsneytisframleiðslu.
Þorsteinn Vilhjálmsson ráðgjafarstörf v. staðarvals stóriðju.
Þóroddur Th. Sigurðsson ráðgjafarstörf v. orkumála.

III. Svar við 5. lið fyrirspurnarinnar.

Þóknanir, sem greiddar voru á tímabilinu til umræddra nefnda, námu samtals á árinu
1980 kr. 50 000,— (nýkr.)
1981 kr. 203 910,—.
Greiðslur til stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, er störfuðu að sérstökum verkefnum, námu samtals á árinu
1980 kr. 636 712,— (nýkr.)
1981 kr. 5 648 238,—.

IV. Svar við 6. lið fyrirspurnarinnar.

a) Aðlögunargjald ..... 10 500 þús. kr.

Ráðstöfun:	Allar upphæðir í þús. kr.	
1. Iðnrekstrarsjóður	5 500	5 500
2. Iðnþróunaraðgerðir:		
21 Húsgagnaverkefni	303	
22 Verkefnisstjórn í rafiðnaði ..	462	
23 Iðnþróunarverkefni SMS	277	
24 Sælgætisverkefni	200	
25 TSÍ Efling iðnþróunarstarfs .	200	
29 Annað ýmislegt	217	1 659
3. Nýiðnaðarathuganir:		
31 Eldsneytisframleiðsla	152	
32 Álframleiðsla og úrvinnsla ..	25	
33 Stálframleiðsla	90	
34 Sykur	49	
35 Steinull	378	
36 Salt	70	
37 TSÍ v/rafbræðslu o. fl.	200	
38 Annað	536	1 477
4. Til svæðisáætlana í landshlutunum:		
41 Iðnþróunarfulltrúar	688	688
5. Starfsþjálfun:		
51 Fataverkefni	692	
52 Til eftirmenntunar	500	
59 Annað	77	1 269
Samtals		**10 593**

Fjárlagaliður Iðja og iðnaður.

	Þús. kr.
b) Efling iðnþróunar og tækninýjunga	400

Ráðstöfun:	Upph. í þús. kr.
1. Ýmsar athuganir og styrkir	240
2. Samstarfsnefnd um iðnþróun	43
3. Rannsóknir á notkun svartolíu	12
4. Ýmis nefndalaun	39
5. Málefni Sölustofnunar lagmetis og Siglósíldar	5
6. Málefni Orkustofnunar	36
7. Álmál	40
8. Virkjunarréttur fallvatna	33
10. Orkuþing	21
Samtals	**469**

Auk þess hefur verið færður á þetta viðfangsefni kostnaður við umfangsmikil verkefni sem unnið hefur verið að í samræmi við stjórnarsáttmála.

Orkustefnunefnd	197
Sameining Laxárvirkjunar—Landsvirkjunar, Byggðalínur	75

Undirbúningur næstu virkjana	86
Ýmis hitaveitumál	122
Samtals	**480**
Samtals á viðfangsefnið	**949**

	Þús. kr.
c) Orkusparnaður	450

Ráðstöfun:	Allar upphæðir í þús. kr.
Orkusparnaðarnefnd	141
Námskeið í stillingu hitakerfa	65
Rannsóknir og styrkir	40
Auglýsingarstarfsemi, orkusparnaður	100
Þátttaka í ráðstefnum og norrænt samstarf	51
Gerð námsefnis	43
Samtals	**440**

	Þús. kr.
d) Ullar- og skinnaverkefnið	180

Ráðstöfun:	Allar upphæðir í þús. kr.
1. Útflutningsmiðstöð iðnaðarins	120
2. Iðntæknistofnun Íslands	60
Samtals	**180**

Varið til að styrkja framleiðsluráðgjöf og útflutningsviðleitni í þessum greinum á vegum ofangreindra stofnana.

Sameinað þing, 80. fundur.

Þriðjudaginn 27. apríl, kl. 2 miðdegis.

Afbrigði vegna almennra stjórnmálaumræðna.

Forseti (Jón Helgason): Áður en gengið verður til dagskrár vil ég leita eftir afbrigðum frá þingsköpum. Í fyrra voru veitt afbrigði frá þingsköpum um að stuðningsmenn ríkisstj. í Sjálfstfl. fengju 20 mínútna ræðutíma í almennum stjórnmálaumr., sem skiptast milli umr. þannig að 10—15 mínútur yrðu í fyrri umferð og 5—10 mínútur í síðari umferð. Ég leyfi mér að leggja til að sami háttur verði hafður á nú í almennum stjórnmálaumr. fimmtudaginn 29. þ. m.

ATKVGR.

Afbrigðin samþ. með 36 shlj. atkv.

Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar á frumvarpi um söluskatt, fsp. (þskj. 122). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Á þskj. 122 hef ég leyft mér að beina fsp. til fjmrh. varðandi afgreiðslu ríkisstj. á frv. til l. um breyt. á lögum um söluskatt. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvenær er að vænta afgreiðslu ríkisstj. á frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 frá 22. mars 1960, með síðari breytingum, um söluskatt, þar sem gert er ráð fyrir að sá hluti kostnaðarverðs vöru, sem stafar af aðkeyptum flutningi hennar milli staða innanlands, skuli ekki mynda stofn til söluskatts, en frv. var vísað til ríkisstj. 20. maí s. l. eftir 2. umr. málsins í Ed.?"

Þessi fsp. var lögð fram 25. nóv. 1981 og er mér það sönn ánægja að fjmrh. nú loksins telur sér fært að svara þessari fsp.

Það má ætla að tilgangur Alþingis með því að vísa frv. til ríkisstj. sé sá, að alþm. þykist ekki á þeirri stundu þegar umr. fer fram um málið í stakk búnir til að taka viðkomandi mál til endanlegrar umfjöllunar, en með því að vísa málinu til ríkisstj. séu þm. að gefa ríkisstj. ákveðinn umþóttunartíma til að taka málið til umfjöllunar og finna viðeigandi og heppilega lausn á viðkomandi máli. Einu slíku máli var vísað, eins og fyrr segir, til ríkisstj. 20. maí s. l., þ. e. fyrir 11 mánuðum, eftir 2. umr. Ég hef ekki orðið var við að það hafi komið frá ríkisstj. eitt eða neitt um þetta mál eða heyrst af umfjöllun þess í ríkisstj. Það er einmitt þessi grafarþögn um málið sem var orsök þess að ég og hv. alþm. Guðmundur Bjarnason bárum fram þá fsp. sem prentuð er á þskj. 122 og ég óska svars hæstv. fjmrh. við.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Fyrirspyrjendur spyrjast fyrir um hvenær sé að vænta afgreiðslu ríkisstj. á ákveðnu frv., sem afgreitt var frá Alþingi á þann hátt að því var vísað til ríkisstj. á s. l. vetri eftir að málið hafði verið rætt við 1. og 2. umr. í annarri deild. Sú skoðun er nokkuð útbreidd, að vísun frv. til ríkisstj. sé neikvæð athöfn af hálfu Alþingis, enda er það mála sannast að svo hefur stundum verið litið á af hálfu margra, og vafalaust hefur mikill meiri hluti þeirra mála, sem hefur verið vísað til ríkisstjórna í gegnum áratugina, ekki fengið neina sérstaka afgreiðslu þar. Ég lít ekki svo á að vísun til ríkisstj. sé neikvæð athöfn. Ég lít svo á að það sé hvorki jákvæð né neikvæð athöfn, heldur sé ósköp einfaldlega óskað eftir að málið sé tekið til nánari athugunar, og í þessu tilviki hefur það verið gert. Það hefur vissulega tekið nokkurn tíma, enda málið töluvert flókið.

Ég vil láta þess getið hér, að núv. ríkisstj. er eindregið þeirrar skoðunar, að stuðla þurfi að jafnara vöruverði í landinu, og kemur þetta skýrt fram í þeim yfirlýsingum sem frá ríkisstj. hafa komið. Ég vil einnig rifja upp, að á árinu 1973 var kosin sérstök þingnefnd sem átti að hafa það verkefni að gera tillögur um verðjöfnun vöruflutninga innanlands. Þessi nefnd skilaði mjög ítarlegri skýrslu á árinu 1976 og tillögur nefndarinnar voru í fjórum liðum og auk þess mörgum undirliðum. Það er þó eftirtektarvert, að engin af tillögum nefndarinnar gerði ráð fyrir að þessi leið væri valin, sú leið sem er hér til umræðu, þ. e. að reynt sé að ná þessum árangri með því að fella niður söluskatt af flutningskostnaði, heldur eru þar margar aðrar leiðir nefndar.

Fjmrn. hefur haft til gaumgæfilegrar athugunar þá leið sem frv. gerir ráð fyrir. Það er að mati rn. margt sem þarf að athuga nánar áður en sú leið, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, er valin. Það, sem einkum skal bent á í þessu sambandi, eru eftirfarandi staðreyndir:

Í fyrsta lagi eru mjög víðtækar undanþágur nú frá

söluskattsálagningu. Í því sambandi nægir að nefna öll matvæli, áburð, fóðurbæti og olíu. Aðgerðir af því tagi, sem umrætt frv. gerir ráð fyrir, hafa því engin áhrif á verð þessara vörutegunda, þ. e. söluskattsfrjálsra vörutegunda.

Í öðru lagi er verðjöfnun nú þegar ríkjandi á ýmsum vöruflokkum, t. d. landbúnaðarafurðum, olíuvörum, sementi, áfengi og tóbaki. Af sömu ástæðu hefðu aðgerðir af umræddu tagi engin áhrif til jöfnunar á vöruverði.

Ljóst er að umrætt undanþáguákvæði, sem í þessu frv. fólst, mundi flækja mjög allan verðútreikning, auk þess sem gera yrði mjög strangar kröfur til sundurliðunar bókhalds og bókhaldsgagna hjá verslununum. Hætt er því við að þessi atriði mundu leiða til verulegs kostnaðarauka fyrir dreifbýlisverslun. Þeir, sem þetta mál hafa skoðað á vegum rn., hafa ekki treyst sér til að fullyrða hvort vegi í raun þyngra óhagræði verslunarinnar annars vegar af þessari breytingu eða sú lækkun á vöruverði sem af henni mundi leiða.

Sem dæmi í þessu sambandi mætti nefna að við útreikning á verði vöru þarf kaupmaður fyrst að gera sér grein fyrir því, hver flutningskostnaðurinn er á hverri vörutegund. Verið getur að um blandaðar vörusendingar sé að ræða þannig að sumar séu söluskattsfrjálsar og aðrar söluskattsskyldar þannig að þá þarf að finna hver flutningskostnaðurinn er fyrir hverja vörutegund fyrir sig.

Ef nefnt er dæmi um áhrif þess, að flutningskostnaður væri dreginn út úr söluskattsstofni, mætti gefa sér þá einföldu forsendu, að verslun á Akureyri seldi húsgögn sem keypt væru af heildsala í Reykjavík og flutt með bíl til Akureyrar. Verslunin á Akureyri verslar eingöngu með söluskattsskyldar vörur. Ef menn gefa sér að verðið frá heildsala í Reykjavík væri t. d. 18 þús. kr. og flutningsgjaldið væri 720 kr. fengist álagningargrunnur sem næmi 18 720 kr. Við þetta bætist þá smásöluálagning, sem gæti numið 2.808 kr., og er þá stofn til álagningar sölugjalds orðið 21.528 kr., en síðan er við venjulegar aðstæður bætt sölugjaldi við og fæst þá út smásöluverð með söluskatti. Ef aftur á móti reikna á út verðið eftir þeirri aðferð, sem frv. gerir ráð fyrir, væri verðið frá heildsalanum 18 þús. kr. og flutningsgjaldið 720 og síðan kæmi með sama hætti smásöluálagning upp á 2 808 kr. þannig að smásöluverð án söluskatts yrði það sama, 21 528 kr. En hér yrði breyting á í útreikningi. Nú yrði að draga frá flutningsgjaldið upp á 720 kr. og fengist þá stofn til álagningar söluskatts sem næmi 20 808 kr. á þessa upphæð ætti síðan að reikna sölugjaldið sem yrði þá önnur upphæð, 4 890 kr., og síðan ætti þá að bæta flutningsgjaldinu við aftur og væri þá upphæðin orðin 720 kr. hærri og næmi þá 26 418 kr.

Það er alveg augljóst af þessu dæmi, sem hér er nefnt, að verðútreikningur hverrar vöru yrði allverulega miklu flóknari þar sem liðum í verðútreikningi mundi fjölga úr 7 í 10. Flutningsgjaldið væri sem sagt dregið fyrst út, tekin millisumma og flutningsgjaldi aftur bætt við eftir að sölugjald hefði verið reiknað út. Í öðru lagi þarf að draga flutningsgjaldið frá sölu við ákvörðun á söluskattsskyldri veltu, sem er viðbótarfyrirhöfn í þessu samhengi þó að kannske sé hún ekki ýkjamikil, og þá er spurningin: Hvað breytist útsöluverð úr verslun við þær tilfæringar sem nú hafa verið nefndar? Jú, útsöluverð á þeirri vöru, sem hér hefur verið nefnd, lækkar úr 26 587 kr. í 26 418 kr. eða um 169 kr. Verðlækkunin er aðeins 0.64% og verða menn þá að meta hvort mönnum finnst að sá árangur sé í einhverju hóflegu samræmi við þá gífurlegu fyrirhöfn sem lögð hefur verið á smásalann í þessu tilviki.

Hér var, eins og segir áður, gert ráð fyrir að eingöngu væri verslað með söluskattsskyldar vörur, en ef einnig er verslað með vörur, sem undanþegnar eru söluskatti, verður málið miklu flóknara. Í venjulegri matvöruverslun er einkum verslað með hreinlætis- og snyrtivörur, öl og gosdrykki, sælgæti og tóbak. Þessar vörur eru allar söluskattsskyldar. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er rétt að ljúka máli mínu. — Sá sem selur bæði söluskattsskyldar og söluskattsfrjálsar vörur skal útfylla sérstakt fylgiskjal og láta það fylgja söluskattsskýrslu. Ef frv. verður að lögum þarf að fjölga dálkum í hægri hlið þessa fylgiskjals vegna flutningsgjalds út og inn. Útfylling þess verður um leið fyrirhafnarmeiri og mun þó þykja ærin fyrir.

Ég hef rætt þetta mál við fulltrúa frá ríkisskattstjóra og frá skattrannsóknastjóra og þeir hafa tjáð mér að undanþága af þessu tagi mundi veikja enn frekar en orðið er alla möguleika á virku söluskattsyfirliti, þar sem reglur um verðútreikninga og bókhald yrðu verulega miklu flóknari en nú er og mundi því vera talsverð hætta á auknum undanskotum frá réttum skilum söluskatts. Af þessari ástæðu ítreka ég það, sem ég nú þegar hef sagt, að það verður að skoða þessa leið miklu betur en gert hefur verið áður en ákvörðun er tekin um að velja hana til verðjöfnunar hjá innlendri dreifbýlisverslun. Ég vil segja það aðeins að lokum, að að því verður unnið á vegum ríkisstj. á næstunni.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það gefst nú lítill tími hér til að fara út í langar tölulegar útlistanir á þessu máli.

Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Ingólfi Guðnasyni og Guðmundi Bjarnasyni fyrir að vekja máls á þessu lagafrv. sem hefur verið flutt tvisvar á Alþingi af mér ásamt þeim hv. þm. Agli Jónssyni og Lárusi Jónssyni.

Í fyrra skiptið var fundið að því við flutning þessa máls, að framkvæmdin yrði of flókin. Í annað skipti reyndum við aðrar leiðir með aðstoð sérfróðra manna sem vissu vissulega hvað þeir voru að segja, og var talið að þeirra mati og okkar flm. að það væru í rauninni engin rök fyrir því að afgreiða ekki þetta mál að framkvæmdin væri of flókin. Ég vil minna á í þessu sambandi að kaupmannasamtök úti í dreifbýlinu hafa eindregið stutt þetta mál og mælst til þess, að það næði fram að ganga. Þetta er augljós hagur dreifbýlisverslunar og neytenda úti á landi.

Mig langar til að benda á, og það er nokkuð mikið meginatriði að ég tel, að í rauninni er ríkið þarna að brjóta lög á sjálfu sér því að það stendur skýrum stöfum í 1. mgr. 7. gr. söluskattslaga að flutningskostnaður skuli vera söluskattsfrjáls. Ég tel að innheimta söluskatts af flutningsgjaldi sé gloppa í lögunum sem er furðulegt að skuli ekki hafa verið leiðrétt.

Ég vil einnig benda á að frumvarpsgreinin er nákvæmlega hliðstæð reglugerðargrein um söluveitingar á veitingastöðum, þar sem sá hluti veitinganna, sem samsvarar innkaupum á söluskattsfrjálsum vörum er ekki söluskattsskyldur.

Það má einnig benda á það, að í þessu tilfelli er oft um tvíálagningu söluskatts að ræða þegar vörur eru fluttar með bifreiðum.

Í fjórða lagi má benda á að sá háttur, sem hér er á hafður, dregur úr verslun dreifbýlisins því að fólk sér sér hag í að kaupa hluti hér syðra og flytja þá söluskattsfrjálst út á land heim til sín, kaupa þá síður í sínu heimaplássi þar sem varan verður þeim mun dýrari eftir því sem hún er flutt lengra að og með meiri kostnaði.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh., að þetta mál er síður en svo einfalt úrlausnar, en eins og kerfið er núna er það afhending vörunnar til hins endanlega kaupanda sem ræður því, hvort söluskattur er greiddur af flutningum eða ekki. Ef maður t. d. hugsar sér að húsbyggjandi eigi viðskipti við verslunarfyrirtæki á staðnum og viðskiptunum er hagað með þeim hætti, að kaupandinn fær vöruna afhenta í Reykjavík og greiðir sjálfur flutningskostnað hennar, t. d. norður á Kópasker, en þangað er alllangur spölur héðan frá Reykjavík, og hún færi með bíl eða skipi, þá mundi hinn endanlegi kaupandi losna við að greiða söluskatt af flutningskostnaðinum. Á hinn bóginn liggur það fyrir, ef maður hugsar sér að varan sé afhent endanlega á Kópaskeri, að þá fellur söluskattur á vöruna. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að þegar um smáar fjárhæðir er að ræða skiptir þetta kannske ekki ýkjamiklu, en hins vegar getur dæmið breyst ef um mjög veruleg viðskipti er að tefla. Ég sé ekki annað, eins og þessum málum er háttað nú, en verslunaraðilar úti í strjálbýlinu verði að reyna að haga viðskiptum svo við sína viðskiptavini að flutningskostnaðurinn komi ekki inn í viðskiptaveltu viðkomandi fyrirtækis, heldur greiðist beint af kaupanda vörunnar. Þá losnar hann við söluskattinn.

Ég tek undir það, að auðvitað er mjög flókið mál, einkanlega í smásölu, þar sem verslað er með smáhluti, að halda flutningskostnaðinum aðgreindum, en á hinn bóginn er hér um mikið réttlætismál að tefla. Ég varpa nú fram þeirri spurningu, hvort ekki sé hægt að taka tillit til þessa t. d. í sambandi við persónufrádrátt til skatts eða eitthvað þvílíkt, því að ég sé satt að segja ekki hvernig hægt sé að koma þessu við með öðrum hætti.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Í fsp. vísaði ég til ákveðins frv. og spurði hvað ríkisstj. hefði gert. Ekki var það ætlun mín beinlínis að það væri barist í þessu frv. sér á parti, heldur það, eins og ég gat um áðan, að gefa ríkisstj. ákveðinn umþóftunartíma til að taka málið til umfjöllunar og finna viðeigandi og heppilega lausn í því máli. Það er mjög nauðsynlegt því að það verður mjög mikill ójöfnuður á milli landsmanna eftir búsetu þegar þessi háttur hefur í för með sér að flutningsgjöld skuli mynda stofn til söluskattsálagningar. Það er nóg að dreifbýlið þurfi að borga aukalega flutningskostnað þó að ríkið geri sér ekki þennan ójöfnuð eftir búsetu að féþúfu með því að leggja 23.5% söluskatt á þann mismun.

Eins og hér hefur verið bent á af öðrum hv. þm. kemur þessi mismunur mjög illa við og er raunar ógnvaldur við dreifbýlisverslunina. Það fer ekki hjá því, ef um verulegt magn er að ræða, að menn freistast til að fara suður í Reykjavík, kaupa hjá heildsalanum hér og flytja það á eigin vegum um langar leiðir víðs vegar um landið og sleppa þannig við þennan söluskatt. Ég tel að þetta sé hrein ógnun við dreifbýlisverslunina.

En ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans þó seint hafi komið, og ég skora jafnframt á hæstv. ríkisstj. að finna einhverja lausn á þessu máli. Ég veit að málið er ekki alveg einfalt, en ég veit líka að tækninni í verslun sem annars staðar fleygir fram þannig að þetta gerist að meira eða minna leyti með vélum, en ekki að menn séu með blað og blýant að reikna. Ég er ekki í neinum vafa um að allir þeir ágætu menn, sem í ráðuneytum okkar vinna, ef þeir leggja sig niður við það, muni finna framkvæmanlegar leiðir sem þjóna þeim tilgangi sem hér er rætt um. Mér þykir nóg að landsbyggðarmenn verði að búa við dýrari vöru vegna þess að flutningsgjald leggst á vöruna þó að ríkið sé ekki að gera sér þann mun að féþúfu með því að leggja söluskatt á mismuninn.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Víst er málið ekki einfalt. Það er flókið. En eru ekki söluskattslögin öll og framkvæmd þeirra býsna flókin? Þetta er aðeins eitt atriði sem ekki er svo miklu flóknara en önnur að það þurfi að standa hér í veginum.

Það var talað um að erfitt væri að skilja flutningskostnaðinn frá verðinu. Auðvitað yrði það gert með því móti, og það hafa kaupmenn bent á sjálfir, að haldið yrði saman nótum og reikningum yfir flutningskostnað og hann dreginn frá áður en söluskattur er lagður á vöruna. Þetta er m. ö. o. bókhaldsatriði, sem er ekki flóknara en hvað annað sem kaupmenn verða við að búa í versluninni. Auðvitað er hér um að ræða fyrst og fremst að það er um örlítinn tekjumissi ríkissjóðs að ræða. Í fyrra, þegar við reyndum að reikna út hverju þetta mundi nema, var talað um 10 millj. árlega sem það mundi kosta ríkissjóð. Það er talið að jafnvel geti flutningskostnaður numið um 4—5% af söluverði. Þetta er þó nokkur ábót á fólk úti á landi. Við skulum gá að því, að þetta er í flestum tilfellum fólkið sem greiðir fimmfaldan hitunarkostnað á við fólk hér syðra. Þannig má lengi bæta á, ég veit ekki hvað lengi, án þess að bent sé á ranglætið og þess farið á leit svo að ekki verði um villst, að gerð verði tilraun til að lagfæra þetta. Þó að þessu frv. yrði e. t. v. ekki fylgt til hlítar hljóta að vera aðrar leiðir. Hér mun það vera sem fyrr, að það er viljinn sem þarf.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég held að það sé ekki fyrst og fremst flækjan í þessu máli sem er þess valdandi að ekkert gerist. Ég held að hér sé fyrst og fremst um það að ræða og spurningin sé um það, að ríkisvaldið vilji ekki missa þennan spón úr sínum aski, þó að vísu sé ekki mikill, og ég held að það eigi hér mjög vel við, sem hæstv. forsrh. sagði og eru löngu lendfleyg orð, að vilji er allt sem þarf í þessu máli eins og raunar fleiri. Hér er spurningin um hvort stjórnvöld vilja gera tilraun til að jafna kjör fólks í landinu með hliðsjón af búsetu til þess að sem sambærilegastar aðstæður séu um allt land. Ég held því að það sé fyrirsláttur eins og oftar, bæði frá stjórnmálamönnum — í þessu tilfelli hæstv. fjmrh. — og embættismönnum, að mál séu svo flókin að engar leiðréttingar sé hægt að gera.

Ég kvaddi mér aðallega hljóðs við þessa umr. í tilefni þess, að á s. l. hausti gerði Alþýðusamband Vestfjarða þá kröfu til ríkisvaldsins, að felldur yrði niður söluskattur af flutningskostnaði. Viðræður áttu sér stað um þetta ásamt fleiri kröfum sem ASV gerði til stjórnvalda við hæstv. forsrh. tvisvar sinnum, og tvívegis fengu aðilar skeyti frá hæstv. forsrh. varðandi þessi mál. Síðara skeytið var innlegg í lausn þeirrar kjaradeilu sem á Vestfjörðum var milli Alþýðusambands Vestfjarða og

Vinnuveitendasambands Vestfjarða, og samningar voru undirskrifaðir 15. febr. s. l. Í lok þess skeytis frá forsrh. segir, með leyfi forseta:

„Þá verður það mál skoðað, hvernig unnt er að jafna aðstæður fólks vegna búsetu, m. a. með jöfnun flutningskostnaðar."

Nú spyr ég í áframhaldi af þessu skeyti hæstv. forsrh., sem ég skoða sem túlkun hæstv. ríkisstj. allrar og fyrirheit um að mál verði athuguð og leiðrétt, — ég spyr hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., sem mun að einhverju leyti hafa verið falið að athuga þetta mál: Hvað hefur verið gert í sambandi við þetta ? Er vinna í gangi í anda þess, að hér verði leiðrétt, eða hefur ekkert verið gert? Ég óska að fá skýr svör því að hér er um að ræða innlegg í lausn kjaradeilu, og a. m. k. velflestir Vestfirðingar trúðu því, að með slík gögn í höndum sem innlegg í kjaradeilu mætti treysta því a. m. k. að málið yrði gaumgæfilega athugað og komist að niðurstöðu. Ég spyr því enn hæstv. ráðh.: Hvað hefur verið gert í þessu máli? Er von á að lausn á því finnist þannig að í þessum þætti, þó ekki sé stór, verði líka leitað leiðréttinga og komið í veg fyrir áframhaldandi ójöfnuð milli fólks með hliðsjón af búsetu í landinu?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Það mál, sem hér hefur verið til umr., er sannarlega þess vert að það sé rætt. Ég held að það sé ekki neinn ágreiningur um að almennt er vöruverð úti á landi hærra en er í höfuðborginni eða hér á Faxaflóasvæðinu. Það er óréttlæti og þarf að gera gagnráðstafanir þess vegna. En spurningin er að sjálfsögðu sú, hvaða leiðir séu heppilegastar í þessu sambandi.

Hv. þm. Karvel Pálmason spurðist fyrir um hvað hefði verið gert í þessu máli og hvað hefði verið rætt um í þessu máli núna seinustu vikurnar. Ég hélt satt að segja að svar mitt við fsp. áðan hefði gefið svar líka við þessari spurningu. Staðreyndin er að við höfum lagt talsverða vinnu í það og haldið marga fundi um það, hvort sú leið, sem hér er gerð fsp. um, gæti komið til greina. Það hafa verið á fundum hjá mér í fjmrn. bæði menn, sem um þetta hafa fjallað áður í rn., og einnig fulltrúar frá skattstjóraembættinu, en þeir hafa ekki getað mælt með þessari leið vegna þess að hún hefur bersýnilega í för með sér ýmsa ókosti sem kynnu að vega þyngra en kostirnir. Þessi leið virðist torvelda mjög verulega söluskattsskil eða örugga innheimtu söluskatts og auka hættuna á undanskotum þannig að sá ávinningur, sem ætti að falla í hlut neytenda, gæti kannske einhvers staðar á leiðinni dottið niður í hendur annarra. Einnig er ljóst að þessi leið eykur mjög verulega vinnu þeirra sem selja vöruna úti um land. Ég hef ekki trú á því t.d., að kaupfélögin úti um land mundu mæla með þessari leið. Ég er viss um að menn sæju að þarna væri mjög verulega aukin vinna á menn lögð, en ávinningurinn mjög smávægilegur í raun og veru, eins og tölurnar, sem ég nefndi áðan, bera vitni um.

Það er rétt að rifja upp í þessu sambandi að það voru nefndar ýmsar hugmyndir á sínum tíma. Ég held að inn í þessa umr. væri kannske rétt að koma með þær hugmyndir þannig að menn hefðu þær til samanburðar.

Það var rætt um það í tillögum þeirrar nefndar, sem um þetta fjallaði fyrir 6—7 árum, að til greina kæmi að skattkerfinu yrði breytt í því skyni að jafna aðstöðumun vegna mismunandi framfærslukostnaðar, og var lagt til að Hagstofunni yrði falið að gera könnun á framfærslukostnaði á mismunandi stöðum á landinu.

Í öðru lagi var lagt til að Framkvæmdastofnun ríkisins yrði falið að gera áætlun um aðgerðir, þ. á m. með styrkbeitingum til að tryggja viðunandi verslunarþjónustu í dreifbýli og flutningsþjónustu út frá verslunarmiðstöðvum sem þjóna viðkomandi byggðariögum, og að kanna möguleika á endurskipulagningu samgangna til einstakra svæða í því skyni að ná sem ódýrastri tilhögun flutninga fyrir samfélagið í heild. Endurskoðaðar verði reglur um styrki til flóabáta, m. a. með almenna samræmingu á flutningastarfsemi í huga.

Í þriðja lagi var nefnt að þjónusta Skipaútgerðar ríkisins yrði stórbætt og þannig stuðlað að lækkun flutningskostnaðar. Komið yrði upp aðstöðu í Reykjavík fyrir vöruafgreiðslu og vörugeymslu þannig að unnt yrði að taka á móti vörum til flutnings hvenær sem væri, séð yrði fyrir samsvarandi aðstöðu á helstu viðkomuhöfnum utan Reykjavíkur, ferðaáætlun yrði við það miðuð að tryggja sem mesta tíðni ferða og yfirleitt stefnt að því, að hámarkstími milli ferða yrði um það bil ein vika, gerð yrði áætlun um endurnýjun skipakosts Skipaútgerðarinnar og komið yrði upp dreifingarkerfi út frá aðalviðkomuhöfnum þannig að flutningaþjónusta Skipaútgerðarinnar næði til fleiri staða og fækka mætti viðkomum. Fleiri atriði voru hér nefnd.

Ég er ekki með í höndunum neitt yfirlit um hvernig staðið hefur verið að framkvæmd þessara tillagna. En ég býst við að hv. þm. heyri það, þegar ég kynni og rifja upp þessar tillögur, að sumar þeirra hafa einmitt verið að koma til framkvæmda nú seinustu tvö árin, og þá á ég við stóreflingu á starfsemi Skipaútgerðar ríkisins, m. a. með kaupum á tveimur skipum og endurskipulagningu á ferðatíðni þessara skipa, og fleira sem því tengist, m. a. byggingu vöruafgreiðslu og vörugeymslu hér í Reykjavík. Þessir þættir hafa greinilega allir komist nokkuð vel á leið núna seinustu tvö árin. En ég hygg að hvað fyrri atriðin snertir, sem ég nefndi áðan, hafi ekki mikið verið gert af því sem nefndin gerði tillögur um. Það var raunar í tíð allt annarrar ríkisstjórnar sem þetta nefndarálit var útgefið, þ. e. á árinu 1976. Þá verða menn að bræða það með sér og ræða það frekar, hver beri ábyrgðina á því, að ekki hafi verið frekar unnið að framkvæmd þessara tillagna. En það er sem sagt ljóst, að í þessum efnum hafa margar leiðir verið nefndar og koma áreiðanlega margar til greina aðrar en þær sem hér hafa helst verið til umræðu.

Umræður utan dagskrár.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég lagði hér fram fsp., sem útbýtt var í þingi 10. nóv. á s. l. ári, þar sem óskað var eftir upplýsingum um utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstj. og ríkisstofnana að meðtöldum ríkisbönkum á árinu 1980 og það sem af var árinu 1981. Þessari fsp. óskaðist svarað skriflega.

Ég spurðist fyrir um, hvenær vænta mætti svars, nokkru eftir jólaleyfi eða í byrjun febrúarmánaðar, en nú er að líða að þinglokum og 5 1/2 mánuður liðinn frá því að þessari fsp. var útbýtt. Ekkert hef ég heyrt frá forsrn. eða forseta Alþingis um hvort það sé von á þessu svari eða ekki.

Ég tel hér vera um að ræða þingskyldu sem viðkomandi aðilar hafa, að það beri að svara fsp. Ég var ekki með neina kröfu um að þetta svar bærist innan nokkurra

daga. En það er ekki vonlaust fyrir stofnun eins og Alþingi Íslendinga, sem setur þegnum þjóðfélagsins fjölmörg lög þar sem þeir eru krafnir um upplýsingar og gögn í hendur embættismanna, og stofnana, eins og t. d. skattayfirvalda, sem krefjast upplýsinga yfirleitt með 10 daga fyrirvara, að svara ekki í 5 ½ mánuð. Því vil ég leyfa mér að beina í fyrsta lagi þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort þessari fsp. verði svarað áður en þingi lýkur. Í öðru lagi: Ef svo er ekki hver er ástæðan fyrir því, að þetta svar fæst ekki? Hvað er verið að fela? Hver er það sem vill ekki svara? Mér er kunnugt um að forsrn. sendi fsp. strax til hinna ýmsu stofnana. Þá vil ég fá að vita og tel að þingið eigi kröfu á að fá að vita hverjir það eru sem hafa svarað og hverjir hafa ekki svarað og hvaða ástæður liggja til grundvallar því, að þeir, sem ekki svara, hlýða ekki því að svara fsp. sem bornar eru fram með þinglegum hætti?

Ég vil taka það fram hér til að forðast allan misskilning, að ég er ekki að flytja þessa fsp. af þeirri ástæðu að ég telji að ríkisstj., Alþingi og ríkisstofnanir eigi ekki að sinna því samstarfi sem nauðsynlegt er við erlendar stofnanir og ráð og sérstaklega þó þar sem Ísland hefur gerst aðili. Hins vegar tel ég að svar við fsp. sem þessum sé æðimikið aðhald og hvetji til að fara varlega í sakirnar. Á sama tíma og öllum er sagt að beita aðhaldi held ég að ríkisstj., Alþingi, ríkisbankar og aðrar ríkisstofnanir eigi að gera það einnig. Það er ekki lítið fjármagn sem fer í þessar ferðir. Hæstv. fjmrh. hefur skrifað dreifibréf til stofnana, þar sem hann hefur óskað eftir að dregið sé úr þessum ferðum og kostnaði á þann hátt stillt í hóf. Eitthvað hefur komið á daginn sem gerir það að verkum, að rn. og hæstv. fjmrh. skrifa þetta bréf.

Ég skal ekki eyða dýrmætum tíma þingsins á síðustu dögum til að tala um þessi mál öllu meira. Ég vil aðeins skýra, af hverju ég bar fram þessa fsp., og spyrjast fyrir um, af hverju þessi svör koma ekki og hverjir það eru sem hundsa vilja Alþingis að svara þegar um er beðið.

Forseti (Jón Helgason): Þegar eftir að hv. 1. þm. Vestf. hafði spurst fyrir um svör við þessari fsp. sinni ræddi ég málið við skrifstofustjóra Alþingis og gerði reyndar grein fyrir því við þá umr., hvernig málin stóðu þá. Ég hef rætt það nokkrum sinnum síðan. Því miður mun þessu starfi ekki vera lokið hjá hv. Alþingi, en að öðru leyti hef ég ekki frekar við það svar mitt að bæta.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í fsp. hv. þm. er óskað eftir upplýsingum um utanlandsferðir á vegum Alþingis, ríkisstj. og ríkisstofnana að meðtöldum ríkisbönkum og síðan tekið fram í þrem liðum hverra upplýsinga er óskað, sundurliðaður kostnaður á ýmsa lund. Þegar eftir að fsp. barst forsrn. var öllum þeim stofnunum og aðilum, sem hér eiga hlut að máli, skrifað og beðið um upplýsingar og svör við því sem spurt er um. Frá flestöllum hafa borist svör, en rn. hefur ekki talið rétt að láta prenta þá skýrslu, sem hér er óskað eftir, fyrr en lægju fyrir svör og upplýsingar frá öllum þorra þeirra sem óskað er upplýsinga frá. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt hafa m. a. ekki komið svör frá þeim aðila sem fyrstur er nefndur og upp talinn í fsp. hans. Ég hef látið áður í ljós, að strax þegar það liggur fyrir er ekkert því til fyrirstöðu eða setja svörin í prentun, en meðan ekki liggja fyrir upplýsingar frá þessum fyrsta aðila, sem þar er nefndur, er harla erfitt að ganga endanlega frá þeirri skýrslu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég þakka svör hæstv. forseta. Sþ. og svör hæstv. forsrh. Mér þykir leitt að heyra að það skuli standa svo lengi á svörum frá Alþingi sem ég tel að eigi að vera öðrum stofnunum til fyrirmyndar í sambandi við svör. Ég óska eftir því og bið hæstv. forsrh. að hugleiða það, hvort ekki sé rétt að forsrn. skrifi bréf þar sem óskað er eftir svari í síðasta lagi tiltekinn dag, sem mér finnst að þurfi ekki að vera langt undan eftir svo langan meðgöngutíma sem þessi fsp. hefur haft. En ef svar verður ekki komið óska ég sem fyrirspyrjandi eftir því, að svör annarra aðila séu prentuð og séu send alþm. þó Alþingi hafi lokið störfum. Þetta vil ég í fullri vinsemd biðja hæstv. forsrh. að athuga.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í framhaldi af þeim fsp., sem hv. 1. þm. Vestf. hefur flutt, vil ég minna á að í 32. gr. þingskapalaga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef óskað er skriflegs svars sendir ráðherra forseta það eigi síðar en sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð."

Í byrjun þessa mánaðar flutti ég tvær fsp. til hæstv. landbrh. Önnur var um kostnað í sambandi við Búnaðarþing og hin var um kostnað í sambandi við lög frá 1979 um afleysingaþjónustu í sveitum. Það er að verða mánuður síðan þessar fyrirspurnir voru fluttar. Það var óskað eftir skriflegum svörum vegna þess hve liðið var á þing og ég vænti þess ekki að koma málunum að á dagskrá með venjulegum hætti. Nú hafa engin svör enn þá borist við þessum fsp. og ég sem fyrirspyrjandi er orðinn uggandi um að þau berist ekki fyrir þinglok, hvort sem þau verða fyrir eða eftir næstu helgi. Hæstv. landbrh. er ekki í salnum, en ég vildi vænta þess, að hæstv. forseti ítrekaði við hann að í 32. gr. þingskapalaganna segir að slík svör eigi að berast sex virkum dögum eftir að fsp. var leyfð. Sá tími er löngu liðinn og þrefalt eða fjórfalt svo, sýnist mér.

Heilsugæsla á Þingeyri, fsp. (þskj. 435). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Í Vestfirska fréttablaðinu 26. nóv. 1981 birtist frétt um neyðarástand í læknisþjónustu í Dýrafirði. Þar kom m. a. fram að læknislaust hafði þá verið í Þingeyrarlæknisumdæmi síðan um mánaðamótin sept.-okt. Í blaðinu er enn fremur grein eftir ljósmóðurina á Þingeyri, Vilborgu Guðmundsdóttur, þar sem hún skýrir frá því, að þá á dögunum eða í nóvembermánuði hafi það slys hent aldraða vistkonu á elliheimili staðarins, að hún hafi dottið og fótbrotnað og þurft að liggja í fjóra sólarhringa án nokkurrar læknisumönnunar vegna þess að læknir fékkst ekki á staðinn. Fyrst eftir þessa fjóra sólarhringa var flogið með gömlu konuna suður til Reykjavíkur þar sem hún fékk sína fyrstu læknisaðhlynningu.

Því miður er þetta ekki einsdæmi. Þó ekki hafi um jafnalvarlegt slys verið að ræða gerðist einnig sambærilegur atburður skömmu síðar þegar barn veiktist. Ekki var þá hægt að ná til læknis og leið nokkur tími áður en hægt var að sinna hinu veika barni.

Þetta ástand er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi og er ekki því um að kenna, að ekki hafi verið byggð upp mjög þokkaleg aðstaða fyrir starfandi lækni í þessu

umdæmi. Mér er ekki kunnugt um að enn hafi neinar breytingar orðið á þessu ástandi. Íbúar í læknisumdæminu eru eðlilega orðnir mjög hvekktir á því að þurfa að búa við það öryggisleysi, að ef eitthvað kemur fyrir, alvarlegt slys eða óhapp, geti þurft að líða margir sólarhringar án þess að hægt sé að ná í hjálp. Þess vegna leyfi ég mér að beina þeirri fsp. til hæstv. heilbrrh. á þskj. 435, hvenær megi vænta þess, að læknir verði fenginn til að þjóna þessu læknisumdæmi. Ég geri mér fyllilega ljóst að það er oft miklum erfiðleikum bundið að fá lækna til að þjóna afskekktum byggðarlögum úti á landi, en ef það er ekki hægt um langa hríð verður alla vega að reyna að gera einhverjar úrbætur til að tryggja fólki, sem á þessum stöðum býr og margt vinnur störf þar sem slysahætta er mikil, eitthvert lágmarksöryggi.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Vegna þessarar fsp. hv. þm. Sighvats Björgvinssonar er rétt að það komi fram hér, að það hefur gengið betur og betur á síðustu árum að fá lækna til að gegna læknishéruðunum og heilsugæsluumdæmunum í landinu. En þó eru nokkur einmenningslæknishéruð, þ. e. læknishéruð þar sem á að vera heilsugæslustöð H 1, sem hefur reynst mjög erfitt að manna. Ég ætla að nefna þar þrjú sérstaklega. Það eru heilsugæslustöðin á Þingeyri, heilsugæslustöðin á Djúpavogi og heilsugæslustöðin á Kópaskeri.

Hvað Þingeyri snertir sérstaklega, sem spurt er um hér, hafa læknar yfirleitt fengist þar til skammtímadvalar á sumrin og haustin, en yfir vetrarmánuðina hefur reynst mjög erfitt og stundum ómögulegt að fá lækna til dvalar. Á Þingeyri var ekki læknir frá því í okt. 1981 og þar til í lok febr. eða byrjun mars samkv. þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum. Gert var ráð fyrir að það fengjust læknanemar til að sinna störfum á Þingeyri frá því í marsmánuði, og var vonast til að framhald yrði á því þar til kæmi fram á sumar og kandidatar eða fullmenntaðir læknar fengjust til þessara starfa.

Hér er oft notað, eins og menn taka eftir, orðalagið „fást til þessara starfa," og það stafar af því, að það er mikið reynt satt að segja, bæði af lændlæknisembættinu og heilbrmrn., en þó sérstaklega lændlæknisembættinu, til að fá menn til að setjast að á þessum stöðum. En það virðist verða erfiðara og erfiðara að fá menn til að fara í einmenningshéruð. Mér finnst það í rauninni ýta undir að löggjafinn velti því fyrir sér, hvort það verður ekki að koma til móts við þetta með því að viðurkenna þá staðreynd, hvað þetta hefur verið erfitt, og þá með því að sameina einmenningshéruð og gera þau að H 2 umdæmum frekar til að auðvelda að fá menn til starfa. Hinir nýju ungu læknar, sem við höfum fengið út úr skólakerfinu á undanförnum árum með langt framhaldsnám, m. a. í heimilislækningum, eru síst fúsari en aðrir fyrr á árum til að fara í hin afskekktu héruð til erfiðra starfa, svo ekki sé fastar að orði kveðið, — síst fúsari en þeir sem áður gegndu störfum í þessum héruðum árum og áratugum saman.

En í þessu sambandi og varðandi Þingeyri er rétt að geta þess, að þar hefur starfað hjúkrunarfræðingur með sérmenntun í ljósmóðurfræðum. Það er mat heilbr.- og trmrn., og mér er mikil ánægja að láta það koma fram hér, að þessi hjúkrunarfræðingur hafi sýnt sérstakan dugnað og samviskusemi í starfi. Þá vil ég og geta þess, að þann tíma, sem ekki hefur verið læknir eða læknanemi á Þingeyri, hefur Flateyrarlæknir átt að hafa reglulega móttöku á Þingeyri og átti m. a. að hafa það á þessum vetri samkv. upplýsingum sem ég hef frá landlæknisembættinu.

Herra forseti. Ég hef ekki tök á að svara þessari spurningu með öðrum hætti og vænti þess, að fsp. sé svarað að svo miklu leyti sem það er mögulegt. Þetta svar vekur kannske miklu fleiri spurningar, þegar allt kemur til alls, um almenna stöðu okkar heilsugæsluumdæma í hinum dreifðu byggðum landsins, en ég vil leggja á það áherslu og það er mín skoðun, að það séu einkum tvö umdæmi sem þarna þurfi að athuga mjög vel tvö H 1 umdæmi, þ. e. Djúpivogur og Þingeyri, og ég vil nefna þann möguleika að Alþingi við afgreiðslu fjárlaga í haust fyrir árið 1983 taki beinlínis sérstakt tillit til vandamála af þessum toga við ákvörðun á fjárveitingum til heilsugæslunnar í landinu.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Mér var raunar ljóst, þegar ég lagði þessa fsp. fram, að þess var vart að vænta að öllu fyllri svör væri hægt að gefa.

Ég leyfði mér aðeins að benda á það í sambandi við það sem hæstv. ráðh. sagði áðan, að það er auðvitað ekki úrræði í þessu sambandi að sameina einmenningslæknishéruð, ekki gagnvart Dýrafirði, því vandinn er sá, að yfir alla vetrarmánuðina má segja að það séu engar samgöngur á sjó milli Dýrafjarðar og næstu fjarða og heilsugæslulæknirinn á Flateyri, sem átti að þjóna Dýrafirði, hefur oft í vetur við verstu skilyrði gert ítrekaðar tilraunir til að komast til Þingeyrar til að sinna sjúklingum, en það hefur ekki tekist. Vegurinn hefur verið ófær vestan Dýrafjarðar, og sunnan Dýrafjarðar eru vegir ófærir allan veturinn og það er nú fyrst sem verið er að reyna að opna þá leið.

Þessir ungu læknar gætu sjálfsagt, eins og fyrirrennarar þeirra gerðu á sinni tíð, reynt að brjótast í misjöfnum veðrum á sjó til að koma nauðstöddu fólki til hjálpar, og margir reyna það og leggja sig oft í hættu í því sambandi. En það er varla hægt að treysta á það eða ætlast til þess, a. m. k. ekki í því þjóðfélagi sem við nú búum í, að þessir læknismenntuðu menn leggi á sig slíkt erfiði, enda gera þeir það orðið ekki. Staðreyndin verður þá sú, að læknisþjónustan á þeim stöðum, sem svo háttar til um, er jafnvel verri núna, oft miklu verri núna, á árinu 1982, en hún var heilum mannsaldri áður.

Það er rétt, að hjúkrunarfræðingurinn, sem ég nefndi í ræðu minni áðan, hefur staðið sig mjög vel í þessu umdæmi við þau erfiðu viðfangsefni sem hann þarf að takast á við. En það er auðvitað ljóst, að sá hjúkrunarfræðingur hefur þurft að taka miklu meiri ábyrgð en eðlilegt er að gera kröfur til fólks með slíka menntun. Ef sú ábyrgð verður öllu þyngri og meiri er hætt við að slíkar heilbrigðisstéttir fáist ekki heldur til þess að setjast að á þessum einangruðu stöðum. Þá má segja að farið sé úr öskunni í eldinn.

Ég vil í þessu sambandi biðja menn að hugleiða að hér er um að ræða afturför frá því ástandi í heilbrigðismálum sem var fyrir 50 árum. Á flestum öðrum sviðum og í flestum öðrum byggðarlögum hefur orðið um að ræða mjög mikla framför í heilsugæsluþjónustu á þessum mannsaldri, en gagnvart íbúum þessara einangruðu byggðarlaga hefur framförin breyst í afturför. Þeir eru nú verr settir en þeir voru áður í mörgum tilvikum. Þegar menn ræða hér á Alþingi í sambandi við önnur mál um

nauðsyn þess að jafna ýmis mannréttindi, eins og kosningarrétt o. fl., íbúum þéttbýlisins í vil, þá mega menn ekki gleyma því, að grundvallarmannréttindi í landi okkar eru að slasaður maður eða sjúkur geti fengið læknishjálp. Þeirra grundvallarmannréttinda nýtur þetta fólk ekki nema með mikilli fyrirhöfn og oft með því að viðkomandi heilbrigðisstéttir leggi sig í mikla hættu. E. t. v. væri hægt að bæta þetta ástand með því að Alþingi veitti sérstaklega fé á fjárlögum til að bæta samgöngurnar til þessara byggðarlaga. Það er hægt í því tilviki sem hér um ræðir. Það er hægt, án þess að um mjög mikið fé sé að ræða, að bæta þannig um vetrarsamgöngur á landi við Þingeyri að þar sé sæmilega fært undir öllum kringumstæðum frá næsta læknisumdæmi norðan Þingeyrar, þ. e. frá Flateyri, og Ísafirði í svo til öllum tilvikum yfir veturinn. Það væri miklu raunhæfari leið en flestar aðrar að mínu mati, en þá kemur auðvitað í ljós hvort þeir menn, sem tala hvað mest hér um jafnrétti í kosningarrétti fólksins í landinu, fást til þess að leggja fram það fjármagn sem þarf til að tryggja jafnrétti í heilsugæslumálum.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram, herra forseti, til að vekja athygli á stöðu fólks sem lítið heyrist frá í fréttum. En hræddur er ég um að það þættu stórfréttir í Reykjavík ef öldruð kona uppi í Breiðholti eða suður í Kópavogi þyrfti að liggja slösuð í fjóra sólarhringa án þess að geta fengið læknishjálp.

Sameinað þing, 81. fundur.

Þriðjudaginn 27. apríl, að loknum 80. fundi.

Orlofsbúðir fyrir almenning, þáltill. (þskj. 13, n. 509, 510). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 510 (ný tillgr.) samþ. með 31:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 30:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 772).

Aukaþing til að afgreiða nýja stjórnarskrá, þáltill. (þskj. 522). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Röðun jarða til tölvuvinnslu og upplýsingamiðlunar, þáltill. (þskj. 554). — Frh. fyrri umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Kornrækt, þáltill. (þskj. 74, n. 444). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 773).

Kalrannsóknir, þáltill. (þskj. 91, n. 632). — Frh. síðari umr.

ATKVGR.

Brtt. 632, 1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.
— 632,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 32 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 774).

Ávana- og fíkniefni, þáltill. (þskj. 57, n. 603, 604). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 604 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 775).

Votheysverkun, þáltill. (þskj. 21, n. 571). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 571 samþ. með 34 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 776).

Öryggisbúnaður fiski- og farskipahafna, þáltill. (þskj. 98, 495, 565). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 565 samþ. með 31 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 777).

Skýrsla um utanríkismál, (þskj. 477). — Frh. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Mér er það mikið ánægjuefni að geta skýrt hv. alþm. frá því, að seint í gærkvöld átti Hans G. Anderson, sendiherra Íslands í

Bandaríkjunum, símtal við mig frá New York, en þá var nýlokið atkvgr. um brtt. á Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna. Hann sagði að öll mál á Hafréttarráðstefnunni hefðu þróast okkur Íslendingum í vil, allar brtt., sem gátu haft neikvæð áhrif á okkar stöðu í hafréttarmálum, hefðu ýmist verið felldar eða dregnar til baka. Þetta eru mikil og ánægjuleg tíðindi fyrir okkur Íslendinga. Það er því óhætt að fullyrða að 200 sjómílna efnahagslögsaga sé orðin viðurkenndur alþjóðaréttur.

Þó er enn ekki endanlegt hversu margar þjóðir kunna að verða aðilar að hafréttarsáttmálanum vegna þess að þær sætti sig ekki við úrslit einstakra mála. Stefnt er að því að endanleg atkvgr. verði n. k. föstudag á Hafréttarráðstefnunni og ef allt fer vel verði hafréttarsáttmáli þá tilbúinn til undirritunar og staðfestingar.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera ítarlega og ágæta skýrslu og framsöguræðu hæstv. utanrrh. almennt að umræðuefni. Í skýrslunni er sérstakur kafli frá viðskrn. um utanríkisviðskipti. Ekki er ástæða til að endurtaka það, sem þar segir, né ræða um einstök atriði í sambandi við þróun utanríkisviðskiptanna og hvernig horfir í þeim málum í dag. Ég vil þó leyfa mér að ræða nokkuð um utanríkisviðskiptin og fyrirkomulag utanríkisviðskiptamála.

Nú eru liðin rúm tvö ár síðan ég tók við starfi viðskrh. Ég tel mig geta fullyrt að á þessum tíma hafi utanríkisviðskipti okkar yfirleitt verið hagstæð þrátt fyrir mikla efnahagsörðugleika í viðskiptalöndum okkar og hækkun á olíuverði. Útflutningsframleiðslan hefur verið mikil og sala á helstu afurðum okkar hefur yfirleitt gengið vel.

Þó voru erfiðleikar á sölu grásleppuhrogna í fyrra og einnig nýttist ekki til fullnustu sá síldarafli sem hefði mátt veiða, vegna ónógra sölumöguleika á því verði sem þurfti að fá fyrir síldina. Erfiðleikar á sölu grásleppuhrogna stafa bæði af óvanalega mikilli framleiðslu tvö síðustu árin og einnig að lágmarksverð var ákveðið í dollurum, en gengi dollarans hækkaði miðað við gjaldmiðil markaðslandanna, Danmerkur og Þýskalands. Það er vissulega til alvarlegrar íhugunar þegar ekki tekst að selja saltsíld til hefðbundinna markaðslanda vegna tilkostnaðar við að framleiða síldina hér heima. Það er mikil síld í sjónum, en verðbólgan veldur því að við getum ekki framleitt hana á því markaðsverði sem hægt er að fá fyrir hana. Verðbólgan er því mikill skaðvaldur fyrir efnahagslífið og framvindu efnahagsmála og þar af leiðandi fyrir lífskjörin í landinu.

Í fyrra gætti einnig sölutregðu og verðlækkunar á áli og járnblendi vegna efnahagserfiðleika viðskiptalandanna.

Hækkun Bandaríkjadollars á síðasta ári samanborið við Evrópugjaldmiðla hefur haft talsverð áhrif á utanríkisviðskiptin. Þjóðhagslega er hagstætt fyrir okkur Íslendinga að Bandaríkjadollarinn styrkist því að mikill hluti útflutningsins er reiknaður í dollurum. Hins vegar mun þessi gengisþróun hafa dregið nokkuð úr sölu á íslenskum afurðum til Vestur-Evrópu, en jafnframt hafði hún í för með sér örvandi áhrif á innflutning þaðan. Við þessar aðstæður, þegar tekjur landsmanna hækkuðu miklu meira en erlent verðlag, var ekki við öðru að búast en innflutningur mundi aukast mikið, eins og átti sér stað á síðasta ársfjórðungi síðasta árs. Þessi röskun á gengi helstu gjaldmiðla kom nokkru róti á viðskiptin og er ekki enn séð fyrir afleiðingar þess. Þessi þróun mála hefur t. d. haft býsna alvarlegar afleiðingar á samkeppnis- og útflutningsiðnað okkar og valdið miklum erfiðleikum á því sviði.

Fyrir þjóð, sem er eins háð utanríkisviðskiptum og við Íslendingar, eru frjáls alþjóðaviðskipti mikið hagsmunamál. Mér er ekki kunnugt um að viðskiptahömlur í markaðslöndunum hafi að neinu marki torveldað sölu á framleiðsluvörum okkar. Innflutningur á skreið til Nígeríu var frjáls allt árið, en hafði áður verið háður miklum takmörkunum. Nú nýlega hafa yfirvöld lagt hömlur á skreiðarviðskiptin og veldur það mikilli óvissu um sölu á skreið á þessu ári.

Fyrir utanríkisviðskipti okkar skiptir fríverslunarsamstaða Evrópulanda mjög miklu máli. Með aðild Íslands að EFTA og fríverslunarsamningi við Efnahagsbandalagið er tryggður opinn markaður fyrir flestar útflutningsvörur okkar í 16 Evrópulöndum. Tollar hafa verið felldir niður á flestum útflutningsafurðum okkar í þessum löndum. Hefur það í reynd þýtt verulega hækkun á skilaverði til útflytjenda. Þau tollfríðindi, sem við höfum þannig orðið aðnjótandi í aðildarríkjum EFTA og Efnahagsbandalagsins, hafa, miðað við útflutninginn í fyrra, verið metin á 184 millj. kr. eða nærri því 20 milljarða gkr. Það vill stundum gleymast, hversu mikinn hag við höfum af þessu samstarfi, því að það þykir miklu síður fréttnæmt, sem vel er gert og ber árangur, heldur en umkvartanir þeirra sem telja sig verða fyrir óhagræði af þeim viðskiptasamningum sem gerðir eru. Okkar hagur af þessu samstarfi er samt ótvíræður, og við verðum að reyna að komast hjá að gera ráðstafanir sem geta veikt þetta samstarf. Við erum ekki einir í heiminum og þótt litlir séum er fylgst með því, að staðið sé við gerða samninga. Við ætlumst auðvitað til þess, að aðrir geri slíkt hið sama.

Ég sagði í upphafi að utanríkisviðskiptin hefðu yfirleitt verið okkur hagstæð. Samt er ekki hægt að loka augunum fyrir þeirri staðreynd, að vöruskiptajöfnuðurinn á síðasta ári var talsvert óhagstæðari en árið áður og heldur en spáð hafði verið seinni hluta síðasta árs. Ein skýringin er sú, að útflutningur á loðnuafurðum minnkaði mikið frá því sem áður var. Í fyrra voru loðnuafurðir samtals 8.5% af heildarútflutningi, en árið áður, árið 1980, voru þær 16.1%. Nú eru allar horfur á því, að útflutningur loðnuafurða verði mjög lítill á þessu ári. Hér er því um að ræða mikið áfall fyrir efnahagslíf okkar, og ekki verður séð hvaða útflutningur gæti bætt upp þetta tjón. Ekki er enn hægt að spá neinni verðhækkun á áli og járnblendi, en þó er reiknað með að útflutningsmagn þessara málma verði meira í ár en var í fyrra.

Hvað viðskiptin í heild snertir er þó á einu sviði hægt að minnast á jákvæða þróun. Það er hin mikla lækkun á verði olíuvara sem vonast er til að haldist a. m. k. út þetta ár. Þetta er vissulega nokkur bót, en hrekkur samt skammt til að jafna þá miklu byrði sem á okkur var lögð með hækkun olíuvaranna árið 1979.

Þegar á heildina er litið er ég nokkuð ánægður með olíuviðskiptin síðan ég fór að hafa afskipti af þeim málum. Það hefur reynst skynsamlegt að halda áfram að gera samninga við Sovétríkin um olíuviðskipti, þótt ég hafi talið rétt að draga nokkuð úr þeim frá því sem áður var. Nú eru um 60% af okkar olíuviðskiptum við Sovétríkin. Þá hafa olíubirgðir í landinu aukist á þessum tíma. Í viðskrn. hefur verið lögð mikil vinna í þennan málaflokk. Starfandi er samstarfsnefnd rn. og olíufélaganna sem fylgist náið með þessum málum. Við höfum dreift nokkru meira olíuviðskiptunum en áður var,

höfum keypt af Bretum, Portúgölum og ýmsum vestrænum olíufélögum. Möguleikum á framtíðarviðskiptum við Breta og Norðmenn er haldið opnum, en reynt að kaupa þar sem verðið er hagstæðast.

Í dag samþykkti ríkisstj. að lagt yrði fram stjfrv. um heimild til að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég er þeirrar skoðunar, að slík aðild mundi auka öryggi okkar í olíumálum, gæti stuðlað að hagstæðum olíuviðskiptum og væri okkur einnig til gagns á öðrum sviðum orkumála. En frv. fjallar fyrst og fremst um neyðarbirgðir olíu og aðra þætti olíumála.

Öðru hverju birtast skrif um verðlag á olíuvörum sem eru bæði villandi og ónákvæm. Menn undrast t. d. að þegar verðlag lækkar á erlendum mörkuðum skuli það ekki þegar lækka hér innanlands. Í fyrsta lagi eigum við 2—4 mánaða birgðir af olíuvörum hér á landi og það tekur tíma að selja þær. Í öðru lagi eru allar olíuvörur seldar í dollurum. Ef bensín væri t. d. selt í dollurum hér innanlands kæmi lækkun fram þegar birgðir hafa verið seldar. En bensínið er ekki selt í dollurum, heldur í íslenskum krónum, og dollarinn hefur hækkað ört þannig að bensínið kostar fleiri krónur jafnvel þótt það hafi kostað færri dollara. Í þriðja lagi eru lögð ýmis gjöld á bensínið, t. d. 32% gjöld sem renna beint í ríkissjóð, 22% sem renna til vegamála og 1.1% til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Á árinu 1981 námu sjávarafurðir 78% af heildarútflutningi Íslendinga, og voru freðfiskflök eins og áður drýgsta útflutningsvaran. Samtals var selt úr landi fyrir 6536 millj. kr. Það er ástæða til þess að spyrja, af því að það er oft rætt um fiskiskipaflotann og um sjávarútveginn, hvers vegna sjávarútvegurinn sé í reynd svo sterkur sem hann er, þar sem 78% af 6536 millj. kr. voru útfluttar sjávarafurðir á síðasta ári. Það er auðvitað vegna þess að við eigum öflugan, nýtískulegan fiskiskipastól og hrein bylting hefur átt sér stað í fiskvinnslunni. Fiskiðjuver hafa ristið allt í kringum landið, yfirleitt búin nýjasta tæknibúnaði og hagræðingu. Þótt enn þurfi að gera betur og það miklu betur hefur ákaflega mikið færst í rétta átt á undanförnum árum. Fiskiðjuverin eru yfirleitt rekin í tengslum við fiskiskip sem afla hráefnisins. Til viðbótar við þetta hafa svo komið til hagstæð viðskipti með saltfisk og skreið. Það er ástæða til að undirstrika það, hversu gífurlega sterkur atvinnuvegur sjávarútvegurinn er og hversu mikið ríður á fyrir íslensku þjóðina að hann sé það þegar hann stendur undir 78% af heildarútflutningi landsmanna.

Stærstu og þýðingarmestu markaðslönd okkar voru á síðasta ári þessi: 1. Bandaríkin, en þangað fluttum við út fyrir 1 361 073 000 kr. 2. Bretland, þangað var útflutningurinn rúmlega 933 millj. 3. Nígería með rúmlega 858 millj. 4. Portúgal með rúmlega 702 millj. 5. Vestur-Þýskaland með tæplega 421 millj. 6. Sovétríkin með 403 millj.

Þegar þetta er haft í huga er auðvitað ljóst að Bandaríkin eru okkar langsamlega þýðingarmesta markaðsland. Í fyrsta lagi er útflutningur þangað langmestur. Síðan koma til viðskipti við varnarliðið þannig að heildarviðskipti við Bandaríkin eru gífurlega mikil.

Viðskrh. Noregs, Arne Skauge, bauð mér í opinbera heimsókn til Noregs í vikunni eftir páska. Við ræddum ítarlega viðskipti milli landanna og viðskipti á alþjóðlegum vettvangi. Sé ég ástæðu til að fara örfáum orðum um þær viðræður.

Kindakjöt hefur verið okkar aðalútflutningsvara til Noregs. Á árunum 1977—1980 fluttum við um 2500 tonn af kjöti til Noregs á ári hverju. Árið 1981 féll þetta niður í 1076 tonn, og fyrir nokkru var frá því sagt, að þeir mundu vegna offramleiðslu á kjöti í Noregi ekkert kaupa af okkur í ár. Þess vegna ræddi ég þetta ítarlega við kollega minn sem viðskiptamál milli þjóðanna. Hann lofaði að taka málið upp og athuga vandlega um kaup á 600 tonnum af kjöti á þessu ári. Er mér kunnugt um að hann hefur þegar tekið það mál upp við landbrh., en lyktir málsins eru óráðnar enn þá.

Þá voru rædd sameiginleg hagsmunamál Íslands og Noregs um frjáls viðskipti sjávarafurða innan EFTA og Efnahagsbandalags Evrópu og til Nígeríu. Þótt Íslendingar og Norðmenn séu stundum keppinautar á alþjóðlegum mörkuðum hafa þeir þó sameiginlegra hagsmuna að gæta til að tryggja frjáls alþjóðleg viðskipti þar sem bæði löndin eru mjög háð utanríkisviðskiptum.

Þá var rætt um dagskrármál í EFTA vegna inngöngu Portúgals og Spánar í Efnahagsbandalag Evrópu, sérstaklega með tilliti til að tryggja áfram fríverslun við Portúgal og jafnframt fríverslun við Spán.

Þá var rætt um hugsanleg olíuviðskipti í framtíðinni, en við höfum næga olíu annars staðar frá á þessu ári á hagkvæmu verði og að teknu tilliti til almennra viðskiptahagsmuna. Öllum dyrum er haldið opnum til lengri framtíðar ef hagkvæmt þykir.

Þá urðu langar umræður um ríkisstyrki Norðmanna til iðnaðar og sjávarútvegs og skattlagningu þeirra greina. Vegna húsgagnaiðnaðar létu Norðmenn í té skýrslu að minni beiðni. Í þeirri skýrslu kemur fram að útflutningur Norðmanna á húsgögnum til Íslands hefur vaxið úr 6.5 millj. norskra kr. 1978 í 12.6 millj. norskra kr. á síðasta ári. Íslenskur útflutningur til Noregs á þessu sviði hefur aðeins vaxið úr 0.1 millj. kr. í 0.2 á sama tíma.

Í sem stystu máli nýtur húsgagnaiðnaðurinn í Noregi lánafyrirgreiðslu frá Byggðasjóði í afskekktum héruðum. Á tímabilinu 1978—1982 hefur verið veitt fé af opinberri hálfu, 5—8 millj. norskra kr. á ári, til endurskipulagningar, hagræðingar, markaðsleitar erlendis og iðnþjálfunar. Er þetta fimm ára áætlun. Að dómi Norðmanna er um óverulega aðstoð að ræða þar sem iðnaðurinn verður að greiða háan launaskatt, allt að 16.8%, mismunandi eftir svæðum.

Þá var ítarlega rætt um stuðning Norðmanna við sjávarútveginn. Hann hefur verið mjög mikill og veldur okkur miklum áhyggjum. Nýja ríkisstjórnin í Noregi stefnir að því, að hver atvinnugrein beri sig án stuðnings. Hefur því verið dregið úr stuðningi við sjávarútveginn. Í fyrra var fjárveiting til stuðnings sjávarútvegi 1400 millj. norskra kr., en á þessu ári hefur hann lækkað í 962 millj. norskra kr. Þannig hefur verið dregið úr stuðningi um nærri því 1/3.

Að lokum vil ég segja nokkur orð vegna niðurlags skýrslu utanrrh., þar sem starfsmenn utanríkisþjónustunnar eru sagðir þeirrar skoðunar að taka þurfi stjórn utanríkisviðskiptamála úr höndum viðskrn. og fela utanrrn. hana. Þetta er gamalkunnugt mál. Ég er í sjálfu sér ekkert að lá starfsmönnum utanrrn. þótt þeir hafi hug á því að færa út kvíarnar. Um breytingu á starfssviði sendiráða er hins vegar ekki að ræða því að þau hafa í áratugi unnið í góðri samvinnu við viðskrn. að þessum málum. Í þessum þýðingarmiklu málum má ekki persónulegur metnaður einstakra starfsmanna ráða ferð-

inni, heldur einungis það sjónarmið, hvernig verði best unnið að utanríkisviðskiptamálum með hag landsins fyrir augum. Í mínum huga er enginn vafi á því, að yfirstjórn utanríkisviðskiptanna á að vera í einu rn. eins og hún hefur verið hér á landi.

Einn þýðingarmesti þáttur utanríkisviðskipta er stjórn innflutnings- og gjaldeyrismála og þar með framkvæmd á gildandi viðskiptasamningum og þátttaka í fríverslunarsamstarfi innan EFTA og við Efnahagsbandalagið. Þessi mál eru mjög nátengd starfssviði Seðlabankans og gjaldeyrisviðskiptabankanna og hafa því af eðlilegum ástæðum verið í höndum viðskrn. síðan það var stofnað árið 1939. Varla ber að skilja ósk starfsmanna utanrrn. þannig, að þeir vilji einnig leggja þessi mál undir utanrrn., en án þess verður ekki um að ræða neina heilsteypta stjórn viðskiptamála.

Ég vil eindregið vara við því, að farið verði inn á þá braut að skipta utanríkisviðskiptamálum á milli tveggja ráðuneyta sem mundu verja miklum tíma og kröftum í að skiptast á bréfum og metast á um starfssvið. Við höfum verið blessunarlega lausir við slíka tvískiptingu sem hefur verið verulegt stjórnarfarslegt vandamál hjá nágrannaþjóðum okkar. Eftir mjög miklar umræður og athuganir ákváðu bæði Norðmenn og Svíar fyrir nokkrum árum að fela einu rn. öll utanríkisviðskiptamálin. Í Noregi er það viðskrn. og í Svíþjóð samsteypa sem kölluð er viðskipta- og utanríkisráðuneyti. Í báðum þessum löndum er það viðskrh. sem fer með yfirstjórn þessara mála, eins og reyndar á sér stað í langflestum viðskiptalöndum okkar.

Því hefur hvergi verið haldið fram, að núverandi fyrirkomulag, sem byggist á nánu samstarfi viðskrn. og sendiráðanna, hafi ekki skilað eðlilegum árangri miðað við það fámenna starfslið sem að þessum málum hefur unnið. Utanrrn. hefur fylgst vel með öllu, sem farið hefur á milli viðskrn. og sendiráðanna, og hefur viðskrn. haft ánægjulegt samstarf við utanrrn. Í okkar fámenna stjórnkerfi er mjög auðvelt að vinna saman þótt um starfsmenn tveggja ráðuneyta sé að ræða. Ég get einnig talað af eigin reynslu þegar ég dreg í efa að samstarf innan utanrrn., milli varnarmáladeildar rn. og aðalskrifstofunnar, sé nokkru nánara en samstarf utanrrn. og viðskrn. Hins vegar álít ég að sá galli sé á núverandi skipan, að starfsmenn utanrrn. fái margir hverjir ekki nægilega reynslu af því að vinna sjálfir að viðskiptamálum meðan þeir starfa hér heima. Á þessu má þó ráða bót með því að láta starfsmenn utanrrn. vinna um tíma, t. d. 1—2 ár, í viðskrn. Þessi hugmynd hefur oft verið rædd, en af hálfu utanrrn. hefur því verið borið við, að ekki væri hægt að sjá af neinum starfsmönnum til viðskrn. vegna anna.

Nú nýlega hefur utanrrn. verið boðið að lána starfsmann í viðskrn. í stað þess starfsmanns viðskrn. sem innan skamms tekur við störfum viðskiptafulltrúa við sendiráðið í London. Um þriggja ára skeið var einn af starfsmönnum viðskrn. staðsettur í sendiráði Íslands í París. Þessi ráðstöfun gafst vel og hefur greitt fyrir viðskiptum á meginlandinu. Sá starfsmaður er nú tekinn við starfi í viðskrn. reynslunni ríkari, og nú fer annar starfsmaður viðskrn. til London. Ég og utanrrh. erum sammála um að þessa starfsemi ætti að auka.

Ég vil að lokum endurtaka þá eindregnu skoðun mína, að stjórn utanríkisviðskiptamála verði að vera á einum stað, í einu og sama rn. Ef sá vilji er fyrir hendi hjá ríkisstjórn og Alþingi að endurskipuleggja Stjórnarráð Íslands með því t. d. að fækka ráðuneytunum um helming tel ég að vel gæti komið til greina að sameina utanrrn. og viðskrn. Annars held ég að viðskiptahagsmunum okkar verði best þjónað með óbreyttri skipan.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Það er nokkuð langt um liðið síðan skýrsla hæstv. utanrrh. um utanríkismál var hér á dagskrá. Er þetta framhald þeirrar umr. Ég sakna þess reyndar, að hæstv. utanrrh. skuli ekki sjálfur vera við til að fjalla frekar um mál þetta, en hæstv. viðskrh. er hér í hans stað. Ég sakna þess líka, að hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, skuli ekki vera við þessa umr., þar sem hann flutti mjög ítarlega ræðu hér þegar fyrri hluti þessarar umr. fór fram og drap þá á ýmisleg atriði sem nauðsynlegt er að fjalla frekar um í þessari umr.

Að venju kemur hæstv. utanrrh. víða við í skýrslu sinni og ástæða er til þess að fjalla um fjölmörg atriði sem hann hefur gert að umtalsefni. Það er þó ekki mögulegt nú frekar en venjulega þegar þessi skýrsla er á dagskrá hér á hv. Alþingi. Mun ég því takmarka mig við nokkur atriði.

Ég vil örlítið víkja að VI. kafla í skýrslu hans, þar sem hann ræðir um þróunarsamvinnu. Ég rifja upp af því tilefni að sumarið 1980 átti ég þess kost að ferðast um Austurlönd og koma m. a. til Indlands og heimsótti þar borgina Kalkútta. Íbúar í þeirri borg munu vera skráðir um 6 millj., en í raun búa þar rúmlega 11 millj. manns. Mununrinn liggur í óskráðu fólki, ekki síst flóttamönnum frá Bangla Desh. Þetta fólk býr á götum borgarinnar, það eldar þar og sefur og lifir öllu sínu lífi þar. Ekki þarf að fjölyrða um að heilbrigðisástand er slæmt og barnadauði mikill og reyndar með ólíkindum að ganga þar um götur og sjá það eymdarlíf sem þar er lifað. Það hlýtur að hafa veruleg áhrif á hvern þann sem heimsækir lönd sem þannig er ástatt fyrir.

Síðar þetta sama ár sat ég Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna í þrjár vikur eins og þm. gera. Þar var ég í nefnd sem fjallaði sérstaklega um aðstoð við þróunarríkin. Á dagskrá þeirrar nefndar var fjöldi tillagna. Þær skiptust aðallega í tvo flokka. Í fyrsta lagi voru það tillögur um neyðaraðstoð, bráða aðstoð vegna ýmissa náttúruhamfara, t. d. þurrka eða flóða, en í öðru lagi tillögur um þróunaraðstoð til lengri tíma til uppbyggingar atvinnulífs og efnahags hinna ýmsu þróunarlanda. Flestar þær tillögur, sem þarna voru á dagskrá, voru samþykktar. Þær fólu í sér veruleg fjárframlög af hálfu Sameinuðu þjóðanna til þessara þjóða. En það var athyglisvert, að Sovétríkin samþykktu allar þessar tillögur, en í hvert skipti sem til atkvgr. kom stóð upp fulltrúi Sovétríkjanna og gerði þann fyrirvara að Sovétríkin mundu ekki taka þátt í aðstoðinni, mundu ekki láta neina fjármuni af hendi rakna til aðstoðar við þróunarríkin. Þetta vakti nokkra athygli, en skýringin, sem gefin var, var sú, að hér væri fyrst og fremst um að ræða aðstoð til gamalla nýlenduríkja og vesturveldin eða Vesturlönd bæru fyrst og fremst ábyrgð á því, hvernig ástatt væri í þessum heimshlutum, og því teldu Sovétríkin enga ástæðu til að þau legðu neitt af mörkum til þess að bæta ástandið þar.

Ég er sammála því sem fram kemur í þessari skýrslu hæstv. utanrrh. um nauðsyn þróunarsamvinnu. Ég vil sérstaklega vitna í ályktun síðasta landsfundar Sjálfstfl. um þessi mál, en þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna hinna almennu frjálslyndu mannúðarviðhorfa,

sem setja svip sinn á stefnu Sjálfstfl., hefur flokkurinn sérstökum skyldum að gegna við mótun skynsamlegrar stefnu gagnvart þrónuarríkjunum. Aðstoð Íslands við þessi ríki hefur verið hlutfallslega lítil. Undanfarin ár hefur árlegt framlag til þessara mála numið 0.05—0.06% af þjóðartekjum. Íslendingar hafa þó skuldbundið sig, m. a. með lögum frá Alþingi, að stefna að því að 1% af þjóðartekjum verði varið til að sinna aðstoð við þróunarlöndin. Af siðferðilegum ástæðum ber Íslendingum skylda til að gera það sem í þeirra valdi er til að koma í veg fyrir að meðbræður þeirra í öðrum löndum og álfum svelti eða líði skort á annan hátt. Jafnframt skal til þess litið, að hagsmunir Íslendinga og þróunarþjóða falla saman með margvíslegu móti.

Áhrifum sínum á alþjóðavettvangi eiga Íslendingar að beita til að efla stuðning við þróunarlöndin og standa þar með einnig vörð um grundvallaratriði viðskipta og athafnafrelsis. Meta á hverju sinni hvaða leið er heppilegust og skilar mestum árangri við þróunarríkin og nýtir best fjármagn og mannafla af Íslands hálfu. Í því efni mun reynslan af aðstoð Íslands við Grænhöfðaeyjar vafalaust verða stefnumarkandi. Samhliða því, sem ríkisvaldið hefur þá forgöngu sem hæfileg og eðlileg er miðað við skipan þróunaraðstoðar á alþjóðavettvangi skal með ráðum og dáð hlúð að starfi þeirra aðila og félagasamtaka sem starfa að þróunaraðstoð."

Svo segir í ályktun landsfundar Sjálfstfl. um þetta mál. Ég minni enn fremur á að ýmsir þm. Sjálfstfl. hafa haft verulegt frumkvæði hér á Alþingi um aðstoð við þróunarlöndin og þróunarsamvinnu. Nefni ég þar sérstaklega það frumkvæði sem fyrrv. hv. þm., prófessor Ólafur Björnsson, hafði hér á Alþingi um þetta efni.

Á bls. 8—9 í skýrslu utanrrh. er fjallað um afvopnunarmálin. Þar rekur hann m. a. ýmsar viðræður sem fram hafa farið um afvopnunarmál, m. a. viðræðurnar í Genf milli Sovétmanna og Bandaríkjamanna um meðaldræg kjarnavopn í Evrópu. Ég vil aðeins vitna í kafla í skýrslu hæstv. ráðh. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það er ekki síst hinar langdrægu og nákvæmu SS-20 eldflaugar Sovétríkjanna sem orðið hafa hvatinn af INF-viðræðunum í Genf. Ríki Vestur-Evrópu vöknuðu upp við vondan draum eftir að uppsetning þessara vopna var hafin á árinu 1977. Hófust þá fljótlega umræður innan Atlantshafsbandalagsins um viðbrögð við þessari nýju ógnun. Komu þau fram í tvíþættri ákvörðun ráðherrafundar NATO í des. 1979, annars vegar ákvörðun um að komið skyldi fyrir á nokkrum stöðum í Vestur-Evrópu 108 Pershing-II eldflaugum og 464 stýriflaugum, öllum búnum kjarnaoddi, en samtímis yrðu jafnmörg eldri kjarnavopn fjarlægð og 1000 kjarnaoddar til viðbótar. Hins vegar var ákvörðun um að Bandaríkjamenn byðu Sovétmönnum til viðræðna um takmörkun á kjarnaflaugum í Evrópu. Tilgangur þessarar tvíþættu ákvörðunar var að knýja fram samningaviðræður, enda lá fyrir að Atlantshafsbandalagið mundi ekki hefja uppsetningu hinna fyrstu af þessum vopnum fyrr en undir lok ársins 1983 og því nokkuð rúmur tími til viðræðna. Í þessu sambandi má geta þess, að nú munu Sovétríkin hafa um það bil 280 SS-eldflaugar með þrem kjarnaoddum hverja. Flestum er þeim bent að Vestur-Evrópu og ein ný bætist að meðaltali við í viku hverri. Hin þekkta rannsóknastofnun í hernaðarfræði í London (the International Institute for Strategic Studies) telur að kjarnavopnastyrkurinn í Evrópu í dag sé 3.27:1 Sovétríkjunum í hag. Það, sem er enn alvarlegra, er þó sú staðreynd, að í meðaldrægum kjarnaflaugum á landi eru Sovétríkin nær einráð og þessir yfirburðir bætast við þá verulegu yfirburði sem Sovétríkin hafa alla tíð frá stríðslokum haft í öllum öðrum tegundum vopnabúnaðar.

Ekki þarf að taka það fram, að við Íslendingar styðjum heils hugar allar raunhæfar tilraunir til afvopnunar, en til þess að unnt sé að ræða þessi mál af hreinskilni verða menn að gera sér ljósa grein fyrir grundvallarstaðreyndum. Ófriðarhættu verður ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Þvert á móti kynni hún að aukast til muna ef út á þær brautir væri farið. Haldi vígbúnaðarkapphlaupið óheft áfram er voði vís. Evrópuríkin þurfa því að beita sér fyrir gagnkvæmri takmörkun vígbúnaðar. Markmiðið verður að vera að tryggja að ekki komi til nýrrar styrjaldar í Evrópu. Heimsstyrjöldin síðari kostaði tugi milljóna mannslífa og gífurlega eyðileggingu í Evrópu. Ný styrjöld, jafnvel þótt hún yrði háð án nokkurra kjarnavopna, gæti haft enn skelfilegri afleiðingar."

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu hæstv. ráðh. Ég er mjög sammála þeim skilningi sem hæstv. utanrrh. hefur þarna á þróun mála í Evrópu. Hæstv. ráðh. tekur alveg af skarið í skýrslu sinni um að ófriðarhættu verði ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Að mörgu leyti er þetta kjarni þeirrar umræðu sem nú fer víða fram um afvopnunarmál.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gagnrýndi mjög harðlega þennan kafla í skýrslu utanrrh., ekki síst þann þáttinn sem greindi frá kjarnorkuvopnastyrk í Evrópu, þar sem fram kemur að hlutfallið sé 3.27:1 Sovétríkjunum í hag. Allt væri þetta flóknara mál en svo að slíkum mælikvarða yrði beitt. Það er vissulega flókið mál að meta vopnastyrk og vopnabúnað stórveldanna. En hv. þm. fór þó í ræðu sinni af vettvangi Evrópu yfir í heimssamanburð í vopnastyrk samkv. upplýsingum sem um það hafa birst í blöðum.

Hvað sem segja má um styrk stórveldanna á heimsmælikvarða í hinum einstöku greinum vopnabúnaðar held ég að það sé þó staðreynd, sem flestum ber saman um, að Sovétríkin hafa yfirburðastyrk í Evrópu. Þetta kemur t. d. mjög glögglega fram nú þessa dagana í þeim miklu umræðum sem fram fara í Bandaríkjunum um frystingu eða „freezing" kjarnorkuvopna, eins og það heitir, og skal ég nánar víkja að því hér á eftir. En þessir miklu yfirburðir voru grundvöllur ákvörðunar Atlantshafsbandalagsins í des. 1979 um að setja upp Pershing-II eldflaugarnar. Og það má líka hafa í huga, eins og hæstv. ráðh. bendir réttilega á í skýrslu sinni, að í Evrópu hafa Sovétríkin einnig gífurlega yfirburði í öðrum tegundum vopnabúnaðar en kjarnorkuvopnum.

Inn í þessa umræðu hefur blandast nokkuð starf friðarhreyfinganna sem reyndar hafa komið hér til umræðu á Alþingi áður í vetur. Það er enginn vafi á því, að innan þeirra hreyfinga starfar mjög margt góðra manna með einlægan friðaráhuga. Aðrir í þeim hreyfingum hafa þó vafasamari fortíð í þeim efnum, svo að ekki sé meira sagt. Það hlýtur að vekja nokkra tortryggni hve Sovétríkin hafa geysilegan áhuga á þessu starfi, hafa mikinn áhuga á að efla friðarhreyfingarnar í Vestur-Evrópu, og upplýst er í fleiri en einu landi að þau geri tilraunir til — og heppnist í sumum tilvikum a. m. k. — að fjármagna þessa starfsemi.

Nú er það svo, að í orði kveðnu eins og hér hef-

ur verið bent á m. a. af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni — er gagnkvæm afvopnun beggja risaveldanna á stefnuskrá friðarhreyfinganna í Evrópu. Hins vegar er það svo í raun, eins og margsinnis hefur verið lýst, að eins og friðarhreyfingarnar starfa, með þrýstingi á vestræn stjórnvöld fyrst og fremst, þá er krafa þeirra fyrst og fremst krafa um einhliða afvopnun vesturveldanna, sem að sjálfsögðu getur stofnað friði í hættu, eins og hæstv. utanrrh. drepur réttilega á í skýrslu sinni. Reyndar eru sumir forustumenn friðarhreyfinganna í Evrópu heldur ekkert feimnir við að viðurkenna það, að þeirra hugur standi til einhliða afvopnunar, a. m. k. til að byrja með, ef annað reynist ekki fært.

Hér var t. d. á ferð ekki alls fyrir löngu einn helsti hugmyndasmiður friðarhreyfinganna í Evrópu, sagnfræðingurinn Edward Thompson. Hann mun reyndar hafa verið nú um helgina með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, eftir því sem Þjóðviljinn segir, á sérstökum fundi í Glasgow, þar sem þeir tveir voru fyrirlesarar og fulltrúar friðarsamtaka. Þessi maður, Thompson, fór ekki dult með hugmyndir sínar um einhliða afvopnun, þegar hann var hér á dögunum, en hann kom hingað til að stappa stálinu í hernámsandstæðinga, eins og sagt var á einum stað þegar getið var um komu hans hingað. Ég held reyndar að það hafi verið í tímariti Máls og menningar. Hann hélt blaðamannfund og skrifuðu ýmis blöð um þann fund. Þjóðviljinn hefur t. d. eftir honum í helgarblaði sínu 27.—28. mars, með leyfi hæstv. forseta:

„Og þegar sagt er við okkur að einhliða afvopnun sé hættuleg hernaðarjafnvæginu, þá vísum við til þess, að tvíhliða samningar stórveldanna um þessi mál hafa staðið yfir 30 ár og ekki borið neinn árangur."

Síðar í þessari frásögn er Thompson spurður að því, hvernig friðarhreyfingin standi að vígi í breska Verkamannaflokknum. Þá segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „Allar friðartillögur fengu góðan meiri hluta á síðasta þingi flokksins og minnstu munaði að $^{2}/_{3}$ atkvæða fengjust með einhliða kjarnorkuafvopnun og niðurrifi bandarískra herstöðva."

Þarna er það alveg ljóst, að þessi ágæti maður — og reyndar fleiri honum samsinna — hafa barist fyrir því innan Verkamannaflokksins að einhliða afvopnun ætti sér stað, enda er það svo, að Verkamannaflokkurinn breski virðist vera að ganga af sjálfum sér dauðum. Í Alþýðublaðinu er skýrt frá þessum blaðamannafundi og þar eru höfð eftir þessum manni 23. mars. s. l. svohljóðandi ummæli með leyfi forseta:

„Allt tal um hættu, sem stórveldunum hvoru um sig kann að stafa af einhliða ákvörðun um samdrátt í framleiðslu gereyðingarvopna eða jafnvel fækkun þeirra, er gersamlega út í hött."

Það fer því ekkert á milli mála að hér talar eindreginn postuli einhliða afvopnunar. Þessum manni var tekið með kostum og kynjum af Alþb. þegar hann var hér á ferð um daginn. Samtök hernámsandstæðinga héldu sérstakan fund með honum og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur sérstaklega vitnað til þessa manns og hefur nú verið á ferðalagi með honum til þess að prédika sín sannindi. En það er fróðlegt að huga að fleiri atriðum í skoðunum þessa aðalpersónugervings friðarhreyfinganna og Samtaka hernámsandstæðinga. Í tímariti Máls og menningar, 1. hefti 1982, eru ákaflega fróðleg bréfaskipti birt undir fyrirsögninni: Frelsið og sprengjan. Þar er um það að ræða, að Thompson hafði verið á ferðalagi í Tékkóslóvakíu og komið víða að lokuðum dyrum, eins og segir í Tímariti Máls og menningar, en eftir að hann fór þaðan ritaði tékkneskur maður honum bréf undir dulnefni þar sem hann mótmælir ýmsum þeim skoðunum sem Thompson hefur sett fram varðandi afvopnun og friðarmál, og segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki unnt að fallast á að þér skuluð ekki gera neinn mun á þætti blokkanna í „útrýmingu." Slíkt gefur til kynna hættulega einfeldni sem ekki er einstæð í vestri. Friðarhreyfing yðar (Baráttuhreyfing fyrir kjarnorkuafvopnun), sem byggir á þessari fræðilegu einfeldni, virðist því vera ómeðvituð hliðstæða við tilslakanir við fasismann á fjórða áratugnum. Yður kann að virðast þetta óréttmætt, en sem sagnfræðingur vitið þér væntanlega að ekki er allt sem sýnist."

Síðar segir þessi tékkneski maður í þessu bréfi, með leyfi hæstv. forseta:

„Mér skilst að vaxandi fjöldi borgara í vestrænum lýðræðisríkjum fylgist kvíðafullur með auknum vígbúnaði, sem hefði bein áhrif á lönd þeirra, ef til átaka kæmi. Þó verður afvopnunarhreyfingin, ef hún hefst handa og starfar samkv. þeim forsendum sem fram koma í pólitískum skrifum yðar, mjög áhrifaríkt afl, sem vinna mun óafvitandi í þágu alræðiskerfis sem stefnir að heimsyfirráðum, byggðum á afnámi allra mannréttinda.

Eftir fundinn í München hrópaði Chamberlain: „Ég hef verið svikinn." Þar komu í ljós vonbrigði manns er leitaði friðar, en átti með einfeldni sinni þátt í að stríð braust út. Marx ritaði í „Átjánda brumaire Lúðvígs Bonaparte" að sagan endurtæki sig aldrei nema sem skrípaleikur. Ef litið er til þess, sem gerðist í München, sem samkv. skilgreiningu var skrípaleikur, yrði þetta augljóslega slíkur skrípaleikur í öðru veldi."

Thompson svarar þessu í mjög löngu bréfi, þar sem hann beitir mjög flókinni og oft langsóttri röksemdafærslu, og mótmælir þeim hugmyndum eða þeim fullyrðingum sem þarna koma fram hjá hinum tékkneska manni. En það fer þó ekki á milli mála, að samúð Thompsons liggur mjög hjá Sovétríkjunum í þeirri baráttu sem hér fer fram. Ég vil leyfa mér að vitna í það sem hann segir í sinni grein, en þá vitnar hann reyndar til bókar, sem hann hafði ritað, og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef gengið er eftir skoðun minni, leyfi ég mér að telja háska og ögrun sovéska ríkisvaldsins fremur beinast að eigin þjóð og þeim þjóðum sem byggja fylgiríki Sovétríkjanna. Stjórnendur Sovétríkjanna hafa lögreglu- og öryggissjónarmið að leiðarljósi, eru fangar eigin hugmyndafræði, vanastir því að mæta andstæðum sjónarmiðum með kúgun og skriðdrekum. En þó virðist mér sem Sovétríkjunum sé tamast að beita umsátri og ágengri vörn. Jafnvel hin ruddalega og klúðurslega íhlutun í Afganistan virðist stjórnast af ótta við hernaðaráætlanir Bandaríkjamanna og Kínverja.

Bandaríkin virðast mér vera sá aðilinn sem er háskalegri og meira ögrandi, og ríkjandi hernaðar- og utanríkisstefna þeirra þrengir að Sovétríkjunum með ógnandi herstöðvum. Það er miklu fremur í Washington en Moskvu sem menn velta fyrir sér ólíkum sviðsmyndum í „leikfangastyrjöldum," og það er í Ameríku sem gullgerðarmenn ofurdrápsins, hinir slyngu tæknifræðingar „yfirburða" og úrslitavopna, knýja fram stjórnastefnu morgundagsins.

En við þurfum ekki að byggja athafnir okkar á því að

taka aðra blokkina „fram yfir" hina. Það er óraunsætt og gæti sundrað okkur. Það, sem mestu ræður, er sú orsakakeðja sem er sameiginleg og magnar ljótustu drættina í báðum samfélögum, og hrekur þau á hnignunarbraut í kjarnorkufaðmlögum."

Hér lýkur tilvitnun. Ég held að það sé alveg ljóst af þessu m. a., hvar samúð Thompsons liggur. Hann telur að háski og ögrun soveska ríkisvaldsins beinist frekar að eigin þjóð og þeim þjóðum sem byggja fylgiríki Sovétríkjanna. Hann notar orðið „fylgiríki Sovétríkjanna" um öll þau ríki sem Sovétríkin hafa gegnum árin og áratugina tekið undir sig með valdi. Hann nefnir Ungverjaland, Pólland, Tékkóskóvakíu, Eistland, Lettland og Litháen fylgiríki Sovétríkjanna. Þess verður ekki langt að bíða, eftir þessari skilgreiningu, að Afganistan verði fylgiríki Sovétríkjanna. Og hver veit hvaða lönd næst komast í þann hóp, ef Vesturlönd slaka á þeim sameiginlegu vörnum sem þau hafa haft og hafa komið í veg fyrir frekari útþenslu Sovétríkjanna í Evrópu.

Ég sagði áðan að þrýstingur friðarhreyfinganna kæmi fyrst og fremst á stjórnvöld í Vestur-Evrópu. Það er að vísu látið að því liggja og um það birtast oft fréttir, m. a. í Þjóðviljanum í morgun, að hafður sé uppi þrýstingur á stjórnvöld í Austur-Evrópu í þessu sambandi, og minnst er á undirskriftasafnanir t. d. í Austur-Þýskalandi í Þjóðviljanum í morgun. Þeir, sem þekkja til í stjórnkerfi þessara ríkja, t. d. tékkneski bréfritarinn, sem ég vitnaði til áðan, og reyndar ýmsir aðrir vafalaust, m. a. ýmsir þm. hér á hv. Alþingi, vita að allt tal um slíkan þrýsting á stjórnvöld þar er hrein vitleysa. Slíkar hreyfingar fá að starfa og mega starfa meðan þær gera ekki of mikinn skaða, en hervaldi er miskunnarlaust beitt gegn þeim, ef þörf krefur, eins og dæmin sýna m. a. um Samstöðu í Póllandi. Þessari staðreynd breyta engar fjöldagöngur eða útifundir í vestrænum borgum. Þrýstingurinn getur haft áhrif á Vesturlöndum, honum er ætlað að hafa áhrif þar, getur hugsanlega leitt til einhliða afvopnunar vesturveldanna, sem er afar háskaleg fyrir öryggi Vestur-Evrópu. Og reyndar telja ýmsir stjórnmálafræðingar að þessi starfsemi hafi þegar tafið fyrir afvopnunarviðræðum, þar sem Sovétríkin telji að það sé rétt að bíða, halda að sér höndum og sjá hvað setur, hvort vesturveldin muni ekki hreinlega sjálf afvopnast vegna þrýstings innan frá.

Það þarf ekki mörgum orðum að því að eyða, að einhliða afvopnun vesturveldanna gerir að sjálfsögðu annan aðilann sterkari, þann aðilann sem um árabil hefur stundað grímulausa útþenslustefnu hér í Evrópu og mundi væntanlega ekki hika við að grípa inn í hvar sem tómarúm myndaðist á þessum slóðum, eins og gerist annars staðar í heiminum.

Að undanförnu hafa átt sér stað miklar umræður í Bandaríkjunum sem líkt hefur verið við þær friðarhreyfingar sem hafa verið starfandi í Evrópu og voru mjög áberandi s. l. sumar. Enginn vafi er á því, að grundvöllur þessarar hreyfingar í Bandaríkjunum er sá sami og hreyfinganna í Evrópu — og reyndar sá sami sem býr í hugum okkar allra, þ. e. hugsjónin um frið og að mannkyni verði forðað frá hildarleik styrjaldar. Hins vegar er verulegur munur á þessari hreyfingu í Bandaríkjunum og í Evrópu. Um það get ég sérstaklega hér að gefnu tilefni frá hv. 11. þm. Reykv. í umr. hér fyrir nokkrum vikum. Þessi hreyfing hefur allt annað yfirbragð í Bandaríkjunum. Baráttan þar hefur verið með miklu hæglátara yfirbragði. Þar hefur fyrst og fremst verið lögð áhersla á umræðufundi, kvikmyndasýningar, fræðslu- og bænastundir í kirkjum. Að vísu er nú fyrirhuguð allmikil ganga og mikill útifundur sem haldinn verður í New York 12. júní n. k. í tengslum við afvopnunarþing Sameinuðu þjóðanna, sem hefst fyrri hluta júní. En þessi hreyfing hefur þó haft á sér allt annað yfirbragð. M. a. hafa þeir í Bandaríkjunum losnað við það yfirbragð sem ýmsir kommúnistaflokkar í Evrópu hafa sett á hreyfinguna þar.

Það er annar mjög mikilvægur munur einnig sem rétt er að hafa í huga. Í öllum umræðum um frystingu eða „freezing", eins og það heitir þar, og í öllum tillögum um það hefur höfuðáhersla verið lögð á tvíhliða samninga. Hugmyndirnar um einhliða afvopnun, sem er ákaflega grunnt á hjá ýmsum forsvarsmönnum friðarhreyfinganna í Evrópu, eins og ég gat um áðan og vitnaði til ummæla Thompsons, þær umræður hafa ekki átt sér stað í Bandaríkjunum. Tillögurnar þar eru fyrst og fremst tillögur um gagnkvæma stöðvun á framleiðslu og niðursetningu kjarnorkuvopna. Vitnað var til þess, að tveir þm. í öldungadeildinni bandarísku, þeir Edward Kennedy og Mark Hatfield, sem eru hvor úr sínum flokki, hafi flutt tillögu um þetta efni inn í bandaríska þingið. En það er eitt atriði mjög athyglisvert í þessum tillöguflutningi, sem m. a. hefur komið fram í yfirlýsingum sem hafðar hafa verið eftir Kennedy um þetta efni. Hann hefur lýst því yfir, að framkvæmd þessarar tillögu kalli á gagnkvæmt eftirlit. En þar yrði um að ræða algerlega nýtt spor í afvopnunaraðgerðum því að Sovétríkin hafa aldrei fallist á slíkt eftirlit hingað til. Tillaga þeirra er reyndar mjög umdeild í Bandaríkjunum. Og það er mjög athyglisvert fyrir okkur Evrópubúa, að helstu mótrök gegn tillögunni um frystingu á framleiðslu og niðursetningu kjarnorkuvopna eru þau, að Sovétmenn hafi slíka yfirburði í Evrópu að frysting nú mundi gera það að verkum, að þessir yfirburðir yrðu festir í sessi til óákveðins tíma. Þess vegna hafa ýmsir í Bandaríkjunum snúist gegn þessari tillögu, en jafnframt flutt aðrar tillögur um svipað efni, sem byggja á sömu hugmyndum, þ. e. afvopnun og fækkun kjarnorkuvopna, en hafa viljað fara öðruvísi að. Mér þótti rétt að gera þetta nokkuð að umtalsefni af sérstaklega gefnu tilefni frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni.

Hv. þm. ræddi allmikið um kjarnorkuvopn í hafinu og hefur reyndar bæði hér á Alþingi og annars staðar svo og Alþb. og Þjóðviljinn tekið upp mjög mikinn áróður um það, að nú sé fyrirhuguð stórfelld aukning á kjarnorkuvopnum í hafinu umhverfis Ísland eða hér á Norður-Atlantshafi. Ég vil í þessu sambandi í fyrsta lagi rifja upp að áður en ákvörðunin var tekin í des. 1979 um að setja niður Pershing-II eldflaugarnar hjá Atlantshafsbandalaginu og að það verk skyldi hafið 1983, þá áttu sér stað miklar umræður um hvort setja skyldi niður þessar eldflaugar á landi eða í sjó, þ. e. hvort færa skyldi þær út í hafið. Þær umræður leiddu til þess, að ákvörðun var tekin um að þær skyldu settar niður á landi. Því réðu bæði tæknilegar og fjárhagslegar ástæður sem ég skal ekki fara nánar út í hér. Því var sem sagt hafnað að setja þessar eldflaugar niður í hafið.

Hins vegar er vafalaust eitthvað til í því, að starfsemi friðarhreyfinganna og mótmæli gegn því að setja þær niður á landi geri það að verkum að einhverjum a. m. k. dettur í hug að hægt sé að taka upp gömlu hugmyndirnar

aftur og setja þessar eldflaugar niður í hafið, en þá er að sjálfsögðu fyrst og fremst fyrir að þakka þeim aðilum sem vilja ýta þeim frá sér, þ. e. þeim sem berjast innan friðarhreyfinganna í Evrópu. En því er ekki að leyna og við skulum horfast í augu við það, að það hafa átt sér stað umræður um aukinn vígbúnað á hafinu.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson vitnaði í skrif Tímans í þessu sambandi og vitnaði sérstaklega í viðtöl sem blaðamenn Tímans hafa átt við stofnun sem heitir „Center for Defence Information" í Bandaríkjunum. Þessi stofnun hefur ekki hingað til reynst áreiðanleg heimild um vopnabúnað á Íslandi. Það var þessi stofnun sem hélt því fram á sínum tíma, að líklegast væru kjarnorkuvopn staðsett á Íslandi. Það var þessi stofnun sem olli miklu umróti hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, hjá Alþb. og fréttastofu Ríkisútvarpsins, sem tók þessa frétt upp fyrir rúmu ári, þó að hún væri reyndar orðin gömul þá, og gerði mikið veður út af henni. Nú hefur þessi sama stofnun kveðið upp úr með það, að kjarnorkuvopn séu ekki geymd á Íslandi. Það eru engin ný sannindi fyrir okkur Íslendinga. En það hefði mátt búast við að þetta yrði alla vega tilefni til þess, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson eða einhver annar þm. Alþb. viðurkenndi nú, eftir þessari sömu heimild, að bæði hann, Þjóðviljinn og aðrir hefðu haft rangt fyrir sér á sínum tíma. En ekkert hefur heyrst í þá áttina. Hins vegar er nú að nýju byrjað að vitna til þessarar ágætu stofnunar í Bandaríkjunum um vígbúnað í hafinu og vitnað til viðtala sem Tíminn átti við forsvarsmenn stofnunarinnar þar sem segir, eins og Tíminn orðar það, að ráðamenn í Bandaríkjunum og hjá NATO hafi „íhugað þann möguleika vandlega" að koma eldflaugum fyrir í skipum og kafbátum vegna andstöðu friðarhreyfinganna í Evrópu við kjarnorkueldflaugum í landi.

Þessu má ekki rugla saman, eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur gert, við hugmyndir og áætlanir um aukningu bandaríska flotans. Þar eru vissulega uppi hugmyndir um að búa flotann eldflaugum eða stýriflaugum. En eldflaugar þurfa alls ekki að vera búnar kjarnorkuvopnum. Og það liggur fyrir að a. m. k. ekki nema í mjög litlum mæli er fyrirhugað að búa þessar eldflaugar, sem ætlunin er að setja í kafbáta og skip, kjarnorkuvopnum. Þetta á við flotann almennt, en ekki sérstaklega þann flota sem staðsettur er á Norður-Atlantshafi. Þetta á við um Kyrrahafsflotann, þetta á við um flotann í Indlandshafi og víðar, þannig að það eru ýkjur þegar því er haldið fram, að þessar áætlanir beinist sérstaklega að því að auka kjarnorkuvopnabúnað í skipum hér á hafinu kringum Ísland eða í Norður-Atlantshafinu.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði mikið úr því, að hæstv. utanrrh. skyldi ekki hafa minnst á þennan aukna vopnabúnað flotans í sinni skýrslu. Honum verður gjarnan tíðrætt um það, sem menn minnast ekki á í ræðum sínum eða skrifum, og leggur út af því. En ég tók sérstaklega eftir því, að hv. þm. minntist ekki í sinni ræðu á kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, sem var mjög mikið í umræðum t. d. fyrir ári þegar við ræddum um skýrslu hæstv. utanrrh. Ástæðan er augljós. Talið um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, þ. e. um einhliða yfirlýsingu Norðurlanda um kjarnorkuvopnalaust svæði þar, hefur mjög fallið niður á Norðurlöndum eftir þá atburði sem þar hafa gerst. Þar má m. a. minna á kafbátinn sem strandaði í Karlskrona, sovéska kafbátinn sem var búinn kjarnorkuvopnum. Og í Danmörku og Noregi hefur hver atburðurinn rekið annan sem benda til þess, að Sovétríkin leggi verulegt fjármagn til starfsemi friðarhreyfinganna í þessum löndum, og skal ég ekki fara nánar út í það. En allt þetta hefur gert það að verkum, að almenningur á Norðurlöndum er auðsjáanlega búinn að sjá tengslin þarna á milli og því hefur sá mikli áhugi, sem virtist vera á tímabili fyrir einhliða yfirlýsingum um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum, mjög dofnað.

Það er athyglisvert í sambandi við umræður um utanríkismál hér, að allar ræður, t.d. Alþb., um vopnabúnað á Íslandi eða í kringum Ísland eða sem tengist Íslandi á einhvern hátt, eru mjög ýktar. Það kom m. a. fram í ræðu hv. 11. þm. Reykv. Ég átta mig ekki alveg á hver er tilgangurinn með þessu, nema ef vera skyldi sá sem Alþb. hefur boðað, að hafa uppi einhvers konar hræðsluáróður, að reyna að hræða Íslendinga frá þátttöku í varnarsamstarfi vestrænna þjóða. Það kann vel að vera að þetta sé liður í þeirri áróðursherferð. Ég er í engum vafa um það hins vegar, að þessi áróður, sem Alþb. heldur uppi hér, er gripinn á lofti í Sovétríkjunum og Sovétríkin telja sig a. m. k. í orði kveðnu draga af honum mjög miklar ályktanir. Þetta sjáum við hvað eftir annað í fréttum, sem berast hingað um fréttaflutning sovéskra blaða, hvort sem það er blaðið Rauða stjarnan eða Pravda. T. d. birtist í Morgunblaðinu fréttaskeyti frá Associated Press í Moskvu 8. apríl s. l. haft eftir málgagni sovéska kommúnistaflokksins, að Bandaríkjamenn væru að breyta Íslandi í sóknarstöð. Þeir rekja í þessari frétt sinni, að það hafi komið til alvarlegs ágreinings innan íslensku ríkisstj. vegna bandarísku herstöðvarinnar, og fullyrða „að samkv. því, sem segir í íslenskum blöðum, eru áætlanir bandarískra varnarmálaráðuneytisins þær, að við flugherstöðina í Keflavík skuli bætast herskipahöfn þar sem bandarísk herskip geta athafnað sig í framtíðinni. Með þessum hætti eru ráðamenn í Washington að reyna að auka hernaðarstyrk sinn á Íslandi undir margvíslegu yfirskini og þar með breyta eyjunni í marghliða sóknarstöð til að hrinda árásaráformum í framkvæmd." Þetta segir Pravda. Og hvaðan skyldi Pravda hafa þessar hugmyndir um að verið sé að breyta Íslandi í slíka árásarstöð? Þær heimildir, sem Pravda, málgagn sovéska kommúnistaflokksins, hefur, eru fyrst og fremst Þjóðviljinn og fyrst og fremst hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson.

Slíkar fullyrðingar, sem eru algerlega staðlausir stafir, eins og margoft hefur verið talað um bæði hér á hv. Alþingi og annars staðar, eru að sjálfsögðu til þess eins fallnar að leitast við að koma því inn hjá Rússum, að hér séu að eiga sér stað gífurleg hernaðarumsvif, sem er fjarri lagi. Það eitt út af fyrir sig er að sjálfsögðu ekki gert með íslenska hagsmuni fyrir augum.

Herra forseti. Ég læt nú senn máli mínu lokið. Við erum vafalaust öll á þeirri skoðun, að sú mesta hætta, sem steðji að mannkyni í dag, sé hættan á styrjöld og að heimurinn fari sér að voða í kjarnorkustríði. Og ég held að við séum öll sammála um að slíkt beri að forðast, því að afleiðingarnar yrðu slíkar að enginn getur séð þær fyrir. Menn kann að greina á um það, hvernig komið verði í veg fyrir slíka styrjöld. Við, sem aðhyllumst samstarf við vestrænar þjóðir, höfum verið þeirrar skoðunar, að tilvist Atlantshafsbandalagsins og samstarf við það hafi orðið til þess að varðveita frið í þessum heimshluta í þau rúmu 30 ár sem Atlantshafsbandalagið hefur

starfað. Við vitum líka að hér er um að ræða vissa hugsjónabaráttu. Þetta er spurningin um stríðandi öfl í heiminum. Þetta er spurningin um það, hvort við viljum skipa okkur á bekk með vestrænum lýðræðisþjóðum og vernda það þjóðskipulag, sem við höfum kosið, eða hvort við viljum kalla yfir okkur það þjóðskipulag sem kommúnistaríkin viðhafa hjá sér, þjóðskipulag einræðis, ofbeldis og kúgunar, sem alltaf kemur fram fyrr en varir og við sjáum síðasta dæmið um í Póllandi nú á þessum vetri.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég sé mig knúinn til þess að kveðja mér hljóðs um þingsköp, þar sem forseti ætlar að fresta enn á ný umr. um skýrslu utanrrh. Ég tel það óviðunandi að slíta umr. um mál svo í sundur sem nú horfir. Þar sem langt hefur liðið á milli þess, að umr. um skýrslu utanrrh. hófust og nú þangað til framhald þeirra er, þá finnst mér alveg útilokað annað en þessari umr. verði lokið. Það er ekki hægt að sýna svo mikilvægum málaflokki sem utanríkismálum — og skýrslu utanrrh. þar með — þá óvirðingu að slíta umr. um málið svo í sundur sem ætlun sýnist vera. Ég mótmæli því eindregið.

Forseti (Jón Helgason): Um hádegið óskaði formaður þingflokks Sjálfstfl. eftir því, að gefið yrði hlé til þingflokksfunda í dag. Samkomulag varð milli okkar um að það yrði kl. 5. Fundi yrði þá frestað til kl. hálfníu. Þar sem næsti maður á mælendaskrá um utanríkismál, hv. 5. þm. Vesturl., tjáði mér að hann mundi ekki verða búinn að ljúka sinni ræðu kl. 5, taldi ég að það væri æskilegra að fresta umr., áður en hann byrjaði, heldur en fara að slíta í sundur ræðu. Þess vegna tel ég þetta óeðlileg mótmæli. Hins vegar ætlaði ég að nota tímann nú til þess að renna í gegn umræðulitlum málum fram til kl. 5.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að það er engin trygging fyrir því, að till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984 verði umræðulaus. Það er engin trygging fyrir því, að vegamálin beri á góma hér á Alþingi með öðrum hætti. Ég held því að það sé óhjákvæmilegt að gefa alþm. svigrúm til þess að ræða um það, hvernig staðið hefur verið að vegáætlun og samgöngumálunum í heild og þeim nýju viðhorfum sem komið hafa fram í þeim málum. Ég vil óska þess, að umr. um vegáætlun verði hagað með þeim hætti, að hún geti orðið heilleg og að alþm. gefist kostur á að ræða málið í beinu framhaldi af ræðum ráðh. um þau efni.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér var vel kunnugt um það að formaður þingflokks sjálfstæðismanna óskaði eftir því, að hlé væri gefið á fundum í dag til þess að halda þingflokksfundi. Sú ósk er eðlileg og sjálfsögð, þar sem krafist er af þm. að afstaða sé tekin til margra þingmála á þingnefndarfundum, og að sjálfsögðu er eðlilegt að nm. hafi samráð við flokkssystkini sín hér á þingi. Þess vegna er það liður í störfum Alþingis og þáttur í því, að þau geti gengið eðlilega fram, að hlé sé gefið til þingflokksfunda. Ég tel að frestun umr., til þess að þingflokksfundir séu haldnir sé sama eðlis og frestun umr., sem gerð er þegar kaffihlé er eða matarhlé veitt, og því allt annars eðlis en þegar á að skjóta inn málum og slíta umr. þannig í sundur. Og með því að það hafi verið of mikil brögð að því á þessum vetri, að þessi háttur fundarstjórnar hafi veirð hafður á af hálfu forseta, þá tel ég ástæðu til nú að finna mjög að því ef uppteknum hætti á að halda.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hér er um það að ræða að fresta umr. núna þegar klukkuna vantar korter í 5 eða kl. 5, og það liggur fyrir að sá þm., sem næstur ætlar að taka til máls, hefur látið í ljós þá skoðun, að hann muni ekki geta lokið sinni ræðu. Mér finnst varla efni til þess af þessari ástæðu fyrir hv. 1. þm. Reykv. að gera úr þessu eitthvert „drama" hér á Alþingi. Mér finnst þetta eðlileg vinnubrögð af hálfu forseta, eins og málavextir eru, og vil láta það í ljós. (**GH:** Er nokkur trygging fyrir að það verði byrjað á utanríkismálum þegar fundur hefst að nýju, ef byrjað er á vegamálum þegar samgrh. er ekki viðstaddur?)

Forseti (Jón Helgason): Ég tjáði hv. 5. þm. Vesturl. að hann mundi hefja sína ræðu kl. 8.30 í kvöld.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Meginatriðið í þessu máli er að sjálfsögðu að Alþingi gefist kostur á því að fjalla með eðlilegum hætti um þau mál sem afgreiða þarf hér, bæði þau mál, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að afgreidd verði, og eins þau mál, sem lögum samkvæmt ber að leggja fyrir og ræða hér á hinu háa Alþingi. Nú þegar er ljóst orðið, að því er ég tel, að ekki verður unnt að standa við þá stefnu hæstv. forseta að þinglausnir geti farið fram í þessari viku. Mér er kunnugt um að á morgun á að ræða framhald málanna sérstaklega við okkur þingflokkaformenn. Ég vil aðeins ítreka þá ósk mína við hæstv. forseta, að í þeim umr. sjái menn til þess, að hægt verði að taka þau mál, sem hæstv. ríkisstj. óskar eftir að afgreidd verði hér, þau mál sem ber lögum samkv. að afgreiða og ræða, eins og skýrslu utanrrh. og þau mál sem nefndir ætla að afgreiða til þingsins og flutt eru af hálfu þm., að umr. um þessi mál öll geti farið fram með eðlilegum hætti.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem hér hefur þegar raunar komið fram, að ég tjáði forseta er hann spurði mig, að ég mundi ekki verða búinn að ljúka máli mínu þegar fundi yrði frestað. Hann bauð mér þá að byrja mína ræðu kl. 8.30 í kvöld, þegar fundi verður fram haldið, og ég kaus það eðlilega miklu heldur en slíta hana sundur í parta. Ég verð að segja eins og er, að mér finnst þetta fullkomlega eðlileg og góð fundarstjórn raunar.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það eru ýmis mál, sem bíða umr. hér á Alþingi, sem gefa ekki tilefni til langra umræðna og ég er ekki á móti því ef hæstv. forseti vill taka þau til umr. til kl. 5. En ég vek athygli á því að það er ýmislegt ósagt um vegáætlun fyrir árin 1981—1984. Ég vil enn fremur vekja athygli á því, að síðustu upplýsingar hafa leitt í ljós að sá framkvæmdahraði, sem maður bjóst við að yrði á þeim vegum sem er sérstaklega rætt um í þessari þáltill., getur ekki orðið eins og fyrirheit hafði verið gefið um og reiknað hafði verið með. Það er því töluvert ósagt í sambandi við það mál sem var talað um að hespa af á litlu korteri. Ég vil óska eftir því, að umr. um till. til þál. um viðauka við vegaáætlun fyrir árin 1981—1984 verði heilleg og þar geti orðið skoðanaskipti, en sú umr. verði ekki að ástæðulausu klippt í sundur.

Forseti (Jón Helgason): Þar sem klukkan er nú senn að verða 5 og tíminn hefur farið í annað en dagskrármálin verður fundi frestað til kl. 8.30 í kvöld. — [Fundarhlé.]

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vildi fyrst láta í ljós þá von, að það, hversu fáir þm. eru hér viðstaddir, endurspegli ekki áhuga alþm. á því máli sem hér er til umr. Raunar vildi ég mælast til þess við hæstv. forseta, að hann gerði ráðstafanir til þess, að hæstv. viðskrh., sem nú gegnir embætti utanrrh. að því er ég best veit, verði viðstaddur þessa umr. (**Forseti:** Ég skal gera það.) Ég mun þá gera hlé á máli mínu um stund því að það er satt best að segja ekki til mikils að halda þessari umr. áfram meðan enginn ráðh. sér ástæðu til að vera viðstaddur.

Herra forseti. Í þeirri von að ráðh. komi hér fljótlega mun ég halda áfram máli mínu. Raunar hefur það einkennt þessa umr. um utanríkismál það sem af er, hversu lítinn áhuga ráðherrar virðast hafa haft á að vera þar viðstaddir. Lengst af hefur t. d. enginn ráðh. Alþb. verið viðstaddur umr. um þessa skýrslu og lengst af raunar aðeins einn þm. þess flokks, sem kennir sig þó töluvert til áhuga á þessum málum, en sá áhugi endurspeglast vissulega ekki í setu þeirra hér í þingsölum.

Ýmsir af þeim, sem hér hafa tekið til máls, hafa gert að umræðuefni þann kafla í skýrslu um utanríkismál sem fjallar um þróunarsamvinnu. Sem betur fer er það svo, að framlög okkar til þeirra mála hafa nokkuð aukist á undanförnum árum, einkanlega undanförnum tveimur árum, og þá einkum til þeirra mála þar sem við getum lagt mest af mörkum að minni hyggju, þar sem er aðstoð á sviði fiskveiðimála. En engu að síður er það svo, að mikið vantar á að hér sé nógu vel að verki staðið. Það vantar mikið á að náð sé því, að 1% af þjóðarframleiðslu renni til aðstoðar við þróunarríkin. Satt best að segja er það nálægt því að vera skammarvert hversu illa okkur hefur tiltekist í þessum efnum. Við höfum vissulega skyldur að rækja í heimi þar sem í fyrra dóu 46 þúsund börn á dag úr hungri, vannæringu og sjúkdómum. Sem sagt: Fimmta hvern dag höfðu dáið jafnmörg börn og nemur allri íbúatölu Íslands.

Vegna þess, hve skammt og lítið hefur miðað í þessum efnum, höfum við þm. Alþfl. lagt fram á Alþingi þáltill. um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu, um aukinn stuðning Íslendinga við þau ríki sem skemmst eru komin. Fjárhagslegar forsendur þeirrar áætlunar, sem við höfum gert og lagt hér fram, miða við að framlög hins opinbera nemi 0.7% þjóðarframleiðslunnar í lok áætlunartímabilsins, en frjáls framlög almennings og fyrirtækja verði 0.3% þannig að náð verði 1% af markinu. Til þess að ná þessu marki og uns því verði náð er við það miðað að tvöfalda opinbert framlag til þessara mála á hverju ári næstu árin. Ýmsir af þeim hv. þm., sem tekið hafa þátt í þessum umr., hafa gert að umræðuefni ferðir sínar til ýmissa þeirra landa sem eiga við mest vandamál á þessu sviði að etja. Ég er ekki hissa á því, vegna þess að það eitt að heimsækja flóttamannabúðir, t. d. í Tansaníu eða Úganda, segir meira en mikill lestur um þessi mál, að ekki sé talað um fátækrahverfi milljónaborganna, eins og Kalkútta og Bombay.

Í dag hafa hér orðið umr. um ferðalög, m. a. alþm., og fyrirspurnir og svör og ekki svör við þeim fsp. Mér finnst stundum gæta þeirrar skoðunar, að allar ferðir í opinberum erindum til útlanda séu einhvers konar lystireisur og skemmtireisur. Ég held að það væri kannske hollt fyrir suma hv. alþm. að fara í námsferðir til þeirra landa sem við erum hér að fjalla um, til þróunarlandanna. Ég held að það gæti orðið býsna hollt. En það er sem sagt von okkar að þessi till. um langtímaáætlun um þróunarsamvinnu, þar sem er stefnt að sömu markmiðum og nefnd eru í skýrslu hæstv. utanrrh., nái fram að ganga þótt ekki verði það e. t. v. á þessu þingi, en að því er manni skilst lifir nú skammt þessa þings.

Í skýrslu utanrrh. er að venju vikið að öllum meiri háttar þáttum utanríkismála. Þar er fjallað um afvopnunarmál. Þau hafa mjög sett svip sinn á þessar umr. það sem af er. Einkanlega vil ég þar nefna ræðu hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Ragnars Grímssonar, sem flutti hér eina af sínum endemis langlokum. Hann er því miður staddur erlendis um þessar mundir, aldrei þessu vant, og hlýt ég því að beina orðum mínum til flokksbræðra hans, ef einhverjir þeirra skyldu af tilviljun vera staddir hér á þessum þingfundi. Ég sá hæstv. iðnrh. hér áðan og vona að hann heyri mál mitt. Í fjarveru hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar verð ég þá að beina orðum mínum til hans sem talsmanns síns flokks.

Ég held að það sé ekki hægt að segja að ræða sú, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti hér þriðjudag fyrir páska, hafi verið sérstaklega athyglisverð. Í þessum þingsal höfum við oftlega heyrt þessa ræðu áður. Í henni var fátt eitt nýtt, mestmegnis endurtekningar á því sem hann hefur hér áður flutt. Það getur svo sem verið nægilega fróðlegt að hlusta á upplestur úr heimspressunni, en heldur verður það þó leiðigjarnt til lengdar þegar sífellt er tönnlast á því sama. — Og enn vek ég athygli á því, að þegar umr. fer hér fram um utanríkismál hverfa ráðh. Alþb. allajafna úr salnum og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fær aleinn og óstuddur að standa fyrir sínu máli. — En það, sem mér fannst einkum einkenna þessa ræðu, var það, að hún var samfelld og harkaleg árás á hæstv. utanrrh. og rn. hans og þá ekki síst þá skýrslu sem hér er til umr.

Það var gefið í skyn, og það var raunar meira en gefið í skyn, það var sagt fullum fetum, að starfsmenn rn. fylgdust ekki með því sem væri að gerast á sviði varnar- og öryggismála. Þetta var hvað eftir annað fullyrt. Ég held hins vegar að þessi ásökun eigi ekki við rök að styðjast. Raunar er það ævinlega svo um þennan hv. þm., er hann kemur hér í ræðustól og talar af því lítillæti sem honum er einkar lagið, að þá kveður oftlega við þann tón í ræðum hans, að eiginlega fylgist enginn maður á Íslandi með því, sem er að gerast í varnar- og öryggismálum, nema hann sjálfur. Þetta er auðvitað órafjarri öllum sanni.

Þegar það er íhugað, hversu harkaleg þessi árás á hæstv. utanrrh. var, er það íhugunarefni, að þessir aðilar skuli vera saman í stjórnarsamstarfi. Það er eðlilegt að spyrja sem svo: Hvað er Alþb. að gera í ríkisstj. þar sem það er ósammála einu helsta grundvallaratriði og hyrningarsteini stjórnarstefnunnar, sem öryggis-, utanríkis- og varnarmál hljóta að vera? Hvers konar leikaraskapur er það, að þykjast heils hugar taka þátt í stjórnarsamstarfi, en rífa svo jafnframt niður, ráðast á og rangtúlka einn af hyrningarsteinum þessa samstarfs? En þetta er náttúrlega ekki nýtt. Þessi stjórnmálaflokkur hefur tekið þátt í fjórum ríkisstjórnum, sem fylgt hafa óbreyttri stefnu í öryggis- og varnarmálum í raun. Það, sem upp úr stendur og við blasir, er auðvitað að Alþb. metur þessi

mál, öryggis- og varnarmál, svo lítils að þeim er ævinlega fórnað fyrir einhverja aðra hagsmuni sem taldir eru meiri. Svo koma hér einstakir talsmenn flokksins og tala þá væntanlega fyrir herstöðvaansdtæðinga innan sinna vébanda öðru hverju, en ég hygg að öllum þingheimi og þjóðinni raunar líka sé ljóst að þar á bak við er lítil alvara og enginn þungi. Ef svo væri, þá væri þessi flokkur að sjálfsögðu ekki í ríkisstjórn sem fylgir óbreyttri stefnu í öryggis- og varnarmálum íslenska lýðveldisins.

Eins og ég sagði áðan eru við alþm. orðnir vanir þeim málflutningi sem aðaltalsmaður Alþb. í utanríkismálum viðhefur jafnan úr þessum ræðustól. Við erum orðnir *vanir þeim löngu ræðum sem hann setur hér á. Við erum* orðnir vanir þeim hroka og því yfirlæti sem jafnan einkennir þennan málflutning. Við erum líka orðnir vanir þeim röksemdafærslum sem hann flytur okkur hér, en í því efni er sá háttur fyrst og fremst hafður á, að sett er fram fullyrðing um að þetta eða hitt sé svona.

Í ræðu sinni fullyrti þessi þm. hvað eftir annað að búið væri að ákveða að stórfjölga kjarnorkuvopnum í hafinu umhverfis Ísland. Þessi fullyrðing var margsinnis sett fram og — með leyfi hæstv. forseta — talaði þm. um stöðu okkar í heiminum og sagði síðan: Þá væri vikið a. m. k. einhverjum orðum að þeim nýju áætlunum, sem þegar hafa verið samþykktar, um gífurlega aukningu vígbúnaðar á hafinu í kringum okkur. Það er ekki stafur í þessari skýrslu um það."

Þeir, sem fylgjast með þessum málum, vita auðvitað mætavel að engin slík ákvörðun hefur verið tekin. Því er þessi fullyrðing þm. alröng. Það hefur engin slík ákvörðun verið tekin. Þó að uppi séu hugmyndir þýðir það ekki að búið sé að samþykkja áætlanir. En hér var fullyrt að búið væri að taka þessar ákvarðanir. Þetta er auðvitað alrangt. En þetta er ekki ný bóla. Þótt óskylt mál sé langar mig til að víkja að öðru sem dæmi um þessa sömu röksemdafærslu.

Þegar frv. til l. um Hæstarétt Íslands var til umr. í Ed. kom þessi sami hv. þm. hvað eftir annað í ræðustól og fullyrti að eitt ákvæði frv. væri stjórnarskrárbrot. Þetta var líka rangt. Enginn af þeim aðilum, sem hann vitnaði til í þessu tilviki, hafði leyft sér að fullyrða neitt í þá veru. En hv. þm. fullyrti og fullyrti, og sama málflutning höfum við heyrt hér, — ekki aðeins þetta eina atriði, um þessa stórfelldu hernaðaruppbyggingu sem á að vera búið að samþykkja í hafinu hér umhverfis Ísland, en sem betur fer er rangt, við höfum heyrt þennan málflutning um margt annað. Þetta er auðvitað vel þekkt, að svo lengi er hægt að endurtaka ósannar fullyrðingar glepjist einhverjir til að trúa þeim. Sá er auðvitað tilgangurinn með slíkum aðferðum.

Annað, sem var eftirtektarvert í þessum röksemdarfærslum öllum, var það, að finni hv. þm. einhvers staðar hjá pólitískum andstæðing, sem hann túlkar svo, við sinn málstað með einhverjum hætti, þá verða þeir, sem þann málstað styðja, um leið virtir, mikilsmetnir, reyndustu, færustu, skýrustu, traustustu o. s. frv. Það þyngist í þeim pundið ef þeir leggja málstað Alþb. lið með einhverjum hætti, ef túlka má orð þeirra þannig. Þetta þekkjum við allt saman og þetta þekkjum við ekki hvað síst úr þeirri umr. sem haldið hefur verið uppi af hálfu Alþb. og herstöðvaandstæðinga um að kjarnorkuvopn séu staðsett á Íslandi. Það er að vísu tiltölulega hljótt um þann þátt málsins núna, — og hvers vegna skyldi það vera? Jú, það er vegna þess að þessi fullyrðing herstöðvaandstæðinga, sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur manna mest haldið á loft, hefur reynst röng.

Hér var vitnað títt til Tímans sem allt í einu virtist vera orðinn eftirlætislesning þeirra Alþb.-manna um utanríkismál. Ég sakna þess hins vegar, að það skyldi ekki vera vitnað í dagblaðið Tímann þriðjudaginn 2. mars, þar sem var fjögurra dálka fyrirsögn á forsíðu: „Enginn kjarnorkuvopn á Íslandi, segir Eugene Carroll, forstjóri Center for Defence Information í Washington." Það var ekki vitnað í Tímann þennan mánaðardag.

Þar er haft orðrétt eftir forstöðumanni þessarar stofnunar, með leyfi forseta:

„*Ég er fullviss um að það eru engin kjarnorkuvopn* staðsett í herstöðinni í Keflavík, hvorki á jörðu niðri né í þeim orrustuflugvélum sem þar eru til staðar. Það er engin þörf fyrir þessi vopn á Íslandi og yfirstjórnendur hermála í Bandaríkjunum og hjá NATO eru ekki það vitlausir að þeir reyni að koma slíkum vopnum þar fyrir. Það yrði aðeins til að stofna hinu góða sambandi Íslands og Bandaríkjanna í bráða hættu."

Þetta segir Eugene Carroll, fyrrv. *varaflotaforingi í* bandaríska hernum og nú annar forstjóri fyrir hinni umdeildu, en jafnframt virtu rannsóknastofnun Center for Defence Information, eins og Tíminn komst að orði.

Ég saknaði þess mjög, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skyldi ekki vitna í þessa grein. Ég man ekki betur en sá ágæti maður hafi einmitt kallað þessa stofnun, Center for Defence Information, eina hina virtustu, þekktustu í Bandaríkjunum, hlutlausa stofnun er miðlaði upplýsingum um varnarmál, og í íslenskum fjölmiðlum, m. a. í Ríkisútvarpinu, eins og frægt varð að endemum hér um árið, var hermt eftir þessari stofnun að á Íslandi væru kjarnorkuvopn. Þessum yfirlýsingum var sannarlega mjög flíkað og um þetta mál spunnust m. a. umr. hér á hv. Alþingi hinn 22. maí 1980, fyrir tæpum tveimur árum. En það hentar ekki nú þessa dagana að hafa hátt um þessar yfirlýsingar þrátt fyrir að hver íslenskur utanrrh. á fætur öðrum um langt árabil hafi lýst því yfir að hér væru engin kjarnorkuvopn. Það hentar ekki að hafa hátt um að allar yfirlýsingar þessarar eftirlætisstofnunar Samtaka herstöðvaandstæðinga, Þjóðviljans o. fl. hafa reynst alrangar. En þetta kennir okkur lexíu. Þetta kennir okkur þá lexíu, að þegar rangar fullyrðingar eru endurteknar nógu oft hafa þær tilhneigingu til að festast í sessi, menn taka þær trúanlegar og þær komast inn í prentaðar heimildir. Um þetta skal ég nú rekja nánara dæmi.

Þessi stofnun, Center for Defence Information í Washington, sem nú hefur komið í ljós að hafði rangt fyrir sér um þessi mál, hefur fullyrt að á Íslandi væru kjarnorkuvopn, og þessi ranga fullyrðing hefur farið ótrúlega víða. Til er í Washington stofnun sem heitir World Priorities. Hún gefur út árlega skýrslu um útgjöld í veröldinni til félagsmála og til hermála. Í fyrra gaf þessi stofnun út svona skýrslu, sem er mjög fróðleg og vægast sagt óhugnanleg lesning. Ritstjóri þessa rits er bandarísk kona sem mjög hefur unnið að þessum málum og nýtur álits. Í þessari skýrslu er kort þar sem merkt eru þau lönd þaðan sem talið er að kjarnorkuvopnum sé beitt eða, eins og það er orðað á ensku, „deployed". Það þarf ekki að þýða að kjarnorkuvopn séu þar staðsett, heldur getur þýtt að skip og/eða flugvélar með þessi vopn innanborðs hafi viðkomu eða bækistöðvar á viðkomandi stað.

Í þessari skýrslu, sem mér barst í hendur snemma í

vetur, er Ísland merkt sem eitt þeirra svæða þaðan sem kjarnorkuvopnum kunni að vera beitt. Það er litað á sama hátt og lönd þar sem kjarnorkuvopn eru. Auðvitað kom þetta óhugnanlega á óvart. Ég hafði samband við forstöðumann þessarar stofnunar og spurði hvaðan stofnun hennar kæmu upplýsingar um þessi efni. Hún skrifaði mér nokkrum dögum síðar svohljóðandi bréf, sem ég leyfi mér að lesa í íslenskri þýðingu:

„Í framhaldi af símtali yðar á miðvikudaginn könnuðum við heimildir okkar fyrir gerð kjarnorkukortsins í bókinni „Útgjöld heimsins til hermála og félagsmála." Ég er sannfærð um, að okkur hafa orðið á mistök að því er varðar Ísland, og á því biðst ég afsökunar." — Á ensku hljóðar þetta svo: „We did make an error in the case of Iceland and I apologize."

„Með því að telja Ísland með þeim löndum þar sem kjarnorkuvopn eru," segir hún í bréfinu, „þá studdumst við við tvennar heimildir. Í fyrsta lagi Center for Defence Information" — þá frægu, áreiðanlegu, virtu, traustu og hlutlausu stofnun, — öðru lagi ritað Current Issue in Defence Policy — eða „Efst á baugi í varnarstefnu Bandaríkjanna, útgefið 1976, bls. 197, í þriðja lagi rit Alþjóðlegu friðarrannsóknarstofnunarinnar í Stokkhólmi, SIPRI: Vígbúnaður og afvopnun á kjarnorkuöld, Armament and Disarmament, gefið út af bókaútgáfu MIT 1971." Síðan segir forstöðumaður þessarar stofnunar áfram í bréfi sínu: „Þar sem stofnunin Center for Defence Information er einnig staðsett hér í borg, þá hringdi ég þangað og ræddi við yfirmann rannsóknardeildar. Hann sagði: Stofnunin flokkar Ísland ekki lengur með þeim löndum þar sem skipum eða flugvélum með kjarnorkusprengjum væri heimilt að athafna sig. Hann sagði þessu til viðbótar, að upplýsingarnar í bók sænsku friðarstofnunarinnar væru sennilega frá þeirra stofnun komnar." Og síðan segir áfram í bréfinu: „Við gerð kortsins reyndum við að styðjast við a. m. k. tvennar sjálfstæðar heimildir að því er hvert atriði varðaði. Okkur var ekki ljóst að þetta tvennt væri af sömu rót runnið. Ég harma þessi mistök og vil fullvissa yður um að þetta verður leiðrétt í næstu útgáfu."

Þetta er sem sagt dæmi um ávöxtinn af iðju Alþb. og herstöðvaandstæðinga. Þetta er dæmið um hvernig rangar fullyrðingar, hvernig upplognar staðhæfingar, ná fótfestu í erlendum ritum. Það er þokkaleg iðja, sem þetta lið stundar, sem að öðru jöfnu telur sig meiri og betri Íslendinga en flest annað fólk sem býr í þessu landi. Sem sagt: Ef lygin er endrutekin nógu oft kann það að bera þann árangur að hún komist á prent. Allt of margir halda að allt, sem á prenti stendur, sé sannleikur, andstætt því sem Halldór Laxness sagði í Alþýðubókinni, að mesta lygi í heiminum væri á prenti.

Auðvitað veldur þessi iðja þessara ágætismanna okkur ómældu tjóni. Um þessi atriði þótti ekki hæfa að tala í þeirri ræðu sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson flutti hér þriðjudagskvöldið fyrir páska, en nóg um það.

Ég saknaði líka annars í þessari ræðu. Ég saknaði þess, að hv. þm. skyldi ekki vitna til breska sagnfræðingsins E. P. Thompsons sem hér var á ferð nýlega og við áttum í sameiningu ágætan fund með. Þangað var boðið fulltrúum allra þingflokka, en mættu að vísu ekki nema fulltrúar tveggja til þessa fundar, fulltrúar Alþb. og Alþfl. Þessi breski sagnfræðingur og gamli marxisti er einn þeirra sem fremst standa í baráttunni gegn kjarnorkuvígbúnaði. Tvennt þótti mér merkilegt og ástæða til að geta hér sérstaklega, sem fram kom í viðræðunum við hann. Hann sagði: „Ég berst fyrir afvopnun og gegn kjarnorkuvopnum. Ég er ekki pacifisti. Ég er fylgjandi vörnum í hefðbundnum skilningi." Þessum ummælum Thompsons hafa Samtök herstöðvaandstæðinga ekki heldur séð neina ástæðu til að flíka. Þarna skilur á milli þessa manns, Alþb. og Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Í þessum umræðum hefur friðarhreyfingarnar í Evrópu auðvitað borið á góma sem eðlilegt er. Þessar hreyfingar eru af mörgum toga spunnar og kveikjan að þeim er auðvitað eðlilegur ótti almennings, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum, við kjarnorkustyrjöld og þann ógnareyðingarmátt, sem býr í þeim vopnum sem stórveldin búa nú yfir, og vígbúnaðarkapphlaupið, sem ekkert lát er á. Þessar hreyfingar eru auðvitað eðlilegt andsvar við þessu æðisgengna og brjálæðislega vígbúnaðarkapphlaupi. Lesa má um það nú í erlendum blöðum, að tvær tillögur eru á ferðinni í Bandaríkjaþingi um aðgerðir í þessum efnum. Önnur miðar að því að stöðva á þeim punkti, þar sem við stöndum nú, og er kennd m. a. við Kennedy, og hin tillagan miðar að því að draga verulega úr vígbúnaði frá því sem nú er og frysta síðan, eins og það hefur verið orðað. Kunnugt er það auðvitað öllum, sem fylgjast með erlendum fréttum, hversu mjög þessum hreyfingum hefur vaxið ásmegin bara á undanförnum vikum í Bandaríkjunum. Nú er það svo, að í kosningum, sem verða þar í nóvember í haust, verður mjög víða kosið jafnframt um tillögurnar um frystingu á kjarnorkuvopnavígbúnaði, ef nota má svo slæm orð. Það verður t. d. í fjölmennasta ríki Bandaríkjanna, Kaliforníu. Þegar er búið að safna þar nægilega mörgum undirskriftum almennra kjósenda til að koma þessu máli á kjörseðilinn þar.

En varðandi alla umræðu um þessar friðarhreyfingar skulum við gæta okkar á einu. Við skulum ekki setja allar þessar hreyfingar undir einn og sama hatt. Þær eru jafnólíkar og þær eru margar. Sumar þeirra berjast fyrir einhliða afvopnun, fyrir uppgjöf gagnvart útþenslustefnu Sovétríkjanna. Aðrar berjast fyrir gagnkvæmri afvopnun á raunhæfum grundvelli og þar hefur kirkjan einkum látið til sín taka. Sú stefna, sem kirkjunnar menn hafa mótað í þessu máli, er ekki stefna „pacifista", alls ekki. En innan þessara hreyfinga eru vissulega líka „pacifistar", svo að ég noti enn það erlenda orð, eða þeir sem eru á móti öllum vörnum og öllum vopnaburði. Þarna eru líka hreyfingar sem berjast aðeins gegn kjarnorkuvopnum, vilja að þeim verði eytt. Þarna eru sem sagt hreyfingar á ferðinni sem ekki er rétt og ekki er hægt að setja undir einn hatt.

Íslenskir herstöðvaandstæðingar beita nú fjöldafylgi þessara hreyfinga mjög fyrir sinn vagn. Þeir berjast gegn aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu, þeir berjast gegn dvöl varnarliðsins hér á landi, þeir berjast gegn því að hér séu uppi hafðar varnir. Það er ekki nema, og það fullyrði ég, örlítill hluti friðarhreyfinganna í Evrópu sem á samleið með þessum málstað Alþb. og herstöðvaandstæðinga. Það er auðvitað eitt af meginatriðum þessa máls. Öll viljum við auðvitað draga úr vígbúnaði, eyða þeirri hættu sem kjarnorkustyrjöld hefði í för með sér. Um þetta er ekki ágreiningur. Ágreiningurinn er hvernig haga skuli vörnum. Það er ekkert land til í veröldinni sem hefur ekki annaðhvort eigin her sér til varnar eða hefur samið við annað ríki eða ríkjabandalag um sínar varnir. Varnarlaust land í þessari veröld er ekki til og það er líka

ein af meginstaðreyndum þessara mála. Stundum freistast menn til að nefna Costa Rica þegar þetta ber á góma, en þá skyldu menn hafa í huga að það land hefur lögreglu sem er búin skriðdrekum, vélbyssum og öllum þeim vopnum, sem venjulegur her er búinn.

Í skýrslu utanrrh. er vitnað til samanburðar á vígbúnaði stórveldanna. Þar er vitnað til heimilda frá stofnun, sem heitir The International Institute for Statistic Studies, sem telur að kjarnorkuvopnastyrkurinn í Evrópu í dag sé 3.27 á móti 1 Sovétríkjunum í hag. Nú er það auðvitað svo, að um þetta eru margar heimildir og ber ekki öllum saman. Það er hægt að vitan til rita um þetta efni sem bandarísk varnarmálayfirvöld hafa gefið út, það er hægt að vitna til rita sem Sovétmenn hafa látið frá sér fara, það er hægt að vitna í tímaritin Time, Economist o. fl. Meginniðurstaða alls þess samanburðar, sem ég hef séð og lesið um þessi efni, er að Sovétríkin hafi nokkra yfirburði á velflestum sviðum. En auðvitað er það alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að samanburður af þessu tagi er afar flókið mál og — eins og hann komst að orði — samflétta gagnkvæmra yfirburða. Það hefur verið talað um óljóst jafnvægi í þessum efnum. En hitt kom mér á óvart, að þegar þessi hv. þm. fór hér með tölur um þessi mál vitnaði hann til bandaríska tímaritsins US News and World Report, nefndi samanburðartölur sem hann sagði nýlega hafa birst þar. Þrátt fyrir nokkra leit í þessu tímariti hef ég ekki fundið þessar samanburðartölur. Þær kunna þó þar að leynast, ekki skal ég fortaka það. En hitt kom mér meira á óvart, þegar hann fór með tölur um þessi efni, að þá var ýmsu sleppt sem viðast er þó talið.

Nýkomin er út í Noregi, fyrir fáeinum vikum, bók þar sem eru ritgerðir 27 stjórnmálamanna, vísindamanna og sérfræðinga um varnar- og afvopnunarmál. Grein er í þessari bók, sem ég veit að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hefur undir höndum og hefur lesið, eftir mann að nafni Frank Barnaby, sem þessi hv. þm. býsna oft hefur vitnað til og það meira að segja úr þessum ræðustól. Hann gerir þar samanburð á hernaðarstyrk stórveldanna. Þar kemur m. a. fram, og því sleppti hv. þm., að Sovétríkin eru talin eiga 693 meðaldrægar sprengjuþotur, Bandaríkin 66. Þarna er tífaldur munur.

En annað kom mér á óvart í máli þessa hv. þm. Þegar hann bar saman fjölda kjarnorkukafbáta Bandaríkjanna og Sovétríkjanna fullyrti hann — og vitnaði í tímaritið US News and World Report, að Bandaríkin ættu 84 kjarnorkukafbáta, Sovétríkin 36. Í samanburði Frank Barnabys eru Bandaríkin talin eiga 43, en Sovétríkin 86, þannig að hér er tölunum gersamlega snúið við. Töluna, sem í flestum samanburðarskýrslum er nefnd fyrir Bandaríkin, eignar hv. þm. Sovétríkjunum. Hvort þetta er óviljaverk eða ekki skal ég ekki fullyrða um. Nú á sá þm., sem í hlut á, að vera glöggur fræðimaður og er prófessor við Háskóla Íslands og verður að treysta honum til að fara með jafneinfaldar tölur og hér eru. Ég hef séð margar samanburðartöflur um þennan hernaðarstyrk, en ég hef hvergi séð þær tölur sem nefndar voru úr þessum ræðustól af hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Tölunum var sem sé snúið við. Annars er það svo sem að deila um keisarans skegg að ræða þessar samanburðartölur því að það er hægt að reikna þennan samanburð á svo ótrúlega marga vegu og næstum því fá þá útkomu sem menn óska sér fyrir fram.

Það var varið löngum tíma í að sannfæra okkur um yfirburði Bandaríkjanna á sviði kjarnorkuvopna. Nú er það svo auðvitað, að forseti Bandaríkjanna lét þau orð falla fyrir skemmstu, að Sovétríkin hefðu yfirburði á þessu sviði. Nú hafa embættismenn hans raunar orðið að draga í land með það og má kannske segja að hafi nánast verið gert gys að þessari fullyrðingu hans í fjölmiðlum. Auðvitað er staðreynd málsins sú, þegar fjallað er um kjarnorkuvopnavígbúnaðinn í Evrópu, að kjarnorkuvopn eru flutt til Evrópu fyrst vegna þess að Sovétríkin og Austur-Evrópuríkin hafa gífurlega yfirburði á sviði hefðbundins herafla, margfalt á við Atlantshafsbandalagsríkin. Þar var ekki pólitískur vilji til að jafna metin með hefðbundnum hætti, og þá voru metin jöfnuð með kjarnorkuvopnum, því miður. Við getum svo endalaust deilt um á hvorn halli. Þar getum við, eins og ég áðan sagði, fengið þá útkomu sem við kjósum helst hverju sinni. Þetta skiptir auðvitað ekki meginmáli, heldur það, að hvor aðilinn um sig telur ævinlega á sig hallað og telur sig ævinlega þurfa að jafna metin, telur sig ævinlega þurfa að vígbúast betur, uns svo er komið að þessi gereyðingarmáttur nægir til að útrýma öllu mannlífi á jörðinni, ekki aðeins einu sinni, heldur miklu oftar. Auðvitað skiptir það í raun engu máli, hvort hægt er að eyða öllu mannlífi einu sinni eða fimm sinnum. Þess vegna er þessi umræða kannske meira og minna út í hött.

Það er athyglisvert, þegar rætt er um þessi mál, að ég satt að segja efast um að menn geri sér næga grein fyrir því oft um hvað er verið að tala. Það er talið að í veröldinni séu núna 50 þúsund kjarnavopnahleðslur. Það er jafnmikið og milljón sprengjur eins og varpað var á Hiroshima. Það eru þrjú tonn af venjulegu sprengiefni, þrjú tonn, á hvert einasta mannsbarn á jörðinni. Og það, sem stórveldin eru að gera núna, og það, sem Sovétríkin eru að gera núna, er að gera sínar eldflaugar hittnari, marksæknari, eins og það kannske heitir, eða markvissari. Það er á því sviði sem framfarirnar eru hvað örastar. Ef tekst að gera eina eldflaug þannig úr garði að hún hitti ekki 200 metra frá markinu, heldur 20 metra, þýðir það þúsundfalt aukinn sprengikraft. Í grein í þeirri bók sem ég vitnaði til áðan, sem er safn ritgerða 27 vísindamanna, kemur fram í grein eftir Norðmanninn Björn Kirkerud, að þótt Sovétríkjunum tækist að eyðileggja 90—95% af langdrægum eldflaugum Bandaríkjamanna í neðanjarðarbyrgjunum, þar sem þessar eldflaugar eru geymdar, væru eftir samt hjá Bandaríkjamönnum 50—100 eldflaugar og aðeins með þeim gætu Bandaríkjamenn lagt í rústir 150—300 stærstu borgir Sovétríkjanna. Hver einstakur kjarnorkukafbátur Bandaríkjamanna hefur næg vopn um borð — þá er átt við þá hin nýjustu og fullkomnustu — til að leggja í rústir allar borgir í Sovétríkjunum þar sem íbúar eru fleiri en 100 þús. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við okkur. Bandaríkin eiga um 40 eldflaugakafbáta, en Sovétríkin eiga 70—80 eða milli 80 og 90. Ég hef nefnt þessar tölur hér varðandi Bandaríkin eingöngu vegna þess, að þær voru tiltækar, og raunar eru það svo, að í öllum ritum um þessi mál eru nefndar tölur fyrir Vesturlönd vegna þess að það liggja engar upplýsingar á lausu um það sem gerist hinum megin við strikið.

Það var rangt, sem hér var haldið fram, að ég hefði talað gegn þessum friðarhreyfingum. En ég hef hins vegar varað við því og vara mjög við því að setja þær allar á sama bás. Við getum nefnt eina friðarhreyfingu sem hér starfar í öruggu skjóli Alþb. og er útibú Heimsfriðar-

ráðsins svonefnda. Eitt af meginhlutverkum Heimsfriðarráðsins, sem Alþb. vill væntanlega telja part af þessari friðarhreyfingu, er að túlka og fegra utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Liðsmenn Alþb. hafa svo sem ekki heldur legið á liði sínu í því verki. Heimsfriðarráðið er fjármagnað frá Sovétríkjunum. Talið er að Sovétríkin verji a. m. k. 49 millj. dollara á ári hverju til starfsemi Heimsfriðarráðsins, til þess að dreifa fölskum upplýsingum og fegra utanríkisstefnu Sovétríkjanna. Þessi dreifing á röngum upplýsingum, eins og Alþb. og Samtök herstöðvaandstæðinga hafa stundað um Ísland, er auðvitað sérgrein þeirra Sovétmanna, eins og við höfum séð, m. a. hér í sjónvarpi. En fé til Heimsfriðarráðsins kemur ekki eingöngu frá Sovétríkjunum, heldur líka frá öðrum Austur-Evrópuríkjum, og væri fróðlegt að fræðast um hvernig starfsemi þessarar stofnunar hér á Íslandi er fjármögnuð.

Forseti þess Heimsfriðarráðs, sem þessi hreyfing er útibú frá, er indverskur kommúnisti sem dyggilega hefur stutt utanríkisstefnu Sovétríkjanna í 30 ár, og hann hefur engan bilbug látið á sér finna þrátt fyrir innrás Sovétríkjanna í Ungverjalandi 1956, Tékkóslóvakíu 1968 og Afganistan 1979. Hann lét raunar svo um mælt, að þau friðarsamtök, sem beittu sér gegn Sovétríkjunum, væru ekki raunveruleg friðarsamtök. Hann sagði í grein sem hann skrifaði árið 1981, með leyfi forseta:

„Í höndum sósíalista, kommúnista hefur hernaðarvaldið í fyrsta skipti í sögu mannkyns orðið tæki til að vernda frið og félagslegar framfarir."

Þetta Heimsfriðarráð, sem hefur útibú á Íslandi, starfaði upphaflega í París. Árið 1951 rak franska ríkisstjórnin þetta Heimsfriðarráð og starfsemi þess úr landi fyrir fimmtu herdeildar starfsemi. Þá flutti það til Prag, og 1954 setti það upp bækistöðvar í Vínarborg. Í Vínarborg var starfsemi þess bönnuð þremur árum síðar vegna athæfis sem beindist gegn hagsmunum austurríska ríkisins. Heimsfriðarráðið hélt að vísu áfram að starfa í Vín undir öðru nafni og kallaði sig þá Alþjóðlegu friðarstofnunina. Það er engin nýjung að kommúnistar skipti um nafn á starfsemi sinni. Það þekkjum við Íslendingar mætavel.

1968 flutti þetta ráð starfsemi sína til Helsinki og þar starfar það nú að dyggum stuðningi við utanríkisstefnu Sovétríkjanna. En nú vildi ég gjarnan vitna til breska sagnfræðingsins Thompsons sem hér var á ferð. Hvað sagði hann um þetta Heimsfriðarráð? Í breska blaðinu Guardian í febr. í fyrra sagði hann orðrétt:

„Ef vestrænu friðarhreyfingarnar lenda í slagtogi með Heimsfriðarráðinu, þá verða þær í raun aðeins hreyfing gegn Atlantshafsbandalaginu og gegn hernaðarstefnu Atlantshafsbandalagsins, og það mun hafa illt eitt í för með sér. Það mundi einnig mæta andstöðu í Austur-Evrópu, þar sem almenningsálit er orðið langþreytt á opinberum friðaráróðri og þar sem ríkisreknar friðarnefndir hafa aldrei í sinni 30 ára sögu deplað auga til að mótmæla hernaðarstefnu Sovétríkjanna."

Þetta hafði sá ágæti maður að segja um Heimsfriðarráðið. Höfum við heyrt einhverja viðlíka dóma frá þeim Alþb.-mönnum um þetta útibú Moskvustjórnarinnar? Síður en svo. Það starfar hér með þeirra blessun og vel það. Þess vegna ítreka ég að friðarhreyfing er ekki sama og friðarhreyfing. Þar er langur vegur frá.

Afstaða jafnaðarmanna í Evrópu til vígbúnaðarins, kjarnorkuvopna og kjarnorkuvopnalausra svæða, hefur alla tíða verið sú, að það, sem þar yrði gert, skapaði þjóðum á þessu svæði aukið öryggi. Afstaða jafnaðarmanna til kjarnorkuvopnalauss svæðis á Norðurlöndum hefur auðvitað verið háð því, sem er það eina skynsamlega, að það væri liður í aðgerðum sem næðu til stærra svæðis. Það er hægt að vitna hér til margra ályktana Alþjóðasambands jafnaðarmanna, norrænna jafnaðarmanna, einstakra flokka um þessi efni. Ég ætla ekki að gera það nú. Til þess gefst tími síðar.

Áður en ég lýk máli mínu voru eitt eða tvö atriði úr þessari endemisræðu, sem hér var haldin þriðjudag fyrir páska, sem mig langaði að víkja aðeins að.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gerði Helguvíkurmálið að umtalsefni og átti ég ekki von á að þeir Alþb.-menn brytu upp á því. Hann sagði orðrétt: „Helguvík er ein besta stórskipahöfn á Íslandi." Þetta segir okkur þrennt: Hv. þm. veit ekkert um hafnir, skip eða sjómennsku ef Helguvík er ein besta stórskipahöfn á Íslandi. Ef önnur þekking hans á þessum málum er eftir þessu er það lítið að marka. Ég held hins vegar, eins og fram hefur komið raunar, að hafnaraðstaða í Helguvík sé, ekkert sérstaklega góð. Þar þarf að gera margvíslegar ráðstafanir til þess að þar verði sæmileg hafnaraðstaða. Það eru hins vegar áreiðanlega hundrað staðir hér á landi þar sem er helmingi betri hafnaraðstaða en í Helguvík. En nú á sem sagt að framkvæma þá till., sem þessi hv. þm. og flokksbræður hans, þeir Alþb.-menn, samþykktu með handauppréttingu hér á Alþingi í fyrravor, um að flytja olíugeymana ofan af vatnsbólum Suðurnesjamanna, og þá heitir það að nú eigi í fyrsta skipti að útvega Bandaríkjamönnum aðstöðu fyrir stór skip á Íslandi. Aldrei er minna úr málunum gert en efni standa til. Rangtúlkanir og hálfsannleikur af þessu tagi einkenna málflutning þessara ágætu manna. Það er logið og logið til þess að skelfa og blekkja.

Mér er það í barnsminni þegar verið var að reisa áburðarverksmiðjuna hér uppi í Gufunesi. Þá var ég að byrja að lesa pólitíkina í blöðunum. Þá las ég það í Þjóðviljanum dag eftir dag, að áburðarverksmiðjan í Gufunesi væri í rauninni sprengiefnaverksmiðja fyrir NATO — þetta var þjóðinni sagt dag eftir dag — því að á einum sólarhring mætti breyta áburðarverksmiðjunni í sprengiefnaverksmiðju fyrir NATO. Það var sem sagt íslenska auðvaldið sem var að koma upp hergagnaverksmiðju í Gufunesi, en ekki verið að bæta aðstöðu íslensks landbúnaðar.

Þegar byggðir voru nokkrir olíutankar og lítil bryggja uppi í Hvalfirði hét það kafbátahöfn fyrir NATO. Undanfarin fjögur ár hef ég keyrt fram hjá þessum mannvirkjum tvisvar, þrisvar og stundum miklu oftar í hverjum mánuði og ég hef aldrei séð skip við þessa bryggju enn þá, hvað þá að þangað hafi komið kafbátar. Þetta eru bara dæmi um þennan venjulega málflutning, þessar venjulegu blekkingar, og nú að undanförnu hefur alveg það sama verið uppi á teningnum með svokallað Helguvíkurmál.

Herra forseti. Ég tel að á sviði utanríkismála eigum við Íslendingar að láta meira til okkar taka en við höfum gert og þá kannske ekki hvað síst á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna — og þá umfram allt á því aukaþingi Allsherjarþingsins sem hefst 7. júní í sumar, þar sem á að fjalla um afvopnunarmál. Það er kaldhæðni örlaganna, að það skuli vera fulltrúi Íraks, formaður sendinefndar Íraks, sem á í stríði við Íran, sem á að setja þennan fund

Allsherjarþingsins. Það segir kannske meira um ástandið í þessum efnum í veröldinni en mörg orð önnur. Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna hafa verið unnar fjölmargar skýrslur um þessi mál sem lagðar verða fram á þessu þingi. Við eigum í auknum mæli, að minni hyggju, að efla samstarf við þær þjóðir sem við höfum mest saman að sælda við og nánast samstarf við á sviði utanríkismála, og þar á ég við Norðurlandaþjóðirnar. Ég er ekki sérlega bjartsýnn á að við getum komið neinu stóru til leiðar. En við eigum að hafa uppi viðleitni, miklu meiri viðleitni en við höfum haft til þessa. Hins vegar neyðumst við auðvitað til að bíta í það súra epli, að raunverulegum árangri í þessum afvopnunarmálum, sem varða allt mannkyn mjög miklu, verður ekki náð fyrr en hjá stórveldunum báðum er vilji og áhugi á að ná árangri og til koma aðferðir, sem þau treysta, til eftirlits og aðhalds í þessum efnum. Það er hreinn barnaskapur að ætla sér að vinna stórvirki í þessum efnum öðruvísi en þessi ríki séu þar með. Það eru þau sem ráða þessum vopnum og það eru þau sem verða að gera ráðstafanirnar, en það erum við sem eigum að hafa áhrif á þau í þá átt að þetta gerist.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Í stórræðu hv. 11. þm. Reykv. þriðjudag fyrir páska mátti „kansellí" hæstv. utanrrh. þola nokkrar snuprur. Hv. Þm. þótti sem sitthvað væri í meira lagi bogið við heimsmynd þeirra kansellímanna, áherslur ýmsar væru á skökkum stað og eyður stórar í allri heimsmyndinni.

Annað, sem ekki vakti síður athygli mína, var það, að þm. kvaðst hafa gert heimssögulega uppgötvun í þessum umr. Hann komst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa hlýtt á ræðu formanns Alþfl., Kjartans Jóhannssonar, að þeim bæri eiginlega ekkert orðið í milli, nema nokkur smáatriði í miðkafla, og tíundaði með þungum áherslum að því væri ekki saman að jafna, hversu miklu meir hv. þm. væri sammála formanni Alþfl. og málflutningi jafnaðarmanna í utanríkis- og alþjóðamálum en utanrrh. eigin stjórnar, og nefndi til þess mörg dæmi. Þetta er að sönnu stórmerkileg uppgötvun, þó að þessum umr. sé að vísu ekki enn lokið og þess vegna eftir að ganga úr skugga um hvenær af sameiningu þessara tveggja fornu fjenda verður á grundvelli þessarar heimssögulegu uppgötvunar um einingarband í alþjóðamálum. Að vísu skal það tekið fram, að hv. 11. þm. Reykv. undanskildi í þessu efni einn mann, þ. e. þann sem hér stendur, ritstjóra Alþýðublaðsins, og kvað ósannað með öllu, að þeir tveir væru á einu máli, gaf jafnvel í skyn, að svo væri ekki. Að þessu mun ég vikja svolítið síðar, af því að þetta er svo heimssögulegt að það verður að kryfja svolítið betur.

Að því er varðar ásökun um hina „broguðu" heimsmynd og stóru eyður í skýrslu utanrrh. ber náttúrlega að játa að þeir kansellímenn eru ekki óskeikulir, og vera kann að sitt hvað sé til í því. Að vísu geri ég ekki kröfu til þeirra kansellímanna, að þeir birti í skýrslu utanrrh. samantekna lofgjörð um andlega yfirburði reyndasta stjórnvitrings framsóknarmanna í utanríkismálum, hv. fyrrv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem ég tel hann þó að öllu maklegan. Spurningin væri, hvort þessi lofgjörð ætti heima í skýrslu utanrrh. Sömuleiðis geri ég ekki þá kröfu til þeirra, að þeir taki að sér að túlka flóknar og fínlega orðaðar ályktanir Framsfl. um utanríkismál, tel að það verkefni sé mun betur komið í höndum hv. þm. sjálfs, sem eins og kunnugt er er mjög vel heimakunnugur á þeim slóðum.

Ekki geri ég heldur þá kröfu til þeirra kansellímanna, að þeir birti niðursoðinn útdrátt úr heimspressunni frá New York Times til Tímans í Síðumúla um hvaða umræður fari fram um utanríkis- og varnarmál. Ég efast um að þeir kansellímenn leiki það eftir hv. 11. þm. að gera þann útdrátt jafnglæsilega og hann gerði.

Hann ræddi í ræðu sinni á mörgum stöðum um að NATO hefði íhugað ýmsa möguleika vandlega, að augljóst væri að meðal áhrifamikilla manna væru ýmis hugðarefni augljóslega ofarlega á dagskrá um aukinn vígbúnað, að fyrir lægi skýrsla sérstakrar nefndar, að rætt væri alvarlega um eitt og annað, að fyrirætlanir væru komnar í áætlunarfarveg. En þegar líða tók á ræðuna voru allar þessar umræður í heimspressunni orðnar að samþykktum, ákveðnum áætlunum á vegum hernaðaryfirvalda vesturveldanna. Þetta efast ég um að kansellíið léki eftir þm.

Nú er það engu að síður svo, að ég verð að taka undir með þm. um nokkur atriði. Vissulega léki mér nokkur forvitni á að vita hver væri afstaða hæstv. utanrrh. til fram kominnar þáltill. þm. Framsfl. um að efnt skuli til alþjóðlegrar ráðstefnu um takmörkun vígbúnaðar á norðanverðu Atlantshafi. Þetta er mál af því tagi sem ég teldi eðlilegt að utanrrh. ríkisstj. fjallaði nokkuð um. Meðan svo er ekki legg ég náttúrlega ekki hlustir við orpspor um hvað haft er eftir hæstv. utanrrh. um þá till.

Sömuleiðis teldi ég eðlilegt, að í skýrslu utanrrh. eða í umr. hér á eftir yrði utanrrh. við svo sjálfsagðri ósk sem þeirri, sem er fram borin í stórræðu hv. 11. þm. Reykv., að þingheimur yrði nú upplýstur um hvernig Atlantshafsbandalagið gerir ráð fyrir því að verja Ísland ef til átaka kemur. Þetta er spurning sem oft hefur verið reifuð í opinberum umr., ekki hvað síst af núv. formanni kommúnistasamtaka Íslands í ritdeilum hans við varnarmálasérfræðing Morgunblaðsins, og meira en tímabært að úr því verði skorið og þessar upplýsingar lagðar fram fyrir alþjóð.

En áður en ég vík að hinum heimssögulegu sáttum hv. þm. og okkar jafnaðarmanna vil ég vekja athygli á einum parti í ræðu hans, sem ég hygg að einhverra hluta vegna hafi farið fram hjá mönnum. Þannig er mál með vexti, að í margvitnaðri stórræðu hafði ræðumaður ummæli þess efnis, að hann hefði vitneskju um, og gæti jafnvel því til sönnunar lagt fram gögn ef óskað yrði eftir, að mjög náin samvinna væri milli íslenskra stjórnmálamanna og bandarískra sendiráðsins um viðkvæm íslensk innanlandsmál. Þetta sagði hv. ræðumaður af því tilefni að hæstv. utanrrh. hafði tekið mjög óstinnt upp ásakanir um íhlutun varnarliðsins um íslensk innanlandsmál og kveðið mjög sterklega að orði um viðbrögð sín við því, ef hann vissi þess nokkur dæmi. Ummæli hv. þm. um þetta efni eru þess eðlis, að þau geta ekki legið í þagnargildi. Þess vegna vil ég leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að rifja þau upp. Hv. þm. sagði orðrétt.

„Hér starfar bandaríska sendiráðið, hér starfar Menningarstofnun Bandaríkjanna og það er alveg augljóst að þessar tvær stofnanir, bandaríska sendiráðið og hin svokallaða Menningarstofnun Bandaríkjanna, hafa margvísleg afskipti af málefnum hersins hér á landi. Bandarískt sendiherrann er æðsti viðræðuaðili utanrrh. um herinn hér á landi, og starfsmenn Menningarstofnunar Bandaríkjanna hafa, eins og gögn hafa sýnt og fjölmörg dæmi sannað, margvísleg afskipti af afstöðu Íslendinga til herstöðvarinnar og varnarsamningsins.

Ber að skilja þetta svo, að yfirlýsing hæstv. utanrrh. taki einnig til þessara aðila, líka til bandarískra sendiráðsins og Menningarstofnunar Bandaríkjanna, vegna þess að þessar tvær stofnanir eru á mjög náinn hátt tengdar starfsemi hersins hér á landi og ábyrgðar fyrir ákveðnum hluta þeirrar starfsemi í samræmi við bandarískra stjórnkerfið?

Ég gæti nefnt ýmis dæmi um það, að náin samvinna hefur verið með íslenskum stjórnmálamönnum og bandarískra sendiráðinu í deilum um innanlandsmál á Íslandi, þar sem náið samráð, ráðgjöf og upplýsingaþjónusta hefur komið fram af hálfu bandarískra sendiráðsins gagnvart þessum íslensku stjórnmálamönnum. Kannske gefst tækifæri til þess einhvern tíma síðar að leggja fram gögn, sem sýna þetta svart á hvítu, til viðbótar við þau gögn sem ég hef nú þegar kynnt Alþingi. Það er alveg ljóst af þeim gögnum, sem ég hef séð og skoðað, að þeir eru nokkuð margir stjórnmálamenn og stjórnmálaskýrendur á Íslandi sem hafa mjög náið samband við bandarískra sendiráðið um gang mála hér innanlands, og ef yfirlýsing hæstv. ráðh., sem hann gaf hér áðan, tekur einnig til þessarar starfsemi væri vissulega tilefni til að athuga það nánar á grundvelli þeirra gagna sem hægt verður að leggja fram um þessi efni."

Þessi orð hv. þm., meðlims utanrmn., eru þess efnis, að það er ástæða til þess ósköp einfaldlega að skora á hann eða samstarfsmann hans, sem hafa einhver slík gögn undir höndum, að leggja þau fram þegar í stað. Ef hér er verið að dylgja um hluti af því tagi sem fram komu í umr., sem mig minnir að hafi orðið hér á Alþingi í framhaldi af strandi sovésks kjarnorkukafbáts í kálgörðum hins hlutlausa sænska ríkis, þar sem veifað var kostnaðaráætlun upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna, telst málið kannske ekki ýkja-alvarlegt. En hér er vissulega verið að gefa í skyn allt annað og þýðingarmeira, og það er lágmarksskylda að sá maður, sem þessi orð viðhefur, leggi gögnin á borðið.

Nú er það alkunna, að hér eru starfandi áróðursstofnanir stórvelda. Ég get t. d. upplýst það af reynslu minni sem ritstjóri við eitt dagblaðanna, að inn á ritstjórnarskrifstofur blaðanna berast haugar af áróðursefni frá áróðurs- og upplýsingastofnunum stórvelda. Stundum er rætt í þessu sambandi um styrkleikahlutföll, og samkv. minni reynslu mun láta nærri að þau styrkleikahlutföll séu svona 10:1, hvað sá áróður, sem inn á ritstjórnarskrifstofur berst frá sovéska sendiráðinu, frá fréttastofnun Sovétmanna á Íslandi, er þar miklu mestur að magni til. Reyndar er með ólíkindum hvílík ókjör af ræðum og áróðri þeirra Sovétmanna, Kremlverja, er þýddur á íslensku. Alkunna er að fréttastofnun Sovétmanna hér á landi gefur út heilt blað, og þess eru ýmis dæmi að þeir ætli sér það hlutverk fullum fetum að taka þátt í íslenskum umræðum um íslensk innanlandsmál og íslensk utanríkismál, eins og dæmi sanna.

Auðvitað verða menn líka varir við það,að fulltrúar Bandaríkjanna hér á landi hafi komið á framfæri sínum áróðurssjónarmiðum. Undirritaður hefur t. d. orðið var við það í sambandi við málflutning Alþýðublaðsins vegna málefna Mið- og Suður-Ameríkuríkja og þá ekki síst deilurnar um El Salvador. Það er sitthvað að koma á framfæri upplýsingum, enda auðvelt að færa sönnur á það af málflutningi blaða hvað af því hefur áhrif, eða að gefa í skyn og lofa gögnum því til sönnunar, að einhverjir íslenskir stjórnmálamenn séu handgengnir erindrekar erlendra sendiráða. Við höfum heyrt slík brigsl áður, en það á enginn að þola þau. Þess vegna er sú krafa lögð fram til staðgengla hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, að þessi gögn verði lögð á borðið og að sjálfsögðu í þessum umr.

Ég vék að því áðan, að í stórræðu sinni hefði hv. 11. þm. Reykv. vikið að hinni bjöguðu heimsmynd, sem fram kæmi í skýrslu hæstv. utanrrh., og hann lagði sig fram um að leiðrétta þessa heimsmynd og fylla í eyðurnar. En það, sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann. Meginathugasemdin, sem gera ber við ræðu hv. þm., er einmitt sú, að ræðan var öllu merkari fyrir það, sem sleppt var, en það, sem í henni mátti finna. Svo var að skilja í öllu tali hans um vígbúnaðarmál í heiminum og ófriðvænlegar horfur, að annað risaveldanna, Bandaríkin, ætlaði sér eitt út í styrjöld, og það mátti eiginlega ekki greina af hans heimsmynd við hverja. Við skulum nefna aðeins örfá atriði um það sem æskilegt hefði verið að hv. þm. hefði ekki sleppt í þessari heimsmynd sinni. Ég nefni nokkur dæmi.

Hver hefur reynslan verið af öryggiskerfi Bandaríkjanna og Vestur-Evrópumanna frá stríðslokum s. l. 35 ár í okkar heimshluta? Veigamikil rök hlýtur að verða að færa fyrir því að varpa því fyrir róða, og þau rök komu ekki fram í umræddri ræðu.

Annað atriðið: Hver hefur verið reynslan af einhliða samdrætti vígbúnaðar vesturveldanna á undaförnum áratug slökunarstefnu í Evrópu? Við að meta þá reynslu komumst við kannske eitthvað nær því að svara spurningunni: Er trúlegt að við með góðu fordæmi einhliða samdráttar vígbúnaðar eða afvopnunar munum fá risaveldið Sovétríkin til þess að fylgja því góða fordæmi? Stundum er nær að líta á verkin en orðin.

Í þriðja lagi: Hv. þm. vildi leiðrétta þær upplýsingar sem fram komu í skýrslu utanrrh. um styrkleikasamanburð risaveldanna og hernaðarbandalaganna. Þó er þess að geta, að í þeim samanburði, sem fram kemur í skýrslu utanrrh., er stuðst við þau gögn sem einna flestir vísa til þegar þau mál ber á góma, þ. e. skýrslu sem árlega er út gefin á vegum International Institute for Strategic Studies í London í ársriti þeirra. En látum það vera. Það, sem hv. þm. sleppti hins vegar fyrst og fremst úr öllum þeim samanburðarfræðum og í frásögnum sínum af öllum þeim umræðum sem átt hafa sér stað í fjölmiðlum bæði austan hafs og vestan, er hver séu öryggisvandamál Vestur-Evrópu sem slíkrar. Menn deila ekki um að í stórum dráttum ríki hernaðarjafnvægi milli risaveldanna sjálfra, en umræðan í Evrópu snýst fyrst og fremst um varnaraðstöðuna í Evrópu sjálfri og afleiðingar af gerbreyttum valdahlutföllum í þeim heimshluta. Ég fann ekki eitt einasta orð í ræðu hv. þm. um þau efni.

Ég saknaði þess líka, að í ræðu hv. þm., svo löng sem hún var, var eiginlega ekki vikið einu einasta orði að Ráðstjórnarríkjunum. Það var nánast eins og þau væru ekki til eða m. ö. o., eins og komist var að orði í fréttabréfi Samtaka herstöðvaandstæðinga af svipuðu tilefni: Ráðstjórnarríkin koma okkur ekkert við. Hvers vegna var þar enga greiningu að finna á eðli þessa risaveldis, á vígbúnaðaruppbyggingu þess, á utanríkispólitískum markmiðum þess eða þeim vanda sem Vestur-Evrópuríkin og vesturveldin standa frammi fyrir, vígbúnaði þess og útþenslustefnu? Hvers vegna var hvergi vikið að því, hverjar skýringar væru á hinni svokölluðu tvíþættu

ákvörðun NATO-ríkja frá því í des. 1979 um endurnýjun meðaldrægra eldflaugakerfa í Evrópu? Á því var engin skýring, gersamlega óskiljanlegt. Þar af leiðandi var að sjálfsögðu ekkert minnst á hverjar yrðu afleiðingarnar, hernaðarlegar og pólitískar, ef einhliða væri fallið frá þessari ákvörðun.

Það, sem er kannske fyrst og fremst aðfinnsluefni í málflutningi af þessu tagi, er að stundum finnst manni að þeir menn, sem tala líkt og hv. þm., telji sig hafa nánast einkarétt á hugarfari friðar, einkarétt á siðferðilegum dómum, þegar talinu víkur að friði eða stríði. Mér finnst málflutningur af þessu tagi, svo bjöguð heimsmynd, jafnstórar eyður og jafnrangar áherslur og einkenndu ræðu hans, ekki vera samboðinn manni sem telur sig vera í þjónustu svo göfugs málstaðar sem barátta fyrir heimsfriði óneitanlega er. Þess vegna er óhjákvæmilegt að fylla upp í þessar eyður og árétta drætti í heimsmyndinni, sem eru dálítið aðrir en þarna koma fram. Við skulum víkja að nokkrum atriðum.

Hver er reynsla vesturveldanna frá s. l. 10—15 árum og þó sérstaklega frá s. l. áratug af sannanlegri viðleitni þeirra til að draga úr vígbúnaði og koma á eðlilegum friðsamlegum samskiptum við Sovétríkin? Þetta er afar þýðingarmikil spurning, ekki síst vegna þess að Evrópuríki, og þá ekki síst Vestur-Þýska sambandslýðveldið, hafa haft forustu um að móta, eftir að kalda stríðinu tók að linna, eðlilegri, friðsamlegri og vinsamlegri samskipti við Sovétríkin. Við skulum stikla á örfáum atriðum.

Vesturveldin hafa mörg hver afnumið herskyldu og fækkað stórlega í herafla sínum. Þau hafa sannanlega dregið úr framlögum sínum til hermála sem hlutfalli af þjóðarframleiðslu. Athygli vekur að milli Bandaríkjanna annars vegar og Vestur-Evrópuríkjanna er stöðug deila um að ýmis ríki Vestur-Evrópu hafa ekki getað uppfyllt kröfur eða samþykktir NATO um að verja 3% þjóðarframleiðslu á ári til varnarmála.

Það er athyglisverð staðreynd, að meðaldræg kjarnavopnakerfi á meginlandi Evrópu hafa ekki verið endurnýjuð í 17 ár og nú er svo komið, að ekkert kerfi, sem staðsett er á meginlandi Evrópu, nær skotmörkum í Sovétríkjunum sjálfum. Það má nefna fleiri dæmi um þann stórkostlega samdrátt sem orðið hefur í herflota vesturveldanna, í tonnum talið um 40% á um það bil 13 árum, og það misvægi sem orðið er í uppbyggingu kafbátaflota.

Það er ekki úr vegi að nefna í þessu viðfangi hvað hefur verið að gerast að því er varðar upplausn hinna gömlu evrópsku nýlenduvelda. Það væri ekki úr vegi að gera nokkurn samanburð á framlagi þessara ríkjaheilda til hinna vanþróuðu þjóða. Þar kemur m. a. fram að Vestur-Þýskaland eitt veitir meiri efnahagsaðstoð — þá er ekki verið að tala um stuðning til vopnakaupa — en sovétblokkin öll í heild.

Það væri ástæða til að rekja hver reynslan er af framkvæmd Helsinki-sáttmálans, sem er stór þáttur í viðleitni manna til að koma á eðlilegum samskiptum milli þessara stríðandi heimshluta. Það væri ástæða til að staldra við Afganistan. Það væri líka ástæða til að nefna að fjölmennar hreyfingar rísa upp í lýðræðisríkjum Vestur-Evrópu og nú í Bandaríkjunum, magnaðar upp af ótta, eðlilegum, skiljanlegum ótta, við örlög mannkyns ef vígbúnaðarkapphlaupið heldur áfram, en hugleiða um leið hver yrðu örlög slíkra hreyfinga bak við járntjaldið, í alræðisríkjum kommúnismans.

Á sama tíma og þessi þróun hefur einkennt gang mála að því er varðar slökunarstefnuna af hálfu vesturveldanna, hvað hefur verið að gerast í Sovétríkjunum? Á sama tíma hafa Sovétríkin aukið mannafla sinn undir vopnum um þriðjung og hafa nú tvöfaldan mannafla undir vopnum á við Atlantshafsbandalagsríkin. Þau hafa aukið framlög sín til hermála um 50% á þessum síðasta áratug. Þau verja þannig að staðaldri um 13% af þjóðarframleiðslu sinni, sem er á milli 2—3 sinnum hærri hundraðshluti en í Bandaríkjunum. Þau hafa lagt kapp á að tryggja sér og auka algera yfirburði sína á sviði venjulegs vopnabúnaðar. Það er viðurkennd herfræðileg staðreynd, að sovéski herinn starfar samkv. áætlunum, er þjálfaður samkv. áætlunum og er búinn venjulegum vopnum sem miðast við sóknarhernað, enda svo komið að ef til styrjaldarátaka kæmi, og tala menn þar í römmustu alvöru, væri ekki nema vikuverk, ef ekki væri beitt öðrum vopnum, fyrir Sovétríkin að leggja undir sig Vestur-Evrópu í „hitlerskri" leiftursókn.

Yfirburðir Sovétríkjanna á öllum sviðum venjulegs vopnabúnaðar eru löngu staðfestir. Sama þróun hefur verið að gerast á sviði uppbyggingar heimsflota, kafbátaflota og þá síðast en ekki síst á sviði meðaldrægra kjarnorkukerfa, þar sem eru hinar margnefndu SS-20 eldflaugar sem nú er beint að 750 skotmörkum í Evrópu.

Á sama tíma og vesturveldin eru sökuð um nýlendustefnu þrátt fyrir að þau hafa á áratugunum eftir 1957 sérstaklega leyst upp nýlenduveldi sín, hefur hið sovéska nýlenduveldi þanist út. Um það má nefna mörg dæmi og verða kannske nefnd hér á eftir. Þar beinist sóknarþungi þessa vígvædda alræðisríkis fyrst og fremst að hernaðarlega mikilvægum stöðum á heimsbyggðinni og um leið að veikum áhrifasvæðum. Það er alkunna, að efnahagsaðstoð sovétblokkarinnar við vanþróaðar þjóðir er nær eingöngu á sviði vígbúnaðar og vopna. Það er ekki úr vegi að nefna þá staðreynd, að á annan tug milljóna flóttamanna frá þessu heimskerfi kommúnismans hefur nú rekið á fjörur vesturveldanna og þeim er ætlað að sjá þeim farborða. Það er staðreynd, að vonir, sem bundnar voru við framkvæmd Helsinkisáttmálans af hálfu Sovétmanna, hafa orðið að engu og sáttmálinn ekki virði þess pappírs sem hann er skrifaður á. Þar sæta allir andstöðuhópar, mannréttindabaráttuhópar, áfram og í vaxandi mæli ofsóknum og fangelsunum fyrir utan að skoðanakúgunarkerfið er algert. Vissulega styðja Sovétríkin friðarhreyfingar, en alls staðar annars staðar en heima fyrir.

Þessi þróun, þessi stutti samanburður, gefur okkur kannske tilefni til að svara þessari spurningu: Er trúlegt að með því að draga einhliða úr vígbúnaði vesturveldanna, ég tala nú ekki um ef orðið yrði við kröfunni um einhliða afvopnun, — er líklegt í ljósi reynslunnar að Sovétríkin mundu fylgja því góða fordæmi? Það er spurt: Hverra kosta eigum við völ? Og öfgakenndasta svarið er að sjálfsögðu þetta: Það vofir yfir okkur allherjartortíming og svarið við því er aðeins eitt og það er einhliða og alger afvopnun. — Þessi heimssýn styðst að mínu mati varla við raunverulegar staðreyndir um reynsluna.

Er ekki annarra kosta völ? Vissulega er til sá kostur, að vesturveldin gangi lengra í því að afsala sér kjarnavopnum, sem varnir Vestur-Evrópu hafa þó hingað til byggst á vegna algerra yfirburða Sovétríkjanna á sviði venjulegs vopnabúnaðar. En það kostar ákveðnar fórnir. Það kostar það, að Vestur-Evrópuríkin leggi á sig þær

fórnir að halda uppi herskyldu, að halda uppi vel þjálfuðum herjum og að leggja fram þá fjármuni sem þarf til að byggja upp varnarkerfi í Vestur-Evrópu sem væru mun dýrari og gerðu mun meiri kröfur til fórnfýsi og vilja fólksins í þessum löndum til að kosta einhverju til í staðinn fyrir að vilja þiggja öryggi sitt að gjöf frá Bandaríkjunum. Þeir menn, sem vekja athygli á háskanum sem stafar af kjarnorkuvopnavígbúnaðarkapphlaupinu, hafa talsvert til síns máls, og það hefur enginn einkarétt á því að vara við þeim háska. En ég fyrir mitt leyti mundi taka meira mark á þeim mönnum, sem um leið og þeir vara við hugsanlegum afleiðingum, þó ekki væri nema fyrir tæknileg mistök og slys, fylgdu því eftir með því að setja fram kröfuna um að Vestur-Evrópurikin tækju á sig þá ábyrgð og legðu á sig þær fórnir sem þarf til að byggja upp venjulegan varnarviðbúnað í staðinn.

Hinn kosturinn, að binda endi á það varnarsamstarf sem verið hefur á tímabilinu frá stríðslokum milli Vestur-Evrópuríkjanna og Bandaríkjanna, er að sjálfsögðu meginmarkmið sovéskrar utanríkisstefnu í okkar heimshluta og mundi náttúrlega þýða stórkostlegasta sigur sovéskrar utanríkisstefnu sem um getur frá upphafi byltingar. Þar með væri Vestur-Evrópa komin í pólitíska gíslingu Sovétríkjanna með nákvæmlega sama hætti og Austur-Evrópa. Það er spurt: Vilja menn heldur vera dauðir en rauðir? Vilja menn heldur vera rauðir en dauðir? Og spurningin er út í hött. Menn vilja lifa í fyrsta lagi og menn vilja lifa sem frjálsbornir menn í þjóðfélagi frjálsborinna manna. Það er of mikill skortur á æðruleysi að gangast heimsendaspánni á hönd og segja: Við eigum aðeins tveggja kosta völ; skilyrðislausrar uppgjafar eða tortímast ella.

Ég sagði, að það væri sitthvað að athuga við samanburðarfræði hv. þm. að því er varðaði vopnastyrkleika hinna tveggja hernaðarbandalaga, og ég saknaði þess, að þar hefði ekki verið vikið einu orði að því sem í þessum umræðum er gjarnan kallað „hin evrópska martröð". Yfirburðir Bandaríkjamanna á sviði langdrægra kjarnavopna heyra fortíðinni til. Það er svo komið að hvorki evrópskar ríkisstjórnir né sovéskir herfræðingar leggja lengur trúnað á að kjörinn Bandaríkjaforseti muni fást til þess í alvöru að ýta á hnapp til að setja af stað allsherjartortímingar- og gereyðingarstyrjöld, sem m. a. fæli það í sér að leggja Bandaríkin í rúst, til að verja Evrópu, jafnvel þótt svo væri komið að hún væri að tapa venjulegri styrjöld sem Sovétríkin hefðu hafið með venjulegum vopnum. Sá mikilhæfi og gagnmerki stjórnmálaleiðtogi de Gaulle Frakklandsforseti var á sínum tíma, mörgum árum áður en þessi umræða varð almenn, ekki trúaður á raunverulegt gildi þessarar kenningar um hið ameríska ógnarjafnvægi. Hann brást við með þeim hætti að hann ákvað fyrir hönd Frakka að byggja upp eigin kjarnavopnakerfi. Þarf ekki að hafa mörg orð um það, að kjarnavopnakerfi hinna minni háttar Evrópuríkja, Bretlands og Frakklands, eru ekki af því taginu að þau aftri Sovétríkjunum eða skapi þeim þá áhættu sem dugi til að aftra þeim frá innrás ef til kemur. En það breytir ekki því, að hugsunin er sú hin sama. Hin margfræga kjarnavopnaregnhlíf Evrópu, sem Evrópumenn trúðu á á árunum eftir stríð, er endanlega úr sögunni frá og með þeim tíma að risaveldin urðu jafnvíg á því sviði. Þá standa Vestur-Evrópubúar frammi fyrir því, að þeir horfast í augu við margfalda yfirburði Sovétríkjanna í venjulegum vopnabúnaði. Þeir geta ekki treyst á einhverja vernd undir bandarískri kjarnavopnaregnhlíf. Og þeir eiga þriggja kosta völ. Annar er sú ákvörðun, sem tekin var af NATO í des. 1979, að endurnýja meðaldræg kjarnavopnakerfi í Evrópu, sem á að tryggja að varnarsamstarf Evrópu og Bandaríkjamanna rofni ekki, tryggja bandaríska þátttöku í vörnum Evrópu. Hinn kosturinn er að hafna þessari leið, en byggja þá í staðinn upp nothæfan varnarviðbúnað á sviði venjulegra vopna. Og þriðji kosturinn, sem sumir boða, er pólitísk og hernaðarleg uppgjöf.

Í stórræðu sinni á þriðjudaginn fyrir páska gaf hv. 11. þm. Reykv. okkur svolítinn útdrátt af umræðum um þessi mál í heimspressunni og Tímanum. Það væri ekki úr vegi að leiðrétta svolítið þá heimsmynd með því að vitna í eitt rit, gefið út á vegum International Institute for Strategic Studies, sem áður hefur verið vitnað til, og ber heitið „Kjarnavopn í Evrópu." Þar segir á bls. 9:

„Reynsla síðustu tveggja áratuga sýnir greinilega að Sovétstjórnin leggur mun meiri áherslu á örugg skotmörk fyrir eldflaugaárásir á Vestur-Evrópu en menn hugðu. SS-20 eldflaugarnar sanna að ef til átaka kemur er tilgangurinn sá að koma í veg fyrir að NATO beiti takmörkuðum kjarnavopnum, jafnvel þótt styrjöld með venjulegum vopnum væri að takast. Á friðartímum beinist þessi mikli kjarnorkuvopnavígbúnaður Sovétríkjanna að Vestur-Evrópu, að því að minna evrópskar ríkisstjórnir á vald Sovétríkjanna og sem tæki til að rjúfa samvinnu Evrópuríkjanna."

Á bls. 6—7 í sama riti segir: „Upp úr miðjum sjöunda áratugnum varð sú breyting, að sovétstjórnin lagði vaxandi áherslu á kjarnavopn sem beinast eingöngu að meginlandi Vestur-Evrópu. Hér er ekki eingöngu átt við SS-20 eldflaugakerfið eða Backfire sprengjuflugvélar. Þessi vopn styrkja hernaðarlega og pólitíska stöðu Sovétríkjanna gagnvart Vestur-Evrópu. Sérhver SS-20 eldflaug er búin þremur kjarnaoddum. Þær eru hreyfanlegar og þar af leiðandi auðverjanlegri en fyrri kerfi. Þær eru miklu nákvæmari en forverar þeirra, SS-4 og SS-5: nákvæmni innan marka 440 fet á 2000 mílna færi eða vegalengd. Vegalengdin er nægjanleg til að ná öllum vestur-evrópsku skotmörkum sem til greina koma þótt skotpallar þessara flauga yrðu færðir austur fyrir Úralfjöll."

220 slíkar eldflaugar, 660 kjarnaoddar, voru í skotstöðu, beint á skotmörk í Vestur-Evrópu, um mitt ár 1981. Síðan hefur einni slíkri verið bætt við á viku hverri þar til náð var því marki sem dugði til þess að ná öllum hugsanlegum skotmörkum í Evrópu. Þá hélt félagi Brésnev merka ræðu og sagði: Nú ætla ég ekki að gera meira, ef ykkur væri sama, gegn því að vesturveldin aðhafist ekkert og falli frá fyrri ákvörðun um varnarviðbúnað, — sem reyndar á að koma til framkvæmda á árunum 1983—1988.

Önnur meginbreyting, lítið rædd, er endurnýjun mun skammdrægari svokallaðra „taktískra kjarnavopnakerfa" af hálfu Sovétmanna. Þeir hafa komið upp 1300 eldflaugaskotpöllum í herafla sínum á landssvæðum Austur-Evrópuríkjanna, þ. e. leppríkja sinna í Austur-Evrópu, fyrir mun skammdrægari eldflaugar. Þessi kerfi hafa nú verið endurnýjuð. Þau heita SS-21, SS-22 og SS-23. Öll þessi nýju skammdrægu eldflaugakerfi Sovétmanna eru nákvæmari og hreyfanlegri og er beint að fjölbreytilegri skotmörkum en forverum þeirra. Sprengikrafturinn er minni og tilgangurinn er notkun í takmörkuðu Evrópu-

stríði. Herfræðingar ræða um að þessi nýju skammdrægu eldflaugakerfi geti nægt til að fæla Atlantshafsbandalagsríkin frá því að beita kjarnorkuvopnum yfirleitt, jafnvel við skilyrði tapaðrar styrjaldar með venjulegum hætti, auk þess að þau tryggja Sovétmönnum margumrædda fyrsta höggs getu. Á móti þessu er það staðreynd, að Atlantshafsbandalagið hefur ekki endurnýjað meðaldrægt eldflaugakerfi sitt í 17 ár, að engin af núverandi eldflaugakerfum á vegum Atlantshafsbandalagsins, sem komið er fyrir á meginlandi Evrópu, ná út fyrir Austur-Evrópu á sovéskt landssvæði. Menn segja hins vegar: Vesturveldin eiga yfir að ráða flugvélum sem búnar eru kjarnorkusprengjum. Svarið við því er að þar er ekki um gildan samanburð að ræða, m. a. vegna þess, hversu loftvarnartækni hefur fleygt fram, þannig að líkurnar á því að slíkar flugvélar næðu í gegnum loftvarnarmúr fara síminnkandi. Ein niðurstaðan af þessum umræðum er að sjálfsögðu sú, að við erum að nálgast vígbúnaðarkapphlaup á sviði kjarnorkuvopna sem er að leiða til þeirrar rökréttu niðurstöðu, að ógnin, sem af þeim stafar, veldur því, að þeim er ekki hægt að beita, og sá þáttur andmælanna gegn kjarnorkuvígbúnaði hefur við gild rök að styðjast. Ef menn fallast hins vegar á annað borð á þau rök verða menn að taka til gaumgæfilegrar athugunar hvort eina svarið sé ekki að efla venjulegan vígbúnað með svokölluðum venjulegum hefðbundnum vopnum í staðinn.

Ég spurði áðan hvernig stæði á því, að í umræðum um þessi mál, í umr. um samanburð á styrkleika og vígbúnaði þessara tveggja hernaðarbandalaga, hefði hvergi verið vikið að neinni skýringu á því, hvers vegna evrópskar ríkisstjórnir tóku ákvörðun um það í des. 1979 að endurnýja meðaldræg kjarnavopnakerfi sín. Var það frumkvæði að nýju vígbúnaðarkapphlaupi? Er ekki nóg sagt til að sýna fram á að það eru viðbrögð við því hvernig Sovétmenn hafa einbeitt sér að því að vígbúast með kjarnavopnakerfum og beina þeim einvörðungu að Vestur-Evrópu? Af hverjum var sú ákvörðun tekin? Er það rétt, sem fullyrt er, að þessari ákvörðun um endurnýjun kjarnavopnakerfa hafi verið þröngvað upp á evrópskar ríkisstjórnir? Það er alrangt. Þessi ákvörðun var tekin að frumkvæði ríkisstjórna í Evrópu. Tilgangurinn var að endurreisa svokallað „deterrence power", þ. e. öftrunargetu Vestur-Evrópu, með því m. a. að tryggja bandaríska nærveru og þátttöku í vörnum Evrópu, svo sem verið hefur frá stríðslokum og þetta varnarsamstarf hefur byggst á. M. ö. o.: það, sem á bak við þessa ákvörðun bjó, var óttinn við takmarkað Evrópustríð sem gæti hlotist af jafnvægi vígbúnaðar milli risaveldanna, vegna þess að eftir að það jafnvægi náðist býr Evrópa ekki yfir neinum þeim búnaði sem þarf til að aftra Sovétríkjunum eða skapa þeim áhættu sem dugir til þess.

Það má spyrja og er nauðsynlegt að spyrja: Hverjar væru afleiðingarnar pólitískt og hernaðarlega ef vesturveldin féllu einhliða frá fyrri ákvörðun sinni um þetta efni? Sovétríkin hafa nú þegar í skotstöðu fleiri SS-20 eldflaugar með kjarnabroddum en Atlantshafsbandalagsríkin í heild mundu hafa árið 1988, eftir að búið væri að framkvæma umrædda ákvörðun. Nú þegar er það svo. Ef þau falla frá þessari ákvörðun er ein mjög áhrifamikil spurning: Um hvað eiga Sovétríkin að semja á samningafundunum í Genf þegar þau hafa þegar náð tilgangi sínum og fyrir liggur að vesturveldin hafa einhliða ákveðið að láta gott heita? Hvaða hvatningu hafa Kremlverjar til að ná samningum um gagnkvæma afvopnun að því er varðar meðaldræg kjarnavopnakerfi í Evrópu? Má spyrja þeirrar spurningar, hvort líkurnar á styrjöld og átökum muni aukast eða minnka þegar svo er komið að ljóst er að varnargeta Evrópuríkjanna er lítil sem engin? Er ekki niðurstaðan sú, að þá væri svo komið að Vestur-Evrópa væri að endurlifa nýjan Münchensamning, m. ö. o.: hún væri í reynd komin í pólitíska gíslingu Kremlverja?

Ég held að það sé ekki hægt að ræða þessi mál án þess að víkja einu einasta orði að utanríkispólitískum markmiðum Sovétríkjanna. Og það væri náttúrlega hægt hér að fara mörgum orðum um skilgreiningu t. d. franskra jafnaðarmanna, skilgreiningu ráðherra í ríkisstjórn Mitterands, sem þeir Alþb.-menn hafa stundum verið að gæla við um stuðning við, hvernig þeir skilgreina þann háska sem Evrópuríkjunum stafar af gífurlegri hernaðaruppbyggingu Sovétmanna sem beint er að Evrópu. Það er alveg ljóst, að meginmarkmið sovéskrar utanríkispólitíkur í heimshluta okkar er að rjúfa Atlantshafssamstarfið, að reka fleyg milli Evrópu og Bandaríkjanna, að binda endi á það öryggiskerfi sem dugað hefur Evrópu í svo óvenjulega langan tíma sem hinn hálfi fjórði áratugur óneitanlega er, að hnekkja „deterrent-kenningunni" í reynd, að skapa sér þá aðstöðu, að Sovétríkjunum verði ekki aftrað með neinni áhættu frá því að hóta að beita valdi og ná þannig fram því sem þau vilja í pólitískum áhrifum. Slík pólitík væri lamandi á friðartímum, hún væri banvæn á ófriðartímum, og sögulega séð er óhjákvæmilegt að rifja upp að hún minnir um of á reynslu Evrópuþjóðanna af svokallaðri „appeacement" eða Münchenarstefnu Chamberlains og fylgifiska hans á sínum tíma. Þess vegna kemur mér það a. m. k. ekki á óvart þótt tékkneskir andófsmenn loki dyrum sínum þegar þeir eru sóttir heim af fulltrúum vestur-evrópskra hreyfinga sem vilja boða þeim það fagnaðarerindi, að Vestur-Evrópa afvopnist einhliða frammi fyrir hernaðarmætti hins vígvædda lögregluríkis í austri.

Þá er ég kominn að hinum heimssögulegu tímamótum. Þau eiga að vera í því fólgin að eftir að hugmyndafræðilegar deilur, sem líkja má við 100 ára stríð, hafa staðið með litlum hléum milli kommúnista og sósíaldemókrata, þá var svo komið að í stórræðu sinni fyrir páska sagði hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að hann væri því sem næst í öllum meginatriðum sammála málflutning jafnaðarmanna í alþjóðamálum og bæri þar mun minna á milli en milli hans annars vegar og hæstv. utanrrh. í þeirri ríkisstjórn, sem hann styður, hins vegar. Hann taldi upp mörg dæmi þessu til sönnunar, en tók að vísu fram að það hefði verið miðkafli í ræðu formanns Alþfl., Kjartans Jóhannssonar, sem hann mundi, ef tími gæfist til, gera nokkrar aths. við. Við erum hér að ræða skýrslu utanrrh. og við erum hér auðvitað fyrst og fremst að ræða íslensk utanríkis- og öryggismál, sem að sjálfsögðu þýðir um leið að við tökum afstöðu til alþjóðamála. En í tilefni af þessum heimssögulegu fyrirhuguðu sáttum má ég til með að koma að nokkrum spurningum, — að vísu get ég ekki beint þeim til hv. þm. þar sem hann er fjarstaddur, en treysti því, að flokksbræður hans hér í húsinu verði til þess við þessar umr. að svara þeim spurningum. Spurningarnar eru mjög einfaldar. Þær eru: Er svo komið að Alþb. sé sammála eftirfarandi atriðum sem fram komu sem meginkjarni í ræðu formanns Alþfl.,

Kjartans Jóhannssonar?

Kjartan Jóhannsson sagði: „Sívaxandi vígbúnaður Sovétríkjanna á undanförnum árum, innrás þeirra í Afganistan og nú síðast frelsiskúgunin í Póllandi, sem gerðist undir sovéskum þrýstingi, er vissulega rót þeirrar aukningar í hernaðarútgjöldum sem nú á sér stað."

Þetta er önnur heimsmynd en fram kom í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég spyr: Eru þeir Alþb.-menn sammála Kjartani Jóhannssyni um þetta?

Kjartan sagði: „Nú er hins vegar vaxandi spenna milli austurs og vesturs. Aðgerðir Sovétríkjanna hafa lagt eldiviðinn í þann tortryggnisloga."

Ég spyr enn: Eru Alþb.-menn sammála þessari yfirlýsingu formanns Alþfl.? Eitthvað er þetta önnur heimsmynd en fram kom í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þar sem Sovétríkin komu eiginlega ekkert við sögu.

Kjartan Jóhannsson sagði um friðarhreyfingar: „Þetta eru sundurleitar hreyfingar að því leytinu, að áhersluatriði ýmissa hópa innan hreyfinganna eru misjöfn. Helsta ágreiningsefnið er um kröfuna um einhliða afvopnun." Um það sagði Kjartan Jóhannsson: „Hinn einfaldi sannleikur er nefnilega sá, að einhliða takmörkun vígbúnaðar mun ekki endast. Hér getur hvorki gilt: Fyrst þú, svo ég, né heldur: Fyrst ég, svo þú. Skrefin verður að stíga jafnt."

Ég spyr enn: Eru þeir Alþb.-menn sammála þessari afstöðu til friðarhreyfinganna? Það kom ekki fram í ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Kjartan Jóhannsson sagði um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum: „Einhliða yfirlýsing án tilslakana af hálfu grannans í austri eða án samhengis við aðra þætti hefur hins vegar aldrei komið til greina, enda leysir hún engan vanda, sem sást berlega af því þegar sovéskan kafbát rak á sænskar fjörur, og mun það vera eina skiptið sem Norðurlönd hafa ekki verið kjarnorkuvopnalaust svæði."

Ég spyr enn: Eru þeir Alþb.-menn sammála því, að tilslakanir komi ekki til greina nema því aðeins að það risaveldi, sem á Kólaskaga og höfnum Eystrasalts beinir 16 eldflaugum að skotmörkum á Norðurlöndum, verði dregið inn í það og dragi ógnarvopn sín til baka?

Kjartan Jóhannsson sagði um Afganistan: „Sovétríkin gengu þar á land vegna þess að í Afganistan var valdalegt tómarúm sem þau töldu sig geta fyllt upp í afskiptalaust."

Ég spyr þá Alþb.-menn: Aðhyllast þeir kenninguna um tómarúmið, um að líkindi séu á því, að Sovétríkin muni, þegar tómarúm er skapað, fylla það með hervaldi eins og þeim þóknast? Ekki kom það fram í ræðu hv. þm.

Kjartan Jóhannsson sagði í ræðu sinni um Falklandseyjar: „Innrás Argentínu í Falklandseyjar nú á dögunum sýnir hvernig óprúttnir einræðisherrar hagnýta sér varnarleysi eða viðbúnaðarleysi til að hernema lönd." Og enn fremur: „Í þessum þremur dæmum af Afganistan, Póllandi og Falklandseyjum getum við séð að viðbúnaðarleysi býður freistingu heim, að útþenslustefna Sovétríkjanna nýtir sér sérhvert tómarúm, sem ógnun um íhlutun leiðir til herlaga og kúgunar mannréttinda á áhrifasvæðum Sovétkommúnismans og hver sá, sem lent hefur undir járnhæl þessa kommúnisma, er sífelldlega brotinn til hlýðni."

Ég spyr enn: Eru Alþb.-menn sammála því sem hér er sagt? Það kom ekki fram í margvitnaðri stórræðu.

Formaður Alþfl. sagði um Atlantshafsbandalagið: „Atlantshafsbandalagið var stofnað sem vörn gegn útþenslu kommúnismans. Hlutverk þess var að tryggja lýðfrjálsum þjóðum á norðurhveli frið og öryggi og standa þannig vörð um lýðræðisskipulagið. Það hefur tekist."

Í ræðu Ólafs Ragnars Grímssonar kom það fram, að Kjartan hefði hvergi minnst á það, góðu heilli, að Atlantshafsbandalagið hefði neinu hlutverki að gegna til varnar lýðræðisskipulaginu og væri það honum til hróss. Þarna skaust honum. En ég spyr enn: Eru þeir Alþb.-menn sammála þessari afstöðu til Atlantshafsbandalagsins? Það væru sannarlega söguleg tíðindi.

Kjartan Jóhannsson sagði enn fremur: „Hlutleysi er engin trygging. Þvert á móti skapast tómarúm við ríkjandi aðstæður, sem útþensluþjóð leitast við að fylla sem dæmin sanna." Og hann sagði enn fremur: „Það varnar- og öryggisfyrirkomulag, sem við höfum búið við, hefur látið okkur njóta friðar. Það vitum við og við kunnum engin betri ráð til að treysta öryggi okkar. Það hefur ríkt jafnvægi á okkar slóðum. Röskun þess jafnvægis af okkar hálfu væri mjög óviturleg."

Ég segi enn: Ef þeir Alþb.-menn vilji lýsa yfir í umr. hér á eftir, að þeir styðji þessi grundvallarsjónarmið jafnaðarmanna í utanríkismálum, kalla ég það nokkur tíðindi.

Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., sagði um stefnu Alþb. um hlutleysið eftirfarandi: „Varnarleysi Íslands, eins og Alþb. boðar, byði heim hættu á hernámi og ógnunum af því tagi sem ég rakti dæmi um áðan."

Ég spyr: Hafa Alþb.-menn fallið frá hlutleysiskenningum sínum?

Kjartan Jóhannsson fjallaði í ræðu sinni um skotmarkskenningu Alþb. og sagði: „Ég segi: Varnarleysi við núverandi aðstæður mundi gera okkur að tálbeitu og skotmarki beggja. Tómarúm á Íslandi í þessum skilningi, eins og Alþb. berst fyrir, mundi auka umsvif beggja á hafinu umhverfis okkur og við gerðum frelsi okkar, öryggi og sjálfstæði að leiksoppi."

Eru þeir Alþb.-menn sammála því, að sú utanríkispólitík Íslendinga, sem þeir hafa rekið á fjórða áratug, sé tóm vitleysa, eins og hér er lýst? Það væri ómaksins vert að fá að heyra það af þeirra vörum.

Um eðlisbreytingu herstöðvarinnar í Keflavík sagði Kjartan Jóhannsson, en það er ein kenning þeirra Alþb.-manna: „Kjarninn í þessum áróðri hefur verið sá, að Keflavíkurstöðin hafi tekið eðlisbreytingu og sé árásarstöð. Þessar fullyrðingar fá ekki staðist. Í 20 ár hefur engin eðlisbreyting átt sér stað."

Er þessi kenning líka fallin um koll? Kannske þeir Alþb.-menn svari því hér á eftir.

Um eðlisbreytingu sovéska flotans sagði Kjartan Jóhannsson hins vegar eftirfarandi: „Á hinn bóginn hafa orðið verulegar eðlisbreytingar á sovéska flotanum á norðurhöfum. Uppbygging hans er gífurleg." Hann rakti frekari dæmi um það.

Eru Alþb.-menn reiðubúnir að lýsa því yfir hér á eftir, að eðlisbreytingarkenning þeirra nái líka til sovéska flotans og þeirrar ógnunar sem hann veldur okkur sem eyþjóð á norðurhöfum, á einhverju vígvæddasta svæði jarðarinnar?

Um upphlaup Alþb. varðandi samskipti við varnarliðið sagði formaður Alþfl.: „Öll hafa þau runnið út í sandinn. Seinast hafði það, Alþb., í hótunum í svonefndu Helguvíkurmáli, er við lá að iðnrh. tækist að koma í veg

fyrir að íslenskar hendur fengju að vinna verk við rannsóknir á svæðinu. Þessi málatilbúnaður var ráðh. til háðungar.“

Vilja þeir Alþb.-menn taka undir þetta?

Um flugstöðvarbyggingu sagði Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl.: „Ég vil nota tækifærið til að skora á hæstv. utanrrh. að beita sér með öllum tiltækum ráðum og alkunnri festu og klókindum fyrir framgangi flugstöðvarmálsins.“

Það mundu þykja nokkur tíðindi fyrir þinglok ef þeir Alþb.-menn, og þá sér í lagi hv. 11. þm. Reykv., tækju nú undir þetta sjónarmið jafnaðarmanna.

Að lokum komst formaður Alþfl. að orði á þessa leið, um sjálfan hornstein íslenskrar utanríkisstefnu: „Ég hef gert grein fyrir viðhorfum okkar Alþfl.-manna til ýmissa þátta í utanríkismálum. Við teljum bæði rétt og sjálfsagt að gildandi fyrirkomulag í vörnum landsins verði einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu hér eftir sem hingað til.“

Þetta var ekki í miðkaflanum. Þetta voru niðurlagsorðin til áréttingar á kjarna þess máls sem hann hafði flutt. Og nú spyr ég mjög einfaldlega og sakleysislega: Hv. 11. þm. Reykv., helsti talsmaður Alþb. í utanríkis-, öryggis- og alþjóðamálum, lýsti því yfir, að hann hefði orðið fyrir heimssögulegri vitrun þegar hann hlýddi á þessa ræðu. Hann sagði að í öllum grundvallaratriðum, öllu því sem mestu máli skipti, væri hann sammála formanni Alþfl. í þeim málflutningi sem hann hefði flutt hér, að undanskildum nokkrum minni háttar atriðum í miðkafla sem hann mundi gera aths. við. Ef rétt reynist kalla ég það sannarlega — ef ekki heimssögulegt þá a. m. k. mjög sögulegt tíðindi í íslenskum stjórnmálum, og nú bíð ég eftir svörum þeirra hv. Alþb.-manna. Ég vildi mjög gjarnan heyra svör formanns Alþb., Svavars Gestssonar, við þessum spurningum, hvort hann hefur orðið fyrir sömu vitruninni og hvort hann telur að hin sömu sögulegu tímamót séu upprunnin. Ég bíð eftir þeim svörum til þess að við getum þá gengið úr skugga um og haft nokkurn undirbúningstíma að því að kalla saman nýtt sameiningarflokksþing og ganga frá endanlegum samruna þessa nýja jafnaðarmannaflokks á grundvelli þeirrar utanríkisstefnu sem hér hefur verið mótuð.

Ég minnist þess að vísu að hafa heyrt þá talsmenn Alþb. fyrr lýsa því yfir, að héðan í frá sé fortíð þeirra í ösku og þeir séu nú afturbatasósíaldemókratar. Einkum og sér í lagi er þeim gjarnt að lýsa þessu yfir þegar það hendir, sem ber ósjaldan við, að sósíaldemókratar vinni kosningasigra í útlöndum. Þá koma skeytasendingar og yfirlýsingar um að Alþb. íslenska sé nú eiginlega alveg eins og franski sósíalistaflokkurinn eða alveg eins og grískí sólsíalistaflokkurinn eða alveg eins og spænski sósíalistaflokkurinn. Og það er í samræmi við yfirlýsingu hv. 11. þm. Reykv. Hann er eiginlega í stórum dráttum alveg sammála jafnaðarmönnum um utanríkis- og öryggismál, en með fáeinum undantekningum. Undantekningin var í hans tilviki ritstjóri Alþýðublaðsins. En skyldu þeir Alþb.-menn vera mikið sammála málflutningi franskra jafnaðarmanna í utanríkismálum. Hver er stefna franskra jafnaðarmanna í helstu dráttum alþjóðamála sem við höfum verið að ræða hér í kvöld? Hver er stefna franskra jafnaðarmanna í málefnum Evrópu? Hver er afstaða þeirra til Atlantshafsbandalagsins? Við skulum gefa utanrrh. í ríkisstjórn Mitterands orðið. Hann sagði í viðtali við bandarískt vikurit orðrétt: „Atlantshafsbandalagið er forsenda utanríkisstefnu okkar.“ Hingað til hefur þetta heitið á máli Þjóðviljans að vera Bandaríkjaleppur og heimsvaldasinni. — Utanrrh. franski sagði: „Atlantshafsbandalagið er aðferð til andófs gegn útþenslu alræðisafla.“ Hingað til hefur þetta verið kallaður kaldastríðsáróður í Þjóðviljanum. — Utanrrh. franskra jafnaðarmanna sagði líka: „Við munum halda áfram að byggja upp og endurnýja hervarnir okkar og þó alveg sérstaklega einhliða vald okkar yfir kjarnavopnum.“ Er ekki þetta syndsamlegt tal? Hvernig stendur á því, að utanrrh. franskra jafnaðarmanna, sem Alþb. hefur margítrekað sent skeyti og áréttað samstöðu sína við — allt annað mál en með íslenska jafnaðarmenn — gefur slíkar yfirlýsingar? — Utanrrh. franskra jafnaðarmanna segir orðrétt í umræddu viðtali: „Frá okkar bæjardyrum séð raska SS-20 eldflaugar Sovétmanna, sem beint er að 660 skotmörkum í Vestur-Evrópu, valdajafnvæginu í Evrópu. Við getum ekki sætt okkur við það og við munum ekki sætta okkur við það.“ Í fréttabréfi íslenskra herstöðvaandstæðinga er sjaldan fjallað um Sovétríkin, en þó minnist ég þessarar tilvitnunar: „Sovétríkin koma okkur ekkert við.“ Ætli þetta dugi ekki sem svolítið sýnishorn um það, að yfirlýsingarnar um hina nýuppgötvuðu samstöðu með sjónarmiðum jafnaðarmanna í alþjóðamálum eigi nokkuð langt í land áður en hægt er að mæla með inntökubeiðni þeirra í Alþjóðasamband jafnaðarmanna.

Hins vegar er ástæða til að spyrja. Sögulega séð er auðvitað alþekkt staðreynd, að hinn íslenski kommúnistaflokkur og sósíalistaflokkurinn íslenski gerðu það að eins konar prófsteini á hollustu manna við sósíalisma að menn styddu málflutning Sovétríkjanna, utanríkisstefnu Sovétríkjanna yfirleitt á alþjóðavettvangi skilyrðislaust. Þetta var grundvallarkenning, grundvallartrúarsetning, sem var svo mikils virði að hún skipti sköpum um flokkaskipun á Íslandi, skipti sköpum um hverjir gætu starfað saman á vinstra væng íslenskra stjórnmála.

Nú kunna menn að segja: Þetta var í fortíðinni og a. m. k. eftir innrásina í Tékkóslóvakíu hefur kveðið nokkuð við annan tón. — Og það er rétt. Það hefur ítrekað gerst að þegar mönnum þykir upp úr sjóða í Gúlaginu, þá hafa forustumenn hins endurreista Alþb. sent samúðarkveðjur sínar til fórnarlamba alræðiskerfisins. En spurningin er: Eru samúðarkveðjur nóg? Er ekki ástæða til að spyrja? Ef það er svo, að þeir hafi nú hafnað þeirri þjóðfélagsfyrirmynd sem þeir börðust fyrir áratugum saman og var reyndar sjálfur pólitískur tilverugrundvöllur þeirra og Sovétríkin komu þeim ekki lengur neitt við í þeim skilningi, er þá ókurteisi að spyrja: Hvað hefur komið í staðinn? Hafa þeir endurskoðað þennan hugmyndaarf? Hafa þeir endurmetið sovétríkin? Viðurkenna þeir nú að Sovétríkin séu hervætt alræðisríki sem lýðræðisríkjunum stafi ógn af? Hafa þeir þá ekki endurmetið afstöðu sína til þátttöku í varnarsamstarfi lýðræðisríkja? Er ekki kominn tími til að játa það, eins og ítalski kommúnistaflokkurinn t. d. gerir, að vörnum Ítalíu sé þrátt fyrir allt best komið í varnar- og öryggiskerfi Evrópuríkjanna? Hvað er langt í land að þeir dragi rökréttar niðurstöður af pólitísku gjaldþroti sínu í hugmyndafræðilegum efnum? Það væri óskandi að hv. 11. þm. Reykv., Ólafur Ragnar Grímsson, færi með rétt mál þegar hann sagði að hann hefði orðið fyrir þeirri vitrun að honum og jafnaðarmönnum, íslenskum jafnt sem erlendum, bæri orðið lítið í milli.

Í þessum umr. hefur nokkuð verið fjallað um friðarhreyfingarnar. Matið á þeim er nokkuð mismunandi. Sú sögulega breyting hefur átt sér stað á seinustu árum, að Evrópa getur ekki lengur lifað í ímynduðu öryggi undir bandarískri kjarnavopnaregnhlíf. Og þá ber svo við að Evrópumenn, sem létu sér ógn kjarnavopna í léttu rúmi liggja meðan afleiðingarnar af hugsanlegu kjarnorkustríði hefðu sneitt hjá garði þeirra, líta þau mál nú öðrum augum. Það er eðlilegt og það er mannlegt og það er skiljanlegt. Þessi umræða fer fram í ljósi þeirra staðreynda, að ef Vestur-Evrópuríkin hafna, sem rök má færa fyrir, þeirri kenningu, að endurnýjun kjarnavopna í Evrópu færi þeim nokkra raunverulega vörn, þá verða menn að gera það upp við sig hvort heldur skuli gera; gefast upp, afvopnast eða byggja upp varnarstyrk með venjulegum vopnum.

Það eru margar ástæður fyrir því, að það er eðlilegt að Evrópubúar beri ekki lengur skefjalaust traust til bandarískrar stjórnmálaforustu. Því veldur margt. Hin pólitíska forusta Bandaríkjamanna fyrir málstað vestrænna lýðræðisríkja beið nánast ómælanlegan hnekki í Víetnamstríðinu og afleiðingum þess. Watergate bætti ekki úr skák. Reikul og ráðvillt og sveiflukennd utanríkispólitík Carters fyrrv. Bandaríkjaforseta var ekki traustvekjandi. Það var ekki mjög traustvekjandi að horfa upp á hið forðum nær almáttuga bandaríska risaveldi horfa hjálparlaust og hjálparvana upp á að svokallaðir stúdentar tóku bandaríska sendiráðið í Íran herskildi og héldu því í gíslingu. Menn standa jafnvel frammi fyrir því, að tilraun sendiráðsmönnum til bjargar mistókst. Það er ákaflega lítil ástæða til að lýsa yfir miklum stuðningi við pólitíska forustu Bandaríkjanna fyrir bandalagi lýðræðisríkjanna, eins og hún hefur birst víðs vegar í Asíu, Afríku, hvað þá Suður- og Mið-Ameríku.

Það er líka athyglisvert að staldra við þá staðreynd, eins og breska blaðið The Guardian vék að í ritstjórnargrein fyrir einum 2—3 mánuðum, að það verður að teljast makalaust með ríki eins og Sovétríkin, alræðisríki af því tagi sem hangir uppi á valdbeitingunni einni saman og útilokar allar þjóðfélagsbreytingar, viðurkennir engin mannréttindi, sem kappsamlega hefur á sama tíma og vesturveldin drógu úr varnarviðbúnaði sínum byggt upp gífurlegan hernaðarmátt, bæði með venjulegum vopnum og kjarnavopnum, að á sama tíma og þetta gerist, á sama tíma og þau hernema hlutlaust grannríki,sitt Afganistan, á sama tíma og þau kveða niður mannréttindahreyfinguna í Póllandi er það útbreidd skoðun í Vestur-Evrópu, að þetta alræðisríki, þetta hervædda alræðisríki, sé boðberi friðarins, sé aldeilis sérlegur boðberi friðarins, og það er borið saman við Bandaríkin t. d. með þeim hætti að Evrópubúum stafi miklu meiri ógn af Bandaríkjunum en af þessum grönnum sínum í austri. Breska blaðið Guardian gaf áróðursmeisturum Kremlverja fyrstu verðlaun fyrir snilld í vel heppnaðri áróðursherferð, að menn skyldu kaupa þessa söluvöru svo auðveldlega.

Allir vita að það bætir ekki úr skák og það vekur ekki traust á Bandaríkjamönnum með hverjum hætti Reagan Bandaríkjaforseti hefur hugsað upphátt um hluti sem hann virðist ekki hafa vit á. Það er auðskilið mál, að fjölmiðlaumræða í sjónvarpi og blöðum, sem upphófst eftir að NATO tók ákvörðun sína 1979 um endurnýjun meðaldrægra kjarnavopnakerfa, vakti athygli almennings og í kjölfar hennar komu meiri upplýsingar um hinar ógnvænlegu afleiðingar þess sem gerist ef til raunverulegs kjarnorkustríðs kemur. Það er mjög eðlilegt að það er sjálf kveikjan að því að hreyfingar rísa upp í Vestur-Evrópu, sem fela það kannske fyrst og fremst í sér að þessi mál eru ekki lengur rædd bara af sérfræðingum, héldur eru pólitíkusar og sérfræðingar krafðir ábyrgðar og skýringa á gerðum sínum, og það er jákvætt. Það er skiljanlegt í þröngbýli Vestur-Evrópu, að menn fyllist ótta og beyg þegar slökunarstefnan skilar ekki meiri árangri en raun ber vitni. Það er eðlilegt að félagi Helmut Schmidt, kanslari Þýskalands, kalli þessa hreyfingu Angstbewegung, en hún er ekkert ómerkilegri fyrir það.

Evrópubúar hafa reynslu og hana mikla á þessari öld af því hvað styrjöld þýðir. Þeir eiga að geta skilið það, jafnvel sú kynslóð sem ekki man þær píslir, að ef til slíkra átaka kemur eru allar frásagnir fyrri tíða af plágum, skotgrafahernaði og jafnvel hinni viðbjóðslegu helför, sem nasisminn þýski bauð heilum þjóðum fyrir nokkrum áratugum, barnaleikur í samanburði við þau ósköp sem þá kynnu að vofa yfir. Það er auðvitað hverju orðinu sannara og getur hver maður farið með langar tölur um hver fórnarkostnaður varnanna er, hvað við getum byggt marga skóla, hvað við getum byggt mörg sjúkrahús, hvað við getum virkjað starfskrafta margra hæfra vísindamanna í þágu félagslegra umbóta, í þágu aukinnar hagsældar almennings, hvað við getum lagt mikið af mörkum, velferðarþjóðfélög vestursins, til að rétta þurfandi meðbræðrum okkar í þriðja heiminum hjálparhönd ef við gætum lagt allar varnir á hilluna. En við skulum einmitt út af því atriði forðast eitt. Við skulum forðast að leggja þessi tvö þjóðfélagskerfi að jöfnu, sem svo allt of margir gera. Við skulum t. d. minnast þess, að á sama tíma og lýðræðisríki Vestur-Evrópu, sem í eðli sínu og að allri þjóðfélagsgerð eru að sjálfsögðu friðsamleg þjóðfélög, eru treg til þess vegna almenningsálits og mannúðarsjónarmiða kjósenda að verja nema mjög takmörkuðum hluta af fjármunum sínum til vígbúnaðar hafa þau sjónarmið engin áhrif austan járntjalds. Lýðræðisríkin verja minna en 3% af þjóðarframleiðslu sinni til vígbúnaðar á sama tíma og risaveldið Sovétríkin ver þannig 13% og það fer vaxandi ár frá ári. Við skulum ekki leggja þessi þjóðfélagskerfi að jöfnu vegna þess að það er rangt, það er siðferðilega rangt.

En í sambandi við málflutning ýmissa friðarhreyfingarmanna skulum við líka minnast þess, að það hefur enginn einn maður, hvaða skoðun sem hann hefur, neinn einkarétt á því að boða mönnum hið ósvikna hugarfar friðarins. Við skulum játa þeirri staðreynd, að það er eðlilegt að uppi sé ágreiningur um leiðirnar. Ég get vel skilið menn sem hugsa á þá leið, að nú sé svo komið vegna þeirrar ógnar, sem af kjarnavopnum stafi, að einhliða afvopnun og pólitísk uppgjöf sé þrátt fyrir allt betra, ef það að lifa af er háð því skilyrði. Ég er hins vegar ósammála því mati, og ágreiningurinn er þess vegna um það, hvort kostirnir séu aðeins tveir, einhliða afvopnun og tortíming, eða hvort þeir eru fleiri, hvort við getum ekki fundið aðrar leiðir, sem gefa okkur bæði kost á að lifa af og lifa í þjóðfélagi frjálsra manna. Og ég vil að lokum gera nokkrar aths. við málflutning sem hafður er í frammi í nafni slíkrar friðarhreyfingar og ég tel henni ekki samboðinn.

Það er ekki nóg að segja að nú þegar sé búið að hlaða

upp í heiminum kjarnavopnabúnaði sem dugi til að sprengja heiminn í loft upp sjö sinnum og Evrópu fjórum sinnum. Það er staðreynd. En ég hef eytt talsverðum kafla í mínu máli til að sýna fram á að jafnvægi ógnarinnar milli risaveldanna leysir eitt ekki þann vanda sem Evrópa stendur frammi fyrir. Og við eigum annarra kosta völ en þeirra einna að fórna höndum og gefast upp.

Mér þykir miður þegar því er haldið fram í þessum málflutningi, að spurningin um ákvörðun NATOs, sem ég er búinn að nefna oftar en einu sinni, sé til komin vegna þess að fyrir bandarískum hernaðarsinnum vaki að fórna Evrópu og gera hana að kirkjugarði. Eru menn búnir að gleyma því, að tvisvar á þessari öld hafa bandarískir hermenn verið kvaddir til Evrópu af Evrópubúum til þess m. a. að aðstoða þá við að varpa af sér alræðisoki fasismans? Eru menn búnir að gleyma því, að það eru Evrópumenn sjálfir sem nauðbáðu Bandaríkjamenn um að yfirgefa Evrópu ekki í stríðslokin og biðja um það enn hástöfum að þeir haldi lágmarki hersveita í Evrópu til tryggingar því að þetta varnarbandalag sé gagnkvæmt? Ameríka getur verið vígi og þarf ekki að hafa áhyggjur af Evrópu. Vandamálið, sem við erum að ræða um, er varnir Evrópu. Það er röng fullyrðing, að Bandaríkjastjórn hafi þröngvað kjarnavopnum upp á Evrópu. Staðreyndin er sú, að fyrsti stjórnmálamaðurinn, sem lýsti því yfir í nafni ríkisstjórnar, var félagi Helmut Schmidt á ráðstefnu í London í okt. 1977, að þörf væri á endurnýjun slíkra meðaldrægra kjarnavopna vegna evrópskra hagsmuna. Því er haldið fram, að vesturveldin hafi hafnað viðræðum. Það er kjarni þess máls, sem hin tvíþætta ákvörðun NATOs var um 1979, að þessi kerfi skyldu ekki sett upp fyrr en 1983, fjórum árum síðar, og það skilyrt því, að ef í millitíðinni næðist árangur í viðræðum við Sovétríkin um að þau drægju úr og drægju til baka og fjarlægðu SS-20 eldflaugar sínar væri þetta „prógram" til endurskoðunar.

Ég skil ekki kröfur eða málflutning þeirra manna sem tala um það sem algert forgangsverkefni og stórpólitískt mál að þau lönd, sem fyrir fram eru kjarnavopnalaus, og þá á ég t. d. við Norðurlönd, lýsi því yfir, að þau verði kjarnavopnalaus, á sama tíma og öryggi þeirra er ógnað af kjarnavopnaveldum allt í kring. Mér finnst það undarleg kröfugerð þegar því tali er hins vegar eytt, að þetta beri að tengja víðara pólitísku samhengi um að sá aðilinn, sem ógnar öryggi Norðurlanda, fjarlægi sín morðtól. Mér finnst það undarlegur málflutningur að lesa í tímaritinu Rétti, sem verið hefur tímarit rétttrúnaðarmarxista svokallaðra á Íslandi í meira en hálfa öld, í grein eftir einn stjórnmálaritstjóra Þjóðviljans, í 2. hefti 1981, eftirfarandi orð, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur Noregur verið að breytast í risastórt flugmóðurskip fyrir bandarískar sprengjuflugvélar sem borið geta kjarnavopn, auk þess sem neti hlustunar-, miðunar- og njósnastöðva hefur verið komið á fót í Noregi til þess að þjóna kafbáta- og flotahernaði Bandaríkjanna og NATO með svipuðum hætti og á Íslandi."

Málflutningur af þessu tagi minnir mig á það sem hét á máli íslenskra sósíalista Finnagaldur, þegar þeir fundu upp hvað flóknastar röksemdir til að sanna að í vetrarstríðinu 1939 hefðu mál þróast á þann veg, að Finnland hefði ógnað öryggi Sovétríkjanna, og tóku afstöðu, íslenskir menn, með sovéskum hernaðaraðgerðum gegn einu Norðurlanda. Málflutningurinn, sem er af þessu tagi, minnir mig satt að segja á þá forneskju. Það hefur enginn maður neina einokun á málstað friðar og það eru engir menn sjálfkjörnir til að fara einir með þann málstað. Það væri eðlilegra að menn létu verkin tala fremur en yfirlýsingarnar einar saman.

Ég hef vikið að afstöðu franskra jafnaðarmanna til utanríkis- og alþjóðamála og tel að Alþb.-menn á Íslandi gætu mikið af þeim lært. Ég hef ekki farið mörgum orðum um svokallaða „Ostpolitik" vestur-þýskra jafnaðarmanna, sem áttu meginþátt í því að reyna að koma á eðlilegum friðsamlegum samskiptum milli austurs og vesturs, en því miður með mjög takmörkuðum árangri vegna þess að góðu fordæmi var ekki fylgt eftir.

Að því hefur oft verið vikið, að sagan og reynslan staðfesta að jafnaðarmannahreyfingarnar eru í raun og veru, eins og Benedikt Gröndal hefur orðað það, friðarhreyfingar. Kjarni þeirrar hugmyndafræði er að vísa á bug hugmyndinni um valdatöku með vopnavaldi. Þess eru ekki dæmi, að jafnaðarmenn hafi tekið völd eða reynt að halda völdum með vopnavaldi. Hins vegar má nefna þess mörg dæmi, að ríkisstjórnir undir forustu jafnaðarmanna hafi hvarvetna á hverjum tíma reynt að beita sér fyrir utanríkisstefnu og stefnu í alþjóðamálum sem sannanlega í verki hefur stuðlað að friði og þjóðfélagsumbótum.

Það er alveg augljóst mál, að þessi afstaða, svo að ég nefni aftur dæmið af frönskum jafnaðarmönnum, þýðir að í samskiptum austurs og vesturs er sú skoðun ríkjandi að þar hljóti Vestur-Evrópa að leggja á það megináherslu að viðhalda því öryggisbandalagi og því öryggiskerfi sem hvað bestum árangri hefur skilað frá stríðslokum og felur í sér að viðhalda samstarfinu við Bandaríkin. Á hinn bóginn er jafnljóst að þetta samstarf útilokar ekki og breiðir ekki yfir, að milli jafnaðarmanna og ýmissa annarra stjórnmálaflokka í Evrópu, og þ. á m. núverandi valdhafa í Bandaríkjunum, er alger ágreiningur í matinu á málefnum þriðja heimsins og stefnunni sem lýðræðisríkin eiga að fylgja í málefnum þriðja heimsins. Þær umræður hafa nú borist inn á Alþingi Íslendinga, t. d. í umræðunum um El Salvador. Þær umræður hafa líka borist inn á Alþingi Íslendinga í umræðunum um Tyrkland. Í þeim umræðum hefur komið rækilega í ljós hver ágreiningur er milli stjórnmálaflokka á Íslandi, jafnvel þrátt fyrir að þeir kunni að vera sammála um meginatriði íslenskrar öryggispólitíkur í okkar heimshluta. Það er hægt að hafa mörg orð um þennan ágreining. Hann kom svo rækilega fram í ræðu Kjartans Jóhannssonar, formanns Alþfl., að ég ætla ekki að fjölyrða um það.

Herra forseti. Lokaorð mín skulu vera þau, að mér sýnist að loknu þessu yfirliti að allmikið skorti enn á hlutlægni í þeirri heimsmynd sem birtist í málflutningi talsmanns Alþb. í þessum umr. Mér þykja enn fremur eyðurnar í málflutningi hans vera nokkuð stórar. Og samanlagt bendir þetta til þess, að þeir Alþb.-menn eigi því miður enn æðimikið ólært áður en við getum tekið að okkur, við jafnaðarmenn, að mæla með inngöngu þeirra í Alþjóðasamband jafnaðarmanna.

Haraldur Ólafsson: Herra forseti. Það er fyrst eitt mál sem ég vildi minnast á áður en ég fer að ræða um meginefni það sem ég ætla að tala um í kvöld. Mér virðist sem þessi háttur á umr. um utanríkismál sé með öllu óhæfur.

Það er fráleitt að slíta umr. sundur á þann hátt sem gert er, að margar vikur líði á milli framsögu utanrrh. um hina mjög svo mikilvægu skýrslu sem árlega á að vera grundvöllur þessarar umr., og umr. um hana nú sýnist mér að geri alla umfjöllunina harla marklitla. Við höfum t. d. í dag og í kvöld orðið vitni að því, að máli er einkum beint til fjarstaddra manna, m. a. utanrrh. Þetta er eins og að hrópa upp í vindinn. Maður hefur einhvern veginn á tilfinningunni að þetta sé ekki ætlað neinum viðstöddum, heldur einhverjum sem eru í órafjarlægð. Ég held að í framtíðinni sé full ástæða til þess að endurskoða þennan hátt á umr. Ég tel að hér sé um svo mikilvægan málaflokk að ræða, að 2—3 daga umræða sé hið minnsta sem ætla mætti til þess arna.

Það er ákaflega merkilegt að hlusta á það sem hér kemur fram. Ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með ræðu hv. 4. þm. Reykv. Mér virtist að í upphafskaflanum boðaði hann að hann mundi nú gera betur en „kanselífólk" og jafnvel sumir hinna fjarstöddu hefðu gert í að leiðrétta heimsmyndina og þær skekkjur sem í skýrslu utanrrh. hefðu komið fram. En eftir hálfs annars tíma ræðu sátum við uppi með harla kunnuglegt efni. Og þó að hann færi bæði út fyrir New York Times og Tímann, m. a. í Adelphi-papers, þá virtist mér ekki harla margt þar þess eðlis, að ástæða væri til að hrósa því sérstaklega fyrir að veita manni nýja sýn á málin. Að öðru leyti ágæt ræða.

En það sem ég held að sé eiginlega og hljóti að vera okkar meginviðfangsefni í umr. um utanríkismál, eru utanríkismál Íslands. Og nú vil ég alls ekki draga neina dul á það, að ég tel að þau verði ekki rædd án tengsla við alþjóðamál yfirleitt og einkum þó það sem er að gerast í okkar heimshluta. Það er augljóst mál, að það, sem er að gerast núna í Ameríku og Evrópu, í samskiptum austurs og vesturs, hlýtur að snerta okkur mjög. Við komumst ekki hjá því að taka mið af því sem risaveldin aðhafast, og við hljótum einkum og sér í lagi að veita athygli öllum þeim hræringum sem eru í þeim löndum sem okkur standa næst, þ. e. Norðurlöndunum og Vestur-Evrópuríkjunum.

Það eru eiginlega tvö atriði, sem ég hef einkum saknað að ekki hefur verið fjallað um nógu rækilega, hvorki í þeim ræðum, sem ég hef hlýtt hér á, né í skýrslu utanrrh. Það eru annars vegar þær hugmyndir, sem uppi eru um friðunarráðstafanir hér á Norður-Atlantshafi, utan hvað vikið var að tillögum framsóknarmanna um það efni nokkuð gálauslega, fannst mér, og hins vegar var ekki minnst einu orði á þær hræringar sem nú eru að gerast í Vestur-Evrópu, þar sem allt virðist benda til þess að Efnahagsbandalagsríkin séu að færast allmiklu nær hvert öðru en verið hefur og hin stjórnmálalega og þar með trúlega hernaðarlega samvinna þeirra að stóraukast. Ég held að þetta sé mál, sem við verðum að fylgjast mjög rækilega með, og mér býður í grun að það, sem er að gerast í Brüssel þessa mánuðina og næstu árin, geti sett Íslendinga í nokkurn vanda ef ekki er rækilega fylgst með. Sömuleiðis hlýtur okkur að varða miklu hvað gerist á Norðurlöndum, því að það eru þó þau ríki sem eðlilegast er að við höfum mikla samvinnu við, höfum nú þegar, en að við fylgjumst með þeim, og ég held að við verðum að beina athyglinni mjög að því sviði á næstunni.

Ef ég tek fyrir meginefni þess sem ég ætla að segja hér, þá snertir það tillögu okkar nokkurra framsóknarmanna um að efnt verði til ráðstefnu um vígbúnað og hernaðarumsvif á Norður-Atlantshafi. Er þá haft í huga að slíkur fundur eða slík ráðstefna geti orðið upphaf að aðgerðum til að draga úr spennu á þessu svæði. Þó að manni detti í hug sú dálítið kostulega hugmynd, að sumum standi meiri uggur af friðarhreyfingum en herjum, þá er því öfugt farið með mig. Ég viðurkenni fúslega að friðarhreyfingar eru af mörgu tagi, en allmiklu þægilegri og þokkalegri félagsskap held ég að maður finni þar yfirleitt en þar sem vígbúnaður og hernaður er allsráðandi.

Varnir Íslands eru kannske fyrst og fremst fólgnar í því að friður haldist. Það hlýtur að vera eitt okkar meginviðfangsefni, okkar meginverkefni að gera það sem við megum til að stuðla að friði. Við vitum ákaflega vel að í ófriði er staða okkar harla veik, að hún er nær — ég vil ekki segja vonlaus, en alla vega vonlítil. Í raunverulegum ófriði er Ísland harla illa statt. (**Gripið fram í:** Allir.) Allir að vísu, en ég er að tala um Ísland. Varnir Íslands eru þess vegna fyrst og fremst fólgnar í að friður haldist, og þar af leiðandi hlýtur það að vera okkur mikið áhugamál, að í okkar heimshluta sé gengið þannig frá málum að sem mest sé dregið úr spennu. Aukin hernaðarumsvif á Norðaustur-Atlantshafi, hvort sem það eru hernaðarumsvif Bandaríkjanna eða Sovétríkjanna, án þess að ég leggi nokkurn dóm á þau ríki út af fyrir sig, ógna Íslandi. Það er alveg augljóst mál, að eftir því sem Norður-Atlantshafið er frekar en áður hugsanlegur vígvöllur, þá versnar okkar staða. Ég er ekki með þessu að segja að Íslendingar eigi að segja sig úr Atlantshafsbandalaginu eða leggja hér niður herstöðina. Ég hef að undanförnu rætt við erlenda framámenn, bæði fræðimenn og stjórnmálamenn, sem fyrir nokkrum árum töldu að herstöðina hér ætti að leggja niður, að Ísland ætti að losa sig úr Atlantshafsbandalaginu. Margir þessara manna hafa algerlega skipt um skoðun, vegna þess að slíkt mundi þegar raska jafnvægi á þessum slóðum. Einungis með því að halda því sem er getum við forðast röskun sem mundi skapa aukna hættu. Ef við ætlum að draga úr hernaði eða draga úr herstöðinni á Íslandi, þá hlýtur það að vera í sambandi við samdrátt annars staðar í Evrópu.

En svo að ég komi að þessari hugmynd um ráðstefnu um afvopnun, þá tel ég að hún eigi fyrst og fremst að vera til upplýsinga, hún eigi að vera til upplýsinga um það, hvað er að gerast í kringum okkur, hún eigi að vera til upplýsinga um þá „strategíu", um þann herbúnað sem hér er, um þá „strategíu" sem risaveldin beita á norðurhveli jarðar, og reyna að átta sig á því, á hvern hátt unnt sé að finna leiðir til að draga úr þeim vígbúnaði sem hér er. Ég held að slík ráðstefna mundi ekki í einu vetfangi breyta mjög miklu, en hún mundi beina athygli heimsins að þessum svæðum og gera okkur og öðrum þjóðum ljóst hvað hér er í húfi. Og það gæti einnig orðið til þess að ýta undir samhliða samdrátt í vígbúnaði á Atlantshafi og í Evrópu.

Margir segja að þetta sé út í bláinn, þetta sé hugsjón ein, það séu raunverulega risaveldin sem öllu ráði og ekkert verði gert í þessum málum nema í samningum þeirra á milli. En gæti ekki verið hugsanlegt að einmitt slíkur fundur, slíkt upplýsingastreymi gæti orðið til þess að þetta svæði yrði tekið með þegar risaveldin eru að semja sín á milli um samdrátt herafla? Ég held að það væri nær fyrir fulltrúa flokkanna að sameinast, að koma til móts við okkur um þessa tillögu, að vinna að henni saman, heldur en að gera veikburða tilraunir til að gera þessa hugmynd hlægilega. Og ég held líka að við megum

vara okkur á því að vera of uppteknir af því sem stórveldin eða sérfræðingar þeirra skrifa. Ég held nefnilega að smáþjóðirnar geti haft og hafi miklu hlutverki að gegna þegar rætt er um afvopnun og samdrátt herafla. Við vitum þegar hve t. d. hið raunverulega kjarnorkuvopnalausa svæði á Norðurlöndum stuðlar að jafnvægi hér í norðurálfu heims. Og við gleymum því líka, að einmitt á þessum slóðum er eitt af þeim svæðum jarðarinnar þar sem hernaður er með öllu bannaður, hvers kyns hernaður sem er og hvers kyns hertæki sem eru. Ég á hér við Svalbarða og Svalbarðasamninginn. Svalbarðasamningurinn bannar allan herbúnað á Svalbarða og er að því leyti sambærilegur við samninginn um Suðurskautslandið frá 1959. Ég held að það væri mjög auðvelt að útvíkka þetta smám saman — þetta gerist ekki í einu, þetta gerist á löngum tíma, — að útvíkka smám saman Svalbarðasamninginn eða hafa Svalbarða sem nokkurs konar upphaf að frekari friðun hér í Norðaustur-Atlantshafi. Þær þjóðir, sem kæmu til með að koma til slíkrar ráðstefnu, væru að sjálfsögðu þær þjóðir sem eiga land að Norðaustur-Atlantshafi, auk þeirra þjóða sem hafa þar einhvern herbúnað nú þegar, t. d. Bretar, Frakkar, hugsanlega Þjóðverjar og svo náttúrlega Bandaríkjamenn og Sovétríkin og Norðurlandaþjóðirnar. Ég held að það væri auðvelt að afmarka þau lönd sem ættu að taka þátt í slíkri ráðstefnu eða bjóða til slíkrar ráðstefnu.

Í framhaldi af þessu skulum við minnast þess, að Ísland er eitt af sex ríkjum, sem liggja að innhafinu sem fellur hér að norðurströnd landsins, þ. e. Norður-Íshafinu. Þetta svæði er að mörgu leyti mjög mikilvægt hernaðarlega og sennilega á mörgum öðrum sviðum. Löndin, sem liggja að Norður-Íshafinu, eru Sovétríkin, Kanada, Bandaríkin, Grænland, Ísland og Noregur. Ég vil benda á grein um þetta svæði, um Norður-Íshafið, sem birtist í Foreign Affaires, haustheftinu í fyrra, grein eftir Lincoln Blumfield, þar sem hann hreyfir þeirri hugmynd að Norður-Íshafið verði gert að því sem hann kallar „conflict free zone", þ. e. að þetta verði friðað svæði. Og hann rifjar upp — ef ég má fylgja fordæmi hv. 4. þm. Reykv. og vitna til fínna manna, þá ætla ég nú að vitna til hvorki meira né minna en Mackinders, sem sagði að nöf heimsins, sem öxull veraldarinnar snerist í, væri þar sem stórfljót Evrasíu rynnu í Norður-Íshafið. Vísindamenn og herfræðingar nútímans mundu vissulega taka undir þetta með Mackinder. Það eru að vísu rúm 70 ár síðan hann sagði þetta, og þá fannst mönnum þetta hlægilegt, en núna hlær enginn lengur að þessu með þeim vígbúnaði sem þar er og að þarna yfir liggja skemmstu leiðirnar milli risaveldanna, Sovétríkjanna og Bandaríkjanna. Þó er yfir þetta svæði sem eldflaugarnar munu fara ef svo hörmulega vill til að einhvern tíma verði ýtt á hnappinn. Og minnast má kenninga Vilhjálms Stefánssonar um mikilvægi norðurhjarans.

Þessi hugmynd Blumfields er mjög skemmtileg vegna þess að hún snertir þá hugmynd sem við hreyfum í okkar þáltill., að það gæti verið upphaf að mjög fróðlegum og alvarlegum viðræðum um norðursvæðin út frá hernaðarlegu sjónarmiði og út frá því sjónarmiði að nýta þau sameiginlega og að koma í veg fyrir með samningi og viðtæku samkomulagi að þar verði spillt náttúru. Það er nú þegar allmikil olíuborun í Norður-Íshafinu, í Prudhoe í Alaska og í Beaufort-hafinu við Kanada, en talið er að um 50% af þeirri olíu, sem Sovétríkin eiga eftir, séu á landgrunni þeirra, og þetta landgrunn er að mestu leyti landgrunnið út í Norður-Íshafið. Það er öllum kunnugt að slys í sambandi við olíuborun í köldum sjó geta verið gífurlega afdrifarík. Olían flýtur þar geysilengi og hún getur valdið gífurlegu tjóni, gífurlegum skaða. Það er því næsta brýnt að unnið verði að því, að við olíuborun, hvort sem hún fer fram á landgrunni Sovétríkjanna eða Kanada og Ameríku, sé gengið tryggilega frá öllum umbúnaði svo að hið mikilvæga dýralíf, sem er í Norður-Íshafinu, bíði ekki tjón af hugsanlegum slysum á því sviði.

Í framhaldi af þessu vildi ég aðeins minnast á það fólk sem býr á þessu svæði. Það er augljóst mál og ég held að allir séu sammála um það hér, að Íslendingar eigi að hafa náið og gott samstarf við Grænlendinga. En það eru fleiri þjóðir á þessum slóðum sem við þurfum að hafa samband við og ég tel að við eigum að ræða við norðursvæðin. Það eru Samarnir, frumbyggjar Skandinavíu, búsettir í Norður-Noregi flestir, og það eru Indíánar og Inúítar í Kanada og Alaska. Þessar þjóðir hafa nú þegar stofnað með sér samtök sem hugsanlega eiga eftir að verða mikilvægt pólitískt afl og eiga að vera þátttakendur í umræðum um allt sem snertir norðursvæðin.

Ég ætla ekki að lengja þetta. Ég vil aðeins undirstrika mikilvægi þess, að við ræðum af alvöru um þá hugmynd að taka hér upp viðræður við þær þjóðir, sem málið snertir, um vígbúnað í Norður- og Norðaustur-Atlantshafi. Ég held að það sé okkur næsta mikilvægt að draga hér úr spennu eftir því sem unnt er, en jafnframt verðum við að gæta þess, að það gerist ekki á þann hátt að við rjúkum út í aðgerðir vanhugsað, heldur einmitt gerum ekkert það sem geti raskað jafnvæginu og að breytingar hér gerist í samræmi við breytingar annars staðar í Evrópu og á norðurslóðum.

Ég vil í því sambandi líka benda á að fram undan er aukaþing Sameinuðu þjóðanna um afvopnun. Það hefur oft verið talað um að Sameinuðu þjóðirnar hafi lítlu komið þar áleiðis. Frá því að fyrsta samþykkt allsherjarþingsins var gerð, og sú fyrsta samþykkt var reyndar um að kjarnorku skyldi einungis nota í friðsamlegum tilgangi, hafa legið fyrir hundruð tillagna og verið gerðar samþykktir svo tugum og hundruðum skiptir um afvopnun og friðun. Ég held að engum geti dulist að þessar umræður eru jákvæðar þótt árangurinn hafi oft verið sorglega lítill. Einmitt á sviði afvopnunarviðræðna hafa smáþjóðirnar mjög gott tækifæri til þess að láta að sér kveða, að koma með hugmyndir til þess að ýta á ákveðnar aðgerðir. Og meðal þeirra hugmynda, sem hvað efstar eru á baugi núna í afvopnunar- og friðarviðræðum hinna ýmsu stofnana Sameinuðu þjóðanna og eins meðal frjálsra friðarsamtaka eða samtaka hálfopinberra aðila, sem vinna að afvopnunarmálum, eru einmitt hugmyndir um friðuð svæði. Það eru hugmyndir um friðuð svæði, það eru hugmyndir um kjarnorkuvopnalaus svæði og það eru hugmyndir um svæði þar sem allur herbúnaður er mjög takmarkaður. Það eru t. d. núna uppi hugmyndir um að Afríka verði gerð að kjarnorkuvopnalausu svæði og unnið er að því að allar þjóðir Ameríku undirriti samninginn um kjarnorkuvopnalausa Suður-Ameríku, sem reyndar flest ríkin þar hafa undirritað, en nú er talið að líði að því að þau undirriti það öll. Og í gildi er samþykkt um friðun Indlandshafs. Ég held að við getum lagt okkar lóð á vogarskálina með því að þrýsta á hugmyndina um samdrátt á vopnabúnaði á Norðaustur-Atlantshafi með það fyrir augum, að þetta svæði verði smám

saman friðað, að allt Norður-Íshafið verði vopnlaust svæði.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir þá skýrslu sem hann flutti hér á hv. Alþingi fyrir páska. Um skýrsluna sjálfa ætla ég ekki að ræða mikið, reyna að sneiða hjá henni, en ég styð stefnu ríkisstj. í utanríkismálum og tel að þau mál séu í traustum höndum. Við höfum notið trausts og virðingar þar sem Ísland er í samstarfi við aðrar þjóðir, og engin þjóð telur tilveru sinni ógnað af okkar völdum. Vinabönd liggja í allar áttir og þannig mun áfram verða. Ég vil undirstrika að gefnu tilefni, að ég tel að utanríkisþjónusta okkar hafi unnið störf sín þannig að til virðingarauka sé fyrir okkar litlu þjóð.

Það var gott að heyra í ræðu starfandi utanrrh. að utanríkisviðskipti okkar hafa gengið eðlilega og frá því að hæstv. núv. viðskrh. tók við því embætti hafa þau aukist. En þó gat hann þess, að endurskipulagningar væri þörf. Ég vil taka undir það og hvet hæstv. ríkisstj. til að láta hendur standa fram úr ermum og endurskipuleggja utanríkisverslunina hið fyrsta og sameina þá verslun, líklega undir utanrrn., því að ég hef áður sagt það í utanrmn. og endurtekið nokkrum sinnum, að á margan hátt er okkar utanríkisverslunarþjónusta í sendiráðunum úrelt, ef hún er þá til eða hefur nokkurn tíma verið til.

Þegar skýrsla utanrrh. var lögð fram og rædd kom hæstv. utanrrh. víða við í samskiptum Íslands við umheiminn, og ég ætla ekki að gera hana að umræðuefni. Þm. hafa nú farið vítt og breitt um skýrsluna og langt út fyrir skýrsluna, og ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði í upphafsorðum sínum áðan.

En þá dagana, sem skýrslan var rædd, voru blikur á lofti. Argentína hertók Falklandseyjar. Stóra-Bretland og Argentína höfðu í hótunum hvort við annað. Bretar sendu fjölmennt herlið áleiðis til eyjanna. Bæði löndin vígbúast. Stór floti breskra herskipa er nú í viðbragðsstöðu við eyjarnar. Átök hafa orðið við eyjuna San George. Bandaríkin hafa reynt að miðla málum án árangurs. Sendiherra Breta í Reykjavík hefur gengið á fund starfandi utanrrh. og upplýst hann um hernaðaraðgerðir og hið alvarlega ástand.

Ríkisstjórn Íslands ug utanrmn. hv. Alþingis hafa rætt þetta mál — ég vil segja þetta alvarlega mál — lítillega, mál sem e. t. v. er kveikja að stórátökum með víðtækum afleiðingum fyrir okkur alla. Ég vil beina því til hæstv. starfandi utanrrh., að hann ræði þetta alvarlega mál undir þessum dagskrárlið, sem er skýrsla um utanríkismál og upplýsi hv. Alþingi um afstöðu Íslands til þess ástands eins og það nú er, þess ástands sem ég hef getið hér um að skapast hefur á alþjóðavettvangi og er þeim mun alvarlegra að í kvöld kom það fram í fréttum frá breska forsrh., að innan 24 tíma yrði eitthvað það að gerast sem væri skref í friðarátt, því lengur treysti breska heimsveldið sér ekki til að bíða með aðgerðir. Ég tel ekki rétt að sneiða fram hjá heimshluta sem þessum, enda þótt hið nýja vandamál sé yngra en sú skýrsla sem hér er til umr., og vil því endurtaka ósk mína til hæstv. utanrrh., að hann gefi þessu máli eilítinn tíma við þessar umr. um utanríkismál nú í kvöld.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil segja það fyrst vegna þeirrar ræðu sem hv. 12. þm. Reykv. hélt áðan, að það var út af fyrir sig skiljanlegt að hann skyldi hafa orð á því, að menn mættu ekki brosa að sínum málflutningi né að sínum tillöguflutningi og ekki þykja hann hlægilegur, því að satt best að segja hélt ég að menn hefðu sannfærst um það, a. m. k. eftir að hafa hlýtt á viðtöl við Halldór Laxness nóbelsskáld um friðarhreyfingar og annað því um líkt, litla friðarklúbba, að það væri kannske nóg talað í slíkum klúbbum og skipti ekki miklu máli þótt einn klúbburinn bættist við. En á það vil ég minna, að nú í júnímánuði á að efna til aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, þar sem friðarmálin verða rædd, og ég get satt að segja ekki séð hvað sé því til fyrirstöðu, að Íslendingar kynni sín mál þar og komi því á framfæri sem hv. þm. hafði miklar áhyggjur af að umheimurinn vissi ekki um.

Nú getur það auðvitað verið rétt, að það sé skemmtilegt að fá fræga gesti til Íslands. En ef menn vilja efna til alþjóðlegrar friðarráðstefnu hér á Íslandi um afvopnun á Norður-Atlantshafi verða menn náttúrlega í þessari þáltill. að tala um evrópskar friðarhreyfingar. Sumar þeirra a. m. k. hafa þegið sovéskt fé, án þess að ég ætli að fara út í það hér. Þá verða menn að gera sér grein fyrir því, um hvað eigi að tala, hverju menn ætli að ná fram, hver sé tilgangurinn. Að öðrum kosti getur slíkur fundur ekkert orðið annað en rabbfundur, einskisnýtur og gagnslaus, og breytir í rauninni engu um þá þróun sem orðið hefur. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að tíðari ferðir kjarnorkubáta um Norður-Atlantshaf frá Sovétríkjunum eru staðreynd sem við Íslendingar getum engin áhrif haft á. Ekki er við því að búast að þeir hrökkvi mikið í kút austur þar þótt við reynum að brýna róminn hér heima. En hitt er rétt, að það er alltaf gaman að heyra í þessum hugsjónamanni og með ræðu sinni sannaði hann náttúrlega það, hvílíkan siðferðilegan styrk þarf í rauninni til þess hjá hinum frjálsu þjóðum að standa á verði og leggja nægilegt fjármagn fram til þess að tryggja öryggi sitt og varnir.

En erindi mitt hingað í ræðustólinn var ekki að ræða þau mál, heldur hitt, að mjög alvarlegir atburðir hafa verið að gerast hér varðandi okkur Íslendinga upp á síðkastið, ekki síst í Nígeríu. Nú er svo komið að Seðlabankinn hefur stöðvað lánsfyrirgreiðslu, afurðalán út á skreið, og þótt sendinefnd sé þar suður frá til viðræðna við nígerísk yfirvöld liggur ekkert fyrir um það á þessari stundu, að markaðurinn í Nígeríu opnist í þeim mæli sem okkur er nauðsyn á.

Í viðtali við sendiherra Nígeríu, sem hér var fyrir skömmu, kemur m. a. fram að töluverðar birgðir af skreið eru nú í Nígeríu, en á hinn bóginn hefur efnahag landsins hrakað mjög, sem á rætur sínar að rekja til þess, að olíuframleiðslan þar hefur minnkað um helming, auk þess sem verðið hefur lækkað verulega eða um þriðjung, að ég ætla. Sendiherra Nígeríu fór ekki dult með það, að honum væri mjög í mun og þeim Nígeríumönnum að umræður hæfust um það, hvort ekki væri hægt að koma á gagnkvæmum viðskiptum milli landanna. Ræddi hann sérstaklega um nígeríska olíu í því sambandi, en minntist einnig á aðrar vörutegundir, eins og kakaó, grænmeti og ávexti. Hann taldi einnig eðlilegt að menningarleg og viðskiptaleg tengsl Nígeríu og Íslands yrðu nánari en nú er og reynt yrði að auka samskipti landanna með margvíslegum hætti, en eins og við vitum hafa þessi viðskipti ekki aðeins verið á sviði skreiðarsölu, heldur hefur einnig verið um töluverð viðskipti í flugmálum að ræða milli þessara tveggja landa og allt okkur til góðs og tekna.

Ef litið er yfir það, hvernig viðskiptum þessara landa hefur verið háttað á undanförnum árum, kemur í ljós að Nígería varð á síðasta ári þriðja stærsta útflutningsland okkar næst á eftir Bandaríkjunum og Bretlandi. Á árinu 1980 var hún í fjórða sæti, en hins vegar á árinu 1979, þegar stöðvunin var, datt Nígería niður í 19. sæti úr 6. sæti sem það land hafði verið í áður. Við munum að þetta hafði mjög örlagarík áhrif á afkomu skreiðarvinnslunnar á sínum tíma og verulegt tap varð á þeirri vinnslu. Þótt svo hafi hins vegar brugðið við nú á síðustu 2—3 árum að dæmið hafi algerlega snúist við og þarna hafi orðið mjög verulegur hagnaður.

Til þess að gera myndina ljósari hef ég tekið það saman hvernig viðskiptum okkar við Nígeríu hefur verið háttað á undanförnum þrem árum. Þá kemur í ljós — í nýkr. allt saman — að útflutningur okkar til Nígeríu á árinu 1979 var 25 millj. kr., en innflutningurinn aðeins 7 millj. Á árinu 1980 var útflutningurinn 317—318 millj. kr., en innflutningurinn 41 þús. kr. Og á s. l. ári fór útflutningurinn upp í 858 millj. kr., en við keyptum þaðan í staðinn fyrir 188 þús. kr. Ég held að þessi litli innflutningur skýrist af því, að það getur naumast verið um annað að ræða en að kosta skip þangað og eitthvað þvílíkt. Í rauninni er ekki um gagnkvæm viðskipti að ræða, en á hinn bóginn eru þessi viðskipti það ótrygg að nauðsynlegt er að huga mjög að þeim.

Ég vil minna á að meðal þeirra manna, sem gerst þekkja til, eins og forustumanna í samtökum skreiðarframleiðenda, hefur það mál verið tekið upp og rætt æ ofan í æ, að sérstakt sendiráð verði opnað í Nígeríu. Hinn 4. mars s. l. samþykkti aðalfundur Samlags skreiðarframleiðenda svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðalfundur Samlags skreiðarframleiðenda, haldinn í Reykjavík 4. mars 1982, skorar á ríkisstj. að koma sem fyrst á nánara stjórnmálasambandi við Nígeríu með því að skipa sérstakan sendiherra Íslands gagnvart Afríkuríkjum með aðsetri í Nígeríu. Á þessu ári má áætla að um fjórðungur þorskafla Íslendinga fari í skreiðarverkun, þar sem hún er ein mikilvægasta verkunargreinin. Nígería verður því áfram eitt almikilvægasta viðskiptaland okkar."

Því er svo við að bæta, að Afríka sem heild er að verða æ þýðingarmeiri í viðskiptum heimsins og full nauðsyn á því að íhuga viðskiptahagsmuni okkar þar og treysta stöðu okkar þar. Eins og fram kemur í skýrslu hæstv. utanrrh. hefur sérstakur viðskiptafulltrúi nú verið staðsettur í London til þess að huga sérstaklega að Nígeríuviðskiptunum. Það er einnig rétt, að skreiðarframleiðendur hafa verið mjög ánægðir með þau afskipti sem núv. sendiherra okkar í London, Sigurður Bjarnason, hefur haft af þessum málum. Samt sem áður held ég að nauðsynlegt sé að athugað verði mjög gaumgæfilega hvort ekki sé rétt að slíkt sendiráð verði opnað í Nígeríu og bráður bugur undinn að því að reyna að auka viðskiptin og athuga sérstaklega í því sambandi olíuna. Eins og ég sagði áðan stafa efnahagsörðugleikar Nígeríu fyrst og fremst af því, að olíuviðskipti hafa dottið niður. Það mundi áreiðanlega þykja mikill fengur að því þar í landi ef þeir yrðu varir við áhuga Íslendinga á olíukaupum.

Þá er það einnig áhyggjuefni skreiðarframleiðenda, að okkar sölumál þar séu ekki í nógu föstum skorðum. Ég hygg að óhætt sé að segja að nauðsynlegt sé að taka þau öll til endurskoðunar, og ekki aðeins sölumálin, heldur einnig verkun skreiðarinnar hér heima og hvernig að henni er staðið. Á ég þá kannske ekki síst við þorskhausana, en við höfum heyrt — eflaust allir — mjög ævintýralegar sögur af því, hvernig sú verkun hefur gengið og að henni hefur verið staðið.

Í nánum tengslum við þetta mál er náttúrlega sá mikli munur sem er á inn- og útflutningi í viðskiptum okkar við Portúgal. Það er í raun og veru sömu sögu af því að segja. Portúgal var á s. l. ári fjórða stærsta viðskiptaland okkar og hefur verið í röð sjö stærsta útflutningslanda okkar í kannske 10—20 ár, en á hinn bóginn hefur verið mjög mikil krafa um það frá portúgölskum stjórnvöldum, að við legðum meiri áherslu á innflutning þaðan en verið hefur. Ég þykist vita að á því séu ýmsir annmarkar, en ég held samt sem áður að nauðsynlegt sé að huga að þeim málum og kosta kapps um að jafna þann mun sem verið hefur á viðskiptunum við Portúgala.

Ef við skyggnumst þrjú ár aftur í tímann kemur í ljós að á árinu 1979 munaði ekki ýkjamiklu, vegna togarakaupa m. a. Þá fluttum við til Portúgals saltfisk fyrir 98 millj., en keyptum þaðan fyrir 75 millj. Á næsta ári varð munurinn miklu meiri. Við fluttum þangað saltfisk fyrir 212 millj., en keyptum þaðan vörur fyrir 119 millj., og á s. l. ári varð munurinn gífurlegur. Útflutningur okkar á saltfiski til Portúgals nam 702 millj., en innflutningurinn aðeins 135 millj. kr. Ég held að það þurfi mjög að huga að þessum málum báðum. Ég minni á ummæli Tómasar Þorvaldssonar, formanns samtaka saltfiskframleiðenda í „Ægi" á árinu 1979. Þar sagði hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir efnahagserfiðleikar, sem Portúgalir hafa átt við að stríða, jukust enn á árinu 1978, og þar kom á miðju ári 1978, að þeir treystu sér ekki til að standa við þá samninga sem þeir höfðu gert við Sölusambandið fyrr á árinu, nema því aðeins að til kæmu aukin kaup Íslendinga frá Portúgal. Reyndi mjög á Sölusambandið og íslensk stjórnvöld við að leysa það mál."

Ég rifja þetta upp til að hvetja til þess, að Íslendingar eigi frumkvæði að því að viðræður hefjist um með hvaða hætti sé hægt að auka viðskipti landanna og efla tengsl þeirra með einum eða öðrum hætti.

Ég vil svo almennt segja það, að ástandið á okkar fiskmörkuðum erlendis er auðvitað mjög alvarlegt. Í Noregi standa sakir þannig að skreiðarframleiðslan hefur aukist um 100%. Og eftir því sem ég veit best standa sakir þannig hér á landi á þessu ári, að bæði saltfisksverkun og skreiðarverkun hefur aukist um 30% frá því sem var á s. l. ári. Hins vegar hefur dregið mjög úr frystingunni. Í ársskýrslu Seðlabankans segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Árið 1981 einkenndist af mjög miklu misræmi á milli afkomu einstakra fiskvinnslugreina. Sama var einnig uppi á teningnum árið 1980. Er nú svo komið, að þessi misþróun er farin að segja nokkuð til sín í breyttri samsetningu sjávarafurðaframleiðslunnar. Frystingin stóð höllum fæti árið 1980 og á árinu 1981 hallaði fremur á."

Síðan, ef könnuð er hver hlutfallsleg skipting útflutnings sjávarafurða hefur verið á undanförnum árum, kemur í ljós að frystar botnfiskafurðir hafa minnkað úr 44.6% niður í 33.6% á árunum 1977—1981 og aðeins frá árinu 1980 hafa þær dregist saman úr 38.2% í 33.6%. Á sama tíma hefur saltfiskurinn mjög aukið hlutdeild sína og sömuleiðis skreiðin, sem hefur aukist úr 2.5% 1979 í 15.9% á þessu ári. Það hefur ekki farið leynt, að

ýmsir af forustumönnum hraðfrystiiðnaðarins hafa látið í ljós áhyggjur yfir því, að svo kunni að fara að þessi óheillaþróun valdi því, að við stöndum höllum fæti á Bandaríkjamarkaði, vegna þess að við eigum ekki nægilegar afurðir til að mæta eftirspurninni, svo að Kanadamenn kunni að koma inn í það tómarúm sem þar myndast. Skýringin á þessu er að sjálfsögðu sú, að þannig hefur verið staðið að atvinnumálum hér heima og gengisskráning hefur verið með þeim hætti, að fiskframleiðendur hafa hlaupið í það skjólið að minnka frystinguna, en auka á hinn bóginn skreiðina og saltfiskverkunina til þess að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja sinna og koma í veg fyrir stöðvun þeirra. Þau frystihús, sem eingöngu hafa verið með frystingu, hafa tapað allverulegu fé, en á hinn bóginn hefur mjög mikill gróði myndast í saltfiskinum — og skreiðinni líka ef sölumálin leysast núna, en það verður auðvitað fljótt að vindast ofan af því ef skreiðarmarkaðirnir opnast ekki að nýju.

Þessi þróun er auðvitað afleiðing af því, á s. l. ári sérstaklega, að ríkisstj. notaði ekki þann hvalreka, sem hækkun dollarans var, til þess að styrkja stöðu íslenskra atvinnuvega, til þess að safna í sjóði og til þess að treysa sérstaklega stöðu frystiiðnaðarins. Þetta mikla happ ætlar að snúast okkur til ógæfu af því að illa var að málum staðið. Í staðinn fyrir að miða rekstrargrundvöll fiskvinnslunnar við það, að hraðfrystiiðnaðurinn gæti gengið með eðlilegum hætti, og taka þá heldur kúfinn af í skreiðarframleiðslunni og saltfisksframleiðslunni, var þeirri stefnu haldið til streitu í blekkingarskyni, til þess að koma verðbólgunni niður í einhverja ímyndaða tölu, að eyða hinum mikla gróða þegar í stað. Þó fór svo á s. l. ári að erlend lán til neyslu jukust mjög verulega. Við sjáum nú hvernig sakir standa í dag. Það er nokkur kvíði yfir því, hvort okkur takist að losa okkur við þann saltfisk, sem verkaður hefur verið, á viðunandi verði, ég tala nú ekki um skreiðina, á sama tíma og hallar undan fæti í hraðfrystiiðnaðinum og á Bandaríkjamarkaði.

Alþb. alveg sér í lagi ætti að þykja þetta slæm þróun vegna þess að talsmenn þess hafa a. m. k. í orði kveðnu viljað halda því fram, að þeir vilji sem mesta fullvinnslu sjávarafla hér heima. En þróunin hefur orðið öfug. Eftir því sem fleiri hendur hafa þurft að snerta á framleiðslunni hefur tapið orðið meira. Allt bendir nú til þess, að við séum að snúast upp í enn frumstæðara veiðimannaþjóðfélag en við áður vorum. Skýringin á því er einfaldlega sú, að ríkisstj. sveikst um að sýna fyrirhyggju og miða stefnu sína í efnahagsmálum við það að markaðir okkar gætu haldist og staðið með eðlilegum hætti.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En ég ítreka þau tilmæli mín til hæstv. utanrrh. að kannað verði mjög rækilega hvort ekki sé ástæða til í fyrsta lagi að auka viðskipti, að leita allra ráða til að auka gagnkvæm viðskipti við helstu útflutningslönd okkar, og tala ég þá sérstaklega um Nígeríu og Portúgal, og í öðru lagi hvort ekki sé tími til þess kominn að sérstakt sendiráð verði opnað í Nígeríu til þess að tryggja viðskiptahagsmuni okkar þar og auka tengsl landanna með það að markmiði að útflutningsverslun okkar standi traustari fótum og verði rekin með hagkvæmari hætti.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er orðið mjög framorðið og ég mun þess vegna hafa mín orð fá og ræðu stutta. Það eru örfá atriði sem ég vil gera að umtalsefni.

Það fyrsta, sem blasir við þegar þessum umr. fer senn að ljúka, er að sjálfsögðu sú staðreynd, að enginn Alþb.-maður hefur tekið til máls í þeim. (**Félmrh.:** Þeim verður frestað, hv. þm.) Enginn Alþb.-maður hefur þorað að taka til máls í þessum umr., og hæstv. félmrh. kallar hér fram í að þeim verði frestað, af þeirri augljósu ástæðu að eini maðurinn, sem hefur leyfi til að tala um utanríkis- og alþjóðamál í liði þeirra Alþb.-manna, þurfti að skreppa út fyrir landsteinana. Þar sem hann er ekki við eru hinir allir mállausir. Þetta hlýtur að vera það sem hefur sett mark sitt á þessar umr. í dag og sýnir að enginn má taka til máls um utanríkis- og alþjóðamál nema hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

Annað atriði, sem ég vil minnast á og þakka fyrir, er það sem kom fram í ræðu hæstv. viðskrh., sem nú fer með utanríkismálin, og birtist á þskj. í dag. Það er sú staðreynd að fram er komið frv. um Alþjóðaorkumálastofnunina, sem heitir reyndar um neyðarbirgðir olíu, ef ég man rétt en er að sjálfsögðu frv. þess efnis að Ísland geti gerst aðili að Alþjóðaorkumálastofnuninni. Hér er um mikið öryggisatriði að tefla sem Alþingi hefur fjallað um á fundum sínum. Ég vil óska hæstv. ráðh. til hamingju með að hafa tekist í ríkisstj., þrátt fyrir afstöðu Alþb., að ná þessu máli fram, þótt það sé fullseint á þessu þingi og litlar vonir til að frv. verði að lögum.

Þá langar mig að minnast á eitt mál sem kemur fram í þessari skýrslu, á bls. 25, þar sem er skrá yfir framlög Íslands vegna þróunaraðstoðar árin 1975—1982 í þús. kr. Þar er sagt að til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands renni rúmar 10 millj., sem er rétt. Þetta er það sem kom fram í fjárlagafrv. En það er athyglisvert og hefur ekki komið fram í umr., að þegar fjmrn. var spurt um niðurskurð var þessi upphæð skorin niður um 10%, sem var langt umfram þau 6% sem hinn almenni niðurskurður náði til. Þessa tölu þarf þess vegna að leiðrétta. Mér er þó sagt og skal frá því segja, að þetta skipti í sjálfu sér ekki miklu máli þar sem lán komi á móti þessari upphæð. En það sýnir betur en margt annað hvernig hæstv. ríkisstj. hagar sínum málum í þeim efnum að koma með gerviniðurskurð sem síðan er brúaður með lánum. Á þetta vildi ég minnast, því að þessar upplýsingar hafa ekki komið opinberlega fram áður svo ég viti.

Þá langaði mig til að minnast á þann mikla tillöguflutning sem hefur verið hafður í frammi á hv. Alþingi í vetur um einstakar þjóðir og lönd og ástand viðs vegar í heiminum, svo sem Tyrkland, El Salvador og Suður-Afríku. Tillögur um ástand í þessum heimshlutum, þessum löndum, hafa verið bornar upp á Alþingi, verið ræddar og sendar til nefndar. Þetta er í sjálfu sér ekki einsdæmi að sé gert hér í sölum hv. Alþingis. Þó er talsvert nýnæmi, hve margar tillögur berast um þetta efni, og hlýtur að vera umhugsunarefni, ef þeim fjölgar á næstunni, hvort ekki sé ástæða til að taka þá fyrir ástand í öllum þeim aragrúa ríkja þar sem við getum ekki sætt okkur við ríkjandi ástand. Ég hef dálítið velt því fyrir mér, hvaða tilgangi slíkur tillöguflutningur þjónar, og skil mætavel að auðvitað er þetta gert í auglýsingarskyni. Það er einn þáttur þessara mála og síst lítilvægari en aðrir. En þegar maður reynir að átta sig á því, hvaða gagn þetta geri, þá hugsa ég að það sé heldur takmarkað.

Það er hins vegar ástæða fyrir okkur að gera okkur ljóst sem smáþjóð hvernig við getum bætt ástandið í heiminum. Mín skoðun er sú, að það getum við fyrst og fremst gert með því að leggjast á sveif með þeim þjóðum sem harðast berjast fyrir auknum grundvallar-

mannréttindum. Það er sama hvaða þjóð á í hlut. Við eigum að gera þær kröfur og fylgja þeirri stefnu og berjast við hlið þeirra sem vilja að grundvallarmannréttindi séu viðurkennd alls staðar. Við höfum skrifað undir slíka sáttmála, bæði á vegum Sameinuðu þjóðanna og eins á vegum Evrópuráðsins, og við eigum að vinna að þessu alveg burt séð frá því, hvað löndin heita þar sem mannréttindi eru fótumtroðin.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með þann texta sem kemur fram í skýrslu hæstv. utanrrh. varðandi málefni Mið-Ameríku um þetta atriði, þar sem því er lýst, að það eru einmitt mannréttindin sem eru kjarni vandamálanna þar. Þar þarf að vinna að almennri menntun og efnahagslegri uppbyggingu. Og kannske er mesta hættan, sem á fyrir þessum þjóðum að liggja sem búa í Mið-Ameríku, að lenda undir járnhæl kommúnismans, eins og rækilega er skýrt frá í skýrslu hæstv. utanrrh. á bls. 5. Þar er réttilega bent á að þegar svo er komið, að þessi ríki lúta alræðisvaldi kommúnismans, þá verður ekki tóm til að skoða hug sinn að nýju. Og bent er á að næg dæmi sanni það.

Á bls. 7 í skýrslunni er fjallað um Madrid-ráðstefnuna. Ég ætla ekki að vitna til þess kafla, en vil þó undirstrika það sem kemur fram um ágreiningsmálin á Madrid-ráðstefnunni, sérstaklega þá þætti sem um er getið í töluliðum 2, 3 og 4, en það eru einmitt þeir þættir í Helsinki-sáttmálanum sem fjalla um mannréttindi. Við getum rætt um afvopnun og vissulega er vígbúnaðarkapphlaupið stærsta mál sem við fylgjumst með og okkur stendur stuggur af. En þegar grannt er skoðað má vera að einmitt skortur á umburðarlyndi, lítill skilningur á grundvallarmannréttindum sé undirstöðuvandamálið og það sé einmitt á því sviði sem nauðsynlegast sé fyrir okkur að berjast, vegna þess að ef okkur tekst ekki að vinna mannréttindum fylgi meðal allra þjóða, þá er ávallt sú hætta fyrir hendi, að einræðisherrar verði sinni þjóð og öðrum hættulegir. Ég bendi á það sem þarna kemur fram vegna þess að það er augljóst að austantjaldsmenn hafa ekki sinnt í neinu lokasamþykkt Helsinki-sáttmálans. Það skortir mikið á að svo sé.

Ég vil þess vegna skora á hæstv. viðskrh., sem kemur því væntanlega til skila til hæstv. utanrrh. og til ríkisstj. allrar, að hún verði á varðbergi hvað þetta atriði snertir sérstaklega, því að það er algerlega gagnslaust að efna til friðarhreyfinga og friðargangna í hinum vestræna heimi, þar sem skoðanafrelsi ríkir, á meðan við vitum að fólk austan járntjalds hefur ekki rétt til að láta skoðanir sínar í ljós og friðargöngum, sem hefur verið stefnt austur fyrir járntjald, hefur verið snúið aftur. Slíkur einhliða málflutningur eykur aðeins á spennuna og hættuna. Til þess að byrja á byrjuninni eigum við sem smáþjóð, sem á allt sitt undir friðvænlegum horfum og heimi þar sem friður ríkir, að leggja okkar lóð á vogarskálarnar í þessum efnum. Þarna er undirstaðan, þarna er byrjunin. Og ég er viss um að þarna getum við allir, í hvaða pólitískum flokki sem við erum, verið sammála.

Í þessu sambandi vil ég sérstaklega nefna einn þátt. Það er þáttur sem kemur fram á bls. 186 í skýrslu þeirri, sem gefin er út af utanrrn. um þátttöku Íslands í 36. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, um mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Á bls. 186 og 187 er sagt frá tillögu sem Costa Rica og Norðurlandaþjóðir ásamt 16 öðrum löndum hafa flutt og gerir ráð fyrir að sett verði á stofn embætti mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Þessari tillögu hefur verið vel tekið af flestum þjóðum, en þó hefur það gerst, að ýmsar þjóðir, sem eitthvað hafa að fela, þjóðir á borð við Kúbu, Alsír, jafnvel Júgóslavíu, hafa ekki viljað taka skrefið til fulls. En það er einmitt á slíkum sviðum sem ég held að við Íslendingar eigum að leggja hart að okkur að fylgja eftir tillöguflutningi á borð við þennan.

Á þetta vil ég minnast vegna þess að allt of oft í þessum umræðum hjökkum við í sama farinu í afvopnunarmálunum. Skal ég þó fúslega viðurkenna að það eru mál sem eru mikilvægust. En okkur hættir stundum til að gleyma því, að forsendan fyrir friði er að allar þjóðir virði mannréttindi, skoðanafrelsi og skapi það aðhald að ríkisstjórnum að hægt sé að treysta því, að ef vitfirrtir ráðamenn ætla að leiða heiminn í glötun, þá sé von til þess, að innan ríkisins, í landinu sjálfu séu aðilar sem geti risið upp og mótmælt, eins og við þekkjum að gerist þar sem lýðræði ríkir að vestrænni fyrirmynd.

Herra forseti. Þessi ræða er ekki löng og kannske ekki mjög efnismikil. En mér þótti eftir atvikum rétt að sjónarmið á borð við þetta yrði rætt sérstaklega í þessum umr. Ég tel að einmitt á þessu sviði getum við Íslendingar lagt mikið af mörkum og kannske meira en ef við setjum okkur á háan hest og teljum okkur vera færa til að segja öðrum þjóðum beinlínis fyrir verkum í flóknum deilumálum, eins og okkur hættir oft til.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Það væri vissulega nokkuð freistandi að gera að umræðuefni ýmislegt af því sem komið hefur fram í þessum umr. sem eru orðnar þó nokkuð langar. Ég held að ég stilli mig þó um það að þessu sinni, en vil að gefnu tilefni aðeins ræða nokkur atriði.

Í fyrsta lagi vék hv. 3. þm. Reykv. að Falklandseyjadeilunni og spurðist fyrir um hana og taldi eðlilegt að það mál yrði rætt í þessari umr. Því miður hefur það enn á ný gerst, að skyndileg deila hefur valdið þó nokkuð vaxandi spennu í alþjóðamálum. Vopnaviðskipti milli Argentínu og Bretlands vegna Falklandseyja eru í raun og veru mjög alvarleg tíðindi og erfitt að sjá fyrir um afleiðingarnar. Það getur reynst vandasamt að hafa stjórn á framvindu mála, eins og manni sýnist horfa. Og þó að þessi átök séu langt í burtu frá okkur munu þau geta haft veruleg áhrif í okkar heimshluta eftir því hvernig þau þróast.

Ríkisstj. hefur ekki gert neina samþykkt í þessu máli. Það hefur ekki verið talin ástæða til þess. Hins vegar fylgist utanrrn. með þróun mála og menn bíða átekta. Breski sendiherrann hefur hitt mig að máli, eins og skýrt hefur verið frá í fjölmiðlum, til þess að koma á framfæri upplýsingum bresku ríkisstj. um framvindu mála. Er í raun og veru ekkert nýtt í þeim orðsendingum umfram það sem birst hefur í fréttum.

Ég hef ekki hugsað mér að leggja í sjálfu sér neitt lögfræðilegt mat á þau deilumál sem þarna eru á ferðinni. Það er auðvitað alveg augljóst mál, að hernám Argentínu á Falklandseyjum er skýlaust brot á alþjóðalögum. Það er auðvitað alveg ljóst. Þarna er um að ræða valdbeitingu og yfirgang gagnvart íbúum eyjanna sem eru breskir. Þar er breskt samfélag, þar eru bresk lög og þarna kemur framandi stjórn og setur á nýja skipan mála, þannig að um það þarf ekki að mínu mati að deila. Og því miður standa menn enn einu sinni gagnvart dæmi um að ríki vill leysa pólitískt vandamál með valdbeitingu.

Það hefur verið fjallað um þetta mál, eins og kunnugt er, í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Þar hefur verið gerð ályktun um að Argentínumenn eigi að draga herlið sitt þegar í stað til baka frá eyjunum og að leitað verði eftir að leysa málið með samningum. Það er auðvitað ljóst og hefur verið margtekið fram raunar af mörgum aðilum auk Sameinuðu þjóðanna, að í þessu máli ber að sjálfsögðu að leita friðsamlegrar lausnar ef þess er nokkur kostur. Utanrrh. Bandaríkjanna hefur unnið að sáttum í málinu eins og kunnugt er, en tími til sátta virðist vera stuttur eins og nú er komið málum.

Varðandi framtíðarlausn málsins og framtíðarstöðu eyjanna koma auðvitað til mörg atriði og margir þættir. En einn er sá þáttur sem hlýtur að verða talsvert afgerandi í þessu, og það er hvað íbúarnir vilja sjálfir að gerist.

Það kann svo að fara, að það dragi til alvarlegri tíðinda í þessu máli innan skamms. Við skulum vona að á síðustu stundu takist að ná sáttum þannig að ekki komi til verulega alvarlegra átaka. Um það veit í raun og veru enginn á þessu stigi málsins, en eins og ég sagði áður bíða menn átekta. Ég hef að sjálfsögðu, jafnóðum og sendiherra Breta hefur haft samband við mig, rætt málið við forsrh. og svo í ríkisstj. Það, sem ég er að segja hér, er í raun og veru ekkert annað en endurtekning á því.

Hv. þm. Halldór Blöndal gerði nokkuð að umræðuefni viðskipti við Nígeríu og Portúgal. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram í máli hans varðandi viðskipti við þessi lönd og fyrirkomulag mála, þ. á m. að það er að mínu mati tímabært að athuga um að Ísland stofni sendiráð í Afríku. Mér finnst vera tímabært að athuga það, og þá kemur til greina staðsetning í Nígeríu. Norðmenn hafa nú sendiráð í Nígeríu. Þeir eru miklir keppinautar okkar, t. d. á sviði skreiðarinnar. Þeir hafa náttúrlega miklu sterkari aðstöðu en við þar sem þeir hafa sendiráð á staðnum til að vinna að þessum málum og skapa sambönd sem eru þýðingarmikil í sambandi við aukin viðskipti. Til viðbótar er rétt að geta þess, að viðskiptin eru með nokkuð öðrum hætti en við erum vanir og menn þurfa þess vegna að kynnast sem best ástandi, siðum og venjum þessara þjóða í viðskiptum til þess að ná miklum árangri. Ég get því tekið undir margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. um þetta efni.

Það er mikið rætt um verðmæt viðskipti okkar við Portúgal. Þar er um býsna mikla einstefnu að ræða. Við flytjum út gífurlega mikið magn af sjávarafurðum til Portúgals, eins og kunnugt er, en flytjum tiltölulega mjög lítið inn af vörum þaðan. Viðskiptin á milli þessara ríkja eru frjáls viðskipti. Það eru ekki vöruskipti, það eru frjáls viðskipti og málin hafa þróast á þessa lund. Þó höfum við flutt inn nokkuð frá Portúgal. Við höfum t. d. aukið innkaup á olíuvörum frá Portúgal. Í einn tíma keyptum við frá þeim skip. Þeir orða það öðru hverju að þeir vilji selja okkur skip. Það er nokkrum vandkvæðum bundið vegna þess að við erum að vernda fiskstofna okkar og getum ekki stækkað fiskiflotann nema takmarkað. Raunar eru flestir þeirrar skoðunar, að hann sé nógu stór. Sumir eru þeirrar skoðunar, að hann sé allt of stór. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að hann sé allt of stór. Ég held að hann sé nokkuð hæfilega stór þegar tekið er tillit til þess, að það þarf að nýta fiskimiðin í kringum landið á öllum árstímum, við alls konar skilyrði. Það þarf að dreifa hráefninu til fiskvinnslustöðvanna um allt land o. s. frv. Ég viðurkenni að fiskiflotinn er of stór í fiskihrotunum. Ég viðurkenni það. En þegar á heildina er litið held ég að hann sé ekki mikið of stór. Það er mín skoðun. En um þetta eru mjög skiptar skoðanir og ég skal ekki efna til sérstakra umræðna um fiskiskipaflotann í þessum umr.

Hv. þm. Friðrik Sophusson vék að þróunarsamvinnumálum. Það er ástæða til þess að minna á það í sambandi við okkar framlag til þróunarlanda, að það er verið að samþykkja að Ísland auki mjög framlag sitt til Alþjóðabankans, sem er beint framlag og beinn styrkur til vanþróaðra þjóða að sjálfsögðu, vegna þess að Alþjóðabankinn lánar eingöngu til vanþróaðra þjóða. Það er ástæða til að minna á það í sambandi við umræður um þróunarsamvinnu. Þó að við séum nokkuð á eftir Norðurlöndum í þessum efnum tvöfölduðust framlög til þróunarmála í krónum talið frá árinu 1980 til 1981, og þau eru hærri nú en þau hafa verið nokkru sinni áður.

Það verður að segja það eins og er, þegar rætt er um alþjóðamál, að það er vægast sagt ótryggt ástand í alþjóðamálum. Samskipti austurs og vesturs hafa stirðnað um sinn og það hefur aukið á spennu. Ástandið í Póllandi er mjög alvarlegt. Síðan kemur til Afganistan. Það kemur til ástand í löndum eins og í Tyrklandi, El Salvador, Guatemala. Það er styrjöld á milli Íraka og Írana. Það eru átök vegna Falklandseyja sem geta magnast. Að sjálfsögðu er mikil ókyrrð í Austurlöndum nær, Palestínudeilan og flóttamannavandamálin. Þá er einnig alvarlegt ástand í Suður-Afríku, „apartheid" stefna og yfirgangur Suður-Afríku við nágrannaríkin. Allt þetta og raunar fleira segir okkur þá sögu, að ástand alþjóðamála er ótryggt, því miður, ótryggara nú en það hefur verið um nokkra hríð og víða uppi ófriður.

Varðandi stöðu okkar í þessum málum, hefur utanrrh. gert Alþingi grein fyrir henni. Um hana er rætt í skýrslu hans á bls. 9, þar sem koma fram kjarnaatriði í sambandi við afvopnunarmálin sem eru, þegar allt kemur til alls, sennilega þýðingarmesti þátturinn í þessu öllu saman. Spurningin er: Hvernig á að standa að afvopnun? Um það deila menn. Afvopnun er auðvitað þýðingarlaus og hættuleg nema hún sé gagnkvæm. Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Haralds Ólafssonar, að einmitt röskun og breyting er hættuleg því að hún býður heim vissum hættum. Það skapast tómarúm sem leitað er inn á. En það kemur fram í skýrslu utanrrh., ég ætla að lesa nokkrar línur. Þar segir svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki þarf að taka það fram, að við Íslendingar styðjum heilshugar allar raunhæfar tilraunir til afvopnunar, en til þess að unnt sé að ræða þessi mál af hreinskilni verða menn að gera sér ljósa grein fyrir grundvallarstaðreyndum. Ófriðarhættu verður ekki bægt frá með einhliða afvopnun vestrænna ríkja. Þvert á móti kynni hún að aukast til muna ef út á þær brautir væri farið. Haldi vígbúnaðarkapphlaupið óheft áfram er voði vís. Evrópuríkin þurfa því að beita sér fyrir gagnkvæmri takmörkun vígbúnaðar. Markmiðið verður að vera að tryggja að ekki komi til nýrrar stryjaldar í Evrópu. Heimsstyrjöldin síðari kostaði tugi milljóna mannslífa og gífurlega eyðileggingu í Evrópu. Ný stryjöld, jafnvel þótt hún yrði háð án nokkurra kjarnavopna, gæti haft enn skelfilegri afleiðingar."

Við, sem erum fylgjandi aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu, teljum það vera grundvallaratriði fyrir viðhald friðar í okkar heimshluta að þjóðirnar við Norður-Atlantshaf standi saman. Við teljum það vera

grundvallaratriði og það er kjarnaatriði í íslenskri utanríkisstefnu, eins og kunnugt er.

Ég vil ljúka þessum orðum með því að taka undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar um mannréttindamál. Það er náttúrlega hryggileg staðreynd, sorgleg staðreynd, að menn skuli standa frammi fyrir því á seinni hluta 20. aldar, að frumstæðustu mannréttindi séu ekki virt í stórum heimshlutum, og það í sjálfri Evrópu, stórum hluta sjálfrar Evrópu, menn skuli ekki njóta þeirra frumstæðu mannréttinda að geta sagt sína skoðun án þess að eiga yfir höfði sér strangar refsingar. Það er að mínu mati hryggileg staðreynd sem magnar auðvitað hættu í alþjóðamálum og samskiptum manna, vegna þess að menn fella sig ekki við þetta og menn vilja ekki fá þetta yfir sig. Ég get þess vegna tekið undir það sem hv. þm. sagði um mannréttindamálin. Ég held að þau séu ein hin þýðingarmestu á sviði alþjóðamála. Þeim mun meiri mannréttindi þeim mun víðar í heiminum, þeim mun meiri líkur á friði milli manna.

Eins og ég sagði í upphafi er auðvitað á margt að líta í sambandi við utanríkismál og utanríkismálaumræður almennt, en ég skal ekki nefna fleiri atriði að sinni.

Umr. frestað.

Efri deild, 75. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531, n. 759). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið fyrir á fundi sínum frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978. Nefndin ræddi frv. og mæla undirritaðir nm. með að það verði samþykkt. Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson, Lárus Jónsson, Sigurlaug Bjarnadóttir og Gunnar Thoroddsen.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil aðeins vekja athygli hv. deildarmanna á því, að í þeim ríkisreikningi, sem nú er verið að samþykkja, er rakin ítarlega — í athugasemdum yfirskoðunarmanna sem Alþingi hefur tilnefnt — saga hins svonefnda Kröflumáls.

Þar koma fram athugasemdir varðandi símareikninga, varðandi húsaleigumál, varðandi launamál og varðandi eitt og annað sem tengist þessu einstæða máli, sem sumir mundu vafalaust telja með meiri háttar fjármálahneykslun sem hér hafa upp komið.

Á þessu vil ég aðeins vekja athygli og þeim ummælum yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, að margt sé þar ýmist til viðvörunar eða ekki til eftirbreytni.

Ég ætla ekki að fara frekari orðum um þetta mál, svo oftlega hefur það verið bæði rakið og rætt hér í sölum Alþingis. Ég vil aðeins benda hv. dm. á þessar athugasemdir og þá fróðlegu en um leið — vil ég leyfa mér að segja — óhugnanlegu skýrslu sem fylgir þessum ríkisreikningi. Ég mun ekki taka þátt í afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 591, n. 735). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um frv. til laga um Listskreytingasjóð ríkisins. Eins og kunnugt er hefur þetta mál verið alllengi til meðferðar hér í þinginu. Voru gerðar smávægilegar breytingar á því í Nd. Menntmn. þessarar hv. deildar hefur ekkert við þær breytingar að athuga né frv. að öðru leyti. Um það ríkti algjör samstaða í nefndinni. Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Fram skal tekið að Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson voru báðir fjarverandi afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur eindregið til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—14. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 598, n. 752). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám. ræktun og byggingar í sveitum.

Nefndarmenn eru sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorv. Garðar Kristjánsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
2.—5. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 638 (sbr. 255), n. 726). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. þetta og mælir einróma með því, að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.

2.—10. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 639 (sbr. 400), n. 751). — 2. umr.

Frsm. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur fjallað um frv. til laga um búnaðarmálasjóð. Eins og í frv. til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeildina er hér um að ræða lagfæringar á atriðum sem eru orðin úrelt í núgildandi lögum vegna breytinga á verslunar- og framleiðsluháttum í landbúnaði og nýrra búgreina.

Landbn. er sammála um að mæla með samþykkt þessa frv. eins og hins.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Þorv. Garðar Kristjánsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379, n. 749). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á ábúðarlögum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að jarðanefnd geti undanþegið stéttarfélög byggingarskyldu á jörð ef hún er vel fallin til útivistar og orlofsheimili félagsmanna eru þar starfrækt eða áformuð.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 17 shlj. atkv.

Jarðalög, frv. (þskj. 380, n. 750). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Landbn. hefur haft umrætt frv. til umfjöllunar og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt frá afgreiðslu þess frá Nd.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins, og eins og í hinu fyrra máli, sem ég mælti fyrir og gleymdi þá að taka fram, ritar Eiður Guðnason undir með fyrirvara.

Frv. gerir í raun og veru ráð fyrir að jarðanefndir geti gert tillögur um úthlutun landsvæða til félagsræktunar og byggingar sumarbústaða einstaklinga, orlofshúsa stéttarfélaga og til almennrar útivistar ef sóst er eftir landi í því skyni. Þetta frv. tengist að sjálfsögðu því frv. sem síðast var mælt fyrir, þ. e. breytingunni á ábúðarlögum.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar. Ég endurtek: Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502, n. 727). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um frv. það sem hér um ræðir. Frv. gerir ráð fyrir smávægilegri breytingu á lögunum, að þar komi inn ákvæði um menntun fangavarða.

Nefndin mælir einróma með því, að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkvk.
2. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Grunnskólar, frv. (þskj. 613, n. 734). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur fjallað um þetta frv. sem hljóðar um breytingu á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frv. gerir ráð fyrir að fresta gildistöku 9 ára skólaskyldu um eitt ár, þ. e. til haustsins 1983.

Fullt samkomulag var í nefndinni um þetta mál og eindregið lagt til að frv. verði samþykkt.

Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson voru fjarverandi afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 204, 78 b). — 3. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Eins og vitað er fjallaði hv. iðnn. um frv. til laga um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga. Það er mála sannast, að öllum getur skotist þótt skýrir séu. Okkur skaust öllum, og meira að segja hv. Nd., í þessu efni.

Ég hef því leyft mér að flytja brtt. við 3. gr. þessa frv. Í frv. er ákvarðað hámark sekta þar sem stendur: „allt að kr. 5000.00." Á seinni tímum hefur verið tekin upp sú venja að tiltaka ekki slíkt hámark sektarákvæða. Það er mjög óþægilegt, ekki síst með tilliti til þess að verðbreytingar eru því miður örar, og þegar þarf að færa slíkt hámark til samræmis við verðlag þarf að breyta lögum svo tugum eða hundruðum skiptir.

Eins og hv. alþingismenn vita var hér á dögunum til

umfjöllunar frv. sem gerir ráð fyrir að slíkt sektarhámark verði tekið út úr allmörgum lögum, í kringum 50, þeim lögum sem brýnast þótti að taka hámark sektarákvæða út úr. Hins vegar á eftir að framkvæma þessa aðgerð, ef ég má svo að orði komast, á um það bil 100 lögum öðrum eða rúmlega það.

Brtt. á þskj. 786 gerir ráð fyrir að 1. málsl. 3. gr. orðist svo: „Brot gegn lögum þessum varða sektum.“ Það, sem tekið er fram um krónutölufjölda sekta fellur þá niður.

Ég vonast til að hv. alþm. taki vel í þessa brtt. Ég biðst að sjálfsögðu formlega afsökunar á því að hafa ekki lagt í það mikla verk að kalla saman iðnn., en ég taldi ekki ástæðu til þess út af ekki stærra atriði en þessu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 786, sem var of seint fram komin, samþ. með 13 shlj. atkv.

Brtt. 786 samþ. með 11:1 atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110, n. 748, 787). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Það frv., sem hér er til umr., fjallar um fjármögnun á rekstri spítalanna. Eins og kunnugt er var með lögum nr. 117/1976 ákveðið að fjármagna rekstur ríkisspítalanna frá og með árinu 1977 með beinum framlögum úr ríkissjóði eins og þau yrðu ákveðin hverju sinni á fjárlögum.

Frv. það, sem hér er flutt, gerir ráð fyrir sömu breytingu á fyrirkomulagi á greiðslu rekstrarkostnaðar fleiri sjúkrahúsa án þess að þau séu talin upp nákvæmlega. Það yrði í raun og veru ákveðið samkvæmt ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni.

Meiri hl. heilbr.- og trn. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Fram skal tekið að Karl Steinar Guðnason ritar undir nál. með fyrirvara, en hv. alþm. Lárus Jónsson og Salome Þorkelsdóttir skila séráliti, og verður eflaust greint frá því hér síðar.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Við hv. þm. Salome Þorkelsdóttir höfum skilað séráliti út af þessu máli. Það er vegna þess að við teljum það ekki nægjanlega undirbúið, það þurfti að athuga betur aðrar leiðir til að fjármagna þessar sjúkrastofnanir heldur en gert er ráð fyrir í frv. og yfirleitt sé málið ekki nægjanlega vel undirbúið.

Við leggjum til að því verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 787 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 8:6 atkv.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 11 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634, n. 754 og 762). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 58 4. júní 1981, um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frv. gerir ráð fyrir að umrædd lög verði framlengd til 31. des. 1983. Það varð allmikil umfjöllun um frv. í hv. iðnn. sem ekki er nema von. Það bryddaði á skiptum skoðunum í þessu efni: Í fyrsta lagi, hvort eðlilegt sé að sölustofnun hafi svo að segja einkarétt á sölu lagmetis til austantjaldsríkja. Í annan stað, hvort eðlilegt sé að samþykktir félaga eins og Sölustofnunar lagmetis séu lögfestar. Um þetta eru skiptar skoðanir og í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það.

Ég vil — með leyfi forseta — lesa upphaf nál. meiri hl. iðnn., en þannig fór við umfjöllun í nefndinni, að nefndin náði ekki algerri samstöðu um málið og klofnaði í meiri og minni hluta. Í nál. stendur:

„Á liðnu ári við umfjöllun iðnn. um lagmetisiðnaðinn komu fram þau viðhorf, að sölusamtök um lagmeti ættu að starfa á sama grundvelli og hliðstæð samtök annarra útflutningsgreina. Meiri hluti nefndarinnar leggur því áherslu á að fyrirkomulag þessara mála verði endurskoðað að frumkvæði iðnrh. og sjútvrh. í samráði við þá aðila sem starfa í lagmetisiðnaði.

Á fund nefndarinnar komu framkvæmdastjóri Sölustofnunar lagmetis og nokkrir fulltrúar frá framleiðendum lagmetis.

Eins og áður er getið leggur meiri hl. nefndarinnar til að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn skilar séráliti sem liggur hér fyrir í deildinni.

Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Ég vil bæta því við — og ég held ég túlki skoðun meiri hl. nefndarinnar rétt að því leyti, að við lítum svo á að það þurfi að koma frumkvæði einhvers staðar frá, og við mörkum það frumkvæði í þessu nál., — frumkvæði til þess að skipulag þessara mála verði endurskoðað.

Enda þótt við leggjum til að frv., sem hér liggur fyrir, verði samþykkt, hygg ég að við gerum okkur allir grein fyrir því, að þarna er fjölmargt sem betur mætti fara. Það mátti marka af viðræðum við ýmsa þá fulltrúa frá lagmetisframleiðendum sem komu á okkar fund. En niðurstaða okkar var sú að framlengja lögin, ýta þessu ekki út í myrkrið, ef ég má svo að orði komast, heldur gera gangskör að því að skipulag þessara mála verði tekið til endurskoðunar að frumkvæði þeirra aðila sem eru nefndir í nál.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Svo sem hér hefur verið rakið fjallar þetta frv. um beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis um að framlengja um eitt ár til viðbótar núverandi starfsréttindi stofnunarinnar sem eiga að falla úr gildi um næstu áramót.

Það var ekki ofmælt hjá hv. 3. þm. Vesturl., formanni iðnn. þessarar hv. deildar, að bryddað hafi á skiptum skoðunum um þetta frv. Ég held að það megi hiklaust fullyrða að í ljós hafi komið í viðræðum nefndarinnar við þá aðila, sem þetta mál snertir, að skoðanir um ágæti frv. voru vægast sagt mjög skiptar.

Mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að sölusamtök í lag-

metisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Það virðist alveg ljóst að viðleitni löggjafans til þess að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast í upphafi. Mér sýnist því eðlilegast að þessi umræddu lög falli úr gildi um næstu áramót, svo sem samþykkt var hér á Alþingi í fyrra, og þeir aðilar, sem eftir þessum lögum starfa, hljóta auðvitað að hafa reiknað með. Ég hef ekki heyrt nein þau rök er mæli með framlengingu laganna, og því legg ég til að frv. það, sem hér liggur nú fyrir, verði fellt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tel mig til knúinn við afgreiðslu þessa máls að undirstrika það, hversu tvíráða ég var og er um afgreiðslu máls sem lýtur að einkarétti til Sölustofnunar lagmetis. Ég undirstrika það enn fremur en hv. frsm. meiri hl. n. gerði í framsöguræðu sinni og raunar á svipaðan hátt og hv. frsm. minni hl., Eiður Guðnason. Það er sannast sagna, sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði áðan, að skoðanir voru mjög skiptar hjá þeim aðilum sem nefndin kvaddi til viðræðna. Það væri freistandi að bæta því við, að skoðanir virtust í raun og sanni mjög skiptar einnig við afgreiðslu málsins hjá hverjum og einum nm. Aftur á móti var ég þeirrar skoðunar, að eins og málum var komið yrði ekki undan því vikist að framlengja þetta einkaleyfi enn um skamma hríð, vegna þess að enda þótt það kæmi fram, eins og hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að sumir hefðu búist við því, að einkaleyfið félli niður þar sem það var tímabundið, þá höfðu aðrir skákað í því skjóli, að lögin yrðu endurnýjuð. Og mun það eiga við ekki síður í lagmetisiðnaðinum en annars staðar, að vonin gefur veikum þrótt.

Ég legg áherslu á það við afgreiðslu málsins núna, að eftir því verði gengið að þeir aðilar, sem til eru nefndir í áliti meiri hl. n., taki þessi mál til athugunar að nýju og að fyrir liggi þegar á haustþingi mál sem varðar þennan sérstaka rétt Sölustofnunar lagmetis, þannig að tóm gefist til að fjalla um málið ítarlega og eðlilega og niðurleggjendur lagmetis gangi ekki að því gruflandi öðru sinni, við hverju þeir megi búast í þessu máli. Efa bar ég í brjósti, þegar við afgreiddum þetta mál hið fyrra sinni, hvort rétt væri að veita þessum aðilum slík sérréttindi og slíka vernd. Ekki er sá efi minni núna.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Hv. þm. Stefán Jónsson talaði um að Sölustofnun lagmetis hefði sérréttindi í útflutningi lagmetis til Austur-Evrópulanda eða þeirra landa, eins og skilgreint er í lögunum, þar sem einn kaupandi er. Ég vil benda hv. þm. á að til er stofnun í landinu sem hefur sérréttindi til sölu ákveðinnar afurðar á öllum mörkuðum, bæði þar sem einn kaupandi er fyrir og þar sem margir kaupendur eru fyrir. Það er síldarútvegsnefnd. Sölustofnun lagmetis er bannað það með lögum, ef hún vildi flytja út síld niðurlagða í dósir sem eru yfir ákveðin stærðarmörk, vegna þess að það er aðili í landinu sem hefur einn einkarétt á útflutningi saltaðrar síldar í öllu formi í flátum sem eru yfir ákveðin mörk, um gervalla heimsbyggðina.

Í Noregi hefur um langt árabil verið ákveðin löggjöf um sölu á norsku langmeti til landa þar sem er einn kaupandi. Og ég veit ekki betur en gert sé ráð fyrir því að taka upp svipað fyrirkomulag í Noregi á sölu lagmetis á öllum mörkuðum og síldarútvegsnefnd hefur hér.

Nú geta menn haft sínar skoðanir á því, hvort þetta er heppilegt eða ekki. En þó ég hafi ekki lengur neinna hagsmuna að gæta, sem betur fer, í þessu máli, þá finnst mér ekki eðlilegt að ræða um þennan aðila eins og hann sé einhvers staðar algerlega sér á báti.

Ég vil líka benda á það, að öll sölusamtök íslensk hafa sem betur fer haft svo nána samvinnu um sölu á markaði þar sem einn kaupandi er, í Nígeríu eða í Rússlandi, svo dæmi séu nefnd, að það má segja að þar sé um einn aðila að ræða. Við skulum taka sem dæmi SH og sjávarafurðadeild SÍS. Þegar þeir selja fisk til Sovétríkjanna gengur ekki hnífurinn á milli þessara aðila, ef svo mætti að orði kveða. Þeir forðast sem heitan eldinn að níða skóinn hvor niður af öðrum. Það er engin tilviljun, enda hljóta menn að sjá að það er veikleiki fyrir söluaðila að koma margir og bjóða einum aðila í stóru landi sömu vöruna frá sama landinu. Það er veikleiki í sölukerfinu, það er veikleiki sem kaupandi getur mjög auðveldlega notað sér. Ég er ekki að segja að hann geri það, ég er ekki að segja að það verði alltaf, en það er veikleiki og það er engin tilviljun að þetta hefur verið gert.

Ég vildi aðeins benda á það, að a. m. k. einn aðili í þessu landi hefur ekki bara einkarétt á að selja ákveðna íslenska afurð til landa þar sem einn kaupandi er fyrir, heldur til allra landa.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12:2 atkv.
2. gr. samþ. með 12:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána, frv. (þskj. 703). — 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. til laga um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna, sem svo er nefnt. Með frv. þessu er lagt til að Alþingi samþykki að ríkissjóður taki á sig ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum á fjárhæð, sem nemur allt að 2 830 000 SDR, vegna fjárfestingalána og ábyrgða til verkefnaútflutnings. Eins og kunnugt er, þá er SDR reiknieining sem notuð er í alþjóðaviðskiptum, en hún er vegið meðaltal ýmissa gjaldmiðla og er að verðgildi álíka eða lítið eitt meiri en 1 dollar. Ég má segja að dollar svari nú 10.40 kr. ísl., en þessi gjaldmiðill, SDR, 11.60 kr. Jafnframt er lagt til að Alþingi heimili ríkisstj. að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann varðandi þessa ábyrgð.

Hugtakið „verkefnaútflutningur" er þýðing á orðinu „projektexport", en það má í grófum dráttum skilgreina sem sölu mannvirkja til útflutnings, þar sem saman fer tæknibúnaður og verkefni.

Aðdraganda að framlagningu þessa frv. má rekja til tillögu ráðherranefndar Norðurlanda við Norðurlandaráð um að norrænt samstarf á sviði verkefnaútflutnings skyldi aukið. Í tillögu sinni lagði ráðherranefndin á það áherslu, að á seinni hluta áttunda áratugarins hefði komið í ljós veruleg aukning á fjárfestingarstarfsemi, fyrst og fremst í olíuútflutningslöndum og hinum svonefndu nýiðnvæddu löndum, en einnig að nokkru leyti í þeim

löndum sem búa við ríkisrekinn áætlunarbúskap. Þessar fjárfestingar fela að verulegu leyti í sér sölu mannvirkja frá iðnaðarlöndum, m. a. fullgerð mannvirki. Allt bendir til að þessum útflutningi verði haldið áfram, enda eru fjárfestingarþarfir þróunarlandanna margvíslegar. Talið er að stærstu útflutningsmarkaðirnir í þessum efnum séu í Suður-Ameríku, Afríku og Suðaustur-Asíu.

Sú er skoðun ráðherranefndar Norðurlanda, að mörgum stoðum megi renna undir það, að til mikils sé að vinna með aukinni norrænni samvinnu á sviði verkefnaútflutnings. Iðnaður á Norðurlöndum sé í háum tækni legum gæðaflokki og á mörgum sviðum bæti fyrirtæki eins lands fyrirtæki annars lands upp. Ráðherranefndin tekur einnig fram að Norðurlönd veiti tiltölulega stórar upphæðir til alþjóðastofnana og framkvæmdabanka, t. d. Alþjóðabankans og annarra fjárfestingarbanka, en á hinn bóginn komi öllu minna í hlut Norðurlanda þegar að því komi að reisa og kosta þau mannvirki sem stofnanir þessar fjármagna.

Þessi tillaga, sem nú hefur verið stuttlega greint frá, var tekin til meðferðar af Norðurlandaráði fyrir rúmu ári og var ráðherranefndinni þá falið að gera ráðstafanir er miði að því að hrinda tillögunni í framkvæmd. Einn liður í því er að komið verði á fót nýjum lánaflokki við Norræna fjárfestingarbankann er gegni því hlutverki að auka samkeppnisgetu norrænna fyrirtækja við sölu verkefna, einkum til þróunarlandanna eins og ég gat um. Á þessi starfsemi að hefjast 1. júlí n. k. og er þá gert ráð fyrir að frv. hliðstæð því frv., sem hér er til umr., hafi hlotið samþykki allra þjóðþinga Norðurlanda.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er talið nauðsynlegt að Norðurlöndin veiti ríkisábyrgð fyrir 90% af þeim 350 millj. SDR sem um er að ræða, enda fela þau lán í sér áhættu sem hvorki Norræni fjárfestingarbankinn né aðrar lánastofnanir á Norðurlöndum geta tekið á sig án þess að veikja eigið lánstraust. Ábyrgð þessi kemur einungis til greiðslu ef tjón verður vegna þessara lána og ábyrgða, og er hluti Íslands 0.89% af heildarfjárhæð ríkisábyrgðanna.

Rétt er að geta þess í þessu sambandi, að starfsemi Norræna fjárfestingarbankans hefur færst sífellt í vöxt frá því að hann hóf starfsemi sína á árinu 1976. Samkv. 1. gr. samnings um stofnun bankans er hlutverk hans að veita lán og ábyrgðir með bankakjörum og samkvæmt almennum þjóðhagslegum sjónarmiðum með það í huga að hrinda í framkvæmd fjárfestingaráformum og efla útflutning í þágu Norðurlandanna. Eins og vitað er hefur fjárfestingarbanki þessi aðalbækistöðvar í Helsingfors í Finnlandi. Íslendingar hafa stutt þetta mál frá upphafi vega og talið er að þessi banki sé mjög vel rekinn og þjóni sameiginlegum hagsmunum Norðurlanda vel á þessu sviði.

Hér er m. ö. o. gert ráð fyrir að stækka grundvöll og auka starfsemi Norræna fjárfestingarbankans. Hann hefur, eins og ég sagði, reynst traust stofnun og má segja að starfræksla hans sé áþreifanlegt dæmi um góðan árangur á sviði norrænnar samvinnu.

Frv. er þess eðlis, að það ætti ekki að valda ágreiningi. Því fylgir allítarleg grg. þar sem málin eru skýrð nánar en ég geri í þessari framsögu. Ég tel því ekki nauðsynlegt að hafa fleiri orð um frv. á þessu stigi, en vísa til meðfylgjandi grg. að öðru leyti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. fjh.- og viðskn. og 2. umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 11 shlj. atkv.

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 683, n. 758). — 2. umr.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. Ed. hefur tekið til athugunar frv. til l. um breytingu á lögum nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. lög nr. 13/1979, um breytingu á þeim lögum. Frv. þetta var búið að vera til athugunar í Nd. og þar hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar. Voru það breytingar sem komu frá fjh.- og viðskn. Nd., svo og mun við 3. umr. hafa verið samþykkt þar brtt. við 2. gr. frá hv. þm. Sighvati Björgvinssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Fjh.- og viðskn. Ed. fór yfir þetta mál og varð sammála um að mæla með samþykkt frv. eins og það kemur frá Nd. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál. rita Guðmundur Bjarnason, Eiður Guðnason með fyrirvara, Lárus Jónsson með fyrirvara, Davíð Aðalsteinsson og Gunnar Thoroddsen.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hv. frsm. nefndarinnar rita ég undir nál. um þetta frv. um verðlagsmál með fyrirvara. Sá fyrirvari er ekki fólginn í því, að ég telji ekki þetta frv. vera til bóta frá því sem verið hefur. Satt að segja fannst mér hæstv. ráðh. líða allmiklu betur, þegar hann mælti fyrir þessu frv., heldur en honum hefur stundum liðið þegar hann hefur verið að tala um verðlagsmál í þessari hv. deild. Það var alveg ljóst á svipnum á hæstv. ráðh. að honum hugnaðist betur sú aðferð, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., heldur en sú sem hefur verið í framkvæmd undanfarið í verðlagsmálum, og lái ég honum það ekki. Ég fagna því, að þetta spor er stigið.

Á hinn bóginn hef ég leyfit mér að endurflytja hér till. sem nokkriri sjálfstæðismenn fluttu í Nd. og er um 4. gr. frv. Hún er í sem skemmstu máli sú að taka upp aðalreglu í verðlagslög sem við hæstv. ráðh. stóðum að endur fyrir löngu að lögfesta, í tíð fyrrv. ríkisstj., — ríkisstj. sem sat 1974—1978 og við studdum báðir með ráðum og dáð. Þessi breyting er sú, að aðalreglan skuli vera að verðmyndun sé frjáls þegar um það er að ræða að samkeppni sé nægjanleg, að sjálfsögðu undir ákveðnu eftirliti engu að síður, en áherslan skuli vera á því að verðlagning sé frjáls. Við sjálfstæðismenn teljum að það sé bæði besta verðlagseftirlitið og líka hafi það í för með sér það svigrúm sem fyrirtæki þurfi að hafa til verðlagningar sinnar vöru, að þetta sé meginreglan í verðlagsmálum.

Ég þarf ekki að orðlengja um þetta. Það má segja að þetta sé meginmálið í brtt. sem ég endurflyt hér, en nokkrir sjálfstæðismenn fluttu þessar brtt. í Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 788,1 felld með 8:7 atkv.
4. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 788,2 felld með 8:5 atkv.
5.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14. shlj. atkv.

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 702 (sbr. 192), n. 753). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Menntmn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um námslán og námsstyrki. Eins og hv. alþm. er vafalaust kunnugt ríkti samstaða um þetta mál í Nd. Að vísu voru þar á ferðinni smávægilegar brtt. sem voru samþykktar.

Þetta frv. um námslán og námsstyrki gerir í fyrsta lagi ráð fyrir að námslán, sem hafa til skamms tíma numið 85% af reiknaðri fjárþörf námsmanna, hækki í 100% í þremur áföngum þannig að 100% markinu verði náð 1. jan. 1984. Jafnframt verða þær breytingar samkvæmt frv., að árleg endurgreiðsla af námsláni miðist við tiltekið hlutfall af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Árleg endurgreiðsla nemi ekki lægri fjárhæð, en 1200 nýkr. miðað við verðlag 1. jan. 1980, en heimilt er að veita undanþágu frá þeirri lágmarksendurgreiðslu ef sérstaklega stenfur á. Þá er gert ráð fyrir að hámarksendurgreiðslutími verði 40 ár — ég vil taka fram að á þessu varð breyting í Nd., það var gert ráð fyrir 30 árum í frv. — svo og að endurgreiðslur skuli að jafnaði standa yfir í fimm ár hið skemmsta.

Auk þessa kemur fram í frv. að það verður breyting þar sem fjallað er um hina svokölluðu 20 ára reglu.

Ég vil leyfa mér að lesa hér úr 2. gr. Þar stendur: „Lánasjóði er heimilt að veita fjárhagsaðstoð öðrum námsmönnum en þeim sem tilgreindir eru í 1. gr. og 1. málsgr. þessarar greinar, enda hafi námsmenn þessir náð 20 ára aldri á því almanaksári, sem lán eru veitt, og stundi sérnám.“ Vegna þess, sem hér stendur, tel ég mér skylt, með leyfi forseta, að lesa það sem stendur í 1. gr.: „Meginhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.“ Enn fremur er gert ráð fyrir að námslán verði framvegis veitt gegn ábyrgðaryfirlýsingu eins manns í stað tveggja áður. Verðtrygging lánanna miðist framvegis við lánskjaravísitölu. Gert er ráð fyrir að endurgreiðslur lánanna verði lögtakskræfar, ef um vanskil er að ræða, og jafnframt er gert ráð fyrir að námsmönnum verði tryggð aðild að lífeyrissjóði og komi það atriði til framkvæmda í ársbyrjun 1985.

Það skal játað, að hv. menntmn. hefði e. t. v. átt að gefa sér betri tíma til að athuga þetta frv. Hins vegar vitum við öll að það er mikil pressa í þinginu, hart lagt að hv. alþm. að afgreiða mál, og auðvitað verðum við að treysta félögum okkar í annarri deild.

Fjarverandi afgreiðslu málsins voru hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd. Það var enginn ágreiningur í nefndinni.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Vegna þeirra orða hv. 3. þm. Vesturl., að hv. menntmn. þessarar deildar hefði e. t. v. átt að gefa sér meiri tíma til að fjalla um þetta frv., þá held ég að það sé alveg rétt. Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér finnst þetta ekki vinnubrögð til fyrirmyndar. Nefndum þingsins er ætlað að fjalla ítarlega um hvert frv. sem til þeirra er vísað. Mér finnst ekki duga að vísa í þessari hv. deild til þeirrar vinnu sem átt hafi sér stað í Nd. Ég er þeirrar skoðunar, að hv. menntmn. þessarar deildar hefði átt að gefa sér nokkru rýmri tíma til að fjalla um þetta mál vegna þess að hér er um mjög stórt mál að ræða. Hér er auðvitað um hagsmunamál námsmanna fyrst og fremst að ræða og ekki dreg ég úr því. Hins vegar skyldu þm. hafa í huga að þannig hefur tekist til með starfsemi þessa sjóðs, að á hverju ári hefur ríkissjóður orðið að leggja honum til miklar fúlgur fjár og starfsemi hans hefur a. m. k. að hluta til verið fjármögnuð með erlendum lánum.

Það, sem mér finnst e. t. v. einkum og sér í lagi orka tvímælis í sambandi við afgreiðslu þessa máls, eru þær flóknu endurgreiðslureglur sem gert er ráð fyrir í frv. Samkvæmt frv. er tekin upp sú regla, að menn skuli endurgreiða lán í hlutfalli við tekjur. Við þessu er kannske út af fyrir sig ekkert að segja. En óneitanlega hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki ætti þá líka að beita þeirri reglu gagnvart ýmsum öðrum félagslegum lánum — sem ég leyfi mér að kalla svo, því hér er um félagslega aðstoð að ræða, aðstoð samfélagsins við stúdenta að ræða — t. d. að því er varðar húsnæðislán. Það væri ekki óeðlilegt að hraði endurgreiðslna færi þar eftir tekjum lántakandans.

Ég hefði viljað óska eftir því við hv. menntmn. að hún íhugaði, þó ekki væri meira, og ræddi hvort ekki væri langeðlilegast í sambandi við þessi lán að ákvæðin um endurgreiðslu þeirra — þá er ég ekki að tala um tímann sérstaklega — væru í sem skemmstu máli þau, að þessi lán skyldu vera vaxtalaus með fullri verðtryggingu og endurgreiðast. Ég hygg að öllum hv. þm. sé kunnugt að mikill misbrestur hefur verið á því, að þessi lán endurgreiddust eins og önnur lán. Til þess kunna að vera ýmsar ástæður. Ein af ástæðunum var — a. m. k. um tíma, að því er mér virtist er þessi mál bar á góma í hv. fjvn. — að ekki var nægilega eftir því gengið að greiðslur væru inntar af hendi. Nú kann að hafa orðið breyting á því. En mér finnst af grundvallarástæðum eðlilegt að spurt sé hvort ekki eigi að gilda alveg sömu reglur um endurgreiðslu þessara námslána og annarra lána. Nú er ég síður en svo að draga úr nauðsyn þess að þarna sé vel að staðið og námsmönnum, sem aðstoð þurfa, sé gert fjárhagslega kleift að stunda sitt nám og ljúka því. Mér finnst það eingöngu vera umræðuatriði, hvort eigi að miða þessar endurgreiðslur við tekjur manna síðar á ævinni. Mér finnst í sjálfu sér óeðlilegt að það gildi um þessa einu tegund lána, en út af fyrir sig mætti gjarnan hugsa sér að taka það upp varðandi ýmis önnur lán.

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð fleiri, en óska eftir að hv. menntmn. þessarar deildar taki þetta til athugunar.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Það er rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér er stórmál annars vegar. Og ég hlýt að segja það líka, að ég er dálítið hissa á að það skuli fara svo til umræðulaust í gegnum þessa hv.

deild enda þótt Nd. hafi athugað það allrækilega og gert á því nokkrar breytingar sem síðan eru samþykktar orða- og athugasemdalaust hér í hv. Ed. Ég hygg að Alþingi hafi, enda þótt hv. Ed. eigi þar lítinn hlut að máli, afgreitt þetta mál af raunsæi og sanngirni í senn. En þarna eru vissulega atriði sem orka tvímælis.

Ég get tekið undir það sem hv. þm. Eiður Guðnason sagði, að það hefði verið ástæða til að endurgreiðslukjörin hefðu verið athuguð nánar, ekki endilega til að gera þau strangari, heldur til þess að gera þau eðlilegri. Nú er það svo að mörgum finnst ekki nógu langt gengið í hlutfallslegum greiðslum af námslánum. Það hafa verið uppi mjög háværar raddir, fyrst og fremst og raunar eingöngu meðal vinstri manna, um að láta greiðslurnar koma á háar tekjur fyrst og fremst, en þeir, sem lágar tekjur hafa, ættu alls ekkert að greiða. Þetta er stórhættuleg hugmynd. Við skulum gera okkur grein fyrir því, eins og kom fram áðan, að þetta er stórt fjárhagsmál fyrir ríkissjóð. Þessi sjóður er nú 30 ára gamall. Ég hef ekki handbærar tölur um hvað mikið hann hefur látið renna til námsmanna, og vissulega sé ég ekki eftir því, en stórar eru þær fúlgur orðnar. Og enda þótt frv. geri ráð fyrir hertum endurgreiðslum þá er gert ráð fyrir að 10 ár muni líða þangað til lánasjóðurinn sjálfur stendur undir helmingi lána sem hann þarf að inna af hendi til námsmanna. Þessar árlegu greiðslur ríkissjóðs nema hundruðum milljóna nýkróna svo þetta er ekkert smámál.

Ég mun styðja þetta frv. eins og það liggur hér fyrir, enda þótt ég telji ýmislegt í því hæpið. Ég veit að það er mikils virði að þetta mál nái fram að ganga nú. Ein af þeim reglum, sem orka tvímælis í upphaflega frv., var sú, að endurgreiðslur skyldu verða óafturkræfar, falla niður af sjálfu sér eftir 30 ára tíma. Ég vil benda á að í fskj. með frv. er áætlað að námsmaður, sem stundar nám í einu þeirra landa sem hvað dýrast er að stunda nám í, Englandi, muni að 30 árum liðnum eiga 34% ógreitt af sínum lánum. Við skulum líta þannig á málið að þarna eigi í hlut einn af tekjuhæstu mönnum þjóðfélagsins. Við 30 ára takmarkið, með þeim endurgreiðslureglum, sem frv. gerir ráð fyrir, á hann eftir að greiða rúmar þriðjung af sínum námslánum. Þetta hefur nú í meðförum Nd. verið lengt í 40 ár. Ég tel að með því muni menn almennt komnir á eftirlaunaaldur og vel það, margir um sjötugsaldur og þá sé ekki vert að láta þá burðast með þessa skuld á bakinu yfir í eilífðina, því að margir verða þeir sem hafa þó nokkra skuld á bakinu. Ég get því fallist á þetta fyrningarákvæði úr því að það hefur verið lengt í 40 ár.

Þeir, sem hafa krafist mildari endurgreiðslureglna, tala um að þetta mál eigi að framkvæma sem tekjujöfnunarmál í anda félagshyggju. En hugleiðum aðeins nánar hvert hún leiðir okkur, þessi svokallaða félagslega hjálp. Það er vissulega spurning hvort hið fullkomna öryggi, sem nútíma þjóðfélag vill bjóða sínum þegnum, tryggi okkur að sama skapi það jafnvægi í lífi okkar og lífshamingju sem við erum öll innst inni að leita að. Sannleikurinn er sá, að hin félagslega samhjálp í hinum sósíalísku ríkjum í nágrenni við okkur er komin út í algert kviksyndi, sem ég held að sé tími til kominn að við áttum okkur á hér og látum ekki teyma okkur óendanlega í þeim efnum.

Yfirboð og kapphlaup stjórnmálamana um að leggja allt upp í hendurnar á öllum, jafna allt og alla með valdboði og lögum er auðvitað á mjög djúptækum og dapurlegum misskilningi byggt. Þetta eru að sjálfsögðu ær og kýr sósíalista, en við vitum öll mætavel að hvergi er jafnmikill hyldýpis mismunur á milli hinna hæstu og lægstu og einmitt í sósíalistaríkjunum sem sigla undir fölsku flaggi mannréttinda og réttlætis og jafnréttis.

Ég minnist þess, að einn af þm. Alþb. — það er verst að enginn fulltrúi þess ágæta stjórnmálaflokks er staddur hér í hv. deild (**Forseti:** Forsetinn.) Fyrirgefðu, herra forseti, síst var ætlun mín að gleyma þér. En þetta var hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Hún lét svo ummælt í umr. í Nd. um þetta mál, að auðvitað ætti öll menntun að vera ókeypis, menntun ætti ekki að vera einkafjárfesting, heldur í þágu samfélagsins í heild. Þetta hljómar svo sem alls ekki illa. En reynslan af þess konar rausn hins sósíalíska þjóðskipulags er síður en svo geðsleg. Kerfið vill vissulega hafa nokkuð fyrir sinn snúð. Það telur sig hreinlega ávinna sér ráðstöfunarrétt yfir menntun hvers einstaklings, hvernig hún nýtist heildinni að náminu loknu. Því skulu Pétur og Páll, með sína ókeypis menntun upp á vasann, að náminu loknu fara þangað og vinna þar sem hans aldrottnandi, allsráðandi lánardrottinn og allsherjarfaðir, ríkið, telur hans þörf í kerfinu. Og þeir hinir sömu skulu spara sér allt múður í þeim efnum. Þar verður fólk að hlýða. Ég segi nú ekki annað en Guð forði oss frá slíkri þrælafjárfestingu í íslenskum námsmönnum og íslenskum menntamönnum.

Lánasjóðurinn er fyrst og fremst lánastofnun til þess að tryggja að íslenskt æskufólk geti stundað þá menntun sem hugurinn stendur til, að enginn þurfi að hrekjast frá námi vegna fjárskorts og að langskólamenntun verði ekki forréttindi þeirra sem best hafa fjárráðin í þjóðfélaginu. En ef við sláum því föstu, að menntun sé trygg fjárfesting, þá hljótum við jafnframt að gera ráð fyrir að ætlast til þess, að hún nýtist þjóðfélaginu þannig að lánþegar verði borgunarmenn fyrir sínum skuldum, en þeir séu ekki dæmdir til þess að verða að ævilöngum ómögum á öðru vinnandi fólki í landinu. Þetta veit ég að er skoðun langsamlega flestra íslenskra námsmanna, þó að hinn hópurinn sé nokkuð stór sem félagshyggjuna aðhyllist og vill fá reglur Lánasjóðsins í samræmi við það.

Það er mjög greinilega tekið fram í lögunum, að til sérstakra erfiðleika, veikinda, slysa, ómegðar, atvinnutaps og alls þess, sem þýðir mjög mikinn tekjumissi fyrir námsmanninn, skuli tekið tillit, og ég hefði talið að þessar undanþágur nægðu til þess að fyrningarákvæðið, hvort sem það var 20 eða 30 ár, þyrfti alls ekki að vera í lögunum. Samt sem áður, með skírskotun til þess sem ég sagði áðan um fyrningarreglnuna lengda í 40 ár, mun ég, til þess að hefta ekki framgang málsins fyrir mitt leyti, styðja það í því formi sem nú er.

En ég ítreka að þessi hv. deild hefði gjarnan mátt eyða meiri tíma í að ræða þetta mál. Betur sjá augu en auga. En það er eins með þetta mál og fleiri nú í þessu argaþvargi undir þinglokin, að það er vissulega fljótaskrift á ýmsu.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Vegna þeirra athugasemda, sem hv. 5. þm. Vesturl. gerði varðandi afgreiðslu hv. menntmn. Ed. á þessu máli, get ég sannarlega tekið undir það, að æskilegt hefði verið að fjalla nánar um þetta frv. í nefndinni. Það hefur komið hér fram, að stjórnarandstaðan er iðin við að hjálpa ýmsum málum í gegnum þingið þessa dagana. Þar mættu reyndar stjórnarsinnar gjarnan taka okkur stjórnarandstæðinga

til fyrirmyndar og greiða fyrir ýmsum góðum brtt. sem stjórnarandstaðan flytur, en eru fyrir fram allar felldar, sama hversu góðar þær eru. Það hefur einnig komið fram á fundinum í dag.

Ég vildi aðein minna menn á að þetta frv. hefur verið rætt í þingflokkunum, efnislega kynnt þar og rætt væntanlega í öllum þingflokkum, svo að hv. þm., sem eiga sæti í menntmn., koma ekki alveg ofan af fjöllum. Og vissulega er það það sem ræður afstöðu þeirra til að afgreiða þetta mál með fljótaskrift, eins og það hefur réttilega verið nefnt.

Ég get einnig tekið undir það sem hv. 5. þm. Vesturl. sagði áðan, að það væri ætlast til þess og gert ráð fyrir því, að þm. fjalli nákvæmlega um frv. sem lögð eru fram, og gert ráð fyrir að breytingar verði á þeim í meðferð þingsins, að undanteknu einu frv. sem ég vil gjarnan minna á. Þegar hæstv. menntmrh. mælti fyrir frv. til laga um Sinfóníuhljómsveit varaði hann þm. við að breyta einum einasta staf. Hlýðinn formaður hv. menntmn. Ed., hv. 11. þm. Reykv., hlýddi þessu kalli. Það var túlkað þannig, að þeir, sem voguðu sér að koma með brtt. við frv., væru að eyðileggja málið, tefja það og eyðileggja. Það tókst að gera allar brtt. tortryggilegar. Þrátt fyrir það voru sumar þeirra samþykktar. Þær voru ekki verri en það.

Ég vildi sem sagt láta það koma fram, að enda þótt málið hafi ekki fengið langa umfjöllun í nefnd voru þm. búnir að fjalla um það í þingflokkunum.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Auðvitað gat maður átt von á því, að hv. alþm. stæðu hér upp og hefðu ýmislegt að afgreiðslu málsins að athuga.

Ég vil lýsa því yfir hér, að ég mun beita mér fyrir því að kalla saman hv. menntmn., ekki síst til þess að skoða eilítið nánar endurgreiðsluákvæði frv. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð um það. Hins vegar vildi ég mega segja um það frv., sem hér var til umr. á dögunum, þ. e. um Sinfóníuhljómsveit Íslands, að mér þóttu sumar af þeim brtt., sem fram komu frá hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánssyni og Salome Þorkelsdóttur, heldur viturlegar, enda studdi ég þær sumar. Hins vegar hafnaði ég þeim sem mér þóttu óviturlegar. En mér hefði aldrei dottið í hug, enda gerði ég það ekki, að gera þessar brtt. tortryggilegar, og ég er ekki viss um að það hafi í sjálfu sér verið gert. Auðvitað bítast menn hér, það er gangur málanna.

En að endingu lýsi ég því yfir, að ég mun kalla saman menntmn.-fund og athuga nánar endurgreiðsluákvæði þess frv. sem hér er til umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2.—17. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 30, n. 770, 771). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur haft um alllangt skeið til umfjöllunar frv. til l. um lyfjadreifingu. Með nefndinni hefur unnið aðili frá heilbrmrn., Ingolf Petersen deildarstjóri. Nefndinni hafa borist fjölmargar umsagnir um frv., m. a. frá Lyfjaeftirliti ríkisins, Lyfjatæknifélagi Íslands, Lyfjatækniskóla Íslands, Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Félagi ísl. stórkaupmanna, þ. e. lyfjavöruhóp, Lyfjafræðingafélagi Íslands og samstarfsnefnd sjúkrahúsalyfjafræðinga. Þessir aðilar gerðu ýmsar athugasemdir í umsögnum um frv. Í störfum nefndarinnar hefur verið leitast við að taka inn ýmsar þær tillögur sem þar komu fram og nm. voru sammála um að yrðu til bóta í þessu frv. ef að lögum yrði.

Það má segja að með þessu frv. sé lokið endurskoðun á lyfsölulögum nr. 30/1963. Út úr þeim lögum höfðu áður verið teknir hlutar eins og lyfjalög og lög um lyfjafræðinga.

Ég vil leyfa mér að fara nokkrum orðum um þá breytingu sem verður á þessum hluta lyfsölulaga, lyfjadreifingunni, ef frv. það, sem hér er til umr., verður að lögum. Með frv. falla úr gildi eftirtaldir kaflar lyfsölulaga: II. kafli, III. kafli, V. kafli VI. kafli, VII. og VIII. kafli, enn fremur II. kafli laga um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

II. kafli lyfsölulaga fjallar um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Í frv. er gert ráð fyrir einum uppfyllingaraðila í stað tveggja vegna umsókna um lyfsöluleyfi. Gert er ráð fyrir þriggja manna nefnd undir formennsku lyfjamálastjóra, en landlæknir fellur út sem umsagnaraðili. Þá er enn fremur gert ráð fyrir að þau samvinnufélög, sem lyfsöluleyfi hafa, haldi þeim áfram, en þau falli ekki niður árið 1988 eins og lög gera nú ráð fyrir.

Þá er og nýmæli að Háskóli Íslands geti öðlast eitt lyfsöluleyfi vegna kennslu og rannsókna á sviði lyfjafræði lyfsala, en eins og hv. alþm. muna samþykktum við frv. þess efnis fyrr í vetur. Ráðh. er hér heimilað að leggja þá kvöð á lyfsala, að hann annist rekstur lyfjaútibús og/eða lyfjaforða í lyfsöluumdæmi sínu. Aðrar breytingar eru ekki stórvægilegar samkv. frv.

III. kafli lyfsölulaga fjallar um starfsmenn lyfjabúða. 14. og 15. gr. þessa kafla voru felldar úr gildi með gildistöku laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978. Í 15. gr. frv. (16. gr. lyfsölulaga) er nýmæli um heimild ríkisins til þess að standa að menntun tæknimenntaðs aðstoðarfólks við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu, en í reynd hefur Lyfjatækniskóli Íslands starfað frá árinu 1974.

Þá er breyting á kafla um missi starfsréttinda sem er í lyfsölulögum. Greinar kaflans voru felldar niður með lögum um lyfjafræðinga nema hvað varðar veitingu lyfsöluleyfis. Helstu breytingar í frv. fjalla, eins og áður er getið, um heimild Háskóla Íslands til þess að öðlast eitt lyfsöluleyfi og vísast þá til II. kafla hér að framan.

VI. kafli lyfsölulaga fjallar um lyfseðla og afgreiðslu lyfja. Breytingar á þessum kafla eru heldur lítilvægar. Þar er um að ræða ávísun lyfja samkv. þessum VI. kafla, lyfseðla og afgreiðslu þeirra, jafnframt um merkingu lyfja. Hér er ekki um neinar afgerandi breytingar að ræða.

VII. kafli lyfsölulaga fjallar um verðlagningu lyfja. Þessi kafli var í raun og sannleika felldur úr gildi við gildistöku lyfjalaga og því ástæðulaust að telja hann upp í 62. gr. frv., en þar er getið um það sem úr gildi fellur.

VIII. kafli lyfsölulaga er um lyfjabúðir, rekstur þeirra og smásölu lyfja. Með lögum um lyfjafræðinga var 46. gr. kaflans felld úr gildi. Önnur ákvæði kaflans er einnig að finna í lyfjalögum þótt sams konar ákvæði sé að finna í

þessu frv., enda ber að hafa í huga að um er að ræða endurskoðun laga, þ. e. lyfsölulaganna, en lyfjadreifingarþátturinn var tekinn út úr lyfjalögunum.

Í því frv., sem hér er til umr. er kafli sem fjallar eingöngu um Lyfjaverslun ríkisins. Helstu breytingar eru þær að Lyfjaverslun ríkisins fellur undir heilbr.- og trmrn. Af öðrum breytingum má nefna að skipuð mun stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins og er lyfjamálastjóri formaður hennar. Þá er og það nýmæli, að forstöðumaður Lyfjaverslunar ríkisins geti verið viðskiptafræðingur. Sú breyting er komin inn fyrir tilstilli nefndarinnar. Í frv. er annars leitast við að styrkja stöðu Lyfjaverslunar ríkisins.

Það má segja um þær brtt. sem nefndin hefur lagt til við frv., að flestar þeirra eru ekki stórvægilegar. Margar hverjar eru raunar samræming til þess að það sé heil hugsun í frv. Það má geta þess fyrst og fremst, að 39. gr. er allveruleg breyting frá því sem áður hefur gilt. Ég held að ég leyfi mér þá að fara yfir í sem fæstum orðum þær breytingar sem nefndin hefur gert á frv.

Ég vil leyfa mér að byrja á 39. gr. Að mínum dómi eru þær breytingar, sem eru gerðar á fyrri greinum frv., ekki svo stórvægilegar að ástæða sé fyrir mig hér og nú að tína þær allar til. Eins og hv. alþm. vita hefur mönnum orðið tíðrætt um innihald 39. gr. sem fjallar um umboðsmenn erlendra sérlyfjaframleiðenda. Þar segir að starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og lyfjafræðingar, aðstoðarlyfjafræðingar jafnframt, megi ekki vera umboðsmenn þessara aðila. Í huga eru þá höfð hugsanleg hagsmunatengsl þeirra, sem ávísa þessum lyfjum, og þeirra, sem selja lyf. Þá ber að hafa í huga að það eru læknar sem ávísa lyfjum, en ekki lyfjafræðingar, og hafa þeir síðarnefndu lítil sem engin tök á því að hafa áhrif á ávísanir lækna. Hins vegar er hugsanlegt að læknar gætu átt hagsmuna að gæta varðandi ávísun lyfja. Í frvgr., eins og nú er lagt til að hún verði, er ekki með öllu tekið fyrir eignaraðild lyfsala og lyfjafræðinga að fyrirtækjum sem rekin eru á félagslegum grundvelli, eins og t. d. hlutafélög, enda eigi þeir ekki verulegra hagsmuna að gæta í fyrirtækinu og eignarhlutdeild þeirra sé ekki meiri en 5%. Þess ber að gæta, að greinin tekur aðeins til þeirra lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga er starfa í lyfjabúðum og sjúkrahúsapótekum, en ekki annarra. Það er sjálfsagt að vekja athygli á því, að það eru engar hömlur settar á eignaraðild framangreindra aðila að innlendum framleiðslufyrirtækjum.

Ég hef lítillega komið að VIII. kafla frv. áður, þegar ég var að reyna að gera grein fyrir þeim meginbreytingum sem verða á þessari löggjöf miðað við að hverfa frá lyfsölulögunum gömlu frá 1963, en í VIII. kafla frv. er fjallað um Lyfjaverslun ríkisins. Lagt er til að Lyfjaverslun ríkisins falli undir heilbr.- og trmrn. Sú breyting var gerð á frv., að ekki er endilega nauðsynlegt að forstjóri Lyfjaverslunar ríkisins sé lyfjafræðingur að mennt, viðskiptafræðimenntun komi einnig til greina. Ég hef getið um það áður. Samfara þeirri breytingu er lyfjamálastjóri settur formaður stjórnar fyrirtækisins. Báðar þessar breytingar eru gerðar að tilhlutan nefndarinnar.

Þá er það og nýmæli, að umsóknir um stöðu forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, er fjallar um umsóknir um veitingu lyfsöluleyfa, og stjórn fyrirtækisins sem síðan lætur ráðh. í té umsagnir um hæfni umsækjenda. Þá er einnig fjallað um framleiðslu og sölu fyrirtækisins til lyfjabúða og er þar um að ræða nýmæli og að margra dómi eflandi fyrir starfsemi þessa umrædda fyrirtækis.

Ég vil leyfa mér að láta þetta nægja um þá kafla sem þegar hefur verið getið.

Þá er komið að X. kafla frv., þar sem fjallað er um dreifingu dýralyfja. Sannleikurinn er sá, að yfir hið góða samkomulag, sem ríkti í nefndinni allan tímann, dró aðeins hulu þegar komið var að X. kafla, um dreifingu dýralyfja, enda þótt ég vonist til að það valdi ekki vinslitum meðal nm. Heilbr.- og trn. hefur birt brtt. við báðar þessar greinar, bæði 57. gr. og 58. gr. Breytingin á 57. gr. er sú, að viðbætist eftirfarandi orð og þá vil ég leyfa mér að lesa hluta greinarinnar: „Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum hefur heimild til að selja lyfjabúðum og héraðsdýralæknum framleiðslu sína á dýralyfjum og bóluefni í heildsölu" — síðan kemur viðbótin: „enda fullnægi hún ákvæðum lyfjalaga, nr. 49/1978, um framleiðslu lyfja."

Það var samdóma álit í nefndinni að ekki væri nema eðlilegt og réttmætt að hafa slíkt ákvæði í þessari grein.

58. gr. frv., eins og það var lagt fram, hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá tilraunastöðinni að Keldum. Þar sem héraðsdýralæknir situr, en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu dýralyfja, sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni á Keldum."

Brtt. frá heilbr.- og trn. hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Þeim er skylt að selja héraðsdýralæknum þau lyf, er þeir þurfa á heildsöluverði að viðbættu þjónustugjaldi, sem ákveðið er af ráðh. að fengnum tillögum lyfjaverðlagsnefndar, og skulu þau vera í stöðluðum, órofnum umbúðum."

Breytingin, sem þetta felur í sér, er eingöngu sú, að þar sem dýralæknir starfar og apótek er jafnframt starfrækt á sama svæði er dýralækninum gert skylt að kaupa öll lyf í viðkomandi apóteki. Það eru engar skorður settar um magn lyfja. Apótekara er skylt að selja dýralækninum allt það sem hann þarf á að halda. Þetta er ekki bundið við vitjanir eingöngu. En eins og frv. er, þá er gert ráð fyrir að dýralæknirinn geti keypt sín lyf hvar svo sem vera skal. Þetta er meginmunurinn á 58. gr. eins og hún stendur skráð í frv. og í brtt. nefndarinnar.

Ég vil í lokin minna á ákvæði til bráðabirgða sem fjallar um 39. gr., en bráðabirgðaákvæðið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eignaraðild starfandi lyfsala og lyfjafræðinga er heimil að fyrirtækjunum, sem rekin eru í hlutafélagsformi, ef eignaraðild hvers þeirra fer ekki fram yfir 5% eignarhlut. Fyrirtæki, sem starfa í bága við 39. gr. við gildistöku laga þessara, hafa 5 ára frest til að aðlaga sig þeim."

Herra forseti. Ég þykist nú hafa gert grein fyrir þeim meginbreytingum, sem verða á þessari löggjöf, þ. e.um lyfjadreifingu, frá hinum gömlu lyfsölulögum frá 1963, og jafnframt þeim breytingum sem nefndin flytur á sérstöku þskj. Hins vegar vek ég athygli á því, að það eru allmargir fyrirvarar á nál. Flestir nm. rita undir nál. með fyrirvara, og ég vil minna á að einstakir nm. hafa

óbundnar hendur í afstöðu sinni til einstakra brtt.

Undir nál. rita Davíð Aðalsteinsson, Karl Steinar Guðnason með fyrirvara, Salome Þorkelsdóttir með fyrirvara, Lárus Jónsson með fyrirvara, Gunnar Thoroddsen, Helgi Seljan og Jón Helgason með fyrirvara.

Ég vil svo að endingu þakka nefndinni gott samstarf við umfjöllun þessa máls og biðst afsökunar á því hvað formaðurinn hefur verið þrár og leiðinlegur allan tímann. Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta að sinni.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Vegna síðustu orða formanns hv. heilbr.- og trn. Ed. vil ég nú bara leiðrétta þennan misskilning. Það hefur enginn sagt að hv. 3. þm. Vesturl. hafi verið leiðinlegur í þessum nefndarstörfum, síður en svo.

En eins og fram kom hjá formanni nefndarinnar, hv. 3. þm. Vesturl., í framsögu með nál., hafa ýmsir skrifað hér undir með fyrirvara. Þar á meðal er ég og hv. þm. Lárus Jónsson. Ástæðan fyrir okkar fyrirvara er fyrst og fremst sú, að það eru ýmis ákvæði í þessu frv. sem falla ekki að okkar sjónarmiðum. Okkur þykir vera um of mikil ríkisafskipti og miðstýringu að ræða. En í meðförum nefndarinnar hefur verið tekið tillit til sumra sjónarmiða okkar, og það kemur fram í brtt. sem eru fluttar á sérstöku þskj. Við munum greiða atkv. með þeim brtt., en væntanlega sitja hjá við lokaafgreiðslu málsins.

Jón Helgason: Herra forseti. Eins og kom fram hjá frsm. nefndarinnar skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara. Ástæða þess er sú, að ég gat ekki fallist á 20. brtt. nefndarinnar, þ. e. við 58. gr. Ég legg til, að hún verði óbreytt eins og frv. var lagt fram, og mun því greiða atkv. gegn þessari brtt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég tel ástæðu til að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir að þetta mál skuli þó vera komið á þann rekspöl sem raun ber vitni, að það er búið að afgreiða það úr nefnd. Frv. hefur áður verið lagt fyrir þingið. Þetta er líklega í þriðja eða fjórða sinn sem það er lagt fyrir þingið og hefur reyndar jafnan verið lagt heldur seint fram, nú hins vegar nokkuð snemma þings, þannig að það hefur gefist tími til að fara yfir það. Ég flyt nefndinni þakkir fyrir það mikla starf, sem hún hefur unnið, og vona að það verði til þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 76. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, að loknum 75. fundi.

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Listskreytingasjóður ríkisins, frv. (þskj. 591). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Stofnlánadeild landbúnaðarins, frv. (þskj. 598). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 803).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 638 (sbr. 255)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 804).

Búnaðarmálasjóður, frv. (þskj. 639 (sbr. 400)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 805).

Ábúðarlög, frv. (þskj. 379). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 806).

Jarðalög, frv. (þskj. 380). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 807).

Almannatryggingar, frv. (þskj. 110). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:3 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 808).

Fangelsi og vinnuhæli, frv. (þskj. 502). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. emeð. 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. emeð. 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 809).

Grunnskólar, frv. (þskj. 613). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 810).

Verðlag og samkeppnishömlur, frv. (þskj. 683). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 811).

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 11 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12:1 atkv. og afgr. til Nd.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585, n. 765). — 2. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur haft til umfjöllunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Ég hygg að hv. þdm. séu í fersku minni þær umr. sem fram fóru hér í þessari hv. deild þegar við 1. umr. málsins.

Iðnn. hefur fjallað um þetta mál og kynnt sér ýmis gögn sem fram hafa verið lögð í málinu. Það hafa allnokkrir aðilar mætt til fundar með nefndinni, svo sem Páll Flygenring frá iðnrn., Ólafur Davíðsson og Gamalíel Sveinsson frá Þjóðhagsstofnun, en jafnframt lét Þjóðhagsstofnun í té skriflega umsögn varðandi þetta mál. Jafnframt komu á fund nefndarinnar Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka, Jón Sigurðsson forstjóri járnblendiverksmiðjunnar, Stefán Kristinsson fjármálastjóri svo og Hjörtur Torfason formaður stjórnar Járnblendifélagsins.

Þetta frv. gerir ráð fyrir að það verði veitt heimild til að auka hlutafé í járnblendiverksmiðjunni, þ. e. í lögin komi í stað 13.2 millj. dollara 19 millj. dollara. Gert er ráð fyrir samsvarandi framlagi Elkem móti því sem hér eru veittar heimildir til.

Ég vil í þessu sambandi geta þeirra skýringa sem fylgja með frv. Það var talið ráðlegt í ljósi þeirra upplýsinga, sem lágu fyrir, að hafa þessa lagaheimild nokkuð rúma. Það er í raun og sannleika ekki fastmótað í þeim áætlunum, sem menn hafa reynt að leggja niður fyrir sér varðandi fjárstuðning við járnblendiverksmiðjuna, að hve miklu leyti komi til fjármögnun vegna aukins hlutafjár eða með lánum. Það er sem sagt ekki afráðið í þeim áætlunum hvernig fjármagni verður skipt með tilliti til þessara tveggja þátta.

2. gr. frv. hljóðar um heimild til að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni, er félagið tekur og í heild nemi allt að 6 millj. Bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum. Samkv. þessu yrði hlutur ríkisins með tilliti til þessarar sjálfskuldarábyrgðar 3.3 millj. dollara, en hlutur Elkem 2.7 millj. dollara.

Það verður að segja þá sögu eins og hún er, að allir þeir, sem nefndin kallaði til viðræðna, mæltu með þeirri málsmeðferð sem frv. gerir ráð fyrir. Það kom auðvitað fram í nefndinni, eins og komið hafði fram áður, að fjárhagsstaða járnblendiverksmiðjunnar er mjög slök og því er farið í þessar ráðstafanir. Þær ráðstafanir, sem hér hafa verið kynntar og frv. gerir ráð fyrir að verði hrundið í framkvæmd, a. m. k. að hluta, eru e. t. v. þær illskástu sem tök eru á.

Það kom fram í umfjöllun um fyrirtækið, Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, að framleiðni verksmiðjunnar er mjög góð. Starfsemin hefur skilað því hlutverki, sem til var stofnað, að því leyti. Það, sem hefur brugðist, má segja, eru markaðirnir, og það er ekki svo

lítið, eins og sést af þeim ráðagerðum, sem hér eru uppi og þeim fjárstuðningi, sem áformað er með þessu frv. að veita heimildir til.

Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um þetta nánar. Nefndin mælir með að frv. verði samþykkt. Stefán Jónsson ritaði undir nál. með fyrirvara, en Þorv. Garðar Kristjánsson var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Það skal tekið fram strax í upphafi, að ástæðan fyrir því, að ég skrifa undir nál. með fyrirvara, er sú, að ég tel mig ekki hafa getað gengið úr skugga um að það sé svo sem nefndin, sem fjallaði um fjárhagsstöðu Járnblendifélagsins, telur, að það sé hinn hagkvæmasti kostur að halda rekstri verksmiðjunnar áfram. Ég tel mig ekki hafa getað gengið úr skugga um það. Þar sem við blasir aftur á móti gjaldþrot þessarar verksmiðju, sem átti að verða hin þriðja meginstoð undir efnahagslíf Íslendinga, og þar sem ég hef ekki getað gengið úr skugga um að hagkvæmara sé í þessari stöðu að loka verksmiðjunni og segja upp starfsliðinu og að íslenska ríkið taki á sig sinn hluta af kostnaði sem á það mundi falla vegna þeirra aðgerða, þá treysti ég mér ekki til að leggja til að frv. verði fellt.

Ég vil aðeins geta þess, að í athugunum eða skýrslu frá nefnd þeirri, sem fjallaði um þetta mál, og í athugasemdum með frv. og grg. er ekki reiknaður á neinn hátt á móti kostnaði sá hagur sem beint blasir við að við hefðum þó upp á móti, upp í hið peningalega skakkafall. Það er reiknað með að það væru bein útgjöld fyrir íslenska ríkið að þar með féllu niður raforkukaup af hálfu Járnblendifélagsins frá Landsvirkjun. Það er ekki reiknað með þeim hag sem við hefðum af því að ráðstafa 60 mw. árlega á mun hagstæðara verði til annarra nota. Það er ekki reiknað með þeim hag sem við hefðum af því að bæta þessum 60 mw. við birgðir okkar, sem m. a. mundi gera það að verkum, að við þyrftum ekki að taka í notkun raforkuver á Íslandi fyrr en árið 1995. Ekki er heldur reiknað með þeim hag sem okkur væri augljóslega búinn af því að fá 150 manns, duglegt starfsfólk, vel verki farið, sem við bindum nú við óarðbær störf uppi á Grundartanga — og meira en það: störf sem Íslendingar tapa á, til starfa við arðbær störf, við framleiðslu verðmæta sem færa okkur björg í bú. Enn fleiri atriði hefðu komið til álita ef fjallað hefði verið um þetta mál frá öðru sjónarhorni og með hæfilegri tíma til könnunar á málinu, þ. e. í tæka tíð, áður en við blasir gjaldþrot þessa fyrirtækis.

Hér er um það að ræða, að varið verði 345 millj. kr. á næstu þremur árum til að standa straum af taprekstri Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, — upphæð sem eins og ég sagði við 1. umr. málsins mundi nægja til að borga fyrir bundið slitlag á 1140 km af hringveginum okkar, sem samtals er um 1500 km, — upphæð sem mundi nægja til að gera nýjan flugvöll fyrir Reykjavík, — upphæð sem mundi nægja til að endurnýja fyrir skolpræsakerfi Reykjavíkur, borga liðlega helminginn af endurnýjun skolpræsakerfis fyrir alla þéttbýlisstaði á Íslandi, — upphæð sem mundi nægja til að fullgera gömlu djörfu áætlunina um fjórðungssjúkrahús á Akureyri sem yrði varasjúkrahús fyrir allt landið, og má svo lengi telja.

Þess má geta, að í fskj. með þessu frv. er mjög sterklega gefið í skyn að það kunni svo að fara, að þessi fjárveiting nægi ekki, heldur þurfi að gauka enn þá meira fé að þessari draumaverksmiðju þeirra sjálfstæðismanna og framsóknarmanna og þó fyrst og fremst Alþfl.-manna, — þess skal getið, að Alþfl. var eini flokkurinn sem stóð heill og óskiptur að samningunum við Elkem-Spigerverket. Það er ekki ýjað að þeirri von, að þessar 345 millj. kr. muni nokkurn tíma gefa okkur nokkurn arð. Aftur á móti liggur á borðinu fyrir framan okkur útreikningur frá Vegagerð ríkisins, sem ekki hefur verið vefengdur, um að peningar lagðir í bundið slitlag á vegi landsins gefi 30% vexti.

Við 1. umr. um þetta frv. vék ég að því, að nú væri æskilegt að fara í gegnum fskj. sem fylgdu hinu upprunalega frv. inn á hv. Alþingi, þegar fjallað var hið fyrra sinnið um samninginn við ameríska auðhringinn Union Carbide um þessa verksmiðju, og svo umr. og fskj. sem hingað komu þegar fjallað var um samninginn við Elkem-Spigerverket, — rifja upp álit sérfræðinganna, sem frv. ríkisstj. var byggt á, skýringar stjórnmálaforustunnar á þeim tíma á þeirri nauðsyn að koma upp þessari verksmiðju, þeim arði sem þessi verksmiðja ætti að færa okkur. Þá mæltist ég til þess, að fyrrv. hæstv. iðnrh., sem var forgöngumaður af hálfu ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar um að koma upp þessari verksmiðju, núv. hæstv. forsrh., yrði viðstaddur 2. umr., vegna þess að það liggur í hlutarins eðli að flestar af hinum glæstustu lýsingum, hinum meitluðustu fullyrðingum um arðsemi þessa fyrirtækis bárust okkar af hæstv. vörum hans. Nú er mér það fullkunnugt, að hæstv. forsrh. er önnum kafinn, bundinn við önnur störf á þessum annadögum, og því verð ég að sætta mig við að slá utan um ljósrit af ræðu minni, sem ég flyt hér, og fá hraðboða til að flytja honum þetta nú um helgina heim, þegar það kemur úr vélritun, í þeirri fullu vissu að hann muni, ef honum gefst tóm til frá lestri annarra þskj., undirbúningi annarra stórmála, lesa þetta um helgina.

Ég las hér við 1. umr. hina fyrstu yfirlýsingu þáv. iðnrh. í framsöguræðu hans með hinu fyrra frv. um Járnblendiverksmiðjuna, þar sem hann gerði grein fyrir arðsemi hennar þegar á fyrsta misserum starfseminnar og fyrir því, hversu öruggur væri markaðurinn fyrir þessa vöru og verð áreiðanlegt samkv. reynslunni. Hæstv. fyrrv. iðnrh., núv. forsrh., sagði m. a.: Það er talinn allöruggur markaður fyrir þessa framleiðslu nú og í fyrirsjáanlegri framtíð, og ráð er fyrir því gert að hreinn hagnaður, eftir að allar greiðslur hafa verið inntar af hendi og m. a. skattar, ætti að verða hin fyrstu ár um 3 millj. dala, en síðan fara hækkandi upp í 4.6 millj. dala á árunum 1983 og 1987, þ. e. þeim árum sem blasir nú við okkur að við þurfum að gauka út 345 millj. nýkr. upp í tap, og síðan færi hann upp í 6.4 millj. dala. Þetta eru þær spár sem nú liggja fyrir, sagði hæstv. iðnrh. í nafni ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar.

Mér er það að vísu ljóst, að mynd kemur ekki til skila í prentuðum Alþingistíðindum. En fyrir þá hv. alþm., sem sitja hér í deildinni, þó fáir séu, til þess að fylgjast með umr. um þetta mál og hafa væntanlega ekki tekið járnbenta afstöðu til þess, hvernig um þetta mál var áður fjallað, hver fyrirheitin voru áður fyrr og hverjar horfurnar eru, — þeim til upplýsingar vil ég sýna þeim línurit yfir verðþróun á kísiljárni sem hæstv. fyrrv. iðnrh. sagði okkur þá, — og bar fyrir sig hina vísustu sérfræðinga sem ætíð hafa verið þeim stóriðjumönnum til ráðuneytis varðandi fyrirtæki af þessu tagi, — reyndar staðhæfði, að verðið væri svo stöðugt á og markaðurinn væri svo stöðugur fyrir. Þetta er myndin sem sýnir hinn stöðuga markað og hið stöðuga verðlag. Þessi mynd mætti verða m. a. athyglisverð fyrir hæstv. viðskrh., sem vissulega var einn í þeim fagra hópi sem samþykkti stofnun járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði með glöðustu geði á þeim tíma.

Ég vil ekki á þessum síðustu starfsklukkutímum hv. Alþingis eyða tíma í að lesa allar staðhæfingarnar um arðsemi járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði, allar tilvitnanirnar í hina fróðu sérfræðinga, sem hv. þm., stuðningsmenn málmblendiverksmiðjunnar, þ. á m.

núv. hæstv. viðskrh., byggðu sínar bjartsýnu ákvarðanir á. Til þess hef ég ekki tíma. En ég kemst ekki hjá því að minna að nokkur grundvallaratriði eigi að síður í meðferð þessa máls, hvernig að því var unnið og hvernig að því var staðið og með hve miklum hroka þessu fyrirtæki var troðið upp á þjóðina, ekki einu sinni, heldur tvisvar sinnum.

Þess er fyrst að geta, að í bæði skiptin þegar frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði voru lögð fram á Alþingi og um þessi frv. var fjallað hér lá það fyrir, að fólkið í hinum næstu byggðarlögum, sem ætlað var að hýsa þessa verksmiðju, var í mjög miklum vafa um ágæti fyrirtækisins. Fram komu einörð mótmæli, m. a. krafa um atkvgr., í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu meðal fólksins, samþykkt á fundi í viðurvist allra þm. kjördæmisins, nema eins að vísu, — Benedikt Gröndal, sem þá var þm. kjördæmisins, var löglega afsakaður frá því að sækja þennan fund, — en samþykkt í viðurvist allra annarra þm. kjördæmisins. 1. þm. kjördæmisins flutti þessa ósk, sem samþykkt var á almennum fundi, til ríkisstj., andmælti þessari ósk hér í þessum sama sal okkar, hv. Ed., og hún var að engu höfð.

Ég vil minna á það einnig, að í því hléi, sem varð frá því samþykkt var lagafrv. um samstarf okkar við ameríska auðhringinn Union Carbide og þangað til Union Carbide hafði gefist upp á þessu máli, komst að þeirri niðurstöðu, að viðbúið væri tap af rekstri verksmiðjunnar, og keypt sig út úr samningnum við íslenska ríkið með 800 millj. kr., — í því hléi, sem varð á milli þeirrar ákvörðunar Union Carbide og þangað til samið var við Elkem-Spigerverket, hafði fólkið í Borgarfirði tekið sig til og sáð grasfræði í flagið, sem nefnt var Union Carbide-flagið þar efra, eftir jarðýturnar, í þeirri fullu vissu og þeirri einlægu von að nú væri þessu auðgunaræintýri lokið og það yrði aldrei farið út í að steypa í þessum holum, sem grafnar hefðu verið, hin nýju stoð, sem hagspekingarnir, stjórnmálajöfrarnir, sem stóðu að þessu fyrirtæki á sínum tíma, höfðu heitið að þarna skyldi rísa.

Í öllum umr. um þessi tvö frv. varðandi járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði gengu forustumenn þáverandi stjórnar, stuðningsmenn þessa fyrirtækis, upp í ræðustóla beggja deilda þingsins með staðhæfingum og eiðstöfum, studdum áliti fyrrnefndra sérfræðinga, um að af þessari verksmiðju væri okkur búinn mikill hagur og engin hætta á skakkaföllum. Í öllum þeim umr. lögðum við Alþb.-menn fram upplýsingar sem við höfðum aflað okur til stuðnings þeirri skoðun okkar, að okkur væri búið tjón af þessari verksmiðju, en ekki hagur, og að svo mundi fara áður en lyki að þetta reyndist hið versta óþrifafyrirtæki, hið versta óþurftarfyrirtæki.

Það má geta þess, af því að hér er ég í vissum skilningi kominn að þeim kafla í hinni sögulegu upprifjun þar sem er byrjað að segja frá samstarfi okkar við Elkem-Spigerverket, að fyrir lágu útreikningar Þjóðhagsstofnunar, en það mál var til umr. hið síðara sinnið á útmánuðum 1977, sem sýndu fram á að ef þessi verksmiðja hefði verið rekin árið 1976 hefði tapið af rekstrinum það ár numið 850 millj. kr. eða verið 50 millj. kr. meira en nam þeirri upphæð sem Union Carbide borgaði til að losna út úr samningnum, þannig að það fyrirtæki slapp með skaða sem samsvaraði eins árs tapi af verksmiðjunni. Þrátt fyrir þessar upplýsingar getur að finna í Alþingistíðindum, í umr. forsprakkanna fyrir þessari verksmiðju, staðhæfingu eftir staðhæfingu um að hér væri verið að hleypa af stokkunum hinu arðbærasta fyrirtæki sem okkur væri búinn mikill gróði af, áhætta væri engin. Skyldi þá nokkurn furða, að jafnvel enn í dag, á þessum vetri, hafa formælendur Sjálfstfl. um stóriðju staðhæft í framsöguræðum sínum að svo bæri að halda áfram sem horfði, (**Gripið fram í:** Samanber kísilmálminn.) Það bæri að halda áfram sem horfði að slægjast eftir arði af samvinnu við útlendinga um orkufrekan iðnað hér á landi. Og þeir vitna berum orðum til þess gróða sem við höfðum haft af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Hér vísa ég til ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar á haustmánuðum, sem hann hélt með till. þeirra sjálfstæðismanna um orkufrekan iðnað.

Ég vil geta þess, að í viðræðum iðnn.-manna þessarar hv. deildar við þá sérfræðinga, sem til voru kvaddir vegna máls járnblendiverksmiðjunnar, gafst ekki tími til að gagnrýna þær upplýsingar sem við höfðum fyrrum fengið frá þessum sömu aðilum og samþykktir frumvarpanna tveggja byggðust á og stofnun þessarar verksmiðju. Hitt kom aftur á móti í ljós í þeim yfirheyrslum, að síður en svo virðist vera nokkur ástæða til að setja út á tæknilega stjórn þessarar verksmiðju þarna efra. Tæknilega hliðin virðist hafa tekist mjög vel. Allt, sem að verklagi lýtur, virðist hafa heppnast ákaflega vel, og fjárfestingaráætlanir virðast hafa staðist prýðilega, — allt nema tekjuhliðin. Allar áætlanir nema þær, sem lúta að tekjum verksmiðjunnar, virðast hafa staðist.

Nú má náttúrlega segja sem svo, að sem minnisvarði um heiðarleika og visku og greindarleg vinnubrögð þeirra manna, sem stóðu að samþykkt frv. tveggja og smíði þessarar verksmiðju, getur hún staðið. (**EG:** Það verður náttúrlega minnisvarði um upphafsmennina). En ef við eigum jafnframt að reka hana með áframhaldandi tapi af því tagi sem hér blasir við okkur, þá kann þessi minnisvarði að halda áfram að verða okkur nokkuð dýr. — Af því að hv. þm. Eiður Guðnason leyfði sér — og ekki lasta ég hann fyrir það — að kalla fram í og minnast á upphafsmenn að þessu fyrirtæki þarna efra, þá er ég hræddur um að honum kunni að hafa verið sagt eitthvað ósatt í sambandi við það mál. Ég er hræddur um að lærifeður hans í járnblendipólitíkinni hér á Íslandi kunni að hafa geigað eitthvað frá raunveruleikanum, því ég veit gjörla hvað honum er nú í huga. Ég ráðlegg honum, vegna þess að ég veit að honum er eiginlegt að vilja segja satt, að þegja um það sem honum bjó nú í hug.

Alþfl. stóð heill og óskiptur, hver einasti þm. Alþb. greiddi atkvæði í bæði skiptin með þessu frv., og þeir gerðu á sínum tíma með álverið í Straumsvík. Ekki hygg ég að fyrir þeim hafi vakað annað en það sem þeir töldu vera hið besta. Það hvarflar ekki að mér að gefa í skyn að þeir hafi viljað annað en það besta í þessu máli. Fákænska hefur alla tíð á landi hér verið tekin sem gild skýring, en ekki afsökun fyrir stjórnmálamenn.

Enda þótt ég skilji annir núv. hæstv. forsrh., fyrrv. hæstv. iðnrh. í ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, sem knúði þetta mál gegnum þingið á sínum tíma, þykir mér miður að hann skuli ekki geta verið við umr. nú. Enn þá skemmtilegra hefði mér þó þótt ef hæstv. núv. sjútvrh., þáv. hv. formaður iðnn. Ed., Steingrímur Hermannsson, hefði getað verið hér hjá okkur, því næst á eftir hæstv. fyrrv. iðnrh. flutti hann okkur hér mestan fróðleik um járnbentar gróðavonir af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Ef hann hefði verið hér hefði ég jafnvel látið það eftir mér að eyða eins og 5—6 mínútum í að rifja upp kveðskap um þetta mál sem átti sér stað á kvöldfundi hér í þessari hv. deild. Í fjarveru hans er þetta þýðingarlaust. En aðeins í lok máls míns fyrir þá þm., sem hafa ímyndað sér að það skipti út af fyrir sig ekki meginmáli hver það er sem á verksmiðjur af því tagi sem reist var á Grundartanga í Hvalfirði, hvort Íslendingar hafi þar trygg yfirráð eða ekki, — fyrir þá menn, sem staðhæft hafa úr þessum ræðustól býsna stoltir af þessu fyrirtæki, réðum við, en

ekki Norðmenn, við höfðum meiri hluta í þessu fyrirtæki, þá vil ég geta þess til leiðréttingar á því, sem áður hefur komið fram um þetta mál, og með tilvitnun í viðtöl, sem fram fóru í iðnn. þessarar hv. deildar við þá sérfræðinga, sem borið hafa ábyrgð á tæknilegum rekstri þar efra, að það er rangt að tap verksmiðjunnar á Grundartanga hafi stafað af raforkuskömmtun á Íslandi. Ákvörðunin um það að loka öðrum ofninum upp á Grundartanga, sem tekin var í fyrra, var tekin úti í Osló, ekki af stjórn Járnblendifélagsins, heldur Elkem-Spigerverket, 10 dögum áður en stjórnarfundurinn var haldinn í stjórn Járnblendiverksmiðjunnar hér heima til að fjalla um þetta mál. Útvarp og blöð í Noregi voru búin að tilkynna þá ákvörðun Elkem-Spigerverket vikunni áður að loka öðrum járnblendiofni sínum á Íslandi. Þessi ákvörðun var tekin hálfum mánuði áður en tekin var ákvörðun um það hjá Landsvirkjun að skammta orku til Járnblendiverksmiðjunnar og Álfélagins. Síðan komum við að því, sem að því lýtur með hvaða hætti þetta fyrirtæki græddi á orkuskömmtuninni. Með því að hætta framleiðslu þar efra með báða ofnana losnaði umsamið magn af raforku sem Járnblendiverksmiðjan átti rétt á að fá afhent frá Landsvirkjun, — þá orku keypti Járnblendiverksmiðjan sem hafði lokað vegna sölutregðu og vegna þess að verðlag var lágt á framleiðslunni, átti rétt á að kaupa frá Landsvirkjun, — þá orku keypi Járnblendiverksmiðjan frá Landsvirkjun á umsömdu verði og seldi síðan Landsvirkjun aftur með 320% álagi, á 35 kr. kwst., á þeirri forsendu að Landsvirkjun græddi verulega á því þar sem framleiðsla á raforku með dísilvélum kostaði 72 aura. Járnblendiverksmiðjan hafði a. m. k. á þeim tíma ákveðinn peningalegan hagnað af lokun.

Enn vil ég geta þess, að ég spurði stjórnarformann járnblendiverksmiðjunnar að því á fundi í iðnn. á hvaða tungumáli stjórnarfundir í Íslenska járnblendifélaginu væru haldnir, hvaða tungumál væri notað. (Gripið fram í.) Hann sagði mér að þeir færu fram á norsku. Þetta hafði mér að vísu verið sagt áður, en það var merkilegt að heyra formann stjórnarinnar í Íslenska járnblenndifélaginu segja frá þessu sjálfan. Hann sagði að þetta væri gert í sparnaðarskyni. Áður höfðu sagt mér íslenskir stjórnarmenn í stjórn Járnblendifélagsins að þetta væri að vísu slæmt, vegna þess að þeir skildu ekki norsku.

Enn kem ég að því, hvers vegna ég er tilneyddur að láta við það sitja að skrifa undir álit iðnn. með fyrirvara.

Ég andmæli því að vísu stranglega, sem fram kemur í grg. með frv., að það geti verið hagkvæmasti kosturinn að reka þessa verksmiðju áfram. Hér er um að ræða misbrúkun á orði. Það kynni að vera hægt að renna stoðum undir að það væri fýsilegasti kosturinn í bili. Ég fæ ekki séð að af þeim gögnum, sem lögð hafa verið fram með málinu, sé sannað að okkur sé það hagkvæmast og raunar ekki fýsilegast heldur að halda áfram rekstrinum þrátt fyrir tapið og — eins og þar segir í ríkisstj. — jafnvel þó tapið yrði enn þá meira, jafnvel út í það óendanlega. Ég legg þá spurningu fyrir hv. þm. hvort þeir geti raunverulega trúað því, að hægt sé að stofna með lögum frá Alþingi svo álappalegt fyrirtæki, svo klaufalega gert, svo hraksmánarlega uppbyggt, að við hljótum að halda áfram að reka það án tillits til þess, hvert tapið er af því. Ætla skyldum við að einhvern tíma kæmum við að þeim mörkum, að við teldum æskilegra að slá af hið ónýta fyrirtæki. Ég tel að þær athuganir, sem þessi niðurstaða nefndarinnar, undirbúningsnefndarinnar, athugunarnefndarinnar, er byggð á, þær athuganir sem fram hafi farið á því, hver kosturinn sé vænlegastur í sambandi við rekstur þessa vandræðafyrirtækis upp á Grundartanga, hafi ekki verið svo ítarlegar hreint og beint vegna þess að þar hafi ekki verið tekið inn í dæmið sá möguleiki, sem okkur býðst í því að nota þá orku sem þarna er seld, á hagkvæmari hátt til verðmætasköpunar og það vinnuafl, sem þarna er bundið í taprekstri, til framleiðslu á arðgæfri vöru. En eins og ég segi: Ég hef ekki í höndum upplýsingar sem nægðu til þess að ég gæti lagt það til að þetta frv. væri fellt, til þess að ég gæti bent á aðrar leiðir. Gjaldþrot þessa glæsilega fyrirtækis blasir við okkur með afleiðingum sem m. a. snúa að því fólki sem hefur verið bundið þarna við störf. Það er örlítið brot af sóma Íslendinga allra, en stórt brot af sóma Alþingis, sem menn hefðu betur hugað að að hugsa svolítið út í þegar þeir knúðu í gegn, ekki einu sinni, heldur tvisvar, samþykktir á lögum um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61, n. 755, 756 og 761, 757). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til laga um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Nefndin klofnaði í afstöðu sinni til máls þessa — þetta er gamall kunningi hv. þm. — og klofnaði nefndin í þrjá minni hluta. Fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, en við í 1. minni hl. leggjum til að frv. verði samþ. Undir það nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Davíð Aðalsteinsson og Gunnar Thoroddsen.

Frsm. 2. minni hluta (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. felur í sér framlengingu á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hér er um mjög óréttláta skattlagningu að ræða, mismunun á atvinnugreinum. Skattur þessi gefur ríkissjóði aðeins 32 millj. kr. á þessu ári, sem er ekki nema rétt um helmingur af því sem tekjuskattur hækkar umfram fjárlagaáætlun samkvæmt nýjustu upplýsingum. Sjálfstfl. hefur fyrr og síðar verið á móti þessum skatti og mér hefur heyrst á Framsfl. — a. m. k. hefur hann gefið digrar yfirlýsingar á stundum — að hann væri á móti þessum skatti. Engu að síður leikur mér mikil forvitni á að sjá hæstv. forsrh. greiða atkvæði og hæstv. viðskrh.

Frsm. 3. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Á sínum tíma áttu þm. Alþfl. þátt í að leggja sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og var sá skattur hugsaður sem tímabundið úrræði, nánar tiltekið til eins árs. Þm. Alþfl. hafa síðar fallist á tilmæli um tímabundna framlengingu þessa skatts, a. m. k. tvívegis, en það er skoðun þingflokks Alþfl. að gjalda beri varhug við að festa slíka skammtímafjáröflun í sessi, enda löngu kunn staðreynd og mikill sannleikur í því, að skattar, sem einu sinni eru álagðir hér á landi, hafa tilhneigingu til að lifa um aldur og ævi, virðist vera.

Það er skoðun okkar Alþfl.-manna að það sé nú kominn tími til að stöðva þessa þróun. Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir þetta ár lagði þingflokkur Alþfl. til að þessi skattur yrði felldur niður í tveimur áföngum, þ. e. lækkaður um helming á þessu ári og felldur alveg niður á næsta ári. Þá kom fram að þetta sjónarmið virtist eiga nokkrum skilningi að mæta m. a. hjá hv. þm. Framsfl.,

sem báru því við að nægur tími væri til að taka afstöðu til þessa máls nú á vordögum. Nú er einmitt að því komið, og þess vegna þykir okkur þm. Alþfl. rétt að láta reyna á hvort hugur fylgdi máli hjá hv. þm. Framsfl. þegar þessi skoðun þeirra kom fram.

Ég hef leyft mér að flytja á sérstöku þingskjali brtt. um að þessi skattur verði lækkaður um helming. Verði sú tillaga samþykkt munum við Alþfl.-menn greiða atkvæði með framlengingu skattsins í þessu formi í eitt ár til viðbótar, en verði sú tillaga hins vegar felld, sem ég á ákaflega erfitt með að trúa, munum við greiða atkv. gegn frekari framlengingu þessa skatts, sem ef til vill ætti að vera búið að afnema fyrir löngu. — Og ég tek undir það, sem hv. þm. Lárus Jónsson sagði áðan, að því verður veitt sérstök athygli, hvernig tveir hæstv. ráðh. greiða nú atkvæði, og raunar verður því ekki veitt athygli bara hér í þessum þingsal, heldur miklu víðar.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Brtt. 757 tekin aftur til 3 umr.
2.—10. gr. samþ. með 9:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10:2 atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 30, n. 770, 771). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,1 (ný 3. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,2 (ný 4. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
5.—7. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,3 (ný 8. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,4 (ný 9. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,5 (ný 10. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,6 (ný 13. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 771,7 (ný 21. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
22. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,8 (ný 23. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,9 (ný 24. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
25.—28. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,10 (ný 29. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
30.—38. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,11 (ný 39. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
40. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,12 (ný 41. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 771,13 (ný 42. gr.) samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 771,14 (ný 43. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,15 (ný 44. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,16 (ný 45. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,17 (ný 46. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
47.—49. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,18 (ný 50. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
51.—56. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,19 (ný 57. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 771,20 felld með 8:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GeirG, LJ, SalÞ, DA, SigurlB, HS.
nei: GB, JH, SigrM, StefG, StJ, TÁ, EgJ, EG.
GTh greiddi ekki atkv.
5 þm. (GK, KSG, KJ, ÓRG, ÞK) fjarstaddir.
58. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 771,21 (ný 59. gr.) samþ. með 14 shlj. atkv.
60.—62. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 771,22 samþ. með 14 shlj. atkv.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Efri deild, 77. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, að loknum 76. fundi.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, frv. (þskj. 61, 757). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 757 felld með 9:5 atkv.
Frv. samþ. með 9:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GTh, JH, SigrM, StefG, StJ, TÁ, DA, GeirG, HS.
nei: LJ, SalÞ, EgJ, EG, SigurlB.
6 þm. (GB, GK, KSG, KJ, ÓRG, ÞK) fjarstaddir.
5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Þetta frv. er árlegur uppvakningur vinstri stjórnarinnar, sem hóf þessa skattlagningu með lögum nr. 112/1978. Sjálfstæðismenn eru andvígir þessum skatti og þess vegna segi ég nei.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þegar ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar var mynduð gerðu Alþfl. og Alþb. kröfu til þess, að þessi skattur yrði lagður á, og það var gert. Þegar fjárlög voru til meðferðar í ríkisstj. í haust gerði ég óformlegan fyrirvara varðandi fjóra skatta, þennan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, launaskatt, aðstöðugjald og stimpilgjald af afurðalánum. Þegar ríkisstj. gekk frá yfirlýsingu sinni um aðgerðir í efnahagsmálum varð samkomulag um að lækka launaskattinn um 1%, stimpilgjald af afurðalánum úr 1% niður í 0.3% og stefnt að því að samræma aðstöðugjald. Hins vegar varð ekki samkomulag um að fella þennan skatt niður. Ég segi því já.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hef áður í þessum umr. gert grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessa máls. Vegna fornra tengsla við þennan skatt veitti Alþfl. honum nokkurt brautargengi um sinn. Þeim stuðningi er nú lokið. Við teljum að þessi skattur eigi ekki rétt á sér, og því segi ég nei.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Öndvert við hæstv. viðskrh. vil ég segja: Hið góða sem ég vil, það gjöri ég, hið vonda sem ég vil ekki, það gjöri ég ekki. Ég segi því nei.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Þetta er sá skattur sem ég samþykki með hvað mestri ánægju. Ég segi já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 812).

Neðri deild, 73. fundur.

Miðvikudaginn 28. apríl, kl. 2 miðdegis.

Söluskattur, frv. (þskj. 346). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. fellt með 20:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÁG, JBH, BÍG, EH, FrS, GeirH, HBl, JS, JÞ, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, RH, SighB, SteinG, VG, AG, SvH.

nei: AS, FÞ, GS, GHall, HÓ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS.

Orlof, frv. (þskj. 743, 744). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Brtt. 744 samþ. með 22 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Söluskattur, frv. (þskj. 37). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:7 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 797).

Tollskrá o. fl., frv. (þskj. 353). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 798).

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 742, 766). — 3. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar á milli 2. og 3. umr. frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Nefndin hefur orðið sammála um að flytja brtt. við frv. og gerir þar ráð fyrir að við greinina bætist eitt nafn. Till. er á þskj. 766.

ATKVGR.

Brtt. 766 samþ. með 33 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 740). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf. Eins og kunnugt er er núverandi skipakostur Skallagríms hf., sem rekur Akraborgina milli Reykjavíkur og Akraness, það eina skip sem smíðað er árið 1966. Skipið var keypt til landsins árið 1974, þá orðið átta ára gamalt, og hóf rekstur í júní það ár. Skipið tekur 30 bíla á bílaþilfar. Að sögn forráðamanna Skallagríms hf. hefur Akraborgin reynst vel í alla staði. Þess er þó að vænta, að aldur fari að segja til sín í auknu viðhaldi. Viðvaranir hafa fengist um ástand véla, þannig að búast má við miklum kostnaði vegna þeirra á næstunni.

Stjórn Skallagríms hf. telur ýmis veigamikil rök mæla með því, að ráðist verði í kaup á nýju og afkastameira skipi í stað Akraborgarinnar. Stjórn félagsins hefur þess vegna, með heimild síðasta aðalfundar, leitað eftir nýju hentugu skipi, en árangur hefur ekki orðið fyrr en nú í vetur, í marsmánuði s. l., að skip fannst sem mjög vel er talið henta til þessara flutninga og er öllum þeim kostum búið sem óskað var og leitað eftir.

Aldur Akraborgarinnar vegur þungt í þessu máli, þannig að óumflýjanlegt er talið að taka ákvörðun um það á næstunni, hver skuli vera framtíð skipaferju milli Akraness og Reykjavíkur. Núverandi Akraborg er talin að mörgu leyti óhentug til þessara flutninga. Hún lætur ekki sem best í sjó og ekki síst er flutningsgeta skipsins ekki nægjanleg miðað við stærð og kostnað við úthald.

Hinn 7. apríl s. l. gerði formaður stjórnar Skallagríms hf. bráðabirgðakaupsamning um skipið Betancuria. Samningurinn er háður samþykki íslenkra stjórnvalda bæði um kaup og fjármögnun. Kaupverð skipsins er 2.9 millj. bandaríkjadollara eða nálægt 29 millj. ísl. kr.

Frv. það, sem hér er á ferðinni, gerir ráð fyrir heimild ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni allt að 80% af kaupverði hins nýja skips. En það er sú hámarksregla sem er í ríkisábyrgðalögum og er viðtekin venja að miða við.

Rétt er að vekja á því athygli, að afgerandi er að málið verði afgreitt á yfirstandandi þingi. Kaupsamningurinn fellur úr gildi sex vikum eftir 7. apríl og hefur fyrirtækið þá og allir, sem við það skipta, misst af þeim möguleika sem hér gefst til að endurnýja farkost félagsins og koma flutningum þess í nýtískulegt horf sem svarar kröfum tímans um allan aðbúnað og þægindi.

Eins og fram kemur í grg. með frv. var skuld Skallagríms hf. við ríkisábyrgðasjóð um s. l. áramót 12.8 millj. kr. og eru þá meðtaldir allir dráttarvextir. Þá hefur verið tekið tillit til innborgana félagsins á rekstrartíma Akraborgar, samtals 2.6 millj. kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er sérstakt heimildarákvæði fyrir fjmrh. til að semja

við Skallagrím hf. um vanskil fyrirtækisins hjá ríkisábyrgðasjóði og eru viðræður í fullum gangi um það mál.

Herra forseti. Ég vil að öðru leyti vísa til þeirra upplýsinga sem eru í grg. með þessu frv., en leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 33 shlj. atkv.

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 32 shlj. atkv.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 30 shlj. atkv.

Umræður utan dagskrár.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forseta fyrir að gefa mér tækifæri til þess að tala hér utan dagskrár. Ég vona að ég gefi ekki tilefni til langra umræðu. Ástæðan fyrir því, að ég hef óskað eftir að fá að tala utan dagskrár, er sú, að eins og hv. þdm. er kunnugt liggur nú fyrir að þinglausnir verði innan örfárra daga og við höfum orðið vitni að því, að fjölda stórmála hefur af hálfu hæstv. ríkisstj. verið fleygt hér inn í þingið á síðustu dögum og til þess ætlast að þm. afgreiði þau á tiltölulega stuttum tíma. Eitt er það mál, sem hvað mest hefur þó verið í umræðu hér á Alþingi á þessum vetri, en ekki örlar á að eigi neina lausn að fá. Það er hinn margumtalaði ójöfnuður í sambandi við orkuverðið.

Þetta mál hefur verið mjög í umræðu, ekki bara hér, heldur og almennt í þjóðfélaginu, og ég hygg að almennt séru menn orðnir um það sáttir, að ekki verði vikist undan því að gera ráðstafanir til þess að jafna orkuverð í landinu með hliðsjón af því, að það eru slíkir baggar, sem nokkur hluti þjóðarinnar ber vegna gífurlega hás orkuverðs, að við slíkt verður ekki unað. Hér er á ferðinni eitt brýnasta verkefni í byggðamálum eins og mál standa í dag. Haldi fram sem horfir leiðir þetta ástand til gífurlegrar byggðaröskunar, líklega meiri byggðaröskunar en dæmi eru til áður.

Ég er einn af þeim sem finnst hæstv. ríkisstj. vera hægfara í því að leiðrétta þann mismun sem hér er um að ræða. Það hefur oft verið vitnað til þess, að í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. er vikið að þessu með örfáum orðum. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar.“ Nú eru liðin rúmlega tvö ár síðan hæstv. ríkisstj. tók við völdum og maður skyldi ætla, eftir allar þær umræður og allar þær tillögur og öll þau frv. og allar þær leiðir sem bent hefur verið á til þess að jafna hér um, að orðið væri tímabært að taka ákvörðun.

Það er rétt að minna á að fyrir því þingi, sem nú er að ljúka, liggja þrjú lagafrv. sem öll fela í sér ábendingar og tillögur um leiðir til jöfnunar, að vísu með mismunandi hætti, en allt eru það tilllögur sem horfa til hins betra. Þessi frv. hafa enn ekki fengið afgreiðslu í þinginu, og ekkert bendir til þess, að ég best veit, að stjórnarsinnar hér á Alþingi, meiri hlutinn hér á Alþingi, ætli að hleypa þessum frv. í gegnum þingið eða ljá því lið, að það verði að veruleika einhver leið, sem þau benda á, til þess að jafna hér um. Einnig hefur verið starfandi á vegum Alþingis nefnd sem átti að athuga þessi mál og gera um þau tillögur, og ég veit ekki betur en að sú nefnd hafi nú lokið störfum. Það er því ástæða til að spyrjast fyrir um það, hvort alþingismenn fái ekki niðurstöður í tillögum þessarar nefndar til umfjöllunar áður en Alþingi verður sent heim.

Ég minni einnig á í þessu sambandi að það liggja fyrir tvær yfirlýsingar frá hæstv. forsrh. um þetta mál, sem gefnar hafa verið í tengslum við lausn kjaradeilu á Vestfjörðum á s. l. vetri og ég skoða sem fyrirheit um að hæstv. ríkisstj. ætli sér að breyta hér til og ætli að leggja fram tillögur til jöfnunar í þessum þætti mála. Enn hefur afskaplega lítið gerst að því er þetta varðar.

Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé í raun og veru ætlun hæstv. ríkisstj. eða hæstv. forsrh., að Alþingi ljúki störfum án þess að nokkuð sé gert til jöfnunar á orkuverði landsmanna.

Það er ekki vansalaust, það er að mínu viti ábyrgðarleysi af Alþingi ef það lýkur störfum án þess að afgreiða þetta mál fyrir þinglok. Ég er alveg viss um að ég mæli þar fyrir munn alls þess fólks sem býr við orkuokur, sem ég vil kalla, í sambandi við upphitun síns húsnæðis. Það er krafa þessa fólks að til úrbóta verði gripið, — það er krafa þessa fólks til þm. sinna víðs vegar að af landinu, sem eru frá þeim landshlutum sem eiga í þessum erfiðleikum, — það er krafa þess fólks, að hér verði tafarlaust fundin lausn á. Það er raunar algert ábyrgðarleysi og verður að taka sérstaklega fram, að ef það gerist nú einu sinni enn, að Alþingi lýkur störfum án þess að taka á þessu vandamáli, þá er það slíkt hnefahögg í andlit þess fólks, sem við þetta býr, að slíks munu fá ef nokkur dæmi á öðrum sviðum.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs hér utan dagskrár, er fyrst og fremst sú, að ég tel þetta svo stórt mál að það sé gersamlega útilokað að bjóða þessu fólki það áfram, að Alþingi taki ekki á þessu vandamáli og leysi það. Mín spurning til hæstv. forsrh. er einmitt um það, hvort ekki muni verða lagðar hér fram af hálfu hæstv. ríkisstj. tillögur til úrbóta og jöfnunar á orkuverði áður en Alþingi hættir störfum.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er ofureðlilegt að hv. 6. landsk. þm., Karvel Pálmason, geri þetta mikla vandamál að umtalsefni, svo mikla örðugleika sem fólk í ýmsum landshlutum á við að etja vegna

hitunarkostnaðar.

Ég vil taka það fyrst fram, að í stjórnarsáttmála ríkisstj. segir að unnið verði að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar. Að þessu hefur verið unnið á síðustu misserum og mánuðum. M. a. var ákveðið í desember s. l. að hækka olíustyrk mjög verulega. Hver styrkur varð þannig 75% hærri í lok síðasta árs en verið hafði árið á undan. Enn fremur voru greiddar uppbætur fyrir allt árið og hækkunin þannig gerð afturvirk. Í lok síðasta árs var kostnaður við upphitun með olíu fyrir notendur um 65% til jafnaðar af raunverulegum kostnaði við olíuhitun. Þegar borið er saman við hitaveitur kemur það auðvitað í ljós, að hitunarkostnaður frá hitaveitum er mjög mismunandi. Hjá þeim, sem nýjastar eru og dýrastar, er hitunarkostnaðurinn ekki langt frá því sem ég lýsti, en að sjálfsögðu er kostnaður við upphitun frá hitaveitum sem betur fer víðast hvar talsvert lægri og langlægstur í Reykjavík.

Ríkisstj. hefur lagt áherslu á að vinna að jöfnun á orkuverði án þess að það valdi aukinni verðbólgu í landinu, og í efnahagsyfirlýsingu ríkisstj. frá því í janúar s. l. var sérstakt ákvæði um þetta að finna. Viðræður hafa átt sér stað að undanförnu við aðila vinnumarkaðarins um nýtt viðmiðunarkerfi í stað þess vísitölukerfis sem nú er búið við, og er þar m. a. lögð á það áhersla af hálfu viðræðunefndar ríkisstj., að ráðstafanir til jöfnunar á orkukostnaði hafi ekki áhrif til þess að auka verðbólgu í landinu.

Á s. l. ári, það mun hafa verið í júlímánuði, skipaði hæstv. viðskrh. nefnd til þess að endurskoða lög frá 1980 um jöfnun og lækkun hitakostnaðar. Þessi nefnd hefur nú skilað áliti og var skýrt frá því á ríkisstjórnarfundi í gær. Álit nefndarinnar verður rætt ítarlega í ríkisstj. og verður sent hv. þm. þessa dagana. Nefndina skipuðu þessir menn: Guðmundur Bjarnason alþm., formaður, Eggert Haukdal alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, Kjartan Ólafsson ritstjóri og Þorv. Garðar Kristjánsson alþm. Í grg. nefndarinnar er mikinn fróðleik að finna. Þar er gerð úttekt á þessum málum og bent á ýmsar leiðir til að ná því marki að jafna hitunarkostnað. Í nefndarálitinu segir m. a. að nefndin telji brýnt að ná nú þegar þeim áfanga að munurinn milli ódýrustu og dýrustu upphitunar verði ekki meiri en þrefaldur. Að þessari stefnumörkun virðast nefndarmenn allir standa. Ég skal ekki rekja hér þetta nefndarálit, það kemur í hendur hv. alþm. nú alveg á næstunni.

Annar þáttur þessa máls er jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar með orkusparnaði. Hæstv. iðnrh. skipaði sérstaka orkusparnaðarnefnd sem unnið hefur mikið starf á þessu sviði að undanförnu. Með fræðslu og leiðbeiningum um bættan frágang húsa hefur reynst unnt að lækka svo um munar hitunarkostnað hjá mörgum notendum. Nokkurt fé hefur verið veitt í þessu skyni og áhugi er á aukinni starfsemi af þessu tagi. Á síðasta ári var tekinn upp sérstakur lánaflokkur samkv. nýjum lögum um Húsnæðisstofnun, lánaflokkur til orkusparandi endurbóta á húsnæði. Öllum lánshæfum umsóknum hefur verið sinnt og voru veitt 190 lán í þessu skyni á s. l. ári. Ljóst er að jöfnun á hinum raunverulega kostnaði manna við upphitun húsa næst ekki nema með miklu átaki, bæði á sviði orkusparnaðar og með öðrum aðgerðum.

Það var í febrúarmánuði s. l. sem ríkissáttasemjari ræddi við mig um þessi vandamál. Það er auðvitað ljóst, að ekki síst á Vestfjörðum verða menn fyrir þungum og alvarlegum búsifjum af þessum ástæðum. Ég sendi svo ríkissáttasemjara, sem þá var staddur á Ísafirði við lausn vinnudeilu, skeyti vegna fyrirspurnar hans sem hljóðaði svo: „Ríkisstj. vinnur að verðjöfnun á orku, ekki síst á sviði húshitunar. Til þess að greiða fyrir því máli verður í viðræðum, sem nú eru hafnar við aðila vinnumarkaðarins um nýtt viðmiðunarkerfi, reynt að finna leiðir til þess, að ráðstafanir til að jafna orkukostnað landsmanna valdi ekki aukinni verðbólgu."

Fyrir nokkru var olíustyrkur hækkaður að mun. Þá verður það mál skoðað hvernig unnt er að jafna aðstæður fólks vegna búsetu, m. a. með jöfnun flutningskostnaðar. Á næstunni verða þessi mál svo áfram, eins og verið hefur undanfarna mánuði og misseri tekin til umfjöllunar í ríkisstj., ekki síst á grundvelli þess nefndarálits sem komið er fram frá þeirri nefnd er ég gat um. Hvort unnt verður að leggja fram tillögur þá fáu daga, sem væntanlega eru eftir af þessu þingi, get ég ekki um sagt, en tel það ekki líklegt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil taka undir með hv. 6. landsk. þm. Hér er um mál að ræða sem varðar stóra hópa í okkar þjóðfélagi sem búa við það mikla óréttlæti sem ég þarf ekki að tíunda hér hvað er. Það er búið að tala um þetta svo oft að það vita allir. Ég vil aðeins minna á það að í umr. hér á s. l. hausti og raunar oftar í vetur, þegar þessi mál hefur borið á góma, hefur mjög verið vitnað til starfa þeirrar nefndar sem skipuð var til að gera úttekt á þessu máli og kanna leiðir til úrbóta. Það var eðlilegt að okkar hálfu, sem styðjum þessa ríkisstj., að bíða eftir þessari úttekt og þeim hugmyndum eða tillögum sem frá nefndinni kynnu að koma.

Mér finnst alveg nauðsynlegt að undirstrika það hér og nú, að ég tel að það sé sjálfsögð krafa, eftir að þessi úttekt hefur farið fram, eftir að staðreyndir málsins eru komnar á borðið og eftir að ljóst er hvað það muni kosta að jafna að nokkru þennan mikla mismun, þá sé það eðlileg krafa að ætlast til þess, að við fáum ákveðnar hugmyndir um það, hvernig ríkisstj. hyggst draga að nokkru úr þeim mikla mismun sem þarna er á búsetuskilyrðum fólks. Það hefur verið talað um það oftar en einu sinni og liggja fyrir skjallegar staðreyndir um það, að þessi munur getur verið allt að sexfaldur og er það. Þess vegna er hér ekki um neitt smámál að ræða. Mér finnst þess vegna að það sé alger lágmarkskrafa nú að ætlast til þess, að ríkisstj. geri grein fyrir því, á hvern hátt hún ætlar að leysa úr þessu vandamáli. Ég tel að það séu möguleikar til að gera það án þess að þurfi að koma til lagafrv. á þessu þingi. Eins og allir hv. alþm. vita er í fjárlögum sérstakur liður sem er merktur til orkujöfnunar í landinu. Hvort sem það eru mistök eða ekki, þá er þessi liður til, þannig að miðað við allar aðstæður tel ég tök á að ná því markmiði sem hér hefur verið bent á að er í tillögum nefndarinnar, að þessi munur verði ekki meira en þrefaldur. Hér mun vera um að ræða upphæð sem er ekki stærri en svo að það ættu að vera möguleikar fyrir ríkissjóð að leysa þegar að hluta til sem áfanga þennan vanda og nota þá þinghlé til þess að gera raunhæfar tillögur til frekari jöfnunar á þessu sviði.

Ég vildi sem sagt taka undir það, sem hér hefur komið fram, og þakka um leið fyrir þær upplýsingar sem hæstv. forsrh. gaf hér. Við, sem erum fulltrúar þess fólks sem treystir á að eitthvað verði gert raunhæft í þessum

málum, getum ekki lengur beðið án þess að hafa einhverja vissu fyrir því, að í alvöru verði tekið á þessum málum. Og ég endurtek: Það eru möguleikar til að gera það. Það þarf ekki mjög mikið fjármagn til að ná því marki, að þetta sé þreföldun. Ég er viss um að það er hægt. Og ég vil láta það koma fram hér að ég mun ekki — og ég veit að svo er um fleiri hv. þm., við munum ekki liggja undir því þessa daga að ekkert komi fram frá hæstv. ríkisstj. til lausnar þessu máli, hvort sem það yrði í formi yfirlýsingar eða raunhæfra tillagna, áður en þinglok verða. Ég lýsi því hér yfir.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í beinu framhaldi af því, sem hv. þm., sem hér talaði síðast, sagði, vil ég upplýsa að það kom fram hjá hæstv. iðnrh. á fundi vestur í Hnífsdal að kostnaðurinn við að tryggja, að munur á milli orkugjafa til húshitunar yrði aldrei meiri en 1 á móti 2.5 til 1 á móti 3, léki á bilinu 80—120 millj. kr. Ég held ég fari rétt með það. Heildartekjur af orkujöfnunargjaldi, sem hv. þm. einnig minnist á að er lagt á landslýð allan til þess að jafna orkuverð, eru á árinu 190 millj. kr. Þar af er aðeins ráðstafað 30 millj. kr. til orkujöfnunar. Eftir standa því 160 millj. kr. af þessum tekjustofni sem ekki er ráðstafað til þeirra þarfa sem fjárins er aflað til. Þetta þýðir það, að orkujöfnunargjaldið eitt getur gert meira en að standa undir þeim jöfnuði sem hv. þm. talaði um, eins þó að sá jöfnuður og þær aðgerðir væru látnar ná jafnt til einstaklinga og íbúðarhúsnæðis þeirra og til atvinnurekstrarhúsnæðis.

Ég vil aðeins í framhaldi af þessu benda mönnum á það, að fyrir nokkrum árum, þegar nýtt skipulag Ísafjarðarkaupstaðar var á döfinni, var leitað ýmissa upplýsinga hjá fólki sem þar bjó. Í fyrsta lagi: Af hverju hafið þið búsetu hér? Í öðru lagi: Hvers vegna flytjið þið í burtu? Um þetta voru þeir spurðir sem brott höfðu flutt. Ástæður fyrir því, að fólk fluttist til Ísafjarðarkaupstaðar þá, voru fyrst og fremst mikilir tekjumöguleikar. Ástæður fyrir því, að fólk fluttist brott, voru einkum tvær: Í fyrsta lagi slæmur aðbúnaður, fyrst og fremst í heilsugæslumálum, og í öðru lagi einangrun. Síðan þessi könnun var gerð hefur þriðja neikvæða atriðið bæst við, þ. e. hinn gríðarlegi mismunur á upphitunarkostnaði. Nú upp á síðkastið hafa hins vegar tekjumöguleikar á þessum stöðum verið að dragast saman, svo að nú er hafinn allör brottflutningur fólks af þéttbýlissvæðunum vestur á fjörðum. Fasteignaverð þar, t. d. í Ísafjarðarkaupstað, sem hefur verið nokkuð hátt vegna mikilla atvinnutekna, er nú á hraðri niðurleið. Það er að bresta þarna á mikill fólksflótti vegna þeirra aðstæðna sem ég hef þegar lýst. Meginhlutinn af íbúum þessara staða er í svokallaðri frumframleiðslu. Talið er að fyrir hvern einn, sem stundar frumframleiðslu, t. d. í fiskveiðum, skapist atvinna fyrir fjóra til fimm aðra. Þorri af þessum fjórum til fimm er búsettur hér á Reykjavíkursvæðinu og hefur atvinnu sína beinlínis af því að það er fólk búsett úri á landi sem stundar þar framleiðslustörf. Því er það mikið atriði, ekki bara fyrir þessi byggðarlög heldur einnig fyrir þá sem vinna þjónustustörf hér í Reykjavík, að haldið sé uppi byggð og atvinnulífi á þeim svæðum úti á landi sem standa með þessum hætti undir ýmsum þjónustugreinum hér. Og eitt mikilvægasta atriðið í því sambandi er að tryggja þann lífskjarajöfnuð þar sem jöfnun hitakostnaðar er nú orðið stærsta atriðið.

Herra forseti. Ég skal vera mjög stuttorður og er nú rétt að ljúka máli mínu. En ég vil aðeins benda á það, að orkujöfnunargjald, sem er 1.5% í viðbótarsöluskatti, var lagt á til þess að stuðla að þessari jöfnun. Um síðustu áramót, þegar fjárlög voru afgreidd frá Alþingi, lögðum við þm. Alþfl. fram till. um að orkujöfnunargjaldið yrði allt nýtt til þess að jafna orkukostnað í landinu. Og við lögðum jafnframt með þeirri till fram till. um sparnað í ríkisrekstri og niðurskurð útgjalda, sem samtals námu miklu hærri fjárhæðum en þeim sem hér er um að tefla, þannig að till. okkar um að ráðstafa orkujöfnunargjaldinu til orkujöfnunar var fyllilega raunhæf. Sú till. var felld. Sama máli gegndi um till. frá sjálfstæðismönnum þess efnis, að fyrst felld væri till. um að ráðstafa orkujöfnunargjaldinu öllu til orkujöfnunar verði a. m. k. helmingi gjaldsins ráðstafað til þeirra þarfa sem teknanna var aflað til. Einnig sú till. var felld. Þá hafa þm. Alþfl. í þessari hv. deild lagt fram tvö lagafrv. um úrbætur í þessum orkumálum. Hv. þm. Magnús H. Magnússon er 1. flm. að öðru þeirra. Þar er lagt til að þessi munur verði jafnaður með misháum persónuafslætti og barnabótum í skatti. Ég held ég muni það rétt að þetta sé 109. mál þessarar deildar. Hitt frv. flyt ég ásamt fleiri þm. úr Alþfl. og tveimur þm. úr Sjálfstfl., þeim hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni og hæstv. forseta þessarar deildar. Það frv. gerir ráð fyrir að þessi jöfnuður eigi sér einnig stað í gegnum skattakerfið, með þeim hætti að einstaklingum verði heimilaður sami réttur og atvinnufyrirtækjum, þ. e. að einstaklingarnir fái að draga orkukostnað vegna íbúðarhúsnæðis síns frá skatti. Þetta mál minnir mig að sé 120. eða 125. mál þessarar deildar.

Það eru liðnar margar vikur frá því að umr. fór fram um bæði þessi mál í þessari deild og þeim var vísað til fjh.- og viðskn. Ég hef marglýst eftir því og óskað þess við nm. í þeirri nefnd, að þeir tækju þessi mál, annaðhvort eða bæði, til einhverrar afgreiðslu. Þær óskir mínar og beiðnir hafa engar undirtektir hlotið. Í Ed. hefur þriðja hugmyndin um lausn þessara mála verið lögð fram. Þar hefur hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson ásamt fleiri þm., m. a. úr Alþfl., lagt fram frv. um enn eina aðferð til að jafna þennan mikla mismun. Það vantar því ekki að tillögur hafi verið lagðar fram hér á Alþingi um ýmsar leiðir. Það vantar ekki heldur að Alþingi hafi útvegað tekjustofn sem gerir meira en að standa undir tekjuöflunarþörfinni til þess að jafna húshitunarkostnaðinn. Það eina, sem á hefur staðið, er að þm. stjórnarliðsins, sem eru í meiri hl. í báðum deildum þingsins, hafa staðið gegn því, að nokkur af þessum tillögum fengist hér afgreidd.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Í stjórnarsáttmála hæstv. ríkisstj. segir eitthvað á þá leið, að ríkisstj. muni vinna að og gera tillögur um jöfnun á orkuverði til landsmanna, einkum og sér í lagi jöfnun á verði til húsahitunar. Ríkisstj. hefur nú setið á þriðja ár, komið er á seinni hluta þessa kjörtímabils, og alltaf hefur verið sagt að það sé verið að athuga málin. Í allan vetur hefur verið beðið eftir þessari margumtöluðu nefnd, að hún skilaði áliti. Þessi nefnd hefði getað verið búin að skila áliti fyrir löngu. En þannig er nú málum háttað að oftast nær eru sömu mennirnir í svo mörgum nefndum að það fer ekki að nægja sumum hverjum að hafa 24 tíma í sólarhringnum. Það þyrfti því að fara að lengja sólarhringinn fyrir a. m. k. 5—6 menn úr stjórnarliðinu ef þeir eiga að geta stundað með sæmilegum hætti allt það sem þeir taka að

sér að starfa að.

Síðasti ræðumaður gat þess réttilega, að hér á Alþingi hafi verið lagðar fram tillögur um allmargar leiðir til úrlausnar í þessum efnum. Menn hafa því haft hér um ýmsa kosti að velja, hvaða leið væri heppilegust. Ég er þeirrar skoðunar að jöfnun hitakostnaðar sé heppilegasta leiðin, en þó gerðist ég meðflm. að frv., sem hv. síðsti ræðumaður minntist á, til þess fyrst og fremst að benda á fleiri en eina leið. Höfuðatriði þessa máls er að þessi gífurlegi munur er að vera með þeim hætti að fólk víða úti á landi er hreinlega að sligast undir þessum mikla hitunarkostnaði. Margir hafa við orð — og sumir hafa þegar framfylgt því — að flytja til þeirra staða þar sem boðið er upp á mun betri lífskjör en þessi. Það má segja að þetta hafi getað gengið frekar á meðan atvinna var mikil víðast hvar um land, mikil eftir- og næturvinna og bónusvinna. Úr þessu hefur dregið, eins og allir vita, og þess vegna eru þessir erfiðleikar að verða svo gífurlega miklir að það er ekki hægt að bíða lengur eftir úrbótum.

Ég bendi á að nýlega lögðu þrír þm. fram í Ed. frv. til laga um jöfnun hitunarkostnaðar. Þessir þm. eru Þorv. Garðar Kristjánsson, Eiður Guðnason og Egill Jónsson. Þetta frv. hefur komið þar til umr. og er nú í nefnd. Helstu nýmæli þess eru að takmörk verði sett fyrir því, hvað mismunur á hitunarkostnaði landsmanna má vera mestur. Sett er regla sem kveður á um hvað niðurgreiðsla á orkugjöfum til húshitunar skuli vera mikil. Er þar tekið mið af hvoru tveggja í senn, verði olíu og gjaldskrám hitaveitna. Verð á dýrustu raforku til húshitunar er greitt niður, hvort heldur er til beinnar upphitunar eða sem orkugjafi hitaveitna. Hitunarkostnaður atvinnuhúsnæðis er greiddur niður jafnt sem hitunarkostnaður íbúðarhúsnæðis. Fjármagni að andvirði orkujöfnunargjalds er ráðstafað til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar. Orkusjóði er fengið til ráðstöfunar það fjármagn sem ætlað er til niðurgreiðslu á orkugjöfum til húshitunar. Mál er varða jöfnun hitunarkostnaðar eru flutt frá viðskrh. í verkahring iðnrh. Í raun og veru eiga þessi málefni að vera undir stjórn iðnrn. en ekki viðskrn., þó að það hafi á sínum tíma verið gert. En þá var hér um beinar niðurgreiðslur að ræða á upphitunarkostnaði með olíu. Síðan hefur margt breyst sem gerir það bæði sjálfsagt og eðlilegt að þessi breyting sé gerð.

Á þessum síðustu dögum þingisns er mjög sótt á um afgreiðslu á fjölmörgum málum sem kosta þjóðfélagið og skattborgarana stórkostleg ný útgjöld. Á sama tíma er svo legið á úrbótum sem ríkisstj. hefur þó í upphafi valdaferils síns lýst yfir að hún ætli að vinna að að leysa og jafna, eins og í þessu tilfelli. Og svörin eru alltaf þau sömu: Það er í athugun, þetta þarf að athuga mjög nákvæmlega, þetta er mjög athyglisverð hugmynd sem fram hefur komið. — Nú spyr ég stjórnarliðana, ekki ráðh. eingöngu heldur þá sem styðja við ráðherrastólana að þeir velti ekki á þingmenn, hvort þeir ætli að láta senda sig heim — bara í pósti, jafnvel þó að sé greitt undir þá — án þess að leysa þessi mál og láta svo bara segja að lokum: Þakka ykkur nú fyrir að hafa aðstoðað okkur við að velta ekki úr stólunum í vetur. Nú megið þið fara því nú ætlum við að stjórna í sumar. Svo komið þið aftur í haust. Þá þurfum við á ykkur að halda og þá höldum við bara áfram sama leiknum.

Það er ekki sjáanlegt að neitt eigi að gera. Og þá ætla ég að vera hollráður þeim þm., sem stutt hafa við ráðh. í stólunum, og benda þeim á að velja einhverja af þeim leiðum sem till. hafa verið fluttar um hér. Ég tel langnærtækustu og skynsamlegustu leiðina að samþykkja frv. um jöfnun hitunarkostnaðar. Og ég held að það verði ekki ríkisstj. til falls þó að þm. úr stjórnarliðinu taki nú á honum stóra sínum og segi: Við ætlum bara ekkert að hætta hér á næstu dögum nema þessi mál séu leyst með viðunandi hætti. Og það þarf að koma fram ef þessir þm. hafa einhverjar betri lausnir en þær sem þegar liggja fyrir þinginu, frv. um jöfnun hitunarkostnaðar eða skattafrv. sem 3. þm. Vestf. gat um eða frv. það sem Magnús H. Magússon flutti og liggur líka í nefnd. Ef þessar leiðir eru fremur valdar, þá ætla ég ekki að halda dauðahaldi í þessa leið um jöfnun hitunarkostnaðar samkv. frv. þeirra Ed.-þm. sem ég gat um áðan. Ég er tilbúinn til samstarfs um lausn með einhverjum hætti, þá lausn sem menn geta helst sætt sig við.

Höfuðatriði málsins er að jafna þann gífurlega ójöfnuð sem er núna í þjóðfélaginu. Það, sem gerir t. d. þessi sárindi miklu meiri, er það, hve orkuverðið á Reykjavíkursvæðinu er ótrúlega lágt og langt undir kostnaðarverði. Hæstv. iðnrh. sagði nýlega á fundi í Hnífsdal hjá Orkubúi Vestfjarða, að hann væri talsmaður þess að hækka þetta orkuverð svo að þessi orka væri ekki seld á undirverði, sem er heilbrigt sjónarmið. En þetta hefur ýtt undir sárindin víða úti um landið. Þetta er ekki sagt til þess að heimta aukna skatta á fólk sem býr hér á höfuðborgarsvæðinu, því að við vitum að með því að selja orkuna undir kostnaðarverði er verið að geyma þessar hækkanir til næstu mánaða í mesta lagi. Og þá skella þessar hækkanir með miklu meiri þunga á fólkið hér á höfuðborgarsvæðinu.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Nokkrum vikum eftir að núverandi ríkisstj. tók við völdum flutti hún frv. til laga um jöfnun og lækkun á hitunarkostnaði. Þau lög voru samþykkt á Alþingi í maímánuði 1980 og eru þess vegna tæplega tveggja ára gömul. Þegar lögin höfðu verið í gildi um nokkurn tíma, þ. e. um sumarið og fram á haustið 1980, urðu umræður um það hér á Alþingi, að ástæða væri til að endurskoða þau. Ég tók vel í það mál og taldi nauðsynlegt að endurskoða lögin fljótlega. Niðurstaðan varð svo sú, eins og kom fram í máli hæstv. forsrh., að það var sett niður nefnd sem ég skipaði í fyrrasumar, nefnd fulltrúa frá öllum stjornaraðilum og öllum þingflokkum. Þessi nefnd hefur unnið að þessu máli síðan og nefndarálitið, sem ég er með hér í höndum, var mér afhent í morgun. Því mun verða dreift til hv. þm. sennilega í dag eða á morgun. (**Gripið fram í:** Það er komið.) Nú það er komið. Það er gott að heyra það.

Nú er það auðvitað svo að þetta mjög svo alvarlega mál er ekki í öllum tilvikum einfalt mál. Það þarf að undirbúa vandlega löggjöf í þessum efnum til að tryggja fullt réttlæti. Það er því ekki ástæða til að gera kröfu um að ríkisstj. hafi tilbúið frv. svo að segja sama daginn og nefnd allra þingflokka skilar nefndaráliti til ríkisstj., — nefndaráliti sem er auðvitað til þess fallið að vera grundvöllur að frv. til breytinga á lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar eða nýjum lögum með öðru heiti.

Ég hef ekki átt kost á því að lesa nefndarálitið vandlega yfir enn þá, en ég lýsi ánægju yfir því, að nefndin hefur orðið sammála um meginstefnu. Það er auðvitað styrkur fyrir málið þegar það verður lagt fyrir Alþingi.

Það kemur fram í nefndarálitinu, að nefndin telur eðlilegt að innlendir orkugjafar verði nýttir til upphitun-

ar í eins miklum mæli og svo fljótt sem nokkur kostur er.

Eins og menn muna hækkaði olíustyrkurinn verulega í desembermánuði s. l., eða úr 200 kr. í 350 kr. Auk þess voru greiddar verulegar uppbætur á olíustyrk á síðasta ári og var það afturvirkt. Á fyrsta ársfjórðungi var styrkurinn hækkaður úr 200 upp í 215 kr., á öðrum ársfjórðungi í 275 kr., á þriðja ársfjórðungi í 280 kr. og á fjórða ársfjórðungi í 350 kr. og það er hann enn.

Eftir að hækkun á olíustyrknum í desember var ákveðin er hitunarkostnaður með olíu orðinn svo nærri rafhitun með orku frá Rafmagnsveitum ríkisins, Orkubúi Vestfjarða og hitaveitum þessara fyrirtækja, sem nota rafmagn og olíu sem orkugjafa, að vart verður öllu lengra gengið á því sviði miðað við óbreyttar gjaldskrár. Það má því segja að þessi mál séu komin á dálítið nýtt svið með hækkun olíustyrksins í vetur. Fulltrúar allra þingflokka eru sammála um að ekki verði lengra gengið í þessum efnum og þess vegna þurfi að koma til jöfnun einnig á innlendu orkuna sem notuð er til upphitunar.

Þá kemur fram í nál. að munurinn á kostnaði þeim, sem menn greiða fyrir upphitun húsnæðis, sé u. þ. b. fimmfaldur sé litið annars vegar á taxta Hitaveitu Reykjavíkur og hins vegar á taxta Rafmagnsveitna ríkisins miðað við 20. apríl 1982. Í ýmsum tilvikum er munurinn á kostnaði við upphitun húsnæðis enn meiri, segir orðrétt í nál.

Ég get tekið undir, enda hef ég raunar lýst því margsinnis yfir hér á Alþingi og í opinberum umræðum, að þetta sé mjög þýðingarmikið mál sem Alþingi verði áfram að láta til sín taka. Og ég hef lýst því yfir margsinnis, að ég vil ganga mjög langt í þessum efnum. Ríkisstj. mun taka þessa skýrslu, sem verður útbýtt til ríkisstj. í dag, til umræðu og ég geri mér vonir um að samkomulag takist um að gera þær breytingar á í þessum efnum sem mér sýnist að þingheimur sé nokkurn veginn sammála um.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa svarað hér, þó að ég verði að lýsa afskaplega miklum vonbrigðum með það svar sem hann gaf við þessum málum.

Það er alveg rétt, sem hæstv. forsrh. og raunar fleiri sögðu áðan, að olíustyrkur var verulega hækkaður á s. l. hausti. En það er bara tiltölulega lítill partur af þessu máli, og ég vara almennt við því ef menn eru hér að tala bara um niðurgreiðslu eða jöfnun á olíuverði. Ég hygg að almennt séu a. m. k. þeir, sem við þetta búa, — það er minn skilningur, — að tala um jöfnun á orkuverði, hverju nafni sem sú orka nefnist. Það er meginmálið. Sú breyting, sem gerð var með hækkun á olíustyrk á s. l. hausti, nær bara til tiltölulega lítils brots af því fólki sem við þessi ósköp býr. Og ég trúi því ekki, eins mikið og búið er að ræða þetta mál, eins langur tími og er liðinn frá því að farið var að benda á þetta, að menn séu ekki enn búnir að átta sig á því, hvað eigi að gera.

Ég minni á það hér, eins og hv. þm. Sighvatur Björgvinsson og Matthías Bjarnason gerðu, að það er búið að skattleggja þjóðfélagsþegnana til þess að jafna orkuverð í landinu og til eru peningar vegna þessarar skattheimtu. Það virðist bara eiga að nota þá eða kannske búið að nota þá, ég veit það ekki, í annað á vegum ríkisvaldsins. Það er þetta sem um er að ræða.

Ég vil benda á það hér, að í erindi, sem hæstv. iðnrh. flutti vestur í Hnífsdal s. l. laugardag, kom hann inn á það sem mér skilst að sé í þessu framlagða nefndaráliti nú, að til þess að minnka þann mun, sem nú er, frá því að vera einn á móti fimm niður í einn á móti þremur þurfi 80 millj. kr., til þess að jafna þennan mun á íbúðarhúsnæði, en verði iðnaðarhúsnæði tekið með þurfti 40 millj. til viðbótar, þ. e. 120 millj. til þess að jafna frá því að vera einn á móti fimm niður í einn á móti þremur. Orkujöfnunargjaldið gefur rösklega 190 millj. kr. samkv. fjárlögum ársins í ár. Af því á að nota 30 millj. til niðurgreiðslu á olíu. 160 millj. eru eftir. 120 millj. eru því til þess að jafna þennan mun úr einum á móti fimm í einn á móti þremur og 40 millj. til viðbótar sem hægt væri að ráðstafa enn frekar í þennan þátt.

Ég held því að svo sé um þetta mál eins og mörg önnur, raunar ótalmörg mál, að það þarf ekki að athuga þetta lengur. Ríkisstj. þarf ekki að velta þessu máli öllu lengur fyrir sér. A. m. k. ættu þeir hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstj., sem eru frá þeim landssvæðum þar sem fólk býr við þetta, að vera búnir að gera sér grein fyrir þessu og þekkja það.

Ég tek undir það sem hv. þm. Alexander Stefánsson sagði áðan, við getum ekki beðið lengur. Það er enginn að krefjast þess af hæstv. viðskrh., eins og hann var að kvarta undan áðan, að við værum að biðja um sérstakan lagabálk nú, frv. frá ríkisstj. Fjármagnið er til. Það er einföld ákvörðun frá hæstv. ríkisstj. og stjórnarliðum að nota það til þessa. Ég ítreka: Ætla menn að horfa upp á það lengur, að t. d. launafólk vestur á fjörðum og víðar þurfi að vinna í þrjá og hálfan mánuð á hverju ári til þess að vinna upp mismuninn bara í þessum þætti húshaldsins, að viðbættum sköttum sem koma svo á þessar viðbótartekjur? Geta hv. þm. legið undir slíku, að því eigi að viðhalda? Það er þegar farið að brydda á því, að þessi ójöfnuður valdi fólksflótta frá þessum svæðum. Það ber því brýna nauðsyn til og það strax að koma í veg fyrir frekari þróun í þá átt.

Ég vil ítreka það, að ég vil ekki trúa því fyrr en það þá sýnir sig, að hæstv. ríkisstj. ætli sér að láta Alþingi ljúka störfum án þess að ákveðið hafi verið með hvaða hætti á að jafna þennan mun. Ég taldi nauðsynlegt að vekja athygli á þessu máli hér, svo mikilsvert og brýnt sem það er, vegna þess að ég tel að Alþingi og stjórnvöld geti ekki vikið sér undan því að taka afstöðu til málsins og leggja fram annaðhvort till., sem ganga verulega til móts við það fólk sem við þetta býr, eða ég tala nú ekki um ef svo rausnarlega væri að verki staðið að jafna þennan mun út alveg. Ég á ekki von á því, að það verði gert í fyrsta áfanga. Verulegt skref væri hægt að gera í þeim efnum. Og það skulu vera mín lokaorð, að það væri einhver mesta kjarabót þessu fólki til handa ef hæstv. ríkisstj. fengist til þess að nota það fjármagn, sem búið er að skattleggja það með, til þess að borga þennan mismun, því að þessir þjóðfélagsþegnar eru búnir að leggja af mörkum peninga til þess að gera það. Mesta kjarabótin í því ástandi, sem nú er, væri að ríkisstj. skilaði til baka þó ekki væri nema nokkuð verulegum hluta af þessari skattheimtu sem hún ætlar sér sýnilega að nota í annað. Og það væri vissulega gott innlegg í ástand vinnumarkaðarins á þessum tíma ef fundin væri leið til þess að skila raunhæfum kjarabótum til þess fólks sem hér á hlut að máli.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það voru ein þrjú atriði sem ég tel gagnlegt að nefna til að

minna á þann vanda sem við er að fást í sambandi við misræmi í upphitunarkostnaði í landinu.

Í fyrsta lagi er það, sem komið hefur fram hér í máli manna, að þegar væru fyrirliggjandi fjármunir hjá ríkissjóði til þess að verja til jöfnunar á húshitunarkostnaði. M. a. voru það hv. þm. úr fjvn. sem að því viku. Ég hygg að þeim ætti að vera vel um það kunnugt, að þessum tekjum, sem ganga undir nafninu orkujöfnunargjald, hefur verið ráðstafað við afgreiðslu fjárlaga. Hitt er rétt, að fram komu brtt. á sínum tíma þar að lútandi, en þær eru teknamegin í fjárlögunum og líka gjaldamegin í fjárlögunum, þar af 30 millj. vegna olíustyrks, þannig að samkvæmt gildandi fjárlögum standa málin þannig. *Þetta vita auðvitað hv. þm. Ég ætla ekki að fara út í að rekja sögu þessa gjalds og þær umr. sem urðu þegar það var á lagt.* Þá kom það fram, að gjaldið rynni í ríkissjóð, hluti af því færi til jöfnunar, sérstaklega í olíustyrk, á þeim tíma.

Í öðru lagi vil ég taka mjög eindregið undir það að hér þarf að nást áfangi fyrr en seinna til jöfnunar. Ég tel að sú hugmynd, sem fram hefur komið og verið rædd hér, að mismunur verði ekki meiri en einn á móti þremur eða svo miðað við staðalaðstæður, sé ekki óeðlilegt sem byrjunaráfangi í þessum efnum, en hjá þeirri nefnd, sem hefur skilað áliti um þetta mál, er gert ráð fyrir að nokkur raunhækkun verði á gjaldskrám þeirra fyrirtækja sem lægsta gjaldskrá hafa, þ. á m. Hitaveitu Reykjavíkur, og skref hefur raunar alveg nýlega verið stigið í þá átt, að vísu ekki stórt, en til raunhækkunar á gjaldskrá hennar. Þetta tel ég markmið sem þurfi að nást fyrr en seinna.

Ég vil í þriðja og síðasta lagi minna hv. þm. á að þó að við náum jöfnun að þessu marki miðað við gjaldskrár fyrirtækja er mjög langt frá því að nokkur trygging sé fyrir því — það eru raunar ekki líkur á því — að raunjöfnuður náist hjá fólki jafnvel innan sama byggðarlags að þessu marki, vegna þess að menn búa við svo ólíkar aðstæður varðandi gerð og búnað húsnæðis, jafnvel húsnæðis sem er sambærilegt að stærð, vegna þess að það er misjafnlega til þess vandað, misjafnt hvað snertir einangrun og frágang. Það er á þessu sviði sem þarf að gera mjög stórt og verulegt átak, sem skiptir mjög miklu máli þjóðhagslega að takist að gera, með því að örva aðgerðir til þess að bæta íbúðarhúsnæði í landinu og koma í veg fyrir hitatap út frá húsnæði sem er ófullnægjandi. Þarna *eru til reiðu lán hjá húsnæðismálastjórn, en ég tel að það* þurfi að gera samstillt átak til þess að þarna verði meira að gert, bæði með fjármagni, upplýsingum og ráðgjöf til húseigenda, því að öðruvísi náum við ekki í reynd þeirri jöfnun sem menn eru að tala um hér. Menn mundu eftir sem áður standa frammi fyrir mjög mikilli mismunun innan sama byggðarlags við sambærilegt húsrými, vegna þess hvað það er misjafnlega úr garði gert, þó að á pappírnum væri verið að setja markmið eins og einn á *móti þremur og þaðan af betri árangur varðandi jöfnuð* miðað við staðalaðstæður. Það er nauðsynlegt að almenningur átti sig á þessu engu síður en við hér á hv. Alþingi og tekið verði á þessum þætti málsins jafnframt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tek undir það sem hæstv. iðnrh. sagði áðan, að auðvitað er hér um verulegt átak að ræða í þeim efnum að auðvelda mönnum viðhald húsa sinna, að bæta einangrun þeirra o. s. frv. til þess að hitunarkostnaður verði minni. Ég hef einmitt flutt slíkt mál hér á Alþingi, þar sem ég lagði til að viðgerðir og viðhald af því tagi yrði frádráttarbært við álagningu tekjuskatts eins og var hér fyrrum, en það frv. hefur ekki notið skilnings hjá hæstv. ríkisstj. Það er þó miklu ódýrari leið en sú sem hæstv. ráðh. vill fara. Ég vil mjög hvetja hann til að íhuga hvort ekki mætti hafa hliðsjón af því við álagningu tekjuskatts ef menn vildu endurbæta hús sín og laga til þess að minnka hitunarkostnaðinn. En vegna þess að þau fyrirheit, sem hæstv. ráðh. og hans rn. gaf um fyrirgreiðslu til þess arna, hafa verið mjög ófullnægjandi og stundum ekki við þau staðið, þannig að menn hafa lent í erfiðleikum af þeim sökum, vil ég á hinn bóginn aðeins segja það, að ríkisstj. hefur ekki staðið við þær skuldbindingar sem hún tók á sig þegar orkujöfnunargjaldið *var lagt á. Í reynd hefur það gjald verið* notað til þess að jafna greiðsluhalla ríkissjóðs um áramót í staðinn fyrir að greiða það út fyrir áramótin. Þessi skattur sem margur annar hefur snúist svo í höndum skattgreiðenda að ríkisstj. hefur notað þessa peninga sem eyðslufé til þess að draga á langinn greiðslur en auka fjárhagslegt svigrúm sitt að öðru leyti.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr., en aðeins lýsa þeirri skoðun minni að eitthvert mesta óréttlæti, sem viðgengst í þessu þjóðfélagi, er einmitt mismunandi hitunarkostnaður. Sum byggðarlög eiga sér varla viðreisnar von ef svo heldur fram sem horfir, að hið opinbera brýtur ekki í blað og tekur myndarlega á þessu máli. Fyrir því er þingvilji. Ekki stendur á stjórnarandstöðunni. Spurningin er einungis hvenær ríkisstj. og þeir kumpánar vakna.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð út af því sem hæstv. iðnrh. sagði áðan. Það er auðvitað meginmisskilningur hjá hæstv. ráðh. og raunar furðulegt að jafngreindur einstaklingur og margir telja að hann sé skuli halda því fram, að t. d. við Alþfl.-menn höfum tekið þátt í því að skipta upp tekjunum af orkujöfnunargjaldinu við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er hrein fásinna, þetta er fölsun á staðreyndum. Ég heyri að hv. þm. Alexander Stefánsson er sömu skoðunar og ég í þessum efnum. Hann telur sig ekki hafa tekið neinn þátt í því að skipta upp við afgreiðslu fjárlaga tekjunum af orkujöfnunargjaldinu. Það komu fram till. — það er hægt að sýna þau þskj. — t. d. af hálfu Alþfl.-þingmanna um að lækka miklum mun meira önnur útgjöld en þarna er um að ræða á móti orkujöfnunargjaldinu. Málið er þetta: Ríkisstj. skattleggur þjóðfélagsþegna í formi orkujöfnunarskatts, en notar meginpartinn af þeim skatti til annarrar eyðslu hjá ríkissjóði en til að borga niður samkvæmt þeim lögum sem þarna er um að ræða.

Ég vísa alveg á bug sem hreinum fölsunum á staðreyndum því sem hæstv. iðnrh. sagði áðan, að við höfum tekið þátt í því að skipta upp þessum tekjum af orkujöfnunargjaldinu. Hafi einhverjir gert slíkt er greinilegt að *það er hæstv. iðnrh. sem telur sig hafa gert það, og þá er* skiljanlegt hver afstaða hans er til þessa máls.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég vil aðeins geta þess, að í gildandi fjárlögum er sérmerkt fjárhæð til orkujöfnunar í landinu. Það þarf ekki að ræða um það, sú fjárhæð er tilgreind.

Ég vil svo segja það að lokum að þessar umr. hafa verið ágætar að vissu marki. Þær hafa skýrt málin, en aðgerða er þörf. Það, sem þarf að gera núna strax, er að ríkisstj. ákveði beina niðurgreiðslu á þessu ári, ekki að-

eins á olíu, heldur einnig raforku til húsahitunar. Það má deila um hvað þessar upphæðir eigi að vera háar, þær geta legið á bilinu frá 40 til 70 millj. kr. Ég tel að þetta sé hægt. Svo þarf að nota tímann milli þinga til að undirbúa heilsteypta löggjöf um jöfnun orkukostnaðar, ekki síst til húsahitunar í landinu. Þetta tel ég að eigi að vera meginstefnan. Og ég get sagt það hér, að ég mun beita mér fyrir því, að þingflokkur Framsfl. geri nú þessa dagana harða hríð að ríkisstj. um að hún framkvæmi þetta, sem ég tel að séu bein loforð fyrir.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 549, n. 737, 738). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Frv. svipaðs efnis hefur verið til meðferðar áður hér í hv. Alþingi — mig minnir tvisvar áður — og ekki tekist að koma því áfram. Það var lagt fram í Ed. og þar var gerð á því breyting um atriði sem mest var um deilt í því frv. Það var um smíði kæligeymslu til að verja grásleppuhrogn skemmdum. Nú hefur þetta stærsta ágreiningsmál verið tekið út og margir bjuggust við að málið næði fram að ganga með þeim breytingum. En síðan komu athugasemdir í sjútvn. þessarar deildar, aðallega við eitt atriði þar sem um var að tefla þann hluta útflutningsgjaldsins sem fara skyldi til að greiða tryggingar fyrir skipverja á grásleppuveiðibátum. Það er raunar meginatriði þessa frv. í mínum augum að finna leið til þess, að þessir sjómenn séu tryggðir eins og aðrir sjómenn í landinu, en um þetta varð ágreiningur í nefndinni sem var það ákveðinn, að ef ekki hefði verið reynt að finna leiðir til að leysa það ágreiningsmál hefðum við hv. alþm. orðið til þess einu sinni enn að koma í veg fyrir að þetta að mörgu leyti réttlætismál og öryggismál næði fram að ganga. Þess vegna var það, að þótt við hefðum ákaflega stuttan tíma á erilsömum tímum til að reyna að leysa þetta mál tókst að ná samkomulagi í nefndinni um brtt.

Brtt. nefndarinnar er við 3. gr., sem er um það í stuttu máli, að Samtök grásleppuhrognaframleiðenda kaupi í einu lagi tryggingu fyrir alla þá sem stunda þessar veiðar. Breytingin er um að þeir útgerðaraðilar, sem vilja kaupa þessar tryggingar sjálfir, eigi rétt á að fá til baka þá greiðslu af útflutningsgjaldinu sem þeir hafa greitt í þessu tryggingaskyni. Um þetta varð samkomulag og ég treysti því, að þm. í hv. Nd. geti fallist á að ganga frá málinu með þessum hætti.

Það er villa í frv. — misskilningur — sem fór í gegnum Ed. án þess að sú hv. deild ræki augun í hana, þar sem talað er um það í 3. gr., að til greiðslu iðgjalda af líf-, slysa- og örorkutryggingum eigi að fara 41% af útflutningsgjaldi. Þarna á líftrygging alls ekki heima, eins og menn geta áttað sig á, og er hvergi um það að tefla á öðrum svipuðum stöðum í lagasetningunni, en aðeins um að ræða slysa- og örorkutryggingu. Brtt., sem er eiginlega leiðréttíng, er einmitt um að orðið „líf-" fari þarna út úr 1. tölul. 3. gr.

Þar við bætist, herra forseti, að þessir tímar, sem við lifum á nú þessar vikurnar, eru miklir óróatímar og ósamkomulagstímar. Þarf ekki að rekja það, að í mjög mörgum málum á hinu háa Alþingi er hart deilt og svo er einnig úti í þjóðfélaginu, ekki aðeins í Blöndudal eða Rugludal eða þessum þekktu dölum þarna fyrir norðan, heldur er það einnig innan ýmissa samtaka, og af ýmsum ástæðum urðu talsverðar ýfingar milli manna í Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda. Það hefur heyrst mikið um að jafnvel kynni að koma til þess, að önnur samtök yrðu stofnuð.

Um þetta er náttúrlega ekkert skjalfest eða að fullu vitað. En sumir nm. lögðu á það áherslu að gera ráð fyrir því versta í þessu efni, því hið góða skaðar ekki, eins og þar segir, og gera ráð fyrir þeim hugsanlega möguleika, að önnur samtök yrðu sett á laggirnar. Þess vegna var að nm. komu sér saman um að breyta stórum staf í lítinn í orðunum „Samtaka grásleppuhrognaframleiðenda", þannig að ef önnur samtök koma upp verður náttúrlega sá hluti útflutningsgjaldsins, sem til þeirra samtaka fer, að skiptast á milli þeirra samtaka sem til verða samkv. þessari grein.

Um þetta má að sjálfsögðu ýmislegt segja til nánari skýringar, en þar sem þetta mál ætti að vera hv. þm. kunnugt eftir margendurtekna meðferð held ég að ég láti þessi orð duga um málið efnislega. Ég vil hins vegar segja það hér strax við meðferð þessa máls, að með frv. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum er fylgifrv. um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins. Það er eingöngu flutt vegna þess hluta, sem grásleppuveiðimenn leggja í þann sjóð, og er nauðsynlegt að það fái afgreiðslu samhliða hinu frv. Þess vegna tel ég ekki ástæðu til að mæla fyrir því frv. sérstaklega, með leyfi hæstv. forseta.

Að lokum vil ég fara þess vinsamlega á leit við hæstv. forseta, að hann sjái sér fært að greiða götu málsins í gegnum hv. Nd. svo að við sitjum ekki upp með málið óafgreitt einu sinni enn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég sé á þskj. 738 að þar hefur fallið niður smáleiðrétting. Um það varð samkomulag í nefndinni, að 4. liður 3. gr., Til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, yrði almennur þannig að opin leið væri til þess, ef þessi samtök klofnuðu, að útflutningsgjaldið skiptist í réttum hlutföllum. Því varð samkomulag um það í nefndinni, að þar yrði lítið s, þar kæmi: Til samtaka grásleppuhrognaframleiðenda, og vil ég leggja fram brtt. í samræmi við það til leiðréttingar frá mér og formanni sjútvn., Garðari Sigurðssyni, hv. 4. þm. Suðurl.

Ég vil almennt segja um þetta mál, að það hefur verið lengi á leiðinni í gegnum þingið, sem er eðlilegt vegna þess að mjög skiptar skoðanir eru um það meðal grásleppuveiðimanna, hver nytsemi hefur orðið af þessum félagsskap, og eins um þá hugmynd, sem kom fram á sínum tíma, að sérstök skemma yrði reist í Reykjavík, hrognageymsla, sem kostaði verulegt fé, en grásleppuhrognaframleiðendur víða úti um land sáu ekki á hinn bóginn að væri sér til hagsmuna á nokkurn hátt og höfðu meira að segja grun um að slík skemmubygging gæti orðið þeim til trafala og reynst þeim dýrari en ella. Skoðun þeirra hefur í stuttu máli verið sú, að þeir vilja njóta þeirrar veiði, sem þeir draga í land, og hafa bent á að tilgangurinn með grásleppusókninni sé að afla sér tekna, en ekki að skipta fénu á ólíkar hendur, skattleggja sjálfa sig, eins og þeir tala um. Ég hef hér fyrir framan mig undirskriftir 70 manna sem hafa stundað grásleppuveiðar, þar sem þessu frv. var mótmælt og þá sérstaklega ákvæðinu um skemmubáknið í Reykjavík. Nú hefur það bákn verið fellt út úr frv. á þessu þingi þannig að ekki er lengur um það að ræða.

Það liggur jafnframt fyrir að ýmsir grásleppuveiði-

menn hafa sagt sig úr Samtökum grásleppuframleiðenda eða eru í þann veginn að segja sig úr þeim á stórum landssvæðum, eftir því sem ég kemst næst, og með því að breyta 3. og 4. gr. á þá lund sem hér er gert ráð fyrir, setja lítinn staf í stað stórs, sé ég ekki betur en komið sé til móts við óskir þeirra. En á hinn bóginn er það jafnopið, ef samkomulag tekst innan þessa félagsskapar og þeir ná aftur saman, að þá njóti þessi samtök þess og taki þá til sín það gjald sem hér er gert ráð fyrir.

Ég vil segja það sérstaklega í sambandi við 1. tölul. 3. gr., að auðvitað er ég þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að koma við slysa- og örorkutryggingum hjá sjómönnum almennt, bæði á opnum bátum og öðrum. Nú hefur misbrestur orðið á þessu hjá opnum bátum, ekki aðeins á grásleppuveiðum, heldur einnig á þorskveiðum, og tel ég raunar að þetta frv. sé aðeins skref í þá átt að koma þeim málum í rétt horf. Ég hefði viljað fara hér aðrar leiðir, sem ég tel að séu fullnægjandi til að ná þessu sama markmiði, en hef til samkomulags fallist á að standa ekki gegn frv. þar sem um það hefur tekist samkomulag að þeir útgerðaraðilar, sem sjálfir vilja sjá um sínar tryggingar, eigi rétt á endurgreiðslu útflutningsgjaldsins.

Í grg. með þessu frv. er um það rætt, að sjútvrn. muni setja reglugerð um framkvæmd og meðferð vátryggingasjóðsins, þær reglur sem farið skuli eftir, varðveislu hans, ávöxtun, skil o. s. frv. Þegar málið var til umr. í sjútvn. Nd. fyrir skömmu lá þessi reglugerð ekki fyrir og nm. gátu ekki fengið upplýsingar um hvernig hún yrði í einstökum atriðum. Þetta er auðvitað afskaplega bagalegt, en því miður ekki einsdæmi um meðferð þingmála. Það kemur fyrir æ ofan í æ að einstakir ráðh. leggja fram frv. hér á Alþingi þar sem gert er ráð fyrir að reglugerðir eigi að fylla upp í lagaákvæði, en eru á hinn bóginn ekki reiðubúnir að skýra hugmyndir sínar um hvernig reglugerðirnar eigi að vera í einstökum atriðum. Þetta er náttúrlega mikill galli á stjórnarfari okkar og ekki kynlegt að tillögur skuli hafa komið fram um það hér á þessu þingi að sú regla verði sett, að ráðh. sé gert að skyldu að sýna þingnefndum reglugerðir áður en þær taki gildi. Hvort það er rétt leið eða hvort öðruvísi skuli að því staðið skal ég ekki segja, en það er augljóst mál, að það er með öllu óviðunandi, hvernig einstakir ráðh. hafa hagað sér í sambandi við setningu reglugerða og það mikla vald sem slíkri setningu fylgir.

Ég hafði velt því fyrir mér, hvort rétt væri að því yrði slegið föstu í lagafrv. sjálfu, að einstökum grásleppuveiðimönnum yrði gerð grein fyrir hversu mikið gjald rynni af afla þeirra í vátryggingasjóðinn og hversu hárri upphæð iðgjald af slysatryggingu þeirra næmi. Ég hef fallist á að láta það bíða, en gera á hinn bóginn ráð fyrir því, að í reglugerð um meðferð sjóðsins verði kveðið á um að reikningsskil verði með mjög glöggum hætti þannig að einstakir menn, aðilar að sjóðnum, geti á hverjum tíma fengið um það upplýsingar hvernig staða þeirra sé í sjóðnum. Auðvitað una menn því ekki til lengdar að þeir séu skattlagðir verulega til að standa undir miklu minni þörfum, en afraksturinn sé annaðhvort látinn „fúna í ríkra sjóði", eins og segir í gamalli ferskeytlu, eða þá renna til annarra, sem hafa grásleppuveiði sem aukagetu, en ekki að aðalstarfi.

Ég vænti þess, að þær umr., sem orðið hafa um þessi mál, og þá er ég að tala um slysa- og örorkutryggingu sjómanna á opnum bátum, verði til þess, að hæstv. sjútvrh. ígrundi hvort nægilegt aðhald sé í þeim efnum nú almennt hjá sjómönnum og hvort ekki sé nauðsynlegt að setja fyllri reglur þar um til að tryggja að þeir menn séu sæmilega tryggðir við veiðar sínar.

Svo vil ég að síðustu aðeins geta þess í sambandi við 3. lið 3. gr., eins og fram kom í nefndinni, að það skýtur nokkuð skökku við að grásleppuveiðimenn skuli nú óska sérstaklega eftir því að vera skattlagðir í Fiskveiðasjóð á sama tíma og sú þróun er orðin að atvinnuvegirnir beiðast undan slíkri skattlagningu. En ég geri ráð fyrir að grásleppuveiðimenn muni fylgja öðrum varðandi þetta framlag þannig að ég sé ekki ástæðu til að hreyfa því máli hér.

Herra forseti. Með þeim breytingum, sem nefndin leggur til og þeirri leiðréttingu, sem ég og formaður nefndarinnar,hv. 4. þm. Suðurl., flytjum við þetta frv., tel ég eftir atvikum rétt að það verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 738,1 samþ. með 27 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 738,2 samþ. með 29 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Þá vek ég athygli á því, að hv. deild hefur ákveðið að þar sem talað er um Samtök grásleppuhrognaframleiðenda, svo frábært sem það orð er nú, skuli í frv. þessu það vera samheiti, en ekki sérheiti, og breytist þess vegna 4. liður 3. gr. í samræmi við það, stafsetningarbreyting sem ég skoða samþykkta ef enginn hreyfir athugasemdum.

5.—13. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Brtt. 738,3 samþ. með 30 shlj. atkv.
14. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 30 shlj. atkv.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 577 (sbr. 138), n. 736). — 2. umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Eins og ég gat raunar um áðan, þegar við vorum að tala um 131. mál, er þetta frv. fylgifrv. hins og því svo tengt að það verður áfram að ganga um leið vegna þess að hér er um að tefla framlag grásleppuveiðimanna í Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í samræmi við þá afgreiðslu, sem frv. um útflutningsgjald á grásleppuafurðum fékk, tel ég nauðsynlegt, að smáorðalagsbreyting eða leiðrétting verði gerð við 1. gr. Þar er talað um að sjóðsstjórn skuli kveðja til tvo fulltrúa frá Samtökum grásleppuhrognaframleiðenda. Ég tel eðlilegt með hliðsjón af afgreiðslu sjútvn. á hinu fyrra frv., að hér sé einnig lítill stafur og fyrir „Samtök" með stórum staf komi „samtök" með litlum staf, og mun leggja fram brtt. í samræmi við það.

1. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282, n. 763). — 2. umr.

Frsm. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin hefur rætt frv. það, sem hér um ræðir, og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þskj. 282. Undir þetta skrifa allir nm. í fjh.- og viðskn. Nd. En til þess að rifja þetta aðeins upp vil ég, með leyfi forseta, lesa upp 4. tölulið 66. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem hljóðar þannig:

„Skattstjóri skal taka til greina umsókn manns um lækkun tekjuskattsstofns þegar svo stendur á sem hér greinir" — og 4. tölul. í þeirri upptalningu er: „Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri", en frv. gerir ráð fyrir að það breytist þannig: „Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 14 ára og eldri".

Hér virðist nefndinni vera um réttlætismál að ræða meðan svo er ástatt að ríkisvaldið treystir sér ekki til vegna kostnaðar að halda uppi lögboðinni kennslu á viðkomandi stöðum. Hér mun ekki vera um stórar upphæðir að ræða, þar sem tiltölulega fáir fá lækkun á tekjuskattsstofni vegna þessa frv., ef að lögum verður. Öllu heldur er hér um réttlætismál að fjalla, þar sem um greinilega mismunun getur verið að ræða milli þeirra, sem verr eru settir í þessum efnum, og þeirra, sem hafa skóla í næsta nágrenni.

Herra forseti. Að lokinni þessari umr. legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil óska eftir því, að formaður fjh.- og viðskn. sé viðstaddur þessa umr. Ég sé mér ekki fært að flytja ræðu mína að öðrum kosti. Óska ég eftir því, að umr. verði frestað ef formaður nefndarinnar getur ekki verið við. (**Forseti:** Þetta er 2. umr. málsins. Við eigum eftir 3. umr. Ég mun sjá svo um að formaður nefndarinnar verði viðstaddur þegar hún fer fram a. m. k., ef hann skyldi ekki rekast hingað inn hið bráðasta.) Vegna sérstakrar elsku, sem er milli mín og hæstv. forseta, skal ég verða við þessari beiðni, en ef annar hefði setið í þessum stól hefði ég trauðla gert það.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 28 shlj. atkv.

Hegningarlög, frv. (þskj. 536, n. 767). — 2. umr.

Frsm. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 1940, sbr. lög nr. 34 frá 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga. Frv. þetta gerir ráð fyrir því aðallega, að sektarmörk í 50. gr. almennra hegningarlaga verði hækkuð, og síðan gerir frv. ráð fyrir breytingum á hvorki meira né minna en 52 öðrum lögum þar sem breytingar ganga aðallega í þá átt að refsirammar eru felldir niður í svonefndum sérrefsilögum, sem þýðir að refsiramminn fer þá eftir ákvæðum í almennum hegningarlögum og styðst vitanlega, eins og verið hefur, við dómvenjur og annað slíkt. Hér er sem sagt á ferðinni einhver myndarlegasti og lengsti bandormur sem lagður hefur verið fyrir Alþingi Íslendinga. Það er gert ráð fyrir að með þessu eina frv. verði breytt hvorki meira né minna en 53 lögum.

Nefndin hefur athugað þetta frv. og mælir eindregið með því, að frv. verði samþykkt.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að þetta frv. hlýtur afgreiðslu á þessu þingi. Fyrr á þessu þingi vakti ég athygli á því, að sá refsirammi, sem væri vegna ólöglegra fuglaveiða og eggjatöku sérstaklega, væri orðinn mjög úr sér genginn og nauðsynlegt væri að hressa upp á hann þannig að þyngri viðurlög yrðu lögfest varðandi brot á lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun sérstaklega. Ég vil sem sagt láta í ljós ánægju mína yfir þeim ákvæðum, sem í þessu frv. eru um ólöglegar fulgaveiðar og eggjatöku, og jafnframt nota þetta tækifæri til að beina því til hæstv. menntmrh., að hann hleypi nú í sig þeim kjarki, þegar þing kemur saman á hausti komanda, ef hann situr þá enn þá í sæti menntmrh., sem er með öllu óvíst, a. m. k. ef marka má ummæli Guðrúnar frá Lundi, að leggja nú fram frv. til nýrra laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, en ekki veitir af að þau lög fái nákvæma umfjöllun og endurskoðun.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Haldi hv. 7. landsk. þm. að það sé mér til minnkunar að vera nefnd í sambandi við nöfnu mína er það mikill misskilningur, auk þess sem hv. 7. landsk. þm. á engan heiður af þessu bráðsniðuga nafni. En það var ekki þess vegna sem ég kom hér upp. (**Forseti:** Þó ekki væri.) Aðeins vegna sérstakrar og ekki minni elskusemi við hæstv. forseta þessarar deildar skal ég stytta mál mitt mjög. En ég vil leyfa mér að gera athugasemd við þau ummæli, sem hér voru höfð í frammi áðan, að hér væri á ferðinni myndarlegur bandormur við lagagerð, þar sem með einum lagabálki er breytt 53 lögum. Ég vil satt að segja víta þessa aðferð við lagasetningu. Þetta er ákaflega vond lögfræði, svo ekki sé meira sagt, og ekki síst í landi þar sem hvorki þm. né landsmenn aðrir hafa aðgang að lagasafni. Ég vil þess vegna nota þetta tækifæri til að skora á menn, ef menn ætla að stunda slíka lagasetningu að hraða sem mest þeir mega útgáfu lagasafns.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
2.—54. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 29 shlj. atkv.

Neðri deild, 74. fundur

Miðvikudaginn 28. apríl, að loknum 73. fundi.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 800). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og endursent Ed.

Aflatryggingasjóður sjávarútvegsins, frv. (þskj. 577 (sbr. 138)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 813).

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 688). — 1. umr.

Flm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Það mál, sem ég flyt hér á þskj. 688, er einfalt í sniðum. Svo háttar til, að lög um erfðafjárskatt eru frá árinu 1978 og frá fjárhæðum í þeim lögum er svo gengið að þær hækka ekki í samræmi við verðbólgu. Það veldur því, þegar verðbólgan er 50% frá ári til árs, að þær úreldast snemma og erfðafjárskatturinn verður af þeim sökum mun hærri en löggjafinn hefur ætlast til þegar lögin voru sett. Þetta frv., sem ég flyt hér, hnígur að því að leiðrétta fjárhæðir til samræmis við það sem þær yrðu ef þær væru færðar fram í samræmi við verðbólguna.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að framvegis hækki fjárhæðir í frv. í samræmi við hækkun byggingarvísitölu og er þá miðað við hana eins og hún var hinn 1. janúar 1982. Ekki liggur fyrir hver erfðafjárskattur hefur nákvæmlega verið, en ætla má að það frv., sem hér um ræðir, kunni að draga úr tekjum ríkissjóðs vegna erfðafjárskatts sem nemur 20% eða svo. Það er ekki há fjárhæð og raunar ekki hærri fjárhæð en svo að samsvari þeim hluta erfðafjárskattsins, sem runnið hefur í ríkissjóð, og varla það, en á hinn bóginn, eins og hv. alþm. er kunnugt, eru lög um að erfðafjárskattur skuli renna í erfðafjársjóð.

Þá er það nýmæli í þessu frv., að gert er ráð fyrir að eftirlifandi maki skuli undanþeginn erfðafjárskatti. Það er rökstutt á þann einfalda hátt, að það er næsta hæpið og kannske ósiðlegt að fráfall maka eigi að vera tilefni til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Auðvitað fylgir því svo mikil búröskun, bæði röskun á heimilishögum, tilfinningaleg röskun o. s. frv., að missa maka sinn, að um það þarf ekki að hafa mörg orð, en flutningsmönnum finnst eðlilegt að arfshluti eftirlifandi maka renni til hans án þess að hann sé tekjustofn fyrir ríkissjóð.

Ég vænti þess, að hv. alþm. geti fallist á þessa breyttu tilhögun, en til samræmis við hana er svo gert ráð fyrir að afsali erfingi eða gjafþegi sér arfi eða dánargjöf skuli sá, er þiggur gjöfina, greiða af henni í samræmi við það sem þeim hefði borið að greiða er afsalaði sér arfi. Þetta er nauðsynleg breyting. Þetta er nauðsynlegt ákvæði vegna þeirrar breytingar að eftirlifandi maki skuli undanþegið erfðafjárskatti.

Það nýmæli er enn fremur í þessu frv., að hér er gert ráð fyrir að við fyrirframgreiðslu arfs skuli jafnan greitt hið hæsta prósentustig sem við á: 10% ef um hina nánustu ættingja er að ræða, 25% og síðan 45%.

Loks er hér lagt til að erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra sjóða, gjafasjóða, félaga, líknar- og menningarstofnana eða annars slíks skuli vera undanþegið erfðafjárskatti.

Þetta frv. er ekki stórt í sniðum. Hér er raunar um réttlætismál að tefla gagnvart því fólki sem missir sína nánustu. Ég geri raunar ekki ráð fyrir að tími vinnist til þess á þessu þingi að taka frv. til afgreiðslu, en taldi á hinn bóginn rétt að sýna það og vænti þess þá, að það geti fengið skjóta afgreiðslu á hausti komanda.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 627). — 1. umr.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 627, sem er 288. mál þingsins, höfum við leyft okkur, ásamt mér hv. þm. Steinþór Gestsson og Albert Guðmundsson, að flytja frv. til l. um breytingu á framleiðsluráðslögum. Þetta frv. kemur í stað frv. sem við fluttum fyrr í vetur og var 113. mál, en við köllum það frv. aftur.

Hér er um að ræða beytingu á VI. kafla framleiðsluráðslaganna, um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu. Við höfum gert lítils háttar breytingar á frumvarpsgreinunum, en talsverðar breytingar á grg. frv. frá því við fluttum frv. fyrr í vetur og eins seint á síðasta þingi. Þetta mál hefur verið rætt aðeins fyrr, og mér er skylt að geta þess í upphafi, að annað frv. um svipað efni hefur verið til umr. í þessari hv. deild og til umfjöllunar í hv. landbn., en það er frv. hv. 9. þm. Reykv. o. fl. Alþýðuflokksmanna.

Eins og kunnugt er er Grænmetisverslun landbúnaðarins gamalt fyrirtæki, sem var stofnað á sínum tíma við allt aðrar aðstæður en nú eru. Grænmetisverslunin hefur haft einkarétt eða einokun. Við teljum að slíkt fyrirkomulag sé úrelt, a. m. k. á sviði sölu á þeim vörum sem hér er um að ræða. Aðalatriði hljóta að vera að tryggja neytendum góða vöru á lágu verði og framleiðendum vörutegundanna viðunandi framleiðsluskilyrði. Þess ber að geta, sem auðsætt er að þegar framleiðsluráðslögin

voru sett voru neysluvenjur allt aðrar en nú. Má t. d. geta þess, að mikið hefur dregið úr neyslu kartaflna, en veruleg aukning orðið á grænmetisneyslu alls konar.

Tilgangurinn með flutningi þessa frv. er að stuðla að jafnara framboði matjurta og gróðurhúsaframleiðslu allt árið um kring um leið og markaðsaðilar eru örvaðir með meira frjálsræði að þjóna neytendum sem best á þessu sviði.

Í flestum nágrannalöndum okkar er neysla á grænmeti mun meiri en hérlendis og ástæða til að ætla að auka mætti neysluna verulega frá því sem nú er. Er aukið frelsi til innflutnings og dreifingar líkleg leið til að ná þessum markmiðum.

Sumir óttast að aukinn innflutningur og fjölbreyttara framboð þessara vörutegunda muni bitna á innlendu framleiðslunni þannig að framleiðsla minnki innanlands. Við höldum því gagnstæða fram í ljósi reynslu annarra þjóða, sem neyta þessara vörutegunda í stórum stíl. Til að eyða ótta þeirra, sem slíkt halda, er hæstv. ríkisstj. veitt heimild til takmörkunar á innflutningi garðávaxta og matjurta, sem keppa mundu við innlenda framleiðslu, á þeim tíma er innlend framleiðsla er nægileg.

Með frv. er lagt til að einokunarákvæði um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðsu verði numin úr lögum. Ekki er gerð önnur breyting á starfsemi Grænmetisverslunar landbúnaðarins. Lagt er til að lögin taki gildi um næstu áramót, þannig að Grænmetisverslun landbúnaðarins, núverandi framleiðendur og hugsanlegir nýir heildsöludreifendur fái nokkurn aðlögunartíma þar til lögin taka gildi.

Ekki er ástæða til að fjölyrða mjög um einstakar greinar frv., en í 1. gr. er heildsöludreifing á garðávöxtum, svo sem matjurtum framleiddum í gróðurhúsum, gefin frjáls þannig að nýir heildsöludreifendur geti starfað við hlið núverandi dreifingaraðila. Jafnframt er umsjón með þessum kafla framleiðsluráðslaganna færð í hendur landbrn. til samræmis við 39. gr. laganna, enda er sú skipan eðlilegri vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til. Landbrn. getur þó að sjálfsögðu engu að síður falið framleiðsluráði að framkvæma settar reglur og annast það eftirlit sem henta þykir.

Með gildistöku 2. gr., ef að lögum verður, fellur niður einkaréttur hæstv. ríkisstj. til innflutnings á kartöflum og grænmeti, en í stað þess er lagt til að ríkisstj. hafi heimild til að takmarka innflutning, eins og ég gat um áður, þegar innlend framleiðsla er á boðstólum. Jafnframt er hæstv. ríkisstj. heimilt að setja reglur um innflutning þegar innlend framleiðsla er ekki fáanleg.

Í 3. gr. er fjallað um skilyrði þau sem söluaðilar þurfa að fullnægja til að annast heildsöludreifingu á gróðurhúsaframleiðslu. Þar þótti rétt að taka sérstaklega fram, að Sölufélag garðyrkjumanna starfi áfram með sama hætti, þótt öðrum aðilum verði ekki lengur bannað að stunda sömu viðskipti fullnægi þeir sömu skilyrðum. Þetta er gert til að leggja áherslu á að hér er ekki verið að koma í veg fyrir að Sölufélag garðyrkjumanna, sem er eign þeirra sem framleiða vörutegundir sem Sölufélagið hefur á boðstólum, haldi áfram að stunda sína dreifingu.

Í 4. gr. er lítils háttar breyting, sem skiptir ekki máli, enda hefur efni þessarar greinar ekki verið fylgt eftir með framkvæmd laganna.

Með þessu frv. er gerð tilraun til að hreyfa við máli, sem að margra áliti er mjög brýnt, og koma þannig í veg fyrir úreltar verslunarvenjur. Mér er kunnugt um að nefnd, sem ætlað var að breyta núverandi reglugerð um Grænmetisverslun landbúnaðarins, hefur verið starfandi, en hún getur að sjálfsögðu ekki breytt lögum og hér er því gerð tilraun til að breyta tiltölulega litlum þætti framleiðsluráðslaganna.

Það þarf ekki að fjölyrða um það, og það er reyndar gamalkunnugt mál, að neytendur hafa oft og tíðum talið að á boðstólum væru ekki kartöflur á borð við þær sem neytendur annarra landa geta fengið, og margoft hafa komið fram kvartanir um framleiðslu íslenskra kartaflna. Í þessu sambandi má minna á að í síðasta mánuði, 25. mars 1982, sendi Félag matvörukaupmanna og kjörverslana áskorun til landbrn. þar sem farið var fram á að felld yrði úr gildi auglýsing frá rn. um breytingu á reglugerð um Grænmetisverslun landbúnaðarins, um mat og flokkun kartaflna og grænmetis, en hún er nr. 162 frá 1962, en reglugerðarbreytingin var út gefin 25. okt. 1968. Í grg. með ályktun kaupmannanna, sem hafa reynslu af sölu kartaflna, segir að þessi áskorun sé gerð að fenginni reynslu síðustu ára, sem tvímælalaust bendi í þá átt, að ef slakað er á stærð og gæðum þeirra kartaflna, sem á markaðinn koma, dragist sala þeirra saman. Hér er að vísu farið inn á einn ákveðinn þátt þessara mála, sem kannske skiptir ekki öllu, en þetta nefni ég því það hefur verið tilhneiging að viðhalda stærðarmati á kartöflum eins og það var ákveðið þegar spretta var með minnsta móti á kalárum fyrir nokkrum árum.

Ég vil geta þess, að vissir erfiðleikar eru á framkvæmd núverandi framleiðsluráðslaga, sérstaklega með tilliti til þess, að Samband garðyrkjubænda á ekki fulltrúa í framleiðsluráði. Er þetta atriði til skoðunar, þótt að sjálfsögðu sé ekki hér tillaga til breytingar á því efni.

Samband garðyrkjubænda samdi á sínum tíma umsögn um þetta mál og annað sem snertir breytingu á framleiðsluráðslögunum. Sú umsögn var neikvæð að mjög verulegu leyti, en var byggð á misskilningi og úreltum viðhorfum a. m. k. sumra manna í stjórn þeirra samtaka. Sem dæmi vil ég lesa smákafla úr þessari umsögn, sem send var landbn. fyrr á þessu þingi, reyndar áður en málið kom til nefndarinnar. Þar segir svo, með leyfi forseta, þegar vikið er að hættunni af þessari breytingu:

„Er hættan einkum sú, að einn viti ekki hvað annar gerir ef margir aðilar koma í málið. Á þetta ekki síst við um innflutning. Er þá alltaf viss hætta á að magn, sem inn er flutt, sé ýmist of eða van, einnig að ýmsir eygi þarna það, sem þeir halda að sé fljóttekinn gróði, og fari að flytja inn án þess að hafa viðunandi geymslu og búnað og fari jafnvel að kaupa af fleiri aðilum, sem eru að bjóða lélega vöru á lægsta verði."

Hér er að sjálfsögðu horft fram hjá því, að gera verður kröfur til innflytjenda um að þeir hafi nægilega góðar geymslur. Síður en svo er loku fyrir það skotið með tillöguflutningi þeirra sem standa að þessu frv.

Í öðru lagi kemur þarna fram verulegt vanmat á markaðnum og hvernig kaupin gerast á eyrinni. Með langflestar vörutegundir er sem betur fer frjáls verslun hér á landi, og ekki hefur verið sannað að það hafi orðið til þess að neytendur hafi fengið verri vöru en ella. Þvert á móti má halda því fram, að einokun hafi gert það að verkum, að verri vara sé á boðstólum, og án þess að ég taki alveg undir allar þær kvartanir, sem komið hafa fram um það efni, sýnist mér að neytendur og kaupendur kartaflna, sem fluttar eru til landsins, séu ekki ýkja

hrifnir af gæðum innfluttra kartaflna, ekki síst eftir að stór hluti þjóðarinnar fékk að kynnast því sem erlendis ber nafnið kartöflur.

Að lokum má geta þess, að um langan aldur hafa innflytjendur flutt inn ávexti og innflutningsfrelsi hefur verið á ávöxtum án þess að þau vandkvæði hafi komið fram sem um getur í umsögn stjórnar Sambands garðyrkjubænda. Ávaxtainnflutningur krefst að sjálfsögðu góðs geymslurýmis, góðra geymslna, og smám saman gerist það, sem eðlilegt er, að nokkrir innlfytjendur sérhæfa sig í innflutningi á svo viðkæmri vöru. Þannig má benda á að þrjár heildsölur eru yfirgnæfandi stærstar í innflutningi ávaxta annarra en banana, þ. e. Samband ísl. samvinnufélaga, Eggert Kristjánsson og Björgvin Schram, svo ég nefni þá sérstaklega til sögunnar.

Annað í þessari umsögn er í svipuðum dúr, byggist annaðhvort á misskilningi á grg. fyrra frv. eða úreltum viðhorfum og jafnvel ótta sem ég tel að öllu ástæðulausan.

Ég held að það sé ljóst, að sölufyrirkomulag þurfi að endurskoða. Það er von okkar, sem stöndum að þessu frv., að með því sé þrýst á breytingar í þessum efnum. Að lokum vil ég mælast til þess, herra forseti, að máli þessu verði vísað til hv. landbn. til frekari fyrirgreiðslu.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta virðist flutt í þeim tilgangi að liðka um ákvæði sem gilda um sölumeðferð garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu. Tilgangi frv. er lýst í grg. með þeim orðum, að hann sé fyrst og fremst sá að stuðla að aukinni neyslu og jafnara framboði matjurta og á gróðurhúsaframleiðslu allt árið um kring um leið og markaðsaðilar eru örvaðir með meira frjálsræði til að þjóna neytendum sem best á þessu sviði. Þessi tilgangur frv. er mjög góðra gjalda verður og er æskilegt ef unnt væri með lagaákvæðum og reglugerðarákvæðum um sölumeðferð þessara vara að greiða fyrir því, að neysla þessarar hollu og ódýru vöru aukist og að unnt sé að þjóna markaðnum sem best. Öll innlend framleiðsla hlýtur að hafa þann megintilgang að laga sig að hæfi markaðarins, einkanlega þess markaðar sem er í landinu sjálfu, og framleiða sem allra besta vöru til þess að neyslan geti haldist og helst aukist. Þessi tilgangur frv. er því mjög góðra gjalda verður. Hitt er svo aftur meira vafamál, hvernig þeim tilgangi verði náð.

Ég vek athygli á því, að það er kannske ekki alveg fullt samræmi með skýringum eða athugasemdum frv. við einstakar greinar og frvgr. sjálfum. Í aths. virðist frvgr. túlkaðar nokkuð sterkar en texti greinanna gefur tilefni til. Þannig segir t. a. m. í aths. við 1. gr., að með greininni sé heildsöludreifing á garðávöxtum svo og matjurtum framleiddum í gróðurhúsum gefin frjáls. Í greininni sjálfri segir:

„Landbrn. hefur á hendi yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu og setur reglur um mat og gæðaflokkun matjurta. Það getur falið Framleiðsluráði landbúnaðarins að annast sölumál framleiðslu innlendra matjurta."

Þannig kemur það fram, að ríkisstj. eða landbrn. getur falið tilteknum aðila að annast sölumeðferð þessara vara.

Í aths. við 2. gr. frv. segir, að með þessari breytingu falli niður einkaréttur ríkisstj. til innflutnings á kartöflum og grænmeti, en í frvgr. segir:

„Ríkisstj. er heimilt að takmarka eða banna innflutning á garðávöxtum og matjurtum, sem ræktaðar eru í gróðurhúsum hérlendis, þann tíma sem innlend framleiðsla er fáanleg í landinu. Á öðrum tíma er innflutningur heimill að fengnu leyfi sem ríkisstj. gefur út."

Það kemur sem sagt fram í frvgr. sjálfum, að gert er ráð fyrir að ríkisstj., þ. e. landbrn., hafi í hendi sér að takmarka og banna innflutning þann tíma sem framleiðsla á þessari vöru er talin nægileg í landinu og birgðir nægilegar, en á öðrum tímum að gefa leyfi til innflutnings, og það leyfi getur landbrn. samkv. frv. veitt hverjum sem er. Það er því ekkert sem segir beint í þessum frvgr. að það sé mjög gagngert horfið frá því skipulagi sem nú ríkir í þessu máli. Hins vegar gefur frv. tilefni til þess, að unnt sé að liðka það skipulag með verulegum hætti ef það sýnist vera hagkvæmt. Ég tel, að þessi ákvæði frv. séu þess efnis, að þau sé allrar athygli verð, og ég tel eðlilegt að þau hljóti nánari athugun til að fá úr því skorið, eftir því sem unnt er, hvort unnt sé með fyrirkomulagsbreytingum á verslun með þessa mikilvægu vöru að ná því, sem segir að sé aðaltilgangur frv., að stuðla að aukinni neyslu og jafnara framboði á þessum mikilvægu vörum og að það gerist án þess að framleiðendur taki óeðlilega áhættu.

Ég tel ástæðu til að vekja á því athygli, að einkasölu Grænmetisverslunarinnar á dreifingu kartaflna t. a. m. í landinu hafa fylgt kvaðir, og jafnframt, að ýmis vandkvæði eru samfara sölumeðferð kartaflna og annarra matjurta. Það hefur t. a. m. verið haldið nokkuð niðri álagningu á þessa vöru. Nú er álagning á kartöflur í heildsölu frekar lág eða 9.25%. Þessari einkasölu hefur fylgt sú kvöð að annast dreifingu á kartöflum á öllu landinu, þannig að þar sem umsetning eða framleiðsla er lítil og óhagkvæmt er að versla með kartöflur sé Grænmetisverslun landbúnaðarins skylt að sjá um að þessi vara sé á boðstólum. Grænmetisverslun landbúnaðarins hefur annast jöfnun á flutningskostnaði kartaflna út á landsbyggðina og reynt að stuðla að sem hagkvæmustum flutningum á þessari vöru á milli landshluta. Þessar kvaðir er vert að hafa í huga um leið og öll þessi mál eru tekin til athugunar. Það má ekki gera of lítið úr því, að hér er um viss vandkvæði að ræða sem nauðsynlegt er að taka fullt tillit til.

Þá er það einnig öllum ljóst, að kartöflur ekki síst og raunar matjurtir yfirleitt eru viðkvæmar vörur sem þurfa að geymast í góðum geymslum og vera í geymslu sem er hið skemmsta frá neytandanum þannig að ekki líði óhóflega langur tími frá því að varan er tekin úr geymslu og þangað til hún er komin á borð neytandans því þá er segin saga að gæði vörunnar rýrna mjög. Að ýmsu þarf því að hyggja í meðferð á þessari vöru á þeirri vegferð sem hún þarf að fara eftir frá framleiðanda yfir á borð neytandans.

Það er eðlilegt að landbrn. fari með yfirstjórn innlendrar matjurtaframleiðslu, en það er auðvitað ekki mögulegt fyrir landbrn. að annast daglega stjórnun að því er varðar framleiðslu og sölu þessara vara.

Þessi mál öll hafa verið og eru í nokkurri athugun. Þannig hefur raunar, eins og kom fram í máli hv. frsm., starfað nefnd að því að semja relgugerð um flokkun og mat garðávaxta og hefur sú nefnd skilað áliti. Ég býst við að sú reglugerð verði gefin út hið allra fyrsta. Ég tel að í þeirri reglugerð séu ákvæði sem ættu að gefa tilefni til þess, að það gæti tekist friður t. a. m. um stærðarmörk á kartöflum að því er flokkun snertir, en það er aðeins eitt atriði af mörgum er mjög koma til umræðu þegar

ákvarðanir eru teknar um flokkun og mat á kartöflum.

Ég vildi láta þessar athugasemdir og hugleiðingar mínar koma fram við 1. umr. þessa frv. Ég tel ekki líkur til að það verði afgreitt á þessu þingi. En þau mál, sem það fjallar um, eru vandmeðfarin, og ef það er rétt, að neysla á kartöflum t. a. m. dragist verulega saman í landinu, er það eitt út af fyrir sig alvarlegt mál og þá er hætt við að það a. m. k.ýti undir grunsemdir um að eitthvað sé vangert í meðferð þessara mála, að vöruvöndun sé ekki næg, að gæðamat sé ekki í nægilega góðu lagi eða að önnur atriði komi til sem spilli því, að neysla haldist í því horfi sem eðlilegt er á jafnþýðingamikilli og góðri vöru. Sé þetta svo gefur það auðvitað þeim mun meiri ástæður til að athuga þessi mál frá grunni, en sú endurskoðun á fyrirkomulagi þessara mála mun tæplega leiða til þess, að um einhverja gerbyltingu verði að ræða. Ég met það svo, miðað við efni þessa þskj., að það sé ekki tilgangurinn, heldur sé tilgangurinn að freista þess að benda á leiðir til að liðka þetta fyrirkomulag nokkuð. Þær leiðir tel ég eðlilegt að séu kannaðar nánar.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Eins og kom fram hjá hv. 1. flm. þessa frv. var frv. borið fram á síðasta þingi og hv. þm. var þá mikið í mun að frv. yrði sent út til umsagnar. Ég held að það hafi verið á síðustu dögum þingsins eða í síðustu viku þingsins sem frv. kom þá til umræðu. Tjáði ég honum, þegar hann ítrekaði það við mig í einkaviðtali, að það mundi ekki verða fundur um þetta mál í landbn., en hins vegar sendi ég frv. að beiðni hans til nokkurra aðila.

Eins og kom líka fram í máli hv. flm. barst landbn., á meðan frv. á þskj. 116 var á dagskrá, fyrsta umsögnin og fékk 1. flm. umsögnina í hendur. Viðbrögð hans urðu þau, að hann talaði aldrei fyrir þessu frv., heldur dró það til baka og tjáði mér að hann þyrfti að athuga þetta mál betur. Nú á síðustu dögum þingsins kemur þetta frv. og sömu hv. flm. að því og hinu. Breyting er að vísu nokkur á grg., en aðeins á einni greininni í sjálfu frv. og hún er raunar ekki veigamikil. Það er breyting á 36. gr. laganna, að framleiðsluráði sé skylt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda svo og aðra heildsöluaðila, enda fullnægi þeir ákvæðum þessara greinar svo og ákvæðum 32. gr. Í lögunum, eins og þau eru, er heimilað að gera þetta. Þarna á það að vera skylt, og að vísu er þarna opnað fyrir heildsöluaðila. Eins og kom líka fram í máli hv. flm. liggur annað frv. fyrir landbn. um svipað efni. Að vísu eru þar róttækari breytingar á fleiri greinum framleiðsluráðslaganna en í því frv. sem hér er til umr.

Ég vil vekja athygli á því þegar, að allir aðilar, þ. e. Búnaðarþing, framleiðsluráð og félag framleiðendanna sjálfra, eru andvígir þessu frv. Mér fannst það nokkuð athyglisvert, að hv. þm. Steinþór Gestsson, sem er í stjórn Búnaðarfélags Íslands, skuli vera einn af flm. þessa frv., þegar það lá fyrir að allir þessir aðilar, sem ég ræddi um, voru því algerlega andvígir.

Hæstv. landbrh. skýrði það, að grg. og athugasemdir við einstakar greinar frv. væru ekki í samræmi við texta greinanna. Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem ráðh. sagði í þessu máli, en vekja samt athygli á þessu aftur og undirstrika þetta ósamræmi.

Það er náttúrlega dálítið óvenjulegt að það skuli liggja fyrir við 1. umr. umsagnir frá mörgum aðilum. Ég ætla ekki að tefja tímann með því að lesa þær, ég er með þær allar fyrir framan mig, en ef þetta mál kæmi út úr nefnd, hvort sem það verður nú eða síðar, mun ég náttúrlega skýra þinginu frá umsögnunum, vegna þess t. d. að þó að ég sé alls ekki sammála öllu sem kemur fram, sérstaklega í umsögninni frá félagi garðyrkjubænda, eru þeir að ræða um mál sem þeir þekkja mjög vel.

Auðvitað mætti ætla það, að ef Grænmetisverslunin stæði í sínu hlutverki á réttan hátt, — ég veit ekki, það hefur ekki komið fram hér, hvort hún gerir það ekki, — en ef hún gerði það ættu þessi mál að vera betur þar komin en hjá öðrum. Eitt er víst, að með þessum frv., og þó sérstaklega með frv. hv. þm. Alþfl., ef það væri samþykkt, er gerð tilraun til að brjóta niður sölufélög bændanna.

Ég sé að hv. þm. Árni Gunnarsson, sem er með mér í landbn., er að biðja um orðið, en þá vil ég sérstaklega biðja hann að athuga breytinguna í 5. gr. og 7. gr. í þeirra frv. þar sem jöfnun flutningskostnaðar milli sölusvæða er felld niður. Það er auðvitað eitt af stærstu atriðum til að jafna lífsaðstöðuna alls staðar í landinu að jafna þetta, og landbúnaðurinn hefur gengið lengra í því en aðrir að reyna að jafna þannig að verðið sé sem líkast á öllum stöðunum. Þannig er það með mjólkurvörurnar, þannig er það með kjötið og þannig er það með grænmetið að mestu leyti. Ef t. d. þessi ákvæði þessara frv. færu lögfest blasir við að þarna er verið að stíga skref langt aftur á bak.

Það er með þessar vörur, eins og t. d. kartöflurnar, að það er ákaflega erfitt að geyma þær, það þarf sérstakar geymslur. Það er ekki fyrr en nú á síðustu árum að þessar geymslur eru komnar upp í landinu. Ef þessi innflutningur væri á margra manna höndum efast ég a. m. k. um það fyrir mitt leyti, að þeir kæmu allir upp slíkri aðstöðu að þessi geymsla væri forsvaranleg. Auðvitað mundi það koma niður á þeim sjálfum. — En bændurnir hafa svolitla reynslu af því að láta aðra dreifa fyrir sig vörum. Áður en Osta- og smjörsalan var stofnuð hafði t. d. Kaupfélag Eyfirðinga ekki annað ráð en að fá heildverslun í Reykjavík til að dreifa sínum vörum, en eftir að Osta- og smjörsalan tók við þessari dreifingu lækkaði dreifingarkostnaðurinn ekki um 100%, heldur um 300%. Það er sú reynsla sem við höfum af þessu félagslega starfi. (Gripið fram í.) Nei, það var heildverslun sem gerði það á þeim tíma.

Ég ætla að láta þetta nægja vegna þess að fundartíminn er að verða liðinn og það eru, eins og kom fram hjá hæstv. landbrh., engar líkur til að þetta mál fái afgreiðslu á þessu þingi, enda sjálfsagt ekki ætlast til þess af hv. flm. Þeir hefðu verið búnir að flytja þetta mál fyrr ef þeir hefðu ætlast til þess. Það gefst því tími og tækifæri til að ræða þessi mál á næsta þingi, ef þau verða endurflutt.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það eru, held ég, efnislega réttar athugasemdir bæði hjá hæstv. landbrh. og nú síðast hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að í því frv. þeirra Sjálfstfl.-manna, hv. þm., sem hér er til umr. og nú er flutt með lítils háttar breytingu, er nokkur áherslumunur á annars vegar því, sem lýst er í grg., og hins vegar hinu, sem segir í greinum frv. Ég er ekki alveg frá því, að það sé eins og hv. þm. Friðrik Sophusson hafi samið grg., en hv. þm. Steinþór Gestsson hafi samið lagagreinarnar. Ég veit ekki hvaða hlutverk hv. þm. Albert Guðmundsson hefur þá haft í þeim efnum. Þetta eru auðvitað alveg réttar ábendingar. En það er rétt: Hugmyndir hníga í

þessa átt. Skýring á þessu kann að vera sú, að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, eins og heyra mátti á síðustu ræðu, og menn munu sennilega freista þess að sjá hvað þeir komist langt í þessum efnum.

Ég held að það sé líka rétt hjá hv. 2. þm. Norðurl. e., að hvað varðar það frv., sem sex þm. Alþfl. hafa flutt, raunar nú á öðru þinginu í röð, eru þau aðalatriði, sem nefnd voru, skarpari eða róttækari, einkum í 5. gr. þess frv., eins og hann tók réttilega fram. Að öðru leyti er óþarfi að vera að bera þessi frv. saman efnislega. Það er líka rétt, að þetta mál verður varla afgreitt í landbn. á þessu þingi, en það ætti að verða þegar í upphafi næsta þings. Þá ættu menn að geta lagt þessi frv. tvö saman. — Ég skil raunar ekki af hverju það var ekki unnið í landbn. í vetur á grundvelli þess frv. sem þó lá fyrir, í stað þess að vera að flytja nú nýtt frv. rétt fyrir þinglok, því að bæði þessi mál ganga auðvitað í sömu átt. Það er áherslumunur á hvernig framkvæmdin skuli vera. Við hefðum viljað ganga heldur lengra. Við segjum raunar í greinunum það sem sjálfstæðismennirnir segja í grg.

Hins vegar langar mig að segja nokkur orð, því að hv. 2. þm. Norðurl. e. flutti hin hefðbundnu rök á móti þessu. Hann sagði, að vísu ekki um frv. þeirra sjálfstæðismanna, en um frv. okkar, að þar væri lagt til að brjóta niður sölusamtök. Þetta er rangt. Það er auðvitað ekki lagt til. Hjá okkur er það sagt beinum orðum og óbeinum í því frv. sem hér er til umr., að ríkisstj. veiti leyfi og raunar viðskrn. til innflutnings á kartöflum og nýju grænmeti. Þetta er í 5. gr. „Leyfið skal því aðeins veitt að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn og innflutningsaðili uppfylli kröfur um heilbrigði og hollustuhætti, sbr. 32 gr." Þetta snertir auðvitað ekki hagsmuni söluaðila á einn eða neinn hátt til skaða fyrir þá að öðru leyti en því, að einokun er af þeim tekin. Eftir sem áður starfa auðvitað sölusamtökin með nákvæmlega sama hætti og þau hafa gert til þessa. Það fær einfaldlega ekki staðist, að halda því fram, að með þessu sé verið að brjóta niður sölusamtökin.

Enn fremur var hér í vetur talað um, og það var nefnt aftur hér, það sem í okkar frv. segir um verðjöfnunargjald á kartöflum. Það er alveg rétt, að þó að það snerti þetta mál ekki nema óbeint, en það snertir auðvitað Grænmetisverslun landbúnaðarins, leggjum við til að ákvæði í 40. gr. núverandi framleiðsluráðslaga, þar sem veitt er heimild til verðjöfnunargjalds, sé afnumið, enda má færa fyrir því fullgild rök, að þetta verðjöfnunarkerfi sé fyrir löngu farið að vinna gegn sjálfu sér og hafi í raun og veru þann tilgang einn að halda vöruverði uppi, slævi vitund manna fyrir því, að það sé nálægð á milli framleiðslustaðar og neyslustaðar, það skipti mann á ákveðnum stað á landinu engu máli hvort hann sækir vörurnar nær eða fjær því að mismunurinn sé borgaður af neytendum annars staðar. Fyrir þessu má færa fullgild rök. En það skal tekið fram, að þetta er eiginlega hliðarmál við þau mál sem hér eru til umræðu.

En aðalatriði þessa máls er einfaldlega að hér er um hollan varning að ræða, þ. e. þær vörutegundir sem þessi frv. bæði í raun taka til, og aðalatriðið á líka að vera það, að alls staðar erlendis á okkur nálægum menningarsvæðum hefur orðið bylting í neyslu þessa varnings. Sú neyslubylting hefur ekki náð hingað til lands nema að hluta. Það er auðvitað kjarni þessa máls, og það má leiða að því gild rök, að ástæður fyrir því eru að sú hömlun, sem á sér stað á grundvelli Grænmetisverslunar landbúnaðarins, sú margþáttaða hömlun í þessum viðskiptum, hefur komið í veg fyrir eðlilega neyslu þessa varnings hér á landi. Því er í báðum þessum frv., en með nokkuð ólíkum hætti, lagt til að menn fari að þreifa eftir því, að vísu undir eftirliti rn. — viðskrn. hjá okkur, landbrn. hjá þeim — að freista þess að auka vöruúrvalið með þó mörgum takmörkunum varðandi hollustu og heilbrigði til að reyna að auka þessa neyslu. Það hygg ég að allir geti verið sammála um að eiga að vera kappsmál.

Herra forseti. Hér hafa í vetur verið flutt tvö frv. um þetta efni. Ég segi það alveg eins og er, að mér er ekki ljóst af hverju þessi vinna var ekki unnin á grundvelli þess frv. sem búið er að liggja í landbn. í allnokkra mánuði, en einhverjar ástæður hljóta að vera fyrir því. Ég vænti þess, að í septembermánuði, áður en þing kemur næst saman, ef guð lofar, ættu menn að geta sest niður og jafnvel fleiri en hér eiga hlut að máli og reynt að freista þess að búa til heillegt frv. þar sem menn fikra sig inn á þessa braut, en það eru menn sammála um að gera, og jafnvel svo að samið yrði frv. sem ætti meirihlutafylgi á næsta þingi.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna fremur jákvæðum undirtektum hæstv. landbrh. við þetta mál. Ég held að það geri sér allir ljósa grein fyrir því, að það er orðið nauðsynlegt að reyna að auka og bæta úrval þess grænmetis sem er á markaði hér á landi. Hefur mér stundum fundist að Grænmetisverslun ríkisins hafi ekki staðið sig nægilega vel í þeim efnum.

Eitt af grundvallaratriðum þessa máls er auðvitað það sem t. d. hv. þm. Stefán Valgeirsson nefndi hér áðan, að halda uppi jöfnuði í verðlagningu þessarar vöru hér á landi. En ég sé hins vegar enga ástæðu til að ætla að með breyttu og opnara fyrirkomulagi mundi vöruverð verða misjafnara en það er, a. m. k. er ekki kvartað í dag undan því, að verð á ávöxtum almennt í landinu sé mishátt. Þær umkvartanir hef ég ekki heyrt.

Hins vegar er það nokkuð eftirtektarvert í sambandi við frv. þeirra sjálfstæðismanna, sem hér liggur fyrir til umræðu, og frv., sem hv. þm. Vilmundur Gylfason og fleiri Alþfl.-menn hafa flutt, að þau hafa yfirleitt eingöngu verið send mjög fáum aðilum til umsagnar. Þar er einkum um að ræða framleiðsluráðið, sem auðvitað á mjög umtalsverðra hagsmuna að gæta, þar er um að ræða Búnaðarfélag Íslands og Búnaðarþing. Þegar byrjað var að fjalla um frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar í landbn. Nd. spurði ég eftir því hvort málið hefði ekki verið sent fleiri aðilum, en í ljós kom að það hafði ekki verið gert. Að ósk minni var það síðan sent Verslunarráði Íslands, Neytendasamtökunum, Kvenfélagasambandi Íslands og Félagi ísl. stórkaupmanna. Það verður að segjast eins og er, að umsagnir þessara aðila eru auðvitað allt öðruvísi en þeirra sem ég nefndi fyrst. Það kemur t. d. fram hjá Verslunarráðinu að það er mjög fylgjandi þessu. Neytendasamtökin eru í höfuðatriðum fylgjandi frv., þ. e. frv. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem fjallar um svipað efni, enda er þar um að ræða hagsmuni neytenda, en ekki framleiðenda. Og þarna stendur auðvitað hnífurinn í kúnni. Kvenfélagasamband Íslands lýsir yfir fullum stuðningi af eðlilegum ástæðum því það eru nú einu sinni konurnar sem verða að kaupa kartöflurnar. Ég held þess vegna að það sé býsna nauðsynlegt að menn átti sig á því, að hagsmunir aðila í þessum málum fara ekki alveg saman. Það fara ekki saman hagsmunahópurinn, sem

stendur að framleiðslunni eða framleiðsluráðið, og sá hópur, sem þarf að neyta þessarar vöru.

Það hefur komið hér fram og er eðlileg ábending, að menn óttast mjög að með breytingu á því fyrirkomulagi, sem nú ríkir, þeirri einokun, sem nú ríkir, verði brotið niður það verðjöfnunarkerfi sem nú er í gildi vissulega og er virðingarvert. En ég er þeirrar skoðunar, að með hæfilegri og hóflegri samkeppni í innflutningi á þessum vörutegundum megi ná þeim jöfnuði í vöruverði sem nú er. Við skulum líka gæta að því, að neysla á grænmeti hér á landi fer mjög vaxandi og það eru ýmsir aðilar sem flytja nú inn grænmeti í allstórum stíl, grænmeti sem ekki er unnt að rækа hér á landi, og ég veit ekki betur en hin ágætasta sala sé í þessum varningi.

Ég ætlaði ekki að fara mörgum orðum um þetta frv. Ég vildi aðeins benda á það, að í landbn. gerðist það að umsagna var ekki leitað hjá öðrum aðilum en þeim sem fyrir fram var vitað að mundu verða neikvæðir. Það hefði ugglaust verið nauðsynlegt að kanna hvort ekki væri eðlilegt að aðrir aðilar fjölluðu um bæði þau frv. sem ég hef rætt hér um, — þeir aðilar sem eiga hinna eiginlegu hagsmuna að gæta, þ. e. neytendurnir sjálfir, en þeir hafa ekkert fengið að segja í þessum málum, ekki nokkurn skapaðan hlut, heldur eru það þeir aðilar sem framleiða vöruna og dreifa henni í því einokunarfyrirkomulagi sem við höfum nú og verðum að sætta okku við um stund.

Ég vildi aðeins, herra forseti, segja það að ég vænti þess, að það geti komist eitthvert los á það staðnaða kerfi sem hér ríkir um sölu á garðávöxtum almennt. Ég geri ekki verulega mikið úr þeim athugasemdum sem komið hafa fram. Einhverjar þeirra eiga vissulega rétt á sér, en ég er hins vegar sannfærður um að með aukinni samkeppni í sölu og dreifingu á þessum varningi megi ná svipuðum árangri og nú er, nema því aðeins að til viðbótar komi meiri gæði vörunnar og meira úrval. En það er nú það m. a. sem hér skortir mjög á, að úrval er of lítið, það skortir á meira úrval en við höfum nú. — En ég er hlynntur rauða þræðinum í frv., sem hér er til umr., og vænti þess, að þó þetta nái ekki fram að ganga nú verði það tekið upp strax á næsta þingi þannig að þingið fái aðstöðu og möguleika til að fjalla um það betur en nú er gert og á reyni, hvort menn vilja hverfa frá því staðnaða fyrirkomulagi, sem nú er, og taka upp annað sem ég tel vera betra.

Flm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Það er liðið fram yfir venjulegan fundartíma þessarar hv. deildar. Ég mun þess vegna reyna að vera stuttorður.

Ég vil byrja á að þakka hæstv. landbrh. fyrir framlag hans til þessara umræðna. Það er rétt, sem kom fram hjá honum, að hér er varla um gerbyltingu að ræða samkvæmt orðanna hljóðan, en ég þakka honum sérstaklega fyrir að hann skuli hafa sagt hér að hann telji ástæðu til að kanna og láta skoða nánar hvort unnt sé að ná fram þeim tilgangi sem var lýst m. a. í framsöguræðu minni. Það kom fram hjá hæstv. ráðh., að hann teldi tilganginn vera góðra gjalda verðan og æskilegt væri að greiða fyrir bættu fyrirkomulagi. Fyrir þetta vil ég sérstaklega þakka.

Varðandi það, hvort fullt samræmi sé á milli greinanna í frv. og grg., má auðvitað deila. Séu aðeins lesnir fyrstu málsliðir í grg. má kannske segja að gefist tilefni til að halda að um verulegar breytingar væri að ræða. En þegar grg. er lesin alveg er ekkert annað sagt í grg. með einstökum greinum en það sem stenst í sjálfu frv. Auðvitað má deila um hvort verið sé að gefa eitthvað frjálst, en á því er auðvitað munur hvort mörgum sé leyft að flytja inn garðávexti t. d. þegar haft er í huga að núverandi orðalag laganna er þannig, að enginn megi versla með þessar vörur nema með leyfi framleiðsluráðs, og að enn fremur segir í lögum nú að ríkisstj. hafi einkarétt til að flytja til landsins kartöflur. Í ljósi þessara núgildandi lagaákvæða verða menn að skilja það orðalag sem kemur fram í grg., en ég tek fram að þetta er algert smámál. Það, sem skiptir auðvitað máli, er framkvæmdin, ef þetta frv. eða annað álíka yrði að lögum t. d. á næsta þingi.

Um ræðu hv. 2. þm. Norðurl. e. hef ég fátt að segja. Ég hef heyrt þessi sjónarmið áður. Þau hafa komið fram ávallt þegar hv. þm. hefur rætt þessi mál. Hann minntist á að ég hefði beðið um að málið yrði sent út til umsagnar í fyrra. Það er rétt. Það var vegna þess að hv. þm. vildi eindregið fá málið til sinnar nefndar, en ég hafði lagt til að málið færi til allshn. þar sem frv. jafnaðarmanna hafði verið til umfjöllunar á síðasta þingi. Ég greip auðvitað tækifærið, þegar hv. þm. sagði að málið ætti að fara til landbn., og kaus að rétta honum frv., m. a. vegna þess að ég treysti honum til að senda málið út til umsagnar, en hv. 6. þm. Norðurl. e., Árni Gunnarsson, hefur sagt frá því hér í ræðu hvernig fór með þær umsagnir. Ég fagna því hins vegar að hv. þm. Stefán Valgeirsson vilji ræða þetta mál frekar á næsta þingi, og ég vænti þess fastlega, að þá hafi hann skoðað málið með sama hugarfari og kom fram hjá hæstv. landbrh.

Það gefst ekki tími hér til að fjalla um það sem kom fram í ræðu hv. þm. um 300% álagningu hjá heildsölum og þess háttar mál. En ég vil aðeins benda á að við höfum hér í Reykjavík fyrirtæki, m. a. Osta- og smjörsöluna, og Mjólkurbú Flóamanna, sem eru sölu- og dreifingarfyrirtæki landbúnaðarins og ég get ekki séð á hús byggingum og húsakosti þessara fyrirtækja að þau búi við vanefni. Ég get vel ímyndað mér að þeir fjármunir, sem eru notaðir til uppbyggingar þessara ágætu fyrirtækja, komi að einhverju leyti frá þeim sem kaupa vöruna. Ég get ekki ímyndað mér annað. Það er svo efni í aðra ræðu, hvort það geti verið að álagningin sé í sumum tilvikum, og um það hefur verið deilt áður á þingi, m. a. á skattfé borgaranna. Þá á ég við þær niðurgreiðslur sem við leggjum fram úr sameiginlegum sjóði og eru síðan notaðar sem stofn þegar um álagningu er að ræða, t. d. við sölu slíkra afurða erlendis, eins og fram hefur komið og viðurkennt hefur verið.

Ég fagna þeim stuðningi, sem kemur frá hv. 9. þm. Reykv., og tel ástæðu til að kanna hvort hægt sé við upphaf næsta þings, og þá væri ekki verra að frumkvæði landbrn. kæmi til, að útbúa frv. sem gæti fundið leið út úr þeim ógöngum sem þessi mál eru í.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. drap á það, sem ekki er til umræðu beinlínis hér, að það þyrfti að vera meiri fjölbreytni varðandi þær vörutegundir sem við fjöllum hér um. Ég vil koma því á framfæri, fyrst þessi mál eru til umræðu, að það er auðvitað einkennilegt, að það kemur fyrir kannske mánuðum saman að aðeins er ein kartöflutegund til í búðum hér í Reykjavík. Ég er hræddur um að neytendur annars staðar, í öðrum löndum, mundu ekki una við slíkt, og ég veit að þeir menn, sem fara með þessi mál í landbrn., hafa ekki verið ánægðir með framkvæmd laganna t. d. hvað vöruval snertir.

Að síðustu, herra forseti, vil ég segja það, að hér er aðeins verið að opna smárifu, nánast að gera tilraun til að

athuga og kanna hvort ekki sé hægt að fá betri framkvæmd á þessum málum. Ég vil að allra síðustu þakka hæstv. landbrh. fyrir þá yfirlýsingu, að hann vilji skoða það og kanna hvort ekki sé hægt að finna fyrirkomulag sem sé betur við hæfi en það sem við búum við.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sameinað þing, 28. apríl.

Kostnaður við Búnaðarþing.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar um kostnað við Búnaðarþing 1982, á þskj. 596, sent þm. 28. apríl.

Laun fulltrúa og starfsmanna	Kr.	162 360
Dvalarkostnaður fulltrúa	—	179 655
Ferðakostnaður fulltrúa	—	50 169
Annar kostnaður	—	51 872
Samtals	kr.	444 056

Laun þingfulltrúa voru á dag kr. 330.00 og dvalarkostnaður kr. 435.00 pr. dag.

Forfalla- og afleysingaþjónusta í sveitum.

Svar landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Vilmundar Gylfasonar um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, á þskj. 595, sent þm. 28. apríl.

Hér fer á eftir starfsskýrsla mín um framkvæmd forfalla- og afleysingaþjónustu á árinu 1981 sem birtist í „Til Búnaðarþings 1982".

„Árið 1981 var fyrsta heila starfsár forfallaþjónustunnar, en hún tók til starfa 1. júlí 1980 samkvæmt lögum nr. 32/1979.

Búnaðarfélag Íslands fer með yfirstjórn hennar í umboði landbúnaðarráðuneytisins, en búnaðarsamböndin ráða starfsmenn og sjá um framkvæmdina hvert á sínu svæði. Lögin áttu að koma til framkvæmda á árunum 1979—1981, en fjárveiting var fyrst á fjárlögum 1980 og þá til að greiða laun 20 afleysingamanna hálft það ár. Á árinu 1981 voru til ráðstöfunar laun til 20 manna allt árið auk launa til 10 manna frá 1. júlí eða til 25 ársstarfa auk 2ja ársstarfa, sem ekki voru nýtt á árinu 1980.

Fjárveitingunni var ekki skipt milli búnaðarsambandanna eins og gert var á árinu 1980, heldur var hverju búnaðarsambandi greitt eftir þörf og innsendum vinnuskýrslum.

Öll búnaðarsamböndin hafa nú hafið forfallaþjónustu.

Á yfirliti því, sem hér fer á eftir, er sýnd þörf einstakra sambanda fyrir afleysingamenn í mánuðum á árinu 1981.

Samkvæmt yfirlitinu hafa verið nýtt 26 ársstörf af 27, sem voru til ráðstöfunar á árinu, en að meðaltali var þörfin á hver 100 býli 7 mánuðir á árinu. Um 325 heimili nutu þjónustu á árinu í lengri eða skemmri tíma en þó að hámarki í 24 daga.

Í lögunum er aftur á móti reiknað með að ráða megi allt að 60 menn til afleysingastarfa eða sem svarar 16 mánuðum á hver 100 býli.

Ekki er gott að segja, hver aukningin verður á næstu árum, en ljóst er að einhver hluti bænda hefur ekki nýtt sér þessi réttindi vegna þess, að enn vantar kynningu á starfseminni meðal bænda, svo að reikna má með aukningu á næstu árum.

Fæst búnaðarsambandanna hafa fastráðið starfsmenn til að gegna störfum afleysingamanna, heldur hefur að mestu leyti verið um lausráðið fólk að ræða, sem annars vegar búnaðarsamböndin semja við að vera til taks, ef á þarf að halda, eða semja við í sérhverju tilviki, eða hins vegar fólk, sem bændur og húsfreyjur sjá um útvegun á.

	Mánaða-fjöldi	Mán. pr. 100 býli
Búnaðarsamb. Kjalarnesþings ...	5.0	4.6
Búnaðarsamb. Borgarfjarðar ...	28.0	7.9
Búnaðarsamb. Snæfellinga	17.0	9.9
Búnaðarsamb. Dalamanna	20.5	13.4
Búnaðarsamb. Vestfjarða	14.0	5.4
Búnaðarsamb. Strandamanna	5.0	4.2
Búnaðarsamb. V-Húnavatnssýslu .	16.5	9.4
Búnaðarsamb. A-Húnavatnssýslu .	19.0	8.9
Búnaðarsamb. Skagfirðinga	21.0	6.3
Búnaðarsamb. Eyjafjarðar	20.5	5.4
Búnaðarsamb. S-Þingeyinga	19.5	7.0
Búnaðarsamb. N-Þingeyinga	4.0	3.1
Búnaðarsamb. Austurlands	42.0	8.3
Búnaðarsamb. A-Skaftfellinga ...	7.0	7.1
Búnaðarsamb. Suðurlands	74.0	6.4
Samtals	313.0	eða 26 ársstörf

Ég tel að þessi þjónusta við bændur, sem þeir sömdu um við stjórnvöld með eftirgjöf á hækkun launa sinna í desember 1978, hafi þegar sannað gildi sitt og sé mikið öryggisatriði fyrir bændur og húsfreyjur.

Ég tel framkvæmdina af hálfu búnaðarsambandanna hafa tekist mjög vel, þó mörg atriði hafi komið upp í fyrstu, sem þörfnuðust úrskurðar Búnaðarfélags Íslands.

Það er von mín, að eftirleiðis megi segja að starfið sé komið í nokkuð fastmótaðar skorður og þakka ég þeim mönnum, sem umsjón hafa með þessum málum hjá búnaðarsamböndunum, fyrir samstarfið."

Heildarkostnaður við framkvæmd laganna er þannig sundurliðaður eftir árum:

1979 kostnaður enginn og engin fjárveiting
1980 G. kr. 42 079 426
1981 G. kr. 2 039 614

Hjálagt fylgja leiðbeiningar til bænda og afleysingafólks um fyrirkomulag starfseminnar og skyldur bænda og afleysingafólks.

Greiðslur til búnaðarsambanda fara fram eftir innsendum vinnuskýrslum og læknisvottorðum.

f.h. Búnaðarfélags Íslands.
Viðar Þorsteinsson

Leiðbeiningar um fyrirkomulag forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum.

Um forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum fer eftir ákvæðum laga nr. 32/1979 og reglugerðar nr. 422/1979 frá 11. október 1979.

Hér fara á eftir nokkur ákvæði reglugerðar svo og erindisbréfs, sem Búnaðarfélag Íslands hefur gert fyrir afleysingamenn.

Yfirstjórn forfallaþjónustu landbúnaðarins er í höndum Búnaðarfélags Íslands í umboði landbúnaðarráðuneytisins.

Búnaðarsamböndin stjórna forfallaþjónustunni hvert á sínu starfssvæði.

1. Ósk um aðstoð.

Bú eða heimili, sem óskar eftir að njóta aðstoðar forfallaþjónustu, vegna forfalla bónda eða maka hans, skulu tilkynna það formanni viðkomandi búnaðarfélags, sem síðan tilkynnir það stjórn forfallaþjónustunnar hjá búnaðarsambandinu. Skal þá liggja fyrir læknisvottorð um að viðkomandi sé óvinnufær. Ef um bráð veikindi eða slys er að ræða er heimilt að veita aðstoð þótt læknisvottorð sé ekki þá þegar fyrir hendi. Læknisvottorðs má einnig krefjast til staðfestingar á því, hve lengi forföll hafi varað. (sjá 8. gr. reglugerðar).

2. Hverjir eiga rétt til aðstoðar og hve lengi?

Allir bændur og þeir, sem veita búum forstöðu, og makar þeirra eiga rétt á aðstoð skv. ákvæðum þessum, enda hafi þeir meiri hluta tekna sinna af landbúnaði og séu aðilar að Lífeyrissjóði bænda.

Þeir bændur, sem hafa meiri hluta tekna sinna af öðru en landbúnaði skv. skattframtali, eiga rétt sem hér segir:

40—50% tekna af landbúnaði veitir 75% rétt
30—40% tekna af landbúnaði veitir 50% rétt
20—30% tekna af landbúnaði veitir 25% rétt

Ef tekjur af landbúnaði eru undir 20% tekna veitir það ekki rétt skv. ákvæðum þessum. Stjórn Búnaðarfélags Íslands sker úr um ágreiningsefni, sem upp kunna að koma varðandi rétt einstaklinga skv. ákvæðum þessum. (7. gr. reglugerðar).

Í 11. gr. reglugerðar eru enn fremur eftirfarandi ákvæði:

Nú er ekki þörf fyrir mann, sem ráðinn er í afleysingastörf, til starfa í veikinda- eða slysatilfellum, skal þá leitast við að ráða manninn til starfa hjá þeim, sem þurfa að fara frá búi af öðrum orsökum, svo sem við töku orlofs eða til almennra bústarfa hjá bændum. Skal þá viðkomandi bóndi greiða starfið að fullu.

3. Launagreiðslur, vinnutími o. fl.

Föst laun afleysingamanna greiðast úr ríkissjóði og eru þau miðuð við 40 stunda vinnuviku, 8 stundir á dag.

Afleysingamanni er skylt, þegar brýn nauðsyn er á, að vinna óhjákvæmileg bústörf dag hvern allt að 24 daga í senn á einu og sama búi gegn samfelldu fríi á eftir, jafnlöngu og unnir frídagar eru, en án sérstakrar aukaþóknunar.

Vinni afleysingamaður lengur en 8 tíma á dag, greiðir viðkomandi bú honum þá yfirvinnu, sem um semst.

Um þetta segir enn fremur í erindisbréfi:

„Haga skal vinnutíma í samræmi við venjulega vinnuhætti við gegningar og mjaltir og getur hluti af frítíma afleysingamanns þannig fallið á milli mála. Um mat á því, hvað telst eðlilegt að afleysingamaður geti annast í dagvinnutíma, á 8 stundum, skal hafa hliðsjón af bústærð og vinnuaðstöðu. Verði ekki samkomulag um þetta skal yfirmaður afleysingþjónustu á viðkomandi svæði leitast við að ná samkomulagi.

Jafnan skal greiða yfirvinnu, sem unnin er. Tímalaun fyrir yfirvinnutíma eru 1% af mánaðarlaunum afleysingamanns og skal stjórnandi afleysingaþjónustu veita aðilum upplýsingar um það, hver þau eru á hverjum tíma."

Afleysingafólk skal hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá viðkomandi búi á starfstíma sínum.

Ef aðstæður leyfa geta afleysingamaður og viðkomandi bóndi komið sér saman um að afleysingamaður fari daglega til heimilis síns til gistingar gegn sanngjarnri aukagreiðslu, sem bóndinn greiðir. Viðkomandi bú greiðir ferðakostnað afleysingamanns við komu og við brottför er starfi hans lýkur.

Heimilt er að jafna ferðakostnað afleysingamanna innan einstakra starfssvæða, enda samþykki aðalfundur viðkomandi búnaðarsambands/sambanda slíka ráðstöfun.

Hámarkstími, sem bóndi getur haft afleysingamann með framangreindum kjörum, er 24 dagar á ári. Sama gildir um maka hans. Ekki er hægt að fá aðstoð fyrir skemmri tíma í einu en tvo daga.

Heimilt er bónda, sem ekki nýtur hámarks réttar til þjónustu, sbr. 2. málsgr. 7. gr., að hafa afleysingamann í allt að 24 daga á ári, sé afleysingamannsins ekki þörf annars staðar, og greiðir hann laun afleysingamannsins þann tíma, sem er umfram rétt hans.

Nú hefur afleysingamaður lokið hámarks dvalartíma hjá bónda og er þá heimilt, sé þess óskað, að framlengja dvöl hans ef hans er ekki þörf annars staðar, en þá greiðir viðkomandi bóndi laun afleysingamannsins. Þess skal ávallt gætt, að unnt sé að veita aðstoð í bráðum veikinda- og slysatilfellum, svo að svigrúm gefist til að gera aðrar ráðstafanir. (Sjá 9. gr. reglugerðar).

4. Um starfsskyldur og starfshætti afleysingamanna.

Eftirfarandi atriði eru tekin úr erindisbréfi fyrir afleysingamenn:

a. Afleysingamaður skal halda dagbók um störf sín og skrá daglega vinnu sína á hverju heimili eða búi í samræmi við dagbókarform sem Búnaðarfélag Íslands gefur út. Forráðamaður heimilis eða bús staðfestir dagbókarfærsluna með undirskrift sinni að hverju tímabili loknu.
b. Afleysingamaður skal færa akstursdagbók um allan akstur í þágu starfsins á eigin bifreið, þ. e. þegar ekið er til og frá vinnustað eða í öðrum erindum viðurkenndum af stjórnanda starfsins.

   Ef afleysingamaður ekur fyrir viðkomandi bú eða heimili skal það skráð sérstaklega, og er honum heimilt að taka gjald fyrir slíkan akstur eftir þeim taxta, sem viðurkenndur er fyrir akstur ríkisstarfsmanna í þágu starfsins.
c. Afleysingamanni er skylt að sinna þeim störfum á búi og heimili sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar, en þau eru: Nauðsynleg bústörf, hirðing og fóðrun gripa, vinna við voryrkju, heyskap og önnur uppskerustörf og önnur þau bústörf, sem eðlilegt er að vinna á hverjum árstíma. Nauðsynleg heimilisstörf teljast: daglegt heimilishald, minni háttar hreingerningar, útvegun til heimilis o. fl. og þau störf, sem eðlileg teljast á hverjum tíma.
d. Afleysingamenn skulu njóta góðs aðbúnaðar og atlætis á heimilum, þar sem þeir dveljast vegna starfa

sinna. Þeim skal búin aðstaða til hvíldar og næðis á milli þess sem þeir eru að störfum.

Afleysingafólk skal hafa endurgjaldslaust fæði og húsnæði hjá því búi eða heimili, sem unnið er fyrir. Séu aðstæður þannig að aðila, sem þiggur aðstoð, sé óhægt um að veita framangreinda þjónustu á eigin heimili skal hann útvega hana annars staðar í samráði við afleysingafólk.

e. Afleysingamaður skal gera það, sem í hans valdi stendur til þess að gæta þrifnaðar og reglusemi á heimili og búi. Hann skal sýna natni við hirðingu búfjár og kynna sér svo sem kostur er hvernig fóðrun og hirðingu hefur verið háttað þannig að viðbrigði verði sem minnst fyrir búféð.

f. Afleysingamaður er háður þagnarskyldu um það sem hann kemst að í starfi sínu. Hann skal í öllu sýna háttvísi og temja sér rósemi og hlýleika í viðmóti.

Sameinað þing, 82. fundur.

Fimmtudaginn 29. apríl, kl. 2 miðdegis.

Löggjöf um atvinnulýðræði, fsp. (þskj. 452). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Árið 1965 flutti hv. þáv. alþm. Ragnar Arnalds till. til þál. um atvinnulýðræði þar sem gert var ráð fyrir því, að Alþingi fæli 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja. Sú tillaga var ekki afgreidd. Sami hv. þm. endurflutti tillöguna 1968. Hún var þá ekki heldur afgreidd. Árið 1967 flutti einn af þm. Alþfl., Benedikt Gröndal, frv. til l. um breyt. á lögum n.r 35/1948, um sementsverksmiðju, þess efnis að starfsfólk sementsverksmiðjunnar fengi aðild að stjórn fyrirtækisins. Það frv. var ekki afgreitt. Árið 1970 fluttu síðan tveir þm. Alþfl. frv. til l. í Ed. um hlutdeild starfsmanna í stjórn atvinnufyrirtækja. Frv. þessu var vísað til hæstv. ríkisstj. að fengnum jákvæðum umsögnum frá stjórnum ASÍ og Sambands ísl. samvinnufélaga, en neikvæðri frá stjórn Vinnuveitendasambands Íslands þar eð, eins og sagði í umsögn Vinnuveitendasambandsins, nú fer fram athugun hjá aðilum vinnumarkaðarins á því, með hvaða hætti launþegar geti haft stjórnunarleg áhrif í fyrirtækjum. Sú athugun hefur ekki enn leitt til neinnar niðurstöðu.

Árið 1973 fluttu því allir þáv. þm. Alþfl. till. til þál. þess efnis, að Alþingi ályktaði að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra. Þessi þáltill. þm. Alþfl. var samþykkt á Alþingi árið 1973 og 30. ágúst sama ár skipaði þáv. félmrh. nefnd þá sem till. kvað á um. Í nefndinni áttu sæti Hallgrímur Dalberg, formaður, Baldur Óskarsson, Jón Snorri Þorleifsson og Óskar Hallgrímsson, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Jón H. Bergs og Ólafur Jónsson, tilnefndir af Vinnuveitendasambandi Íslands, og Skúli Pálmason, tilnefndur af Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Hinn 10. des. ári síðar spurðist ég fyrir um það hér á Alþingi, hvað liði störfum þessarar nefndar. Kom þá í ljós að á því eina ári hafði nefndin aðeins haldið tvo bókaða fundi. Í lok ársins 1973 var svo ákveðið að nefndin gerði ótímabundið hlé á störfum sínum svo að aðilar vinnumarkaðarins gætu rætt nánar við um málið. Enginn árangur varð af þeim viðræðum árið 1975, enginn árangur árið 1976 og enginn árangur á árinu 1977, svo að við það tækifæri flutti ég yfirgripsmikið frv. til l. um atvinnulýðræði, sem gerði ráð fyrir verulegum breytingum á lögum um hlutafélög, lögum um samvinnufélög og lögum um ýmis fyrirtæki, auk sérstakrar lagasetningar um samráðsnefndir aðila vinnumarkaðarins. Það frv. fékk ekki afgreiðslu en var flutt aftur ári síðar og enn aftur nokkru síðar. Ég vil taka það fram að það frv. um ákvörðunarrétt launþega og aukin áhrif launþega í stjórn atvinnufyrirtækja fékk ekki stuðning hér á Alþingi, ekki frá talsmönnum neinna þingflokka annarra en Alþfl.

Nú nýverið var hins vegar gerð á vegum Alþb. samþykkt á sérstakri sveitarstjórnarráðstefnu þess flokks þar sem því var m. a. lýst yfir, að Alþb. væri nú reiðubúið til þess að stuðla að því, að launþegar fengju meðákvörðunarrétt um stjórn atvinnufyrirtækja, en lengi höfðu þeir Alþb.-menn, a. m. k. á síðari árum, verið í nokkrum vafa um hvort sú ákvörðun væri réttlætanleg. M. a. með tilliti og skírskotun til þessarar samþykktar hef ég því leyft mér að spyrja hæstv. félmrh. og formann Alþb., hvort hann hafi gert eitthvað í rn. sínu til þess að tryggja að sú nefnd, sem skipuð var samkv. ályktun Alþingis frá 1973 til að skila þessu verkefni og hefur ekki skilað af sér störfum enn, uppfyllti samþykkt Alþingis þannig að ríkisstj. gæti skilað Alþingi þeim tillögum um þessi mál sem Alþingi samþykkti að fela henni árið 1973. Þessi fsp. til hæstv. félmrh. er á þskj. 452 og hljóðar svo:

„1. Hvað hefur félmrh. gert til þess að reka á eftir störfum nefndar, sem skipuð var 30. ágúst 1973 af þáv. félmrh. til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði í kjölfar samþykktar Alþingis á till. til þál. þess efnis frá þm. Alþfl.?

2. Hafi nefndin ekki starfað, er félmrh. þá ekki reiðubúinn til þess án frekari tafa að leysa hana formlega frá verkefni sínu, skipa nýja nefnd og sjá um að hún skili því viðfangsefni, sem Alþingi hefur falið ríkisstj. að leysa með samþykkt umræddrar þáltill. frá þm. Alþfl.?“

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil fyrst vegna orða hv. fyrirspyrjanda um afstöðu Alþb. í þessum málum taka það skýrt fram, sem virðist hafa farið fram hjá honum, en kom þó fram í máli hans, að Alþb. hefur jafnan verið hlynnt því og mjög áhugasamt um að stuðlað væri að atvinnulýðræði og sterkari meðákvörðunarrétti starfsmanna í stjórnum fyrirtækja hér á landi. Þetta kemur t. d. fram í því, að Alþb. eða Ragnar Arnalds flutti á sínum tíma tillögur um atvinnulýðræði á Alþingi hvað eftir annað. Þetta kom einnig fram í því, að meðan Magnús Kjartansson var iðnrh. og heilbrmrh. voru gerðar ýmsar ráðstafanir í hans ráðuneytum til að stuðla að því að starfsfólk fengi aðild að stjórnum fyrirtækja, m. a. sjúkrahúsanna í landinu. Þetta hefur komið fram á ýmsum fleiri sviðum þannig að í raun og veru er alveg ljóst hver afstaða Alþb. er í þessu máli. Það vil ég að liggi hér fyrir.

Hins vegar hafa verið skiptar skoðanir um það á milli stjórnmálaflokkanna í landinu og aðila vinnumarkaðarins, hvort það væru flokkarnir sem slíkir og stjórn-

völd sem ættu að beita sér fyrir reglum um atvinnulýðræði, eða hvort menn ættu að semja um þetta á milli aðila vinnumarkaðarins. Um það hefur verið djúpstæður ágreiningur, þar sem atvinnurekendasamtökin hafa alltaf haldið því fram, að hér ætti að vera um að ræða samningsatriði, og hafa ekki fengist til þess að taka alvarlegan þátt í starfi þeirra opinberu nefnda sem hafa verið settar á laggirnar til þess að gera tillögur um atvinnulýðræði.

30. ágúst 1973 skipaði þáv. félmrh. nefnd til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði, eins og hv. fyrirspyrjandi gat um áðan. Formaður nefndarinnar var skipaður ráðuneytisstjóri í félmrn. og ásamt honum þrír menn samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, tveir samkv. tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands og einn samkv. tilnefningu Vinnumálasambands samvinnufélaganna.

30. ágúst 1976 eða nákvæmlega þremur árum síðar skrifaði félmrh. fyrrgreindum samtökum aðila vinnumarkaðarins bréf og benti á að nefndin hefði haldið tvo fundi, þ. e. 31. ágúst og 10. sept. 1973, og að greinilega hafi komið fram hjá meiri hluta fulltrúa aðila vinnumarkaðarins á þessum tveim fundum í nefndinni að þeir töldu heppilegra „að þoka atvinnulýðræði áfram í áföngum í sambandi við gerð kaup- og kjarasamninga launþega og vinnuveitenda en að setja ákveðna löggjöf þar um.“ Þessi orð eru orðrétt upp úr bréfi rn. frá 30. ágúst 1976.

Í þessu bréfi benti rn. enn fremur á að nefndarmenn hefðu orðið sammála um að tilgangslaust væri að halda áfram tilraunum til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði að óbreyttri afstöðu meiri hluta nefndarmanna til málsins, og voru því ekki haldnir fleiri fundir í nefndinni. Enn fremur var í bréfi rn. vakin athygli á að þar sem þrjú ár væru liðin frá því að nefndin hætti raunverulega störfum, án þess að nokkur tilmæli hefðu borist formanni nefndarinnar frá nefndarmönnum um að hún tæki aftur til starfa, þá liti rn. svo á að ekki væri lengur unnt að fresta því að taka ákvörðun um hvort rétt væri að leggja nefndina formlega niður.

Hinn 16. mars 1977 var haldinn fundur í nefndinni og framangreint bréf var tekið þar fyrir. Fulltrúar atvinnurekenda í nefndinni gáfu á þessu fundi þau svör sem þeir höfðu áður gefið skriflega, þ. e. að þeir sæju ekki ástæðu til að nefndin starfaði áfram, en tóku þó fram að samtök þeirra væru ekki þar með „að loka á umræður um málefnið“, svo að ég vitni orðrétt í þeirra bréf. Fulltrúar Alþýðusambands Íslands endurtóku fyrri svör sín þess efnis, að þeir teldu rétt að nefndin tæki upp störf að nýju, en óskuðu jafnframt eftir fresti til samráðs við miðstjórn Alþýðusambands Íslands áður en næsti fundur yrði haldinn. Þetta var sem sagt 16. mars 1977. Þegar liðið var hartnær 1½ ár frá því að þriðji fundur var haldinn í nefnd þessari og formanni hennar höfðu engar óskir borist um áframhaldandi störf nefndarinnar taldi félmrh. nefndina óstarfhæfa og því ekki um annað að ræða en fella niður umboð hennar. Jafnframt tók rn. skýrt fram í bréfum sínum að það væri reiðubúið til að skipa nefnd að nýju til að sinna umræddu verkefni strax og samtök aðila vinnumarkaðarins óskuðu þess og teldu það tímabært.

Nú fyrir nokkrum vikum kannaði ég það hjá aðilum vinnumarkaðarins, hvort viðhorf þeirra hefðu breyst í þessu efni, hvort þeir væru tilbúnir nú til að hefja viðræður við rn. í sambandi við löggjöf eða aðrar reglur um atvinnulýðræði. I bréfi, sem ég skrifaði þessum aðilum núna í vetur, var svo að orði komist:

„17. ágúst 1978 var Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands tilkynnt að félmrn. hefði ákveðið að fella niður umboð nefndar sem skipuð var 30. ágúst 1973 til að semja frv. til l. um atvinnulýðræði. Hafði nefndinni lítt miðað í starfi sínu. Í bréfi rn. 17. ágúst 1978 var tilkynnt að rn. væri reiðubúið til að skipa nefnd að nýju til að sinna umræddu verkefni strax og samtök aðila vinnumarkaðarins kynnu að óska þess eða teldu slíkt tímabært. Félmrh. vill nú gera könnun á viðhorfi þessara samtaka til þess að samin verði tillaga að frv. um atvinnulýðræði. Óskar rn. svars samtaka yðar hið fyrsta við þessari málaleitan, þannig að fljótlega verði unnt að taka ákvarðanir um hvernig að þessari vinnu verði best staðið.“

Þetta bréf var sent Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Svör hafa síðan verið að berast frá þessum samtökum og ég ætla að leyfa mér, herra forseti, að lesa þau svör.

Frá Alþýðusambandi Íslands barst svar í aprílmánuði. Þar segir:

„Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 1. apríl s. l. var fjallað um fsp. félmrn. um viðhorf ASÍ til þess, hvort semja skuli frv. til laga um atvinnulýðræði og hvernig best verði að því verki staðið. Miðstjórnin taldi að æskilegt væri að hefja sem fyrst undirbúning að samningu slíks frv. og væri hún reiðubúin til að tilnefna menn til að vinna að þeim undirbúningi.

Virðingarfyllst.
F. h. Alþýðusambands Íslands.
Kristín Mäntylä.“

Hér kemur fram jákvætt viðhorf Alþýðusambands Íslands, sem ekki er að undra raunar í framhaldi af ályktun á þingi Alþýðusambands Íslands haustið 1980 þar sem fjallað var um atvinnulýðræðismál.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna svaraði bréfinu hins vegar á þessa leið:

„Við höfum móttekið bréf yðar þar sem óskað er eftir umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna um það, að samin verði tillaga eða frumvarp um atvinnulýðræði. Af þessu tilefni viljum við taka fram, að Vinnumálasambandið óskar ekki eftir að slíkt frv. verði samið nú. Innan samvinnuhreyfingarinnar hefur töluvert verið fjallað um atvinnulýðræði á síðustu árum og eiga m. a. tveir fulltrúar starfsmanna sæti í stjórn Sambands ísl. samvinnufélaga með málfrelsi og tillögurétti. Hliðstæð þróun hefur orðið í fleiri samvinnufyrirtækjum og teljum við æskilegt að hún haldi áfram með samkomulagi innan fyrirtækjanna fremur en að lagasetning komi til.

Virðingarfyllst.
F. h. Vinnumálasambands samvinnufélaganna.
Júlíus Kr. Valdimarsson.“

Vinnuveitendasamband Íslands svaraði bréfi félmrn. með bréfi, dags. 20. apríl. Þar segir:

„1. Af hálfu rn. kemur ekki fram hvaða efnislegar hugmyndir það hefur um atvinnulýðræði. Enn fremur segir ekkert um markmið eða beinan tilgang hugsanlegs

nefndarstarfs. Þá er eigi heldur greint frá því, hvaða hugmyndir rn. hefur um opinbera íhlutun, um samskipti og samvinnu fyrirtækja og starfsmanna. Þar sem öll helstu grundvallaratriði málsins eru þannig óljós er að sjálfsögðu útilokað að taka efnislega afstöðu til hugsanlegs verkefnis nefndarinnar.

2. Það er almennt álit Vinnuveitendasambandsins, að samvinna og samskipti starfsmanna og stjórnenda fyrirtækja eigi að ráðast í frjálsum samningum aðila eftir aðstæðum og þörfum í hverju tilviki. Frjáls samningsréttur án opinberra afskipta, hvort sem er með löggjöf eða öðrum hætti, er grundvallaratriði í þessum efnum. Lagareglur eru of bindandi og hindra framþróun," segir Vinnuveitendasamband Íslands í bréfi sínu dags. 20. apríl 1982. Og þar segir enn fremur í 3. lið:

„Þá er og rétt að minna á að samkv. lögum nr. 46/1980, sbr. reglugerð nr. 77 frá 26. febr. 1982, um heilbrigðis- og öryggisstarfsemi innan fyrirtækja, skulu öryggisnefndir fyrirtækja m. a. taka til umfjöllunar áform um allar meiri háttar breytingar í rekstri fyrirtækja er áhrif geta haft á starfsumhverfi og starfsaðstæður á vinnustað. Enn er lítil reynsla fengin af þessum lögboðna samstarfsvettvangi þar sem starf öryggisnefnda er enn í mótun. Æskilegt er að aðilar fái að þróa þetta samstarf án frekari opinberrar íhlutunar.

4. Um þessar mundir eru að hefjast allsherjarsamningar milli launþega og vinnuveitenda. Þessir samningar verða óvenju vandasamir og viðkvæmir. Augljóst er að hvers konar íhlutun stjórnvalda í athafnir á frjálsu samningssviði aðila vinnumarkaðarins getur við slíkar aðstæður torveldað og tafið friðsamlega lausn samninga.

5. Með tilliti til framangreindra atriða mælir Vinnuveitendasamband Íslands eindregið gegn sérhverjum opinberum afskiptum af málinu.

Virðingarfyllst.
F. h. Vinnuveitendasambands Íslands.
Þorsteinn Pálsson."

Niðurstaðan er sem sé sú sem við var að búast. Verkalýðssamtökin eru tilbúin til þess að undirbúa löggjöf um atvinnulýðræði. Félmrn. hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir, að það sé reiðubúið til að stuðla að því, og ég endurtek þá afstöðu hér. En atvinnurekendasamtökin eru mjög treg til samstarfs í þessu efni. Það er alvarlegt íhugunarefni, og nú á næstunni mun félmrn. taka afstöðu til þess, hvernig næstu skref verða stigin í þessum málum, m. a. með tilliti til þess hvort unnt er að tengja þau eitthvað hugsanlegri niðurstöðu kjarasamninga þegar þar að kæmi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég tel að ekki sé ástæða til að setja lög um atvinnulýðræði sem svo er kallað, a. m. k. ekki fyrr en aðilar vinnumarkaðarins hafa rætt og náð saman um niðurstöðu. Ég vil taka það skýrt fram, að þær hugmyndir, sem birtast í yfirlýsingu Alþb. á sveitarstjórnarráðstefnu, eru hugmyndir allt annars eðlis en hafa verið til umræðu um þessi mál. Það eru hugmyndir sem eiga skylt við þær sem uppi eru í Svíþjóð og eru komnar frá Viggo Kampmann í Danmörku fyrir nokkrum árum og kallast Ö.D. efnahagslegt lýðræði, og um það held ég að sé ekki verið að ræða í þessu sambandi. Þar er um að ræða aðild verkalýðsfélaganna en ekki starfsmanna á vinnustað.

Ég ætla að rifja það upp, að Alþýðusambandið hefur ekki um nokkurt bil, að undanskildum fundunum 1980, sinnt þessu máli með sams konar áhuga og var uppi innan þeirra samtaka fyrir um það bil áratug eða svo, enda eru mjög skiptar skoðanir innan Alþýðusambandsins um málið. Má benda á að Björn Bjarnason, sem var formaður Iðju, hefur lýst sig algerlega á móti slíkum hugmyndum og kallað atvinnulýðræði dúsu upp í verkalýðsleiðtoga, sem ætla að hætta kjarabaráttu en skipa sér við hlið atvinnurekenda. Besta leiðin til að auka áhrif almennings, þar með talið starfsmanna í atvinnurekstri, er auðvitað að gefa kost á hlutabréfakaupum, stofna almenningshlutafélög og selja sum opinber fyrirtæki starfsmönnum, eins og tillögur hafa verið uppi um. En ein af forsendunum til þess, að það geti gengið, er skattbreytingar, sérstaklega á sviði tekjuskatts, sem taka tillit til arðgreiðslna, því að að sjálfsögðu eiga eigendur í slíkum fyrirtækjum að fá arð af sinni eign rétt eins og sparifjáreigendur fá vexti af sínu innláni. Slík eignaraðild byggist auðvitað á því, að einstaklingurinn eigi í fyrirtækjunum og hætti einhverju, en ekki að verkalýðsfélagið sem slíkt geti tekið fyrirtækið yfir. Það er auðvitað sjálfsagt og eðlilegt, að það sé fullt samráð stjórnenda og starfsmanna í fyrirtækjum, t. d. með samráðsnefndum alls konar, og eitt af þeim fyrirbærum er að finna í lögum um vinnueftirlit, sem hæstv. ráðh. ýtti hér á sínum tíma með miklu offorsi í gegnum Alþingi. Það er á tilraunastigi og verður væntanlega hægt að meta reynslu af slíku fyrr en varir.

Það, sem fyrst og fremst veldur því, að hér á landi er ekki eins mikil þörf fyrir þessa hugmynd og víða annars staðar, er að sjálfsögðu smæð fyrirtækjanna. Atvinnulýðræði erlendis nær ekki til fyrirtækja undir ákveðinni stærð, t. d. 20—50 starfsmanna, og er jafnvel gerður munur á eftir stærð. Hér á landi eru fyrirtæki yfirleitt miklu minni, nema ýmis fyrirtæki t. d. í samvinnurekstri.

Niðurstaða mín er sú, að ekki sé ástæða til að setja lög við svo búið þótt umræður séu gagnlegar. Það er hins vegar kyndugt að hlusta á hótanir hæstv. ráðh. í lok málflutnings hans um það, að nú eigi að taka til hendi vegna svars Vinnuveitendasambands Íslands, þegar hann hefur setið sem félmrh. um nokkurra ára bil án þess að hafa hreyft legg né lið í þessu máli.

Fyrirspyrjandi (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Ég tók það fram í máli mínu hér áðan, að fyrst hafði atvinnulýðræðismálum verið hreyft hér á Alþingi af hv. þáv. þm. Ragnari Arnalds árið 1965, en sami maður endurflutti tillöguna árið 1968. Allt frá því hafa einu tillöguflytjendurnir um þetta mál á Alþingi verið Alþfl.-menn, þangað til nú fyrir nokkrum dögum að fram kom till. skyld þessu efni flutt af hv. þm. Skúla Alexanderssyni. En það er ekkert meginatriði málsins, heldur það, að það hefur verið nokkur ágreiningur í röðum verkalýðsleiðtoga m. a. um hvort rétt sé að launþegar fái beina aðild að stjórnum atvinnufyrirtækja, eins og frumvörp og þingsályktunartillögur okkar Alþfl.-manna hafa gert ráð fyrir. Í þeim umræðum, sem urðu um þessi frv., kom það sjónarmið m. a. frá málflytjendum Alþb., að þeir lýstu andúð sinni á að launþegar fengju meðákvörðunarrétt með þeim hætti að fá fulltrúa í stjórnum atvinnufyrirtækjanna. Miklu frekar ætti að stefna að því, að öll þessi fyrirtæki yrðu almenningseign, rekin af ríki eða sveitarfélögum. Það er því ekki rangt hjá

mér, það er hægt að fletta því upp í Alþingistíðindum, að fram að þessu hafa Alþb.-menn, sem um þessi mál hafa talað, verið andvígir tillögum um beina aðild starfsmanna að stjórnum atvinnufyrirtækja. Það er þó ekki kjarni málsins.

Það er heldur ekkert nýtt að þessi mál leysist ekki í samningum aðila vinnumarkaðarins. Það er niðurstaða sem hefur legið fyrir í öllum þeim löndum þar sem atvinnulýðræði hefur verið tekið upp, með hvaða hætti svo sem það hefur verið gert. Það hefur aldrei náðst samkomulag um slíkt í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Þvert á móti hefur ávallt þurft að setja lög til þess að hægt væri að hrinda því í framkvæmd. Ég vil í þessu sambandi benda hæstv. félmrh. á skýrslu svokallaðrar Bullock-nefndar í Bretlandi sem kom út árið 1976, þar sem lýst var fyrirkomulagi atvinnulýðræðis í öllum þeim austan- og vestantjaldslöndum sem hafa tekið upp einhvers konar ákvæði um beina aðild starfsmanna að stjórnum fyrirtækja. Ein af niðurstöðum í skýrslunni var einmitt sú, að þess væri ekki að vænta miðað við reynsluna, að nokkru sinni tækjust frjálsir samningar um þessi atriði milli aðila vinnumarkaðarins. Því varð niðurstaða þessarar nefndar sú gagnvart Bretum, sem gildir jafnt gagnvart okkur Íslendingum miðað við þá reynslu sem við höfum um þessi efni, að til að koma þessum málum fram yrði að setja um það lög á Alþingi, um þetta yrði aldrei samið milli aðila vinnumarkaðarins, einfaldlega vegna þess að vinnuveitendur mundu heimta að fyrir þessi mannréttindi, sem ég vil kalla svo, þau mannréttindi að tillit verði tekið til starfsfólksins ekkert síður en fjármagnsins, yrðu launþegar ella að borga með einhvers konar kauplækkunum. Það er ekki vaninn, a. m. k. í okkar hluta heims, að menn séu látnir borga með þeim hætti fyrir almenn mannréttindi.

Að lokum vil ég aðeins benda hæstv. félmrh. á það, að hann hefur í sínum höndum, m. a. miðað við þessa reynslu, öll ráð til þess að geta látið semja frv. til að leggja fyrir Alþingi um að koma á atvinnulýðræði hér á Íslandi, vegna þess að Alþingi sjálft hefur þegar veitt honum og öðrum, sem með hans starf hafa farið, slíka heimild. Með samþykkt þáltill. á árinu 1973 er nefnilega beiðni til ráðh. um að láta semja frv. af þessu tagi alls ekki af hálfu Alþingis skilyrt því, að í nefndinni skuli sitja fulltrúar tilnefndir af aðilum vinnumarkaðarins. Tillagan, sem samþykkt var sem viljayfirlýsing Alþingis til ríkisstj., hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa nefnd til þess að semja frv. til l. um atvinnulýðræði þar sem launþegum verði tryggð áhrif á stjórn fyrirtækja og hlutdeild í arði af rekstri þeirra."

M. ö. o., herra forseti, er þessi nefndarskipan alls ekki bundin því skilyrði, að aðilar vinnumarkaðarins fáist til þess að tilnefna menn í þessa nefnd, þannig að aðilar vinnumarkaðarins, t. d. samvinnuhreyfingin eða Vinnuveitendasambandið, geti komið í veg fyrir að nefnd af þessu tagi geti skilað af sér eins og það hefur gert hingað til. Hæstv. félmrh. hefur samkv. þessari ályktun Alþingis alla möguleika á því að skipa nefndina þannig að tryggt verði að hún geti skilað af sér. Hann getur að sjálfsögðu falið nefnd, sem hann e. t. v. mundi skipa samkv. þessari till., í erindisbréfi að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins, en nefndarskipunin er alls ekki bundin því skilyrði að það séu fulltrúar þessara aðila sem í nefndinni sitja, þannig að hægt verði til eilífðarnóns að leika þann leik af Vinnuveitendasambandinu og samvinnuhreyfingunni að koma í veg fyrir að nefnd af þessu tagi geti skilað tillögum, vegna þess að það sé ekki í þeirra þágu að launþegar á Íslandi fái þau almennu mannréttindi sem hér er um rætt.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það var nokkuð athyglisvert að heyra þá afstöðu sem fram kom hér hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni. Þetta var sá tónn sem hefur að vísu nokkuð lengi heyrst hjá talsmönnum Sjálfstfl. mörgum, en ég hafði leyft mér að gera mér vonir um að rás tímans hefði jafnvel haft áhrif á hugarfar einstakra talsmanna Sjálfstfl. í þessu efni. Þessi afstaða hans sýnir auðvitað mjög vel hvað það hefur verið erfitt og af hverju það hefur verið erfitt að þoka málinu áfram á hv. Alþingi. Þess vegna er það ekkert sjálfgefið, eins og mér virtist hv. þm. Sighvatur Björgvinsson halda, að frv. um þetta efni hljóti að fara í gegnum þingið. Það hefur ekki verið þannig á undanförnum árum að því er varðar skipan þessarar stofnunar. Ég geri ráð fyrir að það hafi verið af þeim ástæðum sem Björn Jónsson, páv. félmrh. vinstri stjórnarinnar, tók ákvörðun um að kalla aðila vinnumarkaðarins til, til þess að kanna hvort ekki væri hugsanlegt að fá þá til að standa að því að semja frv. um þessi efni í ákveðinni nefnd á vegum rn. Það kom í ljós að það var ekki hægt, það var ekki áhugi á því hjá þessum fulltrúum vinnumarkaðarins, sérstaklega fulltrúum atvinnurekendasamtakanna, og innan verkalýðssamtakanna hafa líka verið skiptar skoðanir í málinu.

Ég taldi ómaksins vert að kanna viðhorf fulltrúa aðila vinnumarkaðarins núna. Eru þeir enn sömu skoðunar og þeir voru þegar páv. félmrh. ákvað að leggja nefndina niður 17. ágúst 1978? Svo reyndist vera. Menn eru sömu skoðunar og þá. Atvinnurekendasamtökin eru ekki tilbúin til að halda áfram með málið, og það hlýt ég að harma. En hitt sagði ég og segi enn, að það þýðir ekki að við stöðvumst hér og nú í málinu. Við hljótum að halda áfram að vinna að þessu máli eins og gert hefur verið og reyna að þoka því í áttina. Og auðvitað er ljóst að það er útilokað að ná lendingu í máli af þessum toga öðruvísi en að lögum verði breytt að lokum, t. d. hlutafélagalögum, þannig að í þeim verði gert ráð fyrir að starfsmenn stærri fyrirtækja a. m. k. og miðlungsstórra fyrirtækja geti átt seturétt, tillögurétt og a. m. k. verið áheyrnarfulltrúar og tekið þátt í ákvörðunum þannig í stjórnum hlutafélaganna.

Atvinnurekendasamtökin á Norðurlöndum hafa viðurkennt þetta sjónarmið um margra áratuga skeið, þannig að það er auðvitað kostulegt til þess að hugsa, að á árinu 1982 skuli það gerast að Vinnuveitendasamband Íslands hendi í rauninni þessari hugmynd gersamlega frá sér og segi: Við kærum okkur ekkert um að hafa samráð eða samvinnu við starfsmenn fyrirtækjanna. — Ég hélt satt að segja að þessi Bogesens-hugsunarháttur, sem var hér ríkjandi fyrir áratugum, hálfri öld eða svo, væri á undanhaldi. Í Vinnuveitendasambandi Íslands blómgast þessi hugsunarháttur hinna gömlu Bogesena undir stjórn Þorsteins Pálssonar. Hitt er einnig fróðlegt, að varaformaður Sjálfstfl., ekki aldnari að árum en hann er, skuli ætla sér að feta í fótspor Jóhanns Bogesens og þeirra félaga einnig hér á Alþingi Íslendinga 29. apríl árið 1982. Það er býsna fróðlegt.

Það er að sjálfsögðu rangt að ekki hafi verið aðhafst neitt í þessum málum í félmrn. Í félmrn. hefur verið

unnið að setningu og útfærslu löggjafar um áhrif starfsfólks á aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þau lög, sem sett voru hér vorið 1980, skapa möguleika til þess í rauninni í fyrsta sinn að starfsfólk hafi lögvarinn rétt til að hafa áhrif á allt hið nánasta starfsumhverfi sitt. Ég tel að það sé mjög mikill fengur að þessum lögum og að þau skapi möguleika fyrir starfsfólk til að sækja fram til enn þá víðtækari áhrifa á sína vinnustaði.

Ég vil einnig í þessu máli minna á þáltill. hæstv. iðnrh. um mótun iðnaðarstefnu, þar sem gert er ráð fyrir að starfsfólk komi til varðandi framkvæmd þeirrar stefnumótunar svo og í fyrirtækjunum sjálfum. Allt eru þetta skref í rétta átt, og það verður vafalaust reynt að þróa málin í þessa átt áfram hvað sem líður andstöðu Sjálfstfl. og Vinnuveitendasambands Íslands.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það gefst ekki mikið tóm fyrir mig að deila við hæstv. ráðh. sem hefur fimm sinnum lengri tíma en ég í þessu máli.

Ég vil aðeins ítreka það, að Sjálfstfl. hefur staðið að samráðsnefndum og öryggisnefndum. Löggjöfin um vinnueftirlitið var samkomulagsmál á milli Vinnuveitendasambands Íslands og Alþýðusambandsins og fór hér í gegnum þingið, og fyrir það á hann að vera þakklátur.

Í öðru lagi er sjálfsagt að þróa þessar samráðsnefndir með ákvörðunarrétt.

Í þriðja lagi eru hugmyndir Alþb. af allt öðrum toga en það sem hv. þm. Sighvatur Björgvinsson var að tala um, og það veit hæstv. félmrh.

Auðvitað er það rétt, og ég fagna því, að það þurfi að breyta hlutafélagalögunum með þeim hætti, að starfsmenn, sem eru hluthafar, fái aðild að stjórn með öðrum hætti. Sá maður, sem mest hefur skrifað um þessi mál og þróað hugmyndir um þau, er Eyjólfur Konráð Jónsson, þm. Sjálfstfl.

Ég læt síðan, herra forseti, öðrum eftir að gagnrýna áróðursræðu hæstv. ráðh. Hann er að fara á taugum, eins og sést á blaðsíðum Þjóðviljans um þessar mundir, þar sem hann segir að atkv. greidd Sjálfstfl. séu atkv. greidd Vinnuveitendasambandi Íslands. Þetta kemur til af því, að hæstv. félmrh. er hræddur við skoðanakannanir dagblaðanna. Hann veit sem er, að kosningar eru fram undan. Hann veit líka að kosningar eru kjarabarátta, eins og hann sjálfur sagði forðum, en hefur þagað yfir að undanförnu. Það er kannske mesta kjarabarátta íslensku þjóðarinnar að losa sig við hæstv. félmrh. og þá menn sem hafa gagngert með stefnu sinni og rangri stefnu í efnahagsmálum orðið til þess að rýra lífskjörin nú og um nokkur ár í viðbót, eins og greinilega kom fram í sjónvarpinu í gær.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hv. þm. Friðrik Sophusson brá sér í þann ham sem menn gera stundum þegar mikið liggur við í pólitíkinni, og ég ætla í sjálfu sér ekki að svara mörgu af því sem hann sagði. Hann viðurkennir það í sínum málflutningi, sem er aðalatriðið, en ber auðvitað að harma, að það frelsi, sem Sjálfstfl. biður um, og það lýðræði, sem Sjálfstfl. biður um, er lýðræði fjármagnsins. Það er sú tegund af lýðræði sem þeir kæra sig um. Aðrar tegundir af lýðræði eru þar ekki á blaði. Félagsleg réttindi eru þar einskis metin.

Mér finnst í raun og veru ekki ástæða til að halda neitt sérstakt þakkarávarp út af því, þó að Sjálfstfl. hafi staðið hér vorið 1980 að frv. til l. um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en hv. þm. telur það alveg sérstakt þakkarefni að svo skuli hafa verið gert. Ég tel það í rauninni ekki. Ég tel að hér hafi verið um sjálfsagt mannréttindamál að ræða, sem hafi verið nauðsynlegt að koma fram, og eðlilegt sé að allir þm. hafi stutt það á sínum tíma eins og það var lagt fram. Hins vegar voru áherslur þm. varðandi afgreiðslu þessa máls á sínum tíma auðvitað býsna mismunandi eins og gengur.

En ég kom hér aðallega upp til að svara því, að með ummælum mínum um hlutafélagalögin hefði ég í rauninni verið að taka undir með hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni, sem nú situr á Hafréttarráðstefnunni og er illa fjarri. Ég vil að það sé alveg á hreinu í þessum hóp og á hv. Alþingi, að ég var ekki að taka undir með Eyjólfi Konráð Jónssyni. Ég vil ekki sitja undir því mjög lengi og notaði þess vegna rétt minn til að taka til máls um þau efni. Ég var að tala um að starfsfólk fyrirtækja, jafnvel hlutafélaga, gæti átt rétt á að hafa áhrif á stjórn þessara félaga þó að viðkomandi einstaklingar ættu ekki fjármagn eða hlut í viðkomandi fyrirtæki. Það var þetta sem ég átti við, og þess vegna er auðvitað grundvallarmunur á mínum skilningi á þessum efnum og á skilningi hv. þm. Friðriks Sophussonar. Hann á erfitt með að skilja að nokkur maður eigi nokkurn rétt nema hann kaupi sér hann fyrir peninga. Þar skilur á milli okkar í pólitískum meginviðhorfum.

Sjúkdómar á plöntum, fsp. (þskj. 594). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Þegar hæstv. landbrh. mælti fyrir frv. til laga um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum sagði hann svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í landi okkar eigum við því láni að fagna að vera lausir við ýmsa sjúkdóma sem hrjá gróður og dýralíf í nálægum löndum. Hér veldur vafalaust mestu um lega landsins, sem er nokkuð einangrað og fjarri öðrum löndum. Það er mikil nauðsyn á aðgerðum og eftirliti til þess að forðast það, að þessir sjúkdómar geti borist hingað og valdið auknu tjóni, bæði í dýraríkinu og eins í jurtaríkinu.

Ég tel mjög nauðsynlegt að við höldum vöku okkar á þessu sviði og beitum því aðhaldi og eftirliti, sem nauðsynlegt er talið að ráði færustu manna, til þess að forðast að inn í landið berist nýir sjúkdómar í sambandi við plöntur og gróðurríki landsins."

Eins og hér kemur fram gat hann þess, að með hinum nýju lögum væri hinu opinbera gert mögulegt að koma á eðlilegu eftirliti með innflutningi á plöntum og herða á sjúkdómavörnum samfara þeim innflutningi. Hæstv. ráðh. taldi mjög nauðsynlegt að beita því aðhaldi og eftirliti til þess að forðast að inn í landið berist nýir sjúkdómar í sambandi við gróðurríki landsins. Nú er ljóst að verulegur innflutningur á sér stað á plöntum á ýmsu vaxtarskeiði frá fjarlægum löndum. Varla er það kunnugt almenningi, að einnig er verulegt magn af mold notaðri í íslenskum gróðurhúsum einnig flutt til landsins, m. a. frá Finnlandi, Danmörku, Hollandi og víðar að.

Ég hef fengið það staðfest af ylræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands, að á s. l. tveimur árum hafi verið flutt inn umtalsvert magn af pottaplöntum. Áætlar hann að

um það bil 30—40% af heildarsölunni þessi ár séu innfluttar plöntur. Oft er hér um fullvaxnar plöntur að ræða sem settar eru í potta og settar beint á markað. Má því ætla að eftirlit með heilbrigði innfluttra plantna, sem strax eru settar í sölu, sé allsendis ónógt við þessar aðstæður.

Ylræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur gefið mér upplýsingar um þetta efni, og ég tel ástæðu til að kynna hér örstutt úr bréfi hans. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ljóst, að eins og málum er nú háttað er eftirlit með heilbrigði innfluttra plantna allsendis ónógt. Meginhluti þeirra plantna, sem fluttar eru inn, kemur flugleiðis á ýmsum tímum sólarhrings. Þar af leiðir að móttaka þeirra er leyst af hendi á þann hátt, að gefin eru út bráðabirgðaleyfi, enda nokkur nauðsyn á þar sem um lifandi plöntur er að ræða. Við slíkar aðstæður er auðvitað útilokað að framfylgja eftirliti með heilbrigði plantnanna. Þegar plöntur eru fluttar út frá viðkomandi landi skal fylgja þeim heilbrigðisvottorð viðkomandi yfirvalda á því sviði. Því miður eru þessi vottorð næsta lítils virði og æðimörg dæmi þess, að bæði sveppasjúkdómar, meindýr og vírussjúkdómar hafi borist með innfluttum plöntum. Í ýmsum tilvikum hefur hér verið um að ræða sjúkdóma sem ekki voru fyrir hér á landi. Það er því full ástæða til að taka þann þátt til vandlegrar íhugunar."

Lög um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum voru samþykkt á Alþingi 25. maí 1981. Segir m. a. í 2. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrh. getur samkv. lögum þessum gert varnaðarráðstafanir og gefið út reglugerðir, sem stuðla að því: 1) að koma í veg fyrir að hættulegir skaðvaldar berist til landsins og dreifist innanlands, og útrýma skaðvöldum, sem þegar hafa borist til landsins, teljist það framkvæmanlegt, 2) að hindra að skaðvaldar, sem aðrar þjóðir vilja verjast, berist frá Íslandi."

Og í 3. gr. segir í lögunum: „Landbrh. getur m. a.: a) fyrirskipað eftirlit með innflutningi, útflutningi og dreifingu innanlands á öllum tegundum plantna, mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru, sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur."

Herra forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Um leið og þessi atriði eru rifjuð upp kemur upp í hugann sá háski, sem í vetur og enn í dag herjar á danska bændur, gin- og klaufaveikifaraldurinn, sem mun hafa áhrif á danskt efnahagslíf um ófyrirsjáanlegan tíma vegna markaðstruflunar og sölustöðvunar á framleiðsluvörum danskra bænda. Mér skilst að ekki sé fyllilega ljóst með hverjum hætti veikin hefur borist til Danmerkur, en margt bendir til að útbreiðsla faraldursins á Fjóni sé að hluta til af völdum veðra og vinda. Ef svo er sýnir það ljóslega að bein snerting þarf ekki til að koma til þess að sú smitun eigi sér stað. Nú veit ég að innflutningsbann er í gildi um ákveðna vöruflokka frá Danmörku, en er þá nóg að gert varðandi önnur lönd? Getur sýkill borist með mold eða plöntuhlutum frá fjarlægum löndum, og er nægilega fylgst með heilbrigðisvottorðum, gerð þeirra og gildi frá hinum ýmsu stöðum? Með þetta í huga hef ég spurt hæstv. landbrh. þessara spurninga:

„1. Hefur landbrh. fyrirskipað, samkv. ákvæðum 3. gr. laganna, eftirlit með innflutningi og dreifingu innanlands á mold, húsdýraáburði, umbúðum og öðru því sem getur borið sjúkdóma og meindýr á plöntur?

2. Telur landbrh. ástæðu til að gera varnaðarráðstafanir samkv. ákvæðum 2. gr. laganna, m. a. með hliðsjón af gin- og klaufaveikifaraldri sem geisar í Danmörku?"

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur hann lagt fram fsp. á þskj. 594 í tvennu lagi. Varðandi fyrri lið fsp. er það að segja, að tæpt ár er liðið síðan lögin um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum voru samþykkt. Stöðugt er unnið að eftirliti við innflutning á plöntum. Þetta eftirlit annast sérfræðingur á sviði jurtasjúkdóma er starfar hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Reglugerð er verið að semja við hin nýju lög sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, en þar til sú reglugerð hefur verið staðfest er starfað samkv. reglugerðum er settar voru við hin eldri lög frá 1948.

Um 2. tölul. í fsp. hv. þm. Steinþórs Gestssonar vil ég segja það, að varnaðarráðstafanir samkv. lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum lúta ekki að þeim atriðum sem þar er spurt um, heldur eru það önnur lög sem fjalla um varnir gegn gin- og klaufaveiki, lög frá 1928. Samkv. þeim lögum hefur verið ákveðið og var þegar ákveðið, eftir að klaufaveikifaraldurinn kom upp í Danmörku, að taka fyrir allan innflutning á plöntum frá Danmörku svo og fóður- og sáðvörum og verða Íslendingar nú að afla sér slíkra vara frá öðrum löndum. Þetta bann mun verða í gildi svo lengi sem þurfa þykir með tilliti til öryggis varðandi þennan hættulega sjúkdóm sem hefur geisað á Fjóni.

Ég met mikils þann áhuga sem hv. þm. hefur sýnt í þessu máli, sem ekki er að ófyrirsynju. Ég tel að það sé fullkomið tilefni til að huga að frekari öryggisráðstöfunum varðandi innflutning plantna, sem oft og tíðum fylgir þá innflutningur á mold og öðrum efnum, og á því mun verða tekið svo sem föng eru á í þeirri reglugerð sem verið er að setja við hin nýju lög um þetta efni. Jafnframt vil ég greina frá því, að í athugun eru ýmsar aðgerðir varðandi öryggisþætti er snerta búfjársjúkdóma, og þegar var gripið til öryggisráðstafana varðandi þann gin- og klaufaveikifaraldur, sem hv. þm. hefur hér minnst á. Sé ég ekki ástæðu til að rekja það frekar undir þessum dagskrárlið.

Fyrirspyrjandi (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin og ég fagna því, að þegar er unnið að því að semja reglugerð til að vinna eftir í anda þeirra laga sem sett voru hér á síðasta ári. En ég vil leggja á það áherslu, að þó svo að varnir gegn gin- og klaufaveiki heyri undir önnur lög en þessi, sem hér er rætt um og sett voru á síðasta ári, er í sambandi við plöntuinnflutning og einkum í sambandi við innflutning á mold alltaf hætta í því fólgin, að sjúkdómar eins og gin- og klaufaveiki geti borist til landsins. Og þó svo að sú mold, sem flutt er til landsins, að mér er sagt í verulegum stíl, eigi að vera dauðhreinsuð þarf að liggja ljóst fyrir á hverjum tíma að hún sé það. Einnig þarf að gæta þess sérstaklega í sambandi við pottaplöntur og aðrar slíkar, sem líka fylgir með mold að einhverju marki, að þar sé veruleg aðgát höfð. Það er greinilegt eftir þeirri útbreiðslu sem hefur verið á Fjóni á gin- og klaufaveikinni að dæma, að ekki er hægt að fullyrða um með hverjum hætti veikin hefur breiðst þar út, og eins og ég sagði áðan er útlit fyrir að það hafi gerst með veðri og vindum. Það ætti að skerpa áhuga okkar fyrir því að vera verulega vel á verði. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gæti þess, að við

samningu reglugerðarinnar verði reynt að fylgjast sem best með þessu.

Ég þakka fyrir svörin.

Vatnaflutningar af vatnasvæði Skjálfandafljóts, fsp. (þskj. 652). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Það er e. t. v. að bera í bakkafullan læk að fara að tala um ár og virkjanir og annað í þeim dúr, en ég ætla ekkert að minnast á Blöndu og Blönduvirkjun. Það, sem mig langar að ræða um, eru hugmyndir, sem uppi hafa verið um vatnaflutninga af vatnasvæði Skjálfandafljóts, og spyrja hæstv. iðnrh. nokkurra spurninga í því sambandi.

Það hafa verið að undanförnu nokkrar umræður um það í fjölmiðlum og blaðaskrif, að þegar hafi eitthvað af jökulkvíslum, sem áður runnu í Skjálfandafljót og til norðurs í Skjálfandaflóa, verið flutt á Þjórsársvæðið og notað þar í sambandi við vatnsmiðlun og virkjunarframkvæmdir Landsvirkjunar. Hér mun einkum vera um að ræða kvíslar af fljótinu sem eiga upptök sín í Vonarskarði, og er talið að þar muni eiga upptök sín tvær af þremur meginjökulkvíslum fljótsins, en ein þeirra er vestan Tungnafellsjökuls svo líklega eru það fyrst og fremst hinar tvær sem um er að ræða og komið hefur til greina að flytja eitthvað til. Á árinu 1979 mun eitthvað hafa verið átt við þetta, og segja mér reyndar fróðir menn að ekki muni það hafa borið árangur sem erfiði og lítið hafist upp úr því krafsi. En þær spurningar, sem ég leyfi mér að beina til hæstv. iðnrh., eru á þskj. 652 og hljóða svo:

„1. Eru fyrirhugaðir eða hafa átt sér stað vatnaflutningar af vatnasvæði Skjálfandafljóts vegna virkjunarframkvæmda Landsvirkjunar?

2. Hafa farið fram umræður eða verið gerðir samningar um þessa vatnaflutninga og hverjir eru þá samningsaðilar?

3. Hvaða áhrif hafa slíkar vatnaflutningar á hugsanlega virkjun Skjálfandafljóts?

4. Ef af vatnaflutningum sem þessum verður tjón eða skaði á landi eða mannvirkjum, svo sem vegna breytinga á árfarvegi eða framburði fljótsins, hver ber þá ábyrgðina?"

Í sambandi við 4. liðinn finnst mönnum kannske ólíklegt að tjón geti orðið af því að vatn minnki, það verði öllu fremur ef um er að ræða aukið vatnsmagn í fljótunum. Þó hafa verið settar fram þær hugmyndir, að vatnsbotn geti breytt sér ef vatnsmagn minnkar í fljótunum, þau ryðji sig ekki á sama hátt, vatnsbotninn í fljótinu hækki og sé hætt við að fljótið geti, þegar kemur norður undir sjó, flætt yfir láglendi og jafnvel skemmt þar tún, lönd og mannvirki.

Þessar fsp. eru settar fram til að fá fram upplýsingar um hvað hefur verið á döfinni í þessu sambandi, hvað er á döfinni og hvort rætt hefur verið við norðanmenn eða heimaaðila um þessi mál, hvaða viðræður hafa farið fram við hreppsnefndir eða aðra hagsmunaaðila, svo sem veiðifélög eða aðra sem til greina koma að eiga þarna hagsmuna að gæta.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég svara hér þeim fsp. sem hv. fyrirspyrjandi, 5. þm. Norðurl. e., hefur fram borið. Var leitað eftir svörum hjá Landsvirkjun, sem fyrir umræddum aðgerðum hefur staðið sem fsp. beinist að, og barst svar frá Landsvirkjun, dags. 26. apríl, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Í Vonarskarði, sem liggur á vatnaskilum Skjálfandafljóts og Köldukvíslar, er jafnslétta þar sem vatnaskipti eru óglögg og áraskipti að því, hvort vatnið fellur suður eða norður af. Vegna yfirvofandi erfiðleika í orkuöflun var á sumrinu 1980 ráðist í það að skera vatnaskil í Vonarskarði á þann hátt að ýtt var upp sandgarði sem veitir því vatni til suðurs nú sem áður rann ýmist í suður og norður eftir því, hvernig undir lagðist í leysingum. Var þetta gert til þess að auka rennsli til vatnsforðabúrsins í Þórisvatni. Hér er að öllu jöfnu um mjög lítið vatn að ræða (0.5 rúmmetra á sekúndu), en í leysingum munar nokkuð um þetta. Þá getur vatnsmagnið numið allt að 5 rúmmetrum á sekúndu. Ekki eru fyrirhugaðar frekari aðgerðir að sinni, en hugsanlegt er að það kunni að reynast hagkvæmt að leiða jökulkvíslar Skjálfandafljóts til suðurs, bæði fyrir heimamenn við fljótið og fyrir orkubúskap landsmanna. Um þetta er þó ekkert vitað enn þá, en Landsvirkjun hefur í athugun hvort ástæða sé til að gera frekari könnun á þessu.

2. Engir sérstakir samningar hafa verið gerðir um þær aðgerðir í Vonarskarði sem áður greinir, en haft hefur verið fullt samráð við Náttúruverndarráð. Minna má á varðandi þetta, að samkv. núverandi lögum um Landsvirkjun er fyrirtækinu heimilt „að gera þær ráðstafanir á vatnasvæðum ofan virkjana sinna í Tungnaá og milli þeirra og Búrfellsvirkjunar, sem nauðsynlegar þykja til að tryggja rekstur þessara virkjana á hverjum tíma. Nær heimildin m. a. til stíflugerðar í Þórisós og Köldukvísl og að veita Köldukvísl um skurð í Þórisvatn og þaðan um skurð í Tungnaá."

3. Óhætt er að fullyrða að það, sem gert hefur verið í Vonarskarði, hefur engin marktæk áhrif á hugsanlega virkjun í Skjálfandafljóti. Ef hins vegar yrði farið í að veita jökulkvíslum Skjálfandafljóts til suðurs mundi það geta haft áhrif á virkjunaráætlanir í fljótinu. Ekki er þó unnt á þessu stigi að fullyrða neitt um það, hvort þau áhrif verði jákvæð eða neikvæð.

4. Ábyrgð á tjóni vegna hugsanlegra vatnaflutninga hlýtur almennt séð að hvíla á virkjunaraðilanum og þá samkv. hlutaðeigandi löggjöf, almennum skaðabótareglum og þeim samningum sem kunna að verða gerðir milli hagsmunaaðila."

Við þetta svar Landsvirkjunar, en það voru hennar orð sem hér voru lesin, er þessu að bæta:

Um aðgerðir þessar var ekki haft samráð við iðnrn., en samkv. upplýsingum frá Náttúruverndarráði hafði Landsvirkjun samráð við ráðið um þessar aðgerðir og fór Þorleifur Einarsson jarðfræðingur á staðinn fyrir þess hönd. Samkv. upplýsingum frá honum er hér um hreinar bráðabirgðaráðstafanir að ræða, sem mjög fljótlegt er að færa í upprunalegt horf ef þurfa þykir. Taldi hann einnig að hér væri um mjög lítið vatnsmagn að ræða.

Því má svo bæta við, eins og þegar hefur komið fram, að um þetta var ekkert samráð haft af Landsvirkjunar hálfu við iðnrn. og ég hafði aðeins fregnir af því eftir á, má ég fullyrða, að þarna hefði verið gripið til veituaðgerða af því tagi sem svar Landsvirkjunar greinir frá. Síðan hef ég oft virt þennan skurð fyrir mér sem liggur beint undir flugleiðinni milli Reykjavíkur og Egilsstaða,

og gefst sýn til hans þegar skyggni leyfir. Þarna er um að ræða mannvirki sem sést úr lofti og liggur á flatlendi austan Tungnafellsjökuls og eins og greint var frá að sé á vatnaskilum.

Ég vil aðeins að lokum láta það koma fram sem mitt viðhorf, að ég tel að um aðgerðir af þessu tagi þurfi að hafa samráð við hlutaðeigandi stjórnvöld. Það eigi að vera meginregla að við hlutaðeigandi stjórnvöld sé haft samráð, sérstaklega ef um eitthvað álitamál er að ræða, m. a. að breyta rennsli vatna á milli vatnaskila. En eins og fram kemur í svari Landsvirkjunar er þetta ekki stórt mál og þarna er sem sagt allmjög á mörkum, ef svo má segja, um vatnaskil. Ég get hins vegar ekkert um þá staðhæfingu fullyrt, að vötn renni þarna ýmist til suðurs eða norðurs, og veit ekki hvort einhverjar rannsóknir liggja þeirri staðhæfingu til grundvallar, — einhverjar rannsóknir sem ná lengra aftur í tímann, en hallamælingar geta sjálfsagt úr því skorið ef út í það væri farið. Ég held að það skipti mestu máli að þetta er ekki meira mannvirki en svo, sem þarna var gert, að ekki mun kosta mikið að færa allt til upprunalegs horfs, ef ástæða þætti til, og held því að þarna hafi ekki verið út af fyrir sig framkvæmt neitt sem ekki er auðvelt að bæta fyrir ef ekki er samkomulag um að leyfa þessum skurði að standa þar sem hann er kominn í landið.

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans við þessum fsp. mínum varðandi vatnasvæði Skjálfandafljóts.

Eins og fram kom í svari hans er talið að vatnaskil séu þarna óglögg. Ég hef heyrt það líka. Mér hefur verið sagt að sumar þessar kvíslar hafi e. t. v. runnið ýmist til suðurs eða norðurs. En það, sem fyrir mér vakti með þessum fsp., var að fá fram hvort fyrirhugaðar væru einhverjar frekari aðgerðir sem meira munaði um. Ég legg á það áherslu, að ef til slíks yrði gripið yrði það gert í fullu samráði við heimaaðila, og ég fagna því viðhorfi hjá hæstv. ráðh., að hann telur að það eigi og þurfi að vera svo, sem er auðvitað sjálfsagt mál. Jafnframt tel ég að það ætti að vera tryggilega frá því gengið, að ef síðan kæmi til að virkja Skjálfandafljót, sem ekki er ólíklegt, þá sé reiknað með því vatni við hagkvæmniútreikninga, sem hugsanlega yrði flutt til, ef frekari aðgerðir yrðu gerðar á þessu svæði í Vonarskarði.

Ég tel reyndar varhugavert að ekkert hafi verið rætt um þetta við heimamenn, þó að lítið hafi verið gert. Ég tel að það hefði átt að gera það þó kannske megi segja sem svo, að þarna hafi verið um hálfgerðar tilraunaframkvæmdir að ræða. En hvað um það. Ef það er tryggt að það verði gert við hugsanlegar frekari framkvæmdir verður sjálfsagt að telja það fullnægjandi.

Varðandi ábyrgð, ef tjón yrði af slíkum flutningum, er gott að hafa hér þau svör, sem Landsvirkjun hefur gefið við því, og þeirra álit liggi fyrir. Ég tel að það verði að huga vel að því líka og reyna að gera sér grein fyrir hvað þarna gæti gerst ef flutningar á vatni valda skemmdum eða tjóni á landi eða mannvirkjum.

Ég hef í sjálfu sér ekki meira um þetta að segja. Ég vildi aðeins að þetta kæmi fram. Ég er ekki með þessu að leggja neinn stein í götu þess, að þarna þurfi og þarna megi gera einhverjar aðgerðir, heldur fyrst og fremst að benda á að sé það gert sé gætt að öllum hliðarverkunum, sem það getur haft, og leitað sé eftir því, að það sé í fullu samkomulagi við alla hagsmunaaðila þannig að ekki komi síðar til einhverra vandamála, sem gætu þá haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, bæði deilur heima í héraði og hugsanlega áhrif á möguleika til virkjunar fljótsins. Það gæti haft alvarlegar afleiðingar og væri mjög til tjóns ef á einhvern hátt slíkan væri skemmt fyrir málum fyrir fram.

Ég þakka hæstv. iðnrh.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég tek undir það, sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason gaf snyrtilega í skyn í upphafi fsp. sinnar, að það er ekki við hæfi að við þm. Norðurl. e. látum okkur engu skipta jökulvötn í okkar kjördæmi þegar slík mál eru svo mjög á dagskrá sem nú hefur verið undanfarið. Mér er kunnugt um að þeir Landsvirkjunarmenn, sem að mínu viti eiga hrós skilið fyrir framferði sitt á virkjunarsvæði sínu hin síðari ár, m. a. fyrir það, hversu vel þeir lærðu lexíuna úr Laxármálinu, — mér er kunnugt um það, að enda þótt þeir hafi seilst þarna til þess, eins og ráða má af orðum hæstv. ráðh., að veita í Vonarskarði suður vatni sem eiginlega hafði ætlað að fara þangað, en ekki komist vegna óhagstæðs landshalla, þá hefur hér verið farið af gát og haft í huga að vinna þarna engin þess háttar spjöll gegn eðlilegu og löggiltu frelsi vatnsins til að renna niður í móti sem ekki væri auðvelt að lagfæra ef til þess kæmi að af þessu yrði deila eða einhver færi að fetta fingur út í að Landsvirkjun bryti þarna vatnalögin, sem ég vil staðhæfa að Landsvirkjun hafi ekki heimild til fremur en að brjóta önnur lög.

Aðeins vegna þess að tæknilegir stjórnendur Landsvirkjunar hafa látið svo lítið að segja mér frá þessum aðgerðum þarna efra í tengslum við önnur mál og af því að mér er kunnugt um að þess hefur verið gætt mjög vandlega að vinna þarna engin verk sem líklega væru til þess, að af þeim mundu spretta alvarlegar deilur, og af því að mér er það ljóst og ég trúi því, að stjórn Landsvirkjunar muni gæta þess sem sjáaldurs auga síns að lenda ekki í deilum við Bárðdæli vora eða Kinnunga út af þessu máli, þá kvaddi ég mér hér hljóðs og undirstrika rétt í lokin þetta atriði, að ekkert ákvæði í lögum um Landsvirkjun heimilar Landsvirkjun að brjóta lög og þá ekki heldur vatnalög, og ég er stórefins um að nokkurt rn. geti veitt Landsvirkjun slíka heimild.

Sameinað þing, 83. fundur.

Fimmtudaginn 29. apríl, að loknum 82. fundi.

Áhrif starfsmanna á málefni vinnustaða, þáltill. (þskj. 747). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 768). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Lækningarmáttur jarðsjávar við Svartsengi, (þskj. 120, n. 660, 661). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til umfjöllunar till. til þál. um könnun á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi, 117. mál þessa þings. Nefndin fékk umsögn frá landlækni, læknadeild Háskólans, Samtökum psoriasis- og exemsjúklinga, Læknafélagi Íslands og Hitaveitu Suðurnesja, og var í umsögnum þessara aðila lýst jákvæðri afstöðu til till. Fram kemur í umsögnun að sú könnun, sem till. gerir ráð fyrir, væri þegar hafin.

Með tilliti til þessa hefur allshn. gert breytingu á tillgr., sem fram kemur á þskj. 661 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að leiði könnun, sem nú fer fram á lækningarmætti jarðsjávar við Svartsengi, til jákvæðrar niðurstöðu, þá verði þegar unnið að því að koma upp sérstakri aðstöðu fyrir þá sjúklinga sem að læknisráði er talið rétt að noti jarðsjóinn til baða."

Allshn. leggur til að till. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef hér lýst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Íslenskt efni á myndsnældum, þáltill. (þskj. 297, n. 662). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar þáltill. um íslenskt efni á myndsnældum, 185. mál þessa þings. Hefur nefndin fengið umsögn frá Sambandi tónskálda og eigenda flutningsréttar um tillöguna. Meginefni till. er að fela menntmrh. að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpi — sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum. — Mælir nefndin með að till. verði samþykkt óbreytt.

Ég vil geta þess að hv. þm. Guðrún Helgadóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins, en láðst hefur að geta þess í nál.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég vil í örfáum orðum þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls og láta um leið í ljós þá von, að þess verði ekki langt að bíða að hæstv. menntmrh. fylgi þessari till. eftir þannig að efni hennar megi í framkvæmd komast.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Sjálfsforræði sveitarfélaga, þáltill. (þskj. 127, n. 698 og 724, 699). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Allshn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga, en nefndin fékk umsagnir um málið frá eftirtöldum aðilum: Fjórðungssambandi Norðlendinga, borgarstjórn Reykjavíkur, Bolungarvíkurkaupstað, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, bæjarstjórn Keflavíkur, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarráði Selfoss og fjmrh.

Eins og fram kemur í nál. á þskj. 698 varð nefndin ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. leggur til að till. verði samþykkt með breytingum sem fram koma á þskj. 699. Meiri hl. leggur til eftirfarandi breytingar, með leyfi forseta:

„Í 1. mgr. komi: Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til — í stað orðanna, „Alþingi ályktar að fela ríkisstj.".

2. a-liður 2. mgr. orðist svo: Að skattlagning á tekjum einstaklinga og á eignum einstaklinga og fyrirtækja verði einvörðungu á vegum sveitarfélaga, en tekjuskattur og eignarskattur einstaklinga til ríkissjóðs falli niður svo og eignarskattur fyrirtækja.

Innan rúmra marka, sem m. a. taki mið af tekjujöfnunarmöguleikum skattsins, ákveði sveitarstjórnir álagningarhlutföllin án afskipta ríkisvaldsins.

3. b-liður orðist svo: Að skattar af veltu verði alfarið á vegum ríkissjóðs, en aðstöðugjald til sveitarfélaga falli niður.

4. Í stað orðanna „Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni fyrst og fremst" í d-lið komi: Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni í auknum mæli."

Mælir meiri hl. n., sem ásamt mér skipa hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, Halldór Blöndal og Steinþór Gestsson, með að till. verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef hér lýst.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Eins og glögglega kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns varð allshn. ekki sammála um afgreiðslu málsins. Við, sem skipum minni hl. n., leggjum fram sérstakt nál. svohljóðandi:

„Nefndin athugaði tillöguna á fundum sínum. Þar sem stjórnskipuð nefnd, sem hefur það hlutverk að endurskoða núgildandi sveitarstjórnarlög og sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar, er nýtekin til starfa og enn fremur þar sem nefnd, sem hefur unnið að endurskoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar með töldum tekjustofnum sveitarfélaga, hefur skilað ítarlegu áliti til ríkisstj. nýlega, þá leggur minni hl. allshn. til að þáltill. verði vísað til ríkisstj."

Við teljum sem sagt að það sé verið að vinna að þessu máli skipulega og sé eðlilegt að ríkisstj. hafi forustu um málið.

Undir þetta rita ásamt mér Haraldur Ólafsson og Skúli Alexandersson, sem kom að umfjöllun málsins í minni hlutanum í forföllum hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Örfá orð.

Forsendur frávísunartillögu hv. minni hl. allshn. á þskj. 724 eru algerlega út í hött. Það er að vísu rétt hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., að starfandi er nefnd að endurskoðun sveitarstjórnarlaga, laga um sameiningu sveitarfélaga og sveitarstjórnarkosningar, en ekkert af þessum lögum snertir efni sjálfrar þáltill. Þó að komið sé inn á þessi efni í grg. till. er svo alls ekki í þáltill. sjálfri. Ekkert af þessum lögum, sem hér hafa verið talin upp, snertir efni þáltill.

Nefndin, sem vann að endurskoðun verkefnaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga og talað er um í nál. minni hl., kom ekkert inn á þessi mál heldur. Nefndin segir sjálf um þetta atriði í lokaskýrslu sinni, með leyfi forseta:

„Eins og fram hefur komið er það ekki hlutverk nefndarinnar að gera tillögur um almennar breytingar á tekjukerfi sveitarfélaganna."

Nefndin tók sem sagt ekki afstöðu til laga um tekjustofna sveitarfélaga og þaðan af síður um tekju- og eignarskatt til ríkisins eða aðra skattlagningu til ríkissjóðs eða nokkurra þeirra atriða annarra sem þáltill. tekur til. Forsendur þær, sem hv. minni hl. allshn. gefur sér, eru sem sagt algerlega út í hött.

Herra forseti. Ég þakka meiri hl. hv. allshn. fyrir afgreiðslu þessa máls. Brtt. meiri hl. tel ég ekki allar til bóta, en margar þeirra þó. Ég get mjög vel sætt mig við þær, enda eru meginsjónarmið þáltill. óbreytt.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Aðeins nokkur orð í sambandi við þetta mál að gefnu tilefni.

Mér finnst ástæða til að vekja athygli á því til að fyrirbyggja misskilning út af ræðu hv. 5. þm. Suðurl., að verið hefur starfandi nefnd í þessum málum um nokkurt árabil sem skipuð hefur verið af tveimur ríkisstjórnum, með helmingsþátttöku fulltrúa sveitarfélaga í landinu, til að endurskoða og til að draga í fyrsta lagi niðurstöður af þeirri reynslu sem liggur fyrir af sveitarstjórnarmálum í landinu og einnig að setja upp þá valkosti sem menn gætu komið sér saman um að horfi til bóta um sjálfsforræði sveitarfélaga og verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þetta starf tók nokkuð langan tíma, en skilað var ítarlegum tillögum til ríkisstj. — ekki ákveðnum tillögum heldur valkostum, þannig að þar er bent á þær leiðir sem menn, sem hafa starfað að þessum málum og flestir hafa allmikla reynslu í sveitarstjórnarmálum og samskiptamálum ríkis og sveitarfélag, höfðu komið sér saman um. Eins og margir sjálfsagt vita varð niðurstaðan sú, að þessar hugmyndir voru settar fram í ákveðnu formi í þessari verkaskiptaskýrslu og voru gefnar um það yfirlýsingar frá hendi núv. ríkisstj. að áfram yrði unnið að því að móta lög eða lagafrumvörp sem snertu beint þessi atriði.

Í beinu framhaldi af því var síðan skipuð ný nefnd til að endurskoða lög um sveitarfélög, sameiningu sveitarfélaga og lög um sveitarstjórnarkosningar. Þessi nefnd er nú í fullu starfi og hefur tekið að nokkru leyti þátt í þeim lagabreytingum sem ræddar voru nýverið hér á hv. Alþingi í sambandi við sveitarstjórnarkosningar. Þær hafa nú verið samþykktar. Þessi nefnd gerir ráð fyrir að skila áður en langt um líður — e. t. v. um næstu áramót — tillögum sínum um þetta verkefni. Þar af leiðandi er hægt að fullyrða að öll þessi mál hafa verið tekin mjög föstum tökum og fulltrúar sveitarfélaga í landinu eiga þarna beina aðild að og taka virkan þátt í þessu starfi.

Ég geri ráð fyrir að það verði að ályktа að þessum málum sé vel borgið, að þeir menn, sem fyrst og fremst hafa þekkingu á þessu sviði og hafa starfað í þessum málum, leggja fram starfskrafta sína til að móta heilsteypta löggjöf í sambandi við verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og sjálfsforræði sveitarfélaga. Þess vegna tel ég að frávísunartillagan, sem hér hefur verið skýrt frá, eigi fyllilega rétt á sér. Hún er í fullu samræmi við það sem liggur fyrir í þessum málum.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður talaði þannig að það var helst að skilja á honum, að hv. 1. flm. þessarar till. hefði ekkert vit á sveitarstjórnarmálum. Ég held að enginn dragi í efa þekkingu hans á þessum málaflokki sem bæði fyrrv. bæjarstjóra í sveitarfélagi og auk þess fulltrúa í bæjarstjórn. Það kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að það væru menn með þekkingu sem væru að fjalla um þessi mál á þessu stigi.

Ég vil segja það í sambandi við afgreiðslu minni hl. allshn. á þessu máli, að þar er sá dæmigerði flótti Alþingis frá því að móta einhverja stefnu um sjálfsforræði sveitarfélaga sem er að verða einhver veigamesti og nauðsynlegasti þátturinn í því að sveitarfélögin fái eitthvert ákvörðunarvald. Ég harma í rauninni að þessi till. skuli ekki hafa fengið meiri umr. hér á hinu háa Alþingi, því að hér eru gerðar mjög ákveðnar tillögur um sjálfsforræði sveitarfélaganna, sem m. a. eiga að felast í því, að ríkisstj. flytji lagafrv. um breyt. á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, um tekju- og eignarskatt og fleira af þeim toga spunnið.

Það hefur verið mikið deilumál og það hefur verið mikið rætt, hvernig verkaskipting á milli ríkis og sveitarfélaga skuli vera, en þessi till. er flutt, er mér óhætt að segja, í beinu framhaldi af áliti Sambands ísl. sveitarfélaga á því, hvað gera skuli í þessum málaflokki. Það sýnir, hvað þessu máli miðar lítið áleiðis, að rætt er um að nefndir hafi starfað á undanförnum árum. Hér hefur verið tekið fram að svo og svo margar nefndir hafi starfað í tíð a. m. k. tveggja síðustu ríkisstjórna. En hver er árangur þessa starfs? Hann er nákvæmlega enginn.

Ég harma að minni hl. allshn. skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að vísa þessari till. frá. Það er afleit forsenda fyrir því að knýja á um að ríkisvaldið taki þetta mál föstum tökum. Það hefur alls ekki verið tekið nægilega föstum tökum. Samband ísl. sveitarfélaga hefur haldið margar ráðstefnur, fjórðungssamtökin hafa haldið margar ráðstefnur um þennan málaflokk, en árangurinn af þeim hefur nákvæmlega enginn verið. Krafan um sjálfsforræði sveitarfélaga hefur verið virt fullkomlega að vettugi. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að það væri þó mun skárri afgreiðsla á þessari till. ef brtt. meiri hl. allshn. næði fram að ganga en að vísa frá jafngagnmerkri tillögu og einnig ákveðnustu tillögu sem komið hefur fram á þingi um skiptinguna á því valdi, sem hér um ræðir, og um sjálfsforræði sveitarfélaganna almennt. Líklega stendur sveitarfélögunum ekkert meira fyrir þrifum en það vald sem Alþingi og ríkisstj. hafa til að fara með mál þeirra. Þess vegna hefði ég talið það öllu skörulegra og manndómslegra að afgreiða þessa till. á þessu þingi en að vísa henni frá, eins og minni hl. n. gerir að tillögu sinni.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að standa í deilum við hv. þm. í sambandi við þetta mál. Ég vildi aðeins koma þeim skýringum að sem ég gaf áðan. Hv. 6. þm. Norðurl. e. má hafa sína skoðun á þessu máli fyrir mér. — En ég ætla að leiðrétta það, að ég var ekki að vefengja neitt þátt hv. 5. þm. Suðurl. í þessum málum. Ég virði hann að öllu leyti. Hann hefur átt sæti í flestum nefndunum um þessi mál, sem ég gat um, og hefur unnið þar gott verk. Það er mér vel kunnugt um.

Mér þykir furðulegt að hlusta á menn tala eins og hv. síðasti ræðumaður gerði um þessi málefni, þar sem hann segir að það hafi verið unnið að þessum málum í mörg ár en lítið áunnist. Hver er árangurinn? Nákvæmlega enginn, segir svo hv. þm. Hefur hann ekki fylgst með þróun sveitarstjórnarmála á Íslandi á undanförnum árum? Hefur hann ekki áttað sig á því, hvað hefur verið

að gerast í landinu í þeim málum? Hefur hann ekki orðið var við það í sínu kjördæmi, hvað sveitarfélögin láta mikið til sín taka í uppbyggingu landshlutanna? Hefur hann ekki orðið var við hvað sveitarstjórnarmenn hafa náð miklum árangri með tilliti til þess, hvað frjáls samtök sveitarfélaga hafa þróast ört í þessum efnum? (Gripið fram í.) Ég ætla að láta hann einnig vita það, að ef hann les skýrslu verkaskiptanefndar, sem við hv. 5. þm. Suðurl. höfum átt sæti í og starfað í í mörg ár, mun hann komast að raun um að hún er árangur af starfi manna sem hafa þekkingu á þessum málum. Það er skýrsla sem hægt er að byggja á lagasetningu um sveitarstjórnarmál, vegna þess að þar er dregin fram sú reynsla, sem þegar hefur fengist á þeim málum hér á landi, og þar eru dregnir fram þeir valkostir, sem helst eru vænlegir til að auka sjálfsforræði sveitarfélaga og koma hreinum verkaskiptum á milli ríkis og sveitarfélaga.

Mér finnst furðulegt að hlusta á það sagt hér á hv. Alþingi, að það hafi nákvæmlega ekkert verið gert í þessum málum. Mér finnst það vera furðulegt vantraust á forustu sveitarfélaga í landinu á undanförnum árum. Þar hefur verið unnið gott verk. Um það fjalla allar samþykktir landsfunda sveitarfélaga, allar samþykktir fulltrúaráðsfundar sveitarfélaga og margar fleiri ráðstefnur sem um þessi mál hafa verið haldnar. Ég tel að málefni sveitarfélaga hafi stefnt í rétta átt. Ég vil benda á það í leiðinni, að hv. þm. geta fullvissað sig um hvernig unnið hefur verið að þessum málum t. d. í nágrenni við okkur, á Norðurlöndunum. Hvað halda þm. að menn á Norðurlöndum hafi verið mörg ár að koma á þeirri skipan sveitarstjórnarmála sem hefur nýlega verið tekin í lög bæði í Norgegi og Danmörku? Halda menn að það hafi gerst á einum vetri? Það hefur tekið áratugi að koma þessari löggjöf á og hún hefur verið að þróast. Hún er að þróast meira að segja þannig í Noregi, að því, sem Norðmenn ákváðu fyrir nokkrum árum og lögfestu í gegnum Stórþingið eftir margra ára starf, er núna verið að breyta aftur að fenginni reynslu vegna þess að skrefið var stigið of stórt. Ég hef þá skoðun, að hér á landi eigi þessi mál að þróast í frjálsum samtökum sveitarfélaga og þannig eigi að byggja þessi mál upp og haga lagasetningu samkv. bestu reynslu sem þannig fæst. Þannig vona ég að verði unnið að þessum málum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það skulu aðeins vera nokkur orð.

Eins og aðrir jafnaðarmenn, sem hér hafa talað, harma ég þá niðurstöðu sem minni hl. n. hefur komist að um að vísa þessari till. til ríkisstj. Það er auðvitað alveg rétt og auðvitað kjarni málsins einnig, sem fram kemur hjá hv. 1. þm. Vesturl., að það hafi verið starfandi nefndir um þessi efni árum saman, en stefnumörkun hefur ekki átt sér stað. Það ætti að undirstrika mikilvægi þess að aðhafast eitthvað. Eins og oft er um valddreifingarmarkmið, eins og þau sem hér er gert ráð fyrir og flestir vist í orði kveðnu kveða sig vera sammála, getur engu að síður verið nauðsynlegt að sú valddreifing komi frá miðjunni, það sé beitt valdi frá miðjunni til þess að hún geti átt sér stað.

En það, sem mig langar til að vekja kirfilega athygli á hér í sambandi við þessa till., er hversu miklu það varðar okkur í Reykjavík að valddreifing komist á hið fyrsta og vald sveitarfélaga fari vaxandi. Eitt af því, sem gert er ráð fyrir í þessari þáltill., er, eins og segir í e-lið hennar, að sveitarfélögin fái óskorað vald til að ákveða verð fyrir veitta þjónustu án afskipta ríkisvaldsins. Þetta er auðvitað liður í allri þeirri hugmyndafræði að þessi valddreifing eigi sér stað, að hinar litlu einingar í þjóðfélaginu, sveitarfélögin, fái sjálf að ákveða þetta. Nú þekkja það allir, að vegna þess, hvernig vísitölureikningar eiga sér stað, og vegna þess, hvernig miðað hefur verið við verð á þjónustu sem veitt er hér á Reykjavíkursvæðinu, hefur verði á margháttaðri þjónustu á vegum sveitarfélagsins hér og á vegum sveitarfélaganna í nágrannabyggðunum verið haldið niðri. Þetta hefur orsakað það, að fyrirtæki á vegum sveitarfélaganna hér um slóðir hafa ekki getað endurnýjað vélakost og tækjakost, þau hafa drabbast niður í bókstaflegum skilningi orðsins. Þó ekki væri nema af þessari einu ástæðu er það feikilega brýnt hagsmunamál Reykjavíkur, að Alþingi marki stefnu að því er þennan þátt þessarar till. varðar. Það er augljóst að eins og minni hl. gerir ráð fyrir, sem maður reiknar með að meirihlutaflokkarnir hér á Alþingi muni styðja ef ekki gerist eitthvað óvænt, þá verði þessari till. vísað til ríkisstj. Þar með er þróun þessara mála stöðvuð enn um sinn. Það ber að harma, þó ekki væri nema vegna þess að þessi eini þáttur, sem ég hef nefnt hér, er stórkostlegt hagsmunamál í Reykjavík. Menn þekkja þróun þessa á undanförnum árum. Þetta er farið að skaða fyrirtæki og hagsmuni og afkomu fólks á þessu svæði. Af þessum ástæðum einnig harma ég að minni hl. skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu sem raun ber vitni og vona satt að segja að einhverjir verði til þess að gerast liðhlaupar í þessu máli.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Nokkur orð í tilefni af ræðu hv. 1. þm. Vesturl.

Hann sagði að það væri að vænta tillögugerðar frá þessari margumtöluðu nefnd, sem ég á sæti í ásamt honum, um áramótin næstu. Ég man ekki betur en hún hafi reiknað sér 2—3 ár þegar hún tók til starfa um mitt s. l. ár. Það eru því allt að tvö ár í niðurstöður. Það skiptir kannske ekki öllu máli.

Það er auðvitað rétt hjá honum, að ýmsar nefndir hafa starfað í mörg ár, a. m. k. tvo áratugi. Það hefur komið fram mikið af góðum tillögum, en engin þeirra hefur náð fram að ganga. Það hefur engin verið samþykkt. Sveitarfélögin hafa unnið saman og út af fyrir sig er ekkert nema gott um það að segja. En það vantar algerlega stefnumótun stjórnmálaflokkanna, það vantar allar ákvarðanir. Það er ekki nóg að það séu góðir menn að leggja fram góðar tillögur ef enginn tekur við þeim, ef löggjafinn lítur ekki á þær.

Þáltill. átti í fyrsta lagi að marka stefnu Alþfl. þannig að hún væri lýðum ljós. Í öðru lagi var hún tilraun til að höggva á alla þessa hnúta, skoða allar þessar góðu tillögur og höggva á hnúta. Frávísunartillaga minni hl. kemur í veg fyrir það. Það virðist vera að minni hl. vilji halda áfram næstu áratugina í viðbót að láta sveitarfélögin gera góðar till., en líta ekki á þær, afgreiða ekkert. En það er einmitt það sem við viljum. Við viljum skoða allar góðar tillögur og höggva á þá hnúta sem þarf að höggva á.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram hefur komið í þeim framsöguræðum, sem fluttar voru fyrir nál. um þessa till., klofnaði nefndin um afstöðu sína til till. Fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. í nefndinni lögðu til að

till. yrði samþykkt með nokkrum breytingum, en fulltrúar Framsfl. og Alþb. leggja til að till. verði vísað til ríkisstj.

Till., sem hér liggur fyrir, fellur mjög saman við þá stefnumörkun sem Sjálfstfl. hefur markað á landsfundum sínum varðandi sveitarstjórnarmál. Ég vil minna á í þessu sambandi að einn af þm. Sjálfstfl., sem sat hér á þingi á s. l. vetri sem varaþm., hv. þm. Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, flutti þáltill. sem fjallaði um að sveitarfélögin fengju óskoraðan rétt til að ákveða gjaldskrá fyrir veitta þjónustu.

Þessi till. fjallar um þrjú meginatriði. Hún fjallar um að gera skattkerfið einfaldara að því leyti, að þeir meginskattstofnar, sem við notum, skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga, skattlagning á tekjur einstaklinga og á eignir einstaklinga og fyrirtækja verði á vegum sveitarfélaga, en tekju- og eignarskattur ríkisins falli niður, hins vegar verði skattar af veltu á vegum ríkissjóðs. Þetta mundi gera allt skattkerfið mun einfaldara í sniðum. Ég er í engum vafa um, ef hægt væri að útfæra þessa stefnu í þaula, að það mundi spara mjög mikið varðandi þá miklu vinnu sem nú fer í skatteftirlit og athuganir á skattframtölum manna. Það er að vísu hliðaratriði í þessu sambandi.

Meginatriðið er að bæði ríki og sveitarfélög séu ekki að skattleggja sama skattstofninn. Við skulum hafa í huga, að þó að margar nefndir hafi verið að vinna árum saman að því, hvernig haga skuli verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og hvernig eigi að skipta tekjustofnum á milli ríkis og sveitarfélaga, erum við á stöðugri leið út í fenið í þessu efni. Það eru stöðugt að koma fram tillögur um nýja og nýja skatta hér á hv. Alþingi sem flækja þetta mál enn meira. Við erum t. d. nýbúnir að afgreiða sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem er í raun og veru ekkert annað en afbrigði af fasteignaskatti, og sá skattur er svo hár að hann slagar orðið hátt upp í þær tekjur sem sveitarfélögin hafa af fasteignasköttum. Þannig er sama hvert litið er. Við göngum lengra og lengra út í fenið með hverri nýrri ákvörðun sem hv. Alþingi tekur í skattamálum. Þess vegna er mjög mikilvægt að okkar mati, að Alþingi marki stefnu eins og hér er fjallað um.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að verkefnum sé skipt á milli ríkis og sveitarfélaga. Þegar tekjustofnarnir hafi verið markaðir sé jöfnuður fenginn með því að skipta verkefnum á milli. Ég er sannfærður um að þótt sveitarfélögin séu mjög mismunandi í stakk búin til að taka við auknum verkefnum, vegna þess hversu þau eru misstór og hafa misháar tekjur þar af leiðandi, þá mundu sveitarfélögin, ef tekin yrði ákvörðun um að afhenda þeim ákveðin verkefni, leita samvinnu sín á milli um að leysa þau verkefni, eins og reynslan hefur verið hingað til. Þess vegna held ég að það sé kominn tími til að reyna að skera á þennan hnút, og einmitt slík stefnumörkun af hálfu Alþingis mundi hjálpa til við að það yrði gert.

Þriðja meginatriði þessarar till. er að veita sveitarfélögunum óskoraðan rétt til að ákveða gjaldskrár fyrir veitta þjónustu án afskipta ríkisvaldsins. Það er kunnara en frá þurfi að segja eða um það þurfi að hafa mörg orð hér á hv. Alþingi, að afskipti ríkisvaldsins af gjaldskrám sveitarfélaga hafa leitt til þess, að sveitarfélögin reka nú fyrirtæki sem mörg hver eru algerlega gjaldþrota, — fyrirtæki sem ættu að geta staðið undir sér sjáf, en nú þarf að greiða með þeim af skatttekjum sveitarfélaganna. Ég nefni t. d. strætisvagna, bæði hér í Reykjavík og í öðrum sveitarfélögum þar sem slík þjónusta er veitt. Ýmiss konar önnur þjónustustarfsemi er rekin langt undir því verði sem eðlilegt getur talist. Þar vil ég nefna sundstaði, barnaheimili og fleira. Ríkisvaldið tekur að sér að ákveða hver gjaldskráin eigi að vera og þar með hversu stór hluti af skatttekjum borgaranna fari til að standa undir þessari þjónustu. Og það sem verra er: Þar sem um er að ræða lögbundnar viðmiðanir, eins og t. d. í lögum um barnaheimili, hvað notendur eigi að greiða og hvað sveitarfélögin eigi að greiða, hefur ríkisvaldið farið þannig fram í þessum málum að það hirðir ekkert um að fara eftir þeim lögum sem hv. Alþingi hefur sett í þessum efnum. Ég tala nú ekki um veitufyrirtækin, hvernig þau eru leikin. Það er sárgrætilegt til þess að hugsa, að jafngott fyrirtæki og Hitaveita Reykjavíkur skuli nú vera svo hart leikið að ég fullyrði að á næsta vetri, ef kemur kuldakast sem stendur meira en 3—4 vikur, þarf í fyrsta lagi að kynda með olíu allar tiltækar varastöðvar, sem hér eru til í Reykjavík, og í öðru lagi eru líkur á að það verði skortur á heitu vatni. Það er alvarlega farið að tala um það innan borgarstjórnar Reykjavíkur og í almannavarnanefnd Reykjavíkur að setja upp neyðaráætlun um hvernig eigi að bregðast við ef stór hluti af bænum, þ. e. hæstu húsin, verði heitavatnslaus. Ástæðan er sú, að ríkisvaldið hefur nú árum saman hegðað sér þannig gagnvart þessu fyrirtæki að það fær ekki að verðleggja þjónustu sína á eðlilegan hátt. Sama gildir um Rafmagnsveitu Reykjavíkur og fleiri slík fyrirtæki. Það er þess vegna að mati okkar, sem stöndum að þessu nál. og mælum með því að hv. Alþingi samþykki þessa till., mjög tímabært að slík meginstefna sé mörkuð eins og lagt er til í þessari þáltill.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Um langt árabil hafa samtök sveitarfélaga hér á landi knúið dýra hjá hinu háa Alþingi með óskum um aukið sjálfsforræði. Það hefur komið fram í ræðum formanna þessara samtaka ár eftir ár, að óskir þeirra um aukið sjálfsforræði hafi verið virtar að vettugi. Það var þess vegna m. a. sem ég sagði áðan að þrátt fyrir nefndarstörf ár eftir ár hefði nánast ekkert áunnist. Ég held að hv. þm. Alexander Stefánsson sé fyrsti sveitarstjórnarmaðurinn, sem ég heyri í í langan tíma, sem tregðast við að auka sjálfsforræði sveitarfélaganna. Þetta er auðvitað furðulegt, svo að ég noti sama lýsingarorð og hv. 1. þm. Vesturl. gerir oft og tíðum, þegar um er að ræða jafnduglegan sveitarstjórnarmann og hv. þm. er. En það skyldi þó ekki vera að ástæðan fyrir því, að hann leggst alfarið gegn þessari till., sé sú, að hún komi ekki frá hans flokki, heldur öðrum flokki. Ef svo er, þá er það í eðli sínu alvarlegt mál, ef þm. taka alfarið afstöðu til tillagna af þessu tagi eingöngu eftir pólitískum línum.

Í þessari till. er komið á framfæri máli sem samtök sveitarfélaga hafa barist fyrir um langt árabil. Hv. þm. Alexander Stefánsson sagði áðan, að með orðum mínum hefði ég lýst yfir furðulegu vantrausti á störfum samtaka sveitarfélaga, og bætti því við, að margt hefði áunnist. Að þessu gefna tilefni vil ég spyrja þennan hv. þm.: Hvað hefur áunnist? Ég skal minna hann á stofnun fjórðungssamtakanna sem vissulega var spor í rétta átt. En hver eru völd þeirra samtaka gagnvart hinu miðstýrða alræðisvaldi Alþingis og ríkisstjórnar? Völd þeirra eru engin, ekki nokkur. Þessi samtök fjórðunganna í landinu hafa

völd til að efna til ráðstefna og funda. Þau hafa völd til þess að fara að nokkru leyti með fræðslumálin, en þar með punktur og búið spil. Völdin ná ekki lengra. Og völdin í þessum efnum eru auðvitað bundin af fjármagninu sem ríkið og Alþingi ákveða að veita inn í þessi sveitarfélög. Önnur eru þessi völd ekki. Þess vegna hefði ég talið mjög mikils virði ef hið háa Alþingi hefði treyst sér til að samþykkja eða a. m. k. afgreiða till. á einhvern annan hátt en þann sem hv. minni hl. allshn. gerir í þessu tilviki — einfaldlega til að knýja á um að þetta sjálfsforræði geti orðið meira og það taki skemmri tíma að koma því í gagnið.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson minnti á mörg atriði, mjög veigamikil atriði, sem sýna fram á hversu alvarlegt það er að sveitarfélögin hafa ekki meira sjálfsforræði en raun ber vitni um. T. d. nefndi hann það einfalda mál, að ákvörðun vísitölu skuli koma í veg fyrir að Hitaveita Reykjavíkur fái að ákveða gjaldskrá sína. Það eitt út af fyrir sig segir nánast alla söguna, sem ég er að tala um. Þetta er að vísu stórbrotið dæmi, en engu að síður er það mælikvarði á aðra rekstrarþætti. Meðan svona er, þá er ekki um að ræða sjálfsforræði sveitarfélaga, þó svo hv. þm. Alexander Stefánsson hafi sagt að margt hafi áunnist. Þess vegna beini ég þeirri spurningu til hans, að hann segi mér héðan úr ræðustól hvert vald sveitarfélaganna er yfirleitt — og ef hann vildi vera svo góður að bæta því við og segja mér hvert vald fjóðrungssambandanna er til þess að koma sínum málum áfram, til þess að taka ákvarðanir um það sem mestu máli skiptir, þ. e. peningamálin. Það er ekki nóg fyrir fjórðungssamtökin að samþykkja ályktanir vegna þess að því fylgir ekkert. Því fylgir ekki vald til að framkvæma ályktanirnar.

Þetta vildi ég láta koma fram.

Jón Baldvin Hannibalsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að það mál, sem hér er til umr., sé eitt stærsta og merkasta umbótamál, sem flutt hefur verið á Alþingi að þessu sinni, og varði grundvallaratriði stjórnkerfis landsins. Ég verð þess vegna satt að segja að lýsa furðu minni á því, að mál af þessu tagi skuli ekki fá betri undirtektir í afgreiðslu þingsins en mér virðist hér raunin vera á. Sérstaklega furðar mig að fjölmargir þm., sem sjálfir eru sveitarstjórnarmenn og hafa mikla reynslu að baki í þeim efnum, skuli ekki hafa meira til málanna að leggja, þegar vönduð þáltill. af þessu tagi er lögð fram, en fram kemur í nál. minni hl. allshn.

Það er vitnað til þess, að opinberar nefndir hafi starfað að þessum málum, og vitnað til þess, að þær hafi skilað áliti til ríkisstj., þar sem er álitsgerð nefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, þar með talið um tekjustofna. Á undanförnum árum hafa þessi grundvallarvandamál, um verkaskiptingu, tekjuskiptingu og valdaskiptingu milli ríkisvalds og sveitarfélaga, verið eitt helsta dagskrármál sveitarstjórnarmanna. Í grg. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar er sú umræða dregin saman og bent á helstu umkvörtunarefnin. Ég nefni aðeins nokkur.

Athygli er vakin á því, að ef færa á vald og fjármuni til sveitarstjórna er auðvitað mjög æskilegt að framfylgja þeirri stefnu að fækka sveitarfélögum, en stækka þau og efla um leið þannig að þau verði aðsópsmeiri framkvæmdaaðilar en verið hefur. Í annan stað er vakin athygli á þeim geysilega aðstöðumun sem er milli hinna ýmsu sveitarfélaga, bæði að því er varðar tekjuöflunarmöguleika og fjárhagslegt bolmagn til að standa straum af framkvæmdum og þjónustu, sem fer bæði eftir t. d. nálægð þeirra sumra hverra við höfuðborg landsins og svo þeim þungu byrðum sem hin minni byggðarlög á landsbyggðinni hafa af mjög alhliða þjónustu, svo að ekki sé nefnt annað en t. d. hafnargerð, heilsugæsla o. s. frv. sem önnur sveitarfélög fá með mun minni tilkostnaði.

Meginatriðið er kannske það, að sveitarfélögin eru hálfgerðir niðursetningar í stjórnkerfinu. Þau eru fjárhagslega ósjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu. Þau hafa ekki nægilega skýrt markaða tekjustofna. Þau eru of háð ríkisvaldinu og stofnunum þess um mótframlög af hverju tagi og jafnvel háð þeim um leyfi til nauðsynlegustu framkvæmda. Þau hafa ekki nægilegt ákvörðunarvald um álagningu skatta og þau fá ekki ráðið eigin gjaldskrám, eins og nefnt hefur verið í þessum umr. og er auðvitað eitt meginvandamál í sambandi við stjórnsýslu ýmissa fyrirtækja í eigu eða þjónustu sveitarstjórna, og er frægast dæmið af Hitaveitu Reykjavíkur.

Þær mjög svo flóknu og óskýru markalínur, sem dregnar eru milli ríkis og sveitarfélaga varðandi umsjón framkvæmda og fjármögnun framkvæmda, eru í heild sinni ákaflega þunglamalegt kerfi þar sem framkvæmdir tefjast oft og einatt og detta upp fyrir eða verða úti einfaldlega af nærri því óútskýrðum kerfisástæðum.

Meginniðurstöður þessara umr. eru auðvitað þær, að til þurfi að koma meiri háttar tilfærsla, bæði fjármuna, valds og framkvæmdagetu, frá ríkisvaldinu til sveitarstjórnanna. Það þarf að einfalda ákvarðanatöku í öllum þessum ferli. Það getur stuðlað að árangursríkari vinnubrögðum, það getur létt af hvers kyns skriffinnsku og m. a. orðið til þess að létta störfum af ráðuneytum hér í Reykjavík sem eru með umsýslu um mál sem þau hafa takmarkaða staðarþekkingu á, og væri auðvitað nær að ákvörðunarvaldið væri í höndum þeirra sem sjálfir eiga að bera ábyrgð á framkvæmdunum. Ekki skortir því á rök fyrir breytingum. Ekki skortir á umræður um þær. Þær hafa staðið nógu lengi.

Það þarf ekki að segja yfirleitt miklu meira til að árétta þá skoðun, að hér er um að ræða eitthvert merkasta mál sem varðar stjórnkerfið í landinu, og þess hefði mátt vænta fyrir fram, að þetta mál fengi meiri undirtektir, betri undirtektir og um það yrðu ítarlegri og árangursríkari umr. hér á Alþingi en mér skilst að hafi orðið. Það er einmitt rökstuðningur með samþykkt þessarar þáltill. að í henni er að finna samandregnar niðurstöður af því mikla nefndarstarfi sem þegar hefur farið fram og er þegar orðið nægilegt til þess að Alþingi dragi af því ályktanir og samþykki þáltill. í anda þeirra niðurstaðna, nema því aðeins að sýnt sé fram á að mikill ágreiningur sé milli þm. eða stjórnmálaflokka um að hér sé stefnt í rétta átt. Ég hef ekki heyrt að svo sé.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Meginmálið er það, að með því að samþykkja þessa till. væri Alþingi að lýsa þeim vilja sínum, að umræðunni um þessi mál eigi að fara að ljúka og það sé kominn tími til að eitthvað verði aðhafst til að létta hinni dauðu hönd skrifræðismiðstjórnarvaldsins af sveitarfélögunum. Það á að færa völdin frá fjarlægum pótintátum embættismannavaldsins til þeirra sem hafa staðarþekkinguna og eru í meiri nálægð við umbjóðendur sína. Þetta er auðvitað sá málflutningur sem á að heyrast frá hv. Alþingi á ári sveitarstjórnarkosninga. Mig furðar satt að segja að mál af

þessu tagi skuli ekki fá betri undirtektir en raun hefur orðið á.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 84. fundur.

Fimmtudaginn 29. apríl, kl. 8 síðdegis.

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Jón Helgason): Umræðan fer þannig fram, að hver þingflokkur fær til umráða hálfa klukkustund. Auk þess fá sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., 20 mínútna ræðutíma. Umferðir verða tvær, 15—20 mínútur í fyrri umferð og 10—15 mínútur í þeirri síðari, en sjálfstæðismenn, sem styðja ríkisstj., fá til umráða 10—15 mínútur í fyrri umferð og 5—10 mínútur í síðari umferð.

Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj., Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn verða fyrir sjálfstæðismenn sem styðja ríkisstj.: Gunnar Thoroddsen forsrh. í fyrri umferð, en Friðjón Þórðarson dómsmrh. í síðari umferð. Fyrir Sjálfstfl.: Salome Þorkelsdóttir, 4. landsk. þm., og Halldór Blöndal, 7. landsk. þm., í fyrri umferð og Geir Hallgrímsson, 1. þm. Reykv., í síðari umferð. Fyrir Alþb. Svavar Gestsson félmrh. í fyrri umferð, en Guðrún Helgadóttir, 8. landsk. þm., og Skúli Alexandersson, 4. þm. Vesturl., í síðari umferð. Fyrir Alþfl.: Karl Steinar Guðnason, 3. landsk. þm., og Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., í fyrri umferð, en Karvel Pálmason, 6. landsk. þm., í síðari umferð. Fyrir Framsfl.: Steingrímur Hermannsson sjútvrh. í fyrri umferð og Ingvar Gíslason menntmrh. í síðari umferð.

Hefst nú umr. og tekur fyrst til máls Gunnar Thoroddsen forsrh. og talar af hálfu sjálfstæðismanna sem styðja ríkisstj.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Góðir hlustendur. Á síðustu tveim árum hafa flest ríki heims átt við mikinn vanda að stríða. Hagvöxtur hefur nær stöðvast og atvinnuleysi vaxið ört. Þráfaldlega var afturbata spáð, en vonir jafnharðan brugðist. Nú virðast flest teikn benda í þá átt, að árið 1982 verði þriðja árið í röð sem einkennist af efnahagsþrengingum á flestum sviðum. Ef ekki verða óvænt umskipti til bóta á næstu mánuðum eru líkur á að á engu þriggja ára tímabili eftir heimsstyrjöldina seinni hafi þjóðarframleiðsla iðnríkjanna vaxið hægar en nú.

Árið 1979 voru um 17 millj. manna atvinnulausar í þeim vestrænu löndum sem eru í OECD-samtökunum. Í fyrra var þessi tala komin upp í 25 millj. manna. Enn eykst atvinnuleysi í þessum löndum og hefur aldrei verið meira síðan í heimskreppunni fyrir hálfri öld. Samfara þessum þrengingum hefur ríkt óvenjumikil óvissa í efnahagsmálum þjóðanna. Gengi helstu gjaldmiðla hefur sveiflast meira en áður hefur þekkst, vextir hafa verið óvenjuháir og skrykkjóttur gangur þeirra.

Þessi óheillavænlega þróun í heimsbúskapnum varðar íslenskan þjóðarbúskap með margháttuðu móti. Það hefur dregið stórum úr eftirspurn eftir áli og kísiljárni og verð á þessum vörum lækkaði á árinu 1981 um sem næst 18% í dollurum talið. Aukin samkeppni og erfiðleikar gera vart við sig á mörkuðum fyrir sjávarafurðir. Þessi þróun ásamt hækkun á olíuvörum árin 1979 og 1980 hefur rýrt viðskiptakjör íslenska þjóðarbúsins um 11% frá 1978, þ. e. kaupmáttur útflutningsafurða þjóðarbúsins hefur minnkað um 11% vegna þess að innflutningsvörur hafa hækkað meira í verði en útflutningur. Þótt spáð sé óbreyttum viðskiptakjörum milli áranna 1981 og 1982 eru blikur á lofti og getur brugðið til beggja vona. Í því sambandi má nefna að óvissa ríkir um skreiðarmarkaðinn í Nígeríu.

Horfur í ár eru því ekki bjartar. Samkv. nýjustu spá Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að þjóðarframleiðsla dragist saman um 1% á þessu ári og þjóðartekjur um það sama. Ef verð á áli og kísiljárni væri nú svipað og á árinu 1980 og loðnuveiðar hefðu getað orðið með svipuðum hætti og s. l. ár hefðu þjóðartekjur okkar líklega vaxið í ár um ½% í stað 1% samdráttar sem nú er búist við.

Nær allur vöxtur þjóðarframleiðslu Íslendinga á síðustu þremur árum hefur farið til þess að mæta versnandi viðskiptakjörum og hafa því þjóðartekjur á mann nánast staðið í stað frá árinu 1978. Þetta sníður okkur þröngan stakk um neyslu og fjárfestingu. Með aðhaldsaðgerðum hafa stjórnvöld reynt að draga úr þenslunni. Fjárfesting á þessu ári verður minni að tiltölu miðað við þjóðarframleiðsiu en flest undanfarin ár. Þó hefur þess verið gætt að draga ekki svo úr fjárfestingu að niður komi á vexti atvinnulífs í framtíðinni. Þegar að þrengir verður að huga að því enn betur en áður að fjárfesta þar sem arðs er helst von.

Uppbygging atvinnulífs landsmanna er undir því komin öðru fremur að orkulindir landsins verði nýttar. Ríkisstj. hefur undirbúið stærsta átak í orkumálum frá upphafi vega. Undirbúnar hafa verið og ákveðnar þrjár nýjar stórvirkjanir til viðbótar þeim sem fyrir eru. Ríkisstj. hefur staðfest samninga um virkjun Blöndu og verða hafnar framkvæmdir þar á þessu ári að áskildu samþykki Alþingis sem verður veitt á næstu dögum. Í sumar verða einnig framkvæmdir við Þjórsá og verður orkuvinnsla þeirra virkjana, sem þar eru, aukin stórlega með nýjum veitum og stíflum. Á næstu árum verður ráðist í virkjun í Fljótsdal og í Þjórsá.

Auk virkjunar fallvatna má ekki gleyma annarri orkulind Íslendinga, jarðvarmanum. Á síðari árum hefur verið gert gífurlegt átak til þess að virkja jarðvarmann til húshitunar. Þetta hefur sparað þjóðinni háar fjárhæðir í olíukaupum frá útlöndum. Nú er svo komið, að meiri hluti allrar orku, sem notuð er hérlendis, kemur úr innlendum orkulindum.

Samhliða þessu hefur farið fram undirbúningur undir orkufrekan iðnað. Fyrir Alþingi liggur stjfrv. um kísilmálmverksmiðju. Unnið er að athugun á byggingu nýs álvers og mörgum öðrum iðnaðarfyrirtækjum, trjákvoðuverksmiðju, sjóefnaiðnaði, svo sem natríumklórvinnslu og magnesíum-framleiðslu o. fl.

Aukið fjármagn hefur verið veitt til íbúðarhúsabygginga í gegnum hið opinbera íbúðalánakerfi. Útlán Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna jukust um 13% að raungildi á síðasta ári. Engu að síður hefur fjárfesting landsmanna í íbúðarhúsnæði dregist nokkuð saman. Ýmsar ástæður kunna að liggja þar að baki. Ein er talin sú, að verðtrygging sparifjár hefur ýtt

undir peningalegan sparnað og þess vegna hafa sumir frestað fjárfestingu í húsnæði.

Önnur er sú fjárfesting sem ríkisstj. hefur lagt mun meiri áherslu á en áður hefur verið gert. Það er varanlegt slitlag í vegakerfi landsmanna. Á síðasta áratug var lengst af aðeins lagt bundið slitlag á 10—20 km á ári hverju, — síðustu árin nokkru meira, — en á árinu 1980 voru lagðir rúmlega 90 km, í fyrra nær 150 og í ár er fyrirhugað að leggja 150 km af bundnu slitlagi á vegi landsins. Þannig hafa verið og verða lagðir 380—390 km af bundnu slitlagi á þjóðvegi landsins á þessum þrem árum. Allan áratuginn á undan var slitlag lagt á minna en helming þess sem nú hefur verið lagt eða verður lagt á þrem árum.

Ég mun nú víkja að ríkisfjármálum og verðlagsmálum. Á árunum 1980—1981 var hlutfall ríkisútgjalda af þjóðarframleiðslu milli 28 og 29%. Þetta hlutfall, sem gefur einna gleggsta mynd af ríkisumsvifum og heildarskattlagningu, er svipað og það var að meðaltali næstu sex árin á undan, en hæst komst hlutfallið í rúm 30.4% árið 1975. Fjármál ríkissjóðs hafa s. l. tvö ár verið í betra jafnvægi en um langt árabil. Þannig batnaði staða ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum um 118 millj. kr. í fyrra og hafa skuldir ríkissjóðs við hann ekki verið lægri í hlutfalli við þjóðarframleiðslu síðan 1973.

Að undanförnu hefur mikið verið rætt um erlendar skuldir þjóðarbúsins. Eru þá oftast nefnd erlend langtímalán sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Þetta er hins vegar ekki einhlítur mælikvarði á skuldastöðu þjóðarbúsins gagnvart öðrum löndum þar sem eingöngu er tekið tillit til lána til lengri tíma en eins árs. Öllu réttara er að líta á nettóskuldir þjóðarbúsins, en þá er átt við bæði langtíma- og skammtímaskuldir að frádregnum birgðum eða ógreiddum útflutningi og gjaldeyrisforða bankakerfisins. Þá kemur annað í ljós. Nettóskuldir gagnvart útlöndum hafa nánast staðið í stað s. l. fimm ár, 1977—1981. Meginskýringin á þessum mismun er sú, að á móti aukningu erlendra lána hefur gjaldeyrisforði landsmanna aukist. Þetta atriði verður vitaskuld að hafa í huga þegar erlendar skuldir þjóðarbúsins eru metnar.

Í verðlagsmálum hefur verið mörkuð sú stefna að draga úr opinberum afskiptum af verðmyndun og auka sveigjanleika í verðmyndunarkerfinu. Í samræmi við þessa stefnu voru í gær afgreidd frá Alþingi lög um verðlag og samkeppnishömlur. Þetta er veigamikil stefnubreyting, en verðstöðvun hefur verið í gildi í meira og minna mæli á annan áratug með ærið misjöfnum árangri.

Í skýrslu ríkisstj. frá í janúar 1982 um aðgerðir í efnahagsmálum var greint frá því, að stofnað yrði til viðræðna við hagsmunaaðila atvinnulífsins um viðmiðunarkerfi sem gæti komið í stað núverandi vísitölukerfis og dregið úr víxlhækkunum þess. Ríkisstj. skipaði þriggja manna nefnd til að annast þessar viðræður. Í nefndinni eru Þórður Friðjónsson, sem er formaður hennar, Halldór Ásgrímsson og Þröstur Ólafsson, en Bolli Bollason ritari nefndarinnar. Viðræðunefndin hefur haldið á þriðja tug funda og hafa fjölmörg mál varðandi vísitölukerfið verið rædd, þ. á m. nýtt viðmiðunarkerfi fyrir laun sem auk breytinga á framfærsluvísitölu samkv. nýjum vísitölugrunni taki jafnframt tillit til breytinga á félagslegri þjónustu sem hið opinbera veitir. Á þann hátt yrði tekið tillit til lífskjara á víðara grunni en áður hefur þekkst. Einnig hefur verið fjallað um meðferð orkuverðs við verðbótaútreikning, verðbótatíðni, þ. e. lengd verðbótatímabils, auk annarra atriða. Þessari vinnu verður haldið áfram og eru vonir bundnar við að hún skili árangri á næstu vikum.

Í stjórnarsáttmála var því heitið, að ríkisstj. beitti sér fyrir samningum við Norðmenn til þess að tryggja fiskveiði- og hafsbotnsréttindi Íslendinga á Jan Mayen-svæðinu og vernd fiskstofna. Þetta hefur verið tryggt með samningum.

Stefna ríkisstj. í efnahagsmálum hefur mótast af þeim skorðum sem efnahagsástandið í heiminum hefur sett, en höfuðmarkmið hennar hafa verið þrjú: 1. Að koma í veg fyrir að hér verði atvinnuleysi, eins og gerst hefur í öllum nálægum löndum. 2. Að draga úr þeirri hættu að aðsteðjandi áföll bitni á kaupmætti almennings. 3. Að þoka verðbólgunni niður án þess að það verði á kostnað hinna markmiðanna tveggja. Þetta tókst á síðasta ári. Á Íslandi einu landa hefur ekki komið til atvinnuleysis. Kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings er talinn hafa aukist um 3% milli áranna 1980 og 1981. Verðbólgan lækkaði á síðasta ári úr 60 í 40% og það án þess að til kæmu fórnir í kaupmætti eða atvinnu. Í ár verður áfram unnið með þessi þrjú höfuðmarkmið að leiðarljósi. En því er ekki að leyna, að um stund er á brattann að sækja. Það er ekki að búast við jafnstórum áfanga í hjöðnun verðbólgu og á síðasta ári. Ríkisstj. er ekki tilbúin að fórna atvinnuöryggi eða kaupmætti tekna almennings til skjótteknari árangurs á því sviði.

Þrátt fyrir margháttaða erfiðleika, sem við er að glíma, gengur gersamlega úr hófi sú bölsýni og barlómur sem dynur í eyrum manna sýknt og heilagt frá þrýstihópum og grátkórum, að ógleymdri hinni ógiftusamlegu stjórnarandstöðu. Ókunnugt fólk hlýtur að halda, þegar það heyrir þessi ósköp, að íslenska þjóðin hafi lagst banaleguna. Í augum erlendra manna, sem berjast við böl atvinnuleysis, hljóta þessir kveinstafir í landi með næga atvinnu að þykja firn mikil, að ekki sé talað um þá sem stundum geta varla þverfótað fyrir Íslendingum á sólarströndum.

Eitt árið hefur hin heillum horfna stjórnarandstaða það sem aðaluppistöðu í áróðri sínum að geigvænlegt atvinnuleysi sé komið á Íslandi eða yfirvofandi. Þegar þetta reyndist tálvon var gripið til þess, að landflótti væri slíkur frá Íslandi að annar eins hefði ekki orðið á þessari öld. Staðreyndir eru þessar: Á árinu 1980 fluttust 540 manns af landi brott umfram aðflutta. Sambærileg tala fyrir árin 1976 og 1977 var yfir 1000 manns hvort árið. Brottflutningur fólks á árinu 1980 var því með minnsta móti miðað við árin á undan, en í fyrra snerist þessi þróun alveg við. Þá fluttust til landsins rúmlega 200 manns umfram brottflutta. Hefur slíkt einungis gerst tvisvar áður á síðustu 20 árum, árin 1966 og 1972.

Í stað þeirrar bölsýni, sem oft er yfirþyrmandi í umr. um efnahagsmál, vill ríkisstj. leggja enn aukna áherslu á framtíðaruppbyggingu atvinnulífs landsmanna með stórauknum framkvæmdum í orkumálum og iðnvæðingu um leið og mætt er með djörfung og manndómi þeim örðugleikum sem við augum blasa og okkur ber að sigrast á.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Með hverjum deginum sem líður kemur það æ betur í ljós, í hvers konar vanda ríkisstj. er stödd um þessar mundir. Lengi framan af tókst henni að láta sem allt væri

slétt og fellt, en seinni hluta þessa þings hefur sigið á ógæfuhliðina. Það er orðið næsta algengt að heyra ráðh. Framsfl. og Alþb. bera af sér sakir með því að kenna hver öðrum um það sem aflaga fer innan stjórnarinnar — og hvernig má líka annað vera þegar aldrei er hægt að ganga hreint til verks og framfylgja einni stefnu, alltaf verður að semja og láta undan og þeir, sem frekastir eru, ráða ferðinni?

Það hefur ekki farið fram hjá landsmönnum hverjir hafa undirtökin innan þessarar ríkisstj. Það eru Alþb.-ráðh. Að undanförnu hef ég oft verið spurð að því, hvað sé eiginlega að gerast í þjóðmálum okkar Íslendinga. Á sama tíma og atvinnufyrirtækin berjast í bökkum er umr. á Alþingi öll um ríkisrekin fyrirtæki. Það ætti ekki að koma landsmönnum á óvart þó að yfirbragð allrar umr. í þingsölum mótist af umr. um ríkisafskipti á öllum sviðum, ef menn hafa í huga hverjir það eru sem ráða ferðinni innan þessarar ríkisstj.

Miklar umr. hafa orðið á Alþingi um húsnæðismálin að undanförnu og nú síðast í tengslum við frv. ríkisstj. um 6% nýjan skyldusparnað sem lagt var fram fyrir skömmu. Þessu skyldusparnaðarfrv. var ætlað að bjarga Byggingarsjóði ríkisins sem er nú tómur. Það var látið heita svo að nú ættu þeir, sem hæstar tekjur hafa, hátekjumennirnir í þjóðfélaginu, þeir menn sem leggja nótt við dag til þess að afla sér tekna, að koma ríkissjóði til hjálpar og lána sparifé sitt til þess að hægt væri að hækka lán til þeirra sem eru að eignast íbúð í fyrsta sinn. Þarna var um að ræða áætlaðar tekjur upp á 35 millj. kr. Það upplýstist hins vegar að hér var um algera blekkingu fjmrh. að ræða. Byggingarsjóður er með yfirdráttarskuld hjá Seðlabanka sem nemur 40 millj. kr. og fjármagnið færi í að greiða þá skuld. Þetta skyldusparnaðarfrv. hefur ekki fengið þær undirtektir á Alþingi sem fjmrh. hafði búist við. Göfugmennska hans í garð ungu húsbyggjendanna hvarf eins og dögg fyrir sólu og árangurinn varð einungis sá, að það upplýstist hvernig ástandið er í húsnæðismálum undir forustu Alþb.-ráðherranna.

Það hefði vissulega verið tilefni til í þessum umr. að gera húsnæðismálum ítarleg skil eins og þau hafa þróast, en á þeim stutta tíma sem ég hef hér til umráða er þess ekki kostur. Ég vil þó minna á þá staðreynd, að undir forustu Alþb. hefur þróunin orðið sú, að öll áhersla er lögð á að byggja félagslegar íbúðir, verkamannabústaði, og sú lánafyrirgreiðsla, sem er 90% lán, er á kostnað þeirra sem vilja byggja á eigin vegum, en þeirra lánahlutfall er aðeins 17.4% af kostnaðarverði staðalíbúðar.

Nú má enginn skilja orð mín svo, að ég sé á móti því að byggðar séu íbúðir á félagslegum grunni eða verkamannabústaðir. Síður en svo. Það á að sjálfsögðu að aðstoða þá, sem þess þurfa með, og gera það vel. En það á ekki að gerast á kostnað þeirra sem geta og vilja byggja á eigin vegum, eins og nú er gert. Það á ekki að draga úr sjálfsbjargarhvöt einstaklinganna, heldur á þvert á móti að koma til móts við þá með því að veita þeim hagkvæm lán til langs tíma. Lán til þeirra einstaklinga, sem byggja í fyrsta sinn, þarf að hækka í 80% af kostnaðarverði íbúðar. Gera þarf raunhæft átak í húsnæðismálum aldraða og fatlaða og veita fé til frjálsra samtaka húsbyggjenda og einstaklinga, sem hyggjast reisa íbúðir þar sem sérstakt tillit er tekið til þarfa aldraða og hreyfihamlaðra. Það þarf að gæta þess í skipulagi við úthlutun lóða að gefa eldri og yngri kynslóðum tækifæri til sambýlis og njóta þannig stuðnings hvor af annarri.

Á s. l. vetri fóru fram útvarpsumræður héðan frá Alþingi. Í lokaorðum sínum vék hæstv. félmrh. Svavar Gestsson að sveitarstjórnarkosningunum. Hann sagði að meginátökin yrðu á milli Sjálfstfl. og Alþb., kosningaúrslitin fælu ekki aðeins í sér dóm um liðna tíð, heldur yrðu þau líka afgerandi um stjórn landsins og sveitarfélaganna næstu árin. Hann sagðist fagna því, að Alþb. fengi tækifæri til að leggja verk sín fyrir kjósendur. Ég er ekki alveg viss um að ráðh. hafi verið eins glaður og hann lét yfir væntanlegum kosningum til sveitarstjórna. Alþb. lét það boð út ganga til flokksmanna sinna um svipað leyti, að nú skyldi höfuðáhersla lögð á að fella meiri hluta sjálfstæðismanna í sveitarstjórnum í nágrannabyggðarlögum höfuðborgarinnar. Til þess átti að beita öllum tiltækum ráðum og m. a. að knýja fram sameiginleg framboð vinstri flokkanna gegn sjálfstæðismönnum væri þess nokkur kostur, enda tryggara að sleppa skoðanakönnunum um fylgi Alþb. með því að þeir færu að bjóða fram einir sér og standa undir nafni. Að vísu varð sáralítill árangur af þessum tilraunum til að sameina vinstri menn í eitt framboð. Þó hefur Alþb. tekist að fá til liðs við sig nytsama sakleysingja á einstaka stöðum.

Góðir áheyrendur. Mér finnst full ástæða nú, þegar aðeins eru rúmar þrjár vikur til sveitarstjórnarkosninganna, að ítreka orð Svavars Gestssonar félmrh. og minna kjósendur á að það verður kosið milli þessara tveggja flokka í sveitarstjórnarkosningunum 22. maí n. k. Ég vil minna landsmenn á að þar sem Sjálfstfl. hefur stjórnað einn, verið einn til ábyrgðar, hefur verið vel stjórnað. Sjálfstæðismenn eru óhræddir að takast á við málin og stuðla að betra mannlífi þar sem einstaklingarnir og frumkvæði þeirra fær að njóta sín. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Gott kvöld, góðir hlustendur. Það, sem gerist ef Sjálfstfl. vinnur borgina aftur, er það, að Gunnar Thoroddsen boðar til alþingiskosninga mánuði síðar, sagði Guðrún frá Lundi. Íhugunarefni er hvað liggur til grundvallar þvílíkum orðum þess þm. Alþb. sem auðveldast hefur verið að tileinka sér sovéskan hugsunarhátt, og er þá kamelljónið Ólafur Ragnar Grímsson ekki undanskilið. Í hnotskurn lýsa ummælin því, að sú óskhyggja hafi blundað með þeim Alþb.-mönnum, þegar þeir settust í ríkisstjórn með Gunnari Thoroddsen, að Sjálfstfl. yrði brotinn á bak aftur í eitt skipti fyrir öll, brjóstvörn borgarlegs þjóðskipulags hér á landi. Síðasti landsfundur Sjálfstfl. var harður. Menn tóku djúpt í árinni, en hjá öllum var sá undirtónn, að sjálfstæðismenn yrðu að og mundu ná saman á ný. Það gerðist síðan í rökréttu framhaldi að full eining náðist meðal sjálfstæðismanna hér í Reykjavík um framboð til borgarstjórnarkosninga, sömuleiðis á Akureyri og hvarvetna annars staðar. Þessi eining hefur smitað út í þjóðfélagið og undirtektir almennings eru slíkar, að sérhver forustumaður Sjálfstfl. hlýtur að finna til þeirrar ábyrgðar fyrst og fremst, að á næstu mánuðum og misserum verði unnið að því að ná flokknum aftur saman. Það var þessi hugsun sem lá til grundvallar hjá Friðjóni Þórðarsyni á fundinum í Borgarnesi þegar hann gaf yfirlýsinguna um að ríkisstj. hlyti að víkja ef einingu Sjálfstfl. yrði hætt til frambúðar. Það er þessi hugsun sem lýsir sér í afstöðu Eggerts Haukdals á Alþingi í ýmsum þýðingarmiklum atkvgr. upp á síðkastið. Og fleiri dæmi mætti rekja sem öll vísa til þess, að sú verði gifta flokks og

þjóðar að Sjálfstfl. rísi upp sterkari en nokkru sinni fyrr, enda ríður á eins og ástandi þjóðmála er háttað. Með hliðsjón af þessu varð ræða hæstv. forsrh. mér vonbrigði, svo mjúkmáll sem hann þó var í aðra röndina. Honum er sárt um metnað sinn. Í lengstu lög hlýt ég þó að halda í þá von, að hugur hans til Sjálfstfl. sé sá sami og áður.

Hin svarta ræða seðlabankastjóra sannfærði þá, sem áður voru í vafa, um að lengur verður ekki haldið áfram á sömu braut. Aðvörunarorð hans voru einörð og skýr. Það hallar undan fæti. Einungis með því að jafna aðstöðu atvinnuveganna og nýta til hins ítrasta þau tækifæri til framleiðsluaukningar, sem fyrir hendi eru, er von um bata.

Ólafur Jónsson á Skjaldarstöðum kom einu sinni snemma vors að Öxnhóli á hálfhoraðri brúnni meri. Þegar hann var stiginn af baki gekk Sigurður að merinni, skoðaði hana í krók og kring og mælti: „Ójá, karlinn, þú hefur fengið þér í nokkrar súpur af henni þessari í vetur.“ Hraðfrystiiðnaðurinn hefur verið burðarásinn sem velferð okkar hefur hvílt á. Ef sú gamla uppgjörsaðferð er notuð, sem menn þekkja vel og eru fljótir að átta sig á, kemur í ljós að frystingin var rekin með 5—6% tapi bæði árin 1980 og 1981. Ójá, við höfum fengið okkur í nokkrar súpur af henni, frystingunni, þessi síðustu misserin, og afleiðingin lætur ekki á sér standa. Fjárfesting í hraðfrystiiðnaði hefur engin verið og framþróun þar af leiðandi ekki heldur. Nú gæti þetta kannske gengið ef við værum einir í heiminum, en það er síður en svo. Við eigum í harðri samkeppni við Kanadamenn á Bandaríkjamarkaði og höfum þess vegna þurft að bæta rekstrarstöðu frystingarinnar til muna svo að hún gæti haldið þeim mörkuðum sem hún hefur unnið á liðnum árum.

Nú standa sakir þannig, að fiskverkendur hafa brugðið á það ráð að auka saltfisks- og skreiðarverkun til að sjá fyrirtækjum sínum borgið. Aukningin í báðum þessum greinum er 30% á þessu ári og var þó ærin fyrir, enda vita allir að teflt er á tæpasta vað um saltfisksmarkaðinn að við yfirfyllum hann ekki. Þeir, sem veðjuðu á skreiðina, standa nú þegar frammi fyrir því að Nígería hefur lokast með þeim afleiðingum m. a. að Seðlabankinn veitir ekki lengur afurðalán út á skreið. Auðvitað er þessi staða sjálfskaparvíti, afleiðing af því, að þannig var haldið á stjórn gjaldeyrismála á s. l. ári að frystingin fékk ekki innlendar kostnaðarhækkanir uppi bornar með sölu afurða sinna. Gengisfellingin í janúar og hratt gengissig síðan hefur að vísu valdið því, að frystingin út af fyrir sig stendur nær núllpunktinum en áður og er þá öllu til skila haldið. Þannig er ekkert afgangs til þess að endurgreiða eða standa undir þeim hallærislánum sem veitt hafa verið til að koma í veg fyrir stöðvun fyrirtækjanna. Ég ætla að umsóknir um frekari hallærislán séu nær 40 talsins, sem sýnir ljóslega að þau frystihús, sem átt hafa í mestu fjárhagserfiðleikunum, eygja enga glætu fram undan.

Þetta misvægi, sem verið hefur á milli gjaldeyrisþróunar og innlendra kostnaðarhækkana, hefur ekki síður bitnað á iðnaðinum en sjávarútveginum. Þannig dróst útflutningur iðnaðarvara saman um 3.5% á s. l. ári og vegur þyngst ullar-, prjóna- og skinnavara, en vöxtur þessara greina hefur undanfarin ár verið að stöðvast og keyrir þó um þverbak á þessu ári þannig að ýmis fyrirtæki hafa hætt eða fækkað starfsmönnum sínum síðan í haust. Sömu sögu er að segja af samkeppnisiðnaðinum sem hefur átt undir högg að sækja fyrir innfluttum varningi af því að verð á myntum okkar helstu viðskiptaþjóða, eins og Breta og raunar Evrópuþjóða, hefur ekki hækkað jafnmikið og framleiðslukostnaðurinn innanlands. Þetta kemur glöggt fram í þeim mikla viðskiptahalla sem varð á s. l. ári samfara mikilli erlendri skuldasöfnun, sem einungis þýðir það að við höfum lifað um efni fram.

Að fortíð skal hyggja, ef frumlegt skal byggja. Fullri atvinnu verður ekki haldið uppi nema fyrirtækin, sem fyrir eru, hafi bolmagn til að færa út kvíarnar og ráðast í ný verkefni af sjálfsaflafé sínu. Menn gera ekki nema brosa að því, þótt iðnrh. þreyti kapp um það við Úlfar Þormóðsson hvort honum takist að skrifa fleiri doðranta um nýiðnaðarhugmyndir sínar eða Úlfari um frímúrararegluna. En loftkastalaverksmiðjur iðnrh. geta aldrei komið í staðinn fyrir þau fjölmörgu atvinnufyrirtæki sem fyrir eru í landinu, og honum væri hollt að minnast þess og ýmsum öðrum, sem taka sér orðið byggðastefnu í munn, að erfiðleikarnir í frystiiðnaðinum bitna fyrst á landsbyggðinni, þar sem möndull mannlífsins snýst um frystihús og togara.

Í dagblaðinu Vísi í gær gat að líta þessi orð: „Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að við verðum að fá efnahagsstefnu sem tryggir aukinn hagvöxt í stað þess að allt kerfið mali þannig að verðhækkunum sé sífellt velt út í þjóðfélagið.“ Margur mundi giska á að þessi ummæli væru höfð eftir framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins. En það var síður en svo. Það er forseti Alþýðusambands Íslands, Ásmundur Stefánsson, sem hér talar, sá hinn sami og rétti upp höndina með vígorðinu „Kosningar eru kjarabarátta“ á verkalýðsfundi Alþb. nú í vikunni. Og það er ekki að undra þótt hann hrökkvi í kút. Nýútgefin álitsgerð Þjóðhagsstofnunar dregur fram þá staðreynd, að 1% grunnkaupshækkun við núverandi skilyrði hefnir sín með því, að kaupmátturinn beinlínis rýrni í stað þess að vaxa. Síðasta áratuginn hefur það verið þumalfingursregla að launþegarnir héldu eftir einni krónu af hverjum 10 sem grunnkaupið hækkaði um. Nú hefur þetta snúist við. Fyrir hverja krónu, sem launin hækka, þarf að borga 1.50. Það er lærdómsríkt að þetta gerist á sama tíma og völd Alþb. hafa verið meiri en nokkru sinni fyrr. Það er þess vegna ekki að undra þótt verkalýðsleiðtogum Alþb. sé órótt um þessar mundir og leggi allt kapp á að ekki verði gengið frá nýjum samningum fyrr en að bæjarstjórnarkosningum loknum.

Kosningar eru kjarabarátta, segja þeir, og sýnist því ekki úr vegi að brjóta málið til mergjar og bregða mælistiku á frammistöðu þeirra tvímenninga Ragnars Arnalds og Þrastar Ólafssonar sem hafa haft samningagerð ríkisins með höndum. Þá kemur í ljós að á s. l. ári rýrnaði kaupmáttur taxta opinberra starfsmanna um 3%, og ekki hressist Eyjólfur á því sem nú er að líða. Þeir á Þjóðviljanum reyna að drepa málinu á dreif með því að hefja hatursfull skrif um Þorstein Pálsson, vegna þess að það kom í hans hlut að skýra í fjölmiðlum frá ályktunum atvinnurekenda af skýrslu Þjóðhagsstofnunar, í trausti þess að hægt sé að koma óorði á þann sem segir ill tíðindi. En þeir munu ekki hafa erindi sem erfiði og er hætt við að flestir láti fúkyrði þeirra sem vind um eyrun þjóta. Kjaraskerðingin nú er bein afleiðing af stjórnarstefnunni. Vígorðið „kosningar eru kjarabarátta“ er því umfram allt áminning til landsmanna um að greiða atkv. gegn Alþb. — áminning um að greiða atkv. þeim öflum í þessu landi sem hafa skilning á því, að hagsmunir heildarinnar eru um leið hagsmunir hvers einstaklings. Einungis með því að stækka kökuna, það sem er til

skipta, er hægt að bæta kjörin. Svo einfalt er það. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Gott kvöld, góðir hlustendur. Hlustendur hafa nú um hríð fengið að heyra sýnishorn af hinum óvandaða og ómerkilega loddaramálflutningi stjórnarandstöðunnar sem tíðkaður hefur verið hér í sölum Alþingis í vetur. Hv. þm. Salome Þorkelsdóttir lýsti því yfir, að tómir byggingarsjóðirnir blöstu við fólki. Staðreyndirnar eru þær, að útlánafé byggingarsjóðanna beggja er nú meira en það hefur nokkru sinni áður verið. Staðreyndin segir að átak í félagslegum íbúðabyggingum hefur aldrei verið eins og á þessu og s. l. ári. Staðreyndirnar segja að engum manni hefur verið neitað um þjónustu úr Byggingarsjóði ríkisins.

Sýnishorn af málflutningi stjórnarandstöðunnar var þó enn þá gleggra í máli hv. þm. Halldórs Blöndals áðan, sem vildi kenna núv. hæstv. ríkisstj. um markaðsvandamálin í Nígeríu. Þetta sýnishorn kann að orka á hlustendur eins og hrópleg lítilsvirðing á Alþingi Íslendinga. Því miður er þessi yfirlýsing ekkert einsdæmi. Við höfum þurft að hlýða á annað eins aftur og aftur hér í sölum Alþingis í vetur.

Senn líður að lokum þriðja þings núv. ríkisstj. Síðari hluti kjörtímabilsins er hafinn. Ríkisstj. þessi hefur verið vinsæl og landsmenn hafa ekki viljað að stjórnarandstaðan tæki hér við. Samstarf hefur verið gott í ríkisstj., að undanteknum málaflokki Ólafs Jóhannessonar sem hefur lagt sig fram um að finna ágreiningsmál sem oft hafa orðið til erfiðleika í stjórnarsamstarfinu. En ríkisstj. hefur búið við óvenjuerfið ytri skilyrði. Hagvöxtur hefur verið óverulegur allt frá því að hún tók við. Stöðnunin á rætur að rekja til alþjóðlegrar kreppu og til fyrri ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. Það tekur að sjálfsögðu þó nokkurn tíma að yfirvinna fyrirhyggjuleysi í atvinnumálum og þjóðarframleiðslu. En á þeim tíma, sem núv. ríkisstj. hefur starfað, hefur verið lagður grundvöllur að alhliða sókn í iðnaðar- og orkumálum. Á yfirstandandi þingi hafa verið afgreidd mörg mál sem miklu skipta fyrir næstu ár og áratugi, og nú á síðustu þingdögunum er tekist á um með hvaða hætti þingið afgreiðir tillögur ríkisstj. um virkjunarmál, auk þess sem fyrir liggur frv. til l. um fyrsta íslenska stóriðjuverið, þ. e. kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Auk þeirra mála, sem hér hafa verið á dagskrá í vetur, hefur ríkisstj. að sjálfsögðu undanfarna mánuði undirbúið mörg önnur mál sem verða lögð fyrir þing í haust. Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna frv. til l. um umhverfismál sem gerir ráð fyrir að stjórn umhverfismála í landinu verði tekin nýjum tökum og traustari en nú er um að ræða. Í sambandi við umhverfismálin vil ég geta þess, að nú er heilbrmrn. í óða önn að undirbúa stofnun Hollustuverndar ríkisins sem tekur til starfa frá og með 1. júní n. k., en Hollustuverndin mun hafa eftirlit með mengunarmálum á grundvelli nýrrar löggjafar um mengunarvarnir. Er þetta í fyrsta sinn sem slík lög eru til hér á landi. Það er brýnt hagsmunamál í þessu litla landi að fara vel með náttúruauðlindirnar, og það er höfuðatriði að við skemmum ekki umhverfi okkar með mengun og óþarfri umhverfisröskun af hvaða toga sem vera kann.

Þegar það liggur fyrir, að núv. ríkisstj. og stjórnarflokkar hafa á þessum þremur þingum verið afkastamikil við að koma á margs konar umbótalöggjöf, þá liggur einnig fyrir að stjórnarandstaðan hefur verið ákaflega fátæk af málefnum í vetur. Þau málefni, sem stjórnarandstaðan hefur flutt, hafa yfirleitt verið í hróplegri mótsögn við málflutning stjórnarandstöðunnar að öðru leyti. Þannig hefur hún flutt tillögur um stóraukin útgjöld á öllum sviðum þjóðlífsins á sama tíma og lagðar hafa verið fram tillögur um stórfelldar skattalækkanir. Loddarabragur af þessu tagi kann að hafa skilað árangri í stjórnmálum einhvern tíma fyrr á öldinni, en ég er sannfærður um að sá tími er liðinn og stjórnarandstaðan mun ekki uppskera af þessum loddaraleik annað en skömmina eina.

Góðir hlustendur. 22. maí n. k. fara fram kosningar í þéttbýli, sveitarfélögum hér á landi, og kosningabaráttan er þegar hafin. Í þessum kosningum 1982 hljóta menn að líta yfir farinn veg liðinna ára frá 1978, en í þeim kosningum tókst að breyta um forustu í fjölmörgum bæjarfélögum í landinu, og sætti þó stærstum tíðindum, að íhaldið féll eftir 50 ára samfellda valdasetu í Reykjavíkurborg, höfuðstað landsins. Þegar litið er yfir þennan fjögurra ára tíma, 1978—1982, kemur í ljós mikill munur á þeim bæjarfélögum, þar sem Alþb. hefur verið aðili að meiri hl. annars vegar, og þeim bæjarfélögum hins vegar, þar sem Sjálfstfl. hefur haft afgerandi forustu. Í þessum efnum má nefna fjölda dæma úr atvinnumálum og félagsmálum, en ekki síður af því, sem gerst hefur almennt í stjórn bæjarfélaganna, þar sem fjármunum var áður illa varið og flokksgæðingar í Reykjavík fengu eftirsóttar lóðir fyrir að borga 1 millj. kr. í kosningasjóð íhaldsins.

Í þeim málaflokkum, sem ég hef hér nefnt, er auðvelt að sýna fram á afgerandi grundvallarmun í stjórn bæjarfélaganna og að um verulegan mun er að ræða eftir því, hvort Alþb. stýrir málefnum byggðarlaganna eða hvort Sjálfstfl. fer með forustuna. Sveitarstjórnarkosningarnar fjalla því um pólitísk vandamál, eins og hv. þm. Salome Þorkelsdóttir gat um áðan, og um mismunandi pólitísk viðhorf.

Nú í þessum sveitarstjórnarkosningum leggur Alþb. megináherslu á eflingu sveitarfélaganna, á lýðræði og valddreifingu. Við teljum sveitarfélögin hornstein okkar stjórnkerfis, og við viljum að sveitarfélögin fái allra best svigrúm til athafna og að einstaklingarnir í sveitarfélögunum fái sem besta aðstöðu til að hafa bein áhrif á sveitarstjórnina hver á sínum stað. Lýðræði og valddreifing eru kjörorð okkar í þessari kosningabaráttu sem nú stendur yfir. Í sveitarstjórnarkosningunum er hins vegar ekki aðeins tekist á um stjórn byggðarlaganna. Kosningarnar snúast einnig um landsmálin og síðast en ekki síst um kjarabaráttuna sjálfa.

Á undanförnum árum hefur það komið æ betur í ljós í grannlöndum okkar, að fjármagnsöflin hafa krafist aukins hlutar af þjóðarframleiðslunni handa sér af því sem til skiptanna er á hverjum tíma. Þessar kröfur hafa birst hér á landi og þær hafa verið klæddar í margs konar búning. Stundum eru þær kallaðar frjálshyggja, stundum leiftursókn. Hvor búningurinn sem hefur verið notaður er ljóst að hér er um að ræða sama málið. Handhafar fjármunanna krefjast aukins svigrúms í samfélaginu á kostnað fólksins. Það er gerð tilraun til að vinna aftur eitthvað af þeim löndum sem verkalýðsbarátta liðinna ára og áratuga náði í þágu almennings. Hægri öflin hafa komist lengst í þessum efnum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Félagsleg þjónusta hefur þar verið skorin niður, atvinnuleysi hefur aukist, og þetta er einnig að gerast í

nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum. Munurinn á Íslandi og þessum löndum er hins vegar mjög verulegur. Á Íslandi hefur verið reynt að verjast ásókn hægri aflanna á liðnum árum frá árinu 1978, frá því að Alþb. fékk áhrif á ríkisstjórn og sveitarstjórnir í landinu. Það hefur tekist í meginatriðum enda þótt Alþb. hafi eitt flokka haldið því fram, að það væri unnt að verja kjörin eins og þau eru nú um sinn og sækja síðan fram með aukinni þjóðarframleiðslu og auknum hagvexti. Aðrir stjórnmálaflokkar hafa haldið því fram, að nauðsynlegt væri að skerða lífskjörin hjá hinum almenna manni meðan þjóðin er að vinna sig út úr þeim vandamálum sem nú er um að ræða og blasa við öðrum þjóðum, kreppu og atvinnuleysi. Þess vegna standa deilurnar um efnahagsmál á Íslandi í raun milli Alþb. annars vegar og hinna flokkanna hins vegar. Þeir treysta sér ekki til að lýsa því yfir, að þeir vilji bæta lífskjörin í þessu landi.

Nú í kjarabaráttunni, sem stendur yfir, eru kröfur Alþýðusambands Íslands hógværar kröfur, en þær rekast þó á viðhorf kauplækkunarflokkanna og Vinnuveitendasambandið hefur neitað að ræða þær kröfur af nokkurri alvöru. Alþýðusamband Íslands gerir kröfur um leiðréttingar á kaupi láglaunafólks á tveimur árum, og það er unnt að verða við þeim kröfum að því er láglaunafókið varðar, m. a. með ýmsum efnahagslegum ráðstöfunum. Þannig er Alþýðusamband Íslands ekki hinn harði og óbilgjarni kröfuaðili í okkar þjóðfélagi frekar en fyrri daginn. En sá, sem krefst nú breyttra skiptahlutfalla á Íslandi, er Vinnuveitendasamband Íslands. Vinnuveitendasambandið vill 20—30% skerðingu á kaupmætti launa. Þessi óbilgjarna afstaða Vinnuveitendasambands Íslands er hins vegar engin nýlunda. Þar hafa hörðustu leiftursóknaröflin búið um sig, þeir sem réðu stefnumótun Sjálfstfl. 1979. Nú klagar Vinnuveitendasambandið það að norrænir fjármunir skuli notaðir til þess að rannsaka heilbrigðisástand launafólks sem vinnur í bónus. Nú bannar Vinnuveitendasambandið félagsmönnum sínum að hleypa inn upplýsingum um vinnuvernd á vinnustaðina nema með ritskoðunarstimpli Þorsteins Pálssonar. En hápunktur þessarar ofstækisafstöðu Vinnuveitendasambands Íslands er þó krafa þess frá því í gær um að sáttasemjari ríkisins hætti samningaviðræðum fram yfir kosningar vegna þess að nokkrir verkalýðsleiðtogar hafa lýst því yfir, að þeir styðji Alþb. og að þeir telji að kosningaúrslitin hafi áhrif á kjarabaráttuna. Krafa Vinnuveitendasambandsins um bann við vinnuvernd þótti tíðindum sæta, en krafa þess til verkalýðsleiðtoga um að þeir styðji ekki Alþb. markar tímamót í sögu stéttaátakanna á Íslandi. Með þessari afstöðu er Vinnuveitendasambandið að viðurkenna pólitískt eðli sitt, og með þessari afstöðu viðurkenna atvinnurekendasamtökin Alþb. sem sinn helsta pólitíska andstæðing. Eftir þessa árás Vinnuveitendasambandsins og íhlutun þess í kosningabaráttuna hljóta launamenn að átta sig enn betur á því, að stuðningur við Sjálfstfl. einnig í sveitarstjórnarkosningum er stuðningur við Vinnuveitendasambandið. Davíð Oddsson og Geir Hallgrímsson eru flokkspólitískir fulltrúar og sendimenn atvinnurekendasamtakanna.

Það er alvarlegt umhugsunarefni, góðir hlustendur, að Sjálfstfl. skuli telja sér kleift að koma fram á jafnblygðunarlausan hátt og hann gerir nú í ályktunum Vinnuveitendasambands Íslands. Það sýnir að hann er ekki eins var um sig og hann var stundum áður. Það sýnir að hann óttast ekki sem fyrr að birta sitt rétta eðli. Þessi útkoma sýnir einnig að ef Sjálfstfl. fær lykilaðstöðu í stjórnkerfinu á Íslandi, þá mun hann óðara efna til opins stéttastríðs í þessu landi. Það þarf að afstýra slíku stéttastríði. Það þarf að treysta bandalag þeirra afla á Íslandi sem þora að verja þau lífskjör sem hér eru, sem þora að verja sjálfstæði þjóðarinnar, sem þora að koma í veg fyrir að leiftursóknaröflin leggi ávinning liðinna áratuga í rúst.

Þegar núv. ríkisstj. var mynduð hafði staðið yfir stjórnarkreppa mánuðum saman. Þríflokkarnir þorðu ekki að mynda ríkisstj. án Alþb. Þá hafði núv. forsrh. kjark til þess að mynda þessa ríkisstj., sem er í raun pólitísk vörn fyrir lífskjörin, sem afstýrir allsherjar stéttastríði íhaldsins. Allt of fáir menn hafa þann kjark sem forsrh. sýndi þá, þegar mestu skipti að stuðla að sáttum fremur en harkalegu stéttastríði eins og flestir flokksbræður hans kusu þá.

Sveitarstjórnarkosningarnar í vor eru átök milli launamanna og atvinnurekenda. Sveitarstjórnarkosningarnar í vor eru átök milli alþýðusamtakanna og Vinnuveitendasambandsins. Sveitarstjórnarkosningarnar í vor eru átök milli Alþb. og Sjálfstfl. Milliflokkarnir skipta þar ekki ýkjamiklu máli og enginn framboðsaðili getur skotið sér undan því að svara hinum örlagaríku spurningum kosningabaráttunnar, örlagaríku spurningum kjarabaráttunnar í kosningabaráttunni í vor. Hver einasti kjósandi verður að gera það upp við sig, hvaða afstöðu hann hefur til þjóðfrelsismála. Vill hann hafa herinn í landinu eða vill hann að herinn fari? Vill hann að erlendir aðilar reisi stórverksmiðjur hér í landinu eða vill hann að Íslendingar hafi forræði yfir atvinnuvegum landsmanna? Vill kjósandinn skipa sér undir merki Vinnuveitendasambandsins eða undir merki verkalýðssamtakanna? Vill kjósandinn starfa með vinstri mönnum eða hægri mönnum í borgarstjórn Reykjavíkur? Framboðsaðilar, sem ekki þora að taka afstöðu til þessara grundvallarspurninga íslenskra stjórnmála, eru í raun og veru að dæma sig úr leik því að kosningar eru alvarleg pólitísk átök. Kosningar eru lýðræðislegt uppgjör sem okkar stjórnkerfi gerir ráð fyrir að geti farið fram á minnst fjögurra ára fresti. Við megum ekki vanvirða þessar leikreglur með því að koma fram í kosningabaráttu af alvöruleysi, ekki vanvirða þær með því að umgangast þær eins og trúðleik þar sem ekkert skiptir máli annað en glansmyndir og slagorð.

Kosningabarátta auglýsingamennsku hefur haft slæma fylgifiska á undanförnum árum. T. d. er allt of lítið um það, að menn þori nú orðið að taka afstöðu, að standa og falla með verkum sínum. Alþb. hefur tekið þátt í ríkisstjórn um þriggja ára skeið og það hefur oft verið erfiður tími. Flokkurinn hefur engu að síður viljað taka þátt í að stjórna þjóðfélaginu á þeim forsendum sem hann samdi um þegar ríkisstj. var mynduð. Alþb. svíkst ekki undan merkjum. Alþb. hleypur ekki frá verkunum þótt þau séu erfið, og Alþb. ætlast til þess að verða dæmt af verkunum. Við erum óhræddir við þann dóm. En við leggjum á það áherslu að ganga hreint til verks, og við berum ekki kápuna á báðum öxlum. Við höfum ekki tungur tvær, og við teljum að það sé nauðsynlegt að menn komi fram af heiðarleika í íslenskum stjórnmálum og taki skýra afstöðu, en hafi ekki ævinlega „hér um bil" og „kannske" afstöðu til allra hluta, hvaða nafni sem þeir nefnast. Við erum ekki fyrir það að skipta liði innan

okkar raða til þess að gera okkur dýrlega í augum flestra ef ekki allra hópa kjósenda. Við gerum okkur ljóst að oft og tíðum verðum við að taka afstöðu sem er óþægileg og ekki vinsæl gagnvart kjósendum. En við erum ekki kosnir á Alþingi til að láta mæla frammistöðu okkar eins og poppstjörnur. Við ætlumst til að fólk meti hlutina sjálft. Við ætlumst til að fólk geri sér grein fyrir málefnunum, en láti ekki Morgunblaðið segja sér fyrir verkum né heldur hvaða skoðanir fólk á að hafa.

Góðir hlustendur. Við skulum gera okkur ljóst, að það er ekki auðvelt eins og sakir standa í efnahagsmálum Íslands og umheimsins að koma að fullu til móts við kröfur verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum þó að þar sé um að ræða hógværar kröfur. Til þess að hækka raunveruleg laun láglaunafólks í landinu til langframa og treysta lífskjör þess í heild verður að breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu. Hún er ekki heldur heilög. Og það verður að grípa til margþættra efnahagslegra ráðstafana. Við viljum ekki að kaupbreytingar verði til þess að valda aukinni verðbólgu. Við viljum að kaupbreytingar skili sér í raunverulegum verðmætum í höndum þeirra sem helst þurfa á því að halda. Við erum ekki tilbúnir að skrifa upp á kauphækkanir og stórkostlega tekjuaukningu til allra í samfélaginu, vegna þess að þeir eru til sem hafa miklar tekjur og þurfa ekki verulega kjarabót.

Með því að ráðast kerfisbundið gegn því sjálfvirka sóunarkerfi, sem hér er um að ræða á mörgum sviðum, er unnt að skapa svigrúm fyrir betri kjör láglaunafólks. Sjálfvirka sóunarkerfið birtist okkur víða. Við sjáum það í rekstri atvinnuveganna, sjávarútvegsins og landbúnaðarins, þar sem fjármagnskostnaður er að sliga þessar hefðbundnu atvinnugreinar landsmanna. Við sjáum hvernig þetta sjálfvirka sóunarkerfi kemur niður á iðnaði landsmanna. Sjálfvirkt sóunarkerfi er einkenni innflutnings og milliliðastarfseminnar í landinu. Við sjáum hvernig þetta sjálfvirka sóunarkerfi kemur niður á lífskjörum almennings á fjölmörgum sviðum. Ég tel brýnt að ráðast gegn þessu sjálfvirka kerfi hvar sem það birtist okkur. Liður í því er að koma í veg fyrir frekari stækkun fiskiskipaflotans. Hann er nógu stór eins og ástandi fiskstofnanna er nú háttað. En af hverju er ekki ráðist gegn þessu kerfi, þessu allsherjar sóunarkerfi sem hér er um að ræða? Það er vegna þess að einstakir hópar hafa hag af því að viðhalda þessu fyrirkomulagi. Sumir þeirra eru reyndar valdamiklir innan stjórnmálaflokkanna. En án allsherjaruppskurðar á efnahagskerfinu getum við ekki breytt tekjuskiptingunni, ekki bætt sem skyldi kjör láglaunafólks í landinu.

Ég kem nú að lokum máls míns. Miklar framfarir hafa orðið á mörgum sviðum í samfélagi okkar á liðnum árum og áratugum, en allt of sjaldan velta menn því fyrir sér hvert er stefnt og hvert skal haldið. Þessar spurningar hljóta þó að verða mjög áleitnar einmitt um þessar mundir, t. d. þegar fréttir berast af skemmdarverkum sem unnin eru í skjóli náttmyrkurs, jafnvel á menningarverðmætum eða gróðri í nágrenni borgarinnar. Þessi tíðindi birtast okkar á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna almennings er allhár. Þessi tíðindi gerast á sama tíma og fyrir liggur að innflutningur á margs konar neysluvörum, m. a. dýrum heimilistækjum og bifreiðum, er meiri en nokkru sinni fyrr. Þessi tíðindi gerast á sama tíma og við erum með betri félagslega þjónustu, betri heilbrigðisþjónustu og betra skólakerfi en við höfum haft áður. Að mínu mati liggur svarið við þessum grundvallarspurningum, sem ég bar fram, í því, að við höfum um of selt okkur undir ok neyslusamfélagsins þar sem dansinn í kringum vöruna eftir neysluauglýsingum er inntakið, upphaf og endir alls. Enginn getur þó keypt sér lífshamingju þó hann eigi mikið af peningum. Enginn getur tryggt sér lífshamingju þó hann vinni yfirvinnu myrkranna á milli. Enginn getur eignast hamingju fyrir það eitt að eiga stóra íbúð, hús eða bifreið. Lífshamingja manna getur ekki falist í neinu af þessu. En óhamingja manna birtist hins vegar í því þegar fólk ræðst á menningarverðmæti og eyðileggur þau og rífur upp veikan gróðursprota sem hefur verið settur niður í moldina í fyrra og átti að gleðja okkur í ár.

Þær spurningar verða áleitnar, hvort við höfum ævinlega verið á réttri leið, en við getum jafnframt leyft okkur að vera bjartsýn þegar við gerum okkur grein fyrir því, að fjöldi vel menntaðra einstaklinga kemur árlega til starfa í þjóðfélagi okkar. Við getum leyft okkur að vera bjartsýn þegar við gerum okkur grein fyrir því, að landið á mikinn auð, miklar auðlindir, miklar orkulindir, meiri og dýrmætari en nokkur önnur þjóð. Ef Íslendingar kunna fótum sínum forráð geta þeir lifað betra lífi í þessu landi en aðrar þjóðir geta gert sér vonir um. Við getum varðveitt sjálfstæði okkar og staðið á eigin fótum ef við aðeins erum menn til þess að takast á við vandann eins og hann birtist okkur frá degi til dags. Þess vegna skulum við glíma við verkefnin og standa þétt saman, þeir sem saman eiga. Eining um Alþb. skapaði sigurmöguleika yfir íhaldsöflunum 1978, og ég er sannfærður um það, góðir hlustendur, að það er nauðsyn fyrir launamenn á Íslandi, fyrir alla Íslendinga, að eiga nú einmitt um þessar mundir sterkt Alþb., sterkara en nokkru sinni fyrr.

Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Alþfl., flokkur lýðræðisjafnaðarmanna, hefur á þessu þingi flutt fjölmörg mál sem vert er að geta, en naumur tími takmarkar yfirferðina. Þessum þingmálum er það sammerkt að stuðla að betri lífskjörum launþega, atvinnuöryggi, heilbrigðum stjórnarháttum, nýrri byggðastefnu, jöfnun hitunarkostnaðar, viðbótalánum til húsbyggjenda og íbúðakaupenda, jafnrétti til náms. o. fl., o. fl.

Utanríkismál höfum við lagt þunga áherslu á. Höfuðatriði stefnu okkar í utanríkismálum er að stuðla að friði í heiminum og hafa vinsamleg samskipti við allar þjóðir. Við teljum öryggi okkar best borgið með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu og teljum nauðsynlegt að standa við allar skuldbindingar sem því fylgja.

Því að vera jafnaðarmaður fylgir að krefjast réttlætis, berjast gegn kúgun, misrétti, hungri og fátækt. Tækniþróun, vísindi og mikill auður hafa ekki náð því að seðja hungur milljóna manna. Heimsbyggðin er hrjáð vegna atferlis morðóðra einræðisherra og valdaklíkna sem kúga, misþyrma og lífláta saklaust fólk. Nú í vetur hefur í fyrsta sinn verið rætt um þessi mál að einhverju marki. Alþfl. hefur átt frumkvæði að því að flytja þessi mál inn á Alþingi.

Við fluttum till. um að íslenska þjóðin lýsti samúð sinni með Pólverjum og var þess krafist að þeir fengju að vera í friði fyrir tröllinu í austri. Í Póllandi hefur kommúnismi leitt alþýðu landsins í herfjötra. Þar ríkir

ófrelsi og ánauð, verkalýðsleiðtogar eru fangelsaðir og fólkið fær ekki brauð. Þegar kommúnistar hrifsuðu völdin í Póllandi skömmu eftir heimsstyrjöldina áttu þeir sér sterka aðdáendur og stuðningsmenn á Íslandi. Þetta fólk finnur sér nú stað í Alþb. Skyldu þessir menn vera sama sinnis í dag?

Í Afganistan hefur rússneski björninn fært landslýð allan í herfjötra. Þar eru menn myrtir fyrir það eitt að andmæla stjórnvöldum. Í Tyrklandi, bandalagsríki okkar, er ástandið svipað. Þar ráða grimmir herforingjar ríkjum og fangelsa og pynta einkum jafnaðarmenn og verkalýðsleiðtoga.

Í minnsta ríki Suður-Ameríku, El Salvador, ríkir ógnaröld. Við Alþfl.-menn fluttum till. um að lýsa yfir samúð Íslendinga með þjóðinni í El Salvador í þeim hörmungum ógnarstjórnar, ofbeldis og kúgunar sem hún hefur mátt þola. Talið er að hálf milljón þjóðarinnar í El Salvador sé nú landflótta eða tíundi hver landsmaður. Tugir manna eru pyntaðir og drepnir á hverjum degi, m. a. fjöldi barna. Það er sorglegt, að eitt mesta lýðræðisríki veraldar, Bandaríkin, styður valdamenn þar syðra. Fjöldi ábyrgra ríkisstjórna víða um heim hefur reynt að hafa áhrif á stjórnvöld í Bandaríkjunum og fá þau til að breyta stefnu sinni í þessum heimshluta. Alþjóðasamband jafnaðarmanna hefur ítrekað vakið athygli á þessu ástandi. Það gerum við Alþfl.-menn einnig og fordæmum þessa villimennsku.

Kemur okkur þetta við? Eigum við Íslendingar að standa hjá án þess að lýsa skoðunum okkar á alþjóðavettvangi á þessu máli, eða eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálina? Við Alþfl.-menn teljum að okkur Íslendingum beri skylda til að láta í okkur heyra um þessi voðaverk. Á ég að gæta bróður míns? er spurt í hinni helgu bók. Gerum við það ekki eru réttlætiskennd og samviska okkar brenglaðar.

Á Alþingi er þó rödd sem finnst þetta óþarfi. Hún er hjáróma, en hún heyrist. Sjálfstæðismenn vilja gagnrýna í austur, en ekki í vestur. Slíkur tvískinnungur og hræsni eru ótöluverð og einkar einkennandi fyrir málflutning sjálfstæðismanna. Hjá sjálfstæðismönnum er hver höndin upp á móti annarri. Stjórnarandstaða þeirra er veikluleg og ómarkviss, enda erfitt fyrir þann flokk að gagnrýna fjármálasvik, hentistefnu og ráðleysi ríkisstj. því svo skammt er liðið frá því að þeir beittu sjálfir nákvæmlega sömu vinnubrögðum og núv. ríkisstj. Það undraðist líka margur nú á dögunum er þeir fóru að fordæmi okkar Alþfl.-manna og gagnrýndu skyldusparnaðarfrv. ríkisstj., en skammt er liðið síðan þeir lögðu sjálfir slíkt frv. fram og gekk það þó mun lengra.

Öllum má ljóst vera að staða þjóðarbúsins er mjög alvarleg. Þjóðartekjur fara minnkandi, og ýmsir váboðar eru fram undan. Væri í landinu sterk stjórn, sem hefði kjark og þor til þess að stjórna, væri ekki ástæða til svartsýni.

Nú er svo komið að öll fyrirheit, sem núv. ríkisstj. gaf í upphafi ferils síns, hafi verið svikin. Meira að segja slagorð framsóknarmanna hljóma nú sem öfugmæli eða blótsyrði í munni þeirra. Þeir slógu um sig með kjörorðinu „heiðarleika og drengskap" fyrir síðustu kosningar. Þeir tala enn um niðurtalningu og vissulega hafa þeir náð góðum árangri í þeim efnum. Þeir hafa með dyggum stuðningi Alþb. náð því að telja niður lífskjör láglaunafólks. Þeir hafa einnig hafið niðurtalningu á rekstrargrundvelli atvinnuveganna. Í þessum efnum ætla þeir að halda áfram af fullum krafti launþegum og þjóðarbúinu til ómetanlegs tjóns.

Skyldu gerðir hæstv. samgrh. Steingríms Hermannssonar í málefnum Iscargo bera vott um heiðarleika og drengskap? Það mál er eitt af stærri subbuverkum þess ráðh., en af mörgu er að taka. Þm. stjórnarandstöðu og almenningur í landinu hafa rökstuddan grun um að í því máli hafi ráðh. gengið lengra en góðu hófi gegnir. Kaup Arnarflugs á Iscargo, hvar flugleyfi fylgdi kaupunum, bera varla vott um að hagsmunir ríkisins hafi verið í fyrirrúmi. Hvers vegna þessi óeðlilegu afskipti? Skyldi það vera tilviljun, að með þessum subbuskap var ráðh. að bjarga landskunnum fjármálamanni Framsfl.?

Verst er þó af öllu vondu að ístöðuleysið er með ólíkindum. Nú er loðnan horfin — fiskur sem bjargað hefur atvinnustigi hinna fjölmörgu byggðarlaga í landinu. Í okt. s. l. vöruðu fiskifræðingar mjög alvarlega við og kváðu loðnustofninn í útrýmingarhættu. Þá mældist stofninn innan við 300 þús. tonn. Alþfl. krafðist þess á Alþingi einmitt þá, að veiðar yrðu stöðvaðar þá þegar. Við þessu var ekki orðið. Nú eftir áramótin mældist stofninn aðeins 140—150 þús. tonn. En fiskifræðingar telja hættumörkin 400 þús. tonn. Atvinnuleysi blasir nú við fjölda manna vegna ístöðuleysis ráðh., og nú þegar hafa íbúar Siglufjarðar og Raufarhafnar látið í ljós áhyggjur af framtíðinni. Loðnan er ein aðalfæðutegund þorsksins og má mikið vera ef ofveiði loðnunnar hefur ekki veruleg áhrif á þorskstofninn.

Þau undur gerast nú í óðu kapphlaupi ráðh. um innflutning skipa, að ekki einungis eru veitt leyfi fyrir togurum, sem ekki eru hundum bjóðandi hvað aðbúnað snertir, heldur er dæmi þess að stefnið sé sagað af togara til að komast hjá reglugerðum er varða stærðarmörk togara. Þá er nöturlegt að Framsfl. skuli beita sér fyrir þeirri kjaraskerðingu sem fylgir óhóflegri fjölgun fiskiskipa. Finnst þér, góður hlustandi, það traustvekjandi ráðherra sem lætur plata sig hvað eftir annað svo illilega að viðskrh., flokksbróðir hans, telur sig tilneyddan að óska eftir opinberri rannsókn? Skyldi það vera tilviljun, að í öllum tilvikum, þar sem ráðh. lendir í vafasömum málum, er hann að hygla, að bjarga framsóknarmönnum. Nei, Framsfl. er andhverfa heiðarleika og drengskapar. Það er mikil ógæfa fyrir íslenska þjóð að hafa slíkan flokk í ríkisstjórn — flokk og einstaklinga sem láta undan hvers kyns þrýstingi fjármálamanna, fulltrúa einkahagsmuna.

1. maí er á næstu grösum. Þá íhuga launþegar stöðuna í kjaramálum oft betur en áður. Ljóst er að kaupmáttur hefur rýrnað verulega og launamismunur aukist hrikalega. Verkalýðshreyfingin hefur að undanförnu búið sig til nýrra kjarasamninga sem í raun var frestað í fyrra að fengnum litlum 3.25% í kauphækkun, sem ríkisstj. hefur tekið til baka og miklu meira en það. Kveðja ríkisstj. til launþega nú 1. maí er boðskapur Þjóðhagsstofnunar. Þessi boðskapur er eins konar ástarjátning til Vinnuveitendasambandsins. Nú er svo komið að helstu stuðningsaðilar ríkisstj. eru atvinnurekendur og Verslunarráð Íslands, sem hvað eftir annað hefur lýst hrifningu sinni vegna afnáms verðlagsákvæða og hve auðvelt er nú að hækka vöruverð. Í boðskap Þjóðhagsstofnunar er látið að því liggja að ætli ríkisstj. að ná markmiði sínu og lækka verðbólgu í 35% þurfi grunnlaun að lækka um 5—6%. Verði kauptöxtum hreyft verður gengisfelling. Að öðrum kosti er hótað atvinnuleysi. Þetta er kveðja

Alþb.-ráðh. til verkafólks. Þessi boðskapur hefði þótt skrýtinn fyrir nokkrum árum. Þá var hægt að notast við Alþb. í verkalýðshreyfingunni. Nú þykja ráðherrastólarnir hugsjónum dýrmætari. Hvað ætla þeir að gera? Hvers vegna rétta þeir ekki lægst launaða fólkinu hjálparhönd einmitt nú, þegar launamismunur hefur aukist tröllaskrefum? Þeir ríku hafa orðið ríkari, þeir fátæku fátækari undir þeirra stjórn. Nú hrópar verkafólk á úrræði. Fær það svar? Þegar Kennedy heitinn Bandaríkjaforseti ávarpaði þjóð sína við valdatökuna sagði hann m. a., með leyfi forseta: „Ef hið frjálsa samfélag getur ekki hjálpað hinum mörgu fátæku mun það aldrei geta bjargað hinum fáu ríku.“ — Þessu mun hæstv. ríkisstj. ekki takast að hnekkja. Þess vegna ber stefna hennar dauða í sér.

Í hönd fara bæjarstjórnarkosningar. Alþfl. stendur málefnalega sterkur. Sjálfsforræði sveitarfélaga ásamt þjóðarheill landsins eru höfuðatriði í stefnu okkar er snerta stjórn sveitarfélaga um land allt. Við viljum dreifa valdinu, færa það nær fólkinu, auka ábyrgð fólksins í hinum dreifðu byggðum. Við viljum að þjóðin eigi landið, gögn þess og gæði. Nú er lag til sóknar og sigurs. Alþb. heyr sitt dauðastríð. Framsókn og Sjálfstfl. ganga málefnasnauð til leiks. Ég heiti á jafnaðarmenn um land allt að berjast af einurð og fullvissu sannfæringarinnar fyrir stórum sigri Alþfl. í komandi bæjarstjórnarkosningum. Sigur Alþfl. er stuðningur við kröfuna um betri lífskjör, atvinnuöryggi, réttlátara þjóðfélag, fegurra mannlíf. — Góða nótt.

Jóhanna Sigurðardóttir: Góðir áheyrendur. Verkalýðsleiðtogi og tryggur Alþb.-maður um árabil hafði eftirfarandi að segja í blaðagrein á s. l. ári: „Alþfl. reyndi í samvinnu við Framsfl. að móta framkvæmanlega efnahagsstefnu. Til óbætanlegs tjóns fyrir launþega fékkst Alþb. ekki til samstarfs.“ Og hann bætir við: „Þetta er því furðulegra vegna þess að í núverandi stjórnarsamstarfi hefur flokkurinn gert að stefnu sinni leiftursókn sjálfstæðismanna gegn lífskjörum.“

En eiga Alþb. og ríkisstj. þennan áfellisdóm skilið? Er það virkilega svo, að það, sem Alþb. kallaði leiftursókn sjálfstæðismanna gegn lífskjörum, hafi snúist í leiftursókn Alþb. gegn lífskjörum? Gæti það verið þegar allt kemur til alls, að í framkvæmd sé ekki ýkjamikill munur á stefnu íhalds og komma? Er það virkilega svo, að þessi ríkisstj. með Framsókn innanborðs telji verðbólguna upp og lífskjörin niður? Tóm budda margra fjölskyldna löngu fyrir útborgunardag gæti verið vísbending um það. Útgjöld heimilanna fyrir brýnustu nauðþurftum fara hlutfallslega síhækkandi og framfærendur heimila þurfa að grípa þá yfirvinnu sem gefst til að framfleyta heimilunum. Þegar foreldrar koma síðan örþreyttir heim eftir langan vinnudag bíða börnin með sínar þarfir og þá er oft lítill þróttur eftir til að sinna börnum og fjölskyldulífi. Afleiðing alls þessa verður oft upplausn margra fjölskyldna og heimila sem getur þegar upp er staðið ekki einasta kostað lífshamingju margra einstaklinga, heldur haft í för með sér oft og tíðum félagslegar afleiðingar sem þjóðfélagið í heild verður að standa straum af.

Þetta er ekki falleg mynd, sem hér er upp dregin, en því miður held ég að margir muni við hana kannast. Hún er sterk vísbending um ranga stjórnarstefnu.

Annað má einnig benda á, og það er svartnættisskýrsla seðlabankastjóra. Víða í þeirri skýrslu má finna að margt af því hefur ræst sem Alþfl. spáði í sinni stjórnarsetu að gerast mundi ef ekki yrði farið að tillögum Alþfl. um gerbreytta efnahagsstefnu. Lái Alþýðuflokknum það hver sem vill, að hann hafi ekki viljað vera þátttakandi í stjórnarstefnu sem byggist á að fljóta meðan ekki sekkur, stefnu sem dregur niður lífskjörin í þessu landi. Það er athyglisvert, að eitt megineinkennið á efnahagsstefnu Framsfl. í því samstarfi var að vilja, en ekki þora. Ekkert hefur breyst í núverandi samstarfi. Mottóið er að vilja, en ekki þora.

Þegar litið er yfir svartnættisskýrsluna er að finna í henni einn ljósan punkt sem ríkisstj. státar af við hentugt tækifæri, en það er að veruleg innlánsaukning hafi átt sér stað, sem eigi sér þá skýringu að raunvextir af innlánum hafi aldrei verið hagstæðari en síðan 1972, en þess njóta sparifjáreigendur nú. Við hentug tækifæri stendur ekki á ríkisstj. að státa af þessu, en þegar verið er að tala um greiðslubyrði lántakenda, t. d. húsbyggjenda, snúa ráðh. við blaði og segja: Þetta er krötum að kenna. Þetta er raunvaxtastefna kratanna. — Spurningin, sem húsbyggjendur og aðrir lántakendur hljóta þá að leggja fyrir ríkisstj., er þessi: Ef raunvaxtastefnan er svo röng sem þið viljið vera láta, hvers vegna í ósköpunum afnemið þið hana ekki þegar þið hafið völdin? — Nei, hér er auðvitað hagrætt sannleikanum. Sannleikurinn er sá, að núv. ríkisstj. er að framkvæma eigin raunvaxtastefnu gagnvart húsbyggjendum, en ekki þá stefnu sem Alþfl. berst fyrir.

Stefna Alþfl., sem fram kom í frv. Magnúsar H. Magnússonar, var að hækka lánshlutfallið og lengja lánstímann. Því var klúðrað af núv. ríkisstj. á fyrstu mánuðunum *á valdaferli hennar með húsnæðismálaráðherrann* Svavar Gestsson í broddi fylkingar, enda var hann fáorður um húsnæðismálin áðan. Á sama tíma var einnig kippt fjárhagsgrundvellinum undan almenna húsnæðislánakerfinu. Aðvaranir Alþfl. voru að engu hafðar þegar Alþfl. reyndi að sýna fram á þann vanda sem húsnæðiskerfinu var stefnt í. Alþfl. hefur frá samþykkt húsnæðismálalöggjafarinnar verið ljóst hvert stefndi þó stjórnarsinnar séu fyrst nú á þessum dögum að vakna upp við vondan draum. Hálmstrá þeirra nú er að taka lán hjá launþegum til að skila til baka broti af því sem tekið var af föstum tekjustofnum húsnæðiskerfisins, en heildarskerðing á þessu ári er 164 millj. kr., en það er um helmingur af föstum tekjustofni Húsnæðisstofnunarinnar. Síðan eru þessir peningar teknir m. a. til að bæta stöðu ríkissjóðs við Seðlabankann. Á sama tíma er Húsnæðisstofnunin í stórfelldum vanskilum við þann sama banka, og nú vantar 100 millj. kr. til að Húsnæðisstofnun geti staðið í lágmarksskilum við lántakendur vegna þess að ekki var farið að tillögum Alþfl. Einnig blasir við takmörkun eða stöðvun félagslegra íbúðabygginga og seinkun húsnæðislána, en hver þriggja mánaða seinkun í afgreiðslu þýðir 12—15% lækkun lána.

Frá því að Alþfl. sá hvert stefndi í húsnæðislánum vorið 1980 hefur hann gert ítrekaðar tilraunir til þess að bjarga húsnæðismálunum og til að létta greiðslubyrði húsbyggjenda. Flutti Alþfl. m. a. frv. um viðbótarlán úr bankakerfinu til húsbyggjenda, sem ekki er óeðlilegt þegar litið er til þess, að $^3/_4$ hlutar af sparifé í bönkum eru innlegg einstaklinga, en þeir fá einungis $^1/_4$ af lánunum. Alþfl. sýndi í umr. á Alþingi fram á hvernig röng stefna ríkisstj. í húsnæðismálum kemur fram í greiðslubyrði

húsbyggjenda. Dæmi, sem tekið var, sýndi að greiðslubyrði húsbyggjenda fyrir litla tveggja herbergja íbúð var 64 þús. kr. eða 40% af árstekjum verkamanns miðað við verðlag í desember s. l. Frv. Alþfl. um viðbótarlán í bankakerfinu þyddi í þessu sama dæmi 23 þús. kr. greiðslubyrði eða 13—14% af árstekjum verkamanns. Mismunurinn var hvorki meira né minna en 41 þús. kr. á ári á greiðslubyrðinni. Þetta er mismunurinn á raunvaxtastefnu Alþfl. og raunvaxtastefnu núv. ríkisstj. í framkvæmd. Að auki má benda á að það, sem kemur einnig illa við húsbyggjendur, er að kaupgjaldsvísitalan hefur ekki haldist í hendur við lánskjaravísitölu og því þurfa húsbyggjendur stöðugt að greiða hærra hlutfall af launatekjum sínum í lántökur. Ég spyr: Hafa húsbyggjendur orðið varir við leiðréttingu á þessu misræmi af hálfu stjórnvalda?

Í svörtu skýrslunni kemur fram að erlend lántaka er komin að hættumörkum. Svo er nú komið að hvert barn, sem fæðist, fær í vöggugjöf 50 þús. kr. skuldabyrði frá stjórnvöldum. Launþegar hafa þurft að fórna kaupmætti launa sinna í árangurslitla verðbólgubaráttu núv. ríkisstj. og líða henni síðan stórfelldar erlendar lántökur, sem eiga eftir með sama áframhaldi að setja okkur á stall með Pólverjum og Nýfundnalandi, og það versta er að stór hluti þessara skulda hefur verið tekinn í óráðssíuhít ríkisstj. Ég spyr: Er það skynsamleg fjárfesting að taka lán til að greiða hallarekstur ríkisstofnana? Ég spyr: Er það skynsamleg fjárfesting að greiða með útfluttum landbúnaðarafurðum á veisluborð útlendinga 200 millj. kr. á þessu ári, að hluta til með erlendum lántökum, og samkv. nýjustu upplýsingum vantar enn stórfellt fjármagn í þá hít? Það er kominn tími til að Framsfl. átti sig á því, að þetta heitir að telja verðbólguna upp, en ekki niður.

Ég vil líka spyrja þá sem þessar skuldir eiga að greiða í hærri sköttum og lakari lífskjörum: Er það skynsamleg fjárfestingarstefna að fjárfesting til atvinnuveganna var mest á s. l. ári í fiskiskipaflotanum sem engum arði skilar, sem þýðir ekki bara lélegri rekstrargrundvöll útgerðar og minni tekjur sjómanna, heldur hefur það keðjuverkandi áhrif á allt efnahags- og atvinnulíf og þar með kjör allra launþega í þessu landi? Alþfl. varaði samgrh. ræki lega við á haustdögum á s. l. ári vegna spár fiskifræðinga um hrun loðnustofnsins. Samgrh. hélt, að fiskifræðingar væru að plata sig, og lét skeika að sköpuðu. Þetta andvaraleysi þýðir að Framsfl. telur verðbólguna upp, en lífskjör sjómanna og annarra launþega í þessu landi niður.

Efnahagsstefna Alþfl. er löngu orðin kunn, svo oft hefur hún verið kynnt á undanförnum árum og ítrekaðar tillögur Alþfl. til að koma á skynsamlegri hagstjórn. Í fjölmörgum málum, m. a. 37 lagafrv. sem nú liggja fyrir Alþingi, kemur fram stefna Alþfl. Ég minni á frv. Alþfl. um umbætur í sjávarútvegsmálum, svo sem hagkvæmni í starfi og endurnýjun skipastólsins, frv. um flugmálaáætlun, frv. um aukið aðhald og eftirlit með ríkisfjármálum, úttekt á svartri atvinnustarfsemi og að þingnefndir hafi rannsóknarvald. Ótalinn er fjöldi mála, svo sem ýmis félagsleg réttindamál í húsnæðismálum, almannatryggingamálum, skattamálum og tillögur um atvinnulýðræði.

Af félagslegum málum ríkisstj. fagnar Alþfl. því, að í frv. um málefni aldraðra voru teknar inn till. Alþfl. um heimilisþjónustu aldraðra til að gera öldruðum kleift ef þeir svo óska, að dveljast sem lengst í heimahúsum. Hvað varðar frv. um málefni fatlaðra, sem nú liggur fyrir Alþingi, er nauðsynlegt að veruleg leiðrétting náist fram á fjármögnunarþætti frv. svo að vænta megi þess, að við ákvæði og markmið þess frv. sé hægt að standa.

Góðir hlustendur. Nú þegar hátíðisdagur verkalýðshreyfingarinnar er að renna upp blæs ekki byrlega fyrir launafólki. Því voru gerð góð skil í íhaldspressunni í gær, að kröfur ASÍ séu ávísun á atvinnuleysi og 100% verðbólgu á næstu tveimur árum. Ég spyr: Er ekki kominn tími til að hætta að kenna launafólki um allt það sem miður fer vegna rangrar efnahagsstefnu stjórnvalda? Vitaskuld er hægt að taka undir að verði ekki breytt um efnahagsstefnu hjá stjórnvöldum stefni í atvinnuleysi og 100% verðbólgu. En ég mótmæli því hér og nú að tekjur láglaunafólks í þessu landi, sem gert er að lifa af launatöxtum upp á 6—8 þús. kr. á mánuði og vinna myrkranna á milli í eftirvinnu til að eiga fyrir brýnustu nauðþurftum, séu að stefna þjóðfélaginu í kaldakol. Það er broslegt að heyra atvinnurekendur halda því fram, að ekki sé hægt að leiðrétta laun þessa fólks, þegar upplýst er í kjarakönnun að atvinnurekendur skipta stórum hluta þess, sem til skiptanna er, undir borðið með yfirborgunum og fríðindum til þeirra sem betur eru settir, en láglaunafólkið situr eftir.

Verkalýðshreyfingin verður að sameinast um og hvergi að gefa eftir að kjör þessa fólks verði bætt, og verkalýðshreyfingin verður að taka undir tafarlausa framkvæmd á till. Alþfl., sem samþykkt hefur verið, um að upplýsa með skipulögðum könnunum raunverulegar launatekjur og tekjuskiptingu í þessu þjóðfélagi. Stjórnvöld verða í sínum ákvörðunum einnig að stuðla að afkomutryggingu þessa fólks, t. d. gegnum skatta- og almannatryggingakerfið, en við það hafa till. Alþfl. í efnahagsmálum verið miðaðar.

Eftir því verður tekið, hvað stjórnvöld leggja af mörkum til að leysa þann hnút sem kjaramálin eru að sigla í. Ég spyr: Væri t. d. hæstv. fjmrh. vegna komandi kjarasamninga opinberra starfsmanna tilbúinn að semja við opinbera starfsmenn á láglaunatöxtunum á sömu nótum og hann samdi við lækna, þ. e. með óbeinum sporslum og fríðindum sem hann taldi innan þeirra verðbólgumarkmiða sem ríkisstj. setti sér? Er hann tilbúinn, hæstv. fjmrh., að veita láglaunafólkinu hjá BSRB greiðslu fyrir ómælda yfirvinnu, ökutækjastyrk, sérstaka þóknun fyrir að leiðbeina nýju fólki í starfi og fylgjast með nýjungum í sinni starfsgrein? Er fjmrh. tilbúinn að semja við opinbera starfsmenn á sama grundvelli og við lækna? Eða er Ragnar Arnalds fjmrh. við sama heygarðshornið og atvinnurekendur að semja bara um slík fríðindi og sporslur við þá betur settu í þjóðfélaginu?

Ég þakka áheyrnina. Góða nótt.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Góðir Íslendingar. Við eldhúsdagsumræður er venja að gefa þjóðinni nokkurt yfirlit yfir þingstörfin. Það mun ég leitast við að gera, en fjalla þó jafnframt um nokkur önnur mikilvæg mál sem að hefur verið unnið á vegum stjórnvalda. Margt hefur tekist vel, en annað verr. Að sjálfsögðu er enginn ástæða til að draga fjöður yfir það.

Ég mun hins vegar ekki elta ólar við ósannindi og jafnvel rógburð þm. Karls Steinars, þessa alþýðu- og verkalýðsforingja sem hneykslast hér inni á því, að þjóðarframleiðslan skuli dragast saman um 1%, en boðar síðan 20% launahækkun þegar hann kemur út fyrir

þingsali. Eru þetta þau sterku stjórnartök sem hann talar um? Ég mun ekki eltast við mann sem boðar hér fögrum orðum jöfnuð, en fylgir hins vegar flokki, eins og fram kom í sjónvarpsviðtali í gær, sem boðar markaðsbúskap, sem boðar peningamálastefnu sem gengur jafnvel lengra en leiftursókn Sjálfstæðisfl. eða íhaldsflokksins í Bretlandi.

Við framsóknarmenn höfum enn sem fyrr lagt höfuðáherslu á efnahagsmálin. Við teljum ekkert mikilvægara fyrir atvinnuöryggi og hagsæld íslensku þjóðarinnar en að koma efnahagsmálunum í viðunandi horf. Í því sambandi er mikilvægast að draga jafnt og þétt úr þeirri verðbólgu sem ógnar öllu heilbrigðu atvinnulífi og afkomu einstaklingsins. Í síðustu kosningum til Alþingis *höfnuðum við framsóknarmenn leiftursókn* sjálfstæðismanna og því atvinnuleysi sem slíkum aðgerðum hlaut að fylgja. Við teljum atvinnuleysi hið versta böl sem yfir þjóðina gæti gengið. Við lögðum til að dregið yrði úr verðbólgu með því að hafa hemil á hinum ýmsu þáttum í efnahagslífinu sem áhrif hafa á verðbólgustigið. Þessi leið hlaut nafnið „niðurtalning verðbólgu". Hún hlaut þegar mikið fylgi með þjóðinni og var lögð til grundvallar myndun þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr.

Á þessa stefnu reyndi fyrst á s. l. ári. Þá setti ríkisstj. sér það markmið að ná með niðurtalningu verðbólgunni í u. þ. b. 40% á árinu 1981. Þetta tókst. Það viðurkenna allir sem á þessi mál vilja líta af einhverri sanngirni. Og af því að Jóhanna Sigurðardóttir o. fl. hafa verið að vísa í ræðu dr. Jóhannesar Nordals og talið hana lýsa mikilli svartsýni, þá má einnig vísa í eftirfarandi orð seðlabankastjórans í sömu ræðu. Hann sagði:

„Meginmarkmið þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgt var á árinu og fram kom í efnahagsáætlun ríkisstj. í upphafi ársins, fólst hins vegar í því að koma fram verulegri lækkun verðbólgu jafnframt því sem full atvinna yrði tryggð. Þótt ný vandamál kæmu fram á öðrum sviðum efnahagsmála er ljóst að ótvíræður árangur náðist í þessu hvoru tveggja. Atvinnustig hélst hátt allt árið og verulega dró úr verðbólgu."

Á framhald þessarar stefnu leggjum við framsóknarmenn höfuðáherslu. Um það er samkomulag innan ríkisstj., eins og fram kemur í efnahagsáætlun hennar frá s. l. áramótum. Þar er það markmið ákveðið að koma verðbólgu á þessu ári í um 35% og verðbólguhraðanum í 30%. Í þeirri efnahagsáætlun eru hins vegar ekki ákveðnar aðrar aðgerðir en þær sem nefna mætti viðnám gegn verðbólgu og er ætlað að halda verðbólgunni í skefjum. Fleira er tvímælalaust nauðsynlegt ef ná á ofangreindum markmiðum. Ákvarðanir um slíkt bíða eftir niðurstöðum þeirra viðræðna sem nú fara fram á vegum ríkisstj. og aðila vinnumarkaðarins um vísitölukerfið og eftir samningum um kaup og kjör.

Því miður blæs ekki byrlega nú fyrir miklum kauphækkunum. Þjóðhagsstofnun telur að þjóðarframleiðsla muni dragast saman á þessu ári. Við minnkandi þjóðarframleiðslu ætti öllum að vera ljóst að grunnkaupshækkanir að einhverju marki eru útilokaðar. Tiltölulega hófsamir samningar við starfsmenn í ríkisverksmiðjum, sem nýlega eru frágengnir, benda til að á þessu sé skilningur.

Það er von okkar, að í þeim samningum, sem nú er að unnið, verði áhersla lögð á að bæta kjör þeirra lægst launuðu. Við framsóknarmenn munum leggja á það höfuðáherslu, að við ofangreind markmið ríkisstj. um 35% verðbólgu á þessu ári verði staðið með öllum ráðum. Við munum jafnframt leggja á það áherslu eins og fyrr, að aðgerðir í efnahagsmálum skerði ekki kaupmátt lægri launa.

Þrátt fyrir þann ótvíræða árangur, sem náðst hefur í viðureigninni við verðbólguna, verður því ekki neitað, að ýmis hættumerki eru augljós. Staða ríkissjóðs er góð og er það að sjálfsögðu fagnaðarefni. Hins vegar er erlend lántaka mikil. Greiðslubyrði þjóðarinnar af erlendum lánum má ekki verða hærri. Við höfum ekkert á móti því, að erlend lán séu tekin til arðbærra framkvæmda sem auka þjóðartekjurnar og standa þannig sjálfar undir slíkri lántöku. En því miður hafa ekki allar þær framkvæmdir, sem í hefur verið ráðist, reynst nægilega arðbærar. Til slíks þarf því að vanda betur en gert hefur verið.

Um það bil 5% aukning á einkaneyslu á s. l. ári ber vott um mikla eyðslu. Það sem af er þessu ári hefur einkaneyslan enn aukist. Þetta gefur að vísu til kynna góða afkomu almennings og mikil fjárráð, en það gefur einnig til kynna vantrú á áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Verðbólguhugsunarhátturinn virðist enn mjög ríkur. Öruggasta leiðin til þess að snúa við slíkri þróun er tvímælalaust að sýna í verki marktækan árangur í efnahags- og verðbólgumálum.

Nú er að ljúka vertíð vestan- og sunnanlands. Vertíðin hefur verið erfið vegna stöðugra ógæfta, en takast mun þó að standa nokkurn veginn við það markmið sem sett var um aflann. En ég vil gjarnan ráðleggja þeim mönnum, sem öfundast yfir tekjum sjómanna, að kynna sér þá aðstöðu sem sjómenn á vertíðinni hafa starfað við í vetur, og þeir munu finna að tekjurnar eru alls ekki miklar.

Annað árið í röð var stefnan í þorskveiðum fyrir árið í heild ákveðin og birt í desembermánuði árið áður. Um þá stefnu náðist enn ágæt samstaða við hagsmunaaðila. Nokkrar breytingar voru gerðar sem ég hygg að verði til góðs. Enn eru þó nauðsynlegar ýmsar endurbætur á þorskveiðum, sérstaklega til að bæta gæði aflans, vernda smáfisk og auka hagkvæmni. Hér vinnst ekki tími til að rekja ítarlega ástand og horfur í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Mun ég því láta nægja að minna á nokkur atriði sem að er sérstaklega unnið.

Gæði aflans og framleiðslunnar hafa verið mikið til umræðu. Á fyrsta flokks framleiðslu verður að leggja höfuðáherslu. Það er okkar besta vopn í harðnandi samkeppni við niðurgreidda framleiðslu annarra þjóða. Því miður er víða pottur brotinn. Framleiðslueftirlitið hefur verið gagnrýnt í þessu sambandi. Vafalaust þarf að bæta það, en slíkt gæðaeftirlit er af ýmsum ástæðum erfitt og oft vanþakkað. Til þess að vinna að endurbótum hef ég nýlega skipað fimm manna framleiðslueftirlitsráð sem á að vera til ráðuneytis og gera tillögur til úrbóta. Gagnrýnt hefur verið að ýmsir hagsmunaaðilar eigi ekki fulltrúa í ráðinu. Sú gagnrýni er á misskilningi byggð. Í ráðinu eru ekki fulltrúar neinna hagsmunaaðila, heldur valdir einstaklingar með þekkingu á hinum ýmsu sviðum framleiðslunnar.

Eflaust er hrun loðnustofnsins stærsta vandamál sem að sjávarútveginum steðjar nú. Um ástand og horfur þar er hins vegar lítið hægt að segja fyrr en mælingar hafa farið fram n. k. haust. Á það vil ég þó leggja áherslu, að í þær veiðar verður að fara með mikilli varúð. Þó þetta sé gífurlegt vandamál fyrir loðnuflotann og þá sem við

loðnuveiðar og vinnslu starfa er málið stórum viðtækara. Áhrifin geta orðið ófyrirsjáanleg á vöxt og viðgang þorskstofnsins. Það verður að hafa í huga.

Ég furða mig hins vegar á ummælum þeirra Alþfl.-manna hér áðan. Staðreyndin er sú, að allir hagsmunaaðilar, sem til voru kvaddir — og þeir eru margir, voru sammála um að eftir mælingarnar í október skyldu veiðarnar ekki stöðvaðar, heldur beðið eftir öðrum mælingum sem fóru fram í nóvember. Þær mælingar fóru fram og sýndu þrefalt meiri loðnu í sjónum en áður hafði verið mælt, og þá voru þó loðnuveiðarnar stöðvaðar.

Af markaðsástæðum er nokkur vandi á höndum í sambandi við síldveiðarnar. Eins og lofað var í viðræðum við sjómenn og útgerðarmenn s. l. haust skipaði ég skömmu eftir áramótin nefnd til að gera tillögur um aukna hagkvæmni við síldveiðar. Hugmyndir nefndarinnar eru nú til meðferðar hjá hagsmunaaðilum.

Um endurnýjun fiskiskipaflotans, sem mikið er á dagskrá, sýnist sitt hverjum. Það er furðulegt, eins og kom fram hér áðan og má skilja á Karli Steinari, ef menn telja að fiskveiðiflotanum þurfi ekki að halda vel við, þessu mikilvægasta atvinnutæki þjóðarinnar sem skapaði á s. l. ári 78% útflutningsteknanna. Ég er sem fyrr þeirrar skoðunar, að forðast verði þær miklu kollsteypur sem orðið hafa hjá okkur Íslendingum í þessum málum. Okkur er nauðsynlegt að hafa ætíð góð og fullkomin skip sem eru örugg og með góða aðstöðu fyrir sjómenn. Hinu verður ekki neitað, að söknarþunginn er of mikill og fjárfesting í sjávarútvegi meiri en þjóðarbúið ber með góðu móti. Því verður ekki heldur neitað, að mistök hafa orðið í þeirri viðleitni að endurnýja flotann. Því mun sjútvrn. næstu daga gefa út stórum hert skilyrði fyrir því, að það mæli með heimild til að láta smíða eða kaupa skip í stað annars sem tekið er úr notkun. Sömuleiðis hefur skipaverkfræðingur verið fenginn til að áætla eðlilega endurnýjunarþörf fiskiskipaflotans. Er það von mín, að það geti orðið til leiðbeiningar, en ég vara eindregið við þeirri hugsun sem kemur fram í þeim orðum sem oft heyrast, að tæpast megi fjárfesta í skipaflotanum.

Á þeim sex árum, sem liðin eru síðan fiskveiðilögin voru sett, hefur mjög margt breyst og mikil reynsla fengist. Því er ég að láta hefja endurskoðun á fiskveiðilögunum. Það er mikið og nauðsynlegt verk. Þegar á heildina er litið tel ég að rekstrargrundvöllur fiskvinnslunnar sé viðunandi nú, m. a. frystingarinnar. Þó veldur það áhyggjum að of mikið af afla hefur verið ráðstafað til söltunar og skreiðarverkunar, en frystingin setið á hakanum. Sölutregða á skreið á Nígeríumarkaði hefur nú jafnframt orðið til þess, að bankar treysta sér ekki til að afgreiða afurðalán fyrst um sinn út á frekari skreiðarverkun. Staðreyndin er sú, að stjórnvöld hafa ekki annað stjórntæki í þessu skyni. Reyndar tel ég vafasamt að stjórnvöld ákveði hve mikið verka má á einn máta eða annan. Æskilegt er að samtök framleiðenda hafi ákveðnari stjórn á þeim málum en þau hafa nú. Þau hafa gleggst yfirlit yfir söluhorfur og þurfa að geta nokkurn veginn samræmt framleiðsluna þeim áætlunum.

Fram undan er ákvörðun um fiskverð. Um það er út af fyrir sig ekki rétt að fara mörgum orðum. Málið er í höndum seljenda og kaupenda. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni, að sjómenn eigi að fá svipaða tekjuhækkun og menn í landi. Ríkisstj. hefur samþykkt að lög og reglur um verðlagsráð verði endurskoðuð. Ég hef talið rétt að láta það bíða aðeins á meðan málin skýrðust hjá nefnd þeirri sem fjallar um hið almenna verðbóta- og vísitölukerfi, en mun nú á næstunni skipa nefnd í þessu skyni.

Á síðasta þingi var samþykkt þál. um langtímaáætlun í vegamálum. Samkv. henni er gert ráð fyrir að koma a. m. k. stofnbrautakerfi landsins í viðunandi ástand á næstu 12 árum, bæði með tilliti til burðarþols, snjóþunga og slitlags. Að þessari áætlun hefur verið ötullega unnið, m. a. af nefnd þingmanna frá öllum stjórnmálaflokkum. Ég mun leggja till. þessa fram á Alþingi fyrir þingslit. Hún verður síðan til meðferðar á næsta þingi ásamt endurskoðun á vegáætlun. Áætlun þessi er að ýmsu leyti stórhuga og mun valda byltingu í vegamálum. Gert er ráð fyrir að ljúka framkvæmdum við hina svonefndu lífshættulegu vegi, þ. e. um Ólafsvíkurenni, Óshlíð og Ólafsfjarðarmúla, á fyrri hluta áætlunartímabilsins. Lagt er til að brú verði byggð yfir Ölfusárósa og margt fleira mætti nefna. Ég hygg að það muni þó verða talin mesta breytingin almennt séð, að gert er ráð fyrir að leggja um 2500—3000 km með bundnu slitlagi á áætlunartímanum. Segja má að það átak hafi hafist sumarið 1980 þegar 90 km voru lagðir með bundnu slitlagi. Lagðir voru síðan 142 km á s. l. sumri. Á næstu árum er gert ráð fyrir að leggja allt að 200 km á ári. Ég vil alveg sérstaklega fagna þeirri samstöðu sem náðst hefur á Alþingi um þetta mikla átak í vegamálum. Það ætti að tryggja að staðið verði við þessa áætlun.

Á s. l. ári fékk ég einnig samþykkt frv. um sjálfvirkan síma á þá um það bil 3000 bæi sem ekki hafa slíkan síma. Gerð hefur verið fimm ára áætlun og mun nú í ár verða fullkomlega við það staðið sem sú áætlun gerir ráð fyrir. Ég leyfi mér að vona og treysti að svo verði einnig um hin árin.

Flugmálin hafa enn verið mikið til umr. Þingið samþykkti enn á ný verulega aðstoð við Flugleiðir vegna fjárhagserfiðleika sem rekja má fyrst og fremst til Norður-Atlantshafsflugsins. Nú virðist hagur Flugleiða fara batnandi. Það er von mín að svo verði áfram, Atlantshafsflugið eflist að nýju og félagið geti áfram sem hingað til sinnt af myndarskap því mikilvæga verkefni sem það hefur í samgöngumálum landsins. Með þeirri aðstoð, sem veitt hefur verið, tókst að afstýra uppsögn mikils fjölda af ágætu starfsliði.

Á það hefur verið deilt, að öðru langtum minna flugfélagi, Arnarflugi, verður skapaður grundvöllur til að sinna millilandaflugi við hlið Flugleiða. Það flugfélag verður fyrst og fremst í leiguflugi, en telur sig þó þurfa að hafa eitthvað, en mjög takmarkað, áætlunarflug. Ég tel þessa gagnrýni mjög á misskilningi byggða. Ég er sannfærður um að nokkur samanburður í þjónustu og verði er flugfélögunum til góðs og muni bæta þjónustu þeirra við almenning. Á það ber einnig að líta. Viðunandi skipan er að mínu mati að komast á þessi mál, og það er von mín, að í framhaldi af því geti þessi tvö félög átt gott samstarf og samvinnu.

Fyrir þremur árum voru samþykktar á Alþingi breytingar við lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins sem gera bændum kleift að laga framleiðsluna að þeim markaði sem fyrirsjáanlegur er. Það hefur að verulegu leyti tekist nú þegar með mjólkurframleiðsluna. Á sviði sauðfjárræktar hafa menn hins vegar verið nokkuð hikandi. Í markaðsmálum hafa aftur á móti orðið alvarlegar breytingar. Okkar besti markaður, Noregur, er að

tapast vegna aukinnar framleiðslu þar í landi. Að sjálfsögðu ber að leita að nýjum mörkuðum og það er gert. En sannfæring mín er þó sú, að erfitt muni reynast að keppa við hið ódýra lambakjöt frá Nýja-Sjálandi og Ástralíu. Ef halda á kjötframleiðslunni um það bil óbreyttri mun þurfa stórauknar útflutningsbætur sem er ekki raunhæft.

Það er þáttur í þeirri stefnumörkun, sem grundvöllur var lagður að fyrir þremur árum, að koma á fót nýjum búgreinum í stað hinna hefðbundnu og sporna þannig gegn byggðaröskun. Tilraun hófst með loðdýrarækt, sem virðist ætla að gefa góða raun. Jafnframt var þá um það samið, að fjármagn, sem sparaðist frá jarðrækt, verði notað til að koma nýjum búgreinum á fót. Því miður hefur ekki tekist að standa við það.

Hið alvarlega ástand með sauðfjárræktina, sem nú blasir við, krefst þess, að fjármagn til að koma á fót nýjum búgreinum verði stóraukið. Loðdýrarækt er hrein útflutningsgrein sem sjálfsagt er að njóti jafnframt sömu aðstöðu í tollum og gjöldum og annar samkeppnisiðnaður. Að þessari viðkvæmu breytingu í landbúnaði þarf að standa á grundvelli nokkurra ára áætlunar þar sem samræmdur er samdráttur í hinum hefðbundnu greinum og efling nýrra. A þetta legg ég ríka áherslu. Ef ekki verður þannig að málum staðið er ég sannfærður um að ekki verði komist hjá margföldum útgjöldum ríkissjóðs vegna offramleiðslu í landbúnaði eða stórfelldri byggðaröskun ella, sem að sjálfsögðu hefur einnig ómæld útgjöld í för með sér.

Samdráttur í þjóðarframleiðslu er áhyggjuefni. Hann á m. a. rætur að rekja til þess, að ekki er lengur sami vöxtur í sjávarútvegi og fiskvinnslu sem verið hefur undanfarin ár og borið hefur að verulegum hluta uppi aukna þjóðarframleiðslu. Að vísu er margs konar verðmætaaukning möguleg, en þó hygg ég að við þurfum fyrst og fremst að leita á ný mið.

Miklar orkulindir geta orðið undirstaða vaxandi þjóðarframleiðslu og velmegunar. Orkuna þarf að virkja og orkunýtingarstefnu að móta, eins og að er unnið. Um slíkt þarf að nást breið samstaða.

Nú liggur fyrir Alþingi till. til þál. um virkjunarröð. Gert er ráð fyrir að Blanda verði virkjuð fyrst. Um Blöndu hefur hins vegar staðið mikil deila. Að mínu mati er slíkt ekki vænlegt til góðs árangurs. Deilur geta og hafa reyndar valdið miklum töfum og auknum kostnaði. Nægir í því sambandi að benda á Laxárdeiluna. Þingflokkur Framsfl. hefur því lagt sig fram við að leita sátta í þessu erfiða máli. Við teljum að þær séu nú í sjónmáli. Ýmsir fást þó við að reikna kostnað við minni miðlun sem um gæti orðið samkomulag. Allir eru þeir útreikningar á einn veg. Allir virðast þeir gerðir til að auka á þann kostnað. Annars vegar er reiknað með fullri nýtingu á fullri miðlun strax, en samningurinn gerir ekki ráð fyrir því, og hins vegar reiknað með orkuþörf sem er töluvert umfram það sem fyrir liggur nú, og margt fleira mætti nefna. Staðreyndin er sú, að í dag liggja alls ekki fyrir nægilegar upplýsingar til að ákveða hagkvæmustu miðlun, m. a. með tilliti til hinna mörgu vilyrða um mjög skerta notkun á fullu miðlunarrými. Vonandi skýrist það á næstu tveimur árum, áður en vinna við stíflugerðina hefst af fullum krafti.

Í þessu sambandi mættu menn einnig hafa í huga þá gífurlegu gróðureyðingu sem á sér stað um heim allan. Skógarnir hverfa óðum, eru annaðhvort höggnir eða eyðilagðir með eitruðu andrúmslofti, sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir alla íbúa jarðarinnar. Landverndarviljinn er af heilbrigðum og góðum rótum sprottinn. Hins vegar er að sjálfsögðu nauðsynlegt að meta hverju sinni kostnaðinn við landvernd, en einhver verður hann ætíð.

Um ýmiss konar iðnað, sem mikla orku notar, er rætt, en flest er það á undirbúningsstigi. Ég bind þó miklar vonir við kísilmálmverksmiðju og steinullarverksmiðju sem nú liggja fyrir frv. um hér á Alþingi, en legg áherslu á að þróaðri iðnaður, sem byggist á hugviti, er ekki síður mikilvægur. Að slíku er kominn góður vísir, t. d. í tengslum við sjávarútveginn, sem þarf að hlúa að með öllum ráðum.

Á sviði byggðamála er tvímælalaust jöfnun upphitunarkostnaðar stærsta vandamálið. Gífurlegur munur á upphitunarkostnaði verður ekki lengi borinn af þeim sem við slíkt búa. Gegn þessu þarf að ráðast með ýmsu móti, m. a. með hagkvæmum lánum til þess að einangra hús betur og nýta orkugjafa á svæðinu, e. t. v. afgangshita frá fiskvinnslu. Þetta ætti að vera sjálfsagt verkefni fyrir Byggðasjóð. Fátt er meira byggðamál. Nefnd, sem Tómas Árnason viðskrh. skipaði, hefur nú skilað áliti. Nefndin leggur til að hitunarkostnaður verði greiddur niður þannig að hann verði hvergi hærri en er hjá góðum nýjum hitaveitum, eins og Hitaveita Borgarfjarðar og Akraness, Akureyrar o. fl. Framsfl. er samþykkur þessu markmiði. Ég tel jafnframt að viðunandi jöfnuði verði ekki náð nema í gegnum rafhitun. Raforku til upphitunar, þar sem hennar er þörf, á að selja á það lágu verði að hún verði samkeppnisfær við góðar hitaveitur. Til þess að það fari sem best úr hendi er nauðsynlegt að dreifing raforku á landi verði hjá einum aðila. Landsvirkjun þarf því að taka við byggðalínum sem fyrst og selja raforku í öllum landshlutum á sama verði. Tekjur til jöfnunar mætti t. d. fá með a. m. k. tvöföldun á raforkuverði til stóriðju sem býr við óeðlilega lágt verð í dag. Því þarf hið fyrsta að ná samningum við álbræðsluna í Straumsvík um hækkun á raforkuverði.

Herra forseti. Góðir hlustendur. Margt hefur verið gert og margt hefur áunnist, en vandamálin og verkefnin fram undan eru mörg. Undir bölsýnisraus stjórnarandstöðunnar tek ég hins vegar ekki. Innan ríkisstj. og stjórnarflokkanna er fullur vilji til að takast á við verkefnin. Það er yfirlýstur vilji að þoka verðbólgunni áfram niður á við án atvinnuleysis. Ég leyfi mér jafnframt að vona að til slíkra verka njóti ríkisstj. stuðnings þjóðarinnar. — Góða nótt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Góðir áheyrendur. Það líður óðum að þinglausnum og er þá að venju skroppið í eldhús þingsins skamma stund til að rifja upp og rökræða nokkuð þjóðmál og þingmál frá liðnum vetri og hversu horfi fram undan. Af nógu er að taka því að mál þau, sem hreyft hefur verið á þessu þingi í einni eða annarri mynd, eru mörg og mikil að vöxtum sum hver. Örlög þeirra verða að sama skapi með ýmsum hætti því að hin þinglega vegferð reynist oft tímafrek og torsótt og hin bestu mál geta orðið úti, einkum þegar daginn fer að lengja og dregur að þinglokum.

Að venju hafa efnahagsmál sett mikinn svip á þinghald að undanförnu og tekið drjúgan tíma, bæði hjá Alþingi og ríkisstj. Á s. l. ári tókst að ná höfuðmarkmiðum þeim sem ríkisstj. stefndi að í efnahagsmálum, en þau voru

öflugt atvinnulíf og næg atvinna fyrir alla landsmenn, hjöðnun verðbólgu og trygging kaupmáttar. Þessi markmið eru áfram höfð að leiðarljósi á því ári sem nú er að líða, þótt enn sé hulið hvernig til tekst um það er lýkur.

Ekki vantar það, að málefni þessi séu rædd og rækilega könnuð af hinum færustu mönnum innan lands og utan. Við það safnast saman mikill fróðleikur, einkum þó um liðna tíð. Um hitt, hvað framtíðin ber í skauti sínu, veit enginn með vissu. Um það gilda aðeins spár og vonir, sem rætast þegar best lætur, en bregðast oft þegar mest liggur við.

Um þessar mundir vitna margir í nýlega ræðu seðlabankastjóra þar sem hann sagði m. a. að heimsbúskapurinn væri enn fastur í þeirri lægð sem hann komst í á árinu 1980 í kjölfar olíuverðshækkana. Þær vonir um afturbata, sem menn ólu í brjósti um þetta leyti á s. l. ári, hafi hingað til að engu leyti ræst. Þvert á móti hafi enn sigið á ógæfuhlið á síðari helmingi ársins í fyrra, einkum vegna mikils samdráttar í efnahagsstarfsemi í Bandaríkjunum.

Árið 1982 verður því sennilega þriðja árið í röð er einkennist af efnahagslegri stöðnun og vaxandi atvinnuleysi. Svipaða lærdóma má draga af riti Þjóðhagsstofnunar frá í mars, Úr þjóðarbúskapnum, þar sem fjallað er um framvindu ársins 1981 og horfur 1982. Það má hverjum manni ljóst vera, að þjóðarbúskapur Íslendinga fer ekki varhluta af þeirri þróun efnahagsmála sem verður í aðalviðskiptalöndum þeirra, heldur þvert á móti. Þetta eru kaldar staðreyndir sem við blasa og horfast verður í augu við.

Þá verður enn að hafa í huga að óvarlegt er, miðað við allar aðstæður, að spá meiri útflutningsframleiðslu en svo á þessu ári að hún verði sem næst óbreytt frá fyrra ári. Heildarafli í tonnum talið úr sjó hefur farið minnkandi tvö s. l. ár frá því, sem hann komst hæst, í 1648 þús. tonn árið 1979. En allar spár um sjávarafla eru óvenju óvissar á þessu ári, einkum vegna ástands loðnustofnsins. Þetta eru mikil umskipti þar sem framleiðsla sjávarafurða hefur að verulegu leyti staðið undir rekstri útflutningsframleiðslunnar á liðnum árum. Aukinn útflutningur iðnvarnings mun varla gera betur en vega upp á móti samdrætti í sjávarútvegi á þessu ári.

Þannig horfa málin við sjávarsíðuna þrátt fyrir mjög hagstæða þróun hafréttarmála á undanförnum árum, og síðustu fréttir af hafréttarsáttmála uppfylla okkar björtustu vonir.

Margar fleiri staðreyndir mætti nefna sem hníga í sömu átt og gefa ljóslega til kynnað að fyllsta þörf sé að að gæta ýtrustu varfærni, hagsýni og sparnaðar í rekstri þjóðarbús okkar ef svo heldur fram sem horfir. Og meðan svo er ært í landi og hart í heimi verður varla gert miklu betur en að andæfa og verjast áföllum. Eigi að síður er það yfirlýst stefna ríkisstj. að vinna áfram að hjöðnun verðbólgu þannig að hún verði ekki meiri en 35% frá byrjun árs 1982 til ársloka. En þetta skref verður ekki stigið átakalaust með öllu. Úrræði, sem duga, verður að finna og framkvæma svo að allra hag megi bæta til frambúðar. Nauðsynlegt er að allir leggist á eitt í því efni. Samræmdra aðgerða mun við þurfa á öllum sviðum efnahagsmála til að tryggja að þessu markmiði verði náð.

Augljóst er að gæta verður aðhalds í ráðstöfun þjóðartekna til að draga úr viðskiptahalla og skuldasöfnun erlendis. Aldrei kann það góðri lukku að stýra að eyða meiru en aflað er, en beina verður kröftunum að því að auka framleiðslugetu þjóðarbúsins og búa þann veg í haginn fyrir varanlegar framfarir og bætt lífskjör í landinu.

Þó að þessi varnaðarorð séu látin falla er þó fjarri því, að ástæða sé til að örvænta eða fyllast bölsýni. Víða um lönd eru erfiðleikar í fjármálum, m. a. á öllum Norðurlöndunum. Sennilega eru Finnar einna best á vegi staddir í þeim efnum um þessar mundir, þó að þeir hafi eins og aðrir fengið að kenna á óhagstæðri þróun heimsmála og engin Norðurlandaþjóða hafi gengið í gegnum aðra eins fjárhagserfiðleika og þrengingar á liðnum áratugum og finnska þjóðin.

Síst er því ástæða fyrir okkur Íslendinga til að láta hendur fallast. Sjást þess og engin merki. Hér á landi er haldið uppi öflugri framfara- og framkvæmdastefnu, en gæta verður þó hófs svo að hraðinn verði ekki óviðráðanlegur og spennan yfirþyrmandi.

Á þingi og í ríkisstj. hefur að undanförnu verið fjallað um hin veigamestu mál í mörgum greinum, atvinnu- og orkumál, landbúnaðar- og byggðamál margs konar, félags- og þjónustumálefni. Nú er verið að leggja síðustu hönd á langtímaáætlun í vegagerð sem unnin hefur verið á grundvelli þál. sem samþykkt var í fyrra.

Alkunna er að þar sem ríkisstj. er skipuð ráðherrum úr þremur stjórnmálaflokkum ræður enginn einn flokkur ferðinni að öllu leyti. Úrslit mála hljóta oft að byggjast á samkomulagi og málamiðlun. Þó að við sjálfstæðismenn metum einstaklinginn mikils og viljum efla framtak hans og frelsi á allan hátt megum við ekki gleyma því, að fyrir löngu er það orðið eitt af grundvallaratriðum sjálfstæðisstefnunnar að skapa öllum landsmönnum félagslegt öryggi. Þetta er stór og dýr yfirlýsing sem í framkvæmd hlýtur m. a. að útheimta talsverðar skattaálögur á alla þá sem betur mega sín. Og sérhver góður þegn er fámennri þjóð mikils virði á þeirri tækni- og tölvuöld sem við nú lifum á, þar sem mönnum gefst kostur á næstum ómældri aðstoð við að nema og muna marga hluti ef aðeins er stutt á réttan hnapp. Það má ekki gleyma að leggja rækt við einstaklinginn, mennt hans og manngildi, þá eiginleika sem hingað til hafa fleytt þjóð okkar yfir brim og boða og gert okkur kleift að byggja upp frjálst og fullvalda ríki í samfélagi þjóðanna. — Lifið heil.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Fjögur ár eru ekki langur tími en þó vill fyrnast yfir margt á styttri tíma. Ljóst er að Alþb.-menn treysta á gleymsku fólksins. Þeir vildu gjarnan láta fenna í eigin fótspor en svo óhöndulega tekst til að þeir velja sér sama slagorð nú og fyrir borgarstjórnarkosningar fyrir fjórum árum.

Hver man nú ekki: „kosningar eru kjarabarátta", og „samningana í gildi"? Þessi slagorð dugðu til þess að vinstri meiri hluti komst á í borgarstjórn Reykjavíkur og vinstri ríkisstj. sumarið 1978 sem síðan hafa setið að völdum nú í nær fjögur ár. Alþb.-menn hafa allan þennan tíma ráðið ferðinni í lands- og borgarmálum.

Hverjar hafa efndir kommúnista verið á kosningaloforðunum alkunnu? Samningarnir gengu aldrei í gildi. Launþegar telja sig skorta 25—30% í launum til að ná þeim kaupmætti sem að var stefnt. Margoft á s. l. tæpum fjórum árum hafa vinstri stjórnir Alþb. beinlínis skert kaupið, síðast á s. l. ári um 7% auk skollaleiks vísitölufölsunar, niðurgreiðslna og félagsmálapakka.

Á bls. 22 í nýútkominni skýrslu Þjóðhagsstofnunar er sagt að einungis á næstliðnu þriggja ára tímabili hafi framfærsluvísitalan hækkað um 28% meira en verðbótavísitalan. Langt er frá að 18% grunnkaupshækkanir á sama tímabili vegi upp þennan mun. Það er einnig staðreynd, að kaupmáttur kauptaxta launþega í landinu er lægri á s. l. ári, 1981, en árið 1978 og enn er spáð minnkandi kaupmætti á yfirstandandi ári. Þjóðartekjur á mann eru svipaðar bæði árin, en meiri kaupmáttur kauptaxta 1978 en nú er gaf Alþb. tilefni til að hvetja til ólögmætra verkfalla. Nú er hljóðið annað í Svavari Gestssyni. Ríkisstjórnin undir forustu Alþb. og Vinnuveitendasambandið eru alveg á sama máli í kjaramálum. Hvað er ekki gert fyrir ráðherrastóla? Þegar Alþb. tengir nú enn saman kosningar og kjarabaráttu, þá er það að nefna snöru í hengds manns húsi og minna kjósendur á ekkert annað en „svikin í gildi". Sagt hefur verið: Þú getur blekkt marga um stund en ekki alla ávallt.

Afleiðing þess, að Alþb. hefur ráðið ferðinni, hefur einnig orðið sú, að úr þjóðarframleiðslu og þjóðartekjum hefur dregið. Þjóðhagsstofnun spáir minnkandi þjóðarframleiðslu og tekjum á þessu ári. Þrátt fyrir hagstæð ytri skilyrði syrtir nú í álinn vegna óstjórnar og fyrirhyggjuleysis fyrst og fremst. Eftir að samið var til sigurs um útfærslu í 200 mílna efnahagslögsögu 1978, sem nú hefur verið endanlega staðfestur með hafréttarsáttmálanum, hefur afla- og verðmætisaukning sjávarafurða aukist um 60% aðeins á örfáum árum. Þessi auknu aflaverðmæti hafa hvorki verið nýtt til að bæta kjör launþega né afkomu atvinnuvega og ekki heldur til að vinna bug á óðaverðbólgu né að skapa skilyrði fyrir auknum hagvexti og hærri launatekjum í framtíðinni. *Við erum ekki einu sinni í stakk búin til að mæta áföllum* á borð við stöðvun loðnuveiða og sölutregðu skreiðar. Fyrirhyggjuleysi stjórnvalda hefur verið slíkt, að nefna má vinstristjórnarárin frá 1978 fjögur glötuð ár.

Það þarf ekki að orðlengja stefnuleysið og framkvæmdaleysið í orkumálum og iðnvæðingu sem tengist þeim. Þessa dagana er fumið og fátið í afgreiðslu virkjunartillögu slíkt, að það fellur ekki síst í hlut stjórnarandstöðu Sjálfstfl. að bæta eins og kostur er úr undangenginni klaufalegri meðferð iðnrh. og ríkisstj. og ósamkomulagi stjórnarliða og leysa þann hnút sem þessi mál voru komin í, svo að orkuframkvæmdir geti hafist á ný. En á meðan við höfum glatað tíma hafa önnur lönd, sem eru í svipaðri aðstöðu og við í þessum efnum, ekki síst Ástralía og Brasilía, fylgt eindreginni uppbyggingarstefnu og stóraukið orku- og iðnaðarafköst sín.

Hér á landi hefur einnig verið búið svo að almennum iðnaði, bæði útflutningsiðnaði og þeim iðnaði sem keppir við innflutning, að tekið hefur fyrir framþróun hans að miklu leyti.

Ríkjandi stefna sívaxandi skattheimtu og vaxandi krafna til atvinnurekstrar af margvíslegu tagi og ráðleysi í gengis- og verðlagsmálum hafa dregið úr framkvæmdavilja og framkvæmdagetu. Stjórnvöld hafa á hinn bóginn dundað við nokkur skrifborðs- og gæluverkefni um stofnun ríkisfyrirtækja sem mörg hver hafa engin starfsskilyrði nema með ríkisstyrkjum og einokun. Við þetta bætist svo að á sama tíma hefur fiskveiðiflotinn verið aukinn fyrir atbeina ríkisvaldsins svo að framleiðni flotans hefur farið minnkandi og afkoman versnandi þrátt fyrir aflaaukningu og hagstætt verðlag. Framsóknarráðherrarnir Steingrímur Hermannsson og Tómas Árnason hafa gengið fram fyrir skjöldu að leyfa innflutning fiskiskipa og sölu innanlands með nær 100% erlendum lánum og skapað fordæmi um framsóknarlag togara sem opnir eru í báða enda eins og stefna Framsfl. sjálfs. Í árslok 1980 og á árinu 1981 voru átta togarar teknir í notkun án þess að skip færu úr landi í staðinn. Á árinu 1982 koma fimm nýir togarar og fimm notaðir togarar í rekstur án þess að skip fari úr landi í staðinn. Á þessu ári fjölgar þannig togurum um 10 og þyrfti aðeins þess vegna að lengja þorskveiðibannið úr 150 dögum í 170 daga eða fella niður tvær þorskveiðiferðir á hvern togara sem fyrir er. Heildarafli eða tekjur landsmanna aukast ekkert, en kostnaður af þessum togarakaupum á þessu og síðasta ári er 720—850 millj. nýkr. Slík fjárfesting á engan rétt á sér.

Vinstri stefna undanfarinna ára mun óhjákvæmilega valda lakari lífskjörum í landinu. Vinstri stefna undanfarinna ára hefur eftir eitthvert mesta góðæri leitt til þess, að við eyddum 5% um efni fram, meira en við framleiddum á s. l. ári. Í frekar bjartsýnni spá Þjóðhagsstofnunar er einnig spáð svipuðum viðskiptahalla á þessu ári. Nýbirtar tölur um tvöfalt meiri halla á vöruskiptajöfnuði fyrsta fjórðung þessa árs benda líka því miður á enn aukinn viðskiptahalla á þessu ári. Stórauknar erlendar lántökur á síðasta ári ollu aukinni eftirspurn innanlands sem kallaði þannig á aukinn innflutning sem aftur skapar viðskiptahalla. Stjórnvöld hafa komið okkur inn í vítahring aukinna erlendra lána og viðskiptahalla sem erfitt kann að komast út úr eins og búið er að atvinnuvegunum.

Þegar svona stendur á státar ríkisstj. af því að atvinna sé næg, ríkissjóður sé rekinn hallalaus og verðbólga sé *lækkandi. En atvinnu er haldið uppi með erlendu lánsfé.* Ríkissjóður er rekinn í orði kveðnu hallalaus, en öllu meiri blekkingu og sýndarmennsku getur ekki. Skattheimta hefur verið aukin um 1000 millj. nýkr. miðað við skattheimtu 1977. Stórauknar erlendar lántökur auka innflutninginn og tekjur af honum sem fara í ríkissjóð. Ríkissjóður lifir þannig á viðskiptahalla. Framkvæmdaútgjöld ríkissjóðs eru í vaxandi mæli fjármögnuð með lántökum utanlands og innanlands í stað skattheimtu áður. Markaðir tekjustofnar, sem fóru áður til sérstakra útgjalda, eru teknir í almenn rekstrargjöld ríkissjóðs. Ef þessum blekkingum og spilltu aðferðum væri ekki beitt væri ríkissjóður rekinn með dúndrandi halla. Og hver eru afrekin í baráttunni gegn verðbólgunni? Samkvæmt stjórnarsáttmála átti verðbólgan að vera komin niður í 10% á þessu ári, 1982, *en situr í* 40—50% og fer vaxandi. Með alls kyns tilfæringum segir ríkisstj. að verðbólgan sé minni en áður. Afkoma heimilanna og fyrirtækjanna í landinu segir annað, enda hefur ekkert verið gert er lækkað geti verðbólguna nema um skamma hríð. Svokölluð harkaleg framkvæmd verðlagsmála hefur aðeins tímabundin áhrif og meira að segja öfug áhrif þegar til lengdar lætur auk alvarlegra afleiðinga fyrir fjárhag og rekstur fyrirtækja og stofnana. Sama máli gegnir um auknar niðurgreiðslur. Það er sýndarmennska.

Landsvirkjun, rafmagnsveitum og hitaveitum er vísað á erlendar lántökur, m. a. til að greiða rekstrartap, í stað þess að viðurkenna þörf gjaldskrárhækkana. Endurgreiða þarf þessi erlendu lán með vöxtum og bæði afborgunum og vöxtum verður að bæta ofan á gjaldskrána þótt síðar verði. Með þessum hætti er orkuverð til almennings hærra í dag og verður enn þá hærra í framtíð-

inni en vera þyrfti ef ríkisstj. væri ekki að skjóta vandanum á undan sér, dylja raunverulegt verðbólgustig og hikar um leið ekki við að greiða verðbólguna niður með erlendum eyðslulánum. En það er auðvitað skammgóður vermir þar sem erlendar lántökur auka eftirspurnarþensluna og þar með verðlag innanlands.

Vandi atvinnuvega eða ríkissjóðs verður ekki heldur leystur eða atvinnuöryggi og kaupmætti launþega haldið uppi til lengdar með erlendum lánum. Í stjórnarsáttmála er því heitið, að greiðslubyrði afborgana og vaxta erlendra lána fari ekki fram úr 15% þjóðarframleiðslu, en á yfirstandandi ári er spáð að greiðslubyrði verði 20%. Þessi greiðslubyrði ásamt áframhaldandi viðskiptahalla dregur úr lánstrausti landsins auk þess sem skuldaaukningin verður sífellt áhættumeiri frá sjónarmiði Íslendinga sjálfra og skerðir möguleika til að afla og nota erlend lán til atvinnuuppbyggingar í framtíðinni.

Auðvitað eru allir aðilar stjórnarsamstarfsins samsekir um þá óheillaþróun sem núverandi stjórnarsamstarf hefur leitt yfir þjóðina þótt Alþb. hafi ráðið ferðinni. Á öðru en óheillaþróun var ekki von eins og til þessa samstarfs var stofnað. Alþb. hélt því löngum fram, að unnt væri að leysa efnahags- og verðbólguvandamál án þess að skerða kaup, án þess að lækka gengi eða hækka vexti. Eftir nær fjögurra ára stjórnaraðild kommúnista hefur komið í ljós í fyrsta lagi, að oftar eða meir hefur kaup ekki verið skert á jafnskömmum tíma en í valdatíð þeirra, í öðru lagi, að dollar hefur hækkað í verði frá 1. sept. 1978 úr 2,60 kr. í 10,40 kr. eða um 300%, úr 4 kr. í tíð núv. stjórnar eða um 150%, í þriðja lagi að vegið meðaltal útlánsvaxta án endurkaupa hefur hækkað frá árslokum 1978 úr 28% í 44% 31. mars s. l. Útlánsvextir hafa sem sagt hækkað um 54% í valdatíð kommúnista frá árslokum 1978. Alþb. slær þannig öll Íslandsmet sem kaupskerðingarflokkur, gengislækkunarflokkur og vaxtahækkunarflokkur. Ljóst er að núv. ríkisstj. hefur aldrei tekist á við aðsteðjandi vandamál, skotið þeim ávallt á undan sér eða sópað þeim undir rúm og sofið á þeim.

Á liðnum vetri hafa komið fram slíkir þverbrestir í ríkisstjórnarsamstarfinu og samvinnu milli einstakra ráðherra að einskis er að vænta hér eftir frá ríkisstj. nema þess sem miður fer. Svavar Gestsson sakar Ólaf Jóhannesson um valdarán, Ólafur sakar Svavar um lögbrot og Hjörleif um valdníðslu. Hjörleifur telur aftur Steingrím tala tungum tveim um virkjun Blöndu. Og síðast nú áðan notaði Svavar Gestsson fjarveru Ólafs Jóhannessonar til árása á hann. Alþb. mótmælir eðlilegum öryggisframkvæmdum með tilvísun til leynisamnings og byggingu flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli með tilvísun til neitunarvalds í stjórnarsáttmála.

Mælirinn er fullur. Alþb. hefur nógu lengi ráðið ferðinni og valdið nógu miklu tjóni á örlagaríkum tímum.

Samstarfsaðilar Alþb. í ríkisstj. og borgarstjórn Reykjavíkur virðast svo lítilþægir að láta sér forræði Alþb. lynda. En landsmenn láta sér ekki lynda forræði Alþb., og kjósendur geta gripið í taumana bæði í sveitarstjórnarkosningunum og næstu alþingiskosningum. Stefnubreytingar er þörf. Formælendur Alþb. hafa talið stjórnmálabaráttuna og sérstaklega væntanlega kosningabaráttu einvígi milli Alþb. og Sjálfstfl. Það heyrðum við á ræðu Svavars Gestssonar áðan. Sjálfstæðismenn taka þeirri einvígisáskorun og berjast fyrir heilbrigðri, mannúðlegri, framfarasinnaðri og lýðræðislegri stjórn í öllum sveitarfélögum og í landinu sem heild. Sósíalismi Alþb. leiðir hins vegar til stjórnarfars austantjaldsríkja, einræðis, skerðingar mannréttinda og efnalegs skorts.

Það fór ekki á milli mála hvert hugur Svavars Gestssonar stefndi, stefndi í austurátt. En til þess eru vítin að varast þau, og Íslendingar munu aldrei láta leiða sig lengra á þeirri leið.

Sjálfstæðismenn ganga sameinaðir til sveitarstjórnarkosninga og heita sérstaklega á alla Reykvíkinga að gera sér grein fyrir að borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík eru einkar örlagaríkar, bæði fyrir framtíð höfuðborgarinnar og allra borgarbúa, framtíð landsins og allra Íslendinga. — Ég þakka áheyrnina.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Góðir áheyrendur. Þegar litið er til næstu nágrannaþjóða okkar og raunar Evrópuþjóða allra blasir við atvinnuleysi, kreppa og samdráttur á öllum sviðum og engin lausn virðist í sjónmáli. Tala atvinnuleysingja á Norðurlöndum er nú óðfluga talin nálgast 1 millj. manna og allt talið í þessum löndum einkennist af svartsýni og örvæntingu.

Á meðan þessu vindur fram við bæjardyrnar hjá okkur hefur full atvinna verið hér á landi og þjóðin hefur verið í sókn til félagslegra framfara. Það á ekki síst við þá málaflokka sem Alþb. hefur borið ábyrgð á.

Í heilbrigðis- og félagsmálum hefur mikið starf verið unnið. Nægir að nefna löggjöf um fæðingarorlof, lög um hollustuhætti og hollustuvernd, lög um öryggi og eftirlit á vinnustöðum, atvinnuleysistryggingar, almannatryggingar og síðast en ekki síst lög um Framkvæmdasjóð aldraðra og er þá hvergi nærri allt talið. Nú liggja fyrir hinu háa Alþingi frv. til laga um málefni fatlaðra og málefni aldraðra en óvíst er um að þau nái fram að ganga. Þar er ekki við Alþb. að sakast. Verði frv. til laga um málefni aldraðra ekki að lögum nú er það á ábyrgð annarra stjórnmálaflokka en Alþb. Alþb. á einnig ómældan þátt í því, að við þinglok liggja nú fyrir lög um fjögur mikilvæg menningarmál: lög um Sinfóníuhljómsveit Íslands um Blindrabókasafn, um Listskreytingasjóð ríkisins og um námslán og námsstyrki. Framlög til dagvistarstofnana hafa verið stóraukin í tíð þessarar ríkisstj. og þannig mætti lengi telja. Gífurleg aukning á virkjun jarðvarma til húsahitunar hefur átt sér stað í tíð núv. ríkisstj.

Það leikur enginn vafi á því, að ríkisstj. nýtur almennara trausts nú en þær ríkisstjórnir sem áður stóðu við stjórnvölinn. Og að mörgu leyti á hún það traust fyllilega skilið. En margt er þó ógert til að jafna lífskjör landsmanna. Vinnudagurinn er enn allt of langur á kostnað fjölskyldulífs og barna og of lítið er enn byggt af félagslegum íbúðum. Tekjuskiptingin í þjóðfélaginu er enn óréttlát og skattbyrðin er enn lögð á herðar launþeganna, en hinum auðugu er hlíft. Það hefur lítið breyst. Almannafé er enn þá sóað á ábyrgðarlausan hátt, oft án þess að nokkur heimild liggi fyrir þeim sem ábyrgðina bera. Nægir að minna á þær umræður sem urðu hér í vetur um bókasafn Seðlabankans, sem enginn hefur heimilað að reka, enginn nýtur góðs af og engum eru staðin skil á.

Það er alveg ljóst að miklu meira eftirlit þarf að hafa með meðferð opinberra fjármuna, og enginn vafi er á því, að þeim mætti verja miklum mun betur. Engum embættismanni né þm. í landinu á að líðast að fara með fé almennings sem kóngur væri. En konungsríkin eru mörg

og því höfum við ekki getað breytt enn þá. Við höfum ekki haft pólitíska styrk tilað leggja niður Framkvæmdastofnun ríkisins og nýta glæsihöll hennar til þarfari starfa, en fela þess í stað bönkum landsins starfsemi hennar. Seðlabanki Íslands er enn ríki í ríkinu og um hann þarf að setja ný lög. Við yrðum þar með þegar nokkrum kóngum fátækari.

Við höfum ekki tekið á lífeyrissjóðamálum þjóðarinnar af þeim myndarskap sem til þarf svo að allir landsmenn verði í einum lífeyrissjóði sem Tryggingastofnun ríkisins annaðist í stað heils hers kónga og kontóra. Í þessum lífeyrissjóði ættu raunar alþm. einnig að vera.

Við höfum ekki heldur hvatt sem skyldi til skynsamlegrar launastefnu í landinu. Sem dæmi um það skal ég gera grein fyrir að á hinu háa Alþingi lagði ég hér fram í vetur þáltill. um endurskoðun á launaflokkaröðun ríkisstarfsmanna og starfsmanna ríkisbankanna í því skyni að einfalda og jafna laun opinberra starfsmanna. Þar var einnig farið fram á endurskoðun á jafnrétti karla og kvenna, um sömu laun þeirra í ríkisstofnunum og endurmat á þeim ábyrgðarstörfum sem konur gegna eingöngu.

Það er alkunna að kvennastörf eru lægra metin en karla. Nægir að nefna störf forstöðukvenna og fóstra á dagvistarstofnunum, sem bera ábyrgð á tugum barna dag hvern. Þessi störf eru fjórum til sex launaflokkum lægri en störf fulltrúa í skrifstofum ríkisins. Getur hver sagt sér sjálfur hver munur er á ábyrgð þarna, hafi menn á annað borð óbrenglað gildismat.

Þessi þáltill. fékk ekki afgreiðslu á þessu þingi, einfaldlega vegna þess að enginn hafði þrek til að horfast í augu við það lögmál frumskógarins sem gildir í kjarabaráttu í landinu. Mátti ekki á milli sjá hver deigastur var, stjórnmálamennirnir eða stjórnir launþegasamtakanna. Þetta var gott mál, sögðu menn, en í öllum bænum farið þið ekki inn á kjarasamningamál. Auðvitað var þá fyrst og fremst átt við sérkjarasamningamál. Auðvitað var þá um að ræða stefnu þar sem hver hrifsar það sem hann kemst yfir — og þá auðvitað á kostnað annarra.

Þetta er ekki launastefna sósíalista. Þetta er launastefna þeirra sem vilja verkalýðshreyfinguna feiga. Ríkið á t. a. m. ekki að haga sér eins og vinnuveitendur hins svokallaða frjálsa markaðar gagnvart launþegum. Það á að leitast við að vera til fyrirmyndar, ekki sem vinnuveitandi heldur sem samstarfsaðili launþega. Og ríkisstarfsmenn hafa óneitanlega því miður dregist aftur úr í launamálum.

Sannleikurinn er hins vegar sá, að íslenskur verkalýður framleiðir kappnóga fjármuni til þess að allir Íslendingar hafi nóg að bíta og brenna ef útrýmt er vanhugsaðri launapólitík og opinberri eyðslu. Ég harma þann heigulshátt hv. þm. að þora ekki að taka á þessum málum.

Sjálfstæðismál okkar hafa verið meira og oftar rædd á undanförnum þingum en nokkru sinni áður og af meira viti. Alþb. hefur nú sem áður talið megintilgang þátttöku sinnar í borgaralegri ríkisstjórn viðspyrnu gegn frekari athafnaaukningu bandarískra hersins á Íslandi, og þm. Alþb. hafa barist fyrir því heima og erlendis, að Norðurlöndin verði lýst kjarnorkulaust svæði. Öll umræða um þessi mál hefur gjörbreyst og málstaður friðar og þjóðfrelsis á nú tvímælalaust meiri stuðning meðal landsmanna en nokkru sinni áður. Ógnun sú, sem okkur er búin af mikilvægri herstöð Bandaríkjanna í landinu ef til átaka kemur, er nú mun fleirum ljós. Alþb. hefur aldrei hvikað frá þeirri stefnu sinni að Ísland gangi úr NATO og bandarískri herinn fari burt. Án hins fyrrnefnda er hið síðarnefnda óhugsandi. Við munum aldrei linna þeirri baráttu fyrr en sigur vinnst.

Önnur er sú sjálfstæðisbarátta sem Alþb. hefur háð á síðustu árum. Það er baráttan við erlendan auðhring sem hér hefur hreiðrað um sig til þess að arðræna landsmenn, löglega jafnt sem ólöglega. Auðhringurinn Alusuisse hefur ekki látið sér nægja að stunda svíðingsskap í samskiptum sínum við landsmenn, heldur beinlínis gert tilraun til að hafa áhrif á og blanda sér í íslensk stjórnmál. Aðferðirnar eru reyndar gamalkunnar frá öðrum löndum og afleiðingarnar skelfilegar þar sem þeim var hægara um vik. Baráttunni við Alusuisse er ekki lokið, og það hlýtur að vera krafa þjóðarinnar, að hver einasti íslenskur þm. standi að baki iðnrh. í því stríði.

Herra forseti. Mál mitt hlýtur að styttast tímans vegna. Ég vil þó að lokum minna landsmenn alla og ekki síst Reykvíkinga á það, sem fram undan er, og það, sem gerðist 1978. Glæsilegur sigur Alþb. færði mönnum kjarasamningana í gildi, hvað sem hv. þm. Geir Hallgrímsson segir, við sigurinn í sveitarstjórnarkosningunum 1978, þegar ráðist skyldi að þeim. En sigurinn gerði meira en það. Veldi Sjálfstfl. hrundi eins og spilaborg. Miðstöð íhaldsins, Reykjavík, var fallin í hendur verkalýðsflokkanna og valdið, hið eina sem hélt Sjálfstfl. saman, af þeim tekið. Bræður tóku að berjast og flokkurinn klofnaði með alkunnum afleiðingum. Sigurvegarar kosninganna 1978 og síðan 1979 tóku höndum saman við flokksbrot íhaldsins og mynduðu ríkisstjórn þar sem þeir hafa verið í fararbroddi.

Vinstri meiri hlutinn í Reykjavík hefur afsannað í eitt skipti fyrir öll glundroðakenningu þeirra sjálfstæðismanna. Borginni hefur verið stjórnað af öryggi og festu til heilla fyrir Reykvíkinga. Uppbygging atvinnulífs í borginni, félagslegrar þjónustu, heilbrigðisþjónustu, dagvistar barna og fjölmargra annarra þátta borgarlífsins er ótvíræð, og mikið verk liggur nú að baki til þess að skipulagsmál borgarinnar komist í sæmandi horf.

Í undirbúningi lausnar á húsnæðisvanda Reykvíkinga liggur einnig mikið starf. Reykvíkingar kjósa nú um það, hvort sú vinna kemst til framkvæmda eða hvort sjálfstæðismenn taka við á ný og framfylgja þeirri yfirlýstu stefnu að hverfa aftur til fyrra ástands, stefnu sérhagsmuna hinna ríku, stefnu karlaveldisins, sem er í eðli sínu andsnúið fjölskyldunni og einkum konum og börnum. Ég er þess fullviss, að Reykvíkingar vilja ekki þessa stefnu á ný. Þess vegna verður sérhver þeirra að gera sér glögga grein fyrir hvernig hann ver atkvæði sínu nú.

Alþb. hefur verið í fararbroddi í borgarstjórn s. l. kjörtímabil. Stór hópur karla og kvenna hefur staðið hlið við hlið í baráttunni fyrir betri borg. Viðhorf beggja kynja hafa fengið að koma fram og árangurinn er augljós. Öll þau atkvæði, sem fara til tískuframboða af sérhverju tagi, geta auðveldlega rétt Sjálfstfl. Reykjavíkurborg á silfurfati. Borgarstjóri Sjálfstfl. verður þeirra borgarstjóri, sameinaður Sjálfstfl. þeirra flokkur, sem nú á engin rök, einungis persónulegan skæting, ríkisstjórn tískuframboðsins og afturhaldsins verður þá það sem koma skal.

Reykvíkingar, gerum sigur Alþb. í komandi sveitar-

stjórnarkosningum enn glæsilegri en 1978.

Ég þakka þeim sem á hlýddu. — Góða nótt.

Skúli Alexandersson: Herra forseti. Góðir hlustendur. Allir talsmenn stjórnarandstöðunnar hér í kvöld hafa ráðist gegn Alþb. og húsnæðislánakerfinu sérstaklega. Þeir sleppa hins vegar félagslegum íbúðum og stórfelldri aukningu á lánum til eldra húsnæðis. Þeir nefna ekki orkusparnaðarlánin né lán til einstaklinga með sérþarfir. Þeir nefna ekki 30—40% lánahækkun til stærstu fjölskyldnanna né heldur áform um hærri lán til þeirra sem byggja í fyrsta sinn. Vandamál húsbyggjenda stafa ekki af því, að húsnæðislánakerfið hafi versnað. Það hefur batnað á flestum sviðum. En það hefur ekki batnað nóg til þess að koma til móts við þá staðreynd, að nú verða menn að greiða lán og skuldir að fullu til baka. Verðbólgan byggir ekki lengur íbúðir. En um leið og við hljótum að viðurkenna vanda húsbyggjenda hljótum við að benda á að allir, sem leitað hafa til Húsnæðisstofnunar um lán, hafa fengið lán. Við bendum á hundruð félagslegra íbúða. Íbúðalán alls, þ. e. banka, lífeyrissjóða og Húsnæðisstofnunar, eru nú hærra hlutfall byggingarkostnaðar en nokkru sinni fyrr. Við bendum á að ráðstöfunarfé byggingarsjóðanna er nú 30% meira en í tíð Alþfl. sem lengst allra flokka hefur borið ábyrgð á húsnæðislánakerfinu.

Hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna er nú að ljúka í New York. Samþykktir þeirrar ráðstefnu gengu okkur Íslendingum í vil. Er það mikið gleðiefni fyrir okkur að þessari ráðstefnu er nú að ljúka og á þann hátt sem þar horfir nú. Það var stefna vissra stjórnmálaafla og stjórnmálamanna 1972, að við skyldum bíða eftir ákvörðun þessarar ráðstefnu um það að færa út landhelgina í 50 sjómílur. Þótt sú bið hefði ekki verið til dagsins í dag, því landhelgisþátturinn er fyrir nokkru viðurkenndur, minnir þetta á það afturhald sem jafnan er til staðar. Rúmur áratugur er síðan þessari stefnu var fram haldið. Og það eru ekki nema tæp þrjú ár síðan Alþfl. gaf Sjálfstfl. tækifæri til að leggja fram leifturs óknartillögur sínar. Báðum þessum kostum Sjálfstfl. og Alþfl. höfnuðu kjósendur í kosningunum. Það eru þessi tvö mál kannske frekar öðrum sem hafa orðið þess valdandi, að Sjálfstfl. og Alþfl. eru nú í' stjórnarandstöðu, þótt þar komi sjálfsagt margt fleira til.

Augljóst er hvað skeð hefði ef haldið hefði verið fram stefnu viðreisnarstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. í landhelgismálinu. Sú atvinnuuppbygging, sem átt hefur sér stað um landsbyggðina allan undanfarandi áratug, hefði ekki átt sér stað. Allar líkur eru á því, að algjört hrun hefði orðið á þorskstofninum. Ef slíkt hefði gerst er ljóst hver afleiðingin hefði orðið.

Það er nokkuð erfitt að segja til um hvað gerst hefði ef Sjálfstfl. hefði fengið umboð hjá kjósendum til að framfylgja leifturs óknni. Allt bendir þó til þess, að farið hefði svipað og hjá Thatcher þeirri ensku eða þeim öðrum sem framkvæma viðlíka stefnu. Hér mundi þá vera ríkjandi atvinnuleysi, það mesta sem þekkst hefði frá kreppuárunum upp úr 1930. Sem betur fer fengu þessir flokkar ekki aðstöðu til að koma fram stefnumálum sínum. Aðalástæðan fyrir því, að svo varð ekki, var sú, að kjósendur gerðu Alþb. svo öflugt að landinu varð ekki stjórnað án þátttöku þess. Styrkur Alþb. tryggði rétta stefnu í landhelgismálinu og styrkur Alþb. í alþingiskosningunum 1979 leiddi til myndunar núverandi ríkisstjórnar og kom í veg fyrir að Sjálfstfl. tækist að framkvæma leifturs óknarstefnuna. Aðalmarkmið núverandi ríkisstjórnar hefur verið og er að halda uppi fullri atvinnu í landinu, jafnframt því að launakjör og kaupmáttur launa verði tryggð. Miðað við stöðu þessara mála í nágrannalöndunum hefur tekist mjög vel til.

Sjálfstfl. hamrar nú mjög á því, að völd Alþb. séu allt of mikil, völd Alþb. þurfi að minnka, svo sem kom greinilega fram í ræðu hv. þm. Geirs Hallgrímssonar áðan. Það er rétt, að styrkur og völd Alþb. hafa verið mikil á undanförnum árum. Þau hafa verið það vegna þess að kjósendur sýndu Alþb. traust við alþingiskosningarnar 1979 og við sveitarstjórnarkosningarnar 1978. Sveitarstjórnarfulltrúar Alþb. standa nú að meiri hluta í sveitarstjórnum vítt og breitt um landið. Kjörnir fulltrúar Alþb. í ríkisstj. og hér á hv. Alþingi svo og á vettvangi sveitarstjórna hafa nýtt það traust, sem þeim var veitt, til að koma til leiðar ýsmum félagslegum málum og staðið fyrir aðgerðum til atvinnuuppbyggingar.

Kvartanir íhaldsins um völd Alþb. eru vegna þess að íhaldinu svíður það, að stjórnarþátttaka Alþb. hefur tekist vel í borgarstjórn hér í höfuðborginni, í bæjarstjórnum og hreppsnefndum um landið allt. Skröksagan um að fulltrúum Alþb. væri ekki treystandi til forustu í sveitarstjórnum, hvað þá til að gegna sumum ráðherraembættum, t. d. í fjmrn., er svo rækilega afsönnuð að nú er brosað ef einhver reynir að segja þá sögu.

Í fárra mínútna ræðu verða ekki tíundað sérstök verkefni, sem að hefur verið unnið, né talin upp þau verk, sem framkvæmd hafa verið. Íhaldið talar nú mjög um að breyta þurfi stjórnarstefnu jafnt í ríkisstjórn sem í sveitarstjórnum. En hverju vill það breyta? Það vill koma aftur til valda því íhaldi sem stjórnaði hér í Reykjavík og í ýmsum sveitarstjórnum fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 1978. Það vill koma aftur til valda því íhaldi sem boðaði leifturs óknartillögurnar 1979. Og það vill koma aftur til valda því íhaldi sem vildi láta bíða með útfærslu landhelginnar 1971.

Góðir hlustendur. Sveitarstjórnarkosningar fara fram eftir tæpan mánuð. Fyrir fjórum árum tókst félagshyggjufólki að efla Alþb. svo að íhaldinu var víðast gefið frí frá stjórnarstörfum. Það frí þarf nú að framlengja um fjögur ár. Það verður aðeins gert með því, að Alþb. haldi styrk sínum. — Góðar stundir.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Góðir hlustendur. Það er furðuleg óskammfeilni af síðasta ræðumanni, Skúla Alexanderssyni, að halda því fram, að staða Byggingarsjóðs verkamanna sé góð. Staðreyndin er sú, að það liggur við að takmarkaðar verði eða jafnvel stöðvaðar byggingar verkamannabústaða á þessu ári. Sömu sögu má segja raunar um þær fullyrðingar félmrh. áðan að staða Byggingarsjóðs ríkisins hafi aldrei verið betri. Líklega hafa hlustendur tekið eftir því, sem ekki hefur gerst áður, að félmrh. nefndi engar tölur í þessu sambandi. Það segir sína sögu um áreiðanleika fullyrðinga þessara hv. þm.

Nú eru tvö ár liðin frá því að sá einstæði atburður gerðist á Íslandi, að íhaldið leiddi kommúnista til mestu valda og metorða hér á landi frá upphafi vega með myndun núv. hæstv. ríkisstj. Þó ekki séu tvö ár langur tími er eigi að síður komin reynsla á störf hennar og stefnu, og allt of víða má sjá illkynja æxli grafa um sig í

þjóðarlíkamanum vegna stefnu hennar og starfa. Eitt aðalmarkmið ríkisstj. var lækkun verðbólgu, þ. e. hin margumtalaða niðurtalning Framsfl. sem lofað var fyrir síðustu kosningar. Og hvernig finnst ykkur, góðir hlustendur, hafa til tekist með þetta markmið ríkisstj.? Njótið þið ekki ríkulega ávaxtanna af árangri niðurtalningarinnar? Hafið þið ekki, góðir launþegar, sem mál mitt heyrið, lifað betri tíð með blóm í haga undir forsjá ríkisstj.?

Og hvað með atvinnureksturinn í landinu? Ríkir þar ekki bjartsýni og vaxandi trú á farsælt og þróttmikið atvinnulíf undir niðurtalningarstefnu Steingríms Hermannssonar? Nei, auðvitað er engu slíku til að dreifa. Hvar sem litið er má sjá blikur á lofti. Það, sem ríkisstj. hefur afrekað í niðurtalningu með þá Steingrím og Svavar í broddi fylkingar, er að telja niður lífskjör launafólks og rekstrargrundvöll atvinnulífsins þannig að þær atvinnugreinar, sem Steingrímur vildi hafa fyrir ofan núllið, eru nú komnar vel niður fyrir það, og enn syrtir í álinn. Hvað þýðir t. d. sú stefna Steingríms og ríkisstj. sem fylgt er í fiskveiðum og fiskvinnslu? Hvað þýðir sá gegndarlausi innflutningur og stækkun fiskiskipaflotans á sama tíma og stórkostlegar veiðitakmarkanir eru í gildi og sumum fiskstofnum liggur við hruni? Þessi stefna þýðir ekki bara versnandi afkomu sjómanna, verkafólks og útgerðar, heldur þýðir þetta stórlega versnandi afkomu þjóðarbúsins, minnkandi þjóðartekjur og versnandi lífskjör almennings. Það er t. d. talið að tekjur skuttogarasjómanna á árinu í ár mundu verða álíka að krónutölu og þær voru á s. l. ári haldi fram sem horfir og stefna Steingríms fái að ráða. Taki menn eftir: í krónutölu, álíka tekjur þrátt fyrir 40—50% verðbólgu.

Skipakaupstefna Steingríms Hermannssonar þýðir kauplækkun hjá öllu launafólki í landinu um 8—10% á þessu ári. Það liggur nú fyrir að litlar sem engar loðnuveiðar verði á árinu. Það var ljóst á s. l. hausti að loðnustofninn var nánast uppurinn. Þrátt fyrir þá staðreynd og enda þótt þess væri krafist hér á Alþingi, að veiðar væru stöðvaðar, lét sjútvrh. halda áfram loðnuveiðum með afleiðingum sem enginn sér enn fyrir hverjar verða. Slík er stefna stjórnvalda í þessari grundvallaratvinnugrein okkar Íslendinga. Og raunar má sömu sögu segja um fleiri greinar okkar atvinnulífs. En við hverju öðru er að búast þegar einstaklingar eins og núv. sjútvrh., sem aldrei hefur komið nálægt sjávarútvegi eða fiskvinnslu og þekkir varla haus frá sporði á fiski, eiga að fara að ráða ferðinni og stjórna þessu lífshagsmunamáli þjóðarinnar? Það kann ekki góðri lukku að stýra, enda sýna verkin merkin.

En það er ekki bara fiskveiðistefnan og afleiðingar hennar sem ríkisstj. — og þá sér í lagi Framsfl. — ber ábyrgð á. Hvert hneykslismálið rekur nú annað og ekki verður betur séð en flest þeirra beinist að innviðum Framsfl. Nægir þar að nefna kaupin á fiskiskipinu Einar Benediktssyni, sem Steingrímur kallar platmálið og viðskrh. Tómas Árnason, flokksbróðir Steingríms, hefur nú óskað opinberrar rannsóknar á. Þá má benda á lántökuheimildir erlendar til skipakaupa milli staða hér innanlands, sem viðskrh. Framsóknar, Tómas Árnason, virðist iðka, en aldrei hefur gerst fyrr í sögunni. Og svo merkilegt sem það nú er, þá virðast þessi hneykslismál og raunar fleiri tengjast Framsfl. með beinum eða óbeinum hætti. Menn spyrja: Er það hrein tilviljun eða eitthvað annað sem þessu ræður? Eitt er víst, að hvergi annars staðar en á Íslandi mundu ráðherrar, sem við slíkt væru bendlaðir, sitja áfram í ráðherrastólum, — ráðherrar, sem hvað eftir annað segjast plataðir, hafa enga tiltrú og ættu að segja af sér.

Hvað sagði Steingrímur Hermannsson áðan þegar hann talaði um þessi mál? Hann kaus það hlutskipti að gera ekki minnstu tilraun til þess að bera slíkt af sér. Það segir miklu meira en margt annað.

Góðir hlustendur. 1. maí, baráttu- og frídagur launafólks, er fram undan. Það er ekki úr vegi, ekki síst í ljósi þess, að gefa gaum að launa- og kjaramálum og hver þróun þeirra hefur verið.

Vonandi munið þið, hlustendur góðir, hrópin og slagorðin frá forustumönnum kommúnista í verkalýðshreyfingunni og víðar veturinn 1978, þegar íhaldsstjórn Geirs Hallgrímssonar sat að völdum og boðaði og framkvæmdi stórfellda kjararýrnun. Þá var hrópað: Samningana í gildi, kjörseðillinn er vopn í kjarabaráttunni, og svo mætti áfram telja. Og raunar sjáum við nú á síðum Þjóðviljans álíka fyrirsagnir þessa dagana. Foringjaefni Alþingis götunnar, núv. félmrh. Svavar Gestsson, sem hér talaði áðan, sagði 21 júní 1978: „Kaupránslögin verða því aðeins afnumin að Alþb. komi sterkt út úr kosningunum.“ Svo mörg voru þau orð. Síðan 1978 hefur Alþb. verið í ríkisstj. og Svavar Gestsson í ráðherrastól. Og hvað hefur gerst? Hafa ekki kjörin batnað? Staðreyndirnar eru þær, að þrátt fyrir aðild Alþb. eða kannske frekar vegna aðildar Alþb. að ríkisstj. hafa launakjör versnað. Og ég veit að ykkur, góðir hlustendur, klígjar við að heyra fullyrðingar Svavars Gestssonar hér áðan, þegar hann talaði fjálglega um að Alþb.-ráðherrarnir hefðu ekki tungur tvær. Staðreyndin er sú, að þeir herrar hafa vissulega tungur tvær — og raunar fleiri þegar þeim þykir það henta. Þeir herrar skipta raunar oftar um skoðun, þyki þeim það henta, heldur en þeir hafa buxnaskipti.

Nú fara mjög saman skoðanir Vinnuveitendasambands Íslands og skoðanir t. d. varaformanns Alþb., Kjartans Ólafssonar, varðandi kjaramálin. Nægir þar að benda á leiðara í Þjóðviljanum á s. l. hausti þar sem ritstjórinn Kjartan Ólafsson komst að þeirri niðurstöðu, að hæfileg kauphækkun, sem þjóðarbúið þyldi, væri 2%.

Ég held að það sé orðið tímabært fyrir launafólk að átta sig á því, að Alþb. í ríkisstj. er ávísun á versnandi lífskjör hjá launafólki, enda mátti heyra hræðslutóninn í ræðu Svavars Gestssonar áðan þegar hann sagði: Það er ekki auðvelt að verða við kröfum verkalýðssamtakanna. — Skyldi sá hæstv. ráðh. hafa talað álíka í stjórnarandstöðu?

En það verður því miður að segja, að verkalýðshreyfingunni hefur ekki tekist að afstýra þessum áhrifum Alþb. Samninga eftir samninga hefur löggjafinn með tilstyrk Svavars og Alþb. rofið gerða samninga og skert kaup. Það eina, sem hefur breyst frá 1978, er að Alþb. hefur formlega bæst í hóp kaupránsflokka íhalds og Framsóknar og ekki stendur á íhaldinu nú að taka undir kauplækkunarsöng forsvarsmanna Vinnuveitendasambandsins. Í ljósi þessarar reynslu væri það nauðsynlegasta og skynsamlegasta verkefni verkalýðshreyfingarinnar á baráttu- og hátíðisdegi verkamanna að endurskoða baráttuaðferðir, kröfugerð og vinnubrögð við samningsgerð frá því sem verið hefur. Reynsla undangenginna ára ætti að hafa sannfært forustumenn hreyfingarinnar og allt launafólk um að við svo búið má

ekki standa. Það er því miður staðreynd, að á undanförnum árum hefur stór hópur launafólks innan ASÍ verið skilið eftir á botni launastigans. Þetta fólk verður að framfleyta sér á sínum nöktu láglaunatöxtum, sem eru langt fyrir neðan það sem bjóðandi er.

Í ljósi þessa hlýtur verkalýðshreyfingin að endurskoða og endurmeta þau vinnubrögð, þær baráttuaðferðir og kröfugerð sem fylgt hefur verið. Eigi baráttan fyrir raunverulega bættum kjörum þessa fólks að ná tilgangi þarf að breyta til, beina málum inn á farsælli brautir en verið hefur. Leiðrétting þessu fólki til handa verður ekki fengin eftir þeim leiðum sem hingað til hafa verið farnar. Og það er ástæða til að spyrja: Hvað ætlar ríkisstj. að gera til að rétta hlut þessa fólks sem hefur orðið undir í baráttunni? Troðnar slóðir undangenginna samninga leysa ekki vanda þessa fólks. Og raunar heyrðuð þið svar hæstv. félmrh. við þessu áðan þegar hann sagði: Það er ekki auðvelt að verða við kröfum verkafólks.

Ekki verður svo skilið við umræður héðan frá Alþingi að ekki sé vikið að því máli sem hvað mest hefur verið í umræðum undanfarna mánuði og misseri. Það er hið hróplega misrétti sem látið er viðgangast í mismunandi orkuverði til landsmanna. Það er eitt brýnasta hagsmunamál þess fólks, sem víðs vegar um landið býr við okur í orkusölu, að lausn verði fengin á þessu misrétti. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. er fyrirheit um jöfnun orkuverðs. Lítið sést enn af framkvæmd þess loforðs. Þrjú lagafrv. liggja nú fyrir Alþingi sem öll gera ráð fyrir jöfnun orkuverðs. Allt bendir til að stjórnarliðið hér á Alþingi ætli að koma í veg fyrir að þau frv. nái fram að ganga. Þinglausnir eru fram undan nú upp úr helgi. Ætla ríkisstj. og stjórnarsinnar að senda þingið heim án þess að gera minnstu tilraun til þess að leiðrétta þetta gífurlega misrétti? Fari svo er ábyrgð ríkisstj. og stjórnarliða mikil. Það er algert ábyrgðarleysi og forkastanleg framkoma stjórnvalda við þetta fólk að ætla því áfram að vinna í 3½ mánuð — auk skatta af þeim tekjum — bara til að vinna upp þann mismun sem er á kyndingu íbúðarhúsnæðis eftir því hvar er á landinu. Þá kröfu verður að gera til stjórnvalda, að þetta misrétti verði tafarlaust leiðrétt. Verði það ekki gert ber ríkisstj. ábyrgð á mesta fólksflótta sem um getur frá þessum landshlutum vegna orkuokursins.

Herra forseti. Varla hefur það farið fram hjá neinum, sem fylgst hefur með störfum þess þings sem nú er að ljúka, að Alþfl. hefur tekið frumkvæði bæði í stjórnarandstöðu og einnig og ekki síður í málatilbúnaði hér á þingi. Fjölda stórra og merkra mála hafa þm. flokksins flutt og komið á framfæri, þó ekki hafi tekist sem skyldi að fá afgreiðslu þeirra mála, fyrst og fremst vegna þröngsýni þess meiri hluta sem hér ræður ríkjum. Alþfl. mun áfram berjast fyrir framgangi þessara mála. og fleiri sem til heilla horfa fyrir okkar þjóð. Hér eftir sem hingað til mun Alþfl. verða í fylkingarbrjósti í baráttunni fyrir þá þjóðfélagsþegna sem minnst mega sín og verst eru settir. Minnugur þess, að Alþfl. er sprottinn úr jarðvegi íslenskrar alþýðu, mun hann yrkja vel og hlúa að þeim grundvelli sínum.

Að lokum þetta: Stefna núv. ríkisstj. hefur beðið skipbrot. Efnahagsmálin eru í öngþveiti. Undirstöðuatvinnugreinum eins og fiskveiðum og fiskvinnslu er fleytt áfram frá degi til dags með kreppulánum úr Byggðasjóði. Hvert hneykslismálið rekur annað og ekki er annað að sjá en viðkomandi ráðherrar telji að svo eigi að vera. Lífskjör fara versnandi. Misréttið í þjóðfélaginu eykst án þess að nokkuð sé að gert af hálfu stjórnvalda til að leiðrétta það, nema síður sé. Það er í þessu ástandi, í þessu andrúmslofti sem verkalýðshreyfingin sest nú að samningaborði til að endurheimta það sem af henni hefur verið tekið. Vonandi tekst betur til en áður að tryggja launafólki og þá fyrst og fremst þeim launþegum, sem verst eru settir, raunhæfar kjarabætur. En til að svo megi verða þarf breytt viðhorf, breytt vinnubrögð og breytt hugarfar þeirra sem á halda. Megi komandi 1. maí verða upphafið að þeirri endurvakningu innan verkalýðshreyfingarinnar sem verður að koma eigi raunhæfur árangur að nást. Það er mín ósk hreyfingunni til handa, að henni megi auðnast að finna aðrar og farsælli leiðir til baráttu og sóknar — leiðir sem færa launafólki raunverulegar kjarabætur. — Lifið heil.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Góðir hlustendur. Karvel Pálmason var að ljúka hér máli sínu. Hann var stóryrður og fullyrðingagjarn, eins og stundum hendir þann mann, en ekki sé ég ástæðu til að eyða tíma mínum í að skattyrðast við hann. Steingrímur Hermannsson stendur t. d. jafnréttur þótt Karvel Pálmason skjóti púðurskotum að honum.

Umræðurnar hér í kvöld, herra forseti, hafa annars verið prúðmannlegar og málefnalegar, þótt vissulega beri margt á milli í skoðunum. Eldhúsdagsumræður hafa lengi verið fylgifiskur þingloka á vorin. Nú sem áður eru efnahagsmál í brennidepli umræðnanna og mun svo lengst af verða, því að hagur atvinnuveganna og efnahagslífsins í heild skiptir að sjálfsögðu meginmáli í allri landsstjórn. Lífskjör almennings og afkoma þjóðarheildarinnar hvíla algjörlega á því, að grundvöllur atvinnulífsins sé traustur. Með því eina móti er hægt að tryggja atvinnuöryggi og treysta lífsafkomu vinnandi fólks í landinu. Rekstrarafkoma og fjárhagur fyrirtækja er ekkert einkamál þeirra sem stjórna þeim eða hafa á þeim eignarhald. Hagur einstakra fyrirtækja og heilla atvinnugreina snertir hagsmuni allra sem hjá þeim vinna. Launþegar eiga afkomu sína undir því að hafa atvinnu hjá fyrirtækjum og fá laun vinnu sinnar. Hagur fyrirtækja verður því að vera góður, svo góður að þau geti haldið uppi eðlilegri starfsemi og greitt launþegum laun.

Öllum fyrirtækjum er nauðsyn að skila hagnaði, en það skiptir hins vegar máli hvernig hagnaðinum er varið. Atvinnurekstur er heilbrigður ef hann skilar hagnaði sem varið er til þróunar og vaxtar fyrirtækisins og gerir því kleift að standa undir nauðsynlegum sköttum til sameiginlegra þarfa þjóðfélagsins í heild.

Vissulega getur oltið á ýmsu hvernig til tekst að ná slíkum markmiðum í atvinnu- og efnahagsmálum. Það skal fúslega viðurkennt, að núv. ríkisstj. hefur háð sína glímu við að ná þessum markmiðum. Og það skal líka viðurkennt að margt hefði betur mátt fara á 27 mánaða stjórnarferli núv. ríkisstj. En hitt er fráleitt, að halda því fram að ríkisstj. hafi mistekist starf sitt það sem af er, enda allt of stuttur tími liðinn til þess að dæma um árangur af stjórnarstefnu sem miðast við heilt kjörtímabil eða því sem næst. Hitt er hverju orði sannara, að síst er ástæða til að slaka á um þau markmið í efnahagsmálum sem ríkisstj. hefur sett sér. Það eru alvarlegar blikur á lofti, sem nauðsynlegt er að átta sig á, í sambandi við efnahagsmál, atvinnumál og kjaramál á næstu vikum og það sem er eftir þessa árs.

Því er ekki að leyna, að ríkisstj. mun á næstu vikum og mánuðum ganga undir prófraun, sem e. t. v. er erfiðari en aðrar sem hún hingað til hefur átt við að etja. Þessi glíma stendur m. a. um það, hvort ríkisstj. tekst að vinna áhrifaöflin utan ríkisstj. og Alþingis til áframhaldandi samstarfs um viðnám gegn verðbólgu og gerð varnarvirkis gegn hugsanlegum samdrætti í atvinnulífi, vegna markaðsóvissu og minnkandi afla í sumum greinum sjávarútvegsins.

Það er höfuðmarkmið ríkisstj. að ekki komi til samdráttar í atvinnulífinu. Mestu máli hlýtur að skipta að tryggja atvinnuöryggi í landinu. Næg atvinna er undirstaða almennrar velferðar. Í atvinnuöryggi er fólgin mannsæmandi tilvera launfólks. Ef atvinna er næg má segja að önnur velferðarmál komi af sjálfu sér. Skynsamleg stefna í kjaramálum hlýtur því að vera sú að halda því sem áunnist hefur en varast óraunsæja kröfugerð um kjarabætur sem ekki er hægt að fullnægja nema með greiðslu í verðminni krónum eða samdrætti í atvinnu.

Ríkisstj. leggur áherslu á gott samstarf við hagsmunasamtök fólksins í landinu og væntir jafnan mikils af slíku samstarfi, enda er þess mikil þörf nú sem hingað til og reyndar ekki síður.

Þó að nauðsynlegt sé að hafa uppi varnaðarorð í sambandi við slæmar horfur í efnahagsmálum á næstunni er ekki ástæða til að líta á slíkt sem svartsýni. Íslendingar hafa í raun og veru enga ástæðu til svartsýni eða volæðis. Það er þarflaust að sjá fyrir sér tómar þrengingar, þótt blikur séu á lofti um sinn. Sem betur fer einkennist íslenskt þjóðfélag fremur af grósku og fjöri en vandamálum og eymd. Afkoma almennings er góð á Íslandi. Ísland er eitt af fáum löndum heims, sem ekki stynur undan atvinnuleysi. Neyslustig er hátt hér á landi, heilsufarsástand með því besta sem þekkist. Réttaröryggi, mannfrelsi og lýðræði eru í heiðri höfð umfram þann óskapnað og skinhelgi sem umlykur þessi mál í ýmsum stærri þjóðfélögum, jafnvel þeim sem kenna sig við lýðræði og mannúðarhugmyndir, að ekki sé minnst á þjóðfélög þar sem herinn er látinn stjórna landsmálum af ótta við frelsi og frjálsa hugsun.

Verklegar framkvæmdir hér á landi hafa sjaldan verið meiri en um þessar mundir, og gildir það reyndar um öll svið þjóðlífsins: atvinnumál og samgöngur, menningarstofnanir, hitaveitur og aðrar orkustöðvar og mörg önnur svið. Það er reyndar vafamál að við höfum afkastagetu hvað varðar mannafla og fjármagn til þess að ráðast í meiri mannvirkjagerð en nú eru á döfinni og fyrirhugaðar eru. Ekkert af þessu bendir til þess, að hér sé staðnandi þjóðfélag.

Þá ber að nefna að hér á landi er nú mikil gróska í lista- og menningarstarfi og síaukin þátttaka almennings á því sviði. Listmenningin er að verða meiri almenningseign en oftast áður. Þess vegna er gróska í leiklistarmálum, tónlistarstarfi og myndlist, svo að eftirtekt vekur hjá dómbærum mönnum sem hingað koma sem gestir og vita áður fátt um íslenskt þjóðlíf og menningarleg viðhorf fólks á Íslandi. Og ekki skyldu menn gleyma þeirri sögulegu staðreynd, því sögulega lögmáli, að það fer saman gróska í menningarstarfsemi og fjör í athafnalífi. Þá má einnig benda á að íþróttir standa með miklum blóma hér á landi. Sóst er eftir íslenskum afreksmönnum til þess að fylla hin fræknustu kapplið milljónaþjóða. Íslendingar eru viðurkenndir fyrir skákáhuga og hafa eignast kappskákmenn í fremstu röð. Rannsókna- og vísindastarfsemi fleygir fram á mörgum sviðum hér á landi. Skólamenntun er nú almennari og aðgengilegri landsmönnum en áður var, sem er hið brýnasta mannréttindamál, enda er skólamenntun undirstaða þeirrar þekkingar og kunnáttu sem nútímaframfarir hvíla á, fyrir utan það að vera mikilvæg fyrir persónuþroska einstaklingsins.

Þrátt fyrir allt tal um óvissu í efnahagsmálum og ótal erfiðleika, sem við er að glíma, ættu menn ekki að loka augunum fyrir hinum bjartari hliðum mannlífs hér á landi. Hið rétta er að Íslendingar eru efnuð þjóð með mikla möguleika til góðrar afkomu í landi sínu um langa framtíð. En til að nýta þessa möguleika verður þjóðin að hafa framsýni um vöxt og þróun atvinnulífsins og beita skilvirkri stjórn efnahagsmála.

Forsenda þess, að takast megi að tryggja atvinnuvegunum rekstrargrundvöll til frambúðar og treysta atvinnuöryggið, er að hemja verðbólguaukninguna. Nauðsynlegt er að koma verðbólgunni smám saman á svipað stig og er í viðskiptalöndum Íslendinga. Það er eina leiðin til þess að losna út úr vítahring gengisfellinganna. Því miður skortir enn nokkuð á að þessu markmiði sé náð, þótt verðbólgustigið hafi lækkað og lækkað verulega frá því í febr. 1980 þegar ríkisstj. tók við. Úr þessum vanda er hægt að bæta með samræmdum aðgerðum sem nái til allra höfuðþátta verðmyndunarkerfisins: verðlags á nauðsynjum, kaupgjalds, fiskverðs, búvöruverðs, bankavaxta, gengisskráningar og ríkisfjármála. Allt eru þetta þættir sem hafa áhrif á verðlagsþróunina og þar með vaxtarhraða verðbólgunnar.

Ríkisstj. hefur sett sér ákveðin markmið hvað varðar hjöðnun verðbólgunnar á þessu ári. Markmiðið er að verðbólgustigið verði komið í 30% í árslok og stefni niður á við. Þessu markmiði er ekki hægt að ná nema ríkisstj. hafi vald á öllum þáttum verðmyndunarkerfisins. Eins og sakir standa skiptir langmestu máli hvernig til tekst um lausn kjaramálanna. Skilyrði til almennra launahækkana eru ekki fyrir hendi þar sem þjóðarframleiðsla mun ekki vaxa á árinu. Þess vegna reynir nú meira en oft áður á hófsamleg viðhorf í kjarabaráttu launþega.

Herra forseti. Góðir áheyrendur. Tíma mínum er að ljúka og þar með þessum umræðum. Þótt vorskrúð sé e. t. v. ekki vonum fyrr á ferð á þessu ári, þá er vorhugur í Íslendingum. Sumarið fer í hönd með annir sínar og bjartar vonir. Gleðilegt sumar, góðir hlustendur. — Góða nótt.

Efri deild, 78. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Ríkisborgararéttur, frv. (þskj. 799). — Ein umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Í allshn. Nd. voru gerðar nokkrar breytingar á frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar frá því sem samþykkt hafði verið hér. Bætt var við, að ég hygg, þremur nýjum nöfnum. Allshn. þessarar hv. deildar hefur komið saman og farið yfir þær breytingar, sem gerðar vorur á frv. í Nd., og mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá

neðri deild.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 15 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 386).

Námslán og námsstyrkir, frv. (þskj. 702 (sbr. 192)). — 3. umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Við 2. umr. þessa máls var þess farið á leit, að hv. menntmn. fjallaði um frv. um námslán og námsstyrki. Svo var gert. Til fundar voru kallaðir hæstv. menntmrh. og Sigurjón Valdimarsson framkvæmdastjóri. Niðurstaða í nefndinni varð sú að leggja ekki til neinar breytingar. Af ýmsum ástæðum var það ekki talið fært. Ég hygg að ég túlki þá niðurstöðu rétt og samdóma álit í nefndinni, að ekki væri ástæða til þess.

Eins og hv. dm. er kunnugt komu fram skoðanir þess efnis, að ástæða væri til að hafa endurgreiðslukerfið með öðrum hætti en lagt er til í frv. Ég hygg að þeim aðilum, sem þær skoðanir settu fram, hafi verið orðið ljóst að ekki væri hljómgrunnur til breytinga á frv. frá því sem það var afgreitt til 2. umr. fyrst frá Nd. og til 2. umr. af hv. menntmn. þessarar deildar.

Niðurstaðan er sem sagt sú, að menntmn. gerir ekki tillögur um neinar breytingar.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 838).

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585). —3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: KJ, ÓRG, SigrM, SalÞ, StefG, StJ, TÁ, ÞK, DA, EgJ, EG, SigurlB, GB, GTh, JH, KSG, HS.

LJ, GK greiddu ekki atkv.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Lárus Jónsson: Herra forseti. Þegar frv. til l. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði var til umr. og afgreiðslu á Alþingi á sínum tíma átti ég sæti í iðnn. Nd. Þar lágu fyrir gögn þar sem spáð var tapi á fyrirtækinu a. m. k. fyrstu árin. Mér virtust yfirgnæfandi líkur á að það fjármagn skattborgaranna, sem binda ætti í fyrirtækinu og mannvirkjum tengdum því, mundi ekki skila sér aftur í þjóðarbúið. Ég lýsti mig því andvígan eignaraðild ríkisins að járnblendiverksmiðjunni.

Því miður hefur reynslan sýnt að þessar áhyggjur mínar voru ekki ástæðulausar. Úr því sem komið er má vera að ekki sé annarra kosta völ en slíkra aðgerða sem þetta frv. gerir ráð fyrir. En í samræmi við fyrri afstöðu mína tek ég ekki þátt í afgreiðslu málsins. Ég greiði ekki atkv.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það hefur komið í ljós á undanförnum misserum og allra síðustu árum, að þau þrjú stóriðjufyrirtæki, sem komið hefur verið upp í landinu, hafa á engan hátt skilað Íslendingum þeim hagnaði og fjárhagslega ávinningi sem aðstandendur þessara fyrirtækja spáðu þegar ákveðið var að koma þeim á fót hér á landi. Þessi reynsla á bæði við það fyrirtæki, sem hér er til umr., og enn fremur þau tvö önnur fyrirtæki sem komið hefur verið upp hér, öðru í samvinnu við útlendinga og hinu algerlega í eigu útlendinga. Þessi reynsla Íslendinga af stóriðjurekstri gefur tvímælalaust tilefni til þess, að mjög vandlega sé athuguð sú braut, sem margir vilja að þjóðin haldi enn frekar inn á, að efla mjög stóriðju af þessu tagi í atvinnulífi í landinu. Það er ljóst að efnahagsspár í veröldinni eru með þeim hætti, að spáð er miklum erfiðleikum á næstu árum í þessari atvinnugrein. Það getur reynst íslensku þjóðfélagi erfitt að þurfa á næstu árum að greiða mikla fjármuni með þeim stóriðjufyrirtækjum sem í landinu eru.

Ég er þeirrar skoðunar, að Alþingi og stjórnvöld þurfi á næstu misserum að athuga vel og rækilega efnahagslegar og fjárhagslegar forsendur þeirrar stóriðjustefnu, sem hér hefur verið, og þeirrar stóriðjuáforma, sem uppi eru hjá öllum aðilum hér á Alþingi, það geti komið til greina að taka þar aðrar ákvarðanir en gerðar voru á sínum tíma þegar starfræksla þessara fyrirtækja var hafin. En um leið og ég lýsi því yfir, að ég telji nauðsynlegt að taka þessa stefnu til rækilegrar endurskoðunar í ljósi þessarar fjárhagslegu reynslu, tel ég ekki tímabært að kveða upp úr um það hér og nú, hver framtíðarstaða þessa fyrirtækis, sem við erum að greiða atkv. um hér, eigi að vera, og er reiðubúinn að taka þátt í því, að enn um sinn sé reynt á hvort spár margra manna um, að hagur fyrirtækisins kunni að vænkast, verði réttar. Ég óttast þó að reynslan geti orðið sú, að niðurstaðan verði mun óhagstæðari en margir hafa spáð við meðferð þessa frv., og get því átt von á að innan tíðar þurfi Alþigi á nýjan leik að taka afstöðu til þessarar verksmiðju. Í ljósi þessara almennu viðhorfa og sérstakrar afstöðu minnar um það, að ekki sé tímabært að kveða endanlega upp úr um framtíð þessa fyrirtækis, segi ég já.

Forseti (Helgi Seljan): Ég óska eftir því að þegar menn gera grein fyrir atkv. sínu verði þeir eins hóflegir í lengd þess og mögulegt er þó um stórmál sé að ræða.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég vil biðja hæstv. forseta að taka ljúflega tillit til þess, hversu langt aðsogið er og sérstaks eðlis að þeim einsatkvæðisorðum sem þm. er gert að láta í té við nafnakall um þetta frv. Sérstaklega vildi ég biðja hv. þm. Lárus Jónsson um að taka tillit til þess arna, því til þess mundu ekki nægja grænsápubirgðir heimsins að hann mætti þvo hendur sínar af því máli sem við fjöllum um núna, þrátt fyrir það að hann gerði athugasemdir við afgreiðslu frv. forðum. Hér er um að ræða fyrirtæki á ábyrgð ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar á sínum tíma, stofnun þess með órofa stuðningi Alþfl. Ég hefði óneitanlega, eins og ég hef áður tekið fram, heldur viljað að þær 345 millj. kr., sem hér er um að ræða að heimta af þjóðinni til þess að halda áfram vafasömum rekstri þessa fyrirtækis, væru innheimtar

með nefskatti, þannig að hver skattborgari landsins mætti finna það á sínu prívat og persónulega nefi hvers konar gróði það er sem þeir sjálfstæðismenn hafa haldið fram hér í þingsölum í vetur, — og vitna ég þá fyrst og fremst til ummæla Birgis Ísl. Gunnarssonar, — hvers lags gróði það er sem við höfum haft af járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði. Með tilliti til þess, að ég vakti athygli við ítrekaða og endurtekna afgreiðslu á lagafrv. varðandi verksmiðju þessa, hvers konar svör stofnun þessa fyrirtækis mundi heimta af alþm., með tilliti til þess, að ég sagði fyrir að ég — ef ég yrði enn þá í sölum Alþingis — yrði um það krafinn að segja já við greiðslu á stórkostlegu tapi af þessari verksmiðju, ef af henni yrði, þá segi ég nú þetta já.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mönnum virðist vera mikið niðri fyrir í þessari atkvgr. og kenna nú um, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e., hve langt aðsogið er, eins og hann orðar það. Menn ræða líka í þessu sambandi um stóriðju og um erfiðleika þess fyrirtækis, járnblendiverksmiðjunnar, sem þetta mál varðar. Ég ætla ekki að gera það. Þetta mál sýnir hversu varlega við þurfum að fara þegar við ákveðum þátttöku okkar í stóriðju. En ég vil segja það, að það verður aldrei hægt að reka stóriðju á Íslandi með þátttöku Íslendinga án einhverrar áhættu frekar en aðra atvinnuvegi í þessu landi. Með tilliti til þessa var það stefna Sjálfstfl. að hafa þá eignaraðild Íslendinga að þessu fyrirtæki sem nú er. Hins vegar ef við ætluðum núna að draga saman seglin, þar sem erfiðleikar eru hjá íslenskum fyrirtækjum, þá hygg ég að það verði víða sem það þarf að gera, svo ég tali ekki um það, sem fram kom hjá formanni þingflokks Alþb. áðan, þar sem hann taldi að þetta mál væri tilefni til þess að hætta við allar stóriðjuhugmyndir hér á landi, a. m. k. fyrst um sinn. Þá hlýtur Alþb. með þessari skoðun að viðurkenna það, að till. um virkjunarframkvæmdir, sem nú liggur fyrir Alþingi, í Sþ., er alger sýndartillaga og loddaramennska. Ég mun ekki taka tillit til neins slíks og segi þess vegna já.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar samþykkt var á Alþingi að stofna þessa verksmiðju, járnblendiverksmiðjuna, var ákveðið að Íslendingar skyldu eiga þar meiri hluta, 55%, og verksmiðjan skyldi þannig vera algerlega undir íslensku forræði, yfirstjórn og lögsögu. Ég tel að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Ég tel að það hafi einnig verið rétt stefnt að stofna þessa verksmiðju þó að óhjákvæmilega hlyti að fylgja því nokkur áhætta. Það er svo með þær vörur, sem slíkur orkufrekur iðnaður framleiðir, að aðstaða á mörkuðum gengur nokkuð í bylgjum. Stundum þrengir að og verð lækkar og tap verður á framleiðslunni, síðan koma önnur tímabil þar sem allt leikur í lyndi og góður hagnaður af.

Nú hefur það hent sig, að á byrjunarskeiði þessarar verksmiðju hefur markaður fyrir þessa framleiðslu orðið í lægð og verð mjög lækkað. Þess vegna er þetta frv. hér fram komið, að það þarf að auka hlutafé og afla viðbótarlána til þess að komast yfir þetta tímabil, sem ég vænti að verði þó ekki langvarandi, heldur rétti við á þessum markaði og innan skamms geti verksmiðjan skilað hagnaði.

Þegar þetta mál var hér til meðferðar og það á tveim þingum var afstaða Sjálfstfl. að fylgja eindregið stofnun þessa orkufreka iðnaðar, og það var eindregin afstaða Sjálfstfl. að Íslendingar skyldu eiga þar meiri hluta. Sú skoðun, sem hv. þm. Lárus Jónsson lýsti áðan, var því ekki stefna Sjálfstfl. Hann hafði þar aðra skoðun en flokkurinn. Það var honum vissulega frjálst eins og öllum og skylt að fylgja sinni sannfæringu og þá greiða atkv. á annan veg, ef það gengur gegn flokkssamþykkt, eins og gerðist um hann á þessum tíma. (Gripið fram í.) Það var samþykkt í Sjálfstfl., þingflokki sjálfstæðismanna, að styðja málið á þessum grundvelli. Hv. þm. hafði að sjálfsögðu aðra skoðun og fylgdi henni þá, eins og honum bar að gera, en gekk þá gegn samþykkt þingflokksins eða meiri hlutans. Ég tek fram að ég er ekki að deila á hv. þm., heldur tel að honum hafi verið þetta fullkomlega frjálst. En hann mætti þá muna það stundum í öðrum samþykktum. Ég segi já.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég er sammála þeirri athugasemd hæstv. forseta, að það er nokkuð óvanalegt hvernig menn hafa gert grein fyrir atkv. sínu við þessa atkvgr. Ég vildi aðeins mega koma þeirri athugasemd fram, að í þingflokki Sjálfstfl. gerði ég grein fyrir fyrirvara mínum ásamt fleirum sem gerðu það á sínum tíma. Það var ekki tekin flokksleg afstaða til málsins eins og oft er gert þegar um slík mál er að ræða.

Frv. afgr. til Nd.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 801 (sbr. 30)). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 800). — Ein umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil mælast til að umr. um þetta dagskrármál verði frestað svo að sjútvn. Ed. gefist ráðrúm til að athuga málið. Tíminn er naumur, ef frv. á að geta gengið í gegnum þetta þing. Vonast ég til að nm. sjútvn. geti gefið sér aðeins tíma til að athuga frv.

Umr. frestað.

Orlof, frv. (þskj. 796). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til félmn. með 16 shlj. atkv.

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548, n. 816). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Efni þess frv., sem hér um ræðir, er að tryggja að í lögum séu ákvæði um að fyrirtækjanöfn svo og nöfn á atvinnustarfsemi fyrirtækja falli að íslensku máli og málvenjum. Um þetta spunnust nokkrar umr. nú í vetur með tilliti til nafngifta nokkurra veitingastaða, einkanlega hér á höfuðborgarsvæðinu.

Það var allshn. hv. Nd. sem flutti þetta frv. Allshn. þessarar hv. deildar hefur fjallað um málið og mælir með samþykkt frv. eins og það var afgreitt frá Nd.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 637 (sbr. 43), n. 780). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Félmn. hefur haft 43. mál, frv. um brunavanir og brunamál, til athugunar og mælir einróma með að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5.—17. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
18.—21. gr. samþ. með 17 shlj. atkv.
22.—23. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
24. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
25.—32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85, n. 781). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Félmn. hefur haft 82. mál Nd. til umfjöllunar, frv. til l. um tekjustofna sveitarfélaga, og mælir með að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Lögheimili, frv. (þskj. 130, n. 820, 821). — 2. umr.

Frsm. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um lögheimili. Efni frv. er að það skuli eigi teljast heimili þó að maður dveljist á skóla, sjúkrahúsi, heilsuhæli, elliheimili eða annarri slíkri stofnun, vinnuhæli eða fangahúsi, eða ef hann dvelst eingöngu eða aðallega til lækninga eða heilsubótar. Síðan segir hér: „Sama gildir um dvöl í sérhönnuðum heimilum og íbúðum aldraðra og öryrkja, byggðum í tengslum við þjónustumiðstöð aldraðra eða heilsugæslustöð, og það jafnt þótt maður sé eigandi þess húsnæðis sem hann dvelst í."

Okkur nm. fannst það ekki aðeins nokkuð, heldur mjög óeðlilegt að menn gætu ekki átt lögheimili í eigin húsnæði, en eins og þetta er orðað hér er það alveg tvímælalaust og skýrt að í slíkum íbúðum, jafnvel þótt menn eigi þær sjálfir, geti þeir ekki átt lögheimili. Nú er það að segja hér til skýringar, að hv. flm. þessa frv. hafa flutt það af þeirri ástæðu, að þar sem fyrir dyrum stendur bygging margra slíkra íbúða í sveitarfélagi kann það að leiða til nokkurra fjárhagslegra bagga fyrir viðkomandi sveitarfélag ef allir íbúar flyttu þangað lögheimili sitt. Hefur sú staðreynd raunar beinlínis staðið í vegi fyrir að slíkar íbúðir væru byggðar eða slík heimili reist í þeim mæli sem annars hefði orðið. Því varð það einróma niðurstaða allshn. að leggja til að þetta frv. verði samþykkt með eftirfarandi brtt. Ég tek það fram að brtt. er flutt í samráði við flm. frv. Brtt. er á þskj. 821 og er svohljóðandi:

„Þegar um er að ræða dvöl á elliheimili, sérhönnuðum heimilum eða íbúðum fyrir aldraða eða öryrkja getur sveitarstjórn heimilað undanþágu frá þessu ákvæði."

Við teljum að þetta bæti úr þeim annmörkum sem við vorum sammála um að væru á frv.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég hef gert grein fyrir, herra forseti.

ATKVGR.

Brtt. 821 samþ. með 15 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 650 (sbr. 643), n. 785 og 791). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir 168. máli, frv. til l. um dýralækna. Eins og hv. þm. er væntanlega kunnugt hefur þetta mál verið til umfjöllunar í Nd. Menn hafa haft frv. í fórum sínum nú í vetur og að auki eru mönnum ekki ókunnar umr. um það frá fyrri tíð, því að í fyrra var lagt fram frv. til l. um dýralækna sem við fluttum, ég og forseti þessarar deildar, og í rauninni má segja að það sé rótin að endurskoðun laganna sem þá var lýst yfir að mundi fara fram að tilhlutan landbrn. Árangur þeirrar endurskoðunar er þetta frv.

Það mætti að sjálfsögðu fara ýmsum orðum um nauðsyn þessa máls og þau markmið sem að baki liggja, en

með tilliti til þessara ábendingar ætla ég að sleppa því. Aftur á móti mun ég fara hér yfir kostnaðartexta þessara væntanlegu laga, sem að sjálfsögðu hlýtur að vera eitt af grundvallarsjónarmiðum sem menn meta þegar tekin er ákvörðun um löggjöf af þessu tagi.

Frv. gerir ráð fyrir heimildum til að stofna sex ný dýralæknaembætti og að kostnaður vegna þeirra muni nema 1 111 200 kr. yfir árið. Þá er einnig gert ráð fyrir að dýralæknanemar eða dýralæknar, sem hafa hlotið réttindi, hefji störf sín með þeim hætti að fara í starfsþjálfun hjá reyndum dýralæknum um tveggja mánaða skeið á launum. Er áætlað að kostnaður við það nemi 48 200 kr. Þá er enn fremur tekinn inn í lögin kostnaður vegna greiðslu á ferðum dýralækna, þ. e. umframkostnaður fram yfir 40 km vegalengd frá heimili dýralækna. Er áætlað að hann nemi samtals 300 þús. kr. Reyndar óttast ég að sú áætlun muni reynast neðan við þau mörk, sem reynslan verður að skera úr um hver verða. En þá yrði líka samkv. þessu heildarkostnaðurinn 1 459 400 kr. og þá er að sjálfsögðu gert ráð fyrir að það yrði heildarkostnaður við þessa fjölgun dýralækna og þessa breyttu starfstilhögun. Hvernig það mundi aftur færast til á milli ára, hversu fljótt sá kostnaður gjaldfærðist, færi eftir því, hve ört þessar heimildir yrðu nýttar.

Í meðförum Nd. á frv. voru gerðar á því nokkrar breytingar. Hefur meiri hl. n. fallist á þau sjónarmið, sem þar koma fram, og mælir með frv. til samþykktar eins og það kom frá Nd. Alþingis, mælir með að það verði þannig lögfest. Einn nm., Eiður Guðnason, skilar séráliti. Aðrir nefndarmenn hafa undirskrifað nál., þó að því frágengnu að einn nm. var fjarstaddur, Þorv. Garðar Kristjánsson.

Frsm. minni hl. (Eiður Guðnason): Herra forseti. Það var fjallað nokkuð ítarlega um þetta frv. í landbn. þessarar deildar og þar var ekki samstaða, eins og fram hefur komið. Eitt vil ég þó segja gott um þá umfjöllun. Þar kom fram grg. um kostnaðarauka vegna þessara laga, vel unnin og nokkuð ítarleg. Hefur frsm. meiri hl. þegar gert grein fyrir henni hér. Þetta er auðvitað til fyrirmyndar og væri betur gert í fleiri tilvikum, svo sem lög raunar kveða á um.

En varðandi þetta frv. í heild er það þannig, að ég tel raunar að við hér, sem vinnum löggjafarstarf, verðum að gera meiri kröfur en svo, að við getum látið þetta frá okkur fara eins og það nú liggur fyrir. Ég bendi við 1. umr. málsins á nokkur atriði, sem ég taldi afgerandi um að þetta mál þyrfti meiri skoðunar við, og mun nú við 2. umr. málsins benda á nokkur fleiri. E. t. v. verður þar varðandi einstaka liði um nokkra upprifjun að ræða frá því sem sagt var hér við 1. umr.

Þá er þar fyrst til að taka, að okkur nm. barst í hendur — raunar samkv. beiðni minni — plagg sem er undirskrifað af fjórum starfsmönnum heilbr.- og trmrn., en þessir fjórir starfsmenn höfðu tekið saman athugasemdir við frv. til l. um dýralækna. Í upphafi þessara athugasemdar segir svo, með leyfi forseta

„Um s. l. áramót var okkur undirrituðum falið að gera athugasemdir við frv. til l. um dýralækna sem lítið hafði dagsins ljós þá fyrir skömmu í formi nefndarálits á vegum landbrh. Nokkrum dögum eftir að okkur hafði verið falið að gera athugasemdir við frv. þetta var frv. lagt fram á Alþingi næstum óbreytt. Hljótum við að harma slík vinnubrögð þar sem frv. þetta er alfarið unnið á vegum þriggja manna nefndar, hvar í áttu sæti tveir dýralæknar. Engin samráð voru höfð við heilbrigðiseftirlit þó að frv. snerti veigamikla þætti heilbrigðismála. Má þar helst nefna lyfjamál og heilbrigðiseftirlit.“

„Síðan segir hér:

„Það er skoðun okkar, að landbrh. hefði átt að senda heilbrmrn. frv. það sem hér er til umfjöllunar áður en það var sett í prentun. Slík vinnubrögð hljóta að teljast sjálfsögð. Áður en einstakar greinar verða teknar til efnismeðferðar viljum við benda á að það er skoðun okkar, að dýralæknalög eigi eingöngu að fjalla um réttindi og skyldur dýralækna sem slíkra, sbr. læknalög um lækna, en síðan eigi að vera sérlög um dýralæknahéruð og þá þjónustu sem hið opinbera á að veita, sbr. lög um heilbrigðisþjónustu um læknishéruð.“

Það er, hygg ég, næsta sjaldgæft að svona sé staðið að málum.

Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál voru nokkrar breytingar gerðar á frv. í meðförum Nd. frá því sem var er það var lagt fram. Engu að síður stendur óhaggað margt af því sem þessi fjögurra manna starfshópur gerði athugasemdir við. Ég ætla þá í fyrsta lagi að minnast á 3. gr. frv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar sjálfstætt sem eru íslenskir ríkisborgarar og lögráða.“

Nú er það svo, að íslenskir dýralæknar munu geta starfað hvar sem er á Norðurlöndunum. Þetta ákvæði er t. d. í hróplegu misræmi við þann samning um sameiginlegan vinnumarkað á Norðurlöndum sem nú er verið að fjalla um hér. Þetta er í beinni mótsögn við það, Það er, eins og ég sagði, ekkert því til fyrirstöðu, að íslenskir dýralæknar geti starfað hvar sem er á Norðurlöndunum, og auðvitað ætti þetta að vera gagnkvæmt, þannig að dýralæknar á Norðurlöndunum gætu einnig starfað hér.

Í 4. gr. frv. er yfirlit yfir dýralæknisumdæmi í landinu. Ég held að það sé alveg réttmæt athugasemd, að slíkt ætti betur heima í sérlögum.

Í 3. gr. frv. er einnig ákvæði sem ég hef áður bent á að væri afar óvenjulegt og óeðlilegt. Það er um að yfirdýralæknir skuli meta það, hvort erlendir dýralæknar, sem hér vilja starfa, hafi nægilega kunnáttu í töluðu og rituðu íslensku máli. Þarna er yfirdýralæknir gerður að prófdómara á sviði sem er ekki hans sérsvið. Þetta ákvæði er auðvitað óeðlilegt að öllu leyti. Það hlýtur að vera eðlilegt, ef á að prófa íslenskukunnáttu manna sem vilja starfa hér, að það geri þá þeir sem til þess hafa hlotið menntun. Um þetta ætla ég ekki að hafa fleiri orð. Ég hef áður gert það að umtalsefni.

Í 5. gr. frv. eru ákvæði um að að öðru jöfnu skuli sá umsækjandi sitja fyrir um veitingu embætta sem lengstan hefur starfsaldur, en einnig skal taka tillit til sérmenntunar svo og starfstíma í afskekktum og rýrum héruðum. Þetta finnst mér af og frá að eigi að vera löggjafaratriði.

Í þessari sömu grein eru ákvæði um Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum. Um þá tilraunastöð eru ákvæði í háskólalögum. Ákvæði um þessa stofnun Háskólans eiga ekkert erindi inn í lög um dýralækna, hvað þá að í dýralæknalögum skuli ákveðið hversu margir starfsmenn með tiltekna menntun skuli starfa við þessa stofnun Háskólans.

Sitthvað fleira mætti hér tiltaka. T. d. stendur í upphafi 7. gr. að héraðsdýralæknar skuli hver í sínu umdæmi vinna að bættu heilsufari búpenings og aukinni arðsemi hans. Þetta held ég að ætti tvímælalaust að gilda um alla

dýralækna, ef á annað borð er verið að leggja þeim þessar skyldur á herðar, ekki aðeins héraðsdýralækna.

Í 7. gr. frv., eins og það liggur hér fyrir, eru mörg og ítarleg ákvæði um skyldur dýralækna, hvernig þeir skuli starfa: Þeir skuli forðast að baka dýraeigendum óþarfan kostnað, þeir skuli vanda allar skýrslur, þeir skuli gegna störfum og skyldum með árvekni og halda þekkingu sinni sem best við, gæta vandvirkni og samviskusemi og héraðsdýralæknar eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum. Ég leyfi mér að láta í ljós efa um að þessi ákvæði eigi heima í löggjöf af þessu tagi. Þessi ákvæði eiga miklu fremur heima í erindisbréfum, ef dýralæknum eins og ýmsum embættismönnum eru sett slík erindisbréf. Þetta á ekki að vera í löggjöf um þessi mál að mínu mati. Og hér segir meira að segja í þessari grein: „Landbrh. setur dýralæknum erindisbréf samkv. tillögum yfirdýralæknis. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýrakækna."

Þarna er verið að segja að það skuli gera sem búið er að telja upp í þessari grein.

Í 9. gr. segir: „Dýralæknar í þjónustu ríkisins taka laun samkv. hinu almenna launakerfi ríkisstarfsmanna." Til hvers er verið að setja það í lög? Þetta er atriði sem hlýtur að leiða af sjálfu.

Annað ákvæði er í þessari sömu 9. gr. sem hlýtur að orka tvímælis: „Þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðh., að gegna dýralæknisstörfum í nágrannaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum þessa umdæmis." Ég veit að vísu ekki hvað dýralæknar segja um þetta, en eitthvert hugboð hef ég um að þeir séu ekki sérlega ánægðir með þetta, vegna þess að hér er beinlínis eftir orðanna hljóðan um þvingunarvinnu að ræða. Mér er ekki kunnugt um að sams konar ákvæði gildi um lækna. Þetta held ég að hljóti að orka mjög tvímælis.

Þá er líka furðulegt og fáránlegt í senn að binda það í lög, að staðgengill héraðsdýralæknis skuli geta haft afnot af síma hans ef hann óskar þess. Mér finnst hér býsna langt og óþarflega langt gengið. En svo er aftur dæmi um hið gagnstæða í þessu frv. þar sem er kannske hvergi nærri nógu langt gengið. Í upphafi 13. gr. segir: „Héraðsdýralæknar skulu árlega annast eftirlit með heilbrigði og hirðingu nautgripa og þrifnaði í fjósum þar sem framleidd er sölumjólk." Það skyldi nú aldrei vera að aðstæður væru sums staðar þannig, að það væri ástæða til að hafa eftirlit miklu oftar en einu sinni á ári, einkanlega þar sem hefur komið í ljós að ekki er allt með felldu um heilbrigði, hirðingu og þrifnað, ef menn vilja hafa svona ákvæði í lögum? Ég efast aftur á móti um ágæti þess.

Seinna í þessari sömu grein eru ákvæði um það, að héraðsdýralæknar skuli hafa reglulegt eftirlit með hreinlæti og þrifnaði mjólkurstöðva í umdæmi sínu. Hvað um Hollustuvernd ríkisins? Er þetta ekki miklu frekar eðlilegur þáttur af starfi þeirrar stofnunar? Ég held að það hljóti að vera.

Í 14. gr. eru enn ákvæði sem ég tel að orki tvímælis. Ef dýralæknar senda ekki sínum yfirboðara fyrirskipaðar skýrslur á réttum tímum, án þess að lögmæt forföll, svo sem veikindi, banni að mati yfirdýralæknis, er heimilt, ef áminning ber ekki árangur, að ákveða í reglugerð lögtakskræfar dagsektir. Hvað skeður ef bréf með skýrslu misferst í pósti?

Mér finnst satt að segja ekki eitt, heldur næstum allt í þessu frv. vera með endemum. Á það hefur verið bent, að þetta sé svo sem ekki nýsmíði allt saman, þetta sé úr eldri lögum. En það er ekkert betra fyrir það. Og það er ekkert minni skömm að mínum dómi fyrir okkur að láta þetta svona frá okkur fara þó það hafi áður verið afgreitt með þeim hætti.

Ég ætla ekki að fara út í þá sálma hér, sem þeir félagar gera þó töluvert, að gera athugasemdir hversu starfssvið og vald yfirdýralæknis er mikið og hversu miklu meiri völd honum eru fengin með þessu frv. en t. d. landlækni. Á ýmsan hátt ættu þetta þó að vera stjórnunarlega séð hliðstæð embætti að breyttu breytanda.

Í 16. gr. er fjallað um auglýsingar og kveðið á um að dýralækni séu óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma o. s. frv. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum. Það er heimilt, það er sérstaklega tekið fram. Enn vaknar sú spurning, hversu langt á að ganga. Ég held að fyrst heimilað er að hafa þetta á dyraspjöldum, þá hafi líka verið nauðsynlegt að hafa ákvæði hér um leturstærð og leturgerð vegna þess að dyraspjald getur auðvitað verið auglýsing! Ég held að það mætti athuga.

Í næstu grein er ákvæði um að í afskekktum umdæmum, þar sem umsvif eru lítil og samgöngur erfiðar, sé heimilt að greiða staðaruppbót, hreint kjarasamningaákvæði sem á ekkert erindi í löggjöf.

Í 18. gr. eru ákvæði um að heimilt sé að veita dýralækni hagkvæmt lán til kaupa á bifreið við starf sitt, enda skuldbindi hann sig til að starfa sem héraðsdýralæknir næstu þrjú ár. Hvað er hagkvæmt lán í skilningi þessara laga? Mér hefur að vísu verið tjáð að slík lán hafi aldrei verið veitt og hafi aldrei verið veitt til þess fé á fjárlögum. En til hvers er að hafa þessi ákvæði í lögum hér?

Síðasta endemisákvæðið, sem ég ætlaði hér að gera athugasemd við, er í 19. gr. Það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar dýralæknir er kvaddur til vitjana á eigin farkosti á fleiri en einn stað í sömu akstursleið ber honum að aka sem beinasta og greiðasta leið til þeirra sem vitjana hafa óskað."

Ég verða að að lýsa þeirri skoðun minni hér í þessari hv. deild, sem ég veit að er ákaflega vönd að sinni virðingu, að mér finnst það fyrir neðan okkar virðingu að láta frá okkur fara löggjöf sem samin er með þessum hætti.

Alþingi er oft gagnrýnt hart. Stundum með réttu, stundum með röngu. En samþykkjum við þessa löggjöf svona er sannarlega með réttu hægt að gagnrýna okkur. Ég tel tilgangslaust að flytja brtt. við þetta frv. vegna þess að ég tel að það þurfi að endursemja. Það eru nánast atriði í hverri einustu grein sem ástæða væri til að breyta. Ég legg því til að þessu máli verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 791 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 12:6 atkv.

Fóðurverksmiðjur, frv. (þskj. 399, n. 782 og 784, 783). — 2. umr.

Frsm. 1. minni hl. (Jón Helgason): Herra forseti. Landbn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um fóður-

verksmiðjur og eins og með fyrra málið, um dýralæknana, varð hún ekki alls kostar sammála um málsmeðferð. Til þess að veita upplýsingar um málið kom á fund nefndarinnar Hjalti Gestsson ráðunautur, sem er formaður mþn. sem Búnaðarþing hafði kosið til að fjalla um þetta mál. Enn fremur fékk nefndin upplýsingar frá fjárlaga- og hagsýslustofnun og Landnámi ríkisins.

Eins og ég sagði var ekki samstaða í nefndinni um afgreiðslu málsins. Þrír nm. leggja til að frv. verði samþykkt með breytingum sem lagðar eru fram á þskj. 783. Að þessum brtt. standa ásamt mér Helgi Seljan og Davíð Aðalsteinsson.

Í þessum brtt. má segja að farið sé að ráðum Búnaðarþings sem fékk þetta mál til meðferðar nú og gerði um það ályktun sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Búnaðarþing fékk til umfjöllunar frv. til l. um fóðurverksmiðjur. Þingið mælir með því, að ríkisstj. fái heimild til, fyrir hönd ríkissjóðs, að taka þátt í hlutafélögum um stofnun og rekstur grasköggla verksmiðja, svo sem fram kemur í I. kafla frv. Hins vegar telur þingið, að önnur ákvæði frv. þurfi nánari athugunar við, og leggur því til að þau verði ekki lögfest. Búnaðarþing vísar til ályktunar sinnar frá 1981 um eflingu fóðuriðnaðar og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og nefnd þingsins um fóðuriðnað að vinna að þessu máli áfram."

Eins og ég sagði eru brtt. okkar í samræmi við þetta. Við leggjum til að í 1. gr. frv. verði ríkisstj. veitt heimild til að taka þátt í stofnun hlutafélags, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur, og í 2. gr. verði ákvæði um, að fjmrh. sé heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til slíkra verksmiðja. Þetta gæfi ríkisstj. heimild til að stofna hlutafélög vegna þeirra verksmiðja sem Alþingi hefur veitt fé til um alllangt skeið. En það er skoðun margra, m. a. okkar flm. þessara brtt., að æskilegt sé að heimamenn verði þátttakendur í slíkum verksmiðjum, þannig að sá áhugi, sem er víða heima fyrir, nýtist við uppbyggingu þessa iðnaðar.

Það kom fram hjá Hjalta Gestssyni að hann taldi heppilegt að grasköggar væru gefnir allt að hálfu á móti öðrum fóðurbæti. Hér er því um mjög mikinn markað að ræða, þar sem notkun fóðurbætis hefur verið 60—80 þús. tonn, svo að það er meira en það sem þær verksmiðjur, sem nú eru reknar, hafa möguleika á að framleiða.

Frsm. 2. minni hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið hjá hv. síðasta ræðumanni var ekki samkomulag í landbn. Ed. Alþingis um afgreiðslu þessa máls. Eins og hann gat um var málið sent Búnaðarþingi til umsagnar. Búnaðarþing gat ekki fallist á frv. Kom þar reyndar margt til sem ég ætla ekki að ræða, nema aðeins rúma línu í frv. sem fjallaði um heimild til handa ríkisstj. um stofnun hlutafélaga í fóðuriðnaði.

Búnaðarþing hafði fyrir einu ári kjörið sérstaka nefnd til að fjalla um þetta mál. Sú nefnd hafði ekki og hefur ekki enn lokið störfum. Þar af leiðandi þótti Búnaðarþingi ekki ástæða til að skipa því máli, fóðuriðnaðarmálinu, með sama hætti og frv. gerir ráð fyrir. Búnaðarþing hafði hins vegar ekki möguleika á því og fjallaði ekki um þann þátt málsins sem lýtur að kostnaði við uppbyggingu þessara verksmiðja eða rekstrargrundvelli.

Eins og menn vita væntanlega hefur fóðuriðnaður átt sér stað hér nú um tveggja áratuga skeið. Framleiðsla grasköggla byrjaði í Gunnarsholti og í framhaldi af því var grasköggla verksmiðjunni á Hvolsvelli síðar breytt úr grasmjölsframleiðslu í grasköggla gerð. Síðan komu svo fleiri verksmiðjur, sumar í einstaklingseign, eins og t. d. grasköggla verksmiðjan í Brautarholti. Reyndar er líka til lítil verksmiðja, sem vinnur ekki í nákvæmlega sama formi, undir Eyjafjöllum í bændaeign þar. Það er reynsla fyrir því og var m. a . staðfest í samtali sem nefndin átti við Hjalta Gestsson ráðunaut, að þessi framleiðsla hefur reynst vel og nýtur tiltrúar og trausts sem gott fóður hjá bændum. Það hefur hins vegar komið í ljós, að tiltölulega litlar verðlagsbreytingar hafa dregið úr sölu á grasköggum. Má í því sambandi sérstaklega minna á að þegar tekin var upp verðmiðlun á flutningi grasköggla þannig að þeir yrðu á svipuðu verði alls staðar á landinu, þá dró mjög úr sölu þeirra á bestu markaðssvæðunum sem næst liggja grasköggla verksmiðjunum. Þetta sýnir m. a. að ekki má miklu hagga í verði þessarar framleiðslu til þess að sala hennar geti átt sér stað.

Það hefur líka komið fram í umsögnum, sem nefndinni bárust, og gögnum, sem unnin voru af fjárlaga- og hagsýslustofnun, að í sumum tilvikum hefur framleiðslan ekki selst. Aftur á móti hefur hún færst á milli ára og selst á næsta ári þar á eftir.

Ákvæði um þessa starfsemi voru, að því er ég best man, fest í lög árið 1972 og þá í lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins. Þar var kveðið svo á að samkvæmt sérstakri áætlun ætti að byggja tilteknar verksmiðjur. Síðan var með tiltölulega ófullkomnum hætti kveðið á um með hvaða hætti verðákvarðanir yrðu teknar og stjórnir þessara fyrirtækja byggðar upp. Það er augljóst mál að þetta fyrirkomulag er úr sér gengið, og m. a. af þeirri ástæðu hefur Búnaðarþing séð sérstaka ástæðu til að fjalla um málið í heild.

En þar kemur meira til, sem þarf að líta á, heldur en þetta ófullkomna stjórnarform, m. a. samkeppni þessarar framleiðslu við innflutt fóður sem eins og menn vita er flutt tollfrjálst inn í landið. Það er augljóst mál, að ef á að auka þessa framleiðslu að verulegu marki þarf að gera sérstakar ráðstafanir til að vernda hana, og þá verða menn að gera það upp við sig áður en til vandræða kemur í þessari framleiðslu. Til viðbótar við þetta hafa menn líka verið að íhuga hvernig hægt væri að tengja þessa framleiðslu fóðurblöndunarstöðvum, sem væru þá staðsettar í nánd við þessar verksmiðjur, kannske á viðkomandi þéttbýlisstöðum, og þá þarf um leið að finna því tæknilegt form, með hvaða hætti frá þessu yrði gengið.

Til viðbótar við þetta vil ég leggja alveg sérstaka áherslu á það í þessu sambandi, að vissar nýjungar eiga sér stað í þessum efnum. M. a. eru þær fólgnar í því að köggla hey hjá bændunum sjálfum. Væri gott fyrir þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra að fylgjast með máli mínu í því sambandi, því að einmitt um þessar mundir er farið á milli bænda í Eyjafirði með sérstaka farandheykögglaverksmiðju og fyrningar hjá þeim þar kögglaðar. Þetta þykir mjög álitleg tilhögun, m. a. vegna þess að álitið er að fóðurgildi aukist við þessa meðferð á heyinu um 1/4 hluta, og það er mat manna að sá verðmætaauki, sem því fylgir, greiði fyllilega þann kostnað sem köggluninni fylgir.

Það er þess vegna viss ástæða til að meta þetta mál allt í heild, sérstaklega með tilliti til þess sem á sér stað núna á vegum Búnaðarþings.

En það, sem kannske vegur þó einna þyngst í sambandi við afgreiðslu 2. minni hl. úr landbn., er umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar. Ég ritaði þeirri stofnun bréf og bað um ákveðnar upplýsingar varðandi þetta mál. Það er nú tæpast tilefni til að rekja það svar í einstökum atriðum, en ég mun hins vegar drepa hér á örfá grundvallaratriði sem hafa í raun haft úrslit á afstöðu 2. minni hl. landbn. Ed. Alþingis.

Þá er það í fyrsta lagi að þeir útreikningar, sem fjárlaga- og hagsýslustofnunin leggur til grundvallar um verðsamanburð milli innflutts fóðurs og fóðurs framleidds hérlendis, sýna að innlenda fóðurframleiðslan er 9% dýrari en sú innflutta. Þá er einnig sett hér fram svar við þeirri spurningu, hver fjármagnskostnaður við nýjar verksmiðjur yrði. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er hægt að svara spurningu 4, um stofnkostnað eða aðra kostnaðarþætti við verksmiðju í Saltvík eða í Hólminum, án þess að fyrir liggi forsendur um stærð verksmiðjanna, orkugjafa o.fl."

Hér kemur greinilega fram að málið er ekki unnið með þeim hætti, að fjárlaga- og hagsýslustofnun gefi þar umsagnir um, eins og hún segir liggi ekki fyrir forsendur um stærð verksmiðjunnar og ekki orkugjafa heldur.

Þá var spurt hvort hagkvæmara væri að auka framleiðslu í eldri verksmiðjunum eða byggja nýjar. Því gat hagsýslustofnunin ekki heldur svarað, vegna þess að engar upplýsingar lágu fyrir um hvað það mundi kosta að auka afköst hinna eldri verksmiðja. Í niðurlagi svars síns segir fjárlaga- og hagsýslustofnun, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að fá rétta mynd af fjármagnskostnaði eldri verksmiðja og hvernig hann kemur fram í verði framleiðslunnar þyrfti að kanna reikninga verksmiðjanna frá upphafi og draga inn í þá athugun framlög ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Án þess verður samkeppnishæfni nýrra verksmiðja samanborið við framleiðslu eldri verksmiðja ekki metin raunsætt."

Þessi umsögn bendir ótvírætt til að einmitt fjármagnskostnaðurinn hefur ekki verið unninn til hlítar og ekki liggja fyrir gögn um þá þætti mála.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta miklu meira. En til viðbótar við það, sem ég hef nú sagt, er rétt að minna á að ýmsar framkvæmdir í sveitum landsins hafa ekki átt auðvelt uppdráttar í tíð núv. ríkisstj., eins og ég vænti að menn hafi nú komist að raun um. Þótt á það sé ekki sérstaklega litið er sannarlega ástæða til að gera nokkurn veginn sambærilegar kröfur um undirbúning og upplýsingar varðandi þessar framkvæmdir og aðrar hliðstæðar framkvæmdir. Það skýtur sannarlega nokkuð skökku við varðandi afgreiðslu þessa máls, miðað við ýmsa aðra umfjöllun í sambandi við verksmiðjuframkvæmdir hér á landi, og er það þó sannmæli að þar sé svo sem ekki ákaflega vandlega að málum staðið.

Sú till., sem lögð er fram á þskj. 784, þyrfti í engu að tefja framkvæmdir við þessar verksmiðjur. Þær hafa verið í byggingu síðan árið 1974 með einum eða öðrum hætti, og það væri hægt að halda áfram nauðsynlegum undirbúningi undir frekari framkvæmdir á þeim tíma sem notaður yrði til að ná saman heildarstefnu í þessu máli. Og það er einmitt það sem minni hl. n. leggur til.

Eins og þskj. ber með sér eru nöfn þriggja nm. skráð undir nál., Egils Jónssonar, Eiðs Guðnasonar og Sigurlaugar Bjarnadóttur. Hún mætti ekki á fundi, en hafði áður gefið mér heimild til að setja nafn sitt undir. Einn virðulegur heiðursmaður úr þessari nefnd var fjarverandi við störf erlendis og gat þar af leiðandi ekki tekið þátt í lokaafgreiðslu málsins þótt hann hafi tekið þátt í upphaflegri umfjöllun þess. Á ég ekki von á því, að meiningar okkar í þessu máli liggi á mjög fjarlægum fleti.

Davíð Aðalsteinsson: Herra forseti. Í sjálfu sér er ekki ástæða til að eyða mjög löngu máli vegna þess frv. sem hér er til umr. Ég vil þó leyfa mér að víkja að því örfáum orðum.

Það hefur verið haft við orð á undanförnum árum, að efling innlends fóðuriðnaðar væri einn af þeim þáttum sem þyrfti að taka til rækilegrar athugunar, aukning innlendrar fóðurframleiðslu væri e. t. v. einn af meginvaxtarbroddum í íslenskum landbúnaði. Vegna þess, sem kom fram áðan, að það hefði iðulega gengið slælega að losna við þessa framleiðslu, þá vil ég taka undir það. Það hefur gengið misjafnlega stundum. Hins vegar er það svo nú, að öll framleiðslan er seld eftir því sem ég veit best.

Þetta frv., sem hér er til umr. og hljóðar um að ríkisstj. sé heimilt að taka þátt í stofnun og rekstri grasköggla-verksmiðja, táknar í raun og sannleika ekki annað en að heimilt er, eins og málin eru í pottinn búin, að hverfa frá 100% fjármögnun ríkisins. Frv. táknar í raun og sannleika ekki annað. Við skulum, hv. alþm., gera okkur grein fyrir stöðunni eins og hún er. Það er í raun og veru hafin bygging tveggja verksmiðja norður í landi, í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Ég endurtek: framkvæmdir eru í raun og veru hafnar. Það eru allveruleg fjárframlög til þessara tveggja verksmiðja, og vísa ég þá til afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1982. Mér finnst að alþm. ættu að gera upp hug sinn til þessa frv. einmitt í þessu ljósi.

Ég endurtek að frv. fjallar um að ríkinu sé heimilt að stofna til sameignar við heimamenn. Og ég ítreka þau viðhorf, sem hér hafa raunar fyrr komið fram, að það er mjög mikilvægt að leiða heimamenn til ábyrgðar í slíkum málum, ef ég má komast svo að orði. Mönnum þykir það e. t. v. allnokkurt frjálslyndi að hafa slíka heimild svo rúma sem hér er um að ræða, þ. e. hafa ekki ákveðna prósentu, það skal ég viðurkenna. En að mínum dómi er þetta spor í hina réttu átt. Ég endurtek: Hafin er í raun og veru bygging a. m. k. tveggja verksmiðja og hefur verið veitt til þeirra fjármagn í ljósi ákvörðunarvalds í gegnum fjárveitingar. Vilja menn fjármagna þetta 100% af ríki eða vilja menn koma því svo fyrir, að heimamenn leggi þar allverulegt fé af mörkum. Mín skoðun er sú, að það sé heppilegra að leiða heimamenn til ábyrgðar. Í þessu sambandi vil ég minna á það, að Borgfirðingar hafa í hyggju að byggja eina grasköggla-verksmiðju.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Í þessu máli hefur verið skilað tveim minnihlutaálitum frá hv. landbn. Ég á sæti í þeirri nefnd, en tók ekki þátt í afgreiðslu málsins, eins og hér hefur komið fram. Mér þykir þess vegna rétt að skýra afstöðu mína með örfáum orðum. Ég lýsti því reyndar í hv. landbn., að ég er andvígur þessu frv. og þeirri stefnu sem það markar. Ég tel að ríkið eigi ekki með skipulagsbundnum hætti að standa að fóðuröflun fyrir bændur landsins í einu eða öðru formi. Íslenskir bændur hafa verið einfærir um það í 1100 ár, og ég held að hlutur þeirra sé ekki þannig nú að ástæða sé til að setja almenn lög, rammalög, um þátttöku ríkisins í

þessari sérstöku fóðuröflun fyrir bændur.

Að vísu er það svo, að ég tel — og hef áður lýst því og oftar en einu sinni — að fóðuröflun íslenskra bænda sé almennt háð miklum annmörkum, og það er naumast hægt að skýra með eðlilegum hætti hvers vegna svo er. Það er ekki hægt að þegja yfir þeirri staðreynd, að íslenskir bændur verka núna um 5% af heyöflun sinni í vothey á meðan nágrannar okkar á Norðurlöndum, í Noregi t. d., verka 70% í vothey. Það er ekki hægt að þegja yfir þessu þegar raunin er sú, að það er sama hvað sagt er hér á Alþingi um þessi efni, það miðar ekkert fram á við — ekkert.

Ég flutti hér mál fyrir fimm árum og fékk samþykkta þáltill. sem fól í sér aðgerðir til að efla og auka votheysverkun. En að fimm árum liðnum stöðum við nánast í sömu sporunum. Það er engin tilviljun að nágrannar okkar verka svona mikið af sínum heyafla í vothey, ef við höfum í huga reynsluna hér á landi, því að það eru til íslenskir bændur sem verka meira en 5% í vothey. Ég nefni t. d. bændur í Strandasýslu, á Ingjaldssandi í Vestur-Ísafjarðarsýslu, svo að eitthvað sé nefnt. Ég ætla ekki að tefja hér tímann með því að lýsa því, hver árangur þeirra er. Þessir bændur verka frá 70 upp í 100% af sínu heyi í vothey. Þeir eru með lítinn bústofn, en bú þeirra skilar betri arði en bú þeirra sem hafa mikinn bústofn og verka sitt hey í þurrhey. Ég skýt þessu aðeins hér inn, vík svo nokkrum orðum að frv. sjálfu.

Mér þótti besta greinin í þessu frv. 2. gr., þar sem ríkisstj. er heimilað að selja félagssamtökum eða einstaklingum fóðurverksmiðjur í eigu ríkissjóðs og lána söluverðið. Ég held að þetta sé rétt. Þetta á að gera. En ég verð að lýsa furðu minni á till. 1. minni hl. landbn., þar sem lagt er til að þessi 2. gr. frv. sé felld niður, það eina sem var bitastætt og rétt í þessu frv. frá mínu sjónarmiði. Ég verð hins vegar að segja þessum sama 1. minni hl. landbn. til hróss, að ég tel að rétt sé stefnt í þeirri till. þessa minni hl. á þskj. 783, þar sem lagt er til að 3. — 7. gr. frv. verði felldar niður. Þá er lítið orðið eftir af þessu frv., ef það verður gert, sem ég tel rétt, og 2. gr. líka felld niður. Ég held að slík meðferð sem þessi, eiginlega af hálfu allra sem hafa komið nálægt þessu máli í hv. landbn., sé þess eðlis, að það hefði verið miklu hreinlegra að leggja til að frv. yrði fellt. Það er mín skoðun, að það eigi að fella frv.

Hins vegar hef ég ekki á móti því, sem hv. 2. minni hl. landbn. leggur til á þskj. 784, þ. e. að vísa málinu til ríkisstj. Þá hef ég að sjálfsögðu í huga að hæstv. ríkisstj. hefur oft sýnt það, að hún hefur verið einfær um að koma fyrir kattarnef hinum bestu málum sem til hennar hefur verið vísað. Hæstv. ríkisstj. ætti þá ekki heldur að verða skotaskuld úr því að láta þetta mál fá verðugan endi eins og efni standa til.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil lýsa hér stuðningi mínum við þær brtt. sem fram koma á þskj. 783 frá 1. minni hl. landbn. Ég hlustaði með nokkurri furðu á ræðu síðasta ræðumanns, hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar. Hann sagðist vera andvígur stefnu þessa frv. eins og það nú liggur fyrir frá hv. nefnd. Hann sagði að íslenskir bændur hefðu í 1100 ár verið einfærir um það að afla fóðurs fyrir búpening sinn.

Hver er þá sú stefna sem þetta frv. boðar eins og það nú liggur fyrir? Það felur í sér að ríkisstj. verði heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélaga fyrir hönd ríkisins til stofnunar verksmiðja til þess að framleiða grasköggla og fóðurköggla, og það gerir ráð fyrir að heimilt verði að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til slíkra verksmiðja. Þetta er meginefni þeirra brtt. sem liggja fyrir frá 1. minni hl. hv. nefndar.

Á árinu 1972 var ákveðið að reisa tvær ríkisverksmiðjur, í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu. Það eru þær tvær verksmiðjur sem samkv. þessu frv. er fyrirhugað að reisa á grundvelli hlutafélaga með aðild ríkisins og aðild heimaaðila, bænda og félagssamtaka í þessum héruðum. Stefnubreytingin er sú, að í stað þess að ríkið leggi alfarið fram fjármuni til að reisa þessi fyrirtæki og beri ábyrgð á rekstri þeirra myndi bændur og félagssamtök í heimahéruðum hlutafélag ásamt ríkinu til að annast þetta viðfangsefni. Stefnubreytingin er fólgin í því að leysa ríkið undan kröfum um fjármagn og undan ábyrgð á rekstri sem hv. þm. telur e. t. v. vafasaman. Það er þess vegna öfugmæli, sem mátti lesa út úr máli hv. þm., að með þessu sé verið að auka hlutdeild ríkisins í fóðurframleiðslu hér á landi.

Það er öllum kunnugt að nú starfa í landinu fimm ríkisreknar fóðurverksmiðjur. Sumar þeirra voru settar á stofn fyrir um það bil tveimur áratugum og þá voru ekki höfð uppi þau mótmæli gegn þesum rekstri sem hv. þm. kemur nú með. Íslenskir bændur hafa tiltölulega lítið staðið að rekstri verksmiðja af þessu tagi. Aðeins ein undantekning er frá því. Það er verksmiðjan sem er rekin í Brautarholti á Kjalarnesi.

Síðan kemur hv. þm. og flytur hér ræðukafla um votheysverkun sem allt gott er um að segja og ég get tekið undir í flestum greinum. En þau orð fólu það í sér, að þrátt fyrir að hann hefði flutt hér till. og fengið samþykkta fyrir fimm árum og sama væri hvað sagt væri hér á Alþingi, þá væri staðan sú í dag, að enn verkuðu íslenskir bændur ekki nema 5% af heyfeng sínum sem vothey. Ég tel að þetta sé óheppileg staða og hyggilegra væri að meira væri verkað af votheyi en raun er á. En ef hv. þm. vill að íslenskir bændur séu einfærir og ráði því sjálfir, hvernig þeir hagi sinni fóðuröflun, þá er auðvitað ekki í næstu setningu hægt að segja að þeir eigi að fara eftir því sem sagt er á hv. Alþingi um þau mál. Það var því í hæsta máta tvískinnungur í máli hv. þm., enda hafði ég ekki búist við öðru. En hvað sem hann sagði um þetta efni var auðfundið að hann vildi íslenskum bændum vel hvað þetta snertir.

Ég tel að það sé mjög mikils virði að þetta frv. eins og það er nú úr garði gert hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Það þarf afgreiðslu til þess að unnt sé að stofna þau hlutafélög sem ætlunin er að stofna um byggingu og rekstur þeirra verksmiðja sem ákveðið var fyrir 10 árum að byggðar yrðu á Norðurlandi. Til þess að ekki verði horfið að því að framfylgja þeirri 10 ára gömlu ákvörðun að reisa þessar verksmiðjur alfarið fyrir ríkisfé þurfum við lagaheimild til þess að ríkið taki þátt í stofnun slíkra hlutafélaga.

Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson lýsti furðu sinni á tillögum 1. minni hl. hv. landbn. Þessar tillögur eru að stofni til til orðnar í landbrn. vegna tilmæla hv. formanns landbn. og — að því er skilið varð — í því formi sem hv. formaður nefndarinnar teldi að rétt væri eða líklegt að koma þessu máli áfram, enda nokkuð í samræmi við þau

meðmæli sem mál þetta fékk á Búnaðarþingi. Hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson þarf því ekki að lýsa furðu sinni yfir því, að hv. 1. minni hl. n. skuli mæla með þessum tillögum. Þær eiga rót sína að rekja til þessara tilmæla og þær eru samdar í landbrn., a. m. k. að stofni til, enda þótt þeim kunni að hafa verið breytt eitthvað lítils háttar í meðförum hv. nefndar.

Ég vil svo aðeins segja það, að ég furða mig á að hv. fulltrúar Sjálfstfl. í landbn. skuli ýmist leggja til að frv. þessu verði vísað til ríkisstj. — og þar með að það nái ekki afgreiðslu á þessu ári — eða þá, eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, að frv. verði fellt. Ég hygg að það felist ekki í þeim tillögum nein stefna í þá átt að mæta þessu máli með hagsmuni landbúnaðarins fyrir augum eða þá að mæta því á þann hátt að verið sé að spara útgjöld ríkisins, því að þá mætti ætla, ef Alþingi vísar þessu máli frá, að Alþingi vildi standa við fyrri stefnu í þessum efnum, þá stefnu að ríkið sé eitt um að byggja þessi fyrirtæki og taka ábyrgð á rekstri þeirra.

Frsm. 2. minni hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Hæstv. landbrh. heiðraði þessa deild með nærveru sinni hér við umr. Ég var satt að segja að vona að ráðh. mundi tolla hér inni meðan ég talaði. (**Forseti:** Já, ég tel sjálfsagt að verða við því. Ég sá ekki betur en hæstv. ráðh. gengi hér inn, en einhvern veginn hvarf hann sjónum mínum.) Hann gekk út aftur. (**Forseti:** Ég mun reyna að gera ráðstafanir til að hæstv. ráðh. hlýði á mál ræðumanns.)

Mér þykir ástæða til að segja hér örfá orð af því tilefni, að hæstv. landbrh. hafði nokkuð við afstöðu okkar hér að athuga og þá sérstaklega þeirra sem skrifuðu undir nál. 2. minni hl. Það er út af fyrir sig kannske ekki ástæða til að vera að elta ólar við það sem ráðh. tilfærði hér um stofnun fyrstu grasköggla verksmiðjanna, þar sem hann sagði að þær hefðu verið byggðar upp af fjármunum ríkisins. Út af fyrir sig skiptir það ekki miklu máli. Hins vegar er þetta ekki rétt. Fyrsta grasköggla verksmiðjan, sem var byggð hér, grasköggla verksmiðjan í Gunnarsholti, var að verulegu leyti byggð fyrir fjármagn sem landbúnaðurinn átti og bændur í landinu og kom inn á sérstakan reikning, gengismunarreikning, sem þáv. landbrh. hafði leyfi til að ráðstafa fjármagni af. Og í fyrstu var verksmiðjan á Hvolsvelli byggð upp af Sambandi ísl. samvinnufélaga. Þetta skiptir þó ekki út af fyrir sig verulegu máli.

Annað, sem kom líka fram í máli ráðh. og þá sem mikil rök af hans hálfu, var að tekin hefði verið ákvörðun um það árið 1972 að reisa þessar verksmiðjur tvær, í Skagafirði og Suður-Þingeyjarsýslu. Einmitt það hvað þessi ákvörðun er gömul, ef um ákvörðun er eitthvað að tala í þessum efnum, er ein af ástæðunum fyrir því, að við teljum þörf á að athuga þetta mál betur. Það er alveg augljóst að menn eru ekki á sama máli og ráðherrann í þessum efnum. Vil ég í því sambandi minna á það frv. sem hann lagði hér fram, en var síðan sent Búnaðarþingi til umsagnar og afgreitt þar með þeim hætti, að á það væri ekki hægt að fallast.

Af því að hæstv. landbrh. var að lesa okkur flokksbræðrum sínum pistilinn áðan er best að segja það alveg með nákvæmlega réttu orðalagi, að frá hendi hæstv. landbrh. var þetta mál ekki þinghæft. Þar voru m. a. teknar ákvarðanir um stjórn á þessum fóðuriðnaði, svo að ég nefni bara dæmi. Málið var svo ómerkilegt og illa undirbúið, að það er ekki til þess fallið að vera að fara ofan í það nákvæmlega. Þar var m. a. kveðið á um með hvaða hætti ætti að fá stjórn yfir þessum fóðuriðnaðarverksmiðjum og þar var ekki minnst á neitt annað en ríkisverksmiðjurnar. Það var ekki minnst á þær tvær fóðuriðnaðarverksmiðjur sem eru hér í bændaeign. Hæstv. landbrh. talaði bara um eina, en þær eru þó tvær. Þær áttu að vera alveg utan við alla stjórnsýslu og það kerfi sem átti að taka ákvarðanir í þessum málum. Þetta hafði verið hripað upp án þess að fjalla um það með nokkrum hætti t. d. við fulltrúa landbúnaðarins sem hafa þó fjallað mikið um þessi mál. Svo er hæstv. ráðh. að tala hér í umvöndunartón þó að verið sé að taka vel á hans málum og færa þau inn á réttar brautir. Það væri nær fyrir hæstv. landbrh. að setja mál sín þannig fram að þau væru ekki gallaðri en svo að það væri hægt á þau að fallast.

Hæstv. ráðh. hafði mikið að athuga við vinnubrögð landbn. Ed. í sambandi við þetta mál. Hann gat þess, að ég hefði farið þess á leit við ráðuneytisstjóra landbrn. að leggja drög að frv. sem væri í þá veru, að ríkisstj. fengi heimild til stofnunar þessara verksmiðja. Í þessu fólst á engan hátt mín afstaða. Það var ákveðið á nefndarfundi í landbn. Ed. að málinu yrði flýtt með þessum hætti, að þetta verk yrði unnið þannig að það gæti flýtt fyrir afgreiðslu málsins að þetta lægi fyrir. Ástæða fyrir þessu var m. a. sú, að bréfið, sem ég ritaði fjárlaga- og hagsýslustofnun, var ritað 15. mars og þegar að páskaleyfi alþm. kom höfðu svör ekki borist — og reyndar fengum við vitneskju um að þau mundu ekki berast fyrr en alþm. kæmu úr páskaleyfi aftur. Þá töldum við nm. eðlilegt að fyrir lægi uppkast að lagafrv. til þess að grundvöllur væri fyrir því að fjalla um málið með eðlilegum hætti. Auk þess var að sjálfsögðu aldrei ætlun mín að tefja þetta mál um nokkurn einasta dag frá því sem eðlilegt væri. Það er best að hæstv. landbrh. fái að vita það líka, að mjög fljótlega eftir að við byrjuðum störf eftir páska afhenti ég nm. í landbn. uppkast að þeim texta sem ég hef lagt til að yrði hér á hafður. Það er svo annað mál, að ef til þess kemur að ég hafi forustu fyrir nefndarstörfum í landbn. Ed. og ef hæstv. landbrh. skyldi hafa embættið með höndum eitthvað lengur, þá er afskaplega gott að minnast þess þakklætis sem landbn. fær fyrir að vinna að þessu máli og reyna að hraða því.

En það er ýmislegt fleira sem kannske væri ástæða til að tala um við hæstv. landbrh. í sambandi við þetta mál af því að ég held að hann hafi ekki verið hér viðstaddur við fyrri umr. málsins. T. d. væri gaman að heyra hæstv. ráðh. greina ofurlítið frá því, hvernig hann ætlar að tryggja sölu á þessari framleiðslu. Það liggur fyrir, m. a. kemur það fram í áliti fjárlaga- og hagsýslustofnunar, að grasköggla framleiðslan hefur alls ekki selst upp öll ár. Það liggur líka fyrir, eins og ég hef áður sagt, að sú ákvörðun ráðh. að verðjafna flutninga hefur orðið til þess að draga úr sölu grasköggla í nánd við grasköggla verksmiðjurnar. Ég er ekki með því að segja að sú ákvörðun sé röng. Það hefði að vísu verið nær fyrir hann að stíga skrefið til fulls, eins og Búnaðarþing fór fram á, og verðjafna flutninga á öllum fóðurvörum, en það var ekki gengið lengra í þeim efnum en þetta. En þessi smávægilega breyting á verði varð til að draga úr sölu framleiðslunnar.

Þá er vert að spyrja ráðh. hvort hann hafi engar áhyggjur af því sem kemur fram í þessari umsögn, að innlent fóður er um það bil 9% dýrara en innflutt fóður. Það fer að sjálfsögðu ekki á milli mála, að það er ekki

hægt að horfa fram hjá þessu. Það verður að taka ákvörðun um með hvaða hætti hægt er að selja þessa framleiðslu á samkeppnisverði miðað við innflutning. Það er útilokað annað en að sú ákvörðun verði tekin. Hvergi í þessum frv.- flutningi, hvergi nokkurs staðar er minnst á þessa þörf. Og það er reyndar ýmislegt fleira sem er þess eðlis, að mikil þörf er að benda hæstv. landbrh. á, m. a. það sem kemur fram í umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar, þar sem segir: „Ekki er hægt að svara spurningu 4, um stofnkostnað eða aðra kostnaðarþætti við verksmiðju í Saltvík eða Hólminum, án þess að fyrir liggi forsendur um stærð verksmiðjanna, orkugjafa og fleira." Það er ekki búið að taka ákvörðun um stærð, ekki um orkugjafa og ekki um ýmislegt annað, þannig að hagsýslustofnunin getur ekki svarað þessari spurningu. Samt sem áður tók þó fjárlaga- og hagsýslustofnunin sér allgóðan tíma til að svara þessum spurningum.

Nú er að sjálfsögðu orðinn mikill munur frá því sem var árið 1972, þegar tekin var ákvörðun um þessar verksmiðjur, og frá því 1974, þegar byrjað var að byggja síðustu verksmiðjuna, í Flatey, hve fjármagn allt er orðið miklu dýrara en þá var. Það væri út af fyrir sig lærdómsríkt að fara ofan í það mál hér, ekki síst fyrir þá sem eru ekki kunnugir þessum rekstri. Ef ég man rétt er fjármagnskostnaður við þessa framleiðslu, meira að segja hjá þeim verksmiðjum sem voru byggðar fyrir eða um 1974, eins mikill og allur orkukostnaður, bæði olía og rafmagn. Það var þess vegna ekki að ófyrirsynju að menn vildu fá svar við þeirri spurningu, hvaða áhrif mundi hafa á framleiðslukostnaðinn það dýra fjármagn sem nú væri eitt á boðstólum. Hvernig svarar fjárlaga- og hagsýslustofnun því? Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að fá rétta mynd af fjármagnskostnaði eldri verksmiðja og hvernig hann kemur fram í verði framleiðslunnar þyrfti að kanna reikninga verksmiðjunnar frá upphafi og draga inn í þá athugun framlög ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Án þess verður samkeppnishæfni nýrra verksmiðja samanborið við framleiðslu eldri verksmiðja ekki metin raunsætt."

Þetta hefur ekki verið gert. Fjármagnskostnaðurinn hefur ekki verið metinn inn í þetta dæmi. Hann hefur ekki verið metinn. Það er náttúrlega eitt út af fyrir sig, hvort hæstv. landbrh. treystir sér til að hafa forgöngu um stofnun slíkrar verksmiðju í hlutafélagsformi, kalla inn til þess fjármagn frá bændunum í þessum byggðarlögum, án þess að geta svarað svona spurningum. Það er einmitt á þessum grundvelli sem nál. 2. minni hl. byggist.

Það er mjög erfitt að skilja hinn mikla baráttuvilja hæstv. landbrh. í sambandi við þetta mál. Ég veit ekki betur en öll mál í landbrn., sem snerta íslenskan landbúnað, séu nú í argasta kuðli. Það hefur ekki gerst fyrr að vantað hafi jafnmikið fé t. d. til þess að hægt væri að framkvæma búfjárræktarlögin, svo að dæmi sé nefnt. Það er nú búið að ganga svo um hagræðingarféð að það er ekkert orðið til, það er 1 millj. í hagræðingarfé. Það er innan við 10% af því sem lög gera ráð fyrir. Hæstv. landbrh. hefur verið að hamast við að skera þetta niður í allan vetur. Það verða kannske tök á því hér undir öðrum kringumstæðum að gera því nokkru nákvæmari skil og draga þá líka fram um leið öll mjúku orðin sem lipru tungurnar hafa flutt af munni fram í þessari ríkisstj. um að það eigi að bæta fyrir bændunum í landinu og landbúnaðinum með því að byggja upp nýjar búgreinar og auka hagræðingu í landbúnaði. Eitt allra gleggsta dæmið í því er það sem gerðist á miðstjórnarfundi Framsfl., þar sem menn voru kallaðir saman og kveinkuðu sér undan þessum óförum og þar sem var ályktað í stjórnmálaályktun flokksins að þessari óhæfu yrði hætt. Það eru komin svör við því. Það er búið að ljúka við að skera hagræðingarféð af síðan þessi ályktun var gerð. Hæstv. landbrh. á svo sem góða bandamenn í þessu liði.

En annað er það, að það hefur ekki verið okkar meining að koma í veg fyrir uppbyggingu fóðuriðnaðar í landinu. Við leggjum til í raun að það verði gert með sama hætti og Búnaðarþing hefur samþykkt og er að vinna að að gert verði. Það verði skýrt tekið fram og skýrt metið hvað þessari framleiðslu er ætlaður stór hluti af þessum markaði og gerðar verði ráðstafanir til að tryggja þessari framleiðslu aðgang að þeim markaði sem til er í landinu. Það er hvergi að finna í þessu frv. og að sjálfsögðu ekki í því mjög svo mislukkaða frv. sem ráðh. var búinn að útbýta hér á Alþingi og senda Búnaðarþingi til umsagnar. Við tökum það alveg skýrt fram í okkar nál., í 3. lið, að það þurfi að endurskoða núverandi eignarform grasköggla verksmiðja með það fyrir augum, að bændum verði gert kleift að eignast þær, í stað þess að ríkið eigi þær, eins og nú er algengast. Það er alveg skýrt tekið fram. Og út af fyrir sig er ég ekki að ljóstra upp neinum leyndarmálum þó að ég fullyrði hér — ég hef góðar heimildir fyrir því — að það liggur ekkert fyrir um hvernig gengur að afla hlutafjár í þessar verksmiðjur, a. m. k. örugglega ekki verksmiðjuna í Saltvík. Og ég vil minna hæstv. landbrh. á að það er með mörgum öðrum hætti mögulegt fyrir bændurna og fyrir félagasamtök bænda að ganga inn í þessi verkefni en í gegnum hlutafjárstofnun. Ég minni á að t. d. þegar grasköggla verksmiðjan var byggð í Flatey tóku bændur í Austur-Skaftafellssýslu að sér að inna ræktunina af hendi.

Ég þarf ekki að elta ólar frekar við hæstv. landbrh. í þessu máli. Í raun hefði ég ekki þurft við hann annað að tala en um vinnubrögð í landbn. Ed. Alþingis og þá einungis í þá veru — eins og ég reyndar vænti að aðrir nm. geti borið um — að það, sem í raun er ámælisvert í þeim efnum, er að málinu var hraðað. Málið var nefnilega alls ekki þannig úr garði gert að það væri hægt að afgreiða það svo forsvaranlegt væri. Þess vegna leggur 2. minni hl. til að málinu verði vísað aftur til ríkisstj., það verði þá unnt að njóta þeirra starfa sem verið er að vinna hjá Búnaðarfélaginu — eða milliþinganefnd Búnaðarþings svo að nákvæmlega rétt sé nú tilgreint — og þannig verði með eðlilegum hætti hægt að leggja góðan grundvöll að uppbyggingu þessa fóðuriðnaðar hér á landi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umr. mjög, en ég vil alfarið vísa því á bug, að nokkuð hafi verið óeðlilegt við vinnubrögð landbn. Ed. í þessu máli. Ég tel að þau hafi verið með ágætum. Þetta mál var rætt ítarlega og kannað. Hins vegar er ekki því að leyna, að það kom fljótlega í ljós, a. m. k. að mati okkar sumra, að það frv., sem hæstv. landbrh. hafði lagt fram, var að ýmsu leyti gallað. Skoðun mín er sú, að þær brtt., sem fluttar hafa verið við frv. á þskj. 783, séu sömuleiðis nokkrum göllum búnar. Það, sem ég hef einkanlega á móti þessu, er í fyrsta lagi að ríkinu skuli heimilað að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur, án nokkurra skilyrða eða takmarkana. Þess vegna gæti ríkið átt 99% í þessum verksmiðjum. Ég tel eðlilegt að þarna væru takmarkanir á. Ég minnist þess úr

hádegisútvarpi í dag, að þar var sagt frá nýrri flytjanlegri verksmiðju af þessu tagi sem væri að koma til landsins. Það kom ekki fram í þeirri frétt sem ég heyrði, hver væri hlutur ríkisins að því máli. Ég held að það sé nóg að ríkið greiði niður afurðirnar, en nú er í stórum stíl verið að fara inn á það líka að ríkið greiði niður fóðrið til þess að skapa þessar afurðir. Ef svo heldur fram sem horfir, þá sé ég ekki betur en hér sé verið að stíga hvert skrefið á fætur öðru til að gera landbúnað á Íslandi algerlega ríkisrekinn. Ég er ekki viss um að það sé vilji íslenskra bænda, síður en svo. Allt þarf þetta mál langtum meiri athugunar við.

Það kom fram í athugun nefndarinnar á þessu máli, að rekstrargrundvöllur þessara fyrirtækja er mjög ótryggur, mjög vafasamur. Þarna er eitt og annað sem þarf að athuga betur. Þess vegna skrifaði ég ásamt hv. þm. Agli Jónssyni og Sigurlaugu Bjarnadóttur undir álit þess efnis, að málinu verði vísað til ríkisstj. til frekari athugunar. Í þeirri mynd, sem málið hefur verið lagt fram, er ekki hægt að fallast á það né heldur þær brtt. sem hv. 1. minni hl. landbn. hefur flutt.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hæstv. landbrh. fór nokkrum orðum það sem ég hef áður sagt í þessum umr. Ég skal ekki vera langorður af því tilefni. Hann talaði um að hann væri furðu sleginn yfir því, hvað ég hefði sagt, talaði líka eitthvað um tvískinnung. En ég skildi hann þannig að við værum báðir góðir vinir landbúnaðarins, og það er nú það sem mestu varðar.

Ég vék að gefnu tilefni, þegar verið er að ræða um fóðuröflun bænda, að votheysverkun nokkrum orðum. Hæstv. ráðh. sagði í því sambandi að það væri ekki hægt að ætlast til þess, að bændur færu eftir því, sem Alþingi skipaði þeim fyrir í þeim efnum. Það var enginn að skipa bændum neitt fyrir í þeim efnum, það hefur aldrei hvarflað að mér. Till. sú, sem ég vitnaði í, og þál., sem samþykkt var fyrir fimm árum, og sú þál., sem samþykkt var nú fyrir nokkrum dögum á þessu þingi, fjalla ekki um nein fyrirmæli til bænda. Þál. fjallar einungis um það, að af opinberri hálfu verði gerðar ráðstafanir til þess að bændur fái meiri lánsmöguleika til að byggja votheyshlöður og koma upp votheysverkun en verið hefur. Það er ömurlegt til þess að vita, það verður að segja, að þó að Alþingi hafi samþykkt þetta fyrir fimm árum var í raun og veru ekkert gert í þessu efni. Nú vænti ég þess sannarlega, og skírskota til þess, að við erum báðir vinir bænda, að hæstv. núv. landbrh. muni láta hendur standa fram úr ermum svo að eitthvað verði raunverulega gert í þessum efnum og í samræmi við þá þáltill. sem samþykkt var nú fyrir nokkrum dögum.

Hæstv. ráðh. var í þeim orðum, sem hann vék að mér, að tala um hagsmuni landbúnaðarins og hagsmuni ríkissjóðs. Auðvitað er gott að hafa það í huga. En það eru einmitt hagsmunir landbúnaðarins sem liggja til grundvallar afstöðu minni til þessa máls. Ég vil að því fjármagni, sem til landbúnaðarins gengur, sé varið á sem skynsamlegastan og raunhæfastan hátt. Ég vil að það fjármagn, sem hæstv. ráðh. vill leggja af hálfu ríkisins í fóðurverksmiðjur, gangi til annarra þarfa, m. a. til hinnar almennu heyverkunar og þá sérstaklega til þess að efla votheysgerðina. Ég tel að með því sé best gætt hagsmuna ríkissjóðs einnig.

Það frv., sem við hér ræðum, er eins og stjórnarliðið, stuðningsmenn ríkisstj., leggur til og hæstv. ráðh. mælir með. Hvað er þetta stjfrv. orðið? 2. gr. á að falla niður, 3. gr. á að falla niður, 4. gr. á að falla niður, 5. gr. á að falla niður, 6. gr. á að falla niður og 7. gr. á að falla niður. 9. gr. á að falla niður. 8. gr., sem fjallar um að landbrh. hafi yfirstjórn þessara mála, á að umorðast. Það kemur ekkert í staðinn fyrir það sem á að falla niður, nema í staðinn fyrir 2. gr. ákvæði um að fjmrh. hafi heimild til að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum og tækjum og varahlutum til fóðurverksmiðja. Ég verð að segja það, að mér finnst þetta nokkur tíðindi, að stjfrv., sem lagt er fram af hálfu ríkisstj. og viðkomandi ráðh. sé þannig meðhöndlað að eftir á ekki að standa nema 1. gr. (**EgJ:** Það er bara ein lína.) Og hún er ein lína, eins og hinn ágæti formaður landbn. þessarar deildar tekur fram. Mér finnst þessi meðferð á þessu frv., sem hæstv. ráðh. er fylgjandi, bera nokkurn vott þess, að hæstv. ráðh. sé ekki, þegar allt kemur til alls, eins ánægður með sköpunarverkið, frv. í heild, eins og hann var þegar hann lagði það fram. En þessi eina lína, sem eftir stendur, er samt þess eðlis, að hún væri betur þurrkuð út líka vegna þess að hún er stefnumarkandi. Hún markar þá stefnu að sett skuli almenn löggjöf um að ríkisstjórninni sé heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur fóðurverksmiðja. Ég er andvígur þessari stefnu. Þess vegna tel ég að þessi grein hefði einnig átt að falla út.

Hæstv. ráðh. sagði að fyrir 10 árum hefðu verið, skildist mér, teknar ákvarðanir um að byggja fóðurverksmiðjur á Norðurlandi. Hann vildi telja það sem rök fyrir þessu frv. Ég ætla ekki að fara að tala um þessar tvær fóðurverksmiðjur á Norðurlandi, ég læt þær liggja á milli hluta. En jafnvel þó að ákveðið sé að byggja tvær fóðurverksmiðjur og þó að þær ráðstafanir hefðu við rök að styðjast og væru réttmætar, þá er af þeim ástæðum ekki endilega sjálfsagt að setja almenna löggjöf um að það skuli vera í verkahring ríkisins almennt að standa að slíkum fyrirtækjum. Ég hygg að það sé alger misskilningur.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég vænti þess, að ég hafi skýrt afstöðu mína þannig að mínar skoðanir á þessu máli liggi ljóst fyrir, og vísa að öðru leyti til þess sem ég hef áður sagt í þessum umr.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil lýsa stuðningi mínum við nál. 2. minni hl., sem formaður landbn., hv. 11. landsk. þm., hefur gert ítarlega grein fyrir í ræðu sinni áðan.

Ég vil aðeins vekja athygli á hvernig háttað er þeim mismun sem er á samkeppnisaðstöðu þeirra, sem reka sjálfir þessar verksmiðjur, eins og Brautarholtsbræðra, og hins vegar ríkisins sem er í samkeppni við þessa framtakssömu bændur sem hafa staðið að slíkum rekstri. Ég tel þetta vera ranga stefnu, það eigi frekar að gera bændum keift, eins og kemur reyndar fram í þessu nál., að setja á stofn sjálfir og reka slíkar verksmiðjur.

Það væri fróðlegt að heyra hver það er sem ber taprekstur af verksmiðjunum, sem ríkið á, og svo hins vegar hjá Brautarholtsbræðrum, svo að eitthvað sé nefnt, hver þarf að standa undir og bera þann taprekstur og hver munurinn er á fyrirgreiðslu þessara tveggja aðila, annars vegar þeirra, sem reka þær einkareknu í einkaeign, og svo hinna, sem eru ríkisreknar.

Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram, að það er bókstaflega ekki gert ráð fyrir öðru en það sé ótakmarkað umboð sem ríkið hafi til að vera hluthafi eða

rekstraraðili í slíkum verksmiðjum samkv. þessu frv.

Það hefur komið fram hér áður, að yfirbragð umræðna hér í þinginu er ríkisrekstur og ríkisumsvif. Hvar á þetta að enda? Eigum við næst að fá frv. um landsverslun e. t. v., að það megi leggja niður einkareksturinn á sviði verslunar? Það er auðséð hvert stefnir í atvinnumálum hjá hæstv. ríkisstj. Það skal vera ríkisrekstur umfram allt annað.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Ég vil byrja á að leiðrétta þann misskilning, sem hefur komið fram hjá tveimur hv. ræðumönnum, að ég hafi í ræðu minni áðan talað um óeðlileg vinnubrögð af hálfu hv. nefndar. Það held ég að hafi ekki fundist í mínu máli, að ég hafi talað um að nefndin hafi staðið óeðlilega að þessu máli, heldur leyfði ég mér að undrast að hv. flokksbræður mínir skyldu ekki vilja greiða fyrir málinu og þoka því áfram á hv. Alþingi. Enn fremur lét ég þess getið, að þær brtt., sem 1. minni hl. n. flytur, eru til orðnar að meginefni í landbrn. að ósk hv. formanns nefndarinnar, enda sagði hann sjálfur í sinni ræðu áðan: Ég afhenti texta strax eftir páska sem ég lagði til að yrði á hafður. — Síðar mun hann hafa horfið frá þeirri fyrirætlun sinni. (**EgJ:** Það er misskilningur.)

Því er ekki að leyna, að frv. eins og það var lagt fram hafði að geyma fleiri atriði en eru í þeim tillögum sem hér liggja fyrir frá 1. minni hl. n. Ég kom t. a. m. á fund nefndar í Búnaðarþingi sem hafði þetta mál til meðferðar. Þar var meðal nefndarmanna hv. formaður landbn. Ed. Með því að þar voru menn ekki á eitt sáttir um nokkur atriði frv. tjáði ég þegar vilja minn fyrir því, ef það yrði til að greiða fyrir að samkomulag gæti tekist um málið, að einungis I. kafli frv., eða ákvæði sem svaraði til þess er greinir í I. kafla frv., yrði afgreiddur á þessu Alþingi, en öðrum köflum frv. yrði frestað og þeir teknir sérstaklega til athugunar fyrir næsta Alþingi. Þær tillögur, sem hér liggja fyrir frá 1. minni hl. hv. landbn. — og ég hygg að hv. formaður nefndarinnar hafi átt mikið frumkvæði að því að þær voru samdar, eru til að mæta þessum óskum.

Búnaðarþing afgreiddi málið frá sér m. a. á þennan hátt, að mæla með samþykkt á I. kafla frv., og ég hygg að hv. formaður landbn. þessarar deildar hafi tekið þátt í þeirri afgreiðslu.

Látum þetta allt vera. Ég get skilið að einstakir menn séu á móti tilteknu máli. Ég hef þó leyft mér að undrast að hv. flokksbræður mínir í landbn. þessarar hv. deildar skuli ekki vilja greiða fyrir að þessi hluti frv. a. m. k. verði afgreiddur, þó að hann sé í breyttu formi, og málið síðan tekið til frekari athugunar til næsta Alþingis.

Ég skal ekki gera neinar athugasemdir við það, þó að hér hafi verið sagt að það hafi aldrei verið ætlun hv. fomanns nefndarinnar að tefja frv. einn einasta dag, eins og hann orðaði það. Frv. er lagt fram í febrúarmánuði. Það er hér til 2. umr. þegar komið er undir aprílok. Ég skal ekki deila á nefndina fyrir þetta og ekkert láta felast í mínum orðum um að það hafi verið vilji nefndarinnar að tefja málið einn einasta dag. Hún hefur sjálfsagt unnið ákaflega vel að því allan tímann.

Annað, sem hér hefur komið fram, er ekki mikil ástæða til að fjalla um í sjálfu sér. Það hefur verið spurt um fjármagnskostnað og samkeppnishæfni og forsendur um stærð og orkugjafa, sem hlytu að verða meðal forsendna þess, hversu þessi fyrirtæki yrðu hagkvæm. Þessi atriði eru meðal þeirra sem verða á valdi stjórna þessara fyrirtækja, en verður ekki endilega fyrirskipað af hálfu Alþingis. Það starfa undirbúningsfélög og undirbúningsstjórnir að þessum tveimur verksmiðjum sem ákveðið var fyrir 10 árum að reisa á Norðurlandi, og það starfar nefnd til að athuga hagkvæmni grasköglaverksmiðju í Borgarfirði. Ég tel eðlilegt að ákvarðanir um stærð og orkugjafa séu teknar af stjórnum viðkomandi hlutafélaga, ef Alþingi gefur heimild til að slík hlutafélög verði stofnuð. Það er hins vegar ekkert launungarmál, að steínt hefur verið að því, að t. a. m. grasköglaverksmiðja eða grænfóðurverksmiðja í Hólminum í Skagafirði hafi svokallaða 5 tonna eimingargetu, þ. e. að hún geti haft framleiðslugetu sem sé um 2500—3000 tonn á ári. Það eru möguleikar fyrir stærri verksmiðju í Suður-Þingeyjarsýslu, í Reykjahverfi, og má vænta þess, að ef sú rekstrareining verði stærri en þetta geti það fyrirtæki orðið hagstæðara. Það þýðir auðvitað þeim mun meiri stofnkostnað.

Varðandi markað liggur fyrir að framleiðsla þeirra verksmiðja, sem til eru í landinu, hefur verið í kringum 10—11 þús. tonn. Við fluttum inn á síðasta ári um 60 þús. tonn af fóðri. Ég tel að við höfum möguleika til að framleiða verulegan hluta af þessu fóðri í landinu sjálfu og það geti komið í stað innflutnings. Það er rétt, að það hafa ekki verið settar skorður við innflutningi á fóðri. En aðrar þjóðir gera það að því leyti, að flestar eða nær allar aðrar en Íslendingar reisa skorður við innflutningi á tilbúnum fóðurblöndum. Það er yfirleitt ekki leyft í flestum nálægum löndum okkar að flytja inn tilbúnar fóðurblöndur, heldur er stefnt að því að framleiða fóðrið sem mest og að blanda það a. m. k. eða tilreiða það í hverju landi um sig fyrir heimamarkað.

Ég tel að það sé ekki á þessu stigi komið að því, að við þurfum að grípa til einhverra sérstakra aðgerða til þess að koma í veg fyrir eða takmarka innflutning á fóðurblöndum. En yrði framleiðsla grasköglaverksmiðja eða fóðurverksmiðja af þessu tagi t. d. þrefölduð eða fjórfölduð, hún yrði 30—40 þús. tonn, þá gæti til slíks komið. Þær verksmiðjur, sem hér er um að ræða, þessar tvær verksmiðjur á Norðurlandi og e. t. v. verksmiðja sem er í hagkvæmniathugun í Borgarfirði, mundu væntanlega ekki ná því að tvöfalda þá framleiðslu sem er í landinu í dag þó að þær yrðu allar reistar.

Ég tel að það hafi verið eðlileg og nauðsynleg ráðstöfun að verðjafna flutningskostnað á grasköglum, miðað við það að grasköglaverksmiðjur eru enn sem komið er aðeins á Suður- og Vesturlandi og Suðausturlandi, í Hornafirði er ein, og aukinn flutningskostnaður vegna fjarlægða hefur haft mjög mikil áhrif á að unnt væri að flytja þessa vöru til bænda í þeim landshlutum sem fjær liggja. Það kemur auðvitað til greina að athuga og hefur verið í athugun frekari verðjöfnun á flutningum á fóðri.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fjalla um þetta í löngu máli. Meginatriðið er það, að ef Alþingi fellst á að samþykkja þetta mál eins og það nú liggur fyrir, þá er mögulegt að stofna um þessi fyrirtæki hlutafélög, en ella yrði fylgt fyrri stefnu að reisa þessar verksmiðjur af hálfu ríkisins, eins og gert hefur verið m. a. í Flatey í Austur-Skaftafellssýslu. Og þó að sumar verksmiðjur hafi ekki verið í upphafi byggðar af ríkinu hefur ríkið yfirtekið þær.

Varðandi Brautarholtsverksmiðjuna er mjög ánægjulegt og gott að hún skulu rekin í því formi sem er, sem

einkafyrirtæki þeirra bræðra, bænda þar. Það er spurt um samkeppnisaðstöðu þeirrar verksmiðju við ríkisreknu verksmiðjurnar. Ég hygg að hv. þm. Salome Þorkelsdóttir viti að Brautarholtsverksmiðjan hefur fengið verulega fyrirgreiðslu, hún hefur fengið framlög frá ríkinu. Fyrir um það bil einum áratug fékk hún verulegt framlög til að endurnýja vélakost sinn, og hún fékk verulega fyrirgreiðslu á síðasta ári til að greiða fyrir því, að hún gæti staðist samkeppni. Ef taprekstur verður þarf að vinna hann upp með sölu á afurðum verksmiðjanna. En takist það ekki segir sig sjálft að taprekstur ríkisverksmiðja lendir á ríkinu. Það er segin saga. En til þessa hefur tekist að reka verksmiðjurnar þannig að þó að halli hafi orðið sum árin, þá hefur það unnist upp önnur ár, þannig að framleiðslan hefur staðið undir rekstri. Þannig þarf það að vera.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þessi atriði frekar. Ég tel að ég hafi ekki sagt neitt um óeðlileg vinnubrögð hv. nefndar. Ég vil aðeins segja það, að mér þykir miður og kannske undrast ég nokkuð að hv. þm. skuli ekki vilja greiða fyrir þessu máli, þó úr stjórnarandstöðu séu. Ég tel mjög mikilsvert að það takist að afgreiða frv. svo að unnt sé að stofna hlutafélög um sérstaklega þær tvær verksmiðjur, sem ákvarðanir liggja fyrir um að reistar verði, og gefa síðan möguleika til þess að reisa t. a. m. þá verksmiðju sem verið er að athuga um hagkvæmni á í Borgarfirði, ef sú athugun leiðir jákvæða niðurstöðu í ljós. Þess vegna vænti ég að hv. deild sjái sér fært að *afgreiða frv. eins og það liggur fyrir eftir meðferð nefndarinnar*, og þá á ég við brtt. frá hv. 1. minni hl. landbn.

Frsm. 2. minni hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Þessi síðari ræða hæstv. landbrh. gaf ekki tilefni til mikilla athugasemda af minni hálfu. Það, sem hefði reyndar verið mikilvægast ef af hefði getað orðið, hefði verið að hæstv. ráðh. hefði svarað einhverju af spurningum mínum. Og reyndar, þótt ekki kæmu efnisleg svör við þeim, fólust ýmsar skýringar í máli hans, m. a. sú, að væntanleg stjórn grasköggla- eða fóðurverksmiðjanna ætti að meta hagkvæmni þeirra og taka ákvarðanir um hvort í þessar framkvæmdir yrði ráðist. Er ekki best að hafa þetta eins við kísilmálminn í Reyðarfirði t. d., að kjósa bara stjórn og láta hana svo um framhaldið? Er ekki óþarft að vera að athuga um hagkvæmni? Er ekki óþarft að vera að athuga um markað, svo að dæmi séu nefnd, orkuflutning og þar fram eftir götunum?

Það er svar út af fyrir sig hjá hæstv. landbrh., að þessar verksmiðjur eigi að vera lausar við að þurfa að ganga undir nokkurt slíkt mat og að Alþingi eigi að vera alveg laust við að meta hvernig þessi rekstur hugsanlega gæti gengið. Nú er ég búinn tvívegis að koma með tilvitnanir úr umsögn fjárlaga- og hagsýslustofnunar þar sem sagt er berum orðum að þetta sé ekki hægt að meta eins og mál standi. En það er eins og menn varði ekkert um það á þessum bæ, svo einkennilegt sem það kann að virðast. Ég hélt reyndar að hæstv. landbrh. hefði það stolt til að bera að temja sér í málflutningi nokkra fyrirhyggju, af því að hann er úr hopi íslenskra bænda og þar gætir meiri forsjálni en almennt gerist í þessu þjóðfélagi. En menn varðar ekkert um þetta, þetta skiptir menn engu máli. Það er bara sett á stofn hlutafélag, það dugir, þessi rúmlega eina lína dugir, ef hægt er að koma henni í lagaform, þótt allt annað sé ónothæft í þessum málflutningi.

Það er eðlilegt að leiðrétta misskilning. Ég ætla ekki að vera með útúrsnúninga gagnvart hæstv. landbrh. En textinn, sem ég sagðist hafa afhent eftir páska, var einmitt álit 2. minni hl. Ég gerði það til þess að nm. almennt séð gætu metið þær hugmyndir sem ég hefði um afgreiðslu málsins. En að sjálfsögðu afhenti ég líka frv. eins og það var afhent mér af hendi landbrn.

Ráðh. talaði um afgreiðslu Búnaðarþings og nefndi mig í því sambandi. Sú afgreiðsla gengur ekki gegn afgreiðslu Búnaðarþings. Búnaðarþing gat ekki fallist á afgreiðslu frv. eins og það lá fyrir. Það féllst hins vegar á að ríkisstj. fengi þessa heimild. Búnaðarþing hafði ekki aðstöðu til þess að fara ofan í þetta mál, endurskoða þetta mál. Ég vitna til þess, sem ég hef áður sagt frá störfum þess þings, að málið er í endurskoðun, búið að vera í umfjöllun á annað ár hjá mjög hæfum og færum mönnum sem hafa góða þekkingu á þessu máli.

Hæstv. landbrh. sagðist taka það trúanlegt, að landbn. Ed. hefði unnið vel að þessu máli, eins og ég held að hann hafi orðað það. Bréf mitt, sem ég hef áður getið um og ég ritaði fjárlaga- og hagsýslustofnun, var skrifað 15. mars. Svarið, sem okkur barst, var dagsett 23. apríl. Það er kannske hægt að hafa misjafnan skilning á því, hvernig vel sé unnið í nefndum. Það þarf ekki allt að byggjast á því að menn afgreiði nál. á færibandi. Og ég verð að segja það, að auðvitað hefði verið eðlilegra að átt hefði sér stað nákvæmari umfjöllun um málið eftir að það barst í okkar hendur 23. apríl. Ef eitthvað væri sérstaklega ámælisvert við okkar störf, þá er það vitanlega að nefndin hefði átt *að fjalla meira um málið eftir að það barst henni*. Út af fyrir sig stóð ekki á því. En ástæðan fyrir því, að það var ekki gert, ástæðan fyrir því, að málið var unnið með þessum hætti, var sú afgreiðsla sem 2. minni hl. viðhafði. Það lá alveg ljóst fyrir, eftir að umsagnir höfðu borist, að það var og er óforsvaranlegt að afgreiða þetta mál öðruvísi en að fram fari nákvæmari athugun. Til þeirra þenkinga þurfti 2. minni hl. ekki lengri tíma. Málið var nógu glöggt til þess. Ef menn hefðu haft einhverja tilhneigingu í þá veru að tefja þetta mál, þá hefði náttúrlega verið sjálfsagt að meðhöndla það með sama hætti og önnur mál sem mönnum er ekki alveg nákvæmlega sama um hvernig eru afgreidd. Það verður þá frekar að finna sök hjá einhverjum öðrum og þá væntanlega þeim sem bera meiri ábyrgð á þessari afgreiðslu en 2. minni hl., hvað þetta mál er ákaflega ófullkomlega lagt hér fram.

Ég skal nú ekki orðlengja þetta frekar. En vænt þætti mér um ef hv. þm. Garðar Sigurðsson truflaði ekki hæstv. landbrh., meðan ég mæli þessi allra síðustu orð, svo að ráðh. geti tekið eftir því sem ég segi.

Hæstv. landbrh. byrjaði á því að furða sig á afstöðu flokksbræðra sinna, eins og hann orðaði það, í þessu máli, að flokksbræður hans skyldu ekki greiða fyrir þessu *máli. Það hefur ekki verið gerð nein sérstök flokkssam*þykkt um þetta mál. Það, sem skiptir þá helstu máli, væri vitanlega hvort við gengjum þar eitthvað á stefnu okkar flokks eða ákvarðanir okkar þingflokks. Ég kannast ekki við að ég hafi neinum sérstökum skyldum að gegna við einhverja þingbræður mína, ekki einu sinni úr Sjálfstfl., ekki einu sinni hinn virðulega forseta Ed. Alþingis, þó að mikil vinátta sé okkar á milli. Það er ekkert sjálfgefið að menn geti alltaf kallað eftir afstöðu flokksbræðra sinna. Ég verð að segja það alveg eins og er, að mér virðist þetta vera hálfgerð kokhreysti hjá hæstv. landbrh. — Það er alltaf verið að trufla ráðh. þegar ég er að tala við hann með svona alvarlegum hætti — því að ég held að það hafi

enginn maður á Alþingi staðið sig betur í því að greiða atkv. á móti málefnum Sjálfstfl. á þessu kjörtímabili heldur en einmitt hæstv. landbrh. En það er ekkert slíkt uppgjör sem hefur verið að fara fram hér, síður en svo. Hér hafa málefnin verið látin ráða, og þau geta náttúrlega hitt menn með misjöfnum hætti.

ATKVGR.

Till. á þskj. 784 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 10:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EG, SigurlB, GK, KSG, KJ, LJ, SalÞ, ÞK, EgJ.

nei: GB, GTh, JH, ÓRG, SigrM, StefG, StJ, TÁ, DA, HS.

1 þm. (GeirG) fjarstaddur.

Brtt. 783,1 (ný 1. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

— 783,2 (ný 2. gr.) samþ. með 10:1 atkv.

— 783,3 (3.—7. gr. falli niður) samþ. með 11 shlj. atkv.

Brtt. 783,4 (ný 8. gr., verður 3. g.) samþ. með 10:1 atkv.

Brtt. 783,5 (9. gr. falli niður) samþ. með 10:1 atkv.

10. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 10:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:1 atkv.

Útflutningsgjald af grásleppuafurðum, frv. (þskj. 800). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Stefán Guðmundsson): Herra forseti. Sjútvn. hefur komið saman og fjallað um breytingar á frv. um útflutningsgjald af grásleppuafurðum, eins og það er komið frá hv. Nd. Sjútvn. varð sammála um að verða við þessum brtt., en treystir því, að í reglugerð verði tryggilega frá því gengið, vegna ákvæða um endurgreiðslu tryggingariðgjalda, að þeir, er þessar veiðar stunda, verði ætíð bæði slysa- og örorkutryggðir.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 847).

Efri deild, 79. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, að loknum 78. fundi.

Brunavarnir og brunamál, frv. (þskj. 637 (sbr. 43)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 848).

Verslanaskrár og veitingasala, frv. (þskj. 548). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 649).

Tekjustofnar sveitarfélaga, frv. (þskj. 85). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 850).

Lögheimili, frv. (þskj. 839). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og endursent Nd.

Fóðurverksmiðjur, frv. (þskj. 846). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:1 atkv. og afgr. til Nd.

Neðri deild, 75. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, kl. 2 miðdegis.

Framleiðsluráð landbúnaðarins, frv. (þskj. 627). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 23 shlj. atkv.

Erfðafjárskattur, frv. (þskj. 688). — Frh. 1. umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 27 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 27 shlj. atkv.

Iðnfræðingar, frv. (þskj. 795 (sbr. 204)). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 840).

Hegningarlög, frv. (þskj. 536). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 23 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 841).

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531). — 1. umr.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978. Frv. þetta hefur verið afgreitt af Ed. Frv. er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1978 sem hefur verið lagður fyrir þingið samtímis frv. eins og kunnugt er.

Herra forseti. Það er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um þetta frv., en ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. fjh.- og viðskn.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er út af fyrir sig varla ástæða til að setja á langt mál nú við 1. umr. í þessari hv. deild um ríkisreikning fyrir árið 1978. Þó er ástæða til að vekja athygli deildarinnar á því, að í þessari þykku bók eru gerðar af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings marghátttaðar aths. og það er ekki annað að sjá en yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafi unnið starf sitt af natni og samviskusamlega. Margar af þeim aths., sem gerðar eru, hljóta að vekja nokkra athygli og þá ekki síst þær aths. sem lúta að svokallaðri Kröflunefnd. Nú er það svo, að ábyrgðarmenn svokallaðrar Kröflunefndar sitja meira og minna í ríkisstj. nú orðið. Það væri til umhugsunar fyrir þá nefnd, sem tekur þetta mál til athugunar, hvort þessum ríkisreikningi eigi ekki að vísa til ríkisstj., til hinna upphaflegu ábyrgðarmanna.

En ég vil aðeins reifa örfáar aths. sem yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa gert. Þeir segja t. d. á bls. 398, með leyfi hæstv. forseta:

„Óeðlilegt verður að telja að nefndir skipaðar af ráðherra, eins og Kröflunefnd, skuli hafa vald til þess að ákveða laun og önnur kjör starfsmanna sinna í trássi við fjmrn."

Nú er rétt að staldra við. Hverjir skipuðu Kröflunefnd á þessum tíma? Það er a. m. k. til umhugsunar fyrir deildina. — Þeir halda áfram og þeir segja og það er vísað í svar sem er framar í þessari bók:

„Svarið ber með sér að fjmrn. hefur úrskurðað að þm., sem jafnframt er forstöðumaður ríkisstofnunar, skuli ekki eiga rétt á yfirvinnu fyrir störf hjá stofnun sinni, og stangast sá úrskurður á við síðbúið bréf iðnrh., dags. 20. sept. 1979. Yfirskoðunarmönnum þykir einsýnt að úrskurðaraðili í þessum efnum sé fjmrh. og að alþm. sé þess vegna óheimilt að taka laun fyrir yfirvinnu hjá ríkisstofnun sem þeir veita forstöðu." — Aths. er „til viðvörunar eftirleiðis."

Vitaskuld er mikill vandi, hvernig með ríkisreikning skuli fara, og yfir höfuð spurning til hvers þetta kerfi allt saman er. Ég vil vekja athygli á því, að nýlega hefur Alþingi raunar samþykkt lög, mikla bragarbót í þessum efnum, en hvað á að gera?

Svona er hægt að halda áfram og lesa upp blaðsíðu eftir blaðsíðu. Það er kannske engum til gagns og auðvitað ekki til ánægju að vera að lesa þetta upp. Það eru fjölmargir liðir af þessu tagi, og þeir færa út á spássíu að annaðhvort skuli við svo búið standa eða þetta sé til viðvörunar — það er margsinnis — eða til eftirbreytni.

Í framhaldi af þessu er rétt að minna á það, að þegar þetta Krófluævintýri allt saman, sem lætur eftir sig ónýta virkjun norður í landi, var sem mest umrætt í þjóðfélaginu, þá var marggengið að ábyrgðarmönnum þessa fyrirtækis, þeirri pólitísku yfirstjórn sem yfir því var, og var óskað eftir svörum frá þeim. Það má draga saman svör þeirra í einni setningu, að þetta væri allt í lagi, þarna væri ekkert að. Nú fyrst kemur opinber niðurstaða um þessi efni og svörin eru algerlega í gagnstæða átt. Það, sem raunverulega segir í þessari bók, í ríkisreikningi fyrir árið 1978, er að fjármálaleg yfirstjórn Krófluvirkjunar hafi verið í molum alla tíð sem nefndin sat, frá árinu 1975 og þangað til hún var leyst frá störfum. En það er eins og er í alkunnu lögmáli, að mönnum er gjarnan sparkað upp á við. Ég held að ég fari rétt með það, að a. m. k. hinn pólitíski armur Kröflunefndar situr í ríkisstjórn að $^{2}/_{3}$ þegar hingað er komið.

Það er sem sagt niðurstaða yfirskoðunarmanna — þeir hafa út af fyrir sig ekki vald til annars — að það sé nánast sama hvar gripið sé niður: Í annan stað hafi verið súrrandi óreiða í þessum efnum og að hinu leytinu hafi fjölmargt af því, sem framkvæmt var, verið framkvæmt í algeru heimildarleysi.

Ég kann ekki svör við því, hvernig þingdeildin á að bregðast við, en þessu er varpað fram til umhugsunar: Það er oft gert þegar menn standa með plögg í höndunum sem þeir út af fyrir sig vilja ekki samþykkja, að þeim er vísað til ríkisstj. Ég a. m. k. vænti þess, að sú fjh.- og viðskn., sem fær þetta plagg til skoðunar, kynni sér það sem í þessari bók stendur. Það má út af fyrir sig segja að þetta sé liðin tíð og ástæðulaust að vera að ýfa þetta neitt frekar upp. En hér er hins vegar um að ræða hluti sem

eiga að vera samfélaginu til eftirbreytni og viðvörunar um ókomin ár.

Ég vil svo ekki, herra forseti, við 1. umr. gera frekari aths. í þessa veru. Ég veit að þingið drúpir höfði þegar þessi Kröflumál ber á góma, og það er eðlilega og efnislega vel hægt að skilja það. Þessu er þann veg farið að menn helst vildu að það hefði ekki átt sér stað. Hér stendur þetta allt saman svart á hvítu og það nálgast reyfaralesningu að lesa frekar upp úr þessu plaggi. Ég vænti þess, að hv. fjh.- og viðskn. taki þessi mál til gaumgæfilegrar skoðunar.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Vilmundur Gylfason var við gamalt heygarðshorn hér áðan og hefur oft sungið og kveðið um Kröfluvirkjun. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga, þó hann rifji upp gamla uppáhaldssöngva sína. Þeir hverfa ekki svo auðveldlega úr minni. En mér var hins vegar ekki alveg fyllilega ljóst hverju hv. þm. vildi sérstaklega koma á framfæri við hv. deild, öðru en að einu sinni hefði verið til Kröflunefnd og þeir, sem hefðu verið í Kröflunefnd, sætu nú í ríkisstj. og um fjármál Kröflu væri getið í ríkisreikningi eins og um fjármál annarra stofnana.

Á bls. 366 í þessari ágætu bók er fjallað talsvert um þá hlið málsins sem hv. þm. var hér að ræða um, þ. e. launamál starfsmanna Kröflunefndar, vegna þess að óeðlilegt og óvenjulegt þótti að ráðherraskipuð nefnd hefði með laun starfsmanna fyrirtækis að gera. Það er sem sagt mjög óvenjulegt í okkar kerfi. En á þessu er auðvitað gefin ákveðin skýring í þessu plaggi, og það er þess vegna kannske rétt, með leyfi forseta, að ég lesi upp þau fáu orð sem um þetta eru. Á bls. 366 segir:

„Hinn 21. júní 1974 skipaði iðnrn. nefnd til að undirbúa jarðgufuvirkjun við Kröflu. Hvorki Kröflunefnd né iðnrn. hafði samvinnu við fjmrn. um laun og önnur kjör vegna starfa við Kröflu. Í fjmrn. var svo á litið að í uppsiglingu væri sams konar fyrirtæki og Landsvirkjun eða Laxárvirkjun, en bein afskipti af launamálum þessara fyrirtækja hefur rn. aldrei haft. Er hið sama að segja um launamál stofnana eins og banka ríkisins og Framkvæmdastofnunar."

Þetta er skýringin á því, að fjmrn. og launadeild þess hafði ekki með þessi launamál að gera, og gat þá enginn annar aðili haft með þau að gera en Kröflunefnd. Eins og mönnum er kunnugt var gert ráð fyrir því í lögum um Kröfluvirkjun, að ríkisstj. fæli væntanlegri Norðurlandsvirkjun, sem yrði sameignarfélag ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi, að annast byggingu virkjunarinnar, og þá hefði þessi stofnun auðvitað annast launamál starfsmanna við Kröflu. En í lögunum var líka gert ráð fyrir því, að meðan slík stofnun hefði ekki verið sett á fót yrði öðrum aðila falið þetta verkefni, og þessi annar aðili reyndist verða Kröflunefnd. Segja má því að þessi meðferð málsins sé fullkomlega í samræmi við þau lög sem gilda um Kröfluvirkjun. Hitt er allt annað mál, að þetta er óvenjuleg málsmeðferð og má kannske taka undir með hv. þm. að þetta sé líka óeðlileg málsmeðferð til lengdar, gat kannske verið eðlilegt til frekar skamms tíma. En það teygðist úr þessu, eins og menn þekkja, og þá fer þetta að verða frekar óeðlilegt fyrirkomulag.

Á bls. 367 stendur, með leyfi forseta: „Hvernig stendur á því, að launagreiðslur starfsmanna Kröflunefndar fóru ekki gegnum launadeild fjmrn. og voru ekki samkv. kjarasamningum ríkisstarfsmanna?" Og svarið er: „Störf Kröflunefndar voru talin bráðabirgðaráðstöfun stjórnvalda uns Norðurlandsvirkjun yrði stofnsett. Taldi nefndin sér því eigi skylt að launamál starfsmanna hennar færu í gegnum launadeild fjmrn., enda enginn vilji fyrir því í rn." — Þetta mun vera svar frá iðnrn.

„Kjör framangreindra starfsmanna voru eðli mála samkvæmt ákveðin samkv. kjarasamningi Félags ráðgjafarverkfræðinga við Verkfræðingafélag Íslands. Kjör vélgæslumanna og þeirra annarra, er talið var að fylgja mundu virkjuninni við yfirtöku rekstraraðila (t. d. Norðurlandsvirkjunar) voru ákveðin samkv. kjarasamr.ingum Landsvirkjunar."

Þetta er orðrétt úr bréfi Rafmagnsveitna ríkisins um Kröfluvirkjun til rn.

„Til viðbótar þessu vill rn. taka fram að álitið var að þessi störf væru svo sérstaks eðlis, að laun fyrir þau féllu ekki undir kjarasamninga ríkisstarfsmanna. Þess vegna voru launin ekki borin undir launadeild."

Ég vildi, herra forseti, að það kæmi skýrt fram, eftir aths. sem kom fram frá hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, að um þetta mál er fjallað ítarlega í þessari þykku bók, ríkisreikningi fyrir árið 1978, og meira sagt um það en það eitt sem hv. þm. nefndi. Það eru augljóslega fullar skýringar gefnar á því, hvernig á þessum málum var haldið.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þegar hæstv. fjmrh. fer að hlaupa í sína gamalkunnu vörn fyrir þær gerðir sem þarna hafa átt sér stað, þá gerir hann það auðvitað ekki sem fjmrh. og ekki sem yfirmaður þeirra stofnana sem undir fjmrn. heyra. Nei, hann gerir það sem gamall Kröflunefndarmaður.

Hann kallar þetta gamalkunnan söng og spyr hvers vegna menn séu að staldra við þetta núna. Í fyrsta lagi er það gert til undirstrikunar því, að það, sem á sínum tíma var sagt um þetta fyrirtæki, hefur reynst vera rétt í smáu og stóru. Í annan stað er vakin athygli á þessu vegna þess að það ætti að vera til viðvörunar eftirleiðis, eins og er sagt hvað eftir annað af yrirskoðunarmönnum þegar þeir eru að gera aths. við einstakar fjármálafærslur í þessum efnum. En í þriðja lagi mætti sennilega draga af því víðtækari pólitískar ályktanir. Á sínum tíma fór þetta valda- og Kröflukerfi allt í samansúrraða vörn fyrir þetta ævintýri, en örlögin hafa engu að síður orðið þau, að Kröflunefnd var skotið upp á við og upp í ríkisstjórn. Það skyldi þó ekki vera samhengi á milli t. d. skipakaupamála allra saman, Iscargomála, mála sem hafa verið að koma upp, og að samfélagið dró ekki réttar ályktanir á sínum tíma af því sem átti sér stað í sambandi við Kröfluvirkjun.

Ég veit ekki hvernig átti að skilja aths. hæstv. fjmrh. áðan. Hann er varla að gera aths. við niðurstöður yfirskoðunarmanna ríkisreikninga sem eru birtar og teknar saman að fengnum svörum ráðuneytanna og m. a. því svari sem hann las upp áðan. Hann vísaði á bls. 366 í reikningum. Að fengnum þessum upplýsingum og lesnu þessu bréfi birta yfirskoðunarmenn sínar niðurstöður á bls. 398 í ríkisreikningnum og áfram. Ég vil hvorki hrella sjálfan mig né aðra hv. þm. með því að vera að lesa þetta upp, en ég vil ekki heldur að ríkisreikningurinn fari fram hjá hv. Nd. öðruvísi en að menn kynni sér það sem þar stendur. Og þessi lesning er reyfari þegar upp er lesið.

Ráðh. spurði, til hvers væri verið að vekja athygli á þessu, og hann sagðist ekki skilja hvað þar byggi að baki. En ég spyr á móti: Hvað á þingið að gera? Og ég spyr

líka: Hvað getur þingið gert í þessum efnum? Það getur undirstrikað og tekið rækilega undir með yfirskoðunarmönnum að þetta sé til viðvörunar eftirleiðis. En ég undirstrika það enn og aftur, að í hv. fjh.- og viðskn. verða menn að skoða mjög vel hvernig á þessu máli skuli haldið og hvort þetta verður afgreitt með einhverjum aths. frá Nd. Ég hygg að það hafi ekki verið gert í Ed., heldur létu menn nægja aths. eins og þær sem ég er að flytja úr ræðustól.

Ráðh. spyr: Til hvers er verið að gera þessar aths.? Ég spyr: Til hvers er þetta kerfi yfirleitt? Til hvers erum við að leggja ríkisreikning hér fyrir? Af hverju erum við að því? Og til hvers er þetta eftirlitskerfi yfirleitt allt saman? Væntanlega á það, eins og sagt er í heilbrigðismálum, að vera fyrirbyggjandi aðgerðir svo að slík saga endurtaki sig ekki. Og það er einmitt tilgangur minn með því að vera að vekja athygli deildarinnar á þessu.

Samandregið er Krófluævintýrið allt saman einhver ægilegasta fjármálasaga þessa ríkis. Það þarf ekki annað en leiða hugann norður í land og leiða hugann að því, hvaða mannvirki þar standa og hvað þau eru að framleiða af orku. En að því öllu slepptu eru yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hér að segja þá sögu, af hverju þetta gerðist, af hverju þetta ævintýri gekk svona lið fyrir lið, allt frá því að nefndin var sett á laggirnar á sínum tíma.

Hér erum við væntanlega á allra næstu dögum að samþykkja nýtt virkjunarævintýri. Eitt af því, sem Kröflusagan á að kenna okkur, er að búa þannig um hnútana að svona ævintýri endurtaki sig ekki. Og þá er verið að tala um smátt og stórt í þessum efnum, eins og yfirskoðunarmennirnir gera aths. við í lið eftir lið á fjölmörgum bls. í lok þessa ríkisreiknings.

Ég vil, herra forseti, að lokum undirstrika það, að ég lít svo á að hér hafi í raun réttri ekki hæstv. fjmrh. verið að tala, heldur hafi það verið gamall Kröflunefndarmaður með þann syndabagga á bakinu sem þátttöku í þeirri nefnd fylgir. Ég vil út af fyrir sig ekki gera neinar aths. við það. Það eru ofureðlileg og mannleg viðbrögð. En ég vil enn beina því til nefndarinnar, að hún athugi sinn gang vel. Umfjöllun um ríkisreikning er til þess að vera til eftirbreytni. Við skulum segja að annar eigi tilgangurinn ekki að vera en að koma í veg fyrir að þessi saga geti endurtekið sig. Hæstv. fjmrh. getur varla verið mér ósammála um þau efnisatriði. Nefndin ætti að búa svo um hnútana, ganga svo frá þeim málum, að hún leggi stein í þá vörðu, að þessi saga endurtaki sig ekki. Og af hverju skiptir það máli? Vegna þess að það er ekki svo að þessar upplýsingar um Kröflunefndina séu að koma fyrst fram núna. Þetta var öllum ljóst fljótlega eftir að Kröflunefndin tók til starfa á sínum tíma. Við þetta voru gerðar aths. í fjölmiðlum. Um þetta var spurt hér á Alþingi. En sannleikurinn var auðvitað sá, að á þeim tíma báru þrír stærstu stjórnmálaflokkarnir með samanlagt 53 af 60 alþm. sameiginlega ábyrgð á þessu ævintýri, og þeir, sem fyrir utan slíka valdablokk standa, eru auðvitað í ákaflega erfiðri stöðu. Aftur og aftur stóð þetta yfirþyrmandi valdakerfi upp og sagði: Þetta er rógur og níð og þarna er ekkert að. En hver er niðurstaðan? Annars vegar ónýtt fyrirtæki fyrir norðan, milljarðafjárfesting sem engu skilar, og hins vegar fjármálasaga sú sem gerð er grein fyrir í þessari bók.

Annað, herra forseti, þarf í raun og veru ekki að segja um þetta. En ég treysti því, að nefndin muni ganga svo frá að það verði lýðum ljóst að Alþingi hefur heldur á móti fjármálaævintýrum af þessu tagi.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Ég vil taka það skýrt fram, að með orðum mínum áðan var ég ekki á nokkurn hátt að gera aths. við hóflegar ábendingar og aths. yfirskoðunarmanna. Ég var hins vegar að vekja athygli á því, að ef menn vildu fræðast um þetta mál væru gefnar fullkomlega eðlilegar og greinargóðar skýringar á því, sem hv. þm. vakti hér máls á, í reikningnum sjálfum og í þeim svörum sem fram koma.

Hv. þm. hefur orðið tíðrætt um nokkuð sem hann hefur kallað Krófluhneyksli. Ég er reiðubúinn að ræða við hann um Kröflumálið hvar og hvenær sem er, nú eða síðar. Ég álít að það veiti ekkert af að ræða það mál betur en gert hefur verið, eins miklu moldviðri og hefur verið þyrlað upp í kringum það mál. Ég álít sjálfur að ef eitthvað á að kalla Krófluhneyksli, þá sé það hneyksli, hvernig hv. þm. Vilmundur Gylfason notfærði sér jarðelda norður í landi til að þyrla upp óvenjulega miklum æsingum og ýkjum og ósannindum í kringum þær framkvæmdir sem þarna voru á ferðinni með þeim afleiðingum að orkuöflun á staðnum var frestað um margra ára skeið, engin tilraun eða svo til engin tilraun gerð til að afla orku á árunum 1977, 1978 og 1979, með þeim afleiðingum að orkuöflunin er orðin langt á eftir áætlun og mannvirki nýtast ekki eins og eðlilegt er. Það var orðið ljóst tæknilega séð á árinu 1977 hvaða aðferðir væru bestar til orkuöflunar við Kröflu, en vegna þeirra æsingaskrifa, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason stóð fyrst og fremst fyrir á sínum tíma, varð ofan á að framkvæmdum við orkuöflun var frestað og þessi framkvæmd hefur því ekki nýst sem skyldi í þágu þjóðarinnar. Það er að vísu rangt að virkjunin skili engum arði, vegna þess að hún hefur auðvitað verið rekin allan tímann, en við ónóga orkuöflun og þar af leiðandi hefur hún ekki getað staðið undir fjármagnskostnaði virkjunarinnar. — Þetta er stóra hneykslið í málinu, hvernig hv. þm. Vilmundur Gylfason notfærði sér eldsumbrot norður í landi í pólitískum tilgangi að styrkja stöðu Alþfl. í kosningunum 1978. Það er Krófluhneykslið í eiginlegri merkingu.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hæstv. fjmrh. tel ég að það sé alveg nauðsynlegt að það komi hér skýrt fram, að grundvöllur þess, að Krófluvirkjun tókst ekki betur en raun ber vitni, var sá, að verkfræðilegar athuganir og tæknilegar athuganir, sem nauðsynlegt var að gera, voru aldrei framkvæmdar. Það var hvorki út af landsumbrotum né skrifum hv. þm. Vilmundar Gylfasonar að svo illa tókst til með Krófluvirkjun sem allir verða að horfa á núna. Það, sem er mála sannast í þeim efnum, er að það var farið út í borun á vinnsluholum og þær virkjaðar löngu áður en eðlilegt gat talist, miðað við þá reynslu sem menn hafa fengið af slíkum virkjunum í öðrum löndum. Það er t. d. yfirlýst af Orkustofnun, að það hefði þurft að láta tilraunaholur blása í a. m. k. eitt ár áður en byrjað var á virkjun. En flýtirinn var svo mikill og asinn svo mikill á mönnum að það var ekki gert.

En það var ekki tilgangur minn með hingaðkomunni að ræða um Krófluvirkjun sem slíka, heldur vildi ég segja það, að hv. þm. Vilmundur Gylfason er ekki einn um að hafa orðið undrandi ef þessi ríkisreikningur fyrir árið 1978 hefði farið þegjandi og hljóðalaust í gegnum Alþingi. Ég tel nefnilega að í þessum ríkisreikningi komi

fram svo alvarlegar aths. frá endurskoðunarmönnum að þingið sóma síns vegna geti ekki látið þennan ríkisreikning fara í gegn athugasemdalaust. Það er nánast algerlega útilokað og væri ekki bara siðleysi af þinginu, heldur þvílík samábyrgð þeirra flokka, sem hér standa að, að það væri nánast dæmalaust.

Ég vil t. d. biðja menn um að fletta upp á bls. 398 í ríkisreikningnum og lesa aths. um fjármál Kröfluvirkjunar sem þar koma fram, aths. og niðurstöður skoðunarmanna ríkisreiknings. Ég held að í þessu máli hafi reynst satt það sem sagt hefur verið, að það er ekki sama Jón og séra Jón. Hér eru á ferðinni alvarleg mál, þó ekki væri annað en það sem snýr að hæstv. forsrh. þegar hann er iðnrh. og veitir leyfi til yfirvinnugreiðslna sem eiga líklega engan sinn líka. Ég vil bara nefna það sem hér stendur svart á hvítu, og ég verð að segja það alveg eins og er, að það undrar mig mjög að fjölmiðlar t. d. skuli ekki hafa tekið eftir aths. í ríkisreikningi sem eru auðvitað stórkostlega fréttnæmar.

Ég vil minna á það sem segir á bls. 398, með leyfi forseta: „Óeðlilegt verður að telja að nefndir skipaðar af ráðh., eins og Kröflunefnd, skuli hafa vald til þess að ákveða laun og önnur kjör starfsmanna sinna í trássi við fjmrn."

Aths. yfirskoðunarmanna er: Til viðvörunar eftirleiðis.

Síðan kemur fram á bls. 399, með leyfi forseta: „Á hinn bóginn liggur bréflega fyrir að leyfi iðnrh. var fyrir greiðslu yfirvinnu framkvæmdastjóra Kröflunefndar. Verður því við svo búið að standa."

Það er ekkert hægt að hreyfa. Við getum lesið áfram. Við getum litið á það sem stendur enn fremur um þennan launalið, og ég les, með leyfi forseta:

„Svarið sannar að laun og starfskjör á ekki að ákveða munnlega milli ráðh. og starfsmanns. Aths. er til viðvörunar."

Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Fjmrn. ítrekar fyrri úrskurð sinn, „að tiltekinn forstöðumaður ríkisstofnunar, sem jafnframt var þm., ætti ekki rétt á greiðslu fyrir yfirvinnu hjá stofnun sinni", en svarar aths. ekki að öðru leyti. Eins og málið er vaxið verður við svo búið að standa."

Það má lesa í þessum aths. aths. um allt mögulegt í fjármálum Kröfluvirkjunar. Það bílaleigukostnaður, það eru flugferðir, það er símakostnaður, það er húsaleigusamningur og það er fleira og fleira.

Ég verð að segja það um hæstv. fjmrh., að hann hefur þó manndóm í sér til þess að kannast við að hafa verið í Kröflunefnd, og sé hann meiri maður fyrir. En aðrir þegja þunnu hljóði. Aðrir þegja nefnilega þunnu hljóði, og kannske er það það alvarlegasta í þessu máli, að þegar fram koma svona alvarlegar aths. við ríkisreikning frá yfirskoðunarmönnum á að renna honum í gegnum þingið þegjandi og hljóðalaust. Það á enginn að veita þessu eftirtekt, hinar gömlu syndir séu fyrigefnar með því að yfirskoðunarmenn segi að málið sé til viðvörunar eða við svo búið verði að standa. Það gengur auðvitað ekki að hið háa Alþingi, Alþingi Íslendinga, löggjafarsamkundan, láti svona lagað gerast. Það gengur ekki.

Það má kannske segja það með nokkri kaldhæðni, að það vildi Alþfl. til láns, varð honum til happs, að hann átti ekki aðild að þeirri nefnd sem hér átti hlut að máli. Ég get spurt sjálfan mig og aðra að því: Hefði þetta mál nokkru sinni komið til umr. á hinu háa Alþingi ef þannig skyldi hafa viljað til að Alþfl. hefði átt fulltrúa í þessari nefnd? Er þetta svokallað samtryggingarkerfi okkar svo samannjörvað að við séum tilbúnir og fúsir til að þegja þunnu hljóði yfir hverju sem er bara vegna þess að við áttum þátt í því?

Ég tek undir það, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði áðan, að ég vænti þess, að hv. fjh.- og viðskn. athugi þetta mál mjög gaumgæfilega.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ekki skal ég hafa á móti því að gangast við því, að ég hafi verið í Kröflunefnd. Ég hélt að það væri alveg óþarfi að lýsa því sérstaklega yfir hér, hverjir þar hafi verið. Ég held að það viti allir.

Ég hef ekkert á móti því, að hv. þm. ræði ríkisreikninginn og geri aths. eins og þeim sýnist og þóknast við það efni. Það finnst mér ósköp eðlilegt. Það voru dálítið undarleg orð hjá hv. 6. þm. Norðurl. e. í lokin um að menn þegðu hér þunnu hljóði. Látum svo vera. Ég hafði enga sérstaka ástæðu til að fara að taka þátt í þessum umr. á þessu stigi vegna þess að komnar voru fram þær skýringar við aths. hv. þm. Vilmundar Gylfasonar sem ég held að hafi dugað eins og umr. lá þá fyrir. Og fleira kom fram hjá hv. þm. Árna Gunnarssyni, fyrst og fremst það sem hann sagði í lokin, að það ætti að renna þessu máli í gegn þegjandi og hljóðalaust. Þetta er alger misskilningur. Þetta mál er búið að liggja býsna lengi fyrir þinginu. Það er nú tekið til umr. og getur hver og einn af 40 dm. tekið þátt í umr. um það, ef þeir vilja, og það er alveg sjálfsagt að við gerum það. Ég skal taka þátt í þeirri umr. Ef menn vilja fara að rekja Kröflumálið frá upphafi til enda skal ég fúslega taka þátt í þeirri umr. — mjög fúslega. Ég kann dálítið fyrir mér í þeirri sögu, þó nokkuð, og ég skal taka fyllilega þátt í því. Það eru engin vandræði með það.

Hv. þm. Árni Gunnarsson var að reyna að gefa skýringu á því, hvers vegna svo illa hefði tekist til með Kröflu sem reyndin varð, og að sumu leyti voru skýringar hans réttar. Sannleikurinn er sá, að það voru ýmsir annmarkar á ráðgjöfinni sem Kröflunefnd og iðnrn. fengu í sambandi við þessa virkjun. Því miður er hægt að rekja mestu skyssurnar um ráðgjöfina beint til Orkustofnunar og þeirra manna sem þar hafa unnið frá upphafi. Það er óskaplega auðvelta að rekja það beint til þeirra. Þaðan komu fyrst og fremst ráðleggingarnar um hvernig unnið skyldi að þessu máli og að því skyldi staðið. Þetta er sannleikurinn. Ég held þess vegna að það sé vissulega ástæða til þess einhvern tíma að ræða þetta mál og reyna að gera sér grein fyrir því, hvernig stóð á þeim mistökum sem þarna urðu, sem vissuleg er hægt að gera, og má m. a. rekja til Orkustofnunar og þeirra sem þar réðu og lögðu á grundvallarráðin í því efni. Það er sannleikurinn. Hitt kom svo líka til, að þegar farið var að vinna að framkvæmd Kröfluvirkjunar komu í ljós margs konar tæknierfiðleikar sem þeir menn, sem tóku að sér að vinna verkið, fyrst og fremst starfsmenn Orkustofnunar, voru ekki menn til að leysa. Þeir kunnu ekki fyrir sér í verkunum þegar til kom. Og ekki skal ég neita því, að auðvitað hafði það sín áhrif og vafalaust mjög mikil áhrif þegar eldsumbrotin urðu á svæðinu fljótlega eftir að hafist var þarna handa og allt fram undir þennan dag. Auðvitað hafði það sín áhrif á hvernig fór um þessa framkvæmd. En því miður verður að segjast eins og er, að kannske var meginástæðan sú, að við margir tókum tæknimenn og

svokallaða vísindamenn allt of trúanlega um það, hvað hægt væri að gera og hvernig framkvæma mætti á þessu háhitasvæði.

Þetta er þáttur sem menn hafa ekki fengist almennilega til að ræða, heldur reynt að koma höggi á ýmsa stjórnmálamenn sem stóðu að þessu og í nefndinni voru o. s. frv. Hefur sjálfsagt verið auðvelt að gera það í mörgum tilfellum. Ég held að það væri nær, ef menn vilja fá almennilega yfirsýn yfir þetta mál, að rekja það frá grunni og tengja saman alla þætti Kröflumálsins allt frá upphafi til enda.

En hvað varðar svo aths. við ríkisreikninginn, um það hef ég ekkert að segja og ekkert að athuga við það. Mér finnst að þær aths. séu fullkomlega eðlilegar, og það er líka fullkomlega eðlilegt að þm. ræði á þessu stigi ríkisreikninginn og m. a. þær aths. sem koma frá hendi yfirskoðunarmanna. Það er ekkert eðlilegra en svo sé. Þetta mál getur auðvitað fengið sína eðlilegu og þinglegu meðferð. En ég held að það væri mjög óheppilegt að ætla að fara að blanda endilega inn í þennan reikning og umr. um þennan reikning sögu alls málsins og vera þar með ásakanir eða óþarfar ásakanir fram yfir það sem réttmætt er í sambandi við þessar umr.

En það er alveg sjálfsagt að rifja þessi mál upp og ræða Kröflumálið. Það getur vel verið að það geti orðið framhaldssaga árlega hér á þingi og í blöðum næstu ár, svo lengi sem við yfirleitt drögum lífsandann. Það má vel vera og þá er sjálfsagt að taka þátt í því. En þá mun ég a. m. k., að svo miklu leyti sem ég tek þátt í því, reyna að gefa þær skýringar sem ég hef og mér finnst stundum að menn fáist ekki til að leiða hugann að og því miður oft vegna þess að þeir eru þá með einhverja pólitíska glýju í augum.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Í þessu efni verða menn auðvitað að gera skýran greinarmun annars vegar í fjármálasögu þessa fyrirtækis, sem í þessari bók er rakin að hluta, og hins vegar virkjunarsögunni sjálfri og vísindalegum þáttum hennar. Það er auðvitað rétt hjá hæstv. menntmrh., að þessu tvennu má ekki rugla saman.

Hæstv. forseti spurði hvort ég vildi bera af mér sakir. Hæstv. fjmrh., sem hér í ræðustól umhverfðist úr embætti fjmrh. og yfir í það að vera gamall Kröflunefndarmaður, það er hrikaleg ummyndun sem þar á sér stað, — hann segir, að hneykslið í Kröflumálunum hafi verið æsingaskrif tiltekinna manna, og nafngreinir þar einn sérstaklega, og það er hv. 9. þm. Reykv. sem þar er nafngreindur. Nú er það svo, að fjölmargir, og þá einnig vísindamenn, vöruðu á þeim tíma við því, sem þarna var að gerast. Það voru þá væntanlega æsingamenn líka. Það má þylja upp nafnarunu, nöfn manna ofan úr háskóla og víðar að, en afar minnistæðar eru mér greinar skrifaðar af þekkingu og nákvæmni, efniviður sóttur víða að, þar sem varað var við því, sem þarna var að eiga sér stað, sem birtust í opnu Þjóðviljans á árinu 1977. Höfundur var þá náttúrufræðingur í Neskaupstað, Hjörleifur Guttormsson, núv. hæstv. iðnrh. Og hafi menn valdið hneyksli með æsingum, eins og svo smekklega var hér orðað af hæstv. fjmrh., af fyrrv. Kröflunefndarmanni, svo að ég sleppi titlatogi, var einn af æsingamönnunum og einn af skemmdarverkamönnunum og einn af þeim sem þyrluðu upp ryki, einn af þeim, sem reyndu að espa fólk upp í þessu máli, Hjörleifur Guttormsson, þá náttúrufræðingur í Neskaupstað. Þetta vil ég að hæstv. fjmrh. taki til athugunar. Það er hins vegar óviðkomandi þeirri fjármálasögu sem rakin er í þessari bók.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Hæstv. menntmrh. sagði áðan að hann væri reiðubúinn að ræða Kröflumálið frá upphafi til enda. Ég held það væri örðugt að gera það. Sjálfsagt er hægt að byrja á upphafinu, en ég held að hæstv. ráðh. geti alls ekki rætt um endinn. Mér er ekki kunnugt um að neinn endir sé kominn á það mál enn. Það kom fram í svari, sem hæstv. iðnrh. gaf við fsp. frá mér fyrr á þinginu í vetur, að menn eru enn þá ekki komnir lengra aftur með þetta mál en til ársins 1999 í sambandi við áætlanir um orkuöflunarframkvæmdir, og jafnvel þá gera menn ekki ráð fyrir að neinn endapunktur sé kominn á Kröflumálið. Ég held því að það verði harla erfitt fyrir hæstv. menntmrh. að rekja málið frá upphafi til enda. Ég veit ekki til þess, að hæstv. menntmrh. sjái öðrum mönnum fremur fram á næstu öld.

Þá kom einnig fram í svari hæstv. iðnrh. í vetur hver kostnaðurinn við framkvæmdirnar er orðinn. Ég held að ég muni það rétt, það má sjálfsagt fletta því upp í umr. frá Alþingi, en ég held að ég muni það rétt, að orkuverðið frá Kröflu þyrfti að vera um 300% hærra en það er til að virkjunin stæði undir sér, þessi virkjun sem átti að vera farin að veita birtu og yl inn í hús landsmanna fyrir mörgum árum.

Þá vil ég einnig minna menn á að það er rétt, sem hv. þm. Vilmundur Gylfason sagði áðan, að það voru ekki aðeins stjórnmálamenn sem höfðu ýmislegt við virkjunarframkvæmdirnar að athuga frá upphafi. Það gerðu einnig sérmenntaðir menn, bæði á sviði jarðvísinda og á sviði fjármála og efnahagsmála. Mér er það enn í fersku minni að í útvarpsumr. lýsti málflytjandi Alþfl. í þeim umr., dr. Gylfi Þ. Gíslason, yfir að hann teldi fyrirsjáanlegt að ef haldið yrði áfram með óbreytt fyrirkomulag á þeim Kröflumálum væri hætta á að Kröfluvirkjun yrði eitt mesta fjármálahneyksli sem yfir okkur Íslendinga hefði dunið.

Ég man einnig eftir því, að við Alþfl.-menn fluttum till. um það á Alþingi þegar jarðhræringarnar hófust á virkjunarsvæðinu, og þá var ekki búið að gera bindandi samninga um vélakaup né annað og aðeins risið lítið af þeim mannvirkjum sem risin eru norður við Kröflu, að frekari framkvæmdum yrði frestað við virkjunina á meðan menn sæju hvað ætlaði að verða úr þessum jarðhræringum. Og við lögðum hér fram — ég gerði það sjálfur — mat lögfræðinga. Ég man eftir því, að ég leitaði álits Sigurðar Líndals á því, hvort Íslendingar gætu óskað eftir því við það tækifæri varðandi samninga, sem menn höfðu gengið frá að nokkru leyti, m. a. um vélakaup frá Japan, að greiðsluskilum samkv. þeim yrði frestað vegna þeirra aðstæðna sem orðið hefðu á virkjunarsvæðinu eftir að jarðhræringarnar hófust þar. Það var sammála álit þeirra lögfræðinga sem leitað var til, að Íslendingar hefðu vissulega full rök fyrir beiðni um slíka frestun. Það var ekki ákvörðun vísindamannanna í Orkustofnun að hafa þessar tillögur okkar Alþfl.-manna að engu. Það var ákvörðun hv. Kröflunefndar.

Ég vil benda í þessu sambandi á það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði í vetur á Alþingi við annað tækifæri þegar rætt var um flugmál og afskipti ráðh. af þeim málum, að ráðherrar þeir, sem fara með almannavald í landinu, verða auðvitað að gera sér grein

fyrir því, að einhverjir menn verða að standa ábyrgir gagnvart almenningi. Ef t. d. virkjunarframkvæmd tekst vel er sjaldnast bið á að það gefi sig fram valdsmaður sem sé reiðubúinn að taka ábyrgðina á vel heppnaðri framkvæmd og láta taka af sér ljósmyndir þar sem hann styður á takkann og hleypir öllu í gang. En ég vil minna menn á að þeir hafa keppst um það, almannavaldið í þessum Kröflumálum, að velta ábyrgðinni hver af öðrum. Ráðherra þeirra mála, núv. hæstv. forsrh., þóttist enga ábyrgð hafa borið á hvernig til tókst. Kröflunefnd, sem átti að sjá um framkvæmdirnar, sagðist enga ábyrgð hafa á þeim borið. Rafmagnsveitur ríkisins, sem áttu að sjá um hluta framkvæmdanna, sögðust enga ábyrgð bera á málinu. Orkustofnun, sem átti að sjá um annan hluta, sagðist enga ábyrgð bera á hvernig málið væri komið.

Í grónum þingræðislöndum, eins og í Bretlandi, telst sjálfsagt að almenningur í landinu geti gengið að einhverjum aðila sem telst vera ábyrgur fyrir ákvörðunum stjórnvalda, eins og gerðist t. d. í Falklandseyjamálinu í vetur þegar utanrrh. Breta sagði af sér og lýsti yfir að auðvitað yrði að gera kröfur til þess, að einhver valdsmaður í ríkisstj. gengist við ábyrgð á ákvörðunum sem hefðu reynst vera rangar. En í okkar stjórnkerfi er enginn ábyrgur nema þegar vel gengur. Ef mistök eru gerð, eins og t. d. gerðist við Kröflu, eða eitthvað fer öðruvísi en ætlað er, eins og t. d. var þar, er enginn sem vill við ábyrgðinni gangast. Í því sambandi er ég ekki að gera kröfur um að einn eða annar segi af sér eða láti af opinberu embætti eða neitt í þeim dúr. En að almenningur í landinu skuli ekki geta gengið að neinum sem talist getur ábyrgur fyrir því að búið sé að skuldbinda Íslendinga til að taka á sig stórkostleg fjárútlát á hverju einast ári vegna mistaka í framkvæmdum, sem ekki er séð fyrir endann á þótt komið sé allt aftur til ársins 1999, þar tel ég ekki ná nokkurri einustu átt.

E. t. v. er það dæmigert um það stjórnarfar sem við búum við, að æðsti yfirmaður allra Kröflufframkvæmdanna, sá sem menn hljóta fyrst að leita til ef menn spyrja og vilja fá svar við því, hvernig stendur á, að svona fór, og hver er ábyrgur fyrir því, situr nú í embætti forsrh. Íslands. Varaformaður Kröflunefndarinnar, sem talaði hér áðan um að Íslendingar hefðu ekki þá búið yfir nægilegri vísindalegri þekkingu til að hefja þessar framkvæmdir, hvað er hann nú? Hann er vísindamálaráðherra í landi voru, hæstv. menntmrh., yfirmaður allra vísindamála, — varaformaður Kröflunefndar. Og þriðji Kröflunefndarmaðurinn, sem situr hér á þingi, er æðsti yfirmaður fjármála þjóðarinnar. Það má með nokkrum rétti halda því fram, að Kröflunefnd hin sáluga stjórni nú Íslandi. Hún fer nú með æðsta vald sem nokkrum einstaklingum er fengið í landi voru á opinberum málum, og sjálfsagt eru þeir félagar reiðubúnir að taka á sig ábyrgð, sérstaklega þegar vel gengur.

Herra forseti. Ég ætla ekki að ræða þetta mál frekar, enda tel ég það varla eiga heima hér. Þetta sagði ég aðeins að gefnu tilefni. Við höfum áður fengið ríkisreikninginn til skoðunar. Hann fengum við að mig minnir á árinu 1979, að vísu án aths. yfirskoðunarmanna. Nú fáum við ríkisreikning ársins 1978 á nýjan leik með aths. yfirskoðunarmanna. Ég er ekki einn um að telja að Alþingi gefi sér of lítinn tíma til að fjalla um ríkisreikninginn. Þá á ég ekki bara við þær aths. sem yfirskoðunarmenn ríkisreikningsins gera. Þá á ég enn fremur við það og ekki síður, að það gerist ítrekað í sambandi við ríkisfjármálin að ríkisreikningurinn sýnir allt aðra mynd af fjármálum ríkisins en fólgin er í þeirri áætlun um ríkisbúskap sem gerð er í fjárlögum. Það kemur t. d. mjög ítrekað fyrir í sambandi við ríkisreikning að hann sýni að raunverulegur kostnaður ríkisins við tiltekin störf og embætti er miklu meiri en gert er ráð fyrir í áætlun fjárlaga. Samt sem áður er því gjarnan svo háttað, að þegar fjárlög eru gerð milli ára er alltaf byggt á síðasta árs fjárlagaáætlun og tölur samkv. síðasta árs fjárlagaáætlun eru hækkaðar í einhverju ákveðnu hlutfalli, þó svo að ríkisreikningur til langs tíma sýni að málum sé allt öðruvísi háttað. T. d. hefur það um langan aldur gerst, að útgjöld við löggæslu, raunverulegur löggæslukostnaður, eru miklu meiri en áætlun fjárlaga gerir ráð fyrir. Ég vil sérstaklega taka fram til að firra misskilningi, að hér er ekkert óeðlilegt á ferðinni. Hér er ekki um það að ræða að yfirvöld löggæslumála séu að stýra sínum málum með óeðlilegum hætti. Gagnrýnin er ekki um það, heldur hitt, að raunverulegur kostnaður, t. d. við löggæsluna, er miklu meiri en áætlunin gerir ráð fyrir sem gengið er út frá við fjárlagagerð. Þegar menn eru að reisa áætlunargerð sína, sem menn gera í fjárlögum, eiga menn auðvitað að taka mið af hinni raunverulegu mynd sem ríkisreikningur sýnir. Það hafa menn hins vegar ekki gert og því segi ég að Alþingi gefi sér alls ekki nægan tíma til að fjalla um ríkisreikninginn sem sýnir raunverulega afkomu ríkissjóðs og raunverulegan kostnað við ríkisútgerðina, miðað við þann mikla tíma sem Alþingi tekur sér til að fjalla um áætlunargerðina um þessi efni sem fólgin er í fjárlögum. Væri ráð að athuga að gera þá breytingu á þingskapalögunum, að í stað þess, að ríkisreikningur færi hér inn í deildir og til meðferðar í fjh.- og viðskiptanefndum beggja deilda þingsins, færi hann að sjálfsögðu sömu leið og fjárlögin sjálf, þ. e. væri tekinn til umr. í Sþ. og færi þaðan til skoðunar í fjvn., sem gengur frá fjárlagaáætluninni í fjárlögum, þannig að fjvn. hafi í sínum höndum áætlunargerðina annars vegar í fjárl. og raunveruleikann hins vegar í ríkisreikningi og geti miðað fjárlagagerð sína við raunverulegar tölur ríkisreiknings.

Í sambandi við athugasemdir skoðunarmanna ríkisreiknings vil ég samt taka annað fram og vekja athygli manna á því, að það hefur nýverið verið afgreitt sem lög frá Alþingi frv. frá einum þm. Alþfl., hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, sem gerir ráð fyrir mjög verulegum breytingum á lögum um fjárlög og ríkisreikning. Það ætti að geta gert það stjórntæki, ríkisreikninginn, að miklu betra tæki til aðhalds og eftirlits en áður, að þau lög hafa verið afgreidd. Hér er um að ræða frv. sem nýlega hefur verið afgreitt sem lög frá Alþingi, þar sem gert er beinlínis ráð fyrir því, að auk þeirra upplýsinga, sem hingað til hafa komið fram í ríkisreikningi, upplýsi ríkisreikningur eftirfarandi: Í fyrsta lagi þann mismun sem er á fjármálum stofnana milli annars vegar áætlunargerðar í fjárl. og hins vegar raunverulegrar niðurstöðutölu í ríkisreikningi og geri þm. jafnframt grein fyrir aths. og skýringum fjárlaga- og hagsýslustofnunarinnar á þeim mismun. Í öðru lagi eru lagabreytingarnar á þá lund, að ávallt fylgi með í ríkisreikningi upplýsingar frá hverri stofnun ríkisins og hverju ríkisfyrirtæki: í fyrsta lagi um allar yfirvinnu- og aukavinnugreiðslur sem greiddar eru, í öðru lagi um allan risnukostnað sem viðkomandi stofnanir hafa greitt, í þriðja lagi um allan bifreiðakostnað sem greiddur hefur verið af viðkomandi stofnunum og í

fjóðra lagi um allan ferðakostnað og dvalarpeninga, hvort heldur er af ferðum erlendis eða innanlands, sem viðkomandi stofnanir ríkisins hafa greitt.

Ef þessi lög hefðu verið samþykkt fjórum árum fyrr væru menn nú, á árinu 1982, ekki að ræða um þau atriði varðandi aths. yfirskoðunarmanna við ríkisreikning frá árinu 1978 sem menn eru nú að ræða. Þá mundu þær upplýsingar hafa legið frammi þegar í ríkisreikningi árið 1979 á meðan umrætt mál var ferskt og enn til umræðu. En auðvitað þýðir ekki að sýta að svo var ekki. Meginatriðið er það, að m. a. vegna þeirrar reynslu, sem menn hafa fengið af færslu ríkisreiknings í núverandi mynd, hefur Alþingi talið nauðsynlegt og fallist á að samþykkja tillögur um breytingar á uppsetningu ríkisreiknings og um fyllri upplýsingar, m. a. um atriði sem er verið að gera aths. við fjórum eða fimm árum eftir að viðkomandi málatilbúnaður átti sér stað. Vissulega er það ánægjulegt fyrir okkar Alþfl.-menn, að ábendingar okkar skuli þó hafa náð að skila þeim árangri, að Alþingi hafi talið rétt að gera þessar breytingar. Ríkisreikningur er opinbert plagg, sem allir geta fengið að líta í og geta þá betur og fyrr aflað sér upplýsinga um kostnað í ríkisrekstrinum en hægt hefur verið hingað til.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég ætla að biðja hv. þdm. að biðja um orðið í tíma þannig að ég sé ekki alltaf við það eða búinn að slíta umr. áður en þeim dettur í hug að biðja um orðið.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Meðan umr. er ekki lokið er óhætt fyrir hv. þm., held ég, að biðja um orðið. En ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hér hljóðs, eru þau ummæli hæstv. menntmrh., sem hann viðhafði áðan í sinni ræðu, sem mér finnast talsvert alvarleg, ekki síst þegar þau koma frá hæstv. ráðh. og varaformanni Kröflunefndar á sínum tíma, en hann fullyrti að það, sem miður hefði farið í framkvæmdum við Kröflu á sínum tíma, væri starfsmönnum Orkustofnunar að kenna, þeir hefðu ekki verið starfi sínu vaxnir. Mér finnst þetta nokkuð djúpt í árinni tekið, vægast sagt, og ástæða til að vekja á því athygli. Og ekki bara það: það er ástæða til að spyrja t. d. hæstv. fjmrh., ef hann væri nú hér inni, og hæstv. forsrh., væri hann hér inni líka, sem hvorugur er, álits þeirra á þessum fullyrðingum hæstv. menntmrh. Það vill svo til að núv. hæstv. forsrh., eins og hér hefur komið fram, var iðnrh. á þeim tíma sem þetta gerðist. Það væri ástæða til að fá við því svör frá þessum tveimur hæstv. ráðh., hvort þeir séu sammála menntmrh. í þeim ásökunum, að það, sem miður hafi farið í framkvæmdum við Kröflu, sé starfsmönnum Orkustofnunar einum að kenna, þeir hafi ekki verið starfi sínu vaxnir.

Ef þetta er rétt hlýtur að vakna sú spurning, hvort Orkustofnun sé í raun og veru treystandi fyrir framkvæmdum í þessum efnum. Slík spurning hlýtur að vakna þegar svona fullyrðingar koma, ekki síst þegar þær koma frá hæstv. ráðh. og einstaklingum sem ættu að vera málum kunnugir vegna þess að þeir voru í Kröflunefnd á sínum tíma.

Ég hefði gjarnan viljað óska eftir því, að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. svöruðu því hér, hvort þeir séu sammála hæstv. menntmrh. um að allt það, sem miður fór við Kröflu í framkvæmdum, sé einvörðungu starfsmönnum Orkustofnunar að kenna vegna þess að þeir hafi ekki verið starfi sínu vaxnir. Þetta eru svo stór orð og svo mikil áburður á viðkomandi einstaklinga og stofnun að ég held að nauðsynlegt sé að fá um það yfirlýsingar hvort aðrir, sem þarna áttu hlut að máli á svipaðan hátt og hæstv. menntmrh., séu sömu skoðunar.

Menntmrh. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Mér þykir leitt að þurfa að fara að endurtaka það sem ég var að segja áðan, en að gefnu tilefni fór ég að rifja aðeins upp ástæðurnar fyrir því, hversu illa tókst til við Kröflu. Ef hv. 6. landsk. heldur að ég ætli að taka aftur orð mín hér um Orkustofnun og það fólk sem þar vinnur eða vann fyrir nokkrum árum, þá er það alger misskilningur.

Höfuðatriðið hjá mér var sem sagt að benda á að Orkustofnun átti ákaflega mikinn þátt í því, að ráðist var í þessa virkjun. Það var Orkustofnun og hennar fólk sem hafði unnið að undirbúningi þessa máls, gert svokallaðar vísindalegar rannsóknir árum saman, og það var algerlega byggt á áliti Orkustofnunar þegar ráðist var í þessa virkjun. Þegar kom til þess að vinna verkið, og þá á ég fyrst og fremst við að bora, voru það menn frá Orkustofnun sem unnu það verk, og því miður kom í ljós að þeir voru ekki vanda sínum vaxnir. Það verður að segjast eins og er. Það kom í ljós að þeir voru óvanir að bora á háhitasvæði, þeir kunnu ekki þá tækni, þegar til kom, sem til þess þarf að bora á slíkum svæðum. Þetta ætla ég að endurtaka hér aftur ef hv. þm. Karvel Pálmasyni er ljúft að heyra það enn á ný, og ég skal svara fyrir þessi orð mín hvar og hvenær sem er.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 28 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 28 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 26 shlj. atkv. og til iðnn. með 26 shlj. atkv.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, frv. (þskj. 422, n. 792). — 2. umr.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. sem liggur fyrir á þskj. 792, en það er um frv. til l. um breytingu á lögum um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum og geislatækjum.

Þetta frv. er stutt. Efni þess er að með þessari breytingu er tekið upp eftirlit með innflutningi og notkun geislatækja er framleiða útfjólubláa geisla, m. a. er þar um að ræða sólarlampa af öllu tagi, og heimilað að eftirlit sé haft með innflutningi og notkun annarra sambærilegra geislatækja.

Þetta mál hefur þegar hlotið afgreiðslu í Ed. og var einróma samþykkt að mæla með samþykkt þess. Heilbr.- og trn. Nd. hefur orðið ásátt um að mæla með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 541, n. 793, 794). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Heilbr.- og trn. hefur fjallað um efni þessa frv. og orðið sammála um að mæla með að það verði samþykkt með þeirri breytingu sem nefndin flytur á þskj. 794 og er við 1. gr. frv., að orðin „sem í þeim er geymt" falli niður þannig að upphaf 1. gr. hljóði: „Allar húseignir og lausafé, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki" o. s. frv.

Þetta frv. er undirbúið af nefnd, sem heilbr.- og trmrh. skipaði, og er byggt á niðurstöðum þess nál. Það felur í sér víðtækar breytingar frá gildandi lögum, en lögin um Viðlagatryggingu Íslands voru samþykkt á árinu 1975 og voru nýmæli í tryggingastarfsemi. Þau lög náðu til allra vátryggingarskyldra húseigna og lausafjár, þar með taldar vörubirgðir, vélar og tæki sem brunatryggðar eru hjá vátryggingarfélagi er starfsleyfi hefur hér á landi. Tryggingaskyldan náði þá einnig til lausafjár sem tryggt er það sem kallað er samsettri tryggingu er innifelur brunatryggingu, enda átti slík trygging að flokkast undir eignartryggingar.

Þegar lögin um Viðlagatryggingu voru sett voru starfandi í landinu tveir sjóðir sem höfðu það hlutverk að veita aðstoð vegna tjóna af völdum náttúruhamfara. Viðlagasjóður, sem starfaði samkv. lögum frá 27. mars 1973 og 28. febr. 1975, hafði það hlutverk að bæta tjón af völdum eldgossins í Vestmannaeyjum og snjóflóðanna í Neskaupstað. Þegar þessum verkefnum var lokið, sem mátti gera ráð fyrir að yrði í árslok 1976, sem varð, þá var gert ráð fyrir að starfsemi Viðlagasjóðs yrði lögð niður og eignir og skuldir, eins og þær þá voru, áttu að renna til Viðlagatryggingarinnar. Hinn sjóðurinn, sem fjallaði um lík efni, var Bjargráðasjóður sem starfað hefur mjög lengi og starfar enn, en Bjargráðasjóði er skipt í tvær deildir, almenna deild og svokallaða búnaðardeild.

Fjárhagsaðstoð beggja þessara deilda er ýmist fólgin í styrkveitingum eða veitingu vaxtalausra lána. Lögin um Viðlagatryggingu gerðu ráð fyrir að eingöngu yrði um eignatryggingu að ræða, sem á að bæta tjón af völdum tiltekinna náttúruhamfara, og því hefur starfsemi Viðlagatryggingar ekki gripið inn á svið Bjargráðasjóðsins. Þó liggur skýrt fyrir að tryggingin hefur létt mjög á almennri deild Bjargráðasjóðs þar sem Bjargráðasjóður hefur yfirleitt ekki veitt lán eða styrki þegar vátrygging er fyrir hendi.

Tilgangurinn með lagasetningunni um Viðlagatryggingu Íslands var að vera fyrir fram viðbúinn með fjármagn og reglur um, hvernig eigi að bæta ef menn verða fyrir eignatjóni af völdum náttúruhamfara, og um leið að tryggja að allir sitji við sama borð í þessu efni. Tjón, sem einstaklingur bíður af völdum náttúruhamfara, er jafntilfinnanlegt fyrir hann, hvort heldur hann verður einn fyrir því eða fleiri samtímis.

Ég hygg að óhætt sé að fullyrða að lögin um Viðlagatryggingu hafi reynst vel. Það var hins vegar jafnsjálfsagt að fara gætilega af stað með þá tryggingu á sínum tíma. Þá er það núna jafnsjálfsagt, þegar skapast hefur reynsla og þessi trygging er nokkuð sterk að auka tryggingasviðið, eins og gert er ráð fyrir með þessu frv.

Ég vil benda á tiltekin atriði sem mér þykir rétt að vekja athygli á í sambandi við væntanlega setningu reglugerðar um Viðlagatryggunguna. Það er í sambandi við að það bætist við þær eignir, sem skylt er að tryggja, og jafnframt er heimildarákvæði um frjálsa tryggingu á öðrum eignum. Þau mannvirki, sem bætast við í skyldutryggingu, eru hvergi skráð á einum stað og ekkert opinbert mat er til á verðmæti þeirra eða endurbyggingarverði. Hins vegar er um að ræða tiltölulega vel skilgreindan flokk mannvirkja sem ætla má að sé nokkuð auðvelt að ná til skráningar. Á hinn bóginn er að öllum líkindum erfiðara að fá upplýsingar um endurbyggingarverð, en það skal vera vátryggingarverð þessara mannvirkja. Spurning er hvort orki ekki tvímælis að nota hér endurbyggingarverðið sem vátryggingarverð þar sem mannvirkin, sem hér um ræðir, ganga úr sér og þurfa endurnýjunar við á vissu árabili.

Í sambandi við, að fjölgað hefur tryggðum eignum, vaknar einnig spurningin um skilgreiningu á eigin áhættu vátryggðs. Það er ljóst, að ýmis sveitarfélög munu tryggja hitaveitur, vatnsveitur, skolpveitur, rafveitur og fleiri mannvirki. Eigin áhætta vátryggðs er að lágmarki 50 þús. kr. eða samtals 50 þús. kr. fyrir hvert einstakt mannvirki. Sama gildir um raforkuvirki og símavirki. Þá er spurningin: Á að líta á allt símakerfið og dreifikerfi sjónvarps og hljóðvarps sem eina heild eða á að brjóta þau niður í smærri einingar með eigin áhættu? Þetta tel ég æskilegt að sé skilgreint nánar í reglugerð þannig að tvírætt verði í framkvæmdinni.

Í lögum, eins og þau eru núna, er gert ráð fyrir lögveðsrétti vegna iðgjalda af tryggingum húseignar í hinni tryggðu húseign ásamt lóð eða landi sem hún stendur á, en tryggingin samkv. því frv., sem hér liggur fyrir, tekur einnig til lóða og landa og því eðlilegt að iðgjöld af þeim tryggingum njóti einnig lögveðsréttar.

Mér fannst rétt í framsöguræðu að koma þessum ábendingum á framfæri varðandi samningu reglugerðar, en endurtek að heilbr.- og trn. varð sammála um að mæla með því, að þetta frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir, að meðtalinni þeirri brtt. sem ég lýsti áðan.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli. Sömuleiðis vil ég sérstaklega þakka frsm. nefndarinnar fyrir þær ábendingar sem fram hafa komið frá honum varðandi samningu reglugerðar og skilgreiningaratriði á einstökum greinum frv. þessa ef það verður að lögum. Ég minni á að í frv. er gert ráð fyrir að breyting laganna taki gildi frá 1. jan. 1983, þannig að síðari hluti ársins yrði notaður til að vinna að reglugerðarsmíð ef þetta frv. verður nú að lögum, sem ég leyfi mér að gera mér vonir um. — Ég flyt sem sagt nefndinni og frsm. hennar þakkir fyrir góðar ábendingar.

ATKVGR.

Brtt. 794 samþ. með 25 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv.
2.—10. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj.44, n. 815). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Frv. þetta er flutt í Ed. og hlaut þar afgreiðslu og var fjh.- og viðskn. Ed. sammála um að mæla með samþykkt frv., en frv. er þess efnis að afnema heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Þessi sjálfskuldarábyrgð um heimild fyrir ríkisstj. til kaupa á skuttogurum er frá 12. maí 1972.

Þegar þessi lög voru samþykkt var mikil þörf á að byggja upp fiskiskipaflotann, og því voru ábyrgðir sem þessar mjög eðlilegar og skiljanlegt að Alþingi setti þessi lög á þeim tíma til að auðvelda og örva kaup á skuttogurum, og sömuleiðis var þá endurnýjun loðnuflotans talin brýnt verkefni. Nú hafa þessi lög verið í gildi um það bil einn áratug og allar aðstæður hafa gerbreyst. Fiskveiðiflotinn hefur verið byggður upp. Það hafa orðið stórfelldar breytingar þannig að við höfum tekið upp í vaxandi mæli stjórnun við fiskveiðar og orðið að beita ýmsum takmörkunum við veiðarnar. Nú er svo komið að fiskiskipastóllinn er of stór miðað við afkastagetu og hvað skynsamlegt er að ganga nærri hinum einstöku fiskstofnum. Þar við bætist að á síðasta ári má segja að loðnuveiðarnar hafi beðið mjög alvarlega hnekki — ég segi ekki hrun — sem hefur gert að verkum að 50 skip hafa bæst við á bolfiskveiðar. Jafnhliða hafa verið byggð skip innanlands og að mínum dómi allt of mörg skip flutt til landsins á þessum tíma og þó sérstaklega með tilliti til þeirra gífurlegu breytinga sem hafa átt sér stað á veiðunum.

Fjh.- og viðskn. Nd. er sammála um að mæla með því, að þessi lög verði afnumin, lög um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Það mun því þurfa að leita til Alþingis um hverja slíka heimild er farið verður fram á. Ég tel að þetta frv. hafi verið þarft og nauðsynlegt að flytja við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi og hafa verið ríkjandi, einkum síðustu tvö árin.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690, n. 822). — 2. umr.

Frsm. (Sighvatur Björgvinsson): Herra forseti. Frv. þetta kom til Nd. frá hv. Ed. þar sem það var flutt af forsetum þingsins og var afgreitt óbreytt.

Á undanförnum árum hafa átt sér stað verulegar breytingar á löggjöf um lífeyrismál, en markmið þeirra breytinga hefur verið annars vegar að tryggja öllum starfandi mönnum nokkurn lífeyri, þegar starfsævi þeirra lýkur, og hins vegar að skylda þá til að kaupa þann rétt. Meginbreytingin, ein af þeim sem gerð hefur verið í þessu sambandi, hefur verið sú, að öll greidd iðgjöld veiti sjóðfélögum einhver réttindi, en áður var mjög algengt um lífeyrissjóði að reglur þeirra áskildu nokkurra ára iðgjaldagreiðslur áður en réttur til lífeyris kviknaði. Slíkt á sér nú ekki stað samkv. gildandi lögum, að því er ég best veit, um neina lífeyrissjóði nema lífeyrissjóði alþm. og ráðh. Samkv. núverandi lögum um þessa lífeyrissjóði þurfa alþm. sex ára iðgjaldagreiðslur til að réttindi skapist, en samkv. lögum, um eftirlaun ráðherra þarf fimm ára iðgjaldagreiðslur til að skapa rétt til lífeyris. Þessar iðgjaldagreiðslur er samkv. nýjum lögum um aðra lífeyrissjóði ekki hægt að færa á milli lífeyrissjóða þannig að iðgjaldagreiðslur veita engan rétt til lífeyris, hvorki hjá alþm., ráðh. né í öðrum lífeyrissjóðum, sem menn kynnu að vera aðilar að fyrr eða síðar, samkv. þessum gildandi reglum.

Með frv. er lagt til að hliðstæð breyting verði gerð á lögum um eftirlaun alþm. og lögum um eftirlaun ráðh. og þegar hafa verið gerðar fyrir alllöngu á lögum um lífeyrismál annarra, og er miðað við þá meginreglu, að öll iðgjöld veiti réttindi, en sú er hin almenna regla, sem viðgengst í öllum öðrum lífeyrissjóðum, eins og ég gerði að umtalsefni áðan. Þá er einnig hin svokallaða 95 ára regla, sem í gildi er í Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, tekin upp hér, þó eilítið breytt vegna annarra aðstæðna. Í lögum um lífeyrissjóð alþm. og lífeyrissjóð ráðherra voru mjög takmörkuð, jafnvel í sumum tilfellum engin ákvæði um barnalífeyri og makalífeyri. Í frv. þessu eru ákvæði um að samræma barnalífeyris- og makalífeyrisreglur hliðstæðum ákvæðum í lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þá er einnig sú breyting gerð, að alþm., sem sækja umboð sitt til starfa við almennar kosningar, geti farið á eftirlaun eftir þær kosningar, sem fram fara næst á undan því að þeir verða 65 ára, í stað þess að leita endurkjörs til næstu fjögurra ára.

Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. þetta og leggur til að það verði samþykkt óbreytt. Hv. þm. Matthías Bjarnason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2.—6. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
7.—11. gr. ásamt ákv. til brb. samþ. með 25 shlj. atkv.
12.—14. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 76. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, að loknum 75. fundi.

Öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum, frv. (þskj. 422). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 851).

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 842 (sbr. 541)). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og endursent Ed.

Ábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum, frv. (þskj. 44). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 852).

Eftirlaun alþingismanna, frv. (þskj. 690). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 853).

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 552, n. 817 og 818). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Jósef H. Þorgeirsson): Herra forseti. Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands. Megintilgangurinn með þessu frv. er að auðvelda Hæstarétti að sinna þeim mikla fjölda mála sem þar hefur hrannast upp á undanförnum árum. Til vandræða horfir hve dráttur er orðinn langur á því að Hæstiréttur geti sinnt öllum þessum málafjölda.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir að farnar verði þrjár leiðir að þessu marki. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir að fjölga um einn dómara í Hæstarétti þannig að dómarar verði 8 í staðinn fyrir 7. Jafnframt er veitt heimild til þess að ráða til starfa í réttinum um takmarkaðan tíma 2 — 3 dómara sem starfi þar um 6 mánaða skeið í hvert sinn, ef það mætti einnig verða til að létta á þeim mikla fjölda mála sem bíður afgreiðslu í réttinum. Gert er ráð fyrir að þessi heimild gildi aðeins árin 1982 og 1983. Í þriðja lagi er svo gert ráð fyrir að veita heimild til þess að ráða einn löglærðan aðstoðarmann til starfa við dóminn og ætti starf hans að greiða fyrir því, að mál fengju hraðari afgreiðslu í dóminum.

Allshn. hefur fengið til viðræðna um þetta mál hæstaréttardómarana Loga Einarsson, sem er forseti Hæstaréttar, og Þór Vilhjálmsson. Enn fremur hefur nefndin fengið til viðræðna Steingrím Gaut Kristjánsson héraðsdómara og Baldur Möller ráðuneytisstjóra í dómsmrn.

Frv. það, sem nokkrum sinnum hefur verið flutt um lögréttu, en aldrei fengið afgreiðslu í þinginu, kom mjög til umræðu í nefndinni, og þess gætti mjög í umræðum í nefndinni að sumir nm. a. m. k. telja frv. til lögréttu mjög vænlegan kost í því efni að létta á Hæstarétti. Engu að síður varð það niðurstaða meiri hl. n. að mæla með samþykkt þessa frv. eins og það liggur fyrir frá Ed.

Að þessu nál. standa auk mín hv. þm. Ingólfur Guðnason, Garðar Sigurðsson, Friðrik Sophusson og Eggert Haukdal. Friðrik Sophusson og Ingólfur Guðnason skrifa undir nál. með fyrirvara.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá minni hl. allshn., en þann minni hl. skipar ásamt mér hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson.

Um þetta mál hafa orðið allmiklar umræður í vetur innan þings og utan og urðu raunar allmiklar umræður í Ed. og voru fluttar þar fjölmargar brtt. við frv. Fæstar þeirra náðu þó fram að ganga, en þó ein að ég hygg.

Ég veit ekki hvort hv. þm. hafa gefið mikinn gaum að þessu frv. og hvort menn átta sig til hlítar á því, að hér er verið að leggja til í raun og veru eðlisbreytingu á Hæstarétti Íslands. Þessi eðlisbreyting er í því fólgin, að þangað til fyrir þremur árum eða 1979 störfuðu í Hæstarétti 6 dómarar. Þá var með lögum frá Alþingi, sem var hér húrrað í gegn á síðustu dögum þings, fjölgað úr 6 í 7. Rökstuðningurinn fyrir því var sá, að með því ætti að höggva á málahala í réttinum. Það skal vissulega undirstrikað, að það eru mikil vandræði af því þegar mál hlaðast upp í réttarkerfinu, hvort sem um er að ræða í undirrétti eða í Hæstarétti. Engu að síður varð þessi fjölgun ekki til að höggva á málahalann, eins og kallað er. Nú er komið nokkru síðar og beðið enn um fjölgun um einn og auk þess, eins og getið er í ákvæðum til bráðabirgða með þessu lagafrv., beðið um 2—3 aðstoðardómara eða aukadómara, dómara sem starfi jafnhliða hinum reglulegu dómurum. Eðlisbreytingin er í því fólgin, hin almenna hugmynd, sem að baki þessu liggur, er sú, að í vaxandi mæli sé Hæstiréttur brotinn upp í marga smærri dóma. Ef við gefum okkur að þessar heimildir séu nýttar til hlítar eru hæstaréttardómarar orðnir 11 í raun. Og gefi menn sér það, eins og mun gerast ef þessi breyting er gerð, en ekki lögréttubreytingin, þá þýðir það í raun að svokölluð smærri mál hlaðast upp hjá

réttinum þannig að dómurinn starfi meira í þriggja manna dómum en í fimm manna dómum, og þá eru í raun og veru orðnir til þrír dómar. Það býður þeirri hættu heim, að sá, sem á mál sín að sækja undir réttinn, geti haldið því fram í fullri alvöru og með allmiklum rökum að niðurstaðan í máli hans hafi orðið þessi, kannske niðurstaða sem hann telur óæskilega, ekki æskilega, en ekki hin, vegna þess að dómurinn, sem um hans mál fjallaði, hafi verið skipaður þessum mönnum og ekki hinum mönnunum. Að vísu var samþykkt í Ed. brtt. frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni sem átti að mæta þessu að nokkru, en ég hygg þó að það muni ekki gerast.

Löglærðir menn, sem hafa gagnrýnt þetta, orða það svo, að með þessari breytingu sé réttareiningu í landinu stefnt í voða. Ég held að það þurfi ekki löglærðan mann til að sjá það í hendi sér að þessi hætta er mjög fyrir hendi. Menn hafa bent á erlend fordæmi. Mér er sagt að á Norðurlöndum, og þá er ég að tala um ákvæðið til bráðabirgða, ekki þann eina dómara sem gerð er till. um í 1. gr. frv., heldur um ákvæði til bráðabirgða þar sem settir eru upp aukadómarar um sinn, þar séu tvær fyrirmyndir fyrir þessu. Önnur mun vera frá Finnlandi og hin frá Noregi. Og hvenær skyldi það hafa verið gert? Jú, það er eftir stríð þegar Hæstiréttur var að elta uppi „kvíslinga." Manni sýnist að í réttarsögulegu tilliti séu það ekki fordæmi til að fara eftir.

Ég held að það hljóti að vera markmið löggjafans, að um Hæstarétt sé eining, að svo miklu leyti sem til hans er litið sem stofnunar. — Það verður auðvitað aldrei eining um Hæstarétt og á ekki að vera það raunar hvað varðar niðurstöður sem hann kann að komast að. Það er svo út af fyrir sig annað mál, sem er mitt sérsjónarmið, að ég er þeirrar skoðunar, að Hæstiréttur hér sé of lokuð stofnun í þeim skilningi að hann tekur ekki sem stofnun þátt í almennri umræðu sem verður í þjóðfélaginu um niðurstöðu sem hann kann að hafa komist að. Fyrir þessu er hefð í okkur skyldum réttarríkjum. Það er allt öðruvísi hefð í engilsaxneskum löndunum og hefð að þessu leyti sem ég tel vera til fyrirmyndar. Í Bandaríkjunum t. d. er hæstiréttur pólitísk stofnun, eins og hann er eðli málsins samkv. En þetta er út af fyrir sig allt annað mál. Hér er verið að leggja til að bjóta Hæstarétt upp í marga smærri dóma. Niðurstöður kunna að vera þannig, ég tala nú ekki um ef þróunin verður að hæstaréttardómarar fari að sérhæfa sig í einstökum málum þannig að eitt settið af dómurum dæmi í málum af einni tegund o. s. frv. Þá stendur sá, sem á undir réttinn að leita, andspænis þeim möguleika að það sé samsetning réttarins sem hafi komist að tiltekinni niðurstöðu varðandi hans mál, en í réttinum kunni að vera önnur samsetning af mönnum sem vegna annars upplags, annars bakgrunns hefði getað komist að allt annarri niðurstöðu.

Orð mín má ekki skilja svo, að mér sé ekki mætavel ljós sá vandi sem stafar af því, að mál hafa safnast saman fyrir réttinum. Þetta er allt saman ljóst. Fyrir nokkrum árum var þessi vandi einnig mjög ljós í dómskerfinu. Kunnáttumenn þar segja mér raunar að vandinn hafi flust til. Þetta var áður vandamál á lægra dómstiginu, en hefur nú færst á hið efra dómstig. Um þetta urðu m. a. miklar umræður í samfélaginu vegna þess að auðvitað hefur slíkt og getur haft hina hroðalegustu eftirleiki, sem sé þá, að menn taki ekki út refsingu sína, hvað sem mönnum annars finnst um réttmæti slíks, fyrr en mörgum árum eftir að brot var framið. Um þetta urðu miklar opinberar umræður í samfélaginu. En dómsmálayfirstjórnin tók fullt tillit til þessarar umræðu og svaraði — þetta var í dómsmrh.-tíð núv. hæstv. utanrrh., Ólafs Jóhannessonar — með því að ráða starfsfólk í rn. sem fór að sinna þessu. Eitt af því, sem út úr því starfi kom, var frv. til l. um lögréttu. Það var fyrst flutt hygg ég haustið 1976. Ég er þeirrar skoðunar, að lögréttuhugmyndirnar séu einmitt rétta svarið við þeim vanda sem vissulega var til staðar.

Hverjar eru hugmyndirnar um lögréttu? Þær eru að smærri mál samkv. nánari skilgreiningu fari í gegnum tvö dómstig, þ. e. frá undirrétti til lögréttu og hljóti þar fullnaðarniðurstöðu, en stærri mál, og þá t. d. mál þar sem dómar eru stefnumarkandi, og þá vísa ég til þess sem ég hef fyrr sagt um eðli Hæstaréttar, hefjast í lögréttu, en fara síðan til Hæstaréttar og aðeins í undantekningartilfellum er hægt að vísa máli til Hæstaréttar þannig að það fari í þrjú dómstig. Það verða alger undantekningartilfelli. Þetta er almennum orðum talað rétt leið til að vinna bug á þeim vanda sem myndast sem flöskuháls í dómskerfinu. En í þeirri lausn, sem hér er verið að leggja til, er ekkert sem kemur í veg fyrir að þessi svokölluðu smærri mál einasta hlaðist upp í réttarkerfinu og verði þar vandi til frambúðar.

Og hugi menn að einu. Setjum svo, að þetta frv. yrði samþykkt og Hæstiréttur nýtti sér heimildir, sem hann væntanlega og vissulega mun gera. Þá eru dómarar í Hæstarétti orðnir 11. Setjum svo, að að tveimur árum liðnum sé alveg sami flöskuhálsinn í réttarkerfinu, t. d. vegna þess að menn hafa vanist því að fara þessa leið. Hvenær gerist þetta? Það gerist þegar lögfræðingastéttin í landinu er í áfrýjunarskapi, sem gerist öðru hverju. Hver halda menn að þróunin samkv. alkunnum lögmálum, t. d. kennd við Parkinson, verði? Vitaskuld munu aðstandendur réttarins koma til þeirrar dómsmálayfirstjórnar, sem þá verður, og segja: Ástandið er þannig að við verðum að hafa þetta svona til frambúðar.

Þá er komið að öðrum þætti þessa máls. Í aths., sem kynntar voru í hv. Ed., voru það nokkrir löglærðir menn, m. a. úr dómarastétt, sem fluttu röksemdir um að það ákvæði til bráðabirgða, sem er í þessum lögum, um þessa 2—3 aukadómara sem eigi að ráða, kynni að vera stjórnarskrárbrot. Nú er það stórt orð, stjórnarskrárbrot, og ég vil fara mjög varlega í að taka undir það eða álykta út frá því, að hér geti verið um stjórnarskrárbrot að ræða. En það, sem átt er við, er að það er auðvitað mjög veigamikið og hornsteinn þess kerfis, sem við búum við í þessum efnum, að hæstaréttardómarar séu engum háðir nema sjálfum sér. Menn hafa rekið augun í sem stórkostlega hættu í þessum efnum, að ef menn eru ráðnir til tveggja ára hugsa þeir auðvitað um sitt starf og sína framtíð, eins og allir menn og allar konur gera á öllum tímum, og þeir hljóta að huga að því, þegar liðið er á þetta tímabil, hver verði þeirra framtíð í þessu starfi eða öðru starf. Þessa framtíð eiga þeir undir dómsmálayfirstjórnina undir framkvæmdavaldið að sækja. Það er því ekki hægt að segja af fullu öryggi að við þessar kringumstæður séu þessir menn engum háðir nema sjálfum sér. Það er þetta sem átt er við þegar leiddar hafa verið getur að því, leidd hafa verið rök að því, að hér kunni að vera a. m. k. farið á snið við stjórnarskrána.

Nú vil ég endurtaka það, að ég vil fara mjög varlega í að tala um stjórnarskrárbrot í þessum efnum, enda er það stórt orð. Engu að síður eru þetta röksemdir af því

tagi að það er mjög erfitt að kasta þeim algerlega frá sér, enda má út af fyrir sig segja að það hafa engar haldbærar röksemdir komið gegn þessum röksemdum um stjórnarskrána, stöðu réttarins og stöðu dómaranna.

Á það hefur verið bent, að ástæðan fyrir flutningi þessa frv. sé sú, að innan dómarastéttarinnar séu hugsanlega mjög skiptar skoðanir um hugmyndir um lögréttu, um þetta nýja dómstig, og að ástæða fyrir flutningi þessa frv. sé sú, að einhverjir séu til — og ég vildi gjarnan að hæstv. dómsmrh. gæfi upplýsingar um a. m. k. hug sinn í þeim efnum — sem vilji drepa á dreif hugmyndum um lögréttu. Ég tel að það væri mjög óskynsamlega að farið.

Það hefur verið nefnt, að í lögréttu störfuðu kannske 10—15 dómarar. Eitt af því, sem hefur vafist fyrir mönnum á undanförnum árum, eru kostnaðarþættir þessa. En hér eru menn í raun að leggja til fjöra nýja hæstaréttardómara. Það er málið þó að því sé dreift hér og þar um frv., þ. e. einum í 1. gr. og 2—3 í ákvæði til bráðabirgða. Í raun eru þetta fjórir hæstaréttardómarar, ef heimildin er nýtt til hlítar. Hafi það verið þessi ástæða ein, sem valdist fyrir mönnum í sambandi við lögréttuna, er nú verið að stíga stórt skref í sömu átt.

Nei, auðvitað er rétt að það er ófremdarástand og það er viðurkennt af öllum, af aðstandendum Hæstaréttar og öllum sem vel vilja um þetta mál fjalla, að málahali hjá Hæstarétti er til vandræða, ekki síst fyrir þá sem eiga undir dóminn að sækja, og svo hitt, að það er ekki við réttinn sjálfan að sakast í þeim efnum. En ef aðrar hliðar málsins eru skoðaðar á undanförnum árum, þá blasir auðvitað við að ein af ástæðum fyrir þessu er sú, að Hæstiréttur er gersamlega vanbúinn og þar er við fjárveitingavaldið að sakast. Hann er vanbúinn að starfshöfði. Það er t. d. alveg fáránlegt að hæstaréttardómarar skuli ekki hafa löglærða aðstoðarmenn. Þeir þurfa að eyða miklu af starfstíma sínum í alls konar handavinnu sem þeir alls ekki ættu að þurfa að vinna. Og mér skilst að það vanti mikið á að um rétta mönnun sé að ræða í öðru starfsliði réttarins. Ég held að frekar en að vera að fjölga dómurum og raunverulega að leggja til að dóminum verði skipt upp í marga smærri dóma og stofna þar með eðli stofnunarinnar í hættu væri miklu nær að hyggja að því að bæta hinar ytri aðstæður í réttinum. Í þessu frv. til l. er gert ráð fyrir heimild til að ráða einn löglærðan aðstoðarmann. Væri ekki miklu nær að eyða peningum í að fjölga slíkum mönnum heldur en vera að breyta eðli réttarins með þeim hætti sem hér er lagt til? Ég held að þeim, sem þetta frv. hafa flutt, væri miklu meiri sómi að því og það væri réttari málsmeðferð, hvernig sem að því er staðið að öðru leyti.

Herra forseti. Nál. það, sem við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson stöndum að, þar sem þessar röksemdir eru dregnar saman, er svohljóðandi:

„Frumvarp þetta til laga um Hæstarétt Íslands kveður á um að dómurum í Hæstarétti verði fjölgað um 1, úr 7 í 8, og auk þess verði heimilt að ráða 2—3 aukadómara um takmarkaðan tíma. Þessar hugmyndir eru fram settar til þess að ráða bót á ófremdarástandi sem myndast hefur vegna þess að mál hafa hlaðist upp í Hæstarétti og fyrir vikið er orðinn óeðlilegur dráttur á afgreiðslu mála þar.

Allir hljóta að vera sammála um að það er ákaflega óæskilegt að mál safnist fyrir hjá Hæstarétti þannig að það geti tekið allt að tvö ár og jafnvel lengri tíma að fá mál þar afgreidd.

Þessi vandi hefur alllengi verið ljós og viðurkenndur í dómskerfinu. Á árinu 1976 var í fyrsta sinn lagt fram frv. til l. um lögréttu. Hugmyndin að baki lögréttu er einmitt að leysa þennan vanda þannig að smærri mál séu dæmd í héraði og áfrýjað til lögréttu, ef um slíkt er að ræða, en stærri mál dæmd í lögréttu og síðan áfrýjað til Hæstaréttar. Hér sýnist vera um frambúðarlausn að ræða á mikilsverðu vandamáli. Frv. um lögréttu hefur alloft verið lagt fyrir Alþingi og komst einu sinni til 2. umr. í seinni deild, en var ekki afgreitt. Nú hafa enn fremur komið fram hugmyndir um að reyna lögréttufyrirkomulagið á stór-Reykjavíkursvæðinu og Reykjanessvæði og útfæra það síðan þyki það gefa góða raun.

Líta má svo á að það sé ekki skynsamleg leið að fjölga dómurum í Hæstarétti umfram það sem nú er. Benda má á að á árinu 1979 var fjölgað um einn dómara, úr 6 í 7. Nú er lagt til að fjölga úr 7 í 8 og enn fremur að ráða 2—3 dómara til viðbótar um takmarkaðan tíma. Gera má ráð fyrir að sé lagt út á þessa braut verði sérhver vandi, sem upp kemur í Hæstarétti vegna málafjölda, leystur með fjölgun. Verði að tveimur árum liðnum enn málafjöldi fyrir Hæstarétti, þá má gera ráð fyrir að gerð verði tillaga um að 10—11 manna dómur verði varanlegur.

Þetta þýðir það, að í raun verður Hæstiréttur margir dómar, fimm manna dómar og þriggja manna dómar. Svo getur farið að þeir, sem eiga undir dóminn að sækja, muni álíta að dómurinn hafi komist að tilteknni niðurstöðu vegna þess, hvernig hann var saman settur.

Líta má svo á að að hluta stafi vandi Hæstaréttar ekki af því, að dómarar séu ekki nógu margir, heldur vegna þess að ytri aðstæður séu ófullnægjandi. Hæstiréttur hefur lítið starfslið. Miklu fremur en að fjölga dómurum og fara þá í vaxandi mæli út á þá braut, að Hæstiréttur starfi í mörgum dómum, sýnist skynsamlegt að fjölga öðru starfsliði Hæstaréttar og bæta aðbúnað hans að öðru leyti. Hæstaréttardómarar ættu t. d. að hafa aðstoðarmenn, en þá hafa þeir ekki nú.

Vitað er að innan dómarastéttar eru skiptar skoðanir um lögréttuhugmyndir. Hins vegar gæti svo farið að verði þetta frv. samþykkt muni það fresta lögréttuhugmyndum um ófyrirsjáanlega framtíð. Hér er því ekki verið að leggja til frambúðarlausn á þeim vanda dómskerfisins, sem vissulega er fyrir hendi, heldur mjög líklega tefja fyrir því, að slík lausn fáist á næstunni.

Þess vegna og í trausti þess, að endurskoðað frv. til l. um lögréttu verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti, er lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj."

Og undir þetta ritar auk mín hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson.

Ég vil vekja á því rækilega athygli, og það er mat miklu fleiri en mín, að þegar við hugleiðum þær forsendur, sem notaðar hafa verið þegar menn hafa andæft gegn lögréttufrv. hér á undanförnum árum, þýðir þetta frv. að lögréttuhugmyndum verði frestað um ófyrirsjáanlega framtíð. Og ég vil vekja rækilega athygli á því við hv. deild, hvað það þýðir. Það þýðir að sá vandi, sem verður vegna uppsöfnunar mála í kerfinu, sem myndar stíflu ýmist í undirrétti eða í Hæstarétti, er alls ekki leystur. Menn eru bara að velta þessum bolta á undan sér. En lögréttufrv. felur líka annað í sér. Það felur það í sér að svokölluðum smærri málum, sem mynda þessar stíflur, sé létt af Hæstarétti, en það sýnist vera mjög skynsamleg leið. Með þessu er engin lausn fundin á þeim málum, heldur er þvert á móti til frambúðar beinlínis gert ráð

fyrir að slík mál hlaðist enn upp í Hæstarétti, hrannist þar upp, og svo geti farið að þessi svokallaða lausn snúist í andhverfu sína, að stíflugarðurinn eigi eftir að hækka. Og hvað ætla menn þá að gera? Fjölga enn? Á Hæstiréttur að vera dómur með 20 dómurum í þessum efnum? Menn verða að athuga að milljónaþjóðir komast af með einn og minni Hæstarétt en hér er verið að leggja til. Við getum farið í það, að annar hver lögfræðingur í landinu verði hæstaréttardómari! En það er varla það sem menn eru að stefna að. A. m. k. þarf að leggja rækilega áherslu á það, að verði þetta frv. samþykkt eins og það stendur erum við að breyta um eðli Hæstaréttar, þá erum við að gera hann að annars konar stofnun en hann hefur verið. Það getur vel verið að það sé það sem menn stefni að. Það getur vel verið að það sé það sem menn telji æskilegt. En sannleikurinn er sá, að það hefur hvergi komið fram í málflutningi þeirra sem hafa mælt fyrir þessu frv. Sú staðreynd, að hér er verið að leggja til eðlisbreytingu án þess þó að leysa þann vanda sem menn eru að stefna að að leysa, hefur verið vandlega falin í sambandi við umr. t. d. í Ed. um þetta frv.

Í hv. Ed. voru fluttar margvíslegar brtt. Þar var lagt til að 1. gr. í frv. yrði felld, þ. e. um hina varanlegu fjölgun. Þessi fjölgun er áhyggjuefni, en mér finnst satt að segja að ákvæðið til bráðabirgða sé ekki síður áhyggjuefni, sú hugmynd að ráða aðstoðardómara í takmarkaðan tíma, hreinlega vegna þess að ég hef enga trú á að annað muni gerast í þeim efnum en það, að að þessum tíma liðnum — segjum að þetta séu þrír dómarar — muni talsmenn réttarins koma til framkvæmdavaldsins og segja að þetta hafi gefist vel, málafjöldi sé að vísu enn og fari vaxandi og það allt saman og þessi fjölgun verði að vera varanleg. Við vitum að það er erfiðara að stöðva slíka þróun en koma henni af stað.

Herra forseti. Af þeim ástæðum, sem ég hef nú gert grein fyrir, er lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj., og má segja að þar sé ekki í kot vísað. En fari hins vegar svo, að deildin fallist ekki á það, áskil ég mér rétt til að flytja brtt. við 3. umr. og mun auðvitað gera rækilega grein fyrir þeim þegar þar að kemur. Mér finnst það skipta mjög verulegu máli, þegar menn eru að leggja til jafnróttækar breytingar og hér á að gera á stofnun sem skiptir jafnmiklu máli og Hæstiréttur Íslands eðli málsins samkv. hlýtur að gera, og einhvern veginn þykir mér sem í umfjöllun um þetta mál hafi menn ekki alls kostar áttað sig á því, hvað þessar breytingar geti og væntanlega muni hafa í för með sér.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja áherslu á það niðurlag í nál. okkar að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. í trausti þess, að endurskoðað frv. til l. um lögréttu verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti. Með því er verið að segja að vandinn í dómskerfinu sé vissulega viðurkenndur, en þetta frv. sé ekki rétt lausn á þeim vanda. Fari svo, að samþykkt verði að vísa þessu frv. til ríkisstj., þætti mér að þegar ætti að hefjast handa um að gera lögréttufrv. þannig úr garði og undirbúa þá vinnu svo vel og rækilega að það geti komið hér fyrir þegar næsta haust og orðið sem fyrst að lögum, vegna þess að þar er um varanlega lausn á þessum vanda að ræða.

Ég vildi svo gjarnan spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þetta frv. til l. feli í sér að dómsmálayfirstjórnin í landinu að því er framkvæmdavaldið varðar hafi skipt um skoðun að því er varðar lögréttuna eða landsdóm eða hvað svo sem það yrði annars kallað, því að einhvern veginn finnst mér að allur málatilbúnaðurinn í kringum þetta beri það með sér. Það er býsna alvarlegt. Lögréttan var á sínum tíma svar dómsmálayfirstjórnarinnar — og það rétt svar — við gagnrýni vegna þess seinagangs sem þá var og er enn til vandræða. Ef menn vilja nú leggja til að skipta um aðferð er þetta svar, held ég, miklu síðra og sennilega ekki til þess fallið að leysa nokkurn vanda, heldur miklu frekar að búa til nýjan vanda og hann alveg ófyrirsjáanlegan.

Herra forseti. Ég vil að sinni ekki hafa þessi orð fleiri og læt máli mínu lokið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það liggur í hlutarins eðli, að umfjöllun um Hæstarétt Íslands hlýtur á hverjum tíma að vera stórmál, og það má aldrei gleyma því, að þrískipting valdsins er hyrningarsteinn lýðræðisins. Aðskilnaður dómsvalds, framkvæmdavalds og löggjafarvalds er undirstaða þess, að komið sé í veg fyrir þá samþjöppun valds sem ella getur leitt til einræðis.

Ég játa það, að þegar til umfjöllunar var í allshn. Nd. frv. um Hæstarétt og jafnskiptar skoðanir komu fram og raunin varð á hjá þeim aðilum, sem við fengum á okkar fund, runnu á mig tvær grímur og óneitanlega varð afleiðingin sú, að ég fór að hugleiða þessi mál mun meir. Við erum rúmlega 200 þús. manna þjóð, og nú er fullyrt að það verði ekki komist af með minna en 8 hæstaréttardómara og heimildir fyrir 2—3 til viðbótar, sem sagt 11. Hvað skyldu þeir þá þurfa að verða margir um næstu aldamót með sama áframhaldi? Hvert stefnir þetta? Hvað hafa t. d. stórar þjóðir eins og Bandaríkin marga hæstaréttardómara? Það ættu að vera nokkur þúsund a. m. k. Þeir hafa 9.

Hvað er það þá sem gerir það að verkum að okkur er slík nauðsyn á fjölgun á mönnum í Hæstarétti? Jú, það er hægt að vísa til Hæstaréttar í dag alls konar smámálum, fjárkröfum, mjög lágum, í stórum stíl. Menn eru búnir að játa á sig brot. Engu að síður vísa þeir málunum til Hæstaréttar bara til að tefja málin. Ég veit ekki hvort menn hafa hugsað út í það, en að sjálfsögðu hlýtur það kerfi, sem við búum við, að þýða strandsiglingu á þessari braut. Það verður ekki eilíflega hægt að fjölga hæstaréttardómurum og skipta dómnum. Það sjá allir.

Þá er það hin spurningin sem hlýtur að vakna: Hvers vegna er það einmitt núna sem við þurfum að spyrna við fótum? Jú, það er gamalt lögmál, að auðvelt er að fjölga í stofnunum, en er erfitt að fækka. Það er ákaflega erfitt að fækka.

Herra forseti. Ég greip með mér nokkrar greinar þar sem minnst er á skipun dómsmála, og ein er eftir ungan dómara sem kom á okkar fund og tjáði okkur að íslenska dómskerfið væri 50 árum á eftir tímanum. Óneitanlega hrökk ég við að fá slíkar fréttir. Ég ætla að vitna hér, með leyfi forseta, í grein sem kom í Þjóðviljanum á því herrans ári 1981 og fjallar um lögréttu, heitir „Lögrétta eða gestaréttur." Ég vil, með leyfi forseta, lesa hér upp ákveðinn kafla, „Leifar einveldis":

„Hins vegar tíðkast það nú víst hvergi í ríkjum sem byggja á þrígreiningu ríkisvalds, að sömu embættismenn fari með framkvæmdavaldsstörf og dómsstörf í þeim mæli sem hér gerist á héraðsdómsstigi. Þegar erlendir lagamenn eru hér á ferð er það haft til skemmtunar að segja þeim að sami embættismaðurinn byrji á því að handtaka skálkinn, annist síðan lögregluranns ókn og fari loks með málið og dæmi."

Óneitanlega rifjaði þetta í mínum huga upp gömul mál vestur á fjörðum sem urðu fræg á sínum tíma og voru kölluð Skúlamál. — Þetta er innskot, herra forseti. Þá held ég áfram lestrinum:

„Grikkir stynja enn þá undan því stjórnsýslukerfi sem þeir erfðu eftir Tyrki frá þeim tíma þegar Grikkland laut Tyrkjasoldáni. Talið er að þetta sé einn versti dragbítur á framfarir í landinu. Íslendingum er líkt farið gagnvart leifum hins danska einveldis þótt Danir séu sjálfir búnir að losa sig við það fyrir löngu, bæði á sviði réttarfars og stjórnsýslu.

Þegar konungsvald komst á hér á landi í lok 13. aldar fól konungur sérstökum umboðsmönnum sínum, sem fljótt voru nefndir sýslumenn, innheimtu tekna sinna og saksókn í þeim málum, sem hann átti sök í, auk fleiri umboðsstarfa. Fljótt komst á að sýslumenn nefndu menn í dóma, sem þá voru jafnan fjölskipaðir og nefndir til meðferðar einstakra mála hverju sinni. Sýslumenn staðfestu síðan dómana. Á síðustu áratugum 17. aldar komst hér á konungseinveldi, eins og kunnugt er, og var megineinkenni þeirrar skipunar að allir valdaþættir voru á einni hendi, löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Þetta kom svo fram í því, að sýslumenn konungs fóru sjálfir að dæma í málum er fram liðu stundir. Það voru stjórnarhættir af þessu tagi sem menn fórnuðu lífi sínu til að fá afnumda á meginlandi álfunnar frá því á síðari hluta 18. aldar og fram á þessa öld. En hér hafa þeir haldist fram til þessa dags í öllum héruðum landsins utan Reykjavíkur, og það eru þessar leifar úreltra stjórnarhátta og réttarfars sem lögréttufrv. stefnir gegn, stjórnsýslunni, réttarfarinu og þar með öllum almenningi í landinu til gagns."

Herra forseti. Einhver mundi nú spyrja: Verða þá sýslumennirnir ekki verkefnislausir? Er þá ekkert fyrir þá að gera lengur? Ég vil lesa hér áfram og vitna í annan kafla, sem víkur að því, hvaða störf þeir gætu haft með höndum, stjórnsýslu umboðsmanna:

„Það er raunar stórfurðulegt, hvernig sýslumönnum landsins hefur tekist áfallalítið að sameina dómsstörf og umboðsstörf, svo ólík sem þau eru í eðli sínu, svo ólíks hugarfars, afstöðu og starfsaðferða sem krafist er á hvoru sviði fyrir sig. Auðvitað hefur ekki farið fram hjá því, að dómar hafi borið þess merki, að dómarinn hefur hvorki haft tíma né næði til að sinna máli svo fljótt og vel sem skyldi, og oft hefur mátt sjá þess merki, að vandasöm dómsstörf voru ekki daglegt viðfangsefni þess sem dóminn kvað upp. Á hinn bóginn hefur þess gætt, að aðstaða sem óhlutdrægs úrskurðaraðila hefur bundið hendur sýslumanna þegar þurfti traust og snör handtök við að framkvæma það sem fyrir þá var lagt af stjórnsýslulegum yfirboðurum. Það þarf í raun og veru meira en meðalmann til að setja sig sama daginn í stellingar sem dómari, sem enginn getur sagt fyrir verkum, og eiga síðan að taka við fyrirmælum t. d. ráðh. fyrir hönd rn., sem e. t. v. er aðili að því dómsmáli sem um er fjallað. Í ofanálag hafa sýslumenn á undanförnum árum þurft að þola það af löggjafanum, áhrifamönnum í sveitarstjórnarmálum og öðrum, að gengið væri út frá að embætti þeirra væru úrelt þing sem yrðu að víkja. Ég vil hins vegar fullyrða að án hæfra umboðsmanna í héruðum landsins sé enginn vegur að halda uppi virkri stjórnsýslu hér á landi, en til þess að sýslumenn geti gegnt því hlutverki að færa út í lífið þær ákvarðanir, sem teknar eru af Alþingi og ríkisstjórn, þurfa þeir að geta einbeitt sér að stjórnsýslustörfum. Að þessu miðar frv. með því að leysa sýslumannsembættin að mestu leyti undan dómsstörfum og fela þau mönnum sem hafa dómsstörf að aðalstarfi."

Herra forseti. Það er nauðsynlegt innskot hér, að þessi grein víkur að lögréttufrv. og á við það frv. Þá held ég áfram, með leyfi forseta:

„Engin von er til að þau umboðsstörf, sem sýslumenn fara með fyrir ríkisvaldið, verði falin öðrum svo vel fari, t. d. sveitarstjórnarmönnum eða samtökum þeirra. En aftur er mikil von til að dómsstarfalausir sýslumenn geti tekið við ýmsum störfum, sem nú eru unnin í ráðuneytum eða öðrum miðstjórnarstofnunum, og sparað með því mörgum manninum sporin suður."

Á víkur greinarhöfundur að hinu mikla álagi sem er á Hæstrétti. Það er athyglisvert, að það er sennilega ekki hægt að finna nema örfáa dómara í þessu landi undir fertugu sem treysta sér til að verja þá stefnu sem upp er tekin í hæstaréttarlögunum. Og það er hægt að finna marga í hópi hinna eldri sem eru reiðubúnir að taka við hinni nýju stefnu sem mótuð var með lögréttufrv. En þá held ég áfram, með leyfi forseta, þar sem frá var horfið og kem að kaflanum um álagið á Hæstarétt:

„Annar megintilgangur frv. er að létta af því geysilega álagi sem lagst hefur í síauknum mæli á Hæstarétt á undanförnum árum, en samkv. frv. má gera ráð fyrir að þeim málum, sem til Hæstaréttar fara og þangað eiga lítið eða ekkert erindi, muni stórfækka við lögtöku frv."

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að vekja á því athygli, að hér er átt við frv. til lögréttu sem ekki hefur verið lagt fram á þessi þingi.

„Til upplýsingar má geta þess, að í sept. 1976 lágu 74 mál fyrir Hæstarétti tilbúin til flutnings, en í ágúst 1980 117 mál. Samtals höfðu að meðaltali liðið 19.3 mánuðir frá áfrýjunum til dóms í venjulegum einkamálum dæmdum á árinu 1976, en sambærileg tala var 27,4 mánuðir á árinu 1980 eða tvö ár og þrír mánuðir. Ég tel orsakanna til þessa mikla álags hér, eins og til margs annars vanda, að verulegu leyti að leita í verðbólgunni. Menn, sem stefnt er til skuldagreiðslu, sjá sér þrátt fyrir háa vexti hag í því (sem þó alltaf eru í raun neikvæðir) að draga mál sem mest á langinn, oft með léttvægum vörnum. Það getur verið mikil freisting fyrir aðila í atvinnurekstri að verða sér úti um 3—5 ára gjaldfrest á 35—46% vöxtum með þessum hætti. Því miður mun ætlunin með framlagningu lögréttufrv. ekki vera sú að koma því fram á þessu þingi, og ástæða er til að efast um að nokkur raunverulegur áhugi sé af hálfu dómsmálayfirvalda á lögtöku þess."

Því miður hafa grunsemdir um, að þetta sé rétt, aukist mjög við framlagningu þess hæstaréttarfrv. sem hér liggur fyrir deildinni. Þá held ég áfram lestrinum, herra forseti.

„Hins vegar mun nú vera í uppsiglingu áætlun um að setja til bráðabirgða dómendur í Hæstarétti til að vinna upp þann hala, sem þar hefur safnast fyrir, að finnskri fyrirmynd. Þessi hugmynd fer þó algerlega gegn þeim grundvallarreglum sem dómstólaskipun okkar byggist þrátt fyrir allt á. Það er ein af meginreglum réttarfars, að almenningur og aðilar megi treysta því, að þeir, sem eiga að dæma mál þeirra, séu þannig settir að þeim verði ekki auðveldlega vikið úr starfi að geðþótta pólitískra valdhafa."

Hér erum við komnir að grundvallaratriðum í þrískiptingu valdsins. Ef við virðum ekki þetta grundvallar-

atriði, að pólitískir valdhafar eiga ekki að hafa tök á því að geta vikið dómurum frá, erum við ekki með þrískipt vald í landinu.

Herra forseti. Þá held ég áfram þar sem frá var horfið: „Skipuðum dómurum verður ekki vikið úr starfi til fulln-aðar nema með dómi.“ Ég verð aftur að gera hlé. Það er sá stóri munur á því að vera skipaður í starf eða settur í starf, að sá, sem er skipaður í starf, verður ekki úr því starfi færður nema með dómi, nema hann sjálfur óski eftir að víkja úr starfi. Sá, sem er settur, á það að sjálf-sögðu undir góðvild framkvæmdavaldsins hvort hann verður látinn vera áfram í starfi eða ekki. Með leyfi forseta vil ég þá halda áfram lestrinum:

„Það er íslensku réttarfari til vansæmdar að bjóða mönnum fyrst að látið sé viðgangast að verkefni hlaðist á æðsta dómstól þjóðarinnar fram úr öllu hófi án þess að úr sé bætt með raunhæfum og viðeigandi lausnum og að síðan, þegar neyðarástand hefur skapast, séu fengnir til menn, sem komnir eru upp á náð og miskunn ráðh. um öryggi sitt, til að vinna þau verk sem samkv. stjórnskipun ríkisins eiga að vera í höndum æðsta handhafa sjálfstæðs dómsvalds. Í stað þessarar neyðarlausnar má auk lög-töku lögréttufrv. benda á eftirtalin úrræði:

1. Afrýjunarfjárhæð verði hækkuð verulega og verðtryggð.

2. Dómvextir verði ákveðnir þannig að enginn sjái sér hag í að halda uppi málamyndavörnum til að afla sér gjaldfrests. Einnig mætti verðtryggja dómkröfur með öðrum hætti.

3. Ráðnir verði löglærðir aðstoðarmenn að Hæstarétti til að auðvelda dómurum störf þeirra. Þannig verði búið að dómendum að þeir verði með öllu lausir við handa-vinnu, sem almennt starfsfólk getur innt af hendi.“

Herra forseti. Ég verð að gera hér innskot því að það kom fram hjá forseta Hæstaréttar í viðtali við nefndina, að þeir hefðu ónógt starfslið og augljóst væri að auka mætti afköst Hæstaréttar ef menn litu á þann vanda, að hægt væri að auka afköst réttarins án þess að fjölga dómurum. Ég held áfram, með leyfi forseta:

„4. Leitt verði í lög að t. d. þrír hæstaréttardómarar fari yfir hvert mál í upphafi og kveði á um hvort það skuli hljóta efnismeðferð. Verði niðurstaðan neikvæð verði máli síðan sjálfkrafa vísað frá dómi. Fyrirmyndin að þessu er fengin í Noregi.“

Ég ætla að víkja örlítið að þeim texta sem ég er búinn að lesa. Ef þetta væri nú allt saman uppspuni hjá mér væri þetta út af fyrir sig ekki alvarlegt mál. Þá hefði ég sem ólöglærður maður tekið mig til og samið hér ræðu til að flytja í sölum þingsins. Svo er ekki. Ég er að flytja hér grein ritaða af einum af dómurum þessa lands, og annað-hvort er maðurinn að dæma rétt í því máli, sem menn eru að dæma hér, dæma í stöðu dómsvalda með þeirri grein sem hann hefur ritað, eða ég hlýt að spyrja: Er hann fær um að vera dómari í þeim störfum sem hann er? Ég lít svo á að þegar nefnd fær í hendur jafnafdráttarlaus mótmæli gegn lagafrv. og eru í þessum texta sem ég hef hér undir höndum, þá hljóti hún að hafa þá siðferðilegu skyldu að koma þeim gögnum á framfæri við þingið þannig að það fari ekki milli mála á hvaða rökum afstaða manna er reist. Það væri kannske einfalt að skýla sér á bak við meirihlutaálit og skrifa bara upp á. En það er nú einu sinni svo, að okkur er ætlað löggjafarhlutverkið. Þess vegna er það ekki háðung Hæstaréttar eða dómaranna í landinu hvernig þessi mál standa. Það er háðung löggjaf-ans. Og á hvaða aðila í þessu landi eigum við að hlusta ef ekki hina ungu menn í dómarastétt Íslands sem vilja breyta þessum málum? Hvaðan hefur frumkvæði til breytinga komið ef það hefur ekki komið frá ungum mönnum á hvaða sviði sem er? Það hefur verið gegnum-gangandi regla.

Herra forseti. Með leyfi forseta vil ég víkja hér að texta sem okkur hefur borist í nefndinni og er á þessa leið:

„Athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frv. um breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands.“

Til skýringar vil ég geta þess, að nú er verið að fjalla um það sem hér liggur fyrir. Nú er ekki lögrétta það lagafrv. sem er til umfjöllunar í greininni, eins og var í þeirri fyrri. Með leyfi forseta hef ég þá lesturinn:

„1. Ákvæði 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar, nr. 33/1944, er byggt á því, að umboðsstarfslausir dómend-ur skuli skipaðir til óákveðins tíma. Fræðimenn, sem ritað hafa um 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar eða sambærileg ákvæði í dönsku stjórnarskránni, eru í aðal-atriðum sammála um þessar skýringar, sbr. t. d. Stjórn-skipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, útg. 1955 í Reykjavík, bls. 278—279, ný útgáfa 1978 í Reykjavík, bls. 276—279.“

Ég sleppi hér úr örlitlum kafla, þar sem vitnað er í dönsk rit einnig þessu máli til stuðnings, og held ég þá áfram með efnislegan þátt þessa máls, með leyfi forseta:

„Efnisrökin að baki reglunni eru mikilvægi þess, að dómarar séu sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Er leitast við að koma í veg fyrir að framkvæmdavaldið geti beitt dómara þrýstingi, en einmitt slíkt ástand gæti skapast við það að dómarar væru settir eða skipaðir til ákveðins tíma. Þetta á sérstaklega við þegar atvik benda til þess að áframhaldandi setning að fyrra tímabili loknu sé ekki útilokuð.“ (**Forseti:** Á hv. ræðumaður langt eftir?) Herra forseti. Ég hef rétt hafið mál mitt. (**Forseti:** Ég má þá til að biðja hv. ræðumann að gera hlé á máli sínu, ef hann vildi svo vel gera.) Sjálfsagt, herra forseti. — [Frh.]

Umr. frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um breyt. á lögum nr. 18 frá 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Þetta er 273. mál Ed. og þaðan komið án breytinga frá upphaf-legu frv. og mælti iðnn. Ed. með því að frv. þetta yrði samþykkt. Sjálft frv. þetta er fáort, en felur í sér umtals-verðar skuldbindingar fyrir íslenska ríkið. Sú reynsla, sem að baki þeim tölum er sem þar eru fram reiddar, er þannig að það er full ástæða til að gefa þeim gaum.

1. gr. þessa frv. er þannig:

„1. tölul. 3. gr. laganna breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „jafnvirði 13.2 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi: jafnvirði 19 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum.“

Grein þessi felur í sér heimild til að hækka hluta-fjáreign íslenska ríkisins í Íslenska járnblendifélaginu hf.

sem þessu nemur, þ. e. úr jafnvirði 13.2 millj. bandaríkjadollara í allt að 19 millj. dollara. Gert er ráð fyrir hækkun um 2.4 millj. dollara 1983 eða síðar, en rétt þykir að hafa lagaheimildina nokkru rýmri í samræmi við framkomnar tillögur, ef ráðlegt þætti á næstu árum að fjármagna stærri hluta af fjárþörf félagsins með hlutafé, en þeim mun minni með lánum. Gert er ráð fyrir samsvarandi framlagi hins erlenda samstarfsaðila í fyrirtækinu, þ. e. Elkem A/S, en gert ráð fyrir að það fyrirtæki leggi fram um 2 millj. dollara.

2. gr. þessa frv. er svohljóðandi:

„Við 3. gr. bætist nýr tölul., 8. tölul., sem hljóði svo:

Að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir 55% af láni, er félagið tekur og í heild nemur allt að 6 millj. bandaríkjadollara eða jafngildi þess í annarri mynt, ásamt vöxtum."

Grein þessi felur í sér heimild til sjálfskuldarábyrgðar ríkisins á láni sem Járnblendifélagið tekur til að fjármagna rekstur sinn og afborganir lána. Lánið, sem yrði víkjandi gagnvart öðrum lánum félagsins, er að upphæð 6 millj. bandaríkjadollara og safnaði upp vöxtum í 5 ár eftir greiðslugetu félagsins á því tímabili. Hlutur ríkisins af ofangreindri upphæð nemur 3.3 millj. bandaríkjadollara, en hlutur Elkem A/S er 2.7 millj. dollara. Vextir af láni þessu yrðu 0.5% yfir millibankavöxtum í London eins og þeir eru á hverjum tíma.

Fyrir liggur að án þeirrar fyrirgreiðslu, sem frv. þetta gerir ráð fyrir af hálfu hluthafa, stefnir í gjaldþrot hjá Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Um s. l. áramót hafði járnblendifélagið fengið allt það fjármagn sem félaginu var ætlað í upphaflegum áætlunum um fjármögnun félagsins.

Frv. þetta felur í sér tillögu um lagaheimildir sem nauðsynlegar eru til þess að unnt sé að tryggja greiðslustöðu Járnblendifélagsins á komandi árum, byggt á þeim upplýsingum sem raktar eru í grg. með frv. þessu svo og í sérstakri skýrslu frá starfshópi sem iðnrn. skipaði og skilaði áliti 14. mars s. l., en sú skýrsla var send öllum hv. þm. um leið og frv. þetta var lagt fram hér í þingi. Samtals nema þær heimildir til fjárskuldbindinga, sem í frv. felast gagnvart íslenska ríkinu, sem er eignaraðili að 55% hlutafjár, þ. e. hlutafjáraukning, að hámarki 5.8 millj. bandaríkjadala eða 59 millj. ísl. kr. Sjálfskuldarábyrgð er að hámarki 3.3 millj. bandaríkjadala eða 34 millj. ísl. kr. Í heild nemur sú fyrirgreiðsla, sem hér er rætt um og skiptir beinu máli fyrir hluthafa félagsins vegna sjálfskuldarábyrgðar og hlutafjárframlaga, 169 millj. ísl. kr. Þar af væri hlutur íslenska ríkisins 93 millj. kr. Er þetta hærri upphæð en fyrir liggur í tilboði sem viðskiptabankar Járnblendifélagsins gerðu um lausn á fjárhagsvanda félagsins eins og hann nú horfir við fyrir árin 1982—1985, en tilboð bankanna er kynnt í grg. með þessu frv.

Vonandi er að ekki reynist þörf á að nýta umræddar heimildir að fullu, en um það verður auðvitað ekki fullyrt. Sá starfshópur, sem iðnrn. lét yfirfara rekstrar- og greiðslufjáráætlanir Járnblendifélagsins, vann mikið starf á stuttum tíma og kemur í skýrslu hans fram, að hann gæti í megindráttum fallist á áætlanir Járnblendifélagsins og það álit þess og sérfræðinga Elkem að þær áætlanir séu í varfærnara lagi. Á hinn bóginn telur starfshópurinn nokkrar líkur á því, að afkoma Járnblendifélagsins verði á næstu árum lakari en þessi áætlun bendir til og fjármagnsþörfin að sama skapi meiri. Engu að síður komst þessi vinnuhópur að þeirri niðurstöðu, að áframhaldandi rekstur járnblendiverksmiðjunnar með því sem næst fullum afköstum og án nokkurrar tímabundinnar stöðvunar væri eftir sem áður langhagkvæmasti rekstrarkosturinn sem völ væri á. Að áliti starfshópsins helst þessi niðurstaða óbreytt þótt rekstraraðstæður verksmiðjunnar batni ekki frá því sem nú er og jafnvel þó að þær versni enn. Því er starfshópurinn þeirrar skoðunar, að miðað við allar aðstæður sé rétt að taka fyrrgreindu tilboði bankanna. Hann leggur hins vegar áherslu á að eigendur Íslenska járnblendifélagsins búi sig undir að leggja meira fé til fyrirtækisins á komandi árum, annaðhvort í formi hlutafjár eða víkjandi lána, til að mæta hugsanlega lakari afkomu ef til kemur og/eða draga úr greiðslubyrði fyrirtækisins umfram það sem bankarnir gera ráð fyrir.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál sem kynnt hefur verið allrækilega í þinginu nú þegar. Ég vonast til að ekki reyni á að nota þurfi til fullnustu þær heimildir sem felast í frv., en það þarf að lögfesta á þessu þingi. Að áliti sérfræðinga, sem skoðað hafa málefni Járnblendiverksmiðjunnar, er talið líklegt að ofangreind fjármagnsfyrirgreiðsla nægi til að fleyta Íslenska járnblendifélaginu yfir þá greiðslufjárerfiðleika, sem það nú á við að etja og stafar m. a. af óvenjulega óhagstæðum ytri rekstraraðstæðum fyrirtækisins. Gangi þær rekstrarspár eftir, sem ég hef vitnað til, mun fyrirtækið ekki þurfa á frekari framlögum eigenda sinna að halda. Ástæða er til að vona að bjartara reynist fram undan hjá þessu fyrirtæki en hingað til og þeir fjármunir, sem í það hafa verið lagðir og hér er gerð till. um heimild til þess að bæta við, skili sér til baka er fram líða stundir.

Herra forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. iðnn.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Það er hægt að reikna út réttmæti aðgerða út frá ýmsum forsendum, og ef staða þessa máls er fyrst og fremst reiknuð út frá hagsmunum Járnblendifélagsins má vel vera að sú niðurstaða sé rétt sem iðnrh. minntist á áðan. Hins vegar er hægt að skoða þetta mál út frá fleiri forsendum, m. a. út frá stöðu raforkusölunnar.

Samkv. nýlegri skýrslu, sem Landsvirkjun gaf út, er skráð að 60% af þeirri umframorku, sem seld verður á næstu árum, eru raunverulega forgangsorka á umframorkuverði. Og hvað þýðir þetta í reynd? Þetta þýðir að íslenskur almenningur í þessu landi er að greiða niður raforkuna í stórum stíl m. a. fyrir Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Og þá hlýtur sú spurning að vakna: Þegar útreikningur eins og þessi er gerður, er þá tekið á þessu heildardæmi út frá því sjónarmiði, hver er þjóðarhagur í stöðunni? Er hagkvæmt fyrir þjóðarheildina að selja áfram forgangsorku á afgangsorkuverði? Ég óska eindregið eftir að iðnrh. gefi skýr svör við þessu. Ein af ástæðunum fyrir að það er sótt eftir svari, er að hann hefur tregðast við í allan vetur að svara því, hvaða stefna sé í upphitunarmálum varðandi verðlag á raforku. Það kemur aldrei fram á hvaða verði ætlunin er að selja raforkuna í framtíðinni, en það er hægt að reikna út 10 eða 20 ár fram í tímann hver verði hagur hinna ýmsu verksmiðja. Það er tímabært að stöðvuð verði sú stefna, að neytendur í þessu landi, almennir raforkuneytendur, séu látnir greiða með stóriðjunni eins og verið hefur.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég get tekið undir með hv. síðasta ræðumanni, að sú orkusala, sem nú fer fram til stóriðjufyrirtækja í landinu, er engan veginn með þeim hætti sem æskilegt væri. Það á við um Álverksmiðjuna, sem kunnugt er, og það á einnig við um Járnblendiverksmiðjuna, og ef taka á gildar þær greinargerðir, sem borist hafa frá Landsvirkjun varðandi forgangsorku og afgangsorku í raforkukerfinu á næstu árum, þá verður myndin ekki betri miðað við þær verðforsendur sem fyrir liggja um raforkusölu til Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Þessar forsendur varðandi orkuverðið voru hins vegar teknar inn í athuganir starfshópsins, a. m. k. að nokkru leyti. Ég vil ekki fullyrða að það hafi verið farið ofan í alla sauma á stuttum tíma sem þessi starfshópur hafði til umráða, en það má finna í skýrslu hans ákveðna greinargerð varðandi raforkuverðið, ef miðað væri þar við aðrar forsendur.

Nú hefur verið fullyrt til skamms tíma að allnokkur afgangsraforka væri í íslenska kerfinu. Það er ekki lengra síðan en í haust, en um það voru birtar háar tölur, fyrst af Verslunarráði Íslands, að svo og svo margir milljarðar kr., ef ég man rétt, a. m. k. milljarðar gkr., rynnu til sjávar vegna þess að ekki væri séð fyrir nýtingu á þeirri orku sem væri í íslenska landskerfinu á næstu árum. Þessir útreikningar hafa hins vegar allnokkuð breyst, miðað við þær skýrslur sem hv. síðasti ræðumaður nefndi, en ég ætla ekki að fara frekar út í það mál hér.

Hv. þm. vék að viðhorfum mínum til húshitunarmála í landinu og verðlagningar á raforku. Það mál hefur verið rætt svo oft og mikið hér í þinginu að ég veit ekki hvort ég á að bæta þar miklu við. Ég get upplýst hv. þm. um það, að ég lagði fram tillögu í ríkisstj. í gær varðandi jöfnun á upphitunarkostnaði. Sú tillaga liggur þar fyrir og varðar áfangalausn í þessum málum. Ég tel ekki ástæðu til að greina frá henni hér sérstaklega efnislega, þar sem hún er á umræðustigi í ríkisstj., en ég vænti þess, að ríkisstj. nái saman um aðgerðir í þessum efnum fyrr en seinna, svo mjög brýnar sem þær eru og mikið réttlætismál fyrir fólk víða á landinu sem býr við mikinn ójöfnuð að þessu leyti.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 24 shlj. atkv. og til iðnn. með 24 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 801 (sbr. 30)). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til l. um lyfjadreifingu, en þetta frv. er nú í fjórða sinn til meðferðar á hv. Alþingi. Það var í upphafi flutt í heilbrmrh.-tíð hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar og hefur síðan verið endurflutt, af honum reyndar einu sinni, og síðan tvisvar sinnum af mér.

Frv. hefur nú fengið meðferð í hv. Ed., hefur verið þar til meðferðar síðan í okt. í haust og hefur verið farið rækilega yfir frv., hverja einustu grein þess. Margir menn hafa verið kallaðir til yfirheyrslu og umræðna um málið, og í gær afgreiddi hv. Ed. shlj. 21 brtt. við frv. þetta og var alger samstaða um málið í Ed. með fulltrúum allra flokka. Þar kom ekki fram neitt mótatkv. um málið eins og það liggur hér fyrir, fyrir utan það, að nokkur ágreiningur varð um 58 gr. Brtt. nefndarinnar, eins og hún var flutt, var felld í Ed. þannig að frv. er nú óbreytt frá því sem það var í upphafi að því er þessa grein varðar, en hún orðast nú svo:

„Lyfjabúðir og lyfjaútibú skulu hafa á boðstólum algengustu dýralyf miðað við þarfir í hverju lyfsöluumdæmi. Héraðsdýralæknum er einnig heimilt að annast sölu dýralyfja og skulu þeir fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum.

Þar sem héraðsdýralæknir situr, en ekki er lyfjabúð eða lyfjaútibú á staðnum, skal hann hafa í umdæmi sínu á hendi sölu lyfja, sem hann kaupir frá lyfjaheildsölu, lyfjabúð eða hjá Tilraunastöðinni að Keldum."

Hv. heilbr.- og trn. Ed. flutti við þetta brtt. og var hún felld, eins og ég sagði áðan, í atkvgr. við nafnakall í Ed. í gærkvöld. Þess vegna er þessi grein frv. óbreytt frá því sem frv. var í upphafi þegar ég lagði það fram.

Ég tel ekki ástæðu til þess, herra forseti, á þessu stigi málsins að fara mjög ítarlega yfir einstakar greinar frv. þess. Ég vænti þess, að það sé hv. þm. mjög vel kunnugt. Mér þætti mjög vænt um ef þingið treysti sér til að afgreiða þetta mál á því þingi sem nú lýkur senn. Það hefur fengið rækilega meðferð og með því að í hv. heilbr.- og trn. deildarinnar eru tveir fyrrv. heilbr.- og trmrh. leyfi ég mér að gera mér vonir um að nefndin taki þessu vel og að málið verði að lögum á þessu þingi.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari stuttu framsöguræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til heilbr.- og trn. með 23 shlj. atkv.

Neðri deild, 77. fundur.

Föstudaginn 30. apríl, að loknum 76. fundi.

Dýralæknar, frv. (þskj. 837). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 25 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Fyrir þessu þingi hefur legið frv. um dýralækna, en því hefur nú verið vísað af hv. Ed. til ríkisstj. Þar sem landbn. telur mjög brýnt að breyting á dýralæknaskipuninni verði lögfest á þessu þingi hefur frv., sem ég mæli nú fyrir, verið flutt. Ég tel óþarfa að ræða málið frekar, en þar sem nefnd, landbn., flytur frv. legg ég til að því verði ekki vísað til nefndar, heldur til 2. umr. Ég óska mjög eftir því að hæstv. forseti vildi taka frv. fyrir á fleiri fundum þannig að það kæmist til Ed. n. k. mánudag.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Frá því er að segja, eins og gefur að skilja, að engin vinnubrögð eru að frv. sigli í gegn án þess að mönnum gefist neitt færi á að kynna sér það, enda þótt menn hafi að vísu haft þennan málatilbúnað innifólginn í stærra frv. En rétt er að þetta frv. er flutt af nefnd. Ég hygg þó að ef gott samkomulag næst um þetta mál muni ég beita mér fyrir því, að það nái afgreiðslu í hv. deild á mánudag. En ég vil helst hafa þann hátt á, að málið fari til landbn. og við fáum hér, hv. þdm., á borð okkar skýrgreiningu á hvers vegna málum er svo komið sem raun ber vitni um vegna flutnings þessa frv. og á þeirri nauðsyn sem til ber að frv. verði að lögum, af því að telja verður að það sé á tæpasta vaði að upp verði tekið, þótt að hluta sé, úr frv. á sama þingi, úr frv. sem hefur verið fellt í annarri hvorri deild. En eftir sem áður hygg ég að þessi framgangsmáti ætti að vera nægjanlegur og viðhef hann.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til landbn. með 22 shlj. atkv.

Sameinað þing, 85. fundur.

Mánudaginn 3. maí, kl. 2 miðdegis.

Minnst látins fyrrv. ráðherra og alþingismanns.

Forseti (Jón Helgason): Kristinn Guðmundsson fyrrv. utanríkisráðherra og sendiherra andaðist s. l. föstudag, 30. apríl, á átttugasta og fimmta aldursári. Hann tók sæti hér á Alþingi tvisvar skamma stund sem varaþingmaður á árunum 1947 og 1949, en átti síðan setu á Alþingi sem utanríkisráðherra þrjú þing á kjörtímabilinu 1953—1956.

Kristinn Guðmundsson var fæddur 14. október 1897 að Króki á Rauðasandi. Foreldrar hans voru Guðmundur bóndi og hreppstjóri þar, síðar í Lögmannshlíð í Glæsibæjarhreppi Sigfreðsson og Guðrún Júlíana, kona hans, Einarsdóttir Thoroddsens. Kristinn stundaði nám í ungmennaskólanum á Núpi í Dýrafirði 1914—1916, en lauk síðan stúdentsprófi utanskóla frá Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1920. Hann las lögfræði við Háskóla Íslands veturinn 1920—1921, en nam síðan hagfræði og lögfræði við háskólann í Kiel 1921 og 1923—1926 og í Berlín 1921—1923. Árið 1926 lauk hann doktorsprófi við háskólann í Kiel. Á árunum 1926—1929 vann hann við einkakennslu og verslun í Reykjavík og Hamborg. Fastur kennari við Menntaskólann á Akureyri var hann 1929—1944 og stundakennari þar 1944—1953, en var á þeim árum að aðalstarfi skattstjóri á Akureyri. Haustið 1953 varð hann utanríkisráðherra og gegndi ráðherrastörfum fram í júlí 1956. Nokkru síðar var hann skipaður sendiherra Íslands í Stóra-Bretlandi og í ársbyrjun 1961 varð hann sendiherra í Sovétríkjunum. Af sendiherrastörfum lét hann sjötugur í árslok 1967 og átti upp frá því heimili í Reykjavík.

Kristinn Guðmundsson var frá æskuárum mikill námsmaður, jafnt í skólum sem utan skóla. Með aldri varð hann fjölfróður menntamaður og miðlaði námsmönnum af víðtækum fróðleik sínum og þekkingu. Á starfsárum sínum í Sovétríkjunum á sjötugsaldri hóf hann af kappi nám í rússnesku. Á Akureyri voru honum falin ýmis störf í þágu bæjarfélagsins og þar var hann bæjarfulltrúi 1950—1953. Hann var ágætur liðsmaður í stjórnmálaflokki og honum voru falin vandasöm ráðherrastörf á umbrotatímum. Með góðvild og drengskap ávann hann sér hvarvetna vinsældir í störfum. Gilti það um kennslustörf, skattheimtu, stjórnmálabaráttu og ráðherradóm. Síðasta áratug starfsævi sinnar gegndi hann með sæmd og háttprýði mikilvægum störfum fyrir þjóð sína á erlendum vettvangi.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Kristins Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Efri deild, 80. fundur.

Mánudaginn 3. maí, að loknum fundi í Sþ.

Viðlagatrygging Íslands, frv. (þskj. 842 (sbr. 541)). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Hv. Nd. gerði smávægilega breytingu á frv. því til l. um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu sem Ed. hafði fjallað um fyrr í vor. Þessi breyting er ekki stór. Hún er fólgin í því, að felld eru burt orð í 1. gr. frv., 5. gr. laganna, þar sem stendur: „Allar húseignir og lausafé, sem í þeim er geymt, þar með taldar vörubirgðir" o. s. frv. Samkv. tillögu Nd.-nefndarinnar er gert ráð fyrir að orðin „sem í þeim er geymt" falli brott. Sú skýring fylgir með þessari breytingu, og vafalaust mun það rétt athugað, að þetta gæti valdið misskilningi eins og það stendur upphaflega í frv., það mætti hugsanlega skilja sem svo, að lausafé væri eingöngu tryggt svo fremi það væri geymt í húsi. Rétt þótti að koma í veg fyrir misskilning sem af þessum orðum gat leitt. Því var lagt til að orðin „sem í þeim er geymt" féllu brott.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta frekar, en mæli með að hv. Ed. leggi blessun sína yfir frv. eins og það nú liggur fyrir eftir afgreiðslu Nd.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 869).

Neyðarbirgðir olíu o. fl., frv. (þskj. 764). — 1. umr.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um neyðarbirgðir olíu o. fl. Frv., sem lagt hefur verið fram í kynningarskyni og ég mæli nú fyrir, varðar aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni. Þarf löggjöf til að tryggja framkvæmd samningsins um alþjóðaorkuáætlun, er starf stofnunarinnar grundvallast á, ef Ísland gerist aðili. Ég mun stikla á stóru, en vísa um nánari skýringar til frv. sem er í meginatriðum byggt á skýrslu nefndar til að kanna málefni Alþjóðaorkustofnunarinnar. Sú skýrsla er þingflokkunum kunn. Tölur hafa breyst vegna þróunar olíumála á Íslandi að undanförnu, og skilyrði, sem sett verða ef til aðildar kemur, hafa verið ákveðin.

Með því að koma Alþjóðaorkustofnuninni á fót vildu aðildarríkin treysta stöðu sína í orkumálum, einkum þó olíumálum, en viðbúnaðarkerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar hafði brugðist í olíuneyðinni á árunum 1973 og 1974. Er ég þeirrar skoðunar, að heppilegt sé fyrir Ísland að treysta stöðu sína í orkumálum á svipaðan hátt og nágrannalönd okkar, og það verði best gert með aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. Mun ég nú víkja að skipulagi og starfi stofnunarinnar með sérstöku tilliti til aðildar Íslands.

Alþjóðaorkustofnunin er ekki alþjóðastofnun sem stendur aðildarríkjum ofar, en í samningnum um alþjóðaorkuáætlun er að finna víðtæk réttindi og skyldur. Kemur samspil réttinda og skyldna gleggst fram í olíuneyðarkerfi stofnunarinnar. Einn þáttur neyðarkerfisins er sá, að aðildarríkin skuli eiga neyðarbirgðir olíu til 90 daga. Það jafngildir 129 þús. tonnum samanlagt af þremur helstu olíuvörum Íslendinga: gasolíu, svartolíu og bensíni. Miðað við birgðarými olíufélaganna

um þessar mundir, 228 þús. tonn, er ekki þörf á að auka birgðarými hér á landi til að rúma 90 daga birgðir. Skapar aðild því ekki kostnað að þessu leyti. Hefur birgðarýmið aukist að undanförnu samhliða því sem notkun olíu hefur minnkað. Sé gengið út frá að íslensk stjórnvöld telji 90 daga neyðarbirgðir eðlilegar, hvort sem Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki, yrði út af fyrir sig ekki um að ræða aukakostnað vegna aukins birgðahalds samfara aðild Íslands að stofnuninni. Það er skoðun mín að eðlilegt sé að miða við 90 daga markið eins og gert er hjá nágrannaþjóðum okkar. Sumar þeirra liggja reyndar iðulega með mun meira af olíu auk hernaðarbirgða. T. d. voru birgðir til 130 daga notkunar í ársbyrjun 1981 og 1982 í ríkjum Efnahagsbandalags Evrópu. En með tilliti til þess, að Ísland er eyja, allafskekkt, virðist sérstök ástæða til að huga að olíubirgðum, og einnig með tilliti til þess, að íslenskir atvinnuvegir eru með þeim hætti að við verðum mjög að treysta á olíuna sem orkugjafa.

Það er nokkuð útbreidd skoðun, að besta ráðið til að tryggja hér á landi nægar olíubirgðir sé að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Birgðahald olíu hefur aukist talsvert á undanförnum misserum og voru meðalbirgðir áranna 1980—1981 95 þús. tonn af þremur helstu olíuvörunum. Jafngildir það 74% af því sem þarf eða 66 daga birgðum. Með hliðsjón af þessu þyrfti Ísland að auka birgðahald sitt um 34 þúsund tonn til að ná 129 þúsund tonna markinu og yrði 50% vaxtakostnaður vegna þess 42.7 millj. kr. á ári miðað við útreikninga hinn 26. mars s. l. Samsvarar þetta 1.6% hækkun verðs á gasolíu, svartolíu og bensíni til notenda.

Það gæti auðveldað lausn á þessu máli að tollgeymsla yrði heimiluð á bensíni þannig að verðtollur yrði allur greiddur við sölu, en ekki við innflutning. Þyrftu þá notendur ekki að greiða allan kostnað af aukningu birgðahaldsins, hér er aðeins verið að tala um bruttókostnað, ef talið væri að minna birgðahald dygði en samkv. reglum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Hagræði af auknum olíusparnaði kæmi t. d. hér á móti. Þess má geta, að meðalbirgðir í janúar—mars 1982 voru miklu mun meiri en á sama tímabili árin 1980 og 1981, 129 þús. tonn eða 90 daga birgðir. Meðalbirgðir á þessum árstíma eru þó ekki marktækar um meðalbirgðir viðkomandi árs. Voru þær t. d. 10 þús. tonnum meiri en meðalbirgðir áranna 1980 og 1981.

Skylda til að takmarka eftirspurn eftir olíu og úthluta henni þegar minnkun verður á aðdráttum til hópsins, þ. e. aðildarlanda stofnunarinnar, og skylda til að úthluta olíu þegar minnkun verður á aðdráttum til einhvers aðildarríkis geta ýmist verið kostur eða galli, eftir því hvernig á stendur í olíumálum einstakra landa. Draga má úr hugsanlegum erfiðleikum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að hnika til hlutföllum innan ramma 90 daga heildarbirgða, eiga sem sé meira en 90 daga birgðir af þeirri olíu, sem erfiðast er að spara, eða úthluta enn minna en 90 daga birgðum af annarri olíu, og í öðru lagi með því að eiga einhverjar birgðir umfram 90 daga, en það hefur aukakostnað í för með sér.

Ekki hefur komið til takmörkunar á eftirspurn eftir olíu né olíuúthlutunar frá því að Alþjóðaorkustofnuninni var komið á fót árið 1974. Vilja aðildarríki stofnunarinnar eðlilega komast hjá því að þurfa að grípa til takmörkunar á eftirspurn sem veldur fremur óþægindum en nokkru sinni úthlutun. Aðildarríkin ráða því þó sjálf, til hvaða ráðstafana þau grípa til að takmarka eftirspurn eftir olíu í almennri olíuneyð. Ekki er annað sjáanlegt en að upplýsingaskylda sú, sem hvílir á aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar til að tryggja árangursríka framkvæmd neyðarráðstafana, sé Íslendingum viðráðanleg ef af aðild verður. Sú skylda er þó aðeins þáttur í upplýsingamiðlun um alþjóðlega olíumarkaðinn sem aðildarríkin, t. d. Danir og Svíar, telja mikið gagn að, m. a. vegna upplýsinga um verðlag á olíu. Í langtímasamstarfi aðildarríkja Alþjóðaorkustofnunarinnar í orkumálum er stefnt að því að gera aðildarríkin óháðari olíuinnflutningi til að fullnægja heildarorkuþörf sinni. Þessi viðleitni getur skipt ríkin miklu máli fjárhagslega, stuðlað að gjaldeyrissparnaði með minni kaupum á dýrri olíu. Er nauðsynlegt að fylgjast sem best með þróun mála á þessum vettvangi, en af hálfu aðildarríkjanna er lögð mest áhersla á orkusparnað, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknir og almenna þróun.

Ef Íslendingum tekst að auka olíusparnað vegna upplýsinga á vettvangi stofnunarinnar og aðhalds frá henni getur orðið mikið hagræði að því. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að innflutningur á olíu skiptir miklu máli í heildarinnflutningi Íslands. Þannig var flutt inn olía til Íslands á árinu 1981 fyrir hvorki meira né minna en tæpar 1 200 millj. kr., sem jafngilti tæpum 16% af heildarinnflutningi landsmanna. Á árinu 1979 var innflutningur olíu rúmlega 19% af heildarinnflutningi Íslendinga.

Stofnunin lætur einnig annars konar orkusparnað en olíusparnað til sín taka. Næðist aukinn árangur á því sviði, t. d. varðandi notkun heits vatns og rafmagns, yrði það til hagsbóta, m. a. vegna minni viðbótarfjárfestingar og lægri kostnaðar við framleiðslu iðnvarnings í samkeppni við útlendinga. Að því er varðar þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu má m. a. nefna að Alþjóðaorkustofnunin leggur áherslu á aukna notkun kola. Íslendingar geta haft gagn af orkurannsóknarverkefnum á vegum Alþjóðaorkustofnunarinnar og geta stungið upp á einstökum rannsóknarverkefnum. Ekki er veitt fé á fjárhagsáætlun stofnunarinnar til einstakra verkefna, heldur er útgjöldum jafnað niður á þau lönd, sem taka þátt í verkefnum, í þeim hlutföllum sem þau samþykkja samhljóða sín á milli. Allsherjarathugun á orkustefnum og orkuáætlunum aðildarríkja, sem beinist að orkusparnaði, þróun annarra orkugjafa en innfluttrar olíu og orkurannsóknum, skapar aðildarríkjunum aðhald og er eflaust gagnleg.

Ég hef áður minnst á kostnað við aukið olíubirgðahald, hvort sem hann stafar af aðild að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki, en þessi kostnaður er umtalsverður miðað við birgðahald á undanförnum árum. Ýmis kostnaður kemur til, eins og við aðild að alþjóðastofnunum almennt, þ. e. vegna framlags til stofnunarinnar og meira starfs af hálfu hins opinbera. Þá má búast við að kallað verði á aukin fjárframlög hér á landi til orkurannsókna og fleiri verkefna sem tengd eru starfsemi stofnunarinnar.

Ef heimild verður veitt til þess, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni, sýnist mér að marka ætti formlega sérstöðu Íslands um fimm atriði:

1. Ísland fer fram á fimm ára aðlögunartíma til að auka olíubirgðahald í áföngum við hagkvæmar aðstæður og jafnframt olíugeymarými ef nauðsynlegt reynist.

2. Ísland telur að V. kafli í ákvörðun stjórnarnefndar-

innar um áætlun um langtímastarf hafi að geyma almennar meginreglur sem séu ekki lagalega bindandi. Vill Ísland í þessu sambandi undirstrika að það hefur rétt til að eiga og ráða yfir náttúruauðlindum sínum og efnahag, svo og vernda umhverfi sitt og öryggi þegna sinna, og mun framkvæma V. kaflann á þann hátt sem samræmist íslenskri orkustefnu, m. a. í fjárfestingarmálum.

3. Varðandi 8. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland á mikla ónýtta vatnsorku og jarðhitaorku og mun því ekki stefna að hagnýtingu kjarnorku né taka virkan þátt í þeim málum sem snerta kjarnorku á vettvangi stofnunarinnar.

4. Varðandi 10. meginreglu í ákvörðun stjórnarnefndarinnar um hópmarkmið og meginreglur orkustefnu skal tekið fram að Ísland hyggst halda áfram rannsóknum vegna hugsanlegra olíulinda á íslenska landgrunninu undir forustu íslenskra stofnana og stjórnvalda. Við rannsóknir og hugsanlega nýtingu auðlinda verði gætt fyllstu varúðar með tilliti til umhverfissjónarmiða, fyrst og fremst til að tryggja að hinar lifandi auðlindir hafsins verði ekki fyrir skaða. Áskilja íslensk stjórnvöld sér rétt til að mæla fyrir um hraða rannsókna og hugsanlegrar nýtingar, m. a. með þau sjónarmið í huga.

5. Áratugum saman hefur Ísland flutt megnið af sinni olíu inn frá einum aðila, 60—70% af heildarinnflutningi olíunnar á síðustu árum. Ísland getur ekki úthlutað þessari olíu á olíuneyðartímum andstætt hefðbundnum ákvæðum gildandi olíukaupsamninga. Hugsanleg úthlutun af hálfu Íslands yrði af þeirri olíu, sem flutt væri enn frá öðrum aðilum, eða með samþykki að öðrum kosti.

Ætla má að öll þessi atriði séu stofnuninni aðgengileg. Skilyrðin varðandi ákvarðanir stjórnarnefndarinnar eiga sér reyndar fordæmi að því er snertir aðild Norðmanna.

Ég hef fyrir mitt leyti verið hlynntur því, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Hér er, eins og í öðrum vestrænum löndum og reyndar um allan heim, lögð aukin áhersla á orkumál og nauðsyn virkra aðgerða. Ættum við sem nágrannaþjóðir okkar að geta haft hag af samstarfi á vettvangi Alþjóðaorkustofnunarinnar.

Í stofnuninni er um að tefla frekari útfærslu á samstarfi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar sem Íslendingar hafa tekið þátt í. Samvinna um hin ýmsu atriði samningsins um alþjóðaorkuáætlun er Íslendingum ávinningur. Vegna samhjálpar aðildarríkjanna í olíumálum á friðartímum fæst aukið olíuöryggi, sem ekki næst með einhliða birgðaaukningu. Kostnaður við meira birgðahald kemur til hvort sem hann stafar af aðild að stofnuninni eða ekki, en eðlilegt virðist að miða við 90 daga birgðir. Aðildin hvetur til áætlunargerðar um viðbúnað á neyðartímum. Upplýsingar frá stofnuninni gætu hjálpað Íslendingum til að ná hagstæðum samningum í olíukaupum. Má telja samstarf sem þetta mjög mikilvægt fyrir land þar sem olíukaup og verðlagning hafa mjög víðtæk áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Þá má fá upplýsingar um orku- og efnahagsstarf nágrannalandanna og Ísland getur miðlað fróðleik, t. d. í jarðhitamálum, og stungið upp á nytsamlegum samstarfsverkefnum á því sviði.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir frv. til l. um neyðarbirgðir olíu o. fl. sem lagt hefur verið fram nú svo að þm. gefist kostur á að kynna sér skipulag og starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar með sérstöku tilliti til aðildar Íslands. Mín skoðun er sú, að aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni horfi til framtíðarheilla fyrir land og þjóð.

Ég hef ekki alveg gert mér grein fyrir því, herra forseti, til hvaða nefndar á að gera till. um að vísa þessu máli. Ég geri að till. minni að málinu verði vísað til hv. iðnn.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég get heils hugar tekið undir þau orð hæstv. viðskrh., að þetta frv. eða öllu heldur framkvæmd þess muni horfa til heilla fyrir land og þjóð. Það held ég að sé alveg hárrétt mat. Ég vil hins vegar vekja athygli á því orðalagi sem hæstv. ráðh. viðhafði í upphafi ræðu sinnar. Hann tók þannig til orða, að þetta frv. væri lagt hér fram í kynningarskyni. Ég kannast ekki við að í þingskapalögum séu nein ákvæði um að frumvörp séu lögð fram í kynningarskyni. Þegar frumvörp eru lögð fram eru þau auðvitað lögð fram til samþykktar og það sérstaklega þegar um stjfrv. er að ræða. Hins vegar er það annað mál, hvort þingmönnum muni endast sá skammi tími, sem væntanlega lifir þessa þings, til þess að kanna þetta mál svo sem vert væri, og þess vegna óttast ég að það muni ekki hljóta afgreiðslu á þessu þingi, því miður.

Ég vil aðeins fagna því, að þetta frv. skuli fram komið, og minna jafnframt á till. til þál. sem við nokkrir þm. Alþfl. fluttum á fyrstu dögum þessa löggjafarþings, en sú till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera ráðstafanir til þess, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni."

Nú er sem sagt efni þessarar till. í þann veginn að ná fram að ganga, því að þó svo þetta frv. heiti ekki „Frumvarp til laga um aðild Íslands að Alþjóðastofnuninni," þá felur það efnislega í sér það sem þáltill. okkar Alþfl.-manna gerir ráð fyrir.

Þegar till. okkar kom til umræðu í Sþ. fyrr í vetur urðu þar býsna harðar umræður sem stóðu heilan dag, — ef ég man rétt. Af hálfu hv. þm. Alþb. var næsta hart barist gegn tillögunni. Það var svo sem ekki ný bóla, vegna þess að hér er um að ræða samstarf við vestrænar þjóðir og Alþb. hefur ævinlega litið á það sem eitt af meginhlutverkum sínum á Alþingi að berjast gegn öllu samstarfi við vestrænar þjóðir. Í þessu máli var þar engin undantekning gerð. Þar hafði ekki einn, ekki tveir, heldur fleiri af hv. þm. þess flokks uppi mjög harða gagnrýni á tillöguna, án þess þó að veruleg efnisrök gegn því, sem hér er um að ræða, kæmu þar fram.

Ég vil aðeins fagna því, að hæstv. viðskrh. skuli hafa tekist að beygja ráðherra Alþb. í ríkisstjórn til stuðnings við þetta mál, því að svo verður að líta á, enda þótt hann hafi orðið að láta í minni pokann með nafni frv. þar sem það heitir Frumvarp til laga um neyðarbirgðir olíu o. fl. En það skiptir ekki höfuðmáli. Það er auðvitað efnisinnihald frv. sem er meginmálið.

Hér er sem sagt fallist á þá tillögu sem við Alþfl.-menn lögðum fram í upphafi þings. Raunar kom þá strax í ljós að hún átti þingmeirihluta. Hins vegar lítur sá minni hl., sem beitti sér gegn henni, gjarnan á sig sem meiri hluta og hafandi stöðvunarvald í hinum ýmsu málum. En ég fagna því, að viðskrh. skuli flytja þetta frv. um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni í nafni allrar ríkisstj. Þó svo þetta frv. nái ekki fram að ganga á þeim fáu dögum sem eftir eru þings, þá held ég að líta megi á það sem tryggt, hvernig sem allt veltur og hverjir sem verða hér við stjórn á haustdögum, að frv. um þetta efni muni

þá verða lagt fram að nýju og muni hafa þingmeirihluta og muni hljóta afgreiðslu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka undir orð síðasta ræðumanns og fagna því, að þetta frv. skuli vera fram komið. Ég hef raunar áður lýst yfir þeirri skoðun minni í þessari hv. deild, að við Íslendingar ættum að athuga þann möguleika mjög rækilega að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég held að ég megi fullyrða að það sé yfirleitt skoðun okkar sjálfstæðismanna.

Þetta mál hefur oft borið á góma á undanförnum árum. Ég vel vekja athygli hv. deildar á því, að í skýrslu sinni til ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar í sept. 1979 gerði fimm manna olíuviðskiptanefnd, sem dr. Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans var formaður í, almenna grein fyrir Alþjóðaorkustofnuninni, skipulagi hennar og starfi og aðildarskilmálum. Þessi nefnd mælti með því, að Ísland óskaði eftir aðild að stofnuninni, nema einn nm. hafði fyrirvara um þá afstöðu. Þetta mál hefur því verið á döfinni allar götur síðan 1979. Og það er engin tilviljun að svo hefur verið, vegna þess að 1979 skall síðari olíukreppan yfir heiminn, eins og menn vita, og menn fóru þá að hugsa meira um þann vanda sem viðkomandi þjóðir gætu komist í ef ekki væri gætt öryggis í því að hafa tiltækar nægar olíubirgðir m. a. Þetta samstarf er að vísu, eins og hæstv. ráðh. réttilega benti á, allmiklu víðtækara en einungis um olíuöryggismál. Þarna er fjallað um mörg önnur atriði sem varða orkumál og samstarf og samskipti þjóða á þeim sviðum.

Það er vitað mál, sem ég held að hafi ekki farið fram hjá neinum, að það á víðtækan hljómgrunn hér á hinu háa Alþingi að vinna að og ræða þessa hlið öryggismála landsins. En ég held að hv. þm. sé jafnljóst að það hefur fyrst og fremst strandað á afstöðu eins stjórnarflokkanna sem virðist hafa stöðvunarvald í þessum efnum.

Ég tek undir það, að þetta frv. er allseint fram komið. Þó vil ég fagna því og taka undir orð síðasta ræðumanns um það, að ef ekki gefst kostur á að athuga það á þessu þingi, sem nánast er tæknilega útilokað að verði, þá verði það tekið til gagngerðrar athugunar á haustmánuðum. Ég fagna þessu frv. og get tekið undir flest eða allt það sem hæstv. ráðh. sagði í framsöguræðu sinni.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Hv. þm. Eiður Guðnason vék að því í sinni ræðu, að þegar tillaga hans og annarra þm. Alþfl. um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni var til umræðu í Sþ. hefðum við þm. Alþb. barist hart gegn þeirri tillögu. Og hann hældi hæstv. ráðh. fyrir að honum hefði tekist að berja niður andstöðu okkar og fleira í þessum dúr.

Það er satt að segja merkileg árátta hv. þm. Eiðs Guðnasonar — og er nú orðið nánast stíll af hans hálfu — að sjá baráttu við Alþb. alls staðar, nánast í hverju einasta máli sem hann skiptir sér af hér á Alþingi. Oftast nær er það þannig að hann býr sér sjálfur til þau árásartilefni sem eru síðan notuð til að gefa út mjög karlmannlegar hetjuyfirlýsingar um baráttuna gegn Alþb.

Frásögn hans af umræðum í Sþ. var í sama dúr. Í þessum umræðum talaði formaður Alþb., ef ég man rétt. Ég talaði þar einnig og fleiri þm. Alþb. Ég lagði áherslu á í þessum umræðum að það væri höfuðnauðsyn, ef Íslendingar ætluðu að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni, að við settum ákveðna fyrirvara af okkar hálfu, því að það væri ljóst, að eins og samþykktir og samningar Alþjóðaorkustofnunarinnar lægju fyrir væri Íslendingum ógerlegt að ganga að þeim samningum nema framselja verulegan hluta af forræði okkar yfir orkuauðlindum landsins og láta af hendi önnur margvísleg réttindi og framtíðarmöguleika sem nauðsynlegt er að varðveita í höndum þjóðarinnar sjálfrar. En það var hins vegar eftir öðru í málflutningi og tillöguflutningi þessara hv. þm. Alþfl., að þeir höfðu ekki hugleitt að Íslendingar þyrftu að setja slík skilyrði, því að bæði í tillögu þeirra og eins í framsöguræðu var ekki vikið sérstaklega að þeim þætti málsins, hvað þá að þeir gerðu Alþingi grein fyrir því, hver slík skilyrði ættu að vera. Það var þess vegna skiljanlegt að hv. þm. Eiður Guðnason skyldi ekki í ræðu sinni áðan, eftir því sem ég best tók eftir, víkja einu orði að því, sem tekið er fram í athugasemdum frv., við 1. gr., þar sem ítarlega eru rakin þau fimm skilyrði sem Íslendingar verða að setja ef þeir eiga að geta gerst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni. Staðreyndin er sú, að Alþjóðaorkustofnunin er fyrst og fremst sniðin að þörfum stóru iðnríkjanna á meginlandi Evrópu og Bandaríkjanna, sem hafa byggt meginorkumarkað sinn á innfluttum olíuvörum. Það eru nokkur ríki — þar e. t. v. fremst í flokki Frakkland — sem töldu sér ekki kleift, þegar stofnunin var sett á laggirnar, að gerast aðilar að þessum samningi. Það eru sennilega líka þeir, sem hv. þm. Eiður Guðnason væntanlega kallar kommúnista í Frakklandi, sem hafa ráðið því — eða hvað? Það skyldi þó ekki vera, að það hafi verið hin hægri sinnaða ríkisstjórn Pompidous Frakklandsforseta (**EG:** Kallar hv. þm. þá kommúnista?) Nei, ég sagði: sem hv. þm. Eiður Guðnason væntanlega kallar kommúnista. Það var ríkisstjórn Pompidous eða Gaulle-istanna í Frakklandi sem tók þá ákvörðun, að það samrýmdist ekki hagsmunum Frakklands að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Það er stefna sem aðrar ríkisstjórnir í Frakklandi hafa fylgt síðan.

Einnig væri rétt að hv. þm. Eiður Guðnason kynnti sér þær umræður sem fóru fram í Noregi þegar Noregur tók ákvörðun um að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Í þeim umræðum kom skýrt og greinilega fram að Noregur treysti sér ekki til að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni nema með skilyrðum, og fór fram ítarleg umræða í Noregi um það, hver þessi skilyrði ættu að vera. Það sýnir best að mínum dómi annaðhvort þekkingarleysi hv. þm. Alþfl. og Sjálfstfl. í þessari umræðu — eða þá að þeir vilja ekki gæta hagsmuna Íslands í þessu sambandi, að hvorki í umræðunum í Sþ. á sínum tíma né í umræðunum í dag hafa þeir gert þessi skilyrði að umræðuefni, sem eru þó höfuðkjarni málsins. Ég vil óska eftir að fá því svarað hér eða þá síðar þegar þetta mál verður til umræðu, hvort þessir hv. þm. séu þeirrar skoðunar, að Íslendingar geti gerst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni án þess að setja slík skilyrði og hvort tillaga Alþfl. á sínum tíma var um skilyrðislausa aðild að Alþjóðaorkustofnuninni eða ekki.

Deilan um aðildina að Alþjóðaorkustofnuninni hefur ekki staðið um aðildina sem slíka, heldur hefur hún fyrst og fremst staðið um það, hvers konar skilyrði væri nauðsynlegt að Íslendingar settu, til þess að vernda hagsmuni okkar í bráð og lengd, ef við gerðumst aðilar að þessari stofnun. Þessi skilyrði snerta bæði grundvallarsamþykktir og samninga Alþjóðaorkustofnunarinnar sjálfrar og eins þær samþykktir sem stjórnarnefnd stofnunarinnar hefur gert.

Það er rétt að vekja athygli hv. dm. á því, að innan Alþjóðaorkustofnunarinnar er ágreiningur um það, hvort tiltekin ákvæði um stefnu í orkumálum, sem Alþjóðaorkustofnunin hefur sett, séu lagalega bindandi fyrir aðildarríkin eða ekki. Ýmsir forsvarsmenn og lögfræðingar Alþjóðaorkustofnunarinnar halda því fram, að þessi ákvæði séu lagalega bindandi. En það er einmitt eitt af þeim skilyrðum, sem ríkisstjórn Noregs setti á sínum tíma og eru tekin upp í grg. þessa frv., að taka af öll tvímæli um það, að hvorki Noregur á sínum tíma né Ísland, ef Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni, er samþykk þeim skilningi að þessi stefnuákvæði séu lagalega bindandi.

Í öðru lagi er rétt að vekja athygli á því, að það hefur verið ágreiningur um það meðal þeirra ríkja, sem mynduðu Alþjóðaorkustofnunina á sínum tíma, og einnig þeirra ríkja, sem gengu í stofnunina, hvaða áhrif aðild að Alþjóðaorkustofnuninni hefði á möguleika einstakra ríkja til að semja hvert um sig við olíusöluríkin. Ýmsir héldu því fram, og það var ein af meginröksemdunum sem Frakkar notuðu á sínum tíma fyrir að hafna aðild að Alþjóðaorkustofnuninni, að með því að mynda þennan hagsmunaklúbb olíukauparíkjanna væru möguleikar annarra ríkja til að geta gert sjálfstæða samninga við olíusöluríkin, sérstaklega Arabaríkin, verulega minni en ella. Ég tel það fyllilega eðlilegt umræðuefni fyrir hv. Alþingi — og nánast ósæmandi að ganga fram hjá því — að taka afstöðu til þess eða ræða það hér á Alþingi, hvort hagsmunum Íslands sé betur þjónað með því, að Ísland bindi sig formlega við samtök olíukauparíkjanna, sérstaklega stóru iðnríkjanna á meginlandi Evrópu og Bandaríkjanna, eða að Ísland reyni eitt og sér í framtíðinni að ná samningum við olíusöluríkin, t. d. Arabaríkin eða Nígeríu sem við eigum mikil samskipti við. Væri mikil þörf á því, að kannaðir væru rækilega möguleikar á olíukaupum okkar frá því ríki til þess að tryggja skreiðarmarkaði okkar í Nígeríu. Höfum við betri möguleika til þess að gera slíka sjálfstæða samninga við olíusöluríkin, við sem lítil þjóð, heldur en með því að vera búnir að tengja okkur formlega við slíkan klúbb? Þetta tel ég vera umræðuefni sem sé nauðsynlegt að menn athugi í nefndum þingsins eða við meðferð slíkrar tillögu sem hér liggur fyrir.

Hins vegar er rétt að geta þess, að ýmsir, sem kynnt hafa sér starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar, telja að þeir spádómar, sem ýmsir settu fram við upphaf hennar, að tilvist hennar kynni að hafa neikvæð áhrif á samskipti einstakra aðildarríkja við olíusöluríkin, hafi ekki reynst réttir og þess vegna muni aðild að Alþjóðaorkustofnuninni ekki hafa veruleg áhrif á það, hvort einstök aðildarríki hafi möguleika til slíkra samninga. En ég vil segja það alveg hreint út hér, að ef það væri niðurstaðan af athugunum á starfsemi Alþjóðaorkustofnunarinnar, og starfsemi þeirra ríkja, sem henni tilheyra, að aðild að henni rýrði möguleika Íslands til þess að gera eitt og sér hagstæða olíukaupasamninga við olíusöluríkin í Asíu eða Afríku eða Suður-Ameríku, þá teldi ég mjög til efs að það þjónaði hagsmunum Íslands að gerast aðili að slíkri stofnun, að binda trúss við stóru olíukauparíkin, Vestur-Þýskaland, Ítalíu, Bandaríkin eða önnur þau ríki sem myndað hafa klúbb, vegna þess að allir vita að Alþjóðaorkustofnunin var í upphafi mynduð sem varnarklúbbur olíukauparíkjanna gagnvart hækkunum á olíuverði olíusöluríkjanna.

Við getum tekið Nígeríu sem dæmi. Þar er einn verðmætasti fisksölumarkaður okkar. Við höfum kynnst margvíslegum erfiðleikum á þeim markaði. Við kaupum mjög lítið frá Nígeríu, og það hefur komið fram í samningaviðræðum fiskseljenda okkar í Nígeríu hvað eftir annað, einnig nú nýlega, að það mundi auðvelda mjög samningagerð okkar við Nígeríu ef við hugleiddum t. d. olíukaup frá því ríki, sérstaklega nú þegar það á í erfiðleikum með að selja sínar olíuvörur. Ef aðild að Alþjóðaorkustofnuninni gerði slíka sjálfstæða samninga erfiðari teldi ég tvímælalaust að við ættum að athuga vel okkar gang áður en við tækjum slíkt skref.

Það er því miður þannig með þessa ágætu stofnun, Alþjóðaorkustofnunina, að svo takmörkuð reynsla hefur fengist af starfsemi hennar enn sem komið er að mjög mörgum spurningum um eðli hennar og þær reglur, sem innan hennar eiga að gilda, hefur ekki verið svarað til fullnustu. Það er rétt að við íhugum við meðferð málsins hvaða röksemdum Frakkar hafa beitt til þess að gerast ekki aðilar að þessari stofnun. — Það eru hægri öflin í Frakklandi sem mótuðu þá stefnu. Það skýtur því dálítið skökku við að fara að blanda þessu tali hér inn í umræður um það sem hv. þm. Eiður Guðnason kallaði vestræna samvinnu og ég veit ekki hvað og hvað.

Þriðja atriðið, sem ég vil nefna hér og ég tel nauðsynlegt að hv. Alþingi geri sér grein fyrir, snertir skyldur okkar, þegar við gerumst aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni, til þess að framselja til annarra ákveðinn hluta af þeim olíubirgðum sem hér eru í landinu. Vissulega er það rétt, að við fáum á móti ákveðinn rétt til þess að fá frá öðrum olíubirgðir ef við þurfum á að halda, ef lýst er neyðarástandi í aðildarlöndum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Það er hins vegar nokkuð ljóst, að lýsing á slíku neyðarástandi mundi miðast fyrst og fremst við ástandið í stóru iðnríkjunum á meginlandi Evrópu og í Vesturheimi, en ekki við þjóðfélagsástandið á litlu eyríki í Norður-Atlantshafi. Það eru þess vegna yfirgnæfandi líkur á að yfirlýsingar um slíkt neyðarástand mundu fyrst og fremst þjóna hagsmunum iðnríkjanna á meginlandi Evrópu og í Vesturheimi, en ekki okkar hagsmunum. En þegar að því kæmi, að stjórnardeild Alþjóðaorkustofnunarinnar tæki ákvörðun um að lýsa yfir slíku neyðarástandi, þá værum við skuldbundnir með þessum samningi til að framselja þeim 10—15% eða einhvern annan hluta af þeim olíubirgðum sem í landinu væru. Við gætum ekki vikist undan því. Við værum búnir að gangast undir þær alþjóðlegu skuldbindingar.

Nú vill hins vegar svo til, að hingað til a. m. k. og e. t. v. um einhverja framtíð — hér skal ósagt látið hve lengi — hafa Íslendingar keypt meginhlutann af olíuvörum sínum — stundum allt upp undir 80—90%, þó að það sé að vísu aðeins minna nú á undanförnum árum — frá aðila sem setur það skilyrði fyrir olíukaupunum, að við megum ekki framselja þær olíuvörur til annarra ríkja nema með samþykki þess olíuseljanda. Þetta eru ákvæði sem ýmis önnur olíusöluríki hafa einnig sett fram. Segjum nú að eftir 2—3 ár væri lýst yfir neyðarástandi vegna olíu í aðildarríkjum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Okkur bæri að framselja 10—15% af okkar olíubirgðum og við yrðum að gera það. Þá væri niðurstaðan sú að mínum dómi, að við værum eftir þetta enn háðari olíukaupum frá Sovétríkjunum en við vorum áður, vegna þess að við yrðum þá að framselja nánast allar þær olíuvörur sem við kaupum frá öðrum ríkjum en Sovétríkjunum. Neyðar-

ástandið mundi því þýða það, að þar sem við vorum áður kannske 70% háð Sovétríkjunum værum við orðin 100% háð þeim. Þeir, sem eru að leggja þetta til og horfa á venjuna í olíuviðskiptum Íslendinga, verða þá um leið að horfast í augu við það, að verði þetta samþykkt getur átt sér stað að Íslendingar verði á tímum neyðarástands enn háðari olíuvörum frá Sovétríkjunum en þeir hafa verið áður.

Það er m. a. af þessum ástæðum sem ég hef haft efasemdir um að rétt væri að gera okkur háðari Sovétríkjunum en verið hefur til þessa. Það er rétt að hv. þm. Eiður Guðnason og ýmsir aðrir horfist í augu við það, að þetta gæti hæglega gerst. Það yrði nánast einfalt reikningsdæmi um það, hvernig slíkt getur gerst. Gerum ráð fyrir, eins og er í dag, að við kaupum 70% af okkar olíuvörum frá einum olíukaupanda, Sovétríkjunum. Síðan væri úrskurðað hjá Alþjóðaorkustofnuninni að nú væri neyðarástand með olíu. Ísland verður að framselja 15% af öllum sínum olíubirgðum í landinu. Þá eru það ekki 15% af þessum 30% sem eru framseljanleg samkv. okkar olíukaupasamningum. Það eru 15% af heildinni. Við yrðum m. ö. o. að taka það allt af þessum 30% sem við kaupum frá aðilum sem eru ekki með þetta skilyrði í sínum viðskiptasamningum. Niðurstaðan væri sú, að þegar búið væri að framkvæma þessi ákvæði Alþjóðaorkustofnunarinnar værum við orðin enn háðari olíukaupum frá Sovétríkjunum eða einhverjum öðrum aðila sem við kaupum olíuna frá með þessum skilyrðum.

Ég hefði helst kosið — og gerði grein fyrir því í nefnd sem starfaði á vegum ríkisstj. að undirbúningi þessa máls — að það væri einnig sett sem skilyrði af hálfu Íslands, sem viðbót við fimmta atriðið sem talið er upp í þeim skilyrðum sem nefnd eru í grg. frv., að hlutfall okkar af framseljanlegri olíu væri eingöngu reiknað sem hlutfall af þeim grunni sem miðast við olíubirgðir í landinu sem keyptar eru án þess að sett séu skilyrði um það, hvort við megum framselja þær til annarra aðila eða ekki. Ég vildi þannig koma í veg fyrir að þessi aðild gerði okkur enn háðari Sovétríkjunum um olíu á neyðartímum. En það fékk ekki nægilegan stuðning í nefndinni. Kannske fær það nægilegan stuðning í þessari deild. Kannske fær það stuðning í þessari hv. deild að ganga þannig frá þessari aðild að tryggt sé að hún geri okkur ekki enn háðari Sovétríkjunum með olíubirgðir á neyðartímum. Með hliðsjón af viðhorfum ýmissa þeirra, sem jafnvel nú þegar hafa talað í þessu máli, til Sovétríkjanna vona ég að þeir taki jákvætt hugmyndum um þetta efni.

Enn fremur er rétt að vekja athygli á því, að Íslendingar hafa gert samning við Norðmenn um olíuboranir, olíuleit og olíuframleiðslu á sameiginlegu svæði milli Íslands og Jan Mayen. Vegna stöðu sinnar sem olíuframleiðsluríkis hefur Noregur talið nauðsynlegt að kveða skýrt á um að hagsmunir Noregs sem olíusöluríkis verði ekki skertir, vegna þess að megingrundvallarreglur Alþjóðaorkustofnunarinnar miðast hins vegar við hagsmuni olíukauparíkjanna.

Mér er engin launung á því, að ég hefði kosið aðeins skýrari og afdráttarlausari skilyrði þegar við gengjum í Alþjóðaorkustofnunina, til þess að tryggja framtíðarhagsmuni okkar ef að því kæmi að við yrðum — annaðhvort einir eða þá í samvinnu við Norðmenn — olíuframleiðendur á því svæði sem við höfum samið um á grundvelli Jan Mayen-samkomulagsins.

Í þriðja lagi finnst mér alveg rétt að það komi hér fram við afgreiðslu þingsins varðandi ákvæði stjórnarnefndar Alþjóðaorkustofnunarinnar um stefnu í orkumálum og orkunýtingu, sem ýmsir lögfræðingar stofnunarinnar telja lagalega bindandi, að Alþingi taki það skýrt fram, líkt og gerist í grg. frv. af hálfu ríkisstj., að Íslendingar telji þessi ákvæði ekki lagalega skuldbindandi.

Herra forseti. Það er ýmislegt fleira sem ég gæti nefnt í þessu sambandi. Ég ætla þó ekki að verja hér löngum tíma til viðbótar til að gera það, en gæti gert það ef frekari tilefni gefast. Aðalerindi mitt upp í ræðustólinn var að gera mönnum grein fyrir því, að það er víðs fjarri, eins og hefur komið fram bæði áður hér á Alþingi í málflutningi sumra þm. Alþfl. og mér fannst einnig koma fram í ræðu hv. þm. Lárusar Jónssonar, að aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni sé eitthvað einfalt og sjálfsagt mál. Það er mjög flókið mál. Og ef við tökum þá ákvörðun að gerast aðilar að Alþjóðaorkustofnuninni, sem ríkisstj. leggur til með því frv. sem hún flytur hér, þá er alveg nauðsynlegt vegna framtíðarhagsmuna að þau skilyrði, sem við setjum þegar við göngum í stofnunina, séu skýr og afdráttarlaus. Ella getur komið til þess, að við uppgötvum, þegar að því kæmi að farið yrði að grípa til ákvæða Alþjóðaorkustofnunarinnar um olíubirgðir og olíuútdeilingu á neyðartímum, að við yrðum verr settir hvað það snertir að hafa minni og fábrotnari möguleika til olíufanga og olíuútvegunar en við höfðum áður. Einnig væri verr farið af stað en heima setið ef í ljós kæmi að við þyrftum að standa í einhverjum deilum við þessa stofnun innan tíðar um það, hvort samþykktir, sem þar eru gerðar um orkustefnu og orkunýtingu, séu lagalega bindandi eða ekki. Á sama hátt er nauðsynlegt að við tryggjum rækilega að ef að því kæmi, að Ísland gerðist olíuframleiðsluríki, þá væru ekki ákvæði í grundvallarsamþykktum Alþjóðaorkustofnunarinnar, sem fyrst og fremst eru samtök olíukaupendaríkja, sem brytu í bága við hagsmuni okkar sem olíuframleiðsluríkis.

Ég er þeirrar skoðunar, að í þeim fyrirvörum, sem taldir eru upp í skýringum við 1. gr. þessa frv., sé þessara atriða allvel gætt. Ég leyni því þó ekki, að ég hefði kosið að kveða skýrar á um einstök atriði og til viðbótar taka það skýrt fram, að ef við yrðum að úthluta öðrum þjóðum olíu vegna neyðarástands í þeirra ríkjum, en ekki hjá okkur, væri það eingöngu gert á grundvelli þeirra olíubirgða sem við getum framselt samkv. samningum, en færum ekki að gera það með þeim hætti, að niðurstaðan yrði sú, að á tímum neyðarástands í olíuviðskiptum í veröldinni yrðum við enn háðari Sovétríkjunum en við erum í dag.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég er þeirrar skoðunar, að hæstv. viðskrh. hafi lagt þetta mál fyrir með lofsverðum hyggindum, þ. e. leggja fram frv. núna, gefa hv. alþm. kost á að hugleiða þetta mál og skoða hug sinn í því, afla sér gagna. Hann út af fyrir sig þrýstir ekkert á um afgreiðslu þessa máls, ætlar okkur nægan tíma, og málið mun ekki koma til umfjöllunar í iðnn. Ed. fyrr en þá á haustmánuðum. Sjálfur er ég uggandi um það að bindast svo í lög með ríkum þjóðum, iðnveldunum, gegn þróunarlöndunum, gegn hinum fátækari ríkjum sem gefið er undir fótinn með í samþykktum Alþjóðaorkustofnunarinnar. Það breytir ekki því, að við hljótum að huga að því, hvort við getum tryggt hag okkar, viðskiptalega hagsmuni okkar með því að ganga í þessi samtök.

Eftir því sem ég kemst næst og ég hef lesið mér til um

var meginástæðan fyrir því, að Frakkar gengu ekki í þessi samtök, sú, að þeir töldu að samningurinn hefði lagagildi, byndi hendur þeirra, mundi torvelda þeim að kaupa inn olíu á sem hagkvæmastan hátt. Ég má ekki til þess hugsa, að þannig væri um hnútana búið að við gætum ekki neytt þess afls, sem þrátt fyrir allt liggur í smæðinni og sérstakri viðskiptastöðu okkar, til þess að kaupa þar olíu sem okkur hentar best og m. a. í tengslum við sölu á okkar meginafurðum.

Eins og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði áðan er ástæðan fyrir því, að aðildin að Alþjóðaorkustofnuninni hefur ekki reynst hemill á olíuviðskipti annarra þjóða á þessu sviði, sú, að Alþjóðaorkustofnunin er ekki orðin virk stofnun, hún hefur ekki gegnt því hlutverki sem henni var ætlað: að búa til sterkt innkaupasamband til þess að hafa áhrif á olíuverð. Þetta hefur ekki tekist enn þá, og kemur þá til íhugunar hvort stofnunin er þess virði að við göngum í hana. Aðildinni fylgja útgjöld á ýmissa handa máta, og þarna opnast fyrir enn einn möguleikann fyrir íslenska embættismenn og stjórnmálamenn að fá ferðir til útlanda. Því aðeins að stofnunin hafi eitthvert raunverulegt gildi fyrir okkur munum við ganga í hana — að því tilskildu að aðildin hefti okkur ekki í því að reyna að ná hagstæðum viðskiptum við aðrar þjóðir.

Ég fagna því sem sagt að frv. kom fram núna. Það gleður mig, að við skulum fá þennan tíma til að hugleiða málið og sannprófa ýmislegt sem það snertir. Að sjálfsögðu verður þetta mál tekið til athugunar á haustþingi.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Þetta mál hefur fengið mjög ítarlega meðferð og undirbúningur þess hefur staðið yfir lengi. Það hafa farið fram mjög ítarlegar viðræður af hálfu Íslendinga við Alþjóðaorkustofnunina til þess að kynnast viðhorfum þeirra sem þar ráða málum, og þau gögn, sem fylgja frv., hafa að geyma mjög — ég vil segja: ítarlegar og allt að því tæmandi upplýsingar um það, hvaða skyldur og hvaða réttindi það eru sem um er að ræða og fylgja aðild að stofnuninni.

Ég vil þakka þm. fyrir ágætar undirtektir við þetta frv. Þetta er stjfrv. og talsmenn stjórnarandstöðunnar hér í hv. þd. hafa tekið frv. vel. Ég ætla að það séu langflestir þm. fylgjandi því, að Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Ég áforma því að sjálfsögðu að endurflytja frv. á hausti komanda. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að nafnið á frv. er neyðarbirgðir olíu, það heitir ekki Frumvarp um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni. (Gripið fram í.) Það skal ég ekki um segja, um það má deila. Meginkjarni þessa máls er að tryggja Íslendinga í olíumálum. Það er meginkjarninn. 1. gr. frv. fjallar um það, að til þess að tryggja þetta, stuðla að því, heimilar frv. að Ísland gerist aðili að stofnuninni.

Ég tók svo til orða í framsöguræðu, að frv. væri lagt fram til kynningar. Ég skal fullkomlega viðurkenna að það orðalag er kannske ekki nægilega þinglegt, vegna þess að þegar frv. er komið til Alþingis fær það auðvitað þá meðferð sem Alþingi ákveður. Það hefur enn þá ekki verið ákveðið hvenær þingslit verða, en það liggur í loftinu að þau verði fljótlega. Ég get þess vegna tekið undir það með hv. þm. Lárusi Jónssyni, að það sé nánast tæknilega útilokað að afgreiða málið á þessu þingi. Eigi að síður taldi ég rétt, eftir að fjallað hafði verið um málið, að leggja það fram. Eins og ég sagði áður stefni ég að sjálfsögðu að því að endurflytja frv. í haust ef það ekki verður afgreitt á yfirstandandi Alþingi.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð. — Hv. 11. þm. Reykv. lét að því liggja hér, eins og hann raunar gerði í umr. fyrr í vetur um þetta sama mál, að tilgangur okkar þm. Alþfl. með flutningi áðurnefndrar tillögu væri sá, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni, að því er virtist og að því er hann segir, án þess að þar væru nokkur skilyrði sett. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því, að í lok grg. með þáltill. okkar segir: „Um rökstuðning fyrir samþykkt þessarar þáltill. vísast að öðru leyti til þeirrar skýrslu“ — og þá er ég að vísa til skýrslu sem lögð var á borð þm. Þetta er auðvitað útúrsnúningur hjá hv. þm. Ég kannast svo sem við það, það er ekki ný bóla. Auðvitað gerum við okkur — eins og allir þm. — fulla grein fyrir því, að Ísland gerist ekki aðili að samtökum sem þessum nema að undangengnum viðræðum, og auðvitað hljóta þar að koma fram skilyrði af okkar hálfu. Þetta liggur í hlutarins eðli. Hins vegar erum við orðnir vanir því, hv. þm., bæði í þessari hv. deild og í Sþ., að okkur sé brugðið um þekkingarleysi, okkur sé brugðið um fáfræði. Það er daglegt brauð þegar þessi hv. þm. kemur hér í ræðustól. Mér finnast þetta heldur óviðkunnanlegar yfirlýsingar, en við verðum að sitja undir því að vera fáfróðir, vera illa lesnir, hafa ekki lært heima. Það er daglegt brauð að heyra þetta úr munni hv. þm. Við heyrðum hér áðan líka að við vildum ekki gæta hagsmuna Íslands. Það eru sjálfsagt allir vondir nema við. (Gripið fram í.) Viljum ekki gæta hagsmuna Íslands, þetta höfum við heyrt. Ég bíð eftir því að heyra hann segja það úr þessum ræðustól, að við hinir séum þannig af guði gerðir að við séum ekki hæfir til þess að vera þingmenn. Það hlýtur að koma næst, því að hann heldur hér ekki ræðu öðruvísi en að segja hvað við séum fáfróðir, illa lesnir og trössum okkar heimavinnu í rauninni. Ég gerist næsta þreyttur á slíku tali, og ég hygg að svo sé um fleiri þm. Það er næstum því sama um hvaða mál er hér að ræða í þessu tilliti.

Svo kemur það fram í rökstuðningi þeirra Alþb.-manna um þetta frv., að við séum að leggjast gegn hagsmunum hinna fátækari þjóða. Þetta kom líka fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur í umr. í Sþ. um þáltill. okkar. Ég kannast ekki við að það sé hægt að færa til sanns vegar. Ég kannast ekki við það.

Enn koma það fram sem fáránleg rök í þessu máli, að hér sé enn eitt tækifæri fyrir þingmenn og embættismenn til að fara í ferðalög til útlanda. Ég veit ekki hver þm. ferðast mest, en það getur vel verið að það séu einhverjir hér sem hafi hugmyndir um það. Sá þm., sem e. t. v. ferðast mest, virðist hafa alveg sérstaka hæfileika til að sameina alls konar óskyld erindi sínum ferðum, eins og lesa má í blöðum. Það væri þá kannske ekki úr vegi að fara þess á leit við hann, að hann sameinaði erindrekstur í þessu sambandi einhverri af sínum ferðum til útlanda. Það ætti að sjálfsögðu að geta gengið upp.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Aðeins örfá orð út af hugleiðingum hv. 11. þm. Reykv., Ólafs Ragnars Grímssonar. — Ég vil aðeins segja það, að það er að sjálfsögðu úr lausu lofti gripið ef hann hefur skilið orð mín þannig að ég vildi mæla með því, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni alveg skilyrðislaust, án allra umræðna og skilyrða. Þetta mál er búið að vera lengi á döfinni, eins og ég tók fram í þeim fáu orðum sem ég sagði til að fagna því, að þetta frv. væri komið fram til

athugunar. Ég vil í því sambandi benda á að það hefur mjög skort á að reynt væri að ná einhverri pólitískri samstöðu í þessu máli. Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, að þetta er ekki einfalt mál. Hann veit áreiðanlega að við hv. þm., sem höfum verið jákvæðir í þessum málum, gerum okkur mætavel grein fyrir því. Á hinn bóginn finnst mér hafa skort á að hægt væri að fá einhverja pólitíska samstöðu, vettvang til að ræða þessi mál á milli stjórnmálaflokkanna, allan þann tíma sem þetta mál hefur verið á döfinni. Ég er raunar viss um að það hefur strandað á því, að Alþb. hefur verið neikvætt í þessu máli, alveg án tillits til þess, hvaða skilyrði væri verið að ræða. Ég er þeirrar skoðunar — það leiðréttist þá ef sú skoðun mín er röng — að Alþb. hafi verið almennt á móti því jafnvel að ræða það mál, að Ísland gerðist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni.

En nú er þetta frv. komið fram og hæstv. ráðh. hefur lýst yfir að hann muni endurflytja það á næsta þingi. Þá er mín spurning þessi til hæstv. ráðh.: Hefði ekki verið æskilegt að hann íhugaði það að skipa milliþinganefnd allra stjórnmálaflokka til að kanna þetta mál áður en það kemur til umræðu hér á haustþinginu? Ég held að það væru æskileg vinnubrögð, vegna þess að ég held að það sé mikill pólitískur meiri hluti fyrir því að gerast aðili að þessari alþjóðastofnun, að sjálfsögðu þó á þeim grundvelli sem tryggir hagsmuni Íslands í alla staði. Það er vitanlega ekki hægt að gerast aðili að alþjóðasamstarfi einungis með því að fá að njóta þeirrar aðildar. Auðvitað þurfa menn líka einhverju til að kosta. Það er ævinlega svo í öllu samstarfi.

Að lokum vil ég svo aðeins fagna því, að hv. 11. þm. Reykv. ætlar að styðja okkur hina í því að verða ekki háðari Sovétríkjunum en nú er, hvorki á þessu sviði né öðrum.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna síðustu orða hv. þm. Lárusar Jónssonar, þá er það alveg rétt skilið hjá honum, að það er eindregin afstaða mín í þessum málum að olíukaupastefna Íslendinga eigi að vera með þeim hætti að við verðum ekki háðir í mjög ríkum mæli einum olíuseljanda, í okkar tilviki Sovétríkjunum. Ég hef hvað eftir annað látið þá skoðun í ljós. En eins og ég benti á áðan getur aðild að Alþjóðaorkustofnuninni í sérstökum tilvikum, þegar mikilvægustu ákvæðum samningsins um stofnunina yrði beitt, leitt til þess, að við yrðum háðari Sovétríkjunum. Það er flötur þessa máls sem ég efast um að hafi verið nægilega vel ræddur í hópi þeirra manna sem virðast hafa tekið skilyrðislaust jákvæða afstöðu með aðild okkar. Það er til að fyrirbyggja að við yrðum háðari Sovétríkjunum með þessari aðild sem ég vildi bæta einni setningu við þau skilyrði sem talin eru upp í athugasemdum við 1. gr. frv. Það væri skilyrði á þann veg, að til úthlutunar kæmi í reikningsgrunni eingöngu sú olía sem við kaupum með þeim ákvæðum að hún sé framseljanleg.

Ég fagna því hins vegar, að það kemur fram hjá hv. þm. Lárusi Jónssyni að hann viðurkennir fyllilega að þetta sé mjög flókið mál, á engan hátt einfalt. Ég get tekið undir hugmynd hans um að sett verði nefnd allra flokka til að athuga þetta mál, vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að þingflokkarnir fái gott tækifæri til að ræða alla þætti málsins. Það er mikill misskilningur að Alþb. hafi lagst gegn aðild að þessari stofnun. Það er hins vegar rétt, að Alþb. hefur lagst gegn skilyrðislausri aðild. Alþb. hefur verið, kannske umfram aðra flokka, sá aðili sem knúið hefur á um það að fram færu raunhæfar umræður um það, hver þessi skilyrði ættu að vera. Við kynntum okkur rækilega röksemdir Norðmanna, sem settu skilyrði, og við kynntum okkur einnig rækilega röksemdir Frakka, sem töldu ekki rétt hagsmuna sinna vegna að gerast aðilar að þessari stofnun. Meginefni ræðu minnar hér á þingi fyrr í vetur um þetta mál var að vekja athygli á þessu, að kjarni málsins um aðild að Alþjóðaorkustofnuninni snýst um skilyrðin að mínum dómi.

Hitt er svo rétt, sem hér kom fram hjá hv. þm. Stefáni Jónssyni, að upphaf Alþjóðaorkustofnunarinnar fólst í samtryggingarkerfi ríku olíukaupaþjóðanna gagnvart aðgerðum hinna fátækari olíusöluríkja á fyrri hluta þessa áratugs, í olíukreppunni sem þá kom upp. Og af því að hv. þm. Eiði Guðnasyni leiðist ósköp þegar verið er að benda honum á það, að hann geti lesið sér til fróðleiks víða, þá ætla ég ekki nú að benda honum á ýmis ágæt rit þar sem hann gæti kynnst þessu atriði. En ég hélt að allir vissu það, sem um þetta mál hafa fjallað, að fæðing Alþjóðaorkustofnunarinnar gerðist í umræðum um bætta samtryggingu stóru olíukauparíkjanna, Bandaríkjanna, Vestur-Þýskalands og annarra meiri háttar iðnríkja, þegar olíusöluríkin, OPEC-ríkin, fóru að grípa til þess ráðs að tryggja réttindi sín til meira arðs af auðlindum sínum með því að hækka olíuverðið.

Margir settu fram það sjónarmið, þegar Alþjóðaorkustofnunin var fyrst sett á laggirnar, að hún mundi leiða til meiri spennu og hatrammari samskipta milli hinna ríku olíukauparíkja og hinna fátækari olíusöluríkja. Það er alveg rétt sem hv. þm. Stefán Jónsson vék að áðan, að það var ein af meginástæðunum fyrir því, að Frakkar tóku ekki þátt í þessari stofnun, að þeir vildu á sjálfstæðan hátt, óbundnir af skuldbindingum gagnvart Bandaríkjunum og Vestur-Þjóðverjum og öðrum, geta haft samskipti við hin fátækari ríki. Það er þess vegna spurningin fyrir okkur Íslendinga: Teljum við hagsmunum okkar betur borgið sem aðilar að slíkum klúbbi hinna stóru olíukauparíkja? Alþjóðaorkustofnun er það. Atkvæðisréttur innan hennar og öll ákvæði miðast við hagsmuni hinna stóru olíukauparíkja. Teljum við Íslendingar hagsmunum okkar betur borgið að vera þar í félagi heldur en geta einir sem smáríki í Norður-Atlantshafi gert sjálfstæða samninga við Norðmenn, við Breta, við Nígeríumenn, við einhver Arabaríki, við olíuframleiðsluríki í Suður-Ameríku? Það er grundvallarspurning um þá framtíðarstefnu sem lítil þjóð ætlar sér að hafa í olíukaupamálum.

Hitt er svo rétt líka, eins og hv. þm. Stefán Jónsson benti á, að reynslan hefur sýnt það á þeim tæpa áratug, sem liðinn er síðan Alþjóðaorkustofnun var sett á laggirnar, að í framkvæmd hefur hún reynst meira skriffinnskukerfi en raunverulegur stefnumótandi ákvörðunaraðili um olíustefnuna og orkustefnuna í þessum ríkjum. Reynslan af Alþjóðaorkustofnuninni er þess vegna með nokkuð öðrum hætti en lesa má í grundvallarsamningnum um sjálfa stofnunina og þeim samþykktum sem gerðar voru á vegum hennar á fyrstu árunum. Það er þess vegna dálítið erfitt að ákveða við þessa umr. hvort við erum að tala um Alþjóðaorkustofnun í skilningi þess samnings, sem gerður var um hana, og þeirrar stefnuyfirlýsingar, sem hún hefur gert, og í skilningi sumra starfsmanna og stjórnenda stofnunar-

innar um hvað felist í aðildinni að henni, eða við erum að tala um hana í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. (**LJ:** Er ekki reynslan ólygnust?) Jú, það var einmitt það sem ég ætlaði að koma að. Reynslan hefur einmitt sýnt að það kunna að vera minni hættur fyrir smáríki eins og Ísland að gerast aðili að Alþjóðaorkustofnuninni heldur en samningarnir sjálfir gefa tilefni til að ætla.

Ég fagna því, að sá skilningur hefur komið fram í þessum umr., bæði frá þm. Sjálfstfl., Lárusi Jónssyni, og frá hæstv. ráðh. einnig, að þingflokkarnir þurfi að ræða þessi atriði vel og rækilega. En ég vek þó að lokum athygli á því, að í þeirri ræðu, sem hv. þm. Eiður Guðnason flutti hér áðan, nefndi hann ekki heldur eitt einasta skilyrði sem Alþfl. telur rétt að setja þegar Ísland gerist aðili að Alþjóðaorkustofnuninni. Talsmenn Alþfl. hafa aldrei áður í umr. um þetta mál sett fram hver þessi skilyrði eigi að vera, og í ræðum þeirra nú hefur ekki komið fram orð um það, hvort þeir eru samþykkir þeim skilyrðum sem sett eru í grg. frv., öllum eða einhverjum, eða hvort þeir teldu þau eiga að vera fleiri, vegna þess að Alþfl. virðist, ef dæma má af málflutningi flokksins, ekki hafa gert sér grein fyrir því, að kjarninn í umræðunum um aðild Íslands að Alþjóðaorkustofnuninni er hvaða skilyrði er nauðsynlegt að Ísland setji. Ef ræðumenn Alþfl. vilja telja sig höfuðtalsmenn þess hér á Alþingi, að Ísland gerist aðili að þessari stofnun, þá finnst mér tími til kominn að þeir fari a. m. k. að taka á dagskrá í eina mínútu hvaða skilyrði Alþfl. vill setja.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Lárusar Jónssonar vil ég vísa til þess, að það liggur að baki gríðarmikið starf í þessu máli varðandi undirbúning málsins. Fyrst og fremst ber að nefna olíuviðskiptanefndina sem var á sínum tíma skipuð. Dr. Jóhannes Nordal var formaður þeirrar nefndar, og ég hygg að allir þingflokkar, eða a. m. k. stjórnmálaflokkar, hafi átt fulltrúa í þeirri nefnd. Síðan var skipuð önnur nefnd af hv. þm. Kjartani Jóhannssyni, þáv. viðskrh., sem efndi til viðræðna við Alþjóðaorkustofnunina um þessi mál. Þessu starfi var síðan haldið áfram eftir að ég tók við starfi viðskrh. Það má því segja að í raun og veru hafi allir flokkar komið að þessu máli og undirbúningi þess. Þess vegna held ég að ekki sé ástæða til að skipa nýja nefnd sem slíka í málið fram til haustsins. Hins vegar er ég mjög opinn fyrir því að hlusta á og ræða sjónarmið sem kunna að koma fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í málinu, því að ég tel það mikils virði og fagna því, að það er nokkuð almenn samstaða þm. um málið.

Umr. frestað.

Neðri deild, 78. fundur.

Mánudaginn 3. maí, að loknum fundi í Sþ.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Mér hefur borist svohljóðandi bréf:

Alþt. 1981. B. (104. löggjafarþing).

„Reykjavík, 3. maí 1982.

Samkv. beiðni Jósefs H. Þorgeirssonar, 2. landsk. þm., sem farinn er til útlanda í opinberum erindagerðum, leyfi ég mér með skírskotun til 138. gr. laga um kosningar til Alþingis að óska þess, að 1. varamaður hans, frú Sigurlaug Bjarnadóttir menntaskólakennari, taki á meðan sæti hans á Alþingi.

Virðingarfyllst.
Þorv. Garðar Kristjánsson."

Sigurlaug Bjarnadóttir hefur áður átt sæti á þessu þingi. Þarfnast kjörbréf hennar því ekki rannsóknar. Býð ég hana velkomna til starfa.

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710, n. 831). — 2. umr.

Frsm. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég mæli með því fyrir hönd nefndarinnar að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282). — 3. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það er vissulega ástæða til að láta í ljós ánægju yfir því, að fjh.- og viðskn. skuli þó fást til þess að afgreiða frá sér eitthvert af þeim frumvörpum, sem til hennar hefur verið vísað, um tekju- og eignarskatt eða ýmis mál önnur, sem hún hefur átt að fjalla um í vetur. Ég ætla að í þessari nefnd liggi nú 8—9 frumvörp um breytingar á þessum sömu lögum. Sum þessara frumvarpa voru lögð fram á Alþingi fyrir áramót og var vísað til nefndar jafnvel í nóvember- og desembermánuði. Önnur hafa farið þangað í febrúarmánuði. En öll eiga þessi frumvörp það sameiginlegt að sofna Þyrnirósarsvefni í þessari nefnd, hversu góð mál sem þar hefur verið um að ræða.

Ég álít að frv. það, sem hér liggur fyrir, eigi rétt á sér og sé góðra gjalda vert, en minni á hinn bóginn á að eins og hin frv. lýtur það að því að auka frádráttarliði við tekjuskattinn og ætti þess vegna að vera mikil flís í holdi formanns nefndarinnar, þótt hann af einhverjum ástæðum hafi látið undan þrýstingi ritara deildarinnar um að afgreiða þetta sérstaka mál.

Nú vil ég, um leið og ég geri athugasemd við þennan doða nefndarinnar, beina þeirri fsp. til formanns hennar, hvort við því sé að búast að fleiri frumvörp til breytinga á lögum um tekju- og eignarskatt verði afgreidd á þessu þingi, hvort frv. um breytingu á söluskattslögum ásamt með ýmsu öðru, sem telja mætti upp, verði afgreidd frá nefndinni, eða hvort hann ætli að hafa þá starfshætti til þingloka að líta einungis eða fyrst og fremst á þau mál sem ríkisstj. flytur, en setjast á mál stjórnarandstöðunnar.

Þegar frumvörp eru flutt ár eftir ár eiga flm. rétt á því

að Alþingi fjalli um þau, afgreiði þau, felli eða samþykki. Ég hlýt að mælast til þess fyrir hönd okkar, sem eigum um sárt að binda, að nefndin taki nú á sig rögg og sendi fleiri mál frá sér svo að menn megi sjá hvaða hugur stendur til þeirra mála.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins gera athugasemd við vinnubrögð nefndarinnar og þann hátt sem þar hefur verið hafður á afgreiðslu mála.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég vil færa nm. í fjh.- og viðskn. hv. deildar mínar bestu þakkir fyrir vel unnin störf og afgreiðslu á því máli, sem hér liggur fyrir, og vænti þess, að menn láti ekki orð hv. 7. landsk. þm., sem er ritari deildarinnar mér á hægri hönd, valda neinum misskilningi í því, að þó ekki hafi tekist að ljúka öllum þeim verkefnum, sem fyrir nefndina voru lögð, þá beri að þakka henni það, sem hún hefur vel gert og þingið að afgreiða það með eðlilegum hætti, því að nú líður mjög að þinglokum.

En mitt erindi er fyrst og fremst að færa nefndinni mínar bestu þakkir fyrir afgreiðslu málsins.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ekki út af máli þessu, heldur aðeins út af orðum hv. þm. Halldórs Blöndals vil ég taka það fram, að við höfum átt hið besta samstarf í nefndinni, þm. allra flokka, og við höfum lagt okkur fram um að afgreiða mál. Ég hef ekki fyrir mitt leyti haft á móti því, að eitt einasta mál væri afgreitt, enda sést á borðum nm. að sum mál hafa verið afgreidd undanfarna daga með minnihlutaáliti og meirihlutaáliti. En ég vil þó taka fram að það eru um það bil 50 mál sem nefndin hefur haft til afgreiðslu á þessu þingi og með öðrum nefndarstörfum undanfarna daga, m. a. í atvmn., er ekki hægt að ætlast til þess að menn geti afgreitt hvert einasta mál svo að viðhlítandi sé. Við höfum reynt að hafa þá reglu að afgreiða ekki mál nema hafa lagt í þau sæmilega vinnu, þannig að verjandi sé. Ég skal hins vegar taka það fram, að það hefði mátt leggja heldur meiri vinnu í það mál, sem hér er til umr. En ég vil sem sagt undirstrika að það hefur ekki staðið á mér né öðrum nm. almennt að afgreiða mál.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Frv. til l. um tekjuskatt og eignarskatt, sem er 178. mál þessarar deildar, virðist vera hér á leið — og það meira að segja nokkuð hraðri leið gegnum hv. deild og kemur hér væntanlega til atkvgr. á eftir. Ég hlýt að taka það fram, að það hefur ekki verið haft samráð við fjmrn. eða mig um afgreiðslu þessa máls. Það er mín skoðun að þetta mál þurfi miklu nánari athugunar við en fram hefur farið.

Ég held að það verði að segjast eins og er, að þetta er býsna dýrt mál, kannske miklu dýrara mál en flesta grunar. Spurningin hlýtur auðvitað að vera sú, hvort ekki sé betur varið með öðrum hætti en hér er lagt til fjármunum til þeirra sem raunverulega þurfa á því að halda, og er þá einkum átt við þá aðila sem nefndir eru í grg. frv., þ. e. fólk sem leitar menntunar úr fjarlægum byggðarlögum og þarf að leggja í mikinn kostnað þess vegna.

Það er skemmst af að segja að samkv. þeim lauslegu útreikningum, sem gerðir hafa verið á vegum fjmrn., kostar framkvæmd þessa frv. á þessu ári 25 millj. og aðra eins upphæð fyrir sveitarfélögin í landinu. Ég hygg að það séu allverulega miklu hærri fjárhæðir en flm. höfðu í huga þegar frv. var flutt. Ég vil því taka það fram, að ég greiði ekki þessu frv. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég efast ekki um að það frv., sem hér er til umræðu, sé góðra gjalda vert og í því felist einhver réttarbót fyrir þá sem fá frádrátt á þeim efnisatriðum sem þar eru tekin fram, eins og þeim er lýst í grg. og hæstv. ráðh. gat um í ræðustól rétt áðan. En það hlýtur að vera alveg rétt sem kom fram hjá hv. 7. landsk. þm., að með því að samþykkja þetta frv. er farið gegn þeirri meginstefnu skattalaganna sem hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. hefur haldið dauðahaldi í og fastar en nokkur annar þm., enda var hann á sínum tíma einn af höfundum þess ágæta frv. sem nú er gildandi skattalög.

En það er athyglisvert að þetta mál skuli fá afgreiðslu úr nefndinni á sama tíma og önnur ekki ómerkari mál liggja í nefndinni og bíða afgreiðslu, — mál sem snerta einmitt frádráttarliði ekki ósvipaða þessum, — mál sem hefði átt að afgreiða samliða málum sem sem hafa verið til umfjöllunar á Alþingi, eins og t. d. frv. um námslán og námsstyrki. Á ég þar við frv. sem ég ásamt hv. þm. Matthíasi Á. Mathiesen og Halldóri Blöndal flutti fyrr á þessu þingi. Í þeirri umr. tók hv. formaður fjh.- og viðskn. til máls og benti mér vinsamlegast á að þetta frv. færi gegn meginstefnu laganna og óeðlilegt væri að veita frádrátt frá skatti af greiðslum sem miðuðust m. a. við skattstofn fyrra árs. Taldi hv. formaður fjh.- og viðskn. eðlilegt að málið fengi umfjöllun í hv. menntmn. Gat ég ekki annað skilið — og lýsti því í ræðu sem ég flutti þá — en að hv. þm. mundi fylgjast með gangi málsins í hv. menntmn. Nd. Nú er frv. um námslán og námsstyrki orðið að lögum. Sú breyting var gerð á frv., að endurgreiðslutími var lengdur, sem þýðir enn hertari endurgreiðslureglur, miðað við þau lög sem gilt hafa fram að þessum tíma. Það er út af fyrir sig sjálfsagt og eðlilegt séð frá ríkissjóði sem standa þarf undir skuldbindingum námslánasjóðsins, og þess vegna hlýtur það, þegar fram líða stundir, að koma ríkissjóði vel. En ég hélt hins vegar að hv. nefnd mundi ekki síður hafa tækifæri til þess að líta með sínum fránu augum á það frv. en á það sem nú hefur fengið afgreiðslu úr nefnd.

Nú kemur hæstv. ráðh. hér í ræðustól og segir: Það hefur ekkert samráð verið haft við mig í þessu máli. — Hæstv. ráðh. gefur það fyllilega í skyn, heldur því fram, að í raun þurfi hv. þingnefnd og hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. að hafa fullt samráð við hæstv. ráðh. til þess að hv. nefnd fái leyfi til að afgreiða mál úr nefndinni. Ég spyr: Getur það verið rétt, að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sé eins konar leiguliði á jörð hæstv. ráðh. og þurfi að leita til hans með hvað eina sem afgreiða á úr hv. fjh.- og viðskn.? Sé það rétt, þá eru ummæli hæstv. ráðh. ofurskiljanleg. Ég æski þess þá, að hv. formaður fjh.- og viðskn. Nd. hafi samband við hæstv. ráðh. og spyrji hvort hann fái heimild til þess að afgreiða það mál, þannig að í ljós komi að það er hæstv. fjmrh. sem leggur stein í götu þess frv. Vegna ummæla hæstv. ráðh. held ég að eðlilegt sé að það komi skýrt fram, hvar mál stranda í þessari hv. deild. Er það hjá fjh.- og viðskn. eða er það hjá hæstv. ráðh., sem hefur lýst því yfir, að við hann þurfi að hafa samráð í slíkum málum? Eða getur kannske verið að hér sé að opinberast sá leikur sem menn hafa séð í þingsölum á undanförnum dögum, að um stórkostlegan skæruhernað er að ræða á milli Alþb. og Framsfl. í hinum ýmsu málum og þetta sé framlag hv. framsóknarmanna hér í deildinni til þess að stríða Alþb.-ráðherrum, eins konar

hálfleikur í þessum leikaraskap öllum sem nú á sér stað, þegar menn vega hverjir aðra á laun hér og hvar í nefndarstörfum, eins og lesa hefur mátt í dagblöðum og komið hefur rækilega fram í nefndarstörfum að undanförnu. Sé svo, þá er alveg óþarfi að svara þeim spurningum sem ég hef beint til hv. formanns nefndarinnar og hæstv. ráðh. Þá er hæstv. ráðh. aðeins að jafna leikinn. En ef það er rétt, að hæstv. ráðh. taki af skarið um það hvaða mál eigi að fá þinglega afgreiðslu, þá þætti mér vænt um að fá að vita í hvorum staðnum málið um frádrátt fyrir námsmenn, þegar þeir endurgreiða námslán, hafi strandað.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég harma að sjálfsögðu þá afstöðu hæstv. fjmrh. að telja sig þurfa að greiða atkv. gegn þessu frv. Jafnframt fagna ég efnislegum stuðningi sem hann lýsti hér yfir við anda frv. þó að deilt væri um leiðir. Það hefur áður verið sagt að andinn væri að sönnu reiðubúinn en holdið væri veikt. Nú sýnist mér sem holdið hafi tekið yfirhöndina og höndin skuli upp gegn frv.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að svara hér einstökum hugarburði hv. þm. Friðriks Sophussonar í sambandi við þetta mál, en á grundvelli þeirra umræðna, sem hér hafa orðið, og óánægju manna með afgreiðslu á málum tel ég rétt að fjh.- og viðskn. taki þetta mál til athugunar að nýju og mun beita mér fyrir því.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Fóðurverksmiðjur, frv. (þskj. 856). — 1. umr.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Frv. þetta um fóðurverksmiðjur hefur hlotið afgreiðslu hv. Ed. Frv. var upphaflega nokkru viðameira en hv. Ed. hefur gengið frá því. Voru í frv. ákvæði um grænfóðurverksmiðjur þær sem nú eru í eigu ríkisins. M. a. voru þau þess efnis, að heimilt væri að selja þessar verksmiðjur einstaklingum eða félagasamtökum. Einnig voru þar ákvæði um stjórn á málefnum ríkisverksmiðjanna og fleira um þau mál. Það komu fljótlega fram efasemdir um þau atriði frv. sem lúta að fóðurverksmiðjum ríkisins, bæði á Búnaðarþingi og á Alþingi, og ég lét þess getið, að ekkert ræki sérstaklega á eftir því að afgreiða þau ákvæði frv. sem um þær fjalla. Ég mun endurtaka yfirlýsingar mínar þess efnis, að þau atriði í þessu máli hef ég í hyggju að láta athuga betur og leggja e. t. v. fyrir næsta Alþingi.

Frv., eins og hv. Ed. hefur gengið frá því, fjallar í rauninni aðeins um þá þætti málsins að heimila ríkisstj. að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur, og enn fremur, svo sem segir í 2. gr. frv., að fjmrh. sé heimilt að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til slíkra verksmiðja. Þessi efnisatriði, sem frv. nú felur í sér, er mikilvægt að fá afgreidd á yfirstandandi Alþingi, m. a. vegna þess að í undirbúningi hefur verið stofnun hlutafélaga um byggingu og rekstur tveggja fóðurverksmiðja á Norðurlandi sem ákveðið var í raun af stjórnvöldum að skyldu byggðar fyrir 10 árum, en auk þess er nefnd að starfi sem er að kanna hagkvæmni þess að setja upp fóðurverksmiðju á Vesturlandi.

Ég tel það stefnubreytingu í þessu frv., sem þar segir, að hér eftir er gert ráð fyrir að ríkið taki ekki á sig að reisa og reka fóðurverksmiðjur af þessu tagi, heldur sé því heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga í þessu skyni. Ég tel það hyggilega og heppilega stefnu, að heimaaðilar, félagasamtök og einstaklingar, taki þátt í að reisa þessi fyrirtæki og leggi fram fjármagn í þessu skyni og taki á sig ábyrgð á rekstri á móti ríkinu.

Ég vænti þess, að hv. deild sjái sér fært að afgreiða þetta frv. á þeim skamma tíma sem eftir er af núverandi Alþingi því það er mikilvægt að unnt sé að ljúka stofnun þeirra hlutafélaga sem undirbúin hafa verið, bæði að því er snertir uppbyggingu fóðurverksmiðja í Hólminum í Skagafirði og í Saltvík í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ég legg til, herra forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er, eins og kom fram í máli hæstv. ráðh., komið úr Ed. þar sem ekki náðist samkomulag um málið og stjórnarandstaðan lagði til að málinu yrði vísað til ríkisstj. aftur vegna skorts á upplýsingum. Ég efast ekki um að til eru í þessu frv. einhver atriði sem eru til bóta frá því sem nú er, en veigamikil atriði eru óupplýst, eins og kom fram í gögnum sem hv. landbn. Ed. hefur haft undir höndum. Vil ég þá fyrst og fremst vísa til bréfs hagsýslustjóra, Magnúsar Péturssonar, til landbn., sem dags. er 24. apríl á þessu ári, en það er svar við bréfi sem sent var fjárlaga- og hagsýslustofnun og er beiðni um ýmsar upplýsingar, eins og t. d. árlega framleiðslu grasköggla, um birgðasöfnun milli ára, um verðlagningu, um stofnkostnað nokkurra grasköggla verksmiðja, um samanburðarverð á framleiðslu nýrri og eldri verksmiðja, um hvort hagkvæmara sé að auka grasköggla framleiðslu með meiri nýtingu eldri verksmiðja eða byggingu nýrra og hver sé fjármagnskostnaður slíkra verksmiðja sem áformað er að byggja.

Í svari hagsýslustjóra kemur m. a. fram, að meðalársframleiðsla áranna 1976—1981 nam 9100 tonnum. Þá er það jafnframt upplýst, þegar spurt er um birgðasöfnun milli ára, að af framleiðslu ársins 1978 hafi verið óseld 1000 tonn í maílok 1979, en þau voru síðan seld á tímabilinu júní-des. 1979, og af framleiðslu 1980 voru um 2000 tonn óseld í maílok 1981, en voru seld á tímabilinu júní-okt. 1981. Um verðlagningu grasköggla kemur fram í svari hagsýslustjóra, að miðað við gefnar forsendur sé innlenda framleiðslan um það bil 9% óhagkvæmari í verði miðað við innflutning. Um stofnkostnað nýrra verksmiðja segir að á árinu 1980 hafi verið unnin á vegum þáv. landbrh. athugun á kostnaði við stofnun nýrra grasköggla verksmiðja þar sem m. a. hafi verið borin saman notkun mismunandi orkugjafa til þurrkunar og miðað við framleiðslugetu verksmiðju. Í umræddri skýrslu hafi komið fram, hver sé breytilegur kostnaður, fjármagnskostnaður og heildarkostnaður, miðað við mismunandi byggingarkosti og gefnar forsendur um afskriftartíma og ávöxtun fjármagns. Fram kemur, að ekki sé hægt að svara spurningunni um stofnkostnað eða aðra kostnaðarþætti við verksmiðju í Saltvík eða í Hólminum án þess að fyrir liggi forsendur um stærð verksmiðju, orkugjafa o. fl. Um það, hvort hagkvæmt sé að auka framleiðslu eldri verksmiðja í stað þess að byggja nýjar,

kemur fram í svari hagsýslustjóra að ekki sé hægt að svara þessari spurningu fyrr en liggi fyrir áætlun um nauðsynlegar fjárfestingar sem þarf að ráðast í vegna þess. Þetta atriði virðist þess vegna vera ókannað.

Um fjármagnskostnaðinn segir hagsýslustjóri svo, með leyfi forseta:

„Til þess að fá rétta mynd af fjármagnskostnaði eldri verksmiðja og hvernig hann kemur fram í verði framleiðslunnar þyrfti að kanna reikninga verksmiðjunnar frá upphafi og draga inn í þá athugun framlög ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Án þessa verður samkeppnishæfni nýrra verksmiðja samanborið við framleiðslu eldri verksmiðja ekki metin raunsætt."

Af því, sem ég hef hér rakið, sést að ýmsir lausir endar eru í þessu máli. Ég tel þess vegna æskilegt að hv. landbn. Nd. afli sér frekari upplýsinga ef þær er hægt að fá, en að öðrum kosti verði þessu máli vísað til ríkisstj. sem vinni málið frekar, lagi það til og komi með nýtt frv. næsta haust í þessu efni þannig að þm. gefist kostur á að meta þetta mál á grundvelli nauðsynlegra upplýsinga. Það er ljóst að uppbygging og rekstur fóðurverksmiðja er umdeilt atriði, ekki aðeins í landinu öllu, heldur líka á meðal bænda, og til eru þeir bændur sem á sínum tíma settu á stofn eigin framleiðslu og hafa gagnrýnt afskipti ríkisvaldsins af þessum málum.

Með orðum mínum er ekki verið að segja að útiloka eigi afskipti ríkisvaldsins, heldur held ég því fram, að nauðsynlegt sé að ákveðnar upplýsingar liggi fyrir til þess að þm. geti í þessum málum sem öðrum gert sé nægilega ljósa grein fyrir því, hvort og hvenær ríkið eigi að leggja til fjármagn, annaðhvort í formi framlaga eða með niðurfellingu opinberra gjalda, þegar atvinnurekstur á í hlut. Varðandi landbúnað er augljóst að slíkt hefur áhrif á verð landbúnaðarafurða og þarf að meta sem slíkt. Þá kemur jafnframt upp á yfirborðið sú spurning, að hve miklu leyti á að greiða að fullu fyrir landbúnaðarvörur, þegar þær eru keyptar af þeim sem neyta þeirra, eða hvort leggja eigi fram af fjármagni skattborgaranna fjárframlag í því skyni að lækka verð á landbúnaðarvörum. Út í þá sálma er ekki ástæða til að fara við svo búið, en ég held að miðað við þann skort á upplýsingum sem upplýstur var í Ed. sé ástæða til að hvetja hv. nefnd til að kanna rækilega hvort hægt sé að ná fram þeim upplýsingum sem á vantar, en að öðrum kosti að vísa málinu til ríkisstj. í þeim tilgangi að málið verði unnið betur, upplýsingum safnað og málið lagt fyrir næsta þing. Þá geta þm. gert sér betur grein fyrir málinu.

Herra forseti. Með þessum orðum, eins og ég hef sagt áður, er ekki verið að leggja til að afskipti ríkisins verði engin af þessum málum, heldur aðeins verið að leggja áherslu á að það er varla hægt að ætlast til þess, að þm. geti á einum eða tveimur dögum í þinglok tekið ákvörðun í máli eins og þessu, þegar upplýst er að ekki liggja fyrir nægilega greinargóðar upplýsingar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég þarf ekki að hafa langt mál um þetta og hef raunar ekki miklu að bæta við orð hv. 10. þm. Reykv., þó að mér hafi komið nokkuð á óvart hin hlýlegu ríkisafskiptaorð sem hann lét falla. En kjarni málsins er sá, að eins og fram kom hjá honum eru gersamlega ónógar upplýsingar sem fyrir liggja um rekstrargrundvöll þeirra fyrirtækja sem hér um ræðir. Hann vísaði þar í ítarlega álitsgerð frá Magnúsi Péturssyni hagsýslustjóra.

Í annan stað er vert að vekja athygli á því, að í þessu frv. eins og það kemur frá Ed., að vísu samþykkt með naumum meiri hl. þar, er verið að veita ríkisstj. nánast opna heimild til að taka þátt í rekstri slíkra verksmiðja og það takmarkalaust. Ég er ekki sammála hæstv. landbrh., eins og kom fram hjá honum, að í þessu felist einhver stefnubreyting vegna þess að nú sé gert ráð fyrir að ríkið taki þátt í stofnun hlutafélaga. Það er ekkert sem segir til um í þessari lagagrein, í þessari opnu heimild, hver hlutur ríkisins skuli verða. Hann getur verið 99% þess vegna og í ótakmörkuðum fjölda verksmiðja. Ég held að það sé alveg fráleitt að Alþingi sendi frá sér frv. sem felur í sér jafnopnar heimildir um nær ótakmarkaðan fjölda slíkra verksmiðja.

Því má svo bæta við, að 1. gr., eins og hún kemur frá Ed., hljóðar svo: „Ríkisstjórninni er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga." Hér hlýtur að vera annaðhvort um prentvillu að ræða eða einhverja fljótfærni því að ríkisstj. tekur varla þátt í stofnun hlutafélaga. Það er væntanlega ríkissjóður sem það gerir.

En allt um það. Kjarni málsins er þessi: Í fyrsta lagi eru upplýsingar um allan rekstrargrundvöll slíkra fyrirtækja ónógar, og á grundvelli ófullkominna upplýsinga er ekki hægt að samþykkja frv. sem þetta. Auk þess, jafnvel þó að upplýsingar væru fyrir hendi, getur Alþingi ekki án takmarkana, eins og hér er lagt til, framselt það vald til ríkisstjórna að þær geti tekið þátt í stofnun hlutafélaga utan um — ja, guð veit hvað margar verksmiðjur og guð veit hvað hátt hlutfall hlutafjár þær muni eiga í slíkum verksmiðjum. Af þessum ástæðum einnig er þetta frv. að minni hyggju gersamlega ranglega úr garði gert að valdaafsali og valdaframsali af þessu tagi. Það hygg ég að nái ekki nokkurri átt, og mun ég, eins og sá ræðumaður sem talaði á undan mér, taka þátt í afgreiðslu sem miðar að því að vísa þessu máli til ríkisstj. til að skoða það allt frá rótum.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Vegna þeirra aths., sem hér hafa komið fram, vil ég segja það, að ég hef ekki tekið eftir því í umsögn hagsýslustofnunar, að þar sé neitt sem mæli gegn þessu máli. Varðandi það, að upplýsingar skorti, er auðvitað hægt að veita margháttaðar upplýsingar um þetta mál sem eðlilegt er að veita þeirra þingnefnd sem fær það til meðferðar.

Það hefur komið fram, að meðaltramleiðsla grasköggla verksmiðja í landinu á síðustu árum er um 9100 tonn á ári og hefur mest farið í um 11 þús. tonn. Það má geta þess, að fóðurinnflutningur var á síðasta ári um 60 þús. tonn, og árið 1979 hygg ég að fóðurinnflutningur hafi verið mestur eða um 84 þús. tonn. Með aðgerðum, sem gripið hefur verið til, hefur verið dregið úr fóðurinnflutningi. En ljóst er að það eru markaðslegar forsendur fyrir því að nýta meira innlenda framleiðslu, innlent fóður, en við gerum og höfum gert síðustu áratugi.

Varðandi birgðasöfnun, sem hafi orðið á árunum 1978 og 1980, er það rétt sem fram kom, að þær birgðir, sem ekki voru seldar í maí, seldust næstu mánuði, enda nota t. a. m. ýmsir mjólkurframleiðendur grasköggla fyrir mjólkurkýr, m. a. til að draga úr sveiflum sem verða af því að taka kýr af heyfóðri og gefa þeim grængresi, þannig að þessi framleiðsla hefur selst upp. Ég hygg að nú sé a. m. k. um það bil framleiðsla síðasta árs seld. Það er nokkuð langt síðan framleiðsla allra verksmiðjanna

nema einnar var uppseld. Ég hygg að það sé a. m. k. mjög nálægt því, að framleiðslan frá verksmiðjunni í Flatey sé einnig uppseld.

Það er sagt, að það sé í óvissu hvort verð á framleiðslu frá nýjum verksmiðjum standist samanburð við hinar eldri, og það er sagt, að fjármagnskostnaður sé óljós. Auðvitað verður alltaf nokkru erfiðara að reka nýjar verksmiðjur, en það veltur þó að nokkru á því, hversu miklu hlutafé er varið til stofnunar slíkra fyrirtækja. Það hafa ekki verið sett inn í frv. ákvæði sem ákvarða hlutafjáreign, en það má geta þess, að t. a. m. í undirbúningsfélagi um grasköggla verksmiðju í Vallhólmi í Skagafirði hefur veirð gert ráð fyrir að hlutafé væri um 60% af stofnkostnaði, sem er mjög hátt, og það er gert með tilliti til þess að draga úr fjármagnskostnaðinum. Það er til að mæta þeim mismun sem hér er vakin athygli á að geti orðið á framleiðslukostnaði nýrra verksmiðja samanborið við eldri verksmiðjur. Það er einnig rétt að upplýsa það hér, að gert er ráð fyrir að ríkissjóður eigi um 75% af hlutafé sem lagt verður fram, en heimaaðilar 25%, og hlutaféð verði um 60% af stofnkostnaði verksmiðjunnar. Um þetta eru ekki ákvæði í frv. Þessum fyrirtækjum verða settar stjórnir og undirbúningsstjórnir eru starfandi. En eðlilegt er að nokkurt svigrúm sé í meðferð þessara mála. Þess verður og að vænta, að hverju sinni hljóti fulltrúar ríkisins, þ. á m. skipaðir af fjmrh., að gæta hagsmuna ríkisins í þessum efnum.

Það er sagt að óljóst sé hvort ekki henti betur að stækka eldri verksmiðjur en byggja nýjar. Það má út af fyrir sig velta því fyrir sér, kannske árum saman, án þess að fá örugga niðurstöðu. Það er ljóst að stærri rekstrareiningar eru hagkvæmari en smærri að tilteknu marki sem ákvarðast af vegalengdum þegar þarf að flytja hráefni til verksmiðjanna. En hitt er einnig mjög afgerandi, að flutningskostnaður á þessari vöru vex því meir sem flutningaleiðir framleiðslunnar lengjast, og það veldur þeim erfiðleikum að tæplega er hægt án sérstakra aðgerða að nota framleiðslu þessara verksmiðja í fjarlægum landshlutum. Á síðustu tveimur árum hefur verið gripið til nokkurrar verðjöfnunar á flutningi á þessari vöru, en það verður að skoða sem sérstakt millibilsástand meðan slíkar verksmiðjur eru ekki til í heilum landshlutum.

Það er sagt að óljóst sé um stærðarmörk eða stofnkostnað. Gert er ráð fyrir að t. a. m. verksmiðjan í Skagafirði hafi, eins og það er orðað, um 5 tonna eimingargetu eða geti framleitt sem svarar 2500—3000 tonnum. Verksmiðja af þeirri stærð þarf um 600—800 hektara af landi. Það eru skilyrði til að hafa stærri verksmiðju en þetta í Suður-Þingeyjarsýslu. Land er þar meira, sem um er að ræða, en það ræðst m. a. af markaðshorfum og öðrum atriðum hvort ráðist verður í að hafa þá verksmiðju stærri en sem þessu nemur. Þetta er sambærileg stærð og er á verksmiðjunum bæði í Gunnarsholti og á Stórólfshvoli.

Það leikur nokkur vafi á hagkvæmni þess að nota innlenda orkugjafa. Enn hefur ekki sýnst hagkvæmt að nýta raforku til að knýja þurrkara þessara verksmiðja, en þess má geta, að jafnvel þó að notuð sé svartolía er svartolíubrennsla ekki dýrari en það, þó að orkukostnaðurinn sé mjög afgerandi um rekstur verksmiðjanna, að það er a. m. k. ekki langt síðan orkukostnaður var um 16—17% af framleiðslukostnaði. Mjög margar og ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um þessi mál, og hv. þm. Friðrik Sophusson getur fengið að kynna sér þær upplýsingar miklu nánar en hægt er að koma við í þingræðu.

Ég lít svo á, að ekki séu svo lausir endar í þessu máli að ekki sé sjálfsagt að Alþingi fallist á það eða ekki sé a. m. k. mjög jákvætt fyrir Alþingi að fallast á afgreiðslu þessa frv. Ég endurtek að það hefur til þessa verið gert ráð fyrir að byggja þessar tvær verksmiðjur, sem ákveðið var að reisa á Norðurlandi 1972, upp sem ríkisfyrirtæki. Ég tel að Alþingi ætti heldur að greiða fyrir því að mæta áhuga heimamanna sem vilja taka það á sig að leggja fram fjármagn og taka á sig ábygrð. Það held ég að sé hyggileg stefna, og það kæmi mér mjög á óvart ef hv. Alþingi vildi bregða fæti fyrir þá stefnu.

Ég held að ef engar upplýsingar lægju fyrir um þetta mál væri ekki hægt að ætla hv. deild að afgreiða það á 1—2 dögum, eins og hér var nefnt. Frv. var hins vegar flutt í febrúarmánuði og hefur auðvitað gefist rúmur tími fyrir Alþingi til að fjalla um þetta mál og afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um ræðu hv. þm. Vilmundar Gylfasonar. Þrátt fyrir að ekki séu sett hér mörk um hlutdeild ríkisins í stofnkostnaði og rekstri hefur það komið fram, að gert er ráð fyrir að fyrirtæki af þessu tagi þurfi að hafa hlutafé sem næst í kringum 60%. Af því hlutafé hefur verið gert ráð fyrir, varðandi a. m. k. aðra þeirra verksmiðja sem hér er um talað og lengst eru komnar, að ríkissjóður leggi fram 75%, en heimaaðilar 25%. Þetta er gert með tilliti til þess að draga úr fjármagnskostnaði og draga úr þeim mismun sem verður á framleiðslukostnaði hjá nýjum verksmiðjum miðað við eldri fyrirtæki.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Það eru aðeins fá orð sem ég óska eftir að segja við 1. umr. þessa máls. Ég tel mig ekki þurfa að hafa um það langt mál þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem mun fá frv. til meðferðar.

Út af því, sem hæstv. landbrh. sagði síðast, að frv. væri búið að vera hér til umfjöllunar megnið af vetrinum, er það þó svo, að það frv., sem við eigum að fjalla um núna í landbn. Nd., er allt annars konar en það frv. sem hér hefur legið fyrir í allan vetur. Þótt ég geri ráð fyrir að þetta frv. valdi síður deilum en frv. eins og það var lagt fram, þá eru að sjálfsögðu þættir í eldra frv. sem ég hefði óskað eftir að ekki væru felldir niður. En það virðist ekki vera mikill tími eða tækifæri til stórvægilegra breytinga þegar öll mál eru hér til lokaafgreiðslu á tíma sem verður varla talinn vera tími til stórvinnubragða. Landbn. Nd. hefur á engan hátt kynnt sér þær umsagnir eða þær upplýsingar sem legið hafa fyrir landbn. Ed. Ég geri því ráð fyrir að við munum leitast við að gera okkur glögga grein fyrir málinu og stöðu þess, þó svo að fáir dagar séu eftir af þingi.

Ég álít að það sé mjög mikilvægt að efla innlendan fóðuriðnað og í því ljósi sé mjög mikil nauðsyn á að koma upp verksmiðjum fyrir grasköggla vinnslu, — verksmiðjum sem væru hagkvæmar í rekstri. Ég tók eftir því, að hæstv. landbrh. sagði áðan, að það mundi ekki verða talinn ýkjahár orkukostnaður sem færi í að nota svartolíu, og nefndi hvað það væri stór hluti af verðmætinu í kögglunum. Ég veit að þetta er rétt. Þetta er margreynt. En það eru aðrir þættir sem mér finnst að hafi legið eftir og þurfi verulega að kanna áður en farið er út í stórkostlega uppbyggingu á fóðuriðnaðarverksmiðjum, sem ég

tel út af fyrir sig að þurfi að gera, og það er að athuga þá innlendu orku sem við eigum. Ég álít að það að byggja upp grasköglaverksmiðjur og minnka með því innflutning okkar á fóðurvörum sé til þess fallið fyrst og fremst að spara okkur þann gjaldeyri sem við erum alltaf að berjast við að láta endast til þeirra hluta sem við þurfum að kaupa erlendis frá. Ég veit ekki til að það hafi verið gerð nein haldbær rannsókn á því, með hverjum hætti og með hvernig þurrkunarútbúnaði megi hagnýta jarðhita. Það hefur verið talað um færibandahitun, en hún er að því leyti til ákaflega óhentug, að það virðist vera að grasið, sem þurrka á, þorni ekki nægilega hratt vegna gerðar færibandanna, en margir, sem á þessu hafa gott vit, telja að það sé höfuðskilyrði að fóðrið þorni hratt, við það verði minna tap á næringargildi fóðursins. Ég veit ekki heldur til að það hafi verið gerð nein haldbær rannsókn á því, hvort ekki sé hægt að hagnýta raforkuna á miklu ódýrari hátt en gert er með beinni rafhitun. Ég veit ekki betur en víða erlendis séu notaðar svokallaðar varmadælur sem nýta raforkuna a. m. k. sex sinnum betur en bein hitun. Ég held að ég fari rétt með að Verkfræðingafélag Íslands hafi sett í það ákveðinn hóp manna að gera hagkvæmniathugun á notkun varmadælu í því skyni að nýta raforkuna sem best. Ég held að það þyrfti einmitt að snúa sér að því af verulegum krafti. Ég er ekki að andmæla því, að það sé full þörf á að koma áfram hér í Alþingi frv. um uppbyggingu fóðurverksmiðja. Það hlýtur þó að vera það, sem öllu máli skiptir, að við getum, fyrst við eigum mikla innlenda orku, hagnýtt hana til þeirra þarfa sem ég hef hér gert að umræðuefni.

Það er fleira sem ég hefði viljað líka að lægi fyrir þegar við erum að ræða um uppbyggingu verksmiðjanna, og það er að viss sjónarmið þarf að hafa í huga þegar þeim er ákveðinn staður. Hér var bent á það áðan að álitamál væri hvort ekki væri hagkvæmara að stækka eldri verksmiðjur. Um það skal ég ekki fullyrða neitt, ég ætla að láta það liggja á milli hluta. En það eru tveir þættir, sem snúa að þessu máli, sem mér finnst að þurfi að gera sér nokkuð glögga grein fyrir áður en staðsetning er ákveðin, þ. e. hvort á að staðsetja verksmiðjuna með hliðsjón af markaðsmöguleikunum, dreifingunni á framleiðslunni, eða með hliðsjón af hráefnisöfluninni, hvað hún er örugg, hvað hún er árviss. Það getur verið geysilega mikið atriði.

Mér er ljóst að eins og högum er háttað í þessu efni er eðlilegt að bændur vilji dreifa verksmiðjunum sem mest um landið. Það er af því að verðjöfnun á flutningi hefur verið ófullkomin fram undir þetta þótt nokkuð hafi verið gengið til móts við þá sem búa fjarri verksmiðjunum. En m. a. vegna þess koma fram hugmyndirnar um verksmiðju hér og verksmiðju þar. Það er mikil spurning hvort við eigum ekki einmitt að sannreyna hvort ekki verður hagkvæmara að byggja verksmiðjurnar upp í stærri einingum þar sem veðurskilyrði eru best, þar sem grasspretta er öruggust, en beita athyglinni að jafna flutningskostnaðinn.

Herra forseti. Ég ætla ekki að lengja mál mitt, en ég vildi láta þessar hugleiðingar mínar koma hér fram. Þær sýna það og skýra það, að þegar fjallað er um mál eins og þetta geta menn ekki gert það án þess að ljá slíkum málum hugsun. Athugun af því tagi tekur einhvern tíma.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 30 shlj. atkv. og til landbn. með 28 shlj. atkv.

Barnalög, frv. (þskj. 417, n. 828 og 829, 830). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hl. allshn. um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 9 15. apríl 1982.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið umsagnir um það frá félmrn., Félagi einstæðra foreldra, Sálfræðingafélagi Íslands og Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar.

Meiri hl. n. er sammála efni frv. og umsagnaraðilum, en þeir telja allir mikla nauðsyn á að aukin verði fjölskylduráðgjöf frá því sem nú er.

Í frv. er gert ráð fyrir að félmrn. skuli starfrækja miðstöð fjölskylduráðgjafar og setja reglugerð þar um.

Þar sem hér er um að ræða frv. til l. um breyt. á barnalögum, sem heyra undir dómsmrn., þykir óeðlilegt að sömu lög heyri undir tvö ráðuneyti. Í umsögn félmrn. kemur fram að rn. hefur látið semja drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu á vegum sveitarfélaga, og er þar m. a. beinlínis gert ráð fyrir að skylt sé að veita ráðgjöf í framangreindum málum.

Með tilvísun til þess, sem að ofan greinir, leggur meiri hl. n. til að frv. verði vísað til ríkisstj.

Undir þetta skrifa Jósef H. Þorgeirsson, Friðrik Sophusson, Eggert Haukdal og sá sem hér stendur.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Við Ólafur Þ. Þórðarson, hv. 5. þm. Vestf., stöndum að minnihlutaáliti frá hv. allshn., og þar leggjum við til að frv. verði samþykkt með breytingum sem fluttar eru á sérstöku þskj.

Þessar breytingar eru, eins og raunar kom fram hjá hv. frsm. meiri hl. n., hugsaðar af því að það kann að orka tvímælis, án þess að það sé rangt með einum eða neinum hætti, að þetta frv. sé flutt sem breyting við barnalög, m. a. vegna þess að þessir efnisþættir falla þá undir mismunandi rn. Í framhaldi af því flytjum við brtt. við 1. gr. um að orðin „a) Á eftir 6. mgr. 35. gr. laganna komi ný mgr. er hljóði svo“ falli burt og enn fremur að fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um fjölskylduráðgjöf.

Þetta, herra forseti, þýðir að lagt er til að lagagreinin sé samþykkt óbreytt eins og hún var flutt af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Jóhönnu Sigurðardóttur, Matthíasi Bjarnasyni og Níels Á. Lund, en að þetta verði sérstakt frv. til l. um fjölskylduráðgjöf.

Ég vil svo í örstuttu máli gera grein fyrir því, af hverju við leggjum þetta til.

Það er ljóst að hér er orðinn til svolítill vísir að þessari starfsemi, og ég held að það sé allra manna mat að þessi starfsemi hafi gefið mjög góða raun, hún hafi leyst úr erindum fjölmargra sem á slíku hafa þurft að halda. Hér er í raun og veru alls ekki verið að leggja til miklar breytingar og ekki verið að leggja til neitt endanlegt form á þessari starfsemi, heldur aðeins verið að styrkja stoðir undir starfsemi, sem þegar er til, og koma málum svo fyrir að þessi starfsemi eigi frekari framtíð fyrir sér, en

um það hygg ég að allir séu sammála og þar með taldir þeir í meiri hl. allshn. sem þó leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. Enn fremur hefur komið fram að í undirbúningi er frekari löggjöf um þessi efni. Hvenær nákvæmlega hún kann að koma fram eða hverjar niðurstöður kunna að verða er auðvitað ógerlegt að gera sér grein fyrir — a. m. k. tímamörkum — að svo stöddu.

Þegar allt þetta er skoðað og lagt saman sýnist okkur vera sjálfsagt skref að stíga að vísir að þessari ráðgjöf, eins og er lagt til í þskj. 417, verði til.

Með þessum rökstuðningi ítreka ég að við leggjum til að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem ég hef gert grein fyrir.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil í tilefni af þessum umr. láta koma fram afstöðu mína til þessa máls.

Ég er hlynntur þeirri afstöðu, sem gerð er till. um af hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, að frv. verði afgreitt með þeim hætti sem þeir gera ráð fyrir. Ég tel að hér sé um að ræða einn af mikilsverðari málaflokkum í okkar félagslegu þjónustu. Ég geri ráð fyrir að á næstu árum verði í vaxandi mæli lögð áhersla á félagslegar fyrirbyggjandi aðgerðir til að koma í veg fyrir ýmis þau vandamál, félagsleg og heilsufarsleg, sem fólk á því miður við að stríða í því samfélagi sem við búum í.

Í umsögn meiri hl. hv. allshn. segir að í félmrn. hafi verið samið frv. eða hafi verið samin „drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu á vegum sveitarfélaga." Af því tilefni vil ég láta það koma fram, að þetta hefur verið í undirbúningi í félmrn., en hér er um að ræða geysilega viðamikið mál. Ég sé satt að segja ekki fyrir endann á því núna alveg á næstu mánuðum eða misserum. Ég veit ekki hvað það tekur langan tíma, vegna þess að hér er um að ræða löggjöf sem snertir marga aðra þætti íslenskrar félagsmálalöggjafar. Það er ekki að vita hvenær niðurstöður í því endurskoðunarstarfi geta legið fyrir. Þess vegna tel ég, að hér sé um að ræða eðlilega afgreiðslu, og get tekið undir flest af því sem hv. frsm. minni hl. allshn., Vilmundur Gylfason, gerði grein fyrir áðan.

Frsm. meiri hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Eins og kom fram í fyrri ræðu minni um þetta mál vitnaði ég til umsagnar félmrn., en sú umsögn er frá 5. apríl 1982. Þessi umsögn er undirrituð af Hallgrími Dalberg og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur. Með leyfi forseta vil ég lesa upp úr þessu bréfi þar sem segir:

„Að beiðni rn. hafa verið samin ítarleg drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu á vegum sveitarfélaga og er þar m. a. beinlínis gert ráð fyrir að skylt sé að veita ráðgjöf í framangreindum málum og mörgum öðrum sem ekki verða tíunduð hér. Félmrn. mun beita sér fyrir að frv. til laga um þetta efni verði lagt fyrir Alþingi svo fljótt sem verða má."

Það var m. a. vegna þessa bréfs frá félmrn., sem ég þykist vita að hæstv. ráðh. hafi verið fullkunnugt um, sem meiri hl. n. leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstj., þar sem í bréfinu kemur fram að þessi mál séu til umfjöllunar þar og verið samin ítarleg drög að lögum um heildarskipulag félagslegrar þjónustu o. s. frv. Því koma mér nokkuð á óvart þau ummæli hæstv. ráðh., að það sé mikilli óvissu bundið hvenær þessi drög að frv. til l., mjög svo ítarlegu, verði lögð fram. Meiri hl. n. þótti eðlilegt að efni þessa máls kæmi inn í heildstæð lög um þessi mál frekar en að fara nú að leggja til að sérstakt frv., mjög lítið og kannske ófullkomið að ýmsu leyti, verði samþ. núna, enda var frv. ekki í upphafi samið með það fyrir augum að verða sérstök lög, heldur sem breyting á lögum sem fyrir eru.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég neita því ekki, að það hefur komið mér nokkuð á óvart, hversu mikla vinnu þetta litla mál hefur kostað hv. nefnd. Ég vil hins vegar þakka nefndinni fyrir að leggja þá vinnu af mörkum, ekki síst þeim hv. tveim þm. sem treysta sér til að samþykkja frv.

Það er óneitanlega dæmigert, að þegar kemur að málum eins og þessum, sem snerta beint fjölskylduna, er eins og áhugi manna daprist mjög. Menn gera sér það til erindis að hafa við það að athuga, að þetta litla frv. sé upphaflega miðað við að vera breyting á barnalögum, og koma með þau rök, að það sé óeðlilegt að málefni annars rn. en dómsmrn. séu í þeim lögum. Þetta á sér engan stað vegna þess að þegar eru í barnalögunum ákvæði sem leggja t. d. stofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins, sem heyrir undir heilbr.- og trmrn., skyldur á herðar og Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem heyrir undir félmrn. Þetta er því auðvitað ekkert óalgengt og á engan hátt óeðlilegt. Þetta litla mál er einfaldlega, eins og hér hefur komið fram, til þess flutt að sú starfsemi, sem nú er unnin af starfsmönnum í hlutavinnu og á hlaupum við að veita fjölskyldum ráðgjöf — og þá ekki bara fólki á stór-Reykjavíkursvæðinu, heldur fólki um land allt, verði lögfest þannig að tvö stöðugildi fáist til þess. Ekki er nú beðið um meira en það. Þetta verði síðan endurskoðað að þremur árum liðnum. Hér er ekki um stórar fjárhæðir að ræða. Það er næsta furðulegt, að slíkt mál skuli geta vafist fyrir hv. þm., enda átti ég ekki í nokkrum erfiðleikum með að fá með mér meðflm. úr öllum flokkum.

Ég vil vara hv. þm. við því að sýna málefnum sem þessum endalaust afskiptaleysi og kæruleysi. Það er fólk til í þessu landi sem fylgist náið með afstöðu alþm. til málefna fjölskyldunnar. Það vantar ekkert á að hér hafi menn vissulega sýnt þeim málum áhuga. Bæði hafa þm. Framsfl. og Alþfl. flutt um það tillögur hér á Alþingi, að betur verði búið í haginn fyrir fjölskyldurnar. En um leið og kemur að ofurlitlu máli sem leysir vanda hér og nú, þá virðist vefjast fyrir mönnum að afgreiða það.

Það er töluverður munur á því, hvort þessu litla máli er vísað til ríkisstj. eða hvort það er samþykkt hér. Í fyrsta lagi þýðir samþykkt þess viljayfirlýsingu um að styðja við bakið á þessari starfsemi. Gefum okkur að hæstv. ríkisstj. sinni málinu þegar það er komið til hennar. (**HBl:** Það er ekki við því að búast.) Það tekur þá ákveðinn tíma. Hér tala menn um að verið sé að endurskoða félagsmálalöggjöf. Hún var fyrir nokkrum árum endurskoðuð í Danmörku. Það tók 13 ár. Mig minnir að endurskoðun félagsmálalöggjafarinnar í Svíþjóð hafi tekið ámóta langan tíma. Þetta mál þolir ekki þá bið. Ég vil því leyfa mér að fara fram á það við hv. þd., að hún samþykki þetta litla mál í atkvgr. hér á eftir.

Ég skal taka undir það með hv. þm. Vilmundi Gylfasyni, ef það má létta málið, að breyting þeirra hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar verði samþykkt. Mér er hjartanlega sama um hvort þetta heitir frv. til laga um fjölskylduráðgjöf eða hvort þetta er frv. um breytingar við

barnalög. Það er ekki aðalatriðið. Það er einungis skriffinnska sem kemur þessu máli sáralítið sem ekkert við. Aðalatriðið er að þessi ráðgjöf verði til. Við megum ekki gleyma því, að til er fólk annars staðar en á stór-Reykjavíkursvæðinu sem hefur engan aðgang að þessari starfsemi nema hún verði fest í sessi.

Ég skora á þm. allra flokka að standa nú utan um þetta mál og greiða því atkv. og að brtt. þeirra tveggja hv. þm. verði samþykktar.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 86. fundur.

Mánudaginn 3. maí, að loknum deildafundum.

Sala jarðarinnar Gufuskála, þáltill. (þskj. 819). — Hvernig ræða skuli.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Íslenskt efni á myndsnældum, þáltill. (þskj. 297, n. 662). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 870).

Lækningarmáttur jarðsjávar við Svartsengi, þáltill. (þskj. 120, n. 660, 661). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 661 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 875).

Viðauki við vegáætlun 1981—1984, þáltill. (þskj. 490, n. 723). — Síðari umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá fjvn. á þskj. 723 um till. til þál. um viðauka við vegáætlun fyrir árin 1981—1984, en till. er frá ríkisstj., 246. mál Sþ. á þskj. 490, og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að á árinu skuli aflað 10 millj. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982. Fé þessu skal varið til framkvæmda á eftirtöldum vegum í því skyni að auka öryggi vegfarenda:

Útnesvegur um Ólafsvíkurenni 6.9 millj. kr.
Djúpvegur um Óshlíð 3 millj. kr.
Ólafsfjarðarvegur um Ólafsfjarðarmúla 0.1 millj. kr.
Framkvæmdir þessar skulu vera sérstakur verkefnaflokkur innan stofnbrauta. Frekari fjárveitingar skulu ákveðnar við næstu endurskoðun vegáætlunar."

Eins og hv. alþm. sjálfsagt vita ritaði samgrh. fjvn. Alþingis bréf við afgreiðslu vegáætlunar s. l. vor þar sem kemur m. a. fram að óskað er eftir því samkv. tillögu Vegagerðarinnar, að sérstakar framkvæmdir verði hafnar sem eiga að draga sem mest úr hættu fyrir vegfarendur á snjóflóðum, skriðuföllum og grjóthruni á vegum um Ólafsfjarðarmúla, Ólafsvíkurenni og Óshlíð, þar sem hætta fyrir umferð er talin mest á þjóðvegum landsins. Í bréfi samgrh. segir m. a.: „Samgrh. mun leggja til við ríkisstj. að lögð verði fram á næsta Alþingi viðaukatillaga við vegáætlun, þannig að þessum framkvæmdum verði sinnt samkv. áætlun Vegagerðar ríkisins og sem sérstöku verkefni innan stofnbrauta, og verði fjármagns til þeirra aflað sérstaklega. Hefur um það verið rætt við fjmrh. Er þess vænst, að framkvæmdir geti hafist sumarið 1982."

Það var í samræmi við þetta bréf sem þessi þáltill. var flutt.

Allir þeir vegir, sem hér um ræðir, eru sannarlega lífshættulegir vegir með hæstu slysatíðni samkv. mati Vegagerðarinnar vegna snjó- og aurskriðufalla og mikils grjóthruns. Allir þessir vegir eru aðalsamgöngutenging viðkomandi byggðarlaga. Íbúar þessara svæða eru svo til algerlega háðir þessum vegum um sínar aðallífsþarfir, bæði hvað varðar heilbrigðismál, viðskipta- og atvinnumál. Þess vegna er mikið í húfi að framkvæmd geti hafist við þessa vegi nú þegar. Hönnun er lokið við veginn um Ólafsvíkurenni og um Óshlíð, en mikla rannsókna- og hönnunarvinnu þarf að inna af hendi við Ólafsfjarðarmúla áður en framkvæmdir geta hafist.

Eins og fram kemur í tillgr. er framkvæmdaféð á þessu ári áætlað aðeins 10 millj. kr., sem er hluti af fjárhæð sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur ákveðið að lána til vegaframkvæmda á þessu ári. Skipting fjárins til framkvæmda er tillaga Vegagerðarinnar óbreytt.

Fjvn. hefur fjallað um till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar. Fulltrúar stjórnarandstöðunnar skrifa þó undir með fyrirvara.

Herra forseti. Ég legg til að till. verði samþykkt.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég verð að segja, að fyrst þegar ég leit þessa þáltill. fannst mér hún næsta óþörf, nema þá þannig verði litið á að hún veiti hæstv. ríkisstj. heimild til þess að afla sérstaks viðbótarfjár til vegáætlunar á árinu 1982. Ég býst við að hæstv. ríkisstj. hefði verið heimilt að veita Framkvæmdastofnun ríkisins eða Byggðasjóði heimild til að taka slíka fjárhæð að láni til þessarar fjárveitingar. Það er misskilningur að hér sé um lán að tefla. Þetta er framlag Byggðasjóðs, helmingurinn af þeim 20 millj. sem stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hefur boðið fram í þessu skyni á þessu ári.

Ég held að skýring á flutningi þessarar till. hljóti að felast í skiptingunni sem þarna kemur fram, sem auðvitað hefði mátt vinnast með þeim hætti sem venja er til: af fjvn., styrkveitanda og Vegagerðinni og málinu á þann veg ráðið til lykta.

Út af fyrir sig hef ég enga gagnrýni í frammi sérstaklega vegna þessarar aðferðar, en vek þó athygli á því, að

ég hef ekki heyrt neinar skýringar á eða rökstuðning fyrir þessari skiptingu fjárins. Það kemur reyndar í ljós í grg., að framkvæmdirnar séu dýrar og tvær þeirra, í Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla, séu með þeim hætti að þær gagnist ekki umferð fyrr en þeim er lokið, en aftur á móti komi í Óshlíð minni áfangar að gagni. Þetta finnst mér stríða gegn skiptingu fjárins, eins og skiptingin er í tillögunni.

Ég var að vænta þess, að hið háa Alþingi fengi tækifæri til að ræða vegáætlun, langtímaáætlunina, sem mér skilst að samgrh. hafi í hyggju að leggja hér fram áður en þingi lýkur. Á því hafði ég alveg sérstakan áhuga, alveg sérstaklega af því að bikhausar gulu pressunnar eru byrjaðir að hæla hæstv. ráðh. alveg sérstaklega fyrir stórkostlegt framtak í vegamálum. Þó standa hv. alþm. frammi fyrir því, að sú langtímaáætlun til 12 ára, sem þeir samþykktu hér á s. l. vori, er öll þegar gengin úr skorðum. Framkvæmdaáætlunin í ár gengur úr skorðum stórkostlega og hæstv. samgrh. hefur ekki hreyft legg né lið til að bæta úr því ófremdarástandi, hvað svo sem segir hjá surtum gulu pressunnar, — ekki legg né lið. Ekki eina einustu krónu hefur hann haft með höndum að útvega til að bæta úr fjárskorti, 28 millj., á sjálfri vegáætluninni og ómældum fjárfúlgum samkv. hans eigin yfirlýsingum, þrí- eða fjórendurteknum á hinu háa Alþingi, um sérstaka fjárútvegun vegna ÓÓÓ-veganna, 184 millj. kr. verkefni, sem hann, þrátt fyrir yfirlýsingar sínar um að afla sérstaks fjár til þess arna, ætlar að taka af hinni almennu vegáætlun, langtímaáætluninni.

Hver er svo niðurstaðan? Hér hafa hv. alþm., hver í sínu kjördæmi, verið að strita við það enn á ný að hrinda af stað framkvæmdum samkv. þeirri samkomulagsályktun út af langtímaáætluninni. Ég get nefnt ykkur sem dæmi í Austurlandskjördæmi 112 km samtals og þar af meginhlutann sem átti að byggja upp, nýbyggingu vega, a. m. k. 75 km sem ég man eftir. Þetta er auðvitað að bregðast þeim viljayfirlýsingum sem Alþingi gaf og allir hv. þdm. náðu höndum saman um á síðasta vori.

Ég tek það fram, af því að það er þessu máli skylt, af því sem ég sagði, að það á að bregðast marggefnum yfirlýsingum um sérfjárútvegun til Ó-veganna og taka það fé af hinni almennu vegáætlun, að ég hef alla fyrirvara á um samþykki við væntanlega þáltill. um langtímavegagerð sem mér er tjáð að hæstv. samgrh. hyggist leggja fram áður en þessu þingi lýkur, en við e. t. v. fáum ekki tækifæri til að ræða um, — alla fyrirvara. Og ég hygg að minn flokkur, Sjálfstfl., muni hafa það og hann muni beita sér fyrir því við endurskoðun fjögurra ára áætlunar hverju sinni, — eins og við þekkjum eru það þrisvar sinnum fjögur ár, — að reyna að bæta hér úr og að staðið verði við þá áætlun og þál. sem gerð var á s. l. ári. Það er hörmulegt að sjá hvernig menn þegar víkja sér undan og draga lappirnar innan árs frá því sem menn gera lokasamþykkt, að því sem maður taldi sér trú um, um stóráták í vegamálum. Og það er þeim mun hörmulegra að þeir skuli ekki bregða við þar sem góðir, dyggir og göfugir stuðningsmenn í Dagblaðinu og Vísi hafa uppgötvað að þannig væru þeir samt í laginu.

Ég ætla, herra forseti, ekki að tala lengra mál að þessu sinni. Málið, langtímavegáætlunin, hefur ekki enn verið sýnt. Hún er væntanleg á hverri stundu, en ég grip tækifærið, og fer ekkert út fyrir umræðuefni þessa dagskrárliðar, til þess að lýsa þessari afstöðu minni og gagnrýna harðlega að þannig skuli að málum staðið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Með samþykkt þessarar till. eru framkvæmdir hafnar við hina svokölluðu lífshættulegu vegi. Ég hygg að það sé út af fyrir sig mjög mikilvægur áfangi þótt átakið hefði svo sannarlega mátt vera meira.

Ég ætla ekki að fara að skattyrðast hér við hv. 4. þm. Austurl. Hann má baða sig í sinni dýrð í nafni Framkvæmdastofnunar ef hann vill. Ég vil hins vegar vekja athygli á því, að það fjármagn, sem Framkvæmdastofnunin hefur boðið ríkissjóði að láni til slíkra framkvæmda sem vegáætlunar, er að mestu lánsfé þó að 20 millj. séu það ekki. Vitanlega gæti ríkissjóður tekið sjálfur að láni með nákvæmlega sömu kjörum, ef ekki betri, og það allt endurgreiðir ríkissjóður. Allt er það vitanlega háð því, að samkomulag náist um það í ríkisstj. að nýta sér þá lánsheimild sem Framkvæmdastofnunin hefur í þessu sambandi. Ég sé því enga ástæðu út af fyrir sig að vera að þakka það. Hins vegar vil ég þakka fyrir þær 20 millj. sem stofnunin býður sem framlag. Það er allt annað mál og það er rausnarlega gert. Ég er sammála hv. þm. um að vegirnir út af fyrir sig eru það mikið byggðamál að það er alls ekki að ófyrirsynju að Byggðasjóður láti það til sín taka á þann hátt.

Það er rangt að ekki sé staðið við það sem till. gerði ráð fyrir, sú sem samþykkt var hér á síðasta þingi um langtímaáætlun, því að till. gerði ráð fyrir að 2.1% færu til vegamála í ár, síðan yrði hlutfallið hækkað upp í 2.2 og smám saman upp í 2.4. Ég fór fyrir örfáum dögum yfir þessi mál með vegagerðarmönnum og þetta stenst fyllilega. 2.1% af þjóðarframleiðslu fara til vegamála í ár. Það skal viðurkennt að það stafar að vissum hluta af því, að þjóðarframleiðslan eykst ekki, heldur dregst saman, að möguleikar íslensku þjóðarinnar til að verja fjármagni til vegagerðar eru minni. Þjóðartekjur dragast saman. Sú viðmiðun var tekin upp og var talið eðlilegt að miða við þjóðartekjur og ég veit ekki betur en allir þm. hafi verið sammála um það. En ég get upplýst hv. þm. um að miðað við síðustu spá um þjóðarframleiðslu stenst það fyllilega að 2.1% renni til vegamála. Hins vegar hefur oft verið höfð önnur viðmiðun og það má gjarnan, þ. e. hvort tekst að ljúka þeim áföngum sem gert er ráð fyrir í vegáætlun. Það hefur þó iðulega gengið illa. Það er rétt hjá hv. þm. að ekki tekst að ljúka að fullu þeim áföngum sem að var stefnt með gerð vegáætlunar, en m. a. vegna þess að óvissa ríkir í okkar verðbólguþjóðfélagi um slíkt var tekin sú ákvörðun við gerð síðustu vegáætlunar að láta töluverðu fjármagni óráðstafað.

Sömuleiðis vil ég taka það fram, að sá niðurskurður, sem ákveðinn var á fjárlögum, lenti að sjálfsögðu einnig að nokkru á vegagerðinni. Þó varð samkomulag um að sá niðurskurður á vegagerðinni yrði töluvert minni en á öðrum framkvæmdum. Niðurskurðurinn var 6% almennt, en varð 3.6% á vegagerðinni, m. a. með tilliti til þess að samþykkt hafði verið hér sérstök tillaga um átak í vegamálum og m. a. í þeirri viðleitni að standa við þessi 2.1% af þjóðarframleiðslu. Það var sem sagt af vegagerðinni tekinn rétt rúmlega helmingur eða 7.5 millj. í staðinn fyrir rúmlega 14, sem hefði átt að skera niður. Þannig hafa ýmsir fleiri komið að þessu máli en Framkvæmdastofnun og hv. þm.

Það kann vel að vera að hv. þm. þyki átak í vegamálum ekki stórt. En ég verð að segja fyrir mitt leyti, að ég tel að

t. d. sú mikla aukning, sem hefur orðið á bundnu slitlagi, sé sannarlega þakkarverð hverjum þeim sem hefur að þessu komið. Á s. l. ári voru lagðir 142 km af bundnu slitlagi, árið áður 90, en þar áður höfðu mest verið lagðir 40. Nú er gert ráð fyrir að í sumar verði lagðir um 160 km af bundnu slitlagi. Ég tel einnig að það átak, sem gert er ráð fyrir í langtímaáætluninni, sé mjög stórt. Þar er gert ráð fyrir að lagðir verði 2200—3000 km. af bundnu slitlagi, eftir því hvernig óráðstöfuðu fjármagni verður ráðstafað.

Það er rétt að líklega er vafasamt að tími vinnist til að tala fyrir langtímaáætlun. Hún er prentuð og henni verður líklega útbýtt í dag, þannig að menn hafa hana til upplýsingar. Hins vegar er ætlunin að taka hana fyrir með vegáætlun, sem lögð verður fram í haust tímanlega, þannig að hún fái meðferð á þingi með fjárlögum, sem hefur ekki oft gerst, og þá einnig með langtímaáætlun. En þar sem vegamál eru hér til umr. sé ég alveg sérstaka ástæðu til að þakka þm. úr öllum stjórnmálaflokkum, sem hafa tekið þátt í að móta þessa langtímaáætlun og eiga mikinn þátt í því að náðst hefur um hana samkomulag. Og það er illt verk að mínu mati, ef menn eru að stofna til deilna um langtímaáætlun sem þannig hefur verið að unnið. Um hana náðist fullkomin samstaða fulltrúa allra þingflokka.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. frsm. með þessari till. skrifuðum við nokkrir þm. í fjvn. undir þetta mál með fyrirvara. Ég vil gera örstutta grein fyrir þeim fyrirvara frá hálfu okkar sjálfstæðismanna.

Við lítum svo til, eins og fram kom hér í máli hv. þm. Sverris Hermannssonar, að þessi till. sé nánast formsatriði þar sem í rauninni veitir hún ekki ríkisstj. heimild til lántöku eða til annarra tekjuöflunar. Eins og kunnugt er verður að leita slíkra heimilda í lögum, bæði til þess að taka lán og eins til þess að leggja á skatta til fjáröflunar. Þessi till. er þó stuðningur við að halda þeim verkefnum áfram sem hún fjallar um, þ. e. framkvæmdum við svokallaða ÓÓÓ-vegi eða Óshlíðarveginn, Ólafsfjarðarmúla og Ólafsvíkurenni.

Í þessari till. er gert ráð fyrir að tvö verkefni, Ólafsvíkurenni og Óshlíðarvegur, verði tekin fyrst til meðferðar af þessum verkefnum. Út af fyrir sig er ekki út á það að setja frá minni hálfu. Þótt ég sé að sjálfsögðu mikill áhugamaður og mestur um framkvæmd þá hina miklu sem stefnt er að í mínu kjördæmi, Ólafsfjarðarmúlann, hef ég tekið það fram, að mér þætti ekki óeðlilegt að í hin tvö verkefnin yrði ráðist fyrst og viðurkennt að Ólafsfjarðarmúlinn þyrfti verulegs undirbúnings við, þ. e. jarðgangagerð í gegnum Ólafsfjarðarmúlann. Hins vegar er það þáttur í mínum fyrirvara fyrir þessu máli, að ljóst er að það á að láta mjög naumt fé til rannsókna í Ólafsfjarðarmúla samkv. þessari till. svo að ekki sé meira sagt. Ég vil láta í ljós óánægju mína yfir því, enda þótt það hafi komið fram hjá Vegagerð ríkisins að þetta væri samkv. hennar tillögum.

Hæstv. ráðh. talaði hér um miklar framkvæmdir í vegamálum á síðustu árum. Það má til sanns vegar færa að framkvæmdir hafa verið auknar að því er varðar bundið slitlag. En ég hefði viljað vekja athygli hæstv ráðh. og þingheims á því, að síðustu ár hefur verið stóraukin skattheimta af bensíni. Ég hef beðið Vegagerð ríkisins og Þjóðhagsstofnun að reikna það út fyrir mig, hvað bensínskattar séu miklu þyngri á þessu ári en þeir voru 1978. Bensínskattar eru að raungildi 220 millj. kr. þyngri á þessu ári en þeir voru 1978 samkv. útreikningi þessara aðila. Það er hærri fjárhæð en til nýframkvæmda vega á þessu ári. Það væri hægt að tvöfalda framkvæmdamátt vegafjár í nýframkvæmdum á þessu ári ef bensínskattarnir að raungildi, sem teknir eru núna fram yfir það sem lagðir voru á og teknir 1978, væru notaðir til vegaframkvæmda. Það væri hægt að tvöfalda nýframkvæmdir vega á þessu ári. Það er þetta og ýmislegt annað, sem athyglisvert er í þróuninni á þessum sviðum, sem skiptir máli, sem er athyglisvert við það sem gerst hefur í vegamálum undanfarin ár. Framlögin af skatttekjum hafa nefnilega ekki aukist að raungildi á sama tíma. Framlögin hafa ekki aukist af skatttekjum úr ríkissjóði og Vegasjóði. Á hinn bóginn hafa verið tekin meiri lán 1980 og 1981 til vegaframkvæmda en áður. Þau lán þarf að borga. Eingöngu með þessari auknu lántöku, sem er ávísun á skattheimtu síðar, hafa vegaframkvæmdir verið auknar á síðustu tveimur árum.

Það er enn fremur athyglisvert, að á þessu ári er enn, þriðja eða fjórða árið í röð, verið að skera niður vegáætlun. Niðurskurðurinn er athyglisverður nú vegna þess að nú er verið að vinna að langtímaáætlun í vegagerð. Það er ekki einu sinni hægt að standa að raungildi við þá áætlun sem gerð var í fyrra um nýframkvæmdir vega. Hæstv. ráðh. talaði hér um að það stæðist fyllilega að 2.1% af þjóðarframleiðslu væri varið til vegamála í ár. Það kann að vera, ég hef ekki litið á þá útreikninga. En þá er líka skýringin sú sem hann nefndi hér, að þjóðarframleiðslan hefði minnkað. Ég veit ekki hvort það er mikið til að hæla sér af, þegar á það er litið hversu gífurleg skattheimta hefur orðið á undanförnum árum á umferðina, að það þurfi vegna samdráttar í þjóðarframleiðslu að koma til samdráttar í vegaframkvæmdum einmitt á því ári sem menn eru að vinna að því að koma frá sér langtímaáætlun í vegagerð.

Ég vil svo að lokum víkja að vinnubrögðum í því sambandi. Eins og hv. þm. muna komu tvær tillögur fram á Alþingi í vegamálum á síðasta þingi. Önnur var frá sjálfstæðismönnum og gekk hún öllu lengra en till. ríkisstj. sem kom síðar fram á því þingi. Við sjálfstæðismenn höfðum raunar áður flutt slíka till. um langtímaáætlun í vegaframkvæmdum sem ekki hafði hlotið afgreiðslu. Fjvn. tók sér fyrir hendur, — og ég undirstrika, hæstv. ráðh., að það var að frumkvæði hv. fjvn., — að ná samstöðu um að breyta þessum tveimur tillögum, búa til nýja tillögu í vegamálum sem væri líkleg til að hljóta samþykki hér á hinu háa Alþingi. Ég undirstrika: Það var að frumkvæði fjvn. sem leitast var við að ná slíkri samstöðu. Slík samstaða náðist eftir nokkuð mikla vinnu, bæði í hv. fjvn. og annars staðar á hinu háa Alþingi, og þessi till. var samþykkt í fyrra. Nú hefur þessi langtímaáætlun verið unnin í samráði við fulltrúa þingflokka. Mér eru það því mikil vonbrigði að hæstv. ráðh. ætlar að flytja sem samgrh. þessa till. sem hv. Alþingi, eftir frumkvæði fjvn., náði samstöðu um í fyrra. Að sjálfsögðu hefði verið eðlilegt að fulltrúar þingflokka, sem áttu sæti í þeirri nefnd sem vann þessa till., hefðu flutt hana. Það hefði undirstrikað hvernig hún er til komin, með samstöðu á hinu háa Alþingi, og það hefði undirstrikað að það væri ætlun hins háa Alþingis að ná saman áfram um vegamálin og gera þau ekki að pólitísku

bitbeini. Því miður sýnast mér allar líkur benda til þess, að þessi ákvörðun hæstv. ráðh., sem út af fyrir sig ætti kannske ekki að verða þess valdandi, sé þó vísbending um að nota eigi málið í pólitísku skyni. Þessi vinnubrögð og önnur, sem mér virðist að hafi orðið í sambandi við þetta mikla mál og þýðingarmikla, verða sennilega til þess, að sú samstaða, sem hv. fjvn. hafði frumkvæði um að ná í fyrra, virðist ætla að rofna, því miður, segi ég.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr., aðeins örfá orð sem ég óska eftir að bæta hér við.

Ég hef ekki vefengt að til vegaframkvæmda nú sé varið því fé sem þál. í fyrra tiltók sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Hún fer því miður minnkandi, en ástæðurnar til þess eru auðvitað að ekki er vel stjórnað, heldur illa. En hún inniheldur meira en ákvörðun um þetta hlutfall af þjóðarframleiðslunni. Meira að segja stendur að áætlunin skuli þann veg úr garði gerð að auka megi framkvæmdahraða ef meira fjármagn kemur til en þar er gert ráð fyrir. Þar við bætist, eins og ég minnti á, að hæstv. samgrh. marglýsti yfir að framkvæmdir við Ó-vegina yrðu fjármagnaðar með sérstakri fjárútvegun. Þetta eru hvorki meira né minna en 186 millj. kr. og það munar um minna. 12 ára áætlunin skerðist sem því nemur, um 18.6 milljarða gkr. Forsendur þessarar þál. eru fleiri en aðeins að þessu leyti, sem nefnt er, hlutfall af þjóðarframleiðslu. Það er í fyrsta lagi talað um að vegir hafi fullt burðarþol, 10 tonna öxulþunga allt árið, vegir séu byggðir upp úr snjó, bundið slitlag lagt á vegi o. s. frv. Það, sem við þm. höfum verið að vinna að að undanförnu, er að ýta aftur af þessari áætlun vegaframkvæmdum í stórum stíl. Það er ekki einvörðungu vegna þess að þjóðarframleiðslan fer minnkandi og þar af leiðandi fjármagnið, heldur vegna þess að nýjar framkvæmdir, eins og Ó-vegirnir, eru teknar inn á þessa áætlun, sem lofað var, eins og ég hef margtekið fram, að yrðu fjármagnaðar með öðrum hætti.

Aðeins svo þetta að lokum: Hæstv. samgrh. segir að ríkissjóður gæti rétt eins vel sjálfur tekið að láni fjármagn til vegaframkvæmda, eins og það rynni frá Byggðasjóði, og talaði í þá veru, heyrðist mér, að ég væri að baða mig í einhverjum dýrðarljóma þess vegna. Það er nú eins og það taki því að tala um einhvern dýrðarljóma, sem leiki um höfuð manna þegar menn standa tepptir í vegarforinni, eins og ég geri í 9 mánuði af 12 í Austurlandskjördæmi. En þessi fullyrðing hans um, að ríkissjóður gæti þetta rétt eins vel sjálfur, sýnir að hann fylgist ekki alveg nægjanleg vel með. Byggðasjóður hefur lántökuheimild samkv. lánsfjáráætlun að fjárhæð 50 millj. kr. Er rétt sama hvernig því fjármagni er varið? Ég hefði haldið ekki. Sú stefna hefur verið mörkuð á síðustu árum að Byggðasjóður tæki stóraukinn þátt í vegaframkvæmdum, og menn eru sammála um að þetta sé ein besta byggðastefnan í framkvæmd sem hann getur fylgt eins og nú standa sakir. Um þetta eru allir stjórnarmenn Framkvæmdastofnunar sammála. Mig minnir að áætlað sé að hann verji tæpum 30% af ráðstöfunarfé sínu á þessu ári til vegaframkvæmda. Það var 1978 og 1979 eitthvað á annað prósent samtals í vegi í jaðarbyggðum.

Eins og ég segi er það auðvitað undirstöðuatriði að þessum fjármunum, 50 millj. kr., sé varið til hagkvæmustu framkvæmdanna, arðbærustu framkvæmdanna, eins og gert er ráð fyrir að 37 millj. kr. af 50 millj. kr. lántökuheimildum Byggðasjóðs samkv. lánsfjáráætlun sé varið til vegaframkvæmda. Ég þarf ekki að segja sem svo, að hæstv. samgrh., sem einnig er sjútvrh., kysi ekki, þótt sporin hræði, að stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins legði til að fé samkv. þessum lántökuheimildum yrði frekar veitt til að flytja inn kláfa frá Englandi, þó þeir bæru nöfn Stephans G., Matthíasar Jochumssonar, Davíðs og Þorsteins Erlingssonar.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mér finnst vera nokkuð þreytandi að heyra þegar bæði hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. kvarta undan því að það sé verið að bjóða fram fjármagn, þó að láni sé, til að standa við gerðar áætlanir í vegamálum. Ég hélt að það bæri miklu frekar að fagna því að það væri gert. Ég sé enga ástæðu til þess eftir þessi orð hæstv. ráðh., að það sé endilega verið að troða upp á Framkvæmdasjóð þessum 10 millj. til Ó-veganna. Samgrh. leggur hér fram þessa þáltill. um að aflað skuli 10 millj. kr. viðbótarfjár til vegáætlunar á þessu ári. Ef hann á ekki við það að taka við því fjármagni, sem Byggðasjóður hefur lofað að leggja fram, er ég reiðubúinn að endurskoða afstöðu mína í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins og skal láta honum eftir að útvega þetta fjármagn, eins og hann lofaði að gera fyrir tæpu ári. Og þá er þar um meira að ræða. Hann ætti þá að koma með allt fjármagnið til þessara þriggja Ó-vega, eins og hann lofaði.

Ég tel undarlegt hvernig við er brugðist. Ég hélt að það væri fagnaðarefni, og þá ekki síst samgrh. landsins, þegar sjóður eins og Byggðasjóður markar þá stefnu að leggja meira af mörkum til vegagerðar í landinu af eigin ráðstöfunarfé og líka að taka lán, sem er ætlað að standa undir á komandi árum eða létta undir þeirri uppbyggingu framkvæmda sem hefur verið ætlað að fara í.

Ég tek alveg undir orð hv. þm. Lárusar Jónssonar áðan. Fjvn. Alþingis beitti sér fyrir því að reyna að ná sem víðtækustu samkomulagi. Ég tel að formaður fjvn. eigi þakkir skildar fyrir að afgreiða ekki till. stjórnarliðsins á einstrengingslegan hátt, heldur reyna að mynda samstöðu um báðar þær tillögur sem fyrir lágu: till. samgrh., sem flutt var sem stjórnartillaga, og till. okkar sjálfstæðismanna. Ég átti hlut að máli þar að reyna að ná því víðtæka samkomulagi sem gert var, þó að ég ætti ekki sæti í fjvn. Þetta samkomulag var gert. Alþingi samþykkti þessa till. samhljóða. Það hefði ekki verið gert ef vinnubrögð hæstv. samgrh. hefðu ráðið ein. Það var talinn hygginna manna háttur og það er virðingarvert þegar nefnd eins og fjvn. og þá sérstaklega formaður hennar gengur fram fyrir skjöldu til að reyna að ná veigamiklu samkomulagi, sem tókst.

Í framhaldi af samþykkt till. hefur svo í vetur verið unnið að þessari langtímaáætlun af fulltrúum þingflokkanna ásamt vegamálastjóra og tveimur verkfræðingum Vegagerðar ríkisins. Ég átti sæti í þessari nefnd fyrir Sjálfstfl., Guðmundur Bjarnason fyrir Framsfl., Magnús H. Magnússon fyrir Alþfl. og Skúli Alexandersson fyrir Alþb. Mér er ljúft að segja það hér, að samvinna og samstarf innan þessarar nefndar hefur verið með miklum heilindum og þar höfum við reynt að vinna saman í sátt og samlyndi og í mjög góðu samstarfi við vegamálastjóra og verkfræðinga Vegagerðarinnar sem hafa unnið þarna mjög mikið starf í allan vetur. Nú er komið að því, að þessi langtímaáætlun sé tilbúin frá hendi þessarar nefndar. Allir nefndarmenn kynntu vinnubrögð nefndarinnar hver innan síns þingflokks og Vegagerðin hefur

gert grundvöll að lagabreytingum sem fyrirhugað er að leggja fram á þinginu í haust. Fyrirhugað er að þessi langtímaáætlun verði aðeins lögð fram, en ekki rædd á þessu þingi, ekki einu sinni fylgt úr hlaði. Þar með er þó staðið við það fyrirheit að leggja hana fram. Það knýr ekkert á um að hún sé rædd endilega á þessu vori, en aftur knýr á að hún verði rædd og afgreidd þegar á næsta hausti. Þegar þetta liggur fyrir hefði verið eðlilegt, eins og Lárus Jónsson sagði í sinni ræðu, að þingflokkarnir eða fulltrúar þeirra eða fjvn., ef menn hefðu viljað það heldur, hefðu lagt þessa langtímaáætlun fram. En þá tekur ráðh. við sér, þá fyrst þegar allt er tilbúið í hendurnar á honum. Hann breytir að vísu hálfri annarri blaðsíðu í grg. til þess að fá meira auglýsingabragð á málsmeðferðina. Ég held að það sé ekki til þess fallið að auka samstöðu, hvernig ráðh. tekur á málinu, því að það hefði verið nauðsynlegast af öllu að reyna að halda þeirri góðu samstöðu sem sköpuð var fyrir forgöngu fjvn. á s. l. vori. Hefði verið langeðlilegast að hafa málsmeðferðina með þeim hætti.

Ég get borið það í öðru máli, sem er enn þá stærra mál en vegamálin, þó að þau séu stór, að þegar var unnið að undirbúningi nýrrar fiskveiðilöggjafar var fyrst leitað til hagsmunaaðila sem áttu undirbúningsfundi og viðræður og lögðu fram sínar tillögur og reyndu að samræma þær. Síðan tóku við fulltrúar þingflokkanna sem unnu frv. endanlega, og þá hefði sem sagt sjútvrh., sem þá var, átt að segja: Nei, nú skal ég, fyrst þið eruð búnir að vinna *málið í hendurnar á mér, flytja það.* — *En sá háttur* var ekki hafður á. Það var talið hyggilegra upp á samstöðu, upp á það að þingflokkarnir næðu betur saman, að þetta mál væri flutt sem þingmál. Sama ætti að vera uppi á teningnum í sambandi við þessa langtímaáætlun í vegamálum. Hæstv. ráðh. hefði samt alveg getað komið sjálfum sér að. Það var engin hætta á því, að hann hefði ekki komist að til að láta koma fram hvað hann hefði lagt fram og lagt til mála.

Þegar menn tala um þá miklu aukningu sem hafi orðið í vegagerð, spyr ég: Hvar er sú mikla magnaukning? Hún hefur engin orðið. Það er alveg rétt, að það hefur orðið stórfelld framför í lagningu bundins slitlags á vegi, en það hefur dregið úr uppbyggingu vega að sama skapi. Áður var verið að byggja vegina upp úr snjó, það var verið að fara í ný verkefni. Magnframkvæmdir í vegamálum hafa því ekki aukist til þessa. Þessi langtímaáætlun gerir svo ráð fyrir verulegri aukningu. En við urðum í þessari nefnd fyrir sárum vonbrigðum. Þegar við töluðum um og samkomulag náðist um að leggja 2.1—2.4% fram til vegamála af vergri þjóðarframleiðslu, sem mundi fara frá 1983—1985 úr 2.1 í 2.4%, reiknuðum við auðvitað með verulegri aukningu þjóðarframleiðslu. En á daginn hefur svo komið að við endurskoðun á útreikningum Þjóðhagsstofnunar er ekki reiknað með aukningu, því miður, vegna þess að það hefur orðið samdráttur í þjóðarframleiðslunni í öllum atvinnugreinum, nema í sjávarútvegi sem hefur verið byggt á frá því að útfærslan var gerð, frá því að þjóðin losnaði við útlendinga af Íslandsmiðum. Þrátt fyrir þá miklu framleiðsluaukningu sem hefur orðið í sjávarútvegi, sem hefur verið sú eina aukning sem hefur átt sér stað, hefur orðið samdráttur almennt. Á vexti sjávarútvegs hefur verið lifað frá árinu 1978 og til þessa dags. Nú er aukning þjóðarframleiðslu ekki fyrir hendi og þá verða spár strax mun verri þannig að framlögin til vegamála koma alls ekki til með að aukast miðað við þá stefnumörkun sem við gerðum okkur vonir um fyrir ári að staðið yrði við. Þetta þýðir ekki að við getum verið mjög bjartsýnir. Þó að reynt sé að draga upp glansmynd með þeim breytingum sem ráðh. gerði á þessari greinargerð, þá er sú glansmynd engin í reynd.

Ég tel að sumu leyti að þessa þáltill. hafi verið óþarfi að flytja, nema ráðh. ætli að afla þessa fjár, eins og hann lofaði fyrir ári. Ég er alveg reiðubúinn að endurskoða afstöðu mína í stjórn Framkvæmdastofnunar og láta þetta fjármagn þá fara til einhverra annarra framkvæmda í vegamálum fyrst hæstv. ráðh. setur upp hundshaus, þegar verið er að bjóða framlag sem þetta, og fúlsar við slíkum boðum, sem fram eru komin, alveg eins og hann og hæstv. fjmrh. gerðu fyrir tveimur árum þegar Framkvæmdastofnun gerði samþykktina um að leggja fram verulegt fjármagn til að flýta fyrir framkvæmdum við að leggja slitlag á vegi víðs vegar um landið.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr., en ég verð að leiðrétta örfá atriði sem komu fram hjá hv. 4. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Vestf.

Í fyrsta lagi tók ég skýrt fram í því sem ég sagði áðan, að framlag Byggðasjóðs, 20 millj. sem Byggðasjóður tekur að láni og greiðir sjálfur, er mjög þakkarvert. Ég skal endurtaka að ég tel að það sé gott framlag. Hv. 1. þm. Vestf. getur flett upp í ræðu minni áðan og séð að þannig tók ég einnig til orða þá. Hann hefur ekki hlustað vel ef hann hefur skilið orð mín svo sem á honum mátti heyra í ræðustól. Ég sagði hins vegar að það, sem veitt er ríkissjóði að láni og ríkissjóður þarf að greiða, getur ríkissjóður að sjálfsögðu tekið sjálfur að láni.

Í öðru lagi þykir mér það undarlegur boðskapur hjá hv. 1. þm. Vestf., ef hann vill segja mönnum að ég hafi engin afskipti haft af því, að samkomulag varð í fyrra um eina till. frá fjvn. Ég átti fjölmarga fundi með fulltrúum stórnarliðsins í fjvn. um það mál og hvatti eindregið til þess, að leitað yrði eftir samstöðu um þennan mikilvæga málaflokk, og hef fyrr lýst ánægju minni með að slík samstaða náðist. Ég kann því ekki að hér sé verið að gefa alranga mynd af því sem þar fór fram. Um þetta geta menn eins og formaður fjvn., fulltrúar Framsfl. í fjvn. og fleiri borið. Við ræddum þetta að sjálfsögðu vandlega og ég hef ekki lagt í vana minn að vera að bera saman þær tillögur sem þarna voru sameinaðar.

Í þriðja lagi vil ég endurtaka það sem ég sagði áðan, að ég met mikils það starf sem fjórir fulltrúar þingflokkanna unnu að lokafrágangi langtímaáætlunar. En dettur einhverjum í hug að ég hafi aldrei fjallað um þau mál? Í þau ár, sem ég hef setið sem samgrh., rúmlega tvö, hef ég átt fjöldann allan af fundum með Vegagerðinni til undirbúnings þessari langtímaáætlun, og reyndar á þetta miklu lengri aðdraganda. Málið má rekja til fyrirrennara minna á samgrh.-stóli sem létu hefja úttekt á stofnbrautakerfi landsins og gera það tölvutækt, eins og stundum er talað um, þ. e. gefa því einkunnir og reyna að meta það. Þannig á undirbúningur að gerð þessarar langtímaáætlunar langan aðdraganda. En ég fylgdist vel með, átti marga fundi með Vegagerðinni og fór yfir þau gögn sem lögð voru fram í þm.-nefndinni. Ég endurtek að ég tel að nefndin hafi unnið þar ágætt starf og sé enga ástæðu til að núa einum eða öðrum því um nasir, að hann hafi unnið betur eða verr en annar, eins og næstum því

mátti skilja. Að sjálfsögðu hef ég unnið miklu meira að þessum málum sem samgrh. en hv. 1. þm. Vestf.

Ég vil svo segja það, að það hefur verið venja að samgrh. legði fram vegáætlun. Ég þekki ekki til annars. Langtímaáætlun er náttúrlega ekkert annað en liður í vegáætlun, verður lögð fram í haust með vegáætlun og tekin til meðferðar með vegáætluninni, svo að ég teldi eðlilegast að samgrh. legði þetta hvort tveggja fram, en ekki til að gera á nokkurn máta lítið úr því starfi sem hv. 1. þm. Vestf. vann í þessari nefnd. Ég veit að hann vann þar mjög vel og af miklum áhuga og á hrós skilið fyrir, ekki skal ég draga úr því. Þó að hann kjósi að gera minn hlut sem allra minnstan í þessum málum, þá hann um það, en ég geri hans hlut ekkert minni en hann er. Hann er góður.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 881).

Iðnaðarstefna, þáltill. (þskj. 768). — Ein umr.

Frsm. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Þessi till. hv. atvmn. Sþ. er að langmestu leyti og nánast í öllum atriðum byggð á tveimur fyrirliggjandi þáltill. um iðnaðarstefnu, annars vegar 84. máli Alþingis, sem er till. 19 sjálfstæðismanna, og hins vegar 140. máli Alþingis, sem er þáltill. hæstv. ríkisstj.

Hæstv. iðnrh. lagði fyrst fram till. til þál. um iðnaðarstefnu skömmu fyrir þinglok 1979, en hún kom þá ekki til umr. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979, en var þá eigi heldur útrædd vegna stjórnarslita og þingrofs. Eftir stjórnarskiptin 1980 ákvað hæstv. iðnrh., sem þá hafði tekið sæti í nýrri ríkisstj., að bíða með flutning till. til hausts og var hún lögð fram lítils háttar breytt haustið 1980. Þá þegar fluttu 5 þm. Sjálfstfl. brtt. og til atvmn. bárust umsagnir nokkurra aðila ásamt hugmyndum um breytingar. Snemma á þessu þingi fluttu 19 þm. Sjálfstfl. síðan till. til þál., sem var að grunni til sama efnis og þáltill. hæstv. iðnrh. Síðar kom fram till. hæstv. ríkisstj. í fjórða skiptið og hafði þá tekið lítils háttar breytingum frá því að hún var lögð fram á síðasta þingi.

Eins og fram kemur í grg. hafa nm. í atvmn. víða teygt sig til samkomulags og gætir þess nokkuð í orðalagi ályktunartillögunnar. Í framsöguræðu minni mun ég gera grein fyrir einstökum liðum till., nefna nokkur atriði, sem komu fram í umsögnum, og benda sérstaklega á þau atriði sem ég tel vera mikilvægust í tillögugreininni.

Fjórar umsagnir bárust nefndinni. Í fyrsta lagi frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, í öðru lagi frá iðnaðardeild SÍS, í þriðja lagi Félagi ísl. iðnrekenda og í fjórða lagi Landssambandi iðnaðarmanna.

Frá Fjórðungssambandi Norðlendinga kom umsögn, dags. 22. febr. 1982, þar sem segir m. a. að tillögurnar, sem þá var leitað umsagnar um, séu mjög svipaðar. En um orkufreka iðnaðinn segir þetta, með leyfi forseta:

„Það, sem ber á milli í tölul. 5, er að í till. sjálfstæðismanna er rætt um að leitað verði eftir samvinnu við erlenda aðila eftir því sem nauðsynlegt er og hagkvæmast þykir. Hér er ekki annað en verið að viðurkenna þá þróun sem þegar er hafin. Svo virðist að ekki séu tök á því að koma upp meiri háttar iðn á Íslandi nema í einhverju samráði við erlenda aðila."

Síðar í umsögn þessa sama aðila er rætt um III. kafla þáltill. frá sjálfstæðismönnum og segir svo, með leyfi forseta:

„Sérstakur kafli er í tillögu sjálfstæðismanna er nefnist: Framkvæmd. Telja verður að slíkur kafli sé nauðsynlegur til að tryggja framkvæmd þeirrar stefnu sem till. stefnir að. Í þessum kafla þurfa að vera skýlaus ákvæði um að Alþingi leggi fyrir ríkisstj. að undirbúa tillögur um lagasetningu og aðrar aðgerðir til að tryggja framgang þeirrar iðnaðarstefnu sem ályktun þessi mælir fyrir um að skuli lagðar fyrir Alþingi. Eins og gefur að skilja er gagnslaust að leggja vinnu í það að afgreiða ályktun til Alþingis um iðnaðarstefnu nema á eftir fylgi þær aðgerðir sem staðfesti þá iðnaðarstefnu sem í till. felst. Þetta er þungamiðja þessa máls."

Fleira les ég ekki úr þessari umsögn frá Fjórðungssambandi Norðlendinga, sem er undirrituð af Áskeli Einarssyni. En í öðrum atriðum er fjallað um efnisatriði beggja tillagnanna og sagt fyrst og fremst frá því að þær séu svipaðar, sem kom reyndar engum á óvart.

Umsögn kom frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, iðnaðardeild Sambandsins, undirrituð af Hirti Eiríkssyni framkvæmdastjóra. Þetta er örstutt umsögn sem ég leyfi mér að kynna hér með því að lesa hana, með leyfi forseta:

„Iðnaðardeild Sambandsins gerir ekki greinarmun á þeim tveim tillögum sem fram eru komnar til þingsályktunar um iðnaðarstefnu. Þær eru í meginatriðum samhljóða. Hins vegar leggjum við mikla áherslu á það, að Alþingi gangi frá samþykkt að slíkri stefnumótun hið fyrsta. Það er spurning hvort það komi nægjanlega skýrt fram, að tryggja verði rekstrargrundvöll iðnaðar óháð skilyrðum annarra atvinnuvega. Hér er átt við að verðhækkanir, t. d. á sjávarafurðum, valdi ekki afkomubresti hjá iðnaði, eins og átt hefur sér stað m. a. á s. l. ári. Það verður að leysa sambúðarvandamál atvinnuveganna. Telja verður að grein II.2" — það er um gengismálin — „sé varla nógu skýr varðandi þetta atriði, þar sem hér er um að ræða einn aðalvanda útflutnings- og samkeppnisiðnaðar.

Annað atriði, sem iðnaðardeildin vill benda á, er nauðsyn þess, að verðlagning á innlendum hráefnum sé í samræmi við markaðsverð. Hér er átt við að það má ekki reyna að leysa verðbólguvandann með óraunhæfu hráefnisverði."

Hér lýkur tilvitnun í umsögn Sambands ísl. samvinnufélaga. Það, sem síðast var lesið, á við um verð á hráefnum þess iðnaðar sem iðnaðardeild Sambandsins hefur stundað að undanförnu og þá fyrst og fremst ullar- og skinnaiðnaðinum.

Félag ísl. iðnrekenda sendi nefndinni umsögn sem er dags. 3. mars 1982. Í þeirri umsögn er sagt frá því, að það séu tæplega þrjú ár síðan iðnrh. lagði fyrst fram till. um iðnaðarstefnu og að vorið 1981 hafi Félag ísl. iðnrekenda sent umsögn um till. og í upphafi þeirrar umsagnar hafi félagið komið fram almennum sjónarmiðum félagsins, sem það vill enn ítreka, svohljóðandi, sem ég leyfi mér að lesa, með leyfi forseta:

„Félag ísl. iðnrekenda telur afar mikilvægt að á hverj-

um tíma sé til iðnaðarstefna sem felur í sér yfirlýsingu stjórnvalda um hver eigi að vera þáttur iðnaðarins í atvinnulífi þjóðarinnar og hvernig þeim markmiðum verði náð. Till. til þál. um iðnaðarstefnu, sem fyrst var lögð fyrir Alþingi vorið 1979 og enn er til meðferðar, er fyrsta tilraun á þessu sviði og er þess vegna fagnaðarefni. Félag ísl. iðnrekenda leggur áherslu á, að Alþingi afgreiði þál. um iðnaðarstefnu á yfirstandandi þingi. Iðnaðarstefna verður ekki sett í eitt skipti fyrir öll. Hún er háð breytilegum aðstæðum og verður því að endurnýjast í ljósi þess og hvernig miðar með framkvæmd hennar."

Hér lýkur tilvitnun í upphaflega umsögn félagsins sem félagið taldi ástæðu til að ítreka við hv. atvmn. Sþ. Þá segir í áframhaldi, að FÍI fagni tillöguflutningnum og hafi verið gengið í báðum tillögunum til móts við ýmsar tillögur og sjónarmið félagsins. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Tillaga 19 þm. Sjálfstfl., 84. mál, gengur þó enn lengra í átt til sjónarmiða Félags ísl. iðnrekenda, og mælir félagið með því, að sú tillaga verði samþykkt með eftirfarandi breytingum."

Hér lýkur tilvitnun, en taldar eru upp þrjár brtt.

Í fyrsta lagi lögðu þeir til, fulltrúar Félags ísl. iðnrekenda, að samræmd yrði skattlagning iðnverkafólks og sjómanna, en nefndin féllst ekki á að orða það bókstaflega í sjálfri tillgr.

Í öðru lagi vildi Félag ísl. iðnrekenda taka skýrt fram, að lánasjóðum iðnaðarins yrði heimilt að efna til sjálfstæðrar lántöku innanlands og utan, en nefndin gat ekki heldur fallist á þau sjónarmið og taldi nægilega sterkt að orði kveðið í sjálfri tillgr., en þær voru samhljóða um þetta atriði að mestu leyti, tillögurnar, sem komu fram, annars vegar till. ríkisstj. og hins vegar frá 19 sjálfstæðismönnum.

Í þriðja lagi var um að ræða smábreytingu sem ekki skipti miklu máli og ég hirði ekki um að nefna hér frekar, enda var þar um að ræða nánast orðalagsbreytingu.

Landassamband iðnaðarmanna sendi inn ítarlega umsögn um þetta mál, þar sem fjallað er um ýmis merk atriði sem snerta iðnað og skilgreiningu á iðnaði. Þar segir að Landssamband iðnaðarmanna hafi löngum lagt ríka áherslu á nauðsyn þess, að iðnaðarstefna væri víðtæk og tæki til alls iðnaðar og allra hugsanlegra iðnþróunarkosta. Ómissandi forsenda þessa væri, að iðnaðinum yrðu sköpuð starfsskilyrði til jafns við aðra atvinnuvegi, og jafnframt, að ekki væri mismunað í starfsaðstöðu innan iðnaðarins sjálfs. Þeir benda síðan á að oft hafi umbætur verið takmarkaðar við svonefndan útflutnings- og samkeppnisiðnað, en skilgreining hugtaksins „samkeppnisiðnaður" hafi, a. m. k. í framkvæmd, ávallt verið þröng og í ýmsum tilvikum hreinlega órökræn. Í framhaldi af þessu er fjallað í umsögninni um byggingarstarfsemina í þessu sambandi og minnt á stöðu hennar og hvernig hún er skilgreind sem byggingarstarfsemi, en ekki sem iðnaður. Þetta mál er öllum þingheimi kunnugt frá því að umr. fóru fram hér fyrr í vetur um launaskattslækkun, sem var till. hv. þm. Guðmundur G. Þórarinssonar, brtt. við till. ríkisstj. Það skal tekið fram, að í þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir, er gengið til móts við þessi sjónarmið og mun ég síðar víkja að því.

Í umsögn Landssambands iðnaðarmanna er til staðfestingar viðhorfum, sem hér hefur verið lýst, bent á að þau hljóta viðurkenningu í einu og öllu í nýtútkominni skýrslu starfsskilyrðanefndar sem starfaði undir forustu dr. Jóhannesar Nordals. Þeir rifja það upp, að dr. Jóhannes Nordal, formaður nefndarinnar, hafi á sínum tíma fyrr í vetur flutt merka ræðu á ársþingi Félags ísl. iðnrekenda og skýrt þar sín sjónarmið, og birta síðan nokkurn kafla ræðu formanns starfsskilyrðanefndar. Þar á meðal vitna þeir til eftirfarandi ummæla dr. Jóhannesar, sem ég leyfi mér að fara hér með, ef hæstv. forseti leyfir:

„T. d. greiðir þessi iðnaður" — ég skýt því hér inn, að þar er átt við byggingar- og þjónustuiðnað „enn veruleg aðflutningsgjöld af aðföngum sínum og engin endurgreiðsla uppsafnaðs söluskatts á sér stað. Að þessu leyti er staða þjónustuiðnaðarins svipuð og byggingariðnaðarins, en til hans náði athugun starfsskilyrðanefndar ekki nema að litlu leyti."

Þess skal getið strax, að til móts við þessi sjónarmið er gengið því að í till, sem liggur fyrir, er gert ráð fyrir að kannað verði virðisaukaskattskerfið, eins og þar segir, sem kæmi þá í stað endurgreiðslu uppsafnaðs söluskatts, og jafnframt er sterkt til orða tekið um niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til iðnaðar.

Áfram skal vitnað til umsagnar Landssambands iðnaðarmanna, þar sem reifuð er ræða dr. Jóhannesar Nordals, sem hafði minnt á að starfsskilyrði allra atvinnuvega væru nátengd innbyrðis. M. a. er vitnað til eftirfarandi ummæla dr. Jóhannesar Nordals, sem ég leyfi mér að tilfæra hér:

„Sú kenning, að eðlilegt sé að flokka atvinnuvegina annars vegar í þá, sem framleiði, en hins vegar hina, sem aðeins veiti þjónustu og séu þar af leiðandi nokkurs konar afætur sem megi skattleggja eftir vild, er byggð á algerum misskilningi á eðli nútímaefnahagsstarfsemi."

Og síðar segir dr. Jóhannes Nordal í þessari ræðu: „Líklega eru engin verkefni brýnni á þessu sviði en heildarendurskoðun tollskrár og annarra aðflutningsgjalda í því skyni að stórlækka eða afnema aðflutningsgjöld á tölvubúnaði og margs konar öðrum tækjum sem eru forsenda alhliða tækniframfara í öllum greinum íslenskrar atvinnustarfsemi."

Þá segir í umsögn Landssambands iðnaðarmanna, með leyfi forseta: „Í tillögu þm. Sjálfstfl. er á vissan hátt fylgt sjónarmiðum Landssambandsins sem lýst var hér að framan, þar sem í 14. lið þeirrar till., um leiðir að markmiðum, er kveðið á um að aðflutningsgjöld skuli felld niður af aðföngum þess iðnaðar og byggingariðnaðar sem á í beinni eða óbeinni samkeppni innanlands sem erlendis."

Ég vil undirstrika að einmitt þetta orðalag er nú notað í þeirri þáltill. sem liggur hér fyrir til umr. og síðar til samþykktar.

Í lok umsagnarinnar, sem er æðilöng og ítarleg, segir, með leyfi forseta:

„Landssamband iðnaðarmanna telur það rétt, sem felst í þessari till. þm. Sjálfstfl., að Alþingi ákveði hverjir skuli tilnefna fulltrúa í þá mikilvægu nefnd sem hér um ræðir." — Ég skýt því hér inn að hér er átt við þá framkvæmdanefnd, sem nú er gert ráð fyrir að verði tilnefnd af ýmsum aðilum í III. kafla fyrirliggjandi þáltill. — og áfram með lesturinn: „Einnig álítur Landssambandið skynsamlegt að viðskrn. og fjmrn. eigi fulltrúa í nefndinni, enda snerta flest hagsmunamál iðnaðarins ráðuneyti þessi. Slíkt samstarf fagráðuneyta í málefnum iðnaðarins hefur gefist vel annars staðar á Norður-

löndum."

Ýmislegt fleira kemur fram í þessari umsögn Landssambands iðnaðarmanna sem er vel unnin og gefur margar ágætar ábendingar, en tímans vegna tel ég ekki ástæðu til að ræða það frekar hér. Mun ég þá næst snúa mér að einstökum liðum tillögunnar.

Þáltill. hv. atvmn. er í þremur köflum, merktum I, II og III. I. kafli fjallar um markmið, II. kaflinn um leiðir og sá III. um framkvæmd. Í formála I. kafla er tekið upp orðalag eins og það kom fyrir í till. hæstv. ríkisstj., en þar segir orðrétt: „ályktar Alþingi að stuðla beri að framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi markmið."

Af þessu orðalagi sést að hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu Alþingis, en ekki áskorun til ríkisstj., eins og oftast er gert í þáltill.

Í þeim tillögum, sem atvmn. hafði til meðferðar, kom fram nokkur munur á 1. gr. I. kafla, en þar lögðu sjálfstæðismenn áherslu á að iðnþróun ætti að byggja á *grundvelli fríverslunar og athafnafrelsis*. Nefndin féllst á að gera breytingar á tillögu ríkisstj. þannig að nú er sagt að tekið skuli tillit til fríverslunar þegar mótuð er stefna í málefnum iðnaðarins. Hér er um að ræða mikilvægt atriði, sem tryggir að ekki sé efnt til aðgerða til að vernda íslenskan iðnað með verndartollum og öðru því sem brýtur í bága við fríverslunarsamninga Íslands og annarra EFTA-ríkja annars vegar og saminga Íslands og Efnahagsbandalagsins hins vegar.

7. liður I. kafla er orðréttur eins og hann var í till. hæstv. ríkisstj., en þessi liður var ekki í till. sjálfstæðismanna.

Í II. kafla er fjallað um leiðir. Í 1. lið II. kafla er tekið upp orðalag stjórnarsáttmála núv. hæstv. ríkisstj. um virðisaukaskatt. Hann var að finna í till. sjálfstæðismanna, en ekki till. hæstv. ríkisstj. þótt einkennilegt megi virðast. Í þessum lið er tekið á svokölluðum starfsskilyrðamálum sem talsvert hafa verið til umr. hér á Alþingi og annars staðar að undanförnu. Full ástæða er til að vekja athygli á því, að tillgr. gerir ráð fyrir að álagning opinberra gjalda verði samræmd og iðnfyrirtæki fái sambærilegan aðgang að rekstrar- og framleiðslulánum og fyrirtæki í öðrum atvinnugreinum.

Í 2. lið II. kafla er minnst á gengisákvarðanir og sú stefna mörkuð að taka beri tillit til samkeppnisaðstöðu iðnaðarins við gengisákvarðanir. Hér er eins og í 1. lið verið að fjalla um jöfnun starfsskilyrða atvinnuveganna og *kannske mikilvægasta þátt* þess máls.

Í 3. lið er bent á að nauðsynlegt geti verið fyrir lánasjóði iðnaðarins að taka lán, og ber að skoða þessa yfirlýsingu með hliðsjón af frv. sem nú er til meðferðar á Alþingi um Iðnlánasjóð. Þá er sérstaklega tekið fram að arðsemi fjárfestingar eigi að sitja í fyrirrúmi þegar fjárfestingarlán eru veitt.

4. og 5. liður II. kafla eru auðskiljanlegir. En í 6. lið er komið að því aðalágreiningsefni, sem hvað harðast var deilt um í nefndinni þegar þessi fyrirliggjandi till. var samin. Allir nm. eru sammála um að stuðla beri að *uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar*, m. a. orkufreks iðnaðar eða stóriðju, sem hagnýti innlenda orku og hráefni. Öll nefndin er sammála um að starfsemi slíks iðnaðar eigi að lúta íslenskum lögum, en skiptar skoðanir eru um hvað felist í hugtakinu „íslenskt forræði". Jafnframt ber að taka það fram, að nm. voru ekki heldur einhuga um í hve miklum mæli ætti að leita eftir samvinnu við erlenda aðila á sviði orkufreks iðnaðar. Í mínum huga er það íslenskt forræði eða það sem stundum er kallað „virk íslensk yfirráð", ef við getum fengið erlenda *aðila til að gera við okkur hagkvæma orkusölusamninga* sem tryggja okkur arðsemi okkar hluta fjárfestingarinnar hvað sem á bjátar. Íslenskt forræði felst í því, að við getum gert samninga við erlenda samstarfsaðila sem tryggja íslenska lögsögu, íslenskt eftirlit og aðstöðu Íslendinga til að afla sér þeirrar tækni og markaðsþekkingar sem til þarf. Brátt kemur vonandi að því, að við getum axlað ábyrgð og áhættu af stóriðju þegar við teljum það henta okkur, en fyrst þurfum við að byggja upp fjárhagslegt bolmagn sem nauðsynlegt er. Samkvæmt þessum skilningi, sem ég hef nú gert grein fyrir og er fyrst og fremst skilningur minn, en ekki nefndarinnar allrar, felst það ekki í hugtakinu „forræði", að Íslendingar séu meirihlutaeigendur í stóriðjufyrirtækjum.

Í 8. lið II. kafla, sem var eins í tillögum sjálfstæðismanna og till. ríkisstj., er fjallað um meiri hreyfanleika á eignaraðild ríkisins að ýmsum iðnfyrirtækjum. Hugmyndin er m. a. sótt til skýrslu samstarfsnefndar um iðnþróun, en sú skýrsla var á sínum tíma fskj. með þáltill. hæstv. iðnrh. Ég vek sérstaklega athygli á síðasta málsliðnum þar sem segir að almenningi skuli gefast kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum, og er þar að sjálfsögðu m. a. átt við þau fyrirtæki sem nú eru í eigu ríkisins.

Varðandi 9. liðinn skal það tekið fram, að þegar hafa verið sett lög á Alþingi um iðnráðgjafa og iðngarðar samkv. 10. lið hafa verið til umr. á þingi og gerð um þá þál.

Í 11. lið er rætt um útflutningsfyrirtæki. Þar hefur orðið sú breyting á, að nefndin leggur til að kannaðir verði möguleikar á verðjöfnunarsjóðum í því skyni að örva útflutningsviðleitni fyrirtækja. Hér er ekki tekið af skarið, hvort þeir verðjöfnunarsjóðir eigi að vera með svipuðu sniði og Verðjöfnunarsjóður fiskvinnslunnar eða hvort hér verði sjóðir í eign einstakra útflutningsgreina eða einstakra útflutningsfyrirtækja.

12. liður er eins og hann var í báðum tillögunum, en 13. liður, um iðnhönnun og listiðn, er tekinn upp úr tillögum sjálfstæðismanna.

Þá vil ég vekja sérstaka athygli á 14. lið, um niðurfellingu aðflutningsgjalda af aðföngum til iðnaðar. Í þessum lið segir nú skorinort að fella skuli niður aðflutningsgjöld af aðföngum jafnt til þess iðnaðar, sem á í beinni, og hins vegar hins, sem á í óbeinni samkeppni innanlands sem á erlendum mörkuðum. Ég undirstrika þetta sérstaklega þar sem fjmrn. hefur ekki fengist til að leggja fram frv. til breytinga á tollskrá er varðar þetta atriði sérstaklega. En telja verður að verði þessi tillaga samþykkt skuli tekið tillit til þessara viðhorfa við þá heildarendurskoðun sem nú fer fram á tollskrárlögum að sögn hæstv. fjmrh.

Í 15. lið segir að iðnaður á heimamarkaði skuli fá aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur. Hér er m. ö. o. átt við að nokkuð frjáls verðlagning skuli ríkja á framleiðsluvörum íslensks iðnaðar og er það að vonum mikilvæg yfirlýsing.

16. liður er eins orðaður og hann var í ályktunartillögunum sem fyrir lágu í nefndinni. Ekki verður annað séð en gera þurfi breytingar á tekju- og eignarskattslögum til þess að hægt sé að ná fram efni greinarinnar, en hún fjallar um fjárfestingu iðnfyrirtækja.

17. gr. var talsvert ólík í þeim tillögum sem fyrir lágu í

nefndinni, og farin var sú leið að taka aðeins þau efnisatriði úr greinunum sem allir nefndarmenn gátu sætt sig við.

Um 18., 19., 20. og 21. gr. varð fullt samkomulag. Þær þarf ekki að skýra og þær eru í samræmi við báðar þáltill. sem fyrir lágu.

Þá kem ég að III. kafla, um framkvæmd. Fyrstu tvær mgr. voru í báðum þáltill. sem nefndin hafði til umfjöllunar, en í 3. mgr. er lagt til, eins og í till. sjálfstæðismanna, að sett verði á stofn samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu. Auk fulltrúa iðnrn. og félagasamtaka iðnaðarins ásamt Sambandi ísl. samvinnufélaga, en það fyrirtæki stundar umfangsmikinn iðnrekstur, er lagt til að einn fulltrúi frá viðskrn. og annar frá fjmrn. verði tilnefndir af viðkomandi ráðherrum í þessa framkvæmdanefnd. Með slíkri tilhögun gefst kostur á því í nefndarstarfinu að ræða sameiginleg vandamál ráðuneytanna þriggja við framkvæmd iðnaðarstefnu, en eins og kunnugt er fara viðskrn. og fjmrn. með mjög mikilvæga þætti sem snerta iðnaðinn, eins og t. d. viðskiptasamninga Íslands við önnur ríki og tolla- og skattamál, og vitna ég þar til ummæla sem komu fram í umsögn Landssambands iðnaðarmanna og ég gat um fyrr í ræðu minni.

Vissulega hefði, herra forseti, verið ástæða til að fjalla ítarlegar um einstaka liði þáltill., en því miður gefst ekki tækifæri til þess hér og nú þar sem ætlunin er að ljúka þingi von bráðar, jafnvel á næstu dögum. Verður því þetta stutta yfirlit að duga, enda fóru nokkrar umr. fram um till. ráðh. og till. sjálfstæðismanna þegar þær voru til umr. í Sþ. fyrr í vetur og í þeim komu fram viðhorf framsögumanna.

Að lokum vil ég víkja nokkrum orðum að starfsskilyrðum iðnaðar.

Mikið hefur verið rætt um jöfnun starfsskilyrða atvinnugreina, og fyrirliggjandi þáltill. tekur mikið mið af þeim umræðum. Talsmenn iðnaðarins hafa um árabil haldið því fram, að starfsskilyrði greinarinnar séu lakari en annarra atvinnugreina. Af því tilefni samþykkti núv. hæstv. ríkisstj. hinn 30. mars 1980 eða fyrir rúmum tveimur árum að setja á stofn nefnd til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs og landbúnaðar og var við það miðað að nefndin skilaði áliti fyrir 1. júlí sama ár. Nefndin var hins vegar ekki skipuð fyrr en í sept. 1980 og hún skilaði af sér snemma á þessu ári, 1982. Í upphafi árs 1981 sendi hæstv. ríkisstj. frá sér efnahagsáætlun þar sem enn var ítrekað að hraða þyrfti samanburði á starfsskilyrðum höfuðatvinnuveganna og þau samræmd. Í yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. sagði með leyfi forseta:

„Tryggt verði að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari en annarra atvinnugreina.“

Í vetur hefur verið starfandi embættismannanefnd undir forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings og er henni ætlað að semja lagafrv. og vinna áfram að þessum málum. Fyrir einum og hálfum mánuði óskuðu 10 þm. Sjálfstfl. eftir því, að hæstv. forsrh. legði fram skýrslu um framkvæmd jöfnunar á starfsskilyrðum atvinnuveganna. Sú skýrsla verður lögð fram á Alþingi alveg á næstunni, að sögn hæstv. forsrh.

Hér gefst ekki tími til að ræða ítarlega um starfsskilyrði atvinnuveganna, en í þeim umr., sem farið hafa fram um þetta mál, hefur komið í ljós að langveigamestu þættirnir til jöfnunar á starfsskilyrðum eru raunhæf gengisskráning, beiting verðjöfnunarsjóða og frjáls verðmyndun. Á öllum þessum málum er tæpt í fyrirliggjandi þáltill., sem hér er til umr., þótt hún taki ekki nákvæmlega mið af skýrslu starfsskilyrðanefndar. Það er ljóst, að munur á skattlagningu milli atvinnugreina er kominn til af því, að ríkisstjórnir, ekki eingöngu sú sem nú situr, heldur þær sem á undan henni voru, hafa talið óhjákvæmilegt að breyta skattareglum í baráttu sinni við verðbólguna. Sjómannafrádráttur, fiskimannafrádráttur og niðurfelling launaskatts í sjávarútvegi eru aðgerðir sem áttu að koma í veg fyrir hærra fiskverð á sínum tíma. Öllum er ljóst að skattívilnanir þessar verða ekki teknar aftur án þess að eitthvað komi í staðinn. Til þess að koma málinu í eðlilegt horf þarf að gerbreyta skattkerfinu, lækka skatta almennt og hverfa frá ríkisumsvifastefnunni. Eitt af stærstu framfaramálum á þessu sviði er auðvitað afnám aðflutningsgjalda, sem lagt er til í till., en slíkt afnám er auðvitað forsenda eðlilegrar samkeppni íslenskrar framleiðslu og innfluttrar.

Eins og fram hefur komið í sameiginlegri till. sjálfstæðismanna og Alþfl.-manna í allshn. virðist áhugi vera vaxandi á því, að beinir skattar einstaklinga, bæði tekju- og eignarskattar, renni til sveitarfélaga, en ekki ríkisins. Verði sú stefna ofan á og sveitarfélögunum verði heimilt að leggja á einstaklinga innan rúmra marka skiptir sú óánægja, sem nú er uppi vegna skattfríðinda einstakra hópa, minna máli en ella.

Eins og ég sagði áðan gefst ekki tækifæri til að gera úttekt á starfsskilyrðamálum að þessu sinni, enda er enn von til þess, að skýrsla hæstv. forsrh. verði til umr. á þessu þingi, þótt þær vonir dvíni að sjálfsögðu með tímanum.

Eitt þeirra mála, sem iðnaðurinn hefur lagt mikla áherslu á, er að hann fái jafnan aðgang að rekstrar- og fjárfestingarlánum miðað við aðrar atvinnugreinar. Í þessu sambandi fer ekki hjá því að lýsa ábyrgð á hendur ríkisvaldinu, sem hefur með yfirboði á ávöxtunarkjörum sogað til sín fjármagn úr bankakerfinu, sem annars hefði orðið atvinnuvegunum til ráðstöfunar. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið allra atvinnugreina að snúa þessari þróun við og stuðla að skilningi á því, að það eru atvinnuvegirnir, atvinnufyrirtækin í landinu, sem mynda undirstöðuna undir alla aðra starfsemi í þjóðfélaginu. Án arðbærra fyrirtækja væri tilgangslaust að halda úti stofnunum á sviði heilbrigðis-, félags-, mennta- og menningarmála. Án arðbærra fyrirtækja tekst okkur ekki að halda uppi sambærilegum lífskjörum við aðrar þjóðir. Það er þess vegna mjög brýnt mál, að stjórnvöld dragi ekki til sín það fjármagn sem atvinnufyrirtækin þurfa á að halda til að byggja upp arðbæran rekstur sem einn er fær um að bæta lífskjörin í landinu.

Starfsskilyrðanefndinni var einungis falið að gera samanburð á starfsskilyrðum þriggja höfuðatvinnuveganna. Formaður nefndarinnar, dr. Jóhannes Nordal, hefur hins vegar sagt á opinberum vettvangi að nauðsynlegasta úrlausnarefnið sé að skapa öllum atvinnurekstri eðlileg starfsskilyrði, í þeim efnum sé ekki hægt að skilja hafrana frá sauðunum, svo nátengd er starfsemi allra fyrirtækja, þótt sum starfi að framleiðslu og önnur að þjónustu sem er framleiðslufyrirtækjunum nauðsynleg. Það má því segja að langveigamesta iðnþróunarmálið sé að fá viðurkenningu stjórnvalda á því, að lagfæra verði rekstrargrundvöll atvinnufyrirtækjanna. Slíkt verður ekki gert með því að drepa atvinnu-

reksturinn í dróma og slátra þannig mjólkurkúnni. Hún verður ekki bæði mjólkuð og étin í senn.

Herra forseti. Það er brýn nauðsyn að þetta mál nái fram að ganga. Hér er um að ræða stefnuyfirlýsingu sem hlýtur að verða iðnaðinum mikil lyftistöng, en iðnaðurinn hefur stundum verið kallaður vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs.

Við í hv. atvmn. erum sammála um efnisatriði og um till. alla og teljum að ekki þurfi að vísa þessari þáltill. aftur til nefndar nema ríkar ástæður komi upp, eins og t. d. flutningur brtt., sem ekki hafa þó séð dagsins ljós. Ég legg áherslu á að bæði nú í vetur og eins í fyrravetur var reynt til þrautar að ná samkomulagi á milli allra flokka í þessu máli. Það hefur tekist. Það hefur tekist vegna þess að allir aðilar, bæði í stjórn og stjórnarandstöðu, hafa teygt sínar skoðanir til hins ýtrasta.

Ég vil að lokum nota tækifærið til að þakka hæstv. iðnrh. fyrir ágætt samstarf hvað það varðar og þeim öðrum, sem nálægt þessu máli hafa komið, og vænti þess, að þessi þáltill. verði samþykkt á yfirstandandi þingi, áður en því verður slitið.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Eins og nú stendur á er varla tími til að fjalla um þetta mál nema í örfáum orðum, því þannig er komið tíma hv. Alþingis að menn verða að nota hlé á milli þingfunda í nefndastörf. Raunar er varla ástæða til að flytja hér langa ræðu vegna þess, hve frsm. hefur fjallað nákvæmlega og vel um þessa till. um iðnaðarstefnu. Hann hefur auðvitað dregið fram sínar skoðanir, og er ekkert við það að athuga, og hefur greint þær vel frá öðrum hluta ræðu sinnar.

Það er auðvitað kjarni málsins, að við fögnum því að geta nú loksins eygt möguleika á því að koma iðnaðarstefnunni út úr þinginu þannig að við eigum iðnaðarstefnu sem hefur verið samþykkt af Alþingi, en ekki aðeins till. til hennar.

Till. til iðnaðarstefnu hefur legið hér alllengi fyrir, borin fram á nokkrum þingum, en ekki náð fram að ganga. Sú till., sem hæstv. iðnrh. lagði fram, var lögð til grundvallar þegar hv. þm. Friðrik Sophusson og fleiri sömdu sína till., og sýndust þær býsna líkar. Hitt er svo annað mál, að augljóslega gátu skoðanir hæstv. ráðh. ekki fyllilega fallið saman við skoðanir þeirra sjálfstæðismanna. Bjóst enginn við því, enda ekki óeðlilegt að þar sé mismunur á milli. En í stað þess að afgreiða tvær till. um iðnaðarstefnu úr nefndinni eða aðra hvora þeirra með skiptum álitum settust menn niður og veltu fyrir sér hvort nokkur möguleiki væri að samræma þessar tillögur. Ég held að ég verði að segja að nm. lögðu talsverða vinnu í að ná þarna saman, því að viss atriði, sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur nefnt, voru býsna ólík og áherslur mismunandi á ýmsum stöðum. Ég sé ekki ástæðu til að nefna þessa staði, en aldrei næst samkomulag nema einhver láti eitthvað af sínu og allir láti eitthvað af sínu raunar. Eftir miklar umr., athuganir og tos á milli aðila náðist sem betur fer samkomulag um eina iðnaðarstefnu og er það vel. Vinnubrögð af þessu tagi ættu einmitt að vera til fordæmis varðandi meðferð á ágreiningsmálum, að menn reyni í lengstu lög að nálgast hver annan þannig að hugsanlegur friður geti myndast um efnið.

Herra forseti. Auðvitað er það svo, að ekki eru allir fullkomlega ánægðir með niðurstöðuna. Það er ég ekki heldur og gæti haft ýmislegt við þetta að athuga, þó ekki sé í stórum atriðum. En eftir atvikum er ég ánægður með niðurstöðuna, þó að mér finnist að ég hafi fengið heldur lítinn hlut úr samningunum, enda mennirnir hinum megin við borðið feiknduglegir samningamenn.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég sé ástæðu til að þakka hv. þm., sem eiga sæti í atvmn. Sþ., fyrir það starf sem er að baki í sambandi við umr. og meðferð þáltill. og raunar tillagna um iðnaðarstefnu. Þetta er annað þingið sem þáltill. um iðnaðarstefnu hafa fengið efnislega meðferð í hv. atvmn. sem skipuð hefur verið sömu þm. í bæði skiptin þannig að þeir hafa komið aftur að málinu.

Þáltill. af hálfu ríkisstj. um iðnaðarstefnu hafði tvívegis áður verið flutt hér á hv. Alþingi, en enn ekki komist til meðferðar í þingnefnd af sérstökum ástæðum sem ég ætla ekki að fara að rekja hér. Það hefur verið haft á orði, að meðferð þessarar till. hafi tekið langan tíma hér í þinginu. Hann er nokkuð langur mældur í mánuðum og árum, þar eð till. var fyrst flutt vorið 1979. En ég tel að á þessum tíma og í þeirri meðferð, sem till. hefur fengið við ítrekaða athugun hér í þinginu, hafi mikið áunnist og við höfum hér handa á milli uppskeru sem ég get verið mjög sáttur við sem stefnumörkun í iðnaðarmálum í landinu.

Vissulega ber þessi þáltill. um iðnaðarstefnu þess merki, að þar er byggt á málamiðlun milli allólíkra sjónarmiða í ýmsum greinum. En þess var ekki að vænta, að slík heilsteypt tillaga lægi fyrir án ágreinings, nema aðilar hefðu lagt sig fram um að ná saman og setja það fram, sem sameinar, frekar en ydda það sem menn greinir á um. Ég tel líka, og held að undir það sé almennt tekið, að sú vinna, sem lögð var í undirbúning þessarar stefnumörkunar á sínum tíma, og sú umræða, sem farið hefur fram um þær tillögur sem fyrir þinginu hafa legið, hafi þegar haft talsverð áhrif í þjóðfélaginu á meðferð iðnaðarmála og jafnvel hugsunarhátt í landinu að því er snertir viðhorf til þessarar atvinnugreinar.

Hv. frsm. mælti hér m. a. í sínu skýra máli fyrir þessari till. eitthvað á þá leið, að iðnaðurinn væri vaxtarbroddur í þjóðfélaginu. Það held ég sem betur fer að hann sé í hugum vaxandi fjölda landsmanna. En einnig má segja að iðnaðurinn sem atvinnugrein hafi um langt skeið verið olnbogabarn í þjóðfélaginu, þetta sé vaxtarbroddur sem ekki hafi notið þeirrar aðhlynningar sem þarf til þess að af honum spretti það sem vonir manna standa til. Ég el þá von í brjósti, að þessi stefnumörkun, hin fyrsta sinnar tegundar um einn af meginatvinnuvegum þjóðarinnar, verði til þess að hlúa að þessum vaxtarbroddi þannig að hann megi dafna eins og efni standa til og eins og vonir þjóðarinnar standa til.

Ég vænti þess, að sú stefnumörkun, sem felst í till. um að setja á fót sérstaka samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu, reynist farsæl, en sú nefnd mun væntanlega taka við af samstarfsnefnd um iðnþróun sem starfað hefur frá haustinu 1978 á vegum iðnrn. og unnið gagnmerkt starf.

Herra forseti. Ég vil tímans vegna ekki orðlengja þetta. Ég vil ítreka þakkir mínar til þeirra manna, sem lagt hafa hér hönd að verki, bæði við undirbúning þessarar stefnumótunar og við málsmeðferð hér á hv. Alþingi, og treysti því, að þessi tillaga verði samþykkt og hún verði aflgjafi fyrir iðnaðinn í landinu hið fyrsta og reyndar einnig til lengri tíma litið.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 882).

Norðurlandasamningar um vinnumarkaðsmál, þáltill. (þskj. 562, n. 825). — Síðari umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Utanrmn. hefur fjallað um till. um staðfestingu fjögurra Norðurlandasamninga um vinnumarkaðsmál og viðurkenningu starfsréttinda, en þessir samningar eru: 1. Samningur um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982. 2. Samningur um samstarf stjórnvalda og stofnana á sviði starfsendurhæfingar og starfsmenntunar sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982. 3. Samningur um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar sem gerður var í Svendborg 21. ágúst 1981. 4. Samkomulag um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir almenna kennara í grunnskólum sem undirritað var í Helsingfors 3. mars 1982.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Allir þessir aðilar komu á fund nefndarinnar fyrst og fremst vegna samnings um sameiginlegan norrænan vinnumarkað sem undirritaður var í Kaupmannahöfn 6. mars 1982.

Þessi samningur er í fyrstu gerð frá 22. maí 1954. Við Íslendingar höfum notið þessara réttinda á öðrum Norðurlöndum um langt skeið, en hins vegar hafa aðrar Norðurlandaþjóðir ekki notið sambærilegra réttinda á Íslandi. Það er ljóst að við Íslendingar höfum vegna smæðar okkar og sérstöðu algera sérstöðu að því er þetta mál varðar, og þess vegna þótti nauðsynlegt að afgreiða það með sérstakri bókun sem kemur fram á þskj. 265, — bókun sem hæstv. félmrh. lagði fram við það tækifæri og aðilum er kunnugt um og hafa í heild viðurkennt. Utanrmn. vill leggja sérstaka áherslu á þessa bókun og ítrekar hana í nál. Ég vil einnig vísa til umsagna, sem utanrmn. hafa borist frá Vinnuveitendasambandi Íslands, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og frá Alþýðusambandi Íslands og Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sameiginlega.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta mál að sérstöku umræðuefni hér. Ég er þeirrar skoðunar, að það hafi verið rétt af okkur Íslendingum að staðfesta þessa samninga og ganga inn í samninginn um sameiginlegan norrænan vinnumarkað. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að fram fari umræða um það, bæði hér á Alþingi og annars staðar, með hvaða hætti menn vilji að samstarf Norðurlandanna þróist. Það er fyrir því mikill vilji á Norðurlöndunum og Norðurlandaráðsþingum að þróa þetta samstarf þannig að það geti náð með ákveðnari hætti til sem flestra þátta þjóðlífsins.

Norðurlandaráð hefur lagt áherslu á tvö mál nú að undanförnu. Í fyrsta lagi leggur það áherslu á tæknina og framtíðina og vill með því undirstrika að tæknivæðing hlýtur að hafa afgerandi áhrif varðandi framtíðarþróun landanna. Í öðru lagi hefur Norðurlandaráð viljað leggja áherslu á Norðurlöndin sem heimamarkað og þróa þannig heimamarkað og viðskiptasambönd milli landanna með ákveðnari hætti en verið hefur. Ef það verður niðurstaðan að samstarf Norðurlandanna verði mun víðtækara en nú er, bæði á sviði viðskipta og tæknimála, hlýtur það að hafa veruleg áhrif á ýmsa aðra þætti samstarfsins. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að stjórnmálaflokkar og sem flestir geri sér grein fyrir því og setji fram stefnumið um það, með hvaða hætti þeir vilja að samstarf Norðurlandanna þróist.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að gera þetta mál að frekara umræðuefni hér, en vil aðeins endurtaka að utanrmn. leggur til að þáltill. þessi verði samþykkt, en vill af því tilefni ítreka bókun sem liggur fyrir varðandi sameiginlegan norrænan vinnumarkað.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 32:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 889).

Listiðnaður, þáltill. (þskj. 330, n. 730, 731). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar, en aðalatriði þeirrar till. er að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig best verði staðið að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar á Íslandi. Er síðan tilgreint í fjórum töluliðum hvaða atriði nefndin skuli sérstaklega fjalla um. Þau eru:

1. Hvernig opinberir aðilar í samvinnu við einstaklinga, félög og fyrirtæki geti best örvað listiðnað og listhönnun á íslenskum iðnaðarvörum.

2. Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd á hönnun og mynstrum, eins og fram kemur í brtt. frá nefndinni.

3. Hvernig unnt sé að fjölga sýningartækifærum fyrir íslenskan listiðnað erlendis.

4. Hvernig haga beri samstarfi við aðila sem vinna að sömu markmiðum hjá nágrannaþjóðum okkar, einkum á Norðurlöndum. — Aftan við þá grein leggur nefndin til að komi, að við tillögugerð um þessi efni verði tekið mið af reynslu annarra þjóða á þessu sviði og haft sem víðtækast samstarf við þá aðila sem hagsmuna eigi að gæta í þessum efnum.

Nefndin leitaði umsagnar allmargra aðila og voru umsagnir yfirleitt jákvæðar.

Leirlistarfélagið styður fram komna þáltill. og skorar á hv. alþm. að þeir veiti henni brautargengi, eins og segir í þeirri umsögn.

Félag ísl. iðnrekenda telur að gagnlegt gæti verið að skipa nefnd til að gera tillögur um hvernig standa megi að eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar. Félagið telur að auka mætti árangur af starfi nefndarinnar ef hún fjallaði almennt um eflingu vöruþróunar fremur en einungis eflingu listiðnaðar og listrænnar iðnhönnunar.

Jafnframt leggur félagið til að nefndinni verði falið að skila áliti innan tiltekins tíma.

Textilfélagið fagnar fram kominni till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Félag ísl. gullsmiða telur till. þessa tímabæra og athyglisverða.

Arkitektafélag Íslands telur eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar mjög aðkallandi verkefni og löngu tímabært að myndarlegt átak verði gert á þessu sviði.

Landssamband iðnaðarmanna telur fagnaðarefni að fram skuli komin tillaga á hinu háa Alþingi um eflingu listiðnaðar. Samtökin benda á að till. taki ekki mið af tæknilegri hönnun og raunar ekki heldur af iðnhönnun almennt. Þrátt fyrir að till. nái ekki yfir víðara svið hönnunar styður Landssamband iðnaðarmanna efni hennar.

Iðntæknistofnun telur tímabært að gert verði átak til eflingar list- og iðnhönnunar.

Þetta eru helstu niðurstöður umsagna um þessa till. Eftir að hafa kynnt sér þessar umsagnir og rætt till. á nokkrum fundum leggur allshn. til að till. verði samþykkt með nokkrum breytingum sem ég gerði grein fyrir þegar ég rakti aðalefni þessa máls, og eru þær brtt. fluttar á sérstöku þskj., þ. e. þskj. 731.

ATKVGR.

Brtt. 731 samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 887).

Orkubú Suðurnesja, þáltill. (þskj. 125, n. 665). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allshn. Sþ. hefur fjallað um till. til þál. um Orkubú Suðurnesja, en hún er þess efnis, að Alþingi álykti að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að semja frv. til l. um Orkubú Suðurnesja. Nefndin skuli þannig skipuð, að tveir fulltrúar séu tilnefndir af stjórn Hitaveitu Suðurnesja, tveir fulltrúar tilnefndir af stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og einn fulltrúi tilnefndur af iðnrn. Iðnrh. skipar formann úr hópi nefndarmanna. Nefndin hraði svo störfum að frv. verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin leitaði umsagna ýmissa aðila um þessa till. og eru helstu atriðin í umsögnum eins og hér skal greina:

Það er skoðun Sambands ísl. rafveitna, að sameining allra þeirra rafveitna, sem selja raforku á Suðurnesjum, í eitt fyrirtæki, Keflavíkurflugvöllur meðtalinn, sé mjög æskileg ráðstöfun. Slík rafveita, Rafveita Suðurnesja, gæti starfað við hlið Hitaveitu Suðurnesja og átt við hana margvíslegt samstarf, svo sem rafveitur og hitaveitur eiga víða á landinu. Leiði athuganir í ljós enn frekari kosti við sameiningu slíks fyrirtækis við Hitaveitu Suðurnesja þannig að úr verði Orkubú Suðurnesja er afstaða Sambands ísl. rafveitna til stofnunar slíks fyrirtækis jákvæð.

Hitaveita Suðurnesja samþykkir að mæla með till., og er það í samræmi við ályktun stjórnar þess fyrirtækis.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur einnig eindregið mælt með þessari tillögu.

Eftir að hafa kynnt sér þessar umsagnir og eftir að hafa rætt þessa till. mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt eins og hún var lögð fyrir hv. Alþingi í upphafi.

Jóhann Einvarðsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. mjög, en ég vil fyrir hönd flm. þessarar þáltill. þakka hv. allshn. fyrir störf hennar og þakka þeim sem gert hafa það mögulegt að till. komi nú til afgreiðslu hér á hv. Alþingi. Ég vænti þess, að hv. þm. taki undir orð mín með því að samþykkja þessa till. Ég er viss um og reyndar veit af viðræðum mínum við sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum, að Suðurnesjamenn munu fagna samþykkt þessarar þáltill. Er þar með lagður grundvöllur að stofnun Orkubús Suðurnesja með því að sameina Hitaveitu Suðurnesja og rafveiturnar á Suðurnesjum.

Ég ítreka orð mín um það, að ég þakka hv.allshn. fyrir hennar störf.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 884).

Byggðaþróun í Árneshreppi, þáltill. (þskj. 405, n. 700). — Síðari umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Þetta mál er einfalt í sniðum. Þm. Vestfjarðakjördæmis með 1. þm. þess, Matthías Bjarnason, í fararbroddi hafa lagt fyrir Alþingi svohljóðandi till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta framkvæma undirbúning og hönnun að hafnarframkvæmdum í Árneshreppi í Strandasýslu og gera kostnaðaráætlun um þessar framkvæmdir og tillögur til fjáröflunar til að standa undir þeim, og verði stefnt að því, að vinna geti hafist vorið 1983.

Þessar aðgerðir verði þær fyrstu af hálfu ríkisvaldsins nú til þess að treysta og efla byggð í nyrsta hreppi Strandasýslu. Kostnaður við þessa hönnun og undirbúning framkvæmda greiðist úr ríkissjóði.“

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykki þessarar till., þó með þeirri breytingu að síðari málsgr. falli niður, eins og þskj. 700 ber með sér.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Forsenda fyrir því, að byggð geti viðhaldist í Árneshreppi, er að sjálfsögðu sú, að búendur þar geti jöfnum höndum lifað af sauðfjárrækt og sjósókn og þær framkvæmdir, sem hér er lagt til að gerðar verði, eru forsenda þess, að þessi nyrsti hreppur þessarar sýslu rísi á ný. Þessi hreppur á sér merka sögu og má muna sinn fífil fegri, svo að það er sannarlega tilraunarinnar virði að reyna að snúa byggðaþróun þar við og stuðla að því, að menn geti hafst þar við við sómasamlegar aðstæður.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en nefndin mælir sem sagt með að fyrri mgr. þessarar till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 700 samþ. með 31 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun

Alþingis (þskj. 886).

Staða og rekstrarmöguleikar félagsheimila, þáltill. (þskj. 60, n. 687). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Halldór Blöndal): Herra forseti. Níels Á. Lund, sem verið hefur varamaður fyrir hæstv. menntmrh., flutti hér till. ásamt þrem flokksbræðrum sínum um að skipuð yrði nefnd til að kanna stöðu og rekstrarmöguleika félagsheimila, og veitir sannarlega ekki af. Ég hygg að sá tími verði talinn í tugum ára nú sem þessi heimili hafa búið við bág skilyrði þannig að þau hafa naumast getað staðið undir nafni. Þær tilraunir, sem hið opinbera hefur gert til að efla menningarstarf í slíkum heimilum með yfirstjórn að ofan, hafa því miður lognast út af flestar hverjar, þó að alltaf sé eitthvað gert í þá átt. Á hinn bóginn hafa sveitirnar náttúrlega notað þessi heimili fyrir sig og má m. a. benda á þá miklu leiklistarstarfsemi áhugafólks sem fram fer víðs vegar um landið.

Allshn. hefur rætt þessa till. á nokkrum fundum sínum og orðið ásátt um að mæla með samþykkt till. með svofelldum breytingum, að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta nú þegar kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila. Í því sambandi ber sérstaklega að hafa í huga:

a) hvernig efla megi Félagsheimilasjóð þannig að hann geti staðið að greiðslum til félagsheimilanna svo sem honum er ætlað að gera samkv. lögum,

b) með hvaða hætti styrkja megi rekstrargrundvöll félagsheimilanna, m. a. með tilliti til skattlagningar hins opinbera, hitunarkostnaðar og fleiri atriða, sem rekstur félagsheimilanna varða."

Fyrirsögnin verði: „Tillaga til þingsályktunar um að kanna stöðu og rekstrargrundvöll félagsheimila."

Í dag var útbýtt þskj. frá fjh.- og viðskn. Nd. þar sem lagt er til að skattlagning hins opinbera verði leiðrétt eins og þar er mælt fyrir um. Er við því að búast að Alþingi verði við samþykkt nefndarinnar og að sú leiðrétting geti orðið á þessu þingi, nema hæstv. fjmrh. setji fótinn fyrir þá breytingu. Önnur atriði þarf að athuga jafnframt.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta, en ítreka að nefndin mælir með samþykkt breytingarinnar eins og ég hef gert grein fyrir.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessari þáltill. Þetta er að mínu mati, eins og kom fram réttilega hjá hv. frsm. í ræðu hans, hv. 7. landsk., þýðingarmikið mál. Félagsheimili gegna mikilvægu hlutverki í landinu og hafa gert lengi. Þau eru víða eiginlega grundvöllur þess, að byggð geti haldist, og gegna þýðingarmiklu hlutverki í menningarlífi og öllum samskiptum fólks á landsbyggðinni. Ég þakka sem sagt nefndinni fyrir að hafa afgreitt þessa þáltill. sem var hér flutt til að vekja athygli á þessu máli og til að reyna að fá á því gerða úttekt hvernig hægt er að koma þessum málum í betra horf en þau eru í.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem hv. 7. landsk. þm. sagði áðan í sambandi við skattamálin. Hér hefur legið fyrir Alþingi frv. til l. um breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt að því er varðar félagsheimilin. Eins og fram hefur komið hefur sú óöld gengið yfir, að skattayfirvöld í landinu hafa verið að elta uppi rekstur félagsheimila víðs vegar um landið með óeðlilegri skattlagningu sem gerir það að verkum að þeir, sem eru að reyna að halda uppi rekstri félagsheimila, að vísu í litlum sveitarfélögum, gefast upp ef þeir eiga yfir höfði sér enn frekari skatta á þessa starfsemi. Ég geri ráð fyrir að þegar nál. frá fjh.- og viðskn. um tekjuskatt og eignarskatt í sambandi við félagsheimili kemur hér fyrir til umr. muni ég kveðja mér hljóðs. Þetta er eigi að síður réttileg ábending frá hv. 7. landsk. þm. og þarf að fylgja því eftir hér á Alþingi. En erindið var að þakka fyrir afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 637,1 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

— 637,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 34 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 883).

Slysa-, líf- og örorkutryggingar björgunarmanna, þáltill. (þskj. 354, n. 760). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Haraldur Ólafsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um slysa-, líf- og örorkutryggingar þeirra sem að almannavörnum og björgunarstörfum vinna. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og er sammála um að þar sé hreyft þörfu máli. Tillagan er svo seint fram komin að ekki gafst tími til að senda hana til umsagnar aðila sem málið snertir. Þar af leiðandi leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 760 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 32 shlj. atkv.

Atvinnumál á Raufarhöfn og Siglufirði, þáltill. (þskj. 524, n. 789, 790). — Síðari umr.

Frsm. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Hv. fjvn. hefur fjallað um þetta mál og flytur brtt. á þskj. 790. Brtt. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga, þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg, með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um aðgerðir skulu lagðar fyrir ríkisstj. svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum. Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

2. Fyrirsögn till. orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins."

Eins og kunnugt er er talið að sáralítil loðnuveiði verði á þessu ári, og fram hefur komið í fréttum, að t. d. tekjur sumra sveitarfélaga, eins og Raufarhafnar, muni rýrna um nokkra tugi prósenta ef engin loðnuvinnsla verður á þeim stað á þessu ári. Það eru fleiri staðir sem líkt á við um. Fjvn. taldi ekki ástæðu til að samþykkja till. eða mæla með samþykkt till. um ákveðna staði í þessu sambandi. Þess vegna var till. gerð almenn.

Nefndin gaf út svofellt nál. á þskj. 789: „Fjvn. mælir með samþykkt till. með þeirri breytingu sem fram kemur á sérstöku þskj."

Nefndin mælir sem sagt með samþykkt till. með þessum breytingum.

ATKVGR.

Brtt. 790,1 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

— 790,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 32 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 888).

Fjáraukalög 1978, frv. (þskj. 530, n. 835). — 2. umr.

Frsm. (Þórarinn Sigurjónsson): Herra forseti. Fjvn. hefur haft frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1978 til umsagnar. Eins og fram kemur í aths. um frv. hafa yfirskoðunarmenn ríkisreikninga lagt til að þær aukafjárveitingar, sem um ræðir samkv. frv., verði samþykktar. Fjvn. hefur borið niðurstöður frv. saman við ríkisreikninginn og ekkert fundið athugavert. Er nefndin sammála um afgreiðslu frv. og leggur til að það verði samþykkt.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 32 shlj. atkv.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131, n. 725 og 728, 729). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Birgir Ísl. Gunnarsson): Herra forseti. Allir þm. Sjálfstfl., nema þeir sem sæti eiga í hæstv. ríkisstj., fluttu nokkuð snemma á þessu þingi till. til þál. um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju. Þessi till. er að efni til ítarleg stefnuskrá um hvernig orkulindir landsins skuli hagnýta og að hvaða markmiðum skuli stefna í því efni.

Í 1. tölul. þessarar till. segir að hagnýta skuli orkulindir landsins til stóriðju svo að auka megi atvinnu um land allt og bæta lífskjör þjóðarinnar. Í 2. tölul. segir að í því skyni verði stefnt að því að koma á fót a. m. k. 3—4 nýjum stóriðjuverum á næstu 15 árum á þeim stöðum á landinu þar sem þess er þörf og staðhættir og aðrar aðstæður henta, enda sé hægt að flytja þangað nægilega orku á hagkvæman og öruggan hátt. Auk þess skuli stefnt að því, að stóriðjuverin, sem fyrir eru í landinu, verði stækkuð sem fyrst.

Aðrir töluliðir þessarar till. fjalla nánar um hvernig unnið skuli að þessum málum. Er sú tillaga sett fram, að forgöngu um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju skuli hafa sérstök nefnd, stóriðjunefnd, sem skipuð skuli sjö mönnum sem kjörnir séu hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn og varamenn skuli kosnir á sama hátt.

Ég held að það blandist engum hugur um að í þeim miklu umræðum, sem orðið hafa á Alþingi á þessum vetri um orkumál og um nýtingu orkunnar, sé mjög nauðsynlegt að Alþingi marki ákveðna stefnu í þessum málum. Hvert málið á fætur öðru, sem tengist hagnýtingu orkulindanna, er lagt fram hér á hv. Alþingi af hæstv. ríkisstj., en allt er það án nokkurrar heildarstefnu og mjög tilviljunarkennt hvað lagt er hér fram af hæstv. ríkisstj., enda er meðferð þessara mála hér á hv. Alþingi slík, að yfirleitt stendur ekki steinn yfir steini eftir að Alþingi hefur fjallað um þessi mál hæstv. ríkisstj. Það er því að mati okkar, sem flytjum þessa till. til þál., mjög brýnt að mörkuð sé föst og ákveðin stefna í þessu máli. Sú stefna kemur í grundvallaratriðum fram í þessari þáltill., en síðan þarf að útfæra hana nánar, vinna hana í smærri atriðum. Við leggjum til að sérstök þingkjörin nefnd vinni það verkefni.

Allshn. Sþ. hefur fjallað um þessa tillögu. Niðurstaðan í nefndinni varð sú, að nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hl. n., þ. e. hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, Steinþór Gestsson, Halldór Blöndal og ég, mælir með að till. verði samþykkt með nokkrum breytingum, en brtt. koma fram á þskj. 729. Með því má segja að Sjálfstfl. og Alþfl. séu sammála í þessu mikilvæga máli, sammála þeirri meginstefnu, sem fram kemur í till., og sammála því, hvernig að því skuli staðið að útfæra þessa stefnu nánar. Minni hl. hefur hins vegar skilað sérstöku áliti.

Eins og ég sagði áðan hafa þessi mál komið til ítarlegrar umr. hér á hv. Alþingi í tilefni af ýmsum tillöguflutningi hæstv. ríkisstj., og ef að líkum lætur eiga þessi mál enn eftir að koma hér til umr. það sem eftir lifir þessa þings. Ég ætla því ekki að hafa mörg orð um þessa till. nú. Til þess hefur bæði gefist tækifæri þegar á þinginu og væntanlega á eftir að gefast tækifæri til þess þessa daga. Ég ætla því ekki að fjölyrða frekar um þetta mál, en það er tillaga okkar í meiri hl. n. að till. verði samþykkt með þeim breytingum sem fluttar hafa verið a á sérstöku þskj.

Frsm. minni hl. (Páll Pétursson): Herra forseti. Ég tala fyrir áliti minni hl. allshn. sem hefur skilað áliti á þskj. 725.

Allshn. hefur athugað till. á nokkrum fundum sínum og varð, eins og kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns, ekki sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. telur að þar sem á vegum ríkisstj. sé unnið að athugunum á hagnýtingu orkulinda landsins, m. a. til stóriðju, sé ástæðulaust að taka upp þá stefnu sem till. greinir, en leggur þó til að málinu verði vísað til ríkisstj. Mætti þá hugsa sér að sumir þættir þeirrar stefnu, sem hér er boðuð, kynnu að verða hafðir til hliðsjónar við stefnumótun ríkisstj. á komandi tímum. Að þessu nál. standa hv. 12. þm. Reykv., Haraldur Ólafsson, hv. 4. þm. Vesturl., Skúli Alexandersson, sem tók þátt í afgreiðslu málsins í fjarveru hv. 8. landsk. þm., Guðrúnar Helgadóttur, sem dvaldist erlendis þegar málið var afgreitt í nefndinni, og svo ég.

Eins og menn hafa glögglega orðið varir hér á Alþingi undanfarna daga hafa hv. alþm. haft mjög um að hugsa hagnýtingu orkulindanna og beislun orkulindanna, sem líka hafa verið mikið viðfangsefni. Í hv. iðnn. Nd. er einmitt eitt mjög tímafrekt viðfangsefni á döfinni þessa dagana, þ. e. hugmyndir um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Innlendur lífefnaiðnaður, þáltill. (þskj. 219, n. 827). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um innlendan lífefnaiðnað. Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til að þáltill. verði samþ. með því orðalagi sem hér greinir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði."

Allmiklar annir hafa verið hjá atvmn. og vissulega hefðum við kosið að þetta mál fengi meiri umfjöllun í nefndinni en raun varð á þannig að við hefðum getað haft orðalag ákveðnara en hér er, því að engum dylst að hér er um mjög athyglisverða tillögu að ræða og vel unna með miklum upplýsingum um möguleika á þessu sviði. En eins og ég gat um taldi nefndin rétt að koma málinu frá sér þó að henni hefði ekki gefist tími til að veita því þá vinnu sem eðlilegt hefði verið miðað við mikilvægi málsins.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Eins og kemur fram í nál. undirrita ég það með fyrirvara. Ég tel mér skylt að geta þess, í hverju sá fyrirvari er fólginn. Það er ekki fyrir það, að ég sé ekki talsmaður þess að reyna að nýta sem best allt sem til fellur frá höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar, landbúnaði og sjávarútvegi. Þar eigum við örugglega talsvert mikla möguleika á að skapa verðmæti úr því sem nú er hent. Og ég er næstum því viss um að eitt af því, sem hægt er að gera við úrgang frá sláturhúsum og frá fiskvinnsluhúsum og innyflum úr fiski, er að vinna úr því alls konar mikilvæg og dýrmæt efni. En fyrirvarinn er fólginn í því ósköp einfaldlega, að nefndinni gafst enginn tími til að kanna málið, það verður að segja sannleikann um það, og ég tel ákaflega vafasamt fyrir nm. — og aðallega þá nefndarformenn — að leggja metnað sinn í að afgreiða sem flest mál úr nefnd, hvort sem þau hafa fengið nægilega athugun eða ekki. Þetta mál hefur næstum enga athugun fengið, og þess vegna get ég ekki staðið að því að afgreiða það úr nefnd án aths.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að staldra aðeins við í umr. um þetta mál, um leið og ég vil koma á framfæri þakklæti til atvmn. fyrir að hafa afgreitt það. Jafnframt er ástæða til að harma, ef rétt er sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að nefndin hafi ekki haft aðstöðu eða tíma til að kanna þetta málefni.

Að mínu mati er hér um að ræða mjög þýðingarmikið mál fyrir atvinnugreinar okkar. Ég vænti þess, að flestir hv. þm. hafi lesið þessa þáltill. og þá ágætu grg. sem henni fylgir, og ég vænti þess, að sem flestir átti sig á því, að hér er um gífurlega merkt mál að ræða, sem getur verið mjög mikilvægt fyrir framtíð okkar atvinnugreina, því að innlendur lífefnaiðnaður er svo til ný grein hér eða ónýttur akur, ef má orða það svo. Hér er um mikið verkefni að ræða sem ýmsir fræðimenn, sem nú hafa tekið til starfa hér á landi, eru færir um að veita lið. Ég vil leggja á það mikla áherslu, að þessi till. fái mikla meðhöndlun og ríkisstj. taki í alvöru á þessu máli, þegar því er vísað til hennar frá hv. Alþingi, og það verði ekki hægt að afsaka það, að ekki sé tími til að athuga svona mikilvægt mál. Þetta er bæði nútíðar- og framtíðarmál fyrir íslenskan atvinnurekstur, og ég vonast fastlega til að þessu máli verði mikill gaumur gefinn hér eftir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætlaði eiginlega að beina einni spurningu til frsm. hv. atvmn. Væri hægt að athuga hvort hann muni vera hér í húsinu?

Ég sé, herra forseti, að frsm. er hér kominn. Ég vildi bara spyrja frsm. atvmn., hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson, hvort ég hafi heyrt það rétt, hvort það geti verið að hann hafi sagt úr þessum ræðustól, að nefndin legði til að till. þessi yrði samþykkt með þeim hætti sem segir á þessu þskj.: „Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði" — vegna þess að nefndin hefði ekki haft tíma til að ræða og athuga till.? Mér heyrðist hv. þm. segja þetta. (Gripið fram í.) Ég óska eftir að hv. þm. svari þessu hér í ræðustól á eftir, og hafi ég heyrt rétt, hvers konar vinnubrögð eru þá iðkuð hér nú?

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég sagði það þegar hv. þm. Guðmundur G. Þórarinsson mælti fyrir þessari till., að ég teldi þetta einhverja gagnmerkustu till. sem fram hefði komið á þinginu í vetur. Ég stend við það enn þá, og af því tilefni vil ég segja það, að mér þykir afleitt ef hv. atvmn. hefur ekki gefið sér tíma til að athuga þessa till., sem ekki er eingöngu þáltill. um innlendan lífefnaiðnað, heldur gæti falið í sér að stórefla allar háskólarannsóknir í landinu, sem er mjög tímabært mál og nauðsynlegt. Ég verð í raun að harma ef á að afgreiða þessa till. í einhverjum hvelli. Hafi hv. atvmn.-menn ekki gefið sér tíma til að kanna það mál, sem hér er á ferðinni, er það afleit afgreiðsluaðferð. Hér liggur að nokkru leyti tímamótamál fyrir þinginu. Það er verið að leggja til að efldur verði lífefnaiðnaður, einhver dýrmætasti iðnaður sem um getur og jafnframt sá sem framleiðir einhver dýrmætustu og dýrustu efni sem um getur, og nefndin gefur sér ekki tíma til að athuga þessa tillögu. Það er vonandi að þetta sé ekki dæmigert fyrir störf þingsins.

Þá vil ég líka harma það, að mér finnst að nefndin hafi í starfi sínu unnið nánast óhæfuverk á till. með því að taka raunverulega allan broddinn úr tillgr., með því að stytta tillgr., eins og hér er gert ráð fyrir, því að þar með er tekinn broddurinn úr tillgr. Tillgr. segir mjög ákveðið hvað hv. flm. vilja að sé athugað og vilja að sé rannsakað, en nefndinni hefur tekist að koma því svo fyrir að tillgr. verður næsta marklaus.

Ég vil eindregið beina þeim tilmælum til þeirra, sem um þetta mál hafa fjallað, að gera nánari grein fyrir því, hvers konar afgreiðslu till. hefur fengið í nefndinni. Ég tel það bæði nauðsynlegt og eðlilegt.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það er ekki nema rétt og skylt að menn geri grein fyrir málum, en hitt er spurning, hvort menn þurfa að endurflytja það sem þeir sögðu áður vegna þess að þm. hafi almennt ekki tekið eftir því sem skyldi.

Ég gat um það í upphafi máls míns, að það hefðu verið miklar annir í atvmn., og vænti ég að það komi engum á óvart. Ég gat þess einnig, að ég teldi að þetta mál hefði ekki verið athugað sem skyldi. Í því orðalagi felst ekki að málið hafi ekki verið athugað, þó það hafi að mínu viti

ekki verið lögð í það nægilega mikil vinna. Ég dreg enga fjöður yfir það og ég teldi ekki rétt að segja deildinni ósatt til um þau efni. Þetta er mitt mat á því.

Það kom fram jafnframt, að ég hefði gjarnan viljað að till. hefði verið afgreidd með ákveðnara orðalagi en nefndin gerði, en slíkt hefði varla verið gerlegt nema fengist hefði nægilega mikill tími til að kynna sér jafnviðamikið mál og hér er á ferðinni. En hitt vil ég alveg sérstaklega undirstrika, ef menn telja að það hefði ekki átt að afgreiða málið úr nefndinni, sem mér skilst hálft í hvoru að séu spurningarmerki við hjá sumum aðilum sem hér hafa verið að tala, að með því hefði verið unnið gegn málinu. Ég barðist mjög ákveðið fyrir að þessi till. yrði ekki svæfð í nefndinni, eins og verður nú um mörg góð mál, heldur yrði hún afgreidd þrátt fyrir það, eins og ég gat um áðan, að nefndin hefur vegna anna ekki haft tíma til að athuga þetta mál sem skyldi.

Það má vel vera að menn hafi eitt og annað við það að athuga, en ég vona samt að það fari ekki milli mála, að menn hafi tekið eftir því sem ég sagði hér um þetta mál.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Vegna þeirra umr. sem hér hafa farið fram vil ég láta í ljós sjónarmið sem ég hef þegar kynnt á fundum með formönnum þingflokkanna og forsetum Sþ.

Á allra síðustu árum hefur borið á því, að nefndir, sérstaklega í hv. Sþ., tækju upp þau vinnubrögð að afgreiða þáltill. með þeim hætti að þær verða nánast marklausar eða marklitlar þegar þær hafa verið afgreiddar. Tillögurnar eru í upphafi e. t. v. með nokkuð almennu orðalagi, en þegar nefndirnar afgreiða till. frá sér er orðalagið orðið svo almennt að þær kveða í raun og veru aðeins á um að efla skuli þetta eða hitt, ríkisstj. skuli vinna að þessu eða hinu, en síðan segir ekkert um með hvaða áherslum, með hvaða hætti eða neitt annað sem marktækt getur talist sem vegvísir að því sem breyta skal.

Á því þingi, sem nú stendur, einnig á síðasta þingi, en þó einkum og sér í lagi nú síðustu vikurnar, hefur þessi þróun að mínum dómi nálgast að verða þinginu til lítils sóma og ef til vill mjög hæpið fyrir álit þingsins og marktækni þáltill. almennt, því að hér hafa borist frá nefndum í Sþ. afgreiðslur á þáltill. hverri á fætur annarri sem í reynd eru orðnar þannig að mjög lítið mark er hægt að taka á tillögunum sem vegvísi að vinnubrögðum eða breytingum. Ég tel að með þessum vinnubrögðum nefnda þingsins nú í ár og á allra síðustu árum sé smátt og smátt verið að eyðileggja þáltill.-formið sem áhrifaríkt tæki í okkar stjórnkerfi, vegna þess að smátt og smátt er verið að skapa þann skilning, bæði hjá hv. Alþingi og einnig hjá stjórnkerfinu, að þessar yfirlýsingar séu marklitlar ef ekki marklausar. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar, og eins og ég gat um í upphafi hef ég lýst þeirri skoðun á vinnufundum formanna þingflokkanna og forseta Alþingis, að það sé nauðsynlegt að þm. allir athugi það rækilega á næsta þingi, hvort ekki sé nauðsynlegt að taka upp breytt vinnubrögð varðandi þáltill., þær séu því aðeins afgreiddar út úr nefndum þingsins að í þeim felist einhver raunverulegur vegvísir að því sem gera skal, en ekki einhverjar útþynntar almennar viljayfirlýsingar sem í raun segja ekki neitt. Það getur vel verið, að tillögumönnum sé einhver hagur að því að fá afgreiðslu á slíkum tillögum, og það getur vel verið, að það sé verið að friða einhver öfl utan þings með því að afgreiða till. með þeim hætti. En ég held, ef litið er yfir lengri tíma og menn sjá hverja afgreiðsluna hlaðast upp á fætur annarri í þessa veru, að niðurstaðan verði sú, að þessi þáttur í vinnubrögðum þingsins verður nánast ónýttur sem áhrifaríkt tæki vegna þess að hvorki þingið sjálft né önnur stjórnvöld taki mark á afgreiðslunni né viti yfirleitt hvað hún merki. Þetta gildir um þá till. sem hér er til umr., en það gildir líka um margar aðrar tillögur sem hafa verið hér til umr. og hafa verið samþykktar nú þegar eða koma til afgreiðslu fyrir lok þessa þings.

Ég tek það skýrt fram, að ég er ekki að mæla hér sérstaklega gegn þessari till. eða tala sérstaklega um þá afgreiðslu sem þessi tillaga hefur fengið. En ég tel þetta vera einkenni sem hafi ágerst svo á allra síðustu árum, og þó sérstaklega á síðustu tveimur þingum, að það sé alveg nauðsynlegt að þingið íhugi vandlega hvort ekki sé rétt að taka upp önnur vinnubrögð varðandi afgreiðslu á þáltill. og afgreiða þá aðeins þær þáltill. sem séu nægilega ítarlegar til að fela í sér einhvern marktækan vegvísi fyrir stjórnvöld og aðra aðila um hvað eigi að gera.

Herra forseti. Ég vildi nota þetta tækifæri til að koma þessum sjónarmiðum formlega á framfæri hér í Sþ., þó að ég hafi þegar gert það á vinnufundum forseta þingsins og formanna þingflokkanna.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég er hjartanlega sammála því sem hv. 11. þm. Reykv. sagði áðan, og raunar höfum við einstaka sinnum rætt þessi mál, að þetta form, þáltill.-formið, er auðvitað orðið ónýtt þegar tillögurnar eru orðnar ein og hálf lína. Það segir nákvæmlega ekki neitt og er á stundum, að ég hygg, verra en ekki neitt að standa þannig að málum, t. d. um þá till. sem hér um ræðir. Fyrstu tvær línur hennar hljóðuðu upphaflega svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði."

Hvernig verður þetta svo? Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta.

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að kanna, hvort hagkvæmt sé að koma á fót innlendum lífefnaiðnaði" — og segir nákvæmlega ekki nokkurn skapaðan hlut.

Ég beindi hér spurningum til frsm. nefndarinnar hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, og það kom í ljós að ég hafði heyrt alveg rétt. Nefndin telur sig ekki hafa haft tíma til að fjalla um till. (**Gripið fram í:** Áttirðu von á öðru?) Já, ég átti von á öðru, vegna þess að satt best að segja fundust mér þau ummæli sem hv. þm. hafði um nefndarstörfin og afgreiðslu nefndarinnar svo ótrúleg að engu tali taki í rauninni. Það er furðulegt þegar nefnd leggur til, að till. skuli afgreidd með þessum hætti, og tekur jafnframt fram, að hún hafi ekki haft tíma til að athuga till. almennilega. En ég vil vekja athygli á því, að þessari till. var vísað til atvmn. 2. mars. Ég veit að atvmn. hefur haldið býsna marga fundi undanfarna 10 daga. En hvað skyldi hún hafa haldið marga fundi frá 2. mars og þangað til um miðjan apríl? Ég held að tímaskortur sé ekki afsökun, en þetta eru auðvitað óafsakanleg vinnubrögð, sérstaklega þegar um er að ræða góð mál og stór mál eins og hér er um að ræða.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Umr. fara nú nokkuð á víð og dreif í þessu máli og hér er fremur rætt um þingsköp og þáltill. almennt en efni málsins og er það kannske eðlilegt. Ég á sæti í hv. atvmn. og ber ábyrgð á afgreiðslu þessa máls eins og aðrir nm. sem skrifuðu

undir nál. án fyrirvara, en eins og komið hefur fram hafði einn hv. nm. fyrirvara.

Það vill til að í þessu máli höfum við nokkuð góða þekkingu á efninu, þar sem um þetta hefur verið skrifað í blöð og greinargerð er nokkuð ítarleg. Hins vegar er það alveg rétt, að hv. atvmn. hafði ekki mikinn tíma og beindi þessu til hæstv. ríkisstj. vegna þess að hún hefur miklu meiri tíma að áliti nefndarinnar. Það fer áreiðanlega betur að hæstv. ríkisstj. verji tíma sínum til að skoða þetta mál í sumar en að smíða sér einhver axarsköft, eins og hún hefur verið að gera í allan vetur. Þannig getur verið fullkomin ástæða til þess að gefa hæstv. ríkisstj. tækifæri til að gera eitthvað af viti. Þó hugsa ég að þetta hefi ekki verið tilgangur þeirra í nefndinni sem lögðu mesta áherslu á að málið færi út úr nefnd, sama í hvaða búningi slíkt gerðist.

Það er alveg rétt, sem hefur komið fram í þessum umr., að þáltill.-formið erum við farin að nota með talsvert öðrum hætti en var gert áður fyrr, sem best sést á þessari fjöldaafgreiðslu nefnda á þáltill. Í raun hygg ég að á sínum tíma hafi þáltill.-formið verið fyrst og fremst notað af stjórnarandstöðu, sem var að móta hugmyndir sínar á þingi, til þess að almenningur í landinu gæti séð á hverju hann ætti von þegar til kosninga drægi og þá mætti búast við að þeir, sem stæðu að slíkum tillöguflutningi, mundu snúa þessum málum í frumvörp ellegar standa beinlínis að framkvæmd málsins. Það hefur hins vegar færst í vöxt að stjórnarþm. hafi flutt hverja þáltill. á eftir annarri og sú sem hér er til umr. er enn eitt dæmið um það. Þetta er athyglisvert vegna þess að stjórnarþm. hafa eðli málsins samkv. beinan aðgang að framkvæmdavaldinu og eru þess vegna yfirleitt að fara fram á í þáltill. sínum að hæstv. ríkisstj., sem þeir styðja og hafa beinan aðgang að, láti athuga, kanna eða framkvæma eitthvað sem er auðvitað óeðlilegt að renni þannig í gegnum þingið því að vissulega getur meiri hl. komið hvaða þáltill. fram sem honum sýnist. Á þetta legg ég áherslu því að þannig vill til um þetta mál sem hér er til umr., að 1. flm., sem reyndar er fjarstaddur og getur ekki tekið þátt í þessum umr., er úr hópi stjórnarþm. og gat þess vegna með hægu móti komið því til skila til viðeigandi stjórnvalda að láta þessa könnun fara fram, þ. e. að gera það sem tillgr. gerir ráð fyrir að gerist nú eftir að hv. atvmn. hefur farið höndum um till. Ég geri þó ekki ráð fyrir að efnislega séu menn í andstöðu við till., sem hér er til umr., og þrátt fyrir að ugglaust megi finna að vinnubrögðum hv. atvmn., og ég efa ekki að það eiga ýmsir eftir að finna enn meir að þeim vinnubrögðum og þeirri niðurstöðu sem það kemur þrátt fyrir margra klukkutíma starf á degi hverjum undanfarnar vikur, þá virði hv. alþm. nendinni þetta til vorkunnar að sinni og greiði fyrir því, að gott málefni komist til ríkisstj. sem ekkert hefur þarfara við tímann að gera en kanna þetta mikilvæga mál.

Að lokum vil ég, herra forseti, rifja það upp, að fyrir nokkrum árum var kjörin nefnd samkv. þáltill. til að endurskoða þingsköp Alþingis. Eitt af verkefnum þessarar nefndar var að sjálfsögðu að gera tillögur um í hvaða formi ættu að birtast viljayfirlýsingar þingsins. Sú nefnd hefur ekki starfað um skeið og líklega er óhætt að slá því föstu að hún hafi jafnvel misst umboð sitt. Þó skal ég ekki fullyrða það. (**ÓRG:** Jú, jú, jú.) Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður þingflokks Alþb., upplýsir hér með framíkalli að sú nefnd, sem sat undir stjórn þáv. hæstv. forseta þingsins, Gils Guðmundssonar, hafi ekki lengur umboð til að vinna sitt starf. Það er að sjálfsögðu eðlilegt þar sem formaður nefndarinnar situr ekki lengur á þingi og kosningar hafa farið fram í millitíðinni. Sé þetta rétt má segja að þessi mál séu m. a. í höndum hv. stjórnarskrárnefndar undir forustu dr. Gunnars Thoroddsens, hæstv. forsrh., sem um nokkurra ára skeið hefur verið formaður stjórnarskrárnefndar og átti að fjalla þar um stjórnarskrána og — ég undirstrika: og málefni Alþingis. Verða þingsköp þar varla undanskilin þótt sú nefnd eigi auðvitað fyrst og fremst að endurskoða stjórnarskrána. Í þeirri nefnd situr hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. En því hefur líka verið haldið fram, að sú nefnd hafi þegar misst umboð sitt. Henni var ætlað í upphafi að skila áliti haustið 1980, ef ég man rétt. Það er nú orðið langt síðan. Í stjórnarsáttmála núv. ríkisstj., en það er sáttmáli sem hún samdi í upphafi stjórnarferils síns, en lítið hefur borið á að menn vitni til að undanförnu að vonum, stendur skýrum stöfum að þessi nefnd ætli sér að skila áliti fyrir árslok 1980, en snemma árs var núv. hæstv. ríkisstj. minnuð. Það er þess vegna algerlega á ábyrgð stjórnarliðsins hvernig endurskoðun á þingsköpum líður. Það er auðvitað ekki nóg að koma hér, þegar rætt er um gagnlegt málefni, og kveina og kvarta, heldur ber stjórnarliðinu og þá að sjálfsögðu ekki síst formönnum þingflokka að hafa forustu fyrir því að koma því lagi á málin sem þeir telja að best sé. — Á þetta vildi ég minnast, herra forseti, þar sem tilefni gafst til í þessum umr.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég get tekið undir það sem hér hefur komið fram hjá hv. 11. landsk. þm. og fleiri, að við stöndum ekki nógu vel að þessum málum. Þáltill., sem bornar eru fram, missa marks við meðferð eins og hér er viðhöfð. Ég verð að segja að það er tilgangslítið að vanda tillögugerð, leggja eins mikla vinnu í tillögugerð og var gert í þessu tilfelli, eins og hv. þm. geta séð með því að lesa till. yfir. Og ég verð að segja að brtt. frá hv. atvmn. er dálítið losaraleg með tillitit til þess, að þegar till. sjálf er lesin kemur í ljós að hún er mjög ákveðin og gefur á einfaldan og skýran hátt tóninn um hvað um sé að ræða. Ég skal lesa till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að beita sér fyrir því, að komið verði á fót öflugum innlendum lífefnaiðnaði. Í því sambandi beiti ríkisstj. sér fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Með markvissri rannsóknaáætlun verði leitað svara við því, hvaða lyf, lyfjahráefni, hormóna og lífhvata geti verið hagkvæmt að vinna úr innyflum fiska, hvala og sláturdýra, sem til falla hérlendis.

2. Framleiðsla þeirra lyfja, lyfjahráefna, hormóna og lífhvata, sem rannsóknir sýna að hagkvæm sé, verði hafin jafnóðum og niðurstöður liggja fyrir."

Ég vil í þessu sambandi einnig benda á það sem kemur fram í grg., að það hefur verið áður starfandi nefnd í sambandi við þetta mál. Árið 1973 skipaði iðnrh. nefnd til að kanna grundvöll fyrir framleiðslu lyfjaefna hérlendis úr innlendu hráefni. Það er tekið fram í grg. þessarar till., hvaða niðurstöðum nefndin komst að. Þær eru vissulega þess virði að skoða þær nánar. Í greinargerðinni eru ýmsar niðurstöður af vísindalegum rannsóknum um þessi efni tilgreindar á skilmerkilegan hátt og gífurlega mikil vinna lögð í greinargerðina til þess að hv. alþm. áttuðu sig á málinu í heild. Ég vil leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa hér niðurstöðu af greinargerðinni.

Þessi niðurstaða heitir „Stefnumörkun — markviss vinnubrögð“ og hljóðar svo:

„Ljóst er af þeim rannsóknum, sem þegar hafa farið fram, að Íslendingar ættu að geta haslað sér völl á sviði lífefnaiðnaðar.

Nauðsynlegt er að gera markvissa rannsóknaáætlun og vinna að framgangi málsins með föstum, ákveðnum skrefum.

Í okkar þjóðlífi er nú mikið rætt um orkufrekan iðnað. Verulegum fjármunum er varið í hagkvæmniathuganir á ýmsum kostum stóriðju. Hér er í flestum tilvikum um að ræða iðnað þar sem hráefni er flutt til landsins og fullunna varan út.

Mikil nauðsyn er að auka framleiðslu landsmanna með orkufrekum iðnaði. En við megum ekki láta okkur sjást yfir nærtækan möguleika eins og lífefnaiðnað úr innlendu hráefni. Innyflum fisks og sláturdýra er að mestu hent. Við erum fiskframleiðendur á heimsmælikvarða.

Þessi verðlitlu hráefni eru grundvöllur að öflugum lífefnaiðnaði.

Það sem vantar er stefnumörkun á þessu sviði og markviss vinnubrögð, þá mun árangurinn ekki láta á sér standa.“

Ég tel að með þessari þáltill. hafi verið gefinn tónninn að því að taka undir með þessum tillöguflutningi þannig að hæstv. ríkisstj. átti sig á því, að hér er um verðugt verkefni að ræða sem mun verða til að efla íslenskt atvinnulíf, íslenskt hugvit og íslenskar rannsóknir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég skal reyna að verða ekki til þess að lengja þessa umr. um of, einkum og sér í lagi af því að ég á von á frekar skemmtilegri ræðu um vandamál landbúnaðarins á eftir og vil því ekki draga það mjög á langinn. Hins vegar fer ekki hjá því, að afgreiðslan á þessari till. í atvmn. gefi tilefni til umr. af því tagi sem nú fara hér fram.

Ég held þó að gleymst hafi í þessari umr. að geta þess, sem a. m. k. mér finnst einn höfuðgallinn á störfum nefnda Alþingis, hversu seint nefndir taka við sér. Ég hef orðið vitni að því, að nefndir á hinu háa Alþingi safna saman málum sem síðan eru send út í einu lagi til umsagnar og umsagnir berast í stórum stíl, hlaðast upp og síðan er ráðist á málin þegar fer að nálgast þinglokin með þeim afleiðingum að þau fá ekki þá afgreiðslu sem þeim ber að fá. Svo einfalt er þetta mál.

En ég get líka tekið undir þá skoðun, sem hefur komið fram í þessari umr., að með þessum vinnubrögðum er verið að gera þáltill.-formið ómerkilegt og ómerkt að mörgu leyti. Ég benti á það áðan í ræðu minni, að tillgr. væri t. d. gerð nánast alveg marklaus í afgreiðslu nefndarinnar.

Það er svo önnur hlið á þessu máli, en ný, að þáltill. fer nú mjög fjölgandi hér á hinu háa Alþingi. Þetta er form á málflutningi sem þm. temja sér í æ ríkara mæli. Þingreyndir menn segja mér að fyrir örfáum árum eða um það bil einum áratug hefði mátt telja þáltill. á fingrum beggja handa. Nú skipta þær orðið mörgum tugum og eru greinilega eitt þægilegasta formið sem þm. hafa fundið á því að koma málum sínum á framfæri. Ekki ætla ég að segja að það sé vegna þess að þm. finni ekki leið til að koma málum sínum í frumvörp, heldur er hér um þægilega aðferð að ræða. Oft og tíðum tekur maður eftir því við afgreiðslu á þáltill., að þar gætu verið á ferðinni till. sem t. d. kosta stórfé í framkvæmd, þó ekki sé annað en að skipa sjö manna nefnd til að gera hitt og gera þetta eða að fá einhverja sérfræðinga til að vinna úr rannsóknum og skýrslum til að athuga hvort þar sé verkefni við hæfi sem ríkisstj. ætti að beita sé fyrir.

Það er t. d. mjög eftirtektarvert við þær þáltill., sem yfirleitt eru fluttar hér, að það fylgja þeim yfirleitt engar kostnaðaráætlanir þó að þar sé um að ræða tillögur sem fela í sér að þær kosti mikla fjármuni. Auðvitað ætti þingið að gera það að skyldu, að ef þm. vilja með þáltill. stofna til verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð ættu þeir í þessum tillögum að gera einhverja kostnaðaráætlun. Ég vil í þessum efnum minna á sið sem franska þingið hefur í sambandi við lagafrv. sem eru til kostnaðarauka. Þm. verða að gera svo vel að koma með tillögur um tekjulið á móti.

Ég skal ekki þæfa þetta lengur, herra forseti. Ég vil bara segja það, að mér er nokkuð sárt um þessa till., þó að ég eigi ekkert í henni, þó að hún komi frá öðrum flokki. Þetta er gagnmerk till. og mér þykir það heldur fúlt, svo að ég noti orðalag sem tíðkast hér utan dyra a. m. k., að till. af þessum toga skuli fá þá afgreiðslu sem hún hefur fengið í hv. atvmn. Það kom fram hjá hv. þm. Eiði Guðnasyni áðan, að till. barst til nefndarinnar 2. mars. Nefndin hafði þá a. m. k. allan marsmánuð til að senda hana til umsagnar því að annir þessarar ágætu nefndar hófust ekki fyrir alvöru fyrr en í aprílmánuði. Það er því til lítillar afsökunar að bera við önnum.

Úr því sem komið er, herra forseti, er auðvitað útilokað að standa gegn afgreiðslu þessarar till. Hún er það merk að ég vona að ríkisstj. hafi vit og áræði til að hrinda henni í framkvæmd. En ér er nánast sannfærður um að það hefur ekki tekið hv. atvmn. nema um það bil 10 mínútur að afgreiða till. á þann hátt sem við sjáum hér á pappírum frá nefndinni, og þykir mér það mjög slæmt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Mér finnst nauðsynlegt að leiðrétta hér misskilning sem kom fram í ræðu hv. þm. Friðriks Sophussonar.

Ég benti honum á, meðan hann flutti ræðu sína, að sú nefnd, sem kjörin var hér 1978 til að vinna að breytingum á þingsköpum, hefði ekki lengur umboð sitt, einfaldlega vegna þess að stór hluti nefndarinnar situr ekki lengur á Alþingi og forusta nefndarinnar var falin þáv. forseta sameinaðs þings vegna embættis hans. Nefndin mun hins vegar hafa skilað ákveðnum vinnutillögum og vinnugögnum til forseta þingsins og er hægt að fá aðgang að þeim gögnum þar.

Hins vegar er það misskilningur hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að þessi nefnd hafi átt að fjalla um það vandamál, sem hér er í raun og veru til umr., eða að stjórnarskrárnefnd eigi að fjalla um það vandamál, sem hér er til umr. Þeir þættir, sem sú nefnd, sem falið var að endurskoða þingsköp, og stjórnarskrárnefnd hafa fjallað um, eru fyrst og fremst umræðutíminn og takmörkun á ræðutíma, hvernig eigi að hafa málfrelsi í umr. um þáltill., hvort það eigi að vera flm. einn og síðan eigi að vísa till. til nefndar, eins og gert er í sumum öðrum þjóðþingum, eða hvort áfram eigi að vera þær reglur, sem hingað til hafa gilt, að allir hafi frjálsan rétt til þátttöku í umr. um þáltill. Sumir hafa sett fram tillögur um að takmarka ræðutíma í umr. um þáltill. við 10 mínútur, 20 mínútur eða eitthvert annað slíkt mark. Það eru þessir þættir í umr. um þáltill. sem þessum tveimur nefndum var falið

að fjalla um.

Það vandamál, sem við erum hér að ræða, er af allt öðru tagi. Það er sú aðferð sem nefndir þingsins beita í æ ríkara mæli við að afgreiða tillögurnar. Ég tel að það sé ekki í þingsköpum hægt að fara að setja fyrirmæli um hvernig nefndir skuli orða tillögur eða brtt. við till. Við getum sett í þingsköpin reglur um ræðutíma og rétt manna til að tala, hve oft og hverjir o. s. frv., en við getum varla í þingsköpum farið að mæla fyrir um með hvaða hætti nefndir skuli afgreiða eða orða tillögur. Það er tilhneigingin til almenns orðalags á hinum afgreiddu þáltill. sem ég var hér að vara við. Og ég vil vegna orða hv. þm. Friðriks Sophussonar taka það skýrt fram, að ég tel að hér sé ekki á ferðinni deilumál milli stjórnar og stjórnarandstöðu, en hann var að reyna að draga málið í dilk með þeim hætti. Ég vek í því sambandi athygli á því, að forustan í þeirri nefnd, sem hvað mest hefur fært afgreiðslu þáltill. inn á þetta form sem ég er að vara við, er í höndum stjórnarandstöðunnar. Ég segi það ekkert formanni eða meiri hl. þeirrar nefndar til lasts. Það er einfaldlega staðreynd, að stjórnarandstaðan hefur meiri hl. *í þeirri nefnd og þar með formann nefndarinnar.* Ég held að hér sé ekki á ferðinni nein deila um samskipti stjórnar og stjórnarandstöðu, heldur sé þetta þróun sem þingið í heild sinni eigi að hugleiða alvarlega hvort ekki sé rétt að snúa við og reyna á næstu árum að gera þáltill. að marktækara afgreiðsluformi en gert hefur verið til þessa, en ekki afgreiða tillögur í almennum búningi fyrst og fremst til að þóknast flm. eða einhverjum aðilum utan þings.

Ég ætla ekki að blanda mér í umr. á nýjan leik um umboð stjórnarskrárnefndar. Mér fannst það að vísu athyglisvert varðandi þann línudans, sem hv. þm. Friðrik Sophusson hefur stundað innan Sjálfstfl. milli núv. forsrh. og núv. formanns Sjálfstfl., að hann skyldi í þessum umr. nota tækifærið, algerlega að því er virtist án þess að nokkur annar maður gæfi tilefni til þess, að stíga hér í ræðustólnum á tána á hæstv. forsrh., sjálfsagt til að vega upp í eitthvað sem hann hefur gert innan flokksins gegn núv. formanni Sjálfstfl. Það er þáttur úr ræðunni sem flokkast einfaldlega undir línudans núverandi varaformanns Sjálfstfl. og ber greinilega að skilja sem slíkan. En við skulum ekki gera það að miklu atriði í þessu máli þó að það hafi óneitanlega verið skemmtilegt.

Ég notaði þessa umr. til að koma á framfæri þeim sjónarmiðum sem ég hef gert grein fyrir. Mér er hins vegar alveg ljóst að það verður engin lausn á þessu vandamáli fundin á þessu þingi. Ég held að það væri mjög gagnlegt ef þingflokkarnir fljótlega á næsta þingi ræddu sín á milli um ný vinnubrögð varðandi afgreiðslu þáltill. og á fundum forseta, formanna þingflokkanna og formanna nefnda væri síðan ákveðið að gera þáltill.-formið að raunhæfu afgreiðsluformi.

Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að þáltill. hefur fjölgað mjög. Það er líka rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Friðrik Sophussyni, að það hefur færst í vöxt að þm. stjórnarliðsins flyttu þáltill. Á þessu eru að mínum dómi ofureinfaldar skýringar og eðlilegar. Ég held að við getum ekki breytt því, að þm. stjórnar eða stjórnarandstöðu flytji þáltill. í ríkum mæli í framtíðinni. Ástæðurnar eru tvíþættar, að mínum dómi.

Í fyrsta lagi er lagasetning og lagagerð svo flókin orðin í okkar þjóðfélagi að einstakir þm. hafa að eigin frumkvæði og í krafti eigin dugnaðar varla getu til að semja veigamikla lagabálka á ýmsum sviðum, enda þyrfti til þess meiri háttar sérfræðiaðstoð sem ekki er kostur á að sækja hér innan þings. Menn grípa þess vegna til þessa forms í því skyni að koma málum fram.

Hin ástæðan er sú, eins og við vitum allir hér á Alþingi, að við lifum í síauknum mæli í þjóðfélagi þar sem fjölmiðlaumræðurnar og fjölmiðlaathyglin setja mjög svip sinn á störf þingsins og þingmenn í miklu ríkara mæli en áður var, þegar þingmaður hafði í raun enga möguleika til að koma málum sínum á framfæri nema í gegnum eigið flokksblað. Þær breytingar, sem orðið hafa á fjölmiðlakerfinu í landinu á síðustu 10 árum, hafa óhjákvæmilega þýtt að þingmenn þurfa að kunna á fjölþætt fjölmiðlakerfi til að vekja athygli á þeim málum sem þeir eru að vinna að og berjast fyrir. Með tilkomu prófkjara og harðrar baráttu innan flokkanna, jafnt stjórnarflokka sem stjórnarandstöðuflokka, er þingmönnum nauðsynlegt á okkar tímum að vekja þannig athygli á verkum sínum hér á Alþingi, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Áður fyrr, þegar þröngir valdahópar ákváðu framboðin í öllum flokkum, var mönnum kannske kleift að *sitja hér á þingi jafnvel árum og áratugum saman án þess* að láta nokkuð að sér kveða með þessum hætti, heldur eingöngu sinna störfum í flokkunum inn á við. Þeir unnu margir mjög merk störf með þeim hætti. En sá tími er einfaldlega liðinn, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Prófkjarakerfið innan flokkanna og fjölmiðlabreytingin hefur gert það að verkum, að það verður nánast hver og einn að halda sér á floti hvað þetta snertir, bæði þm. stjórnar og stjórnarandstöðu. Það hefur einfaldlega í för með sér — og ég segi aftur: hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að þm. stjórnarflokka, hverjir svo sem þeir flokkar eru, munu á næstu árum eins og á allra síðustu árum hafa ríka tilhneigingu til að flytja þingsályktunartillögur um ýmis málefni sem jafnvel heyra undir þeirra eigin ráðh., hvað þá ráðh. úr öðrum flokkum í þeirri ríkisstj. sem þeir styðja, einfaldlega til þess að koma sér áfram, ef má orða það svo, í fjölmiðlaumræðunni og flokkabaráttunni sem tengd er framboðum hverju sinni. Þessar breytingar, sem orðið hafa — og ég endurtek: hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, — eru bara hluti af okkar veruleika. Sá agi, sem ríkisstj. fyrri tíma, eins og t. d. viðreisnarstjórnin í 12 ár eða ríkisstjórnin sem var á undan henni, vinstri stjórnin, eða aðrar ríkisstjórnir þar á undan, gátu haft á þinginu, að halda sínum þm., sem studdu stjórnarliðið, með þeim hætti að þeir fluttu ekki mál, þeir töluðu jafnvel ekki, heldur höfðu það verkefni fyrst og fremst að rétta hér upp hendur í þingsölum, ræða mál í nefndum þingsins og innan þingflokkanna og stjórnarandstaðan notaði svo þál.-formið, er nú liðinn undir lok. Tími hans er einfaldlega liðinn. Enginn okkar breytir þessu kerfi, sem við búum nú við, í hið gamla form. Ég efast satt að segja um að meiri hl. þm. mundi óska eftir því. Þess vegna held ég að við munum óhjákvæmilega búa við það á næstu árum og um langa framtíð að þáltill. verði notaðar í mjög ríkum mæli af hálfu þm. til að kynna mál og koma málum á framfæri. Það, sem við þurfum hins vegar að ræða í sameiningu, hvort sem við tilheyrum stjórn eða stjórnarandstöðu og hvorum megin sem við stöndum við þá línu í dag eða á morgun, er að við förum ekki að taka upp þá hætti við afgreiðslu á þáltill. sem gera þetta form algerlega marklaust eða marklítið hvað snertir viljayfirlýsingar Alþingis.

Frsm. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Það má magnað vera þegar 11. þm. Reykv., sem lítið hefur sinnt þingstörfum að undanförnu, heldur verið á almennu flakki, leyfir sér að taka sig til, þegar ákveðið mál er til umr. í þinginu, og taka þá upp almennt snakk um þingsköp, þingsályktunartillögur og nefndir, milliþinganefndir, sem séu að störfum, og setji hér á langar tölur um slíkt ávítulaust af hendi forseta, og forseti taki sig svo til, þegar þm. hefur lokið langri innantómri ræðu um þessa hluti, og taki það mál af dagskrá sem á dagskrá var og átti að ræða. Ég fyrir mína parta verð að víta slíkt og tel að það sé í verkahring forseta að veita þm. átölur þegar þeir fara svo gersamlega út fyrir efnið eins og hv. 11. þm. Reykv. gerði að þessu sinni. Það verður enn þá kátbroslegra þegar menn eru orðnir hálfgerðir gestaþm. hér og ætla svo að fara að leiðbeina öllum hinum þá sjaldan þeir reka höfuðið inn í deildina.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329, n. 832, 833). — Frh. einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Atvmn. hefur rætt þáltill. á allmörgum fundum, en ýmsar aðrar tillögur, sem varða iðnað, hafa verið þar til umfjöllunar og skarast efni þeirra á allmörgum sviðum, eins og eðlilegt er, þótt mismunandi áherslur séu á hinum einstöku þáttum. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. hennar var sammála um að mæla með till. nokkuð breyttri, eins og fram kemur á þskj. 833, en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að efla innlendan iðnað og styrkja stöðu hans. Aðgerðir þessar hafi það að meginmarkmiði að auka atvinnu í iðnaði, stuðla að aukinni sölu og markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og auka iðnað í hinum dreifðu byggðum landsins."

Fjarverandi afgreiðslu málsins var hv. þm. Halldór Ásgrímsson.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Söluerfiðleikar búvara, þáltill. (þskj. 629). — Ein umr.

Flm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um skipun nefndar vegna söluerfiðleika búvara. Till. er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skipuð skuli nefnd til að gera tillögur um, með hvaða hætti beri að bregðast við þeim vanda, sem íslenskur landbúnaður stendur nú frammi fyrir vegna söluerfiðleika hefðbundinna búvara á erlendum mörkuðum.

Hver þingflokkanna um sig tilnefnir einn mann í nefndina, en landbrh. skipar formann án tilnefningar.

Nefndin skili áliti fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis."

Á þessum næðingssömu vordögum eru viðhorf í landbúnaði í meiri óvissu en verið hefur um langa tíð. Ekki bætir það úr að Alþingi er að ljúka störfum og sú von, sem e. t. v. einhverjir bændur hafa alið með sér, að héðan bærust þær fréttir að tekið yrði á málum landbúnaðarins með nokkurri festu og hulu óvissu og aðgerðaleysis vikið til hliðar, hefur brugðist. Frá ríkisstj. og Alþingi hafa enn engar þær fréttir borist sem markað geta spor til sóknar né heldur varnar fyrir bændur þessa lands. Þótt sú umræða, sem nú á sér stað varðandi söluerfiðleika landbúnaðarvara, sé undirrót þessarar óvissu eru ástæðurnar þó miklu víðtækari. Þau neikvæðu viðhorf, sem nú gætir svo mjög í stjórnarathöfnum er landbúnað snerta, eru augljós og án efa leiða þau til nokkurra efasemda varðandi afkomu bænda og framtíð íslenskra sveitabyggða. En það sem gerir, að menn hafa nú hrokkið við, eru þær fréttir sem nýlega hafa borist, að ef unnt eigi að vera að verðbæta útfluttar landbúnaðarvörur samkv. áætlun Framleiðsluráðs landbúnaðarins þurfi til þess 81 millj. kr. umfram hinn lögboðna útflutningsbótarétt. Sé litið til hliðstæðra talna aftur til ársins 1977 hefur þessi upphæð 16 faldast miðað við verðlag hvers árs, en 2.3 faldast séu tölur færðar til sambærilegs verðlags. Á sama tíma hefur útflutningur kindakjöts minnkað úr 522 tonnum árið 1977 í tæp 3000 tonn, eins og hann er áætlaður nú í ár. Varðandi mjólkurframleiðsluna eru þessar breytingar enn gagngerðari, þannig að útflutningur er að magni til ca. helmingi minni en hann var fyrir sex árum. Þannig eru áhrif efnahagsstefnu síðustu vinstri stjórna á hag íslensks landbúnaðar. Þannig hefur það pólitíska umhverfi síðustu ára leikið landbúnaðinn.

Fyrir liðlega tveimur áratugum, þegar samkomulag var gert við bændur um núverandi verðlagskerfi búvara, gaf erlendi markaðurinn um 3/4 hluta þess verðs sem fékkst fyrir búvörurnar á innanlandsmarkaði. Að meðaltali hefur þetta hlutfall þessi ár verið um 50%, en nú er svo komið að ekki fæst fyrir útfluttar landbúnaðarvörur nema ca. 1/4 hluti þess verðs sem innlendi markaðurinn gefur. Þessi verðlagsþróun er meginorsök þess vanda sem nú er við að fást í framleiðslumálum landbúnaðarins. Auðvitað getur menn greint á um hvort mál hafi þróast með öllum hætti eðlilega eða hvort á einhverjum tíma hefði þurft að víkja til hliðar og taka gleggri mið af því umhverfi sem verðlagsþróunin í þessu landi hefur verið að keyra landbúnaðinn í. Hitt hljóta menn að vera sammála um, að ekki verður hjá því komist að meta staðreyndir og þá með það fyrir augum að landbúnaðarframleiðslan verði að magni til innan þeirra marka sem heimildir til útflutningsbóta taka mið af.

Núv. ríkisstj. hefur verið óspör á yfirlýsingar um nýja stefnu í landbúnaðarmálum, og margháttuð loforð um nýjungar í landbúnaði hafa leikið mjúkt á tungu talsmanna ríkisstj. Í fyrsta boðskap ríkisstj., sem birtist íslensku þjóðinni, stjórnarsáttmálanum sjálfum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stefnan í málefnum landbúnaðarins verði mörkuð með ályktun Alþingis og við það miðað að tryggja afkomu bænda, sporna gegn byggðaröskun og fullnægja þörfum íslensku þjóðarinnar fyrir búvörur til neyslu og iðnaðar. Lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins verði breytt í því skyni að tryggja stefnuna í framkvæmd."

Þannig hljóðaði boðskapurinn 8. febrúar 1980, en svo

leið sá vetur og sumarið reyndar líka. Nefnd starfaði, bréf voru send út um allar byggðir Íslands, upplýsingum safnað og tölvur spurðar. Forustumenn bænda biðu vonglaðir, boðskapur hins nýja tíma var á næsta leiti.

Þegar þar kom í upphafi einnar októbernætur, að bjöllum var hringt á dyrum alþm. og boðskapur forsrh. afhentur þeim, kom í ljós að talað var enn sömu mjúku tungunni um málefni landbúnaðarins. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á þessu Alþingi mun landbrh. leggja fram af hálfu ríkisstj. till. um stefnu í landbúnaðarmálum og munu væntanlega fylgja henni lagafrumvörp er miða að breytingum á landbúnaðarlöggjöfinni, m. a. í þá átt að ákvarðanir um verðlagningu á búvörum verði teknar með beinni aðild fulltrúa ríkisins."

Hver gat nú verið í vafa um að boðskapur hins nýja tíma hugrakkra drengja væri alveg í nánd? En svo leið sá vetur og sumarið sem honum fylgdi og enn bárust engar fréttir um stefnu hins nýja tíma, stefnu ríkisstj. Mönnum lék því nokkur forvitni á að heyra boðskap hæstv. forsrh. sem hann flutti þjóð og þingi 22. okt. s. l., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Stefnt er að því, að framleiðsla sauðfjárafurða byggist áfram að hluta til á útflutningi, eftir því sem markaðsaðstæður leyfa." Og enn fremur segir í stefnuræðu forsrh.: „S. l. tvö ár hefur verið unnið að eflingu annarra búgreina, einkum fiskræktar, loðdýraræktar, garðræktar og ylræktar ásamt aukinni nýtingu hlunninda og annarra landgæða. Áfram verður haldið á þessari braut."

Engin leið er að misskilja þessa framsetningu. Sauðfjárræktin skyldi vera óbreytt, ný viðfangsefni í íslenskum sveitum bæri að efla. En fréttir bárust víðar að. Þótt keisarinn væri ekki enn kominn í nýju fötin sín mátti hverjum vera ljóst að mikið stóð til. Í umr., sem fram fóru á Alþingi 21. febr. árið 1980 um lántökuheimild til handa Framleiðsluráði landbúnaðarins, komst hæstv. landbrh. svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að í þessu frv. birtist t. a. m. á engan hátt stundleg friðþæging, eins og hv. þm. Kjartan Jóhannsson orðaði það. Hér er verið að greiða úr máli sem er m. a. erfðasynd þessa hv. þm. þegar hann var ráðh. Það er nauðsynlegt, að áður en ný stefna tekur að verka í landbúnaði sé búið að gera nokkurn veginn hreint borð miðað við það ástand sem nú ríkir."

Það þurfti sem sagt aðeins að bera af borðum og færa upp í skápa og hillur það sem nothæft var, en auðvitað að fjarlægja með öllu stærsta hlutann af því dóti sem Alþfl. skildi eftir á borðum ráðh. Það mátti enginn óþrifnaður vera nálægt þegar nýja stefnan kæmi. Þá gæti svo farið að áhrif hennar yrðu allt önnur en stóru fyrirheitin segðu fyrir um.

Við framhald umr. um lántökuheimildina, sem fram fór 10. mars árið 1980, brugðu menn enn fyrir sig töfrabrögðum nýrrar heildarstefnu í landbúnaði. Þá komst hæstv. landbrh. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Leitað verði samkomulags um viðunandi lausn á fyrirsjáanlegum vanda vegna halla á útflutningi búvara á þessu verðlagsári í tengslum við heildarstefnumótun í landbúnaði."

Vandinn skyldi leystur með samkomulagi við bændur í tengslum við heildarstefnu í landbúnaði. Snoturt orðalag það!

En víðar að bárust bergmál boðskapar hins nýja tíma. Síðan núv. ríkisstj. tók við völdum hefur Búnaðarþing verið tvívegis kvatt saman, Stéttarsamband bænda þrisvar haldið aðalfund sinn, till. okkar sjálfstæðismanna um stefnu í landbúnaði þrisvar verið flutt og rædd á Alþingi. Við öll þessi tækifæri hefur landbrh. tilkynnt að á næstu grösum væri ný stefna ríkisstj., — stefna sem bera ætti með sér nýjan og ferskan blæ hins nýja tíma í málefnum landbúnaðarins. Allt er þá þrennt er, segir máltækið, og því hefur reyndar lengst af verið trúað. En nú kemur annað í ljós því að landbrh. hefur ekki einungis boðað stefnu sína tvívegis, heldur öllu fremur a. m. k. þrisvar sinnum, og þá loksins er stefnan komin á blað, eins og síðar verður að vikið.

Nú er það kunnara en frá þurfi að segja, að þeir, sem landinu stjórna, þ. e. meiri hluti Alþingis og ríkisstj., fylgja ákveðinni stefnu, og þegar svo er komið að stjórnarathafnir taka yfir þrjú ár, eins og nú er raunverulega, þarf ekki lengur að hlýða á yfirlýsingar né heldur bíða tillöguflutnings, — stefnan liggur fyrir.

Í lánsfjáráætlun fyrir árið 1982 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í landbúnaði hefur fjárfesting farið minnkandi undanfarin tvö ár og er enn gert ráð fyrir nokkrum samdrætti á þessu ári. Samkv. spánni fyrir árið 1981 verður landbúnaðarfjárfesting svipuð og á árinu 1971, en um fimmtungi minni en hún hefur verið að meðaltali árin 1972—1980. Þessi samdráttur á m. a. rætur að rekja til þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið í landbúnaði að undanförnu, að draga úr framleiðslu búfjárafurða."

Viðmiðunarárið, sem valið er, árið 1971, er þriðja lægsta framkvæmdaár í landbúnaði síðan árið 1965, aðeins tvö erfið kalár eru þar lægri, og skýrt er frá sagt að enn á að draga úr umbótum og það ráð á að nota til að draga úr búfjárframleiðslu.

Um það, hversu mikilvægt hagtæki til stjórnunar á landbúnaðarframleiðslu fjárfesting í landbúnaði er, er hægt að flytja langt mál. Sannleikurinn er nefnilega sá, að séu heildarstærðir fjárfestingar og framleiðslu bornar saman er ekki auðvelt að finna samræmi þar á milli, jafnvel þótt til lengri tíma sé litið. Umbætur í landbúnaði hverju sinni eru hins vegar innlegg til framtíðarinnar sem auðvelda þeim störf, er við taka, og styrkja þannig íslenskar sveitabyggðir, enda liggja, ef betur er að gáð, fyrir heimildir um að nálega öll fjárfesting í landbúnaði er nú til endurnýjunar á fjármunum í þeim atvinnuvegi. En allt um það, hin tilvitnuðu orð hér að framan skýra viðhorf ríkisstj. í þessum efnum.

Önnur mikilvæg heimild um stefnu ríkisstj. í landbúnaðarmálum eru fjárlög. Á valdatíma ríkisstj. hafa þrenn fjárlög verið afgreidd og þar af leiðandi mörkuð stefna að því er fjárlagagerð varðar til þriggja ára. Sé litið til fjárveitinga vegna búfjárræktarlaga, — og ég fagna því nú alveg sérstaklega að hæstv. fjmrh. skuli vera staddur hér og geta þannig fylgst með orðum mínum og staðreyndum í þeim efnum, — kemur í ljós að ógerlegt er að framkvæma þau verkefni, sem lögin ákveða og unnið er að, vegna þess að fjárveitingar eru ekki fyrir hendi. Þessi vöntun nam um síðustu áramót 449 291 kr. og á fjárveitngu samkv. fjárlögum þessa árs skortir 2 millj. kr. svo unnt sé að halda í horfinu. Eru þá enn ótalin mikilvæg verkefni sem falla undir búfjárræktarlögin, eins og hreinræktun Galloway-kynsins í Hrísey sem þörf er á að framrækta í landi.

Þá er ekki síður athyglisvert að líta á fjárveitingar til Búnaðarfélags Íslands. Ég hef fengið hagsýsluna til að

reikna út fjárveitingar til félagsins, en þar kemur fram að þær hafa að raungildi farið sífellt minnkandi og er nú svo komið að einungis eitt ár á síðustu tíu árum er jafnlág fjárveiting til Búnaðarfélagsins og nú er á fjárlögum. Í þessum tveimur dæmum kemur fram mikilvæg afstaða ríkisstj. til félagsmála landbúnaðarins. Líklega er ekkert félagskerfi hér á landi eins fastmótað og félagasamtök í landbúnaði. Þar hafa bændur landsins byggt upp brjóstvörn ekki einungis til sóknar, heldur líka til varnar. Þar hafa fengist ráð til að móta, störf, áform og stefnur, fella viðfangsefni að nýjum aðstæðum og viðhorfum eftir þörfum íslenskrar þjóðar og hætti hins nýja tíma. Með því að þrengja að félagssamtökum bænda með sama hætti og gert er er í tvísýnu teflt með að þetta afl verði til staðar, og þá er sannarlega hætta í nánd. Einn árangursríkasti kostur, sem fyrir hendi er til að ná fram jafnvægi í framleiðslumálum landbúnaðarins og til að byggja upp nýjar búgreinar, ný viðfangsefni í sveitum landsins, er að beita félagsafli bændanna og skapa því svigrúm til að takast á við þau viðfangsefni. Að þrengja kosti þeirra samtaka væru hroðaleg mistök sem leiða mundu til mikils ófarnaðar.

Þegar litið er til fjárveitinga til hagræðingar — og nú sé ég að hv. formaður þingflokks Framsfl. gengur í salinn og þykir mér það ánægjuefni. — og nýrra búgreina skýrist stefna ríkisstj. enn betur. Með breytingum á jarðræktarlögum árið 1979 var ákveðið að framlag samkvæmt þeim yrði verðtryggt miðað við fjárveitingar áranna 1978 og 1979. Ég hef fengið mjög nákvæma útreikninga frá Búnaðarfélagi Íslands um hvernig þessi fyrirheit hafa staðist í reynd. Þar kemur m. a. fram: Árið 1980 var hagræðingarfé til ráðstöfunar 4 millj. 964 þús. kr. Þá vantaði 130 þús. kr. til að lögunum væri framfylgt. Sambærilegar tölur fyrir árið 1981 voru til hagræðingar 7 millj. 600 þús., en það, sem á vantaði, voru 3 millj. 476 þús. kr. Árið 1982 eru til hagræðingar aðeins 1 millj. 127 þús. kr., en það, sem á skortir, eru 12 millj. og 1 þús. krónur. Þannig vantar 15 millj. 607 þús. kr. þessi þrjú ár til að staðið sé við fyrirheitin um hagræðingu og stuðning við nýjar búgreinar í landbúnaði.

Herra forseti. Nú legg ég til að hver og einn hv. alþm. rifji upp með sjálfum sér þær tilvitnanir sem að framan eru greindar í stjórnarsáttmála, stefnuræðu forsrh., yfirlýsingum landbrh. og reyndar mörgum fleiri yfirlýsingum sem tengdar eru stefnu núv. ríkisstj., og þá spyr ég: Dettur nokkrum lifandi manni í hug að taka mark á blaðri ríkisstj. um ný fyrirheit í landbúnaði, þeirrar sömu ríkisstj. sem hefur afrekað það í þessum málum að þurrka nálega út hagræðingarfé til þessara verkefna?

Afstaða Framsfl. til þessara fjárveitinga hefur vakið mikla athygli. Hinn orðvari formaður Framsfl. hefur a. m. k. tvívegis lýst því yfir að loforðin frá 1979 um hagræðingarfé til landbúnaðarins bæri að halda og fjárveiting samkv. fjárlögum ætti að vera sú sama og þá var ákveðið. Á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðið verði að fullu við lagaákvæði um fjármagn til nýrra búgreina og hagræðingar í landbúnaði."

Fyrir aðalfundinn var enn til nokkurt fé til þessara verkefna. Með síðustu aðgerðum ríkisstj. varðandi niðurskurð fjárlaga var hagræðingarfé nálega þurrkað út. Fulltrúar á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. hafa því fengið sitt svar. Ekki má heldur gleymast að allur þingflokkur Framsfl. greiddi atkv. á móti till. minni um að fjárveiting til hagræðingar í landbúnaði væri í samræmi við ákvæði laga og loforð frá árinu 1979. En spurningin er: Hvaða tala verður á næstu fjárlögum og hvernig falla atkvæði þá? Það verður gagnlegt fyrir fulltrúa á aðalfundi miðstjórnar Framsfl. að fylgjast með því.

Í fjárlögum hefur ríkisstj. komið stefnu sinni viðar að. Árið 1979 skortir fyrst á að farið sé að lögum um fjárveitingar til Stofnlánadeildar landbúnaðarins. Nam sú vöntun þá 812 636 kr., árið 1980 vantaði 4 486 688 kr., árið 1981 vantaði 8 868 704 kr., og á þessu ári vantar 11.3 millj. Alls nemur niðurskurðurinn á fjárlögum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins þessi fjögur ár 25,7 millj. kr.

Það var ekki að ástæðulausu að búnaðarþingsfulltrúar hrykkju við þegar Gunnar Guðbjartsson fyrrv. formaður Stéttarsambands bænda skýrði svo frá, að því aðeins hefði af bænda hálfu verið fallist á þau lánakjör, sem tekin voru upp árið 1979, þ. e. fulla verðtryggingu, að ekki yrðu skertir tekjustofnar deildarinnar. Til þess að öruggt væri að rétt væri farið með orð þess heiðursmanns Gunnars frá Hjarðarfelli hef ég fengið útskrift úr bókun sem fyrir liggur, og staðfestir hún að hér er í einu og öllu rétt frá sagt.

Fyrir einu ári fór fram umræðuþáttur í sjónvarpi þar sem formaður Framsfl. var meðal þátttakenda. Þar lýsti hann því yfir, að það væri honum sérstakt ánægjuefni að sú stefna, sem hann hefði mótað meðan hann var landbrh., væri enn lögð til grundvallar málefnum landbúnaðarins. Hér sagði formaður Framsfl. rétt frá. Það var hann sem mótaði þessa stefnu. Það er stefna Framsfl. sem ræður í málefnum íslensks landbúnaðar.

Eins og áður er að vikið gerðust þau undur á síðasta degi aprílmánaðar, þeim hinum sama degi sem ríkisstj. hafði áformað sem lokadag þessa þings, að landbrh. lagði fram margboðaða till. um stefnumörkun í landbúnaði. Um efni hennar verður auðvitað fjallað þegar till. kemur til umræðu hér á Alþingi. Læt ég því að þessu sinni aðeins fá orð um till. nægja.

1. Margt í þessari till., bæði að því er varðar markmið og leiðir, er að stofni til það sama og till. okkar sjálfstæðismanna um stefnu í landbúnaði kveður á um. Sérstaklega fagna ég tveimur mikilvægum stefnumiðum, en þau komu fyrst fram í umr. um landbúnaðarmál í tillöguflutningi okkar árið 1979. Hér á ég við að tekið verði upp svæðaskipulag framleiðslunnar er lúti forsjá bændasamtaka í viðkomandi byggðarlögum og einnig að verðtryggingarheimildir verði ekki einvörðungu bundnar við útflutning á búvörum, eins og nú er, heldur verði jafnframt heimilað að nýta það fjármagn til að draga úr kostnaði við framleiðsluna innanlands eða annarra hliðstæðra þarfa.

2. Töluverðan fróðleik, m. a. um sölu og framleiðslu búvara, er að finna í skýringum með till., sem er gagnlegt að hafa á einum stað þegar um málefni landbúnaðarins er fjallað.

3. Verulega skortir á að skýringar um þróun þess umhverfis, er landbúnaðurinn býr við innan hagkerfisins, séu fullnægjandi, en ómögulegt er að vera án þeirra þegar móta á stefnu í landbúnaði til lengri eða skemmri tíma. Af þessu leiðir að ýmsar mikilvægar ábendingar og tillögur byggjast á röngum forsendum, en það veikir tillögugerðina í heild.

4. Við mat á till. út frá pólitískum og félagslegum viðhorfum er augljóst að verulega er vikið frá grundvall-

arskilningi og stefnu Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum. Hér á ég m. a. við þá tilhneigingu að auka áhrif stjórnvalda, en draga að sama skapi úr sjálfsögðum rétti bændanna sjálfra til ákvörðunar í eigin starfi.

Mikið vantar á og mörgu þarf að breyta í till. eigi Sjálfstfl. að geta léð henni stuðning, enda mála sannast að till. okkar sjálfstæðismanna um stefnu í landbúnaði er bæði víðtækari, skýrari og jákvæðari í garð landbúnaðarins. Frá þeim stefnumiðum, sem þar eru fram sett, mun Sjálfstfl. ekki víkja.

Tillöguflutningi ríkisstj. um stefnu í landbúnaðarmálum ber hins vegar að fagna. Við umfjöllun um hana skýrist hvort leiðir skilja varðandi málefni í íslenskum landbúnaði. Auðvitað er það vilji meiri hl. Alþingis sem þar ræður sem í annan tíma. En fari svo að honum verði í þessu máli beitt verður það landbúnaðarstefna vinstri aflanna á Alþingi sem samþykkt verður. Sjálfstfl. hefur bæði rétt og skyldur til að skýra stefnu sína í kosningum til Alþingis og þá gefst bændum sem og öðrum kjósendum kostur á að fella sinn dóm.

Þótt eðlilegt sé að meta stefnu ríkisstj. eins og hún hefur verið gagnvart landbúnaðinum og einnig að gá til veðurs, þegar til framtíðar er litið, eru þó sölu- og framleiðslumál landbúnaðarins og lausn þess vanda það nærtækasta í málefnum hans. Nauðsynlegt er að fá skýringar á yfirlýsingum hæstv. landbrh., sem hann hefur viðhaft á nýliðnum vetri. Í ávarpi sínu við setningu Búnaðarþings komst ráðh. að orði m. a. á þessa leið:

„Það hefur verið alveg skýrt, hver stefnan hefur verið í framleiðslumálum landbúnaðarins tvö s. l. ár, þ. e. að mjólkurframleiðslan miðist við þarfir innanlandsmarkaðar og að framleiðsla sauðfjárafurða verði með svipuðum hætti og verið hefur."

Þessa skoðun staðfestir ráðh. svo í viðtali í Ríkisútvarpinu skömmu eftir að Búnaðarþingi lauk, en þar komst ráðh. svo að orði:

„Ég hef þó talið að það séu ekki forsendur fyrir því enn þá að hverfa frá þeirri stefnu, sem við höfum haft í framleiðslumálum sauðfjárins, þannig að fara að draga verulega saman sauðfjárframleiðslu bænda eins og nú standa sakir, meðan ekki er reynt á markaðsöflun frekar en gert hefur verið."

Ég hef hér að framan rakið yfirlýsingar ríkisstj. allt frá því að hún birti íslensku þjóðinni stjórnarsáttmála og til þess boðskapar er frá henni hefur borist á þessum vetri. Ég hef enn fremur borið þessar yfirlýsingar saman við gerðir ríkisstj. þann tíma sem hún hefur farið með völd í landinu. Það er óumdeilanleg staðreynd, að orð og efndir stangast á. Það dylst ekki nokkrum einasta manni sem á því mikla láni að fagna að vera gæddur heilbrigðri hugsun. Þessi er m. a. ástæðan fyrir þeim ábyrgðarlausu yfirlýsingum sem frá ríkisstj. hafa komið um að engra breytinga þurfi við m. a. í sauðfjárræktinni.

Í grg. með till. er lögð áhersla á nokkra efnisþætti sem á vissan hátt leggja grundvöll að ákvörðun um endanlega hagkvæmni í sauðfjárrækt. Hér er m. a. átt við framleiðslukostnað, skipulag framleiðslunnar og markaðsmál. Það starf, sem hér er lagt til að unnið verði, miðar að því að leggja grundvöll að þeim ákvörðunum sem taka verður í haust, ef spá framleiðsluráðs um framleiðslu og sölu kindakjöts rætist. Í þessu sambandi er fróðlegt að íhuga hina ýmsu kostnaðarþætti við framleiðslu kindakjöts samkvæmt verðlagi þess 1. mars s. l. Þar kemur í ljós að hlutur bænda er einungis 33% af útsöluverði kindakjöts, annar framleiðslukostnaður nemur 39.7%, slátur- og heildsölukostnaður 17.9%, smásölukostnaður 7.6% og sjóðagjöld 1.8%. Þessar tölur sýna svo ekki verður um villst, að það er að ýmsu fleira að hyggja en bara launum bóndans. Ég endurtek, herra forseti: Það er að ýmsum fleiri kostnaðarþáttum að hyggja en einungis launum bóndans þegar þessi mál eru metin og um þau fjallað.

Hér verða engir dómar um það felldir, hvort sá kostnaður, sem fellur á framleiðsluvörur sauðfjárafurða frá síðasta handtaki bændanna þar til varan er komin á disk þess sem neytir, sé of mikill. En hitt segi ég hiklaust að ef og þegar þarf að skerða skilaverð er mjög langt frá því að það sé sjálfsagt að slíkt komi einungis niður á framleiðendum vörunnar og allir aðrir fái sinn hlut að fullu bættan. Á þetta legg ég áherslu og þá m. a. í trausti þess, að sláturleyfishöfum og raunar verslunar- og viðskiptaaðilum verði gerð grein fyrir því í tæka tíð, að þeim kostnaðarþáttum, sem falla á vöruna í vinnslu, dreifingu og sölu, verði haldið innan ákveðinna marka. Fyrirmæli hér að lútandi verða að liggja fyrir í tæka tíð svo að þessir aðilar geti aðlagað rekstur sinnn slíkum aðstæðum.

Hér að framan hefur verið fjallað um vanda þessa árs. Ég á alveg eins von á að þær mótbárur heyrist hér á eftir, að ýmsu því, sem þar er tilgreint, sé hægt að ráða til lykta án þess að um það fjalli nefnd skipuð af þingflokkunum. Hitt er aftur á móti augljóst, að ef þau viðhorf, sem nú blasa við í útflutningsmálum búvara, breytast ekki verulega til betri vegar verður ekki hjá því komist að taka á hausti komanda ákvarðanir sem snerta framleiðslu sauðfjárafurða á árinu 1983, þ. e. ef menn ætla ekki að láta þessi mál öll reka á reiðanum. Slíkar ákvarðanir snerta ekki nema að nokkru stjórnartímabil núv. ríkisstj., þar sem því lýkur í síðasta lagi á næsta ári. Þess vegna m. a. er auðvelt að finna ráð til að spyrna boltanum út af eða bjarga í horn, framlengja vandann, fresta ákvörðun. Það er líka augljóst, að í lok kjörtímabils, lok stjórnarsetu, eru miklir annmarkar á fyrir hvaða ríkisstj. sem er að gera markvissar ráðstafanir í málum sem þessum, m. a. vegna þess að auðvitað hljóta þær ætíð að orka tvímælis og eru þess vegna oft og tíðum haldgott tækifæri til að ná höggi á andstæðing í kapphlaupi um atkvæði þegar kosningar eru í nánd. Þessi er í raun meginorsök fyrir flutningi till. á þskj. 629. Menn kunna e. t. v. að segja að till. sé of seint fram komin til að unnt verði að afgreiða hana á þessu þingi. Auðvitað væri ákjósanlegt ef till. gæti hlotið eðlilega umfjöllun og afgreiðslu. En nefndaskipun eins og till. gerir ráð fyrir er hægt að koma á þótt formlegt samþykki Alþingis sé ekki fyrir hendi. Í því sambandi er vert að benda á samkomulag þingflokkanna frá því fyrir ári um skipun nefndar sem fjallaði um landgræðsluáætlun þá sem nýlega var afgreidd.

Herra forseti. Með flutningi till. á þskj. 629 um skipun nefndar vegna erfiðleika í sölu búvara hefur Sjálfstfl. lýst skyldum sínum og vilja gagnvart bændunum í þessu landi. Sjálfstfl. er reiðubúinn að starfa að úrlausn þeirra mála á þeim grundvelli sem þar er lagt til. Verði því hafnað er ábyrgðin á höndum ríkisstj. Af hennar till. og fyrirætlunum er Sjálfstfl. hvergi bundinn.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til hv. atvmn.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Hv. 11. landsk. þm. hefur mælt fyrir till. til þál. um skipun nefndar vegna söluerfiðleika búvara. Í ræðu sinni fór hv. frsm. nokkuð vítt yfir landbúnaðarmálin, en fjallaði að litlu leyti um það efni sem till. greinir. Ekki varð heldur vart í máli hans að fram kæmu neinar tillögur um viðbrögð við þeim vanda, sem við er að etja í þessum málum, utan það að skipa til þess nefnd að fjalla um þetta viðfangsefni. Er þó þessi vandi ærinn og ætla hefði mátt að hv. þm. hefði myndað sér einhverjar skoðanir um á hvern hátt væri vænlegast að mæta þessum vanda.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla um ræðu hv. flm. þessarar till. í löngu máli. Ég vil þó í örfáum orðum drepa á nokkur þeirra atriða sem hann kom inn á í ræðu sinni, án þess að ég sjái ástæðu til þess á þessum kvöldfundi og svo síðla þings að hefja almenna umræðu um landbúnaðarmál.

Hv. þm. gerði mikið úr því, að dregist hefði að leggja fram till. til þál. um stefnumörkun af hálfu ríkisstj. Þetta er út af fyrir sig rétt. Þetta hefur dregist sumpart vegna þess að þeir, sem að ríkisstj. standa, hafa ekki nákvæmlega sömu skoðun á öllum þeim málum sem taka þarf á í till. af þessu tagi, en einnig vegna þess að viðhorf og möguleikar íslensks landbúnaðar hafa verið að breytast. Þess vegna hefur þurft að bregðast við nýjum viðhorfum í gerð slíkrar till., og á það sinn þátt í að hún er seint fram komin. Þessi till. liggur þó fyrir og verður væntanlega ekki tekin til afgreiðslu á þessu þingi, en hún liggur þó fyrir öllum hv. alþm.

Hv. þm. sagði um þessa þáltill. að um margt væri hún í samræmi við stefnu Sjálfstfl. í þessum málum, en Sjálfstfl. hefur flutt till. til þál. um stefnu í landbúnaði nokkrum sinnum. Þetta er kannske ekki neitt einkennilegt vegna þess að ég var 1. flm. að þeirri till., sem Sjálfstfl. flutti á sínum tíma, og eru kjarnaatriðin öll sótt þangað í þeirri till. sem hv. 11. landsk. þm. hefur verið 1. flm. að nú að ég hygg tvívegis eða kannske þrívegis. Þess vegna þarf þetta ekki að koma mjög á óvart. Hvort till. sjálfstæðismanna, eins og hún liggur nú fyrir, sé skýrari og víðtækari skulum við ekki dæma um í kvöld og ekki fara að ræða það sérstaklega, en ég lít þó svo á að a. m. k. sumt, sem varðar útfærslu þeirrar till., standist tæpast eins og aðstæður eru og leggja þurfi meiri áherslu á annað en þar er sums staðar gert að höfuðatriðum. Þó eru grundvallaratriðin þar hin sömu um margt og í þessari till., og þau grundvallaratriði hygg ég að flestir, sem vilja veg íslensks landbúnaðar, geti sameinast um og þurfi ekki að vera ágreiningur um það milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga.

Hv. þm. fór hér með tölur varðandi búfjárræktarlög, hagræðingarfé og Stofnlánadeild landbúnaðarins. Ég tel að hv. þm. hefði vel mátt minnast þess, að það hefur verið mikill hali óuppgerður á grundvelli búfjárræktarlaga á undanförnum árum, en þessi hali var að heita mátti gerður upp fyrir síðustu áramót. Varðandi hagræðingarfé hygg ég að sé best að láta sjá þegar lengra líður á árið hvað miklu fé verður varið í þessu skyni. Skal ég geyma mér að svara því frekar þangað til þeir tímar koma. Varðandi Stofnlánadeildina er öllum ljóst að frá 1979 hafa verið skert framlög ríkisins til fjárfestingarsjóða í landinu og gildir það um Stofnlánadeild landbúnaðarins eins og aðra fjárfestingarlánasjóði. Það er þess vegna ekki uppi nein sérstefna varðandi Stofnlánadeild landbúnaðarins hvað þetta snertir, heldur er þetta algild regla við afgreiðslu fjárlaga varðandi stofnlánasjóðina, eins og kunnugt er. — Þessi atriði vildi ég taka fram og þarf raunar ekki fleira að taka fram um meginhluta af þeirri ræðu sem hv. þm. flutti hér.

Hann sagði að vísu að alvarlegir söluerfiðleikar væru á landbúnaðarafurðum. Það hefði átt að vera meginmál í hans máli, miðað við þá till. sem hann var að mæla fyrir. Það er rétt, að samkvæmt áætlun framleiðsluráðs er gert ráð fyrir að 81 millj. kr. skorti til þess að fullt verði náist fyrir framleiðslu þessa verðlagsárs. Þetta er fyrsta áætlun, og stundum hefur borið við að þær áætlanir hafa ekki reynst nákvæmar. Ég skal ekkert um það segja á þessu stigi. Þetta er mikil upphæð, en það hefur stundum borið við að sú fjárhæð hefur orðið lægri en fyrstu spár hafa sagt til um.

Ég ætla ekki að greina neitt frá því á þessu stigi, á hvern hátt þessum vanda verði mætt. Hitt liggur fyrir, að varðandi síðasta verðlagsár var útvegað lánsfé sem nemur 20 millj. kr. til að greiða verulegan hluta af því sem þá vantaði eftir að útflutningsbótafé var fullnýtt. Þá komu einnig til verulegar fjárhæðir úr kjarnfóðursjóði, sem drógu úr þeim vanda sem við var að fást, þannig að aðeins skorti liðlega 10 millj. kr. til þess að gera upp þannig að fullt verð gæti náðst. Hver niðurstaðan verður varðandi þetta verðlagsár ætla ég ekki að spá um. En ég vek athygli á því, að það hafa ekki verið lagðar fram tillögur til að mæta þessum vanda fyrr en sést í raun, þegar lengra líður á verðlagsárið, hver niðurstaðan muni verða, og það hygg ég að ekki sé að fullu ljóst enn þá. Það er ekki enn þá að fullu ljóst hvað útflutningsuppbætur verða háar, hvað útflutningsbótarétturinn verður mikill, og það er ekki enn að fullu ljóst hvað það verður mikið sem skortir á að það verð náist sem gert er ráð fyrir. Hér er aðeins um áætlun að ræða og sú áætlun er vissulega alvarleg.

Hv. þm. taldi að ýmislegt í störfum núv. ríkisstj. hefði farið í öfuga átt varðandi þau viðhorf sem við væri að etja í þessum efnum. Hann taldi að þeirri stöðu í markaðsmálum, sem við búum við, hefði verið mætt m. a. með því að fjárfesting hefði dregist saman, það hefði verið dregið úr búfjárframleiðslu. Hann taldi að það væri heigð til þess, að afskipti ofan frá yrðu meiri og bændur væru ekki eins sjálfráðir og áður. Mjög æskilegt hefði verið að hv. þm. hefði bent á eitthvað annað sem hefði átt að koma í staðinn til þess að ráðast gegn þeim vanda sem vissulega er við að etja. Vill hv. þm. að fjárfesting í landbúnaði sé aukin, að það sé reynt að auka fjárfestingu í landbúnaði til að mæta of mikilli framleiðslu eða meiri framleiðslu en við höfum góðan markað fyrir? Vill hv. þm. að losað sé um þau tök sem gert er ráð fyrir að unnt sé að hafa á framleiðsluþróun miðað við framleiðsluráðslög og beitt hefur verið ýmist að frumkvæði og gersamlega undir stjórn bændasamtakanna sjálfra eða að frumkvæði stjórnvalda með sérstakri löggjöf sem síðan hefur verið framkvæmd af bændasamtökunum? Vill hann hverfa frá þessu eða hvað er það sem hann á við? Ég verð að játa það, að enda þótt hv. þm. eigi sjálfsagt því stóra láni að fagna, svo notuð séu hans eigin orð, að eiga heilbrigða hugsun, þá skildi ég ekki hvað hann var að fara.

Ég skal ekki draga úr því, að við mikinn vanda er að eiga. Við höfum tekið á þessum vanda á undanförnum árum þannig að við höfum dregið saman mjólkurframleiðsluna þannig að hún er sem næst við hæfi innlenda markaðarins. Að vísu er nú aukning í mjólkurfram-

leiðslu miðað við það sem var á síðasta ári, en ekki er enn vitað hvort þar er um árstíðabundna sveiflu að ræða eða varanlega framleiðsluþróun. Ég tel að það hafi ekki verið um annað að ræða en að ná þessu marki — og það tókst. Við náðum því marki að mjólkurframleiðslan er sem næst við hæfi innlenda markaðarins. Ég tel að það séu ekki markaðsleg skilyrði til þess, því miður, að við getum aukið mjólkurframleiðsluna fram yfir þetta mark. Þá gerist annað tveggja að við verðum að hlíta því, að verulega vanti á verðið eða grípa verður til annarra ráða eða frekari ráða en beitt hefur verið til þessa til að hafa hemil á framleiðslumagni. Því miður eru markaðsaðstæðurnar þannig varðandi mjólkurframleiðsluna.

Ég hef haldið því fram, að við þyrftum að halda sauðfjárframleiðslunni sem næst í svipuðu horfi og hún hefur verið. Sauðfjárframleiðslan hefur þó dregist verulega saman. Sauðfjáreign í landinu hefur dregist saman um *nálega 100 þús. fjár og er það sem svarar um 1500* tonnum af kindakjötsframleiðslu. Ég tel að við getum þolað að kindakjötsframleiðsla dragist eitthvað meira saman, en ég hef ekki enn gert það að stefnuatriði. Vel má vera að ekki verði undan því vikist, ef okkur tekst ekki að finna markaði. Það stendur yfir vinna í því efni og vonandi tekst okkur að finna markaði sem verða nýtanlegir til þess að selja það framleiðslumagn sem nú er eða sem næst því.

Vegna þess að hv. þm. fór raunar ekkert inn á þessi efni málsins er engin ástæða fyrir mig að vera að flytja hér um það mikla ræðu. En ég tel að hér sé um stórkostlegt mál íslensks landbúnaðar að ræða, hvort okkur tekst að halda mörkuðum eða finna nýja markaði þannig að framleiðslumagn landbúnaðarins geti sem mest staðist miðað við það magn sem verið hefur síðustu tvö árin. Ef þetta tekst ekki verðum við að taka því.

Það er svo annað mál, að við höfum einnig mætt þessu *ástandi með eflingu annarra búgreina. Í till. til þál. um* stefnumörkun í landbúnaði eru þeim málum gerð allítarleg skil, á hvern hátt þurfi að stefna að því marki. Ég tel að sérstaklega loðdýraræktin, refarækt*in*, virðist lofa góðu. Það þarf að bæta stöðu hennar og er gerð grein fyrir því í stefnumörkun ríkisstj. á hvern hátt það skuli gert. Við skulum minnast þess, að fyrstu refabúin eftir langt hlé voru stofnuð haustið 1979, örfá til tilrauna, en á þessu ári verða veitt leyfi fyrir 50—60 nýjum refabúum og á þessu ári verður væntanlega varið fjármagni, sem nemur um 14 millj. kr., til að efla þessa grein. Á sama hátt hefur á undanförnum árum, sérstaklega síðustu tveimur árum, verið varið verulegu fjármagni til að efla fiskrækt og fiskeldi. Enn fremur þurfum við að huga að öðrum þeim greinum sem náttúra landsins sjálfs og þau skilyrði, sem landið býr yfir, geta lagt til til að standa undir lífskjörum fólksins um dreifðar byggðir landsins. Þar með er alhliða nýting hlunninda og að halda á þeim málum þannig að unnt sé að fá af þeim meiri afrakstur. Þar eru greinar sem vissulega þarf að líta vel eftir og nýta til tekjuöflunar.

Ég tel að í þessum málum sé margt að gerast og mikil vinna sé í gangi. Við höfum sérstaka nefnd, markaðsnefnd, til að sinna þeim mikla vanda sem við er að fást í marksaðsmálunum. Ég er ekki að segja að markaðsnefnd, eins og hún er skipuð, leysi allt. Það er ekki mögulegt. Hún vinnur þó gott starf. Ég tel að það þurfi að athuga gaumgæfilega fleiri þætti til markaðsöflunar en hún getur af hendi leyst. Að því er stefnt. Hvort árangurinn verður nægilega góður verður reynslan að leiða í ljós, en við megum ekki láta undir höfuð leggjast að sinna þeim málum á þann hátt að gengið sé úr skugga um, eftir því sem mögulegt er, hverjir möguleikar okkar eru á þessum sviðum.

Varðandi það meginefni þessarar till., að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til að fjalla um þau, hefur Alþingi sjálfsagt stundum kosið nefnd af minna tilefni. Eigi að síður tel ég ekki að það mundi leysa sérstakan vanda, og miðað við þá ræðu, sem hv. 1. flm. þessarar till. flutti hér, þar sem ekki varð vart neinna hugmynda, ekki einnar einustu hugmyndar um á hvern hátt skyldi á vandanum tekið, fæ ég ekki séð að það séu neinar bendingar í þá átt, að kosning slíkrar nefndar mundi skila árangri umfram þá vinnu sem nú er í gangi varðandi þessi mál.

Helgi Seljan: Herra forseti. Ég skal hafa þetta eins stutt og mögulegt er. Ég ætla síst af öllu að fara að þreyta kappræður við hv. 11. landsk. þm. um landbúnaðarmálin í heild, svo mjög sem hann talaði nú um hæstv. ríkisstj. og hefur áreiðanlega ekki undanskilið okkur Alþb.-menn í því. A. m. k. skildist mér það á ávarpi hans til hæstv. fjmrh. þó að hann ásakaði okkur ekki mjög mikið, enda oft lýst yfir að það væri líklega einna skást að stjórna landbúnaðarmálum með okkur. Ég mun ekki heldur ræða um allsherjarstefnumörkun í landbúnaði. Ég hygg að það eigi varla við þegar um till. af því tagi er að ræða sem lýtur að jafneinangruðu verkefni og raun ber vitni. Till. hv. 11. landsk. þm. snertir kannske fyrst og fremst ýmis áföll og kannske sérstaklega óvænt áfall í markaðsmálum og viðbrögð við þeim. Það er mál í hnotskurn, eins og hann kom réttilega inn á í lok sinnar ræðu. Málið í heild megum við hv. 11. landsk. þm. vonandi bera gæfu til að að eiga gagnleg orðaskipti um á næsta þingi í framhaldi af till. hæstv. landbrh. um stefnumörkun sem ég á nokkra aðild að. Ég vil aðeins stikla hér á nokkrum atriðum sem komu í hugann, er ég sá till. sjálfa, varðandi landbúnaðarmálin almennt, og fer þó fljótt yfir sögu. Ég þykist vita að að baki þessari till. liggi góður vilji hv. flm. til lausnar þessara mála einmitt í góðri samvinnu við okkur stjórnarliða og samtök bændanna sjálfra, eins og till. reyndar ber með sér.

Það er rétt, eins og hér hefur komið fram, að það er ærinn vandi bændastéttarinnar nú á vordögum og ekki hefur dregið úr honum nú síðustu dagana með þeim óvæntu áföllum í veðurfari sem hafa yfir dunið. Það er hins vegar jafnrétt, að sá vandi verður ekki leystur hér og nú, þ. e. sá vandi sem í heild varðar þessa stétt. Til þess er hann of fjölþættur og margslunginn. Það má vekja athygli á því alvarlegasta í þessu efni, sem eru söluerfiðleikar búvara í dag. Ég vil vekja athygli á því, svo sem hér hefur verið gert. Þó að meginmál hv. frsm. hafi vitanlega farið í að flytja nokkra eldhúsdagsræðu um landbúnaðarmálin í heild, sem enginn láir honum í þeirri stöðu sem hann er nú. En ég hygg líka að lítil lausn fáist ef ekki leggjast allir á eitt, bændurnir sjálfir og samtök þeirra og þá samfélagið í heild eftir því sem unnt er.

Alvarlegasta áfallið, sem snertir markaðsmálin, t. d. hrun Noregsmarkaðsins nú, sem er auðvitað það allra alvarlegasta í öllu þessu, verður auðvitað engum stjórnvöldum um kennt. Markaðsmálin hafa löngum verið erfið, flöskuháls framleiðslunnar. Nú keyrir þó um þverbak, svo sem hér hefur verið rakið. Það að taka hér upp nokkra framleiðslustjórnun í samvinnu við bændur

og undir forustu og að frumkvæði þeirra hefur þó, eins og hæstv. landbrh. kom inn á, skilað okkur nokkuð á veg varðandi mjólkurafurðirnar. Þó eru þar blikur einnig því fullljóst er öllum að það er ekki um stórvægileg frávik að ræða frá innanlandsmarkaði í framleiðslu mjólkurafurða. Það verða þó að vera frávik, eins og menn hafa sagt, vegna ýmissa aðstæðna, óvæntra áfalla í okkar landbúnaði.

Það er rétt að framleiðslustjórnun, hvernig sem menn vilja skilja það orð, verður að taka mið af mörgu: þjóðhagslegum sjónarmiðum, búsetu og byggð og þó framar öðru framtíðarhag íslenskra bænda, og þar eiga þau sjónarmið að fara saman við þau fyrst töldu, þ. e. þjóðfélagsmarkmiðin í víðara samhengi. Þróun og árangur hlýtur að ráðast af ýmsum ytri aðstæðum og því þó aðallega hvernig til tekst.

Stjórntækin í framleiðslustjórnuninni felast í ýmsu. Ég get nefnt hér nokkur dæmi, t. d. varðandi stefnuna í stofnlánum og þá varðandi fjárfestinguna í heild. Ég viðurkenni að það stjórntæki er seinvirkt, en ef því er beint markvisst og í réttar áttir skilar það sér þegar til lengdar lætur. Það getur komið fram í ákveðinni framleiðslustefnu með takmörkunum, hvort sem menn kalla það kvótaleið eða ekki eða fara einhverja aðra leið. Menn geta líka gripið til ákveðinnar tímabundinnar skattlagningar á fóður, svo sem gert var vorið 1980. En þó eru stjórntækin kannske fyrst og fremst fólgin í einhverju sem er afleiðing af langtímaáætlun sem grundvölluð er á raunverulegri stöðu landbúnaðarins í heild, búrekstrarstöðu jarða almennt, skiptingu í framleiðslugreinar, m. a. hugsanlegri svæðaskiptingu að nokkru, möguleikum til landnýtingar innan skynsamlegra marka og vitanlega þeirri mikilvægu þörf sem þjóðfélagið kallar á varðandi afurðir þessar sem eru hinar dýrmætustu ekki aðeins til neyslu, heldur og til fullvinnslu til útflutnings, svo sem hinn raunverulegi iðnaður, sem ég veit að við hv. flm. erum báðir sammála um að er hinn raunverulegi iðnaður okkar, ber gleggst vitni um.

Hér er vandratað meðalhóf. Framleiðslustjórnun og takmarkanir með vissum tekjumissi fyrir bændur, sem undanfarið hefur verið beitt, getur menn greint á um hverju hafi skilað. Það er hins vegar ljóst, að sú framleiðslustjórnun hefur ekki nægt til jafnvægis eða þess öryggis sem vera þyrfti bæði varðandi markaðsmál og varðandi tekjur bændastéttarinnar. Þarf vissulega að endurskoða þetta kerfi og koma því í það horf sem heilladrýgst kann að verða, og um það þarf að takast sem víðtækust samstaða, ekki síst við bændasamtökin sjálf. En varðandi landbúnaðinn skyldu menn auðvitað hafa það vel í huga, að valt er gengi atvinnuvega okkar í heild og miklar sveiflur, jafnvel í þeim bjargræðisvegi sáluhjálparinnar sem er kölluð stóriðja, þannig að víða eru sveiflurnar og víða ber að varast þau óvæntu áföll sem yfir geta dunið.

En hvort sem við köllum þetta, sem við höfum verið að gera — eða bændurnir í landinu raunverulega undir þeirra stjórn hafa verið að framkvæma núna, framleiðslustjórn, hvort sem við köllum það það eða tilraun til hennar, þá held ég að öllum sé ljóst að án þessarar framleiðslustjórnar eða tilraunar til hennar hefði mjög horft til verri vegar. Þá hefði vandi okkar í þessum efnum verið miklu stærri, miklu alvarlegri og alveg sér í lagi varðandi okkar mjólkurafurðir, eins og kom gleggst fram í máli hæstv. landbrh. áðan. Þegar við réttilega horfumst í augu við þann vanda sem er í dag skyldi þetta ekki hverfa út úr myndinni.

Markaðsáfall nú til viðbótar við allt annað er auðvitað það alvarlegasta og var að miklu ófyrirséð, og því áfalli þarf vitanlega að mæta með einhverjum hætti. Ég veit að bæði bændasamtök og hæstv. ráðh. og aðrir þeir, sem um þessi mál fjalla, munu reyna að eftir megni að bæta þar úr sem allra best.

Ég vil taka það fram, að ég hef alltaf haft vinnssar efasemdir varðandi hinar nýju búgreinar, aukabúgreinar eða hliðarbúgreinar, hvort sem menn kalla þetta eitthvað sem menn ættu að hafa til hliðar við hinar hefðbundnu búgreinar eða alger skipti á hefðbundnum búgreinum og hinum nýju búgreinum. Ég hef ekki verið með efasemdir gagnvart þessari leið í sjálfu sér, heldur gagnvart því, þegar menn hafa verið að tala um þetta sem einhverja skjótvirka lausn á vandamálum landbúnaðarins. Mér hefur oft fundist menn segja: Menn verða bara að fara út í aðrar greinar og þá er þetta komið. Þá eru þeir búnir að leysa vandann. — Málið er auðvitað miklu stærra en svo. Þessi leið er seinfarin. Það þekkja þeir örugglega best sem hafa gegnt ráðuneytisstörfum, að þessi leið er ákaflega seinfarin. En það er sjálfsagt að fara hana vegna þess að hún getur skilað verulegum árangri þegar frá líður. Hún skilar okkur hins vegar ekki mikið á veg í vandamálum líðandi stundar og hvað þá þegar óvænt áföll dynja yfir.

Við þessum áföllum þarf nú að bregðast sérstaklega, og ég held að bændur og bændasamtökin sjálf verði að vera í fararbroddi, svo sem löngum áður þegar við svona erfiðleika hefur verið að glíma, og aðstoð ríkisvaldsins verði þar til að koma. Vitanlega hlýt ég sem stjórnarsinni að fagna öllum stuðningi stjórnarandstöðunnar við að veita okkur fulltingi til að leysa þennan vanda og dreg ekkert úr því.

Ég vil ekki tefja þessa umr. nú svo síðla kvölds, en ég vil aðeins leggja áherslu á að þessum nýju aðstæðum, þessum nýju erfiðleikum, viðbótarerfiðleikum við annað, verða menn að mæta með fullri einurð á þann hátt að bændastéttin sem slík bíði ekki af efnahagslegan hnekki umfram það sem þegar er orðið, þ. e. þann efnahagslega hnekki sem hún ef til vill fengi ekki undir risið. Á þessu stigi held ég að sé aðeins rétt að heita þar sínu liðsinni. En ég vil taka það skýrt fram, að það byggist á þeirri óbilandi trú minni, að blómlegur landbúnaður, sem er byggður á hagkvæmni og fjölbreytni um leið, verður áfram ein styrkasta stoð okkar í þjóðarbúskapnum.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og þessar umr. bera með sér er næsta fátt um svör þegar hæstv. landbrh. eða helsti hjálparkokkur hans, hv. 2. þm. Austurl., eru spurðir um ýmis helstu atriði landbúnaðarins og hvernig á því standi að svo illa skuli að honum búið sem raun ber vitni. Auðvitað fer það ekki fram hjá mönnum, að víða í sveitum horfir nú til landauðnar og svo er komið í þessari atvinnugrein að það er næsta borin von að ungur bóndi geti af eigin rammleik hafið búskap, sem þó var fært duglegum manni fyrir ekki mörgum árum. Þetta er auðvitað gjörbylting og raunar afleiðing af þeirri peningastefnu sem upp hefur verið tekin hér á landi.

Hæstv. landbrh. spurði eins og ekki væri hægt að svara þeirri spurningu, hvort við sjálfstæðismenn vildum auka fjárfestingu í landbúnaði. Auðvitað viljum við auka rétta

fjárfestingu í landbúnaði sem auðveldar bændum að komast yfir þá erfiðleika sem þeir eru nú í, m. a. með því að efla nýgreinar í landbúnaði. En þar verður auðvitað líka að fara með gát því að ekki dugir að ota of mörgum mönnum út í það, kannske mönnum sem illa hefur gengið að rekabú sín með hefðbundnum hætti og eru af þeim sökum enn verr færir um að ráðast í nýjar búgreinar sem kannske krefjast meiri aðgæslu, aðhlynningar og aðgátar, kannske líka vegna þess að þar er um framandi verk að ræða, Ég held því að þau spor, sem stiga verður nú, verði að vera mjög yfirveguð og menn verði að gæta sín að misstíga sig ekki og vinna ekki tjón með því að stíga fyrstu skrefin í nýgreinunum með fyrirhyggjuleysi. Annars skal ég ekki gera þessi mál svo mjög að umræðuefni, heldur víkja að öðrum þætti í stefnumörkun í landbúnaði, eins og hæstv. landbrh. hefur lagt hér fram.

Með leyfi hæstv. forseta segir hann orðrétt: „Áhersla verði lögð á að bæta og auka það hráefni, sem landbúnaðurinn getur lagt innlendum iðnaði til á hagkvæman hátt, og iðnaðurinn hafi forgang að því, svo sem verið hefur, en greiði fyrir það sanngjarnt verð. Sérstaklega verði hlúð að ullar- og skinnaiðnaði og leitað annarra möguleika á framleiðslu sérílenskrar vöru, er styrki framleiðslugrundvöll landbúnaðarins. Kappkostað verði að leita nýjunga í framleiðslu til útflutnings, er komi í stað óhagkvæmrar útflutningsframleiðslu."

Nú hefði náttúrlega verið skemmtilegt ef hæstv. landbrh. hefði látið fylgja í hinni ítarlegu grg. hvernig búið hefur verið að þessum iðnaði, sem hér er talað um, síðan hann settist í ríkisstj., síðan þessi ríkisstj. var mynduð sem svo mjög leggur upp úr því að hlúa að þessum greinum. Ég veit að hæstv. landbrh. er kunnugur því eins og ég að prjóna- og saumastofur víðs vegar í sveitum landsins hafa stöðvað framleiðslu sína vegna þess að afurðirnar seljast ekki á kostnaðarverði. Það er hægt að benda á þá miklu erfiðleika sem t. d. Álafoss á við að stríða núna og ýmis önnur fyrirtæki. Að vísu hefur það verið svo um verksmiðjurnar á Akureyri að þar hefur ekki komið til beinna uppsagna, en ég held að ástandið sé allt öðruvísi og miklu verra hér í Reykjavík.

Ég vil aðeins minna á að fyrir fjórum árum eða svo, kannske er styttra síðan, en fyrir 4—5 árum vorum við að vinna mikilvæga markaði í okkar helstu nágranna- og viðskiptalöndum. Við vorum komnir inn á góðan markað í Frakklandi, ef ég man rétt, einnig á Niðurlöndum, og okkar vörur seldust þar við hærra verði en samsvarandi vörur frá Írlandi eða Norðurlöndum. Skýringin var sú, að gæran íslenska hefur ýmsa þá eiginleika sem gera hana eftirsóknarverða í fatnað. En hvernig stendur á því, að við týndum þessum mörkuðum sem við eyddum miklu fé til að vinna og hefur kostað mikla fyrirhöfn? Skýringin er sú, að útflutningsiðnaðinum hafa ekki verið sköpuð eðlileg og heilbrigð rekstrarskilyrði. Afleiðingin er svo sú, að æ meira af ullar- og skinnavörum er flutt ósunnið úr landi. Skýringin á þessu er auðvitað sú, að gjaldeyrispólitíkin hefur verið röng, það hefur verið fylgt rangri stefnu í gjaldeyrismálum sem hefur grafið undan ekki aðeins þeim úrvinnslugreinum landbúnaðarins, sem ég hef hér nefnt, ullar- og skinnaiðnaði, heldur hefur líka þrengt stöðu okkar í kjöt- og mjólkurframleiðslunni. Þessi ranga gjaldeyrispólitík veldur því, að kjöt- og mjólkurvörur seljast við miklu lægra verði en ella mundi í íslenskum krónum vegna þess að innlendi kostnaðurinn hefur hlaðist upp hjá bóndanum og hjá iðnfyrirtækjunum, en hins vegar hefur hækkunin t. d. á norsku krónunni og franska frankanum hvergi nærri fylgt þessum kostnaðarhækkunum.

Það væri fróðlegt fyrir hæstv. landbrh. að meta síðasta ár með hliðsjón af þessu og taka síðan inn í myndina hver væri staða landbúnaðarins gagnvart útflutningi í dag ef mið hefði verið tekið t. d. af frystingunni og okkar gjaldmiðill verið miðaður við að frystingin gæti nokkurn veginn staðið undir sér, sem ekki er óeðlileg viðmiðun, eins og oft kemur upp í viðræðum manna á milli, og hefur auðvitað þann kost líka að safnað hefði verið í varasjóði í saltfisk- og skreiðarverkuninni. Mér sýnist raunar varðandi skreiðarverkunina að ekki hefði veitt af að eiga nú eitthvað í verðjöfnunarsjóðnum þar til að grípa til. Það er líka margt sem bendir til að þetta ár ætli ekki að verða okkur jafngjöfult og þau síðustu í sjávarútvegi, fiskafli verði minni, og af þeim sökum hefði komið sér vel að við hefðum lagt eitthvað til hliðar.

Ég veit raunar að hæstv. landbrh. meinar það, þegar hann segir að hann vilji hlúa að ullar- og skinnaiðnaðinum. Hann hefur einmitt lagt áherslu á þetta í sambandi við stefnumótun í landbúnaðarmálum svo árum skiptir, og þess vegna veit ég að þetta er honum hjartans mál. En hann á hins vegar við þann ramma reit að draga sem er núv. ríkisstj. og sú afturhaldssama og þrönga stefna sem hún hefur haft í atvinnumálum.

Ég skal ekki endurtaka hér þær staðreyndir sem ég dró fram hér í eldhúsdagsumræðum fyrir skömmu, en þar drap ég einmitt sérstaklega á afkomu ullar- og skinnaiðnaðarins og þau ummæli sem í skýrslu Þjóðhagsstofnunar eru höfð um þau kröppu kjör sem þessi iðnaður á nú við að stríða. Ég veit að a. m. k. þm. Norðlendinga muna vel eftir þeim fundi sem haldinn var í verksmiðjum SÍS á Akureyri á s. l. hausti, þar sem var neyðaróp ekki aðeins verkafólksins, heldur líka stjórnenda þesara verksmiðja. Það er að vísu rétt, að gengið var fellt duglega nú í janúar og það hefur sigið síðan. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um hvernig staðan hjá þessum iðanði væri núna, en þriggja mánaða yfirlitið yfir fyrstu þrjá mánuði þessa árs var ekki komið þannig að ég fékk ekki um það að vita. Þeir töldu auðvitað að rekstrargrundvöllurinn hefði eitthvað batnað, stæði kannske nokkurn veginn undir sér á núllpunkti, eins og kallað er, miðað við líðandi stund. En þá var ekki tekið tillit til þess, að standa þyrfti undir kreppulánunum sem tekin hafa verið á undanförnum tveim til þrem árum. Sá grundvöllur, sem kann að hafa verið í febrúar um stuttan tíma fyrir þessum iðnaði, var aðeins rekstrarlegs eðlis, hann bætti ekki efnahag fyrirtækjanna, hann er jafnbágur og hann hefur verið. Þetta er auðvitað alvarlegt mál.

Nú spyrja bæði hv. 2. þm. Austurl. og hæstv. landbrh. hvað við viljum gera til að rétta við hag landbúnaðar. Við viljum náttúrlega byrja á að koma ekki aðeins landbúnaði, heldur öllum öðrum atvinnurekstri hér á viðunandi grundvöll, og ekki aðeins atvinnurekstrinum, heldur líka mikilsverðum þjónustustofnunum, eins og raforkuverum og hitaveitum, þessum helstu fyrirtækjum sem halda hér uppi atvinnu og gera okkur mögulegt að lifa hér menningarlífi. Ef svo heldur fram sem horfir, ef áfram verður étið innan úr þessum fyrirtækjum, ef áfram verður étið innan úr landbúnaðinum, ef áfram verður étið innan úr sjávarútveginum, ef áfram verður étið innan úr hinum almenna iðnaði, þá verður þess líka skammt að bíða, að kjörin verði verri, ekki aðeins hjá

bændum, heldur líka hjá öllum almenningi. Þetta er sá mikli kjarni þessa máls sem við verðum að íhuga. Landbúnaðurinn er ekki eitthvað sem hægt er að setja út í skúr í einhverja sérstaka skúffu og loka hann af fyrir umhverfinu.

Þegar í málefnasamningi þessarar ríkisstj. var um það talað að hæstv. ríkisstj. mundi gera mikið átak í því að vinna markaði fyrir landbúnaðarvörur hefði maður náttúrlega getað búist við að í því fælist a. m. k. að tryggja landbúnaðinum nokkurn veginn sömu tekjur og kostnaðarhækkunum nam, skráning gengisins yrði með þeim hætti. En það er nú ekki því að heilsa. Þessi gengisstefna verður líka fjötur um fót hinum nýju búgreinum sem byggja einvörðungu á útflutningi, kemur illa við skinnaiðnaðinn meðan hann er á brauðfótum, bitnar á útflutningi á eldislaxi, bitnar á hverju einu sem við tökum okkur fyrir hendur ef við ætlum að efna til útflutnings. Ég veit að hv. þm. vita þetta, skilja þetta, en þeir eru haldnir þeirri þráhyggju, eða miklu fremur sú ríkisstj. sem þeir fylgja, að þeir fást ekki til að haga sér í samræmi við það sem þeir telja skynsamlegt.

Ef hæstv. sjútvrh. væri staddur hér í salnum hefði verið fróðlegt að rifja upp nokkur orð sem birtust í áramótagrein hans og voru skynsamleg og eiga við einnig í dag. Á hinn bóginn hefur hann skort festu og einurð til að fylgja þeirri stefnu fram sem hann þar boðaði í atvinnumálum. Niðurstaða hans eða úttekt á s. l. ári var sem sagt þessi: Við höfum náð verðbólgunni niður að vísu, en það hefur orðið á kostnað útflutningsframleiðslunnar. Það getur engin ríkisstjórn horft aðgerðalaus á þá þróun sem varð á s. l. ári. Þetta var niðurstaða sjútvrh.

Í málefnasamningnum er talað um að bæta bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá síðasta verðlagsári og skuli útvegaðar 3000 millj. kr. í því skyni. Þetta er auðvitað engin bót nema í eitt sinn, síðan helur vandinn áfram. Því miður hefur verið haldið þannig á þessum málum að þessi vandi hefur verið magnaður.

Nú vil ég aðeins segja það að lokum, að sú till., sem hv. 11. landsk. þm. hefur lagt hér fram, er svo sjálfsögð að óþarfi á að vera að flytja slíka till., heldur ætti sú athugun, sem þar er lögð til, þegar að fara fram. Og ég vil þá vænta þess, ef hæstv. landbrh. lætur af því verða, að hann geri þá líka nokkra athugun á því, hvernig sú pólitík, sem rekin hefur verið í gjaldeyrismálum, hefur leikið landbúnaðinn. Ég held að það væri mjög fróðlegt að fá slíka úttekt. Við sjáum það, ef við ferðumst með skipum eða flugvélum, að það eru gjarnan keyptar erlendar landbúnaðarvörur þó um íslensk farartæki sé að ræða. Það er gjarnan erlendur ostur í millilandaferðum hér innanlands í þeim pakka sem seldur er, skipin birgja sig upp með kjötvörum erlendis og fleira mætti rekja. Allt er þetta auðvitað afleiðing af því, að við skráum gjaldmiðil okkar rangt og hann gefur ekki rétta mynd af þeirri miklu dýrtíð sem er í landinu.

Umr. frestað.

Sameinað þing, 87. fundur

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 2 miðdegis.

Hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjöldum ÍSALs, fsp. (þskj. 525). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og kunnugt er greiðir ÍSAL framleiðslugjald í stað allra skatta til ríkis og sveitarfélaga. Þá er auðvitað mikilvægt að hlutur sveitarfélagsins sé sanngjarnlega ákveðinn. Framleiðslugjaldið kemur sem sagt í stað útsvars, fasteignaskatts, aðstöðugjalds — og reyndar á sínum tíma tekjuskatta til sveitarfélaga. Í 3. gr. laga nr. 69/1966 var hlutfall Hafnarfjarðarbæjar í þessu framleiðslugjaldi ákveðið, og með viðaukasamningi 1969 var það hlutfall, sem var þá 25%, framlengt óbreytt þótt framleiðslugjaldið væri þá lækkað. Síðan gerðist það að enn voru endurskoðaðir samningar við ÍSAL varðandi framleiðslugjald og rafmagnsverð. Þá var á ný, í maí 1976, gert samkomulag um nýja skiptingu framleiðslugjaldsteknanna. Til kaupstaðarins skyldi renna árlega fastagjald upp á 240 þús. dollara og jafnframt 18% af árlegri heildarfjárhæð framleiðslugjaldsins. Jafnframt var tekið fram í því samkomulagi, sem gert var á þessum tíma milli Hafnarfjarðarbæjar og iðnrn., að upphæð þá, sem renna skyldi til Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. því sem ég hef hér rakið, mætti endurskoða með hliðsjón af þróun fasteignaskatta á tveggja ára fresti, í fyrsta skipti 1. jan. 1979, og þá með samningum milli ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Og eins og segir í þessu samkomulagi getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunarinnar. Samkomulagið var gert við þáv. hæstv. iðnrh. Gunnar Thoroddsen og staðfest með bréfi frá iðnrn. til Hafnarfjarðarbæjar. Það var vitaskuld gert ráð fyrir að ríkisstj. aflaði lagalegrar staðfestingar á þessu samkomulagi. Það hefur hins vegar ekki verið gert, en nú um nokkurn tíma eða frá því að heimild til endurskoðunar tók gildi, hefur Hafnarfjarðarbær óskað eftir endurskoðun á hlut sínum í framleiðslugjaldinu.

Það hefur verið vitnað til þess, að breytingar á gengi og í verðlagsþróun gefi tilefni til að breyta þessu hlutfalli, vegna þess að Hafnarfjarðarbær ber skarðan hlut frá borði. Taka má til viðmiðunar að ef sömu reglur hefðu verið látnar gilda um ÍSAL og um önnur fyrirtæki, þá hefði þetta fyrirtæki árið 1979 átt að greiða fasteignaskatt upp á 165 millj. gkr. og aðstöðugjald upp á 210 millj. gkr. Þessir tveir gjaldstofnar hefðu þá gefið sveitarfélaginu 375 millj. kr. Hlutur Hafnarfjarðar í framleiðslugjaldinu var hins vegar einungis 179.7 millj. kr. Það er skemmst frá að segja að þrátt fyrir það, að samningsbundið sé milli iðnrn. og Hafnarfjarðarkaupstaðar að réttur sé til endurskoðunar á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldinu hafa tilraunir forsvarsmanna bæjarins til að fá fram slíka endruskoðun ekki borið árangur.

Á árinu 1980 tilnefndi ríkisvaldið fulltrúa til samningaviðræðna við Hafnafjarðarbæ um þessi mál. Samningamenn bæjarins og iðnrn. urðu ásáttir um hvernig rétt væri að reikna hlutfallið, en síðan kom í ljós að fulltrúar ríkisins töldu sig ekki hafa umboð til að taka afstöðu til kröfu Hafnarfjarðarbæjar. Nú er nokkuð langur tími liðinn án þess að hin samningsbundna endurskoðun hafi fengist fram og forráðamenn bæjarins eru vitaskuld mjög óánægðir með það. Í októbermánuði s. l., nánar tiltekið hinn 27. okt., sneri bæjarstjórn Hafn-

arfjarðar sér því til hæstv. forsrh. — sem var, eins og ég hef áður getið um, iðnrh. þegar þetta samkomulag var gert á sínum tíma. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ítrekaði þar óskir sínar um, að endurskoðunin færi fram, og beindi því jafnframt til forsrh., að hann beitti sér fyrir því og jafnframt að leitað yrði lagalegrar staðfestingar á því samkomulagi sem gert var við hann þegar hann var iðnrh. í maímánuði 1976.

Vegna þess dráttar, sem á hefur orðið, og vegna þess, að ekkert hefur enn gerst í málinu, ber ég ásamt öðrum þm. Reykjaneskjördæmis fram fsp. sem hér hefur reyndar legið fyrir í u. þ. b. mánuð. Fsp. er í tveimur liðum og hljóðar þannig:

„Hvað líður afgreiðslu ríkisstj. á ósk Hafnarfjarðarbæjar um endurskoðun á hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, samkv. samningsbundinni kröfu bæjaryfirvalda?"

Í annan stað er spurt: „Hvenær má vænta lagafrv. um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnrn. og bæjarstjórnar frá því í maímánuði 1976, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur óskað atbeina forsrh. við?"

Þessum fsp. beinum við þm. Reykjaneskjördæmis til hæstv. forsrh.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Vegna síðustu ummæla hv. fyrirspyrjanda, að þessi fsp. hafi legið hér í um það bil mánuð, vil ég taka það fram, að fyrir viku, s. l. þriðjudag, var þetta mál hér á dagskrá og ég tilbúinn, eins og ég tjáði forseta Sþ., að svara fsp. En hv. fyrirspyrjandi var þá ekki á þingi, hann var í útlöndum, og ekki talin ástæða til að neinn annar af fyrirspyrjendunum, sem eru víst allir þm. Reykjaneskjördæmis, fylgdi fsp. úr hlaði. Af þeirri ástæðu hefur það dregist þessa viku að svara, en svarið var tilbúið þá.

Með lögum um Atvinnujöfnunarsjóð frá 1966 og síðan með lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins var ákveðið að 25% af framleiðslugjaldi ÍSALs skyldu renna til Hafnarfjarðarbæjar. Í framhaldi af staðfestingu annars viðauka álsamnings var gert samkomulag í maí 1976 milli iðnrn. og Hafnarfjarðarbæjar um nýja skiptingu tekna af framleiðslugjaldi ÍSALs. Samkomulag þetta fól í sér að til Hafnarfjarðarkaupstaðar rynni andvirði 240 þús. dollara, án tillits til skiptingar gjaldsins að öðru leyti, og auk þess 18% af árlegri heildarfjárhæð gjaldsins. Jafnframt þessu var sett svohljóðandi endurskoðunarákvæði í samninginn: „Upphæð þá, er renna skal til Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lið 1, má endurskoða með hliðsjón af þróun fasteignaskatta á tveggja ára fresti, í fyrsta skipti 1. jan. 1979, með samningum milli ríkisstj. og Hafnarfjarðarkaupstaðar, og getur hvor aðili um sig óskað endurskoðunarinnar."

Í bréfi iðnrn. til Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. maí 1976 segir að ákvæðið um endurskoðun sé sett vegna þess, að hin tiltekna fjárhæð, 240 þús. dollarar, hefði verið ákveðin með hliðsjón af fasteignasköttum. Ákvæðinu sé ætlað að gera kleift að halda eðlilegri samsvörun milli þeirra skatta og fjárhæðarinnar, eftir því sem atvik liggja til á hverjum tíma.

Með bréfi 20. nóv. 1978 var iðnrn. tilkynnt sú ósk bæjarráðs Hafnarfjarðar að endurskoðun færi fram á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldinu. Þessi ósk var ítrekuð 14. mars 1980 og jafnframt óskað eftir tilnefnfingu iðnrn. á mönnum til samningaviðræðna við Hafnarfjarðarbæ. Í framhaldi af þessu tilnefndu iðnrn. og fjmrn. sinn manninn hvort til viðræðna við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði. Viðræður hófust um mitt ár 1980. Samkomulag um breytingu á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldinu hefur ekki tekist enn sem komið er. Hafnarfjarðarbær hefur krafist hækkunar á sínum hluta af framleiðslugjaldi ÍSALs og byggir þá kröfu sína á því, að fasteignaskattar hafa hækkað verulega umfram hækkun á verðgildi dollars.

Fulltrúar fjmrn. og iðnrn. hafa hins vegar haldið því fram, að ekki sé rétt að skýra samkomulagið á þann hátt, að hlutur Hafnarfjarðarkaupstaðar skuli fylgja nákvæmlega breytingum á fasteignasköttum, heldur skuli einungis hafa hliðsjón af þeirri þróun, eftir því sem atvik liggja til á hverjum tíma. Því miður hefur langur tími liðið án þess að samkomulag tækist milli ríkisins og Hafnarfjarðarkaupstaðar um endurskoðun á ráðstöfun framleiðslugjalds ÍSALs.

Mál þetta hefur verið til meðferðar í iðnrn. og fjmrn., en viðræður við Hafnarfjarðarbæ munu hafa legið niðri um hríð. Fullur vilji er hins vegar til þess af hálfu ríkisstj. að taka upp þráðinn á ný með viðræðum sem leitt gætu til samkomulags.

Þá er spurt hvenær megi vænta lagafrv. um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnrn. og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá maímánuði 1976. Frá því að samkomulag var gert við Hafnarfjarðarbæ á árinu 1976 hefur hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldi ÍSALs verið greidd bænum í fullu samræmi við samkomulagið, án þess að til lagasetningar hafi komið. Spurning þykir hvort það telst tímabært að lögfesta þessar greiðslur á meðan endurskoðun þeirra stendur yfir.

Fyrirspyrjandi (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Ég vil þakka svör hæstv. forsrh. Ég tók eftir því, að hann lýsti yfir að fullur vilji væri af hálfu ríkisstj. að taka upp viðræður á ný við Hafnarfjarðarbæ. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á því, að það náðist samkomulag á milli fulltrúa ríkisstj., þ. e. fulltrúa iðnrn. og fjmrn. sem tilnefndir voru í þessar viðræður, og fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar um það, hvernig ætti að reikna þær breytingar sem hér um ræddi. Hins vegar töldu fulltrúar ríkisins í þessum samningaumræðum sig ekki hafa umboð til að taka afstöðu til kröfu Hafnarfjarðarbæjar.

Ég tel augljóst að endurskoðunarákvæði nú, sem krafa Hafnarfjarðarbæjar byggist á, sé ætlað að tryggja að sú samsvörun, sem var milli skatta, fasteignaskatta og teknanna sem Hafnarfjarðarbær fékk, haldist. Ég held að það sé enginn vafi á því, að þegar samkomulagið var gert á sínum tíma var við þetta miðað. Það má reyndar sjá í blöðum frá þessum tíma hugmyndir sem lagðar voru fram á viðræðufundum Hafnarfjarðarbæjar með iðnrn. á þessum tíma þar sem þetta kemur mjög glöggt fram. Þar segir: „Fari svo að framreiknað fasteignamat, eins og það er lagt til grundvallar við álagningu fasteignaskatta, breytist til hækkunar umfram breytingar á gengi bandaríkjadollars gagnvart krónunni skal heimilt að endurskoða fjárhæð þá, sem kemur í hlut Hafnarfjarðarbæjar af gjaldinu óskiptu, með hliðsjón af breytingum eftir 1. jan. 1976 á framreiknuðu fasteignamati annars vegar og gengi bandaríkjadollars hins vegar." Ljósara getur þetta ekki verið.

Ég tel að það sé þess vegna augljóst hvernig framkvæma skuli þessa endurskoðun, það liggur fyrir. Samningamennirnir komust líka að niðustöðu um það,

hvernig þetta ætti að gerast. Það, sem til þarf, er vilji ríkisstj. til þess að fara eftir ákvæðum samkomulagsins frá því í maímánuði 1976.

Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. beiti sér fyrir því, að þessar viðræður verði nú teknar upp að nýju og þessi endurskoðun verði framkvæmd í samræmi við samkomulagið frá því í maímánuði 1976. Það hefur enn fremur verið ósk Hafnarfjarðarbæjar, að lagaleg staðfesting fengist á því samkomulagi sem hér var gert, m. a. vegna þess að annað veifið hafa fulltrúar fjmrn. vitnað til þess, að slíka lagalega staðfestingu skorti. Ég vænti þess, að hæstv. forsrh. sé mér sammála um að það sé bæði rétt og eðlilegt að slík lagaleg staðfesting fáist. Og ég vænti þess, að hann muni í framhaldi af því, að *þessi endurskoðun eigi sé nú stað, beita sér fyrir laga*setningu af þessu tagi.

Ég tel, herra forseti, að óheyrilegur dráttur hafi orðið á því, að ákvæði samningsins milli iðnrn. og Hafnarfjarðarbæjar frá því í maímánuði 1976 væri fullnægt að því er endurskoðunina varðaði, óheyrilegur dráttur hafi orðið á því, að þessi endurskoðun yrði framkvæmd. Það er náttúrlega óviðunandi með öllu fyrir Hafnarfjarðarbæ. Verður að vænta þess, í samræmi við það sem hæstv. forsrh. sagði áðan, að hann beiti sér fyrir því, að nú verði frá þessu máli gengið.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil undirstrika það, sem hv. 2. þm. Reykn. hefur sagt hér í sambandi við álgjaldið til Hafnarfjarðarbæjar, og taka undir það sem fram hefur komið, að það er enginn vafi á því, hvernig þetta skal reiknað út. Og það sem meira er, það hefur komið fram að í viðræðum fulltrúa fjmrn. og iðnrn. og fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar var fullt samkomulag um það, hvað út úr dæminu ætti að koma samkvæmt þeim reikniaðferðum sem við skyldi hafa. Hæstv. forsrh. sagði að vilji væri fyrir hendi til þess að fá þetta mál leyst. Hann hefur haldið upp á setninguna: Vilji er allt sem þarf. Við skulum vona að það reynist hér.

Stöðuveiting stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði, fsp. (þskj. 610). — Ein umr.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Á þskj. 610 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um stöðuveitingu stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði. Fyrirspurnin er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„1. Hvaða ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun samgrh. að ráða í starf stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði umsækjanda sem hefur skemmri starfstíma að baki en tveir aðrir umsækjendur sem starfsmannaráð hafði einnig mælt með?

2. Telur ráðh. ekki umhugsunarefni þegar starfsmaður segir upp starfi sínu vegna þess að honum er misboðið við veitingu starfs innan stofnunarinnar, eftir 30 ára starfstíma, og er hér ekki um skýlaust brot að ræða á lögum nr. 78/1976 um jafnan rétt karla og kvenna?"

Forsaga þessa máls er sú, að 6. nóv. 1981 var í Lögbirtingablaðinu auglýst laus staða stöðvarstjóra Pósts og síma á Ísafirði. Umsóknarfrestur var til 24. nóv. Sex umsækjendur sóttu um starfið, fjórar konur og tveir karlar. Það hefur komið fram að póst- og símamálastjóra var sent málið til umsagnar og einnig að starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar hafði verið beðið um tillögur. Starfsmannaráðið veitti þremur umsækjendum atkvæði sitt, tveimur konum, Lilju Jakobsdóttur og Ingu Þ. Jónsdóttur, og einum karli, Kristmanni Kristmannssyni. Póst- og símamálastjóri lagði til að einum þessara þriggja umsækjenda yrði veitt staðan. Hæstv. samgrh. veitti Kristmannai Kristmannssyni stöðuna. Þó höfðu þær Lilja og Inga báðar 10 árum lengri starfsferil að baki en Kristmann.

Það verður að líta svo á, eins og málið horfir við almenningi, að eðlilegt hefði verið að ráða aðra hvora konuna til starfsins. Inga hefur starfað við stofnunina í um 30 ár og var áður stöðvarstjóri í Hnífsdal, en sú stöð hefur verið lögð niður. Lilja hefur svipaðan starfsaldur, um 30 ár, og er nú ritari umdæmisstjóra. Það kom einmitt í hennar hlut að setja Kristmann inn í starfið eftir að hann var ráðinn.

Það er því eðlilegt að Jafnréttisráð hafi krafið hæstv. samgrh. um skýringar, sem það gerði með bréfi dags. 18. febr. s. l., og spurt hvers vegna hann velur af þremur hæfum umsækjendum þann sem hefur stystan starfsaldur. Í svarbréfi hæstv. samgrh. til Jafnréttisráðs kemur fram að allir umsækjendur séu hæfir til að gegna téðu starfi. Svar hæstv. samgrh. til Jafnréttisráðs kemur fram í niðurlagi bréfs hans. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Við umfjöllum starfsmannaráðs fengu þrír umsækjendur atkvæði, þau Lilja Jakobsdóttir, Kristmann Kristmannsson og Inga Þ. Jónsdóttir. Í bréfi til rn., dags. 4. jan. þ. á., leggur póst- og símamálastjóri til að einum þeirra umsækjenda, sem atkvæði fengu í starfsmannaráði, verði veitt staðan, það var mat samgrh., að allir þessir umsækjendur væru hæfir til að gegna téðu starfi." Og síðan kemur svarið: „Að vandlega athuguðu máli ákvað samgrh. að skipa Kristmann Kristmannsson í stöðu stöðvarstjóra Póst- og símamálastofnunarinnar á Ísafirði."

Svo mörg voru þau orð. Ég get tekið undir orð Lilju þegar hún segir í viðtali við Morgunblaðið 4. apríl s. l. að svar hæstv. ráðh. sé marklaust, hann hefði alls ekki svarað því sem hann hefði verið spurður um. Samkvæmt lögum um Jafnréttisráð ber því að bregðast við slíkum málum og gæta hagsmuna kvenna sem karla ef um misrétti kynjanna er að ræða varðandi stöðuveitingar. Fram að þessu hafa slík mál fyrst og fremst komið niður á konum, Jafnréttisráð hefur skrifað tvö bréf til hæstv. samgrh., það síðara til að ítreka spurningar sínar frá fyrra bréfi sem ekki var svarað á viðhlítandi hátt.

Það var þetta með vandlega athugaða málið. (Forseti hringir.) Ég er rétt að ljúka máli mínu, herra forseti. Síðara bréf Jafnréttisráðs er dagsett 22. mars. Svar hefur ekki borist ráðinu enn þó að nú sé liðið á annan mánuð síðan það bréf var ritað.

Alþingi setur lög, og það er lágmarkskrafa að þeir, sem þar starfa, þm. og eða ráðherrar, lítilsviðri ekki eigin verk og hundsi lög eins og hæstv. ráðh. gerir í þessu tilviki. Alþingi á kröfu á að hæstv. samgrh. gefi viðhlítandi svör við þeirri spurningu sem Jafnréttisráð hefur lagt fyrir hann, að ekki sé minnst á þá aðila sem málið varðar. Því eru þessar fyrirspurnir lagðar fram.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Það kom fram í orðum hv. fyrirspyrjanda að ekki hafi verið svarað síðara bréfi Jafnréttisráðs. Það er ekki rétt, því að bréf fór frá rn. 26. apríl s. l., og kemur mér á óvart ef Jafnréttisráð hefur ekki fengið það bréf. Ég ætla að

lesa það bréf, með leyfi forseta, enda hygg ég að það svari a. m. k. að hluta fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda. Svarið er svohljóðandi:

„Með vísan til bréfs Jafnréttisráðs, dags. 22. f. m., varðandi veitingu í stöðu stöðvarstjóra Póst- og símamálastofnunar á Ísafirði vill rn. taka fram eftirfarandi:

Í aðalatriðum er spurst fyrir um tvennt: Annars vegar um það, hvernig atkvæði féllu í starfsmannaráði Póst- og símamálastofnunarinnar er ráðið fjallaði um umsóknir um téða stöðu. Hins vegar er óskað upplýsinga um það, hvaða hæfileika, starfsreynslu og menntun sá umsækjandi, sem veitt var starfið, hafi umfram aðra umsækjendur. Varðandi fyrra atriðið skal það upplýst að málið var afgreitt á fundi atarfsmannaráðs 29. des. 1981. Féllu atkvæði þannig, að með Lilju Jakobsdóttur einni mæltu fjórir, einn með Ingu Þ. Jónsdóttur og einn með Kristmanni Kristmannssyni. Tveir mæltu með umsækjendunum þremur í þessari röð: Lilju, Kristmanni og Ingu.

Vakin er athygli á að samkv. 10. gr. laga nr. 36/1977, um stjórn og starfsrækslu póst- og símamála, er starfsmannaráði aðallega ætlað að stuðla að góðu samstarfi og samheldni milli starfsfólks og stjórnenda stofnunarinnar. Ráðið hefur því engan endanlegan ákvörðunarrétt um veitingu á stöðum, heldur samgrh. samkv. sömu lögum. Skiptir því afl atkvæða í ráðinu engu máli.

Umdæmisstjórinn á Ísafirði, sem ekki á sæti í ráðinu, lagði til að Lilju yrði veitt staðan, en póst- og símamálastjóri mælti með Lilju, Kristmanni eða Ingu.

Varðandi síðara atriðið vill rn. taka eftirfarandi fram:

Fyrirspurnin er orðuð í sama dúr og sagt er í 5. gr. laga nr. 75/1976, um jafnrétti kvenna og karla. Menntun umræddra þriggja umsækjenda er svipuð, þannig að á þeim grundvelli verður naumast gert upp á milli þeirra. Hins vegar er starfsreynsla umsækjenda nokkuð mismunandi, ena þótt öll hafi þau yfir 20 ára starfsaldur hjá hinu opinbera. Nærri 3/4 af starfsaldri sínum hefur Lilja unnið við talsímaafgreiðslu og almenn skrifstofustörf. Kristmann hefur starfað nær eingöngu við póstafgreiðslustörf og síðustu sex árin sem póstfulltrúi. Inga hefur starfað í rúm 20 ár sem stöðvarstjóri í Hnífsdal, en frá 1. sept. 1980 hefur hún gegnt starfi ritsímaritara á Ísafirði. Eins og úrslit málsins í starfsmannaráði bera með sér var hinn langi stöðvarstjóratími Ingu í hinni litlu stöð í Hnífsdal ekki talinn vega þungt hennar málstað til framdráttar.

Staða stöðvarstjóra á Ísafirði er allviðamikið stjórnunarstarf. Er alls ekki tryggt að langur starfsaldur á takmörkuðu sviði geri umsækjanda hæfan til slíkra starfa. Ráðh. taldi því nauðsynlegt að kanna það atriði betur. Að því loku var það mat hans að Kristmann væri hæfastur umsækjenda til að gegna umræddu stjórnunarstarfi.

Þess má geta, að vorið 1978 var auglýst staða fulltrúa á skrifstofu umdæmisstjóra á Ísafirði. Umsækjendur um stöðuna voru m. a. Lilja Jakobsdóttir, Kristmann Kristmannsson og Inga Þ. Jónsdóttir. Í starfsmannaráði mæltu sex af átta með Kristmanni Kristmannssyni og sömuleiðis umdæmisstjóri og póst- og símamálastjóri. Tveir starfsmannaráðsmenn mæltu með Lilju. Engu að síður valdi páv. samgrh. Lilju og veitti henni stöðuna. Þetta virðist hafa farið fram hjá þeim sem gæta eiga jafnréttis kvenna og karla og var þessi stöðuveiting ekki kærð.

Rn. telur að með bréfi þessi sé málinu lokið af þess hálfu."

Til frekari skýringa eða sem svör við því, sem kemur fram í spurningum hv. fyrirspyrjanda, vil ég segja það, að vissulega harma ég að einn umsækjandi hefur ákveðið að segja upp störfum við stofnunina eftir 30 ára starfstíma. Hins vegar verð ég að segja að í því sambandi vakti það undrun mína, að umsækjandi skyldi ekki sækja um þá stöðu fulltrúa sem er laus og hefði, eftir því sem ég veit best, veitt sex flokka hækkun. Ég verð hins vegar að segja það um síðari hlutann, að ég get alls ekki séð að hér sé um skýlaust brot að ræða á lögum nr. 78/1976, um jafnan rétt kvenna og karla. A. m. k. er það ekki meira brot nú en það var 1978.

Fyrirspyrjandi (Salome Þorkelsdóttir): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Það er vissulega ánægjulegt að loksins eftir rúman mánuð hafi hann tekið á sig rögg og svarað bréfi Jafnréttisráðs sem hefur legið hjá honum. En það vekur furðu mína, að bréfið skuli ekki enn vera komið til Jafnréttisráðs. Ég hafði samband við starfsmann þar í morgun. Þeim hafði ekki borist þetta bréf og það hafði ekki borist til þeirra fyrir helgi. Hún tók fram að hugsanlega lægi það í pósthólfinu í morgun, það hefði ekki verið farið í pósthólfið. En það var alla vega ekki komið þar fyrir helgi. Ef það hefur verið sett í póst, þá eru póstsamgöngur í Reykjavík hreint athyglisverðar — athyglisvert hversu seinfara þær eru.

Ég vil taka það fram, að ég var með fyrirspurn minni á engan hátt að leggja mat á hæfni þessara umsækjenda, það hafa þeir gert sem umsagnir hafa gefið og bar að gera. Og ég er síður en svo að gera lítið úr þeim starfsmanni, sem ráðinn var, eða hæfni hans. Ég vil aðeins endurtaka að málið snýst um það, að Alþingi setur lög um jafnrétti kvenna og karla og opinberum aðilum, sem hafa með stöðuveitingar að gera, ber að virða þessi lög, ég tala nú ekki um þá sem hafa sjálfir átt þátt í að samþykkja þau. Það kemur greinilega fram, að með því að bregða ekki skjótt við og svara Jafnréttisráði hefur hæstv. ráðh. ekki sýnt þessum lögum virðingu sem bar.

Sameinað þing, 88. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 87. fundi.

Innlendur lífefnaiðnaður, þáltill. (þskj. 219, n. 827). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 827 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 902).

Efling innlends iðnaðar, þáltill. (þskj. 329, n. 832, 833). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 833 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38:2 atkv. og afgr. sem

ályktun Alþingis (þskj. 903).

Fjáraukalög 1978, frv. (þskj. 530). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 904).

Skýrsla forsætisráðherra um Framkvæmdastofnun ríkisins.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í lögum um Framkvæmdastofnun ríkisins segir svo: „Ríkisstj. skal gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins."

Sú hefð hefur skapast, að forstjórar og embættismenn Framkvæmdastofnunar ríkisins taki saman ár hvert ítarlega skýrslu um störf stofnunarinnar á liðnu ári. Ársskýrsla fyrir árið 1981 hefur verið lögð fram og henni dreift meðal hv. þm. Þessi skýrsla er sú 10. í röðinni.

Efni skýrslunnar er auk almenns inngangs forstjóra skýrslur framkvæmdastjóra hinna þriggja deilda stofnunarinnar um störf deildanna á liðnu ári. Að auki er í skýrslunni að finna yfirlit yfir fjármögnun og lánveitingar fjárfestingarlánasjóða, reikninga stofnunarinnar, ýmsar tölulegar upplýsingar og að lokum yfirlit yfir lán og styrki Byggðasjóðs á liðnu ári.

Um starfsemi stofnunarinnar á síðasta ári vil ég vísa til ítarlegra skýrslna frá einstökum deildum hennar, til töfluviðauka og til lista um allar lánveitingar og styrki stofnunarinnar, en sú hefð hefur skapast að gera á þennan hátt grein fyrir öllum lánveitingum þessarar stofnunar.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það er árviss þáttur störfum Alþings að hæstv. forsrh. geri grein fyrir þessu vandræðabarni íslenska stjórnkerfisins. En hvað sem má um þetta vandræðabarn segja, þá skal það sagt því til hróss, að sú skýrsla, sem gefin er út árlega, er að því leyti til mikillar fyrirmyndar, að þar eru greindir lánþegar eða styrkþegar þessarar stofnunar, þannig að allur almenningur, sem Morgunblaðið kallar eigenda þessarar stofnunar, getur flett því upp. Að þessu leyti gætu aðrar lánastofnanir tekið sér þessa stofnun til fyrirmyndar. En þá hygg ég líka að það, sem til fyrirmyndar er um stofnunina, sé upp talið og mig langar í örstuttu máli að koma að því.

Í þessari skýrslu, sem dreift var hér fyrir viku eða svo og hæstv. forsrh. hefur nú gert grein fyrir, er í fyrsta skipti inngangur frá forstjóra stofnunarinnar, sem er raunar eins konar pólitísk vörn — apologia — fyrir þessa stofnun. Í þessum inngangi hygg ég, eins og oft vill verða um pólitískar varnir, einkum fyrir vondan málstað, að beinlínis sé hallað réttu máli. Það er hallað réttu máli á bls. 6, þegar þar er sagt með leyfi hæstv. forseta:

„Það er staðreynd, að Framkvæmdastofnun ríkisins varð aldrei að því bákni sem stjórnarandstæðingar í Alþingi 1971 óttuðust að hún yrði."

Hér fullyrði ég að rangt er með farið. Þarf ekki annað en vísa í þær umræður sem urðu á Alþingi. Ég vil ekki aðeins nefna flokksbræður mína, jafnaðarmenn. Ég vil nefna fyrrv. hv. þm. Magnús Jónsson frá Mel sem hélt uppi mjög skelegggri gagnrýni á sínum tíma. Hér er sagt að Magnús hafi haft rangt fyrir sér og ekki verið spádómsgáfu búinn. Þetta hygg ég að sé rangt hjá forstjóra Framkvæmdastofnunar. Framkvæmdastofnun er, ef eitthvað er, orðin meira bákn og ískyggilegra en hörðustu gagnrýnendur hennar óttuðust í upphafi. Og mér finnst satt að segja að Magnús Jónsson bankastjóri frá Mel verðskuldi allt annað en þann löðrung sem honum er veittur í þessum inngangi.

Í annan stað er sagt hér og sagt réttilega — ég nefni aðeins þennan inngang vegna þess að þar eru saman dregnar nokkrar veigamiklar athugasemdir um stofnunina — að menn hafi gagnrýnt það upphaflega að verið var að koma á svokölluðu „kommissarakerfi" þ. e. pólitískum legátum sem færu þar með pólitísk völd langt umfram það sem eðlilegt gæti talist. Það er réttilega sagt hér í inngangi, að þetta hafi verið gagnrýnt í upphafi. Ég held að ég fari rétt með það, að einn af gagnrýnendum hafi verið hæstv. núv. forsrh. Þetta „kommissarakerfi" var á sínum tíma fólgið í því, að þrír menn frá þremur þáv. stjórnarflokkum voru gerðir að framkvæmdastjórum. En hvað sem má segja um þá stjórn og aðdraganda þessa máls, þá voru þeir þó gæddir því siðferðisþreki, að þeir véku þegar ríkisstj. vék. M. ö. o.: þessi stofnun laut öðru pólitísku valdi eða pólitísku valdi í landinu. Breytingin, sem gerð var 1976, — hér segir að „kommissarakerfið" hafi verið afnumið, ég segi ranglega, — hún var sú, að „kommissarar," sem auðvitað voru nákvæmlega eins og hinir nema frá öðrum flokki, voru æviráðnir. Það er tekin upp sú skipan að æviráða „kommissara," sem áður lutu því pólitíska lögmáli að víkja með ríkisstjórn. Ég fullyrði að það er rangt, að hér hafi verið komið til móts við gagnrýni Magnúsar Jónssonar frá Mel frá 1971. Í besta falli er verið að gera hróplegt gys að því, sem hann sagði þá réttilega, með það að „kommissararnir" — sem eftir sem áður voru þm., þeir voru það þó ekki allir 1971 — voru æviráðnir. Þeir lúta ekki lengur valdahlutföllum á Alþingi. Hér á fyrstu síðu, framan við inngangin, er þess raunar getið með stjörnu, að hinn „kommissarinn" sé í leyfi, hafi verið veitt það að eigin ósk frá árinu 1980, hvernig sem á því stendur.

Kjarni málsins í þessum efnum er sá, að þessi stofnun gengur á svig við aðra þætti í stjórnkerfinu. Nú skal greint frá því, hvernig það er. Þessi stofnun er í raun eins konar byggðamálaráðuneyti. Hún hefur alla starfsemi ráðuneytis. Gott og vel, við gætum hugsanlega verið sammála um að í landinu eigi að vera byggðamálaráðuneyti sem gegni ákveðnum störfum. (**Gripið fram í:** Við höfum Framsfl.) Já, það er að vísu rétt að við höfum Framsfl. gott betur og framsóknarmenn víðar en í Framsfl. raunar. En málið er það, að þessu byggðamálaráðuneyti hefur verið komið upp, en byggðamálaráðuneytið lýtur ekki sömu reglum og önnur ráðuneyti. Þar verða engar breytingar þó að kosningar séu og valdahlutföll breytist í kosningum. Gæsalapparáðherrann, sem situr þarna, situr bara áfram þó að hann kolfalli í hverjum kosningum á eftir öðrum. Hann situr æviráðinn og með 12 mánaða uppsagnarfresti. Það er þetta sem frá stjórnkerfislegum bæjardyrum séð er gersamlega óþolandi, að þessi háttur skuli hafa verið hafður

á ráðningu þessara „kommissara".

Ég hef sagt í mínum árlegu ræðum um þessa skýrslu að hér er auðvitað ekki verið að fjalla persónulega um þann forstjóra sem þarna situr. Það er verið að fjalla up „prinsip"-mál, um mál sem hafa þróast þannig að óþolandi má heita. Það er ekki heldur verið að fjalla um það, hvernig Sjálfstfl. hefur gengið inn í sjálfan sig aftur og aftur. Það er þeirra mál og ætti ekki að koma okkur hinum við.

En hvernig er svo þessi stofnun rekin? Jú, jú, því miður er það svo, að fjórðungur Alþingis ber þarna ábyrgð sem stjórn og varastjórn og framkvæmdastjóri — og gott betur ef sá fjarverandi er talinn með. En síðan gerist það, að í landinu hefur verið með ærinni fyrirhöfn tekin upp verðtryggingarstefna, tekin upp hávaxtastefna. Það þarf ekki að lýsa röksemdum bæði með henni og á móti. Röksemdirnar með henni eru þær t. d., að hún miði að því að koma lágmarksviti í fjárfestingu og lánastarfsemi. Röksemdir á móti henni voru vissulega margar hverjar þungar, einkum að því er varðaði hag húsbyggjenda. Nú er það svo að þessi stofnun, sem lýtur ekki Alþingi nema með óbeinum hætti, og þá á ég við hina æðstu forustumenn þar, þeir hafa virt þessa stefnu að vettugi. Þarna situr fjórðungur Alþingis og skammtar gjafafé alveg eins og fjárhagsráðið gerði hér í gamla daga. Það er þriðja rangfærslan í þessum inngangi, að mönnum hafi virst að nýtt fjárhagsráð væri á ferðinni en annað hafi komið í ljós. Það hefur ekki annað komið í ljós. Hér er gjafafé skammtað til manna sem þessarar fyrirgreiðslu njóta, fjármuna sem menn eiga ekki kost á annars staðar. Og hvernig sem á er litið er þar rangt að staðið hjá þessari pólitísku skömmtunarskrifstofu.

En ég vil enn segja það, að telji menn að það sé skynsamlegt, þá á auðvitað að stíga skrefið til fulls. Þá á þetta að vera byggðamálaráðuneyti. Yfirmaður þess á að vera byggðamálaráðherra og hann á að sitja í ríkisstjórn sé það vilji Alþingis. Alþingi á að geta vikið honum með vantrausti, ef því sýnist svo, og umfram allt á hann að fara með ríkisstjórninni ef um stjórnarskipti er að ræða. Þessi gæsalapparáðherra á ekki að sitja alveg óháð því, hvernig kosningar fara í landinu. Það er það sem er gersamlega óeðlilegt. Og sannleikurinn er auðvitað sá, hvernig sem á er litið, að þessi stofnun er leifar frá gömlum tíma. Hún er í fyrsta lagi endurtekning á skömmtunarkerfinu og fjárhagsráðakerfinu og því öllu, vegna þess að þarna er um að ræða lánafyrirgreiðslu í langflestum tilfellum til atvinnuveganna. Og taki menn eftir því, að það er ekki banki litla mannsins sem hér er um að ræða. Þetta er endurtekning á skömmtunarkerfinu, vegna þess að þarna er skammtað gjafafé sem menn eiga ekki kost á annars staðar.

Í þriðja lagi er eftirtektarvert að þegar löglega kjörin stjórnvöld, ríkisstjórn, sem ber ábyrgð á framkvæmdum, hefur verið að baksa við að koma hér á gerbreyttu peningamálakerfi í formi verðtryggingarstefnunnar, þá hreyfir þessi stofnun sig ekki. Hún er með lán sem eru niðurgreidd að hálfu. Að þessu leyti er þarna um að ræða furðulegar leifar frá gamla tímanum, gömlu skömmtunarspillinguna í sinni verstu mynd. Og því er nú verr og miður að einhverjir alþm. fást til að sitja þarna í stjórn. Ég endurtek: því er nú verr og miður, og á þá við alla flokka sem hér eru. En verra er hitt, að smám saman hefur þessi stofnun verið að taka á sig form ráðuneytis. Þetta er í raun og veru eitt ráðuneytið til, nema á þeirri verulega breyttu forsendu varðandi ráðherra í þessu ráðuneyti, að það skiptir engu máli hvort stjórnir koma eða fara því að þeir eru ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti. Horfum hér í kringum okkur. Við getum hugleitt hvort þetta form ætti að eiga við víðar, að ríkisstjórnir væru skipaðar með þeim hætti að menn verði ráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti.

Það er náttúrlega óheyrileg ósvífni í þessum inngangi þegar rifjuð er upp gagnrýni af hálfu Sjálfstfl., en ekki minnst á að Alþfl. gagnrýndi þetta líka á þeim tíma. Hann gagnrýndi „kommissarakerfið". Og nú halda menn að ekki sé lengur ástæða til gagnrýni þegar sú ein breyting hefur verið gerð, að „kommissarar", sem eru nákvæmlega jafnpólitískir og hinir voru, hafa verið æviráðnir. Hvað sem má segja um þá vinstri stjórn sem setti þessa stofnun á laggirnar, þá var hún þó gædd því siðferðisþreki, að „kommissararnir" komu, en þeir voru látnir víkja með henni. Breytingin, sem gerð var 1976, var sú, að þeir voru æviráðnir. Hafi verið stigið eitt skref aftur á bak 1971, þá var bætt við 10 þarna 1976.

Það þarf ekki annað en sjá skekkjurnar í stjórnkerfinu. Hér gerist það að framkvæmdastjóri þessarar stofnunar stendur upp fyrir ári eða svo og tilkynnir um mikla fjármuni til vegagerðar og kemur samgrh. í landinu alveg í opna skjöldu í þessum efnum. Og þetta er auðvitað gert í smáu og stóru. Þarna hefur vaxið upp „sjálfstætt, peningalegt skrímsl" í þjóðfélaginu sem lýtur ekki lýðræðislegum lögmálum. Það er það sem er hættulegt. Ég hef oft velt fyrir mér hvernig á því stendur. Það er auðvitað augljóst hvað hefur gerst. Breytingin, sem gerð var 1976, var sú, að Framsfl. og Sjálfstfl. skiptu þessari stofnun með sér. Það var breytingin sem gerð var á stofnuninni.

Mig hefur oft undrað geðleysi t. d. Alþb.-mannanna í núv. ríkisstj. Þess skal að sönnu getið, að formaður flokksins, Svavar Gestsson, hefur oft staðið hér upp í umr. eins og þessari og lýst almennum skoðunum í þessum efnum. En það hefur ekkert breyst.

Menn skyldu horfa víðar yfir þetta svið. Halda menn að þeir fjármunir, sem þarna fara um hafi ekki áhrif á fjármálastjórn ríkisins, — fjármunir sem lánaðir eru út, sem kallað er, á stórkostlega niðurgreiddum kjörum? Hin hrikalega mynd af skorti á arðsemi, af litlum tengslum milli lána annars vegar og arðsemi hins vegar, blasir þarna við. Ég fullyrði að það eru engin þau verkefni unnin í Framkvæmdastofnun sem deild í Landsbankanum gæti ekki annast. Það er rangt að halda öðru fram. Þetta er gagnslaus stofnun að öllu öðru leyti en því, að hún útvegar mönnum pólitísk völd til að hygla vinum sínum, því er nú verr og miður. Og ég endurtek það sem ég hef stundum sagt, að þegar á reynir, þá reynist stofnun eins og Landsbankinn vera banki litla mannsins, vera banki mannsins sem á láni þarf að halda. Hér er ekki um slíkan banka að ræða. Hér er um að ræða banka sem lánar fáeinum útvöldum vinum í atvinnurekstri. Þetta er ekkert umfram það. Því má svo bæta við, að það verða auknar röksemdir fyrir því að hlusta á vikuleg útvarpsviðtöl við formann stjórnarinnar, Eggert Haukdal, sem er náttúrlega gangandi siðferði þessarar stofnunar í smáu og stóru, og láta svo allt annað vera.

Annað af tvennu eiga menn að gera: Menn eiga að leggja þessa stofnun niður eða á hinn bóginn að stíga skrefið til fulls og viðurkenna þetta sem nýtt ráðuneyti. En munurinn á því að viðurkenna þetta sem nýtt ráðu-

neyti er þá líka sá, að þeir sem veita því forstöðu, bera þá sömu ábyrgð og aðrir hæstv. ráðh. gera. Þeir verða að víkja við vantraust. Það er hægt að spyrja þá hvenær sem er er um starfsemi þeirra ráðuneyta. Það er ekki hægt hérna. Og það sem meira er, verði stjórnarskipti í landinu, þá víkja yfirmenn þarna líka. Hvers vegna var breytingin gerð 1976 þegar Sjálfstfl. var kominn inn í kerfið? Af hverju negldi hann sig með þessum hætti? Af hverju gerði hann gys að öllu því sem gagnrýnendur höfðu sagt 1971—1974? Af hverju var Magnús Jónsson frá Mel hæddur og spottaður með þessum lögum frá 1976? Og af hverju horfir sá siðmenntaði fjórðungur, sem enn þá er til, a. m. k. hér á þingi, í gaupnir sér þegar þessi umr. fer fram? Það er kannske skiljanlegast af öllu.

Sannleikurinn er sá, að þessu stofnun er spegilmynd af því versta í fjármálalegri fortíð þjóðarinnar. Ég nefni fjárhagsráðin, ég nefni „kommissarakerfið" það ýkta „kommissarakerfi" sem gamla „kommissarakerfið" skóp af sér, og ég nefni vaxtastefnuna sem þarna er rekin. Það eru út af fyrir sig, má segja, pólitísk hyggindi að koma völdum sínum svo fyrir, að maður sé óháður kosningum. Það út af fyrir sig eru pólitísk hyggindi að koma völdum sínum svo fyrir. En Alþingi á náttúrlega ekki að láta bjóða sér það með þessum hætti. Og menn eiga aftur og aftur að rifja upp það sem Sjálfstfl. sem stofnun hefur sagt um þessi mál. Menn eiga aftur og aftur að rifja upp það sem ungir sjálfstæðismenn í eina tíð sögðu um þessa stofnun og menn eiga enn og aftur að rifja upp hvernig þessi flokkur hefur gengið inn í sig aftur og aftur að því er þessa stofnun varðar. Það er ekki svo að hér sé um neitt gamanmál að ræða. Þessi stofnun er dýr. Hún skekkir efnahagsstefnu stjórnvalda, hver sem hún kann að vera. Hún rekur fjárlög við hliðina á fjárlögum í þessum efnum. Hún sendir löglega kjörnum stjórnvöldum langt nef, þegar þau af einhverjum ástæðum hafa orðið að segja nei við kröfum frá Framkvæmdastofnun, og snýr við ákvörðunum sem rétt kjörin stjórnvöld hafa tekið.Ekki hef ég samúð með þeirri ríkisstjórn og þeim þingmeirihluta sem hér situr. En samt vil ég horfa á þetta með „prinsip"-augum og undirstrika það, að hér er komin svo alvarleg skekkja í þetta stjórnkerfi að við svo búið má ekki láta standa öllu lengur. Það, sem er svo áhugavekjandi eða ógleðivekjandi, eftir því hvernig menn vilja á það horfa, er sá inngangur sem forstjórinn skrifar fyrir þessari skýrslu, þar sem hann flytur vörn fyrir afstöðu Sjálfstfl. Hann er að segja það eitt í þessum inngangi, að Sjálfstfl. er ekki að ganga inn í sjálfan sig síðan 1971. Ég segi: Alfa og omega þessa inngangs er rangt frá rótum.

Herra forseti. Ég hef leyft mér að benda á nokkrar staðreyndir um Framkvæmdastofnun ríkisins. ég vil segja það að lokum, að ég vænti þess, að þetta verði síðasta þingið sem horfir á þessa stofnun ögra sér með þeim hætti sem verið hefur í vaxandi mæli að undanförnu. Síðasta litla málið um vegarspottann þarna fyrir sunnan, sem greint hefur verið frá í fjölmiðlum, er aðeins lítill angi af stóru vandamáli. Þar er um það að ræða að löglega kjörin stjórnvöld þurfa að taka ákvörðun sem getur verið erfið, ekki vegna þess að hún sé ekki sjálfsögð, heldur vegna þess að hún er dýr. Og þá kemur þessi stofnun aftan að kerfinu eina ferðina enn og reynir að stilla löglega kjörnum stjórnvöldum upp við vegg. Við viljum, þeir vilja ekki. Við verðum að hafa einhverja forsendu til að byggja á í þessu stjórnkerfi.

Ég er sannfærður um það einnig, að þessar síðustu ögranir hafa verið með þeim hætti að á næsta þingi, hvernig svo sem það verður saman sett, ættu að hafa skapast forsendur til að breyta um í þessu kerfi, leggja þessa stofnun niður í núverandi mynd, gera annað af tvennu: að færa hana og starfsfólkið á annan stað í stjórnkerfinu, til bankanna t. d., eða gera þetta að sérstöku ráðuneyti, en þá með þeirri ábyrgð og þeim skyldum sem því fylgja. Hitt gengur ekki, að þarna starfi stofnun sem stöðugt sé með pólitísk yfirboð og stöðugt sé með rýtinginn í bakinu á þeim stjórnvöldum sem löglega eru kjörin hverju sinni. Það er það sem hefur verið að gerast.

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er rétt, að árlega er gefin skýrsla hér á hinu háa Alþingi um störf Framkvæmdastofnunar ríkisins. Í kjölfar hennar æfir hv. 9. þm. Reykv. sig á sömu ræðunni ár eftir ár og er farinn að kunna hana allsæmilega. Hann lætur svo sem, eins og hann segir, stjórn þessarar stofnunar ögri hæstv. ríkisstj. æ ofan í æ. Ég geri ráð fyrir að hann hafi lesið innganginn að skýrslu stofnunarinnar eins og hann birtist í nýútkominni skýrslu, en hann hefur kannske sleppt setningu sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Raunar hefur háværustu gagnrýninni verið haldið á lofti af þeim, sem sannanlega hafa aldrei kynnt sér starfsemi Framkvæmdastofnunar ríkisins." Þetta á alveg sérstaklega við um hann. Og ég neita því ekki, að hann var mér í huga þegar ég skrifaði þessa setningu, enda kemur það í ljós þegar hlustað er á þessa ræðu hans. Og dálítið er merkilegt, eins og þeir eru nú elskir að krötum á Norðurlöndum og í Bretlandi, að þeir skuli ekki einu sinni hafa fyrir því að kynna sér stefnu þeirra flokka þar í þessum málum, sem leggja miklu stærra undir í byggðamálum en við Íslendingar.

Það fé, sem Framkvæmdastofnun ríkisins hefur til ráðstöfunar, er ákveðið samkv. fjárlögum og lánsfjáráætlun hér á hinu háa Alþingi. Ekki ber þessi hv. þm. ábyrgð á þeim fjárveitingum, það er að vísu rétt. Ef eitthvað er umfram það sem þar er ákveðið, þá er það gert með sérstöku leyfi hæstv. ríkisstj. og ekki óðruvísi. Allt tal um að þessi stofnun fari til hliðar við þær reglur, sem gilda, er út í bláinn.

Hann heldur því fram, hv. 9. þm. Reykv., að þessi inngangur sé ósannindi, eins og hann orðaði það, lygi frá upphafi til enda. Hvað stóð í lögunum um Framkvæmdastofnun á sínum tíma, ákvæðið sem harðast var gagnrýnt af m. a. Magnúsi Jónssyni og þeim sem snerust gegn þessari stofnun? Það var þetta ákvæði, að stofnunin ætti að annast hagrannsóknir, áætlanagerð og hafa með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála í landinu. Þetta var það sem menn álitu að væri ný skömmtunarskrifstofa og fjárhagsráð. Ætlar einhver að halda því fram, að þessu hlutverki hafi stofnunin gegnt, að hún hafi haft með höndum heildarstjórn fjárfestingarmála í landinu? Þetta er auðvitað fjarri öllu lagi.

Ég vil hér og nú nota tækifærið til að bjóða þessum hv. þm. í sérstaka heimsókn, kynnisför til Framkvæmdastofnunarinnar. (**Gripið fram í:** Kom hann ekki 1. apríl?) Hann kom ekki 1. apríl, það var beðið eftir honum. En hann kom ekki. — Hann þarf að kynna sér grundvallaratriðin í starfsemi þessarar stofnunar. Hann hefði líka getað fengið upplýsingar um málið hjá hv. 3. þm. Vestf. Hann gegndi um hríð formannsstöðu í þessari stofnun,

og sá hv. þm. hlýtur að geta borið vitni um það, hvort hv. 9. þm. Reykv. hafi komið á framfæri við hann tillögum sínum um gagngerar breytingar á störfum stofnunarinnar. En hafi svo verið, þá hefur a. m. k. þáv. formaður, hv. 3. þm. Vestf., *ekki haldið á þeim alla leið inn á* Rauðarárstíg.

Hv. þm. gagnrýnir hér ávöxtunarkjör Byggðasjóðs. Þetta hefur stórbreyst til batnaðar. Þetta veit hann ekkert um af því að hann hefur aldrei fyrir því að kynna sér eitt né neitt í störfum þessarar stofnunar, af því að hann vill ekki vita betur, af því að hann vill geta haldið þessa utangarnaræðu hér ár eftir ár, af því að það eru einhverjir hér innan Hringbrautar sem nenna að hlusta á þetta. Ávöxtunarkjör byggðasjóðsfjár nálgast víxilvexti. Lagt var að vísu til að þeir yrðu jafnháir, en það náði ekki fram að ganga. Hver voru ávöxtunarkjörin á sinni tíð, þegar ýtt var úr vör með þessa stofnun? Það getur hæstv. fjmrh. borið vitni um nú, hann var formaður stofnunarinnar þá. Og þá áttu Magnús Jónsson frá Mel og Matthías Bjarnason sæti í stjórninni, þeir sem gagnrýndu þessa stofnun. Þeir réðu því auðvitað ekki, Matthías Bjarnason og Magnús Jónsson, að ákveðin voru 6% lánakjör þá. Þeir voru horfnir — annar þeirra, Magnús frá Mel, fyrir löngu — úr stjórninni þegar togið hófst um að ná upp ávöxtunarkjörunum. Fyrir þremur árum var stofnuð verðtryggingardeild sem æ fleiri þættir útlánanna úr þessari stofnun hverfa inn á.

Ég skil ekkert í því, að hv. 9. þm. Reykv. skuli ekki ná hlustum hv. 3. landsk., þm. Karls Steinars hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar, til þess að spyrja hann og leita upplýsinga um þetta. Þetta mundi hv. þm. gera ef hann kærði sig um að vita betur. En það mundi auðvitað slokkna á honum, og maður mundi sjá eftir því ef hann fengi allar réttar upplýsingar. Hann var kominn í þær stellingar hérna að halda uppi vörnum fyrir „kommissarakerfið" og taldi það illskárra en þetta, sem við tók, og talar um æviráðna menn í 12 mánuði æ ofan í æ. (**Forseti:** Það hefur verið óskað eftir þingflokksfundum núna korter yfir fjögur þannig að ég þyrfti að biðja ræðumann að gera hlé á ræðu sinni, ef hann er ekki rétt að ljúka henni.) Ég skal ljúka þessu, en á auðvitað eftir að drepa á mörg atriði. — [Fundarhlé.].

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það kom fram í umr. í dag um Framkvæmdastofnun ríkisins, að þetta væri hið mesta vandræðabarn og mikil spilling hefði þrifist innan veggja þeirrar stofnunar. Sá sem talaði er gamalreyndur siðvæðingarmaður þó ungur sé að árum. Hins vegar hefur hann látið lítið til sín heyra í vetur þangað til nú undir lok þingsins að hann gefur nú aftur siðvæðingaráhuga sínum lausan tauminn.

Þessi hv. þm. talaði mikið um umr. þegar frv. um Framkvæmdastofnun ríkisins var flutt og varð að lögum, og hann taldi að forstjóri stofnunarinnar hefði í inngangi að ársskýrslu Framkvæmdastofnunar sérstaklega ráðist að einum fyrrv. þm. og forustumanni Sjálfstfl., Magnúsi Jónssyni frá Mel. Ég efast ekki um að hv. þm. — það er 9. þm. Reykv. sem ég á hér við, hafi að vísu verið kominn úr stuttbuxunum þá því að hann var liðlega fermdur og vel það að árum, en hins vegar tæplega þroska.

Þessi hv. þm. gat þess ekki í leiðinni, að það voru fleiri sem gagnrýndu þetta frv. og þessi áform þeirrar ríkisstj. sem þá sat. Ég var einn þeirra og tók ekkert minna upp í mig þá en Magnús Jónsson, svo að Sverrir Hermannsson hefur þá verið einnig í leiðinni að ráðast að mér ef hann hefur verið að ráðast að Magnúsi Jónssyni. En fyrir þá, sem voru þá ungir og lítt farnir að fylgjast með stjórnmálum, er best að rifja upp atriði í málefnasamningi þeirrar ríkisstj. sem beitti sér fyrir stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins, en þar segir:

„Ríkisstj. einsetur sér að efla undirstöðuatvinnuvegina á grundvelli áætlunargerðar undir forustu ríkisvaldsins. Koma skal á fót Framkvæmdastofnun ríkisins, sem hafi á hendi heildarstjórn fjárfestingarmála og frumkvæði í atvinnumálum. Stofnunin skal gera áætlanir til langs tíma um þróun þjóðarbúsins og framkvæmdaáætlanir til skemmri tíma, þar sem greindar eru þær fjárfestingarframkvæmdir, sem forgang skulu hafa. Stofnunin fari með stjórn Framkvæmdastjóðs ríkisins og annarra þeirra fjárfestingarsjóða sem eðlilegt verður talið að falli undir hana. Stofnunin skal hafa náið samstarf við aðila atvinnulífsins um það, hvað unnt sé að gera til að búa í haginn fyrir hverja atvinnugrein í því skyni að lækka rekstrarkostnað og gera m. a. mögulegt að bæta kjör starfsmanna án þess að hækkun verðlags fylgi.

Þær stofnanir og nefndir, sem fyrir eru og gegna skyldum verkefnum og þessi nýja stofnun, verði sameinaðar henni eftir því sem ástæða þykir til.

Í tengslum við Framkvæmdastofnun ríkisins skal starfa sjóður undir sérstakri stjórn sem veitir fjárstuðning til þess að treysta sem best eðlilega þróun í byggð landsins.

Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs gangi til þessa sjóðs og aðrar tekjur eftir því sem ákveðið verður síðar."

Þessi stefnuskráryfirlýsing þeirrar ríkisstj. boðaði það, að með stofnun Framkvæmdastofnunar ríkisins ætti að koma á einu allsherjarfjárfestingarráði, — ráði sem átti að hafa með höndum alla stjórn fjárfestingarmála og vera í raun og veru allsráðandi í efnahagslífi þjóðarinnar. Þegar frv. var lagt fram um Framkvæmdastofnun ríkisins af þessari sömu ríkisstj., ríkisstj. Ólafs Jóhannessonar sem mynduð var 14. júlí 1971, þá kemur þar fram að þrjár stofnanir, sem áður störfuðu sjálfstætt, eru sameinaðar undir eina stjórn. Þar eru sameinaðir Framkvæmdasjóður Íslands, en Framkvæmdabanki Íslands var forveri þess sjóðs, Atvinnujöfnunarsjóður og hagrannsóknadeild. Þessar stofnanir eru sameinaðar undir eina stjórn. Við sjálfstæðismenn höfðum ekki á móti því, að það ætti að setja á eina heildarstjórn og yfirstjórn allra fjárfestingarmála. Þetta gagnrýndum við mjög harðlega á sínum tíma.

Við gagnrýndum einnig að hagrannsóknadeild yrði sett undir þingkjörna stjórn sem hefði þar með áhrif á hana að meira eða minna leyti. Við töldum að þessi stofnun ætti að vera frjáls og óháð, en heyra undir ríkisstj. eða forsrh., en allir stjórnmálaflokkar og þingflokkar ættu að eiga greiðan aðgang að þessari stofnun. Við gagnrýndum einnig að settir væru yfir stofnunina þrír „kommissarar" eða þrír framkvæmdastjórar sem voru pólitískir varðmenn ríkisstj. á þeim tíma. Við gagnrýndum einnig að þetta framkvæmdaráð eða þessi framkvæmdastjórn undirbjó öll mál, hún gerði sínar tillögur án þess að hafa neitt samráð við aðra í stjórninni. Ég get getið þess hér, af því að ég er sá eini sem hefur átt sæti í þessari stjórn frá byrjun þó að ég hafi ekki starfað þar í fjögur ár, þau ár sem ég gegndi ráðherraembætti, að það var ólíku saman að jafna að vinna undir stjórn þriggja framkvæmdastjóra eða framkvæmdastjórnar

sem lagði öll mál fyrir stjórnina með þeim hætti sem síðar varð og ég kem að því nánar.

Það leið ekki nema rúmt ár þar til þáv. ríkisstj. eða þáv. forsrh. Ólafur Jóhannesson hvarf frá því að hafa hagrannsóknadeildina undir Framkvæmdastofnun ríkisins. Þar með kom hann til móts við skoðun okkar sjálfstæðismanna og var þá flutt frv. um Þjóðhagsstofnun, sem er sjálfstæð stofnun. Þar með var byrjað að veikja Framkvæmdastofnunina eða minnka áhrifavald hennar.

Hinu er svo ekki að leyna, að þessi heildarstjórn fjárfestingarmála varð að engu í raun. Ótti okkar við hana var ástæðulaus þegar kom til framkvæmda vegna þess að ráðherrar í þeirri ríkisstj. vildu ekki standa að því að koma á slíku fjárfestingarbákni. Ég skal t. d. setja það hér, að ráðherrar Alþb. í ríkisstj. 1971 vildu ekki þetta bákn. Það var þá helst að Framsfl. vildi standa að því, og þess vegna fór sem fór, að þetta varð aldrei það fjárfestingareftirlit sem höfundar þessa máls ætluðu sér í upphafi. Þess vegna varð þessi ótti ekki að veruleika. Síðan hefur þessi stofnun starfað, og hún er eina lánastofnunin af meiri háttar lánastofnunum sem árlega skilar til Alþingis ársskýrslu um hvert einasta útlán.

Þá komum við að því sem síðvæðingarpostulinn sagði áðan, að þessi stofnun er undir stjórn 7 alþm. og þar eiga sæti fulltrúar allra þingflokka. Við erum ekki alltaf á eitt sáttir í sambandi við hverja einustu afgreiðslu mála sem ekki er von. En við erum a. m. k. í 90 tilfellum af 100 í fyllsta máta sáttir um afgreiðslu mála. Innan þessarar stofnunar hefur ríkt ákaflega gott andrúmsloft á milli stjórnarmanna.

Okkur er ljóst að ríkisstj. á hverjum tíma á töluvert innhlaup í slíka stofnun, og þó að við sem eigum þarna sæti, séum ýmist með eða móti ríkisstj., þá tökum við tillit eins og frekast er hægt til óska ríkisstj. á hverjum tíma til þess að taka fyrir ákveðin mál og reyna að leysa úr þeim. Við reynum eðlilega eins og við getum að gæta þess, að ekki sé gengið nærri stofnuninni sjálfri þannig að hún bíði skaða af.

Út af því, sem hv. þm. sagði varðandi vaxtamál þessarar stofnunar, þá var samþykkt á árinu 1981 eða nánar sagt 12. maí að hækka vexti af lánum Byggðasjóðs úr 22% í 28%. Forstjóri stofnunarinnar hafði lagt til fyrir áramót að hækka þessa vexti í 32%. Ég hafði tekið upp till. þar sem málamiðlun, að vaxtahækkun færi í 30%, til þess að reyna að ná samkomulagi, en þá kom ríkisstj. inn í spilið og vildi ekki að vextir yrðu hækkaðir því að það væri í ósamræmi við vaxtastefnu ríkisstj. að hækka vexti. Og það leið og beið fram á þennan tíma, að þessi ákvörðun var tekin. Ég frábið mér því gagnrýni hv. þm. hvað þetta snertir. En hinu er ég á, að vextir Byggðasjóðs séu enn of lágir miðað við vexti í þjóðfélaginu almennt. Og ég vil minna á það, að vextir af lánum Byggðasjóðs þau 10 ár, sem hann hefur starfað undir núv. heiti, hafa verið þessir: Árið 1972 til 1. ágúst 1974 aðeins 6%, þá voru þeir hækkaðir í 8%, 1. ágúst 1975 í 10%, 1. ágúst 1976 í 12%, 1. ágúst 1977 í 14% og 1. ágúst 1979 í 22%, eins og ég sagði áðan. Vaxtabreytingar þessar, sem gerðar hafa verið, ná jafnframt til eldri lána sjóðsins. Á árinu 1980 samþykkti stjórn stofnunarinnar að taka upp flokk verðtryggðra lána í Byggðasjóði og skyldu lán í þessum flokki bera 2% ársvexti og vera bundin lánskjaravísitölu. Nokkur lán voru veitt með þessum kjörum á árinu 1981 og af einstökum flokkum lána, sem veitast munu með þessum kjörum á árinu 1981 og af einstökum flokkum lána, sem veitast munu með þessum kjörum, má nefna lán til gatnagerðar í þéttbýli og lán til kaupa á notuðum fiskiskipum.

Þá held ég að líka sé rétt að geta þess, að lán til smíði fiskiskipa eru að hálfu gengistryggð og bera nú 11% vexti miðað við að lánin séu bundin gengi vestur-þýska marksins. Um Framkvæmdasjóð gegnir öðru máli. Þar fylgja vextir yfirleitt lánskjaravísitölu að fullu og öllu svo að það fjármagn, sem fer í gegnum Byggðasjóðinn, verður sífellt minna og minna sem er lánað með þessum kjörum.

Ég kann því mjög illa þegar hv. þm. segir að þeir, sem sitji í stjórn þessarar stofnunar, séu að lána vinum sínum með slíkum kjörum sem þessum. Hér er verið í þingsölum að bera okkur, sem sitjum í þessari stofnun, á brýn að við séum hlutdrægir og við brjótum allar velsæmisreglur í þjóðfélaginu. Ég skora á þennan hv. þm. að koma hér fram og spyrja og segja Alþingi frá því, hvaða vildarvinir stjórnarmanna hafa fengið lán fyrir vináttusakir. Ég tel að áburður sem þessi sé ekki viðeigandi frá hendi alþm. og ef þessi hv. þm. á einhverja sæmilega sómatilfinningu á hann að biðjast afsökunar á slíkum kjaftavaðli eins og kom fram í hans máli í dag.

Hann talaði mikið um að „kommissarar" væru æviráðnir með 12 mánaða uppsagnarfresti. Þetta er nú atriði sem ég skil ekki, æviráðning með 12 mánaða uppsagnarfresti. Það væri nákvæmlega sama og segja, að ráðherrar væru með æviráðningu með 6 mánaða uppsagnarfresti, því að ráðh. fá laun í 6 mánuði eftir að þeir láti af störfum. Það á þá að heita æviráðning á máli þessa síðvæðingarpostula.

Um það má deila eflaust hvort þm. eigi að vera forstjórar eða framkvæmdastjórar í slíkri stofnun sem þessari. Þessi hv. þm. hefur fullt leyfi til að hafa sínar skoðanir á því eins og við aðrir. En um hitt held ég að sé alveg ástæðulaust að deila, að þm. eru fyllilega gjaldgengir í stjórn þessarar stofnunar, alveg eins og þeir eru víða í öðrum stjórnum í bankakerfi. Það eru þm. í bankaráðum allra ríkisbankanna. Því geta ekki verið þm. í stjórn þessarar stofnunar? Þar sér hver um annan. Ef einhver einn þm. eða fleiri, fulltrúar eins flokks eða fleiri, ætla að vera eitthvað djarfir í lánveitingum, þá er þó aðhald frá hinum. Árásir þessa hv. þm. á stjórn þessarar stofnunar falla því um sjálfar sig.

Ég tel að samkv. hlutverki þessarar stofnunar eigi hún að reyna eftir fremsta megni að koma til móts við þá staði, þar sem erfiðleikar eru í sambandi við atvinnulíf. Hún á einnig að gera allt sem hægt er til þess að koma í veg fyrir, að lífvænlegar byggðir fari í eyði. Eitt af því virðingarverðasta, sem þessi stofnun hefur gert nú á seinni árum og allra síðustu árum, er frumkvæði hennar að láni til vegagerðar. Þessi stofnun lánaði á s. l. ári til vegagerðar 14.5 millj. kr. Það er sundurliðað á bls. 110 í skýrslunni. Það eru sennilega lán til sérstakra vinstristjórnarmanna. Það er bundið slitlag á Vesturlandsveg, það eru vinirnir þar, Akranesveg, Laxárdalsveg um Búðardal, Vestfjarðaveg, Djúpveg, Hólmavíkurveg, Norðurlandsveg, Sauðárkróksveg, Ólafsfjarðarveg, Norðausturveg, Eyjafjarðarbraut, Austurlandsveg, Norðfjarðarveg, Hafnarveg, Suðurlandsveg, Gaulverjabæjarveg, Eyrarbakkaveg, Þorlákshafnarveg, Þrengslaveg, Þingvallagöng við Rauðavatn. Þetta eru nú vinir okkar í stofnuninni, sem við höfum verið að lána til. Það

eru m. ö. o. eru lán til vega í öllum kjördæmum landsins og líka hérna í þéttbýlissvæðinu, m. a. göng við Rauðavatn sem sagt er að séu aðallega til að byrja með fyrir hestamenn eða nokkurs konar reiðgöng. Einnig var lánað til malarvega, t. d. Snæfellsnesvegar um Grundarfjörð, vegar norðar Bjarnarfjarðar í Strandasýslu, m. ö. o. í Árneshreppi á Ströndum sem er nyrsta byggð á landinu. Það hefur verið lánað í Laxárdalsveg í Skagafjarðarsýslu, hafísveg í Norður-Þingeyjarsýslu, hafísveg í Norður-Múlasýslu, Jökuldalsveg í sömu sýslu, Borgarfjörð eystra og svo Bláfjallahringinn sem er aðallega fyrir fólk í kjördæmi hv. þm. Þetta er nú þessi vonda stofnun. Hún hefur í auknum mæli verið að fara yfir á samgöngumálaþáttinn.

Hver er að tala um það, að þessi stofnun sé að taka völd af Alþingi? Ef það leiðir af í fjárveitingum Alþingis *til vegamála eða annarra samgöngumála, þá mætti* kannske tala um að hér væri bruðl. Og hv. þm. breiddi sig út yfir það, að þessi stofnun bauð 3 millj. kr. til vegagerðar við Ölfusá, við Óseyrarnes. Þar er vandi fjárveitingavalds og ríkisstj. að þiggja eða hafna. Hverjir gerðu þetta? Jú, það var reynt að láta liggja að því, að það væri hv. 6. þm. Suðurl., formaður stjórnarinnar. En það voru fleiri sem greiddu þessari till. atkv. Það voru einnig Þórarinn Sigurjónsson, Steinþór Gestsson, Matthías Bjarnason og Karl Steinar Guðnason, og hann er nú í Alþfl., úr fjöldahreyfingunni sem hv. þm. hefur kallað þá flokksbræður sína. Hann greiddi atkv. með þessu. Ég trúi því ekki, að hv. þm. sé að væna þann ágæta mann um að hann sé að hygla vinum sínum með því. Þetta er fyrst og fremst viðurkenning á þörf á þessum samgöngubótum, og það eru þá til menn í þessari stofnun sem sjá út fyrir kjördæmi sitt og sjá að það eru þarfir víðar en í því. Við getum aldrei náð neinum árangri í baráttu fyrir okkar kjördæmi ef við ætlum aldrei að líta á vandamál annarra, og ég tel, að það sé ekkert athugavert við þetta. Þó að reynt hafi verið að þyrla upp moldviðri í blöðum út af þessum 3 millj., þá þori ég óhikað að standa uppréttur eftir sem áður þó að þessi ákvörðun hafi verið tekin. Þetta er til þess að flýta fyrir, en þetta dugir skammt í sambandi við þá framkvæmd sem hér er um að ræða. Í langtímaáætlun um vegagerð, sem á að taka yfir 12 ár, er ætlað nokkurt fjármagn til þessara framkvæmda, og það er vafalaust mikill hugur í þm. þessa kjördæmis að ljúka sem allra fyrst þessari framkvæmd sem fleirum.

En ef við hverfum aftur aðeins frá vegamálunum, þá skulum við einnig líta á, hvert þetta fjármagn fari sem Framkvæmdastofnun eða Byggðasjóður er aðallega að lána? Langstærsti hlutinn af þessu fjármagni fer til að smíða fiskiskip. Tiltölulega lítið fer til fiskvinnslustöðva. Það mun láta nærri að um 3/4 af heildarráðstöfunarfé þessa sjóðs fari til sjávarútvegsins að kallað er. En nú vil ég vekja athygli á því, að sjávarútvegurinn óskar ekki eftir þessu fjármagni öllu. Samtök útgerðarinnar hafa varað við að auka fiskiskipaflotann, svo það má segja að í reynd sé hér röng skýrsla um skiptingu á lánsfé, því segja má að þetta sé miklu frekar iðnaðarverkefni og þá til þeirra staða þar sem skipin eru smíðuð. Þarna er fjármagninu varið fyrst og fremst til þess að halda gangandi skipasmíði, aðallega á þremur stöðum á landinu: Akureyri, Akranesi og hér í Garðabæ, auk nokkurra smærri stöðva. Segja má að langstærsti hluti þessa fjármagns fari í þetta verkefni. Og þá spyrjum við: Er það álit 9. þm. Reykv., að hér eigi að stöðva algerlega þannig að þessum stöðvum verði lokað og þessu fólki verði sagt upp? Það er margt fólk, sem á heima hér í Reykjavík, sem vinnur við þessa starfsemi. Stórkostlegt atvinnuvandamál mundi skapast ef þetta væri stöðvað.

Ég tel því að óhætt sé að segja að þessi stofnun hafi unnið mjög mikilvægt og gott starf. Þessi stofnun hefur varið verulegu fjármagni til jaðarbyggða, til uppbyggingar í jaðarbyggðum, á Norðurlandi og víðar, og þar væri ástandið annað í dag, þó að það sé engan veginn gott, ef þessi stofnun hefði ekki komið þar til hjálpar. Hún hefur sinnt hlutverki sínu, starfað samkv. þeim lögum sem Alþingi hefur sett henni. Og það er undarlegt með suma menn, að ef flokksbræður þeirra eru í forustu er allt í lagi, þá er aldrei sagt orð. Ég heyrði aldrei neitt sagt meðan núv. hæstv. fjmrh. var formaður. En formaður þingflokks Alþb. var svo hrifinn af ræðu Vilmundar Gylfasonar í dag að ég hef ekki séð hann ljóma annað eins, ekki hér á landi.

Formaður þingflokks Alþfl. var stjórnarformaður í Framkvæmdastofnuninni. Þá heyrðist hvorki stuna né hósti frá siðvæðingarpostula Alþfl. eða nokkrum manni úr fjöldahreyfingunni. Þá var þetta allt í lagi. En þegar komið er að því að þeirra flokkur á ekki formann eða forstjóra, þá er farið að hamast, og það er ekki fyrr en þau skipti urðu sem þm. hefur flutt sömu ræðuna nú þrjú ár í röð. Við á Vestfjörðum höfum ekki farið varhluta af fyrirgreiðslu þessarar stofnunar frekar en önnur kjördæmi þó að alltaf sé verið að tala um annað. Mér skildist á þm. að hann væri að brýna ríkisstj. á því að reka nú forstjórann, manna sig upp í að reka forstjórann því að hann væri andstæðingur ríkisstj., nú ætti að reka hann, nú ætti að nota tækifærið. Ef þessi hv. þm. telur eitthvað þarna að, eitthvað verulega að, þá á hann að vinna að því með lagabreytingu. Formaður þingflokks Alþb. er búinn að vera í marga mánuði í nefnd við að endurskoða lög um þessa stofnun. Mér finnst að hann þurfi ekkert að skýla sér á bak við Vilmund litla í því. Hann hlýtur að geta haft einhverjar sjálfstæðar skoðanir sjálfur á málinu, að hann þurfi ekki að segja bara: Bravó Vilmundur, þetta er gott hjá þér. — Loksins kunnu þeir að meta hvor annan. Það var ekki vonum fyrr. Þeir hafa gert það líka í Tyrklandsmálum. Það er Hundtyrkinn og niðurrifsstefnan gagnvart íslensku atvinnulífi sem færir þessa tvo dánumenn saman, þá sjaldan þeir hittast. (**Gripið fram í:** þetta er nú ekki góð sagnfræði.) Nei, ég er ekki sagnfræðingur, Eiður Guðnason. En hins vegar var léleg sagnfræði sagnfræðingsins hér í dag.

Hvernig ætli ástandið væri í sambandi við atvinnurekstur víða um landið ef hér hefði ekki verið komið til móts við í þessum efnum? Ríkisstj. hefur falið þessari stofnun tiltekin verkefni sem hún á að vinna að, eins og úthlutun á svokölluðum kreppulánum til sjávarútvegsins á s. l. ári. Það voru almennir erfiðleikar sem áttu sér stað. Ríkisstj. óskaði eftir að þessi stofnun færi með þessi mál, og það hefur auðvitað komið á daginn að stórkostlegt fjármagn vantar til þess að geta innt það verk sæmilega af hendi.

Ég ætla ekki í önnum þings og lok þingsins að hafa þessi orð miklu fleiri, en vildi aðeins minna á það, um hvað var deilt í byrjun í sambandi við þessa stofnun og hvaða breytingar urðu. Hins vegar er ég mjög opinn fyrir ýmsum breytingum, sem nauðsynlegt er að gera þarna, því að þessi stofnun er ekki fullkomin frekar en aðrar og það þarf margt að gera til þess að gera þessa stofnun betri

en hún er. Það þarf víða að bæta aðstæður í þjóðfélaginu. En ég gat ekki látið ómótmælt þegar ráðist er með þessum hætti, eins og þessi hv. þm. gerði í dag, á þessa stofnun, með þeim svigurmælum, að menn notuðu aðstöðu sína til þess að hygla vinum sínum.

Umr. frestað.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 186, n. 884, 844, 845, 877). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Atvmn. hefur haft til meðferðar till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu og haldið fjölmarga fundi um málið. Nefndin hefur orðið sér úti um og henni hafa borist margvísleg gögn og upplýsingar sem of langt mál yrði upp að telja. Einnig hefur nefndin boðað til viðræðna við sérfræðinga í virkjunarmálum og enn fleiri. T. a. m. hélt nefndin sumardaginn fyrsta hátíðlegan í þingflokksherbergi Sjálfstfl. með Húnvetningum og nokkrum Skagfirðingum í bland og gróðurverndarmönnum allt „austan undan Eyjafirði", eins og Torfalækjarmenn orðuðu það. Nánari upplýsingar verða ekki gefnar um mannfagnað þann, enda varhugavert að nefna bæjarnöfn, hvað þá heldur örnefni, í þessu sambandi um þessar mundir, nema allt fór það vel fram þótt ekki næðist reyndar sami gangur úr öllu stóðinu, enda misjafnlega setið að undanförnu.

Á hinn bóginn hefur nefndarmönnum gefist mismikill friður til að sinna störfum sínum. Á 11 ára starfsferli í þessari stofnun minnist ég tæpast svo óskemmtilegrar undiröldu sem í þessu máli. Er ekki að undra þótt brjóti á ýmsum skerjum norður þar þegar menn ætla varla að geta haldið sjó á Alþingi hér syðra. Þetta er þó ekki á þann veg að skilja, að ókyrrðin á Alþingi um þessar mundir eigi rætur sínar aðallega að rekja til þessa máls sem nú er fjallað um. Allir sjá og skilja að á hinu háa Alþingi ríkir upplausn og stjórnleysi. Í hópi þeirra, sem þykjast vera að stjórna landinu, er hver höndin upp á móti annarri, óheilindi og flokkadrættir með þeim hætti að til vansæmdar er hinni virðulegu stofnun. En ætli það sannist ekki hið fornkveðna rétt einu sinni, að svo liggur hver sem lund er til.

Ég hef áður oftsinnis á það minnst, hversu þingræðinu er mikil hætta búin ef svo fer fram sem horfir um hríð. Ef menn fótumtroða þingræðið og hafa að engu vilja meiri hlutans, þá er illa komið okkar högum og stöðu þeirrar stofnunar sem þarf og á að vera burðarás íslensks þjóðfélags, löggjafarsamkomunnar. Slíkar hugrenningar hljóta að leita á þegar rifjuð er upp tilurð hæstv. ríkisstj.

Það verður æ meira áberandi að ráðherrar telja sér ekki skylt að fara að ályktunum Alþingis. Af svörum við fjölda fsp. á Alþingi hefur komið í ljós að hæstv. ráðherrar hafa annaðhvort vanrækt framkvæmd ályktana Alþingis eða virt þær að vettugi með öllu. Slíkt getur Alþingi ekki látið bjóða sér. Það er engin afsökun að fleira sé samþykkt en frambærilegt getur talist. Ríkjandi meiri hl. í Alþingi hverju sinni ber aðalábyrgð á afgreiðslu mála. Honum ber að vega og meta málin og kjósa sér þau þrifamál til samþykktar sem meiri hl. eru skapfellileg. Að fengnu samþykki Alþingis á framkvæmdavaldið engra annarra kosta völ en hlýða og framkvæma eða að leita ásjár Alþingis á nýjan leik um breytingu eða niðurfellingu mála.

Ekki er fyrir að synja að böndin berist að frekjufullum embættismönnum, að þeir eigi ólítinn þátt í að hindra framgang ályktana Alþingis. Það tekst þeim að sjálfsögðu ekki nema í skjóli ráðherra sem virðast í vaxandi mæli hafa misst sjónar á þingræðinu, viljandi eða óviljandi, og einnig vegna andvaraleysis Alþingis. Látum nú vera þótt hálfkaraðir kálfar komi inn á Alþingi beint í ráðherrastóla og kunni sér lítt hóf. En steininn tekur úr þegar gamlir gránar á Alþingi ganga á undan í þessum efnum. Þá verður eftirdæmið auðvelt óvönum og valdagírugum. En auðvitað liggur sökin ekki síst hjá Alþingi sjálfu sem taka á í taumana ef úrskeiðis gengur. Upp er kominn áhugi hjá þm. á að taka til höndum í þessum efnum og er þess fastlega að vænta að í einhvern stað komi niður. Í húfi er staða og virðing hins háa Alþingis.

Nýjasta dæmið af þessum toga er að finna í vinnubrögðum hæstv. ríkisstj. í máli þessu, sem nú er til umr. Hæstv. ríkisstj. lagði fram till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu og lagði málið með þeim hætti í gerð Alþingis sem vera ber. Atvmn. fékk málið til meðferðar og hafði haldið um það langa og stranga fundi þegar hæstv. ríkisstj. skýtur á fundi og gerir samþykkt um einn þátt málsins, þann þáttinn sem höfuðstyrrinn hafði staðið um. Látum nú vera þótt ýmsir nefndarmenn hefðu ekki flóafrið að vinna að málinu fyrir afskiptasemi hæstv. ráðh. Þeim er að sjálfsögðu fullkomlega heimilt, ráðh., að beita áhrifum sínum sem þingmenn á gang mála. Ekkert er eðlilegra. En sérstök samþykkt ríkisstj. í miðjum klíðum er ósvífin tilraun framkvæmdavaldsins til að segja löggjafarsamkundunni fyrir verkum, enda bætti sú aðferð ekki úr skák, en torveldaði störf atvmn. Sem betur fór tóku nm. ekki mikið mark á þessu ólögmæta frumvarpi hæstv. ríkisstj., en söm var hennar gerð. Nm. atvmn. lögðu sig allir í líma við að fullt samkomulag næðist í nefndinni og það tókst þrátt fyrir óheppileg afskipti hæstv. ríkisstj. og einstakra ráðh., en að því leyti sem leiðir skilja aðeins um túlkun kem ég að síðar.

Það var skoðun nefndarinnar, að fullt samkomulag í Alþingi um ályktun um Blönduvirkjun væri hið mikilvægasta og líklegast til að setja niður deilur manna norður þar. Ekki verður hjá því komist að nefna tvö dæmi um ógæfusamlegar aðferðir stjórnvalda í Blöndumálinu og raunar þrjú, þótt hið síðast talda sé af öðrum toga spunnið eða annars eðlis. Er þar með þó ekki verið að bera blak af hv. 1. þm. Norðurl. v. og hans mönnum, því að aldrei veldur einn þegar tveir deila. En dæmi sýna svo að ekki verður um villst, að vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í málinu hafa á stundum verið óheppileg og ólíkleg til lausnar, svo að ekki sé meira sagt.

Í samningaumleitunum við Húnaþingsmenn lét hæstv. ríkisstj. svo sem hún byði heimamönnum ýmsa kosti virkjunar. Þeir, sem ekki voru nákunnugir málinu, trúðu einnig að svo væri því að ávallt var það látið í veðri vaka. Svo reyndist þó ekki, eins og sýnt verður fram á. Mætti kannske skjóta því inn í, að ég kannast ekki við eina einustu yfirlýsingu frá hæstv. ríkisstj. sem máli hefur skipt þar sem allur sannleikurinn hefur verið sagður. Og kostirnir áttu að heita við óímunnberanlega bungu og höfða einn sem rís upp úr hásléttunni og svo mismunandi tilhögun á þessum stöðum. Með leyfi hæstv. forseta vitna ég nú orðrétt í fundargerð ráðgjafarnefndar um Blönduvirkjun af fundi sem haldinn var í skrifstofu iðnrn. miðvikudaginn 15. júlí 1981, kl. 15:30:

„Mættir voru á fundinum Hjörleifur Guttormsson,

Steingrímur Hermannsson, Ragnar Arnalds, Pálmi Jónsson, Jakob Björnsson og Tryggvi Sigurbjarnarson.“

Þarna hafði fallið niður nefn Kristjáns Jónssonar í vélritun því að ég man að hann var þar mættur af skjölum málsins. — 4. liður fundargerðar:

„Rætt var um rannsóknir við Sandárhöfða. Iðnrh. taldi niðurstöður fundarins á Blönduósi benda til þess, að rétt væri að hefja rannsóknir við Sandárhöfða í sumar.“

15. júlí 1981 segir hæstv. iðnrh. þetta og áttar sig á því, að fundurinn á Blönduósi, sem var til þess haldinn að ráðgast við heimamenn, benti til þess arna. Áfram segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bað hann um álit samráðh. Þeir töldu slíkar rannsóknir ekki tímabærar. Virkjun við Sandárhöfða kæmi ekki til greina sem næsta virkjun og ef sú yrði niðurstaðan væri nægur tími til rannsókna.“

Herra forseti. Þetta eru mennirnir sem létu svo fram á vorjafndægur 1982 að þeir byðu frjálsum mönnum til samninga þar sem kosta væri völ. Og enn segir í þessari fundargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbrh. óskar að bókaður yrði texti, sem hann lagði fram á fundinum 10. júlí s. l., svohljóðandi:

„10. júlí 1981. Ráðherranefnd um virkjun Blöndu lítur svo á, að nauðsynlegt sé að taka nú þegar ákvörðun um tilhögun Blönduvirkjunar svo að þar verði stefnt að ákveðnu marki. Því samþykkir nefndin að virkjun árinnar miðist ivð tilhögun I, þ. e. með stíflu við Reftjarnarbungu, e. t. v. með minni háttar sveigjanleika. Er samninganefnd virkjunaraðila því falið að vinna að niðurstöðu í samningum við hagsmunaaðila Blönduvirkjunar í samræmi við þetta. Frekari tafir og kostnaður vegna rannsókna á öðrum möguleikum við virkjun árinnar eru því tilgangslaus.“

Mér er nær að halda að hæstv. landbrh. hafi ævinlega haft eina skoðun á þessu máli í samræmi við þetta heima í héraði. En eftir sem áður tók hann þátt í þessum leikaraskap gagnvart heimamönnum, að þykjast vera í frjálsum samningum við þá þar sem kosta væri völ.

Ljósrit af fundargerð þessari var útbýtt til nm. atvmn. af norðanmönnum á fundi sumardaginn fyrsta. Þarf einhvern að undra þótt slík vinnubrögð dragi dilk á eftir sér? Heiðarlegra hefði verið að segja opinskátt við hagsmunaaðila að enginn annar virkjunarkostur kæmi til greina en tilhögun I við Reftjarnarbungu, í stað þess að láta þá vera í góðri trú um að þeir ættu kosta völ í stað úrslitakosta. — Þeir skemmta sér, þingflokksformennirnir. — En þessari hæstv. ríkisstj., sem er að vísu ekkert vel gefið, er þó allt betur gefið en að koma til dyranna eins og hún er klædd. Svo hatrammur er þessi kækur orðinn að hann er alltaf kosinn, jafnvel þótt annað kæmi sér betur.

Þetta er fyrsta dæmið um ógæfusamleg vinnubrögð hæstv. ríkisstj. í Blöndumáli. Næst er svo til að taka að norðanmenn eru kvaddir skyndikvaðningu til Reykjavíkur að skrifa undir samning um Blönduvirkjun í marsmánuði s. l. Við undirskrift reyndist aðalmaðurinn, hæstv. iðnrh., svo trúverðugur — eða hitt þó heldur — að hann hafði ekki umboð ríkisstj. til að undirrita samninginn. Þetta sýnir eitt með öðru hversu hrapandi hæstv. ríkisstj. hefur farið að þessu máli.

Kemur þá þriðja atriði flumbruháttarins til sögunnar. Í till. til þál., sem hér liggur fyrir til umr., er ákveðin röð meiri háttar vatnsaflsvirkjana: Blanda, Fljótsdalur, Sultartangi og samhliða Blöndu skal unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu. Af röðum þessari leiðir að verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað. Þess vegna þurfti ekkert sérákvæði í till. til að taka af tvímæli um röðun. Allt að einu gefur að líta í till. hæstv. ríkisstj., með leyfi hæstv. forseta, að 6. liður tillgr. orðist svo:

„Verði ekki ráðist í Blönduvirkjun nú, komi Fljótsdalsvirkjun í hennar stað sem næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun fyrir landskerfið, enda geti hún hafið orkuframleiðslu fyrir árslok 1982.“

Til hvers eru þessir refar skornir? Til að greiða fyrir samningum — eða hvað? Ákvæðið er umbúðalaus hótun. Það er nýtt, ef það er ráð að semja við menn, að hafa í hótunum við þá í leiðinni. Kann að vera að þeir, sem hafa náð sínum lánlausu völdum með óeðlilegum hætti, þykist geta farið eigin leiðir að settu marki tillitslaust með ofríki og hótunum. En hvílíkan grundvallarmisskilning í lunderni Húnvetninga gefur hér að líta! Að sjálfsögðu leggur atvmn. til að þessi liður sé þurrkaður út úr till. ríkisstj., enda óþarfur með öllu vegna röðunar.

Á þskj. 845 ber atvmn. fram brtt. við till. til þál. á þskj. 197 um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Á þskj. 844 skilar nefndin einróma áliti. Nefndin er sammála um að ekki gefist ráðrúm til að gera orkunýtingu viðhlítandi skil á þeim skamma tíma sem Alþingi hefur nú til umráða. Þó eru orkunýtingunni að sínu leyti gerð betri skil hér en í þáltill. ríkisstj. því að þar er fátt bitastætt. Nefndin leggur áherslu á að ráðist verði í orkufrekan iðnað, eins og þar segir, sem tryggir hagkvæma nýtingu orkunnar frá tilgreindum virkjunum. Það er augljóst að sú stefna í orkunýtingarmálum, sem hæstv. iðnrh. hefur markað og hæstv. ríkisstj. öll lætur hafa sig til að fylgja, mun leiða til þess, að lítil þörf verður fyrir stórvirkjanir í framtíðinni nema gerbreytt verði um stefnu. Og nú skal ég gefa hv. 1. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, gott ráð ef hann vill koma í veg fyrir að eitt einasta strá fari undir jökulvatn á Auðkúluheiði eða norður þar um langa framtíð. Ráðið er að styðja stefnu hæstv. iðnrh. nægjanlega ötullega í stóriðjumálum. Ef henni er fylgt t. d. út í hörgul og álverinu í Straumsvík lokað er enginn þörf fyrir vatnsmiðlun nyðra, ekki á þessari öld og líklega ekki heldur á þeirri næstu.

Í 1. lið tillgr. segir svo í brtt. atvmn., með leyfi hæstv. forseta:

„Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Miðlun umfram 220 gígalítra verði ekki aukin fyrr en nauðsyn ber til vegna raforkukerfisins. Verði ágreiningur um aukna miðlun skal honum skotið til Alþingis, að fenginni tillögu ríkisstj.“

Mér er ekki kunnugt um að deildar meiningar séu um það meðal hv. alþm., að Blönduvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun. Það kemur þá í ljós við afgreiðslu þessarar till. ef svo er. Það er skoðun nefndarinnar að ráðast beri í virkjunina á þessu ári. Þegar af þeirri ástæðu er einsýnt að aðeins er um að tefla einn ákveðinn virkjunarstað. Enn aðrar ástæður renna stoðum undir það, m. a. að fyrirsvarsmenn létu undir höfuð leggjast að rannsaka fleiri og eru þeir því úr sögunni.

Mörgum orðum skal ekki farið um landverndarstefnuna, svo mjög sem allir hv. alþm. eru samhuga um ekki einvörðungu að verja landið gróðureyðingu, heldur verja til þess miklum fjármunum að græða það upp. Á Þingvöllum 1974 sórust þm. í fóstbræðralag um að svo

skyldi gert og bætt fyrir misgerðir kynslóðanna við landið. Þess vegna ber að gæta þess hófs sem kostur er þegar nauðsyn ber til, eins og í þessu falli, að sökkva gróðurlendi undir jökulvatn, og fullar bætur eiga að greiðast landeigendum og land sé grætt upp fyrir búsmala Blöndumanna.

Eitt lýsandi dæmi um hvernig ekki á að haga sér, ef menn vilja á annað borð að mark sé á þeim tekið, birtist í fjölmiðlum á sunnudaginn var. Gróðurverndarsamtök nyrðra ályktuðu að mótmæla harðlega vinnubrögðum atvmn. Sþ. Þessi mótmæli sendu samtökin frá sér áður en þau höfðu heyrt eða séð niðurstöðu nefndarinnar, till, nál. eða ég tala nú ekki um málsútlistun. Ég verð fátalaður um slíkt framferði, enda svo ómerkilegt að engu tali tekur.

Nú kem ég að örstuttum kafla í framsöguræðu minni, sem gerð var tilraun til að öll hv. atvmn. gerði að bókun sinni og vonir stóðu til að þeir, sem áður höfðu tilkynnt um bókanir og bókað, eins og hv. 5. þm. Suðurl., Magnús H. Magnússonar, mundu geta dregið sínar bókanir til baka. Þetta heppnaðist ekki, en ég hygg þó að meiri hl. atvmn. standi að þessum kafla, sem ég skal afmarka í máli mínu nú, og muni gera það að sinni bókun. Hv. 5. þm. Suðurl. og hv. 5. þm. Vestf. höfðu áður tilkynnt um bókanir sínar og töldu sér umhendis að draga þær til baka og var það miður að vísu, en breytir engu í höfuðatriðum. Þessi bókun væntanleg hjá meiri hl. atvmn. hljóðar svo:

„Eins og nú standa sakir er nægjanlegt að vatnsmiðlun Blönduvirkjunar nemi 220 gígalítrum. Verði þörf fyrir aukna vatnsmiðlun í 400 gígalítra síðar skal Alþingi úrskurða í málinu, ef ekki næst fullt samkomulag hagsmunaaðila. Eðlilegt virðist að fela Landsvirkjun að meta þörfina fyrir hina auknu vatnsmiðlun, en lagt er til að samið verði við Landsvirkjun um framkvæmdir.

Atvmn. leggur áherslu á að öll stíflumannvirki verði byggð með sem mesta hagkvæmni fyrir augum, þegar allra þátta virkjunarframkvæmda er gætt. Skal fra upphafi búa í haginn fyrir aukið miðlunarrými í 400 gígalítra, ef nauðsyn krefur aukinnar vatnsmiðlunar að mati virkjunaraðila. Er einnig eðlilegt að fela virkjunaraðila, Landsvirkjun, að ráða mannvirkjagerð miðað við framangreindar forsendur". — Lýkur svo þeirri bókun sem ég trúi að ég hafi leyfi til að tilkynna að sé bókun meiri hl. atvmn.

Ég held að mér sé einnig óhætt að fullyrða að meiri hl. atvmn. og e. t. v. langmestur meiri hl. hennar leggi ríka áherslu á að fela framkvæmdir í hendur Landsvirkjunar og enn fremur mat á allri hagkvæmni byggingar orkuversins í smáu og stóru. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu. Og svo heldur sagan áfram með þessum hætti:

Engum getum skal að því leitt, hvort og þá hvenær þörf krefur stækkunar miðlunar úr 220 gígalítrum. Það verður auðvitað aldrei ef stefna hæstv. iðnrh. í stóriðjumálum verður ofan á um ókomin ár. En linni þeim ókjörum kann til þess að draga. Þó má ætla að hin gígurlega vatnsmiðlun Fljótsdalsvirkjunar við Eyjabakka, 1100 gígalítrar, muni seinka þörf fyrir stækkun miðlunarlóns við Blöndu um langa hríð, jafnvel að hennar verði aldrei þörf. Þess vegna einnig ber að hefjast hið fyrsta handa við Fljótsdalsvirkjun.

Í 2. lið tillgr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Fljótsdalsvirkjun og síðar Sultartangavirkjun verði næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjanir á eftir Blönduvirkjun. Eftir því sem orkuþörf gefur tilefni til skarist annars vegar Blönduvirkjun og Fljótsdalsvirkjun og hins vegar Fljótsdalsvirkjun og Sultartangavirkjun."

Hv. alþm. geta séð í sjónhending hversu átaksillt mál þetta var í atvmn. þegar ég nú upplýsi að það náðist ekki samkomulag nema um skörunina, þetta ómál iðnrn. Skildir skarast og borð skarast í skarsúð, eins og gerðist í baðstofum og í súðbyrðingi. Menn skara fram úr, þó það eigi náttúrlega ekki sérstaklega við iðnrh. En það er ekki talað um skörun á framúrskarandi manni og þeim sem minna má sín. Meira að segja athöfnin að skara í eldinn með skörungi var aldrei nefnd skörun. Það hefði þó legið beint við, ef þetta orð hefði á annað borð verið til í málinu, sem ekki var, enda nauðaljótt. Ég þarf ekki að taka það fram, að þar sem ég tala um skörung í þessum fræðum er ekki heldur sérstaklega átt við þá í iðnrn.

Í 2. lið eru tekin af öll tvímæli um að Fljótsdalsvirkjun verði næsta meiri háttar vatnsaflsvirkjun næst á eftir Blönduvirkjun og að einhverju leyti samhliða henni, en það er það sem átt er við með þessari dæmalausu skörun. Enn fremur er tekið fram að Sultartangavirkjun verði hin þriðja í röðinni, geti að einhverju leyti orðið samhliða Fljótsdalsvirkjun ef þörf raforkukerfisins krefur. En dapurlegt er til þess að hugsa, að Fljótsdalsvirkjun verður aldrei að veruleika, ef stefna hæstv. ríkisstj. í stóriðjumálum verður ofan á um ókomin ár, né heldur Sultartangavirkjun og hross Húnvetninga fá í friði að rótnaga öll upprekstrarlönd Auðkúluheiðar um aldir alda.

Atvmn. leggur á hinn bóginn til að vegna Fljótsdalsvirkjunar fari rannsóknir á sölu orku til orkufreks iðnaðar fram jafnhliða virkjun, af því að nm. hafa trú á framtíð íslensks stóriðnaðar og vilja vinna að framgangi hans. Og sömu sögu er að segja af Sultartangsvirkjun. Nauðsyn ber til að rannsaka orkufreka iðjukosti um Suðurland og Suðvesturland.

Í nefndinni komu engin rök fram um að loka ætti álverinu í Straumsvík. Þvert á móti var minnst á nauðsyn stækkunar álversins. Framfarasinnaðir menn gera sér grein fyrir að vaxtarbroddur atvinnu og uppbyggingar, undirstaða aukinnar velferðar í þjóðfélaginu, liggur í beislun vatnsorkunnar og orku í iðrum jarðar og sölu orkunnar til stóriðju. Þess vegna ber að stefna að því, að slík iðjuver rísi í öllum landshlutum. Þar má hlutur Norðurlands ekki eftir liggja, og víst er um það, að þyki erfitt um vik á Vestfjörðum ber þjóðfélaginu að bregða á annað ráð og öflugt til að tryggja búsetuna þar og hagsæld íbúanna.

Í 3. lið brtt. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samhliða næstu meiri háttar vatnsaflsvirkjunum verði unnið að orkuöflunarframkvæmdum á Þjórsár/Tungnaársvæðinu, með Kvíslaveitum, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og gerð Sultartangastíflu. Búrfellsvirkjun verði stækkuð þannig að núverandi afkastageta vatnsaflsvirkjana á þessu svæði geti aukist um allt að 950 gwst. á ári."

Miðað við áform um vatnsmiðlun á Þjórsár/Tungnaársvæðinu er nýting þess vatns við Búrfell eðlileg og sjálfsögð Nægir í því sambandi að benda á að kostir þess mannvirkis, sem fyrir er við Búrfell, nýtast að fullu nýjum aflvélum. Er eðlilegt að leitað verði lagaheimildar fyrir þeim aflauka við Búrfell í stað heimildar fyrir fjórðu aflvél við Hrauneyjafoss og við Sigöldu.

Ég hef þá lokið við að rekja og útlista niðurstöður atvmn., og eins og allri nefndinni tókst að ná höndum

saman í málinu treysti ég því, að tillögugerð nefndarinnar hljóti einróma samþykki hins háa Alþingis. Vegna ágreinings heima fyrir er alveg sérstaklega mikilvægt að full samstaða náist um Blönduvirkjun. Það er mikilvægasta skrefið sem stigið verður til að menn á heimavígstöðvunum setji niður deilur sínar. Norðurland vestra hefur um árabil átt einna örðugast uppdráttar í atvinnumálum og fólksflótti herjað á byggðir landshlutans. Bygging Blönduvirkjunar mun skipta sköpum um alla framvindu mála norður þar. Stíflumannvirkin við Blöndu eru með þessari tillögugerð ákveðin við „Skollavatnshæð", verður víst að nefna það svo að engum ofbjóði, með sveigjanleik sem hæstv. landbrh. bauð í bókun sinni í ráðherranefndinni 10. júlí 1981. Það er engum vafa undirorpið, að einróma samþykkt Alþingis nú um virkjun Blöndu munu Húnvetningar virða að fullu allir sem einn. Náist nú samstaða á hinu háa Alþingi er óhætt að óska þeim og landsmönnum öllum til hamingju með farsæla lausn þessa þjóðþrifamáls.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. á þskj. 877, sem við hv. 3. þm. Vestf. flytjum. Það er brtt við brtt. atvmn. á þskj. 845.

Umræðan um orkumálin í dag fjallar um það stefnumið, að gert verði nú stórátak til hagnýtingar orkulinda landsins. Allir stjórnmálaflokkar landsins virðast sammála um mikilvægi þessa. Till. ríkisstj. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu á þskj. 176, sem hér er á dagskrá, tekur mið af þessari stefnu. Till. gerir ráð fyrir tvöföldun á uppsettu afli í vatnsvirkjunum landsins. Til þess að slíkar fyrirætlanir verði meira en orðin tóm þarf að viðhafa vinnubrögð og fullnægja skilyrðum svo að framkvæmdir geti orðið að raunveruleika. Brtt. mín og hv. 3. þm. Vestf. fjallar um þetta efni. Till. okkar er ekki um að virkjanaröð verði breytt, heldur um að gefa till. ríkisstj. um þessi efni raunhæft gildi.

Brtt. á þskj. 877 gerir ráð fyrir að það markmið verði sett, að virkjanaframkvæmdum þeim, sem hér um ræðir, verði lokið á einum áratug. Til þess að svo megi verða þarf sannarlega að taka til hendi. Þess vegna er tekið fram í brtt. okkar að undirbúningi að byggingu orkuveranna svo og framkvæmdum öllum skuli hraðað sem kostur er. Skipuleg og markviss vinnubrögð þarf að viðhafa til þess að framkvæmdum verði lokið á áætlunartímanum. Þess vegna er mælt fyrir um heildaráætlun um byggingu allra virkjananna.

Þetta stórátak í virkjunarmálunum hefur enga stoð í veruleikanum nema séð sé fyrir orkunýtingunni. Við virkjum ekki nema þörf sé fyrir orkuna. Þess vegna mælir brtt. okkar svo fyrir, að ríkisstj. skuli gera ráðstafanir til þess að komið verði í fót stóriðju til nýtingar þeirrar orku sem unnin verður í orkuverunum umfram þörf hins almenna markaðar. Aðgerðum þessum skal hraðað svo sem verða má og þess gætt, að fullt samræmi verði á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmda. Þetta þýðir að ekki verði ráðist í virkjanir nema séð sé fyrir orkunýtingunni.

Herra forseti. Brtt. sú, sem ég hef nú lýst, felur í sér almenna stefnumörkun um stórátak til hagnýtingar orkulinda landsins. Það eru ýmis deiluatriði í framkvæmd þessara mála, svo sem um virkjanir, stærð þeirra og röðun. Menn deila um stóriðju, staðsetningu hennar og eignaraðild. Brtt. fjallar ekki um þetta. Hún á ekki að fjalla um nein ágreiningsmál, ef mönnum er alvara með það sem þeim leikur á tungu um hagnýtingu orkulinda landsins til að bæta lífskjör og atvinnuöryggi landsmanna. Hún fjallar um hröð handtök jafnframt aðgát. Brtt. leggur áherslu á stórhuga og djarfa framfarasókn jafnframt því að þjóðin sjái fótum sínum forráð á þeirri vegferð.

Með hliðsjón af því, sem ég hef nú sagt, vænti ég þess, að allir hv. þm. geti sameinast um að greiða brtt. atkv. Það væri vottur þeirrar þjóðareiningar sem er nauðsynleg slíku Grettistaki sem hér um ræðir.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Hér er til umr. stórmál sem væntanlega á eftir að fá afgreiðslu með einum vilja og góðri samstöðu hér á Alþingi. Ég ætla við þessa umr. málsins ekki að flytja langt mál þó að segja megi að sú sérkennilega ræða, sem flutt var hér af talsmanni atvmn., gæfi til þess ærið tilefni að aths. væru gerðar til að leiðrétta misfærslur og rangtúlkanir í hans máli, svo að ekki sé minnt á þá sérkennilegu stefnu að nota þetta tækifæri til allsherjarárásar á ríkisstjórn landsins, eins og í hans máli fólst. (**SvH:** Ég geri það svo sjaldan.) Það gætti siðavöndunar í máli hv. 4. þm. Austurl., en mér fannst sem tónninn í ræðunni endurspeglaði ekki þá umvöndun sem fólst í hans máli. Hv. þm. talar ekki oft úr þessum ræðustól, en stýrir fundum hér röggsamlega. Þó minnast menn ræðna af hans hálfu. A. m. k. ein hefur gengið inn í þingsöguna, hún var nokkuð löng, að mig minnir, og ég geri ráð fyrir að þessi hans ræða muni einnig hljóta þar vissan sess.

Ég vil vekja athygli á því, hversu sérkennilegt það er, þegar mælt er fyrir sameiginlegu nál., þar sem enginn nm. skrifar undir meira að segja með fyrirvara, að velja það sem tilefni til árásar á stjórnvöld, mistúlkana á undirbúningi þess stóra máls sem hér er til umr. Ég vil benda á hversu mjög það er frábrugðið því sem gerðist í Sþ. í gær þar sem hv. varaformaður Sjálfstfl., 10. þm. Reykv., mælti fyrir áliti atvmn. Sþ. um iðnaðarstefnu, sem einnig var sameiginlegt álit frá þeirri nefnd, flutt af prúðmennsku og hógværð og þar sem haldið var eðlilega á máli og áherslum. Það kemur mér því nokkuð á óvart að fá kveðjur frá þessum ágæta þingbróður mínum, þó að ég efist ekkert um að hugur hans til ríkisstj. hafi endurspeglast í hans máli og hann hafi þar verið að þjóna lund sinni.

Það er eitt atriði sem ég vil aðeins víkja að hér vegna þess að það var nokkuð fyrirferðarmikið í þessum málflutningi. Það var að þær virkjanir, sem hér er verið að gera tillögur varðandi röðun á, komi ekki til framkvæmda vegna þess að stjórnvöld í landinu dugi ekki í sambandi við undirbúning að orkunýtingu. Það vill svo til að hv. atvmn. hafði til meðferðar þáltill. frá ríkisstj. þar sem einn þáttur máls var sá, að hraða skuli hagkvæmniathugunum á tilteknum þáttum orkufreks iðnaðar í landinu, og eru þar tilgreindir þættir eins og áliðja, sjóefnavinnsla og fleira sem nafngreint er og að er unnið. En hv. atvmn. taldi sig ekki hafa tíma til þess að fjalla um þessi atriði og vildi ekki bera fram þennan þátt úr till. ríkisstj., þar sem sérstaklega var vikið að orkunýtingunni. Kannske hefur það búið undir hjá einhverjum hv. nm. að víkja einmitt þessu atriði varðandi orkunýtinguna út til að geta síðan vent sínu kvæði í kross og flutt hér árásarræðu á stjórnvöld fyrir að huga ekki að þessum þætti mála og skapa kannske svigrúm fyrir tillöguflutningi eins og þeirri brtt. eða viðaukatillögu, réttara sagt,

sem hér er flutt af hv. 4. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Vestf., sem fjallar einmitt um það atriði sem ýtt var út úr þeirri till. sem hv. atvmn. hafði til meðferðar.

Nú vil ég ekkert vera að finna að því þó að þetta atriði ekki í áliti nefndarinnar og tillögum. Í gærkvöld var hér samþykkt þáltill. um iðnaðarstefnu sem breið samstaða hefur tekist um, þ. á m. um orkufrekan iðnað sem eðlilegan þátt í iðnaðaruppbyggingu í landinu og undir forræði Íslendinga. Þetta er því komið fram sem vilji Alþingis og er á sínum stað. Sú viðaukatillaga, sem hér liggur fyrir, er því þarflaus að þessu leyti og auðvitað furðulegt að hún skuli koma fram eftir að hv. atvmn. hefur ekki séð ástæðu til að taka undir áherslur frá ríkisstj. um þetta efni.

Ég vil svo aðeins segja það um þetta mál, að ég vænti þess, að þrátt fyrir þann málflutning, sem hér var viðhafður af hv. frsm. atvmn., verði það ekki til að spilla þeim góða frið sem tókst um málsmeðferð í þessari nefnd, þeim einhug sem birtist í till. nefndarinnar og hér liggur fyrir. Ég vænti þess fastlega, að í þeim stóru málum, sem hér er tekið á, ríki friður við framkvæmdir og þær megi verða landsmönnum öllum til heilla, hvort sem þær taka 10 ár, 12 ár eða 15 ár, uns þær eru til lykta leiddar. Hér er tekið á einhverju allra stærsta máli sem Alþingi hefur haft til meðferðar um langa hríð. Hér er verið að reka smiðshöggið á þau heimildarlög sem samþykkt voru á síðasta degi hv. Alþingis á síðasta þingi, lög um raforkuver, nr. 60/1981, og verið að fullnægja ákvæðum í 2. gr. þeirra laga um röðun virkjana. Ég bæði skora á hv. alþm. og óska eindregið eftir því, að um afgreiðslu þessa máls megi takast friður og samstaða, og ég vil þakka þeim fjölmörgu, bæði heima í héruðum og hér syðra og hér á hv. Alþingi, þar með taldir hv. nm. í atvmn. Sþ., fyrir viðleitni þeirra til að skapa samstöðu um þetta mál og eðlilegt andrúmsloft í kringum það. Ég vænti að það eigi eftir að ríkja framvegis.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls við þessa umr., en ég vil aðeins taka undir það sem hér hefur komið fram, að það hefur verið óvenjuerfitt að starfa að þessu máli og ýmsum öðrum hér á Alþingi að undanförnu. Mér sýnist hins vegar að það ætli að takast að skapa bærilegan frið um þetta mál, sem hlýtur að vera forsenda þess að hægt verði að ráðast í þetta mannvirki.

Ég vil taka það fram, að hv. frsm. nefndarinnar hafði í framsögu sinni persónulegt ívaf og mælti þá ekki fyrir hönd nefndarinnar allrar. Við stuðningsmenn ríkisstj. samþykktum hér á síðasta Alþingi stefnu sem miðaði að því að efla orkufrekan iðnað. Þessi orð hans eru persónulegt ívaf. Ég er sammála því, að þessi orð hefðu betur átt heima í umr. síðar, en ekki í framsögu fyrir málinu. Hins vegar vænti ég þess, að þetta persónulega ívaf hans verði ekki til þess að skapa miklar umr. í Sþ.

Ég vil taka það fram, að það, sem skiptir mestu máli, er sú túlkun sem frsm. kom hér með og ég stend fyllilega að baki. Ég vil endurtaka hana hér, en hann sagði orðrétt:

„Eins og nú standa sakir er nægjanlegt að vatnsmiðlun Blönduvirkjunar nemi 220 gígalítrum. Verði þörf fyrir aukna vatnsmiðlun í 400 gígalítra síðar skal Alþingi úrskurða í málinu, ef ekki næst fullt samkomulag hagsmunaaðila. Eðlilegt virðist að fela Landsvirkjun að meta þörfina fyrir hina auknu vatnsmiðlun, en lagt er til að samið verði við Landsvirkjun um framkvæmdir.

Atvmn. leggur áherslu á að öll stíflumannvirki verði byggð með sem mesta hagkvæmni fyrir augum, þegar allra þátta virkjunarframkvæmda er gætt. Skal frá upphafi búa í haginn fyrir aukið miðlunarrými í 400 gígalítra, ef nauðsyn krefur aukinnar vatnsmiðlunar að mati virkjunaraðila. Er einnig eðlilegt að fela virkjunaraðila, Landsvirkjun, að ráða mannvirkjagerð miðað við framangreindar forsendur."

Það hefur komið fram ein brtt. við þetta mál og hún er á þskj. 877. Ég vil taka undir með hæstv. iðnrh. og lýsa nokkurri furðu minni á því, að menn skuli bera fram þessa brtt. nú. Alþingi hefur fjallað um fjölmörg mál er varða það sem um getur í þessari brtt. Atvmn. varð sammála um að víkja þessu máli til hliðar, — ekki vegna þess að menn teldu ekki rétt að takast á við þetta verkefni, heldur einfaldlega vegna þess að menn vildu einbeita sér í störfum nefndarinnar að virkjunarmálinu. Ég skora á hv. flm. að draga þessa till. til baka til að einfalda þær umr. og þá afgreiðslu sem hér þarf að fara fram, en vera ekki að draga þetta mál enn einu sinni inn í umr. hér á Alþingi. Það hafa verið fluttar fjölmargar þáltill. sem varða þetta efni, og ætti málið að hafa fengið nægilega umfjöllun þar. Ég minni á þá afgreiðslu sem iðnaðarstefnan hlaut hér á Alþingi í gær, eins og hæstv. iðnrh. gat um.

Ég vil aðeins ítreka það, að ég vænti þess, að þessi afgreiðsla atvmn. á málinu megi verða til þess að skapa nauðsynlegan frið um þetta mál og skapa þann grundvöll sem þarf til að framkvæmdir geti hafist hið fyrsta.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Við nm. í atvmn. höfðum talað okkur saman um að setja ekki á langar tölur umfram það sem fram kynni að koma í ræðu frsm. En þar sem oft er litið til þess sem frsm. segir í svona mikilsverðum málum, sem að efni til á að styðjast við í túlkun á viðkomandi tillögum, hlýt ég að gera ofurlitla aths. Það er ekki aths. um að ræðan hafi ekki verið góð, skemmtileg og vel flutt, heldur vegna þess að þriðjungurinn af henni var um allt annað. Hv. frsm. þurfti endilega að koma að þeim sjálfsagða þætti að hans mati að ráðast á hæstv. forsrh. og sjálfstæðismennina í ríkisstj. Þetta er aðeins hluti af þeim innanlandsdeilum sem hafa lengi átti sér stað í Sjálfstfl. og er ekkert að því að heyra það einu sinni enn. En slíkur texti á varla heima í framsögu um orkumál og orkunýtingu.

Að sjálfsögðu notaði hv. frsm. einnig tækifærið til að baða sig á sérstakan hátt í kjördæmistilgangi — það er best að orða það þannig — og reyna að koma höggi á hæstv. iðnrh., en svo vill til að hann er einn af þm. Austfirðinga. Þetta er sá liður í ræðunni sem hvorki er fluttur með vitund né vilja annarra nm. Það er nauðsynlegt að taka það fram.

Það er mín skoðun, að framsöguræður eigi auðvitað fyrst og fremst og eingöngu að snúast um það málefni sem um er að tefla. Menn hafa mörg tækifæri til að skamma ríkisstj., og er það út af fyrir sig gott og göfugt málefni hjá þeim sem hafa eitthvað við hana að athuga, sem ég hef auðvitað ekki eins og öllum er kunnugt. En það vildi svo til að hv. 5. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, stakk upp á því, að hv. þm. Sverrir Hermannsson yrði frsm., og flutti hjartnæma ræðu í því skyni í atvmn., þannig að það hefur verið þm. Framsfl. sem sá til þess, að hv. þm. Sverrir Hermannsson gæti komið þessum árásum á ríkisstj. á framfæri. Engin ástæða er til að liggja á

því úr því sem komið er.

Ég verð hins vegar að segja að samstarfið í þessari einkennilegu nefnd, atvmn., hefur verið með ágætum. Ég held að það sé óhætt að fullyrða að allir nm., að engum undanskildum, hafi reynt að ná landi í þessu máli þannig að sem flestir gætu vel við unað. Í því efni hafa menn auðvitað lagt á sig bæði langar og stífar fundarsetur, en auk þess reynt til hins ítrasta að haga þannig orðum að enginn væri meiddur af. Það hefur verið tilgangurinn og ég tel að eftir atvikum hafi það tekist vel. Svo nákvæmt var orðalagið orðið á tillögum atvmn. að þar var engu raunar hægt að breyta, ekki hægt að víkja við orði, bæta við eða fella burt, svo að ekki væri hætta á að allt færi í loft upp á nýjan leik. Þess vegna finnst mér afar slæmt að á sama tíma og við getum ekki fellt út forsetningu eða bætt við leiðréttingu einu sinni, vegna þess að menn töldu það geta stefnt málinu í hættu, skuli endilega koma fram heil brtt., ekki um eitt orð, heldur um heilmikið efnisatriði, og það er þeim mun verra sem öll nefndin er sammála um að henni hafi ekki gefist tóm til að fjalla um orkunýtingarmálin. Tíminn var knappur sem við höfðum haft við meðferð málsins, og það er ekki af neinum illum hvötum sem við höfum ekki treyst okkur til að fjalla um orkunýtingarmálin. Þar er ekki um neitt pólitískt bragð að ræða, sem hefur verið vikið að, heldur er ósköp einfaldlega þarna um að ræða tímaskort. Það þurfti að nota hverja mínútu til að ná því fram sem þó náðist og varð að láta orkunýtinguna vera að miklu leyti utan við textann.

Þó vil ég vekja athygli á því, að í nál. er að nokkru vikið að orkunýtingarmálum. Þó að það sé í tiltölulega fáum orðum segir það að mínum dómi allmikið í þeim efnum. En um nákvæma útfærslu á því mikla máli gat alls ekki verið að ræða. Vegna þessarar niðurstöðu nefndarinnar um orkunýtingarmálin finnst mér, ef brtt. verður haldið til streitu, að það sé verið að veitast að því grundvallarsamkomulagi sem hér liggur fyrir. Ég vil biðja menn, sem standa að þessari till., að huga vel að því, að þeir séu ekki að gefa þetta spark í málið á þessu síðasta og viðkvæmasta stigi. Það er alvörumál, ef menn leyfa sér að koma með svo fastákveðna till. einmitt í þessu efni nú á þessari stundu, og gæti orðið slæmt fyrir samstöðuna í málinu. Ég er ekki með þessu að hóta einu eða neinu. Það má vera öllum ljóst, að það hefur verið talsvert nákvæmnisverk að ná þessu fram, og þess vegna slæmt að fá þessa viðbót nú á þessum síðasta fundi.

Hv. frsm. Sverrir Hermannsson las upp í ræðu sinni kafla þar sem var tillaga að bókun lögð fram í nefndinni. Ég hélt að um þetta hefði náðst nokkurn veginn samkomulag, en svo kom í ljós að einn nm. treystist ekki til að skrifa undir þetta plagg, og fleiri nm. höfðu þá skoðun, að nægilega mikið væri komið af bókunum og þær væru óþarfar, en gátu samt eftir atvikum fallist á að undirrita þenan texta ef það gæti orðið til þess að ná fullu samkomulagi. Ég vil vekja athygli á því, þó að ég t. d. hafi ýmislegt við þessa bókun að athuga, t. d. eins og fyrstu setninguna þar sem segir: Eins og nú standa sakir, 4. maí, er nægjanlegt að vatnsmiðlun Blönduvirkjunar nemi 220 gígalítrum. — Þessa dagana þurfum við ekki á nokkurri vatnsmiðlun að halda, þannig að þessi setning er auðvitað nákvæmlega einskis virði og óþörf. Það má auðvitað leyfa svona löguðu að fylgja með, vegna þess að setningin gerir hvorki gagn né vinnur tjón, en er að mínum dómi óþarfi.

Þar næst finnst mér dálítið einkennilega og fast að orði kveðið þegar talað er um fullt samkomulag hagsmunaaðila án þess að það sé skilgreint. Í texta, sem nefndin gekk frá, var auðvitað vísað til þess tiltekna og fyrir fram ákveðna aðila, þar sem er samráðsnefnd, og það er auðvitað skilningur okkar að það sé undanskilið, en alls ekki að þarna verði um nýja samninga að ræða.

Afgangurinn af þessu er að mínum dómi viðunandi, og raunar get ég sagt að ég hafi látið menn vita af því að ég væri tilbúinn að skrifa undir þennan texta sem allir væru með. En eins og hv. frsm. sagði er þessi bókun aðeins hugsanlega væntanleg, en ekki frágengin. Það er best að hafa þetta allt nákvæmlega á hreinu.

Herra forseti. Ég ætlaði ekki að eyða löngum tíma í þetta, enda ekki nokkur leið að gera þessu máli og afgreiðslu þess viðhlítandi skil í stuttu máli. En ég vil aðeins finna að mjög föstu orðalagi frsm. varðandi þann hluta nál. sem fjallar um nýja iðnaðarkosti og orkufreka iðnaðarkosti. Hann notaði þar orð, sem ég hefði ekki notað, og áherslur, sem ég hefði vikið mér undan.

Eyjólfur Konráð Jónsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs einungis til að fagna því viðtæka samkomulagi sem mér virðist að náðst hafi. Ef ég skil það rétt standa þrír þingflokkar að þessari bókun, sem væntanleg er. Ég veit ekki nákvæmlega um þann fjórða. Það væru þá 6 af 7 í nefndinni. Hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða, eins og allir vita, og stórmál, og auðvitað væri langsamlega æskilegast að Alþingi gæti einróma afgreitt það. Síst skal ég stofna til nokkurra deilna eða segja nokkurt orð sem gæti ýft upp einhvern ófrið um málið. En kannske hefur það ekki verið rétt að taka málið á dagskrá alveg svona fljótt úr því að þessi bókun er ekki undirskrifuð. Ég leyfi mér nú að leggja til að forseti íhugi að fresta málinu um stund þannig að menn geti rætt saman og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu. — [Fundarhlé.].

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Það liggur í augum uppi, að atvmn. reyndi að velja orðalag sem allra flestir málsaðilar gætu sætt sig við. Það er skýringin á óþarflega óljósu orðalagi að ýmissa mati.

Það hefur hér verið fundið nokkuð að brtt. á þskj. 877, fundið að því, að hún hafi verið lögð fram. Ég vil í því sambandi segja að hún snertir ekki efni þáltill. Þessi brtt. er viðbót og því óþarfi að vera viðkvæmur fyrir því. Það liggur í augum uppi, að það þarf að nota það rafmagn sem framleitt verður.

Hér hefur talsvert verið talað um bókun atvmn. eða meiri hl. hennar. Af því tilefni vil ég segja að ég er ekki andvígur efni bókunarinnar, síður en svo, þótt mér og samflokksmönnum mínum þyki orðalagið varla nægilega ljóst. Það er ástæða þess að ég hef ekki skrifað undir bókunina, ekki að ég sé andvígur efni hennar.

Herra forseti. Eins og hér hefur komið fram lagði atvmn. sig í líma til að finna lausn sem málsaðilar gætu sætt sig við, og ég vona að það hafi tekist. Ég vil að lokum láta í ljós þá ósk, að þm. og landsmenn allir setji niður deilur og taki saman höndum um giftusamlegan framgang þessara virkjunarmála sem og annarra þjóðþrifamála.

Frsm. (Sverrir Hermannsson): Herra forseti. Ég er að vísu dálítið undrandi á því, hversu ókvæða hv. stjórnarsinnar verða við þó að maður segi nokkur orð — sem

sjaldan gerist að vísu eins og hæstv. iðnrh. tók fram — í fullri meiningu við hv. stjórnarliða. Að vera svona typpilsinna er með ólíkindum. Ég sagði hæstv. forsrh. frá því, að ég mundi veitast að ríkisstj. og gagnrýna ýmislegt í störfum hennar vegna þessa máls. Hann hló við og taldi ekki ástæðu vera til að ætla að það yrði tekið sem skoðanir stjórnarliða í atvmn. Svo koma þeir hér upp hver á fætur öðrum og sverja af sér að þeir beri ábyrgð á orðum mínum, þeim sem ég mælti í fullri meiningu til hæstv. ríkisstj. Ég vil rifja upp, að í sveitinni minni fyrir vestan var einu sinni maður sem tók að sverja af sér barn sem honum hafði ekki verið kennt. Þetta þótti grunsamlegt, enda sannaðist barnsfaðernið á hann síðar.

Ég vil nú upplýsa, að atvmn. hefur orðið sammála um að undirrita bókun þá sem ég las upp í framsöguræðu minni og sex hafa skrifað undir í fundargerðabók. Hinn sjöundi talaði áðan, hv. 5. þm. Suðurl., og lýsti yfir að hann væri ekki andvígur þessari bókun, en flokkur hans teldi að þar væri ekki orðalag sem hann gæti að fullu sætt sig við. Ég vil þó minna á að þær aths., sem Alþfl. hafði við þetta að gera, voru fólgnar í því, að hann vildi leggja meiri áherslu á mat Landsvirkjunar, virkjunaraðila hverju sinni, sem ég og tók upp í mína framsögu og tók skýrlega fram að nefndin sætti sig við. Og þannig hljóðar þá þessi bókun:

„Eins og nú standa sakir er nægjanlegt að vatnsmiðlun Blönduvirkjunar nemi 220 gígalítrum. Verði þörf fyrir aukna vatnsmiðlun í 400 gígalítra síðar skal Alþingi úrskurða í málinu, ef ekki næst fullt samkomulag við hagsmunaaðila. Eðlilegt virðist að fela Landsvirkjun að meta þörfina fyrir hina auknu vatnsmiðlun, en lagt er til að samið verði við Landsvirkjun um framkvæmdir.

Atvmn. leggur áherslu á að öll stíflumannvirki verði byggð með sem mesta hagkvæmni fyrir augum, þegar allra þátta virkjunarframkvæmda er gætt. Skal frá upphafi búa í haginn fyrir aukið miðlunarrými í 400 gígalítra, ef nauðsyn krefur aukinnar vatnsmiðlunar að mati virkjunaraðila. Er einnig eðlilegt að fela virkjunaraðila, Landsvirkjun, að ráða mannvirkjagerð miðað við framangreindar forsendur."

Þannig hljóðar þetta, nákvæmlega eins og það hafði áður verið lesið upp. En ég vil gefa þá skýringu á fyrri atburðum í þessu sambandi, að fyrir lá í nefndinni þegar við slitum fundi um hádegisbil að nm. allir mundu undirrita ef enginn gengi úr skaftinu. Tekið var fram að ef þeir, sem áður höfðu bókað, og þeir, sem tilkynnt höfðu bókanir, drægju þær ekki til baka mundi ekki verða samkomulag. Því var það, að þegar ég fékk tilkynningu um það rétt áður en ég gekk í þennan ræðustól, korter fyrir fjögur, að Alþfl. mundi ekki geta fellt sig við að hv. 5. þm. Suðurl. drægi bókun sína til baka, þá taldi ég að útilokað væri þaðan í frá að ná um þetta allsherjarsamkomulagi. Þetta hefur samt sem áður tekist.

Ég vil svo að endingu, vegna þess að ég ætla ekki að eiga fleiri orð hér um, þakka samnm. mínum sérstaklega vel fyrir samvinnulipurð og fyrir skilning þeirra á mikilvægi þess að ná saman höndum um þetta mál.

Það er dálítið einkennileg uppákoma orðin í Húnaþingi, þar sem menn hugsa bara og tala nú orðið um vatn. Hvað ætli Björn gamli Eysteinsson hefði sagt um það á sinni tíð? Ætli honum hefði ekki þótt ættlerasvipur á þeim afkomendum sem þannig haga sér nú í dag? Þessu þarf auðvitað að breyta og því vill atvmn. leggja lið.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég tel að atvmn. hafi borið gæfu til að hafa samstöðu í þessu máli, þó að utanaðkomandi aðilar hafi spillt fyrir undir það síðasta þannig að allir skrifuðu ekki undir sameiginlega bókun.

Það hefur nokkuð komið til umr. hér, að frsm. væri ekki stjórnarsinni. Reglan er sú, að við stjórnarsinnar þurfum að berjast fyrir því að koma málum áfram og gengur misvel. Stundum gerist það, að ríkisstj. ber fram svo góð mál að það verður nánast samkeppni um að mega mæla fyrir þeim og stjórnarandstæðingar gerast mjög fúsir til að vera fylgjendur málsins. Ég tel fráleitt að afpakka slíkan stuðning þegar hann gefst, og væri nánast hlægilegt ef við höfnuðum því að fá meiri breidd í mál sem við fáum náttúrlega með því móti að þiggja þann stuðning. Ég geri ekkert úr því þó að nokkurt málskrúð hafi verið í ræðu frsm. Það er sjálfsögðu góðra gjalda vert að menn tali hér á nokkuð krassandi íslensku, og honum er það lagið og ástæðulaust að nokkur láti sér bregða.

Annað atriði vildi ég aftur á móti gera hér að umræðuefni og tel að þar hafi þm. hlaupið á sig. Það var samstaða um að afgreiða úr atvmn. till. iðnaðarstefnu og búið að leggja mikla vinnu í það mál. Ég tel að með þeirri samstöðu og afgreiðslu þingsins á því máli hafi verið ástæðulaust hjá tveimur hv. þm., hv. 3. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Vestf., að fara að flytja hér brtt. við þá till. sem hér liggur fyrir. Ég vænti þess, að þeir hugsi sig um, hvort þeir telji það sjálfum sér og málinu til framdráttar að ætla að fara að ýfa upp orðalag um iðnaðarmál sem áður hafði náðst mjög góð samstaða um. E. t. v. er hluti af þessu vandamáli það sama og var hér rætt í gærkvöld, að það er misjafnt hvað menn hafa verið hér í sölum þingsins.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en þakka samnm. mínum fyrir samveruna í þessari nefnd í vetur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég mælti í þessum umr. fyrir brtt. okkar hv. 3. þm. Vestf. á þskj. 877. Ég hef oft mælt fyrir brtt. eða komið í þennan ræðustól, en ég minnist þess naumast að ég hafi í annan tíma verið meira undrandi á viðbrögðum manna en í þessum umr. varðandi þessa brtt. Og ekki bætti hv. 5. þm. Vestf. úr í því efni. Ef hv. 5. þm. Vestf. hefur vit á að njóta stuðnings til góðra verka í atvmn. ætti hann að reyna að sýna tilburði til þess að svo megi verða víðar.

Ég sagði: Ég hef sjaldan eða aldrei orðið meira undrandi. Menn komu hér með ýmsar fullyrðingar og upphrópanir. T. d. hneykslaðist hv. 3. þm. Austurl. á því, að það væri verið að draga inn í þingið umr. um stóriðjumál, eins og hann orðaði það. Hv. 4. þm. Suðurl. talaði um að vegna tímaskorts hefði ekki verið hægt að sinna þessum málum. Þeir höfðu þó tíma til að taka það út úr till. ríkisstj. sem varðaði þetta mál. Hv. 4. þm. Suðurl. sagði að brtt. væri slæm fyrir samstöðu í málinu, og hv. þm. smurði betur á í fullyrðingum sínum. Hann sagði að við, sem stöndum að brtt., værum að veitast að samkomulagi sem náðst hefði. Þetta eru ekki litlar fullyrðingar. Ég spyr þessa hv. þm. sem eru með þetta á vörunum: Hvar hafa þeir verið á undanförnum mánuðum og misserum þegar þessi mál hafa verið rædd á Alþingi Íslendinga? Hvar hafa þeir verið þegar hefur verið rætt um virkjanamálin og stóriðjumálin í því sambandi? Vita þeir ekki um hvað var rætt í öllum umr. um virkjanamálin, hvort sem það var um frv. okkar sjálfstæðismanna um ný orkuver, sem við bárum fram á Alþingi á síðasta þingi, eða um

frv. sem samþykkt var sem lög um raforkuver frá ríkisstj. á síðasta þingi. Um hvað voru menn að ræða dögum saman, vikum saman, mánuðum saman um þessi mál sem eru aðalmál þingsins? Voru menn að ræða um þessi mál á þeim grundvelli að það væri ágreiningur um að það ætti að gera stórátak í virkjunarmálunum? Nei.

Við sjálfstæðismenn bárum fram tillögu um stórátak í virkjunarmálunum sem þýddi að tvöfalda uppsett afl í vatnsvirkjunum landsins. Ríkisstj. kom með annað frv. nokkrum mánuðum síðar sem gekk út á það nákvæmlega sama. Það var enginn ágreiningur um þetta. Um hvað var ágreiningur, um hvað vorum við að tala? Við vorum að tala um orkunýtingarþáttinn. Við vorum að tala um hvernig ætti að skapa grundvöll fyrir þessu mikla átaki í virkjunarmálunum, hvernig ætti að skapa grundvöll fyrir þeirri hagnýtingu orkulinda landsins sem þetta þýddi. Það var þetta sem við vorum að ræða um. Svo koma menn hér og þykjast vera undrandi og hneykslaðir á því, að þessi mál ber á góma í umr. og tillögugerð varðandi virkjunarmálin. Ég vil bara minna þessa herra á það, að þessi mál voru í augum stjórnarandstöðunnar svo þýðingarmikil á síðasta þingi að stjórnarandstaðan gerði tilraun til að bæta frv. um raforkuver með því að bera fram margháttaðar brtt. til að tengja þessar framkvæmdir orkunýtingunni. Þessar brtt. voru felldar. Hvað þýddi það? Það þýddi að öll stjórnarandstaðan greiddi atkv. á móti lögum um raforkuver, sem þáltill., sem við erum nú að ræða, byggist á. Svo koma menn eins og álfar út úr hól og þykjast undrandi á því, að það sé eitthvert framhald af því sem gerst hefur í þessum málum. Það er furðulegt.

Ég held að ég eyði ekki fleiri orðum að þeim hv. 3. þm. Austurl. og 4. þm. Suðurl. og raunar 5. þm. Vestf. en ég hef þegar gert. Þess gerist ekki þörf. En hlutur iðnrh. — hver er hann? Maður skyldi halda að hann hefði þó vitað hvað hefur farið fram í þessum málum á undanförnum mánuðum og misserum. Maður skyldi halda að hann vissi um hvað hann hefði verið að tala í umr. um orkumálin. Það vill svo til að ég hef líka verið mikið í þeim umr. og við höfum mjög skiptar skoðanir um þessi efni. Um hvað vorum við að deila? Við vorum að deila um stóriðju. Við vorum að deila um það sem menn segja núna að megi ekki minnast á. Við létum sem við værum sammála í virkjunarmálunum, og við létum líka sem við værum sammála um að við vildum báðir stóriðju. En hæstv. ráðh. hafði sínar skoðanir og sína stefnu um hvernig það ætti að framkvæma, ég hafði mína.

Nú þykist hæstv. ráðh. undrandi á því, að við hv. 3. þm. Vestf. berum fram brtt. sem felur í sér að tengja orkunýtinguna við byggingu raforkuveranna. Og hæstv. ráðh. — hvað á maður að kalla það, verðum við ekki að kalla það óskammfeilni — telur sér til inntekta í umr. áðan að í till. ríkisstj. er ein grein um stóriðjumálin. Hann harmar að atvmn. skuli hafa tekið þessa grein út, en í sömu andránni telur hann það ádeiluefni á okkur flm. þessarar brtt., að við komum inn á þetta sama efni, orkunýtinguna. Hvers konar umræður eru þetta? Ég bið menn að athuga hvað hér er að gerast.

Hæstv. ráðh. taldi sig hafa eitthvert skjól í því að benda á till. til þál. um iðnaðarstefnu semhefði verið samþykkt í gær, — till. sem tiltekur ýmis atriði í 28 liðum varðandi iðnað, en í einum lið er minnst á stóriðju. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisvaldið stuðli að uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar, er hagnýti innlenda orku og hráefni.“ (**Iðnrh.:** Lesa betur markmiðin með till.) Já, ég skal lesa betur. Ég ætlaði að hlífa hæstv. ráðh. við því, því ég veit hvaðan það er ættað. „Leitað verði eftir samvinnu við erlenda aðila um einstaka þætti, eftir því sem nauðsynlegt og hagkvæmt er talið á hverjum tíma. Slíkur iðnaður taki mið af æskilegri atinnu- og byggðaþróun og umhverfisvernd.“

Telur nú hv. þingheimur að það sé nægilega að gert í orkunýtingarmálunum með þessu innskoti í þessa till.? Við í stjórnarandstöðunni höfum lagt það mikla áherslu á þetta, að í okkar frv. um virkjanir var beinlínis tekið fram að ekki væri heimilt að hefja framkvæmdir við Austfjarðavirkjun nema búið væri að sjá fyrir orkunýtingunni með stóriðju. Við gerðum þetta til að tryggja sem best og búa sem best að framgangi þess máls, að það yrði um raunverulega Austurlandsvirkjun að ræða.

Ég ætla ekki að gerast langorður varðandi hæstv. iðnrh. sérstaklega. Ég held að ég sé búinn að sýna fram á hvílík fjarstæða það er sem lýsir sér í ummælum hans um brtt. okkar 3. þm. Vestf.

Hæstv. ráðh. var eitthvað að tala um að það ætti að draga brtt. til baka, draga það til baka sem frammi liggur um orkunýtinguna. Hvað er þetta sem menn eru að tala um að draga til baka? Við skulum koma beint að því. Hvað segir í brtt. um þetta? Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. skal gera ráðstafanir til þess, að komið verði á fót stóriðju til nýtingar þeirrar orku sem unnin verður í orkuverunum umfram þörf hins almenna markaðar.“

Eru menn á móti þessu? Vilja menn virkja ef ekki er þörf á orkunni? Er svo komið? Vilja menn þá virkja? Ég óska eftir svari við þessari spurningu. Í framhaldi af þessu segir:

„Aðgerðum þessum skal hraðað svo sem verða má og þess gætt, að fullt samræmi verði á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjanaframkvæmda.“

Vilja menn ekki hafa samræmi þarna á milli? Hvað hefur komið yfir hv. alþm. sem eru að amast við þessu? Í öllum umr. um þessi mál hafa allir fram til þessa látið svo sem þeir væru sammála um þetta, við ættum ekki að virkja, nema við hefðum þörf fyrir orku, og ættum að gæta þess að hafa samræmi milli virkjanaframkvæmda og orkunýtingar. Er erfitt fyrir menn að samþykkja þetta sem grundvallarreglu? Ég óska svars við þessum spurningum? Hvað er það sem menn hafa á móti þessu?

Í raun og veru er ekki um neitt annað að ræða en þetta vegna þess að það eru ekki gerðar tillögur um breytingar á neinu því sem er í till. atvmn. Það er gert ráð fyrir að allt, sem kemur frá atvmn., standi, en þetta komi til viðbótar. Það er lágmarkskrafa að þeir, sem leggja svo mikið upp úr orkunýtingunni að þeir greiddu atkvæði á síðasta þingi gegn lögum um raforkuver vegna þess að ekki var nógu vel umbúið varðandi orkunýtinguna, — það er lágmarkskrafa til ríkisstj. og hæstv. iðnrh. að hann gefi skýringu á því, hvers vegna þeir eru á móti þessu. Ég tala nú ekki um það á sama tíma sem afstaða þeirra er þessi þykjast þeir vera áfram um að ná samstöðu á Alþingi um þessi mál. Og mín síðasta spurning er: Hvers vegna er ekki hægt að ná samstöðu um orðun á orkunýtingunni samkv. því sem segir í þessari brtt.?

Umr. (atkvgr.) frestað.

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55, n. 843). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. atvmn. um till. til þál. um íslenska iðnkynningu. Tillgr. hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði, er hafi það að markmiði:

a) að stuðla að aukinni sölu á framleiðslu og þjónustu íslensks iðnaðar,

b) að skapa jákvæðari afstöðu almennings til íslensks iðnaðar,

c) að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar."

Atvmn. varð sammála um að mæla með að till. yrði samþykkt með svofelldu orðalagi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. í samvinnu við samtök iðnaðarins og neytenda að hrinda af stað kynningu á íslenskum iðnaði."

Umr. (atkvgr.) frestað.

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 472, n. 878 og 885, 568). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Á þskj. 878, sem er undirritað af meiri hl. atvmn., öllum nm. að undanskildum hv. 5. þm. Vestf., er gerð grein fyrir áliti meiri hl. n. Í nefndinni var til umr. till. til þál. á þskj. 472 um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn og brtt. frá flestum þm. Norðurl. v. og e. um að steinullarverksmiðju skuli reisa á Sauðárkróki.

Á fundi nefndarinnar, sem voru fjölmargir, komu fulltrúar Steinullarfélagsins, Jarðefnaiðnaðar, Iðntæknistofnunar, steinullarnefndar ráðuneytisins og Skipaútgerðar ríkisins. Nefndin fékk í hendur fjölda gagna, sem ekki er ástæða til að gera grein fyrir hér, enda er málið öllum hv. þm. kunnugt, svo mikið hefur verið rætt um það og ritað.

Meiri hl. hv. atvmn. Sþ. leggur til að tillgr. breytist, og brtt. hljóði þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að:

1. Heimild í lögum frá 4. júní 1981, um steinullarverksmiðju, 1. gr. laganna, verði eigi nýtt að sinni, en áhugaaðilum um byggingu slíkrar verksmiðju gefinn hæfilegur tími til að leggja fram fjármagn sjálfir, sem talið er nægjanlegt, án þátttöku ríkisins.

2. Takist slík söfnun hlutafjár verða heimildir samkv. 2. gr. laganna, 2. og 3. lið, nýttar."

3. Fyrirsögn þáltill. breytist. Í stað „Till. til þál. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn" komi: Tillaga til þingsályktunar um steinullarverksmiðju.

Það skal strax tekið fram, að þar sem segir í brtt. að gefinn verði hæfilegur tími segir í nál, að sá tími skuli vera sex mánuðir og er hann að sjálfsögðu til viðmiðunar, en það er álit meiri hl. n. að sex mánuðir séu eðlilegur tími fyrir þá aðila sem um þetta mál fjalla.

Til nefndarinnar barst svohljóðandi bréf frá Jarðefnaiðnaði hf., með leyfi forseta:

„Á stjórnarfundi Jarðefnaiðnaðar hf. var gerð eftirfarandi bókun þann 19. apríl s. l.:

Með bréfi þann 28. júní 1979 tilkynnti iðnrh. Jarðefnaiðnaði hf. að undirbúningur steinullarverksmiðju yrði í höndum iðnrn. þar til staðarvali verksmiðjunnar væri lokið. Hluthafafundur Jarðefnaiðnaðar þann 29. mars 1981 samþykkti að félagið skyldi stefna að því að reisa steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn án eignaraðildar ríkisins." — Og ég skýt því hér inn til áherslu að hér stendur: „án eignaraðildar ríkisins".

„Iðnrh. hefur ekki enn sleppt hendinni af staðarvali steinullarverksmiðjunnar og stjórn Jarðefnaiðnaðar hefur þar af leiðandi beðið árangurslaust á annað ár eftir að reyna til fulls á þá sannfæringu sína, að félagið hafi styrk til að ráðast eitt sér í þessa framkvæmd."

Hér lýkur tilvitnun í þetta bréf. Það er óþarfi að lesa meira úr því, en það er undirritað af framkvæmdastjóra fyrirtækisins Ófeigi Hjaltested.

Meiri hl. hv. atvmn. leggur áherslu á það, sem kemur fram í þessu bréfi og hefur verið ítrekað síðan, að áhugaaðili telur sig geta reist verksmiðju án eignaraðildar ríkisins og enn fremur hefur heyrst frá öðrum að til greina komi að slíkt eigi við um fleiri aðila en Jarðefnaiðnað.

Þá vill meiri hl. hv. nefndar einnig benda á að öruggra viðskiptasamninga hefur ekki verið aflað, en í bráðabirgðaákvæði laga nr. 61/1981 segir, með leyfi forseta:

„Ekki er ríkisstj. heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags samkv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkv. 1. tölul. 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkv. 2. tölul. 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda." Ég legg áherslu á orðin „öruggra viðskiptasambanda".

Óþarfi er að fjölyrða um nál. meiri hl. n. Það er öllum auðskilið, en þó þykir mér rétt að taka fram eftirfarandi.

1. Með brtt. er ekki tekin afstaða til staðarvals, heldur aðeins bent á að nýjar upplýsingar krefjist þess, að málið skoðist á ný af þeim sem þegar hafa lýst ákvörðun um staðarvalstillögu til hæstv. ríkisstj.

2. Undirbúningsaðilar hafa báðir unnið gott og mikið starf. Þrátt fyrir það er undirbúningsstarfi ekki lokið þannig að nýta má tilgreindan umþóttunartíma til frekari undirbúnings, t. d. með því að gera tilraunir með steinull í samstarfi við Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og iðnaðarmenn og finna þannig út hvernig steinull framleidd hér á landi reynist við hlið og í samanburði við önnur einangrunarefni. Þá má einnig nýta umþóttunartímann til að kanna hverjir gætu orðið hugsanlegir sameignaraðilar þeirra sem hyggjast stofna til steinullarverksmiðju.

3. Fulltrúi í steinullarnefnd iðnrn. upplýsti á fundi nefndarinnar að framlegð útflutnings sé mjög lítil, óeðlilega hátt verð sé í Bretlandi, en möguleikar virðist vera fyrir markað fyrir lausa steinull í Þýskalandi. Þess vegna er hugsanlegt að lítil verksmiðja með útflutningsmöguleika sé betri kostur en stór verksmiðja.

4. Munur á arðsemi á verksmiðju byggðri á Sauðárkróki eða reistri í Þorálkshöfn er óverulegur.

Meiri hl. n. telur mikilvægt og leggur á það áherslu, að aðrir en ríkið leggi fram áhættufjármagn til uppbyggingar atvinnurekstrar. Meiri hl. n. vill láta á þetta grundvallarsjónarmið reyna og telur sig stuðla að því með brtt. sínum. Við teljum þetta ákaflega mikilvægt fordæmi, því að það gerist æ tíðara að leitað sé til ríkissjóðs til að leggja fram áhættufé. Þannig stefnir í eins

konar alræði ríkisins í atvinnuuppbyggingu og er það að áliti meiri hl. öfugþróun sem dregur úr framtaksþrótti heimamanna. Hitt er svo annað mál, að ýmislegt þarf að gerast til að aðrir en opinberir aðilar hafi möguleika á að stofna til iðnrekstrar af þeirri stærð sem hér um ræðir. Í því sambandi má vitna til nýsamþykktrar iðnaðarstefnu sem full samstaða náðist um hér á Alþingi. Þar eru ótal atriði nefnd sem eru mikilvæg þeim fáu sem enn treysta sér til að leggja áhættufjármagn í atvinnurekstur.

Þrír þm. í meiri hl. n. hafa undirritað nál. með fyrirvara, auk mín þeir hv. 3. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Austurl. Fyrirvari minn byggist á því, að ekki eru tök á því fyrir nm. að gera sér glögga grein fyrir rekstrargrundvelli steinullarverksmiðju, þótt vonir standi til að verksmiðjureksturinn geti gefið arð. Eitt dæmi vil ég nefna í þessu sambandi.

Í áætlunum áhugaaðila er gert ráð fyrir að steinull framleidd hér á landi keppi á innanlandsmarkaði við önnur einangrunarefni, þ. á m. glerull. Sá hængur er á verðsamanburði innlendrar steinullar og innfluttrar glerullar, að í verði glerullar er gert ráð fyrir 24% vörugjaldi, en ekki í verði steinullar framleiddrar hér á landi, en glerull er mjög mikið notað einangrunarefni sem kunnugt er, Sést á þessu að markaðsforsendur eru ekki allar sem sýnast. Skylt er þó að taka fram að ekki er vörugjald á einangrunarplasti framleiddu hér á landi. Af ástæðum eins og þessari og reyndar fleiri ákváðum við þrír nm. að skrifa undir með fyrirvara þótt við styðjum till. með áðurgreindum brtt. sem ég hef lýst.

Herra forseti. Ég tel ekki ástæðu til að flytja lengra mál, enda koma sjónarmið okkar í meiri hl. n. skýrt fram í nál. Sjálfsagt taka margir til máls og verður deilt um málið, enda eru allir þingflokkar klofnir í afstöðu til málsins. Vegna mikilvægis málsins er þó nauðsynlegt að það fái afgreiðslu á þessu þingi þannig að hægt verði að taka endanlega ákvörðun í málinu á grundvelli nýrra upplýsinga sem fram hafa komið.

Frsm. minni hl. (Ólafur Þ. Þórðarson): Herra forseti. Með leyfi forseta vil ég lesa hér upp nál. minni hl. atvmn.:

„Með lögum nr. 61/1981, 1. gr., heimilaði Alþingi ríkisstj. að taka þátt í stofnun hlutafélags, er reisi og reki steinullarverksmiðju, og að leggja fram í því skyni allt að 40% af hlutafé þess, enda verði hlutafé minnst 30% af stofnkostnaði, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða.

Þar sem ekkert liggur fyrir um hlutafé annarra en ríkisins, þykir ekki á þessu stigi ástæða til að skerða ákvæði 1. gr. nefndra laga um hlutafjárframlög og eðlilegt að ríkisstj. vinni áfram að frekari framgangi málsins. Þar sem ríkisstj. með lögum eru veittar heimildir, er eðlilegt að bera fram brtt. við þau lög ef menn telja þeim áfátt, en óeðlilegt að bera fram þáltill., sem ekki hefur lagagildi, og ætla að takmarka lögin með þeim hætti.

Iðnaðarnefndir þingsins fjölluðu um heimildarlögin og ef ætti að breyta þeim væri eðlilegt að þeim gæfist tækifæri til að fjalla um þær breytingar. Það hefði verið hægt ef lögð hefði verið fram till. um lagabreytingu.

Að framansögðu leyfi ég mér að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Ég vil vekja á því athygli, að við erum ekki að fjalla hér um gömul lög sem sett voru einhvern tíma í fyrndinni. Við erum að fjalla hér um lög sem samþykkt voru á Alþingi Íslendinga 25. maí 1981. Ég hygg að það reki engar nauður til að fara að breyta þeim lögum, í ljósi þess sérstaklega að í þeim er ákvæði til bráðabirgða sem setur framkvæmdavaldinu allþröngar skorður. En þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er ríkisstj. heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags samkv. 1. gr. né leggja fram fé ríkissjóðs sem hlutafé samkv. 1. tölul. 2. gr. né veita ríkisábyrgð eða taka lán samkv. 2. tölul. 2. gr. fyrr en tryggð hafa verið hlutafjárframlög annarra aðila fyrir 60% af hlutafé væntanlegs félags og aflað hefur verið öruggra viðskiptasambanda."

Það hefur nú gerst, að lögð var fram þáltill. um steinullarverksmiðju í Þorlákshöfn. Lögð var fram brtt. sem miðar að því að breyta fram lagðri þáltill. á þann veg, að reist verði steinullarverksmiðja á Sauðárkróki. Og nú seinast hefur það gerst, að tveir af flm. upprunalega tillögunnar hafa hér staðið að flutningi á nýrri tillögu í þessu máli. Mér sýnist að hér hafi verið nokkuð hratt unnið og e. t. v. hafi menn ekki að öllu leyti sést fyrir. Sú brtt., sem meiri hl. atvmn. hefur lagt til, sker ekki úr um á hvorum staðnum beri að reisa verksmiðju eða yfirleitt hvar beri að reisa steinullarverksmiðju eða hvort beri að reisa steinullarverksmiðju, þannig að heldur fátt virðist þar á hreinu. Aftur á móti leiðir hún ekki til lausnar heldur þó að safnað yrði hlutafé af mörgum aðilum. Segjum að tveir, þrír, fjórir eða fimm aðilar söfnuðu nú hlutafé fyrir steinullarverksmiðju. Það er til skeljasandur á Vestfjörðum líka. Ég hygg að öllum sé ljóst að ekki er skynsamlegt að reisa nema eina steinullarverksmiðju.

Ríkisvaldið hefur verið að byggja upp atvinnufyrirtæki í iðnaði í hinum ýmsu kjördæmum. Þannig hefur fjármagni skattborgaranna verið varið til atvinnuuppbyggingar í þeirri góðu trú að það efli þjóðartekjur og komi þannig þjóðfélaginu til góða síðar meir. Ég lít svo á að ríkisvaldið verði að gæta jafnvægis milli kjördæma og bera nokkra ábyrgð á tillögugerð sinni í þeim efnum. Ef sú brtt. yrði að lögum, sem meiri hl. hefur lagt til, kemur ríkisvaldið til með að bera allverulegar ábyrgðir á fjárhæðum í þessu fyrirtæki. Það kemur líka til með að gefa eftir sölugjöld af vélum og tækjum og aðflutningsgjöld yrðu felld niður. Segja má að þjóðarheildin sé á þann veg að leggja fjármagn til þessarar starfsemi, en hið opinbera væri þá ekki eignaraðili og ætti verra með að fylgjast með þróun mála þrátt fyrir sínar ábyrgðir.

Ég veit ekki hvort það er heldur í alla staði sanngjörn stefna að ætla að setja iðnaðarhugmyndir á almennt uppboð fjármagnsmarkaði þjóðarinnar. Í mínum huga gæti það haft allalvarlegar afleiðingar fyrir byggðaþróun, ef það yrði gert.

Ég hygg að e. t. v. sé brtt. meiri hl. saman sett og orðuð á þann veg að flm. hafi fyrst og fremst verið að leita að einhverri útgönguleið sem þeir gætu varið fyrir sjálfum sér, en jafnframt komið sér undan að taka afstöðu til hinna upprunalegu tillagna sem lágu fyrir. Og það skal játað að það er ekkert skemmtilegt að fá mál eins og þetta inn í þingið.

En fyrst Alþingi Íslendinga taldi það rétt 25. maí 1981 að viðhafa þau vinnubrögð sem lög um steinullarverksmiðju kveða á um þykir mér einsýnt að ekkert hafi gerst sem réttlætt geti það eftir svo skamman tíma að fara að breyta þeim lögum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 81. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 5.30 síðdegis.

Norræn fjárfestingalán, frv. (þskj. 703, n. 867). — 2. umr.

Frsm. (Ólafur Ragnar Grímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur fjallað um þetta frv. Eins og fram kemur í grg. með frv. er hér um að ræða lið í aukinni samvinnu Norðurlanda um verkefni utan Norðurlanda í því skyni að efla atvinnu og atvinnulíf á Norðurlöndum og einnig samskipti Norðurlanda við þróun atvinnulífs annars staðar í veröldinni. Hér er um að ræða ákveðna tilraunastarfsemi í nokkur ár. Það er sameiginlegt álit okkar í nefndinni, að Íslendingar eigi að taka þátt í þessari samvinnu Norðurlandaþjóðanna. Hliðstæð frv. hafa verið lögð fyrir þjóðþing annarra Norðurlanda. Leggjum við til að frv. verði samþykkt.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Ég vil aðeins taka fram að það varð samkomulag um það í ríkisstj. að hæstv. dómsmrh. flytti þetta mál. Það er gert vegna þess að hann fer með starf samstarfsráðherra í Norðurlandasamstarfi, en eins og hv. þm. er kunnugt fer viðskrn. með þau mál sem varða skipti Íslands við alþjóðlegar fjármálastofnanir. — Ég vil aðeins taka það fram til upplýsingar að það varð samkomulag um að hafa þennan hátt á eins og hefur verið áður um málefni Norræna fjárfestingarbankans.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 18 shlj. atkv.

Orlof, frv. (þskj. 796, n. 856, 866). — 2. umr.

Frsm. (Karl Steinar Guðnason): Herra forseti. Félmn. hefur haft 242. mál til athugunar, sem fjallar um orlof, og varð sammála um að flytja brtt. sem er prentuð á þskj. 866. Leggjum við til að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 866 (ný 1. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 19 shlj. atkv.

Efri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 81. fundi.

Norræn fjárfestingalán, frv. (þskj. 703). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Nd.

Orlof, frv. (þskj. 910). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 18 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og endursent Nd.

Neðri deild, 79. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 5.30 síðdegis.

Lögheimili, frv. (þskj. 839). — Ein umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 907).

Stimpilgjald, frv. (þskj. 710). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 908).

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 740, n. 861, 862). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf.

Í nál. koma fram upplýsingar um skoðanir Siglingamálastofnunar á skipi því, sem til stendur að festa kaup á, og upplýsingar frá viðskiptafræðingi sem hafði gert athugun á hagkvæmni þess skips sem fyrirtækið hyggst festa kaup á.

Nefndin leggur til að fallist verði á að heimila ríkisstj. að ganga í ábyrgð vegna þessara lána. Hins vegar telur

nefndin nauðsynlegt að eigið fé fyrirtækisins verði aukið eitthvað áður en gengið verður frá ábyrgðinni. Þess vegna flytur nefndin brtt. á þskj. 862, að við bætist svohljóðandi mgr.:

„Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstj."

Nefndin hafði ekki möguleika á að meta hvað aukning á hlutafé skyldi vera mikil. Það er út af fyrir sig mjög slæmt að mál sem þetta komi nú fyrir þing á síðustu dögum. Fyrir því liggja ákveðnar orsakir sem voru skýrðar á fundum nefndarinnar, en nefndin vill leggja það í mat ríkisstj. hvaða kröfur skuli gerðar um aukið hlutafé. Það má geta þess, að hlutafé félagsins er innan við 200 þús.

Það kemur m. a. fram varðandi hagkvæmniathugun á þessu fyrirtæki, að aukning hafnargjalda vegna þess skips verði um 100 þús. á ári og eiga þar í hlut bæði Reykjavíkurhöfn og Akraneshöfn.

Nefndinni þykir ekki óeðlilegt að hagsmunaaðilar sjálfir leggi nokkuð af mörkum í þessu sambandi, án þess að hún sé að leggja á það endanlegt mat. Það getur ekki gengið að sveitarfélög og einstaklingar komi með beiðnir og kröfur hér á hv. Alþingi um ríkisábyrgðir og stuðning ríkisins án þess að viðkomandi aðilar séu tilbúnir að leggja eitthvað af mörkum sjálfir. Þess vegna vill nefndin ítreka þessa skoðun, enda fékk það góðar undirtektir þeirra er komu á fund hennar. Þeir töldu sjálfsagt að kannað væri heima fyrir að hvaða marki væri hægt að leggja til aukið hlutafé. Ég vil ítreka að út af fyrir sig er ekki verið að fara þess á leit af hálfu nefndarinnar, að slíkt hlutafé verið greitt í einu vetfangi. Það má að sjálfsögðu hugsa sér að það gerist á nokkurra ára bili. En nefndin telur það hins vegar mikla nauðsyn að eigið fé fyrirtækisins sé aukið.

Ég vil aðeins, herra forseti, vitna til nál. og þeirrar grg. sem þar fylgir, og ítreka að nefndin leggur til að frv. verði samþykkt.

Albert Guðmundsson: Herra forseti. Eins og fram kom í máli frsm. hv. fjh.- og viðskn. er ég því samþykkur, að sú fyrirgreiðsla, sem hér er til umr., verði veitt. En ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að ferjuskip sem þetta er að mínu mati ekki bara bráðnauðsynlegt öllum landsmönnum, heldur vil ég líta á það sem þjóðbraut, sem viðbót við þjóðvegi landsins, og að mínu mati ætti ríkissjóður eða þjóðfélagið í heild að standa undir fjármögnunarkostnaði á þessari þjóðbraut, þó að einkafyrirtæki, eins og Skallagrímur hf. í þessu tilfelli, tæki á sig ábyrgð á rekstrinum.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þm. Vesturlands þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir skjóta afgreiðslu á þessu máli. Ég ætla ekki að fara að lýsa því, að hér er um mál að ræða sem er mikið hagsmunamál fyrir íbúa Vesturlands, eins og raunar alla landsmenn. Ég get vel fellt mig við þá skoðun, sem kom fram hjá frsm. hv. fjh.- og viðskn., að það er ekkert óeðlilegt við að það verði leitað eftir hlutafjáraukningu hjá þeim aðilum sem standa að þessu fyrirtæki, og ég mun beita mér fyrir því að svo verði. En ég legg áherslu á að þetta mál fái afgreiðslu.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég vil fyrir hönd þeirra þriggja ráðh., sem ríkisstj. fól að athuga þetta mál, þakka öllum aðilum, sem hér hafa komið við sögu, fyrir ágætan stuðning.

ATKVGR.

Brtt. 862 samþ. með 30 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 102, n. 854). 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur haft til meðferðar frv. til l. um breyt. á lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Frv. gengur út á það, að bætt verði við 4. gr. laganna, er fjallar um skattfrelsi, orðunum „félagsheimili, byggð samkv. 1. gr. laga nr. 54/1979, um félagsheimili," en í þeim lögum er enginn einstakur aðili beinlínis skilgreindur, heldur kemur fram í greininni að slíkir aðilar séu skattfrjálsir ef þeir fullnægi ákveðnum skilyrðum.

Ríkisskattstjóri kom fyrir nefndina og lagði fram ýmis gögn og veitti ýmsar upplýsingar og lagði nefndin verulega vinnu í þetta mál. Mun ég láta nægja varðandi mál þetta að mestu að lesa hér upp úr nál.:

„Í lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, voru ákvæði þess efnis, að félög, sem ekki ráku atvinnu, voru undanþegin skattskyldu samkv. þeim lögum. Á undanþáguákvæðið hefur reynt m. a. í málum sem til úrlausnar hafa komið hjá ríkisskattanefnd og dómstólum. Á grundvelli þessara ákvæða felldi ríkisskattanefnd úrskurð um skattskyldu tiltekins félagsheimilis gjaldárið 1979 vegna rekstrar þess á árinu 1978." — Ég vil taka það fram, að þessi úrskurður byggðist á eldri lögum um tekjuskatt og eignarskatt. — „Aðgerðir skattyfirvalda, sem m. a. eru byggðar á úrskurðinum, eru tilefni frv. sem hér er til meðferðar. Ljóst er að áðurnefnd undanþága frá skattskyldu, sbr. lög nr. 68/1971," — það eru eldri lög, — „er skilyrðisbundin. Ríkisskattanefnd komst að þeirri niðurstöðu, að á árinu 1978 hefði nefnt félagsheimili haft með höndum þá starfsemi sem leiddi til skattskyldu það tiltekna ár. Ekki var verið í því máli að taka afstöðu til þess, hvort félagsheimili, sem byggð hafa verið samkv. lögum um félagsheimili, væru almennt séð skattskyldir aðilar samkv. lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Fyrir nefndinni liggja upplýsingar um álagningu tekjuskatts og eignarskatts framkvæmda af skattstjórum gjaldárin 1980 og 1981" — þ. e. eftir að ný lög um tekju- og eignarskatt tóku gildi. „Í flestum þeim tilvikum, sem slík álagning hefur farið fram, hefur hún byggst á áætluðum skattstofnum. Svo virðist sem álagning þessara skatta gjaldárið 1981 hafi byggst á fyrrnefndum úrskurði ríkisskattanefndar og ég endurtek: sem gekk út á eldri lög um tekjuskatt og eignarskatt, — m. a. kemur það beinlínis fram hjá tveimur skattstjórum. Hjá einum skattstjóranum kemur fram, að hann hafi ekki byggt álagningu sína á því, að félagsheimilin væru skattskyldir aðilar, heldr í þeim eina tilgangi að knýja á um skil á skattframtölum. Hafa áætlanir þessar ekki byggst á hlutlægu mati, heldur fjárhæðir ákvarðaðar með hliðsjón

af ætluðum áhrifum á framtalsskil aðilanna. Slík framkvæmd á ekki stoð í lögum.

Í nýju lögunum um tekjuskatt og eignarskatt eru undanþáguákvæði frá skattskyldu lögaðila rýmkuð frá því sem var í eldri lögum, þannig að nú skiptir það máli hvernig félagsheimili, sem kunna að reka atvinnu í skilningi tekju- og eignarskattslaganna, verji hagnaði sínum, sbr. 5. og 6. tölul. 4. gr. laganna " — sem ekki var í áðurgreindum fyrri lögum.

„Af því, sem greinir hér að framan, er augljóst að við álagningu skattanna gjaldárið 1981 hafi skattstjórar gert þau mistök að leggja til grundvallar úrskurð ríkisskattanefndar, sem byggist á eldri lagaákvæðum og þar sem leyst var úr skattskyldu tiltekins félagsheimilis tiltekið ár, en það naut skilyrðisbundins skattfrelsis. Þessi mistök skattstjóra hefur ríkisskattstjóri í raun staðfest með því að draga til baka og gera nýjar kröfugerðir í málum tveggja félagsheimila sem nú eru til úrlausnar hjá ríkisskattanefnd og varða gjaldárið 1980, en í þeim málum reynir á undanþáguákvæði nýju tekju- og eignarskattslaganna. Ríkisskattanefnd hefur ekki lokið við að kveða upp úrskurði í málum þessum" — og því hefur að fullu ekki reynt á lagaákvæði þessi.

„Ekki liggur fyrir fullnaðarafgreiðsla skattyfirvalda um skattskyldu félagsheimila samkv. lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Nefndin telur því ekki ráðlegt að mæla með því, að frv. verði nú samþykkt. Nefndin telur rétt að fresta innheimtu á álögðum sköttum á félagsheimili þar til fullnaðarafgreiðsla skattyfirvalda og nefndir úrskurðir ríkisskattanefndar liggja fyrir.

Í framhaldi af því verði gerð nánari athugun á stöðu félagsheimila gagnvart skattalögum almennt séð og hvort breyta þurfi skattalögum vegna starfsemi þeirra.

Með tilvísun til ofanritaðs leggur nefndin til að málinu verði vísað til ríkisstj."

Herra forseti. Allir nm. fjh.- og viðskn. standa að þessu nál.

Ég vil í þessu sambandi taka það fram, að frv. þetta hefur orðið tilefni til þess, að nefndin hefur lagt verulega vinnu í þetta mál. Vegna þess að hér var rætt allverulega um starfshætti Alþingis í gær má spyrja þeirrar spurningar, hvort ekki væri rétt að opna þann möguleika að nefndir gætu tekið mál til athugunar og tækju mál til athugunar og umræðu og jafnvel afgreiðslu án þess að sérstakt frv. sé flutt. Það má segja að okkur virðist að ekki sé nauðsynlegt að breyta lögum í þessu sambandi. Hins vegar hefur verið nauðsynlegt að taka mál þetta til athugunar í nefndinni. Þess vegna hljóta að vakna þær spurningar varðandi mál sem þetta, hvort ekki sé nauðsynlegt að nefndir geti að beiðni ákveðinna þm. eða ákveðinna aðila tekið fyrir mál til umræðu og umfjöllunar án þess að beinlínis liggi fyrir tillöguflutningur hér á Alþingi.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja tímann hér.

Hér er um mál að ræða sem ég hef mikinn áhuga á. Þegar þetta frv. var flutt á síðasta þingi var það vegna þess að komið hafði í ljós að skattstjórar landsins höfðu hafið sókn gegn félagsheimilum í landinu að því marki að leggja á þau tekju- og eignarskatt og þannig var einnig ástatt með tvö félagsheimili að felldur hafði verið úrskurður um skattskyldu þeirra og annað félagsheimilið, Tjarnarborg á Ólafsfirði, hafði verið auglýst til nauðungarsölu og tilgreindur söludagur. Þar af leiðandi var nauðsynlegt að fá úr því skorið, hvernig að þessum málum ætti að standa. Úrskurðir skattstjóra voru mjög mismunandi og alls ekki samræmi þar á milli og virtist vera algerlega í lausu lofti hvernig túlkun þeirra er á þessari skattlagningu.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. fjh.- og viðskn. fyrir mikið starf sem hefur verið unnið í sambandi við þetta mál og hefur orðið til að skýra þetta mál. Eins og kemur fram í grg., sem hv. frsm. n. las upp áðan, hafa skattstjórar, eins og ég sagði hér fyrr, haft sínar aðferðir við þessi mál, sem alls ekki eru í samræmi við þann skilning sem menn leggja almennt í lög um félagsheimili eða skattskyldu þeirra.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, að ég vænti þess og ég mun beita mér fyrir því, að gerð verði sú úttekt á stöðu félagsheimila gagnvart skattalögum almennt séð sem hér er bent á að rétt sé að gera. Ef ekki verður úr því á næstunni er sjálfsagt að taka þetta mál fyrir á næsta þingi. Þess vegna sætti ég mig við afgreiðsluna eins og hún er. Það leiðréttir að nokkru það misrétti sem við hefur gengist til þessa í þessum málum og var vofandi yfir þeim félagsheimilum sem ég nefndi áðan.

ATKVGR.

Till. á þskj. 854 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 29:1 atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 837, n. 855). — 2. umr.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 855 er nál. sem öll landbn. Nd. stendur að. Þetta frv. er aðeins ein grein úr frv. sem landbn. Nd. var búin að afgreiða samhljóða á jákvæðan hátt. Hins vegar hlaut það frv. ekki náð fyrir augum meiri hl. hv. þm. Ed.

Í sumum héruðum landsins er dýralæknaþjónusta í algeru lágmarki og álag á þeim dýralæknum, sem þar þjóna, lagt fram yfir það sem forsvaranlegt er. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt.

Landbn. leggur eindregið til að frv. verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Neðri deild, 80. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 79. fundi.

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 906). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Dýralæknar, frv. (þskj. 837). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Frsm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég sá að í 20. lið er ritvilla. Það stendur Norðurlandsumdæmi, en á að vera Norðausturlandsumdæmi, og á þetta að vera leiðrétt hér með.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545, n. 864). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. 259. mál þingsins er frv. um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð. Frv. kom frá Ed. og var afgreitt úr þeirri hv. deild óbreytt eins og það var lagt þar fram. Frv. er flutt að beiðni Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna og felur í sér að iðnlánasjóðsgjald, sem iðnfyrirtæki hafa greitt til sjóðsins, verði lækkað verulega svo og að lánstími verði lengdur og lánahlutfall miðað við kostnað framkvæmda bætt. Þá er lagt til að ákvæði um sérstaka veiðarfæradeild verði fellt úr lögunum.

Iðnn. hefur rætt frv. og fengið á sinn fund forsvarsmenn Iðnlánasjóðs. Allir nm. mæla með að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21:1 atkv.
2.—5. gr. samþ. með 22:1 atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 23 shlj. atkv.

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584, n. 865). — 2. umr.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Þetta frv. til l. um aukningu hlutafjár í Kísiliðjunni hefur verið til athugunar hjá iðnn. deildarinnar eftir að hafa hlotið afgreiðslu og samþykkt í hv. Ed. Hér er um að ræða að samþykkja heimild fyrir ríkisstj. til að yfirtaka kröfur að jafnvirði allt að 1.3 millj. bandaríkjadollara í íslenskum krónum á hendur Kísiliðjunni hf. og leggja þá fjárhæð fram til aukningar á hlutafé ríkissjóðs í Kísiliðjunni.

Í aths. við frv. er sagt að markmiðið með þessum fjárstuðningi sé að treysta rekstrargrundvöll og treysta greiðsluafkomu fyrirtækisins. Iðnn. hafði mjög takmarkaðan tíma til að athuga þetta mál og hefur varla sannfærst um að með þessum aðgerðum verði rekstur fyrirtækisins tryggður. Nefndin hafði upplýsingar um, að málið hefði verið athugað rækilega í hv. iðnn. Ed., og er sammála um að aðgerða sem þessara sé þörf til að koma í veg fyrir að rekstur fyrirtækisins stöðvist. Mælir nefndin öll með samþykkt frv.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 22 shljl. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531, n. 874). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur tekið til meðferðar frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1978. Nefndin mælir með að frv. verði samþ., en hv. þm. Sighvatur Björgvinsson tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er von að herra forseti gerist nú heyrnarsljór með allan þann virkjunarnið í eyrum sem hann hefur haft undanfarna daga í þeirri ágætu nefnd atvmn. En eins og fram kemur í nál., sem hefur verið gerð grein fyrir, tók ég ekki þátt í afgreiðslu þessa máls, og eins og ljóst hlýtur að vera þeim, sem hlýddu á 1. umr. um málið á Alþingi, ætti ekki að vera hægt að velkjast í neinum vafa um hvers vegna.

Með ríkisreikningi fyrir árið 1978, sem fylgdi þessu frv., eru óvenjulega margar aths. yfirskoðunarmanna. Sérstök athygli er þó vakin á alvarlegum aths. þeirra varðandi fjármál Kröfluvirkjunar. Í svörum ráðuneyta við fsp. yfirskoðunarmanna kemur í ljós að furðuleg vinnubrögð hafa verið viðhöfð af hálfu stjórnvalda, m. a. þar sem afskipti þáv. iðnrh. Gunnars Thoroddsens eru talin ganga í berhögg við reglur og fyrirmæli, auk þess sem veigamikil fjármálaleg samskipti ráðh. og Kröflunefndar eiga sér stað samkv. munnlegum ákvörðunum án þess að nokkur skrifleg heimild fyrirfinnist. Með sama hætti eru fjölmargar fjármálalegar ráðstafanir Kröflunefndar sjálfrar mjög óvenjulegar, svo að ekki sé meira sagt, og fyrir sumum finnast hvorki skrifleg gögn né fullnægjandi fskj.

Umsagnir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings um þessi atvik eru m. a. á þá lund, að ákvarðanir þáv. iðnrh. stangist á við úrskurði fjmrn. um hvað heimilt sé, sbr. bls. 399 í ríkisreikningi, að engir pappírar finnist um ákvörðun launagreiðslna, sbr. bls. 399, að upplýsingar iðnrh. um þá hluti standist ekki, sbr. bls. 399, að ekki hafi verið gætt nauðsynlegs aðhalds varðandi flugfargjöld og leiguflug, sbr. bls. 400, að svör hafi ekki upplýst það sem um var spurt, sbr. bls. 400, að komið hafi í ljós að um tvígreiðslur reikninga vegna útlagðs kostnaðar væri að ræða í sumum tilvikum, sbr. bls. 400, og eru hér aðeins nefnd nokkur dæmi úr umfangsmiklum aths. yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Umfjöllun Alþingis um ríkisreikninginn og aths. með honum eru ekki fullnægjandi, enda skortir á að í starfsskipulagi Alþingis sé gert ráð fyrir að Alþingi geti verið sá eftirlitsaðili með fjárreiðum ríkisins og stofnana þess sem nauðsyn er farið að bera til. Til þess að svo geti orðið þarf að gera breytingar á lögum um þingsköp Alþingis svo og breytingar á vinnubrögðum þingsins, eins og við þm. Alþfl. höfum margbent á og flutt mörg frumvörp á

Alþingi um. Málsmeðferð Alþingis á ríkisreikningum er enn ein sönnun þess, hve brýnar eru þær breytingar á skipulagi og starfsháttum Alþingis sem við Alþfl.-menn höfum barist fyrir.

Sú afgreiðsla frv. til samþykkis á ríkisreikningi fyrir árið 1978, sem nú stendur fyrir dyrum, er formlega séð aðeins samþykkt á því, að ríkisreikningurinn gefi rétta mynd af fjárreiðum ríkisins og stofnana þess á árinu 1978, og er alls ekki dregið í efa að svo sé. Í þeirri afgreiðslu er hins vegar ekki unnt að taka neina afstöðu til atriða eins og aths. yfirskoðunarmanna sem nánast enga umfjöllun eða skoðun hafa fengið hér á Alþingi. Við þm. Alþfl. teljum þessi vinnubrögð ekki viðunandi. Við ítrekum tillögur okkar um breytta starfstilhögun Alþingis, m. a. í þá átt að auka eftirlitshlutverk þingsins, og við leggjum áherslu á þá afstöðu okkar með því að hafa ekki afskipti af þeirri afgreiðslu sem hér á að fara fram með þeim hætti sem til er stofnað.

ATKVGR.

Frvgr. samþ. með 25 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: RH, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AG, AS, EH, FrS, GHall, HÓ, HÁ, HBl, IGuðn, IGísl, JE, SigurlB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SvH.

SighB, VG, ÁG, GHelg, JS, KP, MHM greiddu ekki atkv.

8 þm. (BGr, BÍG, FÞ, GS, GeirH, HG, MB, MÁM) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 25 shlj. atkv.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634, n. 963, 868). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Þetta frv. um breyt. á lögum um lagmetisiðnað og Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins felur í sér framlengingu á svokölluðum starfsréttindum stofnunarinnar. Þau réttindi eru fyrst og fremst einkaréttarstaða, aðstaða til sölu á niðurlögðum sjávarafurðum til Austur-Evrópu.

Meiri hl. iðnn. hefur fallist á efni frv. og mælir með samþykkt þess, en einn nm., hv. þm. Magnús H. Magnússon, mun skila séráliti.

Frsm. minni hl. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Frv. þetta fjallar um beiðni stjórnar Sölustofnunar lagmetis um að framlengja núverandi starfsréttindi stofnunarinnar, sem falla eiga úr gildi um næstu áramót, um eitt ár til viðbótar. Ég tel eðlilegt að sölusamtök í lagmetisiðnaði starfi á sama grundvelli og önnur útflutningssamtök. Ljóst virðist vera að viðleitni löggjafans til að efla samtök og samvinnu með niðurlagningarverksmiðjum hefur ekki borið þann árangur sem til var ætlast. Sýnist mér því eðlilegt að umrædd lög falli úr gildi um næstu áramót, svo sem samþykkt var á Alþingi í fyrra, og hef ég ekki heyrt þau rök er mæla með framlengingu laganna. Ég legg því til að frv. verði fellt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 19:7 atkv.

2. gr. samþ. með 20:2 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Neðri deild, 81. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 80. fundi.

Lagmetisiðnaður, frv. (þskj. 634). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 17:6 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 919).

Ríkisreikningurinn 1978, frv. (þskj. 531). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 920).

Kísiliðjan, frv. (þskj. 584). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 921).

Iðnlánasjóður, frv. (þskj. 545). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 26 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 25:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 922).

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282). — Frh. 3. umr.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigurlB, KP, MHM, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, SighB, SkA, StH, SteinG, VG, ÞS, AG, AS, ÁG, BÍG, EH, FrS, GJG, HÓ, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, SvH.

JS, SV, SvG, FÞ, GS, GHelg greiddu ekki atkv.

4 þm. (MÁM, RA, BGr, GeirH) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það hefur komið fram í fyrri umr. um þetta mál, að hæstv. fjmrh. var ekki spurður áður en málið var afgreitt úr hv. fjh.- og viðskn. Í trausti þess, að hv. fjh.- og viðskn. Nd. afgreiði önnur frumvörp um tekjuskatt og eignarskatt, sem þar liggja fyrir, og einkum og sér í lagi þau sem koma frá stjórnarandstöðunni, þá segi ég já.

Halldór Ásgrímsson: Herra forseti. Hér er um 3. umr. að ræða. Ég gat þess fyrr við umr., að nauðsynlegt væri að hv. fjh.- og viðskn. gæti tekið þetta mál til athugunar að nýju. Við fengum ekki tóm til þess í dag, en við munum gera það í samvinnu við fjh.- og viðskn. Ed. þar sem svo er komið málum. Ég segi já.

Frv. afgr. til Ed.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 552, n. 817, 818). — Frh. 2. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson: [frh.]: Herra forseti. Þar sem mun fleiri eru nú staddir í þingsalnum en þegar ég gerði hlé á ræðu minni seinast þykir mér rétt að koma því á framfæri, að allshn. Nd. barust allverulegar athugasemdir við það frv. sem hér er til umr. Ég tel mér skylt að gera grein fyrir þeim, þar sem þessar athugasemdir eru frá dómarastéttinni sjálfri.

Herra forseti. Ég held þá áfram máli mínu þar sem frá var horfið og vil leyfa mér að vitna hér í athugasemdir við bráðabirgðaákvæði frv. um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands:

„Ljóst er t. d. að erfitt væri að fylgja fram banni 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar við því að víkja umboðsstarfalausum dómara úr embætti, nema með dómi, ef almennt mætti setja eða skipa dómara til tiltekins tíma. Þá er einnig vandséð hvernig ákvæði sömu greinar um að dómari skuli ekki missa neins í af launum sínum, þegar starfstíma hans lýkur, samrýmist því fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir.

2. Ákvæði stjórnarskrárinnar um sjálfstætt og óháð dómsvald eru byggð á meginreglunni um þrígreiningu ríkisvaldsins. 61. gr. stjórnarskrárinnar er einungis staðfesting á þeirri meginreglu að því er dómara varðar. Af framsögu leiðir að allar lagaheimildir, sem fela í sér skerðingu á því réttaröryggi sem 61. gr. stjórnarskrárinnar veitir, verður að rökstyðja sérstaklega ef þær eiga að teljast hafa gildi. Því meira sem frávikið er, þeim mun rækilegri verður rökstuðningurinn að vera.

3. Í bráðabirgðaákvæði fyrrgreinds frv. er gert ráð fyrir því, að dómarar séu settir í nýjar „stöður". Þarna er því ekki um sambærilegt tilvik að ræða og um getur í 4. gr. laga nr. 73/1975 en þar er gert ráð fyrir að unnt sé að setja dómara í tilteknu máli eða í tiltekinn tíma, sé um forföll reglulegs dómara að ræða eða leyfi frá störfum um stundarsakir, eða þegar sæti hans verður autt af öðrum ástæðum. Umrædd lagagrein gerir ráð fyrir því, að dómari er settur í stað annars fasts dómara sem hverfur frá störfum um stundarsakir. Munurinn er m. a. fólginn í því, að hinar nýju „stöður" gefa auknar líkur um framlengingu setningartímans. Umræddri 4. gr. er fyrst og fremst ætlað það hlutverk að mæta vissum ófyrirséðum atburðum, sem gera það að verkum, að hinn reglulegi dómari getur ekki rækt starf sitt um stundarsakir. Heimildinni ber að beita í hófi samkv. stjórnarskrárheimildum þeim sem fyrr var getið. Sé þess ekki gætt og dómari t. d. settur til lengri tíma, kynni slíkt tilvik að vera talið andstætt 61. gr. stjórnarskrárinnar, jafnvel þótt um setningu fyrir annan sé að ræða, allt þó nánar eftir aðstæðum hverju sinni.

4. Það hefur lengi tíðkast að setja dómara til skamms tíma í Hæstarétti. Þau fordæmi eru ekki sambærileg og geta ekki orðið til þess að skjóta stoðum undir þá skipan sem nú er fyrirhuguð með bráðabirgðaákvæði fyrrgreinds frv. Þetta verður ljóst ef bornar eru saman forsendur, tímalengd og umfang á þessum setningum í hverju tilviki fyrir sig.

Framkvæmdin í Hæstarétti hefur hingað til verið sú, að í öllum tilvikum var umsetningu í stöður annars dómara að ræða vegna orlofs eða forfalla. Í einu tilviki var einn dómari settur í nær tvö ár vegna leyfa hins reglulega dómara. Þar er að vísu um ærið langan tíma að ræða, en þó setning fyrir annan. Í öðrum tilviki var dómari settur í nokkur ár. Stóð svo á, að ákveðin hafði verið fækkun hæstaréttardómara úr fimm í þrjá í sparnaðarskyni, með lögum frá 1924. Sú breyting átti þó ekki að koma til framkvæmda fyrr en sæti tveggja fastra dómara losnuðu. Í septembermánuði 1923, þegar menn þóttust sjá fram á lagabreytinguna, lést einn af dómurum Hæstaréttar og þá annar settur til að gegna stöðu hans þar til sæti annars fasts dómara losnaði. Hér var um mjög sérstætt tilvik að tefla. Verið var að koma nýrri skipan á dómstólana, og enn var um setningu að ræða í stöðu annars.

5. Bráðabirgðaákvæði fyrrgreinds frv. um setningu dómara ganga lengra en áður eru dæmi. Nefna má fáein atriði:

a. Þeir eru ekki settir í stöðu annars dómara, heldur er gert ráð fyrir nýjum stöðum, þar sem um endurtekna skammtímasetningu gæti orðið að ræða, en einmitt sú tilhögun er til þess fallin að móta annað viðhorf hins setta dómara til stöðunnar þegar fram líða stundir. Slíkt veikir tiltrú almennings á dómstóla.

b. Gert er ráð fyrir að settir dómarar verði tveir eða þrír, sem er hátt hlutfall miðað við þann fjölda dómara sem fyrir er.

c. Samkv. frv. er við það miðað að umræddar heimildir geti gilt í tvö ár hið lengsta. Þetta telst langur tími miðað við þau störf sem hér ræðir um. Samkv. grg. með frv. ber auk þess að „taka málið til athugunar á ný" að þeim tíma liðnum. Ljóst er því að höfundar frv. útiloka ekki að um

áframhald geti orðið að ræða.

6. Ákvæði frv. um dómara til bráðabirgða verður ekki rökstutt:

a. Með því að vísa til reynslu Finna, þar sem ákvæði 53.—60. gr. stjórnarskrár Finna eru alls ekki sambærileg ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar um þau atriði sem hér skipta máli.

b. Með því að vísa til fordæmis Norðmanna eftir síðari heimsstyrjöldina, því að ástand þjóðmála í Noregi á þeim tíma er alls ekki sambærilegt við ástandið á Íslandi nú.

c. Með því að vísa til þess, að um neyðarráðstöfun sé að ræða, því að auðvelt er að sýna fram á aðrar leiðir, sem í aðalatriðum leiða til sömu niðurstöðu en rýra þó ekki sjálfstæði dómstólanna. Þessar leiðir hefðu varla verulega aukin útgjöld í för með sér. Má reyndar taka fram að aukin útgjöld í þessum mæli geta aldrei talist grundvöllur undir neyðarrétti sem réttlætt gæti frávik frá stjórnarskránni.

d. Með því að vísa til þess að dómarar til bráðabirgða verði alltaf í minni hluta í Hæstarétti. Ekkert segir um það í fyrirliggjandi frv. að umræddir dómarar skuli ávallt vera minni hluti dómara í hverju máli. Auk þess styrkir það tæpast traust almennings á Hæstarétti að skipta dómurum hans þannig í flokka.

e. Með því að vísa til þess að dómarar til bráðabirgða verði aðeins settir samkv. tillögum Hæstaréttar. Sá stuðningur, sem þetta kann að veita, er veikur miðað við þá tryggingu sem stjórnarskráin veitir dómendum. Kjarni málsins er krafa stjórnarskrárinnar um skipan dómara til ótiltekins tíma.

7. Verði umrætt frv. um dómara til bráðabirgða að lögum er stigið varhugavert skref í sögu íslenskrar dómaskipunar.

a. Því kann að verða haldið fram, að um sé að ræða brot á 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar. Í þessu sambandi skal á það bent, að líklegt er að einmitt komi til kasta Hæstaréttar sjálfs að skera úr um það hvort umrætt bráðabirgðaákvæði fái staðist samkv. 61. gr. stjórnarskrárinnar. Í grg. með frv. kemur fram að það sé samið af dómurum Hæstaréttar. Er úrlausnarefni þetta kemur til kasta Hæstaréttar er líklegt að allir hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar verði að víkja sæti, sbr. 6. gr. laga nr. 75/1973.

b. Jafnvel þó menn treysti sér ekki til að fullyrða að umrætt bráðabirgðaákvæði fari berlega í bága við stjórnarskrána má vekja athygli á að hér er stigið nýtt skref, sem gengur gegn meginhugsun 61. gr. hennar. Vekur athygli að lögmæti þessarar breytingar er m. a. rökstutt með fyrri skrefum á sömu braut, sem ekki hafa náð jafnlangt. Er þá eins víst að bráðabirgðaákvæðið, ef að lögum verður, verði síðar notað til rökstuðnings því að enn lengra megi ganga. Hlýtur þetta að vera umhugsunarefni.

c. Verði frv. að lögum má ætla að Hæstiréttur dragist inn í umræður um það hvort hann sé löglega skipaður eða ekki. Slíkar umræður eru til þess fallnar að rýra álit Hæstaréttar út á við. Yrði að telja það illa farið.

Reykjavík, 20. nóvember 1981."

Ég vil biðja þá, sem hér eru, að veita því sérstaka eftirtekt hverjir það eru sem rita undir þetta álit. Með leyfi forseta vil ég lesa upp nöfn þeirra: „Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari. Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. Björn Þ. Guðmundsson prófessor. Baldur Guðlaugsson hdl. Stefán Már Stefánsson prófessor. Friðgeir Björnsson borgardómari. Már Pétursson héraðsdómari. Hrafn Bragason borgardómari. Björn Friðfinnsson fjármálastjóri Reykjavíkurborgar. Eiríkur Tómasson hdl."

Herra forseti. Ég hygg að það hefði fleirum en mér brugðið í brún við að fá slíka umsögn um lagafrv. sem hér hefur verið kynnt, þegar aðilar, sem undir það skrifa, eru m. a. menn, sem kenna lögfræðina við Háskóla Íslands, eins og Stefán Már Stefánsson prófessor. Það hljóta að renna á menn tvær grímur, hvort ekki sé lágmarksskylda nefndarformanns undir slíkum kringumstæðum að koma þeim upplýsingum á framfæri við þingið sem nefndin hefur fengið og ganga svo gegn þeim hugmyndum sem framkvæmdavaldið hefur varðandi lagasetningu þessa.

Ég tel að leiða megi að því miklar líkur, að þeir, sem hér hafa ritað undir, eigi sumir hverjir eftir að verða dómarar í Hæstarétti. Og ég trúi því ekki á nokkurn þeirra að þeir séu að leggjast gegn Hæstarétti sem slíkum. Ástæðan fyrir þessu áliti er einfaldlega sú, að þeim finnst Hæstiréttur tapa virðingu sinni og tiltrú ef sú breyting verður gerð sem hér er verið að leggja til. Og hverjar eru ástæðurnar í örfáum orðum sagt? Jú, það er verið að leggja til deildaskiptingu Hæstaréttar, að hann starfi í mörgum deildum. Hve mörgum? Hann gæti starfað í þremur deildum í þriggja manna dómi samkv. þessu. Hann gæti starfað í tveimur deildum í fimm manna dómi samkv. þessu. En það er verið að fara út á ákveðna braut. Það er verið að marka nýja stefnu. Það er verið að taka upp þá stefnu að Hæstiréttur sé fyrst og fremst annað dómstigið, með mörgum aðskildum hólfum getum við sagt, þannig að það er „lotterí" hvaða hólf það er sem tekur að sér að dæma í hverju máli.

Ég óttast að í reynd sé hægt að tala um að sú lausn, sem verið er að leggja til, sé sambærileg við það, ef við gætum talað um byggingar, að verið sé að tala um að byggja skúr við aðalhúsið og svo nýjan skúr við þann skúr. Þannig er lengi hægt að halda áfram.

Ég ákvað að kynna mér rök fyrrv. dómsmrh., Ólafs Jóhannessonar, fyrir þeim málatilbúningi þegar hann lagði fram frv. að lögum um lögréttu. Eins og þm. er kunnugt var það frv. samið af réttarfarsnefnd. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur þegar unnið mikið starf. Hún hefur samið nokkur lagafrumvörp og hafa a. m. k. fimm þeirra þegar verið lögð fyrir Alþingi, þrjú hlotið afgreiðslu og svo eru tvö sem koma til umr. nú í þessari hv. deild."

Það virðist liggja ljóst fyrir, að menn hafa talið að megnið af því, sem þessi nefnd lagði til, væri af hinu góða. Hins vegar læðist sá grunur að manni, að e. t. v. hafi það fyrst og fremst annars vegar verið byggðasjónarmið, eða átök á milli byggðarlaga um staðsetningu dómskerfis, og hins vegar kostnaðarspursmál sem hafi haft afgerandi áhrif á afstöðu til þessa máls. Með lögréttu var ekki verið að leggja til að það yrðu þrjú dómstig í framkvæmd í hverju máli. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er því lagt til að dómstig hér á landi verði þrjú í stað tveggja, eins og nú er, þó þannig, að hverju og einu máli er aðeins ætlað að fara um tvö dómstig en ekki um öll þessi þrjú dómstig, því að lögrétturnar eiga að fjalla um stærri mál sem fyrsta dómstig, en um önnur mál sem annað dómstig eða áfrýjunardómstig. Það er gert ráð fyrir að þeim málum, sem eftir sem áður verður fjallað um af héraðsdómara, megi áfrýja til viðkomandi lögréttu

og dómur hennar verði þá lokadómur í því máli, en málum þeim, sem lögrétta fjallar um sem fyrsta dómstig, megi áfrýja til Hæstaréttar. Því verður ekki neitað, að þessar tillögur fela í sér róttækar breytingar á dómstólaskipan landsins og er eðlilegt að menn vilji skoða þær vel frá öllum hliðum."

Að sjálfsögðu var eðlilegt að menn vildu skoða þær vel frá öllum hliðum. Á hinu hygg ég að færri hafi átt von, að menn treystu sér ekki til að gera þær breytingar á lögréttunni, sem þeir teldu að væru eðlilegar, og niðurstaðan yrði aftur á móti sú, að menn sneru aftur til þess að fara að fjölga dómurum í Hæstarétti.

Ég vil — með leyfi forseta — vitna hér í ákveðinn kafla sem óneitanlega minnir á það sem hinir ungu dómarar vors lands minntust á í sínum athugasemdum. „Í umræðum um bætt réttarfar hafa ætíð komið fram raddir sem telja nauðsyn að koma á aðskilnaði milli dómsvalds og framkvæmdavalds. Má í því sambandi til frekari glöggvunar vísa á bls. 18 og 19 í grg. þessa frv., þar sem gerð er nokkru nánari grein fyrir því. Er sjálfsagt eðlilegt að slíkar óskir og tillögur hafi komið fram. Það er æskilegt að þeir, sem fara með dómsvaldið, séu ekki of háðir framkvæmdavaldinu, enda er slíkt fyrirkomulag í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar er byggir á kenningunni um þrískiptingu ríkisvaldsins. Sú skipan er einnig í samræmi við þróun er átt hefur sér stað í nágrannalöndunum síðustu áratugina. Þar fara dómarar ekki með framkvæmdavald."

Ég vil gera hér örstutt hlé á því að vitna í þessa ræðu, en vekja athygli á því, að Íslendingar höfum nokkuð bitra reynslu af því þegar dómarar hafa farið með framkvæmdavaldið. Það hefur ekki alltaf orðið dómstólunum til álitsauka þegar þeir dómar, sem slíkir menn hafa kveðið upp, hafa farið öfugir í Hæstarétti. Það er ekki neinum til góðs að hlegið sé að dómsvaldi í landinu. (**Forseti:** Á hv. ræðumaður langt eftir af ræðu sinni?) Nú hallar á seinni hlutann, herra forseti. (**Forseti:** Ég get ekki gefið nema örskamman tíma, ella verð ég að biðja hv. ræðumann að fresta ræðu sinni.) Mér er ljúft að fresta ræðu minni, herra forseti. — [Frh.]

Umr. frestað.

Neðri deild, 82. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 81. fundi.

Söluskattur, frv. (þskj. 114, n. 859 og 860). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Albert Guðmundsson): Herra forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 860 frá meiri hl. hv. fjh.- og viðskn. þessarar deildar um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt. Nefndin hefur fjallað um frv. á þskj. 114. Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um breytingu á lögum um söluskatt sem miðar að því að auka og gera skýrari undanþáguákvæði varðandi söluskattsfrelsi tímarita. Hér er um að ræða öll tímarit sem gefin eru út hér og einnig erlend tímarit. Eins og menn vita eru blöð söluskattsfrjáls, og af tímaritum, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, er ekki greiddur söluskattur. Söluskattur er greiddur af öllum öðrum tímaritum svo og erlendum tímaritum.

Minni hl. n. er ljóst að hér er um vandamál að ræða sem þarfnast nánari athugunar. Fjmrn. mælir gegn því, að frv. verði samþykkt, en bendir á ýmis vandkvæði er varða málið almennt. Vil ég vísa til þeirrar greinargerðar, en hún er svohljóðandi:

„Ráðuneytið vísar til munnlegrar beiðni nefndarinnar, dags. 26. apríl, um umsögn um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, 111. mál.

Frv. þetta hefur í för með sér að sala allra blaða og tímarita verður söluskattsfrjáls, verði það að lögum. Af þessu tilefni tekur rn. eftirfarandi fram:

Samkv. 11. tölul. 6. gr. laga um söluskatt eru innlend dagblöð og hliðstæð blöð svo og tímarit, sem ekki eru gefin út í ágóðaskyni, undanþegin söluskatti. Ákvæði þetta hefur verið framkvæmt þannig að öll tímarit hafa verið talin söluskattsskyld nema þau sem rn. hefur sérstaklega undanþegið samkv. skriflegri beiðni viðkomandi útgáfuaðila. Við framkvæmd þessa ákvæðis hefur sjaldnast verið vandamál að skera úr um hvað sé dagblað og hvað ekki. Erfiðara hefur reynst að skilgreina hvaða blöð séu hliðstæð dagblöðum. Í því efni hefur þó einkum verið talið að átt sé við hin svokölluðu landsmálablöð, og af þeim sökum hafa þau verið talin undanþegin söluskatti samkv. umræddu ákvæði.

Að því er tímaritin varðar er framkvæmd ákvæðisins til muna erfiðari. Og vissulega er sú staðhæfing í grg. rétt, að rn. hafi oft verið sett í mikinn vanda við túlkun ákvæðisins. Í þessu sambandi má nefna að sá útgáfuaðili tímarits hlýtur að vera vandfundinn, sem ekki stefnir að því að útgáfan beri sig. Í raun hefur niðurstaða rn. í þessu efni verið sú að telja blöð, sem gefin eru út af samtökun sem vinna að framgangi ákveðins málefnis og meginmarkmið útgáfunnar er að kynna viðkomandi málefni, ekki gefin út í ágóðaskyni. Þá hafa á undanförnum árum orðið þær breytingar á útgáfu blaða, sem áður voru í höndum samtaka, að þau hafa færst í hendur félaga eða einstaklinga sem hafa af því atvinnu að gefa út blöð. Við þessum breytingum hefur verið brugðist með þeim hætti að telja sölu tímarita, sem fjalla um afmarkað efni tengt atvinnulífi eða menningarmálum, söluskattsfrjálsa, en sölu blaða með almennu skemmti- og afþreyingarefni söluskattsskylda.

Að því er frv. það, sem hér ræðir, varðar skal bent á það, að það mundi leiða til söluskattsfrelsis erlendra tímarita, sem hér eru seld í lausasölu, auk innlendra tímarita, verði það að lögum. Ákaflega erfitt er að meta tekjutap ríkissjóðs af niðurfellingu þessari, en fullyrða má að það yrði verulegt. Jafnframt skal á það bent, að söluskattur er innheimtur af sölu bóka. Hætt er við, nái frv. þetta fram að ganga, að rn. lendi í svipuðum erfiðleikum" — ég endurtek: „í svipuðum erfiðleikum og það á nú í varðandi túlkun gildandi lagaákvæðis, þar sem nú

þyrfti að fara að skera úr um það t. d., hvenær rit telst tímarit, hvenær bók o. s. frv. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið getur rn. ekki mælt með því, að frv. þetta nái fram að ganga.“

Ég vil taka það fram, að viss rök mæla með því, að frv. þetta verði samþykkt, eins og í öllum málum. Þetta mál sýnir ljóslega að við erum komin í mikinn vanda varðandi undanþáguákvæði frá söluskatti. Sá vandi verður ekki leystur nema taka söluskattskerfið í heild til rækilegrar endurskoðunar, t. d. með því að taka upp nýjan skatt eins og virðisaukaskatt í stað söluskatts og nema úr gildi flest undanþáguákvæði í söluskatti. Önnur leið er ekki fær í þessu efni. Ef á að halda áfram að bæta við undanþáguákvæði söluskattsins endalaust, þá verða vandamálin alltaf meiri og meiri. Við leysum ekki þau vandamál, sem þarna er við að stríða, með því að auka stöðugt við undanþáguákvæðin.

Með tilliti til þess, sem ég hef nú sagt, og grg. þeirrar, sem hér fylgir með, vill minni hl. n. leggja til að málinu verði vísað til ríkisstj. til athugunar og meðferðar.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins benda mönnum á að það er ekki rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði, að hér væri um það að ræða að bæta við undanþáguákvæðum frá söluskatti. Hér er um að ræða undanþáguákvæði, sem þegar er fyrir í lögum, en skilgreiningin, sem fjmrn. er ætlað að gefa á þessu undanþáguákvæði, er sú, að undanþágan nái aðeins til tímarita sem ekki séu gefin út í ágóðaskyni. Það er málið. Undanþágan er þegar í lögunum, en skilgreiningarvandinn er sá, hvenær tímarit er gefið út í ágóðaskyni og hvenær ekki. Svo vill til að öll málgögn og tímarit, sem gefin eru út af stjórnmálaflokkunum í landinu, eru túlkuð þannig, að ekki sé um að ræða útgáfu í ágóðaskyni, enda þótt það sé opinbert leyndarmál að stjórnmálaflokkarnir gefi oft og tíðum út, t. d. fyrir kosningar, sérstök auglýsingablöð og annað eftir því, sem fyrst og fremst er ætlað það hlutverk að safna fé með auglýsingum fyrir kosningabaráttu viðkomandi stjórnmálaflokka.

Þá ber einnig svo undarlega við að stórt útgáfufyrirtæki hér í borginni, sem framfleytir talsvert mörgu starfsliði og hefur mikið umhendis, gefur út tiltekin tímarit sem eru vissulega glæsileg að allri gerð, en talið er að þetta útgáfufyrirtæki eigi ekki að greiða söluskatt af útgáfu sinni vegna þess að útgáfan sé ekki rekin í ágóðaskyni. Samt sem áður hrósa forsvarsmenn þessa útgáfufyrirtækis, sem er mikið og voldugt, sér jafnaðarlega af því, hvað þeir standi sig vel í þessari útgáfustarfsemi, sem ekki er annað að skilja á þessum mönnum en þeir stundi einmitt í því skyni að hafa af því einhvern ávinning, eins og gildir um flestallt sem menn taka sér fyrir hendur.

Varðandi það tiltekna dæmi sem hv. þm. tók, um erlendu tímaritin, þá er núgildandi ákvæði svo háttað, að kaupi maður erlent tímarit í bókabúð á maður að greiða af því söluskatt. Sé maður hins vegar áskrifandi að sama erlenda tímaritinu og fái það sent heim, þá greiðist ekki söluskattur. M. ö. o. ræður þarna ferðinni hvort menn kaupa t. d. amerískt fréttatímarit, sem gefið er út einu sinni í viku, í lausasölu eða menn eru áskrifendur að þessu sama tímariti. Auðvitað er þetta mjög óeðlileg framkvæmd á mjög einföldu máli. Tillagan gengur aðeins út á eitt, ekki að menn búi til nýtt undanþáguákvæði, heldur að menn breyti skilgreiningunni og leggi ekki lengur í vald fjmrn. að taka ákvörðun um hvort tiltekið tímarit sé gefið út í ágóðaskyni eða ekki, m. a. með þeirri niðurstöðu, að eitt voldugasta tímaritaútgáfufyrirtæki í landinu, sem rekið er sem almennt viðskiptafyrirtæki, er ekki talið af hálfu fjmrn. stunda sína útgáfustarfsemi í ágóðaskyni, heldur að sú skilgreining verði upp tekin þess í stað, að rn. skeri úr um hvað teljist vera tímarit og hvað teljist vera bók og önnur útgáfa. Og það vill svo vel til, að á fundi í fjh.- og viðskn. las fulltrúi frá fjmrn. upp í stuttu máli þá skilgreiningu sem hann hyggst nota í þessu skyni, sem ég sá ekki annað en væri mjög ljós og auðskilin, þ. e. hvernig bæri að greina á milli bókar annars vegar og tímarits hins vegar.

Þetta er meginkjarni málsins, ekki að búa til nýja undanþágu frá söluskatti, sú undanþága hefur þegar verið búin til, heldur hitt, að bæta skilgreiningu á því, hvenær sú undanþága er veitt, til þess m. a. að ekki komi upp þau furðulegu tilvik að menn, sem kaupa erlend tímarit í lausasölu, greiði af þeim söluskatt á sama tíma og menn, sem kaupa sömu erlendu tímaritin í áskrift, geri það ekki, svo að ekki komi upp skringileg tilvik eins og það, að eitt tímarit sé úrskurðað ekki gefið út í ágóðaskyni og því beri ekki að borga af því söluskatt, á sama tíma og úrskurðað er af hálfu fjmrn., að annað hliðstætt rit sé gefið út í ágóðaskyni og því skuli borga af því söluskatt.

Þessi vildi ég aðeins koma hér á framfæri svo að menn gerðu sér alveg ljóst um hvað málið snerist.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og ræða hv. 3. þm. Austurl. bar með sér er framkvæmd rn. á þessu ákvæði um undanþágu með þeim hætti, að hún brýtur greinilega í bága við lög, við þann lagabókstaf sem gildir um söluskattsskyldu tímarita. Það er augljóst þegar af því, eins og hv. 3. þm. Vestf. sagði áðan, að hægt er að reka umfangsmikla útgáfustarfsemi í skjóli þessa ákvæðis án þess að útgáfan falli undir það að vera söluskattsskyld. Það sýnir auðvitað að ekki er farið eftir bókstaf laganna, enda held ég að það sé rétt, sem hv. 3. þm. Austf. sagði áðan, að það er eins um þessa undanþágu frá söluskatti og ýmsar aðrar, að þar er erfitt að greina á milli. Nú mundi ég ekki gera það að miklu ágreiningsefni og hefði ekki orðið óánægður með það, þótt nefndin hefði afgreitt þetta frv. með þeim hætti að eftir sem áður skyldi greiddur söluskattur af erlendum blöðum og tímaritum. Ég hefði mjög vel fellt mig við þá afgreiðslu. Á hinn bóginn held ég að það sé nauðsynlegt að taka hér af öll tvímæli og láta hið sama gilda um alla tímarita- og blaðaútgáfu hér á landi. En þegar ég heyrði það í ræðu hv. formanns nefndarinnar, að hann hefði borið málið undir fjmrn., þá vissi ég náttúrlega hvað klukkan sló, því að við höfum séð það á undanförnum dögum að það er örugg leið til þess að drepa skattamál að bera þau undir fjmrn.

Ég vil svo taka undir það með hv. þm., að það er orðin brýn þörf á því að breyta söluskattinum, og vil minna á að í málefnasamningi ríkisstj. — eða stjórnarsáttmála heitir það víst, stendur á bls. 7: „Athugað verði að breyta söluskatti í skatt með virðisaukasniði innan tveggja ára.“ Nú eru þessi tvö ár liðin. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því, úr því að höfuðið vantar í deildinni, hvað þessari athugun líði. Það stendur að vísu í tölulið 5 að staðgreiðsla skatta skuli tekin upp innan tveggja ára. Þessi tvö ár eru náttúrlega liðin og við vitum að ekki bólar á staðgreiðslunni. Ég óttast að hið sama sé að segja um

athugunina á virðisaukaskattinum. Viljann skorti til að láta þessa athugun fara fram. Sú skírskotun, sem formaður nefndarinnar hafði til þessarar athugunar, er þess vegna gerð í skjóli þess, að ekkert verði úr neinu. Söluskatturinn á að gilda áfram með öllum sínum göllum. Virðisaukaskatturinn lætur á sér standa. Staðgreiðslan kemur ekki. Svo er um ýmislegt annað í þessum stjórnarsáttmála.

Nú gefur ræða formanns fjh.- og viðskn. náttúrlega tilefni til þess, að maður fái skrá yfir þau blöð og tímarit sem undanþegin eru söluskatti. Það verður áreiðanlega fróðleg lesning og skemmtilegt að sjá hverjir njóta þessa frjálsræðis.

Ég vil svo segja það út af þeim ummælum hv. 3. þm. Vestf., að stjórnmálaflokkar gefi út blöð í ágóðaskyni, að söluskattur er ekki lagður á auglýsingatekjur. En hætt er við að söluskattstekjurnar, sem kæmu af seldum blöðum stjórnmálaflokka, væru nokkuð rýr sjóður. Ég er hræddur um að mest sé gefið, sem frá stjórnmálaflokkunum kemur, og kannske lítið lesið í samræmi við það.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal rifjaði upp að í stjórnarsamningi núv. stjórnaraðila stæðu þau orð, að athugað yrði hvort rétt væri að virðisaukaskattur yrði tekinn upp innan tveggja ára. Það var rétt hjá hv. þm., að þau tvö ár eru nú liðin. Svar við fsp. hans er það, að þessi athugun er auðvitað stöðugt í gangi og niðurstaðan hefur einfaldlega orðið sú, að ekki væri tímabært að leggja til að virðisaukaskattur yrði upp tekinn. Ég hef þegar greint frá ástæðum fyrir þessu hér í umr. á Alþingi við annað tækifæri, en meginástæðan er sú, að það eru takmörk fyrir því, hvað skattkerfið í landinu þolir að standa í mörgum stórfelldum umbyltingum á sama tíma. Við höfum staðið í stórfelldum breytingum á tekjuskattskerfinu, sem eru nú rétt nýlega um garð gengnar, og höfum verið að búa okkur undir að ganga inn í aðra stórfellda breytingu, sem er upptaka staðgreiðslukerfis. Það hefur ekki verið talið hyggilegt að kasta sér út í þriðju breytinguna, þ. e. upptöku virðisaukaskatts, á sama tíma og við stæðum í því stóra verkefni að taka upp staðgreiðslukerfi, vegna þess að upptaka virðisaukaskatts er býsna mikið mál. Það felur í sér mjög verulega aukna skriffinnsku í skattakerfinu, því að þeir aðilar, sem eiga að innheimta skattinn, eru margfalt fleiri í virðisaukakerfi en söluskattskerfi. Þetta þarf auðvitað að hafa í huga þegar að því kemur að menn stíga þetta spor, ef menn á annað borð taka þá ákvörðun. A. m. k. er ekki hyggilegt að stíga það spor á nákvæmlega sama tíma og menn eru að taka upp staðgreiðslukerfi.

Ég harma það að frv. um staðgreiðslu hefur ekki hlotið afgreiðslu þessa þings, en vona að menn gefi sér tíma til þess í sumar að endurskoða það frv., enda er bersýnilegt að sú nefnd, sem hefur haft það til meðhöndlunar, og þeir umsagnaraðilar, sem hafa komið þar við sögu, hafa ekki veitt því það brautargengi sem til þarf. Menn telja greinilega að þar þurfi fleiri atriði að athuga en gert hefur verið, og er ekkert við það að athuga í sjálfu sér. Ég vonast því til að það geti orðið á næsta hausti að við samþykkjum að taka upp staðgreiðslukerfi. En það þýðir um leið að eitthvað mun dragast að menn tali um það í alvöru að tekinn verði upp virðisaukaskattur.

Um það frv., sem hér er til umr., hef ég ekkert að segja umfram það sem kom fram í umsögn fjmrn. um þetta mál. Deildin er nýlega búin að afgreiða eitt skattamál, sem ég held að sé að flestra dómi, þegar nánar er athugað, eitt vitlausasta mál sem hér hefur verið til umr. Ætla ég sannarlega að vona að það hljóti ekki endanlega afgreiðslu Alþingis. En ég vil alls ekki hafa þau orð um þetta frv. Þetta frv. er í sjálfu sér vel hugsað, þar sem um er að ræða að fella niður þá skilgreiningu sem er í söluskattslögum, að gerður sé greinarmunur á tímaritum, sem eru gefin út í ágóðaskyni, annars vegar og hins vegar tímaritum, sem eru ekki gefin út í ágóðaskyni. Það er rétt, sem hér hefur verið sagt, að það er ekki alveg vandalaust að draga þarna mörkin.

Á hinn bóginn vil ég upplýsa að það er mjög erfitt að draga mörkin á milli tímarita annars vegar og bóka hins vegar. Eru mjög mörg dæmi um þann vanda sem rn. er sett í að gera þarna greinarmun. Ég álít að ef menn eru að hræra í þessu, þá sé um fátt annað að ræða en að afmena þessar undanþágur með öllu, þannig að öll blöð og öll tímarit séu söluskattsskyld, eins og mundi tvímælalaust verða ef um virðisaukaskatt yrði að ræða. Ég er hins vegar hræddur um að menn séu ekki tilbúnir að stíga það spor að sinni. Ég er því eindregið á móti því að krukka í þetta mál með því að gera þessa breytingu hér, vegna þess að það er bara að fara úr öskunni í eldinn, landamærin flytjast lítils háttar. Vandinn getur þá orðið fyrst og fremst sá að skilgreina í vafatilvikum, sem mjög mörg mundu þá upp koma, hvað sé tímarit og hvað ekki. Það vandamál er þegar fyrir hendi og er ekki á bætandi.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Það er ekki ætlun mín að ræða sérstaklega það mál sem hér er á dagskrá, ég er stuðningsmaður þess, en ræða hæstv. fjmrh. rak mig í ræðustólinn.

Það er athyglisvert að heyra hæstv. fjmrh. koma hér í ræðustól í hv. Nd. og segja að það mál, sem samþykkt var með öllum greiddum atkv. fyrr í kvöld, sé vitlausasta mál sem komið hafi til deildarinnar. (**HBl:** Vitlausara en dýralæknisfrv.) Jafnvel vitlausara en dýralæknisfrv., eins og hv. 7. landsk. þm. kallar hér fram í. Ég vil vekja athygli á þessum ummælum hæstv. ráðh., því að hér er gífurlegur áfellisdómur um hv. fjh.- og viðskn. Nd. og formann þeirrar nefndar, hvað þá um 1. flm. þessa frv., sem er skrifari þessarar hv. deildar og hefur barist fyrir þessu máli með oddi og egg, svo sem öllum hv. þm. er kunnugt. Slíkur dómur segir þó nokkra sögu um það sem hefur verið að gerast hér að undanförnu. Ég rifja það jafnframt upp, að hæstv. ráðh. kom hér í ræðustól við 2. umr. þess máls, þessa vitlausa máls sem hann kallar svo, og sagðist vera á móti málinu, enda hefði ekki verið haft samráð við hann um afgreiðslu þess.

Í öðru lagi sagði hæstv. ráðh. að erfitt væri að breyta skattkerfinu á þann veg að innheimta virðisaukaskatt í stað söluskatts þar sem innheimta yrði þá á fleiri höndum. Ég vil spyrja hæstv. ráðh. hve mikið ríkið greiði þeim sem reikna út söluskatt og standa skil á honum. Er það mikill kostnaðarauki fyrir ríkissjóð? Hefur ríkissjóður greitt þessum innheimtumönnum ríkissjóðs mikið fé? Ég hef ekki orðið var við það.

Í þriðja lagi vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að í gær var samþykkt þáltill. hér á hv. Alþingi um iðnaðarstefnu sem allir stjórnmálaflokkar stóðu að, þ. á m. Alþb., flokkur hæstv. fjmrh., og í þeirri till. stendur skýrum stöfum að kannað skuli hvort taka beri upp virðisaukaskatt. Og þetta orðalag er sótt í stjórnarsáttmála núv.

hæstv. ríkisstj. Ekki sá hæstv. ráðh. ástæðu til að breyta orðalagi þessarar þáltill., sem þó var borin undir atkv. að ég hygg í þingflokki Alþb. A. m. k. hafði fulltrúi Alþb. í hv. atvmn. umboð til þess að ganga frá málinu, og hæstv. iðnrh. sá sérstaka ástæðu til þess í umr. hér í gær að þakka hv. atvmn. fyrir þetta starf hennar. (**Fjmrh.:** Er þetta ekki ágætt orðalag?) Orðalagið væri ágætt, það er rétt hjá hæstv. ráðh., ef slík könnun ætti að fara fram. Auðvitað hlýtur að vera ætlast til þess, að hæstv. ríkisstj. láti slíka alvörukönnun fara fram, en láti ekki sitja við þau orð hæstv. fjmrh., sem hann ítrekaði hér áðan, að það væri ekki tímabært að breyta söluskatti í virðisaukaskatt á meðan ekki liggja fyrir haldbærari upplýsingar en hann hefur lýst hér á fundum hv. deildar tvívegis. Það eru undarleg vinnubrögð að hleypa í gegn og gera ekki athugasemdir við einstakar þáltill., sem fjalla um það að kanna þurfi ákveðin atriði, og koma svo upp í ræðustól örstuttu síðar og segja að þetta sé mál sem sé orðið úrelt.

Herra forseti. Ég vildi vekja athygli á þessi máli þótt það komi ekki beinlínis umræðuefninu við. Ég sá fulla ástæðu til þess að koma hér upp í ræðustól hv. deildar og undirstrika þessi ummæli hæstv. ráðh. um frv. sem hv. deild var að enda við að afgreiða með öllum greiddum atkv. í nafnakalli, að hann skuli láta þann áfellisdóm falla að þetta sé vitlausasta mál sem komið hafi fram á hv. Alþingi í vetur.

Umr. frestað.

Orlof, frv. (þskj. 910). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Um þetta mál var fjallað í hv. allshn. Nd. og ég óska eftir því, að hv. nefnd fái tækifæri til að athuga þá breytingu sem gerð var á frv. í hv. Ed.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Mér virðist að nú sé þannig að stjórnun staðið að nokkuð slitni í sundur umræður um mál. Ég tel það mjög miður þegar ráðherrar hafa gefið út vanhugsaðar yfirlýsingar, þó í fljótræði sé, að þeim sé alfarið sleppt við að bera ábyrgð á orðum sínum og málið saltað eins og gert var nú rétt áðan.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég vil taka undir þessi orð hv. 5. þm. Vestf., ekki aðeins gagnvart því sem hann nefndi varðandi afskipti ráðh. af málum, heldur hitt, að það gengur auðvitað ekki, eins og hefur átt sér stað nú í kvöld, að vera að hoppa eins og íkornar á grein á milli mála, taka mál á dagskrá og fresta umr., taka mál fyrir aftur, fresta umr. o. s. frv., o. s. frv., þegar ekki liggur ljóst fyrir um þau mál, sem eru til umr. og er verið að fresta og taka upp á ný og fresta aftur, hvort ætlunin sé að þau gangi til atkv. eða ekki. Mér skilst að ákvörðunin um að fresta atkvgr. í málinu um orlof, sem hér var rætt áðan, hafi ekki verið rædd við félmn., hvernig nefndin hugsi sér að taka á því máli, hvenær hún geti lokið störfum. Ekki lét hæstv. forseti heldur þess getið, hvernig hann hygðist halda áfram umr. um frv. um söluskatt. Ég óska eftir nánari skýringum frá forseta deildarinnar. Hvenær er þess að vænta, að atkvæði geti gengið um frv. um söluskatt? Hvenær er þess að vænta, að félmn. þessarar deildar geti tekið á ný við umfjöllun um frv. um orlof? Og hvenær verður þess þá að vænta, að atkv. geti gengið í því máli?

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég hafði hugsað mér að fresta umr. um orlof. Þegar umr. um mál er frestað er erfitt um framhaldið að segja, enda minnist ég þess ekki að menn hafi verið beðnir um tímasetningu á framhaldsumræðu. En ef hv. þm. hefur þolinmæði kynni það að verða eitthvað eftir miðnætti.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Mér þykir tilhlýðilegt, þegar hæstv. fjmrh. lýsir yfir í þessari ágætu deild að eitthvert eitt mál sé það vitlausasta mál sem hafi verið flutt á Alþingi, að honum sé gefinn kostur á að skýra fyrir hv. deild hvað hann á við. Raunar verð ég að krefjast þess, að forseti sjái af örfáum mínútum honum til handa til þess að svo megi verða.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil benda á að það mál, sem um ræðir, er á vegum hv. Ed., þannig að þangað á auðvitað hæstv. fjmrh. greiða leið að gera grein fyrir sínu máli. En umr. um 9. dagskrármálið, um orlof, er frestað og málið tekið út af dagskrá, og því fylgir að hv. félmn. er beðin um að taka málið til athugunar.

Umr. frestað.

Norræn fjárfestingalán, frv. (þskj. 703). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Ed. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána til verkefna, en það hefur verið samþ. óbreytt í Ed. Með frv. þessu er lagt til að Alþingi samþykki að ríkissjóður taki á sig ábyrgð gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum á fjárhæð sem nemur allt að 2 830 000 SDR, en þar er um reiknieiningu að ræða sem notuð er í alþjóðaviðskiptum og er vegið meðaltal nokkurra gjaldmiðla. Jafnframt er lagt til að Alþingi heimili ríkisstj. að ganga frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann varðandi þessa ábyrgð. Hugtakið verkefnaútflutningur er þýðing á orðinu „projectexport", en það má í grófum dráttum skilgreina sem sölu mannvirkja til útflutnings, þar sem saman fer tæknibúnaður og verkþekking.

Aðdraganda að framlagningu þessa frv. má rekja til tillögu ráðherranefndar Norðurlanda við Norðurlandaráð um norrænt samstarf á sviði verkefnaútflutnings, að það skyldi aukið. Þessar fjárfestingar fela að verulegu leyti í sér sölu mannvirkja frá iðnaðarlöndunum, m. a. fullgerðra mannvirkja. Allt bendir til þess, að þessum útflutningi verði haldið áfram, enda eru fjárfestingarþarfir þróunarlandanna margvíslegar.

Ráðherranefndin tekur einnig fram að Norðurlönd veiti tiltölulega stórar upphæðir til alþjóðastofnana og framkvæmdabanka, t. d. Alþjóðabankans og annarra fjárfestingarbanka, en á hinn bóginn komi öllu minna í hlut Norðurlanda þegar að því komi að reisa og kosta þau mannvirki sem stofnanir þessar fjármagna.

Þessi tillaga, sem nú hefur verið rakin stuttlega, var tekin til meðferðar af Norðurlandaráði fyrir rúmu ári.

Var ráðherranefndinni þá falið að gera ráðstafanir sem miði að því að hrinda tillögunni í framkvæmd. Einn liður í því er að komið verður á fót nýjum lánaflokki við Norræna fjárfestingarbankann er gegni því hlutverki að auka samkeppnisgetu norrænna fyrirtækja við sölu verkefna. Á þessi starfsemi að hefjast 1. júlí n. k. og er þá gert ráð fyrir að frumvörp hliðstæð því frv., sem hér er til umr., hafi hlotið samþykki allra þjóðþinga Norðurlanda.

Eins og fram kemur í grg. með frv. er talið nauðsynlegt að Norðurlöndin veiti ríkisábyrgð fyrir 90% af þessum 350 millj. SDR, enda feli þessi lán í sér áhættu sem hvorki Norræni fjárfestingarbankinn né aðrar lánastofnanir á Norðurlöndum geti tekið á sig án þess að veikja eigið lánstraust. Ábyrgð þessi kemur einungis til greiðslu ef tjón verður vegna þessara lána og ábyrgða og er hlutur Íslands 0.89% af heildarfjárhæð ríkisábyrgðanna.

Sem kunnugt er hefur starfsemi Norræna fjárfestingarbankans færst sífellt í vöxt frá því að hann hóf starfsemi sína á árinu 1976. Íslendingar hafa stutt þetta mál frá upphafi vega og þykir því einsýnt að þeir styðji einnig þá tillögu sem hér um ræðir. Þessi lánaflokkur hefur í för með sér aukna starfsemi Norræna fjárfestingarbankans. Á þeim tíma, sem bankinn hefur starfað, hefur hann reynst traust stofnun og segja má að starfræksla hans sé áþreifanlegt dæmi um árangur norrænnar samvinnu.

Frv. þetta er þess eðlis, að það ætti ekki að valda ágreiningi. Ég tel ekki nauðsynlegt að hafa fleiri orð um frv., en vísa til frekari skýringa í grg. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég hygg að þetta frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingalána sé góðra gjalda vert. En ég er ekki jafnviss um að hv. fjh.- og viðskn. sé ýkjaviljug til þess að vinna í málinu með tilliti til þess, sem kom hér fram hjá hæstv. fjmrh. þegar hann taldi órökstutt, að frv., sem fjh.- og viðskn. þessarar ágætu deildar samþykkti með öllum atkv., væri vitlausasta frv. sem hefði verið afgreitt frá þinginu. Ég er ekki alveg viss um að menn gangi glaðir til starfa í fjh.- og viðskn. eigandi von á því að fá svona einkunn, órökstudda einkunn frá fjmrh. eða einhverjum öðrum ráðh. í hæstv. ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég skal nú ekki fara meira út fyrir efni ræðunnar en hæstv. fjmrh. gerði áðan. En ég vil aðeins bera blak af honum og láta þess getið sem rétt er, að hann fór mörgum og fögrum orðum um það, hversu óraunhæfur og vitlaus stjórnarsáttmálinn væri, einkanlega í skattamálum, þar sem of mörg járn væru nú í eldinum og það, sem þar væri lofað, væri alls ekki hægt að framkvæma samtímis. Það gekk meira að segja svo langt, að hann gat ekki einu sinni heitið því, að staðgreiðsla skatta yrði tekin upp innan þriggja ára, hvað þá tveggja, auk þess að hann sagði að þessi athugasemd, að ætla að breyta söluskatti í skatt með virðisaukasniði innan tveggja ára, væri út í hött þar sem tvær svo stórfelldar breytingar á skattkerfinu gætu ekki gerst samtímis.

Ég vil bera blak af hæstv. fjmrh. og láta þetta koma fram, sem sýnir að hann er þó ekki alvondur og hittir stundum naglann á höfuðið.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 25 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 25 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 582, n. 901, 900). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv.

Frsm. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 901, um frv. til l. um breytingu á almannatryggingalögunum frá 1971, með síðari breytingum. Hér er um að ræða frv. sem flutt var snemma á þessu þingi, er 28. mál hv. Ed., en hefur rétt nýlega borist heilbr.- og trn. Nd.

Efni þessa frv. er í þá veru að lækka hlut sjúklinga í ferðakostnaði samlagslæknis jafnt sem flutningskostnaði sjúks manns í sjúkrahús. Flm., hv. þm. Kjartan Jóhannsson, Eiður Guðnason og Karl Steinar Guðnason, gerðu ráð fyrir í sínu upphaflega frv. að fella þennan kostnað sjúklinga algerlega niður, en eftir umfjöllun í Ed. bárust brtt. sem Nd. hefur raunar enn breytt. Málið mun ekki hafa farið til umsagnar frá hv. nefnd í Ed., en nefndin fékk til viðtals við sig Jón Sæmund Sigurjónsson deildarstjóra, sem gerði athugasemdir við frv. Okkur í Nd. þótti hins vegar rétt og lágmarksvirðing við Tryggingastofnun ríkisins að hún fengi að fjalla um þetta mál. En þar sem tími var afar naumur gafst ekki tækifæri til að senda málið út til umsagnar, heldur var fenginn til viðtals við nefndina deildarstjóri sjúkratryggingadeildar, Kristján Guðjónsson, sem er áreiðanlega — þó að ekki sé á aðra hallað — allra manna kunnugastur þessum málaflokki. Í samvinnu við hann unnum við upp nokkrar breytingar á frv. Breytingin, sem gerð var, er í stuttu máli sú, að ferðakostnaður samlagslæknis til samlagssjúklings verður ögn dýrari fyrir sjúkling þar sem ekki er um að ræða númerasamning um læknishjálp, en fyrir þá, sem fjær búa, jafnast sá kostnaður.

Í sambandi við sjúkraflutninga, sem lengi hafa verið vandamál í framkvæmd hjá Tryggingastofnun ríkisins, breytist framlag sjúklings á þá leið að í stað þess að sjúklingur greiddi áður ¼ hluta greiðir hann nú ⅛ hluta og aldrei meira en 500 kr.

Það er alkunna að fyrir fólk, sem býr í dreifðari byggðum, geta sjúkraflutningar orðið afar dýrir. Ástæðan fyrir því, að nefndirnar voru ekki sammála um að leggja þennan kostnað alveg niður, var sú, að gjaldskrá flugfélaga t. d., sem annast þessa sjúkraflutninga, er engin til. Það þótti ekki verjandi að hafa ekkert eftirlit, ef svo má segja, með því verði sem upp er sett, og þess vegna töldum við ekki rétt að sleppa þessu alveg lausu. En hér hefur sannarlega orðið mikil bót á kjörum þeirra sem þessarar þjónustu njóta. Og annað atriði er í þessu frv., sem var raunar í frv. hv. flm., sem er til mikilla bóta, að nú er höggvið á þann hnút hver skuli greiða flutning sjúklinga milli sjúkrahúsa.

Þá er hér ákveði um að einnig skuli greitt fyrir fylgdarmann og það jafnvel þó um áætlunarferð sé að ræða.

Það er enginn vafi á því, að þetta frv. er til mikilla bóta, enda varð nefndin sammála um að mæla með samþykkt

þess og hefur kynnt flm. þær breytingar sem gerðar hafa verið. Við viljum fara fram á það við hv. nefnd Ed., að hún fjalli um málið sem fyrst hún má, þannig að það þurfi ekki að tefja framgang málsins á þessu þingi þó að senda verði það til nefndarinnar aftur.

Allir nm., sem viðstaddir voru, skrifuðu undir nál. og lögðu til þær brtt. sem liggja fyrir á þskj. 900, en Pálmi Jónsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Brtt. 900 (ný 1. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 31 shlj. atkv.

Neðri deild, 83. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 82. fundi.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585, n. 894). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22:1 atkv.

Frsm. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. hv. deildar hefur fjallað um frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Undirbúningstími, sem við höfðum til að athuga málið, var mjög skammur og gátum við ekki fengið neina til þess að ræða málið við. Páll Pétursson ritar undir nál. með fyrirvara, og ég vil láta það koma fram, að mér var skapi næst að gera það, en ég taldi það ekki rétt þó þar sem ég var formaður iðnn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég óska eftir að fá tækifæri til að afla mér þeirra þskj., sem málið fjallar um, og óska að hlé verði gert á umr. á meðan og ég geti síðan haldið áfram minni ræðu. **(Forseti:** Hv. þm., skrifari deildarinnar, hefur fengið þessi þskj. hendur eins og allir aðrir hv. þm. Ég bendi hv. þm. á að 3. umr. er eftir og þá verður hann örugglega búinn að afla sér allra skjala. Þá skal ég gefa honum ótakmarkaðan tíma til að tala um málið.) Nú sætti ég mig ekki við það og ég veit að hæstv. forseti veit af reynslu að ég get talað býsna lengi. **(Forseti:** Ég mun fallast á að gera hlé á umr.)

Umr. frestað um sinn.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 609, n. 913 og 916, 914, 915, 917). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 22:1 atkv.

Frsm. meiri hl. (Skúli Alexandersson): Herra forseti. Iðnn. hv. deildar hefur fjallað um frv. til l. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. n. mælir með því, að frv. verði samþykkt með þeim brtt. sem birtar eru á sérstöku þskj. Magnús H. Magnússon skilar séráliti. Birgir Ísl. Gunnarsson og Sigurlaug Bjarnadóttir áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. sem fram kunna að koma.

Efni og aðdraganda frv. hafa verið gerð ítarleg skil í framsöguræðu iðnrh., þegar hann mælti fyrir frv. þessu 14. apríl s. l.

Meiri hl. iðnn. mælir með því, að ríkisstj. verði veitt heimild til að stofna hlutafélag er reisi og reki kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þegar tillit er tekið til þess, að hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða, þótti rétt að gera á frv. nokkrar breytingar sem m. a. miða að því að auka áhrif þingsins á stjórn þess og að fjárframlög til félagsins umfram 25 millj. kr. verði háð frekara samþykki Alþingis að fenginni skýrslu stjórnar félagsins um undirbúning framkvæmda við verksmiðjubygginguna. Enn fremur er í brtt. gert ráð fyrir að leggja beri hugsanlega samstarfssamninga milli ríkissjóðs og annarra eignaraðila fyrir Alþingi til staðfestingar.

Þá er sú breyting gerð, að ekki er talið rétt að lögfesta að sinni skiptingu svæðisbundinna gjalda af rekstri verksmiðjunnar. Rétt þykir að huga frekar að því máli þegar séð verður hver verða félagsleg áhrif af byggingarframkvæmdum verksmiðjunnar á Reyðarfirði. Með hliðsjón af framvindu mála verður síðan tekin ákvörðun um skiptingu þess 1% gjalds sem verksmiðjunni verður gert að greiða af aðstöðugjaldsstofni vegna rekstrar verksmiðjunnar.

Loks eru í brtt. meiri hl. iðnn. gerðar tillögur um að kveða fastar á um eignaraðild að væntanlegri höfn að Mjóeyri við Reyðarfjörð.

Í öllum þeim umsögnum, sem nefndinni bárust, er varla hægt að segja að gagnrýni hafi komið fram á skýrslu og störf verkefnisstjórnar. Í þeim tilfellum, sem slíkt kom fyrir, var oftast um misskilning að ræða eða viðkomandi hafi ekki aðgang að fullnægjandi upplýsingum. Ég tel að verkefnisstjórn hafi skilað af sér vel unnu verki og málið sé frá hendi verkefnisstjórnar og iðnrn. mjög vel undirbúið. Ég þakka iðnaðarnefndarmönnum öllum gott samstarf við athugun og yfirferð þessa máls.

Með byggingu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði verður stigið mikilvægt spor í atvinnusögu Íslendinga. Hér verður um að ræða stóriðjufyrirtæki undir óskoruðu forræði Íslendinga, — fyrirtæki sem virðist geta orðið arðbært og þjóðhagslega hagkvæmt og treystir þá um leið undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, fyrirtæki sem rennir stoðum undir almenna iðnþróun í landinu og treystir jafnvægi í byggðum landsins. Ég vænti þess, að frv. verði að lokinni umr. hér í hv. deild afgreitt með umræddum breytingum meiri hl. iðnn. til Ed. þannig að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Frsm. minni hl. (Magnús H. Magnússon): Herra forseti. Formaður iðnn. sagði að varla væri hægt að segja að um gagnrýni hafi verið að ræða á störf verkefnisstjórnar. Það er í meira lagi vafasöm fullyrðing hjá hv. formanni iðnn.

Ég undirritaður tel að leggja beri mikla áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar til að auka atvinnu og treysta undirstöður þjóðarbúsins. Slíkar stóriðjuframkvæmdir verður að undirbúa af kostgæfni svo að þær nýtist sem allra best. Einungis á grundvelli vandaðs undirbúnings er rétt að ganga frá eiginlegum efnisþáttum.

Eins og fram kemur í margvíslegum umsögnum um fyrirliggjandi frv. er efnisundirbúningi mjög áfátt. Ég legg því til að undirbúningi verði haldið áfram af fullum krafti og hann falinn sérstakri undirbúningsstjórn. Er það reyndar í samræmi við hugmyndir sem fulltrúar Framsfl. og Sjálfstfl. auk mín létu í ljós áhuga á þegar þessi mál voru til umfjöllunar í iðnn. í gær.

Á hinn bóginn er fráleitt að taka afstöðu til ýmissa efnisatriða, eins og till. meiri hl. n. gera nú ráð fyrir, fyrr en fyrir liggur niðurstaða af undirbúningsathugunum þeim sem allir virðast sammála um að nauðsynlegar séu. Þær athuganir eiga auðvitað að ráða úrslitum um hvernig haldið verður á efnisþáttum. Verður að teljast veruleg þversögn í því að ætla að afgreiða hin margbreytilegustu efnisatriði um framhald málsins meðan undirbúningur stendur enn yfir.

Herra forseti. Á þskj. 917 flyt ég brtt. við brtt. meiri hl. n. og gera brtt. mínar ráð fyrir kosningu sérstakrar undirbúningsstjórnar og að undirbúningi verði haldið áfram af fullum krafti. Jafnframt geri ég ráð fyrir að samið verði nýtt frv. um kísilmálmverksmiðju á grundvelli starfa undirbúningsstjórnarinnar. Ég legg áherslu á eftirfarandi:

1. Að auka orkufrekan iðnað í landinu.
2. Undirbúning slíkra verkefna verður að vanda, en mikið skortir á það í þessu tilviki.
3. Af þessum sökum verður að vinna áfram að undirbúningi verksins.
4. Afstaða til einstakra efnisþátta verður að grundvallast á undirbúningsvinnu þeirri sem fram undan er.
5. Þess vegna er rétt að bíða niðurstöðu úr starfi undirbúningsstjórnar áður en gengið er frá lagafrv. um sjálfa starfrækslu verksmiðjunnar.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Eins og fram kemur á nál., sem hv. 4. þm. Vesturl., Skúli Alexandersson, formaður iðnn., mælti hér fyrir, höfum við þm. Sjálfstfl., ég og hv. þm. Sigurlaug Bjarnadóttir, flutt brtt., en stöndum að öðru leyti með þeim brtt. sem meiri hl. n. hefur lagt hér fram. Eins og sjá má af þeim brtt. er hér um mjög mikla breytingu að ræða frá því frv. sem upphaflega var lagt fram hér á hv. Alþingi og iðnn. hefur unnið að.

Iðnn. hefur unnið mjög vel í þessu máli. Hún hefur fengið til fundar við sig mjög marga aðila, hún hefur leitað skriflegra umsagna fjölmargra aðila og í nefndinni hefur verið gott samstarf og samvinnuvilji á alla bóga, vil ég segja. En ástæðan fyrir því, að þessar miklu brtt. eru fluttar við þetta frv., er sú, að því fer fjarri að þetta mál hafi verið nægilega undirbúið þegar það var lagt fram á hv. Alþingi og ætlast til að Alþingi afgreiddi það á þeim stutta tíma sem það hefur haft til ráðstöfunar til þess.

Á vegum iðnrn. hefur starfað sérstök verkefnisstjórn að undirbúningi þessa máls. Hún gekk frá lokaskýrslu sinni í mars, en iðnrn. samdi síðan frv. á grundvelli lokaskýrslu og mælti iðnrh. fyrir því í Nd. 14. apríl s. l. Alþingi hefur því haft þetta frv. til meðferðar í um það bil þrjár vikur, sem er allt of stuttur tími í svo veigamiklu máli.

Iðnn. hafa verið að berast mikilvæg gögn í þessu máli alveg fram á síðustu stundu. Slík vinnubrögð eru óverjandi með öllu. Það er eins og það sé hæstv. iðnrh. áskapað að temja sér þessi vinnubrögð þing eftir þing í stórum og mikilvægum málum sem Alþingi þarf að fjalla um. Ég vil einnig benda á í þessu sambandi að þm. stjórnarandstöðu hafa ekki fengið nægileg tækifæri til að kynna sér þetta mál fyrr en það var lagt fram á hv. Alþingi. Það er mjög ólíkt þeim vinnubrögðum sem t. d. voru viðhöfð þegar frv. um járnblendiverksmiðjuna var lagt fram á hv. Alþingi á sínum tíma. Sérstök þingmannanefnd, skipuð þm. úr öllum flokkum, stjórnarsinnum jafnt sem stjórnarandstæðingum, vann með fulltrúum ríkisstj. að undirbúningi þess máls í eitt og hálft ár áður en frv. um það var lagt fram. Alþingi tók sér marga mánuði til að fjalla um það frv., og reyndar kom málið aftur fyrir Alþingi síðar, þegar breyting varð á samstarfsaðila við íslenska ríkið í því félagi, og þá tók Alþingi sér enn góðan tíma til að fjalla um það mikilvæga mál. Það verður því að átelja harðlega þá vanvirðu, sem hæstv. iðnrh. sýnir hv. Alþingi hvað eftir annað í jafnmikilvægum málum og hér eru á ferðinni, og jafnframt að mótmæla því tillitsleysi sem hann og hæstv. ríkisstj. sýna stjórnarandstöðu í svo mikilvægum málum.

Í máli þessu eru mjög margir efnisþættir sem iðnn. hefur fjallað um. Ég vil með nokkrum orðum grípa á þessum þáttum til að skýra hvers vegna hv. iðnn. treystir sér ekki til að samþykkja frv. eins og það upphaflega var lagt fram og hvers vegna nefndin gerir á því jafnveigamiklar breytingar og hér er lagt til.

Ég vil fyrst víkja að þeim þætti sem snertir rannsóknir á lífríki og umhverfi. Um þennan þátt málsins fékk iðnn. umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins og sameiginlega greinargerð frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins og Náttúruverndarráði og að auki sérstaka umsögn frá Vinnueftirliti ríkisins. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits ríkisins kemur m. a. eftirfarandi fram, með leyfi hæstv. forseta:

„Við val á staðsetningu verksmiðja og iðjuvera er mikilvægt að fyrir liggi athuganir sem sýni að staðsetning sé forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiðum. Enn fremur er mikilvægt að fylgst sé með hugsanlegum mengunaráhrifum frá verksmiðjurekstrinum eftir að starfsemi er hafin. Varðandi staðarval á Reyðarfirði fyrir kísilmálmverksmiðju hafa ekki farið fram nauðsynlegar forrannsóknir til að ganga úr skugga um að staðsetning hennar megi teljast forsvaranleg. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. frv. um mengunarvarnir virðist því litlum tilgangi þjóna þar sem staðsetning verksmiðjunnar hefur verið ákveðin án þess að áður hafi verið gengið úr skugga um að hún væri forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiði.“

Þetta kemur fram í því skriflega áliti sem nefndinni barst frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Þá komu fulltrúar Náttúruverndarráðs á fund í nefndinni til upplýsingagjafar. Á þeim fundi kom fram að nauðsynlegar grundvallarrannsóknir hefðu ekki farið fram áður en verksmiðjunni var valinn staður. Nefndu þeir sérstaklega að ekki hefði farið fram athugun á hvort um viðkvæmt lífríki eða viðkvæmt vistkerfi væri að ræða né heldur hefðu þar farið fram mælingar á veðurfari og straumum. Lýstu þeir óánægju sinni með að slíkar rannsóknir hefður ekki farið fram. Sérstaklega var vitnað til greinargerðar Veðurstofu Íslands sem fylgdi með skýrslu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs, en þar er sérstaklega fjallað um aðstæður í Reyðarfirði. Þar kemur fram að ætla megi — og nú vitna ég til skýrslunnar: „að stöðugleiki lofts sé tiltölulega mikill í Reyðarfirði og hitahvörf alloft í lítilli hæð, en þá liggur eins og lok yfir firðinum og dreifing mengunarefna verður lítil, einkum þegar samfara er logn eða hægviðri.“

Í þessari greinargerð er gerður samanburður við Grundartanga að þessu leyti og segir um það í skýrslunni:

„Eðlilegt er að gera nokkurn samanburð og styðjast við reynslu frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, þar sem mengunarefni þar eru hin sömu og í fyrirhugaðri kísilmálmverksmiðju. Ljóst er að Grundartangaverksmiðjan er á miklu opnara svæði. Þar er til muna vindasamara, logn miklu fátíðara og skilyrði til loftskipta og dreifingar mengunarefna öll betri."

Í skýrslu Veðurstofunnar kemur og fram að kísilmálmverksmiðja gefi af sér mun meira af efninu SO_2, eða brennisteinstvíoxíði, en kísiljárnverksmiðja eins og er á Grundartanga. Veðurstofan áætlar að heildarmagn af brennisteinstvíoxíði sé um 72% meira í kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Segir um þetta orðrétt í skýrslu Veðurstofunnar:

„Þegar ofanritað er haft í huga, sem og það sem áður var sagt um óhagstæðar aðstæður og tiltölulega litla dreifingu mengunarefna í Reyðarfirði, virðist augljóst að mengun af brennisteinstvígildi eða brennisteinstvíoxíði gæti orðið alvarlegt vandamál á verksmiðjustaðnum sjálfum og næsta nágrenni hans. Er nauðsynlegt að taka tillit til þessa við hönnun verksmiðjunnar."

Það verður að gagnrýna að slíkar nauðsynlegar undirbúningsrannsóknir skuli ekki hafa farið fram áður en verksmiðjunni var valinn staður og áður en lagt er til að endanleg ákvörðun um staðarval sé tekin. Óhjákvæmilegt er í þessu sambandi að minna á mjög harðan áróður Alþb. um mengunarhættu þegar járnblendiverksmiðjan var byggð. Það kemur því óneitanlega á óvart að undir forustu Alþb. skuli þessi mikilvægi þáttur jafnvanræktur og raun ber vitni um.

Í greinargerð Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs kemur fram — og nú vitna ég til greinargerðarinnar: „að ítarlegrar rannsóknar sé þörf meðan uppbygging kísilmálmverksmiðjunnar stendur, er miði fyrst og fremst að því að fá gott yfirlit yfir núverandi ástand lífríkis og umhverfis svo að unnt verði að greina áhrif þessarar verksmiðju og annars hugsanlegs verksmiðjureksturs á svæðinu, séu þau nokkur." Slíkar rannsóknir auka mjög líkur á því, að kleift verði að grípa til réttra gagnráðstafana beri eitthvað út af síðar meir.

Greinargerðinni fylgir verkáætlun og kostnaður yfir rannsóknir á lífríki og umhverfi, en heildarkostnaður rannsókna er metinn á 4 millj. 585 þús. kr. Ekki virðist gert ráð fyrir þeim kostnaði í stofnkostnaðaráætlun verksmiðjunnar, en þó er gert ráð fyrir að verksmiðjan beri nauðsynlegan kostnað vegna rannsóknanna.

Ég ætla þá næst að víkja nokkuð að eignaraðild að verksmiðjunni, en samkv. 2. gr. frv., eins og það liggur fyrir, er ríkisstj. heimilt að kveðja aðra aðila, sem áhuga hafa, til samvinnu um stofnun eða starfsemi hlutafélags. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta. Samkv. þessari grein, eins og frá henni er gengið í frv., hefur ríkisstj. alveg á valdi sínu hvaða aðila hún kveður til samstarfs í þessu hlutafélagi. Í grg. frv. segir að það gæti verið um að ræða sveitarfelög, innlend hlutafélög, samvinnufélög og aðra innlenda aðila. Í ræðu, er iðnrh. hélt við 1. umr. um frv., sagði hann: „Það er ekkert sem í lagatextanum útilokar einhverja aðild erlendra aðila, ef þeir vildu leggja hlutafé í þetta fyrirtæki." Samkv. þessu er ljóst að ríkisstj. hefur mjög frjálsar hendur við að velja aðila til samstarfs í þessu hlutafélagi, eða allt frá því, að ríkissjóður eigi einn félagið 100%, í það að samið sé við erlenda um 49% eignaraðild. Þá hefur, eins og frv. var lagt fram, ríkisstj. og fullkomlega frjálsar hendur um með hvaða kjörum verði samið við aðila um samstarf í þessu hlutfélagi. Með þessu er ríkisstj. veitt óeðlileg heimild og undir þann leka er reynt að setja í þeim brtt. sem fluttar eru af hálfu iðnn. þar sem gert er ráð fyrir að samstarfssamningar, sem gerðir séu við þá aðila sem kvaddir séu til samstarfs, verði lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar.

Rétt er að taka fram að það er skoðun okkar, mín og hv. þm. Sigurlaugar Bjarnadóttur, að það sé alls ekki nauðsynlegt að ríkið eigi undir öllum kringumstæðum meiri hluta í slíku félagi. Við höfum því flutt brtt. á sérstöku þskj. um að sú skylda sé lögð á hæstv. ríkisstj. að hún kveðji til aðra aðila til samstarfs í þessu félagi og jafnframt að niður falli það ákvæði frv. að það sé skilyrði að ríkið undir öllum kringumstæðum eigi minnst 51% í félaginu. Það hefur komið glögglega fram að hér er um mjög mikið áhættufyrirtæki að ræða. Ég segi það sem mína skoðun, að ég tel að eðlilegt sé að dreifa þessari miklu áhættu með því að leita að einhverju leyti samstarfs við erlenda aðila um eignaraðild, a. m. k. fyrst um sinn. Öll fjármálaleg rök mæla með slíku fyrirkomulagi.

Ég vil þá næst víkja að þeim þætti að undirbúningi þessa máls sem lýtur að fjármögnun fyrirtækisins. Um fjármögnunarþátt verksmiðjunnar er ítarlega fjallað í þeirri umsögn sem iðnn. barst frá Seðlabanka Íslands. Í upphafi kaflans um fjármögnun segir svo í greinargerð Seðlabankans:

„Í skýrslu verkefnisstjórnar er mjög lítið fjallað um fjármögnun verksmiðjunnar. Virðist svo að þessi mikilvægi þáttur málsins hafi nánast verið lagður til hliðar."

Í skýrslu Seðlabankans er síðan fjallað um það sem greinir í skýrslu verkefnisstjórnar um áætluð vaxtakjör, og kemur fram að Seðlabankinn telur að forsendur verkefnisstjórnar varðandi vaxtakjör á lánum til verksmiðjunnar þurfi nánari athugunar við. Telur Seðlabankinn að niðurstaðan varðandi áætlaða vexti skipti miklu máli vegna samanburðar við afkastavexti verksmiðjunnar eins og þeir hafa verið áætlaðir.

Um áætlað rekstrarfjármagn segir svo í umsögn Seðlabankans:

„Að því er varðar áætlun verkefnisstjórnar um rekstrarfjármagn er það skoðun Seðlabankans, að þrátt fyrir það að verkefnisstjórn hafi ekki gert ráð fyrir neinum greiðslufresti á aðföngum, þá sé hér um vanáætlun að ræða. Þessi skoðun kemur einnig fram í greinargerð ráðgjafarfyrirtækisins RDG" — sem er skammstöfun fyrir Resources Development Group. — „Hversu mikið á vantar hafa ekki verið tök á að meta, enda mun það m. a. ráðast af stærðum sem ekki eru þekktar, svo sem greiðslukjörum til umboðsmanna og fleira slíku.

Í ábendingum hér að ofan að því er varðar rekstrarkostnað hefur verið nefnt að í áætlunum er ekki gert ráð fyrir neinum verulegum sveiflum í verðlagi og sölu milli ára. Ef gera á raunhæft mat á stöðu fyrirtækisins verður að gera ráð fyrir því, að meira fé í rekstrarfjárformi þurfi til öryggisins vegna til að mæta slíkum sveiflum, ef greiðslugeta fyrirtækisins á að vera tryggð. Nægir í því sambandi að benda á þá fjármagnsþörf sem nú er til umfjöllunar á Alþingi vegna hliðstæðra rekstrarerfiðleika Íslenska járnblendifélagsins hf."

Þetta var tilvitnun í skýrslu Seðlabankans. Í þessum kafla í skýrslu Seðlabankans er einnig rætt um veitingu ríkisábyrgða og sú skoðun sett fram, að æskilegast sé að komast hjá ríkisábyrgðum á fjárfestingarlánum til verksmiðjunnar í eins ríkum mæli og mögulegt sé. Æskilegt sé að takmarka, hversu langt íslenska ríkið gangi í veitingu ábyrgða, og í þessu tilviki sé um að ræða stórar ábyrgðir sem komi til viðbótar væntanlegum lántökum ríkissjóðs vegna kaupa á hlutabréfum í fyrirtækjum. Ákvörðun fyrir fram um ríkisábyrgð á lántökum vegna fyrirtækisins dragi úr því öryggi, sem fólgið sé í áhættumati einstakra lánastofnana á fjárfestingunni, því að með ríkisábyrgð að baki skiptir áhætta í fyrirtæki miklum mun minna máli fyrir lánveitandann en ella. Því sé eðlilegt að gefa ekki fyrirheit um tilteknar ríkisábyrgðir fyrr en alvarlegar viðræður hafi farið fram við hugsanlega lánveitendur. Seðlabankinn telji æskilegt með tilliti til áhættu að fá fram álit erlendra fjármálastofnana á hagkvæmni fjárfestingarinnar og jafnframt áhættu með því að leita eftir lánum án ríkisábyrgða.

Lokaþátturinn í þessum kafla í umsögn Seðlabankans er svohljóðandi:

„Ef dregið er saman það, sem sagt er hér að ofan um fjármögnun, er niðurstaðan sú, að fjármögnun hinnar fyrirhuguðu verksmiðju hafi ekki verið nægilegur gaumur gefinn af verkefnisstjórn. Það er skoðun bankans, að ræða þurfi við hugsanlega lánveitendur áður en lengra er haldið um ákvarðanatöku, þannig að hægt sé að leggja fram raunhæfa fjármögnunaráætlun samhliða öðrum áætlunum sem verkefnisstjórn hefur unnið að. Meðan slík áætlun er ekki fyrir hendi verður ekki sagt að undirbúningsathugunum sé lokið. Liður í undirbúningi slíkar fjármögnunaráætlunar væri áhættumat á fjárfestingunni og hinum ýmsu liðum hennar. Eins og áður hefur verið vikið að fælist slíkt áhættumat óbeint í undirtektum lánveitenda við lánsbeiðnum, en væntanlegur eigandi verksmiðjunnar þarf sjálfur að mynda sér skoðun um þá áhættu sem verið er að taka. Þessi atriði, sem hér eru tekin til umr., geta að sjálfsögðu haft áhrif á arðsemi fyrirtækisins til hins betra eða verra."

Hér lýkur tilvitnun í þessa umsögn Seðlabankans, en eins og fram kemur af hinum tilvitnuðu orðum úr umsögninni hefur fjármögnunarþætti væntanlegrar verksmiðju ekki verið nægilega sinnt. Er ljóst að Alþingi getur á engan hátt sleppt þessu máli frá sér án þess að tryggja að fjármögnunaráætlun komi til Alþingis til staðfestingar. Ein af þeim brtt., sem meiri hl. iðnn. flytur, er gerð til að tryggja að svo verði.

Ég vil þá aðeins víkja að stofnkostnaðaráætlun, en í lokaskýrslu verkefnisstjórnar kemur fram áætlun um stofnkostnað væntanlegs fyrirtækis.

Innlendi kostnaðurinn er áætlaður 57% af heildarkostnaði og sá erlendi 43%. Heildarstofnkostnaður verksmiðjunnar á verðlagi 1. mars 1982 er áætlaður 747.1 millj. kr. Til viðbótar þessu kemur svo ýmis annar stofnkostnaður, sem alfarið má rekja til byggingar kísilmálmverksmiðjunnar. Þar má nefna hafnargerð við Mjóeyri í Reyðarfirði, áætlaður stofnkostnaður er um 29.5 millj. kr., gerð vatnsveitu fyrir verksmiðjuna, áætlaður stofnkostnaður 10—15 millj. kr., lagningu 35 km raflínu frá Hryggstekk í Skriðdal til Reyðarfjarðar, lauslega áætlaður kostnaður gæti verið 18—20 millj. kr. Þjóðhagsstofnun gerði sérstaka áætlun um þennan annan stofnkostnað, sem ekki kemur fram í stofnkostnaðaráætlun sem tengist tilkomu verksmiðjunnar, og hann gæti verið á bilinu 65—75 millj. kr. eða um allt að 10% af tilgreindum stofnkostnaði.

Iðnn. Nd. hefur fengið í hendur áætlun frá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens um frumgerð að stofnkostnaðaráætlun, sem gerð var af Almennu verkfræðistofunni. Lagði Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsens aðallega mat á byggingarkostnað verksmiðjunnar. Áætlun þeirrar verkfræðistofu er um 3% hærri en áætlun verkefnisstjórnar, sem talið er innan óvissumarka. Ég held að það sé ekki ástæða til að gagnrýna sérstaklega verkefnisstjórn fyrir þessa stofnkostnaðaráætlun, ég býst við að hún sé gerð af eins mikilli samviskusemi og unnt er og ekki ástæða að vefengja sérstaklega þann þátt í starfi verkefnisstjórnarinnar.

Ég vil þá víkja lítillega að framkvæmdaáætlun, en það atriði kom oft til umræðu í iðnn., hvort ekki væri nauðsynlegt, jafnframt því sem gerð væri fjármögnunaráætlun, að gera ítarlega framkvæmdaáætlun um þetta fyrirtæki. Í umsögn Seðlabanka Íslands er fjallað um þetta atriði og þar segir:

„Síðasti kafli í lokaskýrslu verkefnisstjórnar fjallar um framkvæmdaáætlun fyrir verkið. Þar kemur fram að ef tímasetningar eiga að standast þarf að vera búið að semja um kaup á ofnum eigi síðar en 1. sept. 1982. Til þess eru nú fjórir mánuðir. Á þeim tíma þarf að stofna fyrirtækið ef lögin ná fram að ganga, skipa stjórn og ráða starfsmenn. Taka þarf mikilvægar ákvarðanir varðandi uppbyggingu verksmiðjunnar, semja um fjármögnun a. m. k. á þeim hluta er varðar ofnakaupin. Hér er um mikið og vandasamt verkefni að ræða, sem mikið veltur á að vel takist. Þegar Kísiliðjan hf. og Íslenska járnblendifélagið hf. voru stofnuð með þátttöku íslenska ríkisins var sá tími, sem til umráða var til undirbúnings, mun rýmri. Að auki komu í báðum tilvikum til erlendir samstarfsaðilar sem veittu mikilvæga aðstoð að því er varðaði stjórnunarlega uppbyggingu fyrirtækjanna.

Í því frv., sem hér er lagt fram, er ekki í neinu vikið að því, með hvaða hætti yrði staðið að stjórnunarlegum undirbúningi verksins. Stjórnunarþekking, sem til þarf, kann að vera til í landinu á þessari stundu, t. d. hjá Járnblendifélaginu á Grundartanga, en ekki verður séð í frv. að ætlunin sé að nýta hana við uppbyggingu þessa fyrirtækis. Öllum má þó vera ljóst að á fáu veltur meira í uppbyggingu og rekstri á svo stóru og áhættusömu fyrirtæki en styrkri og hæfri stjórn."

Um þetta atriði er einnig fjallað í umsögn frá Jóni Sigurðssyni framkvæmdastjóra Íslenska járnblendifélagsins, en hann sendi iðnn. minnisblað og kom auk þess á fund hjá nefndinni til viðræðna um mál þetta. Í minnisblaði hans segir:

„Ég tel að eftir að stefnan um nýtingu vatnsorkunnar hefur verið mörkuð og þar með bygging kísilmálmverksmiðju ákveðin þurfi að ætla þeim aðilum, sem falin verður ábyrgð á að reisa og reka þetta mikla mannvirki, rúman tíma og talsverða fjármuni til þess eins að komast að niðurstöðu um hvernig þessari verksmiðju skuli hagað í smáatriðum með tilliti til hagkvæmni í byggingu og rekstri. Þetta var ekki gert í nægilegum mæli þegar Grundartangaverksmiðjan var byggð, m. a. vegna krafna íslenskra stjórnvalda um að byggingunni væri flýtt (vegna þess að Sigalda var fullgerð). Þetta verk geta ekki unnið aðrir en menn sem hafa þekkingu og reynslu á þessu sviði og geta varið tíma til starfsins.

Án slíkra vinnubragða yrði verksmiðjan dýrari en hún þarf að vera og fleiri hlutir yrðu ekki eins og best yrði á kosið. Ég hef raunar trú á, að kostnaður við þessa vinnu fengist þegar uppi borinn í markvissari stjórn á verkfræðilegri hönnun og því lægri kostnaði við hana.

Slík vinnubrögð féllu auk þess vel að aðstæðum, því að ekki verður séð markaðsleg ástæða til annars en flýta sér hægt að byggja."

Af þessu má m. a. sjá að nauðsynlegt er að traust framkvæmdaáætlun sé gerð um verk þetta, og hlýtur sú áætlun að tengjast fjármögnunaráætlun, sem fyrr getur. Nauðsynlegt er að Alþingi fjalli um slíka áætlun áður en endanlegar heimildir eru veittar til að hefja framkvæmdir og rekstur. Út á það gengur ein af þeim brtt. sem iðnn. hefur flutt.

Ég vil þá víkja að rekstraráætlun fyrirtækisins.

Miklar umr. hafa farið fram í iðnn. um rekstraráætlun fyrirtækisins og væntanlega arðsemi þess. Í lokaskýrslu verkefnisstjórnar er birt áætlun hennar um rekstrarkostnað. Þá hefur nefndin fengið í hendur skýrslu frá breska fyrirtækinu Commodity Research Unit Limited, eða CRU skammstafað, en þar er fjallað um hinn alþjóðlega kísilmarkað og samkeppnisstöðu íslenskrar kísilmálmverksmiðju á þeim markaði. Þá hefur iðnn. og fengið í hendur skýrslu frá fyrirtækinu RDG, sem ég gat um áðan, en boðað var að sú skýrsla fæli í sér endurskoðun á þeim áætlunum sem fyrir lægju frá verkefnisstjórn eða eins konar „second opinion", eins og það hefur verið orðað úr þessum ræðustól áður. Við þá skýrslu verður að gera þá aths., að hér er ekki um endanlega endurskoðun að ræða og fyrirtækið sjálft kallar skýrslu sína Preliminary Analysis, svo að ég vitni nú í það tungumál sem skýrslan er á, en það er eins konar forathugun. Það verður að gagnrýna hér og er eitt dæmi um þau vinnubrögð sem iðnrn. hefur tamið sér í þessu máli, að iðnrn. tók sig til og lét þýða þessa skýrlsu sérstaklega fyrir iðnn. Nd., en í þessari þýðingu er því algerlega sleppt, það er ekki eitt orð um það, að hér sé um að ræða forathugun eða bráðabirgðaathugun þessa fyrirtækis. Því er algerlega sleppt að rekja það sem fram kemur í formála að þessari skýrslu, að hér sé um að ræða skýrslu sem eigi að taka sem forleiðbeiningarathugun, en alls ekki endanlegt mat, eins og segir í upphafi skýrslunnar. Iðnrn. lætur þýða þessa skýrslu og sendir okkur hana sem endanlega endurskoðun þessa fyrirtækis á áætlunum sem fyrir lágu. Þetta eru forkastanleg vinnubrögð og þetta ásamt mörgum fleiri atriðum, sem upp hafa komið í umr. um þetta mál í iðnn. Nd., gerir það að verkum, að nefndin treystir ekki iðnrn. lengur fyrir forræði þessa máls. Því er það svo, að lagt er til að þetta félag verði nú þegar stofnað með bráðabirgðafyrirkomulagi, eins og fram kemur í brtt., og að þingkjörin stjórn taki við stjórn þessa máls.

Ljóst er að viðkvæmasti þátturinn í rekstraráætluninni er spá um afurðaverð verksmiðjunnar. Um þetta atriði segir m. a. í umsögn Seðlabankans, að í skýrslu verkefnisstjórnar komi fram að kísilmálmverð hafi verið í lægð undanfarin tvö ár, því sé ekki hægt að ganga út frá markaðsverði nú um þessar mundir, heldur þurfi að finna raunverð eða rétt verð sem grundvöll fyrir arðsemismatið. Orðrétt segir í skýrslu Seðlabankans um þetta:

„Niðurstaða verkefnisstjórnar er meðalverð 1525 bandaríkjadollarar á tonn, og er þá miðað við að helmingur kísilmálmsins sé seldur til álsteypa á 1485 dollara tonn og helmingur til silikoniðnaðarins á 1565 dollara hvert tonn." — Ég skýt því hér inn, að frá síðari tveim tölum á eftir að draga sölukostnað og flutningskostnað til þess að þær séu sambærilegar við 1420 dollara meðalverðið. — „Þetta virðist heldur lægra en það raunverð sem ráðunautar verkefnisstjórnar ganga út frá. Þannig er raunverð RDG 1540 dollarar hvert tonn, en raunverð CRU heldur hærra. Á hinn bóginn kemur fram hjá ráðgjafarfyrirtækinu CRU, að lykilatriði varðandi hagkvæmni þessarar verksmiðju sé að hún komist inn á silikonframleiðendamarkaðinn. Slíkt tekur að mati fyrirtækisins nokkurn tíma, eða allt að 4 ár ef vel tekst til með gæði framleiðslunnar, þannig að óvarlegt er að gera ráð fyrir þessu raunverði fyrstu ár rekstrarins. Verkefnisstjórn tekur að vísu tillit til þessa þar sem verðið er lækkað um 10% á fyrsta starfsári og 5% á því öðru, en það gæti verið álitamál, hvort hér sé nægileg aðgætni sýnd. Einnig kemur fram hjá ráðunautum verkefnisstjórnar að ekki er gert ráð fyrir efnahagskreppum af því tagi sem gengið hafa yfir síðan 1979."

Í umsögn Þjóðhagsstofnunar er enn fremur fjallað um kísilmálmverð frá þessari verksmiðju. Niðurstaðan í umsögn Þjóðhagsstofnunar er svohljóðandi:

„Miðað við núverandi innflutningsverð til Þýskalands, Bretlands og Japans og núverandi gengi mynta þessara ríkja gagnvart dollar þarf kísilmálmverð að hækka um nær 25% á næstu árum umfram alþjóðlega verðbólgu til þess að ná þeirri verðmiðun, sem notuð er í skýrslu verkefnisstjórnar. Þótt gera megi ráð fyrir einhverri hækkun á næstu árum vegna þess að markaður er nú í lægð og ónýtt framleiðslugeta mikil, en líkur á vaxandi notkun þessa efnis á næstu áratugum, virðist varasamt að nota viðmiðun verkefnisstjórnar, þegar meta á arðsemi kísilmálmverksmiðju á Íslandi. Hér á eftir verður því einnig tekið dæmi af 10% lægra verði."

Í umsögn Jóns Sigurðssonar framkvæmdastjóra Íslenska járnblendifélagsins hf. er fjallað um þetta efni einnig og þar segir:

„Ég er ekki í aðstöðu til að leggja sjálfstætt mat á forsendurnar um verðlag söluvörunnar. Hitt er víst, að mjög náin fylgni er milli verðlags kísilmálms og kísiljárns, þegar litið er yfir lengri tíma. Áætlanir fyrir Járnblendifélagið, sem byggðar væru á sambærilegu verði við það sem hér er gert ráð fyrir, þyrftu ekki að vera óraunhæfar, en ég teldi bjartsýni að miða við þær til að reiða sig á þær. Áhættustigið, sem því fylgir að þessar lykilforsendur framkvæmdarinnar gætu brugðist, er því hátt."

Þessar tilvitnanir sýna að það er mat þeirra íslensku aðila, sem iðnn. hefur leitað upplýsinga og umsagna hjá, að verðviðmiðun verkefnisstjórnar sé of bjartsýn. Varðandi áætlun verkefnisstjórnar um verð á hráefni verksmiðjunnar hefur komið fram ábending um það, m. a. frá Seðlabanka, að ekki sé líklegt að hráefni til kísilmálmiðnaðar muni haldast nær óbreytt ef markaðsverð fyrir kísilmálm hækkar á bilinu frá 20—30%. Bent er á að samkv. útreikningum verkefnisstjórnar hefur 10% hækkun hráefniskostnaðar verksmiðjunnar í för með sér um það bil 2% lækkun arðsemis fyrirtækisins metið í afkastavöxtum. Raforkuverð skiptir þó miklu máli þegar meta skal arðsemi verksmiðjunnar, en raforkukostnaður er 19% rekstrarkostnaðar. Þjóðhagsstofnun bendir á að reiknað sé með 15 mills á kwst. í rafmagnsverð fyrstu 10 árin, en 20 mills á kwst. í rafmagnsverð nætu 10 árin, en

þessi skipting hafi hins vegar ekki verið rædd við Landsvirkjun sem hafi reiknað með 17.5 meðalverði. Hinir erlendu ráðgjafar hafa sérstaklega bent á að til að tryggja arðsemi verksmiðjunnar sé æskilegt að raforkuverð verði lægra en það sem reiknað er með í áætlun verkefnisstjórnar.

Miðað við þær forsendur, sem fram koma í áætlun verkefnisstjórnar, er talið að afkastavextir fjárfestingar verði 10.4% og er þá miðað við fast verðlag. Í skýrslu RDG kemur fram að miðað við þær forsendur, sem þar komu fram um söluverð afurðanna, verði afkastavextir 11.9%. Fram kemur í skýrslu verkefnisstjórnar að ef söluverð lækkar um 10% muni arðsemin minnka úr 10.4 í 5.5. Af þessu má sjá hve mjög þessir útreikningar eru viðkvæmir fyrir því verði sem hægt verður að fá fyrir afurðir fyrirtækisins. Ljóst er að hér er um mjög áhættusaman rekstur að ræða. Rekstrarkostnaður er hár miðað við það sem þekkist í sambærilegum verksmiðjum annars staðar að mati allra ráðunauta og allmikil óvissa er ríkjandi um söluverð kísilmálms. Jafnframt er líklegt að fyrirtækið búi við greiðsluhalla fyrstu rekstrarárin. Það er því eindregin skoðun mín, að nauðsynlegt sé við allan undirbúning þessa máls að minnka eins og mögulegt er þá miklu áhættu sem fyrirtæki þetta getur haft í för með sér. Allan undirbúning þarf því vel að vanda til að reyna að treysta sem best möguleika okkar á þessum viðkvæmu mörkuðum, og þær brtt., sem meiri hl. iðnn. flytur, miða allar við að vanda enn betur undirbúning og að Alþingi fái málið aftur til athugunar þegar ýmsum þáttum í þessum undirbúningi er lokið.

Ég vil þá aðeins víkja að markaðsmálum, en í framsöguræðu sinni fyrir frv. þessu ræddi hæstv. iðnrh. um væntanlegan markað þessarar verksmiðju og sagði þá m. a.:

„Samkomulag hefur verið gert við Japani um þau 7500 tonn, sem þangað er ætlað að selja, og samningar eru á lokastigi við Þjóðverja um sölu á um 10 þús. tonnum af kísilmálmi á ári þangað. Áætlað er að þessi tvö lönd taki við um 70% af heildarframleiðslu tveggja ofna kísilmálmverksmiðju. Samningar þessir eru að sjálfsögðu gerðir með fyrirvara um stofnun fyrirtækisins og samþykkt væntanlegrar stjórnar þess.“ — Þetta voru orð hæstv. ráðh.

Í iðnn. var sérstaklega óskað eftir því að fá að sjá þá samninga sem hæstv. iðnrh. vitnaði til. Í ljós hefur komið að hér er ekki um sölusamninga að ræða í venjulegum skilningi þess orðs. Hér um að ræða svokallað „letter og intent“, en þar er um að ræða eins konar viljayfirlýsingu þess efnis, að japanska fyrirtækið sé reiðubúið að taka til sölu allt að 7500 tonnum af kísilmálmi í Japan og hið þýska fyrirtæki allt að 10 þús. tonnum af kísilmálmi í Þýskalandi, en fyrirvarar í þessu „letter of intent“ eru mun fleiri en fram komu í ræðu hæstv. iðnrh. þegar hann var að kynna þessa svokölluðu sölusamninga hér á hv. Alþingi. Af hálfu japanska fyrirtækisins og þess þýska eru gerðir fyrirvarar um magn, um verð, um öll sölukjör, þannig að með engu móti er hægt að halda því fram, að hér sé um sölusamninga að ræða. Með þessu hefur verkefnisstjórn gert ákveðna tillögu og stigið ákveðið skref um visst sölufyrirkomulag á afurðum þessarar verksmiðju. Sölufyrirkomulag það, sem verkefnisstjórn mælir með og hefur stigið fyrstu skref til að koma í framkvæmd, er að kísilmálmverksmiðjan selji afurðir sínar í gegnum eigin umboðsmenn í einstökum löndum. Ýmsir sem mætt hafa hjá nefndinni til viðtals hafa mjög dregið í efa að þetta sé æskilegasta söluaðferðin. Má þar nefna Jón Sigurðsson, forstjóra Íslenska járnblendifélagsins, og fulltrúa Seðlabankans. Það er mat okkar að það sé nauðsynlegt að kanna þennan þátt betur og að Alþingi eigi að marka ákveðna stefnu í þessum mikilvæga þætti í rekstri verksmiðjunnar.

Ég vil aðeins víkja að tækniþekkingu varðandi stofnun og framleiðslu í þessari verksmiðju.

Ekki er í tillögu verkefnisstjórnar né í grg. með frv. tekin afstaða til þess, hvernig afla skuli þeirrar tækniþekkingar sem vitað er að nauðsynlegt er að afla til að fyrirtækið geti gengið. Fram kemur að vísu að tækniþekking varðandi uppsetningu véla og tækja muni fylgja með í kaupverði þeirra og að íslenskir aðilar ráði yfir nægilegri tækniþekkingu til að standa að byggingu verksmiðjunnar að öðru leyti. Hins vegar er ekki mörkuð ákveðin stefna um hvernig afla skuli tækniþekkingar um rekstur verksmiðjunnar. Í viðtölum við Jón Sigurðsson forstjóra járnblendiverksmiðjunnar kom fram að hér væri um mjög mikilvægt atriði að ræða. Hann benti sérstaklega á að Járnblendifélagið hefði haft veigamikinn stuðning af norska fyrirtækinu Elkem í gegnum tækniþekkingarsamninga sem gerðir voru við það fyrirtæki. Hins vegar kostuðu þeir samningar allmikið og því væri hér e. t. v. spurning um það í fyrsta lagi, hvaða áhættu menn vildu taka um að tækniþekkingin væri fullkomin, og í öðru lagi um það, hvaða verð menn vildu greiða fyrir það. Það virðist vera stefna verkefnisstjórnar, að tækniþekking vegna rekstrar sé keypt eftir hendinni frá ýmsum aðilum. Nauðsynlegt er að fjalla mun betur um þennan þátt málsins og marka ákveðna stefnu varðandi hann, og því er gert ráð fyrir að þetta sé eitt af þeim atriðum sem búið verði að kanna betur áður en Alþingi fær mál þetta aftur til meðferðar.

Ég vil að lokum aðeins fjalla um orkuöflunina.

Iðnn. hefur fengið á fundi fulltrúa frá Landsvirkjun og Rafmagnsveitum ríkisins. Hafa þeir gefið munnlegar upplýsingar og látið nefndinni í té ýmis skrifleg gögn. Gerð hafa verið drög af rafmagnssamningi við Landsvirkjun, en Landsvirkjun hefur haft marga fyrirvara um þau samningsdrög. Þeir fyrirvarar varða bæði orkuafhendingu og rafmagnsverð. Í sérstöku bréfi Landsvirkjunar til iðnn. segir um þetta efni:

„Landsvirkjun lítur svo á, að verði reiknað með því, að fyrirtækið geti séð kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem komin yrði í rekstur árið 1985, fyrir raforku með sæmilegu öryggi, þá þurfi eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

1. Samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um byggingu og rekstur nýrra virkjana samkv. lögum um orkuver og yfirtöku byggðalína.

2. Kvíslaveitur, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og Búrfellsvirkjunar verði fullgerðar 1985—1986. Ný virkjun (Blönduvirkjun) verði byggð af Landsvirkjun og komin í rekstur 1987—1988. Háspennulína frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar fullgerð 1986.

3. Fjárhagsstaða Landsvirkjunar verði tryggð á viðunandi hátt.

Í þeim samningsdrögum um raforkusölu frá Landsvirkjun, sem fyrirtækið hefur gert og fylgja þessu bréfi, kemur fram, að það verð, sem nefnt er (17.5 mills á kwst.), verður háð nánara samkomulagi. Það er hins vegar ekki unnt að gera, fyrr en ofangreind atriði skýrast,

auk þess sem verðbótaákvæði skipta máli í þessu efni svo og hvort verðið verður í íslenskum krónum eða erlendri mynt."

Þetta var tilvitnun í bréf Landsvirkjunar.

Ljóst er að enn hafa ekki verið teknar ákvarðanir um ýmsar þær framkvæmdir sem Landsvirkjun telur skilyrði fyrir því, að hægt sé að tryggja afhendingu orku til kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Má þar nefna ákvörðun um stækkun Búrfellsvirkjunar, en til þess þarf lög frá Alþingi og enn hefur slíkt lagafrv. ekki verið lagt fram. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um háspennulínu frá Þjórsársvæðinu til Akureyrar. Nauðsynlegt er að þessi atriði séu fulltryggð áður en endanleg ákvörðun er tekin um byggingu kísilmálmverksmiðju, og því er það eitt af þeim atriðum sem við leggjum til í okkar brtt. að verði reynt að tryggja áður en lengra er haldið.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir um tíu efnisatriðum sem miklu máli skipta varðandi undirbúning og meðferð þessa máls. Eins og fram hefur komið af tilvitnuðum umsögnum, sem nefndinni hafa borist frá ýmsum stofnunum, fer því fjarri að mál þetta sé nægilega vel undirbúið. Ég skal viðurkenna að vissir þættir þess eru ágætlega vel undirbúnir, og ég hef m. a. getið í því sambandi um stofnkostnaðaráætlun, en aðrir þættir hafa ekki verið eins vel undirbúnir og sumir virðast hafa verið vanræktir með öllu. Það er hins vegar eindregin skoðun mín, að kísilmálmframleiðsla, eins og gert er ráð fyrir í þessari verksmiðju, sé einn vænlegasti kostur til nýtingar innlendrar orku til útflutningsframleiðslu. Við þm. Sjálfstfl. í nefndinni höfum því viljað fjalla um þetta mál með eins jákvæðu hugarfari og mögulegt er. Við höfum því talið að það væri nauðsynlegt að þannig yrði á þessu máli haldið að undirbúningur stöðvaðist ekki, enda væri hægt að halda undirbúningi áfram af fullum krafti. Því miða þessar brtt., sem hér hafa verið lagðar fram, að því, að það félag, sem stofnað verði eftir að Alþingi hefur gefið þær heimildir sem í frv. greinir, hafi á sér einkenni undirbúningsfélags þar til Alþingi hefur endanlega fjallað um málið að nýju. Því er hlutafé takmarkað við það fjármagn sem talið er að nauðsynlegt sé að hafa til ráðstöfunar á þessu ári til frekari undirbúnings, en að ekki sé heimilt að hækka hlutaféð né hefja framkvæmdir við byggingu verksmiðjunnar fyrr en Alþingi hefur fjallað um mál þetta að nýju.

Við höfum verið jákvæð fyrir þeirri staðsetningu sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Við teljum eðlilegt að slíkum stóriðjurekstri sé dreift um landið. Austfirðir eru mjög vænleg staðsetning, miðað við þá miklu orku sem þar er ónýtt og fyrirhugað er að virkja innan tíðar.

Herra forseti. Ég læt nú lokið máli mínu um þetta frv.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Hér er til umr. eitt hinna stóru, þýðingarmiklu og nokkuð umdeildu atvinnumála sem hv. alþm. verða nú á síðasta snúningi á lokadögum þingsins að taka afstöðu til. Málið hefur að sjálfsögðu verið til ítarlegrar umfjöllunar í iðnn. hv. deildar á löngum og ströngum fundum og liggja nú fyrir niðurstöður af þeim í nál. Ég hefði raunar gert ráð fyrir að hv. frsm. og formaður nefndarinnar hv. þm. Skúli Alexandersson, hefði gert nokkru ítarlegri grein fyrir þeim brtt. sem við stöndum að öll í nefndinni að undanteknum hv. þm. Magnúsi H. Magnússyni, en þm. hafa þskj. og því tök á að kynna sér þessar brtt. og bera þær saman við frv. sjálft. Sjálf hef ég setið aðeins tvo fundi af þessum merkilegu fundum í iðnn., en hef þó að sjálfsögðu eftir föngum kynnt mér allar hliðar málsins, m. a. með athugun álitsgerða fjölmargra umsagnaraðila sem til var leitað af hálfu Alþingis.

Hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson, annar sjálfstæðismanna í nefndinni, hefur gert mjög rækilega grein fyrir málinu, svo að ég þarf raunar litlu þar við að bæta, drep aðeins á nokkur meginatriði sem mér komu hvað markverðast fyrir sjónir. Auk þess mun mín umfjöllun nánast verða almenn hugleiðing í þessu sambandi um atvinnumál okkar um þessar mundir.

Því er ekki að neita, að afgreiðsla þessa máls fer fram undir allmiklum þrýstingi úr ýmsum áttum, þ. á m. frá heimamönnum eystra sem auðvitað eiga hér mest í húfi. Það hefur ekki heldur farið fram hjá neinum þeim sem fylgjast með umfjöllun í fjölmiðlum um þetta mál og önnur allsérstæð atvinnumál sem liggja nú fyrir Alþingi, að skoðanir almennings um þau eru meira en lítið skiptar. Þær skoðanir eru að mínu áliti margar hverjar undarlega neikvæðar. Orð eins og heimtufrekja, ábyrgðarleysi, bruðl með almannafé, kapphlaup um atkvæði, hrepparígur og skæklatog hafa þar ósjaldan verið viðhöfð með miklum áhersluþunga og af álíka mikilli lítilsvirðingu og það af mörgum hverjum ágætismönnum sem hafa sitt hvað til brunns að bera af sérfræðilegri þekkingu og fjármálaviti. Ekki treysti ég mér til að staðhæfa að ekki leynist sannleikskorn í þeim heldur ógeðfellda orðaflaumi sem að ofan greinir. Hitt vildi ég þó leyfa mér að benda á, þótt slíkt ætti að vera óþarfi, og jafnframt staðhæfa, að áhugi fólksins úti um byggðir landsins, sem þessi atvinnumál öll snerta hvað helst, er þegar betur er skoðað annað og meira en skæklatog og hrepparígur. Málið er langtum djúptækara og viðurhlutameira og tengist auðvitað óvenjulega tvísýnum horfum í atvinnumálum okkar almennt og markaðsmálum um þessar mundir.

Hrun loðnustofnsins á sama tíma og bætt er jafnt og þétt við þegar allt of stóran fiskiskipaflota, erfiðleikar í skreiðarsölu, stöðugt harðnandi samkeppni á freðfiskmörkuðum, uggvænlegar horfur í markaðsmálum landbúnaðarins og fullkomin kyrrstaða nú um árabil í nýtingu einnar helstu auðlindar okkar, virkjun fallvatna og uppbyggingu orkufreks iðnaðar, öll þessi ókjör, sem því miður verða flest ef ekki öll rakin til skammsýni og aðgerðaleysis stjórnvalda, setja eðlilega ugg að þjóðinni um yfirvofandi kreppuástand. Færi betur að sá uggur reyndist ekki á rökum reistur og að úr málum rættist betur en á horfist þessa stundina. Það þarf því engan að undra með tilliti til allra aðstæðna nú þótt íbúar byggðarlaga, sem sjá fram á minnkandi atvinnu, fólksfækkun og hugsanlegan fólksflótta, eins og fyrr á árum, renni hýru auga til stórvirkjunar eða myndarlegrar verksmiðju í sjónmáli sem skotið gæti stoðum undir tryggara og fjölbreyttara atvinnulíf og um leið stuðlað að sæmilegu jafnvægi í byggðalegu tilliti.

Hér eru því sannarlega engin hégómamál á ferð sem verðskulda að vera kölluð öllum illum nöfnum, þótt vissulega geti pólitískur eða persónulegur ofmetnaður og ofurkapp einstakra manna hreinlega komið óorði á þessi mál og spillt fyrir framgangi þeirra. Að sjálfsögðu verður hér líka sem endranær kapp að fara með forsjá. Gildir einu hvort annars vegar er steinull, sykur eða kísilmálmur, en allt eru þetta meiri og minni áhættufyrirtæki. Með þessu er ég ekki að gefa í skyn að við eigum ekki að þora

að taka nokkra áhættu, ekki hvað síst þegar um nýja tegund atvinnurekstrar er að ræða sem ekki styðst við fengna hérlenda reynslu. En því aðeins er slík áhætta réttlætanleg að á undan sé gengin vandleg athugun og yfirvegun á öllum hliðum mála sem komi í veg fyrir að anað sé út í ófæru þannig að fyrirtæki, sem ætti að verða lyftistöng fyrir viðkomandi byggðarlag og þjóðarbúið í heild, verði okkur í reynd fjárhagslegur myllusteinn um háls. Sérstök skylda hvílir hér að sjálfsögðu á hv. alþm., en þeir taka skuldbindingar á sig um ráðstöfun á geipistórum fúlgum af almannafé vegna þátttöku ríkissjóðs í atvinnufyrirtækjum með einum eða öðrum hætti. Og þessi þróun um stöðugt aukna aðild ríkisins í atvinnurekstri er á þeirri braut nú að gefa þarf alvarlegan gaum að.

Arðsemisjónarmið verðum við að hafa að leiðarljósi jafnframt því sem skylt er að hafa einnig í huga byggðasjónarmið, nauðsynlega atvinnudreifingu til hinna ýmsu landshluta er tryggi svo sem kostur er jafnvægi í byggð landsins. Ég fer ekki hér út í nánari rökstuðning eða útlistun á þessari skoðun minni. Sá rökstuðningur hefur oft komið fram á hinu háa Alþingi í löngum ræðum sem nú eru ekki vel séðar og allra síst á þessum hluta sólarhringsins í ósæmilegri tímaþröng þingsins nú í þinglok. Ég læt mér því nægja að vitna til samþykktar tveggja síðustu landsfunda Sjálfstfl. um byggðamál, en þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Skynsamleg nýting fjármuna og arðsemisjónarmið skulu höfð að leiðarljósi í stjórnun og framkvæmd byggðamála sem annarra þjóðmála. Jafnframt skulu þó hafðir í huga landfræðilegir staðhættir og það, hve hin strjála byggð víðs vegar um landið er viðkvæm fyrir hvers konar sveiflum. Áherslu verður að leggja á það að skapa ný atvinnutækifæri til hliðar við hinar hefðbundnu atvinnugreinar til sjávar og sveita."

Þessi ályktun Sjálfstfl. segir í raun það sem ég þarf að segja og segja þarf um byggðamálin. Við viljum treysta íslenskar byggðir og íslenskt atvinnulíf um landið allt, þar sem lífvænleg skilyrði eru á annað borð fyrir hendi. Ég lít á þetta mál, sem hér er til umfjöllunar, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem dæmigert byggðamál sem ég hef fulla samúð með. Í því felast þó í hinni upphaflegu gerð frv., margir alvarlegir óvissuþættir sem og í lokaskýrslu verkefnisstjórnar iðnrn. sem frv. byggist á. Þær brtt., sem komið hafa frá hv. iðnn., gera málið í rauninni að alveg nýju máli þar sem það er nú orðið fyrst og fremst mál til undirbúnings stórframkvæmd í stað upphaflega frv. sem sló því hættulega föstu, hvernig að því skyldi staðið, án þess að nógu miklar rannsóknir og athuganir hefðu farið fram áður. Mig langar til að benda hér aðeins á örfá atriði sem raunar komu fram í ræðu hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar flest hver, en ég tel mjög þung á metunum hér, og það fyrsta, sem ég tel upp, er því miður heldur neikvætt.

Ein meginstaðreynd málsins er óneitanlega sú, að áætlaður stofnkostnaður, og við skulum ætla að hann fái staðist, er um 750 millj. kr. Það er bent á í umsögn um málið að svo til öll fjárhagsleg áhætta er felld á ríkissjóð og erlend lán. Það er svo sem ekki alveg nýtt þegar um svo stóra framkvæmd er að ræða, en það er lakara að raunveruleg framkvæmda- og fjármögnunaráætlun liggur alls ekki fyrir enn.

Í öðru lagi skal bent á að rekstraráætlun verkefnisstjórnar iðnrn. byggist á óbreyttu verðlagi miðað við 1. mars 1982, sem auðvitað virðist fullkomið óraunsæi og hreint og beint óvönduð vinnubrögð.

Þegar vikið er að orkumálaþættinum má benda á álit Seðlabanka Íslands í því efni, sem bendir á það með réttu í umsögn sinni, að forsenda fyrir stofnun verksmiðjunnar sé að raforka sé fyrir hendi. Í umsögn Landsvirkjunar er bent á að nauðsynlegt sé að samningar takist milli ríkisins og Landsvirkjunar um Kvíslaveitu, stækkun Þórisvatnsmiðlunar og Búrfellsvirkjunar, eigi verksmiðjan að taka til starfa 1985, eins og ráð er fyrir gert, þar sem líka Blönduvirkjun verði ekki komin í rekstur fyrr en árið 1987 eða 1988. Þá er einnig minnst á í umsögn Þjóðhagsstofnunar að flýta þurfi Sprengisandslínu um 2—3 ár. Ekkert af þeim framkvæmdum, sem þarna er bent á að séu nauðsynleg forsenda þess að hægt sé að hefja rekstur verksmiðjunnar, ekkert af þessum málum er enn á undirbúningsstigi nema að litlu leyti, og um Blöndu vitum við hvernig hefur farið í eilífum drætti á ákvarðanatöku. Leggja verður áherslu á, segja þeir hjá Landsvirkjun enn fremur, að á þessu stigi málsins verður ekkert fullyrt um rafmagnsverð til verksmiðjunnar vegna óvissu um framvindu í orkumálum á næstu árum. Þetta þarf ekki að koma á óvart eftir aðgerðaleysi undanfarinna ára í orkumálum. Jafnvel sjálf verkefnisstjórn iðnrn. gerir í skýrslu sinni ráð fyrir einhverri orkuskerðingu til verksmiðjunnar fyrstu árin vegna þess að nýjar virkjanir eru þá væntanlega ekki komnar í gagnið.

Í fjórða lagi, að því er varðar umhverfismálin, má það merkilegt heita, að nú þegar lagt er fram frv. sem felur í sér ákvörðun um stofnun þessarar verksmiðju við Reyðarfjörð er bent á að ekki hafi enn farið fram forrannsókn varðandi umhverfisvernd á þessu svæði, Sómastaðalandi og Mjóeyri, þar sem mannvirkin skuli rísa.

Ég hef drepið hér á fáein atriði sem mér varð hvað starsýnast á í athugun minni á málinu af hinum fjölmörgu umsögnum sem hv. iðnn. hafði undir höndum. Hér hef ég talið upp þau atriði málsins sem mér fundust hvað veikust. En málið hefur einnig sínar ljósu hliðar sem betur fer. Flestum umsagnaraðilum um málið ber saman um að kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði sé þrátt fyrir allt vænlegur kostur. Hafnaraðstaða er sérlega góð. Líkur eru taldar á að hægt sé að nýta afgangsorku til fjarvarmaveitna á Reyðarfirði og Eskifirði. Byggingarframkvæmdir munu veita allt að 300 manns atvinnu á meðan hæst stendur og verksmiðjan á stofn komin um 130 manns að jafnaði. Þannig eru allar líkur á að þetta fyrirtæki geti orðið lyftistöng fyrir atvinnulíf á Austfjörðum, þótt einhver hætta kunni að vera á að hún dragi til sín fólk úr jaðarbyggðum kjördæmisins, eins og bent er á í umsögn Framkvæmdastofnunar.

Það kom fram hjá hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni og ég tek eindregið undir það, að það er gleðiefni að með þessari verksmiðju er stóriðjufyrirtækjum dreift um landið, í landshluta þar sem ekkert slíkt er fyrir. Þannig þarf það að sjálfsögðu að vera svo að allir landsmenn njóti góðs af. En það, sem greinilega er gagnrýnisverðast við þetta frv. eins og það var lagt fyrir, og sú gagnrýni gengur raunar eins og rauður þráður í gegnum umsagnir um málið, er ónógur undirbúningur og rannsóknir. Allar tímasetningar undirbúnings eru allt of naumar og athuganir ekki komnar á það stig að tímabært sé að taka lögfestar ákvarðanir innan þeirra tímamarka sem frv. gerir ráð fyrir. Þessi ófullnægjandi undirbúningur nær til svo að segja allra þátta málsins, eins og ég og hv. þm.

Birgir Ísl. Gunnarsson höfum drepið á. En með þeim brtt., sem fyrir liggja og ég, sem hér stend, á aðild að, geri ég mér vonir um að þetta geti orðið gott mál og þeim byggðarlögum og landinu öllu til þeirra hagsbóta og Sómastöðum og Sómastaðagerði til þess sóma sem að er stefnt.

Páll Pétursson: Herra forseti. Iðnn. Nd. hefur þurft að leggja mjög mikla vinnu í þetta mál nú á skömmum tíma og ég get ekki verið sammála frsm. nefndarinnar hv. 4. þm. Vesturl., Skúla Alexanderssyni, um að þetta hafi verið vel í hendur okkar búið. Mér finnst að þetta sé dæmi um hvernig ekki eigi að biðja Alþingi að vinna.

Þetta mál kom mjög seint fram. Þingflokkur Framsfl. hafði ekki nema örstuttan tíma — eða við tókum okkur ekki nema örstuttan tíma til að líta á þetta mál og kusum heldur vegna þess hve seint það kom til okkar, að koma því til nefndar. Við vildum ekki tefja tímann eða láta tímann hlaupa frá okkur og samþykktum að leggja það fram án þess að við hefðum unnið í því neitt að ráði. Það var reyndar örfáum atriðum breytt eftir okkar beiðni í því frv. sem okkur var sýnt. Það var svo hugmynd okkar að reyna að laga það í nefndarstarfi, og ég vil meina að það hafi tekist býsna vel.

Þetta frv. hefur, eins og menn sjá ef þeir bera saman upphaflegt frv. og brtt., ef brtt. verða samþykktar, algerlega umskapast og stendur orðið lítið eftir af því upphaflega frv. sem við fengum í hendur. Ég held að það hafi tekist að lagfæra, sníða af eða skjóta á frest þeim agnúum sem á því voru og gerðu ómögulegt að samþykkja það. Ég held að hér höfum við ratað á skynsamlega leið að samþykkja að ákveða það sem ákveða þarf á þessu stigi. Það verður stofnað þarna félag, því verður valin ábyrg stjórn, málið fært af kontórum í iðnrn. og sett undir forustu sem ég vona sannarlega að okkur takist að velja vel. Stjórn þessa félags fær nokkur fjárráð, 25 millj. kr. af hlutafé félagsins í stað 220 millj. kr. í frv. Síðan á þessi stjórn að vinna að bráðnauðsynlegum undirbúningsathugunum og gera raunhæfar áætlanir um hvernig menn gætu staðið að byggingu þessarar verksmiðju og rekstri hennar. Á grundvelli þessara áætlana getur Alþingi tekið endanlega afstöðu til þessarar verksmiðjubyggingar. Vonandi — ég segi vonandi — kemur í ljós að hér sé um gott og lífvænlegt fyrirtæki að ræða. Ef svo fer að menn komist að því við nákvæmari athugun að svo sé ekki, þá er hægt að stöðva það áður en það er orðið of seint. Ég vona sannarlega að menn beri þá gæfu til þess að sjá að sér, ef svo fer, og asnist ekki út í ógöngur, eins og einstöku sinnum hefur hent okkur Íslendinga. Austfirðingar eiga að mínum dómi betra skilið en það, að ríkið fari að setja niður hjá þeim vandræðafyrirtæki, mengandi „fallít" -verksmiðju, sem ekki kæmi til með að hafa rekstrarmöguleika, bara af því að menn langar til að nota rafmagn.

Það er út af fyrir sig gott að finna leiðir til orkunýtingar og til þess að koma í verð, til þess að koma í gagnið okkar miklu vatnsorku. Það kostar peninga að afla rafmagnsins og það borgar sig ekki að framleiða rafmagn bara til þess að framleiða það, ef ekki er markaður fyrir það, ef þarf að selja það undir kostnaðarverði. Helst þurfum við að hafa svolítinn hagnað af því að framleiða rafmagnið. Það er nú þannig í dag, að stóriðja á Íslandi ber samkv. þeim upplýsingum, sem iðnn. Nd. hefur fengið undanfarna daga, ekkert rafmagnsverð. Jafnvel þótt þau stóriðjufyrirtæki, sem hér eru til, fengju rafmagnið gefins, mundu þau koma út með tapi.

Eitt atriði, eitt af mörgum atriðum sem hefur vafist fyrir okkur í iðnn., er tímasetning þeirrar verksmiðju sem í frv. var gert ráð fyrir að mundi fara í gang, fyrri ofn, 1985. Það er ekki endilega sannfærandi að þetta sé heppilegasta tímasetning. Það getur svo sem verið að hún sé rétt, en það getur skeð að hún sé röng. Það þarf miklar fjárfestingar í raforkukerfinu til að gera mögulegt að verksmiðjan fari í gang á þessum tíma. Að vísu ber Landsvirkjun og Rafmagnsveitunum ekki saman um hversu miklar eða hverjar fjárfestingar mætti telja í tengslum við þessa verksmiðju. Landsvirkjun telur að þurfi að leggja línu af Þjórsár/Tungnaársvæðinu og norður til Akureyrar áður en þessi verksmiðja fer í gang og jafnframt þurfi að koma virkjun við Búrfell II. Það er dýrt að flytja rafmagn um langan veg. Ég held að það hafi verið hárrétt ábending við 1. umr. málsins hjá hv. þm. Garðari Sigurðssyni, þar sem hann gerði að umtalsefni hvað það væri skothent að hugsa sér að fara að framleiða 5% af kísilmálmframleiðslu veraldarinnar í því kjördæmi landsins sem verst væri sett með virkjanir. Það liggur auðvitað fyrir að innan skamms verður virkjað mikið á Austurlandi, þar eru miklir orkuöflunarkostir. En það er spurning hvort ekki ætti að reyna að stemma orkunýtinguna saman við framleiðsluna því að það er dýrt að flytja rafmagnið um langan veg og töp við óhagstæð skilyrði geta orðið allt að 20% á rafmagnsflutningunum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta meira. Ég vona að næst þegar við sjáum frv. um nýiðnaðarkosti í iðnn. Nd. verði það með skaplegri hætti en nú hefur verið, við fáum frv. á skaplegum tíma þannig að eðlilegt tóm gefist til að athuga málið og í þeim búningi að hægt sé að taka undir það og þurfi ekki að umsemja. Ég vona, að okkur hafi tekist að finna farsælla stjórnarform á þetta félag en upphaflega var hugsað, og vona sannarlega að hæfir og gætnir menn veljist í forustu, ekki bara tæknimenn. Ég hef engar grunsemdir um annað en þetta frv. hafi verið í upphafi skynsamlega unnið frá tæknilegu hliðinni og ég hef ekki vit á því að tortryggja neitt í því sambandi. Það verkaði allt saman trúverðuglega á mig. Hins vegar fannst mér fjármálahliðin öll vera fremur í poku. Ég vona að þeir hægu og gætnu menn, sem ég ætlast til að veljist í forustu þessa fyrirtækis, kanni málið með gætni og leggi síðan trúverðug gögn fram svo að Alþingi gefist kostur á að taka endanlega afstöðu til málsins. Með öðrum hætti verður ekki reist farsælt fyrirtæki á Reyðarfirði til framleiðslu á kísilmálmi.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég vil við lok þessarar umr., sem ég hygg að séu fram undan, þakka hv. iðnn. og öllum, sem í henni hafa starfað að þessu máli, fyrir það erfiði sem hún hefur á sig lagt að undanförnu til þess að fara yfir þetta mál. Ég held að óhætt sé að segja að nefndin hefur unnið mikið og gott starf á stuttum tíma. Ég skil afar vel að hér komi fram ábendingar og aðfinnslur yfir því, að nefndinni hafi verið skammtaður stuttur tími með því að mál þetta kom hér síðla fram á þinginu. Það var hins vegar ljóst fyrir löngu að svo mundi fara. Þegar vinna var sett í gang til undirbúnings þessu máli á árinu 1981, snemma á því ári, settu menn sér það mark að ljúka undirbúningi á vegum verkefnisstjórnar í byrjun marsmánaðar í vetur. Þetta mark-

mið náðist, þessi tímaáætlun stóðst, og í framhaldi af því og jafnhliða raunar var undirbúið það frv. sem hér var lagt fram og ég mælti fyrir um miðjan apríl.

Það er auðvitað alltaf álitamál hversu langan tíma menn þurfa til þess að leggja mat á mál, og hér er vissulega um stórt mál að ræða. Ég held að þetta mál eins og mörg önnur raunar, en ekki síst þetta, sýni okkur fram á að til þess að undirbúa stórvirki af þessu tagi á okkar mælikvarða þarf bæði tíma og menn þurfa að skipuleggja vel til þess að ná málum fram til ákvörðunar eins og æskilegt er talið. Það heyrist oft hér í þingsölum gagnrýni á framkvæmdavaldið fyrir það að ákvarðanir skorti í málum, það sé rannsakað og rannsakað og safnað pappír og skýrslum, en engar ákvarðanir komi. Að baki þessu máli liggja þrjár skýrslur gefnar út á vegum verkefnisstjórnar, tvær áfangaskýrslur og lokaskýrsla sem hv. alþm. fengu á sínum tíma og gátu með þeim hætti fylgst með undirbúningi að vissu marki. Þó er þetta aðeins hluti af þeim miklu gögnum sem fyrir liggja, og ég hef sannarlega ekki farið í gegnum vinnugögn á vegum þessara aðila svo og umsagnarskýrslur af ýmsu tagi sem aflað var varðandi markaðsmál og endurmat á þessari greinargerð og vinnu verkefnisstjórnarinnar.

Ég ætla ekki að fjalla hér um einstaka efnisþætti sem gagnrýndir hafa verið af hv. talsmönnum og nm. í iðnn. Ég fagna í rauninni gagnrýni sem fram kemur í sambandi við mál af þessu tagi. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn tali þar hreint út og finni að því sem þeim finnst vera aðfinnsluvert. Ef við því er tekið með jákvæðu hugarfari á það aðeins að vera til þess að auðvelda okkur leið að marki, sem allir auðvitað vilja ná, að koma á fót í þessu tilviki nýju atvinnufyrirtæki sem reynist vera arðbært og lífvænlegt til frambúðar.

Ég skal taka hér eitt dæmi sem var það fyrsta sem hv. 6. þm. Reykv. vék að í sambandi við þetta mál. Það eru umhverfisþættirnir sem snúa að svona verksmiðjurekstri. Ég vil taka mjög undir það sem fram kom hjá honum, að í þessu efni þurfa menn að hafa vaðið fyrir neðan sig. Menn þurfa að taka á slíkum þáttum af alvöru og átta sig bæði á staðbundnum aðstæðum og að sjálfsögðu mengunarhættu af viðkomandi iðnrekstri. Það var vikið að því, að kveðið hefði við annan tón í gagnrýni af hálfu talsmanna míns flokks þegar járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var í undirbúningi. Ég held að þetta megi mjög til sanns vegar færa. Hins vegar skulum við minnast þess, að sá rekstur, sem hér er um að ræða, er mjög hliðstæður og menn hafa safnað dýrmætri reynslu af þeim rekstri sem fram hefur farið síðan 1978 í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. En það er ekki einhlítt að færa hana yfir á nýjar aðstæður þar sem líta þarf á staðbundna þætti. Þegar fram koma umsagnir eins og þær, sem hér var vitnað til, af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins, þá er rétt að hafa í huga að þær hefðu getað komið fyrr fram. Hefði mátt telja eðlilegt að þær hefðu komið fyrr fram, og er ég þó á engan veginn að gagnrýna efnislega ábendingarnar sem þar eru. En mér er kunnugt um að verkefnisstjórnin ræddi við þessar stofnanir fyrir alllöngu, má segja á síðasta sumri, og þá hefði í rauninni verið unnt að taka á tilteknum þáttum rannsóknarlega séð sem nú er bent á af festu og ákveðni, en komu ekki fram skilmerkilegar ábendingar um á þeim tíma. En mestu skiptir að tekið sé tillit til aðvarana og ábendinga af þessu tagi og fram fari nauðsynlegar rannsóknir og að nauðsynlegar varúðarráðstafanir séu þá gerðar þegar í hönnun verksmiðjunnar og hennar búnaði eða í kröfum til hráefnis eins og hægt er að koma við að vissu marki.

Ég ætla ekki að fara hér út í fleiri þætti sem vikið hefur verið að. Ég tel, að það sé mjög verðmætt að hafa fengið þær ábendingar sem fram koma frá iðnn., og ég er fyllilega sáttur við þá málsmeðferð sem meiri hl. iðnn. leggur til í sambandi við breytingar á lagafrv. og að ganga ekki lengra en þar er gert. Þessar brtt. gera kleift að halda áfram nauðsynlegum undirbúningi að þessu fyrirtæki og gera það með þeim hætti sem ég tel mestu skipta, að það sé gengið til verka undir ábyrgri forustu, — forustu sem geti haldið verkinu áfram miðað við að niðurstöður frekari athugana verði jákvæðar. Ég vil aðeins tengja þetta því atriði, sem er vissulega matsatriði, en það er hvenær menn setja verk af þessu tagi í hendur stjórnar sem á að undirbúa verkið. Ég held að hluti af þeirri gagnrýni, sem hér er fram borin, byggist á sjónarmiði sem ég vil engan veginn segja að ekki sé fyllilega gilt, en er þó álitamál, að það eigi að vera búið nánast að fínkemba flest vafaatriði og undirbúa áætlunir eins og verkáætlanir mjög ítarlega áður en sett er stjórn yfir undirbúning af þessu tagi. Eg er þeirrar skoðunar, að þarna þurfi menn að rata ákveðinn meðalveg, að sjálfsögðu að vera búnir að vinna ákveðna grunnþætti en ætla sér samt ekki að ganga of langt í þessum efnum. Við þurfum í rauninni að temja okkur það í sambandi við fyrirtæki af þessu tagi og anna verkundirbúning, alveg eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. nefndi í sínu máli, að vera undir það búnir að snúa við, endurskoða þær áætlanir, jafnvel þó að við séum komnir með heimildarákvæði í hendur í sambandi við meiri háttar mannvirki, að endurskoða okkar áform og áætlanir, ef við sjáum við frekari skoðun máls að ástæða sé til að staldra við og breyta um stefnu, hvort sem það varðar mál í heild eða tímasetningu framkvæmda, eins og hlýtur að vera álitamál t. d. í þessu tilviki. Inn í það mál kemur orkan og margt fleira.

Ég vil svo að lokum vekja athygli á einum þætti þessa máls sem ekki hefur verið ræddur hér og nú sérstaklega, en kom fram við 1. umr. málsins. Það er sá kostnaður sem þessu fyrirtæki er ætlað að bera umfram þau fyrirtæki í orkufrekum iðnaði sem starfandi eru í landinu. Það er sérstaklega raforkuverðið og reyndar auk þess 1% eða allt að því 1% aðstöðugjald eða samsvarandi gjald á aðstöðugjaldsstofn. Þegar við lítum á útreikninga um arðsemi þessa fyrirtækis þurfum við að hafa þetta í huga, að þarna er gert ráð fyrir orkuverði og gjöldum sem eru til muna hærri en í sambærilegum fyrirtækjum sem starfa hérlendis. Ég tel að þær niðurstöður, sem fyrir liggja og auðvitað eru háðar óvissu eins og allt sem varðar framtíðina, séu gildari vegna þess að þar er byggt á eðlilegu orkuverði að mínu mati og við erum með fyrirætlanir um að leggja meiri byrðar á þetta fyrirtæki í formi opinberra gjalda heldur en gert hefur verið um hliðstæðan rekstur.

Ég tek svo undir það sem kom fram hjá hv. þm. Sigurlaugu Bjarnadóttur í sambandi við stefnu í uppbyggingu fyrirtækja af þessu tagi. Hún hélt sannarlega fram réttu máli þegar hún vék að nauðsyn þess að dreifa fyrirtækjum í orkufrekum iðnaði og meiri háttar iðnfyrirtækjum á hina einstöku landshluta, eftir því sem fært þykir, og þá ekki síst landshluta sem búa yfir mikilli orku. Það skiptir auðvitað geysilega miklu máli að slík fyrirtæki verði lyftistöng fyrir viðkomandi svæði. Og þar varðar miklu

að undirbúningi verka sé háttað þannig að það verði öðru atvinnulífi á viðkomandi svæði lyftistöng. Til þess þarf að vanda og það þarf tíma til þess að það megi takast. Það er ætlan manna, sem að undirbúningi þessa máls hafa staðið, að svo megi verða í meiri mæli en t. d. var kleift við járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og einnig að íslenskur iðnaður, þjónustu- og framleiðsluiðnaður, geti komið þarna meira að verki en tekist hefur hingað til við ýmsar stórframkvæmdir í landinu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég ítreka þakkir til þeirra manna, sem hér hafa lagt hönd á plóg í meðferð þingsins, og ég þakka velviljaða gagnrýni í garð þessa máls. Ég hef látið vera að verja það rn. sem ég stend fyrir og hefur reynt að vinna sem best að þessu máli, en lengi má um bæta. Ég vænti þess, að frekari undirbúningur þessa máls eigi eftir að treysta undirstöður þessa fyrirtækis og leiða í ljós að þar verði um arðbært og lífvænlegt fyrirtæki að ræða. Það skulum við vona að komandi sumar leiði í ljós. Og ég vænti þess, að sá stutti tími, sem er til þingloka, nægi okkur til þess að stíga það skref sem hér er stefnt að með áliti og tillögum meiri hl. iðnn.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Í niðurlagsorðum ræðu sinnar komst hæstv. iðnrh. svo að orði, að það þyrfti að dreifa orkufrekum iðnfyrirtækjum á ýmis landssvæði, og sagði síðan orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „og þá ekki síst landshluta sem búa yfir mikilli orku.“ Þessi ummæli hæstv. iðnrh. komu mér ekki á óvart vegna þess að það sést af þeim plöggum, sem hann hefur lagt fyrir Alþingi, að hann hefur nú þegar markað þá stefnu, að stóriðjufyrirtæki skuli ekki rísa við Eyjafjörð í náinni framtíð, eins og ég skal nú gera grein fyrir. Allt annað á að sitja fyrir þessu sérstaka byggðarlagi. Þó liggur fyrir að atvinnuástand á þessum stað stendur nú mjög hallandi fæti, fyrst og fremst fyrir þá sök, að þannig hefur verið búið að iðnaðinum í landinu og þá fyrst og fremst útflutningsiðnaðinum, að hann á nú mjög í vök að verjast og getur ekki tekið á móti nýju fólki og er rekinn með bullandi hallarekstri frá ári til árs.

Ég vil taka það fram strax í upphafi máls míns, að ég er ekki trúaður á það, þótt hæstv. iðnrh. sé duglegur að senda frá sér bækur, að hann hafi dugnað í sér til að reisa nýjar verksmiðjur í stað allra þeirra glötuðu atvinnutækifæra sem týnast á hverju misseri nú vegna þess að iðnrekstrinum í landinu, þeim fyrirtækjum sem fyrir eru í landinu, eru ekki búin lífvænleg skilyrði. Ég veit satt að segja ekki hvar á að byrja, það er af svo mörgu að taka.

Það er í rauninni erfitt fyrir þm. af Norðurlandi að sitja nú hér á Alþingi. Á sama tíma og Blönduvirkjun er að komast í gegn og verða að veruleika verðum við Norðlendingar að horfa á það, að engar hugmyndir eru uppi um það í náinni framtíð að orkufrekur iðnaður rísi á því svæði sem mest hefur verið talað um undanfarin 20—30 ár. Af hverju? Vegna þess að hæstv. iðnrh. sér ekki út fyrir túngarðinn hjá sér. Vegna þess að hann af staðbundnum pólitískum ástæðum horfir einungis til Reyðarfjarðar og þess svæðis í kringum sig sem þar er.

Ég er hér með tvær skýrslur í höndunum sem báðar fjalla um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Í fyrri skýrslunni er talað um að það sé vel athugandi að kísilmálmverksmiðja rísi annars staðar en í Reyðarfirði. Ég vil lesa þar orðrétt kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Staðarvalsnefnd hefur fjallað um samtals 10 svæði eða staði á landinu með hliðsjón af fyrrgreindum atriðum. Þessi svæði eru Reykjavíkursvæði, Akranessvæði, Ísafjarðarsvæði, Húnaþing, Skagafjörður, Eyjafjörður, Húsavíkursvæði, Reyðarfjörður, Þorlákshöfn og Suðurnes. Af ýmsum ástæðum hefur nefndin að svo stöddu einkum staðnæmst við þrjú svæði, þ. e. Reykjavíkursvæðið, Eyjafjörð og Reyðarfjörð, sem koma að mati nefndarinnar öll vel til álita í þessu samhengi. Kemur sú niðurstaða heim við ályktanir flestra þeirra sem hafa áður fjallað um þessi mál.“

Ég hef farið fram á það bæði við hæstv. ráðh. og eins við starfsmenn hans í iðnrn., að ég fengi skýrslur og plögg um það, hvernig staðið hefur verið að stóriðjuhugmyndum við Eyjafjörð. Ég hef óskað eftir að fá um það upplýsingar, hvað staðarvalsnefnd hefur sett á blað um þau efni. Ég hef óskað eftir að fá staðfestingu á því að Eyjafjarðarsvæðið hafi ekki gleymst, staðfestingu á því, að við Norðurlandsþm. verðum ekki látnir gjalda þess þó við horfum ekki öfundaraugum til Austfjarða þótt þeir fái líka einhverja úrlausn sinna mála.

Ég er ekki þannig skapi farinn að ég hafi geð í mér til þess að reyna að spilla fyrir uppbyggingu atvinnulífs annars staðar á landinu en á Norðurlandi. Ég lít engum öfundaraugum til þess að landið allt geti byggst samtímis. Ég tel það sjálfsagt og rétt, af því að ég lít þannig á byggðastefnu að hún geti ekki staðist og geti ekki risið undir nafni nema því aðeins að við leitum allra fanga í okkar fátæka landi til þess að byggja upp ný atvinnutækifæri. Ég vil taka undir orð þess manns sem vitrastur hefur á þingi setið fyrir Framsfl., Gísla heitins Guðmundssonar, þegar hann sagði að við værum vel menn til þess að byggja upp okkar land í samvinnu við útlendinga og með erlendum áhættufjármagni. Þau orð standa enn í fullu gildi.

Ég tek eftir því, að þeir þm., sem styðja ríkisstj. og eru að norðan, hafa verið næsta fáorðir um þessa hlið málsins. En ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. geri grein fyrir því annaðhvort nú í kvöld eða nótt, — hæstv. forsrh. er sennilega farinn, ég sá að taskan hvarf um hálfeitt, — annaðhvort nú í nótt eða þá í morgun við 3. umr. málsins, áður en þingi lýkur, hvaða iðnaðarkostir séu í huga hans fyrir Eyjafjörð. Ég er að reyna að fletta þessum plöggum en fæ satt að segja ekki mikið út úr því.

Ég sé þó ástæðu til að vitna hér til annarrar setningar í þessu plaggi sem heitir Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, áfangaskýrsla I, útgefin í maí 1981, með leyfi hæstv. forseta:

„Orkufrekur iðnaður hefur óumdeilanlega áhrif á atvinnulíf og efnahag þar sem honum er valinn staður. Staðarval hefur því byggðapólitískar afleiðingar. Til að mynda getur orkufrekur iðnaður orðið til að dreifa atvinnutækifærum um landið. Ef þessir möguleikar eiga að nýtast sem best verða menn að gefa gaum að því, hvað henti best á hverjum stað og hvaða aðrir iðnaðarkostir komi þar til álita. Kísilmálmbræðsla er ein af smærri iðjuverum sem nú eru til umræðu. Orkunotkun hennar er tiltölulega mikil miðað við starfsmannafjölda, ekki síst ef eldsneytisverksmiðja bætist við. Því er að öðru jöfnu eðlilegt að slíkri verksmiðju sé valinn staður á svæði þar sem mikla raforku er að finna, en fólksfjöldi er ekki að sama skapi mikill. Þessi einkenni á kísilmálmframleiðslu mæla því með staðarvali á Reyðarfirði frekar en á Reykjavíkursvæðinu eða við Eyjafjörð. Hér ber þó að geta þess, að fólksfjöldi á Reyðarfjarðarsvæðinu er við

neðri mörk þess sem nefndin telur æskilegt fyrir verksmiðju af þessari stærð."

Ég sé satt að segja ekki ástæðu til þess að vera að eyða orðum að hæstv. iðrnh. ef hann er víðs fjarri. Ef menn ætlast til þess að menn standi hér í ræðustól fram eftir allri nóttu, þá geta hæstv. ráðherrar vel setið í sætum sínum. Síðan kemur — og ég vil undirstrika þessi orð í skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Flestum kemur nú saman um að álver verði ekki reist með góðu móti nema í nágrenni Reykjavíkur og e. t. v. við Eyjafjörð, og skal það látið liggja á milli hluta, hvort menn gera ráð fyrir að álverum fjölgi í landinu á næstunni."

Þetta er dúsan, en ekki nema dúsa. Dúsa er notuð handa börnum til þess að blekkja þau og hefur enga næringu. Og það eiga Eyfirðingar að fá. Þeir eiga að fá dúsu. Það er sagt við þá: Þið fáið kannske álver einhvern tíma. En hvenær? Við því er ekkert svar. Það er meira að segja svo langt gengið, að í þeim plöggum, sem komið hafa frá hæstv. iðnrh. síðan, er Eyjafirði algerlega sleppt þegar talað er um álver, ekki minnst á hann einu einasta orði, hvergi. Till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu. Hvar er minnst á Eyjafjarðarsvæðið þar? Hvergi. Í þessu nýja plaggi um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, hvar er þar rökstuðningur fyrir því, að kísilmálmverksmiðja skyldi frekar rísa við Reyðarfjörð en við Eyjafjörð? Enginn rökstuðningur fyrir því. Það er pólitísk ákvörðun sem ég skal ekki gagnrýna. Við höfum ekki, Norðlendingar, staðið gegn því, að orkufrekur iðnaður rísi á Austfjörðum, síður en svo. En við viljum líka fá eitthvað handa okkur. Akureyri er að verða láglaunasvæði. Iðnaðarmenn á Akureyri eru farnir að leita til annarra landshluta. Á hverju byggist orðið líf manna á þessu svæði sem hefur verið eina mótvægið við Reykjavíkursvæðið allan þennan tíma? Afkoman þar byggist á því, að við Eyjafjörð eru milli 15 og 20 skuttogarar. Á því höngum við meðan þorskurinn er í sjónum. En þetta er þó ekki meiri togarafloti en svo, að öðru eins hefur verið bætt við þennan flota á s. l. tveimur árum með ýmsum hætti, og hafa ýmsir verið gabbaðir og ýmsir plataðir og ýmsir kvartað sáran yfir því og skal ég ekki út í það fara. En okkur þykir þetta heldur einhæft.

Við gerðum okkur á sínum tíma miklar vonir um það, að okkur tækist að byggja upp fyrir norðan og bæta við þann vísi að útflutningsiðnaði sem þar var. Það hafði tekist að vinna markaði erlendis, nýja markaði, bæði í ullar- og skinnaiðnaði, um það leyti sem ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar fór frá. Hvernig hefur unnist úr þessu síðan? Hvað hefur gerst í skinnaiðnaðinum? Hvernig er skinnaverksmiðjan á Dalvík? Er hún rekin með fullum afköstum nú eins og hún var þá? Við löfum í því í sambandi við útflutning á ullarvörum, að við eigum nú góða hönnuði og okkur hefur tekist að komast inn á markað í Vestur-Evrópu og erum að byrja að losna undan markaðinum í Rússlandi til guðs lukku. En hvað kemur þá? Kolvitlaus pólitík í gjaldeyrismálum. Afleiðingin er sú, að sá vaxtarbroddur, sem ullariðnaðurinn hefði getað verið fyrir þetta svæði, er að engu orðinn. Það hlaðast upp vanskilalán, það hlaðast upp hallalán, það er taprekstur. Þessi taprekstur er svo mikill að forstöðumenn þessara verksmiðja hafa í hyggju að kynna þm. hvernig rekstrarstaðan er nú þegar hún liggur fyrir eftir fyrstu þrjá mánuðina. Hvernig var það í sept.? Þá var haldinn fjölmennur fundur með öllu starfsfólki SÍS-verksmiðjanna til þess að færa ráðherrum, bankastjórum, fulltrúum stjórnarráðs og þingmönnum heim sanninn um að það væri ekki hægt að reka þessi fyrirtæki við þau skilyrði sem boðið var upp á — ekki hægt. Og hvað á að koma í staðinn? Á hverju eigum við að byggja upp framtíð staðarins, stækka hann og bæta? Hvernig er ástandið í landbúnaðinum? Nýja mjólkursamlagið, ætli það mali gull? Ég man ekki betur en fyrir handvömm núv. hæstv. sjútvrh. hafi ostamarkaður þess fyrirtækis í Bandaríkjunum glatast og ekkert fengist í staðinn. Nú er enginn Óðalsostur framleiddur þar lengur til útflutnings svo langt ég veit. Ef maður flettir blöðum þessarar hæstv. ríkisstj., þá er þarna eyða. Það vantar ekki fögur orð inn á milli, en það er ekkert gert, ekki nokkur skapaður hlutur.

Það er svo til marks um annað, að þó við, ég og hv. 2. þm. Norðurl. e., flytjum um það till. á þinginu ár eftir ár að Alþingi feli ríkisstj. að kanna sérstaklega nauðsyn eflingar atvinnulífs á Norðurlandi eystra og kosti þess að velja þar stóriðju stað, t. d. í grennd Akureyrar eða Húsavíkur, þá fæst slík till. ekki samþykkt, hún fæst ekki út úr nefnd, hún er svæfð í nefnd þó að hún sé þingmál nr. 11. Þó að hún sé lögð fram á öðrum degi þingsins, þá dugir allt þinghaldið ekki til þess, að slíkt mál komist úr nefnd, þó að það sé endurflutt og síflutt og þó að það sé stutt með ótal ályktunum af þingum Norðlendinga og ótal ályktunum bæjarstjórnar Akureyrar, margháttuðum eftirrekstri af þm. kjördæmisins, ótal upphrópunum og ítarlegum rökstuðningi, þá fæst það ekki út úr nefnd. Það er að vísu rétt, að það er í athugun í sambandi við trjákvoðuverksmiðju á Húsavík, hvort það kunni að reynast góður kostur. Þm. kjördæmisins voru kallaðir til af Húsvíkingum sérstaklega til að fylgjast með því máli og reka á eftir því. Hvernig hefur iðnrn. brugðist við? Hvernig hefur hæstv. iðnrh. hagað sér í þeim efnum? Seint og um síðir, tveim, þrem, fjórum mánuðum eftir að síðasta skýrsla kom, sem ég veit um, tókst okkur að fá hana í hendur, löngu eftir að Húsvíkingar höfðu fengið hana í hendur. Hvað höfum við fengið að frétta síðan? Ekkert. Hvernig standa málin nú? Um það vitum við ekki neitt. Hvernig hagaði ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar sér þegar unnið var að járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga? Ég man ekki betur en við hliðina á þeirri undirbúningsnefnd hefði starfað nefnd með fulltrúum allra þingflokkanna til að fylgjast með málinu. Nú dugir ekki til að sveitarfélagið, Húsvíkingar sjálfir, óski sérstaklega eftir að við fáum að fylgjast með, því er ekki ansað. Þó var það fyrir okkar milligöngu að haft var samband við iðnrn.

Það er raunar dapurlegt að hugsa til þess, að það skuli vera autt sæti þess manns í ríkisstj. sem þó ætti að hafa allan hug til þess, að hans gömlu félagar í Sjálfstfl. fengju að fylgjast með slíkum málum, ef hann vill veg flokksins mikinn um allt land, en ekki bara í kringum sjálfan sig. Þar fengum við ekki að fylgjast með.

Hvernig tekur Alþingi þessu viðhorfi hæstv. iðnrh., ef við lítum til þess? Við sjáum það á afgreiðslunni á kísilmálmverksmiðjunni nú. Menn vilja fá þingkjörna stjórn. Þingið vill fá að fylgjast með. Menn vilja ekki fá frumvörpin inn á borðin til sín í þinglok og afgreiða þau svo á færibandi. Menn vilja fá að fylgjast með gangi mála frá stigi til stigs til þess að geta sannfærst um að ítarleg könnun, nauðsynleg athugun, heiðarleg úttekt sé gerð á málunum, en á því vill verða mikill misbrestur, því

miður.

Í endaðan mars samþykkti bæjarráð Akureyrar svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarráð Akureyrar lýsir stuðningi við virkjun Blöndu. Jafnframt vill bæjarráð vekja athygli stjórnvalda á að mikil nauðsyn er nýs átaks í iðnaðaruppbyggingu á Eyjafjarðarsvæðinu, og hvetur stjórnvöld til að vera vakandi yfir nýjum iðnaðarmöguleikum sem henta Eyjafjarðarsvæðinu.“

Síðan segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Í samtali við Sigurð J. Sigurðsson, bæjarráðsmann Sjálfstfl., sagði Sigurður að þessi samþykkt kæmi nú til vegna þess að svo virtist sem Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið kæmu ekki inn í myndina þegar rætt væri um næstu átök í uppbyggingu iðnaðar sem ríkisvaldið beitti sér fyrir. Það væri kunnara en frá þyrfti að segja, að ef ekki kæmu til ný atvinnutækifæri á Eyjafjarðarsvæðinu yrði ekki hægt að veita því fólki atvinnu sem kæmi inn á vinnumarkaðinn á næstu árum. Kæmi slík kyrrstaða upp í atvinnumálum á þessu svæði hefði hún mjög alvarlega byggðaröskun í för með sér. Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið væru eina landssvæðið sem gæti raunverulega eflst sem mótvægi við Reykjavíkursvæðið.

Sigurður sagði enn fremur að bæjarstjórn Akureyrar hefði gert ítrekaðar samþykktir í þessa sömu átt, en fátt hefði verið um undirtektir stjórnvalda. Í þessu sambandi væri vert að minnast samþykktar bæjarstjórnar Akureyrar frá 25. nóv. og 2. des. 1980, svars bæjarstjórnar Akureyrar til staðarvalsnefndar frá 3. febr. 1981, bókunar bæjarráðs frá 9. júní og fundar bæjarráðs Akureyrar með staðarvalsnefnd 15. júní á s. l. ári. Þá hefði verið framkvæmd atvinnumálakönnun á Akureyri að tilhlutan bæjarfulltrúa Sjálfstfl., sem staðfestir þá sömu staðreynd, að hér yrði um að ræða verulegan skort á atvinnu á allra næstu árum ef ekki kæmu til ný atvinnufyrirtæki. Bæjarstjórn Akureyrar hefur í tillögum sínum talið að næsta átak, sem ríkisvaldið beitir sér fyrir í uppbyggingu nýiðnaðar, ætti að vera á Eyjafjarðarsvæðinu.“

Síðan minnir bæjarfulltrúinn á Blönduvirkjun og ítrekar þann gamla draum Norðlendinga, að sú stórvirkjun mætti verða til langvarandi ativnnuuppbyggingar, að Norðlendingar stæðu ekki að lokinni byggingu þeirrar virkjunar uppi, eins og Sunnlendingar nú, með orkuver en engan iðnað, ekkert slíkt fyrirtæki.

Í till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu er talað um að hraða hagkvæmniathugunum. Nú er ég að tala um till. ríkisstj. Þar er talað um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, áliðju án staðsetningar, stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, að vísu trjákvoðuverksmiðju, það skal viðurkennt, og sjóefnaiðnað, svo sem natríumklóratvinnslu og magnesíumframleiðslu. Þetta hvort tveggja er bundið við Suðurnes.

Í grg. er síðan ítrekað hverjir iðnaðarkostirnir eru. Þar er talað um það sama á bls. 5 nema í sambandi við álver er talað um að á tímabilinu fram til 1987 væri einnig tæknilega unnt að auka álvinnslu við Straumsvík t. d. um 40 þús. tonn. Enn er talað um að halda áfram uppbyggingu stóriðju hér á þessu svæði í þessu samhengi, Eyjafjarðarsvæðinu sleppt. Á bls. 7 er talað um hagkvæmniathuganir á einstökum iðnaðarkostum, en þar er athugun komin lengst varðandi kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, auk athugana sem fram hafa farið vegna hugsanlegrar stækkunar járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Enn er það ítrekað þarna, að Eyjafjarðarsvæðið hefur gleymst.

Á bls. 20 er plagg frá orkustefnunefnd. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Iðnaðarkostir sem gætu komið í gagnið fyrir 1987.“ Þar er um að ræða möguleika á kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, trjákvoðuverksmiðju, natríumklóratverksmiðju á Reykjanesi, auk möguleika á stækkun núverandi orkufreks iðnaðar. Þar er möguleikinn bundinn áfram við Grundartanga og álverið í Straumsvík, ekki eitt einasta orð enn um Norðurland nema í sambandi við trjákvoðuverksmiðju.

Þegar ræddir eru iðnaðarkostir orkustefnunefndar eru sérstakir kaflar um innlenda eldsneytisframleiðslu — ekki kemur hún á Norðurlandi — kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, um þriðja ofn járnblendiverksmiðju á Grundartanga er sérstakur kafli. Að vísu er nefnd trjákvoðuverksmiðja, hún er á Húsavík. Síðan er talað um natríumklóratverksmiðju, hún er á Reykjanesi. Síðan er talað um íslenska áliðju og til þess að ekkert fari milli mála væri kannske rétt að lesa þann kafla allan upp. Ég skal þó ekki gera það, en aðeins minna á að á bls. 36 er enn talað um stækkun álverksmiðjunnar. Og nú dugir ekki að tala um að hún stækki einu sinni, heldur er talað um að hún stækki tvisvar. Síðan er langt fimbulfamb um álver á öðrum stöðum, talað um að slík framkvæmd geti ekki orðið fyrr en á árinu 1990, en þess gætt vendilega að nefna engan stað, ræða ekki hugsanlegt álver í Eyjafirði, sem þó var sú dúsa sem stungið var upp í okkur Norðlendinga þegar áfangaskýrslan um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði var lögð fyrir okkur í maí 1981. Ekki einu einasta orði er eytt í Norðurland enn í þessu sambandi. Talað er um magnesíumverksmiðju á Reykjanesi. Síðan er talað um aðra kosti. Má þar nefna hugsanlega fjórða ofn járnblendiverksmiðju á Grundartanga, þriðja ofn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði o. s. frv. Hvar er Eyjafjörður? Ekki orð. (Gripið fram í.) Ég veit allt um það. Þannig stendur þetta mál. Svo einfalt er það. Þetta á allt fram hjá okkur að fara, bæði öllu Norðvesturlandi eins og það leggur sig og Eyjafjarðarsvæðinu. Og þm. kjördæmisins fá ekki einu sinni að fylgjast með því sem er að gerast í sambandi við trjákvoðuverksmiðjuna á Húsavík. Þó að þar kynnu einhverjir iðnaðarkostir að vera fyrir hendi mundum við frétta um það seint og síðar meir eða kannske aldrei.

Það er eftirtektarvert í sambandi við þetta plagg, að þar er talað um að iðnrh. hafi skipað menn til að vera iðnrn. og ríkisstj. til ráðuneytis um mótun samræmdrar orkustefnu til langs tíma. Það vekur athygli auðvitað, að þar eru einungis fulltrúar frá þeim flokkum sem skipa núv. ríkisstj. — og svo frá horninu sem við misstum fyrir vangá út úr okkar flokki, en sumir a. m. k. vilja nú koma aftur. Síðan kemur hæstv. iðnrh. hér upp í stól og segir: Ég skal nú að lokum segja nokkur falleg orð. — Og síðan fer hann að tala um hvað hann sé afskaplega glaður yfir því, að alþm. skuli vinna saman að því að reyna að bæta hans frv. Hann virðist afskaplega undrandi og hissa á því, að venjulegir þm. í þessu húsi skuli yfirleitt fást til að tala efnislega um mál, sem miklu skipta, og skuli geta unnið saman. Þetta er í annað skipti nú í dag, held ég, sem hann flytur þessa undarlegu tölu. En honum dettur ekki í hug að draga af góðum vinnubrögðum Alþingis þann lærdóm að skilja það, að málin mundu vinnast miklu betur hér, árangur verða meiri og sannfæringin fyrir málalyktum

sérstaklega meiri ef ekki væri reynt að fela og draga undan staðreyndir. Svo var t. d. gert í því máli sem andartak kom á dagskrá áðan í sambandi við járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Í grg. með því frv. telur hæstv. iðnrh. tvö atriði sem hann segir að mestu valdi um það hversu mikill halli var á járnblendiverksmiðjunni á s. l. ári, en telur ekki það atriði sem Þjóðhagsstofnun leggur mest upp úr, sem var orkuskorturinn, að verksmiðjan gat ekki starfað við fulla framleiðslu vegna orkuskorts. Því sleppti hæstv. iðnrh. þar og skal ég ekki gera það að miklu máli nú. En ég ítreka það sem ég sagði áðan og þykist hafa fært full rök fyrir, að ekkert hefur komið upp úr pokanum um það, hvernig hæstv. ríkisstj. hvernig hæstv. iðnrh. hyggst vinna að uppbyggingu nýiðnaðar um allt land.

Ég veit ekki hvort rétt er að rifja upp þær kenningar sem Valdimar Kristinsson hagfræðingur setti á sínum tíma fram um það, að hér yrði ekki heilbrigð byggðaþróun, jafnvægi gæti ekki haldist í byggðinni nema því aðeins að okkur tækist að koma upp byggðakjörnum víðs vegar um landið. Þessar umræður vöktu þó á sínum tíma svo mikla athygli að Valdimar var beðinn m. a. um að halda fyrirlestur um þessar hugmyndir á Austurlandi þar sem hann gerði skýra grein fyrir því, hvaða leiðir væru vænlegastar til að byggð þar gæti eflst. Ég held að ég muni það rétt, að hugmyndir hans hafi reynst svo lífvænlegar, að þær séu nú í stórum dráttum að komast í framkvæmd, bæði með eflingu Egilsstaðarkaupstaðar og einnig með því að stóriðjuver rísi við Reyðarfjörð.

En nú skulum við aðeins íhuga hvernig á því stendur, að við Norðlendingar leggjum svo mjög upp úr því, að einmitt Eyjafjarðarsvæðið verði fyrir valinu þegar nýjum orkufrekum iðnaði verður valinn staður. Skal ég í því sambandi vitna til grg. með þáltill. okkar hv. 2. þm. Norðurl. e., sem við höfum hamrað á ár eftir ár hér í þinginu, en góð vísa er sjaldan of oft kveðin. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Afar þýðingarmikil rök fyrir því að velja stórfyrirtækjum stað í grennd við öfluga þéttbýlisstaði felast í þeirri staðreynd, að einmitt þar hefur ný atvinnustarfsemi mest áhrif til eflingar annarra iðn- og þjónustugreina. Slíkt staðarval hefur því mest áhrif á byggðaþróun í landinu sem unnt er að ná með einni ákvörðun. Akureyri er sem kunnugt er stærsti þéttbýlisstaður utan höfuðborgarsvæðisins og þar er fyrir öflugastur iðnaður og þjónustugreinar á landsbyggðinni.

Áætla má að fyrirtæki, sem veitir 400 manns atvinnu, muni örva aðra atvinnustarfsemi í Eyjafirði þannig að um 600 ný atvinnutækifæri hlytust af staðarvali slíks stórfyrirtækisins til viðbótar. Þannig yrði fjöldi nýrra atvinnutækifæra 1000 og íbúafjölgun a. m. k. 3000 manns vegna staðarvalsins. Á hinn bóginn yrði íbúafjölgun minni og færri ný atvinnutækifæri sem hlytust af staðarvali slíks fyrirtækis í 1000 manna héraði, en félagslegar aðstæður allar gerbreytast þar sem hefðbundnar atvinnugreinar væru væntanlega einar til staðar í slíku byggðarlagi. Um framangreindar niðurstöður af þeim áhrifum, sem staðarval stórfyrirtækja hefur á atvinnu- og byggðaþróun, liggja fyrir reynsluathuganir, m. a. í Noregi."

Þetta er kjarninn í okkar skoðunum, kjarninn í okkar byggðastefnu sem fluttum þessa þáltill. Við bendum á að með því að slíkt stórfyrirtæki risi á Akureyri mundi það vinda upp á sig, mundi skapa öðru fólki atvinnu heldur en alls staðar annars staðar utan þéttbýlissvæðisins hér í kringum Reykjavík. Við slægjum þess vegna tvær flugur í einu höggi. Ef hæstv. iðnrh. hefur aðra skoðun á þessu atriði, þá skora ég á hann hér og nú að gera grein fyrir þeim skoðunum sínum. Eftir því sem ég hef kynnt mér þessi mál hefur það ævinlega verið reynslan, að slík stórfyrirtæki njóta sín best þar sem þétt byggð er fyrir og þar sem öflugur þjónustuiðnaður er fyrir.

Ég veit satt að segja ekki hvort ástæða er til nú við 2. umr. að ræða þetta frekar. Ég veit ekki hvort hæstv. iðnrh. er reiðubúinn til þess hér og nú að gefa mér upplýsingar um það, hvernig unnist hefur og hvort nokkuð hafi yfirleitt verið gert í sambandi við þau áhugamál mín sem ég hef hér lýst. En hitt ætla ég að sé lágmarkskrafa þingmanns í stjórnarandstöðu þegar um er að ræða fyrirtæki sem ein geta skipt sköpum í því kjördæmi sem hann er fyrir, að honum gefist kostur á því að fylgjast stöðugt með þeim rannsóknum og athugunum sem fram fara á uppbyggingu slíks fyrirtækis. Þegar við hittumst þm. Norðurlands í sambandi við Blönduvirkjun fyrr á stjórnarferli þessarar ríkisstj. var það samdóma álit allra þeirra þm. Norðurlands sem að því viku, hvaða þýðingu Blanda gæti haft fyrir byggðaþróun á Norðurlandi, að það yrði ekki nema hálfur sigur unninn nema því yrði fylgt eftir í iðnþróun á Norðurlandi. Sumir gengu jafnvel svo langt að segja að betra væri að láta Blöndu bíða ef ekkert ætti að fylgja á eftir.

Herra forseti. Ég veit ekki hvort það hefur þýðingu, eins og á stendur og meðan sá maður skipar sæti hæstv. iðnrh. sem nú gerir það, að vera að hvetja til þess, að sú atvinnuuppbygging, sem ég hef hér aðallega gert að umræðuefni á Eyjafjarðarsvæðinu, geti orðið. Það var yfirlýst stefna Alþb. fyrir næstsíðustu kosningar og fyrir margar síðustu kosningar að engin stóriðja skyldi rísa við Eyjafjörð, enginn orkufrekur iðnaður skyldi rísa í þessu kjördæmi. Kjósendum var heitið þessu um allt kjördæmið. Ég get vel skilið það að hæstv. iðnrh. fari í þessu að vilja sinna flokksbræðra. En mér þætti þá hreinskilni ef það væri sagt umbúðalaust svo að það liggi fyrir. Þá vissum við það, þá hefðum við ekki neins að vænta og gætum hafið baráttu fyrir okkar lífshagsmunamálum á þeim grundvelli.

Það erum ekki bara við fyrir norðan, það eru þm. úr öllum kjördæmum hringinn í kringum landið sem vita að það er ömurlegt hlutskipti að vera þm. á því svæði þar sem lífskjörum hrakar meira en annars staðar á landinu, þar sem fyrirtækin eru að deyja, þar sem fólkið er að flytjast burt og þar sem unga fólkið sér enga framtíð. Það er ekki öfundsvert að vera þm. á slíkum stöðum, síður en svo. Það er m. a. þess vegna sem við Norðlendingar unnum Austfirðingum vel að þeir fái sterkt fyrirtæki sem getur hresst þá við. Og það er líka svo, að á milli Austfjarða og sérstaklega Norðurlands eystra hefur löngum verið góð samvinna á mörgum sviðum: á sviði verslunar, í menningarmálum, í samgöngumálum og í atvinnumálum yfirleitt. Það stendur því síst á okkur að reyna að bregða fæti fyrir að Austfirðingar hressist. En að hinu leytinu á ég kannske af þessum sökum erfiðara með að sætta mig við að þessi tillitssemi skuli ekki vera gagnkvæm. Ef maður rifjaði t. d. upp: hvað skyldu margir menn hafa unnið við húsgagnasmíði í verksmiðjunni Valbjörk fyrir 20 árum? 60—80 manns? Hvað skyldu margir menn á Akureyri vinna í dag við smíði húsgagna? Þá væru það bara í þessari einu verksmiðju

6—8. Það sagði við mig gamalreyndur húsgagnasmiður þar, sem sprakk á limminu, að nú væri svo komið á Akureyri að það væru einungis gamlir skarfar eins og hann sem kynnu til verka í húsgagnasmíði. Þessi iðnaður, sem vakti landsathygli, vörur þaðan voru svo eftirsóttar að Reykvíkingar fóru jafnvel norður til að kaupa sér húsgögn, — þessi iðnaður hefur algerlega gufað upp. Af hverju? Vegna þess að honum hafa verið búin þau skilyrði að hann stenst ekki samkeppni við innflutt húsgögn. Það var merkileg lífsreynsla að koma í nýja verslun Kaupfélags Langnesinga. Þeir voru búnir að fá fyrstu húsgagnasendinguna. Þar var ekki einn einasti stóll, ekki eitt einasta borð smíðað á Íslandi, hjá kaupfélaginu sjálfu, sem þó var til þess stofnað að fá atvinnuna, verslunina og iðnaðinn inn í landið og hefur notið margra skattfríðinda einmitt vegna þessarar hugsjónar sinnar.

Hvernig standa byggingarfyrirtækin? Maður er að rekast á iðnaðarmenn að norðan úr byggingariðnaðinum, sem hafa fengið vinnu á Reykjanesi eða Snæfellsnesi. Öðrum iðngreinum hefur hrakað með svipuðum hætti. Þó er það ekki vegna þess að þeir menn, sem við þessi fyrirtæki vinna, hafi ekki unnið jafnvel og lagt sig jafnmikið fram. Sú er ekki ástæðan. Þessir menn vinna nákvæmlega jafnvel og þykir nákvæmlega jafnvænt um sín fyrirtæki og áður. Þeir leggja sig alla fram. En fyrirtækin skila ekki arði. Það er mergurinn málsins. Þeir tapa og menn hafa ekki lengur efni á því að endurnýja sín framleiðslutæki, — þetta er sú sorgarsaga, — hvað þá að nokkrum ungum manni detti í hug að hann hafi bolmagn til að ráðast í að stofna nýtt fyrirtæki. Við því er ekki að búast. Þannig er sú saga. Meira að segja eru uppi áætlanir um það í heilbrmrn. að standa ekki við þau loforð og við þær áætlanir sem gerðar voru þó um áframhaldandi uppbyggingu Fjórðungssjúkrahússins þar. Ég veit ekki betur en myndarlega hafi verið skorið af þeirri litlu sneið sem átti þó að fara til verkmenntaskólans. Hvað líður raðsmíði fiskiskipa? Hvernig er búið að skipaiðnaðinum? Skipaiðnaðurinn hefur þó verið það fyrirtæki fyrir norðan sem á móti flestu nýju fólki hefur tekið, myndarlegt stórt fyrirtæki. Hvernig er aðstaðan þar? Það er nú svo, að mönnum vefst kannske tunga um tönn þegar spurt er um raðsmíðina sem fyrir löngu átti að vera komin á, en í staðinn fyrir það eru fluttir inn fúnir ryðkláfar eins og Einar Benediktsson. Og það var þá smekkur með nafnið, að velja þessum ryðkláfi nafn þess manns sem hefur sýnt mestan stórhug og djörfung í sambandi við íslenskan iðnað, íslenska framleiðslu og allt sem íslenskt var.

Ég ítreka, herra forseti, að ég óska eftir því, að 3. umr. málsins geti ekki orðið fyrr en ég hef fengið nauðsynlegar upplýsingar um hverjar voru álitsgerðir staðarvalsnefndar í sambandi við það, að kísilmálmverksmiðju var valinn staður á Reyðarfirði, en ekki t. d. á Akureyri. Ég ítreka enn fremur: Þetta er ekki vegna þess að ég ætli að bregða fæti fyrir málið. Mér finnst hins vegar nauðsynlegt að þessar upplýsingar liggi fyrir til þess að við getum notað þær sem rök fyrir okkar máli þegar við viljum fá nýiðnað einnig hjá okkur. (**Gripið fram í:** Er þetta ekki í skýrslunni?) Það er ekki í skýrslunni, nei. (**Forseti:** 3. umr. fer fram á morgun.) Ég vænti þess, að forsetinn geti kannske greitt fyrir því, að málefnaleg umræða megi takast um mál hér í deildinni. Og í öðru lagi óska ég eftir því við hæstv. iðnrh., að hann láti mér í té þau gögn sem fyrir liggja hjá staðarvalsnefnd, greinargerð um þær athuganir sem þar hafa farið fram um stóriðjuna við Eyjafjörð. Og vænt þætti mér um ef hann léti þess jafnframt getið, t. d. hér í ræðustól, hvernig á því stendur að nafnið Eyjafjörður eða Akureyri hefur gersamlega dottið út úr hans pappírum á s. l. ári.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585). — Frh. 2. umr.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég held að það muni ekki greiða fyrir þingstörfum nú á síðasta degi eða undir lokin, ef hæstv. iðnrh. fæst ekki til þess að svara einföldum spurningum sem til hans eru bornar. Ég bar hér fram ákveðnar spurningar við síðasta mál sem hér var rætt, í sambandi við kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð. Nú er komið að járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, en hann hefur rætt um það í sínum tillögum, að það verði ekki fjölgað um einn ofn, heldur tvo, og ég óska eftir að hann svari því hér og nú, hvort hans hugmyndir standi til þess, að þessir tveir ofnar komi áður en hafist verði handa fyrir norðan. Ég skal svo geyma hér það til morguns, til 3. umr. málsins, að ræða þá þætti sérstaklega sem ég vil gera að umtalsefni í sambandi við það frv. til l. um breytingu á lögum um járnblendiverksmiðju sem hér liggur fyrir.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér þótti sem í máli hv. síðasta ræðumanns væri ekki mikill sannfæringarkraftur að óska eftir ítarlegum svörum af minni hálfu varðandi þau efni sem hann vék að, þó að ég skilji vel bæði áhuga hans og áhyggjur í sambandi við atvinnuþróun í hans kjördæmi og reyndar í Norðlendingafjórðungi.

Ég skal í örstuttu máli reyna að leysa úr því helsta, sem hv. þm. vék að, og leyfi mér að gera það undir þessum dagskrárlið, þar sem hann tengdi spurningu varðandi hugsanlega stækkun járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga við uppbyggingu stóriðnaðar á Norðurlandi.

Hvað snýr að því máli sem hér er til umr., breytingu á lögum um járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, þá er þar ekki um að ræða tillögur um stækkun eins og stendur, heldur að bjarga því fyrirtæki við með fjárhagsfyrirgreiðslu til þess að sú verksmiðja, sem þar stendur, geti haldið áfram sínum rekstri. Það eru eins og er ekki horfur á því, að skynsamlegt sé að ráðast í viðbót við þá verksmiðju. Ég segi: því miður eru rekstrarhorfur fyrirtækisins ekki þannig að það séu líkur á því, að það verði alveg á næstunni, en með þessum málum hefur verið fylgst og verður fylgst, hvernig úr rætist í sambandi við járnblendiverksmiðjuna.

En hvað Norðurland snertir, þá finnst mér það ekki réttmætt, sem fram kom hjá hv. 7. landsk. þm., að iðnrn. hafi gleymt Norðurlandi í sambandi við meiri háttar iðnað, nýiðnað og orkufrekan iðnað. Ég minni í því sambandi á tillögur af minni hálfu sem liggja fyrir hæstv. ríkisstj. og tengjast málum hér á Alþingi, um byggingu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki, sem er tiltölulega myndarlegt fyrirtæki miðað við það, sem gerist hérlendis, og greinilega mjög eftirsótt, miðað við þær umr. sem hér fara fram í þinginu um staðsetningu þess, og

síðan það fyrirtæki sem hv. þm. nefndi ítrekað í sínu máli, hugsanlega trjákvoðuverksmiðju á Húsavík. Sé það svo, að hv. þm. telji sig ekki hafa haft tök á að fylgjast með því máli upp á síðkastið sem skyldi — og það e. t. v. um lengri tíma, þá tel ég bæði rétt og skylt að reyna að bæta úr því, t. d. með því að greiða fyrir fundi hans með þeim mönnum sem að því máli vinna. Ég vil fullvissa hv. þm. um það, að unnið er af fullum krafti að athugun og undirbúningi þess máls. Hefur verið gert bindandi samkomulag við finnska aðila um hagkvæmniathugun á uppbyggingu slíks fyrirtækis hérlendis, og hefur verið litið á Húsavík fyrst og fremst í sambandi við staðsetningu á slíku fyrirtæki, sem eðlilegt er miðað við það frumkvæði sem heimamenn þar hafa haft um undirbúning málsins og eru þar hvataaðilar. Fyrir utan samstarf við finnska aðila um hagkvæmniathugun hafa markaðsmál varðandi aðföng verið í athugun og fyrirhuguð ferð þeirra, sem að málinu vinna, til Kanada ásamt finnskum aðilum til þess að fara nánar ofan í saumana á kaupum á hráefni fyrir það fyrirtæki. Margt mætti um það segja, sem ég tel ekki rétt að fara að tíunda úr þessum ræðustól, en þarna er um að ræða umtalsvert fjármagn, sem ráðstafað er af því, sem heimildir liggja fyrir um að verja til athugana í orkufrekum iðnaði, einmitt til þessa fyrirtækis, trjákvoðuverksmiðjunnar.

Vegna þess að hv. þm. vék sérstaklega að Eyjafjarðarsvæðinu og taldi þar vera mikla eyðu, þá vil ég fullvissa hann um að það er engan veginn minn hugur — né vil ég segja þeirra sem að ríkisstj. standa — að gleyma Eyjafjfjarðarsvæðinu í sambandi við atvinnurþóun. Ég trúi ekki öðru en hv. þm. hafi fengið um það vitneskju, að fyrir nokkru hafði iðnrn. um það forgöngu að heimamenn tækju þátt í athugun málsins, þ. e. athugun á möguleikum á iðnþróun í víðum skilningi á Eyjafjarðarsvæðinu, bæði þróunarmöguleikum þess iðnaðar sem fyrir er, almenns iðnaðar sem svo er kallaður, og möguleikum á nýjum iðngreinum allt upp í orkufrekan iðnað. Slík samstarfsnefnd um þetta mál er í fullum gangi, með aðild heimamanna fyrst og fremst, og ég á von á að fá innan skamms áfangaálit frá nefndinni ásamt áætlun um frekari störf á hennar vegum. Ég gæti nefnt aðila sem þarna standa að verki. Formaður í þessari samstarfsnefnd er Helgi Guðmundsson trésmiður á Akureyri, en með honum starfa ýmsir valinkunnir menn þar nyrðra, þ. a. m. forstjóri Slippstöðvarinnar sem ég hygg að hv. þm. eigi greiðan aðgang að eins og að öðrum mönnum sem eru að sinna atvinnumálum á Eyjafjarðarsvæðinu.

Það er mitt viðhorf í sambandi við staðsetningu og uppbyggingu meiri háttar iðnaðar þar eins og annars staðar, að það eigi ekki að vera að troða slíkum fyrirtækjum upp á heimamenn af hálfu utanaðkomandi aðila, af ríkisvaldinu eða öðrum, heldur þurfi menn að ná saman heima fyrir um áform í þessu efni og það þurfi að skapast um það sem bestur friður. Það mál, sem hér var til umr. fyrr í kvöld, kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, er ágætt dæmi um hvernig skapast hefur ágæt samstaða í héraði og reyndar í heilum landsfjórðungi um stórmál á þess landssvæðis vísu og skiptir miklu um það, að við þm. svæðisins höfum getað talað heils hugar og af fullum sannfæringarkrafti fyrir þessu máli. Ég sem iðnrh. hef að sjálfsögðu átt miklu auðveldara með að mæla með því og undirbúningi þess heldur en ef menn hefðu verið með margar skoðanir uppi um stefnu í því máli. Þess hefur gætt, því miður vil ég segja, varðandi Eyjafjarðarsvæðið eins og víðar, að þar eru skoðanir býsna skiptar um æskilega atvinnuþróun á svæðinu. En ég vænti þess, að sú samstarfsnefnd, sem er að störfum þar nú, hún og hennar störf verði til þess að menn átti sig betur bæði á möguleikum á þróun þess iðnaðar, sem fyrir er, og um hvað menn geta náð saman í sambandi við meiri háttar fjárfestingu og iðnfyrirtæki.

Hv. þm. spurðist fyrir um staðarvalsnefnd og hennar störf, — nefndar sem unnið hefur í hálft annað ár, að mig minnir, á vegum iðnrn. Hún hefur ekki horft fram hjá Norðurlandi eystra og ekki framhjá Eyjafjarðarsvæðinu. Hún hefur haft það mjög til athugunar með tilliti til staðsetningar á meiri háttar iðnaði, og ég má fullyrða að í þessum mánuði komi nokkuð gild skýrsla frá þessari nefnd, þingmönnum og öðrum til upplýsingar um stöðu mála og athuganir hennar, en gert er ráð fyrir að hún ljúki starfi í lok þessa árs eða byrjun hins næsta og hafi þá gert yfirlitsathugun á landinu í heild með tilliti til staðarkosta, félagslegra atriða og umhverfisþátta varðandi æskilega eða hugsanlega staðsetningu meiri háttar iðnaðar í landinu.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram sem svör við ítrekuðum fyrirspurnum hv. þm. Ég óska að sjálfsögðu eftir góðu samstarfi við hann um þessi efni og að geta greitt úr óskum hans í sambandi við upplýsingar um mál er varða hans kjördæmi ekki síst. Það er bæði rétt og skylt. Og ég vænti að við getum tekið saman á því máli og ég geti leyst betur úr hans fyrirspurnum við hentugra tækifæri en nú er.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. hans svör. Þau voru á sinn hátt mjög skýr. Ég tel að vísu steinull í Skagafirði ekki orkufrekt fyrirtæki. En það er rétt að ef það fyrirtæki kæmi þar mundi það auðvitað hafa mjög góð áhrif á byggðaþróun þar, og síst er ég á móti því. En það, sem fram kom, var í raun og veru það, að naumast gæti orðið um það að ræða í sambandi við Eyjafjörð að festa sig við neitt ákveðið. Skýringin er sú, að menn komi sér ekki saman og það eigi ekki að troða slíkri verksmiðju upp á menn. Auðvitað skil ég þessi ummæli svo, að sú hugmynd, sem á sínum tíma kom fram um álver í Eyjafirði og ég rakti áðan, sé sjálfdauð af þeim sökum, að hún fær ekki undirtektir hjá stuðningsmönnum ríkisstj. við Eyjafjörð. Að öðrum kosti hefði hæstv. iðnrh. unnið að þeim athugunum áfram — þetta skil ég þannig — af meiri krafti en gert er. Að vísu er mér kunnugt um að staðarvalsnefnd hefur farið norður þangað í sambandi við álver. En ég hef haft það á tilfinningunni, að slíkum ferðum fylgdi ekki mikil festa, a. m. k. ekki eins og komið er, og hefur hann hér gefið skýringu á því, að sérstök nefnd hafi verið skipuð, sem ég raunar hafði haft spurnir af, til þess að ræða þessi mál.

En um hinn almenna iðnað við Eyjafjörð sem annars staðar á landinu er náttúrlega ekki um það að ræða að hann hressist nema almenn rekstrarskilyrði iðnaðarins hressist. Auðvitað getur ekki iðnaður dafnað við Eyjafjörð ef honum hnignar hér, ef þar er um almenn atriði að ræða. Það skilur hæstv. iðnrh. jafnvel og ég.

En ég þakka hæstv. iðnrh. hans svör og dreg mínar ályktanir af þeim.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Efri deild, 83. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 6.30 síðdegis.

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 906). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Það frv., sem ég mæli hér fyrir í fjarveru hæstv. fjmrh., fjallar um heimild fyrir ríkisstj. til að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms. Frv. hefur sætt meðferð í hv. Nd. og var samþ. þar samhljóða. Fjh.- og viðskn. skilaði sameiginlegu áliti um frv., en lagði til að því yrði þó breytt með þeim hætti að við upphaflega 1. gr. þess bættist ný mgr. á þessa leið: „Áður en ábyrgð er veitt skal hlutafé félagsins aukið í samráði við ríkisstj.“ Í frv. er gert ráð fyrir að ábyrgð verði veitt fyrir allt að 80% af kaupverði skipsins samkv. venjulegum reglum. Hér er um það að ræða að skapa forsendur til þess að unnt verði að endurnýja þetta mikilvæga samgöngutæki.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. fjh.- og viðskn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 14 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 837). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 15 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til landbn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 84. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, kl. 10.20 síðdegis.

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 906, n. 909). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Guðmundur Bjarnason): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar hefur tekið til athugunar frv. til l. um heimild fyrir ríkisstj. að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms hf. Í Nd. var gerð ein brtt. á frv. eins og það var lagt fyrir. Fjh.- og viðskn. þessarar deildar er sammála um að mæla með því að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Nd.

Fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. þm. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Ragnar Grímsson, en undir nál. skrifa Guðmundur Bjarnason, Kjartan Jóhannsson, Davíð Aðalsteinsson, Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 14 shlj. atkv.

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641, n. 911). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Menntmn. hefur tekið þetta frv. til meðferðar af samviskusemi og athugað það, m. a. fengið á sinn fund bæði hæstv. dómsmrh. og biskupinn yfir Íslandi, svo að ekkert væri til sparað að komast að réttri niðurstöðu í störfum nefndarinnar. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Ég vil til að byrja með vekja athygli á því, að í 2. gr. frv. segir: „Á kirkjuþingi eiga sæti 21 kjörinn þingfulltrúi.“ Hér er um prentvillu að ræða, á greinilega að vera 20 þingkjörnir fulltrúar. Það sjá menn ef menn leggja saman viðeigandi tölur í frv.

Ég sé ekki ástæðu til að rekja efni þessa frv. Ég þykist vita að eftir 1. umr. hér í deild sé það öllum hv. þdm. vel kunnugt. En mér þykir rétt að láta þess getið, að það hefur verið óskað eftir upplýsingum um hvað þær breytingar, sem frv. felur í sér þýði mikið aukinn kostnað fyrir ríkissjóð. Af þessu tilefni hefur hagsýslustofnun látið nefndinni í té upplýsingar sem mér þykir rétt að greina hér frá. Þar segir: Kostnaðarauki af eftirtöldum breytingum á núgildandi lögum:

1. Fjölgun kirkjuþingsmanna úr 17 í 22.
2. Þing kemur nú saman annað hvert ár og stendur í allt að 14 daga. Samkv. frv. kæmi þing saman á hverju ári og stæði í allt að 10 daga.

Þá segir næst í skjalinu, sem við höfum fengið frá hagsýslustofnun, að kostnaður vegna síðasta kirkjuþings, sem haldið var í nóv. 1980, hafi verið sem hér greinir:

1. Þingfararkaup, 160 kr. á dag.
2. Dagpeningar voru greiddir samkv. reglu ferðakostnaðarnefndar, sem þá voru 260 kr. á sólarhring.
3. Ferðakostnaður var greiddur til þeirra er bjuggu utan Reykjavíkur. Miðað var við að flugfargjöld eða fargjöld almenningsvagna á leiðum þar sem haldið er uppi reglulegum ferðum, en annars greitt í samræmi við greiðslu fyrir afnot einkabifreiða í ríkisþjónustu.

Samanlagt nam kostnaður vegna framangreindra liða 92 915 kr.

4. Vélritunar- og prentunarkostnaður o. fl. nam í nóv. 1980 ca. 64 437 kr.

Kem ég þá að kafla í skýrslunni um mat á kostnaðarauka. Þar segir:

1. Þingfararkaup eykst um ca. 73%.
2. Dagpeningar aukast á sama hátt um 73%.
3. Ferðakostnaður eykst um 100%. Fjölgun krikjuþingsmanna í Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi um fjóra hefur sáralítil áhrif á þennan lið. Aðeins skiptir máli að þing kemur saman einu sinni á ári í stað þess að nú kemur það saman annað hvert ár. Ferðakostnaður er um 11% af samanlögðum kostnaði samkv. framangreindum liðum. Framangreindir liðir hækka því um ca. 76%. Hér er ekki gert ráð fyrir hugsanlegum kostnaði vegna setu áheyrnarfulltrúa, þ. e. vígslubiskupa og kirkjuráðsmanna.
4. Kostnaður vegna vélritunar, prentunar o. fl. gæti aukist um ca. 90%.

Samkv. framansögðu gæti samanlagður kostnaður vegna kirkjuþings aukist um ca. 82% ef umrætt frv. yrði að lögum, það frv. sem við hér ræðum.

Þá vil ég að lokum tilgreina hér það sem segir í skýrslu hagsýslustofnunar. Það er kostnaður 1980: Þingfararkaup, dagpeningar og ferðakostnaður 92 915 kr. Vélritun, prentun o. fl. 64 437 kr. Samtals 157 352 kr. Hækkun um 82% gerir 129 028 kr. Samtals kemur þá út 286 380 kr. Það er sá kostnaður sem frv. hefur í för með sér.

Herra forseti. Ég hef greint svo glöggt frá þessum upplýsingum hagsýslustofnunar vegna þess að í menntmn. voru menn sér mjög meðvitandi um það, að frv. fæli í sér verulega aukinn kostnað, og sérstaklega hafði verið óskað eftir upplýsingum um þetta. Ég hygg að það hafi verið gert við 1. umr. af hv. 4. þm. Reykn., hv. formanni fjvn. Mér var gert af hálfu nefndarinnar að greina sem gleggst frá þessu í framsögu fyrir nál. Það má segja að það hefði verið gott að birta þetta sem fskj. með nál., en hér gerist allt fljótt og við gripum til þessa ráðs.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um nál. Ég sagði í upphafi að nefndin hefði öll samþykkt að mæla með frv. þannig að það yrði samþykkt óbreytt, en mér láðist að geta þess, að einn nm., Karl Steinar Guðnason, skrifar undir nál. með fyrirvara.

Karl Steinar Guðnason: Herra forseti. Eins og fram kom hjá frsm. nefndarinnar undirritaði ég nál. með fyrirvara. Ég tel að þetta frv. sýni glöggt þá hroðvirkni sem viðgengst í afgreiðslu á málum þessa dagana, því að menntmn. Nd. hefur ekki farið betur yfir frv. en svo, að hún hefur ekki athugað að í frv. er meiri háttar prentvilla sem nú leiðréttist að sjálfsögðu. Það er sagt að á kirkjuþingi eigi sæti 21 kjörinn þingfulltrúi en það á að vera 20. Þetta sýnir að það hefur lítið verið farið yfir frv. Því er hent inn hér eða það kemur hingað til Ed. til meðferðar og er ætlast til að tekin verði afstaða til þess á mjög skömmum tíma. Ég tel að þessi vinnubrögð séu einmitt dæmi um það, hvernig farið er með mál nú þessar stundirnar. Í grg. fyrir frv. er sagt að það sé reist á afstöðu kirkjuþings, samþykkt, sem þar var gerð 1976, og ályktun þess í nóv. 1980 um tímabærar breytingar á lögunum. Það kom fram í nefndinni að þarna er skrökvað til að nokkru leyti þar sem bætt er inn í frv. ýmsum atriðum af hendi kirkjuráðs sem ég veit að ýmsir prestar efast um að hafi vald til að breyta ákvörðun eða samþykktum kirkjuþings.

Þá þykir mér mjög vafasamt að guðfræðingar er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sérstökum verkefnum, eins og segir í 2. gr., skuli eiga sérstakan fulltrúa á kirkjuþingi. Er vægi leikmanna þar með gert minna, en það hefur verið stefna kirkjunnar að auka vægi leikmanna á kirkjuþingi. Svo er orðalagið mjög óljóst þarna. Þetta gæti þýtt að maður, sem væri ráðinn í tímabundið verkefni við að endurskoða sálmabók eða eitthvað slíkt, ætti þarna atkvæðisrétt. Ég hefði talið eðlilegra að t. d. guðfræðideild Háskóla Íslands og guðfræðingar, er vinna í þágu þjóðkirkjunnar að sérstökum verkefnum, hefðu sameiginlega atkvæðisrétt með einum eða tveimur mönnum á kirkjuþingi eða þá að þessir guðfræðingar yrðu færðir í viðkomandi prófastsdæmi og ættu þar atkvæðisrétt. Það var ekki vilji fyrir því í nefndinni að breyta þessu.

Þeir fulltrúar, sem þarna er átt við, munu vera 8—9 manns í dag, menn sem vinna á skrifstofu biskups eða eru í einhvers konar störfum í þágu kirkjunnar, Skálholtsrektor, sjúkraprestur, fangaprestur o. s. frv.

Ég verð að segja það einnig, að mér ofbýður alveg sá kostnaðarauki sem hlýst af þessu frv. Þar segir í 1. gr.: „Kirkjuþing skal halda ár hvert, að jafnaði í október, og starfa allt að 10 dögum.“ Það er upplýst að þessi breyting, að hverfa frá því að hafa þingið annað hvert ár, hefur í för með sér 82% kostnaðarauka. Hlýtur það að vera umhugsunarefni á meðan við erum að draga úr hvers kyns framlögum til annarra nauðsynlegra mála. Það eru að vísu til fordæmi fyrir því í fjárlögum að svona hækkun eigi sér stað. Ég minni á að til hinna ýmsu ráðuneyta var gert ráð fyrir yfir 90% hækkun þótt almennt væri hækkun ekki nema 33%. En þrátt fyrir það ofbýður mér þessi kostnaðarhækkun. Ég hefði talið eðlilegt, að kirkjuþing yrði áfram haldið annað hvert ár, og tel að kristnihald sé ekki í mikilli hættu þótt svo verði áfram.

Menn kunna að spyrja af hverju ég flytji ekki brtt. Ég tel að það sé næsta þýðingarlaust þar sem allir nm. aðrir eru þessu sammála og ég hygg að það sé lítill tími til að vinna þeirri skoðun fylgi á þeim fáu stundum sem eftir eru þings. En ég vildi hér lýsa skoðunum mínum varðandi þetta frv. Ég tel að betur hefði mátt gera í umfjöllun þess, ekki endilega hér í Ed. því að menn reyndu eins og fært var að yfirfara frv. og það hefur verið lagað frá því að það kom úr Nd. En ég tel að það sé mikil ósvinna að henda svona frv. inn allt of seint, sem reyndar gerðist í þessu tilviki, því að ég veit að þetta frv. var að mestu leyti til fyrir sex árum.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Afgreiðsla þess frv., sem hér er til umr., er gott dæmi um það, að vinnubrögðin hér á Alþingi í lok þings eru oft ekki þinginu sæmandi. Virðast sum ráðuneytin jafnvel vera farin að nota sér hvað gerist hér í þinglok ærið oft. Þau sjá sér leik á borði að leggja mál ekki fyrir í tæka tíð þannig að þm. gefist tækifæri til að kanna þau frá öllum hliðum, heldur virðist að ráðuneytin kjósi heldur að bíða eftir því, að færibandið hér á Alþingi komist á fulla ferð, þá þurfi ekki annað að gera en að henda frv. inn á það og þá berist þau í gegn án þess að nokkur komi neinum vörnum við eða skoði málin frá þeim sjónarmiðum sem þarf að gera, bæði varðandi kostnað og ýmislegt annað sem frv. fylgir. Það er eins og stundum áður, að þm. gerist mjög rausnarlegir í þinglok.

Þegar þetta frv. var lagt fram fylgdu því engar upplýsingar um kostnað sem hlytist af samþykkt þess, en ég óskaði eftir því að aflað yrði upplýsinga um hann. Nú

hefur verið greint frá honum, án þess þó að það væri gert á þann hátt að þd. hefði aðstöðu til að meta hann í ró og næði. Hefði verið eðlilegast að birta tölur, sem hér voru lesnar, í nál. sem fskj. þannig að málið yrði ekki keyrt svona í gegn. Þrátt fyrir ákvæði Ólafslaga um þá skyldu að frv., a. m. k. stjfrv., fylgi upplýsingar um kostnað var því ekki til að dreifa um þetta frv. Hv. frsm. nefndarinnar lýsti því þó yfir, að ekkert hefði verið til sparað við störf nefndarinnar. A. m. k. hafa verið kallaðir á fund hennar þeir þrýstihópar sem mesta áherslu leggja á að fá frv. samþykkt. Í ljós kemur að samþykkt þess hefur í för með sér 82% hækkun á þessum útgjaldalið ríkisins, og það virðist ekki standa í mönnum að samþykkja það síðustu daga þingsins. Ég tel að það sé tilgangslaust að reyna að fá því framgengt að afgreiðslu frv. verði frestað, sem eðlilegast væri, og jafnvonlaust að leggja fram till. um að það verði fellt. En til þess að fá það aðeins bætt hef ég samt í hyggju að flytja hér skriflega brtt. í þá átt, að í stað þess að kirkjuþing skuli haldið hvert ár, eins og segir í 1. gr., komi orðin: annað hvert ár.

Ég get ekki sé annað en að með samþykkt þessa frv. sé öðrum guði betur þjónað en guði þjóðkirkjunnar. Mér sýnist þetta vera frv. um dýrkun á Mammon. Ég leyfi mér að leggja fram skriflega brtt. svohljóðandi: „Við 1. gr. Í stað orðanna „ár hvert“ komi: annað hvert ár.“ Fæ ég forseta þessa till. til fyrirgreiðslu.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 918) samþ. með 18 shlj. atkv.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Hv. 4. þm. Reykn. var að ljúka máli sínu og var öll hans ræða á þann veg, að hún bar vott um þá aðhaldssemi sem hann er vanur að viðhafa varðandi útgjöld ríkisns. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hv. 4. þm. Reykn. bendir okkur á slíkt. Mér hefur alltaf fundist að hann væri mjög sannur og hollur hinum fornu dyggðum, sem við oft vitnum til í þessu efni, og góður íhaldsmaður í góðri merkingu þess orðs. Ég held að ég verði að gera þá játningu hér, að ég hef stundum sagt þetta í mínum þingflokki þegar ég hef sérstaklega viljað stuðla að íhaldssemi við afgreiðslu tiltekinna mála. Ég skil þess vegna mjög þau viðhorf sem hv. 4. þm. Reykn. lýsti hér. Ég skil það sem hann talaði um vinnubrögð þingsins á síðustu dögum þess. Að mínu viti var það allt rétt. En það á við fleiri en þetta mál, og ég veit að við erum sammála um það.

Hv. þm. sagði að við í menntmn. deildarinnar gerðumst rausnarlegir í þinglok með því að samþykkja að mæla með frv. sem felur í sér 82% hækkun útgjalda á ári. Já, það má segja að þetta sé rausnarlegt. Það má segja að það sé rausnarlegt með tilliti til þess að þetta sé í þinglok. En ég verð nú að segja það, að ég hygg að þrátt fyrir sinn góða vilja hafi hv. 4. þm. Reykn. verið enn þá rausnarlegri en menntmn. á þessu þingi og þurfti þó ekki þinglok til. Ég hygg að hann hafi gert það mjög að yfirlögðu ráði. Hér kom fram í máli hv. 3. landsk. þm. að á þessu ári hefðu framlög til ráðuneytanna hækkað um 90%, þannig að við í hv. menntmn. erum ekki einir á báti í þessu efni, þó að hækkað sé.

Hv. 4. þm. Reykn. hefur borið fram till. um breytingu á þessu frv. sem felur í sér að kirkjuþing komi saman annað hvert ár, eins og verið hefur og er samkv. gildandi lögum, en ekki hvert ár eins og frv. gerir ráð fyrir. Það er eitt af meiri háttar atriðum þessa frv. að breyta þeirri tilhögun sem verið hefur, hverfa frá því, að kirkjuþing komi saman annað hvert ár, og taka upp þá skipan að það komi saman á hverju ári. Það eru augljós rök fyrir þessu frá sjónarmiði þjóðkirkjunnar. Við ræddum þetta atriði sérstaklega við þá aðila sem hv. 4. þm. Reykn. kallar þrýsithópa. Hv. þm. talaði um þrýstihóp þar sem væri biskupinn yfir Íslandi annars vegar og þrýstihóp þar sem væri dómsmrh. Við ræddum þetta sérstaklega í dag við þessa þrýstihópa og þrýstihóparnir lögðu sérstaka áherslu á mikilvægi þessa atriðis. Þess vegna mæltum við í menntmn. með því, að frv. yrði samþykkt óbreytt og tekin yrði upp sú skipan að kirkjuþingið kæmi saman á hverju ári. Ég leyfi mér þess vegna að mæla gegn brtt. hv. 4. þm. Reykn. og vænti þess, að hv. dm. verði menntmn. sammála um að samþykkja frv. óbreytt.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Sú hefð hefur skapast í menntmn. Ed., að hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson er að jafnaði valinn til þess að tala fyrir hönd nefndarinnar þegar kemur að málum sem snerta kirkjur landsins og skipan mála á þeim vettvangi, og hann hefur ætíð gegnt því hlutverki með sóma. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að það komi hér fram, úr því að brtt. hefur verið flutt hér um kirkjuþing og tíðni kirkjuþinga, að það sjónarmið kom fram í nefndinni hjá fleiri en einum nm. við umfjöllun um þetta mál, að komið gæti til álita að breyta þessu ákvæði á þann veg, að kirkjuþing væri eingöngu haldið annað hvert ár og þá í tvær vikur í senn.

Á fund nefndarinnar kom séra Jón Einarsson, sem var höfundur að frv. til l. um kirkjuþing á kirkjuþingi 1976, og hann var þeirrar skoðunar, að það gæti verið vænlegra til starfs og árangurs að kirkjuþing sæti aðeins lengur í senn, þá tvær vikur, frekar en það sæti jafnvel á hverju ári og þá skemur, því að það væri nú einu sinni þannig, að ef stofnun væri saman komin og ætti að ljúka afgreiðslu mála, þá gætu 10 dagar eða svo reynst ónógur tími og vænlegra væri að hafa þingið þá tvær vikur þótt það væri annað hvert ár.

Því er ekki að leyna, að innan nefndarinnar vorum við ýmsir sem töldum að það fordæmi, sem þarna væri sýnt með því að hækka útgjöld til eins liðar um 82% á sama tíma og þingið hefði verið aðhaldssamt mjög á fjölmörgum öðrum sviðum, væri alls ekki hið æskilegasta sem þingið gæti gefið. Að vísu kom það fram, eins og hv. þm. Þorv. Garðar Kristjánsson gat hér um, að hækkun til ráðuneyta, — ég veit ekki hvort það voru öll eða hvort það voru einstök rn., nefndin kynnti sér það ekki sérstaklega, — en það kom fram að hækkun til ráðuneyta mundi hafa verið eitthvað svipuð. Þótt við höfum lagt til að frv. yrði samþykkt í þeim búningi sem það birtist deildinni upphaflega, þá er því ekki að leyna, að við erum ýmsir í nefndinni sem teljum að komið geti til greina að færa þetta í þann farveg sem hér hefur verið flutt brtt. um. Að vísu skiladi nefndin ekki áliti með þeim hætti, að einstakir nm. áskildu sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma, vegna þess að við bjuggumst e. t. v. ekki við því, að það mundi gerast. En ég er þeirrar skoðunar, að það nál., sem hér hefur verið kynnt, sé ekki svo bindandi að það bindi endilega hendur allra nm. varðandi þá brtt. sem hér hefur fram komið. Og það er rétt að vekja athygli á því í þessu sambandi, að það eru ýmsar aðrar samkomur á vegum kirkjunnar og þing sem

haldin eru árlega. Þessi afstaða byggist á engan hátt á einhverri tregðu við að gera veg kirkjunnar eða hennar störf sem mest. Það er eingöngu spurningin um það, hvort réttlætanlegt sé að gera þá undantekningu sem hér er greinilega verið að gera.

Geir Gunnarsson: Herra forseti. Vegna þeirra orða, sem hafa fallið um hækkun á útgjöldum til ráðuneyta, vil ég geta þess, að sú hækkun, sem nefnd var, 90% hygg ég, er ekki á þann veg að fjölgað hafi verið stöðum í þeim mæli eða aukin rekstrarútgjöld, heldur var fyrst og fremst um að ræða leiðréttingu á vanáætluðum útgjöldum miðað við þær stöður sem heimilaðar voru fyrir. Hér er hins vegar um það að ræða að taka beina ákvörðun um raunverulega útgjaldaaukningu. Það er verulegur munur á því.

Frsm. (Þorv. Garðar Kristjánsson): Herra forseti. Mér þykir rétt að þakka hv. 11. þm. Reykv. fyrir þau viðurkenningarorð sem féllu í minn garð fyrir að hafa nokkrum sinnum verið frsm. fyrir áliti menntmn. um málefni kirkjunnar. En mér þykir jafnvel við hæfi að ég fari viðurkenningarorðum um hv. 11. þm. Reykv., sem er formaður menntmn. og að sjálfsögðu leiðir það starf sem nefndin vinnur. Ég vil sérstaklega láta þess getið, að þessi hv. þm. vann sitt verk í þessum efnum af sérstakri röggsemi varðandi þetta mál. Við héldum fund í gær, við höfum haldið tvo fundi í dag, og ég veit að hv. þm. hefur ekki viljað láta neins ófreistað til að koma málinu í höfn. Ég taldi að okkur hefði miðað mjög áleiðis í því efni þegar nefndin mælir einróma með að frv. verði samþykkt óbreytt. Menn verða svo að meta það hver fyrir sig, hvaða merkingu menn leggja í það að samþykkja frv. óbreytt.

Hv. 4. þm. Reykn. gat um að sá samanburður, sem hér hefði verið gerður á hækkun kostnaðar samkv. frv. við kirkjuþing annars vegar og kostnaðarauka við ráðuneytin, væri ekki raunhæfur. Hann gaf sínar skýringar á því og ég tek þær að sjálfsögðu gildar. Í mínum huga er það ekki neitt aðalatriði í þessu efni, þegar um er að ræða þjóðkirkju Íslands, hvað ráðuneytin hafa hækkað í fjárgreiðslum á tilteknu ári. Við skulum hafa það í huga, að við berum sérstakar skyldur við þjóðkirkju Íslands. Þær skyldur byggjast m. a. á tilteknu ákvæði stjórnarskrárinnar. Þar er ákveðið að við skulum hafa þjóðkirkju. Menn tala núna um að það sé ofrausn. Ég hygg að menn ættu að athuga það nokkru betur. Ef við ætlum að fara að tala um fjármál í sambandi við þjóðkirkju Íslands, þá yrðu það nokkuð langar umræður. Þá hljótum við náttúrlega að gera okkur grein fyrir að ríkissjóður stendur í óbættri skuld við þjóðkirkjuna eftir yfirtöku kirkjujarðanna og allra eigna þjóðkirkjunnar.

En þetta er ekki bara fjárhagsmál. Þetta er mál sem er miklu þýðingarmeira, kristnin í landinu og efling þjóðkirkju Íslands. Þegar við leggjum nokkrar krónur til þessara mála erum við að leggja fram fjármuni sem mölur og ryð fá ekki grandað, en í flestum tilfellum fær mölur og ryð grandað því sem við erum að leggja fjármuni í. (**ÓRG:** Það hefur enginn þm. barist eins hart gegn frv. um kirkjuþing og Þorvaldur Garðar í ræðustól.) Ég þakka hv. 11. þm. Reykv. og formanni okkar ágætu menntmn. þessa athugasemd. Auðvitað er það rétt sem hv. þm. segir, en það er aðeins til þess að undirstrika það, að menn ættu að taka mark á því, sem ég segi nú, því að ég mun ekki skirrast við að standa gegn ályktun kirkjuþings ef mér þykir svo við horfa. En með því að hér hefur komið fram brtt. og umræðum er að ljúka og vegna þess að það er sjaldgæft að við höfum hér á þingbekkjum það sem í þessum umræðum hefur verið kallað þrýstihópur, vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann hafi ekkert fram að færa í þessum umræðum.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Mér er ánægjuefni að verða við þeirri áskorun hv. síðasta ræðumanns að ávarpa þessa virðulegu þingdeild örfáum orðum nú undir miðnættið.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um það frv. sem hér er til umr. Það er skylda okkar að skoða vandlega mál sem koma frá kirkjuþingi og kirkjuráði og leggja okkar mat á þau frv. að sjálfsögðu. Ég get ekki séð betur en þessu frv. vegni vel hér í hv. þd. því að menntmn. hefur einróma lagt til að það verði samþykkt óbreytt, að vísu einn hv. þm. með fyrirvara, sem hann mun hafa gert grein fyrir nú þegar. En ég fellst alveg á þau ummæli síðasta hv. ræðumanns, að þegar nál. er svo eindregið mundi ég a. m. k. skoða mig bundinn af slíkri undirskrift. Ég vænti þess, að ég megi treysta hv. þdm. til að veita þessu máli gott brautargengi.

ATKVGR.

Brtt. 918 felld með 12:5 atkv.
1. gr. samþ. með 14:2 atkv.
2.—14. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
15.—17. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
18.—19. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 16 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Dýralæknar, frv. (þskj. 837, n. 912). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá landbn. um frv. til l. um breytingu á lögum nr. 77 frá 1. okt. 1981, um dýralækna. Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess eins og það kom frá Nd. Ég ætla hins vegar að biðja menn um að gera eina leiðréttingu á frv. Í 20. tölul. frv. stendur Norðurlandsumdæmi, en það á að vera Norðausturlandsumdæmi.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 15 shlj. atkv.

Efri deild, 85. fundur.

Þriðjudaginn 4. maí, að loknum 84. fundi.

Ábyrgð á lánum til kaupa á ferjuskipi Skallagríms, frv. (þskj. 906). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 16 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 923).

Kirkjuþing og kirkjuráð, frv. (þskj. 641). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 13:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 924).

Dýralæknar, frv. (þskj. 837). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 14 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 925).

Neðri deild, 84. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, kl. 1 miðdegis.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 609, n. 913 og 916, 914, 915, 917). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Brtt. 917,1 felld með 17:8 atkv.
1. gr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 917,2—6 teknar aftur.
Brtt. 915,1—2 felld með 18:17 atkv.
Brtt. 914,1 samþ. með 33 shlj. atkv.
2. gr., svo breytt, samþ. með 20:7 atkv.
Brtt. 915,3 tekin aftur.
Brtt. 914,2 (ný gr., verður 3. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 914,3.a—c samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 914,3.d samþ. með 36 shlj. atkv.
3. gr. (verður 4. gr.), svo breytt, samþ. með 25 shlj. atkv.
4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 914,4 samþ. með 26:5 atkv.
5. gr. (verður 6. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
Brtt. 914,5 (ný 6. gr., verður 7. gr.) samþ. með 26:7 atkv.
Brtt. 914,6.a samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 914,6.b samþ. með 33 shlj. atkv.
7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv.
8. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 914,7 (ný 9. gr., verður 10. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv.
10.—12. gr. (verða 11.—13. gr.) samþ. með 30 shlj. atkv.
13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
Brtt. 917,7 felld með 22:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, SighB, SteinG, VG, AS, ÁG, BGr, BÍG, EH, FrS, GeirH.
nei: GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, SigurlB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, FÞ, GS, SvH.
RH, AG greiddu ekki atkv.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og búið er nú að ganga frá breytingum á þessu frv. er í rauninni aðeins verið að taka ákvörðun um áframhaldandi undirbúning að verksmiðjunni, en ekki verið að taka endanlega ákvörðun um að hefja verksmiðjurekstur með þeim hætti sem upphaflega var fyrirhugaður af hæstv. ríkisstj. Ég tel að fyrirsögn frv. eigi að vera í réttu samræmi við innihald þess, en um það fjallar þessi brtt., og segi því já.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Hér er verið að taka ákvörðun um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði og ég segi því nei við tillögu þessari.

Fyrirsögn samþ. með 22 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁG, BGr, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GeirH, GJG, HÓ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, SigurlB, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, VG, ÞS, AS, SvH.
RH, AG greiddu ekki atkv.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Ég vil í sambandi við þessa atkvgr. gera svofellda grein fyrir afstöðu minni og þeirra hv. þm. úr stjórnarandstöðuhópi Sjálfstfl. sem styðja þetta frv.:

Fulltrúar Sjálfstfl. í iðnn. Nd. hafa flutt brtt. þess efnis, að það skilyrði falli brott, að ríkissjóður skuli jafnan eiga minnst 51% af hlutafé félagsins. Það er skoðun okkar, að leita eigi eftir sem mestu áhættufé í slík fyrirtæki í formi hlutafjárframlaga frá einstaklingum, sveitarfélögum og fyrirtækjum og jafnframt dreifa áhættunni með samvinnu við erlenda aðila, enda verði íslenskt forræði tryggt með samningum.

Till. okkar hefur verið felld. Brtt. meiri hl. iðnn. miða hins vegar að því, að hlutafélagið verði undirbúningsfé-

lag þar til Alþingi hefur fjallað um málið að nýju, og varla er við því að búast að einkaaðilar leggi fram fjármagn til slíks félags. Jafnframt er gert ráð fyrir því í brtt., að frekari undirbúningur málsins verði tekinn úr höndum iðnrh. og falinn þingkjörinni stjórn. Við styðjum því frv., en munum meta fyrirkomulag eignaraðildar þegar málið kemur fyrir Alþingi að nýju. Ég segi því já.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Í 2. gr. þessa frv., sem var samþykkt áðan, er mörkuð sú stefna þess, að væntanleg verksmiðja verði að meiri hluta til í ríkiseign. Sama sjónarmið kom fram í orðum hæstv. félmrh. rétt áðan. Ég tel í grundvallaratriðum rangt að ríkið noti skattpeninga borgaranna sem áhættufé í atvinnurekstri með því að eiga meiri hl. í fyrirtækjum sem þessu og t. d. Grundartangaverksmiðjunni sem lög voru samþykkt um á sínum tíma. Afstaða mín nú er í samræmi við afstöðu mína þá. Hins vegar lít ég svo á að ríkinu beri vitanlega að vinna að fjölbreyttara atvinnulífi með skynsamlegum orkuvirkjunum og stóriðju, efla frumkvæði einstaklinga í þessum efnum sem öðrum atvinnurekstri, stuðla að hagkvæmum og hagstæðum samningum við erlenda aðila og innlenda um orkusölu, aðstöðu, vinnuafl og fleira þar sem hagsmuna Íslendinga sé gætt í hvívetna. Hv. Nd. hefur að mínum dómi þegar tekið afstöðu til eignaraðildar væntanlegrar verksmiðju. Ég er andvíg þeirri afstöðu og þess vegna get ég ekki greitt atkv. með frv. eins og það er nú. Raunar er þessu máli ábótavant í fleiru. Af þessum ástæðum, sem ég hef greint, tek ég ekki þátt í því að styðja þetta frv. og sit hjá við atkvgr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Eins og glögglega kom fram í nál. hv. þm. Magnúsar H. Magnússonar viljum við Alþfl.-menn mjög styðja að því, að haldið verði áfram án nokkurra tafa undirbúningi að starfrækslu kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Það kom hins vegar fram í umr. hér á Alþingi í gær hjá fulltrúum allra stjórnmálaflokka í iðnn. að einum undanteknum, að mikið vantaði enn á að fullnægjandi grein hefði verið gerð fyrir ýmsum þáttum í væntanlegri starfrækslu verksmiðjunnar til þess að unnt væri að taka endanlega ákvörðun um hvernig verksmiðjurekstrinum skyldi hagað. Sú afgreiðsla, sem hér fer fram, er því í rauninni aðeins um að halda áfram undirbúningnum, enda öll mikilvæg atriði í frv., þ. á m. um eignaraðild, með ýmsum hætti skilyrt í frv. og taka ekki gildi fyrr en Alþingi hefur fjallað um málið síðar. Brtt. okkar Alþfl.-manna um að efni afgreiðslunnar sýni ljóslega fram á hvers eðlis hún er hafa ekki verið samþykktar. Engu að síður er ljóst að frv. eins og það er úr garði gert fjallar um áframhaldandi undirbúning að kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, en endanlegar ákvarðanir verða teknar síðar. Þrátt fyrir þennan galla á framsetningu málsins er efnisatriðið ljóst og ég vil eins og aðrir þm. Alþfl. styðja að áframhaldandi undirbúningi að þessum verksmiðjurekstri og segi því já.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585, n. 894). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.

2.—3. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 27 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 926). — 3. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og endursent Ed.

Neðri deild, 85. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, að loknum 84. fundi.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 929). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Nokkru eftir miðnætti s. l. nótt var þetta mál tekið til umr. og urðu þá allítarlegar umr. um málið. Ég gerði mjög að umtalsefni við þær umr. að af þeim gögnum, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur lagt fram um áform í nýiðnaði, er ljóst að Eyjafjarðarsvæðið á að sitja eftir. Mér er það ekkert launungarmál, að ástæðan fyrir því, að Eyjafjörður er nú skilinn út undan í sambandi við nýiðnað, er m. a. sú, að ýmsir af þm. kjördæmisins, svo sem hv. 2. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, að ekki sé talað um 4. þm. Norðurl. e., Stefán Jónsson, hafa með öllum ráðum beitt sér gegn því, að raunhæf athugun gæti farið fram á því, hvernig hægt væri að byggja upp nýiðnað og nýjan atvinnurekstur á Akureyri. Um þetta er glöggt vitni heldur ósmekklegur og strákslegur leiðari sem birtist í Degi hinn 2. apríl s. l. Ég skal ekki fara mörgum orðum um þau skrif, en þau bera með sér hvaðan þau eru ættuð, og víst er það, að tilgangurinn á bak við skrifin er fyrst og fremst að koma upp úlfúð og sundurlyndi milli Norðlendinga og sér í lagi Eyfirðinga um hvernig hægt sé að sporna við þeirri þróun, að byggðarlögin annars staðar á landinu gangi á undan í atvinnuuppbyggingu, en Eyjafjarðarsvæðið sitji eftir. Það kom líka fram í ræðu hæstv. iðnrh. nú í nótt, að hann á erfitt um vik af þeim sökum að hann sagðist ekki geta troðið nýiðnaðarfyrirtækjum upp á Eyfirðinga, ef Eyfirðingar vildu ekki fá þau væri ógerningur fyrir ríkisvaldið að taka fram fyrir hendurnar á þeim.

Hæstv. iðnrh. gat um það í sinni ræðu, að hann hefði skipað sérstaka iðnþróunarnefnd í Eyjafirði. Í helgarblaði Þjóðviljans 1.—2. maí s. l. er viðtal við formann hennar um þau viðhorf sem hann hefur til eflingar atvinnulífs á Eyjafjarðarsvæðinu. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að hafa ummæli hans hér eftir:

„Okkar verk er að ganga úr skugga um hvaða leiðir eru til úrbóta, raunhæfar leiðir. Það er enginn vandi að segja sem svo: Stækkum Sambandsverksmiðjurnar. En ef á sama tíma er verið að draga úr landbúnaði, þá eru

það ekki raunhæfar tillögur. Eins er hægt að leggja til að stækka Slippstöðina, en varla er það raunhæft ef ekki á að byggja fleiri fiskiskip í bráð. Í þessum málum dugar eingin draumsýn, tillögurnar verða að vera raunhæfar. Ég tel það t. a. m. vera raunhæft að leggja til að farið verði út í frekari nýtingu og vinnslu sjávarafurða því þar eigum við vissulega möguleika. Þá höfum við einnig lagt til að hafist verði handa um endurnýjun togaraflota Akureyrar og að skipin verði smíðuð í Slippstöðinni á Akureyri. Eins og er á Útgerðarfélagið fimm skip, þar af eitt gamalt og lúið, en fjögur sæmileg, og það kemur að því að huga þarf að endurnýjun þeirra."

Svo mörg voru þau orð. Ekki lýsa þessi ummæli formanns iðnþróunarnefndar mikilli bjartsýni á framtíð byggða Eyjafjarðar, og ekki er mikið hugmyndaflugið um það, hvaða leiðir séu þar helst til úrbóta. En þetta er svo sem í samræmi við annað sem frá þessum flokki hefur komið varðandi þetta svæði.

Ég vek sérstaklega athygli á því, að formaður iðnþróunarnefndar tekur það fram, hversu illa sambandsverksmiðjurnar á Akureyri eru í stakk búnar til þess eins og sakir standa að taka við nýju fólki sem kemur á atvinnumarkaðinn. Hann segir berum orðum að sú leið sé ekki lengur fær. Þetta er mat þessa manns, sem er fulltrúi meiri hl. bæjarstjórnar Akureyrar í þessari nefnd, fulltrúi þess meiri hl. sem hv. 2. þm. Eyf. segist þó styðja.

Í þessu sama blaði er viðtal við Torfa Sigtryggsson sem verið hefur einn af forustumönnum Sambands byggingamanna nú um nokkurra ára skeið. Hann segir svo — með leyfi hæstv. forseta — um ástandið á atvinnumarkaðinum á Akureyri:

„Hins vegar er því miður ekki hægt að segja að útlitið sé jafnbjart fram undan. Það er allt of lítið byggt núna í Eyjafirði og við berum ugg í brjósti um að það leiði til samdráttar og e. t. v. atvinnuleysis hjá okkur í vetur." — Þá er spurt: „Hvað veldur þessum samdrætti, Torfi?" Og hann svarar, með leyfi hæstv. forseta: „Það eru auðvitað margir þættir sem hér koma til. Hin mikla uppbygging liðinna ára hefur mikið stafað af því að menn hafa verið að stækka við sig, en nú má segja að því skeiði sé að ljúka. Fólksfjölgunin er ekki meiri en svo að hún ein beri uppi jafnmiklar byggingarframkvæmdir. Svo er annað atriði sem verður að nefna, og það er samdráttur í framkvæmdum við verkamannabústaði. Sú mikla aukning, sem varð á s. l. ári, virðist ekki ætla að halda áfram og það leiðir einnig til samdráttar í vinnu."

Þannig er það ekki aleinasta svo að þessi ríkisstj. og þeir, sem að henni standa, láti Eyjafjarðarsvæðið vera algerlega á hrakhólum í sambandi við nýiðnaðaruppbyggingu, heldur eigum við líka að gjalda þess í sambandi við þau framkvæmdaáform sem nú eru uppi um verkamannabústaðina. Þessu er hér lýst yfir af manni sem gerst má vita og ekki þarf um það að véla hér, hvort hann fari þar rétt með eða ekki, einkavinur allra þeirra manna sem með stjórn þessara mála fara, enda hafa ýmsir byggingamenn á Akureyri á síðustu mánuðum orðið að leita sér vinnu í öðrum landsfjórðungum, á Snæfellsnesi, við Reykjanes. Hvarvetna þar sem vinna býðst eru Akureyringar efstir á blaði með sín fyrirtæki að reyna að lifa af þetta hungurskeið sem nú ríkir í sögu eyfirskra byggða.

Fulltrúi Sjálfstfl. í atvinnumálanefnd sá sig tilneyddan að svara skætingsleiðara Dags og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem allur þorri manna á Akureyri hefur til atvinnumála þar og þeirra möguleika sem þar eru nú til staðar. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta, og telur hér upp sjö áhersluatriði, sem honum eru efst í huga í sambandi við atvinnumálin:

„1. Sérhver þjóð, sem vill skapa velsæld fyrir þegna sína, verður að nýta sér þær náttúruauðlindir sem hún hefur. Við eigum fyrst og fremst tvær auðlindir, þ. e. fiskimiðin og orkuna. Að því er sérfræðingar segja eru fiskimiðin nánast fullnýtt, en þau hafa allt fram á þennan dag staðið undir þeirri velsæld og þeim framförum sem hér hafa orðið. Hins vegar höfum við aðeins nýtt um 7—8% af orkuauðlindinni og augljóst er að það er hún sem fyrst og fremst verður að standa undir þeim mannafla sem á vinnumarkaðinn kemur á næstu árum. Sumir segja að orkan, sem við eigum í fallvötnum og jarðvarma, sé auðlind sem megi jafna saman við öll fiskimiðin.

2. Orkan eins og hún er í ám og fallvötnum er einskis virði ef hún er ekki beisluð, og þó svo sé gert verður hún ekki flutt út sem slík. Það þarf að breyta henni í framleiðsluvöru, en sú vara verður síðan flutt út og skapar okkur gjaldeyristekjur. Þetta er það sem átt er við þegar talað er um orkuiðnað.

3. Samkvæmt þeim niðurstöðum, sem fyrir liggja, munu um 20 þús. manns bætast við vinnumarkaðinn á Íslandi á næstu 15 árum. Ef Eyjafjarðarsvæðið ætlar að halda sínum hluta munu um 2—3 þúsund þurfa að fá atvinnu hér á þessum tíma. Það er augljóst að fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn taka við afmörkuðum fjölda þess fólks. Má á það benda að aðeins fjölgaði um rúmlega 4000 manns í þessum greinum á tímabilinu 1963—1979, einmitt á þeim tíma sem við höfum verið að stórauka eigin nýtingu fiskauðlindarinnar. Á sama tíma jókst mannafli í iðnaði um 6000 og er þá stóriðja tekin með, en hún tók þar við 1000 manns. Við þjónustu starfa nú um 50% þjóðarinnar og ef við ætlum að auka það hlutfall leiðir það ekki til neins annars en stöðugt aukinna skatta og verri lífskjara.

4. Orkulindirnar hljóta að verða nýttar. Nú þegar eru uppi áform um að stíga fyrstu skrefin í áframhaldandi virkjunarframkvæmdum, og þar sem orkan verður ekki flutt út sem slík verða að rísa orkufyrirtæki sem nýta hana og breyta henni í útflutningsvöru. Orkufyrirtæki þessi verða byggð á eftirtöldum fjórum stöðum, einhverjum eða öllum: Suðurlandi, Suðvesturlandi, Eyjafirði og Reyðarfirði. Reyðarfirði hefur þegar verið ráðstafað þannig að eftir standa Suðurland og Norðurland. Ef við höfnum þessum möguleika er hætt við að við drögumst aftur úr og þetta aðalmótvægi við þéttbýlið verði ekki lengur fyrir hendi. Orkufyrirtækin rísa þá á Suðurlandi og það raskar byggðajafnvæginu meira en nokkru sinni fyrr.

5. Álframleiðsla verður að öllum líkindum sú framleiðsla sem vænlegust verður í nánustu framtíð. Kemur það fyrst og fremst til vegna aukinnar eftirspurnar eftir áli á næstu árum þar sem eiginleikar þess eru fjölbreyttir og ál stendur mjög vel í orkusamhenginu.

6. Orkufyrirtækin hafa sýnt sig að vera öruggir vinnustaðir og kjör þau sem þar eru til staðar eru með þeim bestu sem gerast í landinu. Ýmis annar minni iðnaður hefur einmitt átt erfitt uppdráttar, ekki síst í sjávarbæjunum, vegna þess að hann er ófær um að keppa við fiskiðnaðinn í kjörum.

7. Nútímatækni varðandi takmarkanir á mengun og

umhverfisvernd hefur gert það að verkum að orkuiðnaðurinn skaðar umhverfið nánast ekki neitt og alls ekki meira en hver annar iðnaður. Er þá bæði átt við mengun innan og utan iðjuversins. Mengun og umhverfisspjöll eru að sjálfsögðu þau atriði sem við hér í Eyjafirði þurfum mest og best að vera vakandi fyrir og þess vegna verður að gera kröfu til þess, að besti fáanlegi frágangur í þessum efnum sem öðrum verði viðhafður. Þessi atriði liggja fyrir og þetta þarf aðeins að kynna og ræða hleypidómalaust. Hvað segir fólk. t. d. við því, að það flúormagn sem féll til jarðar á Norðurlandi í Heklugosinu fyrir tveim árum er jafnmikið og 130 þús. tonna álverksmiðja mundi skila á 80 árum miðað við að hún væri búin nútímahreinsitækjum?"

Svo mörg voru þau orð. Ég vil í þessu sambandi enn fremur minna á það, að svo virðist sem stuðningsmenn ríkisstj., sem eiga að heita þm. fyrir Norðurland eystra, geti vel sætt sig við að orkufrekur iðnaður rísi á Húsavík, eins og Húsavk sé samkv. þeirra skilningi eitthvert annars flokks pláss sem frekar þoli að mengast en Eyjafjörður. Þetta eru sjónarmið sem ég get ekki fallist á og fyrirlít.

Ég vil líka rifja það upp, að það voru þm. úr Norðurl. e. sem m. a. stóðu á bak við tjöldin á móti því, þegar rætt var um Blönduvirkjun, að Eyjafjarðarsvæðið yrði þar sérstaklega fram tekið í grg. Þetta kemur af því að einhverjir afturhaldssömustu menn þingsins í atvinnumálum eru um þessar mundir fulltrúar Norðurl. e. og byggðir Eyjafjarðar eru að gjalda þess núna. Ég bíð bara eftir því að heyra hv. 2. þm. Norðurl. e. koma hér upp í ræðustólinn á eftir og tala um að það eigi að framleiða meiri mjólk og það eigi að framleiða meiri ost á Ameríkumarkað. Hvernig fór þegar flokksbróðir hans var landbrh. síðast? Það fór þannig, að fyrir handvömm kastaði hann og týndi þeim ostamarkaði sem mjólkursamlagið í Eyjafirði hafði þá í Ameríku. Síðan þetta gerðist hefur ekki verið um umtalsverðan útflutning á Óðalsosti að ræða frá Mjólkursamlagi Eyfirðinga og er það þó eitt fullkomnasta mjólkursamlag á öllum Norðurlöndunum. Hvernig fer fyrir honum og hans líkum núna, þegar þeir eru að tala um að það eigi að byggja upp iðnað í sambandi við sauðfjárframleiðsluna? Þannig er búið að sauðfjárbændum að óvíst er að við getum flutt eitt einasta kjötkg út úr landinu nú í haust nema með slíku tapi að bændur fái ekkert í sinn hlut og ríkið verði að fullu að greiða bændum þeirra hlut af kjötframleiðslunni. Hver voru ummæli hæstv. landbrh. um daginn, þegar hann talaði um landbúnaðarmálin? Þá sagði hann að hann vildi ekki að svo stöddu gera það að tillögum sínum að fækkað yrði sauðfé. (**Gripið fram í:** Það er kísill á dagskrá, forseti.)

Ég skal ekki hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil aðeins ítreka það, sem ég sagði hér í nótt, að það er síður en svo að við Norðlendingar horfum neinum öfundaraugum til þeirra Reyðfirðinga. Við öfundum þá að vísu af því, hvað það er sterk samstaða heima fyrir, sem hefur þrýst á þm. að standa sig vel í því máli. Þeir hafa barist hraustlega fyrir því, að orkufrekur iðnaður verður þar settur niður og sá draumur verður að veruleika, þótt Reyðarfjörður sé út af fyrir sig ekki jafnhentugur staður til slíkra hluta og Eyjafjörður. Ég óska þeim til hamingju með það. Það er öfundarlaust af minni hálfu og ég styð þá í þeirri baráttu. En ég vil á hinn bóginn aftur ítreka það, að ég sætti mig ekki við það baráttulaust, að Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið verði gert að láglaunasvæði, fólk hafist þar illa við og það unga fólk, sem kemur inn á atvinnumarkaðinn, fái ekki þau atvinnutækifæri sem það á skilið og vill fá. Það er kjarni málsins. Um það snýst atvinnupólitíkin núna, einmitt þetta, að landið allt, allar byggðir landsins eiga að fá tækifæri til að byggja upp heilbrigðan rekstur. Eins og atvinnumálum hefur verið stjórnað hefur ekki verið um það að ræða.

Ég og hv. 2. þm. Norðurl. e. sátum ásamt öðrum þm. þessa kjördæmis mikinn fund sambandsverksmiðjanna í haust. Það var ekki fögur lýsing sem formaður SÍS og framkvæmdastjóri verksmiðjanna gaf á þeim atvinnuskilyrðum sem þeim var ætlað að starfa eftir. Ég man eftir því, að hæstv. menntmrh. varð sér þá til skammar með því að segja að forustumenn samvinnuhreyfingarinnar mættu ekki segja sannleikann um atvinnuástandið. Fyrir þau ummæli fékk hann lítið hrós hjá því fólki í verksmiðjunum sem hefur verið að missa atvinnu sína eða dregið hefur úr atvinnumöguleikum þess. Við bíðum þess nú, þm. Norðurl. e., að verða aftur kallaðir á fund með forustumönnum samvinnuhreyfingarinnar til að ræða stöðu þessara verksmiðja nú, því að það liggur fyrir og það veit hv. 2. þm. Norðurl. e. rétt eins og ég, að við þau rekstrarskilyrði, sem nú eru, er ekki eyrir upp í þann halla sem varð á ullar- og skinnaiðnaðinum á s. l. ári. Og hvað er svo verið að tala um að ætla að byggja upp iðnað, útflutningsiðnað, í tengslum við sauðkindina, ef útflutningsiðnaðurinn má ekki bera sig og getur ekki endurnýjað sín framleiðslutæki?

Það mátti auðvitað deila um það og var kannske matsatriði, með hvaða hætti ætti að taka upp málefni Eyjafjarðar hér á Alþingi. Sú till., sem við lögðum fram, ég og hv. 3. þm. Norðurl. e., strax á öðrum eða þriðja degi þingsins um ítarlega könnun á atvinnuuppbyggingu fyrir Eyjafjarðarsvæðið, hefur ekki fengist afgreidd. Hún sofnar hér í nefnd. Ég kaus að taka þessi mál upp við þessa umr. nú vegna þess að andstaðan er svo mikil. Það er eins og hvítt og svart hvernig þeir menn, sem standa að núv. ríkisstj., hugsa um okkur Norðlendinga borið saman við Austfirðinga. Það er þm. Norðurlands til skammar að þeir skuli ekki hafa knúið það í gegn að orkufrekur iðnaður rísi á Norðurlandi samtímis því sem fullnaðarsigur vannst í Blöndumálinu. Með því hefur aðeins hálfur draumur Norðlendinga ræst. Hinn hlutinn stendur eftir og það verður knúið á um það, bæði af þm. Sjálfstfl. og af heimamönnum sjálfum, að þm. Framsfl. og þm. Alþb. breytist í þessu máli, þeir kasti fordómunum, þeir taki upp nútímasjónarmið, þeir hjálpi okkur hinum að vinna að því, að Eyjafjörður verði hér eftir sem hingað til það mótvægi við stór-Reykjavíkursvæðið sem eitt getur orðið til þess við nútímaskilyrði að við köfnum ekki undan ofurvaldi Suðvesturlandssvæðisins.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þingheimur hefur nú hlustað á við hvað við megum búa í Norðurlandskjördæmi eystra, og ef ég hefði verið búinn að hlusta á ræðuna til enda hefði ég ekki beðið um orðið og farið upp í ræðustólinn. Ég ætla ekki að ræða um uppbyggingu á Norðurlandi hér og nú. Það er annað mál sem er verið að ræða um. Ég skal bjóða hv. þm. Halldóri Blöndal að ræða þau mál í okkar kjördæmi. Það kann að vera réttara að kjósendurnir þar skeri úr um hverjir vinna að málefnum Norðurlands. En það þýðir lítið fyrir þm. Norðurlands að ræða það úr þessum stól.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Þar sem hér er nú hafin nokkur umr. þm. úr Norðurl. e. vegna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði held ég að ég verði að leggja nokkur orð í belg.

Ég vil segja það, að ég tek undir með hv. þm. Halldóri Blöndal um að ég óttast mjög það atvinnuástand sem nú er að skapast í Norðurl. e. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni Norðurl. v. vegna þess að þar hefur atvinnuástand jafnvel verið lakara en í eystra kjördæminu og mikil þörf á að bæta þar úr.

Það er líka önnur staðreynd, sem menn skyldu gera sér fyllilega grein fyrir, að Norðurl. e. hefur samkvæmt skattskýrslum verið með launalægstu svæðum á Íslandi um nokkurra ára skeið. Sjálfur hef ég orðað það svo, að t. d. Akureyri væri eiginlegt láglaunasvæði vegna samsetningar á vinnuaflinu þar, þ. e. hversu margir vinna þar að iðnaði, eins og t. d. í SÍS-verksmiðjunum, og við önnur störf sem eru heldur lágt launuð á almennan mælikvarða. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu í þessum umr. og þessu fári, sem hefur gengið yfir þingið síðustu daga í sambandi við stóriðju, þar sem Alþb. hefur nú mér til nokkurrar undrunar gengið flokka harðast fram í stóriðjumálum, að benda á aðstöðu Norðurl. e. í öllu því stríði sem er háð. Það er ekki á borðinu, það er ekki borðleggjandi að í þessu kjördæmi verði gert neitt umtalsvert átak í iðnaðarmálum. Að vísu er verið að undirbúa pappírsverksmiðju á Húsavík. — Undirbúa, segi ég. Það er verið að gera frumathuganir á hagkvæmni hennar.

Ég vil líka í þessu sambandi benda hv. þm. og ekki hvað síst hæstv. iðnrh. á athugun sem Framkvæmdastofnun hefur látið gera á ástandi þessara mála á Norðurlandi. Þar er fyrirsjáanlegt að fólki mun á næstu árum fækka til muna í landbúnaði. Landbúnaður hefur verið ein undirstöðuatvinnugreinin í þessu kjördæmi og talið er samkv. endurskoðaðri mannaflaspá orkuspárnefndar um mannafla í íslenskum atvinnuvegum að á öllu landinu muni fækka í þeirri grein á árabilinu 1980—2000 úr 7800 í 5500. Þetta er sérstaklega alvarlegt mál fyrir kjördæmi eins og Norðurl. e. Það er líka gert ráð fyrir að engin mannaflaaukning verði í fiskveiðum á þessu árabili, fremur fækkun úr 5100 1980 í 5000 árið 2000. Í fiskiðnaðinum er ekki heldur gert ráð fyrir mannaflaaukningu. Þar kemur vinnuaflshópurinn til með að standa gersamlega í stað. Þá er gert ráð fyrir nokkurri aukningu í byggingarstarfsemi, en mikilli aukningu í iðnaði að vísu. Þetta er sá vaxtarbroddur sem menn ræða gjarnan um í skálaræðum að þeir vilji gera mikið fyrir og efla iðnaðinn. Ég er ekki frá því, að okkur þm. Norðurl. e. þyki við vera nokkuð aftarlega á merinni í þeirri iðnaðarumræðu eða því stóriðnaðarfári sem nú gengur yfir hið háa Alþingi.

Það er kannske rétt, með leyfi forseta, að ég fái að lesa nokkur orð úr skýrslu Framkvæmdastofnunar, sem er hin merkasta, um þetta mál, en þar segir m. a.:

„Fyrirsjáanleg er fækkun starfandi fólks í landbúnaði á allra næstu árum. Þá er ekki raunhæft vegna slæms ástands fiskstofna og líklegrar framleiðniaukningar í fiskiðnaði að gera ráð fyrir að nema lítill hluti nýliða á vinnumarkaði fái atvinnu í sjávarútvegi. Samtals er því vart hægt að gera ráð fyrir nýjum störfum sem neinu nemur í þessum tveimur atvinnugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi. Á þetta ber að líta sem alvarlegt vandamál í uppbyggingu atvinnulífs á Norðurlandi á næstu árum, því að árið 1977 voru 38.3% vinnuafls þar í landbúnaði og sjávarútvegi.

Framkvæmdastofnun ríkisins hefur gert mannaflaspá fyrir árið 1983 og skal hér gerð grein fyrir spánni hvað Norðurland snertir. Spáin er byggð á eftirtöldum forsendum um þróun einstakra atvinnugreina:

1. Landbúnaður. Sama þróun verður áfram og var á Norðurlandi 1972—1977.

2. Fiskveiðar standa í stað á Norðurlandi frá 1977.

3. Fiskvinnsla. 1000 ný störf myndast á öllu landinu frá 1977—1983. Þau skiptast hlutfallslega jafnt á alla landshluta eftir mannafla í fiskvinnslu í hverjum landshluta.

4. Byggingarstarfsemi. 1000 ný störf myndast frá 1977—1983. Þau skiptast hlutfallslega jafnt á alla landshluta eftir mannafla í byggingarstarfsemi í hverjum landshluta.

5. Þjónustugreinar. Í spánni er reiknað með því að þjónustugreinar taki til sín sama hlutfall mannafla og þær gerðu á Norðurlandi frá 1972—1977 eða 43.1%. Það gæti hins vegar verið markmið Norðlendinga að þjónustugreinar taki til sín áfram það hlutfall af nýjum störfum sem þær gerðu að meðaltali fyrir allt landið frá 1972—1977 eða 66.6%.

6. Spá um mannfjölda á starfsaldrinum 15—74 ára árið 1983 gerir ráð fyrir því, að sama munstur flutninga innanlands og gagnvart útlöndum verði áfram eins og verið hefur undanfarin ár. Reiknað er með að atvinnuþátttaka fólks á starfsaldri 15—74 ára verði orðin 67% árið 1983, en hún var 65% á Norðurlandi vestra árið 1977 og 65.7% á Norðurlandi eystra árið 1977."

Síðan er þetta mál rakið mjög ítarlega í þessari skýrslu og niðurstöðurnar eru einkum þessar, með leyfi forseta:

„Ef ekki kemur til sérstakt átak til eflingar iðnþróun mun iðnaður ekki geta orðið sá vaxtarbroddur framleiðsluatvinnuvega sem þarf til þess að öllum nýliðum á vinnumarkaði svæðisins, þ. e. Norðurlandi, gefist kostur á atvinnu heima fyrir. Margar aðrar ástæður benda til þess, að sérstakt átak þurfi til eflingar iðnþróun á Norðurlandi" — og lýkur þar með þessu áliti.

Það væri nú kannske vert að beina nokkrum spurningum til hæstv. iðnrh. í sambandi við það, hvers Norðlendingar mega vænta á allra næstu árum og hvort þeir megi eiga von á því að fá einhverja sneið af þeirri köku sem menn hafa verið að skipta hér á hinu háa Alþingi síðustu daga, kannske meira af kappi en forsjá. Ég tel að áminning og ábending hv. þm. Halldórs Blöndals eigi fullkominn rétt á sér, sérstaklega vegna þess að það svæði, sem hér um ræðir, hefur orðið fyrir mjög alvarlegum áföllum í atvinnulegu tilliti á undanförnum árum og hvergi nærri fengið í sinn hlut það sem hrotið hefur af borði þeirra yfirvalda sem með þessi mál fara. Það er líka annar þáttur þessa máls, sem ég hef mjög umtalsverðar áhyggjur af, og það er það vonleysi sem ég verð var við að er farið að grípa um sig meðal ungs fólks í þessu kjördæmi. Ég óttast það mjög alvarlega, að ef ekki fer a. m. k. að leiftra fyrir einhverjum nýjum áformum í sambandi við iðnþróun í Norðurl. e. innan tíðar megum við búast við því, að það komi mikið rót á ungt fólk sem þarna er nú að alast upp til þess að fara út á vinnumarkað, stofna heimili og koma sér fyrir í þessum landshluta. Ég er nefnilega þeirrar skoðunar, að menn hafi um allt of langan tíma smíðað eins konar pótemkintjöld í atvinnulegu tilliti fyrir Norðurl. e. Ég held — og ég held ekki, ég veit að menn hafa lagt allt of mikið upp úr því og talið það

öryggi, sem ég segi að hafi verið falskt öryggi, sem hefur falist í framkvæmdum t. d. SÍS-verksmiðjanna á Akureyri, sem nú standa mjög höllum fæti, bæði vegna verðlagsþróunar og annarra þátta. Það er alveg fyrirsjáanlegt, ef ekki verður gripið í taumana mjög fljótlega, að það getur orðið þarna mjög alvarleg atvinnuþróun eða neikvæð atvinnuþróun, sem ég kalla svo, og að það unga fólk, sem nú er að vaxa upp, sjái í raun og veru sáralitla framtíð í því að búa áfram í þessu kjördæmi. Þetta og sú staðreynd, að t. d. Akureyri er láglaunasvæði, eins og ég hef tekið hér fram, veldur því, að áhyggjur mínar vaxa til muna og kannske einkum og sér í lagi með tilliti til þess, að ég hef ekki heyrt hreyft neinum hugmyndum eða tillögum, nema í formi lausafrétta af hugsanlegri álverksmiðju við Eyjafjörð, um hvað gera skuli í þessu kjördæmi í iðnaðarlegu tilliti. Ég skal að vísu játa að það hefur verið unnið vel í sambandi við væntanlega pappírsverksmiðju á Húsavík, en hún dugar ekki þéttbýlissvæðinu við Eyjafjörð. Mér býður í grun að ef við höfum ekki manndóm til að reyna að efla atvinnulíf í þessu kjördæmi geti verið fram undan mjög erfiður tími og erfitt tímabil sem muni hafa alvarlegri áhrif á hagi þessa kjördæmis en menn geta látið sér detta í hug á þessari stundu.

Herra forseti. Ég skal nú ekki halda uppi neinu málþófi, enda var það ekki ætlun mín. Ég taldi hins vegar nauðsynlegt að þessi sjónarmið mín kæmu hér fram vegna ræðu hv. þm. Halldórs Blöndals, sem var alveg hárrétt og fyllilega tímabær, og læt þessu lokið.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umr. um málefni Norðurlands eystra sérstaklega. Hins vegar langar mig að fjalla um nokkur atriði í sambandi við það mál, sem á dagskrá er, og það fordæmi, sem telja má með því gefið, og nokkur atriði, sem varða svipuð mál.

Það var vissulega margt til bóta samþykkt áðan við 2. umr. frá því sem var í hinu upphaflega frv. ríkisstj. um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Engu síður er það svo, að það atriði, sem margir hv. þm. telja að þeir hafi fengið fram með samþykkt þess frv., þ. e. áframhaldandi undirbúningur kísilmálmverksmiðju, athuganir og slíkt, gat farið fram án lagaheimilda. Vitanlega þurfti þær ekki og þarf ekki. Þessu máli er ekki endanlega lokið, og mér dettur nú í hug að vera bjartsýn, þó að nokkur fiðringur sé kominn í hv. þm. vegna þess hve skammt er til þingloka, að ekki sé með öllu of seint að tefla fram nokkrum rökum.

Það er alveg ljóst, að það var til bóta að ganga svo frá málum að Alþingi kysi stjórn þess hlutafélags sem frv. fjallar um. En af hverju það þurfti að vera hlutafélag er annað mál. Vitanlega gat Alþingi kosið undirbúningsnefnd manna til að vinna að þessu máli, eins og raunar var lagt til í till. hv. 5. þm. Suðurl. sem náði alveg nægilega langt, en raunar þurfti ekki heldur lagaheimild um.

Einhvern veginn er það svo, að menn trúðu því í allstórum hópum, að þeir væru að taka þátt í því að stöðva mikilvæga atvinnuframkvæmd í framtíðinni með því að ganga ekki til fylgis við þetta frv. Sá skilningur er að mínum dómi alrangur. Vitanlega getur undirbúningur og athugun haldið áfram í þessu máli þangað til það er komið á það stig að það sé raunverulega orðið tímabært að undirbúa löggjöf um málefnið. Því fer fjarri að svo sé.

Það, sem í raun og veru er í þessu frv. og löggjöf sker úr um, er eignaraðildin. Fjöldi hv. þm., sem greiddu atkv. með þessu frv., er, að því er ég held, í hjarta sínu andvígur þeirri hugmynd sem fram kemur í frv. um eignaraðild ríkisins. Allt að einu töldu menn sig vinna málinu gagn með því að samþykkja frv. Ég tel að það sé á misskilningi reist. Við höfum dæmi fyrir okkur í dagskrármálinu sem afgreitt var á milli 2. og 3. umr. þessa máls áðan, en það var frv. um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði. Það lítur ósköp sakleysislega út, er tvær greinar og er um stórt og mikilvægt fyrirtæki, engum blandast hugur um það, en það fjallar um stórfellda hækkun á framlagi íslenska ríkisins til þessa fyrirtækis. Af hverju? Af því að rekstrarhorfur þess félags eru slæmar og reksturinn hefur gengið verr en menn ætluðu undanfarin ár. Allnokkrir þm. bentu á þetta atriði og auðvitað margir fleiri sem sáu blasa við að svo gæti auðvitað farið með jafnviðkvæma starfsemi sem byggir á fjarlægum mörkuðum sem við Íslendingar höfum einir lítil tök á. Allmargir bentu vitanlega á að þarna réðist ríkissjóður í að taka á sig mikla áhættu. Nú vitum við að gerð hafa verið frávik, m. a. með járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði og eignaraðild ríkisins þar, frá þeirri stefnu að taka slíka áhættu á ríkissjóð. En þar með er ekki sagt að halda eigi áfram á þeirri braut og allra síst þegar reynslan blasir við. Í grg. frv., sem var afgreitt áðan og ég vil, þó að það sé afgreitt, leyfa mér að vitna í, með leyfi hæstv. forseta, vegna þess með hverjum hætti ég tel það snerta það mál sem hér er á dagskrá, sagði m. a.:

„Vegna áðurgreindra rekstrarþrenginga var greiðslufjárstaða fyrirtækisins hins vegar orðin veik um síðustu áramót og fyrirsjáanleg frekari veiking hennar á yfirstandandi ári.“ Og annars staðar í skjölum málsins sagði að telja mætti að vissulega væri þetta mjög örðugt fyrir ríkissjóð, en dýrara væri þó að stöðva verksmiðjuna.

M. ö. o.: Alþingi stendur að því er virðist, þegar svona er komið málum eða farið hefur verið af stað með meirihlutaeignaraðild ríkisins í áhættusömum rekstri, andspænis því að velja á milli þess að halda áfram að veita úr ríkissjóði, af skattfé borgaranna, áfram í þau fyrirtæki eða stöðva reksturinn.

Nú kann að vera að ríkissjóður, þó oft sé illa staddur, fari ekki um koll af þeirri ástæðu að slíkt komi til á einum stað. En þegar slíkt er að því er virðist stefna gegnir öðru máli. Við höfum allt of mörg mál hér á borðum okkar sem vitna um þessa stefnu. Það er að vísu ekki að undra, eins og ríkisstjórn Íslands er saman sett núna. Hitt undrar mig meira, hve mikinn hljómgrunn slík stefna virðist eiga meðal fjölmargra alþm. ellegar hve rólega menn ljá því liðsinni sitt að málin séu látin velta áfram með þeim hætti og menn bíði bara og voni, að ekki fari illa, og túlki síðan málin með þeim hætti sem þeir vilja að lokaniðurstaða verði.

Við heyrðum það hér við afgreiðslu þessa máls, kísilmálmverksmiðjunnar, við 2. umr., hvernig hv. þm. túlka aðalágreiningsefni málsins hver með sínum hætti þannig að að mínum dómi túlka menn það svo að innihald málsins sé allt annað en í textanum segir. Ef menn eru sammála um að innihaldið eigi að vera það, af hverju er það þá ekki í textanum? Af hverju stendur þá í textanum að rekstrarfyrirkomulag væntanlegrar verksmiðju eigi að vera svo og svo sem þar greinir, og eignaraðild ríkisins geti þess vegna farið upp í 80 eða 90%?

Það er ósköp skiljanlegt, þegar hvert málefni er

skoðað algerlega einangrað út af fyrir sig, að íbúar hinna einstöku staða hafi áhuga á að fá til sín ný atvinnufyrirtæki, því að allir sjá þá brýnu nauðsyn að auka fjölbreytni í atvinnulífi landsins. Hitt er annað mál, að okkur ber skylda til að líta á þessi mál frá sjónarmiði ríkisheildarinnar fyrir hvaða kjördæmi sem við erum kosin. Ég hygg líka að menn viti dæmi þess, að kjör almennings í löndum hafi orðið rýr vegna þess að fjárfesting hins opinbera tók mikið til sín af því, sem hefði þurft að fara beint til að bæta dagleg kjör fólksins, og ýmiss konar rekstur, sem ekki var hagstæður eða nægilega arðbær, tók til sín peningana í þjóðfélaginu.

Í þessu sambandi vil ég víkja að einu atriði sem mér finnst renna enn einni stoð undir að æskilegra væri að láta þetta mál vera meðal þeirra mörgu sem fá að liggja í friði innan veggja Alþingis, og það atriði er að það er ekki einungis að það standi skýrt og skorinort í 2. gr. þessa frv., að ríkið skuli vera meirihlutaeignaraðili í þessu hlutafélagi. Hv. þm. m. a. sem segja að þrátt fyrir þetta sé hér einungis um undirbúningsfélag að ræða, þetta sé nánast bráðabirgðamálefni, athugi að það eru fleiri ákvæði í þessu frv., eins og því hefur verið breytt, sem negla þetta enn betur. Ég hygg að ekki síst hæstv. iðnrh. og hans flokksbræður og fleiri vilji að gengið sé frá því, að íslenska ríkið leggi til meginhluta fjármagnsins. Í verkefninu, sem þessi undirbúningshópur, sem sumir vilja kalla svo, á að hafa með höndum, í þeirri grein sem um það fjallar, er talað um heimild til að leggja fram viðbótarhlutafé í félagið. Þá skyldi maður ætla að viðbótarhlutafé og lagaákvæði um slíkt væri nægilegt að lægi fyrir þegar búið væri að sjá fram á hve mikið aðrir eignaraðilar leggja til. En samkv. þessu skjali, sem við höfum hér fyrir augum, á fyrst að taka ákvörðun um heimild til hlutafjáreignar ríkisins og síðan á að kveðja aðra aðila til samstarfs.

Stjórn hins nýja væntanlega hlutafélags samkv. frv., ef að lögum verður, á að undirbúa samninga um orkukaup, tækniaðstoð og sölu afurða verksmiðjunnar, eftir því sem þurfa þykir. Það kemur ekki fram, að þegar málið kemur næst fyrir Alþingi eigi að leggja fram uppkast að samstarfssamningi, eins og þó hefur verið gert um önnur slík mál. Þannig eru frá mínu sjónarmiði miklu fleiri lausir endar í þessu máli en í fyrstu virðist. Hins vegar er fastara um hnútana búið frá sjónarmiði sósíalistanna í ríkisstj. en mörgum e. t. v. sýnist í fyrstu — eða hvers vegna er í þessu frv. hvert ákvæðið af öðru sem enga nauðsyn ber til að lögfesta nú, nema þá til þess komi að þarna verði fyrst og fremst um ríkisrekstur að ræða? Það kann að vera að allt sé þetta á misskilningi byggt hjá mér og hv. Alþingi raunverulega vilji marka þá stefnu, að öll slík fyrirtæki eigi að vera ríkisrekin, þó að hv. þm. viti ekkert um hvaða samstarfsaðilar komi til með að vera þarna með og upp á hvaða býti. Ef þetta er staðreyndin hafa hugmyndir Íslendinga á Alþingi tekið meiri stakkaskiptum en ég hugði, og ég hygg að þær séu ekki í takt við sjónarmið almennings í landinu sem leggur til fé til rekstrar ríkisins.

Þegar rætt er um þetta atriði, að lögfesting hins endanlega fyrirkomulags geti ekki farið fram, að því er ég tel, fyrr en samstarfssamningur liggur endanlega fyrir, vil ég minna á eitt sem varðar mál þessu skylt og varðar það mál sem afgreitt var hér næst á undan þessu og ætti að vera til varnaðar, en ekki fordæmi. Þegar fyrstu lögin voru samþykkt um járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði, og raunar stendur það í lögunum eins og þau eru eftir að Elkem tók við hinum erlenda eignarhluta þar, þá stóð í samstarfssamningnum og stendur enn í þeim samningi, sem það fyrirtæki er byggt á lögum samkvæmt, að að 15 árum liðnum sé íslenska ríkið skyldugt til að taka allt það fyrirtæki að sér eins og það leggur sig ef hinum aðilanum dettur í hug að fara út. Hvernig líst mönnum á það þegar markaðshorfur eru eins og þær eru nú? Síðan lögin voru samþykkt eru nokkur ár og þetta ákvæði er um 15 ár. Þetta atriði eitt minnir okkur á að í slíkum málum, sem vissulega eru mikilsverð, þarf eins og annars staðar að vinna af forsjá. Ég held að það sem geti gerst hjá okkur með þessu áframhaldi, sé að kappið beri forsjána ofurliði. Í málum, sem eru vaxin eins og þetta, eins og það ber að og hæstv. iðnrh. fær hv. alþm. til að trúa því, að nauðsynlegt sé að samþykkja lög um að fyrirtæki, sem er ekki enn búið að stofna, verði að meiri hluta til í ríkiseign, tel ég að slíkt kapp sé íslensku þjóðinni of dýrt. Ef menn verða ekki betur vakandi að þessu leyti sjá menn það fyrir sér eftir nokkur ár, hvernig slíkt muni gerast í fleiri landshlutum. Við sjáum frv. um ýmiss konar ríkisreknar verksmiðjur sem alls ekki hafa fullkomna rannsókn á bak við sig. Við sjáum þau mál í borðum okkar. Mönnum finnst spennandi að reyna eitthvað nýtt. Menn skulu gera það, en ekki hætta til þess þeim peningum sem almenningur á Íslandi vinnur fyrir og verður að greiða í skatt til ríkisins til að hljóta nauðsynlega þjónustu. Þetta er ekki verkefni sem hægt er að ætlast til að það fé verði notað í. Það eru engin rök í því sambandi þó að sagt verði: Til þessa og þessa hluta málsins á að taka erlent lán. — Einhvern tíma þarf að borga þau erlendu lán eins og önnur og ríkisábyrgðirnar geta orðið virkar áður en varir.

Þá spyrja menn: Hvernig á þá að framkvæma stóriðjustefnuna ef ekki svona? Ég spyr: Eigum við að framkvæma stóriðjustefnuna þannig að nauðsynlegt sé að hið opinbera virki fyrst, síðan reisi hið opinbera fyrirtæki til þess að það geti staðið í skilum við þá sem komi hið opinbera og borgi hallann af hinu opinbera fyrirtæki til þess að það geti staðið í skilum til þeirra sem annast virkjunina? Mér finnst þetta vera hringur atvika sem er ekki nægilega skynsamlegur til þess að hægt sé að trúa því, að slíkt sé íslensku atvinnulífi og afkomu almennings á Íslandi til framdráttar.

Hitt er svo annað mál og það tel ég vera aðalatriði, að við eigum að leggja miklu meiri áherslu á að virkja þá þekkingu, sem til er í landinu, og hafa þá djörfung til að bera að standa þannig að samningum við samstarfsaðila í slíkum rekstri að það bæti efnahag landsmanna, renni stoðum undir fjölbreyttara atvinnulíf á hinum ýmsu stöðum. Þeir, sem annast reksturinn í þeim fyrirtækjum sem eru allra stærst í sniðum og byggja á allra viðkvæmustu mörkuðunum, skulu vera þeir sem þeim hnútum eru kunnugastir. Ég tel það enga frágangssök, síður en svo, ég tel æskilegra að í þeim tilvikum séu erlendir samstarfsaðilar, en við þá sé samið af því viti, að hagsmunum og yfirráðum Íslendinga yfir öllum sínum málum sé fyllilega borgið. Þetta tel ég að eigi að vera hægt. Til þess ættum við að hafa öll skilyrði í sambandi við orkusölu, aðstöðu á stöðunum, íslenskt vinnuafl, skatta og skyldur o. s. frv. Það eru fjölmörg atriði sem tryggja eiga Íslendingum alla þá stöðu í þeim málum sem þarf án þess að vera að búa sér til vandamál, eins og því fylgir að sitja uppi með ábyrgð á atvinnurekstri sem við

höfum mjög takmörkuð skilyrði til að láta bera sig ef illa árar í þeirri atvinnugrein eða þeirri framleiðslugrein sem um er að ræða.

Ég tel sem sagt að hugmyndin um, að nauðsynlegt sé að ríkið sé meirihlutaeignaraðili að slíkum fyrirtækjum, sé byggð á rótgróinni hræðslu og minnimáttarkennd. Ég held að Íslendingar séu, eins og einn hv. þm. hafði hér í gærkvöld eftir enn þá eldri þm., menn til að ganga svo frá málum og samningum við erlenda aðila að hagsmunum okkar Íslendinga sé fyllilega borgið að þessu leyti og við höfum með því að virkja þau verðmæti, sem til eru í landinu og spretta hér upp í iðrum jarðar og á hálendinu, vissulega þau skilyrði að við getum ráðið þeim málum til lykta með því móti að verði til farsældar og atvinnuauka án þess að við þurfum að búa við það að sjá enn þá stærri hluta fjárlaganna en orðið er fastbundinn fyrir fram í verkefnum að því er þetta varðar — í verkefnum sem eru ekki eiginleg og nauðsynleg verkefni ríkisins, en aðrir gætu trúlega miklu betur annast. Við sjáum það líka fyrir okkur, að aukin starfsemi af slíku tagi mundi hafa aukna skattbyrði í för með sér þannig að kallaði á aukið vinnuálag fólks, auknar tekjur þess. Þá væri betur farið að létta heldur byrðar þess þannig að athafnasemi og atorka einstaklinganna nýttist betur, einnig til að taka þátt í slíkum stórverkefnum, m. a. eins og því, sem hér er um fjallað, og ýmsum öðrum iðjufyrirtækjum sem skjöl liggja fyrir um á Alþingi.

Ég vildi, herra forseti, freista þess að koma þessum atriðum hér á framfæri. Ég vil aðeins draga saman einn þátt í því sem ég sagði, ef það mætti verða til þess, að hv. alþm. skoðuðu þetta mál nú enn betur áður en til lokaafgreiðslu kæmi, og það er þetta: Hvaða grundvallarskoðun sem menn hafa á því atriði, sem ég hef lagt höfuðáhersluna á, eignaraðildinni, liggur ljóst fyrir að menn eru sammála um, að ég held, að fram fari frekari athugun á undirbúningi verksmiðju, og um það þarf ekki lög.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil aðeins upplýsa að það liggur alveg ljóst fyrir, svo að öllum sé það vitanlegt, að það hefði verið lokið við 3. umr. einnig í gærkvöld ef menn hefðu ekki treyst samkomulagi um það að umr. yrðu ekki við 3. umr.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í samkomulagi um að tala ekki við 3. umr.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það var ég ekki að segja, heldur var ég að taka það fram, að því var treyst, þegar ég féllst á til samkomulags að fresta atkvgr. eftir 2. umr. og 3. umr. til dagsins í dag, að það samkomulag yrði haldið. Það er greinilegt að það hefur annaðhvort ekki verið leitað eftir því eða viðkomandi ekki fallist á það, og við því er ekkert að segja. Ég er aðeins að rifja upp það sem fram fór hér í gær.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég lýsti því yfir við 2. umr. málsins í gær, að ég mundi við 3. umr. málsins fara nánar út í þau sjónarmið sem ég lýsti þá. Ég bað um tilteknar upplýsingar hjá hæstv. iðnrh. sem hann lét að sumu leyti í té. Jafnframt lýsti ég því yfir, að ég mundi ræða málið nánar við 3. umr. Þetta var forseta deildarinnar ljóst, — ég man nú ekki hvor sat í stólnum þá, 1. varaforseti eða forseti. Þetta var hæstv. iðnrh. einnig ljóst, því að hann sat hér í salnum. Ef þm. boðar framhaldsumr. um mál þýðir það náttúrlega að hann ætlar að taka aftur til máls. Ef menn hefðu hlustað á það sem sagt var hefðu þeir haldið umr. áfram og þær stæðu þá enn, svo að það hefði engu breytt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Mér þykir afar leitt að heyra að hér sé verið að brjóta samkomulag. En ég verð að segja eins og aðrir, sem á undan mér hafa talað, að ég kannast ekki við að það hafi verið gert. Það er ekki ætlun mín að ræða þetta mál á nokkurn hátt eða flytja um það langa ræðu, heldur að fá tækifæri til að segja örfá orð við 3. umr., ekki síst vegna þess að hér hafa þegar þrír hv. þm. tekið til máls og rætt nokkuð um einn þátt málsins sem er ákaflega gagnlegur.

Ég held að ég verði að byrja á að þakka hv. þm. Halldóri Blöndal fyrir að vekja athygli á einum þætti þessa máls, þ. e. þýðingu stóriðju fyrir heimafólk, og að vekja athygli á nauðsyn þess, að Norðlendingar hefjist nú þegar handa um að koma upp stóriðjuveri á Norðurlandi, hugsanlega í Eyjafirði, og þá mjög líklega álveri.

Hér er verið að ræða um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem hefur verið tengd að nokkru leyti svokallaðri Fljótsdalsvirkjun þótt slík verksmiðja taki aðeins mjög lítið brot af þeirri orku sem sú virkjun, ef byggð verður í fullri stærð, getur framleitt. Það er ljóst að á undanförnum árum var vöxtur þjóðartekjna, þjóðarframleiðslu, undir fiskveiðum kominn, en nú gera menn sér það fyllilega ljóst að slíkur vöxtur getur ekki haldið áfram á sömu forsendum. Það er hins vegar, og það þarf að koma skýrt fram og kom ágætlega fram hjá hv. síðasta ræðumanni, Ragnhildi Helgadóttur, einmitt hægagangurinn á stóriðjuuppbyggingunni sem hefur verið okkur fjötur um fót. Hann á fyrst og fremst skýringu í því, að innan Alþb. — ég segi innan Alþb. því að þar eru ekki allir Alþb.-menn á sama máli — eru aðilar sem eru haldnir fordómum gagnvart samstarfi við útlendinga í stóriðjumálum. Slík sjónarmið gera það að verkum að krafist er eignaraðildar að meiri hluta af hálfu íslenska ríkisins, en eins og öllum hv. þm. er kunnugt er það fjármagn, sem íslenska ríkið hefur til ráðstöfunar, af mjög svo skornum skammti og í raun hefur verið leitað eftir lánum langt umfram það sem talið er að öll venjuleg ríki geti þolað. Á þetta vildi ég benda og taka undir hve erfitt er að binda svo mikið fé í jafnáhættusömum atvinnurekstri og stóriðja hlýtur að vera fyrir smáríki.

Í þessu sambandi kemst ég ekki heldur hjá því að minnast á það, sem kannske er það merkilegasta sem fram hefur komið og rætt er í dagblöðum í dag, að það er hugsanlegt að hæstv. iðnrh. ætli sér að gera tilboð í meiri hluta álverksmiðjunnar í Straumsvík, sem hæstv. iðnrh. taldi á sínum tíma að væri besti virkjunarkosturinn að loka, og sýnir best hvernig haldið er á málum í hæstv. ríkisstj.

Ég, herra forseti, er stuðningsmaður þessa frv., sem hér er til umr., og ætla mér ekki að tefja framgang málsins, en taldi mér skylt að koma hér upp og ræða um eignaraðildina vegna þess fyrst og fremst að felld var till. sjálfstæðismanna við 2. umr. málsins. Ég greiddi samt sem áður atkv. með frv. vegna þess — og það vil ég taka skýrt fram, eins og reyndar kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. — að ég tel að málið hafi breyst svo mikið í meðförum Alþingis, málið hafi tekið á sig það mót, að hér sé fyrst og fremst um undirbúningsfélag að ræða. Ég

bendi á að stjórn þessa fyrirtækis er kosin af hv. Alþingi þannig að öll pólitísk sjónarmið ættu að koma fram. Þess vegna tel ég ekki á það reynt fullkomlega, hvort nauðsynlegt sé að ríkisvaldið þurfi að eiga meira en helming fyrirtækisins. Það er hins vegar alveg rétt, sem fram hefur komið, að það er óhyggilegt, þó aðeins væri af markaðsástæðum og vegna hugsanlegra samstarfsaðila, að lýsa því yfir í löggjöf og binda þannig hendur sínar að það verði ekki efnt til slíkrar stóriðju nema ríkið eigi meira en 50%. Auðvitað geta aðrir hugsanlegir samstarfsaðilar spilað á þessi höft, sem við höfum lagt á eignaraðildina af okkar hálfu, og þar með knúið fram hagstæðari samninga sér til handa. Þetta liggur í hlutarins eðli.

Að lokum, herra forseti, langar mig aðeins vegna orða Halldórs Blöndals að benda á að þrátt fyrir stórfellda erfiðleika í stóriðju víða um heim, eins og hægt er að lesa um í blöðum og fá upplýsingar um annars staðar, er ljóst að stóriðja hér á landi er sá atvinnurekstur sem einna mest hefur gefið í launum. Ég er hér með skrá yfir þau fyrirtæki sem greiddu hæstu meðallaun 1980. Þar er Íslenska járnblendifélagið í sjötta sæti og Íslenska álfélagið í áttunda sæti. Þar er verið að tala um meðallaun, ég undirstrika það. Þau fyrirtæki, sem eru ofar á blaði, eru tvö fiskiðjufyrirtæki og fyrirtæki sem unnu fyrst og fremst við uppbyggingu á orkuverum landsins, en auðvitað má reikna með að há laun í þeim fyrirtækjum hafi fyrst og fremst byggst á löngum vinnudegi. — Jafnframt vil ég minna á að í bók, sem kom út í síðasta mánuði frá Framkvæmdastofnun ríkisins, áætlanadeild, segir skýrt og greinilega að stóriðja, járnblendi og álframleiðsla, gefi langhæstu laun sem um getur hér á landi í heilum atvinnugreinum. Þetta vildi ég að kæmi fram því að þetta undirstrikar betur en nokkuð annað áhyggjur sem framsýnir þm. Norðurl. e. hafa verið að tala um hér í dag. Þetta tel ég nauðsynlegt, herra forseti, að komi fram í þessari umr.

Ég vil enn ítreka það sem ég sagði í upphafi, að það kann að hafa verið gert samkomulag. Mér þykir miður að ég skuli þá hafa leyft mér að biðja hér um orðið. Ég var þó fjórði ræðumaður við þessa umr. og hafði ekki heyrt um þetta getið fyrr, en vænti þess, að þessi stutta ræða mín hafi ekki orðið til þess að kollsigla kísilmálmverksmiðju sem nú er ákveðið að eigi að setja niður í kjördæmi hæstv. forseta.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, ÞS, AS, BGr, BÍG, EH, FÞ, FrS GeirH, HÓ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, SigurlB, KP, MHM, MÁM, SvH.

RH, VG, AG, GS, GJG, JS greiddu ekki atkv.

2 þm. (ÁG, MB) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Með skírskotun til greinargerðar með atkv. mínu við 2. umr. málsins sit ég hjá við lokaatkvgr. málsins. Ég vil taka fram, að það geri ég vegna þess að málið hafði verið ítarlega rætt í þingflokki sjálfstæðismanna, ég hafði gert grein fyrir afstöðu minni þar, og afstaða flokkssystkina minna er stuðningur við frv. eða svo var við 2. umr. Mér er óljúft að ganga alveg gegn þeim. En ég vil ekki samþykkja þetta frv. af þeim ástæðum sem ég greindi við 2. umr., tel það auk þess óþarft og greiði því ekki atkv.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Ég ítreka enn það sjónarmið sem kom fram við aðra afgreiðslu málsins um eðli þeirrar afgreiðslu sem hér fer fram. Hér er aðeins verið að halda áfram undirbúningi að stofnun kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði þó að reynt sé að láta í veðri vaka að önnur sé sú afgreiðsla sem hér fer fram. Þetta hefur komið fram ítrekað í máli margra alþm., enda frv. svo skilið að upphaflegur tilgangur þess er ekki lengur það sem vakir fyrir mönnum um afgreiðslu mála. Með tilvísun til þess, sem hefur komið fram frá okkur Alþfl.-mönnum um eðli þeirrar afgreiðslu sem hér fer fram, segi ég já.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég harma að brtt. okkar hv. þm. Birgis Ísl. Gunnarssonar um breytingu á eignaraðild frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, var felld hér. Ég tel einsýnt að sú þröngsýni og minnimáttarkennd sem kemur fram í afstöðu þeirra sem eru fælnir við allt það sem heitir erlent fjármagn til stuðnings íslensku atvinnulífi sé okkur óhagstæð og beinlínis hættuleg í efnahagslífi okkar. Þrátt fyrir að svona fór og með því einnig að frv. hefur tekið feiknalegum og raunar gerbreytingum frá því það var upphaflega lagt fram, með því einnig að ég tel þetta gott mál, sem muni koma atvinnulífi og efnahag Austfirðinga vel og þjóðinni allri, þá segi ég já.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Með skírskotun til greinargerðar hv. 6. þm. Reykv. við 2. umr. málsins segi ég já.

Frv. afgr. til Ed.

Járnblendiverksmiðja í Hvalfirði, frv. (þskj. 585). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 22:1 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 931).

Neðri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, að loknum 85. fundi.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 801 (sbr. 30), n. 896 og 898, 899). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 898 um frv. til l. um lyfjadreifingu. Frv. þetta er gamalkunnugt hér í þinginu. Það var lagt fram á 100., 102. og 103. löggjafarþingi og

er nú lagt fram í fjórða sinn sem 30. mál þingsins. Það má því segja að mál sé til komið að það hljóti afgreiðslu.

Heilbr.- og trn. hv. Ed. hefur unnið mikið starf að breytingum á frv. og fengið sér til ráðslags fjölda aðila. Ingolf Petersen deildarstjóri og lyfjafræðingur vann með nefndinni allan tímann og hann kom einnig til fundar við nefnd hv. Nd.

Megintilgangur þessa frv. er að með því er í raun lokið endurskoðun á lyfjalögum nr. 30 frá 1963, og falla nú úr gildi þeir kaflar þess sem eftir voru í gildi. Þá fellur einnig úr gildi II. kafli laga nr. 63 frá 1969, um verslun ríkisins með áfengi, tóbak og lyf.

Herra forseti. Ég skal ekki fara löngu máli um aðrar meginbreytingar sem frv. felur í sér, en örfá atriði hlýt ég þó að nefna.

Með frv. er ákveðið að staðarval og stofnun lyfjabúða eða útibúa þeirra skuli ákveða með reglugerð samkv. skiptingu landsins í héruð, sbr. ákvæði laga nr. 57 frá 1978, um heilbrigðisþjónustu. Stefnt er að því, að lyfjasala fari úr höndum lækna og þriggja manna nefnd undir forustu lyfjamálastjóra ríkisins fjalli um lyfsöluleyfi. Þá eru þau nýmæli í frv. að ríkið hafi heimild til að standa að menntun tæknimenntaðs aðstoðarfólks við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu, en í reynd hefur Lyfjatækniskóli Íslands starfað frá árinu 1974. Þá fellur Lyfjaverslun ríkisins undir stjórn heilbr.- og trmrn. og henni er skipuð stjórn undir forustu lyfjamálastjóra og staða lyfjaverslunarinnar þannig styrkt. Þá eru settar hömlur gegn því, að starfandi læknar og lyfjafræðingar séu umboðsmenn lyfjaframleiðenda og eigi þannig hagsmuna að gæta þegar lyf eru valin. Þá skal Tilraunastöð háskólans í meinafræði að Keldum vera háð ákvæðum lyfjalaga nr. 49 frá 1978.

Vegna þess hvað stutt lifir nú þings vil ég ekki tíunda lið fyrir lið þær breytingar sem minni háttar eru og margar hverjar eru samræmingaratriði.

Meiri hl. n. telur að ástæða sé til að afgreiða frv. nú fyrir þinglok, en frá Ed. kom frv. fyrir fáeinum dögum. Einn nm. meiri hl., hv. þm. Jóhann Einvarðsson, skrifaði undir álitið með fyrirvara þar sem hann taldi sig ekki hafa haft tíma til að kynna sér það nógu vel, en hafði hins vegar rætt málið við nm. þingflokksins í Ed. Hv. þm. Matthías Bjarnason og Ragnhildur Helgadóttir skila áliti á sérstöku þskj.

Nauðsynlegt var að bera fram brtt. sem hér liggur frammi á þskj. 899. Sú prentvilla, sem ég leyfi mér að kalla svo, hafði slæðst inn í þskj. 771, sem á voru brtt. heilbr.- og trn. Ed., og síðar aftur í frv. á þskj. 801, sem er frv. svo breytt frá Ed., að orðið „ekki" hafði fallið niður í upphafi 29. gr. Þar sem þetta litla orð gerbreytir merkingu greinarinnar hlýtur frv. að þurfa að fara aftur til Ed. Svo augljóslega er þetta prentvilla að treysta má að leiðréttingu þessi tefji ekki framgang málsins, en starfsmenn þings tjáðu mér að ekki yrði við þessu gert öðruvísi en málið hlyti meðferð aftur í Ed.

Herra forseti. Um þetta mál skal ég ekki segja meira, en meiri hl. n. hvetur til að málið verði nú afgreitt.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þetta frv. var flutt nokkuð snemma á þessu þingi í Ed. og var leitað umsagnar um frv. hjá bæði Lyfjaeftirliti ríkisins, Lyfjatæknafélagi Íslands, lyfjatæknaskólanum, Læknafélaginu, Apótekarafélaginu, Félagi ísl. stórkaupmanna, Lyfjafræðingafélagi Íslands og samstarfsnefnd sjúkrahúsa og lyfjafræðinga. Enn fremur kom Ingolf Petersen deildarstjóri í heilbr.- og trmrn. á fund nefndarinnar og starfaði með henni. Nefndin í Ed. hafði því nægan tíma til að leita þessara umsagna allra og kynna sér efni frv. En það er ekki fyrr en 27. apríl s. l. sem nefndin í Ed. skilar nál. með fyrirvara. Þrátt fyrir þessa löngu umhugsun og þennan langa meðferðartíma skrifar meiri hl. n. undir nál. með fyrirvara. Ég þori að fullyrða að fimmti nm., sem skrifar fyrirvaralaust undir nál., hefur vafalaust aldrei sótt fundi nefndarinnar. Hins vegar má auðvitað fá úr því skorið með því að fletta upp fundargerðarbókum. En þar á ég við sjálfan hæstv. forsrh. sem á sæti í nefndinni.

Þessu máli er svo vísað til Nd. 30. apríl um leið og það er samþykkt frá Ed. og seint þann dag er því svo vísað til heilbr.- og trn. Nd. Það er 4. maí sem þetta frv. er tekið fyrir í heilbr.- og trn. Nd. Þetta frv. er upp á 62 lagagreinar og þar að auki fjögur ákvæði til bráðabirgða. Það var lagt mikið kapp á afgreiðslu þess af formanni nefndarinnar, þetta væri svo gott mál og svo margir væru búnir að fjalla um það og nefndin í Ed. væri búin að hafa það svo lengi að það mætti til með að afgreiða frv. strax. Það eru eftirlátir menn í nefndinni. Tveir fulltrúar Framsfl. létu undan síga og gengust undir að afgreiða frv. fyrir harðfylgi formanns nefndarinnar sem er margt betur gefið annað en láta flókið mál fá eðlilega þinglega meðferð, buna því heldur áfram „ef ráðh. minn" eins og formaður nefndarinnar segir oft, leggur áherslu á það. Þessi vinnubrögð líka okkur ekki, sem skrifum undir nál. minni hl. heilbr.- og trn.

Ég las auðvitað frv., eins og ég geri yfirleitt alltaf þegar frv. er lagt fram. Ég tel það vera þinglega skyldu í nefndum að mál fái efnislega meðferð. Þegar ég kom hér á þing þótti slíkt alveg sjálfsagt og lengi á eftir. Nú er þetta að breytast ört á seinni árum. Nú er þetta að verða alveg óþarfi. Þá lögðu menn sig fram við vinnu í nefndum, en núna eru menn í nefndum þings sem koma þar aldrei á fundi, en það er hlaupið með nál. til þeirra og þeir skrifa alveg umyrðalaust undir. Ég held að það sé rétt munað hjá mér, að einn nm. í heilbr.- og trn. Nd. hefur ekki mætt á einum einasta fundi þar í vetur, nema til að kjósa Guðrúnu Helgadóttur fyrir formann í auðmýkt, en hún hleypur með hvert nál., sem hún hefur framsögu fyrir, til þessa nm. og hann skrifar undir. Hún virðist hafa fullt og ótakmarkað umboð til að skýra þessum nm. frá hvaða mál séu á ferðinni, og hún er ekki lengi að sannfæra hann. Svo eiga menn auðvitað að bera virðingu fyrir Alþingi og störfum þess! Alþingi er löggjafarsamkunda þessarar þjóðar, og Alþingi og alþm. vilja halda því fram, að hér séu unnin vandasöm störf og hér eigi að vanda til starfs. Ég harma þessi umskipti sem hafa orðið á síðustu árum svo að fer ört versnandi.

Mér er ljóst að í þessu frv. er margt mjög gott og margt hefur verið vel unnið. Ég set ekkert út á það þó að einn nm., sem skrifar undir nál., hafi ekki verið á þeim fundi þegar málið var afgreitt, — maður sem hefur fylgst með málinu, var á annað ár heilbr.- og trmrh. og hefur mætt ákaflega vel í nefndinni og tekið þátt í störfum hennar, 5. þm. Suðurl. Það er ekkert út á það að setja að menn, sem mæta á fundum nefnda, þó að þeir séu ekki viðstaddir rétt við lokaafgreiðslu, skrifi undir nál. En hitt set ég út á og tel alveg forkastanleg vinnubrögð, að menn, sem aldrei koma, geri þetta. Það ætti að vera blátt bann við því í þingsköpum að þetta sé gert. Ef ég léti kjósa mig í nefnd og kæmi aldrei á fund hefði ég alls ekki geð í mér

að skrifa undir nál.

Við fulltrúar Sjálfstfl. í heilbr.- og trn., hv. þm. Ragnhildur Helgadóttir og ég, skilum hér því nál., að með tilvísun til þess, að nefndin fær ekki tíma til að afgreiða þetta mál með þinglegum hætti, treystum við okkur ekki til að mæla með afgreiðslu málsins. Þó að við viðurkennum, að margt sé til bóta í frv. frá gildandi lögum, hefðum við talið eðlilegra að þetta frv. yrði endurflutt í byrjun næsta þings og að því stefnt að afgreiða það á þessu ári. Frv. gerir ráð fyrir að það taki gildi 1. jan. á næsta ári, svo að það hefðu ekki verið hundrað í hættunni.

Efnislega er ég ósammála tveimur greinum í þessu frv. og tel þær á margan hátt óeðlilegar. Það er verið að breyta og setja takmarkanir sem eiga að verka aftur fyrir sig, — takmarkanir sem reynist auðvelt að fara fram hjá fyrir þá aðila sem það vilja, ef þeir eru einhverjir til. Þar á ég fyrst og fremst við 39. gr. laganna. Ég tel að sé alveg tilgangslaust að vera með slíkt ákvæði. Hitt hefði verið sönnu nær: að setja einhver slík ákvæði frá gildistöku þessara laga, en ekki afturverkandi. Hvaða mat á að leggja á t. d. síðari mgr. 39. gr. um eignaraðild þessara aðila að sérlyfjainnflutningsfyrirtækjum og lyfjaheildsölum, sbr. ákvæði 3 til bráðabirgða? Það þykir rétt að veita rúman aðlögunartíma, eins og sagt er, þeim lyfjaheildsölum sem starfa í bága við 39. gr., 8 ár frá gildistöku laganna. Þar segir líka í frv. að menn megi ekki vera aðilar að lyfjaheildsöluinnflutningi eða lyfjaframleiðslu nema að einhverju litlu leyti. Það er ekkert kveðið nánar á um hver og á hvern hátt á að meta hvað sé stór þátttaka í slíkum fyrirtækjum eða ekki. Hvernig á að koma í veg fyrir það, að t. d. þeir, sem rétt hafa til að gefa út lyfseðla, ef lyfjainnflytjandi eða lyfjaframleiðandi nær samkomulagi við þá, — að þeir ávísi á ákveðnar tegundir lyfja? Það er ekki hægt að koma þar neinum lögum við eða neinum ákvæðum í sambandi við lyfjadreifingu. Önnur lög ná yfir alla þessa aðila ef þeir misnota á þennan hátt aðstöðu sína.

Það er ýmislegt þarna sem ég hefði talið æskilegt að fá tíma til að bera saman við umsagnir þær sem bárust og afgreiða svo málið eftir að hafa borið þessar umsagnir saman og reynt að samræma orðalag og ná samkomulagi í nefndinni. En það má ekki. Það verður að hafa þennan bunugang á. Það var boðaður fundur kl. 1. Það heyrast aðfinnslur úr forsetastól ef þm. eru svo ekki við þegur fundur er settur í deildinni kl. 2. Þess vegna varð nefndin auðvitað að ljúka störfum fyrir þann tíma. Og formaður nefndarinnar virti það fullkomlega, það skal formaðurinn eiga. En þetta var allur tíminn sem heilbr.- og trn. Nd. hafði yfir að ráða til að mynda sér skoðun á þessum lagabálki sem tekur yfir 60—70 lagagreinar.

Frsm. meiri hl. (Guðrún Helgadóttir): Herra forseti. Ég ætla aðeins að fá að svara hv. 1. þm. Vestf. nokkrum orðum.

Það er að verða árviss viðburður, að hv. þm. stendur hér á fætur og kvartar yfir störfum mínum sem formanns heilbr.- og trn. Ég veit ekki hvernig ég á að taka þessu.

Við höfum nú starfað saman í núverandi heilbr.- og trn. tvö þing. Í fyrra má ég segja að hafi verið haldnir 28 fundir, á þessu þingi 20. Allir hafa þeir verið með eindæmum ánægjulegir og skemmtilegir og skemmtilegastur allra hv. 1. þm. Vestf. Það eru mikil forréttindi fyrir formann í þingnefnd að hafa í þeirri nefnd, sem fjallar um heilbrigðis- og tryggingamál, tvo fyrrv. ráðh. í málaflokknum. Það hefur auðvitað styrkt nefndina afar mikið, enda mál gengið mjög vel í nefndinni. Hv. 1. þm. Vestf. leiðréttir mig ef ég fer ekki rétt með það, að annaðhvort er þetta í fyrsta eða annað sinn sem mál fer út úr þessari umræddu nefnd með ágreiningi. Öll önnur mál hafa verið samþykkt einróma og athugasemdalaust.

Ég get fullvissað hv. 1. þm. Vestf. um að ég kem ekki á fund í þessari nefnd án þess að þekkja nokkuð til þeirra mála sem hún skal um fjalla, enda hafði ég haft tækifæri, eins og hann og aðrir, til að lesa þetta frv. á borðinu hjá mér síðan í október í vetur. Enginn hefur sagt að nm. megi ekki líta á mál fyrr en það er komið til viðkomandi nefndar. Ég held þess vegna að allar þær ásakanir, sem hér hafa verið bornar fram, séu með öllu ósanngjarnar. En það er nákvæmlega sama sagan og átti sér stað hér í fyrra. Ég veit ekki hvort Morgunblaðið, málgagn hv. 1. þm. Vestf., er orðið svo örvæntingarfullt um fréttir af umræddum formanni að nú skuli enn búa til litla frétt á 2. síðu Morgunblaðsins. En ég hélt satt að segja að menn væru orðnir leiðir á slíkum málflutningi, einkum að því er mig varðar. Ég vil þess vegna aðeins segja hv. 1. þm. Vestf. það, að ég skal fúslega taka að mér sömu störf á næsta þingi, ef við berum gæfu til að starfa hér áfram, og ég ætla sannarlega að vona að hann starfi í þeirri ágætu nefnd með jafnmiklum ágætum og hann hefur gert. En ég treysti honum til að standa ekki hér upp í þriðja skiptið að vori og klaga formanninn fyrir störf sem hann hefur aldrei nokkurn tíma haft nokkra uppburði til að klaga fyrr, heldur samþykkt nær öll mál og öll vinnubrögð nefndarinnar með glöðu og ljúfu geði, eins og hans er háttur. Ég skil ekki hvað þetta á að þýða, en í skáldsögum er þetta kallað „love-hate" samband.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Þessi ræða var undarleg hjá hv. 8. landsk. þm. Ég var ekki að ræða nokkurn skapaðan hlut um þau mál sem nefndin hefur afgreitt í vetur. Það hefur allt verið afgreitt með eðlilegum hætti. Hv. þm. sagði að þm. gætu lesið frumvörp. Ég tók fram að ég hefði lesið þetta frv. En háttur þingsins er sá, hefur verið, á að vera og mun vafalaust verða, að leita umsagnar aðila um þingmál, sérstaklega þau sem eru faglegs eðlis, eins og margt er í þessu frv., og ég hafði ekkert tækifæri til að sjá þessar umsagnir. Málið er afgreitt úr nefnd í Ed. 27. apríl og 30. apríl er málið afgreitt frá Ed. Það er á föstudegi. Laugardagur og sunnudagur koma svo á eftir og þessi fundur er á réttum tíma á þriðjudegi. Hvað er eðlilegra en að mál fái þinglega meðferð? Það er þetta sem ég er að gagnrýna.

Ég er í tveimur öðrum nefndum í þinginu og ég verð að segja það eins og er að flokksbróðir hv. formanns heilbr.- og trn. er formaður í annarri nefndinni. Hann leggur sig fram um að öll mál fái þar þinglega meðferð. Þó að það sé þrýst á hann frá hendi framkvæmdavaldsins gefur hann nefndinni tíma til að vinna að málinu. Ég er líka í nefnd sem hefur verið að fá aðfinnslur frá framkvæmdavaldinu. Formaður þeirrar nefndar er úr öðrum stjórnarflokki, Framsfl. Það eru deilur á hann fyrir það og nefndina að afgreiða ekki öll mál sem til hennar koma. En hvað varðar þau mál, sem afgreidd eru, er reynt að sýna einstaka lipurð í að afla allara gagna, þó að ég viti að á hann sé mjög þrýst frá hendi ríkisstj. eða framkvæmdavalds.

Ég er að gagnrýna að hv. 8. landsk. þm. er of tilhliðrunarsamur við framkvæmdavaldið á kostnað þingsins. Ef

hún ætlar að gefa kost á sér aftur að hausti, eins og hún segir, til formennsku í nefndinni, — guð má nú vita hver þá verður formaður eða hverjir verða í þessum nefndum, en við skulum vona að henni verði að ósk sinni, frúnni, hv. 8. landsk. þm., að fara í þessa ágætu nefnd, sem fjallar um jafnviðamikil og að mörgu leyti áhugaverð mál, og jafnvel að hún verði aftur formaður nefndarinnar, — þá á ég þá ósk henni til handa, að hún taki meira tillit til þingvenja og til þeirra hátta, sem eiga að vera ríkjandi hér í þinginu, en hún hefur gert í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Það má formaður nefndarinnar eiga, að það hefur verið afar góð samvinna í nefndinni um afgreiðslu annarra mála og kann ég henni bestu þakkir fyrir þá samvinnu. En þarna þakka ég ekki, heldur læt koma fram við þessa umr. að mér finnst að svona vinnubrögð eigi ekki heima á Alþingi.

Ragnhildur Helgadóttir: Herra forseti. Það kemur mér á óvart að heyra snarpar deilur milli þessara tveggja hv. þm. Það er sagt að glöggt sé gests augað, þó að sá, er kemur inn á Alþingi sem varaþm. um stund, eigi e. t. v. ekki að telja sig gest. Þegar ég kom á fund í þessari hv. nefnd fannst mér ríkja þar afskaplega heimilislegt andrúmsloft, eins og á ljúfasta kærleiksheimili.

Ég vil gera mitt til að bera sáttarorð á milli þessara ágætu þingvina úr hv. nefnd. Formanni heilbr.- og trn. er þvert um geð að drífa út úr nefndinni mál sem kom frá Ed. rétt nú fyrir nokkrum dögum. Nál. í hv. Ed. er dags. 27. apríl og í nefnd Nd. höfðu menn það á orði, eins og gengur þegar menn eru í tímahraki í þingnefndum, hvort ekki væri rétt að treysta niðurstöðu nefndarinnar í Ed. og afgreiða málið. En þegar þess er gætt, að allir nm. Ed. nema formaðurinn og hæstv. forsrh., sem ég veit ekki hvort tók þátt í nefndarstarfinu, undirrita nál. með fyrirvara og að fjöldinn allur af hv. þm. Ed. sat hjá við afgreiðslu málsins, þá er mjög vafasamt að hægt sé að hafa eindregna leiðsögn af því sem þar var unnið nema þá að láta málið daga uppi.

Annars er aðalatriðið í þessu efnislega það, sem mér þykir vera tilvalin leið til að sameina nú meiningar og hugi hv. 1. þm. Vestf. og hv. 8. landsk. þm. Hún er sú að láta afgreiðslu bíða þar til nær dregur gildistöku. Í sjálfu frv. stendur að það eigi ekki að taka gildi fyrr en um n. k. áramót, svo að tími gefst til að athuga það nægilega. Þá má afgreiða það strax á öndverðu næsta þingi, e. t. v. strax í fyrsta mánuði þess þings eða þó nokkru síðar væri.

Aðalatriðið er að hér er um mál að ræða sem er ágreiningsmál. Það á ekki að taka gildi samkv. ákvæðum frv. fyrr en um áramót og þess vegna tel ég að hv. þm. gætu sameinast um að vísa því aftur til ríkisstj. á þessu stigi.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Hér hefur komið fram af hálfu nm. heilbr.- og trn. þessarar hv. deildar að nefndin hefur ekki haft þetta mál til meðferðar nema í raun og veru í örfáa daga og aðeins á einum fundi sem tók eina klukkustund, að því er mér hefur skilist. Það liggur fyrir að nál. frá heilbr.- og trn. Ed. kom fram fyrir viku. Það liggur fyrir að hér er um að ræða ágreiningsefni sem nm., bæði í heilbr.- og trn. Ed. sem og í heilbr.- og trn. Nd., telja sig ekki hafa haft ráðrúm til að kanna og komast að niðurstöðu um á þeim skamma tíma sem til umráða var. Hvað má þá segja um þá þm. sem ekki eiga sæti í þessum nefndum og hafa þurft á þessum skamma tíma, síðan t. d. nál. heilbr.- og trn. Ed. kom fram, að taka afstöðu til og fjalla um margvísleg önnur mál, eins og gerist og gengur í þinglok?

Raunar vil ég segja að nú við þessi þinglok hefur örtröð mála verið meiri en nokkru sinni áður og öngþveitið slíkt að forsetar þingsins hafa jafnvel ekki áttað sig frekar á meðferð og gangi mála en þm. sjálfir. Ég vil taka undir með hv. 1. þm. Vestf. að ég tel slíka málsmeðferð algerlega fyrir neðan virðingu Alþingis. Ég beini þeim eindregnu tilmælum til hæstv. félm.- og trmrh., að hann sýni nú sáttfýsi, skilning og samkomulagsvilja og fallist á að þm. gefist kostur til frekari meðferðar þessa máls. Við, sem verðum uppistandandi að hausti og sjáumst þá hér í sölum vonandi öll, erum áreiðanlega tibúin að hraða meðferð málsins þá þannig að málið geti náð afgreiðslu og væntanleg lög tekið gildi um næstu áramót, eins og tilætlunin er, með þeim fyrirvara sem aðilar, er framkvæma eiga lögin, þurfa til þess að svo verði.

Sem sagt, herra forseti, beini ég þeim vinsamlegu tilmælum til hæstv. félm.- og trmrh., að hann sýni þann skilning og þann samkomulagsvilja að fallast á að sanngjarnt sé að þm. hafi þann tíma sem nauðsynlegur er til að fjalla um svo viðamikið mál sem hér um ræðir. Ég þykist vita að hann vilji fallast á þessa beiðni mína.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég verð nú að segja að mér finnst þetta nokkuð sérkennileg umr. með tilliti til þess, að hér er ekki um að ræða mál sem er að koma til þingsins í dag, gær eða fyrradag.

Það var með bréfi heilbr.- og trmrh. 21. sept. 1978, Magnúsar H. Magnússonar, hv. 5. þm. Suðurl., að skipuð var nefnd til að gera tillögur um tilhögun lyfjadreifingar í landinu. Þessi nefnd var skipuð fulltrúum allra þáverandi stjórnarflokka og ýmissa hagsmunaaðila. Í nefndinni áttu sæti: Almar Grímsson deildarstjóri í heilbr.- og trmrn., Adda Bára Sigfúsdóttir borgarfulltrúi, Georg H. Tryggvason aðstoðarmaður heilbrmrh., Sigmundur Sigfússon aðstoðarlandlæknir og Vilhjálmur G. Skúlason prófessor, öll án tilnefningar, en auk þess áttu sæti í nefndinni Einar Birnir framkvæmdastjóri, tilnefndur af lyfjavöruhópi Félags ísl. stórkaupmanna, Oddur Thorarensen lyfsali, tilnefndur af Apótekarafélagi Íslands, og Þór Sigþórsson lyfjafræðingur, tilnefndur af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Sú breyting varð gerð á nefndinni eftir nokkra mánuði, að Oddur Thorarensen lét af störfum í henni, en, Werner Rasmusson lyfsali tók við störfum í nefndinni. Sigurður Jónsson lyfjafræðingur var ritari nefndarinnar.

Þessi nefnd skilaði tillögum í frumvarpsformi, sem fyrrv. hæstv. heilbrmrh., Magnús H. Magnússon, lagði fyrir þingið vorið 1979, og það var einnig lagt fyrir þingið næsta vetur þar á eftir, 102. löggjafarþing. Þetta frv. var enn lagt fyrir 103. löggjafarþingið, og nú liggur það fyrir því 104. og hefur legið fyrir því frá því í október í haust.

Þegar núv. hæstv. ríkisstj. tók við setti ég á laggirnar pólitískan samstarfshóp þeirra aðila, sem eiga aðild að ríkisstj., til að fara yfir frv. eins og hæstv. fyrrv. heilbrrh. hafði flutt það. Í þessum samráðshópi núv. ríkisstj. voru Guðmundur G. Þórarinsson alþm., Helgi Seljan alþm. og Pálmi Jónsson ráðh. og alþm., sem einnig á sæti í hv. heilbr.- og trn., eins og var getið um áðan og greint frá hans fundarsókn. Þessir þrír menn fóru yfir frv. Ég verð

að segja að ég held að það sé mjög ómaklegt að halda því fram, að hæstv. landbrh., þó að hann hafi kannske átt erfitt með að gegna störfum í hv. heilbr.- og trn., hafi ekki þekkt þetta mál. Mér er kunnugt um að hann fór mjög rækilega yfir það og ég gerði það m. a. á fundum með honum.

Núv. ríkisstj. hefur lagt þetta fyrir þingið oftar en einu sinni og síðast í október í haust. Þá fór það til meðferðar í hv. heilbr.- og trn. Ed. og hefur verið þar til meðferðar í allan vetur. Það endaði með því, að þó að menn skrifuðu undir nál. með fyrivara núna í aprílmánuði varð niðurstaðan engu að síður sú, að frv. í heild var afgreitt samhljóða í Ed. með öllum atkv. og allar brtt., nema ein till. sem ég gerði grein fyrir í framsöguræðu minni þegar ég mælti fyrir þessu frv. Það var sem sagt alger samstaða um málið í Ed. og mér er kunnugt um það, vegna þess að ég var þar með í ráðum, að menn lögðu sig fram um að koma til móts við sjónarmið fulltrúa Sjálfstfl. í heilbr.- og trn. Ed. til að skapa sem besta samstöðu um málið. Ég skildi það svo, var þar í góðri trú, að afstaða þeirra byggðist á yfirferð af einhverju tagi yfir málið á vettvangi þingflokks Sjálfstfl. Þess vegna gerði ég ráð fyrir að það væri engin ósanngirni að fara fram á að málið yrði afgreitt hér í Nd. á þeim skamma tíma sem eftir lifði af störfum hennar þegar ég talaði fyrir málinu fyrir nokkrum dögum. Það er ekki þannig að þetta mál hafi farið inn í nefndina í gær. Það var tekið til umr. hér 30. apríl og í dag er 5. maí.

Ég taldi sem sagt að málið hefði fengið mjög rækilega athugun. Ég fullyrði að í fyrsta lagi hefur það fengið mjög rækilega athugun í Alþfl., Alþb. og Framsfl., og með tilliti til yfirferðarinnar yfir málið í hv. Ed. gerði ég einnig ráð fyrir að svo væri í Sjálfstfl. Þess vegna kemur mér þessi umr. nokkuð á óvart, eins og ég sagði í upphafi máls míns. Ég vil biðja menn að hugleiða þennan aðdraganda málsins og velta því fyrir sér, hvernig það hefur verið unnið, og taka tillit til þess með fullri sanngirni, mér finnst annað ósanngjarnt í rauninni. Það var lögð á það áhersla, a. m. k. af minni hálfu og formanns nefndarinnar í Ed., hv. þm. Davíðs Aðalsteinssonar, að koma til móts við sjónarmið fulltrúa Sjálfstfl. í heilbr.- og trn. Nd. ef það mætti verða til þess að greiða götu málsins í gegnum þingið. Ég er því nokkuð undrandi á þeim orðum sem hér eru látin falla.

Út af fyrir sig ber stjórnarmeirihl., að svo miklu leyti sem hann er til, ábyrgð á afgreiðslu mála. Ég er ekki að ætlast til þess, að hv. stjórnarandstaða fari að taka á sig ábyrgð á afgreiðslu flókinna og erfiðra mála á þeim sólarhringum sem eftir standa af þinghaldinu. Ég er ekki að fara fram á neitt slíkt. En ég er að fara fram á það við menn að íhuga aðdraganda málsins með fullri sanngirni eftir þær upplýsingar sem ég hef hér gefið eftir bestu vitund.

Ég vil einnig í tilefni af þeim ummælum, sem hér hafa verið látin falla, vekja athygli á því, að þó að heilbr.- og trn. þessarar deildar og Ed. fjalli í rauninni um mörg af mikilvægustu málum félagslegrar þjónustu okkar í þessu landi, ríkisbúskapar okkar og löggjafar í heild, þá er það engu að síður svo að samkomulag í þessum nefndum, bæði í Ed. og Nd., hefur verið gott og ég tel að ég hafi reynt eftir mætti að stuðla að því, að svo gæti orðið. Ég vona einnig að svo verði framvegis. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þau verk sem þar hafa verið unnin í þessu máli, en einnig í öðrum sem nefndin hefur tekið til meðferðar.

Nefndin var með mjög viðamikið mál hér á dögunum til meðferðar. Það var frv. til l. um breytingu á lögum um Viðlagatryggingu Íslands. Það mál fékk mjög skjóta meðferð í nefndinni, m. a. vænti ég vegna þess að málið hafði fengið allgóðan undirbúning og einnig vegna þess að í nefndinni sitja tveir fyrrv. heilbrmrh. Það hefur verið nefndinni styrkur að geta leitað til þeirra með þau málefni sem þar hefur að höndum borið. Ég vek athygli á að annar þeirra, hv. þm. Magnús H. Magnússon, stendur að því, að frv. þetta verði samþykkt hér eins og það kom frá hv. Ed.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð.

Ég vil benda hæstv. heilbr.- og trmrh. á að þegar unnið er að undirbúningi löggjafar sem þessarar hefur annaðhvort sá háttur verið hafður á, að það hefur verið unnið faglega og skipað þannig í nefndir eða það hefur verið farið inn á það að skipa nefnd frá stjórnmálaflokkum og þá hefur yfirleitt sá háttur verið hafður á, að allir flokkar eigi aðild að slíkri nefndarskipun. Það hefur verið talið hyggilegra allra hluta vegna í sambandi við undirbúning mála, eins og t. d. endurskoðun almannatryggingalaga, að þeir stjórnmálaflokkar eða þingflokkar, sem ekki eiga aðild að ríkisstjórn, hafi einnig átt aðild að slíkum nefndum. En það er að verða mjög táknrænt fyrir vinnubrögð þeirrar ríkisstj., sem nú situr, að reynt er að koma í veg fyrir að flokkar, sem eru í stjórnarandstöðu, fái aðild að slíkum undirbúningi. Það getur vel verið að Alþb.-menn og framsóknarmenn éti meiri lyf en allir aðrir, ég get ekki dæmt um það, en eitthvað hljóta sjálfstæðismenn að láta niður í sig af lyfjum líka, fyrir utan landbrh., svo að það væri ekkert óeðlilegt að þeir hefðu átt aðild að þessari nefnd. Hvort ráðið hefur neysluhlutfallið í sambandi við undirbúning þessa máls skal ég ekkert segja um. Ég veit ekki hversu vel hæstv. landbrh. hefur kynnt sér þetta mál, en ef hann hefur mætt jafnvel í þessari undirbúningsnefnd og hann hefur mætt í heilbr.- og trn. veit hann nánast ekki neitt um það.

Mér þætti líka gaman að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því, hvort þeir séu þá fyllilega sammála, hann og landbrh., um 58. gr. þessa frv. Ég veit ekki annað en það séu deilur uppi í sambandi við þá skyldu lyfjabúða að hafa dýralyf á boðstólum, en héraðsdýralæknar hafa einnig samkv. 58. gr. heimild til að annast sölu dýralyfja og þeim er tryggt að fá lyfin keypt hjá lyfjaheildsölum. Þarna hefur verið ágreiningur á milli frá hendi lyfjabúða og lyfsala, að sú skylda sé lögð á þá að hafa slík lyf til sölu, þá alveg sérstaklega á þeim stöðum þar sem héraðsdýralæknar selja þessi lyf, sem ég tel ekkert óeðlilegt að þeir geri. En það á þá ekki að vera að leggja skyldur á aðila í leiðinni. Þannig voru nokkur atriði.

Ég hygg að við, sem höfum starfað í vetur í heilbr.- og trn. þessarar deildar, höfum ekki borið saman umsagnir og aths. við þetta frv., og ég hygg að landbrh. hafi ekki séð þessar aths. Þær voru þó nokkuð margar og voru sumar mjög nýjar samkv. dagsetningum, þessara erinda.

Hæstv. ráðh. segir að stjórnin og stjórnarmeirihl. beri ábyrgð á lagasetningu. Ég skil nú ekki að það sé mikil ábyrgð í þessari stjórn, en látum það vera. En væri ekki að mörgu leyti viðfelldnara fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma, bæði fyrir þessa ríkisstjórn sem og aðrar ríkisstjórnir, að reyna að hafa ábyrgðina í sem flestum málum

sem víðtækasta og hafa þá stjórnarandstöðu með? Ef vel tekst til mega þó báðir deila ábyrgðinni með sér og þakklætinu fyrir það sem vel tekst. Ef illa tekst til væri að mörgu leyti sterkt fyrir stjórnina að hafa þá stjórnarandstöðu bundna í hlutdeildinni í ábyrgðinni. En sumir menn eru auðvitað haldnir því að vilja alltaf sýna vald sitt, jafnvel þó að það hangi á mjög veikum þræði. Er út af fyrir sig ekkert við því að segja að þeir fái þá að þjóna þeirri áráttu sinni, eins og mér skilst á svari hæstv. ráðh. út af hóflegri beiðni hv. 1. þm. Reykv.

Sagt var fyrir fjöldamörgum árum um bíleiganda einn þegar kvartað var undan því að það væru engar Þingvallaferðir á sunnudögum, að í staðinn fyrir að reyna að bæta úr þeim umkvörtunum auglýsti bíleigandinn í blöðunum daginn eftir: „Engar Þingvallaferðir á sunnudögum. Hér talar sá sem valdið hefur og bílana."

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki krefja hæstv. ráðh. heilbrigðis- og tryggingamála svars við málaleitan minni á þessu stigi málsins og bið hann að íhuga það sem ég fór fram á eftir þessa umr.

Ég vildi láta það koma fram að það er auðvitað skylda ráðh. og verksvið hans að fylgja eftir sínum frv. hér á Alþingi og það er ekki hægt að gagnrýna hæstv. ráðh. fyrir að hafa lagt þetta frv. of seint fram á yfirstandandi þingi, þar sem það kom fram í októbermánuði, þegar í byrjun þings, en hins vegar er auðvitað um einhverja brotalöm að ræða hjá hæstv. ráðh. eða stjórnarliðinu í þinginu þegar þetta frv. er ekki afgreitt úr nefnd í fyrri deild fyrr en fyrir viku, og það ber að harma. Þetta er ekki eina dæmið og þetta er vitnisburður um og skýring á hvers vegna þingstörfin lenda í því öngþveiti sem raun ber vitni við lok þessa þings. Það ætti auðvitað að vera vandalaust að vinna að rannsóknu mála sem þessara fyrr á þinginu og bera umsagnir saman og komast að niðurstöðu þannig að seinni deild hafi rýmri tíma til umráða til að fjalla um málið. Það er auðvitað alveg tilgangslaust að halda í deildaskiptingu Alþingis ef svo háttar að seinni deildin eigi að taka við frv. frá fyrri deild án þess að leggja sjálfstætt mat á frv., þótt það sé hins vegar alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að meðferð fyrri deildar og samráð innan þingflokka getur flýtt afgreiðslu máls í seinni deild. En ein vika, síðasta vika þings, þegar svo stendur á sem öllum þm. er kunnugt varðandi gang mála og afgreiðslur nú þessa daga, er auðvitað algerlega ófullnægjandi.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Fyrir utan mjög málefnalegar aths. hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar um lyfjaneyslu eftir stjórnmálaflokkum, sem ég hef ekki heyrt neinar kenningar um áður og hann er kannske með niðurstöður af rannsóknum sínum frá því að hann var í heilbr.- og trmrh. í þeim efnum, — ég hef aldrei heyrt um það getið fyrr að kannað hafi verið sérstaklega þetta mál, en það er nokkuð fróðlegt, — þá hefur verið rætt hér um málið eins og við er að búast. Ég verð að segja það, að ég get ekki fallist á að hér hafi ekki allir pólitískir aðilar verið kallaðir til. Hér hafa komið aðilar úr öllum stjórnmálaflokkunum. Og það er ekki heldur þannig að hér hafi ríkisstj. núv., eða fyrrv. kannske öllu heldur, verið að hafna hinum faglegu aðilum. Þeir hafa komið hér líka að: Apótekarafélagið, Lyfjafræðingafélagið og fleiri og fleiri. Félag stórkaupmanna hefur meira að segja verið kallað á vettvang og lyfjadeild Háskóla Íslands. Hérna hafa því hinir faglegu aðilar verið með í ráðum í frágangi þessa máls.

Varðandi sérstaklega 58. gr., sem var eina efnisatriðið sem hv. þm. Matthías Bjarnason spurði út í, — hann spurði hvort það væri samkomulag milli okkar hæstv. landbrh. um þá grein, — þá er því til að svara, að það var talsverður ágreiningur á milli okkar um efnisinnihald þeirrar greinar lengi framan af og við settum þriggja manna nefnd úr stjórnarflokkunum á sínum tíma til að greiða úr slíkum ágreiningsmálum þannig að unnt yrði að flytja málið af núv. ríkisstj. á þingi. Svo fór að það varð samkomulag á milli okkar landbrh. um málið. Það er samkomulag um þennan texta af okkar hálfu. Þess vegna er fullt samkomulag um frv. í stjórnarliðinu, eins og það var upphaflega flutt að öðru leyti en því, að menn áskildu sér allan rétt til að flytja eða fylgja brtt. varðandi ákvæði 3 til bráðabirgða í frv. Það var eini almenni fyrirvarinn sem uppi var.

Svo erum við gagnrýndir fyrir að málið tekur langan tíma í meðferð hv. Ed. Af hverju skyldi það hafa verið? Jú, menn reyndu að fara yfir ýmsar umsagnir eða aths., eins og gengur, eins vandlega og kostur er á, en menn lögðu sig líka fram um það í hv. heilbr.- og trn. Nd. að ná heildarsamkomulagi innan nefndarinnar. Það var hvað eftir annað reynt að koma til móts við sjónarmið stjórnarandstöðunnar í þessu máli, og þess vegna var beðið með niðurstöður í hv. nefnd eftir niðurstöðum í þingflokkum stjórnarandstöðunnar, a. m. k. í þingflokki Sjálfstfl., að okkur var tjáð. Þess vegna kemur okkur á óvart sú málaleitan sem hér er nú uppi. Það er ekki vegna þess að menn vilji sýna valdsmannslegan hroka eða að þeir ráði bæði álagsvinnunni og yfir bílunum og eigi hvort tveggja. Það er ekki þess vegna, heldur er það einfaldlega vegna þess að menn hafa staðið í þeirri góðu trú, að málið væri unnið ekki aðeins faglega, heldur einnig innan stjórnmálaflokka, bæði utan þingsins og innan þingsins líka. Þetta er meginástæðan fyrir því, að hér hefur málið verið flutt með þeim hætti sem það hefur verið flutt hér af mér og öðrum talsmönnum ríkisstj.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Umræður utan dagskrár.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil geta þess um fundarhaldið, að gert er ráð fyrir að halda áfram með þennan fund til um kl. 7 og því miður er óhjákvæmilegt að leggja það á hv. þdm. að koma saman á ný til fundar kl. 9.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég kveð mér hljóðs um þingsköp í tilefni af þessari tilkynningu úr forsetastól um kvöldfund í hv. deild nú í kvöld. Það verður þá þriðji kvöldfundurinn í vikunni sem haldinn er, og með því að þm. hafa verið önnum kafnir frá því árla að morgni og fram á nótt þessa daga finnst mér um töluverða vinnuhörku að ræða. Ég hef ekkert á móti vinnuhörku út af fyrir sig, og þótt benda megi á að þessi hv. deild og Alþingi í heild hafi samþykkt lög um vinnuvernd, sem kveði á um hámarksvinnutíma manna og væntanlega alþm. sem annarra vinnandi manna, er ég ekki nauðsynlega að bera þá löggjöf fyrir mig, en tel þó að æskilegt sé að alþm. fari að lögum um eigið vinnulag með sama hætti og þeir gera kröfur um að gert sé í þjóðfélaginu í heild.

Ég bendi líka á að svo vinnusamur maður sem Lúðvík

Jósepsson var og er kom hann oftar en einu sinni að máli við mig og tók það fram, að þótt hann væri reiðubúinn og teldi eðlilegt ef þörf krefði, eins og oft vill verða í lok þings, að kvöldfundir væru haldnir, þá væru þeir hið mesta tveir í viku hverri. Nú vil ég taka undir þessa skoðun. Og þetta var meira en skoðun þáv. hv. þm. Lúðvíks Jósepssonar. Þetta var krafa hans sem leiðtoga stjórnarandstöðu á þeim tíma til ríkisstjórnarinnar. Við þeirri kröfu var orðið og hún virt. Ég beini því til hæstv. forseta, að hann haldi slíkt vinnulag í heiðri.

Nú þykist ég vita að hæstv. forseti sé ekki höfundur að því að halda kvöldfund hinn þriðja í röðinni í þessari viku, heldur geri hann það af því að hann telji sér skylt að verða við kröfu ríkisstj. í þessum efnum. Mér er ljóst t. d. að hæstv. forseti Nd. hefur ekki ástundað kvöldfundi og hlíft þm. við kvöldfundum og jafnvel er talið að fundurinn í gærkvöld hafi verið sá eini á þessu ári í deildinni. Aftur á móti hafa verið kvöldfundir í Sþ. núna að undanförnu.

Það er eðlilegt að ríkisstj. vilji koma sínum málum fram, og ég tek það skýrt fram, að stjórnarandstaðan er reiðubúin að sitja að störfum á eðlilegum tímum dags til að ljúka afgreiðslu mála og er reiðubúin að sitja á þingi meðan þörf krefur að þingið fjalli um mál og taki til afgreiðslu. En hér er um það að ræða að nokkurt skynsamlegt lag verði á þingstörfum. Ég er þeirrar skoðunar, að það yrði til þess að stytta þinghaldið í heild sinni og flýta afgreiðslu mála ef þessi regla, sem viðhöfð hefur verið, að því er ég best veit, a. m. k. meðan ég hef átt sæti á þingi, væri virt. Ég er sannfærður um að ríkisstj. mundi ná meiri árangri og fá mál sín afgreidd á styttri tíma en ella ef hún virti þetta vinnulag og yrði við þessum sanngjörnu kröfum okkar í stjórnarandstöðunni.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Mér segja þingreyndir menn að það sé vaninn að stjórn og stjórnarandstaða geri samkomulag um afgreiðslu mála síðustu 3—4 daga þings hverju sinni. Ég veit ekki til þess, að slíkt samkomulag sé fyrir hendi nú eða hafi verið fyrir hendi áður en sú orrahríð hófst sem nú stendur yfir, heldur hafi gangur mála verið sá, að hæstv. forsrh. hafi lagt fram lista með fjölda mála, bæði frv. og þáltill., sem stjórnarliðar hafa óskað eftir að yrðu afgreidd á þessu þingi. Ég er ekki að skorast undan því að vinna hér á hinu háa Alþingi, en ég vil hins vegar benda hv. þdm. á að hér hafa framsögumenn nefnda komið í ræðustól hver á fætur öðrum og lýst yfir að það hafi ekki verið tími til að athuga þau mál sem farið hafa til nefnda og nefndir eiga að athuga samkv. öllum þinglegum hefðum og kalla til sérfróða menn, leita umsagnar og afgreiða málin eins og þingi ber að gera. Þetta segir okkur auðvitað þá sögu, að þingið er komið í slíka tímaþröng og tímanauð að það getur ekki á sómasamlegan hátt afgreitt þau mál sem það er í raun og veru að rembast við að afgreiða. Ég tel þess vegna að stjórnin á þinghaldinu af hendi hæstv. forsrh. hina síðustu daga hafi farið gersamlega úr böndunum. Það er í sjálfu sér mjög alvarlegt mál ef við erum hér að rembast við að afgreiða hóp mála, bæði frumvarpa og þáltill., sem þm. sjálfir lýsa yfir að ekki hafi unnist tími til þess fyrr að afgreiða á sómasamlegan hátt. Mitt álit er það, að mál hér á þingi séu nú komin í þá stöðu, að það sé vart sómasamlegt að halda þessu áfram með sama hraða og gert hefur verið.

Herra forseti. Án þess að ég sé að leggja á það nokkurn dóm hver þáttur forseta er í þessu máli, — ég geri ráð fyrir að hann sé eingöngu að sinna forsetaskyldu sinni, og hann gerir það ævinlega sómasamlega og vel, — finnst mér sú stjórn, sem hæstv. forsrh. á að hafa á þinghaldinu, vera komin gersamlega úr böndunum og það sé ekki miklu lengur hægt að una við þau vinnubrögð sem nú tíðkast á hinu háa Alþingi. Ég vil þess vegna segja að það færi miklu betur á því, að stjórn og stjórnarandstaða kæmu sér saman um að þingið sæti nokkrum dögum lengur og sinnti þá skyldum sínum á sómasamlegan hátt, en hefði ekki þann hraða á, sem nú er, og eiga á hættu að hér geti orðið stórslys við afgreiðslu mála. Ég vil þess vegna taka undir það sem hv. þm. Geir Hallgrímsson sagði áðan, að sú aðferð, sem nú er viðhöfð, er vart bærileg.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það hefur ekki farið fram hjá þeim, sem hafa hlustað á ræður manna hér á Alþingi á undanförnum dögum, að einstakir ráðherrar hafa vel kunnað að meta þann samstarfsvilja sem stjórnarandstaðan hefur haft um þinghaldið síðustu daga. Ég minnist þess t. d. í nótt, að hæstv. iðnrh. hafði um það mörg orð, hversu vel alþm. hefðu gengið fram í því að afgreiða frv. um kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð. Sá hinn sami ráðh. hafði skömmu áður farið jafnvel enn fegurri orðum um hvað alþm. hefðu sýnt mikinn samstarfsvilja og lagt mikið á sig til þess að ná samstöðu um orkumálin.

Þannig er hægt að rekja fleiri mál, sem öll hníga að því, að það er síður en svo að stjórnarandstaðan hafi ekki lagt sig fram um að löggjafarstarfið mætti fara vel úr hendi og verða þessari stofnun til sóma. Einmitt með hliðsjón af þessu veldur það miklum vonbrigðum ef nú undir lok þinghaldsins á að bregða svo við að ríkisstj. gangi fram með — ég vil segja: ótrúlegri óbilgirni og ætlist til þess, að þm. sitji hér kvöld eftir kvöld og fram á nótt í skjóli þess að ráðh. geti sjálfir farið heim að sofa, látið yfirþingvörð ná í töskur sínar þegar þeir hverfa úr húsinu og þurfi ekki að sitja undir umr. Þetta er náttúrlega algerlega óþolandi. Ég vil þess vegna taka undir þau orð, sem bæði hv. 1. þm. Reykv. og hv. 6. þm. Norðurl. e. sögðu áðan, og mælast til þess við forseta deildarinnar að hann endurskoði þann úrskurð sinn að kvöldfundur skuli vera í kvöld.

Ég vil um leið taka fram að það er ekki forseta við að sakast þar sem hann er fulltrúi stjórnarandstöðunnar og hlýtur sem slíkur kannske að taka meira tillit til sjónarmiða meiri hl. Alþingis en sá forseti mundi gera sem væri úr þeim hópi, enda er það á orði haft af öllum, sem í þessari deild sitja, að forseti deildarinnar hafi rækt störf sín bæði með lagni og lipurð, röggsemi og festu. Við höfum ekki undan því að kvarta, að hann hafi látið okkur sitja hér á löngum kvöldfundum. Það er aðeins nú undir lokin sem að því kemur, og þá veit ég það, þó hann hafi ekki sagt mér það, að hann gengur nauðugur til þess verks.

Ég held að við getum öll sagt það, sem vön erum störfum þingsins, að það hefur aldrei orðið til þess að greiða fyrir málum ef ríkisstj. ætlar að halda svo fram ferðinni að ofbjóði einstökum þm. Ég tala nú ekki um ef um það er að ræða að ofbjóða allri stjórnarandstöðunni. Sú hefur ekki orðið reynslan, hvorki þessarar ríkisstjórnar né annarra þeirra ríkisstjórna sem á undan hafa setið, og þá er ég bæði að tala um þær ríkisstjórnir, sem

kenna sig til vinstri, eins og sú sem nú er, og svo þær ríkisstjórnir, sem vel eru skipaðar.

Nú sé ég að hæstv. forsrh. gengur í salinn, og vegna þess að fyrr meir þekkti ég hann að því að vera sanngjarnan mann og góðviljaðan og þekkti hann að því að vilja hliðra til fyrir Sjálfstfl. og þm. hans, þá þykist ég vita með vissu að hann muni beita sér fyrir því, að þinghaldið verði með skaplegri hætti og að ekki komi til þess, að kvöldfundur verði í Nd. nú í kvöld.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er kannske ekkert einsdæmi að í þinglok sé uppi „panik" og meira og minna um það að mál séu afgreidd á færibandi. Ég hugsa þó að það verði leitun á afgreiðslu eins og hér hefur átt sér stað undanfarna daga, að svo mörg og stór mál hafi verið keyrð í gegnum þingið á svo stuttum tíma, — mál sem innihalda skuldbindingar upp á hundruð milljóna og enginn veit hvort menn eru hér að gera rétt eða rangt, vegna þess að stjórn þingsins og þá fyrst og fremst hæstv. ríkisstj. krefst þess, að mál séu afgreidd með þessum hraða.

Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð. Það er ekki siðaðra manna háttur að haga sér með þessum hætti. Það verður að gera kröfu til þess, að stjórn þingsins sé með eðlilegum hætti. Ef hæstv. ríkisstj. vill að mörg hinna stóru mála, sem enn eru eftir og ekki hafa verið afgreidd, verði afgreidd hér á Alþingi, þá verður það auðvitað að gerast með eðlilegum hætti. Það verður þó að ætla þinginu tíma til að afgreiða öll þau mál. Þá á þinghaldið að halda áfram með venjulegum hefðbundnum hætti, en ekki reka mál í gegnum þingið á kvöld- og næturfundum kvöld eftir kvöld.

Mér er ekki um það kunnugt, að neitt samkomulag sé milli stjórnar og stjórnarandstöðu um lok þinghalds. Það var frá því greint hér í dag, að samkomulag hefði verið gert um ákveðið mál, og ég veit ekki betur en a. m. k. hvað Alþfl. varðar hafi það samkomulag verið haldið í einu og öllu. Ef það er vilji hæstv. ríkisstj., hæstv. forsrh., að semja um þessi mál, sem er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt, að freista þess að gera samkomulag um hvernig málum verði hér komið í gegnum þingið og hvenær þinghaldi verði lokið, þá er það auðvitað langsamlega eðlilegasta aðferðin að menn setjist niður og geri stundaskrá um með hvaða hætti hægt er og eðlilegt að ljúka þinghaldi á sómasamlegan hátt.

Ég vil minna hæstv. forseta og hæstv. ríkisstj. á það, að í landinu eru lög um vinnuvernd. Það er ástæða til þess að minna ekki síst löggjafarvaldið á að halda í heiðri þau lög sem það sjálft hefur sett. Það er þegar búið að brjóta þá löggjöf og haldi fram sem horfir verður enn gert meira að því. Fyrst hv. þm. og formaður Verkamannasambands Íslands sér ekki ástæðu til að gera aths. við þessi vinnubrögð og að lögin um hvíldartíma séu haldin, hleyp ég í skarðið og geri aths. við það. É krefst þess í raun og veru að löggjafarsamkoman haldi þau lög sem og önnur gagnvart þinginu.

Ég ítreka að það er lágmarkskrafa að sest verði niður og menn reyni að koma sér saman um meðferð mála, með hvaða hætti þau geta hér fram gengið, og um þinglausnir. Verði það ekki gert stefnir hér í endalaust stríð milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Ef ríkisstj. vill það hlýtur hún að sjálfsögðu að geta fengið það. Það mun a. m. k. ekki standa á þm. Alþfl. að sitja hér þingfundi og vinna svo lengi sem nauðsyn er til að koma málum í þann farveg sem er æskilegur og nauðsynlegur.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það þarf raunar ekki að minna á að það eru þdm. sem kjósa forseta þingdeildar. Yfirleitt var það venja lengi vel að hann væri kjörinn úr hópi stjórnarsinna, en að þessu sinni er hann úr hópi stjórnarandstæðinga. En þrátt fyrir það, meðan forseti var kjörinn úr hópi stjórnarsinna, taldi hann það skyldu sína að reyna að taka eins mikið tillit til óska þm. almennt, hvort sem það voru stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, og mögulegt var. Mér er ljóst að það hefur ekki verið haldið uppi löngum fundum hér í þd., heldur raunar fremur í Sþ., en taka ber tillit til þess, hvað vinnuálag er mikið á þm. Taka ber einnig tillit til þess, hversu mörg mál liggja hér fyrir, og þeirrar vinnu, sem unnin hefur verið í nefndum. Og það vil ég taka fram, að það hefur ekki staðið á okkur stjórnarandstæðingum að greiða fyrir málum úr nefndum.

Nú vill svo til að í sumum nefndum hefur ríkisstj. ekki meiri hl., en þar hefur ekki verið beitt þeirri aðferð að nota meirihlutaaðstöðu til að liggja á málum ríkisstj., heldur hefur í öllum tilfellum verið reynt að greiða þannig fyrir málum ríkisstj. að þau fái eðlilega þinglega afgreiðslu úr nefndum. Ég sé heldur enga ástæðu til þess, þó þannig standi á, að stjórnarandstæðingar eigi að beita þvílíkri aðferð.

Því spyr ég nú hæstv. forseta: Hvað er það sem knýr á um að halda svona stíft áfram? Kemur ekki dagur eftir þennan dag og annar dagur eftir þann dag? Eru þm. ekki hér á kaupi? Geta þeir ekki haldið áfram að vinna við eðlilegar aðstæður? Hver er það sem lætur svona við hæstv. forseta? Hvaða huldumaður er þetta — eða er heill hulduher á bak við? Hér koma þm. hver á fætur öðrum og segjast alls ekki vilja viðhalda vinnubrögðum sem þessum. Hefur ekki hæstv. forseti það vald að geta tekið tillit til óska? Mér heyrðist á hv. skrifara deildarinnar að hann vissi eitthvað meira í þessum efnum, en hann er orðvar maður, eins og allir vita, og vildi ekki skýra nánar frá því. Hins vegar er ég alveg saklaus af því að vita nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum, og því spyr ég hæstv. forseta: Hví vill hann ekki taka tillit til almennra óska samflokksmanna sinna í þessari deild, til almennra óska talsmanns Alþfl. hér áðan — og sannarlega eiga fleiri eftir að koma? Vilja ekki hv. stjórnarsinnar bera fram kröfu um að halda hér áfram nótt og dag þannig að enginn viti neitt? Það væri þó gaman að fá þá inn í þingtíðindin sem þannig vilja vinna. Vilja þeir ekki koma fram í dagsljósið sem liggja svo á forseta að þessi mikli þrekmaður og kjarkmaður er nú alveg að niðurlotum kominn?

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Það þarf í sjálfu sér engan að undra hvers vegna svo er komið þingstörfum sem nú er öllum ljóst. Ástæðan er sú, að það hefur ekki fengist fram ákvörðun um hvenær þinglausnir skuli fara fram eða þá hvaða málum skyldi lokið. Það er ekki fyrr en núna rétt áðan sem sú ákvörðun virðist hafa verið tekin.

Við formenn þingflokka og forsetar þingsins höfum setið á mörgum fundum hvern einasta dag undanfarna daga til að ræða þessi mál. Við formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar höfum spurt: Hvernær eiga þinglausnir að fara fram? Við höfum ekki fengið svar við svo einfaldri spurningu. Ég vil taka það alveg sérstaklega

fram, að frá því að við hófum þessa fundi okkar, sem var reyndar í mars, hefur hæstv. forsrh. aldrei nefnt neinn sérstakan dag. Ég er ekki að segja það honum neitt til lasts, en hann hefur ekki nefnt sérstakan dag. Það hafa hins vegar verið lagðir fram listar yfir mál stjórnarinnar, sem hún hefur óskað eftir að næðu fram að ganga. Ég er með þessa lista hérna hjá mér. Fyrsti listinn var lagður fram 10. mars. Á honum eru 48 mál. Næsti listi er lagður fram 20. apríl og á honum eru 59 mál. 28. apríl er enn lagður fram nýr listi með 50 málum. Og síðasti listinn er frá 29. apríl með 35 málum. Nú kann einhver að halda, þegar hann heyrir þessar tölur, að hér hafi bókstaflega ekkert gengið í þinginu þessa daga, en það er öðru nær. Það hafa sífellt verið að bætast við á óskalista ríkisstj. mál sem hún hefur viljað fá afgreiðslu á. Við þessu er í sjálfu sér ekkert að segja. En það er ekki hægt að krefjast þess af stjórnarandstöðunni annars vegar, að hún afgreiði allan málafjöldann, og hins vegar að hún geri það á tilteknum degi.

Það hefur legið í loftinu hér í þinginu að undanförnu, að þinglausnir skyldu fara fram — ja, fyrst þann dag, sem nú er að líða, og síðan hefur það legið í loftinu að þinglausnir skyldu fara fram á morgun. (Gripið fram í.) Já, það er lengra síðan og ég ætla ekki að fara svo langt aftur í tímann. Ég held að það sé í raun og veru öllum ljóst, að þinglausnir geta ekki farið fram á morgun ef afgreiða á þau stóru mál sem geymd hafa verið til þessara síðustu daga. Ég nefni bara þau mál sem eru nú til meðferðar hér í þessari hv. deild. Það er frv. um Hæstarétt og frv. um lyfjadreifingu. Þetta eru mál sem stjórnarliðar hafa sérstaklega þurft að tala um og eiga víst eftir að halda sverar ræður um enn, eftir því sem ég best veit. Það er mál fatlaðra, sem mér skilst að stjórnarliðar eigi eftir að tala töluvert um. Það er sykurverksmiðjan blessuð. Mér skilst að það séu einhverjir áhugamenn í stjórnarliðinu um að það frv. nái fram að ganga. Það er frv. um fóðurverksmiðjur. Og það er síðast en ekki síst frv. um skattskyldu innlánsstofnana sem a. m. k. við stjórnarandstæðingar höfum ýmislegt um að segja áður en það frv. verður að lögum.

Í hv. Ed. er eftir að ræða frv. um kísilverksmiðju á Reyðarfirði sem fyrst var að berast til þeirrar deildar í dag. Og hvernig ætlast menn til að svona mál verði afgreidd á einum degi í gegnum aðra deild þingsins? Það er til of mikils mælst.

Í Sþ. er horfið frá fjölda mála sem ekki er lokið. Ég nefni þar skýrslu utanrrh., ég nefni skýrslu um Framkvæmdastofnun ríkisins, landbúnaðarmál og fleira mætti eflaust fram telja. Menn hefðu auðvitað líka áhuga á að ræða hér í þinginu málefni ÍSALs eða Alusuisse þegar við lesum viðtal við hæstv. iðnrh. í einu dagblaðanna í dag um það sem þar er að gerast. Það er ekki verið að tala um það hér í þinginu, heldur er talað um það við blaðamenn úti í bæ og engin ástæða til að ræða hér. Þetta vil ég nú nefna af mörgum málum sem eru óræddd hér á hv. Alþingi.

En eins og ég sagði áðan virðist nú loks þeirri grundvallarspurningu svarað, hvort eigi heldur að gera: að slíta þingi á morgun eða afgreiða þau mál sem á dagskrá eru. Ef ég skil hæstv. forsrh. rétt hefur ríkisstj. tekið þá ákvörðun að halda áfram þingstörfum þangað til þessi mál hafa verið afgreidd. Þetta er alveg fullnægjandi svar fyrir okkur í stjórnarandstöðunni. Við ætlum okkur ekki og getum ekki brugðið fæti fyrir neitt af þessum málum. Auðvitað getur ríkisstj. með sínu stuðningsliði hér á þinginu komið þeim öllum í gegn og það getur hún gert okkar vegna. En við krefjumst þess, eftir að þessi grundvallarákvörðun hefur verið tekin, að hér verði stunduð þingstörf með eðlilegum hætti, hætt næturgöltri hér og því verði hætt að þvinga mál óathuguð í gegnum þingið. Þess vegna ítreka ég þá kröfu sem hér hefur þegar komið fram, að það verði ekki haldnir fleiri kvöldfundir í þessari viku og, eins og ég sagði áðan, þingstörfum verði haldið áfram með eðlilegum hætti. Okkur er alveg sama í stjórnarandstöðunni þótt því verði ekki svarað í dag, hvaða dag eða á hvaða klukkustund þinglausnir fari fram. Við erum tilbúnir til að sitja hér áfram.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig alveg rétt, að forsetar deilda og Sþ. eru kjörnir af þm. og gegna trúnaðarstarfi sem þeim er falið af þingbræðrum þeirra. En hitt er auðvitað alveg jafnljóst, að það er hæstv. ríkisstj. og fyrst og fremst hæstv. forsrh. sem fer með verkstjórn í þinginu, og því verða hæstv. forsetar að taka nokkurt tillit til vilja ríkisstj. um vinnuálag hér á Alþingi í ákvörðunum sínum. Þó svo hæstv. forseti þessarar deildar sé kjörinn af þingbræðrum sínum er ég sannfærður um að það er fyrir tilstuðlan ríkisstj. sem hann óskar eftir að þriðji kvöldfundurinn í röð sé nú hafinn þrátt fyrir að það sé lengi búin að vera viðtekin venja á Alþingi, a. m. k. ef marka má margítrekaðar yfirlýsingar fyrrv. alþm. og reynds þm. Lúðvíks Jósepssonar, að það sé ekki vaninn og hafi ekki verið vaninn að hafa meira en tvo kvöldfundi á Alþingi í viku hverri, — ekki vegna þess að þm. sé ofætlun að vera hér á kvöld- og næturfundum, heldur vegna hins, að störf þingsins fara ekki aðeins fram á málfundum í deildum og í sameinuðu Alþingi, heldur ekki síður í nefndum og í störfum á þingflokkafundum sem eru nauðsynlegur þáttur í starfi þingsins. Það er alveg augljóst að þegar málfundir eru hér á Alþingi frá því á morgnana og fram á rauðar nætur gefst lítill tími til nefndarstarfa og til þingflokksfunda.

Ég vil biðja hæstv. forseta að skoða mjög vandlega hug sinn áður en hann leggur í það, hæstv. forseti, þó til sé hvattur, að breyta slíkum áralöngum starfsvenjum hér á Alþingi sem ávallt hefur verið tekið tillit til, að því er ég best man eftir, þegar aths. hefur verið hreyft varðandi slík vinnubrögð. Hins vegar er hæstv. forseti ekki í öfundsverðri stöðu því að menn taka væntanlega efir því, að hann hefur fáu viljað svara fsp. þm. um hvers vegna þetta standi til, hvaða rök séu fyrir því og hvort hann fáist til að breyta þeirri ákvörðun. Ástæðan fyrir því er að sjálfsögðu sú, að hér er ekki um að ræða ákvörðun sem hæstv. forseti hefur sérstakan áhuga á að taka, heldur er hann að reyna að framkvæma vilja annarra sem ættu að vera í forsvari og hljóta að vera í forsvari, og það er hæstv. forsrh. og hans ríkisstjórn. Í þessu hlutverki má segja að hæstv. forseti sé þrátt fyrir allt nokkurs konar umboðsmaður slíkrar ríkisstjórnar. (**Gripið fram í:** Umbi.) Nokkurs konar umbi, já, það er rétt. Síðan mér varð ljóst að hæstv. ríkisstj. lifir í samræmi við lífsreglur Jóns Prímusar hef ég gert mér til dundurs að fletta upp í þeirri ágætu bók Kristnihaldi undir Jökli eftir Halldór Laxness. Þar dettur maður yfirleitt ofan á tilvitnanir sem falla mjög að flestum tilvikum sem upp koma í starfsemi núv. ríkisstj. og gætu átt vel við um afstöðu forseta nú. Umbi segir á bls. 302 í svipaðri „situation" og hæstv. forseti er nú í, með leyfi forseta:

„Umbi: Ég hef ekki umboð til að útskýra neitt. Mér hefur eiginlega verið bannað að leggja fram álit, því að annars er hætt við að biskup og þeir verði sviptir tækifæri til að hugsa.“

Ég held að þetta eigi nokkuð vel við þá stöðu sem hæstv. forseti er í. Hann hefur eiginlega ekki umboð til að útskýra hér neitt því að ella væri hætt við að herra biskupnum og þeim gæfist ekki tækifæri til að hugsa.

Annars vil ég taka fram, herra forseti, að mér finnst ástæða til að gera sérstakar aths. við að ítrekað er farið að bera á að handhafar framkvæmdavaldsins líti á Alþingi einvörðungu sem afgreiðslustofnun fyrir sjálfa sig og þyki lítið til hlýða að taka tillit til vinnubragða á Alþingi eða til þeirra þarfa sem alþm. hljóta að hafa til að kynna sér mál sem lögð eru fyrir þá. Það er t. d. farið að gerast að handhafar framkvæmdavalds, eins og hæstv. fjmrh., taka upp á því að snupra ekki aðeins einstaka þm., heldur þingnefndir og þingdeildir fyrir að hafa afgreitt mál sem hæstv. fjmrh. flytur ekki sjálfur og hæstv. fjmrh. telur ekki þess eðlis að eigi skilið að afgreiða hér á Alþingi. Ég þekki ekki mörg dæmi slíks, að handhafar framkvæmdavaldsins telji sig vera í slíkri aðstöðu til að snupra löggjafarvaldið, en þetta er farið að gerast og er því miður ekki einsdæmi.

Þá er líka orðið mjög áberandi og þá sérstaklega með þá hæstv. ráðh. í núv. ríkisstj. sem hafa ekki áður setið á Alþingi og þekkja því ekki þau vinnubrögð, sem hér viðgangast, og þá vinnu, sem hér er framkvæmd, að þeir telja sig ekki þurfa að hafa neitt samráð við Alþingi annað en að tilkynna þinginu hvenær þeir óski eftir að Alþingi afgreiði sem lög tiltekin mál sem þeir hafa undirbúið. Dæmi um þetta eru að sjálfsögðu ýmis mál bæði frá hæstv. iðnrh. og hæstv. félmrh., en hvorugur þeirra hefur starfað hér á Alþingi sem almennur þingmaður. Báðir þessir hæstv. ráðherrar gera ráð fyrir að þeir geti undir þinglokin lagt fram frv. sem e. t. v. hafa verið lengi í athugun í þeirra ráðuneytum og jafnvel lengi í athugun í stjórnarflokkunum, en varða stórmál, og síðan ætlast þeir til að hægt sé að afgreiða þessi mál á hálfum mánuði eða þremur vikum sem lög frá Alþingi. Þetta hefur t. d. ávallt átt við um þau stóriðju- og iðnaðarfyrirtæki sem hæstv. iðnrh. hefur haft áhuga á að fá afgreidd. Tvívegis, bæði undir þinglok í fyrra og undir þinglok nú, leggur hann fram viðamikil frumvörp um slík fyrirtæki sem hann bókstaflega ætlast til að Alþingi afgreiði sem lög á kannske hálfum mánuði til þremur vikum. Þetta sýnir ekki annað en það, að þessi hæstv. ráðh. þekkir ekki til þeirra starfa, sem fram fara á löggjafarsamkundu, hæstv. ráðh. hirðir ekki um að kynna sér hvernig þeim störfum er varið. Ég vil enn ítreka og biðja menn að minnast þess, að þegar frv. um annað fyrirtæki af þessari tegund var afgreitt sem lög héðan frá Alþingi á sínum tíma, álverið við Straumsvík, fylgdu á undan því eins og hálfs til tveggja ára nákvæmar athuganir, sem ekki bara þáverandi stjórnvöld áttu aðild að, heldur einnig stjórnarandstaðan.

Það er ekki hægt að kvarta undan því, að við stjórnarandstæðingar höfum ekki reynt að gera það sem við höfum framast getað til að afgreiða þau mál sem hæstv. ríkisstj. hefur með þessum hætti óskað eftir að við afgreiddum. Þvert á móti höfum við jafnvel gengið lengra til móts við ríkisstj. í þessum efnum en verjandi er, svo sem afgreiðslan var á sjóefnavinnslufrv. hér í fyrra. Tekið skal fram að þar lýsi ég að sjálfsögðu aðeins minni persónulegu skoðun, ekki afstöðu míns flokks. Ég hef orðið rækilega var við það á Alþingi í vetur, að það eru ekki bara nokkrir stjórnarandstæðingar, sem áttu hlut að þeirri afgreiðslu, sem vildu gjarnan hafa getað fengið tíma til að skoða það mál betur, heldur hef ég orðið þess áþreifanlega var í röðum stjórnarsinna, að margir þeirra hefðu gjarnan kosið að geta gefið sér rýmri tíma til að athuga það mál á þeim tíma. En það verður ekki undan því kvartað, að við viljum ekki leggja okkur fram um að komið verði við afgreiðslu á þeim málum sem hæstv. ríkisstj. óskar með þessum hætti eftir að afgreidd verði.

Herra forseti. Við höfum setið á fundum með forseta Sþ. og forsetum deilda, formenn þingflokka stjórnar og stjórnarandstöðu, tvo og upp í þrjá fundi á dag að undanförnu. Það er langt síðan forseti Sþ. tók þá ákvörðun, þegar menn sátu uppi með 59 stjórnarmál, mörg af þeim stór, eins og umrædd verksmiðjufrv. sem ég nefndi, að óska eftir að hæstv. ríkisstj. raðaði þessum málum upp í forgangsröð þar sem hæstv. ríkisstj. gerði grein fyrir því, hvaða málum hún vildi gefa forgang varðandi afgreiðslu og hvaða mál hún mundi þá heldur vilja láta mæta afgangi ef ekki ynnist tími til að afgreiða allan þennan málatilbúnað fyrir þann tíma að hæstv. ríkisstj. vildi láta þingi lokið. Það svar hefur ekki verið gefið enn. Þessi forgangsuppröðun hefur aldrei verið framkvæmd. Það sýnir hvernig verkstjórn hæstv. ríkisstj. er háttað á þinginu, þó svo forsetar séu allir af vilja gerðir að knýja málin fram. Hæstv. forsetar hafa verið allir af vilja gerðir til að gefa okkur stjórnarandstæðingum einhver svör um hvenær fyrirhugað sé að stefna að þinglausnum eða framkvæma þinglausnir, en þeir hafa aldrei getað gefið þessi svör vegna þess að það hefur aldrei fengist nein niðurstaða frá hæstv. ríkisstj. Þaðan fást aldrei nein svör, hvorki í þessum málum né í öðrum. Við höfum ítrekað orðið að ganga á fundi þingflokka okkar, komandi beint af fundum forseta, og engin svör getað gefið um þessi mál.

Nú virðist það vera ákvörðun hæstv. ríkisstj. að halda þingi áfram þangað til búið sé að afgreiða öll þau mál sem afgreiðslu bíða og er það vissulega ákvörðun út af fyrir sig. Þessi ákvörðun þýðir að ekki er lengur stefnt að ákveðnum þinglausnadegi né ákveðnum þinglausnatíma, heldur tekin sú efnislega ákvörðun að halda áfram þingstörfum þangað til afgreiðslu mála er lokið. Að sjálfsögðu er ekkert við það að athuga, og ég fagna því, að þessi ákvörðun skuli loksins liggja fyrir. En þegar ekki er neitt knýjandi um þinglausnatímann, þegar hæstv. ríkisstj. telur sig ekki til þess knúða að láta þinglausnir fara fram á ákveðnum degi, þá er að sjálfsögðu engin þörf lengur á því að keyra fundi hér fram eins og gert hefur verið að undanförnu og eins og virðist eiga að gera nú. — Mér heyrðist á hæstv. forsrh. að hann væri að kalla eitthvað fram í, sennilega um að honum hafi snúist hugur. Gott og vel. Það má vel vera og það er þá ákvörðun út af fyrir sig. Hafi hæstv. forsrh. snúist hugur þannig að hann geti einhverja aðra ákvörðun tilkynnt okkur núna en þá ákvörðun sem hæstv. forseti Sþ. tilkynnti mér fyrir skömmu, lát oss þá heyra ákvörðun hæstv. forsrh.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Vegna þessara umr. vil ég taka fram að ég skil það út af fyrir sig vel, að hv. þdm. mótmæli kvöldfundum og næturfundum, að ég ekki tali um þrjú kvöld í röð. Hv. 1. þm. Reykv. vitnaði í Lúðvík Jósepsson. Ég minnist þess, að hann hélt þessu

harkalega fram og fékk, að ég hygg, oftast vilja sínum framgengt. Út af fyrir sig kann ég því vel að fá leyfi til þess að taka mark á Lúðvík eftir að hann er hættur á þingi. Það vildi Alþb. aldrei leyfa mér meðan hann var á þingi.

Hv. 1. þm. Vestf. spyr að því beint, hvort ég vilji ekki taka tillit til óska þm. Þá komum við að spurningunni um meiri hl. Að vísu kannast ég við að það hafi verið ofurlítil bilun á því að fara að vilja meiri hl. hjá Sjálfstfl., en ég vissi ekki að hv. þm. væri í þeim biskupssveinahópi. Þegar komið er að þessu, þá spyr ég um meiri hl. sem ég er afar veikur fyrir að fara eftir.

Hv. 3. þm. Vestf. varaði mig við að brjóta venjur. Þetta er 104. löggjafarþing. Hv. 1. þm. Reykv. minntist á að í gærkvöld hefði fyrsti kvöldfundur verið haldinn á þessu ári í hv. Nd. Það er rétt. Þess vegna hefur forseti þessarar deildar allra síst níðst á hv. þdm. og hann er mjög eindregið þeirrar skoðunar, að kvöld- og næturfundir séu ógóð vinnubrögð. Það er reynsla af þeim, að þá er ekki tími til grandgæfilegra og góðra starfa að löggjafarsetningu. En miðað við þetta og svo miðað við að það, sem ég veit helst um þinglausnir, er enn að þær verði kl. 2 á morgun, þó að mér sé stórlega til efs að okkur nægi kvöld- og næturfundir núna til þess að því marki verði náð. Þó að ég hefði fyrir framan mig að þinglausnir yrðu ekki fyrr en kl. 2 á föstudegi, þá er fullkomin þörf á kvöldfundi nú.

Ég minni á að ég vil gegna og líta til þeirra skyldu sérstaklega, að menn fái að ræða áhugamál sín. Ég nefni málefni fatlaðra. Mér er kunnugt um þrjá þm. a. m. k. sem eindregið óska eftir að koma sínum sjónarmiðum á framfæri um þetta mikla mál, án þess þó að ætlunin sé að afgreiða það til fulls. Ég minni á lyfjadreifingu, ég minni á sykurverksmiðju, sem menn vilja fá að ræða sérstaklega, — hæstv. ríkisstj. leggur höfuðáherslu á afgreiðslu þessara mála, — og Hæstarétt, sem er til 2. umr. 1. málshefjandi hefur tjáð mér að hann eigi drjúgum eftir af ræðu sinni. Allt þetta vil ég leyfa mönnum og gefa mönnum tækifæri til þess að ræða og ég á þess ekki kost nema níðast með þessum hætti á hv. þdm. Það verður að liggja ljóst fyrir. Þá er enn þess að geta, að hæstv. ríkisstj., eins og fram kom hérna, hefur tilkynnt að ekki verði lokið fundarhaldi fyrr en mál, sem öllum er kunnugt um hver eru, fái fullnaðarafgreiðslu.

Ég hef ekki fleiru við þetta að bæta, en ég get ekki orðið við því að falla frá kvöldfundi og held enn fast við mína ákvörðun.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Ég verð að fara fram á það við hæstv. forseta, að hann upplýsi hver það sé sem ætlar sér að slíta þingi annaðhvort kl. 2 á morgun eða kl. 2 á föstudag. Í mínum huga skiptir ekki máli hvor dagurinn það er, en ég vil fá að vita hver þetta er. Ég segi enn: Ef ég hef skilið hæstv. forsrh. rétt, og þá er ég að vísu að vísa til einkasamtals okkar, var skilningur minn þessi, að það ætti að ljúka þeim málum, sem enn þá eru á dagskrá þingsins, og ég er búinn að lýsa því með mínum orðum að það gengur ekki upp að ljúka þeim kl. 2 á morgun. Það gengur ekki upp.

Til viðbótar þessu heyrðist mér hæstv. forsrh. grípa fram í ræðu hv. þm. Sighvats Björgvinssonar áðan og segja það sem ég get staðfest af viðtölum mínum við hæstv. forsrh., að hann hefði aldrei nefnt neinn ákveðinn dag fyrir þinglausnir. Af hverju er þá hæstv. forseti þessarar deildar að nefna annaðhvort fimmtudag eða föstudag kl. 2? Þetta langar mig til að vita.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Við forsetar reynum að hafa eitthvert vinnulag. Það síðasta, sem er af því að frétta, er að við fram á miðjan dag í dag miðuðum við kl. 2 á morgun. Nú hygg ég að óhætt sé fyrir okkur að hafa nýja viðmiðun. Einhverja viðmiðun verðum við að hafa í vinnubrögðum okkar, af því að mér hefur reyndar skilist *að menn hafi reiknað með að þingi yrði lokið fyrir helgi.* En það er ekki okkar að segja til um þetta. Okkar er að stjórna hér meðan hinn lýðræðislegi meiri hl. ákveður að svo skuli gert.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Mér eru það vonbrigði, að hæstv. forseti mun ætla að halda fast við þá ákvörðun að boða til fundar hér í deildinni kl. 9 í kvöld. Það er skiljanlegt að hæstv. forseti deildarinnar vilji greiða fyrir málum ríkisstj. út af fyrir sig í þeirri trú að bak við ríkisstj. standi meiri hl., og meirihlutavilja er lofsvert að virða. En ég held að það sé einnig skylda forseta og embættismanna Alþingis að gæta réttar minni hl., og auk þess kemur svo til álita í þessu efni hvar meiri hl. er og hvar minni hl. er. Ég dreg í efa að allir stuðningsmenn ríkisstj. séu samþykkir þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru nú þessa dagana á Alþingi og ég mótmæli eindregið.

Ég áskil mér og öðrum þm. Sjálfstfl. rétt til að gera aths. við þinghaldið og kröfu um að mál verði hér tekin til umr., sem brýn eru, ef fast á að halda við fundarhald þriðja kvöldið í röð nú í þessari viku. Ég ítreka að þm. stjórnarandstöðunnar hafa verið, eru og munu verða tilbúnir að sýna skilning og samvinnu stjórnarliði og ríkisstj. til að afgreiða mál hér með eðlilegum hætti. Við erum reiðubúnir að sitja hér á þingi þá daga sem þörf er á til þess að mannsæmandi bragur sé á vinnubrögðum hér á Alþingi, svo að fullnægt sé þeim kröfum sem gera verður til vinnubragða við afgreiðslu mikilvægra mála. Það er því engin afsökun að halda fundi áfram nú í kvöld. Það er þess vegna réttmæt krafa að halda fundi áfram á venjulegum tíma á morgun. Við munum stunda þingstörfin svo lengi sem óskað verður eftir, en við áskiljum okkur einnig rétt til að gera kröfu til þess, að þingi verði ekki svo lokið að eigi séu rædd hér mál sem brennandi eru og mikilvæg fyrir þjóðarhag.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Þær umr., sem hér fara fram, leiða hugann að því, hvort þingið sé sjálfstætt gagnvart framkvæmdavaldinu eða eigi. Ég lít svo á að forseti, sem kosinn er af deild hljóti að eiga einn að taka ákvörðun, hvort hann heldur kvöldfund eða ekki. Ef annan veg væri farið væri miklu réttara að framkvæmdavaldið tilnefndi forsetana. Allar fullyrðingar um að það beri að virða meiri hl. í þessu sambandi vekja hjá mér þessa spurningu: Bætir það vinnubrögð þingsins ef heill klukkutími fer aðeins í umr. um þingsköp? — Ég vil taka það fram, að mér finnst þær kröfur, sem fram hafa komið um að ekki séu fundir nema tvö kvöld í röð, fullkomlega eðlilegar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Að vísu renna á mig tvær grímur við að heyra á það minnst, að e. t. v. sé það ekki að vilja meiri hl. sem þessi vinnubrögð eru viðhöfð, en ég óska ekki eftir bókun á þessu sérstaklega.

Fundi er frestað til kl. 9 og þá verður hafist handa. Ef menn óska eftir umr. um fundarsköp þá verður það leyft. En þá verður byrjað á sjöunda málefninu fyrst í stað, frv. um málefni fatlaðra. — [Fundarhlé.].

Málefni fatlaðra, frv. (þskj. 168, n. 778, 779). — 2. umr.

Frsm. (Alexander Stefánsson): Herra forseti. Félmn. fékk frv. til l. um málefni fatlaðra, 145. mál Nd., til meðferðar síðasta fundardag deildarinnar fyrir jólahlé 18. des. s. l. Sama dag vísaði nefndin frv. til umsagnar með skilafresti til 1. febr. s. l. Nefndin varð sammála um þá meginstefnu í meðferð frv. að leggja áherslu á að málið fengi víðtæka meðferð þannig að ný löggjöf um málefni fatlaðra yrði marktæk og skilvirk og um hana yrði sem best samstaða þeirra sem mesta hagsmuni eiga að hafa af þessum lögum. Ekki síst var þetta nauðsyn þar sem skammur tími er liðinn frá gildistöku laga um aðstoð við þroskahefta sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi með gildistöku þessa lagafrv. Það var því ljóst í upphafi að meðferð frv. hjá félmn. tæki nokkurn tíma, en nefndin gerir ráð fyrir gildistöku nýrra laga um málefni fatlaðra 1. jan. 1983.

Nefndin sendi eftirtöldum aðilum frv. til umsagnar: Landssamtökunum þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Jafnframt voru þessi samtök beðin sérstaklega að kynna frv. öllum aðildarfélögum. Enn fremur var frv. sent til umsagnar Félagi heyrnarlausra, Samtökum gegn astma og ofnæmi, Félagi sykursjúkra, Félagi psoriasissjúklinga, M.s.-félaginu, Landssamtökunum Hjartavernd, Geðvernd, Geðlæknafélagi Íslands, Félagi þroskaþjálfa, Tryggingastofnun ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Læknafélagi Íslands og Endurhæfingarráði.

Svör bárust frá flestum þessum aðilum, en enn fremur upplýsingar frá stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, upplýsingar um úthlutun úr erfðafjársjóði s. l. þrjú ár, umsögn frá Magnúsi Magnússyni sérkennslufulltrúa menntmrn., frá Stéttarfélagi ísl. félagsráðgjafa, frá svæðisstjórn Reykjavíkur og Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra.

Nefndin hefur haldið fundi með fulltrúum frá Öryrkjabandalagi Íslands, fulltrúum frá Þroskahjálp og fulltrúum frá öllum svæðisstjórnum í landinu sem jafnframt hafa lagt fram greinargerðir um frv. og brtt.

Margrét Margeirsdóttir deildarstjóri í félmrn. hefur komið á fundi nefndarinnar. Jafnframt hefur hún í samráði við nefndina samið greinargerð um 2. gr. frv., þ. e. um skilgreiningu á orðinu fatlaður í frv. Enn fremur hefur hún samið grg. um IV. kafla frv., 16. gr., sem er gerbreyting á þeirri grein, þ. e. Greiningar- og ráðagjafarstöð ríkisins, en báðar þessar greinargerðir eru sérprentaðar sem fskj. með þessu nál.

Eins og við mátti búast eru skiptar skoðanir um þetta frv. Í ítarlegri grg. með frv. kemur m. a. fram að megineinkenni frv. um málefni fatlaðra eru:

1. Steypt er saman þrennum gildandi lögum, þ. e. lögum um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, nr. 12/1952, að undanskilinni 1. gr. þeirra laga, lögum um endurhæfingu, nr. 27/1970, og lögum um aðstoð við þroskahefta, nr. 47/1979. Segir í grg. að í samráði við fulltrúa hagsmunaaðila hafi þessi leið verið valin.

2. Frv. einkennist af því, að nú er í fyrsta sinn verið að koma á heildarskipulagningu félagslegrar þjónustu hins opinbera við fatlað fólk án tillits til þess, hver fötlunin er, þar sem markmiðið er að stuðla að jafnrétti og fullkominni þátttöku fatlaðra í daglegu lífi.

Frv. er að meginstofni byggt á lögum um aðstoð við þroskahefta, nr. 47/1979. Þau lög eru gerð víðfeðmari og látin taka til allra fatlaðra. Öryrkjabandalag Íslands ásamt flestum aðildarfélögum innan bandalagsins mælir eindregið með því, að þetta lagafrv. verði samþykkt með nokkrum aths., sem nefndin hefur að nokkru tekið tillit til. Í viðtölum fulltrúa Öryrkjabandalagsins við nefndina kom fram hjá þeim að ástæða væri til að óttast að hlutverk svæðisstjórna, heilbrigðisráða og stjórna heilbrigðisstofnana í þessum málum mundi skarast of mikið, valdsvið svæðisstjórna væri ekki nægilega greinilegt. Þá kom fram ótti þeirra um að starf og framkvæmdir á vegum félagssamtaka mundu dragast saman, færast yfir á ríkið, ekki síst þar sem sérstaða erfðafjársjóðs hyrfi, en fjármagn úr þeim sjóði hefur til þessa að mestu farið til stofnana á vegum félagssamtaka öryrkja. Enn fremur vildu þeir fá skýrari útfærslu á hugtakinu greiningarstöð. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins fögnuðu sérstaklega nýmæli frv., sem á að auðvelda rekstur og uppbyggingu verndaðra vinnustaða, og fjármagni úr Framkvæmdasjóði til að breyta vinnustöðum til að auðvelda aðgengi fatlaðra.

Eins og áður sagði lögðu þeir mikla áherslu á samþykkt frv. og hafa Öryrkjabandalagið og Sjálfsbjörg, félag fatlaðra, sent Alþingi sérstaka áskorun um málið, sem ég geri ráð fyrir að flestir hv. alþm. hafi fengið. Stendur í bréfi frá Sjálfsbjörgu, dags. 21. apríl s. l.:

„Á fundi framkvæmdastjórnar Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra var samþykkt einróma eftirfarandi áskorun til Alþingis:

Framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra skorar á hið háa Alþingi að samþykkja á yfirstandandi þingi frv. til l. um málefni fatlaðra."

Hins vegar hafa Landssamtökin þroskahjálp talið rétt að bíða með samþykkt frv. og óska eftir meiri tíma til að fjalla um málið milli þinga, telja þó margt í frv. horfa til bóta, en ýmis atriði þurfi frekari athugunar við að fenginni reynslu við framkvæmd laganna um aðstoð við þroskahefta. Sendu fulltrúar svæðisstjórna nefndinni skriflega umsögn frá fundi sem þeir héldu 16. apríl s. l. Helstu aths. fulltrúa Landssamtakanna þroskahjálpar og svæðisstjórna eru að skilgreining á orðinu fatlaður sé of rúm, sé fljótandi og óskýr, og telja þeir að um 10% landsmanna mundu falla undir þessa skilgreiningu. Óttast þeir einnig að samkv. frv. muni verkefni aukast en fjármagnið dragast saman.

Í umsögn frá fulltrúum svæðisstjórna, sem héldu fund 16. apríl s. l., segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Svæðisstjórnir eru sammála um það, að mörg ákvæði frv. horfi til bóta, en telja að nauðsynlegt sé að skoða nokkur atriði nánar, bæði með tilliti til þess, að skammt er liðið síðan lög um aðstoð við þroskahefta tóku gildi, og hins vegar að mjög mismunandi er ástatt á hinum ýmsu svæðum til þjónustu við fatlaða. Sums staðar er nú fyrst að frumkvæði svæðisstjórna að hefjast uppbygging á þessu sviði. Lög um aðstoð við þroskahefta eru neyðarlög sem sett voru vegna þess að aðstaða og þroskamöguleikar þroskaheftra voru með þeim hætti að ekki þótti viðunandi. Svæðisstjórnir telja að miðað við þessar

aðstæður orki tvímælis að færa út verkefni þessara laga til óljóss skilgreinds hóps fatlaðra. Því leggja þær til að setningu laga um þetta efni verði ekki hraðað, heldur unnið að því að kanna ofan í kjölinn reynslu af núgildandi lögum og móta betur og meitla skýrar þau lög sem sett verða, hvort sem það eru sérlög eða samræmd almenn löggjöf. Svæðisstjórnir eru fúsar að taka þátt í því starfi og hafa raunar á prjónunum áætlanir um að efna í sumar til ráðstefnu um hlutverk og störf svæðisstjórna."

Í umsögn frá svæðisstjórn Reykjavíkurborgar, sem dags. er 16. apríl s. l., kemur fram svipað sjónarmið, og með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp úr þeirri umsögn:

„Svæðisstjórn Reykjavíkur tekur undir þá skoðun, sem fram hefur komið hjá flestum svæðisstjórnum á landinu, að margt í frv. horfi til bóta. Hins vegar er hér um viðamikið mál að ræða, sem þarfnast nákvæmrar umfjöllunar sem svæðisstjórnin getur ekki framkvæmt innan þeirra þröngu tímamarka sem sett hafa verið. Er það álit svæðisstjórnarinnar, að það skipti meira máli að vanda vel til þessarar lagasetningar heldur en að afgreiða frv. á yfirstandandi þingi. Er því lagt til að frestað verði afgreiðslu frv. á yfirstandandi Alþingi, en allar svæðisstjórnirnar á landinu haldi ráðstefnu í sumar þar sem mótuð verði afstaða þeirra til málsins og formlega gengið frá umsögn um frv. sem þá ætti að geta legið fyrir þegar Alþingi kemur saman næsta haust."

Í bréfi frá stjórnarnefnd málefna þroskaheftra, dags. 5. apríl s. l., segir svo, með leyfi forseta, — ég tel ástæðu til að vitna í þetta bréf sérstaklega því að hér er um að ræða stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra sem hefur starfað síðan þau lög tóku gildi og hefur þar af leiðandi nokkra reynslu af þessum málum og talsvert um þau að segja, — en í bréfinu segir m. a.:

„Þar sem frv. um málefni fatlaðra, 145. mál, er nú til meðferðar í félmn. Nd. vill stjórnarnefnd málefna þroskaheftra upplýsa að nú eru til umfjöllunar hjá stjórnarnefndinni ýmsar áætlanir og greinargerð starfsfólks við athugunar- og greiningardeildina í Kjarvalshúsi um skipulag og verksvið Greiningarstöðvar ríkisins ásamt framkvæmda- og kostnaðaráætlun. Eins og fram kemur í bréfi til félmrh. taldi stjórnarnefndin að mun ítarlegri skilgreining þyrfti til að koma á verksviði, stjórnun og skyldum Greiningarstöðvar ríkisins og umfangi hverrar deildar um sig áður en stjórnarnefndin gæti tekið afstöðu til áætlunar samstarfshópsins og byggingarnefndar stöðvarinnar, enda ljóst að í þeim áætlunum hefur að verulegu leyti verið tekið mið af frv. um málefni fatlaðra sem fyrir Alþingi liggur. Óskaði stjórnarnefndin einnig eftir því, að félmn. yrði gerð grein fyrir áætluðu verksviði greiningarstöðvarinnar þannig að hægt væri að koma skýrum ákvæðum um það í lög með hliðsjón af ákvæði frv. sem fyrir Alþingi liggur um greiningarstöðina."

Síðan segir: „Þar sem nokkur óvissa ríkir um hvort frv. verði afgreitt á yfirstandandi Alþingi vill stjórnarnefndin beina því til félmn. Nd. Alþingis, að ef fyrirséð verður að frv. fáist ekki afgreitt fyrir þingslit, þá beiti félmn. sér fyrir því, að kaflinn um Greiningarstöð ríkisins verði sérstaklega afgreiddur á þessu þingi sem breyting við III. kafla laganna um aðstoð við þroskahefta. Með vísan til fjármögnunarákvæða frv. leyfir stjórnarnefndin sér enn fremur að senda félmn. úthlutanir úr Framkvæmdasjóði öryrkja og þroskaheftra fyrir árin 1980 og 1981 og 1982, en á því yfirliti kemur einnig fram hve viðamikil verkefni sjóðsins eru. Í beinni úthlutun á yfirstandandi ári voru milli 75 og 80 millj. kr., en ráðstöfunarfé sjóðsins um 28 millj. Stjórnarnefndin bendir félmn. á að með því frv., sem nú liggur fyrir Alþingi, eru stóraukin verkefni sett á Framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra, en að sama skapi ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni."

Það væri ástæða til að lesa hér einnig upp úr því bréfi sem stjórnarnefndin hafði sent félmrn., en ég mun ekki gera það hér til að eyða ekki of löngum tíma í þetta atriði. En út frá þessu fól félmn. fulltrúa í rn., Margréti Margeirsdóttur, eins og ég sagði fyrr, að umsemja kaflann um Greiningarstöð ríkisins og gera hann greinilegri en er í því frv. sem við erum að fjalla um.

Í umsögnum Læknafélags Íslands og Geðlæknafélags Íslands er mjög neikvæð afstaða tekin gegn þessu frv., og lýsa þessir aðilar sig eindregið andvíga frv. Mér finnst ástæða til að grípa ofan í umsagnir þessara sérfræðinga á þessu sviði, þó að ég sé ekki þar með að segja, að mér finnist þær í raun og veru eðlilegt innlegg í þessar umr. frá þessum aðilum, og sé ekki sammála því sem þar kemur fram. Niðurstaðan í umsögn Geðlæknafélags Íslands er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrirliggjandi frv. til l. um málefni fatlaðra tryggir þeim ekki betri þjónustu en þeir eiga nú kost á. Frv. virðist vanhugsað og samið af þekkingarskorti á heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Það gefur framkvæmdavaldinu allt of frjálsar hendur til að skipa málum fatlaðra með reglugerðum og tilskipunum. Geðlæknafélag Íslands gerir eftirfarandi tillögur:

Fyrirliggjandi frv. til l. um málefni fatlaðra verði lagt til hliðar. Lög um endurhæfingu nr. 27/1970, verði endurskoðuð sem allra fyrst. Lög um aðstoð við þroskahefta, nr. 47/1979, verði endurskoðuð, einkum með tilliti til skörunar við aðra löggjöf. Stjórnvöld meti og virði þá þjónustu sem fatlaðir njóta nú hér á landi."

Þannig er niðurstaðan í umsögn Geðlæknafélags Íslands. Ég endurtek að ég er ekki sammála þessari umsögn.

Mér finnst einnig ástæða til að grípa niður í umsögn Læknafélags Íslands um sama efni, en þessir aðilar sendu, eins og ég áðan sagði, mjög ítarlega umsögn og virðast hafa mjög margt á móti frv. Þeir leggja til að því verði vísað frá eða það fellt. Mér þykir hlýða, með leyfi hæstv. forseta, að lesa úr niðurstöðu umsagnar Læknafélags Íslands. Þar segir svo:

„Ljóst er að fyrirliggjandi frv. til l. um málefni fatlaðra tryggir þeim vart betri þjónustu en þeir eiga kost á í dag og í sumum tilfellum geti lagafrv. þetta, ef að lögum verður, leitt af sér minni skyldur hins opinbera við fatlaða og þá um leið minni og lakari þjónustu. Frv. er gallað og virðist á texta þess ekki hafa fengið nægilega umfjöllun sérfróðra aðila. Lagasetning sem þessi verður að teljast afar hæpin og sýnist hyggilegra að tryggja rétt fatlaðra með viðeigandi lagfæringu á gildandi lögum eða setningu almennrar félagsmálalöggjafar. Telur stjórn Læknafélags Íslands því ekki rétt að samþykkja frv."

Í umsögn Endurhæfingarráðs, sem eins og allir hv. alþm. vita hefur innt af hendi mjög gott starf í sambandi við málefni fatlaðra á undanförnum árum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. gerir ráð fyrir að lög nr. 27/1970 um endurhæfingu falli úr gildi, verði það óbreytt að lögum, og er þá sjálfgert að Endurhæfingarráð lætur þar með af störfum. Snemma á ferli sínum ákvað Endurhæfingarráð að koma

á fót skrifstofu til að sinna verkefnum í endurhæfingu, einkum atvinnuþáttunum. Hefur sú skrifstofa starfað í tæp 9 ár. Á liðnum árum hafa um 100 manns leitað til skrifstofunnar árlega að jafnaði varðandi ýmsa fyrirgreiðslu, mestmegnis atvinnutengda. Endurhæfingarráð *telur nauðsynlegt að starfsemi skrifstofunnar haldi áfram* í einu formi eða öðru, þótt lög um endurhæfingu falli úr gildi, og verði það tryggt með ákvæði í frv. eða í grg. með því. Enn fremur telur Endurhæfingarráð brýnt að fyrrgreindu starfsliði stöðvarinnar verði tryggð áframhaldandi störf við þessa málaflokka, enda hefur það öðlast mikilvæga þekkingu og reynslu í meðferð þeirra."

Herra forseti. Mér þótti eðlilegt að grípa aðeins niður í þessi álit sem ég hef lesið úr, en eins og ég tók fram í upphafi hefur nefndinni borist mikill fjöldi af umsögnum um þetta frv., auk þeirra funda sem ég áður greindi frá, þannig að sem betur fer eru flestir aðilar, sem nálægt þessum málum koma, þannig stemmdir að þeir virðast hafa mikinn áhuga á framgangi þessara mála.

Félmn. hefur rætt á fundi sínum nauðsyn þess, að sett verði hér á landi sérstök félagsmálalöggjöf þar sem í einum lagabálki sé skeytt saman öllum ákvæðum félagslegrar aðstoðar og þjónustu hins opinbera við alla þjóðfélagsþegna án tillits til þess, hvort þeir eru fatlaðir, ófatlaðir, ungir eða aldnir. Slík heildarlöggjöf hefur verið sett t. d. í Danmörku og Svíþjóð, en í þeim löndum tók sú lagasmíð nær tugi ára og er enn umdeild. Áður höfðu verið í þessum löndum í gildi sérlög t. d. fyrir aldraða, fatlaða og börn. Nefndinni er ljóst að langan tíma tekur að ná því markmiði hér á landi. Því er rétt að setja sérstaka löggjöf fyrir fatlaða og aldraða sem áfanga að heildarfélagsmálalöggjöf sem sett verði í næstu framtíð. Um þetta vitnar reynsla sem þegar er fengin af lögum um málefni þroskaheftra.

Eftir þá miklu vinnu, sem félmn. hefur lagt í frv., m. a. víðtæka gagna- og umsagnaöflun, fundahöld með hagsmunaaðilum, hefur hún valið þá leið að leggja til að gera á frv. ýmsar breytingar, sem hún er sammála um að horfi til bóta, og hefur tekið tillit til ýmissa umsagna og ábendinga er borist hafa, og flytur nefndinni 21 brtt. við frv. á sérstöku þskj.

Viðamesta breytingin er við IV. kafla frv. um Greiningarstöð ríkisins, sem lagt er til að verði Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og vísast þar í greinargerð Margrétar Margeirsdóttur sem fylgir hér með.

Ljóst er að Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er mikilvægasta stofnun í þessum málum, um það eru flestir sammála, en aukið fjármagn þarf í uppbyggingu og rekstur slíkrar stofnunar. Er áætlað að stofnkostnaður verði milli 30 og 40 millj. kr., en árlegur rekstrarkostnaður um 10—12 millj. miðað við núgildandi verðlag. Til starfa við slíka greiningar- og ráðgjafarstöð mun þurfa um 51 stöðugildi. Starfsemi, sem nú er rekin í Kjarvalshúsi, yrði sameinuð þessari nýju stofnun.

Ýmsar brtt. nefndarinnar miðast við að draga skarpari skil að því er varðar framkvæmd laganna.

Eins og fram kemur í nál. áskilja einstakir nm. sér rétt til fylgja eða flytja brtt. sem fram kunna að koma við frv., en allir nm. félmn. skrifa undir nál. Þeir eru auk mín Friðrik Sophusson, 10. þm. Reykv., Guðrún Hallgrímsdóttir, 7. þm. Reykv., Jóhann Einvarðsson, 5. þm. Reykn., Eggert Haukdal, 5. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, 2. þm. Suðurl., og Jóhanna Sigurðardóttir, 10. landsk. þm., en hún skrifar undir nál. með fyrirvara.

Ég mun nú í örstuttu máli skýra helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv., og þar er fyrst brtt. í sambandi við 2. gr. þar sem skilgreiningin á orðinu fatlaður kemur fram. Í frv. stendur: „Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega og líkamlega *heftir og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks* stuðnings." Nefndin leggur til að síðari hluti þessarar mgr. falli niður þannig að orðið fatlaður í þessum lögum merki þá sem eru andlega og líkamlega heftir.

Ég vil benda á að til að gera þessu betri skil gerði Margrét Margeirsdóttir í samráði við nefndina sérstaka greinargerð um 2. gr. frv., skilgreininguna á orðinu fötlun. *Þar þrengir hún þetta nokkuð til að auðvelda hv.* þm. og öðrum, sem um þetta fjalla, að skilja hvað við er átt þegar um er að ræða þessa skilgreiningu. Eins og allir vita, sem um þetta mál hafa fjallað, hefur það valdið nokkrum deilum að í skilgreiningu, sem lögð er til grundvallar í frv. og er komin frá stofnun Sameinuðu þjóðanna, er skilgreining á orðinu fatlaður mjög rúm. Eins og fram hefur komið frá samtökum fatlaðra er ótti þeirra sá, að þessi skilgreining sé óþarflega rúm og muni verða til þess að þeir, sem mest þurfa á aðstoð að halda, muni verða út undan að einhverju leyti.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að lesa upp þessa greinargerð um 2. gr., en hún er mjög ítarleg og ég bendi hv. alþm. á að kynna sér hana vel í sambandi við þetta mál.

Í 5. gr., sem fjallar um svæðisstjórnir, leggur nefndin til að varamenn í svæðisstjórnir séu skipaðir á sama hátt og í stjórnarnefnd, sbr. 3. gr.

Við 6. gr., sem er í II. kafla frv. sem fjallar um þjónustu og stofnanir, kemur ný málsgrein, sem hljóðar þannig: Stefnt skal að því að útvega aðstöðu til tímabundinnar og varanlegrar vistunar á fósturheimilum. — Þetta er sett þarna inn vegna þess að það getur komið til mála að hægt verði að koma meira til móts við þetta fólk með því að útvega ódýrari lausn, með því að fá sérstakt fólk eða fjölskyldur til að taka slíka einstaklinga í fóstur, það sé í þessum lagakafla til þess að hægt sé að nýta sér heimildina ef hægt er að finna slík fósturheimili.

4. brtt. er við 7. gr. þar sem upp eru taldar stofnanir fyrir fatlaða. Nefndin leggur til að í 8. lið, þar sem eru í frv. „dagvistunarstofnanir fatlaðra og afþreyingarheimili" falli orðin „og afþreyingarheimili" út, en til viðbótar komi nýr liður, sem er liður 14, Skóladagheimili. Er af öllum talið mjög nauðsynlegt að sú stofnun sé með í þessari lagagr. — Þá eru aðeins litlar breytingar í sambandi við 7. gr. Þar sem stendur „Ráðherra er heimilt að bæta við stofnun" o. s. frv. komi: Hlutaðeigandi ráðherra eða ráðuneyti, o. s. frv. — og í upphafi 3. mgr. á sama hátt: Hlutaðeigandi ráðherra eða ráðuneyti, í staðinn fyrir „Ráðherra" o. s. frv.

Við 9. gr. gerir nefndin þá brtt. að síðari málsl. orðist þannig: Svæðisstjórnir skulu gera tillögur um, að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðila, hvernig þessi þjónusta verði veitt. — Þetta er áhersluatriði, en er þó nauðsynlegt að dómi nefndarinnar.

10. gr. er mikilvæg grein, en nokkuð umdeild. Sumir, sem komu á fund nefndarinnar, töldu að ástæða væri til að fella þessa grein úr frv. og færa þetta atriði undir Tryggingastofnun ríkisins. En að athuguðu máli taldi nefndin að ekki væri rétt að gera svo, heldur bætti hún nýrri mgr. við þessa grein þar sem stendur: Greiðslu á aðstoð samkv. þessari grein annast lífeyrisdeild Trygg-

ingastofnunar ríkisins.

Í grg., sem fylgdi frv. frá hæstv. félmrh., gerði hann að nokkru sérstaka grein fyrir 10. gr. frv. sem ég tel ástæðu til að koma aðeins inn á, en eins og hv. þm. geta áttað sig á er þessi grein ákaflega mikilvæg að því leyti, að hún felur í sér þau ákvæði, að fötluð börn, sem dvelja í heimahúsum og njóta takmarkaðrar þjónustu, er þarfnast sérstakrar umönnunar eða gæslu, eigi rétt á aðstoð eftir því sem við verður komið. Einnig er í þessari grein gert ráð fyrir að framfærendur sjálfir geti veitt þessa aðstoð, telji svæðisstjórn hana nauðsynlega, og fái fyrir það greiðslu samkv. ákvæðum sem koma fram í þessari grein. Það kemur fram í grg. ráðh. með frv., að óeðlilegt væri að félmrn. annaðist þessa greiðslu. Langeðlilegasta fyrirkomulagið á þessu væri að þessi þjónusta væri hluti af almannatryggingalöggjöfinni og Tryggingastofnun ríkisins annaðist þessa greiðslu. Eins og kemur fram hjá hæstv. ráðh. nefnir hann að hann teldi að það væri eðlilegt að gera breytingar á almannatryggingalögum í þá veru að barnaörorka yrði lögfest og hækkuð til samræmis við þá reynslu sem þegar er fyrir hendi um það sem telja megi eðlilegar greiðslur til fatlaðra einstaklinga sem dveljast í heimahúsum. Félmn. ræddi þetta atriði og er ráðh. sammála um að nauðsynlegt sé að koma þessari breytingu á. Ljóst er að félmn. er tilbúin að beita sér fyrir því að lagabreyting á almannatryggingalögunum verði gerð á næsta þingi hvað þetta varðar.

Við 11. gr. er einnig smábreyting sem ekki skiptir miklu máli, en þar eru afskipti svæðisstjórna aðeins minnkuð miðað við það sem er í frvgr.

Eins og ég sagði áðan er mesta breytingin við IV. kafla laganna um Greiningarstöð ríkisins. Ég tel ekki ástæðu til að tefja tímann með því að lesa þann kafla upp, en vísa þar í það sem ég sagði áður um grg. Margrétar Margeirsdóttur, sem er mjög ítarlegt fskj. með nál um þennan kafla og þessa breytingu, af hverju er talið nauðsynlegt að gera þessum kafla betri skil en er í frv. sjálfu. Hefur komið fram, eins og ég áður sagði, bæði frá samtökum öryrkja og þroskaheftra, nauðsyn á að færa þennan kafla laganna betur út og gera hann aðgengilegri og greinilegri. Það er gert í þessari brtt. og kemur mjög vel fram í grg. sem fylgir nál.

Aðrar breytingar, sem er vert að minnast á, eru í sambandi við 19. gr. Það var prentvilla í frv. Þar er sveitarstjórn sem á að vera svæðisstjórn. En ég vek sérstaka athygli á þessari grein, því að eins og fram kemur í henni er gert ráð fyrir að það sé hægt að veita styrk að tillögum svæðisstjórna ef fjárhagsástæður þeirra, sem þurfa endurhæfingar með, en hafa fjölskylduframfærslu, eru með þeim hætti að þeir geti ekki framfært sig og skyldulið sitt á meðan á endurhæfingu stendur. Þá er einnig mjög mikilvægt atriði í þessari grein, sem ég vil vekja sérstaka athygli á, og það er í 2. lið, að hægt er að veita styrk eða lán til verkfæra- og tækjakaupa og aðra fyrirgreiðslu í sambandi við heimavinnu eða sjálfstæða starfsemi að endurhæfingu lokinni. Einnig er skv. 3. lið þessarar greinar heimilt að veita styrk eða lán til greiðslu námskostnaðar sem ekki er greiddur samkv. ákvæðum annarra laga. Félmn. breytir niðurlagi þessarar greinar. Það eru orðalagsbreytingar í þessari grein. Í staðinn fyrir „skyldulið sitt“ komi: fjölskyldu sína. 2. mgr. orðist þannig: Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins veitir aðstoð samkv. 1. og 2. tölul., en félmrn. veitir styrk eða lán samkv. 3. tölul. — Þetta var talið koma betur út og væri eðlilegri málsmeðferð.

Í sambandi við VI. kaflann, um húsnæðis- og atvinnumál, er smábreyting gerð á 21. gr. Þar kemur fram í sambandi við húsnæðismálin að svæðisstjórnir skuli fjalla um úrbætur í húsnæðismálum fatlaðra, bæði hvað varðar stofnanir og einstaklinga, og gera ákveðnar tillögur í þeim efnum til Húsnæðisstofnunar ríkisins. — Það var bætt þarna inn í stofnunum og einstaklingum. Það er fyrst og fremst til að vekja athygli á þessu mikilvæga ákvæði. Að dómi nefndarinnar er mjög nauðsynlegt að taka þetta atriði föstum tökum og gera breytingar á lögum um húsnæðismál þannig að fatlaðir hafi betri aðstöðu en þeir hafa í dag til þess að komast í íbúðarhúsnæði. Eins og margir sjálfsagt vita er það þannig að margir fatlaðir, sem hafa hlotið endurhæfingu, eru í vissum skilningi lokaðir inni á stofnunum eftir endurhæfingu vegna þess að þeir hafa ekki möguleika á eigin spýtur að komast inn í húsnæði á viðráðanlegan máta. Húsnæðislöggjöfin gerir að vísu ráð fyrir aukinni aðstoð við fatlaða að þessu leyti, en það nægir hvergi í sambandi við þetta mál. Það er nauðsynlegt núna, þó að við vitum hér á hv. Alþingi að frv. um húsnæðismál, sem liggur nú fyrir hv. Ed., nái ekki fram að ganga, í sambandi við lagfæringar á því frv. að því er varðar aukinn rétt til þeirra, sem eru 70 ára og eldri, að láta það ákvæði ná til fatlaðra einnig. Ég vil nota tækifærið hér til að minnast á þetta. Ég veit að þó að hv. nefnd hafi ekki gert sérstaka tillögu miðað við þetta frv. sérstaklega eru nm. sammála um að gera þurfi breytingar á húsnæðislöggjöfinni þannig að greiða fyrir þessu fólki, sérstaklega fyrir fötluðum sem eru búnir að gangast undir endurhæfingu, en komast raunverulega ekki út af stofnunum á eðlilegan máta vegna þess að það skortir aðstöðu, það skortir lán og fyrirgreiðslu. Þetta þarf að laga og að þessu þarf að vinna.

Í sambandi við 22. gr. frv. gerði nefndin nokkra breytingu. Hún steypti saman 22. gr. og 23. gr. Í 23. gr. er ákvæði í frv. sem er umdeilt. Þar er gert ráð fyrir að á hverjum vinnustað skuli ætlað fötluðum a. m. k. 20. hvert stöðugildi o. s. frv., eins og þar stendur. Nefndin varð sammála um að steypa þessum greinum saman. Í 22. gr. segir: „Svæðisstjórnir skulu hafa eftirlit með því, að aðgengi fatlaðra verði sem best tryggt, ekki hvað síst við byggingu nýrra vinnustaða“ — en síðan kemur viðbót: Jafnframt kanna þær með viðræðum við stjórnendur fyrirtækja og trúnaðarmenn hlutaðeigandi sveitarfélaga, hvernig fjölga megi störfum fyrir fatlaða á sem flestum vinnustöðum, og gera tillögur um, hvernig breyta megi eldri vinnustöðum í sama tilgangi. — Gerir nefndin tillögu um að 23. gr. falli út, en inn komi ný grein sem verði 23. gr. og hljóði þannig: Félmrn. beitir sér fyrir, í samráði við félög fatlaðra, aðila vinnumarkaðarins og Tryggingastofnun ríkisins, að gerð sé könnun á stöðu fatlaðra á vinnumarkaðinum, og í framhaldi af því að gera tillögur um úrbætur. Slíka könnun skal endurskoða eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. — Þetta kom fram í umsögnum og brtt. frá samtökum þroskaheftra og raunar einnig frá Öryrkjabandalaginu.

Þá er VII. kafli frv., kynning á málefnum fatlaðra. 25. gr. er umorðuð. Í raun og veru breytir hún ekki um merkingu, heldur hafa í greininni, eins og hún er í frv., sennilega fallið niður orð eða hún er eitthvað klaufalega orðuð. Þessi grein er því umorðuð í till. nefndarinnar.

Þá kemur 28. gr. í VIII. kafla frv., um rekstur og

kostnað að því er varðar hlut sveitarfélaga eða samrekstur sveitarfélaga með ríkinu. Hér stendur í 2. mgr.: „Af kostnaði vegna reksturs stofnana, sem ekki greiðist af eigin fé samkv. 7. gr. 3., 4., 11. og 13. tölul., greiðir ríkissjóður 85%, en sveitarsjóður 15%.“ Nefndin gerir tillögu um að í 2. mgr. falli út „og 13.,“ 13 tölul. falli sem sé út, þ. e. vistheimili séu ekki fjármögnuð til rekstrar með þessum hætti, heldur eingöngu á vegum ríkissjóðs, sveitarfélögin komi þar ekki inn í sem samrekstraraðili. Þá stendur í 3. tölul. í 28. gr. frv.: „Um kostnað vegna reksturs samkv. 2. og 12. tölul. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva.“ Þarna er um að ræða göngudeildir þar sem jafnframt skal vera eftirvernd og endurhæfingarstöðvar. Nefndin gerir tillögu um að 3. mgr. orðist svo: Um kostnað vegna reksturs samkv. 2. og 12. tölul. 7. gr. fer eftir lögum nr. 57/1978 um rekstur heilsugæslustöðva, enda séu slíkar stofnanir byggðar og reknar samkv. þeim lögum. — Nefndin taldi eðlilegt að tengja þetta við framkvæmd laga nr. 57/1978, þannig að það væri tekinn allur vafi af hvað við er átt.

Í 28. gr. er einnig felld út síðasta málsgr., þar sem ráðh. er heimilað að jafna greiðslum niður á sveitarfélögin og innheimta þeirra hlut í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri. Nefndin leggur til að þessi setning falli út. Er hægt að vísa í mjög hörð mótmæli Sambands ísl. sveitarfélaga að því er þetta varðar.

Þá komum við að 34. gr., þar sem vísað er í að framkvæmdir ríkisins eigi að vera í samræmi við lög nr. 63/1970 um opinberar framkvæmdir. Nefndin varð sammála um að leggja til að undanskildu þessu ákvæði væru framkvæmdir samkv. 27. gr., þ. e. ef félög koma á fót stofnunum o. s. frv., þau féllu ekki undir þetta ákvæði laga um eftirlit með opinberum framkvæmdum.

Í 35. gr. frv. er um að ræða tekjur Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Í frv. er gert ráð fyrir að ríkissjóður skuli árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m. k. 27 millj. kr. Skuli sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skuli endurskoða framlag ríkisins. Félmn. varð sammála um að vel athuguðu máli að umorða þessa grein þannig: Ríkissjóður skal árlega næstu 5 ár leggja sjóðnum til a. m .k. jafnvirði 33 millj. kr. miðað við 1. jan. 1982. Skal sú fjárhæð hækka í hlutfalli við byggingarvísitölu miðað við gildistöku laganna. Að þeim tíma liðnum skal endurskoða framlag ríkisins o. s. frv. — Þetta er mjög mikil hækkun á framlagi í Framkvæmdasjóðinn miðað við það sem er í frv. Nefndin gerir ráð fyrir að miða við 1. janúar s. l. eða réttara sagt miða við framlagningu frv. sem átti að taka gildi 1. janúar. Við töldum eðlilegt að miða þessa upphæð við þennan mánaðardag og upphæðin fengi síðan frá gildistöku laganna þá hækkun sem verður á byggingarvísitölu til þess dags, en jafnframt var upphæðin hækkuð um 6 millj. kr. Teljum við, miðað við þær upplýsingar sem greiðastur aðgangur var að fá í sambandi við þessi mál, að það væri eðlileg tala í sambandi við þessi mál. Þá má gera ráð fyrir að þessi fjárhæð verði um næstu áramót einhvers staðar á milli 45 og 50 millj. kr., en auk þess aðrar tekjur sjóðsins sem eru tekjur erfðafjársjóðs og frjáls framlög og vaxtatekjur. Þetta ætti að mati nefndarinnar að gera kleift talsvert aukið átak í þessum málum, sem allir eru að sjálfsögðu sammála um að þurfi að gera.

Herra forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Við 36. gr. er um smávægilega breytingu að ræða. Við gerum ráð fyrir að stjórnarnefnd skuli leita staðfestingar viðkomandi ráðh. á tillögum sínum um úthlutun úr sjóðnum og í staðinn fyrir, eins og stendur í frv., að umsóknir um framlög úr Framkvæmdasjóði skuli berast stjórnarnefnd eigi síðar en í desember ár hvert, gerum við þá breytingu, að í staðinn fyrir desember komi september ár hvert, vegna annarra tengsla sem koma síðar fram í sambandi við fjárlagagerðina.

Í X. kafla frv., um ýmis ákvæði, er breyting gerð á 38. gr., sem nefndin varð sammála um að leggja til að yrði umorðuð, en eins og þessi grein er nú er gert ráð fyrir að svæðisstjórnir sendi upplýsingar, þ. e. um þörfina o. s. frv., viðkomandi rn. ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára í senn. Afrit af áætluninni skal sent stjórnarnefnd. Rn. sendir áætlanir til stjórnarnefndar ásamt umsögn um þær. Félmrn. vinnur síðan starfsáætlanir í samræmi við sannanlega þörf og fjárveitingu hverju sinni. Þannig er það í frv. Nefndin leggur til að greinin orðist svo:

Svæðisstjórnir safna upplýsingum um þörf fyrir þjónustu vegna fatlaðra samkv. lögum þessum hver á sínu svæði.

Svæðisstjórnir senda þessar upplýsingar til viðkomandi rn. ásamt framkvæmdaáætlun til þriggja ára í senn. Afrit af áætlunum skal sent stjórnarnefnd.

Heilbrigðis-, mennta- og félagsmrn. senda á grundvelli þessara tillagna áætlanir sínar og umsögn um tillögur svæðisstjórna til stjórnarnefndar.

Stjórnarnefnd, í samráði við félmrn., samhæfir áætlanirnar og vinnur endanlega framkvæmdaáætlun um þörf þjónustunnar í samræmi við rökstudda þörf og fjárveitingar hverju sinni.

Framkvæmdaáætlun skal einnig lögð fyrir fjárlaga- og hagsýslustofnun og fjvn. Alþingis.

Við 43. gr. er gerð breyting. Í staðinn fyrir „ráðh. setur“ o. s. frv. gerir nefndin tillögu um að félmrh. setji með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um hlutverk stjórnarnefndar samkv. 3. gr., um störf svæðisstjórna, sbr. 5. gr., um ákvæði 10. gr., um framkvæmdasjóð fatlaðra, sbr. 34., 35. og 36. gr. Og við 44. gr.: Í stað „1. janúar 1982“ um gildistökuna komi: 1. janúar 1983.

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli mínu er hér um að ræða lagasetningu sem túlka á sem heildarlöggjöf um málefni fatlaðra. Frv. er samið í samráði við hagsmunaaðila og með aðild fulltrúa þeirra og samkv. frv. fá fatlaðir sjálfir eða samtök þeirra aðild að stjórnarnefnd og svæðisstjórnum, fá þannig beina þátttöku í stjórn og ákvarðanatöku um málefni sín, sem verður að telja jákvætt viðhorf löggjafans. Eins og fram hefur komið hafa ýmsir aðilar komið með rökstudda gagnrýni á frv., sumt hefur nefndin tekið til greina í brtt. sínum, en það, sem vegur þyngst, eru óskir Landssamtakanna þroskahjálpar og fulltrúa svæðisstjórna í landinu sem biðja um að fá að fjalla um frv. á þingi sínu í sumar og koma á framfæri hugsanlegum breytingum. Félmn. telur eðlilegt að verða við þessum tilmælum, en vildi samt leggja fram brtt. sem nefndin varð efnislega sammála um og leggur til að verði teknar til greina við framlagningu frv. á haustþingi. Það er skoðun nefndarinnar, að eðlilegt sé að um leið og hagsmunaaðilum sé gefinn kostur á að fjalla um frv. í sumar verði tilnefndir fulltrúar frá þingflokkunum til að taka þátt í þeirri umfjöllun sem ætti að tryggja framgang málsins á haustþingi þannig að frv. yrði

að lögum 1. jan. 1983, eins og brtt. nefndarinnar gera ráð fyrir. Ég trúi því, að fullur stuðningur sé fyrir hendi hér á hv. Alþingi við að svo geti orðið. Á því er brýn nauðsyn. Það vil ég undirstrika um leið og ég heiti fullum stuðningi við það áform.

Ég vil að lokum þakka meðnm. mínum í félmn. fyrir gott samstarf og mikla vinnu í sambandi við þetta frv. Við lögðum áherslu á að ná samstöðu um málið, og ég tel að það hafi tekist vonum fremur og ætti að verða til að tryggja framgang þessa máls.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Um leið og ég ítreka mótmæli mín um að þessi fundur skuli haldinn í hv. deild nú í kvöld gefst mér einnig tilefni til að taka til máls til að óska eftir því að utan dagskrár verði teknar upp umr. um svokallað álmál, ekki síst í tilefni af frétt Dagblaðsins og Vísis í dag sem og viðtali við hæstv. iðnrh. í hljóðvarpi nú í kvöld.

Ég hef fregnir af því, að hv. 2. þm. Reykn., Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., hefur óskað eftir að fram fari umr. utan dagskrár og honum gefist kostur á að inna hæstv. iðnrh. eftir þessum fregnum og viðtölum, sem við hann hafa verið höfð, og ég hef ekki síður áhuga á því að spyrja hæstv. iðnrh. ýmissa spurninga og fá upplýsingar í tilefni þessa máls. Ef hæstv. iðnrh. skyldi vera bundinn í Ed. væri nóg að aðrir í svokallaðri ráðherranefnd, er fjallað hefur um álmálið, hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh., væru hér í Nd. til að taka þátt í umr. utan dagskrár um þetta efni.

Ég undirstrika að hv. Nd. hlýtur að eiga sama rétt og Ed. á að taka þetta mál fyrir og inna eftir upplýsingum um málið almennt og sérstaklega í tilefni af þeim fréttum sem fjölmiðlar hafa um það flutt nú í dag. En hitt eru auðvitað langtum skynsamlegri vinnubrögð, að þessar umr. fari fram í Sþ. Þess vegna er það ósk mín til hæstv. forseta Nd. að hann hafi nú þegar samráð við hæstv. forseta Sþ. og hæstv. forseta Ed. um að fundur verði settur í Sþ. og þm. gefist kostur á að taka þetta mál til umr. Með því að hv. 2. þm. Reykn., Kjartan Jóhannsson, formaður Alþfl., og ég höfum óskað eftir því að beina fyrirspurnum til ráðh. og fá upplýsingar um málið og enginn vafi er á því, að öllum þm. leikur sömuleiðis hugur á hinu sama, væru þetta skynsamlegustu vinnubrögðin. Þetta á sér einnig fordæmi, áreiðanlega fleiri en eitt, en mér er í fersku minni fordæmið frá 1974 í maímánuði, þegar Hannibal Valdimarsson óskaði eftir að taka mál upp utan dagskrár. Fyrst var talið að það yrði að gerast í annarri deildinni, en þar sem ósk kom fram um það frá fleirum ákvað þáv. forseti Sþ., Eysteinn Jónsson, að verða við beiðni um að setja sérstakan fund í Sþ. þannig að öllum þm. gæfist kostur á að ræða þessi mál. Ég held líka að tímasparnaður verði að slíkum vinnubrögðum, og því flyt ég þessa beiðni til hæstv. forseta. Meðan ég hef ekki fengið svar hans er ástæðulaust að orðlengja frekar um þetta mál, en ég vil þó geta þess, að ráðstafanir voru gerðar til að koma á framfæri þessari beiðni við hæstv. forseta Sþ. nú í matarhléi þannig að hann er undirbúinn eða ætti að vera undirbúinn að svara þessari beiðni.

Ég treysti nú á það, að forsetar þingsins greiði sameiginlega fyrir því að þm. fái tækifæri til að tjá sig og fá þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru og full ástæða er til að æskja eftir miðað við þær fréttir sem við höfum hlýtt á. — Ég sé líka að hæstv. forsrh. er hér í salnum og hann hefur því hlýtt á að til hans verður beint fsp. í tilefni af viðtölum við hæstv. iðnrh. ef og að svo miklu leyti sem hæstv. iðnrh. er ekki til staðar og ástæður að öðru leyti gefa tilefni til.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Eins og auðvitað er er það mjög umhendis, eins og högum hv. deildar er komið, að taka upp umr. utan dagskrár, enda miklu heppilegra eins og hv. 1. þm. Reykv. gat um, ef á annað borð standa til umr. um sama efni í hv. Ed., að hafa þá fund um þetta í Sþ. Ég skal fyrir mitt leyti hafa samráð við hæstv. forseta Sþ. og Ed. og beita mér fyrir því, að slíkur fundur komist á. En mundi ég þá ekki mega biðja hv. 1. þm. Reykv., formann Sjálfstfl., að ræða það við formann Alþfl., hv. 2. þm. Reykn., að hann ræddi það þá við forseta Ed. að hann félli frá beiðni um utandagskrárumr. þar, ef líkur eru á að þetta á annað borð kæmist fram? Ég mundi þá fyrir mitt leyti óska eftir að menn sýndu mér tillit líka og greiddu fyrir málum sem er sem mest að vinna við hér.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Á þingflokksfundi Alþfl. í dag var sérstaklega tekin til umræðu frétt og viðtal á forsíðu Dagblaðsins við hæstv. iðnrh. þar sem hann lætur í það skína, að til mála komi a. m. k. að hann geri tilboð um að Íslendingar leysi til sín álverið í Straumsvík. Í framhaldi af því ákvað þingflokkur Alþfl. að óska eftir því við hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh., að þeir gæfu Alþingi nánari skýringar og frekari upplýsingar um þetta mál, sem er ósköp eðlileg ósk þegar tekið er tillit til þess, hvað verið er að láta hér í skína, að Alþingi séu a. m. k. gefnar upplýsingar um þessi efni þegar ráðh. hafa þegar rætt þau við blaðamenn opinberlega.

Formaður Alþfl., Kjartan Jóhannsson, flutti hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. þessa beiðni og óskaði eftir því, að umr. um þetta mál færi fram utan dagskrár í sameinuðu Alþingi. Hæstv. ráðherrar báðust eindregið undan því, að þessi umr. færi fram fyrr en tiltekið mál hefði fengið afgreiðslu í þessari deild. Formaður Alþfl. óskaði þá eftir því við hæstv. ráðh., að þeir féllust á að þessi umr. gæti farið fram í Ed., og er mér ekki annað kunnugt en að ráðh. báðir hafi fallist á að það yrði gert og þá væntanlega einhvern tíma í kvöld. Formanni Alþfl. var hins vegar kunnugt um að formaður Sjálfstfl. mundi fara þess á leit að umr. gæti farið fram í Sþ., eins og eðlilegt er um mál af þessu tagi, svo að þm. gefist öllum kostur á að ræða þetta mál og leggja fram fyrirspurnir til hæstv. ráðh., enda var upphafleg ósk formanns Alþfl. að svo yrði gert. Mér er einnig kunnugt um að formaður Alþfl. hefur síður en svo á móti því, að fundurinn verði í Sþ., og mun fúslega taka til við upphaflega beiðni sína um að fá að ræða þetta mál utan dagskrár þar, ef hæstv. forsrh. og hæstv. iðnrh. geta á slíkt fallist og samkomulag næst um það við forseta þingsins.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að ég hafði ekki hugarflug til að láta mér til hugar koma að ætlunin væri að biðja um fund í kvöld í Sþ. Mér líst helst þann veg á málið að það mundi reynt að ná samkomulagi um það á skaplegum tíma á morgun. En mér líst þetta mál þann veg vaxið, — ég verð að segja það fyrir mig, þótt ég hafi þá reglu að leita til ráðh. um samþykki þeirra við leyfi að ræða utan dagskrár um hin ýmsu málefni, — að náist ekki samkomulag um það í hv. Sþ. að taka þetta

mál til umr. utan dagskrár mun ég leyfa það í hv. deild.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Fyrir kvöldmat, þegar rætt var um það af ýmsum þm. deildarinnar, jafnt í stjórnaraðstöðu sem stjórnarandstöðu, að eðlilegt væri að ekki yrði kvöldfundur í kvöld, eins og vinnubrögðum þingsins hefur verið háttað, beindi ég afskaplega kurteislegum tilmælum til forsrh. um að hann beitti sér fyrir því, að orðið yrði við óskum þm. Fleiri þm. urðu til þess að taka undir þá ósk, og jafnframt var látin í ljós sú skoðun, að eðlilegt væri að þeir menn, sem svo mikið legðu upp úr kvöldfundum, skýrðu sín sjónarmið hér úr ræðustól og hvað þeim gengi til, eftir að fyrir liggur að nú bíða afgreiðslu í þinginu ótal mál sem hæstv. ríkisstj. leggur áherslu á að nái afgreiðslu.

Allir þm. vita að það er tómt mál að tala um þinglausnir á morgun eða hinn daginn, eins og áður var ætlunin, eftir þeim ákafa sem lýsir sér hjá einstökum ráðh. sem ríkisstj. allri á að ná sínum málum fram á þessu þingi. Hins vegar áskilja þm. sér auðvitað rétt til að fjalla um málin að nægju sinni og eins og þeim þykir fullnægjandi. Ég vil til staðfestu orðum mínum vísa til þess fjölda frv. sem afgreidd hafa verið á undanförnum dögum, ýmist við 1., 2. og 3. umr. í báðum deildum, en öll þessi mál sýna ljóslega að mjög vel hefur verið unnið í þinginu að undanförnu, og eins og hæstv. iðnrh. hefur margítrekað hér úr þessum stól hefur stjórnarandstaðan sýnt mikinn samstarfsvilja og lagt á sig töluverðar vökur og erfiði til að koma til móts við óskir ríkisstj.

Nú var afskaplega elskulegum tilmælum beint til hæstv. forseta þessarar deildar af formanni Sjálfstfl. Fyrir liggur að hæstv. forsrh. hefur verið á móti því, að fundur yrði boðaður í Sþ., nema með einhverjum skilyrðum, um það mál sem beðið hefur verið um umr. utan dagskrár um. Nú er það fróm ósk mín til hæstv. forsrh., að hann sýni þinginu þá kurteisi að skýra viðhorf sín til þinghaldsins og hvernig hann hugsi sér að áframhaldið verði. Þessi tilmæli eru borin fram í fullri kurteisi, af fullri sanngirni. Þetta eru eðlileg tilmæli til hæstv. forsrh. um að hann skýri þingheimi frá því, hvernig hann óskar helst að vinnubrögðum sé háttað.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. vita hef ég mótmælt þessum kvöldfundi. Það er vissulega mér á móti skapi og ég hygg meginhluta þdm. að sitja nú í umr. hér á Alþingi. En úr því að þetta er okkur ætlað með þeim hætti sem allir vita og ég tel ósanngjarnan, þá hljótum við að fjalla um þau mál sem brýnust eru, og úr því að búið er að ákveða umr. utan dagskrár í Ed. nú í kvöld um álmálið af tilefni viðtala iðnrh. við fjölmiðla hljótum við hér í Nd. að gera kröfu til þess, að umr. hér verði einnig á sama tíma. Ég bendi á að eðlilegast er undir þessum kringumstæðum að hafa fund í Sþ. og þá jafnvel í kvöld. En hins vegar, ef samkomulag tekst um það milli deildarforseta og forseta Sþ. og þeirra sem fyrir svörum eiga að vera, þá er ég opinn fyrir slíku samkomulagi og treysti hæstv. forseta að vinda sér í það að koma á því samkomulagi þannig að fullnægt sé þeim rétti sem þm. hafa til þess að ræða þau mál sem brýnust eru hverju sinni.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka fram að ég hafði fyrir margt löngu lofað umr. um dagskrármálið sem nú er til umr. og hefur frsm. félmn. lokið framsögu sinni. Nú verður umr. um málið haldið áfram og eru á mælendaskrá 10. þm. Reykv., hv. 10. landsk. þm. og félmrh. Aðrir munu ekki fá orðið að sinni um þennan málaflokk og fer ég fram á að hv. ræðumenn stytti mál sitt.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta um það að vera stuttorður. A. m. k. get ég gefið það loforð hátíðlega, að ég verð ekki jafnmargorður og hv. frsm., enda var verkefni hans að gera grein fyrir till. allrar nefndarinnar. En ég sé hins vegar ástæðu til að koma hér upp vegna þessa máls og gera grein fyrir nokkrum sjónarmiðum.

Eins og sést á frv. til l. um málefni fatlaðra á þskj. 168 er hér um mjög viðamikið mál að ræða. Hér er verið að marka nýja stefnu í málefnum fatlaðra og taka mið af þeirri löggjöf sem hefur gilt um nokkurra ára bil um málefni þroskaheftra. Safnað er saman í ein lög ýmsum heimildum er varða fatlaða, en sú stefna er mjög umdeilanleg eins og kom fram í ræðu hv. frsm.

Þau sjónarmið, sem helst eru uppi um lögbindingu ýmissa málefna er varða fatlaða, koma fram á bls. 21 í aths. með frv., en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar vinna hófst við samningu þessa frv. var kannað hvort tiltækt væri og æskilegt að steypa saman í eina heild þeirri löggjöf sem fjallar beint eða óbeint um málefni fatlaðra. Niðurstaðan varð að slík lagasmíð yrði í flestu sundurlaus og auk þess væri í mörgum tilvikum óæskilegt að taka út úr almennri löggjöf ákvæði, sem sérstaklega snertir fatlaða, og setja saman í einn lagabálk. Segja má að hér sé komið að þýðingarmiklu grundvallaratriði í málefnum fatlaðra og reyndar jafnréttismálum í heild. Sú stefna hefur rutt sér til rúms víða um heim á síðustu tímum, að æskileg þróun í málefnum þeirra, sem á einhvern hátt þurfa sérstakt liðsinni til þess að ná jafnstöðu við meiri hluta þjóðfélagsþegnanna og að þeir yrðu í öllum aðalatriðum samstíga þeim, sem þessa liðsinnis þurfa ekki við, væri að þessa hópa ætti ekki að skilja frá þjóðfélagsheildinni ef mögulegt væri að komast hjá því, heldur koma málum þannig fyrir að þeir yrðu eðlilegur hluti hennar á öllum sviðum. Hefur þetta verið nefnt „integrering“ eða samskipunarstefna. Þetta er æskilegt og þýðingarmikið markmið, sem ber að ná sem allra fyrst. Hins vegar eru blákaldar staðreyndir þessa máls þær, að þessu markmiði verði tæpast náð nema með því að grípa til sérstakra aðgerða til þess að flýta því, að jafnstöðunni verði náð. Telja verður að það réttlæti með ýmsum hætti að bregða á það ráð að setja sérstaka löggjöf til hagsbóta fyrir það fólk sem ekki nýtur fullrar jafnstöðu við aðra þjóðfélagsþegna.“

Ég skýt því inn í upplesturinn að hér er komið að mjög mikilvægu stefnumáli. Fyrst vil ég gera þá athugasemd við orðalag aths., að hugtakið jafnstöðu er varla hægt að nota í þessu tilefni. Fremur ætti að nota orðin jafnrétti eða jafnræði því að það hlýtur að vera augljóst að ekki er hægt að ná jafnstöðu fatlaðra og þeirra sem ekki þurfa að búa við fötlun af einhverju tagi, en það má reyna að bæta upp þann mun með einhverjum ráðum. Á þetta bendi ég því að það virðist vera tilhneiging hjá ýmsum, sem semja löggjöf af þessu tagi, að nota hugtakið jafnstaða, sem er auðvitað nær merkingarlaust í þessu samhengi, og fer ég ekki frekar út í þá sálma, en treysti mér til þess ef um verður spurt.

Það er ljóst að í umræðum í nágrannalöndunum hefur niðurstaðan orðið sú, að það sé rangt að setja sérstaka

löggjöf um málefni fatlaðra, heldur eigi fyrst og fremst í allri almennri löggjöf á sviði heilbrigðismála, félagsmála og menntamála að gera ráð fyrir því, að sem allra flestir fatlaðir eigi þess kost sem mest til jafns við aðra að njóta þeirra gæða og réttinda sem þjóðfélagið hefur að bjóða. Það hlýtur því að vera fyrsta athugunarefni þeirra, sem um þetta mál fjalla, að kanna hvort með þessari löggjöf sé stigið rétt spor.

Nú held ég áfram þar sem segir á bls. 21 í aths., með leyfi forseta:

„Í Danmörku og Svíþjóð var fyrir nokkrum árum sett sérstök félagsmálalöggjöf, í Danmörku „bistandsloven" og í Svíþjóð „socialtjenesteloven", þar sem í einum lagabálk er steypt saman öllum ákvæðum félagslegrar aðstoðar og þjónustu hins opinbera við alla þjóðfélagsþegna alveg án tillits til þess, hvort þeir eru fatlaðir, ófatlaðir, ungir eða gamlir. Í báðum þessum löndum tók það rúman áratug að setja þessi lög, en síðan lögin hafa verið sett hefur framkvæmd þeirra reynst með mismunandi *móti og hafa komið upp raddir sem hafa gagnrýnt* það að lögin ýti undir að einungis þeir, sem eru betur í stakk búnir til að ná réttindum sínum, njóti frekar aðstoðarinnar en þeir sem t. d. búa við andlega eða líkamlega erfiðleika. Þá hefur það einnig verið gagnrýnt í þessum lögum, að slík allsherjarskipulagning félagslegrar þjónustu í einum lagabálk bjóði upp á of *þunglamalegt og hægfara kerfi, auk þess að oft og tíðum hafi* markmiðum löggjafarinnar alls ekki verið náð einmitt vegna þessa, sem hefur það í för með sér að misrétti hefur á mörgum sviðum aukist."

Á þessi orð taldi ég mér skylt að leggja nokkra áherslu, því að það er mjög mikilvægt fyrir litla þjóð eins og okkur Íslendinga að læra af reynslu annarra þjóða og varast að apa eftir þeim það sem að þeirra áliti hefur mistekist. Af þeirri ástæðu hlýtur það að vera umhugsunaratriði fyrir okkur og þá, sem eru ráðandi um stundarbil í félmrn., hvort ekki eigi að leggja til hliðar undirbúning félagsmálalöggjafar eins og hér um ræðir, en vitað er að hjá ýmsum telst það nánast guðlast að fara aðrar götur en þær sem frændur okkar í Skandinavíu hafa gengið. Á þetta er drepið síðar í aths., en ég tel, vegna mikilvægis þeirrar stefnumörkunar sem hér er að eiga sér stað, að þessi atriði komi skýrt fram, og leyfi ég mér þess vegna að rifja þau upp úr sjálfri grg. og aths. frv.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara frekari orðum um þetta atriði. Við verðum að gera það upp við okkur, hvaða leið við viljum fara og hvort við séum tilbúin til þess að greiða með sameiginlegu fjármagni fyrir að ná þeim markmiðum sem þannig er stefnt að.

Ég hef ekki tíma eða tækifæri og sé reyndar ekki ástæðu til, eftir þá löngu og ítarlegu ræðu sem hv. frsm. nefndarinnar flutti hér áður, að fara að ræða einstakar brtt. sem nefndin gerir, en bendi þó aðeins á fyrstu brtt. um hvernig skilgreina skuli hugtakið fatlaður. Þegar átti að fara að skilgreina þetta hugtak kom í ljós að menn voru alls ekki sammála, og geta líklega flestir áttað sig á því þegar þeir lesa greinina eins og hún birtist í sjálfu frv. Þar stóð: „Orðið fatlaður í þessum lögum merkir þá sem eru andlega eða líkamlega heftir" — og svo til viðbótar, sem nefndin leggur til að fari út: „og geta ekki lifað venjulegu lífi án sérstaks stuðnings." Það skyldi þó ekki vera komið þannig fyrir okkur öllum í nútímaþjóðfélagi að við séum öll fötluð. Það er orðið þannig að það er ekki lifandi í mannlegu samfélagi án sérstaks stuðnings og allra síst ef um fulla jafnstöðu, svo að ég noti það hugtak, á að vera að ræða eða fullt jafnrétti. Þegar af þessari ástæðu þótti nefndinni nægilegt að stytta þessa grein, sem auðvitað er þó hallærislausn því að í sjálfu sér segir greinin ekki mikið þegar þar stendur aðeins að orðið fatlaður í þessum lögum merki þá sem eru andlega eða líkamlega hamlaðir. Í raun og veru er hér um hálfgert stagl eða endurtekningu að ræða, en til þess er ætlast að þeir, sem eru yfirmenn og fara með málefni félagsmála hér á landi, geti glætt þessa grein lífi og gert hana að því sem nauðsyn er fyrir það fólk sem verið er að koma til móts við í þessu frv. sem inniheldur vissulega mörg mikilvæg og merkileg atriði.

Eins og kom fram hjá hv. frsm. hafa nokkrir aðilar, sem áhuga hafa á málefnum fatlaðra, einkum þó þroskaheftra, viljað fá tækifæri til að athuga málið betur í sumar. Nefndin vildi afgreiða málið úr nefnd til að sýna brtt., sem til umræðu hafa verið í nefnd og ræddar voru þar ítarlega, og var nefndin sammála um að afgreiða *málið úr nefnd, en þó að því tilskildu að málið* yrði ekki afgreitt á yfirstandandi þingi, heldur var tilgangurinn fyrst og fremst að sýna þessar tillögur og gefa þeim aðilum, sem um þetta mál fjalla í sumar, tækifæri til að ræða till. til jafns og til hliðar við sjálft frv. á fundum sínum sem þegar hafa verið boðaðir sumir hverjir. Enn fremur er hyggilegt að þeir umsagnaraðilar, sem voru *neikvæðir, fái tækifæri til þess, þegar þeir sjá alvöru þess* að þetta mál hljóti að ná fram að ganga, að koma þá til móts og til samstarfs við félmn., sem starfar á næsta þingi, og við félmrn. með sínar tillögur til bóta í stað þess að standa algerlega gegn löggildingu frv. Slík skoðanaskipti geta aðeins leitt til haldbærrar niðurstöðu í þessu máli og vonandi nægir sumarið til að jafna þann ágreining sem er um þetta mál.

En það er annar þáttur sem ég held að ástæða sé til að nefna við þessa umr. málsins, og það er fjármögnunin á þeim útgjöldum sem hljóta að þurfa að eiga sér stað verði þetta frv. í lög leitt. Í raun og veru skiptir afar litlu máli hvort frv. verður samþykkt ef ekki fæst fjármagn til að framkvæma þá nýju liði sem gert er ráð fyrir að þurfi að framkvæma samkv. frv. Allir vita að það hefur færst í vöxt að undanförnu að skerða tekjustofna sem renna eiga samkv. lögum til fjölmargra málefna, og hafa tekjustofnar þroskaheftra og fatlaðra ekki farið varhluta af slíkum niðurskurði. Má því segja að kálið sé ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Það er ekki nóg að semja og setja lög um málefni fatlaðra, sem ætlað er að bæta aðbúnað og aðstöðu þeirra, ef fjármagn er ekki stórlega aukið. Og þá kemur að meginspurninginni: Erum við tilbúin að leggja fram þetta fjármagn? Treystum við okkur til þess? Eru þeir, sem eru að þrýsta á að fá þessi atriði í lög leidd, tilbúnir að standa við að leggja málinu lið með þeim eina hætti sem er raunhæfur, og það er að leggja nægilegt fjármagn til málefnisins?

Eins og ég sagði, herra forseti, var ekki ætlun mín að flytja langt mál. Það er samkomulag um að málið nái ekki fram að ganga á þessu þingi, en verði flutt aftur næsta haust. Vonandi tekur þá hæstv. félmrh. til greina það starf sem unnið hefur verið í hv. félmn. Nd. Ég ætla því ekki að fjalla frekar um brtt. þær sem fram hafa komið frá nefndinni. Til þess gefst tækifæri síðar þegar málið kemur til kasta Alþingis. Hins vegar vil ég lýsa því yfir, að framlagning frv. og umr., sem um það hafa orðið, eru að sjálfsögðu til gagns og hafa án efa aukið skilning á

málefnum þeirra sem frv. fjallar um. Það, sem þó skiptir langsamlega mestu máli og við verðum að íhuga mjög rækilega áður en slíkt frv. er lögleitt, er auðvitað sú meginstefna sem mörkuð er með því að setja í ein lög flest þau atriði sem snerta málefni fatlaðra.

Jóhanna Sigurðardóttir: Herra forseti. Þegar til þess er litið, hve skiptar skoðanir og veigamiklar aths. komu fram hjá umsagnaraðilum um þetta frv. um málefni fatlaðra, þarf engum að koma á óvart þótt félmn. hafi þurft töluverðan tíma til að fjalla um þetta mál, samræma sjónarmið og athugasemdir, sem upp komu, og gera á frv. nauðsynlegar breytingar, eins og brtt. félmn. bera með sér. Kannske sést það best á því, hvað félmn. var mikill vandi á höndum í umfjöllun sinni um þetta mál, að félög eins og læknafélög og Geðlæknafélagið voru andvíg samþykkt frv. og höfðu veigamiklar athugasemdir fram að færa, og óskir komu fram hjá þeim, sem vinna að málefnum þroskaheftra, sem æskilegt væri að geta orðið við — það vil ég undirstrika, og rétt væri að hraða ekki afgreiðslu málsins. Óskað var eftir af þeim aðilum að fjalla um það milli þinga þar sem fyrirhugað var að fjalla um þetta mál á ráðstefnu í sumar. Ég tel mikilvægt að um þessa fyrirhuguðu löggjöf um málefni fatlaðra geti orðið eining og samstaða, ekki síst milli þeirra hagsmunaaðila sem réttinda eiga að njóta, því að annað gæti vafalaust bitnað á allri framkvæmd laganna.

Félmn. hefur leitast við að taka tillit til þeirra sjónarmiða, sem fram komu hjá umsagnaraðilum, og flutt við frv. fjölmargar brtt., m. a. um skilgreiningu á hlutverki og skyldum Greiningarstöðvar ríkisins. Einnig fylgir með nál. ný skilgreining á orðinu fötlun. Æskilegt hefði verið að nefndinni hefði gefist meiri tími til að fjalla um hana og fá um þessar nýju skilgreiningar umsagnir hjá þeim sem gleggst þekkja til, en til þess vannst ekki tími. Eins og formaður félmn. lýsti kom fram í öllum umsögnum og viðtölum, sem nefndin átti við ýmsa aðila, að mjög væri á reiki hvaða skilning bæri að leggja í orðið fatlaður í þessum lögum og þar með hverjir réttinda mundu njóta samkv. ákvæðum þessa frv., ef að lögum yrði. Sú skilgreining er bæði vandasöm og viðkvæm og er nauðsynlegt að löggjafinn átti sig vel á því atriði til að ekki komi til erfiðleika og árekstra við framkvæmd þessara laga og það sé nokkuð ljóst hverjir rétt sinn geta sótt samkv. þessu frv. ef að lögum verður. Hér er um algert undirstöðuatriði að ræða. Má t. d. benda á að til að þm. geti áttað sig á umfangi og verkefnum framkvæmdasjóðs öryrkja, viðbótarverkefnum sem á hann er bætt með ákvæðum þessa frv., verður sú skilgreining að vera nokkuð skýr. Samkv. þeirri skilgreiningu, sem margir leggja í orðið fatlaður samkv. þessu frv. og m. a. kemur fram í grg., er um geysilega stóran hóp að ræða þannig að ofviða mun vera þeim sjóði, sem á að standa undir framkvæmdum, nema raunhæf fjármögnun fáist miðað við stórfellda aukningu á verkefnum. Ekki síst er nauðsynlegt að átta sig vel á þessu vegna verkefnanna. En af reynslunni, m. a. af þessum sjóði og t. d. framkvæmdasjóði aldraðra, hefur fjárveitingavaldið haft tilhneigingu til að beina öllum framkvæmdum og kostnaði af þjónustu við aldraða og fatlaða yfir á þessa sjóði þannig að þessir sjóðir standa ekki undir nema broti af þeim verkefnum sem þeim eru ætluð.

Þegar þetta frv. var hér til 1. umr. ræddi ég í nokkuð ítarlegu máli um fjármögnunarþátt frv. og sýndi fram á að um væri að ræða alls ófullnægjandi og óraunhæfa fjármögnun miðað við viðbótarverkefni sjóðsins samkv. ákvæðum frv. Ég gerði grein fyrir því, að fjárhagsskuldbindingar framkvæmdasjóðs öryrkja og þroskaheftra samkv. ákvæðum laga um aðstoð við þroskahefta væru þegar orðnar svo miklar og óleyst verkefni svo mörg samkv. lögum um aðstoð við þroskahefta að óraunhæft væri að ætla að sjóðurinn gæti bætt á sig þeim mörgu viðbótarverkefnum sem þessu frv. fylgja, enda væru fjárhagsbeiðnir til sjóðsins um brýn og aðkallandi verkefni miðað við gildandi lög langt umfram getu sjóðsins, en á síðasta ári var ráðstöfunarfé sjóðsins 28 millj. Á þessu ári er ráðstöfunarféð um 28 millj., en beiðnir um brýnar framkvæmdir á þessu ári um 80 millj. Er auðvitað ljóst, og við verðum að átta okkur á því, að við megum ekki með þessari lagasetningu og ýmsum ákvæðum, sem þm. eru tilbúnir að standa að til að bæta stöðu fatlaðra í þjóðfélaginu, vekja vonir sem síðan er ekki hægt að uppfylla vegna þess að undirstöðuna vantar, fjármagnið, til að þm. standi við þau fyrirheit sem felast í samþykkt þessa frv. Það er einmitt þess vegna sem ég hef lagt á það höfuðáherslu, að fjárhagsgrundvöllur þessarar lagasetningar væri traustari, en erfitt er að standa að samþykkt þessa frv. nema það eigi sér traustari fjárhagslegri stoð. Fyrirvari minn í nál. félmn. varðar fyrst og fremst fjármögnunarþátt frv.

Í annan stað vil ég nefna að ég er ekki alls kostar ánægð með þá breytingu sem kemur frá félmn. um 28. gr. frv., sem felur í sér að fella niður heimild til að jafna greiðslum niður á sveitarfélög í samræmi við fjölda íbúa 16 ára og eldri, en um er að ræða þátttöku sveitarfélaga í stofnkostnaði framkvæmda fyrir fatlaða og þá hvernig skiptingu á kostnaði skuli háttað milli sveitarfélaga. Ég tel að með því að fella þetta ákvæði niður hangi í lausu lofti hvernig kostnaðarskiptingin verður milli sveitarfélaganna, og getur það leitt til þess, að hin ýmsu sveitarfélög veigri sér við að fara út í framkvæmdir. Framkvæmdir, sem snerta þjónustu við fatlaða og sveitarfélögin koma upp, eru oft nýttar sameiginlega af fleiri sveitarfélögum. Sum sveitarfélög gætu litið svo á að þau væru ekki skuldbundin til að taka þátt í kostnaði þar sem þau nýttu sér ekki þjónustuna. En auðvitað er sú staða alltaf fyrir hendi að þau þurfi seinna meir á henni að halda, þótt það sé ekki nákvæmlega á þeim tíma sem stofnun eða heimili er komið upp af ákveðnu sveitarfélagi. Þetta ákvæði tel ég því að þurfi nánari skoðunar við þannig að hin ýmsu sveitarfélög haldi ekki að sér höndum í framkvæmdum af þeim sökum að kostnaðarskiptingin milli sveitarfélaganna sé í óvissu.

Varðandi Greiningarstöð ríkisins hefur nefndin, eins og fram kemur í brtt., skilgreint ítarlega verksvið og skyldur Greiningarstöðvarinnar, sem er til mikilla bóta. Ég hef lagt á það áherslu í félmn., að þar sem nú stendur yfir hönnunarvinna á Greiningarstöðinni samkv. ákvæðum laga um aðstoð við þroskahefta væri nauðsynlegt, ef fyrirsjáanlegt væri að þetta frv. næði ekki fram að ganga, að gera breytingu á lögum um aðstoð við þroskahefta, sem tækju mið af þessu frv. að því er Greiningarstöðina varðar, til að ekki þurfi að tefja hönnunarvinnu.

Ég skal ekki tefja tíma deildarinnar öllu frekar nú við 2. umr. þessa máls, en hef aðeins leyft mér að minnast á þá þætti sem sérstaklega snerta fyrirvara minn í nál. frá félmn. um frv. Fleira hefði þó mátt nefna við þessa umr., svo sem brtt. nefndarinnar við 38. gr., er snertir fram-

kvæmdaáætlanir framkvæmdasjóðsins, og 27. gr., er snertir heimild til að veita fé úr framkvæmdasjóði til félagasamtaka vegna stofnkostnaðar í framkvæmdum, stækkunar verndaðra vinnustaða og til að breyta almennum vinnustöðum og bæta tækjabúnað vegna fatlaðra. Samkv. 34. gr. má veita í þessu skyni lán og styrki, en framkvæmd þess, hvort um lán eða styrki er að ræða og eftir hvaða reglum, er sett á vald framkvæmdavaldsins. Ég óttast að ýmis félög, t. d. innan Landssamtakanna þroskahjálpar, sem oft hafa haft frumkvæði að því að koma upp þjónustuaðstöðu fyrir fatlaða, hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir miklum lánum í því skyni, en það er sett samkv. ákvæðum 27. og 34. gr. í hendur framkvæmdavaldsins hvernig skiptingin verður milli láns og styrkja í hverju tilfelli.

Ég skal ekki, eins og ég sagði, við þessa umr. fara frekar í einstaka þætti þessa frv. eða brtt. nefndarinnar og skal verða við ósk forseta um að lengja ekki umr. nú. Í félmn. varð samkomulag um að nm. flyttu ekki brtt. við 2. umr. um málið, og við það samkomulag mun ég að sjálfsögðu standa. Þær brtt., sem ég mun flytja, munu því bíða 3. umr., ef deildin afgreiðir málið þangað. Eins og ljóst má vera af máli mínu snerta þær fyrst og fremst fjármögnunarþátt frv., en ég tel breytingu félmn. um að hækka framlag í framkvæmdasjóð öryrkja og þroskaheftra úr 27 millj. í 33 millj. alls ófullnægjandi. Ég vek athygli á að á síðustu fjárlögum voru í þessum sjóði rúmar 28 millj., en í frv. er nú talað um 27, en með samþykkt þessa frv. er verið að stórauka verkefni og skuldbindingar á þennan sjóð og þó að tekjur erfðafjársjóðs komi til viðbótar er um ný og aukin verkefni að ræða umfram þau sem báðir þessir sjóðir sinna í dag. Ég tel að ef alþm. eru almennt þeirrar skoðunar að veita skuli fötluðum aukinn rétt og meiri þjónustu, sem vissulega felst í þessu frv., og ef þm. standa að samþykkt þessa frv., þá hljóti að fylgja þeirri samþykkt fjárhagsleg skuldbinding eða raunhæf fjármögnun, sem gefur tilefni til að ætla að hér sé á ferðinni raunhæf löggjöf, en við séum ekki með ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður, að vekja vonir hjá fötluðum sem ekki er hægt að uppfylla vegna þess að undirstöðuna vantar sem gerir framkvæmdina mögulega. Á þessu atriði sérstaklega er fyrirvari minn í nál. byggður sem ég taldi nauðsynlegt að koma á framfæri við 2. umr. þessa máls.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. félmn. fyrir það mikla starf sem hún hefur lagt í þetta frv. til l. um málefni fatlaðra. Hér er um að ræða stórt frv. í mörgum greinum sem snertir mikilvægan og ekki síður viðkvæman málaflokk þar sem margir aðilar telja að þeir hafi nokkuð um að segja.

Ég hefði að sjálfsögðu, eins og væntanlega allir aðrir alþm., helst kosið að okkur hefði tekist að ljúka málinu á yfirstandandi þingi. En þegar fyrir lágu jafneindregnar beiðnir og raun ber vitni um frá Landssamtökunum þroskahjálp og frá svæðisstjórnunum um að hinkra með málið í sumar taldi ég eðlilegt, eins og aðrir hv. alþm. sem um þetta mál hafa fjallað, að verða við þeirri beiðni, og ég hef litið svo á að um þá niðurstöðu sé samkomulag á milli flokkanna á Alþingi. Með þeim hætti er mögulegt að hlýða enn frekar á þá aðila sem vilja um málið fjalla. En það þýðir að sjálfsögðu ekki að Alþingi geti lofað því að samþykkja allt það sem frá þessum aðilum kemur. Vandinn er Alþingis að taka ákvörðun í þessu efni, að fara yfir tillögurnar og gera upp við sig hvernig með þær eigi að fara.

Margar þær aths., sem gerðar hafa verið í þessu máli, eru góðar og athyglisverðar. Sumar bera vott um að menn eru að forðast að taka á viðkvæmum málum. Það kemur fram í umsögnum ýmissa aðila og ummælum í þessum efnum. Ég tel t. d. að þær skilgreiningarkröfur, sem uppi hafa verið á því, hver sé fatlaður, og á hlutverki Greiningarstöðvarinnar, séu sumar þannig að þær séu ákaflega óljósar og beri vott um að menn hafi ekki sett sig allt of nákvæmlega inn í þá þætti, sem hér liggja á bak við, og séu að forðast ákvarðanir frekar en annað. Ég verð t. d. að segja það varðandi skilgreiningu á hugtakinu fatlaður, að hún verður aldrei gerð tæmandi og endanlega í lögum. Það er algerlega fráleitt að ímynda sér að unnt sé að finna lagatexta sem endanlega tæmir það verkefni að skilgreina hver er fatlaður og hver er ófatlaður. Það hlýtur að vera einstaklingsbundið verkefni eftir hverjum fötluðum einstaklingi sem greindur er á hverjum tíma af lækni eða öðrum sérfræðingi. Það hlýtur að vera einstaklingsbundið mat að ákveða hver er fatlaður og hver ekki. Lög taka aldrei af endanlega öll tvímæli í þeim efnum.

Ég vil, herra forseti, láta koma fram að ég er þakklátur Sjálfsbjörgu og öðrum samtökum sem lögðu áherslu á að frv. þetta verði afgreitt.

Um það hefur nokkuð verið rætt í þessum umr. svo og við 1. umr. málsins, að það væri fjármögnunin sem réði úrslitum. Ég vil minna á að þetta frv. er frv. um rammalöggjöf um starf að málefnum fatlaðra. Það er síðan Alþingis hverju sinni að taka ákvörðun um hversu mikil starfsemi er fyrir fatlaða í landinu. Það er ekki unnt í slíkum lögum að telja upp tæmandi hvernig starfseminni á að vera háttað, og það er ekki heldur skynsamlegt að mínu mati. Við þurfum í þessum efnum og varðandi alla okkar félagslegu þjónustu að temja okkur meiri sveigjanleika en til þessa hefur verið tíðkaður hjá okkur. Fjármagnið í framkvæmdasjóðinn skiptir auðvitað miklu máli, en það snýr að stofnkostnaði, og í þeim efnum eigum við ekki bara að líta á tölurnar eins og þær voru í fyrra og hittiðfyrra, heldur eigum við jafnframt að velta því fyrir okkur, að hve miklu leyti sé rétt og skynsamlegt frá sjónarmiði þjónustu við fatlaða einstaklinga í þessu landi að byggja stofnanir til þess að sinna þeirra vandamálum. Mín skoðun er sú, að megináherslan eigi að vera á þjónustu við fatlaða og t. d. aldraða líka úti í þjóðfélaginu og það eigi að vera forgangsþáttur, og það er vonandi einnig svo í þessu frv. Mín skoðun er einnig sú, að áhugamannafélög eigi að koma mjög til skjalanna í þessum efnum og hlutverk ríkisvaldsins eigi ekki síst að vera samræming á starfi þessara aðila, samtaka og einstaklinga úti í þjóðfélaginu. Ríkið má ekki með sínum áherslum í þessum efnum verða til að lama á einn eða annan hátt þá starfsemi sem fólkið í landinu, sem best þekkir þessi vandamál, vill hafa uppi. Ég er andvígur slíku og ef þessi löggjöf, sem við erum hér að tala um, yrði til þess væri verr af stað farið en heima setið.

Ég ætla ekki að ræða hér um hvort nauðsynlegt er að setja félagsmálalöggjöf á Íslandi, heildarlöggjöf, eða ekki. Ég sé fyrir mér að það er geysilegt verkefni ef menn ætla að reyna að ná utan um það. Ég treysti mér ekki til að kveða upp úr með það, vegna þess að þær tilraunir, sem ég hef séð í þá átt, eru þannig að þær benda til þess, að hér gæti orðið um að ræða mjög viðtæka lagabálka og

þunga, sem tæki ár eða kannske áratug að koma saman. Meðan það er í gangi finnst mér réttlætanlegt og sjálfsagt að við setjum sérstök lög um hópa eins og fatlaða, sem hér eru til umræðu, og aldraða, sem einnig eru raunar til meðferðar hér á hv. Alþingi. Ég tel að það sé ekki mikill ágreiningur um þetta mál hér á Alþingi og það eigi ekki að gera of mikið úr honum. En ég legg á það áherslu og endurtek, að alþm., hvar í flokki sem þeir standa, geta aldrei komið sér hjá því að taka hina endanlegu ákvörðun varðandi þessa löggjöf. Þar þýðir ekkert að vísa vandanum yfir á einstaka hópa eða samtök. Ákvörðunin verður að vera Alþingis í þeim efnum.

Ég vil taka það fram, að ég mun beita mér fyrir því, að fulltrúar flokkanna geti hist í sumar til að fara yfir frv. þetta, og ég vona að það takist sem best samstarf um málið í sumar. Ég vona einnig að niðurstaða okkar verði sú, að við náum saman um það frv. sem lagt verður fram, en ég mun beita mér fyrir því, að frv. um málefni fatlaðra verði lagt fram strax í upphafi þingsins í haust, ef ég fæ aðstöðu til að hafa þar á nokkur áhrif, og ég tel að ég hafi góð orð um það frá fulltrúum allra flokkanna hér í þinginu að þeir muni beita sér fyrir því, að frv. þetta geti orðið að lögum fyrir næstu áramót.

Umr. frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 739 (sbr. 718), n. 892 og 893, 929). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 21 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv., en nefndin hafði hins vegar ekki ýkjalangan tíma til að fjalla um málið og trú mín er sú, að ef tími hefði verið til að fjalla nánar um þetta mál í hv. fjh.- og viðskn. hefðu nm. orðið sammála um að mæla með því, að þessu frv. væri vísað til ríkisstj., eins og meiri hl. n. leggur til. Það er ekki það, að formaður fjh.- og viðskn. hafi ekki verið reiðubúinn að vinna í þessu máli eins og eðlilegt hefði verið, heldur hitt, að málið kemur seint til deildarinnar og það er rekið mjög á eftir afgreiðslu þess. Það er rekið svo á eftir afgreiðslu þessa frv. að það er tekið hér til 2. umr. þegar nálgast miðnætti. Vinnubrögð nefndarinnar þann tíma, sem nefndin hafði málið til umfjöllunar, voru að mínum dómi eins og best varð á kosið, en eins og ég sagði áðan er ég sannfærður um að þeir, sem skipa minni hl. n. og flytja brtt. við þetta frv., hefðu að enn betur athuguðu máli orðið sammála meiri hl.

Þetta gefur mér tilefni til að víkja að ummælum hæstv. fjmrh. í gær, þar sem hann ræddi um vinnubrögð fjh.- og viðskn. og lét þau orð falla hér í hv. deildinni sem að mínum dómi eru ekki einum ráðh. samboðin — a. m. k. er sú hugsun, sem kom fram í þeim orðum sem ráðh. lét hér falla, ekki samboðin þeirri stofnun sem við hér stöndum í. Ég mótmæli því, að þessi nefnd, fjh.- og viðskn. þessarar deildar, hafi ekki unnið störf sín eins og skyldi, og enda þótt nefndin hafi afgreitt mál frá sér án þess að hæstv. ráðh. væri sammála þeirri afgreiðslu, þá er það ekki dómur um störf nefndarinnar að ráðh. hafi ekki verið sammála því sem nefndin var að gera. Ég mundi kannske vilja segja: þvert á móti.

Þau mál, sem hæstv. fjmrh. leggur fyrir Alþingi, koma til þessarar nefndar. Ég verð að segja það eins og er, að mig furðar á því þegar orð eins og þau, sem hann viðhafði hér í gær, eru látin falla, og þá hugsun, sem þar er að baki, undrast ég. Alþingi hefur sínu hlutverki að gegna eins og stjórnvald. Alþingi er ekki nein pöntunarstofnun stjórnvaldsins. Nefndir Alþingis skoða málin til að gera þingheimi grein fyrir skoðunum sínum, en ekki skoðunum ráðh. Aths. með frv. eru skoðanir rn., ráðh. eða ríkisstjórnar. Nefndirnar í Alþingi eru til að skoða málin, til að gera þm. grein fyrir því, hvort það, sem í aths. stendur, og hvort sá lagatexti, sem ráðh. hefur lagt fram á Alþingi, séu með þeim hætti að með því sé hægt að mæla. Ég hef sjálfur gegnt embætti fjmrh., og það hvarflaði aldrei að mér þann tíma, sem ég gerði það, að líta þannig á störf fjh.- og viðskn. sem um væri að ræða einhverja afgreiðslustofnun fyrir rn., ráðh. eða ríkisstjórn. Mér var alla tíð ljóst að hér var um að ræða ráðgjafarnefnd þingsins og væri ágreiningur á milli mín sem ráðh. og nefndarinnar var ævinlega reynt að finna lausn, reynt að eyða misskilningi, reynt að haga málum þannig að það samræmdist þeim sjónarmiðum, sem voru forsenda fyrir framlagningu málsins, og samræmdist um leið þeim sjónarmiðum, sem löggjafarþingið vildi að væru til grundvallar meðmælum þeirrar nefndar til samþykkis á þingi.

Ég met þetta nú svo að í önnum dagsins hafi ráðh. kannske ekki ætlað sér að láta slík orð frá sér fara, en ég tel ástæðu til að víkja að þessu hér þegar ég mæli fyrir meirihlutaáliti fjh.- og viðskn. fyrst eftir að hæstv. ráðh. fór þessum orðum um störf nefndarinnar, og þá vil ég endurtaka að það er einróma álit okkar nm., sem þar höfum setið undir forsæti hv. 3. þm. Austurl., að hann hafi þar sinnt störfum sínum eins og hann frekast gat og kannske oft og tíðum unnið með þeim hætti að það, sem ekki hafði verið lagt fram á Alþingi eins og það átti að vera, var lagfært m. a. fyrir hans forustu og vegna góðs samstarfs nm.

Þegar við ræðum frv. um skattskyldu innlánsstofnana erum við að ræða einn þáttinn af efnahagsráðstöfunum hæstv. ríkisstj., sem kynntar voru snemma á þessu ári í skýrslu ríkisstj. um efnahagsmál og umr. fóru fram um hér á Alþingi snemma á þessu ári. Það var öllum ljóst, sem kynntu sér og fylgdust með þegar sú skýrsla var lögð fram um aðgerðir í efnahagsmálum, að þær aðgerðir, sem að átti að standa, voru ekki nema með tvennum hætti. Það var annars vegar aukin skattheimta með einum eða öðrum hætti og á hinn bóginn aukin víistölufölsun til að ná fram því marki sem ríkisstj. setti sér með því að vísitala framfærslukostnaðar frá upphafi árs til loka yrði ekki meiri en 35% og að hraði verðbólgunnar, eins og það er orðað, væri kominn niður í 30% á síðari hluta ársins. Allar ráðstafanir, sem ríkisstj. hugðist gera, voru tekjuöflun með einum eða öðrum hætti, skattlagning, og það fjármagn, sem þannig var hægt að leggja í ríkissjóð, skyldi notað til að halda áfram og auka á fölsun framfærsluvísitölunnar til að ná fram fölsun á kaupgjaldsvísitölunni. Þetta frv. um skattskyldu innlánsstofnana er, eins og ég sagði, einn síðasti þátturinn af þeim ráðstöfunum sem ríkisstj. ákvað að beita sér fyrir. Um er að ræða skattheimtu sem kölluð er skattheimta á innlánsstofnanir, gerandi sér grein fyrir því, að að sjálf-

sögðu eru það viðskiptamenn innlánsstofnana sem greiða það, en ekki stofnanirnar sjálfar.

Það er ekki óeðlilegt, þegar komið er að lokum þings og verið er að ræða lokaþátt efnahagsráðstafana ríkisstj., að fara örfáum orðum um stöðu mála í dag, gera sér grein fyrir hvernig nú er komið, hvernig þær efnahagsráðstafanir, sem ríkisstj. beitti sér fyrir í upphafi árs og hefur verið að koma í framkvæmd allan tímann síðan, hafa tekist. Þar til vitnis mun ég ekki leiða stjórnarandstæðinga. Það er ekki um að ræða aðra en stofnanir sem starfa á vegum ríkisstj. sjálfrar og hafa látið frá sér fara skoðanir sínar á þessum málum.

Fyrir nokkru lét Þjóðhagsstofnun frá sér fara rit eða skýrslu, þá 13. í röðinni, úr Þjóðarbúskapnum, framvindu 1981 og horfur 1982. Það, sem segir í þessari skýrslu Þjóðhagsstofnunar, er ekki sleggjudómar stjórnarandstöðunnar. Það er ekki eitthvað sem andstæðingar núv. ríkisstj. hafa verið að búa til til þess að villa um fyrir kjósendum. Hér er um að ræða dóm þeirrar stofnunar sem gerst þekkir þjóðarbúskapinn, atvinnulífið í landinu og er kunnugust hag þjóðfélagsþegnanna.

Það var ekki löngu seinna sem ársfundur Seðlabankans var haldinn og að vanda flutti formaður bankastjórnar Seðlabankans þar skýrslu eins og viðhorfið var, eins og útlitið var séð frá bæjardyrum Seðlabankans. Þar var ekki heldur um að ræða tilbúnar setningar stjórnarandstæðinga. Þar var ekki heldur um að ræða neinar uppfinningar manna sem voru andstæðir núv. ríkisstj. Hér var um að ræða álit þeirrar stofnunar sem ekki síður en Þjóðhagsstofnun þekkir stöðu þessara mála. Hér var um að ræða þá stofnun sem kannske hefur mest áhrif á gang mála. Þegar við þurfum að leita til erlendra er það Seðlabankinn sem þar hefur milligöngu. Seðlabankinn sem stofnun í landinu þarf að segja til um með hvaða hætti málin hafa þróast og hvort rétt sé og eðlilegt að gera það, sem lagt er til, eða ekki.

Mig langar til að víkja að nokkrum atriðum í ræðu seðlabankastjórans svo og nokkru því sem fram kemur í greinargerð Þjóðhagsstofnunar og segir okkur hver staða mála er í dag, segir okkur hvernig efnahagsráðstafanir ríkisstj. frá því í janúar og fram á þennan dag hafa dugað, segir okkur enn fremur hvað helst er til úrræða, hvert eigi að stefna. Þá er mjög áhugavert að gerður sé samanburður á því, sem þar stendur, á raunveruleikanum, og á því, sem við erum að fjalla um í dag.

Í ræðu seðlabankastjóra á ársfundi Seðlabankans segir hann, með leyfi forseta:

„Af því, sem nú hefur verið rakið, sést að lánsfjárþörf vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða hefur að undanförnu verið langt umfram það fjármagn sem unnt hefur verið að fá innanlands með verðbréfasölu eða eigin sparnaði ríkis og opinberra aðila. Afleiðingin hefur orðið sú, að leitað hefur verið eftir erlendum lánum umfram það mark sem samrýmanlegt hefur verið efnahagslegu jafnvægi. Útlit er fyrir að erlend lánsfjárnotkun opinberra aðila muni enn aukast á yfirstandandi ári og hafa í för með sér bæði innlend þensluáhrif og aukna skuldabyrði."

Hér lýsir seðlabankastjórinn því, hvernig ástandið er, hvað gert hefur verið, hvernig hefur verið haldið á málum og hvert muni stefna.

Í eldhúsdagsumræðunum fyrir nokkrum dögum vék hæstv. forsrh. að vísu að því, að það væri kannske ekki eins bjart fram undan og hefði verið, en hann vildi sem minnst úr vandamálunum gera. Hann taldi að allt væri þetta í himnalagi eins og sagt hefði verið og stefnt væri að. En í því, sem ég las upp áðan, er seðlabankastjórinn á allt annarri skoðun. Og þegar við erum að ræða frv. um skattskyldu innlánsstofnana, þegar við erum að ræða um nýja skattlagningu á peningastofnanir landsins, þá er ekki úr vegi að heyra aðeins hvað seðlabankastjórinn lagði til, að gert væri, í þeirri ræðu sem hann flutti á ársfundi Seðlabankans. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Það er því eitt brýnasta verkefnið í stjórn efnahagsmála nú og á næstunni að draga úr lánsfjárnotkun opinberra aðila, en efla um leið innlenda fjármagnsmyndun svo að hægt sé að draga úr þörfinni fyrir sívaxandi erlendar lántökur" — ég endurtek: „en efla um leið innlenda fjármagnsmyndun svo að hægt sé að draga úr þörfinni fyrir sívaxandi erlendar lántökur." Og þá eru það tillögur hæstv. ríkisstj. að skattleggja innlánsstofnanirnar með þeim hætti sem lagt er til í þessu frv. Sé um þversögn að ræða, þá er hún hér.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar er enn fremur vikið að því, hvernig ástandið hefur verið og hvernig það er, en á bls. 9 í greinargerðinni frá Þjóðhagsstofnun segir, með leyfi forseta:

„Frá því síðari hluta ársins 1981 hefur misvægi í þjóðarbúskapnum því komið fram í viðskiptahalla svo og verðbólgu sem enn er mikil."

Og seðlabankastjórinn er í sinni ræðu svipaðrar skoðunar. Hann segir þar, með leyfi forseta: „Hefur lántökuþörf vegna opinberra framkvæmda og fjárfestingarlánasjóða farið ört vaxandi á undanförnum árum, en miklum hluta hennar er fullnægt með lántökum erlendis. Þannig jókst lánsfjárþörf ríkisins vegna opinberra framkvæmda um 65% frá fyrra ári, en innlend fjáröflun aðeins um 34%, m. a. vegna tregari sölu spariskírteina."

Það, sem ég hef hér vikið að, eru atriði sem sýna okkur betur en nokkuð annað að fjármálastefna núv. ríkisstj. er með þeim hætti að áfram stefnir í mikla verðbólgu, og það er mat Seðlabankans, eins og fram kemur í ræðu seðlabankastjórans, með leyfi forseta:

„Við þessar aðstæður fór verðbólga heldur vaxandi að nýju síðustu mánuði ársins."

Ég gat um það í upphafi máls míns, að annar þátturinn í efnahagsráðstöfunum ríkisstj. hefði verið skattheimta, hinn þátturinn væri áframhaldandi vísitölufölsun, það fjármagn, sem ríkisstj. aflaði sér með skattheimtu, skattlagningu innlánsstofnana, allt væri það notað til að falsa vísitöluna, greiða hana niður. Það sem af er þessu ári hefur vísitalan verið greidd niður sem nemur 6 stigum. Það er gert með niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Fjárhæðin, sem notuð hefur verið í þessu skyni, mun nema á einu ári um 450 millj. kr. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir að þessi upphæð er sú hin sama og á fjárlögum er ráðstafað til vega, til brúa, til skólabygginga, til sjúkrahúsabygginga og til bygginga heilsugæslustöðva, 450 millj. kr., það er svipuð upphæð og er nýtt í útgjöldum ríkissjóðs til þeirra fjárfestingarþátta sem ég vék að áðan.

Hver er árangurinn? Jú, árangurinn er sá, að laun eru lækkuð í þrjá mánuði. Framfærsluvísitöluhækkunin 1. febr., reiknuð þá út, var fyrir þrjá mánuði 12.72%. Það þýðir á 12 mánuðum yfir 60%. Þessi vísitala var greidd niður og endaði í því, að kaupgjaldsvísitalan varð 7.5 stig til hækkunar. Hvað gerðist svo 1. maí? Hver varð árangurinn af ráðstöfununum frá því í febrúar og mars? Jú,

framfærsluvísitöluhækkunin þrjá mánuðina þá var 12.12%, og tæplega 60% á 12 mánuðum. Þannig er þessum málum varið að áframhaldandi verðbólga er um 60%. Allar ráðstafanirnar, sem gerðar eru, eru skattheimta til að falsa framfærsluvísitöluna til að ná niður kaupgjaldsvísitölunni. Engar þessara ráðstafana duga nema í þrjá mánuði. Hvergi er gripið á þessum málum með þeim hætti að um varanlegar ráðstafanir sé að ræða eða ráðstafanir sem duga til lengri tíma en útreikningstíma vísitölunnar.

Eftir að við höfum fengið þær skýrslur í hendur, sem ég gat hér um áðan, frá Þjóðhagsstofnuninni og ræðu seðlabankastjórans, er öllum ljóst hvers konar ástand er, og þá gegnir sama máli hvort sem um er að ræða þjóðarbúið, atvinnulífið eða stöðuna hjá þjóðfélagsþegnunum. Ef við skoðum stöðu þjóðarbúsins er dæmið það, að erlendar lántökur hafa aldrei verið jafnmiklar, komast í hærra hlutfall við lok þessa árs en nokkurn tíma áður. Greiðslubyrðin er miklu meiri á þessu ári en nokkurn tíma áður. Við erum með minni innlendan sparnað, en auknar erlendar lántökur. Hver er staða atvinnulífsins? Þar eru erfiðleikarnir meiri en nokkru sinni áður. Það er sama hvort við lítum til sjávarútvegsins, til iðnaðarins, til landbúnaðarins eða verslunarinnar. Það eru alls staðar óvenjulega miklir erfiðleikar. Og ef litið er til þjóðfélagsþegnanna sjáum við hvernig kaupmátturinn hefur rýrnað, hvernig vísitölufölsunin hefur farið með kaupmátt þjóðfélagsþegnanna. Þannig er staðan hjá þeim mönnum sem fyrir seinustu kosningar kölluðu mjög hátt: Kosningar eru kjarabarátta. Samningana í gildi.

Þegar staðan er metin er auðvelt að meta þær kjarabætur sem kosningarnar seinustu veittu landsmönnum. Þá geta menn virt fyrir sér þá samninga sem eru í gildi, og menn sjá hvert glamuryrði það var þegar talað var um kosningar sem kjarabaráttu og samningana í gildi. Það, sem menn hafa uppskorið í staðinn, er að vinstri stefna er versti kosturinn. Allar götur síðan 1978 hefur vinstri stefna verið í landinu, fyrst vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar og nú stefna hæstv. ríkisstj., og það staðfestist enn einu sinni að aldrei er þjóðarbúið verr statt en þegar vinstri stefna hefur verið, aldrei er atvinnulífið jafnilla á vegi statt og þegar vinstri stjórn hefur verið í landinu og aldrei er þrengt eins mikið að þjóðfélagsþegnunum og þegar vinstri stjórn er í landinu. Þess vegna staðfestist það í hvert skipti, að vinstri stefna er versti kosturinn.

Ég hef hér vikið nokkuð að stöðu þjóðarbúsins eins og hún er í dag, ekki að dómi okkar stjórnarandstæðinga, heldur að sögn þeirra sem best hafa vit á og gera grein fyrir málum á vegum ríkisstj. sjálfrar. Eyðslan hefur verið í hávegum höfð og sú skattheimta, sem aðrir hafa nú látið duga sér, dugar ekki þeim herrum sem nú fara með völdin. Þegar allt um þrýtur og þeir geta ekki lengur mergsogið atvinnulífið, farið dýpra ofan í vasa skattborgaranna, þegar búið er að binda stóran hluta af innistæðum innlánsstofnananna, þegar búið er að fá stóran hluta af innistæðum innlánsstofnananna að láni, þá er fokið í flest skjól þegar farið er að skattleggja innlánsstofnanirnar, eins og gert er ráð fyrir í því frv. sem hér er til umr.

Þessu frv. er ætlað að verða lokaþátturinn í skattheimtu ríkisstj. nú. (**Gripið fram í:** Bjartsýnn ertu.) Við skulum vona að á þeim dögum, sem eftir eru, verði þm. ekki sýnd sú óvirðing að lagt verði fram skattheimtufrv. sem eigi að fara í gegn. En ég hafði ekki látið mér detta í hug, ef þessi ríkisstj. situr miklu lengur, annað en hún ætti þá eftir að standa fyrir viðbótarskattheimtu. — Af þeim þáttum, sem kynntir voru hér í upphafi árs, er þetta hinn síðasti, en um leið vil ég nú segja: hinn furðulegasti.

Ég taldi ástæðu til að víkja nokkuð að efnahagsástandinu og umsögnum um efnahagsástandið til þess einmitt að sýna árangurinn af efnahagsstefnunni. Í skýrslu seðlabankastjórans, sem ég hef mjög vikið að, segir, með leyfi forseta:

„Þróun lánsfjármála það sem af er þessu ári og horfurnar fram á við benda til þess, að þörf sé mikils aðhalds ef forðast á áframhaldandi peningaþenslu er leiði til vaxandi jafnvægisleysis í þjóðarbúskapnum. Þörf fyrir slíkt aðhald er enn meiri vegna þeirrar óvissu sem ríkir um þróun útflutningstekna og þjóðarframleiðslu. Hversu miklum árangri reynist unnt að ná í þessu efni hlýtur þó að vera mjög háð framvindu á öðrum sviðum efnahagsmála."

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um stöðu efnahagsmála eins og hún er. Það er afar ljóst og það er glöggt hver hún er. Það hefur enginn vafi leikið á hvert stefnt hefur verið, hver stefnan hefur verið. Á það höfum við sjálfstæðismenn bent. Við því höfum við varað og það, sem frá Þjóðhagsstofnun, og það, sem frá Seðlabanka hefur komið, ýmist í rituðu máli eða ræðu, staðfestir það sem við höfum sagt.

Eins og ég gat um áðan er nú svo komið hjá hæstv. ríkisstj. að atvinnuvegina er ekki hægt að mergsjúga meira. Dýpra í vasa skattborgaranna sýnast menn ekki komast í bili. Þá er ráðið að snúa sér að peningastofnunum og það er gert með þeim hætti að furðu sætir. Því er haldið fram, að þessar stofnanir greiði ekki gjöld til hins opinbera. Það er mesti misskilningur að halda því fram. Það er hins vegar rétt að innlánsstofnanir hafa ekki greitt tekju- og eignarskatt. Þær hafa verið undanskildar tekju- og eignarskatti. Þær hafa hins vegar greitt önnur gjöld. Þær hafa greitt gjaldeyrisskatt til ríkisins. Bankarnir hafa greitt landsútsvar. Allar þessar stofnanir hafa greitt fasteignagjöld. En það er ekkert sjálfsagt að peningastofnanir greiði ekki tekju- og eignarskatt. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að þegar sú breyting verður gerð, að horfið skuli frá skattfrelsi þessara stofnana, verður að setja um það slíkar reglur að þær gangi ekki á eigið fé. Það verður að sjálfsögðu þar eins og annars staðar að skattleggja reksturinn eftir því hvernig hann hefur gengið. Þess vegna hefur verið eðlilegt í þessu máli að fjmrn., eftir að hafa nú fengið þá hugmynd að rétt væri að ná nokkrum peningum út úr bönkunum til viðbótar, hefði kynnt sér með hvaða hætti skattlagning á slíkar stofnanir á sér stað.

Þau skattalög, sem gilda, eru frá 1979 með lagfæringum og breytingum sem gerðar hafa verið síðan. Það var síður en svo að það væri flanað að þeirri breytingu sem þá var gerð. Það hafði mánuðum saman verið unnið að því og hér á Alþingi fékk málið ítarlega athugun á tveimur þingum. Á því voru gerðar miklar breytingar og lagfæringar. Fjöldi aðila fékk frv. til umsagnar og til athugunar. Ábendingar voru teknar til greina og tekið skýrt fram, þegar frv. var endurflutt 1978, að enn væru á því ýmsir gallar sem lagfæra þyrfti. Ég vil gjarnan láta það koma hér fram, að það tókst sérstakt samstarf á milli aðila við undirbúning þessa máls og í framhaldi af lagasetningunni undirbúning að breytingum og lagfæringum á þeim lögum. Ég þakka það fyrst og fremst því, að það voru

sömu aðilarnir sem stóðu að samningu skattafrv., sem varð að lögum, og síðar unnu að því að koma fram lagfæringum á frv. Það er þá ein breyting sem gerð verður á skattalögunum á þessu þingi. Það hefur ekki verið talin ástæða til að gera á þeim fleiri breytingar. Ef sú breyting verður gerð er það út af fyrir sig til rýmkunar á ívilnun, en ekki vegna þess að lagfæra hafi þurft atriði sem voru röng.

Þegar ákveðið var af hálfu ríkisstj. að skattleggja innlánsstofnanir hefði að sjálfsögðu verið eðlilegast að fjmrn. hefði fengið til liðs við sig forustumenn viðskiptabanka, forustumenn sparisjóða og fulltrúa frá Seðlabanka, þ. e. fulltrúa frá þeim aðilum sem með þessi mál fara og þau þekkja best. Það var ekki gert, heldur var sest niður og á tiltölulega skömmum tíma samið frv., sem ég held að sé þannig að allra dómi, sem þekkja þessi mál, að það geti ekki verið lög til langframa. Það er ekki að ófyrirsynju sem minni hl. fjh.- og viðskn. flytur þá brtt. sem hann flytur hér. Mér er fullkomlega ljóst að með þeirri till. vilja þeir, sem minni hl. skipa, sýna að þeir eru ekki ánægðari með það frv. sem hér er til meðferðar. Þeir eru ekki þeirrar skoðunar, að þannig eigi löggjöfin að verða og vera, og þeir telja þess vegna eðlilegt og leggja til að hún verði endurskoðuð hið snarasta og fyrir næsta þing þannig að þá megi lagfæra og leiðrétta. Ég skal segja það alveg eins og er, að ég met þá viðleitni sem felst í þessari brtt., og verði þetta frv. að lögum mun að sjálfsögðu ekki standa á mér að aðstoða í þeim efnum til þess að hægt verði að gera skattalöggjöfina þannig úr garði að innlánsstofnanirnar sitji við sama borð og aðrar stofnanir í sambandi við skattlagningu.

Þegar þetta mál var til umr. í Ed., eins og það var lagt þar fram, og fulltrúum Sambanda viðskiptabanka og sparisjóða var kynnt frv., þá gerðu þeir sér grein fyrir því, hvað þarna var á ferðinni. Var á þeirra vegum unnin greinargerð sem send var fjh.- og viðskn. Ed. og birt sem fskj. með nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. Í þeirri grg. eru rakin þau atriði sem taka verður tillit til við skattlagningu innlánsstofnana.

Núgildandi skattalög gera ráð fyrir ákveðnum tilfærslum í bókhaldi fyrirtækja við uppgjör um áramót. Sumt af þeim atriðum hefði vissulega getað átt við í sambandi við skattlagningu bankanna, en með frv.-texta er ætlað að þurrka þau ákvæði út og að þau komi ekki til með að gilda um innlánsstofnanirnar. Hér er t. d. um að ræða heimildir til frádráttar frá tekjum vegna niðurfærslu útlána og veittra ábyrgða. En í skattalögunum er gert ráð fyrir ákveðinni niðurfærslu viðskiptaskulda í árslok og ekkert sem mælir með því, að slíkt skuli ekki gilda einnig í sambandi við peningastofnanir.

Þá má vekja athygli á frádráttarbærni gjalda vegna lífeyrisskuldbindinga hjá peningastofnunum sem þær hafa á sig tekið, en mun ekki vera hjá öðrum, og þess vegna eðlilegt að sérstakt ákvæði væri í skattalögum um hvernig fara skyldi með og það þá ákvæði sem gilti ekki aðeins um innlánsstofnanir, heldur um allar aðrar stofnanir og öll önnur fyrirtæki sem greiddu í slíka lífeyrisskuldbindingu.

Þá má vekja athygli á afmörkun á vöxtum og verðbótum í skattauppgjöri. Í nágrannalöndum okkar miðast afmörkun vaxtatekna og vaxtagjalda í skattauppgjörum innlánsstofnana ýmist við gjaldfallna vexti eða áfallna vexti til uppgjörsdags. Reglan í þessu efni hér á landi samkv. almennum skattalögum er að miða við áfallna vexti og verðbætur til loka reikningsárs. Þessi regla er í meginatriðum notuð í ársreikningum innlánsstofnana. Liggur því beint við að nota hana í skattauppgjörum þessara stofnana ef til skattlagningar kæmi. Í þessu sambandi þarf hins vegar að hafa í huga að reikningsskilaaðferðir innlánsstofnana varðandi árlega afmörkun áfallinna vaxta og og verðbóta hafa enn ekki verið samræmdar. Mismunandi aðferðir í þessu efni geta leitt til mjög mismunandi niðurstaðna um skattstofn og skapað óeðlilega mismunun milli stofnana. Ef til slíkrar skattlagningar kæmi sem þetta frv. gerir ráð fyrir er nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur um framkvæmd meginatriða á þessu sviði þannig að innlánsstofnanirnar sitji nokkurn veginn við sama borð. Ef ekki þykir henta að setja fyrirmæli um meginatriði þessara mála í lög þyrfti að lögfesta fyrirmæli um útgáfu framkvæmdareglna um þetta efni.

Þá má víkja að útreikningi á verðbreytingafærslu. Ákvæði skattalaganna um útreikning verðbreytingafærslu gætu verið nákvæmari, en kosturinn við þau felst í einföldum útreikningi auk þess sem aðferðin gefur nægilega nákvæmni í flestum tilvikum í almennum atvinnurekstri. Hins vegar er ljóst að eignasamsetning innlánsstofnana skapar þeim sérstöðu að þessu leyti og nauðsynlegt virðist að athugað verði til hlítar hvort ástæða sé til að setja sérreglur um útreikning verðbreytingafærslna hjá innlánsstofnunum ef tekjuskattur yrði lagður á. Hér er hins vegar um að ræða allflókið mál sem þarf sérstakrar skoðunar við og ég mun ekki fara nánar út í það, en ástæða til þess einmitt að þeir aðilar, sem þekkja þessi mál best, hefðu verið hafðir með í ráðum til þess að menn gerðu sér grein fyrir hvernig þeim yrði best fyrir komið.

Þá kem ég að atriði er varðar eiginfjárstöðu þessara stofnana og með hvaða hætti hægt væri að koma til móts við þær stofnanir sem hafa veika eiginfjárstöðu. Með þessu frv. er, eins og skattlagning þess er hugsuð, mjög vegið að eiginfjárstöðu þessara stofnana. Í grg., sem unnin var á vegum Sambanda ísl. viðskiptabanka og sparisjóða og birt er með nál. minni hl. fjh.- og viðskn. Ed. og meiri hl. fjh.- og viðskn. Nd., ef sérstaklega vikið að þessu atriði og gerð grein fyrir með hvaða hætti er vegið að eiginfjárstöðu innlánsstofnananna. Sé hins vegar ekki ætlunin að rýra eiginfjárstöðu þessara stofnana liggur ljóst fyrir að tekjur þeirra verður að auka, og það verður ekki gert nema með því að breyta vaxtamismun, annaðhvort lækka innlánsvexti eða hækka útlánsvexti. Það sýnir hins vegar hvernig hugsanagangurinn er í þessum málum þegar lagt er til að skattleggja þessar stofnanir, en það verður til þess að eiginfjárstaða þeirra allra kemur til með að rýrna mjög mikið, og um leið flytja frv. um sparisjóði, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, og gera þar kröfu um ákveðið hlutfall eiginfjárstöðu þeirra. Á sama tíma er verið að leggja til að skattleggja þessar stofnanir þannig að eiginfjárstaðan fer í flestum tilfellum niður fyrir það sem krafa er gerð um í því frv. sem ég vék að.

Þá er það atriði sem varðar ákvörðun skattstofns á fyrsta skattári. Í I.-III. bráðabirgðaákvæði frv. er kveðið á um endurmat, fyrningarstofn og stofn til söluhagnaðar vegna eigna sem keyptar voru fyrir gildistöku frv., ef að lögum verður. Þá er þar einnig kveðið á um stofn til verðbreytingafærslu. Í aths. við þessi ákvæði segir jafnframt að þar sem umræddar stofnanir hafi ekki verið

skattskyldar fram að þessu þyki ekki rétt að taka tillit til afkomu liðinna ára við skattlagningu þeirra nú. Af þeirri ástæðu sé þeim t. d. ekki heimil yfirfærsla á rekstrartapi sem kann að hafa myndast á rekstrarárinu 1981 eða fyrr. Í þessu sambandi verður að benda á að margvísleg ákvörðunaratriði önnur en þau, sem minnst er á í frv., hljóta að valda óvissu við ákvörðun á tekjuskattsstofni á fyrsta skattári. Til að draga úr þessari óvissu og tryggja viðunandi samræmi milli stofnana er nauðsynlegt að settar verði reglur um öll meginatriði sem hér koma við sögu. Slíkar reglur þyrfti að setja annaðhvort í lögin sjálf eða lögfesta fyrirmæli um gerð þeirra.

Þá er vikið að eignarskatti. Í þeirri grg., sem viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir hafa lagt fram, eru færð rök að því, að álagning eignarskatts samrýmist engan veginn þeim lágmarkskröfum sem almennt eru gerðar til innlánsstofnana um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Ef við lítum á lönd í kringum okkur má benda á að innlánsstofnanir á Norðurlöndum eru eignarskattsfrjálsar, þ. e. sparisjóðir, og sama gildir um viðskiptabanka í Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð. Það er því eðlilegt að þegar þessi ákvæði eru skoðuð fái menn að heyra rök fyrir því, hvers vegna ekki sé lagður eignarskattur á eignir þessara stofnana, sem ég gat um hér áðan, og við þá áttað okkur á hvort sömu forsendur séu fyrir hendi hjá okkur.

Það er enginn vafi á að undirbúningi þessa frv. er mjög ábótavant. Það lýsir sér best og kemur best fram í þeirri umfjöllun sem þegar hefur átt sér stað bæði í Ed. og Nd. og í nefndum beggja deilda. Það kemur glöggt fram í þeim greinargerðum, sem fylgja nefndarálitum, og þeim ábendingum, sem þar koma fram, að þeir, sem semja frv., hafa ekki gert sér neina grein fyrir því, með hvaða hætti farið er með þessi mál þar sem um er að ræða skattlagningu innlánsstofnana. Ég verð að segja það eins og er, að mig furðar á að ekki skuli haft neitt samband við þá aðila sem við þessa löggjöf eiga að búa, sér í lagi þar sem verið er að gerbreyta um stefnu. Það er ekki eins og hér sé verið að gera breytingar á lögum um skattlagningu innlánsstofnana. Sú löggjöf hefur ekki verið til. Það er verið að setja nýja löggjöf og það er ekki svo mikið sem haft samráð við þá aðila sem við þessa löggjöf eiga að búa. Þeir fá ekki tækifæri til að koma fram aths. áður en frv. er lagt fram hér á Alþingi. Það er þegar það er komið inn fyrir þessa veggi sem þeir sjá smíðina í fyrsta skipti.

Það er engra upplýsinga aflað. Það er ekki fyrr en Sambönd viðskiptabanka og sparisjóða fá frv. í sínar hendur sem farið er að vinna að slíku og þá ekki á vegum rn. eða ríkisstj., heldur eru það Sambönd viðskiptabanka og sparisjóða sem hafa allan veg og vanda af þeirri vinnu. Það er ekki heldur í aths. frv. gerð grein fyrir hver séu áhrif af þeirri skattlagningu ef að lögum verður. Það er engin grein gerð fyrir því, hvaða áhrif þetta hefur eða kynni að hafa á innláns- og útlánsvexti peningastofnananna né heldur á eiginfjárstöðu þeirra. Þegar við fjölluðum um þetta í fjh.- og viðskn. þessarar deildar óskuðum við eftir að fjmrn. léti okkur í té grg. eða aths. við grg. þá sem viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir höfðu lagt fram. Þær aths. eru birtar sem fskj., en á þeim er að sjálfsögðu litið byggjandi einfaldlega vegna þess að þeir höfðu ekki kunnugleika á málinu. Við fengum aðra umsögn frá viðskiptabönkunum þar sem þeir gera aths. við þau sjónarmið og þá greinargerð sem frá fjmrn. komu.

Ég geri ekki ráð fyrir að það hafi verið í upphafi ætlun ríkisstj. að þetta frv. yrði til þess að hækka vexti í landinu. Ég held að það hreint út sagt hafi ekkert verið af hennar hálfu raunverulega um það hugsað hverjar afleiðingarnar yrðu, hún hafi hins vegar ekki ætlað að þetta leiddi til vaxtahækkunar. Við umr., sem fram fóru í fjh.- og viðskn., voru viðstaddir viðskrh. og fjmrh. Þeim var bent á að annað tveggja yrði að koma til — og þá höfðu menn gert sér grein fyrir að afkoma innlánsstofnana á s. l. ári var mjög neikvæð og eiginfjárstaðan hafði þess vegna ekki batnað sem skyldi — að annaðhvort yrði að koma til lækkun á innlánsvöxtum eða hækkun á útlánsvöxtum til þess að rekstrarafkomu þessara stofnana yrði ekki stefnt í voða og ekki gengi á eiginfjárstöðu þeirra. Þegar umr. fóru þar fram véku ráðherrar að því, að hægt væri að lagfæra þetta með sparnaði í rekstri, en gerðu sér þó grein fyrir að ekki var alveg víst að það dygði til. Þá var því svarað, að þá yrði að koma til vaxtabreyting. Það var ekki neinn vafi á því, þegar fulltrúar Seðlabankans og viðskiptabankanna voru á fundi nefndarinnar til viðræðna við nm., að að þeirra dómi yrði að koma til vaxtabreyting til að tryggja eiginfjárstöðu og rekstrarafkomu innlánsstofnananna. Hver er það þá sem borgar skattinn? Það eru ekki bankarnir. Það eru þeir sem skipta við bankana. Það er fólkið í landinu. Og þá erum við enn komnir að þeim þætti efnahagsstefnu ríkisstj. sem er aukin skattheimta á skattborgarana til þess svo að falsa áfram vísitöluna, til að breyta framfærsluvísitölunni til að lækka kaupgjaldsvísitöluna og koma þessum málum þannig fyrir að aðeins ein tala geti komið út úr dæminu þegar árið er liðið, þ. e. 35%.

Þegar þetta frv. var athugað varð ljóst að hér var bæði um að ræða afturvirkni og tvísköttun. Það var að vísu lagfært í Ed. hvað snertir tvísköttunina, og við 2. umr. var gert ráð fyrir að afturvirkni yrði ekki heldur, en við 3. umr. var flutt brtt. þar sem afturvirknin var lögfest og þannig er frv. núna. Þegar skattinn skal innheimta, ef þetta verður að lögum í maímánuði, skal innheimta skatt frá upphafi þessa árs. Og ekki nóg með það: hér er um að ræða staðgreiðslu. Hér eru einu skattgreiðendurnir í landinu sem þurfa að staðgreiða skatta og þannig mismunur á aðstöðu þeirra og allra annarra sem skatta greiða.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir það frv., sem hér er til umr., og vakið athygli á með hvaða hætti þetta frv. hefur orðið til og hversu gallað frv. er. Ég hef vakið athygli á hvernig undirbúningur þessa máls hefur verið. Til þess að ná fram því sem ætlað er þarfnast þetta mál miklu betri undirbúnings.

Eins og ég sagði áðan er ekkert sem segir að þessar stofnanir greiði ekki tekju- og eignarskatt, en það verður að gerast með þeim hætti að þessar stofnanir greiði tekju- og eignarskatt samkv. sambærilegum skattalögum og aðrir að teknu tilliti til ýmissa sértilvika. Við skulum gera okkur grein fyrir að verði ferðinni haldið áfram og þetta frv. að lögum er að mínum dómi vegið mjög að máttarstólpum í okkar peninga- og efnahagslífi. Þjóðfélag okkar þarfnast einhvers annars núna en að slíkt frv. verði að lögum. Það er því till. meiri hl. fjh.- og viðskn. að þessu máli verði vísað til ríkisstj. og það athugað til næsta hausts.

Frsm. minni hl. (Ingólfur Guðnason): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hl. fjh.- og viðskn. um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Vil ég með leyfi

forseta lesa nál.

„Fjh.- og viðskn. hefur fengið umsagnir frá ýmsum aðilum í bankakerfinu svo og átt við þá viðræður. Einnig hefur fjmrn. gefið umsögn um málið og fulltrúar þess komið á fund nefndarinnar.

Sýnt þykir að ef frv. verður að lögum þurfi að endurskoða lögin í heild fyrir næsta þing.

Undirritaðir nm. telja eðlilegt að bankamálanefnd sú, sem nú er að störfum, annist þessa endurskoðun, en þar eiga fulltrúar allra stjórnmálaflokka sæti.

Þar sem skattlagning innlánsstofnana á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir, er nýmæli í íslenskum lögum, þykir eðlilegt að nægur tími gefist til lagasetningar og umfjöllunar Alþingis um málið, ekki síst með tilliti til þess, að hér er um sérhæfða starfsemi að ræða.

Undirritaðir nm. mæla með því, að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu sem flutt er á sérstöku þskj. við V. ákvæði til bráðabirgða."

Undir þetta rita Halldór Ásgrímsson, Ingólfur Guðnason og Guðrún Hallgrímsdóttir.

Með þessu nál. fylgir svo greinargerð um skattamál viðskiptabanka og sparisjóða. Einnig fylgir þar bréf frá Iðnaðarbanka Íslands, dags. 29. apríl 1982, til fjh.- og viðskn. Nd. Alþingis. Þá fylgir þar bréf frá Sambandi ísl. viðskiptabanka, í fjórða lagi bréf fjmrn. og í fimmta lagi svar Sambands ísl. viðskiptabanka við því bréfi. En það, sem nefndin gerir að tillögu sinni, er breyting, eins og ég sagði áðan, við ákvæði til bráðabirgða V. Ákvæðið orðist svo:

„Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. laga nr. 40/1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna, skulu bankar þeir, sem versla með erlendan gjaldeyri, greiða ríkissjóði frá gildistöku laga þessara til ársloka 1982 50% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 50% þóknun (provision) þeirri er þeir taka af viðskiptamönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis.

Lög þessi og lög nr. 40/1969 skulu endurskoðast af starfandi bankamálanefnd fyrir þingbyrjun haustið 1982."

Frv. það, sem hér er til umr., grípur inn á nýtt svið í löggjöf á Íslandi þar sem innlánsstofnanir hafa ekki áður verið skattlagðar á þann hátt sem frv. gerir ráð fyrir. Hér er því um nýmæli að ræða í íslenskum lögum, og eins og alltaf þegar svo stendur á að farið er inn á nýtt svið er full ástæða til að fara með gát og flýta sér hægt. Til margra átta þarf að líta þegar löggjöf um nýtt svið er sett eins og hér er gert. Styrkur innlánsstofnana felst að verulegu leyti í eiginfjárstöðu hennar og er þá eiginfjárstaða gjarnan miðuð við skuldbindingar viðkomandi stofnunar. Nokkrar líkur eru til að höfundar frv. hafi ekki tekið nægilegt tillit til þessa atriðis, og vísa ég í því sambandi til frv. til l., eins og raunar frsm. meiri hl. n., hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen, gerði, um sparisjóði, sem lagt var fram á Alþingi nýlega. Þar er það gert að skilyrði fyrir heimild til rekstrar sparisjóðs að eigið fé sparisjóðs sé 10% af skuldbindingum, miðað við eiginfjárstöðu sparisjóða. Því er sýnt að fara þarf með mikilli gát við skattlagningu þeirra svo að eiginfjárstöðu þeirra verði ekki stefnt í voða. Það sama verður að sjálfsögðu að segja um bankana. Eiginfjárstöðu þeirra má ekki veikja verulega, en samkv. niðurstöðu reikninga allra viðskiptabankanna er meðaltal eigin fjár miðað við heildarskuldbindingar 6.8% í árslok 1981.

Í sambandi við lagasetningu þá, sem hér um ræðir, verður einnig að taka tillit til hinna ýmsu forma í uppbyggingu innlánsstofnananna. Í frv. er eitt látið yfir allt ganga: ríkisbanka, hlutafélagabanka, sparisjóði með ábyrgðamannafyrirkomulagi, sparisjóði með ábyrgð hreppa og sparisjóð með ábyrgð sýslufélaga. Ljóst er því að margs þarf að gæta og að mörgu að hyggja þegar lög um skattskyldu innlánsstofnana eru sett, og þykir mér eðlilegt að betra ráðrúm og meiri tími sé ætlaður til að vinna að undirbúningi laga um þetta efni en þeim ágætu mönnum, sem sömdu þetta frv. sem er til umr., hefur gefist til verksins.

Starfandi er nefnd sem hefur það hlutverk að gera heildarúttekt á starfsemi banka í landinu, svokölluð bankamálanefnd. Í henni sitja fimm mætir menn, hv. alþm. Halldór Ásgrímsson, hv. alþm. Matthías Á. Mathiesen, hv. alþm. Kjartan Jóhannsson, fyrrv. ráðh. Lúðvík Jósepsson og fyrrv. alþm. Jón G. Sólnes. Þarna eru menn með staðgóða og víðtæka þekkingu á bankamálum, og minni hl. n. leggur til að þeir hafi veg og vanda af endurskoðun þeirra laga sem hér eru til umræðu.

Þessir menn hafa, eins og ég gat um, staðgóða þekkingu á bankamálum, og þeir eru líka í aðstöðu til að afla sér þeirrar sérfræðilegu aðstoðar sem þörf er á til endurskoðunar þess frv. sem hér er um rætt. Minni hl. n. gerir það einnig að tillögu sinni, að bankamálanefndin taki til endurskoðunar lög nr. 40 frá 1969, um umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna, og taki þá einnig til athugunar m. a. hvort ástæða sé til að veita fleiri innlánsstofnunum heimild til gjaldeyrisviðskipta en nú hafa þau réttindi.

Ég get ekki annað en hvatt að lokum hæstv. ríkisstj. til varfærni við áætlun tekna vegna skattlagningar bankastofnana á árinu 1983 þar til séð verður til hvers hin fyrirhugaða endurskoðun kann að leiða ef frv. þetta verður að lögum.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu að mestu. Ég mun láta hæstv. fjmrh. það eftir að dæma um hvar í röðinni hann setur þetta frv. þegar hann talar um skynsamleg frumvörp eða ekki skynsamleg. Ég ætla ekki að taka þann dóm að mér, enda illa í stakk búinn til þess. Ég veit að hann er þar meiri kunnáttumaður en ég.

Umr. frestað.

Efri deild, 86. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, kl. 2 miðdegis.

Umræður utan dagskrár.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Tilefni þess, að ég kveð mér hljóðs utan dagskrár nú, er það, að veitt hefur verið heimild til að hækka húshitunartaxta rafmagns hjá Orkubúi Vestfjarða og RARIK frá 1. maí s. l. Þetta er gert til að mæta óskum þessara aðila um hækkun húshitunartaxtans. Þó hygg ég að óskir þeirra hafi alls ekki verið uppfylltar. Þó að svo sé ekki hefur sú hækkun, sem nú hefur verið leyfð og nemur 23%, það í för með sér, að þá yrði orðið dýrara að hita upp hús samkv.

þessum taxta heldur en með olíukyndingu. Er talið að rafmagnsupphitunin sé nú 10—15% dýrari en olíukynding. Ég segi 10—15%, við getum líka orðað það a. m. k. 10%, það fer eftir því hvernig útreikningar eru framkvæmdir.

Þetta setur þau fyrirtæki, sem ég nefndi, í mikinn vanda. Þessi fyrirtæki, Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða, hafa á undanförnum misserum og árum verið markvisst að vinna að því, að innlendir orkugjafar væru teknir til húshitunar. Þau hafa hvatt almenning til að leggja í þann kostnað sem því fylgir að breyta frá erlendum orkugjafa í innlendan í trausti þess að húshitunarkostnaðurinn lækkaði, og svo hefur verið fram að þessu. Það gefur auga leið að ógerlegt er fyrir þessi fyrirtæki, miðað við það sem á undan er gengið, að selja orku til húshitunar sem er dýrari en olíukynding. Það þarf því að gera ráðstafanir til að leysa þennan vanda. Því hef ég leyft mér að gera fsp. af þessu tilefni til hæstv. iðnrh., en fyrirtæki þau, sem ég hef nafngreint, heyra undir ráðuneyti hans.

Ég vil í þessu sambandi leyfa mér að vekja athygli á því, að fyrir þessari deild liggur frv. á þskj. 619, 286. mál, um jöfnun hitunarkostnaðar, sem við þrír þm. flytjum. Mér þykir rétt að benda á að í því frv., sem því miður er enn í iðnn. deildarinnar og hefur ekki fengið afgreiðslu þar, eru ákvæði um að raforka til húshitunar skuli greidd niður eftir því sem þarf til þess að kostnaður verði 10% lægri en kostnaður við olíukyndingu.

Ég hef ekki orðið var við annað en að það væri samhljóða álit þeirra manna, sem tjá sig um þessi efni, að ekki sé viðunandi að innlendir orkugjafar séu dýrari til húshitunar en olíukynding.

Ég ætla ekki að fara að ræða þessi mál almennt, en spurning mín til hæstv. iðnrh. er þessi: Hvað hyggst ráðh. gera í vanda þeirra fyrirtækja sem ég hef tilgreint og heyra undir ráðuneyti hans?

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skil ofur vel áhuga hv. 4. þm. Vestf. á að fá vitneskju um hvernig áformað er af stjórnvalda hálfu að bregðast við þeim mikla vanda og þeirri mismunun, sem fylgir ójöfnuði í húshitunarkostnaði í landinu og ekki hefur tekist að þoka til þeirrar áttar sem nauðsynlegt er og fyrirheit raunar gefin um í stjórnarsáttmála, þó nokkuð hafi þar verið að gert, einkum og sér í lagi með niðurgreiðslu olíu. Við gjaldskrárbreytingu 1. maí kemur það fram, sem engum þarf að koma á óvart, að raforkuverð til húshitunar hækkar eftir að heildsöluverð á raforku hækkar um 22% og rafveitur telja sig þurfa að fá sína hækkun á verðlagi og raunar miklu meira en heimilað var að þessu sinni.

Þessar verðbreytingar 1. maí verða til þess, á meðan ekki er að gert, að raforka til húshitunar hækkar það mikið að hún fer yfir þá viðmiðun sem við höfum við niðurgreidda olíu, miðað við óbreytta upphæð olíustyrks.

Nú var gert ráð fyrir því, þegar olíustyrkur síðast var ákveðinn, að mismunur á olíustyrk og rafhitun væri á bilinu 5—10% eða þar um bil. Ef farið væri eftir þeirri viðmiðun þýddi það að menn þyrftu að fara að lækka niðurgreiðsluna á olíunni. Það er hvorki mín tillaga né mín hugmynd að til slíkra ráða verði gripið, þó að það sé ánægjulegt út af fyrir sig að olía hefur ekki hækkað að undanförnu sem svarar til verðbreytinga. Það á við um s. l. ár eða a. m. k. hluta þess og það sem af er þessu. Þetta veldur því, að sú myndarlega hækkun, sem gerð var á olíustyrk og nú sýnir 30% niðurgreiðslu á olíunni, hefur orðið til þess að munurinn á innlendum orkugjöfum, þeim sem dýrastir eru, og olíukyndingu hefur farið minnkandi. Þetta var að sjálfsögðu markmiðið með breytingu á olíustyrknum.

Stjórnvöld hafa sem kunnugt er verið að athuga með hvaða hætti væri hægt að ná áfanga í jöfnun húshitunarkostnaðar. Fulltrúar allra þingflokka á Alþingi hafa setið að störfum í nefnd til að átta sig á þessum vanda. Sú nefnd hefur nýlega skilað áliti til viðskrn. sem skipaði nefndina, en það fer — í samræmi við skiptingu málaflokka innan stjórnarráðsins — með málefni sem varða lög um jöfnun og lækkun húshitunarkostnaðar. Sá hluti þeirra laga, sem snýr að orkusparnaði sérstaklega, heyrir þó undir iðnrn.

Nú skilaði þessi nefnd myndarlegu áliti sem ég veit ekki hvort allir þm. hafa fengið í hendur, en dreift hefur verið til ríkisstj. Það var í lok aprílmánaðar sem það kom fram. Þessi mál hafa þegar verið rædd í ríkisstj., og ég vil greina frá því hér, að ríkisstj. hefur samþykkt ákveðna stefnuyfirlýsingu um þessi mál, sem ég tel rétt að komi fram við þessa umr. Með leyfi hæstv. forseta er hún svohljóðandi:

„Ríkisstj. telur óhjákvæmilegt að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu. Hefur ríkisstj. ákveðið með hliðsjón af áliti nefndar, sem nýverið hefur lokið störfum og skipuð var fulltrúum frá öllum þingflokkum, að beita sér fyrir úrbótum í þessu efni. Er að því stefnt, að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sbr. hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Verður á næstunni gerð áætlun um hvernig ná megi slíku markmiði í áföngum, m. a. með endurskoðun á gjaldskrám veitufyrirtækja, á næstu 12 mánuðum. Verulegur ójöfnuður og hár upphitunarkostnaður stafar sumpart af bágu ástandi íbúðarhúsnæðis. Því er brýnt að hvetja til orkusparandi endurbóta á húsnæði. Mun ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum í þessu skyni á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Þetta er yfirlýsing sem ríkisstj. stendur að varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar og unnið verður að að útfæra nú alveg á næstunni til þess að hægt sé að beita sér fyrir þeirri áfangalausn sem þar er á ferðinni og er ekki neitt smáræði í rauninni ef litið er á það sem markmið að koma upphitunarkostnaði miðað við sambærilegar aðstæður niður í það sem er hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum eins og þeim sem nefndar eru þarna til samanburðar.

Þess, má geta, að miðað við óniðurgreidda olíu er gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar 57% af óniðurgreiddri olíu og hjá Hitaveitu Akureyrar samsvarar þetta 62% af óniðurgreiddri olíu samkv. þeim upplýsingum sem ég hef fengið frá mínu ráðuneyti.

Hins vegar er það rétt sem hv. fyrirspyrjandi nefndi varðandi þær breytingar sem orðnar eru á gjaldskrá rafhitunartaxta bæði hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Orkubúi Vestfjarða. Ef Orkubúið nýtir þá hækkunarheimild, sem það hefur fengið, samsvarar gjaldskrá þess 79% af óniðurgreiddri olíu og gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins 82%. Það er auðvitað alveg ljóst að við svo búið getur ekki staðið, enda stangast það á við þau markmið

sem sett voru í sambandi við olíustyrkinn. Við erum komnir að því marki að þurfa að takast á við það vandasama verkefni að jafna með því að greiða niður að einhverju marki innlenda orkugjafa og þá sérstaklega rafhitunina.

Ég vil til frekari upplýsingar aðeins greina frá mjög lauslegri samantekt sem ég hef fengið frá starfsmönnum í mínu ráðuneyti um það, við hvað stóran fjármagnsvanda er hér að fást miðað við áfangaskiptingu á einu ári, ársfjórðungslega, ef reynt yrði að stíga þetta skref niður úr því sem nú er, þar sem mismunurinn er 4—5 faldur á því sem er ódýrast og dýrast. Ef atvinnuhúsnæði væri ekki tekið með — þetta eru nokkuð aðrar tölur en eru í nál. því að tölur eru alltaf að breytast, m. a. vegna gjaldskrárbreytinga — virðist árskostnaður með svona áfangalausn vera 124 millj. kr., þrátt fyrir það að gert er ráð fyrir raunhækkun hjá ódýrustu hitaveitunum sem sækja eins og kunnugt er mjög á um að fá að hækka þessa taxta, eins og Hitaveita Reykjavíkur. Ríkisstj. hefur gefið vilyrði fyrir því, að hún fái úrlausn sinna mála í áföngum fram til næsta vors, 1983. Kostnaðurinn við svona áfangalausn er sem sagt talinn nema allt að þessari upphæð.

Ég bið menn að taka ekki þessar tölur sem nein nákvæm vísindi því að þetta er mjög skjótunnið. En ég vil vekja athygli á þessari yfirlýsingu ríkisstj. og áformi um að vinna nú að aðgerðum til að ná árangri sem svarar til þess markmiðs sem nefndin, sem getið var um áðan, setti, að mismunur á upphitunarkostnaði yrði sem fyrst ekki meiri, miðað við staðalaðstæður, miðað við sambærilegt húsnæði, en sem svaraði 1 á móti 3. Það er í rauninni það bil sem er á milli hagstæðustu og dýrustu hitaveitnanna. Á ég þá við hagkvæmar hitaveitur sem metnar eru með viðmiðun við olíu, en ekki þær hitaveitur sem eru utan þess ramma og þurfa raunverulega á aðstoð að halda og einhverri niðurgreiðslu, þær sem eru tæknilega ekki í því horfi sem skyldi og þar sem bæði vatnsöflun eða vatnshiti er ófullnægjandi. Þar er ástandið í rauninni engu betra en í sambandi við rafhitunina og þarf að koma aðstoð til.

Hér fyrir hv. deild hefur legið um skeið frv. frá hv. fyrirspyrjanda um jöfnun upphitunarkostnaðar. Ég hef held ég tekið undir það þegar í umr. í deildinni, að þær hugmyndir og þau markmið, sem þar eru fram sett, séu mjög góðra gjalda verð, og mér finnst eðlilegt að á efni þess verði litið af stjórnvöldum þegar farið er yfir þessi mál og þau markmið mótuð sem ég hef hér lýst.

Forseti (Helgi Seljan): Ég hafði samið um það við hv. 4. þm. Vestf. að við mundum kannske geta frestað þessari umr. Að loknum andsvörum hans var lagt til að taka dagskrármálið: Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði á dagskrá. Það er nú miðað við það. Til máls tekur hæstv. viðskrh.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt skipaði ég nefnd með bréfi, dags. 24. júní 1981, til þess að endurskoða lög nr. 53 frá 1980, um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar. Í nefnd þessa voru skipaðir Guðmundur Bjarnason alþm., formaður, Eggert Haukdal alþm., Gunnar R. Pétursson rafvirki, Kjartan Ólafsson ritstjóri og Þorvaldur Garðar Kristjánsson alþm. Ritari nefndarinnar var Yngvi Olafsson deildarstjóri í viðskrn.

Þegar rætt var um þessi mál hér fyrir nokkru vildi svo til að álit nefndarinnar var til í handriti og ég hafði þá fengið það í hendur, en ekki haft tíma til að kynna mér það og lesa nánar. Nú hef ég kynnt mér nál., því hefur verið útbýtt til alþm. og það hefur verið rætt í ríkisstj. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndinni fyrir ágæt störf að þessum málum og sérstaklega láta í ljós ánægju yfir því, að tekist hefur samkomulag í nefndinni um að skila þessu áliti eins og það er úr garði gert.

Ég skal ekki rekja efni nál. Þar koma fram margar fróðlegar upplýsingar og það gefur að mínu mati glögga mynd af þeim vanda, sem þarna er við að fást, og gerir ráð fyrir ákveðinni stefnumörkun.

Ég vil taka undir það, sem hæstv. iðnrh. sagði hér um yfirlýsingu af hálfu ríkisstj. um áform í þessum efnum, og staðfesta það. Ég tel það eðlilega meðferð þess frv., sem hv. þm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson o. fl. hafa lagt fram, að því verði vísað til ríkisstj. með skírskotun til þessarar stefnumörkunar og yfirlýsingar um áform í þessum málum, og ég vonast til þess, að það verði haft til hliðsjónar þegar grundvöllur verður lagður að stefnumörkun í málinu til lengri frambúðar. Ég vonast til þess, að hv. flm. frv. uni sæmilega við þá málsmeðferð og hvernig málið horfir nú við.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Nú sakna ég ráðh. **(Forseti:** Hæstv. iðnrh.? Ég mun gera ráðstafanir til þess, að hæstv. iðnrh. verði við, en ég hafði ekki tekið eftir því, að hann hvarf héðan.) Ég vil taka fram að ég hef hugsað mér að vera mjög spar á orðin, þannig að það er betra að fara vel með tímann.

Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svör hans, og ég er líka þakklátur hæstv. viðskrh. að hann skyldi tjá sig um þetta efni.

Ég beindi fyrst orðum mínum til hæstv. iðnrh. af því að spurning mín var þessi: Hvað hyggst hæstv. iðnrh. gera til þess að leysa þann vanda sem Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða eru í vegna heimildar til hækkunar húshitunartaxta þessara fyrirtækja? Þessi fyrirtæki þurfa á þeirri hækkun að halda, sem leyfð hefur verið, og raunar meir en það. En það verður ekki séð hvernig þau geta hagnýtt sér þessa heimild, vegna þess að þá er upphitunarkostnaður með innlendum orkugjöfum orðinn a. m. k. 10% hærri en olíukynding. Þetta var mín spurning. Ég fékk ekki beint svar við henni, en í spurningunni var auðvitað fólgið hvað gert yrði nú þegar til að leysa þennan vanda, því að þessi fyrirtæki þurfa þegar að taka afstöðu til þess, hvort þau nota þessa heimild til hækkunar. Ef þau nota þessa heimild til hækkunar er það mikið ranglæti gagnvart því fólki sem þessir aðilar hafa verið að hvetja til að láta af olíukyndingu. Ef heimildin er ekki notuð er fyrirsjáanlegt stórkostlegt tap á rekstri þessara fyrirtækja.

Svör ráðh. beggja beindust inn á húshitunarmálin og jöfnun húshitunarkostnaðar almennt. Ég fagna því að sjálfsögðu sem kom fram í máli beggja ráðh., að ríkisstj. hyggst gera ráðstafanir, að mér skilst á næstunni, til að leiðrétta þann mismun og ójöfnuð sem er í húshitunarmálunum. Hæstv. iðnrh. lýsti því yfir, að ætlunin væri að dregið yrði úr mismuninum í svo ríkum mæli að kostnaður við upphitun yrði hvergi hærri en hann væri hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, og nefndi tvær hitaveitur í því sambandi. Önnur er með taxta sem nemur 57% af upphitunarkostnaði með olíu og hin hitaveitan með

kostnað sem nemur 62%. Ég fagna þessu. Þetta fer alveg saman við það sem er í frv. því sem hér hefur borið á góma og við þrír deildarmenn flytjum og liggur fyrir deildinni. Þar var þetta orðað með þeim hætti, að húshitunarkostnaðurinn yrði aldrei meiri en sem næmi 2.5-földu vegnu meðalverði hitaveitna í landinu. En það þýðir að samkv. frv. yrði kostnaður aldrei meiri en 55% af upphitunarkostnaði með olíu.

Mér þykir gott að heyra að það, sem ríkisstj. er að hugsa um, fellur svo mjög saman við þær hugmyndir sem settar eru fram í frv. okkar félaga. En ég hlýt að lýsa mjög miklum vonbrigðum yfir því að við skyldum ekki fá *stuðning ríkisstj. til þess að fá frv. afgreitt á þessu þingi* þannig að lausn á þessu máli væri fengin.

Hæstv. viðskrh. sagði að í meðferð ríkisstj. yrði höfð hliðsjón af þessu frv. Ég minni á í þessu sambandi að fyrir tveimur árum lýsti hæstv. viðskrh. yfir með nákvæmlega sömu orðum að við endurskoðun þeirra laga, sem þá voru sett og eru núgildandi lög, yrði höfð hliðsjón af frv. sem við báðir og hv. þm. Eiður Guðnason og Stefán Jónsson bárum fram og er í grundvallaratriðum eins og þetta frv. nú. Það var fyrir tveim árum og ekki er málið komið lengra. Það væri skelfilegt til þess að vita ef nú þyrftu að líða enn tvö ár þar til þessu verði komið í framkvæmd. Ég er ekki að gera því skóna. Ég trúi því ekki og vil ekki trúa því fyrr en ég stend frammi fyrir slíkri staðreynd, að ríkisstj. meini ekki eitthvað með því sem þessir tveir hæstv. ráðh. hæstv. iðnrh. og viðskrh., hafa sagt nú. En ég spyr enn þá: Er þess að vænta að það verði höfð svo snör handtök í aðgerðum ríkisstj. að leystur verði sá vandi sem Orkubú Vestfjarða og Rafmagnsveitur ríkisins eru nú þegar í, þannig að það geti orðið — ég leyfi mér að segja: á næstu dögum? Ég leyfi mér að segja það, vegna þess að þetta mál er allt svo upplýst að það þarf ekki að rannsaka það frekar. Þá gætu farið saman aðgerðir til frambúðarlausnar þessara mála og til að leysa þann bráðabirgðavanda sem ég hef lýst og var tilefni þessarar fyrirspurnar.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Um leið og ég vil segja örfá orð vegna fsp. tel ég skylt að leiðrétta og lesa upp það sem niður hafði fallið þegar ég las hér yfirlýsingu frá ríkisstj. varðandi jöfnun húshitunarkostnaðar, það sem snýr að orkusparandi aðgerðum. Ég þóttist sjá, að úr þeim texta, sem ég las, hefði eitthvað fallið niður, og fann það handrit sem vélritað hafði verið eftir. Þar segir: „Verulegur ójöfnuður og hár upphitunarkostnaður stafar sumpart af bágu ástandi íbúðarhúsnæðis. Því er brýnt að hvetja til orkusparandi endurbóta á húsnæði og mun ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum" — það sem niður féll var þetta: „á því sviði, m. a. með meiri og hagstæðari lánveitingum í þessu skyni á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins." Niðurlagið er sem sagt óbreytt.

Svo vil ég segja við hv. fyrirspyrjanda, að eins og rækilega var rætt á aðalfundi Orkubús Vestfjarða í Hnífsdal fyrir skömmu stendur Orkubú Vestfjarða frammi fyrir verulegum fjárhagsvanda, sem allir eru sammála um, sem að því máli hafa komið, að þurfi að bregðast við. Hann er alvarlegs eðlis og því skil ég vel áhyggjur hv. 4. þm. Vestf. í sambandi við málefni Orkubúsins, þegar þar við bætist að viðskiptaaðilar standa frammi fyrir þeim vanda að þurfa að greiða þetta mikla hækkun á raforkuverði að óbreyttu.

Ég tel raunsætt að ætla að hægt verði að móta tillögur varðandi fjárhagsvanda Orkubús Vestfjarða sérstaklega áður en langur tími líður og að fyrsti áfanginn í þeirri áætlun um jöfnun húshitunarkostnaðar, sem um var getið, verði mótaður innan skamms og framkvæmdur ekki síðar en þegar næstu gjaldskrárbreytingar eiga að verða. Þetta tel ég að séu lágmarksmarkmið. **(ÞK:** Hvenær eiga næstu gjaldskrárbreytingar að verða?) Næstu gjaldskrárbreytingar eru 1. ágúst, en þetta fer eftir því, hversu hratt okkur vinnst í þessum efnum. Ég er viss um að það er fullur áhugi á því hjá ríkisstj. ekki síður en stjórnarandstöðu að þetta þurfi ekki að dragast úr hófi.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Þetta er naumast athugasemd, en mér þykir tilefni til þess að þakka hæstv. iðnrh. fyrir þá yfirlýsingu, að þetta verður gert, sem ég hef verið að fara fram á, á næstunni, ekki síðar en fyrir 1. ágúst, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geri sitt til að það geti orðið nokkru fyrr.

Efri deild, 87. fundur.

Miðvikudaginn 5. maí, að loknum 86. fundi.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 929). — 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sem er 279. mál Nd., hlaut þar afgreiðslu réttáðan og er nú komið hingað til hv. deildar með þeim breytingum sem hv. Nd. gerði á frv.

Ég mun vegna anna hér á hv. Alþingi ekki fara jafnítarlega út í þetta mál nú í upphafi og gert var við framsögu í Nd. en reyna þó að taka tillit til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á frv., og víkja að þeim sérstaklega eftir því sem við á. Hef ég sérstaklega í huga lagatúlkunaratriði og kannske ekki þörf á að festa þau í þingtíðindum öðru sinni, en að sjálfsögðu hafa hv. þdm. aðgang að minni framsögu sem ég flutti í Nd., eftir því sem þeir óska, og sú hv. nefnd sem fær mál þetta til meðferðar.

Frv. það, sem ég mæli hér fyrir, felur í sér að Alþingi heimili ríkisstj. að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki verksmiðju að Mjóeyri við Reyðarfjörð til framleiðslu á kísilmálmi og hafi með höndum þá framleiðslu og skyldan rekstur. Fyrstu athuganir á þessu máli hófust veturinn 1979—1980, þ. e. fyrri hluta árs 1980, og bentu til þess, að framleiðsla á kísilmálmi væri einn þeirra þátta sem álitlegir gætu talist í sambandi við uppbyggingu orkufreks iðnaðar hérlendis. Eftir að frumathuganir höfðu farið fram og einnig athuganir sem tengdust staðsetningu slíks fyrirtækis að nokkru marki skipaði iðnrn. sérstaka verkefnisstjórn til að hafa umsjón með frekari athugunum á þessu sviði. Tók hún til starfa í febrúarmánuði 1981. Í verkefnisstjórninni áttu sæti Finnbogi Jónsson deildarstjóri í iðnrn., formaður, Hörð-

ur Jónsson framkvæmdastjóri hjá Iðntæknistofnun Íslands og Jón Steingrímsson verkfræðingur hjá Íslenska járnblendifélaginu. Það var sérstaklega um það rætt og samið við forustu Íslenska járnblendifélagsins, að fulltrúi þaðan tæki sæti í verkefnisstjórninni til þess að unnt væri, eftir því sem félagið teldi fært, að nýta þá vitneskju og reynslu sem þar hefði safnast fyrir í sambandi við þann rekstur, en framleiðsla á kísilmálmi er hvað tæknihliðar snertir á marga lund svipuð og framleiðsla á kísiljárni þótt markaður sé mjög ólíkur eins og ég mun koma að síðar.

Margir aðilar komu að þessu máli á vegum verkefnisstjórnarinnar á undirbúningsstigi, en hún skilaði áfangaálitum, hinu fyrsta í maí 1981, eins konar frumathugun, og síðan verk- og fjárhagsáætlun fyrir verkefnið, sem þá var lögð fyrir, en síðan skýrslu um frumathugun í nóvember á s. l. vetri. Lokaskýrsla kom fram í byrjun marsmánaðar s. l. og er fskj. með frv.

Einnig fylgir þessari skýrslu verkefnisstjórnar greinargerð frá staðarvalsnefnd, sem svo er kölluð, og er þar einkum fjallað um félagsleg áhrif kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Áður hafði staðarvalsnefndin skilað álitsgerð varðandi staðsetningu slíks fyrirtækis og taldi að Reyðarfjörður væri mjög álitlegur staður fyrir slíka framleiðslu þó að aðrir staðir gætu út af fyrir sig ekki talist útilokaðir. Eitt af þeim atriðum, sem væntanlega gera rekstur slíks fyrirtækis æskilegan og arðbæran á stað eins og Reyðarfirði, er möguleikinn á að hagnýta afgangsvarma frá slíkum verksmiðjurekstri til uppbyggingar þéttbýlisstaðanna við Reyðarfjörð, Reyðarfjarðarkauptúns og Eskifjarðar. Ekki þarf að fræða hv. þdm. á því sérstaklega, að Austfirðir teljast jarðfræðilega séð á köldu svæði, eins og það er kallað. Þó að vottur af jarðhita finnist á Austurlandi er hann ekki niðri á fjörðum enn sem komið er a. m. k.

Verkefnisstjórnin lagði í sínu lokaáliti til að ráðist yrði í byggingu 25—30 þús. tonna kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að aflað yrði lagaheimildar til að stofna hlutafélag, sem annist byggingu og rekstur verksmiðjunnar, og að undirbúningi og framkvæmdum yrði hagað þannig að verksmiðjan geti tekið til starfa vorið 1985.

Iðnrn. sendi skýrslu verkefnisstjórnarinnar til umsagnar hjá Þjóðhagsstofnun áður en málið var lagt fyrir Alþingi. Einnig var leitað umsagnar hjá bresku ráðgjafarfyrirtæki um forsendur og niðurstöður skýrslunnar og reyndar vann breskt fyrirtæki einnig að sérstakri markaðsathugun í sambandi við þessa framleiðslu á vegum verkefnisstjórnar. Þessar umsagnir og fjölmargar aðrar bárust hv. iðnn. Nd. sem hafði mál þetta til ítarlegrar meðferðar og skilaði í framhaldi af því áliti og brtt. við fyrirliggjandi frv. Auk þess kom greinargerð frá Náttúruverndarráði og Heilbrigðiseftirlit ríkisins hafði málið einnig til meðferðar að sjálfsögðu og skilaði um það greinargerð og síðar umsögn.

Þegar ákvörðun var tekin um það að miða undirbúning verka við staðsetningu við Reyðarfjörð, með hliðsjón af áliti staðarvalsnefndar frá því í apríl 1981, var m. a. haft í huga að á Austurlandi er stór hluti af auðnýtanlegri vatnsorku landsins og því m. a. þjóðhagslega hagkvæmt að hefjast handa um að koma þar á fót iðnaði sem nýtir hluta af þessari orku. Sú iðnaðaruppbygging þarf að gerast með þeim hætti, að hún valdi sem minnstri röskun, m. a. á félagslegum aðstæðum og umhverfi að sjálfsögðu og þeirri atvinnustarfsemi sem fyrir er í byggðarlögunum. Bygging kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði er talin geta fallið að þessum markmiðum, miðað við að vandað sé til undirbúnings og aðgát höfð bæði að því er snertir umhverfisáhrif og einnig félagslega þætti og áhrif á atvinnulíf í fjórðungnum og sérstaklega á nálægum stöðum. Óhjákvæmilega mun þó bygging og rekstur slíks fyrirtækis, sem er stórt á íslenskan mælikvarða, hafa veruleg áhrif á atvinnulíf og atvinnumarkað á Miðausturlandi.

Það varðar því miklu að að framkvæmdum sé þannig staðið að þær hafi fremur jákvæð en neikvæð áhrif á þróun atvinnulífs í nágrenni sínu og leiði ekki til stökkbreytinga eða verulegrar röskunar á félagslegu umhverfi og atvinnustarfsemi sem fyrir er. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að reyna að draga úr þensluáhrifum á vinnumarkaði þannig að samkeppni um vinnuafl verði ekki úr hófi fram. Á byggingartíma er að sjálfsögðu um að ræða tímabundin áhrif sem leiða af sér eftirspurn eftir starfsliði. Áætlað er að það geti flest orðið um 350 manns á byggingartíma verksmiðjunnar. Hins vegar eru varanleg áhrif í því fólgin hvað snertir mannafla, að þarna er gert ráð fyrir 130 manna starfsliði og til viðbótar þjónustustörfum af ýmsu tagi, allt að 110 manns, þannig að í tengslum við rekstur slíkrar verksmiðju mundu skapast, eins og það er orðað á stofnanamállýsku, um 240 atvinnutækifæri eða 240 manns fengju þar vinnu. Það svarar til um 31% af þeim mannafla sem spáð er að komi inn á vinnumarkað á Miðausturlandi á þeim áratug sem nú er hafinn, þ. e. fram til ársins 1990. Þetta eru ekki út af fyrir sig háar tölur, en segja þó sína sögu og því rétt að þær komi hér fram.

Af hálfu þeirra, sem undirbúið hafa mál þetta, er talið að þjóðhagsleg hagkvæmni sé ótvíræð af því að ráðast í byggingu kísilmálmverksmiðju, en það mun að sjálfsögðu skýrast nánar við áframhaldandi undirbúning málsins. Í því sambandi má benda á nokkur atriði sem máli skipta. Í fyrsta lagi er talið að hér sé um arðbært fyrirtæki að ræða, að afkastavextir af fjárfestingu slíkrar verksmiðju, miðað við ákveðnar forsendur, sem er að finna í skýrslu verkefnisstjórnar, séu um 10%. Raunar hefur við endurmat hins breska fyrirtækis, sem fór yfir þessa áætlun, verið talið að afkastavextir gætu legið nokkru hærra eða 11.9%, en að sjálfsögðu er afkoman háð forsendum sem geta verið breytilegar og erfitt er að segja fyrir með ákvarðandi hætti, þ. á m. ekki síst í sambandi við verðþróun og verðlag afurða, sem vegur að sjálfsögðu þungt í sambandi við þessa framleiðslu eins og aðra. En miðað við þá arðsemi, sem hér er talin eiga að skila sér, eru þetta viðunandi afkastavextir af fjárfestingu. Og hafa ber í huga að fyrirtækinu er ætlað að bera margfalt raforkuverð miðað við það sem tíðkast í orkufrekum iðnaði, sem nú er starfandi í landinu, að meðaltali 17—18 aurar á kwst. á næstu 20 árum, heldur lægri í fyrstu en síðan hærri á seinni hluta þess tímabils.

Þá er þess að geta, að ýmis aðföng, sem keypt eru til verksmiðjunnar, koma að sjálfsögðu fram sem lyftistöng, þ. á m. flutningar og önnur þjónusta sem hafa mun áhrif á atvinnustarfsemi innanlands. Gert er ráð fyrir að innlendur kostnaður við byggingarframkvæmdir þessarar verksmiðju verði 57% af heildarkostnaði og hefur hann auðvitað einnig áhrif sem telja má jákvæð þjóðhagslega séð, að hlutfallið er þó þetta hátt.

Gert er ráð fyrir því, að bygging og rekstur þessarar verksmiðju verði undir forustu og stjórn landsmanna

sjálfra. Bætist þannig við þá reynslu sem fengist hefur við uppbyggingu stórfyrirtækja hérlendis, og með þeim hætti sem ég vænti að allir telji að sé jákvætt, að landsmenn sjálfir standi með ákvarðandi hætti fyrir framkvæmdum, nýti sér þá reynslu, sem fengin er, og bæti við þá reynslu til hagsbóta fyrir framtíðina.

Einn er sá þáttur sem gefa þarf sérstakan gaum að í sambandi við byggingu og rekstur fyrirtækja sem þessara og mjög hefur verið umtalaður, ekki í sambandi við þetta fyrirtæki sérstaklega, en í sambandi við orkufrekan iðnað. Það eru áhrif á umhverfið, mengunarhættan sem slíkum fyrirtækjum fylgir, en unnt er að draga úr með því að beita fullkomnustu tækni sem völ er á í því sambandi og með því að gera kröfur til þess hráefnis sem notað er við vinnsluna. Í megindráttum er mengunarhætta af kísilmálmvinnslu hin sama eða mjög svipuð og við framleiðslu á kísiljárni, og við rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga hafa menn fengið reynslu af þessum þáttum. Þar voru gerðar strangar kröfur miðað við það sem áður var í sambandi við mengunarvarnir. En svo vildi til að rétt um það leyti sem járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var í undirbúningi var komin fram í fyrsta sinn tæknilausn, ef svo má segja, til að fyrirbyggja að teljandi rykmengun fylgdi slíkum rekstri, en hún hefur verið mjög hvimleið bæði í sambandi við málmblendiiðnað og einnig við kísilmálmframleiðslu, og hafa margir mátt þola þau áhrif, m. a. í grannlöndum okkar, t. d. Noregi.

Mengunarhættan af ofnreyk er ekki síst fólgin í ókristölluðu kísilryki eins og menn þekkja frá járnblendirekstri, en með reyknum berst einnig út brennisteinsdíoxíð, sem svo er kallað, sem getur verið skaðlegt ef það liggur fyrir í miklum mæli. Til upplýsingar er rétt að nefna að brennisteinsdíoxíð fellur til við allan bruna kolvetna, kola, olíu og annars slíks eldsneytis og hefur aukist mjög í lofti á iðnaðarsvæðum í Evrópu. Menn þekkja eflaust umræðuna um áhrif af sýringu, sem svo er kölluð, í úrkomu, m. a í sunnanverðri Skandinavíu, þar sem brennisteinsdíoxíð í andrúmslofti, sem berst til sunnanverðra Norðurlanda frá iðnaðarsvæðum í Bretlandi og Mið-Evrópu, hefur valdið umtalsverðum breytingum á sýrustigi í jarðvegi og ferskvatni. Hérlendis er iðnaður ekki að því marki að þessi vandamál hafi gert vart við sig svo umtalsvert hafi verið talið. Engu að síður þarf að sjálfsögðu að gefa þeim náinn gaum, ekki síst staðbundnum aðstæðum sem geta skapað erfiðleika við viss skilyrði.

Gert er ráð fyrir því, að ofnreykur frá þessari verksmiðju verði kældur með lofti niður fyrir það hitastig að reykurinn þoli síun og honum verði síðan blásið út í gegnum pokasíur svipað og við þekkjum frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, þar sem meginhluti ryksins verður eftir en lofttegundir sleppa út. Gert er ráð fyrir að rykið verði kögglað með vatni og safnað á hauga eða komið á annan veg fyrir, en ekki er ólíklegt að fyrir slíkt ryk finnist hagkvæm not einnig á Austurlandi, svipað og gert hefur með kísilryk sem til fellur frá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og notað er við framleiðslu á sementi í sementsverksmiðjunni á Akranesi og til bóta, að talið er, fyrir þá framleiðslu. En hagnýting á Austurlandi yrði þá af öðrum toga. Þess má geta, að á Norðurlöndum hefur verið vaxandi markaður fyrir það ryk sem þannig er safnað saman til ýmissa nota. Og þá kemur þó nokkur endurgreiðsla til fyrirtækja fyrir rykið, sem notað er í ýmsu formi, og þannig fæst nokkuð upp í hinn mikla kostnað sem fylgir mengunarvörnum við slík fyrirtæki. Mig minnir að hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga hafi það verið allt að því 30% af stofnkostnaði, ef allt er reiknað með, sem telst til mengunarvarna. Ef það er rétt með farið hjá mér, þá sjá menn að það er ekki lítill hluti í stofnkostnaði. En enginn skyldi telja hann eftir. Ég held að allir séu sammála um að kröfur í þessum efnum eigi að vera strangar hjá okkur. Við þurfum að gæta að okkar umhverfi, og að því miðar ákvæði 10., nú 11. gr. frv. eins og það kemur frá Nd., þar sem er að finna þær kröfur um mengunarvarnir sem sérstaklega er vísað til varðandi þessa verksmiðju.

Margháttuð ráð eru nauðsynleg og tiltæk til varnar innri mengun í slíku fyrirtæki. Sem betur fer eru menn farnir að gefa innri mengun, aðstæðum á vinnustað ekki minni gaum en mengunarhættu gagnvart hinu yrtra umhverfi. Í áætlun þar að lútandi er gert ráð fyrir því að ná a. m. k. þeim árangri sem tekist hefur að ná í járnblendiiðnaði, þar sem mengunarvarnir eru hvað bestar, og hagnýta sér þar hina fullkomnustu tækni.

Umfangsmiklar athuganir þurfa að fara fram samfara undirbúningi og byggingu þessa fyrirtækis varðandi rannsóknir á *lífríki* og öðru umhverfi *vegna verksmiðjunnar*. Tillögur þar að lútandi hafa verið mótaðar af Náttúruverndarráði og Heilbrigðiseftirliti ríkisins sem unnið hafa að þessu máli sameiginlega. Verkefnisstjórnin ræddi við þessa aðila á s. l. sumri, fór yfir þessi efni með þeim stofnunum. Þá komu ekki fram sérstakar ábendingar varðandi forrannsóknir af þeirra hálfu, en frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins hefur komið í umsögn til Alþingis ábending sérstaklega að því er snertir brennisteinsdíoxíð og hugsanlega staðbundna þætti, svo sem spurninguna um loftdreifingu í firði eins og Reyðarfirði, sem að sjálfsögðu þarf að taka tillit til og athuga sérstaklega og haga kröfum varðandi búnað fyrirtækisins þannig að ekki sé líklegt að leiði til vandræða.

Við undirbúning þessa máls var áhersla á það lögð að fara yfir markaðsmálin, sem skipta auðvitað mjög miklu í sambandi við undirbúning slíks fyrirtækis, og var m. a. leitað til bresks ráðgjafarfyrirtækis sem vann fyrir verkefnisstjórnina að þessu leyti. Liggur niðurstaða þess fyrir til athugunar hjá hv. iðnn. þessarar deildar, sem fjalla mun um málið, en eins og menn væntanlega þekkja er markaður kísilmálms verulega annars eðlis en kísiljárns. Notkunarsviðin eru fyrst og fremst tengd áliðnaði. Kísilmálmurinn er notaður í álsteypur. Um 2/3 hlutar af heimsframleiðslunni fara í slíkan iðnað eða tengjast slíkum iðnaði. Auk þess er það svonefndur silikoniðnaður sem er um 1/3 af markaðnum, en það notkunarsvið er ólíkt hinu og margbreytilegt. Vöxturinn þar hefur verið mjög ör á undanförnum árum og menn gera ráð fyrir að þessi hlutföll: $^2/_3$:$^1/_3$, eigi eftir að snúast við áður en mjög langt um líður. Því hlýtur það að vera keppikefli fyrir fyrirtæki eins og þetta að komast inn á mjög vaxandi silikonmarkað með afurðir sínar.

Talið er að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum árið 1980 hafi verið nálægt 500 þús. lestum. Var það nokkru minna en afkastageta kísilmálmverksmiðja í heiminum á því ári. En raunar er það svo í þungaiðnaði, að ekki þarf kreppu til að afkastageta verksmiðja sé ekki að fullu nýtt. Það er undir mörgu komið hvort verksmiðjur eru reknar á fullu. En við þá efnahagslegu lægð sem nú ríkir, er að sjálfsögðu óvíða í þungaiðnaði full nýting á fram-

leiðslugetunni. Talið er hins vegar líklegt að nokkur ríki muni draga úr framleiðslu á kísilmálmi á næstu árum, ekki síst vegna hækkandi orkuverðs heima fyrir. Það á m. a. við um Spán og Portúgal svo og Bandaríkin þar sem orkuþörf hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Milliríkjaviðskipti með kísilmálm eru mikil. Helstu innflutningslöndin voru árið 1980 Japan, sem flutti inn um 58 þús. tonn, Vestur-Þýskaland 55 þús. tonn, Bandaríkin 19 þús. tonn, Bretland 22 þús. tonn og Austur-Evrópa sem flutti inn um 48 þús. tonn. Framtíðarhorfur eru að mati þeirra aðila, sem umsagnir hafa veitt, taldar góðar varðandi kísilmálmmarkað og ekkert talið benda til að önnur efni leysi kísilmálm af hólmi á þeim sviðum þar sem hann er notaður í dag. Hins vegar er talið líklegt að ný notkunarsvið komi til sögunnar þó ekki séu þau tekin inn í markaðsspár að svo stöddu.

Samkvæmt spá þess fyrirtækis sem gerði markaðsathugun, Commodities Research Unit, sem er sjálfstætt ráðgjafarfyrirtæki, er áætlað að heildarnotkun á kísilmálmi í heiminum verði um 650 þús. tonn árið 1986, um það leyti sem þessi verksmiðja gæti verið komin í rekstur, og rúmlega 800 þús. tonn árið 1990. Framleiðsla á 25 þús. tonnum af kísilmálmi hér á landi árið 1986 mundi samkvæmt þessari spá svara til um 3.8% af heimsnotkun á því ári. Innflutningsverð á kísilmálmi til Bretlands, Þýskalands og Japans var að meðaltali um 1560 dalir á hvert tonn á árunum 1976—1980 miðað við verðlag 1. mars 1982. Þar sem kísilmálmur keppir að hluta til við afurðir, sem framleiddar eru úr olíu og raforka er umtalsverður kostnaðarliður í framleiðslunni, má telja líklegt að verð á kísilmálmi verði ekki lægra að jafnaði í framtíðinni en það var á seinni hluta síðasta áratugs. En sem stendur er verð á kísilmálmi í lægð þótt ástandið sé ekki eins slæmt og í öðrum greinum orkufreks iðnaðar. Markaðsverðið er á bilinu 1200—1300 dalir á tonn, sem er allt að 20% lægra en það var á síðari hluta síðasta áratugs.

Það hefur verið gert ráð fyrir því í áætlunum um þetta fyrirtæki, að umrædd framleiðsla, 25 þús. tonn, yrði seld þannig að um 7500 tonn fari til Japans, um 10 000 tonn til Vestur-Þýskalands, um 3000 tonn til Bretlands og um 2500 tonn til Bandaríkjanna og um 2000 tonn til annarra landa.

Það hefur þegar verið unnið talsvert að athugun á markaðsmálunum. Viðræður hafa farið fram við japanska aðila og vestur-þýska aðila, og hafa verið settar á blað viljayfirlýsingar milli aðila um að fyrirtæki í þessum löndum annist dreifingu og taki að sér að selja umrætt magn á markaði í Japan og í Vestur-Þýskalandi. Þar væri þá um að ræða 17 500 tonn af umræddri heildarframleiðslu, nálægt 70%. Í sambandi við verðtryggingu á afurð sem þessari er rétt að fram komi að á þessari afurð er heimsmarkaðsverð sem tekur breytingum, sveiflast til, og það er ekki mikið um samninga til lengri tíma varðandi afurðina þannig að menn lúta í þessum viðskiptum yfirleitt ríkjandi heimsmarkaðsverði. Þó mun það frekar í tengslum við silikoniðnaðinn, þann þátt markaðarins, sem hægt er að fá samninga til lengri tíma, enda um miklu færri aðila að ræða í þeirri framleiðslu.

Herra forseti. Ég hef hér farið yfir nokkra þætti sem skipta miklu máli fyrir þessa verksmiðju. Einn er sá þáttur sem hefur verið til athugunar fyrir utan forsendur varðandi orkuverð. Það er orkuflutningur til fyrirtækisins. Rætt hefur verið við Landsvirkjun um raforkusamning og fyrir liggja drög að slíkum samningi og umsögn Landsvirkjunar í sambandi við flutning raforku til fyrirtækisins. Þar hefur Landsvirkjun gert tiltekna fyrirvara sem greint er frá í grg. með frv. Sumt af þeim atriðum hefur nú þegar skýrst eða er að skýrast á Alþingi þessa dagana, eins og ákvarðanir um næstu virkjun. Vonandi verður tekin innan skamms ákvörðun þar að lútandi. En það eru fleiri þættir, eins og lagning á raflínum og að sjálfsögðu verð og samningar þar að lútandi, sem ganga þarf frá í sambandi við raforkuöflun til fyrirtækisins.

Ég vænti þess, herra forseti, að þetta stóra mál, sem komið er til hv. deildar, fái hér þinglega meðferð á þeim stutta tíma sem eftir er til fyrirhugaðra þingloka. Mér er ljóst að það er til mikils ætlast af hv. þd. að afgreiða þetta mál, jafnviðamikið og það er, á þeim mjög stutta tíma sem fyrir stafni er. En miðað við þær breytingar, sem gerðar voru á frv. í Nd., sem gera m. a. ráð fyrir að mál þetta komi fyrir Alþingi áður en ákvörðun yrði tekin um framkvæmdir og að auka hlutafé félagsins sem nægði til slíks, þá vænti ég þess, að deildin sjái sér fært að lögfesta þetta mál nú fyrir þinglok. Er það að sjálfsögðu eindregin ósk af minni hálfu að það nái hér fram að ganga. Vænti ég um það góðs skilnings og góðs vilja af hálfu hv. þdm. hér og hv. iðnn., sem ég geri að till. minni að fái þetta mál til meðferðar að lokinni þessari umræðu.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég hlýt fyrst að gera athugasemd við hversu skammur tími virðist ætlaður af hálfu ríkisstj. og rn. — og væntanlega þeirra sem ríkisstj. styðja — til þess að fjalla um þetta mál. Það lifði ekki mjög mikið af þingi þegar þessu máli var dreift hér á þingbekki, en þó keyrir úr hófi að þessari deild skuli hafa verið ætlað að afgreiða þetta mikla mál á fáeinum dögum. Menn verða náttúrlega að gera sér grein fyrir því, að þetta mál, eins og það er fram lagt af hálfu ríkisstj., er að ýmsu leyti öðruvísi en önnur þau mál af svipuðu tagi varðandi orkufrekan iðnað sem við höfum fengist við áður. Það er öðruvísi að því leyti, að áður var um að ræða samninga við fyrirtæki sem aðilar, sem störfuðu í greininni, áttu að öllu leyti eða að hluta, og þar sem þau áform, sem uppi voru, fóru til umfjöllunar hjá þeim aðilum, sem höfðu reynslu á þessu sviði, og svo vitaskuld hjá ýmsum erlendum lánastofnunum. Vegna þess að þannig er ekki frá þessu máli gengið hlýtur að verða enn frekar að leggja vinnu í undirbúning þess og gera meiri kröfur en nokkru sinni fyrr.

Hæstv. iðnrh. hefur oft talað um að nauðsyn bæri til að mál væru vel undirbúin. Hins vegar virðist augljóst af þeirri umfjöllun, sem þetta mál hefur fengið í hv. Nd., að undir vandlegum undirbúningi fá þau gögn ekki staðið sem fram hafa verið lögð. Í rauninni hefur hv. Nd. lýst skoðun sinni mjög ákveðið í þeim efnum með því að ákveða að ekki skuli koma til nema lágmarksskuldbindingar öðruvísi en málið hafi komið öðru sinni fyrir Alþingi.

Vitaskuld hljóta mjög margar spurningar að vakna við að skoða þau gögn sem fram hafa verið lögð í þessu máli. og vitaskuld er ekki hægt að ætlast til þess, að hv. deild geti verið mjög sátt við það, að þeim spurningum sé látið meira og minna ósvarað. Ég þekki þingmenn að því að vilja gjarnan setja sig vel inn í mál og til þess gefst heldur lítið ráðrúm eins og á þessu máli hefur verið haldið.

Ég tók eftir því, þegar dreift var hér gögnum um þetta mál, að þau má finna í ýmsum bókum. Eitt af því, sem spurt hefur verið um, er hversu mikill viðbótarkostnaður væri við það að setja verksmiðjuna niður í Reyðarfirði frekar en annars staðar þar sem aðstaða væri þegar fyrir hendi, að maður ekki tali um að gera það t. d. í Hvalfirði. Þessari spurningu hefur tæplega verið svarað. En við henni eiga menn vitaskuld að fá mjög skýr svör, ekki vegna þess, að í því að bera fram spurninguna felist það endilega að menn vilji ekki að verksmiðjan sé sett niður á Reyðarfirði, heldur hitt, að menn eiga auðvitað að vita hvað þeir eru að gera hverju sinni, hverjir kostirnir eru og hvaða viðbótarkostnaður felst í því eða viðbótarhagur að velja einn kost frekar öðrum. Einn ágætur stuðningsmaður Alþb. hafði á orði við mig að líklega væru vandfundin rök fyrir því að setja verksmiðjuna niður á þessum stað, nema ef vera skyldi að það væri í kjördæmi ráðh., ef það ættu að teljast rök. En hvað sem því líður hljóta menn að spyrja hvaða rök liggi því til grundvallar og hver kostnaður fylgi því að setja verksmiðjuna niður á þessum stað — til þess að vita það. Og ég ítreka að það hefur þá ekkert með það að gera hvort menn telji að önnur sjónarmið séu svo rík að ástæða sé til að velja einmitt þennan stað.

Nú vill svo til að sérstök staðarvalsnefnd hefur fjallað um þetta mál og verið beðin um að skýra röksemdir sínar fyrir því að velja þennan stað. Í skýrslu, sem undirrituð er af henni, segir á bls. 24 að að öðru jöfnu sé eðlilegt að slíkri verksmiðju sem kísilmálmbræðslunni sé valinn staður á svæði þar sem mikla raforku er að finna, en fólksfjöldi er ekki að sama skapi mikill. Þessi einkenni á kísilmálmframleiðslu mæla því með staðarvali á Reyðarfiðri frekar en á Reykjavíkursvæðinu eða við Eyjafjörð. Hér ber þó að geta þess, að fólksfjöldi á Reyðarfjarðarsvæðinu er við neðri mörk þess sem nefndin telur æskilegt fyrir verksmiðju af þessari stærð.

Mér finnst þetta nokkuð rýr rökstuðningur og vænti þess, að fleiri rök komi til en þau að það, sem fyrst og fremst mæli með þessum stað, sé að hann sé nægilega fámennur, en þó sé hann engu að síður fullfámennur, og þá einkum með tilliti til þess, að annars staðar í þeim gögnum, sem dreift hefur verið, er þess getið, að væntanlega standi til að stækka þessa verksmiðju.

Ég hef tekið eftir því í þeim umsögnum, sem borist hafa, að sá málatilbúnaður, sem hér um ræðir, hefur fengið nokkuð harða dóma. Fyrst er þess þó að geta, að í niðurstöðum sérstakrar skýrslu, sem Commodities Research Unit Ltd. hefur unnið er þess sérstaklega getið, að hér sé um kostnaðarsama verksmiðju að ræða, og í annan stað að þessi framleiðsluþáttur, þ. e. framleiðsla á kísilmálmi, sé mjög vandasamur og þess vegna verði vitaskuld að gera miklar gæðakröfur.

Þegar það kemur í ljós í skýrslu frá óháðum erlendum aðila, sem um þetta fjallar, að hér sé um mjög dýra verksmiðju að ræða eða verksmiðju með mjög mikinn rekstrarkostnað, þá hljóta menn auðvitað að spyrja sig þess, hvaða áhættu menn séu að taka annars vegar og hins vegar hvort mögulegt sé að reisa þessa verksmiðju með ódýrari hætti. Þess er reyndar getið í skýrslunni frá Commodities Research Unit. Ltd., að það verði sérstaklega að gæta sín á hversu viðkvæmt þetta fyrirtæki mundi verða fyrir verðlækkunum, jafnvel þótt þær stæðu aðeins um skamman tíma, á afurð þess, kísilmálmi. Ég ætla ekki á þessu stigi að rekja nánar þessa miklu skýrslu, en taldi nauðsynlegt að geta þessa sérstaklega sem rökstuðnings fyrir því að vanda vel til alls undirbúnings og gæta vel að kostnaðarþáttum, að þessi sérfræðiaðili hefur sérstaklega varað við því, hvað það fyrirtæki, sem hér væri á döfinni, væri viðkvæmt fyrir verðsveiflum. Og hvað sem menn hafa sagt um svonefnda samkeppnisstöðu þess, bæði í skýrlsu iðnrn. frá því í mars 1982 og á öðrum vettvangi, þá stendur þessi viðvörun sérfræðifyrirtækisins óhögguð og gefur mönnum vitaskuld tilefni til að gæta sérlega vel að hvað um sé að ræða.

Ég geri ráð fyrir því og mér sýnist af þeim gögnum, sem hér hafa verið lögð fram, að ástæðan fyrir því, að um háan framleiðslukostnað sé að ræða, sé ekki síst mikill fjármagnskostnaður. Stendur hann að sjálfsögðu í sambandi við uppbyggingu verksmiðjunnar og þá m. a. staðsetningu hennar. Þrátt fyrir það að hæstv. iðnrh. hafi talað mjög um nauðsyn þess, að verkefni væru vel undirbúin, verður það að segjast, að í þeim umsögnum, sem borist hafa um þetta verkefni og undirbúning þess, kemur fram margvísleg gagnrýni. Þjóðhagsstofnun hefur m. a. verið fengin til að fjalla um þetta mál. Hún bendir á að þar séu ýmsir kostnaðarþættir sem ekki hafi verið teknir með í reikninginn þegar dæmið hafi verið sett fram, m. a. vextir á byggingartíma, kostnaður við þjálfun starfsmanna og síðan annar stofnkostnaður eins og hafnargerð, vatnsveita og raflína, og flýting á raflínum, sem eðlilega verði að telja til stofnkostnaðar þessa verkefnis, og jafnframt bygging íbúðarhúsnæðis sem stafar af þessu staðarvali. Á þessum grundvelli áætlar Þjóðhagsstofnun lauslega að annar stofnkostnaður, sem beinlínis er tengdur verksmiðjunni, sé 65—75 millj. kr., sem teljast verður verulegt fé.

En það er annað atriði sem kemur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar sem gefur tilefni til þess að beina spurningu sérstaklega til hæstv. iðnrh. Þess er getið í umsögn Þjóðhagsstofnunar, að stærð hráefnisgeymslu sé miðuð við tveggja mánaða framleiðslu. Ég er sammála Þjóðhagsstofnun um það, að hér sé um mjög lítið svigrúm til hráefnageymslu að ræða, og það kemur auðvitað inn í stofnkostnaðinn þá líka. Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. iðnrh. hvað ráði því, að menn haldi að mögulegt sé að reka verksmiðju með þessum hætti, með svo litlum hráefnisbirgðum, langtum minni en þær hafa verið t. d. í öðrum verksmiðjum sem reknar eru hér á landi.

Ég vil beina því jafnframt til hæstv. iðnrh., að hann geri grein fyrir því, hvort einmitt með því að gera ráð fyrir svona litlu rými fyrir hráefnisbirgðir væri ekki verið að auka áhættuna í rekstri fyrirtækisins þegar út af bæri í aðdráttum til landsins, sem getur verið með ýmsu móti, bæði vegna verkfalla og vegna markaðsaðstæðna, þannig að hér væri verið að setja þetta verkefni í óeðlilega áhættu. Ég hefði enn fremur óskað eftir að fá upplýsingar um hversu miklu það mundi muna í stofnkostnaði að gera ráð fyrir því að geta verið með mun meiri hráefnisbirgðir eða nær því sem tíðkast í þeim verksmiðjum öðrum sem hér eru.

Það kemur enn fremur fram í umsögn Þjóðhagsstofnunar, að reiknað sé með verulegri hækkun afurðaverðs, en aftur á móti ekki með hækkun á hráefninu. Ég hef ekki orðið var við að viðhlítandi svör hafi komið fram við því, hvernig menn treysti sér til að gera ráð fyrir að mál geti þróast með þessum hætti. Þess vegna hefði ég gjarnan viljað að hæstv. iðnrh. svaraði því, hvaða rök-

semdir lægju til þess mats verkefnisstjórnar að það væri unnt að reikna með svo mikilli hækkun afurðarverðs án þess að reikna með hækkun á hráefni.

Í skýrslu Þjóðhagsstofnunar kemur líka fram sú ábending, að sú vísitala neysluverðs, sem verkefnisstjórnin notar sem viðmiðun á verðbólgu, geti varla talist nákvæmur mælikvarði. Það er mjög athyglisvert, að í þessari umsögn hefur Þjóðhagsstofnun reiknað út innflutningsverð á kísilmálmi í hlutfalli við breytingar á útflutningsverði í OECD-ríkjunum. Þá kemur í ljós að allar þær tölur, sem fram eru settar, eru mun lægri en þær sem verkefnisstjórnin miðar við. Niðurstöðurnar eru sem sagt gjörólíkar um þróun kísilmálmsverðsins eftir því, hvaða vísitölu er hér miðað við, og meðalverðið er 15—20% lægra á mælikvarða útflutningsverðs OECD-ríkjanna en á mælikvarða neysluverðs í Bandaríkjunum.

Ég vildi gjarnan heyra skoðun hæstv. iðnrh. á þessu máli, hvernig það megi vera, að menn velji þennan verðmælikvarða, eða hverju hann hafi til að svara þeirri gagnrýni sem kemur fram í raun og sannleika í þessu reiknaða yfirliti.

Það kemur líka fram í þessari skýrlsu Þjóðhagsstofnunar, að miðað við núverandi innflutningsverð til Þýskalands, Bretlands og Japans og núverandi gengi myntar þessara ríkja gagnvart dollar þurfi kísilmálmverð að hækka um nær 25% á næstu árum umfram alþjóðlega verðbólgu til þess að ná þeirri verðviðmiðun sem notuð er í skýrslu verkefnisstjórnar.

Ég skil þessa ábendingu Þjóðhagsstofnunar þannig að hér sé nokkuð langt seilst og gæti allmikillar bjartsýni. Þess vegna væri ástæða til að heyra viðbrögð hæstv. iðnrh. við þeirri ábendingu sem hér kemur fram. Enn er það svo að í þeim skýrslum, sem fram hafa verið lagðar, kemur fram mismunandi nýting verksmiðjunnar. Það er meginviðmiðun verkefnisstjórnar að það náist 90% nýting afkastagetunnar, en fyrir liggur að meðalnýting í allri greininni hefur verið 85% þegar markaður er í jafnvægi. Á öðrum stað eru upplýsingar um það, hver nýtingin hafi verið í hinum ýmsu löndum eða á hinum ýmsu markaðssvæðum, og allar þær tölur benda til þess, að 90% nýting sé hærra en menn kynnist í þessum verksmiðjum þar sem þær eru starfræktar. Þá hlýtur að vakna sú spurning, hvaða rök liggi til þess að gera ráð fyrir, að hér geti náðst betri nýting en annars staðar, og hvort ekki verði að teljast nokkuð áhættusamt að ganga út frá því sem reikniforsendu.

Í þessum gögnum frá Þjóðhagsstofnun er líka eilítið yfirlit sem gefur til kynna eins konar mat á arðsemi kísilmálmverksmiðju. Auðvitað ber að líta á þetta yfirlit með fyrirvara, en það er þó sett fram til þess að menn geti áttað sig á því, hversu viðkvæmar þær tölur um arðsemi eru sem fram eru settar. Sé t. d. miðað við 10% lægra afurðarverð en verkefnisstjórnin gerir ráð fyrir, sem sagt 15% hækkun umfram alþjóðlega verðbólgu í staðinn fyrir 25%, minnka þessir afkastavextir niður í 5.5%. Aðrir hlutir geta og dregið hér verulega úr, eins og það að taka tillit til hafnar og vatnsveitu, gera ráð fyrir að sama raforkuverð sé allt tímabilið eða að stofnkostnaður reynist eitthvað hærri en hér er gert ráð fyrir ellegar að ekki verði unnt að ná meiri nýtingu en 85% eins og gerist í öðrum verksmiðjum. Ef þetta gerðist allt samtímis sýnist mér það svara til þess að afkastavextir lækkuðu um 3.4%. Þegar á bjátar getur því verið um lága afkastavexti að ræða, svo að ekki sé sterkar að orði kveðið. Þessar tölur gefa auðvitað vísbendingu um hversu nauðsynlegt er að standa vel að þessu verki og gæta þess, að undirbúningur sé sem bestur og kostnaður sem lægstur og að áhættumat verði framkvæmt í sambandi við þessa verksmiðju.

Í bréfi frá Landsvirkjun 25. mars, sem lagt hefur verið fram sem gagn í þessu máli og varðar hugsanlegt raforkuverð, kemur fram það viðhorf stjórnar Landsvirkjunar að ekki sé unnt að gera raunverulegt tilboð af hálfu Landsvirkjunar um eðlilegt raforkuverð til þessa fyrirtækis fyrr en ýmis önnur atriði hafa verið skýrð. En það er athyglisvert, að í þessu bréfi Landsvirkjunar er jafnframt tekið fram, að stjórninni yrði að vera innan handar að hækka gjaldskrá fyrirtækisins eins og nauðsyn krefur á hverjum tíma, að fenginni umsögn Þjóðhagsstofnunar. Það sem hér er um að ræða, er í rauninni spurningin um það, hvort menn geti frekar ætlast til þess í sambandi við þetta fyrirtæki heldur en t. d. ÍSAL, að gefið verði fast raforkuverð langt fram í tímann, einmitt það atriði sem menn hafa barist fyrir hér á undanförnum misserum og árum að ekki ætti að gilda, heldur ættu að vera möguleikar til þess að endurskoða raforkuverðið reglulega. Mér sýnist að einmitt þetta viðhorf komi fram í bréfi Landsvirkjunar og að til þess verði vitaskuld að taka tillit.

Ég mun ekki fjalla eins ítarlega um þetta mál og ég hefði gjarnan kosið, með tilliti til þess, að tíminn er knappur og væntanlega gefast fleiri tækifæri til að taka þetta mál til umfjöllunar. Ekki verður þó hjá því komist að beina nokkrum spurningum til hæstv. iðnrh. í tilefni af umsögnum sem borist hafa annars vegar frá Íslenska járnblendifélaginu og hins vegar frá Seðlabanka Íslands.

Það er sérstaklega varað við því í umsögn Íslenska Járnblendifélagsins, að hér sé um að ræða áhættufyrirtæki, sem ætlað er að framleiða vörur inn á markað sem eðli málsins samkvæmt er sveiflukenndur og þar að auki hefur undanfarið og mun sýnilega næstu ár einkennast af framboðsgetu umfram þarfir heimsmarkaðarins. Því ber að skoða ákvörðun um að ráðast í slíka framkvæmd af fyllsta raunsæi um að aðgangseyririnn að þessum markaði getur orðið býsna hár og hann verður alltaf háður markaðsóvissunni. Í þessu sambandi finnst mér rétt að menn íhugi alveg sérstaklega, að þó við höfum ákveðið að efla hér orkufrekan iðnað og þó við höfum ákveðið að það skuli gerast með þeim hætti að reisa kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þá hlýtur tímasetningin á því, hvenær slík verksmiðja hefur framleiðslu, að ráð mjög miklu um afkomu þessa fyrirtækis. Það er vitað að mjög miklar sveiflur eru á þessum markaði. Nýlega var til umfjöllunar í þessari deild og á hv. Alþingi frv. til laga um málefni verksmiðjunnar á Grundartanga, verksmiðju Járnblendifélagsins. Þar voru kynntir útreikningar sem gáfu til kynna mat þeirra manna á markaðsþróun. Því verður ekki haldið fram með nokkrum hætti, að þeir útreikningar, sem lagðir eru til grundvallar hér varðandi markaðsþróun fyrir kísilmálmverksmiðjuna, séu í samræmi við þá útreikninga sem lagðir voru fram varðandi járnblendiverksmiðjuna. Milli verðlags á þessum tveimur málmum hefur verið nokkuð stöðugt samband á undanförnum árum og það hefur komið fram hjá forstjóra Íslenska Járnblendifélagsins, að ef verðlag á málmblendi væri sambærilegt við það verð, sem reiknað er með í greinargerðinni, mundi hagnaður verða á Grundartangaverksmiðjunni árið 1982 14

millj. nkr. í stað þess að nú er áætlað tap 56—57 millj. nkr. Hér er um að ræða að verðlagið á afurðum Járnblendifélagsins er áætlað langtum lægra en það sem lagt er til grundvallar varðandi kísilmálmverksmiðjuna.

Ég hefði gjarnan viljað beina því til hæstv. iðnrh., að hann gerði grein fyrir hvaða rök lægju til þess, að nú skyldi það samband, sem hefur verið ríkjandi að undanförnu milli verðlags á þessum tveimur afurðum, skyndilega rofna með svo afgerandi hætti sem ætla mætti af þessum tvennum tölum og verðlag á kísilmálmi verða svona miklu hærra en það hefur verið áður, miðað við verðlag á járnblendinu.

Í sambandi við forsendur framleiðslu er því haldið fram í skýrslu Íslenska járnblendifélagsins, að nýjar og dýrar verksmiðjur búi almennt við hagstætt orkuverð. Hins vegar muni það stefna afkomu þessa fyrirtækis nokkuð á hála braut að hafa bæði hátt rafmagnsverð og mikinn fjármagnskostnað eins og hér virðist vera um að ræða.

Ég ætla ekki að svo komnu að fara fleiri orðum um þá umsögn sem kom frá Íslenska járnblendifélaginu. Hins vegar er ástæða til að beina nokkrum atriðum, sem fram koma í umsögn Seðlabanka Íslands, til hæstv. iðnrh. svo að hann geti svarað fyrir þau.

Það er þá fyrst, án þess að það komi kannske beinlínis mjög greinilega fram í umsögn Seðlabankans, að í umsögnum frá Rafmagnsveitum ríkisisn og frá Landsvirkjun kemur fram að hætta sé á að það verði að skammta rafmagn til þessarar verksmiðju tvö fyrstu starfsárin. Þar er reyndar gert ráð fyrir að sú skömmtun verði óveruleg, ef m. a. takist að uppfylla það skilyrði, að Króflufvirkjun verði starfrækt með 20 mw. afli, og í annan stað að ekki komi til annar verulegur orkunotandi á Norður- eða Austurlandi. Nú virðist manni að hér sé um nokkuð veigamiklar forsendur að ræða. Þess vegna hlýtur maður að spyrja í fyrsta lagi, hvort ekki geti verið mjög varasamt fyrir verksmiðjuna á fyrstu starfsárum sínum að lenda í orkuskömmtun af því tagi sem hér er varað við að geti verið yfirvofandi, og í annan stað að spyrja hæstv. iðnrh., hvort miklar líkur séu á því, að Króflufvirkjun verði starfrækt með 20 mw. afli, og með hversu miklu uppsettu afli hún sé rekin um þessar mundir og hvernig árangurinn hafi verið af þeim borunum sem gerðar voru í sumar og hversu mikið hafi bæst við af afli nettó vegna þeirra aðgerða, frá þeim borholum sem boraðar voru í sumar. Þegar ég segi nettó á ég við það, að frá sé dregið það sem út hafi dottið ef eitthvað er. Mundi þá væntanlega skýrast hvað þurfi til að koma til að ná þessu markmiði. Væntanlega gerir hæstv. ráðh. grein fyrir því, hverjar horfur eru í þeim efnum.

Í annan stað er sterk ábending frá Landsvirkjun um það, að nauðsynlegt sé að Búrfellsvirkjun komi inn. Þar sem ekki hefur gefist tækifæri til að spyrja hæstv. ráðh. um það þætti mér rétt að heyra viðhorf hans á því máli, að hann geri grein fyrir því hér.

Í skýrslu Seðlabankans er sérstaklega fjallað um fjármálin. Verkefnisstjórnin fjallar nokkuð um áætlaða raunvexti og telur að raunvextir á alþjóðlegum lánamörkuðum í dag séu um 5—6% sem komi til samanburðar við áætlaða afkastavexti á verksmiðjunni, 10.4%. En jafnframt telur verkefnisstjórnin að þessir raunvextir séu með þeim hæstu sem hafi þekkst á undanförnum árum og líkur séu á að þeir þokist niður í 4% á næstu árum. Varðandi þetta mál telur Seðlabankinn rétt að benda á að í reynd hafi raunvextir farið mun hærra en verkefnisstjórn telur og réttari niðurstaða um raunvexti í dag sé sú, að þeir séu líklega á bilinu 6—10%, eftir því hvaða mælikvarðar eru notaðir. Þetta atriði skiptir auðvitað verulegu máli varðandi mat á afkastavöxtum verksmiðjunnar þegar þeir eru teknir til samanburðar, hvort menn eiga að gera ráð fyrir því, að raunvextirnir séu 5—6% eða 6—10%.

Það er sem sagt álit Seðlabankans og kemur hér fram, að forsendur verkefnisstjórnar varðandi vaxtakjör á lánum til verksmiðjunnar þurfi nánari athugunar við og þá vegna þess að vextir séu of lágt áætlaðir. Ég hefði gjarnan viljað heyra rökstuðning hæstv. ráðh. fyrir því, að óhætt sé að gera ráð fyrir svo lágum vöxtum sem gert er ráð fyrir í skýrslu verkefnisstjórnarinnar og gagnrýnt er af hálfu Seðlabankans, eða hvaða rök liggi til þess, að unnt sé að reikna með að fá fjárfestingarlán með 4% vöxtum — útflutningslán með 2% vöxtum er kannske frekar hugsanlegt — en síðar rekstrarlán með 5% vöxtum sem tekin væru eftir þörfum og endurgreidd eftir getu.

Ef litið er á þessi atriði verður að telja að hér hafi komið fram af hálfu þeirra aðila nær allra, sem leitað hafur verið umsagnar hjá, mjög alvarleg gagnrýni á undirbúning verksins og mjög ákveðnar ábendingar um að nánari athugunar sé þörf. Nú vil ég hins vegar segja að þegar það kemur fram í skýrslum, jafnvel þó að þær séu frá erlendum sérfræðistofnunum, að að fáeinum árum liðnum verði hagnaður fyrirtækis orðinn 20% af veltu, eins og kemur hér fram í skýrslum sem fram hafa verið lagðar, þá vekur það menn til umhugsunar um ýmsar aðrar skýrslur sem maður hefur séð fyrr, t. d. við undirbúning að verksmiðju við Grundartanga, þar sem svona háar tölur og jafnvel hærri voru sýndar. Það vekur til umhugsunar um það að hér er starfað á markaði þar sem gera verður ráð fyrir að þegar hagnaður verður mjög verulegur bætist við framleiðslueiningar þannig að þær háu hagnaðartölur, sem menn stundum geta reiknað út, séu kannske ekki eins auðfengnar og álíta mætti fljótt á litið. Ég held að það sé þannig, að þegar til lengri tíma er litið bætist verksmiðjur í röðina þegar hagnaður verður mikill, þannig að þá dregur úr hagnaði. Þetta tel ég rétt að menn hafi í huga. Þess vegna hefði ég haft sérstakan áhuga á að gætt væri að hver hefði verið hagnaður í þessari framleiðslugrein í gegnum tíðina, ef litið er yfir lengra tímabil, 15—20 ár, til þess að menn gætu áttað sig á því, hvernig staða verksmiðja af þessu tagi er, ekki bara út frá augnabliksverði, ekki út frá spádómum um markaðsþróun, heldur út frá þeim raunveruleika sem menn hafa þurft að lifa við að undanförnu. Ég veit að ýmsar verksmiðjur í þessari grein hafa náð gífurlegum hagnaði á einstökum árum. En þær hafa líka tapað rösklega á ýmsum öðrum árum. Það er einungis með því að líta yfir völlinn til nokkuð lengri tíma sem menn geta gert sér góða grein fyrir því, hver hin raunverulega staða verksmiðjunnar sé þegar fram í sækir.

Nú hefur það orðið ofan á í hv. Nd. að breyta þessu frv. allverulega og ætlast til þess, að þetta mál komi til frekari umfjöllunar hér í þinginu áður en meiri háttar skuldbindingar verði á sig teknar. Ég tel að þetta hafi í sjálfu sér verið rétt stefna. En ég vil benda á að ýmsar þær rannsóknir, ýmsar þær athuganir, sem hugmyndin er að gera, eru í rauninni forsenda að frekari útreikningum og þeirri ákvarðanatöku og afstöðu til ýmissa efnisþátta sem aðrar greinar frv. snerta. Þessar rannsóknir eru að

sumu leyti hönnunarforsendur eins og verkfræðingar, sem að þessu hafa staðið, hafa skýrt út. Þess vegna hefði verið langtum eðlilegra að dómi okkar Alþfl.-manna að afgreiða þetta með því móti sem fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl. létu í ljós áhuga á fyrir tveim dögum ásamt fulltrúa Alþfl., með því að setja sérstaka undirbúningsstjórn á stofn til að vinna að þessu undirbúningsverkefni, en taka síðan frv. sjálft til umfjöllunar þegar niðurstaða af því lægi fyrir. Um það flutti fulltrúi Alþfl. í iðnn. Nd. tillögu í þeirri deild, en ég vil einungis ítreka á þessu stigi að mér sýnist það vera langum eðlilegri vinnuháttur.

Ég mun ekki fjalla nánar um þetta á þessu stigi, herra forseti, en taldi rétt að reifa hér nokkra þætti og beina fáeinum fyrirspurnum til iðnrh. þegar á þessu stigi, m. a. með tilliti til þess, hversu tími er naumur.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Mér þykir rétt við 1. umr. málsins að fara nokkrum almennum orðum um það. Hér er einn þáttur í því sem við höfum kallað aðgerðir til þess að hagnýta orkulindir landsins, einn þáttur í aðgerðum sem mjög hefur verið talað um á undanförnum misserum og árum og mér liggur við að segja að stjórnmálaflokkarnir hafi keppst við að lýsa yfir að væri þeirra stefna, þó að það sé harla misjafnt hver sú stefna er í raun. Hagnýting orkulindanna er fólgin bæði í byggingu orkuveranna og í því að koma upp stóriðju til hagnýtingar orkunnar umfram það sem hinn almenni markaður þarf. Ég skal ekki fara að ræða almennt um þessi mál, þau hafa verið rædd svo mjög að undanförnu. En þó að ég ætli ekki að fara að ræða um þessi mál vænti ég þess, að hæstv. ráðh. verði viðstaddur þessar umræður.

Gert er ráð fyrir að sú stóriðja, sem þetta frv. fjallar um, verði staðsett á Austfjörðum, á Reyðarfirði. Ég hef síður en svo nokkuð að athuga við þá staðsetningu. Ég vek athygli á því, að í þeim tillögum sem við sjálfstæðismenn höfum gert um byggingu orkuvera rís hæst tillaga okkar um að reisa orkuver í Jökulsá í Fljótsdal. Það er stærsta orkuverið sem rætt er um, 330 mw. Við sjálfstæðismenn höfum talið að til þess að fyrirætlanir um Fljótsdalsvirkjun yrðu að raunveruleika væri nauðsynlegt að koma upp stóriðju á Austfjörðum, og við höfum reyndar í tillögugerð okkar bundið þetta saman. Fljótsdalsvirkjun er fyrirhuguð 330 mw. í uppsettu afli þegar fullgerð er. (**Iðnrh.:** 45.) 45, segir hæstv. ráðh. Það munar ekki miklu þegar við erum að gera því skóna að þarna hefði þurft að vera um að ræða stóriðju sem hefði nýtt miklu meiri orku. En þegar ég segi það, þá þýðir það ekki að það séu rök gegn því átaki sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég verð því að segja það, að ég fagna því að þetta frv. er fram komið. Ég fagna hverju skrefi í áttina til aukinnar stóriðju, vegna þess að einungis með því að efla stóriðjuframkvæmdir gerum við mögulega hagnýtingu orkulinda landsins í ríkum mæli. En ég vil aðeins segja í sambandi við þetta frv.: Of lítið, of seint. Og það er einmitt það sem einkennir störf og stefnu hæstv. ríkisstj. í stóriðjumálunum. Það er of seint farið, of lítið aðhafst.

Mér þykir ástæða til að fara nokkrum orðum um vinnubrögð þau sem ég tel nauðsynlegt að viðhöfð séu við undirbúning slíks fyrirtækis sem hér er um að ræða. Ég sé að hæstv. forsrh. gengur nú til sætis síns. Ég yrði undrandi ef hann væri ekki í einu og öllu sammála því sem ég vil segja um þetta efni, því að hæstv. forsrh. hefur á sínum tíma haft forustu um undirbúning að stóriðju sem ég tel til fyrirmyndar. Nú skal ég ekki gerast of langorður um þetta og aðeins stikla á stóru.

Það, sem ég vil sérstaklega undirstrika, er að þegar um er að ræða slík stórátök sem stóriðjuframkvæmdir, þá er nauðsynlegt að ná sem víðtækastri samstöðu meðal allra flokka um allan undirbúning og alla framkvæmd svo þýðingarmikilla mála. Þessa hefur verið gætt alveg sérstaklega fram til þessa. Ég minni á það, að þegar álverið í Straumsvík var undirbúið vann að því máli m. a. nefnd sem skipuð var fulltrúum allra flokka í landinu, jafnt þáv. stjórnarflokka sem þáv. stjórnarandstöðuflokka. Þessi vinnubrögð eru ekki einungis til þess fallin að vanda alla gerð undirbúningsins sem best, heldur stuðla þau mjög að því að koma í veg fyrir að nokkur tortryggni skapist milli stjórnmálaflokka landsins varðandi þessi þýðingarmiklu mál. Þetta stuðlar að því, að allir geta lagt fram krafta sína til að vinna málinu gagn. Þannig var þetta þegar álverið var í undirbúningi. Ég vík að því, hvernig vinnubrögð voru þegar stofnun járnblendiverksmiðjunnar var til meðferðar undir forustu núv. hæstv. forsrh. og þáv. iðnrh. Þá var þess gætt að leiða saman til sameiginlegs átaks í því máli alla stjórnmálaflokka landsins.

Hefur verið slæm reynsla af þessum vinnubrögðum? Ég hef aldrei heyrt það. Ég hef aldrei heyrt nein mótmæli frá nokkrum manni eða nokkrum stjórnmálaflokki við þessum vinnubrögðum. En þessi vinnubrögð eru ekki höfð nú. Nú er unnið að undirbúningi þessara mála án þess að hafa flokka stjórnarandstöðunnar með í ráðum. Ég leyfi mér að spyrja hæstv. iðnrh.: Hver er ástæðan fyrir þessu? Ég læt mér ekki koma til hugar að það hafi verið brugðið út frá þeirri venju, sem áður hefur verið fylgt í þessu efni, nema hæstv. ráðh. hafi talið sig hafa einhverja ástæðu. Og ég tel — og segi það afdráttarlaus, að við þm. eigum kröfu á að heyra af munni hæstv. ráðh. í þessum umr. hver ástæðan hafi verið fyrir þeim vinnubrögðum sem hann hefur viðhaft í þessu efni.

Þetta er um undirbúning málsins áður en það er lagt fyrir Alþingi. Ég sé ástæðu til að víkja nokkrum orðum einnig að vinnubrögðum í þessu máli eftir að frv. er lagt fram. Það er lagt fram síðla á þessu þingi. Auðvitað hefði verið miklu eðlilegra, svo ég tali nú ekki um æskilegra, að frv. hefði komið fram miklu fyrr á þinginu. En m. a. vegna þess, hve frv. þetta kemur seint fram, hefði verið sérstök ástæða til að viðhafa sérstök vinnubrögð hér á Alþingi við meðferð þessa máls, vinnubrögð sem venjulega er fylgt þegar um stórmál er að ræða, ég tala ekki um þegar þau koma fram seint á Alþingi og ætlast er til að þau séu afgreidd á sama þingi. Hver eru þessi vinnubrögð? Þau eru þau að viðkomandi nefndir beggja deilda hafi sameiginlega fundi. Það kann að vera að formaður iðnn. Nd. sé nú að hvísla því að hæstv. ráðh. hvers vegna ekki hafi verið sameiginlegir fundir í iðnn. þingsins. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi skýringu á því í þessum umræðum, hvers vegna þau eðlilegu vinnubrögð hafa ekki verið viðhöfð. Þetta mál er það umfangsmikið og það viðamikið að ekki þarf að ræða frekar um það hve þetta hefðu verið sjálfsögð vinnubrögð.

Nú kemur þetta frv. til kasta hv. iðnn. þessarar deildar að lokinni þessari umr. þannig að lítill tími er til stefnu. Það er þess vegna erfitt fyrir þá, sem fagna framkomu þessa frv. og fagna hverju skrefi sem má verða til að auka stóriðju í landinu að þurfa að fást við þetta mál á svo skömmum tíma sem nú er ætlað og hafa ekki fengið

tækifæri til að fylgjast með störfum iðnn. í Nd.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um vinnubrögð varðandi þetta frv., en mun víkja að frv. sjálfu.

Þetta frv. er stjórnarfrv. þegar það er lagt fram, en nú má heita að það sé frv. meiri hl. iðnn. Nd. Við fáum hér í hendur gerbreytt frv. og í aðalatriðum nýtt frv. frá því sem hæstv. iðnrh. lagði fyrir Nd. Ég er ekki að segja þetta til lasts, því að breytingarnar, sem hafa orðið á frv., eru allar til bóta, frv. er miklu betra en þegar það var lagt fram. Það eigum við að þakka því starfi sem hefur verið unnið í hv. iðnn. Nd. Og þegar hv. iðnn. Nd. getur gert svona mikið, þá geta menn hugsað sér hvað hv. iðnn. Ed. hefði getað með meiri tíma til umráða.

Ég skal þá víkja að helstu breytingunum, sem mér þykir rétt að gera, til þess að við áttum okkur á því, hvað hefur verið að gerast í meðförum þingsins og hvers eðlis þetta frv. er sem við nú ræðum.

Í 3. gr. frv. er svo kveðið á að ríkisstj. sé heimilt að leggja fram allt að 25 millj. kr. hlutafé í félagið árið 1982. Þessa tölu, 25 millj. kr. hlutafé, var ekki að finna í stjórnarfrv. sem var lagt fyrir Nd. Þar var að finna tölu upp á 225 millj. kr. svo allmikil breyting er nú hér fólgin í. En þetta segir ekki nema hálfa söguna. Það er gert ráð fyrir að það séu einungis mjög takmörkuð viðfangsefni sem sé fengist við og þessu fjármagni sé varið til. Þegar það hefur verið gert skal gefa Alþingi skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir. Það er þetta sem er svo þýðingarmikið, að það er aðeins mjög takmarkað sem á að gera áður en málið er á ný lagt fyrir Alþingi. Og það er ekki fyrr en Alþingi hefur samþykkt þá skýrslu — og málið eins og það liggur þá fyrir — sem heimilt er samkv. frv., sem við nú ræðum, að leggja fram 200 millj. kr. til viðbótar í hlutafé í þessu félagi um kísilmálmverksmiðjuna. Þegar hér er komið er gert ráð fyrir að tekið sé til við önnur framkvæmdaratriði að byggingu kísilmálmverksmiðjunnar. Það er ekki fyrr en Alþingi hefur tekið málið aftur til meðferðar. Þetta gerbreytir málinu frá því sem það var lagt fram af hálfu ríkisstj. Framhald málsins er í raun og veru tekið úr höndum ríkisstj. og sett í hendur Alþingis með þessu ákvæði. En staða Alþingis í þessu máli er á annan hátt allt önnur samkvæmt því frv., sem við nú ræðum, en hún var samkvæmt frv. ríkisstj. Samkv. frv. ríkisstj. var gert ráð fyrir að ríkisstj. skipaði stjórn fyrirtækisins. Einnig þetta vald er tekið úr höndum ríkisstj. með frv., eins og það nú liggur fyrir, og fengið í hendur Alþingi. Samkv. þessu frv. er gert ráð fyrir að stjórn fyrirtækisins sé kjörin á Alþingi með hlutfallskosningu. — Það er ekki að ófyrirsynju þegar ég segi að þetta frv. er ekki í meginatriðum frv. ríkisstj., heldur frv. meirihl. iðnn. Nd.

Ég vil þó víkja að einu atriði sem umtalsvert er. Það er naumast annað umtalsvert sem er eins í þessu frv. og í frv. sem ríkisstj. lagði fram. Það er ákvæði í 2. gr. frv. sem kveður svo á að ekki skuli minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins. Hér er komið að eignaraðild að þessu félagi. Og þá komum við að því máli sem á vissan hátt eða a. m. k. oft hefur verið mest deilumál varðandi stóriðjuframkvæmdir á Íslandi. Það er ekki langt síðan við ræddum þessi mál allítarlega sem oftar í þessari hv. deild. Þá áttum við hæstv. iðnrh. sérstök orðaskipti um þetta efni. Ég ætla ekki að fara að rifja þær orðræður upp eða hefja hér almennar umræður um eignaraðild að stóriðju á Íslandi, en ég vil aðeins undirstrika þá stefnu Sjálfstfl., að hann telur að í þessu efni eigi ekki að vera nein algild regla sem eigi að ná til allra stóriðjufyrirtækja sem kunna að verða stofnuð, um eignaraðildina eigi að fara eftir því hvað við sjálfir teljum að þjóni best íslenskum hagsmunum. Ef við metum það svo, að það þjóni íslenskum hagsmunum best að afla okkur áhættufjármagns í formi erlendrar eignaraðildar, þá eigum við að gera það. En ef það er ekki, þá eigum við að leitast við að hafa sjálfir sem mesta eignaraðild. Þetta er stefna okkar sjálfstæðismanna, að íslenskir hagsmunir ráði í þessu efni. Með tilliti til þessa verð ég að segja að það er ekki rétt að hafa ákvæði um það í þeim lögum, sem sett verða um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að eignaraðild okkar Íslendinga megi aldrei vera minni en 51%. Ég hygg að það sé of snemmt að ákveða nokkuð um þetta efni á þessu stigi málsins. Það er viðurkennt, að það er margt sem þarf að athuga áður en eðlilegt er að taka bindandi afstöðu til þessa atriðis. Það er viðurkennt ekki einungis af — ef ég mætti orða það svo: höfundum þessa nýja frv., heldur er það viðurkennt af hæstv. iðnrh. sjálfum, vegna þess að hann mælir ekki á móti þessu frv. eins og það liggur fyrir. Hann mælir ekki á móti því, að fram fari gagngerðar athuganir áður en gengið er fullkomlega frá stofnun félagsins. Hann mælir með samþykkt frv. eins og það liggur nú fyrir. Hefur þá ekki ráðh. gætt þess, að eins og frv. liggur fyrir er eftir að athuga fjöldamörg atriði í framkvæmd þessa máls sem geta verið meira eða minna afgerandi um það, hver eignaraðildin á að vera. Ég verð því að segja að mér virðist hæstv. iðnrh. ekki vera sjálfum sér samkvæmur í þessu máli. En hvers vegna vill hann þá og stjórnarliðið, sem ber ábyrgð á þessu ákvæði, halda við það? ég leyfi mér að segja að það er fordild ein Það er fordild ein og í raun og veru — frá sjónarmiði hæstv. ráðh. og hæstv. ríkisstj. ef hún hefur þessa stefnu — alger óþarfi að taka það fram eins og gert er í 2. gr. frv., að eignaraðild Íslendinga megi aldrei vera minni en 51%. Hvers vegna er það óþarfi? Vegna þess að í 3. gr. frv. stendur að ef Alþingi samþykkti niðurstöður skýrslunnar, sem fyrir það á að leggja, þá hefur ríkisstj. heimild til að leggja fram allt að 200 millj. kr. hlutafé til viðbótar við 25 millj. Ríkisstj. hefur heimild samkvæmt frv., samkv. lögunum, ef þetta verður samþykkt, til að hafa eignaraðildina 100% í höndum Íslendinga, þó að þetta sé ekki tekið fram í 2. gr. Þess vegna kalla ég þetta ekki annað en fordild og þráhyggju af hálfu hæstv. iðnrh., sem ég veit að stendur fyrir því, að þessu ákvæði var ekki breytt til bóta eins og öðru sem breytt var í Nd.

Ég sagði áðan að iðnn. Ed., sem ég á sæti í, hefði lítinn tíma til að fjalla um þetta mál, of lítinn tíma. Hins vegar er rétt að taka það fram, að vegna þess hve frv. hefur verið breytt mikið í meðförum Alþingis frá því sem það var, þá er verkefni iðnn. þessarar hv. deildar að sjálfsögðu miklum mun auðveldara en það hefði verið ef við hefðum verið að leggja síðustu hönd á þetta verk í því formi sem ríkisstjórnarfrv. var þegar það var lagt fyrir hv. Nd. Nú erum við hér með annað frv., frv. meiri hl. hv. iðnn. Nd., og ég vænti þess, að það verði þess vegna möguleiki að afgreiða þetta frv. á þessu þingi ef hæstv. ríkisstj. grípur ekki til þeirra ráða að slíta þinginu svo fljótt að enginn tími verði til að viðhafa lágmarksathugun á frv. Þetta segi ég í vitund þess sem ég gat um í upphafi máls míns, að ég fagna hverju skrefi til aukinnar stóriðju í landinu.

En það er ekki nægilegt að koma upp stóriðju. Stóriðjan þarf að vera með þeim hætti að hún sé ekki reist á

brauðfótum. Það þarf að vera traustur rekstrargrundvöllur undir fyrirtækjunum. Það liggur ekki enn þá fyrir í þessu tilfelli. Það virðast allir vera sammála um að mikla athugun þurfi á þessu máli áður en því verði slegið föstu. Það þarf að gera miklu nákvæmari markaðsathuganir en gerðar hafa verið. Það þarf að fara nánar yfir stofnkostnaðaráætlanir fyrirtækisins. Það þarf að gefa betri gaum að rekstrarkostnaði og öðrum slíkum þáttum. Það þarf að meta betur arðsemi og þjóðhagslega hagkvæmni þessa fyrirtækis. Ég lít svo á að við séum allir sammála um að nauðsyn sé að gera þetta. Við sjálfstæðismenn teljum að þetta sé nauðsyn, og það var ekki annað að heyra á formanni hins stjórnarandstöðuflokksins sem var hér áðan að ljúka máli sínu. Ég skil hæstv. iðnrh. þannig, að hann sé sammála því, að það hafi ekki verið ráð að samþykkja stjórnarfrv. eins og það var lagt fram í Nd., vegna þess að það hefði þurft að gera margar og margháttaðar athuganir frekar til þess að gætt væri þeirrar varfærni sem nauðsynleg er í slíku stórmáli sem þessu. Ég segi þetta með tilliti til þess, að hæstv. ráðh. hefur samþykkt og mælir með þeirri málsmeðferð sem þetta frv., sem við nú ræðum, gerir ráð fyrir.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég ætla ekki að þessu sinni að hafa mörg orð um það frv. sem hér er til umr. Til þess gefst miklu betra tækifæri síðar, þegar málið kemur frá hv. iðnn. þessarar deildar, en þá er auðvitað nauðsynlegt og sjálfsagt að hér fari fram ítarleg umr. um málið. Einkanlega verður þá t. d. fróðlegt að gera samanburð á málflutningi hv. talsmanna Alþb. frá því að járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var hér til meðferðar á Alþingi fyrir fáeinum árum. Sá samanburður mun leiða ýmislegt athyglisvert í ljós að ég hygg. Ég mun sem sagt geyma mér að mestu að ræða þetta mál efnislega þar til 2. umr. fer fram.

En það voru örfá atriði, einkanlega kannske fáeinar spurningar sem mig langaði til að beina til hæstv. iðnrh., sem urðu þess valdandi að ég kvaddi mér nú hljóðs. Mér þótti það ekki rétt til orða tekið þegar hæstv. ráðh. viðhafði þau orð, að það væri ekki ástæða til að mæla jafnítarlega fyrir þessu frv. í þessari hv. deild og gert hefði verið í Nd. Ég held að það sé nákvæmlega jafnrík ástæða til að gera ítarlega grein fyrir málum hér eins og þar — ekki síður.

Um þau vinnubrögð, sem okkur er ætlað að viðhafa í þessu máli, vildi ég fara nokkrum orðum. Hæstv. ráðh. sagði í dag að hann vonaðist til að málið fengi þinglega meðferð í þessari deild. Þá voru, að því er ég best veit, uppi áætlanir um það af hálfu hæstv. ríkisstj. að þessu þingi lyki um miðjan dag á morgun. Á þeim tíma hefði ekki verið hægt að láta þetta mál fá þinglega meðferð samkv. þeim vinnureglum sem tíðkast á hinu virðulega Alþingi. Þar að auki finnst mér að hv. þm. hafi látið teygja sig fulllangt í því að afgreiða mál athugunarlítið, ef ekki næstum því athugunarlaust þessa síðustu daga þingsins. Ég minni á það þegar einn hv. þm. mælti fyrir þáltill., sem var hálf önnur lína, í Sþ. eitt kvöldið nú í vikunni og kvað svo að orði, að nefndin mælti með samþykkt till. með þessum hætti þar sem ekki hefði gefist neinn tími til að athuga málið. Svona vinnubrögð eru auðvitað til háðungar fyrir þingið. Nú höfum við, ætla ég, álíka langa þingreynslu, hæstv. iðnrh. og ég. Hins vegar átti hann því að fagna, ef svo má til orða taka, að gerast ráðh. um leið og hann settist á þing. Þar af leiðandi hefur hæstv. iðnrh. misst af þeirri reynslu að starfa í þingnefndum. Þess vegna verð ég að segja það með fullri virðingu fyrir hæstv. iðnrh., og raunar á það við um fleiri ráðh. einnig, að mér finnst þeir fulltilætlunarsamir um að nefndir þingsins afgreiði mál á skömmum tíma. Ég hygg að það sé einfaldlega vegna þess, að af eigin reynslu þekkja þeir lítt eða ekki til starfa þingnefnda. Ég hygg raunar að það sé mjög óheppilegt fyrir þingmenn að verða ráðherrar um leið og þeir eru kjörnir til þingsetu. En um það má auðvitað deila.

Mér finnst ekki hægt að ætlast til að þessi hv. deild afgreiði þetta stórmál á svo skömmum tíma sem kröfur eru nú um gerðar. Til þess hlýtur að þurfa meiri tíma. Það er beinlínis óvirðing við þm. og við Alþingi að ætlast til þess að stórmál á borð við frv. það, sem hér um ræðir, sé hespað af á skömmum tíma. Alþingi liggur oft undir því að vera kallað afgreiðslustofnun. Ef þetta frv. verður afgreitt með þeim hætti sem ríkisstj. óskar eftir, þá er það sannmæli að Alþingi sé afgreiðslustofnun. Þess vegna má það ekki gerast. Þess vegna verður þessi hv. deild og sú hv. nefnd, sem fær þetta mál til umr., að fá eðlilegan tíma til að fjalla um málið. Það hefur verið mikið af því gumað, hversu vel þetta mál væri undirbúið. En frá því að hæstv. iðnrh. lagði frv. fram um páskaleytið, að ég hygg, hefur það tekið mjög miklum breytingum. Það hefur tekið mjög miklum breytingum sem sumar hverjar eru vissulega til bóta. Mér sýnist það bera vott um að málið hafi kannske ekki verið allt of vel grundað þegar það var fram lagt. Það er allt annað frv., sem við erum hér nú að ræða, en það sem hæstv. ráðh. lagði fram. Þess vegna fullyrði ég að þetta mál var langt frá því að vera jafnvel undirbúið og fullyrt hefur verið hvað eftir annað. Í öðru lagi hef ég lítillega kynnt mér þær umsagnir sem borist hafa hv. iðnn. Nd. Þar eru mörg spurningarmerki. Þar er margur efi látinn í ljós. Það er bent á margt sem óljóst er og ekki talið nægilega vel undirbúið. Ég ætla ekki við þessa umr. málsins að fjalla nánar um það. Ég mun hins vegar gera það þegar málið kemur til 2. umr.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að tala hér langt mál að þessu sinni. En eitt eða tvö atriði langaði mig að spyrja hæstv. iðnrh. um.

Ég minnist þess, að þegar járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var hér til umr. var mengunarhættan frá henni mjög ríkur þáttur í ræðum allra flokksbræðra hæstv. iðnrh. Ég man að hv. þáv. þm. Jónas Árnason talaði um eiturgufurnar sem þessi verksmiðja ætti eftir að spúa yfir íbúa héraðsins. Hann fór um það töluvert litskrúðugum orðum. Nú er það svo að vel hefur tekist til með mengunarvarnir að Grundartanga, en þeir, sem séð hafa þegar hleypa verður reyknum fram hjá hreinsitækjunum, sem kemur fyrir vegna bilana — þó blessunarlega sjaldan, geta staðfest að það er næsta óhugnanleg sjón, að ekki sé sterkar til orða tekið. Því velkist ég nokkuð í vafa um það, hvaða ástæður eru að baki þeirri ákvörðun að velja þessari fyrirhuguðu verksmiðju endilega stað á Reyðarfirði þar sem er oft logn. Ég hygg að reynsla ýmissa grannþjóða okkar, sérstaklega kannske Norðmanna, af að staðsetja slíkar verksmiðjur inni í þröngum fjörðum sé ekki góð. Nú skal ég játa það, að ég hef ekki lesið enn þá öll þau gögn sem fram hafa verið lögð í þessu máli. Það vantar ekki að lagt hafi verið fram mikið af gögnum, en það er ekki þar með sagt að undirbúningurinn hafi verið vandaður — engan veginn. Og ég hef ekki séð þær sterku röksemdir sem hljóta að liggja að baki

þeirri ákvörðun að setja þessa verksmiðju á Reyðarfjörð. Það hefur, hygg ég, komið fram í umræðum, að stofnkostnaður er meiri þar en á ýmsum öðrum stöðum sem mætti hugsa sér. Verksmiðjan væri hagkvæmari annars staðar, mundi skila meiri arði. Þar að auki sé ég að í þeim gögnum, sem lögð voru fyrir hv. iðnn. Nd., er tilskrif frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Við val og staðsetningu verksmiðja og iðjuvera er mikilvægt að fyrir liggi athuganir sem sýni að staðsetning sér forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiði. Enn fremur er mikilvægt að fylgst sé með hugsanlegum mengunaráhrifum frá verksmiðjurekstrinum eftir að starfsemi er hafin.

Varðandi staðarval á Reyðarfirði fyrir kísilmálmverksmiðju hafa ekki farið fram nauðsynlegar forrannsóknir til að ganga úr skugga um að staðsetning hennar megi teljast forsvaranleg. Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. frv. um mengunarvarnir virðast því litlum tilgangi þjóna þar sem staðsetning verksmiðjunnar hefur verið ákveðin án þess að áður hafi verið gengið úr skugga um að hún væri forsvaranleg út frá mengunar- og heilbrigðissjónarmiði."

Ef þetta er ekki að fara aftan að hlutunum, þá veit ég ekki hvað það er, vegna þess að ég sé ekki betur en að fyrst hafi verið ákveðið að verksmiðjan ætti að vera á Reyðarfirði og síðan skuli rannsakað. Auðvitað hefði átt að fara aðra leið. Það hefði átt að framkvæma rannsóknirnar fyrst, og það kannske á fleiri en einum stað, og ákveða síðan staðarval verksmiðjunnar. (**TÁ:** Þetta er svo augljóst fyrir austan.) Já, það er eins og ég sagði áðan — ég held að hæstv. ráðh. hafi ekki verið kominn í salinn — að á Reyðarfirði er oft logn og kannske oftar en víða annars staðar á landinu. Og það er ekki það ákjósanlegasta þegar um er að ræða verksmiðjur sem valda mengun. Auk þess eru sjálfsagt ýmisr aðrir staðir sem gætu verið hagkvæmari, m. a. með tillitit til hafnarmannvirkja, vatnsveitu og annarra hluta. Ég veit auðvitað að hv. þm. Austurlands — sérstaklega þó þeir sem eru ráðherrar — hafa ríka tilhneigingu til að sjá mikla kosti við þetta staðarval, og ég lái þeim það svo sem ekkert. Hér virðast allir horfa fyrst og fremst á eigin kjördæmi og sjá ekki út fyrir Enni og inn fyrir Höfða, eins og sagt var um einn ágætan þingmann. En ég held að þegar um er að ræða fjárfestingu af þessu tagi þurfi menn að hafa svolítið önnur sjónarmið í huga en kjördæmissjónarmiðin ein. Þau hafa vissulega sitt vægi og sitt gildi, ekki neita ég því. En á því, sem ég hef sagt hér um umhverfismálaþáttinn, vildi ég gjarnan fá að heyra álit hæstv. iðnrh. Nú veit ég að hann er manna mestur áhugamaður um náttúruvernd og hefur unnið mjög ötullega að þeim málum, og hann á virðingu mína fyrir það. Þess vegna koma mér þessi vinnubrögð enn þá meira á óvart, vegna þess að ekki hefur að minni hyggju verið staðið að þessum þætti málsins eins og ákjósanlegt hefði verið. Og ég vil nú vera svo velviljaður að telja að það stafi ekki af viljaskorti hæstv. ráðh., heldur af því að svo brýna nauðsyn er talið bera til að hraða þessu öllu að menn hafa hreinlega ekki gefið sér tíma til að sinna þessum nauðsynlega þætti málsins. En ég held að í þessum efnum sé flas ekki til fagnaðar frekar en endranær. Og enn hnígur þetta að því að málið hefur ekki verið nægilega vel undirbúið. Ég vil sem sagt gjarnan fá að heyra þau sterku rök sem hníga að því, að Reyðarfjörður var valinn umfram aðra staði.

Það er eitt og annað sem mætti gera hér að umtalsefni líka. Ég sé að í frv. er gert ráð fyrir að selja kristfjárjörð eða jarðir. Ég hygg að hv. þm. Einari Olgeirssyni hefði á sinni tíð ekki líkað það vel. Hann flutti langar ræður af því tilefni á Alþingi í eina tíð, þegar var verið að ráðstafa eignum Jesú Krists, eins og hann orðaði það. Þennan þátt málsins ætla ég þó ekki að ræða hér. En af því að komið var hér að öðru máli og beint spurningum til hæstv. ráðh., sem hann sjálfsagt svarar hér á eftir, — það var varðandi eitt og annað í sambandi við Kröflu, — þá vildi ég bæta þar einni spurningu við. Frá því var skýrt nýlega í næsta yfirborðslegu viðtali, sem flutt var í Ríkisútvarpinu, að bora ætti þrjár holur við Kröflu í sumar. Þá vildi ég spyrja í fyrsta lagi: Hvað er áætlað að þær framkvæmdir kosti? Í öðru lagi: Hvað þurfa þessar holur að skila mikilli orku til að borga þann kostnað — við skulum segja á fimm árum? Ég ætlast ekki til að hæstv. ráðh. svari þessu núna. En ég hygg að meðalaldur þeirra hola, sem boraðar hafa verið við Kröflu, hafi ekki alltaf verið mjög margir mánuðir. Það væri sömuleiðis fróðlegt að fá að heyra það rifjað upp, hversu margar holur þarna hafa verið boraðar, hversu miklu þær skili hver um sig og hve margar þeirra séu ónýtar. En ég er ekki að ætlast til að því sé svarað núna. Ég geri mér grein fyrir því, að um það þarf að afla upplýsinga.

Ég ætla þá ekki við þessa umræðu málsins, herra forseti, að fara um það fleiri orðum því að ég veit að til þess gefst miklu betri tími þá daga sem málið verður til umfjöllunar í þessari hv. deild.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka þeim hv. þdm. sem hafa talað í þessu máli og allir í velviljuðum tón um þau áform að reisa það fyrirtæki sem stefnt er að með því frv. sem hér liggur fyrir, sem er heimildarfrv. samkv. 1. gr. þess. Sumir hafa viljað kalla það undirbúningsfrv. vegna þeirra takmarkana sem settar hafa verið inn í líklega 3. gr. frv., sem ég hef ekki hér fyrir framan mig, en kveða á um að mál þetta komi aftur fyrir þingið áður en mjög stórar fjárhagsskuldbindingar verða ákveðnar vegna málsins. Ég vænti þess, að þessi málsmeðferð, sem komin er frá hv. Nd. varðandi 3. gr. og ég hef átt hlut að að samþykkja, greiði fyrir gangi málsins hér á þeim stutta tíma sem fyrir liggur. Mér er alveg ljóst eins og öðrum hv. þm. að tími er mjög stuttur, óæskilega stuttur til þess að afgreiða endanlega slíkt stórmál sem hér er á ferðinni. Því skil ég mjög vel að það auðveldar hv. þdm. að koma málinu áfram, að lögfesta þetta frv., að þeir vita að þeir fá málið aftur til meðferðar eftir að ítarlegri undirbúningur og athugun ýmissa þátta hefur farið fram. Ég hef sagt það hreinskilnislega, að ég tel það aðeins góðra gjalda vert, miðað við þessar aðstæður, að um umræddar breytingar á frv. hefur tekist góð samstaða í Nd. Ég vænti þess, að menn uni þeim breytingum einnig vel hér í hv. Ed. Það skiptir vissulega miklu að um mál sem þetta geti verið sem best samstaða. Hitt skiptir einnig máli, og ég vænti að það geti orðið framhald þessa máls að hv. þm. gefist færi á að fá þau gögn til athugunar með góðum fyrirvara sem gert er ráð fyrir að aflað verði áður en málið verður aftur lagt fyrir þingið til þess að fá samþykktar frekari heimildir.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál að eins og frv. var lagt fyrir hafa menn slegið því föstu að áfram yrði haldið rakleiðis með undirbúning og fram-

kvæmdir á grundvelli fyrirliggjandi heimilda. Nú vil ég ekkert um það fullyrða, hvað að ráði hefði orðið hjá stjórn og framkvæmdavaldi að þessu leyti, um það er erfitt að fullyrða. En hitt er annað mál, að heimildarfrv. þurfa ekki endilega að leiða til slíks ef eðlileg aðgæsla er sýnd. Kannske hefur reynslan kennt okkur það að við séum glaðbeittir framkvæmdamenn og ef heimildir fást séu þær yfirleitt notaðar af framkvæmdavaldi. Það væri athugunarefni. Og víða höfum við vissulega nokkur víti að varast í sambandi við framkvæmdir og fjárfestingar í okkar landi, sem hefur kannske ekki verið deilt mikið um þegar í var ráðist, en meira eftir á þegar reynslan hefur orðið neikvæð. Allt er þetta gott ef það verður til þess að menn læri af því. Og með því hugarfari tek ég þeim fyrirspurnum og viðvörunum sem koma hér frá hv. þdm. um þetta mál sem önnur. Mér finnst það mjög góðra gjalda vert þegar hv. þm. leggja sig einmitt niður við að athuga þau mál, sem fyrir liggja, og eðlilegt að þeir kvarti þegar naumur tími er til stefnu til athugunar.

Hv. þm. Kjartan Jóhannsson beindi til mín nokkrum fyrirspurnum, sem ég skal leitast við að svara, eftir því sem það er á mínu færi hér án þess að hafa haft aðstöðu til að fara sérstaklega ofan í viðkomandi gögn. Sumt af því er tæknlegs eðlis, má segja, og ekki á mínu færi að gefa viðhlítandi svör við því. Hann spurði sérstaklega á grundvelli álitsgerðar Þjóðhagsstofnunar sem send var hv. Nd. Alþingis sem umsögn um málið. Þjóðhagsstofnun fékk þetta mál strax og skýrsla verkefnisstjórnar lá fyrir í marsmánuði. Nú vil ég geta þess, áður en ég kem að fyrirspurnum hv. þm., að í plaggi Þjóðhagsstofnunar er ekki að finna neikvæðar umsagnir einvörðungu. Það er reyndar alls ekki mjög neikvæður tónn í þeirri umsögn, a. m. k. eins og ég skildi hana. Má t. d. benda á að útreikningar á afkastavöxtum miðað við forsendur verkefnisstjórnar sýna frekar hækkun en hitt, eitthvað um 0.6% úr 10.4 í 11.1% vegna breytilegs mats á vöxtum á byggingartíma verksmiðjunnar. Þetta er mat til hækkunar á afkastavöxtum miðað við gefnar forsendur. Hitt er svo rétt, sem hv. þm. benti á, að í ábendingum Þjóðhagsstofnunar komu fram atriði sem sýna viðkvæmni í arðsemi fjárfestingarinnar miðað við breytilegar forsendur. Sjálfsagt er að gefa þeim ábendingum fyllilega gaum.

Hv. 2. þm. Reykn. og raunar einnig hv. 5. þm. Vesturl. vék að staðsetningu fyrirtækisins og undirbúningi þar að lútandi. M. a. ræddi hv. 2. þm. Reykn. um viðbótarkostnað sem hlytist af því að setja verksmiðju þessa niður á stað eins og Reyðarfirði, væntanlega í samanburði við stað þar sem innri aðstaða, sem svo hefur verið kölluð, er fyrir hendi. Um það gefur að líta nokkrar tölur í umsögn Þjóðhagsstofnunar. Nú þarf ekki nærri að auga til að sjá að auðvelt er að fá fram slíkar niðurstöður. Þær eru nánast sjálfgefnar miðað við sams konar staðarforsendur, ef búið er að reisa innri aðstöðu, svo sem að gera höfn og leggja vegi, raflínur og annað þess háttar. Það er því mjög eðlilegt að fram komi kostnaðarmunur, og ég hef ekkert á móti því, að menn geri sér grein fyrir honum. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að fyrirtækið beri nema óverulegan hluta af þessum kostnaði. Gegnir reyndar svipuðu máli, má ég segja, um hliðstæð fyrirtæki, eins og járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði. Ekki var settur inn í hennar reikniforsendur kostnaður af raflínu, sem lögð var af því fyrirtæki sem orkuna selur til verksmiðjunnar þar, og varðandi höfnina er gert ráð fyrir að hún standi undir kostnaði með þjónustugjöldum, hafnargjöldum, og er því ekki tekin inn í kostnað við arðsemimat á fyrirtækinu. En vissulega er þetta þjóðhagslegur kostnaður, eins og væntanlega kemur á daginn, því að það væri hægt, þó að það sé ekki gert í umsögn þjóðhagsstofnunar, að velta því fyrir sér, hvaða þýðingu það hefur þjóðhagslega að dreifa fyrirtækjum með sæmilega skipulegum hætti og efla þannig byggð á nokkrum stöðum á landinu, þó að það verði auðvitað ekki gert í mjög ríkum mæli. Þegar um mjög stórt fyrirtæki er að ræða og orkufrekan iðnað er ýmislegt sem ýtir á að ekki sé um mjög mikla dreifingu að ræða. Ég verð að segja að því miður eru aðstæður þannig því að margt gerði það æskilegt í okkar landi með okkar byggðamynstur að hægt væri að dreifa einnig þessum fyrirtækjum meira en aðstæður bjóða eða hægt er að verja út frá kostnaði.

Ég vil koma að þættinum varðandi staðarvalið sem hv. 5. þm. Vesturl. vék að í sínu máli. Hann spurði einmitt um röksemdir fyrir staðsetningu á Reyðarfirði. Hv. 2. þm. Reykn. vitnaði raunar í umsögn staðarvalsnefndar og þótti heldur rýr röksemdafærslan. Ég tel að það sé ekki, miðað við samanburð á þeim stöðum sem teknir voru inn í þennan samanburð. Ég held að það hafi ekki verið um að ræða ábendingar um hærri kostnað af því að reisa fyrirtækið þarna eða t. d. á stað eins og Norðurlandi eða á jafnvel Suðvesturlandi, ef menn gerðu ráð fyrir að innri aðstaða væri ekki fyrir hendi, að það væri ekki búið að koma upp þeirri aðstöðu sem slíkt fyrirtæki kallar á. Þvert á móti renndu ýmsir þættir stoðum undir að Reyðarfjörður væri skynsamlega valinn staður fyrir slíkt fyrirtæki, og þar benti ég í minni framsöguræðu í dag á nýtingu á afgangsvarma frá verksmiðjunni, sem ýtir undir það að sjálfsögðu að setja hana á stað þar sem ekki er jarðvarma að hafa til upphitunar. Þarna munar verulega fjármagni þjóðhagslega séð ef litið er á þau byggðarlög sem eiga að njóta þessarar varmaveitu. Þó ekki sé nema miðað við rafhitun og ekki farið yfir í samanburð við olíu hefur verið reiknað út að það svari til um 4 millj. kr. á ári þjóðhagslega hversu hagkvæmara er að reka varmaveitu, eins og áætlun hefur verið gerð um hana, en að hita byggðirnar upp með rafhitun einvörðungu. Þannig kemur slíkur munur þarna fram og verður raunar nær tvöfaldur ef gert væri ráð fyrir olíuupphitun, sem er nú sem betur fer að hverfa. Margt mælir því með Reyðarfirði.

Nú hefur Reyðarfjörður lengi verið umtalaður í sambandi við orkufrekan iðnað. Hann er á marga lund æskilegur staður miðað við að komið sé upp iðnaði til að nýta a. m. k. hluta þeirrar miklu vatnsorku sem rennur til sjávar á Austurlandi og er fólgin í stóránum þar. Hefur verið varað við því með réttu að taka þar allt of stórt stökk eða stóra áfanga til að valda ekki kollsteypu í því mannlífi og atvinnulífi sem fyrir er. Því er einmitt talið að fyrirtæki, sem ekki kallar á fleira starfsfólk en þessi verksmiðja, falli vel að þessu félagslega sjónarmiði. Er ég þó ekki að segja þar með að þetta sé síðasta fyrirtækið af þessu tagi sem eigi eftir að rísa á Reyðarfirði eða á Austurlandi. Ég geri fastlega ráð fyrir að þeim eigi eftir að fjölga í tímans rás, jafnhliða því sem orkan þar er beisluð, og kemur þar einnig inn á það sem hv. 4. þm. Vestf. benti hér á, að ekki er þetta nema um fimmti hluti af áætluðu afli Fljótsdalsvirkjunar, sem gert er ráð fyrir að verði um 250 mw. í reynd með uppsettu afli þó að þær tölur geti átt eftir að breytast við frekari undirbúning og

hönnun þeirrar virkjunar. Ég held sem sagt að hvað snertir staðarval og félagsleg áhrif fyrirtækisins sé ekki margt þarna gagnrýnivert.

Ég kem síðar að því sem hv. 5. þm. Vesturl. kom að varðandi mengunarmálin, en vil halda áfram að leitast við að svara þeim fyrirspurnum sem hv. 2. þm. Reykn. beindi til mín.

Hann minntist á atriði eins og stærð á hráefnisgeymslu sem honum þótti lítil, aðeins miðað við tvo mánuði. Þetta er atriði sem ég kann ekki viðhlítandi skýringar á og finnst eðlilegt að vísa til þeirra sem unnið hafa að tækniundirbúningi þessa máls. Það má vel vera að þetta sé minna en gerist annars staðar og sé atriði sem þurfi athugunar við. En þó þykir mér ólíklegt að tilviljun ráði því að þessi stærð hefur verið valin.

Þá var spurt um ástæðuna fyrir því, að gert er ráð fyrir að afurðaverð hækki nokkuð ört á næstu árum eða mun meira en hráefnisverð, sem hækki lítið. Ástæðan fyrir þessu er mér tjáð að sé sú, að afurðaverð er nú í lægð, er nú lágt eins og á öðrum afurðum orkufreks iðnaðar yfirleitt. Raunar hefur það þó staðið sig hvað best í þessari afurð, kísilmálmi, og mun dýpri lægð í ýmsum öðrum afurðum orkufreks iðnaðar. Hins vegar hefur hráefnisverðið ekki lækkað í þeirri kreppu sem gengið hefur yfir, það hefur staðið nokkurn veginn í stað, og þess vegna er ekki gert ráð fyrir hlutfallslega viðlíka hækkun og raunar óverulegri hækkun á hráefnisverði. Þarna mun vera miðað við reynslutölur og spá um þessa þróun og þá væntanlega einnig í skyldum greinum.

Hv. þm. spurði um vísitöluviðmiðun, sem þarna væri notuð, og þær hugleiðingar sem fram komu í áætlun Þjóðhagsstofnunar þar að lútandi. Mér er tjáð að sú viðmiðun, sem þarna er notuð, sé algeng og viðtekin í sambandi við þessi efni, en ég vil alls ekki fara út í neinar deilur á þessu stigi eða kveða upp úrskurð um hugmyndir Þjóðhagsstofnunar að þessu leyti, að eitthvað annað væri eðlilegra, en ég vil fullyrða að sú vísitala, sem þarna er lögð til grundvallar, er algeng viðmiðun.

Hvað snertir verðið er það alveg rétt, sem fram kemur hjá verkefnisstjórn og hv. þm. nefndi, að verðið er nú undir því sem tryggði bærilega afkomu þessa fyrirtækis, enda erum við staddir í dýpstu lægð eftirstríðsáranna. Ef menn ætluðu að gefa sér forsendur við nánast hvaða fyrirtæki sem væri í þungaiðnaði sæju menn ekki út úr augum, held ég að sé óhætt að fullyrða. Þarna, sem kannske á ýmsum öðrum sviðum, verða menn að vænta betri tíðar að það eigi eftir að rakna úr og rætast úr til hins betra í þessu efni.

Varðandi nýtingu fyrirtækisins, að þarna sé um hærra nýtingarhlutfall að ræða en almennt gerist, 90%, en annars staðar sé þetta um 85% er því til að svara, að milli 85 og 90% munu vera meðaltalstölur, en þetta er allbreytilegt. Sá aðili, sem hefur lagt á ráðin um þessa viðmiðun, 90%, í þetta fyrirtæki er Fesil Engineering í Noregi, sem hefur unnið að þessu máli í samvinnu við verkefnisstjórn. Þar er starfandi tæknimaður, sem er þekktur þeim sem fylgst hefur með járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, sem er kunnugur einmitt nýtingu í því fyrirtæki, og sennilega þá í bjartsýnna lagi varðandi nýtingarhlutfall í verksmiðju í þessari grein hérlendis. Læt ég nægja að vísa til þess.

Hvað snertir raforkuverðið kom hv. þm. með ábendingu um að honum fyndist skjóta eitthvað skökku við þá viðmiðun sem hér væri framreidd um fast raforkuverð sem væri verið að gagnrýna hjá öðrum stóriðjufyrirtækjum. Allt er þetta álitamál, við hvað miða skuli, það skal ég taka undir með hv. þm. En í fyrsta lagi er þess að geta, að hér er raforkuverðið nær þrefalt og reyndar sennilega fyllilega það miðað við núverandi verð hjá járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og raunar þá einnig hjá álverinu, miðað við núverandi verðforsendur, og skiptir það auðvitað verulegu máli, þegar litið er á afkastavexti frá fyrirtækjunum, að í forsendunum er gert ráð fyrir svona háu raforkuverði. Ég tel það hins vegar alls ekki of háa viðmiðun þar sem þetta svarar til áætlana um framleiðslukostnað úr þeim virkjunum sem Alþingi hefur verið að fjalla um að undanförnu og fyrirhugað er að ráðast í. En í öðru lagi er þess svo sérstaklega að geta, að gert er ráð fyrir verðtryggingu á þessari orku, að hún haldi raungildi sínu, ekki að þetta standi sem fastar tölur, heldur að þarna verði um hækkun að ræða miðað við viðmiðun sem ekki hefur verið fastsett enn þá, enda ekki raforkusamningur endanlega frágenginn, en það verði með öðrum hætti og vænlegri út frá sjónarmiði raforkusölunnar en er í þeim fyrirtækjum sem nefnd voru áðan. Þetta vænti ég að veiti nokkur svör við þeirri stefnu sem þarna er lögð til grundvallar og ég tel að sé mun betri en þeir samningar sem við höfum gert í sambandi við stóriðjufyrirtæki sem risin eru í landinu.

Hvað snertir tímasetningu verksmiðjunnar er það alveg rétt að það er álitamál hvernig eigi að haga slíku og nokkurt happdrætti. Það skiptir vissulega mjög miklu máli fyrir afkomu slíkra fyrirtækja hvort menn lenda í uppsveiflu í sambandi við t. d. afurðir á fyrstu árum eða hvort menn lenda niður í öldudal, eins og hafa orðið örlög járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga og er kannske ekki síst ástæðan fyrir því, hvernig aðstæður þess fyrirtækis eru. Þarna verða menn að reyna að spá um framtíðina eftir því sem fært er. Og þó að hér liggi fyrir framkvæmdaáætlun miðað við gangsetningu 1985 á þessari verksmiðju er það auðvitað ekki fastbundið þó að slík áætlun sé upp sett.

Hvað snertir þróun á verði kísilmálms og kísiljárns eru það spár þeirra, sem í þessi fræði rýna, að gert er ráð fyrir örari verðþróun eða hagstæðari verðþróun, skulum við segja, á kísilmálmi en kísiljárni og stafar það ekki síst af vexti í greininni, þeim þætti sem tengist hinum svonefnda silikoniðnaði. En ég skal ekki kveða upp neina endanlega dóma um þennan samanburð. Það er vart á færi nema þeirra, sem sérfróðir teljast, að gera það.

Þá vék hv. 2. þm. Reykn. og raunar einnig hv. 5. þm. Vesturl. að Kröfluvirkjun í sambandi við þetta mál. Ástæðan fyrir því er eflaust sú, að í sambandi við raforkuöflun til fyrirtækisins er miðað við þá forsendu, að um 20 mw. afl sé fyrir hendi í Kröfluvirkjun, ef ég man rétt. Ég veit ekki hvort við eigum að segja að það sé varfærin eða bjartsýn forsenda. Það er nú ekki mikil ástæða, því miður, til sérstakrar bjartsýni varðandi stöðu Kröfluvirkjunar. Ég er a. m. k. ekki í hópi þeirra sem hafa þar uppi bjartsýnispár. Ástæðan er auðvitað sú erfiða reynsla sem við höfum að baki í sambandi við gufuöflun til þeirrar virkjunar. Þar eru sem stendur nýtt og fyrir hendi 13 mw. í afli sem virkjunin er keyrð á. Ég vil ekki fullyrða að það sé allt það afl sem til reiðu er. Það má vera að eitthvað um 2 mw. séu ekki fullnýtt vegna hreinsunar eða aðgerða á borholum. Þetta er sem sagt aðeins undir því sem þarna er gert ráð fyrir. Hins vegar erum við að vænta þess og við hljótum allir að vona að

hin dýrkeypta reynsla, sem menn eru að safna við Kröfluvirkjun, færi menn nær því marki að árangur verði betri eða við skulum segja skárri í sambandi við gufuöflun í framtíðinni en hingað til. Nýlega var haldin, ég má segja í síðustu viku, ráðstefna margra sérfræðinga, þ. á m. jarðfræðinga, til þess að reyna að lesa í hið flókna jarðhitakerfi við Kröflu. Hér var vitnað í útvarpsþátt þar að lútandi. Ég hlýddi á hann einnig. (EG: Sú ráðstefna hefði betur verið haldin fyrr.) Það er ágætt að menn bera saman bækur sínar um þessi efni og fyllilega tímabært, undir það tek ég. Nú er fyrirhugað að glíma við þessa gufuöflun áfram í sumar með því að bora þrjár holur. Mig minnir kostnaðurinn vera röskar 30 millj. kr. eða rösklega 10 millj. á hverja holu í sambandi við borun og líklega tengingu á tveimur. Hvort þetta hrekkur til er ég ekki viss um, þ. e. milljarður gkr. á holu. Annars er þessi tala í lánsfjáráætlun þannig að ég vísa til hennar varðandi kostnaðinn, en forsendan mun vera borun þriggja og tenging tveggja. Við skulum vona að þetta færi afl virkjunarinnar upp í 20 mw. Það tókst á liðnu ári að fá holu sem skilar um 6 eða 6.5 mw. í afli. Þarna hafa verið boraðar 18 holur og menn sjá náttúrlega af þeim afköstum, sem þarna liggja fyrir, að reynslan hefur orðið öll önnur en menn væntu. Við skulum óska þess, að þarna horfi til betri vegar í framhaldinu.

Varðandi Búrfellsvirkjun, sem einnig er minnst á í sambandi við raforkuöflun til þessa fyrirtækis, liggur fyrir að Landsvirkjun óskar eftir heimild til þess að ráðast í aflaukandi aðgerðir við Búrfellsvirkjun, hverfa frá því að setja inn fjórðu aflvélina við Sigöldu og Hrauneyjafossvirkjun og fá í staðinn heimild til að setja upp 140 mw. í afli við Búrfell. Hitt voru 120 samanlagt, í aflvélunum tveimur sem við veittum heimild fyrir í fyrravor og nú er ekki fyrirhugað að nýta. Orkuvinnsla frá þessu afli við Búrfell er hins vegar aðeins um 220 gwst. inn á landskerfið þannig að það er fyrst og fremst aflaukandi aðgerð að stærri Búrfellsvirkjun með tveimur aflvélum, kennd við Búrfell II, og engan veginn réttmætt, eins og gert var í sjónvarpsfrétt í gærkvöld, að tala um að þarna væri á ferðinni jafngildi Blönduvirkjunar. Að vísu má það til sanns vegar færa í afli reiknað, þar munar ekki mjög miklu á, 140 við Búrfell II, en 150 rösklega við Blöndu, en orkuvinnslugetan við Búrfell verður líklega röskur fjórðungur af því sem orkuvinnslugeta Blönduvirkjunar er áætlað miðað við áform um byggingu þeirrar virkjunar. Það ætti því frekar að líta þarna á orkuvinnsluna sem frá virkjuninni kemur og skilar sér þannig inn á kerfið.

Varðandi vaxtakjör á lánum, sem hv. þm. vék að, er þarna um að ræða raunvexti sem við er miðað að sjálfsögðu. Ég held að þetta séu ekki sérstaklega lágir vextir sem þarna er að vikið. Þess má geta, að sá enski banki sem heitir Samuel Hill, sem leit á fjármögnunaráætlun fyrir þetta fyrirtæki, vildi miða við lægri raunvexti en þarna eru á ferðinni í áætlun verkefnisstjórnarinnar. Sýnist þannig sitt hvorum, Þjóðhagsstofnun og Samuel Hill í London. Ég vísa til umsagnar þessara aðila. Vil ég ekki kveða upp úr um hver hafi alveg rétt fyrir sér eða sé líklegur til að hafa rétt fyrir sér.

Þetta vil ég láta nægja sem viðleitni til að svara fyrirspurnum frá hv. 2. þm. Reykn. Ég hef ekki á reiðum höndum neinn samanburð um hagnað af veltu litið til baka, sem hv. þm. vék að, og verð því að víkja mér undan að reyna að svara því atriði í hans máli.

Hv. 4. þm. Vestf. talaði um málið í jákvæðum tón. Átti ég ekki von á öðru af hans hálfu í sambandi við það átak til þess að nýta orkulindir landsins sem hér er á ferðinni. Það var um einstaka atriði sem hann kom að gagnrýni, og vil ég ekki lasta það.

Eitt er það sem ég vil víkja aðeins að í hans máli. Hann ræddi um að stjórnarandstæðingar hefðu ekki verið með í ráðum í sambandi við undirbúning þessa máls. Ég held að það sé ekki réttmætt af hálfu hv. þm. að telja að þarna hafi verið mismunað að þessu leyti, nema hann hafi þá í huga aðkomu mína að málinu sem stjórnarliða. Þetta var fyrst og fremst unnið á vegum verkefnisstjórnar, sem ekki var valið út frá neinum pólitískum viðhorfum, og bar hún veg og vanda af þessu. Hitt er þó rétt, að orkustefnunefnd ríkisstj. kom að vissum þáttum málsins. Það er sennilega það sem hv. þm. átti við svo og sá samanburður sem hann reiddi fram varðandi undirbúning að járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga þar sem nefnd þm., ef ég man rétt, frá öllum flokkum leit á málið langan tíma. Þau vinnubrögð voru ekki hér viðhöfð, það er alveg rétt. En sá aðili, sem fyrst og fremst vann að undirbúningi, verkefnisstjórnin, var ekki valinn út frá pólitísku heldur faglegu sjónarmiði, og eins þeir aðilar sem unnu að ýmsum þáttum athugunar á hennar vegum.

Varðandi gagnrýni hans á að iðnaðarnefndir þingsins hafi ekki unnið saman að þessu máli vil ég ekki svara fyrir hv. iðnn. Nd. Ég óskaði eftir því í framsögu þar í deild, að athuguð yrði hvort iðnaðarnefndir þingsins gætu ekki lagt saman í athugun málsins, en það mun ekki hafa orðið að ráði. Þó vænti ég að hv. þdm. hér í iðnn. hafi fengið gögn málsins nokkurn veginn um svipað leyti og iðnn.-menn í Nd. En ég hvatti fremur til þess, að samstarf yrði milli nefndanna um þetta, og harma út af fyrir sig að ekki skuli hafa tekist samvinna milli þeirra um athugun málsins.

Þá er það að endingu það sem hv. 5. þm. Vesturl. vék hér að varðandi umhverfismál og umhverfisathuganir. Hann gerði nokkuð úr því, að það hefði ekki verið hugað sem skyldi að forathugunum varðandi umhverfismál þessa fyrirtækis. Nú er það svo, að almennt séð er ekki talin mikil mengunarhætta frá kísilmálmverksmiðju sem þessari miðað við þau dæmi sem slæm mega teljast í orkufrekum iðnaði. Þetta virðist vera tiltölulega auðvelt viðfangs miðað við þá tækni, sem við ráðum yfir í dag, og þá reynslu, sem við höfum af svipuðum rekstri á Grundartanga. Það er alveg rétt, sem hv. þm. vék að, að þegar járnblendiverksmiðjan á Grundartanga var í undirbúningi var mengunarhættan af því fyrirtæki mikið til umræðu hjá þeim sem næmast auga höfðu á þeim þætti. Þeir eiga sannarlega lof skilið sem hafa opin augu fyrir því og vilja leggja bæði fram fjármuni og fyrirhöfn til þess að koma í veg fyrir mengun íslenskrar náttúru sem frekast má verða og velja fyrirtæki sem ekki eru mengunarvaldandi. Sama gildir um hið innra umhverfi á vinnustað sem huga þarf að í þessu sambandi.

En þegar undirbúningur stóð yfir varðandi járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga höfðu menn fyrir augum þau fyrirtæki sem starfrækt hafa verið um áratugi í Noregi í málmblendiiðnaði, í kísiljárnsframleiðslu, og höfðu orðið ýmsum góðum Íslendingum, sem siglt höfðu um norska firði, heldur hvimleið á að líta, svo ekki sé meira sagt, enda vék hv. 5. þm. Vesturl. að því, að honum litist ekki á blikuna í sínu kjördæmi þá sjaldan pokasíurnar í hreinsivirkjunum á Grundartanga væru ekki

virkar. Það segir sannarlega sína sögu um hvað menn hefðu sagt ef ekki hefði verið ráðist í þær mengunarvarnir sem urðu niðurstaðan varðandi byggingu verksmiðjunnar á Grundartanga. Ég tel að það hafi verið mjög vel að staðið að því leyti, að reynt var að vanda til sem frekast var kostur, vil ég segja, tæknilega séð varðandi búnað þeirrar verksmiðju, a. m. k. varðandi ytra umhverfi og ég hygg raunar einnig varðandi innra umhverfi. Ástæðan var eflaust m. a. sú, hversu mikil og ítarleg umræða fór fram um þetta vandamál.

Ég get ekki neitað því að ég kom aðeins að þessu máli og það var löngu áður en mér datt í hug að ég ætti eftir að koma sem þm. inn á hv. Alþingi. Ég kom inn í þetta sem náttúruverndarmaður og fulltrúi í Náttúruverndarráði og átti á þeim vettvangi hvað mestan þátt í að Náttúruverndarráð veitti jákvæða umsögn varðandi möguleika á að leysa mengunarvandann á Grundartanga. Sá texti, sem ég skrifaði sem umsagnaraðili um þetta og lagði fyrir ráðið í drögum, var saminn eftir bestu vitund og á móti orðum og varnaðarorðum margra minna flokksbræðra sem ræddu málið hér á hv. Alþingi. Ég hafði farið í ferð til Noregs m. a. til að líta á árangur, sem orðið hefði af nýlegum mengunarvörnum í þessum iðnaði þar, og sannfærðist um að hægt væri að ráða við þetta vandamál með þeim búnaði sem þá var nýkominn í notkun og nokkur reynsla fengin af í einni verksmiðju í Kristiansand í Noregi. Ég tel að þetta hafi í raun tekist mjög vel varðandi kísilrykið.

Það, sem bent er á sérstaklega varðandi mengunarhættu af þessari verksmiðju við aðstæður sem ríkja kunna í Reyðarfirði stöku sinnum, þ. e. logn og hitahvörf, er mengun af völdum brennisteinstvíoxíðs eða brennisteinstvísýrings og það er full ástæða til að gefa því atriði gaum og átta sig á með hvaða hætti þar er hægt að bregðast við til að draga sem verða má úr hættu af slíkri mengun. Þar er bent á hönnunaratriði sem taka beri inn í myndina, og þar er einnig bent á að gera kröfur til hráefna, en við skulum ekki mikla þetta um of fyrir okkur. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er auðvitað varúðarmegin og ber að vera varúðarmegin í þessum efnum og virði ég það ekki til verri vegar, síður en svo. En það magn af brennisteinstvíoxíði, sem þarna er talið á ferðinni, er mjög ofmetið í umsögn Heilbrigðiseftirlitsins, að mér er tjáð, og ég held að það hafi komið í ljós við samræður á milli aðila um þetta efni, að þarna er í rauninni um svipað magn af brennisteinstvíoxíði að ræða og kemur frá meðalstórri loðnuverksmiðju. Er ég þó ekki að segja að allt sé gott sem frá þeim kemur, það er mjög langt frá því. En menn verða ekki varir við þessa mengun, hún er lyktarlaus og hún er litlaus, en hún getur verið ertandi ef hún er í ríkum mæli í andrúmsloftinu við viss skilyrði og eins og ég gat um í framsögu minni getur hún einnig valdið sýringu í jarðvegi samfara regni þegar þannig háttar til. Hefur þetta skapað vandamál í iðnaðarhverfum í Evrópu og í sunnanverðri Skandinavíu, eins og ég gat um í inngangi mínum er ég mælti fyrir þessu máli.

Þá skal ég fara að stytta mál mitt. Ég hef þegar vikið að flestu því sem beint var til mín sem athugasemdum eða fyrirspurnum.

Hvað snertir hafnarmannvirkin held ég að engum blandist hugur um að aðstaða til hafnargerðar einmitt við Mjóeyri í Reyðarfirði er með því allra besta sem til er á landinu. Það er ekki víða sem hægt er að koma við að byggja stórskipahöfn fyrir, ef ég man rétt, tæpar 30 millj. kr. Þetta er að mati hafnamálastjórnar.

Varðandi kjördæmisviðhorf í þessu máli vil ég leyfa mér að vekja athygli hv. þdm. á því, að ég hef ekki verið að safna neinum stórkostlegum minnismerkjum, sem óeðlilegt geti talist, í sambandi við þessi efni í mínu kjördæmi, ef menn taka tillit til þess, að þar er að finna þriðjunginn af hagkvæmustu vatnsorku landsins. Samt lútum við því Austfirðingar, þm. Austurlands, að mæla með því að það verði ráðist í að beisla þann sopa sem rennur til sjávar í öðrum landshluta og er þá nærri fullvirkjað. (Gripið fram í.) Og allt í fári þar til fyrir skömmu að friðvænlegar horfir. En það er sannarlega tími til kominn að hugað sé að því að nýta þessar ríkulegu orkulindir Austurlands, því það verður auðvitað ekki gert á mjög skömmum tíma svo vel fari, og ef ætti að fara út frá því sjónarmiði ætti ekki að vera vafi á hvar fyrst ætti að hefjast handa í rauninni. Þarna er sem sagt verið að byrja með því að setja upp fyrirtæki sem allra fyrstu árin er gert ráð fyrir að fái orku sína aðflutta frá virkjunum í öðrum landshlutum eftir því línukerfi sem byggt hefur verið upp og er í uppbyggingu og síðan fái það einmitt orku frá þeirri virkjun sem verður önnur í röðinni, hinni stóru Fljótsdalsvirkjun.

Ekki vil ég hefja hér upp deilur eða upprifjanir varðandi búskapinn á kristfjárjörðum eða spurningunni um hvort það sé réttmæt ráðstöfun, sem lagt er til í þessu frv., að selja umræddar kristfjárjarðir til ríkisins. Um það hefur tekist góð samvinna milli sveitarfélaganna, sem hugsa einmitt til að nýta afrakstur inn af söluandvirði í sama tilgangi og frumhugmynd með kristfjárjörðum mun hafa stefnt að. **(Gripið fram í:** Áttu þær ekki að vera til framfærslu þurfalinga?) Jú, en sem betur fer eru aðstæður á Austurlandi breyttar frá því sem var á þjóðveldisöld, þegar þessar jarðir voru lagðar undir Kristbónda. Heimildir eru eldri en svo að þær finnist varðandi þessa gjörð, en það er a. m. k. fyrir miðja 14. öld sem ráðið var að leggja þessar jarðir til framfærslu bágstaddra. En hugmynd sveitarfélaganna, sem hafa undirbúið samning um þetta mál, mun vera að leggja til að afrakstrinum verði varið til að hlúa að öldruðum, byggja yfir aldraða, og er það góð og verðug hugmynd.

Herra forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég hef reynt að veita hv. þdm., sem um þetta mál hafa talað, nokkra úrlausn. Ég bið velvirðingar á því, að ég hef ekki haft hér svör á reiðum höndum við öllu, en ég þakka undirtektir þeirra við þetta mál og ég þakka þann hug, sem hér hefur fram komið, að reyna að koma málinu fram þó skammur tími sé til þingloka, og mun fyrir mitt leyti hlutast til um að mönnum gefist færi á að hvetja væntanlega stjórn þessa fyrirtækis til að hafa auga á því, að hv. Alþingi geti fengið að fylgjast með þessu máli og fái til meðferðar þær niðurstöður úr framhaldsathugunum sem þurfa að liggja fyrir áður en afstaða verður tekin til atriða sem þurfa að liggja fyrir samkv. 3. gr. frv. áður en ráðið verður um framkvæmdir við verksmiðjuna.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Ég þakka þau svör sem komu frá hæstv. iðnrh. varðandi fáeinar af fyrirspurnum mínum þó að sumt af því hrykki kannske nokkuð skammt. Ég mun ekki gera þetta að miklu umræðuefni nú, en það verður að teljast heldur rislágt þegar hæstv. ráðh. tínir það til að sá ljósi punktur sé í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að út frá forsendum, sem séu reyndar

óvissar og kannske rangar, hafi verkefnisstjórnin reiknað of lága afkastavexti og Þjóðhagsstofnun hafi tekist að leiðrétta það örlítið upp á við. En þessi útreikningur upp á kommur skiptir náttúrlega minna máli en að menn líti rétt á þær forsendur sem fyrir hendi eru. Það, sem ég var sérstaklega að leita eftir að draga fram í umr. í kvöld, var spurningin um hvaða forsendur væru réttar og hvaða mat bæri að leggja á aðstæður varðandi rekstur þessarar verksmiðju og þá einkum og sér í lagi með tilliti til áhættumats.

Ég gerði það sérstaklega að umræðuefni, að þetta viðfangsefni gerir meiri kröfur en önnur þau viðfangsefni sem við höfum haft á sviði orkufreks iðnaðar með tilliti til þess að hér er öðruvísi að staðið. Hér er gert ráð fyrir að ekki komi til með sama hætti og í sambandi við hinar verksmiðjurnar tvær að þetta verði metið af hálfu annarra aðila, sem hafa reynslu í greininni, né heldur erlendra lánastofnana, nema þá að hluta til og greinilega mjög takmörkuðum hluta, ef menn gera ráð fyrir að það verði ríkisábyrgðir á þessum lánum, vegna þess að það fríar eiginlega lánastofnanirnar við að leggja mat á þetta fyrirtæki eitt sér, og þá er það íslenska ríkið sem hefur tekið á sig að gera þetta mat og stendur ábyrgt fyrir þessum greiðslum. Það horfir strax öðruvísi við ef ekki væri hugmyndin að vera með ríkisábyrgðir, heldur ætti að afla lána á alþjóðlegum markaði fyrir þetta fyrirtæki þannig að það stæði á eigin fótum og ekki væri hugmyndin að ríkisábyrgðir væru veittar.

Nú minntist hæstv. ráðh. á þjóðhagslegan kostnað, sem væntanlega kæmi til góða. Það, sem hann átti við, var að sá kostnaður, sem í væri lagt þarna, kæmi kannske að einhverjum öðrum notum eftir mælikvörðum sem menn ættu erfiðara með að leggja mælistiku talnanna á, eins og eflingu byggða. Undan því skal ekkert vikist og vitaskuld er það svo, að í sambandi við hverja eina framkvæmd eru ýmsir þættir sem verður að horfa á, enda tel ég að ég hafi getið þess í framsöguræðu minni. En þá verður líka jafnframt að gera kröfu til þess, að þegar litið er á kostnaðinn séu teknir allir þeir kostnaðarþættir með sem af verkefninu stafa, þ. á m. vatnsveita, höfn, raforkulínur og vegalagnir, flýting annarra meginstofnlína og þar fram eftir götunum. Þetta tel ég að eigi að gera.

Sumum af mínum fsp. vísaði ráðh. frá sér, eins og t. d. varðandi það að ætla sér að vera með svo ótrúlega litlar hráefnisbirgðir sem raun ber vitni. Það er auðvitað ástæða til að leita þá annað eftir svörum við þeim, í nefnd ellegar þá síðar hér við 2. umr. ef ráðh. er við því búinn.

Það má segja að svipað gildi um það, að nýtingin geti verið 90%. Það fengust eiginlega ekki önnur svör við því en aðili, sem heitir Fesil, í Noregi hefði stungið upp á þessari reiknitölu. Mér finnst í ljósi þeirra upplýsinga, sem hafa komið fram í ýmsum gögnum síðan sú uppástunga var væntanlega gerð, að það gefi tilefni til þess, að þetta verði skoðað mjög nákvæmlega og hversu haldgott það sé að reikna þarna með 90%.

Um orkuverðið gat ráðh. þess, að þar væri þó hugmyndin, þó um fast verð væri að ræða, að vera með verðtryggingu. Hins vegar var engin viðmiðun gefin. Nú er það að vísu svo, að í samningunum við ÍSAL um sölu á raforku til þeirra er líka verðtryggingarklásúla, en hún mælir ekki með fullnægjandi hætti fyrir okkur, og það kemur fram í gögnum, sem menn geta lesið frá ýmsum erlendum stofnunum sem hafa fjallað um þetta efni, að verðtryggingarákvæði séu í sjálfu sér góðra gjalda verð, en þau geti ekki komið í staðinn fyrir möguleika á að endurskoða verðið út frá breyttum forsendum af þeirri einföldu ástæðu, að það er ekki hægt að sjá nægilega vel fyrir þróunina í þjóðfélaginu. Sá málatilbúnaður, sem uppi er hafður varðandi raforkusölu til ÍSALS og nauðsyn þess að vera með endurskoðunarklásúlu í þeim samningi, á því auðvitað alveg eins við í þessum samningi, nema þá að menn vilji líta svo á að hér sé ríkið að semja við sjálft sig. En ef svo er skiptir raforkuverðið heldur engu máli því að þá líta menn svo á að hér sé í rauninni meira og minna um eina og sömu kistuna að ræða og það, sem ekki verði tekið í raforkuverði, verði þá tekið í hagnaði sem sé skattlagður og greiddur arður af.

Mér fannst ekki heldur svar ráðh. varðandi verðhlutfall milli kísilmálms og járnblendis vera fullnægjandi. Hann svaraði því einu til að gert væri ráð fyrir hagstæðari verðþróun í kísilmálmi en járnblendi. En hér er beinlínis um það að ræða að líta á verðlag þegar á árinu 1982 og þar kemur fram sá mikli mismunur sem ég gerði hér að umtalsefni, þannig að það er spurningin um byrjunina og ekki einungis um hvernig þróunin verði í grófum dráttum á næstu árum.

Spurningum mínum varðandi Kröflu svaraði ráðh. á þá leið, að hann væri ekki bjartsýnn, en því var ekki svarað, hver hefði verið árangurinn nettó af þeim borunum sem hefðu farið fram á þessu ári. Ég taldi eðlilegt að það kæmu fram svör við því til þess að menn gætu betur metið hvaða möguleikar væru á að ná þessu 20 mw. marki, og ég vil ítreka þessa spurningu af mjög einfaldri ástæðu, ekki bara vegna þess að það sé skortur fyrirsjáanlegur og skömmtun til þessarar verksmiðju miðað við 20 mw., heldur er ekkert í þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, um hvað gerist ef 20 mw. koma ekki í Kröflu, ef þau reynast verða 10—14. Það er talað um skömmtun miðað við að það séu 20 mw. í Kröflu, en það er engin grein gerð fyrir hversu mikil sú skömmtun þyrfti að vera eða hvaða áhrif það hefði varðandi rafmagnssölu til þessa fyrirtækis ef þessi spá rættist ekki. Við því verður auðvitað að fást viðhlítandi svar eftir að ráðh. hefur gefið þá yfirlýsingu að hann sé ekki bjartsýnn á að þetta mark muni nást.

Varðandi spurningu mína um raunvextina svaraði hæstv. ráðh. því einu til, að Samuel Hill hallaðist að þeim raunvöxtum sem gert væri ráð fyrir í skýrslu verkefnisstjórnar og öðrum þeim plöggum sem fram eru lögð, en það telst varla viðhlítandi svar að gefa engar frekari skýringar eða rökstuðning fyrir því þegar mótrök hafa komið fram og verið sýnt fram á það af hálfu þeirrar stofnunar, sem fer með þessi mál af okkar hálfu, að raunvextir séu nú mun hærri en ráð er fyrir gert í þessari skýrslu.

Herra forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta, en mér sýnist, að þau svör, sem hafa fengist frá hæstv. ráðh., geti ekki talist fullnægjandi, og geri kröfu um að frekari svör fáist við 2. umr. um þetta mál ellegar þá í starfi nefndarinnar til þess að menn geti áttað sig á, hvað hér er á ferðinni, og lagt á þetta eðlilegra áhættumat.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 14 shlj. atkv. og til iðnn. með 14 shlj. atkv.

Almannatryggingar, frv. (þskj. 926). — Ein umr.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Heilbr.- og trn. Nd. gerði nokkrar breytingar á því frv. sem hér er til umr., frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 með síðari breytingum.

Fyrsti flm. þessa frv. var hv. þm. Kjartan Jóhannsson. Frv. fjallaði um óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis og óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús o. s. frv., eins og þar stendur. Eins og hv. Ed. afgreiddi þetta mál frá sér var gert ráð fyrir að óhjákvæmilegur ferðakostnaður samlagslæknis væri alfarið greiddur þegar ekið væri lengra en 10 km. Í Nd. var gerð sú breyting á þessu, að samlagsmaður skyldi ávallt greiða 20 krónur. Að því er varðar óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks manns í sjúkrahús var gerð sú breyting í Nd., að Tryggingastofnun skyldi greiða 7/8 hluta, þó greiði samlagssjúklingur aldrei meira en 500 kr. Að því er varðar fylgd hins sjúka, þá er átt við fylgdarmann, verði 7/8 hlutar af þeim kostnaði greiddir jafnvel þótt þótt um áætlunarferð sé að ræða.

Herra forseti. Ég hef ekki séð ástæðu til að kalla heilbr.- og trn. saman út af þessu máli. Á því hefur verið þreifað við hv. nm., hvernig þeim falli í geð þessar breytingar sem þeim voru kynntar lauslega meðan málið var til umfjöllunar í Nd. Ég hygg ég mæli þar fyrir munn nm. að það er fallist á þessar breytingar og þetta handbragð Nd.-manna á frv. Legg ég því til að frv. verði samþykkt.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Þessi breyting hv. Nd. á frv. er auðvitað frekar spjöll á því. Það er langtum betra og mun skynsamlegra eins og það var flutt í upphaflegri mynd. Ég féllst á nokkrar breytingar, sem voru gerðar í hv. heilbr.- og trn. þessarar deildar, og taldi að frv. héldi gildi sínu að mestu leyti þrátt fyrir það. En heldur hefur sigið undan í meðferð hv. Nd., þar sem þau kerfissjónarmið hafa orðið ofan á að gera ævinlega og ætíð ráð fyrir því, að þeir, sem sjúkir eru, eigi þá ósk heitasta og virðist helst vera að hugsa um það að plata almannatryggingakerfið. Þessi viðhorf setja að mínum dómi allt of ríkmörk á þá löggjöf sem í gildi er varðandi almannatryggingar, í stað þess að það á að mótast af því viðhorfi að hér sé um samhjálp að ræða. Engu að síður verður að viðurkenna að hér er um að ræða spor í rétta átt, miðað við þá mynd sem frv. er í núna, og því einsýnt og eingefið að mæla með því, að það verði samþykkt í þeirri mynd eins og á stendur nú.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 932).

Neðri deild, 87. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, kl. 1.30 miðdegis.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 801 (sbr. 30), n. 896 og 898, 899). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 22:1 atkv.
2.—6. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—13. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
14.—18. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
19.—26. gr. samþ. með 20:1 atkv.
27.—28. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Brtt. 899 samþ. með 23 shlj. atkv.
29. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
30.—34. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
35.—41. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
42.—46. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
47.—56. gr. samþ. með 25 shlj. atkv.
57.—58. gr. samþ. með 24 shlj. atkv.
59.—60. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
61.—62. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Ákv. til brb. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 24 shlj. atkv.

Fóðurverksmiðjur, frv. (þskj. 846, n. 890 og 891). — 2. umr.

Frsm. meiri hl. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Á þskj. 890 er nál. frá meiri hl. landbn. um það, að meiri hl. leggur til að frv. verði samþykkt eins og það kom frá Ed. Undir þetta nál. skrifa fyrir utan mig hv. þm. Þórarinn Sigurjónsson, Skúli Alexandersson og Eggert Haukdal. Minni hl. hefur skilað séráliti.

S. l. mánudag ræddi hæstv. landbrh. um þetta mál, þegar 1. umr. fór fram, og ég sé ekki ástæðu til þess að rifja það upp þar sem það er svo nýrætt hér í deildinni, en vísa til þess sem þar kom fram um þetta mál.

Frsm. minni hl. (Steinþór Gestsson): Herra forseti. Það frv. til l. um fóðurverksmiðjur, sem lagt var fram af hæstv. landbrh. í Ed. fyrr í vetur, hefur ekki komið til Nd. í því formi sem það var lagt fram og er aðeins stuttur kafli úr því sem okkur er sendur hingað í hv. deild til þess að fjalla um og beiðst samþykktar á. Landbn. þessarar hv. deildar gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins og vil ég gera nokkra grein fyrir afstöðu minni hl. þegar það kemur nú til 2. umr.

Mér þykir rétt að geta um það hér í upphafi, að það mun hafa verið á árunum 1972—1973 sem sett var sérstök nefnd til þess að gera áætlun um uppbyggingu fóðurverksmiðja í landinu. Í henni áttu sæti menn annars vegar frá þeim fóðurverksmiðjum, sem þegar hafði verið komið upp, eða frá Landnámi ríkisins sem var umsjáraðili með þeim verksmiðjum, og að hinu leytinu frá Búnaðarfélagi Íslands. Ég held, að þessi nefnd hafi unnið mjög gott starf og hún hafi skilað — ég vil nú ekki segja nefndaráliti, en þó verður það sennilega kallað það. Þar voru ábendingar um það, hvernig skyldi staðið í framtíðinni að uppbyggingu slíkra verksmiðja. Það fyrsta, sem maður rekur augun í þegar yfir það er farið, er að

eftir að nefndin hafði kynnt sér þær verksmiðjur, sem þá voru í gangi, kemst hún að þeirri niðurstöðu, að flest bendi til þess, að þessar verksmiðjur séu af þeirri rekstrareiningu sem sé ekki hin hagkvæmasta. Þeir leggja til að verksmiðjurnar verði stækkaðar til þess að geta skilað ódýrara fóðri og ódýrari framleiðslu. M. a. segja þeir: „Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að þegar verði gerð áætlun um endurbyggingu verksmiðjunnar í Gunnarsholti þannig að eimingargeta hennar verði a. m. k. 10 tonn á klukkustund, sem svarar til ca. 4000 tonna framleiðslu og stefnt að því, að sú breyting geti orðið sem allra fyrst."

Það var fljótlega horfið að þessum ráðum og verksmiðjan á Gunnarsholti stækkuð og endurbætt. Ég veit ekki til að neinn maður hafi dregið í efa að við þá aðgerð hafi rekstrarstaða þeirrar verksmiðju batnað mjög.

Þegar þetta frv. kom til 1. umr. hér í hv. deild sagði ég fáein orð og gat þess, að það væri tvennt, sem þyrfti að taka afstöðu til þegar skyldi setja niður nýja verksmiðju, og ég vissi ekki til að enn hefði verið gert upp hvora leiðina ætti að fara. Ég gat um að það yrði annars vegar að fara eftir því, að verksmiðjan væri sem best staðsett þannig að hráefnisöflunin, uppskeran af jörðinni, yrði sem öruggust bæði að því er snertir magn og gæði fóðursins. Ef eftir því væri farið alfarið yrði varla hjá því komist að ýmsir þeir, sem þyrftu að nota framleiðslu slíkra verksmiðja, yrðu að flytja framleiðsluna nokkuð langan veg og þannig yrði án verðjöfnunar um verulegt misræmi að ræða milli þeirra sem þyrftu á framleiðslunni að halda. Hins vegar er svo það, hvort á að fara þá leiðina að dreifa verksmiðjunum sem mest um landið til þess að jafna flutningskostnað á þennan hátt, en eiga þá yfir höfði sér að til geti komið misjafnlega örugg hráefnisöflun. Á þetta bendir þessi nefnd einmitt á þessum sama tíma. Nefndin lítur svo á að við staðsetningu nýrra verksmiðja þurfi framar öðru að taka mið af tveimur afgerandi þáttum: annars vegar ræktunaröryggi, fullnægjandi landstærð og vinnslutíma og á hinn bóginn markaðssvæðum og flutningaleiðum.

Í lok álits síns segir nefndin að hún telji rétt að unnið verði áfram að áætlunargerð um þessi mál og verði á þessu ári lögð aðaláhersla á að komast að því, hvaða stærð verksmiðju muni verða hagkvæmust hér á landi, og lokið verði við að gera 10 ára áætlun 1973—1974. Annað ártal er ekki á því plaggi sem ég hef hér, en það bendir til að nefndin hafi unnið fyrir þessi tímamörk.

Ég verð að segja að mér kom það nokkuð á óvart þegar ég sá frv. sem upphaflega var lagt fyrir Alþingi í vetur, að í því skyldi ekki vera komið neitt sem ég get kallað svo inn á þessa meginþætti sem ég var núna að benda á að nefndin hefði fjallað um. Mig furðar enn þá meira á því fyrir þá sök, að einn af nm. á þessum tíma, sem gefa út þetta nál., er núv. hæstv. landbrh. Ég er svo mjög sammála fyrra áliti hans í þessu efni að mér sýnist að það þurfi nauðsynlega að binda það í lögum, að hverju verði farið um stofnun og staðsetningu þeirra verksmiðja sem upp þarf að byggja, og ég hefði vænst þess, að þetta hefði verið sett inn í frv. Ég tel fulla þörf á að við það sé staðið og það sé gert, því að í aths. með þessu lagafrv. er getið um það, að áhugi og að nokkru leyti ákvarðanir séu um að reisa þrjár verksmiðjur í viðbót við það sem þegar hefur verið gert, þ. e. í Hólminum í Skagafirði, í Saltvík nærri Húsavík og í Borgarfirði. Við, sem nú sitjum á Alþingi, sjáum að komin er á borð alþm. till. um stofnun fjórðu verksmiðjunnar í Mýrdal.

Af þessari upptalningu um nýjar verksmiðjur, sem gert er ráð fyrir að koma upp eða menn hafa hugmynd um að reisa, verður ekki lesin nein stefna um það, hvora leiðina eigi að fara af þeim tveimur meginleiðum sem verður að velja um. Það er hvorki um að ræða, að þeim sé fyrst og fremst valinn staður með sem mestu öryggi vegna uppskerunnar né að þeim sé dreift þannig að það svari til sem hagkvæmastra flutningaleiða fyrir notendur framleiðslu þeirra. Á það sérstaklega við um verksmiðjuna sem till. er um að byggja upp í Mýrdalnum, því að þar eru aðrar verksmiðjur svo nærri að ekki er hægt að segja að gert sé ráð fyrir að dreifingarvandamál sé leyst með því að setja hana niður þarna.

Þetta frv., eins og það kom fyrir Alþingi í vetur, var sent til Búnaðarþings til umsagnar. Búnaðarþing samþykkti umsögn á þá leið, að það mælti með að ríkisstj. fengi heimild til að ríkissjóður tæki þátt í hlutafélögum um stofnun og rekstur grasköggla verksmiðja svo sem fram kemur í I. kafla frv. Auk þess segir svo í ályktun Búnaðarþings: „Hins vegar telur þingið, að önnur ákvæði frv. þurfi nánari athugunar við, og leggur því til að þau verði ekki lögfest. — Búnaðarþing vísar til ályktunar sinnar frá 1981 um eflingu fóðuriðnaðar og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og nefnd þingsins um fóðuriðnað að vinna að þessu máli áfram."

Til þess að menn séu ekki í vafa um það, við hvað er átt hér, vil ég kynna þá ályktun, sem gerð var á Búnaðarþingi 1981. Hún er á þessa leið, með leyfi forseta:

„Búnaðarþing leggur áherslu á, að nýta beri innlenda orku í fóðuriðnaði, og telur tilraunir á því sviði meðal brýnustu verkefna. Þingið vill minna á þá aðstöðu til notkunar jarðhita í þessu skyni, sem er við fyrirhugaðar verksmiðjur í Saltvík, Vallhólmi og í Borgarfirði, beinlínis með það fyrir augum að nota jarðhita til þurrkunar, sbr. þáltill. þar um. Auk þess telur þingið, að vernd gegn óhóflegum innflutningi á kjarnfóðri og auknar rannsóknir á þýðingu og hollustu grasköggla sem fóðurbætis ásamt glöggum leiðbeiningum um fóðrun séu m. a. forsendur fyrir því, að íslensk fóðurframleiðsla komi að verulegu leyti í stað innflutnings á fóðri. Þingið leggur til, að endurskoðuð verði lög um grænfóðurverksmiðjur frá 1971, og kýs þriggja manna nefnd til þess."

Sem einn af stjórnarmönnum Búnaðarfélags Íslands hlýt ég að verða við ályktun og áskorun Búnaðarþings um að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að hlutast til um að nefnd þingsins um fóðuriðnað vinni að þessu máli áfram, og ég vinn að því með því að leggja til að þessu frv. verði að nýju vísað til ríkisstj. Ég tel að því sé svo áfátt í mörgu efni að fullkomin ástæða sé til þess að vinna það upp á nýtt og með fyllri hætti, það sé fyllilega, eins og ég sagði áðan, í samræmi við óskir þeirra, sem þessara verksmiðja eiga að njóta í framtíðinni, að gengið sé að því á nýjan leik að byggja upp þetta frv.

M. a. vil ég geta þess, að þó að hér sé gert ráð fyrir að þær þrjár verksmiðjur, sem þegar hefur verið tekin ákvörðun um að einhvern tíma verði byggðar, noti jarðhita við þurrkunina, þá held ég að mér sé óhætt að fullyrða að það hefur í raun og veru ekki verið gerð nein tilraun með það, með hverjum hætti er auðveldast og áhrifaríkast að nýta jarðhitann til þurrkunar. Ég veit ekki til að það hafi verið bent á aðra leið en þá að nota bandþurrkara. Sú aðferð hefur þann reginannmarka að það, sem léttara er af því efni sem verið er að þurrka,

liggur í dálitlu lagi yfir bandþurrkaranum og ofþornar á meðan hitt verður að vera lengur á bandinu til þess að þorna.

Ég furða mig nokkuð á því, að ekki skuli hafa verið gengið með alvarlegri hætti í það að gera tilraun með þurrkun sem væri eitthvað í átt við það sem notað er við kísilverksmiðjuna við Mývatn. Mér er sagt að það hafi tekið nokkurn tíma að komast niður á það, með hverjum hætti það yrði hagkvæmast. En ég veit ekki betur en það hafi orðið í góðu lagi.

Það er sjálfsagt eitt og annað sem mér sýnist að þyrfti að vera í þessum lögum umfram það sem hefur komist inn í frv., en nú má segja að það fjalli fyrst og fremst um það, að ríkisstj. sé heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélags og við staðarvalið beri að hafa í huga aðstöðu til hráefnisöflunar, orkuöflunar og nálægð markaða. Síðan er gert ráð fyrir því, hvernig skuli skipa stjórn slíkra mála, slíkra verksmiðja, sem er með öðrum hætti en er í núverandi verksmiðjum.

Eitt er það þó sem ég veit til að þegar hefur verið ákveðið um eina verksmiðjuna sem ég tel að eigi að koma inn í frv. þegar það verður samþykkt, ef á annað borð á að halda sig við þá ákvörðun sem þegar hefur verið tekin. Og þá vil ég vitna til bréfs sem tveir hæstv. ráðherrar hafa skrifað 11. febr. s. l. Þar er í framhaldi af samningi um stofnun hlutafélags um byggingu og rekstur grasкögglaverksmiðju í Vallhólmi í Skagafirði, þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður eigi 75% hlutafjár, það er nú ekkert um það í lögum, en aðrir hluthafar 25%, lýst yfir af hálfu ríkisins að ríkissjóður muni bera kostnað af rafleiðslum og spennistöðvum til að koma raforku miðað við 500 kw. spennistöð til verksmiðjunnar. Verður kostnaðurinn greiddur sérstaklega af framlögum á fjárl., sem veitt eru til verksmiðjunnar, og er sú greiðsla óháð hlutafjárframlagi. Ef þetta á að vera reglan, sem mér þykir einsýnt að gera ráð fyrir, álít ég að það eigi að koma inn í frv. um leið og önnur fjármögnun er þar ráðgerð.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að lengja mál mitt frekar um þetta efni. Ég held að mönnum blandist varla hugur um að það er ástæða til að skoða þessi mál betur, og tillaga okkar í minni hl. er sú, að þessu frv. verði vísað til ríkisstj.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Eins og fram hefur komið er þetta frv., eins og það nú er, aðeins um hluta þess máls sem hér er um að tefla. Ljóst er að það þarf að setja viðtækari löggjöf um fóðuriðnað heldur en hér kemur fram, enda var gert ráð fyrir því þegar frv. var upphaflega lagt fram. Hluti af frv. hefur verið dreginn til baka, m. a. í samræmi við ábendingar Búnaðarþings og ábendingar úr þingnefnd sem um málið hefur fjallað.

Því hefur verið yfirlýst af minni hálfu, að ég muni láta athuga þetta mál frekar á þessu sumri, þannig að gera má ráð fyrir að unnt verði að leggja málið að nýju og þá í viðtækara formi fyrir næsta Alþingi. Ég vil gefa þá yfirlýsingu hér, að ég mun um val manna í nefnd til þess að fjalla um þetta mál hafa samráð við þingflokkana til þess að greiða fyrir því, að þetta mál verði þannig undirbúið, þegar það kemur aftur til kasta Alþingis, að meiri líkur séu til að það hljóti samþykki hv. Alþingis í heild, eins og auðvitað er þörf á að gert verði. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla um það frekar hér, en ég vænti þess, að þessi yfirlýsing megi duga til þess að greiðara verði að koma fram þeim ákvæðum sem frv. hefur nú að geyma og eru í mínum augum mjög mikilvæg.

Ég vil svo aðeins bæta því við vegna þess, sem síðast kom fram í máli hv. 2. þm. Suðurl., að varðandi yfirlýsingu okkar hæstv. fjmrh. varðandi framlög til rafstrengs, sem frægt er orðið, þá er ónotað fé frá fjárlögum 1981, 900 þús. kr., sem unnt er að nota í þessu skyni. Þessi rafleiðsla ásamt spenni er talin kosta 300—400 þús. kr., og mörg fordæmi eru fyrir því, að slíkar raflagnir séu kostaðar af ríki utan hlutafjárframlaga. Þetta vildi ég að kæmi hér fram þó að það hafi áður verið skýrt.

Ég vænti þess, að orð mín megi verða til þess að greiða fyrir því, að frv. verði afgreitt eins og það liggur nú fyrir og tekin verði fyrir að nýju til athugunar ýmis önnur ákvæði um þetta efni sem nauðsynlegt er að lögfesta.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það blandast auðvitað engum hugur um það, að hér er um að ræða mikið mál sem skiptir landbúnaðinn verulega miklu máli, og einnig hitt, að fóðuriðnaðurinn í tengslum við landbúnaðinn á mikla framtíð fyrir sér. Einnig er það, eins og fram kemur í grg. með þessu frv. og aths. sem við það hafa verið gerðar, að feikilega miklir möguleikar eru í fóðuriðnaði við að bæta við þá framleiðslu sem fyrir er í landinu. Og ekki vil ég draga úr því, að sú almenna stefnumörkun, sem fram kemur í frv., er auðvitað jákvæð. Hitt hygg ég að sé aftur verra, að eins og þetta frv. kemur frá hv. Ed. eru á því feikilegir vankantar. Ég hygg að öllum séu þessir vankantar ljósir og þá einnig hæstv. landbrh. og að í ræðu sinni áðan hafi hann verið að gera tillögur um að framkvæmdin yrði með nokkuð öðrum hætti en lagagreinarnar gera ráð fyrir. Út af fyrir sig vil ég þakka það, með hverjum hætti hæstv. ráðh. tekur á þessu máli.

En við verðum samt að athuga með hvaða hætti þetta gerist. Þannig er að það er lagt fram í hv. Ed. fyrr í vetur frv. til l. um fóðurverksmiðjur, en þar segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga um eignaraðild og rekstur fóðurverksmiðja sem eru í ríkiseign."

M. ö. o. er um að ræða allverulegar takmarkanir, þó svo að þetta sé, eins og það stendur þarna, óvenjulega vítt lagaákvæði, því að eins og segir í aths. með þessu frv. eru hér á landi starfræktar 5 grænfóðurverksmiðjur, þ. e. í Gunnarsholti á Rangárvöllum, Stórólfshvoli, Flatey á Mýrum, Saurbæ í Dalasýslu og í Brautarholti, en sú verksmiðja ein er ekki nú í ríkiseign. Síðan eru í undirbúningi þrjár verksmiðjur, í Skagafirði, í Suður-Þingeyjarsýslu og í Borgarfirði, og loks hefur sem 305. mál þessa þings nú nýverið verið lögð fram till. til þál. um slíka verksmiðju í Vestur-Skaftafellssýslu.

Eins og frv. var upphaflega flutt var um að ræða heimild til þess, að ríkisstj., — ég hygg að sé formlega rangt að vísu að tala um ríkisstj. í þessu sambandi, það mundi eiga að vera ríkissjóður, — en henni er heimilt að taka þátt í stofnun slíkra hlutafélaga um þær 4 verksmiðjur, sem fyrir eru og eru í ríkiseign, og lagaákvæðið hefði ekki verið víðara. Þó að svo hefði verið hefði hér verið um mjög vítt lagaákvæði að ræða.

En svo gerist það, að eftir 2. umr. í Ed. kemur brtt. frá 1. minni hl. n., þ. e. Jóni Helgasyni og Davíð Aðalsteinssyni, sem er samþykkt og þar segir svo í 1. gr., með leyfi hæstv. forseta: „Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í

stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur.“ M. ö. o. opnar þessi frvgr. upp allar gáttir, hún veitir ríkisstj. heimild til þess að taka þátt í stofnun hlutafélaga um hvaða fóðurverksmiðju sem vera skal í tíma og rúmi og óbundinni framtíð. Ég held að það segi sig alveg sjálft um frv. eins og þetta, að hv. Alþingi getur ekki látið svona frv. frá sér fara. Í fyrsta lagi væri það í hæsta máta óvenjulegt, svo að ekki sé meira sagt, en í annan stað er ekki hægt að framselja vald með þessum hætti. Við skulum aðeins taka eitt dæmi. Hér hefur verið flutt till. til þál. um grasögglaverksmiðju og gott og vel, það er venjulegur gangur þessa máls. Ef þessi tillgr. verður samþ., þarf ekki lengur á slíkri þáltill. að halda. Þá getur ríkisstj. upp á sitt eindæmi hafist handa og ekki bara í Vestur-Skaftafellssýslu, heldur í hverri einustu sýslu og hverjum einasta hrepp hringinn í kringum landið. Það eru engar takmarkanir á því, hversu stór hlutur ríkisins megi verða. Hann má verða allt að 100%. Það eru engar takmarkanir á því, hversu margar verksmiðjur hér sé átt við. Eins og frv. var lagt fram af ríkisstj. upphaflega og var nógu frekt, þá var það þó bundið við þessar fjórar verksmiðjur sem fyrir voru í ríkiseign. Ég er ekki alveg viss um að meiri hl. í Ed. hafi verið nákvæmlega ljóst, eins og vill gerast í þessum hröðu vinnubrögðum, hversu víðar og opnar heimildir menn voru að samþykkja.

Ég þykist geta sagt með nokkrum rétti, ekki síst eftir ræðu hæstv. landbrh. áðan, að það vakir auðvitað ekki fyrir honum eða ríkisstj. að nýta sér þessar galopnu heimildir eins og lögin gera ráð fyrir. Ég vil meta það og ekki vera að snúa út úr því með neinum hætti, enda engin ástæða til annars en að nálgast þetta með fyllstu kurteisi og meta það og skoða skjöl og gögn þar um. En málið er bara ekki svona einfalt. Þó svo þetta sé hugsun núv. hæstv. landbrh. og hann vilji eðlilega fá þessar heimildir sem fyrst til þess að geta gengið frá málum þar sem þetta horfir til vandræða nú um stundir, þá kemur auðvitað ríkisstj. eftir þessa ríkisstj., landbrh. eftir þennan landbrh., og allra handa breytt sjónarmið kunna að vera uppi í samfélaginu. Eins og hér er lagt til og ef þetta frv. yrði samþykkt, þá stæði í lögum þessi einfalda setning: „Ríkisstj. er heimilt að taka þátt í stofnun hlutafélaga, sem eigi og reki fóðurverksmiðjur.“ — Það er án takmarkana, takmarkalaust. Ég segi fyrir mig og ég vil endurtaka það, að ég vil ekki vera að snúa út úr því, hvað vakir fyrir landbn., meiri hl. hennar, sem mælir með þessu frv., eða hæstv. landbrh. En ég vil segja það líka, að ég get ekki varið það fyrir samvisku minni að vera að veita um alla framtíð eða þangað til því verður breytt aftur svo opnar heimildir sem hér er um að ræða, hafandi ekki hugmynd um hverjir koma til með að framkvæma þetta í framtíð nær eða fjær. Ég vil undirstrika það og segi enn, ekki síst vegna ræðu hæstv. landbrh. áðan, að það er efalítið ekki þetta sem fyrir þeim vakir, það er ekki verið að biðja um þessar galopnu heimildir sem hins vegar frv.-textinn hér gerir ráð fyrir.

Eins og málin standa núna er hér till. frá minni hl. hv. landbn., sem hv. 2. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, hefur mælt fyrir, um að vísa málinu til ríkisstj., sem þýðir auðvitað að það frv., sem hér er, nær ekki fram að ganga. Ég tel að það væri hin rétta meðferð á þessu máli, en undirstrika um leið það sem ég hef áður sagt, bæði um þessa atvinnugrein í heild sinni og svo hitt, að ég ber fulla virðingu fyrir því, hvað að baki þessu frv. býr. En að öðrum kosti og verði ekki um annað samkomulag, þá boða ég það að flytja brtt. við 3. umr. málsins þar sem dregið verði úr þessu opna ákvæði, eins og það stendur nú í 1. gr. frv., vegna þess að ég tel það með engu móti verjandi gagnvart skattgreiðendum í þessu landi að ganga svo frá þessu máli.

Ég vil enn vekja athygli á því, að eins og 1. gr. er, þ. e. án takmarkana hversu stór hlutur ríkisins á að vera, án takmarkana hversu margar þessar verksmiðjur kunna að vera, þá sé ég ekki betur en nákvæmlega í þessa veru séu hv. þm. Suðurl., nema hv. 2. þm. Suðurl., Steinþór Gestsson, þegar farnir að ganga á lagið að kynna mál. En verði þetta frv. samþ. eins og það nú stendur þarf enga slíka þál., þá er þetta ekki lengur mál Alþingis.

Á undanförnum vikum hefur hv. Alþingi verið að fjalla um eignaraðild ríkisins að atvinnufyrirtækjum, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, sykurverksmiðju í Hveragerði, steinullarfyrirtæki fyrir sunnan eða fyrir norðan, og menn getur greint á í hverju einstöku tilfelli. Hinn eðlilegi gangur er auðvitað sá, að ef hugmyndir eru um annaðhvort breytta eignaraðild, þar sem horfið er frá algerri ríkiseign og yfir í hlutafélagsform eða að ríkið stofni og reisi verksmiðju af þessu tagi, t. d. í Vestur-Skaftafellssýslu, þá er auðvitað hinn rétti gangur sá, að hér á Alþingi sé fjallað um sérhvert slíkt mál þegar það kemur upp. En hér er ekki verið að leggja það til. Hér er verið að leggja það til að því er þennan tiltekna iðnað varðar, að því er fóðuriðnaðinn varðar, að Alþingi selji allt slíkt vald frá sér í hendur ríkisstj., hver sem hún er og hver sem gegnir hlutverki landbrh. sem eðli málsins samkvæmt hefði þá forustu um þennan þátt. Það er þetta sem gengur ekki. Það er þetta sem stjórnkerfislega fær ekki staðist. Það er ekki hægt að binda bagga á skattgreiðendur með þessum hætti, hafandi ekki hugmynd um, hversu mikið það fjármagn er sem til þessarar starfsemi á að renna. Það er þess vegna, herra forseti, sem ég tel rétt að taka undir með minni hl. landbn. um að málinu verði vísað til ríkisstj., en að öðrum kosti verður að setja mikilvægar takmarkanir inn í frv.

Hæstv. landbrh. gat um það, að þessi mál þyrfti að endurskoða í heild sinni, og hann boðaði það, að mér skildist, að ef guð lofaði mundu slíkar hugmyndir eða slíkt frv. verða flutt hér fljótlega á næsta þingi. Ein leið er til þess að tryggja að svo verði gert, ef það er talið nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. vegna stöðu einhverra örfárra verksmiðja sem hér er um að ræða. Það er að setja sólarlagsákvæði inn í þessi lög, þ. e. að þau taki gildi en falli úr gildi t. d. um næstu áramót. Það hefði í för með sér að það er gersamlega tryggt, að ný löggjöf sjái dagsins ljós. Það er svo Alþingis á þeim tíma að ákvarða með hvaða hætti það verður gert.

Herra forseti. Það stendur ekki til að halda uppi málþófi eða bregða fæti fyrir þetta mál á nokkurn hátt, en ég undirstrika það, að ég tel þetta mál vera stórhættulegt, eins og það er frá Ed. komið, og ítreka stuðning minn við það nál. sem fulltrúi minni hl. hefur mælt fyrir.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er raunverulega illt að þurfa að standa að minnihlutaáliti eins og við höfum gert í minni hl. landbn. vegna þess frv. sem nú er til umr. Ástæðan fyrir því, að við höfum lagt til að frv. verði vísað til ríkisstj., er fyrst og fremst sú, að við teljum frv. um margt ærið götótt og gallað. Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur nú gert grein fyrir nokkrum þeim atriðum sem við höfum staldrað við í nefndinni, og það

gerði raunar líka hv. þm. Steinþór Gestsson.

Það, sem við Alþfl.-menn höfum haft við þetta frv. að athuga, er að hér er raunverulega verið að gefa út óútfyllta ávísun til handa ríkisstj. eða þeim ráðh. sem með þetta mál fer, þar sem frv. liggur nú þannig fyrir að ekkert er tekið fram um hámark á eignarhlut ríkisins í væntanlegum fóðurverksmiðjum né um fjölda þeirra verksmiðja sem þessi lög ná til. Það er af þeim sökum sem við höfum flutt það nál. sem hér liggur fyrir. Ég sagði áðan að það væri raunverulega illt að þurfa að vísa svo gagnmerku máli til ríkisstj. eins og það er að efla smíði fóðurverksmiðja hér á landi. Þetta er geysilega veigamikið og mikilvægt mál, ekki eingöngu fyrir bændur, eins og hér hefur komið fram, heldur fyrir þjóðina alla. Það er eytt óhemjulegum fjármunum og dýrmætum gjaldeyri til fóðurkaupa erlendis frá, og úr þeim kostnaðarlið þarf nauðsynlega að draga. Það kemur hins vegar á móti, að í fóðurverksmiðjum hér á landi, sem fyrir eru, er í sumum notað mikið af olíu sem auðvitað kostar gjaldeyri líka og kemur þar á móti. Það kemur fram í athugun, sem fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur gert, að innlenda fóðurvaran er heldur dýrari en sú erlenda þannig að þar þarf auðvitað að athuga frá tæknilegu sjónarmiði hvort hægt sé að gera þessa framleiðslu ódýrari en nú er og það væri unnt með notkun jarðhita.

En veigamesta atriðið í sambandi við það, að við framleiðum grasköggla eða fóðurvörur almennt fyrir búfé, er e. t. v. það, að þannig verðum við óháðir öðrum þjóðum í sambandi við innflutning á þessum varningi. Það þarf ekki stórslys í viðskiptalöndum okkar, þeim sem við flytjum fóðurvöruna frá, til þess að við fáum ekki þennan nauðsynlega varning til landsins. Ég vil bara nefna sem dæmi það sem nú hefur gerst í Danmörku, þar sem komið hefur upp gin- og klaufaveiki. Síðan hún kom upp hefur ekki verið heimilt að flytja fóðurvörur hingað til lands frá Danmörku. Það er m. a. af þessari ástæðu að ég tel feikilega nauðsynlegt fyrir okkur að verða sjálfum okkur nógir með það fóður sem við þurfum að nota í landbúnaðinum.

Ég heyrði hér yfirlýsingu hæstv. landbrh. og þótti vænt um hana. Ég hefði gjarnan kosið að hún hefði komið öllu fyrr, hún hefði komið áður en við fjölluðum um þetta mál í hv. landbn. Mér fannst þessi yfirlýsing hans mjög afdráttarlaus. Þar kemur fram viðurkenning á því, að það þurfi að endurskoða þessi lög. Ég vil segja fyrir mig persónulega, að eftir þessa yfirlýsingu hans gæti ég hugsað mér að íhuga málið nokkru betur ef tími gæfist til þess. Við erum hins vegar orðnir mjög tímanaumir hér með afgreiðslu allra mála, og ég vil þá beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh., hvort hann sé tilbúinn að gefa þá yfirlýsingu hér í sambandi við þetta frv., að þessari endurskoðun, sem hann talaði um og hét að færi fram á þessum lögum og fóðurverksmiðjumálunum í heild, yrði lokið fyrir næstu áramót. Ég tel mjög nauðsynlegt að sú yfirlýsing liggi fyrir, ef menn ætla á annað borð að endurskoða afstöðu sína til þessa máls.

Eins og ég sagði upphaflega liggur frv. núna þannig fyrir að það er vart sómasamlegt að afgreiða það án þess að einhverjar slíkar yfirlýsingar komi fram í málinu sem séu bindandi fyrir hæstv. ráðh. og hans rn., því að frv. og einkum og sér í lagi 1. gr. þess er þannig úr garði gerð frá höfundum frv. að þar er allt opið í alla enda og allar áttir og raunverulega, eins og ég sagði upphaflega, verið að gefa hæstv. ráðh. og ríkisstj. óútfyllta ávísun sem hún síðan getur fyllt út eftir hendinni.

Ég verð líka að segja það, að ég saknaði þess talsvert í umfjöllun hv. Ed. á þessu máli, að þar skyldi ekki leitað umsagna tæknifróðra manna. Ég tel að þarna sé á ferðinni svo mikið tæknilegt mál að þingið eigi nokkurn rétt á því að fá að vita hvaða afstöðu tæknifróðir menn hafa til þess, hvernig verksmiðjur eigi að reisa, hvað eigi að hafa sérstaklega í huga þegar þær eru undirbúnar o. s. frv. Ég vil í þessu sambandi geta þess, að það var gefið út nál., mér er ekki kunnugt um dagsetningu þess, en það mun hafa verið fyrir árið 1973, álit samstarfsnefndar Búnaðarfélags Íslands og Landnáms ríkisins um grænfóðurverksmiðjur, og þar finnst mér gæta ótrúlegrar þversagnar í áliti nefndarmanna á þessum verksmiðjusmíðum. Þar segir m. a., með leyfi forseta:

„Nefndin telur, að flest bendi til þess, að þessar rekstrareiningar séu ekki hagkvæmar, og vill í því sambandi vísa til greinargerðar“ o. s. frv., en hér er verið að tala um rekstur verksmiðjanna í Gunnarsholti og annarra svipaðra. Síðan segir, með leyfi forseta: „Með hliðsjón af þessu leggur nefndin til, að þegar verði gerð áætlun um endurbyggingu verksmiðjunnar í Gunnarsholti þannig að eimingargeta hennar verði a. m. k. 10 tonn á klukkustund, sem svarar til ca. 4000 tonna framleiðslu, og stefnt að því, að sú breyting geti orðið sem allra fyrst.“

Nú hefur þessi breyting orðið. Hins vegar segir í þessu nál. síðar, með leyfi forseta: „Verði byrjað með litla verksmiðju má benda á að í Lauftúni eru byggingar þar sem mætti koma fyrir sambærilegri vélasamstæðu og þeirri, sem nú er í Gunnarsholti. Þar þyrfti aðeins að byggja geymsluhús og gera breytingar á öðrum byggingum. Sá möguleiki gæti skapast að flytja tæki verksmiðjunnar í Gunnarsholti og setja þau upp á þessum stað yrðu fengin ný og stærri tæki í verksmiðjuna í Gunnarsholti.“

Ég held að hver maður, sem þetta les, hljóti að hnjóta um þetta orðalag, þar sem á einni bls. er sagt, að Gunnarsholtsverksmiðjan sé óhagkvæm vegna þeirrar stærðar sem hún er í, en síðar í álitinu er lagt til að reisa verksmiðju á öðrum stað af sömu stærð og jafnvel að nota vélar verksmiðjunnar í Gunnarsholti. Ég vona nú og treysti að þetta sé ekki sá andi sem að baki býr þegar menn eru að undirbúa smíði fóðurverksmiðja.

Ég skal ekki lengja þessa umr., herra forseti. Ég vil draga saman í örfá atriði það sem ég hef nú sagt: Ég tel frv. í eðli sínu og í grundvallaratriðum mjög mikilvægt og tel mjög nauðsynlegt að frv. af þessu tagi fái framgang hér á hinu háa Alþingi. Þetta frv. er hins vegar meingallað, eins og hér hefur komið fram og ég tók fram við umr. um þetta frv. í landbn. En það er nú svo mikill hraði á afgreiðslu allra mála hér á hinu háa Alþingi, að það reyndist ekki unnt að reka þá varnagla, sem nauðsynlegt hefði verið, í þetta frv. til þess að setja hámarkstölu um hlutafjáreign ríkisins og fjölda þeirra verksmiðja sem frv. ætti að ná til. Ég harma raunverulega að nefndin skyldi ekki sjá sér fært að leysa málið á þennan hátt. Það hefði verið einföld og þægileg lausn og málið ekki þvælst fyrir þinginu á nokkurn hátt að ég tel. En landbrh. hefur gefið hér mjög veigamikla yfirlýsingu sem ég álykta að þm. hljóti að líta til þegar þeir taka afstöðu til þessa máls.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég kannast ekkert við þann hraða sem menn tala um á málum hér. Fá ekki allir orðið? Hefur ræðutími verið takmarkaður? Forseti hefur

meira að segja boðist til þess að hafa hér næturfundi svo að menn gætu fengið að ræða málin í ró og makt.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Það er fjarri því, að ég hafi verið að beina þessum orðum til forseta eða viljað særa hans mjúka geð. Ég var að tala um landbn. hv. deildar og hraða á störfum hennar. (**Forseti:** Ég heyrði rétt til, að hv. þm. talaði um að það væri slíkur hraði á afgreiðslu mála hér í hv. deild.)

Umr. (atkvgr.) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 739 (sbr. 718), n. 892 og 905, 893). — Frh. 2. umr.

Sighvatur Björgvinsson: Herra forseti. Í umr. hér fyrri nótt, þegar þessi hv. deild hafði lokið við að afgreiða frv. sem flutt hafði sá ágæti dm., skrifari þessarar deildar, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, lét hæstv. fjmrh. þess getið í umr. um annað mál, að þarna hefði deildin orðið sammála um að afgreiða vitlausasta mál sem til hennar hefði komið. Slíkt mat hefur nú ekki farið fram í fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar á þeim málum sem til deildarinnar hafa verið lögð. En ég er sannfærður um það, að ef slíkt mat væri látið fara fram í hv. fjh.- og viðskn. Nd. á þeim málum sem hún hefur fjallað um, þá mundu atkv. allra nm., án tillits til þess í hvaða flokki þeir sitja, falla á frv. um skattskyldu innlánsstofnana sem hér er til meðferðar. Það mál held ég að fjh.- og viðskn. mundi verða sammála um að kjósa vitlausasta mál sem hún hefði fjallað um á þessu þingi. Ég er nokkuð sannfærður um að hv. skrifari þessarar deildar, Ólafur Þ. Þórðarson, mundi verða sammála nefndinni væri hann spurður.

Það er út af fyrir sig ekkert nýtt mál að það komi í hug núv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst Alþb., að e. t. v. væri unnt að sækja fé í ríkissjóð með þeim hætti að skattleggja bankastofnanir, Seðlabanka Íslands eða innlánsstofnanir. Það hefur lengi verið staðföst trú Alþb., sem hv. þm. Lúðvík Jósepsson lýsti hér oft úr ræðustól á Alþingi, að það, sem síst vantaði í okkar þjóðfélag, væru peningar, það væri til nóg af peningum á Íslandi til þess að sækja í hvaða viðfangsefni sem Alþb. og ríkissjóður hefðu hug á. Það virðist hins vegar hafa vafist nokkuð fyrir hæstv. fjmrh. að gera tillögur um, eftir að hann fékk nú að ráða hvert þessir peningar yrðu sóttir, hvar ætti að bera niður til að sækja þá peninga þar sem ekki hefði verið borið niður áður. Og ég verð að segja eins og er, að ég hef ekki orðið var við það, að hæstv. fjmrh. og flokki hans, Alþb., hafi hugkvæmst nokkuð nýtt í þessu sambandi. A. m. k. hafa einu úrræðin hjá Alþb. og núv. hæstv. ríkisstj., þegar hún hefur þurft á auknum peningum að halda, verið fólgin í því að sækja þá í sömu vasa og áður hafa greitt útgjöld ríkisins, þ. e. í vasa almenns launafólks. Ég verð ekki var við að nein stefnubreyting hafi orðið í fjáröflun ríkisins með tilkomu Alþb. eða öllu heldur þingmanns Alþb. í stól fjmrh., síður en svo. Nú virðist það vera helsta mál, sem Alþb.-menn hrósa sér af, að þeir sem stjórnendur ríkisfjármála séu íhaldssamari og afturhaldssamari í þeim efnum heldur en jafnvel nokkur sá maður sem valist hefur til sama starfs úr Sjálfstfl. Það virðist vera að blað Alþb., Þjóðviljinn, telji það Alþb. til sérstaks hróss, að það orð skuli liggja á hæstv. fjmrh. með réttu, að hann sé með íhaldssömustu mönnum sem í fjmrn. hafi komið. Það, sem áður fyrr voru skammaryrði í munni þessara hv. Alþb.-manna, eru nú orðin hrósyrði. Það, sem þeir helst hrósa sér af nú um stundir, er að hæstv. fjmrh. sé meiri Matthías í rn. heldur en Matthías Á. Mathiesen var í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, að hæstv. fjmrh. Ragnar Arnalds sé meiri og betri Matthías Á. Mathiesen en Matthías Á. Mathiesen var sjálfur. Þannig hefur nú farið fyrir endurhæfingu Alþb. í þessari ríkisstj.

Vissulega ber að fagna þeirri endurhæfingu í ríkisfjármálum sem orðið hefur á Alþb. í núv. ríkisstj. En fyrr má nú rota en dauðrota. Það virðist vera hjá þeim Alþb.-mönnum ýmist í ökkla eða eyra. En fyrr má nú vera en að endurhæfingin nái svo langt að þeir telji sér helst til gildis að vera afturhaldssamari en afturhaldið í stjórn ríkisfjármálanna. Það er að sjálfsögðu mál sem þeir verða að eiga við sína kjósendur, eins og stendur nú fyrir dyrum. Nú fara þeir væntanlega, hv. Alþb.-menn, senn hvað líður að uppskera það sem þeir hafa til sáð, og ekki verðum við andstæðingar þeirra varir við annað heldur en eftirtekjan og uppskeran sé í fullu samræmi við sáningarstarfið.

Eins og ég sagði áðan er það engin ný hugmynd hjá Alþb., að það hljóti að vera til peningar í bönkunum sem hægt sé að nota til hinna ýmsu þarfa. Það er ekki langt síðan menn skemmtu sér yfir því, bæði hér á Alþingi og annars staðar, þegar þeim datt það í hug, Alþb.-mönnum, að það mætti skattleggja og nota sem skattstofn þann ágóða sem þeir töldu að Seðlabankinn yrði fyrir þegar eign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri væri uppfærð til nýs verðs í íslenskum krónum við gengisfall krónunnar. Það stóð lengi til og var oft ítrekað gerð um það till. af þeim Alþb.-mönnum, bæði í ríkisstj. og í Þjóðviljanum, að sá mikli hagur, sem Seðlabankinn hefði af því að gjaldeyriseign hans hækkaði í íslenskum krónum við hverja gengisfellingu, sá ágóði Seðlabankans yrði skattskyldur í ríkissjóð. Þetta þótti mörgum vera harla einkennilegur máti að skilgreina ágóða Seðlabankans þar eð þetta mundi þýða að þeim mun meiri og þeim mun oftar sem gengisfellingar yrðu, þeim mun meira ætti Seðlabanki Íslands að hafa grætt og þeim mun meiri möguleika ætti ríkissjóður að hafa á að hafa hagnað af þessum ágóða Seðlabanka Íslands. Í margar vikur, jafnvel marga mánuði stóðu yfir deilur við Alþb. um þessi mál. En það virðist vera að endurhæfingin hjá Alþb. í fjmrn. hafi nú náð til Seðlabankans líka, því að nú halda þeir því ekki lengur fram, Alþb.-menn, að það sé stór ávinningur að því fyrir Seðlabanka Íslands að eiga fé í erlendum gjaldeyri í gjaldeyrishirslum sínum sem síðan hækki í íslenskum krónum í hvert skipti sem gengisbreyting er gerð til lækkunar á verðgildi íslensku myntarinnar og þannig skapist m. ö. o. stórkostlegur ágóði hjá Seðlabankanum vegna þess að krónutölurnar hækka, sem sýna gjaldeyrisinneign hans, og þessi ágóði eigi að renna í ríkissjóð. Þessar hugmyndir Alþb.-manna að hafa þannig stórkostlegan fjárhagslegan ávinning fyrir ríkissjóð af hverri gengisfellingu með því að skattleggja gjaldeyriseign Seðlabankans hafa ekki heyrst nefndar nú í marga mánuði, og er það til vitnis um að endurhæfingin heldur áfram. Nú er hins vegar hugkvæmdin sú að hætta við áætlanirnar um að skattleggja gjaldeyriseign Seðlabankans og verðuppfærslu hennar í íslenskum krónum e. t. v. ekki hvað síst vegna þess að á síðasta aðalfundi

Seðlabankans var frá því greint að viðstöddum öllum ráðherrum ríkisstj., að ágóði af rekstri Seðlabankans á s. l. ári hefði ekki aldeilis verið jafnmikill og Alþb. hélt að mundi verða, heldur var Seðlabankinn þvert á móti rekinn á s. l. ári með tapi. Endurhæfing Alþb. í fjmrn. hefur þó borið þann árangur, að a. m. k. opinberlega telja þeir ekki líklegt til árangurs í tekjuöflunarskyni fyrir ríkissjóð að skattleggja töpin. M. ö. o.: menn í Alþb. hafa nú lagt Seðlabankann til hliðar, a. m. k. um stundir, en hefur hugkvæmst í staðinn að skattleggja annan hluta bankageirans, þ. e. viðskiptabanka og sparisjóði.

Eftir þeim upplýsingum, sem við höfum fengið í fjh.- og viðskn., sem fjallað höfum um þessar hugmyndir hæstv. fjmrh. og ríkisstj., mun ákvörðunin um að framkvæma þessa skattlagningu fyrst hafa verið tekin í lok janúarmánaðar á s. l. ári. Þá eins og oft áður komst hæstv. ríkisstj. að niðurstöðu um svokallaðar efnahagsaðgerðir sem hún hygðist gera til þess að bjarga ekki bara heiðri og sóma Alþingis, eins og gert var þegar hæstv. forsrh. myndaði ríkisstj. sína, heldur ekki síður heiðri og sóma þjóðarinnar. Menn komust að þeirri niðurstöðu eins og oft áður, að til þess að hægt væri að velta öllum hlutum áfram um nokkurra vikna skeið til viðbótar, þá vantaði í ríkissjóð öllu meira fé en þar var fyrir. Þá var nærtækast að leita að því, hvaðan þá fjármuni mætti fá, og mönnum hugkvæmdist það, að þó nú væri ekki hægt að fá þá hjá Seðlabankanum með því að skattleggja rekstrartöp hans á s. l. ári, þá væri e. t. v. möguleiki að bera niður í viðskiptabönkum og sparisjóðum. Í lok janúarmánaðar s. l. var þannig tekin ákvörðun um það í ríkisstj., að þetta skyldi gert, viðskiptabankar og sparisjóðir skyldu skattlagðir um ákveðna fjárhæð. Síðan, þegar sú ákvörðun hafði verið tekin, var embættismönnum í fjmrn. falið að semja frv. um það, hvernig þessa skattheimtu ætti að framkvæma. Það gerðu þessir ágætu embættismenn í fjmrn. Það liggur þó fyrir og hefur ekki verið mótmælt, þrátt fyrir það að í fjmrn. starfi hinir mætustu menn, m. a. ýmsir þeir menn sem mesta og besta þekkingu hafa á skattamálum á voru landi, þá er þar enginn maður starfandi sem hefur sérþekkingu á skattlagningarmálum innlánsstofnana. Þessar stofnanir hafa ekki verið skattlagðar til tekjuskatts á Íslandi. Það er hins vegar gert í ýmsum nálægum löndum, en fjmrn. hefur ekki yfir að búa neinni sérþekkingu um þau mál þó svo þar séu margir mætir og góðir menn sem séu vel heima í öðrum þáttum skattamála. Einnig var því lýst yfir á fundum fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar, að sú sérþekking um skattamál innlánsstofnana, sem ekki er fyrir hendi í fjmrn., væri ekki heldur í öðrum stofnunum ríkisins. T. d. kom sú yfirlýsing frá bankastjórum Seðlabanka Íslands, að í starfsliði bankans væri næsta lítil þekking á þessum málum og næsta lítið hægt að leiðbeina fjmrn. eða Alþingi um hvernig best væri hagað skattlagningu á innlánsstofnanir. Mönnum bar saman um það, bæði seðlabankamönnum og höfundum frv. í fjmrn., að samningu frv. um skattskyldu innlánsstofnana hefðu menn þurft að vinna með miklum flýti og e. t. v. óeðlilega miklum hraða, a. m. k. óæskilega miklum hraða og án þess að hafa getað aflað sér nægilega haldgóðra upplýsinga um sambærileg mál í nálægum löndum til þess að styðjast við sem fyrirmyndir.

Hv. formaður fjh.- og viðskn. þessarar deildar, Halldór Ásgrímsson, hefur endurvakið þann gamla og góða sið að birta í nál. öll skrifleg gögn sem fjh.- og viðskn. hefur fengið þegar hún hefur fjallað um tiltekin mál. Þetta mun hafa verið almennur siður í nefndarstarfi hér fyrr meir, að þegar nefndir skiluðu af sér tillögum sínum og afstöðu til tiltekinna málefna létu þær prenta í fskj. allar umsagnir sem til þeirra höfðu borist þannig að alþm. og almenningur, sem ekki eiga þess kost að sitja fundi þingnefnda, gætu fengið að sjá svart á hvítu hvert hefði verið framlag ýmissa hagsmunaaðila til þess máls sem á dagskrá hefði verið hverju sinni. Allar þær upplýsingar, sem fjh.- og viðskn. Nd. fékk um frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana, eru þannig prentaðar sem fskj. í nál. á þskj. 892. Þessi vinnubrögð fjh.- og viðskn. og formanns þeirrar nefndar eru að sjálfsögðu mjög lofsverð. Þessi vinnubrögð gera mönnum m. a. fært, almennum þm. og öllum almenningi, að skoða umsagnir og ábendingar sem nefndir þingsins hafa fengið um tiltekið málefni, og spara því eða ættu að geta sparað umr. hér á þingi.

Ég vil í sambandi við tæknileg atriði þess máls, sem hér liggur fyrir, frv. um skattskyldu innlánsstofnana, sem ég hef lýst hér í örfáum orðum, vitna aðeins í og biðja menn að skoða fskj. sem eru með nál. á þskj. 892, til þess að menn geti sjálfir gengið úr skugga um hversu erfiðlega og hversu lítinn tíma öllu heldur menn í fjmrn. höfðu til þess að semja lög um skattskyldu innlánsstofnana í kjölfar ákvörðunar hæstv. ríkisstj. um að innlánsstofnanir og bankar og sparisjóðir skyldu greiða tiltekinn skatt til ríkisins. Það er t. d. mjög athyglisvert, að fjh.- og viðskn. berast í hendur mjög ítarlegar grg., fyrst frá Sambandi viðskiptabanka og Sambandi sparisjóða og í öðru lagi frá Seðlabanka Íslands, sem m. a. fela í sér ýmsar veigamiklar ábendingar um tæknilega útfærslu frv. sem m. a. stangast mjög á við gildandi reglur í skattamálum, ekki bara hérlendis, heldur stangast einnig mjög verulega á við þær reglur sem gilda um skattameðferð innlánsstofnana í öllum nálægum löndum.

Í fjh.- og viðskn. Nd. gáfum við fjmrn. kost á að svara þessum ítarlegu ábendingum bankanna og Seðlabanka Íslands, og svar fjmrn. er prentað sem fskj. IV á bls. 14 í nál. Þar kemur í ljós, eins og við mátti búast, að embættismönnunum í fjmrn., sem hafa enga sérstaka sérþekkingu á málefnum innlánsstofnana og skattamálum þeirra, vefst tunga um tönn þegar þeir þurfa að svara ýmsum ábendingum sem fram hafa komið frá bönkum og Seðlabanka Íslands, og sumum aths. geta þessir aðilar hreinlega ekki svarað vegna þess að í fyrsta lagi eru aths. réttmætar og í öðru lagi skortir þá aðila, sem frv. höfðu samið, í senn sérþekkingu, jafnvel þá þekkingu sem bankarnir, Seðlabanki og viðskiptabankar, hafa yfir að búa á þessum málum, og einnig allar upplýsingar um hvernig sambærilegri skattheimtu er fyrir komið í nálægum löndum.

Ég vil vekja sérstaka athygli hv. dm. á þessu svari fjmrn. við athugasemdum og ábendingum bankanna og Seðlabankans og hins vegar svari við því svari, sem Samband ísl. viðskiptabanka gaf og er dagsett 4. maí s. l., þar sem er m. a. bent á það, að í veigamiklum atriðum sé umsögn fjmrn. um aths. bankanna ekki neitt annað en fyrirsögnin ein um það sem um er spurt, en hv. rn. treystir sér að öðru leyti ekki til þess að gefa neitt svar við ábendingum viðskiptabanka og sparisjóða. Það er því samdóma álit, ekki bara viðskiptabankanna og sparisjóðanna og Seðlabanka Íslands, heldur einnig þeirra

annars vegar og fjmrn. hins vegar, að smíði frv. sé öll meira og minna í skötulíki, í fyrsta lagi vegna þess, hversu stuttur tími gafst til samingar þessa frv., í öðru lagi vegna þess, að hér er lagt út á nýja braut sem engin sérþekking er fyrirfinnanleg á í fjmrn., og í þriðja lagi vegna þess, að enginn tími gafst til þess að hafa samráð að nokkru marki við viðskiptabankana og Seðlabankann né að skoða sambærilega skattheimtu í nálægum löndum.

Niðurstaða fjh.- og viðskn. hefur verið sú að staðfesta þetta álit. Fjh.- og viðskn. þessarar hv. deildar hefur orðið sammála um að þetta álit viðskiptabankanna og Seðlabankans, sem fjmrn. treystir sér ekki til þess að mótmæla, sé rétt. Þess vegna hefur stjórnarmeirihl. í fjh.- og viðskn. gripið til þess óyndisúrræðis að samþykkja með hangandi hendi að afgreiða frv., fyrst og fremst vegna mjög afdráttarlausrar kröfu frá hæstv. ríkisstj. að það sé gert, meira að því er virðist til að bjarga andliti hæstv. ríkisstj. heldur en vegna þess að hún telji að afgreiðslan sé bráðnauðsynleg út af fyrir sig. En stuðningsmenn ríkisstj. í fjh.- og viðskn. Nd. gera þá breytingu að mæla svo fyrir í ákvæði með frv. að endurskoðun frv. skuli raunar hefjast sama dag og frv. taki lagagildi héðan frá Alþingi, og viðurkenna með því, að frv., eins og það er úr garði gert og eins og Alþingi á að afgreiða það, sé raunar hvorki hrátt né soðið. Þessi tæknilegu atriði í sambandi við gerð frv., sem aths. komu fram hjá bönkunum, hafa í raun verið viðurkennd af Alþingi þó svo að stuðningsmenn ríkisstj. hafi ekki viljað fylgja þeirri viðurkenningu eftir með því að fallast á þá till. okkar stjórnarandstæðinga, að réttasta meðferð þessa máls væri að sjálfsögðu að vísa frv. til ríkisstj., ekki vegna þess að við stjórnarandstæðingar séum andvígir því að framkvæma skattlagningu hjá bönkum og öðrum innlánsstofnunum, heldur vegna þess að komið hefur fram við meðferð málsins að ákvæðin um það, hvernig þetta skuli gert, eru allsendis óviðunandi vegna þess, hvað þau eru illa úr garði gerð.

T. d., þó að það sé ástæðulaust að fara mjög ítrekað út í þá sálma vegna þess að þetta kemur mjög rækilega fram í fskj. með nál., þá vil ég aðeins benda mönnum á að það er gert ráð fyrir að innlánsstofnanir, bankar og sparisjóðir, verði einu stofnanirnar í landinu sem greiði staðgreiðsluskatt, greiði tekjuskatt í formi staðgreiðsluskatts í staðinn fyrir eftiráskatts. Það hefur alltaf verið við það miðað, þegar rætt hefur verið um staðgreiðslukerfi skatta, að það sé alveg ljóst að þá skattaprósentu, sem menn greiða af tekjum fyrra árs, sérstaklega í verðbólguþjóðfélagi eins og okkar, sé ekki hægt að yfirfæra óbreytta yfir í staðgreiðslukerfi, því að það hefði í för með sér stórkostlega þyngingu skattbyrða. Það er að sjálfsögðu mikill munur varðandi skattbyrði á því, hvort menn greiða t. d. helming tekna sinna, eins og þær voru í fyrra, í sköttum í ár eða hvort menn eru látnir greiða helming tekna sinna í skatta jafnóðum og þeirra tekna er aflað. Þegar horfið er frá eftirágreiðslukerfi yfir í staðgreiðslukerfi verður því að sjálfsögðu jafnframt að lækka skattprósentuna svo að skattbyrðin aukist ekki. Þegar ákvörðun er tekin um það af hæstv. ríkisstj., m. a. í þeim breytingum sem gerðar voru í Ed. Alþingis á frv. um skattskyldu innlánsstofnana, að setja þar á tímabundið staðgreiðslukerfi fyrsta ár gildistíma laganna, þá var engin hliðsjón höfð af því, að það þyrfti þá að samræma skattprósentuna staðgreiðslukerfinu. Þetta þýðir að það er ekki aðeins að bankar og innlánsstofnanir séu einu aðilarnir í þjóðfélaginu sem komnir eru á staðgreiðslukerfi skatta samkv. þessari breytingu, heldur eru þeir jafnframt látnir borga, verði þetta samþykkt, mun hærri prósentu af sínum tekjum í tekjuskatta heldur en aðrar stofnanir í þessu þjóðfélagi.

Ég held að ekki sé raunverulegur tilgangur ríkisstj. að hafa einhverjar aðrar reglur um banka og innlánsstofnanir í þessu sambandi heldur en aðrar stofnanir. Þetta stafar eingöngu af því, að frv., eins og það var í heldur Alþingis búið, er hvorki hrátt né soðið, er allt í skötulíki og menn eru að reyna að bjarga afgreiðslunni í horn með einhverju móti, með alls konar bráðabirgðaákvæðum og endurskoðunarákvæðum sem þýða raunverulega ekki annað en það, að stjórnarmeirihl. er að lýsa yfir að frv. í núverandi mynd sé raunar ekki nothæft, en vill ekki viðurkenna það í afgreiðslu sinni á málinu vegna þess að það kynni að geta haft einhver áhrif til ills á álit og hróður hæstv. ríkisstj.

Herra forseti. Því hefur haldið fram óbeint í þessari umr., að málið snerist um það, hvort bankar og aðrar innlánsstofnanir ættu að greiða skatt til ríkisins eða ekki. Það eru fjölmargir aðilar í okkar þjóðfélagi sem eru undanþegnir tekjuskattsgreiðslum til ríkissjóðs. Þessir aðilar eru að sjálfsögðu ríkissjóður sjálfur, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem ríkissjóður rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á, enn fremur sýslu- og sveitarfélög svo og fyrirtæki og stofnanir sem sveitarfélög og sýslufélög reka og bera ótakmarkaða ábyrgð á, auk þess félög, sjóðir, stofnanir og fleiri aðilar sem um ræðir í 2. gr. tekju- og eignarskattslaganna frá 1981, ef þessir aðilar verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla og hafa það að einasta markmiði samkv. samþykktum sínum. M. ö. o. eru fjölmargir aðilar í þjóðfélaginu aðrir en bankarnir og sparisjóðirnir sem greiða ekki tekjuskatt og eignarskatt til ríkisins.

Út af fyrir sig getur það verið réttmæt ákvörðun hjá hæstv. ríkisstj. að komast að þeirri niðurstöðu, að lögum verði breytt þannig að einhverjir þessara aðila, einn eða allir, viðskiptabankar og sparisjóðir alveg eins og einhverjir aðrir aðilar sem hér hafa verið taldir, verði sviptir þessum undanþágum frá tekjuskatti og taki til við að greiða tekjuskatta eins og önnur fyrirtæki í landinu án tillits til þess, hvernig um eignaraðild eða hlutverk sé farið. En hitt er mesti misskilningur, að halda því fram að viðskiptabankarnir og sparisjóðirnir séu alfarið undanþegnir sköttum og gjöldum til hins opinbera. Á árinu 1980 greiddu þessir aðilar samtals bæði skatta og gjöld að upphæð 16 millj. 292 þús. nýkr., þar að auki gjaldeyrisskatt, sem gjaldeyrisbankarnir tveir greiddu, sem nam á því ári 20 millj. 708 þús. nýkr., eða samtals um 36 millj. 990 þús. kr. í heild. Þessi gjöld, sem aðilarnir greiða til hins opinbera, eru í fyrsta lagi landsútsvar, sem kemur í stað aðstöðugjalds, í öðru lagi fasteignaskattur til sveitarfélaga, í þriðja lagi sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, í fjórða lagi launaskattur, í fimmta lagi lífeyristrygginga-, slysatrygginga- og atvinnuleysistryggingaiðgjöld og svo, eins og ég nefndi áðan, í síðasta lagi gjaldeyrisskattur. Það er því ekki réttur skilningur þegar látið er í veðri vaka að bankar og innlánsstofnanir greiði ekkert til sameiginlegra þarfa — þvert á móti. Þeir gera það, þessir aðilar, þó svo þeir séu í hópi þeirra fjölmörgu opinberu aðila, ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, sem til þessa hafa verið undanþegnir tekjuskatti.

Ég hef þegar bent á það og ætla ekki að ítreka það né endurtaka, að eins og frv. er úr garði gert hefur ekki verið höfð hliðsjón af fyrirkomulagi tekjuskattsheimtu eins og hún er af innlánsstofnunum í nálægum löndum. Tekjuskattsheimtan af íslenskum bönkum og sparisjóðum, eins og ríkisstj. gerir ráð fyrir að henni sé fyrir komið, er á allt annan veg en fyrirkomulagið sem gildandi er í þessum málum í öllum nálægum löndum. Þetta kemur fram í umsögnum Sambanda banka og sparisjóða sem eru birtar sem fskj. með áliti fjh.- og viðskn. Nd., og er þarflaust fyrir mig að fara fleiri orðum þar um. Menn geta séð það með því að fletta upp í þeim fskj. Þá hef ég einnig bent á það, sem einnig kemur fram í þessum fskj., að það er gerður mjög mikill munur á bönkum og sparisjóðum annars vegar samkv. þessu frv. og hins vegar öllum öðrum fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi hvað tekjuskattsinnheimtu varðar, þannig að bönkunum og innlánsstofnunum öllum er gert að lúta allt öðrum reglum og strangari í sambandi við tekjuskattsgreiðslu sína heldur en öðrum stofnunum í þjóðfélaginu.

Ég tek það fram, að mér finnst síður en svo neitt óeðlilegt við, að innlánsstofnanir greiði tekjuskatta eins og aðrar stofnanir og þær séu í hópi þeirra sem látnar séu greiða tekjuskatta eins og ýmis önnur fyrirtæki á okkar landi. Ég er einnig á þeirri skoðun, að það séu fleiri fyrirtæki, fleiri opinberir aðilar, sem nú eru undanþegnir tekjuskattsheimtu, sem eðlilegt væri að greiddu tekjuskatt einnig. En ég vil ekki að svo sé kastað höndum til ákvæða um hvernig skuli framkvæma slíka skattheimtu, að í fyrsta lagi sé ekkert tillit tekið til sérstöðu viðkomandi aðila, eins og gert er t. d. í öllum nálægum löndum þar sem þessar stofnanir eru skattskyldar, og ég er einnig andvígur því, að það sé verið að setja mjög frábrugðnar reglur um skattlagningu þessara stofnana miðað við þær reglur sem eru í íslenskum lögum um fyrirtæki almennt. Það nær t. d. ekki nokkurri átt, að hluti tekjuskattsgreiðenda í landinu sé látinn greiða staðgreiðslutekjuskatt á sama tíma og hluti tekjuskattsgreiðenda í þessu landi sé á eftirágreiðslufyrirkomulagi. Sama regla á að sjálfsögðu að gilda um alla. Menn verða að gera sér grein fyrir því, að þegar nýr aðili, sem áður hefur verið undanþeginn tekjuskattsheimtu, er tekinn inn í þetta kerfi og engin sérþekking er fyrirfinnanleg í landinu um skattlagningu slíkra stofnana í nálægum löndum, þá verða menn að leggja nokkuð að sér og vanda sig því lengi býr að fyrstu gerð. Reynsla okkar er sú hér á landi. Það getur verið mjög erfitt að koma fram jafnvel sjálfsögðum breytingum til þess að leiðrétta mistök sem stafað hafa af því, að í upphafi hafa menn ekki gert sér nægilega mikið far um að vanda verk sín. Við höfum allt of mikla og illa reynslu af slíku til þess að menn reyni ekki a. m. k. að vanda það sem varðar tekjuskattsálögur og breytingu á tekjuskattslögum, þegar á að taka nýja aðila til tekjuskattslagningar, ekki síst þegar um er að ræða aðila sem skipta allan almenning jafnmiklu máli og þær stofnanir sem hér er um að ræða.

Herra forseti. Það er ákaflega ríkur misskilningur sem gætir oft í almennri umræðu á Íslandi um efnahagsmál. Fólk heldur oft að það hljóti að vera til einhverjir fjármunir í okkar landi hjá einhverjum. Venjulega er það alveg óskilgreint hvar þá fjármuni sé að finna sem sé hægt að meðhöndla eins og einhvers konar strandgóss, þ. e. fjármuni sem reki á fjörur manna án þess raunverulega að það þurfi nokkur að skapa þetta fé eða það komi við nokkurn þó af þessu fé sé tekið. Lengi vel var litið á innlánsfé innlánsstofnana sem slíkt strandgóss. Það var eiginlega litið á sparifé fólks í bönkum sem það væri til frjálsrar ráðstöfunar fyrir alla þá aðila, sem á því þyrftu að halda, menn þyrftu ekki að gera sér neina rellu út af því, þó svo þeir, sem tækju þetta fé að láni, greiddu ekki nema hluta af raunverulegu andvirði þess til baka. Það var lengi vel í allri umræðu um bankamál og efnahagsmál í voru landi litið á sparifé gamla fólksins og unga fólksins og barnanna, sem myndar meginhluta af innlánsfé í bönkum, sem slíkt strandgóss, það væri raunverulega enginn sem ætti þetta, heldur hefði það rekið einhvers staðar á fjörur og þeir, sem á þessum peningum þyrftu að halda, hvort sem það voru menn af minni kynslóð, sem voru að byggja þak yfir höfuð sér, eða þá menn í atvinnulífinu, sem þyrftu á rekstrarfé að halda fyrir fyrirtæki sín, — þeir ættu að geta gengið í þetta strandgóss eins og þeir kærðu sig um og ekki skilað til baka til sparifjáreigendanna nema hluta af þessu verðmæti og enginn ætti að leyfa sér að segja neitt. Með þessum hætti var efnahagslífinu í þessu landi lengi haldið uppi, með því að umgangast sparifé almennings eins og slíkt strandgóss. Það má með réttu halda því fram, eins og hefur verið gert, að sú kynslóð, sem nú er í blóma í þessu landi, hafi lifað lengi vel á því að stela aftur fyrir sig, haldið sér uppi á peningum sem kynslóðin, sem á undan gekk, hafði sparað sér saman og lagt fyrir til elliáranna. Menn byggðu atvinnufyrirtæki sín á þessu, menn byggðu húsin sín á þessu, að umgangast sparifé gamla fólksins, sem það hafði önglað sér saman með vinnu sinni og ætlað að geyma til elliáranna, eins og strandgóss af þessu tagi. Auðvitað hlaut þetta strandgóss að ganga upp, því að hvort sem mönnum líkar það betur eða verr verða menn að viðurkenna það, að peninga rekur yfirleitt ekki á fjörur heillar þjóðar án þess að hún þurfi neitt fyrir þeim að hafa. Og auðvitað komu þeir tímar þar sem strandgóssið í bönkunum, eins og það var kallað, gekk upp. Það eyðist sem af er tekið. Sparifé gamla fólksins hvarf, það brann upp á verðbólgubálinu, og fyrir þetta sparifé byggði mín kynslóð og aðrar þær kynslóðir, sem nú eru í blóma í þessu landi, sér þak yfir höfuðið og skilar ekki nema broti af þessu fé til baka. Og hvað var síðan gert þegar ekki var lengur hægt að ganga í þennan sjóð? Þá sneri þessi kynslóð, sem nú er í blóma í þessu landi, sér að því, þegar hún gat ekki lengur stolið aftur fyrir sig, af gamla fólkinu, — þá sneri hún sér að því að stela fram fyrir sig með því að lifa á lánum í erlendum bönkum sem börnunum okkar er ætlað að borga. Þannig hefur núlifandi kynslóð í rauninni haldið uppi lífskjörum sínum á því fyrst að ganga í sparifé gamla fólksins eins og strandgóss. Þegar það var ekki lengur hægt var snúið sér að útlendum bönkum. Þar eru slegin lán og börnunum okkar er ætlað að borga þau.

Þau lán, sem hæstv. fjmrh. er nú að taka, koma ekki til greiðslu, fyrstu afborganirnar af þeim, fyrr en árið 2019 — og þá er allt í lagi. Þá er þess að vænta, að þeir, sem nú lifa eins og blóm í eggi í þessu landi, séu ekki lengur til. Hver á þá að borga lánin? Jú, það eru börnin okkar. Þurfum við að hafa áhyggjur af því?

Þetta er útúrdúr, en meginatriði málsins er það, að fjármuni rekur ekki á fjörur fólks. Menn geta ekki haldið úti heilu þjóðfélagi á því að umgangast fjármuni eins og eitthvert strandagóss sem enginn á og enginn finnur þótt af verði tekið. Stofnanir eru dauðir hlutir. Byggingar eru

dauðir hlutir. Stofnanir skapa engin verðmæti. Það er fólkið, hið lifandi fólk í landinu, sem skapar þessi verðmæti. Stofnanir borga enga skatta vegna þess að skattar eru greiddir af verðmætum sem skapast. Það er ekki hægt að skattleggja stofnanir frekar en það sé hægt að skattleggja styttuna hérna úti að baki mér eða myndastytturnar hér í Reykjavíkurborg. Þær skapa ekki verðmæti frekar, hvaða nafni sem þessar stofnanir nefnast.

Verðmætin, sem skapast, verðmætin, sem verið er að tala um að skattleggja, það er lifandi fólk sem skapar þessi verðmæti, og þó að menn séu að reyna að nefna stofnanir sem einhverja milliliði til þess að greiða skatta, þá er það raunverulega fólk sem borgar skattana. Stofnanirnar eru bara milliliðir til þess hafðar að færa fjármuni frá einum til annars. Stofnanirnar skapa aldrei nein verðmæti. Stofnanirnar borga aldrei skatta. Það er fólk sem stendur á bak við verðmætasköpunina, og það er fólk sem greiðir skattana.

Þegar menn tala um að stofnanir eins og viðskiptabankar og sparisjóðir eigi að greiða skatta, þá er það einfaldlega rangt, því að þær greiða ekki skattana. Þessar stofnanir eru dauðir hlutir sem ekkert skapa. Þeir, sem skattana greiða, er fólkið sem þessar stofnanir eru starfræktar fyrir. Það hafa Alþb.-menn hins vegar aldrei skilið. Þeir halda að það hljóti að vera til í samfélaginu eitthvað strandgóss, einhvers staðar hljóti einhverjir peningar að vera til sem hægt sé að ganga í og taka af eins og hverjum og einum þóknast án þess að komi við kaun nokkurs manns, vegna þess að þessir peningar séu strandgóss sem enginn skapar. Og þegar þeir tala um að skattleggja í þessu tilviki banka og innlánsstofnanir, þá segja þeir: það er ekki skattlagning á fólk, það er bara skattlagning á stofnanir. Við erum ekki að skattleggja fólk, við erum að skattleggja stofnun eins og Landsbanka Íslands, nánast húsið, — nánast eins og þeir héldu fram: Við erum ekki að skattleggja almenning í Reykjavík, við erum bara að skattleggja myndastytturnar á götum og á steinum og torgum. — En auðvitað verða menn að gera sér það ljóst, að það eru ekki stofnanir né dauðir hlutir sem borga skatta, sem skapa verðmæti, heldur fólk. Og þegar menn eru að tala um að skattleggja innlánsstofnanir og sparisjóði, þá er verið að tala um að skattleggja einhverja aðila, einhverja lifandi aðila sem á bak við þessar stofnanir standa. Hvaða aðilar geta það verið? Jú, það geta verið þeir sem eiga stofnanirnar sem menn eru að skattleggja, alveg eins og þegar menn skattleggja t. d. fasteign, íbúðarhús, þá eru menn í raun inni að skattleggja þann sem á íbúðarhúsið, en ekki húsið sjálft, því að ekki skapar húsið nein verðmæti, ekki greiðir húsið nein gjöld, heldur sá einstaklingur sem er talinn eiga viðkomandi fasteign. Við getum m. ö. o. í raun, þegar menn tala um skattlagningu á innlánsstofnanir, verið að skattleggja eignaraðilana, þá sem eiga viðkomandi stofnanir. Menn geta verið að skattleggja ágóðann sem verður af starfsemi viðkomandi stofnana, en gengur ekki til eigendanna, heldur verður til þess að byggja upp fé viðkomandi stofnana eða fyrirtækja. Menn geta verið að skattleggja starfsfólkið sem vinnur hjá viðkomandi stofnunum, m. ö. o. að skattlagningin þýði það, að laun þeirra, sem við viðkomandi starfrækslu og atvinnurekstur vinna, lækki. Í síðasta lagi geta menn verið að skattleggja þá aðila sem eiga viðskipti við viðkomandi stofnanir, aðra aðila en ég hef hér talið upp.

Allt eru þetta lifandi aðilar sem ég hef hér talið upp. Aðra aðila er ekki hægt að skattleggja heldur en einhvern af þessum. Og ef við lítum á hvaða aðilar af þessum það eru sem raunverulega eiga að greiða það gjald sem hér er til umr., þá hefur því verið haldið fram, að hér sé verið að skattleggja þann ágóða sem hefur safnast upp hjá innlánsstofnunum, viðskiptabönkum og sparisjóðum og mynda eigin fé þessara aðila, m. ö. o. að ekki sé verið að skattleggja eignaraðilana né heldur viðskiptaaðilana, heldur sé verið að skattleggja stofnanirnar og sá skattur verði borgaður af eigin fé þeirra, því fjármagni sem hefur safnast upp í viðkomandi stofnunum vegna starfrækslu þeirra.

Er líklegt að eiginfjárstaða banka og lánastofnana sé þannig að líkur séu á því, að hægt sé fyrir þessar stofnanir að greiða umrædd gjöld af eigin fé. Það kemur mjög greinilega fram í þeim upplýsingum, sem við í fjh.- og viðskn. höfum fengið, að það var einkennandi fyrir sjöunda áratuginn og upphaf þess áttunda og framan af honum, að eiginfjárstaða allra innlánsstofnana, banka og sparisjóða versnaði mjög á þessum árum. Það var ákaflega eðlilegt. Á þessum árum var mjög mikil verðbólga á Íslandi, en útlán og innlán ekki verðtryggð. Afleiðingarnar hlutu að verða þær fyrir þær stofnanir, eins og banka og sparisjóði, sem sýsluðu með fé, að eigið fé þeirra minnkaði mjög ört, með sama hætti og raunverulegir fjármunir sparifjáreigenda, sem áttu inni í þessum stofnunum, minnkuðu mjög ört á þessu tímabili. Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða lækkaði mjög ört allan sjöunda áratuginn og fram yfir miðjan áttunda áratuginn. Síðan gerðist það sem hæstv. núv. ríkisstj. er ekki enn búinn að gera upp við sig hvort var illt eða gott, — síðan gerðist það, að fallist var á tillögur okkar Alþfl.-manna um verðtryggingu inn- og útlána, um að verðtryggja sparifé gamla fólksins í bönkum og tryggja að þeir, sem tækju lán, endurgreiddu lánin í sömu verðmætum.

Stundum segja ráðherrar í hæstv. ríkisstj., eins og hæstv. sjútvrh., formaður Framsfl., sagði í sjónvarpsviðræðum fyrir einu og hálfu ári, að hann hefði sjaldan séð eftir öðru eins og því að hafa látið Alþfl. plata sig til þess að samþykkja verðtryggingarstefnuna, m. ö. o. hefði hann sjaldan séð eins mikið eftir öðru en því að hafa látið glepjast til þess að fallast á þær tillögur Alþfl., að gamla fólkið og aðrir þeir, sem eiga sparifé í bönkum, fengju verðtryggingu á sparifé sínu. (Gripið fram í). Jú, þetta er sennilega í eina skiptið sem aðrir en flokksmenn hæstv. ráðh. hafa getað platað hann. En hingað til, í öll þau skipti sem hæstv. ráðh. hefur verið plataður, hefur það verið þannig vaxið að það hafa verið flokksmenn hæstv. ráðh. sem hafa átt hlut að máli. En það var ekki í þetta skiptið. Í hinu orðinu segir þessi sama ríkisstj. að það sé helst hrósvert við hennar störf, að á hennar starfstímabili hafi staða banka og annarra innlánsstofnana snarbatnað vegna verðtryggingarstefnunnar sem hæstv. ríkisstj. hafi framfylgt á þeim árum. M. ö. o.: eins og vani er hjá hæstv. sjútvrh. segir hann, þegar hann ræðir einn daginn um sama mál, að málið sé harla gott, og hrósar sér af því og notar það sem rós í sínu hnappagati, en segir svo hinn daginn að þetta sé versta mál sem hann hafi glapist á að samþykkja og sjaldan séð eftir öðru eins.

Þessi breyting, sem varð á verðtryggingarmálunum, hefur orðið til þess, að frá miðjum áttunda áratugnum og fram til þessa dags hefur eiginfjárstaða viðskiptabanka og lánastofnana verið að styrkjast þannig að þeir eru betur í stakk búnir núna til þess að greiða skatta og gjöld

til ríkisins heldur en fyrir fjórum árum. En þá vaknar þessi spurning: Hverjir eru það sem hafa verið að styrkja eiginfjárstöðu bankanna? Það er fólkið, sem á sparifé í þessum bönkum, sem hefur orðið til þess, m. a. með því að leggja sparifé sitt inn í auknum mæli, að bankastofnanirnar hafa verið að styrkjast. Og hverjir eiga þá að njóta þess, ef svo er, að bankastofnanirnar hafa verið að styrkjast vegna þess að fólkið vill frekar ávaxta fé sitt í bönkunum nú heldur en áður? Það er þetta fólk. Það á að fá að njóta þess, en ekki hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen og ríkisstj.

Það væri a. m. k. harla einkennilegt öfugmæli ef maðurinn, sem kemur í sjónvarp og segir að það sé sú ákvörðun, sem hann sjái mest eftir, að hafa fallist á að verðtryggja innlánin, ef það er svo hann og hans ríkisstj. sem á að njóta þess ávaxtar sem af þeirri stefnu hefur hlotnast. Ef sanngirni ætti að gilda í þessum málum ættu þeir að njóta ávaxtanna af verðtryggingarstefnunni sem hafa borið uppi útlán bankanna og lánastofnananna, fólkið sem hefur viljað vista sparifé sitt í þessum stofnunum. Hvaða fólk er það? Það er ekki ríkissjóður. Ríkissjóður hefur engin önnur viðskipti haft við þessar stofnanir heldur en að skylda stofnanirnar til þess að veita sér lán. Það eru ekki heldur atvinnurekendurnir í landinu. Þeir eiga ekki sparifé sem stendur inni á viðskiptamannabókum sparisjóða og innlánsstofnana. Nei, það er ósköp venjulegt alþýðufólk, fólkið á götunni, sem á þessa peninga, — fólkið sem hefur með innlánsfé sínu styrkt bankastofnanirnar. Og það er það sem á að fá að njóta ávaxtanna.

Við Alþfl.-menn höfum m. a. gert till. um það hér á Alþingi, hvernig eigi að hjálpa þessu fólki að fá að njóta þessara ávaxta af batnandi stöðu banka og innlánsstofnana. Við höfum flutt till. um að bankar og innlánsstofnanir, vegna þess að staða þeirra er orðin sterkari, taki að sér að styðja það fólk sem er að reyna að koma þaki yfir höfuðið á sér með sultarlánum hæstv. félmrh. og sultarlaunum sem flokkur hans hefur samið um fyrir þetta fólk, það fái að njóta ávaxtanna af öllu öflugra bankakerfi með fyrirgreiðslu í viðskiptabönkunum, lögboðinni fyrirgreiðslu til þess að koma húsnæði yfir höfuð sér. Það er sú stefna sem við Alþfl.-menn viljum fylgja um hvernig nýta skuli stöðu bankanna sem hefur verið að styrkjast undanfarin ár. Það á ekki að nýta þá stöðu fyrir ríkishítina eins og gert hefur verið og gerð er till. um að ítreka enn. Það á að nýta þá öflugu stöðu til þess að styðja fólkið í þessu landi sem á það sparifé sem hefur lagt grundvöllinn að því, að staða innlánsstofnananna hefur verið að styrkjast.

Það er rétt og ég viðurkenni það fyllilega, að það eru meiri möguleikar á því að sækja einhverja fjármuni til bankanna með einum eða öðrum hætti núna en var fyrir 5 árum. Okkur greinir á um það, m. a. mig, minn flokk og hæstv. félmrh., að við viljum að fólkið í landinu fái að njóta þessarar styrku stöðu, þar sem hann vill að ríkissjóður fái að njóta hennar, — ríkissjóður sem enga aðild á að því að hafa skapað batnandi árferði í rekstri innlánsstofnana í okkar landi. En þá kemur líka að því að meta þá stöðu. Þrátt fyrir það að eiginfjárstaða bankanna hafi styrkst nokkuð að undanförnu, er hún þá orðin svo styrk að það sé ástæða til þess að ætla að hún þoli skattlagningu af því tagi sem hér er um að ræða? Það kemur í ljós, m. a. í upplýsingum frá bönkunum, sem við höfum hér fengið og ekki hafa verið dregnar í efa af fjmrn. né af þeim stjórnarsinnum, að eigið fé viðskiptabankanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum nemur á árinu 1981 6.8%. Hefðu þá verið í gildi þau lög sem nú á að setja hefði eigið fé viðskiptabankanna sem hlutfall af heildarskuldbindingum aðeins numið 5.2%. Það er hlutfall sem er lægra en almennt er miðað við sem lágmark svo að segja megi að rekstur innlánsstofnana, banka og sparisjóða, sé hættulaus.

Ríkisstj. hefur nýlega lagt fram hér á Alþingi frv. til l. um sparisjóði. Þar er gert ráð fyrir að ríkisstj. veiti ekki sparisjóðum starfsleyfi nema eigið fé þeirra sé a. m. k. 10% af væntanlegum skuldbindingum, undir það hlutfall megi eigið fé ekki fara. Verði frv. þetta að lögum mun eiginfjárhlutfall fimm stærstu sparisjóðanna í landinu vera um 9% af heildarskuldbindingum þeirra, rétt undir því. M. ö. o.: ef ætti að uppfylla skilyrðin, sem hæstv. ríkisstj. leggur til að verði samþykkt sem lög frá Alþingi, svo að óhætt sé að treysta því að sparisjóður geti fengið starfsleyfi, — ef ætti að uppfylla þau skilyrði mundi enginn af fimm stærstu sparisjóðum í landinu fá starfsleyfi hjá hæstv. ríkisstj. verði þessi lög samþykkt. Þessi staða bankanna og sparisjóðanna þýðir það, að ríkisstj. sjálf telur að sparifjáreigendum sé ekki óhætt vegna áhættusams rekstrar innlánsstofnana að eiga viðskipti við fimm stærstu sparisjóði landsins vegna þess að eiginfjárhlutfall þeirra sé lægra en óhætt sé áhættunnar vegna.

Þetta segir að sjálfsögðu sína sögu um það, hvert er álit hæstv. ríkisstj. um þau skilyrði sem verði að setja sparisjóðunum fyrir starfrækslu. Hvernig getur það þá farið saman, að hæstv. ríkisstj. skuli leggja til aðgerð sem lækkar þetta eiginfjárhlutfall sparisjóðanna undir hættumörk, á sama tíma og hún leggur fram á Alþingi tillögur um að engin starfsleyfi verði veitt fyrir sparisjóðarekstri verði undir þessi hættumörk farið?

Frv. um sparisjóði þýðir það, að ríkisstj. er að tilkynna viðskiptamönnum sparisjóðanna, að bankastarfsemi sé áhættusamur rekstur. Þeir, sem eiga fé sitt inni hjá bönkum og sparisjóðum, geta tapað þess fé sínu ef bankarnir fara á hausinn eða sparisjóðirnir hætta starfrækslu. Ríkisstj. telur að það sé ekki óhætt að veita slíkum stofnunum starfsleyfi ef eigið fé þeirra sé undir 10% af skuldbindingum. En jafnframt og hún segir þetta og lýsir þessu yfir leggur hún fram frv. sem mundi hafa í för með sér að eiginfjárhlutfall fimm stærstu sparisjóða landsmanna yrði undir þessum hættumörkum, sem að hennar áliti þýðir að það er áhættusamt fyrir fólk í landinu að eiga fjármuni sína á þessum sparisjóðum. Þetta sýnir eitt út af fyrir sig mat hæstv. ríkisstj. á því, hvort ætla megi að umræddir sparisjóðir og innlánsstofnanir geti greitt skatt þann, sem hér um ræðir, af eigin fé.

Þá er út af fyrir sig næsta spurning: Ef ekki er ætlunin að innlánsstofnanirnar greiði skatt sinn af eigin fé sínu, hver er það þá sem á að greiða hann? Það gætu verið eignaraðilarnir. Hverjir eiga innlánsstofnanir í þessu landi? Allar stærstu innlánsstofnanir eru ríkisbankar. Ríkið á þær sjálft. Ef eignaraðilarnir eiga að greiða þennan skatt, þá þýðir það m. ö. o. að ríkissjóður er að leggja skatt á sjálfan sig, ríkissjóður er að leggja til að tekjur hans verði auknar með því að hann greiði skatt. Hvernig kemur það heim og saman við almenna skynsemi, svo að maður fari nú ekki lengra, almenna heilbrigða skynsemi, að það geti verið úrræði í tekjuvanda ríkissjóðs að leggja til að hann sem eignaraðili allra helstu lánastofnana í okkar þjóðfélagi taki að sér að

greiða til sjálfs sín skatt í þeirra nafni? Ég held að ég þurfi ekki að fara fleiri orðum um þetta atriði til þess að sýna mönnum fram á hversu heimskulegt það er, ef það er ætlun hæstv. ríkisstj. að fyrst ekki sé ástæða til þess að ætla að bankarnir geti greitt þennan skatt af eigin fé sínu, þá verði það eignaraðilar bankanna sem skattinn greiða.

Þá getur það einnig komið til greina í þriðja lagi eins og ég lýsti áðan, að það séu almennar rekstrartekjur sparisjóða og viðskiptabanka sem standi undir skattgreiðslu þessari, þ. e. þær almennu rekstrartekjur sem verða frá degi til dags, safnast ekki fyrir í formi eigin fjár, heldur eru til ráðstöfunar. Í okkar þjóðfélagi er það Seðlabanki Íslands sem á að annast eftirlit með viðskiptabönkum og öllum lánastofnunum og fylgjast nákvæmlega með stöðu þessara aðila og gera síðan tillögur um ákvarðanir vaxta og vaxtamismunar þannig að hag þessara stofnana sé borgið. Auðvitað verður hag þessara stofnana að vera borgið, því að ella er hætta á að þeir sem byggja þessar stofnanir upp, þeir sem eiga sparifé inni hjá bönkum og sparisjóðum, tapi sínu. Ef banki eða sparisjóður getur ekki staðið undir rekstri sínum, þá er það ekki einhver stofnun í þjóðfélaginu sem tapar peningunum, heldur allir þeir aðilar sem eiga fjármuni inni á viðskiptareikningum við viðkomandi stofnanir.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands, sem er eftirlitsaðili með bankakerfinu, kom á fund fjh.- og viðskn. Nd. Hún sagði um afkomu bankanna á s. l. ári að sú afkoma væri nokkuð misjöfn, sumar innlánsstofnanirnar hefðu gengið nokkuð vel á því ári, en aðrar miður. Alvarlegasta ástandið, sagði seðlabankastjórnin, að væri þó hjá hinum minni innlánsstofnunum í hinum dreifðu byggðum landsins, hjá litlu sparisjóðunum. Þeir gáfu okkur þær upplýsingar, að þessir litlu sparisjóðir hefðu ákaflega lítil rekstrarútgjöld, vegna þess að mikill hluti af þeirri starfsemi, sem þar færi fram, væri unninn af áhugaaðilum í sjálfboðavinnu sem aldrei kæmu laun fyrir. Þetta væru stofnanir sem starfræktar væru e. t. v. fyrir næsta nágrenni, lítil kauptún, lítið byggðarlag eða sveit, væru opnar kannske 1—2 tíma á degi hverjum og gæsla þeirra í höndum aðila sem gerðu frekar af þegnskap heldur en áhuga á endurgjaldi að starfrækja þessar stofnanir, þannig að mjög verulegur hluti af þeirri vinnu, sem þarna færi fram, væri vinna sem aldrei væri greitt neitt fyrir, heldur væri unnin í sjálfboðavinnu.

Jóhannes Nordal seðlabankastjóri gaf okkur þær upplýsingar, að hjá öllum minni og meðalstórum sparisjóðum væru mjög alvarleg vandamál að koma í ljós. Hann sagðist hafa greint fjh- og viðskn. Ed. frá þessu á fundi hennar þegar Ed. fjallaði um það frv. sem hér er á ferðinni. En seðlabankastjóri tók fram að frá því að þær upplýsingar hafi verið gefnar fyrir nokkrum dögum og þangað til hann kom á fund fjh.- og viðskn. Nd. hefði Seðlabankinn aflað sér enn frekari gagna um raunverulega rekstrarafkomu banka og sparisjóða á s. l. ári og þær viðbótarupplýsingar hefðu því miður bent til þess, að vandamál sérstaklega litlu og meðalstóru sparisjóðanna væru miklu alvarlegri en þá í Seðlabankanum hefði órað fyrir áður. Ég skrifaði orðrétt eftir seðlabankastjóranum hvað hann sagði. Hann sagði: „Jafnvel án þeirrar skattlagningar, sem hér um ræðir, er staða margra þessara innlánsstofnana, minni og meðalstórra sparisjóða, mjög tvísýn þannig að líkur eru á að til sérstakra aðgerða þurfi að grípa til þess að koma í veg fyrir mjög alvarlega erfiðleika í rekstri þessara sparisjóða.“ Hvað er seðlabankastjóri að segja með þessum orðum? Hann er að vara við því, að staða margra þessara litlu sparisjóða úti um land sé orðin svo varasöm að það geti verið að þessir sjóðir séu í hættu ef ekkert sé að gert. Hann bætti við orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Að mínu áliti er mjög varhugavert að auka nú þennan vanda með skattlagningaráformum.“

Þegar seðlabankastjórinn var spurður að því, að hve miklu leyti mætti mæta þeirri skattheimtu, sem hér um ræðir, með hugsanlegri jákvæðri rekstrarafkomu þessara stofnana á s. l. ári, þá sagði hann að þegar hann ræddi um þau miklu vandamál sem væru að skapast hjá mörgum þessara innlánsstofnana af minni gerðinni, þá gæfi auðvitað auga leið að þar með væri hann að lýsa yfir að ekki væri þess að vænta að þeir gætu staðið undir þessum skattlagningum. Og hvað varðaði sparnað í rekstri þessara stofnana lagði hann mjög einfalda spurningu fyrir okkur í fjh.- og viðskn. Það fer auðvitað eftir því, sagði hann, hversu fúsir forráðamenn þessara stofnana eru að auka ógreidda vinnu sína í þeirra þágu. Ef starfsmenn þessara sparisjóða úti um land eru tilbúnir til þess að gefa laun sín, þau litlu laun sem þeir hafa fyrir það að starfrækja þesssar stofnanir, þá má vel vera að þessar stofnanir geti risið undir þessum kostnaði, öðruvísi ekki.

Sjálfsagt má ýmislegt spara í starfrækslu bankanna eins og við þekkjum þá hér á Reykjavíkursvæðinu. En það er alveg ástæðulaust að láta þessi viðvörunarorð seðlabankastjórans um afkomu hinna minni útlánastofnana úti um land fram hjá sér fara. Hann fullyrti í viðræðum við okkur í fjh.- og viðskn., að samþykkt þessa frv. væri ákaflega varhugaverð með hagsmuni þessara stofnana fyrir augum, með hagsmuni þeirra fyrir augum sem hafa ákveðið að varðveita sparifé sitt í þessum litlu innlánsstofnunum. Og hann bætti því við, seðlabankastjóri, að með sama hætti og hann hefði fengið frekari upplýsingar um rekstrarafkomu bankanna frá því að hann gekk á fund fjh.- og viðskn. Ed. þar til hann gekk á okkar fund, þá hefði hann einnig orðið sér úti um frekari upplýsingar um líklega afkomu þessara lánastofnana á yfirstandandi ári og því næsta, og hann sagði einnig orðrétt að horfur fyrir yfirstandandi ár væru ískyggilegar.

Ég vænti þess, að engum hugkvæmist svo mikið sem að leggja eyrun að því, að það sé tilætlun hæstv. ríkisstj. að innlánsstofnanirnar eigi að greiða þennan skatt með því að lækka launin við starfsfólk sitt þannig að það sé starfsfólkið sem í rauninni greiði skattinn. Það var aðeins möguleiki sem nefndur var, einn af mörgum sem á var bent af seðlabankastjórn og bankastjórum viðskiptabankanna að gæti komið til mála þegar leitað væri að þeim sem skattinn ættu að greiða. En auðvitað kemur engum til hugar að það eigi að mæta áhrifum þessa frv. með því að lækka laun fólksins í bönkunum, enda eru bankarnir skuldbundnir til þess að greiða starfsfólki sínu þau laun sem samið var um í frjálsum kjarasamningum milli aðila. Og þá er bara einn aðili eftir sem getur komið til greina að láta greiða þann skatt sem hér um ræðir. Hvaða aðili er það? Það eru viðskiptamenn bankanna. Hvernig yrði það gert? Jú, það yrði gert annaðhvort með því að hækka útlánsvexti, þ. e. hækka vextina sem lántakendur eru látnir greiða, eða þá með því að halda útlánsvöxtum óbreyttum, en lækka innlánsvextina og afnema verðtryggingu á sparifé.

Þetta er sú leið sem seðlabankastjórinn lýsti yfir á

fundi fjh.- og viðskn. Nd. að væri nánast óhjákvæmileg. Hann lýsti yfir að í kjölfar samþykktar þessa frv. væri nánast óhjákvæmilegt að reikna með því, að í kjölfar frv. mundi fylgja annaðhvort hækkun útlánsvaxta eða lækkun innlánsvaxta, m. ö. o. að bilið milli útlánsvaxta og innlánsvaxta mundi aukið. Um hversu mikið? Um 0.7—0.9%. Þetta er m. ö. o. niðurstaða bankaeftirlitsins ef kalla má Seðlabankann þá stofnun. Seðlabankinn er sú stofnun sem á að tryggja að hagsmunir fólksins, sem á sparifé sitt inni í lánastofnunum, séu tryggðir þannig að fólk þurfi aldrei að óttast um að sparifjárinnistæður þess verði að engu vegna þess að lánastofnanir standi ekki undir skuldbindingum sínum. Hlutverk Seðlabankans er að tryggja þetta. Þessi aðili, Seðlabankinn, á því að gera tillögur um vaxtaákvarðanir til ríkisstj. sem séu þannig að fólkið í landinu, sem á sparifé í bönkum, megi treysta því, að það sé örugglega varðveitt.

Þessi eftirlitsaðili, Seðlabankinn, tillöguaðilinn um vaxtamál, fór yfir öll þau atriði, sem ég hef hér farið yfir, um hvaða aðili gæti hugsanlega greitt þennan skatt sem látið er í veðri vaka að bankar og lánastofnanir eigi að greiða, og niðurstaða hans varð þessi. Það er ekki um annað að ræða, eins og mál horfa við, en að gera ráð fyrir að skatturinn sé greiddur með því að auka mismun innlánsvaxta og útlánsvaxta, að skatturinn sé greiddur annaðhvort af fólkinu, sem á sparifé sitt í bönkum, með því að verðtrygging sparifjárins verði rýrð að sama skapi, eða af því fólki, sem tekur lán í bönkum, með þeim hætti að útlánsvextir verði hækkaðir að sama skapi. M. ö. o.: Seðlabankinn lýsir yfir að hann muni í framhaldi af afgreiðslu þessa máls gera till. um hækkaða vexti.

Niðurstaðan er sú sem ég hóf mál mitt á, að það er ekki hægt að skattleggja dauða hluti, það er ekki hægt að skattleggja stofnanir eða byggingar. Það er fólk sem greiðir þessa skatta. Og eins og málin horfa við núna þegar búið er að leita að öllum þeim aðilum sem hugsanlega geta greitt þann reikning sem hér er verið að búa til, þegar búið er að leita að öllum þeim aðilum, þá er það ekki nema einn sem eftir stendur. Það eru viðskiptamenn bankanna. Það er fólkið í landinu, sem á sparifé sitt inni í bönkunum, eða fólkið í landinu, sem þarf að njóta fyrirgreiðslu þessara lánastofnana. Skatturinn leggst á það. Á þetta vildi ég aðeins benda og enn ítreka þær ábendingar til þess að reyna enn einu sinni að koma mönnum í skilning um að það eru engin verðmæti til í okkar samfélagi sem hægt er að líta á sem einhvers konar strandgóss, sem hefur rekið á okkar fjörur, og hægt er að ganga í án þess að það komi við einn eða neinn. Slíkt fjármagn er ekki til. Slíkur aðili er ekki til. Allir þeir skattar og öll þau gjöld, sem á eru lögð í okkar samfélagi, sama hvað þau eru kölluð, sama hver er látinn í veðri vaka að eigi að greiða það, — allt þetta eru skattar og gjöld sem lifandi fólk borgar, fólkið í landinu, sama hvað viðkomandi frv. eða tillaga heitir.

Herra forseti. Menn hafa veitt því athygli undanfarnar vikur, að það hafa verið mikil átök í ríkisstj. Átökin hafa verið á milli Alþb. annars vegar og Framsfl. hins vegar, og margt annað, sem gerst hefur hér í þingi, hefur horfið í skugga þeirra átaka. En það eru þrír aðilar í þessari hæstv. ríkisstj. Hluti Sjálfstfl. er í forsæti þessarar ríkisstj., hæstv. forsrh. og fylgisveinar hans sem í ríkisstj. sitja. En eins og jafnan þegar átök verða í stjórnarherbúðunum er þessi þriðji aðili, þetta þriðja hjól undir vagni, aldrei nefndur. Sá þriðji aðili er aldrei til í þessari ríkisstj. þegar ósamkomulag verður. Hann hefur aldrei neina skoðun, þessi þriðji aðili. Hann er aldrei nefndur til málsins. Það heyrist aldrei í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi að hann sé á fundum. Það eru þingflokksfundir hjá Framsfl. Þar er rætt við formann þingflokks eða formann flokks að fundi loknum. Menn bíða með óþreyju og spenningi eftir að fá að vita hvaða ákvarðanir þar eru teknar eða hvaða niðurstaða verður þar. Sama máli gegnir um Alþb. Þar bíða menn í ofvæni eftir þingflokksfundum, eftir viðræðufundum í þeim herbúðum, og menn tala þar við formann flokks, formann þingflokks, ráðh. o. s. frv. En það hefur enginn lengur áhuga á því einu sinni að spyrja um þriðja aðilann: Hvar er Gunnar? Hvað vill Gunnar? Af hverju eru Gunnar og Pálmi ekki á fundi? Hvar er Friðjón? Hvað segja þeir? Hvað vilja þeir? Hvert er framlag þeirra til málsins. Menn eru gersamlega hættir að spyrja um þetta. Þeir hafa aðeins einu hlutverki að gegna í þessari ríkisstj. Það hlutverk er að bíða eftir að hinir komi sér saman. Og þeir hafa aðeins eina tillögu í þessari ríkisstj., og það er að þessir aðilar tveir, Framsókn og Alþb., verði að koma sér saman því að samkomulag verði menn að gera. Að forsrh. hafi einhverja till. um það, hvert eigi að vera efni slíks samkomulags, nei, hann hefur enga skoðun á því. Hann hefur bara eina skoðun: að það verði að vera samkomulag. Samkomulagið getur byggst á till. Alþb. Samkomulagið getur byggst á till. Framsfl. Samkomulag getur byggst á till. sem er soðin upp úr meiningum þessara tveggja flokka. En að forsrh. hafi skoðun á málinu, að þeir ræðist við, sjálfstæðismennirnir í ríkisstj., nei, það er alveg af og frá. Þeir hafa enga aðra skoðun en þá, að það verður að gera samkomulag. (**Gripið fram í:** Hvað sagði Jón Prímus við því?) Hvað sagði Jón Prímus? Ja, það er von að menn spyrji. Það vill nefnilega svo til að í þeirri ágætu bók, Kristnihaldi undir Jökli, eftir Halldór Laxness, er skýrt frá lífsskoðun sem mætti halda að væri letruð á vegg í forsrn., hjá hæstv. forsrh. Það mætti segja, að Jón Prímus væri guðfaðir þessarar ríkisstj., a. m. k. lifir hæstv. forsrh. í anda kenninga Jóns Prímusar, því að hvað segir Jón Prímus og hvað kemur það málinu við sem hann segir varðandi það sem ég hef verið hér að drepa á.

Í Kristnihaldi undir Jökli, 41. kafla, er fjallað um viðgerð hraðfrystihúsanna, og það mætti lesa sem viðgerð atvinnulífsins eða viðgerð efnahagsmálanna, ef menn vildu vera láta. Það segir m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta orðrétt, þar sem ræðast við séra Jón Prímus og umboðsmaður biskups. Séra Jón segir:

„Ef ekki á að gera alla upp fyrir skuldum undireins, þá verður að koma sér saman um eitthvað, sama hvað það kostar, sama hvaða bölvuð vitleysa það er: samkomulag verður að vera. Menn verða til að mynda að koma sér saman um að peningar hljóti að vera einhvers staðar — hjá þeim ríku ef ekki vill betur, í bönkunum ....

Umbi: Ég hefði þó haldið að fyrsta skrefið væri að koma sér saman um að eitthvað sé satt og reyna síðan að lifa eftir því í félagi.

Séra Jón (les: hæstv. forsrh.): Það er gaman að hlusta á fuglana kvaka. En það væri annað en gaman ef fuglarnir væru einlægt að kvaka satt ....

Umbi: Á þá bara að hafa skáldlegt hugarflug í staðinn fyrir réttlæti.

Séra Jón (les: hæstv. forsrh.): Samkomulag er það sem skiptir máli. Annars verða allir drepnir.

Umbi: Samkomulag um hvað?

Séra Jón (les: forsrh.): Sama um hvað?"

Herra forseti. Ég held að ég hafi þessi orð mín ekki öllu fleiri. Ég held að ég sé búinn að komast að raun um það, eftir hvaða lífsreglum hæstv. forsrh. starfar. Hæstv. forsrh. er Jón Prímus íslenskra stjórnmála.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Þetta frv. hefur verið um nokkra hríð fyrir fjh.- og viðskn. þessarar deildar, og þar hefur verið farið eftir óskum nm. um að kalla á fund nefndarinnar og fá þau gögn, sem nm. vildu fá fram, og hef ég ekkert við þau vinnubrögð að athuga. Það var gefinn nokkuð sæmilegur tími til þess að kynna sér bæði efni þessa máls og viðbrögð þeirra sem frv. skiptir fyrst og fremst máli, þó að vitaskuld skipti það hinn almenna viðskiptamann banka og sparisjóða mestu þar sem hér verður fyrst og fremst lagt á þeirra herðar að standa undir þessum sköttum.

Ég held að það sé ómaksins vert að geta lítillega stefnu núv. hæstv. ríkisstj. Hún er öll horfin núna. En í málefnasamningi, sem þeir félagar komu sér saman um 8. febrúar 1980, segir að verðbótaþáttur vaxta hækki ekki *1. mars það ár og fari síðan lækkandi með hjöðnun* verðbólgu, í stað hárra vaxta verði unnið að útbreiðslu verðtryggingar og lengingu lána. Í kjölfar þessa kom stefnuræða forsrh. haustið 1980 og þar segir: „Um útlán viðskiptabanka þarf meginstefnan að vera sú, að þeir láni ekki út meira en sitt eigið ráðstöfunarfé, en grípi ekki til yfirdráttar í Seðlabanka, sem þýðir að jafnaði aukna seðlaprentun og vaxandi verðbólgu, nema alveg sérstakar aðstæður krefji og þá um stutta stund."

Í ræðu forsrh., sem hann flutti á gamlársdag 1980, segir hann um vexti: „Vaxtakerfið verði endurskoðað í heild með einföldun fyrir augum og dregið verði úr þörf fyrir vaxtamismun með hækkun á þjónustugjöldum banka og sparisjóða." Þetta er táknrænt fyrir núv. ríkisstj., að það sem ráðh. segja í öðru orðinu taka þeir aftur með hinu. Jú, það átti að lækka vextina en hækka aftur þjónustugjöld banka og sparisjóða. Ég held að það skipti ekki höfuðmáli fyrir þá, sem lán taka, hvað vextirnir eru, heldur hitt, hvað þeir verða að borga fyrir vexti *og þá þjónustu sem lánastofnanir veita. Vextirnir*, sem hver og einn verður að greiða, eru í raun og veru það sem lánastofnunin tekur af honum.

Í stefnuræðunni, sem flutt var 22. okt. 1981, segir forsrh.: „Tekist hefur að verðtryggja flestar tegundir inn- og útlána á þessu ári" — þrátt fyrir það að vextir hafi tvívegis verið lækkaðir á árinu. Þá voru lækkaðir víxilvextir um 1%, en þjónustugjöldin hækkuð sem því nam og betur þó, en á sama tíma var að verulegu leyti tekið fyrir víxilútlán svo að það hefði verið enn auðveldara fyrir ríkisstj. að lækka víxilvexti enn meira því að þeir höfðu engin áhrif eða sáralítil áhrif á kostnað við lántökur almennings. Og menn voru í stefnuræðunni 1981 *afskaplega ánægðir með árangurinn af stefnu ríkisstj.*, því að forsrh. segir enn fremur í þessari stefnuræðu: „Almenningur getur nú lagt fé sitt fyrir án ótta við rýrnun þess af völdum verðbólgu." Og enn bætir hann við: „Þetta hefur dregið úr þeim verðbólguhugsunarhætti sem verið hefur landlægur hér um árabil." Nú er alveg hætt að hugsa um verðbólgu á Íslandi eftir þessu. Ekki er nú liðið nema rúmlega hálft ár.

27. jan. á þessu ári er sagt í kaflanum, sem ríkisstj. sendi frá sér, skýrslu um aðgerðir í efnahagsmálum: „Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns. M. a. verði sveigjanlegri bindiskyldu beitt í þessu skyni. Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ítrasta aðhalds í útlánum þannig að þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna. Unnið verður að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu." Þetta er síðasta plaggið sem kemur frá ríkisstj. um vaxtamálin, um aðgerðir ríkisstj. í því að lækka vexti í þjóðfélaginu. Allir vita hver árangurinn hefur orðið.

Í þessu sama plaggi er sagt um áramót: „Lagður verði skattur á banka og sparisjóði." Á fund fjh.- og viðskn. komu þeir menn sem unnu að samningu þessa frv., og ég spurði þá að því, hvenær þeim hefði verið fengið þetta verkefni í hendur. Þeir sögðu að þeim hefði verið fengið þetta verkefni í hendur 27. jan. Nú hefur ríkisstj. lagt á það mikla áherslu, hvað hún ætli að marka áhrifaríka stefnu til langframa á öllum sviðum. Ákvörðun, sem hún tekur um áramótin 1981—1982 um að leggja slíkan skatt sem þennan, er ekki komið lengra en það, að verkefnin eru færð til þessara manna, sem eiga að vinna þau, 27. jan. Ríkisstj. hefur lagt fram ýmis stefnuatriði til öflunar fjár fyrir ríkisstofnanir, eins og um svokallaðan orkuskatt, sem skýrt var frá við framlagningu lánsfjáráætlunar og frv. til lánsfjárlaga. Það frv. hefur aldrei komið fram, aldrei verið nein samvinna eða samkomulag um það á milli Alþb. og Framsfl. Ég get tekið undir það sem síðasti ræðumaður sagði, að það er grátlegt til þess að vita, að aldrei eru nefndir þrír menn sem sæti eiga í ríkisstj. Það er aldrei talað nema um þessa tvo stríðandi flokka innan ríkisstj., Framsfl. og Alþb. Loksins ná þessir flokkar saman um að leggja þennan skapnað hér fram, frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana.

Nm. stjórnarandstöðu í fjh.- og viðskn. vildu fá ýmsar fleiri upplýsingar en þær, sem starfsmenn í ráðuneytum og við framkvæmd skattamála gátu gefið, og sömuleiðis umfram þær upplýsingar, sem fram komu frá samtökum banka og sparisjóða, og þess var farið á leit, að tveir ráðherrar kæmu á fund nefndarinnar, hæstv. viðskrh. og hæstv. fjmrh. sem leggur þetta frv. fram. Aðspurður sagði hæstv. viðskrh. að þessari skattlagningu yrði mætt með tvennum hætti: Annars vegar með því að hækka útlánsvexti eða lækka innlánsvexti nema hvort tveggja sé, sem yrði aðallega til þess að mæta þessum skatti sem þýðir nýjan skatt á atvinnulífið, nýjan skatt á almenning, á þá sem þurfa að taka lán og hafa tekið lán. Síðan bætti hann við til þess að fegra nokkuð málstað ríkisstj.: Þessum nýju útgjöldum verður líka mætt með miklu aðhaldi og sparnaði í bankakerfinu. — Ég hef verið einn af þeim mönnum sem hefðu gjarnan viljað spara og veita meira aðhald í kerfinu, ekki eingöngu bankakerfinu, heldur einnig í ríkisstofnunum. Þetta er að verða útslitið orð, þetta aðhald og sparnaður, því að það fylgir þessu ekkert. Báknið þenst út, það blæs út með hverjum degi sem líður. Það er alltaf verið að fjölga starfsmönnum ríkis og ríkisstofnana og er ekkert lát á því.

Nú hefur hæstv. viðskrh. gegnt sínu embætti frá því að núv. stjórn var mynduð og hæstv. núv. félmrh. þar áður, og ég hef ekki orðið var við að það hafi verið ríkjandi neitt aðhald í sambandi við rekstur banka. Það eru svo gífurlegar bankabyggingar í landinu og útþensla í þeim efnum að undrum sætir og þá ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég held að það sjáist ákaflega vel í þeim fskj., sem fylgja frv. Samkv. lögum um sérstakan skatt á skrif-

stofu- og verslunarhúsnæði greiða viðskiptabankarnir á árinu 1980 í skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem byggt er, hvorki meira né minna en 1 millj. 792. þús. kr. og sparisjóðirnir 301 þús. kr. Ætli þessi upphæð sé ekki með sama áframhaldi örugglega tvöfölduð núna? Þetta er nú allt aðhaldið sem veitt er. Það er sjáanlegt á öllu að hér er verið að flytja frv. um einn nýjan skattinn enn sem kemur ekki á bankana. Það er látið líta svo út að bankarnir eigi að borga hann. Hann kemur á viðskiptamenn bankanna eins og viðskrh. viðurkenndi á fundi nefndarinnar. Það er enn ný skattlagning á atvinnulífið í landinu og á allan almenning. Það er enn verið að rýra kjörin til þess að seðja gírugheit fjmrh. og ríkisstj. sem reynir ekki á neinn hátt að halda í horfinu eða sýna aðhald, nema taka það sér í munn öðru hvoru.

Það er eftirtektarvert, að þegar ríkisstj. vill fá afgreidd mál og leggur áherslu á það, og það gerir ríkisstj. á hverjum tíma, þá var það venja áður að ráðherrar, sem voru að ýta við afgreiðslu mála, hlýddu á umr. og hlýddu á aths. Nú höfum við 10 ráðherra, einn er erlendis, og það situr ekki einn einasti þeirra inni í þingsalnum. Þeir mega ekki vera að þessu. Farfuglarnir eru komnir flestir. Sumir farfuglarnir eru um það bil að koma. En nú liggur á að ljúka þinginu því að það eru aðrir farfuglar sem eru að fara, og það eru farfuglarnir sem eiga að sitja hér í ráðherrastólunum, en sitja ekki. Þeir eru að fara núna hver á fætur öðrum frá landinu, enda full ástæða til að fara. Það er allt að stöðvast og það er allt hér á hverfanda hveli. En hvort þeir kaupa eða láta borga undir sig nema aðra leiðina, sem væri mjög hyggilegt af þeim að gera, það veit ég ekki. (**Gripið fram í:** Heldur þú að þeir fái landvistarleyfi erlendis?) Á þm. við að við værum neydd til að taka við þeim aftur vegna ríkisfangs?

Ef við lítum á það atriði sem menn tala um, að það séu engir skattar lagðir á banka eða innlánsstofnanir í landinu og þess vegna sé alveg sjálfsagt að leggja nú nýjan skatt á, þá er það rétt, að tekju- og eignarskattar hafa ekki verið lagðir á, enda segir það í lögum um bæði Landsbanka, Útvegsbanka, Búnaðarbanka og aðra banka, einkabankana líka, að svo skuli ekki gera. En heildarskattar, sem lagðir eru á viðskiptabankana á árinu 1980, eru upp á 14 millj. 606 þús. og á sparisjóðina 1 millj. 686 þús. M. ö. o. eru skattar til sveitarfélaga og ríkisins lagðir á viðskiptabankana og sparisjóðina upp á 16 millj. 292 þús. sem skiptist þannig, að það er landsútsvar tæpar 2.5 millj., fasteignaskattar til sveitarfélaga nema sömu upphæð og eins og ég sagði áðan sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem nemur tæplega 2.1 millj. og launaskattur sem nemur rúmlega 5.8 millj. kr. Lífeyristryggingar, slysatryggingar og atvinnuleysistryggingar og vinnueftirlitsgjald, sem lagt er á allan atvinnurekstur í landinu, nema tæplega 3.5 millj. Hér er því um töluverða skattlagningu að ræða, enda eðlilegir skattar og réttlætanlegir, bæði landsútsvarið, fasteignaskattur til sveitarfélaga, launaskatturinn, meðan hann er lagður á, og sömuleiðis tryggingaskattarnir. Hins vegar má segja að sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sé ranglátur, og því var lofað hátíðlega, einkum af framsóknarmönnum, að þetta yrði ekki gert nema í 1—2 ár, en síðan ætti að hverfa frá því. En það hefur verið svikið eins og fleira í þeim herbúðum.

Ég held að menn deili ekki um það, að eigið fé viðskiptabanka þurfi að vera allmikið og fara helst vaxandi sem hlutfall af heildarskuldbindingum. Ef þessi vöxtur hefur verið mjög mikill á undanförnum árum væri e. t. v. hægt að segja að það mætti leggja þennan skatt á bankana sjálfa. En við skulum aðeins líta á þá töflu sem fylgir nál. minni hl. n. og er úr skýrslu sem nefndinni barst frá viðskiptabönkunum. Þar sést að frá 1976 lækkar eigið fé banka eins og Landsbankans, sem er langstærsti viðskiptabankinn, úr 5.9% 1976 í 5.3% 1981. Þetta er þróunin þegar tekið er tillit til hlutfallsins af heildarskuldbindingum bankanna. Það er aukning aftur í Útvegsbankanum. Hins vegar hef ég ekki samanburð fyrir sama tímabil og kemur fram í þeim tölum sem ég nefndi um Landsbankann, en þar hefur aukningin farið úr 3.2% í 9.7%. Í Búnaðarbanka hefur einnig orðið nokkur aukning frá árinu 1978, en engin nú síðasta árið, eða í 8.3%. Í Iðnaðarbankanum hefur orðið lækkun frá 1976 úr 8.9% í 8.4%. Í Verslunarbankanum hefur orðið aukning úr 4.4% í 9%. En þegar við lítum á viðskiptabankana, á meðaltalið, þá höfum við það ekki nema frá 1978, 5.5% í 6.8%, en eftir tekjuskatt fer það niður í 5.2%. Þetta segir sína sögu og er ekki björgulegt í sambandi við þá þróun sem þarf að vera varðandi stöðu bankanna og eigið fé þeirra sem hlutfall af heildarskuldbindingum.

Ríkisstj. segir: Við þurfum að auka bindiskylduna, við þurfum að auka aðhald bankanna til útlána, taka meira af ráðstöfunarfé þeirra. — Því minna geta þeir lagt af mörkum til þess að sinna atvinnulífinu og hinum almenna borgara í þjóðfélaginu. Og nú er svo komið að það er ríkjandi lánsfjárkreppa í landinu og atvinnulífið stendur með þeim hætti, að það hefur orðið að grípa til sérstakra aðgerða sem þó hafa engan veginn gengið nógu langt eins og allir vita.

Stefna ríkisstj. fyrsta árið var sú, að gengið þyrfti að aðlagast útflutningskjörum og útflutningi landsmanna, og þá gekk atvinnulífið nokkuð sómasamlega miðað við það, að enginn megi hafa neitt umfram það sem minnst þarf. En svo kom ógæfan með ákvörðun á gamlársdag 1980 þegar var ákveðið að festa gengið og láta sem engan varðaði um það, hvernig atvinnulífinu reiddi af. Verðbólgan var mæld niður og opinberar skýrslur sýna að það var minnkandi hraði verðbólgu á öllu því sem var innan marka vísitölu. Allt annað óð áfram. Framleiðslukostnaður jókst um 50—60% í flestum greinum. Við fluttum inn eins og óðir værum allt sem erlent var til landsins, seldum það á undirverði, jukum þann veg eyðsluna með því að flytja á undirverði erlendar vörur til landsins, en á sama tíma hnignaði samkeppnisiðnaði þannig að margar iðngreinar voru við það að gefast upp. Sum fyrirtæki gáfust gersamlega upp í þessari óheillastefnu sem stjórnin tók upp í árslok 1980. Í sjávarútvegi voru erfiðleikarnir líka miklir nema í tilteknum greinum vegna mjög hagstæðra markaðsáhrifa. Það, sem bjargaði að vissu leyti miklu, var að dollarinn styrktist mjög á þessu tímabili, en um 70% af útflutningi okkar seljum við í dollurum. En ef ég man rétt eru ekki nema um 30% af innflutningi í dollurum.

Við héldum veislu á árinu 1981 eða réttara sagt bauð ríkisstj. til þeirrar veislu. Hún borgaði ekkert í veislunni, enda hefur hún ekkert að borga, en veislan stóð allt árið. Sá, sem borgaði veisluna, var atvinnurekstur í landinu. Eftir stóð atvinnurekstur í óskaplegum vanda og þegar veislunni lauk á gamlársdag s. l. sáu a. m. k. einhverjir í ríkisstj., — ég skal ekki segja hvort Jón Prímus hefur séð það, — en einhverjir hafa séð að nú væri

ekki hægt að halda áfram stefnu gamla Prímusar, gengið þyrfti að aðlagast þeim tilkostnaði sem væri við framleiðsluna, við útflutninginn, og það þyrfti líka að láta verðlag á innfluttum vörum vera á sannvirði, en drepa ekki innlendan iðnað. Og þetta hefur nú gerst síðan gengisaðlögun var tekin aftur upp.

En gengislækkanir eru auðvitað ekki til þess að bjarga neinu. Þær eru aðeins staðfesting á því sem er að gerast í þjóðfélaginu. En það er líka nauðsynlegt að staðfesta þegar verðbólgan er jafnhrikaleg og hún er í þessu landi. Eftir að núv. ríkisstj. hefur setið í rúm tvö ár er ástandið þannig að það er stórversnandi hagur allra fyrirtækja í landinu. Einstöku markaðir eru ótryggir, og við það getur vesalings stjórnin ekki ráðið, enda verður ekki að henni vegið í þeim efnum. Hún hélt því í upphafi síns valdatíma að auka mætti þjóðarframleiðslu, en þjóðarframleiðslan hefur dregist verulega saman, og það er eingöngu fyrir áhrif þeirra stjórna, sem voru á undan vinstri stjórninni 1978, sem þessi þjóð hefur lifað við þau lífskjör sem hún hefur haft fram til þessa. Það var þó einkum verk þeirrar stjórnar sem sat 1974—1978, því að aðgerðirnar, sem hún beitti sér fyrir með útfærslu í 200 mílur, aðgerðirnar, sem hún beitti sér fyrir til að losna við útlendinga úr íslenskri fiskveiðilögsögu, eru það sem við höfum lifað á síðan. Lengi vel fiskuðu útlendingar um 50% af heildarbolfiskafla okkar. Þessu höfum við náð og við höfum aukið bolfiskveiðarnar verulega. Bara aukningin á bolfiskveiðunum hefur gert það að verkum, að verðmætið er ívið meira en allt það verðmæti sem loðnan gaf okkur þegar mest var. Loðnan var mikil búbót. Nú hefur sú veiði hrunið og mjög mikið áhorfsmál hvort eigi að leyfa nokkra slíka veiði á þessu ári.

Enn stafar að okkur ný hætta þrátt fyrir 200 mílna fiskveiðilandhelgi. Við heyrðum í gærkvöld fregnir af því, að stór rússneskur verksmiðjufloti væri að veiða karfa utan 200 mílna á mjög djúpu vatni, miklu dýpra vatni en við Íslendingar veiðum á. Það eru þrír stofnar af karfa hér við landið, tveir stofnar sem við höfum veitt, annar er djúpsjávarkarfi, sem við köllum, sem fer út á dýpi til að gjóta, en þriðja stofninn, sem er aðallega á þessu mikla dýpi, höfum við ekki nýtt til þessa. Ef þessi mikla veiði er sá djúpsjávarstofn sem við höfum verið að veiða, þá er okkur stórfelld hætta búin. Mér hefði þótt fróðlegt, því að þetta mál, sem við erum að ræða, skiptir miklu, þetta eru almenn efnahagsmál, að heyra hver eru viðbrögð ríkisstj. við þessu máli. Samstarfsnefnd var skipuð á árinu 1978 á milli Sovétríkjanna og Íslands um fiskverndun og samstarf þessara þjóða um fiskveiðar. Það væri fróðlegt að vita það, ef ráðherrar mættu vera að því að hlutsa og svara, hvort íslenska ríkisstj. ætli ekki að bregðast við og fara þess á leit við Sovétríkin að þessi nefnd haldi fund um þetta alvarlega ástand. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. ræðumann að fresta ræðu sinni. Klukkan er hálffimm og komið að fundartíma Sþ.) — [Frh.]

Umr. frestað.

Efri deild, 88. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, kl. 2 miðdegis.

Tekjuskattur og eignarskattur, frv. (þskj. 282). — 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til fjh.- og viðskn. með 13 shlj. atkv.

Efri deild, 89. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, að loknum 88. fundi.

Jöfnun hitunarkostnaðar, frv. (þskj. 619, n. 933). —2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Davíð Aðalsteinsson): Herra forseti. Iðnn. hefur fjallað um 286. mál, þ. e. frv. til l. um jöfnun hitunarkostnaðar. Eins og hv. dm. er vafalaust kunnugt eru flm. þessa frv. Þorv. Garðar Kristjánsson, Eiður Guðnason og Egill Jónsson.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og orðið sammála um afgreiðslu þess. Ég vil leyfa mér að lesa upp nál., en það er svohljóðandi með leyfi forseta:

„Nefndin hefur tekið frv. til meðferðar og samþykkir að leggja eftirfarandi til:

Með skírskotun til yfirlýsingar ríkisstj. í Ed. í gær og í trausti þess, að þær aðgerðir til jöfnunar hitunarkostnaðar sem lofað hefur verið fyrir 1. ágúst n. k., verði ákveðnar með sérstöku tilliti til efnisþátta frv., samþykkir deildin að leggja til að vísa frv. til ríkisstj."

Ég vildi með leyfi forseta og vegna hv. þdm., sem voru e. t. v. fjarverandi þær umr. sem áttu sér stað hér í deildinni í gær, lesa upp þá yfirlýsingu sem vitnað er til í nál., en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. telur óhjákvæmilegt, að dregið verði úr mismun á upphitunarkostnaði húsnæðis í landinu. Hefur ríkisstj. ákveðið með hliðsjón af áliti nefndar, sem nýverið hefur lokið störfum og skipuð var fulltrúum frá öllum þingflokkum, að beita sér fyrir úrbótum í þessu efni. Er að því stefnt, að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sbr. Hitaveitu Akureyrar og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Verður á næstunni gerð áætlun um hvernig ná megi slíku markmiði í áföngum, m. a. með endurskoðun á gjaldskrá veitufyrirtækja á næstu 12 mánuðum.

Verulegur ójöfnuður og hár upphitunarkostnaður stafar sumpart af bágu ástandi íbúðarhúsnæðis. Því er brýnt að hvetja til orkusparandi endurbóta á húsnæði og mun ríkisstj. beita sér fyrir aðgerðum í þessu skyni á vegum Húsnæðisstofnunar ríkisins."

Vegna þess, sem stendur í nál., og vegna dagsetningar 1. ágúst vil ég ítreka það, að sú dagsetning er til komin

vegna yfirlýsingar hæstv. iðnrh. í umr. utan dagskrár hér í deildinni í gærkvöld. Undir nál. sem ég þykist hafa gert grein fyrir, rita allir viðstaddir nm.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. iðnn. fyrir afgreiðslu hennar á frv. því sem hér er til umr., þó að ég eigi nú sæti í þeirri nefnd og hafi tekið þátt í þeirri afgreiðslu.

Það er rétt að taka það fram, að tveir nm., hv. 11. landsk. þm. og Þorv. Garðar Kristjánsson, rita undir nál. með fyrirvara. Við hv. þm. Egill Jónsson erum tveir af flm. frv. og eigum báðir sæti í hv. iðnn., en 3. flm., sem er hv. þm. Eiður Guðnason, á ekki sæti í nefndinni. En það er sammerkt um okkur alla, að við erum eftir atvikum ánægðir og samþykkir þessari afgreiðslu, en fyrirvarar okkar tveggja, sem eigum sæti í iðnn., er auðvitað sá, að heldur hefðum við kosið að frv. hefði verið afgreitt þannig að það hefði orðið að lögum á þessu þingi, eins og við væntum. Nú er útséð um að slík afgreiðsla geti orðið á þessu þingi svo að eftir atvikum erum við ánægðir með þá afgreiðslu sem iðnn. leggur til. Hvers vegna erum við ánægðir? Það er vegna þess að í þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. hefur gefið um þetta mál, er tekið fram að ríkisstj. stefni að því að upphitunarkostnaður sambærilegs íbúðarhúsnæðis verði yfirleitt ekki meiri en gerist hjá nýjum og hagkvæmum hitaveitum. Þetta er grundvallaratriði í þessum málum og þetta er grundvallaratriði í því frv. sem við ræðum hér, því að sú viðmiðunarregla, sem frv. gerir ráð fyrir, um það hvað mismunur á upphitunarkostnaði megi vera mestur, miðar við að þessum tilgangi sé náð.

Þá er það mjög mikilvægt atriði annað, að því hefur verið lýst yfir af hálfu ríkisstj., eins og þegar hefur komið fram, að þær aðgerðir, sem ætlunin er að gera og miða í þessa átt, verði gerðar í síðasta lagi fyrir 1. ágúst n. k. Þetta er í samræmi við það sem kom fram í umr. utan dagskrár í gær, eins og hv. frsm. nefndarinnar hefur þegar getið um. Ég tók það fram, að þó að hér væri ákveðin dagsetning 1. ágúst væri talað um að því, sem gera þyrfti, yrði lokið fyrir 1. ágúst, og ég vænti þess, að það yrði sem fyrst fyrir þann tíma.

Í umr. utan dagskrár í gær þakkaði ég bæði hæstv. viðskrh. og hæstv. iðnrh., sem tóku þátt í þeirri umr., fyrir þessa afstöðu. Ég leyfi mér að þakka ríkisstj. í heild skilning hennar og sérstaklega forsrh. hennar fyrir þetta.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Aðeins örfá orð þar sem ég er einn af flm. þessa frv., en á ekki sæti í þeirri nefnd, sem um það fjallaði, eins og fram kom áðan hjá hv. 4. þm. Vestf.

Það er satt best að segja furðulegt hve hæstv. ríkisstj. hefur lengi þumbast við í þessu réttlætismáli. En því ber nú að fagna, að hún er nokkuð að hverfa þar frá villu síns vegar, því að eins og ég sagði við 1. umr. um þetta mál er vilji allt sem þarf í þessu efni. Þetta er tiltölulega einfalt mái aðeins ef vilji er fyrir hendi.

Í trausti þess, að meira sé að marka yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. í þessu efni, — það er kannske barnaleg trú, en ég leyfi mér að vona það engu að síður, — í trausti þess, að meira sé að marka yfirlýsingu hæstv. ríkisstj. í þessu mikla hagsmunamáli fjölmargra Íslendinga en ýmislegt annað sem hún hefur sagt, þá finnst mér þessi afgreiðsla vera viðunandi eins og nú er í pottinn búið hér á hinu háa Alþingi þar sem tími er orðinn skammur. En sem sagt, ég treysti því og vona eindregið, að við þá yfirlýsingu, sem var gefin úr þessum ræðustól í gær, verði staðið. Með því verður vissulega fylgst.

Viðskrh. (Tómas Árnason): Herra forseti. Hér er um að ræða geysilega mikilvægt mál eins og hefur verið margundirstrikað og ítrekað í umr. Það er alveg ljóst, að þegar til lengdar lætur verður örugglega byggðaröskun í landinu ef menn búa ekki nokkurn veginn við svipaðan upphitunarkostnað á íbúðarhúsnæði og raunar atvinnuhúsnæði einnig, þannig að hér er um að ræða ákaflega mikilvægt mál að mínum dómi. Ég skal stilla mig um að gera að umræðuefni hverjir ganga harðast fram í þessu máli, það er alltaf tækifæri til að ræða það, en ég vil sérstaklega fagna því, að tekist hefur í raun og veru allsherjarsamkomulag um málið í þinginu milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Það er ekki í hverju máli sem svo er, eins og kunnugt er, og þess vegna ástæða til að undirstrika það. Og þá verður að treysta því, að þó að stjórnarskipti verði og t. d. stjórnarandstæðingar komist til valda, þá haldi þeir við þá stefnu sem mörkuð hefur verið, þannig að það ætti að vera sæmilega tryggilega frá málinu gengið.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Ég hlýt svo sem fleiri hér að fagna afgreiðslu þessa máls frá þeirri nefnd, sem eins og að líkum lætur er þrungin bæði réttlæti og visku, ekki síst í viðhorfum sínum til frv. sem hér um ræðir. Ég varð þeirrar velvildar 1. flm. aðnjótandi þegar nokkru fyrir tilorðningu þessarar ríkisstj. að fá að verða meðflm. að máli þessu. Það var skömmu áður en núv. ríkisstj. var mynduð. Síðan má heita að við sérstakir áhugamenn um þetta mál höfum fengið mjög góðar undirtektir á þingi hverju um að nú yrði aflétt því ranglæti sem gilt hefur í sambandi við upphitun á íslensku íbúðarhúsnæði. En kvarnir guðdómsins mala hægt og stundum taka hinar raunverulegu efndir langan tíma, og vegna ummæla hv. þm. Eiðs Guðnasonar, sem ég lái honum að vísu ekki, í ræðu hans áðan leyfi ég mér að vekja athygli hv. þm. á því, að býsna langt er síðan og getum við fundið það í fornum bókum, að menn uppgötvuðu að ranglætið er vont, en það er slatti af því í gildi enn þá.

ATKVGR.

Till. á þskj. 933 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 14 shlj. atkv.

Sameinað þing, 89. fundur.

Fimmtudaginn 6. maí, kl. 4.30 síðdegis.

Hagnýting orkulinda til stóriðju, þáltill. (þskj. 131, n. 725 og 728, 729). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 725 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 31:29 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, TÁ, ÞS, AS, DA, FÞ, GS, GeirG, GB, GJG,

HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, JH.
nei: RH, SalÞ, SighB, SteinG, SvH, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EH, EgJ, EG, EKJ, FrS, GeirH, GK, HBl, JS, SigurlB, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE.
4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Það er of seint að vísa málinu til hæstv. ríkisstj. Ég segi nei.

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Alþingi hefur á þessu og síðasta þingi fjallað um nokkur mál sem kveða á um virkjanir og hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju. Í öllum þessum málum hefur komið í ljós að undirbúningi af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur verið mjög ábótavant. Heildarstefnu hefur vantað í þessum mikilvægu málum, vinnubrögð hafa verið ómarkviss og eðlilegt samstarf við stjórnarandstöðu hefur ekki verið haft á undirbúningsstigi. Öll þessi mál hafa því tekið miklum breytingum á Alþingi og stundum hefur tilviljun nánast ráðið hver endanleg úrslit hafa orðið.

Þessi þáltill. markar ákveðna stefnu til frambúðar um hagnýtingu orkulinda landsins til stóriðju og hvernig undirbúningi skuli hagað. Við afgreiðslu á þessari till. reynir enn á það, hvort hæstv. ríkisstj. vill móta stórhuga stefnu í þessum málum og hvort hún vill taka upp eðlilegt samstarf við stjórnarandstöðu um undirbúning mála á þessu sviði.

Rétt er að taka fram, að þáltill. þessi er í samræmi við þá stefnu, sem landsfundur Sjálfstfl. samþykkti s. l. haust. Það kemur því á óvart, ef hæstv. ráðherrar úr Sjálfstfl. greiða atkv. gegn henni. Ég segi nei.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Eins og staðið hefur verið að undirbúningi stóriðju af ríkisstj. er það að segja já við þessari till. í raun að segja nei við nýiðnaði í Eyjafirði eða við Akureyri. Ég segi því nei.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Ég tel að þáltill., sem hér liggur fyrir, sé mjög skýr stefnumörkun sem ég trúi að sé besta ályktun sem hægt er að gera og starfa eftir. Hins vegar hefur ríkisstj. bögglast illilega með þetta mál á liðnum árum og mér finnst vera nóg á borðum ríkisstj. þó ekki sé verið að bæta þeirri kvöl á hana aftur að ræða um stóriðju, eins og samkomulagið er á þeim bæ, og ég segi nei.

Virkjunarframkvæmdir og orkunýting, þáltill. (þskj. 176, n. 844, 186, 845, 877). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 186 tekin aftur.

Brtt. 877 felld með 33:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: GK, HBl, JS, SigurlB, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, RH, SalÞ, SighB, SteinG, VG, ÞK, AG, ÁG, BGr, BÍG, EgJ, EG, EKJ, GeirH.
nei: GB, GJG, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HS, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SvG, SvH, TÁ, ÞS, AS, DA, EH, FÞ, GS, GeirG, JH.
FrS greiddi ekki atkv.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sverrir Hermannsson: Herra forseti. Þessi till. er stefnumótandi till. sem Sjálfstfl. hefur áður kynnt og er ég innihaldi hennar sammála. En það stendur alveg sérstaklega á fyrir mér, og eiginlega tepptur undir annarri lóð, því að ég hafði eftir mikla vinnu gert samkomulag um afgreiðslu á aðaltill. sem þessi brtt. er flutt við. Þar var hvert orð vigtað og jafnvel tekist á um greinarmerkjasetningu, og ekki hefði náðst samkomulag um að hafa þetta þar með. Til þess nú að enginn ætli mér að ég ætli í neinu að hverfa frá því samkomulagi, þá þykir mér nauðsyn til bera þrátt fyrir innihald þessarar till. að segja nei.

Friðrik Sophusson: Með tilvísun til efnisinnihalds í grg. hv. 4. þm. Austurl. greiði ég ekki atkv.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég lít svo á að þessi brtt. sé atlaga að víðtæku samkomulagi atvmn., og mér finnst í meira lagi furðulegt að nm. úr atvmn. skuli geta sagt já við þessari till. Ég segi nei.

Brtt. 845 (ný tillgr.) samþ. með 58 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: HG, IGuðn, IGísl, JE, JS, SigurlB, KSG, KP, KJ, LJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓRG, SigrM, ÓÞÞ, PP, PJ, RH, RA, SalÞ, SighB, SkA, StefG, StJ, SV, StH, SteinG, SvG, SvH, TÁ, VG, ÞS, AS, ÁG, BGr, BÍG, DA, EH, EgJ, EG, EKJ, FÞ, FrS, GS, GeirG, GeirH, GB, GJG, GK, HÓ, GHelg, GTh, HÁ, HBl, HS, JH.
ÞK greiddi ekki atkv.
1 þm. (AG) fjarstaddur.
5. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Pétursson: Herra forseti. Við erum hér á nokkrum vegamótum. Afgreiðslu vandasamra átakamála er að ljúka hér á Alþingi. Við landverndarmenn fyrir norðan komum hins vegar til með að fylgjast nákvæmlega — mjög nákvæmlega — með virkjun Blöndu. Ég treysti því að samskipti okkar við Landsvirkjun verði góð og okkur verði sýnd kurteisi, lipurð og samkomulagsvilji, og við hlökkum til þeirra umskipta sem í því felast, að Landsvirkjun taki við samningagerð og framkvæmdum við Blöndu sem virkjunaraðili, og væntum hins besta af þeirri breytingu og siðmannlegra samskipta Landsvirkjunar við Húnaþing og Húnvetninga og Skagfirðinga.

Ég tel að niðurstaða atvmn. að athuguðum bókunum nm., ályktun ríkisstj. og þingflokks Framsfl. leiði til farsællar niðurstöðu, þeirrar að við Blöndu rísi skynsamleg virkjun. Því er slegið föstu að mínum dómi, að miðlunarrými verði 220 gígalítrar í upphafi. Ég kann atvmn. þakkir fyrir viturlegt orðalag og alþm. mörgum fyrir góðvild í garð landsins og skilning á því, að það beri að umgangast það með virðingu.

Ég vona svo að Húnvetningar beri gæfu til að bregðast við með þeim hætti, að virkjunarumsvifin ríði ekki öðru atvinnulífi í héraðinu að fullu, og ég segi já við þessari brtt.

Landbrh. (Pálmi Jónsson): Herra forseti. Fyrirvari einstakra þm. í atkvgr. breytir ekki niðurstöðu þessa máls. Með vísun til þess, er fram kemur í nál, hv. atvmn.,

segi ég já.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Með skírskotun til þess, að felld hefur verið brtt. á þskj. 877 um orkunýtingu og að ekkert segir um í þeirri till., sem nú er til afgreiðslu, að samræmi skuli vera á milli markaðsöflunar fyrir orku og virkjunarframkvæmdar, greiði ég ekki atkv.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Með tilvísun til bókunar Magnúsar H. Magnússonar í atvmn. og þess skilnings, sem þar kemur fram, og þess, að sú virkjunarleið verði valin sem hagkvæmust er og ódýrust fyrir þjóðina, og í trausti þess, að skattþeningum fólksins í landinu verði ekki fleygt út um gluggann, segi ég já.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það fer ekki leynt, að nokkuð mismunandi skilning leggja menn í það sem hér verður væntanlega samþykkt. En ég vil taka það skýrt fram, að þegar farið verður að skýra það sem kann að vera ágreiningur um, þá verður auðvitað fyrst að líta á lögin um raforkuver frá s. l. ári, þá kemur þál., sem við erum nú að fjalla um, í þriðja lagi það, sem segir í nál. hv. atvmn., og í fjórða lagi þær bókanir, sem nm. hafa gert án þess að þær séu settar í sjálft nál., þar sem annars vegar er bókun, sem 6 nm. hafa samþykkt, og hins vegar bókun, sem einn nm. hefur staðið að. Ég er aðeins að benda hlutlaust á þessi túlkunaratriði þar sem þarf að hafa þau gögn til hliðsjónar sem ég nú rakti og hlýtur að gilda við sérhverja túlkun.

Það eru nú liðin þessa dagana rétt um sjö ár síðan þáv. iðnrh. boðaði til fundar á Blönduósi til þess að kynna hugmyndir um Blönduvirkjun sem lágu þá fyrir í öllum meginatriðum eins og nú stendur til að framkvæma. Ég lýsi sérstakri ánægju yfir því, að þetta mál skuli nú komast í höfn þótt það hafi tekið sjö ár að ná þessari niðurstöðu, og segi já.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 936).

Iðnkynning, þáltill. (þskj. 55, n. 843). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Brtt. 843 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 937).

Umræður utan dagskrár.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Í tilefni af blaðafregnum í gær þess efnis, að Hjörleifur Guttormsson iðnrh. hefði lagt fram við Alusuisse samningstilboð um að Íslendingar kaupi álverið í Straumsvík, óskaði ég eftir því, að fram færu við fyrstu hentugleika umr. utan dagskrár í Sþ. þar sem tækifæri gæfist til þess að fjalla um þessi mál og beina fsp. annars vegar til iðnrh. og hins vegar til forsrh. af þessu tilefni.

Forsrh. taldi ekki tök á því að tefja Nd. í störfum hennar, en féllst á að umr. færu fram í Ed. í gærkvöld. Seint um kvöldið kom síðan fram krafa frá sjálfstæðismönnum um sams konar umr. í Nd. ellegar þá að umr. færu fram í Sþ. Það varð að ráði, að þær færu hér fram í dag, og ég fagna því, að upphafleg ósk mín um, að þessar umr. gætu farið fram í Sþ., náði fram á endanum.

Eins og ég gat um birtist í Dagblaðinu og Vísi í gær frétt þar sem segir að Hjörleifur Guttormsson hafi lagt fram við Alusuisse samningstilboð um að Íslendingar kaupi álverið í Straumsvík. Síðan segir: „Hjörleifur sagði að í slíkum kaupum gæti orðið um að ræða allt frá meirihlutaeign Íslendinga að verinu upp í algera eign."

Í útvarpsviðtali í gærkvöld má segja að hæstv. iðnrh. hafi tekið þessa fregn að nokkru leyti til baka, því að hann sagði: „Það hefur að sjálfsögðu ekki verið lagt fram tilboð af okkar hálfu gagnvart Alusuisse." Í Morgunblaðinu í dag getur iðnrh. þess aðspurður, að hugmyndir um kaup Íslendinga á meiri hl. ÍSALs yrðu ekki til umræðu að þessu sinni í viðræðum við forsvarsmenn Alusuisse. Engu að síður þykir mér rétt að Alþingi fái svör iðnrh. um stöðu þessa máls, þessa hugsanlega samningstilboðs, og reyndar ýmislegs annars sem fram hefur komið í viðtölum við ráðh. að undanförnu. Alþingi á vitaskuld kröfu á að vita hvað sé að gerast, og það er eðlilegt að umr. geti farið fram um þetta hér á Alþingi.

Það er ljóst að hér er um stórmál að ræða. Við verðum vitaskuld að halda vel á málum okkar og halda vel á hagsmunum okkar gagnvart erlendum aðilum af því tagi sem hér um ræðir, halda fast á kröfum okkar. Við vitum að fyrirtæki af þessu tagi beita auðvitað öllum ráðum, sem þeim eru tiltæk, til þess að verja hagsmuni sína og sækja sem mest til sín. Mér finnst hins vegar rétt í tilefni af því sem hér um ræðir, að hæstv. iðnrh. svari því í fyrsta lagi afdráttarlaust hér í heyranda hljóði á Alþingi, hvort hann hafi gert Alusuisse samningstilboð um kaup eða hvort hann hafi í hyggju að gera það. Enn fremur tel ég rétt að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh., hvort iðnrh. njóti atbeina og stuðnings ríkisstj. til þess að gera slíkt tilboð, hvort sem það hefur verið gert eða ekki, hvort ríkisstjórnarsamþykkt liggi að baki. Vænti ég þess, að hæstv. forsrh. geti svarað því. Það er vitaskuld spurt m. a. vegna þess, að til aðgerða af þessu tagi þarf væntanlega atbeina og samþykki Alþingis.

Að hinu leytinu skýrði hæstv. iðnrh. frá því í útvarpsviðtali í gærkvöld, að hann væri í viðræðum við þriðja aðila um að þeir auðveldi okkur, eins og hann orðar það, að eignast þennan meiri hl. í íslenska álverinu og það með þeim hætti að áhættan verði í lágmarki, við fáum langtímasamninga um aðföng og um sölu afurða og fáum út úr slíkum rekstri það raforkuverð sem við þurfum. Þetta sagði hæstv. iðnrh. í gærkvöld. Alþingi á vitaskuld kröfu á að fá að vita hvaða áform eru uppi í þessum efnum, hvaða viðræður hafi átt sér stað og í umboði hvers hæstv. iðnrh. standi í þessum viðræðum. Liggur t. d. ríkisstjórnarsamþykkt þar að baki. Vænti ég að hæstv. forsrh. geti svarað því.

Á hinn bóginn, ef þessar athuganir eru í gangi sem hæstv. iðnrh. hefur skýrt frá, þá er rétt að hann og forsrh. skýri Alþingi frá því, í hvaða farvegi þær eru, hvers konar fyrirkomulagi er verið að gera ráð fyrir, hvaða aðila er um að ræða og hvernig aðila. Það má líka spyrja í þessu sambandi: Hafa verið gerð samningsdrög eða hafa verið gefnar út einhvers konar viljayfirlýsingar af hálfu iðnrh.?

Og þá er spurningin, hvort það hafi verið gert í nafni ríkisstj. Annars er það athyglisvert í þessu viðtali við hæstv. iðnrh., að hann talar um það ítrekað, að hér sé um að ræða aðila sem hjálpi okkur til að eignast ÍSAL. Ég vil því spyrja: Er ætlunin að þessi leynigestur, sem hefur ekki verið upplýst hver sé, láni okkur peninga til þessara verka?

Ég tek líka eftir því í því útvarpsviðtali sem hér um ræðir, að hæstv. iðnrh. talar um langtímasamninga um aðföng og afurðir. En það er ekki rætt um verð á hráefni né heldur verð á söluafurðum, heldur verður að skilja þetta svo, ef litið er á textann, að einungis sé um það að ræða að útvega hráefni og losa okkur við afurðir. Rétt væri að hæstv. iðnrh. skýrði Alþingi frá því, hvort verð væri þar ekki með í samningum eða hvort hér væri um einhvers konar vöruskipti að ræða. En í þessu viðtali talar hæstv. iðnrh. um það, að út úr slíkum samningum fáum við það raforkuverð sem við þurfum, þessir aðilar séu tilbúnir að tryggja okkur það. En þá hlýtur að vakna sú spurning: Hvað kemur þessum aðila það við, hvaða raforkuverð við höfum, ef við eigum fyrirtækið allt eða a. m. k. að meiri hluta? Getum við þá ekki ráðið því? Ég ber þessa spurningu fram vegna þess að annars hlýtur að vakna önnur spurning sem er sú: Nægir þá ekki einu sinni íslensk meirihlutaeign í fyrirtækinu til þess að við höfum forræði, svo að notað sé algengt orð, forræði yfir raforkuverðinu. Ég tel eðlilegt að hæstv. iðnrh. svari þessari spurningu.

Ef við hins vegar lítum aðeins nánar á þessa hugmynd um að kaupa álverið, þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig: Hvernig er það, ef við kaupum fyrirtækið og eigum það, að því er raforkuverðið varðar? Skiptir það miklu máli? Rennur ekki raforkuverðið þá til okkar sjálfra? Ég spyr vegna þess að sú hugmynd er mjög uppi, að við leggjum það á okkur að kaupa þetta álver, og þeim rökum er haldið fram, að raforkuverð geti þá verið eitt eða annað.

Iðnrh. segir líka í þessu viðtali að það muni styrkja stöðu okkar geysilega þegar við getum sýnt fram á það með sterkum líkum, að við getum farið inn í slíkan rekstur og eignast meiri hl. í fyrirtækinu. Þá er hann að tala um stöðu okkar gagnvart Alusuisse. Nú er það margyfirlýst, að Alusuisse er reiðubúið til að selja hlut sinn í fyrirtækinu, og ráðh. segir reyndar í þessu sama viðtali, að Alusuisse virðist fyrir sitt leyti hafa áhuga á því, ekki bara að það sé tilbúið til þess, heldur virðist Alusuisse hafa áhuga á því að fá þarna inn aðila í viðbót. Maður hlýtur að óska skýringa ráðh. á því, með hvaða hætti það styrkir stöðu okkar að gera tilboð um að kaupa fyrirtækið, þegar það hefur þegar lýst yfir að það sé reiðubúið til þess að selja hlut og hafi jafnvel áhuga á að inn komi aðili til viðbótar.

Fyrir rúmu ári eða einu og hálfu ári upplýsti ráðh. um það sem nefnt hefur verið hækkun í hafi. Ég held að ég muni það rétt, að þær tölur, sem þá hafi verið nefndar, hafi verið um 40 millj. dollara, kannske voru þær hærri. Það varð ekki annað skilið á orðum ráðh. en hér væri um verulegt svikamál að ræða. Í viðtölum núna við ráðh. heyrist hins vegar lítið um það mál. En á þessu máli og athugunum á því voru væntanlega reistar skattakröfur sem ráðh. hefur lítið fjallað um að undanförnu. En í seinni tíð hefur hann réttilega lagt áherslu á kröfu okkar um hærra raforkuverð. Nú er hins vegar sett í forgrunn að kaupa fyrirtækið, hvort sem þetta tilboð hefur verið gert eða ekki. Er þá hugmynd ráðh. að láta þessar kröfur, sem uppi hafa verið hafðar, vænti ég, niður falla?

Nú er það vitaskuld svo að það er búið að þæfa um skattamál í eitt og hálft ár í rauninni á grundvelli þessara krafna, en á meðan hefur ekkert gerst varðandi raforkuverð. Það er mjög dýrt spaug vegna þess að raforkuverðið, sem ÍSAL greiðir, er greinilega allt of lágt og mikið hagsmunamál að fá það leiðrétt. Það er þess vegna meira en tímabært að leiða þessi deilumál til lykta þannig að við gætum fengið og hefðum gjarnan átt að vera búin að fá fyrir löngu hærra raforkuverð en við höfum haft. En það, sem á hefur skort, er að ráðh. gerði upp hug sinn um það, hvernig það ætti að gerast. Hann hefur velt vöngum yfir því og við höfum fengið allt of lágt raforkuverð allan þennan tíma. Ég segi að þær kröfur, sem við getum sannanlega gert, eigum við að gera afdráttarlaust og standa við þær hvar sem er og hvenær sem er. En ég spyr aftur: Ætlar ráðh. að leggja niður kröfur sínar eða hvernig ætlar hann að leiða þessi kröfumál til lykta? Sannleikurinn er nefnilega sá, að spurningin um kaup eða ekki kaup frá fyrirtækinu leysir ráðherra ekki undan því að svara þeirri spurningu, hvernig hann ætli að leiða þau kröfumál til lykta sem þegar hafa verið reist.

Ég vænti þess, að hæstv. iðnrh. geti svarað þeim fsp., sem ég hef hér beint til hans, og hæstv. forsrh. geti gert grein fyrir viðhorfum ríkisstj. til þessa máls, ekki síst með tilliti til þess, að þegar þessi mál bar nokkuð á góma fyrir skömmu að því er varðaði eignarhald á fyrirtækinu, þá komu fram yfirlýsingar frá öðrum ráðh. í ríkisstj. en ráðh. Alþb. þar sem ítrekað var bent á að tillaga um eignarhald, eins og Alþb. hafði þá ályktað um, hefði ekki verið samþykkt í ríkisstj. Þess vegna ber nauðsyn til þess, að Alþingi fái m. a. að vita um afstöðu og samþykktir ríkisstj. í því efni.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Mér er senn ljúft og skylt að svara þeim fsp. sem hér er til mín beint í sambandi við hugsanleg kaup Íslendinga á hlut í íslenska álverinu með meirihlutaeign að markmiði og stöðu mála í sambandi við þær deilur sem uppi hafa verið við Alusuisse frá því í des. 1980. Hér er hins vegar ekki tími eða vettvangur til þess að fara mjög ítarlega út í þau efni af minni hálfu þó að ástæða mætti teljast til þess að ræða ýmsa þætti þessa máls. En eins og nú er háttað starfstíma Alþingis tel ég rétt að takmarka mig hér við nokkur aðalatriði og þær fsp. sem fram hafa komið frá hv. þm. Kjartani Jóhannssyni.

Hann byggir fsp. sína hér á fregn, sem kom í Dagblaðinu í gær, þar sem fyrirsögn er sögð byggð á viðtali við þig og það staðhæft, að fram hafi verið lagt samningstilboð um kaup Íslendinga á álverinu í Straumsvík. Ég hef þegar leiðrétt þessa fyrirsögn Dagblaðsins sem ekki byggist á efnisatriðum sem fram koma í því sem eftir mér er haft í þessu viðtali. En ástæða er til að fara nokkrum orðum um það, sem að baki býr, og nokkur meginatriði í sambandi við þá deilu og kröfur af hálfu íslensku ríkisstj. sem fram voru bornar fyrst með samþykkt ríkisstj. 9. des. 1980, síðan ítrekaðar og nánar útfærðar með samþykkt ríkisstj. 16. júlí 1981, og einnig var gerð sérstök samþykkt af hálfu ríkisstj. í sambandi við samningaviðræður við Alusuisse 26. febr. 1982. Þetta eru þær grundvallarsamþykktir, sem gerðar hafa verið á vegum ríkisstj. og ég hef unnið eftir að þessum málum og sú álviðræðunefnd sem skipuð var um mán-

aðamótin júlí — ágúst 1981, þar sem eru fulltrúar frá öllum þingflokkum, þar á meðal fulltrúi tilnefndur af Alþfl. Það vekur nokkra undrun mína, að hv. þm. Kjartan Jóhannsson skuli leggja hér fram sundurliðaðar fsp. varðandi atriði sem ég geri ráð fyrir að honum sé a. m. k. efnislega kunnugt um, þar eð álviðræðunefndin með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum hefur fengið upplýsingar um alla þætti þessara mála á þeim tíma sem liðinn er síðan hún var skipuð og reyndar fyrri gögn málsins. Fyrir henni hefur ekki verið neinu leynt að þessu leyti, enda til þess ætlast að hún sé trúnaðaraðili, viðræðuaðili og ráðgjafaraðili við viðkomandi þingflokka og flokksforustu, þó að vissulega hafi henni verið afhent gögn um þessi efni sem trúnaðarmál.

Það hefur legið fyrir allan þennan tíma, að meginkrafa af hálfu íslensku ríkisstj. gagnvart Alusuisse hefur verið hækkun á raforkuverði, breyting á núverandi raforkusamningi til verulegrar hækkunar og leiðréttingar á raforkuverði. Þetta hefur verið eitt meginviðfangsefni í þeim viðræðum, sem fram hafa farið, og ítrekað og mjög ákveðið og eindregið leitað eftir svörum þar að lútandi. Fleiri atriði tengjast þessu máli, en ég tel rétt að leggja hér á þetta megináherslu, því að það hefur verið áhersluatriðið af okkar hálfu í þessu efni. Ég hef sjálfur átt tvo fundi með formanni framkvæmdastjórnar Alusuisse, 25. og 26. mars s. l. og aftur í gær og í dag, til þess að knýja á um þessi atriði alveg sérstaklega. Til þessara viðræðna við dr. Paul Müller var efnt til þess að koma málum á hreyfingu eftir að Alusuisse hefði aflýst fyrirvaralaust ráðgerðum fundi viðræðunefnda 3. mars s. l. Forstjóri framkvæmdanefndar Alusuisse varð við ósk minni um að koma til fundar, og við ákváðum annan fund um málið sem nú er nýlokið. Ég tel rétt að hv. Alþingi fái að vita um niðurstöðu af þessum fundi í formi þeirrar fréttatilkynningar sem iðnrn. hefur gefið út í dag, en síðan mun ég víkja að nokkrum atriðum sem hv. þm. spurðist fyrir um.

Fréttatilkynning iðnrn. um þetta efni er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Dagana 5. og 6. maí 1982 fóru fram viðræður í Reykjavík milli Hjörleifs Guttormssonar iðnrh. og dr. Paul Müllers aðalframkvæmdastjóra Alusuisse um málefni álversins í Straumsvík. Iðnrh. lagði fram á fundunum málamiðlunartillögu um lausn á deilumálum aðila þar sem krafist var raforkuverðshækkunar hið fyrsta og lagt til að deilumál fyrri ára fari í gerð. Þar sem Alusuisse hafnaði alfarið raforkuverðshækkun var eigi unnt að halda viðræðunum áfram og lauk þeim því án samkomulags. Var ekkert ákveðið um framhald. Iðnrh. lýsti því yfir í fundarlok, að nú þyrfti hann og íslenska ríkisstj. að taka öll samskiptamál Íslands og Alusuisse til rækilegrar skoðunar og áskildi hann ríkisstj. allan rétt í þessu efni."

Ég ætla ekki að fara að greina frá einstökum atriðum í sambandi við þennan fund sem er nýlokið, þar eð ég tel það ekki tímabært. Ég mun gera ríkisstj. ítarlega grein fyrir þessum viðræðum, og ég mun gera álviðræðunefnd með fulltrúum allra þingflokka grein fyrir viðræðunum. Ég mun einnig veita þingflokkunum aðgang að upplýsingum um gang þessara viðræðna og þá tillögu, sem ég ber fram á þessum fundi, en því miður leiddu þær ekki til jákvæðrar niðurstöðu.

Hér er mikið alvörumál á ferðinni fyrir okkur Íslendinga, þar sem eru samskiptin við Alusuisse og það óviðunandi ástand sem ríkir varðandi raforkuverð sem þetta fyrirtæki eða Íslenska álfélagið sem dótturfyrirtæki þess greiðir til okkar Íslendinga og sú tregða og fyrirstaða sem verið hefur á því að verða við réttmætum og rökstuddum óskum íslenskra stjórnvalda, óskum, sem studdar eru af öllum stjórnmálaflokkum, um leiðréttingu á raforkuverðinu sem svarar til yfir helmings af þeirri orku, sem Landsvirkjun selur, og nærri 45% af þeirri orku, sem notuð er árlega í landinu í heild. Það er mikið alvörumál og mikil nauðsyn á að fá þar fram breytingar. Það verður því viðfangsefni stjórnvalda og ríkisstj. að fjalla um það, hvernig við þessum aðstæðum skuli brugðist, og að sjálfsögðu væntum við að fyrirtækið Alusuisse sjái sig um hönd fyrr en seinna þrátt fyrir þær neitanir við réttmætum kröfum okkar og óskum sem fram hafa verið reiddar til þessa.

Ég vil þá koma að fsp. hv. þm. sem fyrst og fremst vörðuðu þá fregn sem fram kom í Dagblaðinu í gær með fyrirsögn af blaðsins hálfu, þar sem spurt var af hv. þm. hvort ég hafi gert samningstilboð um kaup eða hafi í hyggju að gera það. Eins og hv. þm. gat um hefur annað komið fram í millitíðinni af minni hálfu, en það er nauðsynlegt að skýra fyrir hv. alþm. hvaða hugmyndir eru þarna á ferðinni og hvaða samningsdrög liggja fyrir um þetta efni og inn í hvaða samhengi þau drög ganga.

Ríkisstj. gerði 16. júní s. l. samþykkt um ákveðin áhersluatriði sem komið var á framfæri við Alusuisse. Þessi samþykkt hafði að geyma m. a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna væntanlegra samningaviðræðna við Alusuisse er af hálfu ríkisstj. m. a. lögð áhersla á eftirfarandi meginatriði:

a) greiðslur af vangoldnum sköttum, framleiðslugjaldi vegna of hárrar verðlagningar á aðföngum til ÍSALs, á tímabilinu 1975—1980,

b) endurskoðun á gildandi samningsákvæðum um framleiðslugjald í því skyni að tryggja öruggar skatttekjur frá ÍSAL,

c) endurskoðun á samningi um raforkusölu til ÍSALs í því skyni að fá verulega hækkun á raforkuverði, og

d) eignaraðild Íslendinga að fyrirtækinu með meirihlutaeign í áföngum að markmiði."

Fleiri atriði voru tilfærð í þessari samþykkt ríkisstj. frá 16. júlí, en ég hef hér nefnt fjögur þau sem fyrst eru tilgreind, og eins og þar kom fram var eitt atriðið eignarhald Íslendinga að fyrirtækinu með meirihlutaeignaraðild að markmiði. Þessi mál hafa komið fram í viðræðum við Alusuisse á þessum tíma, þar eð óskir ríkisstj. hafa verið fram bornar að sjálfsögðu við Alusuisse og þessi samþykkt, sem ég vitnaði hér til, var lögð fram á viðræðufundi aðila 3. og 4. ágúst s. l., fyrsta viðræðufundi álviðræðunefndar með fulltrúum frá Alusuisse. Síðan hefur íslenska ríkisstj. gert samþykktir í sömu átt, og iðnrn. hefur að sjálfsögðu unnið að því að athuga með hvaða hætti skynsamlegt gæti verið að tryggja slíka eignaraðild og draga úr þeirri áhættu sem öllum er ljóst að fylgt getur fjárfestingu og eignaraðild að slíkum stóriðjurekstri nema vel sé um hnúta búið. Þetta á ekki síst við um álið, hráál, sem hefur verið í höndum tiltölulega fárra aðila, fyrst og fremst 6 auðfélaga, til skamms tíma, en þar sem tök þeirra hafa þó verið að linast á undanförnum árum. Því er það að við höfum átt viðræður við ýmsa erlenda aðila sem sýnt hafa áhuga á því að eiga samskipti við Íslendinga um álvinnslu, m. a. með

þeim hætti að gera við okkur langtímasamninga um framleiðslu á áli sem þeir keyptu af okkur með langtímasamningum og þeir sæju okkur fyrir hráefni til að framleiða. Þetta fyrirkomulag, sem þekkt er og það í vaxandi mæli í viðskiptaheiminum, hefur verið kallað á enskunni „conversation", eins konar vöruskiptafyrirkomulag þar sem sá aðili, sem annast framleiðsluna, tekur að sér gegn tilteknu gjaldi og með tilteknum hætti að sjá um framleiðsluna og fyrir utan skattahagnaðargreiðslur og annað, sem um væri samið, yrði byggt inn í slíka samninga tiltekið raforkuverð. Í samningsdrögum, sem gerð hafa verið við aðila um þessi atriði, að sjálfsögðu með fullum fyrirvara um það, að samkomulag takist um það eða mál ráðist þannig að Íslendingar telji sér hag í því að gerast meirihlutaeignaraðilar að Íslenska álfélaginu, þá hafa verið gerð samningsdrög þar að lútandi með þessum atriðum inni og með raforkuverði sem svarar til framleiðslukostnaðar frá þeim virkjunum sem við vorum að samþykkja að ráðast í við atkvgr. rétt áðan. Þetta verð á bilinu 15—20 aurar eða sama upphæð í mills talið er það sem við erum að reisa kröfur um að fá við endurskoðun á raforkuverði við Íslenska álfélagið og í viðræðum við Alusuisse. Ég þarf ekki að eyða að því orðum, að ég hygg, þar eð það á að vera öllum hv. alþm. ljóst, að vilji aðila til þess að standa að samningum við okkur um slík atriði hlýtur að styrkja stöðu okkar Íslendinga í þeim samningaviðræðum sem hafa staðið yfir og verður að leiða til lykta með einum eða öðrum hætti fyrr en seinna.

Menn spyrja með hvaða hætti gert hefur verið ráð fyrir eignaraðild og fjármögnun. Fram hefur komið í viðræðum við fleiri en einn aðila, að þeir mundu aðstoða íslenska ríkið við fjármagnsútvegun til þess að gera því kleift að kaupa hlutabréf í Íslenska álfélaginu og standa undir fjármagnskostnaði og um þetta yrði gerður heildarsamningur. Ég tel að hér sé svo athyglisvert mál á ferðinni að það væri goðgá af hálfu íslenskra stjórnvalda að halda ekki slíkum möguleikum opnum og undirbúa slíka samninga sem að sjálfsögðu yrðu að fá samþykki réttra íslenskra stjórnvalda. Og að sjálfsögðu mun ekki fara fram hjá neinum ef á það reynir að við getum ráðist í það að taka yfir meiri hluta í þessu fyrirtæki eða þaðan af meira.

Ég vil svo aðeins víkja að atriði sem hv. þm. nefndi og spurðist fyrir um. Það eru deilumál varðandi viðskipti í fortíðinni við Alusuisse. Það er mjög langt frá því, að þeim málum hafi verið stungið undir stól. Fyrir liggur endurskoðun eins virtasta erlenda endurskoðunarfyrirtækis í heimi, sem íslensk stjórnvöld hafa leitað til margsinnis í sambandi við vandasöm mál og þ. á m. í sambandi við viðskipti Íslenska álfélagsins, — endurskoðun þess á ársreikningum Íslenska álfélagsins fyrir árið 1980. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar var kunngerð á sínum tíma og viðkomandi framleiðslugjald, hátt í 2.5 millj. Bandaríkjadala, var skuldajafnað af innistæðu á svokölluðu skattainnleggi hjá fjmrn. Íslenska álfélagið hefur mótmælt þeirri ráðstöfun og kom það út af fyrir sig engum á óvart. Í þeim viðræðum, sem fram hafa farið við Alusuisse, og í þeirri till., sem ég reiddi fram í dag í viðræðum við dr. Paul Müller, var ítrekuð tillaga sem íslenska ríkisstj. hefur staðið að fyrir sitt leyti, að deilumálum varðandi fortíðina verði vísað í gerð, að um það verði gert samkomulag milli aðila að vísa deilumálum varðandi ágreiningsefni um verðlagningu á aðföngum til Íslenska álfélagsins á tímabilinu 1975—1980 í gerð. Þetta hefur komið fram ítrekað af hálfu okkar í þessum viðræðum og þetta hefur komið fram ítrekað í málgögnum stjórnarandstöðunnar, að hún teldi þetta eðlilega málsmeðferð. Við þessum tillögum af okkar hálfu hefur ekki verið orðið fremur en þeirri till., að Alusuisse fallist á að hækka raforkuverð til Landsvirkjunar, endurskoða raforkusamninginn í framhaldi af slíkri hækkun, sem yrði að gerast fyrr en seinna, og taka upp endurskoðun samninga og samskipta við íslensk stjórnvöld.

Það mætti mjög margt um þessi efni segja. Ég skal stytta mál mitt. En ég vil minna á það, að við erum að fjalla hér um nýtingu á einni af aðalauðlind þjóðarinnar, vatnsorkunni. Við skulum minnast þess, Íslendingar, að í okkar dýrmætu auðlind, fiskimiðin, var sótt með rányrkju af útlendum aðilum með þeim hætti sem allir landsmenn þekkja á sínum tíma, og við skulum minnast þess, hvernig íslenska þjóðin brást við slíku. Ég tel eðlilegt að menn hafi í huga, þegar rætt er um þetta mál, að við erum hér að ræða um ráðstöfun útlendinga á einni dýrmætustu auðlind þjóðarinnar, vatnsorkunni, og við höfum skýr sanngirnisrök fyrir kröfum okkar til þess að fá leiðréttingu á því. Það verður áfram meginábersluatriði í sambandi við kröfugerð gagnvart Alusuisse. Því miður hefur fyrirtækið ekki undir þær kröfur tekið. Það verður viðfangsefni íslenskra stjórnvalda, íslensku ríkisstj. og íslenskra alþm., að íhuga á næstunni með hverjum hætti þar verði við brugðist.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég tel eðlilegt að *hæstv. forsrh. svari fsp. hv. 2. þm. Reykn. áður en ég tek* til máls.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þar sem þeir eru tveir, sem óskað hafa eftir þessum umr. utan dagskrár, er litið svo á að það séu tveir fyrirspyrjendur, hv. þm. Kjartan Jóhannsson og hv. þm. Geir Hallgrímsson, og taldi ég sjálfsagt að bíða eftir því að heyra hvað þeir hefðu báðir að spyrja um. En fyrst hv. 1. þm. Reykv. óskar ekki eftir að tala nú, þá skal ég að sjálfsögðu svara.

Varðandi þetta mál verður það ekki of oft undirstrikað, að í augum ríkisstj. eru meginatriði málsins að fá og það sem allra fyrst verulega hækkun á raforkuverði. Í upphafi var raforkuverð samkv. samningum við ÍSAL fastbundið, eins og kunnugt er, til langs tíma. Við endurskoðun samninganna, sem fór fram 1975, tókst að fá mjög verulega breytingu þar á eftir langar og strangar samningaviðræður þannig að raforkuverðið hækkaði þá mjög verulega og hefur Landsvirkjun fengið af þeirri hækkun geysimiklar tekjur til viðbótar við það sem var eftir fyrri ákvæðum. Nú hefur enn orðið slík breyting á orkuverði í heiminum, að það er ekki aðeins brýn nauðsyn, það er einnig fullkomið sanngirnismál, hvernig sem á það er litið, að endurskoða þessi ákvæði samninganna og gera kröfu um verulega hækkun á raforkuverði. Þetta ætla ég að sé ekkert ágreiningsmál. Um það hljóta allir Íslendingar að vera fyllilega sammála að gera þessa kröfu og knýja sem fastast þar á.

Í öðru lagi telur ríkisstj. rétt að viðræður verði teknar upp um að Ísland eignist hluti í ÍSAL. Við erum þeirrar skoðunar, að reynslan hafi sýnt að til þess að fylgjast með þessum rekstri eins og við óskum eftir og þurfum á að halda sé nauðsynlegt að Íslendingar eignist hlut í fyrirtækjum sem þeir eiga ekki nú eins og kunnugt er.

Varðandi framtíðarmarkmiðið höfum við einnig talið

rétt að stefna að verulegri eignaraðild og meirihlutaeign Íslendinga í þessu fyrirtæki. Með hverjum hætti þetta getur gerst, að Ísland eignist hluti og síðar meiri hluta í þessu fyrirtæki, er að sjálfsögðu mikið vandamál, ekki aðeins um mat á eignum fyrirtækisins, heldur einnig um fjármagn í því sambandi og fjölmargt annað sem til greina kemur. Það er atriði, sem ég skal ekki fara frekar út í hér, hvort Íslendingar eigi að eiga meiri hluta í öllum stóriðjufyrirtækjum. Ég get lýst þeirri skoðun, að ég hef verið og er þeirrar skoðunar, að það sé varhugavert að mörg fyrirtæki rísi hér upp, stór atvinnufyrirtæki, þar sem útlendingar eiga þau að fullu og öllu eða meiri hluta.

Varðandi þetta fyrirtæki þótti rétt, þegar það var stofnað, að hafa þennan háttinn á og taka af Íslendinga hálfu ekki þá fjárhagslegu áhættu sem leiddi af eignarhlutdeild. En ég held að reynslan sýni að það sé rétt stefna að taka upp viðræður um að Íslendingar eignist þar hluti í.

Varðandi þetta mál að öðru leyti hefur hæstv. iðnrh. skýrt frá þeim viðræðum, sem átt hafa sér stað. Á fyrsta fundi ríkisstj., sem haldinn verður eftir þessar viðræður, þeim lauk nú í dag, mun hann skýra rækilega frá þessum viðræðum og ríkisstj. ræða þær. Á þessu stigi tel ég ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Við hv. 2. þm. Reykn. óskuðum eftir umr. utan dagskrár um svokallað álmál að gefnu tilefni þeirra blaðaskrifa og umræðna í fjölmiðlum sem átt hafa sér stað síðustu dagana, nú rétt áður en gengið var til fundar með fulltrúum Alusuisse og ríkisstj. Það er ekki að ófyrirsynju. Það er mikilvægt hagsmunamál fyrir Íslendinga sem hér er um að ræða, og ég hlýt að hefja mál mitt með því að lýsa yfir vonbrigðum yfir því, að sá fundur, sem nú er um garð genginn milli fulltrúa Alusuisse og iðnrh. og fulltrúa iðnrh., hefur ekki borið árangur. Þetta var fundur með iðnrh. og fulltrúum hans og fulltrúa Alusuisse. Það kann að felast í þessu nokkur skýring á því, að fundurinn varð árangurslaus.

Hæstv. iðnrh. komst svo að orði, að hann hefði lagt fram miðlunartillögu á þessum fundi, en henni hefði verið hafnað. Nú birtist í dagblaðinu Tímanum í morgun, að því er ég hygg, frásögn frá hæstv. samgrh. og sjútvrh., að hæstv. iðnrh. hefði ekki lagt fram nein skrifleg gögn sem hann hygðist leggja fyrir viðræðuaðila á þeim fundi sem nú væri nýafstaðinn. Ég hlýt því að bera fram þá spurningu annars vegar til hæstv. forsrh. og hins vegar til hæstv. sjútvrh., hvort þessi miðlunartillaga hafi verið lögð fram í ríkisstj., hvort þessi miðlunartillaga hafi verið lögð fram í svokallaðri ráðherranefnd sem fjallar um þetta mál og opinber hefur verið gerð. Hana skipa eins og kunnugt er hæstv. forsrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. iðnrh.

Hæstv. sjútvrh. hefur sem sagt lýst því yfir í dagblaði nú í dag, væntanlega í viðtali sem tekið var í gær, að engin skrifleg gögn hafi verið lögð fram af hálfu iðnrh. fyrir þennan fund með fulltrúum Alusuisse.

Nú skal ég bíða með að leggja mat eða dóm á slíkar starfsaðferðir þangað til ég heyri svar ráðh., en hlýt í framhaldi af þessu að lýsa furðu minni á vinnubrögðum hæstv. iðnrh. í þessu máli frá fyrstu byrjun og til þessa dags. Eins og kunnugt er hófst þetta mál með því, að hæstv. iðnrh. kvað upp úr með það opinberlega, að Alusuisse hefði gerst sekt um sviksamlegt atferli og dregið sér hækkun á súrálsverði í hafi sem næmi um 47 eða 48 millj. dollara. Þessi ákæra var borin fram af hálfu hæstv. iðnrh. um það bil viku eftir að hann taldi hagkvæmasta virkjunarkost okkar Íslendinga að loka álverinu í Straumsvík.

Í kjölfar þessarar ákæru taldi hæstv. ráðh. auðvitað eðlilegt að gerðar yrðu ráðstafanir til þess, að við Íslendingar næðum rétti okkar, og vitaskuld var það mikil nauðsyn ef við hefðum verið féflettir eins og ráðh. vildi ætla. Við höfum engan dóm lagt á það, hvort ásakanir hæstv. iðnrh. ættu við einhver rök að styðjast eða ekki, en við í Sjálfstfl. höfum krafist þess, að málið væri upplýst og sakir hæstv. iðnrh. annaðhvort sannaðar eða afsannaðar, hið rétta ætti að koma í ljós.

En hæstv. iðnrh. var alls ekki tilbúinn í des. 1980 að taka upp viðræður við Alusuisse eða forsvarsmenn ÍSALs um ákæruatriðin. Hann sagði að hann þyrfti að bíða nokkurra gagna frá endurskoðunarfyrirtæki, og þegar ÍSAL eða Alusuisse svaraði ásökunaratriðunum í fyrstu umferð í febrúarmánuði 1981 var hæstv. iðnrh. alls ekki tilbúinn að fylgja sakargiftum sínum eftir. Nei, hann þurfti enn þá að bíða. Og það er á almannavitorði, að það gengu fram og aftur á milli iðnrn. og endurskoðanda, sem fenginn hefur verið bæði fyrr og nú til þess að fara yfir samskipti ÍSALs og Alusuisse, uppköst að greinargerðum endurskoðunarfyrirtækisins, og það var ekki fyrr en á miðju sumri sem hæstv. iðnrh. var tilbúinn að ræða við Alusuisse um sakargiftir sem hann hafði borið fram í desember árið áður. Viðræðufundir hafa eingöngu verið haldnir tveir í raun og veru í ágúst og í desember.

Fyrir ágústfundinn óskaði hæstv. iðnrh. eftir að þingflokkarnir skipuðu fulltrúa í viðræðunefnd til þess að fjalla um þessi mál. Sjálfstfl. taldi það eðlilegt, en lagði umfram allt áherslu á að málið yrði upplýst til fulls og sakargiftirnar kannaðar til botns. Þegar hér var komið sögu var svokölluð hækkun í hafi lækkuð úr 47—48 millj. dollara í 16—18 millj. dollara og enn með nokkrum fyrirvörum.

Sannleikurinn er sá, að það hefur engin áhersla verið lögð í störfum viðræðunefndar starfsmanna iðnrn. eða af hálfu hæstv. iðnrh. engin viðleitni frammi höfð sem alvarleg getur talist að komast til botns í þessum ákæruatriðum og leiða hið sanna í ljós. Það verður ekki dregin önnur ályktun af þessum starfsaðferðum en að tilgangi hæstv. iðnrh. hafi verið náð bara með því að kasta sakargiftunum á loft. En ég legg áherslu á að það er ekki fullnægjandi frá mínu sjónarmiði. Það er í raun og veru eðlileg forsenda fyrir því, að við getum náð fram því sem máli skiptir, hækkun á raforkuverðinu, að hið sanna komi fram. Við skulum leggja til hliðar, að forsvarsmenn Alusuisse taka óstinnt upp að vera sakaðir um sviksamlegt atferli og láta básúna það út í fjölmiðlum hérlendis og um heim allan þar sem þeir hafa starfsemi. Við getum út af fyrir sig sagt að það getum við látið okkur í léttu rúmi liggja. En þetta er samt sú fyrirbára sem þeir forsvarsmenn bera fyrir sig um það, að þeir geti ekki sest niður við samningaborð og farið að ræða um endurskoðun einstakra samningsákvæða, að þeir geti það ekki fyrr en sakargiftir hafa verið upplýstar til fulls og annað tveggja leitt í ljós: sannleiksgildi þeirra eða Alusuisse sé saklaust af ákærunum.

Nú er um þetta að segja, að þótt við getum látið okkur í léttu rúmi liggja þessa afstöðu Alusuisse eða óþarfi sé að vera viðkvæmir hér á landi fyrir orðstír þess fyrirtækis, þá

skuldum við samt gagnaðila, samningsaðila, þá sanngirni að bera hann ekki röngum sakargiftum eða a. m. k. að sanna þær sakargiftir sem bornar eru á borð. Ég býst við því, að allir Íslendingar geti tekið undir það, að slík mál beri að upplýsa. En auk þess sem það er skylda að upplýsa slík mál, þá er það eðlileg forsenda fyrir því, að við getum endurskoðað samningsákvæðin efnislega, bæði raforkuverðið, en þó einkum það ákvæði samningsins sem fjallar um skattgreiðslur og skattskyldu Íslenska álfélagsins og hvernig skattur skuli reiknaður af starfsemi og rekstri Álfélagsins. Til þess að koma í veg fyrir að Alusuisse eða Íslenska álfélagið geti skotið fjármunum undan skatti þurfum við að vita með vissu, hvernig þessu máli er háttað, til þess að setja undir lekann, að slíkt geti ekki endurtekið sig í framtíðinni hafi það gerst í fortíðinni. Tregða hæstv. iðnrh. að upplýsa málið er óskiljanleg, nema þessi tregða sé túlkuð eins og ég gat um áðan, að í raun og veru sé það ekki aðaláhugamál hæstv. iðnrh. að ná fram hækkuðu raforkuverði eða endurskoðun samningsákvæða okkar Íslendingum í vil, heldur sé þetta áróðursbrella hæstv. iðnrh., í því skyni frammi höfð að skapa tortryggni hér innanlands á frekari samvinnu við erlenda aðila í stóriðjuframkvæmdum, sem eru grundvöllur orkuframkvæmda, og enn fremur að það sé tilgangur hæstv. iðnrh. að skapa tortryggni erlendra aðila varðandi samstarf við Íslendinga. Þess vegna verður á þessum vettvangi að lýsa ábyrgð á hendur hæstv. iðnrh. að hafa ekki náð fram neinum árangri varðandi hækkun raforkuverðs eða endurskoðun annarra samningsákvæða. Það er auðvitað ekki vænlegt til árangurs að hafa uppi fyrst ásakanir og sakargiftir og ætla að berja gagnaðila til þess að setjast niður við samningsborðið og fá einhvern árangur fram með þeim hætti. Það er ekki vænlegt að berja menn til ásta með þessum hætti, ef svo mætti að orði komast. En ég ítreka og endurtek að þessu leyti, að ég hef aldrei lagt neinn dóm á það, hvort sakargiftir iðnrh. eru réttar eða ekki. Aðalatriðið er að upplýsa þær til fulls.

Nú fólst það í sakargiftum hæstv. iðnrh. í des. 1980, að um sviksamlegt atferli væri að ræða. Eftir annan viðræðufundinn milli viðræðunefndar og fulltrúa Alusuisse var haft útvarpsviðtal við formann viðræðunefndarinnar, Vilhjálm Lúðvíksson, og í þessu útvarpsviðtali hygg ég að fram hafi komið að að áliti formanns viðræðunefndar og viðræðunefndarmanna væri ekki um sviksamlegt athæfi að ræða, en það væri ágreiningur um lagalega túlkun á samningunum og hvort eftir samningsákvæðum hefði verið farið. Nú vil ég þess vegna spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann telji í dag eftir umfjöllun málsins, eins og hann taldi í des. 1980, að um sviksamlegt atferli hafi verið að ræða hjá Alusuisse eða ekki. Ég vil enn fremur varpa þessari sömu fsp. bæði til hæstv. forsrh. og hæstv. samgrh. Ástæðan til þess, að ég varpa fram þessari fyrirspurn, er sú, að ég hygg að þarna sé um grundvallaratriði að ræða til þess að við náum einhverjum árangri í samningsviðræðum um hækkað raforkuverð og endurskoðun annarra samningsákvæða.

Ég les það af gögnum málsins, sem hæstv. iðnrh. hefur látið viðræðunefnd fá í hendur og ég tel ekki trúnaðarbrot að skýra frá hér, að það sé forsenda af hálfu fulltrúa Alusuisse að teknar séu til baka ákærur um sviksamlegt atferli af þeirra hálfu eða lýst sé yfir að ekki sé um sviksamlegt atferli af þeirra hálfu að ræða. Ég er ekki að biðja neinn ráðh. um að lýsa þessu yfir ef þeir eru sannfærðir um að um sviksamlegt atferli hafi verið að ræða. En séu þeir komnir að þeirri niðurstöðu, að svo sé ekki, þá er það útlátalaust og sjálfsagt að það komi í ljós, ef það er réttur skilningur og mat, að þessi ásökun sé ein meginfyrirstaðan að áfram sé hægt að vinna efnislega að hagkvæmri niðurstöðu deilunnar okkur Íslendingum til handa.

Hvort sem væri um að ræða ákæru eða skoðun um sviksamlegt atferli eða ekki, þá er auðvitað alveg ljóst að það verður að fást botn í þetta deilumál og upplýsa það hvorum megin rétturinn er. Samningarnir eru þannig úr garði gerðir, að við getum fengið úrskurð með því að skjóta ágreiningsefnum í gerðardóm. Í þessu efni er alveg ljóst að ágreiningsmál varðandi tímabilið 1975—1979 eru þess eðlis, að þeim hljóta Íslendingar að þurfa að skjóta fyrir gerðardóm ef samkomulag um sameiginlegt málskot kemst ekki á. Varðandi árið 1980 er á sama hátt alveg ljóst að Alusuisse verður að skjóta þeim ágreiningi fyrir gerðardóm. Það er að vísu ekki alveg nauðsynlegt að samkomulag náist til þess að gerðardómur kveði upp sinn úrskurð og því vil ég spyrja: Telur iðnrh. nauðsynlegt að samkomulag náist um málskot til gerðardóms svo að málið upplýsist með þeim hætti, ef útilokað er að upplýsa það með sameiginlegri rannsókn og viðræðum, sem ég tel að hafi alls ekki verið gerð sú tilraun til sem skyldi.

Hæstv. iðnrh. sagði áðan að samkomulag hefði ekki tekist um að skjóta deiluefninu fyrir gerðardóm. Ég vek athygli á því, að það þarf ekkert samkomulag að þessu leyti. Hvor aðili getur skotið málinu til gerðardóms. Og það ber auðvitað að gera ef til þrautar hefur verið reynt með viðræðum að ná samkomulagi um niðurstöðu deiluefna og deiluþátta. Ég ítreka og endurtek að ég tel að engin alvarleg tilraun hafi verið gerð í þessu efni í viðræðum á milli aðila, og byggi ég það m. a. á þeim plöggum sem ég hef séð fara í gegnum hendur viðræðunefndar.

Þá er ég kominn að því að gagnrýna mjög harðlega meðferð hæstv. iðnrh. að því er snertir þátt viðræðunefndarinnar sem skipuð var á s. l. sumri. Allir þingflokkar skipuðu fulltrúa í þessa nefnd, en í raun hefur viðræðunefndinni, þótt hún hafi haldið 40 fundi, verið haldið meira og minna fyrir utan þetta mál. Þegar komið var að ákvörðunum eða komið var að viðræðufundum, að ég tali ekki um viðræðufundum milli hæstv. iðnrh. og fulltrúa Alusuisse, þá hefur engin alvarleg umræða í raun átt sér stað um stefnumótun og hvernig halda skyldi á málstað Íslendinga á næsta viðræðufundi. Ég vil t. d. taka það fram og held að ég upplýsi engin leyndarmál í því sambandi, að eftir viðræðufund hæstv. iðnrh. og fulltrúa Alusuisse í marsmánuði s. l. lágu fyrir tvö skjöl, annað frá fulltrúa Alusuisse, hitt frá iðnrh. Þessi skjöl greindu frá miklum skoðanaágreiningi. En síðan ekki söguna meir til þess að ná samkomulagi eða undirbúa jarðveginn fyrir samkomulag þegar viðræðufundur nú í byrjun maí er haldinn. Þess vegna var e. t. v. ekki von að mikið ynnist á einum degi eða tæpum degi sem þessi viðræðufundur stóð. Ég held að ef milliríkjasamningar væru reknir með þessum hætti mundu aldrei nást neinir samningar í ágreiningsmálum. Auðvitað var skylt af beggja aðila hálfu að kanna hvern einstakan ágreiningsþátt, hvert einstakt ágreiningsatriði, með því að fulltrúar deiluaðila ræddu hvor við annan og undirbyggju fund hæstv. ráðh. og fulltrúa Alusuisse. Það var ekki gert. Það

er haldið kæruleysislega á þessu máli sem svo miklu varðar hagsmuni Íslendinga. Eina skýringin er sú, að menn óska ekki eftir í raun að ná samkomulagi.

Ég vil svo víkja að þeim hugleiðingum sem uppi hafa verið um það, að við ættum að eignast hlut í ÍSAL og meirihlutaeign. Um þau efni vitnar hæstv. iðnrh. í samþykkt ríkisstj. frá því s. l. sumar og frá 26. febr. 1982. Ég hef út af fyrir sig ekki aths. að gera við þá þætti samþykktarinnar, að vangoldnir skattar séu greiddir af starfseminni í fortíðinni. Það er sjálfsagt mál. En til þess þarf auðvitað að upplýsa málið. Þá er og sjálfsagt að endurskoða ákvæði varðandi framleiðslugjaldið og síðast en ekki síst að endurskoða raforkuverðið. En ég hef aths. að gera varðandi þær samþykktir sem snúast að því, að við Íslendingar eigum nú að leggja meginhersluna á að ná meirihlutaeign í álverinu. Þar var hæstv. forsrh. líka langtum varfærnari en hæstv. iðnrh.

Ég er sammála hæstv. forsrh. að meginatriðið sé að fá hækkun á raforkuverði, enda hefur það komið fram í máli mínu. En hæstv. forsrh. taldi nauðsynlegt, að Íslendingar eignuðust hlut í fyrirtækinu til að fylgjast með starfsemi þess, taldi að reynslan hefði sýnt að það væri nauðsynlegt. Nú vil ég minna á að samkv. samningum skipar íslenska ríkisstj. 2 af 5 stjórnarmönnum ÍSALs og getur að því leyti fylgst með málum, en þeir stjórnarmenn eiga auðvitað kröfu á vitneskju um alla þætti starfsemi ÍSALs, sömuleiðis aðgang að öllum skjölum og gögnum fyrirtækisins eins og stjórnarmenn í hlutafélögum hafa. En hæstv. forsrh. nefndi að það skyldi stefnt að verulegri eignaraðild og síðar meirihlutaaðild. Ég tel að það hljóti að fara eftir mati hverju sinni, hve hratt verði gengið í það að framkvæma slíka stefnu, og í framtíðinni tel ég eðlilegt að þróunin á Íslandi verði sú sem reynslan hefur orðið í Noregi, að við eignumst meirihlutaaðild í fyrirtækinu eða fyrirtækið allt. Hins vegar hygg ég að það sé ekki lausnarorðið varðandi þessa deilu eða varðandi hækkun raforkuverðs. Það er spurningin um það, hvað gefur okkur mest í aðra hönd, þegar á heildina er litið, í raforkuverði og skattgjöldum af rekstri álversins, hvort fyrirtækið er að meira eða minna leyti í höndum Íslendinga. Og eins og nú standa sakir er enginn ávinningur í því að eignast álverið að meiri hluta til eða að fullu og öllu leyti ef ekki á sér stað stækkun álversins um leið.

Ég get vel hugsað mér og tel rétt að stefna að því að eignast hluta og eftir því sem tímar líða fram meiri hluta í ÍSAL með því fororði að við stækkum álverið, aukum framleiðslu álversins og rekum fyrirtækið með hagnaði sem stæði undir þeim skuldbindingum sem við undirgengjumst við það að taka lán eða greiða af hendi kaupverð álversins að einhverju eða öllu leyti. Það er svo nú, að ekki eru taldar til íslenskra skuldbindinga eða erlendra skulda Íslands þær skuldir sem ÍSAL þarf að standa skil á þar sem Alusuisse er ábyrgt fyrir greiðslu þessara skulda. Nú skuldum við 40% af þjóðarframleiðslu í erlendum skuldum. Nú greiðum við 20% af tekjum okkar í gjaldeyri í afborganir og vexti af erlendum skuldum. Ég tel óráð að bæta við þennan skuldabagga án þess að auka gjaldeyristekjur okkar um leið. En meðan svo óvíst er um afkomu álversins er alveg ljóst að við aukum ekki gjaldeyristekjurnar, heldur töpum af gjaldeyristekjum því sem fólgið er í framleiðslugjaldi og ef fyrirtækið er ekki þess megnugt að greiða raforkuna fullu verði eða jafnvel því lága verði sem nú gildir. Þess vegna er aðalatriðið í sambandi við eignaraðild að stækkun álversins eigi sér stað um leið, í von um auðvitað að álmarkaðurinn verði betri og álverðið hækki. Ég held einnig að þetta sé leið til þess að sannfæra Alusuisse um að rétt sé að hækka raforkuverðið. Stækkun álversins í Straumsvík er hagkvæmasti kostur okkar í orkufrekum iðnaði vegna þess, hve margir nauðsynlegir þættir eru þar fyrir, gagnstætt því að reisa verður allt af grunni ef um álver er að ræða sem byggt er á nýjum stað. Þess vegna gæti það verið einmitt tæki til þess að fá fram hækkað raforkuverð að leggja áherslu á stækkun álversins, og þá tel ég mjög koma til greina að við Íslendingar tækjum þátt í slíkri stækkun, hvort heldur er einir með Alusuisse eða með Alusuisse og þriðja aðila eða breyta um eignaraðila algerlega. Ég legg engan dóm á þá þætti á þessu stigi málsins.

Hins vegar hlýt ég að nefna þann leikaraskap sem uppi er hafður þegar flaggað er með einhverjum plöggum sem gefi til kynna að hér standi menn í biðröðum og vilji borga kostnaðarverð raforku og alla framleiðslu álversins og tryggja okkur ábót. Þau plögg, sem ég hef séð um þetta, eru óundirrituð og óskuldbindandi og mun minna virði við fljótan yfirlestur en þau gögn sem lögð voru fram í sambandi við frv. um kísilmálmverksmiðjuna, en þau áttu að sýna að það væri búið að selja 70% af framleiðslu væntanlegrar kísilmálmverksmiðju. Það var fjarri lagi að það væri mat iðnn. Nd., að þau gæfu það til kynna. En þau plögg, sem fjalla um áhuga erlendra aðila á eignaraðild eða lánveitingum til Íslendinga til að eignast álverið í Straumsvík, eru enn þá minna virði. Svo mikið tel ég mig hafa rétt til að segja á þessu stigi málsins. Hitt er svo allt annað mál, að auðvitað er ég sammála því, að við leitum samstarfs við erlenda aðila um að reisa og reka orkufrek iðnfyrirtæki hér á landi. Og það er gaman í raun og veru að hæstv. iðnrh. virðist hafa breytt um skoðun að þessu leyti. Hann, sem mátti ekki við erlenda aðila tala eða hugsa til samvinnu við erlenda aðila á þessu sviði, sýnist vera kominn á kaf í makk við erlenda aðila. Ég vil minna hv. þm. á það, að í dag var felld till. frá okkur sjálfstæðismönnum — og Alþfl.-menn tóku undir þá till., að skipa stóriðjunefnd sem ynni stöðugt að því verkefni að leita samvinnu við aðila um orkufrekan iðnað á Íslandi. Þessi till. var felld. Við sjálfstæðismenn viljum færa þetta starf inn í þingið, en við treystum ekki prívatnefnd hæstv. iðnrh. til að fjalla um þessi efni.

Hæstv. iðnrh. taldi sig hafa samvinnu við aðra þingflokka úr stjórnarandstöðunni í þessu máli. Hann hefur ekki gert það nema þegar honum hentar, og við höfum fundið að því við hæstv. iðnrh., að hann hefur notað svokallaða viðræðunefnd sem skálkaskjól, en ekki sýnt viðleitni til þess að vinna með stjórnarandstöðunni af heilindum, síður en svo. Hann hefur ekki nefnt eitt orð síðan í sumar við stjórnarandstöðuna um hvernig á málum skyldi haldið, og það hefur orðið til þess, að við sjálfstæðismenn höfum fundið sérstaklega að því.

Það er vissulega ástæða til þess að ræða þessi mál mun ítarlegar og betur, en hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. hafa skýrt frá því, að mál þetta verði til umr. í ríkisstj. Ég geri þá kröfu, að stjórnarandstaðan fylgist með þessu máli og aðgerðum í þessu máli og hafi þannig tækifæri til þess að setja fram sína skoðun, og vísa að því leyti til ályktunar þingflokks sjálfstæðismanna frá 20. júlí s. l. þar sem farið er yfir málaþætti í meginatriðum.

Ég ítreka svo spurningar mínar til hæstv. ráðh., forsrh., sjútvrh. og iðnrh.: Var miðlunartillagan, sem iðnrh. lagði fram á viðræðufundinum við Alusuisse nú í dag, rædd í ríkisstj. eða ráðherranefnd áður en iðnrh. lagði hana fram á viðræðufundinum? Enn fremur spurði ég þessa ráðh. hvort þeir teldu að um sviksamlegt atferli væri að ræða hjá Alusuisse varðandi þær deilur og þær ásakanir sem á það fyrirtæki hefðu verið bornar. Og ég spyr sérstaklega hæstv. forsrh. að því, hvort hann sé sama sinnis og í sjónvarpsviðtali í marsmánuði s. l., þar sem hann aðspurður sagði að ekki væri um sviksamlegt atferli að ræða. Ég held að svar við því geti opnað eftir atvikum leið að lausn þessa máls. Ég er ekki að biðja ráðh. um að segja annað en hver þeirra skoðun sé. En ef þeirra skoðun er sú, að hér sé ekki um sviksamlegt atferli að ræða, þá hygg ég að unnt sé eða ætti að vera unnt að ná árangri í hækkunum á raforkuverði og endurskoðun á samningnum í samræmi við hagsmuni okkar Íslendinga.

Og að lokum, herra forseti: Við leggjum auðvitað öll, allir þm., áherslu á að ná fram árangri í hækkun raforkuverðs. Það er meginatriði þessa máls sem og að koma í veg fyrir slíkar deilur í framtíðinni sem átt hafa sér stað nú undanfarna mánuði og staðið í eitt og hálft ár og dregið þetta mál á langinn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég hef áhuga á því að leggja orð í belg þegar þetta mál er hér til umr. vegna þeirrar blaðafregnar sem birt var fyrir nokkrum dögum um viðskipti hæstv. iðnrh. og forráðamanna Íslenska álfélagsins. Þetta mál varðar Hafnfirðinga kannske örlítið meira en ýmsa aðra, sérstaklega vegna staðsetningar þessa fyrirtækis svo og vegna viðskipta bæjarfélagsins við stjórnvöld sem vikið var að fyrir nokkru.

Það er ekki undarlegt að þar syðra sé sérstaklega fylgst með viðræðum eins og þeim sem nú fara á milli ráðh. og stjórnar Íslenska álfélagsins. Það verður hins vegar að segjast eins og er, að ummæli hæstv. iðonrh. áður og í upphafi þessa máls hafi verið þess eðlis, að sá stóri hópur Hafnfirðinga og annarra, sem haft hefur atvinnu við þetta fyrirtæki, varð undrandi. Það undraði þetta fólk að sjálfsögðu þegar hæstv. iðnrh. lét þau orð falla, að að hans dómi væri skynsamlegast að loka þessu fyrirtæki, ég tala nú ekki um þegar hann orðaði það svo, að það væri skynsamlegra að þetta fólk fengi sér þjóðhollari störf heldur en að starfa hjá þessu fyrirtæki.

Í raun og veru þurftu Hafnfirðingar ekki að vera hissa á þessum ummælum. Þau voru í samræmi við stefnu þess flokks sem hæstv. iðnrh. fyllir, og Hafnfirðingar þekktu afstöðu flokksbræðra hæstv. iðnrh. hér á Alþingi þegar þetta mál var til umr. á frumstigi og enn fremur þegar það kom til lokaafgreiðslu hér á Alþingi. Hafnfirðingar þekktu líka vel til afstöðu Alþb.-manna í Hafnarfirði þegar við Hafnfirðinga var rætt á sínum tíma hvort það fyrirtæki fengi þá aðstöðu sem þyrfti til þess að það yrði þar staðsett. Og Hafnfirðingar muna afstöðu fulltrúa Alþb. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar á þeim tíma. Þegar svo hæstv. iðnrh. hóf þá herferð, sem hér hefur verið vikið að, gegn þessu fyrirtæki, Íslenska álfélaginu, þá gerðu menn sér grein fyrir að hæstv. iðnrh. virtist ætla að halda stefnu Alþb. og þá rifjuðu menn upp þá afstöðu sem ég gat um áðan.

Það er engum blöðum um það að fletta, að staðsetning þessa fyrirtækis þar syðra hefur mjög bætt atvinnu manna þar og skapað atvinnuöryggi þess fólks sem byggir þetta svæði. Það eru að sjálfsögðu ekki eingöngu Hafnfirðingar því að um það bil helmingur þess starfsfólks, sem þar vinnur, er þar búandi, hinir búa í byggðarlögunum í kring. En jafnframt því hlaut staðsetning þessa fyrirtækis að verða töluvert mikil lyftistöng fyrir bæjarfélagið í heild. Það er öllum þessum aðilum sammerkt, að þeir vilja ná fram sem hagkvæmustum samningum um raforkuverð á hverjum tíma og að fyrirtækið greiði þau gjöld, sem því beri að greiða, undanbragðalaust og um leið sé atvinnuöryggi þessa fólks tryggt. Hver eignaraðildin sé er ekki aðalatriðið í augum þessa fólks, heldur hitt, að eignaraðildinni sé þannig fyrir komið að rekstraröryggi sé fyrir hendi, að sem flestir, sem vilja sinna slíkum störfum, geti fengið þar störf.

En af því að ég vék að eignaraðildinni og því, að menn halda gjarnan fram að eitt sé nauðsynlegt í því máli fremur en annað, það sé nauðsynlegt að um sé að ræða aðild okkar Íslendinga, — það er að vísu mismunandi mikil aðild sem menn þá tala um, sumir um meirihlutaaðild, sumir um að fyrirtækið sé alfarið í eigu Íslendinga, — þá er ekki úr vegi að það sé rifjað hér upp sem kom fram á þingi fyrir nokkru um samskipti Hafnfirðinga við ríkisvaldið, þ. e. við íslensku ríkisstj., og hvernig Hafnfirðingum hefur tekist að ná fram rétti sínum gagnvart íslensku ríkisstj.

Hafnarfjarðarbær hefur reist kröfu sína á samningum frá 1976 og óskaði endurskoðunar seint á árinu 1978. Það hefur ekki fengist niðurstaða í þeim efnum. En mönnum var ljóst, menn voru sammála um það, með hvaða hætti bæri að endurskoða hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldi því sem Íslenska álfélagið greiðir. Engu að síður hefur ekki enn, eftir nærri fjögurra ára bið, fengist lausn á því máli. En það vill svo til að einmitt hæstv. núv. iðnrh. hefur lengst þennan tíma gegnt því embætti og hefði því haft besta og mesta möguleika á því að koma þar fram leiðréttingu og nú síðustu tvö árin haft í fjmrh.-embættinu flokksbróður sinn. Því var auðvelt að koma fram réttum sjónarmiðum og sanngjörnum þannig að Hafnarfjarðarbær hefði átt að fá það sem honum bar. En það er dálítið annar tónn í bréfi sem hæstv. iðnrh. skrifar 29. apríl til Hafnarfjarðarbæjar, þar sem hann víkur að þessu atriði og svarar þá bréfi. Það var að vísu komið dálítið á annan mánuð frá því að bréfið var sent frá Hafnarfirði, en eins og er stundum orðað hefur það kannske farið Krýsuvíkurleiðina til hæstv. iðnrh. Það þýðir að það tekur lengri tíma en venjulega með pósti á milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Í þessu bréfi ítrekar bæjarstjórn Hafnarfjarðar kröfur sínar vegna samnings sem gerður var á milli bæjarstjórnar og iðnrn. í maí 1976. Hæstv. iðnrh. svarar þessu bréfi og hann svarar því þannig að mér finnst ekki óeðlilegt að það sé lesið upp þegar við ræðum um samninga ríkisstj. við Íslenska álfélagið. Með leyfi forseta, í bréfinu segir:

„Í tilefni bréfs yðar, dags. 17. mars 1982, leyfir iðnrn. sér hér með að tjá yður, að þegar er svarað af hálfu fjmrn. óskum yðar um endurskoðun á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjaldstekjum af rekstri álversins í Straumsvík og er engu við það að bæta öðru en að unnið er að því að afla lagaheimildar um skiptingu framleiðslugjaldstekna milli tiltekinna aðila, þ. á m. Hafnarfjarðarbæjar.“ — En í bréfi Hafnarfjarðarbæjar er jafnframt bent á að eðlilegt sé í sambandi við þær viðræður,

sem nú fara fram, að Hafnarfjarðarbær hafi fulltrúa sinn þar.

Ráðh. heldur áfram og segir í bréfinu: „Eins og yður er kunnugt óskaði ríkisstj. eftir því hinn 9. des. 1980 að upp yrðu teknar viðræður við Alusuisse um endurskoðun gildandi samninga um rekstur álversins. Í 16 mánuði hefur Alusuisse ekki léð máls á endurskoðun þessara samninga, en það er þó von rn., að sú afstaða Alusuisse muni breytast innan tíðar. Þegar það er tímabært" — og nú talar sá sem valdið hefur — „og Alusuisse er reiðubúið til samningaviðræðna mun rn. strax efna til samráðs við Hafnarfjarðarbæ varðandi framleiðslugjaldið og skiptingu þess svo og önnur atriði sem snerta Hafnarfjörð sérstaklega." Undir þetta bréf ritaði iðnrh.

Mér fannst rétt og eðlilegt að þetta kæmi fram við þessar umr. Ég vildi ekki láta hjá líða að kynna það sjónarmið, sem ég kom hér fram með, vegna þess stóra hóps sem vinnur þar syðra og á atvinnuöryggi sitt undir því, hversu tekst í þeim samningaviðræðum sem nú fara fram.

Ég skal ekki tefja tímann hér með því að endurtaka skoðun okkar sjálfstæðismanna á vinnubrögðum hæstv. iðnrh. Það gerði formaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., og ég get í öllu og einu undirstrikað það og ítrekað þær spurningar sem hann lagði fram til forsrh., iðnrh. og samgrh. varðandi það miðlunartilboð sem hæstv. iðnrh. hefur vikið að. Ég legg áherslu á að af hálfu iðnrn., af hálfu iðnrh. verði allri tortryggni í þessu máli eytt. Það er grundvallarskilyrðið til þess, að hægt sé að ná fram þeim samningum sem við viljum. Ég legg áherslu á að það séu hagsmunir Íslendinga, sem verði hafðir að leiðarljósi, en vikið burt öllum pólitískum hagsmunum. Þá er von til þess að árangur náist.

Sjútvrh. (Steingrímur Hermannsson): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þeim spurningum sem hv. 1. þm. Reykv. beindi til mín. Ég sé reyndar að hann er ekki hér viðstaddur. (Gripið fram í.) Já, það er gott.

Ég vil í fyrsta lagi staðfesta að það er rétt sem kemur fram í Tímanum, að ég hafði ekki, þegar ég átti viðtal við blaðamanninn í gær, fengið í hendur nein gögn sem hæstv. iðnrh. ætlaði að leggja fram í þeim viðræðum sem fram fóru í gær og dag. Hins vegar hef ég í dag fengið afrit af því sem hann lagði fram í þessum viðræðum. Ég vil aftur á móti taka það skýrt fram, að ráðherranefndin hefur átt marga fundi um þessi mál. (Gripið fram í.) Fyrir þennan fund, undanfarnar vikur og mánuði, hefur ráðherranefndin fjallað um þetta mál, og ég efa ekki að hæstv. iðnrh. hefur rekið þessar viðræður á grundvelli þess sem við í ráðherranefndinni höfum orðið sammála um. Og ég vek athygli á því, að 26. febr. s. l. gekk ráðherranefndin frá grundvelli sem hún taldi rétt að hafa í sambandi við þessar viðræður, þ. e. hvernig málið yrði rekið.

Vegna annarrar spurningar hv. þm. vil ég segja það, að ég er ekki þeirrar skoðunar, að deilan við Alusuisse um verðlagningu á súráli og öðrum aðföngum geti fallið undir þá skilgreiningu, að þar hafi verið um að ræða sviksamlegt framferði eða athæfi. Ég vil taka undir það sem hæstv. forsrh. sagði um þetta í marsmánuði s. l. í sjónvarpi, en ég vil jafnframt leyfa mér að gera aðeins grein fyrir þessari niðurstöðu minni.

Um viðskipti Íslenska álfélagsins og Alusuisse er fjallað bæði í aðalsamningi og einnig í tækniaðstoðarsamningi. Í gr. 27.03 í aðalsamningi segir m. a. að þessi viðskipti skuli vera eins og um óháða aðila sé að ræða. Og í gr. 2.03 í tækniaðstoðarsamningi segir að fyrirtækið skuli veita, ef ÍSAL óskar, þá aðstoð sem það getur til þess að tryggja aðföng á hagkvæmasta verði. Einnig segir í aðalsamningi að íslenska ríkisstj. eða iðnrh. fyrir hennar hönd geti látið endurskoða reikninga fyrirtækisins og fengið til þess óháð alþjóðlegt fyrirtæki, og skal sú krafa koma fram eigi síðar en í aprílmánuði. Þetta hefur þrisvar sinnum verið gert, þ. e. fyrst 1974, síðan 1981 og nú 1982, og er þá að sjálfsögðu um að ræða reikninga fyrra árs. Einnig segir í aðalsamningi, að ágreiningi megi vísa í gerðardóm.

Fyrirtækið Cooper & Lybrandt var fengið til að fara yfir þessa reikninga, bæði fyrir árið 1980, sem var endurskoðað í samræmi við ákvæði samningsins, og einnig yfir reikninga fyrirtækisins frá árunum 1974—1979, en sú endurskoðun er ekki samkv. þessu ákvæði samningsins eða kröfu ríkisstj. sem fram þarf að koma í aprílmánuði. Ég fyrir mitt leyti er ásáttur um þá niðurstöðu, sem Cooper & Lybrandt kemst að, og tel að niðurstaða fyrirtækisins sé byggð á veigamiklum rökum. Hinu er hins vegar ekki að neita, að fyrirtækið Alusuisse vefengir þetta og leggur annan skilning í þessi ákvæði sem ég nefndi, þ. e. fyrst og fremst ákvæði tæknisamningsins, hvað í því felist, að fyrirtækinu beri skylda til að útvega hráefni á lægsta fáanlegu verði. Þarna er sem sagt deila um lagatúlkun, og það þarf að fá úr þessu skorið og á tvímælalaust að vísa þeim ágreiningi í gerðardóm, eins og samningurinn gerir ráð fyrir. Ég fagna því, að hæstv. iðnrh. hefur í viðræðunum í dag boðið að hafa þá meðferð á þessu deilumáli.

Hins vegar fjallar grein aðalsamningsins nr. 41.02 um riftun á samningi ef um sviksamlegt athæfi er að ræða, og ég tel ekki fyrir mitt leyti að þessi ágreiningur um lagatúlkun og það sem af því leiðir, þ. e. um skattskuld fyrirtækisins, geti fallið undir það. En ég vil hins vegar taka skýrt fram að ég tel að það eigi að ganga af fullum krafti eftir því, eftir þeim leiðum sem færar eru, að skattskuldin verði greidd. Og ég er sammála því sem gert hefur verið í sambandi við skattskuldina frá 1980, að hún hefur verið færð fyrirtækinu til skuldar. Þá er að sjálfsögðu opið fyrir Alusuisse að kæra þann verknað til gerðardóms. — Ég vona, að ég hafi þá svarað spurningunni um sviksamlegt athæfi.

Ég vil hins vegar í sambandi við þetta mál allt taka það fram, að við framsóknarmenn leggjum á það höfuðáherslu, að sem fyrst náist samningar um verulega hækkun á raforkuverði. Við teljum að sá grundvöllur, sem við var stuðst þegar samið var m. a. um breytingu á raforkuverðsákvæðum aðalsamningsins og staðfest hér á hinu háa Alþingi 1976, sé brostinn. Það hafa orðið svo gífurlega miklar breytingar á orkuverði í heiminum, að það raforkuverð, sem nú er greitt, stenst ekki þann samanburð. Ég minni á að í þeim samningi er kveðið svo á að það skuli fylgja markaðsverði á áli að 40%. Hins vegar hefur orkuverð hækkað almennt enn meira og þessi viðmiðun hefur hvergi nægt til að tryggja að okkar mati eðlilega greiðslu á raforku til álversins. Við teljum því að í raun og veru eigi að kappkosta að leggja annan ágreining til hliðar, t. d. í gerðardóm, ef það getur orðið til þess, að viðræður hefjist nú þegar um hækkun á raforkuverði. Það er haft eftir mér í einu blaði í dag, að ég telji reyndar ágreininginn um skatta smámuni borið saman við hækk-

un á raforkuverði. Ég vek athygli á því, að deilan um 1980, þ. e. skattskuldina þá, nemur um 2 millj. 650 þús. dollara eða um 27 millj. ísl. kr. Hins vegar, við skulum segja, er tvöföldun á raforkuverði um 80 millj. ísl. kr. Þarna er fjárhagslega um miklu, miklu stærra mál að ræða út af fyrir sig, og þess vegna leggjum við á það höfuðáherslu, að það verði tekið fyrir.

Það kom fram hjá hv. þm., að ásakanir um sviksamlegt athæfi stæðu í vegi fyrir þessu. Ég vil taka það skýrt fram, að ríkisstj. hefur aldrei samþykkt neina slíka ásökun, eins og komið hefur reyndar fram hjá hæstv. forsrh. og áður er vísað til. Mér sýnist að allur málatilbúnaður um þetta sé á misskilningi byggður. Ég tek undir það, að hann þarf að leiðrétta, og ég veit ekki betur en hæstv. iðnrh. hafi lagt sig fram við að leiðrétta það einnig. Ég vona að a. m. k. fáist sá misskilningur lagður til hliðar og verði ekki til að koma í veg fyrir viðræður og samninga um hærra raforkuverð, og sömuleiðis yrði þá deilan um skattana lögð í gerð.

Ég vil jafnframt taka það fram út af öðru sem hér hefur komið fram, að við framsóknarmenn teljum að endurskoða þurfi ýmis önnur ákvæði samningsins. Ég hef ætíð haft efasemdir um skattaákvæði samningsins sem gerir ráð fyrir hámarki og lágmarki og leiðir til þeirra deilna sem endurteknar eru, við skulum segja vegna mismunandi túlkunar á þeim ákvæðum sem um þetta fjalla. Ég hef ætíð verið þeirrar skoðunar, að skynsamlegra sé að leggja á aðstöðugjald eða veltuskatt sem verði ekki háður neinum efasemdum og deilum, og ég tel að það mál eigi að taka upp að nýju. Um þetta hygg ég að allir hafi verið sammála á sínum tíma þótt ekki næðist um það samkomulag við svissneska fyrirtækið.

Þá vil ég einnig taka það fram, að við framsóknarmenn höfum hvað eftir annað samþykkt sem grundvallarstefnu að við Íslendingar eigum helst meiri hluta í þeim stóriðjufyrirtækjum sem hér eru reist með tilstuðlan eða í samvinnu við erlenda aðila. Ég sagði: helst meiri hl., vegna þess að við gerum okkur að sjálfsögðu grein fyrir því, að veruleg áhætta getur fylgt slíku, og okkur er ljóst, að það verður að skoða vandlega hvert tilfelli. Við kjósum reyndar frekar að slík fyrirtæki sem mikil áhætta fylgir verði ekki reist hér á landi. Álbræðslan er hins vegar staðreynd og við teljum sjálfsagt að athuga mjög vandlega hvort við Íslendingar getum orðið eignaraðilar að álbræðslunni. Ég tel í því sambandi að þær hugmyndir, sem fram hafa komið í viðræðum við ýmsa erlenda aðila, t. d. Japani og fleiri, um leiðir til að eignast hluti í álbræðslunni, séu mjög athyglisverðar — mjög svo. Ég tel sjálfsagt að skoða þær mjög vandlega, en endurtek að í því sambandi verður vitanlega að athuga alla þá áhættu sem slíku fylgir, m. a. hvernig markaðshorfur eru og hvaða tryggingu við höfum fyrir að geta selt af framleiðslu álversins. Við vitum að t. d. nú hafa safnast mjög miklar birgðir af áli í heiminum og það er selt langt undir hinu svokallaða skráða verði. Mér sýnast mjög athyglisverðar þær hugmyndir sem fram hafa komið um þriðja aðila að þessu álveri, t. d. í þeim hlutföllum sem ég slæ hér fram, án þess að það sé að sjálfsögðu á nokkurn máta bindandi, að við Íslendingar eignumst 1/3. Mér sýnist, að þetta gæti vel orðið til þess að dreifa áhættunni á skynsamlegan máta og tryggja enn betur sölu á afurðum álversins.

Í þessu sambandi er töluvert rætt um stækkun álversins. Ég vil taka það fram, að ég tel stækkun koma vel til greina í tengslum við slíka heildarsamninga um verulega hækkun raforkuverðs, breytta eignaraðild o. fl. Því verður áreiðanlega ekki neitað, að álverið í Straumsvík er orð í raun og veru gamalt tæknilega og það hafa orðið mjög miklar framfarir á ýmsum tæknisviðum, m. a. til orkusparnaðar, sem ekki eru nema að mjög litlu leyti nýttar í þessu álveri og verður vart komið við í þessu gamla álveri, þótt þar hafi nú orðið athyglisverðar breytingar í sambandi við hreinsun o. fl. Það er einnig staðreynd, að álver af þessari stærð, rúmlega 80 þús. lestir, er langtum minna en nú er talið hagkvæmt að reka. Og það er í þriðja lagi staðreynd, að í Straumsvík er að sjálfsögðu komin góð höfn og mjög mikil aðstaða önnur sem nýtist að fullu fyrir stærra álver. Mér sýnist þess vegna mjög athyglisverður möguleiki fyrir okkur Íslendinga, ef við gerumst þarna stórir eignaraðilar, að standa að stækkun álversins, og ég held að það gæti orðið skynsamlegur orkunýtingarkostur í sambandi við virkjanir og við höfum nýlega ákveðið hér.

Ég vil svo ljúka þessum orðum með því að segja að ég tel að það séu mjög athyglisverðir möguleikar nú uppi um breytingar á álsamningnum um aðild okkar að fyrirtækinu og þá um leið um stóriðju sem geti orðið íslensku þjóðarbúi til verulegrar hagsældar og hagnaðar. En ég endurtek að hér er um svo gífurlega stórt fyrirtæki að ræða og um svo stórar fjárhæðir að ræða að allur undirbúningur þarf að vera hinn besti, og ég treysti hæstv. iðnrh. til að haga málum svo.

Magnús H. Magnússon: Herra forseti. Ég tel að hæstv. iðnrh. hafi haldið illa á spilum í þessu máli frá byrjun. Hann taldi á sínum tíma að Alusuisse hefði stórlega brotið samninga sína við Íslendinga. Hafi þetta verið rétt að einhverju eða öllu leyti, sem ég í sjálfu sér dreg ekki í efa, það á eftir að koma í ljós, þá átti hæstv. ráðh. auðvitað að nota þessa vitneskju til að þvinga fram endurskoðun á raforkuverðinu svipað og fyrrv. iðnrh., hæstv. núv. forsrh., gerði árið 1976 undir svipuðum kringumstæðum. Hækkun raforkuverðsins er auðvitað aðalatriðið í þessum málum öllum og það er dýr hver dagurinn sem líður meðan ekki semst um það. Hækkun á verði raforku er, eins og hæstv. forsrh. orðaði það, brýn nauðsyn og fullkomið sanngirnismál. Í stað þess að halda á málum svipað og núv. hæstv. forsrh. gerði árið 1976 byrjar hæstv. iðnrh. á því að kasta stríðshanskanum, kasta besta vopninu frá sér. Í stað þess að nota þau tromp, sem hann taldi sig hafa á hendi, byrjar hann á því að kasta þeim frá sér. Í spilamennsku er það sjaldnast skynsamlegt. Það átti auðvitað að þvinga Alusuisse til samninga um stórhækkun raforkuverðs með það vopn í höndum, að annars verði meint brot fyrirtækisins blásið út um veröld víða. Það var ekki gert. Vopninu var strax kastað frá sér í þeirri von að særa andstæðinginn, og eftir það er samningsstaða okkar allt önnur og miklu verri. Og nú þegar aftur átti að setjast að samningum, m. a. um hækkun raforkuverðsins, sem auðvitað er aðalatriði málsins eins og hæstv. iðnrh. og hæstv. forsrh. hafa ítrekað, þá er byrjað á því degi fyrir samningafundinn að hóta þjóðnýtingu, hótað að taka upp samninga við annan auðhring, nú austur í Asíu.

Með þessu móti er ekki hægt að búast við árangri í samningum og e. t. v. kærir hæstv. iðnrh. sig ekki um samkomulag um hækkun raforkuverðs. Meðferð hans öll

á málinu gæti bent til þess. Ég tek undir með hæstv. forsrh. að aðalatriðið nú er hækkun raforkuverðs. Ég er einnig sammála hæstv. forsrh. um að við Íslendingar eigum í framtíðinni að eignast meiri hluta í álverinu eða álverið allt. Það er hægt að gera með ýmsu móti, t. d. með hluta af skattgreiðslu fyrirtækisins eða hluta af því verði fyrir raforku sem fyrirtækið kemur til með að greiða. Ef við nú á þessari stundu eigum nægilegt fé, þá eigum við að nota það til að byggja nýtt álver, t. d. við Eyjafjörð, eða til að stækka álverið við Straumsvík verulega og á þann hátt gætum við eignast meiri hluta í álverinu. Aðalatriðið er auðvitað að flýta virkjunum og flýta nýtingu þeirrar raforku sem framleidd verður. Hvort Íslendingar eigi stóriðjuverin að öllu eða mestu leyti skiptir ekki öllu máli. Við getum haft virkt íslenskt forræði, eins og hæstv. iðnrh. orðar það, án þess að eiga fyrirtæki að mestu eða öllu leyti.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Mér kom það dálítið spánskt fyrir sjónir að hæstv. iðnrh. skyldi hefja mál sitt á því að tala um að honum þætti furðulegt að þessar fyrirspurnir væru bornar hér fram af minni hálfu, einkum og sér í lagi þegar ég hlustaði á framhald ræðunnar hjá þessum sama hæstv. ráðh. þegar hann einmitt lét þess getið, að það væri nauðsynlegt að skýra fyrir Alþingi hvernig staða þessara mála væri. Ég hélt að það væri þá einstaklega kærkomið tækifæri fyrir hann að fá einmitt umr. eins og hér hafa farið fram og engin ástæða til að agnúast út í þær. Sannleikurinn er vitaskuld sá, að það er rétt að ráðh. leyfi Alþingi að fylgjast með þessum málum og það alveg óháð því hvað gerist í einhverjum nefndum úti í bæ. Það er sitt hvað.

En hæstv. ráðh. sagði meira. Hann sagði að nú þurfi alþm. að fara að hugsa um hvernig við skuli bregðast. Var þá ekki líka ástæða til þess að hafa einmitt þessa umr.? En öðruvísi mér áður brá. Það hefur ekki verið siður þessa hæstv. ráðh. að láta hv. alþm. fylgjast neitt sérstaklega með því, hvernig þessu máli miðaði.

En þessi ummæli ráðh. vekja vitaskuld aðra spurningu. Er það hugmynd ráðh. að beita sér fyrir því, að Alþingi haldi áfram störfum nú svo að það geti fylgst með framvindu þessara mála og um það fjallað, eða mun hann beita sér fyrir því, að það verði saman kallað fljótlega til þess að taka þessi mál til umfjöllunar? Það er náttúrlega auðveldasti hátturinn til þess að Alþingi geti fylgst með og fjallað um þessi mál að það sitji. Um þær fyrirspurnir og spurningar, sem ég bar fram, er það fyrst að segja, að þó að ég þakki þau svör, sem hafa fengist, voru þau heldur rýr að því er efnisatriði varðar. Hæstv. forsrh. svaraði því t. d. engu, hvaða ríkisstjórnarsamþykktir lægju að baki þeim tilboðum sem menn væru að hugsa um eða hvaða ríkisstjórnarsamþykktir lægju að baki þeim þreifingum sem í gangi væru af hálfu hæstv. iðnrh. Það kom reyndar fram í máli hæstv. samgrh. áðan, að þau samningsdrög, sem hæstv. iðnrh. hefði lagt fram á samningafundi með Alusuisse í dag, hefði hann séð í dag. Þetta verður ekki skilið öðruvísi en þannig að þessi samningadrög hafi ekki verið samþykkt í ríkisstj., hafi ekki verið samþykkt í ráðherranefnd, og reyndar er ekki ótvírætt af þessum orðum hvort ráðh. sá þessi drög fyrir eða eftir að þau voru lögð fram eða hvort hann hafði aths. við þau fram að færa.

Ég er hræddur um að útskýringar hæstv. iðnrh. á þeim drögum að samningum, sem hann hefur gert mjög að umtalsefni undanfarið í fjölmiðlum, við aðila í Japan og víðar í heiminum, hafi ekki skýrt fullkomlega fyrir hv. alþm. hvað hér sé um að ræða eða hvernig fyrirkomulagið sé né heldur með hvaða hætti þetta fyrirkomulag tryggi fullkomið forræði Íslendinga á þessum málum og þá einkum og sér í lagi með tilliti til þess, þegar það virðist liggja í orðum ráðherrans, að engu að síður verði að semja við þessa erlendu aðila um raforkuverð og reyndar um alla afkomu fyrirtækisins. Í þessu sambandi vil ég minna á að það hefur verið eitt af stefnumörkum íslenskra stjórnvalda og ég held allra stjórnmálaflokka, að í samningum um raforkuverð skyldi svo til hagað að það væri ekki bundið á föstu verði yfir langan tíma. Ég vek athygli á þessu þegar hæstv. ráðh. er að tala um langtímasamning af þessu tagi, vegna þess að ekkert hefur komið fram um það, hvernig frá því yrði gengið.

Ég tók eftir því, að málflutningur hæstv. samgrh., formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar, var í allt öðrum tón heldur en hjá hæstv. iðnrh. Hann vildi greinilega samningaleiðina, talaði um ýmis atriði í því sambandi sem ég hef reyndar líka og áður gert að umtalsefni, og ég hlýt að ítreka enn einu sinni þá skoðun, sem ég hef látið í ljós úr þessum ræðustól a. m. k. tvívegis ef ekki þrívegis áður, að það, sem skiptir meginmáli eins og samningum er hagað við Alusuisse varðandi ÍSAL, er auðvitað hækkun á raforkuverði. Og ég hef talið að inn í þá mynd hlyti að koma hugsanleg stækkun á áliðjuverinu í Straumsvík.

Um þær samningaviðræður, sem hæstv. iðnrh. hefur staðið í í dag við forsvarsmenn Alusuisse, gefst væntanlega betra tækifæri síðar að ræða þegar gögn málsins liggja betur fyrir og menn hafa fengið að kynna sér þau. Hinu er ekki að leyna, að það er dálítið einkennileg tilviljun, að fyrst skuli birtast hugmynd iðnrh. um tilboð til Alusuisse um að kaupa fyrirtækið, síðan skuli það ekki vera tekið upp á viðræðufundinum, en samningaumleitanir því næst fara út um þúfur og ráðh. eiginlega gefa í skyn, að nú sé það líklega helst til ráða að kaupa fyrirtækið, og þá nokkuð í dúr við það sem var upphaf þessarar hringekju. Það gefst væntanlega tækifæri til að athuga þau mál betur síðar.

En um leið og ég ítreka enn og aftur þakkir fyrir þau svör, sem hér hafa fengist, og læt í ljós þá skoðun, að það hafi verið mjög gagnlegt að þessi umr. færi fram, þá hlýt ég að láta í ljós vonbrigði mín með að þau svör, sem gefin hafa verið, hafa að ýmsu leyti verið ákaflega óljós. Þess vegna er náttúrlega fyllsta ástæða til þess, að alþm. fái betra tækifæri til að fjalla um þessi mál, eins og hæstv. iðnrh. gaf í skyn.

En um stöðu þessara mála verður það víst að segjast, að hæstv. iðnrh. virðist ekki ætla að bera gæfu til þess að geta náð giftusamlegri niðurstöðu í þessu máli. Það virðist, ef ráða má af orðum hans, vera komið í enn meira óefni en áður, og það eru sannarlega ókostir ef við eigum að skuldsetja okkur mjög til þess að eignast fyrirtæki til þess að hækka raforkuverðið, — skuldsetja okkur með þeim hætti án þess að fjölga atvinnutækifærum um eitt einasta á Íslandi. Er það alveg óháð því, hvaða skoðun menn hafa á því, að æskilegt sé að Islendingar geti eignast hlut í þessum stóriðjuverum og það í vaxandi mæli í framtíðinni. En ef marka má orð hæstv. iðnrh. er hann greinilega kominn gersamlega í þrot í þessu máli og það eru vitaskuld ömurleg örlög, en ég vil að lokum láta í ljós þá von, að gæfan snúist okkur í hag fljótlega.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Það hefði verið ástæða fyrir mig að bæta hér nokkru við það sem ég greindi frá áðan, eftir að þessi umr. hófst, og það eru ekki síst fyrirspurnir og innlegg hv. 1. þm. Reykv. sem gefa tilefni til þess, en reyndar hefur fleira borið við í þessum umr. sem þörf væri á að taka hér fyrir.

Ég vek athygli á því, að málflutningur hv. stjórnarandstæðinga við þessa umr. ber keim af því, að það sé verið að ráðast að mér sem fulltrúa íslensku ríkisstj., íslenskra stjórnvalda, fyrir það að Alusuisse hefur ekki orðið við sanngjörnum kröfum Íslendinga um hækkun raforkuverðs. Það er ekki verið að ásaka Alusuisse fyrir að hafa ekki orðið við kröfum sem íslensk stjórnvöld hafa fram borið, heldur er verið að ráðast að þeim aðilum íslenskum, sem eiga að bera þetta mál fram, fyrir að það sé þeirra sök að svo er komið að Alusuisse hefur enn og aftur neitað sanngirniskröfum okkar Íslendinga um hækkun á raforkuverði um eitt einasta cent. Ég held að það sé full ástæða fyrir menn að átta sig á þessu. Ég held að það sé full ástæða til þess, að við Íslendingar áttum okkur á því, að við sækjum ekki rétt okkar gagnvart útlendingum, sem í okkar auðlindir ganga, hvort sem það er til hafs eða lands, nema hér sé sæmileg samheldni ríkjandi innanlands. Ég minni enn og aftur á líkingu þessa máls við landhelgismálið og þá deilu sem þá átti sér stað við útlendinga, og það er heldur ömurlegt til þess að vita, að það er sama liðið, sem hefur uppi andóf á hv. Alþingi Íslendinga, sem vildi ekki horfast í augu við nauðsyn þess að taka á því máli, útfærslu landhelginnar og verndun fiskimiðanna, með festu — festu, sem loks var ákveðin af meiri hluta á Alþingi Íslendinga og færði okkur sigur í þessu lífshagsmunamáli. Það segir kannske nokkuð um hugsanirnar að baki hjá hv. stjórnarandstæðingum innan Sjálfstfl. þegar þeir sjá ástæðu til þess að hefja framkvæmdastjóra íslenska álversins, starfsmann Alusuisse, til öndvegis í einum öflugustu samtökum hér innanlands, í Verslunarráði Íslands. Það er álíka ráðstöfun, svo að aftur sé litið til landhelgismálsins, eins og við hefðum beðið fulltrúa breskra togaraeigenda á Íslandi að annast hagsmunagæslu okkar í sambandi við landhelgismálið. Ég vil aðeins vekja athygli á þessu máli hér vegna þess að það er athyglisvert.

Hv. 1. þm. Reykv. er sennilega eini maðurinn á Alþingi Íslendinga sem hefur ekki viljað fallast á þær niðurstöður sem eitt virtasta endurskoðunarfyrirtæki í heimi, Coopers & Lybrand, hefur fram borið og lýst yfir að það sé reiðubúið að verja fyrir rétti hvar og hvenær sem er í sambandi við endurskoðun á aðföngum til Íslenska álfélagsins, þá hækkun á aðföngum sem hefur verið þess valdandi, að íslenska ríkið hefur misst af skatttekjum og við höfum litið til þessa fyrirtækis með öðrum augum en eðlilegt væri vegna þess að það hefur verið rekið bókhaldslega með rauðum tölum. Það hafa forsvarsmenn þessa fyrirtækis borið fram um árabil sem röksemd gegn því, að við getum sótt til þess hækkun á roforkuverði.

Hv. þm. Geir Hallgrímsson var að ala hér á tortryggni um niðurstöðu athugana á þessum málum. Hann taldi að það væri forsenda fyrir því, að við fengjum fram hækkað raforkuverð, og undir það tók einnig hv. þm. Matthías Á. Mathiesen hér í umr., að allri tortryggni væri eytt í sambandi við þetta mál. Hverjir eru það, sem eru að ala á tortryggni í þessum efnum, aðrir en hv. stjórnarandstæðingar, sem haga máli sínu með þessum hætti? Mér er spurn.

Hvað segja hv. stjórnarandstæðingar um þá niðurstöðu hins virta alþjóðlega endurskoðunarfyrirtækis sem vann í nánu samstarfi og með viðurkenningu Alusuisse að endurskoðun mála varðandi aðföng til álversins 1975—1979 og svo einnig að heildarathugun fyrir árið 1980? Neita þessir hv. þm. að taka þessar niðurstöður gildar? Hvaða hagsmuni eru þessir hv. þm. að verja? Ég vil minna á það, að samkv. niðurstöðum Coopers & Lybrand varðandi aðföng á súráli á árunum 1975—1979 munaði, miðað við mjög sanngjarnt mat fyrirtækisins á verðlagningu á þessum aðföngum, 14.5 millj. kr. á þessu tímabili og til viðbótar 2.6 millj. kr. í sambandi við súrálsverðlagningu á árinu 1980. Á sama tímabili, 1975—1979, varð verðmunurinn hvað snertir rafskaut, sem eru 30% af aðföngum álversins, enn þá hærri upphæð en nemur umframverðinu á súráli. Það er rétt að það komi fram hér. Þau gögn hafa verið lögð fyrir löngu á borð Alusuisse, að þessi verðmunur er að mati Coopers & Lybrand og fleiri sérfræðinga, sem til hafa verið kvaddir, 17.8 millj. kr. á þessu fjögurra ára tímabili. Það er að vísu ekki mikið um óháð viðskipti í sambandi við rafskaut, en fram hefur farið mjög víðtækt mat á verðlagningu á þessum aðföngum, og niðurstaðan úr þeirri víðtæku endurskoðun bendir til þessa og var staðfest með mjög verulegu yfirverði á þessum þætti að mati Coopers & Lybrand í sambandi við aðföng fyrir árið 1980, í heildarendurskoðun sem sýndi 8 millj. kr. hækkun á nettóhagnaði ÍSALs og mjög verulega hækkun, á milli 2—3 millj. dollara hækkun að mati Coopers & Lybrand, á framleiðslugjaldi fyrirtækisins umfram það sem því hafði verið gert að greiða. Svo koma þessir hv. þm. hingað og spyrja hvort það sé verið að hafa uppi ásakanir um sviksamlegt athæfi gagnvart þessu fyrirtæki eða hvað það sé sem þessi málflutningur sé byggður á.

Málflutningur íslensku ríkisstj. í þessu máli er reistur á ákveðnum greinum aðalsamnings og fylgisamninga sem íslenska ríkið hefur gert við álverið. Íslenska ríkisstj. hefur ekki verið að vísa til atriða þar sem talað er um sviksamlegt athæfi í lagalegum skilningi sem gefur tilefni til riftunar, heldur höfum við haldið þar fram vanefndum á samningum samkv. gr. 41.02 í aðalsamningi. Á þessum atriðum, sem til var vitnað, og gr. 27.03 í aðalsamningi í sambandi við verðlagningu á aðföngum, og ákvæðum í tæknisamningi, sem hæstv. sjútvrh. vitnaði til hér áðan, er málarekstur ríkisstj. varðandi þetta mál reistur. Það kom fram þegar í ályktun ríkisstj. 9. des. 1980, og það hefur verið tekið fram æ og aftur við Alusuisse, á hvaða grundvelli málatilbúnaður gagnvart fortíðinni er byggður af íslenskum stjórnvöldum. Það er því algerlega ástæðulaust fyrir hv. 1. þm. Reykv. að halda að hann sé með einhvern lykil í höndum til þess að Alusuisse fallist á hækkun á raforkuverði. Sá lykill hefur verið prófaður, ekki bara á síðasta samningafundi, heldur síðast í dag, hvort væri hægt að fá hækkun um cent á raforkuverði til álversins í Straumsvík, þó að ekki væri verið að reisa málatilbúnað á öðru en ríkisstj. hefur fram borið í þessum efnum.

Það er sannarlega furðulegt að forustulið stjórnarandstöðunnar skuli koma hingað til þess að draga í efa og rýra möguleika okkar Íslendinga til þess að ná fram sanngjarnri leiðréttingu í þessum málum með því að vera að taka beint og óbeint undir með þessu erlenda auðfélagi sem stundað hefur hér rekstur á þrettánda ár. Ég trúi

því vel, að hv. þm. Geir Hallgrímsson hafi ekki reynt að berja Alusuisse til ásta á sínum tíma á viðreisnarárunum. Ég er hræddur um að hann hafi ekki farið með þeim hætti að þegar samningurinn um álverið var gerður á sínum tíma. En það á ekki að vera verkefni okkar hér og nú að vera að deila um þann samning og þá samningagerð, heldur á það að vera að skapa einhug á hv. Alþingi Íslendinga, einhug um þær sanngirniskröfur sem íslensk stjórnvöld hafa fram borið, sanngirniskröfur sem byggjast á sömu sjónarmiðum, sömu réttindum, sömu alþjóðasamþykktum og við höfðum sótt rétt okkar til fiskimiðanna og auðlindalögsögu í kringum landið. Það eru nákvæmlega sams konar málsmeðferð siðferðilega séð og sams konar réttur sem við eigum að beita, og það er skylda okkar að tryggja að landsmenn fái eðlilegan afrakstur af auðlindum sínum, og beita til þess öllum þeim ráðum sem fullvalda ríki hefur í hendi sinni. Að sjálfsögðu eigum við að láta reyna á það að fá samninga endurskoðaða og láta reyna á það til hins ítrasta, að tekið sé undir okkar sanngirnissjónarmið. En það hefur ekki verið gert. Það kom fram síðast í dag, að ekki var á það fallist, og þess vegna slitnaði upp úr þessum viðræðum og þess vegna stendur ríkisstj. og hv. alþm. frammi fyrir því, með hvaða hætti ætlum við að sækja okkar rétt í þessu efni. Það á að vera umhugsunarefni okkar. Það á að vera verkefni okkar á næstunni að tryggja það, að við notum samheldni okkar og réttindi sem fullvalda ríkis til þess að fá fram eðlilegar leiðréttingar á þessu lífshagsmunamáli okkar.

Ég vil rifja það hér upp, til þess að menn átti sig á því hvað hér er á ferðinni, hvernig þróun mála hefur verið í þessum efnum.

Það hefur ekki sjaldan verið talað um það hér á hv. Alþingi Íslendinga, að það þyrfti að jafna húshitunarkostnað í landinu. Við vorum að ræða um það síðast í hv. Ed. í gær, þar sem ég kynnti áætlun ríkisstj. þar að lútandi, nauðsyn þess að jafna upphitunarkostnað í landinu, og þar virðist hv. Alþingi á einu máli. En við gerum okkur grein fyrir að þetta kostar fjármuni. Það kostar um 125 millj. ísl. kr. að ná því markmiði að landsmenn, sem búa við sambærilegt húsnæði og sambærilegar aðstæður, búi ekki við hærra orkuverð við upphitun en sem nemur því sem er hjá dýrum en nýjum og hagkvæmum hitaveitum, sem þýðir um þrefalt það verð sem Hitaveita Reykjavíkur er að óska eftir. Á sama tíma og þetta liggur fyrir blasir það við, að frá því að álverið hóf rekstur sinn til þessa dags hefur munurinn á verðlagi til almenningsveitna í landinu og hins vegar til álversins í Straumsvík fimmfaldast. Verðmunurinn á raforku til almenningsveitna annars vegar og til ÍSALs hins vegar 1969 var 81%. Þessi munur er nú 393%. Þurfa menn vitna við um þessar aðstæður? Vantar okkur rökin til þess að sækja rétt okkar? Nei, hv. alþm., við höfum nóg rök til þess að færa fram. Þau hafa verið færð fram og við færum þau fram til sigurs ef við berum gæfu til að snúa bökum saman í þessu lífshagsmunamáli í stað þess að vera að efna hér til umræðna á hv. Alþingi til þess að sundra í þessu hagsmunamáli.

Það hefur oft verið kvartað yfir því, að það sé ekki nægjanlegt samráð við stjórnarandstöðuna í þessu máli og hinu og menn fái ekki nægar upplýsingar. Síðan í ágústmánuði í fyrra, eftir að viðræður hófust við Alusuisse, hafa allir stjórnmálaflokkar, allir þingflokkar átt fulltrúa í viðræðunefnd sem hefur komið að þessu máli og fengið öll gögn, sem varða málið, með það fyrir augum að tryggja tengsl við þingflokkana þannig að menn hafi upplýsingar. Og svo talar hv. 1. þm. Reykv. um þessa nefnd sem skálkaskjól.

Ástæðan fyrir því, að ég kom inn í þessar viðræður 25. og 26. mars s. l., var sú, að Alusuisse aflýsti umsömdum samningsfundi viðræðunefnda 3. mars s. l. fyrirvaralaust og bar við ástæðum sem voru þess eðlis, að ekki nokkur einasti maður gat tekið mark á þeim. Þá sendi ég formanni framkvæmdastjórnar fyrirtækisins, dr. Paul Müller, áskorun um að koma til fundar um þessi mál, koma til viðræðna við mig um þessi mál, hvað hann gerði. Hann féllst á það. Þeir fundir hafa verið haldnir, en þeir hafa því miður ekki borið árangur og við skildum í dag með þeim hætti, að báðum aðilum er ljóst, að þeir þurfa að fara yfir málin hver á sínum vettvangi.

Hér heima á Íslandi þarf að fara fram umr. um þessi mál innan ríkisstj., hjá stjórnmálaflokkum í landinu, og menn þurfa að átta sig á því, hvaða ráðum þeir þurfi að beita og til hvaða ráða eigi að grípa til þess að sækja rétt okkar á þessu sviði.

Ég ætla svo ekki að eyða frekari orðum að þessu máli, þessu stóra máli, þó að full ástæða væri til þess að víkja að mörgum fleiri þáttum sem hér hafa komið fram. En ég tel og vænti að aðalatriðin og meginsjónarmið liggi nokkuð skýrt fyrir. Ég heiti á hv. alþm. að fylgja eftir sanngirniskröfum okkar. Það hljótum við að gera í máli sem þessu, hver sem er við stjórnvölinn. En þá þarf líka að verða breyting á málflutningi.

Halldór Blöndal: Herra forseti.

Margur blásinn belgur sprakk,
bjúgur laut að Fróni,
í sem glettin ungfrú stakk
ástartítuprjóni.

Mér fannst nú hálfgerður belgingur í hæstv. iðnrh., ég get ekki neitað því, enda held ég að honum sé nú ekki mjög rótt, allra síst eftir ræðu hæstv. sjútvrh. áðan og þann árangur, sem hans starf og hans nálægð við þetta mál hefur borið. Ef það er rétt sem hann segir, að hann hafi mjög góðan málstað að flytja, hvers vegna hefur hann þá ekki staðið sig betur? Það er spurningin. Það þýðir lítið að koma hingað í Alþingi og hrópa: Þjóðarsamstaða, allir eiga að standa á bak við mig, ég hef staðið mig svona og svona vel — og svo kemur ekkert út úr því. Það er viðurkennt af þeim mönnum, sem þekkja til, að ef drengilega og vel hefði verið haldið á okkar málum, með fullri einurð og festu, og við hefðum hagað okkur og okkar menn með þeim hætti sem tíðkast í venjulegum samskiptum, þá væri raforkuverðið fyrir löngu hækkað. Þetta viðurkenna nú allir, þannig að ég held að hæstv. ráðh. ætti að spara sér stóryrðin í þessu sambandi. En það er m. a. ein skýringin á því, hvernig stendur á því, að það þurfti að koma til nýrrar skattlagningar hér á hverjum mánuði sem líður, að atvinnureksturinn allur, sá íslenski, á mjög undir högg að sækja. Hæstv. iðnrh. hefur ekki verið maður til þess að búa íslenskum útflutningsatvinnuvegum sómasamleg rekstrarskilyrði. Skora ég nú á hann, af því að ég heyri að hann er reiðubúinn að tala loksins við okkur vítt og breitt um atvinnumálin, að svara: Hvernig hefur hann staðið t. d. að járnblendiverksmiðjunni í Hvalfirði? Hvað fáum við miklar tekjur

af henni núna? Var frv., sem hann lagði fram um daginn, um það að járnblendiverksmiðjan ætlaði að fara að ausa einhverju fé í þjóðarbúið? Var það boðskapur hans í því sambandi?

Svo er annað atriði sem ég vil minna hæstv. iðnrh. á þegar hann biður þingið að standa á bak við sig, og það er að reyna að standa þannig að málum að hann segi þinginu satt. Það er grundvallaratriði í góðum samskiptum Alþingis og ríkisstj. að satt sé skýrt frá. Í plaggi, sem hann lagði fram og heitir: „Till. til þál. um virkjunarframkvæmdir og orkunýtingu" — er að vísu talað um að það sé stefna ríkisstj. að eignast hlut í álverinu. Þannig er svo skýrt frá því, hvernig það eigi að gerast, með leyfi hæstv. forseta:

„Hugsanlegt er að krafan um eignaraðild að álverksmiðjunni yrði framkvæmd þannig að öll stækkun verksmiðjunnar yrði á vegum Íslendinga. Í því sambandi virðist skynsamlegt að miða við 40 þús. tonna stækkun. Áætlaður kostnaður við þessa stækkun er um 1000 millj. kr., orkunotkun um 550 gwst. og viðbótarmannaflaþörf um 200. Með enn frekari stækkun um 40 þús. tonn eignuðust Íslendingar meiri hluta í fyrirtækinu."

Með þessum orðum, ef rétt eru lesin, er því slegið föstu, að eignaraðild að álverinu skuli tengd stækkun þess. Þessi orð verða ekki öðruvísi skilin. Þetta er það sem hann segir við Alþingi. Nú á allt í einu að haga orðum öðruvísi þegar hann fann að það fékk lítinn hljómgrunn hjá honum þegar hann hélt því fram, að ódýrasta lausnin til þess að afla okkur nýrrar raforku væri að loka álverinu. Þá eigum við að fara að kaupa gamla verksmiðju. Hæstv. sjútvrh. lýsti þeirri verksmiðju, sem nú er við Straumsvík, svo:

„1. Álverið er gamalt að tæknibúnaði og úrelt í afgerandi þáttum, sem varða rekstraröryggi, einkum hvað varðar orkueyðslu, sem er umtalsverð umfram nýtísku búnað. Þvílíkum búnaði verður illa eða alls ekki komið fyrir í verksmiðjunni.

2. Verksmiðjan er of lítil sem hagkvæm rekstrareining."

Þetta segir hann. Ég veit að hæstv. sjútvrh. er því kunnugastur allra manna, hver framtíð er í því, að við byggjum afkomu okkar og rekstraröryggi í heild á úreltum ryðkláfum, hvort sem það er álver eða togari. Það má vera að hæstv. iðnrh. hugsi sér það líka þegar hann er búinn að komast yfir þessi úreltu tæki við Straumsvík, þá ætli hann að kalla álverið Einar Benediktsson hf. eða eitthvað þvílíkt. Það mætti kannske við því búast. Svo er hann að líkja þessu máli, sem hér er um að ræða, við landhelgismálið, það sem við kepptum þar að. Við vorum að keppa að því að fá meiri afla handa okkur sjálfum að sækja aukin verðmæti í sjóinn og tryggja rekstraröryggi fiskveiða okkar og sjávarútvegs í heild. En hvernig aukum við tekjur þjóðarbúsins ef við yfirtökum þessa verksmiðju? Fá fleiri menn vinnu? Getum við greitt meira fyrir rafmagnið en þegar búið verður að leiðrétta það? Ef erlendir menn eru reiðubúnir til þess að vinna með okkur að uppbyggingu stóriðju, hvers vegna þá ekki að sýna fyrirhyggju og leggja ný járn í eldinn, byggja upp ný fyrirtæki, byggja upp nýiðnað, eins og talað er um, og fylgja stefnunni svo fram? Þetta er að láta dankast, að ætla að fara að eyða fjármunum Íslendinga í það að kaupa þessa verksmiðju eins og ástandi hennar er lýst af hæstv. sjútvrh., og hef ég þar raunar litlu við að bæta. Ég vil að þetta komi alveg skýrt fram.

Ég veit satt að segja ekki hvort ástæða sé til að fara að tala um öll slagorðin sem hæstv. iðnrh. viðhafði hér áðan og eru ólík hans málflutningi yfirleitt, enda finnur hann að hans málstaður er vondur. En nú vil ég spyrja: Hvernig stendur á því, að hæstv. iðnrh. lætur Alþingi sitja frammi fyrir gerðum hlut í þessu efni? Hvers vegna er hann að kvarta yfir því í ræðu sinni hvað eftir annað, að hann skuli krafinn skýringa hér á Alþingi? Svarið liggur í augum uppi. Við erum nýbúnir að afgreiða hér frv. um kísilmálmverksmiðju. Þar tók Alþingi ráðin af iðnrh. af því að Alþingi treysti honum ekki. Ef Alþingi á að ná samstöðu við ríkisstj. í þessu máli er aðeins ein leið fær til þess, og það er að þm. velji menn úr sínum hópi til þess að halda á málinu, menn sem þeir treysta. Ég hef ekkert á móti því, að þar geti komið menn með ólík sjónarmið og ólík viðhorf þó svo ég væri stuðningsmaður ríkisstj. Það var sá háttur sem hv. 1. þm. Reykv. hafði á við undirbúning járnblendiverksmiðjunnar. Það er staðreynd málsins.

Ég held að það verði næsta fróðlegt þegar búið verður að prenta þær ræður, sem hér hafa verið fluttar, að kynna sér röksemdaflutning hæstv. iðnrh. Þá mun koma í ljós að fæstum spurningum er svarað. Innihaldið var þetta: Mér hefur mistekist að ná samningum við álverið um hærra raforkuverð. Það er enginn lykill til að hærra raforkuverði. Samt er ég búinn að reyna lykilinn. — Þetta er í hnotskurn það sem hæstv. iðnrh. sagði. Yfir hinu gladdist ég, að hæstv. forsrh. skyldi þó í sínum fáu orðum halda öðruvísi á málinu en hæstv. iðnrh. og af meiri ábyrgðartilfinningu. Ég vona að guð láti gott á vita.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég varpaði fram fyrirspurn til hæstv. forsrh. Ég vildi gjarnan bíða með mína ræðu, ef hæstv. forsrh. ætlar sér að svara.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Varðandi fyrirspurn hv. 1. þm. Reykv. er það að segja, að tvær þeirra voru sameiginlega til hæstv. sjútvrh. og mín og hæstv. sjútvrh. svaraði þeim ítarlega áðan. Ég tek alveg undir hans orð í því efni. Það var varðandi það umræðuplagg sem hæstv. iðnrh. lagði fram í dag. Ég tek undir það sem hæstv. sjútvrh. sagði þegar hann gerði grein fyrir því máli.

Hin fyrirspurn til mín frá hv. 1. þm. Reykv. var þess eðlis, að ég taldi ekki beint ástæðu til að svara henni. En fyrst óskað er eftir því skal ég gera það. Hv. þm. spurði hvort það stæði óbreytt sem ég hefði sagt í sjónvarpi í marsmánuði. Auðvitað er óþarfi að taka það fram, en ég get gert það að sjálfsögðu aftur, að ríkisstj. hefur ekki borið fram ásakanir um sviksamlegt athæfi í þessu sambandi. Í sjónvarpssamtali í marsmánuði við mig tók ég skýrt fram að engar ásakanir væru uppi um sviksamlegt athæfi. Þetta er sjálfsagt að endurtaka hér. Þessar yfirlýsingar mínar standa auðvitað óbreyttar og er í engu þar frá hvikað.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherrum svör þeirra. Ég dreg þær ályktanir af þeim svörum, að í fyrsta lagi sé það hvorki skoðun ríkisstj. né heldur hæstv. forsrh. eða hæstv. samgrh. að um sviksamlegt atferli sé að ræða af hálfu Alusuisse. Af svörum hæstv. iðnrh. var hvað það snerti ekki annað að merkja en hann tók fram að ríkisstj. sem slík byggði ekki málarekstur eða samningaviðræður við Alusuisse á þeirri

forsendu, að um sviksamlegt athæfi væri að ræða. Hins vegar hlýtur hann að gera sér grein fyrir því, að ásakanir hans um sviksamlegt atferli af hálfu Alusuisse hafa orðið þess valdandi, að enginn árangur hefur orðið af þessum samningaviðræðum. Það stendur á því, hvort hæstv. iðnrh. vill draga þessi ummæli til baka eða ekki, að unnt sé að setjast að samningaborðinu og fjalla um raforkuverðið og það annað sem máli skiptir í þessu sambandi. Þetta er kjarni málsins. Það er þrjóska og stríðslund hæstv. iðnrh., þess sem fer með samninga af hálfu okkar Íslendinga, sem þarna er ákveðin fyrirstaða, þótt ég á hinn bóginn geti ekkert fullyrt hvaða árangur yrði af raunverulegum samningaviðræðum þegar þær hæfust.

Varðandi hina spurninguna kemur það athyglisverða fram af svörum hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., að málamiðlunartillaga hæstv. iðnrh., sem hann lagði fram á nýafstöðnum viðræðufundi við fulltrúa Alusuisse, hefur ekki verið rædd í ríkisstj., hefur ekki verið lögð þar fram, ekki verið rædd eða lögð fram í ráðherranefndinni og hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. hafa ekki fengið afrit af þessari málamiðlunartillögu fyrr en eftir viðræðufundinn í dag. Ég spyr nú hv. þingmenn: Hvað ber frekar vitni um hversu illa og kæruleysislega er á þessu máli haldið af hæstv. iðnrh.? Nefni ég þá ekki þá móðgun sem hann gerir hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Látum vera þó að hann hafi ekki samráð við stjórnarandstöðuna, en slík framkoma gagnvart samstarfsmönnum sínum væri verð þess, að þeir tækju hann í karphúsið. En það er kannske í þessu sem öðru að þeir Alþb.-menn ráða ferðinni í ríkisstj.

Hæstv. iðnrh. var alveg undrandi og setti á sig mikinn helgisvip: Hugsa sér að sá maður, sem fer með samninga og viðræður fyrir hönd okkar Íslendinga við erlendan aðila, skuli ekki vera friðhelgur og undanþeginn allri gagnrýni. — Ég nefni það hér svona innan sviga, að nágrannaþjóð okkar, Bretar, á í stríði — er víst óhætt að segja — við Argentínumenn. Í Bretlandi er ekki aldeilis verið að spara gagnrýnina á stjórnvöld þó að sú þjóð eigi í stríði og fórni mannslífum. Þar ríkir lýðræði. Ég held að slík gagnrýni eigi sér ekki stað í Argentínu. Þar ríkir einræði. Hæstv. iðnrh. aðhyllist stjórnmálastefnu sem hefur leitt einræði yfir hvert landið á eftir öðru, og hann heldur að hann sé staddur í einræðisríki, hann sé friðhelgur og undanþeginn allri gagnrýni.

Hæstv. iðnrh. nefnir landhelgi annars vegar og orkulindir hins vegar. Ég fór með samningsumboð Íslendinga í landhelgismálinu 1974—1978 ásamt með þáv. utanrrh. og þáv. sjútvrh. á vegum ríkisstj. Ég var gagnrýndur fyrir meðferð þess máls. Ég var ekki að kveinka mér. Það er ósköp eðlilegt í lýðræðisríki að ráðherrar séu gagnrýndir. En ég tek fram þann mun á meðferð málsins þá og nú, að þá leiddu viðræður og samningaumleitanir til sigurs málstaðar okkar, en núna erum við föst og höfum ekki fengið lausn á okkar máli.

Það var miður smekklegt hjá hæstv. iðnrh. að vitna til og hneykslast á því, að framkvæmdastjóri ÍSALs væri kjörinn formaður Verslunarráðs. Það vill svo til að sá sem gegnir störfum framkvæmdastjóra ÍSALs nýtur þess trausts í röðum félaga í Verslunarráði Íslands, að þeir velja hann sem sinn forustumann. Hann hefur mannréttindi hér á Íslandi og er kjörgengur. Það er e. t. v. ekkert annað en vitnisburður um hugsunarhátt kommúnista að ætla að setja menn í bann fyrir þær sakir að vinna við fyrirtæki sem við Íslendingar höfum gert samning um að væri rekið hér á landi. Þetta er furðuleg framkoma hæstv. iðnrh. og langt fyrir neðan virðingu þm. og ábyrgð stjórnmálamanns. (Gripið fram í.) Ekki minnist ég þess, en hann væri sjálfsagt eftirsóknarverður í hana sem í önnur störf, vegna þess að þetta er mjög duglegur maður.

Þá vék hæstv. iðnrh. að því með hneykslunartón, að ég væri eini þm. sem tæki ekki gildar niðurstöður Coopers & Lybrandt. Nú veit hæstv. iðnrh. að iðnrn. sagði Cooper & Lybrandt á hvaða forsendum skyldi reikna út súrálsverðið og mat á því, hvort það væri í samræmi við aðalsamning og aðstoðarsamning um tækniaðstoð, og það er einmitt um það sem ágreiningurinn snýst. Það er um túlkun á því ákvæði í aðstoðarsamningnum um tækniaðstoð, þar sem komist er þannig að orði, að Alusuisse heiti því að gera sitt besta til að ÍSAL sæti bestu fáanlegu kjörum. Nú er sú túlkun á þessu í fyrsta lagi, hvort Alusuisse hafi leitast við að gera þetta, í öðru lagi, hver séu bestu fáanlegu kjörin, ef þessi samningur á við í þessu efni sem vefengt er? Ég hef ekkert á móti því, að haldið sé fram að þessi samningur eigi við. Ég er einmitt þeirrar skoðunar, að þessi samningur og þessi ákvæði eigi við. En það er lagaleg túlkun, hvort Alusuisse hafi gert sitt besta, og það er lagaleg túlkun, hver séu bestu fáanlegu kjör. Það, sem er miðað við í þessu efni, eru viðskipti milli Alcoa og japanskra fyrirtækja með súrál. Þá fæst mismunur upp á um það bil 17 millj. dollara, að því er mig minnir. En sé miðað við súrálsverð í viðskiptum og innkaupum verksmiðja í Bandaríkjunum er súrálsverðið til ÍSALs hagkvæmara. Sé miðað við súrálsverð til verksmiðja í Evrópu er um engan mun að ræða. Þetta er sannleikurinn á bak við þessa 17 millj. dollara, og það er engin bót fyrir okkar málstað að við gerum okkur ekki grein fyrir í hverju hann er fólginn.

Við skulum leggja þetta mál í gerð og fá úrskurð um lagalegan skilning og sömuleiðis hvort unnt sé að ætlast til að Alusuisse hafi átt að útvega ÍSAL súrál á lægra verði. Það finnst mér sjálfsagt. En hitt er algerlega út í hött, að undrast það að menn leiti raka og forsendna fyrir þeim tölum sem uppi hafa verið hafðar. Ég minni á að upprunalegu tölurnar af hálfu hæstv. iðnrh. voru 47—48 millj. dollarar, en hurfu með þessum hætti niður í 17 millj. dollara. Við skulum gera okkur raunhæfa grein fyrir málstað okkar og halda fast á honum á þeim grundvelli, en vera ekki að blekkja sjálfa okkur eða aðra varðandi málstað okkar.

Ég skal svo fara að stytta mál mitt. Ég er þeirrar skoðunar, að það væri fullkomin ástæða til þess, að Alþingi eða þingflokkarnir skipuðu 7 manna nefnd er fjallaði um þetta mál. Til þess að spilla ekki fyrir þeirri tillögu vil ég ekkert vera að fjölyrða um það fordæmi sem afgreiðsla Alþingis á Blöndumálinu og stjórn kísilmálmverksmiðjunnar veitir að þessu leyti, en þar er meðferð málsins falin sjálfstæðri nefnd sem er til þess fallin að vinna að málinu án þess að í felum sé haft.

Ég vil svo aðeins að lokum taka það fram, að því fer fjarri að viðræðunefnd sú, sem skipuð var s. l. sumar, hafi verið höfð með í ráðum. Ég get nefnt t. d. að það er skipuð ný viðræðunefnd við hlið og utan við þá viðræðunefnd, sem skipuð var s. l. sumar, og þá eingöngu skipuð af aðilum sem standa að ríkisstj. Ég á við þá viðræðunefnd sem fjallaði um möguleika þess, að japanskt fyrirtæki kæmi inn sem eignaraðili eða lánveitandi til þess að Íslendingar eignuðust hlutdeild í ÍSAL.

Ég get nefnt annað dæmi. Á desemberfundinum, viðræðufundinum milli fulltrúa ÍSALs, fulltrúa Alusuisse og viðræðunefndarinnar var hún eiginlega tekin úr sambandi og formaðurinn einn fór með viðræðurnar í beinu sambandi við iðnrh. Þetta eru engir starfshættir. Hæstv. iðnrh. verður að skipa mönnum sínum svo fyrir að hafa samband við og taka mark á viðræðunefndinni.

Það kemur auðvitað aldrei til greina, að stjórnarandstaðan segi já og amen við öllu því sem hann gerir. Stjórnarandstaðan er ekki samferða iðnrh. í hverri vitleysu sem hann hyggst taka sér fyrir hendur. Við sjálfstæðismenn erum tilbúnir að taka þátt í því að ræða við Alusuisse um eignaraðild, að því tilskildu að um stækkun álverksmiðjunnar sé að ræða, sem er brýnt hagsmunamál okkar. Með þessum hætti er unnt að skapa þjóðarsamstöðu, ef um fullt samráð er að ræða og mál fortíðarinnar, deiluefnin sem þyrlað hefur verið upp til skaða þessu máli, eru upplýst að fullu. Með þessum hætti á að vinna að þessu máli.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta. Þegar ég hlýddi á ræðu hæstv. iðnrh. áðan kom upp í huga minn að sannleikanum verður hver sárreiðastur. Það mátti heyra og sjá á ræðu hans og honum hér í ræðustólnum. Ég gæti tekið hér í þingi upp viðræður við hann um samstöðu í málum sem hann nefndi áðan. Það væri hægt að rekja sögu þeirra mörg ár aftur í tímann og sýna honum fram á ýmislegt skrýtið í þeim efnum. En ég tek undir það, að við Íslendingar eigum að sjálfsögðu að sýna samstöðu. En það þýðir ekki það, að þegar menn standa sig ekki eigi þeir ekki að hljóta réttmæta gagnrýni. Það er allt, allt annað mál.

Ég skal svo ekki hafa orð mín fleiri um þetta. En mig langar til að spyrja hæstv. iðnrh. vegna þess bréfs sem ég las upp áðan. Þar stóð og þar stendur, í bréfi ráðh. til Hafnarfjarðarbæjar, með leyfi forseta: „Og er engu þar, við að bæta öðru en að unnið er að því að afla lagaheimildar um skiptingu framleiðslugjaldstekna milli viðtekinna aðila, þ. á m. Hafnarfjarðarbæjar.“ Að afla lagaheimilda. Þýðir þetta að við munum eiga von á frv. í dag eða á morgun, því að af bréfinu sýnist mér að það muni vera ætlun ráðh. að afla lagaheimildar. Eins og störfum þingsins er nú háttað sýnast þinglausnir ekki alveg á næsta leiti. Það væri því e. t. v. möguleiki á því að fá slíkt frv. samþykkt áður en þingi lyki. Ég veit að við þm. Reykn. erum reiðubúnir til þess að stuðla að slíku. En ég vil mega spyrja ráðh. að því, hvort hann hyggist leggja fram slíkt frv. nú á næstu dögum.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ég skal veita svar við þessari fyrirspurn hv. þm. Það, sem felst í þessu bréfi til Hafnarfjarðarbæjar, er að það er verið að undirbúa samræmingu á löggjöf varðandi tekjur *af stórum fyrirtækjum eins og hér eiga í hlut. Ætlunin er* sú, að um það verði mörkuð stefna og fest í lög og inn í það samhengi verði tekin skipting á framleiðslugjaldi ÍSALs og þær óskir sem fram hafa komið frá Hafnarfjarðarbæ varðandi athugun þeirra mála og lögfestingu á þeim. Þó að menn heiti því að verða þaulsætnir hér á þinginu, þá geri ég ekki ráð fyrir að frv. um þetta efni verði lagt fyrir yfirstandandi þing.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að lengja þessa umr. Það hefur ekkert nýtt komið fram sem gefur ástæðu til þess sérstaklega, svo að ég læt þessu lokið af minni hálfu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Það var samið um það á sínum tíma, að þessar umr. stæðu rétt fram yfir kl. 7, en nú hafa sérstaklega talsmenn stjórnarandstöðunnar og þá einkum og sér í lagi hv. 1. þm. Reykv. orðið til þess að lengja mjög þessar umr. Ég ætla ekki að gera það. Ég get þó ekki farið úr þessum sal í dag án þess að láta það koma fram, að þær tvær ræður, sem hv. þm. Geir Hallgrímsson flutti hér í dag, eru fyrst og fremst merkilegar fyrir þá sök, hve saman fer í einu og öllu málflutningur Alusuisse og málflutningur hv. þm. Geirs Hallgrímssonar. Þær athugasemdir, sem hann flutti hér í dag, eru nákvæmlega sömu athugasemdir sem fulltrúar Alusuisse hafa flutt. Þær kröfur, sem hann flutti hér í dag varðandi túlkun á samningi varðandi stækkun álversins, og annað, sem hann tíndi til í kröfugerð, eru um nákvæmlega sömu atriði og Alusuisse hefur gert kröfur um. Það er þess vegna ljóst, að þegar forstjórar Alusuisse fá afrit af þeim umr. sem hér hafa verið í dag, þá munu þeir sjá að þeir hafa eignast á Alþingi Íslendinga traustan og ötulan talsmann sem í einu og öllu flytur hér upp í ræðustólinn þau sjónarmið og þær röksemdir sem þeir hafa flutt í viðræðum við íslenska aðila á undanförnum mánuðum og misserum. Hvaða ályktun er líklegt að stjórnendur Alusuisse dragi af þeirri frásögn? Hún hlýtur að vera sú, að Alusuisse hljóti á næstu mánuðum og misserum að halda áfram ósveigjanlegri stefnu sinni gagnvart réttindum Íslendinga í þeirri von, að innan ekki langs tíma muni sá maður, sem hér á Alþingi hefur flutt þeirra rök og flutt þeirra sjónarmið, verða einn góðan verðurdag hinum megin við borðið sem fulltrúi Íslendinga. Rökrétt niðurstaða forstjóra Alusuisse af þessum umr. í dag hlýtur að vera sú, að þar sem forustumaður stjórnarandstöðunnar á Alþingi Íslendinga og foringi Sjálfstfl. hefur gert allar þeirra röksemdir að sínum, meira að segja einnig aths. Alusuisse við skýrslu Coopers & Lybrandt, eins og hann gerði hér áðan, þá hljóta þessar tvær ræður að verða til þess að herða Alusuisse enn frekar í því að segja áfram nei við kröfum Íslendinga um leiðréttingu, segja nei í þeirri von, að einn góðan verðurdag muni fulltrúi Alusuisse á Alþingi Íslendinga verða við ríkisstjórnarborðið, sá sem þeir geti samið við. Erlent auðfélag, sem heyrir í þingsölum á Íslandi slíkar undirtektir við sín sjónarmið og rök, hlýtur að bíða í þeirri von, að þær raddir verði ráðandi raddir.

Ég vona satt að segja að þau orðaskipti, sem hér hafa farið fram í dag, verði ekki niðurstaðan af þeirri afstöðu sem Alþingi Íslendinga tekur á næstu mánuðum varðandi aðgerðir ef Alusuisse heldur áfram að segja nei. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á því, að þessu erlenda auðfélagi verði gert kleift að fá skálkaskjól til að segja áfram nei. Við getum deilt um það, hvernig á málunum hefur verið haldið. Við getum deilt um hinn upprunalega álsamning og margt annað í ferli þessa máls. En það er höfuðnauðsyn að fulltrúar allra þingflokka á Íslandi komi sér saman um það, hverjar eigi að vera kröfur Íslendinga gagnvart þessu fyrirtæki, og í öðru lagi, á hvern hátt hefur reynt nú þegar á svör fyrirtækisins gagnvart þeim kröfum. Því miður er það þannig, eins og hæstv. iðnrh. hefur greint frá í dag, að ekki hafa fengist svör af hálfu Alusuisse, jafnvel þótt sá skilningur væri lagður í samninginn sem sumir hafa viljað gera í umr. í dag. Það er staðreynd sem er að vísu erfið. En ég segi við fulltrúa stjórnarandstöðunnar: Það er alveg nauðsynlegt

að stjórnarandstaðan horfist í augu við þessa erfiðu staðreynd eins og þeir sem að ríkisstj. standa, því að smáþjóð, sem á í höggi við voldugan erlendan auðhring, hefur ekki efni á að sundra sér. Ef hún sundrast þýðir það einfaldlega að auðhringurinn verður sá sterki, auðhringurinn verður sá sem segir nei, og þeir sem tapa verður íslenska þjóðin öll.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hv. ræðumaður, 11. þm. Reykv., kom hér upp í ræðustólinn, og ég vil segja það, að ræða hans staðfesti það sem hér var sagt áðan, að mönnum er nú ljóst, jafnvel honum, hvernig hæstv. iðnrh. hefur staðið að þessu máli. Jafnvel honum er orðið ljóst hversu illa hann hefur staðið að þessu máli. Þess vegna kom hann hér upp áðan.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég skal ekki misbjóða tíma alþm., enda er orðið framorðið, hafði reyndar ekki í hyggju að taka til máls. En ræða hv. 11. þm. Reykv. varð til þess, að mér fannst ástæða til að koma hér upp og vekja athygli á því sem reyndar hefur verið gert í stuttri ræðu hér áður, að hv. þm., formaður þingflokks Alþb., sér sig knúinn til þess að koma hér í ræðustól til þess að reyna að hjálpa ráðh. við að krafsa sig út úr þeim erfiðleikum sem hann hefur lent í hér í þessum umr.

Það má vel vera að þær persónulegu árásir, sem komu fram í málflutningi hv. 11. þm. Reykv., hafi átt að leiða það af sér, að við stæðum enn betur saman eftir en áður, og þetta sé hluti af þeirri taktík að ná höndum saman og ná öllum saman að baki iðnrh. í þessu máli. Ef hann ætlar að berja menn til ásta með þessum hætti, líkt og hæstv. ráðh. ætlar sér að berja Alusuisse til ásta eins og mátti skilja af hans málflutningi áðan, þá held ég að það sé mesti misskilningur. Þessi aðferð er ekki boðleg til þess.

Auðvitað hlaut það að koma fram í málflutningi manna sem vilja taka á þessu máli með einhverri skynsemi, að við gerðum okkur grein fyrir því, hver sé málstaður andstæðinga okkar í þessu máli. Það er þess vegna sem borið hefur á góma þau rök sem Alusuisse hefur haft uppi, og það er þess vegna sem við höfum reynt að átta okkur á því, hver sé staða okkar í þessu máli. Það þýðir ekki fyrir okkur að berja höfðinu við steininn, eins og gert er í þessu máli, hrópa eða reka upp stríðsöskur. Við verðum að hafa í huga að hér verði barist með rökum.

Hér hefur verið sagt, ekki af einum ráðh., heldur af tveimur, að það sé ekki um að ræða sviksamlegt athæfi, heldur sé hér um að ræða túlkun á samningi, lagalega túlkun, og á þeim forsendum viljum við berjast og ætlum okkur að berjast. Til þess að það sé hægt verðum við að átta okkar á því, yfir hvaða vopnum andstæðingurinn býr. Það var tilboð af hálfu formanns Sjálfstfl. áðan að kosin yrði 7 manna nefnd til þess að fara með þessa samninga, einfaldlega vegna þess að það er kominn tími til þess að draga hæstv. iðnrh. að landi í þeirri strandsiglingu sem hann hefur siglt í þessum málum. Fyrir það ætti hæstv. iðnrh. að vera þakklátur.

Hæstv. iðnrh. sagði í ræðu sinni áðan að það væri krafist þjóðarsamstöðu í þessu máli. Þetta er sami maður sem hljóp út úr sölum Alþingis, þegar stóðu yfir umræður sem hann átti að taka þátt í, til þess að halda blaðamannafund um þær mikilvægu upplýsingar að við höfum verið sviknir um 47 millj. dollara. Af hverju reyndi hann ekki að fylkja mönnum að baki sér áður en það gerðist? Hann gerði enga tilraun til þess. Þetta er sá sami hæstv. iðnrh. sem í sölum Alþingis hefur lýst því yfir, að lokun álversins í Straumsvík sé besti virkjunarkosturinn. Það er álit hæstv. iðnrh. í virkjunarmálum þjóðarinnar. Þessi orð eru geymd í Alþingistíðindum. Það er þessi hæstv. ráðh. sem hefur talað um, án þess að hafa orðað það við viðræðunefndina né stjórnarandstöðuna og kannske ekki sjálfa ríkisstj., að kaupa álverið í Straumsvík, rétt eins og hann eigi peninga íslenskra skattborgara. Talað er um 55%, vitandi að það er stórkostlegur ágreiningur meðal íslensku þjóðarinnar og á Alþingi Íslendinga um það, hvort Íslendingar eigi í öllum tilvikum að vera meirihlutaaðilar í stóriðjurekstri. Þetta veit hæstv. ráðh. En hann gerir samt kröfu um þjóðareiningu og talar hvorki við kóng né prest í þessu máli.

Hæstv. iðnrh. gerir sér kannske grein fyrir því, að með því að leggja stórkostlega fjármuni fram sem áhættufé í stóriðju hægir hann á stóriðjuáformum Íslendinga, hægir hann á virkjunaráformum Íslendinga. Þetta á hæstv. ráðh. auðvitað að vita, maður sem stefnir að því að virkja á Austurlandi eina stærstu virkjun sem um getur hér á landi. En það kann að vera að það séu önnur atriði sem reki hæstv. ráðh. til þess að haga sínu máli eins og hann hefur gert. Það geta verið á því skýringar sem komu ekki fram hjá hæstv. ráðh. Það kann að vera sú skýring, að í hans flokki sé mikill ágreiningur í þessu máli og hann þurfi þess vegna að leika það hér á hv. Alþingi, að hann sé í ímyndaðri baráttu við stórkapítalista hér á landi og annars staðar. Það getur vel verið að gagnrýni á hann í eigin flokki reki hann til þess að haga málflutningi sínum eins og hann hefur gert hér.

Það kann líka að vera, eins og reyndar hefur komið fram fyrr í kvöld, að ástæðan fyrir því, að hæstv. ráðh., sem venjulega er hófsamur og prúðmannlegur í allri framgöngu, æsti sig um of, sé sú, að komið hefur fram tilboð hér um að við kjósum sjö manna nefnd til þess að ræða við Alusuisse um þetta mál, vitandi að ráðin voru tekin af hæstv. ráðh. bæði í virkjunarmálunum og eins í kísilmálmmálinu. Það kann að vera að ótti hæstv. ráðh. sé ekki ástæðulaus. Það getur verið erfitt í þriðja sinn, ef ekki fjórða, fyrir hæstv. ráðh. að skýra það út fyrir þjóðinni og þó einkum sínum flokki, hvernig standi á að jafnvel stjórnarmeirihl. á Alþingi treysti honum ekki til forustu á vissum sviðum.

Ég hef tekið þátt í því hér á þinginu að draga hæstv. ráðh. að landi í vissum alvarlegum málum. Ég hef reynt að gera mitt besta í því svo og aðrir stjórnarandstæðingar. Þar var verið að reyna að ná samstöðu, menn settust niður og reyndu að finna þá samstöðu. En allir vita að afrek hæstv. ráðh., svo að ekki séu nefnd nema bara virkjunarmálin, voru ekki framlag til mikillar samstöðu í því máli. Það þekkir alþjóð.

Fram undan eru sveitarstjórnarkosningar, mjög viðkvæmar fyrir Alþb. Alþb. er spáð miklum ósigri í þessum kosningum, ef marka má spár dagblaðanna, og er almennt álitið að Alþb. stórtapi í þessum kosningum. (**ÓRG:** Hverju spáðu dagblöðin um fylgi Sjálfstfl. 1979?) Við skulum halda okkur við nýrri tíma. Ég tala hér um spádóma. Því var spáð þá og því er spáð núna. En eitt er víst, að meira að segja framámenn Alþb. og þ. á m. formaður þingflokksins, sem hér gjammaði fram í, sagði í blaðaviðtali við Dagblaðið og Vísi að þetta væri mikið áhyggjuefni fyrir Alþb. Hann sjálfur trúir þessum spádómum og ég vitna bara til eigin ummæla hans. Það er einmitt af þessari ástæðu sem vera kann að hæstv. ráðh.

og hjálparhella hans í þessu máli, sem komu hér upp áðan til þess að reyna að krafsa hann út úr þessu viðkvæma máli sínu, þeir óttist meira en nokkuð annað að þessi bomba, sem átti að springa til þess að hjálpa Alþb. fyrir þessar kosningar, springi í þeirra eigin höndum. Ég mundi, ef ég væri í þeirra sporum, þakka fyrir það tilboð sem hér hefur komið fram, — tilboð um að upp verði teknir samningar þar sem allir sitji við sama borð, innlendir aðilar, og þá er kannske fyrst hægt að tala um þjóðarsamstöðu.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Ekki vænkaðist mjög þótt hv. varaformaður Sjálfstfl. kæmi hér til liðsauka við formann sinn. Ég skal ekki mæla hér langt mál, aðeins gera örstuttar aths.

Í fyrsta lagi bar hér á góma 47 millj. Bandaríkjadala sem hv. formaður Sjálfstfl. klifaði einnig nokkuð á. Þær upplýsingar, sem fram voru dregnar á sínum tíma um hækkun í hafi miðað við útflutningsverð frá Ástralíu og innflutningsverð til Íslands, hafa staðist. Þeim upplýsingum hefur ekki verið hnekkt. Eina breytingin, sem þar varð á við endurskoðun með aðila, var upp á 0.1, sem var samlagningarskekkja í töflu sem sýndi þessa breytingu á milli útflutnings- og innflutningsskjala. Þetta er rétt að komi hér fram.

Hér var enn klifað á einni lummu sem er nokkrum sinnum búið að velta upp hér á hv. Alþingi. Það varðar ummæli mín um lokun álversins, viðhöfð í nóv., að ég hygg, 1980, þar sem ég var að draga fram, hversu óhagstæður raforkusamningurinn við ÍSAL væri, og setti það fram í líkingamáli, að það mætti færa að því líkur, að það gæti talist hagkvæmasti virkjunarkostur Íslendinga að hætta rekstri þessa fyrirtækis, svo slæm væru þessi viðskipti út frá sjónarmiði raforkuiðnaðarins í landinu.

Varðandi kaupin á álverinu held ég að hv. forustumenn Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu ættu að leita upplýsinga hjá fulltrúa sínum í álviðræðunefnd, sem hefur gögn um þessi efni undir höndum, áður en þeir fara að tala um sérstaklega íþyngjandi álögur á okkur Íslendinga varðandi erlendar skuldir og annað ef samningar tækjust á grundvelli þess sem rætt hefur verið við vissa erlenda aðila um aðstoð þeirra við að fjármagna hlutdeild íslenska ríkisins í ÍSAL yfir ákveðið tímabil og gera um það langtímasamninga. Þetta eru mál, sem eru að sjálfsögðu á athugunarstigi einvörðungu enn sem komið er. En hér hefur verið undir það tekið af flestum, sem hafa athugað þetta mál, að það væri mjög athyglisvert.

Í sambandi við það, að Alþingi sé að taka af mér ráðin í hverju stórmálinu á eftir öðru, þá kvarta ég ekki undan því, að nú skuli vera komið í höfn því stóra máli sem búið er að kosta meiri vinnu en flest annað á vegum míns rn. undanfarin ár, virkjanamálinu sem fór hér í gegnum Alþingi á grundvelli tillagna ríkisstj. varðandi röðun virkjana samhljóða á hv. Alþingi í dag. Ég fagna þessu að sjálfsögðu mjög. Ekki hef ég kvartað yfir því, þó að Alþingi hafi breytt stjórnarformi á væntanlegri kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, þó að ég léti það koma fram og stæði að flutningi frv. sem gerði ráð fyrir að iðnrh. skipaði í þá stjórn, með sama hætti og ákveðið var í stjórn hæstv. þáv. forsrh., Geirs Hallgrímssonar, 1976, að gert yrði í sambandi við skipun stjórnar í þá verksmiðju. Þetta er eitt af álitamálunum. Ég er ekkert að kvarta yfir þessu. Ég hef lýst fylgi við þær brtt. sem samþykktar hafa verið. En ég vil benda á það, að hv. stjórnarandstæðingar hafa fullan aðgang að þessu máli og það er þeirra að ákveða hvort þeir setja þm. í álviðræðunefnd eða hafa annan sérfróðan aðila til að skipa þar sæti. Það er í þeirra höndum.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Hæstv. iðnrh. talaði hér áðan um 81% og 391% til marks um hlutföllin í raforkuverði til ÍSALs og almennings og þróun þeirra. Þett er í rauninni til marks um það, hversu góður sá samningur var sem gerður var á sínum tíma. Allt fram til 1979 var t. d. BBA, sem er stærsti seljandi raforku til álvera í Bandaríkjunum, með lægra verð en Landsvirkjun á raforku til álvera, en ýmsir aðrir höfðu þó þá þegar hækkar raforkuverð verulega. En þetta breytir ekki því, en sýnir og sannar, að raforkuverðið núna er orðið allt of lágt. Það var almennt svipað raforkuverð á sínum tíma, þegar samningarnir voru gerðir, til annarra álvera í heiminum. En nú er allt, allt annað upp á teningnum. Mér finns rétt að það komi fram hér, að ef raforkuverðið til ÍSALs hefði fylgt verðlagsþróun, eins og byggingarvísitala mælir hana, þá væri það núna a. m. k. tvöfalt hærra en raun ber vitni. Ef gerður er samanburður við raforkuverð til álvera í öðrum löndum, þá gefur það svipaða niðurstöðu eða enn hærra raforkuverð. Og fyrirtæki, sem voru með lægra verð til skamms tíma heldur en Landsvirkjun, eins og BBA í Bandaríkjunum, eru nú komin með 17.5 mill.

Það var rætt hér um 47 millj. dala, en þær skattakröfur sem hafa verið reistar á grundvelli þessa, munu vera um 1 millj. dollara. Aðrar skattakröfur vegna uppgjörs 1980 munu vera um 2.4 millj. dollara. Ég held að það sé nauðsynlegt að menn átti sig á því, hvað allur dráttur er dýr í þessu sambandi, með því að hafa í huga að raforkuverðshækkun af því tagi, sem tæki mið af byggingarvísitölu eða því verði sem þetta fyrirtæki í Bandaríkjunum notar nú við sölu til álvera, — slík raforkuverðshækkun mundi jafngilda á einum mánuði ámóta miklum viðbótartekjum og krafan um skatta vegna svonefndrar hækkunar í hafi og þá á 2—3 mánuðum vegna þessara heildarskattakrafna. Mér finnst nauðsynlegt að menn átti sig á þessum stæðarhlutföllum.

Hitt verður hæstv. iðnrh. að vera ljóst, að samráð eru náttúrlega ekki fólgin í því, að ráðh. t. d. sendi út fréttatilkynningar og síðan eigi allir að hrópa húrra fyrir þeim á eftir. Samráð er vitaskuld fólgið í því, að menn beri saman bækurnar og komist að niðurstöðu um það, hvernig eigi að halda á máli. Svo einfalt er það mál. Þess vegna verður því ekki með nokkru móti haldið fram, að samráð hafi verið haft við stjórnarandstöðuna í þessu máli. Það er rétt, sem hæstv. ráðh. segir, að í einhverjum mæli a. m. k. hefur stjórnarandstaðan haft aðgang að upplýsingum. En það er eitt að hafa aðgang að upplýsingum eða að standa í samráði.

Mér fannst líka hæstv. iðnrh. þola heldur illa þá gagnrýni, sem hann hefur hér sætt, og í rauninni þá málefnalegu umr., sem hér hefur farið fram. Sú meginræða, sem hann flutti hér, varð ekki til þess að auka trú á því, að hann óskaði eftir samráði og málefnalegri umr. um þetta mál. En úr hófi keyrði, finnst mér, þegar hv. 11. þm. Reykv. brá einum þm. hér nánast um óþjóðhollustu, formanni Sjálfstfl. Mér finnst það alls ekki með neinum hætti viðeigandi, að þm. hafi í frammi slíkan málflutning. Þeir geta haft sínar skoðanir á því, hvaða mál menn hafi fram að færa, en þetta finnst mér ekki við hæfi. Mér

finnst það ósmekklegt, og örugglega verður það ekki til þess að auka samheldni meðal þm. eða meðal þjóðarinnar.

Geir Gunnarsson, hv. þm. sagði nýlega hér á þingi, að ræðustóllinn væri ólíklegasti vettvangur til þess að ná árangri. Ég get ekki varist þeirri hugsun, að mér finnst að hæstv. iðnrh. og hv. 11. þm. Reykv. mættu hugleiða það, að þeir hafa haft æðimikla tilhneigingu til þess að tala um þetta mál fyrst og fremst úr ræðustóli í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Þetta er viðkvæmt og vandasamt mál þar sem miklu skiptir að við höldum fast og vel á okkar málstað, eins og ég gat um í upphafi minnar ræðu, vegna þess að á því er auðvitað enginn vafi, að þessi erlendi aðili beitir öllum tiltækum ráðum, kjafti og klóm, til þess að halda sínum hlut. Þess vegna er mikið atriði að við leitumst við af fremsta megni að halda á málstað okkar af festu og skynsemi og notum bestu ráð hverju sinni til þess að koma okkar málum fram. Ég vona að það verði gifta okkar, herra forseti.

Geir Hallgrímsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja umr. Ég vil aðeins taka það fram, að ræða hv. 11. þm. Reykv. var á svo lágu plani að hún er ekki svaraverð.

Efri deild, 90. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 10 árdegis.

Forseti tók dagskrármálin af dagskrá.

Efri deild, 91. fundur.

Föstudaginn 7. maí, að loknum 90. fundi.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 929, n. 939 og 942, 940,941). — 2. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. í máli nr. 279, um frv. til laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Nál. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta.:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og kallað til viðræða eftirtalda aðila: Ólaf Davíðsson, og Gamalíel Sveinsson frá þjóðhagsstofnun, Jóhannes Nordal og Garðar Ingvarsson frá Seðlabanka, Finnboga Jónsson frá iðnrn., Ólaf Pétursson frá Heilbrigðiseftirliti, Hörð Jónsson frá Iðntæknistofnun, Svavar Jónatansson, Almennu verkfræðistofunni, Jón Gauta Jónsson frá Náttúruverndarráði og Jón Sigurðsson frá Járnblendifélaginu.

Meiri hl. n. leggur til að frv. verði samþykkt en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. Stefán Jónsson ritar undir nál. með fyrirvara."

Minni hl., Kjartan Jóhannsson, skilar séráliti.

Undir nál. hafa ritað nöfn sín, Davíð Aðalsteinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Stefán Jónsson, með fyrirvara, Egill Jónsson, Stefán Guðmundsson og Gunnar Thoroddsen. (**Gripið fram í:** Gunnar Thoroddsen?) Já, svo einkennilegt sem það kann að virðast er nafn hans hér undir. En eins og mönnum er væntanlega í minni er hann einn af iðnaðarnm., einn af þremur fulltrúum Sjálfstfl. í iðnn.

Þegar þetta mál er nú komið til umr. í þessari hv. deild hefur átt sér stað mikil umræða um það hér í þingi, bæði í hv. Nd. og í þingflokkum og í nefndum, og þess vegna m. a. ætla ég nú ekki að flytja hér langt mál. Skýringar liggja væntanlega nokkuð ljóst fyrir.

Þetta mál á sér aðdraganda eins og öll mál, út af fyrir sig kannske ekki afar langan þegar litið er til þess, hversu stórmál þurfa oft að þróast um nokkurn tíma. Það getur vel verið að þær heimildir, sem ég hef haft undir höndum til að meta upphaf og aðdraganda að þessu máli, séu ekki þær einu, en þó hygg ég að atburðarásina megi rekja til tillögu sem hv. þm. Sverrir Hermannsson flutti á Alþingi árið 1973 og fjallaði um beislun orku og orkusölu á Austurlandi. Sú till. náði ekki fram að ganga, og Sverrir Hermannsson endurflutti þessa till. árið 1975, að meginefni þá sömu og áður hafði verið. Þessi till. fól það í sér, að ríkisstj. var falið að hefja virkjunarrannsóknir á Fljótsdalsheiði og þá í tengslum við stóriðju við Reyðarfjörð. (**StJ:** Er eðlilegt að halda ræðu um ræður Sverris Hermannssonar eða hvað?) Nei, ég er ekki að flytja ræðu um ræður Sverris Hermannssonar, en ég var að segja frá því, hvert væri að rekja upphaf að þessu máli, og það er nokkuð annað en að tilgreina ræður manna. Í þeim efnum vitnaði ég að sjálfsögðu í þingskjöl.

Árið 1975, þá um miðjan þennan mánuð, var svo samþykkt till. Sverris Hermannssonar um virkjunarrannsóknir í Fljótsdal og Orkustofnun falið að ljúka þeim rannsóknum hið fyrsta. Aftur á móti náðist ekki samkomulag þá um hinn þátt till. Sverris Hermannssonar, þ. e. um að rannsóknir hæfust á hagkvæmni þess að byggja stóriðju við Reyðarfjörð. En Austfirðingar sjálfir tóku upp þráðinn þar sem frá var horfið, og í júnímánuði árið 1979 samþykktu atvinnumálanefndir Eskifjarðar og Reyðarfjarðar áskorun til þm. Austurlandskjördæmis þar sem lögð var áhersla á að hraðað yrði undirbúningi að virkjunarframkvæmdum í Fljótsdal og að í tengslum við þær orkunýtingarhugmyndir yrðu einnig metnar aðstæður við byggingu stóriðjuvers við Reyðarfjörð. Ári síðar, 15. júlí árið 1980, fjalla sveitarstjórnir þessara sömu byggðarlaga um málið og komast að sömu niðurstöðu þar sem þær leggja áherslu á byggingu orkuvers í Fljótsdal og í tengslum við það verði komið á fót stóriðju við Reyðarfjörð.

Fimmti áfanginn í þessu máli er svo samþykkt Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi sem árið 1980 hélt aðalfund sinn norður í Vopnafirði og samþykkti þá með samhljóða atkvæðum ályktun þar sem lögð var áhersla á virkjun í Fljótsdal og í tengslum við hana yrði byggt stóriðjuver við Reyðarfjörð.

Það er ekki að efa að þessi samstaða, sem náðist á milli sveitarstjórnarmanna á þessum árum, og það, hvernig hún þróaðist frá því að vera fyrst til umfjöllunar í atvinnumálanefndum þar til hún var síðan samþykkt sem sameiginlegt álit allra sveitarstjórna á Austurlandi, hefur lagt grundvöll að umræðunni um þessar framkvæmdir nú hin síðari ár. Og ég er alveg sannfærður um það, að ef einhverjar hjáróma raddir hefðu heyrst í austfirskum byggðum sem hefðu gengið á móti þessum áformum, þá stæðu þau ekki jafnvel og núna. Það eru þessar sam-

þykktir, þetta álit, sem hefur skapað það umhverfi sem gerði mönnum ekki annað fært en að standa með þessu máli á öllum sviðum þess.

Það hefur verið nokkuð um það rætt, að tíminn hér á hv. Alþingi sé naumur í þinglok og að ýmis góð og stór mál, þ. á. m. þetta mál, fái nauma umfjöllun. Út af fyrir sig er hægt að meta það með þessum hætti ef um er að ræða að afgreiða frv. í sinni upphaflegu mynd. Þar hafði fyrst og fremst átt sér stað umfjöllun hjá stjórnarflokkunum og þá einkum þeim stjórnarflokknum, sem fór með þessi mál væntanlega, og í því rn., sem þetta mál heyrir eðlilega til. Aftur á móti hafði ekki farið fram nein umfjöllun um þetta mál í stjórnarandstöðuflokkunum. Um það er auðvelt að finna og tilfæra nokkurn veginn ársgömul ummæli, m. a. frá Guðmundi G. Þórarinssyni, hv. þm., þar sen hann lét þá skoðun í ljós, að það væri eðlilegt að strax í þingbyrjun tækist um það eðlilegt samstarf að fjalla um þetta stóra mál þannig að hægt yrði að meta það nokkuð sameiginlega þegar á þessu þingi. En stjórnarandstöðuflokkarnir sáu þetta mál ekki fyrr en það var lagt fram á Alþingi, og bæði miðað við þennan undirbúning og eins hitt, hversu mörg atriði í upphaflega frv. orka tvímælis, þá er það mitt mat og ég held að mér sé óhætt að segja að það sé mat þeirra manna, sem skrifa undir álit iðnn., að hér hafi fundist sú leið við afgreiðslu sem tekur mið af þörfum þessa stóra máls annars vegar, en byggist þó á nægilegri varfærni varðandi lokaákvarðanatöku og eðlilegum og nauðsynlegum aðstæðum til umfjöllunar fyrir öll stjórnmálaöfl í landinu sem fulltrúa eiga á Alþingi Íslendinga.

Það frv., sem við mælum hér með að samþykkt verði, er nánast nýtt frv. eins og það kom frá hv. Nd. Alþingis. Það felur í sér þrjár mikilvægar ákvarðanir.

Í fyrsta lagi, eins og ég hef áður sagt, fá nú allir stjórnmálaflokkar aðstöðu til þess að fjalla um málið. Það er kveðið svo á að það eigi að kjósa sérstaka þingkjörna stjórn fyrir kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð, og þar fá stjórnmálaflokkarnir allir aðgang að eftir styrk sínum hér á Alþingi. Þetta tel ég, eins og ég hef raunar sagt, ákaflega þýðingarmikið því að hér er um stórt og vandasamt mál að ræða. Eins og menn vita koma stjórnir og fara, og við höfum m. a. séð á þessu Alþingi, að það getur alltaf gerst, að það séu ekki þeir sömu, sem undirbúa málin, og þeir, sem fjalla um þau svo aftur síðar og þurfa að bera á þeim ábyrgð, sbr. t. d. málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði.

Þá tel ég það líka vera kost í þessu sambandi, að fjármagnið, sem nú er heimilt að verja til þessara framkvæmda, er ekki nema lítill hluti af því sem ráðgert var í upphaflega frv. Hér er mjög hóflega stofnað til útgjalda á þessu stigi málsins, og það tel ég í rauninni eðlilegt miðað við þann nauma undirbúning og miðað við þá mörgu og stóru óvissuþætti sem enn þá eru varðandi þetta mál.

Í þriðja lagi er kveðið svo á í frv., að málið eigi að koma aftur fyrir Alþingi til umfjöllunar og til lokaákvörðunar væntanlega. Þar með er algerlega tryggt að þetta mál verður búið að fá nauðsynlegan undirbúning og þinglega og lýðræðislega meðferð, og þá ætti að vera auðvelt að færa það í það form sem menn teldu þá að best hentaði.

Þetta allt gerir það að verkum, að eftir sem áður er hægt að halda áfram nauðsynlegum undirbúningi, nauðsynlegum framkvæmdahraða, ef ég mætti komast þannig að orði, þannig að vissar framkvæmdir þarf að vinna á Reyðarfirði þegar í sumar og er gert ráð fyrir að þetta fjármagn nægi til þess. Auk þess legg ég sérstaka áherslu á í þessu sambandi að í alvöru verði hafin mikil umfjöllun og nákvæm könnun á markaðsþætti þessa máls.

Það hefur ekki dulist neinum, ef litið er til járnblendisins í Hvalfirði, að þar gengu allar framkvæmdir eðlilega fyrir sig. Þær voru innan kostnaðaráætlunar, þær voru innan tímasetningar og allir tæknilegir þættir voru í besta lagi. Það eina, sem hefur brugðist, er markaðurinn, og það er vissulega holl lexía í sambandi við kísilmálmverksmiðju við Reyðarfjörð að sá þáttur og það, hvernig þar hefur tekist til, sé okkur góð aðvörun að svo miklu leyti sem hægt er að meta þann stóra og þýðingarmikla þátt þessa máls.

Engum dylst að það, að tekin sé ákvörðun um byggingu stóriðjuvers austur á landi, í dreifbýli eins og það er vanalega kallað, markar á vissan hátt þáttaskil í okkar byggðasjónarmiðum. Hér er lagt til að tiltölulega fámenn byggðarlög næri þetta væntanlega stóriðjuver vinnuafli og skapi nægilega þjónustu til þess að taka á móti innfluttu vinnuafli í auknum mæli. Hér er þannig um að ræða mikil þáttaskil í sambandi við stóriðjumál á Íslandi. Það veltur sannarlega mikið á með frekari uppbyggingu í þessa veru, hvernig til tekst í þessum efnum núna á Austurlandi. Hér þarf þannig að huga vel að hverju spori, hverju fótmáli, því að það yrði áreiðanlega kærkomin ástæða fyrir hin neikvæðu öfl varðandi þessi mál ef hægt væri að rekja einhver mistök í framkvæmdinni til þess, að kísilmálmverksmiðjunni væri valinn staður austur á landi, fjarri þessu mannmarga svæði hér við Faxaflóa, og þess vegna má að sjálfsögðu í þeim efnum ekkert í böndunum bresta.

Þá þarf líka mjög að hafa augun á því, að þessi verksmiðja ein út af fyrir sig sé ekki nema einn þáttur þessa máls. Hér verður að leitast við að teygja hin jákvæðu áhrif hennar sem víðast út um nálægar byggðir, m. a. til þess að byggð raskist þar ekki. Það hefur komið greinilega fram í umræðu við þá aðila, sem ég tilgreindi í upphafi máls míns, að þýðingarmikið væri og mikla áherslu bæri að leggja á það, að þar væri hægt að tengja framhald vinnslu úr afurðum frá kísilmálmverksmiðjunni við ný viðfangsefni í iðnaði þannig að af þessu fyrirtæki hlytist meiri atvinna og meiri verðmætauppbygging en af þessu myndarlega iðjuveri einu út af fyrir sig. Og eins og hæstv. iðnrh. gat um við fyrri umr. í þessari hv. deild vona menn að sjálfsögðu og raunar leggja þann skilning í þetta mál, að það sé mjög tengt áformum um Austurlandsvirkjun, stærstu áformaða virkjun á Íslandi, og mundi þannig auka á þrýsting fyrir því að hafist verði handa um framkvæmdir við virkjun í Fljótsdal. Þó að kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð taki reyndar ekki nema lítinn hluta af áformuðu afli þeirrar virkjunar, þá má ekki gleyma því, að það er allt eins hægt að flytja raforku frá Austurlandi eins og til Austurlands, og þegar þeir möguleikar yrðu fullnýttir færi að muna verulega um ef t. d. aflþörf ykist á Austurlandi, t. d. tvöfalt við það sem þessi kísilmálmverksmiðja við Reyðarfjörð þarf til sinna nota. Á þetta legg ég áherslu og veit að í þeim efnum mundu Austfirðingar mæla ef þeir hefðu aðstöðu til.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, færa þakkir þeim mörgu sem hafa stutt að framgangi þessa máls. Þar vil ég sérstaklega tilgreina verkefnisstjórnina, sem hafði þetta mál með höndum, starfsmenn iðnrn. undir forustu hæstv.

iðnrh., Hjörleifs Guttormssonar, sem að sjálfsögðu hefur unnið að þessu máli meira en nokkur annar maður, og vil ég með þessum orðum undirstrika þakklæti mitt til hans fyrir það. Ég vil líka og ekki síður þakka Austfirðingum, sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi, sem ég vitnaði til í upphafi, fyrir þeirra samþykktir. Þeir eignuðust þá stóru gæfu í þessu máli að ræða það sín á milli og komast að samkomulagi þannig að að því leyti þurfti þetta mál ekki eins og mörg önnur góð mál að gjalda þess, að um það kæmu fram greindar meiningar í héraði. Þetta sýnist mér vera góður heimanmundur með þessu stóra máli, og menn ættu að reyna að nota það sem vegvísi til eftirbreytni við framgang þess og frekari umfjöllun.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það leikur ekki vafi á því, að aukning orkufreks iðnaðar er besta tækifæri sem Íslendingar hafa til þess að auka atvinnu og treysta lífskjör. En reynslan sýnir að orkufrekur iðnaður er vandasöm atvinnugrein og efnahagslegt umrót síðustu ára hefur skapað meiri sveiflur á verði á ýmsum afurðum orkufreks iðnaðar og reyndar á málmum yfirleitt, en þó t. d. sérstaklega á járnblendi og kísilmálmi, heldur en áður þekktist. Þessar aðstæður gera það ljóst, að atvinnurekstri af þessu tagi fylgir veruleg áhætta og í rauninni meiri áhætta en menn gerðu ráð fyrir fyrir fáeinum árum. Við þessar aðstæður er ljóst að vandaður undirbúningur og traust fjárhagsstaða atvinnurekstrar af því tagi, sem hér er til umfjöllunar, er höfuðnauðsyn. Eins og fram hefur komið í margvíslegum umsögnum fer fjarri að þessum skilyrðum hafi verið fullnægt að því er varðar þá verksmiðju sem hér er til umræðu.

Iðnn. þessarar ágætu og hv. deildar hefur nánast ekki gefist neinn tími til að fjalla um fyrirliggjandi frv. Það hefur verið svo mikið offors á afgreiðslu þess að þrír fundir voru haldnir á einum degi, þeim eina degi sem í rauninni var til ráðstöfunar til þessarar umfjöllunar. Þetta eru vitanlega forkastanleg vinnubrögð með öllu, og nm. hljóta að hafa fyrirvara á ábyrgð sinni á frv. og afgreiðslu þess þegar mál eru þannig í pott búin. Meiri hl. n. hefur hins vegar valið þann kost að afgreiða lagafrv. í þeirri mynd sem það kemur frá Nd. Án þess að fara lengra en að líta á það frv., þá er þó ljóst að á frv., eins og það kemur frá Nd., er alvarleg missmíð sem jafnvel þeir, sem eru samþykkir efni þess og stefnu, hljóta að viðurkenna og kom glögglega fram á fundum nefndarinnar. Þessi missmíð kom til umr. í nefndinni, og ég held að mér sé óhætt að fullyrða að það hafi verið fullur vilji nm. til að lagfæra þennan ágalla, en ytri öfl hindruðu þá í þessum áformum þegar á daginn leið. Hér er um að ræða þá málsgrein sem kveður á um að Alþingi skuli samþykkja skýrslu eða niðurstöðu skýrslu sem fyrir næsta Alþingi verði lögð svo að heimild fáist til frekari skuldbindinga af hálfu ríkissjóðs. Það er nefnilega svo, að samkvæmt þingsköpum Alþingis eru skýrslur ekki lagðar fram til samþykkir eða synjunar. Það er meira að segja tekið fram í þingsköpum sérstaklega, í bæði 30. og 31. gr., að við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera. Svo hljóða þau ákvæði varðandi skýrslur bæði í 30. og 31. gr.: „Við umræðu um skýrslu má engar ályktanir gera.“ Hér er þannig gert ráð fyrir því í frv., eins og það liggur fyrir, að ganga þvert á ákvæði þingskapa. Að sjálfsögðu hefði átt að tiltaka í samræmi við þingsköp að Alþingi annaðhvort ályktaði um frekari framgang málsins í formi þáltill. ellegar staðfesti vilja sinn með lagafrv.

Það er nú einu sinni svo að Alþingi lætur í ljós vilja sinn annars vegar með þáltill., en hins vegar með lagafrv. Þess vegna hefði í rauninni verið sjálfsagt og eðlilegt að orða þessa grein í samræmi við það, ekki síst þegar tillit er til þess tekið, að þingsköpin eru nokkuð afdráttarlaus um það, hvernig með skýrslur skuli fara. En frá hugmyndum að bæta úr í þessum efnum var sem sagt fallið í nefndinni af einhverjum orsökum sem mér eru ekki kunnar.

Þegar þetta mál var til umfjöllunar í nefndinni bar ég fram fáeinar spurningar sem ég óskaði eftir að leitað væri svara við. Þessum spurningum og svörunum við þeim var ætlað að varpa nokkru skýrara ljósi á það mál sem hér er til afgreiðslu. Á grundvelli svaranna ættu menn að eiga auðveldara með að átta sig á málinu og marka stefnuna, en að svörunum ófengnum vaða menn í myrkrinu að verulegu leyti. Það felst þannig ekki beinlínis stefnumörkun í þessum spurningum, eins og þær eru lagðar fram, en þeim er ætlað að sýna betur en gert hefur verið til þessa, og þá einkanlega svörunum við þeim, hvernig afkomuhorfur og aðstæður eru, þannig að þm. gætu þá betur áttað sig á aðstæðum. Spurningarnar eru þessar:

Í fyrsta lagi: Hver hefur verið jafnaðarafkoma í greininni yfir langt tímabil, 10—20 ár, og í hliðstæðum greinum, t. d. járnblendi? Slík afkoma yrði sett fram sem prósenta af sölutekjum og/eða fjárfestingu.

Eins og ég gat um í ræðu minni við 1. umr. um þetta mál tel ég að þeir útreikningar séu nokkuð vafasamir sem gera ráð fyrir að hagnaður fari í mjög háar prósentutölur miðað við sölu þegar verið er að áætla langt fram í tímann. Þess vegna tel ég að það sé nauðsynlegt að menn reyni að afla sér gagna um það, hvernig afkoman hafi verið yfir langt tímabil og þá með tilliti til þess, að þegar eftirspurn vex rísa upp ný fyrirtæki í greininni, þegar hagnaður eykst rísa upp ný fyrirtæki í greininni og samkeppni eykst. Hið háa söluverð getur orðið fyrir áhrifum af þeim sökum. Það að líta á þróunina yfir lengra tímabil með þessum hætti ætti að varpa nokkru ljósi á hvernig þetta vinnur.

Önnur spurningin var þessi: Óskað var eftir samanburði á stofnkostnaði í heild, þ. e. raforkukerfi, verksmiðju o. s. frv., við að reisa verksmiðju Járnblendifélagsins á Grundartanga. Í þessari spurningu felst ekki neitun við því, að verksmiðjan verði reist á Reyðarfirði, heldur er óskað eftir að menn geri sér grein fyrir hvað það kosti að velja þann kost frekar en þann sem fljótt á litið a. m. k. virðist vera ódýrastur í fjárfestingu. Mér finnst nauðsynlegt, þegar verið er að ráðstafa takmörkuðum fjármunum þjóðarinnar, að menn geri sér grein fyrir því, hverjir kostirnir séu og hver kostnaður sé hverjum og einum samfara. Nú kynnu þeir, sem sitja hér almennir þm., að ætla að þessum spurningum hafi verið svarað í nefndarstarfi, en svo er alls ekki. Það hefur stundum verið minnst á að það væri 10% dýrara að reisa þessa verksmiðju á Reyðarfirði en annars staðar. En með „annars staðar“ er þá átt við staði þar sem hafnaraðstaða og vatnsveita og þvílík aðstaða væri fyrir hendi, en það er ekki reiknað með þeim hag sem hafa mætti af því að reisa slíka verksmiðju í tengslum við aðra verksmiðju sem þegar væri fyrir hendi. Nú er ekki víst að vísu að hér sé um hagkvæmasta kost að ræða að því er varðar Grundartanga, en það virðist þó liggja nokkuð beint við. Þess vegna er spurningin orðuð með þeim hætti, þannig

að mönnum geti verið ljóst a. m. k. hvernig þessi samanburður komi út.

Í þriðja lagi var óskað eftir útreikningi á afurðaverði á þeirri forsendu, að sama samband gildi áfram milli verðs á járnblendi og kísilmálmi eins og verið hefur að undanförnu og á grundvelli spár Járnblendifélagsins um markaðsþróun járnblendis.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að Járnblendifélagið hefur við umsókn sína og óskir um fjárfyrirgreiðslu lagt fram hugmyndir sínar um markaðsþróun að því er járnblendi varðar, um þróun verðlags á járnblendi. Það er líka vitað að á undanförnum árum hefur gilt nokkuð ákveðið samband milli verðs á járnblendi og kísilmálmi. Hér er verið að fara fram á að sú spá, sem Járnblendifélagið hefur gert varðandi verð á járnblendi, verði lögð til grundvallar við mat á afurðaverði frá kísilmálmverksmiðjunni og að teknu tilliti til þess sambands sem hefur verið ríkjandi að undanförnu. Ég hef ekki hugmynd um hver niðurstaðan yrði úr slíkum samanburði, en mér þykir a. m. k. fróðlegt og eðlilegt, að þessir útreikningar verði gerðir, og ekki nema sjálfsögð krafa af hálfu þingsins að fá þennan samanburð.

Í fjórða lagi er spurt hvaða áhrif það hafi á rafmagnsskömmtun og afkomu verksmiðjunnar ef aflgeta Kröflu verður 10 mw. og steinullarverksmiðja rís á Sauðárkróki.

Til þessarar spurningar liggja þau rök, að í forsendunum fyrir rafmagnsútvegun, sem fram eru lagðar af hálfu Rafmagnsveitna ríkisins, er þess getið, að til þurfi að koma nokkur skömmtun á rafmagni á fyrstu árum þessarar verksmiðju og sé þá miðað við að aflgeta Kröflu sé 20 mw. og ekki komi aðrir verulegir notendur á orku á Norðurlandi og Austurlandi. Nú eru hins vegar uppi áform um að reisa steinullarverksmiðju á Sauðárkróki, og þó að hún noti ekki mikið rafmagn að vísu, þá er það þó eitthvað og meira en þó að bætt væri við einu einbýlishúsi eða svo. Hins vegar hefur það komið fram í ræðu hæstv. iðnrh. við 1. umr. um þetta mál, að hann væri ekki bjartsýnn á að vel tækist til að auka afl í Kröflu eða raforkuframleiðslu í Kröflu, og að undanförnu hefur raforkuframleiðslan þar verið á bilinu 10—14 mw. Þess vegna virðist fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvernig fara mundi og hver áhrifin yrðu af því, að ekki rættust bjartsýnishugmyndir varðandi orkuframleiðslu í Kröflu, og svo hins vegar að steinullarverksmiðja risi á Sauðárkróki. Virðist nauðsynlegt að það liggi fyrir.

Fimmta spurningin var þannig: Með tilliti til markaðsspár verkefnisstjórnar og ráðgjafa hennar annars vegar og samkvæmt spá þeirri, sem talað er um í þriðju spurningu að framan, hver mundu þá vera áhrif þess á afkomu verksmiðjunnar að hún taki til starfa einu ári seinna en verkefnisstjórn gerir ráð fyrir eða einu og hálfu ári seinna?

Það hefur komið fram í umsögnum ýmissa aðila um þetta mál, að það væri ekki skynsamlegt að rasa um ráð fram. En það hefur líka komið fram, að á fyrstu árum verksmiðjunnar eigi hún að búa við rafmagnsskömmtun. Og það hefur í þriðja lagi komið fram, að menn búast við hækkandi kísilmálmverði í framtíðinni, og þannig eru spár verkefnisstjórnar um þróun markaðsverðsins. Þess vegna hljóta menn að spyrja, hvort það hafi einhver veruleg áhrif á afkomu verksmiðjunnar og þá í hvaða átt ef gangsetning hennar yrði ákveðin á eitthvað öðrum tíma en um hefur verið talað. Ef útkoman úr því yrði sú, að afkoma verksmiðjunnar væri betri ef hún færi í gang nokkru seinna, þá gefur það auðvitað tilefni til íhugunar sérstaklega að því er það varðar. Ef hið öndverða yrði upp á, að hagur verksmiðjunnar væri betri með því að hún færi í gang fyrr, þá gefur það náttúrlega byr undir báða vængi hugmyndum um að flýta sér eftir því sem kostur er.

Í sjötta lagi var beðið um uppsetningu á heildargjaldeyrisútgjöldum vegna verksmiðjunnar, þar með töldum útgjöldum sem af verksmiðjunni leiddi, og heildargjaldeyristekjum miðað við 20 ára starfstíma, samkv. því að erlendum lántökum yrði hagað eins og ríkisstj. gerir ráð fyrir.

Nú geri ég ráð fyrir því, að hv. alþm. hefðu getað ályktað sem svo að þetta hlyti að liggja fyrir. En því er ekki til að dreifa. Svo undarlegt sem það verður að teljast í sambandi við slíkt verkefni hefur úttekt af þessu tagi ekki verið gerð. Þess vegna er beðið um hana.

Það varð að ráði í iðnn. að leita til Þjóðhagsstofnunar um svör við þessum spurningum. Þjóðhagsstofnun taldi sér ekki fært að svara þeim á þeim skamma tíma sem henni var til þess ætlaður, og er það reyndar að vonum þegar mönnum er ætlað að svara slíkum spurningum samdægurs. Í raun og sannleika átti nefndarformaður kannske lítilla annarra kosta völ en að biðja um svör við þeim samdægurs eins og mál voru í pott búin. Þess vegna fengust ekki svör við þessum spurningum og þær athuganir ekki gerðar sem hér er beðið um. Ég vil engu að síður ítreka mikilvægi þess, að svör fáist við þessum spurningum og þessar athuganir verði gerðar a. m. k. áður en að málið kemur á ný til umfjöllunar á Alþingi.

Í framlögðum gögnum á nefndarfundum kemur fram margvísleg alvarleg gagnrýni á undirbúning málsins annars vegar og hins vegar ábendingar um þætti sem athuga verði nánar. Í stað þess að rekja þessa gagnrýni og ábendingar í nál. hef ég leyft mér að vísa til þessara gagna sem eru birt sem fylgiskjöl með nál., níu fylgiskjöl. Það má í rauninni teljast harla merkilegt í sambandi við umfjöllun þessa máls, að hvorki iðnn. Nd. né heldur meiri hl. iðnn. Ed. hafi séð ástæðu til þess að birta þessi gögn. Meðal þeirra er umsögn Þjóðhagsstofnunar. Það er minnisblað frá forstjóra Járnblendifélagsins. Það eru minnisatriði frá Seðlabanka Íslands. Það eru bréf frá Rafmagnsveitum ríkisins um rafmagnsskömmtun og kostnað við línulagnir. Það er bréf frá Náttúruverndarráði. Það er umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Og þannig mætti áfram telja.

Ég hef hins vegar talið bæði nauðsynlegt og eðlilegt að þessar umsagnir kæmu fram, en verð þó reyndar að taka fram að ýmsir þeir, sem komu á fund nefndarinnar til þess að sitja stuttlega fyrir svörum varðandi þau bréflegu gögn sem þeir höfðu lagt fram, tóku fram að þeir litu ekki á þessa pappíra sína sem umsagnir í eiginlegri merkingu vegna þess að þeim hefði verið ætlaður skammur tími til þess að líta á málin. Það hafa líka verið lagðar fram tvær skýrslur, önnur frá Commodities Research Unit Ltd. og hin frá Resources Development Group, sem iðnrn. hefur látið vinna. Ég taldi nauðsynlegt að það lægi fyrir í nál., hverjar væru aðalábendingar sem koma fram í þessum tveimur skýrslum, vegna þess að mér sýnist að efni þeirra og efnisumfjöllun hafi farið fyrir ofan garð og neðan í allri umræðu hér á þinginu. Svo segir í skýrslu frá Commodities Research Unit Ltd. í niðurstöðum varðandi mat á fyrirtækinu:

„Þegar á heildina er litið er það lágur raforkukostnaður, sem gerir fyrirtækið fyrst og fremst lífvænlegt. Allir aðrir kostnaðarþættir eru of háir. Þegar litið er á alla þessa þætti í heild, þá er fyrirtækið annaðhvort með háan framleiðslukostnað, ef litið er á áhrif verðbólgu, eða mjög háan, ef ekki er tekið tillit til hennar. Fjármögnun verður því að haga þannig að vaxtagreiðslur séu mjög lágar fyrstu árin."

Í niðurlagsorðum eru ábendingar frá skýrsluhöfundum sem eru þannig efnislega séð, þeir segja:

„Aðalíhugunarefnin, sem okkur sýnist að taka verði nú tillit til, eru þessi:

1. Getur fyrirtækið framleitt vöru sem sé af þeim samfelldu gæðum sem kísilframleiðendur krefjast?
2. Er unnt að breyta svo fjármagnskostnaði að hann verði ekki jafnmikill á upphafsárum?
3. Er rafmagnsverðið 17,5 mill ófrávíkjanlegt?"

Vitaskuld hefur eignarhald áhrif á þann arð sem ríkisstj. óskar að fá af sölu á orku, öndvert við arð af kísilmálmframleiðslu, en hár framleiðslukostnaður bendir til að líta verði á hve fyrirtækinu sé hætt við hverja tímabundna verðlækkun afurða.

Hér eru vitaskuld alvarlegar ábendingar á ferðinni frá þessum erlendu aðilum. Það dugar ekki í sambandi við skýrslur sem unnar eru fyrir stórfé erlendis, að lesa einungis þær setningar sem hljóma vel og jákvætt. Menn verða líka að lesa og ekki síður af athygli þær ábendingar sem koma fram um það sem áhættusamt er, um það sem hætta er á að miður fari, og fyrst og fremst verða menn að líta á málin í heild. Hér eru í rauninni settar fram mjög alvarlegar ábendingar, og allar þessar þrjár ábendingar fela í sér ákveðnar efasemdir af hálfu skýrsluhöfunda. Þeir spyrja sjálfa sig og aðra hvernig muni takast til með gæðin. Þeir eru ekki vissir, þeir telja að þarna sé vafamál sem við verðum að huga að, og þeir taka fyrir tvo kostnaðarþætti út frá því, að fyrirtækið hafi háan framleiðslukostnað, og óska sérstaklega eftir því eða a. m. k. benda eigendum á að þeir ættu þó a. m. k. að líta á hvort þessir kostnaðarþættir þurfi að vera svona háir.

Vitaskuld hafa þessir skýrsluhöfundar unnið þetta verk út frá því, að staðsetning verksmiðjunnar og fjárfestingarkostnaður væru gefin. Þeir hafa ekkert um það fjallað, þeir hafa fengið fjárfestingarkostnaðinn upp í hendurnar.

Í hinni skýrslunni, frá Resources Development Group eða RDG, eins og það er skammstafað, eru í niðurlagsorðum sérstakar vangaveltur um hvernig megi renna traustari stoðum undir fyrirtækið. Einmitt það,að í niðurlagsorðum skuli vera fjallað um hvernig megi renna traustari stoðum undir fyrirtækið, er vitaskuld vísbending um að þeir telji þörf á að íhuga þær stoðir sem undir fyrirtækinu eru. Hér er líka ábending til okkar. Þeir komast að svipaðri niðurstöðu og hinir. Þeirra vangaveltur eru um það, hvort renna megi traustari stoðum undir fyrirtækið með lægra raforkuverði fyrstu árin, með því að losna við afborganir af lánum fyrstu árin eða með meira eigin fé en gert er ráð fyrir í skýrslu verkefnisstjórnar.

Ég tel að þessar skýrslur frá hinum erlendu ráðgjafaraðilum, CRU og RDG, svo skammstafanir séu notaðar, sýni glögglega að þessum aðilum virðist þurfa að treysta betur undirstöður fyrirtækisins. Í þessum ábendingum felst vitaskuld það mat, að undirstöður séu í veikara lagi, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Þar eru líka ábendingar um atriði sem þeir ætlast til að eigendurnir — og Alþingi er í þessu tilviki fulltrúi eigendanna — taki til íhugunar og umhugsunar. En það merkilega hefur gerst, að engin þessara ábendinga var tekin til umfjöllunar í nefndinni, og það verður reyndar ekki séð heldur, að Nd. eða iðnrn. hafi nokkuð sinnt um þessar ábendingar. Allt er þetta til marks um það, að undirbúningi sé áfátt. Þess vegna ber auðvitað brýna nauðsyn til að athuga þetta mál allt betur, rasa ekki um ráð fram, en halda áfram undirbúningi.

Það væri vissulega ástæða til þess að líta eilítið nánar á nokkur atriði sem á er bent í bréflegum gögnum frá þeim aðilum sem til hafa verið kvaddir af hálfu iðnn. Nd. og Ed. til þess að láta álit sitt í ljós, hvort sem maður freistast til að kalla það umsagnir eða ekki. Það er t. d. ókannað mál og þeirri spurningu er gersamlega ósvarað hverjar séu hæfilegar öryggisbirgðir hráefna í þessari verksmiðju. Þrátt fyrir spurningar um það efni hafa svör ekki fengist. Ég segi þetta vegna þess að reiknað er með lygilega litlum hráefnisbirgðum í þeirri verksmiðju sem hér um ræðir, eins og ég gerði að umtalsefni við 1. umr. Það hefur líka verið bent á samband hráefnisverðs og afurðaverðs, þá forsendu sem verkefnisstjórn gefur sér, að afurðaverð hækki en hráefnisverð haldist óbreytt í raunkrónum. Þetta er atriði sem þarf að kanna nánar. Það hefur ekki verið gert. Einnig hefur verið bent á það, að sá verðbreytingarviðmiðunargrundvöllur, sem verkefnisstjórn fyrirtækisins hefur valið sér, nefnilega framfærsluvísitala í Bandaríkjunum, sé vafasamur. Ábendingar þjóðhagsstofnunar um það eru vissulega í fullu gildi. Svör fulltrúa verkefnisstjórnar voru þau, að oftast væri notuð þessi neysluvísitala í Bandaríkjunum við verðumreikning af því tagi sem hér um ræðir eða við verðumreikning yfirleitt. Ég verð að segja eins og er, að mér fundust röksemdir forstjóra Þjóðhagsstofnunar um það, að þó að þetta væri algengast þyrfti það ekki að vera best, ákaflega sannfærandi og þess vegna nauðsynlegt að kanna þetta mál nokkru nánar.

Ég gat um það hér áðan, að það hefði verið í gildi samband milli verðs á kísil annars vegar og járnblendi hins vegar. Þrátt fyrir að mönnum sé kunnugt um þetta hefur ekkert verið gert til að kanna þetta samband af hálfu þeirra aðila sem um málið hafa fjallað.

Það er náttúrlega athyglisvert líka, eins og fram kemur í ýmsum þeim bréflegu gögnum sem fyrir okkur liggja, að verkefnisstjórnin var ekki að leita að því, hvernig væri hagkvæmast að reisa kísilverksmiðju, heldur setti sér að ganga úr skugga um það, hvað hún kostaði ef hún væri reist með tilteknum hætti á tilteknum stað. Ennfremur hafa komið fram ábendingar um það, að allar fjármögnunaráætlanir skorti. Þetta verður að teljast nokkuð alvarlegt, en hins vegar hefur ekkert verið gert til að bæta úr. Ég tel líka að það hljóti að vera íhugunarefni fyrir Alþingi, hvaða fjármögnunarform skuli velja, með tilliti til þess, hvort þessi verksmiðja skuli vera á eins konar ríkisframfærslu með því að ríkisábyrgðir séu teknar á lánum eða standa á eigin fótum og standast þá mat þeirra lánastofnana sem til hennar lána. Ég held að það sé margt sem mæli með síðari kostinum, að þetta sé sjálfstætt fyrirtæki sem standi á eigin fótum með traustan fjárhag, en sé ekki upp á náð ríkisins um ríkisábyrgðir komið. Ég held að það væri t. d. langtum skemmtilegra fyrir þm. þess kjördæmis, þar sem þessi verksmiðja rís, að þurfa ekki að horfa fram á það að eiga að vera á bónbjörgum fyrir þessa verksmiðju hér á göngum Al-

þingis, biðjandi um frekari lánafyrirgreiðslu og ríkisábyrgð. Miðað við þau gögn, sem fram hafa verið lögð, virðist fjárhagurinn ekki traustari en svo að harla líklegt verður að teljast að það líði ekki langur tími þangað til menn væru komnir hér til þess að biðja um frekari fyrirgreiðslur. Af því höfum við fleira en nóg og höfum reyndar dæmi af verksmiðjum sem áttu að teljast á traustari grunni, og þau dæmi eru frekar ný. Ég held að það væri hollt fyrir Alþingi að líta á þessi dæmi og ætla sér betri stoðir og styrkari undir þessa verksmiðju og traustari fjárhag og leyfa henni að standast það mat sem lánastofnanir mundu á hana leggja og þá með tilliti til þess, að ekki yrðu veittar ríkisábyrgðir á lánum.

Rekstrarfjárþörf virðist líka af þeim gögnum, sem fram hafa verið lögð, vera harla vanmetin.

Allt lýtur þetta að því og sýnir fram á að ekki hafi verið nógu vel frá þessu máli gengið og það ekki nógu vel undirbúið. Ég er þeirrar skoðunar, að framkvæmdir af þessu tagi eigi að geta verið góðar fjárfestingar til lengri tíma ef rétt er á haldið. En aðstæðurnar, sem þær búa við, eru miklu sveiflukenndari en áður, og það þýðir líka að það verður að gera meiri kröfur um trausta fjármögnun heldur en menn hafa gert áður. Eignaraðild ríkis eða erlendra aðila hlýtur að koma inn í þá mynd, ef menn vilja líta á þetta með skynsamlegu viti og athuga hversu mikla áhættu þeir vilja taka annars vegar og hins vegar kannske möguleika á því að geta reist fleiri iðjuver frekar en færri, ef menn hafa takmörkuð fjárráð og hafa um það að velja að eiga í þeim kannske annars vegar fjórðung í fjórum eða eitt iðjuver að öllu. Ég skal ekki fara nánar út í þau mál, en vitaskuld verðum við að telja fjárráð nokkuð takmörkuð og þá ekki síst með tilliti til þess, að þjóðarskuldir eru nú orðnar ærið háar og langtum hærri en Íslendingar hafa nokkurn tíma leyft sér áður eða um 40% af þjóðarframleiðslu. Ef svo fer fram sem horfir gæti farið svo að við Íslendingar færum að finna fyrir því, að það væri ekki eins auðvelt að taka lán erlendis og lifa á þeim og hefur verið að undanförnu.

Það er sagt um þessa verksmiðju og kemur reyndar fram í þeim skýrslum sem erlendir aðilar hafa unnið, að í henni fari því miður saman hátt raforkuverð og hár fjármagnskostnaður. Þá er auðvitað litið á málið út frá sjónarhóli verksmiðjueigandans eins og hann sé óháður aðili. Það kom fram og var upplýst á nefndarfundi í iðnn., að Elkem Spigerverket hafði keypt verksmiðju fyrir nokkru, það hefði keypt þessa verksmiðju mjög ódýrt og fjármagnskostnaður af þeim kaupum væri að líkindum af stærðinni fjórðungur þess sem fjármagnskostnaður er af þessari verksmiðju. Ég get þess vegna þess að auðvitað kemur þetta inn í myndina þegar meta á samkeppnisstöðu þessa fyrirtækis. Það er vitaskuld nauðsynlegt fyrir okkur, þegar við erum að skoða fyrirtæki af þessu tagi að meta þá áhættu, sem við erum að taka, og þá samkeppnisstöðu sem við erum í, ég spyr nú ekki að þegar forsendur undir þeim útreikningum, sem birtir eru um afkomu og horfur fyrirtækisins, fela í sér allbjartsýnt mat á möguleikum fyrirtækisins til þess að ná sér í ekki bara markaði, heldur bestu markaðina.

Menn skulu ekki ætla að þeir, sem fyrir eru á markaðinum, láti eftir sína hlutdeild átakalaust. Þeir munu halda áfram að berjast fyrir því að halda sínum hlut á markaðinum, jafnvel þótt markaðurinn sé vaxandi, og bæta við sínar verksmiðjur eftir því sem þeir hafa möguleika á og þá oft með tiltölulega ódýrum hætti, vegna þess að margt það, sem við þarf að styðjast, er fyrir hendi. Ég rek þetta ekki til þess að hræða menn frá verkefnum af þessu tagi. Ég rek þetta vegna þess að ég geri kröfu til þess, að menn séu raunsæir þegar þeir eru að skoða verkefni af þessu tagi, og ég ítreka þá grundvallarskoðun mína að aukning orkufreks iðnaðar og einmitt fyrirtæki af þessu tagi séu eitthvert besta tækifæri Íslendinga til þess að auka atvinnu og auka þjóðartekjur og treysta þannig lífskjörin í landinu. En það gerir í ljósi þess, sem ég hef sagt um markaðsaðstæður og um ýmislegt annað sem varðar þetta fyrirtæki, enn þá meiri kröfur til vandaðs undirbúnings heldur en ella.

Nú er það meira að segja svo að þeim undirbúningi, sem við ættum að vinna hér innanlands á staðnum, hefur lítið verið sinnt. Það var upplýst af hálfu Heilbrigðiseftirlits ríkisins og Náttúruverndarráðs, að það tæki u. þ. b. ár að vinna þær athuganir sem þyrfti að vinna þeirra vegna, varðandi mengun umhverfis, en það kom fram hjá verkfræðingunum, sem hafa verið til ráðuneytis um hönnun þessa fyrirtækis, að niðurstöðurnar úr þessum athugunum væru forsendur hönnunar á þessari verksmiðju, í rauninni gætu þeir ekki gengið frá hönnuninni fyrr en niðurstöðurnar úr þessum umhverfisathugunum lægju fyrir. Við megum þess vegna búast við að annaðhvort verði sá kostur valinn að hanna fyrirtækið dýrara en nauðsyn ber til, ef gera á það áður en athuganir fara fram til þess að menn séu öruggir um að öllum skilyrðum verði fullnægt, ellegar þá að það verði að hanna fyrirtækið tvisvar, fyrst út frá einhverjum ágiskunum og síðan með tilliti til þeirra ábendinga og niðurstaðna sem koma fram við athuganir. Þetta á reyndar við um fleira en umhverfið. Það er eftir að rannsaka vatnsból, það er eftir að gera jarðvegsrannsóknir, það er eftir að gera dýptarmælingar í sambandi við hafnaraðstöðu. Allt eru þetta forsendur fyrir hönnun.

Ég held, herra forseti, að þetta hnígi allt að því, að það sé þó nokkuð mikið undirbúningsstarf eftir, og um leið og ég legg áherslu á nauðsyn þess, að menn reyni að fá heildarmynd af þessu fyrirtæki, en ég er alveg sannfærður um að þá heildarmynd hafa þm. alls ekki fengið í nægilega ríkum mæli, en gætu fengið ef undirbúningi og rannsóknum væri haldið áfram, þá ítreka ég nauðsyn þess, að áfram verði haldið með þetta verkefni.

Í samræmi við það sjónarmið okkar Alþfl.-manna, að sjálfsagt sé og nauðsynlegt að leggja áherslu á uppbyggingu orkufreks iðnaðar, þá ítrekum við jafnframt að undirbúningur verði að vera af mikilli kostgæfni svo að nýtist sem allra best. Það er einungis á þeim grundvelli hins vandaða undirbúnings sem er rétt að ganga frá eiginlegum efnisþáttum, sbr. t. d. það sem ég rakti um hönnunarforsendur og þess háttar. Ég legg því til að undirbúningi verði haldið áfram og hann falinn sérstakri undirbúningsstjórn. Það er reyndar í samræmi við hugmyndir sem fulltrúar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. létu í ljós áhuga á þegar þessi mál voru til umfjöllunar í Nd. Framsfl. og Sjálfstfl. stukku hins vegar frá þessum hugmyndum, en Alþfl. vill halda við þá samstöðu sem þá hafði náðst. Hann flytur þess vegna till. í þá veru.

Það er vitaskuld fráleitt að taka afstöðu til ýmissa efnisatriða eins og till. meiri hl. n. gera nú ráð fyrir, fyrr en fyrir liggur niðurstaða af þeim undirbúningsathugunum sem allir virðast sammála um að séu nauðsynlegar. Þær athuganir eiga auðvitað að ráða úrslitum um hvernig verður haldið á efnisþáttum, og það verður að teljast

veruleg þversögn í því að ætla að afgreiða hin margbreytilegustu efnisatriði um framhald málsins meðan undirbúningur stendur enn yfir. Ég flyt þess vegna á sérstöku þskj. brtt. sem gera ráð fyrir kosningu sérstakrar undirbúningsstjórnar. Jafnframt geri ég þá ráð fyrir að það verði samið nýtt frv. um kísilmálmverksmiðju á grundvelli starfsundirbúnings stjórnarinnar.

Að lokum, herra forseti, vil ég leggja áherslu á eftirfarandi:

Það á að auka orkufrekan iðnað í landinu. Í annan stað verður að vanda undirbúning slíkra verkefna, en mikið skortir á það í því tilviki sem hér er til umfjöllunar. Af þessum sökum verður að vinna áfram að undirbúningi verksins. Í þriðja lagi verður afstaðan til einstakra efnisþátta að grundvallast á þeirri undirbúningsvinnu sem fram undan er. Það er einungis rökrétt í framhaldi af þessu að bíða niðurstöðunnar úr starfi undirbúningsstjórnar áður en gengið er frá lagafrv. um sjálfa starfrækslu verksmiðjunnar. Það er í þessa veru sem sú brtt. er sem ég flyt við þetta frv. og mæli með að verði samþykkt.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Svo sem fram hefur komið í þessum umr. skrifa ég með fyrirvara undir nál. þar sem mælt er með samþykkt þessa frv. Ég hlýt, eins og að líkum lætur, að gera dálitla grein fyrir þeim fyrirvara. Þó þarf ég ekki að ræða það mál ýkjalengi þar sem ég hef fyrir skemmstu fjallað í þessari hv. deild um málefni annarrar álíka verksmiðju, járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, um það neyðaróp sem það fyrirtæki sendi inn í Alþingishúsið um björgun frá gjaldþroti. Um stofnun þess fyrirtækis var fjallað hér á hv. Alþingi tvisvar með árs millibili. Þótti undirbúningur þess með öllum rannsóknum ærið vandaður og það heldur betur tryggt, að fyrirtækið mundi skila með undraskjótum hætti miklum arði í þjóðarbúið. Þetta mál þarf ég ekki að rifja upp fyrir hv. alþm. En með tilliti til þess, að stöku manni kann að vera enn þá í minni hve óskaplega ég kvartaði yfir því, hvað iðnn. Ed. fékk skamman tíma til að fjalla um þau frv. bæði tvö, — með tilliti til þess, að einhver orð, sem mér hafi hrotið af munni varðandi þau mál, kynnu að vera enn þá í minni hv. þm., hlýt ég að gera þá játningu núna, að enn þá skemmri var tíminn sem iðnn. Ed. fékk til þess að fjalla um það mál sem vér fjöllum nú um. Þetta er ámælisvert. Þetta er ákaflega slæmt.

Ég ætla ekki að orðlengja það, heldur aðeins að vísa til tveggja ræðna, sem ég hef flutt fyrir skemmstu hér í hv. deild um málefni járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, til undirstrikunar á fyrirvara mínum við afgreiðslu þessa mál og bæta aðeins við í lokin þeirri skoðun minni, að nauðsynlegt sé að við gerum a. m. k. ærlega tilraun til þess að skilgreina eðli þeirrar kreppu sem nú gengur yfir hinn vestræna heim — og raunar ekki aðeins yfir hinn vestræna heim, heldur allan — ef ég má nota það orð — hinn tæknikapítalíska heim, einnig austan járntjalds þar sem þungaiðnaðurinn, þar sem málmiðnaðurinn virðist einnig vera í kreppu og sjást ýmis kreppumerki, þó með öðrum litblæ sé, ekki síður þar en í hinum vestræna heimi og taka sum hver á sig fremur óþekkilegar myndir.

Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur, þegar við erum að hugleiða uppbyggingu á iðnaði sem tengdur er málmframleiðslunni, að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvort það sé með líkindum að þessari kreppu ljúki raunar senn, hvort hún sé af sama toga spunnin og hin fyrri kreppufyrirbæri sem sum hver hafa reynst iðnþróuðum þjóðum býsna hættuleg. Ég vil heyra rökstudda ástæðu fyrir því, að við getum veðjað á það, að þessu kreppufyrirbæri, sem er staðreynd, en við höfum ekki skilgreint, ljúki fyrir tilstuðlan — við skulum segja: æðri máttarvalda eða fyrir einhvers konar tilviljun. Ég vil heyra skynsamlegan rökstuðning fyrir því, að við eigum að sigla inn í þennan sorta og hætta þar miklu til að komast út úr honum einhvern veginn hinum megin.

Ég vil líka heyra skynsamlegan rökstuðning fyrir þeim skoðunum, að við getum ekki veitt fleira fólki atvinnu við arðbærari störf fyrir samfélag okkar heldur en með stofnun fyrirtækja sem heimta frá 7.5 millj. nýkr. upp í 11 millj. nýkr. í hraðfrystingu fyrir hvern starfsmann sem þar fær vinnu. Ég er þeirrar skoðunar, að við höfum ekki lagt vinnu og fé í rannsóknir og athuganir á öðrum hagkvæmari og ódýrari kostum sem við eigum völ á í iðnaði. Ég vil vekja athygli á því, að við verjum 15% af kostnaði við raforkuver, sem við reisum, til virkjunarrannsókna, en við verjum að kalla engu til rannsókna og athugana á þeim kostum sem við hljótum að velja um til nýtingar á orkunni. Það eru yfir 200 manns sem starfa að undirbúningsrannsóknum í sambandi við væntanleg orkuver. Mér skilst að það séu ekki nema tveir sem hafa það að aðalstarfi að athuga iðnaðarkosti.

Eins og fram hefur komið í mínum fyrri ræðum, sem ég vitnaði til varðandi járnblendiverksmiðjuna, eins og auðheyrt má vera af því sem ég nú hef sagt, þá er ég uggandi um framtíð þessarar fyrirhuguðu verksmiðju. En ég treysti mér ekki til þess að greiða atkv. gegn því, að varið verði fjármunum og tíma svo sem ráðgert er í frv. því sem hér liggur fyrir, til þess að kanna þessa kosti nánar, til þess að framkvæma rannsóknir sem nauðsynlegar megi kallast til þess að Alþingi geti tekið endanlega afstöðu til þess, hvort við eigum að ráðast í þetta fyrirtæki eða ekki. Það er svo ráð fyrir gert að í þessu skyni verði nú ákveðið að heimila notkun 25 millj. kr. í framhaldsaðgerðir í málinu, en það komi síðan hingað inn á Alþingi aftur, að hv. Alþingi verði skilað skýrslu um niðurstöður af athugunum og rannsóknum, sem gerðar verða fram til hausts, og á grundvelli þeirra athugana verði málið tekið hér upp öðru sinni af fullkominni einurð og alþm. gefist þá kostur á að fella endanlegan úrskurð um það, hvort í þetta fyrirtæki verði ráðist. Ég vil alls ekki jafna saman því fyrirtæki, sem hér er rætt um að komið verði upp við Reyðarfjörð, og járnblendiverksmiðjunni við Grundartanga, ég vil alls ekki jafna þessum fyrirtækjum saman, í fyrsta lagi vegna þess að fyrirhugað er að Íslendingar einir eigi fyrirhugaða verksmiðju sem rætt er um að reisa við Reyðarfjörð.

Ég er ekki sammála hv. þm. Þorv. Garðari Kristjánssyni og hv. þm. Kjartani Jóhannssyni um að það geti komið til mála að það sé hagstæðara fyrir Íslendinga að útlendingar eigi fyrirtæki af þessu tagi á landi hér, vegna þess eins að það dragi úr áhættunni á rekstri. Ef þetta væri rétt, hv. þm. Þorv. Garðar, hefðir þú e. t. v. einnig litið svo til að það hefði verið hagstæðara fyrir okkur að útlendingar ættu togarana sem hér eru út gerðir, vegna þess að þá losnuðum við við áhættuna af rekstri þeirra o. s. frv., o. s. frv. Ég er þeirrar skoðunar að líf okkar sé undir því komið að við eigum sjálfir atvinnufyrirtækin sem rekin eru á landi hér. Ég skil sjónarmið hv. þm. Þorv. Garðars Kristjánssonar í þessu efni og annarra hv. skoð-

anabræðra hans í Sjálfstfl. Það geri ég. Þetta er spurning um skapgerð þeirra manna sem rottað hafa sig saman í flokk vegna þess að þeir vilja hafa í fyrirrúmi, svo ég leyfi mér að vitna eiginlega beint í ræðu sem hv. þm. flutti um annað efni hér í deildinni fyrir skemmstu þegar rætt var um kirkjunnarmál, — hafa í fyrirrúmi málefni þeirra manna sem safna vilja þeim auðæfum sem mölur og ryð fá grandað.

Ég ítreka að fylgi mitt við frv. byggist á fullu trausti á þau augljósu fyrirheit, sem gefin eru í frv. því sem við fjöllum um, að Alþingi geti á haustdögum fengið til skoðunar trúverðuga skýrslu og frekari upplýsingar en þær, sem við höfum fengið við meðferð málsins í þessari hv. deild og iðnn. hennar nú, til þess að endurskoða þetta mál og taka endanlega ákvörðun um það, hvort í þetta fyrirtæki skuli ráðist, og myndað sér traustari skoðun á því, hvort hér sé um að ræða arðbært fyrirtæki eða hvort hér sé of miklu til hætt. Það er í fullkomnu trausti á, að hv. Alþingi taki þetta mál til myndarlegrar og greindarlegrar athugunar í haust, að ég hef ákveðið að styðja frv. þrátt fyrir fyrrgreindar efasemdir sem ég vona að muni ekki halda vöku fyrir mér í sumar.

Þorv. Garðar Kristjánsson: Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. eystra, var að ljúka máli sínu, og hann vék orðum til mín í þeirri ræðu. Það má orða líka svo að hann hafi gefið upp boltann í stóriðjumálunum og ætlist til þess, að ég taki nú upp umræðu hér við hann um stóriðjumálin á breiðum grundvelli og það mikla deilumál sem hefur verið uppi varðandi eignaraðild stóriðju í landinu. En þó að hv. þm. hafi gefið æríð tilefni og ítrekað tilefni í ræðu sinni til þess, að ég taki upp hér almennar umræður um stóriðjumálin, þá ætla ég nú að neita mér um það, þó að það kunni að valda hv. 4. þm. Norðurl. e. einhverjum vonbrigðum.

Hv. þm. sagði að hann væri að skýra fyrirvara sem hann hefði haft um nál. meiri hl. hv. iðnn. sem mælir með samþykkt frv. En þau orð, sem hv. þm. viðhafði í þessu sambandi, báru samt vott þess, að hv. þm. er nú kominn nokkuð af leið frá þeirri stefnu sem hann hefur hingað til fylgt í þessum málum og þarf ekki að kynna fyrir þessari hv. deild. Það var sú tíðin að hv. þm. mælti gegn stóriðju í hvaða formi sem var, hvar sem var og hvernig sem var háttað um eignaraðild. Nú hefur orðið athyglisverð breyting á afstöðu hv. þm. og er ég ekki að lasta það.

Þó að ég hafi margt við ræðu hans áðan að athuga er þetta langmerkasta ræða sem hann hefur haldið um þessi mál hér á hv. Alþingi. Það er vegna þess að hv. þm. er kominn nokkuð á nýja þróunarbraut í þessum efnum. Hann er nýbúinn að greiða hér atkv. með frv. sem fjallaði um að veita aðstoð ríkisins við járnblendiverksmiðjuna, og þó orðaði hann það svo, að þar hefði verið um að ræða björgun frá gjaldþroti. Ef hv. þm. getur stutt stóriðjuaðgerðir sem kynnu að vera vafasamari, þá skyldi maður halda að hann ætti ekki síður að vera fús til jákvæðrar afstöðu í öðrum greinum varðandi stóriðjuna, enda kemur í ljós við meðferð þess frv. sem við nú ræðum, að hv. þm. er orðinn meðmælandi með stóriðju í landinu. Hann mælir með því, að komið verði upp kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði. Þetta er mikil framför hjá hv. þm. Auðvitað er ég ekki að segja honum þetta til lasts. Ég er að hæla hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir það, að hann hefur sýnt nokkra framför í þessum efnum.

Hv. þm. var með bollaleggingar um að við þyrftum að skilgreina kreppuna í Vesturlöndum. (**StJ:** Ekki bara Vesturlöndum.) Um gervallan heim og m. a. fyrir austan járntjald, eins og hann orðaði það, í hinum tæknikapítalíska heimi. (Gripið fram í.) Einnig austan járntjalds, svo ég fari rétt með.

Ég hef ekkert við það að athuga, að við fylgjumst með gangi mála í heimi fjármála og efnahagsmála hvar sem er, hef ekkert nema gott um það að segja. En þetta var aðeins formáli að því sem hv. þm. sagði um þessi efni, hvað við ættum að athuga og hvað við ættum að kynna okkur, því hann lagði sérstaka áherslu á að við rannsökuðum ekki nógu gaumgæfilega hina ýmsu valkosti í stóriðjumálunum. Hann sagði að meðan herskarar vinna að rannsókn varðandi byggingu orkuvera í landinu eru bara tveir menn sem hafa það verkefni að kynna sér og rannsaka stóriðjukosti. (**StJ:** Ég nefndi ekki stóriðjukosti, iðnaðarkosti.) Iðnaðarkosti, nú já. Þá felst í þessari fullyrðingu enn þá meiri vandlæting á ástandinu heldur en ég hugði. Hvað skyldi þá vera mikið af starfsorku þessara tveggja manna sem beint fer til athugunar á stóriðjumálum?

Þetta er ein harðasta ádeila sem ég hef heyrt á núv. ríkisstj. í þessum efnum. Við sjálfstæðismenn höfum deilt á hæstv. ríkisstj. einmitt fyrir þetta sama sem hv. 4. þm. Norðurl. e. er að segja. Við höfum deilt á hæstv. ríkisstj. fyrir að hún beiti vettlingatökum í öllum aðgerðum til undirbúnings stóriðju í landinu. Við höfum sannarlega talið að við tækjum allnokkuð upp í okkur í þessum efnum, en það kemst ekki í hálfkvisti við þær ádeilur sem hafa komið hér fram á hendur ríkisstj. af hálfu hv. 4. þm. Norðurl. e.

Hv. þm. sagði að Íslendingar ættu að eiga einir verksmiðjurnar, stóriðjuna. Það á víst að útleggjast þannig: hvort sem við höfum hag af því eða ekki. Ef menn vilji ekki skrifa undir slíkar fullyrðingar sem þessar sé eitthvað að og það sé spurning um skapgerð.

Ég ætla nú ekki að fara að ræða skapgerðareinkenni hv. 4. þm. Norðurl. e. og enn þá síður mín skapgerðareinkenni. Ég verð að segja að nokkuð langt er seilst til fanga í þessum umr., þegar menn fara úr á þessar brautir, og nokkuð hart er í ári fyrir þá sem þurfa að taka slíkt upp í slíkum umr. sem þessum. Læt ég þá lokið þætti hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég vona að hann verði ekki fyrir vonbrigðum þó ég fari ekki hér út í almennar umr. um stóriðjumálin, eins og mér virtist hann ætlast til, ef hann á annað borð ætlaðist til að ræða hans yrði tekin alvarlega.

Ég stóð hér upp fyrst og fremst til þess að mæla fyrir brtt. á þskj. 940 sem við hv. 11. landsk. þm. flytjum. Þessar brtt. eru í fyrsta lagi við 2. gr. frv. Í 2. gr. frv. er kveðið á um að ekki skuli minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkis að meiri hluta. Í brtt. okkar á þskj. 940 felst að þetta ákvæði sé fellt niður. Það byggist á því, að við teljum að það sé ekki rétt að skuldbinda ríkið um að það skuli eiga ekki minna en 51% af hlutafé félagsins, það sé of snemmt á þessu stigi málsins að taka ákvörðun um hver eignarhlutdeild ríkisins eigi að vera, það þurfi að fara fram miklu nánari athugun á þessum málum, meiri og betri undirbúningur, meiri kannanir og rannsóknir í ýmsum efnum heldur en nú þegar hafa farið fram, því megi ekki taka ákvörðun um eignaraðild fyrr en þær upplýsingar liggja fyrir, til þess að með þeim hætti verði stefnt að því að gera það eitt í þessum efnum sem þjónar íslenskum hagsmunum best. Þetta, sem ég hef nú greint

frá, er a-liður fyrri brtt. við 2. gr. B-liður brtt. fjallar um það, að síðari málsliður 2. gr. frv. falli niður, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Verði gerðir starfssamningar milli ríkissjóðs og annarra hluthafa skal leggja slíka samninga fyrir Alþingi til staðfestingar.“ Við leggjum til að þetta ákvæði verði fellt niður, það þurfi ekki, þegar litið er á frv. í heild í þeirri mynd sem nú liggur fyrir, að taka þetta þarna sérstaklega fram.

Þá er 2. brtt. sem við hv. 11. landsk. þm. berum fram. Það er brtt. við 3. gr. frv. um að 4. málsgr. orðist svo sem þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar ákvörðun um að leggja fram viðbótarfé hefur verið tekin skal ríkisstj. kveðja aðra aðila til samstarfs samkv. 2. gr. laganna.“ Breytingin, sem fólgin er í brtt., er að sams konar ákvæði er í frv. eins og það nú liggur fyrir, en það er þar heimildarákvæði, en í brtt. okkar er kveðið svo á að skylt skuli að gera það sem hér greinir.

Herra forseti. Ég hef nú gert grein fyrir brtt. okkar hv. 11. landsk. þm. Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, taka það fram, að það er skoðun okkar sjálfstæðismanna að leita beri eftir sem mestu áhættufé í slíku fyrirtæki sem hér er um að ræða í formi hlutafjárframlaga frá einstaklingum, sveitarfélögum og fyrirtækjum og jafnframt að dreifa beri áhættunni með samvinnu við erlenda aðila, enda verði íslenskt forræði tryggt með samningum.

Ég hef gert mér vonir um að brtt. okkar hv. 11. landsk. þm. verði samþykktar, vegna þess að í raun og veru, jafnvel frá sjónarmiði þeirra sem vilja hanga sem mest í því að útiloka hagstæða möguleika sem við kunnum að hafa með samvinnu við erlenda aðila, — jafnvel frá sjónarmiði þeirra er alger óþarfi að hafa þetta ákvæði um 51%, vegna þess að eins og frv. nú liggur fyrir er svo kveðið á í 3. málsgr. 3. gr. frv. að ef Alþingi samþykki niðurstöðu skýrslu sem það á að fá um málið, þá er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að 200 millj. kr. í hlutafé til viðbótar. Í þessu ákvæði er að finna heimild fyrir ríkisstj. til þess að eiga þetta hlutafélag 100% þannig að fyrrgreint ákvæði, sem við erum að leggja til að verði lagt niður, er algerlega óþarfi frá sjónarmiði þeirra sem vilja útiloka samvinnu við erlenda aðila. Þess vegna er þetta ákvæði raunar ekki annað en hortittur í frv. ef menn vilja líta málefnalega á þessa hlið málsins. En ef svo fer gegn von minni, að till. okkar verði felld, vil ég vekja athygli á því, að frv. í þeirri mynd sem það er í núna miðar að því, að það hlutafélag, sem hér er um að ræða, verði undirbúningsfélag þar til Alþingi hefur fjallað um málið að nýju, og því varla við því að búast að einkaaðilar leggi fram fjármagn til slíks félags. Jafnframt er gert ráð fyrir að frekari undirbúningur málsins verði tekinn úr höndum iðnrh. og falinn þingkjörinni stjórn. Við sjálfstæðismenn munum því greiða atkv. með frv., en munum meta fyrirkomulag eignaraðildar þegar málið kemur fyrir Alþingi að nýju, hvað sem verður um brtt. okkar.

Eiður Guðnason: Herra forseti. Ég hafði orð á því við 1. umr. þessa máls, að ég mundi fjalla um það í lengra máli við 2. umr. sem nú stendur hér yfir. Hins vegar virðist nú þannig hafa skipast að það sneiðist eitthvað um tíma hér, og mun ég af þeim ástæðum ekki tala eins langt mál hér og ég hafði annars haft í hyggju.

Þegar fram fóru í þessari hv. deild fyrir sex eða sjö árum umr. um aðra verksmiðju svipaðrar tegundar tók einn af hv. þm., hv. 4. þm. Norðurl. eystra, þannig til orða, með leyfi forseta:

„Mál það, er hér liggur fyrir hv. Alþingi í frv.-formi, hefur ekki verið búið til flutnings með þeim hætti, að sýnt sé að hagsmunir íslenska ríkisins haft setið í fyrirrúmi við undirbúning þess. Umfjöllun málsins í iðnn. Ed. hefur verið yfirborðsleg og flaustursleg í senn og hvergi nærri verið ætlaður nægur tími til þess að afla hlutlægra upplýsinga um hin þýðingarmestu atriði svo að sannprófa mætti fullyrðingar þess aðila sem meginábyrgðina ber á þessu frv., þar sem er viðræðunefnd um orkufrekan iðnað.“

Ég held því miður að þessi ummæli hv. þm. Stefáns Jónssonar eigi að ýmsu leyti nákvæmlega við þá stöðu sem við erum í núna. Ég tek það skýrt fram, að ég er ekki að áfellast hv. 3. þm. Vesturl., formann iðnn. þessarar hv. deildar, með tilvitnun í þessi ummæli, vegna þess að mér er ljóst að honum voru settir úrslitakostir í rauninni um afgreiðslu málsins. Flumbrugangurinn, flýtirinn og flasið í þessu máli er alveg með eindæmum, og það verður satt best að segja hér og nú, á þessum væntanlega síðasta degi þingsins, að mér finnst það í senn vera háðung og skömm fyrir þessa virðulegu löggjafarsamkomu hvernig að þessu máli hefur verið staðið og hvernig því er þröngvað hér í gegnum þingið undirbúningslítið. Ég gæti rökstutt það hér í löngu máli, en ef farið er í gegnum allar umsagnir aðila um þetta mál kemur í ljós að eini aðilinn, sem er þessu alfarið meðmæltur og hefur ekki efasemdir, setur ekki spurningarmerki og slær ekki varnagla, það er verkefnisstjórnin. Aðrir aðilar, sem leitað hefur verið eftir umsögnum frá, slá allir varnagla og sumir fleiri en einn og fleiri en tvo. Þetta finnst mér skipta miklu mál og þess vegna segi ég það aftur og enn, að það er ekki til sóma fyrir þessa virðulegu stofnun hvernig eftirrekstur-inn hefur verið varðandi það að pína þetta mál fram. Það er raunar svo, eins og öllum hv. þm. er kunnugt, að það er búið að breyta málinu í stórum atriðum frá því sem hæstv. iðnrh. lagði það fram. Til hvers bendir það? Það bendir auðvitað til þess, að málið var ekki nægilega vel undirbúið af hálfu hans virðulega ráðuneytis.

Það er svolítið fróðlegt og raunar eftirtektarvert að sá flokkur, þar sem orðið stóriðja var árum saman nánast bannorð, skuli nú hafa forgöngu í þessu máli með þeim hætti sem nú liggur fyrir. Það er ein af þversögnum sögunnar hvernig þessar breytingar hafa gerst. Það, sem eitt sinn var bannorð, skal nú vera bjargvættur. Um þetta mætti fara nokkuð mörgum orðum, svo mjög sem þessi mál eru nú til umræðu í íslensku þjóðfélagi. Það er ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér stöðu þessara mála almennt nú þegar þetta frv. er hér til afgreiðslu, og hvernig haldið hefur verið á öðrum skyldum málum. Nú er talað um að leggja hér út í mikla áhættufjárfestingu. Á þessu stigi fylgja ekki fjármögnunaráætlanir um það, hvernig að því skuli staðið. Jafnframt er um það talað, að Íslendingar kaupi álverið í Straumsvík, og einhverja peninga kynni einhvers staðar að þurfa að taka til þess. Það er líka merkileg reynsla að allt í einu virðist sem í því máli hafi fundist einhver bjargvættur austur í Japan, eftir því sem hæstv. iðnrh. hefur skýrt frá. En eitt vil ég biðja menn um að hugleiða þegar þau gylliboð eru rædd sem sumir hafa svo nefnt og hafa verið rakin í fjölmiðlum að nokkru: Halda menn að Japanir t. d. séu á þessu sviði með einhvers konar góðgerðarstarfsemi? Ég held ekki. Ég held að þeir hugsi sér eins og önnur fjölþjóðafyrirtæki eða önnur stórfyrirtæki á þessu sviði að hafa nokkuð fyrir sinn snúð. Hvað sem má um Alusuisse segja, — og ekki

skal ég taka upp hanskann fyrir það, síður en svo, — hvað sem má um það segja er ég ekki viss um að Japanir eða aðrir séu auðveldari í þessum viðskiptum heldur en Svisslendingar. Ég held að þar hugsi hvert þessara fyrirtækja sem er um að gera hagnað sinn sem mestan með öllum tiltækum ráðum, þó að þau jafnvel kunni að vera á mörkum þess sem löglegt er og innan samninga. En það er auðvitað alkunna, að ekki aðeins Alusuisse, heldur mörg önnur svipuð fyrirtæki hafa átt í málaferlum, ekki í einu landi heldur í mörgum löndum, verið kærð fyrir ólöglegt athæfi, ég hygg að það gildi einnig um Alusuisse, *og jafnvel hlotið dóma. Ekki skal ég bera blak af þeim*, síður en svo. Mér finnst það hins vegar sorglegt þegar rifjað er upp er hæstv. iðnrh. kom í fjölmiðla, bæði í útvarp og sjónvarp, og setti þar fram mjög alvarlegar ásakanir á þennan auðhring, en svo jafnframt varnagla í lok hverrar setningar. Það er mér mjög minnisstætt. Þar vantaði ekki varnaglann. Engu að síður hefur mér fundist sorglegt hvernig þetta mál hefur, frá því að hæstv. iðnrh. kvaddi sér hljóðs um hið sviksamlega athæfi, verið að minnka og minnka, og mér sýnist nú að þar standi næsta lítið af þeim stóru tölum sem upphaflega voru nefndar. Með þessu er ég síður en svo að gefa í skyn að þessi auðhringur sé saklaus af að hafa farið á snið við reglur. Það má vel vera að svo sé og raunar tel ég frekar líklegt að hér hafi verið beitt öllum tiltækum ráðum, eins og önnur fyrirtæki þessarar tegundar nota til þess að gera sinn hagnað sem mestan og sjást þá oft ekki fyrir, eins og ýmis alþjóðleg deilumál af þessu tagi sanna. Mér þykir þetta miður vegna þess að ekki verður komist hjá því að draga þá ályktun af þróun þessa máls alls, að á því hafi ekki verið haldið af nægilegri festu og skynsemi af okkar hálfu, því miður. Þar hefur eins og um ýmislegt fleira verið rasað um ráð fram, menn kannske sagt meira en efni hafa staðið til, og það kann ekki góðri lukku að stýra. Kannske er tilgangurinn með þessari umr. allri sá að gera tortryggilegt allt samstarf við erlenda aðila í þessum efnum. Það má vel vera, og ég hygg að það hafi þá að nokkru tekist.

Hafa menn hugsað þetta dæmi til enda? Nú segja menn: Yfir okkur er tímabundin kreppa á sviði alþjóðlegra viðskipta. Sú kreppa er búin að vera tímabundin nokkuð lengi, og auðvitað veit enginn hver verður framvinda þess máls. En hvar stöndum við ef spárnar um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, markaðsspárnar reynast álíka tryggar og þær spár sem gerðar voru fyrir Grundartangaverksmiðjuna? Hvar standa menn ef kreppunni í áliðnaðinum linnir ekki og ef við eignumst þetta fyrirtæki alfarið, eins og mér heyrist að sé sterk skoðun hæstv. iðnrh.? Hvar stöndum við þá? Nú stendur í sáttmála þessarar ágætu ríkisstj., að stefnt skuli að því að greiðslubyrði vegna erlendra skulda fari ekki fram úr 15% af útflutningstekjum. Það er rétt, ég held að við það skuli miðað. Nú er þessi tala komin í 20%. En hvert fer sú tala ef ekki skyldi ganga eftir það sem hér er spáð um hagstæð skilyrði? Ég held að á þessu sviði þurfum við að gá að okkur. Við höfum fyrir augunum dæmi um þjóðir sem hafa skuldsett sig til óbóta með fjárfestingum í miður skynsamlegum framkvæmdum.

Við höfum heyrt mikið af því gumað, hversu vel þetta mál hafi verið undirbúið. Það hefur komið glögglega í ljós í þessum umræðu, að þetta mál er hvergi nærri eins vel undirbúið og látið hefur verið í veðri vaka. Mér sýnist líka að við undirbúning málsins hafi embættismenn í umboði ráðh. gengið nokkru lengra en valdskiptareglur segja til um. Í því frv., sem hér er til umr., segir svo í 3. gr., með leyfi forseta, að stjórn félagsins skuli gera eftirfarandi: „a) Undirbúa frekari hönnun verksmiðjunnar og leita tilboða í byggingu hennar og búnað.“ Í skýrslu þeirri um kísilmálmverksmiðju, sem okkur hv. alþm. var afhent sem trúnaðarmál í mars, en flokkast nú ekki lengur sem slíkt, stendur á bls. 6, með leyfi forseta.: „Bindandi tilboð í vélar og tæki fyrir kísilmálmverksmiðju eiga að berast fyrir 1. apríl n. k. og þá fyrst verður hægt að skera úr um hvort tilboðið er hagkvæmara.“ Hér *er sem sagt búið að gera það sem Alþingi er að heimila* núna. Ég held að þetta sé spurning sem hv. þm., eins og hv. 11. þm. Reykv. sem ég veit að er mjög annt um virðingu Alþingis, ættu að velta fyrir sér.

Þá held ég að það orki líka tvímælis hvort embættismenn rn. geta undirskrifað yfirlýsingu um sölusamninga þó að þar sé auðvitað um skilyrta hluti að ræða, hvort slíkir embættismenn geti undirskrifað samninga um sölu á afurðum verksmiðju sem Alþingi er ekki búið að ákveða að stofna. Þarna held ég að menn hafi stigið fram úr því valdi sem þeir hafa að lögum. Ég held satt best að segja að þetta sé atriði sem Alþingi ætti að athuga sérstaklega, vegna þess að ég sé ekki betur af lestri þeirra gagna, sem fram hafa verið lögð, en að slík verk séu unnin í umboðsleysi, heimildarleysi og fullkomlega löglaust. Það getur ekki verið leyfilegt að afla bindandi tilboða í verksmiðju sem er ekki búið að samþykkja að byggja, og raunar er skýrt tekið fram í því frv., sem hér er til umr., að þar er heimilað að afla tilboða. Það er búið að afla þessara tilboða. Þau áttu að berast fyrir 1. apríl, stendur hér. Ég held að við þessari spurningu hljóti að verða að fást svar.

Ég hef áður látið í ljós nokkrar efasemdir um það, hvort staðsetning þessarar verksmiðju sé skynsamleg. Hæstv. ráðh. hefur svarað nokkrum þeirra spurninga sem hér voru fram bornar við 1. umr. Mér finnst hins vegar á það skorta að komið hafi fram nægilega skýr svör um náttúruverndarhlið þessa máls, eins og fram kemur í umsögn frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins. Þar segir, með leyfi forseta: „Varðandi staðarval á Reyðarfirði fyrir kísilmálmverksmiðju hafa ekki farið fram nauðsynlegar forrannsóknir til að ganga úr skugga um að staðsetning megi teljast forsvaranleg.“

Ég ætla ekki, herra forseti, að hafa þessi orð öllu fleiri þó að vissulega væri ástæða til að ræða þetta mál allt *miklu, miklu ítarlegar, en til þess er því miður ekki tími* nú. Ég ítreka þá skoðun mína, að þetta mál er hvergi nærri nægilega vel undirbúið. Það staðfesta allar þær umsagnir sem nefndum þingsins hafa borist um þetta mál. Það er auðvitað megingalli þessa máls, að kastað hefur verið höndum til undirbúningsins og ofurkapp lagt á að ná því fram hér og nú, þó að vísu sé búið að sníða af því nokkra annmarka, en þeir eru þó fleiri eftir.

ATKVGR.

Brtt. 941,1 felld með 14:2 atkv.
1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 941,2—6 teknar aftur.
Brtt. 940,1.a felld með 8:5 atkv.
Brtt. 940,1.b felld með 8:5 atkv.
2. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 940,2 tekin aftur.

3.—14. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Brtt. 941,7 felld með 14:2 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Efri deild, 92. fundur.

Föstudaginn 7. maí, að loknum 91. fundi.

Kísilmálmverksmiðja á Reyðarfirði, frv. (þskj. 929). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 16 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu minni við 2. umr. um þetta mál er gert ráð fyrir því í 3. málsgr. 3. gr. að skýrsla skuli lögð fyrir Alþingi af hálfu undirbúningsstjórnar þegar athugunum er lokið og skuli lögð fyrir næsta Alþingi. Síðan segir: „Samþykki Alþingi niðurstöður skýrslunnar er ríkisstj. heimilt að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar." Hér er í rauninni gert ráð fyrir að niðurstöður skýrslu séu samþykktar á Alþingi. Þetta brýtur í bága við þingsköp að því leyti, að það er sérstaklega tekið fram í þingsköpum að ekki skuli ályktað um skýrslur. Í 30. og 31. gr. er þetta sérstaklega tekið fram. Og eins og einhver ágætur vanur þingmaður orðaði það gætu menn í rauninni alveg eins sett í lög að Alþingi ætti að samþykkja bók eftir Laxness ef menn ætluðu að fylgja þeirri reglu að skýrslur væru samþykktar eða synjað á Alþingi.

Eins og ákvæðið er, þá er sem sagt brotið gegn þingsköpum. Það stenst auðvitað lagalega að setja lög sem taka af þingsköp. En ekki er það skemmtileg aðferð og algerlega óþörf eins og kom fram í umr. í nefndinni. Þessa grein má orða með þeim hætti að farið sé að þingsköpum. Ég tel eðlilegt að menn leitist við að fara eftir þingsköpum og haldi þeirri hefð í heiðri, sem þar hefur verið lögð, og fylgi þeim lögum við afgreiðslu mála. Þess vegna geri ég að tillögu minni að þessi grein orðist þannig:

„Stjórn félagsins skal gera skýrslu um starfsemi félagsins og athuganir, sem ráðh. leggi fyrir næsta Alþingi, svo og þáltill. eða lagafrv. til staðfestu á heimild til ríkisstj. til að leggja fram allt að kr. 200 000 000 í hlutafé til viðbótar."

Með þessum hætti tel ég að sé ótvírætt farið að þingsköpum, og ég get ekki séð annað en að það sé bæði eðlilegt og æskilegt að þessi breyting sé gerð, ekkert sem mæli gegn því, og að leiðrétting af þessu tagi ætti að eiga greiðan gang í gegnum deildir þingsins. Ég geri því að till. minni að þessi till. verði tekin til umfjöllunar.

ATKVGR.

Afbrigði um skriflega brtt. (sjá þskj. 943) samþ. með 14 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Egill Jónsson): Herra forseti. Mér þykir eðlilegt að það komi hér fram af hendi okkar, þeirra sem skipa meiri hl. n., að hér er um misskilning að ræða hjá hv. 2. þm. Reykn. Í 3. gr. segir að niðurstöður skýrslunnar eigi að leggja fyrir Alþingi, og síðan ræðst sú framsetning að sjálfsögðu af þingsköpum Alþingis sem gera ráð fyrir að atkv. gangi um annað tveggja þáltill. eða frv. Þetta er alveg skýrt. Til viðbótar við þetta er kannske vert að geta þess, að hér er um svo að segja sama orðalag að ræða og var viðhaft fyrir einu ári í sambandi við lagasetningu um raforkuver sem ríkisstj. flutti, en í 2. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Ákvarðanir um framkvæmdir í virkjunarmálum, þ. á m. um framkvæmdaröð, skulu staðfestar af Alþingi." Nú hefur þetta verið gert með sérstakri þál. þótt ekki hafi sérstaklega verið tilgreint í lögunum í hvaða búningi sú ákvörðun skyldi lögð fyrir Alþingi. Það er sem sagt stutt að leita algerrar hliðstæðu við þetta. Þá komu, eftir því sem ég man best, ekki fram, hvorki við umfjöllun í nefnd né við umr. hér í þessari hv. deild, neinar ábendingar um að hér væri rangt að farið.

Þetta þykir mér eðlilegt að komi fram, og m. a. á grundvelli þessara raka greiði ég atkv. gegn þessari tillögu.

Ólafur Ragnar Grímsson: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram, að það er skilningur okkar að þegar lögð hefur verið fram skýrsla af hálfu þeirrar stjórnar, sem kjörin verður fyrir kísilmálmverksmiðjuna á Reyðarfirði, þá beri einnig að leggja sérstaka þáltill. fyrir Alþingi þar sem Alþingi lýsi yfir afstöðu sinni til niðurstöðu þeirrar skýrslu. Ég tel ekki þörf á því að vera að samþykkja um þetta hér sérstakar brtt., bæði með tilliti til þess, að langt er liðið á þingstörfin og það kynni að tefja fyrir framgöngu málsins. Ég vildi engu að síður láta það koma hér skýrt fram, að það er ekki okkar skilningur á ákvæðum þessarar lagagr., að eingöngu eigi að leggja hér fram skýrslu, heldur þurfi Alþingi að taka á formlegan hátt afstöðu til niðurstöðu hennar með þáltill. sem lögð væri fram í framhaldi af þessari skýrslugerð, á nákvæmlega sama hátt og Alþingi hefur tekið afstöðu til virkjanamálsins hér á síðustu dögum.

Frsm. minni hl. (Kjartan Jóhannsson): Herra forseti. Það er auðvitað nokkurs virði að fá fram yfirlýsingar frá stuðningsmönnum þessa lagafrv. um hvern skilning þeir leggi í það orðalag sem valið er í lagagr., svo að menn þurfi ekki að velkjast í vafa um það. Sá skilningur er greinilega sá, að það skuli gert með þeim hætti sem Alþingi venjulegast ályktar eða lætur vilja sinn koma fram, annaðhvort með þáltill. eða með lagafrv. Þessar yfirlýsingar eru auðvitað nokkurs virði. En ég tel að þá sé eins gott að það standi í greininni, það sé skýrara og betra. Þess vegna er þessi till. fram borin og þess vegna legg ég til að hún verði samþykkt.

ATKVGR.

Brtt. 943 felld með 12:2 atkv.
Frv. samþ. með 13 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: EKJ, GeirG, GB, LJ ÓRG, SM, SalÞ, StefG, StJ, ÞK, DA, EJ, HS.
EG, KJ greiddu ekki atkv.
5 þm. (GK, GTh, JH, KSG, TÁ) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu.

Lárus Jónsson: Herra forseti. Ég legg áherslu á að þegar þetta mál kemur aftur til athugunar og afgreiðslu Alþingis verði ákvæði um eignaraðild að fyrirtækinu endurskoðað í samræmi við nýtt mat á arðsemi þess. Í trausti þess segi ég já.

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Ég leyfi mér að vitna til orða hv. 3. þm. Norðurl. e. og segi já.

Stefán Jónsson: Herra forseti. Þetta mál kemur til kasta Alþingis öðru sinni áður en til ákvörðunar kemur. Það er ekki meinfýsi heldur uggur sem býður mér það í grun, að þá kunni mér að verða þeim mun léttara að segja nei sem mér er nú tregt að segja já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 944).

Neðri deild, 88. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 10 árdegis.

Tilhögun þingfunda.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég vil taka það fram um fundarhöld í dag, að fundi verður nú haldið áfram til kl. 12. Síðan verður gefið matarhlé 12—13.30 og síðan áfram fundur til 5. Frekari ákvarðanir hafa ekki verið teknar. Forseti telur sér það ekki fært, minnugur þess að hann hefur starfað undir hótunum um lögsókn fyrir brot á vinnuverndarlögum. En ef við eigum óunnin verk þá og ekkert frekara samkomulag hefur verið gert, þá geri ég fremur ráð fyrir því, að þar næsti fundur verði boðaður á mánudag kl. 2.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 739 (sbr. 718), n. 892 og 905, 893). — Frh. 2. umr.

Matthías Bjarnason (frh.): Herra forseti. Áður en verður haldið áfram ræðunni langar mig að segja aðeins örfá orð út af aths. hæstv. forseta. Ég fagna því, að hann tekur nú tillit til óska og líka til laga sem Alþingi hefur samþykkt um vinnuvernd. Það er manni mikil huggun að heyra að forseti hefur tekið stakkaskiptum í þessum efnum. Skal svo útrætt um það mál.

Ég ræddi hér í gær um það ástand sem hefði skapast núna í sambandi við þær miklu karfaveiðar sem eru stundaðar af verksmiðjuskipum frá Sovétríkjunum fyrir utan 200 mílur. Af því að ég sé að hæstv. sjútvrh. er að ganga í salinn og þetta skiptir atvinnulífið og skattlagninguna, sem hér er um að ræða, verulegu máli, þá er auðvitað ekki nóg að segja að menn séu mjög uggandi í þessum efnum, heldur verður jafnhliða að hefja viðræður við þessa þjóð. Ég minni á samning sem gerður var á milli Íslands og Ráðstjórnarríkjanna snemma árs 1978 um samstarfsnefnd sem komið var á milli þessara þjóða til þess að tryggja verndun fiskstofnsins á höfunum umhverfis Ísland, bæði innan okkar landhelgi, sem er okkar mál, en utan við landhelgi, sem er mál þeirra þjóða sem sækja veiðar á þessum svæðum. Við vitum að þessi þjóð er með þeim fremstu í veröldinni sem hafa komist upp á lagið með að fiska í mjög djúpu vatni og hafa eytt til þess miklu fjármagni og vinnu. Því vil ég í þessu tilfelli nota þetta tækifæri heldur en vera að standa hér upp utan dagskrár og spyrja hæstv. sjútvrh. að því, hvort það verði ekki ákveðið þegar í stað frá hendi ríkisstj. Íslands að kalla þessa nefnd saman til viðræðna um þetta gífurlega hagsmunamál okkar Íslendinga.

Í málefnasamningi eða stjórnarsáttmála núv. ríkisstj. segir í sambandi við sjávarútvegsmál: „Fiskveiðar og fiskvinnsla verði samræmd eftir því sem tök eru á, þannig að hagnýting fiskiskipastóls og fiskvinnslufyrirtækja verði sem best. Í þeim efnum verði komið á samstarfi þeirrra aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta um löndun á afla og dreifingu milli staða með það markmið í huga að tryggja jafnan og stöðugan rekstur og atvinnuöryggi þess fólks sem við fiskveiðar og fiskvinnslu starfar."

Síðar segir: „Lögð verði áhersla á að auka nýtingu hráefnis og draga úr kostnaði, jafnt við veiðar og vinnslu. Gerð verði áætlun um framleiðniaukningu í fiskiðnaði og sérstök áhersla lögð á, að fiskverkunarfyrirtæki nái almennt því marki í hagkvæmum rekstri sem nú þekkist best. Ráðstafanir verði gerðar til þess að beina fjármagni til þessa verkefnis."

Nú er verið að leggja hér nýjan skatt á þjóðina, á atvinnuvegina. En hvernig reynir ríkisstj. að sinna þessu mikilvæga verkefni sínu? Hvað er gert til þess að fiskvinnslufyrirtækin geti aðlagað störf sín og aukið hagkvæmni? Er verið að bæta fjármagni við til þess að lána í þessu skyni? Nei, ekki aldeilis. Stærsti stofnlánasjóður sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður, er tómur. Greiðslustaða hans er slík að hann kemur ekki til með að greiða eyri í þeim lánsloforðum sem þegar hafa verið veitt til fiskvinnslu í landinu. Hún hefur verið skorin niður í 65 millj. úr 200 millj. og Fiskveiðasjóður getur örugglega ekki greitt þessi lán út og í raun og veru engin von til þess, að það verði hérna megin við áramótin, heldur verður sennilega komið fram á árið 1983. Þetta eru efndirnar í þessum efnum.

Hins vegar er fjárfesting í fiskveiðunum upp á hundruð milljóna, fjárfesting sem hefði mátt bíða vegna þess að loðnuflotinn kemur af öllum þunga inn á bolfiskveiðarnar. Þannig er meginstefna þessarar ríkisstj. í framkvæmd. Það er allt þveröfugt við það sem þeir ætluðu sér í upphafi, þessir menn. En það er alltaf haldið áfram í nýrri og nýrri skattlagningu. Þar stendur ekki á þeim. Og af því að hæstv. dómsmrh. er hér viðstaddur langar mig nú að spyrja hann, þar sem hann á sæti í bankaráði Búnaðarbankans, hvort hann telji að Búnaðarbankinn geti tekið á sig þennan nýja skatt án þess að nokkuð verði breytt vaxtakjörum eða þóknun fyrir þjónustu bankans. Telur hæstv. dómsmrh. að með þessu frv. sé verið að leggja þennan skatt á þann hlutann sem kemur á Búnaðarbankann? Telur hann að Búnaðarbankinn eigi einn að yfirtaka þennan skatt? Telur hann að Búnaðarbankinn eigi ekki þess vegna að hækka útlánsvexti sína eða lækka innlánsvexti eða hvort tveggja? Telur hann að þóknun til bankans eigi að vera óbreytt? Þetta væri fróðlegt að heyra frá hendi bankaráðsmanns.

Ég sé líka hér inni annan bankaráðsmann. Hann er í Útvegsbankanum. Það er 1. varaforseti þessarar deildar. Ég vil líka spyrja hann, af því að hann er í stjórnarliðinu eins og dómsmrh. og báðir úr kjördæmi Jóns Prímusar,

hvort hann telji að Útvegsbankinn geti tekið á sig þennan skatt að öllu leyti, án þess að verði hróflað við útlánsvöxtum til hækkunar eða innlánsvöxtum til lækkunar, og þóknun bankans verið óbreytt. Það er fróðlegt að fá að vita það frá mönnum sem eru með reynslu í þessum efnum, hvað þeir telja, hvort þeir hafi ekki athugað þetta gaumgæfilega áður en þeir léðu máls á að samþykkja þetta frv., áður en annar þeirra lagði fram þetta frv. í nafni ríkisstj.

Ég spyr líka hæstv. dómsmrh. að því, hver hann telji að sé munurinn á því að leggja slíkan skatt á viðskiptabanka, ríkisbankana, og að leggja skatt á hin almennu ríkisfyrirtæki í landinu. Hvar á að skilja á milli? Hví á ekki að leggja þá skatt líka á ríkisfyrirtækin? Og þá ætla ég að spyrja hann um Sementsverksmiðju ríkisins þar sem hann á sæti í stjórn. Þykir honum ekki eðlilegt að leggja skatt á Sementsverksmiðjuna? Er hún fær um að greiða slíkan skatt án þess að hækka sementið, eða á að halda áfram leiknum frá því í fyrra að láta Sementsverksmiðjuna taka erlent lán til þess að standa undir hallarekstri? Það kemur einhvern tíma að skuldadögum, en þá verða þessir menn horfnir úr ríkisstj.

Þetta væri fróðlegt að fá að vita frá hendi manna sem eru að leggja þennan óskapnað fram og virðast meina það að koma þessu í gegn á sama tíma og þeir gera ekkert í því sem þeir hétu í upphafi þessa stjórnarsamstarfs.

Mér finnst vera kominn tími til fyrir þá menn, sem telja sig til Sjálfstfl. í ríkisstj., að láta eitthvað í sér heyra, að vera ekki eins og eitthvert hrúgald í sætunum og bíða alltaf meðan Framsfl. og Alþb. eru að deila um hlutina. Það er aldrei talað um þessa menn, að þeir séu til í ríkisstj. Það er bara sagt að það sé verið á fundum um málin í Alþb. og Framsfl. og þar sé verið að rífast. Þegar einhver lausn hefur fengist í bili á deilum þessara flokka, þá er sagt að það rétt sjáist að þeir dragi andann, þessir þrír. Það er furðulegt að hafa slíka forustu í ríkisstj. og að þjóðfélag gangi með svona lík í lestinni. Ég spyr: Hvenær ætla þessir menn að manna sig upp eða standa upp og segja: Við sitjum ekki í svona óstjórn?

Það er undarlegt fólk þetta vinstra fólk, sérstaklega kommarnir. Þegar þeir eru í stjórnarandstöðu er hamast og djöflast á öllu, að allt sé ógert, það sé verið að draga úr framkvæmdum. Það er heimtað að stórauka framkvæmdir á öllum sviðum. Þegar launakröfur voru uppi skrifaði Svavar Gestsson í Þjóðviljann bullsveittur: Af hverju er ekki gengið að kröfum blessaðs launafólksins, verkafólksins í landinu? Því er verið að láta fólkið bíða? Því er verið að kvelja fólk með þessum hætti? En þessir karlar, sem sitja í ríkisstj., þessir karlar, sem stjórna peningamálunum, hreiðra um sig í kerfinu. Þeir hafa það gott, þeir hafa nóga peninga, nóg laun. En af hverju eru þessir menn með fríðindi eins og bílafríðindi?

Hvað sagði Þjóðviljinn þegar Geir Hallgrímsson var borgarstjóri í Reykjavík og Birgir Ísleifur: Að sjá þessa broddborgara vera að veiða fyrstu laxana í Elliðaánum. Þarna er þeim rétt lýst. Verkamaðurinn á eyrinni, hafnarverkamaðurinn, fær ekki að fara með stöngina sína upp í Elliðaárnar og veiða fyrir ekki neitt eins og þessir fínu íhaldsmenn. — Jú jú, svo tóku rauðliðarnir við völdunum í Reykjavík með Sigurjón Pétursson í broddi fylkingar. Ein fyrsta mynd á eftir var Sigurjón með stærðarvindil í munninum og laxveiðistöngina í Elliðaánum fyrir ekki neitt. Þannig er allt í pottinn búið hjá þessum rauðliðum. Og þarna vill Framsókn gamla sænga og líður vel, enda á hún fárra kosta völ, sú útlifaða gamla kona.

Nú spyr ég hæstv. fjmrh. og heilbrh. — hann er víst ekki kominn á fætur: Hvað á að gera núna í launamálunum á sjúkrahúsunum? Á að flytja dauðveikt fólk út af sjúkrahúsunum núna 10. maí, ríkisspítölunum, og 15. maí út af Borgarspítalanum? Af hverju er ekki samið við fólkið? sagði Þjóðviljinn. Af hverju spyr hann ekki núna: Af hverju er ekki samið við fólkið? Hvað er að núna? Hefur eitthvað komið fyrir eða hafa þeir bara skipt um skoðun? Það er dálítið líkt með kommunum og þessu gíruga vinstra fólki og veiðibjöllunni. Þegar veiðibjallan kemst í fiskúrgang í þróm fiskmjölsverksmiðja étur hún yfir sig og nær ekki fluginu því að hún er svo södd. Sama er að gerast hérna með þessa róttæku vinstri menn. Þegar þeir komast að kjötkötlunum éta þeir yfir sig, og þeir komast ekki einu sinni á fund þó að hann sé ekki auglýstur fyrr en kl. 10. Þeir eru svo saddir. En raunalegast af öllu er að það skuli vera þrír sjálfstæðismenn sem halda þessari ólukku við völd. Meira að segja einn sér það og veit það, en hinir tveir vilja ekki vita það.

Hvaða ríkisstj. er það sem hefur farið aðrar eins kollsteypur í efnahagsmálum og núv. ríkisstj.? Hún byrjar á því að viðurkenna að gengið verði að aðlagast framleiðslukostnaði til þess að halda atvinnulífinu gangandi. En svo kemur gamall maður, sem er hættur að fylgjast með tímans rás og efnahagsmálum, á gamlárskvöld 1980 og segir: Við verðum að setja okkur markmið. Markmiðið er 40% verðbólga. Hvað sem það kostar atvinnulífið verður þetta að vera markmiðið. — Þannig var eyðilagður grundvöllur atvinnulífsins sem við erum ekki komnir út úr enn þá og verðum lengi að komast út úr. Svo er gefist upp við þetta, sem eðlilegt er, í byrjun þessa árs. En eftir stendur að það er eftir að rétta af þann mikla halla sem skapaðist af aðgerðum ríkisstj. á árinu 1981. Það er þetta sem er gerð krafa til stjórnarinnar að fara nú að gera eða fara frá ella, sem væri auðvitað miklu happadrýgra fyrir þjóðina að hún gerði. En ekkert á að gera.

Eins og ég sagði í gær eru farfuglarnir ýmist komnir eða að koma til landsins, en farfuglar ríkisstj. eru að fara. Það var einn farinn í gær, það eru tveir farnir í dag og sennilega þriðji á morgun og fjórði á sunnudaginn, en svo vita menn ekki um framhaldið. Hvort þeir fara allir veit ég ekki. En ástandið er þannig í þjóðfélaginu að þessi skattaglaða ríkisstj. heldur áfram að leggja byrðar á almenning og atvinnulífið í landinu og láta fínar stofnanir reikna út verðbólguna miðað við vísitöluvörurnar sem alltaf er verið að svindla og ljúga áfram frá mánuði til mánaðar. Verðbólgan heldur áfram, æðir áfram, og hér er Alþingi upptekið af því að rífast um verksmiðjur, um deilur í orkumálum, og allt situr í sama farinu og fyrir ári. Þó að þessar ákvarðanir hafi nú verið teknar er sjáanlegt á öllu að þessum deilum er ekki lokið. Þannig var þessum málum stefnt. Það var reynt að ganga fram hjá stjórnarandstöðunni við allan undirbúning, eins og þessi ríkisstj. hefur gert í flestum tilfellum. Hún hefur verið verst allra ríkisstj. í því að reyna að ganga fram hjá stjórnarandstöðu í veigamiklum málum þar sem stjórnarandstaðan á fullan rétt á að fylgjast með og taka þátt í stefnumótun. En það hefur þessi stjórn ekki viljað því að hrokagikkshátturinn stjórnarinnar, ákveðinna manna innan hennar, hefur verið með þeim hætti að þetta hefur ekki mátt. Svo er alltaf gripið til þess að íþyngja þjóðinni í sköttum.

Þetta frv. er dæmigert fyrir það, að verið er að auka

skattana á almenning, á atvinnulífið, á sama tíma og stöðvaðar eru framkvæmdir til þess að auka hagkvæmni í atvinnulífinu. Árangurinn af þessari stefnu er svo minnkandi þjóðarframleiðsla. Í staðinn fyrir að stefna að aukningu þjóðarframleiðslu er markvisst verið að minnka þjóðarframleiðsluna.

Við skulum taka t. d. lítinn samanburð sem sýnir spár á örstuttum tíma. Í haust, þegar við vorum að byrja að vinna að langtímaáætlun í vegamálum í samstarfi við Vegagerðina, var reiknað með spám Þjóðhagsstofnunar um þróun í vergri þjóðarframleiðslu. Í tekjum til vegamála á áætlunartímabilinu var reiknað með í þessari haustspá Þjóðhagsstofnunar að þessi þróun yrði þannig að 2.1—2.4% ættu að gefa 9958 millj. En við endurskoðun á spám Þjóðhagsstofnunar frá 3. mars er þessi tala komin niður í 9533 millj. M. ö. o.: þessi spá, sem bara snertir framlag til vegamála, sem er aðeins 2.4% af þjóðarframleiðslunni, lækkar um 425 millj. á þessu tímabili. Hugsið ykkur lífskjör í þessu landi ef áfram heldur stefna eða stefnuleysi þeirrar ólukku ríkisstj. sem nú situr. Við erum að sigla hraðbyri inn í fátæktina, enda er farið að fara minna fyrir kröfugerðarmönnunum í Alþb. á seinni árum. Það eru líka að þynnast fylkingarnar 1. maí. Það er minnkandi traust á forustumönnum Alþb. og ber ótvíræðan vott um hvert er verið að stefna. En þeir liggja afvelta eins og veiðibjallan. Þeir hafa étið yfir sig.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég taldi nauðsynlegt að rifja upp ástand og horfur í efnahagsmálunum um leið og stjórnarliðið er að myndast við að leggja nýja skatta á þjóðina og er orðið óróleg að geta ekki komist í sumarfrí því að stjórnarandstaðan vill ræða málin og líka ástand þjóðmálanna almennt.

Í önnum þingsins á undanförnum vikum í sambandi við stóriðjumál og raforkuframkvæmdir virðist hafa gleymst hjá allflestum þm. þetta mikilvæga mál, efnahagsmálin, sem eru að verða sífellt meira áhyggjuefni. Það eru blikur á lofti. Við getum ekki mörg ár í röð keypt af okkur atvinnuleysið með nýjum erlendum lántökum. Það kemur einhvern tíma að því, ef slíkir menn eiga að ráða, að lánstraust þjóðarinnar verður búið á erlendum mörkuðum, þó að það hafi verið mjög gott þegar þessi ríkisstj. tók við. Áform hennar í sambandi við erlendar lántökur miðað við stjórnarsáttmálann hafa að engu orðið, eins og menn geta séð með því að bera saman stjórnarsáttmálann og það, að nú þegar eru erlendu lántökurnar komnar svo hátt að rúmlega fimmta hver króna af því, sem framleitt er og selt til útlanda, fer til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánum.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Hér er til umr. enn eitt skattafrv. núv. hæstv. ríkisstj., hér er einn liðurinn í skattaherferð gegn almenningi. Því hefur verið lýst mjög vel af síðustu hv. ræðumönnum, hvernig þessi bankaskattur kemur óhjákvæmilega til með að bitna á öllum almenningi, fyrst og fremst þeim sem eru viðskiptamenn banka, annaðhvort lánardrottnar eða skuldunautar, því að öllum er ljóst, að viðbótarskattur á innlánsstofnanir hlýtur að verða að greiðast með einhverjum hætti, þessar stofnanir búa ekki til peninga í sjálfu sér. Þær afla fjár fyrst og fremst með mun á útláns- og innlánsvöxtum og enn fremur með ýmiss konar þjónustugjöldum. Ef leggja á aukaskatta á þessar stofnanir, sem hingað til hafa ekki verið reknar með miklum hagnaði, er ljóst, að þeir eiga ekki annars úrkosta en leita eftir auknu fjármagni hjá viðskiptamönnum sínum.

Stefna núv. hæstv. ríkisstj. hefur verið með nokkuð sérkennilegum hætti, og margoft hefur verið bent á það, hvernig sú stefna hefur bókstaflega leitt af sér kjararýrnun þrátt fyrir það að sjávarafli hafi stóraukist. Það kemur í ljós þegar ferill Alþb. í þessari og undanförnum ríkisstjórnum er skoðaður. Verðbótavísitala hefur verið skert 10 sinnum. Gengi íslensku krónunnar hefur margoft verið fellt og þá á ég við formlegar gengisfellingar. Skattaálögur, eins og ég minntist á fyrr, hafa stórlega vaxið. Skattbyrði eignarskatta til ríkisins er nú tvöföld miðað við það, sem hún var 1977, og tekjuskattar eru 50% hærri. Ofan á þetta hefur þensla ríkisútgjalda stórlega vaxið og er nú gífurleg og það sem kannske verra er: greiðslubyrði erlendra lána hefur aldrei verið meiri.

Stór hluti erlendra lána er nú notaður til þess fyrst og fremst að halda ríkisútgjöldunum gangandi, þeim eyðsluútgjöldum sem stofnað hefur verið til. Á sama tíma hefur fjárfesting í atvinnulífinu dregist saman og íbúðabyggingum fækkað. Þetta hvort tveggja hlýtur að vera afleiðingin af þeirri stefnu sem fylgt hefur verið, þeirri stefnu að eyða áður en aflað er, þeirri stefnu að vanrækja að byggja upp atvinnuvegina sem hljóta þó að vera undirstaðan, því að án arðbærs atvinnurekstrar er útilokað að hér sé hægt að halda uppi því menningarlífi sem við Íslendingar höfum kosið okkur að halda uppi, og þá á ég við á sviði mennta- og menningarmála, félagsmála og heilbrigðismála. Eins og allir hljóta að átta sig á er útilokað að standa undir kostnaði við slík útgjöld nema því aðeins að til séu fyrirtæki í landinu sem veiti mönnum atvinnu og séu rekin með ágóða sem annars vegar hlýtur að standa undir launum almennings og hins vegar undir þeim skattgreiðslum sem eru grundvöllur þess, að við getum lifað hér menningarlífi.

Nú í lok þessa þings er enn á ný höggvið í sama knérunn hvað þetta varðar. Enn á ný er leitað til almennings og nú í því skyni að skattleggja almenning með þeim hætti að sem fæstir taki eftir og telji að þeir séu að greiða allt annað en skatt til ríkisins. Nú er farin sú leið að leggja skatt á bankastofnanir, innlánsstofnanir, og láta líta svo út að það séu þær fyrst og fremst sem séu að greiða þessi gjöld fyrir eigin rekstur, en ekki að þarna sé dulbúin leið fyrir ríkisvaldið til þess að ná sér í meira fé en það hefur nú þegar til umráða. Þetta rifjar upp fyrir mér að þegar menn fara til útlanda og þurfa að fara í banka til þess að fá erlendan gjaldeyri og borga með innlendum krónum verða þeir að greiða þar ákveðinn skatt sem sjálfsagt flestir halda að fari inn í bankakerfið sjálft. En þegar betur er skoðað og menn líta í fjárlagafrv. kemur það sanna í ljós, að það er ríkisvaldið sem tekur þennan skatt og færir hann beint í ríkissjóð. Með þessum hætti og fjölmörgum öðrum gerir ríkisvaldið í því að ná sér í fjármuni og helst með þeim hætti að sem fæstir taki eftir því og geti þá ímyndað sér að það sé verið að greiða til allt annarra þarfa.

Bankaskatturinn, sem hér er til umr., er að sjálfsögðu liður í þessari skattheimtustefnu ríkisstj., og það er athyglisvert, þegar athugað er hve skattar hafa hækkað á nokkrum undanförnum árum, að uppgötva það, að skattbyrði á föstu verðlagi miðað við árið í ár er nú miklum mun meiri en var fyrir 4 árum, sé árið 1978 tekið til viðmiðunar. Það er ekki víst, að allir átti sig á því, að á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir að íslenskur almenningur greiði í einu eða öðru formi meira en einn

milljarð nýkr. umfram það sem almenningur þurfti að leggja á sig árið 1978. Þetta er sú hækkun sem hefur orðið frá hausti 1978 og fram á þetta ár. Er þá látið staðar numið og ekki talið það sem hæstv. ríkisstj. gæti látið sér detta í hug á næstu mánuðum, en hugmyndaflug hennar virðist vera óþrjótandi þegar leitað er skattstofna í einhverri mynd.

Á því tímabili, sem ég var að nefna, hafa eignarskattar einstaklinga hækkað um 53 millj., og hér er ég að vitna til tekjuáætlunar fjárlaganna eins og þau voru samþykkt. Hækkun tekjuskatta á einstaklingum er 368 millj. Til frádráttar, svo að allt sé tekið til, lækkuðu sjúkratryggingagjöld um 126 millj. þannig að nettóhækkun á eignar- og tekjusköttum einstaklinga á þessu tímabili eru 295 millj.

Söluskattur var hækkaður um 2% haustið 1979. Þá var reyndar núv. hæstv. viðskrh. fjrmh., en núv. hæstv. fjmrh. var þá menntmrh. Þessi hækkun er á verðlagi yfirstandandi árs 256 millj. Vörugjald hækkaði um 6% á sama tíma. Á verðlagi yfirstandandi árs þýðir það 107 millj.

Gjald á ferðalög, sem tæpt var á hér áður, er samkv. fjárl. 47 millj.

Enn þá er gert ráð fyrir innflutningsgjaldi á sælgæti. Ef ég man rétt er það 3 millj.

Skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, sem vinstri stjórn Ólafs Jóhannessonar fann upp til þess að leggja verðbólguna að velli, er 32.1 millj. Það hefur verið rifjað upp í þessum umr., að tveir framsóknarráðherrar hafa lýst yfir að þeir séu andsnúnir þessum skatti. Allt kemur fyrir ekki, hann er lagður á. Í því sambandi má rifja það upp, að skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði var auðvitað fyrst og fremst lagður á á sínum tíma til að koma í veg fyrir það, eins og því var lýst, að verslunarfyrirtæki gætu tekið til sín verðbólgugróða og sett hann í steinsteypu og gler. Þetta var liður í herferð stjórnvalda til að koma í veg fyrir að fyrirtæki tækju fjármagn út úr bankakerfinu á lágum vöxtum, byggðu fyrir það húsnæði sem hægt væri að selja eftir ákveðinn tíma þannig að þessir fjármunir hefðu rentað sig samkv. byggingarvísitölu. Tæpu ári síðar eru samþykkt lög, Ólafslög svokölluð, sem gera ráð fyrir að farið sé eftir svokallaðri raunvaxtastefnu eða hávaxtastefnu, sem auðvitað hlaut að þýða að slíkt ævintýri eins og að taka bankalán og byggja fyrir það gat ekki borgað sig, enda er hægt að sýna fram á að markaðsverð á húseignum hefur ekki hækkað jafnmikið og fjármagn gerir á þeim vaxtakjörum sem nú eru ríkjandi. Þrátt fyrir allt þetta er áfram haldið með skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og atvinnuvegunum þannig mismunað þrátt fyrir gefin loforð og margfaldar yfirlýsingar um að nú skulu jöfnuð starfsskilyrði atvinnuveganna.

Hækkun á verðjöfnunargjaldi á raforku var 6% á þessum sama tíma. Slík hækkun gefur af sér 28.5 millj. kr.

Þá hefur skattahækkun á bensín umfram verðlagsbreytingar orðið 217 millj. Hér er verið að tala um hækkanir umfram fast verðlag, eingöngu þær hækkanir sem hafa orðið umfram fast verðlag, og það eru skattar sem renna beint í ríkissjóð. Hér er verið að ræða um tölur sem ríkissjóður fær. Hér er verið að sýna fram á hvernig ríkissjóður nærist á því þegar olíufurstarnir í Kreml og olíufurstarnir í Arabalöndunum hækka verð á olíu og bensíni.

Orkujöfnunargjald var lagt á ofan á söluskattsstofninn. Það gefur 191 millj. kr. í ár. Svo hælir hæstv. ríkisstj. sér af því, að það sé verið að jafna hitunarkostnað, þótt aðeins hluti af þessum skatti sé notaður til þess arna. En öllum er kunnugt að stærsti hluti þessa skatts, sem átti að fara til orkumála, hefur farið beint í ríkissjóð til allt annars heldur en til var stofnað.

Þá hefur verið lagt á sérstakt gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, 13.5 millj. Hv. þm., þ. á m. hv. þm. sem eiga sæti í fjvn., og af því að hér situr í salnum hv. 1. þm. Vesturl., — þeir þekkja hvílík ánægja er með Framkvæmdasjóð aldraðra og hvort slíkur sjóður hafi ekki uppfyllt allar þær vonir, sem til hans voru gerðar og hvort sú stefna að leggja á sérstakan skatt með þessum hætti sé ekki því máli til framdráttar. Hann getur spurt kjósendur sína á Vesturlandi þessarar spurningar. Ég er ekki viss um að hann hafi tekið í höndina á ráðh. og þakkað honum fyrir hvernig úthlutað var úr þessum sjóði. En það er önnur saga og kannske saga sem hv. 1. þm. Vesturl. getur sagt, ef hann hefur kjark til, í ræðustól síðar í þessum umr. Því miður gefst ekki tækifæri til að ræða um Framkvæmdasjóð aldraðra sérstaklega nú á þessu þingi því að ráðh. hefur nánast alræðisvald um úthlutun úr þeim sjóði þótt skylt sé að hafa samráð við fjvn. um hana.

Þá hafa markaðar tekjur, sem teknar eru í ríkissjóð, hækkað umfram verðlag frá árinu 1978 um 61 millj. kr.

Samtals gerir þessi skattareikningur 1 milljarð 252 millj. kr. En þá ber að taka til greina það sem hefur orðið til lækkunar, og það er fyrst og fremst niðurfelling söluskatts af matvöru haustið 1978, sem mun gera á verðlagi yfirstandandi árs 224 millj., og loks lækkun tolla og aðflutningsgjalda, sem er 97 millj., gæti verið heldur hærri tala miðað við síðustu aðgerðir í þeim efnum. Niðurstöðutala reikningsins, eins og hann stendur núna og ég hef verið að gera grein fyrir, er þá 931 millj. kr.

En hér er ekki öll sagan sögð, því að frá því að þessi reikningur var gerður upp og fjárlög voru til afgreiðslu hefur það gerst, að sett hefur verið á tollafgreiðslugjald sem hækkar niðurstöðutölur þessa reiknings talsvert. Og þegar rætt er um tollafgreiðslugjald er kannske ástæða til að rifja það upp, að í svokallaðri skýrslu ríkisstj. um efnahagsmál, sem dreift var hér á hv. Alþingi í lok janúarmánaðar og var til umr. hér á Alþingi, örlar á þeirri hugmynd, að hægt sé að leggja á tollafgreiðslugjald svokallað vegna þess — ég undirstrika: vegna þess að það sé í ráði að breyta lögum, koma með frv. um svokallaða tollkrít. En tollkrít eða greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum er baráttumál sem lengi hefur verið til umr. hér á þingi og a. m. k. tvívegis ef ekki þrívegis hafa þm. úr röðum sjálfstæðismanna lagt fram frv. þess efnis. Vorið 1980 kom í þennan ræðustól á hv. Alþingi hæstv. forsrh. og lýsti yfir að haustið 1980 mundi verða lagt fram frv. um tollkrít. Hæstv. fjmrh. kom á sama tíma í þennan ræðustól, tók að vísu ekki jafnmikið upp í sig og hæstv. forsrh., en gaf til kynna að að þessu máli yrði unnið strax þá um sumarið.

Staðreyndir málsins liggja nú fyrir. Það eina, sem hefur gerst, er að lagt hefur verið á tollafgreiðslugjald til þess að mæta útgjaldaauka ríkissjóðs, ef svo má að orði komast, vegna tollkrítarinnar, án þess að ríkisstj. hafi sýnt minnstu tilburði í þá átt að koma tollkrítarfrv. áfram.

Þrátt fyrir marggefin loforð hefur hæstv. fjmrh. ger-

samlega svikið í þessu máli. Hann hefur komið hér í ræðustól og sagt það sem hann hefur engan veginn getað staðið við. Og það sem verra er, a. m. k. að sumra áliti, er að hann hefur gert ummæli forsrh. þjóðarinnar að ómerkum ummælum. Á þessu tekur hæstv. fjmrh. fulla ábyrgð. Hann hefur krafist þess, að formaður fjh.- og viðskn. Ed., sem er formaður í þingflokki Alþb., neiti að afgreiða tollkrítarfrv. úr nefnd. Þetta er samsæri þessara tveggja manna sem fyrst og fremst sáu að með tollkrítarhugmyndinni var hægt að leggja aukaskatta á íslenskan almenning. Tollafgreiðslugjald var lagt á og auðvitað er það skattur sem bitnar á öllum almenningi þótt hann sé falinn með þessum hætti í vöruverðinu.

Þetta eru þung orð sem hér eru látin falla í garð þessara tveggja manna. En það er rétt og nauðsynlegt að það komist til skila til þeirra fjölmörgu sem hafa barist fyrir þessari bót sem hlýtur að verða á verslunarháttum Íslendinga, að hið sanna fái að koma í ljós og mönnum sé gert ljóst að það er hæstv. fjmrh. og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem bera ábyrgð á því, að þetta mál nær ekki fram að ganga. Til viðbótar og til þess að kóróna afskipti hæstv. fjmrh. af þessu máli má segja frá því enn fremur, að þá skýrslu, sem gefin var út í sept. 1981 og ég held á hér, skýrslu þar sem birtar eru tillögur til fjmrh. um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, geymdi hæstv. fjmrh. tryggilega í skúffu sinni um margra mánaða bil, þótt það stæði skýrum stöfum í þessari skýrslu að formaður nefndarinnar, sem var tilnefndur af hæstv. fjmrh., segði á nefndarfundi þessarar nefndar um tollamál, sem starfaði að þessum málum, að það væri ætlast til að starfinu lyki þá um sumarið, sumarið 1981, því að það væri ætlun ríkisstj. að leggja fram frv. á haustdögum, það væri nauðsynlegt að það fengi lagagildi um s. l. áramót því að það væri svo mikils virði fyrir ríkissjóð að hægt væri að dreifa kostnaðinum á tvö ár. Hvar eru efndirnar hjá hæstv. fjmrh. í þessu máli?

Það er eðlilegt, þegar verið er að leggja skatta á innlánsstofnanir, nýja skatta ofan á tollafgreiðslugjaldið sem rann í gegnum Alþingi fyrr á þessu þingi, að þá sé spurt að því, hvar þær bætur séu sem mátti lesa út úr stjórnarsáttmálanum varðandi innflutningsverslunina. Hvers vegna er ræða hæstv. forsrh. hér á hinu háa Alþingi gerð ómerk? Hvernig stendur á því, að hæstv. fjmrh. kemur í veg fyrir það með afskiptasemi sinni í nefnd í Ed. að hægt sé að afgreiða þetta mál? — Nú hristir hæstv. fjmrh. höfuðið. Að vísu sé ég það, en heyri ekki, eins og sagt var um annan ágætan ráðh. úr þessum ræðustól. En þá spyr ég: Hvernig stendur á því að formaður þingflokks Alþb. afgreiðir ekki þetta mál úr nefnd? — Og nú hristir hæstv. fjmrh. enn þá höfuðið og það er áreiðanlega yfir þeim ósköpum, að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli ekki vinna þetta mál almennilega í nefndinni. Vonandi hristist samt höfuðið ekki af hæstv. fjmrh., þó að yfir þeim ósköpum, sem sá þm. stendur að, sé eðlilegt að menn geti hrist lengi og mikið á sér höfuðið.

Þetta var, herra forseti, um nokkra þá skatta sem hæstv. fjmrh. í núv. ríkisstj. hefur staðið að, annaðhvort sem fjmrh. eða sem ráðh. í ríkisstj. sem hann hefur borið ábyrgð á. Ég taldi nauðsynlegt að þetta yrði rifjað upp rækilega hér, þegar enn á ný er sóst eftir því að leggja skatta á íslenskan almenning.

Ég minntist áður á svokallaða efnahagsskýrslu ríkisstj. sem var lögð fram á Alþingi í vetur og umr. urðu um. Áður en ég vík frekar að þeirri skýrslu, en það er einmitt bankaskatturinn sem fyrst er nefndur í þeirri skýrslu, tel ég nauðsynlegt að það komi fram varðandi skattamál, að til viðbótar tekju- og eignarsköttum á almenning, sem ég hef talið upp hér í nokkuð löngu máli til þess að gera því rækilega skil, bætist það, að skattvísitalan í fjárl. tekur ekki mið af hækkun launa milli ára. Bara vegna þessa atriðis, aðeins á þessum grundvelli fær ríkisstj. milli 25 og 30 millj. í ríkissjóð. Talið er að laun á milli áranna 1980 og 1981 hafi hækkað um u. þ. b. 53%, en samkv. fjárlögum er aðeins gert ráð fyrir að þessi hækkun hafi orðið 50%. Með óbreyttum álagningaraðferðum fást á föstu verðlagi — takið eftir — 25—30 millj. kr. í ríkissjóð umfram það sem mætti reikna með. Á þetta hefur lítið verið minnst. Hér þarf enga lagabreytingu. Hér þarf ekkert frv. að koma fram á hinu háa Alþingi. Þetta fólst aðeins í lítilli þriggja stafa tölu í einni grein fjárlagafrv. sem fáir tóku eftir og hafði reyndar litla þýðingu þá, því að þá átti eftir að reikna nákvæmlega þær forsendur sem sú tala byggðist á. Nú þekkjum við þessar tölur. Nú vitum við hver launahækkun varð á milli áranna 1980 og 1981. Nú er öllum ljóst að bara með því að ákveða skattvísitöluna sjálfa er um að ræða auknar álögur. Það er einn milljarður og fast að 100 millj. kr. til viðbótar þeim sköttum, sem voru lagðir á almenning 1978, sem nú leggjast á þennan sama almenning fjórum árum síðar. Þetta er sú breyting sem orðið hefur á valdaferli núv. hæstv. ríkisstj. og þeirrar vinstri stjórnar sem á undan henni sat. Þetta er sú staðreynd sem verður að koma fram. Þetta er sú forsenda sem við verðum að ræða þetta mál á þegar nú enn á ný er efnt til skatta á almenning.

Ég minntist, herra forseti, á það áðan, að það hefði verið rætt fyrr í vetur á þingi um efnahagsstefnu ríkisstj. þegar stjórnin lagði fram skýrslu sína um efnahagsmál. Það er kannske að bera í bakkafullan lækinn að gera meira grín en þegar hefur verið gert að svokallaðri efnahagsstefnu ríkisstj., en mér finnst vera ástæða til þess þegar auglýst er á hverjum degi í fjölmiðlum að ríkisstj., Seðlabankinn, bjóði betri vexti en aðrir aðilar í þjóðfélaginu, að það sé gerð nokkur grein fyrir því, hvernig stefna hæstv. núv. ríkisstj. hefur leitt til þess, að allt fjármagn, sem er á lausu í þessu þjóðfélagi, sogast til ríkisins. Það er reyndar stórkostlega fyndið að sjá það í þessari skýrslu, að þar sé sagt að áherslan hvíli á aðhaldsstefnu í útlánum til almennings, einmitt vegna þess að aðhaldið nær ekki lengra en til þess, að almenningur og fyrirtæki geta ekki tekið lán, þau fá ekkert til sín, en fyrir ríkissjóði eru allar gáttir opnar.

Í kaflanum um peningamál í þessari skýrslu ríkisstj. segir á þessa leið, með leyfi forseta:

„Með sérstökum aðgerðum í peningamálum mun ríkisstj. reyna að tryggja að þessi þáttur efnahagslífsins stuðli að auknu jafnvægi og hjöðnun verðbólgu. Áætlanagerð um peningamál verði notuð í því skyni að þróun helstu peningastærða miðist við þann ramma sem efnahagsstefna og markmið ríkisstj. myndar.“

Ég efast um að nokkur maður, sem hér er inni, hafi skilið hvað í þessu fólst, því að þetta er óskiljanlegt, þessi texti sem kemur úr þessari rammagerð hæstv. ríkisstj. Síðan segir í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Aðhald í peningamálum verði aukið með ýmsum ráðstöfunum og látið ná til allra þátta sem áhrif hafa á þróun útlána og peningamagns. M. a. verði sveigjanlegri bindiskyldu beitt í þessu skyni. Lagt verði að innlánsstofnunum að gæta ítrasta aðhalds í í útlánum þannig að

þau verði í samræmi við efnahagsstefnuna.“

Með þessum orðum, herra forseti, er verið að vara við því að lána einstaklingum og fyrirtækjum. Hér er um að ræða orðsendingu hæstv. ríkisstj. til bankakerfisins um að hætta útlánum til einstaklinga og fyrirtækja. Síðan segir, með leyfi forseta:

„Unnið verði að því að draga úr fjármagnskostnaði, m. a. með lækkun vaxta í samræmi við hjöðnun verðbólgu.“

Hefur nokkurn tíma nokkur heyrt þetta áður? Ég spyr. Og loks segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstj. mun beita sér fyrir nýrri lagasetningu um meðferð hagnaðar Seðlabanka Íslands.“

Þetta er auðvitað dúsa upp í Alþb. sem telur Seðlabankann vera óþrjótandi gullnámu, eins og kom greinilega fram í umr. fyrr á þessu þingi þegar sækja átti gull í greipar Seðlabankans.

Eins og sjá má er á ferðinni í þessari efnahagsskýrslu ríkisstj. fyrirheit um lægri vexti og yfirlýsing um aukið aðhald. En þegar við skoðum þetta betur, jafnvel með hliðsjón af textanum í þessari sömu efnahagsskýrlu, kemur annað í ljós, því að aðhaldið nær ekki til ríkisins. Og þá leyfi ég mér að lesa hluta úr texta sem fjallar um erlendar lántökur, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr erlendum lántökum.“ Eins og allir vita er hæstv. núv. fjmrh. Íslandsmeistari í þeirri grein. — „Í því skyni verði leitað samkomulags við viðskiptabankana um aukna þátttöku innlendra lánastofnana í fjármögnun framkvæmda.“

Sem sé: Í kaflanum um peningamál var talað um aukið aðhald, en nú á að fá peninga hjá viðskiptabönkunum til að komast hjá erlendum lántökum sem ríkisstj. þarf á að halda, m. a. til að greiða niður hallarekstur á opinberum fyrirtækjum. Aukið aðhald nær ekki til ríkisins.

En hæstv. ríkisstj. ætlar ekki eingöngu að fá lán í bönkum því að einmitt í fjáröflunarkaflanum er getið um þann svokallaða bankaskatt sem hér er til umr. Þar segir að lagður verði skattur á banka og sparisjóði. Það er einmitt á grundvelli þessara ummæla í efnahagsskýrslu ríkisstj. sem það frv., sem hér er til umr., var lagt fram á sínum tíma. Hér ætlar ríkisstj. að skattleggja bankana, og eins og margoft hefur komið fram í þessum umr. eru það auðvitað sparifjáreigendur og lántakendur, viðskiptamenn bankanna, sem hljóta endanlega að þurfa að standa skil á þessum skatti.

Það er athyglisvert í sambandi við þetta að kynna sér hvaða hugmyndir aðrar hæstv. ríkisstj. hefur um bankakerfið í landinu. Ríkisstj. hefur nefnilega ákveðið að sækja peninga með öðrum hætti til bankakerfisins, og kannske það sé gert á grundvelli svokallaðs aðhalds í útlánum, en í þessari skýrslu segir á öðrum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Teknar verði upp viðræður við banka- og sparisjóði um lengingu lána húsbyggjenda og íbúðareigenda með skuldbreytingu svipaðri þeirri sem framkvæmd var á síðasta ári.“

Aðhaldsstefna ríkisstj. er m. a. sú, að enn á ný eigi að ganga í bankana og láta lánastofnanir fjármagna lán til húsbyggjenda vegna þess að hæstv. ríkisstj. hefur svikist um að fjármagna húsbyggingakerfið eins og henni ber skylda til, með því m. a. að taka launaskattinn, sem renna á til húsbygginga, og láta þann launaskatt í ríkissjóð og nota hann þar til allt annars. Hæstv. ríkisstj. ávísar bara á bankakerfið, og meira að segja gerðist það hér á þingi í vetur, að hæstv. félmrh., æðsti maður húsnæðismála á Íslandi, yfirmaður þessara mála, sá maður sem tekur ábyrgð á þeim, leyfir sér að koma í ræðustól á hv. Alþingi og segja: „Það gengur svona illa í húsbyggingarmálunum eingöngu vegna þess að bankarnir vilja ekki lána meira.“ Þetta er maðurinn sem stendur fyrir einhverjum stórkostlegasta þjófnaði sem um getur hér á landi: Að taka launaskatt, umsamið gjald á milli atvinnurekenda og launþega sem átti að renna til húsbygginga, og nota það í allt öðru skyni, m. a. til þess að greiða niður vörur sem er ódýrt að greiða niður, — ekki til þess að almenningur fái vörur á lægra verði, heldur til þess að sjá til þess, að launþegar í þessu landi fái ekki umsamdar verðlagsuppbætur.

Blekið var varla þornað af efnahagsskýrslu ríkisstj., sem ég hef verið að vitna til, þegar ríkissj. tók upp á því að auglýsa ný skírteini ríkissjóðs til sölu með hærri vöxtum eða 3.5% ofan á byggingarvísitölu. Nú má spyrja: Hvar heldur hæstv. ríkisstj. að þessir peningar hafi legið? Stendur hæstv. ríkisstj. í þeirri meiningu, að fólk geymi peninga undir koddanum eða undir dýnunni í rúminu hjá sér? Ef svo er, þá held ég að hún vaði reyk. Auðvitað liggur það fjármagn, það litla fjármagn sem almenningur getur lagt til hliðar, fyrst og fremst í bankakerfinu, hjá innlánsstofnunum. Það, sem hlýtur að gerast þegar ríkisstj. keppir með þessum hætti á fjármagnsmarkaðinum, er að almenningur tekur út þá peninga, sem hann á hjá lánastofnunum, og kaupir fyrir þá skírteini, gerir þannig samning við ríkið um að fá hærri ávöxtunarkjör og lætur ríkisstj. fá sína peninga. Þetta ofan á allt annað verður til þess að ríkið sogar til sín fjármagnið. Það er þess vegna bókstaflega sprenghlægilegt að heyra af vörum hæstv. ráðh. að nú sé talað um vaxtalækkanir, nú eigi að lækka vexti í þjóðfélaginu, í bankakerfinu, á sama tíma og hæstv. ríkisstj. stendur að því að hækka vextina.

Auðvitað gerðist það strax í kjölfarið af þessari ákvörðun, að aðrir aðilar í þjóðfélaginu, þ. á m. Framkvæmdasjóður, hækkuðu að sjálfsögðu sína vexti til samræmis við þetta. Og ákvarðanir voru teknar annars staðar, þ. á m. í lífeyrirssjóðakerfinu, sem auðvitað fór fram á hærri vexti fyrir það fjármagn, sem var lánað í húsnæðislánakerfið, en það leiðir auðvitað af sér að það verður enn þá meiri skortur á lánsfé þar en áður nema lögum verði breytt og vextir hækkaðir af húsnæðislánum frá því sem nú er.

Allt þetta, sem ég nú hef lýst, leiðir til þess, að ríkið sogar til sín það fjármagn sem til er á fjármagnsmarkaðinum.

Nú efast ég ekkert um að ýmsir telji þetta vera góða stefnu. Ég er t. d. handviss um að hæstv. fjmrh. þykist vera að þjóna sínum hagsmunum og sinni hugsjón með því að draga fjármuni til ríkisins. Ég efast ekki heldur um það, að formaður Alþb., hæstv. félmrh. Svavar Gestsson, er að þjóna sinni stefnu og sínum hugsunum með þessum hætti. Þessir tveir menn hafa það nefnilega að stefnumiði, að það eigi að taka allt fjármagn til ríkisins og það séu skrifstofumenn í ráðuneytum og stjórnmálamenn í ríkisstj. sem eigi að hafa vit fyrir almenningi og almenningur eigi ekki að hafa fjárræði hér á landi, það séu aðeins þeir sjálfir og þeirra menn í rn. sem hafi vit á slíkum málum. Til þess að þjóna slíkri stefnu er auðvitað bankaskattur eðlilegur, þetta er skattviðbót ofan á þann

einn milljarð nýkr. eða áttunda hluta allra ríkisútgjaldanna sem skattar hafa hækkað frá 1978. Það verður að skilja slíka hluti með tilliti til þess bakgrunns, sem unnið er út frá. En ég verð að segja það, að öðrum — og ég hélt að þeir fyrirfyndust í öllum öðrum flokkum hér á landi en Alþb., — þeim sem vilja að einstaklingarnir sjálfir, að *fyrirtækin, að félög einstaklinga, heimilin, hefðu eitthvert* vald á sínu fjármagni og fengju að ráðstafa því að vild, — þeim hlýtur að óa við þessari stefnu. Þess vegna er stórkostlega undarlegt að þeir, sem starfa með Alþb. í núv. hæstv. ríkisstj., skuli ekki reyna að hafa áhrif á hæstv. fjmrh. í því skyni að hann hætti þessari skattaofsókn sinni á hendur almenningi.

Nú kann einhver að segja: Skiptir þetta nokkru máli? Hefur ekki hæstv. ráðh. staðið sig vel? Hefur hann ekki verið að skera niður ríkisútgjöldin? Það hefur hvergi komið fram og hefur aldrei komið fram í umr. á Alþingi hvers konar niðurskurð þar er um að ræða. Það hefur ekki verið rifjað upp, að stór hluti af þessum niðurskurði felst í frestum til næsta árs. Mikill hluti þess niðurskurðar, sem hæstv. fjmrh. boðar, felst í því t. d. að geyma haustlán fyrir námsmenn sem auðvitað verður að greiðast á næsta ári. Sem sagt: Niðurskurður hæstv. fjmrh. byggist á því að ýta hlutunum til og láta þann mann, sem tekur við af honum í embætti, taka við þeim búsifjum sem þetta skapar, því að auðvitað veit hæstv. fjmrh. að hann situr ekki í sinni stöðu sem fjmrh. á næsta ári. Hann er að yfirgefa þessa ríkisstj. Eins og Alþb. hefur verið að haga sér að undanförnu er ljóst, að Alþb. ætlar sér ekki að sitja lengi í þessari ríkisstj. Alþb.-menn þora ekki að sitja lengi í þessari ríkisstj. Þeir vita að það eru að koma kosningar þar sem þeir koma til með að *stórtapa. Þeir eru að undirbúa það, eins og konan frá* Lundi sagði í blöðunum um daginn, að geta farið úr ríkisstj. til þess að geta staðið við hlið verkalýðsins, eins og þeir segja stundum í hátíðarræðum. Það er þetta sem þessir menn eru að undirbúa, og það er þess vegna sem þeir haga sér svona í ráðherrastólunum. Við skulum þess vegna ekkert undrast það, þótt niðurskurður hæstv. fjmrh. gangi bara út á að láta næsta mann, sem tekur við af honum, borga allan brúsann. Það kemur engum á óvart, hvernig Alþb.-menn haga sér í ráðherrastólunum, miðað við það ástand sem er að skapast í þjóðfélaginu þegar allir hafa séð í gegnum þennan flokk og eru að gefast upp á honum og sjálfir foringjar flokksins mega vart vatni halda af ótta við skoðanakannanir Dagblaðsins og Vísis, eins og rækilega var minnt á hér í gær í umr. *og eins og kom fram í viðtali formanns* þingflokks Alþb. sem hann átti við Dagblaðið og Vísi og lýsti yfir þungum áhyggjum forustumanna Alþb. yfir þeirri þróun sem átt hefur sér stað í skoðun almennings á stjórnmálaflokkunum.

Herra forseti. Það er alveg ljóst að núv. ríkisstj. getur ekki náð markmiðum sínum í verðbólgu- og efnahagsmálum. Aðeins til þess að undirstrika þetta vil ég minnast á það, að í þeirri efnahagsskýrlu ríkisstj., sem er grundvöllur að þeim bankaskatti sem við erum að ræða hér í dag, kemur skýrt og greinilega fram að ríkisstj. hefur að meginmarkmiði að verðbólga á yfirstandandi ári, frá áramótum til áramóta, skuli vera 35%. Til viðbótar þessu er sagt að á síðari hluta ársins skuli verðbólguhraðinn vera kominn niður í 30%. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að verðbólgan á að fara úr þeim 40—50%, sem hún hefur verið í á undanförnum árum og stendur í í dag, niður í 30—35%. Þetta væri vissulega hægt ef nægir peningar væru til í ríkissjóði til þess að greiða niður varning í landinu í því skyni að halda launum niðri. En það er ekki hægt lengur. Það er ekki lengur borð fyrir báru. Ríkisstj. hefur með skattofsóknum sínum tekið þá peninga sem hún hugsanlega getur tekið í *því skyni að greiða niður verðlag.* Ef við nú reiknum út hvað þurfi að gerast á síðari hluta ársins til þess að hægt sé að ná markmiði ríkisstj., þá komumst við fljótlega að raun um það, — og við skulum gefa okkur þær forsendur að ekki verði samið um neina kauphækkun og það verði óbreytt viðmiðunarvísitala, — þá komumst við að raun um að það þarf að skerða laun hvorki meira né minna en um 8—10%. Getur einhver ímyndað sér að Alþb., stjórnmálaflokkur sem kennir sig við verkalýðinn og þykist a. m. k. í orði kveðnu standa við hlið verkalýðsins, hafi uppburði í sér að endurtaka þá sögu, sem gerðist í upphafi s. l. árs, að skera niður verðbætur um 8—10%? Hefur einhver trú á því hér inni, að hæstv. félmrh. hafi þrek og þor til þess að standa upp og segja: Við skulum skera niður laun um 8—10% í nafni — *ja, hvað kalla þeir það: „jafnra skipta", að mig minnir?* Hefur nokkur maður trú á því, að hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. sem foringjar Alþb. þori enn á ný að standa fyrir slíkum aðgerðum? Ég held ekki.

Ég held að það, sem kemur til með að gerast á þessu ári, sé að hæstv. forsrh., sem hefur verið eins konar sáttasemjari í þessari ríkisstj., mistakist að ná samningum á milli Framsfl., sem hefur niðurtalningu á stefnuskrá sinni, og Alþb., sem þykist standa við hlið verkalýðsins, a. m. k. þegar hentar að segja svo, í verðbólgumálunum, því að Alþb. er nákvæmlega sama um verðbólgumálin. Alþb. vill gjarnan viðhalda verðbólgunni hér á landi, þó að ekki væri til annars en að geta sagt: Framsfl. tókst ekki að telja niður verðlag. — Þetta verður hv. 1. þm. Norðurl. v. að hafa í huga. Þegar hann fer heim í hérað og þarf að berjast til að ná þeim fáu atkv. sem hann á þar eftir enn þá, smala þeim saman, sem kannske verður um svipað leyti og göngur og réttir í haust, þá verður hann að hafa það í huga, að Alþb. stefnir að því að gera lítið úr hugmyndum Framsfl., sýna fram á að niðurtalningin var bara orð sem enginn gat efnt. (Gripið fram í.) Auðvitað er búið að því að nokkru marki.

Herra forseti. Ég hef farið nokkuð vítt og breitt um skattamál og efnahagsmál til þess að rifja upp forsendur fyrir þeim bankaskatti sem nú er verið að reyna að leggja á þjóðina. Ég hef talið mér skylt og nauðsynlegt að sýna þetta mál á þessum breiða grundvelli til þess að hægt sé að átta sig á því, að hér er aðeins um enn eitt skrefið að ræða í átt til þess að safna öllum fjármunum, sem til eru á lausu í þessu þjóðfélagi, í ríkishítina, til þess að stjórnmálamenn geti farið með *öll völd í þessu þjóðfélagi* og almenningur hafi sem minnst til ráðstöfunar. Þetta er sú stefna sem þeir fylgja sem telja að þeir einir sem hafi vit á fjárfestingu, þeir einir sem hafi vit á því, hvernig fara eigi með peninga, það séu þeir sem sitja við stjórnvölinn, ekki síst ef þeir eru í réttum flokki. Þetta er miðstýringin eins og hún leggur sig. Gegn henni vill Sjálfstfl. ganga, og það er þess vegna sem við sjálfstæðismenn í þessari deild höfum lagt á okkur að berjast með oddi og egg gegn þessum skatti, þessum kornum sem fylla skattamæli ríkisstj.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Það liggur nú fyrir þessari deild að samþykkja enn eitt skattafrv. núv. hæstv. ríkisstj. Það er þó ekki vegna þess að hún hafi á undanförnum árum verið hógvær í sinni skattlagningu og lagt af skatta. Þvert á móti er það svo að skattbyrði hefur aukist ár frá ári, bæði óbeinir skattar og beinir, og liggur þó fyrir að verkalýðshreyfingin hefur oftar en einu sinni gert um það samkomulag við ríkisstj. að þola nokkra skerðingu launa vegna fyrirheits um að ríkisstj. mundi í staðinn stilla skattlagningu sinni í hóf. Þetta var bæði gert í tengslum við þær efnahagsráðstafanir, sem fylgdu því að tvö núll voru skorin aftan af krónunni, og hið sama var raunar látið í veðri vaka í sambandi við síðustu kjarasamninga sem gerðir voru á ofanverðu s. l. ári. Af þessum sökum er nauðsynlegt til þess að skilja eðli þessarar skattlagningar að ræða nokkuð hvernig ástandið er almennt í þjóðfélaginu.

Það liggur fyrir og er raunar viðurkennt, m. a. af hæstv. sjútvrh., að svo hafi verið komið í lok s. l. árs að sá árangur hafi náðst að lækka verðbólguna um nokkur stig. Verðbólgan lækkaði ekki að því marki að það yrði gerbreyting í okkar efnahagsmálum. Þetta var aðeins örlítil áfangalækkun á verðbólgunni sem hefði þó verið athyglisverð ef þessi lækkun verðbóta hefði verið reist á föstum grunni, en ekki sandi, eins og Steingrímur Hermannsson, hæstv. sjútvrh., lagði áherslu á í áramótagrein sinni. Ég tel nauðsynlegt til þess að skýra forsendur þess, sem ég ætla að segja hér, að rifja upp þau ummæli sem formaður Framsfl. birti í Tímanum 31. des. s. l., en þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Meginverkefni þeirrar ríkisstj. sem nú situr, er hjöðnun verðbólgu án þess að stofna til atvinnuleysis. Á þetta höfum við framsóknarmenn lagt höfuðáherslu. Um það náðist full samstaða við myndun ríkisstj. Því verður ekki með nokkurri sanngirni neitað, að umtalsverður árangur hefur náðst á þessu ári. Fyrir síðustu áramót stefndi verðbólgan í 70—80% á ársgrundvelli."

Ég vil skjóta því hér inn í, að þessi fullyrðing formanns Framsfl. stangast gersamlega á við þá yfirlýsingu sem hæstv. forsrh. gaf í endaðan nóv. þegar hann efndi til blaðamannafundar og bauð ýmsum fréttamönnum upp á kaffi og jólaköku uppi í stjórnarráði til þess að segja þeim að sú ánægjulega þróun hefði orðið í verðbólgumálum að framfærslukostnaðurinn væri mjög á niðurleið og að efnahagsstefna ríkisstj. hefði borið ríkan árangur einmitt í verðbólgumálum. Þessi ummæli formanns Framsfl. stangast gersamlega á við yfirlýsingu hæstv. forsrh. á þeim tíma. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. setti sér það markmið að koma verðbólgunni niður í 40% á árinu 1981. Að mati Þjóðhagsstofnunar hefur verðbólgan orðið 42%. Því má segja að það markmið hafi náðst sem að var stefnt. Ekki er síður mikilvægt að á sama tíma hefur framleiðsla verið mikil, full atvinna og kaupmáttur lægri launa hefur með þeim aðgerðum, sem til var gripið, skerst minna en orðið hefði án aðgerða. Þetta eru staðreyndir. Þessi árangur hefur náðst með því sem við framsóknarmenn nefnum niðurtalningu verðbólgu. Í því felst að draga úr áhrifum hvers þess þáttar í efnahagslífinu sem eykur verðbólguna. Þetta hefur yfirleitt tekist vel. Þó valda nokkur atriði áhyggjum."

Hér hefur hæstv. sjútvrh. sem sagt lýst þeirri hlið inni, sem honum finnst ljós og falleg, þeirri hlið, sem hann hefur dekrað við síðan, m. a. í útvarpsumr. um daginn, en ég sé ekki að þau ummæli vegi svo þungt að ástæða sé til þess að rifja þau upp nú. Vera má að ástæða gefist til þess síðar í umr. En síðan fer hæstv. sjútvrh. að lýsa hinum dökku hliðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Vafalaust er að útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegirnir hafa ekki fengið nægilega bætta þá kostnaðarhækkun sem orðið hefur innanlands. Venjulega verður slíkt ekki gert að fullu nema með aðlögun gengis að auknum framleiðslukostnaði. Fátt örvar hins vegar verðbólguna meira en gengisfellingar. Því hefur ríkisstj. talið sér skylt að leita ýmissa leiða til að draga úr þörf fyrir lækkun gengis. Þetta hefur ekki tekist nægilega vel. Staða útflutningsatvinnuveganna er því orðin of erfið. Hana er óhjákvæmilegt að lagfæra. Í þessu sambandi veldur gífurleg aukning fjármagnskostnaðar áhyggjum. Mikið fjármagn hefur runnið frá atvinnuvegunum í banka, sjóði, í ríkissjóð, til sveitarfélaga og annarra skuldheimtuaðila. Góð staða slíkra stofnana er að sjálfsögðu æskileg. Það getur hins vegar ekki orðið á kostnað atvinnuveganna þegar afkoma þeirra er skert eins og gert hefur verið í viðureigninni við verðbólguna."

Þessi ummæli hæstv. sjútvrh. eru athyglisverð með hliðsjón af því frv. sem hér liggur fyrir. Nú hefur sá ráðh. í ríkisstj., sem hreinskilnastur hefur verið og fúsastur til þess að segja sína skoðun á efnahagsmálum, hæstv. viðskrh., einmitt svarað spurningu nm. í fjh.- og viðskn. svo, að sá skattur, sem hér á að leggjast á innlánsstofnanir, hljóti óhjákvæmilega að lenda á viðskiptavinum bankanna, annaðhvort á lántakendum eða innleggjendum. Hann skírskotar til þess, sem er gagnstætt því raunar sem hæstv. sjútvrh. segir, að afkoma bankanna á s. l. ári hafi ekki verið með þeim hætti að þeir séu aflögufærir, og telur réttilega að það sé forsenda heilbrigðs efnahags- og atvinnulífs að eiginfjárstaða bankanna treystist verulega frá því sem nú er. Það verður einkum ljóst ef litið er til afkomu Búnaðarbankans á s. l. ári sem hefur nokkra sérstöðu og að ýmsu leyti betri skilyrði til ávöxtunar síns sparifjár heldur en aðrir bankar. Þar verður um verulega hnignun að ræða að þessu leyti ef frv. nær fram að ganga. Hitt er þó eftirtektarverðara, að hæstv. sjútvrh. tekur af skarið um að það sé kannske fyrst og fremst fjármagnskostnaður atvinnuveganna sem valdi áhyggjunum, þann fjármagnskostnað verði að lækka ef við því eigi að búast að við getum áfram haldið fullri atvinnu, ef hjól framleiðslunnar eigi áfram að snúast. Þegar hæstv. sjútvrh. hefur þannig skýrt ástandið fer hann að fjalla um þær aðgerðir í efnahagsmálum sem hann telur nauðsynlegastar, og þá segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Að mati Þjóðhagsstofnunar yrði verðbólga á næsta ári 55%, ef ekki er gripið til aðgerða. Aukinn hraði verðbólgunnar stafar fyrst og fremst af þremur ástæðum:

1. Staða útflutningsatvinnuveganna er erfið og verður að lagfæra.
2. Spáð er versnandi viðskiptakjörum.
3. Aukning þjóðartekna á næsta ári virðist ekki munu standa að baki almennra grunnkaupshækkana sem orðið hafa, þótt þeim hafi vissulega verið stillt í hóf."

Og síðan segir hæstv. sjútvrh., og ég vil undirstrika þessi orð: „Að sjálfsögðu getur engin ríkisstj. horft aðgerðalaus á slíka þróun."

Þetta eru náttúrlega stór orð, en þau réttlætast af því, að engum einum ráðh. er kunnara um atvinnuástandið heldur en einmitt sjútvrh. Hann gerir sér náttúrlega

glögga grein fyrir því, að þetta þjóðfélag verður ekki svo rekið áfram að undirstöðuatvinnuvegir eins og frystingin geti ekki bætt framleiðslu sína og staðið okkar nágrannaþjóðum á sporði, bæði hvað varðar vörugæði og framleiðslukostnað. Nú er það að vísu rétt, að gengisfellingin í janúar s. l. ásamt með hröðu gengissigi síðan hefur valdið því að sami halli er ekki á útflutningsatvinnuvegunum og áður, og nú undanskil ég að sjálfsögðu saltfiskinn. En það er kannske skynsamlegt að láta skreiðina liggja á milli hluta, a. m. k. á meðan Nígeríumarkaður er lokaður. Þessi úrlausn, sem útflutningsatvinnuvegirnir hafa fengið með gengisfellingunum, er þó ekki meiri en svo, að þeir hafa ekki náð núllpunkti enn, t. d. frystingin, eða — svo að maður taki annað dæmi sem líka skiptir miklu máli — ullar- og skinnaiðnaðurinn. Ekkert er afgangs til þess að mæta þeim hallærislánum sem tekin voru á s. l. ári. Með því að þessi skattur verði á lagður eiga þessar byrðar af hallærislánunum enn eftir að þyngjast vegna þess að skatturinn hlýtur að valda því, að vextir hækki, fjármagnskostnaður hækki, og þetta er kannske enn kvíðvænlegra fyrir þá sök, að mörg fyrirtæki bíða þess nú hvort þau fái einhverja úrlausn í næstu viku, þegar þingi hefur verið slitið, ný hallærislán. Ætla ég að það séu ekki færri en 40 fyrirtæki sem nú eru á biðlista hjá hallærisnefndinni sem stjórn Byggðasjóðs hefur smátt og smátt verið að breytast í. Auk þess hljótum við öll að hafa af því áhyggjur, að aflabrögð hafa verið mjög rýr upp á síðkastið um allt land. Það hefur verið alger ördeyða bæði fyrir austan og norðan og raunar um allt land. Mikið aflaskip, togskip, einn af gömlu loðnubátunum, var að koma inn núna með 6 tonn eftir 12 daga veiðiferð. Svipaða sögu má segja af öðrum skipum, þannig að þetta verður auðvitað enn til þess að þyngja róðurinn hjá atvinnurekstrinum, enda eru nú farnar að berast fregnir af því, að búið sé að segja fólki í frystihúsum upp atvinnu og raunar mjög svart fram undan víða.

Ef við á hinn bóginn veltum fyrir okkur á hverjum öðrum þetta bitnar, þá vitum við að sú breyting, sem orðið hefur á lánskjörum með því að verðtryggingin var tekin upp, hefur valdið því, að þjóðfélagsþegnarnir skiptast nú í tvo hópa. Annars vegar eru þeir sem voru búnir að koma sér vel fyrir áður en verðtryggingin kom til sögunnar, voru búnir að reisa hús sín eða kaupa sér íbúðir, og má með rökum segja að þjóðfélagið hafi að miklum hluta staðið undir þessum byggingarkostnaði með því að þessu fólki var ekki gert að skila andvirði þess fjár sem það tók að láni. Það unga fólk, sem nú er hins vegar að ráðast í íbúðarkaup eða er svo hugrakkt að það ætlar sér að byggja sér hús, er hins vegar mjög þrautpínt bæði af skattaálögum, sem eru meiri en nokkru sinni fyrr, og af þessum háu vöxtum. Vil ég í því sambandi einnig minna á að sú breyting, að vextir eru ekki lengur frádráttarbærir við álagningu tekjuskatts eins og áður var, verkar enn til íþyngingar. Ég get því ekki séð að það sé sanngirnismál nú á síðustu dögum þessa þings að halda því svo mjög til streitu að koma einmitt því frv. í gegnum þingið sem enn eykur á það mikla misræmi sem verið hefur að þróast í þjóðfélaginu upp á síðkastið.

Ég sé, að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn, og vil af því tilefni grípa tækifærið og beina til hans fsp. um mál tengt þessu þegar hann hefur tóm til þess að hlýða á mál mitt.

Hinn 18. febr. s. l. skrifaði Landvari, landssamband vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, fjmrh. bréf út af þungaskatti sem ég ætla nú að koma inn á í tengslum við frv., sem hér liggur fyrir, og óska svara ráðh. af þeim sökum. Þannig standa sakir að með lögum um fjáröflun til vegagerðar, þ. e. lögum til breytinga á lögum um fjáröflun til vegagerðar sem samþykkt voru á Alþingi 19. des. 1975, var ákveðið að ráðh. væri heimilt að hækka bensíngjald og árgjald þungaskatts allt að því að þessi gjöld hækkuðu í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kynni að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 25 frá 24. apríl 1957, og skyldu grunntaxtar bensíngjalds og árgjalds þungaskatts miðaðar við vísitölu eins og hún var 1. júlí 1975, þ. e. 1881 stig. Síðan gerðist það á hinu 99. löggjafarþingi, að flutt var frv. um breytingar á þessum lögum og þar var gerð nokkur breyting á framkvæmd þungaskattsins. Segir í aths. um breytingu að verið sé að færa gildandi ákvæði um álagningu þungaskatts í heldur einfaldari búning án þess að breyta efni þeirrar greinar að neinu ráði. Ég get því ekki annað séð en sú skírskotun til byggingarvísitölunnar, sem ég vitnaði til áðan, eigi að fullu og öllu við þungaskattinn eins og hann er nú álagður. Í bréfi Landvara til hæstv. fjmrh. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Allt frá því að innheimtufyrirkomulagi þungaskatts var breytt á árinu 1970 og þess var krafist, að dísilbifreiðar yfir 5 tonn greiddu þungaskatt samkv. ökumælum, hefur af hálfu Landvara verið mótmælt þeirri gífurlegu hækkun sem var og orðið hefur á þungaskattsgreiðslum. Síðan hefur þessum hækkunum verið mótmælt með bréfum til yðar, dags. 17. des. 1980 og 11. jan. s. l., sem hjálögð fylgja í ljósriti. Það er staðreynd, að þungaskattur á bifreiðum Landvaramanna hefur hækkað langt umfram almennar verðhækkanir í þjóðfélaginu, og hafa meðlimir í Landvara því dregið í efa að slíkar gífurlegar skattaálögur fái staðist lagalega.

Allt fram til ársins 1977 voru hækkanir á þungaskatti ákvarðaðar með lögum á Alþingi, en með lögum nr. 78/1977 var ráðh. heimilað samkv. 4. mgr. 2. gr. að hækka þungaskatt allt að því að hann hækkaði í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kynni að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 31. des. 1975. Grunntaxti þungaskatts skyldi miðaður við vísitölu 1. okt. 1977, þ. e. 159 stig. Þungaskattur pr. ekinn km af bifreið 23—23.9 tonn var þá kr. 8.33 pr. km. Sá þungaskattur hafði verið ákvarðaður með reglugerð nr. 429/1976, en við setningu þeirrar reglugerðar var byggingarvísitalan 126 stig. Stjórn Landvara telur að í þrengsta lagaskilningi hafi ráðh. ekki verið heimilt að hækka þungaskatt meira en nemur hækkun á byggingarvísitölu úr 159 stigum í okt. 1977 til viðkomandi hækkunarákvarðana samkv. reglugerðum sem síðar hafa verið settar, en í víðasta lagaskilningi hafi heimildin náð til þess að hækka þungaskattinn til samræmis við grunnvísitöluna 126 stig. Áðurnefnd byggingarvísitala er í dag 909 stig og hækkun úr 126 stigum er því 721.43%. Hækkun byggingarvísitölu úr 159 stigum í áðurnefnd 909 stig er 571.7%. Þungaskattur fyrir bifreið í áðurnefndum þyngdarflokki hefur á sama tíma hækkað úr gkr. 8.33 pr. ekinn km í nýkr. 1.82 pr. ekinn km eða um 2184.87%. Stjórn Landvara telur að þessi gífurlega hækkun þungaskattsins sé langt umfram lagaheimildir og að ríkissjóði beri að endurgreiða meðlimum Landvara þann þungaskatt sem ofgreiddur hefur verið."

Síðan er hér tekið dæmi af einum vöruflutningabifreiðarstjóra sem rekur tvær bifreiðar. Samkv. hjálögðum

ljósritum fyrir innborganir þungaskatts frá 25. 7. 1978 til 31. 11. 1981 hefur hann greitt álagðan þungaskatt samkv. kröfu yfirvalda. Inn á ljósrit þessi hafa verið færðar greiðslutölur í samræmi við hámarksheimild samkv. hækkun byggingarvísitölu úr 126 stigum í þá byggingarvísitölu sem í gildi var er síðari reglugerðir um þungaskatt hafa verið settar, en hjálagt fylgir sérblað yfir viðkomandi reglugerðir og þá vísitölu sem í gildi var á hverjum tíma. Samkv. þessum ljósritum og endurreikningi kemur í ljós að þessi bifreiðarstjóri hefur samtals ofgreitt sem nemur 89 314 kr. á þessu tímabili.

Nú hefur stjórn Landvara fyrir hönd þessa bifreiðarstjóra krafist endurgreiðslu á ofannefndri fjárhæð ásamt vöxtum frá viðkomandi gjalddögum og jafnframt sett fram þá kröfu, að öðrum meðlimum Landvara verði endurgreiddur ofgreiddur þungaskattur með sömu skilmálum. Á hinn bóginn er tekið fram að ef ofangreindri endurgreiðslukröfu verði ekki sinnt fyrir 25. febr. muni verða höfðað endurgreiðslumál gegn ríkissjóði án frekari fyrirvara. Ég hygg, að ríkissjóði hafi þegar verið stefnt vegna máls þessa, eða veit ekki betur. Það er þá a. m. k. í undirbúningi ef svo hefur ekki orðið, þar sem hæstv. fjmrh. eða rn. hans hafnaði þeim kröfum sem fram komu.

Ég vil taka það fram, að svo hefur jafnan verið síðan 1. jan. 1978 að þeim Landvaramönnum hefur verið ákvörðuð meiri hækkun en heimilt var samkv. þeim lagaskilningi sem þarna er lýst og ég sé ekki betur en standist fullkomlega. Þó varð sú breyting á á árinu 1979, að þungaskatturinn var hækkaður tvívegis á ári í stað einu sinni áður, sem náttúrlega er enn tilfinnanlegra. En segja má í sambandi við hækkun þungaskattsins á árinu 1978 að hann komi að því leyti léttar niður, að í lok ársins var hækkun vísitölunnar komin verulega yfir það sem þá var heimilt að ákveða þungaskattinn samkv. lögum. Hins vegar hefur alveg keyrt um þverbak á síðustu árum og má kannske segja í þessu sambandi að það sé grátbroslegt, að hinn 11. jan. s. l. barst hæstv. fjmrh. bréf frá þeim Landvaramönum þar sem þeir þökkuðu hæstv. fjmrh. fyrir þann skilning að reyna að koma þungaskattinum niður á ný. En þessi dýrð stóð ekki lengi því að vikan var varla liðin þegar hæstv. fjmrh. hækkaði þungaskattinn úr 0.99 kr. í 1.82 pr. ekinn km eða tvöfaldaði skattinn. Þá þótti þeim Landvaramönnum sem kornið fyllti mælinn og þeir töldu að nauðsynlegt væri fyrir sig að verja hendur sínar, enda er það nú svo að mjög hefur verið þrengt að þessum atvinnurekstri með ýmsum hætti upp á síðkastið, og eins og lánsfyrirgreiðslu er háttað til þeirra manna, sem hér eiga í hlut, er orðið næsta erfitt og í mörgum tilvikum ógerningur fyrir menn að endurnýja sín framleiðslutæki.

Ég hef hér í höndum svar fjmrn. við kröfu Landvaramanna, dags. 8. mars 1982, þar sem settar eru fram nokkrar varnir fyrir afstöðu rn. Ég fæ þó ekki séð að þær varnir haldi og skal því ekki rekja þær hér, einkum með hliðsjón af því sem ég vitnaði áður til í grg. með frv. sem lagt var fram 1975 þar sem kemur berlega fram að þótt tilhögun þungaskattsins hafi í framkvæmdaratriðum verið nokkuð breytt var ekki hugmyndin að slíta sundur þau tengsl sem yrðu milli hækkunar þungaskatts og vísitölu byggingarkostnaðar.

Ég vil af þessu tilefni beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh., hvort rn. hans hafi tekið þetta mál upp aftur til frekari skoðunar og hvort þess sé að vænta að hann muni í fyrsta lagi fallast á endurgreiðslukröfu þeirra Landvaramanna og í öðru lagi hvort þess sé að vænta, þó svo að hann geri það ekki, að hann muni stilla sig um frekari hækkun þungaskattsins og láta hann vera óbreyttan og lækka hann þannig í þrepum þangað til samræmi verður orðið milli hækkunar byggingarvísitölu og hækkunar þungaskatts. Ég þykist vita að hv. alþm. sjái að hér er um sanngirnismál að ræða, og þetta mál er að því leyti sérstakt, að það snertir náttúrlega fyrst og fremst strjálbýlið.

Það voru hér um daginn miklar umr. um það, með hvaða hætti væri hægt að leiðrétta það ranglæti sem fólgið væri í því að menn úti á landsbyggðinni yrðu að greiða söluskatt af flutningskostnaði á þeim vörum sem seldar yrðu í smásölu úti á landi. Ég tók þá mjög undir það með hæstv. fjmrh., að það mál væri engan veginn einfalt úrlausnar og engin patentlausn til á því. Undanþágur frá söluskatti eru orðnar mjög margar og verður auðvitað að gæta þess, þegar verið er að reyna að koma til móts við landsbyggðina, að fara ekki svo flóknar leiðir að kostnaðurinn við leiðréttinguna verði kannske enn þá meiri en það sem vinnst, ávinningurinn ber ekki uppi það sem tapast. Ég gat því vel fallist á þau rök hæstv. fjmrh., að nauðsynlegt væri að athuga það mál betur, hvernig hægt væri að bæta strjálbýlinu upp þann söluskatt sem því er gert að greiða vegna flutningskostnaðarins, en fellur hins vegar ekki t. d. á íbúa hér á Reykjavíkursvæðinu. Það er nú svo að þær vörur, sem framleiddar eru úti á landi, eru oftast nær með jafnaðargjaldi, við getum tekið kjöt og mjólk, og þess vegna ekki um neitt slíkt að ræða, enda eru þær neysluvörur auðvitað undanþegnar söluskatti og flutningskostnaður á þeim af þeim sökum einnig.

Ég vil einnig minna á það, að Alþingi hefur oftar en einu sinni samþykkt ályktanir þess efnis, að nauðsynlegt sé að ríkisstjórn og ríkisstjórnir raunar vinni að tillögum um það, hvernig hægt sé að lækka hinn beina flutningskostnað á daglegum neysluvörum almennings og raunar á rekstrarvörum fyrirtækja úti á landsbyggðinni. Um þetta mál hafa verið skrifaðar margar greinargerðir og fluttar margar ræður, og hefur m. a. farið fram sérstök könnun á því á vegum Hagstofunnar, hver sé framfærslukostnaður annars vegar hér í Reykjavík og hins vegar á tilteknum stöðum úti á landi. Hefur komið í ljós að þar munar verulegum fjárhæðum. Hið sama kom raunar í ljós í yfirgripsmikilli vörukönnun sem gerð var fyrir skömmu og birt var í fjölmiðlum. Þeir staðir, sem fjærstir eru aðalhöfnum, verða verst úti, og það er sameiginlegt flestum þessum stöðum, að um aðdrætti alla eru þeir háðir flutningabifreiðum vegna þess að það er ódýrasta aðferðin til að koma vörum á áfangastað á hina fámennari staði.

Við höfum raunar séð líka í blöðum upp á síðkastið að þungatakmarkanir á vegum hafa verið mjög miklar og verður raunar ýmislegt til þess að torvelda þessum flutningabifreiðarstjórum að standa með eðlilegum hætti undir rekstri bifreiða sinna án þess að flutningsgjöldin fari upp úr öllu valdi. Með þetta í huga hlýtur maður auðvitað að festa augun á þungaskattinum og íhuga hvort það geti ekki verið skynsamleg leið til lækkunar flutningskostnaðarins úti á landsbyggðinni að lækka þungaskattinn. Finnst mér þá raunar líka koma til álita hvort ekki sé rétt að draga úr innflutningsgjöldum á slíkum bifreiðum.

Eins og ég sagði áðan er þetta mál sem fyrst og fremst varðar landsbyggðina, og að sjálfsögðu bitnar þetta mál ekki á sama hátt á fólki hér á Reykjavíkursvæðinu. Þetta er mikið sanngirnismál og ég fæ raunar ekki séð hvernig ríkisvaldið getur varið það fyrir sjálfu sér eða fólki víðs vegar um landið að verja árlega háum fjárhæðum ekki aðeins til þess að standa undir hallarekstri Skipaútgerðar ríkisins, heldur einnig til þess að festa kaup á nýjum flutningaskipum og með öðrum hætti greiða niður þá flutninga, en beita aftur landflutningana æ meiri þvingunum og þyngja skattana á þeirri atvinnugrein raunar með hverju árinu sem líður.

Herra forseti. Það vakti mikla athygli nú á degi verkalýðsins, hinn 1. maí s. l., hversu fáir fengust til þátttöku og hversu dauft var yfir hátíðarhöldunum víðs vegar um landið. Skýringin er að sjálfsögðu sú, að menn hafa áttað sig á því, að þess sé ekki að vænta að neinar kjarabætur geti orðið á þessu ári, og bera í brjósti mikinn beyg við það sem framtíðin kunni að bera í skauti sínu. Það vakti þá líka mikla athygli, að 1. maí ávarpi fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna í Reykjavík, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Iðnnemasambands Íslands skyldi valinn sá staður í 1. maíblaði Þjóðviljans sem minnsta athygli vekur. Þetta ávarp var birt á næstöftustu síðu, 31. síðunni, og bar yfirskriftina 1. maíávarp. (**Forseti:** Ég verð að biðja hv. þm. að gera hlé á ræðu sinni. Það var ákveðið að gefa matarhlé kl. 12, og fundi er frestað til kl. 13.30.) — [Fundarhlé.]

Birgir Ísl. Gunnarsson: Herra forseti. Frv. það, sem hér er til umr., frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana, er þáttur í sérstökum efnahagsaðgerðum sem hæstv. ríkisstj. boðaði í upphafi þessa árs og voru nokkuð margþættar. Þessar efnahagsaðgerðir fólust m. a. í nýjum sköttum, og enginn vafi er á að undirbúningur þessara mála, hvort sem er frv. till. um skattskyldu innlánsstofnana eða frv. til l. um tollafgreiðslugjald, sem var einn þáttur í þessum aðgerðum, öll þessi mál eru illa undirbúin og Alþingi er því vissulega ekki of sælt af því að eiga að samþykkja þau frv. sem hæstv. ríkisstj. hefur borið fram í þessum efnum.

Ég vil aðeins minnast á einn þátt þessara mála vegna þess að hann hefur komið á dagskrá á opinberum vettvangi nú alveg þessa dagana, en það er tollafgreiðslugjaldið sem lagt var á og menn héldu að yrði ekki lagt á aðföng til iðnaðar. A. m. k. var það boðað þegar hæstv. ríkisstj. boðaði sínar efnahagsaðgerðir, að liður í þeim væri að stuðla að því, að íslenskur iðnaður yrði betur samkeppnishæfur við erlendan iðnað, bæði útflutningsiðnaður okkar svo og sá iðnaður sem á í samkeppni við innfluttan iðnvarning. Þess vegna kom það mjög á óvart, þegar reglugerð var sett um tollafgreiðslugjaldið, að það skyldi vera lagt á aðföng til iðnaðar. Ég bar fram fsp. til hæstv. fjmrh. 30. mars s. l. þar sem ég rifjaði það upp, að það hefði alloft átt sér stað umr. hér á hv. Alþingi um nauðsyn þess að bæta aðstöðu iðnaðar sem ætti í harðri samkeppni við iðnað erlendis, bæði vegna innflutnings til landsins svo og útflutnings á okkar iðnaðarvörum, eins og ég gat um áðan.

Þegar hæstv. ríkisstj. kynnti á Alþingi skýrslu frá ríkisstj. um aðgerðir í efnahagsmálum voru í þeirri skýrslu ýmis atriði sem virtust lofa nokkuð góðu um það, að skilningur hæstv. ríkisstj. væri að aukast á ýmsum vandamálum iðnaðarins og nauðsynlegt væri að létta af iðnaðinum ýmsum gjöldum sem á honum hvíla. Það var t. d. boðað og það var síðan samþykkt hér á Alþingi, að launaskattur á iðnaðarfyrirtækjum skyldi lækka um 1%, úr 3.5% í 2.5%. Enn fremur var boðað að endurskoðuð yrði tollheimta af tækjum til atvinnurekstrar til að bæta möguleika á framleiðniaukningu í þessum greinum. Ýmislegt fleira var tilgreint sem talið var nauðsynlegt að gera til að bæta aðstöðu íslensks iðnaðar. Einn liður í þessum aðgerðum hæstv. ríkisstj. var að leggja á sérstakt tollafgreiðslugjald. Þegar reglugerð var hins vegar sett um þetta gjald kom mjög á óvart að svo virtist sem aðföng til iðnaðar, hráefni svo og vélar og tæki, væru látin greiða þetta tollafgreiðslugjald. Þetta kom öllum alþm., held ég, mjög á óvart, og þess vegna bar ég fram sérstaka fsp. um það hér á hv. Alþingi til hæstv. fjmrh., að hve miklu leyti tollafgreiðslugjaldið væri lagt á aðföng til iðnaðar og hversu miklu þetta gjald næmi í fjármunum sem tekjur til ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. tók það mjög óstinnt upp, þegar ég bar fram þessa fsp. í vetur, og sagði með þjósti miklum að svarið við þessari fsp. væri að í þessum efnum væri fylgt ákvæðum laganna og ef alþm. hefðu ekki vitað hvað þeir væru að samþykkja þegar þeir samþykktu frv. um tollafgreiðslugjaldið, þá væri það þeim einum að kenna.

Ég gat um það m. a. í þessari umr., að iðnrekendur hefðu kvartað undan þessu gjaldi og að þeir teldu að tollvörugjaldið í ýmsum greinum iðnaðar þyngdi gjöld á iðnaðinum meira en samsvaraði því sem létt var af með niðurfellingu eða lækkun launaskattsins. Hæstv. fjmrh. gerði mjög lítið úr þessu. Hann taldi að hér væri eingöngu um að ræða örökstuddar fullyrðingar, eða eins og hæstv. fjmrh. sagði í sínu svari og nú vitna ég til hans, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég tel að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ætti ekki að trúa sögusögnum eins og þeim sem hann var að lýsa hér í svarræðu sinni. Það er alveg ljóst að fullyrðingar af því tagi, sem hann bar fyrir sig, eru fjarstæðukenndar.

Það er líka alveg ljóst að í lögunum kemur skýrt fram hvernig á að leggja toll á aðföng til iðnaðar. Ég er svo undrandi á því, að hv. fyrirspyrjandi skuli ekki hafa kynnt sér lögin betur en svo, að hann telur að þm. hafi staðið í einhverri ákveðinni meiningu, allt annarri en segir alveg skýrt og klárt í lögunum. Það stendur alveg skýrt og klárt í lögunum, að aðföng til iðnaðar skuli ekki fá á sig 1% gjald, en hins vegar skulu þau fá á sig þetta sérstaka krónutölugjald, þetta stendur eins skýrt og nokkuð getur verið í þessum lögum. Ég veit ekki hversu margir þm. hafa lesið þessi lög eða frv. áður en þeir samþykktu það, en þeir, sem það gerðu, áttu að vita hvað þeir voru að gera."

Þetta var tilvitnun í hæstv. fjmrh., þegar hann var að svara fsp. um tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar.

Eins og fram kemur af þessu svari vildi hæstv. ráðh. gera lítið úr þessu, taldi þetta sögusagnir einar, taldi þetta bara grátkór af hálfu iðnrekenda þegar þeir voru að kvarta undan þessu tollafgreiðslugjaldi. Hann taldi engra breytinga þörf á þessari reglugerð og alveg væri farið eftir lögunum í sambandi við tollafgreiðslugjaldið á aðföng til iðnaðar. En hvað gerist svo? Í fyrradag tekur hæstv. fjmrh. sig allt í einu til og breytir þessari reglugerð. Hann sér sig allt í einu neyddan til þess að breyta reglugerðinni í þá átt að fella niður tollafgreiðslugjaldið af aðföngum til iðnaðar, þetta sama gjald sem hæstv. ráðh. taldi að væri lítilvægt og að væri verið að þyrla upp

moldviðri þegar um það var spurt hér á hv. Alþingi 30. mars. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um það, hvernig undirbúningur allra þessara mála, sem hæstv. fjmrh. hefur fært hér fram á Alþingi, er og hvernig framkvæmdin er. Og af því að hæstv. fjmrh. er núna að ganga í salinn held ég að ég verði að ítreka það sem ég sagði um þetta efni.

Ég flutti fsp. hér á Alþingi 30. mars um tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar. Ég rakti þar sérstaklega þær kvartanir, sem iðnrekendur hafa flutt og forsvarsmenn Landssambands iðnaðarmanna, og rakti það, að þeir teldu að tollafgreiðslugjald á aðföng til iðnaðar, sem lagt var á, væri a. m. k. í sumum greinum iðnaðar það þungt að það vægi upp á móti þeim létti sem lækkun launaskattsins var. (**Fjmrh.:** Það mál er leyst.) Hæstv. fjmrh. hélt hér ræðu þá, 30. mars, og taldi þetta vera grátkór einan, taldi þetta vera lítið mál. Ég skal lesa upp fyrir hæstv. fjmrh. hvað hann sagði, ég skal ítreka það. Hæstv. fjmrh. sagði þá:

„Ég tel að hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson ætti ekki að trúa sögusögnum eins og þeim sem hann var að lýsa hér í svarræðu sinni. Það er alveg ljóst að fullyrðingar af því tagi, sem hann bar fyrir sig, eru fjarstæðukenndar.

Það er líka alveg ljóst að í lögunum kemur alveg skýrt fram hvernig á að leggja toll á aðföng til iðnaðar. Ég er undrandi á því, að hv. fyrirspyrjandi skuli ekki hafa kynnt sér lögin betur en svo, að hann telur að þm. hafi staðið í einhverri ákveðinni meiningu, allt annarri en segir alveg skýrt og klárt í lögunum."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. þá og taldi alveg ástæðulaust að breyta nokkru um þetta. Nú er málið leyst, segir hæstv. ráðh. Það er nákvæmlega það sem var verið að fara fram á hér á Alþingi 30. mars, að tekið væri tillit til iðnaðarins, tekið væri tillit til umkvartana Félags ísl. iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna, en hæstv. ráðh. vildi ekki hlusta á það þá. En nú hefur hann séð sig neyddan til þess að breyta þessari reglugerð, og þetta er bara eitt dæmi af mörgum um það, hvernig öll þessi skattamál, sem hæstv. fjmrh. og hæstv. ríkisstj. bera fram hér á Alþingi, eru illa undirbúin. Nú er hér til umr. frv. til l. um skattskyldu innlánsstofnana. Þetta frv. er líka illa undirbúið og í rauninni óskaplegt hrófatildur hvernig þessi skattlagning á að eiga sér stað. Undirbúningi þess er mjög ábótavant. Það hefur komið mjög glöggt í ljós við meðferð þessa máls hér á hv. Alþingi, hversu undirbúningi er ábótavant, enda voru gerðar á þessu máli ýmsar breytingar í Ed. Þær sýna glögglega að þeir, sem sömdu þetta frv., virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því verki sem þeir voru að vinna.

Það hefur t. d. ekkert samband verið haft við undirbúning þessa máls við viðskiptabankana eða sparisjóði landsins og lítið samband haft við Seðlabankann eins og kemur fram í nál. sem meiri hl. fjh.- og viðskn. hefur látið frá sér fara. T. d. hefur heldur engra upplýsinga verið aflað frá okkar nágrannalöndum um hvernig slíkri skattlagningu er háttað þar. En vafalaust mætti ýmislegt læra af ákvörðunum þeirra í þeim efnum og mætti hafa ýmislegt til hliðsjónar um það, hvernig skattlagning á banka og sparisjóði á sér stað í þeim löndum. Menn hafa heldur enga grein gert sér fyrir því í sambandi við undirbúning þessa máls, hvaða áhrif þessi skattlagning kynni að hafa á innláns- og útlánsvexti og á eigin fjármunastöðu innlánsstofnananna og þar með ekki heldur hvaða áhrif þessi skattlagning komi til með að hafa á gang efnahagsmála og á gang þeirra vandamála sem við eigum helst við að stríða í sambandi við lausn efnahagsmála. Það er enginn vafi á því, að þessi skattur, ef hann verður á lagður, ef hv. Alþingi samþykkir það frv. sem hér liggur fyrir, á eftir að skerða möguleika banka og sparisjóða til að gegna því hlutverki sem þeir eiga að gegna, þ. e. að lána fjármagn hvort sem er til atvinnurekstrar eða til einstaklinga hér á landi. Það er reyndar svo nú að þeir, sem leita til lánastofnana, fá alveg eins oft nei frá lánastofnununum eða þá þeir fá ekki nema hluta af því sem þeir sækja um. Svarið, sem þeir fá er að staða bankanna, staða peningastofnana sé slík að þeir hafi ekki fjármagn til þess að veita almenningi eðlilega fyrirgreiðslu. Þar skiptir að sjálfsögðu máli líka sú bindiskylda sem er tíðkuð og bankarnir hafa reyndar mótmælt. En þegar þar á ofan bætist það sem hér er að eiga sér stað, að leggja á sérstakan skatt á innlánsstofnanir, banka og sparisjóði, þá er nú hætt við að fari að þrengjast fyrir dyrum hjá ýmsum innlánsstofnunum og hætt við að þær geti ekki sinnt því hlutverki sem þær eiga að gera.

Ég hef orðið var við það og ég las það m. a. í Þjóðviljanum, málgagni hæstv. fjmrh., að sjálfstæðismenn á Alþingi vildu sérstaklega hlífa bönkum og sparisjóðum, þeir vildu koma í veg fyrir að almenningur nyti góðs af þeim mikla gróða sem bankar og sparisjóðir hafa. Þetta er að sjálfsögðu mikill misskilningur. Við sjálfstæðismenn teljum auðvitað að bankar og sparisjóðir séu engar heilagar kýr, en við teljum nauðsynlegt að þannig sé búið að þessum stofnunum að þær geti sinnt því hlutverki sem af þeim er ætlast hér á landi, þær geti sinnt því hlutverki að koma einstaklingum til hjálpar ef þeir þurfa þess með, — þegar einstaklingar þurfa að leggja fjármagn hvort sem er í íbúð, endurnýja bílinn sinn, innbúið sitt, þá eigi bankarnir að geta komið til eða þegar atvinnufyrirtækin þurfa á rekstrarfé að halda eða þegar atvinnufyrirtækin þurfa að endurnýja vélar, tæki eða hús. Það er þess vegna fjarri lagi að það sé af einhverri sérstakri umhyggju fyrir bönkum eða sparisjóðum þessa lands sem við sjálfstæðismenn erum á móti þessu frv. Við erum á móti þessu frv. vegna þess að við skynjum að bankar og sparisjóðir geta síður gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað ef þessi skattur verður á lagður. Og hver kemur til með að borga þennan skatt? Eru það bankarnir eða sparisjóðirnir sem koma til með að borga hann af eigin fé? Ég hygg að svo sé ekki.

Allir vita að vextir eru ákveðnir með sérstökum ákvörðunum Seðlabanka Íslands sem að jafnaði hefur samráð við ríkisstj. á hverjum tíma um hvernig vextir eigi að vera ákveðnir. Bæði innlánsvextir og útlánsvextir eru ákveðnir á þennan hátt. Helsta tekjuöflun banka er að sjálfsögðu vaxtamismunurinn, þ. e. sá mismunur sem er á innláns- og útlánsvöxtum. Þessar tekjur stjórnast alveg af þessum ákvörðunum sem Seðlabankinn tekur á hverjum tíma í samráði við hæstv. ríkisstj., þannig að annaðhvort verður að gera: að draga úr útlánum bankanna, að draga úr möguleikum bankanna til að sinna því sjálfsagða hlutverki sínu að lána almenningi eða fyrirtækjum eða þá að hækka útlánsvextina þannig að bankarnir fái fjármuni til að standa undir þessum skatti. Þessi skattur er því ákaflega vanhugsaður. Kemur það mjög glöggt fram í þeim greinargerðum, sem lagðar hafa verið fram um þessa skatta frá bönkum og sparisjóðum, að hér er um mjög vanhugsaða aðgerð að ræða.

Bankar njóta skattfrelsis að vissu marki, það er rétt.

En það hefur verið sýnt fram á með þeim greinargerðum, sem lagðar hafa verið fram og við þm. höfum átt aðgang að og getað kynnt okkur, að þrátt fyrir skattfrelsisákvæði banka og sparisjóða greiða þessar stofnanir öll meiri háttar opinber gjöld sem lögð eru á atvinnufyrirtæki nema aðstöðugjald, tekjuskatt og eignarskatt. Í stað aðstöðugjalds greiða bankarnir landsútsvör. Og gjaldeyrisbankarnir greiða sérstakan skatt til ríkisins sem á sér ekki hliðstæðu í gjöldum á önnur fyrirtæki, þ. e. 60% af tilteknum tekjum af gjaldeyrissölu. Heildarskattlagning bankanna þrátt fyrir þetta skattfrelsi, sem oft er talað um, nam 27.5% af brúttóhagnaði þeirra á árinu 1980. Innlánsstofnanir eins og bankar og sparisjóðir hafa þá sérstöðu, að til þeirra eru gerðar mjög strangar kröfur um rekstraröryggi og fjárhagslegan styrk. Í nágrannalöndum okkar eru þessar kröfur yfirleitt lögbundnar, t. d. í því formi að krafist er lágmarkshlutfalls eigin fjár á móti heildarskuldbindingum. Í Danmörku er þetta lágmark 8% og í Noregi er þetta hlutfall 6.5%. Það er ekki ólíklegt að eitthvað slíkt verði lögfest hér á landi innan tíðar, og ég held að fyrir því séu sterk rök. Ég held að við þm. og hæstv. ríkisstj. eigi mjög að huga að því, hvort ekki sé rétt að lögbinda slíkt lágmarkshlutfall eigin fjár. Og þá eiga auðvitað allir bankar að vera undir þetta seldir og ríkisviðskiptabankarnir eiga að sjálfsögðu að hlíta sömu reglum og aðrir bankar að þessu leyti.

Álagning eignarskatts samrýmist alls ekki reglum um lágmarkshlutfall eigin fjár. En hvaða röksemdir eru þá aðrar sem mæla gegn því, að tekjuskattur sé lagður á viðskiptabanka og sparisjóði eða að skattheimta verði aukin með öðrum hætti? Við skulum aðeins huga að því.

Tekjuskattsfrelsi viðskiptabankanna og sparisjóðanna er að flestu leyti í samræmi við almenn skattalög, þannig að þótt skattfrelsisákvæði sérlaga yrðu felld úr gildi yrðu þessar stofnanir að mestu tekjuskattsfrjálsar að óbreyttum almennum lögum. Hlutafélagabankarnir eru undantekning að þessu leyti, en til þeirra var stofnað á sínum tíma með sérstöku samkomulagi ríkisvalds og fjölmennra landssamtaka á þeim forsendum að þeir yrðu tekjuskattsfrjálsir. Með álagningu tekjuskatts á ríkisviðskiptabanka og sparisjóði er verið að leggja á þá byrðar sem ekki eru lagðar á aðrar opinberar eða hálfopinberar stofnanir. Með álagningu tekjuskatts á hlutafélagabankana væri að ástæðulausu verið að fella úr gildi samkomulag sem gert var við stofnun þeirra. Slík stefnubreyting mundi skapa ný viðhorf í skipulagsmálum bankakerfisins og kalla á setningu almennrar löggjafar um stofnun og starfrækslu viðskiptabanka. Slík löggjöf er reyndar sjálfsögð af ýmsum öðrum ástæðum, og ég bendi á það, að þm. Sjálfstfl. hafa lagt hér fram á hv. Alþingi frv. til l. um viðskiptabanka þar sem er um að ræða mjög ítarlegar tillögur um viðskiptabankana. Hér er um að ræða frv. sem ég held að menn ættu að gefa mjög góðan gaum, — frv. sem er mjög vel unnið af þingflokki Sjálfstfl. og er til fyrirmyndar að því er þmfrv. snertir.

En hver er eiginfjárstaða banka og sparisjóða hér á landi? Ef menn kynna sér reikninga banka og sparisjóða eins og þeir hafa verið kynntir m. a. fyrir þm. er eiginfjárstaða þeirra mjög nálægt því lágmarki sem rætt hefur verið um að lögfesta hér á landi, nálægt því lágmarki sem tíðkast í okkar nágrannalöndum. Ef ekki er tekið tillit til hlutafjáraukningar hlutafélagabankanna hefur eiginfjárstaða þeirra haldist svo til óbreytt undanfarin 4 ár sem hlutfall af skuldbindingum. Ef þessar stofnanir hefðu þurft að greiða tekjuskatt frá ári til árs og að óbreyttum tekjum þeirra, þ. e. að óbreyttu bili því sem ákveðið hefur verið milli útláns- og innlánsvaxta, þá hefði eiginfjárstaða þessara banka rýrnað frá ári til árs. Greiðsla tekjuskatts verður ekki bætt upp með hagræðingu í rekstri eða innborgun eigin fjár frá eigendum. Ég held að það sé alveg ljóst og það sé öllum ljóst. Menn tala að vísu um útþenslu í bankakerfinu, það séu of margir starfsmenn í bönkum, það séu of mörg bankaútibú. En á móti verðum við að hafa það í huga, að bankarnir gegna vaxandi þjónustu. Þjónusta þeirra eykst frá ári til árs og stöðugt eru það ný svið sem bankarnir taka á sig til þess að þjóna viðskiptavinum sínum.

Það er því alveg ljóst að byrðarnar af þessari skattheimtu, sem nú er verið að leggja til að lögð sé á banka, lenda ekki á bönkunum sjálfum. Þær lenda á herðum lántakenda og annarra viðskiptaaðila þessara innlánsstofnana. Að öðrum kosti leiðir þessi skattheimta til rýrnandi trausts á innlánsstofnunum og líklegt að ýmsar minni stofnanir verði að hætta rekstri, t. d. ýmsir minni sparisjóðir. Það er því alveg ljóst að þessi skattheimta, sem á að leggjast á hin breiðu bök, að því er hæstv. fjmrh. segir og hæstv. ríkisstj., — reyndar er það ýmis önnur skattheimta sem á að lenda á breiðu bökunum að þeirra mati, — en ég held að það sé alveg ljóst að þessi skattheimta eins og allir aðrir skattar, sem núv. hæstv. ríkisstj. leggur til, lenda á almenningi að lokum, lenda á viðskiptavinum innlánsstofnananna, hvort sem það er húsmóðirin, sem er að endurnýja húsgögnin sín, eða fjölskyldan, sem er að kaupa sér hús, eða fyrirtæki, sem er að endurnýja sinn vélakost. Þessi skattur lendir á endanum hjá þeim sem viðskipta leita hjá viðskiptabönkum.

Hugvit og hugkvæmni hafa oft verið talin meðal góðra kosta hér á Íslandi og við verðum að viðurkenna að það er ekki öllum gefið. En því meiri ástæða er til þess að þeir, sem eru þeim gáfum gæddir að hafa gott hugvit og vera hugkvæmnir, nýti þessar gáfur vel. Hæstv. fjmrh. hefur sýnt að hann er hugkvæmur maður, og ýmsir í hæstv. ríkisstj. hafa sýnt að þeir eru hugkvæmir menn. En því miður hefur þessi hugkvæmni beinst í rangar áttir. Hæstv. ríkisstj. og hæstv. fjmrh. hafa sýnt alveg sérstaka hugkvæmni í því að finna upp nýja skatta. Það er með ólíkindum hvað hugkvæmnin hefur verið mikil hjá hæstv. fjmrh. við að finna ný svið til þess að leggja á skatta. (**Fjmrh.:** Er verið að hrósa mér?) Já, ég hrósa hæstv. fjmrh. fyrir hugvit að þessu leyti. En ég hefði kosið að hugvit þessa hæstv. ráðh. hefði beinst í aðrar og þarfari áttir heldur en finna upp nýjar og nýjar leiðir til þess að leggja skatta á samborgara sína.

Ég gat um það áðan, að ríkisvaldið hefði rekstrarafkomu innlánsstofnana alfarið í hendi sér, og ég held að allar líkur séu á því að mismunur innláns- og útlánsvaxta og þjónustugjöld verði áfram ákveðin þannig að eigið fé aukist ekki verulega umfram lágmarksþarfir. Samkv. núgildandi reglum safnast skattfrjáls raunhagnaður fyrir hjá innlánsstofnunum til að þær geti viðhaldið nauðsynlegu eiginfjárhlutfalli. Hagnaður ríkisviðskiptabankanna er alfarið eign ríkisins og gefur því að sjálfsögðu ekki tilefni til aukinnar skattlagningar. Hagnaði sparisjóðanna verður ekki ráðstafað nema til almenningsþarfa, einkahagsmunir koma þar ekki til álita. Samkv. almennum skattalögum sleppa hluthafar hluta-

félagabankanna ekki við að greiða tekjuskatt af uppsöfnuðum raunhagnaði bankanna eftir 1978 ef hann kæmi síðar til útborgunar við slit banka.

Það er veruleg ástæða til að leggja á það áherslu, að aukin skattheimta í formi einhvers konar veltuskatts hefði að sjálfsögðu hliðstæð áhrif og tekjuskattur á rekstraröryggi og fjárhagsstyrk innlánsstofnana. Ég held raunar að veltuskattur sé enn þá varhugaverðari að þessu leyti ef hann er lagður á án fulls tillits til rekstrarafkomu og greiðslugetu einstakra stofnana. Stofnun, sem á í rekstrarörðugleikum eða er jafnvel rekin með tapi, þyrfti engu að síður að standa ríkissjóði skil á slíkum skatti. Afleiðingin gæti þess vegna ekki aðeins orðið rýrnun bæði á hlutfallslegri eiginfjárstöðu og raunvirði eigin fjár, heldur gæti í nokkrum tilvikum orðið um neikvæða eiginfjárstöðu að ræða og þar með væri verið að ganga á eignir innstæðueigenda. Ég held því að með slíkri skattheimtu eins og hér er verið að tala um væri vegið alvarlega að rekstraröryggi þessara stofnana og hagsmunum innstæðueigenda teflt í tvísýnu.

Eina röksemdin fyrir þessum skatti, sem lögð hefur verið fram, er aukin tekjuþörf ríkissjóðs. Það hefur engin röksemd komið fram með þessum skatti í þá átt að hér sé um að ræða lið í einhverjum sérstökum efnahagsaðgerðum, hér sé um að ræða þátt í því að draga úr verðbólgu t. d. Aðalröksemdin og sú eina er óseðjandi tekjuþörf ríkissjóðs. Hæstv. fjmrh. gumar oft af því, að hann hafi getað sléttað reikninga við Seðlabankann, staða ríkissjóðs sé góð og hann hafi getað greitt upp skuldir við Seðlabankann, og honum er hælt stundum í Þjóðviljanum fyrir góða fjármálastjórn. En í hverju liggur þessi góða fjármálastjórn hæstv. fjmrh. Hún liggur í því, að í stað þess að reyna að draga úr útgjöldum, í stað þess að reyna að marka útgjöldum einhvern bás er stöðugt verið að auka tekjur ríkissjóðs með nýjum sköttum. Það líður ekki sá mánuður hér á hv. Alþingi að ekki komi fram frv. um nýja skatta. Það er ekki þess vert að hrósa slíkri fjármálastjórn. Slík fjármálastjórn á ekki hrós skilið. Ég held að engum fjölskylduföður og engri húsmóður yrði hælt fyrir ráðdeildarsemi í rekstri heimilsins ef útgjöldunum væri enginn stakkur skorinn, ef útgjöldin væru stöðugt aukin. Allir vita hvernig slíkt heimili mundi fara að lokum. Á heimili hæstv. fjmrh. gengur þetta þannig að hann eykur stöðugt útgjöldin. Til þess að láta enda ná saman hækkar hann stöðugt skattana frá mánuði til mánaðar og sýnir ótrúlegt hugvit í þeim efnum.

Við, sem skipum stjórnarandstöðu hér á hv. Alþingi, erum andvígir þessum skatti. Við greiðum atkv. gegn honum og þeir, sem skipa meiri hl. fjh.- og viðskn. af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna, hafa lagt til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj. Við teljum að efnislega sé þetta rangt, þessi skattur sé rangur og þetta mál auk þess afar illa undirbúið. Það er reyndar með ólíkindum, það geðslag sem margir hæstv. ráðherrar sýna hér á Alþingi. Þeir kasta hér inn frumvörpum hverju á eftir öðru, eins og t. d. hæstv. iðnrh., og Alþingi fær þau síðan til meðferðar. Þm. komast fljótt að raun um að undirbúningur er afleitur og Alþingi þarf að gerbreyta þessum málum flestum. Þannig var t. d. með það mál sem við vorum að afgreiða hér í gær, kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði, að það stóð ekki steinn yfir steini í því frv. þegar það var afgreitt hér út úr deildinni.

Frv., sem hér er til meðferðar og hæstv. fjmrh. hefur undirbúið, er líka illa undirbúið. Þeir, sem að samningu þess hafa staðið á ábyrgð hæstv. ráðh., hafa greinilega kastað til þess höndunum eða hafa ekki vitað raunverulega um hvað var verið að fjalla.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, að það er augljóst að skattlagning innlánsstofnana eins og sú, sem hér er til meðferðar, hlýtur að koma niður á viðskiptavinum bankanna eða innlánsstofnananna, þ. e. sparifjáreigendum eða lántakendum, sennilega báðum þessum hópum. Að öðrum kosti yrði að skerða eiginfjárstöðu stofnananna og auðvitað kemur það líka niður á þeim sem við þá skipta.

Það hefur komið fram að það er álit bæði Seðlabankans og fulltrúa stofnananna sjálfra að eiginfjárstaða þeirra sé svo veik og horfur um afkomu þeirra svo tvísýnar að ekki megi koma til skerðingar á eiginfjárstöðu innlánsstofnana. Þessi skattlagning hlýtur því annað tveggja að leiða til lækkunar innlánsvaxta eða hækkunar útlánsvaxta frá því sem nú er. Ég hef grun um að niðurstaðan verði sú, að það verði útlánsvextirnir sem verði hækkaðir en ekki innlánsvextirnir. Og þá vitum við hverjir það eru sem þetta þurfa að greiða. Það eru lántakendurnir. Það er almenningur í landinu, sem þarf á lánum að halda, eða fyrirtækin í landinu, sem þurfa á lánum að halda, ýmist til rekstrar eða til uppbyggingar. Ég vil því ítreka þá andstöðu, sem fram hefur komið frá okkur þm. Sjálfstfl. við þetta frv., og ítreka þá afstöðu okkar, að við leggum til að þessu frv. verði vísað til ríkisstj.

ATKVGR.

Till. á þskj. 905 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 20:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MB, MÁM, ÓE, RH. SighB, SteinG, AG, ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, HBl, JS, SigurlB, KP, SvH.

nei: ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, VG, ÞS, AS, FÞ, GS, GGÞ, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE.

3. þm. (EH, GJG, MHM) fjarstaddir.

4. þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til annars en innlánsstofnanir séu skattlagðar. Ég segi nei.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Þar sem þessi skattur kemur til með fyrr eða síðar að lenda á viðskiptamönnum banka og innlánsstofnana, sem er allur almenningur í landinu, annaðhvort lánardrottnar eða sparifjáreigendur, þá segi ég já.

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Ég tel í sjálfu sér í alla staði eðlilegt að bankar og aðrar innlánsstofnanir, að smærri sparisjóðum undanskildum, greiði skatta og skyldur til jafns við önnur fyrirtæki í landinu. En þetta mál er sama marki brennt og allt of mörg mál frá hendi hæstv. ríkisstj. um þessar mundir. Það er með því marki brennt, að það er illa undirbúið, felur auk þess í sér afturvirkni og mismunun á milli lánastofnana sem ekki verður við unað. Þetta mál er aðeins einn þáttur í þeim álögu- og skattafaraldri sem gengur yfir íslenskt atvinnulíf um þessar mundir. Kröfur hæstv. ríkisstj. um aukna rekstrarhagkvæmni, hagræðingu og framleiðniaukningu í atvinnurekstri landsmanna eru út í hött þar sem slíku markmiði verður ekki náð án mikils tilkostn-

aðar sem er skattpíndum og fjárvana fyrirtækjum algerlega um megn. Þar fyrir tel ég að aukin hagkvæmni og aukinn sparnaður í bankakerfinu, ekki hvað síst innan ríkisbankanna — **(Forseti:** Þetta er að verða ræða hjá hv. þm.) Ég hef betri samvisku en sumir aðrir í því efni hér á hv. Alþingi. Ég endurtek, að aukin hagkvæmni og sparnaður í bankakerfinu og þá sérstaklega innan ríkisbankanna sé eðlileg krafa sem ætti fyrst og fremst að koma viðskiptavinum þeirra til góða fremur en óseðjandi ríkishít. Þetta frv. felur í sér hættu á lakari vaxtakjörum og þar með skerðingu á almenningshagsmunum.

Herra forseti. Þetta mál, eins og það liggur fyrir nú, er hættulega hraðsoðið eða öllu heldur hrátt og því óhjákvæmilegt að vísa því aftur til föðurhúsanna hæstv. ríkisstj. til frekari athugunar og lagfæringar. Ég segi því já.

Karvel Pálmason: Herra forseti. Það er með þetta mál eins og því miður mörg önnur sem komið hafa frá hæstv. ríkisstj., að það er afskaplega illa undirbúið og óljóst í raun og veru hvaða afleiðingar það kann að hafa. Það liggur t. d. ekki fyrir, verði um slíka skattlagningu að ræða, hvort hún kemur til með að bitna á viðskiptavinum aftur í gegnum hækkaða vexti eða annað slíkt. Slíkum spurningum hefur ekki verið svarað. Það er að sjálfsögðu rétt og æskilegt að bankastofnanir greiði skatta og skyldur, en þegar slíkt er gert þarf líka að huga að því, að það sé gert á sem hagkvæmastan og eðlilegastan hátt.

Í ljósi þessa tel ég rétt og stend að því, að hæstv. ríkisstj. gefist kostur á því að betrumbæta þetta mál og leggja það fyrir þing að hausti, og í ljósi þess segi ég já.

1. gr. samþ. með 20:11 atkv.
2.—7. gr. samþ. með 20:1 atkv.
Ákv. til brb. I — IV samþ. með 20:5 atkv.
Brtt. 893 (nýtt ákv. til brb. V) samþ. með 25 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22:10 atkv.

Umræður utan dagskrár.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég vakti máls á því við umr. um bankafrv., að hækkanir á þungaskatti hefðu verið með óeðlilegum hætti, og beindi fsp. til hæstv. fjmrh. af því tilefni, en það hefur orðið að samkomulagi að taka málið aftur upp hér. Ég vil skírskota til þess sem ég sagði um málið þá efnislega, en verð samt að minna á að Landvari, félag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, hefur skrifað fjmrn. bréf, dags. 18. febr. 1982, þar sem rök eru fyrir því færð, að hækkun á þungaskatti hafi allt frá árinu 1978 verið umfram löglegar heimildir, og er þar boðað að mál verði hafið fyrir endurgreiðslukröfu að fjárhæð 89 314 kr. sem Landssambandið telur að ofgreitt hafi verið í þungaskatt frá 25. júlí 1978 til síðustu áramóta. Hér er um það að ræða, að á sínum tíma var í lögum frá 19. des. 1975 ákveðið að ráðh. væri með reglugerð heimilt að hækka grunntaxta bensíngjalds og árgjald þungaskatts í samræmi við hækkun vísitölu byggingarskostnaðar. Þó breyting hafi verið gerð á þeim lögum síðar kom ekkert fram um tilhögun þessara gjalda, ekkert um að ætlast væri til að þessi tenging við vísitölu byggingarkostnaðar félli úr gildi. Eðli málsins samkv. tel ég það eðlilegt án þess að ég reki það nánar að þessu sinni.

Af þessu tilefni voru fsp. mínar til hæstv. fjmrh. Í fyrsta lagi: Hyggst hann verða við endurgreiðslukröfu á þungaskatti í samræmi við bréf Landvara frá 18. febr. s. l.? Í öðru lagi: Hyggst hann lækka þungaskattinn til samræmis við byggingarvísitölu strax eða hyggst hann láta þungaskattinn vera óbreyttan þangað til verðbólgan hefur jafnað þann mun sem þar hefur nú orðið? Í þriðja lagi: Hyggst hann halda uppteknum hætti og hækka þungaskattinn að eigin geðþótta hvað sem líður skýrum lagaákvæðum?

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hv. þm. Halldór Blöndal hefur borið hér fram fsp. um hækkunarheimildir fjmrh. til breytinga á þungaskatti og svokölluðu kílómetragjaldi. Heimild fjmrh. til ákvörðunar kílómetragjalds byggist á 7. gr. laga nr. 79 frá 1974, um fjáröflun til vegagerðar, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1977 um breyting á henni. Þar segir svo m. a., með leyfi forseta:

„Ráðh. er heimilt að ákveða með reglugerð að ökumælar skuli settir á kostnað eigenda í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín, svo og festi- og tengivagna, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar og festi- og tengivagna sérstakt gjald fyrir hvern ekinn km samkv. ökumæli. Kemur gjald þetta í stað árlegs þungaskatts samkv. 5. gr. þegar bifreiðar eiga í hlut."

Ákvæði sambærilegt þessu hefur verið í lögum allt frá 1970, sbr. 2. mgr. 87. gr. vegalaga, nr. 23/1970, og síðar 7. gr. laga nr. 79/1974, áður en henni var breytt með lögum nr. 78/1977. Í þessu sambandi er rétt að vekja sérstaka athygli á því — og bið ég nú hv. fyrirspyrjanda að taka vel eftir — að menn mega ekki rugla þessari heimild saman við hækkunarheimildir bensíngjalds og árlegs þungaskatts. Samkv. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 78/1974, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 78/1977, er heimilt að hækka grunntaxta bensíngjalds og árgjalds þungaskatts, eins og þeir eru ákvarðaðir í lögum í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Í þessum ákvæðum er hins vegar hvergi að finna takmörkun á eða leiðbeiningar um hvernig hækka skuli kílómetragjaldið, enda vandséð hvernig slíku verði við komið þegar grunntaxti þess hefur aldrei verið ákveðinn í lögum, andstætt því sem gildir um bensíngjald og árlegan þungaskatt.

Samkv. framansögðu er ljóst að heimild til hækkunar kílómetragjalds takmarkast ekki við þróun byggingarvísitölu. Að þessu athuguðu verður ekki séð að þessi seinasta ákvörðun kílómetragjalds sé ólögmæt þótt hún sé ekki alfarið miðuð við hækkun byggingarvísitölu. Ákvörðun sú sem hér um ræðir birtist í reglugerð nr. 4/1982. Samkv. reglugerðinni hækkaði kílómetragjaldið af bifreiðum, sem eru allt að 11 tonn að heildarþyngd, aðeins í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Af bifreiðum, sem eru þyngri en 11 tonn að heildarþyngd, var hækkunin hins vegar umfram hækkun byggingarvísitölu, mismunandi eftir þyngd. T. d. nemur umframhækkunin um 5% á 12 tonna bifreið, en er komin upp í 40% á allra þyngstu bifreiðar, þ. e. bifreiðar, sem eru 25 tonn.

Sjónarmið það, sem að baki þessari hækkun býr, er komið frá sérfræðingum okkar í vegagerð, en leitt hefur verið í ljós að tekjur Vegasjóðs af akstri þyngri bifreiða en 12 tonna nema einungis litlum hluta af þeim útgjöldum sem hann verður fyrir vegna aksturs þeirra, eða um 40% af þeim útgjöldum sem stafa af akstri slíkra bifreiða. Þær fara sem sagt miklu, miklu verr með vegina,

þessar stóru og þungu bifreiðar, heldur en léttari bifreiðar. Þennan mismun er þó með þessari umframhækkun einungis verið að leiðrétta að nokkru leyti, því að ljóst er að þrátt fyrir þessa hækkun verður kostnaður Vegasjóðs og Vegagerðarinnar enn talsvert miklu meiri af akstri þessara þungu bifreiða, sem umframhækkunin nær til, en tekjur Vegasjóðs eru af akstri þessara bifreiða.

Að lokum er rétt að benda hv. fyrirspyrjanda og öðrum alþm. á það, að sú hækkun, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, sú sérstaka aukahækkun á þyngstu bifreiðarnar, er ekkert einsdæmi. Í því sambandi má benda á að í ársbyrjun 1978, í tíð ríkisstj. Geirs Hallgrímssonar, hækkaði kílómetragjald af öllum þyngdarflokkum gjaldskyldra bifreiða um tæp 83% þó svo að hækkun byggingarvísitölu á milli áranna 1977 og 1978 næmi aðeins tæpum 40%.

Hv. fyrirspyrjandi spurði að því, hvort þessi ákvörðun yrði endurskoðuð. Ég verð að svara þeirri spurningu neitandi. Það er ljóst að ekkert í lögum hindrar að þessi ákvörðun sé tekin á þann veg sem hún var tekin.

Loks er rétt að benda hv. þm. á það, sem allir gera sér kannske ekki grein fyrir og greinilega ekki hv. fyrirspyrjandi, enda kannske ekki von því að um það var svo sem ekki mikið rætt þegar fjárlögin voru afgreidd í des. 1982 og ekki eðlilegt kannske að menn átti sig á hverri einustu tölu sem þar birtist, en staðreynd er að þessi hækkun kemur fram í fjárlagatölunum. Það var gert ráð fyrir þessari hækkun við afgreiðslu fjárlaga ársins 1982.

Halldór Blöndal: Herra forseti. Ég tók það alveg sérstaklega fram, bæði fyrr í dag og aftur nú, að þessar hækkanir hefðu orðið síðan á árinu 1978, það þurfti ekki að minna mig á það. En að hinu leytinu minnti ég á það og skal ítreka nú, að hækkanir þungaskattsins hafa orðið tíðari síðan, á árunum 1979—1981, heldur en áður þar sem þá voru þessar hækkanir tvívegis á ári. Ég vil einnig minna á það, að enda þótt þungaskatturinn hafi hækkað 1. júní 1981 var hann nær tvöfaldaður nú í byrjun janúarmánaðar. Það munar ekki lítið um skattþynginguna þarna.

Ég get á hinn bóginn ekki fallist á að Alþingi hafi veitt hæstv. fjmrh. óbundnar hendur við ákvörðun þungaskattsins. Ég get ekki fallist á að sá lagaskilningur sé réttur, að með lögum frá 1977 hafi sú viðmiðun verið felld úr gildi, og vil í því sambandi minna á það sem stendur í grg. um kílómetragjaldið svokallaða sem þá var tekið upp í stað þungaskatts, en um það segir svo í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Með þessari grein er leitast við að færa 7. gr. gildandi laga í heldur einfaldari búning án þess að breyta efni hennar að neinu ráði. Rétt er þó að vekja athygli á því ákvæði 2. mgr., að ráðh. geti ákveðið með reglugerð að áfallnar dagsektir innheimtist enda þótt sú athöfn, sem knýja átti fram með dagsektum, hafi síðar verið framkvæmd. Í gildandi lögum er ekki hliðstætt ákvæði og hefur því þótt hæpið vegna fyrri fordæma að innheimta álagðar sektir eftir að bifreið er færð til skoðunar. Er ljóst að dagsektirnar verða gjaldendum ekki sá hvati sem þeim var ætlað til að mæta á réttum tíma til álesturs með bifreiðar sínar, ef gjaldendur geta hvenær sem er firrt sig greiðslu þegar áfallinna sekta með því að láta álestur fara fram."

Frekari orð eru ekki um þetta höfð og auðvitað útilokað með öllu, ef sú hefði verið ætlun þeirra, sem frv. lögðu fram þá, að slíta tengslin við byggingarvísitölu, að komast svo að orði í grg. að segja að með þessari grein sé leitast við að færa 7. gr. gildandi laga í heldur einfaldari búning án þess að breyta efni hennar að neinu ráði. Auðvitað er það að breyta efni lagagr. að ráði ef í breytingunni á að felast það, að ráðh. séu gefnar frjálsar hendur um ákvörðun skatta. Ég lít svo á að það sé á valdi Alþingis. Alþingi geti ekki framselt framkvæmdavaldinu að leggja á nýja skatta eða hækka þá, slíkt verði ekki gert nema með lögum eða með stoð í lögum. Ef sá er skilningur ráðh., að skírskotunin í lögunum frá 19. des. 1975 til vísitölu byggingarkostnaðar eigi ekki við um bensíngjaldið, get ég alls ekki séð í hvaða lögum hann hefur heimild til þess að hækka þetta gjald. Ég vil þá skora á hann að skýra frá því. Með þessari breytingu frá 1975 féllu niður samsvarandi ákvæði fyrri laga, og það er algerlega útilokað að hægt sé að vitna til þeirra í því sambandi.

Það má vera að sú verði raunin, að flutningsbifreiðastjórar verði að reka sitt mál fyrir dómstólunum í sambandi við þungskattinn, og þá er að sæta því. En ég vil líka minna á það, að óhæfileg skattheimta á þungaflutning vöruflutningabifreiða með nauðsynjar út á land hækkar flutningskostnaðinn á nauðsynjavörum til almennings úti í landsbyggðinni og hækkar rekstrarkostnað þeirra fyrirtækja sem þar eru. Er þó nóg óhagræði að flutningskostnaðinum fyrir, ekki síst þegar haft er í huga að almenningur þar verður í mörgum tilvikum að greiða söluskatt af þessum flutningskostnaði sem fólkið hér á Reykjavíkursvæðinu losnar við.

Umræður utan dagskrár.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka þetta tækifæri sem ég fæ til þess að koma hér á framfæri máli sem ég hef áhuga á nú í öllum þessum önnum. En þannig er mál með vexti að hinn 22. mars s. l. lagði ég ásamt öðrum hv. þm. Alþfl. fram beiðni um skýrslu frá hæstv. fjmrh. um mat á eignum Iscargo hf. sem Arnarflug hafði þá nýverið fest kaup á. Í beiðninni segir:

„Með vísan til 31. gr. laga um þingsköp Alþingis óskum við undirritaðir alþm. eftir því, að fjmrh. flytji Alþingi skýrslu um mat á eignum Iscargo hf. sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á."

Nú er svo liðið á þingtímann að ég vildi gjarnan fá svör hæstv. fjmrh. við því, hvað hefur verið gert af hálfu hins háa rn. til þess að afla þeirra upplýsinga sem hér er óskað eftir í skýrsluformi, hvernig það mál hefur gengið og þróast og hvort þingið eigi yfirleitt von á að fá þá skýrslu sem hér hefur verið beðið um.

Fjmrh. (Ragnar Arnalds): Herra forseti. Hinn 16. mars s. l. lögðu nokkrir þm. undir forustu hv. þm. Árna Gunnarssonar fram beiðni hér á Alþingi til fjmrh. að hann flytji Alþingi skýrslu um mat á eignum Iscargo hf. sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á. Eftir að þessi beiðni hafði komið fram ritaði fjmrn. Flugleiðum hf., en eins og kunnugt er er ríkissjóður stór eignaraðili að því félagi. Í þessu bréfi beindi fjmrn. þeim tilmælum til Flugleiða hf., að félagið færi þess á leit við stjórn Arnarflugs, að veittar yrðu nauðsynlegar upplýsingar sem gætu orðið efniviður í nefnda skýrslu. Þess var einnig getið, að í lok greinargerðar með beiðninni hefði þess verið óskað, að í skýrsl-

unni kæmu fram upplýsingar um greiðsluþol Arnarflugs hf., og tekið var fram að fjmrn. treysti sér ekki til að leggja neinn dóm á greiðsluþol fyrirtækisins utan þess sem lesa mætti úr ársreikningum fyrirtækja og óskaði því að leitað yrði heimildar stjórnar Arnarflugs hf. um að greina mætti frá efnahags- og rekstrarreikningi ársins 1981 í téðri skýrslu.

Þetta bréf var sent til Flugleiða hf. 25. mars. Síðan barst fjmrn. bréf frá Flugleiðum hf. 31. mars þar sem greint var frá því, að umbeðin beiðni hefði verið framsend til stjórnar Arnarflugs hf. 15. apríl s. l. fær rn. síðan bréf frá Flugleiðum þar sem í fyrsta lagi var minnt á fyrri bréfaviðskipti og að Flugleiðir hf. hefðu óskað eftir því, að þetta mál yrði tekið fyrir á næsta reglulegum stjórnarfundi Arnarflugs hf. 5. apríl 1982. Í þessu bréfi er skýrt frá því, að stjórnarformaður Arnarflugs hafi ekki boðað stjórnarfund 5. apríl og þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hafi stjórnarformaður Arnarflugs hf. ekki fengist til að boða stjórnarfund. En svo segir hér í bréfinu: „Strax og stjórnarfundur verður haldinn í stjórn Arnarflugs hf. munum við tilkynna fjmrn. um framgang málsins."

Þetta var 15. apríl s. l. Með þessu bréfi fylgdi afrit af bréfi Flugleiða frá 31. mars 1981 til stjórnarformanns Arnarflugs hf.

Jafnhliða þessu fékk fjmrn. í hendur öll þau gögn málsins sem Flugleiðir höfðu dregið saman, en það voru að sjálfsögðu takmarkaðar upplýsingar og gátu alls ekki orðið grundvöllur að mati á eignum Iscargo hf. eða orðið svar við þeirri beiðni sem hér hafði verið lögð fram. Ég vil láta þess getið, að hv. þm. Árni Gunnarsson fékk öll þessi gögn í hendur strax eftir að þau bárust fjmrn.

Hinn 26. apríl s. l. fékk svo fjmrn. í hendur nýtt bréf frá Flugleiðum þar sem fylgir ljósrit af bréfi frá stjórn Arnarflugs til Flugleiða, en það bréf hafði verið sent þá nokkrum dögum áður eða 19. apríl. Í þessu bréfi kemur fram eftirfarandi, með leyfi forseta, en bréfið er undirritað af stjórnarformanni Arnarflugs hf., Hauki Björnssyni:

„Þótt ríkissjóður sé hluthafi í Flugleiðum hf. og Flugleiðir hf. eigi 40% hlutafjár í Arnarflugi hf. skapar það engin bein lagaleg eða hagsmunaleg tengsl milli ríkissjóðs og Arnarflugs hf. fremur en milli annarra einstakra hluthafa í Flugleiðum hf. og Arnarflugi hf. Hvorki ríkissjóður né aðrir hluthafar í Flugleiðum hf. eigi því rétt eða kröfu á hendur Arnarflugi hf. um að félagið veiti upplýsingar viðskiptalegs eðlis. Beiðni Árna Gunnarssonar og fleiri þm. Alþfl. um skýrslu frá fjmrh. um mat á eignum Iscargo hf., sem Arnarflug hf. hefur fest kaup á, er því byggð á misskilningi að þessu leyti."

Enn fremur segir í þessu bréfi Arnarflugs til Flugleiða hf., með leyfi forseta:

„Einstakir hluthafar í Arnarflugi hf., þar á meðal Flugleiðir hf., geta hins vegar samkv. 74. gr. hlutafélaga, nr. 32/1978, á hluthafafundum í Arnarflugi hf. farið fram á upplýsingar um þau málefni sem skipta máli um mat á ársreikningi félagsins og stöðu þess að öðru leyti, og skulu slíkar upplýsingar þá veittar á fundinum eða í kjölfar hans ef slíkt má verða án tjóns fyrir félagið að mati félagsstjórnar. Upplýsingar þær, sem umrædd lagagrein fjallar um, eru ætlaðar hluthöfum í viðkomandi hlutafélagi, en ekki utanaðkomandi aðilum. Auk þessa réttar almennra hluthafa á hluthafafundum eiga einstakir stjórnarmenn í hlutafélögum, þ. á m. í Arnarflugi hf., að sjálfsögðu rétt á upplýsingum um öll viðskipti, samninga og greiðslustöðu viðkomandi hlutafélags, en það, sem rætt er og upplýst á stjórnarfundum, er þó trúnaðarmál.

Að því er varðar upplýsingar um greiðsluþol og ársreikninga Arnarflugs hf. skal athygli enn fremur vakin á 105. gr. hlutafélagalaganna, nr. 32/1978, þar sem segir að eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings skuli staðfest endurrit hans ásamt endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár, og í 145. gr. 2. mgr. sömu laga segir að ráðh. (viðskrh.) sé heimilt að veita almennan aðgang að hlutafélagaskrá, þar með töldum reikningum hlutafélaga."

Loks segir — með leyfi forseta — í lok þessa bréfs frá Arnarflugi hf.:

„Þrátt fyrir það, sem að ofan segir, lýsir stjórn Arnarflugs hf. sig reiðubúna til að senda rn. efnahags- og rekstrarreikning ársins 1981 ásamt skýrslu stjórnar jafnskjótt og aðalfundur félagsins, sem halda skal fyrir mailok, hefur afgreitt hann og jafnframt að heimila rn. að greina frá téðum gögnum í fyrirhugaðri skýrslu sinni."

Ég hef hér gert grein fyrir þeim bréfaskiptum, sem fram hafa farið út af þessu máli, og nú seinast svari Arnarflugs við þeirri beiðni sem borin var fram í gegnum stjórn Flugleiða hf. vegna þessa máls. Ég þarf ekki að orðlengja það, að fyrirliggjandi gögn, sem aflað hefur verið, eru engan veginn nægur grundvöllur fyrir fjmrn. til þess að hægt sé að framkvæma mat á eignum Iscargo hf. sem Arnarflug festi kaup á, og ekki er heldur um það að ræða, að unnt sé að meta fjármálalega stöðu Arnarflugs hf. fyrr en reikningar þeir, sem nefndir voru, hafa borist. Ég treysti mér því ekki til að gera þessu máli frekari skil áður en Alþingi lýkur störfum sínum. En ég er að sjálfsögðu reiðubúinn að senda hv. þm. Árna Gunnarssyni og öðrum þm., sem þess kynnu að óska, þau gögn sem berast um þetta mál síðar, en af bréfi Arnarflugs hf. má ráða að varla verði von á viðbótargögnum í málinu fyrr en í næsta mánuði.

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svör hans. Ég geri mér ljósa grein fyrir því, að fjmrn. er í nokkrum vanda statt með það að ganga frá þessari skýrslu. Ég vil hins vegar minna á það, að hæstv. flugmálaráðh. sagði hér við umr. fyrir nokkrum vikum að sér væri kunnugt um að Arnarflug væri tilbúið að láta af hendi öll gögn sem fyrir lægju. Það kemur mér þess vegna talsvert mikið á óvart að félagið skuli ekki treystast til þess að leggja fram lista yfir þær eignir, sem það kaupir af Iscargo hf., með mati á þeim eignum.

Ég vil líka minna á það, að hér er verið að fjalla um eign ríkissjóðs að hluta til, og það nær auðvitað ekki nokkurri átt, að hér skuli vera hægt að fara með skattfé fólksins eins og gert hefur verið í þessu tilviki, á þann hátt að það standi eftir hugmynd um að þarna hafi fé verið notað á óeðlilegan hátt. Ég vil minna á það að auki, að framkvæmdastjóri Arnarflugs lýsti því yfir í blaðaviðtölum og viðtölum við fjölmiðla að Arnarflug hefði keypt Iscargo á yfirverði. Ef það er svo í okkar þjóðfélagi að slík mál geti farið fram þar sem ríkissjóður og ríkisvaldið á aðild að málum, þá er ekki von á góðu.

Ég tel mjög alvarlegt að það skuli vera unnt að koma í veg fyrir að fram fari hlutlægt mat á þessum eignum. Ég minni enn einu sinni á það, að ríkissjóður á 20% í Flugleiðum sem síðan eiga 40% í Arnarflugi. Það er þess vegna alveg skýlaus krafa og skýlaus réttur Alþingis, að það fái vitneskju um þetta mál.

Ég vænti þess svo, að hæstv. fjmrh. fylgi þessu máli eftir og reyni að afla allra þeirra upplýsinga, sem fáanlegar eru, þannig að þingi og þjóð verði ljóst fyrr en síðar að þarna fóru fram kaup sem eru í fyllsta máta óeðlileg.

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 552, n. 817 og 818). — Frh. 2. umr.

Ólafur Þ. Þórðarson [frh.]: Herra forseti. Það hefur verið tafsamt, eins og fram hefur komið, að gera grein fyrir þessu máli. Ég vænti þess aftur á móti, að í þeim hléum hafi þeir þm., sem einhverju láta sig það skipta hvernig að lögum um Hæstarétt er staðið, gefist tími til að athuga málið, og vænti þess jafnframt, að hafi þm. ekki kynnt sér það mál geri þeir það ekki í fljótræði að greiða atkv. með því frv. til l. sem hér er til umr.

Í fyrsta lagi vil ég að það komi skýrt fram, að það er um sögulega stefnubreytingu að ræða ef þetta frv. verður að lögum. Það felur í sér skiptan Hæstarétt. Í annan stað leysir það á engan hátt til frambúðar vandamál Hæstaréttar. Í þriðja lagi tefur samþykkt þessa frv. fyrir þeim réttarbótum sem fengjust, ef lögrétta yrði upp tekin og yrði lokadómstig fyrir smærri mál, en fyrra dómstig fyrir stærri mál, eins og gert var ráð fyrir.

Herra forseti. Ég tel ástæðulaust að lengja mál mitt að sinni og hef lokið máli mínu.

Ingólfur Guðnason: Herra forseti. Ég er annar þeirra sem skrifa undir nál. á þskj. 817 með fyrirvara, en þetta þskj. er nál. um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands. Mér þykir rétt að gera hér nokkra grein fyrir því, í hverju fyrirvari minn er fólginn.

Frv. gerir ráð fyrir í 1. gr. að hæstaréttardómarar verði 8 í stað 7 eins og nú er. Auk þess er að finna í ákvæðum til bráðabirgða að dómsmrh. geti samkv. till. Hæstaréttar sett um tiltekinn tíma 2—3 dómara. Vitað er að mikill málafjöldi hefur safnast fyrir hjá Hæstarétti og er óafgreiddur þar. Ýmsar orsakir munu verða til þess, að málskotum til Hæstaréttar hefur fjölgað hin síðari ár og það svo, að þrátt fyrir tiltölulega nýlega fjölgun í dómnum mun biðtími eftir dómi vera þar a. m. k. tvö ár í sumum tilfellum.

Málum, sem hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar, hefur fjölgað mjög eins og ég sagði, og m. a. mun fíkniefnamálum fara mjög fjölgandi fyrir dómstólum. Ein af þeim orsökum, sem leiða til þessarar fjölgunar mála sem áfrýjað er, mun vera einmitt sú, hversu langur tími líður frá áfrýjun og þar til dómur fellur. Þarna sjá ýmsir sér leik á borði að fá frest á fullnustu dóms og þykjast sjá sér hag í þeim tíma sem þeir á þennan hátt vinna. Með hraðari vinnubrögðum Hæstaréttar eru líkur til að málum, sem þangað verður áfrýjað, muni fækka verulega þar sem mál yrðu dæmd fyrirstöðulítið.

Frv. til l. um lögréttu hefur verið lagt fram á nokkrum þingum, en ekki náð fram að ganga, og vitum við því miður ekki hvenær slíkt frv. verður lagt fram eða hvort það kynni þá að verða að lögum. Þar sem óvissa er um framgang laga um lögréttu er ég ekki í stakk búinn nú til að mæla með fjölgun fastra dómara í Hæstarétti, þar sem heimild er í frv. til að ráða 2—3 dómara til að vinna upp þau mál sem fyrir liggja.

Það er mikið áhugamál margra hv. þm. að lög um lögréttu verði samþykkt hér á hv. Alþingi. Ef lögrétta verður að veruleika tel ég að 7 manna Hæstiréttur, sem fjalli um hin meiri háttar mál, sé hæfilegur fjöldi dómara og starfi þá dómurinn óskiptur. Ef sú skoðun mín stenst, að 7 manna Hæstiréttur sé hæfilega skipaður dómur, samkv. áður sögðu, hallast ég að því, að ekki eigi að fjölga í Hæstarétti. En þar sem nú lifir skammt þings og í trausti þess, að ef lögrétta verður að veruleika verði aftur fækkað í Hæstarétti í 7 þó að nú verði fjölgað í 8, á meðan núverandi ásand varir, mun ég greiða frv. eins og það kom frá Ed. atkv. mitt.

Dómsmrh. (Friðjón Þórðarson): Herra forseti. Ég skal ekki setja á langa tölu um þetta mál þar sem nú dregur mjög nærri þinglausnum, en ég tel mér bæði rétt og skylt að drepa á örfá atriði. Það er þá fyrst að frv. þetta til l. um breyt. á lögum um Hæstarétt er stjfrv., flutt samkv. ákvæðum í stjórnarsáttmálanum til að stuðla að hraðari meðferð dómsmála. Það eru allir sammála um að hraða þurfi meðferð dómsmála. Um það er enginn ágreiningur. Á undanförnum árum hefur verið unnið að því að einfalda og hraða meðferð nokkurra mála, en í Hæstarétti safnast mál fyrir þar sem Hæstiréttur hefur ekki annað þeim málum sem þar liggja fyrir.

Allir eru sammála um að það verði að ráða bót á þessu. En ekki eru allir sammála um þær leiðir sem beri að fara. Ég skýrði þetta út í báðum deildum þingsins í framsöguræðu, en tel nauðsynlegt að drepa á örfá atriði nú.

Ein af leiðum til þess að hraða málsmeðferð í Hæstarétti er hið svonefnda lögréttufrv. Það er samið af réttarfarsnefnd sem sett var á laggirnar árið 1972. Það hefur verið lagt fram á hv. Alþingi alls 6—7 sinnum, að mig minnir, en aðeins einu sinni komist á milli deilda. Það er því engum vafa undirorpið, að hv. þm. telja sér nauðsynlegt að skoða þá leið betur. Sú leið, sem þetta frv. greinir frá, er valin nú til að ráða fram úr brýnum vanda.

Ég talaði fyrir þessu máli í Ed. 16. nóv. s. l. Hv. allshn. þeirrar deildar ræddi málið og kvaddi á sinn fund marga sérfræðinga, en málið var afgreitt frá hv. Ed. síðla vetrar og þá þannig að það var nær óbreytt. Það var aðeins ein minni háttar breyting gerð á frv. Allshn. þessarar hv. deildar hefur unnið allrösklega að þessu máli. Niðurstaða hennar er sú, að meiri hl., fimm af sjö, mælir með að frv. verði samþykkt, en minni hl., tveir, leggur til að því verði vísað til ríkisstj. Það er engin brtt. flutt í þessari hv. deild.

Hv. 5. þm. Vestf. hefur hér haldið uppi upplestri um lögfræðileg efni og öðrum slíkum aths. Við þessu er ekkert að segja nema allt gott. Áhugi á þjóðlegum fróðleik og löggjöf hefur lengi legið í landi í Reykholti eins og menn muna. Snorri var lögsögumaður tvívegis á árunum 1215—1218 og enn frá 1222—1231.

Hv. 9. þm. Reykv. hefur haft hér uppi nokkrar aths. Hann hefur haldið því fram, að hér sé um róttæka eðlisbreytingu að ræða á löggjöf um Hæstarétt, hér sé verið að brjóta upp Hæstarétt og þar fram eftir götunum. Þetta tel ég að sé ekki rétt ályktað hjá hæstv. fyrrv. dómsmrh. Hins vegar sagði hann og: „Þetta er ekki rétt lausn.“ Þá mótbáru má að sjálfsögðu vega og meta, því að við vitum allir að þar sem um fleiri en eina leið er að ræða, þar má um þær deila því að flestallt orkar tvímælis þá gert er.

Hv. 5. þm. Vestf. hélt því og fram, að hér væri um sögulega stefnubreytingu að ræða ef frv. þetta yrði samþykkt. Þessu verð ég algerlega að mótmæla. Hv. 9.

þm. Reykv. spurði og, hvort flutningur á þessu frv. fæli það í sér, að dómsmálayfirvöld hefðu skipt um skoðun. Nei, þessu má svara algerlega neitandi. Það má segja að því miður sé þetta ekki mjög frumleg leið sem valin er. Það er þvert á móti farin sú braut sem fetað hefur verið eftir síðustu árin allmörg, þar sem hæstaréttardómurum var fjölgað úr 5 í 6 1973 og úr 6 í 7 1979.

Hv. 5. þm. Vestf. spurði eitt sinn í sínu máli: Hversu margir dómarar verða um næstu aldamót? Og hv. 9. þm. Reykv. ræddi um það, að milljónaþjóðir kæmust af með fámennan hæstarétt. Um þessi efni má ýmislegt fjalla og spyrja. En þegar svona staðhæfingum er slegið fram er þó fjöldamargt annað sem þarf að skoða, t. d. hvað eru mörg dómstig í viðkomandi landi. Þau eru víða þrjú. Hér á landi höfum við komist af með tvö dómstig frá 1920 eða frá því að Hæstiréttur var settur á fót. Breytingin, sem þetta frv. felur í sér og menn hafa aðallega staldrað við, er sú, að lagt er til að dómurum sé fjölgað úr 7 upp í 8. Þetta tel ég vera í samræmi við þá stefnu sem hefur verið fylgt á undanförnum árum, þar sem lögð hefur verið áhersla á það, að um hin minni háttar mál, kærumál og önnur minni háttar efni, væri fjallað af þrem dómurum, en af 5 dómurum um hin stærri mál. Og allir getum við verið sammála um að 3 + 5 séu 8. Einnig er í þessu frv. lagt til að aðstaða Hæstaréttar verði bætt eins og sjálfsagt er, löglærður maður eða menn séu ráðnir þar til aðstoðar hinum reglulegu dómurum o. s. frv.

En þá hafa sumir nefnt að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða, þar sem lagt er til að 2—3 dómarar verði ráðnir um sinn til þess að vinna upp gömul mál, og af þessu stafi jafnvel stórkostleg hætta. Þessu vil ég leyfa mér að andmæla. Ég vek athygli á því, að aukadómara af þessu tagi verður eftir mínum skilningi að ráða um tíma hvaða leið sem valin verður til þess að ráða bót á þessu máli. Auk þess má benda á að í Hæstarétti hér á landi sem og erlendis hafa oft starfað aukadómarar um lengri eða skemmri tíma og a. m. k. hér á landi er reynsla af þeim yfirleitt mjög góð. Allir eru sammála um það. Ef tillaga um að vísa þessu frv. til ríkisstj. verður samþykkt, þá þýðir hún að engar úrbætur verða gerðar a. m. k. í eitt ár í þessum málum því að hér þarf til að koma ný lagasmíð. Þess vegna leyfi ég mér að óska eftir efnislegri afgreiðslu á þessu frv.

Það hafa ýmsir ágætir menn áhyggjur stórar af því, að þessi afgreiðsla mála þýði það, að hinu svonefnda lögréttufrv. verði varpað endanlega fyrir róða. Þessum mönnum get ég svarað með því, að ég mun annaðhvort fela réttarfarsnefnd eða velja annan hóp lærðustu og færustu lögfræðinga landsins til þess að fara yfir og skoða lögréttufrv. við fyrstu hentugleika og jafnframt benda á aðrar leiðir sem gætu leitt af sér varanlegar umbætur í þessum málum. Þessu get ég lýst yfir núna um leið og ég læt máli mínu lokið, að ég mun velja, eins og ég sagði, færustu og hæfustu menn til þess að líta yfir og grandskoða lögréttufrv. og athuga aðrar leiðir sem mættu leiða okkur að farsælli lausn þessa máls til frambúðar.

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Á þskj. 817 er nál. frá meiri hl. allshn. Nd. og á því þskj. kemur fram að ég hef skrifað undir meirihlutaálit með fyrirvara, en í því áliti er lagt til að frv. verði samþykkt. Þetta frv. var fyrst afgreitt í Ed. og þar voru gerðar breytingar á frv. Vil ég þá sérstaklega geta um þá breytingu sem gerð var á 3. gr. frv. og mér finnst vera harla einkennileg, en þar segir, að dómarar skulu taka sæti í dómum eftir röð sem ákveðin er með almennri reglu. Mér finnst þetta ákvæði nokkuð skringilegt og þurfa að skýrast. Skýringar hafa ekki fengist og óvíst er hvernig slík regla yrði í framkvæmd.

Í öðru lagi er að finna í frv. bráðabirgðaákvæði þar sem segir að árin 1982 og 1983 geti dómsmrh. samkv. till. Hæstaréttar sett 2—3 dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í sjálfum lögunum, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að 6 mánuðum hvert ár. Þetta ákvæði hefur verið gagnrýnt af ýmsum sem telja að það sé vafasamt að þetta ákvæði standist ákvæði stjórnarskrár. Á það skal ég ekki leggja dóm, en hygg að þannig sé að þessu frv. staðið að það mál hafi verið skoðað gaumgæfilega. En fyrirvari minn byggist þó fyrst og fremst á því, að á því hefur nokkuð borið í umr. um þetta mál að bent er á að samþykkt þessa frv. geti leitt til þess, að hugmyndinni um svokallaða lögréttu verði útskúfað. Ég vil taka skýrt fram að þótt ég greiði þessu frv. atkv. mitt tel ég að sú hugmynd sé í fullu gildi og það hljóti að gerast, að hæstv. dómsmrh. leggi fram frv. til laga um lögréttu þegar á næsta þingi, enda er þar um nauðsynjamál að tefla. Reyndar má geta þess, að á þskj. 386, sem er nál. allshn. Ed., kemur fram að sá skilningur hafi einnig ráðið ríkjum í þeirri hv. nefnd. Til þess að hægt sé að nýta heimildir í þessu frv., þ. e. að ráða að réttinum hæstaréttardómara og annað löglært starfsfólk sem Hæstiréttur hefur heimild til að ráða samkv. fjárlögum, þá tel ég fulla ástæðu til að greiða fyrir þessu frv. og mun þess vegna greiða atkv. með því þegar það kemur hér til atkvæða á eftir.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Um þetta mál hafa nú þegar orðið verulegar umr. hér í deildinni. En efnislega langar mig þó til að vekja enn athygli á nokkrum aðalatriðum þessa máls. Það, að málahali sé í réttarkerfinu, ýmist á lægri stigum dómskerfisins eða því efsta, það er ekkert nýtt og það er ekki að gerast nú á árinu 1982 í fyrsta skipti. T. d. uppgötvuðu menn þetta líka á árinu 1979 og þá brugðu menn á leik og fundu þá lausn að fjölga hæstaréttardómurum um einn, úr 6 í 7. Nú skulu menn líta í kringum sig. Reyndist þetta vera lausn? Það getur varla verið af þeirri einföldu ástæðu að málahalinn hefur ekki styst síðan þá, heldur hefur hann þrefaldast. Þessi einföldu sannindi ættu að nægja til að undirstrika það, að menn eru á rangri leið þegar þeir eru nú enn að leggja til fjórfalda þá lausn sem þeir lögðu til og framkvæmdu raunar fyrir tveimur árum. Þetta frv., eins og það kemur frá ráðh., þó að það sé raunar hér og þar í frv., það er, þegar saman er dregið, fjölgun um 4 hæstaréttardómara. Rétturinn getur framkvæmt þetta þannig að verið sé að fjölga þeim um 4, úr 7 í 11.

Nú skyldi ég fyrstur manna taka undir þessa leið ef við hefðum reynslu fyrir því, að þetta væri lausn á þeim vanda sem vissulega er til staðar og allir viðurkenna. En sannleikurinn er sá, að við höfum reynslu um hið gagnstæða. Þessi leið hefur ekki reynst vera til þess fallin að létta á réttinum. Og hér var því lýst áðan, m. a. af frsm. meiri hl. n., hv. 5. þm. Norðurl. v., að í framtíðinni teldi hann að það ættu að vera 7 dómarar í Hæstarétti. Ég vil raunar ganga lengra. Ég tel að hin rétta framtíðarskipan sé sú, að þeir séu ekki nema 5. Þá gef ég mér það, að lögréttan verði orðin að veruleika, því að við megum ekki gleyma því, hvaða hlutverki Hæstiréttur hefur að

gegna í okkar stjórnkerfi. Hann er auðvitað dómur, en í raun eðli málsins samkv. fer hann með hluta af löggjafarvaldinu í þeim skilningi, að hann segir lögin, hann sker úr hvað séu lög sé að einhverju leyti óskýrt hvað fyrir löggjafanum hefur vakað eða rísi um það ágreiningur á milli þegnanna í landinu. Þess vegna er afar mikilvægt að menn átti sig á því, að það er ekki tilviljun að milljónaþjóðir eru með fámennan hæstarétt. Það er til þess að þeir úrskurðir sem hér er um að ræða og skipta auðvitað miklu máli, séu kveðnir upp með einni rödd og það sé einn úrskurður, réttareining eins og það heitir á máli löglærðra manna.

En hér er verið að leggja til allt annað. Það er verið að leggja til dóm sem fræðilega talað getur starfað í þremur dómum, það geti samtímis verið starfandi þrír mismunandi æðstu réttir í landinu. Þeir geta setið hver í sínu herbergi og komist að gagnstæðri niðurstöðu í sama máli eða máli svipaðs eðlis. Það er þessi hugsun sem mér finnst að menn hafi ekki nógsamlega gert sér grein fyrir.

Hæstv. dómsmrh. mótmælti áðan þeim orðum mínum, að verið væri að gera róttæka eðlisbreytingu á réttinum. Ég verð því miður að ítreka þá skoðun mína, að hans skilningur í þessum efnum er að ég held ekki réttur. Auðvitað er það róttæk eðlisbreyting þegar um er að ræða æðsta dómstólinn í landinu, að hann geti starfað sem þrír dómstólar, samstæðir dómstólar á sama tímanum og verið að komast að sitt hvorri niðurstöðunni í sama málinu eða máli svipaðs eðlis. Þetta er ástæðan fyrir því, hvernig með þessa hluti er farið í öðrum löndum. Má t. d. vísa til hliðstæðrar stofnunar í Bandaríkjunum og mætti raunar hafa um það langt mál.

Málið er það, að það er ekkert nýtt að þessi málahali í Hæstarétti valdi áhyggjum. M. a. var það svo, að á árunum 1975 og 1976 urðu, eins og einhverjir muna kannske, mjög veruleg blaðaskrif um dómskerfið hér, án þess að ég fari að rifja upp þá þætti sem mesta athygli vöktu á sínum tíma, enda kemur það þessu máli ekkert við. Þá var hins vegar mjög þung undiralda. Það var uppi gagnrýni, ekki síst á uppbygginguna og á þann seinagang sem kemur auðvitað ekki við bara málunum sjálfum, heldur öllum eftirleiknum, refsilöggjöfinni o. s. frv.

Ég held að þáv. dómsmálayfirstjórn hafi svarað þessu mjög skynsamlega. Það hófst mjög verulegt umbótaskeið á árunum 1976 og 1977. Eitt dæmi um það er rannsóknarlögregla ríkisins, sem þá var sett. Og á þessum tíma réð þáv. hæstv. dómsmrh. til sín aðstoðarmann mjög röskan, Eirík Tómasson, og ég hygg að hann hafi unnið mjög gott starf til þess að reyna að leysa úr vandamálum. Eitt af því, sem út úr þessu starfi kom, var frv. til l. um lögréttu sem hér var lagt fram í fyrsta skipti 1976. Það eru 6 ár síðan. Þar er um að ræða lausn sem raunverulega snertir grundvallarvandann sem við er að etja. En það kemur í ljós, þegar skoðaðar eru umr. um þetta, að þá hafa menn oft staldrað við og horft í kostnaðinn og gerðu það í sambandi við lögréttuna. Menn hafa talað um að þegar farið væri af stað væru á bilinu 10—15 dómarar þar til að byrja með. En hér eru menn að spordrenna 4 hæstaréttardómurum án þess að spurt sé um kostnað. Kostnaðurinn, sem af því mundi leiða, ætli hann sé ekki helmingur eða kannske þriðjungur af því sem mundi kosta að koma lögréttunni af stað?

Ég held að það sé öllum ljóst, að verði af þessari fjölgun, verði Hæstarétti gerbreytt eins og hér er verið að leggja til, þá kemur vitaskuld engin lögrétta, ekki á næsta ári og ekki þar næsta, því að menn munu segja: Nú er nóg að gert í bili. Átökin um þetta mál eru auðvitað öðrum þræði og fyrst og fremst átök um það, hvort menn vilja framkvæma lögréttuhugmyndina og setja peninga í lögréttu í staðinn fyrir þetta eða vilja menn kasta henni fyrir róða. Það er af þeirri ástæðu sem menn hér líta þetta mál svo alvarlega og setja sig svo hart á móti því, af þeirri einföldu ástæðu að verði þetta frv. samþykkt verður engin lögrétta í næstu framtíð.

Hæstv. dómsmrh. Friðjón Þórðarson situr þriðja þingið sem ráðherra. Lögréttan er ekki komin enn. Hann svarar því hér aðspurður, að hún muni koma líka. En hafi menn haft á móti henni af kostnaðarástæðum, eins og var t. d. þegar hæstv. þáv. ráðh. Ólafur Jóhannesson mælti fyrir henni, hvað þá nú þegar búið er að auka kostnað við Hæstarétt um helming. Það er nú einu sinni svo, að það er takmarkað fjármagn sem menn hafa hér úr að spila, og ég spái því og þykist geta gert það með töluverðri vissu og nokkrum rétti, að verði þetta frv. samþykkt er lögréttan úr sögunni um langa framtíð. Það er kjarni þessa máls.

Hér hefur verið vísað í langar greinargerðir og umsagnir. Það eru einkum yngri lögfræðingar sem hafa sett sig mjög á móti þessu frv. um fjölgun dómara í Hæstarétti. Eitt af því, sem þeir nefndu, var að ákvæði til bráðabirgða jaðraði við það að vera stjórnarskrárbrot. Ég vil ekki gera þau orð að mínum, enda er þar auðvitað stórt sagt. En ég gat þess í minni framsöguræðu fyrir nál., hvað við er átt í þeim efnum, og vil árétta það enn. Þá eru menn að segja að ef það eru þrír dómarar í Hæstarétti sem ráðnir eru aðeins til tveggja ára, þá kemur að því á þeim ferli, að þeir eiga ekki eftir nema 4 mánuði af ráðningartíma sínum, og stjórnarskráin gerir ráð fyrir að dómarar séu engum og engu háðir nema sjálfum sér. En við þessar aðstæður verða þessir lausadómarar í Hæstarétti háðir framkvæmdavaldinu með áframhald um starf sitt, hvort af því verður eða ekki, og mjög eðlilegt er að menn veki á því athygli, að — við skulum segja að þetta jaðri við að vera stjórnarskrárbrot.

Það er auðvitað mikið í húfi að friður sé um stofnun eins og Hæstarétt Íslands, og þar sem svo er verða menn auðvitað að hugsa mjög vel sinn gang áður en þeir samþykkja lög sem menn hafa sagt — kannske með réttu, en ég hef fyrirvara á því — að feli í sér stjórnarskrárbrot. Þetta eru samandregin meginrök sem menn hafa flutt gegn þessu frv.

Það var svo að í hv. Ed. voru fluttar margar brtt., allt frá því að lagt var til m. a. af hv. þm. Eiði Guðnasyni að 1. gr. frv. yrði felld, hún er um hina föstu fjölgun, og menn höfðu einnig aths. við ákvæði til bráðabirgða um lausadómara sem og um fleiri þætti frv. Fari svo engu að síður að þessu frv. verði ekki vísað til ríkisstj., þá er auðvitað eðlilegt að við 3. umr. þessa máls reyni menn að endurflytja þær brtt. við frv. sem menn fluttu í hv. Ed.

Ég vil svo aðeins að lokum, herra forseti, undirstrika það mjög rækilega, sem hæstv. dómsmrh. mótmælti raunar áðan, en að minni hyggju mjög ranglega, að verði þetta frv. að lögum erum við búnir að búa til nýjan hæstarétt sem er allt öðruvísi en sá sem fyrir var. Þá er þetta orðinn ekki einn dómur, ekki ein rödd, ekki ein eining, heldur er þetta orðið margir dómar sem í vaxandi mæli fara að komast að niðurstöðu með þeim hætti. Það er auðvitað eðlilegt að ráðh. út af fyrir sig mótmæli þessu því að ég trúi ekki að hann eða nokkur maður annar ætlist til þess. En þá verða menn að skoða framhaldið,

hvernig þetta kemur til með að gerast og hvernig Hæstiréttur kemur til með að starfa í raun. Segir það sig ekki sjálft, að þegar dómararnir eru orðnir 11, þá búum við til marga litla dóma? Ég undirstrika það enn, að það er ekkert sem kemur í veg fyrir að í hliðstæðum málum séu starfandi hér tveir dómar og komist að sitt hvorri niðurstöðunni í sams konar málum. Hvað er það annað en umsnúningur á allri hugmyndinni um æðsta dómstigið í landinu. Það er þetta sem er kjarni málsins.

Ég vil biðja hv. alþm. að íhuga þetta mál mjög vandlega áður en til atkvgr. kemur til þess að mönnum sé nákvæmlega ljóst hvað þessi breyting hefur í för með sér ef að lögum verður.

Ólafur Þ. Þórðarson: Herra forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns, að ég hefði talið mér skylt að gera þinginu grein fyrir því, að þær upplýsingar og umsagnir, sem bárust um mál þetta til allshn. Nd., hefðu margar hverjar verið mjög neikvæðar. Ég vék ekki einu einasta hnjóðsyrði til hæstv. dómsmrh. í allri þeirri ræðu sem ég flutti um þetta mál, — ekki einu einasta hnjóðsyrði. Aftur á móti eyddi ég tímanum í að kynna honum aths. við ákvæði til bráðabirgða, sem eru undirritaðar af starfandi dómurum í þessu landi, og taldi að ég ætti nokkra von á því, ef hann á annað borð tæki hér til máls, að hann reyndi að svara þeim efnisatriðum sem þessir dómarar telja að sé nauðsynlegt að koma á framfæri við þingið. Það er að sjálfsögðu létt að útskýra það og verja, að ég hafi ekki þá lögfræðilegu þekkingu til að bera að fara að brjóta þetta mál til mergjar, enda hef ég jafnframt tekið fram að svo er. Þá þekkingu hef ég ekki til að bera. Hins vegar undirstrikaði ég það, að í hópi yngri dómara þessa lands væru sennilega flestallir andvígir því sem hér væri verið að leggja til, og ég taldi að þá væri eðlilegt að það kæmu fram enhver rök hjá hæstv. ráðh. gegn þeirra rökum. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum.

Hæstv. ráðh. byrjaði á að vitna í stjórnarsáttmálann eins og guðspjall fyrir þessum texta. Þar stendur, með leyfi forseta: „Unnið verði að umbótum í dómsmálum og stuðlað að hraðari meðferð dómsmála með því m. a. að einfalda meðferð minni háttar mála. Athugað verði hvernig þeim efnaminni í þjóðfélaginu verði tryggð lögfræðiaðstoð til þess að ná rétti sínum.“ Dettur nokkrum í hug að sagan muni dæma þetta mál á þann veg, að hér sé verið að vinna að réttarbótum? Dettur nokkrum manni í hug að sagan dæmi á þann veg? Ég segi nei. Það eru engin fyrirmæli í stjórnarsáttmálanum sem geta komið mönnum til að ætla að frv. eins og þetta verði flutt.

Ég vil vekja athygli á því, að hæstv. ráðh. fullyrti áðan að aukadómara verði að ráða hvaða leið sem farin er, það verði að ráða aukadómara að Hæstarétti. Stefán Már Stefánsson prófessor við Háskóla Íslands í lögfræði gerir grein fyrir því í aths. sem hann hefur sent til þingsins 26. jan. 1982. Með leyfi forseta hljóðar það á þessa leið, þar sem hann víkur að því, hvernig hægt sé að leysa þetta mál án þess að til komi aukadómarar:

„Aðilar geta samið svo um að mál, sem stefnt hefur verið fyrir Hæstarétt við gildistöku laga þessara, skuli rekin og dæmd í landsrétti. Þessu ákvæði er ætlað það hlutverk að minnka álag á Hæstarétt. Því er einkum ætlað að ná til þeirra mála sem Hæstiréttur ætti að dæma um á lokastigi þrátt fyrir ný lög um landsrétt. Fært þykir að flytja slík mál yfir í landsréttinn ef aðilar eru sammála um það. Athygli er samt vakin á því, að ákvæði þetta er tímabundið í þeim skilningi, að það tekur aðeins til þeirra mála sem stefnt hefur verið fyrir Hæstarétt við gildistöku laga um landsrétt.“

Hér er efnislega tekið á þessu máli af prófessor í lögum við Háskólann. Hvers vegna leyfir hæstv. ráðh. sér að koma hér upp og halda því fram, að eina leiðin sé að skipa aukadómara? Hvernig stendur á svona vinnubrögðum? Hæstv. ráðh. talar um að engin brtt. hafi verið gerð við frv. Hann talar um að niðurstaða nefndarinnar hafi verið á þann veg, að 5 hafi mælt með og 2 verið á móti. Það er rétt, að 5 menn mæltu með, en þar af 2 með fyrirvara. Sum frv. eru á þann veg að annaðhvort er að vísa þeim frá, fella þau, eða samþykkja. Ástæðan fyrir þessu liggur einfaldlega í því, að það er ekkert að frv. sjálfu ef þetta væri hin skynsamlega lausn málsins. Ástæðan fyrir því, að við leggjum til að frv. verði vísað til ríkisstj., er sú, að okkur er ljós vandinn, en við teljum að lausnin sé röng.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því, að auðvitað hafa allar fjölmennari þjóðir en við — og það eru flestar þjóðir — þurft að standa frammi fyrir því, að hæstiréttur komist ekki yfir að dæma í öllum smámálum, þó þær hafi viljað hafa tvískipt réttarkerfi í landinu. Þær hafa leyst þetta með því, að það er annars vegar talið eðlilegt að hæstiréttur dæmi í stórum málum, hann taki afstöðu til nýrra laga o. s. frv., sé þannig stefnumarkandi, en í málum, þar sem hliðstæðir dómar liggja fyrir í tugatali og er í sjálfu sér ákaflega einfalt að sjá hver niðurstaðan verður, hlýtur að vera eðlilegt að annað dómstig afgreiði þau mál.

Ég ætla — með leyfi forseta — að vitna hér í eitt af þeim málum sem hafa vafalaust tafið Hæstarétt vegna þess að þau voru lögð fyrir hann. (**Forseti:** Það verður að vera stutt). Það er ákaflega stutt, herra forseti, og ég ætla ekki að nefna hér nein nöfn, breyti þeim. Þetta er í hæstaréttardómabók frá 1980, á bls. 1520, og aðeins dómsorðin verða lesin, en ég breyti þar nöfnum:

„Ákærði Jón Jónsson sæti fangelsi í 6 mánuði. Ákærði greiði Pétri Péturssyni í Reykjavík 20 þús. kr. í skaðabætur. Ákærði greiði allan kostnað sakar í héraði og Hæstarétti, þar með talin saksóknaralaun til ríkisins, 150 þús. kr., og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Magnúsar Magnússonar, 150 þús. kr.“

Sektin hin upprunalega er 20 þús. kr., en kostnaðurinn 300 þús. Brotið er framið á árinu 1978. Svona mál, þegar játning liggur fyrir í undirrétti, eiga ekkert erindi í Hæstarétt. Það veit hver einasti maður sem gefur sér tíma til að skoða þessi mál. Ég vænti þess, að hæstv. dómsmrh. kynni sér ekki aðeins sögu Snorra í Reykholti, heldur einnig hitt, að Dala-Freyr afrekaði fleira en varð honum til fremdar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði alls ekki hugsað mér að tala hér lengi að þessu sinni, enda ástæðulaust. Mikill meiri hl. n. var sammála um að afgreiða þetta frv. óbreytt eins og það kom frá Ed., en aðeins tveir sérvitringar tóku sig fram um annað.

Ég held að það sé rétt að gera sér grein fyrir því, hvernig stendur á því að þetta mál er flutt. Ástæðan er einfaldlega sú, að gífurlegur fjöldi mála safnast að Hæstarétti og hann hefur alls ekki undan að dæma. Fyrir bragðið fást ekki úrslit í málum fyrr en eftir allt of langan tíma, og við það verður ekki unað. Fjölgunin í 7 dómara með síðustu breytingu hefur ekki orðið til þess að stytta

þennan hala, sem sýnir að þrátt fyrir þessa fjölgun dugar ekki sá fjöldi dómara sem nú er í Hæstarétti. Sannleikurinn er sá, að 3+5 eru ekki 7 og þar stendur hnífurinn í kúnni. En hv. þm. og fyrrv. hæstv. dómsmrh. Vilmundur Gylfason gerir sér ekki grein fyrir því, að Hæstiréttur getur starfað í tvennu lagi, í þriggja manna dómi og í fimm manna dómi, og því aðeins geta þeir unnið samtímis að dómarar séu átta. Það er svo augljóst mál að um það þarf ekki að deila. Þess vegna hef ég fallist á að samþykkja þetta frv. eins og það kemur frá Ed., þar sem gert er ráð fyrir að bæta einum dómara við í Hæstarétt til þess að vinnubrögðum dómsins verði hægt að haga með þeim hætti sem ég nefndi áðan.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason gerði sér lítið fyrir og hélt því fram, að þessi fjölgun um einn dómara þýddi fjölgun um fjóra dómara. Fullyrðingar af þessu tagi eiga sér auðvitað ekki nokkurn röksemdalegan grundvöll. Það er að vísu gert ráð fyrir því í þessu frv., að ráða megi 2—3 dómara. En það er skýrt tekið fram, og það kemur fram í því sem ég ætla að segja núna, að þeir eru aðeins ráðnir um takmarkaðan tíma, í eitt og hálft ár eftir að lög þessi öðlast gildi. Það þýðir auðvitað ekki fjölgun um 4 dómara. Tilgangurinn með því að taka inn þessa dómara um stundarsakir, 2—3 dómara í þrjú misseri, er það gera tilraun til þess að vinna upp halann sem Hæstiréttur verður að losna við.

Hv. þm. Vilmundur Gylfason hefur auðvitað fullyrt margt fleira, sem gengur svo langt að mönnum blöskrar. En það er nú líklega gert af hans hálfu til þess að gera ræðuna skemmtilegri og er lítið við það að athuga út af fyrir sig. En þá á hv. þm. að viðurkenna það.

Hann hélt því fram hér í fyrri ræðu sinni um þetta mál, að þetta stefndi í þá átt samkv. þeirri þróun sem hefur verið í þessum efnum að undanförnu, að annar hver lögfræðingur í landinu yrði innan tíðar orðinn dómari í Hæstarétti. Fullyrðing af þessu tagi er sannarlega ekki til þess að vekja traust á málflutningi hv. þm.

Ég vil að lokum, herra forseti, aðeins nefna lögréttumálið sem hér hefur verið tæpt á. Ef við tökum upp lögréttuna, þá þýðir það mjög líklega að færri mál komast til Hæstaréttar. Ef við hefðum lögréttu starfandi nú safnaðist ekki, trúi ég, hali af málum á Hæstarétt. En það er staðreynd, að hún er ekki komin og það tekur tímann að koma því dómstigi á. Það verður varla við það unað, að menn þurfi að bíða árum saman eftir niðurstöðu í dómsmálum á meðan beðið er eftir lögréttu. Það tekur vissulega nokkurn tíma að koma henni á, enda hefur gengið illa hingað til að koma frv. um hana gegnum þingið. Frv. um lögréttu hefur verið lagt hér fram líklega sex sinnum áður og hefur ekki náð fram að ganga. Það lengsta sem það mál komst áfram var til 2. umr. í seinni deild. En venjulegast hefur það ekki komist lengra en fara í nefnd í fyrri deild. Það er því augljóst að menn geta ekki vikist undan því að leysa vanda Hæstaréttar, m. a. með þessum hætti, á meðan lögrétta er ekki lengra komin en raun ber vitni.

Ég vil mótmæla þeim skilningi, að með samþykkt þessa frv. séum við að leggja stein í götu þess, að lögrétta geti orðið til. Ég held að það sé alrangt. Ég vil þvert á móti staðhæfa það, að með samþykkt þessa frv. sé hv. Alþingi að viðurkenna þann vanda, sem við er að glíma, og muni í framhaldi af því koma á laggirnar lögréttu til þess að um halamyndun verði ekki framar að ræða eftir að viðbótardómarar hafa stytt hann svo sem nauðsynlegt er.

ATKVGR.

Till. á þskj. 818, um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, AS, ÁG, BGr, GeirH, GGÞ, GHelg, JS, SigurlB, KP, MÁM, ÓÞÞ, PP, RH, SighB.

nei: AG, BÍG, FÞ, FrS, GS, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, ÓE, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG.

ÞS, HBl, JE, MB, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EH, GJG, MHM) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: AG, BÍG, FÞ, FrS, GS, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, MB, ÓE, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG.

nei: ÁG, BGr, GeirH, GGÞ, GHelg, JS, SigurlB, KP, MÁM, ÓÞÞ, PP, RH, SighB, VG.

AS, HBl, ÞS, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EH, GJG, MHM) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Í trausti þess, að sú fjölgun hæstaréttardómara sem verið er að samþykkja hér með samþykkt þessarar greinar, verði ekki til þess að seinka um of framlagningu frv. um lögréttu, segi ég já.

2.—10. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Ákv. til brb. samþ. með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÍG, FÞ, FrS, GS, GGÞ, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, MB, ÓE, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, AG.

nei: BGr, GeirH, GHelg, JE, JS, SigurlB, KP, MÁM, ÓÞÞ, PP, RH, SighB, VG, AS.

ÁG, HBl, ÞS, SvH greiddu ekki atkv.

3 þm. (EH, GJG, MHM) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það ákvæði til bráðabirgða í nefndum lögum, sem menn eru nú að greiða atkv. um og væntanlega að samþykkja, er mjög óvenjulegt. Þetta er ákvæði um það, að í Hæstarétti skuli starfa til tveggja ára 2—3 eins konar lausadómarar. Ég vil vekja athygli á því, að í réttarsögu Norðurlanda eru til tvö fordæmi fyrir þessu og annað þeirra er úr Noregi eftirstríðsáranna þegar mikið þótti liggja við. Hæstiréttur Íslands er ekki eins og hver önnur stofnun sem menn geta ráðskast með fram og til baka. Hann gegnir allt öðru og virðulegra hlutverki í okkar þjóðfélagi. Það hefur verið nefnt, að þetta ákvæði kunni að jaðra við það að vera stjórnarskrárbrot vegna þess að dómarar verði háðir framkvæmdavaldinu um áframhaldandi starf sitt. Þetta er mjög alvarlegt mál. Ég segi nei.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Norræn fjárfestingalán, frv. (þskj. 703, n. 927). — 2. umr.

Frsm. (Halldór Ásgrímsson): Herra forseti. Fjh.- og viðskn. hefur fjallað um frv. til l. um ábyrgð vegna norrænna fjárfestingarlána til verkefna, en þar er um það að

ræða að ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að ábyrgjast hluta Íslands í þessu sambandi, allt að fjárhæð 2 millj. 830 þús. SDR, gagnvart Norræna fjárfestingarbankanum vegna fjárfestingalána og ábyrgða til verkefna. Hér er um að ræða norrænan útflutningslánasjóð einkum sem stendur til að komið verði á fót frá og með 1. júlí 1982.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta mál hér. Það hefur verið gert við 1. umr. málsins. Ég vil aðeins taka það fram, að nefndin leggur til einróma að frv. verði samþykkt.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2.—3. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 26 shlj. atkv.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 935 (sbr. 30)). — 3. umr.

Frsm. minni hl. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Ég ræddi lítillega þá málsmeðferð sem þetta mál fékk í nefnd þeirri sem því var vísað til við 2. umr. Ég tel að þó að margt sé gott og til bóta í þessu frv. séu þar tiltekin atriði, sem hefðu þurft miklu nánari athugunar við. Ég vil þó freista þess að gera eina smávægilega breytingu á 3. gr. frv., að síðasti málsl. 7. mgr. þeirrar greinar orðist svo: „Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks Háskólaapóteks að fengnum tillögum háskólaráðs.“ Viðbótartill. mín er: „að fengnum tillögum háskólaráðs.“ Þetta var ekki í upprunalegu frv. eins og það var samið af nefnd, en síðan kom inn þessi setning: „Ráðh. setur í reglugerð ákvæði um starfsemi slíks Háskólaapóteks.“

Nú skal ég taka það fram, að ég hafði sérstöðu í sambandi við Háskólaapótek hér á sínum tíma, taldi ekki ástæðu til þess og það meira af „prinsip“-ástæðum að væri verið að stofna til slíks apóteks. En þetta er orðið að veruleika og starfsemin er tekin yfir. Mér sýnist að þó að lyfjamál heyri undanbragðalaust undir heilbr.- og trmrn. og trmrh. sé óeðlilegt að um það, sem hér er um að ræða, eiganda eins og Háskóla Íslands sem heyrir alfarið undir menntmrh. og menntmrn., sé ekki leitað tillagna í sambandi við slíka reglugerð sem þessa frá háskólaráði. Þessi till. mín er engan veginn pólitísks eðlis, heldur fyrst og fremst til þess að koma á betri samvinnu þarna á milli svo ekki sé verið að stuðla að frekari ágreiningi. Ég hafði ekki tíma eða tækifæri til þess að bera þetta undir t. d. nm. í þeirri nefnd sem fjallaði um málið. Þetta er einföld breyting, sem ber auðvitað að skilja á stundinni, að bæta þessu hér við.

Ég skal ekki segja um það, hvort heilbr.- og trmrh. er meðmæltur þessu eða ekki. En þó vil ég einnig nefna ákaflega undarlegar breytingar sem gerðar voru með þessu frv. Ég tek það fram, að engin þessara breytinga, sem ég er að ræða, er pólitísks eðlis þannig að það þyrfti þess vegna að vera eitthvert bitbein á milli stjórnar og stjórnarandstöðu. En það er breyting á 45. gr. frv. Þar segir, að heilbr.- og trmrh. skipi forstjóra Lyfjaverslunar ríkisins. „Skal hann vera lyfjafræðingur eða viðskiptafræðingur.“ Er þetta allt saman sjálfsagt, en síðan kemur: „Umsóknir um starf forstjóra skulu lagðar fyrir nefnd þá, sem um getur í 3. gr., og stjórn Lyfjaverslunar ríkisins, sem láta ráðh. í té umsögn um hæfni umsækjenda.“ Þetta finnst mér ákaflega undarlegt. Þar er þessi sami embættismaður á báðum stöðum. Þetta er í raun og veru óþarfi að gera og þarf ekki að gera.

Hitt er þó enn meira sem er í 44. gr., að heilbr.- og trmrh. skipar þriggja manna stjórn fyrir Lyfjaverslun ríkisins. Skal einn stjórnarmanna tilnefndur af Landssambandi sjúkrahúsa, annar tilinefndur af fjmrn., hinn þriðji skal vera lyfjamálastjóri og er hann formaður stjórnarinnar. Ég hef ekkert við þessar tilnefningar að athuga nema þá þriðju og síðustu. Hví ekki að hafa það óbundið fyrir heilbr.- og trmrh. að skipa þennan þriðja mann? Hvers vegna er í löggjöf verið að skylda ráðh. til að skipa lyfjamálastjóra og gera hann jafnframt að formanni stjórnar Lyfjaverslunar ríkisins? Lyfjamálastjóri hefur fyrst og fremst það hlutverk að fylgjast almennt með lyfjamálum. Hann á að vera hlutlaus embættismaður og fylgjast með lyfjaframleiðslu innanlands og innflutningi lyfja. Hann þarf því að hafa samskipti við alla þessa aðila, bæði þá sem fást við innflutning lyfja og eins og ekki síður þá sem framleiða lyf innanlands. En þegar sami maður er orðinn formaður í stjórn Lyfjaverslunar ríkisins er hann þar með orðinn tengdari því fyrirtæki en hinum. Þetta brýtur auðvitað í bága við eðli starfs lyfjamálastjóra. Þetta er alger horntittur að mínum dómi í þessari löggjöf. En ég hef síður en svo á móti því, að heilbr.- og trmrh. skipi þriðja manninn í þessa stjórn. Það er eiginlega ekki fyrr en farið er að lesa þessar brtt. eftir afgreiðslu málsins í Ed. sem ég fer að rifja þetta betur upp og benda á hvað er mikið ósamræmi í þessu. Ég hygg, að það sé afskaplega óeðlilegt að afgreiða þessa grein með þessum hætti. Ég flyt nú ekki till. um þetta. En samkomulag gæti orðið ef hæstv. ráðh., sem leggur áherslu á að koma þessu frv. hér í gegn, vildi taka upp sjálfur breytingu á 44. gr. sem yrði þá endirinn á þessari grein: „hinn þriðji skal skipaður af heilbr.- og trmrh. og er hann formaður stjórnarinnar“, embættisheitið lyfjamálastjóri falli niður. Ég vil í fullri vinsemd benda hæstv. heilbr.- og trmrh. á þetta og biðja hann, þó að lítill tími sé til stefnu, að hugleiða hvort hann vill ekki sjálfur verða til þess að gera þessa breytingu sem er lítil að umfangi, en skiptir þó töluverðu máli.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 945) samþ. með 31 shlj. atkv.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Mér finnst þessar ábendingar hv. 1. þm. Vestf. skynsamlegar. Ég hefði þurft að fá ráðrúm til þess að koma fram till. í sambandi við breytingu á 44. gr. og vil fara fram á það við forseta, að hann hinkraði í 5 mínútur eða svo með frágang málsins meðan ég væri að ganga frá þeirri brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 946) samþ. með 28 shlj. atkv.

Brtt. 945 samþ. með 26 shlj. atkv.

Brtt. 946 samþ. með 29 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 20:1 atkv. og endursent Ed.

Barnalög, frv. (þskj. 417, n. 828 og 829, 830). — Frh. 2. umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 828 um að vísa frv. til ríkisstj. samþ. með 19:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IGuðn, IGísl, JE, MÁM, ÓE, PP, RH, SV, StH, SteinG, ÞS, AS, BÍG, FÞ, FrS, GeirH, GGÞ, HBl, SvH.

nei: JS, SigurlB, KP, MB, ÓÞÞ, SighB, SkA, SvG, VG, AG, ÁG, BGr, GS, GHelg, HÁ, HG.

5 þm. (MHM, PJ, RA, EH, GJG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Sigurlaug Bjarnadóttir: Herra forseti. Í nál. meiri hl. n., sem fjallaði um þetta, er lagt til að þessu máli verði vísað til ríkisstj. Ég mun hins vegar greiða atkv. með málinu eins og það liggur fyrir. Mér finnst engin ástæða til að velta þessu máli fyrir sér og bíða eftir því, að einhver heildarlöggjöf um félagslega þjónustu á vegum sveitarfélaga verði að raunveruleika. Það eru bara til drög að þessari löggjöf. Þetta er gott mál og nokkuð brýnt og alls ekki lítið mál, og þess vegna vil ég ekki verða til þess að tefja það frekar og segi því nei.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Þar sem ég á sæti í allshn. vil ég leyfa mér að taka það fram, að ég er ekki einn úr þeim meiri hl. sem flytur þá till. að vísa málinu til ríkisstj. Aldrei þessu vant er ég fylgjandi þeim félögum og fóstbræðrum sem flutt hafa hvert málið eftir annað saman hér í þingsölum, hv. þm. Vilmundi Gylfasyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, og vil samþykkja þeirra skilning og afgreiða málið eins og það liggur fyrir. Ég segi því nei.

Neðri deild, 89. fundur.

Föstudaginn 7. maí, að loknum 88. fundi.

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 948 (sbr. 718). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19:18 atkv. og endursent Ed.

Orlof, frv. (þskj. 910, n. 930, 934). — Frh. einnar umr.

Frsm. meiri hl. (Friðrik Sophusson): Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., var lagt fram á sínum tíma í Nd. Alþingis, hlaut afgreiðslu hv. félmn. með þeim hætti, að fyrri grein frv. var breytt. Málið var sent til Ed. samkv. þeim reglum sem hér gilda um starfshætti. Hv. félmn. Ed. tók málið til umr. og breytti því svo að segja alveg til fyrra horfs, a. m. k. var mjög lítill munur á orðalagi frv.-textans.

Það skal tekið fram, að þrátt fyrir tilraunir hv. félmn. Nd. til að fá umsagnir nokkurra aðila um þetta mál og þá fyrst og fremst samningsaðila í kjarasamningum, þá tókst það ekki.

Þegar málið kom aftur til Nd. til einnar umr. var farið fram á frest á umr. til þess að tími gæfist til að skoða málið eilítið betur. Á fund hv. nefndar komu fulltrúar Vinnuveitendasambandsins og lýstu sínum viðhorfum, en þess skal getið, að einn nefndarmanna er hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson, væntanlega nýkjörinn formaður Dagsbrúnar, verkamannafélagsins í Reykjavík, og formaður Verkamannasambands Íslands. Eftir þær umr., sem þar fóru fram, er ljóst að hér er verið að fjalla um atriði sem eru á frjálsu samningssviði aðila vinnumarkaðarins, því að um núverandi skipan, sem hefur gildi í lögum nr. 87/1971, var samið af vinnuveitendum og launþegum á sínum tíma og hefur ríkt um það samkomulag að hrófla ekki við þeirri löggjöf nema til komi sameiginlegur áhugi þessara aðila, enda er fjallað þar um viðkvæm samningstriði.

Það er álit meiri hl. félmn. Nd., að íhlutun Alþingis í þessi mál með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í till. eins og hún kom breytt frá Ed., geti hugsanlega spillt kjarasamningum, sem nú eru á viðkvæmu stigi, og þá sérstaklega samningum t. d. við flugmenn og annað fólk sem starfar við ferðamannaþjónustu eða byggingariðnað eða aðra þá starfsemi sem sérstaklega er haldið úti yfir sumarmánuðina, þá mánuði sem fólk vill helst fá orlof.

Sú skipan, sem lagt er til að tekin verði upp samkv. frv., mundi kippa forsendunum undan sérstökum samningum t. d. um lengra orlof, en slíkir samningar hafa verið gerðir á vinnumarkaðinum að undanförnu, t. d. með tilliti til árstíðabundinna starfa. Má í því sambandi sérstaklega geta um 25% regluna sem ég veit að þeir, sem komið hafa nálægt samningum, þekkja allvel. Þar að auki er talið að hér sé um að ræða atriði sem hljóti að kosta atvinnufyrirtæki aukin útgjöld, þar sem ljóst er að ef þessi háttur verður tekinn upp, verður nauðsynlegt að loka fyrirtækjum um hásumarið því að annars mundi starfsemi sumra fyrirtækja vera með þeim hætti, að varla er verjanlegt að halda þeim úti.

Af þessum ástæðum og ýmsum öðrum hefur meiri hl. hv. félmn. lagt til í nál., sem er á þskj. 934, að frv. þetta verði ekki afgreitt á þessu þingi, heldur verði tekið út af dagskrá. Með leyfi hæstv. forseta vil ég leyfa mér að lesa forsendur þessarar dagskrártill., en þær eru þessar:

Frv. þetta var til meðferðar fyrr í vetur í félmn. Nd. og þá voru gerðar á því breytingar. Í Ed. var frv. aftur breytt til upprunalegs horfs og sent aftur til Nd.

Nefndinni hafa ekki borist umsagnir um málið, en fulltrúar Vinnuveitendasambands Íslands komu á fund nefndarinnar.

Komið hefur fram, að aðilar vinnumarkaðarins áttu aðild að samningu orlofslaganna nr. 87/1971. Engin ósk hefur komið frá þeim um að lögunum verði breytt. Kjarasamningar standa yfir milli aðila og þar eru orlofsmál m. a. á dagskrá. Samþykkt þessa frv. gæti haft óeðlileg áhrif á þá samninga. Af framangreindum ástæðum leggur meiri hl. félmn. til að málið verði nú afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Rökstudd dagskrá okkar hljóðar svo: „Af þeim ástæðum, sem greint er frá í nál. meiri hl. félmn. Nd.,

telur deildin ekki rétt að afgreiða málið á þessu þingi og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Undir þetta rita hv. þm. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánsson, sem er formaður nefndarinnar, hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, hv. 5. þm. Reykn., Jóhann Einvarðsson, hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 6. þm. Suðurl., það eru þeir Steinþór Gestsson og Eggert Haukdal.

Frsm. minni hl. (Jóhanna Sigurðardóttir): Herra forseti. Eins og fram hefur komið gerði Ed. breytingu á þessu frv. eftir afgreiðslu þessarar deildar á málinu. Í ljós kom við athugun á þessu máli í félmn. Ed., að brtt. sú, sem samþykkt var í þessari hv. deild, nær alls ekki því markmiði sem að var stefnt með þessu frv., að atvinnurekendur geti ekki sent launþega í sumarleyfi í mánuðum, sem eru utan við hina hefðbundnu orlofsmánuði, nema með samþykki launþegans. Hér er að vísu ekki um vandamál að ræða nema á sumum af stærri vinnustöðunum. En hver getur séð sjálfan sig í því sð vera skipað í frí á haustmánuðum eða í maímánuði, sem er kannske utan við allar áætlanir fjölskyldu um sumarleyfi. Samkomulag varð ekki í nefndinni um þá breytingu sem Ed. lagði til, en minni hl. leggur til að deildin samþykki þá breytingu, sem samþykkt var shlj. í Ed. og félmn. þeirrar deildar stóð einhuga að.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Það litla frv., sem hér um ræðir, olli nokkrum vandræðum núna á allra síðustu dögum þingsins eftir að Ed. hafði gengið frá því og samþykkt það shlj. Ég vil aðeins undirstrika rækilega um hvað þetta frv. snýst.

Í orlofslögum, eins og þau eru frá árinu 1971, er kveðið svo á að launþegi eigi að taka orlof frá 2. maí til 15. sept. og að öðrum kosti gilda sérstakar reglur. Síðan er kveðið á um samráð í þessari lagagrein. Hins vegar er það svo, — það gildir víðar en um lög, t. d. um stjórnarsáttmála og fleiri slíka pappíra, — að orðið samráð er merkingarlítið, ef ekki merkingarlaust. Það hefur tapað allri merkingu. Þetta frv. gekk út á það, að atvinnuveitandi geti ekki skipað launamanni gegn vilja hans að taka orlof á tímanum 2. maí til 31. maí og aftur á tímanum 1. sept. til 15. sept.

Við undirbúning þessa frv. var haft samband við fjölmarga forustumenn í launþegafélögum og fleiri sem þekkja til. Sannleikurinn er sá, að þetta horfir ekki til vandræða nema á örfáum stærri vinnustöðum.

Menn hafa það gegn þessu frv., að hér sé um að ræða inngrip í frjálsa samninga, eins og það er orðað. Ég held að menn noti þessa röksemdafærslu þegar hún þjónar tímabundnum hagsmunum þeirra, því að vitaskuld eru mjög oft óljós mörk hver af réttindamálum fólks eru ákvörðuð í löggjöf og hver eru ákveðin í samningum. T. d. um þessi mál, orlofsmál yfirleitt, eru rammalög, og það sér hver sig í því að vera skipað að taka sitt þriggja vikna orlof á þessum tímum, í maí eða september, og það er ótrúlegt að um svona mál þurfi að koma upp ágreiningur hér á árinu 1982, þetta litla réttindamál er efnislega svo sjálfsagt.

Það, sem gerðist, hygg ég, var að Vinnuveitendasambandið gaf hv. 10. þm. Reykv. bendingu, og það er orsök þessarar afgreiðslu. (Gripið fram í). Það er kapítuli út af fyrir sig með afstöðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar í þessu máli. Á fundi nefndarinnar, — það er þess vegna sem ég segi þetta, — var kvaddur fulltrúi frá Vinnuveitendasambandinu, en enginn frá Alþýðusambandinu. Það er þess vegna sem ég segi þetta og segi það í fullum rétti.

Málið er það, að hér er um að ræða minni háttar réttindamál og þetta réttindamál ætti efnislega að vera sjálfsagt, að það sé ekki hægt að skipa einstaklingi gegn vilja hans að taka út sitt sumarleyfi í maí og í september. Það er auðvitað rétt að taka undir það sem almenna meginlínu, að samningar um kaup og kjör og samningar yfirleitt eigi að vera sem frjálsastir. Engu að síður höfum við löggjafarvald í þessu landi og orlofslög eru ákveðin með lögum, 8 stunda vinnudagur er löggjafaratriði, svo að það væri ekki brot á neinum meginreglum þó svo þetta frv. yrði samþykkt.

Það er rétt, sem fram kom hjá hv. 10. þm. Reykv., að það er kapítuli út af fyrir sig hvernig stendur á afstöðu hv. þm. Guðmundar J. Guðmundssonar í þessu máli. Um það vil ég svo sem ekki vera að hafa mörg orð á þessum lokadögum. En því miður er afgreiðslan á þessu litla máli talandi tákn um það, hvernig menn ganga hér leynt og ljóst erinda hagsmunasamtaka þegar það á síst við, og það er það sem gerst hefur í þessu máli, því er nú verr og miður.

Félmrh. (Svavar Gestsson): Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í þessari umr. En þar sem hv. 7. þm. Reykv., Guðmundur J. Guðmundsson, er fjarstaddur og var nokkuð veist að honum áðan, — hann er tepptur á fundi hjá Verkamannasambandi Íslands, — vildi ég aðeins segja hér fáein orð vegna þess að rökin fyrir afstöðu hans koma mjög glöggt fram í nál. Það er í rauninni alveg ástæðulaust að vera með neinar getsakir uppi í þeim efnum. Í nál. segir að orlofsmál séu á dagskrá í kjarasamningunum sem nú standa yfir. Það er mat þeirra aðila, sem að kjarasamningunum standa, að samþykkt af þeim toga, sem hér er gerð tillaga um, gæti orðið til þess að trufla niðurstöðu kjarasamninganna og valda þar erfiðleikum. Af þeim ástæðum er það, að menn standa að þessari rökstuddu dagskrá sem gerð er till. um hér, þ. á m. hv. þm. Guðmundur J. Guðmundsson. Ég tel að þar sem hann er beinn aðili að kjarasamningunum og stendur í þeim miðjum sjálfur sé á engan hátt óeðlilegt að hann taki afstöðu af því tagi sem hér hefur verið lýst.

Alexander Stefánsson: Herra forseti. Ég sé nú að hv. 7. þm. Reykv. kemur hér í salinn og að sjálfsögðu getur hann tekið þátt í þessum umr. En ég vil sérstaklega mótmæla því sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv., að félmn. Nd. eða meiri hl. hennar væri að ganga erinda vinnuveitenda í þessu máli. Þetta er algerlega rangt og sleggjudómar sem eiga ekki að heyrast í hv. Alþingi. Þannig var að nefndin sendi þetta mál eins og önnur til hagsmunaaðila er málið varðar með skilafresti fyrir 15. apríl s. l. Því miður komu engar umsagnir þannig að málið var látið ganga í gegnum deildir án umsagna á sínum tíma. Það er eiginlega heppni að mínu mati að hv. Ed. breytti því orðalagi sem Nd. samþykkti, annars væri málið núna orðið að lögum.

Ég held að það sé rétt — með leyfi hæstv. forseta, að ég lesi hér úr lögum um orlof, 5. gr., en þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Atvinnurekandi ákveður í samráði við launþega hvenær orlof skuli veitt. Hann skal verða við óskum

launþega um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Atvinnurekandi skal að könnun á vilja launþega lokinni tilkynna, svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir byrjun orlofs, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli."

Það kom fram í þeim viðræðum, sem fulltrúar frá Vinnuveitendasambandi Íslands áttu við félmn., að það hefur aldrei orðið ósamkomulag sem neinu nemur að því er varðar þetta ákvæði. Þetta staðfesti hv. 7. þm. Reykv. á þessum fundi og taldi þess vegna að þetta mál væri óþarft. Það hafa engar kvartanir um þetta komið fram.

Ég vil aðeins undirstrika það sem fram hefur komið, ef hv. alþm. hafa ekki áttað sig á því, að einmitt þessa dagana standa yfir viðkvæmar samningaviðræður við fulltrúa flugmanna og fulltrúa í hótelþjónustu sem fjalla að vissu marki um orlofsmál og þess vegna er málið miklu viðkvæmara en á horfðist í fyrstu. Þetta eru kjarasamningamál, eins og hér hefur komið fram og kemur greinilega fram í nál., og þetta eru málefni sem aðilar vinnumarkaðarins hafa alltaf samið um sín á milli. Þar er rétti vettvangurinn. Alþingi á síðan að staðfesta niðurstöðuna.

Umr. frestað.

Söluskattur, frv. (þskj. 114, n. 859, 860). — Frh. 2. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. á þskj. 860 um að vísa frv. til ríkisstj. felld með 19:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: EH, FÞ, GJG, GHelg, HÁ, HG, IGuðn, IGísl, JE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SkA, SV, StH, SvG, ÞS, AS.

nei: ÁG, BGr, BÍG, FrS, GeirH, GGÞ, HBl, JS, KP, MHM, MB, MÁM, ÓE, RH, SighB, SteinG, VG, AG, SvH.

GS greiddi ekki atkv.

1 þm. (SigurlB) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 20:19 atkv.

2. gr. felld með 19:18 atkv.

Fyrirsögn felld með 19:18 atkv.

Frv. þar með fallið.

Norræn fjárfestingalán, frv. (þskj. 703). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 30:2 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 952).

Hæstiréttur Íslands, frv. (þskj. 552, 947). — 3. umr.

Of skammt var liðið frá 2. umr. og útbýtingu brtt. 947. — Afbrigði samþ. með 24 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Vilmundur Gylfason): Herra forseti. Við lok 2. umr. um þetta frv. hafði ég kvatt mér hljóðs, en forseti þessarar virðulegu deildar, sem er í hvívetna sanngjarn maður og gegnir, hygg ég, hlutverki sínu yfirleitt með reisn og sóma, þóttist ekki taka eftir því og sleit umr. Þetta held ég að hafi verið mjög óvenjuleg afgreiðsla af hans hálfu. Ég er sannfærður um að þetta hefði forsetinn ekki leyft sér hefði hann verið stjórnarsinni. Þetta er enn eitt vandamálið sem upp kemur af þeim sökum, því að um þetta mál var ýmislegt ósagt.

Eins og fram hefur komið er Hæstiréttur Íslands ekki nein venjuleg stofnun í stjórnkerfinu. Við erum hér að fjalla um æðsta dómsvaldið, æðsta stig dómsvaldsins, og ég vil leggja á það áherslu, að þegar þetta frv. var samþ. eftir 2. umr. var það gert af minni hl. deildarinnar, atkv. voru 19:17, og það skiptir máli. Við þessar aðstæður, satt að segja, og eins og umr. um þetta hafa þróast er mér ekki alveg ljóst hvers vegna ríkisstj. og ráðh. þessara mála leggja slíka ofuráherslu á að fá þetta frv. samþykkt, vegna þess að það er deginum ljósara að hér er um að ræða miklu meiri og djúptækari grundvallarbreytingu á þessu kerfi heldur en menn hafa viljað vera láta.

Í ljósi þess vil ég minna á að það voru fluttar ýmsar brtt. við þetta frv. í hv. Ed., m. a. af hv. þm. Eiði Guðnasyni. Hann lagði til að 1. gr. frv. um fjölgunina úr 7 í 8 yrði felld, og það hefði strax verið til mikilla bóta. Hv. þm. Karl Steinar Guðnason og Eiður Guðnason gerðu till. um nýja grein, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Dómsmrh. ákveður að fengnum tillögum Hæstaréttar hvaða tíma dags halda skuli dómþing svo og hvenær þingleyfi skuli vera. Þingleyfi skulu þó aldrei vera lengri en 6 vikur."

Þessi breyting hefði einnig orðið til mikilla bóta þó hún snerti kannske ekki aðalatriði þessa máls.

En veigamest kannske og það sem kemur til að valda mikilli grundvallarbreytingu á réttinum og fjölmargir, einkum yngri menn úr dómarastétt, hafa tekið mjög stórt upp í sig um er ákvæðið til bráðabirgða sem gert er ráð fyrir í frv. Í þessu ákvæði til bráðabirgða segir að árin 1982 og 1983 — ég les með leyfi hæstv. forseta: „getur dómsmrh. samkv. till. Hæstaréttar sett tvo til þrjá dómara úr hópi þeirra manna, sem greindir eru í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 75/1973, til viðbótar hinum reglulegu dómurum allt að 6 mánuðum hvort ár."

Hér skulum við staldra við. Ég hef núna, eins og hlýtur að vera ljóst af því máli, sem flutt hefur verið við fyrri umr. þessa máls, flutt og freistað þess nú við 3. umr. málsins að koma í veg fyrir að þetta voðaverk verði unnið á Hæstarétti landsins. Brtt., sem var samin í flýti fyrir hálftíma, er einföld. Hún er um það, að þetta ákvæði til bráðabirgða falli niður.

En af hverju hafa menn lýst áhyggjum um þetta ákvæði? Jú, það er vegna þess að það er grundvallarregla í réttarfarinu, hún á að vera tryggð í stjórnarskrá, að dómarar séu engum háðir nema sjálfum sér, að það sé ekki hægt að beita dómara ytri þrýstingi. Þetta á auðvitað hverjum manni að vera ljóst. Menn segja um þetta

ákvæði að nái það fram að ganga verði stór hluti af réttinum, 3 menn, skipaður mönnum sem eru skipaðir takmarkaðan tíma og eiga undir framkvæmdavaldið að sækja um áframhaldandi störf. Menn hljóta að skilja og menn verða að skilja af hverju stór hópur manna úr dómara- og lögfræðingastétt hefur látið í ljós miklar áhyggjur um þetta atriði. Við verðum í réttinum komnir með lausa dómara, þ. e. menn sem eru ekki í föstu starfi. Þeir eiga að vera sjálfstæðir og þeir eiga að vera óháðir, en í næsta húsi við þá situr einstaklingur sem hefur framkvæmdavaldið í þessum málaflokki, og hann hefur í höndum sér hvort þeir starfi áfram eða verði settir út á klakann. Þrátt fyrir sérstöðu Hæstaréttar og alla þá virðingu, sem honum vissulega ber, eru hæstaréttardómarar þó ekki nema mennskir menn sem m. a. þurfa að hafa áhyggjur af daglegu lífi, af brauðöflun og húseignum sínum, eins og við hin, af starfi sínu, af launakjörum sínum. Eins og hugsunin um Hæstarétt er, þá er reynt að ganga svo frá slíku, t. d. með góðum launakjörum sem er sjálfsagt, til þess að viðkomandi sé engum háður nema sjálfum sér. Í þessu ákvæði til bráðabirgða er verið að kollvarpa þessari grundvallarhugsun.

Ég hef við fyrri umr. og áður í þessu máli ekki viljað nota stór orð og ekki viljað taka undir þær gagnrýnisraddir fjölmargar, að hér sé beinlínis um stjórnarskárbrot að ræða. En ég minni aðeins á að löglærðir menn, sem eru þekktir að öðru en hafa óvandað orðfæri, hafa notað þetta orð, og ég held nú að a. m. k. þegar á þessa umr. hefur liðið og menn hafa verið að velta þessu betur fyrir sér, þá hljóti menn að vera mér sammála um að þessi gagnrýni er a. m. k. í hæsta máta eðlileg.

Það verður að segja það einu sinni enn, að Hæstiréttur Íslands er ekki eins og hver önnur stofnun í stjórnkerfinu. Það er ekki svo að við séum að tala hér um hvert annað ríkisfyrirtæki. En því miður, gallinn við þetta frv. í heild sinni, hugsunin á bak við það og þó sérstaklega það ákvæði, sem ég hér hef gert að umræðuefni, er sá, að hér er verið að afgreiða Hæstarétt eins og hverja aðra ríkisstofnun. Ég veit ekki hvort menn vita það hér, en það kom fram á nefndarfundum, því að það vantaði ekki að menn lágu yfir þessu máli og skoðuðu það afar vandlega, að Hæstiréttur landsins hefur aðeins einn löglærðan aðstoðarmann. Mér skilst að það sé eitt og hálft starf fyrir vélritun. Menn hafa stundum sagt og einn af þeim, sem til nefndarinnar komu, orðaði það svo, þegar hann var að fara yfir þetta svið dómsmála, að við byggjum við miðaldafyrirkomulag. Það eru auðvitað stór orð. Það er svo um sýslumenn og það kerfi að sami einstaklingurinn fer með framkvæmdavald og dómsvald. Þetta er auðvitað allt saman arfur frá gamalli tíð og röksemdir sem við þekkjum aftur á bak og áfram. En því má bæta við, að þegar nm. grennsluðust eftir starfsaðstöðu í Hæstarétti áttu menn nánast ekki orð.

Úr því að menn eru að bæta við fjármagni og nota skattpeninga, ríkisfjármagn, til að bæta aðstöðu Hæstaréttar og bæta við 4 dómurum, gera hæstaréttardómara 11, gera grundvallarbreytingar og stefna réttarkerfinu í landinu í stórhættu, væri þá ekki nær að nota þessa peninga til þess að bæta starfsaðstöðu réttarins, til þess að útvega honum löglærða aðstoðarmenn? Ráðherrar eru komnir með sína aðstoðarmenn eins og eðlilegt er og er ekkert við að athuga. Þeir hafa undir sér stór rn. til þess að vinna verk, semja frv. og annast framkvæmd þeirra lagabókstafa sem héðan út ganga. En í Hæstarétti er rekin gamaldags skrifstofa vegna þess að þessum málum hefur ekki verið sinnt.

Ég vil koma þeirri skoðun að við þessa umr., að í fyrsta lagi væri nóg að hafa 5 hæstaréttardómara. En aðstaða þeirra þarf að vera öll önnur heldur en hún er. Þeir þyrftu að taka tæknina í sína þjónustu í sambandi við tölvur í auknum mæli, og vitaskuld ættu þeir að hafa aðstoðarmenn við undirbúning mála. Ég hygg að það væri hægt að nota sama fjármagn og hér er verið að leggja til að eyða miklu betur og miklu skynsamlegar með þeim enföldu breytingum að auka við aðstoðarmönnum og bæta aðstöðuna að öðru leyti. Þó svo það væri spor í rétta átt mundi það ekki leysa þann grundvallarvanda sem við erum að tala um og fást við.

Sá grundvallarvandi er vissulega til og er búinn að vera lengi. Hann byggist á því, að mikill málafjöldi hefur hlaðist upp. Fyrir ekki mörgum árum var þetta raunar frekar vandamál á lægri dómsstigum heldur en þarna, og eins og við erum margbúnir að benda á, við sem höfum verið að andæfa gegn þessu frv. hér, er lausnin á þeim vanda allt annars staðar. Hún er fólgin í því að koma hér á annars konar dómstigi, lögréttudómstigi.

Það er enn eitt sem ég vil mjög leggja áherslu á, og það er að nákvæmlega sama vandamál kom upp með nákvæmlega sama hætti hér fyrir þrem árum, 1979. Þá var sagt að það væri of mikið álag á Hæstarétti og of mikill málafjöldi þar. Og ekki skal úr því dregið, að það hafi verið rétt. Það var komið til þingsins rétt fyrir þinglok og hraðafgreitt hér frv. um fjölgun hæstaréttardómara úr 6 í 7. Við vorum ýmsir sem höfðum miklar efasemdir þá um þetta, en tókum engu að síður þátt í að afgreiða það. Ég vek athygli á því, að nú spyrja menn: Leysti það einhvern vanda? Hefur halinn styst? Hefur málabunkinn uppi í Hæstarétti minnkað við þetta? Svarið er nei, hann hefur aukist. 1979 fóru menn úr 6 í 7. Nú eru menn að fara úr 7 í 11 raunverulega. Auðvitað er fullkomlega eðlilega sagt, eins og hv. 5. þm. Vestf. gerði hérna, að menn skyldu reikna hvernig verði um aldamót að því er þetta varðar.

Vandinn er sá, að með þessu frv. er verið að blekkja fólkið í landinu. Allir vita að málahalinn í Hæstarétti, fyrst í undirrétti og síðan í Hæstarétti og síðan framkvæmdin á refsidómum sem eftir fylgir, þetta hefur auðvitað verið þjóðfélaginu til vansa árum saman. Það hefur mikill skaði verið unninn og harmleikir orðið til þegar menn eftir allan þennan langa gang hafa mörgum árum seinna verið að taka út sína dóma við breyttar aðstæður. Um þetta hefur oft verið rætt hér á hinu háa Alþingi undir ýmsum formerkjum, bæði í sambandi við fangelsismál, í sambandi við breytingar á refsilögum og víðar. En málið er bara það, að það er verið að blekkja fólkið í landinu ef það er verið að segja, eins og hæstv. dómsmrh. gerði í dag við 2. umr. málsins, þegar hann eiginlega hafði í hótunum við þm. og setti þá upp við vegg, að ef þetta gerðist ekki yrðu engar umbætur á Hæstarétti. Sannleikurinn er sá, að þetta eru ekki hinar minnstu umbætur. Skoði menn hvað gerðist í kjölfarið 1979 þegar við fjölguðum síðast. Styttist halinn? Nei, hann lengdist.

Vandinn er til, ekki skal úr því dregið. Hann er feikilega mikill. En þetta er bara ekki lausnin. Hins vegar kann þetta að hafa í för með sér að mönnum þyki minni ástæða en ella til að gera þær grundvallarbreytingar á þessu kerfi sem þarf, og þá þarf ekki síst að huga að lögréttumálinu. Satt að segja þykja mér þessar rök-

semdir svo einfaldar og staðreyndir í þessu máli liggja svo í augum uppi eftir þessa umr., að niðurstaðan í atkvgr. í dag — ég játa það — kom mér á óvart.

Við skulum líka skoða aðra þætti þessa máls. Þessi stofnun, sem við erum hér að fjalla um, er rúmlega 60 ára gömul. Um hana hefur verið þokkalegur friður. Hún hefur notið trausts, að vísu með því að halda sér fyrir utan opinberar umr. og opinberan ágreining að mestu leyti. Segja má að það út af fyrir sig sé umdeilt, og menn hafa oft vísað til þess, að í slíkum efnum er t. d. enska og ameríska réttarkerfið allt öðruvísi uppbyggt. En ég fullyrði það, að nái þetta frv. fram að ganga, þá kann svo að fara að þessi friður um Hæstarétt sé úti, og því finnst mér að menn þurfi að velta mjög rækilega fyrir sér. Og af hverju kann svo að fara að friðurinn sé úti? Það er auðvitað minni háttar ástæða, þó svo að það ætti að skipta máli þegar um Hæstarétt er að ræða, að þetta frv. var í dag samþykkt af minni hl. deildarinnar. Mér finnst að hæstv. dómsmrh. ætti að gera aðrar kröfur til sjálfs sín, þingsins og umhverfisins þegar um þessa stofnun er að ræða. En látum það allt saman vera.

Ástæðan fyrir því, að þessi friður kann að vera úti, er ekki síður og kannske miklu frekar sú, að nái þetta frv. fram að ganga mun Hæstiréttur starfa sem þrír dómar, þá eru þar 11 dómarar. Eftir einfaldri tölfræði geta þeir starfað í þremur þriggja manna dómum. Eins og ég sagði í dag kann svo að fara að þessir mismunandi dómar sitji sinn í hverju herberginu, séu að fjalla um svipuð mál og komist að sinn hverri niðurstöðunni. Vitaskuld er það eðlilegasti hlutur í veröldinni, að sá fjöldi löglærðra manna, sem hingað hefur verið að senda álitsgerðir og um þetta hefur verið að fjalla, hefur af þessu þungar áhyggjur. Auðvitað verða heimildirnar nýttar í hvívetna. Dómarar verða 11. Þá vantar ekki nema einn á að þeir starfi í fjórum þriggja manna dómum, og vitaskuld verður komið að ári og beðið um það. Hvað gera menn þá? Það, sem gæti verið rökrétt og eðlilegt framhald, væri að hæstiréttur, sem svona væri búið að leika, þróaðist yfir í það að verða millidómstig og við bættum svo við þriðja dómstiginu, ekki inn á milli eins og við erum að gera með lögréttuhugmyndinni, heldur bættum við þriðja dómstiginu ofan á, og þá er þetta komið, en bara enginn vandi leystur.

Það er af þessum ástæðum, herra forseti, sem ég hef flutt þessa brtt. um að ákvæði til bráðabirgða verði fellt. Ég geri það auðvitað líka að till. minni, að menn greiði atkv. gegn 1. gr. frv. Það er enn tækifæri til þess að menn íhugi sinn gang í þessum efnum.

Ef allt þetta mál er skoðað, þá er það svo kostulegt að þeir, sem lýst hafa andstöðu sinni við þetta mál, hafa gefið sig fram. Það hafa verið skrifaðar fjölmargar blaðagreinar og greinargerðir fluttar þar sem menn hafa verið að lýsa andstöðu sinni. En þeir hins vegar sem eru talsmenn þessa og verjendur, ég veit eiginlega ekki hvaða huldumenn það eru! Ég veit ekki hverjir eru ráðgjafar hæstv. ráðh., hverjir það eru sem hafa ráðlagt honum að standa svona að þessu, því að hverjir sem það eru gefa þeir sig ekki fram. Þeir skrifa ekki í blöð. Og ég undirstrika þann skilning minn og skilning þeirra, sem þessu hafa andmælt, að hér er um að ræða einhvers konar dómarapólitík. Það hafa verið þar skiptar skoðanir um lögréttumálið, og mér sýnist að það sé ekki síst aldursskipting þar, það séu einkum yngri mennirnir sem hafi verið talsmenn þeirra umbóta sem við mörg höfum tekið upp hér á þinginu. En því miður, nái þetta frv. fram að ganga er verið að snúa miklu af þeirri viðleitni við, og þá er loku fyrir það skotið, að þessu kerfi verði breytt svo að þar náist fram það markmið sem við þó erum sammála um, þ. e. um hraðari afgreiðslu mála.

Ég vil, herra forseti, minna á að í Þjóðviljanum í ágústmánuði 1981 ritaði Steingrímur Gautur Kristjánsson grein sem heitir „Lögrétta eða gestaréttur." Í yfirskrift að greininni, sem blaðið hefur tekið út, er þessi tilvitnun, með leyfi forseta: „Þegar erlendir lagamenn eru hér á ferð er það haft til skemmtunar að segja þeim að sami embættismaður byrji á að handtaka skálkinn, annist síðan lögregluranns ókn og fari loks með mál og dæmi." Þetta er, eins og menn þekkja, eitt af því sem menn hafa kallað að sé með miðaldabragði í íslenska réttarfarinu. En hann segir m. a. — með leyfi forseta — í þessari blaðagrein undir undirfyrirsögninni „Fljótvirk meðferð smærri mála" — hann segir:

„Með breytingu þeirri á einkamálalögum, sem lögleidd var á síðasta vori og tekur gildi 1. jan. 1982, er opnuð leið fyrir nokkuð einfaldar og fljótvirkari málsmeðferðir í héraði en verið hefur. Þessar breytingar, svo sem stytting dóma, eiga einkum við í hinum smærri málum, og ef þær gefast vel er ekki ólíklegt, að fljótlega verði lengra gengið, og raunar nokkuð víst ef lögréttufrv. verður lögfest. Meðferð mála í lögréttu á öðru dómstigi verður umsvifaminni en í Hæstarétti. T. d. er ekki gert ráð fyrir þeirri tímafreku undirbúningsvinnu sem felst í svokallaðri ágripsgerð, sem tefur málin í Hæstarétti oft mánuðum saman "— og taki menn eftir þessu — „og dómendur yrðu 3 en ekki 5. Þegar lögréttan tæki til starfa biðu engir málastaflar. Öll rök hníga þannig að því, að lögréttuskipanin sé raunhæfasta og róttækasta finnanlega leiðin til þess að stytta málatíma jafnt í hinum smærri málum sem í hinum stærri."

Undir þetta vil ég mjög taka. Þetta er kjarnaatriði, þetta er sjálfur kjarni málsins. Nái það frv. fram að ganga, sem hér er til umr., þýddi það einfaldlega að öll þessi hugsun, öll þessi lögréttuhugsun, öll sú hugmynd um að hraða gangi þessara smærri mála, sem allir eru sammála um að er það sem töfunum veldur, er dauð, hún er úr sögunni um allnokkra framtíð. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að mönnum hafi ekki verið þetta nógsamlega ljóst þegar þetta mál þróaðist.

Herra forseti. Ég er að mæla fyrir þeirri brtt. sem ég hef flutt, að ákvæði til bráðabirgða falli niður. Ég sagði í dag, þegar ég gerði grein fyrir atkv. mínu um ákvæði til bráðabirgða, og minnti á það, sem einnig kom fram í nefndarstörfum eða í einhverri af þeim greinargerðum eða málsskjölum, sem ég hef lesið um þetta frv., að um lausadómara eins og verið er að leggja til í því ákvæði væru aðeins tvö fordæmi úr réttarsögu Norðurlanda. Hið fyrra mun vera frá Finnlandi og ég kann ekki frekari skil á því. En það seinna var þegar Norðmenn voru að hraðafgreiða Quisling og hans legáta á árunum 1945 og 1946. Þá settu þeir dómara af þessu tagi. Það er þetta ákvæði sem menn hafa ekki síst staldrað við, og það munaði ekki miklu áðan hvernig um þetta ákvæði fór. Ég vil mjög leggja að þm. að hugleiða þetta og að samþykkja þessa tillögu mína.

Herra forseti. Menn hafa sett á langt mál um þetta frv. Ég held að það geti verið góður skilningur á milli okkar um það, að mörgum er þetta gríðarlega mikið alvörumál. Mönnum er það alvörumál að Hæstarétti Ís-

lands sé ekki spillt, það sé ekki farið með hann eins og hverja aðra stofnun. Ég stóróttast að það sé að gerast með þessu frv., og ég stóróttast einnig að það, sem muni fylgja í kjölfarið, sé annars vegar enn frekari útvíkkun á Hæstarétti og hins vegar það, að þeim umbótatillögum, sem hugmyndir hafa verið uppi um, verði kastað fyrir róða. Og ég verð að segja það, að það er sorglegur endir á þessum 6 ára gömlu hugmyndum og þær fara þá fyrir lítið.

Það hefði verið ástæða til þess, herra forseti, að flytja fleiri brtt. við þetta mál. Till. um að 1. gr. falli niður þarf ekki að vera sérstök till., það er nóg að leggja til við menn, að þeir greiði atkv. þannig. Fari svo að 1. gr. falli og ákvæðin til bráðabirgða falli út, þá er mesta skaðanum afstýrt. Mér er auðvitað ljóst, herra forseti, að það er komið að þinglausnum og menn bíða, og það er ekki með neinu glöðu geði sem menn verða að setja á langt mál um þetta frv. En hér er verið að vinna mikinn skaða á þessu kerfi, — skaða þar sem afleiðingarnar kunna sumpart að vera ófyrirsjáanlegar. Af þeim ástæðum hafa menn sett á langt mál. Ég harma, hvernig atkv. féllu í Nd. við 2. umr., og vænti þess, að einhverjir endurskoði sinn hlut.

ATKVGR.

Brtt. 947 felld með 21:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GHelg, JE, JS, MÁM, ÓÞÞ, PP, RH, SighB, VG, ÁG, BGr, GeirH.

nei: HÁ, HG, IGuðn, IGísl, MHM, ÓE, PJ, RA, SkA, SV, StH, SteinG, SvG, AG, BÍG, EH, FÞ, FrS, GS, GJG, GGÞ.

HBl, KP, ÞS, AS, SvH greiddu ekki atkv.

2 þm. (SigurlB, MB) fjarstaddir.

Einn þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Árni Gunnarsson: Herra forseti. Ég hef verið sannfærður um það, að þetta ákvæði í frv. jaðri við stjórnarskrárbrot. Þess vegna segi ég já við þessari till.

Frv. samþ. með 20:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 951).

Umræður utan dagskrár.

Guðrún Helgadóttir: Herra forseti. Ég vil bera fram fsp. Hér var umr. í dag um 242. mál þingsins, um orlof. Mér sýnist vera fallin niður afgreiðsla á því máli. Ég vil óska eftir að það mál hljóti þinglega meðferð hér í hv. deild. Ef ekki verður við því orðið hlýt ég að lýsa þeirri afstöðu minni, sem ég hefði annars gert í nafnakalli sem ég hefði óskað eftir, að ég tel mig fremur vera málsvara verkalýðshreyfingarinnar hér á hinu háa Alþingi en Vinnuveitendasambandsins og vil því eindregið fá tækifæri til þess að greiða atkv. gegn því, að þetta mál verði tekið út af dagskrá.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Dagskrá þessa fundar er að vísu tæmd. Í þessu umrædda máli lá fyrir till. til rökstuddrar dagskrár frá sex hv. þdm. úr meiri hl. félmn. Nú voru einir þrír hv. þdm. á mælendaskrá þegar ég frestaði umr. og tók málið út af dagskrá á þessum fundi. En ef svo skipast mál að þeir falla frá orðinu, þá get ég gefið færi á að setja nýjan fund með þessu máli og ganga þá þegar í stað til atkv. um hina rökstuddu dagskrá. (**GHelg:** Má ég spyrja forseti, er ekki lokið alveg fundum í Ed.?)

Friðrik Sophusson: Herra forseti. Ég var á mælendaskrá í því máli sem hv. síðasti ræðumaður fjallaði um. Við vorum þrír reyndar. Ég get ekki hugsað mér að falla frá orðinu. Hv. þm. Vilmundur Gylfason kastaði fram ýmsum ásökunum í ræðu sinni um þetta mál og því þarf að sjálfsögðu að svara verði málið tekið upp. Sá hv. þm. kaus í umr. áðan að tala í langan tíma um Hæstarétt, og ég tel að hann hafi með því sjálfur drepið þetta mál.

Vilmundur Gylfason: Herra forseti. Þetta voru furðulegar aths. sem voru fluttar hér síðast. En látum það allt saman eiga sig. En mér er óskiljanlegt af hverju þetta mál getur ekki fengið þá þinglegu meðferð sem því ber. Ég trúi því ekki, að menn fari að flytja hér langar ræður, og mál eru ekki drepin með því að halda um þau lengri eða styttri ræður. Mál eru drepin í atkvgr. ef þingið svo kýs. Um það hlýtur hv. 10 þm. Reykv. að vera fullkunnugt. Það er í valdi forseta þessarar deildar að leyfa þessu máli að klárast og koma hér til atkv. Ég get vel skilið að síðasti ræðumaður, sem hér talaði, kjósi heldur þessa málsmeðferð og hóti hér málþófi, eins og hann raunverulega var að gera. En ég geri, herra forseti, eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kröfu um að þetta mál fái hér þinglega meðferð.

Ég endurtek þá kröfu mína að svo verði með þetta mál farið.

Starfslok neðri deildar.

Forseti (Sverrir Hermannsson): Það er út af fyrir sig ekki óþingleg meðferð þótt mál strandi vegna tímaskorts á hinu háa Alþingi eins og þetta gerir. Dagskrá þessa fundar er nú tæmd.

Þar sem þetta er síðasti fundur í hv. deild vil ég nota tækifærið til þess að þakka hv. þdm. fyrir samveruna og samvinnuna og mikla þolinmæði mér sýnda. Að vísu hefur svo borið til hina síðustu dagana, að ég hef í stöku falli reynt um of á hana og þykir mér ógott. En við það verður þó að sitja úr því sem komið er. Ég þakka varaforsetum sérstaklega fyrir aðstoð við mig og góða samvinnu og skrifurum vorum skilgóðum sérstaklega, skrifstofustjóra og öllu starfsliði Alþingis.

Þeim, sem eiga um langan veg heim að sækja, óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og bið og segi að vér megum allir heilir hittast á hausti komanda.

Páll Pétursson: Herra forseti. Ég vil fyrir hönd okkar þdm. þakka hæstv. forseta góðar óskir í okkar garð. Ég vil þakka honum fyrir röggsama, réttláta og skemmtilega fundarstjórn í vetur. Starf hans sem forseta deildarinnar og jafnframt sem stjórnarandstæðings hefur sannarlega

ekki verið auðvelt, en að mínum dómi hefur hann leyst forsetastarfið af hendi með sérstökum ágætum og myndarskap og réttsýni.

Ég vil enn fremur færa skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis bestu þakkir okkar fyrir vel unnin störf í okkar þágu. Ég vona að þetta sumar verði hæstv. forseta og fjölskyldu hans heilladrjúgt og við fáum að hitta hann heilan og hressan hér í haust, og ég vil biðja hv. þdm. að árétta óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Sverrir Hermannsson): Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir góðar óskir í minn garð og hv. þdm. undirtektir þeirra. Ég ítreka óskir mínar til ykkar allra.

Þingslitafundur í Sþ. er boðaður hálfátta. Fundi er slitið.

Efri deild, 93. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 4.25 síðdegis.

Lyfjadreifing, frv. (þskj. 949 (sbr. 30)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. og útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 953).

Skattskylda innlánsstofnana, frv. (þskj. 948 (sbr. 718)). — Ein umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Lárus Jónsson): Herra forseti. Þegar þetta frv. um skattskyldu innlánsstofnana var hér til umr. lögðum við fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram nál. þar sem var rækilega rökstutt að frv. þetta væri með mörgum ágöllum, það væri algerlega ófullburða, auk þess sem ekki hefðu fengist nein svör um það, hvort gert væri ráð fyrir að umræddur skattur yrði borinn af bönkunum þannig að eiginfjárstaða þeirra mundi rýrna eða útlánsvextir hækka eða innlánsvextir lækka. Engin svör fengust við þeim spurningum. Frv. þetta er með sömu ágöllum þrátt fyrir ítarlega meðferð Nd. Við erum mótfallnir slíkum vinnubrögðum og munum greiða atkv. á móti frv.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 954).

Starfslok efri deildar.

Forseti (Helgi Seljan): Þar sem þetta mun vera síðasti fundur þessarar hv. deildar á þessu þingi vil ég nota þetta tækifæri til þess að þakka hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu á þessu þingi, samvinnu og samveru sem hefur ætíð verið svo sem best verður á kosið. Ég vil þakka skrifurum deildarinnar fyrir ágæt störf þeirra og sömuleiðis varaforsetum fyrir þá aðstoð sem þeir hafa veitt mér löngum stundum. Skrifstofustjóra Alþingis og öðru starfsfólki Alþingis færi ég alúðarþakkir fyrir annasöm og vandamikil störf. Öllum utanbæjarmönnum óska ég góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og fjölskyldum ykkar allra árna ég alls velfarnaðar. Ég vona að við megum öll hittast heil hér á hausti komanda þegar Alþingi kemur saman á ný.

Kjartan Jóhannsson: Herra forseti. Fyrir hönd okkar þdm. vil ég þakka forseta góðar óskir í okkar garð. Jafnframt vil ég þakka honum fyrir í senn réttláta og röggsama fundarstjórn og umburðarlyndi við okkur þdm. Ég ber einnig þakkir okkar þdm. til skrifstofustjóra Alþingis og alls starfsfólks þingsins. Ég vil jafnframt flytja hæstv. forseta, fjölskyldu hans og starfsfólki þingsins velfarnaðaróskir okkar allra á komandi sumri. Ég bið hv. þdm. að taka undir þessar óskir með því að rísa úr sætum. — [Deildarmenn risu úr sætum.]

Forseti (Helgi Seljan): Ég vil þakka hv. 2. þm. Reykn. fyrir góð orð og hlý í minn garð og minnar fjölskyldu og þakka hv. þdm. fyrir að taka undir þær óskir. Ég endurtek svo einlægar óskir í garð ykkar allra. — Fundi er slitið.

Sameinað þing, 90. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 5 síðdegis.

Hafnargerð við Dyrhólaey, þáltill. (þskj. 446, n. 858). — Frh. einnar umr.

Frsm. (Garðar Sigurðsson): Herra forseti. Það er ekki nauðsynlegt að hafa langt mál um þessa till. svo sjálfsögð sem hún er. En að þessari till. stendur öll atvmn. sameinuð sem fyrr, og vænti ég þess, að undirtektir í hv. Alþingi verði í samræmi við það.

Það er saga þessa máls, að fimm hv. þm. lögðu fram till. hér fyrir alllöngu um hafnargerð við Dyrhólaey. Sú till. til þál. hljóðaði á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram fullnaðarrannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. Þær áætlanir, sem fyrir liggja, verði endurskoðaðar og notagildi hafnarinnar endurmetið, m. a. með tilliti til útflutnings á Kötluvikri í miklum mæli. Skal verki þessu hraðað svo sem verða má og lokið ekki síðar en fyrir árslok 1983."

Þannig hljóðaði till. Sannleikurinn er sá, að atvmn. tók afskaplega vinsamlega undir þessa frómu ósk að kanna hafnargerð við Dyrhólaey, en lagði til að tillgr. yrði breytt og hún fengi annan búning. Ég vil leyfa mér að lesa

brtt. eins og hún lítur út núna eftir umfjöllun atvmn., þar sem ég veit að margir hv. þm. hafa nú ekki þá röð á plöggum sínum að þeir hafi hvern einasta snepil við höndina. Ég tel rétt að lesa þetta yfir þeim, þann dóm sem hv. atvmn. kvað upp í þessu efni. Ályktunarorðin eru þessi, herra forseti. — Það væri ákaflega æskilegt ef formenn þingflokka gætu verið að braska með atkvæði einhvers staðar annars staðar en hérna inni í salnum. Þeir gætu brugðið sér á eitthvert höfuðbýlið til þess að makka saman í stað þess að vera hér. (Gripið fram í.) Ég treysti því nú lítið. Tillgr. hljóðar þá svo, herra forseti:

„Alþingi ályktar:

1. að fram fari frekari athugun á auknum lendingarbótum fyrir smábátaútgerð við Dyrhólaey.

2. að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að kannað verði hvort unnt sé á hagkvæman hátt að gera mannvirki við Dyrhóley, sem nota má til þess að skipa út Kötluvikri í stórum stíl.“

Auðvitað er í þessari till., eins og hún lítur út núna, lögð nokkuð önnur áhersla á málið heldur en gert var í hinni upprunalegu till. og þá ekki síst í þá átt að benda á þær lendingarbætur sem þegar eru við Dyrhólaey, þar sem menn geta nú — að vísu við erfiðar aðstæður — dálítið sinnt smábátaútgerð og fiskveiðum. Það var hugmynd nefndarinnar að óska eftir því, að það yrði kannað nokkuð vel hvort ekki væri unnt að bæta svolítið um þar fram yfir það sem nú er, þannig að það verði liðlegra og öruggara fyrir þá, sem sinna þessu, að stunda sjó frá þessum stað með því að auka þar skjól og bæta aðstöðuna.

En til þess að gera langt mál stutt, þá var það sjónarmið flestra nm. að allmikið hefði verið rannsakað við Dyrhólaey áður, eins og raunar kemur fram í nál., og um þær rannsóknir hafa verið gefnar út allmiklar bækur eins og tíðkast þegar mál eru könnuð í þessu þjóðfélagi, kort og mælingar af ýmsu tagi. En að dómi nefndarinnar hefur það ekki verið kannað sérstaklega með tilliti til þess mikla útflutningsmöguleika sem hugsanlegur er þarna frá Dyrhólaey og nágrenni. Það er einmitt það atriði sem atvmn. óskar eftir að verði athugað.

Herra forseti. Ég læt þá máli mínu lokið að þessu sinni, og er synd, svo maður noti guðfræðilegt hugtak, að ekki skyldi hafa verið nægilegur tími til að gera þessu máli rækilegri skil. En þar sem tími Alþingis hefur verið sóað í annað, einkum málefni annarra kjördæma, til lítils því miður oft, og Suðurlandi ekkert sinnt, þá hefði ég óskað eftir að fá að halda hér bæði langa og gagnmerka ræðu og upplýsandi fyrir það fólk sem hugsar ekki til þessa landshluta í nægilegum mæli.

ATKVGR.

Brtt. 858 (ný tillgr.) samþ. með 35 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 950).

Steinullarverksmiðja í Þorlákshöfn, þáltill. (þskj. 472, n. 878 og 885, 658). — Frh. einnar umr.

ATKVGR.

Till. á þskj. 885 um að vísa till. til ríkisstj. samþ. með 29:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, RA, SighB, SkA, StefG, SV, StH, SvG, AS, ÁG, BÍG, DA, EgJ, EKJ, FÞ, GB, GGÞ, GHelg, GTh, HBl, HG, IGuðn, IGísl, JE, KSG, LJ, SigrM, ÓÞÞ, PP.

nei: RH, SteinG, SvH, VG, ÞS, AG, BGr, EH, EG, FrS, GS, GeirG, GeirH, GK, HÁ, JS, SigurlB, KP, KJ, MHM, MB, MÁM, ÓE, ÓRG, JH.

SalÞ, StJ, HS greiddu ekki atkv.

3. þm. (TÁ, ÞK. GJG) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Salome Þorkelsdóttir: Herra forseti. Hér er um að ræða ógeðfellda togstreitu á milli kjördæma sem færð hefur verið inn í sali Alþingis. Mér hugnast ekki að taka þátt í slíkum leik og greiði því ekki atkv.

Iðnrh. (Hjörleifur Guttormsson): Herra forseti. Fram komin till. meiri hl. atvmn., sem liggur fyrir í tengslum við þetta mál, er nokkuð sérkennilegt framlag til máls sem áður hefur verið til meðferðar Alþingis og samþykkt hafa verið lög um. Með þeirri till. er reynt að takmarka heimildir sem Alþingi hefur þegar veitt ríkisstj. samkv. lögum. Ég fæ ekki séð að slíkt geti staðist lögformlega eða bundið hendur stjórnvalda ef þau vilja nýta heimildir til þátttöku í stofnun steinullarverksmiðju. Sú till. leysir því engan vanda fyrir áhugaaðilana sem unnið hafa að steinullarmálinu hvor á sínum vettvangi, heldur eykur hann og magnar þá togstreitu sem þeir hafa óskað eftir að bundinn yrði endir á. Ég vísa til till. minnar í ríkistj. varðandi staðsetningu steinullarverksmiðju á Sauðárkróki og ræðu minnar hér á þingi í umr. um þetta mál í mars s. l. Með tilvísun til þessa segi ég já við þessari till. minni hl. nefndarinnar.

Garðar Sigurðsson: Herra forseti. Það er í meira lagi óskammfeilið af hæstv. ráðh. eftir hans fyrri framkomu í málinu að nota hér tækifærið til þess að flytja áróðursræðu meðan verið er að greiða atkvæði.

Sameinað þing, 91. fundur.

Föstudaginn 7. maí, kl. 7.30 síðdegis.

Kosning tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára frá 1. jan. 1982 að telja til 31. des. 1985, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 14. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Við kosningu komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Skúli Sigurgrímsson bankamaður (A),

Pálína Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri (B).

Kosning sjö manna nefndar til að gera heildarúttekt á fangelsismálum og endurskoða lög og reglur þar að lútandi samkv. þingsályktun frá 20. apríl 1982 um fangelsismál.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Davíð Aðalsteinsson alþm. (A),
Salome Þorkelsdóttir alþm. (B),
Ólafur Þ. Þórðarson alþm. (A),
Jakob Hafstein lögfræðingur (B),
dr. Bragi Jósefsson (C),
Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur (A),
Jósef H. Þorgeirsson alþm. (B).

Kosning sjö manna nefndar til að gera áætlun um eflingu almannavarna í landinu samkv. þingsályktun frá 18. febr. 1982 um eflingu almannavarna.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Guðmundur Bjarnason alþm. (A),
Friðrik Sophusson alþm. (B),
Jóhann Einvarðsson alþm. (A),
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (B),
Bjarki Elíasson yfirlögregluþjónn (C),
Ásmundur Ásmundsson verkfræðingur (A),
Sveinn Torfi Sveinsson verkfræðingur (B).

Kosning sjö manna nefndar til að kanna og gera tillögur um hvaða jarðeignir í eigu ríkisins megi nýta undir orlofsbúðir félagasamtaka og sumarhúsabyggingar einstaklinga samkv. þingsályktun frá 27. apríl 1982 um orlofsbúðir fyrir almenning.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Ólafur Dýrmundsson landnýtingarráðunautur (A),
Pétur Sigurðsson alþm. (B),
Böðvar Pálsson bóndi (A),
Steinþór Gestsson alþm. (B),
Pétur Sigurðsson forseti A. S. V. (C),
Ragna Ólafsdóttir kennari (A),
Árni Jónsson landnámsstjóri (B).

Kosning sjö manna nefndar til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga, þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg, með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið, sbr. þingsályktun frá 3. maí 1982 um athugun atvinnumála vegna hruns loðnustofnsins.

Fram komu þrír listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Stefán Valgeirsson alþm. (A),
Halldór Blöndal alþm. (B),
Bogi Sigurbjarnarson skattstjóri (A),
Guðmundur Karlsson alþm. (B),
Jóhann Möller, Siglufirði (C),
Ólafur Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Valdimar Indriðason framkvæmdastjóri (B).

Kosning sjö manna og sjö varamanna í stjórn kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði til eins árs, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 7. gr. nýafgreiddra laga um kísilmálmverksmiðju á Reyðarfirði.

Við kosningu aðalmanna og varamanna komu fram þrír listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því voru kjörnir án atkvgr.:

Aðalmenn:
Sveinn Þórarinsson verkfræðingur (A),
Hörður Þórhallsson sveitarstjóri (B),
Axel Gíslason framkvæmdastjóri, (A),
Geir Haarde hagfræðingur (B),
Geir Gunnlaugsson prófessor (C),
Halldór Árnason iðnþróunarfulltrúi (A),
Eggert Steinsen verkfræðingur (B).

Varamenn:
Þorsteinn Ólafsson fulltrúi (A),
Theodór Blöndal tæknifræðingur (B),
Aðalsteinn Valdimarsson skipstjóri (A),
Sverrir Hermannsson alþm. (B),
Sigfús Guðlaugsson rafveitustjóri (C),
Inger Jónsdóttir lögfræðingur (A),
Þráinn Jónsson framkvæmdastjóri (B).

Þinglausnir.

Forseti (Jón Helgason): Ég mun nú gefa yfirlit yfir störf Alþingis.

Þingið hefur staðið yfir frá 10. október til 19. desember 1981 og frá 20. janúar til 7. maí 1982, alls 179 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	89
Í efri deild	93
Í sameinuðu þingi	91
Alls	273

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp:

1. Stjórnarfrumvörp:

a. Lögð fyrir neðri deild	38
b. Lögð fyrir efri deild	47
c. Lögð fyrir sameinað þing	2
	87

2. Þingmannafrumvörp:

a. Borin fram í neðri deild	54	
b. Borin fram í efri deild	29	
		83
		170

Úrslit urðu þessi:

a) Afgreidd sem lög:		
Stjórnarfrumvörp	70	
Þingmannafrumvörp	14	
		84
b) Vísað til ríkisstjórnarinnar:		
Þingmannafrumvörpum		5
c) Afgreitt með rökstuddri dagskrá:		
Þingmannafrumvarp		1
d) Felld:		
Þingmannafrumvörp		2
e) Ekki útrædd:		
Stjórnarfrumvörp	17	
Þingmannafrumvörp	61	
		78
		170

II. Þingsályktunartillögur:

Bornar fram í sameinuðu þingi 90

Úrslit urðu þessi:

a) Ályktanir Alþingis	35
b) Vísað til ríkisstjórnarinnar	4
c) Tekin aftur	1
d) Ekki útræddar	50
	90

III. Fyrirsprunir:

Í sameinuðu þingi 111. Sumar eru fleiri saman á þingskjali svo að málatala þeirra er ekki nema ... 58

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar eða svarað skriflega nema 17

Mál til meðferðar í þinginu alls	318
Skýrslur ráðherra voru	12
Tala prentaðra þingskjala	957

Þetta yfirlit gefur til kynna þann fjölda mála sem fjallað hefur verið um á því Alþingi sem nú hefur lokið störfum. Að baki afgreiðslu þeirra liggur mikil vinna í nefndum þingsins og umræður hér í þingsölum. Í nefndastörfum hafa menn lagt sig fram við að reyna að ná samkomulagi og afgreiða mál á farsælan hátt. Samstaða hefur orðið um flest, en í öðru hefur meiri hluti ráðið. Reynslan mun skera úr hvernig þar hefur til tekist, en öll væntum við þess, að þjóðinni megi sem mest gagn og gæfa af störfum okkar hljótast.

Að þessu sinni er löggjafarstarfinu lokið. Ég þakka hæstv. ríkisstjórn og hv. alþingismönnum ánægjulegt samstarf á þessu þingi og umburðarlyndi í minn garð. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum sem jafnan hafa veitt mér bestu aðstoð. Skrifurum þingsins þakka ég ágætt starf. Skrifstofustjóra og öllu starfsfólki Alþingis flyt ég kærar þakkir fyrir mikið og gott starf og ánægjulega samvinnu.

Að lokum óska ég hv. alþm. og fjölskyldum þeirra gæfu og gengis og góðrar heimkomu og heimferðar. Það er von mín, að við megum öll hittast heil til starfa á komandi hausti.

Landsmönnum öllum óska ég árs og friðar.

Ólafur G. Einarsson: Herra forseti. Í nafni okkar alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta fyrir góða og réttláta fundarstjórn, og ég þakka honum samskiptin öll við okkur þm. Ég þakka líka starfsliði þingsins og skrifstofustjóra allt þeirra starf. Ég vonast til að við megum hitta forsetann heilan og hressan á hausti komanda. Ég árna honum og fjölskyldu hans alls hins besta í sumar. Ég bið hv. alþm. að taka undir þessar óskir mínar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Jón Helgason): Ég þakka hv. 3. þm. Reykn., Ólafi G. Einarssyni, fyrir góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu. Enn fremur þakka ég hv. alþm. fyrir að taka undir óskir hans með því að rísa úr sætum og endurtek árnaðaróskir mínar til alþingismanna.

Forsrh. (Gunnar Thoroddsen): Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég veiti hér með forsætisráðherra, Gunnari Thoroddsen, umboð til þess að slíta Alþingi, 104. löggjafarþingi, fimmtudaginn 6. maí 1982 eða síðar.

Gjört í Reykjavík 5. maí 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

Gunnar Thoroddsen."

Samkv. þessu bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að þessu þingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Alþingismönnum óska ég velfarnaðar, þjóðinni allri heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp og **forsrh., Gunnar Thoroddsen,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Íslands lifi." Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.